ÞINGSETNINGARFUNDUR

þriðjudaginn 1. okt.

Þingsetning.

Árið 2002, þriðjudaginn 1. október, var hundrað tuttugasta og áttunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það hundraðasta og fimmta aðalþing í röðinni en hundrað fertugasta og þriðja samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Sigurður Sigurðarson steig í stólinn og lagði út af Matt. 22:35–40.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.
2. Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.
3. Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e
4. Árni M. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
5. Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.
6. Ásta Möller, 19. þm. Reykv.
7. Björn Bjarnason, 2. þm. Reykv.
8. Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.
9. Davíð Oddsson, 1. þm. Reykv.
10. Drífa Hjartardóttir, 1. þm. Suðurl.
11. Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.
12. Einar Oddur Kristjánsson, 5. þm. Vestf.
13. Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl.
14. Geir H. Haarde, 3. þm. Reykv.
15. Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.
16. Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.
17. Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
18. Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv.
19. Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.
20. Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.
21. Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.
22. Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.
23. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
24. Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.
25. Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.
26. Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.
27. Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.
28. Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.
29. Jón Bjarnason, 5. þm. Norðurl. v.
30. Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.
31. Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.
32. Karl V. Matthíasson, 2. þm. Vestf.
33. Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.
34. Kjartan Ólafsson, 4. þm. Suðurl.
35. Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.
36. Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.
37. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.
38. Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.
39. Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.
40. Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.
41. Magnús Stefánsson, 2. þm. Vesturl.
42. Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.
43. Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.
44. Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v.
45. Pétur H. Blöndal, 10. þm. Reykv.
46. Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.
47. Sigríður Ingvarsdóttir, 4. þm. Norðurl. v.
48. Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.
49. Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.
50. Siv Friðleifsdóttir, 7. þm. Reykn.
51. Sólveig Pétursdóttir, 4. þm. Reykv.
52. Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.
53. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.
54. Svanfríður Jónasdóttir, 4. þm. Norðurl. e.
55. Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.
56. Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.
57. Valgerður Sverrisdóttir, 2. þm. Norðurl. e.
58. Vilhjálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v.
59. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.
60. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.
61. Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.
62. Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.
63. Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Forseti Íslands setur þingið.

[14:07]

Forseti Íslands (Ólafur Ragnar Grímsson):

Hinn 4. september 2002 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman þriðjudaginn 1. október 2002.

Um leið og ég birti þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst klukkan 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 4. september 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman þriðjudaginn 1. október 2002.“

Samkvæmt bréfi því sem ég hef nú lesið lýsi ég yfir að Alþingi Íslendinga er sett. Ég óska þingmönnum heilla í vandasömum verkum og vona að umræða og ákvarðanir á komandi vetri veiti þjóðinni farsæla leiðsögn.

Alþingi hefur löngum verið vettvangur átaka og uppgjörs um meginstefnu en einnig aflvaki sem sameinað hefur landsmenn til góðra verka. Hér hafa umboðsmenn fólksins beitt lýðræðislegu valdi sem þeir fengu í hendur, vegið og metið kostina á óvissum tímum.

Alþingi hefur umskapað atvinnulíf og samfélagsreglur og fest í sessi samvinnu okkar við aðrar þjóðir, lagt grundvöll að sjálfstæðinu og göngu þjóðarinnar frá fátækt til hagsældar. Alþingismenn hafa fyrr og síðar verið áhrifaríkir og verður svo vonandi enn um alla framtíð.

Í rauninni var árangur Íslendinga á nýliðinni öld einstakur og ástæðulaust að gera lítið úr honum þótt sjálfshól sé sjaldan talið til dyggða. Það var því fróðlegt að fá á vordögum tækifæri til að kynnast rannsóknum fræðimanna á árangri

smáríkja á tímum vaxandi alþjóðavæðingar. Við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum var efnt til ráðstefnu um þetta efni og gegndi Ísland lykilhlutverki í samanburði og ályktunum.

Fyrrum töldu ýmsir að hagkvæmni stærðarinnar væri sú að smáríki stæðu ætíð höllum fæti, framrás sögunnar mundi knýja þau til að leita skjóls hjá öðrum ef tryggja ætti íbúunum hin bestu lífskjör. Eðli alþjóðavæðingar og markaðslögmála á okkar tímum væri óhagstætt smáríkjum sem ekki væru hluti stærri heildar.

Alþjóðastofnun Harvard-háskóla sem starfar innan vébanda þeirrar deildar sem kennd er við forseta Bandaríkjanna, John F. Kennedy, og helguð er sérstaklega stjórnunarfræðum hefur undanfarið beitt sér fyrir fjölþættum rannsóknum á árangri smárra ríkja og niðurstöðurnar voru sannarlega athyglisverðar. Þær sýndu að smáum ríkjum hafði að jafnaði vegnað betur en hinum stærri, einkum þegar horft var til ríkja í milliflokkum að íbúafjölda. Í smáum ríkjum reyndust búa kraftar sem nýttust þeim vel til að sækja fram á nýjum sviðum.

Íslandi var á þessari ráðstefnu í Harvard gert hátt undir höfði. Gögn og niðurstöður fræðimanna sýndu með sláandi hætti hvernig unnt er að ná árangri þrátt fyrir smæð og mótdrægar aðstæður á mörgum sviðum. Það var athyglisvert að kynnast því hvernig verk Íslendinga á liðinni öld og á okkar tímum voru vegin og metin í alþjóðlegum samanburði.

Umræða um stöðu þjóðar okkar með tilvísunum til alþjóðlegrar þróunar og reynslu annarra ríkja er verðugt viðfangsefni og ánægjulegt að innan Háskóla Íslands sé nú hugað að því að mynda sérstaka rannsóknastofnun sem helguð yrði umfjöllun um hin smærri ríki, bæði í Evrópu og utan hennar.

Það er hollt er vera hógvær og miklast ekki af eigin verkum. En það getur verið villandi og jafnvel hættulegt að gera of lítið úr þeim árangri sem Íslendingar hafa náð. Við mættum gera meira af því að gaumgæfa mat annarra á okkar stöðu, hvernig fræðimenn og áhrifafólk með mikla reynslu hvaðanæva úr veröldinni dæma þróun okkar litlu þjóðar.

Þegar hugað er að framtíðarsessi Íslendinga og tengslum okkar við önnur ríki er gott að hafa að veganesti djúpstæðan skilning á verkum þeirra sem skiluðu þjóðinni hagsæld og velferð, öflugu atvinnulífi, skapandi listum, menntun og vísindum, áföngum sem gáfu Íslendingum sæmdarorð meðal þjóða heims. Það er glæsileg arfleifð sem Alþingi hefur fengið í hendur og átt sinn ríka þátt í að skapa með farsælum verkum. Miklu skiptir um framtíðarheill að vel takist að ávaxta hana á komandi árum.

Alþingi hefur að undanförnu unnið að því að draga úr umsvifum hins opinbera og liðka fyrir leikreglum markaðar og samkeppni. Líkt og í mörgum nágrannalöndum hefur verið leitast við að draga úr mætti almannavaldsins og vísað til þess að löggjöfin skuli einkum miðast við að ákvarða leikvöll atvinnulífsins. Að öðru leyti muni úrslitin ráðast á markaðstorgi og af alþjóðastraumum í efnahagsmálum.

Þessar nýju leikreglur kunna að eiga þátt í breyttum hlutföllum auðs og áhrifa sem í æ ríkara mæli setja svip á samfélagið og gætu smátt og smátt skapað ástand sem hæpið er að samrýmist því sem upphaflega var ætlun þeirra sem lögin settu.

Við höfum að undanförnu orðið vitni að því að prestar hafa í kirkjum landsins fellt þunga dóma um að auðsöfnun, græðgi og miskunnarleysi setji í vaxandi mæli svip á samfélagið og áhrifamenn á Alþingi hafa einnig í sumarræðum kveðið fast að orði um þróunina. Verða þau ummæli væntanlega efniviður í vetrarannir.

Frjáls markaður og lýðræðislegt samfélag eru samnefnari þeirrar skipunar sem flestir telja hið besta form sem völ er á. En þessi tvíþætta þjóðfélagssýn er fléttuð úr mörgum ólíkum þáttum og vandasamt að ná því jafnvægi sem að er stefnt.

Atburðarásin á markaðstorgi kann að leiða til slíkrar samþjöppunar auðs og eigna að veruleg áhrif hafi á hið lýðræðislega vald sem byggja ber á jöfnum rétti allra einstaklinga. Sé fjármagni veitt ótæpilega inn í íslenska hversdagsveröld kann að verða mikið flóð, þjóðfélagið orðið ólgusjór þar sem hefðbundnar hömlur fara á flot og völd og áhrif verða af öðrum toga en samstaða var um hér áður fyrr. Skilin milli markaðar og stjórnmála eru sjaldan eins skýr í veruleika og í kenningunni.

Við Íslendingar göngum nú í gegnum breytingaskeið sem að hluta er knúið áfram með ákvörðunum Alþingis en sækir einnig efnivið í hið opna alþjóðlega hagkerfi sem við verðum í vaxandi mæli hluti af.

Ærið margt sem þessu fylgir eru framfaraspor sem í senn auka velferð landsins og hagsæld fjölskyldnanna, bæta kjör og veita nýju fólki tækifæri til að sýna hvað í því býr. En við sjáum einnig blikur á lofti sem vekja spurningar um hvernig við varðveitum áfram ýmsa grunnþætti sem gefið hafa íslensku samfélagi sérstakt gildi, jafnræðið og samheldnina.

Við höfum notið þess að hér hefur þróast opið og lýðræðislegt þjóðfélag þar sem viðunandi jafnvægi hefur ríkt þegar til lengdar lætur og hvorki óhóflegur auður né annarleg áhrif hafa skákað þeim rétti sem umboðið frá fólkinu veitir. Hér hefur ríkt samstaða um samfélagsgerð sem við höfum talið þjóna best hagsmunum lands og þjóðar, verið á vissan hátt grundvöllur að sjálfstæðisvitund okkar Íslendinga.

Er þessi samfélagsgerð nú að breytast? Er veruleikinn sem okkur birtist í samræmi við anda laganna sem veittu hinum nýju leikreglum formlegt gildi? Slíkum spurningum er á engan hátt auðvelt að svara en þær munu brenna á hverjum þeim sem býður sig fram sem fulltrúi fólksins.

Alþingi er kjarninn í lýðræðisskipan Íslendinga og hér á að ríkja sá eindregni vilji sem endurspeglar þjóðarhug. Það er mikið í húfi að okkur takist að nýta í anda íslenskra hefða þau tækifæri sem breytingarnar fela í sér en ekki síður að ávaxta vel arfleifðina sem fyrri kynslóðir færðu okkur og byggja á árangrinum sem orðið hefur fræðimönnum tilefni til að álykta um atorkuna sem býr í smærri ríkjum. Sú ábyrgð sem á Alþingi hvílir er því áfram mikil.

Ég óska alþingismönnum á ný velfarnaðar í vandasömum verkum á komandi vetri og bið þingheim að rísa úr sætum og minnast fósturjarðarinnar.

[Þingmenn risu úr sætum og **forsætisráðherra, Davíð Oddsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú þeim þingmanni sem lengsta fasta þingsetu hefur að baki að stjórna fundi þangað til forseti Alþingis hefur verið kosinn og bið ég Pál Pétursson, 2. þm. Norðurl. v., að ganga til forsetastóls.

Ávarp aldursforseta.

[14:20]

Aldursforseti (Páll Pétursson):

Ég býð hv. alþingismenn velkomna til þings. Ég vona að störf Alþingis, 128. löggjafarþings, sem er að hefjast verði landi og þjóð til heilla.

Kosning forseta.

[14:21]

Aldursforseti (Páll Pétursson):

Nú fer fram kosning forseta Alþingis. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. þingskapa eru þeir einir í kjöri sem tilnefndir eru og ekki hreyfa andmælum við því.

Mér hefur borist ein tilnefning, um 1. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal.

Aðrar tilnefningar hafa ekki borist. Halldór Blöndal er því einn í kjöri.

Þar sem aðeins einn er í kjöri fer kosningin fram með atkvæðagreiðslukerfinu eins og á undangengnum þingum. Þeir sem kjósa Halldór Blöndal ýti á já-hnappinn en þeir sem vilja skila auðu ýti á hnappinn sem merktur er: greiðir ekki atkvæði. Á töflu á veggjum koma aðeins gul ljós því atkvæðagreiðslan er leynileg. Ég vek sérstaklega athygli á því að á borðum þingmanna kviknar gult ljós við miðhnappinn þegar atkvæði hefur verið greitt frá borði, sama á hvaða hnapp er ýtt.

[Gengið var til forsetakosningar. Atkvæði féllu þannig að **Halldór Blöndal**, 1. þm. Norðurl. e., hlaut 45 atkvæði, 15 þingmenn greiddu ekki atkvæði.]

[14:22]

Aldursforseti (Páll Pétursson):

Samkvæmt þessu er Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e., réttkjörinn forseti Alþingis.

Ég óska honum til hamingju með kosninguna og allra heilla í starfi og bið hann að taka við fundarstjórn.

Ávarp forseta.

[14:22]

Forseti (Halldór Blöndal):

Hv. alþingismenn. Ég þakka hæstv. starfsaldursforseta, Páli Péturssyni, hlý orð í minn garð. Ég þakka alþingismönnum fyrir það traust sem þeir hafa sýnt mér með því að kjósa mig á ný forseta Alþingis.

Á fundi forsætisnefndar í síðustu viku og á fundi mínum með formönnum þingflokka var samþykkt starfsáætlun fyrir þingið sem nú er að hefjast. Hún hefur verið prentuð og var send þingmönnum fyrr í dag. Samkvæmt henni lýkur þingstörfum um miðjan mars eða um átta vikum fyrir áætlaðan kjördag 10. maí. Er það svipaður tími frá þinglokum til kjördags og var fyrir fjórum árum, árið 1999.

Það má öllum vera ljóst að ekki má dragast að frumvörp séu lögð fram ef unnt á að vera að fá þau afgreidd fyrir þingfrestun í mars. Í þingsköpum segir að þingmál skuli lögð fram áður en sex mánuðir eru liðnir frá þingsetningu. Að þessu sinni stendur þingið ekki svo lengi. Ég vænti þess að með samkomulagi við hæstv. ríkisstjórn og þingflokka megi finna annan frest til framlagningar mála að þessu sinni.

Síðastliðinn föstudag var þjónustubygging fyrir vestan þinghúsið, Skálinn, tekin formlega í notkun. Fæst þar langþráð úrbót í húsnæðismálum Alþingis. Eins og ég sagði við vígsluathöfnina mun það flestra manna mál að vel hafi tekist til og að Skálinn falli vel að umhverfi sínu og Alþingishúsinu sem skipar háan sess í hugum Íslendinga. Ég vil við þetta tækifæri færa öllum þeim sem að því verki komu þakkir fyrir gott starf.

Síðastliðinn laugardag var almenningi gefinn kostur á að ganga um Skálann og Alþingishúsið. Í ljós kom að mikill áhugi var meðal almennings að sjá og fylgjast með því sem hér hefur verið gert. Tæplega 4.000 manns komu þennan dag í húsakynni Alþingis. Flestir gestanna létu í ljós ánægju með hversu vel hafði tekist til um framkvæmdina, og margir létu þau orð falla að Skálinn færi vel við hlið hins gamla og virðulega Alþingishúss.

Ráðist hefur verið í nauðsynlegar breytingar á fyrstu og annarri hæð þinghússins til þess að tenging þess við Skálann sé sem greiðust og nýtist sem best. Í næsta áfanga er óhjákvæmilegt að ráðast í umfangsmiklar endurbætur og viðhald á Alþingishúsinu til þess að það skemmist ekki og er unnið að áætlun um þá framkvæmd. Síðan liggja fyrir margvíslegar endurbætur aðrar sem ekki eru eins aðkallandi sem meðal annars miða að því færa salarkynni til upprunalegs horfs. Jafnframt liggur fyrir að koma fyrir lyftu milli annarrar og þriðju hæðar til þess að fatlaðir geti komist á áheyrendapalla.

Á þessu ári veitti Alþingi styrk til þess að kosta myndskreytingu á heildarútgáfu á verkum Snorra Sturlusonar. Vel hefur verið staðið að þessu verki. Verður efnt til kynningarfundar á útgáfunni í Skálanum á fimmtudag þar sem úrval mynda úr bókunum Snorra-Eddu, Eglu og Heimskringlu verða til sýnis.

Ég vænti góðs samstarfs við ríkisstjórn og alþingismenn á þessum síðasta vetri kjörtímabilsins.

Ég endurtek þakkir mínar til þingheims fyrir að endurkjósa mig forseta Alþingis. Ég vona að mér takist að eiga gott samstarf við hv. þingmenn.

Ég vil svo geta þess að gestum við þingsetninguna er boðið til Skála að þiggja þar veitingar, svo og til þess að skoða þær framkvæmdir sem lauk í síðustu viku. En þingmenn ganga nú til þingflokksfunda.

Fundi frestað kl. 14:27.

ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.)

þriðjudaginn 1. okt.,
kl. 4 síðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.
2. Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa:
   a. Allsherjarnefnd, 9 manna.
   b. Efnahags- og viðskiptanefnd, 9 manna.
   c. Félagsmálanefnd, 9 manna.

d. Fjárlaganefnd, 11 manna.
e. Heilbrigðis- og trygginganefnd, 9 manna.
f. Iðnaðarnefnd, 9 manna.
g. Landbúnaðarnefnd, 9 manna.
h. Menntamálanefnd, 9 manna.
i. Samgöngunefnd, 9 manna.
j. Sjávarútvegsnefnd, 9 manna.
k. Umhverfisnefnd, 9 manna.
l. Utanríkismálanefnd, 9 manna og 9 varamanna.

3. Kosning í alþjóðanefndir skv. 35. gr. þingskapa, sbr. reglur forsætisnefndar 17. maí 1999:

a. Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins, 3 manna og 3 varamanna.
b. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins, 3 manna og 3 varamanna.
c. Íslandsdeild NATO-þingsins, 3 manna og 3 varamanna.
d. Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, 3 manna og 3 varamanna.
e. Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins, 3 manna og 3 varamanna.
f. Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA, 5 manna og 5 varamanna.
g. Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins, 6 manna og 6 varamanna.
h. Íslandsdeild Norðurlandaráðs, 7 manna og 7 varamanna.
i. Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um Norðurskautsmál, 3 manna og 3 varamanna.

4. Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Fjarvistarleyfi:
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.

Lagt fram á lestrarsal:
Ályktun héraðsfundar Reykjavíkurprófastsdæmis eystra.
Ályktun 100. fundar slysavarnaráðs.
Ályktun kjördæmisráðs Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í Suðurkjördæmi.

[16:02]

Útbýting þingskjala:
Fjárlög 2003, 1. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1.
Þjóðhagsáætlun 2003, 2. mál, skýrsla forsrh., þskj. 2.

Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.

[16:02]

Forseti (Halldór Blöndal):
Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. þingskapa skal fara fram kosning sex varaforseta. Það er tillaga forseta að að þessu sinni verði einungis kosnir fjórir varaforsetar. Leita þarf afbrigða frá þingsköpum um að kosning 5. og 6. varaforseta fari ekki fram að svo stöddu og skoðast þau samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og kjósa skyldi samkvæmt samþykktum afbrigðum. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

1. varaforseti: Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
2. varaforseti: Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
3. varaforseti: Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
4. varaforseti: Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e.

[16:03]

Forseti (Halldór Blöndal):
Ég óska varaforsetum til hamingju með kjörið og velfarnaðar í starfi. Ég vænti þess að eiga góða samvinnu við þá um fundarstörf og önnur verkefni forsætisnefndar.

Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu fastanefndir svo skipaðar:

Allsherjarnefnd:
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Katrín Fjeldsted (A),
Jónína Bjartmarz (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Ásta Möller (A),
Guðjón A. Kristjánsson (B),
Kjartan Ólafsson (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A).

Efnahags- og viðskiptanefnd:
Vilhjálmur Egilsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Árni R. Árnason (A),
Ögmundur Jónasson (B),
Gunnar Birgisson (A),
Hjálmar Árnason (A).

Félagsmálanefnd:
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Pétur H. Blöndal (A)
Magnús Stefánsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Kristján Pálsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Drífa Hjartardóttir (A),
Jónína Bjartmarz (A).

Fjárlaganefnd:
Einar Oddur Kristjánsson (A),

Einar Már Sigurðarson (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Gísli S. Einarsson (B),
Kristján Pálsson (A),
Jón Bjarnason (B),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A),
Drífa Hjartardóttir (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Ásta Möller (A).

Heilbrigðis- og tryggingnefnd:
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Jónína Bjartmarz (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Katrín Fjeldsted (A),
Þuríður Backman (B),
Ásta Möller (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A).

Iðnaðarnefnd:
Guðjón Guðmundsson (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Hjálmar Árnason (A),
Svanfríður Jónasdóttir (B),
Árni R. Árnason (A),
Árni Steinar Jóhannsson (B),
Kjartan Ólafsson (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A).

Landbúnaðarnefnd:
Drífa Hjartardóttir (A),
Sigríður Jóhannesdóttir (B),
Guðjón Guðmundsson (A),
Jónína Bjartmarz (A),
Karl V. Matthíasson (B),
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Þuríður Backman (B),
Sigríður Ingvarsdóttir (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A).

Menntamálanefnd:
Gunnar Birgisson (A),
Sigríður Jóhannesdóttir (B),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Einar Már Sigurðarson (B),
Sigríður Ingvarsdóttir (A),
Kolbrún Halldórsdóttir (B),
Kjartan Ólafsson (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A).

Samgöngunefnd:
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Hjálmar Árnason (A),
Kristján L. Möller (B),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Jón Bjarnason (B),
Sigríður Ingvarsdóttir (A),
Magnús Stefánsson (A).

Sjávarútvegsnefnd:
Einar K. Guðfinnsson (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Árni R. Árnason (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Svanfríður Jónasdóttir (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Guðjón A. Kristjánsson (B),
Vilhjálmur Egilsson (A),
Hjálmar Árnason (A).

Umhverfisnefnd:
Kristján Pálsson (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Katrín Fjeldsted (A),
Magnús Stefánsson (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Gunnar Birgisson (A),
Kolbrún Halldórsdóttir (B),
Ásta Möller (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A).

Utanríkismálanefnd:
Aðalmenn:
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Magnús Stefánsson (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Björn Bjarnason (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Jónína Bjartmarz (A).

Varamenn:
Vilhjálmur Egilsson (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Árni R. Árnason (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Kristján Pálsson (A),
Ögmundur Jónasson (B),
Katrín Fjeldsted (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A).

[16:08]

Forseti (Halldór Blöndal):

Tafla með fundatíma fastanefnda verður væntanlega tilbúin á morgun. Það er ósk forseta að fastanefndir komi saman til fundar hið fyrsta til að kjósa sér formann og varaformann og eftir atvikum til að ræða störf nefndanna á þessu þingi.

Kosning í alþjóðanefndir skv. 35. gr. þingskapa, sbr. reglur forsætisnefndar 17. maí 1999.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu alþjóðanefndir svo skipaðar:

Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins:

Aðalmenn:
Einar K. Guðfinnsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Ásta Möller (A).

Varamenn:
Guðjón Guðmundsson (A),
Gísli S. Einarsson (B),
Sigríður Ingvarsdóttir (A).

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins:

Aðalmenn:
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Ólafur Örn Haraldsson (A).

Varamenn:
Kjartan Ólafsson (A),
Kristján L. Möller (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A).

Íslandsdeild NATO-þingsins:

Aðalmenn:
Árni R. Árnason (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Jónína Bjartmarz (A).

Varamenn:
Gunnar Birgisson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Magnús Stefánsson (A).

Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu:

Aðalmenn:
Guðjón Guðmundsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Magnús Stefánsson (A).

Varamenn:
Pétur H. Blöndal (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A).

Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins:

Aðalmenn:
Kristján Pálsson (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Katrín Fjeldsted (A).

Varamenn:
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Sigríður Ingvarsdóttir (A).

Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA:

Aðalmenn:
Vilhjálmur Egilsson (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Ögmundur Jónasson (B).

Varamenn:
Gunnar Birgisson (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Katrín Fjeldsted (A),
Magnús Stefánsson (A),
Kolbrún Halldórsdóttir (B).

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins:

Aðalmenn:
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Gísli S. Einarsson (B),
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Hjálmar Árnason (A),
Svanfríður Jónasdóttir (B),
Kjartan Ólafsson (A).

Varamenn:
Gunnar Birgisson (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Guðjón A. Kristjánsson (B),
Einar K. Guðfinnsson (A).

Íslandsdeild Norðurlandaráðs:

Aðalmenn:
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),

Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A),
Sigríður Jóhannesdóttir (B),
Drífa Hjartardóttir (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B).

Varamenn:
Ásta Möller (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Hjálmar Árnason (A),
Kjartan Ólafsson (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Katrín Fjeldsted (A),
Þuríður Backman (B).

Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um Norðurskautsmál:

Aðalmenn:
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Magnús Stefánsson (A).

Varamenn:
Katrín Fjeldsted (A),
Þuríður Backman (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A).

Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

[16:13]

Forseti (Halldór Blöndal):

Nú verður hlutað um þingsæti þingmanna. Sætaúthlutun fer þannig fram að þingmenn verða kvaddir hingað að forsetaborði með nafnakalli og þeir draga sér sæti.

Sætaúthlutun fór á þessa leið:
1. sæti er sæti forseta.
2. sæti hlaut Margrét Frímannsdóttir.
3. sæti hlaut Magnús Stefánsson.
4. sæti hlaut Ólafur Örn Haraldsson.
5. sæti hlaut Kjartan Ólafsson.
6. sæti hlaut Gísli S. Einarsson.
7. sæti hlaut Kristján Pálsson.
8. sæti hlaut Sverrir Hermannsson.
9. sæti hlaut Lúðvík Bergvinsson.
10. sæti hlaut Þórunn Sveinbjarnardóttir.
11. sæti hlaut Karl V. Matthíasson.
12. sæti hlaut Hjálmar Árnason.
13. sæti hlaut Ásta R. Jóhannesdóttir.
14. sæti er sæti varamanns.
15. sæti hlaut Jóhann Ársælsson.
16. sæti hlaut Drífa Hjartardóttir.
17. sæti hlaut Einar K. Guðfinnsson.
18. sæti hlaut Katrín Fjeldsted.
19. sæti hlaut Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
20. sæti hlaut Arnbjörg Sveinsdóttir.
21. sæti hlaut Árni R. Árnason.
22. sæti hlaut Ísólfur Gylfi Pálmason.
23. sæti hlaut Sigríður A. Þórðardóttir.
24. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon.
25. sæti hlaut Kolbrún Halldórsdóttir.
26. sæti hlaut Jónína Bjartmarz.
27. sæti hlaut Einar Oddur Kristjánsson.
28. sæti hlaut Ögmundur Jónasson.
29. sæti hlaut Guðmundur Árni Stefánsson.
30. sæti hlaut Kristinn H. Gunnarsson.
31. sæti hlaut Halldór Blöndal.
32. sæti er sæti varamanns.
33. sæti er sæti varamanns.
34. sæti hlaut Jón Bjarnason.
35. sæti hlaut Sigríður Ingvarsdóttir.
36. sæti hlaut Árni Steinar Jóhannsson.
37. sæti hlaut Gunnar Birgisson.
38. sæti hlaut Guðjón A. Kristjánsson.
39. sæti hlaut Rannveig Guðmundsdóttir.
40. sæti hlaut Vilhjálmur Egilsson.
41. sæti hlaut Kristján L. Möller.
42. sæti hlaut Guðrún Ögmundsdóttir.
43. sæti hlaut Guðjón Guðmundsson.
44. sæti hlaut Bryndís Hlöðversdóttir.
45. sæti hlaut Þuríður Backman.
46. sæti hlaut Össur Skarphéðinsson.
47. sæti hlaut Svanfríður Jónasdóttir.
48. sæti hlaut Lára Margrét Ragnarsdóttir.
49. sæti hlaut Pétur H. Blöndal.
50. sæti hlaut Einar Már Sigurðarson.
51. sæti hlaut Guðmundur Hallvarðsson.
52. sæti hlaut Jóhanna Sigurðardóttir.
53. sæti hlaut Ásta Möller.
54. sæti hlaut Sigríður Jóhannesdóttir.
55. sæti hlaut Björn Bjarnason.
56. sæti er sæti varamanns.
57. sæti er sæti varamanns.
58. sæti er sæti viðskiptaráðherra.
59. sæti er sæti sjávarútvegsráðherra.
60. sæti er sæti dómsmálaráðherra.
61. sæti er sæti félagsmálaráðherra.
62. sæti er sæti utanríkisráðherra.
63. sæti er sæti forsætisráðherra.
64. sæti er sæti fjármálaráðherra.
65. sæti er sæti landbúnaðarráðherra.
66. sæti er sæti samgönguráðherra.
67. sæti er sæti umhverfisráðherra.
68. sæti er sæti heilbrigðisráðherra.
69. sæti er sæti menntamálaráðherra.
70. sæti er sæti varamanns.
71. sæti er sæti varamanns.

Fundi slitið kl. 16:25.

2. FUNDUR

miðvikudaginn 2. okt.,
kl. 7.50 síðdegis.

Dagskrá:

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumræður).

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Magnús Stefánsson, 2. þm. Vesturl.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.

[19:50]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, 16. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 16.

Aðgerðir til verndar rjúpnastofninum, 11. mál, þáltill. SJS, þskj. 11.

Áfengislög, 23. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 23.

Einkavæðingarnefnd, 4. mál, þáltill. ÖJ o.fl., þskj. 4.

Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, 17. mál, þáltill. GAK o.fl., þskj. 17.

Hvalveiðar, 20. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 20.

Kvennahreyfingin á Íslandi, 19. mál, þáltill. ÞBack, þskj. 19.

Lífeyrissjóður sjómanna, 12. mál, frv. GAK, þskj. 12.

Matvælaverð á Íslandi, 3. mál, þáltill. RG o.fl., þskj. 3.

Matvælaverð hérlendis, á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu, 7. mál, þáltill. RG o.fl., þskj. 7.

Rekstur Ríkisúvarpsins, 9. mál, þáltill. SvH, þskj. 9.

Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, 18. mál, þáltill. KLM o.fl., þskj. 18.

Skattfrelsi lágtekjufólks, 10. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 10.

Stéttarfélög og vinnudeilur, 5. mál, frv. GAK, þskj. 5.

Tekjuskattur og eignarskattur, 26. mál, frv. GAK og SvH, þskj. 26.

Uppbygging sjúkrahótela, 25. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 25.

Útsendingar sjónvarps og útvarps um gervitungl, 6. mál, þáltill. GuðjG o.fl., þskj. 6.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumræður).

[19:50]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Nú er síðasta þing þessa kjörtímabils að hefjast. Hagspekingar og spástofnanir hafa gjarnan horn í síðu kosningaþings. Þá gerist stjórnmálamenn óábyrgri en vant er, veikari fyrir þrýstihópum en vant er og jafnvel enn veikari fyrir hvers kyns yfirboðum í útgjöldum en vant er. Haft er á orði, að ríkissjóður verði aldrei svo vinasnauður sem á kosningaþingi. Því miður er nokkuð til í tali af þessu tagi um ístöðuleysi og yfirboð síðustu mánuði fyrir kosningar og berum við öll þar nokkra ábyrgð. Mín reynsla er einnig sú að á kosningaþingi sé meira um upphlaup eins og það er kallað þegar smávægileg dægurmál eru blásin upp í æðra veldi og nokkuð halli á málefnalega umræðu við þessar aðstæður. Auðvitað má finna að slíku og menn verða að kunna sér hóf. En á hinn bóginn ber að hafa í huga að þing er ekki aðeins löggjafarstofnun þótt það hlutverk sé virðulegast og þýðingarmest. Þing sem undir nafni rís verður einnig að vera vettvangur dagsins og völlur pólitískra átaka, þar sem rökum er teflt saman, hugsjónir lita orðræðuna og þingmenn sanna fyrir sjálfum sér og öðrum að þeim sé ekki sama hvernig þjóðmálin þróast. Í rauninni fer ekki illa á því að þessir þættir þinghaldsins séu fyrirferðarmeiri á kosningaþingi en endranær.

Eins og sést á fylgiskjali með stefnuræðunni vilja einstakir ráðherrar og ríkisstjórnin í heild þó fá drjúgan hlut af starfstíma þingmanna til hreinna löggjafarstarfa á komandi vetri því boðuð eru mjög mörg þingmál á vegum stjórnarmeirihlutans. Væntanlega munu þingmenn stjórnar- og stjórnarandstöðu einnig hafa fjölmörg mál fram að færa. Það þarf því að halda mjög vel á spöðunum á þessum stutta þingtíma og er gott við slíkar aðstæður að búa við röggsaman þingforseta.

Við upphaf þings er gjarnan spurt hvaða mál verði fyrirferðarmest. Ljóst er að fjárlagafrv. og efnahagsmál munu yfirgnæfa önnur mál fram að jólahléi. Enda eru ríkar ástæður til þess. Forustumenn stjórnmálaflokkanna komu saman til sjónvarpsumræðna á dögunum en þá bar svo við að efnahagsmál voru vart tekin á dagskrá. Á því var gefin sú skýring að í þeim málum væri ekkert að gerast, eins og það var orðað. Það voru mikil öfugmæli. Í efnahagsmálum eru stórtíðindi að gerast. Tíðindi sem að fáir sáu fyrir, þar með taldir þeir sem áttu að hafa mesta þekkingu og bestu aðstæður til að rýna inn í efnahagslega framtíð landsins. Lítum á nokkur dæmi og þau ekki gömul. Fyrir 18 mánuðum spáði Þjóðhagsstofnun að viðskiptahalli ársins 2001 yrði 72,2 milljarðar króna, en hann varð meiri en helmingi minni. Fyrir réttu ári spáði sama stofnun að hallinn yrði 46 milljarðar króna á þessu ári, árinu 2002, en nú er útlit fyrir að hann verði enginn. Hallinn verði enginn. Og fyrir aðeins átta mánuðum var krafist umræðu hér í þinginu vegna þeirra ógna sem blöstu við í efnahagsmálum. Þá sagði málshefjandinn eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Var það ekki örugglega fyrir síðustu jól, herra forseti, sem ríkisstjórnin lýsti því hvernig verðbólgan mundi senn hníga hægt en örugglega og var það ekki fyrir jólin sem ríkisstjórnin talaði líka um svigrúmið sem var að myndast til að lækka vexti þegar krónan mundi styrkjast? Jú, herra forseti. Ef mig misminnir ekki, þá var það einmitt fyrir síðustu jól. En ríkisstjórnin eins og svo margir aðrir að því er þetta varðar fór því miður í jólaköttinn."

Og sami maður sagði einnig:

„Miðað við þær hækkanir sem yfirleitt verða á verðlagi á þessum tíma árs bendir ekkert til þess að við verðum undir þessum rauðu strikum. Hver segir það? Ekki bara formaður Samfylkingarinnar heldur segir forstjóri Þjóðhagsstofnunar að það sé ákaflega ólíklegt, og það er þess vegna sem við efnum til þessarar umræðu."

Það gátu fleiri orðið saddir en jólakötturinn því það er ekki oft sem stjórnmálamaður þarf að éta aðrar eins kræsingar ofan í sig eins og í þessu tilviki.

Og formaður Vinstri grænna taldi að eitt aðalvandamálið í efnahagsmálum væri að forsætisráðherra landsins væri veruleikafirrtur og á efnahagslegu afneitunarstigi, eins og það var efnislega orðað. Hann sagði orðrétt: „Öll skilaboð sem nú koma úr íslenska hagkerfinu hvað varðar viðskiptahalla, verðlagsþróun, gengismál og vaxtamál eru skilaboð um óstöðugleika, óvissu og viðsjár.

En hæstv. forsrh. er enn við sama heyrgarðshornið. Hann tekur ekki mark á neinu slíku, skiptir um efnahagsráðgjafa eftir þörfum og setur upp ný og ný sólgleraugu, eins þótt hellirigni."

Og nú hlýtur að verða spurt: Hvar eru skilaboðin um óstöðugleika, óvissu og viðsjár? Áttar formaður Vinstri grænna sig ekki á því að það er dálítið spaugilegt að spássera í regnstakk með uppspennta regnhlíf í glaðasólskini og góðviðri? Stjórnarandstaðan hélt því fram að verðbólgan væri komin á fulla ferð aftur og viðskiptahallinn væri slíkur að hann væri orðinn óviðráðanlegur, eins og það var orðað. Henni þótti ekkert benda til þess að gengið mundi styrkjast og vextir færu lækkandi, eins og áður var nefnt. Af sérstökum kurteisisástæðum ætla ég ekki að fjalla hér um hina frægu tifandi tímasprengju sem oft var nefnd til sögunnar. En hvernig er þá staðan núna og hvernig eru horfurnar? Það tókst að tryggja frið á vinnumarkaði þvert á framangreindar spár. Verðbólgan er komin í takt við meðaltal samanburðarþjóðanna. Það verður heldur ekki samdráttur í þjóðarframleiðslunni á þessu ári eins og spáð var og nú er gert ráð fyrir allgóðum hagvexti á næsta ári og eru þá virkjanaframkvæmdir ekki reiknaðar inn í dæmið. Og hinn óviðráðanlegi viðskiptahalli verður enginn á þessu ári og hinu næsta sem þýðir, þegar tekið er tillit til erlendrar verðbólgu, að viðskiptajöfnuðurinn sé í raun jákvæður. Þýðingarmikið er einnig að þjóðhagslegur sparnaður fer nú vaxandi á nýjan leik. Allir þessir þættir munu tryggja að kaupmáttur í landinu mun aukast um 2% á næsta ári og verður það níunda árið í röð sem kaupmáttur þjóðarinnar vex. Það eru engin dæmi um slíkt áður í íslenskri þjóðarsögu að kaupmáttur vaxi níu ár samfellt í röð. Er ekki orðið óhætt fyrir suma að fara úr stígvélunum í þægilegra skótau og leggja frá sér regnhlífina?

Herra forseti. Á undanförnum árum hefur samráð ríkisvaldsins við heildarsamtök aldraða verið að aukast. Talsmenn aldraðra hafa þó fundið að því að þótt samráð hafi vissulega aukist hafi þeir iðulega komið of seint að ákvarðanaferlinu og á stundum nánast staðið frammi fyrir gerðum hlut. Nú hefur verið sett í gang djörf tilraun til að bæta úr þessu þannig að forstumenn Landssambands eldri borgara og ríkisvaldsins verði samferða í undirbúningsvinnunni. Ekki verði tjaldað til einnar nætur, heldur reynt að setja fram sáttargjörð í samningsformi sem varðar veginn næstu árin. Ég er ekki í vafa um að báðir aðilar ganga til þessa samstarfs af fullum heilindum. Þýðingarmikið er að sæmilega takist til, því þá má fylgja þessu vinnumódeli eftir í samstarfi þessara aðila í framtíðinni og reyna það einnig á fleiri sviðum.

Herra forseti. Heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að setja af stað heildarendurskoðun á lögum um heilbrigðisþjónustu, m.a. með hliðsjón af fjórum nýlegum skýrslum Ríkisendurskoðunar. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2000, haustið 1999, var sérstaklega leitað til Ríkisendurskoðunar og henni falið að kanna rekstrarkostnað sjúkrastofnana miðað við fjárlög. Í kjölfarið var rekstrarhalli stofnana gerður upp, þar á meðal Landspítala, og heildarútgjöld, eins og stofnanirnar sjálfar höfðu áætlað þau, lögð til grundvallar fjárveitingum í fjárlögum ársins 2000. Aðeins tveimur árum eftir þessa aðgerð sem átti að koma fjármálunum á hreint virðist allt komið í fyrra horf. Ef litið er á samanlögð fjárframlög í fjárlögum til Landspítala og Borgarspítala árið 1997 og borið saman við framlög í fjárlögum 2002 þá hafa þau hækkað um 65–70%, það jafngildir 10–11% árlegri hækkun.

Framlög til heilbrigðismála eru há hér á Íslandi miðað við önnur ríki, hvaða mælikvarði sem notaður er. Við viljum hafa heilbrigðiskerfið opið öllum og þjónustuna bæði mikla og góða. Í fjárlögum fyrir árið 2002 er ráðstafað tæplega 60 milljörðum króna, 60 þús. milljónum króna, til heilbrigðismála. Það er fjórðungur af heildarútgjöldum ríkisins. Það eru því gríðarlegir hagsmunir fyrir landsmenn alla að vel sé farið með það fé og að stuðlað sé að hagkvæmum rekstri. Heilbrigðiskerfið er ekki hafið yfir gagnrýni og í raun er óábyrgt að halda því fram að stórkostlega fjármuni vanti til heilbrigðismála. Við verðum að leita skýringa á hvað farið hefur úrskeiðis áður en ríkissjóður er krafinn um enn meira fé. Það gengur ekki að ítrekað séu lagðir fram miklir fjármunir til að leysa rekstrarvanda sem skýtur svo aftur upp kollinum óðar en við er litið.

Herra forseti. Á undanförnum árum hafa orðið stórkostlegar framfarir í samgöngukerfi landsmanna. Öryggi hefur aukist til muna, vegalengdir milli staða styst og flutningskostnaður lækkað fyrir vikið. Stórverkefni eru fram undan á þessu sviði eins og kunnugt er. Yfir 90% umferðar á landinu er nú á bundnu slitlagi. Það er mjög dýrt að ná þeim 10% sem eftir liggja. En áætlanir eru til og góður vilji til að fylgja þeim fram.

Ákveðið hefur verið að tillögu landbúnaðarráðherra að hefja á næstunni viðræður ríkis við framleiðendur mjólkur- og sauðfjárafurða. Starfsumhverfi landbúnaðar breytist ört og vélum við Íslendingar ekki lengur einir um þau mál. Þýðingarmikið er að styrkja grundvöll innlendrar landbúnaðarframleiðslu við aukna samkeppni með því meðal annars að efla mennta- og rannsóknarþátt íslensks landbúnaðar og styrkja með öðrum hætti stöðu íslenskra bænda.

Umhverfisráðherra leiddi þátttöku okkar á alþjóðlegum fundi í Suður-Afríku nýlega. Verður að telja að vel hafi tekist að koma sjónarmiðum Íslands til skila og hafði sendinefnd Íslands frumkvæði í umfjöllun sem snerti mikilvæga málaflokka, svo sem varðandi málefni hafsins og endurnýjanlega orku í víðtæku samhengi.

Herra forseti. Íslendingar skipa sér nú í fremstu röð þjóða að því er lífskjör varðar. Traust menntakerfi er ein af meginástæðum fyrir því að okkur hefur vegnað svo vel enda er árangur okkar í alþjóðlegu samhengi athyglisverður. Traust menntun eykur aðlögunarhæfni þjóðarinnar í alþjóðlegri samkeppni. Fjárfesting í menntun og menningu gefur því ríka og örugga ávöxtun.

Ríkisstjórnin mun áfram leggja áherslu á að bæta enn frekar aðgengi landsmanna að fjölbreyttri grunn- og símenntun. Nú í vetur verður til dæmis komið upp háhraðanettengingum til framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðva, mótaðar verða tillögur um háskólanámssetur á Egilsstöðum og almennar hugmyndir um netháskóla.

Verkefni af þessu tagi falla einstaklega vel að aðstæðum lítillar þjóðar í stóru landi og að þekktum vilja landsmanna til að nota upplýsingar- og fjarskiptatækni við lausn hvers kyns verkefna.

Dómsmálaráðherra mun leggja fram nýtt frumvarp um barnalög og annað er skerpir á ákvæðum sem taka á kynferðisafbrotum gegn börnum, svo nefnd séu tvö atriði af verkefnalista ráðherrans. Fjárfrekustu verkefnin snerta á hinn bóginn varðskip og nýtt fangelsi og er vonast til að þau fari í gang á næsta ári.

Að frumkvæði félagsmálaráðherra stendur nú yfir sérstakt átak til að auka framboð á leiguhúsnæði fyrir tekjulága einstaklinga. Á næstu fjórum árum verða byggðar sex hundruð

félagslegar leiguíbúðir umfram þær fjögur hundruð íbúðir sem þegar hefur verið ákveðið að byggja á hverju ári. Samtals verða þetta tvö þúsund og tvö hundruð íbúðir á einungis fjórum árum.

Á sl. árum hefur ríkisstjórnin stóraukið framlög til málaflokks fatlaðra. Miklar úrbætur hafa orðið í húsnæðismálum fatlaðra og hefur tekist góð samvinna á milli stjórnvalda og Hússjóðs Öryrkjabandalagsins um þau mál.

Herra forseti. Á næstu vikum er að vænta tímamóta í sögu Evrópu eftir kalda stríðið með frekari stækkun Atlantshafsbandalagsins og upphafi stækkunar Evrópusambandsins. Með stækkun Evrópusambandsins til austurs bætast ný ríki við hið Evrópska efnahagssvæði, sem EES-samningurinn nær yfir. Íslensk stjórnvöld fylgjast því grannt með stækkuninni og hafa eindregið stutt hana. Það er vegna EES-samningsins, en ekki síður vegna þess hve mikilvæg stækkun Evrópusambandsins er fyrir frið og velferð í Evrópu allri. Það hefur legið fyrir frá því skömmu eftir kalda stríðið að mikilvægar umbætur í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu sem og efnahagsleg velferð þeirra og stöðugleiki væri háð því að þau eygðu aðild að Evrópusambandinu. Stækkun sambandsins hefur dregist úr hömlu og því ber að vona að loks núna sé hún að verða að veruleika.

Atlantshafsbandalagið hóf stækkun sína til austurs fyrir rúmum þremur árum þegar Pólland, Tékkland og Ungverjaland fengu aðild að því. Stefnt er að því að ákveða á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Prag í nóvember að bjóða fleiri Mið- og Austur-Evrópuríkjum aðild að bandalaginu. Nú eru almennt taldar góðar líkur á að Eystrasaltsríkin þrjú verði þar á meðal, en íslensk stjórnvöld hafa eins og kunnugt er sérstaklega beitt sér fyrir inngöngu þessara ríkja í bandalagið. Eystrasaltsríkin voru hluti af Sovétríkjunum sem hernumin lönd. Aðild Eystrasaltsríkjanna að Atlantshafsbandalaginu hefur því mikla táknræna þýðingu, því hún mun staðfesta að lok kalda stríðsins leiddu ekki til nýrrar skiptingar álfunnar eins og útilokun Eystrasaltsþjóðanna frá NATO hefði gert. Aðild þeirra að Atlantshafsbandalaginu mun þannig boða upphaf nýrra tíma í Evrópu.

Eftirleikur hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin í fyrra stendur enn. Baráttan gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi hefur náð umtalsverðum árangri, en hún er flókin og tímafrek og krefst þrautseigju og staðfestu. Lykilþáttur í baráttunni er að hindra að gereyðingarvopn komist í hendur hryðjuverkamanna. Atburðirnir í Bandaríkjunum sýndu að þau hryðjuverkasamtök eru til sem mundu ekki skirrast við að nota gereyðingarvopn, kæmust þau yfir slík vopn. En það þarf líka að koma í veg fyrir að einræðisherrar og harðstjórar geti framið illvirki í skjóli slíkra vopna og notað þau eða fengið þau hryðjuverkamönnum í hendur.

Alþjóðasamfélagið má ekki sitja hjá meðan stjórnin í Írak stendur sannanlega fyrir framleiðslu gereyðingarvopna. Stjórnin í Írak hefur sigað hersveitum sínum á nágrannaríki, herjað miskunnarlaust á eigin borgara og hún heldur áfram að ógna alþjóðlegum friði og öryggi. Það verður að afvopna Íraksstjórn og koma í veg fyrir að hún eignist kjarnorkuvopn og ræða verður á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hvernig það verður best gert. Sameinuðu þjóðunum ber að taka á málinu því það eru einmitt ályktanir þeirra sem Íraksstjórn virðir að vettugi. Eins og utanríkisráðherra Íslands hefur bent á er trúverðugleiki Sameinuðu þjóðanna í húfi. Takist öryggisráðinu ekki að fást við svo hættulega ógn sem þá er stafar frá Íraksstjórn og brölti hennar má ekki útiloka að farnar verði aðrar leiðir.

Nú um mánaðamótin urðu þær breytingar á fyrirkomulagi varna á Íslandi að yfirstjórn varnarliðsins færðist í hendur bandarísku Evrópuherstjórnarinnar sem er staðsett í Stuttgart í Þýskalandi. Er þessi breyting til komin vegna nýs herstjórnarskipulags í Bandaríkjunum sem ákveðin var í kjölfar atburðanna 11. september í fyrra. Hafa fulltrúar bandarískra hermálayfirvalda átt fundi með utanríkisráðherra og þeim embættismönnum hans sem fara með þessi mál og gert þeim nánari grein fyrir breytingunum. Hefur ekkert komið fram í þeim samtölum sem gefur tilefni til að ætla að varnarviðbúnaður á Íslandi eða starfsemi varnarliðsins verði skert frá því sem nú er.

Herra forseti. Íslenska ríkið styrkir stjórnmálastarfsemi innan lands af töluverðum rausnarskap og má ekki mikið auka þann stuðning svo ekki verði hægt að tala um að hér á landi séu stjórnmálaflokkarnir ríkisreknir. Þetta er nefnt hér til sögu þar sem fjármálum stjórnmálaflokkanna hefur stundum skotið upp í umræðunni og hafa sumir, af sláandi vanefnum, reynt að gera sig heilagri en aðra í þeim efnum. En marggefnar yfirlýsingar þeirra um að upplýsa um þann þátt í eigin ranni hafa jafnan verið orðin tóm eða innihaldslaus í besta falli. Gefst mér síðar tækifæri til að fara yfir þann þátt. Ég hef orðað þá hugmynd að ákveðið yrði með lögum að fyrirtækjum væri bannað að styrkja stjórnmálaflokka. Þær hugmyndir hafa ekki fengið góðar undirtektir af einhverjum ástæðum. Við hljótum að vera opin fyrir því að ræða aðrar lausnir. Óþolandi er að pólitískir loddarar reyni að gera starfsemi stjórnmálaflokkanna tortryggilega aftur og aftur án þess að geta nefnt nokkur dæmi máli sínu til stuðnings. Þýðingarmest er að reglur um fjármál flokka séu skýrar og skiljanlegar. Úrræði um hvernig bregðast eigi við ef út af er brugðið verða einnig að vera markviss. Styrkhugtakið þarf að vera skýrt. Hvers konar fyrirgreiðslur við stjórnmálaflokka aðrar en bein fjárframlög teljast til styrkja? Það þarf að liggja fyrir. Meginatriðið hlýtur þó að vera að ganga til athugunar á þessum efnum af einurð og heiðarleika en ekki í pólitískum skollaleik eins og borið hefur á síðustu árin.

Góðir áheyrendur. Það segir mikla sögu að virtar fjármálastofnanir á Íslandi geti rætt efnahagsþróunina af myndarskap undir heitinu „Kreppan sem aldrei kom". Ríkisstjórnin lá undir ámæli fyrir bjartsýni sína og fyrir að vilja ekki kokgleypa kreppuvellinginn sem soðinn var. Þjóðhagsspár sýna að bjartara er nú fram undan í efnahagsmálum en meira að segja hin bjartsýna ríkisstjórn þorði að vona. Við höfum áfram góð tækifæri til að vera í röð fremstu þjóða heims, bæði hvað tekjur og velferð varðar. Þau tækifæri erum við fastákveðin í að grípa til heilla fyrir land og þjóð. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[20:11]

Össur Skarphéðinsson:

Góðir áheyrendur. Góðir Íslendingar. Í vor verðum við öll sem hér sitjum vegin á vogarskálum okkar eigin verka. Þegar ég horfi yfir þetta kjörtímabil sé ég tækifæri sem ekki voru nýtt. Ég sé ríkisstjórn sem skortir kraft og ferskleika. Ég sé ríkisstjórn sem megnar ekki að takast á við verkefni sín, hvort sem þau eru einkavæðing, úrbætur á heilbrigðiskerfinu eða tengsl Íslands og Evrópu. Ég sé líka möguleika. Ég sé tækifæri sem gætu fært okkur miklu meiri velsæld í framtíðinni. Ég sé möguleika á að jafna og bæta lífskjörin. Ég sé tækifæri til að sameina okkar litlu, góðu þjóð um hófstilltari

og réttlátari stjórnarhætti. En til þess þarf framtíðarsýn. Og til þess þurfið þið líka, sem eruð að hlusta á mig í kvöld, að þora og vilja vinna með okkur.

Í vor gefst tækifæri til að breyta. Þá verður tekist á um grundvallaratriði þar sem skilur á milli stefnu Samfylkingarinnar annars vegar og hins vegar stefnu Sjálfstæðisflokksins. Ég tel að kosningarnar í vor muni aðallega snúast um fjögur atriði: um tengslin við Evrópu, um að þróa og bæta velferðarkerfið, um kvótakerfið og um fjárfestingu í menntun. Í öllum þessum málum er stefna Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins eins og svart og hvítt. Munurinn á Samfylkingunni og Sjálfstæðisflokknum er líklega hvergi jafnaugljós og varðandi Evrópu. Tengslin við Evrópu snúast um lífskjör. Þau snúast um Evrópuvexti á lán og fjármagn og um Evrópuverð á matvælum. Matarverð er 69% hærra á Íslandi en í löndum Evrópusambandsins. Ég spyr: Er það ekki einnar messu virði að kanna a.m.k. hvort það sé ekki í þágu íslenskra hagsmuna að tengjast Evrópusambandinu? Sjálfstæðisflokkurinn segir nei. Hann vill ekki ræða málið. Við í Samfylkingunni segjum já. Við viljum ræða það hispurslaust hvort það þjóni hagsmunum okkar Íslendinga að verða fullgildur hluti af Evrópusambandinu.

Ég taldi sjálfur upphaflega að við gætum ekki gengið í Evrópusambandið vegna þess að það mundi leiða til þess að við mundum tapa yfirráðum yfir auðlindinni í hafinu. Ég mundi aldrei leggja til að við gengjum í Evrópusambandið ef svo væri. En ég braut þetta mál til mergjar og komst að því að sú niðurstaða var röng. Um það voru og um það eru afgerandi vísbendingar. Ég gæti hins vegar haft rangt fyrir mér og andstæðingar ESB, Steingrímur Jóhann Sigfússon og Davíð Oddsson, gætu haft rétt fyrir sér. Það er bara ein leið til að ganga úr skugga um það. Sú leið er að skilgreina samningsmarkmið Íslendinga, sækja um aðild í fullri alvöru og leggja síðan niðurstöðuna undir dóm þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég spyr ykkur: Hvað er að því að þjóðin sjálf fái að ráða í svo mikilvægu máli?

Í velferðarmálum hefur Samfylkingin barist fyrir því að lífeyrir aldraðra og öryrkja hækki í takt við laun í landinu. Við viljum að ríkið geri samning við þessa hópa um sérstaka afkomutryggingu. Þetta er partur af þeim leiðum sem við leggjum fram til að afmá hina nýju fátækt sem er að verða hluti af arfleifð Sjálfstæðisflokksins.

Í tíð Sjálfstæðisflokksins hafa bætur ekki hækkað eins og laun og undir forustu Sjálfstæðisflokksins hefur skattheimta á aldraða og öryrkja aukist. Þeir sem lifa bara á bótum í dag þurfa nú árlega að greiða sem svarar mánaðarbótum í tekjuskatt. Þetta var ekki svona. Þetta þarf ekki að vera svona. Það er óhæfa að skattleggja þá sem eru fátækir.

Samfylkingin hefur viljað efla heilsugæsluna, stytta biðlistana og taka með festu á kostnaði við sérfræðilæknana sem hefur bólgnað út og tvöfaldast síðan 1997. Þannig er hægt að skapa svigrúm til að bæta stöðu Landspítala – háskólasjúkrahúss. Hvað er það sem Sjálfstfl. leggur til málanna í heilbrigðismálum? Hann leggur fyrst og fremst til eitt, eina hugmynd: Einkavæðingu. Við vitum öll hvað einkavæðing þýðir. Einkavæðing þýðir auknar álögur á sjúklinga og aukið fé í vasa sérfræðinganna. Munurinn á okkur í Samfylkingunni og Sjálfstfl. gæti ekki verið skýrari.

Hið sama gildir um kvótakerfið. Hvernig mundi þér, áhorfandi góður, líka ef bíllinn þinn eða íbúðin væri tekin og afhent öðrum sem mætti síðan leigja hana eða selja? Þannig er kvótakerfið. Það er þess vegna sem Samfylkingin hefur lagt fram ítarlegar tillögur sem gera ráð fyrir því að þjóðin fái aflaheimildirnar aftur í sínar hendur á 10 árum. Við gerum það með svokallaðri fyrningarleið. Samkvæmt okkar tillögum hefðu allir sömu möguleika til þess að leigja kvóta gegn gjaldi sem yrði miklu lægra en gangverð á kvóta í dag. Tillögur Samfylkingarinnar eyða forréttindum hinna fáu og opna réttlátan aðgang fyrir hagkvæma útgerð. Þær tryggja að aflanum verði landað á stöðum sem standa og falla með fiskvinnslu og draga verulega úr brottkasti.

Hverjir eru það sem standa gegn þessum breytingum? Það er Sjálfstæðisflokkurinn. Sjálfstæðisflokkurinn stendur dyggan vörð um óbreytt kerfi, um sérhagsmuni hinna útvöldu sem hafa fengið verðmætustu eign þjóðarinnar í sínar hendur, réttinn til þess að veiða á Íslandsmiðum. Þeir mega selja hann og leigja hann fyrir milljarða, og það hafa þeir svikalaust gert. Þetta er óhæfa. Það er einn flokkur, Samfylkingin, sem hefur lagt fram mótaðar tillögur um hvernig best er að snúa hana niður.

Góðir Íslendingar. Sjálfstfl. hefur nú farið með völd í menntmrn. síðan 1991. Hann hefur bráðum haft 12 ár til að breyta menntakerfi Íslendinga þannig að það svari kalli nýrra atvinnuhátta. En í lok valdatíma Sjálfstæðisflokksins blasir við að íslensk ungmenni standa jafnöldrum sínum að baki í lykilgreinum. Í alþjóðlegri rannsókn voru nemendur í áttunda bekk í 20. sæti af 25 þjóðum í náttúrufræðum og í 21. sæti í stærðfræði. Brottfall á framhaldsskólastiginu er með því mesta sem þekkist. Það segir allt um forgangsröðina hjá Sjálfstæðisflokknum að landbúnaður hér á landi fær meira fjármagn frá hinu opinbera, beint eða óbeint, en það sem allir framhaldsskólar landsins, auk Háskóla Íslands, fá samanlagt. Það er ekki leiðin til að gera íslenskt vinnuafl samkeppnishæft. Þetta er ekki leiðin til þess að mæta kröfum nýrra atvinnuhátta.

Samfylkingin vill þess vegna stórauka fjárfestingar í menntakerfinu enda munu þær skila sér fljótt í auknum þjóðarauði. Við höfum róttækar hugmyndir, m.a. um að stytta leiðina gegnum framhaldsskólann og lækka skólaskyldualdur. En nýir atvinnuhættir krefjast þess líka að þeir tugir þúsunda Íslendinga sem hafa aðeins lokið grunnnámi fái notið endurmenntunar. Þeir verðskulda annað tækifæri og Samfylkingin ætlar að gefa þeim annað tækifæri. Fólkið er okkar dýrmætasta auðlind og stóraukin fjárfesting í menntun er fjárfesting í framtíðinni.

Góðir Íslendingar. Þegar ég hlustaði á forsætisráðherrann okkar tala um efnahagsmálin kom mér í hug saga af manni sem fór í fjallgöngu. Hann lenti í ógöngum og það þurfti að senda lið honum til bjargar. Þegar hann kom niður var hann bara býsna brattur og sagði: Þetta gekk allt saman vel, ég komst lifandi niður. Forsætisráðherrann fór í ferðalag og hann gleymdi að taka kompás og kort með sér. Undir hans stjórn fór þenslan úr böndum, viðskiptahallinn rauk upp úr öllu valdi, að hluta til vegna hans mistaka, m.a. þegar byrjað var að einkavæða bankana. Afleiðingin varð sú að gengið húrraði niður, um þriðjung þegar mest var. Í kjölfarið rauk verðbólgan upp og vextir ruku upp. Þetta kostaði gríðarlegar fjárhæðir fyrir skuldsetta einstaklinga, ekki síst barnafólk sem tók lán til þess að fjármagna húsnæðiskaup sín. Þetta kostaði mikið fyrir smáfyrirtækin, fyrir sprotafyrirtæki unga fólksins og fyrir fyrirtækin á landsbyggðinni.

Hverjir voru það svo sem lögðu á brattann til að bjarga þjóðinni úr sjálfheldunni sem blessaður formaður Sjálfstæðisflokksins hafði komið okkur öllum í? Sú björgunarsveit

hefur nafn. Hún heitir Alþýðusamband Íslands. En maðurinn sem talaði um kurteisi í ræðu sinni áðan sagði ekki einu sinni takk fyrir. Það var verkalýðshreyfingin sem knúði ríkisstjórnina til að taka aftur eigin verðhækkanir og skipulagði niðurfærslu verðlags í samvinnu við samtök atvinnurekenda. Það var verkalýðshreyfingin sem bjargaði einfaldlega efnahagsmálunum þegar í óefni var komið.

Staðreyndin er þessi: Rangar ákvarðanir leiddu til ofþenslu sem skapaði viðskiptahalla við útlönd, sem kolfelldi gengið. Það leiddi til verðbólguskots, mikillar vaxtahækkunar og skildi eftir hagkerfi þar sem hagvöxtur er núll í ár og verður slakur á næsta ári. Svo kemur forsætisráðherrann og segir: Þetta gekk allt saman vel því ég komst lifandi niður. Jú, við komumst lifandi niður úr háskaför forsætisráðherra en það var ekki honum að þakka heldur verkalýðshreyfingunni.

Góðir Íslendingar. Tækifæri til nýsköpunar og framfara eru mörg í okkar ágæta þjóðfélagi, tækifæri í alþjóðlegri samvinnu sem getur fært okkur mikinn ávinning, tækifæri í vel menntuðu vinnuafli sem mætir kröfum nýrra atvinnuhátta, tækifæri til að bæta velferðarkerfið í þágu þeirra sem lágu eftir í góðæri Davíðs Oddssonar, tækifæri til að taka á í byggðamálum og var nú oft þörf á því, tækifæri til að afnema ranglátt kvótakerfi.

Núverandi ríkisstjórn hefur ekki nýtt þessi tækifæri. Hún er þreytt. Hún er kraftlaus. Hún er hugmyndasnauð. Hún hefur lifað sjálfa sig og situr í dag til þess eins að sitja. Við finnum það öll á okkar eigin skinni að það þarf að breyta til. Við finnum það öll á okkar eigin skinni að það þarf að skipta um ríkisstjórn.

Ég hef hér reifað málefni Samfylkingarinnar. Stjórnmálamenn á að dæma af hugmyndum þeirra og verkum. Framtíðarsýn okkar er hófstillt en hún er hiklaus. Með hana í veganesti göngum við inn í þennan vetur og hana leggjum við óhrædd í dóm þjóðarinnar. — Góðar stundir.

[20:23]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Það var merkur erlendur stjórnmálaleiðtogi sem á sl. sumri sagði eitthvað á þá leið: Stjórnmálamenn þess lands sem ráða við að bægja atvinnuleysi frá, sjá til þess að það sé þróttur og kraftur í atvinnulífinu, að umgjörð atvinnulífsins sé með þeim hætti að það blómstri, munu sjá sókn í sínu landi og munu sjá að fólkið hefur það gott.

Ég minni á að við Íslendingar höfum lifað sjö góð ár, uppgangsár. Þess vegna er það merkilegt að formaður Samfylkingarinnar skuli koma hér eins og af fjöllum.

Það er lítið að marka málflutning hv. þm. Í sumar boðaði hann stórstríð á Sjálfstfl. Næstsíðustu vikurnar hefur hann beint öllum sínum byssum að Framsfl. — boðaði á hann tíu utandagskrárumræður hér í þinginu — og nú minnist hann eingöngu á Sjálfstæðisflokkinn. Þetta er merkilegur stjórnmálaleiðtogi sem svona hringlar til og frá. Maður veit ekki alltaf úr hvaða fjalli hann er að koma. En mér finnst alltaf sem ég sjái hann eftir ræðuflutninginn í hlutverki Jóns sterka, segja: Sáuð þið hvernig ég tók hann?

Þetta er nú staðan. Ef við horfum á síðustu sjö árin í farsælu samstarfi þessara stjórnarflokka getum við séð á línuritum hvernig fólkið var að fara frá Íslandi svo hundruðum skipti, yfirgefa Ísland vegna kreppu. Við sjáum svo aftur árið 1995 að súlan rís á nýjan leik og þrjú þúsund manns umfram brottflutta hafa flutt hingað til landsins. Það segir í rauninni allt um hvernig tekist hefur til í atvinnumálum Íslendinga á síðustu sjö árum.

Við framsóknarmenn tókum við ráðuneytum kratanna í kreppu. Hér var gríðarlegt atvinnuleysi. Hér var samdráttur. Hér var eilífur niðurskurður í heilbrigðismálum til fatlaðra og sjúkra. Það stefndi í óefni í íslensku samfélagi. Í farsælu samstarfi stjórnarflokkanna hefur þessum hlutum verið snúið þannig við að þróttur ríkir á Íslandi. Eins og ég sagði hafa sem betur fer flestir vinnu hér á landi. Þrjú þúsund manns hafa flutt til landsins á nýjan leik, í mörgum tilfellum menntað ungt fólk sem vildi setjast hér að og getur það nú vegna þróunarinnar í atvinnumálum.

Er þetta ríkisstjórn sem hefur tekist illa? Ég segi nei. Sannleikurinn er sá að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hefur á þessu tímabili hækkað um 25% og til aukningar samneyslunnar höfum við á nýjan leik getað varið 20% til viðbótar, sem eru gríðarlegir peningar, til hinna sjúku, til hinna fötluðu, til menntakerfisins o.s.frv. Þannig að ríkisstjórnin hefur verið á réttri leið. Hún hefur getað lækkað skattana á unga fólkið með háu skuldirnar, lækkað tekjuskattinn úr 42% niður í 38%. Haldið þið að ungt fólk muni ekki um þetta?

Enn fremur höfum við nú, til þess að efla fyrirtækin, lækkað skatta af fyrirtækjunum úr 30% niður í 18%. Þannig er íslenskt þjóðfélag á réttri leið. Við erum á góðri leið. Við höfum náð lífskjörum Íslendinga á nýjan leik í fremstu röð í veröldinni.

Tveir öflugir skipstjórar sitja í brúnni. Samhentir flokkar sem þar ríkja, starfa saman og sigla þjóðarfleyinu. Stundum gefa þeir í, stundum hægja þeir á og við sjáum, þrátt fyrir að við þurfum að taka á ýmsum verkefnum, að íslenska þjóðarskútan er á réttri leið.

Ég er ekki viss um að Íslendingar vilji fela hv. þm. og forsætisráðherraefni Samfylkingarinnar, Össuri Skarphéðinssyni, að fara upp í brúna. Ég er ekki viss um að menn séu tilbúnir að skipta um flokka sem svo farsællega hafa siglt þjóðarfleyinu.

Ég vil minna hv. þingmann á, fyrst hann talar um matarverðið, hvaða flokkur barðist með kjafti og klóm fyrir matarskattinum. Eru menn búnir að gleyma því? Það var flokkur hv. þingmanns. Hann kom matarskattinum á. Hann barðist fyrir honum. (**SJS:** Með Framsókn.) Þannig að það er erfitt að nefna svona.

Ég vil segja hér, af því að Vinstri grænir kalla hér fram í, að það er skemmtilegur flokkur. Vinstri grænir eru staðfastir. Við vitum hvar við höfum þá. Þeir eru alltaf á móti. Ég man þó eftir því að það gerðist á síðasta þingi að þeir studdu eitt frumvarp. Það var girðingarfrumvarpið sem ég flutti, enda alræmdir þvergirðingar.

Ágætu Íslendingar. Tækifærin eru mörg og við þurfum að huga að mörgum nýjum atriðum. Við sjáum víða nýja sprota. Ég vil minna á það merkilega kvikmyndavor sem nú ríkir á Íslandi. Stjórnarflokkarnir urðu sammála um að efla kvikmyndagerð, styrkja Kvikmyndasjóð og veita erlendum aðilum skattaívilnanir til að koma hér til landsins og vinna þessi verk. Við sjáum mikinn þrótt í þessari nýsköpun. Ég nefni þetta sem dæmi um svo margt annað sem við höfum verið að gera í atvinnulífinu á síðustu árum.

Hvað landbúnaðarmálin varðar þá eru þar auðvitað eilíf verkefni við að glíma. En samt eru bjartir tímar. Mér hefur fundist samstaða íslensku þjóðarinnar vera mikil um íslenskan landbúnað síðastliðin fjögur ár. Ég nefni t.d. að

ég hef upplifað það í kringum kúariðuumræðu í Evrópu að allir vildu Lilju kveðið hafa, allir vildu neyta íslenskra afurða umfram annarra. Hjá mér sat ungt fólk á skrifstofu minni í morgun, úr háskólanum, sem er að fara að vinna að lokaritgerð. Áhugi háskólans og þeirra beindist að því að gera verkefni um íslenskan landbúnað, útrás hans sem hágæðavöru. Hingað kom bandarískur ráðherra, heilbrigðisráðherra, og vakti athygli á mjólkinni og gæðum hennar. Ég þarf ekki hér að ræða um hestinn. Þrátt fyrir mörg vandamál sem landbúnaðurinn glímir við þá er því sóknarhugur þar eins og annars staðar í íslensku þjóðfélagi.

Framsóknarflokkurinn hefur tekið að sér byggðamálin. Alþingi hefur samþykkt fjögurra ára áætlun um byggðamál sem byggir á því að bæta lífsskilyrði og starfsskilyrði á landsbyggðinni. Þar ber þó hæst að stjórnarflokkarnir hafa orðið sammála um að láta einn milljarð í nýsköpun í atvinnulífi landsbyggðarinnar á næstu árum.

Ég er þeirrar skoðunar að landsbyggðin sé að rísa til nýrrar sóknar á mörgum stöðum. Ég sé fyrir mér höfuðstaði, fimm til sex stóra höfuðstaði með bakland sem ná saman þannig og þar verði öll þjónusta ríkisins og atvinnulífsins til staðar. Þannig styrkjum við að þar verði skólar og menntasetur og öll þjónusta. Þannig má áfram telja. Ég tel að samgöngurnar skipti þar mestu máli og gert hefur verið stórkostlegt átak í þeim.

Ágætu Íslendingar. Ég er í engum vafa um að þessir stjórnarflokkar eru, þegar þeir ganga inn í lokavetur, að skila af sér öflugu búi, betra þjóðfélagi en þeir tóku við. Og við sjáum það í augum fólksins þar sem við förum um að það trúir á framtíðina og vill lifa í þessu landi og vinna sín verk. Það er gott sumar að baki. Það rignir að vísu. Ég get auðvitað sagt eins og presturinn fyrir norðan: „Þar sem tveir vatnsdropar koma saman, þar er rigning." En ágætu Íslendingar. Við framsóknarmenn erum annað afl í þessari ríkisstjórn. Við trúum á fólkið og kraft fyrirtækjanna. Við trúum að í hönd fari önnur góð sjö ár. Númer eitt, tvö og þrjú verður kraftur í atvinnulífinu. Stöndum vörð um að efla það til að það geti borgað hærri laun og unga fólkið fái störf hér.

Ég segi að lokum eins og skáldið: „Ef æskan vill rétta þér örvandi hönd, þá ertu á framtíðar vegi."

Ísland morgundagsins er land tækifæranna. Vilji er allt sem þarf. Framsóknarflokkurinn leggur verk sín í dóm kjósenda óhræddur eftir fjögurra ára farsælt samstarf við Sjálfstæðisflokkinn á þessu kjörtímabili. — Góðar stundir.

[20:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég held að það hljóti að hafa verið sett bráðabirgðalög um breytingu á siglingalögum ef þar er svo komið að það geti verið tveir skipstjórar samtímis í brúnni á sömu skútunni.

Vorið er komið og grundirnar gróa, mætti segja, þ.e. það eru að koma kosningar. Og sólskinið er svo sterkt að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson verður að bera hönd fyrir sólu þrátt fyrir dökku gleraugun. Fjárlagafrv. í sólskinskápunni er svo rjúkandi heitt af góðæri í höndunum á fjmrh. Geir H. Haarde að það liggur við brunasárum. Kannast nokkur við þetta? Man einhver eftir þessu áður? Jú, þetta eru fastir liðir eins og venjulega. Það á nefnilega að fara að kjósa og Davíð Oddsson setur ævinlega upp sólgleraugun haustið fyrir kosningavetur, 1994, 1998 og nú 2002 og væntanlega í síðasta sinn.

Eigum við að kíkja aðeins í ræðurnar frá 1994 og frá 1998?

1994: „... raunveruleikinn tekur spánni og áætluninni langt fram og er mun hagstæðari búskap þjóðarinnar.

... hefur framvindan á þessu ári orðið mun jákvæðari á öllum sviðum en búist var við ... Þetta eru mjög mikil umskipti til hins betra." Anno 1994.

1998: „Erfitt er að finna mörg önnur kjörtímabil í sögu lýðveldisins þar sem jafnmiklum árangri hefur verið náð og hagur borgaranna hefur breyst jafnmikið til batnaðar og á þessu. ... Slíkur árangur var óþekktur á Íslandi. ... hagur atvinnuveganna góður ... Góð afkoma þjóðarbúsins skilar sér þannig bæði til heimila og fyrirtækja."

Og nú heyrðum við lesturinn áðan.

Nú er það að vísu svo sem betur fer að útlitið er að mörgu leyti betra en það var fyrir um ári til einu og hálfu ári síðan þegar óstöðugleiki einkenndi allt umhverfið og sá óstöðugleiki vel að merkja, hæstv. forsrh., var staðreynd. Hann var ekki ímyndun stjórnarandstöðunnar þó að að mörgu leyti hafi ræst vel úr. Það er svo önnur saga. Það má þakka m.a. og ekki síst hagstæðum ytri skilyrðum, hækkandi verði á sjávarafurðum og því að Seðlabankinn hefur staðið fast í lappirnar og hvorki látið undan þrýstingi hagsmunaaðila né ríkisstjórnarinnar. Og gerist það nú sem ekki gerist oft að þeirri stofnun er hælt í þessum sal. Stjórntækin voru til staðar, sjálfstætt gengi, vaxtastýring, efnahags- og peningamálaaðgerðir, og virkuðu býsna vel. Það væri svo fróðlegt að heyra áköfustu talsmenn aðildar að Evrópusambandinu útskýra fyrir okkur hvernig hefði farið ef svo hefði ekki verið. Hvert væri atvinnuleysið á Íslandi þá?

En það skiptir ekki bara máli hvernig ástandið er á haustin á fjögurra ára fresti. Bak við glansmyndina nú leynist margvíslegur veruleiki. Margir hafa fært fórnir. Tekjunum er misskipt og því miður fer aðstöðu- og launamunur vaxandi í íslensku samfélagi. Skuldir heimilanna á Íslandi eru gríðarlegar, sennilega heimsmet, hæsta hlutfall sem þekkist á byggðu bóli af ráðstöfunartekjum, 170–180%.

Íslenskt atvinnulíf er mjög skuldsett. Íslensk sveitarfélög eru mjög skuldsett. Íslenskt þjóðarbú er mjög skuldsett og þær skuldir hafa ekki lækkað að raungildi í erlendri mynt þótt það henti núna fjármálaráðuneytinu í áróðursþjóðhagsáætlun sinni að nota viðmiðunina í íslenskum krónum við innlenda mælikvarða af því að það kemur betur út. Það ríkir ófremdarástand í heilbrigðismálum. Í húsnæðismálum ríkir lögmál frumskógarins, a.m.k. hér á leigumarkaði á höfuðborgarsvæðinu. En þyngst vegur þó að skattbyrði láglaunafólks vegna rýrnandi skattleysismarka hneppir þúsundir og aftur þúsundir einstaklinga og fjölskyldna í fátæktargildru.

Fjárlagafrumvarpið er slétt og fellt á yfirborðinu. En þegar farið er undir yfirborðið kemur þar margt athyglisvert í ljós. Þannig er tekjuskattur almennra launamanna að hækka um 20 milljarða kr. á þremur árum á sama tíma og tekjuskattur gróðafyrirtækjanna lækkar um 4,4. Það er einn hópur í landinu sem á að fá sérstaka skattalækkun núna um áramótin. Eru það öryrkjar og aldraðir, láglaunafólk? Eru það atvinnulausir? Nei, það er hátekjufólkið í landinu. Skatturinn þess á að lækka sérstaklega, aukalega, um tvö prósentustig og var þó tekjuviðmiðunin hækkuð áður, enda á hátekjuskatturinn að skila 300 millj. kr. minna á næsta ári. Þar fann ríkisstjórnin breiðu bökin eða hitt þó heldur.

Nei, herra forseti, sólskinið í þessu frv. skín ekki á aldraða og öryrkja, ekki á láglaunafólk, ekki á velferðarþjónustuna.

Það skín á hátekjufólk. Það skín á eignafólk sem fær helmingslækkun eignarskatta. Það skín á gróðafyrirtækin sem eru verðlaunuð með um það bil lægstu, ef ekki lægstu tekjuskattsprósentu í Evrópu og það skín á ríkislögreglustjórann sem fær venjubundna hækkun og Almannavarnir ríkisins í eftirrétt.

Íhaldinu, nýfrjálshyggjuöflunum, hefur orðið vel ágengt og þeim er að takast að breyta þessu samfélagi. Það var um það sem Guðni Ágústsson fjallaði þegar hann brá sér norður yfir Holtavörðuheiði og alla leið heim að Hólum eins og okkur Norðlendingum er tamt að segja. Í Hólaræðu var Guðni kominn í bullandi stjórnarandstöðu. Hann var algerlega á móti þeim breytingum á samfélaginu sem hann og hans ríkisstjórn standa fyrir, einkavæðingunni, nýfrjálshyggjunni og öllu því. Norðan Holtavörðuheiðar tala framsóknarmenn um auðsöfnun fárra, um fákeppni. En hér syðra sitja þeir í kónguloarvefnum miðjum og möndla með eignir almennings og hagræða þeim til í þágu eigin valdablokka í viðskiptalífinu. Helmingaskipti voru það, t.d. í hermanginu, helmingaskipti eru það og helmingaskipti skulu það heita þegar Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur leysa hlutina sín í millum í hverjum hrossakaupunum á fætur öðrum.

Einkavæðingin er orðin að einu allsherjarhneyksli og það er lágmarkskrafa að einkavæðingarnefnd verði nú leyst frá störfum eins og við flytjum tillögu um og öll frekari einkavæðing stöðvuð þar til rannsókn Ríkisendurskoðunar lýkur. Gegn þessari stefnu teflum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði kröfu okkar um velferðarstjórn. Myndun velferðarstjórnar að loknum næstu kosningum verður meginbaráttumál okkar í vetur og um það munum við safna liði. Verkefni þessarar velferðarstjórnar verður stórátak til endurreisnar velferðarkerfinu í landinu. Það stórsér á velferðarkerfinu eftir 11 ára valdatíð Sjálfstæðisflokksins, fyrst með krötum, Össuri Skarphéðinssyni og félögum sem hófu breytingarnar í heilbrigðismálum sem þjóðin er að súpa seyðið af og síðan með Framsóknarflokknum. Umskiptin gengu svo smurt að það tók varla nokkur maður eftir þeim.

Herra forseti. Hækkun elli- og örorkulífeyris, aðgerðir í skattamálum þar sem röðin er nú loksins komin að láglaunafólki, átak í heilbrigðismálum, átak til að jafna lífskjör og aðstæður fólks eftir búsetu, átak í geðheilbrigðismálum sem ekki gleymist, velferð barna og unglinga í öndvegi, m.a. með því að gera styttingu vinnuvikunnar og mannsæmandi dagvinnulaun að forgangsmáli í verkalýðsbaráttu, þetta og margt, margt fleira þarf að hefjast handa um. Verkefni velferðarstjórnarinnar verða ærin eftir 12 ára frostavetur íhaldsins með krötum og Framsókn.

Annað baráttumál okkar verður fjölbreytni í atvinnulífi í stað þeirrar einhæfu blindu stóriðjustefnu sem núverandi ríkisstjórn hefur rekið. Framsóknarflokkurinn virðist einhvers staðar á vegferð sinni hafa fengið þá flugu í höfuðið að hefja þunga iðnaðarvæðingu Íslands 50–150 árum á eftir tímanum, ákveða miðstýrt í hvers konar verksmiðjum fólk skuli vinna í einstökum byggðarlögum. Hér skal vera opið hús fyrir erlenda auðhringa og á veisluborðinu náttúra landsins ókeypis.

Það er ekki hægt, herra forseti, að minnast ekki fáeinum orðum á þá umræðu sem uppi er um Evrópumál. Þar ber einnig fyrir í leiðangri miklum utanrrh. sjálfur, Halldór Ásgrímsson. Ráðherra hefur uppi ótrúlega tilburði til að túlka hluti þannig að jafnvel hin sameiginlega sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins kunni að vera þolanleg fyrir okkur og nefnir Möltu og fleiri umsóknarríki í því sambandi. Nú vill svo til að ég er með samning Pólands í höndunum. Hvað felur hann í sér í sjávarútvegsmálum fyrir Pólland? Uppgjöf og aftur uppgjöf. Pólland fær ekki neitt, núll, og fellur að lokum frá kröfu sinni um fimm ára aðlögunartíma. (**Utanrrh.:** Eru þeir mikið með ...?) Á Möltu er sjávarútvegssamningurinn svo góður, hæstv. utanrrh., að sjávarútvegurinn á Möltu leggst gegn honum, t.d. sjómannasamtökin, og gefur ekkert fyrir túlkun Halldórs Ásgrímssonar á því hvað sjávarútvegssamningurinn sé góður fyrir Möltu.

Herra forseti. Einna undarlegast er þó að sjá Alþýðusamband Íslands fara fyrir í einhliða áróðri um þessi mál, þar sem sami Halldór Ásgrímsson og sendiherra Evrópusambandsins eru í broddi fylkingar.

Herra forseti. Þá verður maður að minnast nokkrum orðum á alþjóðamál og þá dapurlegu og dimmu daga sem þar ganga yfir. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir og fordæmir stríðsæsingastefnu Bush og Bandaríkjastjórnar. Sérstaklega mótmælum við vísvitandi tilraunum til að bregða fæti fyrir tilraunir aðalritara Sameinuðu þjóðanna til að finna friðsamlega lausn á deilumálum. Sameinuðu þjóðunum er nú stillt upp við vegg af Bandaríkjastjórn og sagt að þær muni hafa verra af, og öll heimsbyggðin ef hún lýtur ekki valdi Bandaríkjamanna. Því verður ekki trúað, herra forseti, fyrr en að fullreyndu að ríkisstjórn Íslands ætli að hlaupa til stuðnings þessari stefnu þó óneitanlega væri erfitt að skilja yfirlýsingar hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar á dögunum öðruvísi en þannig að hann hygðist feta götuna býsna þétt á eftir þeim Bush og Blair.

Þá var það einnig sérkennilegt að utanrrh. Íslands skyldi af öllum slíkum einna fyrstur manna lýsa yfir stuðningi við að stofna sérstakan NATO-her. Og ég sem hélt að hér í þessum sal væri aðeins einn maður sem vildi stofna her, alþingismaður og borgarfulltrúi Björn Bjarnason.

Góðir áheyrendur. Ísland er gott land og sú þjóð sem hefur fengið það til búsetu, nytja og varðveislu er gæfusöm. En hún ber líka mikla ábyrgð.

Ég sagði í byrjun að markmið okkar að loknum kosningum væri velferðarstjórn. Við berjumst fyrir gerbreyttri stjórnarstefnu. Ég skora á allt róttækt fólk og umhverfisverndarsinnað fólk að koma til liðs við okkur í vetur og koma að starfi og byggja upp okkar hreyfingu til þeirra átaka. Við þorum að vera við sjálf, eins og landbrh. réttilega benti á hér áðan. Við þorum t.d. að berjast á móti því sem við erum á móti og um leið þorum við að berjast ódeig fyrir því samfélagi sem við viljum, samfélagi samhjálpar, samfélagi samábyrgðar, fyrir umhverfisvernd og virðingu fyrir náttúrunni, fyrir fjölbreytni í atvinnulífi, fyrir sjálfstæðu fjölmenningarlegu og umburðarlyndu samfélagi í hópi þjóðanna þar sem við reynum áfram að vera okkar eigin gæfu smiðir hér eftir sem hingað til, enda hefur það reynst okkur vel.

Ég óska landsmönnum og okkur öllum uppbyggilegrar stjórnmálabaráttu í vetur. — Lifið heil.

[20:46]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ef þannig væri ástatt á íslensku þjóðarskútunni að það væru tveir skipstjórar í brúnni væri það alveg ótækt ástand. Sem betur fer skjöplast landbrh. að þessu leyti því að þarna sitja skipstjórinn og hjálparkokkurinn saman.

Við höfum nú hlustað á stefnuræðu forsrh. Í henni er enga stefnumótun að finna, gum og skrum og glansmyndagerð,

engar sérstakar ráðagerðir né úrlausnir boðaðar í hinum mikilvægustu málum eins og t.d. heilbrigðismálum. Þessi stefnuræða var með hinum rýrustu í roðinu sem ég man eftir. Og það er þagað þunnu hljóði um atvinnumálin eins og t.d. fiskveiðimálin og stjórnina á þeim.

Það er ekkert orð um stórmálið deCODE, það sem var síðasta verk á þingi er lauk í vor að veita þeim ábyrgð upp á 20 þúsund millj. kr., ekkert orð um það ágæta fyrirtæki, það gjaldþrota fyrirtæki eins og það blasir við. Ekkert orð um einkakvæðinguna, um ráðstöfun á eignum okkar Íslendinga allra. Þar sem forsrh. er nú vígt um skop hefði hann getað látið fylgja eins og eina skrýtlu úr einkavæðingarnefnd með ræðu sinni.

„Íslendingar", segir í ræðunni, með leyfi forseta, „skipa sér nú í röð fremstu þjóða að því er lífskjör varðar."

Betur að satt væri og næði til alls landlýðsins. En er það svo? Er það rétt sem haldið hefur verið fram að allt að 20 þúsund íbúar þessa lands lifi undir fátæktarmörkum? Ég hef sannar spurnir af því að hundruð fjölskyldna hafi ekki haft efni á að kaupa skólalærdómsbækur fyrir börn sín þegar námið hófst á þessu hausti. Menn geta ímyndað sér hvaða háski kann að vera búinn ungdómi sem þannig er ástatt um. Og er þörf á því þegar þetta ríki er hið sjöunda auðugasta í heimi, að því sagt er?

Hvað segja þeir í mæðrastyrksnefnd eða hjá Hjálparstarfi kirkjunnar um ástandið að þessu leyti? Hvernig má það vera að þetta er látið viðgangast? Og hvernig er ástatt í heilbrigðismálunum, hjá hinum sjúku og hinum öldruðu? Það eru engar sérstakar ráðagerðir uppi í þeim efnum heldur fullyrt að það verði ekki hægt að eyða meira fjármagni í þessi mál.

Hér minntist forsrh. á kreppuna sem aldrei kom. Hagspekingar og forráðamenn fjármálafyrirtækja gera grín að því að þetta hafi skeð fyrir einstaka heppni og alls ekkert fyrir athafnir stjórnvalda. Það hafi verið heppni, glópalán og eins verðþróun erlendis sem hafi orsakað þetta. Og satt best að segja þá getum við t.d. tekið sem dæmi að gegn verðþróuninni, verðbólgunni, sem hóf göngu sína fyrir tveimur árum eða svo, aðhafðist ríkisstjórnin ekki neitt. Hvert er aðalvopn ríkisstjórnar á hverjum tíma þegar slíkt kemur upp á? Það er auðvitað að beita fjárlögunum. Útgjaldahlið fjárlaga hækkaði langt umfram verðlag öll þessi ár. Viðskiptajöfnuður er horfinn, er tilkynnt. Guð láti gott á vita. En á ekki að borga þá skuld sem safnaðist upp á næstliðnum árum? Hvað er hún mikil? 200 milljarðar króna, 200 þúsund milljónir. Og hvers vegna varð þessi halli til? Hvers vegna myndaðist þessi mikla skuld? Og það þarf vafalaust að greiða hana.

Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins orðaði það svo að góðærið hefði verið knúið áfram af stjórnvöldum með erlendri skuldasöfnun. Og það eru fleiri en íslenska ríkið sem safnað hafa óbærilegum skuldum, til að mynda sjávarútvegurinn. Það getur svo sem vel verið, þegar búið er að galopna íslenskt efnahagskerfi fyrir Unilever og þessum stóru og sterku í útgerð í útlöndum að þeir geri sér hægt um hönd og kaupi þetta upp og borgi menn frá skuldum sínum. Ég hef grun um að það séu menn í þessum hópi sem væru ekkert á móti því.

Herra forseti. Ég leyfi mér, með leyfi forseta, að vitna í ræðu forsrh. orðrétt, þar sem hann segir:

„Á undanförnum árum hefur samráð ríkisvaldsins við heildarsamtök aldraðra verið að aukast. Talsmenn aldraðra hafa þó fundið að því að þótt samráð hafi vissulega aukist hafi þeir iðulega komið of seint að ákvarðanaferlinu og á stundum nánast staðið frammi fyrir gerðum hlut. Nú hefur verið sett í gang djörf tilraun til að bæta úr þessu þannig að forustumenn landssamtaka aldraðra og ríkisvaldsins verði samferða í undirbúningsvinnunni. Ekki verði tjaldað til einnar nætur, heldur reynt að setja fram sáttargjörð í samningsformi sem varðar veginn næstu árin. Ég er ekki í vafa um", sagði forsrh., „að báðir aðilar ganga til þessa samstarfs af fullum heilindum."

Fyrir tveimur árum mælti forsrh. svo í stefnuræðu sinni, með leyfi forseta:

„Þess hefur verið gætt að kaupmáttaraukningin nái einnig til þeirra sem ekki semja um kjör sín, svo sem aldraðra og öryrkja og hafa öll þau skref sem ríkisstjórnin hefur stigið undirstrikað þann vilja hennar að varðveita og efla kaupmátt þessara hópa ..."

Nú skulum við sjá hvað Ólafur Ólafsson, fyrrv. landlæknir og formaður Félags eldri borgara, hefur um þetta að segja, um samskipti ríkisvaldsins og Félags eldri borgara eða eldri borgara almennt. Hann segir svo, með leyfi forseta:

„Forsætisráðherra kom á fót samráðsnefnd um málefni aldraðra og kynnti nefndina sérstaklega í áramótaræðu sinni um áramótin 1998–1999. Í henni eiga sæti frá ríkisstjórninni, fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra, heilbrigðismálaráðherra, sem er formaður, auk forsætisráðherra sem situr einn fund á ári, af þremur. Lofað var samráði. En ekkert stóðst. Aðeins hafa verið haldnir tveir fundir og þeim síðari lauk með tilskipun en sá stjórnarstíll færist mjög í vöxt."

Þar hafa menn órækan vitnisburð fyrrv. landlæknis og formanns Félags eldri borgara. Hann segir enn fremur svo: „og er svo komið að stjórnvöld virða eftirlaunafólk ekki svars, stjórna með tilskipunum og standa ekki við orð sín."

Og Ólafur Ólafsson endar grein sína á þessu:

„Allar götur reiknuðum við með því að okkur yrði ekki sýnd lítilsvirðing og yfirgangur."

Hvernig skyldi nú á því standa að nú, þegar dregur að áramótunum 2002/2003, að þá skuli rokið upp til handa og fóta og þessari samráðsnefnd komið á fót? Sagan auðvitað endurtekur sig og það má mikið vera ef aldraðir sjá ekki í gegnum þennan blekkingavef, svo augljós sem hann er.

Ólafur Ólafsson segir í grein sinni að kjör ellilífeyrisþega hafi verið freklega skert, sem allir vita, og það eru brigð stjórnvalda því að loforð voru gefin um allt annað í upphafi þessa kjörtímabils. Skattleysismörkin hafa lækkað en ekki hækkað, eins og lofað var. Skattar hafa stórhækkað, lyfjakostnaður stórhækkað, fasteignaskattur samkvæmt nýju fasteignamati stórhækkað. Hlutfall grunnlífeyris og tekjutryggingar af almennum verkamannalaunum lækkað, þrátt fyrir ítrekuð loforð stjórnvalda um að „eftirlaun skuli hækka í takt við launaþróun".

En það eru sem sé að koma kosningar og það kann vel að vera að upp á ýmsu verði fitjað, t.d. eins og síðast þegar stórmálið fiskveiðistjórnin var haft í fyrirúmi af hálfu stjórnvalda. Kannski þeir taki nú til við blekkingavefinn þann aftur ef þeim finnst þörf vera á.

Ég gat þess að heilbrigðismál hefðu ekki verið mikið rædd hér í framsögu forsrh. og ekki væri margt þar að finna sem bitastætt væri. Það er talað um þar að þýðingarlaust sé að heimta meiri peninga til þess arna, það þurfi að grafast fyrir vandann. En hvað hafa menn verið að gera á næstliðnum tíu árum eða svo? Hafa þeir látið allt reka á reiðanum? Og ef ekki má veita frekari fjármuni til þess arna hvernig ætla þá menn að fara að með þær stórskuldir sem safnast hafa upp?

En heilbrigðismálin hafa verið leyst. Ungliðarnir í Sjálfstfl. eru búnir að leysa heilbrigðismálin. Og af því sem ræðutími minn nú er úti geymi ég mér það að vitna til þess, en það er alveg skýr afstaða sem þar er tekin af arftökum forsrh. og ráðamanna Sjálfstfl. nú um stundir.

[21:00]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Gott og gjöfult sumar er liðið hjá. Á haustdögum er að hefjast síðasta þing þessa kjörtímabils, kjörtímabils sem hefur einkennst af styrkri efnahagsstjórn, metnaði og framförum sem koma hvað skýrast fram í stórhuga áformum um bættan hag þjóðarinnar í atvinnu- og velferðarmálum.

Í stefnuræðu forsrh., sem hér er til umræðu, kemur glögglega fram hve vel hefur tekist að stýra þjóðarskútunni til farsældar og heilla fyrir land og lýð þrátt fyrir ágjöf um tíma þegar öldur verðbólgu risu óþægilega hátt. Með markvissum aðgerðum tókst að lægja þær og nú er verðbólga hér á landi á svipuðu róli og í nágrannalöndum. Kaupmáttur fer enn vaxandi, spáð er 2% aukningu á næsta ári níunda árið í röð, sem er einsdæmi hér á landi. Gengi er í jafnvægi, vextir hafa lækkað, skuldir ríkissjóðs lækka, hinn margumtalaði viðskiptahalli er úr sögunni. Allt þetta sýnir glöggt styrka stjórn á efnahagsmálum íslensku þjóðarinnar undir forustu Sjálfstfl.

Málefni aldraðra hafa verið nokkuð til umræðu að undanförnu. Íslenska þjóðin er að eldast. Hlutfallslega færri verða á vinnumarkaði í framtíðinni en nú er. Árið 2000 voru rúmlega 10% þjóðarinnar 67 ára eða eldri en Hagstofan spáir því að árið 2050 verði hlutfallið tæplega 20%. Þetta eru miklar breytingar á aldurssamsetningu þjóðarinnar sem Íslendingar þurfa að búa sig undir og læra af reynslu annarra þjóða. Jafnframt er mikilvægt að halda þeirri sérstöðu sem við höfum hér á landi og lýtur að atvinnuþátttöku eldra fólks. Hún er miklu meiri en þekkist í nágrannalöndum okkar, t.d. innan Evrópusambandsins, og er eflaust mest að þakka góðu atvinnuástandi hér á landi.

Eins og fram kom hjá hæstv. forsrh. hefur nú verið stofnað til formlegs samstarfs milli samtaka aldraðra og ríkisvaldsins þar sem meginviðfangsefnin eru annars vegar bætur almannatrygginga og hins vegar uppbygging hjúkrunarheimila fyrir aldraða sem er eitt brýnasta verkefnið á þessu sviði. Miklar vonir eru bundnar við að þetta samstarf skili góðum árangri og til þess er stofnað af miklum heilindum.

Ég geri líka alvarlegar athugasemdir við rangfærslur hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni um að skattar hafi verið hækkaðir á einstaklinga. Nægir í því sambandi að nefna myndarlega lækkun á eignarsköttum sem ásamt lækkun tekjuskatts kemur sér einmitt mjög vel fyrir aldraða. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa beitt sér fyrir skattalækkunum, bæði á einstaklinga og fyrirtæki.

Heilbrigðismál og málefni aldraðra eru nátengd. Mikilvægt er að fólk fái þjónustu á réttu stigi innan heilbrigðiskerfisins. Gildir það jafnt um alla sem þurfa á þjónustu að halda. Vandamál heilbrigðiskerfisins er ekki endilega fjárskortur heldur skipulag. Það ber að leita nýrra leiða til að nýta fjármuni í heilbrigðiskerfinu betur og hiklaust að nota útboð á þjónustu sé þess nokkur kostur. Markmiðið á að vera að tryggja þá bestu og skilvirkustu og hagkvæmustu þjónustu í heilbrigðismálum sem völ er á.

Á undanförnum árum hefur verið mikil gróska í menntamálum enda er öllum ljós sú staðreynd að öflug menntun er undirstaða velmegunar og ekkert gagnast okkur betur í sókninni eftir lífsgæðum en traust menntakerfi sem stendur öllum opið til að nýta sem best hæfileika sína til menntunar og þroska. Upplýsingatæknin hefur gert okkur kleift að bjóða og stunda hvers kyns nám, óháð búsetu, og er spennandi að þróa slíka kosti til hlítar hér á Íslandi. Rannsóknir og vísindi eru ásamt menntamálum grundvöllur framfara á öllum sviðum þjóðlífsins. Nú er unnið að nýrri löggjöf um skipan vísindamála sem styrkir stöðu þeirra verulega. Þar er áhersla lögð á að samhæfa sem best krafta þeirra sem að þessum málum starfa.

Herra forseti. Evrópumálin hafa verið nokkuð til umræðu á árinu, einkanlega tengsl Íslands við Evrópusambandið. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur dugað okkur vel og ekki er sýnt að nein ástæða sé til að þar verði breyting á. Eftir stækkun Evrópusambandsins er ljóst að fram þurfa að fara sérstakar viðræður og samningar við EFTA-löndin til að laga EES-samninginn að þeim breytingum. Atvinnuleysi er mikið innan Evrópusambandsins, að meðaltali 7,6% og jafnvel meira í einstökum löndum, t.d. Frakklandi 9,2% og Finnlandi 9,4%.

Mjög fróðlegt hefur líka verið í sumar að fylgjast með umræðu um hækkanir á vöru og þjónustu eftir upptöku evrunnar. Minnir sú umræða óneitanlega á verðhækkanir hér á landi þegar tvö núll voru skorin af krónunni á sínum tíma, upp úr 1980. Eflaust eigum við eftir að sjá frekari rannsóknir og samanburð en þegar er ljóst að í Suður-Evrópu, einkum á ferðamannastöðum við Miðjarðarhaf, hafa orðið hvað mestar verðhækkanir og einnig víðar á evrusvæðinu, t.d. í Þýskalandi. Eitt er a.m.k. alveg víst, við höfum ekki siglt jafnhratt upp úr efnahagsvandanum og raun ber vitni ef við hefðum verið búin að taka upp evruna.

Góðir áheyrendur. Úrtölur og myrkratal er ekki sæmandi þjóð sem býr við einhver bestu lífskjör sem fyrirfinnast í víðri veröld. Að sönnu eru mörg verkefni óunnin. Brýnt er að rétta enn hlut þeirra sem standa höllum fæti þrátt fyrir góðæri. Að því er markvisst unnið. Látum ekki úrtöluraddir og bölsýni þingflokks Vinstri grænna draga úr okkur kjark né Evrópusambandsdaður Samfylkingar villa okkur sýn. Það er bjart fyrir stafni hjá íslenskri þjóð, allt bendir til að nýtt hagvaxtarskeið sé að hefjast. Sóknarfærin eru fjölbreytileg og blasa alls staðar við á öllum sviðum og það veltur á okkur Íslendingum sjálfum hvernig okkur tekst að nýta okkur þau til framtíðar. — Góðar stundir.

[21:06]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Góðir landsmenn. Hæstv. forsrh. hefur flutt stefnuræðu ríkisstjórnar sinnar í upphafi kosningaþings. Í ræðunni kom m.a. þetta fram, með leyfi forseta:

„Þing sem undir nafni rís verður einnig að vera vettvangur dagsins og völlur pólitískra átaka, þar sem rökum er teflt saman, hugsjónir lita orðræðuna og þingmenn sanna fyrir sjálfum sér og öðrum að þeim sé ekki sama hvernig þjóðmálin þróast.“

Herra forseti. Ég er þessu fyllilega sammála en mér fannst hins vegar nöturlegt að hlýða á stefnuræðuna og heyra ekki í henni neinn vott af uppbyggjandi umræðu eða umfjöllun um þjóðmálin eins og forsrh. boðar.

Herra forseti. Ég er einn af þeim sem er ekki sama hvernig þjóðmálin þróast. Mér er ekki sama hvernig byggðamálum

er stjórnað og mér er ekki sama þegar ég horfi til sveitarfélaganna á landsbyggðinni og sé hversu hratt fólki fækkar þar og sé hvernig atvinna verður sífellt einhæfari og fábrotnari. Nei, mér er alls ekki sama hvernig byggðamálin hafa þróast í tíð núverandi ríkisstjórnar. Og mér er heldur ekki sama um að forsrh. minnist ekki einu orði á málefni landsbyggðar og brýnasta byggðamálið sem er jöfnun aðstöðu og lífskjara.

Á liðnum árum hef ég ítrekað bent á og stutt með rökum að misrétti milli landsbyggðarfólks og höfuðborgarbúa hefur vaxið gífurlega í tíð núverandi ríkisstjórnarflokka. Í raun og veru hefur ríkisstjórnin skipt íslenskri þjóð í tvær ólíkar þjóðir eftir lífskjörum. Það búa tvær þjóðir í þessu landi. Mér finnst dapurlegt að vita til þess að ríkisstjórnin skuli ekki hafa neina stefnu fram að færa í þessum mikilvæga málaflokki. Lífskjarajöfnun er ekki til í orðabók hæstv. ríkisstjórnar.

Tökum nokkur dæmi. Hæstv. forsrh. hefur sagt að flutningskostnaður hafi lækkað á liðnum árum vegna þess að í einhverjum tilvikum hafi vegir styst. Vissulega hefur slíkt átt sér stað en sá þáttur vegur ekki þungt í þessu dæmi. Staðreyndin er þvert á móti sú að flutningskostnaður hefur verið að stórhækka á undanförnum árum, og hver er ástæðan? Veruleg hækkun á þungaskatti og öðrum sköttum ríkisins meðal annars. Flutningskostnaður er einn aðalorsakavaldur þess að rúmlega 100% munur þekkist á vöruverði milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar og einnig einn aðalorsakavaldur sífellt versnandi rekstrarskilyrða fyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Svo er fullyrt í stefnuræðu að flutningskostnaður hafi lækkað. Þetta eru öfugmæli sem ég bið landsbyggðarfólk og forsvarsmenn fyrirtækja á landsbyggðinni að gefa gaum. Er hækkun flutningskostnaðar e.t.v. eitt af því sem hæstv. forsrh. kallar smávægileg dægurmál sem blásin eru upp í æðra veldi?

Ótal fleiri dæmi mætti nefna, svo sem misrétti varðandi þá sem þurfa að sækja sér framhaldsskólamenntun. Þar getur aukakostnaður þeirra sem ekki hafa framhaldsskóla í byggðarlagi sínu orðið um 400 þús. kr. á hvern ungling á ári. Smáskref er þó stigið í átt til jafnréttis með svokölluðum dreifbýlisstyrk.

Í fjölmörg ár hefur húsnæðisþáttur vísitölu neysluverðs eingöngu verið mældur á höfuðborgarsvæðinu. Húsnæðisskortur þar og stórhækkun fasteignaverðs hefur leitt til hækkunar allra lána, jafnt lána höfuðborgarbúa sem landsbyggðarfólks. Á sama tíma hafa íbúar víða á landsbyggðinni mátt búa við verðhrun húsnæðis. Efnahagsaðgerðir ríkisstjórnar og Seðlabanka hafa miðast við efnahagsástand á höfuðborgarsvæðinu þar sem þensla hefur ráðið ríkjum. Seðlabankinn hefur, m.a. vegna þessa, haldið uppi hálfgerðum okurvöxtum. Þessir háu vextir hafa valdið gífurlegum erfiðleikum, bæði hjá heimilum og hjá fyrirtækjum. Landsbyggðarfólk, sem víða hefur búið við áralangan samdrátt atvinnutækifæra, hefur mátt búa við það að borga sömu vextina og íbúar á suðvesturhorninu, vexti sem ætlaðir voru til að draga úr þenslu sem landsbyggðarfólk þekkir ekki nema af umræðu í fjölmiðlum.

Herra forseti. Aðeins eitt dæmi í viðbót. Nýlegar skattkerfisbreytingar ríkisstjórnarinnar hjá fyrirtækjum íþyngja fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni svo og litlum og meðalstórum fyrirtækjum um allt land vegna hækkunar tryggingagjalds. Hver er ástæðan? Jú, vegna erfiðra rekstrarskilyrða á landsbyggðinni hefur hagnaður fyrirtækjanna verið lítill eða enginn þannig að lækkun tekju- og eignarskatta kemur ekki að gagni. Þannig er ljóst að áætlaður hagnaður fyrirtækja í Reykjavík og í Reykjaneskjördæmi er hvorki meiri né minni en tæpar 3 þús. millj. kr. meðan hagnaður fyrirtækja í landsbyggðakjördæmum er nánast á núlli. Fyrirtæki á landsbyggðinni hagnast ekkert á þessum skattkerfisbreytingum.

Herra forseti. Ég tel að með þessum örfáu dæmum hafi rökum verið teflt fram — eins og og forsrh. vildi fá — fyrir því að landsmenn sitja ekki allir við sama borð og að ríkisstjórnin hefur með aðgerðaleysi sínu skipt þjóðinni í tvennt. Íbúar landsbyggðarinnar fara aðeins fram á að jafnræðisreglan sé virt. Það er hægt að snúa vörn í sókn í byggðamálum ef vilji er fyrir hendi og ýmis teikn eru á lofti um að aukin umræða um byggðamál hér á hinu háa Alþingi fari að skila árangri í þeim efnum. Þeirri umræðu verður haldið áfram við hvert tækifæri.

Herra forseti. Að lokum þetta: Þær miklu breytingar sem Alþingi hefur gert á undirstöðuatvinnuvegi landsbyggðarinnar, þ.e. sjávarútvegi, hafa komið fjölmörgum byggðarlögum ákaflega illa. Einn megingalli sjávarútvegsstefnunnar er að handhafi veiðiheimildanna getur með einni undirskrift selt frá byggðarlagi allar veiðiheimildir og svipt fólkið ævistarfi og eignum.

Góðir landsmenn. Það er verk að vinna. Hæstv. forsrh. sagði í stefnuræðu sinni að ýmsar stofnanir ríkisins hefðu horn í síðu kosningaþings þar sem stjórnmálamenn virtust vera veikari fyrir þrýstihópum en ella. Ef sá þrýstingur verður til þess að þau mál sem ýtt hefur verið á undan og ekki hefur verið tekið á verða leyst er það vel. Mál sem virðist lítið í upphafi getur orðið stórmál ef ekki er tekið á því.

Góðir Íslendingar. Íslensk þjóð þarf á stórum og öflugum jafnaðarmannaflokki að halda, flokki sem hefur burði til að breyta þjóðfélaginu frá misrétti til jafnréttis. Samfylkingin býður upp á þennan kost, og aðeins stóraukinn styrkur jafnaðarmanna hér á Alþingi getur snúið málum til betri vegar í okkar ágæta landi.

Ég þakka þeim sem á hlýddu. Góðar stundir.

[21:12]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Við Íslendingar höfum lagt metnað okkar í það að byggja upp gott heilbrigðiskerfi sem veiti betri alhliða þjónustu en nokkurs staðar er gert í jafnfámennu samfélagi. Það er mikill árangur sem við getum verið stolt af. Slík þjónusta kostar auðvitað peninga en það hefur löngum verið samstaða meðal Íslendinga um að kosta því til og eins hitt að hið opinbera greiði nær allan kostnaðinn.

Hið opinbera greiðir um 85% alls kostnaðar við heilbrigðisþjónustu hér á landi en t.d. í Bandaríkjunum er hlutfallið aðeins um 44%. Viljum við taka upp bandaríska kerfið? Það held ég ekki. Það er ekki vilji til þess að taka í raun upp tvöfalt kerfi sem mismunar landsmönnum eftir efnahag.

Varðandi heildarkostnað voru Íslendingar í 10. sæti meðal þjóða innan OECD árin 1990–1998, og árið 2000 voru Íslendingar í 6. sæti. Á 10. áratugnum var vöxtur útgjalda hérlendis minni en að meðaltali innan OECD og gildir einu hvort skoðuð eru útgjöld á mann eða hlutfall af þjóðarframleiðslu. Niðurstaðan er skýr: Íslenska heilbrigðiskerfið er gott, kostnaður við það er hóflegur miðað við þjóðir innan OECD og hlutur einstaklinga í kostnaði er með því allra minnsta sem þekkist í heiminum.

Síðan Framsfl. kom að stjórn landsins fyrir rúmum sjö árum hefur verið góður gangur í atvinnulífinu, atvinnuleysi með allra minnsta móti og kaupmáttur vaxið um liðlega

fjórðung. Það hefur skilað auknum tekjum í ríkissjóð sem aftur skilar sér í auknum fjárveitingum til heilbrigðismála. Þær voru 30 milljarðar kr. en eru nú áætlaðar um 60 milljarðar kr. á þessu ári. Framlögin hafa aukist frá 1994, mæld sem hlutfall af landsframleiðslu, og eru auk þess hærra hlutfall af útgjöldum ríkissjóðs nú en áður var. Það er því sama á hvaða mælikvarða litið er, fjárveitingar til heilbrigðismála hafa aukist verulega í tíð Framsfl. frá því sem var þegar Alþfl. fór með þennan málaflokk. Það fer ekki á milli mála að stjórnarflokkarnir hafa staðið sig vel í þessum efnum.

Ég vil að lokum vitna til ummæla heilbrrh. Bandaríkjanna sem var hér á landi á dögunum. Hann kynnti sér íslenska kerfið og niðurstaða hans var sú að hann sagðist ekki sjá hvers vegna Íslendingar ættu að breyta sínu heilbrigðiskerfi og stefna á frekari einkavæðingu. Það væri gott og skilvirkara en í Bandaríkjunum. Einstaklingarnir greiða aðeins um 15% af kostnaðinum og kerfið kostaði aðeins um 8% af landsframleiðslu en um 14% í Bandaríkjunum. Glöggt er gests augað.

Herra forseti. Undanfarinn áratugur hefur einkennst af skipulagsbreytingum í efnahagsmálum. Lögð er áhersla á markaðshagkerfi með samkeppni og einkavæðingu að leiðarljósi. Fyrstu árin lofuðu breytingarnar góðu. Mikil samkeppni var á matvörumarkaði, innanlandsflugi, landflutningum og útlánum banka, svo dæmi séu nefnd. Síðustu árin hefur þróunin á mörgum sviðum verið á þá lund að ástæða er til að staldra við. Fækkun og stækkun fyrirtækja með sameiningu leiðir af sér fákeppni og jafnvel einokun sem einkenna æ fleiri svið viðskiptalífsins. Samhliða þessari þróun dregur greinilega úr samkeppni og verð hækkar í kjölfarið. Þessi þróun er áhyggjuefni og bitnar á almenningi og neytendum og það verður viðfangsefni stjórnmálamanna á næstu árum að bregðast við. Þar verður til athugunar að tryggja samkeppni þar sem því verður við komið og treysta stöðu neytandans, setja reglur sem takmarka möguleika fárra aðila til að verða ráðandi á sínu sviði og á mörgum sviðum atvinnulífsins í senn og styrkja eftirlitsstofnun eins og Samkeppnisstofnun. Nauðsynlegt er að efla verulega samtök á borð við Neytendasamtökin til þess að veita öflugt aðhald almenningi til hagsbóta. Umfram allt þarf að taka mið af því að við búum í afar fámennu þjóðfélagi og ekki er við því að búast að sömu skilyrði til samkeppni séu til staðar og gerist í milljónaþjóðfélögum. Leikreglur í íslensku þjóðfélagi verða að taka mið af aðstæðum og vera almenningi til hagsbóta.

Herra forseti. Sumt er ekki hægt að einkavæða, eins og t.d. starfsemi Ríkisútvarpsins, og fara verður afar gætilega í breytingar í þessa átt í menntamálum og heilbrigðiskerfinu. Grundvallaratriðið er að landsmönnum verði ekki mismunað eftir efnahag og að gróðasjónarmið ryri ekki gæði þjónustunnar eða dragi úr öryggi.

Nýlega voru settar fram hugmyndir, m.a. af vettvangi Samtaka atvinnulífsins, um að færa starfsemi ýmissa opinberra sjóða til bankakerfisins og fullyrt var að einkavæðingin hafi lægri kostnað í för með sér. Ég er ekki að öllu leyti sammála þessum hugmyndum. Starfsemi Lánasjóðs íslenskra námsmanna er þess eðlis að ekki er hægt að einkavæða hana nema þá í heilu lagi til eins aðila og hver er þá ávinningurinn af því? Mér sýnist að fyrst verði að hugsa upp algjörlega nýtt námsstuðningskerfi ef huga eigi að einkavæðingu á þessu sviði.

Íbúðalánasjóður er rekinn ríkissjóði að kostnaðarlausu. Hann tekur aðeins 0,35% í vaxtamun. Íbúðalánasjóður og Íslandsbanki eru svipaðir að stærð. Vaxtamunur Íbúðalánasjóðs var um 1 milljarður kr. á síðasta ári en Íslandsbanki tók 10 milljarða kr. Það fer ekki á milli mála hvor er lántakendum hagstæðari. Jafnræði óháð búsetu er tryggt hjá þeim sem skipta við þann sjóð, en dæmi eru um að viðskiptabankarnir neiti að lána gegn veði í íbúðarhúsnæði í sjávarþorpum.

Ég hef fjallað um tvö mál sem eru ofarlega á baugi í pólitískri umræðu og um þau verður tekist á komandi árum. Framsóknarflokkurinn er frjálslyndur félagshyggjuflokkur sem vinnur að stöðugum umbótum á samfélaginu og lausn sameiginlegra viðfangsefna þjóðfélagsins á grunni samvinnu og jafnaðar. Í samræmi við þessi sjónarmið munum við framsóknarmenn vinna í þessum málum sem öðrum.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

[21:19]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Góðir landsmenn. „Með ál á heilanum", stóð á einu mótmælaskilti hér fyrir utan húsið í gær þegar ríflega 300 manns voru saman komnir til að mótmæla stóriðjustefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, og það með réttu því stóriðja er sannanlega ekki það bjargráð sem reynt hefur verið að telja þjóðinni trú um. Það vekur enda athygli að hagvaxtarspáin sem forsrh. er svona ljómandi ánægður með byggir ekki á því að til komi framkvæmdir í stóriðju og virkjunum sem sýnir að þjóðin kemst vel af án stóriðjuframkvæmda og hefur því frelsi til að velja atvinnustefnu sem byggir á sjálfbærri þróun og þar með á varfærnislegri nálgun við nýtingu auðlindanna í stað græðgistilburðanna sem nú eru uppi.

Alþingi hefur samþykkt heimild til iðnrh. um að Kárahnjúkavirkjun verði reist. En Alþingi hefur ekki samþykkt neitt sem lýtur að álverksmiðju á Reyðarfirði, hvorki skattaívilnanirnar sem ríkisstjórnin á örugglega eftir að koma með hingað inn á borð til okkar, né nokkuð annað. Og á meðan orkusölusamningar liggja ekki fyrir er enn von um að öræfin norðan Vatnajökuls hljóti þann sess sem þeim ber, nefnilega að stofnaður verði þar alvöru þjóðgarður. Og meðan svo er ástatt mun Vinstri hreyfingin – grænt framboð gera allt sem í hennar valdi stendur til að glæða þá von og gera hana loks að veruleika.

Forsætisráðherrann fór mörgum feitum orðum um leiðtoga stjórnarandstöðunnar í ræðu sinni og fannst greinilega ekki mjög leiðinlegt að geta líkt orðunum sem formaður Samfylkingarinnar þyrfti að éta ofan í sig við kræsingar jólakattarins. En hann mætti nú kannski líta sér nær og skoða hvort ekki sé komið að því að hann eða samstarfsmenn hans í ríkisstjórn þurfi kannski að éta eitt og annað ofan í sig. Eða hvar eru efndir þeirra orða sem hann sjálfur lét falla í stefnuræðu sinni fyrir ári síðan um aðgerðir í geðheilbrigðismálum, svo bara eitthvað sé nefnt? Skyldi forsrh. sjálfur kannski þurfa að sitja að snæðingi með jólakettinum í ár?

Ef við beinum sjónum okkar að yfirlýsingum varðandi náttúruverndarmál, sem mér eru ofarlega í huga, þá er nærtækt að líta á yfirlýsingar framsóknarráðherranna um Þjórsárver. Núna, þegar til stendur að sökkva hluta þeirra undir miðlunarlón, hvar eru þá efndir þeirra orða sem Halldór Ásgrímsson lét falla á opnum hádegisverðarfundi á Hótel Borg á sínum tíma, um að ekki komi til greina að fórna Þjórsárverum? Á þeim sama fundi sagði Halldór Ásgrímsson reyndar fleira athyglisvert. Hann sagði að ekki kæmi til greina að flytja Jökulsá á Fjöllum eða eyðileggja Dettifoss vegna virkjunarframkvæmda.

Nú spyr ég: Úr því ekkert er að marka orð hans um Þjórsárver, er þá eitthvað að marka orð hans um Dettifoss? Eða hvar er nú stefna sú sem flokksþing Framsóknarflokksins samþykkti í nóvember 1998? Þá hafnaði fólkið í Framsóknarflokknum að friðlýst svæði yrðu lögð undir orkumannvirki. Hvernig skyldi fólkinu í Framsóknarflokknum líða núna þegar ráðherrar flokksins hafa skrumskælt stefnu hans og hafa nú forgöngu um að skerða bæði friðlandið í Þjórsárverum og Kringilsárrana með virkjunarframkvæmdum? Forsrh. verður kannski ekki sá eini úr ríkisstjórninni sem situr til borðs með jólakettinum í ár.

Og mikil var trú samfylkingarmanna sem í vor samþykktu Kárahnjúkavirkjun í trausti þess að ekki yrði fleiri náttúruperlum fórnað á svæðinu norðan Vatnajökuls. Ég sé ekki annað en ríkisstjórnin sé að svíkja Samfylkinguna því ekki er stafkrókur um þjóðgarð á hálendinu norðan Vatnajökuls á málalista ríkisstjórnarinnar sem forsrh. var að leggja fram, ekki orð, hvorki um virkjanaþjóðgarð né reyndar Vatnajökulsþjóðgarð. Þó var Alþingi búið að samþykkja fyrirheit um að hann yrði stofnaður og umhvrh. er búin að gefa til kynna að það yrði í ár, á ári fjalla. Þessi ríkisstjórn hefur ekki uppi nokkur áform um að vernda öræfi þessa lands, ekki nokkur. Og þegar Austfirðingar horfa nú fram á þann veruleika sem blasir við þeim á hálendinu norðan Vatnajökuls, þar sem vinnuvélar í yfirstærðum rífa í sig gróið land, bylta við björgum og bora sig djúpt inn í bergið, er þá nema von að á þá komi hik þegar þeir sjá með eigin augum þennan hernað gegn landinu? Og það er ekki skrýtið þótt margir þeirra óttist að þeir séu nú búnir að láta stela frá sér auðlindinni sem fólgin hefur verið í ósnortnum víðernum hálendisins, á sama hátt og kvótinn hefur verið tekinn frá þeim.

Hæstv. forsrh. hælir ríkisstjórn sinni fyrir að gera átak í húsnæðismálum. Staðreyndin er sú að í stjórnartíð Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur verið vegið mjög alvarlega að einmitt þessum málaflokki. Það er erfiðara nú að eignast húsnæði og leigja húsnæði, sérstaklega fyrir tekjulágt fólk, en það var áður en húsnæðislöggjöfinni var breytt árið 1998. Vextir á lánsfjármarkaði til þeirra sem reisa félagslegt leiguhúsnæði fyrir skjólstæðinga sína hafa verið stórhækkaðir, sem leiðir af sér minna framboð af húsnæði og hærri húsaleigu. Ríkisstjórnin hefur með gerðum sínum gert slæmt ástand enn verra og ég fullyrði að staðan í húsnæðismálum, einkum fyrir tekjulágt fólk, er nú verri en hún hefur verið um langan aldur. Það segir hins vegar sína sögu um veruleikafirringu forsrh. að hann skuli sjá sérstaka ástæðu til að hæla sér af þessum málaflokki þar sem staðan er jafnbágborin og raun ber vitni.

Herra forseti. Ágætu Íslendingar. Það verður forvitnilegt að sjá hverjir koma til með að sitja að snæðingi með jólakettinum í ár. — Lifið heil.

[21:26]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í stefnuræðu forsætisráðherra var vandlega þagað um fiskveiðistjórn og kvótabrask. Sáttahempan sem forustumenn ríkisstjórnarflokkanna létu hraðsauma á stjórnarþingmenn fyrir alþingiskosningar vorið 1999 er nú brennd eða grafin. Sennilega verður að sérsauma eftirlíkingu þessa falsklæðis til varðveislu á Byggðasafninu á Hnjóti og í Ósvör, enda sáttin hluti af atvinnusögunni.

En kannski vill svo heppilega til að formaður sjávarútvegsnefndar hafi ákveðið að varðveita eintak af sáttahempunni miklu í sinni sérstöku kistu notaðra loforða. Forsætisráðherra gat þess að óhætt væri fyrir suma að fara úr stígvélunum. Stjórnarliðum er að minni hyggju óhætt að fara úr klofstígvélunum enda felur sáttahempan ekki lengur illan kvótaþefinn.

Í kosningabaráttunni vorið 1999 lagði Frjálslyndi flokkurinn höfuðáherslu á að tekið yrði á fiskveiðistjórnarkerfinu, kvótakerfi sem hefur innbyggt frjálsa sölu á aflahlutdeild, þ.e. óveiddum fiski í sjónum og veiðiréttinum, aflamarkinu, sem hægt er að leigja burt innan ársins, fyrir hærra verð en fæst í beinni sölu fiskaflans til vinnslu innan lands. Við þingmenn Frjálslynda flokksins teljum að hagsmunir sjávarbyggðanna allt í kringum land og fólksins sem hefur atvinnu af fiskveiðum og fiskvinnslu séu í stórhættu verði ekki tekist sem fyrst á við þau miklu vandamál sem kvótasalan úr sjávarbyggðunum hefur leitt af sér. Salan á atvinnuréttindum fólksins mun að öllu óbreyttu halda áfram að búa til nýtt og endurtekið upplausnarástand, nú síðast í Sandgerði. Hvaða staður verður næstur?

Sjávarútvegsráðherra hefur framfylgt kvótabraskskerfinu afar vandlega öll þau þrjú ár sem liðin eru af þessu kjörtímabili. Vilji stóreignasægreifanna í LÍÚ hefur allri för hans ráðið. Og undir hafa gengið fylgispakir flokksmenn hans í sjávarútvegsnefnd sem tekið hafa sér nýja trú og það sem þeir hafa orðað „að taka beri mið af hinum nýja veruleika". Sá nýi veruleiki var það verk stjórnarliða að koma kvótabraskskerfinu yfir smábátana og takmarka veiðifrelsi á ýsu og steinbít, frjálsa sjósóknarréttinum sem var fólkinu og byggðunum svo mikils virði.

Árangur þessa óhæfuverks er sá að afli krókabátanna af ýsu var aðeins 5.800 tonn á nýliðnu fiskveiðiári en ekki 10.300 tonn eins og árið áður og minnkaði aflinn um 4.500 tonn á sama tíma og heildarkvótinn af ýsu var hækkaður um 11.000 tonn milli ára. Steinbítsafli krókabáta minnkaði úr 9.800 tonnum í 5.600 tonn eða um 4.200 tonn á síðasta fiskveiðiári. Var það þetta, þessi minni afli og minni atvinna fyrir fólkið í sjávarbyggðunum sem forsætisráðherra vildi að sjávarútvegsráðherrann sem þjónað hefur LÍÚ fengi þingmenn sína til að meðtaka sem hinn „nýja veruleika", eins og formaður sjávarútvegsnefndar orðaði það svo nett þegar hann gafst upp við að verja hagsmuni minni sjávarbyggða og samþykkti kvótabraskskerfi þeim til handa?

Forsrh. sagði í stefnuræðu 8. júní 1999, með leyfi forseta:

„Við endurskoðun á ramma sjávarútvegsins ætla menn sér að skoða ítarlega öll þau gagnrýnisatriði sem sett hafa verið fram á undanförnum árum og meta hversu raunhæf þau eru, hversu sanngjörn þau kunna að vera og bregðast við með skynsamlegum hætti."

Er þessi gjörð, sem þrengir kost hinna minni byggða, það sem sanngjarnt og raunhæft var til þess hversu við mætti bregðast? Ef svo er var að mínu mati betra fyrir atvinnuöryggi fólksins að njóta ekki neinnar sanngirni eða sátta frá ríkisstjórninni. Hún þarf að fara frá á komandi vori.

Ég hef oft tekið mér stór orð í munn um kvótakerfið og fundið því margt til foráttu. Mér finnst líka að þegar sjútvrh. hefur tekið margar fisktegundir undir kvótasetningu á hvert skip þá séu það algjör embættisafglöp af hans hálfu.

Ég óttast hins vegar að sumar gjörðir hans séu til komnar vegna þess að hann hafi látið undan þrýstingi manna sem sáu einkahag sínum betur borgið með því að fá kvótasetningu sem fyrst, t.d. í fisktegundum eins og keilu, löngu, skötusel og kolmunna, heldur en ef það hefði ekki verið gert.

Þjóðin verður að skilja að kvótaúthlutun til útgerðarmanna í hverri fisktegundinni á fætur annarri myndar einkarétt þeirra til sölu á óveiddum fiski í sjónum. Venjulega er það kallað varanleg sala á aflahlutdeild, nú krókaaflahlutdeild smábátanna, eða einkaréttur þeirra til leigu á óveiddum fiski í sjónum innan ársins á aflamarki, nú krókaaflamarki smábáta, og jafnframt veðsetning lifandi fisks í sjó sem þó á að vera þjóðareign. Þessi einkaréttur er jafngildi þess að með stjórnarathöfnum sé verið að bera fé á menn.

Þannig má fá þá sem hagnast til fylgis við flokkinn sem með völdin fer eða þá þingmenn sem sitja að fiskkötlunum og ákveða úthlutunarreglurnar.

Markmið okkar var að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu. Þau orð eru skráð í lög en árangur er enginn. Uppbygging fiskstofnanna var annað meginmarkmið. Árangur er enn þá vægast sagt lítill.

Þrátt fyrir það yrði ég ekki hissa þó að aflaheimildir í þorski, ýsu, ufsa og skarkola yrðu auknar á komandi vetri fyrir kosningar eða í það minnsta sagt að nú horfi vel í þeim efnum og allt stefni í verulega aukningu innan skamms. Það má lengi enn fara á skjön við jafnræðis- og meðalhófsreglur með handvöldum úthlutunum til þeirra sem launa kunna.

Góðir áheyrendur. Vituð þér enn, eða hvat – hvort atkvæðin eru föl? — Góðar stundir.

[21:33]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Til að treysta byggðir landsins er eitt af þýðingarmestu verkefnunum að byggja upp gott samgöngukerfi. Í okkar stóra landi er það mikið og fjárfrekt verkefni. Aldrei hefur verið lagt eins mikið í vegamál og nú enda þörfin mikil. Íslendingar hafa þörf fyrir vaxandi samskipti með fljótum og öruggum hætti. Ferðaþjónustan sem hvað mestur vöxtur er í af öllum atvinnugreinum byggist á góðum samgöngum. Allir okkar atvinnuvegir kalla á það að hægt sé að lækka flutningskostnað með betri vegum og styttingu vegalengda. Þjóð sem byggir á því að sjávarútvegur vítt og breitt um landið geti starfað með sem hagkvæmustum hætti kallar á öra flutninga.

Allt ber þetta að sama brunni. Það er enda svo að við þessari þörf hefur verið brugðist með auknum fjárframlögum. Ríflega 20% aukning er til nýframkvæmda í vegagerð á næsta ári þar sem 1,2 milljarðar koma til fjármögnunar jarðganga af söluhagnaði eigna. Vegagerðin hefur valið fimm verktakahópa til þess að taka þátt í útboði á jarðgöngum milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar annars vegar og Siglufjarðar og Ólafsfjarðar hins vegar. Útboð mun fara fram fyrir árslok. Unnið er samkvæmt jarðgangaáætlun sem samþykkt hefur verið á Alþingi. Jarðagangaframkvæmdir kalla á mikinn undirbúning og rannsóknir áður en hægt er að hefjast handa. Það er því jafnframt gert ráð fyrir því að rannsóknir fari jafnhliða fram á næstu jarðgangakostum. Þar hefur helst verið horft til Vestfjarða og Austfjarða.

Aukin bjartsýni um að virkjunarframkvæmdir hefjist á næsta sumri hefur þegar haft jákvæð áhrif á atvinnulíf á Norður- og Austurlandi. Fyrirtæki á Austurlandi hafa um nokkurt skeið verið að setja það niður fyrir sér hvernig þau gætu haft sem bestan hag af þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru. Norðlendingar og reyndar fyrirtæki víðar á landinu eru nú sem óðast að kynna sér aðstæður á Austurlandi með það í huga að taka þátt í framkvæmdum enda má segja að af nógu sé að taka. Fjárfestingin er u.þ.b. tíu Smáralindir.

Þær undirbúningsframkvæmdir sem nú eru hafnar á Austurlandi hafa þegar haft jákvæð áhrif á atvinnulífið. Álverið er mikil þjóðþrifaframkvæmd. Það kallar á 900 starfsmenn og 400 afleidd störf á Austurlandi og 500 störf annars staðar. Útflutningur mun aukast um 30 milljarða. Ál er vistvænn málmur og virkjun vatnsafls er vistvæn aðferð við framleiðslu raforku.

Það er krafa tímans að fjölbreytni í atvinnulífi sé sem mest. Það er því viðvarandi verkefni að hlúa að landbúnaði og sjávarútvegi sem hinum hefðbundnu atvinnugreinum en jafnframt líta til með öðrum atvinnugreinum og nýsköpunarverkefnum.

Miklar væntingar eru um aukna nýtingu á jarðhita á Norðurlandi og gefur Þeistareykjasvæðið góðar vonir. Erlend fyrirtæki hafa nú þegar sýnt svæðinu mikinn áhuga. Jarðhitinn er mikil auðlind til húshitunar og er hægt að óska Eskfirðingum til hamingju með nýfundinn jarðhita. En jarðhitinn er einnig mikilvægur til þess að sinna þörfum ferðaþjónustunnar.

Ferðaþjónusta hefur vaxið hratt á undanförnum árum og spár Ferðamálaráðs um eðlisbreytingu á því hvernig ferðamenn kynna sér landið eru að koma fram. Sú breyting verður til þess að þjónustan dreifist víðar um landið og fleiri tækifæri í menningar- og heilsutengdri ferðaþjónustu verða til. Til að styrkja ferðaþjónustu enn frekar birtist stefna ríkisstjórnarinnar í því að fjármagn er veitt til stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs og mun það enn og aftur sýna stefnu ríkisstjórnarinnar til verndunar landsins.

Víða um land er unnið ómetanlegt starf við björgun menningarverðmæta og vöxtur í menningarstarfsemi sem atvinnugrein hefur verið mikill. Allt stuðlar þetta að bættum búsetuskilyrðum og styrkir ferðaþjónustu sem atvinnugrein. Miklar vonir eru nú bundnar við fiskeldi af ýmsum toga sem kalla mun á mörg störf. Skógrækt og landgræðsla hefur orðið til þess að styrkja búsetu í sveitum þegar draga hefur þurft úr framleiðslu á landbúnaðarvörum. Verkefnin eru enda ærin eins og landsmenn þekkja.

Góðir áheyrendur. Fás er fróðum vant, segir í Hávamálum. Það má segja að landsmenn hafi haft þau orð að leiðarljósi því slík er ásóknin í nám af ýmsum toga, og ekki síst fjarnám. Á næstliðnum árum hefur verið unnið markvisst að framboði á fjarkennslu bæði á sviði framhaldsmenntunar og háskólamenntunar. Sí- og endurmenntun hefur einnig verið sinnt eftir þeirri leið hvort sem búsetan er í þéttbýli eða dreifbýli. Upplýsingadreifiveitur verða að vera þær bestu hverju sinni og hinar dreifðu byggðir hafa fullan aðgang eins og tæknin leyfir.

Góðir áheyrendur. Á komandi vetri munu stjórnmálaflokkarnir skýra stefnu sína í þeim stjórnmálaátökum sem fram undan eru. Sjálfstfl. mun hér eftir sem hingað til ganga fram af ábyrgð og þeirri festu sem landsmenn geta treyst. — Góðar stundir.

[21:38]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Góðir landsmenn. Hvað hefur farið úrskeiðis í heilbrigðiskerfinu? spurði Davíð Oddsson í ræðu sinni fyrr í kvöld. Hvern skyldi hann vera að spyrja, maðurinn sem hefur verið forsrh. í rúm ellefu ár? Ábyrgðin á stöðunni í heilbrigðismálum er stjórnvalda. Undan því verður ekki vikist hvernig sem forsrh. spyr. Lítum á stöðuna.

Fastlaunakerfi í heilsugæslunni hefur haft þær afleiðingar að afköst hafa minnkað og frumheilsugæsla veikst. Í

Kópavogi eru 2.200 manns um hvern heilsugæslulækni, tugþúsundir eru án læknis á höfuðborgarsvæðinu. Sú staðreynd að ekki hefur verið gripið í taumana og aðgangur að sérfræðingum ekki takmarkaður með neinum hætti hefur leitt til þess að frá árinu 1997 hefur kostnaður ríkisins vegna hverrar komu til sérfræðilæknis tvöfaldast og heildarkostnaður ríkissjóðs aukist um 134%.

Lyfjakostnaður ríkisins virðist einnig lúta eigin lögmálum. Landspítali – háskólasjúkrahús, aðalkennsluspítali landsins, má hins vegar búa við framlög sem endurspegla ekki þörfina sem er fyrir hendi á mikilvægum sviðum heilbrigðisþjónustunnar. Þessu vill Samfylkingin breyta.

Undanfarna daga hefur kastljósinu verið beint að ástandi geðheilbrigðismála. Hörmulegir atburðir hafa vakið okkur til umhugsunar um stöðu geðsjúkra sem oft fær litla athygli í þjóðfélagsumræðunni. Ég gagnrýni harðlega þá mynd sem umræðan um skort á úrræðum fyrir tiltekinn hóp geðsjúkra hefur tekið á sig í fjölmiðlum. Virðingarleysið gagnvart einstaklingum er ótrúlegt og umfjöllunin með þeim hætti að margra ára starf og fræðsla til þess að minnka fordóma meðal almennings gagnvart þeim sem eiga við geðræn vandamál að stríða getur aðeins borið skaða af. Við það verður ekki unað.

Herra forseti. Á Íslandi er vaxin úr grasi kynslóð fólks sem hefur alla möguleika á því að leggja heiminn að fótum sér. Góð og fjölbreytt menntun er lykill þess að framtíðinni og að umheiminum. Það er skylda okkar að leggja megináherslu á jöfn tækifæri til menntunar og búa svo um hnútana að ungt fólk eigi þess raunverulega kost að setjast að á Íslandi að loknu námi, finni störf við hæfi og hafi það á tilfinningunni að hér eigi það heima vegna þess að samfélagið hefur þörf fyrir það og býr vel að því. Þetta unga fólk gerir kröfur um sambærileg lífskjör hér á landi og bjóðast annars staðar. Meðal annars þess vegna verða lífskjörin að vera sambærileg, ekki bara á milli landshluta heldur á milli Íslands og nágrannalandanna. Menntun er ekki einungis hreyfiafl framfara, hún er líka hreyfiafl fólks í hnattvæddum heimi. Samkeppnin um best menntuðu einstaklingana er hörð en ríkisstjórnin hefur enga tilburði uppi til þess að bæta kjör og aðstæður ungs fólks og barnafjölskyldna hér á landi.

Herra forseti. Skilin á milli innanríkis- og utanríkismála verða sífellt óljósari. Við sem sóttum ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Jóhannesarborg um sjálfbæra þróun fundum greinilega hvernig hnattrænar áherslur, hvort heldur er í umhverfisvernd eða baráttunni gegn fátækt, verða aldrei slitnar úr samhengi við pólitíkina heima fyrir. Baráttan fyrir jöfnuði, gegn misskiptingu tekna og fyrir bættum réttindum kvenna og barna, hefst alltaf heima. Hún leggur þungar skyldur á herðar okkar gagnvart öðrum löndum og þjóðum og þess vegna eigum við að vera virkir þátttakendur í umræðu og samstarfi á alþjóðlegum vettvangi og leggja miklu meira fé af mörkum í þróunarsamvinnu við fátæk ríki. Lýðræðið er það dýrmætasta sem við eigum og það þarf að endurspeglast í stjórnsýslunni og störfum stjórnmálamanna. Samfylkingin hefur ávallt lagt mikla áherslu á aukið lýðræði, við viljum gera landið að einu kjördæmi og taka upp þjóðaratkvæðagreiðslur um mikilvægar ákvarðanir.

Við eigum þó enn langt í land með að færa stjórnkerfið til nútímahorfs. Í þessu efni er ég ekki bara að vísa til úr sér genginnar verkaskiptingar á milli ráðuneytanna, svo eitt dæmi sé nefnt, heldur einnig til þess hvernig pólitísk samtrygging og fyrirgreiðsla setur enn mark sitt á íslenskt samfélag. Kjör fólks mega ekki vera háð geðþóttaákvörðunum einstakra stjórnmálamanna.

Góðir áheyrendur. Það er mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr að ungt fólk geri sér grein fyrir því að það hvernig stjórnmálaflokkar halda á málum, hvaða ákvarðanir þeir taka eða taka ekki, skiptir sköpum fyrir framtíð þess, lífskjör og umhverfi. Uppistand á borð við það sem Guðni Ágústsson landbrh. bauð landsmönnum upp á hér fyrr í kvöld segir meira en þúsund orð um málefnastöðu ríkisstjórnarinnar. Við skulum hafa það í huga, nú þegar þjóð og þing sigla inn í kosningavetur.

[21:44]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Ráðstefnu um lýðræði í skólastarfi, sem haldin var hér á dögunum, var fylgt úr hlaði með kynningu norrænu ráðherranefndarinnar. Þar sagði m.a. að norrænn skilningur á lýðræði lyti ekki aðeins að stjórnskipun eða frelsi og réttindum einstaklinga heldur einnig að lífsháttum þar sem samskipti manna grundvallast á gagnkvæmri virðingu og jafnrétti og skoðanaskipti eru í hávegum höfð. Ekki sé nægilegt að taka fram að við búum við lýðræði heldur verðum við að tjá jákvæða afstöðu okkar til þess og standa vörð um gildi lýðræðisins. Lýðræðið krefst opinna og heiðarlegra skoðanaskipta og lýðræðið krefst þess jafnframt að þeir sem eru í fararbroddi þjóðfélagsumræðu hvers tíma tali af fullri ábyrgð og forðist hvers kyns upphrópanir, einfaldanir og fyrir fram gefnar niðurstöður.

Kjósendur eiga annað og betra skilið en að við stjórnmálamenn hrópum misvísandi slagorð og ruglum með heiti og hugtök, eins og við þekkjum dæmi af, í umræðum og átökum um tvær meginstoðir velferðarkerfisins, menntakerfið og heilbrigðisþjónustuna. Einkavæðing er eitt slíkt hugtak sem þátttakendur í umræðunni um heilbrigðismál hafa ýmist lýst sig mjög andstæða eða fylgjandi, og einkarekstur er annað hugtak. Hvort tveggja er heiti yfir rekstrarform sem segir í raun ekkert um aðgang að heilbrigðisþjónustunni. Fylgismenn einkavæðingar sem í raun tala jafnframt fyrir tveimur kerfum, hinna efnuðu og hinna fátækari, rökstyðja gjarnan ágæti hennar með því að hún auki skilvirkni og hagkvæmni með því að þeir sem efni hafi á geti notað peninga sína til að kaupa sér aðgerðir, geti keypt sig fram fyrir aðra í biðröðinni, og dragi þar með úr álaginu á opinbera kerfið og bæti þjónustuna þar. Slíkar hugmyndir flokkast vitaskuld ekki undir neitt annað en einkavæðingu. Eða hvað? Í leiðara Morgunblaðsins 12. september sl. er minnt á að blaðið hafi oft bent á ágæti þessa fyrirkomulags en þar kallast það einkarekstur.

Við framsóknarmenn höfum mjög eindregna afstöðu til einkavæðingar heilbrigðiskerfisins. Við erum mótfallin henni og þar er um grundvallarafstöðu okkar að ræða. Við erum mótfallin því að lögmál markaðarins um framboð og eftirspurn ráði öll um verð og gæði heilbrigðisþjónustu og að fólki sé mismunað eftir efnahag og félagslegri stöðu. Við munum áfram sem hingað til standa vörð um samtrygginguna sem eina af meginstoðum velferðarkerfisins og að allir eigi jafnan aðgang og þjónustan sé greidd úr sameiginlegum sjóðum. Því geta landsmenn treyst.

Á hinn bóginn skýlum við okkur ekki á bak við pólitískan réttrúnað gagnvart ólíkum og mismunandi rekstrarformum hafi verið sýnt fram á með óyggjandi hætti að önnur form en ríkisrekstur séu hagkvæmari og dragi ekki úr gæðunum. Slíkt væri enda fjarstæða þar sem myndarlegur hluti

íslenskrar heilbrigðisþjónustu hefur jú um árabil verið inntur af hendi einkaaðila og félagasamtaka á grundvelli samninga um kaup ríkisins á skilgreindri þjónustu eða verkum og hefur gefið mjög góða raun.

Viðfangsefni íslenskrar heilbrigðisþjónustu er í engu frábrugðin þeim viðfangsefnum sem nágrannaþjóðir okkar standa frammi fyrir. Þessi viðfangsefni á auðvitað ekki að skilgreina sem vandamál heldur þvert á móti sem vegsemd hennar. Hærri lífaldur og fjölgun aldraðra, svo og framfarir í þekkingu og tækni, eru vegsemd sem við getum auðvitað stært okkur af en vegna þessa eykst hins vegar kostnaðurinn. Við verðum því að horfast í augu við tvennt, annars vegar að heilbrigðisþjónustan mun sífellt kalla á aukin fjárútlát og hins vegar að ekki eru til neinar algildar eða endanlegar lausnir í heilbrigðismálum. Þess vegna er það í raun ekki nema eðlilegt að heilbrigðismál beri hátt í opinberri umræðu hér á landi eins og annars staðar.

Mér finnst þó umræðan hafi verið í meira lagi óvægin síðustu vikurnar og mér finnst lítið hafa borið á því að menn hafi minnst margra góðra verka sem unnin hafa verið frá því að framsóknarmenn tóku við heilbrrn. en tækifærin verða næg á næstu vikum og mánuðum til að rifja þau upp.

Með lagabreytingu sem tók gildi um síðustu áramót var hæstv. heilbrrh. gert betur kleift að stuðla að aukinni hagkvæmni og að tryggja gæði heilbrigðisþjónustunnar, marka stefnu um forgangsröðun verkefna í heilbrigðisþjónustu og grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja stefnunni.

Í frv. til fjárlaga næsta árs er að finna helstu áherslur hæstv. heilbrrh. um eflingu heilsugæslunnar, einkum á höfuðborgarsvæðinu, um uppbyggingu öldrunarþjónustunnar, m.a. fjölgun hjúkrunarrýma, og um leiðréttingu á rekstrargrunni stóru sjúkrahúsanna.

Ábyrgð ráðherra heilbrigðismála og heimildir eru nú ótvíræðar en duga ekki til nema þingmenn sýni samábyrgð og samstöðu um að tryggja á fjárlögum það aukna fé sem þarf til að ná þeim markmiðum sem hið háa Alþingi hefur þegar sett sér um heilbrigðisþjónustuna með samþykkt heilbrigðisáætlunar til ársins 2010.

Í kjölfar ráðstefnunnar sem ég nefndi í upphafi máls míns um lýðræðið í skólastarfi og í anda boðskapar hennar stóðu nemendur grunnskóla í Reykjavík fyrir þingi. Þema þess var unglingar, kynlíf og fjölmiðlar. En hver ætli hafi verið meginátherslan í ályktuninni sem þeir sendu frá sér? Þeir lögðu megináherslu á fjölskylduna og samverustundir hennar. „Við viljum að fjölskyldur séu meira saman," sögðu grunnskólanemendurnir.

Við framsóknarmenn viljum hlúa að þessari grunneiningu samfélagsins og samhjálpinni og samábyrgðinni sem hún grundvallast á. Við stöndum vörð um jafnan rétt allra til menntunar við hæfi hvers og eins, menntunar sem miðar að því að hámarka getu hvers einstaklings og hvikum hvergi í baráttunni fyrir hágæðaheilbrigðis- og félagsþjónustu sem allir eigi jafnan aðgang að. — Góðar stundir.

[21:50]

Jón Bjarnason:

Góðir áheyrendur. Við Íslendingar erum vinnusöm þjóð. Meðallífaldur okkar er með því hæsta sem gerist í heiminum. En slíkt er þó ekki sjálfgefið. Rannsóknir Bryndísar Evu Birgisdóttur, doktors í matvælafræðum, á íslenskri kúamjólk benda til að sú mjólk sé gædd sérstökum eiginleikum sem verndi börn gegn sykursýki. Hefur íslenska kýrin þar sérstöðu gagnvart öðrum kynjum sem hún var borin saman við. Það er skemmst að minnast áætlana fyrr á þessu ári um að flytja inn erlent kúakyn sem hefði á skömmum tíma útrýmt því íslenska. En sem betur fór var þeirri aðför hrundið.

Heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna sem hér var á dögunum sýndi þessum rannsóknum sérstakan áhuga og vildi koma á samstarfi ríkjanna um rannsóknir á þessum eiginleika íslensku kúamjólkurinnar.

Vel getur verið að aðrar íslenskar matvælaafurðir og heilsuvörur geti búið yfir verðmætri sérstöðu sem frekar þurfi að laða fram en kæfa í hömlulausum innflutningi erlendra matvæla á kostnað innlendrar framleiðslu. Er skemmst að minnast baráttunnar gegn því að kúariðan bærist til landsins á sl. ári. Ef Ísland hefði þá verið orðið fullgildur aðili að innra markaðssvæði Evrópusambandsins með landbúnaðarvörur hefði vörnin gegn þeirri vá verið erfið. Við megum ekki líta langt yfir skammt þegar við horfum til auðlinda okkar. Það veit enginn hvað átt hefur fyrr en misst hefur.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð stendur með þeim sem vilja vernda og nýta fjölbreytileika og gæði lífríkisins og náttúruauðlindanna.

Það er hart tekist á um grunnstoðir íslensks samfélags. Þannig er það í pólitíkinni. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar forsrh. og Halldórs Ásgrímssonar, formanns Framsóknarflokksins, gengur hart fram í að einkavæða almannaþjónustuna og selja þjónustustofnanir almennings. Einkavæðing heilbrigðiskerfisins er í fullum gangi en þar skiptist þjóðin í tvær fylkingar.

Á fundi með erlendum bankamönnum nýverið lýsti forsrh. draumsýn sinni um einkavæðingu í þágu samhjálpar sem hann kallaði svo. Nefndi hann þar til aukna einkavæðingu í heilbrigðisþjónustu, menntun og öldrunarþjónustu. Fá ríki hafa gengið lengra í einkavæðingu heilbrigðiskerfisins en Bandaríkin. Heilbrigðisráðherra þeirra, Tommy G. Thompson, sem hér var á ferðinni lofaði mjög íslenska heilbrigðiskerfið og fannst það mun skilvirkara og ódýrara en það bandaríska og það þjónaði þegnunum vel. Hann sagðist ekki sjá hvers vegna Íslendingar ættu að breyta heilbrigðiskerfi sínu og stefna að frekari einkavæðingu. Hann gæti ekki ráðlagt það. Kannski hefði hæstv. forsrh. átt að hlusta á ráðherra Bandaríkjanna í heilbrigðismálum. En þessum ummælum ráðherrans hefur ekki verið mjög haldið á lofti enda henta þau ekki stefnu núverandi stjórnvalda.

Nýverið birtist skoðanakönnun á vegum Gallups um hug þjóðarinnar til sölu ríkisbankanna. Af þeim sem tóku afstöðu voru einungis liðlega 46% hlynnt en liðlega 53% voru andvíg sölu ríkisbankanna. Og meiri var andstaðan á landsbyggðinni við þessa sölu. Í skoðanakönnunum sem Gallup gerði í mars um hug þjóðarinnar til sölu Landssímans kom fram að yfir 60% eða mikill meiri hluti þjóðarinnar vildi að Síminn yrði áfram í opinberri eigu. Í öllum landshlutum var mikill meiri hluti fyrir því en 70–80% af íbúum utan höfuðborgarsvæðisins vildu að svo væri áfram. Þjóðin hafði á þessu afdráttarlausa skoðun en hún var allt önnur en skoðun ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl.

Góðir áheyrendur. Einkavæðingarferill ríkisstjórnarinnar hefur einkennst af siðspilltri einkavinavæðingu þar sem valdir einstaklingar og hópar hafa bitist um eignir almennings. Framsókn er reyndar núna komin í kosningagír og sýnir sitt tvöfalda andlit, með og á móti, hefur hvergi komið nærri en hirðir samt sitt.

Virðulegi forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill standa vörð um hugsjónir félagshyggju og samhjálpar.

Við viljum sjá sterkt og fjölbreytt atvinnulíf um allt land, til sjávar og sveita. Við viljum byggja upp aukna velferð í íslensku þjóðfélagi. — Góðar stundir.

[21:56]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég lauk þar fyrri ræðu minni þar sem ég hafði lítillega minnst á heilbrigðismál. Í millitíðinni hefur formaður þingflokks Framsfl. komið upp og farið þeim orðum um heilbrigðisþjónustuna að þar væri allt í himnalagi, og það væri blátt áfram ekki hægt að bæta um betur. Er allur þingflokkur Framsfl. haldinn þeirri skoðun? Það er ekki von á góðu ef svo er, og þetta er þingflokkurinn sem á að hafa forustu um þennan málaflokk.

Ég vitna aðeins til þess sem forsrh. segir í stefnuræðu sinni, með leyfi forseta:

„Heilbrigðiskerfið er ekki hafið yfir gagnrýni og í raun óábyrgt að halda því fram að stórkostlega fjármuni vanti til heilbrigðismála.“ Þá heyra menn það. Heilbrrh. hlýtur að taka mark á þessum orðum. Ég gat þess líka að ungliðarnir í Sjálfstfl. væru búnir að finna fulla lausn á heilbrigðismálunum. Með leyfi forseta ætla ég að leyfa mér að lesa upp úr ályktun Sambands ungra sjálfstæðismanna sem leggur áherslu á að Sjálfstfl. taki við heilbr.- og trmrn.:

„Sjúklingar greiði fyrir fæði að fullu og lyf upp að vissu marki þegar þeir leggjast inn á sjúkrahús.

Rekstur stoð- og þjónustudeilda ríkisrekinna sjúkrastofnana verði boðinn út hið fyrsta.

Heilsugæslulæknum verði veitt frelsi til að starfa sjálfstætt.

Hámarksgreiðslur fyrir læknisþjónustu og heilsugæslu verði hækkaðar.“

Þá hafa menn það, og þarf ekki fleiri orðum um að fara.

Ég gat þess líka að þótt fjármunir verði ekki til fyrir aldraða og sjúka verði nógir til þegar fyrirtæki eins og deCODE þarf að rétta út höndina. Og ég minnti á hvað hefði verið afgreitt hér á lokadögum síðasta þings þegar ákveðið var að ganga í 20 þús. millj. kr. ábyrgð fyrir þetta gjaldþrota fyrirtæki, því gjaldþrota er það. Við skulum halda aðgreindu í umræðum okkar starfsemi þeirri sem Íslensk erfðagreining vinnur að. Það er mjög áhugavert verkefni. En þeim fjárglæfrum sem stundaðir hafa verið vegna þessa fyrirtækis er ekki líkjandi við neina aðra svikamyllu í fjármálum sem ég man eftir að hafa kynnst. Og ríkisstjórnin gekk undir þessu, fullkomlega, með áróðri sínum. Og ríkisreknar fjármálastofnanir nörruðu menn til þess að fjárfesta stórkostlega í þessu fyrirtæki á gengi sem var langt fram úr öllu viti, allt upp í gengið 65. Nú er gengið komið niður í 2 eða eitthvað svo.

En vegna þessara aðferða sem hljóta að vera meira og minna á ábyrgð ríkisstjórnarinnar hlýtur Alþingi að grípa til þess sem segir í 39. gr. stjórnarskrárinnar, að „Alþingi getur skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.“ Ef, eins og að líkum lætur, ríkisstjórnin vill ekkert sinna þessu, þótt henni beri raunverulega siðferðisskylda til þess, hljóta þeir sem hart voru leiknir og harðast voru leiknir í þessum efnum að taka höndum saman og ráða sér lögfræðing til þess að sækja sín mál og kalla ríkisstjórnina til ábyrgðar, og þeir verða áreiðanlega studdir í því verkefni.

Ég hef ekki tíma til að fara neinum orðum um einkavæðingu fyrirtækja ríkisins. Utan dagskrár á morgun verður umræða um það fyrirbrigði en þar er auðvitað á ferðinni helmingaskipti Sjálfstfl. og Framsfl. Það mætti segja mér að þeir sem aðallega vinna að þeirri einkavæðingu væru framkvæmdastjórar þeirra flokka.

Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir kvað ríkisstjórnina vinna að því að treysta byggðir landsins. Ég hef ekki heyrt meira öfugmæli á ævinni þegar svo er komið að vegna stefnu ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum og reyndar landbúnaðarmálum líka er það mesta byggðaeyðingarstefna sem nokkurn tíma hefur verið rekin í landinu. Vegna þeirrar stefnu er það trúa mín að núverandi ríkisstjórn muni fá verri eftirmæli sagnfræðinga framtíðarinnar en nokkur önnur innlend stjórn frá upphafi. — Þökk þeim sem hlýddu.

Fundi slitið kl. 22:01.

---

3. FUNDUR

fimmtudaginn 3. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Matvælaverð á Íslandi, þáltill., 3. mál, þskj. 3. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
2. Einkavæðingarnefnd, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
3. Stéttarfélög og vinnudeilur, frv., 5. mál, þskj. 5. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
4. Útsendingar sjónvarps og útvarps um gervitungl, þáltill., 6. mál, þskj. 6. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Magnús Stefánsson, 2. þm. Vesturl.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.

[10:30]

Útbýting þingskjals:

Fjáraukalög 2002, 66. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 66.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[10:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um kosningu embættismanna fastanefnda:

Í fjárln.: Ólafur Örn Haraldsson formaður og Einar Oddur Kristjánsson varaformaður.

Í efh.- og viðskn.: Vilhjálmur Egilsson formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Í iðnn.: Hjálmar Árnason formaður og Guðjón Guðmundsson varaformaður.

Í landbn.: Drífa Hjartardóttir formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Í samgn.: Guðmundur Hallvarðsson formaður og Hjálmar Árnason varaformaður.

Í umhvn.: Magnús Stefánsson formaður og Kristján Pálsson varaformaður.

Í félmn.: Arnbjörg Sveinsdóttir formaður og Magnús Stefánsson varaformaður.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:31]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 1.–4. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Rétt er að geta þess að í dag eru tvær umræður utan dagskrár. Hin fyrri hefst nú á eftir og er um kröfu um dreifða eignaraðild við sölu á hlut ríkisins í ríkisbönkunum. Málshefjandi er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Hæstv. viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir verður til andsvara.

Hin síðari hefst um kl. 1.30, að loknu hádegishléi, og er um velferð barna og unglinga. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hæstv. félmrh. Páll Pétursson verður til andsvara.

Umræðurnar fara fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og standa í hálfa klukkustund.

Umræður utan dagskrár.

Krafa um dreifða eignaraðild við sölu á hlut ríkisins í ríkisbönkunum.

[10:33]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að völd á Íslandi hafa fyrst og fremst legið í gegnum áhrif í bankakerfinu. Lengi vel var sú barátta fyrst og fremst valdabarátta Sjálfstfl. og Framsfl. Þeirri baráttu lyktaði með frægri helmingaskiptasátt sem enn virðist lifa góðu lífi.

Þá er mörgum í fersku minni sú barátta sem háð var um völd og áhrif í Íslandsbanka hf. þar sem m.a. hæstv. forsrh. hafði sterkar skoðanir á kaupum tiltekinna aðila á stórum hlut í bankanum. Svo miklu skipta því áhrif einstakra aðila í íslenskum bönkum að helstu valdamönnum hvers tíma stendur ekki á sama um hver kaupir og hver selur. Samkeppni á íslenskum lánamarkaði er engin. Vaxtakjör almennings og fyrirtækja ráðast alfarið af ákvörðunum Seðlabanka Íslands um stýrivexti. Samtryggingin þar er því alger. Völd munu áfram sem hingað til liggja í gegnum áhrif í bankakerfinu. Það er því nauðsynlegt þegar fyrir liggur ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að selja ráðandi hlut í ríkisbönkunum tveimur að ræða þann ásetning hennar að ætla að selja ráðandi hlut í bönkunum einum aðila.

Hvers vegna hefur ríkisstjórnin snúið af þeirri leið að stefna að dreifðri eignaraðild við sölu á hlutum í ríkisbönkunum? Hvers vegna lýsti hæstv. forsrh. því yfir í Morgunblaðsviðtali árið 1998 að enginn ætti að eiga meira en 3–8% í bönkunum, og taldi hann lægri töluna nær lagi, þegar sá hinn sami hyggst nú beita sér fyrir því að selja 33–45% eignarhlut í Landsbankanum einum aðila? Hvað er að marka slíka menn?

Svipaðar yfirlýsingar um pólitíska stefnumótun og æskileg markmið gaf hæstv. utanrrh. í viðtali við sama blað í ágúst 1999.

Rökin í mínum huga fyrir því að rétt sé að stefna að dreifðri eignaraðild í fjármálastofnunum á Íslandi eru skýr og einföld því að vegna valdsins sem fylgir eignarhaldi á ráðandi hlut í stórum banka og hins fámenna íslenska samfélags þolir það ekki til lengdar að nánast allar eignir þjóðarinnar færist á fárra hendur. Það er því skynsamlegt að hafa í huga orð repúblikans og öldungardeildarþingmannsins Johns Shermans sem í lok 19. aldar sagði í umræðum á bandaríska þinginu í tengslum við setningu samkeppnislaga: „Þar sem við Bandaríkjamenn höfum hafnað pólitískum einvaldi spyr ég: Hví skyldum við fela öðrum sömu völd í gegnum áhrif í átvinnulífinu?“

Franklin Delano Roosevelt, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, orðaði þessa sömu hugsun einnig á þá leið að sjálft lýðræðið væri í hættu ef vald einkaaðila kæmist á það stig að þeir gætu haft þau áhrif á stjórnkerfið að völd þeirra sköðuðu sjálft lýðræðisríkið.

Af fyrstu skrefum við sölu á ráðandi hlut í Landsbankanum virðist ljóst að hástemmdar yfirlýsingar um nauðsyn dreifðrar eignaraðilar eru foknar út í veður og vind. Þá er ekki síður merkilegt að yfirlýsingar sem gengið hafa um nauðsyn þess að kjölfestufjárfestir yrði fenginn að bankanum virðast grafnar og gleymdar.

Fyrir um ári eða svo skilgreindi hæstv. viðskrh. kjölfestufjárfesti eitthvað á þá leið að um væri að ræða aðila sem kæmi til liðs við bankana með aukna þekkingu og reynslu á sviði rekstrar fjármálastofnana. Þá væri gott að sá aðili væri erlendur.

Nú liggur fyrir að sá sem verið er að ræða við um kaup á stórum hlut í Landsbankanum hefur ekki áður tekist á herðar rekstur á fjármálastofnun. Þá segir heilbrigð skynsemi manni það að kjölfestufjárfestir hljóti að vera aðili sem hyggist dvelja um skeið á staðnum. Annars er kjölfestan ekki mikil. Þeir sem nú er verið að ræða við hafa lýst því yfir að þeir hyggist eiga hlut í bankanum að hámarki fjögur ár, gera breytingar á bankanum á meðan og selja hann að því loknu með hagnaði. Því má spyrja: Hvers vegna gerir ríkið ekki þessar breytingar sjálft og selur svo með hagnaði?

Það breytir ekki hinu að eftir stendur spurningin um þá pólitísku stefnubreytingu ríkisstjórnarinnar að stefna ekki lengur að dreifðri eignaraðild við sölu á hlut í ríkisbönkunum. Því beini ég þeirri einföldu en skýru spurningu til hæstv. viðskrh.: Hverju sætir þessi stefnubreyting?

[10:38]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er orðið erfitt að henda reiður á hvað stjórnarandstaðan er að fara með síendurtekinni umræðu um nauðsyn dreifðrar eignaraðildar og andstöðu við að sterk kjölfesta komi að stjórn og rekstri bankanna. Þetta er nefnilega deila um keisarans skegg. Báðar söluaðferðirnar leiða til sömu niðurstöðu. Á endanum verður til kjölfesta í stjórnun

banka eins og allra annarra fyrirtækja. Munurinn er sá einn að ef stór hluti er seldur til eins aðila í frumsölu myndast kjölfestan strax.

Ríkisstjórnin hefur allt frá hlutafélagavæðingu ríkisviðskiptabankanna lagt áherslu á að almenningur hafi möguleika á að taka þátt í einkavæðingunni. Í Landsbanka og Búnaðarbanka eru nú tugþúsundir hluthafa og eru bankarnir í hópi fjölmennustu almenningshlutafélaga landsins. En ríkisstjórnin hefur ekki sagt að stærsti hluthafinn eigi einungis að ráða yfir örfáum prósentum heildarhlutafjár. Slíkt er ekki farsælt fyrir rekstur bankanna. Sala á stórum eignarhlutum getur laðað að hæfa fjárfesta sem stuðla að framþróun viðkomandi fyrirtækja og markaðarins alls. Þessi stefna var mörkuð í yfirlýsingu um sölu bankanna frá 1998 en þar segir að æskilegt sé að kjölfestufjárfestar komi til liðs við ríkið sem eigandi og stuðli þannig að aukinni samkeppnishæfni viðkomandi banka og auknu verðmæti. Þessi stefna er áréttuð í stjórnarsáttmálanum og í frv. því sem heimilaði sölu hlutafjár í Landsbanka og Búnaðarbanka. Athyglisvert var að lesa hvað dr. Michael Sautter, forstjóri fjárfestingarbankahluta Société Générale í Þýskalandi, sagði í viðtali við Morgunblaðið um dreifða aðild og aðild kjölfestufjárfesta. Hann sagði:

„Hlutirnir ganga hraðar og öruggar fyrir sig þegar einhver einn sterkur aðili er við stjórnvölinn í bankanum og tekur stjórnina í sínar hendur í kjölfar einkavæðingar fremur en að margir litlir aðilar reyni að koma sér saman um stjórnunina."

Einnig sagði dr. Sautter í sama viðtali:

„Hvað sem þú gerir, þarftu einn sterkan fjárfesti til að byrja með. Þegar um er að ræða marga smærri fjárfesta þá ganga hlutirnir ekki eins hratt fyrir sig. Allar breytingar taka að sjálfsögðu miklu lengri tíma þegar margir vilja fara með völdin en enginn telur sig bera ábyrgðina."

Í umræðu síðustu ára um sölu banka hefur því oft verið haldið á lofti að tryggja ætti dreifða eignaraðild að bönkum með lagasetningu sem bannaði fjárfestingu í bönkum yfir ákveðnu hámarki. Ráðherrar lýstu því yfir á sínum tíma að þetta væri fýsileg leið, m.a. lýsti ég því yfir að hana þyrfti að skoða. Í framhaldi af ítarlegri skoðun á kostum og göllum hinna ýmsu leiða tók ríkisstjórnin ákvörðun um að leggja til þann kost að styrkja verulega eftirlit með eigendum stórra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum. Frv. varð síðan að lögum vorið 2001. Tilgangurinn með hinum nýju lögum er sá að draga úr hættunni á að stórir hluthafar í fjármálafyrirtækjum hafi skaðleg áhrif á rekstur þeirra. Viss hætta þykir á að stórir hluthafar í fjármálafyrirtækjum beiti áhrifum sínum sem fylgja eignarhaldinu í því skyni að afla sjálfum sér ávinnings á kostnað fyrirtækjanna, annarra hluthafa eða eftir atvikum annarra viðskiptavina. Slík háttsemi er skaðleg viðkomandi fyrirtækjum og til þess fallin að draga úr tiltrú almennings á fjármálamarkaðnum.

Lögunum er hins vegar ekki ætlað að girða fyrir það að einstakir hluthafar eignist stóra eignarhluta vegna þess að slíkum eignarhlutum geta fylgt miklir kostir, eins og ég hef áður rakið. Þessi nálgun er í samræmi við hina almennu meginreglu á EES-svæðinu. Með þessu hefur ríkisstjórnin skilgreint stefnu sína með ítarlegum hætti og lokað málinu.

[10:43]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Banka- og fjármálakerfi er drjúgur hluti af undirstöðu atvinnu- og efnahagslífs hverrar þjóðar. Ef þessi undirstaða brestur eða gefur sig er voðinn vís, enda hefur það sýnt sig að þá grípur samfélagið í taumana og ríkisvaldi og ríkissjóði er beitt til að forðast frekari áföll. Þetta gerðist þegar bankakerfið riðaði til falls í Kanada. Það gerðist þegar bankakerfið riðaði til falls í Noregi og í Svíþjóð svo að dæmi séu tekin frá síðustu áratugum, en í þessum ríkjum var veitt hundruðum milljarða inn í kerfið úr opinberum sjóðum til þess að koma í veg fyrir keðjuverkandi áhrif í efnahagslífinu svo bankarnir tækju ekki heimili og fyrirtæki með í fallinu.

Það er því ekki að ófyrirsynju að talað er um mikilvægi þess að í fjármálakerfinu sé kjölfesta. Á Íslandi, í okkar litla og að mörgu leyti viðkvæma hagkerfi, höfum við haft ríkisbanka með þjóðina alla að bakhjarli í blíðu og stríðu. Ríkisbankarnir hafa reynst ágæt kjölfesta og á tímum þegar aukin samþjöppun á sér stað í viðskiptalífinu hefur eignarhald þjóðarinnar allrar á veigamiklum hluta fjármálakerfisins komið í veg fyrir að sömu aðilar og eru að ná undirtökum í atvinnulífinu nái einnig fjármálakerfinu á sitt vald og um vald snýst þetta einnig. Eign þjóðarinnar á bönkunum eða a.m.k. einum ríkisbanka er til þess fallin að tryggja jafnræði í þjóðfélaginu, alla vega spornar þetta fyrirkomulag gegn einokandi valdi. Nú ætlar ríkisstjórnin að skipta á sjálfri sér eða þjóðinni og því sem hún kallar kjölfestufjárfesti í Landsbankanum. Einn þessara kjölfestufjárfesta sem sagður er koma til greina sagði í blaðaviðtali fyrir nokkrum dögum að hann hygðist þó ekki ætla að stýra Landsbankanum lengi því að hann sagði, með leyfi forseta:

„Við vonumst til að stoppa þarna í svona fjögur ár og selja svo bankann áfram til almennings."

Er þetta sá ábyrgi aðili og sú mikla kjölfesta sem hæstv. viðskrh. segist nú vera að laða að?

Tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa verið eftirfarandi: Seljum ekki hlut ríkisins í ríkisbönkunum. Tryggjum áfram þá kjölfestu sem við búum við. Ef hins vegar er fyrir því meiri hluti á Alþingi að selja bankann — sá meiri hluti er ekki fyrir hendi úti í þjóðfélaginu — tryggjum þá dreifðan eignarhlut til að koma í veg fyrir (Forseti hringir.) geigvænlega einokun í íslensku efnahags- og atvinnulífi.

[10:46]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Það gleymist oft að tímarnir eru að breytast. Það sem áður voru völd stjórnmálamanna yfir fjármagnsmarkaðnum er að breytast yfir í völd markaðarins.

Hvar liggja völd markaðarins? Það eru fyrst og fremst völd viðskiptavinanna. Til þess að banki eða önnur fjármálafyrirtæki nái árangri í dag þurfa þau að þjóna viðskiptavinunum. Banki eða fjármálafyrirtæki sem gerir það ekki lætur undan síga í því umhverfi sem við störfum í núna, sérstaklega ef við lítum til framtíðarinnar, á hvernig hlutirnir munu koma til með að þróast í framtíðinni.

Ef við lítum á umræður sem orðið hafa um einkavæðingu bankanna þá sjáum við að sjálfsögðu breytingar frá því að bönkum og öðrum fjármálafyrirtækjum sé stýrt á pólitískum forsendum yfir í að viðskiptavinirnir fari að ráða ferðinni. Þegar bönkum er stjórnað á pólitískum forsendum koma mörg önnur sjónarmið inn í myndina í rekstri bankanna en sjónarmið viðskiptavina og markaðarins. Menn vilja reka bankana á öðrum forsendum. Allt í lagi með það. En þegar til framtíðar er horft þarf alltaf að spyrja sig hvort bankarnir séu að þjóna viðskiptavinunum. Eigandi bankanna þarf alltaf að hafa það í huga. Í mörgum fyrirtækjum, ekki bara í fjármálakerfinu heldur og hjá öðrum greinum atvinnulífsins,

er eignarhald ýmist dreift eða á fárra höndum. Það breytir þó aldrei því að fyrirtækin þurfa að þjóna markaðnum og umræðan um hvort eignarhaldið er dreift eða ekki dreift skiptir sáralitlu í því sambandi, bankarnir þurfa að standa sig hvort sem þeir eru í höndum fárra aðila eða margra.

[10:48]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. virðist eiga erfitt með að átta sig á hvert stjórnarandstaðan er að fara með því að spyrja eftir dreifðri eignaraðild að fyrirtækjum sem ríkið er að selja. Stjórnarandstaðan er einvörðungu að rifja upp sjálfa grundvallarstefnu ríkisvaldsins fyrir nokkrum missirum og spyrja: Af hverju hefur verið frá henni horfið?

Það ber auðvitað allt að sama brunni um þjóðfélagsskipan hér. Allur sjávarútvegur er að færast á hendur eins og þriggja aðila. Þar eru nú völd markaðarins ríkjandi, eins og hann gumaði af hér, formaður efh.- og viðskn., heldur betur. Mestöll matvöruverslun er í höndum tveggja aðila og ef fjármálakerfið kemst í hendur örfárra, eins og nú stefnir að, sjáum við sæng okkar upp reidda. Við höfum samþjöppun á tryggingamarkaðnum, hjá olíufélögunum og fjölmiðlunum, þar sem þeir lúta nú flestir ríkisvaldinu að því sem menn vita.

Hér er ekki spurt um hvort hægt sé að setja lög um dreifða eignaraðild. Spurningin er um vilja stjórnvalda. En ýmislegt bendir til að breyting hafi orðið á afstöðu þeirra þegar þau tóku ákvörðun um að úthluta sjálfum sér þessu fjármálavaldi. Það er a.m.k. eitt og hálft ár síðan ákveðið var að Framsfl. fengi í sinn hlut Búnaðarbanka Íslands með öllu tilheyrandi auk eignarhluta Landsbankans í Vátryggingafélaginu.

Það er margföld reynsla fyrir því í öðrum þjóðlöndum að dreifð eignaraðild hafi verið lögfest og framkvæmd með ágætum. Hér stefnir allt að öðrum brunni.

[10:50]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er nöturlegt að horfa upp á hvernig stjórnarflokkarnir virðast miskunnarlaust beita pólitískum áhrifum sínum til að ráða hverjir eignast bankana. Fram úr keyrði í hrossakaupunum þegar eignarhluti Landsbankans í VÍS, sem framsóknarmenn líta á sem arfleifð sína, er færð undan bankanum til höfuðstöðva VÍS áður en krónprins framsóknarmanna er borinn á gullstól úr stól seðlabankastjóra í stól forstjóra VÍS. Þar hirðir Finnur fyrir tvenn árslaun lágtekjufólks á mánuði en vistaskiptunum finnur hann helst til ama að geta minna sinnt hestamennsku.

Öll þessi ógeðfelldu hrossakaup munu leiða til þess að bankarnir, sem þegar mala gull á vaxtaokrinu og þóknunum sem jukust á síðasta ári um 40% milli ára, munu enn auka á álögur á almenning og lítil og meðalstór fyrirtæki. Einnig mun þetta koma fram í fækkun á starfsfólki og minni þjónustu við landsbyggðina. Þetta kallar formaður efh.- og viðskn. að þjóna viðskiptavinunum.

Almenningi hefur þegar blætt nóg fyrir græðgi bankakerfisins og pólitíska íhlutun stjórnarflokkanna. Það er í skjóli einokunar, fákeppni, skattaívilnana og gjafakvóta sem auður þjóðarinnar er að færast í hendur nokkurra tuga einstaklinga og fjölskyldna. Auðmennirnir raka til sín auði sem skiptir mörgum hundruðum milljóna og milljörðum á hverju ári af fjármagnseign þeirra, m.a. í skjóli skattaívilnana og hlunninda sem stjórnarflokkarnir hafa fært þeim á silfurfati meðan almenningur er skattpíndur. Fáeinir auðmenn eru því smám saman að eignast Ísland og deila og drottna yfir heilu atvinnugreinunum. Með hjálp stjórnarflokkanna eiga þeir líka að eignast bankana. Þetta kallar viðskrh. að deila um keisarans skegg.

Rök hæstv. ráðherra gegn dreifðri eignaraðild standast ekki. Hæstv. ráðherra ber skylda til að grípa í taumana í þessu efni og endurmeta afstöðu sína til dreifðrar eignaraðildar sem á auðvitað að vera forsenda fyrir sölu bankanna. Almannahagsmunir eru þar í húfi.

[10:52]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Sú stjórnarstefna sem rekin er, einkavæðingarstefna ríkiseigna, er að stórskemma og til lengri tíma að eyðileggja það samfélag sem við höfum grundvallað líf okkar á. Ríkiseignir — hér er rætt um bankana — eru færðar í hendur örfárra. Það leiðir af sér fákeppni, fákeppni sem enginn ræður við og færir okkur áratugi eða árhundruð aftur í tímann.

Við höfum reynslu af einkavæðingu á ýmsum sviðum. Það er alveg klár stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að líta á bankastarfsemina í landinu sem grunnþjónustu fyrir alla þjóðina og fyrirtæki hennar. Þess vegna er það skoðun okkar og hefur margsinnis komið fram í málflutningi okkar að við teljum að ríkið eigi að hafa eignarhald á ríkisbönkum, alla vega einum banka.

Söluferlið sem menn standa í núna gengur ekki upp. Það hefur margsinnis komið í ljós, ekki bara hvað varðar bankana, að ríkisstjórn Íslands ræður ekki við ferlið sem hún fylgir um þessar mundir. Við erum að uppskera afleiðingar hraðilegrar stefnu til tíu ára. Fjármálakerfið er grundvallaratriði í samfélagsrekstri okkar. Það er því nauðsynlegt, eins og fram kemur í þáltill. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að látið verði af þessum hættulega leik og einkavæðingarferlið stöðvað. Við hvetjum til að menn setjist niður, skoði þessi mál heildstætt og geri sér grein fyrir því hvert við stefnum með þetta samfélag til framtíðar litið. Það er tillaga okkar og er grundvallaratriði. Dreifð aðild eða kjölfestufjárfestar eru aukaatriði í því efni eins og málum er háttað nú.

[10:55]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Hv. málshefjandi vék í upphafi ræðu sinnar að svokölluðum helmingaskiptum flokkanna á Íslandi. Ég verð að viðurkenna að mér sýnist ekki líklegt að virt og stórt fjármálafyrirtæki á alþjóðamarkaði, einn af stærstu bönkum veraldar sem kom að málinu sem ráðgjafi og er þekktur fyrir góða ráðgjöf í verkefnum af þessu tagi við eigendaskipti að öðrum fjármálafyrirtækjum eða samruna þeirra, skipti sér af einhverju skæklatogi á Íslandi og leggi nafn sitt við slíka hætti. Ég held satt að segja að umræðan um helmingaskipti spretti af mjög gömlum hugmyndum sem ekki eru lengur uppi á yfirborðinu, hún kann að vera tilvísun í stjórnmálaátök fyrri tíðar. Ég efast um að hv. málshefjandi hafi verið þátttakandi í þeim leik en sé hér að reyna að vekja upp einhverja gamla drauga.

Ég held að það skipti miklu máli í þessu efni að við getum þess að á síðasta áratug, t.d. fyrir tilstuðlan stjórnmálaflokks sem málshefjandi var eitt sinn félagi í, erum við fyrir nokkru orðnir aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Með þeirri aðild tókumst við á hendur að breyta fjármálamarkaði á Íslandi, gera hann frjálsan, sem tekist hefur. Það frelsi er sennilega ein af aðalundirstöðum þess að við höfum náð betri lífskjörum á þeim áratug sem liðinn er síðan. Það hefur gert

fjármálafyrirtækjum auðveldara að ná betri afkomu, standast betur samkeppni við erlend fyrirtæki og miklu stærri. Þau verða enn og eftirleiðis að standast kröfur okkar um meiri árangur af starfsemi sinni. Ég hygg að miklu skipti fyrir þau fyrirtæki að þau hafi meðal eigenda sinna bæði dreifða eignaraðild smárra hluthafa og burðarása sem eru tilbúnir að rísa undir stefnumótun og framtíðarsýn fyrirtækjanna á hverjum tíma til að skapa þeim þá kjölfestu sem þarf á breyttum tímum í harðri samkeppni.

Mér finnst skipta mestu, herra forseti, að við leyfum öflum markaðarins, framboði og eftirspurn, að hafa þau áhrif sem þarf á þessi fyrirtæki þannig að þau veiti viðskiptavinum sínum þá þjónustu sem þarf. Það er þeirra hlutverk, þau eru vaxin frá því að skammta peninga.

[10:57]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi umræða snýst því miður um pólitíska spillingu og helmingaskipti. Ríkisstjórnin notar völd sín til að dreifa eignaraðild að ríkisbönkunum til fyrirtækjanna með flokksmerkin. Þá vitum við hvað dreifð eignaraðild þýðir í þeirra huga. Viðskiptaleg sjónarmið og óhlutdrægni eru látin lönd og leið. Ríkiseignir eru notaðar sem skiptimynt í hrossakaupum við sjálft ríkisstjórnarborðið. Þar var ákveðið hverjir ættu að fá að kaupa Landsbankann og hverjir skyldu fá Búnaðarbankann í sinn hlut. Það ætti að verða mönnum til umhugsunar að framkvæmdina annast að hluta sjálfur framkvæmdastjóri Sjálfstfl. sem hefur stjórnað meiri hluta í bankaráði Landsbankans í mörg ár. Hann á núorðið umtalsverðan hlut í bankanum. Þannig var einn helsti vinur og ráðgjafi forsrh. í málinu greinilega vanhæfur til umfjöllunar um það hverjum ætti að selja bankann. Þar með er komið spurningarmerki við sjálfan forsrh. í málinu. En akkúrat þarna fékk einn úr einkavæðingarnefndinni nóg. Hann hafði aldrei kynnst öðru eins, var farinn. — Fátt til ráða eða hvað? Nei, gamli, góði ríkisendurskoðandi og virðingarmaður úr vildarklúbbi Sjálfstfl., sem reyndist svo vel í Landsbankamálinu forðum og gaf öllum syndakvittanir þá, á að votta að allt sé í góðu lagi. Ekki efast ég um að hann geri það.

En fyrst seldi bankaráðið VÍS til að auðvelda framsóknarvænum fyrirtækjum að komast yfir Búnaðarbankann. Forustumenn stjórnarflokkanna eru svo vissir um doða og skeytingarleysi þjóðarinnar gagnvart spillingu af því tagi sem hér um ræðir að þeir voga sér að leika þennan leik fyrir opnum tjöldum þar sem allar helstu persónurnar bera merki stjórnarflokkanna í barmi sínum. Þeir skrökva blákalt og segjast hvergi koma nærri. Sumir ráðherranna lýsa jafnvel yfir heilögu stríði gegn spillingunni. Veltum borðum víxlaranna, sagði varaformaður Framsfl. í Hólaræðu og settist svo við ríkisstjórnarborðið og heimtaði að SÍS fengi sinn hlut.

(**Forseti** (HBl)**:** Forseti vill biðja hv. þm. að gæta hófs í ummælum sínum um fjarstadda menn sem ekki eiga sæti á Alþingi.)

[11:00]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. frummælanda að bankarnir voru valdastofnanir. Þeir voru stór hluti af uppbyggingu valds á Íslandi. En svo er ekki lengur vegna þess að við erum að breyta fjármálakerfinu og einn þáttur í því er einmitt að einkavæða bankana. Við erum að breyta kerfinu þannig að þar ríki samkeppni í staðinn fyrir yfirfullar biðstofur bankastjóra þar sem lánveitendur biðu í röðum, yfir í það að markmið bankanna sé að ná til kúnnanna, ná til viðskiptamannanna. Og þá breytist þetta úr því að vera valdastofnun yfir í að vera ósköp venjuleg þjónustustofnun og hefur ekkert gildi sem völd. Þetta er breytingin sem á sér stað. Þess vegna er ekki lengur um það að ræða að bankarnir séu valdastofnanir. Ef einhver kjölfestufjárfestir eða einhver annar ætlar að misnota einhvern banka þá hlýtur hann að tapa á því sjálfur af því að hann er eigandi, (**Gripið fram í:** SPRON. Sparisjóðurinn.) þ.e. ef hann er eigandi, vegna þessa frammíkalls. Ef einhver banki er misnotaður á þennan hátt þá tapar eigandinn og viðskiptamennirnir flýja þann banka. Það sem við verðum því að treysta á er að það ríki samkeppni og við verðum að treysta á að Samkeppnisstofnun og þau tæki sem við höfum sett í gang til að styrkja samkeppni séu virk, þau gæti að því að menn misnoti ekki yfirgnæfandi stöðu sína á markaði. Á það verðum við að treysta að þessir bankar verði þjónustustofnanir og hætti að vera valdastofnanir.

[11:01]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er með hreinum ólíkindum hvernig menn geta snúist í þessari umræðu eftir því hvaða línur hæstv. ríkisstjórn leggur. Hv. þm. Pétur Blöndal, sem í sumar hljóp milli fjölmiðla og lýsti því yfir að það væri ómögulegt að menn sætu í SPRON í skjóli fjármagns sem enginn á og nytu þeirra miklu valda, segir núna í ræðu hér á hinu háa Alþingi að völd yfir bankastofnunum feli ekki í sér nein völd, þetta séu þjónustustofnanir. Þetta voru yfirlýsingarnar í sumar. Nú er eitthvað allt annað í gangi. Við skulum reyna að halda umræðunni á skynsamlegu plani.

Virðulegi forseti. Ég verð hins vegar að viðurkenna að ræða hæstv. viðskrh. er einhver aumasta vörn fyrir helmingaskipti sem ég hef nokkurn tíma heyrt. Hæstv. viðskrh. vísaði til þess að ef fáir, jafnvel einn færi með völd í bankanum þá væru boðleiðir skýrar og stefnan skýr og hann þyrfti ekki að semja við neinn. Þetta eru nákvæmlega sömu rök og menn hafa fyrir einveldi vegna þess í lýðræðinu felast ákveðin vandkvæði. Menn þurfa að semja um niðurstöðu. Það tryggir líka að völdin safnist ekki um of á sömu höndina. Þetta eru nákvæmlega sömu röksemdirnar. Það er því með hreinum ólíkindum að hlýða á hvernig menn reyna að verja þá niðurstöðu að afhenda fáum útvöldum völd í gegnum sölu á ráðandi hlut.

Þá var ekki síður merkilegt að hlýða hér á hv. þm. Vilhjálm Egilsson, framkvæmdastjóra Verslunarráðs, sem hefur gengið harðast fram gegn öllum tilraunum manna til að tryggja einmitt að viðskiptavinir fái völd því að viðskiptavinir fá ekki völdin nema samkeppni sé tryggð. Enginn hefur gengið harðar gegn markmiðum og aðgerðum Samkeppnisstofnunar en hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sem síðan lýsir því yfir að nauðsynlegt sé að viðskiptavinirnir fái völd.

Virðulegi forseti. Það er með hreinum ólíkindum hvernig sjóliðar ríkisstjórnarinnar (Forseti hringir.) á hinu háa Alþingi bregðast við þessari umræðu.

[11:04]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hefði frekar sagt að það væri með hreinum ólíkindum að heyra hvernig hv. þm. snýr út úr því sem ég sagði í ræðu minni. Það sem ég sagði var ekki það að mikilvægt væri að einn aðili færi með stjórn í bankanum. Þessi umræða snýst um kjölfestufjárfesti og það sem ég held fram að sé mikilvægt er að hann liggi fyrir strax í upphafi

vegna þess að það sé þá bara spurning um hvenær hlutirnir gerist því að á eftirmarkaði verði til kjölfestufjárfestir.

Þessi umræða hefur í sjálfu sér verið eins og við mátti búast og ég þakka fyrir hana. En ég held því fram og ítreka að ég hef ekki skipt um skoðun í þessu máli vegna þess að hv. þm. lét að því liggja. Ég sagði að mikilvægt væri að skoða til fullnustu þá aðferð sem kölluð hefur verið dreifð eignaraðild og hvort rétt væri og mögulegt að setja slík ákvæði í lög á Íslandi. Kratar sem bera mikla ábyrgð á EES-samningnum nota tækifærið við aðstæður sem þessar til þess að koma í ræðustól og tala gegn samningnum sem er mjög athyglisvert. (**Gripið fram í:** Ha!) Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir heldur því stöðugt fram að hægt sé að setja lög um dreifða eignaraðild (Gripið fram í.) sem er ekki í samræmi við EES-samninginn. (Gripið fram í.)

Sú ræða sem fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hélt hér kom svo sem engum á óvart vegna þess að sá flokkur vill náttúrlega ekkert einkavæða. Það er alveg ljóst og er bara í samræmi við það sem aðrir öfgavinstriflokkar hafa borið fram annars staðar í Evrópu. En reyndar er það þannig í Austur-Evrópu að verið er að einkavæða í stórum stíl. (Gripið fram í.) Menn telja það mikilvægt vegna hagvaxtarins og (**Gripið fram í:** Þeir eru komnir með ...) hagkerfisins sem slíks að einkavæða og það — Mér þykir mjög óþægilegt, herra forseti, að tala í kapp við eina fimm, sex þingmenn. Ég hef orðið, hélt ég.

Hann talaði um að einkavæðingin eyðilegði þjóðfélagið og ylli hér fákeppni. Þarna fer hv. þm. með rangt mál. Það er ekki það sem veldur fákeppni að einkaaðilar fái að eiga í fyrirtækjum og bönkum. Við erum með samkeppnislög sem eiga að taka á slíkum málum. Við höfum styrkt þau lög og þau eru burðugri núna til þess að taka á fákeppninni. En það var því miður of seint (Forseti hringir.) sem sú lagasetning fór fram.

[11:07]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það var gerð athugasemd við ummæli mín í ræðu hér áðan. Ekki var nefnt hvaða ummæli þetta voru. Það var einungis sagt af hæstv. forseta að ég hefði vikið að einhverjum manni í ræðunni. Nú vék ég að tveimur mönnum í ræðunni sem ekki eiga sæti á þingi. Ég kann svona betur við það ef ég á að skammast mín að vita fyrir hvað.

[11:07]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég skal verða við beiðni hv. þm. og fá þessi ummæli orðrétt svo að hægt sé að vísa til þeirra.

[11:08]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Mér er ekki ljúft að koma hér upp og kvarta. En af því að við erum að hefja þingstörf vetrarins þá finnst mér mikilvægt að það sé þannig þegar ræðumaður stendur hér og heldur ræðu að hann hafi nokkurn veginn frið til þess. Eins og þetta var áðan þá voru um það bil fimm þingmenn að gjamma úti í sal og það er mjög óþægilegt. Ég veit að hv. þingmönnum hefur eflaust liðið illa undir ræðu minni, en það er þá bara þannig. En þeir verða að hemja sig. Þeir verða að hemja sig. Þessu vildi ég koma á framfæri, hæstv. forseti.

Matvælaverð á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 3. mál. — Þskj. 3.

[11:09]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um athugun á orsökum fyrir háu matvælaverði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins. Flutningsmenn ásamt mér eru Bryndís Hlöðversdóttir og Össur Skarphéðinsson. Ályktunargreinin hljóðar svo, herra forseti:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita orsaka fyrir mismunandi matvælaverði á Norðurlöndum ... Í þessu skyni fari fram nákvæmur samanburður á matvöruframleiðslu og verslunarháttum á Norðurlöndum ... og þeim skilyrðum sem matvælaframleiðslu og matvöruverslun eru búin í hverju landi fyrir sig. Jafnframt verði sérstaklega leitt í ljós hvort ólík tenging Norðurlanda við Evrópusambandið hafi áhrif á mismunandi þróun matvælaverðs í löndunum.

Niðurstöðum þessarar athugunar skal skila til Alþingis innan sex mánaða frá samþykkt þessarar tillögu."

Herra forseti. Samhliða þessari tillögu hef ég flutt tillögu um að jafnaðarlega fari fram samanburður á tiltekinni matarkörfu til upplýsingar og aðhalds þannig að borin sé saman tiltekin karfa á Norðurlöndunum og helst jafnframt við körfu frá Evrópusambandinu og reynt að nota staðlaða matarflokka sem þar eru notaðir til samanburðar.

Virðulegi forseti. Ég kýs að þeirri tillögu verði vísað beint til nefndar án umræðu þar sem hún tengist mjög tillögunni sem ég mæli nú fyrir og því ekki ástæða til að taka hana á dagskrá nokkrum dögum síðar því að hún tengist því sem hér er rætt.

Tvennt vegur þyngst í fjárhagslegri afkomu heimilanna í landinu, annars vegar kostnaður við íbúðarhúsnæði og hins vegar matarkostnaður sem hér er gerður að umtalsefni. Þetta tvennt ræður í raun úrslitum um þau lífsgæði sem almenningi í landinu eru búin.

Hátt matvælaverð hér á landi er staðreynd. Það sýna fyrirliggjandi tölfræðigögn svo ekki verður um villst. Samanburðurinn er verulega óhagstæður hvort sem litið er til annarra Norðurlanda eða Evrópusambandsins í heild. Nákvæm greining á orsökum þessa liggur ekki fyrir en slíkt er forsenda þess að málefnaleg umræða geti farið fram um leiðir til að draga úr þessum mun eða eyða honum, en slíkt er stórkostlegt hagsmunamál fyrir almenning.

Herra forseti. Samfylkingin hefur kynnt áherslur sínar í upphafi þings. Þar vega þungt málefni neytenda og velferð fólksins. Samfylkingin hefur sýnt það svo að ekki verður um villst að hagsmunir fólksins í landinu verða settir í öndvegi þar sem Samfylkingin kemur að málum. Lífskjör í landinu okkar hafa tekið miklum breytingum á síðustu áratugum. Mikil velmegun blasir við en jafnframt mikil misskipting. Margir geta veitt sér hvað sem er, temja sér dýran lífsstíl í mat og drykk. En aðrir eiga vart til hnífs og skeiðar. Veröldin öll er orðinn vettvangur og vinnumarkaður fólks, líka okkar Íslendinga. Fólk ferðast meira en nokkru sinni fyrr og þekking á lífsháttum í öðrum löndum og jafnvel öðrum heimshlutum er staðreynd. Þess vegna er umræðan um samanburð á lífskjörum algeng á Íslandi og flestir þættir velferðarsamfélaga á Vesturlöndum eru ræddir og bornir saman.

Herra forseti. Þess vegna vildi ég kanna hver væri raunveruleikinn þegar fólk talar um hátt matarverð sem við

finnum oft brenna á okkur, ræðum um en höfum kannski ekki beinlínis þekkingu á. Því var það, fljótlega eftir að þing kom saman á síðasta ári, að ég flutti fyrirspurn til hæstv. ráðherra Hagstofu sem er hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og óskaði eftir samanburði á því hvernig verðlagsvísitala matvöru hefði þróast á Norðurlöndunum allan áratuginn 1990–2000, sundurliðað eftir árum og tímabilinu í heild. Í fyrirspurninni var óskað eftir því að greint væri á milli verðlags á innfluttum og innlendum vörum, en þær upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi. Við gátum fengið og fengum í svari ráðherra Hagstofu mjög góðar skilgreiningar á því hvernig vísitölur hafa þróast á árunum 1990–2000. Þar var tekin fyrir vísitala matvæla í heild, vísitölur fyrir grænmeti og vísitölur fyrir landbúnaðarvörur. Og sama var hvar borið var niður. Seinni hluta áratugarins hækkuðu vísitölur í þessum matarflokkum umtalsvert á Íslandi og langt umfram Norðurlöndin.

Óskað var eftir svari við því í þessari fyrirspurn að ef veruleg frávik væru á þróun vísitalna á milli landa, hverjar væru þá helstu ástæður þeirra. Væri skýringanna að leita í mismunandi tengslum ríkjanna við Evrópusambandið, væri þeirra að leita í mismunandi framleiðslu- og verslunarháttum eða í sérstökum verndaraðgerðum hjá okkur sjálfum í þágu innlendrar framleiðslu? Í svarinu var tekið fram að hvorki væri unnt að ráðast í nákvæman samanburð á matvöruframleiðslu og verslunarháttum á Norðurlöndum né þeim skilyrðum sem þeim greinum sem hér um ræðir, matvælaframleiðslu og matvöruverslun, eru búin í hverju landi fyrir sig.

Herra forseti. Ég get skilið að ekki sé unnt að ráðast í flókinn samanburð til að svara áðurnefndri fyrirspurn en tillagan sem hér er mælt fyrir á að bæta úr þeim þekkingarskorti svo unnt sé að leita orsaka hins háa matarverðs á Íslandi. Við höfum verið að bera saman matarverð frá árinu 1990–2000, þ.e. vísitöluna. Við vissum ekki hvert matarverðið hafði verið í upphafi áratugarins, hvernig við vorum samkeppnisfær þá. Fróðlegt var jafnframt að vita um breytinguna milli áranna 2000 og 2001, en árið 2001 var ekki inni í þeim samanburði sem Hagstofa Íslands vann á síðasta þingi.

Skemmst er frá því að segja að nú í ágústmánuði óskaði ég eftir því við Hagstofuna að unninn yrði þessi samanburður á vísitölunni fyrir árið 2001. Þá kom í ljós að á hinum Norðurlöndunum hækkaði vísitalan um 3 og 4% og lækkaði jafnvel, eins og í Noregi, en á Íslandi hækkaði hún á milli áranna 2000 og 2001 úr 113,7 í 121,5. Þetta eru þær töflur sem eru birtar í greinargerð með þingmálinu sem ég mæli hér fyrir.

Þetta er mjög athyglisvert og segir okkur að verðhækkanir hafa verið umtalsvert meiri hér á landi en á Norðurlöndunum á milli áranna 2000 og 2001.

Upplýsingar um þróun vísitölunnar sýndu hrikalegan mun Íslands og Noregs annars vegar og annarra Norðurlanda hins vegar. Þær vöktu áhuga margra sem um þetta mál fjölluðu á því hvort skýringarinnar gæti verið að leita í því að Ísland og Noregur standa utan Evrópusambandsins. Ég vil taka það sérstaklega fram að þetta mál var ekki sett af stað til að vinna með samanburð við Evrópusambandið. Hins vegar kemur í ljós þegar frekari gögn eru skoðuð, t.d. matvælaverð á Norðurlöndum, að það er gjarnan borið saman við meðaltalsverð 15 landa Evrópusambandsins.

Ef við ætlum að breyta því að Íslendingar búi við einna hæsta matvælaverð eða hæsta matvælaverð í Evrópu, þurfum við að leita orsakanna. Hvaða hlekkir framleiðslunnar hjá okkur valda því að matvælaverð er hærra hjá okkur, á innlendri framleiðslu, en annars staðar? Hvað veldur því að innflutt matvara er miklu dýrari hér en annars staðar? Ef við könnum ekki málið getum við ekki farið réttar leiðir til að gera þær breytingar sem á þarf að halda.

Eins og ég segi er hátt matvælaverð á Íslandi staðreynd. Árið 2000 er, samkvæmt skýrslu sem unnin var af norsku hagstofunni og ég notaðist við í vinnu minni, matarverð á Íslandi 69% hærra en meðaltal 15 landa Evrópusambandsins. Í Noregi er það 62% hærra en lítillega hærra er matarverðið í Þýskalandi sem er tekið út úr til samanburðar við Norðurlönd. Á hinum Norðurlöndunum fer verðið gjarnan um 10 og 20% umfram meðalverðið. Brauðvörur, þar sem innihaldið er grjón og pasta, pitsur, morgunkorn o.fl. eru 80% dýrari á Íslandi. Noregur fylgir síðan fast á eftir á meðan Þýskaland er innan við 10% hærra en meðaltalið. Kjötvörur á Íslandi eru 74% dýrari á Íslandi. Það er u.þ.b. jafnhátt í Noregi en undir meðaltali í Finnlandi. Sama er að segja um mjólkurvörur og egg, ávexti og grænmeti, sem eru annars vegar 72% dýrari og hins vegar 87% dýrari.

Það sem er merkilegt þegar maður fer að skoða þessi mál og vinna með gögnin frá Hagstofu Íslands og annars staðar að er hversu mjög við skerum okkur úr. Í morgunútvarpinu í morgun ræddu hagfræðingar um matarverð. Þar sagði hagfræðingur sem svo að mesta vægið fyrir þróun matarverðs á Íslandi hefðu samkeppnin og opinberar aðgerðir.

„Þegar hagsæld vex með þjóðinni," sagði hagfræðingurinn, „er það lögmál að maturinn hækkar. Menn reyna að ná til sín sem mestu."

Þegar við skoðum hvað hefur verið að breytast í umhverfinu hjá okkur, t.d. í matvöruversluninni, er ljóst að matvælakeðjur eru nú með 70–80% af sölunni. Þess hefði því mátt vænta hjá okkur, a.m.k. í samanburði á milli áranna 2000 og 2001, að matarverð færi heldur að lækka hjá okkur.

Sama má segja um innlenda matvöru. Þegar maður skoðar tilsend gögn kemur í ljós að framleiðandinn, bóndinn, fær ekki mikið til sín. Þetta má lesa á heimasíðu nautakjötsframleiðenda. Við þekkjum umræðuna um bændur og kindakjötsframleiðslu og vitum að mjög margir bændur eru við fátæktarmörk. Ekki fá þeir miklu hærri tekjur en bændur á Norðurlöndunum ef við eigum að draga ályktanir af umfjölluninni undanfarið, m.a. ráðherra í ríkisstjórn Íslands.

Það er skylda okkar að kanna hvernig þessum málum er háttað. Samanburðurinn við Evrópusambandslöndin er mjög faglega unninn. Í raun er um alþjóðlegan samanburð að ræða sem tekur til verðlags í 31 landi. Þetta eru mjög umfangsmiklar kannanir þar sem 550 vörueiningar eru notaðar og margar tegundir. Um er að ræða þriggja ára könnunarfasa þar sem $^1/_3$ af matarverðinu er tekinn út árlega og hinir þættirnir framreiknaðir. Þannig náum við á þremur árum vissri heildarsýn á hver munurinn er, annars vegar meðaltalið í Evrópusambandslöndunum og hins vegar á Norðurlöndunum. Við Íslendingar höfum þrisvar tekið þátt í þessum könnunum, 1995, 1998 og árið 2001.

Þetta er flókið en þetta er mjög merkilegt. Þarna fáum við að vita allt um þróun matvælaverðsins hjá okkur en við fáum ekki að vita hvað það er hjá okkur sjálfum sem þróast með öðrum hætti en í nágrannalöndunum.

Um það fjallar þessi tillaga, herra forseti, sem ég hef mælt fyrir hér nú sem fyrsta máli í upphafi þings. Það gleður mig sérstaklega að við skulum hefja störfin á þingmannamáli. Ég

vona að það sé vísbending um að þingmannamálum verði gert hærra undir höfði á þessu þingi en oft áður.

Fái þessi tillaga stuðning ætlum við að kanna hvar þeir hlekkir eru sem breytast hjá okkur. Hvað það er sem gerir matarverðið hærra hjá okkur en á öllum Norðurlöndunum, að ég tali ekki um það þegar við leitum út fyrir Norðurlöndin þar sem við vitum að bæði laun eru hærri en hjá okkur og velsæld mikil.

[11:24]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað skiptir matarverð miklu máli fyrir allar þjóðir. Þess vegna er eðlilegt að mál sem þessi séu rædd hér á Alþingi. Hins vegar kemur fram, í því máli sem hér hefur verið lagt fram, að upplýsingarnar og tölurnar eru orðnar úreltar. Upplýsingarnar í þessu máli eru of gamlar og þess vegna þarf kannski að endurvinna upplýsingarnar í þessari þáltill.

Ég vil nefna að sl. vetur voru hér á Alþingi gerðar stórkostlegar breytingar varðandi grænmeti þar sem allir tollar voru felldir niður — allir tollar, bæði GATT-tollar og krónutollar. Þannig er orðin mikil breyting á þeim bænum hvað þetta varðar. Að auki voru engir tollar á ávöxtum, GATT-tollar hafa aldrei verið á ávöxtum í þessum töflum. Þarna hefur orðið gríðarleg breyting. Auk þess vil ég minna á að samstarf hefur náðst milli ASÍ og aðila sem áttu aðild að aðlögunarsamningi þeim sem samþykktur var hér á þingi í fyrra um að gera verðkannanir á vegum ASÍ. Þeim hefur verið falið að sjá um það. Þær verðkannanir munu sannarlega leiða í ljós að þessir vöruflokkar hafa lækkað í verði. Til þessa held ég að við verðum að taka tillit og fara eftir.

[11:26]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ræddi m.a. við forsvarsmenn hjá Alþýðusambandi Íslands meðan ég vann þetta mál. Sá samanburður sem hér var nefndur tekur ekki til þess sem hér er óskað eftir að fari fram, þ.e. að leita að því hvar verðið breytist hjá okkur meira en hjá öðrum.

Það er rétt að erfitt getur reynst að fá splunkunýjar upplýsingar þegar maður vinnur svona mál. Ég vann með þær upplýsingar sem nýjastar voru. Hagstofa Íslands átti skýrslu sem hafði verið unnin í Noregi á árinu 2000, m.a. í samvinnu við norska landbúnaðarráðuneytið. Eftir að ég var búin að leggja þetta mál fyrir þingið kom hins vegar út nýjasta samanburðarskýrslan sem unnin er með þeim hætti sem ég lýsti í máli mínu, sem nær til 31 lands og 550 vörueininga og er mjög flókin í samanburði. Á yfirlitsblaði sem ég hef fengið í hendur varðandi samanburð á árinu 2001 er nákvæmlega sama tilhneigingin og fram kemur í norsku skýrslunni. Það skiptir meginmáli að þegar þróun vísitölunnar, matvælavísitölunnar, er skoðuð milli áranna 2000 og 2001 kemur í ljós að við hækkum meira á milli áranna 2000 og 2001 en árin á undan. Hafi einstaka flokkar matvæla breyst hjá okkur, t.d. grænmetið í kjölfar þess að hér voru teknar upp ákveðnar beingreiðslur og heimsmarkaðsverð, er það bara gott mál. En ef við ætlum að taka á þessum þáttum og finna hvað við gerum allt öðruvísi hérlendis en annars staðar verðum við að fara í samanburð og orsakakönnun eins og ég hef lagt til.

[11:28]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að vekja máls á matvælaverði og hagsmunamálum neytenda. En ég vil spyrja þingmanninn hvort hún sé í málflutningi sínum ekki að vissu leyti komin að niðurstöðu um hvar skórinn kreppir í þessu máli. Það kom fram í málflutningi hv. þm., Rannveigar Guðmundsdóttur, að vöruflokkar sem fluttir eru inn til landsins eru dýrari en annars staðar, vöruflokkar sem við getum keypt á heimsmarkaði, og gerum, svo sem ávextir og mjólvara öll og að vissu leyti grænmeti. Þá beinast spjótin náttúrlega fyrst og fremst að vörudreifingunni í landinu og miklu síður að framleiðendum. Að vissu leyti geta spjótin líka beinst að því hvernig við skattleggjum hér á hinu háa Alþingi.

Þetta verður því í meira lagi flókin úttekt, að mér finnst. Ég spyr þingmanninn hvort hún sé ekki búin að þrengja svið ansi mikið með málflutningi sínum og gögnum sínum, þegar þessar tölur liggja fyrir sem að vissu leyti hafa þó verið dregnar í efa. En ég held að hlutföllin séu nokkurn veginn þau sem hv. þm. setti fram.

Það athyglisverðasta í málinu er að vöruflokkar sem lúta lögmálum heimsmarkaðsverðs í innflutningi til landsins skuli vera hærri en það sem verið er að gagnrýna framleiðendur innan lands fyrir að framleiða og setja í dreifingu. Það finnst mér mergurinn málsins. Þá erum við komin ansi langt í þessari vinnu sem nefndin á að hefja.

[11:30]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er mikill misskilningur hjá hv. þingmanni. Þó að ég hafi lagt mig fram um þetta þingmál á ég engan möguleika á því að leita þeirra svara sem ég er að leggja til að Alþingi leiti varðandi það sem snýr að innflutningi, þ.e. hvar innkaupin eru og að hvaða marki við erum að gera innkaup sem eru sambærileg á Norðurlöndunum. Hvað er flutningskostnaður, hvað er dreifing, hvað er heildsala, hvað er smásala? Hvaða ólíku ríkisaðgerðir eru í löndunum gagnvart verslunarháttum? Hvað er það í löndunum sem er ólíkt hvað varðar stjórnvaldsaðgerðir? Hvað er það sem er ólíkt og sem stjórnvöld hafa kannski ekki tök á að breyta? Hvað er það sem við getum ráðið við ef niðurstaða okkar verður sú að við ætlum að gera breytingar til þess að fólk hér á Íslandi búi við sama hag og fólk annars staðar?

Í utandagskrárumræðu við hæstv. forsrh. í kjölfar þeirra upplýsinga sem komu fram síðasta vetur sagði hann — vegna umræðunnar um hugsanlega aðild okkar að Evrópusambandinu og þær hugsanlegu breytingar sem yrðu á þessum málum þá — að slík umræða væri barnaleg vegna þess að við gætum gert allt sjálf. Og ég er sammála því. Ég vil að við könnum þetta til að vita hvað við þurfum að gera sjálf.

Innlend matvara vegur mjög þungt, og innflutt matvara er annað. Þingmaðurinn hefur misskilið mig ef hann telur að ég hafi þegar komið með einhverjar skýringar. Ég er eingöngu búin að afla gagna og upplýsinga sem varpa ljósi á stöðuna. Svörin eru ekki til, hvorki í málflutningi mínum né gögnum.

[11:32]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi ekki misskilið hv. þingmann. Ég benti einungis á að þær tölur sem nefndar eru hér í framsögu benda til þess hvar meginvandinn liggur. Þegar menn slá fram frösum eða klisjum eins og „Evrópuverð á

vöru“ verð ég að benda á að það er náttúrlega furðulegt að við skulum ekki njóta Evrópuverðs, sem menn eru að kalla eftir, á þeim vöruflokkum sem eru á heimsmarkaðsverði og fluttir inn til landsins. Sennilega eru fáar þjóðir í Evrópu sem t.d. flytja hlutfallslega eins mikið inn af landbúnaðarvörum og Íslendingar og ættu þá að geta gert það á heimsmarkaðsverði. Af hverju eru þessar vörur ekki verðlagðar niður úr öllu valdi og komnar niður í kannski Miðjarðarhafsverð sunnan til, og verðið þá lægra en þetta rómaða Evrópuverð sem samfylkingarmenn tala mikið um?

[11:33]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst afskaplega dapurt ef orðið Evrópa kveikir alltaf svo heitar tilfinningar í brjóstum manna að ekki er hægt að tala um mál sem snúa að allt öðru öðruvísi en að þær tilfinningar velli upp á yfirborðið.

Málið er að það er ekki til beinn samanburður á milli Norðurlandanna nema í skýrslu Samkeppnisstofnunar sem var unnin 1996–2000 og sem ég er reyndar líka með á borði mínu. Þar er munurinn enn þá hærri í flestum vöruflokkum. Ég hef kosið að nota þessa skýrslu sem er fagleg og nær til yfir 600 matareininga og svo margra landa en þá er aðferðafræðin sú að taka 15 Evrópulönd og fá meðaltalsverð út úr því. Það er sett á 100 og önnur Norðurlönd eru borin þar saman við. Þetta mál, hvort sem við erum Evrópusinnar eða ekki, snýr að Íslandi en snertir Evrópuverð.

[11:34]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við getum öll verið sammála um að matvælaverð á Íslandi ætti að vera lægra. Það er eitthvað sem við viljum og ég held að allir Íslendingar geti í raun og veru tekið undir að matvælaverðið sé of hátt. Við megum hins vegar ekki gleyma því að margar orsakir geta verið fyrir því. Ýmsir möguleikar hafa verið nefndir í andsvörum manna. Við megum heldur ekki gleyma því að ríkisstjórnin hefur gert ýmislegt. Hv. þm. Kjartan Ólafsson rifjaði t.d. hér upp störf grænmetisnefndar og tollamál, og líka má nefna skattamál. Og ég legg áherslu á að ríkisstjórnarflokkarnir hafa beitt sér fyrir stórkostlegum skattalækkunum á fyrirtæki og það ætti þá að geta skilað sér í lækkuðu matvælaverði.

En það sem ég vil í raun og veru beina athyglinni að er að tölurnar í greinargerðinni ná eingöngu til ársins 2000. Nú vitum við, og það er þegar komið fram, að sá samanburður sem hefur farið fram í Evrópusambandslöndunum eftir að evran var tekin upp leiðir í ljós að hækkanir hafa orðið á vörum og þjónustu þar. Einkanlega er það áberandi á ferðamannastöðum við Miðjarðarhaf og reyndar líka í Þýskalandi. Þessi umræða er mög sterk innan Evrópusambandsins núna. Það verður forvitnilegt að fylgjast með hvað kemur út úr því þegar menn fara í nánari samanburð og rannsóknir á þessu. En ég spyr: Hafa þingmenn Samfylkingar eitthvað skoðað þessi mál, þessa nýju stöðu innan Evópusambandsins, í tengslum við undirbúning þáltill.?

[11:36]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það væri mjög varhugavert ef maður ætlar að vera með þingmál sem unnið er og stutt góðum gögnum að vinna persónulegar kannanir um t.d. áhrif myntbreytingar í einhverjum löndum. Ég held að það sé mjög líklegt, eins og hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir vekur hér máls á, að myntbreyting hafi alltaf tilhneigingu til að ýta verði upp á við. Við notum þau gögn sem er að fá hjá Hagstofunni og það sem er merkilegast, og ég vil undirstrika það, er að þó að við séum með gögn í þingmálinu sem ná til ársins 2000 segir vísitalan sem kemur frá Hagstofu Íslands að matarverð hafi hækkað langmest á Íslandi á milli áranna 2000 og 2001, úr 113,7 í 121, á meðan hin hafa hækkað um 3 og 4 og 5%. Þetta styður það að matarverð sé ekki lækkandi.

Það er búin að verið mikil umræða um matarverð og í þeim pappírum sem ég er með og get komið inn á í síðari ræðu minni veita blöðin ótal upplýsingar um samanburð á vöru. Bara núna á þessu ári, fyrri part sumars, fjallar Morgunblaðið um að saltfiskur sé einum 200–300% dýrari á Íslandi en á Spáni. Það var núna í sumar. Kannanir voru gerðar á vegum ASÍ og Morgunblaðsins í sumar um heilsuvörur og munurinn var yfir 200% á Íslandi. Þetta eru litlar kannanir með sértækri úttekt. Kannanirnar sem ég vel að nota eru stórar, umfangsmiklar og faglega unnar af hagstofum allra landanna, 31 lands. Þetta tek ég fram til að gefa vísbendingar um hvernig þróunin er hjá okkur og sem við ætlum að leita skýringa á, ekki að svara þeim hér heldur leita skýringa á.

[11:38]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því í þessu sambandi að þegar hafa verið gerðar samanburðarrannsóknir innan Evrópusambandsins á þessum hlutum, þ.e. hækkun á verði vöru og þjónustu. Og mér finnst að það væri mjög forvitnilegt að fylgjast með því hvort þetta eru áhrif af upptöku evrunnar, sem koma þá bara fram um leið og myntbreytingin verður, eða hvort þetta heldur eitthvað áfram.

[11:39]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil ekki þennan málflutning. Það er eins og verið sé að segja: Kannski erum við svo heppin að myntbreyting í Evrópu hafi orðið til þess að menn hafi með myntbreytingunni svindlað verðinu svolítið upp á við og gert vörur dýrari í þeim Evrópulöndum sem hafa tekið upp nýja mynt heldur en þær þurfa að vera og þá sé munurinn minni á Evrópulöndum og okkur en hann er annars.

Ég er að leita staðreynda um það hvert matarverð á að vera. Er það lögmál að matur eigi að vera dýrari á Íslandi en í nágrannalöndum þar sem laun eru hærri? Væntanlega ætti framleiðslukostnaður jafnframt að vera hærri. Svar mitt er nei. Ég veit ekki orsakirnar og ég ætlast til þess að þingmenn í þessum sal sameinist um að vilja leita þeirra.

[11:40]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það fer vel á því eftir góðærisræðu hæstv. forsrh. í gær að ræða hér hátt matvælaverð á Íslandi. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir á þakkir skildar fyrir að eiga frumkvæði að því að færa þetta mál hingað inn í þingsali.

Ég hygg að það sé staðreynd að hvergi í þeim löndum sem við berum okkur saman við sé matvælaverð og framfærslukostnaður heimilanna eins hár og hér á landi en laun almenns launafólks eins lág. Og það er auðvitað eðlilegt að reynt sé að leita skýringa á því.

Ég tók eftir því að hv. flm. sagði að matvælaverð hefði hækkað langmest á Íslandi á síðastliðnum árum, og hún nefndi á milli áranna 2000 og 2001. Maður veltir fyrir sér hvort skýringa sé ekki m.a. að leita í þeirri samþjöppun og fákeppni sem er að verða æ meira áberandi á matvælamarkaðnum eins og víða í öðrum atvinnugreinum. Því er ástæða

til að reka á eftir þeirri úttekt sem verið að vinna á vegum Samkeppnisstofnunar, ef ég man rétt, sem er að skoða fákeppni á matvælamarkaðnum.

Ég vil minna á í þessu sambandi, þegar við ræðum hátt matvælaverð, að það er full ástæða til þess hér á landi eins og gert hefur verið víða í Evrópulöndum, m.a. á Norðurlöndum, að gera ákveðinn neyslustaðal sem skilgreini lágmarksframfærslukostnað eftir fjölskyldugerð miðað við að enginn hafi sér til framfærslu tekjur undir skilgreindum framfærslumörkum. Í því sambandi vil ég minna á að á síðasta þingi, fremur en þinginu þar áður, var samþykkt þáltill. sem ég beitti mér fyrir, ásamt fleiri þingmönnum, um að gerður skyldi slíkur neyslustaðall og man ég ekki betur en að hæstv. forsrh., sem hafði þá framkvæmd með höndum, hafi átt að skila niðurstöðu á því haustþingi sem nú er hafið. Það er ástæða til þess að reka á eftir því.

Ég minni á það sem fram kom um framfærslukostnað heimilanna í tillögunni. Þar var byggt á skýrslu sem gerð var um framfærslukostnað, um áætlanir, bæði sem Hagstofan gerir um áætlaðan framfærslukostnað annars vegar og Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna hins vegar, en þar koma fram mjög mismunandi upplýsingar um framfærslukostnað heimilanna. Ég staðnæmist mjög við þá framfærsluþörf sem Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna setur fram en hún setti fram að framfærsluþörf einstaklings væri 63 þús. kr. á mánuði en Hagstofan 96 þús. Þegar skoðaður er lágmarksframfærslukostnaður hjóna með tvö börn segir Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna að framfærslukostnaðurinn sé 140 þús. kr. og Hagstofan rúmlega 242 þús. Það er ástæða til að staðnæmast við þessa tölu, 140 þús. kr., vegna þess að hér er einungis um að ræða framfærslukostnað eða framfærsluþörf sem Ráðgjafarstofan áætlar í stuttan tíma meðan fólk með skuldsett heimili er að koma sér út úr verstu skuldastöðunni. Framfærslukostnaður hér á landi er því mjög hár og allir vita að bara framfærslukostnaður í matvælum, svo ekki sé talað um annað, tekur drjúgan hluta af tekjum heimila sem hafa lítið á milli handanna eða meðaltekjur.

Ég tel fulla ástæðu til að fara í þá könnun sem hér er lögð til. Ekki er langt síðan nokkur verkalýðsfélög gerðu úttekt hjá fólki varðandi fjárhag þess og hvaða breytingar fólk hefði séð á fjárhag sínum á umliðnum árum. Mig minnir að þessi könnun hafi verið gerð í fyrra. Fram kom að 30% aðspurðra töldu að fjárhagsstaða sín væri lakari nú en fyrir nokkrum árum. Ég geri ráð fyrir að þar sé ekki síst um að kenna háu matvælaverði, eins og við erum hér að ræða, miklum húsnæðiskostnaði sem hv. flm. nefndi að hefði aukist verulega á umliðnum árum, sérstaklega hjá lægst launaða fólkinu, og háum vöxtum hér á landi.

Mér fannst, herra forseti, hæstv. forsrh. nokkuð óforskammaður í ræðu sinni í gærkvöldi þegar hann taldi þessari ríkisstjórn til hróss að hún ætlaði að fjölga leiguíbúðum. Hæstv. forsrh. gleymdi að nefna það sem skiptir máli, að vextir á þessum leiguíbúðum eru orðnir óviðráðanlegir, bæði fyrir sveitarfélögin og félagasamtök sem hafa byggt leiguíbúðir. Vextir á leiguíbúðum hafa fjór- til fimmfaldast í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það hefur enginn efni á því að leigja slíka íbúð á um 1.000 kr. á fermetra. Láglaunafólk sem er kannski með 90 þús. kr. sér til framfærslu, fer með obbann af tekjum sínum í leigukostnað. Þetta er hrikaleg staðreynd, herra forseti, við hliðina á því háa matvælaverði sem þetta fólk þarf að búa við.

Á umliðnum missirum hefur farið af stað umræðan um hve fátækt er að aukast í þjóðfélaginu. Það er ekki síst vegna þess að hátt matvælaverð bitnar af fullum þunga á þessu fólki. Í nýlegri skoðun sem ég bað um hjá embætti ríkisskattstjóra kemur fram að 11 þús. einstaklingar og fjölskyldur höfðu sér til framfærslu á sl. ári árstekjur á bilinu 782 þús. kr. til 1.100 þús. Í úttekt sem ég hef líka látið skoða kemur fram að fólk með 90 þús. kr. í tekjur á mánuði borgaði einn milljarð í skatt á sl. ári. Það er ekki síst vegna þessa fólks, herra forseti, að ástæða er til að fara að skoða af fullri alvöru það sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir leggur til, að kannaðar verði orsakir hás matvælaverðs á Íslandi. Það er að sliga mörg heimilin hér á landi.

[11:49]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er hreyft mjög athyglisverðu máli fyrir margra hluta sakir. Ísland er auðvitað sérstakt land og stórt land. Við erum fámenn þjóð og neytendamál eru mál allra landsmanna hvort heldur við tölum um framleiðendur eða neytendur. Það er staðreynd að á Íslandi ríkir fákeppni í sölu dagvöru. Tveir stórir söluaðilar skipta með sér markaðnum. Þetta á í raun og veru líka við um ýmsa aðra framleiðslu, t.d. brauðgerð og annað slíkt. Ég ímynda mér, án þess að hafa haldbærar tölur, að stærsti framleiðandi brauðs á Íslandi framleiði á að giska 60–70% af öllu brauði sem framleitt er í landinu. Þess vegna hef ég reifað verðmyndunarmál hér í þinginu oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. Þar sem við búum við svo mikla fákeppni finnst mér ástæða til að þessar verslunarkeðjur sýni okkur neytendum á hvern hátt verðmyndun verður til.

Hvert er t.d. skilaverð til bænda? Ég hitti kartöflubónda á dögunum sem er að selja á markaðinn kartöflur fyrir kannski 20–30 kr., þ.e. skilaverðið. Framleiðandinn pakkar vörunni og hún er algjörlega tilbúin til sölu en skilaverðið er ekki hærra en þetta. Þess vegna vil ég að söluaðilar sýni okkur fram á hvað fer í hlut ríkisins, hvað lendir í hlut dreifingaraðila, hvað fá framleiðendur og hvað fær loks söluaðilinn. Það er nauðsynlegt, þegar við fjöllum um þessi mál, að neytendur sjái hvar verðmyndun verður til.

[11:51]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat ekki heyrt, herra forseti, að hér væri um að ræða andsvar við ræðu minni heldur væri hv. þm., stjórnarliðinn Ísólfur Gylfi Pálmason, miklu fremur að taka undir það sem ég var að segja um mikla fákeppni á matvælamarkaðnum. Það er alveg rétt, herra forseti.

Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann vilji ekki beita sér fyrir því að við fáum nú fram þessa könnun sem verið er að gera á matvælamarkaðnum. Það er hæstv. viðskrh. sem fyrst og fremst á að reka á eftir því að svo sé gert. Hv. þm. sem hefur miklar áhyggjur af fákeppni og einokun á matvælamarkaðnum hlýtur að líða illa í þessari ríkisstjórn vegna þess að ríkisstjórnin hefur fyrst og fremst stuðlað að mikilli fákeppni, einokun og samþjöppun valds og auðs í þessu þjóðfélagi, ekki bara á matvælamarkaðnum heldur líka á bankamarkaðnum, sem við vorum að ræða hér í morgun, á tryggingamarkaðnum og á flutningamarkaðnum. Ég spyr: Hvað hefur hv. þm. gert til að sporna við þessari þróun? Hefur hann hreyft andmælum í þingflokki sínum við þeirri þróun sem á sér stað varðandi samþjöppun auðs og valds í þessu þjóðfélagi? Hv. þm. kemur hér í andsvar við okkur þingmenn í stjórnarandstöðunni sem höfum barist hart gegn auðsöfnun fárra í þjóðfélaginu. Þjóðin á heimtingu á að vita,

fyrst að hv. þm. hefur svona miklar áhyggjur af samþjöppun í þjóðfélaginu, hvað hv. þm. hefur gert innan eigin þingflokks til að sporna gegn þessari þróun.

[11:53]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Andsvör geta reyndar verið bæði jákvæð og neikvæð. Í hverri ræðu er ýmislegt sem hægt er að taka undir. Mér finnst full ástæða til að þessi mál séu skoðuð til hlítar. Umræðan er oft og tíðum þannig að í umræðum um verðmyndun á landbúnaðarvörum er t.d. mjög gjarnan ráðist að bændum. Í andsvarinu tók ég dæmi um skilaverð til kartöflubænda. Sama gildir um skilaverð til sauðfjárbænda, skilaverð til þeirra sem framleiða nautakjöt o.s.frv. Þessir aðilar kvarta mjög sáran undan því á hvern hátt sala þessara afurða er og á hvern hátt fákeppni ríkir hér á landi.

Hv. þm. spyr mig hvernig ég hafi brugðist við og hvort mér líði illa í þessari ríkisstjórn eða ekki. Mér líður ekkert illa í þeirri ríkisstjórn. Það eru mörg merki um að við búum í góðu landi. Við erum að skoða fjárlögin og annað slíkt og það er mjög margt gott í sambandi við þau. Mér líður alls ekkert illa í þessari ríkisstjórn, það er mjög langt frá því.

Hafi hins vegar hv. þm. fylgst með umræðu minni, m.a. um neytendamál, þá hef ég mjög oft bent á að mér finnist full ástæða til að fólk geri sér grein fyrir því hvernig verðmyndun vöru er til komin. Þegar hv. þm. kaupir sér sódavatnsflösku úti í búð þá borgum við 210 kr. fyrir tvo lítra. Hver er framleiðsluferillinn? Þetta er vatn í plastflösku sem gasi er skotið í. Þetta er býsna dýrt. Hins vegar erum við oft að kaupa mjög góða landbúnaðarvöru sem er holl og góð og með allt annað framleiðsluferli en ég nefni hér. Við megum passa okkur á að umræðan beinist ekki beinlínis gegn framleiðendum. Ég vil meina að fákeppnin hafi leitt til þess að vöruverð er svo hátt á Íslandi.

[11:55]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér áðan kom fram gagnrýni á samþjöppun og einokun í verslun. Ég tek heils hugar undir að það er mjög slæmt. En ég vil minna á að forsrh. Davíð Oddsson hefur oft gagnrýnt samþjöppun og einokun í matvöruverslun hér í landinu. Hann hefur mjög oft gagnrýnt hana.

Þetta varðar milliliðina og verðið til bóndans, skilaverðið til bóndans og milliliðina sem hækka verðið, m.a. þegar varan er flutt inn til landsins. Auðvitað verður þetta einokun þegar ekki eru nema tveir aðilar sem flytja vöru til landsins. Það er það sem skiptir máli.

Ég vil taka undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Ef það er raunin að 11 þúsund manns lifi við þau kjör að vera ekki með nema 700–1.100 þús. kr. í árstekjur þá er það mikið áhyggjuefni. Ein stétt manna lifir við svona sultarkjör, t.d. sauðfjárbændur. Þetta er alvarlegur hlutur og úr þessu verður að bæta. Það verður að þétta það net sem við viljum hafa, það öryggisnet í okkar samfélagi að enginn lifi við svo kröpp kjör. Ég held að við séum öll sammála um það.

Hér hefur einnig verið rætt um innfluttu vörurnar. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson kom inn á það í ræðu sinni og það var mjög athyglisvert. Ég vil geta þess að íslenskur landbúanður er miklu minna styrktur en landbúnaður alls staðar annars staðar í heiminum — ég tala nú ekki um Evrópusambandið. Það eru aðeins þrjár greinar í íslenskum landbúnaði sem eru styrktar, það er mjólkurframleiðslan, sauðfjárræktin og grænmetið núna síðast, eftir að tollarnir voru felldir niður á öllu grænemti. Grænmetið hefur lækkað allt að 70% í verði en að sjálfsögðu fer verðmyndun á grænmeti eftir því hvaða árstíma er miðað við.

[11:57]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 1. flm. þessar tillögu, Rannveig Guðmundsdóttir, hlýtur að vera ánægð með þær undirtektir sem hér koma fram í andsvörum tveggja stjórnarliða við þá tillögu sem við flytjum. Ég vil fyrir hönd þingflokks Samfylkingarinnar þakka fyrir þessar góðu undirtektir sem vekur okkur vonir um að þessi brýna og þarfa tillaga verði samþykkt. Það vekur vissulega einnig athygli þegar hver stjórnarliðinn á fætum kemur hér upp og lýsir verulegum áhyggjum af fákeppni og samþjöppun valds í þjóðfélaginu en situr svo í ríkisstjórn sem hefur stuðlað að því að fákeppni og samþjöppun valds og auðs hefur aukist verulega á síðustu árum í þjóðfélaginu.

Við tökum sannarlega undir með hv. síðasta ræðumanni um fátækt bændanna. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur margítrekað að við þurfum einmitt að skoða hvernig matvælaverð þróast frá bændunum sem framleiða landbúnaðarvörurnar fram að því að varan kemur á borð neytenda. Það er einmitt það sem við viljum sýna fram á með þessari tillögu.

Ég vil spyrja hv. þm. um hvað hún vilji gera til að taka á þessum milliliðum, t.d. í landbúnaðarkerfinu. Hvað vill hún gera til að koma í veg fyrir fákeppni og samþjöppun auðs og valds í þjóðfélaginu? Hv. þm. situr í ríkisstjórn sem hefur stuðlað að því að hér hefur samþjöppun aukist verulega, bilið milli ríkra og fátækra í þjóðfélaginu hefur vaxið þannig að það eru orðnar 20–30 fjölskyldur sem eiga Ísland, fá nokkur hundruð milljónir upp í einn milljarð bara í fjármagnstekjur af eignum sínum á meðan 11–15 þúsund manns búa við algjör sultarkjör. Hvað vill þingmaðurinn gera í þessu máli? Þingmaðurinn hefur greinilega áhyggjur af fákeppni og auðsöfnun til handa fámennum hópi í þjóðfélaginu, en hvað vill hv. þm. gera?

[11:59]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Almennt séð er hvergi meiri jöfnuður í heiminum en einmitt hér á Íslandi. (Gripið fram í.) Hér er meiri jöfnuður en annars staðar. Hér búa miklu færri við fátækt. Hér eru nánast engir ríkisbubbar — þó getur það vel verið, ég þekki þá ekki. Kaupmáttur hefur verið að aukast ár frá ári og er töluvert mikill. Almenn velmegun ríkir á Íslandi og almennur sparnaður er líklegast um 40 milljarðar á síðasta ári.

Ég vil bara segja að ég hef áhyggjur af samþjöppun í versluninni eins og ég hef sagt áður. Það hafa fleiri gert í mínum flokki og ég minni á að forsrh. Davíð Oddsson hefur æðioft rætt það. (**LB:** Hvað ætlið þið að gera?) Hvað ætlum við að gera? Það er stór spurning. Við erum náttúrlega að vinna í öllum þessum málum, m.a. með Samkeppnisstofnun, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Eins og hv. þm. veit ríkir hér líka frelsi og er ekki hægt að banna mönnum með lögregluvaldi að sameina fyrirtæki eins og hv. þm. veit.

Umræðu frestað.

Athugasemd um ummæli þingmanns.

[12:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Vegna athugasemda frá hv. 3. þm. Vesturl., Jóhanni Ársælssyni, við þau ummæli mín að ég hafi óskað eftir því að menn sýndu einstaklingum utan þingsalar háttvísi og hv. þm. bað mig að tilfæra þau orð sem ég ætti við, skal ég verða við þeirri beiðni.

Hv. þm. vék að sölu á Landsbanka og Búnaðarbanka og komst svo að orði: „Það ætti að verða mönnum til umhugsunar að framkvæmdina annast að hluta til sjálfur framkvæmdastjóri Sjálfstfl. sem hefur stjórnað meiri hluta í bankaráði Landsbankans í mörg ár. Hann á nú orðið umtalsverðan hlut í bankanum. Þannig var einn helsti vinur og ráðgjafi forsrh. í málinu greinilega vanhæfur til umfjöllunar um það hverjum ætti að selja bankann. Þar með komið spurningarmerki við sjálfan forsrh. í málinu."

Ég vil vekja athygli hv. þm. á að Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstfl., er ekki í einkavæðingarnefnd og ég tel ekki háttvísi að vera með getgátur um efnahag einstakra manna í þjóðfélaginu hér úr ræðustóli til þess að reyna að gera persónu þeirra tortryggilega. Jafnframt vil ég minna hv. þm. á að það ber að segja hæstv. forsrh. í máli sínu.

Í annan stað vil ég vekja athygli hv. þm. á að hann víkur að ríkisendurskoðanda með því að kalla hann virðingarmann úr vildarklúbbi Sjálfstfl. Ég tel að ummæli af þessu tagi um einstaklinga utan þingsalar sé ekki háttvísi og síðan verða þingmenn sjálfir að gera það upp við sjálfa sig hvernig þeir vilja haga sínu máli. En þetta kalla ég ekki háttvísi, hv. þm.

[12:03]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Mér er nú nokkur vandi á höndum ef ég má ekki ræða um framkvæmdastjóra Sjálfstfl. í þessum þingsal. Hann hefur það hlutverk í þjóðlífinu sem skiptir miklu máli og enginn efast um að hann er einn helsti ráðgjafi forsrh. og ríkisstjórnarinnar.

Það er ekkert leyndarmál að hann á eignarhlut í Landsbankanum og ég veit ekki til þess að hann hafi reynt að fara með það sem neitt leyndarmál og það nefndi ég hér til þess að koma því á framfæri að það er ekki sama hvernig menn fjalla um mál af þessu tagi. Það þýðir ekki fyrir menn að koma hér og tala um óhlutdrægni í öðru orðinu, að menn eigi að víkja vegna þess að þeir séu ekki hæfir til þess að fjalla um mál af því að þeir hafi persónulegar ástæður til þess að láta sig málin skipta. En svo megi ekki tala um það hér á hv. Alþingi að sjálfur framkvæmdastjóri Sjálfstfl. eigi hlut að máli með þessum hætti.

Ég læt vera að ræða um ríkisendurskoðanda. Ég hef talað um hann hér áður og get farið yfir það við betra tækifæri ef þarf til upprifjunar fyrir hæstv. forseta hvaða afskipti hann hefur haft af málefnum banka á Íslandi.

[12:05]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil ítreka það sem ég áður sagði að framkvæmdastjóri Sjálfstfl. kemur ekki að störfum einkavæðingarnefndar.

[12:05]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að ég var mjög hissa á þeim athugasemdum sem hæstv. forseti gerði, en kannski öllu heldur minna á og vekja athygli á því að fallið hafa um það hæstaréttardómar þess efnis að einstaklingar sem taka að sér störf í þágu almennings eða fyrir stjórnmálaflokka eða annað slíkt verða stöðu sinnar vegna að þola almenna umræðu um það vegna þess að þeir fara með almannavald, þeim er falið tiltekið hlutverk og þess vegna þurfa þeir að þola umræðu um sig og störf sín. Ég tel að í þessu tilviki hafi hv. þm. Jóhann Ársælsson ekki verið að gera neitt annað en halda sig innan þeirra eðlilegu marka. Hann hefur á bak við sig genginn hæstaréttardóm og það er mín skoðun, virðulegi forseti, að ekki sé hægt að hefta umræðu í ræðustól á þann hátt sem hæstv. forseti virðist hafa verið að gera með því að vísa til þess að ekki hafi verið næg háttvísi í ræðu hv. þm.

[12:06]

Forseti (Halldór Blöndal):

Það er mat forseta að hv. þm. sýndi ekki háttvísi í ræðu sinni.

[12:06]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekkert að þrætast á við hæstv. forseta um það að hann hafi komist að þeirri niðurstöðu að ég hafi ekki sýnt háttvísi. Ég ætla hins vegar að segja að ég hélt því aldrei fram að framkvæmdastjóri Sjálfstfl. væri í einkavæðingarnefnd, ég nefndi það ekki. Um það snerist málið ekki. Ég nefndi einungis þann hlut sem hann á í ákvörðunum um hvernig farið er með eigur Landsbankans og að hann á hlut í Landsbankanum, og einnig það að auðvitað er hann einn af helstu ráðgjöfum Sjálfstfl. og forsrh. í málinu. Þetta talaði ég um. Ég þarf engu við það að bæta.

(**Forseti** (HBl): Ég hafði áður áminnt hv. þm. um að segja hæstv. forsrh. Að öðru leyti er ekki annað um það að segja en að ummæli hv. þm. verða prentuð í þingtíðindum og þar getur hver sem er gengið úr skugga um það sem sagt hefur verið.)

Matvælaverð á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 3. mál. — Þskj. 3.

[12:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til þess að ræða dagskrármálið, þ.e. till. til þál. um athugun á orsökum fyrir háu matvælaverði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins. Um þá meginhugsun tillögunnar að skoða verðlag á matvælum hér og bera það saman við önnur lönd hef ég ekkert nema gott eitt að segja. Ég hefði þó kannski talið að tillagan væri betur úr garði gerð þannig að hún beindist að vöruverði almennt en horfði ekki þröngt til matvælaverðsins eins og er í raun og veru ákaflega erfitt að aðgreina vöruverð, ég tala nú ekki um matvælaverð sérstaklega frá almennum verðlagssamanburði ef út í það er farið því það er að sjálfsögðu hið almenna verðlag og kaupmáttur launa gagnvart vörum og þjónustu í hverju landi sem er samanburðarhæfasti mælikvarðinn.

Nú er það svo, herra forseti, að það er ekkert nýtt, það eru ekki ný sannindi að verðlag sé hátt á Íslandi. Það mun hafa verið nóbelsskáldið okkar, ef ég man rétt, sem komst hnyttilega að orði eins og stundum endranær í viðtali við erlendan blaðamann og sagði að það væri almennt talað mjög

dýrt að vera Íslendingur. Það eru ekki ný sannindi. Það er almennt talað dýrt að vera Íslendingur en við viljum nú vera það samt.

Ég vil líka mæla ákveðin varnaðarorð gagnvart því að menn festi sig í of bókstaflegum eða tölulegum samanburði við tiltekin áramót. Ég held t.d. að í þeirri miklu umræðu um hækkun matvælaverðs á Íslandi milli áranna 2000 og 2001 gætu leynst miklar hættur. Má ég þá spyrja tillögumenn hvaða gengi íslensku krónunnar t.d. sé notað í verðsamanburðinum. Bara það eitt að velja sér viðmiðunarpunkt í þeim efnum getur verið ákaflega vandasamt. Er það mögulega árslokagengi íslensku krónunnar við áramótin 2001/2002 sem er notað? Hvar stóð íslenska krónan þá gagnvart erlendum gjaldmiðlum? Hvernig væri samanburðurinn miðað við gengi krónunnar í dag o.s.frv.? Það væri fróðlegt að hv. 1. flm. eða einhver annar aðstandandi tillögunnar t.d. upplýsti okkur um þetta eitt.

Látið var að því liggja að mögulega væri þessi óhagstæða þróun á árinu 2001 borið saman við fyrri ár því að kenna að þá hefði verslunarumhverfið á Íslandi breyst svo mjög til hins verra, fákeppni aukist. Ég hygg að það hafi verið hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sem nefndi þetta. Það má vera með miklum ólíkindum ef því hefur hrakað svona harkalega á einu ári. Gæti það ekki mögulega verið að samanburðurinn, t.d. gengissamanburðurinn væri þarna á ferðinni? Ekki breyttust tengsl Íslands við Evrópusambandið í öllu falli á þessu ári, ekki er það skýringin.

Um þann þátt málsins, herra forseti, er óhjákvæmilegt að fara nokkrum orðum. Ég tel ágalla á tillögunni að hún gengur allt of mikið út á það að tengja þetta við spurninguna um hvort Ísland eigi að vera eða sé aðili að Evrópusambandinu eða ekki. Ég sé ekki að það sé skynsamlegt í þessu efni og það er mikill misskilningur tel ég vera, sem kemur svolítið fram í umræðum nú, að með því einu að ganga í Evrópusambandið fengju Íslendingar sisvona mið-evrópskt verðlag. Það er næstum því jafnbarnalegt og að halda að með því að ganga í Evrópusambandið fengjum við suður-evrópskt loftslag, veðurfar eða hitastig. Það bara er ekki þannig. Einmitt til marks um það að varasamt er að álykta svona eru þær staðreyndir sem að hluta til koma fram í tillögunni og hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson benti á, að innflutta matvaran sem flutt er til landsins án nokkurra tolla og við ættum að geta keypt hér á heimsmarkaðsverði er hvað dýrust. Hvernig stendur á því að kornvara, matarolíur, ávaxtadrykkir og annað því um líkt er hlutfallslega í þessum samanburði jafnvel enn þá dýrara á Íslandi borið saman við samanburðarlöndin en innlenda framleiðslan? Segir það ekki sína sögu? Verðum við ekki að álykta af því að sennilega sé þetta ekki svo einfalt að bara með því að ganga í Evrópusambandið fengjum við uppi á Íslandi evrópskt verðlag? Það er greinilega eitthvað annað sem þarna er á ferðinni að stærstum hluta.

Samanburðurinn við Noreg er einnig athyglisverður. Það er auðvitað engin tilviljun að Ísland og Noregur eru þarna hátt uppi á listanum, Norðurlöndin og Þýskaland. Þetta eru lönd þar sem verðlag almennt er hátt. Meðaltalið í Evrópusambandinu er meðaltal Evrópusambandsins. Hvað er innan þess meðaltals? Það eru Suður-Evrópulöndin með allt annað verðlag, allt önnur laun og allt annan kaupmátt þannig að við verðum auðvitað að hafa þetta í huga, herra forseti.

Síðan verðum við líka að vega það og meta hvað er fengið og hverju er fórnað í hverju tilliti. Það er mjög margt sem að lokum myndar verðlag í einu landi. Það eru þessir almennu þættir, kaupgjald, aðstæður, það er stærð markaðarins, flutningskostnaður, það er fjarlægð frá uppsprettu vörunnar o.s.frv. Að þessu öllu þurfum við að huga.

Ég held að mjög mikilvægt sé að skoða hvaða ráðstafanir er hægt að gera til þess að lækka matvælaverð á Íslandi og það er ekki ný umræða. Sennilega hafa önnur mál ekki verið rædd annað eins, m.a. í þessum sal, og einmitt matvælaverð þegar hinn margfrægi matarskattur kom á. Þá var auðvitað tekist mjög harkalega á um þær mikilvægu neysluvörur heimilanna sem vægju þyngst í útgjaldakörfu t.d. barnmargra lágtekjufjölskyldna, hvað væri hægt að gera til þess að verðlagið á þeim mikilvægu vörum hækkaði ekki. En menn létu sig samt hafa það þá að skella á þetta fullum söluskatti og seinna virðisaukaskatti sem að vísu tókst svo að lækka með harðri baráttu. Það eru ráðstafanir sem við getum gripið til og eigum að gera. Við eigum að sjálfsögðu að skoða skattalegt umhverfi verslunar, ekki síst matvælaverslunar og matvælaframleiðslu í landinu. Það eru hlutir eins og flutningskostnaður sem vega þungt í vöruverði á landsbyggðinni þar sem þetta er tilfinnanlegast og verðlagið er hæst og það er verslunarumhverfið, það er fákeppnin hér og annað í þeim dúr og á slíkum þáttum getum við tekið. En ég held að það sé ekki mjög frjó umræða að sá því út á meðal fólks að með því að ganga í Evrópusambandið muni þetta lagast af sjálfu sér. Í öllu falli mundi þetta ekki skila miklu fyrr en að þeim fimm eða tíu árum liðnum sem Ísland yrði mögulega komið inn í Evrópusambandið og reynslan hefur sýnt hjá öðrum þjóðum að það er sýnd veiði en ekki gefin að ætla sér að ná inn mið-evrópsku verðlagi með því. Reynsla Finna var m.a. ekki sú að matvælaverðið lækkaði eins og þar hafði verið lofað í takt við aðild að Evrópusambandinu en finnskir bændur fengu sína löðrunga og geta margt af því sagt.

Herra forseti. Ég held að könnun á þessum þáttum sé góðra gjalda verð. Ég held að hún ætti að vera almenn, hún ætti að vera óskilyrt og ekki eigi sérstaklega ganga út frá því að tenging Norðurlandanna við Evrópusambandið sé aðalatriði þess máls.

[12:19]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Sú tillaga sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur fylgt hér úr hlaði, till. til þál. um athugun á orsökum fyrir háu matvælaverði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins, er enn ein tillagan frá þingmönnum Samfylkingarinnar sem fjallar um það að skoða lífskjör almennings á Íslandi. Það er eðlilegt að sú tillaga sem hér hefur verið flutt og þær upplýsingar sem koma fram veki menn til umhugsunar og mjög eðlilegt að þær séu teknar til umræðu á hinu háa Alþingi vegna þess að það er ekki og á ekki að vera neitt náttúrulögmál að matvælaverð á Íslandi sé svo miklu hærra en í nágrannalöndum okkar.

Matvælaverð er náttúrlega einn af stærstu útgjaldaliðum hverrar fjölskyldu og segir sig sjálft hvað þetta háa verðlag hefur í för með sér fyrir lífskjör almennings. Það mál sem hér er flutt ásamt öðru máli sem er með fyrstu tillögum þingmanna Samfylkingarinnar — á ég þá við aðra tillögu sem snýr óbeint að lífskjörum líka og er tillaga sem ég er 1. flm. að ásamt fjölmörgum öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar og er sem sagt um það að kanna ástæður fyrir háu vöruverði milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar og ætla ég að koma aðeins betur að því á eftir vegna þess að sá mikli munur sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur

dregið fram og verið er að ræða um á milli Norðurlandanna og höfuðborgarsvæðisins er mikill, og get ég aðeins sagt að munur á vöruverði milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar — ég veit eiginlega ekki hvaða orð á að nota yfir þann mun, hann er hrikalegur og ætla ég að koma aðeins betur að því á eftir.

Þetta snýr að öllum almenningi í landinu og þá náttúrlega alveg sérstaklega að láglaunafólki, fólki sem dregur fram lífið af bótum sínum, tryggingabótum, hvort sem það eru ellilífeyrisþegar eða örorkulífeyrisþegar. Þetta snýr auðvitað líka að barnafólki og barnmörgum fjölskyldum og segir sig sjálft að í þessum stóra lið eru þetta skuggalegar tölur. Þess vegna er það mjög eðlilegt að þingmenn Samfylkingarinnar skuli hafa þetta sem sín fyrstu mál hér á hinu háa Alþingi í upphafi þings til að ræða um.

Auðvitað er það svo sem ber að taka til að við Íslendingar búum við það að þurfa að flytja inn mikið af vöru okkar, jafnt matvöru sem annarri vöru. Sumt af þessu er framleitt algerlega erlendis og flutt inn. Annað er hráefni sem flutt er inn til matvælaframleiðslu og inn í þetta blandast auðvitað flutningskostnaður til landsins. Rétt er að hafa það í huga sem kom fram þegar samgn. heimsótti Eimskipafélag Íslands á síðasta ári að Eimskipafélag Íslands er að breyta gjaldskrá sinni þannig að verið er að lækka flutningskostnaðinn frá meginlandinu eða frá útlöndum til Reykjavíkur vegna þess að samkeppni er að aukast í slíkum flutningum eins og sagt var. Þetta væri allt gott og góðra gjalda vert ef svo væri og það má kannski spyrja hvort lítil samkeppni og flutningur til landsins geri það að verkum að flutningsgjöld eru svo há sem er náttúrlega stór hluti af hinu háa vöruverði. En því miður fylgdi sá böggull skammrifi hjá Eimskip að töluverður hluti af þeim breytingum var fluttur yfir á strandsiglingarnar á Íslandi þannig að það hefur óbeint í för með sér stórhækkun flutningsgjalda til landsbyggðarinnar. Það gefst tækifæri til að ræða það síðar í dag.

En aðeins í lokin áður en ég hverf frá innfluttri vöru, það er spurningin um hvernig málin hafa þróast. Af því að hér er nefnd kornvara og morgunkorn án þess að ég ætli að nefna ákveðnar tegundir í því sambandi, þá fannst mér ákaflega merkilegt, vegna þess að ég gerði mína eigin verðkönnun á landsbyggðinni og komst í ýmis innri gögn kaupmanna, þegar ég sá að ákveðin tegund af morgunkorni kostaði í heildsölu til heildsalans 352 kr. rétt fyrir jól í fyrra þegar bandarískí dollarinn var 110 kr. En í endaðan júlí í ár hafði samskonar pakki í heildsölu af þessu morgunkorni ekki lækkað nema um 6%, kostaði 330 kr. meðan bandarískí dollarinn kostaði 85 kr. Í þessu talnaflóði má segja að þegar bandarískí dollarinn eða kaupverð á bandarískum dollara hafði lækkað um 25–30%, þá hafði heildsöluverðið á þessu morgunkorni aðeins lækkað um 6%. Þetta atriði ætla ég að skilja hér eftir fyrir aðra þingmenn og hafa það hérna inni sem spurningu um það hvort hið háa vöruverð sem myndaðist við gengishrun íslensku krónunnar á síðasta ári hafi skilað sér aftur til lækkunar á matvöruverði þegar gengið fór í hina áttina. Ég held ekki.

Rétt í lokin um matvælverð á Íslandi. Hér er þskj. 18 sem ég er 1. flm. að ásamt ýmsum öðrum þingmönnum þar sem flutt er tillaga um að skipa nefnd sem kanni hvaða ástæður eru fyrir því að flutningskostnaður út á land er orðinn svona hár sem raun ber vitni. Þungaskattur er ein aðalorsökin, fullyrði ég, fyrir mjög háu verði á landsbyggðinni. Hægt er að sjá flutningskostnað á einingu á ákveðinni matvörutegund sem er jafnvel svipuð tala og kaupmaðurinn hefur út úr því þegar hann er búinn að borga virðisaukaskatt og flutningskostnað. Og ég ætla bara að segja það hér að það er ekki álagning kaupmanna úti á landi sem gerir það að verkum að vöruverð er svo hátt.

Ég spyr hvers vegna stjórnarflokkarnir og landsbyggðarþingmenn — og lít ég yfir salinn og sé ekki nema tvo þingmenn sem tilheyra stjórnarliðinu — hafa ekki gengið í það að skoða áhrif flutningskostnaðar á vöruverð á landsbyggðinni, eins og ég er hér að flytja. Ég spyr t.d. hv. 1. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal, sem ég veit að er áhugamaður um landsbyggð: Hvernig í ósköpunum stendur á því ... (Forseti hringir). Herra forseti. Mér sýnist ég eiga 50 sekúndur eftir.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Tölvan er að stríða mér og þú átt þínar 50 sekúndur.)

50 plús virðisaukaskatt væntanlega. Þó að tölvan sé að stríða hæstv. forseta, þá ætla ég að fá að klára þetta. Ég vildi aðeins segja: Er það viðunandi að ákveðin tegund af matvöru kosti 199 kr. á höfuðborgarsvæðinu en 355 kr. á norðausturhorni Íslands í kjördæmi hv. 1. þm. Norðurl. e. Halldórs Blöndals? Flutningskostnaður á hverja einingu, á hvert kg af þessari vöru á norðausturhornið er rúmar 30 kr. miðað við taxta flutningafyrirtækja. Þetta segir sig auðvitað sjálft og hefur hríðversnað undanfarin ár í tíð núv. ríkisstjórnar. Þess vegna vil ég nota þetta tækifæri og segja, vegna þess að ég veit að hv. þm. Halldór Blöndal er næstur á mælendaskrá: Hvað ætlar stjórnarmeirihlutinn að gera til þess að lagfæra vöruverð á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu?

[12:25]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil koma upp til að taka undir margt af því sem kom fram í ræðu hv. þm. Kristjáns Möllers og mér finnst hann undirstrika það sem ég benti á í andsvörum mínum að úr gögnum má lesa að stærsti vandinn er heimavandi. Ég er sammála hv. þm. í því að flutningurinn er þar stór liður. Þar hefur átt sér stað samþjöppun undir formerkjum svokallaðrar samkeppni sem hefur haft hræðilegar afleiðingar, bæði í lofti, láði og legi, ekki síst í loftflutningum eins og menn vita. En ég vil spyrja hv. þm. hvort hann telji ekki líka t.d. að hlutir eins og fjárfestingar í versluninni spili ekki gríðarlega rullu vegna þess að það eru sjálfsagt fáar þjóðir heimsins sem hafa fjárfest annað eins í glæsibyggingum og verslunarhöllum miðað við fólksfjölda. Auðvitað gera sér allir grein fyrir því að þetta endurspeglast í háu vöruverði því að allar þessar fjárfestingar þarf að borga.

Það er mat margra sem eru að fást við skipulagsmál að ef við tökum mið af öðrum löndum, við skulum segja í Norður-Evrópu, þá hefði uppbygging af því tagi sem hefur átt sér stað í verslun hér á landi ekki fengið að þróast með þeim hætti sem hérna hefur gerst vegna þess að það hefði verið talið andstætt hagsmunum neytenda.

Ég vil taka undir margt en spyrja hv. þm. hvort það sé ekki réttur skilningur hjá mér að hann telji, eins og fram hefur komið í umræðunni, að e.t.v. sé stærsti hluti vandans hreinlega heimavandi, flutningar, skattar, fjárfestingar í versluninni, einokun eða samþjöppun o.s.frv.

[12:27]

Kristján L. Möller *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni fyrir þetta andsvar. Jú, að vissu leyti er það rétt að hluti

af þessu er heimavandi. Ég hygg að það sé sama hvort við erum að tala um þá góðu tillögu sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir flutti og hér er til umræðu eða þá tillögu sem ég vitnaði í og kemur vonandi seinna á dagskrá um vöruverð og muninn á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, þá er það að hluta til heimavandi.

Ég nefndi það og ég er viss um að gagnvart Norðurlöndum og Íslandi er flutningskostnaðurinn til þessa eyríkis sem við búum í mjög stór hluti. Og þar er ekki um samkeppni að ræða. Ég þekki það sjálfur frá fyrri störfum mínum að menn geta verið að flytja inn vöru sem er keypt mjög ódýr úti, en mjög algengt er að flutningskostnaður sé 50% af innkaupsverði viðkomandi vöru, það er mjög algengt.

Fjárfesting í verslun á sannarlega við á höfuðborgarsvæðinu en ekki á landsbyggðinni. Þar nægir að nefna byggingu Smáralindarinnar. Auðvitað liggur það í augum uppi að tekið er tillit til þeirrar fjárfestingar þannig að hún fer út í verðlag, að sjálfsögðu.

Einn þáttur í viðbót getur verið samþjöppun. Ég hef því miður ekki tíma til að ræða nú þann samruna sem átti sér stað fyrir nokkrum árum. Ég man ekki hvaða ár það var. Mér kom það mjög á óvart að Samkeppnisstofnun skyldi samþykkja þann samruna sem varð þar í matvöruverslunum. Jú, að stórum hluta er þetta heimavandi hér á höfuðborgarsvæðinu. Á landsbyggðinni er ekki um það að ræða að verið sé að versla í dýru húsnæði sem hleypir upp vöruverði. Þar er heimavandinn mjög hár flutningskostnaður vegna opinberra álaga á flutningsaðila.

[12:29]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þannig er að verslunin lýtur sömu lögmálum í raun og veru um allt land og þó svo að stærstu verslunarhúsin hafi verið byggð á höfuðborgarsvæðinu, þá endurspeglar tilurð þeirra og uppbygging verslunarkeðja verðið úti á landsbyggðinni vegna þess að við vitum öll að stóru aðilarnir gefa tóninn varðandi verð og síðan koma minni kaupmenn og eiga enga aðra möguleika t.d. en að versla á hærra verði. Þetta er alþekkt. Offjárfesting hvar sem hún á sér stað í landinu, hvar sem væri þenslusvæði hverju sinni er jafnvond á Raufarhöfn og í Reykjavík fyrir alla Íslendinga.

Ég vil bara draga þetta fram og ég held að við verðum að ræða þessi mál heildstætt og ég er sannfærður um — ég bjó í Danmörku lengi, um sex ára skeið við nám og þar var mönnum hreinlega ekki hleypt í það að fjárfesta að vild í verslun, bæði út frá skipulagslegum þáttum en líka út frá þeirri hugsun að það mætti ekki offjárfesta í þjónustu í þessum geira. Það er ekkert einkamál verslunar t.d. að framkalla milljarðafjárfestingar í kjölfar uppbyggingar verslunarmiðstöðvar t.d. í samgöngumannvirkjum. Um þetta eru sláandi dæmi hér á allra síðustu missirum. Þessa óráðsíu, offjárfestingu, verða landsmenn látnir borga á einn eða annan hátt, allir, alveg sama hvar þeir búa. Þannig vil ég enn og aftur undirstrika að stærstur hluti þessa vanda að mínu mati er heimatilbúinn vandi.

[12:31]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Í seinna andsvari mínu má leiða líkur að því sem hv. þm. nefndi áðan. Auðvitað er það ekki bara fjárfesting í verslunarhúsnæðinu þar sem kaupandinn kemur inn og verslar. Það er auðvitað líka fjárfesting hjá heildsölum í því húsnæði sem notað er til þess að geyma viðkomandi vöru eftir að hún er flutt til landsins og flutt svo út. Auðvitað fer það líka beint út í verðlagið og ef þar er offjárfesting þá hefur það áhrif.

Hvort þessi offjárfesting gefi tóninn í þessu efni, jú, vafalaust er það rétt. Mér þótti mjög athyglisvert það sem hv. þm. nefndi frá Danmörku, að þar væri þessum hlutum stjórnað meira og þar kæmust menn ekki í offjárfestingar í verslunarhúsnæði. Auðvitað má segja að hér ætti það að vera þannig. Við búum hins vegar í frjálsu landi og ef einhver vill byggja verslunarmiðstöð sem nóg af er fyrir á viðkomandi stöðum, og á fyrir því peninga, er eðlilegt að hann fái að sjálfsögðu að gera það. En ef viðkomandi — eins og er í flestum tilfellum — þarf að ganga til peningastofnana, banka eða fjárfestingarsjóða og leggja þetta dæmi fyrir má auðvitað segja að það sé hárrétt sem hv. þm. er að leiða líkur að. Auðvitað eiga þá viðkomandi bankar eða peningamálastofnanir, fjárfestingarsjóðir, að segja: „Hingað og ekki lengra." (**ÁSJ:** Og sveitarstjórnir?) Ég veit ekki. Sveitarstjórnir geta kannski gert það með því að úthluta ekki lóð. En það er annar handleggur. Bankar og fjárfestingarsjóðir eiga að segja: „Nei, við teljum að þetta sé ekki góður bisness" — svo ég noti það ljóta orð — „það er ekki þörf á þessu húsnæði og fleiri verslunum á þessu svæði." Og þeir ættu ekki að komast í það. En því miður geta menn farið aðrar leiðir. Það er þekkt í verslunarbransa í Reykjavík að gróði úr sjávarútvegi vegna sölu á kvóta er kominn í ákveðið verslunarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu og er þar á fullu. Það húsnæði er notað þannig að peningurinn, skjótfenginn gróði af sölu á kvóta, aflaheimildum, er farinn að flæða út í verslunarhúsnæðið.

[12:33]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er alltaf hálfbroslegt að heyra hvernig sumir samfylkingarmenn, þar á meðal sá sem nú síðast talaði hér, bera litla virðingu fyrir þeim sem barist hafa í sjávarútvegi á undanförnum árum. Mér finnst mjög gott að sú tillaga sem hér liggur fyrir skuli komin fram vegna þess að hún sýnir ljóslega, rifjar upp þær tölur sem lágu fyrir á síðasta Alþingi um að matvælaverð almennt á Íslandi hefur hækkað meir en manni sýnist eðlilegt við fyrstu sýn og án þess að hafa fyllri gögn í höndum. Þetta er mjög athyglisvert í ljósi þess að Samkeppnisstofnun hefur lítið látið að sér kveða í þessum málum. Þó liggur það fyrir að einn verslunarhringur hefur ofurvald á matvælamarkaðnum, bæði í sambandi við innflutning á erlendum matvælum og auðvitað verðlagningu í smásölu þar með. Er athyglisvert í því sambandi að þessi sterka verslunarkeðja verðleggur vörur sínar mismunandi í mismunandi búðum þó að innkaupsverð á varningnum sé hið sama í öllum búðunum eins og menn vita.

Það er líka athyglisvert að þessi verslunarkeðja, Bónus, er yfirleitt alltaf með lægsta verð í öllum vöruflokkum á þeim vörum sem fram eru boðnar. Það skýrir fyrir okkur, venjulegu fólki, að samkeppni getur ekki verið mjög mikil í þessum geira ef sömu búðirnar eru alltaf með lægsta verðið á öllum vörum. Þá er auðvitað ljóst að samkeppni er engin til og væri mjög fróðlegt að fá um það glögga skýrslu frá Samkeppnisstofnun hvernig á því megi standa eða a.m.k. vísbendingar um það hvernig Samkeppnisstofnun lítur á það að þróun verslunar skuli vera með þessum hætti hér á landi.

Ég vil í því sambandi rifja upp að fyrir nokkrum árum sameinuðust Myllan og brauðgerð Samsölunnar. Þá greip Samkeppnisstofnun strax inn í. En ef við berum brauðgerð

á Íslandi saman við Baugshringinn sjáum við auðvitað að þar er ólíku saman að jafna og makalaust að maður skuli hafa samanburð eins og þennan fyrir augunum, hvernig Samkeppnisstofnun grípur stundum inn í og stundum ekki og hefur með engum hætti gert það skiljanlegt hvernig á inngripum þeirra stendur.

Enn vil ég vekja athygli á því, herra forseti, að Samkeppnisstofnun lítur svo á að smásölu sé heimilt að verðleggja vörur undir markaðsverði ef henni svo sýnist. Þannig getum við t.d. hugsað okkur að Baugur kaupi brauð fyrir 100 kr. en selji í smásölu á 99 kr. Þar með myndast öfugur virðisauki þannig að ríkið verður í þessu tilviki að greiða með verðinu. Virðisaukinn skilar sér ekki í smásölunni sem ríkið hefur endurgreitt til framleiðandans. Verslunarhættir af þessu tagi eru bannaðir í öðrum löndum. Við vitum að oft var um þetta rætt á árum áður þegar verið var að minnka og auka niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum eftir því hvernig stóð á vísitölu. Þá sögðum við að slíkt hringl eyðilegði verðskyn neytenda og ylli því að ómögulegt væri að fylgjast með því hvort verð væri sanngjarnt í búðum.

Hið sama á auðvitað við ef Samkeppnisstofnun lætur einokunarhring af þessu tagi leika sér að því að fá ódýrar auglýsingar með því að selja vörur undir því framleiðsluverði eða innkaupsverði sem er hverju sinni. Ég hef oft gert þetta að umræðuefni hér, einmitt þennan þátt mála. Ég man eftir því einu sinni þegar verið var að selja kíló af kartöflum út úr búð á sex eða sjö kr. að ég spurðist fyrir um það hjá Samkeppnisstofnun sem landbrh. hvernig það mætti vera að slíkt gæti gengið. Mér er sagt að í Þýskalandi sé sú regla að ef smásali vilji hafa útsölu verði hann að tilkynna um það sérstaklega til yfirvalda til þess að rugla ekki lögmál markaðarins.

Það er líka hættulegt fyrir innlenda framleiðendur ef svo sterk smásala gerir það að leik sínum að hringla með framleiðsluverð á íslenskri framleiðslu þannig að stundum sé íslenska framleiðslan seld undir kostnaðarverði og stundum ekki sem auðvitað veikir trú Íslendinga á innlendri framleiðslu. Þess vegna eru þetta óheilbrigðir verslunarhættir sem hafa dafnað hér í skjóli Samkeppnisstofnunar.

Ég hef fylgst með umræðum nú og ég er glaður yfir því og ánægður að þingmenn Samfylkingarinnar hafa með ummælum sínum hér, bæði með óbeinum og beinum hætti, staðfest þá gagnrýni sem ég hef á liðnum árum haft á starfsemi Samkeppnisstofnunar án þess að víkja beint að þeirri stofnun. Þeir koma upp hver á fætur öðrum og undrast hvernig verðlag hefur þróast. Ég tók svo eftir, en biðst afsökunar ef það hefur verið misheyrn, að einn af þingmönnum Samfylkingarinnar hefur látið í ljósi undrun yfir að verðlag skyldi ekki hafa lækkað eftir að verslunarkeðjurnar stækkuðu. Efnislega var það á þessa lund. Er þá engin hagræðing fólgin í því að hafa þessar sterku verslunarkeðjur, engin hagræðing? Ef það er niðurstaðan að hinar sterku verslunarkeðjur eru einungis notaðar til þess að draga meiri hagnað til eigendanna en eðlilegt er þá er illa komið fyrir okkur Íslendingum og þá sannast þau orð sem Ólafur Björnsson prófessor sagði á sínum tíma þegar hann sagðist óttast að íslenski markaðurinn væri of smár til að við gætum notið frjálsræðis til fulls í viðskiptum. Við verðum að athuga þessi mál og við verðum að ætlast til þess að Samkeppnisstofnun, að eigin frumkvæði, sendi okkur Íslendingum skýrslu um það hvernig á því stendur að matvöruverð skuli ekki lægra hér á Íslandi en raun ber vitni eftir að Samkeppnisstofnun hefur látið það líðast að til svo mikillar hringamyndunar hefur komið í þessari verslunargrein.

[12:42]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Halldóri Blöndal að það var Samkeppnisstofnun til vansa að hún skyldi heimila samruna Hagkaupa og Bónuss fyrir hartnær hálfum áratug. Ég tel að það hafi haft ákaflega óheillavænleg áhrif á þróun matvælaverðs í landinu.

Auðvitað er það þannig, eins og hv. þm. sagði áðan, að það gengur ekki að skapa stöðu sem er þannig að eitt tiltekið fyrirtæki hefur hreðjatak á matvælamarkaðnum. Ég hef gagnrýnt þetta mörgum sinnum og mér finnst gott að hv. þm. skuli með þessum hætti tjá svipaða skoðun. En mig langar að fá hann til að segja eitt alveg skýrt. Ég hlustaði á mál hans og mér fannst hann vera að segja að hann teldi að einokun ríkti á matvælamarkaði. Er það réttur skilningur minn að hv. þm. Halldór Blöndal sé þeirrar skoðunar að það ríki einokun á matvælamarkaði í smásölunni?

[12:43]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að erfitt sé að skýra það með öðrum hætti þegar sama verslunarkeðjan er ævinlega lægst í öllum verðflokkum sem mældir eru. Það sýnir að samkeppni er ekki eðlileg hér á landi.

[12:43]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að sú þróun sem við höfum séð í matvælaverði hér á landi stafi af tvennu, annars vegar því að við njótum ekki sömu kjara og þær þjóðir sem eru innan Evrópusambandsins. Hins vegar er ég líka alfarið þeirrar skoðunar að þróun í smásölu á matvælamarkaði hafi verið mjög óheillavænleg. Ég hef ekki gerst svo djarfur að kalla það beinlínis einokun. Ég hef orðað það svo að ein tiltekin verslunarkeðja hafi núna hreðjatak á smásölu á matvælum. En ég fagna því að hv. þm. Halldór Blöndal, einn af liðsforingjum Sjálfstfl., skuli kveða svo fast að orði.

Ég held að eftir ummæli hv. þm. hljóti að liggja fyrir að samstaða sé um það í þinginu að rannsaka hvernig þróun á smásölumarkaði hefur haft áhrif á verðlag í landinu og það er jú eitt af því sem kemur fram í tillögu okkar þingmanna Samfylkingarinnar. Mér fannst þetta vera alvarlegar ásakanir hjá hv. þm. En ég tel ekki að hér sé um getsakir að ræða.

[12:45]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkvæmt þeirri vísitölu sem hér liggur fyrir hefur verð á matvælum á Norðurlöndum hækkað um 33% síðan 1990. Á þessum tíma hefur orðið mjög mikil hringamyndun í smásölu á matvælum hér á landi og margt bendir til að það sem kallað er lágvöruverslun hafi e.t.v. skilað þvílíkum arði að maður geti ekki notað forskeytið „lág-" í því sambandi.

[12:46]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins varðandi þessa umræðu. Ég tók eftir því að hv. 1. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal, sagði að hér hefði einn verslunarhringur ofurvald, Baugshringurinn eins og hann kallaði hann, og verðlegði vöru sína mismunandi eftir svæðum.

Ég vil fyrir það fyrsta ítreka það sem ég sagði áðan um Samkeppnisstofnun og þau mistök sem ég tel að hafi verið

gerð þegar sameining Hagkaupa og Bónuss var leyfð á sínum tíma. Ég tel að það hafi verið rangt og hafi ekki átt að leyfa.

Ég vil þó segja það Bónus til hagsbóta að í þeirri verðkönnun sem ég hef verið að vitna í kemur fram að Bónusverslunarhringurinn er með sama verð á matvöru, hvort heldur er á Ísafirði, Akureyri eða hér úti á Smáratorgi. Þetta er mjög merkilegt atriði. Ég vil láta það koma hér fram. Í þeirri verðkönnun sem ég er að vitna í og er í þingskjali frá nokkrum þingmönnum Samfylkingarinnar kemur þetta fram. (Forseti hringir.)

Ég vil að lokum spyrja hv. þm. Halldór Blöndal: Telur hann að samkeppni í flutningum til landsins (Forseti hringir.) sé næg eða engin?

(**Forseti** (ÍGP): Forseti vill minna hv. þm. á að virða tímasetningar.)

[12:47]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég talaði ekki um verðlagningu eftir svæðum. Ég sagði að verðlagning í búðum Baugshringsins væri misjöfn. Ég geri ráð fyrir því að hv. ... (**Gripið fram í:** Í höfuðborginni eða úti á landi?) Ég minntist hvorki á höfuðborg né land. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. geti athugað sömu vörur sem eru keyptar erlendis frá og fást í Bónus og í Hagkaup og athugað hvort þær kosti hið sama. Ég hygg að svo sé ekki.

Í annan stað vil ég segja um samkeppni í flutningum til landsins að á síðustu árum hefur eðli hennar breyst mjög mikið. Nú annast einungis eitt skipafélag strandsiglingar. Samskip t.d. keppir einungis hér á Reykjavíkurmarkaðnum og hefur að því leyti betri stöðu, að þurfa ekki að velta fyrir sér að þjóna landsbyggðinni.

[12:48]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt sem kom fram og það get ég staðfest, að ég hef séð að mikill munur er á verðlagi milli Hagkaupa og Bónuss, t.d. í þeim ágæta bæ Akureyri. Það er hárrétt.

Hv. þm. minntist ekki einu orði á það hér áðan sem ég spurði um og vildi heyra álit hv. 1. þm. Norðurl. e. á. Hér erum við að ræða um mun á vöruverði milli Norðurlanda og höfuðborgarsvæðisins. Ég hef sagt, og það vitum við öll sem búum úti á landi, að geysilegur munur er þar á. Ég hef séð allt að 108% verðmun milli höfuðborgarsvæðis og ákveðinna staða á norðausturhorni landsins, í kjördæmi hv. þm. Halldórs Blöndals. Ég segi: Þar ræður flutningskostnaðurinn langmestu. Þess vegna vil ég spyrja hv. þm.: Hvað telur hann gera það að verkum að verðmunur er svona svakalegur milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar?

[12:49]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Flutningskostnaður hefur lækkað af því að vegir eru nú betri en áður og meiri hagkvæmni er í vöruflutningum. Því dregur auðvitað flutningskostnaðurinn að því leyti skemur en áður.

Ég vil líka vekja athygli á því að með því að leggja á sérstakan matarskatt með sama hætti lækkum við þann virðisaukaskatt sem er af flutningum eins og hv. þm. veit.

Á hinn bóginn var hann áðan að vísa til þess í ræðu sinni að um skeið létu skipafélög viðskiptavin greiða hið sama fyrir innflutning vöru hvort sem hún fór til Reykjavíkur eða annarrar hafnar hér á landi. Auðvitað var það mikið hagræði fyrir þá sem úti á landi búa. Á þeim tíma voru bæði Samskip og Eimskipafélagið með strandsiglingar. En nú þegar eitt skipafélag er með strandsiglingar vaknar auðvitað sú spurning, ef menn vilja viðhalda því kerfi sem þá var, hver eigi að standa undir þeim kostnaði.

Hv. þm. getur auðvitað velt fyrir sér opinberum styrkjum í því sambandi.

[12:51]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég hafi tekið rétt eftir því í ummælum hv. 1. þm. Norðurl. e. að hann hafi sagt að hann hafi verið undrandi á þeirri afstöðu Samkeppnisstofnunar eða samkeppnisráðs að hafa ekki gert athugasemdir við þá samþjöppun sem hefur orðið á matvælamarkaði. Eftir því sem ég hef lesið um afstöðu Samkeppnisstofnunar til Baugs þegar Baugur var að yfirtaka 10–11 búðirnar þá sýnist mér að hún hafi verið byggð á þeirri forsendu að Hæstiréttur hafði áður dæmt að sameining Flugfélags Norðurlands og innanlandsdeildar Flugleiða væri lögleg þrátt fyrir að þar hefði markaðsráðandi staða verið 85% og farið í 90%. Það hefði sem sagt ekki breyst og á þeirri forsendu hefði samkeppnisráð ekki treyst sér til að gera athugasemdir við frekari útbreiðslu Baugs.

[12:52]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nú hálfbrosleg ástæða. Flugfélag Norðurlands flaug að vísu til Grænlands og Grímseyjar, Raufarhafnar, Vopnafjarðar, Þórshafnar og reyndi að halda uppi flugi til Ísafjarðar og Egilsstaða frá Akureyri og kom hvergi nærri þeim leiðum sem Flugleiðir og Íslandsflug voru að keppa á. Því er ekki hægt að líkja þessu litla flugfélagi við Hagkaup. Mér finnst það hálfbrosleg. Þeir áttu litlar flugvélar og smáar. Stærstu rörin tóku 19 farþega þannig að þessi samanburður stenst ekki.

Að vísu gleymdi ég því að þeir flugu stundum til Húsavíkur í umboði Flugleiða. En Flugfélag Norðurlands var auðvitað ekki neinn raunverulegur samkeppnisaðili við Íslandsflug og Flugleiðir á þessum tíma.

[12:53]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hægt að fletta þessu upp. Þetta var mál nr. 500 1997 hjá Samkeppnisstofnun, þ.e. þegar innanlandsdeild Flugleiða og Flugfélag Norðurlads voru sameinuð í Flugfélag Íslands. Á grundvelli þeirrar niðurstöðu var það niðurstaða samkeppnisráðs, ef ég man rétt, að þeir treystu sér ekki til að gera athugasemdir við frekari ráðandi markaðsstöðu Bónusverslana eða Baugsveldisins. Við ættum kannski sameiginlega í þinginu að athuga samkeppnislögin í ljósi hæstaréttardómsins sem ég vitnaði hér til.

[12:54]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki að rengja hv. þm. Ég var einungis að segja að það væri nánast útúrsnúningur að bera samkeppnisstöðu Flugfélags Norðurlands við Flugleiðir á sínum tíma saman við samkeppnisstöðu Hagkaupa og Bónuss. Stærðarmunurinn á Flugleiðum og Flugfélagi Norðurlands eða stærðarmunurinn á Íslandsflugi og Flugfélagi Norðurlands í sambandi við innanlandsflug var þvílíkur að það er auðvitað ekki hægt. En ég er ekkert undrandi á að Samkeppnisstofnun hafi komist að þeirri niðurstöðu að Flugfélag Norðurlands hafi verið hagkaup innlendrar flugþjónustu.

[12:55]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get í mörgu tekið undir þau orð sem hv. þm. Halldór Blöndal lét falla í ræðu sinni. Hann fagnaði því sérstaklega að Samfylkingin væri farin að taka undir málflutning hans, m.a. hvað varðar einokun og fákeppni á matvælamarkaði. Mér fannst að í orðum hans lægi að þar væri um einhverja nýlundu að ræða. En þannig var að þegar hv. fyrrv. þm. Sighvatur Björgvinsson var ráðherra hafði hann frumkvæði að því að unnin væri skýrsla um stjórnunar- og eignatengsl fyrirtækja, m.a. svo að betur mætti fylgjast með því að ekki væri um fákeppni að ræða eða einokun á markaði. Við fluttum aftur tillögu um að þessi skýrsla yrði endurnýjuð og viljum að hún sé uppfærð á hverju ári. Við teljum það nauðsynlega forsendu þess að hægt sé að hafa raunverulegt eftirlit, að Samkeppnisstofnun vinni slíka skýrslu. En Samkeppnisstofnun hefur hins vegar kvartað undan fjárskorti til að vinna slíkt verk. Er ekki hv. þm. sammála því að nauðsynlegt sé að það verði gert?

[12:56]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkeppnisstofnun ber alltaf við fjárskorti þegar að er fundið. En auðvitað verða þeir menn sem þar starfa sjálfir að meta hvað þeir telja þýðingarmikið. Ef það er svo að Samkeppnisstofnun telur það svona minni háttar mál að fylgjast með þróun matvælamarkaðar í ljósi þess vísitölusamanburðar sem við höfum hér séð þá lýsir það svolítið Samkeppnisstofnun.

[12:57]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú þannig að Alþingi veitir fjármagn til Samkeppnisstofnunar til að vinna þau verk sem hún á lögum samkvæmt að vinna. Það hefur verið af skornum skammti og það vitum við. En þessi skýrsla sem fyrrv. hv. þm. Sighvatur Björgvinsson lét vinna var afarmikilvægt tæki til að koma í veg fyrir hringamyndun og fákeppni á markaði sem ég get tekið undir, hvað varðar verslun með matvæli, að er orðin ógnvænleg. Nú þegar hefur þetta þýtt að búið er að loka verslunum t.d. í nokkrum þorpum þar sem íbúar eru fleiri en 500 og það bitnar auðvitað verst á þeim sem síst skyldi, öldruðum sem ekki geta farið langar leiðir til þess að versla og þurfa að kaupa vörur á uppsprengdu verði í söluskálum.

En það er nauðsynlegt að Alþingi veiti fjármagn til skýrslunnar sem Samfylkingin hefur farið fram á að verði endurnýjuð og uppfærð.

[12:58]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að Samkeppnisstofnun eigi ekki að eyða tíma sínum í skýrslugerð heldur vinna að því að athuga hvort allt sé með felldu í sambandi við þróun á smásöluverði í matvöru. Það hefur komið fram í ræðum þingmanna sem talað hafa að þeir ætlast til þess að stjórnvöld aðhafist eitthvað í málinu og hafa varpað sök á stjórnvöld.

Tæki stjórnvalda til að fylgjast með því að samkeppni sé eðlileg og verðlag eðlilegt í fákeppni er Samkeppnisstofnun og þess vegna beinast ummæli þingmanna að starfsemi þeirrar stofnunar. Þess er að vænta að þeir sem bera ábyrgð á rekstri hennar taki tillit til þeirra óska sem héðan koma og ég vil segja að séu einróma.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:00]

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, 27. mál, þáltill. BH o.fl., þskj. 27.

Neysluvatn, 13. mál, þáltill. KF, þskj. 13.

Ójafnvægi í byggðamálum, 29. mál, þáltill. JÁ o.fl., þskj. 29.

Sveitarstjórnarlög, 15. mál, frv. MF o.fl., þskj. 15.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 8. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 8.

Umræður utan dagskrár.

Velferð barna og unglinga.

[13:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs og beini máli mínu til hæstv. félmrh. Eins og fram kom er umræðuefnið velferð barna og unglinga.

Hæstv. félmrh. fer með barnaverndarmál og undir hann heyrir Barnaverndarstofa en auðvitað á þessi málaflokkur sér víða samastað í Stjórnarráðinu og kemur inn á velflesta málaflokka. Þannig fara ráðuneyti dómsmála, heilbrigðismála, menntamála og jafnvel forsætisráðuneytið með viðamikla málaflokka sem undir þetta heyra.

Herra forseti. Þó að margt sé mjög gott í okkar ágæta samfélagi og allur þorri fólks búi við viðunandi afkomu og mannsæmandi aðstæður er það engu að síður staðreynd að svo gildir ekki um alla. Við erum af og til minnt á ýmsar brotalamir í velferðarkerfi okkar, á að fjöldi fólks nær vart endum saman. Þúsundir fjölskyldna búa við erfiðar aðstæður. Vinnudagur á Íslandi er langur og við getum væntanlega öll gert okkur í hugarlund, ef við þekkjum það ekki af eigin raun eða úr okkar nánasta umhverfi, t.d. hagi einstæðra foreldra sem vinna hörðum höndum að því að afla tekna til að framfleyta fjölskyldum sínum og þá er lítill tími eftir til samskipta við börnin og til að sinna foreldrahlutverkinu.

Margt er því miður, herra forseti, þess eðlis að erfitt er um það að ræða en við hér á hinu háa Alþingi — allra síst við — getum skorast undan því að ræða um þau mál þó viðkvæm séu. Hlutir eins og kynferðisleg misnotkun á börnum og sjálfsvíg ungmenna eru að sjálfsögðu ekki skemmtileg umfjöllunarefni. Um þá er vandasamt að tala á þann hátt að vel fari. Hins vegar getum við ekki látið sem vandamálið sé ekki til. Það hverfur ekki þó þagað sé um það.

Ég ætla að vona að engum detti í hug að snúa þannig út úr þessari umræðu að hún sé til þess gerð að kenna einum um öðrum fremur, sakast við einn stjórnmálaflokk eða núverandi stjórnvöld frekar en aðra. Þessi viðfangsefni eru vonandi yfir slíkt hafin.

Ég tel, herra forseti, að ýmislegt sem fram hefur komið að undanförnu eigi að vera okkur hvatning til þess að takast á við þessa hluti og ræða. Hvað má betur fara, hvað getum við gert til þess að búa betur að börnum og ungmennum í landinu og reyna að hindra, eftir því sem kostur er, að þeir hlutir eigi sér stað sem við vitum að geta gerst í þessum efnum?

Nýlega komu fram skýrslur og rannsóknarniðurstöður sem gefa okkur tilefni til að fara yfir þessa hluti. Ég nefni í fyrsta lagi rannsóknarniðurstöður Hrefnu Ólafsdóttur félagsráðgjafa, sem unnin er í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, og gefa skýrar vísbeningar um að kynferðisleg misnotkun á börnum sé ískyggilega algeng hér á landi, jafnvel algengari en í nágrannalöndunum eins og Danmörku og Noregi. Með öllum þeim fyrirvörum sem hafa verður á slíkum könnunum sökum þess hversu vandasamar þær eru er engin leið að horfa fram hjá því að þarna birtast mjög alvarlegar vísbendingar.

Ég nefni í öðru lagi skýrslu landlæknisembættisins um sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir íslenskra ungmenna. Þar eru niðurstöðurnar þær, sem við því miður þekkjum frá fyrri tíð, að tíðni sjálfsvíga er hér mjög há. Þetta er jafntítt eða jafnvel algengara en í öðrum löndum þar sem þetta vandamál er útbreiddast.

Ég nefni í þriðja lagi rannsóknarniðurstöður Jóns Torfa Jónassonar og Kristjönu Stellu Blöndal um ungt fólk og framhaldsskólann þar sem fram kemur að brottfall unglinga úr framhaldsskólum er ískyggilega hátt hér á landi. Fram kemur að ískyggilega stór hluti barna telur sig hafa átt slæma vist í efstu bekkjum grunnskólans, að þar hafi sér liðið illa.

Ég nefni að síðustu skýrslu umboðsmanns barna þar sem margar athyglisverðar ábendingar er að finna.

Ég leyfi mér því, herra forseti, að leggja spurningar fyrir hæstv. félmrh. í þessu sambandi.

1. Hvert er mat félmrh. á stöðu mála hvað varðar velferð, uppeldisskilyrði og almennar aðstæður barna og unglinga hér á landi, m.a. í ljósi þessara skýrslna?

2. Telur félmrh. þörf á sérstökum aðgerðum til að bæta uppeldisskilyrði og tryggja betur velferð barna og unglinga en nú er gert og hverjar væru þær helstar?

3. Hvernig er háttað samstarfi þeirra ráðuneyta sem fara með mikilvægustu málaflokka er varða velferð barna og unglinga?

[13:37]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þegar stórt er spurt verður oft lítið um svör.

Varðandi kynferðislegt ofbeldi eru þessar fréttir sem borist hafa af könnun Hrefnu Ólafsdóttur hræðilegar. Við í ráðuneytinu höfum ekki séð neina skýrslu þar um eða gögn frá Hrefnu. Að vísu hefur verið sóst eftir því, bæði frá ráðuneytinu og Barnaverndarstofu. Við vitum ekki hvernig spurt var eða hvaða mælistika var lögð á svörin og við vitum heldur ekki hverjir það voru sem ekki svöruðu. Það er hægt að ímynda sér að þeir sem ekki hafa orðið fyrir neinum áföllum af þessu tagi hafi trassað það að svara. En jafnvel þó að þeir væru allir á þurru landi þá eru tölurnar samt óhugnanlegar þó að við tækjum ekki nema þessi 50%.

Að sumu leyti rímar þetta við þá reynslu sem fengist hefur í Barnahúsi um ýmsa þætti. Tveir þriðju fórnarlambanna eru undir tólf ára aldri. Það kemur heim og saman við hvernig tengslin við gerandann eru yfirleitt, að gerandinn sé yfirleitt í fjölskyldunni eða fjölskylduvinur. Fjórði partur gerenda er undir tvítugu og fimmti partur undir 18 ára.

Rannsóknir á dönskum brotamönnum sýna að yfir 50% þeirra hófu brotaferil sinn yngri en 18 ára. Það er auðvitað mjög mikilvægt að reyna að þróa meðferð á þessum strákum. Á vegum Barnaverndarstofu er eitt meðferðarheimili sem sérstaklega einbeitir sér að þess háttar meðferð. Í ráði er að koma upp göngudeild í Barnahúsi fyrir þá sem sýna einhverja hneigð í þessa átt.

Varðandi sjálfsvígin þá liggur fyrir skýrsla frá landlæknisembættinu. Það er eðlilegra að ræða hana við heilbrrh. en hún er vissulega skuggaleg. Þetta virðist ganga í faröldrum og einstöku ár skera sig úr og jafnvel landsvæði. Það er átak í gangi á vegum landlæknisembættisins til þess að reyna að stemma stigu við þessu en ég held að það væri ráð, í framhaldi af þessari umræðu og þessari skýrslu, að reyna að koma upp rannsóknarnefnd dauðsfalla barna sem rannsakaði einfaldlega dauðsföll allra barna sem látast. Þar gætu verið fulltrúar barnaverndaryfirvalda, landlæknis, lögreglu og jafnvel ákæruvalds. Starf svona rannsóknarnefndar gæti orðið til forvarna.

Ef Barnaverndarstofa fær grun um að unglingur eða barn sé að hugleiða sjálfsvíg er sett í gang sérstakt ferli til að reyna að fylgjast með og koma í veg fyrir að eitthvað komi fyrir. En þessir unglingar hafa það yfirleitt sammerkt að þeir hafa lent í félagslegri einangrun eða einelti eða í vímuefnanotkun. Stuðningur foreldra skiptir geysilega miklu máli og ekki verður of mikil áhersla lögð á hlutverk fjölskyldunnar og hinna nánustu. Í þessu sambandi er afar mikilvægt að styðja ungmennið.

Varðandi brottfallið úr skóla er það náttúrlega málefni sem heyrir undir annað ráðuneyti. Ég vil þó taka fram að framhaldsskólanám er ekki skylda. Það er frjálst val. Könnunin sem Jón Torfi Jónasson prófessor byggir á var gerð á einum árgangi. Ýmislegt getur orðið til þess að krakkar hætti við framhaldsnám. Samkvæmt Gallup-könnun sem gerð var fyrir nokkrum árum lét tíunda hver bændafjölskylda ekki barn í framhaldsnám eða barn hvarf frá framhaldsnámi af efnahagsástæðum. Þarna getur framboð á vinnu, breyttar neysluvenjur, námsörðugleikar og viðhorf fjölskyldu líka átt sinn þátt.

[13:42]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Undanfarið hafa borist úr ýmsum áttum alvarlegar vísbendingar um aðbúnað og líðan fjölda barna og ungmenna. Nýlegar kannanir benda til að kynferðisleg misnotkun á börnum sé meiri hér en áður var talið. Fleiri falla fyrir eigin hendi en í umferðarslysum og sjálfsvígstilraunum ungmenna fer fjölgandi. Brottfall er meira úr framhaldsskólum en í nágrannalöndum okkar og einelti er viðvarandi vandi. Við þessu verður að bregðast.

Niðurstöður nýlegrar rannsóknar á kynferðislegri misnotkun á börnum hér á landi eru ískyggilegur vitnisburður um þjóðfélagsmein sem uppræta verður með öllum tiltækum ráðum. Á hverju ári er sálarheill og hamingju fjölda ungmenna stefnt í voða vegna misnotkunar sem oftar en ekki liggur í þagnargildi. Það er skylda stjórnvalda að bregðast við þessum niðurstöðum með ábyrgum hætti og fagna ég áhuga félmrh. á því.

Alþingi hefur samþykkt að mótuð skuli heildarstefna í málefnum barna og unglinga. Þeirri vinnu verður að hraða. En stefnumótun dugar þó skammt ef foreldrum er ekki gert kleift að veita börnum sínum viðunandi aðbúnað og viðurværi. Góð lífsskilyrði í uppvexti er mikilvægur þáttur fyrir líðan barns. Það er óþolandi og okkar velferðarsamfélagi til vansa að foreldrar skuli þurfa að bíða í röðum eftir aðstoð líknarfélaga og hjálparstofnana til að geta búið börn sín skammlaust í skólann. Bág kjör fjölda barnafólks, einstæðra foreldra og ekki síst öryrkja og barna þeirra er stór hluti

vandans. Á honum verða stjórnvöld að taka þegar í stað.

[13:44]

Ásta Möller:

Herra forseti. Börnin eru okkar dýrmætasta eign og velferð þeirra skiptir okkur öllu máli. Á fyrstu árum ævinnar er grunnur lagður að framtíð einstaklingsins.

Tilefni umræðunnar í dag eru ýmsar skýrslur og rannsóknir sem birst hafa að undanförnu þar sem aðstæður og aðbúnaður barna er til umfjöllunar. Velferð barna er fyrst og fremst á ábyrgð foreldra og forráðamanna.

Rannsóknir benda til að gæði samskipta foreldra og barna, stuðningur og hvatning foreldra við börn sín að stunda heilbrigða lifnaðarhætti skipti sköpum um þroska þeirra og velferð. Stjórnvöld geta aldrei komið í stað þessa grundvallaratriðis. Hins vegar geta stjórnvöld með aðgerðum sínum eða aðgerðarleysi ýmist stutt við eða grafið undan hlutverki foreldra og forráðamanna barna. Þá verða stjórnvöld að sjá börnum fyrir úrræðum þegar forráðamenn bregðast.

Ýmsar ákvarðanir hafa verið teknar á hinu háa Alþingi og í ráðuneytum á síðustu missirum til að bæta hag barna og ungmenna. Fáein atriði vil ég nefna. Nú er t.d. að störfum nefnd undir stjórn hv. þm. Drífu Hjartardóttur sem vinnur að heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga. Þá hefur hæstv. menntmrh. nýverið skipað mig formann nefndar sem á að gera úttekt á stöðu félags- og tómstundamála barna og unglinga.

Á síðasta þingi var afgreidd þáltill. mín um heilsuvernd í framhaldsskólum sem miðar að auknum faglegum stuðningi heilbrigðisstarfsmanna við ungmennin. Þá verður lagt fram frv. til nýrra barnalaga á næstu dögum þar sem m.a. staða barna sem beitt eru ofbeldi af hendi foreldra sinna er bætt verulega en dómsmrh. hefur að undanförnu lagt til ýmsar breytingar sem bæta réttarstöðu barna. Ráðherra hyggst t.d. leggja til breytingu á hegningarlögum þar sem lagt er til að þyngja viðurlög við kynferðisafbrotum gagnvart börnum en þegar hafa verið gerðar breytingar þar sem þyngd eru viðurlög við barnaklámi.

Að lokum vil ég einnig nefna að tekið hefur verið á málum langveikra barna á þessu kjörtímabili og að nýr barnaspítali verður tekinn í notkun innan tíðar.

[13:47]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. málshefjanda Steingrími J. Sigfússyni fyrir að færa þetta mál inn í umræðu á Alþingi.

Nýverið höfum við fengið margvíslegar vísbendingar um aukna mismunun barna og unglinga á Íslandi. Sú ríkisstjórn sem í fjárlagafrv. sínu klifar ár eftir ár á stöðugleika og efnahagsuppsveiflu stjórnar nefnilega með þeim hætti að bil milli ríkra og fátækra eykst stöðugt hér á landi. Því miður búum við ekki lengur í stéttlausu þjóðfélagi þar sem aðstæður fólks eru svipaðar heldur er að myndast gjá milli þjóðfélagshópa þar sem sumir fá þjóðarauðlindirnar gefins á meðan aðrir eiga vart til hnífs og skeiðar.

Niðurstöður kannana hafa oft sýnt að þeir sem erfiðast eiga uppdráttar í þjóðfélaginu eru einmitt þeir sem eiga rétt á launum, þ.e. bótum eða öðrum stuðningi frá hinu opinbera, t.d. öryrkjar, hluti ellilífeyrisþega, ungar, ómenntaðar, einstæðar mæður og síðast en ekki síst ungmenni sem búa við fjárhagslega og félagslega erfiðleika, bæði á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu.

Við vitum að stór hópur öryrkja getur ekki unnið og þarf því að lifa af bótum sem duga á engan hátt til framfærslu. Hvernig skyldi börnum þessa fólks vegna? Hafa þau sömu möguleika og önnur börn til að leggja stund á íþróttir og aðrar tómstundir sem ungu fólki standa til boða?

Ég vil í þessu sambandi vekja sérstaka athygli á velferð barna og unglinga meðal innflytjenda á Íslandi. Fram hefur komið að við stöndum frammi fyrir því að hér geti myndast hópar ungmenna sem eru utanveltu í þjóðfélaginu líkt og hefur gerst erlendis ef ekki er lögð sérstök rækt við að hlúa að börnum innflytjenda í skólum og í samfélaginu almennt.

Þau börn og unglingar sem helst líða fyrir fátækt á Íslandi fara á mis við lífsgæði sem börn hinna betur settu eiga aðgang að. Félagslegir erfiðleikar fólks eru samt sem áður ekki bundnir við fátækt, síður en svo. Hin harða krafa samfélagsins um að báðir foreldrar vinni langan vinnudag til að framfleyta fjölskyldunni veldur því að sífellt minni tími gefst til samveru fjölskyldunnar og það bitnar harðast á börnunum. Félagslegar afleiðingar þess geta orðið þeim fjötur um fót, jafnvel þó að fjárhagsleg afkoma sé tryggð með vinnu beggja foreldranna.

[13:49]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Á skömmum tíma hafa komið fram alvarlegar vísbendingar eða staðfestingar á að mjög margar brotalamir eru í velferðarkerfi okkar. Þetta á ekki síst við um þá þætti sem snúa að börnum og unglingum. Málefni barna og unglinga heyra ekki undir einn ákveðinn málaflokk eða ráðherra, stofnanir eða stjórnsýslustig og því getur verið erfitt að taka á þeim nema til komi vilji til samstarfs og að deila ábyrgð.

Samþætting mismunandi þjónustuaðila eins og skóla, heilsugæslu, þjónustu við fatlaða, lögreglu, frjálsra félagasamtaka og félagsþjónustu sveitarfélaga er að mestu í lausu lofti. Þessu verður að breyta og finna samnefnara ef það á að koma á formlegu samstarfi allra þessara aðila í hverju sveitarfélagi eða skilgreindu svæði svo hægt sé að fylgja málum eftir. Það að ekki skuli vera formlegt samstarf þeirra aðila sem oftast koma að félagslega erfiðum málum, veldur því að mál ná oft að þróast á neikvæðan hátt, mál sem hægt hefði verið að bæta með betra samstarfi og fleiri félagslegum úrræðum.

Herra forseti. Ekki þarf að taka fram að mörg þessara mála leysast ekki eingöngu með tilkomu betra samstarfs. Það þarf fjármagn. Það þarf aðgengi að fagfólki svo að dæmið gangi upp.

Sveitarfélögin hafa á skömmum tíma tekið að sér stóran hluta félagsþjónustunnar í landinu. Þau eru fjárhagslega og faglega misvel sett til þess að sinna sívaxandi þörfum og auknum kröfum um félagsleg úrræði. Fjárhagsstöðu þeirra verður því að styrkja frá því sem nú er. En á síðustu árum hefur myndast menningar- og efnahagsleg gjá sem virðist vera að víkka milli fjölskyldanna í landinu og það kemur ekki síst niður á börnunum. Þetta hefur berlega komið fram í mörgum könnunum sem snerta hagi barna og fjölskyldufólks. Í því sambandi má nefna að þeim foreldrum fer fjölgandi sem ekki hafa efni á að mennta börn sín eða borga fyrir tómstundastarf. Brottfall nemenda úr framhaldsskólum er mikið. Neysla vímuefna er mikil. Vanlíðan og depurð virðist aukast bæði hjá fullorðnum og börnum og svo mætti lengi telja.

[13:52]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir að taka upp þessa umræðu. Uppeldisskilyrði barna hafa breyst mjög mikið á síðustu áratugum. Um það velkist ekki nokkur maður hér inni í vafa. Áreitin eru afar mörg og skilaboðin í samfélaginu mjög misvísandi til þess unga fólks sem er að alast upp í dag. Það segir sig sjálft að oft er erfitt fyrir ungt fólk að standast allar þær kröfur sem til þess eru gerðar. Freistingarnar eru miklar og því miður falla of mörg börn fyrir þeim. Þau eiga að vera flott. Þau eiga að vera vel klædd, stundum börn, stundum fullorðin. Þau eiga að hafa allt til alls en hafa það ekki. Þau þurfa að vinna en eiga samt að vera í skóla. Auðvitað lætur eitthvað undan í öllu þessu. Það segir sig líka sjálft.

Ekki er litið á nám sem vinnu. Kostnaður við skólagöngu verður æ meiri og við sjáum það núna t.d. á tölvukaupum þar sem lítið af styrkjum kemur á móti þannig að það er mál sem þarf að skoða. Brottfallið verður að sjálfsögðu meira líka og vandamálin verða alvarlegri, margbreytilegri, en um leið kannski sýnilegri þannig að það gefur okkur borð fyrir báru að bregðast við þeim.

Ég vil líka, eins og aðrir hér, nefna þessar tvær nýjustu rannsóknir sem er talað mikið um í bænum. Þær sýna auðvitað óhugnanlegar staðreyndir um raunveruleika barna og ungmenna í landinu. Það er annars vegar skýrslan um sjálfsvígin og síðan skýrslan um kynferðislega misnotkun. Við báðum þessum alvarlegu skýrslum þarf að sjálfsögðu að bregðast með úrræðum og hugmyndum sem m.a. eru settar fram í þessum skýrslum.

Lykilorðin eru þrjú. Það eru forvarnir, það eru forvarnir og það eru aftur forvarnir. Þannig getum við stuðlað að góðum málum.

Ég bíð mjög spennt eftir niðurstöðum nefndar sem nú vinnur að heildarstefnumótun í málefnum barna og ungmenna sem er til komin vegna tillögu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttir ásamt fleirum. Hún er loksins komin í fína vinnslu í vinnuhópi þannig að ég lít bjartari augum fram á veginn og það eigum við líka að gera.

[13:54]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil taka undir þakkir annarra hv. þm. til hv. frummælanda. Okkur hafa nýverið borist til eyrna fréttir af uggvænlegum skýrslum sem hér hafa verið ræddar og þær tengjast allar saman.

Menn hafa ekki rætt hér þá þróun sem hefur orðið í þjóðfélaginu að börn fara að heiman allt niður í sex mánaða aldur og fjölskyldutengslin verða ekki eins náin og þau voru hugsanlega áður. Einnig lifa börn meira og minna í rafrænum heimi. Ég hugsa að yfir helmingur vökutíma venjulegs barns á Íslandi sé í rafrænum heimi, sjónvarpi, vídeói, tölvu og netinu. Þetta hlýtur að hafa mikil áhrif og þetta má líta á sem ákveðna tilraun sem verið er að gera á heilli kynslóð um allan heim.

Þá kemur til nýorðinn fíkniefnavandi heimilanna, foreldranna, sem hlýtur að skaða viðkomandi börn afskaplega mikið. Einelti í skólum er svo sem ekki nýtt vandamál en það stafar líklega af agaleysi. Síðan er námsleiði mjög ríkur meðal barna í skólum.

Öllu þessu þurfum við að vinna bug á. Við hv. þm. setjum reglurnar sem þjóðfélagið vinnur samkvæmt. Við höfum gert ýmislegt. Við höfum t.d. komið á fæðingarorlofi sem ætti að gera foreldrum kleift að mynda nánari tengsl við börn sín. Við höfum komið á foreldraorlofi. Við höfum afgreitt barnaverndarlög og við erum enn að vinna og þurfum að gera enn meira. En þrátt fyrir þetta sem við ræðum hér í dag, vandamálin og lausn þeirra, megum við ekki gleyma því að íslensk ungmenni eru almennt séð mjög mannvænleg og ég hef mikla trú á framtíðinni í þeirra höndum.

[13:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og þær undirtektir sem hér hafa verið. Ég þakka hæstv. félmrh. hans svör. Ég fagna sérstaklega þeirri hugmynd sem hann varpaði hér fram um að stofnuð yrði sérstök rannsóknarnefnd til að rannsaka dauðsföll barna og unglinga. Ég tel að það sé mjög góð hugmynd og vona að að henni verði unnið og henni hrint í framkvæmd. Enginn vafi leikur á því að slíkt gæti haft margvíslegt gildi, sérstaklega í forvarnaskyni.

Ég endurtek, og tek þar undir með hv. síðasta ræðumanni, að að sjálfsögðu eru aðstæður alls þorra barna og ungmenna hér góðar. Við erum að ræða þau frávik sem frá því eru. En þau eru líka staðreynd og þau verðum við að horfast í augu við og ræða. Ég hvet eindregið til þess að menn láti ekki hér staðar numið. Ég held að þessar niðurstöður ýmsar úr rannsóknum og skýrslum sem við höfum verið að gera að umtalsefni gefi okkur ærið tilefni til að halda áfram umræðum og vinnu að þessum málum. Ég hvet t.d. til þess að viðkomandi þingnefndir, félmn., heilbr.- og trn., allshn. og menntmn. sérstaklega, taki þessar skýrslur fyrir, hver á sínu sviði. Ég lýsi einnig eftir hugmyndum um betra samstarf eða meiri samræmingu á starfi innan Stjórnarráðs Íslands sem lýtur að málefnum barna og unglinga og velferð þessara hópa. Ég tek sérstaklega undir með hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni. Það er sannarlega ástæða til að skoða sérstaklega aðstæður og hagi barna og unglinga í fjölskyldum af erlendu bergi brotnum. Ef við tölum t.d. um brottfall unglinga úr námi og ekki síst úr framhaldsskólunum þá liggja fyrir ískyggilegar tölur um að það er langmest meðal þessara fjölskyldna.

Ég endurtek svo þakkir mínar fyrir þessa umræðu og vona að henni verði fylgt eftir.

[13:58]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Um leið og ég þakka fyrir þessa umræðu vil ég láta það koma fram að það er mín skoðun líka að ástand íslenskra ungmenna sé yfirleitt gott. Það eru hins vegar undantekningar og við þurfum að veita þeim sérstaka athygli. Við gerum reyndar ýmislegt til þess að reyna að koma í veg fyrir að illa fari. Við höfum nýlega sett barnaverndarlög. Við starfrækjum Barnahús og þar hafa 500 einstaklingar á fjórum árum fengið aðstoð. Sú starfsemi hefur vakið athygli víða um lönd. Það er þó ekki stjórnvalda einna að ráða við þennan vanda. Það þarf stuðning fjölskyldu, mikilvægan stuðning. Hann er mikilvægastur af öllu. Fæðingarorlofslögin nýju ættu að styrkja fjölskylduböndin.

Varðandi brottfallið þá er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að sérstakan gaum þarf að gefa börnum sem eru af erlendu bergi brotin. Það er ískyggilegt hvað brottfall þess hóps í framhaldsskólum er mikið og sýnir það líka hve mikil ástæða er til þess að leggja áherslu á tungumálið.

Þó að fólk hætti í skóla er ekki eins og það sé glatað. Ýmsar aðstæður geta orðið til þess að það fari úr skóla. Það er líka

áhyggjuefni hvað sumir skólar eru vannýttir þar sem fyrst og fremst er um verkmenntun að ræða, t.d. Sjómannaskólinn.

Ég nefni líka starfsmenntun. Margt af þessu fólki fer aftur til náms þótt það geri hlé um sinn. Ég nefni Fjölsmiðjuna þar sem 40 unglingar sem hafa gefist upp í námi eru við nám núna og eru að ná sér á strik.

Matvælaverð á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 3. mál. — Þskj. 3.

[14:01]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Við tökum nú aftur til umræðu till. til þál. sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir og Össur Skarphéðinsson flytja um athugun á orsökum fyrir háu matvælaverði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins. Þessi tillaga er framhald umræðu sem varð á síðasta þingi þar sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir lagði fram fyrirspurn um samanburð á matvælaverði eða þróun matvælavísitölunnar hér og á Norðurlöndunum þar sem fram kom að matvælaverð er hátt. Við vissum það reyndar, það eru engin ný sannindi eins og hefur heyrst hér í ræðustól í morgun og heyrðist reyndar í sjónvarpsþætti fyrir stuttu, í Kastljóssþætti, þar sem einn spyrjandi sagði: „Bíddu, er þetta ekki eitthvað sem við höfum alltaf vitað?“ Það lá næstum því í orðunum að þetta væri bara eitthvert lögmál sem við ættum ekki að eyða svo miklum tíma í.

En Samfylkingin hefur kynnt áherslur sínar á þessu þingi sem nú er rétt að hefjast og þar leggjum við m.a. megináherslu á kjör fólksins í landinu, fjölskyldnanna, og þá kannski ekki síst á kjör ungs fjölskyldufólks sem er að koma sér þaki yfir höfuðið. Húsaleigan er há, lánin dýr, vextirnir háir og við höfum einnig sagt að það þurfi að taka til sérstakrar skoðunar hvað matvælaverð er allt annað hér en á Norðurlöndunum.

Nú vill svo til að þegar þessari fyrirspurn hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur er svarað hér er í undirbúningi skýrsla sem unnin er af norsku Hagstofunni þar sem verið er að bera saman verðlag á matvælum á Norðurlöndum og í Þýskalandi og í Evrópusambandinu á árunum 1994–2000. Og það er svo merkilegt að þessi skýrsla er ekki að beiðni Samfylkingarinnar. Þarna tóku Norðmenn það á sig að skoða þetta sérstaklega og vildu þá skoða um leið þá þróun sem hefur átt sér stað innan Evrópusambandsins og hvernig Noregur og Norðurlöndin í heild og Þýskaland kæmu inn í þá þróun sem þar hefur átt sér stað. Sjálfsagt hafa menn þá líka verið að velta fyrir sér áhrifum evrunnar þegar hún kæmi til sögunnar, og eftir því sem ég best veit ætla þeir að vera með þessar skýrslur sínar uppfærðar.

Nú bregður svo við að hér hafa staðið upp hv. þm. sem ég hafði satt að segja trú á að mundu fyrst og fremst fagna því að þessi mál yrðu skoðuð, hvort sem um er að ræða heimatilbúinn vanda, há flutningsgjöld erlendis frá eða innan lands og hvernig á því stendur að matvælaverð er svona hátt hér. Það hlýtur að vera baráttumál okkar allra að laga það og bjóða fjölskyldum landsins kjör sambærileg við þau sem gerist hjá öðrum Evrópuþjóðum. Nei, það er aldeilis ekki nógu gott. Og hvers vegna? Vegna þess að við viljum láta skoða það sérstaklega með tilliti til þess að Norðurlöndin eiga ekki öll sambærilega aðild að Evrópusambandinu. Þá er umræðan allt í einu orðin Evrópusambandsumræða. Og það er sérstaklega þingflokkur Vinstri grænna sem fer undir öllum kringumstæðum með öll mál inn í þá umræðu, og merkilegt að þeir skuli ekki hafa gert sér grein fyrir því, ef þeir hafa lesið greinargerðina, að þessi sérstaka úttekt sem gerð var af norsku Hagstofunni var ekki að beiðni Samfylkingarinnar. Hún var gerð fyrst og fremst vegna þess að þar eru menn að gera raunhæfar athuganir á matvælaverðinu, örugglega í þágu fjölskyldnanna í því landi. Og það er það sem við erum að fara fram á að verði gert hér.

Því vekja þessi viðbrögð nokkra furðu, svo ekki sé meira sagt, að blanda þessu svona saman og reyna að gera umræðuna tortryggilega, og þessa góðu og merku tillögu sem mun örugglega skila sér í því að það verður tekið á varðandi þróun matvælaverðs hérna. Þá verður væntanlega líka tekið á hver framleiðslukostnaðurinn er. Hvað er það sem skilar sér til framleiðendanna og hvað hirða milliliðirnir? Þá verður svarað þeim spurningum sem hv. þm. Halldór Blöndal setti fram um það hvort um óeðlilega samþjöppun í matvöruverslun væri að ræða. Allir þessir þættir hljóta að verða teknir til skoðunar. Og að gera það að einhverju Evrópusambandsmáli þegar verið er að tala um kjör fjölskyldnanna í landinu er náttúrlega bara fáránlegur útúrsnúningur og ekkert annað.

Nokkrir þingmenn hafa komið inn á það að verðið á landbúnaðarvörum skili sér ekki til bændanna. Það er alveg rétt enda kom það fram hjá hv. 1. flm., Rannveigu Guðmundsdóttur, að af þeim 11–15 þús. manns sem hér búa við hreina fátækt eru bændur stór hluti. Og breytingar sem gerðar voru eftir að grænmetisnefndin svokallaða skilaði tillögum sínum og Alþingi gekk frá þeim málum skiluðu sér sannarlega í lægra vöruverði til neytenda. En það sem við þurfum þá að skoða sérstaklega er hvernig framleiðendurnir standa eftir. Við höfum farið fram á það að Ríkisendurskoðun skoði hvernig þessar tillögur skiluðu sér til neytenda en ekki síður til framleiðenda. Ég held að nauðsynlegt sé að við skoðum af fullri alvöru þær tillögur sem þar um ræðir því þar var líka um greiðslur til bænda að ræða. Í þeim tillögum var lagt til að veitt yrði heimild til úreldingar garðyrkjustöðva og það er auðvitað umhugsunarvert fyrir okkur sem hér stöndum hversu margir sóttu um úreldingu að fullu og eru að hætta framleiðslu. Það segir okkur að þær ráðstafanir sem gripið var til duga ekki til að þessir bændur geti séð sér og sínum farborða.

Það er líka dálítið merkilegt þegar skoðuð er ráðgjöf frá Runólfi Sigursveinssyni, Búnaðarsambandi Suðurlands, í plaggi frá 18. apríl 2002, þar sem hann fer einmitt yfir tekjur og rekstrarmöguleika þeirra sem eru með framleiðslu á nautakjöti. Hann tekur dæmi af því hvernig framleiðslukostnaður í sérhæfðu nautaeldi er. Hann segir:

„Reiknum með 50 nautum í slátrun á ári og 270 kílóum í meðalfallþunga og að meðalverð til bóndans sé 330 kr. á kíló sem miðað við stöðuna í dag er mjög hátt verð. Breytilegur kostnaður er áætlaður um 35%. Hálffastur kostnaður sé ein millj. kr. á ári.“ Og hann segir: „Brúttótekjurnar eru 4.455 þús., breytilegur kostnaður rúmlega 1,5 millj., hálffastur kostnaður milljón, vextir og afborganir, ef miðað er við að búið sé með 10 millj. kr. lán, er 1.750 þús.“ Hver er mismunurinn til að greiða laun? Hann er 146 þús. Það kemur líka fram þarna að smásalan hirðir 34% af því sem bóndinn ætti að fá eða af framleiðslukostnaðinum í heild. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér bara að biðja um orðið aftur. Ég er ekki nærri búin.

[14:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég varð undrandi á viðbrögðum hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur, að bregðast þannig við umræðum og ábendingum varðandi þessa tillögu eins og við urðum vitni að áðan. Það er ákaflega erfitt ef ekki má ræða dagskrármálin eins og þau liggja fyrir. Eðlilega hafa margir velt þeim þætti þessa máls upp sem tillagan sjálf kveður á um, að skoða eigi sérstaklega mismunandi tengsl Norðurlandanna, þ.e. Íslands og annarra landa, við Evrópusambandið. En má ekki ræða það? Hvers vegna bregðast þingmenn Samfylkingarinnar, einkum og sér í lagi hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, svo við sem raun ber vitni, meira að segja við málflutningi manna sem eru jákvæðir í garð tillögunnar sem slíkrar? Er það illa séð almennt af Samfylkingunni að henni bætist liðsmenn? Og er það illa séð að menn komi með ábendingar um hvernig tillagan mætti jafnvel vera betur úr garði gerð eins og ég gerði?

Ég sagði t.d. að væri á annað borð farið út í þessa könnun væri, að mínu mati, betra að hún væri víðtækari en þrengri, betra að hún tæki til vöruverðsins í víðara samhengi og jafnvel verðlagsins almennt þannig að mismunandi aðstæður landa, kaupmáttur og laun, væru þá líka með. Ella er þetta svo erfitt og segir svo takmarkaða sögu. Það er nefnilega ekki þannig að við getum annars vegar haft í einu landi íslenskt kauplag, íslenskt launastig, og hins vegar suður-evrópskt verðlag. Það gengur yfirleitt ekki upp. Þetta tvennt helst yfirleitt í hendur af skiljanlegum ástæðum.

Síðan hafa menn velt hér upp ýmsum flötum á því hvar skýringanna sé að leita. Er eitthvað að því að menn bendi á að auðvitað þurfi að skoða fleira en þá þætti þessa máls eina og sér sem lúta að matvælaverðinu eða aðgangi eða ekki aðgangi að markaði Evrópusambandsins fyrir matvæli? Ég tel enga ástæðu til að fyrtast við eins og Samfylkingin hefur hér gert, eða hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. Það finnst mér vera óþarfaviðkvæmni. En kannski á hún sér skýringar.

[14:12]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það voru fleiri hv. þm. Vinstri grænna sem tóku til máls við þessa umræðu og reyndu, að mínu mati — kannski er það misskilningur — að gera það eitthvað tortryggilegt að skoðuð væri mismunandi aðkoma Norðurlandanna að Evrópusambandinu og þá að teknu tilliti til þeirrar þróunar sem á sér stað varðandi matvælaverðið. Útvíkkunin sem hv. þm. Steingrímur Jóhann Sigfússon talaði um áðan er engin vegna þess að tillagan felur þetta allt í sér, að allir þættir verði skoðaðir og allar orsakir yrðu skoðaðar nákvæmlega. Það er það sem við erum að fara fram á að verði gert til þess, fyrst og síðast, að stuðla að því að hér búum við við sambærilegt verð á matvælum á Norðurlöndunum og í Evrópusambandslöndunum sem eru þrátt fyrir allt okkar nánustu samstarfslönd.

[14:13]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Athuganir Rannveigar Guðmundsdóttur á þróun matvælaverðs á Íslandi í samanburði við Norðurlöndin og Evrópusambandslöndin hafa leitt ýmislegt athyglisvert í ljós eins og hér hefur verið rakið mjög ítarlega í umræðunni í morgun, m.a. með vísan til kannana sem norska Hagstofan hefur látið gera. Þar kemur í ljós að matvælaverð hér á landi á árinu 2000 var 69% hærra en í Evrópusambandslöndunum sem borið var saman við. Talan er yfirleitt á bilinu 60–80% þegar einstakir matvælaflokkar eru skoðaðir fyrir utan sjávarafurðir þar sem munurinn er minni.

Þetta er nú staðreynd málsins, herra forseti, og ég vil taka undir það með hv. síðasta ræðumanni að mér þykir svolítið einkennilegt hversu hvumpnir sumir þingmenn eru gagnvart þessari tillögu. Einkum vekur undrun mína hversu hvumpnir hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru. Ég hlustaði reyndar ekki á ræðu hv. þm. Steingríms Sigfússonar en ég hlustaði á ræðu hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar í morgun, í andsvari líklega, þar sem hann kom inn í þessa umræðu. Mér þótti sem ekki væri mikill vilji til að kafa ofan í kjarna málsins, herra forseti.

Hv. þm. þóttist sjá þetta allt í hendi sér, það væri alveg augljóst hverjar skýringarnar væru, rakti þær í stuttu máli og sagði að það þyrfti bara að kippa þessu í liðinn.

Herra forseti. Ég hélt að það væri markmið og eitt stærsta kosningamál Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að stofna hér velferðarstjórn. Er það ekki stór liður í velferðinni hvernig matvælaverði er háttað í landinu? Og er þá ekki eðlilegt, herra forseti, að í því samhengi sé farið ofan í það mál líkt og hér er verið að gera?

Herra forseti. Ég vil minna á að tillagan gengur ekki bara út á þessa Evrópusambandstilvísun sem mönnum er greinilega mjög erfitt um, heldur gengur hún út á að fram fari nákvæmur samanburður á framleiðslunni, á verslunarháttunum og á þeim skilyrðum sem matvælaframleiðslu og matvöruverslun eru búin í hverju landi fyrir sig. Síðan á líka að reyna að draga fram hvort ólík tenging landanna við Evrópusambandið skipti einhverju í þessum efnum.

Herra forseti. Ekki er óeðlilegt að beðið sé um þessa nálgun í ljósi þess að þau tvö ríki sem eru langhæst í matvælaverðinu eru bæði fyrir utan Evrópusambandið.

Mér dettur hins vegar ekki í hug að halda því fram að ástæðan fyrir því sé eingöngu innganga í Evrópusamandið sem slík. Ég hef ekki heyrt nokkurn mann, a.m.k. ekki hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, halda því nokkurs staðar fram að það sé þannig. Ég hef meira að segja heyrt hana halda því fram að það sé alls ekki beinlínis þannig.

Og það er eflaust laukrétt sem hæstv. forsrh. hefur sagt að þetta þarf ekki að vera svona og við þurfum ekkert að ganga í Evrópusambandið til þess að breyta þessu. Það er eflaust alveg hárrétt.

Herra forseti. Þar sem það er þannig að samkeppni og forsendur á markaði, samkeppnisumhverfið og opinberar aðgerðir ráða miklu um matvælaverð, það held ég að við getum öll verið sammála um, þá hlýtur það að skoðast að hvaða leyti aðgerðir stjórnvalda geti haft áhrif þarna. Og þá hlýtur maður að spyrja, herra forseti, úr því að þetta er svona lítið mál eins og hæstv. forsrh. segir og ekkert mál að kippa þessu í liðinn, af hverju menn eru þá ekki löngu búnir að gera það. Út af hverju er þetta þá staðreyndin? Þessar tölur eru reyndar frá árinu 2000. En hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur bent á að samkvæmt þeim vísbendingum sem hún hefur sem eru nýrri tölur, þá bendir ekkert til þess að þetta hafi breyst í heildina séð.

Við hljótum því að viðurkenna það, herra forseti, hver svo sem afstaða okkar er til Evrópusambandsins, að þetta er vandamál sem við þurfum að takast á við. Og hvað er eðlilegra, herra forseti, en að leita orsakanna og reyna að

grafast fyrir um vandann? Það er ekki eins og við séum með tillögunni að leggja til að við göngum í Evrópusambandið til þess að kanna hvort matvælaverðið breytist. Ég vil vekja athygli á því.

Ég tek undir það, herra forseti, að mér finnst svolítið einkennilegt að horfa á þá hv. þm. sem hafa frekar lagt áherslu á það að auka hér velferð fólks og ekki síst að gera þeim sem kannski minnst hafa milli handanna lífsbaráttuna auðveldari — og hvað er þá líklegra en einmitt matvælaverðið? Hvað skiptir meira máli í buddu heimilanna en einmitt matvælaverðið?

Ég undrast í raun og veru að menn bregðist við með þessum hætti eingöngu vegna þess að bent sé á það að Evrópusambandsaðildin sé með öðrum hætti í þessum tveimur löndum en í þeim löndum sem borin eru saman.

Herra forseti. Að öðru leyti held ég að við þurfum að horfast í augu við þetta. Niðurstöðurnar eru mjög sláandi fyrir Noreg og Ísland og þessi umræða hefur farið mjög hátt í Noregi. Menn eru að velta þessu fyrir sér þar. Noregur er mjög ríkt land og núna horfa stjórnvöld fram á það að straumur Norðmanna fer yfir landamærin, yfir til hinna Norðurlandanna, til að kaupa sér mat. Matvælaverð er mjög hátt í Noregi og fólk reynir að auðvelda sér eða gera rekstur heimilanna örlítið ódýrari með því að fara yfir landamærin til að kaupa sér mat. Þetta er raunverulegt vandamál sem menn telja að þurfi að takast á við. Og auðvitað verðum við að horfast í augu við það líka. Þetta skiptir sköpum fyrir það hversu vel fólki líður að búa á Íslandi. Þetta getur haft gríðarlega mikið að segja. Og við þurfum einfaldlega að bregðast við og við þurfum að leita orsakanna og við þurfum að reyna að finna leiðir til þess að bæta úr.

Að við ættum að geta gert þetta sjálf, þá vil ég leggja á það sérstaka áherslu að ég lít ekki svo á, þó ég sjálf hafi þá skoðun að fleiri kostir en gallar geti fylgt því ef við mundum ganga inn í Evrópusambandið að því tilskildu að viðunandi samningar mundu nást í sjávarútvegi, þá mun ég ekki reyna að halda því fram að við Íslendingar getum ekki komist af öðruvísi eða að það sé eitthvert svartnætti sem bíði okkar ef við göngum ekki inn í Evrópusambandið, og það er ekki heldur í þessum efnum. En það er mikið sem við getum gert og þar er kannski mikilvægt að tryggja það að samkeppni á markaði sé virk.

Af því að það hefur verið nefnt hér í umræðunni í dag, þá er það líka svolítið einkennilegt þegar menn tala um það í orði, eins og t.d. margir sjálfstæðismenn hafa gert, að mikilvægt sé að tryggja samkeppni, að í hvert sinn sem Samkeppnisstofnun og samkeppnisyfirvöld nota þær heimildir sem mörgum þykja þó kannski heldur veikar til þess að reyna að tryggja samkeppnina, þá verður allt vitlaust. Þetta verður að fara saman, herra forseti, ef við viljum tryggja virka samkeppni á markaðnum og tryggja það að hún sé raunveruleg, þá þurfa samkeppnisyfirvöld að hafa ríkar heimildir til að sjá til þess að svo sé.

Það er því ekki hægt að segja bara sem svo: „Við getum alveg reddað þessu sjálf.“ En svo í hvert skipti sem á að nota þau tæki sem hægt er að nota þá má ekki gera það.

[14:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú kannski ekki mjög uppbyggilegt og í þágu þessarar umræðu að hver ræðumaðurinn á fætur öðrum eyði aðallega ræðutíma sínum í að ræða um viðbrögð annarra þingmanna og það að mínu mati algjörlega á röngum forsendum. Ég hef engan mann heyrt hér í salnum tala gegn því að þessir hlutir væru kannaðir. Það hefur þá algjörlega farið fram hjá mér. Það hefur alla vega ekki komið fram í málflutningi okkar sem hér höfum blandað okkur í umræður af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, heldur þvert á móti. Ég var í allri vinsemd að leyfa mér að koma með ábendingar um að ég teldi jafnvel að það mætti útvíkka tillöguna og kanna þetta á breiðari forsendum. Það mundi gefa okkur meiri upplýsingar í hendur. Og setja, ekki bara matvælaverð heldur vöruverðið almennt í sitt rétta samhengi, þ.e. í samhengi við verðlag, laun og kaupmátt í þeim löndum sem verið er að bera saman.

Ég held að Samfylkingin verði bara að horfast í augu við það að tillagan er eins og hún er. Henni má væntanlega breyta. Eða hvað? Er bannað að koma með hugmyndir og ábendingar inn í umræðuna um að mögulega færi betur á því að útfæra þessa könnun á einhvern annan hátt? Síðan verður auðvitað Samfylkingin að gangast við eigin málflutningi í þessum Evrópumálum. Og það er enginn held ég viðkvæmur eða hvumpinn gagnvart því nema Samfylkingin sjálf. Ég hef engan mann hér heyrt eða hitt sem hefur verið neitt órólegur yfir því nema Samfylkinguna sjálfa.

Varðandi nauðsyn þess að lækka hér matvælaverð, þá er það gamalkunn umræða. Og mikið væri nú gaman að geta hoppað með hv. þm. aðeins aftur í tímann til áramótanna 1987–1988 þegar hér loguðu deilur í þessum þingsölum og uppi í efri deild sálugu um matarskattinn sem þá var verið að reyna að troða á, 24% söluskatt á matvæli. Hverjir voru það? Það voru nú kratarnir blessaðir sem fóru fyrir þeim leiðangri. Þá voru haldnar ræður af því tagi sem ég hef heyrt hér í dag, prýðilegar ræður, um mikilvægi þess að halda niðri matarútgjöldum heimilanna með sérstakri skírskotun með hagsmuna t.d. barnmargra lágtekjufjölskyldna.

[14:23]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því og ég geri ráð fyrir að hv. flm. tillögunnar fagni því sérstaklega að menn séu tilbúnir að taka þátt í umræðunum og koma með ábendingar um eitthvað sem mætti betur fara í efni tillögunnar. En ég efast nú um, herra forseti, að það geri þennan samanburð auðveldari að vera að víkka hann út eins og mér þótti málflutningur hv. þm. ganga út á, að víkka hann út þannig að það væri nánast bara allt saman undir í því. Það sem verið er að fókusera á hér er matvælaverð. Það væri síðan fróðlegt að gera annars konar samanburð á kaupmætti á einhverjum öðrum þáttum sem skipta miklu máli í buddu heimilanna. En hvort það er hægt að taka slíkan samanburð allan inn í einhverja eina tillögu, ég sé það ekki fyrir mér, herra forseti, en ég hins vegar þakka vinsamlegar ábendingar í þá veru.

Hvað varðar þetta síðasta með matarskattinn og þá umræðu þá held ég að það sé kannski betra fyrir okkur að reyna að halda okkur nokkurn veginn í nútímanum, því ég held, herra forseti, að við séum þrátt fyrir allt, hv. þm. Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sammála um að það hljóti að vera göfugt markmið þeirra sem kenna sig við félagshyggju að reyna að lækka matvælaverð, ef það er eitthvað sem við getum haft áhrif á. Ég held því að við ættum ekki að vera að karpa um það hér. Um þetta erum við væntanlega sammála, að við viljum gjarnan sjá matvöruverð lægra fyrir íslenskar fjölskyldur.

[14:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Nákvæmlega. Um það erum við nefnilega sammála og þess vegna var ég í ræðu minni í dag að benda á að við þyrftum að fókusera á það sem við höfum vald á og getum gert sjálf og strax, en það væri í sjálfu sér ekki mjög frjótt að velta því fyrir sér hvort matvælaverð og þá hve mikið það mundi lækka með hugsanlegri aðild að Evrópusambandinu e.t.v. eftir fimm eða tíu ár, sem við vitum öll að verður ekki að veruleika bara einn, tveir, þrír, hvað sem öllu öðru líður og í umræðum um þau mál.

Að sjálfsögðu er matvælakarfan mikilvæg og sérstaklega fyrir lágtekjufjölskyldurnar. Upplýsingar liggja fyrir um það að þeim mun lægri sem tekjurnar eru og þeim mun stærri sem fjölskyldurnar eru, þeim mun þyngra vega yfirleitt matarútgjöldin. Það bil getur verið alveg frá 10–12% hjá fjölskyldum upp í kannski 20–25%. Þetta þykist ég muna úr því að hafa verið að skoða þetta mál sérstaklega í tengslum við skattlagningu á matvæli.

En það þarf auðvitað líka að skoða heildarsamhengi þessara hluta. Það vill svo til að ég fylgist talsvert með þessari umræðu í Noregi. Þar er vissulega mikið rætt um hátt verð á matvælum og miklar skattlagningar á brennivíni og hvað það nú er sem veldur því að Norðmenn streyma yfir landamærin til innkaupa. En þar eru menn líka með undir í umræðunni almennt verðlag í Noregi og kaupmátt launa og kaup sem er eitt það hæsta í Evrópu. Og hvers vegna vill matvara verða dýr í löndum þar sem laun eru há? Jú, það er af því að launaliðurinn í framleiðslukostnaði vörunnar vegur auðvitað þungt. Matvælaiðnaður er mannaflsfrekur iðnaður. Þar af leiðandi er óhjákvæmilegt að þetta haldist að einhverju leyti í hendur.

Og það er fullkomlega gilt og réttmætt að vara menn við því að halda að við getum haft íslenskt kauplag, íslensk laun, íslenskt launastig, en t.d. grískt eða portúgalskt verðlag á matvælum. Það gengur ekki upp, nema þá og því aðeins að við sættum okkur við að þurrka burt innlenda launaþáttinn í framleiðslukostnaði matvælanna hér.

[14:27]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst í þessu vera farið svolítið langt út fyrir efnið. Við erum að biðja um samanburð á þessu annars vegar á Norðurlöndunum og hins vegar Evrópusambandslöndunum. Þegar við skoðum Norðurlöndin þá eru Ísland og Noregur langt fyrir ofan. Við erum því að leita orsakanna fyrir því og í tillögunni segir: „Jafnframt verði sérstaklega leitt í ljós hvort ólík tenging Norðurlanda við Evrópusambandið hafi áhrif ...“ Við erum því að tala um þann samanburð þegar Norðurlöndin eru skoðuð annars vegar.

Og þá held ég að væri mjög athyglisvert, herra forseti, að skoða launastig. Ég hef reyndar ekkert skoðað það. Ég hef ekki hugmynd um það. En mér segir svo hugur að launastig í matvælaframleiðslu á Íslandi sé nú ekkert langt fyrir ofan það sem er á Norðurlöndunum. Einhvern veginn segir mér svo hugur um að ef við tækjum þann samanburð með inn í matvælaverðið á Norðurlöndunum, þá kæmi það mér a.m.k. á óvart ef þeir sem eru í matvælaframleiðslu á Íslandi eru með miklu hærri laun samanborið við félaga sína á Norðurlöndum. En það væri mjög athyglisvert að fá slíkan samanburð. Vegna þess, hv. þm., að ef við erum að bera saman, annars vegar matvælaverðið á Norðurlöndunum og hvort hugsanleg aðild Norðurlandanna að Evrópusambandinu hafi haft áhrif á þróun þess og ætlum síðan að taka samanburð hv. þm. um laun í matvælaframleiðslu, þá erum við væntanlega með samanburð við Norðurlönd en ekki Grikkland eða Portúgal.

[14:29]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Það má byrja á að spyrja þeirrar spurningar sem vissulega er verið að leita svara við með þeirri þáltill. sem við ræðum hér, hvort það sé lögmál að við skulum búa við mjög hátt vöruverð hér á landi samanborið við aðra. Og hvort sé þá líka lögmál að við getum ekki breytt því.

Svarið við báðum þessum spurningum hlýtur að vera nei. Við hljótum að geta unnið að því hér að lækka vöruverð þannig að á sumum vöruflokkum nálgist það verðlag sem er í löndunum í kringum okkur.

Tillagan sem Samfylkingin flytur hér gengur einmitt út á að kanna hvernig vöruverðið myndast, kanna orsakir þess, bera það saman og finna hvað væri til ráða hér á landi til að vöruverð gæti þróast með sambærilegum hætti og í öðrum löndum.

Í ljósi þessa fagna ég því að tillagan skuli komin fram og lýsi stuðningi okkar í Frjálslynda flokknum við hana. Ég tel að hér sé hreyft mjög góðu máli og þörfu. Menn geta síðan velt því fyrir sér eins og hér hefur reyndar verið gert í umræðunum hvaða ástæður liggja að baki því að við erum með mun hærra verð en er t.d. annars staðar á Norðurlöndunum, sem ég tel sérstaklega að við ættum að bera okkur saman við eins og gert er ráð fyrir í tillögunni.

Það er auðvitað fjölmargt sem væri eðlilegt að ræða í þessu sambandi. Mig langar þó sérstaklega að ræða það sem snýr að okkar innlendu matvælaframleiðslu.

Það virðist vera svo ef litið er til afkomu bænda, t.d. sauðfjárbænda, að milliliðirnir í einu orði sagt bæði smásöluverslunin, dreifingaraðilar og sláturaðilar, taki til sín allt of mikið hlutfall af því verði sem myndast að lokum til neytendanna.

Samkeppnisstofnun tók saman skýrslu, ég held að það hafi verið í júní 2001, sem mig langar aðeins að vitna í, með leyfi forseta. En þar segir svo um kjöt:

„Kjöt sem að hluta er háð opinberri verðlagningu, þ.e. nauta- og kindakjöt, hækkaði mun meira í verði í verslunum en svína- og kjúklingakjöt. Hlutur smásöluverslunarinnar í þessari hækkun á nauta- og kindakjöti er stærstur. Sem dæmi má nefna að nautakjöt hækkaði um 13–14% í smásölu á sama tíma og verð frá helstu kjötvinnslum hækkaði um 7–8% og verð til bænda aðeins um 1–2%.“

Ég verð að segja alveg eins og er að ég hef sérstakar áhyggjur af því hvernig afkomu sauðfjárbændanna er háttað í landinu. Það liggur auðvitað ljóst fyrir að á Íslandi með okkar veðurfar og hnattstöðu verður kannski eitthvað dýrara að framleiða kjöt en í öðrum löndum í kringum okkur.

Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ekki verði gengið það langt í kröfunum um lægra vöruverð að við getum ekki haldið byggð í landinu. Það mun vafalaust verða svo að við þurfum að greiða eitthvað hærra verð fyrir kjötframleiðslu í landi okkar heldur en ef við værum að flytja inn kjöt frá öðrum löndum.

Ég tel auðvitað að við eigum að leita allra leiða eins og lagt er til í tillögunni til þess að finna út hvernig matvöruverðið hér myndast og reyna að hafa áhrif á að það lækki. En það má ekki ganga þannig fram að það geti valdið

byggðabresti eins og ég vil orða það. Það má ekki ganga þannig fram.

Það eru mikil verðmæti í því fyrir okkur Íslendinga að eiga hér hreina og heilnæma landbúnaðarvöru. Það hefur ekki síst sýnt sig þegar upp hafa komið smitsjúkdómar í öðrum löndum. Ég vil vara við því að við gerum svo mikla kröfu um hagræðingu í landbúnaði að allur búrekstur færist yfir í stórbú, þar sem eingöngu verði mjög stór bú, fá sláturhús og annað slíkt. Það hefur sýnt sig að með stórrekstrinum verður erfiðara að verjast sjúkdómum og ég tel einnig að við munum ekki nýta landsins gæði nógu vel ef við þjöppum framleiðslunni saman á tiltölulega fá bú.

Samt sem áður verður auðvitað að gera þá kröfu til bænda eins og annarra að þeir séu með nokkuð hagkvæman rekstur og leitist við að auka arðsemi búa sinna. Það tel ég að við höfum verið að leitast við að gera á undanförnum árum með ýmsum aðferðum.

Það er líka annað sem mig langar að vekja athygli á sem birtist í umræddri skýrslu og er nú kannski enn sérstakara en það að við skulum vera með dýrar kjötafurðir. Við erum einnig með dýrari fiskafurðir, ætti þó að vera nægt fiskframboð í landi okkar þar sem við eigum að heita mikil fiskveiðiþjóð og flytjum hér að landi mikið magn af fiski.

Það er alveg sama hvar litið er í þessar upplýsingar sem birtast í tillögunni, við erum alls staðar fyrir ofan í samanburði við önnur Norðurlönd. Það vekur sérstaka athygli að í sambærilegri vöru og flutt er inn til annarra Norðurlanda munar langmestu, herra forseti ... (Gripið fram í.) Það er auðvitað athyglisvert. Ég ítreka stuðning minn við þessa tillögu.

[14:38]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil sem einn af flm. þessarar tillögu þakka hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni fyrir skeleggan og einbeittan stuðning við hana. Reyndar er það svo þegar maður skoðar þau mál sem hæst ber í samtímanum að eiginlega er enginn munur á stefnu og markmiðum Frjálslynda flokksins og Samfylkingarinnar. Segir ekki meira af því, herra forseti.

En ég kem hingað til þess að taka sterklega undir með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur um að ekki er vansalaust að við Íslendingar skulum búa við lífskjör sem eru snöggt um verri heldur en lífskjör þeirra þjóða sem við berum okkur jafnan saman við og það fyrst og fremst Norðurlöndin.

Ég dreg enga dul á það, herra forseti, að ég er þeirrar skoðunar að sú staðreynd að við séum utan við Evrópusambandið og njótum ekki þeirra gæða sem fylgja fullgildri aðild að því eigi þarna stóran hlut að máli. En ég vil þó jafnframt segja að ég tel að það sé annar stór þáttur sem líka veldur því að verð á matvælum á Íslandi hefur þróast með mjög óhagkvæmum hætti fyrir neytendur á síðustu árum. Herra forseti, það er vitaskuld sú vonda þróun sem hefur átt sér stað varðandi samruna fyrirtækja á matvælamarkaði.

Það er sláandi þegar maður skoðar þær tölur sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir leggur hér fram og tekur úr svari hæstv. forsrh. við fyrirspurn hennar frá því í fyrra, að frá því um miðjan síðasta áratug þegar saman runnu tvær stórar matvælakeðjur, Hagkaup og Bónus, þá sýnist sem allt hafi farið á verri veg að því er varðar matvælaverð á Íslandi. Og það var einfaldlega þannig þá, herra forseti, að engin keðja hafði í greip sinni meira en þriðjung markaðarins. Eftir þennan samruna er ljóst að ein keðja hefur meira en 60% matvælamarkaðarins í landinu í hendi sér. Í Reykjavík hefur þessi keðja í kringum tvo þriðju. Þetta er náttúrlega hrópleg staðreynd og þetta hlýtur að koma í veg fyrir að hér þróist eðlileg samkeppni.

Ég er nú einn af þeim sem eru stoltir af því að hafa með vissum hætti átt örlítinn þátt í tilurð Samkeppnisstofnunar og ég tel að þar sé einhver þarfasta stofnun sem við jafnaðarmenn höfum komið á fót í samfélaginu. Hún lítur eftir því að leikreglurnar séu skýrar og þeim sé fylgt. En ég er eigi að síður þeirrar skoðunar eins og ég hef látið koma fram hér fyrr í dag að henni urðu á ansi þung mistök þegar hún leyfði samruna þessara tveggja fyrirtækja. Og það er auðvitað á ábyrgð Samkeppnisstofnunar að þessi staða er komin upp. En ekki tjóar víst að sýta það núna.

Það skiptir hins vegar miklu máli að afleiðingar samrunans komi fram. Þá hlýt ég auðvitað, herra forseti, að rifja það upp að hér fyrir einum tveimur árum var talað með þeim hætti af hálfu stjórnvalda að við því væri að búast að Samkeppnisstofnun mundi leggja fram skýrslu um þróun matvælaverðs frá því þessi samruni gekk yfir. Það kom að vísu einhvers konar skemmri útgáfa af þeirri skýrslu fyrir þingið fyrir hartnær tveimur árum. Sú skýrsla sýndi að það var alveg ljóst að álagning hafði hækkað verulega í skjóli þeirrar fákeppni sem þessi samruni olli.

Herra forseti. Að þessu sögðu vil ég beina athygli hlustenda og þingheims að þeirri staðreynd að auðvitað er alveg ljóst að tengslin við Evrópusambandið hljóta að hafa nokkuð með þróun þessa matvælaverðs að gera. Þegar töflurnar eru skoðaðar sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur búið okkur í hendur, þá er það sláandi að árin sem Finnland og Svíþjóð gerast fullgildir aðilar að Evrópusambandinu er matvælaverð í þeim löndum í hámarki. Síðan lækkar það út áratuginn og það er fyrst í fyrra sem það nær aftur fyrri stöðu. Þessi þróun er þveröfug við önnur lönd sem tekin eru til samanburðar. Til dæmis er alveg ljóst að þau tvö lönd, Noregur og Ísland, sem standa utan Evrópusambandsins hækka miklu meira en t.d. Danmörk sem er í Evrópusambandinu. Og þróunin er auðvitað allt öðruvísi hjá okkur og Norðmönnum en hjá Finnum og Svíum. Það er greinilegt á þessum töflum að þegar Finnar og Svíar gerast aðilar að Evrópusambandinu, þá leitar verðlag niður og nær einhverju jafnvægi. Ljóst er að í þessari niðurfærslu sem felst í og er fylgifiskur aðildar að Evrópusambandinu er bersýnilega fólgin sterk lífskjarajöfnun — sterk lífskjaraaukning.

Nú kynni að vera að þeir sem hlýddu á fyrri hluta ræðu minnar mundu spyrja: Já, var ekki sá þingmaður sem hér talar að benda á að hluti af þessari skýringu kynni að liggja í aukinni fákeppni hér á markaði?

Ef öll skýringin lægi þar, herra forseti, þá mundum við sjá mun á þróuninni á Íslandi annars vegar og Noregi hins vegar. En Baugur starfar bara á Íslandi. Baugur hefur enga einokunarstöðu í Noregi. Sú staðreynd að þróunin á Íslandi og í Noregi er hin sama sýnir auðvitað að þarna eru einhver önnur sterkari öfl að verki. Þá staðreynd að þróunin er verri fyrir íslenska neytendur má skýra með fákeppninni á matvælamarkaði. En það er alveg ljóst að staða okkar utan Evrópusambandsins hlýtur að hafa ákveðin og sterkan þátt í málinu.

Auðvitað þurfum við að skoða það rækilega hvað það mundi þýða fyrir Íslendinga og alla hópa ef við gengjum í Evrópusambandið. Ljóst er að sérstaklega einn hópur frumframleiðenda kemur til sögu þegar við ræðum þetta. Það

er auðvitað landbúnaðurinn. Í landbúnaðinum eru þeir sem standa fyrir framleiðslu matvæla hér á landi fyrir utan sjómenn og við þurfum auðvitað að velta því fyrir okkur hvað yrði um þá.

Þetta er eitt af því sem hefur algjörlega skort á hjá stjórnvöldum. Þau hafa ekki sinnt þeirri skyldu sinni að rannsaka rækilega hvað yrði um íslenskan landbúnað ef við gengjum inn í Evrópusambandið.

Ég er þó sannfærður um að hlutar af íslenskum landbúnaði mundu koma betur út. Hver er sá hópur í íslensku samfélagi sem er verst staddur? Það eru íslenskir sauðfjárbændur. Og engum blöðum er um það að fletta að innan Evrópusambandsins yrði hagur þeirra miklu betri heldur en utan. Að sama skapi tel ég að íslenskir kúabændur mundu ekki fara verr út úr aðild að Evrópusambandinu. En hitt er alveg ljóst að framleiðendur á eggjum og hinu svokallaða hvíta kjöti mundu lenda í harðvítugri samkeppni og hlutur þeirra yrði verstur. Sömuleiðis tel ég að úrvinnslustöðvar mundu lenda í erfiðleikum.

Herra forseti. Þetta er eitt af því sem þarf að skoða. Hvað þýðir aðild að Evrópusambandinu fyrir íslenskan landbúnað? Ég held þegar upp er staðið mundi hún vera jákvæð. En við þurfum að kanna þetta mál.

[14:46]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég átti eftir fyrri ræðu mína ólokið að fara yfir þau andsvör sem komu við ræðum þingmanna Samfylkingarinnar, og einnig nokkrar góðar ábendingar.

Það kom t.d. fram hjá hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni að fyrir stuttu hefði hann rætt við kartöflubændur sem fengju um 20–30 kr. skilaverð fyrir hvert kíló og þyrftu þó sjálfir að pakka og dreifa. Fákeppni hefði m.a. leitt til þess að vöruverð væri svona hátt en skilaverð til bænda lágt.

Það sama kom í raun og veru fram hjá hv. þm. Drífu Hjartardóttur þar sem hún talaði um einokun og samþjöppun í verslun. Það gerði einnig hv. þm. Halldór Blöndal. Og það kom fram hjá hv. þm. Drífu Hjartardóttur að Davíð Oddsson hefði oft gagnrýnt þetta. Það vissum við. Hann hefði tekið sérstaklega fyrir þessa einokun, þessa samþjöppun sem hefur orðið í matvælaverslun sem hann hefði talað um að hefði leitt til mun hærra matvælaverðs í landinu en annars hefði verið.

Nú skyldi maður ætla að þetta væri fólk sem hefði tekið við í ríkisstjórn sl. vor en væri ekki búið að vera við völd síðan um 1991. Jafnvel þó að Davíð Oddsson gagnrýni í ræðu að matvælaverð sé hátt og tali í fjölmiðlum um að það þurfi að kanna það sérstaklega gildir það sama um matvælaverðið og húsaleiguna, það er hvorugt hægt að kjafta upp — eða niður. Það er ekki nóg að tala, menn verða að taka á og gera eitthvað í málunum.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir fylgdi þessu fast eftir síðasta vetur og hefur nú aftur tekið frumkvæði fyrir hönd Samfylkingarinnar að láta skoða þetta í tengslum við að við höfum verið að skoða sérstaklega kjör fjölskyldna í landinu, ekki síst, eins og ég sagði áðan, kjör þeirra ungu fjölskyldna sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið og eru með börn. Við erum að skoða hversu stór hluti af útgjöldum þeirra matvælakostnaðurinn er, og þess vegna hefur Samfylkingin farið fram á þennan ítarlega samanburð. Það er sorgleg staðreynd að það unga fólk sem fer utan til þess að mennta sig, eins og margur gerir, kemur jafnvel ekki til baka vegna þess að lífskjörin sem við bjóðum upp á, bæði hvað varðar húsnæðislán, lánafyrirgreiðslu, aðstoð við að koma sér þaki yfir höfuðið, laun — eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi áðan, að vísu ekki á Norðurlöndunum, hann nefndi til önnur dæmi — en ekki síst verð á matvöru og barnavöru sem er í flestu tilliti mun lægra annars staðar á Norðurlöndunum og í Evrópusambandslöndunum heldur en það er hér.

Það kom mér reyndar einnig á óvart eftir ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þar sem hún talaði um fátæka á Íslandi — um 11–15 þús. manns, og við vitum að í þeirri tölu er því miður nokkuð stór hluti bænda landsins — að hv. þm. Drífa Hjartardóttir skuli segja að hér væri bara nánast jöfnuður í kjörum og sá mesti, hann gerðist hvergi betri. Hún sagði að hér væru engir ríkisbubbar, þeir væru ekki til, hún vissi ekki um þá. Það er slæmt, virðulegi forseti, að þessi hv. þm. skuli ekki vera hér í salnum vegna þess að ég tel ástæðu til að fá hana til að skilgreina fyrir þingheimi og fyrir almenningi í landinu hvar hún setur þá mörkin. Hvað felst í orðinu „ríkisbubbi"? Fyrst þeir eru ekki til hér á landi og hv. þm. Drífa Hjartardóttir hefur ekkert um þá heyrt og telur að hér sé þessi gífurlegi jöfnuður tel ég fulla ástæðu til þess að hún komi í ræðustól og skilgreini þessi hugtök alveg sérstaklega. Ég mun að sjálfsögðu ræða það við hana þegar ég fæ tækifæri til þess en hún er að sinna öðrum skyldustörfum. Það er synd að það skyldi ekki gerast í umræðu um stefnuræðu forsrh. í gærkvöldi sem útvarpað er og sjónvarpað til allrar þjóðarinnar.

Virðulegi forseti. Ég fór áðan yfir punkta frá Runólfi Sigursveinssyni hjá Búnaðarsambandi Suðurlands, punkta sem teknir voru saman vegna ráðgjafar til bænda í nautakjötsframleiðslu. Við vitum öll og höfum heyrt af því að þar hafa verið verulegir erfiðleikar og um tíma héldu þeir því fram að svo gæti farið að nautakjötsframleiðsla í landinu legðist af. Hér hefur verið rætt töluvert um launakostnað sem stóran þátt í verðmynduninni. Þess vegna kom það mér dálítið á óvart þegar tekið er mjög skýrt dæmi um verðmyndun, sem ég tel rétt að fara aftur í af því að umfjöllun mín áðan var í hálfgerðum andarteppustíl, en í greinargerð Runólfs segir, með leyfi forseta:

„Dæmi um verðmyndun: Erfitt er að átta sig nákvæmlega á því hvernig verðmyndun á sér stað í nautakjötinu. Hér á eftir kemur einfaldað dæmi miðað við ákveðnar forsendur.

Í fyrsta lagi er miðað við 280 kílóa fall og 68,7% nýtingu. Sú nýtingarprósenta er fengin úr niðurstöðum svokallaðra Möðruvallatilrauna. Þá er miðað við verð til framleiðanda samkvæmt verðskrá SS í febrúar 2002. Tölur um sláturkostnað á kíló og úrbeiningu á kíló eru fengnar frá SS, 45 kr. á kíló í slátrun og 81 kr. á kíló í úrbeiningu og pökkun.

Þá var skoðað verð á einstökum hlutum í nautakjöti í verslun Nóatúns þann 8. febrúar. Niðurstaðan varð þessi:

Bóndinn fær 86.000 kr. eða 37%.

Slátrun og vinnsla 35.100 kr. eða 15%.

Smásalan 80.000 kr. eða 34%.

Virðisaukaskatturinn er síðan 32.800 kr. eða 14%.

Samtals gera þetta 233.900 kr."

Þess skal getið að þessar 86 þús. kr., þ.e. 37% sem bóndinn fær, er bruttóverð til bóndans og af því þarf hann að greiða m.a. flutning, móttökugjald og verðskerðingargjald.

Það segir sig sjálft að launakostnaðurinn hjá bónda er ekki mikill en hann getur hins vegar verið til staðar í smásölunni. Það sem við förum fram á með þeirri tillögu sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur kynnt hér, og reyndar kynnt mjög vel í fjölmiðlum líka sem hún á sérstakar þakkir skildar

fyrir, er einmitt að láta skoða verðmyndunina á öllum stigum. (Forseti hringir.) Og tilgangurinn er, virðulegi forseti, ekki sá að sækja beint um aðild að Evrópusambandinu heldur að ná fram lægra matvöruverði til neytenda. Um það ættum við og hæstv. forseti að vera sammála.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–4. mál.

Fundi slitið kl. 14:57.

---

4. FUNDUR

föstudaginn 4. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:
Fjárlög 2003, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Magnús Stefánsson, 2. þm. Vesturl.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:30]

Forseti (Halldór Blöndal):
Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem Björn Bjarnason, 2. þm. Reykv., er á förum til útlanda á vegum Alþingis og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varamaður á lista Sjálfstfl. í Reykjavík, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi, taki sæti hans á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Sigríður A. Þórðardóttir,
formaður þingflokks Sjálfstfl."

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

[10:30]

Útbýting þingskjala:
Aðbúnaður og öryggi á sjúkrahúsum, 82. mál, fsp. JóhS, þskj. 82.
Aðgerðir til að efla löggæslu, 67. mál, fsp. RG, þskj. 67.
Ábyrgðarmenn, 21. mál, frv. LB o.fl., þskj. 21.
Barnalög, 31. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 31.
Bygging menningarhúsa á landsbyggðinni, 92. mál, fsp. SJS, þskj. 92.
Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, 91. mál, fsp. SJS, þskj. 91.
Eyðing sjúkrahússorps, 83. mál, fsp. EKG, þskj. 83.
Greiðsla ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, 37. mál, frv. GE o.fl., þskj. 37.
Launa- og starfskjör á vernduðum vinnustöðum, 81. mál, fsp. JóhS, þskj. 81.
Lækkun á endurgreiðslu virðisaukaskatts, 93. mál, fsp. RG, þskj. 93.
Meðferð einkamála, 36. mál, frv. GE o.fl., þskj. 36.
Nauðasamningar, 72. mál, fsp. RG, þskj. 72.
Rannsóknir á þorskeldi, 35. mál, þáltill. KVM o.fl., þskj. 35.
Starfsemi Ríkisútvarpsins, 71. mál, fsp. ÍGP, þskj. 71.
Stjórn fiskveiða, 24. mál, frv. JÁ o.fl., þskj. 24.
Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, 30. mál, þáltill. KolH o.fl., þskj. 30.
Söfnunarkassar og happdrættisvélar, 94. mál, fsp. RG, þskj. 94.
Uppbygging endurhæfingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, 28. mál, þáltill. ÁSJ og ÞBack, þskj. 28.
Útskriftir fatlaðra af Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Kópavogi, 68. mál, fsp. RG, þskj. 68.
Val kvenna við fæðingar, 69. mál, fsp. ÞSveinb og SvanJ, þskj. 69.
Verðmyndun á innfluttu sementi, 32. mál, þáltill. JB og ÁSJ, þskj. 32.
Verkaskipting ráðuneyta, 70. mál, fsp. RG, þskj. 70.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[10:33]

Forseti (Halldór Blöndal):
Borist hafa tilkynningar um kosningu embættismanna fastanefnda:

Í heilbr.- og trn.: Jónína Bjartmarz formaður og Lára Margrét Ragnarsdóttir varaformaður.

Í sjútvn.: Einar K. Guðfinnsson formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Í menntmn.: Gunnar Birgisson formaður og Ólafur Örn Haraldsson varaformaður.

Fjárlög 2003, 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

[10:34]

Forseti (Halldór Blöndal):
Samkomulag er milli þingflokka um fyrirkomulag umræðunnar sem verður með sama hætti og á síðasta þingi. Ræðutími verður sem hér segir: Ráðherra hefur 35 mínútur í framsöguræðu sinni, síðan 15 mínútur og í þriðja lagi 10 mínútur. Talsmenn flokka hafa 20 mínútur í fyrstu umferð, síðan 10 mínútur og 10 mínútur. Aðrir þingmenn hafa 10 mínútur tvívegis. Með talsmönnum er átt við fyrsta ræðumann þingflokka í umræðunni. Andsvör verða leyfð frá upphafi umræðunnar, þó þannig að í fyrstu umferð verður aðeins talsmönnum þingflokka og fjmrh. heimilt að veita andsvör. Gert er ráð fyrir að umræðunni ljúki í dag eða kvöld eftir atvikum.

[10:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003. Í ræðu minni mun ég gera grein fyrir helstu efnisatriðum frumvarpsins sem og þeim þjóðhagslegu forsendum sem það hvílir á.

Ég hygg að það sé óumdeilt að meira jafnvægi ríkir í efnahagsmálum um þessar mundir en um árabil. Verðbólgan er á hraðri niðurleið, viðskiptahallinn sömuleiðis, kaupmáttur heimilanna hefur aukist samfellt frá árinu 1994, og er nú meiri en nokkru sinni fyrr, vextir lækka hratt og verulega hefur dregið úr skuldsetningu fyrirtækja og einstaklinga.

Það bendir því flest til þess að íslenskt efnahagslíf sé að taka við sér á nýjan leik eftir skammvinna niðursveiflu og að fram undan sé nýtt hagvaxtarskeið eins og fram kemur í nýrri þjóðhagsspá og ég mun fjalla nánar um hér á eftir.

Hið mikla hagvaxtarskeið við lok síðasta áratugar var um margt ólíkt öðrum slíkum í Íslandssögunni. Að nokkru leyti varð það til vegna hagstæðra ytri skilyrða en ábyrg efnahagsstefna stjórnvalda og jákvæðar breytingar á skipulagi efnahags- og atvinnumála réðu þar einnig miklu. Með auknu frelsi í viðskiptaumhverfinu hafa stjórnvöld hlúð að þeim vexti sem átt hefur sér stað og lagt rækt við nýja vaxtarsprota.

Hinn raunverulegi prófsteinn á efnahagsstjórn er hins vegar í niðursveiflu. Sú væga niðursveifla sem við virðumst nú hafa gengið í gegnum sýndi að það eru breyttir tímar í efnahagsstjórn á Íslandi. Íslandssagan er því miður full af dapurlegum dæmum um hagvaxtarskeið sem glutrast hafa niður vegna óðagots og skammsýni í efnahagsmálum. Í þetta skiptið er slíku sem betur fer ekki að heilsa.

Hagsaga Íslands á síðustu áratugum virðist benda til þess að stórfelld niðursveifla í kjölfar uppsveiflu sé ófrávíkjanlegt lögmál. Þetta er sem betur fer ekki rétt. Hið ófrávíkjanlega lögmál kann að vera að slæm hagstjórn leiði til slíkra hamfara en ábyrg efnahagsstjórn á tímum góðæris og yfirvegun á tímum samdráttar getur, eins og núverandi staða ríkisfjármála bendir til, tryggt áframhaldandi uppbyggingu þótt misvindasamt gerist í efnahagsumhverfinu. Ef fyrirtæki og einstaklingar geta treyst á stöðugleika og hagað áætlunum sínum í samræmi við það getum við komið í veg fyrir að dýrtíð og hallæri taki við af kröftugum efnahagsuppsveiflum. Í stað þess að hrapa stjórnlaust eftir hátt flug taki efnahagslífið snertilendingu og hefji sig til lofts á nýjan leik.

Í nýlegum vefpistli fjallar ungur hagfræðingur, sem er við nám og störf erlendis, um þá hröðu aðlögun sem átt hefur sér stað á Íslandi á síðustu missirum og telur að um ótrúlega mjúka lendingu sé að ræða miðað við reynslu annarra þjóða af eftirköstum jafnkröftugrar uppsveiflu og við höfum upplifað á síðustu árum. Hann segir m.a. að fjárlagafrumvarpið í ár sé til marks um að sá viðsnúningur sem orðið hefur á rekstri ríkissjóðs á síðasta áratug sé ekki afleiðing þenslu heldur sé um varanlegan viðsnúning að ræða. Fagaðilar á fjármagnsmarkaði innan lands hafa mjög tekið í sama streng.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2003 endurspeglar trausta stöðu ríkisfjármála og aðhaldssama stefnu stjórnvalda í fjármálum ríkisins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir tæplega 11 milljarða kr. tekjuafgangi og 10 milljarða lánsfjárafgangi. Afgangurinn gengur sem fyrr til þess að draga úr skuldum og skuldbindingum ríkissjóðs og styrkja stöðu hans að öðru leyti m.a. með auknum innstæðum í Seðlabanka Íslands. Nefna má að frá árinu 1999 til ársloka 2003 nema uppreiknaðar innborganir ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins samkvæmt frumvarpinu um 53 milljörðum kr., eða sem svarar til nálægt fjórðungi af heildarskuldbindingum ríkisins gagnvart sjóðnum sem áður voru ófjármagnaðar. Með þessu móti er komið í veg fyrir stórfelld framtíðarútgjöld sem ella gætu hæglega sligað ríkissjóð eftir tiltölulega fá ár. Þar er að sjálfsögðu um að tefla hagsmuni allra skattgreiðenda en ekki opinberra starfsmanna einvörðungu.

Hreinar skuldir ríkissjóðs verða um 19% af landsframleiðslu í árslok 2003 miðað við frumvarpið en voru 34,5% árið 1996. Árangur þessa sést vel á þeirri staðreynd að vaxtagjöld ríkisins umfram vaxtatekjur hafa lækkað um 4,4 milljarða kr. frá 1998 til 2003. Það munar sannarlega um þessa fjármuni þegar sinna þarf mikilvægum samfélagsverkum og treysta undirstöður íslensks atvinnulífs.

Aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum að undanförnu hefur átt drjúgan þátt í því að skapa skilyrði fyrir þeirri umfangsmiklu skattalækkun sem lögfest var á síðasta þingi og kemur til framkvæmda að fullu á næsta ári án þess að raska því meginmarkmiði stefnunnar í ríkisfjármálum að skila afgangi. Meðal þeirra aðgerða var helmingslækkun eignarskatta einstaklinga og fyrirtækja og mjög veruleg lækkun á tekjuskatti lögaðila. Mikilvægt er að haldið verði áfram að lækka skatta og auka þar með samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og bæta lífskjörin í landinu.

Frá árinu 1998 til 2003 stefnir samanlagður tekjuafgangur ríkissjóðs í 47 milljarða kr. Á sama tímabili mun uppsafnaður lánsfjárafgangur, eða það fé sem er til ráðstöfunar til að draga úr skuldbindingum og styrkja stöðuna við Seðlabankann, nema tæplega 67 milljörðum. Ef ekki hefði komið til sérstök lántaka til að efla Seðlabanka Íslands á síðasta ári væri samanlagður lánsfjárafgangur rúmir 92 milljarðar á tímabilinu. Það lán var að stærstum hluta endurlánað til Seðlabankans en að hluta einnig nýtt til að auka stofnfé hans og nýtur ríkissjóður í staðinn vaxtatekna og arðgreiðslna.

Á næsta ári kemur til framkvæmda þriðji áfangi í þeirri hækkun barnabóta sem ríkisstjórnin ákvað á árinu 2000 en þá verður enn frekar dregið úr skerðingu bóta vegna tekna auk þess sem bótafjárhæðir og tekjumörk hækka. Þessar breytingar leiða til umtalsverðrar hækkunar ráðstöfunartekna barnafólks, ekki síst lágtekjufólks. Samanlagt hafa þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar orðið til þess að barnabætur verða um 2 milljörðum kr. hærri á árinu 2003 en ella hefði orðið.

Á undanförnum árum hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir ýmsum breytingum á almannatryggingakerfinu sem miða að því að bæta kjör aldraða og öryrkja. Á síðasta ári tóku gildi lög sem kváðu á um sérstaka hækkun bóta auk þess sem dregið var úr skerðingu bóta vegna annarra tekna. Þessar breytingar hafa skilað sér í auknum kaupmætti bóta almannatrygginga. Þá ber að nefna að fyrir skemmstu ákvað ríkisstjórnin að efna til formlegs samstarfs við Landssamtök eldri borgara til þess að gera tillögur um breytingar á bótakerfi almannatrygginga og um uppbyggingu hjúkrunarheimila. Vonir standa til að niðurstöður þeirrar vinnu liggi fyrir innan fárra vikna.

Útgjöld ríkissjóðs hafa lækkað sem hlutfall af landsframleiðslu frá árinu 1998 og stefnt er að því að þau lækki áfram. Þessi árangur hefur náðst á sama tíma og staðið er við áform í stjórnarsáttmála um margþætt umbótamál eins og ég hef rakið. Þennan árangur má skýra með aðhaldi að rekstri og nýjum stjórnunarháttum sem hvetja til betri nýtingar á opinberu fé. Það er gleðiefni fyrir okkur sem trúum

á einstaklingsframtak og atvinnufrelsi að hlutur ríkisins í efnahagsumsvifum í þjóðfélaginu fari minnkandi. Jafnframt hlýtur það að vera lærdómsríkt fyrir hina, sem trúa á ríkisforsjá og efnahagsleg höft, að sjá að aukið frelsi í viðskiptum og minnkandi afskipti ríkisins í atvinnulífinu haldast í hendur við bætt lífskjör fólksins í landinu og sterkara velferðarkerfi.

Mikilvægt er að halda áfram á þessari braut. Aðhaldssöm og ábyrg stefna í ríkisfjármálum sem einkum miðar að því að halda útgjaldavexti innan hóflegra marka stuðlar að stöðugleika í efnahagsmálum. Hún skapar svigrúm til áframhaldandi skattalækkana, jafnt hjá fyrirtækjum sem einstaklingum, og er mikilvæg forsenda áframhaldandi uppbyggingar atvinnulífs og bættra lífskjara.

Ég mun nú, herra forseti, víkja nánar að helstu efnahagsforsendum fjárlagafrumvarpsins.

Forsætisráðherra hefur gert Alþingi grein fyrir niðurstöðum þjóðhagsspár eins og hún birtist í þjóðhagsáætlun sem lögð er til grundvallar í fjárlagafrumvarpinu. Ég mun því aðeins nefna helstu atriðin og einkum þau sem hafa áhrif á frumvarpið.

Framvinda efnahagsmála upp á síðkastið endurspeglar fyrst og fremst mjög snarpa aðlögun í þjóðarbúskapnum í kjölfar mikillar uppsveiflu á árunum þar á undan. Verulega hefur dregið úr verðbólgu á þessu ári og er líklegt að hún verði innan við 2% á þessu ári og innan við 2,5% á því næsta, þ.e. vel innan við verðbólgumarkmið Seðlabankans. Atvinnuleysi hefur aukist tímabundið en flest bendir til að það fari lækkandi á næstunni.

Ein athyglisverðasta niðurstaða þjóðhagsspár er að viðskiptahallinn, sem hér hefur mælst samfellt frá árinu 1995, er talinn hverfa á þessu ári og horfur á að áfram verði jafnvægi í utanríkisviðskiptum árið 2003.

Þessi þróun kemur mér ekki á óvart. Ríkisstjórnin hefur staðið fast við þá stefnu sína að veita markaðnum færi á að aðlagast breytingum í efnahagsumhverfinu án handaflsaðgerða. Sú stefna var gagnrýnd harðlega fyrir ekki löngu síðan. Sá málflutningur dæmir sig nú sjálfur. Styrk efnahagsstjórn í landinu hefur skapað skilyrði sem gera fyrirtækjum og einstaklingum kleift að bregðast við utanaðkomandi sveiflum án þvingunaraðgerða af hálfu ríkisins. Þannig hafa þenslueinkenni hjaðnað og jafnvægi náðst á ný.

Þróun viðskiptajöfnuðar við útlönd sýnir betur en nokkuð annað hve sveigjanleiki íslenska hagkerfisins hefur aukist á undanförnum árum. Þar skipta höfuðmáli þær skipulagsbreytingar sem ég hef áður nefnt og hafa ásamt stefnu ríkisstjórnarinnar gjörbylt íslensku efnahagslífi. Rétt er að nefna sérstaklega í þessu sambandi hina nýju umgjörð peningamálastefnunnar og ný seðlabankalög sem þegar hafa gefið góða raun.

Þeir miklu spádómar sem hafðir voru uppi um áhrif viðskiptahallans gerðu ekki ráð fyrir þeim breytingum sem átt hafa sér stað í íslensku efnahagslífi. Við sem ekki höfum þá náðargjöf að geta séð fyrir óorðna hluti, verðum að notast við viðurkenndar hagfræðikenningar og vitneskju um stöðu og þróun mála til þess að draga ályktanir um framtíðarþróun efnahagsmála.

Það er því vonlegt að þeir sem hafa meiri áhuga á að koma höggi á ríkisstjórnina en spá um hina efnahagslegu framtíð á yfirvegaðan og upplýstan hátt séu eins og viðvaningar í pílukasti í myrkvuðu herbergi. Leikurinn gengur ef til vill ágætlega á meðan á honum stendur en þegar ljósin kvikna og árangurinn er skoðaður kemur oftast í ljós að fæstar pílurnar hafa hitt í mark.

Skjót aðlögun efnahagslífsins gerir þjóðarbúinu kleift að hefja nýja sókn til aukins hagvaxtar. Flest bendir til þess að það gangi eftir á næstu árum. Þannig er gert ráð fyrir því í þjóðhagsspá að hagvöxtur standi í stað árið 2002 í stað samdráttar í fyrri spám. Árið 2003 er síðan spáð 1,5% hagvexti og nálægt 3% hagvexti að jafnaði á árunum 2004–2007. Þjóðarútgjöld eru talin dragast saman um 3% á árinu 2002. Má það einkum rekja til samdráttar í fjárfestingu en reiknað er með að fjárfesting atvinnuveganna verði fimmtungi minni en árið 2001. Árið 2003 eru þjóðarútgjöld hins vegar talin aukast um 1,5%. Hér er rétt að nefna að í þessum tölum er ekki gert ráð fyrir að ráðist verði í þær stóriðjuframkvæmdir á næstu árum sem nú eru á umræðustigi. Væru þær með í jöfnunni væri vitaskuld um hærri tölur að ræða.

Einhver mikilvægasta mælistikan á árangur í efnahagsmálum er kaupmáttur ráðstöfunartekna. Sú tala segir okkur meira um þróun lífskjara í landinu en flestar aðrar. Hér á landi hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna aukist samfellt frá árinu 1994 og ekkert lát er á þeirri þróun. Árið 2002 er talið að kaupmátturinn aukist um 1,5% og spáð er 2% aukningu árið 2003.

Þjóðhagslegur sparnaður hefur einnig aukist verulega að undanförnu í kjölfar minnkandi þjóðarútgjalda og er nú talinn verða um 19% af landsframleiðslu en hann var um 14% árið 2000. Hagstæð þróun í utanríkisviðskiptum hefur skilað sér í batnandi skuldastöðu þjóðarbúsins. Hreinar erlendar skuldir þjóðarinnar hafa lækkað á þessu ári og spáð er áframhaldandi lækkun á því næsta.

Ég mun nú víkja nánar að sjálfu fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2003. Samkvæmt því er tekjuafgangur ríkissjóðs áætlaður 10,7 milljarðar kr. Til samanburðar má nefna að tekjuafgangur í endurskoðaðri áætlun fyrir yfirstandandi ár er 17,2 milljarðar kr., en ég mun fjalla sérstaklega um árið 2002 í umræðu um fjáraukalagafrumvarpið sem þegar hefur verið lagt fram á Alþingi. Minni tekjuafgangur á næsta ári stafar fyrst og fremst af því að hagnaður af sölu eigna er talinn verða 7 milljörðum lægri en ráð er fyrir gert í fjárlögum á þessu ári.

Þess hefur verið gætt að áhrifum skattalækkana sé mætt með aðhaldi í útgjöldum og rúmast þær því innan fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar. Tekjuafgangur ríkissjóðs, að frátöldum hagnaði af sölu ríkiseigna, er talinn verða 2,8 milljarðar kr. samkvæmt áætlun þessa árs en er 2,2 milljarðar kr. í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2003. Þá verður hins vegar að hafa í huga að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðstafa 1,2 milljörðum sérstaklega af söluandvirði eigna til að fjármagna framkvæmdir við jarðgöng. Sé tekið tillit til þess er tekjuafgangur árið 2003, án hagnaðar af sölu eigna og án sérstakrar ráðstöfunar hans, 3,4 milljarðar kr. Lánsfjárafgangur í frumvarpinu er áætlaður 10,1 milljarður en hann er áætlaður 20,6 milljarðar í ár. Lækkunin stafar af minni tekjum af eignasölu og af minni afborgunum af veittum lánum.

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2003 tekur mið af þeirri meginniðurstöðu þjóðhagsspár að efnahagslífið sé smám saman að taka við sér eftir veika niðursveiflu og að hagvöxtur muni aukast á nýjan leik á næsta ári. Á þessum forsendum eru skatttekjur taldar aukast um 5,3 milljarða og nema 232,5 milljörðum kr. Hækkun skatttekna milli ára má meðal annars rekja til aukinnar innheimtu tekjuskatts ein-

staklinga vegna hækkandi tekna þeirra og vegna hækkunar tryggingagjalds. Á móti vegur lækkun eignarskatts einstaklinga og fyrirtækja og lækkun tekjuskatts lögaðila.

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2003 eru áætluð 253,3 milljarðar kr. og hækka um 7 milljarða frá endurskoðaðri áætlun þessa árs. Hækkunin er tæplega 3% og standa heildargjöld því í stað að raungildi milli ára. Heildarútgjöldin lækka hins vegar sem hlutfall af landsframleiðslu frá þessu ári. Reiknað á föstu verðlagi fæst sú niðurstaða að almennur rekstrarkostnaður standi nánast í stað milli ára og sama gildir um fjárfestingu og viðhald, en vaxtagjöld lækka. Neyslu- og rekstrartilfærslur aukast hins vegar að raungildi eins og áður er komið fram.

Helstu breytingar milli ára eru að framlög til sambýla fyrir fatlaða eru aukin verulega til að stytta biðlista og er þar stuðst við tillögur svokallaðrar biðlistanefndar. Rekstrargrunnur sjúkrastofnana er styrktur og framlög til háskóla aukast vegna fjölgunar nemenda. Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka að raungildi milli ára meðal annars vegna þess að réttur karla og kvenna til fæðingarorlofs verður jafn á næsta ári og vegna aukinna bótagreiðslna svo sem barnabóta. Stofnkostnaður og viðhald standa í stað eins og fram er komið. Framlög til nýframkvæmda í vegamálum aukast hins vegar verulega eða um ríflega fimmtung frá fjárlögum vegna hinnar sérstöku fjármögnunar jarðganga af söluhagnaði eigna. Á móti kemur að mörgum stórum verkefnum er u.þ.b. að ljúka, í ár og á næsta ári, meðal annars byggingu skála hér við Alþingishúsið, barnaspítala og viðbyggingu við Kennaraháskóla Íslands. Loks er áætlað að vaxtagjöld ríkissjóðs lækki um hálfan milljarð kr. á næsta ári.

Herra forseti. Ég hef nú kynnt meginefni fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2003. Eðli máls samkvæmt er sú umfjöllun á þessu stigi nokkuð almenns eðlis við 1. umr. Sú ábyrga ríkisfjármálastefna sem hér birtist ber traustri efnahagsstefnu og styrkri hagstjórn ríkisstjórnarinnar gott vitni. Hagstjórn sem ber vott um hvort tveggja í senn: örugga og trausta yfirsýn yfir stöðu efnahagsmála á líðandi stundu og framsækna hugsun sem miðar að því að styrkja uppbyggingu íslensks efnahagslífs, jafnt fyrirtækja sem heimila.

Við skulum hafa það hugfast að verðmæti og auðlegð þjóðarinnar sem eru undirstaða þeirra lífskjara sem við njótum verða ekki til af sjálfu sér. Þau þarf að skapa og til þess þarf áræði og frumkvæði einstaklinga að fá að njóta sín. Það er hlutverk stjórnvalda að tryggja nauðsynleg skilyrði til þess að þetta geti gengið eftir. Þær breytingar sem hér hafa orðið á skipulagi og stöðu efnahagsmála undanfarin ár marka einhver dýpstu framfaraspor sem hér hafa verið stigin á þessu sviði. Breytingar sem munu skila sér í sífellt betri lífskjörum á komandi árum. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2003 er mikilvægur áfangi á leið okkar fram á veg í þessum efnum.

Ég legg til, herra forseti, að frumvarpinu verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til 2. umr. og hv. fjárln. Óska ég nú sem fyrr eftir nánu og góðu samstarfi við nefndina og vona að takast megi að ljúka afgreiðslu frumvarpsins í byrjun desember í samræmi við starfsáætlun þingsins.

[10:54]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur mælt fyrir fjárlagafrv. Það sem vekur athygli í þessu frv. er m.a. að skattbyrðin hefur færst í auknum mæli á almennar launatekjur á lágtekjufólk. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh.: Hyggst hann eða ríkisstjórnin beita sér fyrir því að skattleysismörk verði hækkuð þannig að þau fylgi a.m.k. almennri launaþróun í landinu þannig að ekki sé verið þess vegna að færa til skattbyrðina frá hinum efnameiri og til lágtekjufólksins? Er fyrirhugað að breyta einhverju til þess að rétta hlut lágtekjufólks í skattheimtunni?

Í öðru lagi minntist hæstv. fjmrh. á skuldastöðu heimilanna og nefndi það að hægt hefði á skuldaaukningunni. Var hæstv. ráðherra þar með að segja að hún hefði stöðvast? Ég vil benda á að skuldir heimilanna hafa nánast tvöfaldast á sl. 15 árum og eru nú komnar í um 170% af ráðstöfunartekjum heimilanna og fara hækkandi og líka sem hækkandi hlutfall af eignum. Er þetta ekki áhyggjuefni, hæstv. fjmrh., og eru fyrirhugaðar einhverjar aðgerðir til þess að styrkja stöðu heimilanna?

[10:56]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi síðara atriðið sem þingmaðurinn nefndi, þá er að sjálfsögðu verið að styrkja stöðu heimilanna í mjög ríkum mæli með ýmsu því sem nú er að koma til framkvæmda, t.d. með hækkuðum barnabótum sem sérstaklega munu gagnast barnafólki með lágar tekjur. Ég tel einnig að aukinn réttur feðra til fæðingarorlofs styrki stöðu heimilanna, sérstaklega barnafólksins, fólks með nýfædd börn. En ég lét þess getið að það væri að draga úr skuldsetningu heimilanna og það má m.a. sjá af þeirri staðreynd að þjóðhagslegur sparnaður er að vaxa. Hann er að vaxa miðað við árið 2000 um hvorki meira né minna en 40 milljarða kr. og ég hefði haldið að þingheimur allur gæti glaðst yfir þeirri þróun.

Að því er varðar skattbyrðina þá lét ég það koma fram í ræðu minni að tekjuskattur á einstaklingum er að hækka í heild vegna hærri tekna einstaklinga vegna þess að okkur hefur sem betur fer tekist að sjá til þess að tekjur fólksins í landinu fara hækkandi og kaupmátturinn hækkar. Hann eykst og þá gerist það sjálfkrafa að menn borga hærri hluta af tekjum sínum í skatt en áður var. Þannig er okkar skattkerfi uppbyggt. Eftir því sem tekjurnar verða hærri þeim mun meira borga menn í skatt, þeim mun hærra hlutfall af tekjum sínum borgar fólk í skatt. Og mig langar að spyrja þingmanninn: Er hann á móti því? Vill hann ekki að sá sem er með 300 þús. kr. tekjur borgi hlutfallslega meira í skatt en sá sem er með 100 þús. kr. tekjur? Eða hefur hann kannski ekki hugleitt það mál neitt sérstaklega?

Skattleysismörkin, þ.e. persónuafslátturinn, hækkar hér í samræmi við lagaákvæði sem sett voru á árinu 2000 í kjölfar þeirra kjarasamninga sem þá voru gerðir. Þau hækka um áramót. Persónuafslátturinn hækkar um áramót um 2,75% í samræmi við það sem lögfest var á sínum tíma.

[10:58]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég spurði hæstv. fjmrh. að því hvort hann mundi beita sér fyrir því að lögum yrði breytt þannig að skattleysismörkin yrðu hækkuð, þannig að skattbyrðin færðist ekki stöðugt niður á hlutfallslega lægri tekjur. Hæstv. fjmrh. svaraði því ekki eða það mátti skilja svarið svo að hæstv. ráðherra mundi standa að óbreyttum skattleysismörkum miðað við það sem lög kveða á um. Ég harma ef svo er og skora á hæstv. ráðherra að endurskoða það og beita sér fyrir því að skattleysismörk verði hækkuð þannig að skattbyrðin verði áfram færð til, aftur á þá sem hafa hærri tekjur.

Varðandi skuldastöðu heimilanna þá er það svo að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir örlitlum hagvexti á næsta ári og sá hagvöxtur á einmitt að byggja á aukinni skuldaaukningu

heimilanna. Það er í rauninni það sem á að drífa þann litla hagvöxt á næsta ári. Ég hef áhyggjur af þeirri stefnu að hagvöxtur þjóðarinnar byggi á því að heimilin safni auknum skuldum þó svo að þarna hægi nokkuð á.

Í lokin, herra forseti, leyfi ég mér að spyrja hæstv. fjmrh.: Mun hæstv. ráðherra fylgja enn eftir þeim áformum sínum að selja hlut ríkisins í Búnaðarbankanum þó svo að í ljós komi veruleg handvömm og afar hæpin vinnubrögð í öllu því söluferli sem nú mun birtast okkur í skýrslu Ríkisendurskoðunar og hefur verið greint lauslega frá í fréttum? Mun hæstv. ráðherra halda áfram að beita sér fyrir sölu Búnaðarbankans eða mun hann staldra við, beita skynseminni, stoppa við og athuga hvernig stíga skuli næstu skref?

[11:00]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. blandar saman ýmsum óskyldum málum. Eins og fram kemur í frv. og eins og fram kom í ræðu minni eru áform ríkisstjórnarinnar að því er varðar einkavæðingu ríkisbankanna alveg óbreytt. Það gefst vonandi tækifæri til að ræða þau mál betur undir öðrum formerkjum en fjárlagaumræðu.

Að því er varðar skuldsetningu heimilanna er það auðvitað alrangt sem þingmaðurinn sagði, að hinn mikli hagvöxtur, sem hann kallaði svo, á næsta ári byggðist á því að heimilin héldu áfram að skuldsetja sig. Því miður verður ekki mikill hagvöxtur á næsta ári, 1,5% er ekki mikið. Það er ekki mikið miðað við það sem við höfum búið við á undanförnum árum. Hann þyrfti að vera miklu meiri. En það hefur auðvitað ekkert með það að gera hvort heimilin eru að skuldsetja sig eða ekki. Þetta byggist á auknum útflutningi og meiri fjárfestingu en í ár. Hér er verið að blanda saman alveg óskyldum hlutum.

Að því er varðar skattfrelsismörkin og það sem fram kom í máli þingmannsins um það efni vildi ég gjarnan benda honum á að hækkun skattfrelsismarka um 1.000 kr. færir hverjum skattgreiðanda — ekki bara láglaunafólki heldur hverjum og einum sem borgar skatt — 380 kr. í vasann, 380 kr. í ávinning. En það kostar ríkissjóð rétt tæpan milljarð kr. að ráðast í slíka breytingu. Ef menn vilja hækka þau um 10 þús. þá eru menn komnir í 10 milljarða og ávinningur hvers og eins skattgreiðanda er 3.800 kr. Ég tel að það sé hægt að gera miklu meira og skynsamlegra fyrir þá peninga en verja þeim með þessum hætti.

Þar fyrir utan er það þannig, hv. þm., sem ég efast ekki um að þingmaðurinn hafi kynnt sér, að hafi menn 100 þús. kr. í tekjur rennur allur skatturinn til sveitarfélaganna en ekki til ríkisins vegna þess að ríkissjóður stendur undir útsvarinu hjá öllum þeim sem eru undir skattleysismörkum og að þeim mörkum að þeir eru komnir upp fyrir útsvarið. Af 100 þús. kr. tekjum eru dregnar um 12 þús. kr. í skatt en það rennur allt til sveitarfélaganna. Vill þingmaðurinn beita sér fyrir því að breyting verði gerð á þessu? Vill hann beita sér fyrir því að sveitarfélögin, sem hann þykist gjarnan bera fyrir brjósti, taki þátt í þessu? Hvað er hann að fara?

[11:03]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var athyglisvert að hlusta á hæstv. fjmrh. leggja út af hinum mikla árangri og hinni traustu efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar. Sjálfumgleði hæstv. ráðherra leyndi sér ekki. Það var hins vegar mun athyglisverðara að taka eftir því að hvergi var minnst á það hjálparlið sem kom ríkisstjórninni til aðstoðar þegar hvað verst stefndi í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þess vegna, herra forseti, er alveg óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hafi ekki orðið var við það þegar aðilar vinnumarkaðarins, fyrir tilstuðlan og undir forustu Alþýðusambands Íslands, tóku höndum saman, þegar stefndi í óðaverðbólgu og vextir voru enn á uppleið, og beittu sér fyrir umbyltingu í efnahagslífi þjóðarinnar.

Telur hæstv. fjmrh. ekki ástæðu til þess nú þegar hann fjallar um fjárlög fyrir árið 2003, þegar áhrif aðgerða þessara aðila koma hvað best fram, að þakka þeim þó ekki væri nema með einni lítilli setningu?

[11:04]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að sjálfsögðu fyllstu ástæðu til að þakka aðilum vinnumarkaðarins fyrir þeirra hlut í því sem hér hefur verið að gerast. Ég tel að aðilar beggja vegna samningsborðsins á almennum vinnumarkaði hafi staðið sig með mikilli prýði og komið fram af mikilli ábyrgð er þeir beittu sér fyrir verðlagsstöðugleika með því samkomulagi sem gert var milli þeirra og ríkisins í desembermánuði sl. Samkomulaginu var stefnt að því marki að halda vísitölubreytingum innan viðmiðana kjarasamningsins í maímánuði í ár. Þetta tókst og vissulega eiga þessir aðilar þakkir skildar fyrir sinn atbeina að því máli, ekki dreg ég úr því. Mér dettur það ekki í hug.

Hitt er annað mál að þessir aðilar hafa ekki tekið að sér efnahagsstjórnina í landinu. Þeir bera ekki ábyrgð á fjárlögum ríkisins en við höfum auðvitað óskað eftir því að eiga áfram gott samstarf við þá. Þessir aðilar geta náttúrlega ekki borið ábyrgðina á því sem við höfum ákveðið hér á Alþingi varðandi skipulagsbreytingar í efnahagsmálum, í atvinnulífinu eða að öðru leyti. Þó að ekki megi vanmeta þeirra hlut hefur auðvitað engu valdi verið afsalað til þeirra af því sem tilheyrir framkvæmdar- eða löggjafarvaldi í landinu. En þeirra þáttur er mikill og góður og verður vonandi áfram.

[11:06]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að koma þessum þökkum á framfæri. Ég vil þá nota tækifærið og þakka ríkisstjórninni fyrir það að hafa gengið í lið með þessum ágætu aðilum og náð þeim árangri sem nauðsynlegt var að ná í þessum efnum.

Hins vegar er athyglisvert, og rétt að spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hafi m.a. í ræðu sinni verið að draga fram þær áherslur, að því minni afskipti sem ríkisstjórnin hefði af efnahagslífi þjóðarinnar því betri árangurs mætti vænta. Má að hluta til þakka þeim aðilum sem ég nefndi hér áðan þann árangur sem náðst hefur auk þess að ríkisstjórnin hefur minnkað afskipti sín af ýmsum þáttum í efnahagslífinu, m.a. af hinni aðhaldssömu stefnu í peningamálum sem Seðlabankinn viðhélt og ríkisstjórnin gerði þó tilraun til að vinna gegn? Seðlabankinn varði í raun vextina vegna þeirrar stöðu sem var í efnahagsmálunum og hugsanlega er árangurinn að skila sér nú, jafnvel fyrr en menn gerðu ráð fyrir, fyrir hið mikla aðhald sem þar var stundað. Eða var hæstv. fjmrh. að gefa í skyn að ríkisstjórnin ætti allan heiðurinn af þeim árangri sem náðst hefur, sem er þó kannski ekki eins glæsilegur og hæstv. ráðherra lét í veðri vaka?

[11:07]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að allir þeir sem lagt hafa lóð á vogarskálarnar til að ná þessum árangri fái viðurkenningu fyrir það. En það sem ég var að tala um í ræðu minni varðandi minnkandi afskipti ríkisins af efnahagsmálum og atvinnumálum er náttúrlega byggt á því að hér hefur skipulega verið gengið til verks varðandi lagabreytingar, varðandi einkavæðingu og þess háttar til að minnka ákvörðunarvald okkar í þessum sal og völd okkar sem sitjum hér á ráðherrabekkjunum til að ráðskast með hlutina í stóru og smáu eins og gert var lengst af og margir muna vel. Sumir muna það þó kannski betur en aðrir hér í þessum sal.

Einkavæðingarferlið er einmitt liður í að koma ákvörðunum um viðskiptaleg málefni í atvinnulífinu úr höndum stjórnmálamannanna yfir til atvinnulífsins sjálfs á markaði þar sem slíkar ákvarðanir eiga auðvitað heima. Að þessu hefur verið unnið í mörg ár og þetta er mikilvægt atriði í að skapa grundvöll þess árangurs sem náðst hefur. Þetta hefur líka skilað sér í því að íslenskt atvinnulíf og efnahagslíf er núna miklu sveigjanlegra en það var áður. Það er miklu fljótara að bregðast við áföllum, taka nýjar ákvarðanir og laga sig að breytingum. Upp á þessar breytingar horfum við. Það er þess vegna sem viðskiptahallinn minnkar svona hratt og verðbólgan, þ.e. vegna þess að aðilarnir á markaðnum taka við sér og taka nýjar ákvarðanir á grundvelli breyttra forsendna.

[11:09]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Við ræðum nú fjárlagafrv. fyrir árið 2003. Eins og fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. er 1. umr. yfirleitt þeim einkennum gædd að við ræðum almennt um fjárlögin, við ræðum um efnahagsástandið o.s.frv. en síðan tekur fjárln. við frv. og fer nánar ofan í þá þætti sem skoða ber.

Það er ljóst að á þeim tímum sem við lifum nú erum við að koma úr ofþensluástandi í efnahagslífinu. Nú er að taka við slökunartímabil. Við hljótum að velta því fyrir okkur hvort þær áætlanir sem fjárlagafrv. byggir á séu raunhæfar, hvort þessar áætlanir standist eða hvort það verði umsnúningur. Þá er býsna stutt í að hallarekstur verði á ríkissjóði vegna þess að í raun er afgangurinn sem gert er ráð fyrir býsna lítill ef frá er dreginn söluhagnaður eigna.

Athyglisverðast varðandi það fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir er það sem ekki er í frv. Það er auðvitað athyglisvert að hæstv. fjmrh., hæstv. heilbrrh. og hæstv. forsrh. hafa allir komið að því að skoða þurfi ákveðna þætti í heilbrigðismálum áður en Alþingi lýkur umfjöllun sinni um fjárlagafrv. Að vísu eru áherslur þessara hæstv. ráðherra býsna misjafnar og mun ég koma að því síðar í ræðu minni.

En það eru fleiri mál sem virðast liggja utan garðs í fjárlagafrv. en eingöngu heilbrigðismálin. Lögreglumálin get ég nefnt, menntamálin og velferðarmálin. Þau virðast liggja hjá garði þegar við horfum yfir fjárlagafrv. Það virðist því miður þannig að einstök dekurverkefni fá hins vegar umfjöllun. Hæstv. ríkisstjórn leggur meiri áherslu á ákveðin mál en önnur. Skortur á forgangsröðun er auðvitað eitt einkenni sem við höfum þurft búa við til margra ára þegar litið er til fjárlagafrumvarpa þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr.

Ég nefndi áðan, herra forseti, dekurverkefni. Ég nefndi líka lögreglumál þegar ég talaði um það sem lægi hjá garði. Ég verð að segja, herra forseti, að það er þó ekki alfarið þannig þegar við skoðum lögreglumálin. Manni dettur ósjálfrátt í hug þegar kemur að embætti ríkislögreglustjóra að þar sé um eitthvert sérstakt dekurembætti að ræða. Það blasir t.d. við að rekstrarkostnaður þessa embættis hefur aukist frá árinu 1998 til frv. núna 2003 um 260% og tel ég vafa á því að nokkurt embætti hafi þanist svo mikið á þessu árabili. Þá hlýtur maður að spyrja, herra forseti: Hver var tilgangurinn með stofnun embættisins, því að þetta er eitt af yngri embættunum? Var það kannski hagræðing og sparnaður? Það skyldi þó ekki vera. Það væri fróðlegt að heyra hæstv. fjmrh., þegar hann kemur aftur í ræðustól, upplýsa okkur um hvar þessi hagræðing og sparnaður hefur átt sér stað.

Herra forseti. Vonandi munu þær áætlanir sem fjárlagafrv. byggir á standast. Því er auðvitað ekki að neita að það hafa orðið töluverðar breytingar í forsendum áætlunarinnar miðað við fyrri ár. Þjóðhagsstofnun hefur verið aflögð. Nú sér fjmrn. eða deild í fjmrn. um þessa áætlunargerð. Það á auðvitað eftir að koma í ljós hvernig þetta reynist. Við þekkjum það nokkuð vel hvernig spár Þjóðhagsstofnunar, sem þó var nokkuð reynd stofnun í áætlanagerðinni, reyndust. Því miður stóðust þær sjaldan. Auðvitað verðum við að vona að hin nýja deild í fjmrn. standi undir því trausti sem henni er falið. Hins vegar er fortíðin þannig að áður fyrr kom oft frá þessari deild efni sem minnti frekar á áróður en faglega umfjöllun. Við vonum hins vegar að þetta standi til bóta og þessi deild taki hið nýja hlutverk mjög alvarlega.

Það er auðvitað ljóst að það er erfiðara fyrir ríkisstjórnina að stjórna tekjuinnstreymi til ríkissjóðs nema með breyttri skattheimtu. Þróun þeirra mála segir okkur að ríkisstjórnin hefur lagt meiri áherslu á að ná í tekjur af einstaklingum en fyrirtækjum. En það er auðvitað gjaldahliðin sem er miklu frekar á valdi ríkisstjórnar að hafa hemil á og auðvitað er athyglisvert að útgjaldaukning hefur verið stöðug af hálfu ríkissjóðs þrátt fyrir að a.m.k. annar ríkisstjórnarflokkurinn hafi boðað það, svo lengi sem flestir muna, að dregið skuli úr útgjöldum ríkisins. Til dæmis hefur útgjaldaaukningin verið rúmlega 30% eða um 34% frá árinu 1998.

En ríkisstjórninni er ýmislegt fleira mislagt í framkvæmd. Hæstv. fjmrh. nefndi hér einkavæðingu og mikilvægi einkavæðingar. Satt best að segja, herra forseti, gerði ég ráð fyrir að hæstv. fjmrh. mundi reyna að skauta fram hjá umfjöllun um einkavæðingu, þó ekki væri nema vegna þess að svo illa hefur til tekist að leitun er líklega að annarri eins handvömm í nokkrum málaflokki. Það skortir að sjálfsögðu allar reglur og það virðist vera ákveðið hverju sinni hvernig með skuli farið. Þetta hefur m.a. orsakað það að tveir hafa sagt sig úr einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar og nýjustu fréttir herma að Ríkisendurskoðun sé nú að leggja síðustu hönd á skýrslu um síðustu tilraun þeirrar ágætu nefndar til einkavæðingar. Miðað við fréttir sem sáust í blöðum í morgun virðast athugasemdir vera á öllum stigum málsins, alveg frá því að auglýst var og þar til ákvörðun var tekin um að ræða við ákveðna aðila.

Herra forseti. Ég talaði um það áðan að það væru helst útgjöldin sem ríkisstjórnin og framkvæmdarvaldið gætu haft áhrif á. Og það er athyglisvert að bera það saman hvernig fjárlög standa síðan miðað við raunverulega útkomu, þ.e. þegar búið er að samþykkja fjárlög á Alþingi og bera það síðan saman við niðurstöður ríkisreiknings. Það er athyglisvert þegar við skoðum það tímabil sem við getum nú skoðað, vegna þess að ríkisreikningur er nú kominn fram fyrir árið 2001. Ef við berum saman t.d. tímabilið 1998 til ársins 2001,

þá sjáum við að mismunur á milli fjárlaga og ríkisreikningsins er samanlagt þessi ár um 86 milljarðar eða að meðaltali um 21,5 milljarðar á ári. Ef hins vegar hinar títtnefndu lífeyrisskuldbindingar eru frádregnar er mismunurinn um 50 milljarðar, eða að meðaltali um 12,5 milljarðar á ári. Það er raunverulega í þessu sem við getum borið saman hina traustu stjórn ríkisfjármálanna vegna þess að eftir þessu eiga menn auðvitað að fara því að fjárlög eru lög eins og önnur lög og eftir þeim ber að fara, þ.e. ef þau eru vönduð og rétt, þá á ekki að vera vandi að fara eftir þeim. En því miður er það annaðhvort svo að slík lausatök eru á stjórn ríkisfjármálanna eða hitt að fjárlögin eru ekki nægjanlega vandaður pappír.

Herra forseti. Ekki eru mörg ár síðan Ríkisendurskoðun tók saman skýrslu varðandi fjárlagaferlið og bendir þar á býsna athyglisverðan hlut, sem við sem höfum starfað í fjárln. getum tekið undir, vegna þess að þegar fjárlagafrv. er lagt fram virðist málið fyrst og fremst ganga út á að þeir rammar sem ákveðnir eru af ríkisstjórn á vordögum skuli standa og ráðherrarnir eru settir hver inn í sinn ramma en síðan þegar fjárlagafrv. er fram komið virðast rammarnir að mestu úr sögunni. Því, herra forseti, eins og segir í samantekt í skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjárlagaferlið á bls. 5, með leyfi forseta:

„Sú heildarsýn og sá agi sem felst í skipulaginu [þ.e. rammafjárlögunum] fer því forgörðum eftir að fjárlagafrumvarp hefur verið lagt fyrir þing. Stór hluti þeirrar útgjaldaaukningar sem jafnan verður í meðförum þingsins á rætur að rekja til tillagna frá ríkisstjórn."

Herra forseti. Það er því ekki fjárln. sem slík, eins og menn gætu haldið, sem breytir meira og minna frá römmunum, heldur er það ríkisstjórnin sjálf sem gerir slíkt. Þetta er auðvitað það sem við höfum áhyggjur af þegar fjárlagafrv. er lagt fram með öllum sínum glæsilegu markmiðum, og ekki er laust við að þau séu glæsileg þetta árið eins og oftast áður, en við hljótum að vekja athygli á því að því miður er þetta ekki endilega raunveruleikinn. Ljóst er að góðærið sem við höfum lifað við núna nokkur undanfarin ár var ekki notað til þess að auka jöfnuð í þjóðfélagi okkar eða til að bæta ríkisreksturinn.

Fjármálaráðuneytið leggur nú fyrir þjóðhagsspá sem menn hafa verið að guma af að sé mikil breyting frá því sem Þjóðhagsstofnun spáði síðast, síðasta spá Þjóðhagsstofnunar er frá því í júní, en þegar grannt er skoðað er í raun og veru ótrúlega lítill munur á þessum spám. Hún er auðvitað frábrugðin að ýmsu leyti en varðandi vöxt beggja áranna 2002 og 2003 er munurinn í raun og veru enginn. Gert er ráð fyrir að vöxtur þessara tveggja ára sé um 1,5% í báðum spánum því að Þjóðhagsstofnun gerði ráð fyrir að samdráttur yrði upp á 0,8% á þessu ári en aukningin yrði síðan 2,4% á því næsta, meðan forsendur fjárlaga gera ráð fyrir að það verði í jafnvægi þetta árið en vöxturinn verði síðan um 1,5% á því næsta.

Herra forseti. Það var athyglisvert að hlýða á stefnuræðu hæstv. forsrh. fyrir ýmissa hluta sakir, m.a. þær að hæstv. forsrh. sagði, með leyfi forseta: „Það verður heldur ekki samdráttur í þjóðarframleiðslunni á þessu ári eins og spáð var og nú er gert ráð fyrir allgóðum hagvexti á næsta ári ..." — „Allgóðum hagvexti á næsta ári", segir hæstv. forsrh. og gerir greinilega ráð fyrir því að 1,5% séu í ákveðnu samhengi allgóður hagvöxtur. Hins vegar er ljóst að þessi hagvöxtur er undir framleiðslugetu þjóðfélagsins og þar af leiðandi er tekin ákveðin áhætta inn í næsta ár, verði þetta raunin. Ég vek athygli á að meginhættan í því er að samdráttur verði á vinnumarkaði og þá getur verið stutt í atvinnuleysið eða samdrátt í atvinnu þannig að þá eru hin skuldsettu heimili auðvitað komin í stóra hættu.

Herra forseti. Við skulum ekki týna okkur í því sem gæti miður farið, við skulum auðvitað vona að hlutirnir gangi á hinn besta veg. Örlítill samanburður við þessa ánægju hæstv. forsrh. um hagvöxtinn bendir hins vegar á að spáð er 2,4% hagvexti í Bandaríkjunum á næsta ári og 2,4% hagvexti í Evrópusambandinu, þannig að við erum undir þessum svæðum og til langframa er það að sjálfsögðu ekki það sem við viljum.

Viðskiptajöfnuður er eitt af því sem hæstv. fjmrh. hefur verið að lýsa mikill ánægju sinni með. Það er vissulega rétt að viðskiptajöfnuðurinn hefur verið að ná jafnvægi og það er ánægjulegt. En á það hefur verið bent að það er kannski ekki helst fyrir tilstuðlan ríkisstjórnarinnar að slíkt hefur gerst heldur vegna þess að aðrir aðilar komu til aðstoðar og ríkisstjórnin á út af fyrir sig þær þakkir að hafa gengið í lið með þeim til að ná þessum árangri.

Einn er sá þáttur sem er býsna athyglisverður þegar við horfum á viðskiptajöfnuðinn og það er jöfnuður þáttatekna, en það er sá þáttur sem því miður mun ekki lækka á næsta ári og mun einn og sér í raun og veru orsaka það að væntanlega verður viðskiptahalli um 1 milljarður á næsta ári. Ástæðan er sú að jöfnuður þáttatekna verður neikvæður um 25 milljarða á þessu ári en árið 2001 var rúmlega 27 milljarða halli á jöfnun þáttatekna, en því er spáð að hann verði aftur neikvæður um 27 milljarða á næsta ári. Það er því þetta sem snýr fyrst og fremst að því að skuldir okkar við útlönd eru allt of miklar, þó svo að ríkissjóður sem slíkur sé þar ekki stærstur.

Herra forseti. Nauðsynlegt væri miðað við ræðu hæstv. fjmrh. og ræðu hæstv. forsrh. að rifja upp hvernig á því stendur að við erum í þeirri stöðu nú að hagvöxtur er kominn niður á þetta stig og spáð að hann verði enginn á þessu ári. Það er vissulega hægt að rekja það lið fyrir lið hverjar ástæðurnar eru fyrir því. Tími minn leyfir ekki að fara nákvæmlega í hvern þátt í því ferli en það muna allir sem eru í þessum sal að þenslan fór úr böndum sem orsakaði hinn mikla viðskiptahalla sem síðan leiddi af sér gengisfellingu sem aftur setti af stað verðbólgu og þar af leiðandi fóru aðilar vinnumarkaðarins, eins og ég hef komið hér að áður, í það að taka höndum saman til að stoppa þá óheillaþróun. Og það er auðvitað þess vegna sem tókst að ná því jafnvægi sem við vonandi búum við nú í hagkerfinu.

Herra forseti. Sú mikla verðbólga sem á tímabili var komin upp í nær 10% kom að sjálfsögðu við einstaklingana og hún kemur fram í því að skuldastaða einstaklinganna hefur versnað og afborganir þeirra eru meiri og þar af leiðandi standa þeir sem skuldugir eru verr eftir en áður. Þetta nær ekki bara til einstaklinga, þetta nær ekki síður til smáfyrirtækja sem því miður hafa þurft sum hver að hætta starfsemi sinni og fyrirtæki á landsbyggðinni hafa heldur ekki farið varhluta af þessu.

Við sjáum í fjáraukalagafrv. einmitt afleiðingar af því sem hér er að koma fram vegna þess að í fjáraukalagafrv. kemur fram að auka þarf á þessu ári fjármuni bæði til ábyrgðasjóðs launa og eins til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Og það er að sjálfsögðu vegna þess að ástandið varð verra á þessu ári en ráð var fyrir gert.

Herra forseti. Einnig væri hægt að rifja upp ýmis fyrri fjárlagafrv. og bera saman við raunveruleikann, eins og ég gerði hér lítillega fyrr í ræðu minni, en niðurstaðan er yfirleitt almennt sú að hagstjórnin hefur verið eitt af því sem er veikleiki í kerfi okkar. Þess vegna kemur það auðvitað spánskt fyrir sjónir þegar hæstv. fjmrh. eyðir megninu af tíma sínum í að nefna það að hagstjórnin hafi verið traust, hagstjórnin sérlega góð. En hæstv. ráðherra sleppti því í ræðu sinni, sem hann hefur gert bæði við fjölmiðla og sem hann tilkynnti fjárln. þegar hann kynnti okkur fjárlagafrv., að svo góður er árangurinn hjá hæstv. fjmrh. að hann telur ástæðu til að fara í örlitla fyrirlestraferð um heiminn til að kynna mönnum hvernig eigi að ná þessum mikla árangri. Vona ég, herra forseti, að í þeim fyrirlestri gleymi hæstv. ráðherra ekki að það voru aðstoðarmenn í liði hans sem trúlega höfðu mun meiri áhrif en sjálf ríkisstjórnin í því að ná þó þeirri lendingu sem við nú erum vonandi að ná.

Herra forseti. Ég nefndi áðan að athyglisvert hefði verið að hlusta á stefnuræðu hæstv. forsrh. Það var ýmislegt fleira sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh. en það sem ég nefndi áðan. Athyglisverðast var að sjálfsögðu kafli hæstv. forsrh. varðandi heilbrigðisþjónustu, en þar kom hæstv. forsrh. nokkuð að.

Með leyfi forseta, sagði hæstv. forsrh. m.a.:

„Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2000, haustið 1999, var sérstaklega leitað til Ríkisendurskoðunar og henni falið að kanna rekstrarkostnað sjúkrastofnana miðað við fjárlög.“ — Og örlitlu síðar: „Aðeins tveimur árum eftir þessa aðgerð sem átti að koma fjármálunum á hreint virðist allt komið í fyrra horf.“ — Og skömmu síðar, herra forseti: „Við verðum að leita skýringa á hvað farið hefur úrskeiðis áður en ríkissjóður er krafinn um enn meira fé. Það gengur ekki að ítrekað séu lagðir fram miklir fjármunir til að leysa rekstrarvanda sem skýtur svo aftur upp kollinum óðar en við er litið.“

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. heilbrrh., sem hér er staddur, um viðhorf hans til ummæla hæstv. forsrh. sem greinilega er að gefa í skyn að hér þurfi ekki að taka til hendi. Ég hef a.m.k. skilið hæstv. heilbrrh. þannig að nýta eigi tímann vel á milli umræðna um fjárlögin til þess að skoða þennan þátt alveg sérstaklega.

Herra forseti. Það er býsna athyglisvert að skoða árið 1999, og skoða hvað gert var þegar verið var að semja og ræða fjárlögin fyrir árið 2000, vegna þess að þá var hæstv. heilbrrh. formaður fjárln. og hann fjallaði þá sérstaklega um þennan þátt, hvernig á því stæði að svo væri komið fyrir heilbrigðisstofnunum. Ég ætla ekki að eyða tímanum í að rifja það upp því að flestir muna það. En það var fleira sem kom fram í ræðu þáv. hv. formanns fjárln. vegna þess að á þeim tíma var ákveðið að setja ákveðnar reglur um hvernig komið skuli í veg fyrir að svona lagað endurtaki sig. Og, herra forseti, það sem kom fram m.a. í ræðu þáv. hv. formanns fjárln. var m.a. þetta, með leyfi forseta:

„Gerðir verða samningar við stofnanir þar sem skýrt kemur fram hver fjárframlög til þeirra verða á hverjum tíma og að stjórnendur beri ábyrgð á að halda rekstrinum innan fjárheimilda.“ — Og síðan áfram: „Til þess að tryggja að fjárframlög til heilbrigðisstofnana séu ákvörðuð með hlutlægum hætti verður tekin upp sú nýbreytni við gerð fjárlaga fyrir árið 2001 að nota reiknilíkön við skiptingu fjárveitinga á milli stofnana.“

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. fjmrh. að því hvernig hefur verið staðið að þessu öllu saman. Hvað hefur verið gert í þessu? Er búið að gera samninga við allar heilbrigðisstofnanir í landinu? Hvar er þetta reiknilíkan? Og eftir hverju er unnið þegar ákveðnar eru fjárveitingar til þessara stofnana?

Herra forseti. Því miður er tími minn á þrotum en ég mun halda áfram umfjöllun um fjárlagafrv. í seinni ræðu minni.

[11:30]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er tvennt sem fram kom í upphafi ræðu hv. þm. sem ég vil nefna sérstaklega. Hann gerði að umtalsefni fjárveitingarnar til ríkislögreglustjóraembættisins — sem er vinsæl stofnun hér af hálfu ákveðinna aðila til að gagnrýna — og taldi að hún hafi fengið fjárveitingar umfram það sem eðlilegt er.

Ég bendi á að þetta embætti, sem er tiltölulega nýtt, hefur tekið að sér fjölmörg verkefni sem áður voru unnin annars staðar. Allur bílakostnaður lögregluliðanna í landinu er núna færður þarna. Víkingasveitin var flutt þarna yfir, fjarskiptamiðstöðin, þangað færast Almannavarnir á næsta ári fyrir utan verkefni tengd Schengen- og SIRENE-samstarfinu. Því er auðvitað mjög ómaklegt að tala eins og hv. þm. gerði.

En aðalatriðið sem ég vildi tala um var það sem þingmaðurinn velti fyrir sér varðandi þjóðhagsspá efnahagsskrifstofu fjmrn. Hann sagði það ekki beint en gaf í skyn að ekki væri útilokað að menn mundu kannski fara misvel með upplýsingar eða reyna að fegra hlutina umfram það sem efni stæðu til. Í þessu sambandi vil ég taka það fram, eins og ég þykist vita að allir þingmenn hafi nú kynnt sér, að óháðar fjármálastofnanir í landinu, sem eru það öflugar að þær geta gert svona spár upp á eigin spýtur sem var m.a. ein ástæðan fyrir því að það þótti ekki lengur nauðsynlegt að reka Þjóðhagsstofnun í óbreyttri mynd, hafa nú hver af annarri verið að birta upplýsingar sínar og spár.

Búnaðarbankinn spáði 2% hagvexti, Íslandsbanki spáði í gær 1,7% hagvexti á næsta ári. Við erum í 1,5%. Landsbankinn hefur líka birt umsögn um fjárlagfrv. þar sem hann telur mjög varfærnislega stigið til jarðar. Þetta verða menn að hafa í huga þegar gefið er í skyn að eitthvað misjafnt geti verið á ferð varðandi þjóðhagsáætlun ráðuneytisins. Það er auðvitað af og frá og bið ég menn að kynna sér spár óháðra aðila í því sambandi.

[11:32]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara í mikla umfjöllun um ríkislögreglustjóraembættið. Hins vegar er alveg augljóst mál, eins og ég nefndi í ræðu minni, að þetta er eitt af þeim embættum sem þanist hafa mjög út. Ég spurði hæstv. fjmrh. eftir því hvar hagræðingin og sparnaðurinn væru.

Auðvitað veit ég fullvel að ýmislegt hefur verið fært undir þetta embætti og mér skilst að hugmyndir séu uppi um að leggja töluvert meira undir það þannig að enn á að halda áfram. En spurningin gekk hins vegar út á að fá skýringu á því hvar sparnaðurinn væri og hvar hagræðingin við þetta allt saman er.

Ég vil hins vegar leiðrétta hæstv. fjmrh. ef hann hefur skilið orð mín svo að ég væri að gefa til kynna að fjmrn. væri ekki traustsins vert varðandi þær áætlanir sem hér liggja fyrir. Ég tek undir með hæstv. fjmrh. að það er mjög athyglisvert hversu nálægt allar spárnar eru hver annarri. Það sem ég var að segja var að áður fyrr hefðu komið úr fjmrn. ýmsar upplýsingar sem líktust meira áróðri en faglegri umfjöllun.

Ég tók það sérstaklega fram að ég vonaðist til að menn stæðu vel undir þessu nýja hlutverki sem þeir hafa fengið.

Það er hins vegar önnur nálgun varðandi þetta mál sem ég vil spyrja hæstv. fjmrh. um. Þegar frv. um að leggja Þjóðhagsstofnun niður var til umræðu í þinginu var gjarnan rætt um það að við þingmenn fengjum aðgang að annarri stofnun til þess að láta vinna þá vinnu sem Þjóðhagsstofnun gerði gjarnan fyrir okkur. Þá er spurningin um hvort við getum lagt fyrir ákveðnar forsendur sem við viljum fá útreiknaðar. Því miður, herra forseti, höfum við, a.m.k. við sem sitjum í fjárln., ekki orðið vör við að við höfum fengið neinn aðgang að einni eða neinni stofnun eða heyrt getið um að ætlaðir hafi verið fjármunir til að vinna slíka vinnu.

[11:34]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ánægður með að fram hafi komið hjá þingmanninum að að hans dómi sé hvergi maðkur í mysunni varðandi þjóðhagsspá eða þær forsendur sem liggja til grundvallar fjárlagafrv. og þjóðhagsspánni enda væri það síðra. Ég hafna því alveg að í þeim efnum hafi fjmrn. einhvern tíma lagt fyrir menn hér eitthvað misjafnt eða áróður eins og þingmaðurinn sagði.

Aðalatriðið er að þessi mál eru komin í nýjan farveg. Það er alveg ástæðulaust að skapa einhverja tortryggni í kringum það. Ég held að þær spár sem óháðir aðilar hafa birt sýni að það eru ekki til nein ákveðin hárnákvæm vísindi í þessum efnum. En það að aðilar eru þó þetta nærri hver öðrum varðandi útkomuna segir auðvitað sitt, þ.e. að sjálfsagt eru þeir allir nokkurn veginn á réttu róli þó að að þessu sinni sé ráðuneytið varfærnast að því er varðar hagvöxtinn. Það hefur auðvitað áhrif á skatttekjurnar og tekjur til fjárlaga og þar af leiðandi á væntanlega rekstrarniðurstöðu ríkissjóðs, þ.e. afganginn.

Að því er varðar Þjóðhagsstofnun og niðurlagningu hennar og tilflutning verkefna hefur náttúrlega verið að komast mynd á þau mál undanfarið hálft ár eða síðustu mánuði. Stofnunin var ekki lögð niður fyrr en 1. júlí. Menn hafa verið að skipta með sér verkum, Hagstofan annars vegar og fjmrn. hins vegar. Síðan er gert ráð fyrir því að aðilar eins og Hagfræðistofnun Háskólans geti tekið að sér ákveðin verkefni. Það eru ákveðnir fjármunir á lið í forsrn. vegna slíkra atriða. Ef menn telja að þingið þurfi á einhverri fagvinnu að halda í þessum efnum er bara að óska eftir því og þá finna menn auðvitað rétta farveginn fyrir slíka hluti. Auðvitað var ekki meiningin að draga úr þjónustu við Alþingi með þessum breytingum.

[11:36]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. fjmrh. að ég taldi hvergi maðk í mysunni og gaf alls ekki til kynna að slíkt væri. Ég var heldur ekki að tala um það, herra forseti, að fjmrn. legði það í vana sinn að leggja fyrir þingið einhverja áróðurspappíra. Það sem ég átti við var að á heimasíðu fjmrn. hafa að sjálfsögðu æðioft komið viðbrögð frá fjmrn. við ýmsum hlutum sem oft hafa fremur líkst áróðri en faglegum vinnubrögðum. Ég er ekki að segja að það hafi verið nákvæmlega sömu aðilar og vinna að þjóðhagsspánni. (**Fjmrh.**: Því er mótmælt.) Því er mótmælt af hæstv. ráðherra. Við skulum þá bara í rólegheitum einhvern tíma skoða heimasíðuna hjá ráðuneytinu og benda hæstv. ráðherra á nokkur atriði sem hafa a.m.k. að mínu mati fremur nálgast áróður en fagleg vinnubrögð.

Herra forseti. Varðandi niðurlagningu Þjóðhagsstofnunar og hvað eigi að koma í staðinn fyrir þjónustu við þingmenn fagna ég því auðvitað að hæstv. fjmrh. bendir okkur á að við getum hugsanlega komist í sjóði forsrn. til að auka þjónustu við þingið. Ég geri ráð fyrir því að við munum nýta okkur það eða þá að fjárln. muni í starfi sínu hugsanlega færa einhverja fjármuni frá þessum lið hjá forsrn. yfir til þingsins.

[11:37]

Útbýting þingskjala:

Ábyrgðasjóður launa, 99. mál, fsp. KPál, þskj. 99.

Bifreiða-, ferða- og risnukostnaður, 79. mál, fsp. JóhS, þskj. 79.

Einbreiðar brýr, 103. mál, fsp. KPál, þskj. 103.

Endurreisn íslensks skipaiðnaðar, 38. mál, þáltill. SJS og JB, þskj. 38.

Fæðingarorlof, 80. mál, fsp. JóhS, þskj. 80.

Greiðslur úr ábyrgðasjóði launa, 105. mál, fsp. JóhS, þskj. 105.

Húsaleigubætur, 43. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 43.

Kostnaðargreining í heilbrigðiskerfinu, 75. mál, fsp. LMR, þskj. 75.

Kostnaður við undirbúning álvers í Reyðarfirði, 84. mál, fsp. KolH, þskj. 84.

Kvartanir vegna verðbréfaviðskipta, 77. mál, fsp. JóhS, þskj. 77.

Nauðasamningar, 73. mál, fsp. RG, þskj. 73.

Nýting afla af fullvinnsluskipum, 102. mál, fsp. KPál, þskj. 102.

Óhreyfð skip í höfnum og skipsflök, 14. mál, þáltill. KF o.fl., þskj. 14.

Rannsóknir á nýjum orkugjöfum, 104. mál, fsp. KPál, þskj. 104.

Rannsóknir á nýtingu fiskúrgangs o.fl., 100. mál, fsp. KPál, þskj. 100.

Rekstrarform í heilbrigðisþjónustu, 76. mál, fsp. LMR, þskj. 76.

Réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, 74. mál, fsp. RG, þskj. 74.

Réttindi sjúklinga, 42. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 42.

Starfssvæði og verkefni Suðurlandsskóga, 101. mál, fsp. KPál, þskj. 101.

Stuðningur við frjáls félagasamtök, 85. mál, fsp. KolH, þskj. 85.

Stuðningur við frjáls félagasamtök, 86. mál, fsp. KolH, þskj. 86.

Stuðningur við frjáls félagasamtök, 87. mál, fsp. KolH, þskj. 87.

Stuðningur við frjáls félagasamtök, 88. mál, fsp. KolH, þskj. 88.

Stuðningur við frjáls félagasamtök, 89. mál, fsp. KolH, þskj. 89.

Úrræði fyrir ungt hreyfihamlað fólk, 78. mál, fsp. JóhS, þskj. 78.

[11:40]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Þróun efnahagsmála á þessu ári hefur um margt verið hagstæðari en reiknað var með um svipað leyti í fyrra. Þannig hefur verulega dregið úr verðbólgu og spáð er jöfnuði í viðskiptum við önnur lönd. Ekki er lengur gert ráð fyrir samdrætti í landsframleiðslu heldur reiknað með að hún standi í stað. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur

haldið áfram að vaxa og þrátt fyrir að atvinnuleysi hafi aukist töluvert getur það ekki talist mikið hér á landi miðað við þann samanburð sem gerður er við önnur lönd.

Við þessar aðstæður hafa áætlanir ríkissjóðs um umtalsverðan tekjuafgang á árinu í aðalatriðum gengið eftir þegar frá eru taldar áætlaðar tekjur af sölu ríkiseigna. Í þessu felst að náðst hefur nokkuð gott jafnvægi í efnahagslífinu eftir langvinnt þensluskeið undanfarin ár. Enginn vafi er á því að aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum og peningamálum lék mikilvægt hlutverk á þessari leið efnahagslífsins til betra jafnvægis. Gengisfall krónunnar og tímabundin verðbólga léku hér jafnframt veigamikið hlutverk. Við bætist að ytri aðstæður hafa verið hagfelldar, bæði að því er varðar þróun útflutnings og viðskiptakjör. Þetta hefur gert aðlögunina að þjóðarbúskapnum auðveldari en oft áður þegar niðursveifla hefur átt sér stað. Hér við bætist að atvinnulífið og verkalýðshreyfing hafa lagt sitt af mörkum til að tryggja jafnvægi og stöðugleika.

Þessi árangur í efnahagsstjórninni hefur búið í haginn fyrir nýtt hagvaxtarskeið hér á landi. Þannig er spáð 1,5% vexti á næsta ári í samanburði við engan vöxt á þessu ári. Í framhaldi, á árunum 2004–2007, er reiknað með að hagvöxtur verði að meðaltali 3% hér á landi. Ef þessar spár ganga eftir verður hægfara bati í efnahagslífinu á næsta ári þar til fullum bata verður náð undir lok árs eða í byrjun ársins 2004. Eðlilegt er að hagvöxtur sé að jafnaði ekki minni en 3% á ári því að sá vöxtur tryggir stöðu Íslands í samanburði við önnur lönd hvað lífskjör varðar. Gangi þessar spár eftir hefur efnahagslægðin verið tiltölulega grunn og skammvinn og ekki haft jafnalvarlegar hliðarverkanir og jafnan áður þegar harðnað hefur á dalnum.

Þegar litið er til næsta árs standa þrjú kennileiti upp úr að mínu viti. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að verðbólgan verði komin á sama stig hér á landi og í öðrum löndum sem við berum okkur saman við í nágrenninu. Þetta er ákaflega þýðingarmikið. Verðstöðugleiki er án efa ein mikilvægasta undirstaða framfara og lífskjara. Spáð er 2,25% hækkun vísitölu neysluverðs milli áranna 2002 og 2003 borið saman við 4,75% hækkun hennar á þessu ári.

Í öðru lagi er búist að viðskiptajöfnuður verði nánast í jafnvægi eins og stefnir í á þessu ári. Samkvæmt þessu fer hallinn úr um 70 milljörðum kr. á árinu 2000 niður í núll á aðeins tveimur árum án þess að það hafi í för með sér alvarlegar afleiðingar, eins og ég hef lýst hér á undan. Þetta er athyglisverður árangur.

Í þriðja lagi hefur þróun ríkisfjármála verið með ágætum þrátt fyrir erfiðar aðstæður að mörgu leyti. Til marks um það er 17,2 milljarða kr. afgangur á þessu ári og áætlun um 10,7 milljarða afgang á næsta ári. Jafnframt þessu hefur náðst að lækka skuldir ríkisins ár frá ári undanfarin ár.

Sá árangur sem nú er í sjónmáli er ekki síst athyglisverður í ljósi þess að víða annars staðar hefur efnahagsstjórnin átt undir högg að sækja. Í því sambandi nægir að nefna stöðugar fregnir af ótíðindum af hlutabréfamörkuðum Evrópu og Bandaríkjanna, að ekki sé talað um Japan. Þar hefur hlutabréfaverð lækkað um 20–40% á helstu mælikvörðum frá byrjun árs meðan það hefur hækkað um 15% hér á landi. Þessi samanburður er enn hagstæðari fyrir okkur ef litið er til síðustu tólf mánaða. Hlutabréfaverð segir oft mikið um stöðu og horfur í efnahagsmálum og þessi þróun ber vitni um að almennir fjárfestar meti það svo að líklegt sé að Íslendingar séu komnir yfir erfiðasta hjallann á undan öðrum.

Þótt ástæða sé til að fagna þessari þróun og góðum horfum er einnig mikilvægt að hafa varann á sér. Eins og jafnan áður er mikil óvissa í spám af þessu tagi. Í því efni er nærtækt að nefna að fyrir fáum dögum sagði Íslensk erfðagreining upp fjölda starfsmanna sem væntanlega hefur ekki verið tekið tillit til við spágerðina sem frv. byggir á. Við þær aðstæður sem nú eru á vinnumarkaði kann það að taka nokkurn tíma fyrir þessa starfsmenn að finna störf við sitt hæfi. Á hinn bóginn má ekki gleyma því að ekki er reiknað með áhrifum þeirra virkjana og stóriðjuáforma sem eru til athugunar um þessar mundir. Ef af stóriðjuáformunum verður og þeim verður hrint í framkvæmd verður auðvitað mikið um að vera í efnahagslífinu á næstu árum því að fjárfestingin er gríðarlega mikil í þjóðhagslegu samhengi.

Við þetta bætist svo óvissa að utan. Þar vegur sennilega þyngst hvort hernaðaraðgerðum verður beitt gegn Írak og hvernig það verður gert ef til kemur. Einnig skiptir almenn efnahagsþróun máli í helstu viðskiptalöndum. Ef þar verður áfram á brattann að sækja, þrátt fyrir spár alþjóðastofnana um hið gagnstæða, má búast við að fyrr en síðar birtist erfiðleikarnir í einhverjum myndum hér á landi.

Þótt þannig ríki óvissa um margar veigamiklar forsendur fjárlagafrv. verður að öllu samanlögðu að telja að horfurnar séu hagfelldar og að mörg tækifæri séu til þess að sækja fram. Á þessu byggir fjárlagafrv.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um einstaka þætti frv. við þessa umræðu enda tekur fjárlaganefnd frv. til rækilegrar skoðunar á næstu vikum. Þó vil ég nefna hér örfá atriði.

Tekjuhlið frv. breytist lítið frá fyrra ári þegar á heildina er litið. Heildartekjur eru áætlaðar 264 milljarðar kr. sem er nánast sama tala og reiknað var með á þessu ári. Tekjur af sölu ríkiseigna eru reyndar minni en á þessu ári og fyrir vikið nemur hækkun án slíkra tekna 2,5% milli ára. Þetta er þó ekki nema nokkurn veginn í samræmi við hækkun verðlags enda lækka tekjur ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu.

Þá vil ég einnig nefna að gert er ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs verði 253,3 milljarðar kr. samanborið við 246,4 milljarða á yfirstandandi ári. Aukningin nemur 14 milljörðum frá fjárlögum eða 6,9 milljörðum frá endurskoðaðri áætlun þessa árs. Hækkunin frá endurskoðaðri áætlun er 2,8% og því breytast heildarútgjöldin lítið að raungildi milli ára og reyndar lækka þau um fjórðung úr prósenti sem hlutfall af landsframleiðslu. Þessi rammi um bæði tekjur og gjöld ríkissjóðs á næsta ári verður að teljast raunhæfur í þeim skilningi að ríkið er hvorki að taka til sín né auka útgjöldin að tiltölu við þjóðarbúskapinn. Það er eðlilegt markmið þegar til alls er litið. Jafnframt er hægt að færa veigamikil rök fyrir því að afgangurinn samkvæmt frv. sé út frá hagstjórnarsjónarmiðum í eðlilegu samhengi við stig núverandi hagsveiflu. Þannig ætti afgangurinn að veita svigrúm til áframhaldandi vaxtalækkana án þess að tefla verðstöðugleikanum í tvísýnu.

Því er hins vegar ekki að leyna að margvíslegir erfiðleikar steðja að velferðar-, heilbrigðis- og menntamálum sem menn verða að skoða gaumgæfilega og meta hvort frv. leysir með viðunandi hætti. Það þjónar engum tilgangi að stinga höfðinu í sandinn að því er þessa málaflokka varðar og sitja svo uppi með vandamál á miðju næsta ári sem ekki verða leyst öðruvísi en með aukafjárveitingum. Jafnframt þarf að gæta þess að aðhald sé nægjanlegt með útgjöldum og tryggja að öllum ráðum sé beitt til þess að nýta þá fjármuni með hagkvæmum hætti.

Þótt ég ætli ekki að ræða hér í löngu máli einstaka þætti frv. finnst mér nauðsynlegt að nefna heilbrigðismálin vegna umræðunnar um þau að undanförnu. Þar hefur ekki verið gætt hófs sem nauðsynlegt er þegar fjallað er um svo veigamikinn málaflokk. Fullyrðingar um að framlög til heilbrigðismála séu hvergi meiri í ríkjum OECD eru byggðar á talnagrunni sem gefur ekki vafalausar niðurstöður. Staðreyndin er sú að það er erfitt að bera saman útgjöld af þessu tagi milli landa og mismunandi aðferðir gefa ólíkar niðurstöður. Því er brýnt að þeir sem taka þátt í þessari umræðu sýni viðeigandi aðgát í meðferð talna og gæti þess að öll sjónarmið komi fram.

Þessi umræða um heilbrigðismálin dregur einnig athygli na að því að fjárlaganefnd og reyndar Alþingi hafa mjög takmarkaðan aðgang að óháðum sérfræðingum um efnahagsmál eftir að Þjóðhagsstofnun var lögð niður. Þetta veikir óneitanlega Alþingi gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það þarfnast því frekari umræðu hvort núverandi skipan efnahagsstofnana ríkisins sé sú lausn sem hentar Alþingi til frambúðar.

Virðulegi forseti. Ég vík þá að vinnu við fjárlagagerðina og störfum fjárlaganefndar. Á undanförnum árum hefur allnokkur umræða um aðferðir og skipulag í tengslum við fjárlög farið fram. Stjórnvöld hafa á síðustu árum gert ýmsar breytingar á aðferðum og reglum sem varða fjárlagaferlið. Það ákvörðunarferli sem liggur að baki fjárlögum er mjög flókið og tímafrekt og felur í sér að samhæfa þarf störf margra ólíkra aðila. Fram að gildistöku fjárreiðulaganna 1997 voru formlegar reglur um fjárlögin og fjárlagaferlið mjög almenns eðlis og að finna á víð og dreif í lögum. Fjárlaganefnd Alþingis hefur verið að bæta verklag á undanförnum árum og nýverið hafa verið sett á vef þingsins eyðublöð sem auðvelda eiga félagasamtökum að koma upplýsingum til fjárlaganefndar.

Nauðsynlegt er að fjárlagaferli og verklag sé í stöðugri endurskoðun og endurbót. Hér á landi heldur fjárlagaferlið um alla þræði fjárlagafrv. og hefur þá verið leitað eftir umsögnum til annarra þingnefnda um viðeigandi hluta frv. og að þær skipti safnliðum á milli sín eftir einstökum málefnasviðum. Ekki er um það að ræða að fjárlaganefndin fjalli eingöngu um heildarútlínur frv. og láti fagnefndum eftir að skipta framlögum á sínum málefnasviðum eins og tíðkast í nágrannalöndunum.

Aukin festa hefur orðið eftir að rammafjárlög voru tekin upp. Meiri agi hefur verið á vinnubrögðum. Hins vegar er það veikleiki í fjárlagaferlinu að afgreiðsla Alþingis tengist ekki rammaskipulaginu og má í raun segja að sjálfstætt ferli hefjist í meðförum þingsins. Æskilegt er að rammaskipulagið verði grundvallarviðmið á öllum stigum fjárlagagerðarinnar. Ég mun beita mér fyrir því að þessi mál verði skoðuð sérstaklega og lagðar verði fram hugmyndir um skipan mála fyrir þinglok.

[11:54]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur mælt fyrir frv. ríkisstjórnarinnar til fjárlaga fyrir árið 2003. Fjárlagafrv. sýnir svart á hvítu stefnu ríkisstjórnarinnar hverju sinni í þeim málaflokkum sem ríkisvaldið ber ábyrgð á eða er beinn þátttakandi í. Hér kemur fram tekjuöflun ríkissjóðs, hvar og hvernig teknanna er aflað, og hér koma einnig fram tillögur og áherslur ríkisstjórnarinnar um það hvernig tekjunum er ráðstafað á einstaka málaflokka og verkefni. Og í umræðunni um fjárlögin og meðferð þeirra birtist með skýrum hætti munurinn á stefnu stjórnmálaflokkanna í þjóðfélagsmálum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á velferðarmál. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á jöfnun lífskjara og velferð allra þegna þjóðfélagsins. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum á það áherslu að skattkerfinu sé í senn beitt til að afla hinu opinbera nægilegra tekna til að standa undir samneyslu þjóðfélagsins og öflugu velferðarkerfi. Skattastefnan á að fela í sér í senn tekjujöfnun og að byrðunum sé dreift með sanngjörnum hætti. Í því sambandi leggjum við áherslu á eftirfarandi atriði:

Í fyrsta lagi að tekin verði upp stighækkandi skattbyrði af launatekjum sem hlífir fólki með lægri tekjur fyrir óhóflegri skattheimtu en felur í sér raunverulegan hátekjuskatt á þá sem hæstar tekjur hafa.

Í öðru lagi leggjum við til að fjármagnstekjur, þ.e. arðgreiðslur og söluhagnaður af hlutabréfum, umfram vexti af hóflegu sparifé verði skattlagðar til jafns við aðrar tekjur. Þá leggjum við til að skattlagning á hreinum hagnaði fyrirtækja taki mið af skattlagningu launatekna.

Herra forseti. Þegar litið er til skattastefnu þessarar ríkisstjórnar blasa allt aðrar áherslur við. Skattleysismörkin hafa ekki þróast í takt við launaþróun og veldur þar einkum tvennt. Tekjuskattshlutfall hefur verið hækkað án þess að persónuafsláttur hækki nægilega til að viðhalda óbreyttum skattleysismörkum. Auk þess hefur hann lækkað eða ekki haldið hlutfallslegu verðgildi sínu. Með skattbreytingum á sl. vetri var tekjuskattur fyrirtækja lækkaður úr 30% í 18%, sérstakur hátekjuskattur var lækkaður úr 7% í 5% auk þess sem grunntölur hans voru hækkaðar. Hins vegar var almennt tryggingagjald á atvinnurekstur hækkað úr 4,34% í 4,84% og er fengin lagaheimild til að hækka það í 5,11%.

Herra forseti. Hér liggur grundvallarmunur á stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í skattamálum og -stefnu ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. Ríkisstjórnarflokkarnir virðast nefnilega trúa því að með því að veita ákveðnum hópum einstaklinga og fyrirtækja sérstakt forskot og ívilnanir muni verða hægt að byggja upp svokallaða burðarása þjóðfélagsins sem munu í krafti forréttinda sinna bera uppi atvinnulífið og þjónustuna og veita þannig hinum hluta þjóðarinnar ákveðna möguleika í skjóli sínu.

Lítum á helstu tölur og forsendur þessa fjárlagafrv. Heildartekjur ríkissjóðs árið 2003 eru áætlaðar 264 milljarðar kr. Það er há tala en stendur þó nánast í stað frá áætlun þessa árs. 24% af þessum tekjum eru skattar á almennt launafólk, tæpir 64 milljarðar kr. Árið 2000 var tekjuskattur á almennt launafólk einungis 19% af heildartekjum ríkissjóðs, tæpir 43 milljarðar kr. Heildartekjur ríkissjóðs voru þá 225 milljarðar. Hlutfallsleg skattbyrði almenns launafólks hefur því hækkað verulega á þessum fjórum árum enda hafa elli- og örorkulífeyrisþegar fundið fyrir þessari stefnu ríkisstjórnarinnar en þeir verða nú að greiða sem nemur mánaðargreiðslum í skatta af árslífeyri sínum sem þó er allt of lágur til að standa undir lágmarksframfærslu, eðlilegri framfærslu. Ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. hefur einmitt valið þetta fólk til að axla aukinn hlut í skatttekjum ríkissjóðs.

Tekjuskattur fyrirtækja var lækkaður úr 30% í 18%. Árið 2000 var hann 9 milljarðar og 679 þús., þ.e. 4,3% af heildartekjum ríkissjóðs, en árið 2003 er hann áætlaður 5 milljarðar og 250 þús., þ.e. lækkun um 4 milljarða kr. og er þá aðeins 2% af heildaráætluðum tekjum ríkissjóðs.

Skattur á fjármagnstekjur, sem er einungis 10%, lækkar eða stendur í stað á milli ára og sérstakur hátekjuskattur

lækkar um 300 millj. kr. Þarna fann ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. sína burðarása sem var ástæða til að ívilna í skattheimtunni.

Þessi þróun kemur líka greinilega í ljós ef litið er til fjölda þeirra sem greiða tekjuskatt. Árið 1999 voru það 119 þúsund einstaklingar en árið 2002 eru þeir 142 þúsund, fjölgað um 23 þúsund. Fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri á sama tíma var aðeins 10 þúsund. Vissulega er það ánægjulegt ef sú væri raunin að rauntekjur alls þessa fólks hefðu hækkað en því miður hefur samtímis þessu launabil í þjóðfélaginu aukist þannig að hlutfallsleg skattbyrði þeirra sem hafa lægstar tekjur eykst.

En skattheimtu í atvinnulífinu er líka misskipt. Tekjuskattur á hagnað fyrirtækja var lækkaður en aftur á móti hækkar tryggingagjald, sem er launatengdur skattur á fyrirtæki, um 4 milljarða kr. nú á milli ára eða um nærri 17%. Þessi skattur leggst þyngst á þau fyrirtæki sem hafa tiltölulega hátt hlutfall rekstrarkostnaðar í launum en það á við um flestalla þjónustustarfsemi svo sem starfsemi sveitarfélaga, fyrirtæki í ferðaþjónustu, fyrirtæki og atvinnurekstur í frumvinnslu svo sem í fiskiðnaði og landbúnaði, og jafnframt bitnar hann harðast á litlum iðnfyrirtækjum. Þessi skattheimta bitnar einnig hart á einstaklings- og fjölskyldufyrirtækjum, fyrirtækjum á landsbyggðinni, sprotafyrirtækjum og fyrirtækjum í nýsköpun. Þessi aukna skattheimta og þessi leið til skattamismununar í þjóðfélaginu er Vinstri hreyfingunni – grænu framboði ekki að skapi.

Samkvæmt fjárlagafrv. eru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar 264 milljarðar kr. en gjöldin 253 milljarðar. Tekjuafgangur næsta árs er áætlaður 10,7 milljarðar kr. Áfram er stefnt að sölu eigna á þessu ári upp á samtals nettó 14,5 milljarða kr. og á því næsta upp á 8,5 milljarða. Áfram er stefnt að sölu ríkisbankanna, Búnaðarbankans og Landsbankans. Sala Landssímans hefur góðu heilli verið lögð á hilluna í bili.

Það skulu menn hafa hugfast, sem oft gleymist, að sama eignin verður aðeins seld einu sinni. Og þrátt fyrir fyrirhugaðar eignasölur og gífurlegar eignasölur standa fjárfestingar á vegum ríkisins nánast í stað á síðustu fjórum árum og lækka jafnvel að raungildi. Er í rauninni dapurt til þess að vita að í góðæri undanfarinna ára hafa fjárfestingar á vegum ríkisins dregist frekar saman að raungildi. Fyrirhuguð sala ríkiseigna muni ekki leiða til aukinna og brýnna fjárfestinga á vegum ríkisins heldur mun andvirðið, ef af sölu verður, renna í almennan rekstrarkostnað og greiðslu rekstrarskulda sem hafa safnast upp hjá ríkissjóði á góðæristímum. Það, virðulegi forseti, þætti ekki góður búskapur í sveitinni að selja bestu mjólkurkúna til að greiða rekstrarskuldina og missa síðan af innlegginu, því að kýrin var seld, og verða svo að fara út í búð til að kaupa mjólk út á grautinn.

Það er annars fróðlegt að sjá hug landsmanna til stefnu ríkisstjórnarinnar í meðferð almenningseigna og tekjuöflun ríkisins. Mikið hefur gengið á við sölu Landssímans. Söluandvirði hans átti að bjarga fjárhag ríkisins á þessu og síðasta ári. Hafði hann þó áður skilað nokkrum milljörðum árlega í tekjum af rekstri sínum. Þegar þjóðin var spurð um sölu Símans í skoðanakönnun Gallups í mars á sl. ári vildi mikill meiri hluti eða yfir 60% þjóðarinnar að Síminn yrði áfram í opinberri eigu. Í öllum landshlutum var meiri hlutinn afdráttarlaust á þeirri skoðun og utan höfuðborgarsvæðisins var vilji landsmanna enn þá afdráttarlausari eða 70–80% voru andvíg sölunni og vildu að Síminn væri áfram í opinberri eigu. En ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. barðist með kjafti og klóm fyrir sölunni þvert á vilja þjóðarinnar.

Það hefði verð hollt fyrir framsóknarþingmennina sem studdu svo afdráttarlaust sölu Landssímans, þar sátu meira að segja tveir þingmenn í stjórn, að kanna hug kjósenda sinna, en í áðurnefndri skoðanakönnun voru 64% stuðningsmanna Framsfl. andvíg sölu, vildu að Síminn væri áfram í opinberri eigu.

Nýverið birti Gallup einnig niðurstöðu viðhorfskönnunar meðal þjóðarinnar til sölu ríkisbankanna. 53,2% þeirra sem tóku afstöðu voru andvíg sölu þeirra og er þetta þó búið að vera aðalbaráttumál stjórnarflokkanna, Framsfl. og Sjálfstfl., um árabil og einn af hornsteinum stjórnarsáttmála þeirra og jafnframt leiðarljós og aðalleiðarljós þeirra í efnahagsstefnu síðustu ára.

Stjórnarflokkarnir hafa meira að segja komið sér saman um hvernig bankar og fjármálastofnanir skuli skiptast á pólitíska vildarvini sína. En þjóðin er bara á allt annarri skoðun. Hún gerir sér grein fyrir því mikilvægi að eiga hér fjármálastofnun sem ber þjónustuskyldur við almenning og atvinnurekstur í landinu en setur ekki arðsemiskröfu fjármagnseigendanna eina í öndvegi.

Virðulegi forseti. Samkvæmt þeim skoðanakönnunum sem ég hef hér vitnað til er þjóðin andvíg þessum meginþáttum efnahags- og fjármálastjórnar ríkisstjórnarinnar. Fróðlegt væri einnig að gera skoðanakönnun meðal þjóðarinnar um afstöðuna til þess hvernig skattbyrðinni er deilt. Ég er nær fullviss um að meiri hlutinn mundi taka undir með elli- og örorkulífeyrisþegum og láglaunafólki og mótmæla því að hlutur þeirra sé svo hlutfallslega aukinn í skatttekjum ríkisins og jafnframt mótmæla skattatilfærslu frá hátekjufólki, frá fjármagnseigendum og hagnaði fyrirtækja. En einmitt þetta eru hornsteinarnir í skattastefnu ríkisstjórnarinnar og samtök aldraðra mótmæla nú ákaft og eðlilega.

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gumar af betri horfum í efnahagsmálum en áður var búist við. Vissulega er það gleðiefni að nokkuð bjartara er fram undan en spáð var fyrir ári síðan. Sveigjanleiki íslensks atvinnulífs er þrátt fyrir allt mikill. Styrkur íslensks atvinnulífs hefur verið dreifræði, mörg lítil og meðalstór fyrirtæki, drifin áfram af frumkvæði og krafti fjölmargra einstaklinga einum sér eða í samstilltu átaki þeirra. Eign og stjórnun fyrirtækjanna hefur verið í höndum manna sem hafa verið á staðnum, þekkt aðstæður og gátu brugðist við nýjum og breyttum aðstæðum. En nú með samþjöppun atvinnulífs í örfá stór fyrirtæki, hvort sem það er í sjávarútvegi, landbúnaði, verslun og þjónustu eða iðnaði, bönkum, svo nokkuð sé nefnt, með þeirri gífurlegri samþjöppun sem á sér stað á þessum vettvangi fjarlægist stjórnunin því staðinn þar sem verkin eru unnin, atvinnulífið verður einhæfara og þunglamalegra og ákvarðanatökur verða seinar. Efnahagslífið tapar þá þeim sveigjanleika sem hefur verið styrkur þess og borið fram hagvöxt og framfarir í íslensku þjóðfélagi síðustu áratugi.

Það er fagnaðarefni að jöfnuður skuli nú vera að komast á í viðskiptunum við útlönd. Hinn gífurlegi viðskiptahalli undanfarinna ára var orðinn ógnun við efnahagslegt sjálfstæði landsins. Hægt hefur á verðbólgunni sem komin var á fulla ferð. En menn skulu þó ganga hægt um gleðinnar dyr. Uppsafnaðar skuldir þjóðarbúsins hverfa ekki á einu bretti. Og efnahagslægðin í Bandaríkjunum er hvorki að þakka né kenna íslenskum stjórnvöldum. Með lækkun dollarans á síðustu mánuðum hafa skuldir okkar í þeirri mynt vissu-

lega lækkað verulega. Og vaxtalækkun í Bandaríkjunum um kannski allt að 4–6% nú á nokkrum mánuðum hefur vissulega létt vaxtabyrði okkar af þeim erlendu lánum sem við eigum bundin í dollurum.

En staðreyndin er sú að við höfum ekki enn getað greitt neitt niður af erlendum skuldum þjóðarbúsins og íslenskt atvinnulíf og heimili eru afar skuldug. Og þó að batinn í skuldastöðunni erlendis sé m.a. að þakka lækkun dollarans og lækkun vaxta í Bandaríkjunum og þó að peningasérfræðingar telji að dollarinn eigi jafnvel eftir að falla enn meir, sem birtist í stríðsæsingarástandi forseta Bandaríkjanna, þó að það komi okkur tímabundið til góða með lækkun skulda í dollurum þá mun óstöðugleiki í bandarísku efnahagslífi og mikill viðskiptahalli þar ekki styrkja íslenskt atvinnulíf þegar til lengri tíma er litið heldur þvert á móti.

Virðulegi forseti. Gert er ráð fyrir hagvexti upp á 1–1,5% á næsta ári. Það er áhyggjuefni að sá hagvöxtur er fyrst og fremst borinn uppi af aukinni skuldasöfnun heimilanna í landinu. Skuldir heimilanna eru orðnar geigvænlegar og halda áfram að vaxa. Sem hlutfall af ráðstöfunartekjum voru skuldir heimilanna 1980 20%, 1990 80% af ráðstöfunartekjum, 1999 145% og 2001 eru þær áætlaðar nærri 170% af ráðstöfunartekjum. Þetta eru gífurlegar tölur, virðulegi forseti, og er mikið áhyggjuefni.

Vissulega hefur orðið eignamyndun á móti en hún er þó hvergi nærri jöfn eða vegur upp þá miklu skuldaaukningu sem íslensk heimili bera. Þessi staða og sú þróun sýnir í hve viðkvæmri stöðu efnahagslíf okkar er. Skuldir atvinnulífsins og fyrirtækjanna eru einnig gífurlegar. Þær hafa vaxið úr 300 milljörðum kr. 1996 í 900 milljarða árið 2001 og samt hafa fjárfestingar atvinnulífsins verið í miklu lágmarki á þeim tíma ef frá eru taldar fjárfestingar í verslunar- og þjónustuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu sem margir munu telja að hafi verið offjárfestingar. Það kemur því ekki á óvart þótt fyrirtækin hrópi á ríkisábyrgðir og hagstæðari lánakjör.

Sveitarfélögin í landinu eru einnig afar skuldug þó að þar sé sjálfsagt munur á milli sveitarfélaga. Mörg dýr þjónustuverkefni hafa verið flutt til sveitarfélaganna án þess að þeim fylgi tilheyrandi tekjustofnar. Sveitarfélögin mörg hver eru í úlfakreppu og sum þeirra hafa verið þvinguð til að selja arðbærustu eignir sínar til að standa undir rekstrinum. Það sér hver heilvita maður að slíkt gengur ekki til lengdar.

Herra forseti. Hér þarf að breyta um stefnu og setja velferð þjóðarinnar allrar í forgang. Stöðva þarf einkavæðingu almannaþjónustunnar, búa þarf atvinnulífinu þá umgjörð að fólk og fjármagn leiti aftur til þeirra atvinnugreina sem stuðla að raunverulegri verðmætaaukningu og nýsköpun og þar með raunhagvexti. Við þurfum að beina athyglinni til lítilla og meðalstórra fyrirtækja þar sem hugvit og framtak einstaklingsins fær notið sín, atvinnurekstur sem er í takt við íslenskar aðstæður, íslenskan veruleika og byggir á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlindanna. Takist þetta, virðulegi forseti, mun eflast blómlegt atvinnulíf á raunsönnum grunni um allt land með velferð þegnanna allra að leiðarljósi. Því miður er ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. á þveröfugri leið eins og þetta fjárlagafrv. ber með sér.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill aðra forgangsröðun í útgjöldum ríkisins en ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Fjárlögum ríkisins á að beita til að auka jöfnuð í samfélaginu þannig að enginn þurfi að líða vegna aldurs, fötlunar eða búsetu. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur enn fremur áherslu á að tekjum ríkisins verði í auknum mæli varið til menntunar, rannsókna og menningarmála, jafnframt að stefna í atvinnumálum taki fullt mið af sjálfbærri nýtingu náttúruauðlindanna og að tekið verði upp grænt bókhald þegar meta skal arðsemi í atvinnurekstri og ákvörðun framkvæmda. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu því flytja brtt. við þetta frv. sem mun taka mið af áherslum flokksins.

[12:14]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Frjálslyndi flokkurinn á ekki neina aðild að fjárln. og fyrir því er það að þeir sem tala fyrir hans hönd hér hafa afskaplega takmarkaðar upplýsingar um gerð fjárlagafrv. og engar aðrar helst en þær sem fram hafa komið í ræðum manna hér í morgun.

Ég hef áður minnst á að mér þykir fullfljótt tekið til við 1. umr. fjárlaganna miðað við það hvenær fjárlagafrv. sjálfu er útbýtt. Og til dæmis að taka er það fyrst undir miðri ræðu hæstv. fjmrh. sem menn fá í hendur ræðu hans. Þess vegna er það að manni eins og mér gefst hér um bil ekkert tækifæri til að kynna mér innihald þess.

Ég minntist á það í fyrra við fjárlagaumræðuna að mér þætti öllu eðlilegra að fresta 1. umr. um fjárlögin um eins og vikutíma eftir þingsetningu, það mundi enginn tími glatast með því móti af því sem fjárln. getur auðvitað haldið áfram að vinna fullum fetum að gerð frv. Þess vegna er það að það sem ég hér segi kann að verða að einhverju leyti eins og á hundavaði farið yfir innihald frv.

En það vil ég taka fram að mér hugnast þetta frv. betur, og allmiklu betur, en þau sem ég hef rætt um hér á undanförnum árum. Ég gagnrýndi frumvörpin þá fyrir stórhækkun útgjalda. Útgjaldahliðin óx þá frá ári til árs langt umfram verðlagsþróun. Og þetta var auðvitað öfug aðferð þegar menn höfðu í huga að t.d. tvö síðustu árin var mikil verðþensla í gangi. Höfuðvopn ríkisstjórnar á hverjum tíma gegn verðþenslu er að beita fjárlögum, og beita þeim með þeim hætti að draga úr útgjöldum. Öfugar aðferðir voru þarna viðhafðar sem aldrei skyldi verið hafa. Þetta er, eins og ég segi, eitrað á spennutímum. Sömuleiðis vil ég geta þess að ég gat ekki mælt með skattalækkunum á þeim tíma af því sem það er ekki ráðlegt á spennutímum heldur. En nú árar öðruvísi.

Fram hefur komið, sér í lagi í umræðum um stefnuræðu forsrh., að ríkisstjórnin hælir sér sérstaklega af þeim viðsnúningi, sem kallaður er, í efnahagsmálum sem nú hefði orðið. Ég minnist þess ekki að öll árin meðan við sigldum inn í lægðina hafi hæstv. forsrh. nokkurn tíma viljað viðurkenna hinn minnsta slaka í efnahagslífi okkar heldur þvert á móti talað eins og þar væri allt blúndulagt.

En menn hafa líka bent á þá undarlegu staðreynd að aðilar vinnumarkaðarins skyldu þurfa að draga ríkisvaldið að samningaborði þegar að því kom að rauðu strikin svokölluðu voru í hættu. Það var rétt sem fram kom í ræðu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar að fyrir framlag vinnustéttanna í þessu sambandi ber að þakka sérstaklega enda brá hæstv. fjmrh. þegar við og gerði svo.

Sérfræðingar hafa látið í ljósi þá skoðun að þessi viðsnúningur svokallaði hafi orðið fyrir heppni og draga það dálítið háðslega sundur og saman, þetta hafi verið hálfgert glópalán og sérstakar breytingar á verðlagsþróun í öðrum löndum. Talað er með drýgindum um kreppuna sem aldrei kom. Sem betur fór varð þessi lægð minni en á horfðist um sinn og það var þeim mun þakkarverðara sem sjálf hæstv.

ríkisstjórn aðhafðist allt of lítið til að hamla gegn henni á sínum tíma.

Menn fagna því auðvitað, allir, að viðskiptahallinn hefur snarminnkað og stefnir jafnvel í það að verða enginn á þessu ári. En ég vil aðeins minna á að frá árinu 1997 til 2001, að báðum árum meðtöldum, var viðskiptahalli samtals nærri því 200 milljarðar kr., 200 þús. millj. kr. Og þegar menn fagna lækkun viðskiptahallans mega menn ekki gleyma því að þá skuld þarf að greiða.

Ég varpa fram spurningu: Þegar stóriðjuframkvæmdir fara af stað á fullu, eins og ýmis teikn eru uppi um, hvað verður þá um viðskiptahallann? Er ekki hætta á að þá muni hann vaxa á ný? Hér er um svo stórar og miklar framkvæmdir að tefla að þær hljóta að sínu leyti að hafa mjög mikil áhrif á viðskiptahallann eða viðskiptin við útlönd. Það er ekki heldur fyrir það að synja að minnkun viðskiptahallans stafar auðvitað af því að hér eru minni umsvif í landinu en verið hafa í mörg undanfarin ár.

Vonandi er að þær tölur sem fram koma í frv. séu trúverðugar. En það kom fram í framsöguræðum hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar og hv. formanns fjárln. Ólafs Arnar Haraldssonar að ýmsu kynni að vera ábótavant í sambandi við forsendur fjárlagafrv. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson nefndi þar sérstaklega til heilbrigðismál, og nefndi að vísu ýmislegt fleira. Hv. þm. og formaður fjárln., Ólafur Örn Haraldsson, tók það fram með þeim orðum að óvissa ríki „um margar veigamiklar forsendur fjárlagafrv." Það munaði ekki um það. Formaðurinn upplýsir að óvissa ríki, eins og hann sagði, um margar veigamiklar forsendur fjárlagafrv. Ég bíð eftir því að hinu háa Alþingi verði gerð sérstök grein fyrir því hvar þverbrestirnir eru í forsendunum. Mér hefur ekki gefist kostur á að glöggva mig þannig á frv. að ég geti tekið þá sérstaklega til umræðu.

Ég minni á og man ekki betur en það væri eitt af stefnuskráratriðum Sjálfstfl. sem forustu hefur í hæstv. ríkisstjórn að minnka tekjuskatt á einstaklingum og jafnvel að fella niður eignarskatta. Þetta snýr nú allt öðruvísi við. Tekjuskattar hafa stórhækkað. Nú er það að vísu rétt að auðvitað ber þénandi mönnum að greiða hærri skatta. En þeir eru slík píning á greiðendum nú að heimilin safna skuldum vegna þeirra. Og eignarskattarnir eru þeim mun erfiðari nú um stundir sem nýtt mat hefur farið fram og a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu munar þetta mjög miklu og veldur mörgum búsifjum, að ég ekki tali um aldraða í því sambandi.

Ég hef áður minnst á að í sambandi við þær skattbreytingar sem gerðar voru á síðasta þingi voru skattleysismörk manna, eins og t.d. þess sem hér stendur, hátekjumanns, hækkuð. Það má vera, og sjálfsagt, að ég eigi hlut að þeim 300 millj. sem þarna lækkar um. En það hefur ekki verið staðið við loforðin um hækkun skattleysismarka láglaunafólksins, ég tala nú ekki um eldri borgara. Það hefur ekki verið staðið við þær yfirlýsingar. Lofað hafði verið að eftirlaun skyldu hækka í takt við launaþróun. Skattar á hinum lægst launuðu og öldruðum hafa hækkað. Þetta er með öllu óþolandi á sama tíma og verið er að guma af því að hér sé sjöunda ríkasta þjóðfélag í heimi.

Áður hefur verið á það minnst og því haldið fram fullum fetum að hér mundu um 20 þúsund einstaklingar lifa undir fátæktarmörkum. Ekki er það sæmandi í þessu ríka þjóðfélagi. Það eru engin önnur ráð en að taka til höndum í því efni. Upplýst hefur verið að nú eigi að rjúka til — og búið að líkindum — að stofna nefnd með forustumönnum eldri borgara til að fara yfir þær sakir. Slík nefnd var að vísu stofnuð rétt fyrir kosningar 1999 en formaður Félags aldraðra, fyrrv. landlæknir Ólafur Ólafsson, upplýsti að það hefði ekki reynst nema orðin tóm, allt það sem þar hefði verið á minnst hefði verið svikið. Nú á að setjast niður á nýjan leik og guð láti gott á vita. Við skulum vona að úr rætist fyrir eldri borgurum og reynt verði að koma til móts við þá, a.m.k. standa við eitthvað af þeim margítrekuðum loforðum.

Það vekur svo sem engar sérstakar vonir í mínu brjósti að forustumaður af hálfu ríkisvaldsins skuli vera einn harðsnúnasti formælandi vinnuveitenda í landinu gegn hagsmunahópum í öllum samningum. Það gerir það reyndar ekki. Kannski þarf í leiðinni að sleikja úr þeim manni vegna hinna frægu Landssímamála. En e.t.v. hefur hann tekið á sjálfum sér hvað það þýðir að vera vel settur fjármunalega séð.

En á það var minnst — ég hygg að það hafi verið hv. þm. Einar Már Sigurðarson — að ýmislegt væri athyglisvert af því sem ekki er að finna í frv. Ég finn ekki við fljótan yfirlestur eitt einasta orð um stórmálið deCODE þar sem í lok síðasta þings voru afgreiddar 20 þús. millj. kr. til handa ameríska fyrirtækinu deCODE, og engar upplýsingar gefnar þegar það var til afgreiðslu hér. Aðeins mátti lesa í dagblaði þar sem hæstv. forsrh. taldi upp að þetta gæti orðið stórkostlegt, þessi ábyrgð, og ef ekki stórkostlegt þá a.m.k. frábært, og ef ekki frábært þá gott, og ef ekki gott þá sæmilegt og að í öllu falli mundu menn sleppa þessa vegna við áföll, íslenska ríkið. Það eina sem lá fyrir voru fréttir um að gengið hrapaði á því fyrirtæki, og það hefur haldið áfram að hrapa svo hastarlega að ekkert blasir annað við því en gjaldþrot.

Ég leyfi mér að vænta þess að hæstv. fjmrh. notfæri sér ekki þá heimild sem í lög var sett, að ganga í þessa ábyrgð. Ég trúi því og treysti að slíkt komi ekki til nokkurra greina. En við höfum samt annan vitnisburð um það sem til kann að standa. Hv. formaður efh.- og viðskn. telur að staða deCODE á hlutabréfamarkaði komi þessari ábyrgð ekkert við. Hann hefur lýst því yfir opinberlega. Þetta er að vísu ekkert sem sá sem hér stendur skilur og ég vona að þetta sé ekki viðhorf hæstv. fjmrh.

Einn framsögumaður úr fjárln., hv. þm. Einar Már Sigurðarson, gat þess að ýmislegt skorti á um afgreiðslu heilbrigðismálanna í fjárlagafrv. og lætur að líkum. Þess hefur verið getið sérstaklega að margt sé óunnið í þeim málum fram til þess að dregur að afgreiðslu frv., og ekkert leyndarmál að stórkostlega fjármuni vantar.

En hvað — ég hef spurt þeirrar spurningar áður — hafa menn aðhafst í öll þessi ár þar sem öngþveiti í þessum málum hefur í raun og veru blasað við? Verið var að vitna í gamlar tillögur formanns fjárln., sem nú er hæstv. heilbrrh., og spurt hvað hefði orðið um framkvæmdir og þær áætlanir sem þar voru uppi. Á hverju einasta ári standa menn frammi fyrir þessu öngþveiti og ekkert aðhafst annað en menn neyðast til þess að borga brúsann.

Svo er að sjá að ýmsar þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið í hagræðingarskyni í heilbrigðiskerfinu hafi til einskis orðið eða lítils, til að mynda sameining spítalanna stóru, Borgarspítala og Landspítala, að það hafi orðið til lítils eða einskis. Biðlistarnir lengjast og deildum er lokað, jafnvel á fársjúkt fólk, geðfatlað fólk, sem á sér enga úrkosti. Það hlýtur að vera kominn tími til að taka þessi mál nýjum og öflugum tökum.

Enginn getur ætlast til þess að t.d. hæstv. heilbrrh. hafi vald á því að leggja fyrir þær breytingar sem nauðsynlegar eru í þessum málum. En við ættum að fá til hina færustu sérfræðinga sem við kunnum að finna — þessi mál eru ekki einföld í sniðum — til að mynda í Bandaríkjunum, til að gera þessi mál upp, gera á þeim uppskurð og koma þeim til þess ráðs sem lífsnauðsyn er að þau verði. Og þar er ekki eingöngu verið að tala um fjármunalegan sparnað heldur að haldist við sú þjónusta sem verið hefur og hún aukin og bætt. Það er áreiðanlega mjög víða pottur brotinn í því sambandi.

Ég minnist þess, af því sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson situr hér í sjónmáli, að hann hefur flutt mjög mergjaðar ræður við afgreiðslu hvers einasta fjárlagafrv. sem ég hef verið viðstaddur hin seinni árin um þessi mál. Hann hefur raunar í ræðustól vaðið grundina í hné í áherslum sínum á að hér þyrfti að taka til höndum, varaformaður fjárln. Og ekkert skeður þrátt fyrir að hann virðist gera sér fulla grein fyrir því í hvers lags ófærur þessi mál eru komin.

Herra forseti. Tíma mínum nú er lokið en ég endurtek að ég sé ástæðu til að þakka hæstv. fjmrh. og óska honum til hamingju með frv. sem að mörgu leyti er mjög álitlegt.

[12:33]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. sem hér talaði hóf mál sitt á að geta um þann tíma sem fjárln., þingflokkar og Alþingi hafa til að gaumgæfa frv. áður en það kemur til 1. umr. Það má vel skoða og ræða hvort lengja eigi tímann frá því að frv. er lagt fram þar til það kemur til 1. umr. Mér finnst það umræðunnar virði.

Hv. þm. sagði hins vegar að flokkur hans, Frjálslyndi flokkurinn eða fulltrúar hans, hefðu enga aðild átt að fjárlagafrv. Rétt er að þeir komu ekki að gerð þess en ég vil láta það koma fram í umræðunni að fulltrúi Frjálslynda flokksins, hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, hefur fengið fulla áheyrnaraðild að fjárln. og því sem þar hefur farið fram. Hann hefur setið þá fundi síðustu daga eins og aðrir þingmenn í fjárln. og hefur því sömu möguleika og við hin til að kynna sér frv.

Um forsendur fjárlagafrv. og þá óvissu sem ég taldi að ríkti þar um vil ég endurtaka að þar gat ég um uppsagnir Íslenskrar erfðagreiningar. Ég gat um áhrif stóriðjuframkvæmda, sem koma að sjálfsögðu til tekna og síðan hugsanleg ytri áhrif, svo sem vegna styrjaldar sem gæti brostið á í Írak og efnahagsþróun í nágrannalöndum á viðskiptasviði. Þetta voru þau atriði sem ég nefndi. Auðvitað má telja upp fleiri atriði en ég vil endurtaka þessi til glöggvunar við umræðuna.

[12:36]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði ummæli hv. þm., formanns fjárln., Ólafs Arnar Haraldssonar, orðrétt eftir. Hann sagði, og því má fletta upp í upptöku af umræðunum, að óvissa ríkti um margar forsendur fjárlagafrv. Ég gerði ekkert annað en að vitna til þessara orða.

Það var fyrir nokkrum dögum, í síðustu viku hygg ég, að farið var fram á það formlega af formanni þingflokks Frjálslynda flokksins að við fengjum upplýsingar um fjárlagagerðina. Því var tekið mjög seinlega og þýðir ekkert um að fást en allra síðustu dægrin hefur formaður þingflokks frjálslyndra fengið að hlýða á útskýringar. En það er auðvitað ekki það sama og að hafa aðstöðu til að gaumgæfa þessi mál frá því á haustdögum. Ég fór ekki fram á mikið þegar ég fór fram á að 1. umr. fjárlaga yrði kannski seinkað um fimm, sex daga eða svo, til að okkur sem ekki eigum aðild að fjárlagagerðinni og öðrum þingmönnum utan fjárln. gæfist betri kostur á að kynna sér innihald þessa þýðingarmesta frv. sem að jafnaði liggur fyrir til afgreiðslu á þinginu.

[12:38]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir er af því tagi sem allar ríkisstjórnir vestrænna ríkja óska sér að geta lagt fyrir, þ.e. fjárlagafrv. sem er algjörlega í jafnvægi.

Því miður eru mjög fáar þjóðir Vestur-Evrópu í þeirri stöðu að geta lagt fram slík fjárlagafrv. Að örfáum ríkjum undanteknum eins og Sviss og Noregi eiga nágrannaríki okkar við veruleg vandamál að stríða, eru með mjög mikinn halla á ríkisbúskapnum og þess vegna í mikilli kreppu gagnvart þeim verkefnum sem eru talin hvað skyldugast öllum ríkisstjórnum að sinna, velferðar-, heilbrigðis- og menntamál. Þetta er það sem er til umræðu í Evrópu og af því hafa menn áhyggjur.

Við Íslendingar erum þeir lukkunnar pamfílar að geta lagt fram slíkt frv. þar sem algjört jafnvægi er og þetta frv. er til marks um að íslenskt efnahagslíf er mjög heilbrigt. Það er mjög heilbrigt á allar hliðar hvernig sem við lítum á. Þetta er tólfta frv. sem lagt er fram eftir að Sjálfstfl. tók við forustu í ríkisstjórn og tók við forustu í ríkisfjármálum.

Nú bregður svo við, við umræður í upphafi þings, að stjórnarandstaðan kemur og hvað hefur hún til málanna að leggja? Jú, þar er gegnumgangandi að þetta sé allt saman glópalán og heppni. Þannig eru orð þeirra og ræður þeirra. Þetta er nokkuð kátbroslegt, herra forseti, en við því er ekkert að gera. Þeir hafa ekkert til málanna að leggja. Niðurstaðan liggur skýr fyrir. Þjóðfélagið sem Sjálfstfl. hefur barist fyrir, það frjálslynda þjóðfélag sem hann hefur barist fyrir, er veruleiki. Það hefur skilað árangri að gjörbreyta hér allri efnhagsstjórn, koma upp markaðsbúskap og frjálsri verðmyndun. Tími verðlagshafta og verðlagsráða er liðinn og sá tími kemur aldrei aftur. Það er þetta ástand í efnhagsmálum sem blasir við. Það liggur undir og er ástæða þess að það er líka regla á ríkisfjármálunum.

Það er hins vegar áberandi og ekkert óeðlilegt þó að stjórnarandstaðan hefji aftur þann söng sem hefur verið gegnumgangandi á síðustu missirum og árum, að mjög halli á í velferðarmálum og heilbrigðismálum. Það er rétt, herra forseti, að gera þetta aðeins að umræðuefni. Aðalskammaryrði stjórnarandstöðunnar í dag á Íslandi er „einkavæðing". Það er talið ljótasta orð sem til er og á að vera til marks um á hvaða villigötum stjórnvöld hafa lent.

Það er nauðsynlegt að menn átti sig á því að það hefur alla tíð verið pólitísk samstaða á Íslandi um samhjálp. Það hefur aldrei verið deilt um það milli stjórnarflokkanna eða neinna pólitískra flokka. Stærstu skrefin sem stigin voru í átt til samhjálpar voru fyrst stigin í öðru ráðuneyti Ólafs Thors 1946, hinni svokölluðu nýsköpunarstjórn. Önnur stór skref á síðustu öld voru stigin í fimmta ráðuneyti Ólafs Thors 1959 og 1960, í upphafi svokallaðrar viðreisnar. Það eru engar deilur um þetta og hafa aldrei verið. Það er óþarft.

Við höfum hér rætt um heilbrigðismálin og nauðsyn þess að gæta fyllsta sparnaðar og öryggis í meðferð peninga. Það verður að gera. Aldrei hefur nokkurn tíma komið fram nokkuð um að Sjálfstfl. eða þessi ríkisstjórn ætli að hverfa af braut samhjálpar, aldrei. Um það er ekki eitt einasta aukatekið orð,

ekki einn stafkrókur í nokkurri yfirlýsingu eða stefnu. Þetta verða menn að hafa í huga því að þetta er grundvallaratriði. Hins vegar verðum við að horfa til rekstrar kerfisins. Við verðum að horfa til rekstrarins og að gæta þess að þar sé farið vel með og það verða menn að gera. Þess vegna hafa menn verið að ræða um að ástæða væri til að skoða mjög gaumgæfilega hvort ekki ætti mjög oft við að þessi rekstur gæti verið hjá einkaaðilum, einmitt vegna þess að menn vita hve brýnt er að saman fari fjárhagsleg ábyrgð og fagleg. Menn eru að leita eftir þessu.

Ég hef oft gert athugasemdir við það sem hv. síðasti ræðumaður gat um, það er alveg rétt hjá honum. Við verðum að passa upp á að þeim fjármunum sem við nýtum til þessa málaflokks eins og annarra sé eins vel varið og hægt er. Það liggur fyrir, hvað sem hver vill segja, og ég hef rakið það hér ár eftir ár, að við Íslendingar verjum til heilbrigðismála fjárhæðum sem eru í alhæsta kanti þess sem við þekkjum meðal velferðarríkja heimsins. Menn verða sérstaklega að átta sig á því að það er mjög mikið af peningum ef við tökum tillit til þess að Ísland er yngsta þjóð Evrópu. Allir vita að kostnaður við heilbrigðismál eykst eftir því sem þjóðirnar eldast.

Nú er loksins unnið að því að kostnaðargreina heilbrigðisþjónustuna. Það er mjög brýnt. Ég vonast til þess að menn ljúki því svo hratt sem hægt er. Kostnaðargreiningin er jú lykillinn að því að við getum náð utan um þetta og vitum hvað við erum að gera. Þetta er ekki íslenskt vandamál, að kostnaðurinn við heilbrigðisþjónustuna fari vaxandi, heldur samevrópskt vandamál. Hinn mikli kostnaður er vandamál sem allar þjóðir Vestur-Evrópu eiga við að stríða. Það liggur fyrir að tilhneigingin til að afgreiða þessa hluti og færa upp á hæstu kostnaðarstig, upp á hátæknina, er alls staðar til staðar. Allar þjóðir Evrópu eru að berjast við þetta sama. Allar þjóðir Evrópu leitast við að ná að koma fénu í grunnþjónustuna, í hina fyrirbyggjandi starfsemi. Þetta vita allir og við verðum að gera hið sama.

Ísland sker sig að einu leyti úr varðandi kostnað í heilbrigðisþjónustu, þ.e. að því leyti að hlutdeild einstaklinga í kostnaði við heilbrigðismál er lægri á Íslandi en í nokkru öðru ríki í Evrópu, þvert ofan í það sem stjórnarandstaðan heldur oft fram. Við verðum að horfa á tölurnar til samanburðar til að átta okkur á því. Staðreyndin er sú að það er ekki skortur á peningum sem veldur þeim vandræðum sem við stöndum frammi fyrir í heilbrigðismálunum. Skipulagið skilar sér ekki eins og við viljum hafa það. Það er ekki að heilbrrn. standi sig ekki, ekki að ráðherrann standi sig ekki og ekki að við höfum ekki gott fólk í heilbrigðisstétt, lækna og hjúkrunarfólk og annað slíkt. Það er alls ekki vegna þess.

Eins og hver önnur föt ganga sér til húðar þá gengur hvert skipulag sér til húðar. Við verðum núna svo hratt sem auðið er að gjörbreyta þessu skipulagi. Við ætlum okkur að gera það og verðum að gera það. Hins vegar er það alveg rétt sem menn verða að átta sig á, öfugt við heilbrigðismálin þar sem við eyðum mjög miklum peningum í hlutfalli við aðrar þjóðir, að við verjum t.d. tiltölulega litlum peningum til menntamála, vísinda og rannsókna. Það liggur fyrir og við þurfum að horfast í augu við það þegar við ræðum um ríkisfjármálin að á komandi árum þurfum við að gera ráð fyrir að mun meiri peningar fari í þá málaflokka en nú. Það er nauðsynlegt ef við ætlum að koma á því tækniþjóðfélagi sem er undirstaða þeirrar miklu velmegunar sem við viljum viðhalda.

Það er líka rangt, sem hvað eftir annað kemur fram hjá stjórnarandstöðunni, að þessi ríkisstjórn hafi á einhvern hátt svelt velferðarmálin í íslensku þjóðfélagi. Það er alrangt. Ég gerði það að gamni mínu, þegar Sjálfstfl. hafði stýrt ríkisfjármálum í tíu ár, að taka saman raunkostnaðinn, þ.e. hvað hefði hækkað mest eftir tíu ára forustu Sjálfstfl. í ríkisfjármálum. Það kom sumum á óvart en þeir gátu þó ekki hrakið það að langmesta hækkunin til einstakra liða er til málefna fatlaðra. Þar hefur langmesta hækkunin orðið. Menn verða að finna orðum sínum stað þegar þeir halda uppi skefjalausri gagnrýni. Menn verða að geta sýnt fram á það og sannað að eitthvað sé á bak við orð þeirra.

Hins vegar er það svo, herra forseti, þegar við ræðum um ríkisfjármál, að fátt er nauðsynlegra en hlutlæg og heilbrigð gagnrýni. Við verðum alltaf að vera viðbúin að fjalla um ríkisfjármálin opinskátt vegna þess að opinber kostnaður er þeirrar náttúru að hann lækkar ekki sjálfkrafa. Hann hefur alltaf tilhneigingu til að vaxa og aukast, hækka og stækka. Þess vegna verða menn á hverjum tíma að vera á varðbergi gagnvart þeim þáttum.

Ég hef oft orðið var við, herra forseti, að það er langt frá því að menn geri sér almennt grein fyrir ýmsum kostnaðarþáttum í opinberu starfi. Við eigum að horfa á það og velta þeirri spurningu oftar fyrir okkur hvort þetta sé virkilega svona. Ég skal taka dæmi. Ég átta mig á því að það eru mjög fáir sem hafa hugleitt að þessi litla þjóð eyðir meira en fimm þúsund milljónum í utanríkisþjónustu sína. Þetta hefur gengið svona til lengi. Á þessu ári, í þeim fjárlögum sem núna eru, er ekki verið að hækka þau framlög. Þau eru meira að segja að lækka núna en samt er á sjötta þúsund milljóna varið til utanríkisþjónustunnar. Við verðum að spyrja okkur spurninga: Er þetta rétt? Þurfum við virkilega að eyða öllum þessum peningum? Getur verið að það sé nauðsynlegt? Er ekki hugsanlegt að við getum komist af með sóma án þess að þetta sé svona rosaleg dýrt?

Ég get tekið fleiri dæmi. Ég skal taka lítið dæmi. Við skulum taka dæmi eins og Fiskistofu. Fiskistofa er fyrirtæki sem stofnað var fyrir tíu árum eða svo. Þegar þetta nýja ríkisfyrirtæki var til umfjöllunar á Alþingi datt einhverjum í hug að prýðilegt væri að hafa það úti á landi, að nauðsynlegt væri að hafa einhver ríkisfyrirtækin úti á landi. Margir þóttust hins vegar vissir um að þetta ætti að vera svo lítið og pent fyrirtæki að það tæki því varla að flytja það út á land. Einum manni datt í hug að prýðilegt væri að hafa það í Hrísey, það stóð illa á í atvinnumálum í Hrísey þá. En menn svöruðu því jafnframt að það mundi ekkert muna um það fyrir Hrísey að hafa þetta litla fyrirtæki þar.

Á þessum fjárlögum erum við að gera ráð fyrir 530 milljónum í Fiskistofu. Ég held að Hrísey mundi muna um það væri slíkt fyrirtæki þar. En höfum við spurt spurningarinnar: Er þetta nauðsynlegt? Ég þykist vita að þarna sé saman komið mikið af góðu fólki, hæfu fólki og fólki sem vinnur verk sín af mikilli samviskusemi og kunnáttu.

Það er verið að kvarta yfir því að auka þurfi löggæslu á Íslandi, það vanti meiri löggæslu. En ég held að fáir kvarti yfir því í fiskihöfnunum á Íslandi að löggæslan sé of mikil. 530 milljónir. Hvernig væri nú að minnka þetta aðeins, taka eins og 200–300 milljónir af þessu og setja þær í Hafrannsóknastofnun eða eitthvað sem við stöndum frammi fyrir árlega að getur ekki sinnt nauðsynlegustu grunnrannsóknum? Ég nefni þetta bara til að benda á að það er heilbrigt, rétt og nauðsynlegt á hverjum tíma að við förum yfir þetta, spyrjum

okkur sjálf spurninga. Ég gæti nefnt 10, 20, 30, 40, þ.e. fullt af dæmum um þetta sama. Það er nauðsynlegt að spyrja sig þeirra spurninga og það er heilbrigt.

Stjórnarandstaðan má ekki falla í þá gryfju að gleyma þeirri skyldu sinni að koma með heilbrigða gagnrýni á ríkisfjármálin og fara í staðinn í hlægilegt tal og geta ekki samglaðst því að Ísland sé það gæfuríki sem það er. Hún vill ekki viðurkenna að íslensk efnahagsmál og íslensk fjármál standi svo vel sem raun ber vitni en fer að væla um að þetta sé bara glópalán. Það er ekki glópalán heldur tólf ára markvisst starf sem stendur á bak við hið heilbrigða efnahagslíf, tólf ára samfelld stjórnarforusta Sjálfstfl., fyrst í ágætu samstarfi við þann góða gengna flokk, Alþýðuflokkinn, á erfiðum tímum, síðan í miklu og ágætu samstarfi í rúm sjö ár með Framsfl. Þetta er það sem við okkur blasir. Þetta er það sem við eigum að horfa á og viðurkenna. Það hefur gengið vel og það er ástæða til að vera þakklátur fyrir það.

Að sjálfsögðu mætti ýmislegt betur fara hjá okkur eins og öðrum. Við þurfum að gæta okkar mjög vel á ýmsu. Víða eigum við kost á að taka framförum og á þeim sviðum eigum við að starfa. Við eigum að styrkja þau svið. Í starfi okkar á undanförnum dögum og vikum hefur fjárln. flýtt fyrir sér með því að ræða við sveitarfélögin í landinu. m.a. til að átta sig á viðhorfum þeirra.

Það er tvennt athyglisvert sem hefur komið fram og gengur eins og rauður þráður í gegnum þá fundi. Þar eru miklar áhyggjur af rekstri dvalarheimila og heilbrigðisstofnana eins og ég kom að áðan og ekkert óeðlilegt þó að áhyggjur séu af því, kostnaðurinn fer vaxandi. Eins er gríðarlegur áhugi um allt land á þeirri miklu breytingu sem er að verða með fjarkennslu. Fjarkennsla hefur skapað gríðarlegar breytingar. Viðhorfið til slíkrar menntunar á landsbyggðinni er mjög jákvætt og það er mjög nauðsynlegt að vekja athygli á því hve brýnt er að hraða sem mest má þeim hraðtengingum sem eru grundvöllur þess að við getum stigið enn þá stærri skref til þess að efla fjarkennsluna og menntamálin þar sem tæknin gefur okkur færi á.

Einu atriði hef ég oft haft orð á við fjárlagaumræðuna, því sem í mínum augum hefur verið augljós veikleiki í ríkisfjármálum Íslands. Hið skrýtna er að stjórnarandstaðan, sem hefur þó það verkefni að vera hinn gagnrýni aðili, hefur aldrei tekið undir þessi orð mín og aldrei tekið undir þessar ábendingar mínar. Ég hef hvað eftir annað, við hverja umræðu um fjárlög, bent á veikleikann sem liggur svo auðsýnilega í launakerfi ríkisins, þ.e. í meðferð þess og samningum — reyndar ekki eingöngu ríkisins heldur ekki síður sveitarfélaganna. Á næstu árum er langbrýnasta verkefni okkar gagnvart ríkisfjármálunum að standa þannig að launasamningum ríkisins að launaþróun hins góða, samviskusama, duglega og velmenntaða fólks sem vinnur hjá ríkinu, verði hin sama og annarra í landinu, fólksins sem vinnur við framleiðsluna. Launaþróunin yrði þannig ætíð miðuð við afkastagetu og framleiðniaukningu atvinnuveganna því að allir Íslendingar eru jú háðir henni. Þetta er veikleikinn, á þetta verður að benda. Um þetta verður að tala. Ég syng þá einsönginn áfram úr því að stjórnarandstaðan vill ekki taka undir.

Ég ætla að gera annað atriði að sérstöku umræðuefni vegna þess að ég get ekki leynt óánægju minni með það. Það kemur fram í þessum fjárlögum, reyndar í fjáraukalögum sem nú er búið að dreifa og við eigum eftir að fjalla um, að ætlunin sé að minnka fjárframlög til Byggðastofnunar um helming og skera algjörlega af atvinnuþróunarfyrirtækin sem hafa verið landsbyggðinni svo gríðarlega þýðingarmikil á umliðnum árum. (**Gripið fram í:** Ertu ekki í stjórn?) Ég vil taka það fram, herra forseti, að ég kannast ekki við það að þetta hafi verið kynnt í þingflokki Sjálfstfl. Ég þykist vita að það hafi ekki heldur verið kynnt í þingflokki Framsfl. Ég vil nota þetta tækifæri til að taka fram hér og nú að eitthvað mun ganga á áður en þetta nær fram að ganga. Þetta getur ekki gengið. Svona fjárlagafrv. getur ein ríkisstjórn ekki lagt fyrir þingmenn sína.

Það er ekki, herra forseti, glópalán að það standi vel. Það er afrakstur markvissrar vinnu í ríkisfjármálum. Menn hafa staðið heils hugar á bak við ríkisfjármálin. Þannig horfum við fram á veginn, þannig getum við Íslendingar verið stoltir af því að við erum núna, gagnvart Evrópu, í 6. eða 7. sæti í heiminum hvað varðar efnahagsþróun, efnahagsstöðu og þjóðartekjur. Aðeins ein þjóð í Evrópusambandinu hefur hærri tekjur en við. Það eru Lúxemborgarmenn. Tvær aðrar þjóðir í Evrópu standa aðeins betur, Svisslendingar og Norðmenn með sína olíu. Þær þjóðir standa báðar utan bandalagsins.

Við skulum því gleðjast og þakka fyrir að svo farsællega hafi verið staðið að okkar málum. Svo farsællega hefur þjóðinni vegnað sem fyrir 100 árum var fátækasta þjóð Evrópu. Við skulum horfa til þess þegar við göngum fram og höldum áfram því markvissa starfi sem innt hefur verið af hendi.

[12:58]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Sjálfsagt er að fagna því að íslenskt efnahagslíf er í sjálfu sér sterkt í samanburði við stöðu annarra þjóða.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson minntist áðan á að það væri í sjálfu sér nóg fjármagn í heilbrigðiskerfinu, vandinn væri bara skipulagsleysi. Hv. þm. er talsmaður og oddamaður sjálfstæðismanna í fjárlagagerðinni.

Ég er hér með blað, Fréttablaðið, þar sem stendur að rúmlega milljarð vanti í rekstur dvalarheimila, þar sé uppsafnaður fjárhagsvandi. Sveitarstjórnir hafa komið til okkar í fjárln. á undanförnum dögum og greint okkur frá þessu.

Ég heyrði ekki hv. þm. tala um að það væri vegna skipulagsvanda eða skipulagsskorts hjá þessum hjúkrunar- og dvalarheimilum að slíkt ástand hefði skapast. Eru þetta skilaboð talsmanns Sjálfstfl. til þeirra aðila sem reka þessar daggjalda- og heilbrigðisstofnanir af miklum myndarbrag og verða að taka á sig álögur og ábyrgðir í rekstrinum, að þar sé skipulagsleysi? Mér finnst það vera heldur gróft, virðulegi forseti.

Miklu nær væri að viðurkenna vandann. Þessi vandi kom ekki bara til á þessu ári. Þetta er uppsafnaður vandi sem horft var fram hjá því að stundum vilja menn stinga höfðinu í sandinn og horfa fram hjá vandanum.

Er kannski stjórnleysið í heilbrigðiskerfinu komið til með aukinni einkavæðingu innan þess? Er það einkavæðingin í heilbrigðiskerfinu sem hv. þm. var að vitna til þegar hann sagði að í sjálfu sér væri nóg fjármagn þar en það nýttist ekki vegna skipulagsleysis? Ég hefði viljað heyra, virðulegi forseti, nánari útlistun hv. þm. á því hvað hann á við þegar hann kennir skipulagsleysi um í svo alvarlegum tilvikum sem þessum.

[13:00]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók fram í ræðu minni að ég hefði mikinn skilning á því og sagði frá vandamálum um 30 eða 40 sveitarfélaga en fulltrúar þeirra hefðu komið til okkar og rætt þetta á undanförnum vikum.

Ég vil hins vegar fara yfir þetta. Íslendingar, yngsta þjóð Evrópu, eyða í heilbrigðismálin um 8,8% af vergri landsframleiðslu. Það eru tvö eða þrjú ríki í Evrópu með hærra hlutfall, þar á meðal Frakkland og Þýskaland. Ég fullyrði að við verjum þannig mun hærri tekjum en aðrir vegna þess að við erum tekjuhærri þjóðir. Við verðum að horfa til þess að við getum ekki, þegar við horfum á ríkisfjármálin, horft á annað en þann samanburð. Úr því að öðrum þjóðum dugar þetta á okkur að duga það líka.

Vandamál okkar eru nákvæmlega þau sömu — eins og ég tók fram — og vandamálin í Evrópu. Tilhneigingin er til þess að færa stöðugt kostnaðinn yfir á hærra og hærra tæknistig. Það er það sem menn eru að berjast í alls staðar og við þurfum líka að berjast í hér á Íslandi, og átta okkur á því að við verðum að keppa að því að í grunnþjónustunni, í heilbrigðisþjónustunni, í mæðraeftirlitinu, barnaeftirlitinu og öllu þessu fyrirbyggjandi starfi, verðum við að vinna miklu betur og miklu skipulegar og forðast að missa allan kostnaðinn upp í hátæknina. Það er þetta sem er viðfangsefni okkar, og viðfangsefni allra ríkja Evrópu, og það er þetta skipulag og þessi tilhneiging sem við verðum að berjast gegn.

[13:02]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Er það táknrænt fyrir stefnu og áherslur Sjálfstfl. að einmitt daggjaldastofnanirnar og hjúkrunarheimilin skuli líða fyrir fjárskort? Það eru einmitt hinir sömu hópar, elli- og örorkulífeyrisþegar, sem bera aukna skattheimtu í þjóðfélaginu. Eru þetta áherslur Sjálfstfl.?

Hv. þm. og talsmaður Sjálfstfl. í fjármálum var að fría sig ábyrgð á því sem lagt er til í fjárlögum til Byggðastofnunar og sagði að það hefði aldrei verið borið undir sig. Eru kannski fleiri þættir í þessu fjárlagafrv. sem hv. þm. og talsmaður Sjálfstfl. í fjármálum vill fría sig frá? Það væri fróðlegt að heyra það.

[13:03]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Rekstrarkostnaður sjúkrahúsanna er vandamál. Rekstrarkostnaður sjúkrahúsanna er búinn að vera mikið vandamál í mörg ár eins og allir vita, svo og daggjaldastofnanirnar. Þetta vita allir. Við höfum á hverju einasta ári komið að þessum hlutum og gert okkar allra besta til þess að leiðrétta þá. Það er líka gert í þessu fjárlagafrv., það er líka gert í þeim fjáraukalögum sem hér liggja fyrir og hafa ekki verið rædd enn þá. Það er reynt af fremsta megni, og það er verið að gera það. Annað eru bara hrein ósannindi. Ef maður ber saman þann kostnað sem er í þessum efnum hefur hann vaxið gríðarlega, miklu meira en almennur rekstur. Og við skulum átta okkur á því að af fullum heilindum er verið að taka á þessum hlutum, og af fullri einurð verið að vinna að þeim núna eins og endranær.

[13:04]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kom að venju víða við í ræðu sinni, og margt athyglisvert var auðvitað bent á. Umfjöllun hv. þingmanns um byggðamál vakti þó sérstaka athygli mína. Hann einskorðaði sig að vísu við Byggðastofnun en það má segja um þann lið í fjárlögum að það kemur, vægt til orða tekið, mjög á óvart hvernig með er farið. Eins og hv. þm. benti á er verið að færa peninga varðandi þátttöku í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni yfir á byggðaáætlun, sömu tölu, þannig að það eru engir peningar miðað við þessa tillögu í fjáraukalögunum á þessu ári til þátttöku í eignarhaldsfélögunum. Samkvæmt fjárlagafrv. er það heldur ekki á næsta ári. Þegar pakkinn í heild sinni er skoðaður er verið að lækka upphæðina sem fer til byggðamála. Í frv. fyrir árið 2003 er lægri upphæð áætluð í þau heldur en var í niðurstöðum fyrir árið 2001. Þrátt fyrir það er í millitíðinni búið að samþykkja hér ígildi — svo maður taki ekki sterkar til orða — a.m.k. ígildi byggðaáætlunar. Hefði maður nú haldið að á fyrsta heila ári þeirrar byggðaáætlunar yrði sýndur einhver metnaður í þá átt að hér yrði hlutunum mætt.

Ég vek sérstaka athygli á og spyr hv. þingmann hvort ég hafi nokkuð misskilið það að ekki hafi verið um þessi mál fjallað í þingflokki Sjálfstfl. Mér heyrðist einnig að hv. þingmaður hefði heimildir fyrir því að það hefði heldur ekki verið gert í þingflokki Framsfl. Því spyr ég hv. þingmann: Veit hann fleiri dæmi þess að fjárlagafrv. hafi verið lagt fyrir þingið án þess að þingflokkar stjórnarflokkanna hafi fjallað um ýmsa liði þess og gefið grænt ljós á?

[13:06]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var einmitt í ræðu minni að mótmæla þessari málsmeðferð. Ég mótmælti því að gerð væri grundvallarbreyting án þess að það væri rætt, a.m.k. í mínum þingflokki, þingflokki Sjálfstfl. Ég kannast aldrei við að þetta hafi verið undir okkur lagt og þess vegna mótmæli ég.

Auðvitað er ekki hægt að leggja öll mál fyrir þingflokkana nákvæmlega. Auðvitað er það ekki gert. En ég geri þetta sérstaklega að umtalsefni vegna þess að hér er um stórkostlega breytingu að ræða sem ég kannast ekki við að hafi fengist nokkurn tíma samþykkt. Það liggur bara fyrir og þess vegna geri ég það.

Hins vegar vil ég leiðrétta hann með það að gerðar hafi verið einhverjar stórkostlegar samþykktir hér um byggðamál. Ég kannast ekki við þær. (Gripið fram í.) Gerð var samþykkt um byggðaáætlun sem var svona almennt snakk út og suður, og ég hafði orð á því hér í þingsal að þar væri hvergi hönd á festandi. Engar sérstakar samþykktir voru þar á gerðar, alls ekki, heldur bara fallegt tal um að gera hitt og þetta. Og ég gerði athugasemdir við það vegna þess að það var mikið fráhvarf frá þeirri byggðaáætlun sem hafði verið í gildi áður og hafði reynst okkur löngum drjúg í fjárln. þingsins til þess að festa kjöt á beinin þegar við vorum að afgreiða fjárlagafrumvörpin, mjög drjúg og mjög góð. Ég saknaði þess að þarna hefði orðið breyting á.

Að sjálfsögðu kemur þetta til umræðu hér en mér fannst rétt að geta þess að ég kannast ekkert við að félagar mínir eða ég höfum gengist undir þetta. Þess vegna mótmæli ég þessu og segi frá því hér.

[13:08]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. staðfestir að um þennan málaflokk sé a.m.k. ekki samstaða í stjórnarliðinu, og ýtir það enn frekar undir það sem við, ýmis í stjórnarandstöðunni, höfum bent á, að þetta fjárlagafrv. eigi trúlega eftir að taka meiri

breytingum en mörg fjárlagafrv. sem við höfum séð fram að þessu.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því líka að atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni — sem hefur nú verið reynt að byggja upp nokkur undanfarin ár — fá stöðugt rýrari fjárframlög, og sama þróun heldur áfram miðað við fjárlög næsta árs. Það er því alveg augljóst mál að það verður að taka verulega á í þessum málaflokki og ég held að það sé alveg ljóst að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur örugglega stuðning frá, trúi ég, öllum minni hluta fjárln. í þessari baráttu sinni. Ég tek undir það með honum að hún hefur fært okkur nokkurt lið, sú byggðaáætlun sem var áður. Nú reynir vissulega á það plagg, sem samþykkt var hér í fyrra og við getum deilt um hvað kalla ber, en við munum að sjálfsögðu láta á það reyna hvort eitthvað er hægt að halda þar fast í til þess að nýta okkur við það að auka fjárframlög til þessa málaflokks.

[13:09]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel rétt í þessu sambandi að minna á það að ég treysti mér einmitt ekki til að greiða byggðaáætluninni atkvæði mitt. Ég sat hjá vegna þess að ég taldi hana marklausa.

Það er hins vegar rangt hjá hv. þm. að hér sé von á meiri breytingu eða meira fráviki en vanalega við afgreiðslu þessa frv. Það er langt frá því. Ég tel þetta frv. þvert á móti standa á mun traustari fótum en oft áður vegna þess að hér ríkir alveg sérstakt jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þess vegna er óvissan núna miklu minni en oft áður þó að enginn kunni að sjá til framtíðarinnar af einhverri nákvæmni.

Ég á von á því að þetta frv. taki frekar litlum breytingum. Það er tiltölulega hlutlaust, það er rétt og satt að það er það. Það á líka að vera það á þessum tímum sem nú eru. Það er gríðarleg breyting frá því sem oft einkenndi frumvörp til fjárlaga hér áður fyrr á kosningaþingi. Hér er ábyrgt frv. sem er í algjöru jafnvægi og mun sanna sig og sýna.

[Fundarhlé. — 13:11]

[13:32]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Undanfarið hafa staðið yfir, bæði hér innan veggja og úti í þjóðfélaginu, miklar umræður um heilbrigðismál og hafa nokkuð stór orð fallið í þeirri umræðu, bæði frá hv. þingmönnum í stjórnarandstöðu og úti í samfélaginu þar sem talað hefur verið um að heilbrigðiskerfið væri í rúst, að þar ríkti öngþveiti eins og hv. 18. þm. Reykv. sagði áðan. Það eru tekin fram nokkur atriði sem eiga að sanna það, m.a. að biðlistar lengdust. Vitnað er í stöðu heilsugæslunnar, sérfræðingasamninga, stöðu Landspítalans og fleiri atriði.

Ég vil taka fram í upphafi orða minna í fjárlagaumræðunni að umræða um að heilbrigðiskerfið sé í rúst er varasöm og hættuleg. Hún er ekki sanngjörn gagnvart því fjölmarga fólki sem vinnur í heilbrigðiskerfinu og gerir þar góða hluti dag hvern, veitir góða þjónustu og vinnur sín verk af kostgæfni. Það er ekki þar fyrir að ætíð eru viðfangsefni uppi, sem menn kalla vandamál en ég kalla viðfangsefni, sem við þurfum að leiða til lykta. Þar eru nokkur atriði sem við erum enn þá að vinna í og það er ekkert einsdæmi nú að ekki séu öll kurl komin til grafar við framlagningu fjárlagafrv. Við höfum ætlað okkur að fara yfir tryggingakafla frv. í samvinnu við Samtök aldraða. Við höfum ætlað okkur að ræða nánar um uppbyggingu hjúkrunarrýma. Einnig hefur verið í gangi vinna varðandi dvalargjöld á dvalarheimilum og er ætlunin að ljúka þeirri vinnu fyrir 2. umr. fjárlaga.

Í fjárlagafrv. eru stigin stór skref varðandi bætta stöðu heilbrigðiskerfisins. Þar eru leiðréttingar á rekstrargrunni Landspítala – háskólasjúkrahúss auk þess sem stórar fjárhæðir eru þar í fjáraukalögum. Þar er hækkað framlag til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Framlög til hjúkrunarheimila eða rekstrar þeirra eru hækkuð um 350 millj. kr. Framlög til heilsugæslunnar í Reykjavík eru hækkuð auk þess sem óskipt fjárhæð er til að mæta vanda heilsugæslunnar, þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu þar sem þessi vandi er, eins og komið hefur fram. Einnig á að auka fjármagn til námsstaðna og kandídatsstaðna í heilbrigðiskerfinu um 82 millj. kr. Allt þetta eru stór skref til lausnar á þeim viðfangsefnum sem uppi eru í heilbrigðiskerfinu núna.

En vegna þess að gerð hefur verið nokkur atlaga að mér sem heilbrrh. vegna fjárhagsstöðunnar í heilbrigðisþjónustunni sé ég mig tilneyddan til þess að fara nokkrum orðum um þau mál. Á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar var meðal annars tekið fram að heilbrigðisráðherrar Framsfl. hefðu gert mistök og tekið rangar ákvarðanir, að til þeirra mætti rekja þau vandamál sem uppi eru að mati formanns Samfylkingarinnar.

Auðvitað er rétt að steðjað hefur fjárhagsvandi að Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Ég er fyrsti maðurinn til að viðurkenna það. En það eru hvorki ný tíðindi né bundin við heilbrigðisráðherra Framsfl. Stóru sjúkrahúsin í Reykjavík hafa oft verið í fjárhagsvanda þegar nálgast árslok og það má að verulegu leyti rekja til þess að Landspítalinn er nú sem fyrr endastöðin í heilbrigðisþjónustunni og tekur við öllum erfiðustu tilfellunum sem þar koma upp. Vandi Landspítalans er eðli málsins samkvæmt innbyggður í heilbrigðisþjónustuna í landinu og framfarir í heilbrigðisþjónustu. Við erum og verðum að glíma við þennan vanda, greina hann frá degi til dags og takast á við hann. Lyfjakostnaðurinn er einn þáttur í þessum vanda en hann er þáttur í viðleitni okkar til þess að veita sjúklingum þá fullkomnustu lækningu sem völ er á. Ég held að um þetta sé pólitísk samstaða í þjóðfélaginu og ég verð ekki var við að um það sé deilt að það eigi að meðhöndla fólk með þeim besta hætti sem völ er á. Hins vegar tek ég undir það og hef alltaf tekið undir það að nýta þarf það fjármagn sem er inni í heilbrigðisþjónustunni sem best og meðhöndla sjúklinga á réttum stöðum í heilbrigðiskerfinu. Um það er ekkert deilt.

Ég vil líka leiðrétta það sem kom fram í ræðu hv. 18. þm. Reykv. um að biðlistar hefðu lengst. Tölur sýna að biðlistar hafa styst, enda hefur verið sett fjármagn í það á yfirstandandi ári að stytta m.a. biðlista í bæklunarlækningum sem er mjög tilfinnanlegur. Biðlisti eftir heyrnartækjum hefur líka styst. Það er nauðsynlegt að byggja umræður um heilbrigðisþjónustuna á þeirri stöðu sem er. Það er ekki rétt að draga upp þá mynd af heilbrigðisþjónustunni að þar sé allt í rúst. Það er ekki rétt gagnvart sjúklingum og það er ekki rétt gagnvart því fólki sem þar vinnur.

Ég vil taka það fram að heildarframlögin til stóru spítalanna voru 13 milljarðar árið 1997, 16,2 milljarðar árið eftir, 17,7 milljarðar árið 1999, 20,2 árið 2001 og verða um 22 milljarðar í ár. Fjárframlögin hafa með öðrum orðum aukist um 64% á fimm árum eða sem svarar rúmlega 10% á ári eins og hæstv. forsrh. benti á í stefnuræðu sinni á dögunum.

Þegar vandinn í heilbrigðisþjónustu er til umræðu verður að horfast í augu við það að launin þar hafa hækkað. Hvernig hefur launavísitalan hækkað? Launavísitalan á hinum almenna markaði hefur hækkað um 45% á liðnum fimm árum en það er athyglisverðara að þegar við skoðun launaþróunina almennt hjá opinberum starfsmönnum þá hefur sú launavísitala hækkað um 60% á þessum sömu fimm árum. Þetta er auðvitað veigamesta skýringin á útgjaldaaukningunni í heilbrigðiskerfinu. Hvernig vilja menn bregðast við? Vilja menn hverfa til baka til þess sem var árið 1997 í þessum efnum? Vilja menn lækka laun þeirra opinberu starfsmanna sem vinna í heilbrigðisþjónustunni? Er það lausnin sem er boðuð? Að sjálfsögðu ekki. Það var nauðsynlegt að hækka laun við fólkið í heilbrigðisþjónustunni og það er veigamesta skýringin á þeirri útgjaldaaukningu sem þar hefur verið. (Gripið fram í.) 70% af rekstrarkostnaði Landspítalans er launakostnaður og hann er hærri í dvalarheimilum og hjúkrunarheimilum.

Ég þarf að svara hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni en ég geri það í næsta umgangi.

[13:42]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hæstv. ráðherra. Það er alls ekki rétt að heilbrigðiskerfið sé í rúst. Þar er verið að gera marga góða hluti. Við eigum mjög gott og hæft starfsfólk í heilbrigðisþjónustunni og það er verið að hagræða þar víða. En ég verð að mótmæla því sem hæstv. ráðherra sagði í sambandi við það sem kom fram á landsfundi Samfylkingarinnar. Það er rétt sem sagt var þar að ekki hefur verið tekið á þenslunni í sérfræðilæknisþjónustunni. Þar hefði auðvitað átt að vera búið að taka á fyrir löngu og lyfjakostnaðinum sem bólgnar út.

Vegna umræðunnar um Landspítalann og að hann sé endastöð þá er það nánast orðið úrelt að föst fjárlög séu á slíkum sjúkrahúsum, þ.e. ef við lítum til nágrannalandanna. Ég spyr hæstv. ráðherra hvað hann hyggst fyrir um það.

Ég vil síðast spyrja vegna þess að ég hef stuttan tíma hér: Hvað líður loforði hæstv. ráðherra til aldraðra hjúkrunarsjúklinga á Reykjavíkursvæðinu sem hann komst að samkomulagi um í vor? (Forseti hringir.) Hundruð bíða eftir hjúkrunarrýmum. Ég get ekki séð þessara loforða stað í fjárlagafrv. Þetta er hluti t.d. af vanda (Forseti hringir.) Landspítalans.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti biður hv. þm. að virða tímamörkin. Það eru mjög margir með andsvör og það á að reyna að halda sig við tímamörk.)

[13:44]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. nefndi sérfræðikostnaðinn og lyfjakostnaðinn í fyrsta lagi. Vissulega hefur sérfræðikostnaðurinn farið fram yfir heimildir fjárlaga á undanförnum árum. Það er búið að endurskipuleggja samningsumboðið við sérfræðinga með nýjum lögum frá Alþingi sem samþykkt voru liðið vor. Sú vinna er komin í fullan gang í framhaldi af þeim lögum og á að veita okkur meiri möguleika til að hafa yfirsýn í þessum efnum. Ég veit að sú samninganefnd hefur unnið mjög gott starf í sumar undir forustu forseta Kjaradóms.

Varðandi föst fjárlög verða breytingar að byggjast á DRG-kerfinu sem verið er að vinna á Landspítalanum, kostnaðargreiningu einstakra þátta. Við hv. varaformaður fjárln., Einar Oddur Kristjánsson, vorum oft búnir að tala um þetta þegar við sátum í fjárln.

Varðandi öldrunarmálin (Forseti hringir.) þá er unnið að þeim í samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Ég geri grein fyrir þeim nánar í síðari ræðutíma mínum.

[13:45]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er lítið hægt að segja á einni mínútu um þennan stóra málaflokk en það er staðreynd að sérfræðingarnir hafa haft greiðan aðgang að ríkissjóði, nánast opinn krana, og á því hefur ekki verið tekið. Heilsugæslan hefur koðnað niður og ekki hefur verið tekið á vanda hennar sem er ærinn og við sjáum öll.

Varðandi hjúkrunarheimilin var öldruðum Reykvíkingum gefið loforð á vordögum um að sá brýni vandi sem er í hjúkrunarmálum á höfuðborgarsvæðinu yrði leystur. Ég mótmæli því að slíkt loforð verði saltað í nefnd. Ég trúi ekki öðru en að hæstv. ráðherra standi við þá viljayfirlýsingu sem hann undirritaði ásamt borgarstjóranum í Reykjavík á vordögum og sjái til þess að hinn brýni vandi sem ríkir í hjúkrunarmálum á höfuðborgarsvæðinu verði leystur.

[13:46]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aldrei hefur staðið neitt annað til en að standa við uppbyggingu hjúkrunarrýma á höfuðborgarsvæðinu. Við erum með það mál í vinnslu.

Varðandi heilsugæsluna vil ég taka fram að fastlaunakerfinu í heilsugæslunni var komið á árið 1996 samkvæmt tillögum sem forustumaður heimilislækna þá, Gunnar Ingi Gunnarsson heimilislæknir í Árbæ, mótaði á sínum tíma. Það kerfi hefur ekki reynst nógu vel, a.m.k. ekki á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur reynst vel úti á landi. Við höfum lýst vilja okkar til að taka hér upp blandað kerfi. Þau mál eru nú í höndum kjaranefndar samkvæmt þeim lögum sem voru samþykkt þá. Ég á von á að kjaranefnd kveði upp úrskurð sinn innan mjög skamms tíma um það mál þannig að þar verða væntanlega breytingar.

[13:47]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get verið sammála hæstv. heilbr.- og trmrh. um að umræðan um heilbrigðismál er oft og tíðum mjög ósanngjörn. Það hefur reyndar margoft komið hér fram. Hann rakti það í ágætu máli sínu hvernig launaþróun var á Ríkisspítölunum frá 1997–2002 og við sjáum það þegar við í fjárln. erum að fjalla um þennan málaflokk að langstærsti útgjaldaliður í málaflokknum er auðvitað launamál og síðan lyfjamálin. Þess vegna velti ég þeirri spurningu fyrir mér eins og margir aðrir hvort þær grundvallarbreytingar sem við gerðum hér á starfsmannalögum ríkisins árið 1996 hafi kannski ekki verið réttar. Þá er líka eðlilegt að við veltum fyrir okkur hvort við höfðum einhverja aðra möguleika. Getum við farið til baka? Er möguleiki á því? Þess vegna spyr ég hæstv. heilbr.- og trmrh. hvort við höfum gert mistök í Alþingi árið 1996 þegar við samþykktum starfsmannalögin.

[13:49]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Starfsmannalögin sem samþykkt voru á sínum tíma voru mikil breyting á samningsgerðinni. Það voru gerðir miðlægir kjarasamningar. Síðan eru gerðir svokallaðir aðlögunarsamningar. Það er ekkert launungarmál að aðlögunarsamningarnir hafa reynst forstöðumönnum ýmissa stofnana erfiðir. Ég er því þeirrar skoðunar að það þurfi

að styrkja þá samningagerð, styrkja þá í því vandasama hlutverki að standa frammi fyrir öflugum stéttum með gott kerfi. Ég vil ekki segja að við eigum að hverfa til baka eða þetta hafi mistekist. Við eigum að reyna að styrkja þessa framkvæmd í sessi.

[13:50]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þetta svar. Auðvitað erum við sammála um að við getum ekki farið til baka. En umræðan um þennan málaflokk er yfirleitt slík að maður gæti haldið og ímyndað sér að stjórnarandstaðan væri tilbúin að bakka. Það getum við að sjálfsögðu ekki. Þetta er nákvæmlega það sama og þegar við erum að fjalla um lyfjakostnaðinn. Það á sér stað mjög mikil og ör lyfjaþróun í heiminum. Það er talað um að læknavísindin hafi þróast með gríðarlegum hraða á síðustu 15 árum. Þess vegna spyr ég líka: Er heilbrrh. tilbúinn að bakka í lyfjamálunum? Eigum við ekki að nýta okkur þau lyf sem eru á markaðnum, sem boðið er upp á en við vitum að eru gríðarlega dýr? Erum við tilbúin að stöðva þá þróun? Ég spyr þess vegna hæstv. heilbrrh.: Er einhver möguleiki á slíku? (Gripið fram í.)

[13:51]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Lyfjaverði á Íslandi er mjög miðstýrt. Við höfum svokallaða lyfjaverðsnefnd sem nýlega hefur hafið störf. Við þurfum að kanna vel innflutningsverð lyfja sem er hátt á Íslandi, m.a. vegna þess að hér er lítill markaður. Smæð hans gerir þetta vafalaust að verkum. En við þurfum samt að greina orsakirnar fyrir því hversu hátt lyfjaverðið er.

En ég undirstrika að lyf eru lækning. Á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi og öðrum sjúkrahúsum eru veitt svokölluð S-merkt lyf og þau eru til að lækna sjúkdóma. Læknavísindin og framfarirnar felast m.a. í töku dýrra lyfja. Það er fagleg nefnd á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi sem metur þörfina. Þarna verður að liggja faglegt mat til grundvallar.

[13:52]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyrði reyndar eftir að ég bað um andsvar að hæstv. ráðherra ætlar að halda aðra ræðu og svara mér þá þeim fyrirspurnum sem ég beindi til hæstv. ráðherra í ræðu minni fyrr í dag. Þó er óhjákvæmilegt að nýta þetta tækifæri til að spyrja hæstv. ráðherra út í eina setningu í ræðu hæstv. forsrh. Það er setning sem vísar yfir í það ástand sem var árið 1999 þegar við vorum að ganga frá fjárlögum fyrir árið 2000. Hæstv. forsrh. segir, með leyfi forseta:

„Aðeins tveimur árum eftir þessa aðgerð sem átti að koma fjármálunum á hreint virðist allt komið í fyrra horf."

Herra forseti. Það er alveg óhjákvæmilegt að hæstv. heilbrrh. svari því hvort hann sé sammála hæstv. forsrh. um að allt sé komið í sama horf og var haustið 1999.

[13:53]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að hæstv. forsrh. hafi átt hér við dvalar- og hjúkrunarheimilin sem við erum með til sérstakrar skoðunar milli 2. og 3. umr. fjárlaga. Sannleikurinn er sá að mikið átak var gert í málefnum sjúkrahúsa á árunum 1998–1999. Það átak hefur heppnast að langmestu leyti. Aðeins stóru spítalarnir eiga í verulegum fjárhagserfiðleikum en aðrar stofnanir eru tiltölulega vel settar. Ég hygg að þessi ummæli hafi átt við dvalar- og hjúkrunarheimilin. En þau mál erum við enn þá með til skoðunar milli 2. og 3. umr.

[13:54]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að hryggja hæstv. heilbrrh. með því að ég held að það sé alveg kýrskýrt að hæstv. forsrh. átti ekki við dvalar- og hjúkrunarheimili vegna þess að í þessu paragrafi sem ég vitnaði til er inngangurinn fyrst það sem við vorum að vinna í varðandi skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 1999 og þar er m.a. vitnað til Landspítala. Síðan segir hæstv. forsrh. orðrétt, með leyfi forseta, beint á eftir setningunni sem ég las áðan:

„Ef litið er á samanlögð fjárframlög í fjárlögum til Landspítala og Borgarspítala árið 1997 og borið saman við framlög í fjárlögum 2002 þá hafa þau hækkað um 65–70%, það jafngildir 10–11% árlegri hækkun."

Þarna tilgreinir hann sérstaklega Landspítala og Borgarspítala þannig að ég held að ekkert fari á milli mála hvað hæstv. heilbrrh. á við. Ég dreg því þá ályktun, herra forseti, að hæstv. forsrh. sé ekki sammála hæstv. forsrh.

[13:55]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. hefur tekið eftir ræðu minni áðan rakti ég einmitt hækkanirnar til Landspítala – háskólasjúkrahúss, í hverju þær væru fólgnar í prósentum á þessu árabili og rakti einnig af hverju þær stafa. Ég gæti farið nánar út í það ef ég hefði tíma til og mun gera það síðar. En þar er launa- og lyfjakostnaðurinn langstærsti þátturinn eðli málsins samkvæmt. Hins vegar vil ég taka það fram til viðbótar að á síðasta ári stóðust ekki forsendur fjárlaga varðandi verðbólgu og það var stofnunum heilbrigðiskerfisins eins og fleiri stofnunum þungt í skauti. Nú hefur sem betur fer tekist að vinda ofan af því. Ástandið er allt annað núna og komið á jafnvægi í þeim efnum þannig að þetta horfir til betri vegar að því leyti.

[13:57]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í ræðu hæstv. heilbrrh. að hann liti þannig á að stóru sjúkrahúsin eða Landspítali – háskólasjúkrahús væri endastöðin í heilbrigðisþjónustunni. Ég tek undir þá skoðun hans. Engu að síður streyma þangað verkefni sem ættu að vera annars staðar, m.a. hjá heilsugæslunni og á dvalarheimilum eða öldrunarheimilum. Það kom einnig fram hjá hæstv. ráðherra að hann teldi að í þessu frv. hefði farið fram leiðrétting á rekstrargrunni háskólasjúkrahússins. Mínar spurningar eru: Eftir hverju var farið? Er þá búið að skilgreina skýrt hver verkefni þessa sjúkrahúss eru? Ef svo er ekki þá er rekstrargrunnurinn óleiðréttur.

[13:58]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi er aðgengi að heilsugæslunni í Reykjavík grundvöllur þess að sjúklingar séu meðhöndlaðir á réttum stöðum í kerfinu. Þar er fyrsti viðkomustaður sjúklingsins og þaðan á að vísa honum á önnur úrræði. Við höfum að vísu ekki afnumið valfrelsi sjúklinga til að leita til sérfræðinga. Ég hef ekki hugsað mér að gera það. En það er mjög áríðandi að aðgengi að heilsugæslunni sé þannig að sjúklingarnir geti þangað leitað en þurfi ekki að hrekjast inn á bráðadeildir sjúkrahúsa eða til sérfræðinga í fyrsta umgangi. Ég held að ekki sé deilt um þetta og menn gera sér alveg fulla grein fyrir þessu.

[13:59]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra. En hefur hlutverk háskólasjúkrahússins verið skilgreint á skýran hátt til þess að hægt sé að leiðrétta rekstrargrunninn? Ég held ekki. Ég vil bæta við þessari spurningu: Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að mæta þeim kostnaði sem þar hefur orðið bara við öryggisgæslu vegna sjúklinga sem eru undir áhrifum eiturlyfja? Það kom einnig fram hjá hæstv. ráðherra í ræðu hans að enn væru viðfangsefni óleyst, það ætti eftir að fara yfir tryggingakaflann með Félagi eldri borgara, hjúkrunarrýmí ætti eftir að skoða og daggjöldin. Komið hefur fram að um 1 milljarð vanti til þess að þau séu eðlileg. Má þá reikna með að við 2. umr. komi fram hækkanir upp á kannski hátt á annan milljarð miðað við þau verkefni sem enn eru óleyst, að frátöldum stofnkostnaði sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, ef heilbrigðiskerfið á að virka?

[14:00]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að hlutverk Landspítala – háskólasjúkrahúss fari ekkert á milli mála. Það er, eins og hv. þm. er sammála mér um, endastöð í heilbrigðiskerfinu í landinu. Það er kennslustofnun. Það er háskólasjúkrahús og það er veigamikið hlutverk. Það hefur m.a. verið til skoðunar hvort reka eigi allar þær deildir sem þar eru undir einum hatti. Við munum eftir því að ég gaf grænt ljós á það í umræðum að gerður yrði þjónustusamningur um t.d. tæknifrjóvgunardeild. En ég held að í öllum megindráttum liggi stærstu og veigamestu hlutverk þessarar stofnunar skýrt fyrir. Veigamesta hlutverkið er að vera endastöð í heilbrigðiskerfinu og brjóstvörn í þeirri tækni sem við erum að innleiða þótt sjálfstætt starfandi sérfræðingar hafi líka innleitt mikla tækni í sínum störfum.

[14:01]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Aðeins smáathugasemd vegna þeirrar umræðu sem hér fór fram áðan um kostnað í heilbrigðiskerfinu. Ég hef margsinnis spurt að því hvernig standi á svona háu lyfjaverði á Íslandi, að það skuli vera þannig að lyf úr lyfjabúð á Spáni án lyfseðils er á verulega lægra verði en sams komar lyf á Íslandi með niðurgreiðslu frá Tryggingastofnuninni. Þetta er undarlegt og því þarf að svara hvers vegna þetta er. Ég ætla ekki að nota meira af tíma mínum til að ræða þetta. Ég hef sett þessar spurningar fram áður og það er ástæða til þess að inna eftir þessu.

Herra forseti. Nýlega voru hafnar sýningar á kvikmynd Baltasars Kormáks, Hafinu, eftir leikriti Ólafs Hauks Símonarsonar sem ritaði það verk fyrir 12 árum síðan. Ég vil leyfa mér að hvetja sem flesta landsmenn, a.m.k. alla alþingismenn og raunar kvótakóngana á Íslandi til þess að sjá þessa kvikmynd. Hún lýsir á nöturlegan hátt grundvallarmistökum sem gerð voru við lögfestingu fiskveiðistjórnarlaganna núgildandi á Alþingi Íslendinga. Ef til vill má tengja saman þetta fjárlagafrv. og þema myndarinnar sem ég er að vitna í. Þar á ég við að í upphafi skyldi endinn skoða.

Miklir brestir eru í þessu fjárlagafrv. hvað það varðar að rétta af stöðu heilbrigðiskerfins. Ekki nóg með það, það eru augljósir gallar á fjárlögum vegna framhaldskólanna. Ekki er gerð tilraun til að koma til móts við þær kröfur sem fram koma vegna vöntunar á löggæslu á fjölmörgum stöðum á landinu. Þannig má halda áfram með hvern liðinn á fætur öðrum í fjárlagafrv. Mér virðist ekki vera gerð tilraun til stjórnunaraðgerða á mörgum sviðum, enda þenst ríkiskerfið nánast hömlulaust út.

Herra forseti. Það er árvisst að fjárlagafrv. er lagt fram á fyrsta fundi Alþingis. Hæstv. fjmrh. kynnir frv. fyrir fjárln. að morgni þess dags og kann ég honum bestu þakkir fyrir það. Hæstv. fjmrh. leggur síðan mikið á sig þann daginn með því að kynna helstu aðilum atvinnulífsins og almenningi frv. í fjölmiðlum. Hæstv. fjmrh. var í prímadonnuviðtali í Kastljósi og Íslandi í dag sl. þriðjudagskvöld með sólskinsbros og frv. sem ég leyfi mér að kalla glópagull. Ég geri það vegna þess að það er svo margt aðfinnsluvert í frv. En vissulega er framsetningin með 10,7 milljarða afgangi ekkert smáræði. En það er líka rétt að muna að 8,5 milljarðar af því eru áætlaðir vegna sölu eigna. En þegar út af stendur að leiðrétta 2 milljarða fjárvöntun á sjúkrahúsunum, allt að 600 millj. rekstrarvanda á dvalarheimilum og hjúkrunarheimilum fyrir aldraða og 300–400 millj. kr. halla í framhaldsskólakerfinu auk rekstrarvanda þá er verið að sýna glansmynd sem má líkja við glópagull.

Herra forseti. Löggæslumálin eru svo sérþáttur sem ég hef ekki treyst mér til að meta til fjármuna en mun geta metið í meðförum fjárln. á frv. En það er rétt að minna á að vegna skorts á lögreglumönnum eru alvarlegar kvartanir frá fjölmörgum stöðum á landinu sem ekki hafa farið fram hjá fjárln. Lögreglumaður einn á ferð getur ekki sannað umferðarlagabrot í mörgum tilvikum vegna þess að menn eru jú einir á ferð og þar að auki með svo gífurlega stórt landsvæði eða vegsvæði að þeir eiga ekki möguleika á að sinna því. Það má minna á að eitthvað er brösótt með bílabanka ríkislögreglustjóra þegar málin standa þannig að sýslumenn velta því fyrir sér hvort fjárhagur þeirra leyfi að vera með almennilegan bíl og einn lögreglumann eða lélegan bíl og tvo lögreglumenn.

Ég minni svo á fréttir, herra forseti, um löggæsluleysi í Mosfellsbæ, í Garði, í Grindavík og svo má lengi upp telja. Þetta eru alvarlegir gallar sem verður að laga.

Herra forseti. Í fjárlagafrv. virðast menn hafa gleymt því að fjölmargir einstaklingar á bótum búa við mánaðarlega fjárvöntun sem nemur a.m.k. 25 þús. kr. á mánuði. Varðandi þetta eru menn að tala um að setja á laggirnar samráðshóp til að skoða málin og reyna að leiðrétta þetta á einhverju árabili. Ég verð að segja að mér finnst þetta háttalag skrípaleikur. Menn ættu að setjast niður við lagfæringar til þeirra sem eiga ekki afkomumöguleika með lægstu bætur og finna út töluna fyrir næsta sunnudag, leiðrétta strax og setja um það lög að ekki skuli tekinn skattur af lágmarksframfærslulífeyri.

Herra forseti. Þessar örfáu áminningar sem ég nefni sýna að ekki er allt gull sem glóir þó að gult sé, samanber þessa umgerð um fjárlagafrumvarpspappírinn. Ég leyfi mér, herra forseti, að minna á að þegar frv. fyrir árið 2001 var lagt fram var því fylgt svo fast eftir með orðum hæstv. fjmrh. að hann talaði um heimsmet í fjárlagaafgangi sem einnig má nefna tekjujöfnuð. Ég leyfði mér þá að segja að það frv. væri ekki annað en fjarskafallegt og það er auðvitað niðurstaðan samkvæmt nýlegum ríkisreikningi. Tekjujöfnuður fyrir árið 2001 og reyndist vera 8,6 milljarðar kr. En þar var gert ráð fyrir 34 milljörðum í upphafi. Það var það sem ég var að rekja hér, að ekki er allt sem sýnist.

Muna menn eftir því að tekjuhallinn á árinu 2000 var 4,3 milljarðar? Ef ég man rétt er það allt önnur niðurstaða en menn lögðu af stað með. Er að furða þótt maður beri brigður

á áætlanir sem verið er að leggja upp með núna miðað við það sem ég hef áður sagt í mínu máli.

Virðulegur forseti. Ég mun fylgja þessu fast eftir í 2. umr. um fjárlög. Þá mun fyrst koma í ljós hvort ekki sé rétt sem ég hef sagt og hvort ekki sé bara hægt að skoða það í fyrri ræðum mínum um fjárlög. En staðreyndin er sú að eftir framlagingu frv. á eftir að fjalla um það í tæpa þrjá mánuði og það er alveg augljóst nú að það mun taka verulegum breytingum og verða í allt öðru formi en það er nú þegar yfir lýkur.

Herra forseti. Það er mikil blekking að sú glansmynd sem ríkisstjórnin dregur upp sé það sem almennt á við í íslensku þjóðfélagi. Bótaþegar, launþegar með lægstu laun og nú hópur fólks sem misst hefur vinnu og þar með laun sem teljast meðallaun og há meðallaun — fólk sem hefur haft á bilinu 280–400 kr. á mánuði er að missa vinnu í stórum stíl. Þar er um að ræða fólk með háskólamenntun, m.a. náttúrufræðinga, fólk með góða tæknimenntun og fólk í hærra launuðum iðnaðarstörfum — þetta fólk býr nú við mikla óvissu. Það hefur misst laun og getur ekki staðið undir því lífsmunstri sem góðar tekjur höfðu skapað. Fólk stendur ekki undir íbúðum sínum, bílum og öðru. Niðurstaðan er eignasala eða það sem er enn verra, nauðungarsala. Hver kannast ekki við, herra forseti, auglýsingar um nauðungaruppboð? Þetta eru bara tveir dagar úr Dagblaðinu. Ef menn fylgjast með eru þar nánast á hverjum degi hálfsíður með nauðungarsölum sem stafa af því ástandi sem er að skapast og á, að því er fróðir menn segja mér, eftir að verða verra. Þess vegna segi ég að hér er ekki á ferðinni annað en það sem áður fyrr var kallað glópagull. Það er sem sagt ákveðin blekking. Menn héldu að það sem glampaði á í mýrum væri gull. En svo var í raun ekki.

[14:11]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. fór nokkrum orðum um afkomu ríkissjóðs á undanförnum árum og gerði mikið úr því að frávik hefði verið frá niðurstöðutölu fjárlaga (Gripið fram í.) á einhverju árabili og vissulega er það rétt. En skýringarnar eru tiltölulega einfaldar á því. Sú eignasala sem ráð var gert fyrir gekk ekki eftir, Landssíminn var ekki seldur. Í því fólust miklar upphæðir.

Nú liggur fyrir eins og áður hefur verið greint frá í umræðunni að ríkisreikningur fyrir síðasta ár er kominn út. Þar kemur fram svart á hvítu að þrátt fyrir að afgangur, tekjur umfram gjöld á árinu, hafi verið 8,6 milljarðar kr. í því uppgjöri sem notað er um rekstur ríkissjóðs þá eru tekjur umfram gjöld af venjubundinni starfsemi ríkissjóðs 16,6 milljarðar. Ég tel að það sé bærileg útkoma. Þá er sleppt óreglulegum tekjum eins og eignatekjum en jafnframt óreglulegum gjöldum eins og framlögum vegna lífeyrisskuldbindinga sem ekki koma til greiðslu fyrr en löngu síðar og hlutum eins og afskriftum skattkrafna o.s.frv.

Menn geta ekki fullyrt að áætlanagerð í sambandi við fjárlög ríkisins sé öll í molum, eins og mér heyrðist hv. þm. gera, vegna þess að eitt atriði sem vegur mjög þungt, eins og eignasalan, hefur ekki gengið eftir eins og áætlanir stóðu til. En ég held að mjög gagnlegt sé að líta á afganginn af venjubundinni starfsemi ríkissjóðs. Þá kemur á daginn að afgangur var 26,6 milljarðar 1999, 29,5 árið 2000 þrátt fyrir að bókfærður rekstrarhalli væri þá 4,3 milljarðar eins og þingmaðurinn nefndi, 16,6 milljarðar í fyrra, áætlaður 11,6 í ár og 11 á næsta ári. Ég held að þetta séu athyglisverðar tölur bæði fyrir hv. þm. og aðra sem velta fyrir sér.

[14:14]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekkert borið brigður á það sem hæstv. fjmrh. var að rekja hér. Ég var bara segja að menn hefðu lagt fram óraunhæfar tölur þegar þeir gerðu ráð fyrir 34 milljarða kr. afgangi og það var auglýst sem heimsmet við framlagningu frv. Það var nákvæmlega það sem gert var. En niðurstaðan var 8,5 milljarðar í tekjuafgang eða tekjujöfnuð, sem er vissulega gott. Og það er mjög gott, mundi ég telja, á þessu ári, á árinu 2003, ef tekjujöfnuður nær því í raun að verða 3 milljarðar. Það er mjög gott.

En það er verið að leggja upp með tölur sem ekki standast vegna þess að menn hafa ekki gert ráð fyrir þeim breytingum sem verður að grípa til, m.a. vegna þess að fjármuni vantar til reksturs heilbrigðiskerfisins o.s.frv. Ég benti á nokkur atriði sem ég þekki og ég veit að hæstv. fjmrh. veit það líka eins og ég að þetta frv. eins og það er lagt fram ansi myndarlega með 10,7 milljarða afgangi á eftir að breytast og engar líkur eru á því að tekjur aukist í sama mæli og útgjöld. Ég vil bara að menn horfi raunsætt á þetta og ég minni, virðulegur forseti, á það sem hér er að gerast. Ég óttast — ég vona samt að það verði ekki þannig — ég óttast að það eigi eftir að verða miklu meira um nauðungaruppboð vegna þess að fólk með millitekjur og háar millitekjur er í hrönnum að missa vinnu.

[14:16]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að nauðsynlegt er að reyna að líta raunsætt á hlutina. En það er auðvitað þannig þegar verið er að áætla fyrir stórfelldum tekjum af eignasölu, sem vissulega er óviss, að þá er ekkert fast í hendi í þeim efnum. Þetta vitum við náttúrlega og auðvitað gera menn áætlanir sínar út frá því að menn gera sér grein fyrir þeirri óvissu sem þar er.

En þetta hefur ekki alltaf verið með þeim hætti sem hv. þm. nefndi. Af hverju nefndi hann ekki árið 1999, síðasta gula frv., í sama lit og þingmaðurinn hefur hér mikið talað um? Þá voru fjárlög afgreidd með 2 milljarða kr. afgangi. (**GE:** Ég minnist þess.) En niðurstaðan varð, í rekstraruppgjöri ríkissjóðs, 23,6 milljarðar. (**GE:** Vegna ...) Og ef eingöngu er litið á tekjuafgang, að frádregnum óreglulegum liðum, 26,6 milljarðar. Þetta var auðvitað langt umfram það sem fjárlögin ráðgerðu vegna þess að þá kom óvænt inn meiri söluhagnaður af eignum en við höfðum gert ráð fyrir.

Þegar við erum með svona stórar tölur sem falla á einn eða tvo liði verða menn að vera undir það búnir að þeir geti hreyfst til. Þess vegna er líka mikilvægt, alveg eins og ég held að þingmaðurinn hafi verið að segja hér, að það skuli vera allríflegur afgangur, burt séð frá því hvernig fer með tekjur af eignasölu.

[14:17]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held raunar að það eina sem ég og hæstv. fjmrh. erum ósammála um sé að ekki eigi að setja fram frv. sem gefur allt annað í skyn en niðurstöðurnar áætla. Í frv. er ekki gert ráð fyrir 2 milljarða kr. auknu framlagi til heilbrigðiskerfisins, 600 millj. kr. — og þá er það til viðbótar — vegna dvalar- og hjúkrunarheimila, allt að 400 millj. kr. vegna framhaldsskólanna, og að auki upphæð sem ég þori ekki að nefna hér, sem ég held að þurfi til þess að

koma löggæslunni í viðunandi horf samkvæmt því sem íbúar í ákveðnum byggðum setja fram.

Það er þetta sem ég er að tala um. Ég er ekki að tala um að ekki hafi tekist vel til, ég hef ekki sagt það. Ég hef einfaldlega sagt að menn hafa sett hér fram áætlanir sem ekki hafa staðist, það er það sem ég er að tala um.

Og ég man ósköp vel eftir frv. 1999, hæstv. fjmrh., og ég get óskað hæstv. ráðherra til hamingju með það. Það sem við erum síðan að fjalla um hér — við skulum bara sjá hver hlær best, hvort það verður sá sem síðast hlær eða hvort það verður sá sem síðastur talar.

[14:19]

Útbýting þingskjala:

Efling félagslegs forvarnastarfs, 40. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 40.

Gjald af áfengi og tóbaki, 41. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 41.

Jarðir í eigu ríkisins, 96. mál, fsp. GE, þskj. 96.

Sjálfbær atvinnustefna, 33. mál, þáltill. KolH o.fl., þskj. 33.

Tilskipun um innri markað raforku, 90. mál, fsp. SJS, þskj. 90.

Velferðarsamfélagið, 22. mál, þáltill. ÖJ o.fl., þskj. 22.

Þjóðgarður á Snæfellsnesi, 95. mál, fsp. GE, þskj. 95.

[14:20]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Mjög fróðlegt hefur verið að hlýða á umræður um fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar og vonandi á það eftir að fara í gegnum mikinn hreinsunareld í vinnslu þingsins nú í haust því að hér er að finna mjög margt sem þarfnast leiðréttingar við.

Við urðum ásátt um það við 1. umr. um fjárlagafrv. að höfuðtalsmenn flokkanna, fulltrúar í fjárln., fengju rýmri tíma en aðrir þingmenn til að ræða frv. og hvað mig áhrærir vil ég gera orð hv. þm. Jóns Bjarnasonar, fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárln., að mínum. Hann fjallaði á mjög markvissan hátt um megindrættina í fjárlagafrv. Hann vakti athygli á þeirri pólitísku stefnu sem birtist í fjárlagafrv. og tefldi henni fram til samanburðar við þær áherslur sem við höfum sett, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, og byggja á jöfnuði og velferð.

Hann vakti einnig athygli á ýmsum veikleikum í frv. og tengdi þá þeirri óvissu sem ríkir um ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar og fór þar orðum um þá skuldasprengingu sem hér hefur orðið, bæði hjá fyrirtækjum og heimilum.

Það er tvennt sem hefur komið fram við umræðuna af hálfu stjórnarþingmanna sem ég vil nefna. Í fyrsta lagi tek ég undir með Ólafi Erni Haraldssyni, hv. þm. Framsfl. og formanni fjárln., þegar hann sagði að það hefði torveldað störf þingsins — og hann vísaði til starfa fjárln. sérstaklega — að Þjóðhagsstofnunar nýtur ekki lengur við. Það hlýtur að hafa verið þeim þingmanni mikið harmsefni að hafa ekki getað verið viðstaddur atkvæðagreiðsluna þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður. Við vitum hvernig það gerðist. Þetta var runnið undan rifjum hæstv. forsrh., og það hlýtur að hafa verið sama þingmanni, hv. formanni fjárln., mikil sálarkvöl þegar hann uppgötvaði að í fjarveru hans við þá atkvæðagreiðslu greiddu allir þingmenn Framsfl. atkvæði með því að þessi sama stofnun yrði lögð niður.

Þá vil ég staldra við hefðbundna trúarjátningu fjmrh. Sjálfstfl. við fjárlagaumræðuna. Hæstv. fjmrh., Geir H. Haarde, brást okkur ekki fremur en fyrri daginn. Hann sagði að stórkostlegar framfarir hefðu orðið í efnahagslífinu á undanförnum árum og vísaði hann þar sérstaklega í einkavæðingu ríkisstjórnarinnar. Vegna einkavæðingarinnar hefðu orðið stórkostlegar framfarir á Íslandi.

Ég trúi ekki öðru en að það hafi verið erfiðara nú en oft áður að fara með þessa trúarjátningu í ljósi þess að nú fer fram sérstök skoðun á vegum Ríkisendurskoðunar á störfum einkavæðingarnefndar ríkisstjórnarinnar á þeim spillingarslóða sem hún hefur skilið eftir sig. Greint var frá því í morgun að senn birtist okkur rannsókn Ríkisendurskoðunar á afmörkuðum þætti, þeim sem lýtur að sölu ríkisbankanna, en einn nefndarmanna í einkavæðingarnefndinni, fulltrúi hæstv. ráðherra, segist aldrei hafa kynnst eins óvönduðum vinnubrögðum og í tengslum við þá sölu. En hæstv. ráðherra fer að sjálfsögðu með sína trúarjátningu.

Hvað var það sem hann sagði? Í hverju fólst þessi mikla bylting í efnahagslífinu sem tengist einkavæðingunni? Jú, einkavæðingin hefur það í för með sér, sagði hæstv. ráðherra, að völd eru færð úr hendi stjórnmálamanna yfir á markaðinn. Þetta er alveg rétt. Einkavæðingin felur í sér valdatilfærslu. Völd eru tekin úr höndum lýðræðislega kjörinna fulltrúa og sett yfir á markað. Síðan sagði hæstv. ráðherra að á markaðnum gætu menn tekið svo skjótar ákvarðanir.

En hvað hafa valdatilfærslan og þessar breytingar í rekstrarformi haft í för með sér? Ferlið hefur verið þetta: þjónustustofnanir við almenning, við fyrirtæki, við menningarlíf og félagslíf, eru færðar yfir á markað og þær látnar starfa á grundvelli nýrra og annarra sjónarmiða, gróðasjónarmiða. Pósturinn var t.d. færður undan almannastjórn og gerður að hlutafélagi, að vísu enn þá í eigu ríkisins, en hann naut áður sambýlisins við Landssímann, naut stærðarhagkvæmni, sambýlis í húsnæði víðs vegar um landið og millifærslna í fjármunum sem var þess valdandi að hann gat haldið burðargjöldum niðri. Nú er öldin önnur.

Nú er að koma fram að vegið er að allri félagslegri útgáfu í landinu vegna þessara kerfisbreytinga. Hverjir notfæra sér póstinn? Ætli það séu ekki við öll sem sendum bréf og póstkort? Og við fáum send til okkar tímarit og blöð og ef burðargjöldin eru hækkuð þar hækka gjöldin fyrir þau blöð. Látum það nú vera. En ef litið er til samtaka á borð við Öryrkjabandalag Íslands sem sendir félagsmönnum sínum og skjólstæðingum 20 þús. eintök af fréttabréfi sínu, þá eru að gerast mjög alvarlegir hlutir. Útsending á þeim gögnum fyrir Öryrkjabandalagið kostaði áður um 400 þús. kr. Eftir þessa breytingu og þegar gjaldskráin er að fullu komin til framkvæmda mun það kosta Öryrkjabandalagið 1,3 millj. að senda fréttabréfið út. Þetta er einnig að gerast hjá öðrum félagasamtökum. Hafa menn lesið og kynnt sér hvað forsvarsmenn héraðstímarita og -blaða segja? Þeir segja að þess sé skammt að bíða að slík útgáfa leggist af. Þetta er hin stórkostlega bylting í þjóðlífinu sem hæstv. fjmrh. boðar okkur. Að leyfa sér að koma hingað fram og tala um hinar skjótu ákvarðanir á markaði þegar örfáir mánuðir eru liðnir frá því að upplýst var hver spilling hafði viðgengist innan Landssímans er ótækt.

Okkur var skýrt frá því að þar hefði verið fjárfest fyrir 11 milljarða. Í hvaða samhengi var skýrt frá því? Jú, það var þegar þáv. forstjóri fyrirtækisins, Þórarinn V. Þórarinsson, skýrði það út fyrir okkur hvernig á því stóð að fyrirtækið tapaði 400 millj. kr. í braskpeningum í Ameríku. Hann sagði: Þetta er nú ekki mikið, að tapa 400 millj. Við sem erum búin að fjárfesta fyrir 11 milljarða. Hreinn Loftsson, fyrrv. for-

maður einakvæðingarnefndar, sagði: Landssíminn er rekinn eins og hlutabréfasjóður.

Þetta er hin stórkostlega bylting og hinar miklu framfarir sem hæstv. fjmrh. Sjálfstfl. boðar okkur hér. Þetta eru staðreyndirnar og það er þess vegna sem þjóðin svarar, ef hún er spurð hvort hún sé ánægð með þessa stefnu, og segir nei. Yfirgnæfandi meiri hluti Íslendinga er andvígur sölu Landssímans. Meiri hluti Íslendinga er andvígur því að ríkið selji hlut sinn í ríkisbönkunum. Hvers vegna? Vegna þess að hún vill hafa þar kjölfestu í fjármálalífinu og koma í veg fyrir að braskarar nái þar undirtökum. Þetta eru staðreyndirnar. Og þó að hér sé meiri hluti á Alþingi fyrir þessari braskarastefnu er meiri hluti þjóðarinnar andvígur henni.

Herra forseti. Tími minn er á þrotum en ég á margt ósagt og óska eftir að verða settur á mælendaskrá að nýju.

[14:30]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sjaldan bregður mær vana sínum, er sagt og sjaldan kemur hv. þm. Ögmundur Jónasson í ræðustól án þess að formæla einkavæðingunni og öðru því sem byrjar á forskeytinu „einka". Ég tel að það sé rétt stefna að flytja völd úr höndum stjórnmálamanna yfir á markaðinn. Ég fór yfir það fáum orðum áðan eins og þingmaðurinn gat um. En ég tel að það skipti líka miklu máli að innleysa það fjármagn sem almenningur á bundið í þessum miklu eignum þegar sú staða er upp komin að hægt er að fá sannvirði fyrir þær eignir með því að setja þær út á markað.

Ég tók eftir því að hv. þm. Jón Bjarnason lét þess getið áðan, og það hefur hv. þm. Ögmundur Jónasson margoft líka sagt, að það sé hrein fásinna að ætla að selja t.d. Símann, vegna þess að hann skili kannski 1–2 milljörðum í arð á ári hverju. Hárrétt. En má ég biðja hv. þm. sem er nú góður í reikningi að velta því örlítið fyrir sér að ef við hefðum selt Símann þegar rétti tíminn og besti tíminn var til þess fyrir örfáum missirum, þá hefðum við hugsanlega fengið 40 milljarða kr. fyrir hann. Hvað skyldi sú upphæð gefa okkur í vexti? Ætli sé ekki óhætt að reikna með um 4 milljörðum á ári sem svona eðlilegri vaxtaupphæð af því samanborið við arðgreiðsluna? Hvað er þá hægt að gera við mismuninn, hv. þm., sem þarna fæst? Til dæmis efla velferðarþjónustuna, leggja meira fjármagn í það sem menn eru að kvarta um að vanti peninga í og annað þess háttar, byggja upp Ísland. (Gripið fram í.) Þannig er þetta hv. þm.

Það er því miklu meira í þessu máli heldur en bara spurningin um að koma völdum úr höndum stjórnmálamanna svo nauðsynlegt sem það getur nú verið, m.a. til þess að koma í veg fyrir að slík völd lendi í höndunum á óábyrgum stjórnmálamönnum, ekki síður þó hitt að losa um það fjármagn sem almenningur á bundið í þessari starfsemi og á fullan rétt á að geta nýtt til annarra þarfa nú þegar aðstæður eru gjörbreyttar.

[14:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er farinn að sjá eftir því að hafa samið um að tala bara í tíu mínútur. Hér þarf að tala náttúrlega miklu meira og þyrfti að tala miklu lengur um þessi mál. (**Fjmrh.**: Það má ...)

Ég færi nú varlega í það ef ég væri fjármálaráðherra landsins að tala um að fá sannvirði fyrir ríkiseignir. Ég skal fara hér á eftir í umræðu um SR-mjöl sem ríkisstjórnin seldi á sínum tíma. Ég skal fara í umræðu um Áburðarverksmiðju ríkisins sem að nafninu til var seld fyrir 1.257 millj. kr. með lager upp á 700 milljónir eða þar um bil og nú er búið að selja hana með miklum ágóða áfram. Ég mundi fara varlega í þetta. Og ég mundi fara varlega í að draga upp þær líkingar sem hæstv. ráðherra gerði. Ég vísa t.d. til þess sem gerðist hjá Landssímanum. Þar var líka talað um að selja eignir og fá vexti til þess að geta braskað með peningana. Húsið hérna handan við völlinn, Landssímahúsið, var selt á 820 millj. kr. til að fá þessa vexti væntanlega, þennan hagnað. En síðan leigir sama fyrirtæki af nýjum kaupendum fyrir 8,2 milljónir á mánuði. Það er svona sem ríkisstjórnin og fulltrúar hennar fara með almannafé. Þeir nota fjármuni almennings til þess að braska með þá. Greiða sjálfum sér himinhá laun og braska síðan með þá á markaði. Og að hæla sér af þessari stefnu og hvernig almannafé er sólundað svona, ég mundi fara afskaplega varlega í það. Ég mundi hafa litinn á fjárlagafrumvarpinu öðruvísi næst.

[14:34]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get nú glatt þingmanninn með því að næsta ársfrumvarp verður rautt, því það er litaserían gulur, rauður, grænn og blár hér í gangi.

En það er alveg makalaust með þennan hv. þm. að það má aldrei svara neinu sem fram er borið hér. Þá er bara komið upp og sagt: „Ja, nú skaltu bara hafa þig hægan. Ég skal sko koma á eftir og tala um þetta og tala um hitt og þá skaltu fá að kenna á því." Þannig talar hv. þm. alveg eins og forverar hans í Alþýðubandalaginu gerðu hér löngum þegar þeir hertóku þingsalinn og vildu ekki hleypa öðrum mönnum að. Ég kvíði því ekkert að hv. þm. tali um það sem hann vill þegar honum sýnist. En ég ráðlegg honum að tala um dagskrármálið fyrst og fremst.

[14:35]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kalla þá þingmenn sem hér eru til vitnis. Var ekki hæstv. fjmrh. að tala um mikilvægi þess að selja almannaeignir á raunvirði? Var hann ekki að tala um það? Og mikilvægi þess að selja þær á raunvirði og nota peningana til uppbyggingar. Var það ekki það sem hann var að tala um? Var ég ekki að svara því? Tók ég ekki dæmi af sölu ríkisstjórnarinnar á almannaeignum? Ég nefndi SR-mjöl. Ég nefndi Áburðarverksmiðjuna. Ég nefndi sölu á stórbyggingu hér handan við völlinn, Landssímahúsinu. Ég var að svara spurningum hæstv. fjmrh., ég veit ekki betur.

[14:36]

Ásta Möller:

Herra forseti. Við höfum hlustað á þingmenn stjórnarandstöðunnar í dag og hlutskipti þeirra er ekki auðvelt. Á síðasta þingi fyrir kosningar kynnir fjmrh. frv. sitt sem hefur fengið þá einkunn frá forsvarsmönnum atvinnulífsins að það sé aðhaldssamt, það einkennist af langtímahugsun og beri ekki þess merki að vera lagt fram á kosningaþingi. Yfirleitt hafa þessir aðilar verið óvægnir ef þeir telja of lauslega haldið á almannafé og því er hrósið gott. Stjórnarandstaðan engist sundur og saman í dag í tilraun sinni til að finna einhverjar smugur í frv. sem hægt er að gagnrýna og einhverja þætti í efnahagsstjórninni sem má finna veikleika í. Tilraun þeirra til að gera fjárlagafrv. tortryggilegt hefur mistekist á sama hátt og dómadagsspádómar þeirra um þróun efnahagslífsins á undanförnum árum hafa reynst rangir.

Ég mun ekki ræða sérstaklega um stöðu efnahagsmála í ræðu minni, enda hafa aðrir stjórnarliðar gert henni góð skil.

Þó vil ég lýsa sérstaklega ánægju minni með að í hartnær áratug hefur kaupmáttur launa verið að aukast. Ég man þá tíð sem þátttakandi í verkalýðsbaráttu á níunda áratugnum að kjarasamningar voru gerðir til stutts tíma og stöðugt barist við að ná upp sama kaupmætti launa og í samningum á undan en verðbólgan át jafnharðan upp allar launahækkanir og oft gott betur. Það var ömurleg staða. Stöðugt var verið að bíta í skottið á sér. Nú hefur kaupmáttur launa hins vegar hækkað að meðaltali um 25% frá árinu 1994 til dagsins í dag og munar um minna í pyngju heimilanna.

Þá vil ég einnig lýsa ánægju minni með að staða fjölskyldna hefur batnað verulega frá því sem var fyrir örfáum árum og öll merki eru um meiri skynsemi í umsýslu fjármála á heimilunum. Ég tel að heimilin í landinu hafi á ný náð áttum eftir gríðarlega aukningu einkaneyslu þegar kaupmáttur launa tók stórt stökk fyrir nokkrum árum samhliða auknu frelsi á fjármálamarkaði. Við sjáum merki um aukinn sparnað heimilanna. Heimilin einbeita sér að því að greiða upp skuldir og einkaneysla er í jafnvægi. Þetta má rekja m.a. til skynsemi í efnahagsmálastjórninni.

Ég tók sæti í fjárln. síðasta vor og tek því nú í fyrsta sinn þátt í umfjöllun fjárln. um fjárlagafrv. Að undanförnu hefur fjárln. fundað með fulltrúum ýmissa sveitarfélaga í landinu og ýmislegt vekur athygli á þeim fundum. Eitt vil ég þó sérstaklega gera að umtalsefni.

Eitt mikilvægasta atriðið í byggðamálum snýr að menntun í heimabyggð og það á við um grunnskóla, framhaldsskóla og aðstöðu til frekara náms, m.a. með fjarnámi. Ljóst er að bylting hefur orðið á tækifærum fólks á landsbyggðinni til náms á undanförnum árum. Hundruð manna og kvenna um allt land eru í fjarnámi, jafnt við innlenda og erlenda háskóla. Ekki þarf að hafa mörg orð um hve verðmætt það er fyrir einstaklinginn og til framtíðar fyrir samfélagið sem hann býr í.

Á síðustu árum hefur Alþingi, ekki síst að frumkvæði fjárln., lagt til fjármagn til uppbyggingar aðstöðu fyrir þetta fólk til að stunda fjarnám sitt og mikilvægt er að styðja það áfram.

Hér vil ég þó gera grunnskólanám sérstaklega að umræðuefni. Í ferð fjárln. um Norðausturland fyrir stuttu vakti það sérstaka athygli mína að Grímseyingar þurfa að senda börn sín af eyjunni til að ljúka grunnskólanámi. Það má vera að hið sama eigi við annars staðar á landinu, en um það hef ég ekki upplýsingar. Ég tel það vera grundvallaratriði að börn fái að ljúka grunnskólanámi í heimabyggð sinni og búi í foreldrahúsum ef þess er nokkur kostur. Þar getur ný fjarskiptatækni auðveldað þeim námið.

Einnig tel ég mikilvægt að taka undir óskir þeirra sveitarfélaga sem ekki hafa framhalsskóla að þau fái tækifæri til að koma upp skólaseli hjá sér þannig að unglingar geti stundað fjarnám í framhaldsskóla í heimabyggð. Slíkar óskir hafa m.a. komið fram hjá sveitarfélögum á norðanverðu Snæfellsnesi.

Ein helsta gagnrýni stjórnarandstöðunnar í dag snýr að meintum fjárskorti í heilbrigðisþjónustunni og að fjárlagafrv. taki ekki á vanda heilbrigðiskerfisins. Ég vil hins vegar benda á að í frv. til fjáraukalaga sem lagt var fram á Alþingi í gær kemur fram að um 3 milljarðar kr. verði veittir til heilbrigðis- og tryggingakerfisins umfram fjárlög þessa árs. Megingagnrýni stjórnarandstöðunnar á fjárlagafrv. er því fallin um sjálfa sig.

Um vanda heilbrigðiskerfisins má hins vegar hafa mörg orð. Samkvæmt alþjóðlegum stöðlum leggjum við síst minna til heilbrigðismála en aðrar þjóðir. Það er skoðun mín að leiðir til að sporna við sívaxandi heilbrigðisútgjöldum sé að endurskoða skipulag kerfisins. Þá á ég við annars vegar að beina skjólstæðingum kerfisins á rétt þjónustustig og hins vegar að aðgreina fjármögnun og rekstur heilbrigðiskerfisins og færa rekstur í auknum mæli til einkaaðila. Með því á ég ekki við einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu í þeim skilningi að almannatryggingakerfið verði lagt niður og fjármögnun kerfisins verði í höndum tryggingafélaga eða einstaklinga og ríkið kæmi hvorki að rekstri né fjármögnun.

Ég vil leggja á það áherslu að Sjálfstfl. er ekki talsmaður einkavæðingar í þeim skilningi að hafa tvöfalt kerfi í heilbrigðisþjónustu. Það liggur við að ég þurfi að endurtaka þessa setningu margoft. Hugaræsingur stjórnarandstöðunnar sem sakar Sjálfstfl. um að vilja einkavæða heilbrigðiskerfið er því óþarfur. Ekki einu sinni róttækasti armur Sjálfstfl. vill einkavæða heilbrigðiskerfið í þessum skilningi. Í því sambandi vil ég benda á grein sem birtist í Morgunblaðinu í dag eftir formann Sambands ungra sjálfstæðismanna, Inga Hrafn Óskarsson, en hann segir m.a. eftirfarandi um ályktun SUS um heilbrigðismál:

„Á nýlegu málefnaþingi SUS ályktuðu ungir sjálfstæðismenn um að fjármögnun og rekstur í heilbrigðiskerfinu verði aðskilin. Fjarmögnunin komi áfram frá hinu opinbera, en það dragi sig úr rekstrinum hvar sem færi gefst og einkaaðilum hleypt að."

Svo mörg voru þau orð og stjórnarandstaðan getur farið að anda léttar og um leið höfum við sjálfsagt stolið glæpnum frá þeim. Ég hvet talsmenn stjórnarandstöðunnar og reyndar ákveðna talsmenn Framsfl. einnig að lesa betur stefnu Sjálfstfl. í heilbrigðismálum og stefnu hans til að greiða úr þessari hugarflækju sinni.

Herra forseti. 18. júlí sl. ritaði ég grein í Morgunblaðið sem ég kallaði Landspítali – endastöð. Þar ræddi ég um þá skoðun mína að í allt of mörgum tilvikum er fólki vísað í þjónustu á of háu þjónustustigi. Í tilviki Landspítala – háskólasjúkrahúss hefur skortur á heimilislæknum og minna aðgengi að heilsugæslunni leitt til þess að sjúklingar leita í auknum til LSH með heilsuvanda sem fráleitt er að hátæknisjúkrahús sinni. Aukning heimsókna á bráðadeild spítalans og mikil símaráðgjöf á LSH er merki um þessa þróun. Hér þarf að efla heilsugæsluna.

Jafnframt benti ég á í grein minni í Morgunblaðinu í júlí sl. að setja þurfi á stofn símatorg um heilbrigðisþjónustu þar sem almenningur getur leitað ráða og upplýsinga um aðkallandi vanda og fær leiðbeiningar um hvert á að leita innan kerfisins með tiltekinn vanda. Slík símaþjónusta hefur verið rekin í Bretlandi á vegum opinberra aðila frá árinu 1998 og tekur nú til alls landsins. Sýnt hefur verið fram á að um 40% erinda til heilbrigðisþjónustunnar er hægt að leysa með ráðleggingum gegnum síma. Jafnvel hefur verið sýnt fram á að þessi aðgengilega þjónusta við almenning fækkaði heimsóknum til heimilislækna um helming.

Skortur á hjúkrunarrýmum og öðrum úrræðum í samfélaginu til að mæta þörfum þeirra sem eru langveikir eða fatlaðir lendir á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Um 140 manns, sem samsvarar um 15–20% rýma á Landspítalanum, eru einstaklingar sem hafa lokið meðferð og bíða annarra úrlausna. Lega á sjúkrahúsi á almennri deild kostar um 48.000 á dag, en dagur á hjúkrunarheimili um 12.000–15.000 að jafnaði. Hér

þarf augljóslega bæta við hjúkrunarrýmum, en þar er vandinn nær eingöngu bundinn við Stór-Reykjarvíkursvæðið, en fjöldi rýma á landsbyggðinni er í grófum dráttum í jafnvægi.

Þetta eru nokkur dæmi um að þjónusta er veitt á röngu þjónustustigi sem leiðir til aukins kostnaðar samfélagsins.

Ég vil fagna því að í fjáraukalögum er tekið á vanda Landspítala – háskólasjúkrahúss, en jafnframt tel ég að fram þurfi að fara nákvæm greining á þeim verkefnum sem Landspítalinn hefur með höndum og verkefni færð til annarra aðila innan heilbrigðiskerfisins sem eðlilegra og hagkvæmara er að veita annars staðar.

Í umræðu um heilbrigðismál á síðustu vikum hef ég m.a. bent á rangar áherslur í öldrunarþjónustunni. Ég tel of mikla áherslu vera lagða á stofnanaþjónustu fyrir aldraðra og of litla á heimaþjónustu og heimahjúkrun. Ég hef bent á að hér á Íslandi höfum við hlutfallslega flest stofnanarými miðað við önnur vestræn ríki. Ég tel að aldraðir kjósi allra helst að vera heima hjá sér eins lengi og kostur er með þeirri aðstoð sem þarf til að svo megi verða.

Breyta verður áherslunni í þá veru að færa þjónustuna inn á heimili fólks. Það sem er í veginum er m.a. að heimaþjónusta er á vegum sveitarfélaga en heimahjúkrunin á vegum ríkisins. Til áréttingar vegna þessa vil ég nefna Akureyri en það er reynslusveitarfélag á sviði heilbrigðisþjónustu. Þar rekur bærinn félagsþjónustuna og heilsugæsluna í einni einingu. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa. Þjónusta inni á heimilum fólks hefur aukist verulega á kostnað stofnanaþjónustu. Á síðustu tíu árum í tíð reynslusveitarfélagsins hefur hlutfalli aldraðra Akureyringa á stofnunum fækkað úr 40% í 30%, og fjölgun þeirra sem hafa fengið heimaþjónustu og heimahjúkrun verið á milli 56% og 64%.

Við eigum að horfa til þessarar jákvæðu þróunar á Akureyri sem allt of lítið hefur verið haldið á lofti.

Að lokum vil ég nefna að fjárln. hefur borist neyðaróp frá öllum sveitarfélögum vegna fjárhagslegrar stöðu hjúkrunar- og dvalarheimila og það er alveg nauðsynlegt að heilbrrn. haldi áfram þeirri vinnu að endurskoða daggjöldin því að margir þættir hafa þar áhrif á til að trufla jafnvægið.

[14:47]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom inn á hjúkrunarrýmin og málefni aldraðra. Ég tek undir að í þeim efnum er mikill vandi í heilbrigðiskerfinu og nú er í gangi vinna til að greina með hverjum hætti við getum brugðist sem skjótast við.

En ég vil sérstaklega taka undir þann þátt í máli hennar sem varðar heimaþjónustuna. Við erum með hátt hlutfall á stofnunum hér á landi, og heimahjúkrun og dagvistun er það sem við þurfum að efla. Það er alveg ljóst að við þurfum að beina sjónum að þessum þáttum. Um leið og við gerum tímabærar úrbætur í hjúkrunarrýmunum legg ég á þetta mikla áherslu. En það er alveg rétt sem kom fram að þarna skarast hlutverk ríkis og sveitarfélaga. Og reynslan af reynslusveitarfélagasamningnum á Akureyri í þessu hefur verið mjög góð.

[14:48]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hjartanlega sammála hæstv. heilbrrh. varðandi vanda öldrunarheimilanna. Ég sagði hér áðan og hef sagt það áður að ég tel að á síðustu árum hafi verið töluvert mikið lagt í byggingu hjúkrunarheimila hér í landinu. Þegar við skoðum heilbrigðisáætlun sem samþykkt var á síðasta ári kemur í ljós að gert er ráð fyrir að til sé hjúkrunarrými fyrir 25% þeirra sem eru 80 ára og eldri. En ef við skoðum fjölda hjúkrunarrýma í dag er þetta hlutfall miklu hærra ef við höfum það jafnframt til viðmiðunar að við höfum í rauninni 326 hjúkrunarrými umfram áætlaða þörf.

Það hlýtur að vekja okkur til umhugsunar um það hvort við erum á réttri leið varðandi uppbyggingu öldrunarþjónustunnar og hvort við eigum ekki að leggja meiri áherslu á heimahjúkrun og heimaþjónustu.

[14:49]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér greinir okkur hv. þingmann ekki á um markmið en ég vil geta þess varðandi hjúkrunarrýmin að vandinn hérna á höfuðborgarsvæðinu er auðvitað tengdur byggðaþróuninni. Hingað hefur fólk flutt í mjög miklum mæli. Hér hefur fjölgað um u.þ.b. tvö þúsund manns á ári. Hér á höfuðborgarsvæðinu hefur verið byggður upp eins og einn myndarlegur kaupstaður úti á landi og þjónustan hefur ekki fylgt. Þetta er bara staðreynd sem við þurfum að gera okkur grein fyrir.

Ég vil þó leiðrétta það að á þéttbýlasta staðnum úti á landi, Akureyri, er þessi vandi líka fyrir hendi. Þetta er bundið við þéttbýlustu svæði landsins. En okkur greinir ekki á um markmiðin varðandi heimaþjónustuna.

[14:50]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum sammála um þetta, við hæstv. heilbrrh.

Ég vil leggja áherslu einmitt á reynslusveitarfélagið Akureyri í þessu sambandi. Ég sagði áðan að á þessu tíu ára tímabili sem sveitarfélagið Akureyri hefur haldið utan um alla þjónustuþætti sem varða aldraða, bæði heimahjúkrun og heimaþjónustu, hefur hjúkrunarrýmum verið fækkað um 12% og þeim sem hafa fengið heimahjúkrun og heimaþjónustu hefur fjölgað um 56–64% sem segir að þeir hafa nýtt peningana á annan máta. Þeir hafa gert öldruðum kleift að vera heima hjá sér með þá aðstoð sem þarf.

Mig grunar stundum að þau rými sem eru til staðar á dvalarheimilum víðs vegar um landið séu frekar fyllt vegna þess að þau eru til staðar en ekki vegna þarfar. Og það er býsna dýrt fyrir samfélagið ef einstaklingur sem kannski hefur ekki þörf fyrir dvöl á dvalarheimili dvelst þar samt bara vegna þess að rýmið er til staðar. Ég held að við þurfum að skoða þetta miklu nánar og að þegar sveitarfélagið verður komið með þetta allt saman í eigin hendur, bæði mat á hjúkrunarþörf og úrræði, muni þessi mál fara á betri veg.

[14:51]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er eitthvað mjög djúpsálfræðilegt að gerast í Sjálfstfl. „Einkarekstur er alls ekki það sama og einkavæðing.“ Er einhver að gera því skóna að við ætlum að einkavæða heilbrigðisþjónustuna? spurði hv. þm. Ásta Möller. Já, hann heitir Davíð Oddsson og er hæstv. forsrh. Hann talaði um nauðsyn þess að einkavæða ákveðna þætti samfélagsþjónustunnar.

Í mínum huga er þetta nákvæmlega það sama, einkarekstur og einkavæðing. Einkavæðing felur það í sér að fela einkareknum fyrirtækjum á markaði að annast þjónustu sem áður var á hendi samfélagsins. Síðan er það allt annar handleggur með hvaða hætti greitt er fyrir þessa þjónustu, hvort það er samfélagið og skattborgarinn sem gerir það eða

hvort það er sjúklingurinn, notandinn, sem tekur peningana beint upp úr sínum vasa. Það er allt önnur umræða. En að sjálfsögðu er Sjálfstfl. að tala um einkavæðingu þegar hann talar um einkarekstur því að þetta er eitt og hið sama.

[14:53]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljóst að í huga hv. þingmanns er einkarekstur einkavæðing. Einkaframkvæmd, allt sem heitir einka-eitthvað er í sama flokki og hann er á móti því. Um það er ekki ágreiningur á milli okkar, við erum með einu og þið eruð bara hreinlega á móti því alveg sama hvaða nafni það nefnist. (**Gripið fram í:** Einkavinir.) Líka einkavinir.

Hins vegar er það svo að ég og Sjálfstfl. gerum greinarmun á þessum hugtökum. Það hefur verið mikill ruglingur með notkun þeirra en það skiptir öllu máli hvernig við skilgreinum þau.

Ég ætla að leyfa mér að lesa upp úr landsfundarályktun Sjálfstfl. um heilbrigðismál því að það er reginmunur á því hvort bæði reksturinn og fjármögnunin eru frá einkaaðilum eða hvort það er eingöngu reksturinn en fjármögnunun óbreytt. Sjálfstfl. vill að reksturinn sé að miklum hluta í höndum einkaaðila en fjármögnunin verði óbreytt eftir sem áður.

Í landsfundarályktuninni segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Landsfundur leggur áherslu á að allir landsmenn búi við jafnrétti og valfrelsi og njóti fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita. Ríkisvaldið skal tryggja öllum landsmönnum þennan rétt og bera ábyrgð á fjármögnun heilbrigðisþjónustu. Ríkið á hins vegar að draga sig í áföngum út úr atvinnurekstri á sviði heilbrigðismála, eins og öðrum atvinnurekstri, og láta hann eftir einkaaðilum."

Í dag getur hv. þm. lesið tvær greinar í blöðunum frá stuðningsmönnum Sjálfstfl. Báðar greinarnar eru frá ungum sjálfstæðismönnum sem styðja nákvæmlega þetta sem landsfundurinn hefur samþykkt. Við erum ekki að tala um einkavæðingu tryggingakerfisins. Við erum ekki að ræða um það, fjármögnunin verður óbreytt.

Ég veit að þetta eru vonbrigði fyrir marga stjórnarandstæðinga en svona er þetta. (**ÁRJ:** Gróðarekstur.)

[14:55]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var mjög skilmerkilegt. Reksturinn á að vera í höndum einkaaðila en skattborgarinn á að borga fyrir hann. Þetta er ekki bara stefna Sjálfstfl., þetta er stefna Verslunarráðsins. Það er búið að boða til margra morgunfunda og kaffifunda til að kynna þessa stefnu. Og það eru ekki bara ungir sjálfstæðismenn sem skrifa í blöðin, starfsmenn Verslunarráðsins eru líka með greinar í blöðunum í dag.

Hvers vegna vilja menn hafa þennan hátt á? Það er til að hafa arðinn út úr kerfinu. Og hvers vegna skyldum við vera á móti þessari stefnu? Hvers vegna? Vegna þess að það er miklu dýrara og óhagkvæmara fyrir skattborgarann, fyrir samfélagið, að hafa þennan hátt á. Það er þess vegna sem við erum andvíg því. Það er þess vegna sem við erum andvíg einkavæðingarstefnu Sjálfstfl. Það er þess vegna sem við höfnum því að einkavæða félagsþjónustuna og heilbrigðiskerfið. Það er dýrara, óhagkvæmara, ekki aðeins ávísun á misrétti í samfélaginu. (**ÁRJ:** Og minni gæði.)

[14:56]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. tala eins og það sé enginn einkarekstur í heilbrigðisþjónustu hér í dag. Það er þó svo að 60% af dvalar- og hjúkrunarheimilum í landinu eru rekin á þessum grundvelli. Það eru gerðir þjónustusamningar við aðila sem reka hjúkrunar- og dvalarheimili með þeim hætti sem ég er að lýsa.

Er hv. þm. mótfallinn þessum rekstri? Ég er að tala um Grund, Skjól, Eir, Hrafnistu og fleiri stofnanir. (**ÖJ:** Ekki sambærilegt.) Er hv. þm. mótfallinn því að 94% af endurhæfingarmeðferðarstofnunum hér á landi séu rekin á þessum grunni? (**ÖJ:** Ekki sambærilegt.) Þetta er það sama. (**ÁRJ:** Það eru félagasamtök.)

Telur hv. þm. að heilsugæslan í Lágmúla, sem rekin er með þessum hætti, veiti verri þjónustu? Það er fráleitt að halda því fram, algjörlega fráleitt. Ég held að hv. þingmaður þurfi að hætta að berja höfðinu við stein og átta sig á að þetta er raunveruleikinn í dag, og að þetta veitir betri þjónustu.

Margir hlustuðu um daginn á Svía — reyndar var ég ekki viðstödd en ég las grein eftir hann — og hann ræddi m.a. um árangur af því að útdeila verkefnum með þessum hætti frá ríkinu yfir til annarra aðila, til einkaaðila. Þar kemur m.a. fram að sú tilraun sem hefur verið gerð í Svíþjóð hefur leitt til þess að aðgengi fólks að heilbrigðisþjónustu hefur batnað. Biðlistar hafa styst og gæði þjónustunnar hafa aukist að mati fólksins sjálfs.

Síðan hefur einnig verið sýnt fram á a.m.k. 13% hagræðingu í rekstri við þessar breytingar.

[14:58]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ásta Möller lýsti áhuga sínum á eflingu menntunar og sérstaklega menntunar í heimabyggð, og ég get svo sannarlega tekið undir það með hv. þingmanni.

Það sem kom hins vegar fram hjá hv. þingmanninum í framhaldinu var að hún virðist alls ekki kunna eða vita hver stefna Sjálfstfl. er í menntamálum og hvernig hún hefur verið í reynd.

Sjálfstfl. hefur farið með menntmrn. núna í meira en áratug. Þannig er að framhaldsdeild var í Ólafsvík. Henni var lokað í haust. Framhaldsdeild var á Dalvík fyrir nokkrum árum og skipstjórnarnám. Því var lokað. Verknám úti um allt land og skólar sem reka heimavistir búa við mikil fjárhagsvandræði, og það er niðurskurður á verk- og tækninámi um allt land. Það er hrópað á leiðréttingu en engin leiðrétting fæst.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson viðurkenndi þó hér í ræðu áðan að það þyrfti að búa sig undir stóraukin framlög í menntamálum.

[14:59]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og heilbrigðiskerfið er menntakerfið í stöðugri þróun. Það sem þótti eðlilegt áður fyrr, að senda börnin af bæ í heimavist eða í aðra landshluta til mennta, þykir í dag ekki eins sjálfsagt. Það er því mjög eðlilegt að skoðaðar séu leiðir til að færa menntunina í heimabyggð. Við sjálfstæðismenn hlustuðum á heimamenn í Snæfellsbæ, ekki alls fyrir löngu, þar sem þeir lýstu því hvað það skipti þá miklu máli að hafa börnin heima. Auðvitað eigum við að stefna að þessu.

Í ýmsum þeirra tilvika sem hv. þm. nefndi að nám hefði verið lagt niður hefur það verið vegna ónógrar þátttöku. Ég

held að hann geti staðfest það. En þá getum við í dag horft til framtíðar með aðrar leiðir í þessu sambandi, með því að byggja upp þessar fjarnámsmiðstöðvar sem við höfum rætt um, og börn og unglingar, sérstaklega unglingar, geta þá fengið tækifæri til að stunda nám sitt heima. Því fylgir minni kostnaður fyrir heimilin og það eru mun eðlilegri uppeldisaðstæður. Ég held að við séum sammála um þetta og auðvitað eigum við að stefna að þessu.

[15:01]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. Ásta Möller meini og sé viss um að hún vilji að menntun sé efld og sé efld í heimabyggð. Staðreyndin er hins vegar önnur þegar kemur að framkvæmdinni samanber t.d. fjárlagafrv. núna og eins og það hefur verið undanfarin ár. Það hefur verið niðurskurður á menntun einmitt hjá litlu skólunum sem hafa verið að reyna að efla menntun í heimabyggð. Þeir skólar sem hafa staðið að miklu verknámi og tækninámi hafa átt í miklum vandræðum og þar hefur stefna Sjálfstfl. birst. Það er gott og blessað að hafa góðar hugsanir og góðan vilja en það verður að birtast í gjörðunum, í verkunum því að það eru þó verkin sem tala. Ég fagna því ef hv. þm. Ásta Möller vill taka á með okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði um að efla starfsnám, verknám og nám í heimabyggð. Tökum þar höndum saman. Ég fagna því.

[15:02]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef við horfum nokkur ár aftur í tímann þá var ekkert til sem heitir fjarnám þannig að það er mjög eðlilegt að fjarnám og aðstaða til þess sé byggt upp skipulega og að gerðar séu tilraunir með það sem síðan verði yfirfærðar á aðra staði. Ég held því að þessi mál séu í eðlilegri þróun. Mér finnst ófært af hv. þm. að stilla því þannig upp að Sjálfstfl. sé á móti þessu. Svo er aldeilis ekki. Sjálfstfl. hefur verið í menntmrn. og stýrt þessari þróun. (Gripið fram í.) Hv. þm. verður aðeins að stilla óþreyju sína í þessum efnum. En þetta er stefnan.

[15:03]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það er eitthvað rod sem bögglast fyrir brjósti þingmanna Sjálfstfl. í heilbrigðismálum. Hv. þm. Ásta Möller vísaði á greinar í blöðum í dag þar sem menn gætu kynnt sér viðhorfið. Ég þarf ekki að lesa nein blöð til þess að gera mér grein fyrir hver sé undirstöðustefna Sambands ungra sjálfstæðismanna í þeim málum. Ég hef hana hér orðrétta, með leyfi forseta:

„4. Sjúklingar greiði fyrir fæði að fullu og lyf upp að vissu marki þegar þeir leggjast inn á sjúkrahús.

5. Rekstur stoð- og þjónustudeilda ríkisrekinna sjúkrastofnana verði boðinn út hið fyrsta.

6. Heilsugæslulæknum verði veitt frelsi til að starfa sjálfstætt. ...

8. Hámarksgreiðslur fyrir læknisþjónustu og heilsugæslu verði hækkaðar."

Hér er þessi stefna kaldhömruð á nýafstöðnu þingi Sambands ungra sjálfstæðismanna. Á móti þessum ályktunum tók hæstv. forsrh., formaður flokksins, athugasemdalaust.

Hv. þm. Ásta Möller og Einar Oddur Kristjánsson töldu það vera skyldu sína að leggja stjórnarandstöðunni hið versta til í sambandi við þetta mál, að hún hefði allt á hornum sér. Ég vil aðeins rifja það upp — það kann að vera að þau hafi samið þessar ræður sínar í gær — en ég vil rifja það upp að ég lauk lofsorði á heildarniðurstöður þessara fjárlaga þótt ég fyndi að vísu að ýmsum einstökum atriðum.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er víðs fjarri og það þykir mér miður því að hann fór mikinn í ræðu sinni og dásamaði stjórnarhættina undir forustu Sjálfstfl. í bak og fyrir og gat þess m.a. að allur þessi árangur hefði náðst ekki síst fyrir þann markaðsbúskap sem öllu hefði verið stefnt í. Hann gat ekki sérstaklega um hinn frjálsa markað og markaðsbúskap í sambandi við framkvæmd sjávarútvegsstefnunnar. Það hefði hann þó átt að gera því það hlýtur að standa honum einna næst, t.d. það hvernig Eimskip fer að á næstu árum að kaupa sér veiðiheimildir á frjálsum markaði fyrir svona eins og 40 milljarða að verðmæti. Hann hefði átt að fara einhverjum orðum um það þegar hann dásamaði hæstv. ríkisstjórn. En það skyldi þó ekki verða á næstu árum að þær byggðir sem hann hefur boðist til þess að veita forustu á hinu háa Alþingi muni brotna saman vegna þeirrar stefnu sem Sjálfstfl. ber höfuðábyrgð á ásamt að sjálfsögðu framsóknarviðhenginu.

Hv. þm. tók fram að hér mundi Sjálfstfl. ekki leggja velferðarkerfið af heldur þvert á móti. Við sáum og heyrðum hvað Samband ungra sjálfstæðismanna samþykkti í þeim efnum. Hann lagði enn á ný mikla áherslu á bölvun launakerfis hinna opinberu starfsmanna sem hann taldi að bæru höfuðábyrgð á þeim ófarnaði á vinnumarkaði vegna verðþenslu sem við hefðum sára reynslu af. Hann er þar áreiðanlega að tala um hækkun á launum kennara. Það á að vera höfuðatriði á launamarkaði að endurskoða launakerfi opinberra starfsmanna með það fyrir augum augljóslega að skerða þau svo sem um munar til að rétta af fjárhag ríkisins. Öðruvísi verður þetta ekki skilið.

Hann flutti ástríðuþrungna ræðu um heilbrigðiskerfið, sömu ræðuna sem hann hefur flutt síðan ég kom hér aftur á hið háa Alþingi og sjálfsagt í fjögur ár þar áður, og hafði engar tillögur fram að færa, þessi varaformaður fjárln. En eftir öll þessi ár, sjálfsagt sjö hjá honum, er þó komið að því að því að hann sagði, hv. þm., að kostnaðargreina heilbrigðiskerfið. Það er ekki lengra komið en svo að það á að fara að kostnaðargreina heilbrigðiskerfið og varaformaðurinn er búin að tala um þessi mikilvægu mál og þessi vandræðamál sem þetta hefur verið í kerfinu, heilbrigðismálin.

Hv. þm. Einar Oddur kvað upp úr um það að hann mundi aldrei samþykkja það sem nú væri ætlað fjármagn til Byggðastofnunar. Hann sagðist ekki geta á sér setið að lýsa yfir andstöðu sinni við þau áform. Sjálfsagt tekst honum að auka fjárframlög til Byggðastofnunar, en ætlar hann með því fjármagni að rétta við þau ósköp sem ríða yfir landsbyggðina hringinn í kringum landið og stafa af þeirri stjórn á fiskveiðum sem hér er uppi og rekin er af núv. hæstv. ríkisstjórn. Ég hugsa að það verði seintekið og seinunnið svo ekki sé meira sagt.

Ég hef marglýst því yfir að ég er einkavæðingarsinni. Það er mjög langt síðan ég lýsti því yfir að ég vildi ekki að ríkið væri að vasast í rekstri banka. Og þegar það kom á daginn að menn brugðu á það ráð að einkavæða banka þá var ég eindregið því fylgjandi og bjó að sínu leyti þann banka sem ég starfaði í undir þá breytingu. En enginn sem að þeim málum vann hefði tekið í mál að starfa að undirbúningi einkavæðingar nema fyrir það að því var lýst yfir af stjórnvöldum seint og snemma að um dreifða eignaraðild yrði að tefla þegar yrði um einkavæðinguna að ræða. En við sjáum hvernig það fer úr hendi. Ég hef blátt áfram ekki

þrek til að ræða sérstaklega það sem við blasir í sambandi við einkavæðingu Landsbankans og þó einkum og sér í lagi Búnaðarbankans.

Það liggur fyrir að það er allangt liðið síðan ákveðið var að Búnaðarbankinn skyldi lenda í höndum framsóknarmanna og af því sem það væri minni biti en Landsbankinn sem Sjálfstfl. á víst að hljóta þá var brugðið á það ráð að færa eignarhlutdeild Landsbankans í Vátryggingafélagi Íslands að næturlagi bak luktum durum yfir til SÍS-aranna sem eiga að sjá um þjónustu við flokkinn sinn og er vel trúandi til þess, ekki síst þeim sem var valinn í VÍS. Hann hefur manna mesta hæfileika til að mismuna í starfi sínu fyrir flokkinn sinn, enda var hann þess vegna valinn.

Nei, ég endurtek það að mér líst allvel á þetta fjárlagafrv. og miklu betur en mér hefur litist á þau frv. sem ég hef haft tækifæri til að ræða á þremur næstliðnum þingum að svo miklu leyti sem ég hef haft tök á að kynna mér frumvarpið á nokkrum dægrum síðan ég fékk fyrstu fréttir af því. Ég lýsi þess vegna yfir trausti mínu á fjmrh. og alveg sérstaklega treysti ég honum til þess að láta ekki hafa sig út í ófæru eins og deCODE-ábyrgðina.

Það hefði farið á annan veg ef ýmsir samráðherrar hæstv. fjmrh. hefðu ráðið för, sér í lagi formaður ríkisstjórnarinnar sem virðist ákaflega ósýnt um vitsmunalega afstöðu í efnahagsmálum og fjármálum eins og hið fræga deCODE-mál lýsir betur en annað.

[15:13]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Við heyrðum það hér í þingsal í gær eða fyrradag að forseti gerði athugasemd við málflutning hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Hann mun hafa vikið að Kjartani Gunnarssyni í máli sínu og forseta fannst það mjög óviðeigandi. Nú ætla ég ekki að leggja neinn dóm á það mat forseta. En ég vek athygli á því að síðasti ræðumaður vék mjög hörðum orðum að fyrrv. varaformanni Framsfl., mjög hörðum orðum, miklu harðari orðum en heyra mátti á hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. Ég hlýt því að spyrja hæstv. forseta: Hverng víkur því við að forseti gerir engar athugasemdir við þessi ummæli hv. þm. Sverris Hermannssonar þegar hin meinlausari ummæli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar eru tilefni athugasemda af forsetastóli? Það getur ekki verið, herra forseti, að mönnum detti í hug að það ráði athugasemdum forseta hvort í hlut á sjálfstæðismaður eða framsóknarmaður.

[15:14]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill vekja athygli á því að það var forseti Alþingis, Halldór Blöndal, sem sat í forsetastóli í gær. Hefði núverandi forseti séð ástæðu til þess að gera athugasemdir við ræðu hv. þm. Sverris Hermannssonar þá hefði hann gert það. En forseti mun láta skrifa út ræðuna og yfirfara hana og taka málið til íhugunar á seinni stigum.

[15:15]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég þakka forseta fyrir þessi viðbrögð en vil þó segja að það er aðeins einn forseti og það er sá sem situr í stólnum. Þeir sem skipta því á milli sín verða auðvitað að hafa samræmda stefnu í sínum málum. Það gengur ekki að forsetar hafi mismunandi mat á svo alvarlegu máli sem þessu.

[15:15]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill vekja athygli hv. þingmanns á því að þegar mál koma upp af þessu tagi þá eru þau að jafnaði rædd í forsætisnefnd og ég geri ráð fyrir því að það verði gert að þessu sinni einnig.

[15:15]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Það er kannski ekki að ástæðulausu að hv. þm. Sverrir Hermannsson gengur úr salnum þegar ég kem í ræðustól því að eins og þingheimur veit er hv. þm. fyrrv. ráðherra, fyrrv. bankastjóri og fyrrverandi kommissar. En hann talaði eins og hann hefði hvergi komið nærri þjóðmálum. Hann vék máli sínu sérstaklega að fyrrverandi formanni Framsfl., talaði um hann mjög háðslega og vék að því að hann kynni aldeilis að skipta kökunni. Ég er ekkert frá því að hv. þm. Sverrir Hermannsson hafi tekið þátt í því í gegnum tíðina að skipta kökunni. Hv. þm. hefur væntanlega þótt hann skipta henni réttilega á milli manna. En ræðan var afar sérkennileg svo ekki sé meira sagt. Hann hefur e.t.v. vikið máli sínu að þessum fyrrverandi félaga okkar í þingsal vegna þess að hann hafi ekki haft svo mikið meira um fjárlögin að segja. Þess vegna hafi verið hagstætt að nýta hluta tímans til þess að víkja máli sínu sérstaklega að honum og ýmsum málum sem skipta fjárlögin kannski ekki höfuðmáli, en þau eru einmitt til umræðu í dag.

Það eru einmitt mjög jákvæð teikn á lofti í efnahagsmálum þjóðarinnar og við getum verið mjög glöð yfir því. Umræðan í dag hefur einmitt einkennst af því. Það er alveg sama hvort það eru stjórnarandstæðingar eða stjórnarsinnar sem tala. Menn hafa almennt verið nokkur ánægðir með þau fjárlög sem hér hafa verið lögð fram enda er í þjóðhagsspá gert ráð fyrir aukinni landsframleiðslu. Það er talað um að hagvöxtur komi til með að aukast um 1,5% en á síðasta ári var enginn hagvöxtur. Það sem skiptir okkur líka mjög miklu máli í þessu sambandi er viðskiptahallinn sem er horfinn núna en hefur verið gríðarlegur á undanförnum árum. Menn hafa einmitt óttast hann í hagstjórn þjóðarinnar.

Í fjárlagafrv. og forsendum þess er gert ráð fyrir að þjóðhagslegur sparnaður komi til með að aukast, að lífskjör batni og þar með kaupmáttur fólks og þar er einnig gert ráð fyrir að ráðstöfunartekjur heimilanna aukist um u.þ.b. 2%. Auðvitað getum við glaðst yfir þessum tölum sem lagðar hafa verið fram.

Annað hefur líka einkennt þjóðfélag okkar í gegnum tíðina. Það er ótti okkar við verðbólgu. Sem betur fer hefur tekist að beisla verðbólguna sem stefndi í ákveðið óefni á tímabili. Það hefur vissulega tekist og mönnum hefur líka verið tíðrætt um hverjum það er að þakka. Sumir hafa talað um glópalán í því sambandi. Það er sama hvaða spaugsyrði menn nota um það, við eigum auðvitað að gleðjast yfir því ef hægt er að ná tökum á verðbólgunni og það er full ástæða til að þakka forustuliði ASÍ fyrir ábyrga og trausta forustu í þeim efnum, reyndar í mjög góðri samvinnu við ríkisstjórn Íslands. Það skiptir hinn almenna launamann mjög miklu máli að verðbólga í landinu sé ekki mikil. Hún má ekki vera meiri en gengur og gerist í öðrum löndum. Það þekkjum við frá fornu fari þegar verðbólgudraugurinn óð hér uppi að þá er mjög erfitt að hafa nokkra stjórn á efnahagsmálum þjóðarinnar. Þess vegna segi ég að samstarf ríkisstjórnarinnar og ASÍ-manna í þessum efnum var til mikillar fyrirmyndar og mættu fleiri taka það til greina þegar gerðar eru kröfur

um aukin laun og annað slíkt. Í þessu sambandi sýndi ASÍ-forustan mikla ábyrgð og traust. Hér er því ekki um neitt glópalán að ræða. Þetta er orð sem menn nota í spaugi. (**GE:** Það er talað um glópagull.) Hér er um samstillt átak að ræða og skiptir okkur mjög miklu máli.

Ég hef líka oft talað um að hyggilegt væri að lækka skattleysismörk í landinu. Hins vegar hefur hæstv. fjmrh. í dag lagt fram tölur í þeim efnum þar sem hann sýnir fram á að ef við hækkum staðgreiðslumörkin þá þýði það mjög lítinn ávinning fyrir einstaklinga en er mjög kostnaðarsamt í útgjöldum ríkisins. Nefndar hafa verið tölur í þessum efnum. Ef skattleysismörkin eru færð upp um 1.000 kr. þá lækka skattar á hvern einstakling í raun um 380 kr. Það þýðir að kostnaður ríkisins fyrir hverjar 1.000 kr. sem þetta hækkar er um 1 milljarður. Ef við tölum um 5.000 kr. þá eru það 5 milljarðar, 10 þús. kr. verða 10 milljarðar þannig að þær tölur sem lagðar hafa verið fram sýna fram á að þetta er ekki rétta leiðin.

Fjárln. kemur til með að fjalla um þessa bók sem hér er lögð fram, frv. til fjárlaga fyrir árið 2003. Eftir þessar umræður komum við til með að vinna með þær tillögur sem hér eru fram settar. Ég var að tala um þjóðarspána og þess háttar sem lofar góðu en auðvitað er ýmislegt í þessu fjárlagafrv. sem ber að skoða og athuga. Sveitarstjórnarmenn hafa komið á okkar fund á síðustu dögum og farið yfir ýmis mál sem þeir leggja mikla áherslu á að við komum til með að skoða vel og gera tilraun til að leiðrétta. Þar ber fyrst að nefna að dagvistargjöld á dvalarheimilum aldraðra og hjúkrunarheimilum eru of lág þannig að þessar stofnanir eru nú um stundir reknar með miklu tapi. Það er mjög nauðsynlegt að skoða til hlítar hvernig við getum bætt úr því. Í fjárlagafrv. eru ákveðnar tölur og það þarf að reikna út hvort þær dekka það sem við erum að tala um í þessu sambandi.

Á sama hátt hafa löggæslumál verið mjög til umræðu. Vítt og breitt um landið skortir fé til þess að geta rekið þá þjónustu sem á þarf að halda. Ég tek dæmi úr mínu héraði, Rangárvallasýslu. Lagðar voru fram tölur þar sem fram kom að að meðaltali er einn lögreglumaður á hvern 441 íbúa, ef ég man þessa tölu rétt. En t.d. í Rangárvallasýslu eru ekki nema þrír lögregluþjónar á þessu stóra svæði og það þýðir að um einn lögreglumaður er á hvern 1.071 íbúa. Fyrir utan fjölda íbúa á þessu svæði er þar einnig mjög mikil ferðaþjónusta, bæði að vetri og sumri þannig að hér er um tölur að ræða sem nauðsynlegt er að skoða, ekki bara í Rangárvallasýslu eða á Suðurlandi heldur í heild. Þarna eru atriði sem okkur ber að athuga vegna þess að þetta er hluti af því að íbúar ... (**ÖJ:** ... dæmi.) Þetta er hluti þess að íbúar njóti þess öryggis sem á þarf að halda. Þó að hv. þm. Ögmundur Jónasson kalli hér fram í — þetta er ekki í fyrsta skiptið og ekki í annað skiptið sem hann gerir það þegar ég stend í ræðustól þrátt fyrir að hann tali oft býsna lengi — þá veit ég að hv. þm. er sammála mér í því að þarna er um atriði að ræða sem ber að skoða sérstaklega þegar við erum að hugsa um öryggi þegnanna í þjóðfélagi okkar.

Einnig hafa menn velt mjög fyrir sér reiknilíkönum varðandi framhaldsskólana, þ.e. hvort rétt er gefið í þeim efnum. Það er hluti af því sem við komum til með að skoða í fjárln. Alþingis hvort eitthvað er hægt að þoka þessum málum áfram. En þegar við skoðum fjárlagafrv. og forsendur þess getum við verið til þess að gera ánægð með það, bæði stjórnarsinnar og stjórnarandstæðingar. Það eru mjög mörg tækifæri til áframhaldandi uppbyggingar í landinu og þróunar til framtíðar.

[15:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er vissulega rétt að orðið hafa umtalsverðar breytingar á efnahagsumhverfinu nú milli ára frá því sem við ræddum á liðnu hausti fyrir réttu ári síðan þegar ýmsar blikur voru á lofti í efnahagsmálum þjóðarinnar. Það er engin ástæða til að draga dul á það að að mörgu leyti hefur náðst betra jafnvægi, sérstaklega hvað varðar þróun verðlags, og viðskiptahallinn sem var búinn að vera gríðarlegur um langt árabil hefur nánast horfið. Það er ekki þar með sagt að ekki sé ýmislegt sem ástæða er til að hafa áhyggjur af í sambandi við okkar ríkisbúskap og fjármál. Svo er vissulega. Það sem í aðalatriðum hefur gerst er að kyrrstöðutímabil hefur tekið við af þeirri þenslu og þeirri eyðslu umfram efni sem staðið hafði um árabil og fór algerlega úr böndunum. Mér finnast talsmenn stjórnarflokkanna hér, hæstv. fjmrh. eða þess vegna hæstv. forsrh. í stefnuræðu sinni, skauta dálítið létt yfir þá staðreynd að eftir standa þær skuldir sem söfnuðust á þessu óráðsíutímabili. Eftir stendur t.d. um 200 milljarða uppsafnaður viðskiptahalli frá þessu fimm til sjö ára tímabili þegar viðskiptin voru öfug við útlönd upp á hvert einasta ár og mjög háar fjárhæðir sum árin. Það dregur um vaxtakostnaðinn af þessum skuldum einum.

Herra forseti. Ég vil líka segja að ég tel afturför fólgna í því að sú þjóðhagsáætlun sem áður lá fyrir á haustin unnin af Þjóðhagsstofnun, ítarlegt plagg með öllum gögnum, er nú ekki til staðar heldur koma tveir sneplar frá fjmrn., annars vegar þjóðhagsáætlun sem er svo rýr í roði að hún fæðir ekki mikið, fóðrar ekki marga, upp á sex eða sjö blaðsíður ... (**Gripið fram í:** Frá forsrn.) Þjóðhagsáætlun er frá forsrn. og síðan er hefti frá fjmrn., Þjóðarbúskapurinn. Ég hef ekki borið þetta mikið saman en þó nokkuð og það er alveg ljóst að umfjöllun fjmrn. um ýmsa lykilþætti er í miklu meiri símskeytastíl, einfaldari. Það er t.d. ekki getið aðferða við útreikninga með sama hætti og Þjóðhagsstofnun gerði. Tökum eitt lítið dæmi, erlendar skuldir þjóðarbúsins. Í þjóðhagsáætlun í fyrra er gerð ítarleg grein fyrir þeim í sérstökum kafla, birtar töflur með útreikningum og sagt hvernig komist er að niðurstöðu, útskýrt t.d. hvernig gengisviðmiðun er notuð þegar hinar hreinu erlendu skuldir eru bornar saman milli tímabila. Slíkar upplýsingar vantar í heftið frá fjmrn. og þetta leyfi ég mér að gagnrýna, herra forseti. Ég er ekki að segja að þær geti ekki verið réttar sem slíkar en það vantar útskýringar við þær og þær mættu gjarnan vera ítarlegri. Ég sé því ekki að það hafi ræst eða gengið eftir að ekkert munaði um það að slá eitt stykki Þjóðhagsstofnun af og tvístra verkefnum hennar út um dal og hól eins og gert var. Ég held að það hafi verið afturför.

Það sem ég vil í öðru lagi nefna, herra forseti, er að ríkisbúskapurinn, sléttur og felldur á yfirborðinu eins og hann er samkvæmt þessu frv., er þó þannig að ef eignasalan er tekin frá, bæði sú sem nú er fyrirhuguð og eignasalan undanfarin ár, þá er þetta ekki nema svona rétt í járnum. Það geta menn sagt að sé ekkert slæmur árangur hjá einu stykki ríki og ríkissjóði. En þá verðum við að hafa í huga hvernig öðrum aðilum í samfélaginu vegnar á sama tíma. Það er takmörkuð huggun að ríkissjóður greiði niður skuldir sínar ef aðrar máttarstoðir samfélagsins, heimilin, atvinnulífið og sveitarfélögin safna skuldum en þannig hefur staðan verið og er enn, því miður. Heimilin eru enn að auka skuldir sínar. Það er ljóst. Þar er staðan hrikaleg, hversu hratt hefur dregið

saman með eignum og skuldum heimilanna. Það var þannig fyrir einum sex, sjö árum að þá voru skuldir heimilanna um helmingur á móti eignum, kannski 400 milljarðar á móti 800 milljarða eignum. Á því tímabili sem síðan er liðið hafa eignirnar aukist óverulega en skuldirnar næstum tvöfaldast þannig að þær eru nú rétt undir eignunum. Ef við lítum á ráðstöfunartekjurnar, sem eru önnur algeng viðmiðun, þá er staðan þannig að skuldir heimilanna eru óðum að nálgast tveggja ára ráðstöfunartekjur. Á mannamáli þýðir það að þó að heimilin eyddu engri einustu krónu og notuðu allt í að borga skuldir þá tæki það næstum tvö ár að borga þær skuldir. Varla lifa menn á loftinu á meðan. **(Gripið fram í:** Þær eru að minnka.) Þær eru ekki að minnka. Skuldirnar eru ekki að minnka. Það dregur úr skuldaaukningunni, en hún er enn til staðar. Það er enn að bætast við skuldirnar. Þær gera því miður ekki einu sinni að standa í stað.

Síðan náttúrlega, herra forseti, hvernig skattbyrðunum er dreift í landinu. Það er alveg svakalegt að fara yfir það í fjárlagafrv. hvernig tilfærslan hefur orðið þar. Er engum brugðið sem fer t.d. yfir töflurnar í greinargerð fjárlagafrv. og sér hvernig skattbyrðin hefur verið flutt svo nemur tugum milljarða króna yfir á almenna launamenn og af öðrum aðilum? Nánast öll þyngdin liggur orðið þar. Og til að kóróna sköpunarverkið lækka menn sérstaklega þetta óverulega álag á háar tekjur sem hér hefur verið við lýði í nokkur ár. Þar hefur ríkisstjórnin valið sér sérstakan markhóp til þess að færa í jólagjöf skattalækkun, þ.e. hátekjufólkið í landinu. Ekki lágtekjufólkið, ekki þá sem munar mest t.d. um skattleysismörkin eða skerðingarviðmiðanir í almannatryggingakerfinu, nei, heldur hátekjufólkið.

Herra forseti. Að lokum örfá orð um málaflokka sem mér sýnast vera býsna illa settir í þessu fjárlagafrv. Ég hef ekki tíma til að fara yfir margt, en ég ætla að nefna tvennt. Ég ætla að nefna byggðamál almennt og framlög til þeirra hluta og það ófremdarástand t.d. sem ríkir í málefnum atvinnuþróunarfélaganna. Hvað á það eiginlega að þýða að þessir veiku sprotar sem eru þó tilraunir til þess á sjálfstæðum forsendum að sinna atvinnuþróun úti um landið, að það skuli flatreka ár eftir ár, hanga á horriminni og án samninga? En þannig er það og hefur verið um langt árabil þannig að neyðaróp berast frá forsvarsmönnum atvinnuþróunarfélaganna þessa dagana vegna stöðu sinna mála þar sem menn sjá ekki fram á að þeir geti hreyft hönd eða fót sökum fjárskorts og hafa ekki einu sinni tryggingu fyrir því litla sem þeir hafa haft vegna þess að þar eru engir samningar í gildi um rekstrargrundvöll atvinnuþróunarfélaganna. Þetta er náttúrlega svo yfirgengilegt sleifarlag að það hálfa væri nóg og til háborinnar skammar fyrir þá sem þarna bera ábyrgð, herra forseti.

Ég vil í öðru lagi nefna lið sem er kannski ekki óskaplega stór í fjárlagafrv., en þó þannig að við hann hafa verið bundnar af ákveðnum aðilum alveg gríðarlega miklar vonir og það er liðurinn nytjaskógrækt eða bændaskógrækt. Eitt af því fyrsta sem ég fletti upp á bæði í fjáraukalagafrv. sem hér liggur og nú í fjárlagafrv. var þessi liður og væri fróðlegt að vita hvort hæstv. landbrh. hefur vaknað til þessarar umræðu, það er kannski of árla dags enn þá fyrir hann að koma hingað með skemmtisögur sínar. En það væri fróðlegt að heyra hvernig hæstv. landbrh. ætlar að forsvara þá útreið ... (Gripið fram í.) Já, það er nú slæmt, en vonandi verður hægt að eiga skoðanaskipti við ráðherrann síðar um þessi mál. Það er náttúrlega mjög slæmt að fagráðherrar séu almennt í burtu við 1. umr. fjárlaga þannig að ekki sé hægt að leggja fyrir þá spurningar um málaflokka þeirra. **(Gripið fram í:** Þeim kemur þetta ekkert við.) Einhvern tímann var sagt að þeir ættu að hafa alveg sérstaka mætingarskyldu hér þannig að umræðan gæti farið fram á þeim forsendum.

Það er þannig, herra forseti, að ekki verður einu sinni hægt að standa við þegar gerða samninga við bændur um nytjaskógrækt, sem sjálfur landbrh. hefur undirritað, ef ekki fæst meiri hækkun á heldur en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Norðurlandsskógar t.d. eiga að fá 10 millj. kr. hækkun, fara úr 50 milljónum í 60, fá 6 millj. kr. hækkun samkvæmt fjáraukalagafrv., en áætlun gerði ráð fyrir 80 milljónum í fyrra og 130 milljónum á þessu ári. Samkvæmt því hafa starfsmenn unnið að undirbúningi þessara verkefna. Samkvæmt því hafa verið gerðir samningar við bændur. Samkvæmt því hafa jarðir verið kortlagðar og þær settar á biðlista eftir því að koma inn í verkefnin. Nú er staðan sú að ef þetta gengur svona eftir verður ekki hægt að taka í það eina einustu nýja jörð. Það kemur jafnvel til hreinna vanefnda á samningum sem landbrh. sjálfur hefur undirritað. Er þetta hægt? Nei, auðvitað ekki. Það er búið að selja mönnum þetta út um sveitir landsins sem alveg sérstakt byggðaverkefni, eitt af því fáa sem menn hafa haft til að reyna að hrósa sér af, að vegna t.d. tekjusamdráttar í sauðfjárrækt og víðar, þá séu þó þarna einhverjir möguleikar á móti og þá er frammistaðan svona. Það er langur vegur frá því að hægt sé að standa við þær áætlanir og þá samninga sem þarna hafa verið lagðir til grundvallar. Þetta er til vansa, herra forseti.

[15:35]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi skógræktarverkefnin sem ríkisstjórnin hefur staðið mjög myndarlega að vil ég nefna að framlag hefur verið hækkað að meðaltali um 38% frá árinu 1997, farið úr 50 milljónum á ári í 350 millj. kr. Þetta verkefni er afar gott og hefur einmitt styrkt sveitir landsins mjög mikið. Og þetta er besta málefnið sem unnið hefur verið að til að styrkja byggðirnar í landinu.

[15:36]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt að þetta eru ákaflega spennandi og góð verkefni. En það hafa verið lagðar ákveðnar áætlanir um uppbygginguna bundið landshlutum og teknir hafa verið nýir landshlutar inn í þessi verkefni. Og mjög metnaðarfull plön hafa verið lögð sem menn hafa bundið vonir við að staðið yrði við þannig að einhverjir prósentuútreikningar hér frá því áður en þessi verkefni fóru af stað segja okkur ákaflega litla sögu. Það er einmitt ríkisstjórnin sjálf, m.a. vegna kolefnisbindingar, sem ákvað að setja í þetta aukið fjármagn og síðan eru sett lög og lagðar niður áætlanir, kostnaðarreiknaðar áætlanir, um það hvernig verkefnunum verði fram hrundið og það eru þær sem eru að hrynja til grunna. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir verður bara að horfast í augu við það að ef fjárveitingarnar verða eins og þær eru núna í fjárlagafrv. og ekki verður betur gert, þá hrynja þessar áætlanir til grunna og engir nýir aðilar komast inn í verkefnin. Það er það sem ég er að benda á og gagnrýna, ekki það að verkefnin séu ekki góð og að það eigi ekki að halda áfram með þau, heldur þvert á móti.

Það er ákaflega mikilvægt að menn geti treyst því að þær áætlanir sem þarna eru lagðar og þeir samningar sem gerðir eru standi. Í raun og veru held ég að það verði að færa þetta yfir á það form að langtímarammaáætlanir liggi til grundvallar sem séu undirritaðar bæði af landbrh. og fjmrh.

og gerðir verði skuldbindandi samningar, löggerningar, sem haldi fyrir dómstólum ef á þarf að halda vegna þess að menn leggja mikið undir, þeir sem fara inn í þessi verkefni, og binda sjálfum sér og sínum skyldur með því. Þeir verða að geta treyst því að stjórnvöld standi við sinn hlut.

[15:38]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt að gera þarf langtímasamninga og það þarf að vera skipulag í þessu máli. En ég vil ítreka það að fjárframlög hafa verið hækkuð á hverju ári og eru 350 millj. kr. í ár.

[15:38]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað hafa þessar fjárveitingar hækkað þegar verkefnin fara af stað, skárra væri það nú. Þau hefðu nú ekki farið langt ef engir peningar hefðu komið til þeirra.

En það sem ég er að reyna að benda á er það að ef ekki verður sett í þetta það fjármagn sem alltaf stóð til og allar áætlanir gera ráð fyrir gagnvart Skjólskógum á Vestfjörðum, Vesturlandsskógum, Norðurlandsskógum og viðbótinni fyrir austan og Suðurlandsskógum, þá hrynja þessar áætlanir til grunna. Í Norðurlandsskógaverkefninu, sem tekur yfir stærsta landsvæðið, eru yfir 100 jarðir á biðlista, og mikill áhugi er á því að komast inn í verkefnið. Búið er að leggja mikla vinnu og fjármuni í kortlagningu 20 næstu jarða sem áttu að koma inn og áætlunin gerði ráð fyrir 80 millj. kr. fjárveitingu í ár. Það eru ekki nema 50 á fjárlögum yfirstandandi árs, á að vísu að bæta þar 6 milljónum við í fjáraukalögum og síðan ef ég man rétt 130 milljónum á næsta ári. Til þess að eðlilegur framgangur væri í verkefninu og þó það væri ekki nema fimmtungur af þeim sem bíða sem kæmust inn, þá þyrftu fjárveitingarnar að vera þessar í samræmi við þá áætlun sem unnið hefur verið eftir. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að ekki sé vilji til þess hér á Alþingi að taka betur á í þessu máli.

[15:40]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst fara fram á það við hv. þm. að hann hafi hemil á gagnrýni sinni og gæti þess að vera sæmilega sanngjarn í henni. Það er ekki sanngjarnt eða eðlilegt af hálfu þingmanns að gagnrýna ráðherra fyrir fjarveru þegar hann hefur lögmætar fjarvistir. Mér finnst að hv. þingmenn geri lítið úr sjálfum sér með því að nýta svona tækifæri til þess að koma höggi á hæstv. landbrh.

Varðandi skógræktarverkefnin er auðvitað hægt að segja að betur megi gera og félögin kunna að hafa gert áætlanir nokkur ár fram í tímann, en þær áætlanir fá ekki framgang nema þær nái fram að ganga hjá ríkisstjórninni. Þó að stjórnir skógræktarfélaganna eða þeirra sem að því standa semji sín plön, þá er ekki þar með sagt að menn geti treyst því að það nái fram að ganga. Það þarf auðvitað eins og allt annað að fara í gegnum vinnu við gerð fjárlagafrv. og gegnum ríkisstjórn.

Framlögin hafa hækkað mjög mikið á síðustu árum. Frá árinu 1997 hafa þau hækkað um 38% á ári að meðaltali. Þau hafa hækkað úr um 50 millj. kr. upp í 350 millj. kr., eða sjöfaldast á fimm árum. Ég hygg að hv. þm. finni ekki önnur dæmi um meiri hækkun í nokkru máli í fjárlagafrv. á síðustu fimm árum.

Nokkur orð má hafa um uppsetningu hv. þm. um hvernig best er hægt að koma tekjulágum til hjálpar, en ég er ekki viss um að besta leiðin sé að hækka almennt skattleysismörk. Ég held að menn átti sig fljótt á því að til þess þurfi allt of mikla peninga og þeir dreifist mun víðar en ætlast er til.

[15:42]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vísa því algerlega til föðurhúsanna að ég hafi á nokkurn hátt haft óviðeigandi ummæli hér um fjarveru hæstv. landbrh. Ég var upplýstur um það í framníkalli að ráðherra hefði fjarvistarleyfi og þá sagði ég að það væri óheppilegt að fagráðherrar væru ekki viðstaddir fjárlagaumræðuna. Um það hefði oft verið rætt að þeir þyrftu að vera hér þannig að hægt væri að leggja spurningar fyrir þá strax við 1. umr. fjárlaga um mál á þeirra sviði. Er eitthvað að því að taka svona til orða? Er það einhver atlaga að eða árás á landbrh.? Hann þolir þá ekki mikið, sá hæstv. ráðherra, ef ekki má ræða um að það sé almennt óheppilegt að ráðherrar séu fjarstaddir umræður um fjárlagafrv. sem og auðvitað almennt þingstörf því þeir hafa auðvitað þingskyldum hér að gegna eins og aðrir.

Varðandi skógræktina þá er það bara ekki þannig, eins og hv. þm. lét liggja að, að þetta séu einhverjir óskalistar stjórna skógræktarverkefnanna án nokkurs samráðs við stjórnvöld. Þetta er allt saman unnið í samræmi við þau lög sem sett hafa verið um héraðsbundna eða landshlutabundna skógrækt og í samráði við stjórnvöld. Hvers vegna er mikilvægt að slíkar áætlanir haldi? Jú, fyrir nú utan bara almenna tiltrú á svona verkefni þá er það sérstaklega mikilvægt vegna þess að þetta er grundvallað á langtímasamningum við bændur og við plöntuframleiðendur. Það er nefnilega þannig að það þarf að undirbúa með nokkrum fyrirvara að menn hafi tré, plöntur á vorin til þess að setja niður, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Þær verða bara ekki til daginn áður en á að labba með þær út í haga og stinga þeim niður. Það þarf að sá og það þarf að spíra og það þarf að koma upp og það þarf að vökva þetta allt saman og næra. Um þetta gera félögin samninga sem og við bændurna og til þess að hægt sé að vinna eðlilega að þessu og í eðlilegum takti þá verða menn að leggja til grundvallar einhverja fjárhagsáætlun til nokkurra ára og hún þarf að halda. Það er þá miklu betra að hún sé bara raunsæ frá byrjun og sagt: Ja, það er bara ekki pólitískur vilji til að leggja í þetta meira fé en þetta. Þá vita menn það. En að skapa væntingar, lofa öllu fögru, fara um landið og slá sér á brjóst yfir þessum stórkostlegu átökum sem eigi að gera og standa svo ekki við það, það er ekki farsælt.

[15:44]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Samningar sem menn gera og hafa ekki samþykki landbrh. og fjmrh. eru auðvitað samningar af þeirri gerð að ekki er hægt að ganga út frá því vísu að þeir nái óbreyttir fram að ganga inn í fjárlagafrv. Ég er því ekki viss um að þær fullyrðingar fái staðist, sem hv. þm. var með í ræðu sinni, um hvers konar samningar það væru sem hann sagði að væri verið að vanefna. Ég held að hann verði þá að færa betri rök fyrir máli sínu í þeim efnum.

En ég vil víkja aðeins að því sem fram kom í máli þingmannsins varðandi atvinnuþróunarfélög. Ég tel að þingmaðurinn fari með rangt mál í þeim efnum. Í fyrsta lagi er það ekki rétt að framlög til atvinnuþróunarfélaga hafi dregist saman. Þvert á móti. Framlög til atvinnuþróunarfélaga sem voru 65 millj. kr. á ári á fjárlögum voru hækkuð við gerð fjárlaga 2001 upp í 103 millj. kr. til þess að Byggðastofnun,

sem gerir þessa samninga við félögin, gæti staðið við þá samninga sem gerðir voru nokkrum árum áður, en stofnunin gerði þá samninga um að verja meira fé til félaganna en stofnunin fékk af fjárlögum til þessa verkefnis. Og til þess að þurfa ekki að færa samningsfjárhæðirnar niður í fjárlagaupphæðina, 65 milljónir, þá var fjárlagaupphæðin hækkuð upp í 103 milljónir. Það er í megindráttum það sem er í fjárlagafrv. í dag.

Það er rétt að samningum var sagt upp, fyrst og fremst vegna þess að athugasemdir komu fram frá Ríkisendurskoðun um efni samninganna. Hún taldi að það yrði að endursemja þá og gera þá markvissari, en vegna flutnings Byggðastofnunar dróst að gengið væri frá því. Þegar ljóst var að ríkisstjórnin hafði samþykkt í sínum hópi að stefna að því að tvöfalda framlög til atvinnuþróunarfélaga á næstu árum ákvað stjórn Byggðastofnunar í sumar að festa samningana á nýjan leik þannig að menn vita að þeir eru í gildi og það hefur allan tímann verið greitt samkvæmt þeim.

[15:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef glóðvolgar upplýsingar í höndunum frá fleiri en einu og fleiri en tveimur atvinnuþróunarfélögum. Þar bera menn sig mjög illa undan þessari stöðu og líta svo á að þeir séu án samninga og hafi verið í eitt og hálft ár. Þeir telja að þeir hafi alls ekki fengið fullnægjandi fjárveitingar til að það haldi í við hækkandi verðlag og þann kostnað af störfum þeirra. Þetta hefur leitt til þess að hlutur heimamanna hefur farið heldur hækkandi sem hlutfall af þessum kostnaði. Sums staðar hafa þau framlög hækkað verulega á hvern íbúa vegna þess að íbúum hefur jafnvel fækkað á viðkomandi svæðum á sama tíma. Menn segja sínar farir ekki sléttar af þessum samskiptum og sjá ekki, þegar þeir blaða núna í fjárlagafrv., að það standi til að gera betur í þessum efnum.

Ég hlýt að velta því upp og hvetja til að það verði skoðað hvort að þarna sé ekki of naumt skammtað. Ég held að þessi starfsemi sé þrátt fyrir allt ákaflega mikilvægt. Þetta er oft á tíðum eini vísirinn að því að heimamenn sjálfir, að eigin frumkvæði, hrindi einhverjum framfaramálum í framkvæmd, oft fyrir mjög litlar fjárhæðir. Þarna munar um hverja krónu. Það er ekki óalgengt að þessi atvinnuþróunarfélög styrki verkefni og stuðli að hlutum fyrir fjárhæðir sem mælast jafnvel frekar í hundruðum þúsunda heldur en milljónum. Það munar því um hverja krónu í þessu sambandi. Ég held að það hljóti að vera einhverjir möguleikar á að standa þarna betur að verki.

[15:49]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur fylgt úr hlaði fjárlögum fyrir árið 2003. Fyrir tveimur dögum vorum við á hinu háa Alþingi að ræða um stefnuræðu forsrh. Þar var miklum tíma eytt í að ræða um hinn mikla bata sem menn telja sig sjá í efnahagsmálum þjóðarinnar eftir þær miklu kollsteypur sem þau hafa þó tekið síðustu eitt til tvö ár. Í raun var það dálítið einkennilegt hve miklum tíma hæstv. forsrh. eyddi í stefnuræðu sinni í gagnrýni á störf og spár Þjóðhagsstofnunar og forstjóra hennar á liðnum árum. Þetta virtist þannig ekki beint stefnuræða heldur fortíðarræða og í raun rökstuðningur fyrir því að Þjóðhagsstofnun skyldi hafa verið lögð niður.

Því vaknar sú spurning, nú þegar þessi málaflokkur hefur verið færður í fjmrn. til sérstakrar deildar þar sem á að spá um efnahagsmál landsins, hvað í raun og veru eigi að fá okkur og almenning til að trúa að spár um viðskiptahalla verði öruggari nú en áður. Viðskiptahalli undanfarinna ára hefur verið mikill og leiddi af sér að ýmislegt annað gerðist í þjóðfélaginu. Ég held að þessar spár muni ekki fremur ganga eftir vegna þess að hin illgjarna Þjóðhagsstofnun hafi verið lögð niður.

En það má líka spyrja sig að því, herra forseti, hvers vegna þessar spár gengu ekki eftir. Það var m.a. vegna þess að krónan féll með undraverðum hraða á mjög stuttum tíma, þ.e. allt að 30% gengisfelling á síðasta ári. Við lifðum við að bandarískur dollar kostaði 111 kr. sem kom í framhaldi af ákvörðunum um afnám fastgengisstefnu Seðlabankans. Vegna þessara miklu gengisfellingar kom það af sjálfu sér að menn héldu að sér höndum og innflutningur dróst saman. Það var auðvitað líka þess vegna sem útflutningstekjur jukust. Þetta gæti einmitt verið skýringin á því hvers vegna jöfnuður varð á viðskiptum við útlönd. Þetta ástand er líka ein skýringin á því hvers vegna verðbólga tók skyndilega stökk eftir rólegheit undanfarinna ára.

Hæstv. fjmrh. sagði í inngangi að ræðu sinni áðan að skuldsetning fyrirtækja og einstaklinga væri að minnka eða hefði verið stöðvuð. Vonandi er það rétt. Hins vegar er rétt að hafa það í huga að skuldsetning fyrirtækja og einstaklinga í landinu er hrikaleg og sennilega þekkist ekki annað eins, eins og hér hefur komið fram varðandi skuldir einstaklinga.

Það er sannarlega líka rétt að vextir hafa verið að lækka, enda máttu þeir það. Okurvöxtum hefur verið haldið uppi í landinu til að draga úr þenslu, eins og áður hefur komið fram, þenslu sem þekktist ekki nema á höfuðborgarsvæðinu. Varðandi það að verðbólgan sé að minnka þá er það gott ef svo er en við skulum líka hafa í huga að það var ekki eingöngu baráttu ríkisstjórnarinnar að þakka. Ég hygg að barátta ríkisstjórnarinnar vegi nú frekar létt í þessu. Mér finnst a.m.k. rétt að halda því til haga að verkalýðsforustan í landinu dró vagninn í þessu sambandi. Það var forusta Alþýðusambands Íslands sem lagði af stað í mikla baráttu til að hemja verðbólgu og draga úr verðhækkunum. Það var verkalýðshreyfingunni og ASÍ sem tókst það, með stuðningi forustumanna nokkurra öflugra fyrirtækja sem komu inn í málið á síðustu stundu, að stuðla að því að rauða strikið svokallaða hélt.

Það má eiginlega segja að verkalýðshreyfingin hafi komið til bjargar ríkisstjórninni á síðustu stundu. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga hvers verkalýðshreyfingin var megnug í svokölluðum þjóðarsáttarsamningum.

Það kemur upp í hugann, þegar hæstv. ráðherrar í ríkisstjórn Íslands hæla sér af þessum mikla viðsnúningi frá því er allt var nánast að fara á annan endann, máltækið: Margur elur dramb sitt á annarra svita. Ég held að það eigi vel við um ríkisstjórn sem ekki gerir mikið að því að tala um þátt verkalýðshreyfingarinnar í þessum mikla viðsnúningi sem náðist. Verkalýðshreyfingin á Íslandi og hennar félagar eiga sannarlega þakkir skildar fyrir það sem áunnist hefur.

Á tíu mínútum gefst ekki tími til, herra forseti, að fara mikið í gegnum málið og gefst ekki færi á að kafa djúpt í einstaka þætti fjárlaganna. Þannig verður að nægja að tipla á því helsta sem athygli vekur.

Það liggur fyrir nú að tekjuskattur fyrirtækja lækkar úr 7,5 milljörðum kr. á þessu ári í 5,3 milljarða kr. Þetta kemur í framhaldi af því að ríkisstjórnin ákvað að lækka tekjuskattsprósentu fyrirtækja úr 30% í 18%. Hins vegar fylgir sá böggull skammrifi að ríkisstjórnin ákvað að hækka trygg-

ingagjaldið um leið. Áætlað er að tryggingagjaldið gefi á næsta ári 3,8 milljörðum meira en á þessu ári.

Þetta eru skattkerfisbreytingar, herra forseti, sem verða fáum stórfyrirtækjum til mikilla bóta, hér á höfuðborgarsvæðinu. Breytingarnar íþyngja hins vegar mjög fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni og litlum og meðalstórum fyrirtækjum, hvort sem þau er á landsbyggðinni eða hér á höfuðborgarsvæðinu. Þessi tryggingagjaldshækkun hefur töluverð áhrif á rekstur ungra sprotafyrirtækja í þekkingariðnaði og á öðrum sviðum vegna þess að þau njóta ekki ávaxtanna af þessari skattkerfisbreytingu, þ.e. af lækkun tekjuskatts og eignarskatts. Ég vildi halda þessu til haga hér, herra forseti, og segja enn einu sinni: Þessi skattkerfisbreyting mismunaði mjög fyrirtækjarekstri á landinu eftir því hvar hann var staðsettur.

Það verður líka fróðlegt að fylgjast með því hvernig eignarskatturinn — áætlað er að hann lækki um 4,4 milljarða á næsta ári, verði einungis 6,9 milljarðar — skiptist milli kjördæma í landinu. Ég hef ákveðnar grunsemdir um hvernig það verður. Ég er búinn að leggja fram fyrirspurn fyrir hæstv. fjmrh. til að fá sundurliðun á því hvernig það skiptist og vonandi kemur svar á næstu dögum.

Á sama tíma og tekjuskattur fyrirtækja er að lækka um þessa 2,2 milljarða kr. er tekjuskattur einstaklinga að hækka um 5 milljarða kr. milli ára eins og fram kemur í frv. Tekjuskattur einstaklinga á að skila 70 milljörðum kr. í stað 65 milljarða á þessu ári.

Margt fleira mætti segja um þetta fjárlagafrv. sem hér er lagt fram með 10,7 milljarða tekjuafgangi, þar af er gert ráð fyrir 8,5 milljörðum vegna eignasölu. Auðvitað má segja sem svo að tekjuafgangur ríkissjóðs sé ekki mjög mikill. Menn gætu hugsað til þess þegar ráðherrar og aðrir skamma sveitarfélögin fyrir þeirra rekstur þar sem lítið er til skiptanna. Ég ætla ekki að úttala mig um hvort útgjöldin eru of mikil eða tekjurnar of lágar en ég set þetta fram til þess að menn hugleiði þetta mál. Eins verður að hafa í huga að áætluð launaútgjöld á árinu eru um 65% af rekstrarútgjöldum ríkissjóðs, þ.e. rúmir 72 milljarðar kr. Þetta eru stórar tölur, herra forseti.

Í lokin langar mig rétt að minnast á óbeina skatta, virðisaukaskattinn sem á að skila 80 milljörðum kr. á næsta ári. Þetta eru háar tölur og við höfum áður rætt um hvernig virðisaukaskattur leggst misjafnlega á landsmenn. Ég held því fram að virðisaukaskattur sé mjög ósanngjarn skattur, m.a. gagnvart flutningskostnaði og gagnvart vöruverði eins og ég hef hér áður rakið úr ræðustóli Alþingis, að því leyti að hann kemur illa við landsbyggðarfólk. Ég spyr hvort ekki sé ástæða til að skoða hluta af virðisaukatekjum ríkissjóðs og segja með sanni að taka megi töluvert af þeim tekjum og nota til að jafna skattbyrði, þ.e. jafna lífskjör í landinu milli landsbyggðarbúa og höfuðborgarbúa. Við skulum bara hafa í huga hvað flutningskostnaður á vöru, t.d. austur á land, gefur í virðisaukatekjur fyrir ríkissjóð.

Herra forseti. Rétt í lokin vil ég segja að ég hef það á tilfinningunni að margt í þessum fjárlögum sé vanreiknað. Mér finnst að hér hafi menn ýtt ýmsu á undan sér og hef á tilfinningunni að ýmislegt í útgjöldum muni ekki standast og margar stofnanir séu sveltar. Mér sýnast þessi fjárlög benda til að menn ýti vandanum á undan sér nú á kosningaþingi. Þetta eru síðustu fjárlög fyrir kosningar. Það verður verkefni næstu ríkisstjórnar að takast á við ýmislegt sem vanreiknað er í þessu fjárlagafrv.

[15:59]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Það hefur orðið gífurleg breyting til hins betra á stjórn ríkisfjármála á undanförnum árum. Í stað viðvarandi halla upp á milljarða og milljarðatugi eru fjárlög nú afgreidd með miklum tekjuafgangi ár eftir ár. Þetta frv. gerir ráð fyrir 11 milljarða afgangi á ríkissjóði án óreglulegra gjalda, svo sem lífeyrisskuldbindinga og söluhagnaðar af eignum. Þá er lánsfjárafgangur áætlaður 10 milljarðar, sem þýðir að uppsafnaður lánsfjárafgangur frá 1998 er 67 milljarðar kr.

Vegna bættrar skuldastöðu ríkissjóðs hafa vaxtagjöld ríkisins umfram vaxtatekjur lækkað um 4,5 milljarða kr. eða um tæp 60% á þessu tímabili sem er auðvitað stórkostlegur árangur. Þessum 4,5 milljörðum er auðvitað betur varið til ýmissa þjóðþrifamála en vaxtagreiðslna.

Talandi um vexti verður að minnast á þá staðreynd að þau erlendu fyrirtæki sem meta lánshæfi einstakra ríkja setja Ísland í hóp með traustustu ríkjum heims sem er auðvitað mikil viðurkenning á góðri hagstjórn og færir okkur bestu kjör á erlendum lánum ríkissjóðs.

Afgangur úr ríkissjóði á undanförnum árum hefur gengið til þess að greiða niður skuldir og lækka skuldbindingar. Frá árinu 1996 hafa hreinar skuldir ríkissjóðs lækkað úr 34,5% af landsframleiðslu í 19% samkvæmt áætlun fjárlagafrv. sem hér er til umræðu. Auk þessara miklu niðurgreiðslna skulda er áætlað að uppreiknaðar innborganir ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins nemi um 53 milljörðum kr. á tímabilinu 1999–2003. Með þeirri ráðstöfun er komið í veg fyrir stórfelld framtíðarútgjöld. Þetta er auðvitað stórkostlegur árangur sem ástæða er til að gleðjast yfir.

Frv. gerir ráð fyrir að skatttekjur á árinu 2003 verði óbreyttar að raungildi sem er athyglisvert þar sem verið er að lækka skatta verulega, t.d. tekjuskatt lögaðila úr 30% í 18% og eignarskatta um meira en helming sem er sérstaklega ánægjulegt. Eignarskatturinn er að mínu áliti allra skatta óréttlátastur því að eignir manna verða jú yfirleitt til vegna tekna sem þegar hefur verið greiddur skattur af. Þá verður sérstakur tekjuskattur lækkaður úr 7% í 5%, skattafsláttur maka verður að fullu millifæranlegur og skattur á húsaleigubótum er aflagður. Þetta eru verulegar skattalækkanir sem koma einstaklingum og fyrirtækjum til góða.

Kaupmáttur launa hefur aukist um 3,6% það sem af er þessu ári og talið er að hann muni aukast um 2% á næsta ári. Gangi sú spá eftir verður það níunda árið í röð sem kaupmáttur launa eykst, sem er einsdæmi. Fáar og jafnvel engar þjóðir geta státað af slíkri kaupmáttaraukningu níu ár í röð.

Ráðstöfunartekjur, þ.e. heildartekjur einstaklinga að meðtöldum bótum en að frátöldum beinum sköttum, hækkuðu um rúm 9% í fyrra, 6,25% í ár og gert er ráð fyrir að þær muni hækka um 4,25% á næsta ári. Þessi mikla aukning ráðstöfunartekna sýnir auðvitað að stjórnarstefnan er hagfelld fyrir fólkið í landinu.

Stjórnarandstaðan heldur því gjarnan fram að þeir sem erfiðast eiga njóti ekki góðærisins. Því miður er það svo að alltaf eiga einhverjir erfitt í þjóðfélaginu en það verður þó að minna á að við þær breytingar sem gerðar voru á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslegar bætur sem tóku gildi 1. júlí 2001 var lögð sérstök áhersla á að bæta hag þeirra bótaþega sem höfðu lægstar bætur. Breytingarnar fólust fyrst og fremst í því að draga úr skerðingu bóta vegna

annarra tekna og hækka sérstaka heimilisuppbót sem nú nefnist tekjutryggingarauki og rýmka skilyrðin fyrir honum. Áhrif þessara lagabreytinga eru nú komin fram af fullum þunga og hafa bætur almannatrygginga hækkað á árinu í kjölfarið. Sem fyrr gildir sú regla að greiðslur almannatrygginga skulu breytast í samræmi við launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. Bætur almannatrygginga hækkuðu í samræmi við þetta um 8,5% í janúar sl.

Þá hefur ríkisstjórnin skipað nefnd til viðræðna við Samtök eldri borgara og gert er ráð fyrir niðurstöðu úr þeim viðræðum í nóvember. Vonandi tekst þar samkomulag sem hægt verður þá að taka tillit til við lokaafgreiðslu fjárlaga í desember.

Verðbólga hefur lækkað hratt á þessu ári og hefur vísitala neysluverðs eingöngu hækkað um 0,6% það sem af er árinu og gert er ráð fyrir að hækkunin innan ársins verði um 1,5%. Á næsta ári er gert ráð fyrir um 2,25% verðbólgu jafnt innan ársins. Við höfum því náð fullkomnum tökum á verðbólgunni eftir þá dýfu sem við lentum í á síðasta ári. Hér ríkir sá stöðugleiki sem skiptir meginmáli í efnahagsmálum.

Viðskiptahalli undanfarinna ára hefur leitt til vaxandi skuldsetningar í útlöndum. Þar er fyrst og fremst um að ræða skuldsetningar heimila og fyrirtækja þar sem skuldir opinberra aðila hafa minnkað. Sá viðsnúningur sem nú hefur orðið í utanríkisviðskiptum skilar sér í lækkun erlendra skulda en samkvæmt þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins lækki úr 103% af landsframleiðslu í 97% á þessu ári og 95% á næsta ári.

Það er athyglisvert að lesa um stóraukinn útflutning iðnaðarvöru í haustskýrslu fjmrn. um þjóðarbúskapinn. Þar kemur fram að lyf voru flutt út fyrir 3,5 milljarða fyrstu sjö mánuði þessa árs sem er svipað og allt árið í fyrra. Útflutningur lyfja er 3% af verðmæti alls vöruútflutnings þessa mánuði. Þarna hefur orðið gríðarlegur vöxtur, þessi útflutningur nam innan við 2 milljörðum árið 2000, 3,5 milljörðum í fyrra en verður trúlega allt að 6 milljarðar í ár.

Þá er gert ráð fyrir að útflutningur annarrar iðnaðarvöru aukist um 28% á þessu ári. Það er ánægjulegt að nefna í því sambandi að nú eru Íslendingar farnir að smíða skip til útflutnings og slá þar tvær flugur í einu höggi, endurreisa skipaiðnaðinn og framleiða skip til útflutnings sem áður var óþekkt.

Gert er ráð fyrir 7% aukningu álframleiðslu á þessu ári og 2% aukningu á næsta ári. Í fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir frekari stóriðju- og virkjanaframkvæmdum en þegar hafa verið ákveðnar. Auðvitað er ekki rétt að gera ráð fyrir þessum framkvæmdum fyrr en þær hafa endanlega verið ákveðnar en allt bendir til að þar geti orðið um miklar framkvæmdir að ræða, annars vegar við Norðlingaölduveitu og stækkun Norðuráls og hins vegar við Kárahnjúkavirkjun. Vonandi verður af þessum framkvæmdum. Við þurfum á þeim að halda, bæði hvað varðar störf fyrir einstaklinga og verktaka, og eins þeim stóraukna útflutningi sem leiða mun af stækkun Norðuráls og álveri í Reyðarfirði.

Atvinnuleysi hefur aukist lítillega á þessu ári og talið að það verði að meðaltali 2,5% af mannafla í ár. Atvinnuleysinu er misskipt milli landsvæða, það hefur minnkað stöðugt á landsbyggðinni það sem af er þessu ári en verið nokkuð stöðugt á höfuðborgarsvæðinu og umtalsvert meira en á landsbyggðinni. Raunar er vart hægt að tala um skort á atvinnu þegar sækja þarf mörg þúsund manns frá útlöndum til að sinna þeim störfum sem í boði eru.

Það er ánægjulegt að hagur atvinnuveganna hefur í flestum tilfellum batnað verulega á þessu ári, ekki síst sjávarútvegsins. Fyrstu sex mánuði ársins var hagnaður fyrir skatta hjá öllum fyrirtækjunum, og sem hlutfall af tekjum var hann 33%. Það skiptir auðvitað mjög miklu máli að þessi undirstöðuatvinnuvegur okkar gangi vel og sé rekinn með hagnaði. Eins og fram kemur í haustskýrslu um þjóðarbúskapinn hefur afkoma í flestum öðrum greinum atvinnulífsins stórbatnað, t.d. er heildarhagnaður iðnfyrirtækja á fyrstu sex mánuðum ársins 5,6 milljarðar samanborið við 1,2 milljarða á sama tíma í fyrra. Það er ánægjulegt og ber vott um það góða ástand sem ríkir í efnahags- og atvinnumálum að saman fer góð afkoma atvinnuveganna og meira jafnvægi í ríkisfjármálum en verið hefur um langt árabil. Það er því full ástæða til bjartsýni og í þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir nýju hagvaxtarskeiði.

Herra forseti. Ég hef hér rætt um megindrætti þessa fjárlagafrv. en ekki einstaka liði fjárveitinga. Ég vil þó aðeins nefna framlög til Byggðastofnunar vegna þess að fyrr í umræðunni var þess getið að framlög til atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni féllu að mestu niður. Það er misskilningur, framlög til atvinnuþróunarfélaga eru áætluð milli 101 og 102 millj. kr. Hins vegar er getið um það í umfjöllun um Byggðastofnun að framlög til eignarhaldsfélaga falli niður. Þau framlög voru ákveðin í byggðaáætlun 1998 og skyldu þau vera 300 millj. á ári í fjögur ár. Og það gekk eftir nema í fjárlögum 2002 var þessi upphæð lækkuð í 200 millj. Í fjáraukalögum sem dreift var í þinginu í gær er hins vegar lagt til að þessi upphæð verði tekin af Byggðastofnun og færð til verkefna við byggðaáætlun. Forsendan fyrir þeirri tillögu mun hafa verið sú að þetta eignarhaldsfélagafé hefur ekki gengið út þar sem mótframlög heimaaðila, 60% á móti 40% framlagi Byggðastofnunar, hafa ekki náðst í sumum landshlutum. Nú bregður hins vegar svo við að mikil ásókn er í þetta fé og aðilar í tveimur eða þremur landshlutum eru tilbúnir að koma með mótframlag fái þeir samþykki Byggðastofnunar. Ég held að það sé því misráðið að taka þessar 200 millj. til annarra nota en það verður væntanlega rætt nánar þegar fjáraukalög koma til umræðu í þinginu.

Herra forseti. Tími minn er á þrotum. Ég ætla ekki að hafa hér fleiri orð um fjárlagafrv. að sinni en ítreka að hér er gott frv. á ferðinni.

[16:09]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum fjárlagafrv. næsta árs og það verður að segjast eins og er að ræða hæstv. fjmrh. hljómaði ákaflega vel í upphafi, allt var í lukkunnar velstandi, og hún bar nokkurn keim af því að við erum að fara inn í kosningavetur.

Ég ætla að gera að umtalsefni heilbrigðismálin, tryggingamálin og félagsmálin í þessari stuttu ræðu minni. Ég hefði gjarnan viljað að einhver ráðherra væri viðstaddur meðan ég flyt hana — heilbrrh. er kominn og ég fagna því.

Eins og komið hefur fram varðandi heilbrigðismálin er staðan nú þannig að Landspítali – háskólasjúkrahús hefur verið allaðkrepptur í fjármálum og það sem hefði þurft að taka á í málefnum sjúkrahússins eru náttúrlega ýmsir þættir, meðal þeirra að taka hefði þurft á verkaskiptingunni í heilbrigðiskerfinu. Verið er að þjóna fólki á röngum stöðum. Það er fólk inni á spítalanum sem búið er að lækna en kemst ekki

þaðan út. Það er bæði slæmt fyrir sjúklinginn og dýrt fyrir sjúkrahúsið. Núna um mánaðamótin voru 130 sjúklingar á Landspítalanum sem ekki var unnt að útskrifa og eru þá á spítalanum og fá ranga meðhöndlun eða eru búnir að fá alla þá meðhöndlun sem þeim ber.

Við þekkjum hvernig ástandið er í heilsugæslunni. Nýútkomin skýrsla Ríkisendurskoðunar lýsir því vel hvernig ástandið er og ekki hefur tekist að taka á málefnum heilsugæslunanr svo viðunandi sé. Þá má einnig geta þess að Landspítalinn hefur tekið hluta af þeirri þjónustu sem heilsugæslan ætti auðvitað að veita.

Kostnaður við sérfræðilæknisþjónustu hefur þanist út og sama má segja um lyfin. Ég fagna því sem kom fram hjá heilbrrh. að hann hyggist taka á lyfjamálunum. Vissulega eru alltaf að koma ný lyf, og það er endalaust hægt að eyða peningum í þau, en það er líka athyglisvert að lyf á Íslandi eru mun dýrari en annars staðar. Og það eru ýmsir þættir í lyfjakostnaði sem hægt er að taka á, ýmis markaðskostnaður sem nauðsynlegt er að stemma stigu við.

Ég kom aðeins inn á fjárlög og rekstur sjúkrahúsa í andsvari við hæstv. ráðherra heilbrigðismála. Vissulega er verið að vinna í kostnaðargreiningu á Landspítalanum og í heilbrigðiskerfinu og erfitt að koma á breytilegum fjárlögum til sjúkrahúsanna fyrr en því er lokið. En því hefði þurft að hraða því að það er auðvitað nauðsynlegt stjórntæki til að geta rekið heilbrigðisþjónustuna af hagkvæmni.

Mig langar einnig að minnast á það að ekki alls fyrir löngu samþykktum við heilbrigðisáætlun en hér á landi fylgja ekki fjárveitingar í samræmi við þá forgangsröðun sem þó er samþykkt í heilbrigðisáætluninni. Og það er öðruvísi hér en t.d. í nágrannalöndum okkar þar sem fjárveitingar fylgja heilbrigðisáætlun. Ég hefði talið ástæðu til þess að við skoðuðum slík vinnubrögð því að auðvitað er þetta ekkert annað en viljayfirlýsing. Auðvitað vilja allir fækka slysum og sjálfsvígum, lækna geðsjúkdóma o.s.frv. En forgangsröðuninni sem þar er samþykkt þurfa auðvitað að fylgja fjárveitingar.

Ég vona að sú samstarfsnefnd sem á að fara að vinna að bættum kjörum aldraða og einnig uppbyggingu í hjúkrunarmálum skili vinnu sinni sem fyrst. Ekki er hægt að sjá þessum fjárlögum að fjárveitingar komi hér inn í samræmi við það samkomulag sem heilbrrh. gerði við borgarstjórann í Reykjavík á vordögum þar sem Reykvíkingum var lofað uppbyggingu á hjúkrunarheimilum. Fleiri hundruð manns bíða í mjög brýnni þörf eftir hjúkrunarheimilum á höfuðborgarsvæðinu. Og ég spyr hæstv. heilbrrh. hvort ekki sé alveg öruggt að sú fjárveiting eigi eftir að koma fram í meðförum þingsins á þessu fjárlagafrv.

Nokkuð hefur verið fjallað um breytingar á greiðslum fyrir hjúkrunarþjónustuna eða hjúkrunarheimilin og vissulega er þörf á því að samræma það. Það eru ýmis greiðslukerfi í gangi sem ber að samræma og sömuleiðis verður að taka tillit til þess að æ þyngri sjúklingar koma inn í hjúkrunarheimilin vegna þess hve skorturinn er mikill á hjúkrunarrýmum, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. RAI-matið eða hjúkrunarþyngdarmatið, sem er verið að innleiða alls staðar, á auðvitað að auðvelda þetta. En ég veit að mikil óánægja er með það á hjúkrunarheimilum víða að Sóltún, sem er einkarekið hjúkrunarheimili, skuli fá hærri greiðslur en önnur hjúkrunarheimili fyrir þá þjónustu sem þar er veitt. En það mun líklega verða tekið á því, vona ég, í þessari vinnu.

Mig langar aðeins að koma inn á tryggingamálin. Ég verð að segja að það eru veruleg vonbrigði að ekki skuli vera gerð nein leiðrétting á því hvernig bætur almannatrygginga — hversu mikil gliðnun orðið hefur milli bóta og launa á kjörtímabilinu. Ekki er verið að laga það í fjárlagafrv. Gert er ráð fyrir að launahækkun verði um 3,5%, kannski má búast við að hún verði um 4% þannig að kaupmáttur hækki um 2%, en bætur hækka aðeins um 3,2%. Það er því ekki verið að reyna að koma bótunum á sama ról þannig að kaupmáttarauknginn verði sambærileg hjá lífeyrisþegum og launafólki. Ég ætla að minna á það að þær greiðslur sem greiddar eru til lífeyrisþega eru lágar. Þetta eru lágar upphæðir. Ég hefði haldið að í fjárlagafrv. nú, þegar ár fatlaðra er fram undan, hefði verið farið að óskum fatlaðra um að launavísitalan væri látin ráða í hækkunum bóta almannatrygginga.

Ég vil einnig minna á það í þessari umfjöllun að það er heill mánuður sem fellur út hjá lífeyrisþegum. Þeir greiða sem svarar einum mánaðarlaunum til baka til hins opinbera og það má segja að til viðbótar því eru mánaðarlaun sem vantar upp á að bæturnar fylgi launaþróun, þannig að það vantar rúmlega 180 þús. kr. upp á að lífeyrisþegarnir fái það sem þeim ber ef við miðum við þróun launa. Við vitum að staða lífeyrisþega er mjög bágborin, sérstaklega þeirra sem eru á bótum almannatrygginga eingöngu. Skattleysismörkin hafa staðið í stað, húsnæðiskostnaður hefur aukist, matarverð er að hækka, er hæst hér á landi af öllum nágrannalöndum, þannig að það er stærri og stærri hópur þessa fólks, öryrkja og ellilífeyrisþega, sem á varla til hnífs og skeiðar í lok mánaðar. Það er auðvitað ekki boðlegt hjá okkur í þessu velferðarsamfélagi.

Ég ætla einnig að minnast á bifreiðastyrkina fyrir fatlaða en ég get ekki séð annað en að þar sé aftur þrengt að þó svo að verið sé að auka réttinn, sem er auðvitað jákvætt, verið er að heimila greiðslur bifreiðakaupastyrkja til 70–75 ára og það er auðvitað réttlætismál. En engu að síður er heildaruppæðin til bifreiðastyrkjanna aðeins hækkuð um 3% eða úr 192 milljónum í 198 milljónir, um 6 milljónir fyrir hópinn 70–75 ára. Ég verð nú að segja að svona lítil hækkun við það að fjölga þeim sem eiga rétt á bifreiðakaupastyrkjum fyrir fatlaða er bara sannkölluð sýndarmennska, það er ekkert annað, herra forseti, tóm sýndarmennska.

Í lokin langar mig til að minnast á Framkvæmdasjóð fatlaðra sem lækkar í krónutölu úr 280 milljónum í 274 milljónir. Það finnst mér vera ansi hart í þessu fjárlagafrv., í fjárlagafrv. fyrir ár fatlaðra, að þetta skuli líta svona út. Og ég trúi því ekki að þetta verði endanleg niðurstaða. Við vitum að Öryrkjabandalagið hefur með lántökum séð um að byggja upp húsnæði fyrir öryrkja, tekið lán til 50 ára, og ríkið mun greiða það í leigu á næstu 50 árum, en það er verið að vísa þessu máli á komandi kynslóðir.

Herra forseti. Ég er búin með tíma minn þannig að ég kem ekki fleiru að en ég vonast til þess að hæstv. ráðherra taki tillit til þeirra athugasemda sem ég hef gert hér í þessari stuttu ræðu.

[16:20]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hyggst taka til máls aftur í umræðunni en ég vildi koma inn á eitt atriði í máli hv. þm. Það var varðandi tryggingamálakaflann. Ég vil endurtaka það sem ég sagði í fyrri ræðu minni í dag að við erum með hann í skoðun í samvinnu við samtök aldraða og ég tel einboðið að ef breytingar verða gerðar þá nái þær yfir tryggingabætur til öryrkja. Ég kannast vel við þá kröfu að bætur fylgi

launaþróun en þessi þáttur hefur verið og er í skoðun, ég vil undirstrika það.

Í þeirri vinnu hafa samtök aldraðra líka lagt mikla áherslu á hjúkrunarheimilin. Ég kannast mætavel við þá viljayfirlýsingu sem var undirrituð í vor með fyrirvara um fjárveitingar. Samtök aldraðra hafa sett þessi mál á oddinn sem vonlegt er og þess vegna höfum við viljað ræða þá framkvæmd í samvinnu við þau og niðurstaða af því mun liggja fyrir áður en 2. umr. fjárlaga fer fram.

En það eru ýmsar hugmyndir uppi um bráðaaðgerðir í þessu máli. Við erum t.d. með Vífilsstaði sem hafa losnað vegna sameiningar spítalanna og það eru möguleikar þar, (Forseti hringir.) þar eru úrræði sem taka ekki mjög langan tíma svo ég nefni dæmi.

[16:22]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessar upplýsingar. Vissulega er mjög brýnt að leyst verði úr hjúkrunarheimilavandanum á höfuðborgarsvæðinu og ef Vífilsstaðir geta komið þar inn sem bráðabirgðahúsnæði eða til framtíðar þá er það náttúrlega mjög gott.

En ég spyr hæstv. ráðherra: Hversu mörgum hjúkrunarheimilum telur hann að unnt sé að bæta við á höfuðborgarsvæðinu á þessum vetri? Og sömuleiðis spyr ég: Er raunverulegur vilji hjá ríkisstjórninni til þess að leiðrétta bætur almannatrygginga eins og ég benti á hvað varðar gliðnunina milli bóta og launa? Er raunverulegur vilji fyrir því? Þess sér ekki stað í frv. eins og það liggur fyrir. Það er ekkert hvað varðar aukningu á greiðslum til hjúkrunarheimila. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Hvað er vilji fyrir miklum leiðréttingum hér og hversu mörgum hjúkrunarrýmum má búast við í tíð þessarar ríkisstjórnar? En við skulum muna það að tími hennar er nú á enda í mars eða með vorinu alla vega.

[16:24]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er nú ekki tilbúinn að skrifa undir afsögn ríkisstjórnarinnar í mars.

En markmiðið með starfi þeirrar samstarfsnefndar sem hefur hafið störf og aldraðir eiga aðild að, var eins og hefur fram komið í umfjöllun um það mál að gera áætlun um lífskjör aldraðra og bætur á þeim og stíga með því skref sem kemur fram við 2. umr. fjárlaga. Ég vil á þessu stigi, vegna þess að þessi mál eru í vinnslu og viðræðufarvegi, ekki nefna tölur í því efni, ég tel það ekki rétt á þessu stigi. En það er fullur vilji hjá ríkisstjórninni að standa að þessu. Það var samstarfsnefnd í málefnum aldraðra sem ákvað þessa aðferð og í henni eiga sæti fjórir ráðherrar þannig að það er vilji ríkisstjórnarinnar sem þarna kemur fram.

Varðandi fjölda hjúkrunarrýma þá ætla ég heldur ekki að fara með tölur í því efni en ég hygg að á Vífilsstöðum mætti koma upp yfir 50 rýmum á ekki mjög löngum tíma ef í það væri farið, um 50 varanlegum rýmum, að auki 19 rýmum á biðdeild sem er nauðsynlegt mál því að fráflæðisvandinn á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi hefur líka verið hér til umræðu og ég geri mér fulla grein fyrir honum. Þar væri hægt að koma upp 19 rýmum sem væru úrræði fyrir þá sem þurfa að útskrifast af spítalanum.

[16:26]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilegt að við verðum að bíða nokkuð eftir svörum við þeim spurningum sem ég varpaði fram til hæstv. ráðherra. En mig langar til að minna á að það eru fleiri en aldraðir sem þurfa á hjúkrunarrýmum að halda. Það er t.d. hópur af mikið fötluðum yngri einstaklingum sem vantar hjúkrunarheimili þannig að ég hefði viljað halda því einnig til haga í vinnu ráðherrans fram að 2. umr. fjárlaga þannig að mönnum gefist tóm til að leysa vanda þeirra í þeirri vinnu, sérstaklega í ljósi þess að ár fatlaðra er á næsta leiti.

Ég vil einnig, herra forseti, aðeins hnykkja á þessu með bifreiðastyrki fatlaðra sem verið er að auka réttinn á, sem er ágætt, en aðeins er verið að setja í það 6 milljónir til viðbótar sem er ætlað til þeirra sem eru fatlaðir og þurfa á bifreið að halda. Það er ekkert annað en tóm sýndarmennska að ætla þeim stóra hópi sem þarna kemur til viðbótar, þ.e. 70–75 ára, sem öðlast þarna rétt á því að fá bifreiðastyrkina, ekki stærri fjárhæð í það. Og það tel ég að hæstv. ráðherra þyrfti aðeins að íhuga og skoða betur því að það er alveg ljóst að þetta mun ekki anna þeirri eftirspurn sem er eftir bifreiðastyrkjum fyrir þennan hóp.

[16:28]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Fjármálaráðherra gerði fyrr í dag ítarlega grein fyrir fjárlagafrv. fyrir árið 2003. Þetta er metnaðarfullt frumvarp sem gerir ráð fyrir 10,7 milljarða tekjuafgangi. Það hafa að sönnu orðið mikil umskipti á rekstri ríkissjóðs á undanförnum árum og sem betur fer er það liðin tíð að halli sé á fjárlögum eins og algengt var fram á síðasta áratug.

Í frv. er gert ráð fyrir sölu eigna á næsta ári fyrir 8,5 milljarða kr. en áætluð er sala eigna á þessu ári fyrir rúma 14 milljarða. Aðhaldssöm og skynsamleg fjármálastefna hefur skilað því að skuldir hafa lækkað. Það sýnir sig í því að hreinar skuldir ríkissjóðs hafa lækkað verulega en frá árinu 1996 hafa hreinar skuldir ríkissjóðs lækkað úr 34% af landsframleiðslu í 19% samkvæmt því frv. sem hér er til umræðu.

Herra forseti. Í nýrri þjóðhagsspá benda nær allar tölur til að mikill stöðugleiki sé að komast á að nýju í efnahagslífinu eftir stutt erfiðleikatímabil. Samdráttarskeiði virðist nú vera að ljúka og hægur vöxtur efnahagslífsins að taka við. Samkvæmt nýjustu spám mun landsframleiðsla standa í stað og hagvöxtur nema 1,5% á næsta ári. Aldrei hefur ríkissjóður greitt meira niður af skuldum frá upphafi vega. Jafnframt þessum miklu niðurgreiðslum á skuldum er áætlað að uppreiknaðar innborganir ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins nemi 53 milljörðum kr. árin 1999–2003. Með þessari ráðstöfun er komið í veg fyrir stórfelld framtíðarútgjöld. Þegar fram í sækir mun þetta verða eitt af því sem menn munu minnast sem mikillar fyrirhyggju.

Herra forseti. Sem dæmi um nýsköpun í atvinnulífinu og í útflutningi iðnaðarvöru má nefna að í tölum frá janúar 2001 til ágúst 2002 fer útflutningur á lyfjum úr 960 milljónum í tæpa 4 milljarða og útflutningur lækningatækja úr 642 milljónum í 1.700 milljónir. Á árinu 2001 nam verðmæti útflutnings á iðnaðarvöru 8,3 milljörðum kr. en sú upphæð fer í 14 milljarða á þessu ári. Þetta er mjög jákvæð þróun og sýnir að það er kraftur í nýsköpunarverkefnum Íslendinga.

Herra forseti. Fjárlagafrv. endurspeglar áframhaldandi trausta og aðhaldssama stöðu ríkisfjármála sem hefur átt drjúgan þátt í því að hér hafa skapast skilyrði fyrir þeirri umfangsmiklu skattalækkun sem lögfest var á síðasta þingi og kemur til framkvæmda á næsta ári án þess að raska því meginmarkmiði að ríkissjóður skili afgangi. Verðbólga er

á hraðri niðurleið. Viðskiptahallinn er horfinn. Kaupmáttur heimilanna hefur aukist samfellt frá árinu 1994 og er nú meiri en nokkru sinni fyrr. Vextir fara lækkandi og verulega hefur dregið úr skuldsetningu fyrirtækja og einstaklinga. Þjóðhagslegur sparnaður hefur aukist verulega að undanförnu í kjölfar minnkandi þjóðarútgjalda og er talinn verða um 19% af landsframleiðslu í samanburði við 14% árið 2000.

Meginmarkmið ríkisstjórnarinnar er og hefur verið að draga úr verðbólgu og viðskiptahalla, treysta undirstöður atvinnulífsins og tryggja varanlegan stöðugleika. Það skiptir því máli að lækka skatta. Það er gert með lækkun tekjuskatts lögaðila úr 30% í 18% og meira en helmingslækkun eignarskatta einstaklinga og fyrirtækja. Á móti kemur reyndar að tryggingagjald sem fyrirtæki greiða hækkar um hálft prósentustig. Sérstakur tekjuskattur eða hátekjuskatturinn lækkar úr 7% í 5%.

Herra forseti. Þær breytingar sem ríkisstjórnin ákvað á síðasta ári að gera á skattalegu umhverfi fyrirtækja skiptir miklu máli í þeim umskiptum sem átt hafa sér stað. Þessar breytingar styrkja samkeppnisstöðu Íslands gagnvart öðrum löndum og auðvelda fyrirtækjum jafnframt að auka við starfsemi sína. Eignarskattur er óréttláttur skattur. Hann mun lækka um helming. Ég tel það mikla kjarabót fyrir eldri borgara sem flestir búa í eigin húsnæði.

Um næstu áramót kemur til framkvæmda þriðji áfangi í hækkun barnabóta, þ.e. um 500 milljónir. Þá bætist þriðji mánuðurinn við fæðingarorlof feðra og er þá fæðingarorlof beggja foreldra orðið jafnt.

Framlögum til símenntunarstöðva og fjarkennslu eru gerð góð skil í þessu frv. en mikil ásókn er í nám af ýmsum toga og ekki síst fjarnám. Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að framboði fjarkennslu, bæði á sviði framhaldsmenntunar og háskólamenntunar. Sí- og endurmenntun hefur einnig verið sinnt eftir þeirri leið, hvort sem menn búa í þéttbýli eða dreifbýli.

Herra forseti. Til að treysta byggðir landsins og tryggja fjölbreytt og öruggt atvinnulíf er eitt af mikilvægustu verkefnunum að byggja upp gott samgöngukerfi. Þetta eru allt kostnaðarsöm verkefni. Aldrei hefur verið lagt eins mikið í samgöngumál og nú enda þörfin mikil. Nútímasamfélag treystir á greiðar og góðar samgöngur. Aukin fjárframlög verða til nýframkvæmda í vegagerð á næsta ári þar sem 1,2 milljarðar koma til fjármögnunar jarðganga af söluhagnaði eigna sem er 20% hækkun frá fyrra ári.

Ferðaþjónusta hefur vaxið hratt á undanförnum árum. Þeir sem sækja landið heim vilja fjölbreytni í afþreyingu og undanfarin ár hefur mátt sjá sett af stað metnaðarfulla menningarstarfsemi þar sem einstaklingar og félög hafa gert stórkostlega hluti, reyndar með hjálp ríkisins í gegnum fjárlög. Oft hafa litlar upphæðir gert gæfumuninn og orðið til þess að hægt var að fara í framkvæmdir.

Miklar vonir eru bundnar við fiskeldi af ýmsum toga sem kalla mun á mörg störf. Skógrækt og landgræðsla hefur orðið til að styrkja búsetu í sveitum þegar draga hefur þurft úr framleiðslu á landbúnaðarvörum. Samstarf Landgræðslunnar og bænda er þar mjög mikilvægt.

Hæstv. forsrh. sagði í stefnuræðu sinni að þýðingarmikið væri að styrkja samkeppnisgrundvöll innlendrar landbúnaðarframleiðslu gangvart aukinni samkeppni með því m.a. að efla mennta- og rannsóknaþátt íslensks landbúnaðar og styrkja með öðrum hætti stöðu íslenskra bænda.

Herra forseti. Sú þjóðhagsspá sem þetta fjárlagafrv. er byggt á sýnir að stefna stjórnvalda í ríkisfjármálum og atvinnumálum hefur gjörbreytt landslagi íslensks efnahagslífs. Slíkar breytingar verða ekki fyrir tilviljun.

[16:35]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að einskorða mig við heilbrigðismál. Heildargjöld til heilbrigðis- og tryggingamála eru áætluð um 100,2 milljarðar kr. á árinu 2003, sem eru 12,7% af landsframleiðslu. Á árinu 1992 var sama hlutfall tæp 9% en á undanförnum árum hefur þó landsframleiðsla vaxið verulega.

Vegna framfara hefur hlutfall heilbrigðisþjónustu af vergri landsframleiðslu alls staðar í heiminum farið vaxandi á undanförnum árum og er því ekki einangrað fyrirbæri. Með tækniný jungum, auknum fjölda aldraðra og áherslu á góða þjónustu, allt frá getnaði til grafar, munu útgjöld til þessa málaflokks aukast gríðarlega ef ekki verður gripið í taumana og aðhald aukið. Þrátt fyrir aðhald er ljóst að ekki verður unnt að stöðva algerlega aukningu útgjalda heldur hægja á þeirri þróun. Þetta er vel þekkt alþjóðlegt vandamál. Í nágrannalöndum okkar er nú alls staðar leitað leiða til lausnar.

Sameining stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík hefur undanfarinn áratug verið á dagskrá stjórnarflokkanna. Þótt slík aðgerð hafi marga kosti í för með sér fylgja henni einnig ýmsir vankantar. Helsta ókost sameiningarinnar tel ég hafa verið að fyrir sameininguna var hvorki komin greining á kostnaðarþáttum hennar né nein mæling að ráði á framleiðni sjúkrahúsanna. Í því sambandi hef ég ótal sinnum rætt um hið svokallað DRG-kerfi og hjúkrunarþyngdarkerfi, þ.e. RAI-matið og fleira. Með mælingum á framleiðni á ég ekki eingöngu við fjölda innritaðra og útskrifaðra sjúklinga og göngudeildarþjónustu, heldur er nauðsynlegt að taka tillit til samsetningar sjúkdóma og almennrar þjónustu sjúkrahúsanna.

Ekki voru til nægar upplýsingar fyrir sameininguna um kostnað eða framleiðni sjúkrahúsa. Því var ekki unnt að meta raunverulega stöðu þeirra. Þessi staðreynd gerir okkur afar erfitt um vik að meta þann árangur sem verða mun af sameiningunni. Nú er hins vegar unnið að hvoru tveggja, kostnaðarmælingum og framleiðnimælingum. Í kjölfarið munum við sjá þróunina betur á næstu árum. Það gerir kleift að tryggja betri stefnumótun í allri heilbrigðisþjónustu.

Þegar um er að ræða 20% af útgjöldum ríkissjóðs, málaflokk sem tekur stærsta einstaka hluta fjárlaga, er ljóst að þessar aðgerðir eru löngu tímabærar. Það er því leitt til þess að hugsa að sú tækni sem kostnaðar- og framleiðnimælingin byggist á hefur staðið okkur til boða í hátt á tvo áratugi án þess að við væri brugðist þrátt fyrir að augljóst hafi verið að kostnaður færi eingöngu vaxandi með árunum. Ég fagna því að nú skuli verkefnið loks komið af stað og því verði vonandi lokið innan fárra ára.

Á Íslandi og á Norðurlöndunum öllum hefur því lengi verið haldið fram að heilbrigðisþjónustan sé ókeypis, að allir eigi að fá alla þjónustu fyrir ekki neitt. Á sama tíma er kvartað undan of háum sköttum. Með auknum útgjöldum, aukinni tækni, stærri hóp aldraðra og þekkingu borgaranna á því hvað í boði er, er því miður ekki hægt að mæta auknum kröfum um þjónustu án þess að fólki verði gert ljóst hver kostnaðurinn er. Kostnaðarvitund verður að aukast. Einhvers konar forgangsröðun verður að hafa af hálfu þeirra

sem um sameiginlega sjóði okkar halda og bera ábyrgð á útgjöldunum.

Ég hef lengi talið tímabært að endurskoða rekstrarform heilbrigðisþjónustu um land allt, ekki síst með tilliti til sérstaks rekstrarforms, starfsmanna og kjaramála. Nauðsynlegt er að kanna hagkvæmni ýmissa rekstrarforma, svo sem þjónustusamninga, einkarekstur, sem rætt hefur verið um hér í dag og annarra hugsanlegra rekstrarforma. Ekki þarf síður að skoða vel starfsmanna- og kjaramál.

Lögin um heilbrigðisþjónustu eiga fyrst og fremst að tryggja að ákveðin þjónusta og gæði séu fyrir hendi en ekki binda í tíma og rúmi mönnunarmunstur einstakra stofnana sem ekki eru í takti við þær framfarir og breytingar sem orðið hafa og munu verða á heilbrigðisþjónustu. Nauðsynlegt er að tryggja að þeir sem fara með stjórn þessara mála beri bæði fjárhagslega og stjórnunarlega ábyrgð.

Að undanförnu hefur skortur á heimilislæknaþjónustu komist í hámæli og verið rætt um kjör heimilislækna. Að mínu mati hafa fastlaunasamningar þeirra ekki skilað árangri. Þegar unnið er eftir afkastakerfi er slíkt yfirleitt hvati til þjónustuaukningar og hagræðingar í kerfinu. Einnig hefur að undanförnu verið gagnrýnt hversu mikið þjónusta sérfræðinga hefur verið nýtt af almenningi og að eitthvað af þjónustu þeirra ætti fremur heima hjá heimilislæknum. Vera má að rétt sé en hafa ber í huga að sjúklingar með svokallaða króníska sjúkdóma leita iðulega til þess sérfræðings sem best yfirlit hefur yfir líðan sjúklingsins og þekkir best þarfir þeirra. Þessir sérfræðingar hafa bæði menntun í almennum lækningum og sérgrein og eru fullfærir um að vísa sjúklingum til réttra aðila.

Að auki tel ég rétt að leggja mikla áherslu á að sérfræðilæknisþjónusta utan sjúkrahúsa er í dag hið eina form heilbrigðisþjónustunnar þar sem hver aðgerð, hver skoðun, nál og stunga, hefur verið metin til fjár og kostnaðargreind að fullu. Þar með eru ítarlegustu upplýsingar um heildarkostnað vegna meðferðar sjúklinga fyrir hendi. Ég tel því nauðsynlegt að kostnaðargreining á þjónustu heimilislækna verði færð til sama horfs og gildir meðal sérfræðilækna.

Nauðsynlegt er að halda kostnaðarvitund, bæði lækna og sjúklinga, þannig að ávallt verði reynt að leita hagkvæmustu leiða í samvinnu læknis og sjúklings. Þessi vitund hefur vaxið, ekki síst með tilkomu þjónustugjalda og bættra upplýsinga um einstaka þætti þjónustunnar.

Það er skoðun mín að á þjónustugjöldum verði að vera ákveðið þak og í sumum tilvikum reynist nauðsynlegt að undanþiggja gjöld. Slíkt fer eftir aðstæðum hverju sinni, eðli sjúkdóms, fjárhagsstöðu sjúklings og hagsmunum þjóðfélagsins.

Undanfarna daga og vikur hefur umræðan snúist mikið um stöðu aldraðra og geðsjúkra. Þjónusta við þessa hópa hefur verið tekin til gagngerrar skoðunar og er það vel. Hagur og heilsa aldraðra hefur mikið breyst á skömmum tíma og því er nauðsynlegt að mæta þeim breytingum með ýmsum hætti og miða við þarfir hvers og eins. Skoða þarf ítarlega hvort aðstæður aldraðra hafi breyst í þá veru að þjónusta við þá sé betur komin í heimahúsum í auknum mæli í stað uppbyggingar öldrunarheimila. Ekki má þó gleyma þeim hópi aldraðra sem liggja mjög sjúkir á hjúkrunarheimilum. Þau þjóna og taka sífellt við fleiri erfiðari og erfiðari sjúklingum.

Fyrirhugað er að koma á daggjaldakerfi fyrir hjúkrunarheimili aldraðra. Ég legg ríka áherslu á að slíkt fyrirkomulag verði unnið í nánu samráði við stjórnendur þessara stofnana og byggt á raunhæfum forsendum sem miðist á hverjum tíma við hversu erfiðum og dýrum tilfellum þeir sinna. Það hefur viljað brenna við, því miður, að þær aðstæður sem ríkja dag frá degi eða viku frá viku séu vanmetnar.

Að ýmsu leyti búum við við mjög góða þjónustu við geðsjúka en umfang þjónustunnar hefur vaxið mjög á undanförnum árum, eflaust vegna árvekni okkar gagnvart geðsjúkdómum og þess að fyrr er gripið til lækninga við geðsjúka. Segja má að nútímaþjóðfélag með kostum sínum og göllum kalli fyrr fram veikleika geðsjúkra en jafnframt geri sjúklingarnir sér fyrr grein fyrir því þurfi þeir á þjónustu að halda. Nú er ein geðdeild í Reykjavík og hafa staðið yfir miklar breytingar á þjónustu deildarinnar sem skilað hafa fjárhagslegum ávinningi. En deila má um hversu mikið eigi að takmarka þjónustuna. Þjónusta við geðsjúka utan sjúkrahúsa virðist einnig fullmettuð. Þeir sem fást við geðsjúkdóma anna ekki eftirspurn. Geðsjúkdómar hafa verið vanmetnir og er afar brýnt að bæta úr þjónustu við þá sjúklinga þannig að bæði sjúklingar og þjóðfélagið beri ekki varanlegan skaða af.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum telja upp atriði sem ég hef áður nefnt hér á hv. Alþingi:

1. Af heildarútgjöldum heilbr.- og trmrn. er kostnaður vegna heilbrigðismála aðeins hluti, annað fer í almannatryggingar.

2. Aukning heilbrigðisútgjalda er ekki einskorðuð við Ísland heldur er hún alþjóðlegt fyrirbæri.

3. Ekki er unnt að greiða allt fyrir alla. Nauðsynlegt er að tryggja kostnaðargreiningu og kostnaðarvitund í heilbrigðisþjónustu, bæði hjá veitendum og hjá neytendum.

4. Tryggja verður að þjónustugjöld íþyngi ekki borgurunum verulega.

5. Skipulag heilbrigðisþjónustu þarfnast gagngerrar skoðunar til að mæta framtíðarkröfum með fjölbreyttu rekstrarformi.

6. Nauðsynlegt er að fá samanburð á kostnaði, gæðum og hagkvæmni og endurskipulag þjónustunnar má ekki koma niður á gæðum.

7. Þjónusta við aldraða og við geðveika eru forgangsverkefni og þau forgangsverkefni þola enga bið.

[16:46]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir mjög málefnalega ræðu. Eins og við vitum hefur hún lagt sérstaka áherslu á þessa kostnaðargreiningu og hvernig hún ætti hugsanlega að fara fram í sjúkrahússkerfinu. Í ræðu hennar kom hins vegar fram að þessi nákvæma kostnaðargreining hefði nú þegar átt sér stað þar sem sérfræðingar eru starfandi utan sjúkrahúsa, menn vissu nákvæmlega frá upphafi til enda hvað hver þáttur hvers læknisverks kostaði. Ég er ekki sammála þessu vegna þess að inn í þessa kostnaðargreiningu og hvernig þessi liður heilbrigðisþjónustunnar skilar sér hefur aldrei verið tekið þegar um er að ræða mistök eða einhvern alvarleika sem kemur upp eftir aðgerð utan sjúkrahúss. Þá eiga ríkisreknu sjúkrahúsin að taka við. Það er því eingöngu aðgerðin sjálf sem er kostnaðargreind eða koma sjúklingsins en ekki sá þáttur sem síðan lendir á ríkisreknu stofnununum. Telur þá hv. þm. ekki að skoða þurfi þetta dæmi frá upphafi til enda, þ.e. starfsemi sjálfstætt starfandi sérfræðinga, með tilliti til þess í hve mörgum tilvikum ríkiskerfið þarf að taka við sjúklingum sem þeir hafa áður afgreitt?

[16:47]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir þessa fyrirspurn. Ég er sammála því að það þurfi að taka, eins og ég hef sagt áður, heilbrigðisþjónustuna til gagngerrar endurskoðunar og sömuleiðis hver verka sérfræðinga leiði síðan til sjúkrahússinnlagnar og hver ekki. Þar vil ég ekki endilega nefna til mistök heldur skoða hvaða hluta þjónustu sinnar sérfræðingar beina til sjúkrahúsa vegna alvarleika sjúkdómanna. Að sjálfsögðu er þetta allt samhangandi kerfi og virkar hvort á móti öðru. Það er kannski það sem menn hafa ekki horft nægilega vel á, þ.e. samhengið í þjónustunni, og þegar menn ætla að spara á einum stað koma útgjöldin fram á öðrum. Samverkun heilbrigðiskerfisins er það sem við þurfum að skoða mun nánar og hefur verið skoðað annars staðar en væntanlega verður ráðin þar á bót með því að fá betri upplýsingar, bæði úr sjúkrahússkerfinu og frá öðrum aðilum, eins og t.d. heimilislæknastöðvum og heimilislæknum þar sem fastlaunakerfi er við lýði og við vitum ekki nákvæmlega hvaða verk eru unnin.

[16:49]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Vegna þess að heilbrigðismál hafa verið til umfjöllunar í dag hjá mörgum ræðumönnum vildi ég leggja nokkur orð inn í umræðuna áður en lengra er haldið.

Mjög mikið hefur verið rætt um kostnaðargreiningu á spítölunum og hv. síðasti ræðumaður ræddi um sameiningu spítalanna, undirbúning hennar og árangur af því mikla verki.

Þá hefur hv. 4. þm. Austurl., Einar Már Sigurðarson, beint til mín fyrirspurnum og vitnað í gömul ummæli mín sem formanns fjárln. um kostnaðargreiningu á spítölunum og leitað eftir svörum um hvað hafi skeð í þeim málum, bæði á stóru spítölunum og almennt í heilbrigðiskerfinu.

Það er rétt að ég lagði mikla áherslu á það sem formaður fjárln. að fá kostnaðargreiningar og að hægt væri að miða fjárveitingar við slíka mælikvarða. Það sem gert hefur verið er að unnið hefur verið mjög skipulega að því að undanförnu að þróa RAI-matið sem er mælikvarði fyrir hjúkrunarþyngd á hjúkrunarheimilum. Því verki hefur miðað mjög vel áfram. Það er orðið mjög gagnlegt tæki til þess að mæla hjúkrunarþyngdina og þar með fjárveitingar til hjúkrunarheimila sem taka mið af hjúkrunarþyngdinni.

Við höfum gert árangursstjórnunarsamninga við fjölmörg sjúkrahús og í fjárlagafrv. er skrá um þær heilbrigðisstofnanir sem árangursstjórnunarsamningur hefur verið gerður við. Þeir samningar hafa reynst mjög vel og ég tel að af þeim hafi orðið mikill árangur sem setur rammann utan um verkefnin og auðveldar forstöðumönnum stofnana samstarf við ráðuneytið. Það tel ég að hafi reynst mjög vel.

Þar að auki höfum við gert þjónustusamninga við stórar stofnanir í heilbrigðiskerfinu, eins og Reykjalund. Þar er unnið eftir þjónustusamningi sem mér er kunnugt um að hafi einnig reynst mjög vel. Forsvarsmenn Reykjalundar telja að þar hafi verið vel ráðið og það auðveldi þeim starfið að vinna innan ramma slíks samnings.

Við höfum líka unnið að gerð þjónustusamnings við SÁÁ. Sá samningur hefur ekki verið undirritaður en honum er lokið. Ég tel að það sé gott skref í samskiptum við þá bráðnauðsynlegu stofnun sem einmitt fagnar afmæli sínu þessa dagana.

Það er rétt að ekki er lokið á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi DRG-greiningunni sem síðasti ræðumaður minntist á, hv. 6. þm. Reykv., en því verkefni miðar vel áfram. Það er nauðsynlegt að byggja á því, eins og ég hef áður sagt, ef breytt er um kerfi við fjárveitingar til þeirrar stóru stofnunar.

Forsvarsmenn Landspítala – háskólasjúkrahúss hafa beðið Ríkisendurskoðun um úttekt á sameiningunni, hverju hún hafi skilað í hagræðingu á spítalanum. Ég vil taka fram að ég tel það einnig lykilatriði hvort sameiningin hefur skilað sterkari stofnun faglega og hvort hún hefur skilað betri þjónustu heldur en áður var. Það tel ég að eigi líka að líta á í þessari úttekt. Ég er ekki í vafa um að svo er. Ég er ekki í neinum vafa um að stofnunin er sterkari faglega en áður. Ég byggi það á viðtölum við marga fagmenn og heilbrigðisstéttir sem vinna inni á spítalanum, voru jafnvel andsnúnir sameiningunni áður en hún fór fram. Ég tel að það verði að horfa á sameiningu spítalanna í tengslum við stærð samfélags okkar.

Ég hef oft getið þess í umræðum undanfarinna vikna að ég heimsótti háskólaspítala í Kanada í sumar þar sem þeir voru með kenningar um að á bak við sterkan hátæknispítala þyrfti að vera milljón manns. Hér erum við tæplega 300.000. Þó að við tökum ekki þann mælikvarða er engu að síður ljóst að við þurfum að sameina kraftana til að geta tekið inn í landið nýjustu tækni í heilbrigðisþjónustu. Við rekum ekki marga, fullkomna hátæknispítala í landinu, það er alveg ljóst. Ég legg áherslu á þetta jafnframt því sem rætt er um fjárhagsmálin því það finnst mér vera lykilatriði. Menn hafa kannski verið einum of óþreyjufullir að bíða eftir því að þetta sparaði stórar fjárhæðir en ég er viss um að það hefur gert það eigi að síður.

Varðandi heilsugæsluna vil ég undirstrika að við höfum tekið undir það í heilbrrn. að breyta þurfi um, breyta frá fastlaunakerfinu yfir í blandað kerfi þar sem læknar hafi möguleika á því að vinna að hluta í afkastatengdu kerfi. Við höfum komið þeim skoðunum áleiðis til kjaranefndar sem hefur þær til skoðunar. Þær tillögur eru m.a. samhljóða tillögum sem heilsugæslan í Reykjavík hefur sett fram og ég á von á því að úrskurður kjaranefndar komi næstu daga.

Ég endurtek það sem ég sagði í ræðu minni í morgun um þátt launamálanna í auknum útgjöldum til heilbrigðismála. Það er nauðsynlegt að mínu mati — ég vil undirstrika að ég er ekki að draga fram launaþróunina til þess að sjá eftir launum handa heilbrigðisstarfsmönnum, það er nauðsynlegt að þeir búi við góð kjör — en aukningin í útgjöldum til heilbrigðismála stafar að miklum hluta af því að við höfum stórbætt kjör heilbrigðisstarfsfólks á liðnum árum. Frá 1997 nema þessar hækkanir 8,3 milljörðum fyrir Landspítalann – háskólasjúkrahús. Það eru miklar fjárhæðir en ég undirstrika að þetta er meginástæðan fyrir því að útgjöld til heilbrigðismála hafa vaxið.

[16:59]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir innlegg hans. Ég tel að áætlanir í heilbrigðiskerfinu séu af hinu góða sem og kostnaðargreining og áætlanir henni tengdar. Hins vegar er mjög nauðsynlegt að hafa sveigjanleika í kerfinu því enginn veit hver verður næstur, hver missir heilsuna næst, og einstaka sjúklingar geta verið það dýrir að þeir riðli hreinlega áætlunum frá mánuði til mánaðar.

Sömuleiðis nefndi ráðherra kjör starfsmanna. Þá vildi ég gjarnan benda á að í áætlunum er miðað við neysluvísitölu en þeir þættir sem í henni felast eru ekki að mínu mati í fullu

samræmi við það sem þyrfti í áætlunum í rekstri sjúkrahússþjónustunnar. Ég bendi sérstaklega á sem dæmi að um 67% af kostnaði Landspítala – háskólasjúkrahúss eru laun vegna starfsmanna.

Hvað snertir sameiningu spítalanna og hinn kanadíska spítala vil ég segja að ég hef líka heyrt að margir hafa verið mjög ánægðir með sameiningu sjúkrahúsanna, aðrir hafa ekki verið jafnánægðir. Við erum að bera okkur saman við milljón manns en við erum eingöngu 300.000. Á móti vil ég nefna að það er nauðsynlegt að við höfum uppi faglegan metnað og samanburð til þess að vera í takti við þróunina. Það er erfitt að halda uppi slíkum faglegum metnaði og samanburði þegar bara er um eina stofnun að ræða.

[17:01]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir að sveigjanleiki þarf að vera í fjárframlögum til sjúkrahúsa og það er oft erfitt að gera áætlanir, og það er engin tilviljun að oft hefur reynst erfitt í upphafi árs að gera áætlanir á stóru spítölunum, einmitt vegna þess sem hv. þm. nefndi að þar geta komið upp einstaklingstilfelli sem kosta miklar fjárhæðir. Við höfum dæmi um t.d. meðferðir, lyfjameðferðir, sem kosta ótrúlegar fjárhæðir, en þar kemur inn það ákvæði sem er í lögum um réttindi sjúklinga, að sjúklingar eigi að fá þá bestu lækningu sem völ er á. Það er það ákvæði sem heilbrigðisstéttir eiga að starfa eftir. Þetta er metnaðarfullt markmið en sú grein laganna kemur af fullum þunga á þessar stóru stofnanir. Þess vegna er auðvitað nauðsynlegt að sveigjanleiki sé í fjárframlögum til spítalanna, en það verður að byggjast á greiningum. Okkur hv. þm. greinir ekkert á um þetta og við höfum alltaf lagt áherslu á að það verði svo.

Ég tek einnig undir að nauðsynlegt er að styrkja vísitölu sjúkrahússkostnaðar í sessi. Hún er til. Menn hafa mælikvarða á því og það er ljóst að rekstrarvörur til sjúkrahúsa hafa hækkað meira en sem nemur verðhækkunum á almennum markaði. Það er einn af þáttunum í erfiðleikum þessara stofnana.

[17:04]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka heilbrrh. svör hans. Við erum oft sammála og iðulega sammála um það sem nauðsynlegt er að gera í heilbrigðisþjónustunni.

En ég vil benda á þá lagagrein um að veita bestu þjónustu sem völ er á hverju sinni, vegna þess að við Íslendingar höfum afskaplega lítinn samanburð á því hver er besta þjónusta sem völ er á hverju sinni þegar aðeins er um eina stofnun að ræða og getum því ekki borið okkur saman við aðra.

[17:04]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka fram varðandi samanburðinn að við búum nú sem betur fer þannig á Íslandi að heilbrigðisstéttir okkar eru menntaðar austan hafs og vestan og við leggjum okkur fram um að fylgjast með því sem best er gert annars staðar. Ég hygg því að í því tilfelli hvað varðar umrædda lagagrein og frammistöðu stóru sjúkrahúsanna verðum við að leita samanburðar við þá þjónustu sem er erlendis og ég held að íslenskar heilbrigðisstéttir, læknastéttin og hjúkrunarstéttir séu fullfærar um að gera slíkan samanburð. Þannig að í ljósi smæðar okkar verðum við að hafa þennan háttinn á.

[17:06]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kom hér fyrr í dag og lagði fram fyrirspurnir til hæstv. ráðherra eftir fyrri ræðu hans. Hér er nýbúið að auglýsa mjög vel af stjórnarliðum frv. sem á að skila myndarlegum tekjuafgangi, en það kom fram í ræðu hæstv. ráðherra að það ætti enn eftir milli 1. og 2. umr. að fara yfir uppbyggingu hjúkrunarrýma, það ætti eftir að fara yfir tryggingaþáttinn og það á eftir að fara yfir framlög til daggjaldastofnana. Og ef maður skoðar forsendurnar sem eru hérna fyrir fjáraukalögunum fyrir þetta ár, þá er alveg ljóst að þar er ekki um eðlilegar leiðréttingar að ræða í mörgum tilvikum, ekki einu sinni tekið tillit til þeirra samninga sem gerðir hafa verið á þessu ári t.d. hvað varðar sjúkraþjálfara. Mér sýnist líka að stofnkostnaður vegna sjúkrahússbygginga og heilsugæslustöðva muni aukast verulega fyrir lokaafgreiðslu þessa frv.

Ég ítreka því spurningu mína til hæstv. ráðherra, mér sýnist að þarna geti orðið um hátt í 2 milljarða að ræða að lágmarki: Vill hæstv. ráðherra staðfesta það að þarna sé um algjöra lágmarkstölu að ræða? Og í öðru lagi: Hefur hæstv. ráðherra trú á því að ráðherrar Sjálfstfl. muni fallast á að útvíkka fjárlagaramma heilbr.- og trn. sem þessu nemur?

[17:08]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil svara því til að fullkomin samstaða er um það innan ríkisstjórnarinnar að fara yfir þá þætti sem ég hef nefnt og út af standa í frv. Það má heldur ekki gleyma því að þingið, Alþingi, er að fara yfir frv. Ég treysti því hv. fjárln. einnig, sem þingmaðurinn á sæti í, til að fara yfir þessi mál. Hitt er annað mál að samstaða er um að fara yfir þessi mál á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Meðan þau eru í vinnslu vil ég ekki nefna tölur í því sambandi. Það er alveg ljóst að tekið er tillit til leiðréttinga fyrir hjúkrunarrýmí í fjáraukalögunum og fjárlögunum en daggjöld á dvalarheimilum eru enn til skoðunar.

Ég ætla á þessu stigi ekki að nefna tölur í þessu sambandi, en það er fullkomin samstaða um það og gengið var frá því áður en þessi frumvörp voru lögð fram að taka sér tíma í að fara betur yfir þá þætti.

[17:09]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefði verið eðlilegt þegar frv. var kynnt að fram kæmi að reikna mætti með a.m.k. milljarði í daggjaldastofnanir og að hærra framlag þyrfti vegna ýmissa annarra þátta til heilbrrn. ef þessi samstaða er. Ég heiti því að minni hlutinn, samfylkingarfólk, mun að sjálfsögðu styðja þau sjónarmið sem komið hafa fram hjá hæstv. ráðherra varðandi það að leiðrétta þurfi þennan grunn og það verður örugglega betri samstaða um það meðal stjórnarandstöðunnar og Framsfl. heldur en þeirra sem sitja í ríkisstjórn.

[17:10]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég legg áherslu á að það er vinnuregla innan ríkisstjórnarinnar að ganga sameiginlega frá þeim málum sem varða fjárlagafrv. Þess vegna er samkomulag um að skoða þessa þætti áfram. Við höfum ekki nefnt neinar tölur í því sambandi fyrr en þeirri skoðun er lokið og við vitum að ríkisstjórnin hefur sent inn tillögur fyrir 2. umr. fjárlaga um mál sem ekki hefur verið lokið þegar fjárlagafrv. er lagt

fram. Það er ekkert einsdæmi, það hefur alltaf verið svo. Ég veit að hv. þm. veit það af langri reynslu og setu sinni í fjárln. að svo er. Það er því í rauninni engin nýjung hér á ferðinni, þetta hefur verið svona í gegnum árin.

[17:11]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. heilbrrh. örlítið út í eitt lítið mál sem hann minntist á í ræðu sinni. Hann talaði um þátt launamála í útgjaldavanda heilbrigðisstofnana. Það er eiginlega nauðsynlegt að fá nánari skýringar á því varðandi samanburðinn, sem ég hef verið að dunda svolítið við hér í dag, við árið 1999, vegna þess að þegar Ríkisendurskoðun hafði tekið saman yfirlit yfir þennan vanda, þá komst Ríkisendurskoðun m.a. að þeirri niðurstöðu að að verulegu leyti mætti rekja þennan vanda til afleiðinga kjarasamninga sem gerðir voru á árinu 1997–1998. Einnig kom fram að það væri ljóst að framkvæmd þessara kjarasamninga sem þarna voru gerðir höfðu farið á allt annan veg en stjórnvöld hugðu. Og einnig eins og segir að að því er virtist gerðu stjórnendur margra stofnana sér ekki grein fyrir hvaða launahækkanir fólust í reynd í þeim samningum sem þeir gerðu og skrifuðu undir.

Þetta var til umfjöllunar á þeim tíma og gerðar voru tillögur og samþykktar reglur sem átti að framkvæma. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvernig til hafi tekist frá þeim tíma og hvort ég hafi skilið hæstv. ráðherra rétt að í raun og veru væri þessi vandi enn til staðar og að verið væri að gera samninga á stofnununum sem virðast fara svipaða leið og þeir gerðu árið 1999.

Einnig er athyglisvert sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að launaþátturinn hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi hafi aukist um 8,3 milljarða frá 1997, ef ég hef tekið rétt eftir. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi í fórum sínum hliðstæðar tölur fyrir Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, vegna þess að komið hefur fram hjá forsvarsmönnum þeirrar stofnunar að þeir telji sig ekki hafa fjármagn til þess að ljúka samningsgerð við starfsfólk sjúkrahússins.

[17:13]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki sambærilegar tölur fyrir Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, en ég get aflað þeirra að sjálfsögðu.

Hins vegar varðandi launaþáttinn, þá vil ég taka það skýrt fram að ég var að draga þetta fram til þess að skýra aukninguna á útgjöldum til heilbrigðiskerfisins, en það er reglan að launaþátturinn er bættur, en þetta sýnir aukninguna á útgjöldunum. Ég er að draga þetta fram til að skýra þá aukningu sem orðið hefur á útgjöldum til heilbrigðiskerfisins, þetta er meginskýringin. Vandinn er einnig af ýmsum öðrum toga.

Ég sagði það fyrr í umræðunni að svokallaðir aðlögunarsamningar hafa verið mörgum forstöðumönnum erfiðir og ég tel að styrkja þurfi þá framkvæmd í sessi. Það er sem betur fer svo að gerðir hafa verið launasamningar við flestar heilbrigðisstéttir. Það á eftir að fá úrskurð um kjör heilsugæslulækna sem er væntanlegur, en að öðru leyti er friður á vinnumarkaði í heilbrigðiskerfinu.

[17:15]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að heyra hjá hæstv. heilbrrh. að það sem áður hefur komið fram hjá mér í þessari umræðu varðandi líkinguna við árið 1999 er ekki sú lýsing sem hæstv. forsrh. hafði í stefnuræðu sinni sem greinilega á við í þessu máli. Það er ekki um sama vanda að ræða og var þá eins og fram kemur mjög skýrt að því er ég tel í svari hæstv. heilbrrh. Það er við annan vanda að etja og af öðru tagi þannig að ég vænti þess að fjárln. muni nú á milli umræðna fara vel yfir þennan þátt. Það er ánægjuefni að það eru ekki samningarnir sem menn hafa misst algjörlega tökin á þrátt fyrir að hæstv. ráðherra tali um að styrkja þurfi framkvæmd aðlögunarsamninga.

En vegna þess sem hæstv. ráðherra sagði, að hefðin væri sú að bæta launaþáttinn þá velti ég fyrir mér í þessu samhengi því sem ég minntist á í fyrra andsvari mínu varðandi Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, þar sem forstöðumenn þeirrar stofnunar telja sig ekki hafa fjármagn til þess að ljúka samningsgerð við starfsfólk sitt, hvort þeir séu þá svo ábyrgir sem forstöðumenn að það sé þess vegna og vilji ekki ganga lengra vegna þess, þrátt fyrir þetta sem hæstv. ráðherra sagði, að venja væri að bæta launaþáttinn.

[17:16]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kannast vel við þá umræðu sem verið hefur um Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og launamál þar. Það er alveg rétt að þar hafa menn lagt á það áherslu að vita hvar þeir standa áður en þeir fara í aðlögunarsamninga. Það er eitt af þeim málum sem hefur verið til meðferðar hjá okkur.

[17:17]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Þessi umræða um fjárlagafrv. hefur að þessu sinni snúist meira en oft áður um afmarkaðan málaflokk en frv. í heild, efnahagsforsendur þess og aðrar forsendur sem það hvílir á. Hins vegar má segja að umræðan um heilbrigðismál sé eðlileg í ljósi þeirrar umræðu sem verið hefur í þjóðfélaginu síðustu vikurnar og hins, að heilbrigðismál eru um einn fjórði hluti af útgjöldum ríkissjóðs. Því er eðlilegt að menn ræði töluvert um almenn atriði sem lúta að þeim málaflokki, pólitíska stefnumörkun og annað sem því viðkemur.

Heyra hefur mátt fullyrðingar að undanförnu í þá veru að kerfið sé svo dýrt að engu tali tekur, að það sé dýrasta kerfi í heimi og einkennist af óráðsíu og sóun. Það hefur líka mátt heyra þær fullyrðingar að vandi í kerfinu sé ekki sá að það vanti meiri peninga til þess að standa undir þeirri þjónustu sem þarf að veita heldur þurfi að gera skipulagsbreytingar. Formaður þingflokks Samfylkingarinnar hefur m.a. sett fram þessi sjónarmið á vefsíðu sinni sem mér þykir dálítið sérstök og úr takt við aðrar raddir frá sama flokki sem hafa verið í þá veru að Framsfl. hafi ekki staðið sig nógu vel með heilbrigðismálin og ekki náð að skaffa nógu mikla peninga, þess vegna sé vandinn til kominn sem uppi er. Það er dálítið merkilegt að frá aðalstjórnarandstöðuflokknum kemur gagnrýni á Framsfl. úr tveimur ólíkum áttum. Annars vegar fyrir það að hann standi ekki fyrir nauðsynlegum skipulagsbreytingum og hins vegar að skaffa ekki nóga peninga til þess að unnt sé að veita þá þjónustu sem þörf er á.

Ég held að það sé rétt að fara aðeins yfir þetta vegna þess að það má ekki vera þannig í umræðunni að almenningur standi í þeirri meiningu að útgjöld til heilbrigðismála séu með þvílíkum endemum hér á landi að engu tali taki og um sé að ræða einhverja sóun. Menn mega heldur ekki standa í þeirri meiningu að hér sé um að ræða einhverja sveltistefnu þannig að einstakir flokkar sem standa að ríkisstjórn standi sig ekki nægilega vel í þessum efnum.

Ég hef skoðað dálítið upplýsingar um kostnað við íslenska heilbrigðiskerfið og aflað mér upplýsinga um hver hann er erlendis til þess að hafa samanburð, því við verðum að hafa samanburð okkar kerfis við önnur erlend til að geta lagt mat á hvernig okkur hefur til tekist. Það er eðlilegast að leita á tvo staði, annars vegar til OECD sem hefur mjög vandaðar upplýsingar um samanburð á milli landa á kostnaði til heilbrigðismála og hins vegar upplýsinga af vettvangi Norðurlanda. Það er sjálfsagt og eðlilegt að líta á það.

Skemmst er frá því að segja að samkvæmt upplýsingum frá OECD er kostnaður við íslenska heilbrigðiskerfið sá sjötti hæsti af aðildarþjóðum þess árið 2000, sá sjötti hæsti, ekki sá hæsti, ef við miðum við landsframleiðslu. Ef hins vegar er miðað við útgjöld á mann og fært til jafnvægis miðað við mismunandi verðlag á milli landa þá erum við í fjórða sæti. Þessar tölur, þessi samanburður sýnir að við erum í efri mörkunum, en fjarri því að vera hæstir og alls ekki langhæstir eins og ætla mætti.

Síðan kemur það til viðbótar að fyrrv. heilbrrh. Alþýðuflokksins fékk hingað tvo sérfræðinga fyrir nokkrum árum til þess að gera úttekt á þessum kostnaði hérlendis í samanburði við þær stærðir sem eru notaðar til þess að mæla þessar tölur innan annarra landa OECD. Þeir komust að þeirri niðurstöðu að af þeim kostnaði sem við teljum fram sem útgjöld til heilbrigðismála þurfum við að draga frá ákveðin útgjöld til þess að við séum að bera saman nákvæmlega sömu útgjöld milli Íslands og annarra OECD-landa en þessi útgjöld eru talin með framlögum til félagsmála í öðrum löndum. Þeir töldu að draga þyrfti frá íslensku tölunum um 0,8–1% af landsframleiðslu til þess að vera með algerlega samanburðarhæfar stærðir. Ef við gerum það fyrir árið 2000 kemur í ljós að kostnaðurinn, heildarkostnaðurinn við íslenska kerfið, var um 8% af vergri landsframleiðslu það ár sem er nákvæmlega það sama og meðaltal OECD-landanna það ár og nákvæmlega sama og meðaltal Evrópusambandslandanna það ár. Þessi samanburður milli landa innan OECD færir okkur því þær niðurstöður að við séum með kostnað sem er samkvæmt meðaltali þessara 26 landa. Það stendur ekki undir þessum upphrópunum um sóun í kerfinu. Þær fullyrðingar hafa því verið afsannaðar og hraktar heim til föðurhúsanna.

Svo getum við skoðað útgjöld í samanburði við önnur Norðurlönd og til þess að vera algerlega samanburðarhæf vegna skilgreininga á útgjöldum milli heilbrigðismála og félagsmála þá skulum við taka saman bæði heilbrigðis- og félagsmál. Þá kemur í ljós að Íslendingar eru með langsamlega lægstu útgjöldin mælt sem hlutfall af vergri landsframleiðslu til samanlagðra heilbrigðis- og félagsmála af öllum fimm Norðurlöndunum.

Báðar þessar mælingar sýna því að kostnaður við íslenska kerfið er mjög svo hóflegur, sérstaklega þegar horft er til þess að kerfið er mjög gott eins og menn geta kynnt sér í öðrum skýrslum og ég hef ekki tíma til að rekja hér nánar.

Herra forseti. Þetta vildi ég að kæmi fram mjög rækilega þannig að fullyrðingar og upphrópanir um einhver óskapleg útgjöld sem menn þurfa að gefa skýringar á geta ekki stuðst við samanburðarmælingar á heildarútgjöldum milli Íslendinga og annarra landa. En kostnaður hefur aukist á undanförnum árum. Ekki skal dregin nein fjöður yfir það enda sjáum við það í öllum tölum, bæði fjárlagafrv. og öðru.

En við sjáum það líka í tölum frá OECD að árlegur vöxtur á Íslandi á tíunda áratugnum, árunum 1990–2000, er 2,9% á Íslandi. Það er minna en meðaltal OECD-landanna sem er 3,3%. Yfir tíu ára tímabil er árlegur vöxtur heilbrigðisútgjalda á Íslandi undir meðaltali OECD-landanna, hvort sem við mælum það sem vöxt á útgjöldum eða hlutfall af landsframleiðslu.

Ef ef við reynum að átta okkur á hverjar séu helstu skýringar á þeirri hækkun sem orðið hefur á undanförnum árum hérlendis og skoðum ekki lengur alþjóðlegan samanburð þá sjáum við samkvæmt upplýsingum úr heilbrrn. að launavísitala opinberra starfsmanna og bankamanna hefur á síðustu fimm árum hækkað um 60%. Launaútgjöld í íslenska heilbrigðiskerfinu eru um 70% þannig að það segir sig sjálft að þegar menn hækka launin mjög mikið í þessari starfsemi þá hlýtur það að þýða mjög mikla aukningu á útgjöldum.

Við sjáum t.d. samkvæmt sömu upplýsingum að samningar við Læknafélag Íslands hafa hækkað útgjöld til lækna sem starfa hjá ríkinu frá janúar 2001 til dagsins í dag, á innan við tveimur árum, um 30,5%. Útgjöld til lækna hafa hækkað á innan við tveimur árum, samningsbundin útgjöld, um 30,5%. Í Danmörku sá ég tölur um að á þriggja ára tímabili, 1996–1999, hækkuðu laun til lækna árlega um 2%, þ.e. 2% á ári yfir þriggja ára tímabil. Hér er hækkunin yfir 30% á tæplega tveimur árum. Og til sjúkraliða hefur hækkunin verið 30,8%, til hjúkrunarfræðinga 14,4% og þannig má áfram telja.

Það er því alveg ljóst að íslenska ríkið hefur verið að gera kjarasamninga um gríðarlegar kauphækkanir, enda er það í takt við það sem verið hefur í þjóðfélaginu á undanförnum árum, að kaupmáttur hefur vaxið um fjórðung síðan 1995 eða 1996. Halda menn að það kosti ekki peninga að bæta kjörin? Auðvitað gerir það það, herra forseti. Það gefur augaleið og er ekkert er nema gott um það að segja í sjálfu sér. En þá þurfum við líka að líta til þess þegar menn leita að skýringum hvers vegna þessi útgjöld hækka.

[17:28]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var athyglisvert að hlýða á ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, sérstaklega upphaf ræðunnar þar sem hann tók svolitla sveigju á leið sína og tilkynnti að hann væri hér aðallega að svara misvísandi gagnrýni frá forustu Samfylkingarinnar, en eyddi síðan nær öllum ræðutíma sínum í að skjóta á samstarfsflokk Framsfl. í ríkisstjórninni.

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt í framhaldi af þessari ræðu hv. þm. að spyrja hann hvaða skilning hann leggi í nokkrar setningar sem ég ætla að lesa fyrir hann:

„Framlög til heilbrigðismála eru há hér á Íslandi miðað við önnur ríki, hvaða mælikvarði sem notaður er. ... Heilbrigðiskerfið er ekki hafið yfir gagnrýni og í raun óábyrgt að halda því fram að stórkostlega fjármuni vanti til heilbrigðismála."

Og að lokum, herra forseti:

„Það gengur ekki að ítrekað séu lagðir fram miklir fjármunir til að leysa rekstrarvanda sem skýtur svo aftur upp kollinum óðar en við er litið."

Herra forseti. Það væri fróðlegt að fá að heyra hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni hvaða skilning hann leggi í þessi orð sem viðhöfð eru um heilbrigðiskerfið á Íslandi.

[17:29]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er búinn að rekja að stór hluti af útgjaldaaukningu undanfarinna ára í íslenska heilbrigðiskerfinu er kominn til vegna launahækkana, samningsbundinna

launahækkana. Formaður þingflokks Samfylkingarinnar hefur haldið því fram á heimasíðu sinni að vandinn sé ekki að það vanti meiri peninga heldur þurfi skipulagsbreytingar. Ég hlýt að kalla eftir því að Samfylkingin rökstyðji þessa fullyrðingu. Hvers konar skipulagsbreytingum er flokkurinn að kalla eftir? Er hann að gera kröfu til þess að meira af þeirri starfsemi sem veitt er og þjónustu í heilbrigðiskrefinu verði færð út úr spítölunum og heilsugæslustöðvunum yfir á einkamarkaðinn? Er það skipulagsbreytingin?

Við höfum nýlegar skýrslur Ríkisendurskoðunar sem sýna okkur kannski að sá vandi sem helst er hægt að tala um er að útgjöld til sérfræðinga utan spítala hafa hækkað langt umfram það sem menn hafa haldið að hann ætti að gera og talið hafa rétt. Það er ekki hægt vegna þess að menn hafa valið þann kost að segja að samkeppni eigi að ríkja milli sérfræðinga. Samkeppnisstofnun hefur kveðið upp þann úrskurð að ekki megi takmarka fjölda þeirra sérfræðinga sem bjóða fram þjónustu sína þannig að fyrir nýjan sérfræðing nægir að tilkynna sig til Tryggingastofnunar ríkisins og segja: „Ég er mættur til starfa." Þá fær hann ákveðinn einingafjölda á hverju ári til að veita sjúklingum sínum þjónustu.

Er það skipulagskerfið sem Samfylkingin er að kalla eftir þar sem menn geta bara mætt til leiks og það er engin samkeppni heldur starfa þeir saman sem eru í sömu grein? Hvar er samkeppnin í því? Hvar er hagræðið fyrir ríkið eða sjúklingana?

Herra forseti. Ég segi að á meðan menn tala svona óljóst í þessum efnum þá er engin leið að fallast á að leiðin í íslenska heilbrigðiskerfinu liggi út á einkamarkaðinn.

[17:31]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var athyglisvert að hv. þm. brást ekki við með því að segja mér hvernig hann skyldi þær tilvitnanir sem ég fór með en svaraði þeim hins vegar óbeint og á svipaðan hátt og ræða hans gekk út á líka, þ.e. með því að fara í allt aðra átt. Það var nú sagt í gamla daga að sumir væru að skamma Albaníu í staðinn fyrir aðra. Við könnumst við þessa leið.

En málið er ósköp skýrt. Auðvitað þarf að gera ákveðnar skipulagsbreytingar í heilbrigðiskerfinu eins og öllum öðrum kerfum ef það á að vera hægt að spara eitthvað. Hins vegar er líka ljóst að það vantar meiri fjármuni inn í kerfið. Ég held að við hv. þm. séum nokkuð sammála um það. Hann nefndi einmitt dæmi sem ég ætlaði að koma með varðandi sérfræðingana og þá þróun sem þar hefur átt sér stað.

Herra forseti. Ég held að ég verði að endurtaka spurningu mína frá því áðan. Ég ætlast til þess að hv. þm. segi mér hvernig hann skilji þau orð sem ég las hér úr nýfluttri ræðu úr þessum stóli.

[17:32]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er afar sláandi að talsmaður Samfylkingarinnar í þessari umræðu víkur sér ítrekað undan því að útskýra hvaða skipulagsbreytingu flokkur hans er að kalla á í heilbrigðiskerfinu. Hver er sú skipulagsbreyting sem flokkur hans telur að þurfi að grípa til í heilbrigðiskerfinu?

Ég vek athygli á því að vilji menn færa mikið af þjónustunni út á einkamarkað þannig að þeir einstaklingar sem starfa algjörlega sjálfstætt veiti þá þjónustu þá verður auðvitað, til þess að unnt sé að fallast á að fara slíka leið, að vera algjörlega tryggt að þjónustan við sjúklinginn sé jafngóð og hún er í dag undir handarjaðri opinberra stofnana og að gæðunum hraki ekki. Það er algjört grundvallaratriði í allri umræðu sem menn kunna að taka um skipulagsbreytingu í heilbrigðiskerfinu.

[17:34]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að mörgu leyti er grunntónninn í ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar mér mjög að skapi. Ég er sammála flestu því sem þar kom fram. Hann setti inn í samanburðardæmi útgjöld Íslendinga til heilbrigðismála og til heilbrigðis- og félagsmála. Hann benti á að þegar dæmið væri skoðað heildstætt þá stæðum við Norðurlandaþjóðunum að baki, en þegar litið væri til heilbrigðismálanna einna þá kæmi í ljós að Íslendingar stæðu öðrum ekki að baki en við þyrftum þó að bæta okkur á ýmsum sviðum.

Ástæðan fyrir því að ég kem upp í andsvari eru athugasemdir hans um launamálin og að það sé fyrst og fremst vegna launasamninga sem heilbrigðisútgjöldin hafi farið úr skorðum. Hann nefndi launahækkanir upp á 60%, held ég, og kom síðan með samanburð ýmissa stétta.

Ég held að við þurfum að gæta okkar mjög þegar við förum út í samanburð af þessu tagi og horfa þá á launaþróunina til mjög langs tíma, sérstaklega ef við erum að bera saman launaþróun einstakra stétta. Þær eru með samninga lausa á mismunandi tímum og það getur mjög raskað þessum samanburði.

Á hitt ber að líta einnig, að launavísitala opinberra starfsmanna tekur á grunnlaunanum. Það hefur verið að gerast núna á síðustu árum og missirum sérstaklega að yfirvinna hefur verið færð inn í grunntaxtann. Það þýðir að launin hafa ekki endilega hækkað í samræmi við launavísitöluna eða grunntaxtann. Það gefur því ekki fulla mynd þegar sagt er að launavísitalan hafi hækkað sem þessu nemur, 60%. Við erum ekki þar með að tala um launahækkanir að þessu leyti.

[17:36]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað tala staðreyndirnar sínu máli (**Gripið fram í:** Nei, nei.) og síðan geta verið á þeim ýmsar skýringar. Ég skal ekkert draga það í efa sem hv. þm. sagði. Ég hef ekki kynnt mér það allt til hlítar. Fyrir liggur að launavísitalan á fimm ára tímabili almennt yfir allan launamarkaðinn hefur hækkað um 45%. En launavísitala opinberra starfsmanna og bankamanna hefur hækkað um tæplega 60%. Ef maður tekur bankamennina út úr og skoðar bara opinberu starfsmennina þá er það yfir 60%. Því er alveg ljóst að stjórnarflokkarnir hafa verið að bæta kjör opinberra starfsmanna. Menn þurfa ekkert að verja það. Það er bara ákvörðun sem menn taka. Ég held að fjmrh. geti verið stoltur af því að hafa staðið að því. Hins vegar þýðir það auðvitað að útgjöldin aukast. Menn verða auðvitað að hafa í huga að það fylgir því.

Ef við skoðum útgjöld til Landspítalans á þessu tímabili og tökum saman Borgarspítalann til að hafa tölurnar saman þá hefur orðið, eins og bent hefur verið á, veruleg hækkun á framlögum til spítalans, eða yfir 10% á ári að meðaltali.

Þegar þessi hækkun er skoðuð kemur í ljós að langstærstur hluti hennar, eða um 74%, er hækkun vegna samningsbundinna launa eða verðlagsbóta. Það er langstærsta skýringin á þessum hækkunum á umræddu árabili.

[17:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins aftur um launasamanburðinn. Þá er fyrst á það að líta að launavísitölur á almennum launamarkaði og launavísitölur hjá hinu opinbera eru reiknaðar út á mismunandi hátt. Annars vegar, og það gildir um hið opinbera, liggja allar þessar upplýsingar fyrir. Í hinu tilvikinu er byggt á úrtaki og það úrtak hefur iðulega ekki reynst vera trúverðugt. Ég vil vekja athygli á því að oft hefur verið misræmi þarna á milli.

Á hitt legg ég áherslu að þegar talað er um launavísitölu opinberra launa, vísitölu sem notuð er inni í lífeyrissjóðakerfinu, þá er verið að tala um föst laun en ekki heildarlaun.

[17:39]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil að þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir hans tölfræðilegu upplýsingar.

Ég vil benda á nokkur atriði í þessu sambandi. Ég ræddi um nauðsyn á kostnaðargreiningu og raunhæfan samanburð við önnur lönd sem fæst eingöngu með nauðsynlegri kostnaðargreiningu og ég talaði ekki heldur um annað en að hægja á þróun kostnaðar í heilbrigðisþjónustu. Ég vil nefna að gæði hafa verið mikil. En við verðum líka að taka tillit til þess í sambandi við launamál að þar er um alþjóðlega þekkingu og menntun að ræða og menn bera sig mjög saman við hvað gerist annars staðar í nágrannalöndum okkar.

Síðast vil ég nefna að mér þykir ákaflega leitt hvernig umræðan um útgjöld til sérfræðinga hefur verið að undanförnu og sjá hvernig farið hefur verið með tölur um greiðslur til einstakra sérfræðilækna þar sem greiðslur hafa dreifst á stofum og sérstaklega aðgerðastofum til allra starfsmanna á lækningastofunni ásamt kostnaði við reksturinn og það hefur verið talið til heildartekna einstakra lækna sem hafa verið skrifaðir fyrir rekstrinum. Það er mjög mikill misskilningur og leitt er að slíkur málflutningur skuli hafa farið fram.

[17:41]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er algjörlega sammála hv. þm. um nauðsyn þess að hafa kostnaðargreininguna í lagi þannig að menn hafi fullkomna vitneskju um kostnað við einstakar aðgerðir og geti borið það saman eftir ólíkum rekstrarformum. Ég held að slíkt þurfi að vera og ég held að það standi dálítið upp á ríkið að hafa það í lagi. Ég er alveg sammála þingmanninum í þeim efnum.

Ég vil bara taka fram fyrir mitt leyti að af minni hálfu er enginn misskilningur um þessar tölur um greiðslur til sérfræðinga. Mér er alveg ljóst að þetta eru brúttótölur. Þetta eru greiðslur fyrir verkið og af þeim greiðslum greiða þeir síðan kostnað sem þeir hafa við að framkvæma verkið, auk eigin launa. Af minni hálfu er því enginn misskilningur um það þannig að umvandanir þingmannsins eiga þá væntanlega við um aðra sem hafa kannski fjallað um þetta af ónákvæmni.

Ég vil bara segja að lokum, herra forseti, að ég vil ekki ræða um þessi launamál eða heilbrigðismál á þeirri forsendu að stærsta málið séu launamálin og að þau hafi hækkað svona mikið og allt það. Þau hafa gert það og það eru ákveðnar skýringar á því og ekkert er við það í sjálfu sér að athuga. En það sem ég dreg fram er að kostnaðurinn við íslenska heilbrigðiskerfið er mjög hóflegur í samanburði við OECD-löndin. Það er punctum saliens í málinu. Kostnaðurinn við íslenska kerfið er hóflegur. Íslenska kerfið er mjög gott og kannski má segja með sterkum rökum, þótt maður geti ekki fullyrt eða sannað það algerlega, að það sé besta kerfi í heimi. Að geta rekið slíkt kerfi fyrir þann kostnað sem er í raun og við sjáum hver er í alþjóðlegum samanburði, tel ég vera gífurlega vel að verki staðið, bæði af hálfu þeirra sem starfa í greininni og af hálfu opinberra aðila.

[17:43]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka svar hv. þm. og legg áherslu á að nauðsynlegt er að hafa samanburð við önnur lönd. Það er líka nauðsynlegt að hafa launaþáttinn í lagi því að lækningar, hjúkrun og annað í heilbrigðisþjónustunni er meginþátturinn í uppbyggingu þjónustunnar sjálfrar. En ég held og ég tel að það sem hefur komið hér fram í dag um að fólk sé að leyfa sér að benda á möguleika á ólíkum rekstrarformum sé rétt leið til að skoða heilbrigðisþjónustuna. Við eigum að vera óhrædd við að leita eftir mismunandi rekstrarformum og gera það á raunhæfum grundvelli.

[17:44]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hingað til lands kom maður fyrir fáeinum dögum sem hefur reynslu af ólíku rekstrarformi. Það var heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna og hann varaði okkur við því að fara út á þá braut sem Bandaríkjamenn hafa farið út á. Hann varaði okkur við því að fara inn á þá braut sem Sjálfstfl. boðar. Reyndar hefur það vakið furðu mína við þessa umræðu hve mjög hart sjálfstæðismenn sækja núna á um að einkavæða innan heilbrigðisþjónustunnar. Það má ekki kalla þetta einkavæðingu segja þeir. Nú á að kalla einkavæðinguna einkarekstur. Það er allt annað, segja menn, vegna þess að sjúklingarnir eiga ekki að borga, skattborgarinn á að greiða en einkaaðilar eiga að koma að þessum rekstri.

Ja, það er nú svo með sjúklingana, sjúklingagjöldin og kostnaðargreininguna sem hér hefur verið til umræðu, að ég held að mjög gagnlegt væri að fara svolítið nánar ofan í kjölinn á því efni. Það hefur nefnilega verið gerð á þessu könnun, hún var framkvæmd á vegum BSRB sl. haust. Og tilefnið var að fram höfðu komið tölur, samanburðartölur hjá OECD, um kostnaðarhlutdeild sjúklinga. Á þessum tölum var að skilja að kostnaðarhlutur sjúklinga hefði farið minnkandi á síðustu árum þannig að það var ákveðið hjá BSRB, þar sem ég þekki nokkuð til, að fylgja nokkrum sjúklingum eftir. Teknir voru nokkrir einstaklingar sem voru hrjáðir af tilteknum algengum sjúkdómum — þetta var gert í samráði við lækna, færustu menn — og þeim fylgt í gegnum meðferð á fimm ára fresti, 1990, 1996 og síðan 2001, og athugað á raunvirði í dag, uppreiknuðu verði, hvað þeir greiddu úr eigin vasa. Þegar þetta var skoðað kom í ljós að útgjöld einstaklings sem var þjáður af lungnaþembu höfðu hækkað um 733% að raunvirði. Árið 1990 greiddi hann 8.500 kr. en 2001 70.900. Ég tek annað dæmi, þunglyndissjúklingur sem árið 1990 greiddi 19.626 kr. greiddi árið 2001 53.388 kr. Kostnaðaraukningin hjá honum hafði orðið mest á árunum 1990–1996, 177,83%, en síðan dró heldur úr þessum kostnaði 1996–2001. Samanlagt var hækkunin rúmlega 172%. Það mætti taka ofnæmissjúkling sem 1990 greiddi 19.481 kr. en 2001 57.067 kr. Þetta eru raunverulegar fjárhæðir sem sjúklingurinn þarf að taka upp úr sínum vasa.

Við megum aldrei gleyma því í þessum samanburðartölum, þegar við erum með tölur OECD undir, að þær eru

náttúrlega mjög grófar. Það er hlutfall af umfangi efnahagsstarfseminnar hverju sinni. Þær gefa ákveðna vísbendingu en segja að sönnu ekki allan sannleikann. Þetta segir hins vegar þann sannleika sem snýr að hverjum og einum, hvað það kostar að vera veikur á Íslandi. Það er dýrara að vera veikur á Íslandi í dag en það var fyrir 10 árum. Þetta eru staðreyndir. Og þetta á að vera okkur áhyggjuefni.

Víkjum nú aftur að málflutningi Sjálfstfl. í þingsal sem hefur haft uppi grimman áróður um að við hefjum einkavæðingu á heilbrigðiskerfinu. Hér kom ágætur þingmaður, hv. þm. Ásta Möller, í dag og spurði hvort ég þekkti ekki muninn — eða öllu heldur hvort ég væri andvígur því að hér væru reknar öldrunarstofnanir á vegum Grundar eða sjómannasamtakanna, Dvalarheimila aldraðra sjómanna. Hún sagði að þetta væru ekki opinberar stofnanir í eiginlegum skilningi og spurði hvort ég væri þá á móti þeim þegar ég talaði gegn einkarekstri. Nei, alls ekki. Ég hef aldrei verið andvígur því, og það á við um okkur öll í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, við höfum aldrei verið andvíg stofnunum sem hér hafa verið starfandi og eru sprottnar upp úr samtökum sjúklinga eða verkalýðshreyfingar og reka starfsemi af þessu tagi án þess að sækjast eftir arði, án þess að gera það í ábataskyni. Við höfum aldrei verið andvíg slíkri starfsemi. Það sem við andæfum og vörum við er að hleypa hagnaðar- og gróðasjónarmiðum inn á spítalaganginn og inn í skólastofuna í grunnskólum landsins. Það er þetta sem við erum að vara við, og það var þetta sem heilbrrh. Bandaríkjanna varaði við.

Hér í fjárlagafrv. er gerð grein fyrir framlagi til dvalarheimila aldraðra. Hér er heilmikill listi yfir framlagið þar. Þar eru líka þær stofnanir sem ég vísaði til. Ég ætlaði að fletta upp á Sóltúni sem Öldungur hf. reisti og fann ekki en fann það síðan á annarri síðu því hér segir, með leyfi forseta:

„Í töflunni hér að neðan“ — og það er vísað til þessarar töflu hér þar sem dvalarheimilin öll eru skilgreind — „eru öll hjúkrunarheimili nema Sóltún í Reykjavík en það heimili fær framlög samkvæmt sérstökum samningi. Á Sóltúni eru 92 hjúkrunarrými og heildargjöld eru áætluð 679 millj. kr. á næsta ári miðað við fulla nýtingu, þar af eru 102 millj. kr. vegna húsnæðiskostnaðar.“

Þarna er talað um 92 hjúkrunarrými. Tökum nú dvalarheimili aldraðra af svipaðri stærðargráðu. Eigum við að taka Sólvang í Hafnarfirði? Þar eru 96, aðeins fleiri en þessi 92 á Sóltúni. En hvert er heildarframlagið til Sólvangs í Hafnarfirði? Það eru rúmlega 453 millj. En eins og ég gat um áðan eru 679 millj. kr. til Sóltúns. Og menn segja að þarna sé inni húsnæðiskostnaðurinn líka sem Sóltún fær ókeypis, að fullu greiddan frá ríkinu, ekki hinir, aðeins að hluta til eftir slíkum leiðum. En ef við tökum þann kostnað frá standa eftir 577 millj. sem er talsvert hærri tala en 453 millj. sem Sólvangur í Hafnarfirði fær. Hvernig stendur á þessum mun? Ríkisendurskoðun var falið að kanna í hverju hann væri fólginn. Ríkisendurskoðun sagði — og ég mun gera grein fyrir því síðar, við 2. umr., við annað tækifæri — að hann væri tilkominn vegna hagnaðar sem eðlilegt væri — ég er nú ekki sammála ríkisendurskoðanda að því leyti — að slíkir rekstraraðilar tækju út úr þessari starfsemi.

Og síðan er Sjálfstfl. að tala um að kanna önnur rekstrarform. Hvað er þetta? Við höfum það hér svart á hvítu. Þetta er miklu kostnaðarsamara fyrir skattborgarann en sú leið sem Íslendingar hafa farið, að byggja á sköttum og samneyslu og að bægja frá okkur þeim aðilum sem ætla að hafa arð út úr þessu kerfi.

Að lokum, herra forseti, langar mig að gera eitt að umræðuefni. Í vor ritaði kona nokkur, sem er atvinnulaus, forsrh. landsins bréf og sendi samrit til félmrh. Hún sagðist vera atvinnulaus og gæti ekki lifað af atvinnuleysisbótum sínum. Hún vísaði í mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 25. grein mannréttindayfirlýsingarinnar þar sem segir að fólk skuli hafa rétt til lífskjara til verndar eigin heilsu og vellíðan og fjölskyldu sinnar. Og hún sagði: „Hvernig á ég að geta dregið fram lífið af því sem mér er skammtað?“ Lengi vel var hún ekki virt viðlits. Síðan fékk hún bréf frá félmrn. þar sem segir að nú hafi atvinnuleysisbæturnar verið hækkaðar og því standist þessi kjör allar alþjóðlegar skuldbindingar sem Íslendingar hafa tekist á herðar, þar á meðal mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.

Hver eru þessi kjör? Hver skyldu þessi kjör vera? Hvað skyldu atvinnulausir fá greitt í mánuði hverjum? Þeir fá 73.765 kr. Hvar er þetta fólk að finna í sólskini hæstv. fjmrh. Geirs H. Haardes? Ég held að sólin skíni ekki á þetta fólk, a.m.k. ekki úr frv. ríkisstjórnarinnar.

[17:54]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil gjarnan koma að heilbrigðisþætti hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Það er ánægjulegt að ummæli heilbrrh. Bandaríkjanna um ágæti íslenskrar kúamjólkur hafi orðið til þess að Bandaríkin hafi hækkað í verði hvað snertir álit Íslendinga á ummælum heilbrigðisyfirvalda í Bandaríkjunum.

Bandaríkin reka ekki eitt heilbrigðiskerfi, þau reka mörg heilbrigðiskerfi. Það hefur verið ákaflega áhugavert að fylgjast með þróun þeirra kerfa. Mörg þeirra eru ágæt og sum hver eru mjög slæm. Við ættum frekar að læra af þeim heldur en að agnúast út í þau.

Ég vil líka nefna í sambandi við kostnaðarhlutdeild sjúklinga að sjálfstæðismenn hafa lagt mikla áherslu á að það yrði þak á greiðslum sjúklinga og að þjónustugjöld yrðu í samræmi við hag hvers og eins.

Hvað snertir einkavæðingu heilbrigðiskerfis er einkavæðing, samkvæmt þeirri kokkabók sem ég lærði í hagdeild Háskóla Íslands, allt annað en einkarekstur og ég vil benda á að læknar og heilbrigðisstarfsmenn sem hafa starfað utan sjúkrahúsa á Íslandi á undanförnum áratugum, og svo lengi sem ég man, hafa starfað í einkarekstri sem hefur bara gengið bærilega þar sem, eins og kom hér fram, kostnaður á Íslandi við heilbrigðisþjónustu er í lægri kantinum miðað við það sem gerist í samanburðarlöndum.

[17:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna talaði um íslensku kúamjólkina, að hún væri heilnæm og heilnæmari en þekktist víðast hvar, en hann vék einnig sérstaklega að heilbrigðiskerfinu. Hann sagði að íslenska heilbrigðiskerfið væri skilvirkara, það væri ódýrara og það þjónaði þegnunum betur en hið bandaríska. Hann talaði bara um eitt kerfi. Auðvitað veit ég að það er boðið upp á margt í Bandaríkjunum en þessi maður, sem er heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna, varaði Íslendinga við því að fara út á braut einkavæðingar eða einkareksturs innan heilbrigðisþjónustunnar. Þetta eru bara staðreyndir og mér fannst fagnaðarefni að heyra það enda benda allar tölur til þess, menn væru að fara inn í óskilvirkara kerfi sem þjónaði

fólki verr, auk sem það væri miklu dýrara fyrir þá sem eiga að borga brúsann.

[17:57]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi bara nefna að vitaskuld, eins og áður hefur gilt um heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna, er hann ekki alvitur í þessum málum, og mér er spurn hvernig hann hefur kynnt sér íslenskt heilbrigðiskerfi og þann sveigjanleika sem til er í því. Ég veit að honum er vel kunnugt um agnúana á bandarísku heilbrigðiskerfi en hins vegar efast ég stórlega um að hann hafi farið vel í saumana á því sem við erum að gera hér á landi og hversu vel við skilum okkar. En ég veit að við skilum okkar kerfi mjög vel og höfum gert það á undanförnum áratugum.

[17:58]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í rauninni er þetta ekkert nýtt sem er að koma frá bandaríska heilbrigðisráðherranum vegna þess að þetta eru sjónarmið sem hafa komið frá sérfræðingum á vegum OECD sem hafa verið með samanburð á heilbrigðiskerfum víða um lönd. Þeir komust að þeirri niðurstöðu, í skýrslu sem var gerð fyrir ekki svo mörgum árum, að við nýttum fjármagnið mun betur en flestir aðrir og miklum mun betur heldur en þeir sem hefðu farið inn á braut einkavæðingar.

Hversu vel þessi bandaríski heilbrigðisráðherra kynnti sér málin hér á landi — ég veit ekki hvort hann sat fundi Verslunarráðsins eða annarra sem hafa talað fyrir því (Gripið fram í.) — ég veit ekki hvort hann gerði það eða sat slíka fundi en mér er að sjálfsögðu kunnugt um það að þeir sem vilja taka hagnað út úr þessu kerfi eru náttúrlega mjög áfram um að einkavæða það.

Það sem mér finnst vera umhugsunarefni, og þá vísa ég aftur í þann samanburð sem ég var að gera á dvalarheimilum aldraðra, er hversu miklu ríflegar er skammtað til þeirra sem reka þessi heimili sem atvinnurekstur og ætla að hafa hagnað út úr honum, hve mikil mismununin er gagnvart hinum stofnununum, fjárvana, sem sjá öldruðum fyrir dvalarrými, að það skuli vera kreppt að þeim á sama tíma og hinum er skammtað rúmlega til þess að þeir geti borgað arð út úr þessari starfsemi.

Finnst mönnum þetta virkilega hafa verið til framfara? Nei. Og að þessu leyti — ég held að ég sé ekki mjög oft sammála ráðherra í ríkisstjórn repúblikana í Bandaríkjunum — er ég sammála ráðherranum.

[18:00]

Útbýting þingskjala:

Atferlis- og eldisrannsóknir á þorski á Vestfjörðum, 52. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 52.

Framhaldsskóli á Snæfellsnesi, 113. mál, fsp. JB, þskj. 113.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 50. mál, frv. JóhS og RG, þskj. 50.

Löggæslukostnaður, 97. mál, fsp. ÍGP, þskj. 97.

Samgöngur milli lands og Vestmannaeyja, 48. mál, þáltill. LB o.fl., þskj. 48.

Samgöngur milli lands og Vestmannaeyja, 98. mál, fsp. ÍGP, þskj. 98.

Strandsiglingar, 47. mál, þáltill. JB o.fl., þskj. 47.

Vatnalög, 45. mál, frv. SJS og KolH, þskj. 45.

[18:01]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að óska eftir að fjmrh. gæti gengið í salinn eða hlustað á mál mitt. Ég hyggst hefja mál mitt með því að spyrja hann ákveðinna spurninga og er ekki alveg víst, þó hann sé nú töluglöggur og með margt á hreinu, að hann sé með þær upplýsingar við höndina og gæti þá útvegað sér þær meðan ég er að fara yfir seinni hluta þess máls sem ég ætla að ræða hér.

Ég hef í dag hlustað á mikla umræðu um heilbrigðismál og hún er svo sem búin að vera fróðleg og vonandi hafa ýmis mál skýrst í sambandi við þann málaflokk, þannig að ég hafði ekki hugsað mér að fara inn í hann sérstaklega.

Ég sé að hæstv. fjmrh. er mættur í salinn og ég vil þá byrja á því að leggja fyrir hann ákveðnar spurningar.

Hæstv. forseti. Komið hefur fram í máli fólks hér í dag, einkanlega stjórnarliða hygg ég, að heildarskuldir okkar hafi verið að lækka. Mig langar til að bera upp spurningu við fjmrh., og til að vísa til þess sem ég spyr út frá, þá spyr ég út frá töflu 9 í Stefnu og horfum, litlu hefti sem fylgdi fjárlagafrv. Yfirskrift þessarar töflu er Skuldir og kröfur opinberra aðila, og ef við lítum fyrst á efstu línuna, þá sýnist mér að heildarskuldir á verðlagi í lok hvers árs hafi verið rúmir 220 milljarðar árið 1993 og tíu árum síðar, þ.e. núna í áætlun fjárlagafrv., verði heildarskuldirnar um 333 milljarðar, á verðlagi hvers árs. Þetta er aukning um 113 milljarða, hygg ég vera.

Ef við hins vegar förum annars staðar í töfluna, þá kemur fram um raunvirði opinberra skulda á verðlagi ársins 1998 að skuldirnar í upphafi þess tímabils sem þar er sýnt eru rúmir 246 milljarðar, en í lok tímabilsins, þ.e. í áætlun fyrir 2003, 273 milljarðar.

Aðalbreytingin á milli ára núna, það kemur fram í töflunni í þessari síðari tilvitnun, er milli áranna 2001 og 2002. Spurning mín varðandi þessar upplýsingar er borin fram vegna þess að hér hefur verið fullyrt í dag að skuldir hins opinbera hafi lækkað verulega, og spurningin hljóðar svo:

Hversu mikil er lækkunin á milli áranna 2001 og 2002? Hversu mikið af henni má rekja til gengisbreytinga? Skuldirnar lækka um 30 milljarða frá árinu 2001 til áætlunar 2002 og spurningin er sem sagt hversu mikið af þessum 30 milljörðum er gengisbreyting.

Í annan stað langar mig líka til að vita: Hversu mikill hluti af þessari breytingu gæti þá t.d. tengst vaxtalækkun á dollara í Bandaríkjunum? Er hægt að svara því?

Og í þriðja lagi langar mig til að spyrja — ég hef a.m.k. ekki fundið það í frv. og kann það að vera ókunnugleiki minn — hvort fjmrh. hafi upplýsingar um hverjir meðalvextir eru af heildarlánum ríkissjóðs. Ég sé á bls. 21 í sama hefti í töflu 1 að vaxtagjöld ríkissjóðs eru 16,6 milljarðar á árinu 2002 samkvæmt áætlun. Mig langar því til að spyrja:

Hverjir eru meðalvextir sem innibera þessa tölu? Hverjir eru meðalvextir okkar á skuldum. Eru þeir 5%, 6% eða eitthvað annað?

Ef fjmrh. hefur ekki þessar upplýsingar þá vonast ég til að hann geti kannski fengið þær einhvers staðar annars staðar frá meðan ég er að fjalla um aðra hluti í máli mínu, herra forseti.

Það sem mig langar að gera sérstaklega að umræðuefni í máli mínu er skattbreytingin eins og mér virðist hún vera í frv. því það kemur fram að tekjuskattur einstaklinga er að vaxa sem hlutfall. Hann hefur vaxið úr 19% árið 2000 upp í

rúm 24% eins og gert er ráð fyrir á næsta ári, og í milljörðum er þetta 43 milljarðar á árinu 2000 og upp í 63,6 milljarða í fjárlagafrv. 2003.

Það er alveg ljóst að skattgreiðendum er að fjölga. Við vitum jú líka að gerð var breyting á hátekjuskattsþrepinu og það lækkað úr 7% í 5% sem kemur til framkvæmda á næsta ári, þannig að hátekjuskatturinn lækkar, hátekjuskattur einstaklinga lækkar, ætli það sé ekki um tæpa 2 milljarða sem hátekjuskatturinn lækkar, en tekjuskattur einstaklinga annar en hátekjuskatturinn hækkar verulega á milli ára.

Það kemur fram í blaði sem ég rak augun í og er gefið út af ríkisskattstjóra og heitir Tíund. Með leyfi forseta, langar mig til að vitna þar til ákveðinna staðreynda, en þar er grein um skattamál og álögur á þessu ári. Þar kemur fram að skattgreiðendum sem greiða almennan tekjuskatt hefur fjölgað um 6.900 manns á milli áranna 2001 og 2002. Og tekjuskatts- og útsvarsstofn hefur vaxið um 10,4% en skattleysismörk hækkuðu hins vegar aðeins um 2,6% á sama tíma.

Ég fæ ekki annað lesið út úr þessu, herra forseti, en að ástæður þess að skattbyrðin er að aukast svo mikið á einstaklinga séu ekki bara þær sem hæstv. fjmrh. nefndi hér, að laun hafi hækkað, heldur að verulegur þáttur í þessari tekjuskattshækkun á einstaklinga sé sá að persónuafslátturinn hefur lækkað og ekki haldið raungildi sínu.

Mér sýnist því að það sem hafi gerst, og kemur fram í þessu blaði ríkisskattstjóra, sé að skattgreiðendum hafi fjölgað, það eru sem sagt fleiri aðilar að borga skatt og menn greiða tekjuskatt af tiltölulega lægri tekjum en áður var.

Fjmrh. vék að því í máli sínu að ef persónuafslætti væri breytt um 1.000 krónur þá lækkaði skattbyrði á einstakling um 380 kr. og ef honum væri breytt um 10.000 þá væru það náttúrlega 3.800 kr. og þetta munaði ekki svo miklu fyrir hvern einstakling, en munaði ríkissjóð verulegum fjárhæðum. Auðvitað er það rétt hjá hæstv. fjmrh. að það munar ríkissjóð verulegum fjármunum. En það munar þann sem hefur lág laun verulegu hvort hann hafi 3.800 kr. meira í ráðstöfunartekjur eða ekki. T.d. á tilboði á kjúklingi þá gæti þetta verið 10 kg af kjúklingi svo eitthvert dæmi sé tekið.

Herra forseti. Ég vonast til þess að fá skýr svör við spurningum mínum og tek aftur til máls ef mér finnst á það vanta.

[18:12]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er nú komið að lokum þessarar umræðu sem hér hefur staðið í allan dag venju samkvæmt og hefur ýmislegt borið á góma eins eðlilegt er í slíkri heildarumræðu um fjármál ríkisins, 1. umr. um fjárlagafrv.

Mig langar aðeins í upphafi að koma örlítið að spurningum hv. síðasta ræðumanns sem spurðist fyrir um nokkur atriði varðandi skuldir ríkissjóðs, hann vitnaði í töflu um heildarskuldir hins opinbera en auðvitað koma þar við sögu auk ríkissjóðs bæjar- og sveitarfélög sömuleiðis, þannig að tölurnar um heildarskuldirnar, hvort sem þær eru á verðlagi hvers árs eða föstu verðlagi 1998, sem hv. þm. vitnaði til, eru skuldir bæði ríkis og sveitarfélaga.

Það sem ég hef hins vegar vakið athygli á er að hreinar skuldir ríkisins eru á niðurleið og ef maður tekur t.d. bara í þessari sömu töflu og hv. þm. nefndi, töflu 9 á bls. 29 í hefti I í fjárlögunum, þá kemur þar fram að skuldir ríkissjóðs t.d. á árinu 1996 voru 168 milljarðar, en verða samkvæmt áætlun okkar 151 milljarður í árslok 2003 á verðlagi þess árs. Það er því ljóst að hér hefur orðið umtalsverð raunlækkun.

Hins vegar er líka athyglisvert að virða fyrir sér í næstu töflu á undan, á töflu 8, með hvaða hætti hreinar skuldir hins opinbera eða nettólántökur eru að þróast. Þar er reyndar birt sama taflan, þ.e. sömu línurnar um nettólántökur ríkissjóðs og ég hef vakið athygli á því sem þar er sýnt í neðstu línu, að nettólántökur ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslunni, munu lækka úr tölunni 34,6 1996 í 18,4% á næsta ári með viðkomu í tölunni 19 á þessu ári, ef þessar áætlanir ganga eftir.

Það er líka rétt sem þingmaðurinn benti á, að gengisbreytingar hafa hér áhrif. Þær eru ófyrirsjáanlegar að miklu leyti þó að við höfum miðað við eina ákveðna gengisvísitölu í þessu efni í frv., þ.e. gengisvísitöluna 130. Reyndar er gengið hærra og hagstæðara í dag, gengisvísitalan mun vera u.þ.b. 128 þessa dagana. Þar er því smávægilegt borð fyrir báru sem mundi hjálpa enn frekar til ef ekki verður nýtt.

Það er ljóst að nettólánastaða ríkissjóðs, þ.e. tekin lán að frádregnum veittum lánum, hefur batnað mjög þó að inn í myndina komi hið sérstaka lán sem tekið var á síðasta ári upp á hvorki meira né minna en 25 milljarða, eingöngu til þess að styðja við bakið á Seðlabanka Íslands og styrkja gjaldeyrisstöðu hans annars vegar en auka við stofnfé hans hins vegar. Jafnframt er staðreynd að ríkissjóður ætlar sér ekki út af lánamarkaðnum hér innan lands vegna þess að hann hefur þar hlutverki að gegna og mun halda áfram að taka lán á markaðnum til að mynda grunninn í vaxtamyndunarferlinu á markaðnum. Þrátt fyrir þetta hvort tveggja er staðan, eins og sjá má á þessum töflum, mjög hagstæð.

Sem sagt: Við höfum tekið stórt lán, rúma 25 milljarða — ekki til að eyða því heldur til þess að styrkja stöðu Seðlabankans. Við höfum tekið lán innan lands til að greiða fyrir eðlilegum markaðsviðskiptum og þess háttar þó að við þurfum kannski ekki og höfum ekki endilega þurft að nota peningana í almenna eyðslu. Þetta er partur af því hlutverki sem ríkissjóðir í öllum löndum gegna á hinum almenna lánamarkaði og því hlutverki munum við halda áfram að sinna þó að við höfum ekki lengur þörf fyrir peningana í sama skilningi og áður til þess að fjármagna útgjöld ríkissjóðs. Þess er því ekki að vænta að þessar tölur hlaupi kannski ofan í núll af þeim ástæðum sem ég gat um.

Þessu til viðbótar er náttúrlega nauðsynlegt að hafa í huga að ríkissjóður þarf að velta fyrir sér ýmsum lánatæknilegum atriðum, m.a. stefnunni varðandi lánastýringu sem svo er kölluð. Til þess er sérstök stofnun, Lánasýsla ríkisins. Þar velta menn því fyrir sér á hverjum einasta degi hvernig hagkvæmast sé fyrir ríkið að haga skuldsetningu sinni. Hvenær á að borga upp spariskírteini? Hvenær á að gefa út ríkisbréf? Hvenær á að borga upp ríkisvíxla? Hvenær á að taka erlent lán o.s.frv.? Þetta eru heilmiklar pælingar og það eru sérfræðingar sem aðstoða okkur í þessu.

En það er líka athyglisvert að sjá í töflu 8 um tekin lán ríkissjóðs að á árinu 1993 var 6 millj. kr. skuld í Seðlabanka Íslands sem ríkissjóður var skrifaður fyrir, en síðan ekki söguna meir, vegna þess að ríkissjóður hætti þarna að taka lán í Seðlabankanum. Nú er honum ekki lengur heimilt að gera það. Það var náttúrlega gríðarlega mikil breyting og mikilvæg miðað við þá stjórnunarhætti sem áður tíðkuðust þegar ríkissjóður fór bara í Seðlabankann og náði sér í yfirdrátt ef ekki voru til aðrir aurar. Það er nú sem betur fer liðin tíð.

Út af spurningu þingmannsins um meðalvextina hef ég það nú ekki á takteinum en ég vil gjarnan láta taka saman þær

upplýsingar og koma þeim til hv. fjárln. og hv. þm. Þetta er náttúrlega breytilegt. Mikið af lánum okkar er með breytilegum vöxtum, annað er aftur fast, sumt er verðtryggt og þar af leiðandi verður ávöxtunin breytileg miðað við verðbólguna. En við höfum upp á síðkastið í ríkari mæli verið að færa okkur yfir í óverðtryggð lán hér innan lands. Nýlega var gefið út skuldabréf til 11 ára með föstum vöxtum sem er nýmæli hér til svo langs tíma, á ótrúlega lágum vöxtum. Mig minnir að það sé u.þ.b. 7% af því láni sem lánveitendur eru reiðubúnir að láta ríkið hafa fast til 11 ára. Það segir auðvitað heilmikla sögu um verðbólguvæntingar úti á þessum markaði.

Þetta er í stuttu máli það sem ég get sagt um þessi atriði án þess að tína til frekari upplýsingar sem ég hef gefið vilyrði fyrir. Menn hafa rætt ýmislegt varðandi skattamál einstaklinga og fyrirtækja hér í dag. Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég hef sagt um þau mál fyrr á þessum fundi, bæði í ræðu minni og í andsvörum. Ég tel að þær breytingar sem við höfum beitt okkur fyrir í ríkisstjórninni og eru komnar hér í löggjöf muni skipta miklu máli til frambúðar. Ég tel mikið hagsmunamál fyrir íslenskt atvinnulíf að geta boðið upp á þau skattakjör sem við þekkjum, 18% tekjuskatt fyrirtækja o.s.frv. Ég tel afskaplega mikilvægt, sérstaklega fyrir eldri borgara sem eiga íbúðarhúsnæði, að við erum nú að helminga eignarskattinn og getum vonandi þegar fram í sækir fellt hann niður. Það er ekki óalgengt í öðrum löndum þar sem menn eru komnir lengra með breytingar en hér á landi.

Ég fór jafnframt yfir þau atriði sem þingmaðurinn nefndi varðandi svokölluð skattfrelsismörk. Það er í raun frekar óljóst hugtak. Það sem menn eiga ávallt við þegar þeir nefna hugtakið skattfrelsismörk er hvenær einhleypur maður byrjar að borga skatt, sem ekki er með börn á framfæri eða nýtur bóta út úr skattkerfinu. En auðvitað eru þau mörk mjög breytileg eftir fjölskyldustærð fólks, aldri barna og fleiru þess háttar. Þau mörk eru mjög misjöfn eftir aðstæðum, t.d. eftir því hvort viðkomandi einstaklingur er í hjúskap og nýtur persónuafsláttar maka síns. Eins og við vitum er verið að lækka skatta og hefur það verið gert jafnt og þétt á þessu kjörtímabili með því að hækka millifæranlegan persónuafslátt milli hjóna og sambýlisfólks. Skattfrelsismörk manns sem ekki nýtur barnabóta t.d. en nýtur persónuafsláttar maka síns eru auðvitað hærri en þess sem telur fram einn og hefur ekki annað sér til stuðnings á framtalinu.

Þessi umræða er flóknari en menn gefa til kynna en hitt stendur óhaggað sem ég sagði fyrr í dag, þ.e. ef við miðum við þessi hefðbundnu skattfrelsismörk sem fólk talar gjarnan um, sem er þægilegt í umræðunni að tala um og ákveðin viðmiðun, að það er mjög dýrt að hrófla við þessum mörkum. Menn verða að gera það upp við sig, ef þeir vilja hækka þau og auka ráðstöfunarfé fólks með þeim hætti, hvort þeir eru tilbúnir að kosta því til sem það kostar. Ef menn hafa þá peninga aflögu sem það kostar verða menn að svara því hvort ekki sé þá hægt að nýta það fé með markvissari hætti í þágu þeirra sem lægst hafa launin og verst hafa kjörin heldur en að hækka skattfrelsismörkin hjá hverjum einasta skattgreiðanda í landinu. Það er einmitt það sem gerist vegna þess að slík breyting, hækkun persónuafsláttar, fer sjálfkrafa upp allan tekjuskalann í okkar kerfi. Þá geta menn auðvitað sagt: En kerfið er bara svona vitlaust. Þá er það bara önnur umræða. Menn verða þá að koma með aðrar tillögur um skattkerfisbreytingar.

Skattkerfinu sem við búum við og staðgreiðslukerfinu sem því fylgir var komið á með lögum vorið 1987. Síðan eru liðin 15 ár. Það má vel vera að hægt sé að hugsa sér eitthvað fullkomnara kerfi en þetta en það þýðir ekki að tala alltaf um þessi sömu atriði og láta eins og ákveðnir grunnþættir í kerfinu séu bara ekki til, t.d. það með hvaða hætti persónuafslátturinn nýtist öllum óháð tekjum í okkar kerfi.

Hér hafa margir, herra forseti, tekið til máls um heilbrigðismálin. Ég ætla ekki að bæta neinu við þá umræðu en mig langar þó til að segja eitt, vegna þess að hér hafa einhverjir vitnað til bandaríska heilbrigðisráðherrans sem var hér á landi fyrir stuttu. Hann sagði margt mjög athyglisvert. Hann sagði nefnilega ekki það sem margir halda fram, að íslenska heilbrigðiskerfið sé svo fullkomið að því eigi ekki að breyta. Hann sagði að heilbrigðiskerfi okkar væri mjög gott. Það er það sem við höldum fram. Auðvitað er okkar heilbrigðiskerfi mjög gott. Hann sagði að við skyldum ekki endilega fara út í bandaríska kerfið. Hver var að biðja um það eða bjóða upp á það? Ekki ég. Ég tel reyndar að að því er varðar sjálf heilbrigðismálin í Bandaríkjunum sé þar margt til fyrirmyndar en þar eru tryggingamálin í ólagi. Það gerir það að verkum að þar geta ekki allir notað þá fínu þjónustu sem þar er völ á. Hann var einmitt að hæla okkar kerfi. Hann var ekki að hallmæla því. Enginn hefur talað um að fara yfir í það sem þekkist þar í landi í neinum mæli. Það er því útúrsnúningur að halda því fram að hann hafi haldið því fram að ekki mætti gera hér neinar breytingar. Hann tekur undir málflutning flestra okkar um að kerfið sé gott. (**ÖJ:** Að þið séuð á móti einkavæðingu.).

[18:27]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað alveg rétt að millifæranlegur persónuafsláttur kemur fjölskyldufólki til góða og getur haft áhrif á skattgreiðslur einstaklinga. Það breytir hins vegar ekki því að stiglækkandi persónuafsláttur eykur fjölda þeirra sem greiða tekjuskatt. Það hefði náttúrlega verið hægt að halda tekjum á móti ef persónuafslátturinn hefði verið hækkaður með því að viðhalda hátekjuskattinum. Það hefði áfram mátt halda honum í 7% frekar en að lækka tekjuskattinn á hæstu tekjur. Það er nú eitt atriði sem mætti velta fyrir sér.

Svo er annað atriði sem ég tel nauðsynlegt að velta upp: Hvernig telur fjmrh. að þetta muni þróast ef sífellt fleiri fara yfir í það að stofna fyrirtæki og komast í lægsta tekjuskatt? Mun það jafnvel viðhalda hærri tekjuskatti á einstaklinga?

[18:29]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem þingmaðurinn er hér að tala um er væntanlega að einkahlutafélögum hefur fjölgað að undanförnu. Út af fyrir sig er ekkert við því að segja. Við gerðum meira að segja sérstakar ráðstafanir með lagabreytingum í fyrra til að greiða fyrir því að fólk, sem hefur verið læst inni í einstaklingsrekstri og ekki getað leyst hann upp eða komið honum á milli kynslóða, gæti breytt rekstri sínum í einkahlutafélög.

Ég er ekki sannfærður um að það hafi valdið einhverri sérstakri bölvun eða vandræðum. Það verður að koma betur í ljós áður en menn fara að velta því fyrir sér hvort það þurfi sérstaklega að bregðast við þeirri þróun. En ég hef ekki orðið var við það, herra forseti.

[18:30]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í lokin óska eftir því við fjmrh. að tekið verði saman hvaða áhrif gengisbreytingar frá árinu 2000 til ársins 2002 hafa haft á erlenda skuldastöðu og við fáum minnisblað um það hvað í þessum hreyfingum eru gengishreyfingar þannig að við þurfum ekki að vera að deila um það. Þessar upplýsingar eru örugglega til í ráðuneytinu og það þarf þá bara að vinna það.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli á því að skuldir heimilanna hafa vaxið mikið. Eignir voru 800 milljarðar 1995 en skuldir þá 400 milljarðar. Núna eru skuldir heimilanna 780 milljarðar á móti 920 í eignum. Þarna hefur því orðið þróun sem fjármálaráðherra landsins hlýtur að hafa áhyggjur af og væri fróðlegt að heyra viðbrögð við því.

[18:31]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég treysti þeim sem taka ákvarðanir fyrir hönd heimilanna til að sjá fótum sínum forráð. Það er ákvörðun hvers og eins hvort hann tekur lán og hann gerir það væntanlega á grundvelli þess hvernig hann metur aflahorfur sínar og endurgreiðslumöguleika. Við sjáum það núna, eins og ég gat um fyrr í dag, að þjóðhagslegur sparnaður er að aukast og það er væntanlega vegna þess að fólk er meira að spara. Fólk sparar meira. Ég hef því ekki þær sömu áhyggjur af þessum tölum og ýmsir aðrir virðast hafa. En auðvitað er ég ekki endanlegur dómari í því efni.

Ég vil svo taka það fram út af fyrri hluta andsvarsins að það er sjálfsagt að taka saman allar þær upplýsingar sem beðið er um varðandi þau gögn sem hér liggja frammi um fjárlagafrv. og koma þeim til fjárln.

[18:32]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið fram að nú er viðskiptajöfnuður við útlönd. Hins vegar finnst mér hæstv. fjmrh. ekki hafa gert nægilega grein fyrir því eða áttað sig nægilega á því að hinn uppsafnaði viðskiptahalli frá undanförnum árum stendur. Ég hefði viljað heyra hér frá hæstv. ráðherra hversu mikið verður greitt niður af þessum erlendu skuldum, ekki bara hvað þær lækka vegna breytinga á gengi heldur hversu mikið verður greitt niður í ár og næsta ár af erlendum skuldum annars vegar af hálfu ríkisins og hins vegar af hálfu þjóðarbúsins í heild því það er hinn raunverulegi mælikvarði á það hvað er að gerast í þjóðarbúskapnum þó svo að vissulega sé gengið hluti af því.

[18:33]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi spurning endurómar hluta af umræðunni hér í dag. Menn tala um að safnast hafi upp skuldir vegna viðskiptahalla fyrri ára. Vissulega er það rétt. En þeir borga þær skuldir sem tóku þær á sig og ríkissjóður er ekki nema að litlu leyti í þeim hópi vegna þess að ekki hefur verið halli á ríkissjóði. Hann hefur að vísu tekið ákveðin lán eins og vegna Seðlabankans í sérstökum tilgangi og stendur auðvitað við sínar skuldbindingar í því. En ég get ekki svarað fyrir um það hvernig fyrirtæki, sveitarfélög, einstaklingar eða fjármálastofnanir hyggjast greiða niður sínar skuldir. Hver og einn verður að vera ábyrgur fyrir því og ég efast ekkert um að þeir sem tóku þau lán muni borga þau. Það hefur hingað til ekki verið vandamál að standa í skilum og íslenska þjóðarbúið hefur gott orð á sér vegna þeirra mála.

[18:34]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. svaraði ekki spurningu minni sem hljóðaði svo: Hversu mikið mun verða greitt niður af erlendum skuldum, annars vegar ríkisins og hins vegar þjóðarbúsins á þessu og næsta ári?

Það er ekki rétt hjá hæstv. ráðherra að erlendar skuldir annarra aðila en ríkisins hafi ekki áhrif á þjóðarhag. Þær hafa áhrif á getu atvinnulífsins til framtaka og átaks. Þær hafa áhrif á lánshæfi íslenska ríkisins í heild. Að sjálfsögðu skiptir miklu hvernig þjóðarbúskapurinn er að breytast. Getum við greitt niður þessar skuldir eða ekki og erum við að gera það?

Herra forseti. Í öðru lagi verður ekki fram hjá því litið að skattbyrðin er að færast yfir á lágtekjufólk og yfir á almennar launatekjur og það er þróun sem er virkilega athugunarverð. Í gangi eru skattbreytingar. Við erum að lækka skatta á þeim sem hafa hærri tekjur. Við erum að lækka tekjuskatta á fyrirtæki sem skila hagnaði þannig að við erum að framkvæma skattbreytingar. En þær færast til yfir á lægstu tekjurnar.

[18:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef spurningin er sú til mín hvað nákvæmlega við ætlum að greiða niður af erlendum skuldum ríkissjóðs á næsta ári eins og mér heyrðist þingmaðurinn vera að spyrja þá höfum við áskilið okkur rétt til þess að sú ákvörðun á næsta ári fari eftir markaðsaðstæðum, gjaldeyrisstöðu Seðlabankans og öðru slíku, hvort niðurgreiðslur slíkra lána verða innan lands eða erlendis. Við höfum ekki ákveðið það. Það fer eftir aðstæðum og það verður að ráðast eins og eðlilegt er í tengslum við þá lánastýringu ríkissjóðs sem ég fór yfir áðan. Þessari spurningu er því ekki hægt að svara. En ég treysti því að eiga góðan bandamann í að borga niður skuldirnar í hv. þm. sem er svo mjög áhugasamur um það.

En varðandi skuldir annarra aðila í útlöndum, fyrirtækja, fjármálastofnana o.s.frv. þá verður hann að snúa sér þangað með það. Ég get ekki svarað fyrir það.

[18:37]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. vék að skuldum fyrirtækja og heimila. Hann sagði að hverjum væri í sjálfsvald sett hvað hann gerði í þeim efnum og að hann treysti fólkinu. Staðreyndin er náttúrlega sú að í flestum tilvikum þegar heimilin eiga í hlut þá er þetta ekki valkvætt. Fólk á ekki annarra kosta völ en að taka lán til að koma sér þaki yfir höfuðið, svo dæmi sé tekið. En það eru einmitt þau lán sem vega þyngst í bókhaldi hverrar fjölskyldu.

Varðandi bandaríska heilbrigðisráðherrann þá stend ég nú í þeirri trú að hann hafi verið að vara okkur við að fara inn á braut einkavæðingar. Sjálfstfl. hefur talað fyrir því í dag að heilbrigðiskerfið verði einkarekið en ekki einkavætt og með því er átt við að skattborgarinn eigi að greiða fyrir þjónustuna en einkafyrirtæki eigi að reka það. Er þetta fráhvarf frá þeirri stefnu sem hæstv. fjmrh. hefur áður boðað, þ.e. að í einkaframkvæmdinni eigi að stefna að því að þeir sem njóta þjónustunnar, hvar sem hún er, eigi að taka aukinn þátt með eigin greiðslum. Það var skilmerkilega sagt í bæklingi sem var gefinn út á vegum ráðuneytisins fyrir fáeinum árum.

[18:38]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er undarlegt hvernig hv. þm. tekst, mér liggur við að segja, að snúa út úr því sem þingmenn Sjálfstfl. hafa verið að segja í dag. Hann hneykslast á því að lagt sé til að einhver einkaaðili reki einhverja starfsemi en skattgreiðendur borgi. Hann vill bara að ríkið reki og skattgreiðendur borgi. Það má ekki leita hagkvæmustu lausna sem hugsanlega gætu falist í því að einhver einkaaðili fengi að reka eitthvað sem ríkið rekur í dag, vegna þess að hv. þm. Ögmundur Jónasson útilokar þann möguleika fyrir fram að það sé nokkurn tímann hægt að gera eitthvað hagkvæmara heldur en það sem gert er í opinberum rekstri, heyrist mér.

Bandarískí heilbrigðisráðherrann hældi íslenska heilbrigðiskerfinu. Það gerum við líka. Það er gott. Hann tekur undir það með okkur sem höfum verið að halda því fram að hér væri gott heilbrigðiskerfi og það væri ábyrgðarhluti að hallmæla því með þeim hætti sem ýmsir hafa gert og grafa undan því með þeim hætti sem því miður ýmsir hafa tekið þátt í.

[18:39]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, ég er að vekja athygli á því að þeir samningar sem ríkisstjórnin hefur gert við einkaaðila eru dýrari og óhagkvæmari fyrir skattborgarana. Ég hef sýnt fram á það með dæmum og með rökum og vísað þar til frv. sem hér er til umræðu. Ég hef tekið um þetta dæmi. Ég er því fylgjandi að leita eftir hagkvæmustu og ódýrustu lausnunum þar við nýtum fjármunina sem allra best.

Varðandi tryggingaþáttinn í heilbrigðiskerfinu sem hæstv. ráðherra segir að bandarískí ráðherrann hafi verið að vara okkur við, þá er það að færast í vöxt hér á landi að tryggingafélög bjóði einstaklingum tryggingar, heilsufarstryggingar, og þá eru kjörin komin undir heilsufari hvers og eins og fjölskyldusögunni. Er hæstv. fjmrh. sammála mér um að það sé varhugavert að við förum inn á slíka braut eða er hann sammála þessum tryggingafyrirtækjum sem eru að bjóða fólki einstaklingsbundnar tryggingar á þennan hátt?

[18:40]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held nú ekki að heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna hafi neitt minnst á tryggingamálin. Það var ég sem gerði það áðan. Ég sagði að það væri margt til fyrirmyndar í bandarískum heilbrigðismálum, en það sem væri að þar í landi væri tryggingaþátturinn vegna þess að fólk nýtur ekki trygginga í þeim mæli sem ég tel og við erum öll sammála um að fólk eigi rétt á. (**ÖJ:** Var ekki ráðherrann að segja að ... hefði verið að vara okkur við þessu?) Ég man ekki til þess að hann hafi nefnt tryggingaþáttinn. Ég er að vara við þessu. Það er ég sem er að vara við því að farin verði sú leið í þessu efni sem hefur tíðkast í Bandaríkjunum.

Ég fagna því ef það er skoðun hv. þm. Ögmundar Jónassonar að fordómalaust beri að skoða alla kosti hverju sinni og velja þann kostinn sem hagkvæmastur er, jafnvel þó að það sé undir þeim formerkjum að ríkið greiði alla þjónustuna, því það teljum við auðvitað og erum sammála um að í flestum tilfellum sé réttlætanlegt. Hver ætlar að fara að kasta gamalmennum hér út á markaðinn upp á þau býti að þau borgi sjálf allan kostnað? Það dettur engum manni í hug. (Gripið fram í.)

[18:41]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Til þess að reyna að flýta fyrir því að þessari umræðu ljúki ætla ég að reyna að nýta mér andsvarsréttinn til þess að koma með eina spurningu sem því miður datt úr ræðu minni í dag. Ég vona að hæstv. fjmrh. gefi sér færi til þess að svara.

Ég hef tekið eftir því við fréttaflutning af fjárlagafrv. að ein stofnun virðist njóta alveg sérstakrar velvildar í fjmrn. Á ég hér við Sólheima í Grímsnesi. Það kemur fram í fréttum að félmrn. hafi óskað eftir 120 milljónum vegna starfseminnar á Sólheimum en fjmrn. hafi hækkað þá upphæð í fjárlagafrv. í 154 milljónir, þ.e. hækkað um 34 milljónir. Það sem fram kemur frá félmrn. virðist miðast við þá þjónustu sem fatlaðir fá samkvæmt úttekt sem Ríkisendurskoðun gerði fyrr í sumar. Því vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Eru fleiri dæmi um slíkt, þ.e. að fjmrn. hækki framlög til stofnana umfram það sem fagráðuneyti fara fram á?

[18:43]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef þingmaðurinn hefði nú hlustað á kvöldfréttirnar þetta sama kvöld og hann var að ... (Gripið fram í.) nei, hádegisfréttirnar, varðandi það sem hann var að vitna í, þá hefði hann tekið eftir því að þessu máli var ekki rétt lýst eins og hann gerði það. Málið er þannig að Sólheimar fengu á þessu ári u.þ.b. 150–151 millj. kr. í fjárveitingu og hækka samkvæmt frv. um 2–3 milljónir sem er ekki óeðlilegur framreikningur. Það sem félmrn. lagði til var að af þeirri fjárhæð yrðu teknar 30 milljónir og settar inn á sérstakan lið í félmrn. til þess að setja þrýsting eða þvingun á Sólheima. Því hafnaði ég. Ég tók þá ákvörðun persónulega og tel ekki rétt, þó að ég sé hlynntur því að gerður sé þjónustusamningur við Sólheima, að beita úrræði sem þessu til að þvinga þá stofnun til samninga. Það hljóta að vera til aðrar og geðfelldari leiðir til þess, hv. þm., heldur en þessi.

[18:44]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin. Þau eru afskaplega skýr. Það er augljóst mál að þarna er verulegur ágreiningur á milli hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh.

Næsta spurning tengd málinu hlýtur þá að vera þessi: Hvaða hefð er fyrir því í fjmrn. að fara með skýrslur Ríkisendurskoðunar? Nú er ekki hægt að skilja það öðruvísi en að niðurstaða skýrslu Ríkisendurskoðunar hafi verið sú að í raun væru 120 milljónir það sem þyrfti til þess að sinna þeirri þjónustu sem um hafi verið rætt. Þess vegna hlýtur spurningin um þessar 34 milljónir að vera hvort þær séu þá ætlaðar í annan rekstur á Sólheimum og hvort þá væri ekki eðlilegra að sú upphæð færi í gegnum annað ráðuneyti en félmrn.? Eða er það mat hæstv. fjmrh. að skýrsla Ríkisendurskoðunar sé ekki rétt eða að félmrn. sé að draga rangar ályktanir af skýrslunni?

[18:45]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég felli engan dóm í þessu máli, hvorki yfir skýrslu Ríkisendurskoðunar né félmrn. Ég tel að þessir aðilar hljóti að geta leyst þann ágreining sem uppi er með sómasamlegum hætti án þess að stefni í átök eða mikla óvissu fyrir reksturinn á Sólheimum sem vissulega er mjög merkilegur og hefur skilað góðum árangri um áratuga skeið. Ég felli ekki dóma um þessa skýrslu eða afstöðu ráðuneytisins. Ég

skora á þessa aðila að leysa málið en tek ekki þátt í því að þvinga Sólheima með þeim hætti sem lagt var til, þ.e. til samnings á þeim forsendum sem þar var talað um.

Að öðru leyti blanda ég mér ekki í þetta mál vegna þess að það er málefni fagráðuneytisins.

[18:46]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég hafði ekki aðstöðu til þess, vegna þess að tíma mínum var lokið í annarri ræðu minni, að segja allt sem ég vildi segja undir lokin. Ég ætla þá að gera það núna í þriðju ræðu minni. Það var reyndar ekki annað en að þakka þingmönnum fyrir ágætar umræður og endurtaka það sem áður var fram komið af minni hálfu um að ráðuneytið mun að sjálfsögðu veita allar tiltækar upplýsingar sem eftir er óskað í fjárln. Ég ítreka óskir mínar um gott samstarf við alla nefndarmenn, ekki bara meiri hlutann, á þeim vikum sem fram undan eru þar til frv. verður afgreitt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:47.

---

5. FUNDUR

mánudaginn 7. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Rannsókn kjörbréfs.
2. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
3. Fjárlög 2003, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Matvælaverð á Íslandi, þáltill., 3. mál, þskj. 3. — Frh. fyrri umr.
5. Einkavæðingarnefnd, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Fyrri umr.
6. Stéttarfélög og vinnudeilur, frv., 5. mál, þskj. 5. — 1. umr.
7. Útsendingar sjónvarps og útvarps um gervitungl, þáltill., 6. mál, þskj. 6. — Fyrri umr.
8. Matvælaverð hérlendis, á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu, þáltill., 7. mál, þskj. 7. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde fjmrh.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.

Lagt fram á lestrarsal:

Samþykkt stjórnarfundar í Verkalýðsfélaginu Hlíf.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[15:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa eftirtaldar tilkynningar um kosningu embættismanna fastanefnda:

Utanrmn.: Sigríður A. Þórðardóttir formaður og Magnús Stefánsson varaformaður.

Allshn.: Þorgerður K. Gunnarsdóttir formaður og Jónína Bjartmarz varaformaður.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Barnalög, 44. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 44.

Breiðbandsvæðing landsins, 46. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 46.

Einkahlutafélög, 114. mál, fsp. KLM, þskj. 114.

Evrópusambandið og sjávarútvegsstefna, 110. mál, fsp. RG, þskj. 110.

Íbúafjöldi, 116. mál, fsp. KLM, þskj. 116.

Skattamál, 115. mál, fsp. KLM, þskj. 115.

Varnir gegn mengun sjávar, 53. mál, frv. EKG og KPál, þskj. 53.

Þingvellir, 111. mál, fsp. RG, þskj. 111.

Öldrunarstofnanir, 112. mál, fsp. MF, þskj. 112.

Rannsókn kjörbréfs.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að varaþingmaður Samfylkingarinnar í Vestfjarðakjördæmi, Sigríður Ragnarsdóttir skólastjóri, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Karl V. Matthíasson, 2. þm. Vestf."

Að ósk forseta hefur landskjörstjórn komið saman og gefið út kjörbréf handa Sigríði Ragnarsdóttur sem er nú 1. varamaður á lista Samfylkingarinnar í Vestf. Jafnframt hélt kjörbréfanefnd fund áður en þingfundur hófst til að fjalla um kjörbréfið.

[15:03]

Frsm. kjörbréfanefndar (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd kom saman og fór yfir kjörbréf Sigríðar Ragnarsdóttur, 1. varaþm. Samfylkingarinnar í Vestfjarðakjördæmi, sem landskjörstjórn gaf út 4. október sl.

Kjörbréfanefnd leggur einróma til að kjörbréf Sigríðar Ragnarsdóttur verði samþykkt.

[15:04]

Forseti (Halldór Blöndal):

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréfið verði samþykkt og lít ég svo á að það sé samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

Sigríður Ragnarsdóttur hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Sigríður Ragnarsdóttir, 2. þm. Vestf., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[15:04]

Forseti (Halldór Blöndal):

Sigríður Ragnarsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Samþjöppun valds og auðs í þjóðfélaginu.

[15:05]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Við setningu Alþingis sagði forseti Íslands að breytt hlutföll auðs og áhrifa settu í æ ríkara mæli svip á samfélagið. Forseti sagði að líkt og í mörgum nágrannalöndum hefði verið leitast við að draga úr mætti almannavaldsins. Nefndi hann að nýjar leikreglur kynnu að eiga þátt í þessu.

Forseti sagði einnig að Íslendingar hefðu notið þess að hér hefur þróast opið og lýðræðislegt þjóðfélag þar sem viðunandi jafnvægi hefur ríkt og hvorki óhóflegur auður né annarleg áhrif skákað þeim rétti sem umboðið frá fólkinu veitir. Hér hafi ríkt samstaða um samfélagsgerð sem þjónaði best hagsmunum lands og þjóðar. Forsetinn varpaði fram þeirri spurningu hvort þessi samfélagsgerð væri að breytast.

Nú er það svo að margir hafa áhyggjur af samþjöppun valds og auðs í þjóðfélaginu sem ógnað getur almannahagsmunum og má víða sjá slíka samþjöppun í atvinnugreinum eins og á matvælamarkaðnum, hjá trygginga- og olíufélögunum og á fjármálamarkaðnum.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvort hann sé sammála þeim ummælum forsetans að breytt hlutfall auðs og áhrifa setji í æ ríkara mæli svip sinn á samfélagið og þá um leið hvort hæstv. forsrh. telji ástæðu til þess að bregðast við þeirri miklu samþjöppun á valdi og auði, einokun og fákeppni sem virðist vera sívaxandi í þjóðfélaginu.

[15:06]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég hef haft það sem reglu að vera ekki að gefa orðum forseta Íslands sem flutt eru við hátíðleg tækifæri einkunn á einn eða annan hátt og ætla að halda mig við þá niðurstöðu.

Í öðru lagi lít ég svo á að ekki sé hægt að benda á nokkurt land í heiminum þar sem mismunur á stöðu þegnanna í efnalegu tilliti sé minni en hér gerist. Á hinn bóginn er sjálfsagt og eðlilegt að við spyrnum fast við fótum gegn fákeppni á öllum sviðum því að samkeppnin er vafalítið, og vafalaust, öllum til heilla.

[15:07]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Í mínum huga er það eðlilegt að þingmenn geti brugðist við því sem forseti Íslands segir úr ræðustól en auðvitað verður hæstv. forsrh. að hafa sína skoðun á því. En ég beindi líka spurningu til hans varðandi þann þátt hvort hann teldi ástæðu til þess, hæstv. forsrh., að bregðast við þeirri miklu samþjöppun á valdi og auði, einokun og fákeppni sem virðist vera vaxandi í þjóðfélaginu. Nú er ég að beina þessu sérstaklega til forsrh. og vitna þá ekki í forsetann. Ég er auðvitað gjörsamlega ósammála forsrh. um að ekki sé mikil misskipting í þjóðfélaginu. Ég held þvert á móti að við höfum séð það á undanförnum missirum að misskipting fer vaxandi, bilið milli ríkra og fátækra eykst, og við þurfum ekki annað en að sjá tölur sem hafa komið frá ýmsum hjálparstofnunum, félagsmálasamtökum og fleirum um það að fátækt fer vaxandi í þjóðfélaginu.

En ég beini þessari spurningu beint til forsrh. og sleppi þá að vitna í forseta Íslands.

[15:08]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég taldi mig hafa svarað því atriði sérstaklega sem ég taldi að við gætum gert betur. Ég nefndi það sérstaklega að ég teldi að misskipting auðs væri minni hér á landi en nokkurs staðar annars staðar og þess vegna væri ekki ástæða til að grípa í því tilliti til sérstakra aðgerða. Á hinn bóginn hefur mér þótt miður hvað fákeppni hefur færst í aukana hér. Ég tel augljóst að því meiri sem fákeppnin er því lakara sé búið að öllum almenningi í landinu. Samkeppni er almenningi holl og heppileg.

Svo vil ég nota tækifærið til að óska hv. þingmanni til hamingju með stórafmæli á dögunum.

[15:09]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir hamingjuóskir þó að ég kjósi að eyða þeim fáu dýrmætu mínútum sem ég hef í annað en þakka fyrir góða afmæliskveðju. Ég fagna því þó að hæstv. forsrh. viðurkenni að hér ríkir fákeppni og hún hefur farið vaxandi í tíð ríkisstjórnar hæstv. forsrh. Við erum t.d. núna að fara inn í mikla fákeppni og samþjöppun í fjármálalífinu og í bankakerfinu og mér finnst hæstv. forsrh. hafa þar gjörsamlega snúið við blaðinu. Það eru ekki nema nokkur ár síðan hæstv. forsrh. sagði að varðandi eignarhald í bönkum væri æskilegt að ekki væru nema 3–8% í sömu eigu, og hæstv. forsrh. taldi óæskilegt að einn aðili eða skyldir aðilar eignuðust 30–40% í bönkunum. Það er einmitt það sem er að gerast. Og ef hæstv. forsrh. hefur áhyggjur af einokun og samþjöppun á hann auðvitað að bregðast við því sem nú á sér stað varðandi kaup og sölu á bönkunum.

[15:10]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það má til sanns vegar færa að ég hafi nokkuð breytt um afstöðu í þeim efnum sem snúa að dreifingu eignarhluta í fjármálastofnunum, ekki vegna þess að ég hafi ekki talið og telji ekki enn að það sé í sjálfu sér æskilegt ef hægt er að tryggja slíka dreifða eignaraðild. Ég tel í mínu hjarta að það væri æskilegt. En ég hef þóst sjá af reynslunni að slík ákvæði, þótt sett væru, séu í rauninni haldlítil. Þess vegna er betra að hafa fyrirkomulagið gagnsætt og eðlilegt og ekki reyna að setja reglur sem erfitt er að halda uppi.

Samfylkingin hefur vakið athygli á háu matarverði hér sem ég held að sé gott framtak. Ég tel sjálfsagt að við förum ofan í það, sjáum af hvaða rótum það er runnið og skoðum það sameiginlega.

Framlög til þróunarhjálpar.

[15:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Um síðustu helgi stóð Rauði kross Íslands fyrir söfnun meðal landsmanna til að afla fjár til að standa straum af neyðaraðstoð til landa í sunnanverðri Afríku þar sem nú er yfirvofandi hungursneyð. Að mati þeirra sem

gerst til þekkja þarf alþjóðasamfélagið að gera stórátak ef ekki eiga að verða þar miklar hörmungar á næstu mánuðum. Landsmenn tóku mjög vel við sér og talið er að safnast hafi um 25 millj. kr.

Á hinn bóginn er frammistaða íslenskra stjórnvalda og íslenska ríkisis þegar kemur að því að leggja sitt af mörkum ekki jafnglæsileg. Ísland ver einu lægsta ef ekki allægsta hlutfalli sem þekkist meðal þróaðra ríkja til þróunarsamvinnu og neyðaraðstoðar og sú tala stendur óbreytt milli ára, er um 0,12% af landsframleiðslu og óbreytt í fjárlagafrv. fyrir næsta ár ef ég hef lesið rétt. Ég vil því af þessu tilefni spyrja hæstv. utanrrh. hvort ríkisstjórnin hafi rætt þann möguleika að auka nú þessar fjárveitingar til neyðaraðstoðar og/eða þróunarsamvinnu, t.d. með því að bæta við öðru eins til neyðaraðstoðar í sunnanverðri Afríku á móti því sem Rauði kross Íslands safnaði meðal landsmanna um síðustu helgi. Ég teldi það ekki ofrausn. Satt best að segja er núverandi framlag í litlu samræmi við hinn góða efnahag sem talsmenn ríkisstjórnarinnar guma mjög af þegar það þykir henta. Frammistaða okkar Íslendinga er hörmulega bágborin á þessu sviði ár eftir ár og áform sem menn settu sér fyrir nokkrum árum um að þoka þessu hlutfalli upp á við hafa ekki náð fram að ganga. Það tilefni sem nú gefst til þess að taka sérstaklega á í þessum efnum ætti að nota. Ég bendi á að í hlut eiga m.a. ríki þar sem Ísland hefur reynt að standa fyrir þróunaraðstoð undanfarin ár, eins og Malaví.

[15:14]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tel það afar þakkarvert hvernig landsmenn hafa brugðist við því ákalli sem kom frá Rauða krossi Íslands um helgina vegna hjálparstarfs í Suður-Afríku. Það er alveg rétt sem hv. þm. sagði að Íslendingar koma mjög að málum í þessum heimshluta og við höfum átt prýðilega samvinnu við Rauða kross Íslands um þessi mál.

Ríkisstjórnin hefur lagt fram dálitla fjárhæð vegna þessa ástands en þess ber að geta að það er enginn sérstakur fjárlagaliður sem gert er ráð fyrir að komi til þessa málaflokks þannig að það verður ávallt að vera af því litla ráðstöfunarfé sem ríkisstjórnin hefur til almennra mála, og það hefur verið gert.

Við höfum átt í viðræðum við Rauða kross Íslands út af þessu máli. Rauði krossinn hefur m.a. lagt mikla áherslu á sunnanverða Afríku en gert ráð fyrir því að ríkissjóður komi þá að einhverju leyti til hjálpar vegna hjálparstarfs í Palestínu þar sem Rauði krossinn hefur líka lagt mikla áherslu á hjálparstarf. Ég reikna með að ríkisvaldið komi eitthvað til móts við þær óskir.

Á undanförnum árum höfum við í vaxandi mæli smátt og smátt verið að auka framlög okkar til þróunarsamstarfs. Ég geri mér grein fyrir því að þar er á engan hátt fullnægt öllum þörfum. Við höfum hins vegar ákveðið að fara frekar hægt í sakirnar og ég tel að það hafi verið farsælt. Það er ekki nóg að setja meiri og meiri peninga til þessara mála heldur verðum við að vita hvaða verkefni það eru sem við erum að leggja í. Sem betur fer hefur verið hægt að auka þetta lítillega á hverju ári en ég geri mér fulla grein fyrir því að þörfin er gífurleg.

[15:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Ég deili ekki við hann um að að sjálfsögðu þarf að undirbúa þróunaraðstoð og leggja góðan grunn að slíku. Maður hefur því sætt sig við að það taki sinn tíma að auka fjárveitingar til Þróunarsamvinnustofnunar. En því miður eru þær bara ekki að aukast. Hlutfall framlaga Íslendinga stendur í stað þriðja árið í röð ef engar breytingar verða gerðar að þessu leyti á fjárlagafrv.

Varðandi það að ekki sé fjárveiting á fjárlögum yfirstandandi árs til að mæta tilfallandi verkefnum af þessu tagi sem koma upp fyndist mér vel koma til álita að hafa heimildir, t.d. á heimildagrein fjárlaga, fyrir ríkisstjórn í samráði við Alþingi til að mæta slíkum tilfallandi uppákomum.

Við þurfum í sjálfu sér ekki að láta þetta vefjast fyrir okkur núna því að fjáraukalagafrv. liggur á borðum þingmanna. Því eru afar hæg heimatökin að setja inn heimildir til að auka fjárveitingar til neyðaraðstoðar og ég skora á þingmenn að taka það til skoðunar að tvöfalda framlag til Rauða krossins.

Sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins.

[15:17]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. utanrrh. varðandi tengsl Íslands og Evrópusambandsins og og áhrif þess á íslenskan sjávarútveg. Eðlilega snýst mikið af þeirri umræðu sem hefur farið fram um mögulega inngöngu Íslands í Evrópusambandið um sjávarútveg. Íslendingar eiga mikilla hagsmuna að gæta í þeirri grein. Aðild að ESB kemur því vart til greina nema hagsmunir hennar séu tryggðir. Ég held að flestir séu sammála um það.

Ég var sjálfur upphaflega þeirrar skoðunar að aðild kæmi ekki til greina vegna þess að við mundum þá þurfa að afsala okkur yfirráðum yfir auðlindinni. Ég mundi sjálfur aldrei vera reiðubúinn til að mæla með aðild ef það væri niðurstaðan. Ég hef hins vegar farið í gegnum þá texta og þau dæmi sem eru fyrir hendi og ég hef komist að þeirri niðurstöðu að hin upphaflega skoðun var röng.

Ég tel að margar vísbendingar séu uppi um að sérstaða Íslands yrði metin. Í umræðunni hefur hins vegar alloft komið fram, ekki síst upp á síðkastið hjá ýmsum málsmetandi stjórnmálamönnum, að þeir telji litlar sem engar líkur á því að sérstaða Íslands í sjávarútvegsmálum yrði metin.

Nú er það svo, herra forseti, að líkast til hefur enginn íslenskur stjórnmálamaður, líklega enginn Íslendingur, haft jafnmikil samskipti við Evrópusambandið eðli máls samkvæmt og hæstv. utanrrh. Hann hefur átt viðræður um þessi efni. Það hefur komið fram í viðtölum við hann — hann sagði það m.a. í viðtali við Stöð 2 fyrir skömmu — að hann teldi að ákveðin merki væru um það frá Evrópusambandinu að það væri reiðubúið að taka mikið tillit til sérstöðu Íslendinga. Hann sagði reyndar að slíkum skilaboðum hefði verið komið á framfæri við sig. Mér finnst nauðsynlegt að það liggi fyrir í umræðunni með hvaða hætti þessi skilaboð voru og hvers eðlis þau voru og vil því spyrja hæstv. utanrrh.: Hvers eðlis voru þessi skilaboð og í hverju fólust þau?

[15:20]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil fyrst taka það fram að ég hef ekki átt í viðræðum við Evrópusambandið um þessi mál.

Hitt er annað mál að það liggur ljóst fyrir að ef Ísland gengur í Evrópusambandið þá þurfum við að sjálfsögðu að

undirgangast sjávarútvegsstefnu þess. Það eru ekki líkur á því að við fáum einhverja undanþágu frá þeirri stefnu.

Hins vegar er ljóst að það er ýmislegt sem hægt er að gera innan sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar. Málið snýst um að meta hvort menn telja líklegt að þar fáist niðurstaða sem Íslendingar gætu sætt sig við. Á það getur að sjálfsögðu ekki endanlega reynt nema í samningaviðræðum við Evrópusambandið ef Íslendingar kjósa að sækja þar einhvern tímann um aðild.

Ég hef sagt að um það séu ýmis teikn á lofti að hægt væri að koma ýmsum málum fyrir innan núverandi sjávarútvegsstefnu. Hins vegar er það mjög umfangsmikið mál og flókið og ekki hægt að fara nánar út í það í stuttum fyrirspurnatíma. Ég hef lagt fram ákveðnar hugmyndir á þessu sviði. Þær liggja fyrir á prenti. Ég hef fengið ákveðin viðbrögð við þeim frá vissum aðilum en eins og menn vita er Evrópusambandið samband margra ríkja, 15 ríkja. Þeim fer auk þess fjölgandi. Þess vegna er takmarkað hægt að taka endanlega mark á viðbrögðum ákveðinna aðila. En endanlega getur ekki á það reynt nema í samningaviðræðum við þessi samtök.

[15:22]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég er sammála hæstv. utanrrh. um að ekki sé hægt að fá endanlega úr því skorið hverjir hafa rétt fyrir sér og hverjir rangt varðandi hagsmuni sjávarútvegs þegar kemur að aðild að Evrópusambandinu nema með því að ganga til samninga. Um það er ég hæstv. ráðherra sammála. Það hefur verið mín skoðun að menn ættu að skilgreina samningsmarkmið, fara í viðræður af fullri alvöru og leggja það síðan undir dóm þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Hæstv. ráðherra segir í svari sínu við mig að þar séu teikn á lofti um að tekið verði tillit til sérstöðunnar. Það vissu margir. En hæstv. ráðherra hefur gengið mun lengra í viðtölum við fjölmiðla. Hann hefur sagt, svo ég vísi orðrétt til viðtals við hann á Stöð 2: „Slíkum skilaboðum hefur í reynd verið komið á framfæri við mig."

Hvaða skilaboð voru þetta?

[15:23]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég hef sagt að ákveðin teikn séu á lofti. Það er mikið að gerast á vettvangi Evrópusambandsins. Það eiga sér stað samningaviðræður við margar þjóðir, við Möltu, Lettland, og Pólland, og hv. þm. geta lesið ýmislegt út úr þeim samningaviðræðum sem þar hafa átt sér stað.

Ég hef lagt fram hugmyndir um að komið verði upp sérstöku stjórnunarformi á Norður-Atlantshafi. Það liggur fyrir og út af fyrir sig hafa margir tekið vel undir þær hugmyndir. En ég get ekkert farið nánar út í það enda getur ekki reynt á þær nema til raunverulegra samningaviðræðna komi um þessi mál. En það hlýtur að vera af hinu góða að settar séu fram hugmyndir um hvernig þessum málum gæti verið komið fyrir þannig að menn geri sér grein fyrir málunum. Það hef ég gert. Ég hef hins vegar ekki tekið endanlega afstöðu til þess (Forseti hringir.) enda er það ekki hægt nema að loknum samningaviðræðum, ef þær fara einhvern tímann fram eins og hv. þm. sagði hér.

Ættleiðingar.

[15:24]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. dómsmrh. Fyrirspurnin varðar ættleiðingu barna þegar annað foreldri hefur átt við veikindi að stríða en hefur náð sér eftir viðhlítandi meðferð. Fyrirspurn mín er eftirfarandi:

Er útilokað fyrir hjón að ættleiða barn ef annar aðilinn hefur einhvern tíma átt við alvarleg veikindi að stríða en hefur náð góðum bata en hinn aðilinn er hins vegar fullfriskur? Ef svo er, hver er ástæðan?

[15:25]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Þetta er vissulega vandmeðfarinn málaflokkur og viðkvæmur eins og við öll vitum. Ég tel rétt að láta þess getið að þessi mál fá alltaf mjög vandlega skoðun, sérstaklega vandaða skoðun. Leitað er umsagna sérfræðinga, fengin umsögn frá barnaverndarnefndum á viðkomandi stað o.s.frv. En segja má að grundvöllur fyrir ættleiðingu, þ.e. þegar barn er gefið til foreldra, sé að foreldrarnir hafi bæði félagslega getu og aðstæður, þ.e. líkamlegar og andlegar, til að ala barnið upp til fullorðinsára. Þetta er sú viðmiðun sem er uppi.

En þó að þessi mál fái góða skoðun geta komið upp svona vafatilvik og þess vegna er hægt að vísa þeim til sérstakrar ættleiðingarnefndar sem í eiga sæti bæði lögfræðingur, læknir og sálfræðingur sem meta hvert vafatilvik. Ég tel að það hafi verið mikilvæg réttarbót fyrir almenning þegar þessari nefnd var komið á fót. Slík vafatilvik fá þá sérstaka skoðun hverju sinni.

[15:27]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svörin. Ég geri mér glögga grein fyrir því að hér er um mjög viðkvæm mál að ræða. Hins vegar er þetta auðvitað hrapallegt óréttlæti í samfélaginu sé um hjón að ræða. Annar aðilinn er fullfriskur og hinn aðilinn hefur náð sér eftir erfið veikindi en þessir aðilar fá ekki að ættleiða börn.

Við erum fullgildir þjóðfélagsþegnar hvort heldur við höfum veikst eða ekki. Í svona tilfellum, ef konan gæti eignast barn á eðlilegan hátt, gæti auðvitað enginn bannað það. Við getum í raun ekki ákveðið, þrátt fyrir tæknina, hvort við veikjumst eða ekki eða hvenær við deyjum. Mér finnst því full ástæða til að vekja athygli á þessu máli. Eins og ég sagði áðan er hér um hróplegt óréttlæti að ræða sem mér finnst full ástæða til að breyta.

[15:28]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég get alveg tekið undir með hv. þm. að þetta getur virst ósannagjarnt. Það sem við verðum hins vegar að hafa í huga eru hagsmunir barnsins. Þeir eru ráðandi í þessum málum. Það eru sameiginlegar viðmiðunarreglur sem eru víðast í gildi, sérstaklega á Norðurlöndum. Sjálfsagt eru þessar grundvallarreglur víðast hvar við lýði í hinum vestræna heimi.

Það eru líka ýmsir alþjóðlegir samningar sem við þurfum að meta hverju sinni, t.d. Haag-samningurinn sem bindur okkur við það að uppfylla ákveðnar kröfur sem ýmis ríki gera. Þegar við erum að tala um ættleiðingar barna frá útlöndum þá setja flest lönd fram mjög ákveðnar kröfur sem við hér á Íslandi verðum hreinlega að fallast á og fara eftir til þess að geta viðhaldið slíku sambandi.

Ég vildi láta þetta koma skýrt fram en tek undir með hv. þm. að að öðru leyti geti þetta virst svolítið ósanngjarnt, sérstaklega þegar maður sér erfiðleika margra barna í heiminum.

Samþjöppun í útgerð og fiskvinnslu.

[15:29]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Við höfum að undanförnu fylgst með fréttum af stóraukinni samþjöppun í útgerð og fiskvinnslu hér á landi, nú síðast með kaupum Eimskipafélagsins í Haraldi Böðvarssyni hf. á Akranesi. Það er ljóst að byggðarlögin og heimaaðilar missa nú hver af öðrum forræði yfir auðlindum sínum í hendur risafyrirtækja. Sjálfsforræði margra byggðarlaga og atvinnuöryggi er stefnt í aukna óvissu.

Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann deili ekki með mér áhyggjum af þeirri geigvænlegu samþjöppun sem er að verða í íslenskum sjávarútvegi, þeirri óvissu sem það skapar fyrir mörg byggðarlög ef þessi þróun heldur áfram. Reyndar er hún nú þegar orðin geigvænleg.

Hyggst hann beita sér fyrir aðgerðum til þess að snúa þessari þróun við og styrkja og efla þar með stöðu og öryggi byggðarlaganna vítt og breitt um landið? Mun hann beita sér fyrir aðgerðum í þá veruna? Ég held að það sé afar brýnt.

[15:31]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Þar sem hv. Alþingi deilir a.m.k. að hluta til áhyggjum með hv. þm. um að samþjöppun í sjávarútvegi í of miklum mæli sé óæskileg, þá setti Alþingi fyrir fjórum árum lög um að takmarka hámarkshlutdeild í heildaraflamarkinu. Það er núna í fyrsta skipti sem reynir á þessa hámarkshlutdeild og mér virðist því að ekki sé nein sérstök ástæða í dag að grípa til einhverra aðgerða eða leggja fram einhverjar breytingar í þá veru sem hv. þm. var að tala um.

Hv. Alþingi sá þessa þróun fyrir. Hv. Alþingi setti þar af leiðandi takmörk. Yfir þetta mál var farið á síðasta þingi og gerðar á því örlitlar breytingar. Á þær breytingar reynir ekkert í því tilviki sem hv. þm. er að tala um þannig að það hefur ekkert breyst frá því að þessi lög voru sett þangað til Alþingi fór síðast yfir þau sem ætti að kalla á það að gripið væri til sérstakra aðgerða.

[15:32]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að Alþingi samþykkti lög sem áttu að veita vissa takmörkun og var það nokkru meiri takmörkun heldur en hafði verið gert ráð fyrir í viðkomandi frv. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vöruðu við því að þau mörk væru allt of rúm sem mér virðist nú vera að koma á daginn. Ég held að það sé fyllilega ástæða til að skoða þessi mál aftur og vita hvort ekki beri nauðsyn til að þrengja þarna að því að það er alveg ljóst að sú þróun ef hún heldur áfram sem nú er mun enn auka á óvissu og ósjálfstæði byggðanna sem treysta svo mjög á sjávarútveginn. Ég skora á hæstv. sjútvrh. að skoða þetta mál og kanna hvort ekki sé rétt að hann beiti sér hér á Alþingi fyrir því að þessi mörk verði þrengd og kanna hvernig það megi styrkja og efla sjálfsforræði byggðanna yfir þessum náttúruauðlindum sínum. Ég skora á hæstv. sjútvrh. að endurskoða þessi lög með það að markmiði.

[15:33]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Hvað kom á daginn? Ég átta mig ekki á því hvað hv. þm. er að tala um. Hvað kom á daginn? Það kom á daginn að Alþingi sá fram í tímann að það gæti gerst að fyrirtæki yrðu sameinuð og ákvað að setja því ákveðnar skorður fyrir fram. Nú reynir á þá löggjöf. Hvað er þá komið á daginn? Það er ekkert komið á daginn varðandi samþjöppunina. Það hefur ekkert gerst vegna samþjöppunarinnar sem hefur komið á daginn. Hins vegar eru miklar breytingar að eiga sér stað í sjávarútveginum, miklar tækniframfarir. Það þarf færra fólk þannig að það hefur áhrif á fyrirtæki og byggðarlög en það kom ekkert á daginn annað en það að Alþingi sýndi forsjálni og það út af fyrir sig er ekkert nýtt.

[15:34]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Sem betur fer hefur Alþingi örlítið snarpari sýn á þessu heldur en hæstv. sjútvrh. og skerpti á þeim tillögum sem hæstv. ráðherra hafði lagt fram.

Ég vil benda hæstv. sjútvrh. á hvað er að gerast í sjávarplássunum vítt og breitt um landið. Það sem er að gerast á Vestfjörðum, Vesturlandi nú síðast á Akranesi, að forsjá heimaaðila hverfur þar á þeim fiskveiðiheimildum sem tilheyrðu heimaaðilum í hendur eins stórfyrirtækis. Það má vel vera að það gangi um tíma en óöryggið sem byggðarlögin búa við eykst með slíkum aðgerðum. Ég skora á hæstv. sjútvrh. að taka þá á með Alþingi um að snerpa þessar reglur á ný.

Fjárlög 2003, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Matvælaverð á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 3. mál. — Þskj. 3.

[15:37]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Í síðustu viku ræddum við þáltill. á þskj. 3, mál nr. 3, um matvælaverð. Í þeirri umræðu ræddi ég nokkuð um það að frá Alþingi hefðu á sl. vetri verið afgreidd lög um lækkun á grænmetisverði. Þegar ég skoða betur þau fylgigögn sem þessari þáltill. fylgja kemur í ljós eins og raunar kom að hluta til fram í umræðunni í síðustu viku að stuðst er við framreiknaðar tölur frá árinu 1998 og í þeim framreikningi kemur greinilega fram mikil hækkun á matvælaverði á Íslandi. Jafnframt kom fram í umræðunni að það kynni að vera vegna gengisbreytinga sem hér voru á þeim tíma. En nú hef ég leitað mér frekari upplýsinga um þetta mál og náði í upplýsingar frá Eurostat þar sem til eru rauntölur til 2001, ekki framreiknaðar tölur frá 1998 heldur rauntölur þeirra 15 Evrópusambandslanda sem áður var getið í þáltill.

Þá kemur í ljós að þessi mismunur er ekki nærri svo mikill sem haldið er fram í þeirri þáltill. sem hér hefur verið kynnt og sýnir það að mínu mati nokkuð að þetta mál hefur verið hroðvirknislega unnið af hálfu þeirra sem fluttu tillöguna á Alþingi og þyrfti í raun að lagfæra greinargerð tillögunnar til samræmis við rauntölur Eurostat en þær eru mun lægri.

Í umræðunni í síðustu viku kom lítt fram um gæði hinnar íslensku matvöru og hins innlenda þáttar matvörunnar. Mér fyndist eðlilegt að fjallað væri um það nokkrum orðum að þegar við erum að bera saman verð þá verðum við að bera saman gæði vörunnar. Ég held að óyggjandi sé að íslenska varan tekur um margt fram þeirri vöru a.m.k. sem kemur frá Suður-Evrópuríkjunum.

Þá hefur ekki komið nógu skýrt fram í þessu máli að virðisaukaskattur á matvöru innan þessara 15 Evrópusambandslanda er mjög mismunandi allt frá því að vera nánast við núllið og upp í 25% og sá þáttur skiptir auðvitað máli og hefði þurft að koma fram nákvæmar en í þáltill.

Samkeppnisstofnun hefur gert ýmsar úttektir og verðkannanir hér á landi undangengin ár sem ég hef lítils háttar kynnt mér og það væri full ástæða til að koma þeim þætti málsins inn í tillöguna þannig að hún sé þá víðtækari og frekari upplýsingar þar inni. Þá væri í raun jafnframt svarað mörgum þeirra spurninga sem spurðar voru í síðustu viku.

Einnig kom fram í umræðunni að ekki væri sama í hvaða löndum við værum að bera saman annars vegar matvælaverð og hins vegar laun. Það kemur í ljós í gögnum sem ég hef aflað mér að því hærri sem launin eru í hinum 15 þjóðlöndum sem miðað er við þeim mun hærra er matarverðið. Það háttar þannig til að hér erum við með tiltölulega há laun og hátt matvælaverð og í þessu riti erum við með tiltölulega há laun og hátt matarverð. Við getum farið til landa eins og Póllands og Tyrklands þar sem eru lág laun og lágt matarverð. Þannig verðum við að bera þetta saman og það hefði verið hyggilegt að þetta hefði fylgt þáltill. þannig að við værum með öll gögn málsins saman komin.

Ég vil vitna enn og aftur til þeirrar umræðu sem varð í síðustu viku en þá nefndi hv. þm. Kristján Möller að flutningskostnaður hefði veruleg áhrif á matvælaverð hér á landi. Ég hygg að það sé alveg rétt og það þurfi að íhuga frekar. Vil ég í því sambandi minna á ferð sem hv. iðnn. fór til Sauðárkróks, en á fundi þar með fulltrúum frá Byggðastofnun o.fl. kom skýrt fram að Evróputilskipun, svokölluð vökulög sem voru samþykkt hér á hinu háa Alþingi, gera það að verkum að flutningskostnaður hefur hækkað um a.m.k. 7%. Sumir tala um 10% vegna þessara tilteknu laga sem við erum að framfylgja. Þetta á jafnframt við um fleiri flutningsleiðir, fleiri en langferðabifreiðir. Þetta á jafnt um hópferðarekstur þeirra sem reka hópferðabíla og annarra. Þeir hafa þurft að taka á sig kostnaðarhækkanir vegna þessa.

Svo ég vitni enn einu sinni í umræðuna í síðustu viku þar sem talað var um fólk sem hefði minna á milli handa, þá vil ég minna á það í þessari umræðu að nú á haustmánuðum stendur yfir sláturtíð. Það er einhver alódýrasti matur sem okkur Íslendingum gefst kostur á að kaupa og við höfum lifað á í gegnum aldir. Nú háttar svo til að fólk kaupir ekki slátur og tekur ekki slátur nema að litlu leyti og því er nánast fleygt. Ég vil benda því ágæta fólki á, hvort sem það hefur mikið eða lítið milli handa, að með því að sýna hagsýni í innkaupum og nýta ódýra matvöru er hægt að bæta margt í sínu heimilishaldi.

Í umræðunni kom jafnframt fram hvað væri til úrbóta til að ná matarkostnaði niður. Ég vil varpa því fram til flutningsmanns hvort sú hugmynd væri ekki athugunar verð að hér væri komið upp mörkuðum, þ.e. mörkuðum beint frá bændum til neytenda þannig að við gætum hreinlega sparað milliliðakostnað sem er greinilega mjög hár í landinu.

Að lokum vil ég, herra forseti, fagna þessari umræðu. Ég vænti þess og vona að hún megi skila okkur fram varðandi matarverð, en ég vil að hún sé fagleg og að farið sé vel í saumana á þessu máli.

[15:45]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. ræðumanni fyrir innlegg hans og þátttöku í umræðunni um matarverðið. En það sem hann kemur inn á, þ.e. markaðir til lægra verðs eða val á vöru vegna gæða vörunnar, hefur ekkert með tillögu mína að gera. Tillaga mín er um það að við látum fara fram könnun á því hvað myndar matarverðið, hvaða hlekkir það eru í samsetningu matarverðs sem eru ólíkir í löndunum fimm, Norðurlöndunum, og hvað veldur því að matarverðið er hæst á Íslandi og í Noregi.

Hann talar um ófagleg vinnubrögð. Ég vil mótmæla því. Þegar ég er að vinna málið þá er eina skýrslan sem til er hjá Hagstofunni norska skýrslan sem unnin er af rannsóknastofnun landbúnaðarins í Noregi. Hún byggir á nákvæmlega sömu tölum og Eurostat sem við erum í samvinnu við um úttektir á þessum málum. Þar er 31 ríki sem gerir samanburð og samanburðurinn er unninn út frá meðaltali í 15 Evrópusambandslöndum. Suður-Evrópa lækkar eflaust þetta meðaltal en Norður-Evrópa með Þýskalandi, Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð og Englandi hækkar það eflaust líka. En samanburðurinn er Norðurlönd við meðaltalið.

Ég greindi frá því í framsögu minni, herra forseti, að taflan frá Eurostat með samanburðinum til 2001 hefði komið fram eftir að ég var búin að skila inn málinu. En tilhneigingarnar eru allar þær sömu. Það er ekki grundvallaratriði hvort það er 54% hærra eða 64%. Í nýju tölunum er lægsti munurinn 103 á fiski og gleðilegt ef við höfum náð því niður. Annars erum við með tölur alveg upp í 170 og þar í milli niður í 140 í samanburðartölunum.

Ég greindi líka frá því — herra forseti, ég vil taka fram að ég er í andsvari, ég er með ræðu síðar, en ég sé það skyndilega hér að tímamælingin er á eins og ég væri að flytja ræðu. Ég held að ég megi bara tala tvisvar sinnum og hef kosið að vera síðasti ræðumaður í þessari umræðu.

(**Forseti** (HBl): Þá verð ég að biðjast afsökunar á því að hafa ekki veitt því athygli þegar hv. þm. sagði það. En þá hefur hv. þm. lokið ræðutíma sínum.)

Þá hef ég lokið fyrra svarinu en ég hef greint frá niðurstöðum Eurostat í framsögu minni. Þetta er faglega unnið, það er ótvírætt að matur er dýr hjá okkur og tillaga mín er að við finnum hvaða þættir það eru sem hækka matarverð.

[15:48]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi það hér áðan að í síðustu viku var hreinlega beðið um úrbætur af ræðumönnum sem tóku þátt í umræðunni um hvar við gætum leitað leiða til að ná milliliðakostnaði niður. Og þess vegna sagði ég það áðan í ræðu minni að við skyldum skoða það að fá markaði. Ég nefndi ekki hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur í því sambandi heldur var í umræðunni í síðustu viku spurt og kallað

eftir úrbótum. Þess vegna nefni ég þessa markaði. Það er alveg hárrétt, þeir eru ekki nefndir í þáltill.

Markaðir hvers konar, bændamarkaðir, eru mjög þekkt fyrirbrigði í Evrópu og hafa verið reyndir hér og ég tel að við eigum að skoða þá leið.

Varðandi tölur Eurostat þá komst ég einfaldlega yfir þær upplýsingar 2001 sem eru nýjustu tölur og þær sýna nokkru lægri mismun milli Íslands og þessara 15 Evrópulanda og það er mjög gleðilegt. Það eru réttar tölur, það eru tölur frá 2001. Og að tala um að það muni litlu þegar við tölum um á annan tug prósenta, ég er ekki alveg sáttur við það.

[15:49]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Staðreyndin er sú að á síðasta vetri kom fram í svari frá ráðherra Hagstofu að þróun vísitölu á Íslandi samanborið við vísitölu á Norðurlöndum hefði verið mjög óhagstæð. Það varð til þess að ég fór að skoða þessi mál. Töflurnar í greinargerð eru til stuðnings því að nauðsynlegt sé að við gerum úttekt á þessum málum, finnum út hvað veldur háu verði í framleiðslunni — við vitum að það er ekki hátt verð til framleiðandans í kjötvöruframleiðslu t.d. — og hvað skapar hátt verð í innflutningi. Og þegar við höfum séð hver er munurinn á Norðurlöndunum á hlekkjunum í þeirri verðlagningu þá getum við gripið til stjórnvaldsaðgerða þar sem það á við.

Síðan er ekkert nema gott um það að segja að hér verði settir á laggirnar markaðir, ég tek undir það með hv. þm. Það hefur bara ekkert með þessa tillögu að gera.

Einnig vil ég geta þess, virðulegi forseti, að matarkönnunin er búin til í þrennu lagi. Það tók þrjú ár að búa hana til og við höfum þrisvar tekið þátt í henni, 1995, 1998 og 2001. Og það er einn þriðji af samanburðinum tekinn á hverju ári og hinir þættirnir eru framreiknaðir. Þetta eru 550 vöruein-ingar og margar tegundir, þetta er gífurlega umfangsmikill samanburður og miklu umfangsmeiri en þyrfti í raun að vera til að leiða í ljós ákveðnar staðreyndir í þessu máli sem ég er að draga fram.

Ég fagna því mjög að hafa fengið góðar undirtektir, ekki síst hjá forsrh., um að ástæða sé til að skoða samsetningu vöruverðs til að finna þessa hluti út. Sumt getum við lagað í fyllingu tímans þegar við fáum þekkinguna með stjórnvaldsaðgerðum. Að öðru leyti verðum við e.t.v. að styrkja Samkeppnisstofnun til að hún virki eins og henni var ætlað.

[15:51]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. að verð til bænda hér á landi er í mörgum tilfellum mjög lágt og sérstaklega á kjötmarkaðnum, það er alveg ljóst. Og við hefðum gjarnan viljað sjá það verð endurspeglast úti á markaðnum til neytenda og það er svo sannarlega hlutur sem þarf að skoða í frekari athugun á þessu máli.

Ég vil endurtaka það að ég er hlynntur því að þessi mál verði skoðuð en ég vil að það verði fullkomlega gert á faglegan hátt og það verði gert með því að nýjustu tölur verði notaðar, sem eru tölur frá Eurostat árið 2001.

[15:52]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið fjallað þó nokkuð mikið um þessa tillögu og ég held að megi segja að allflestir eða allir ræðumenn séu í sjálfu sér jákvæðir gagnvart henni.

En ég vil undirstrika og taka undir með þeim sem benda á nauðsynina á því að útvíkka sjónarhornið sem unnið er út frá. Menn hafa komist að því að vöruverð er miklu hærra hér og öll viljum við lægra vöruverð í landinu, það gefur augaleið. Það er sameiginlegt markmið allra en þá er það spurningin um aðferðafræðina við að gera það.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, flm. tillögunnar, benti á að það þyrfti að fara í stjórnvaldsaðgerðir. Það liggur nú kannski fyrir í dag hverjar sumar af þessum stjórnvaldsaðgerðum þyrftu að vera því að allflestir hafa bent á flutningana sem eru gríðarlega dýrir í svona stóru landi. Það er til aðferð við að takast á við þann vanda, t.d. vegur flutningskostnaðurinn þungt í vöruverði.

Menn hafa bent á og ég nefndi í umræðunni þá gríðarlegu fjárfestingu sem hefur verið í verslun hér. Auðvitað lendir það á á neytandanum að fjármagna slíkt og það eru gríðarlegar fjárfestingar eins og þjóðin veit sem við höfum farið í hvað varðar verslunina.

Í þriðja lagi er það vinnsla afurðanna og þar hafa nú heldur betur orðið tilþrif á síðustu missirum, t.d. hvað varðar sameiningu mjólkurbúa, búið er að taka gríðarlegan pening út úr afurðastöðvunum af fyrri eigendum, sláturhús hafa farið á hausinn o.s.frv., þannig að þar liggja náttúrlega gríðarlegir peningar sem leggjast á pyngju neytandans.

Ég tek því undir, virðulegi forseti, með þeim sem telja nauðsyn á því að breikka þessa umræðu þannig að við getum tekið á öllum þeim póstum sem augljóslega samkvæmt könnunum og úttektum eru að langmestu leyti innanríkisvandamál hér vegna þess að eins og fram hefur komið í umræðunni er innflutt landbúnaðarvara sem er keypt á heimsmarkaði til landsins ekki hlutfallslega lægri. Það má segja að innflutta varan standi heldur betur samkvæmt þeim gögnum sem lögð hafa verið fram. Það er því margt sem bendir til þess að taka þurfi til hendinni að langmestu leyti hér heima fyrir og ég vil árétta að það er fjárfestingaþátturinn, flutningskostnaðarþátturinn og úrvinnsluþátturinn sem þarf að ráðast á hvað þetta varðar.

Að öðru leyti vil ég segja, virðulegi forseti, að ég fagna því að þessi tillaga er komin fram og auðvitað, eins og ég sagði áðan, styðja allir vinnu sem miðar að því að koma niður vöruverði í landinu þannig að það verði til hagsbóta fyrir landsmenn alla og alla neytendur hér.

[15:56]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Við höldum hér áfram að ræða þá till. til þál. sem þrír þingmenn Samfylkingarinnar hafa flutt á hinu háa Alþingi, sem er um það að athuga og kanna hverjar orsakir eru fyrir háu matvælaverði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins.

Út af fyrir sig hefur þetta verið mjög góð umræða sem hér hefur farið fram og ég hef bent á að við erum að ræða um samanburð á matvælaverði milli Norðurlanda og Evrópusambandsins og Íslands, og ég hef enn fremur bent á að við þingmenn Samfylkingarinnar erum líka í annarri þáltill. að fjalla um mismun á vöruverði milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar, sem er ekki minni og ekki minni ástæða til að fara í gegnum og skoða. Ég kem að því síðar, herra forseti.

En auðvitað er það mjög skrýtið, eins og kemur fram í þeim töflum sem fylgja með þáltill. t.d. um verð á sjávarafurðum, að á árinu 2000 voru sjávarafurðir 12% dýrari hér á landi en í Evrópusambandslöndunum 15 sem tekin voru með í dæmið. Út af fyrir sig er e.t.v. ekki svo gott að bera

þetta saman en þó vil ég vekja athygli á einu sem hefur komið fram í könnun sem Morgunblaðið gerði í tveimur verslunum á Spáni og Íslandi. Þetta er athugun frá því í apríl á þessu ári og leiddi í ljós að matarkarfan sem könnuð var var þrefalt dýrari á Íslandi en á Spáni og það kemur í sjálfu sér ekki á óvart. Fyrir þá sem hafa verslað á þessum stöðum í sumarfríum sínum þá sjá menn hvað það er.

En það vakti sérstaklega athygli mína í könnun Morgunblaðsins og í þeirri grein sem skrifuð var í framhaldi af henni að íslenskur saltfiskur er dýrari á Íslandi en á Spáni. Saltfiskur sem er framleiddur á Íslandi er dýrari á Íslandi en á Spáni, og það er sem sagt eftir að búið er að selja hann út, flytja hann með væntanlega íslenskum fraktskipum, keyra hann sennilega um Spán í járnbrautarlest, og kominn í verslun á Spáni er saltfiskurinn dýrari á Íslandi en á Spáni. Það er náttúrlega alveg sérstakt mál út af fyrir sig og vekur ótal spurningar.

Í greininni sem skrifuð var í Morgunblaðið kom fram að íslenskur saltfiskur á Spáni kostaði 654 kr. kg á sama tíma og íslenskur saltfiskur kostaði 958 kr. kg í Hagkaupum, sem er mjög hliðstæð þeirri verslun sem borin var saman við á Spáni.

Það er náttúrlega alveg einstakt að þetta skuli vera svona. Og það vekur auðvitað upp spurningar um verð á fiskafurðum hér á Íslandi úti í búð. Það er ansi sérstakt að eitt kíló af ýsu skuli kosta 1.100–1.200 kr. kg, að fiskur sem veiddur er hérna rétt fyrir utan jafnvel, kominn í búð skuli kosta 1.100–1.200 kr. kg. Mér er nú ekki kunnugt um, herra forseti, hvað svínahamborgarhryggur kostar í dag en ég efast um að hann sé mikið dýrari, að maður tali nú ekki um verð á hvítu kjöti.

Til þess að sýna fram á fáránleikann í verðlagningunni skilst mér að um tíma hafi lúðukílóið kostað yfir 2.000 kr. út úr búð á Íslandi. Og vel þekkt er góð saga af undirbúningi fermingarveislu þar sem hætt var við að hafa lúðu vegna þess að hún þótti svo dýr en svínahamborgarhryggurinn sem notaður var í veislunni kostaði ekki nema 1.200 kr. Lúðan átti á sama tíma að kosta 2.200 kr. Þetta sýnir náttúrlega fáránleikann.

Í þessari tillögu er gert ráð fyrir því, sem er aðalatriðið, að gripið verði til opinberra aðgerða við að skoða vöruverð og hvernig það þróast hér.

Vegna þess að ég minntist á tillögu sem við, aðrir þingmenn Samfylkingarinnar, höfum flutt um flutningskostnað innan lands ætla ég líka rétt í lokin að mótmæla því sérstaklega sem hv. 1. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal, sagði í ræðu um þetta mál síðast þegar það var rætt. Hann fullyrti sömu vitleysuna og hæstv. forsrh. sagði í stefnuræðu sinni, hann sagði að flutningskostnaður á Íslandi hefði lækkað.

Þetta segi ég nú, herra forseti, í tilefni af þessari umræðu og því sem kemur fram í annarri þáltill. sem við, nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar, flytjum. Hún snýst um að kanna vöruverð og vöruverðsmyndun milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Þar kemur í ljós að það er vel þekkt að yfir 100% verðmismunur er á milli vöru sem er seld til verslunar á höfuðborgarsvæðinu og til smáverslana á ýmsum stöðum úti á landi, jafnvel í verslunum sem verslunarkeðjur á höfuðborgarsvæðinu reka, eins og Bónus. Hvað er það annað en flutningskostnaðurinn sem ræður þar stórum hluta, sérstaklega þungaskattshækkun og aðrar opinberar álögur frá hendi ríkisins á flutningskostnað? Það er sundurliðað í töflu í þessu þingskjali sem ég vitnaði til og við getum séð að flutningskostnaður frá Reykjavík og t.d. austur á norðausturhornið getur verið 30–35 kr. á kíló ef ég tek bara eitt dæmi, t.d. eitt kíló af kaffi eða eina fiskibolludós eða eitthvað svoleiðis. Ef þetta er flutt í litlum einingum getur kostað svona mikið að flytja það. Þetta er merkilegt.

Ég vil andmæla hér, herra forseti, að flutningskostnaður hafi lækkað. Þetta er vitleysa og þetta er hlutur sem við verðum að skoða líka, ekki síður en það sem hér er talað um, mun á Norðurlöndunum og Íslandi. Ég held að full ástæða sé til þess, herra forseti, og vitna ég enn í þessa þáltill. sem ég er flutningsmaður að ásamt mörgum öðrum. Hún fjallar um það að kanna áhrif þungaskatts og hvað það er sem lyftir vöruverði upp á landsbyggðinni sem raun ber vitni í samanburði við höfuðborgarsvæðið. Þar hika ég ekki við að halda því fram að flutningskostnaður ráði mjög miklu.

Þess vegna andmæli ég þeim fullyrðingum sem hér hafa komið fram, og ég vitnaði til áðan, um það að flutningskostnaður hafi lækkað. Það kannast enginn við. Og þess eru mörg dæmi að flutningskostnaðurinn sé töluvert hærri en verðið á vörunni sjálfri. Þess vegna segi ég að hann spilar auðvitað inn í verðið alveg eins og það er full ástæða til þess að ætla að hinn mikli flutningskostnaður vegi örugglega mjög þungt í hinu háa vöruverði sem við eigum við að etja á Íslandi, e.t.v. vegna lítillar samkeppni á vöruflutningi til landsins eða flutningi á hráefni til endurvinnslu hér.

[16:04]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Aðeins út af þessu máli um matvælaverð, um þá þáltill. sem hér liggur fyrir og þá miklu umræðu sem farið hefur fram um hana, vil ég segja að mér finnst það gleymast hvað matvælaverð hefur breyst mikið úti á landi. Með tilkomu stórmarkaða á suðvesturhorninu sem hafa náð verulegri markaðsstöðu þar hafa þeir einnig séð sér hag í því að flytja starfsemi sína út á land, og það er ekki einn heldur fleiri sem hafa gert það. Ég get tekið sem dæmi Samkaup í Reykjanesbæ sem hefur opnað útibú á Ísafirði, á Egilsstöðum og víðar og með því náð niður matarverði. Bónus hefur gert það sama. Hagkaup hefur gert það sama. Þessir stóru markaðir hafa orðið mikil búbót fyrir fólk úti á landi. Ég held að menn megi ekki gleyma því hversu gríðarlega matvælaverð hefur lækkað úti á landi miðað við höfuðborgarsvæðið á allra síðustu árum. Það er fyrst og fremst út af því hvað við höfum getað byggt upp sterkar matvörukeðjur með ýmsum hætti sem hafa haft bolmagn til þess að setja upp alvöruverslanir um allt land. Þær koma að sjálfsögðu í staðinn fyrir kaupfélögin sem hafa lagt upp laupana. Þau gátu samt aldrei haldið niðri því matvælaverði úti á landi sem stórmarkaðirnir hafa getað gert og munur á verði úti á landi og á höfuðborgarsvæðinu er orðinn sáralítill.

Svo má endalaust velta fyrir sér hvers vegna við höfum ekki sambærilegt matvöruverð á Íslandi og úti í Evrópu þar sem best háttar til. Allar þær niðurgreiðslur sem þar eru hafa komið inn samtímis, sérstaklega á landbúnaðarafurðum og svo að sjálfsögðu einnig í sjávarútveginum þar sem verulegir styrkir hafa áhrif á verð og afkomu útgerða og bænda. Ég held því að mjög erfitt sé að meta þetta svona saman. Reyndar er þessi samanburður í tillögunni gamall og eftir því sem ég get best séð er verið að tala um úttekt sem gerð var fyrir tveimur árum. Síðan er hún framreiknuð með einhverjum vísitölum sem ég er ekki alveg viss um að geti passað inn í myndina þegar verið er að tala um matvöruverð í dag. (**Gripið fram í:** En saltfiskurinn?)

Ég ætla aftur á móti ekki að efast um að ekki sé hægt að ná meiri árangri í því að lækka matvöruverð á Íslandi, um það getum við öll verið sammála. En ég held að við verðum samt að taka inn í þær staðreyndir sem við stöndum frammi fyrir. Við erum eyþjóð. Það verður alltaf dýrara að kaupa vörur hér en í framleiðslulandi, einfaldlega vegna fjarlægðar okkar frá framleiðslulandinu. Og samkeppnin er því miður minni hér en á meginlandi Evrópu, einfaldlega vegna smæðar okkar. Það er ljóst að þeir aðilar sem hafa náð yfirtökum á matvælamarkaðnum hafa aðeins sofið á verðinum, hafa ekki tekið þann sjálfsagða pól í hæðina að takmarka hagnaðinn, skulum við segja.

Ég geri ráð fyrir því að til að menn sjái myndina fyrir sér í réttu ljósi, og við séum að tala um réttar tölur í þessu, verði unnið að því að fá úttekt með þessum samanburði og réttri dagsetningu, úttekt sýnilega öllum þannig að við getum talað um verð dagsins eins og það er í dag en ekki fyrir tveimur árum.

[16:10]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi umræða hefur verið mjög góð. Hins vegar gengur málflutningurinn hjá sumum þingmönnum alveg fram af mér. Það er eins og þeir detti í að reyna að finna það út að ég hafi unnið illa að þessu máli, að upplýsingar í því gefi það til kynna að matvara sé hærri á Íslandi en hún í raun er. Þessu er alveg öfugt farið. Öll mín vinna byggist á upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Grunnurinn og það sem skiptir mestu máli er svar frá hæstv. forsrh., ráðherra Hagstofu, í fyrra sem nær til ársins 2000 þar sem kemur í ljós að frá því að vísitala matvöru var sett á 100 á milli Norðurlanda 1996 hefur matvara á Íslandi hækkað langmest, þ.e. til ársins 2000 í 113,7. Ég óskaði eftir því í haust að Hagstofan skoðaði hvort öðruvísi vísbendingar væru á milli áranna 2000 og 2001 en áranna á undan, hvort von væri til þess að matvaran væri að lækka. Niðurstöðuna fékk ég senda frá Hagstofunni og því miður er það ekki svo. Á meðan Noregur lækkar úr 113,3 í vísitölunni niður í 111,3 hækkum við úr 113,7 upp í 121,5. Þetta er grunnurinn. Ég er búin að lýsa nokkrum sinnum í þessari umræðu að samsetning á samanburðinum í þeim töflum sem ég hef fengið frá Hagstofunni, upp úr skýrslunni sem norska hagstofan vann upp úr sömu tölum og Eurostat vinnur, herra forseti, nær yfir þrjú ár í einu og þess vegna sveiflast örlítið til hvaða matvörur eru teknar fyrir hverju sinni. Ég er búin að útskýra það mjög vel og ég hefði glöð notað tölurnar frá Eurostat máli mínu til stuðnings en það eru ekki tölurnar sem skipta máli heldur úttektin sem við ætlum, vonandi, að gera.

[16:12]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einmitt úttektin sem við ætlum vonandi að gera — ég vona að við sjáum þá einhverja úttekt sem er nær tímanum í dag en tveggja ára gömul úttekt.

Ég geri að sjálfsögðu ráð fyrir því að þær skoðanir sem hv. þm. vitnar hér í gefi einhverja vísbendingu um að vöruverðið á Íslandi hafi ekki lækkað í takt við það sem hefur þá gerst í Noregi.

Mér finnst samt ekki ástæða til þess að mála skrattann á vegginn og segja að hér sé allt ómögulegt og hér sé vöruverð að fara úr böndunum en alls staðar annars staðar í heiminum sé þetta miklu betra. Þetta er ekki þannig. Og eins og ég sagði áðan hefur vöruverð úti á landi stórlækkað með tilkomu stórmarkaða sem hafa sett upp verslanir sínar í stærstu þéttbýliskjörnum landsins. Vöruverð þar er það sama og hjá þessum stórmörkuðum á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er algjör bylting úti á landi í vöruverði.

Þessi þróun er augljóslega mjög jákvæð og mér finnst alveg ástæða til að halda því á lofti þegar verið er að tala um matvælaverð almennt. Og ég hef ekki orðið var við að hv. flm. Rannveig Guðmundsdóttir hafi yfirleitt minnst á það.

Við getum öll sameinast um að reyna að lækka vöruverð á Íslandi. Þá er það spurning hvaða aðferðir eru notaðar til þess. Sjálfstfl. hefur beitt sér fyrir því að lækka skatta t.d. á fyrirtæki, tekjuskattar hafa lækkað, sem á að koma út sem lægra vöruverð hjá verslunum.

[16:14]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil það núna að þingmaðurinn hefur alveg misskilið þingmálið sem ég er að flytja. Hann heldur að nýja könnun þurfi til að bera saman vöruverð. Það er reyndar lítil tillaga á borðinu sem ég mælti fyrir um leið og ég mælti fyrir þessu máli sl. fimmtudag og óskaði eftir að færi beint til nefndar vegna þess að það væri eðlilegt að umræðan um þessi tvö mál færi fram samtímis, um að jafnaðarlega verði borið saman vöruverð og birt opinberlega þannig að við getum fylgst með því hvernig staðan er hjá okkur. Samanburðurinn snýst um Norðurlönd.

Herra forseti. Tillagan er um að finna út hvaða þættir það eru sem mynda vöruverðið, annars vegar í innlendri framleiðslu og hins vegar í innfluttri matvöru, og kanna hvað það er í hverjum þeim þætti sem er svo ólíkt hjá okkur að vöruverðið er eins hátt og raun ber vitni.

Herra forseti. Ef við ætlum að nálgast einhvern sannleik til þess að geta gert þær breytingar sem þarf til að okkar fólk, okkar þjóð, standi líkt að vígi og nágrannaþjóðirnar þurfum við að fá ákveðna þekkingu. Þingmálið er um þessa úttekt, ekki samanburðinn á matvælaverði. Og ég verð að geta þess, herra forseti, að samkvæmt svari hæstv. forsrh. um vísitölur á Norðurlöndunum stóð vísitalan hjá okkur árið 1990 í rúmum 90. Hún er núna komin í 121,5. Í Finnlandi stóð hún í 103. Hún er búin að hækka upp á tímabilinu en er aftur þarna, árið 2000, samkvæmt svari ráðherra, komin í 103,9. Þetta gerist núna í nágrannalöndunum. Við erum ekki að tala um Evrópu almennt eða Suður-Evrópu, heldur Noreg, Svíþjóð, Danmörku og Finnland. Og, herra forseti, öll Norðurlöndin nema Danmörk eru með 12% í virðisaukaskatt á matvöru og við með 14%. Danir eru með 25% en eru langt undir okkur í verðlagi. Þetta eru staðreyndirnar sem blasa við.

[16:16]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég hafi ekki misskilið neitt tilgang hv. þingmanns með þessum málflutningi sínum í þinginu síðustu daga. Það vita allir að tilgangurinn er sá að reyna að telja fólki trú um að það sé miklu eðlilegra fyrir okkur að ganga í Evrópusambandið því að þá mundu allar vörur á Íslandi lækka. Það er einmitt það sem var meiningin að koma á framfæri með þessum málflutningi. Það er augljóst að við þurfum ekki að deila mikið um tilganginn.

Við getum aftur á móti rætt lengi um það hvernig vöruverð á Íslandi hefur þróast og af hvaða ástæðum, hvaða áhrifavaldar það eru sem breyta vöruverðinu fram og til baka. Eins og ég sagði áðan beitti Sjálfstfl. sér fyrir því að skattar voru lækkaðir á fyrirtæki. Það er eitt af því sem hefur væntanlega áhrif á verðlagningu vöru og þjónustu.

Menn hafa með ýmsu móti reynt að lækka vöruverð. Það er ekki langt síðan Alþfl. sálugi beitti sér fyrir því að hér var lagður á matarskattur upp á 24,5%. Eftir að Alþfl. hætti í ríkisstjórn var þessi matarskattur lækkaður þannig að matvöruverð hefur lækkað líka af þeim ástæðum. Ef við förum að rifja upp söguna má benda á ýmsar augljósar vísbendingar um að af hálfu Sjálfstfl. hefur ekki staðið á að reyna að halda þannig á spilunum að verð á matvöru á Íslandi sé með því lægsta sem þekkist.

[16:18]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst ræða hv. þm. Kristjáns Pálssonar alveg með ólíkindum, að ég tali ekki um andsvörin þar sem mér finnst einhvern veginn eins og hv. þm. sé rétt að koma í salinn og átta sig á hvað við erum að ræða hér. Hv. þm. sagði í fyrri ræðu sinni áðan að vöruverð hefði stórlækkað úti á landi, lækkað gríðarlega. Þetta er bæði rétt og rangt. Það er rétt að vöruverð hefur lækkað á nokkrum stöðum úti á landi þar sem stórmarkaðir hafa sett sig niður. Það er þekkt að vöruverð í t.d. Bónus, sama hvort verslunin er á Smáratorgi, Ísafirði eða Akureyri, er það sama. Það fyrirtæki heldur í raun og veru uppi ákveðinni flutningsjöfnun. En þar fyrir utan held ég að þetta sé ekki rétt. Við þekkjum mun á vöruverði sem getur verið frá 60% og upp í 108% eins og ég hef rætt um áður. Við þekkjum það á algengum vörutegundum, bæði innfluttum og framleiddum hér á landi. Ef við förum vítt og breitt um landið sjáum við þennan mun þannig að það er út í hött, hæstv. forseti, að fullyrða að vöruverð hafi lækkað án þess að taka fram að það er bara á nokkrum stöðum. Það eru mjög margir staðir á landsbyggðinni sem búa við gríðarlega hátt vöruverð og þar vegur flutningskostnaðurinn, sem sjálfstæðismenn hafa verið í broddi fylkingar með að hækka, mjög þungt eins og áður hefur komið hér fram.

Herra forseti. Ég vil andmæla því og mótmæla þeirri fullyrðingu sem hér er reynt að setja fram. Ég bið bara fólk af landsbyggðinni að dæma sjálft. Það er fullfært um það, þekkir vöruverðið sem því er boðið og það þekkir líka og veit hvernig þetta er annars staðar.

[16:20]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagðist halda að vöruverð væri einungis jafnað hjá Bónus þar sem sú keðja væri, og væri sama verð hjá Bónus úti á landi og hjá Bónus á höfuðborgarsvæðinu. Ég held að ég fari rétt með þegar ég segi að Samkaup séu með sama vöruverð um allt land. Ég verð að viðurkenna að ég er ekki með könnun hérna fyrir framan mig frekar en hv. þm. Kristján Möller. Hagkaup hefur sett sig niður á suðvesturhorninu öllu og einhvern tíma var það líka á Akureyri.

Þegar við tölum um örfáa staði erum við að tala um helstu staði í hverjum landshluta. Við getum verið að tala um Ísafjörð, Akureyri, Egilsstaði, Selfoss og Vestmannaeyjar. Við erum að tala um allmarga staði, þá staði sem landsbyggðarfólk leitar yfirleitt til um þjónustu, hefur tækifæri til að versla í þegar það er í kaupstaðarferð. Það er nákvæmlega það sama og fólk þarf að gera í nágrannabyggðum. Sunnlendingar fóru í ákveðnar verslunarferðir á höfuðborgarsvæðið um tíma. Þetta hefur gerst alls staðar þangað til menn hafa getað dregið til sín þessar stóru verslanir á ákveðna staði. Það styrkir náttúrlega byggð á þessum svæðum. Við megum ekki gera lítið úr því sem hefur náðst fram með samtakamættinum. Allmargir hafa lagt hönd á plóg til að reyna að fá þessa aðila til að hjálpa sér að lækka vöruverð, þingmenn og sveitarstjórnarmenn og fólkið í þessum plássum, og það skiptir máli. Ég held að ekki sé neitt óeðlilegt við þann málflutning sem hér hefur verið hafður uppi um þessi mál.

[16:22]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er talað af fullkominni vanþekkingu á högum landsbyggðarbúa, bæði hvað varðar vöruverð og eins um verslunarhætti. Ég vil benda hv. þingmanni á að kíkja á þskj. 18 sem verður vonandi rætt næstu daga, um vöruverð á landsbyggðinni þar sem hægt er að sjá nýlega könnun.

Eins og hér er talað opinberast líka fullkomin vanþekking á því hvar íbúar á landsbyggðinni geta verslað, t.d. á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum o.s.frv. Ég segi, herra forseti, að þarna er talað af vanþekkingu og ég stend við það orð. Ætlar hv. þm. t.d. íbúum Raufarhafnar, Þórshafnar og Vopnafjarðar að aka í hvert skipti til Akureyrar til matarinnkaupa? Gerir hv. þm. sér ekki grein fyrir að á þessum stöðum eru reknar verslanir sem þjóna viðkomandi byggðarlögum en þær verslanir sitja engan veginn við sama borð til vöruinnkaupa og verslanir annars staðar. Hvers vegna? Vegna flutningskostnaðar að stærstum hluta.

Gerir hv. þm. sér grein fyrir því að það kostar 30–35 kr. á kíló að flytja vörur frá höfuðborgarsvæðinu og t.d. á þessa staði sem ég nefndi? Hvert fer þessi flutningskostnaður annað en þráðbeint út í verðlagið?

Það er alveg rétt að það er hægt að afgreiða hlutina með því að segja að íbúar þessara og hinna staða skuli bara nota hinar miklu „þjóðbrautir" og „hraðbrautir" — sem þarna eru sem sumar hverjar ætti ekki einu sinni að kalla vegi — að ætla fólki að aka nokkur hundruð kílómetra leið til að komast í eðlilegt vöruverð. Ég segi, herra forseti, að umræðan á auðvitað að snúast um hvernig hægt er að jafna vöruverð á þessum smástöðum þannig að íbúar sitji við sama borð og annars staðar á landinu.

[16:25]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að hv. þm. hefði komið á fleiri staði en Siglufjörð. Mér finnst hv. þingmaður tala eins og enginn hafi farið um landið og kynnt sér hvernig aðstæður eru almennt hjá fólki. Ég veit bara að vestur á fjörðum fara Súgfirðingar núna í gegnum göng til Ísafjarðar. Þetta er mjög þægilegur ferðamáti og þar geta menn valið um margar verslanir og fengið vöruverð lægra miðað við þau útibú sem eru á þessum stöðum. Reyndar eru orðnar mjög fáar verslanir á þessum minnstu stöðum. Það er kannski ein sjoppa við hliðina á bensínstöðinni. Ég held að hv. þingmaður þekki í rauninni ekki orðið aðstæður úti á landi. Ég skora á hann að fara og kynna sér málin áður en hann heldur áfram með þann málflutning sem hann hefur haft uppi.

Það er alveg augljóst mál að hv. þm. hefur ekki hugmynd um það hvaða vegabætur hafa átt sér stað í landinu á undanförnum árum. Það eru líka göng frá t.d. Flateyri og yfir á Ísafjörð. (**KLM:** Hvað með Raufarhöfn?) Það er malbikaður vegur frá Súðavík til Ísafjarðar og það er búið að lagfæra veginn frá Bolungarvík þannig að þetta er mjög auðveld leið fyrir allflesta Vestfirðinga. Auðvitað eru til þeir staðir sem eru verr settir en aðrir en það er samt gríðarlega mikilvægt fyrir þá staði að geta þó leitað inn á þessa þéttbýliskjarna sem við erum örugglega sammála um að eru staðir eins og

Akureyri fyrir Norðurland. Ég veit ekki annað en t.d. Siglfirðingar hafi lagt ofuráherslu á það að fá göng frá Siglufirði yfir á Eyjafjarðarsvæðið til að geta tengst Akureyri. Var það ekki til þess að fá betri þjónustu? Hver er ástæðan fyrir því að gera þessi rokdýru göng fyrir 1.500 Siglfirðinga? Það hlýtur að vera einhver ástæða fyrir því. Það hlýtur að vera vegna þess að hv. þm. gerir ráð fyrir því að Siglfirðingar fái betri þjónustu, þar á meðal lægra vöruverð.

[16:27]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa afbragðsgóðu og að mestu leyti málefnalegu umræðu. Mjög margir hafa tekið þátt í henni og dregið fram ólík sjónarmið. Og það er samhljómur með þingmönnum um að matarverð er hátt hér enda er þetta mál stutt rökum þar að lútandi, og þau rök er að fá frá Hagstofu Íslands, fyrst og fremst í svari frá hæstv. forsrh. sl. vor.

Það ber að fá úr því skorið hvað veldur þessu háa matarverði og síðan að skoða hvað hægt er að gera og hvaða vilji er til að breyta því.

Hins vegar verð ég að segja að líka hafa komið fram mjög annarleg sjónarmið varðandi þessi mál í umræðunni, svo sem eins og þegar reynt er að halda því fram að þetta sé viðunandi eða að við, sem Íslendingar, eigum að láta yfir okkur ganga að hafa hærra matarverð „af því"-eitthvað. En þetta mál snýst um lífskjör og okkur ber að skoða lífskjör á Íslandi samanborið við næstu nágrannalönd. Ég beini sjónum að samanburði við Norðurlöndin.

Það er líka athyglisvert og hefur komið fram í umræðum sl. viku — ég vakti athygli á því í inngangi — að tvennt ber hæst í útgjöldum heimilanna, háan húsnæðiskostnað og hátt matarverð. Þetta eru mjög þýðingarmiklir þættir í högum fjölskyldunnar. En ég hef líka bent á annað í umræðunni. Tökum ungt fólk sem við segjum frá þekkingarsamfélaginu. Við tölum um að gera ungu fólki kleift að mennta sig til þess sem hugurinn stendur til, við bendum á að veröldin öll er orðin einn vinnumarkaður og að ungt framsækið fólk frá Íslandi geti farið hvert sem er til starfa og sé samkeppnisfært. En við viljum fá ungt fólk hingað heim til að byggja upp gott samfélag hér og taka þátt í því sem fram undan er hér, njóta þekkingarinnar. Hver er þá staðan? Ungt fólk fer út til að mennta sig. Hér eru lakari kjör en á öllum Norðurlöndunum hvað varðar stuðning við námsmenn. Fólkið kemur svo — vonandi — heim og hvað bíður þess þá? Miklu þyngri og erfiðari húsnæðismarkaður en nokkurs staðar annars staðar, m.a. mjög vanþróaður leigumarkaður og há húsaleiga. Ef fólk er komið með börn og heimili, hvað blasir þá við? Ofboðslega hár matarkostnaður. Við erum að tala um lífskjaraþróun og vilja til þess að skoða hvað við getum haft og gert öðruvísi.

Ég held að hver og einn sem skoðar þessi mál hljóti að spyrja sig hvað valdi því að Ísland og Noregur búa við svo hátt matarverð en aðrir ekki. Að hluta til hefur virðisaukaskattur átt þátt í háu matarverði í Noregi. Noregur var með jafnháan virðisaukaskatt og Danmörk. Munum það að Danmörk er með 25% virðisaukaskatt en þar er samt miklu lægra matarverð en hjá okkur. Önnur lönd eru með 12% og Norðmenn eru nú búnir að lækka skattinn hjá sér niður í 12% til að lækka matarverðið.

Ég hef, herra forseti, óskað eftir því að kannaðar verði orsakir mismunandi matvælaverðs á Norðurlöndum, að fram fari nákvæmur samanburður á matvöruframleiðslu og verslunarháttum. Ég hef kallað eftir að fram fari samanburður á skilyrðum sem matvælaframleiðslu og matvöruverslun er búin og hvort ólík tenging Norðurlanda við Evrópusambandið hafi áhrif á mismunandi þróun matvælaverðs í löndunum. Ég hef áhuga á að vita það. Það er ekki vegna þess að ég sé búin að ákveða að ganga skuli í Evrópusambandið. Að þessu hef ég unnið síðan sl. vetur.

Jafnframt er hér tillaga um að skoða reglulega matarverð á Íslandi samanborið við Norðurlöndin og Evrópusambandið. Hvers vegna? Vegna þess að allar samanburðarkannanir sem við höfum oft verið að taka þátt í byggjast á samanburði við meðaltalsverð á Norðurlöndum.

En af hverju er ég að flytja þessa tillögu? Það er vegna þess sem fram kom í svari hæstv. forsrh. í fyrra. Ég óskaði eftir því að ef veruleg frávik væru í þróun vísitölu milli landanna, Norðurlandanna, þá yrði grafist fyrir um ástæður þess. Er skýringa að leita í mismunandi tengslum ríkjanna við Evrópusambandið? Eru það mismunandi framleiðslu- og verslunarhættir eða sérstakar verndaraðgerðir í þágu innlendrar framleiðslu í þessum löndum?

Í svarinu segir:

„Ekki eru tök á að ráðast í nákvæman samanburð á matvöruframleiðslu og verslunarháttum á Norðurlöndunum, né þeim skilyrðum sem þeim greinum sem hér um ræðir, þ.e. matvælaframleiðslu og matvöruverslun, eru búin í hverju landi um sig."

Þetta er eðlilegt að fram komi í svari við fyrirspurn um þróun vísitölunnar. Þegar ég fór að kanna hvaða upplýsingar lægju fyrir, þá lágu þessar upplýsingar ekki fyrir. Menn skulu gera sér grein fyrir því að hæstv. forsrh., jafnönugur og hann er gagnvart öllum málum þar sem Evrópusambandið er nefnt — meira að segja ef talað er um samanburð á verði matvæla í 15 löndum Evrópusambandsins er það nóg til að kveikja ólundina og fýluna í viðbrögðum — hefur samt sagt, herra forseti, í viðtali um helgina að matvöruverð hefði ekkert með Evrópusambandið að gera og segir um Samfylkinguna, með leyfi hæstv. forseta:

„Þess vegna finnst mér að þessir aðilar eigi að segja okkur með hvaða hætti þeir vilja lækka matvöruverð. Við munum aldrei ná því niður í það sem gerist á Suður-Ítalíu, Suður-Spáni, Grikklandi og öðrum slíkum löndum sem lækka þetta meðaltal."

Við þessu segi ég að það er ólíklegt að verðið lækki svo mikið. Það held ég að engum detti í hug. En það er hugsanlegt að við gætum náð því niður í svipað verð og í Finnlandi, Þýskalandi og Svíþjóð. Á sama tíma og Finnland hefur náð matarverði í sumum vöruflokkum niður fyrir meðaltal í Evrópusambandslöndunum hefur orðið 30% kaupmáttaraukning í Finnlandi, eftir efnahagslægð sem var hjá þeim. Það er bent á 25% kaupmáttaraukningu á nokkurra ára tímabili hjá okkur. Við erum líka búin að fara í gegnum efnahagslægð. En matvöruverðið er allt annað.

Enn eitt, herra forseti. Forsrh. segir hins vegar sjálfsagt að rannsaka verðmyndun á matvöru og segist vilja sjá um hvað þetta snýst og hvað menn vilji gera í því, t.d. Samfylkingin. Þetta ítrekaði hæstv. forsrh. í svari sínu til Jóhönnu Sigurðardóttur um annað mál í óundirbúnum fyrirspurnum í dag. Þetta er það sem skiptir máli. Við verðum, sem hann tekur undir að þurfi að gera, að rannsaka verðmyndunina eins og ég er að leggja til. Þegar það liggur fyrir þá vitum við og getum skoðað hvað vilji er til að gera. Ég get ímyndað mér að mat Samfylkingarinnar verði annað og e.t.v. verði tillögur

hennar um breytingar, komist hún í ríkisstjórn, aðrar en hjá Sjálfstfl. Stefna og viðmið flokkanna eru það ólík. Það á hins vegar eftir að koma í ljós.

Hér hefur verið talað um ýmislegt og ég minni á það sem fram kom í máli Margrétar Frímannsdóttur fyrir helgi þegar hún vitnaði í plagg frá bændum í nautakjötsframleiðslu. Þeir bentu á að þegar miðað væri við hvað kæmi til bænda, miðað við 280 kg skrokk og nær 69% nýtingu, þá fara 86 þús. til bóndans. Verðið fyrir allt er síðan 234 þús. kr. Þá get ég spurt: Ætli slátrun og vinnslu séu búin önnur skilyrði hjá okkur en í þessum þremur Norðurlöndum? Við vitum það ekki. Fyrst er að kanna það. Er það smásöluheimildin? Er þar eitthvað óhóflega farið með? Er virðisaukaskatturinn jafnlágur hjá okkur og löndunum þremur?

Út af orðum hv. þm. Kristjáns Pálssonar hér áðan vil ég segja að mér fannst ósæmilegast í málflutningi hans þegar hann reyndi að gera málflutning minn í þessu máli tortryggilegan með því að benda á að í upphafi síðasta áratugar hafi Alþfl. viljað leggja á matarskatt. Alþfl. og Sjálfstfl. unnu saman í ríkisstjórn að því að breyta söluskattskerfinu sem var orðið mjög götótt. Flokkarnir komust að þeirri niðurstöðu að taka upp virðisaukaskatt. Fyrst hugsuðu menn með sér að notast mætti við sömu aðferð og Danir hafa, Danir sem eru með miklu lægra matarverð en við en eru með fullan virðisaukaskatt á þessari matvöru og koma til móts við barnafjölskyldur með öðrum aðgerðum. Niðurstaðan varð að gera það ekki heldur lækka virðisaukaskatt á matvælum í 14%. Þetta var fyrir meira en 10 árum síðan. Þetta varð niðurstaða þessara tveggja flokka í ríkisstjórn. Hvað mér fannst um það er aukaatriði. Hvort mér fannst það góður kostur eða ekki, sem kom í þeirri stjórnartillögu að hafa 25% virðisaukaskatt á öllu sem aðgerð gegn undandrætti og öðru slíku, er alveg sér mál. Það kemur þessu máli bara ekkert við. Niðurstaðan var að hafa lægri skatt á matvörum og ég veit ekki annað en að full sátt hafi verið um það síðan.

Herra forseti. Samhliða jákvæðum undirtektum hjá hæstv. forsrh. í viðtali sem ég var að vitna til um að skoða þetta *mál segir hann að þetta hafi ekkert með Evrópusambands*aðild að gera. Ég undirstrika það jafnframt að þingmálið mitt snýst ekki um Evrópusambandið. En auðvitað gæti það haft með matarverð að gera velji eitthvert land að ganga til liðs við Evrópusambandið. Það er a.m.k. ljóst að það gerðist í Finnlandi. Í Finnlandi ákváðu bændur að þeir vildu fara í Evrópusambandið af því að þeir sögðu að þrýstingur og breytingar á vegum Alþjóðaviðskiptaskrifstofunnar væru þess eðlis gera mætti ráð fyrir enn meiri þrýstingi á að opna landamæri og opna markaði. Þeir töldu að miðað við skilyrðin og verndina í Evrópusambandinu vildu þeir heldur þangað inn. Þetta voru viðhorf þeirra. Ég er ekki að gera þeirra viðhorf að mínum. En auðvitað getur matarverð og breytingar á því tengst aðild að Evrópusambandinu. Þetta þingmál er um samanburð á milli Norðurlandanna. Ef við ætlum ekki í Evróupusambandið, sem mér heyrist ekki síst niðurstaða Sjálfstfl., þá er það svo að ef Sjálfstfl. ætlar að bjóða þegnum sínum hið sama og önnur Norðurlönd þá verður hann að vita hvar skóinn kreppir til að geta breytt ástandinu. Það hefur forsrh. mjög oft gert í umræðunni. Hann hefur sagt: Við getum gert þetta allt sjálf. Það er rétt. Ef við ákveðum að standa utan Evrópusambandsins, allir flokkar, þá held ég að Samfylkingin muni velja að taka á þessum málum sjálf heima með þeim aðgerðum sem eru færar þegar vandamálið er þekkt.

Annað, herra forseti, ætla ég að nefna. Matarverð er gífurlega mikilvægt vegna þess að það er inni í neysluvísitölunni. Eftir 11. sept. hækkaði neysluvísitalan t.d. meira en menn bjuggust við. Af hverju var það? Það er af því að matvaran hækkaði meira en menn höfðu átt von á. Hækkunin á neysluvísitölunni, sem m.a. hefur áhrif á lánin okkar og vísitölu þeirra var vegna matvöruverðs. Það skiptir því máli fyrir afkomu heimilanna og lífskjörin í landinu hvert matarverðið er og hvernig við getum haldið utan um það, hvernig við höldum utan um neysluvísitöluna þannig að hún fari ekki úr böndunum. Frá 1995 hefur neysluvísitalan verið notuð til að mæla verðtryggingu sparifjár og lánin.

Annað vil ég nefna sem fram kom við þessa umræðu. Mig langar að svara Steingrími J. Sigfússyni sem var að velta því fyrir sér hvort ekki hefði orðið mikill munur á matarverðinu á árinu 2001 vegna þess að þá varð mikil gengisbreyting. Því er til að svara að í þessum PPP-samanburði sem við tökum þátt í, sem snýr að 550 vörueiningum og mörgum tegundum hverrar einingar á þriggja ára könnunarfasa og $^1/_3$ á hverju ári, er búið til hlutfallslegt verðlag, eins konar nýtt gengi með jafnvirðisbreytingu. Notast er við hlutfall á milli þess gengis og gengis krónunnar. Allt er gert til þess að reyna að ná hlutfallslegum samanburði milli landanna. Ég hef sagt frá því fyrr við þessa umræðu að á milli áranna 1999 og 2001 fórum við í þessu hlutfallslega verðlagi úr 153 í 154, sem var minna en munurinn í Noregi. Noregur var að skauta upp fyrir okkur núna, ekki það að við værum að lækka svo *mikið heldur fór Noregur úr 151 í 172. Hann er mjög faglega* unninn, þessi Eurostat-samanburður sem norska hagstofan byggir á og tölurnar frá rannsóknastofnun landbúnaðarins í Noregi eru byggðar á tölum Eurostat sem ég hef mikið rætt um við Hagstofuna.

Aðeins í lokin, herra forseti, af því að það er alltaf verið að tala um verð í Suður-Evrópu og hvort við ætlum að ná því sama. Nei, við munum ekki gera það. En við skulum hugsa um það sem hv. þm. Kristján Möller nefndi hérna áðan varðandi saltfiskinn. Lax er einnig miklu ódýrari á Spáni en *hér. Hann kostar helmingi meira hér. Ef við færum nú að* bera saman kjúklingaverð, þá er það 178 kr. á Spáni en 655 kr. á Íslandi. En við erum ekki að bera þetta saman. Við erum að bera saman Norðurlöndin og gera ljóst að við getum með breytingum hér heima komið verðinu niður í það sem norrænum íbúum býðst.

[16:42]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að allir þingmenn og landsmenn, ég tala ekki um kaupmenn, vildu hafa sama vöruverð hér og þar sem það er lægst í heiminum. Það vilja allir. Allir reyna að vinna að því marki. En við þurfum ekki að láta segja okkur neitt um hvað hefur mest áhrif á vöruverð. Það eru að sjálfsögðu skattlagning og stærð neytendamarkaðarins. Þetta tvennt hugsa ég að hafi einna mestu áhrifin á hvernig verð þróast. Auðvitað hefur það svo áhrif hvað þarf að flytja mikið af þeirri vöru sem neytt er frá öðrum löndum. Þessir þættir eru augljóslega þannig og markaðurinn er mjög smár. Framleiðsla vörunnar er í allt of mörgum tilfellum ekki á Íslandi. Hv. þm. getur ekki fundið út, þó að við gerðum allt sem við hugsanlega getum til að lækka verðið og þó að við gengjum í Evrópusambandið, að við fáum hér sama verð og best gerist í Evrópusambandinu.

Mér finnst dálítið merkilegt, herra forseti, að heyra hv. þm. tala um að það sé ósæmilegt hjá mér að minna á matar-

skattinn. Auðvitað er ekkert ósæmilegt við það. Mér finnst ósæmilegra þegar hv. þm. leyfir sér að tala þannig til hæstv. forsrh. að hann sé bara með fýlu og ólund og það sé það eina sem hann geti gert þegar eitthvað sem tengist Evrópusambandinu er til umræðu. Ég skil ekki af hverju hv. þm. leyfir sér yfirleitt að tala með þessum hætti. Mér finnst hv. þingmenn Samfylkingarinnar oft og tíðum leyfa sér að tala mjög óviðurkvæmilega um ráðherra ríkisstjórnarinnar án þess að þeir séu í salnum.

[16:45]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú erfitt að tala til þeirra eða um þá, hæstv. ráðherrana, vegna þess að þeir eru aldrei í salnum, ekki ef við erum að flytja góð mál. En það er fjarstæða að halda því fram að ég sé bara óánægð með viðtal við hæstv. forsrh. í DV því ég var að enda við að lýsa því yfir að ég væri mjög ánægð með það — jafnólundarlegt og mér fyndist viðtalið og mér finnst það og mörgum finnst það og talað er um það í öllum heitu pottunum og hvar sem er — að hann skuli taka undir að skoða eigi vöruverðið. En ég brosi svolítið að því að hann skuli í leiðinni spyrja um hvað Samfylkingin ætli að gera, því það er til þess að vita hvað unnt er að gera sem þetta mál er flutt. Og hann tekur undir það og það finnst mér mest um vert.

Auðvitað er það svo að í verði innfluttrar vöru skipta innkaupin máli, flutningskostnaðurinn og samkeppni í flutningi til frá landinu, sem ekki er nú mjög mikil núna, heildsala og smásala og skattlagning og almennt það umhverfi sem fyrirtækjum er búið. Það má vel vera að það eigi eftir að lagast miðað við það sem þingmennirnir hérna hafa sagt. Framleiðslan er síðan annar þáttur og ég hef þegar rekið það.

Ég hef verið að flytja hér og gert mjög vel grein fyrir því að þetta mál snýst um að kanna hvers vegna vöruverð er hærra, leiða í ljós ólíka þætti og hvað menn eru síðan tilbúnir að gera til að breyta því. Um það snýst málið.

Hins vegar er allur samanburður við Evrópusambandið — það er alveg ljóst að þau lönd sem hafa gengið til liðs við Evrópusambandið hafa lækkað vöruverð umtalsvert. Það er ljóst að Noregur er með hærra matarverð en Svíþjóð eftir að Svíþjóð gekk í Evrópusambandið. Það er umræða sem kviknar af þessari umræðu. En það er ekki umræðan sem þetta mál snýst um. Og það er ekkert nema gott um það að segja að við höfum opinn huga, ræðum í allar áttir um allt sem getur lotið að því að kanna hvernig við getum bætt lífskjör hér á landi.

[16:47]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ekki sé ástæða til að tefja þetta mikið lengur. Ég held að allir geti tekið undir það með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að allir eigi að reyna að sameinast um það að hafa matvöruverð sem allra lægst á Íslandi og þar hafa margir þættir áhrif. Og eins og ég hef margítrekað hafa skattar að sjálfsögðu mikil áhrif og Sjálfstfl. hefur beitt sér sérstaklega og ríkisstjórnin í því máli.

Ég veit ekki betur en hæstv. forsrh. og ríkisstjórnin hafi margoft reynt að hafa áhrif á verð með aðkomu sinni í fjölmiðlum, í almennri umræðu um að þessir stóru aðilar sem ráða matvælamarkaðnum hagi álagningu sinni þannig að vöruverð sé í hófi. Það er ekki hægt að ásaka ríkisstjórnina né þingmenn stjórnarmeirihlutans fyrir að hafa sofið á verðinum, en við fögnum því að sjálfsögðu að fá eins mikla aðstoð við það að halda niðri vöruverði og kostur er. Þess vegna held ég að umræðan sem slík sé alltaf góð og í rauninni nauðsynlegt að halda henni vakandi.

[16:49]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er afskaplega ánægð með að niðurstaða þeirrar umræðu sem farið hefur hér fram á tveimur þingdögum, tveimur af þremur fyrstu þingdögum þessa nýsetta þings, er að menn eru sammála um að leita skýringa á hinu háa matarverði. Ég lít svo á að ég megi gera ráð fyrir því að menn muni sameinast um að afgreiða þá tillögu sem hér er flutt sem fyrsta þingmál Samfylkingarinnar á fyrsta þingdegi úr nefnd og legg það til, hæstv. forseti, að málunum tveimur sem ég hef mælt fyrir verði vísað til allshn. Ég lít svo á að jákvæðar undirtektir forsrh. þýði að þetta mál muni frá brautargengi.

Ég hlýt hins vegar að vekja athygli á því að það er ekki svo að við höfum nýtt öll tækifæri sem við höfum haft til þess að hafa áhrif á matarverðið. Hér fór fram heit umræða á fimmtudaginn og hv. þm. Halldór Blöndal kom inn á Samkeppnisstofnun og notaði tækifærið í þeirri umræðu til að senda henni tóninn. Það er nefnilega þannig að við getum gert Samkeppnisstofnun að miklu tæki varðandi alla samkeppni á matvörumarkaði, en við höfum ekki gefið henni öll tæki sem henni væri þarft að hafa og þess vegna er ekki hægt að segja að menn hafi verið að gera það sem hægt að gera. Við eigum eftir að taka á þessu máli. Önnur lönd hafa tekið á því með ýmsu móti og tækifæri gefst þegar sú úttekt liggur fyrir sem hér hefur verið mælt fyrir að fram skuli fara. Ég þakka ágæta umræðu.

[16:51]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að blanda mér í umræðuna í örstuttu máli, vegna þess að ég held að hér sé hreyft góðu máli sem við þurfum vissulega að skoða. Sögusagnir fara af því að stórverslanir hafi haft nokkuð hönd í bagga með og áhrif á hvaða vörur komi inn í verslunina og jafnvel notað útilokunaraðferðir þá reynt hefur á í því sambandi og jafnvel stuðlað þannig að óeðlilegu vöruverði.

Ég nefni t.d. kaupmann úti á landi sem nefndi mér dæmi um innlenda framleiðslu sem hann var að gera pöntun á en sagði jafnframt þegar hann var að lýsa því hvers vegna hann ætlaði að hætta að versla sem kaupmaður úti í hinni dreifðu byggð, að þá kom í ljós að varan sem hann var að kaupa og stóð á hlaði framleiðenda í Reykjavík, hann átti þá eftir að borga flutningskostnað og síðan átti eftir að leggjast annar kostnaður á vöruna, var nokkuð dýrari en hún var í hillum hjá Bónusverslunum til dæmis.

Ég tel því að það sé margt sem þurfi að athuga í samþjöppun smásöluverslunar eins og hún hefur orðið nú að undanförnu. Það er full ástæða til þess. Og um leið og hér koma skilaboð frá Alþingi um að eðlilegt og sjálfsagt sé að skoða þetta, þá erum við að styrkja Neytendasamtökin og auðvitað að senda skilaboð til Samkeppnisstofnunar um að þarna sé eitthvað sem eðlilegt og sjálfsagt sé að skoða enn frekar en gert hefur verið.

Hér hafa menn verið að tala um fákeppnina og smæð þjóðarinnar sem hafi veruleg áhrif á vöruverð í samanburði við hin Norðurlöndin og það er eðlilega rétt. Við getum t.d. nefnt sem dæmi að 40 feta gámur í flutningi frá Singapúr til Rotterdam er á svipuðu verði og frá Rotterdam til Reykjavík-

ur. Þar kemur t.d. hagkvæmni stærðarinnar og stærð skipa sem flytja þetta mikla magn frá Singapúr til Rotterdam.

Ég tek alveg undir að það er eitt og annað sem þarf að skoða, líka þau rök sem hér hafa verið færð fram fyrir þeim verðmuni sem er í ýmsum löndum og jafnvel hefur verið nefndur hér og til tekinn. Það er bara hluti af málinu.

En kjarni málsins er sá sem ég tek hér undir og vildi tjá mig um í örstuttu máli að ég tel að full ástæða sé til að skoða þetta mál til hlítar, vegna þess að það skiptir afar miklu máli fyrir heimilin að hér sé ekki látið viðgangast að menn séu afskiptalausir í smávöruversluninni eins og við höfum séð hana þróast. Og það er umhugsunarefni hvers vegna svo mikil samþjöppun hefur viðgengist á þessum markaði sem raun ber vitni um og sú spurning hlýtur að vakna hvort Samkeppnisstofnun hafi ekki haldið vöku sinni í þessu máli. Ég trúi ekki öðru en að það mál sem hér er flutt muni fá brautargengi á Alþingi.

[16:54]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir þessar jákvæðu undirtektir og þau sjónarmið sem hann kom með inn í þessa umræðu. Þetta er afar mikilvæg umræða og þetta er afskaplega stór þáttur í kjörum fjölskyldnanna. Ég er mjög bjartsýn eftir þessa umræðu að samstaða verði um að láta könnun á orsökum hins háa matvælaverðs fara fram og að við eigum þá möguleika á því eftir að það hefur gerst, á nýju þingi að afloknum kosningum, að sýna hvers við erum megnug og hver vilji er til þess að grípa til þeirra aðgerða sem þarf.

En við skulum líka muna það af því að í umræðunni hefur talsvert verið talað um fákeppni, og við skulum þá heldur ekki gleyma því að samkeppni hefur verið að minnka á mörgum sviðum eins og t.d. í vöruflutningunum, að þegar við tölum um fákeppni í versluninni og að bregðast verði við henni ef hún hefur orðið orsakavaldur í því að vöruverð lækkar ekki þegar það lækkar annars staðar, þá verðum við líka jafnframt að gera Samkeppnisstofnun kleift að bregðast við með öllum tiltækum hætti. Ég þakka þessa umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:56]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti, 62. mál, þáltill. JÁ o.fl., þskj. 62.

Almenn hegningarlög, 39. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 39.

Almenn hegningarlög, 54. mál, frv. EKG og ÖS, þskj. 54.

Áfallahjálp í sveitarfélögum, 59. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 59.

Ferðasjóður íþróttafélaga, 57. mál, þáltill. HjÁ og ÍGP, þskj. 57.

Færeyska fiskveiðistjórnunarkerfið, 56. mál, þáltill. HjÁ, þskj. 56.

Innflutningur dýra, 106. mál, þáltill. DrH o.fl., þskj. 106.

Kirkjuskipan ríkisins, 64. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 64.

Könnun á umfangi fátæktar, 51. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 51.

Skipulag sjóbjörgunarmála, 63. mál, þáltill. JÁ o.fl., þskj. 63.

Styrktarsjóður námsmanna, 58. mál, frv. HjÁ o.fl., þskj. 58.

Sveitarstjórnarlög, 61. mál, frv. JÁ o.fl., þskj. 61.

Útsendingar sjónvarps og útvarps um gervitungl, fyrri umr.

Þáltill. GuðjG o.fl., 6. mál. — Þskj. 6.

[16:58]

Flm. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um útsendingar sjónvarps og útvarps um gervitungl. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta gera á vegum Ríkisútvarpsins áætlun um kostnað og tæknilega útfærslu á því að senda dagskrár útvarps og sjónvarps um gervitungl, svo og kostnað við búnað til að taka á móti þessum sendingum. Einnig komi fram áætlaður stofnkostnaður jarðstöðvar til að senda dagskrár til gervitungls og árlegur rekstrarkostnaður hennar."

Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, Halldór Blöndal, Drífa Hjartardóttir og Einar K. Guðfinnsson.

Það er svo að mörg þúsund Íslendingar búa við þau skilyrði að hafa lélegan eða engan aðgang að útsendingum Ríkisútvarpsins, einkum sjónvarpsins en einnig í nokkrum mæli útvarpsins. Það á við um fólk í dreifðum byggðum landsins, þar sem móttökuskilyrði eru slæm, og Íslendinga erlendis, en stærsti hópurinn er sjómenn á farskipum og fiskiskipum. Móttökuskilyrði sjónvarps hafa verið mjög misjöfn á hafinu umhverfis landið. Þau hafa verið allgóð frá Faxaflóa austur að Ingólfshöfða, afleit út af Austurlandi og gloppótt fyrir Norðurlandi, Vestfjörðum og suður fyrir Snæfellsjökul. Skilyrðin eru skárri þegar háþrýstisvæði er yfir landinu. Sjómenn segja að móttökuskilyrðin hafi versnað á undanförnum árum.

Móttökuskilyrði útvarps eru einnig misjöfn en bötnuðu mjög á hafinu með tilkomu langbylgjusendinga frá Gufuskálum og Eiðum, en um sendana þar er útvarpað blandaðri dagskrá Rásar 1 og Rásar 2. Þessar sendingar nást allt til Færeyja, eða u.þ.b. 500 sjómílur. Í sparnaðarskyni hafa langbylgjusendingar nýlega verið skertar og stuttbylgjusendingar aflagðar, en þær náðust um allan heim.

Það er mikið öryggismál að bæta sendingar ljósvakamiðlanna til fiskimiða og farskipaleiða, t.d. til að fylgjast með aðvörunum um hættu, svo sem fárviðrisspám og tilkynningum um ís. Bent hefur verið á að engin veðurspá er gerð nema á Íslandi fyrir siglingaleiðina Bandaríkin–Nýfundnaland–Ísland.

Það er skoðun flutningsmanna að meðan ríkið stendur fyrir rekstri sjónvarps og útvarps og skyldar lansmenn til að greiða afnotagjöld, verði að leita allra leiða til að koma sendingum þessara fjölmiðla til sem flestra Íslendinga.

Árið 1995 samþykkti Alþingi þáltill. sem ég flutti um athugun á þeim kostum sem í boði væru til að bæta útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiðanna við landið. Í framhaldi af því fékk menntmrn. greinargerð um þessi mál frá útvarpsstjóra. Þar kom fram hverjir möguleikarnir væru á að bæta þessar útsendingar og hvað það mundi kosta. Þar kom fram að stækkun dreifikerfis sjónvarps svo það næði út á fiskimiðin væri gríðarlega dýr, eða allt að 850 millj. kr. á verðlagi þess árs. Þá var tækniþróun ekki talin komin á það stig að sjónvarpssendingar um gervihnött væru vænlegur kostur. Á þeim árum sem síðan eru liðin hefur notkun

gervihnatta aukist mjög og kostnaður því lækkað. Þess má geta að norska sjónvarpið sendir efni sitt til fiskimiðanna gegnum gervihnött.

Með slíkum sendingum gæti íslenska sjónvarpið slegið tvær flugur í einu höggi, sent efni sitt til þúsunda sjómanna sem stunda störf sín á þeim hafslóðum þar sem útsendingar nást ekki í dag og jafnframt til þeirra staða á landinu sem búa við óviðunandi móttökuskilyrði sem eru því miður víða á landsbyggðinni.

Árið 1999 lagði ég fram fyrirspurn hér á Alþingi þar sem ég spurði hver yrði stofnkostnaður og árlegur rekstrarkostnaður við að senda dagskrár útvarps og sjónvarps um gervitungl til fiskimiðanna umhverfis Ísland og þeirra staða á landinu þar sem móttökuskilyrði eru óviðunandi. Í svari hæstv. menntmrh. kom fram að kostnaður við samsendingar sjónvarps- og útvarpsdagskrár um gervitungl mundi vera á bilinu 60–80 millj. kr. á ári og stofnkostnaður við jarðstöð til sendinga dagskrár um gervitungl væri um 10 milljónir. Þar kom jafnframt fram að sérstakan móttökubúnað þyrfti til að taka á móti þessum sendingum. Fyrir skip þyrfti búnaðurinn að vera stefnuvirkur, óháður veltingi og stefnu skipsins og kostaði um 2 millj. kr., en á landi þyrfti búnað sem kostaði 120–200 þús. kr.

Í svari hæstv. menntmrh. kom jafnframt fram að gjörbylting hefði orðið í tæknibúnaði á þessu sviði á árunum 1995–1999 og að þær kostnaðartölur sem fram komu í svari hans og þær hugmyndir sem menn hefðu um hlutverk gervitungla við miðlun á sjónvarpsefni væru þess eðlis að þennan kost bæri að skoða af fullri alvöru. Auk þess væri ljóst að kostnaður við slíkar sendingar mundi frekar lækka en hækka.

Í greinargerð Boga Ágústssonar til útvarpsstjóra frá 20. nóv. 1998 kemur fram að heppilegustu gervitungl til sendinga til Íslands og miða umhverfis landið væru Intelsat 707 eða Thor II, en bæði þessi gervitungl eru rekin af norska símafyrirtækinu Telenor. Þar kemur einnig fram að sendingar frá þessum gervitunglum næðu til allra fiskimiða umhverfis Ísland, en mundu ekki gagnast á fjarlægari miðum, svo sem í Smugunni, því hún liggur utan geisla fyrrnefndra gervitungla.

Þá segir í greinargerð Boga Ágústssonar að slíkar sendingar mundu jafnframt nýtast Ríkisútvarpinu að nokkru leyti til stofndreifingar innan lands og að einstöku bæir sem ekki njóta útsendingar Ríkisútvarpsins nú mundu geta tekið við útsendingum beint frá gervitungli.

Nú eru liðin tæp þrjú ár síðan þessar upplýsingar komu fram hér á Alþingi og vonandi hefur kostnaður lækkað eins og hæstv. ráðherra spáði í svari sínu. Þess vegna finnst okkur flutningsmönnum þessarar tillögu tímabært að fá fram nákvæma áætlun um kostnað og tæknilega útfærslu á því að senda dagskrár útvarps og sjónvarps um gervitungl. Hafi þessi kostnaður enn lækkað eins og spáð var fyrir þremur árum, er þetta orðið vel viðráðanlegt og ég ítreka að meðan við búum við skylduáskrift að Ríkisútvarpinu verður að leita allra leiða til að koma sendingum þess til sem flestra Íslendinga. Vænlegasta leiðin til þess er tvímælalaust útsendingar um gervitungl. Sendingar frá landi eru varla raunhæfar og vísa ég þar aftur til greinargerðar Boga Ágústssonar til útvarpsstjóra 20. nóvember 1998, en þar segir, með leyfi forseta:

„Sjónvarpssendingar eru tæknilega mögulegar frá mastrinu á Gufuskálum. Slíkur sjónvarpssendir næði sirka 30 mílur frá landi í þær áttir sem sjónlína er. Hann mundi hins vegar ekki ná til miða út af Vestfjörðum. Fjárfestingarkostnaður yrði á bilinu 20–30 millj. og rekstrarkostnaður 2–3 millj. á ári.

Gera má ráð fyrir að þær tölur sem nefndar eru í greinargerðinni frá 8. desember 1995 hafi hækkað um sirka 10%, en það er þumalfingursáætlun. Mikið af kostnaði er í erlendri mynt og þó að ekki hafi orðið miklar breytingar á gengi, er einnig verðbólga í þeim löndum þar sem tækin yrðu keypt. Annar meginþáttur í kostnaði eru vinnulaun sem hafa hækkað meir en 10% á þeim þrem árum sem liðin eru frá útreikningnum.

Niðurstöður greinargerðarinnar eru annars í megindráttum:

1. Það er ómögulegt að ná til allra miða umhverfis Ísland með hefðbundnum sendum í landi.

2. Kostnaður við stækkun dreifikerfis sjónvarps svo unnt væri að senda sjónvarpsmerki 50–60 sjómílur á haf út yrði a.m.k. 850 millj. kr. Rekstrarkostnaður dreifikerfis sjónvarps mundi tvöfaldast. Þarna er miðað við að senda merkið eins langt og tæknilega er unnt.

3. Kostnaður við nýjar FM-stöðvar sem næðu 50–60 sjómílur á haf út yrði a.m.k. 650 millj. kr. fyrir hvora rás útvarps. Rekstrarkostnaður dreifikerfis útvarpsins mundi þrefaldast. Þarna er einnig miðað við að senda merkið eins langt og tæknilega er unnt.

4. Með því að setja upp senda þar sem ódýrast og auðveldast er og geta sent sjónvarpsmerki til 30–40% miða og FM-útvarp til 50% miða, yrði kostnaður a.m.k. 310 millj. fyrir sjónvarp og a.m.k. 64 millj. kr. fyrir hvora rás útvarpsins. Rekstrarkostnaður dreifikerfis sjónvarps ykist um 24 millj. og útvarps um 11 millj. fyrir hvora rás.

5. Miðað er við að viðtakendur noti besta mögulega viðtökubúnað."

Tilvísun lýkur í greinargerð Boga Ágústssonar.

Af þessu má sjá að sjónvarpssendingar á haf úti eru vart raunhæfar frá landi og því telja flutningsmenn nauðsynlegt að kanna til hlítar möguleika þess að senda dagskrá útvarps og sjónvarps um gervitungl.

Ég legg til að þessari tillögu verði að lokinni fyrri umræðu vísað til síðari umræðu og hv. menntmn.

[17:07]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst hér hreyft mjög áhugaverðu máli en verð að viðurkenna að ég þekki ekki þessi mál nægilega vel og það vakna hjá mér spurningar.

Það kemur fram í greinargerð með frv. að langbylgjusendingar hafa verið skertar og stuttbylgjusendingar aflagðar. Auðvitað höfum við öll fundið það þegar við erum á ferðalagi um landið eða stödd einhvers staðar þar sem eru orðnar miklar fjarlægðir að mjög erfitt getur verið að ná bæði útvarpi og sjónvarpi. Það er full ástæða til að skoða hvernig úr því sé unnt að bæta.

En nú hefur það gerst t.d. hvað Evrópu varðar að hægt er að ná fréttum í útvarpi og sjónvarpi í mörgum löndum í gegnum tölvuna, til óblandinnar ánægju ýmsum þeim sem búa erlendis og langar að fylgjast með heima. Ég átta mig ekki á hvernig tengingar það eru.

Mig langar að spyrja 1. flm. og frsm. í þessu máli: Ef farið yrði út í þetta og unnt reyndist að hefja útsendingar sjónvarps og útvarps í gegnum gervitungl, yrði þetta þá sérstök viðbót við það sem er fyrirhugað að byggja upp hér innan lands með öðrum og hefðbundnum hætti eða mundi þetta í

einhverju breyta þróun uppbyggingar innan lands? Eiginlega er spurningin um það hvort það að skoða útsendingar um gervitungl mundi vera eitthvað sem gæti orðið í auknum mæli, ekki endilega til fjarlægra staða eða staða sem erfitt er að ná til, heldur eitthvað meira sem við höfum ekki gert ráð fyrir að fara í. Hefur þetta áhrif á þróunina innan lands varðandi útvarps- og sjónvarpssendingar?

[17:09]

Flm. (Guðjón Guðmundsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. góð orð í garð okkar tillögumanna. Þetta er náttúrlega eitt af því sem yrði væntanlega skoðað í þeirri athugun sem við óskum eftir að verði hrundið af stað. Ég hef nú reyndar ekki hugsað þetta út frá þessum vinkli. Ég hef fyrst og fremst verið að hugsa um sendingar til sjómanna á hafi úti og til þeirra staða á landinu sem eru afskekktir og ná ekki sendingunum í dag.

Það mun kosta talsvert að taka á móti þessum sendingum þannig að ég á nú satt að segja svona að óathuguðu máli ekki von á því að aðrir en þessir aðilar mundu leggja í þann kostnaði í fyrsta umgangi.

Það er alveg rétt sem hv. þm. segir að maður staddur erlendis getur náð fréttum í gegnum tölvu og reyndar gegnum GSM-síma. Það er til mikilla bóta. En ég held að þetta mál, að senda sjónvarpið til þeirra þúsunda sem ekki ná því í dag, fyrst og fremst náttúrlega sjómannanna á hafi úti, sé mikið réttlætismál, eins og ég sagði í ræðu minni, og að meðan Íslendingar eru skyldaðir til að borga áskrift að þessum ágæta miðli eigi þeir rétt á að fá þessa þjónustu ef það er nokkur möguleiki að veita hana. Mér sýnist á þeim tölum sem ég vitnaði í úr svari hæstv. menntmrn. á Alþingi 1999 að þetta sé mjög raunhæfur kostur. Þess vegna leggjum við til að þetta verði athugað mjög vandlega á næstunni.

[17:11]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Ég þakka hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni þessi svör.

Ég tek undir það að mikilvægt er að skoða hvað hægt sé að gera til að allir geti náð fréttum og útsendingum. Ég er stuðningsmaður þess að hér séum við með öflugt ríkisútvarp og að hér sé tryggt að haldið sé utan um menningardagskrár og öryggisútsendingar. En þá verður líka slíkt útvarp að ná til allra og allir eiga rétt á því að geta náð slíku útvarpi og slíku sjónvarpi. Þess vegna held ég að mjög mikilvægt sé að skoða hvernig hægt sé að leysa þau mál og hvort lausnin sé gervitungl.

Svar þingmannsins upplýsti mig líka um að það er nú sennilega ekki líklegt að þetta hafi breytingar í för með sér gagnvart almennum áskrifendum að Ríkisútvarpi og sjónvarpi.

[17:12]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég tel að hér sé á ferðinni áhugavert mál, þ.e. að láta gera á vegum Ríkisútvarpsins áætlun um kostnað og tæknilega útfærslu á því að senda dagskrár útvarps og sjónvarps um gervitungl. Hún gæti orðið mjög gagnleg og ekki einungis til þess að varpa ljósi á megintilgang þáltill. sem er að ná til þess stóra hóps, einkum og sér í lagi sjómanna á farskipum og fiskiskipum, sem hefur ekki aðstöðu til þess að nýta sér sjónvarpsútsendingar og slæma aðstöðu til að nýta sér útvarpsútsendingar.

Ég hygg að þetta hafi meira gildi því það eru byggðir á Íslandi sem eiga að heita í þeirri stöðu að geta nýtt sér útsendingar útvarps og sjónvarps, en aðstæður eru þannig að þessar útsendingar eru hreint ekki viðunandi. Því er mjög athyglisvert að kanna hvaða áhrif útsendingar um gervitungl gætu haft á þá valkosti sem við stöndum frammi fyrir til þess að bæta stöðu þessara byggðarlaga. Þetta eru byggðarlög sem ekki eru í sambandi við Ríkisútvarpið, ná ekki útsendingum þess. En svo eru líka önnur sem ná þessum útsendingum en við þær aðstæður að það er nánast varla við það unandi. Þessi athugun ætti því að geta orðið gagnleg bæði beint og óbeint miðað við það hvernig hún er lögð upp.

Það er að sjálfsögðu svo að meðan ríkið stendur fyrir sjónvarps- og hljóðvarpsrekstri og landsmenn allir taka þátt í því að greiða þessa þjónustu þá er mjög mikilvægt að þjónustan komi til allra og sjálfsagt réttlætismál.

[17:14]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Hér er rædd tillaga til þingsályktunar um útsendingar sjónvarps og útvarps um gervitungl sem ég er meðflutningsmaður að og tel hið merkasta mál, einkum í ljósi þeirrar öru þróunar og verðlagsbreytinga sem hv. frsm. kom hér inn á, þ.e. hve mikil breyting hafi orðið á kostnaðarþætti þessa máls.

Af því að hv. þm. Guðjón Guðmundsson kom inn á visst mál sem kom fram í svari frá útvarpinu varðandi mastrið á Gufuskálum er rétt að minna aðeins á það. Það var á þeim tíma þegar radarstöðvar voru reistar á Gunnólfsvíkurfjalli og Bolafjalli. Þá höfðu menn það í huga að þaðan væri væntanlega hægt að senda útvarps- eða sjónvarpsdagskrá á miðin sem mundi þó skammt duga, eins og fram kom í framsöguræðu hv. 1. flm.

Hann kom líka inn á það að væntanlega væri búnaður um borð í t.d. hverju kaupskipi, og sagði að kostnaður væri þar rúm milljón. En ég vildi aðeins upplýsa það að svo hröð er þróunin í þessu máli að Alþjóðaflutningaverkamannasambandið hefur unnið að því ásamt öðrum aðilum að þróa búnað sem yrði notaður um borð í skipum, einkum þá sem snýr að tölvutækninni, og hann byggist á því að skipverjar á kaupskipunum geti ástundað nám, fjarnám, og jafnframt yrði mjög auðvelt að ná sambandi við fjölskylduna. Fyrst þegar lagt var af stað með þetta, fyrir líklegum einum fjórum árum, var talað um að hver mínúta í notkun á þessum hugbúnaði mundi kosta 7–8 dollara en nú eru nýjustu tölur um að mínútan muni kosta um 2 bandaríkjadollara þannig að við sjáum hve geysilega ör þróunin er í þessu. Það sem hins vegar hefur valdið mönnum mestum töfum í þessum búnaði eru einmitt, eins og komið var hér inn á áðan, móttökutæki um borð í þessum skipum sem enn þá eru nokkuð viðkvæm fyrir hreyfingu skipsins, þ.e. að sending til skipsins skilar sér ekki eins og best verður á kosið ef skipið er í miklum sjógangi. Hins vegar eru þeir að ná tökum á þeirri tækni þannig að þess verður ekki langt að bíða að það vandamál verði leyst. En ég bendi hér á, eins og kom fram hjá framsögumanni, að þrátt fyrir geysilega lækkun á þessum búnaði frá því að þessu máli var fyrst hreyft hleypur kostnaðurinn á hundruðum milljóna.

Það er dálítið athyglisvert líka að hafa fylgst með því að kristileg stöð hér á Íslandi er nú farin að senda út héðan til Norðurlandanna og víðar í Evrópu þannig að það segir sig sjálft að þessi tækni er sem sagt hér við bæjardyr okkar og kostnaður allur með ólíkindum orðinn miðað við það sem áður var.

Vissulega verður því hægt að nota þennan búnað. Ég efast ekki um það, eins og hv. menntmrh. kom hér inn á áðan, að þetta er búnaður sem þarft er að skoða. Þegar eru orðin dæmi

um það úr byggðarlagi hans að sjómenn á togurum norðan lands eru komnir í fjarnám. Auðvelt verður að fá upplýsingar frá Alþjóðaflutningaverkamannasambandinu um hvernig til hefur tekist.

Ég veit að hugbúnaðarfyrirtæki í Reykjavík var í samstarfi við Eimskipafélag Íslands um þróun þessa búnaðar en veit ekki hvernig framvinda máls er. En eins og ég hef vitnað hér til er hafsjór af upplýsingum hjá Alþjóðaflutningaverkamannasambandinu um þetta mál og ábyggilega um tæknibúnaðinn. Mér sýnist því ekki langt í að Íslendingar allir og sjómenn sem á miðum eru muni njóta sjónvarps og útvarps í enn betra og ríkara mæli en nú er. Það mun þá líka gefa sjómönnum tækifæri til þess að stunda ódýrara fjarnám en nú hefur verið. Ég á von á því að þessi ágæta þáltill. fái skjóta meðferð og afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi.

[17:20]

Flm. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég þakka þær jákvæðu undirtektir sem þetta tillögukorn okkar félaganna hefur fengið. Sérstaklega vil ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir að vera við þessa umræðu og taka jafnjákvætt undir efni hennar og hann gerði í ræðu sinni. Það er auðvitað afskaplega mikilvægt að hæstv. ráðherra hafi áhuga á málinu og það kom berlega fram að svo er.

Eins og kom fram í ræðu minni hef ég verið að flytja þetta mál af og til síðan 1995 með einum eða öðrum hætti. Það hefur komið fram að kostnaður við að koma þessum sendingum á haf út og til hinna dreifðari byggða hefur hrunið á þessu tímabili og er kannski $^1/_{10}$ eða $^1/_{15}$ af því sem hann var fyrir 7 árum. Þess vegna förum við fram með þessa tillögu, við viljum láta skoða þetta alveg í botn. Og mér segir svo hugur að ekki sé langt í að útsendingar útvarps og sjónvarps um gervitungl verði að veruleika.

En ég ítreka þakkir mínar til þeirra sem hér hafa talað, og sérstaklega hæstv. ráðherra fyrir mjög jákvæðar undirtektir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:21]

Útbýting þingskjala:

Félagsleg aðstoð, 120. mál, frv. MF o.fl., þskj. 120.

Greining lestrarvanda, 107. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 107.

Sjómannalög, 60. mál, frv. HjÁ o.fl., þskj. 60.

Umferðarlög, 108. mál, frv. HjÁ og VE, þskj. 108.

Matvælaverð hérlendis, á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu, fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 7. mál. — Þskj. 7.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–6. mál.

Fundi slitið kl. 17:22.

---

6. FUNDUR

þriðjudaginn 8. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Matvælaverð á Íslandi, þáltill., 3. mál, þskj. 3. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Útsendingar sjónvarps og útvarps um gervitungl, þáltill., 6. mál, þskj. 6. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Matvælaverð hérlendis, á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu, þáltill., 7. mál, þskj. 7. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Einkavæðingarnefnd, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Fyrri umr.
5. Aðgerðir til verndar rjúpnastofninum, þáltill., 11. mál, þskj. 11. — Fyrri umr.
6. Stéttarfélög og vinnudeilur, frv., 5. mál, þskj. 5. — 1. umr.
7. Viðskiptabankar og sparisjóðir, frv., 8. mál, þskj. 8. — 1. umr.
8. Rekstur Ríkisútvarpsins, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Fyrri umr.
9. Skattfrelsi lágtekjufólks, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde fjmrh.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varamaður á lista Framsfl. í Austurl., Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl."

Jónas Hallgrímsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa.

Tilkynning um kosningu embættismanna alþjóðanefnda.

[13:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um kosningu embættismanna alþjóðanefnda:

Í Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins: Einar K. Guðfinnsson formaður og Jóhanna Sigurðardóttir varaformaður.

Í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins: Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður og Ólafur Örn Haraldsson varaformaður.

Í Íslandsdeild NATO-þingsins: Árni R. Árnason formaður og Guðmundur Árni Stefánsson varaformaður.

Í Íslandsdeild Noðurlandaráðs: Ísólfur Gylfi Pálmason formaður og Sigríður Jóhannesdóttir varaformaður.

Í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins: Einar Oddur Kristjánsson formaður og Hjálmar Árnason varaformaður.

Í Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA: Vilhjálmur Egilsson formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Í Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál: Sigríður A. Þórðardóttir formaður og Magnús Stefánsson varaformaður.

Í Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins: Kristján Pálsson formaður og Katrín Fjeldsted varaformaður.

Í Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu: Magnús Stefánsson formaður og Ásta R. Jóhannesdóttir varaformaður.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Daggjöld dvalar- og hjúkrunarheimila, 126. mál, fsp. MF, þskj. 126.

Gjaldskrá tannlæknaþjónustu, 124. mál, fsp. MF, þskj. 124.

Hjúkrunarrými í Reykjavík, 109. mál, fsp. JóhS, þskj. 109.

Húsaleiga og húsaleigubætur, 127. mál, fsp. MF, þskj. 127.

Náttúruvernd, 131. mál, frv. ÖS o.fl., þskj. 131.

Reglugerð um landlæknisembættið, 125. mál, fsp. MF, þskj. 125.

Sjálfbær ferðamennska og umhverfisvernd, 123. mál, fsp. MF, þskj. 123.

Stimpilgjald, 121. mál, frv. MF, þskj. 121.

Tekjuskattur og eignarskattur, 130. mál, frv. ÖS o.fl., þskj. 130.

Úrbætur í jafnréttismálum, 129. mál, fsp. MF, þskj. 129.

Útsendingar Ríkisútvarpsins, 117. mál, fsp. KLM, þskj. 117.

Öryggisgæsla á sjúkrahúsum, 128. mál, fsp. MF, þskj. 128.

Tilkynning um dagskrá.

[13:33]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil láta þess getið að um kl. 3.30 fer fram umræða utan dagskrár um stöðu heilbrigðismála. Málshefjandi er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og hæstv. heilbrrh. Jón Kristjánsson verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 2. mgr. 50. gr. þingskapa en gert er ráð fyrir að hún geti staðið í um tvær klukkustundir.

Matvælaverð á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 3. mál. — Þskj. 3.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Útsendingar sjónvarps og útvarps um gervitungl, frh. fyrri umr.

Þáltill. GuðjG o.fl., 6. mál. — Þskj. 6.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Matvælaverð hérlendis, á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 7. mál. — Þskj. 7.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Einkavæðingarnefnd, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 4. mál. — Þskj. 4.

[13:35]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Heppilegt hefði mér þótt að fulltrúar ríkisstjórnarinnar í ráðherranefndinni sem ber ábyrgð á einkavæðingarstefnunni hefðu verið viðstaddir þessa umræðu. Hér er einn þeirra, hæstv. viðskrh., og ber að þakka það. En sæti í þessari nefnd eiga tveir fulltrúar Sjálfstfl. og tveir fulltrúar Framsfl., hæstv. viðskrh. og hæstv. utanrrh., en af hálfu Sjálfstfl. eru það hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh.

Herra forseti. Frá því að ríkisstjórn undir forustu og forsjá Sjálfstfl. tók sér bólfestu í Stjórnarráði Íslands vorið 1991 hefur eitt mál verið á dagskrá öðrum fremur. Einkavæðing, sala ríkiseigna og markaðsvæðing opinberrar þjónustu. Ekki kemur mér til hugar að alhæfa um alla einkavæðingu, ekki heldur þá sem ríkisstjórnir undir forustu hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar hafa framkvæmt. Fyrirtæki sem sett voru á laggirnar með félagslegu átaki fyrr á tíð geta þannig vel átt heima á markaði þegar fram líða stundir. Sala á Gutenbergprentsmiðjunni, SR-mjöli og Áburðarverksmiðjunni var ekki umdeild sem slík heldur fyrst og fremst hvernig að verki var staðið og hve illa haldið á hagsmunum almennings, hagsmunum eigenda, hagsmunum skattgreiðenda og hagsmunum þjóðarinnar.

Staðreyndin er sú að við getum verið með mismunandi pólitískar skoðanir og hugmyndir um þessi efni og mismunandi afstöðu til einkavæðingar. En við ættum að geta sameinast um að skynsamlegum reglum sé fylgt. Eða eigum við að segja að yfirleitt sé reglum fylgt og vel farið með almannafé. Það er einmitt þetta sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum að hafi ekki verið gert sem skyldi. Í því efni vísum við á mýmörg dæmi. Við nefnum t.d. reynsluna af SR-mjöli, sölunni á Síldarverksmiðjum ríkisins sem

voru seldar fyrir brotabrot af raunverulegu verðmæti, enda greiddu nýir eigendur sér tugi milljóna í arð aðeins fáeinum mánuðum eftir söluna. Eins og menn kann að reka minni til var mörgum hundruðum millj. veitt inn í verksmiðjurnar áður en þær voru seldar og reyndar einnig eftir að þær voru seldar.

Samkvæmt upplýsingum sem fram hafa komið á Alþingi var almannafé að upphæð 632 millj. kr. veitt í SR-verksmiðjurnar en söluandvirðið á sambærilegu verðlagi var hins 793 millj. Þarna munar 161 millj. sem ríkið var í reynd að fá. Samkvæmt upplýsingum frá árinu 1998, var markaðsvirði SR-mjöls komið í 3,7 milljarða rúma en er núna 4,3 milljarðar. Þetta er eitt dæmi.

Lítum núna á Áburðarverksmiðjuna. Hún var seld árið 1999 fyrir 1.257 millj. Síðar kom á daginn að innan borðs var lager að verðmæti 750 millj. Í sjóðum fyrirtækisins voru 19 millj. Raunverulegt söluandvirði var þannig innan við hálfur milljarður. Hvað gerist svo sl. vor? Þá var Áburðarverksmiðjan seld með manni og mús fyrir 1,3 milljarða, fyrir 1.300 millj. kr. Nú spyr ég: Var það ekki hlutverk sérfræðinga ríkisstjórnarinnar, hlutverk einkavæðingarnefndarinnar, að sjá hvað þarna var í kortunum og snúa sér til þessa væntanlega kaupanda sem var Reykjavíkurborg?

Herra forseti. Öll þekkjum við þær hræringar sem orðið hafa í íslensku atvinnulífi, ekki síst í verslun og viðskiptum þar sem jafnt stjórn og stjórnarandstaða með sjálfan hæstv. forsrh. í broddi fylkingar nú síðast í umræðu í gær, kvarta yfir fákeppni. Ef menn telja þetta vera mikla meinsemd í íslensku samfélagi er rétt að spyrja hvaða áhrif einkavæðingarnefnd og einkavæðingin hafi haft á þetta ferli. Eða skyldu menn vera búnir að gleyma því að hér voru til skamms tíma til fjárfestingarsjóðir í atvinnulífinu, Fiskveiðasjóður, Útflutningslánasjóður, Iðnlánasjóður, sem allir voru sameinaðir undir hatti FBA, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins sem síðar varð gleyptur af Íslandsbanka. Og hvað gerði þessi banki? Hvað gerði Fjárfestingarbanki atvinnulífsins? Hann fór höndum um stærstu vörudreifingaraðila landsins og þegar upp var staðið ríkti hér meiri fákeppni en gert hefur um langt skeið. Maður þarf að fara alla leið aftur á tíma einokunarverslunar til að finna samlíkingu við Baugsveldið.

Já, Baugsveldið, vel á minnst. Hverja skyldi ríkisstjórnin hafa kallað sér til ráðgjafar og fulltingis til að stýra þessu ferli? Lítum ögn á það. Þegar Sjálfstfl. og Alþfl. höfðu lokið sér af árið 1995 tóku Sjálfstfl. og Framsfl. upp þráðinn. 14. febrúar árið 1996 var að nýju sent út erindisbréf í samræmi við skipan nýrrar einkavæðingarnefndar, sem starfar eins og ég sagði áður á ábyrgð fjögurra ráðherra sem allir eru horfnir á braut, líka hæstv. viðskrh. sem var hér við upphaf fundarins. Þetta eru tveir ráðherrar Framsfl. og tveir ráðherrar Sjálfstfl. í samræmi við margfræga helmingaskiptareglu.

Hverjir skyldu hafa verið skipaðir í nefndina í febrúar 1996? Ég ætla að nefna tvo. Ég ætla að nefna Hrein Loftsson og Jón Sveinsson. Hvers vegna nefni ég þá? Ég nefni þá vegna stöðu þeirra í atvinnulífinu og þá sérstaklega þeim geira atvinnulífsins sem einkum er samtvinnaður einkavæðingarferlinu. Um árabil eða fram á sl. vor var Hreinn Loftsson stjórnarformaður Baugs og Jón Sveinsson hefur verið og er að því er ég best veit enn stjórnarformaður Íslenskra aðalverktaka. Með tilhlýðilegri virðingu fyrir þessum einstaklingum þykir mér það bera vott um furðulegt dómgreindarleysi að skipa menn í einkavæðnigarnefnd sem eru svo nátengdir þeim hagsmunum sem um er vélað.

Vilja menn að ég nefni dæmi? Ég hef þegar vísað á tengingunna við Baugsveldið. Hvað hefur gerst þar? Ég skal nefna annað. Þegar ríkisstjórnin gerði samning við Öldung hf. um að reisa dvalarheimili fyrir aldraða í Sóltúni í Reykjavík gagnrýndi Ríkisendurskoðun að ekki væri farið eftir tilsettum reglum við útboð heldur samið við einn tiltekinn aðila. Nú getur það í sumum tilvikum verið rétt og skynsamlegt að semja með þessum hætti en Ríkisendurskoðun taldi svo ekki vera í þessu tilviki.

Í skýrslu sem Ríkisendurskoðun sendi frá sér segir að áhöld hafi verið um hvort nægilegt tillit hafi verið tekið til jafnræðissjónarmiða. Orðrétt segir, með leyfi forseta:

„Í ljósi þess hve breytingarnar voru umtalsverðar og með hliðsjón af því hvernig staðið var að málum í upphafi og jafnræðissjónarmiðum hefði að mati Ríkisendurskoðunar verið eðlilegra að bjóða þjónustuna út á ný.“

Hver var það sem fékk þetta verkefni? Jú, það var Öldungur hf. og í eigu hvers er Öldungur hf.? Öldung áttu tvö fyrirtæki, Securitas og Íslenskir aðalverktakar þar sem einkavæðingarnefndarmaðurinn gegnir stjórnarformennsku. Sérfræðingar ríkisstjórnarinnar hafa leitað út fyrir sinn rann eftir ráðgjöf og eðlilegt er að þeir leiti til þeirra manna sem þeir treysti best og beri saman bækur við þá aðila. Þannig leitaði einkavæðingarnefndarmaðurinn Hreinn Loftsson til lögfræðings úti í bæ. Sá lögfræðingur heitir Hreinn Loftsson. Hann greiddi honum fyrir þessa ráðgjöf, á árabilinu 1996–2001, tæpar 11 millj. kr., þ.e. 10,9 millj. Hann tók sjálfur í nefndarlaun 5,7 millj. eða alls á þessu árabili 16,6 millj. rúmar.

Jón Sveinsson leitaði einnig ráðgjafar úti í bæ og hvert skyldi hann hafa leitað ráðgjafar? Hjá Jóni Sveinssyni fyrir 3,5 millj. kr. á sama tímabili. Hann tók sjálfur í nefndarlaun 3,5 millj. Alls voru það 6,8 millj. í þann vasa á þessu árabili.

Hæstv. forsrh. hefur gert þetta að umræðuefni, m.a. 18. febrúar árið 2002. Honum fundust þetta ekki miklir peningar, að borga 5.500 kr. á tímann í ráðgjöf. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Ef menn lesa nýjasta tímarit lögfræðinga má sjá að menn telja ríkið hafa hlunnfarið þá menn sem þannig starfa því að útseldur taxti ætti að vera í kringum 9.000–9.500 kr. á tímann vegna þess sem þessir menn bera. Þeir eru settir í nefndina sem sérfræðingar.“

Þarna talaði hæstv. forsrh. Þeir eru settir sem sérfræðingar en leita síðan ráðgjafar hjá sérfræðingum úti í bæ.

Þetta þykir mér vera ótrúleg bíræfni, ég ætla að leyfa mér að segja það, ekki síst af hálfu hæstv. forsrh. sem talar fyrir hönd ríkisstjórnar sem er ábyrg fyrir því að greiða atvinnulausu fólki 73.600 kr. á mánuði. Það finnst mönnum ekki vera tiltökumál. En hitt finnst mönnum vera jafnvel óskammfeilið, að greiða þessum mönnum 5.500 kr. á klukkutímann og ætti að vera 10.000 kr. tæpar ef marka má orð hæstv. forsrh.

Þau eru fleiri, ráðgjafarstörfin. Friðrik Pálsson, stjórnarformaður Landssímans hf., þáði á einu ári rúmar 5 millj. kr. í ráðgjöf, 5.098.000 kr., í ofanálag á stjórnarlaunin sem voru 150 þús. kr. á mánuði. Þar erum við að tala um 7,6 millj. á ári. Og hver skyldi öll þessi ráðgjöf hafa verið? Hún hlýtur að hafa verið kvölds og morgna og allar helgar. Gekk hún út á það að ráðleggja að selja Landssímahúsið hér handan við völlinn á 820 millj. kr., eins og gert var, og leigja það síðan aftur fyrir 8,2 millj. á mánuði? Hvers vegna var þetta gert?

Jú, það var til að hafa handbært fé, sögðu menn. Og hvernig var það fé notað?

Hreinn Loftsson sagði, og var reyndar ekki skemmt, að Landssíminn hefði verið rekinn eins og hlutabréfasjóður. Og þeir töpuðu á þessu braski, m.a. í einu tilviki hálfum milljarði króna þegar fjárfest var í bandarísku fyrirtæki, IP Bell. Páv. framkvæmdastjóri, Þórarinn V. Þórarinsson, sagði að það væri nú ekki mikið, að tapa 400–500 millj., fyrir fyrirtæki sem hefði fjárfest fyrir 11 milljarða.

En ég spyr: Ef þessum mönnum þótti þetta ekki ámælisvert, hvað þykir þeim sem eru ábyrgir fyrir almannasjóðum, þeim ráðherrum sem ég vísaði hér til og sjá ekki ástæðu til að vera viðstaddir þessa umræðu? Hvað þykir þeim um þetta ráðslag? Ég bara spyr.

Og hér erum við að tala um fyrirtæki og stofnun sem á rúmum tíu árum, á árabilinu 1988 fram undir aldarlok, skilaði í ríkissjóð um 20 milljörðum kr. og landsmönnum einhverri bestu, hagkvæmustu og ódýrustu símaþjónustu sem fyrirfinnst í heiminum öllum.

Reyndar var forsrh. nokkuð brugðið þegar þetta bar á góma, Landssímahneykslið, og sagði þegar stjórnin var sett af, með leyfi forseta:

„Það er bersýnilega eðlilegast, heilbrigðast og hreinlegast að ný stjórn komi að Símanum, nýr forstjóri komi síðan að Símanum, ráðinn af þeirri stjórn og menn hendi þessum syndum bak við sig eins og sagt var."

Vandinn er sá að þessi vinnuaðferð gengur ekki lengur upp, hefur aldrei gengið upp en gengur nú alls ekki lengur upp. Mál er að linni. Jafnharðan og hæstv. forsrh. kastar syndum sínum og reyndar einnig meintum syndurum á bak við sig koma upp ný hneykslismál. Einn nefndarmanna í einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar, sem sagði sig úr nefndinni nýlega í tengslum við sölu á ríkisbönkunum, kveðst aldrei hafa orðið vitni að eins ámælisverðum vinnubrögðum og nú.

Hæstv. forseti. Mér er skammtaður naumur tími en ég gæti haldið lengi áfram. Ég ætla að ljúka máli mínu á því að vitna í erindisbréf einkavæðingarnefndar og beina því til ríkisstjórnarinnar og allra sem koma að þessum málum að bera saman erindisbréfið og efndirnar, framkvæmdina á þessu ferli öllu.

Í erindisbréfinu er vísað til þess að nýta betur ráðstöfunarfé ríkisins. Hefur það verið gert? Nei. Talað er um að fara skuli eftir verklagsreglum. Hefur það verið gert? Þar eru alvarlegar brotalamir. Að hvetja til útboða í rekstri og þjónustu. Stundum hefur það verið gert, stundum hefur það ekki verið gert og stundum á mjög ámælisverðan hátt að mati Ríkisendurskoðunar. Að lækka umsýslu- og rekstrarkostnað og afla ríkissjóði tekna. Hefur það verið gert sem skyldi? Ég hefði haldið ekki. Fjölmörg dæmi eru um að það hefur ekki verið gert, og bera glóðvolg fjárlögin þess glöggt vitni.

[13:51]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um að einkavæðingarnefnd verði leyst frá störfum og frekari einkavæðing stöðvuð. Ég held að það sé almennt álit margra í samfélaginu að það einkavæðingarferli sem fylgt hefur verið á undanförnum árum, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson kom svo vel inn á í ræðu sinni hér áðan, verður að stöðva og það verður að staldra við og finna út úr því hvort menn séu þar á réttri braut hvað málsmeðferð varðar. En eins og alkunna er er Vinstri hreyfingin – grænt framboð alfarið á móti því að einkavæða opinber fyrirtæki, stoðþjónustu landsins eins og Landssímann, heilbrigðisþjónustuna, skóla o.s.frv. Við teljum að brýna nauðsyn beri til að hverfa af þessari braut og þeir sem aðhyllast einkavæðingu skoði sinn gang í nýju ljósi og skoði hvernig gengið hefur varðandi einkavæðingarmál fram til dagsins í dag.

Það er ekki heppilegt fyrir landið að svokallaðir viðskiptaaðilar í þjóðfélaginu séu uppteknir af því að komast yfir eigur ríkisins í svo ríkum mæli sem verið hefur. Það er eðlilegra og betra fyrir landið að þeir sem hafa það í sér og vilja ástunda verslun og viðskipti setji hugann á nýja hluti, framþróun á nýjum sviðum, en séu ekki með allan hugann við það að komast yfir það sem þjóðfélagið hefur komið á laggirnar, og notað til þess áratugi í sumum tilvikum.

Í greinargerð með þáltill. segjum við: Í kjölfar þess að nefndarmaður í einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar sagði sig úr nefndinni vegna þess að hann taldi vinnubrögð hennar mjög ámælisverð hefur forsrh. óskað eftir því við Ríkisendurskoðun að á hennar vegum fari fram úttekt á tilteknum verkþáttum í starfi nefndarinnar. Fyrr á árinu beindi forsætisnefnd Alþingis, að beiðni þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, því til Ríkisendurskoðunar að „hún geri ítarlega úttekt á störfum einkavæðingarnefndar með sérstakri hliðsjón af einkavæðingu Landssímans hf. sem um leið verði könnuð sérstaklega".

Enda þótt erindi þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafi á sínum tíma beinst fyrst og fremst að Landssíma Íslands hf. kom skýrt fram að jafnframt ætti að kanna einkavæðingarferlið almennt og aðkomu einkavæðingarnefndar að því eftir því sem tilefni væri til. Í beiðni þingflokksins um þetta efni frá 30. janúar 2002 segir orðrétt: „Athuguð verði vinnubrögð, verklag og stjórnskipuleg staða einkavæðingarnefndar, kostnaður við störf hennar bæði vegna eigin verkefna og aðkeyptrar vinnu, hvort útgjöld nefndarinnar hafi verið í samræmi við fjárheimildir, hvernig staðið er að ákvarðanatöku af hálfu nefndarinnar og annað sem efni standa til." Enginn sem fylgst hefur með einkavæðingarferlinu og störfum einkavæðingarnefndar getur velkst í vafa um að þar er margt sem þarf athugunar við. Í nefndinni hafa átt sæti einstaklingar sem eru nátengdir atvinnulífinu og þá einnig þeim fyrirtækjum sem hafa hagnast á einkavæðingunni. Hörð gagnrýni, m.a. á Alþingi, hefur komið fram vegna mjög hárra greiðslna til nefndarmanna en einkum hafa vinnubrögð nefndarinnar verið gagnrýnd, m.a. af Ríkisendurskoðun, og nú síðast af einum nefndarmanna sem segist aldrei hafa kynnst eins slæmum og ámælisverðum vinnubrögðum og tíðkist í nefndinni. — Þetta eru stór orð, virðulegi forseti.

Um einkavæðinguna sem og þá pólitísku stefnu sem hún er byggð á hafa verið mjög skiptar skoðanir í þjóðfélaginu. Á 125. löggjafarþingi var samþykkt þáltill. frá þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem Ögmundur Jónasson var fyrsti flm. að, um að sérstakri nefnd skyldi falið að skoða verkaskiptingu hins opinbera og einkaaðila en því miður hefur það starf tafist. Til viðbótar pólitískum ágreiningi er einnig ljóst að mikið skortir á að aðgerðir í þessum efnum hafi verið undirbúnar sem skyldi, stefna mótuð og skýrar verklagsreglur ákveðnar fyrir fram. Sú gagnrýni sem hér er til umræðu lýtur að öllu þessu en þó sérstaklega óöguðum og óvönduðum vinnubrögðum og hugsanlega einnig hagsmunaárekstrum í starfi. Þá hafa vaknað ýmsar

spurningar um samskipti einkavæðingarnefndar ríkisstjórnarinnar, eftirlit og aðhald hennar gagnvart þeim stofnunum í almannaeign sem gerðar hafa verið að hlutafélagi. Þannig bárust fréttir af ágreiningi og átökum á milli einkavæðingarnefndar annars vegar og þeirra aðila sem falin var umsjá Landssíma Íslands hf. hins vegar. Hvorki Alþingi né almenningur hefur verið upplýstur um þennan ágreining og aðkomu einkavæðingarnefndar og afskipti hennar af Landssímanum hf.

Allt þetta þarf að upplýsa og þykir þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ekki annað forsvaranlegt en að einkavæðingarnefnd verði leyst frá störfum þegar í stað og einkavæðingarferlið stöðvað, jafnt breytingar á rekstrarformi fyrirtækja sem bein sala, þar til úttekt Ríkisendurskoðunar liggur fyrir. Gildir það um athugunina sem embættið lætur nú fara fram samkvæmt beiðni forsrn. og einnig þá rannsókn sem framkvæmd er að beiðni þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Það á svo að vera Alþingis og ríkisstjórnar þegar þar að kemur að taka ákvarðanir um framhaldið. Í þeim efnum liggur skýr stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fyrir. Flokkurinn er andvígur einkavæðingu í velferðarþjónustunni og einnig einkavæðingu mikilvægra almannaþjónustufyrirtækja en verkaskiptingu hins opinbera og einkaaðila, sem og leikreglur í samskiptum þeirra, er eðlilegt og þarft að yfirfara og ræða.

[13:58]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég velti fyrir mér hvaða ástæða sé í rauninni á bak við þessa tillögu. Hér er sagt að leysa eigi einkavæðingarnefnd frá störfum og frekari einkavæðing stöðvuð. Megintilgangurinn með tillögunni er að ekki verði af neinni einkavæðingu neins staðar. Það á ekki að losa fjármuni úr Landsbankanum, Búnaðarbankanum eða neinum opinberum fyrirtækjum.

Ég vona að öllum sé ljóst, sérstaklega þingmönnum úti á landi, að með sölu á þessum fyrirtækjum ríkisins er verið að reyna að losa fjármuni til að geta farið í mjög mikilvægar framkvæmdir, sérstaklega úti á landi. Það er verið að tala um að gera jarðgöng, vegabætur og alls konar framkvæmdir sem koma ekki síst landsbyggðinni vel. Mér sýnist með þessum málflutningi að það eigi einfaldlega að reyna að koma í veg fyrir það. Hér er verið að hjakka í því hvort nefndarstörf hafi verið með einhverjum ákveðnum hætti eða hvort þetta hafi ekki gengið eftir alveg nákvæmlega eins og prótókollurinn segir til um.

Það er verið að rannsaka það. Ríkisendurskoðun er að rannsaka þetta, það fer ekkert á milli mála. Hv. þingmenn Vinstri grænna vita mætavel að Ríkisendurskoðun mun mjög fljótlega skila skýrslu um það hvernig þetta allt hefur farið fram. Það er reyndar allt annað mál og kemur þessu kannski ekki beint við. Aftur á móti langar mig, herra forseti, að hv. þingmaður segi mér hvað þeir meina í rauninni með þessari tillögu.

[14:00]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. Kristján Pálsson hafi ekkert hlustað á þá umræðu sem hér fer fram. Það hefur legið fyrir lengi og það vita allir í þessum þingsal og þjóðin öll að við erum andvíg einkavæðingarferlinu í almannaþjónustunni. En það sem verið er að draga fram hér er í raun byggt á áhyggjum hans eigin flokksmanna og þar með hæstv. forsrh. um að ástæða sé til þess að staldra við og skoða verklagsaðferðir við að framkvæma þá stefnu sem hv. þm. aðhyllist greinilega. Svo einfalt er málið. Það er hæstv. forsrh. sjálfur sem biður um að staldrað sé við vegna þess að hann biður Ríkisendurskoðun um úttekt á málinu. Er þá ekki hv. þm. Kristján Pálsson sammála því að menn eru ekki alls kostar ánægðir með það ferli sem þeir hafa sett af stað? Það gefur augaleið. Það að vera að hártoga þessar umræður út og suður á þessum grunni, virðulegi forseti, er því algjörlega út í hött.

Almenn óánægja er í samfélaginu með hvernig staðið hefur verið að þessum málum. Menn eru hræddir við að við séum að lenda inn í fákeppni. Menn eru hræddir við að örfáir einstaklingar séu að taka til sín þessar ríkiseignir, stundum á hæpnu verði. Þetta vilja menn skoða, þar með stjórnarliðar með hæstv. forsrh. sem verkstjóra. Ég hélt satt að segja að hv. þm. Kristján Pálsson styddi sinn mann dyggilega og ætti þess vegna ekki að koma hér upp í andsvari með útúrsnúninga af því tagi sem hann gerði hér áðan vegna þess að það að nota peninga til annarra verka í samfélaginu er allt annað mál en hér er verið að tala um. Það er verið að tala um að staldra við og skoða leikreglur upp á nýtt sem ég held, eins og ég sagði áðan, að mjög margir í hans flokki séu sammála um að gera.

[14:02]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það stendur í þessari þáltill. að það eigi að stöðva einkavæðinguna. Þannig skildi ég akkúrat málflutninginn hér, þ.e. að það eigi að stöðva sölu opinberra fyrirtækja. Það þýðir um leið að menn fá ekki það fjármagn sem er ætlað til að bæta samgöngur um allt land á næstunni. Ef einhver kemur til með að fara illa út úr þessu þá er það landsbyggðin og þeir menn sem hafa áhuga á því að bæta samgöngur.

Ég verð að segja það alveg eins og er að ég hef ekki heyrt forsrh. lýsa því yfir að hann vilji stöðva einkavæðinguna eins og hún hefur verið. Aftur á móti hefur hæstv. forsrh. beðið um úttekt af hálfu Ríkisendurskoðunar og sú úttekt er í gangi. Ég hef ekki heyrt hæstv. forsrh. segja að hann vilji stöðva ferlið á meðan. Ef svo hefur verið þá þætti mér fróðlegt að vita hvar það hefur komið fram. Ég tel mig fylgjast sæmilega vel með í þessum málum.

Að sjálfsögðu er hægt að deila um það, herra forseti, hvernig að verkum er staðið. Einkavæðingarnefnd hefur starfað í mörg ár og ekki hafa komið fram neinar vísbendingar um að þar hafi verið óeðlilega að málum staðið fyrr en þetta bréf kemur frá Steingrími Ara Arasyni. Það varð að sjálfsögðu tilefni til þess að farið var að rannsaka málið.

[14:04]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn og aftur kýs hv. þm. Kristján Pálsson að fara í hártoganir. Ég sagði ekki að hæstv. forsrh. vildi stöðva einkavæðingarferlið. Það er stjórnmálaleg lína flokksins og okkur er hún fullljós. Hins vegar vildum við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði koma til hjálpar í þessum málum og leggja fram tillögu sem augljóslega og auðvitað er að okkar skapi vegna þess að við viljum stöðva þetta ferli í almannaþjónustugeiranum og það er öllum fullkunnugt um. (Gripið fram í.) Ja, það væri alla vega hollt fyrir ykkur, virðulegi forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson grípur fram í. Ég tel að það væri hollt úr því sem komið er,

miðað við þá stefnu sem er keyrð, fyrir stjórnina og meiri hlutann í þinginu að staldra við og skoða sinn gang. Um það biður hæstv. forsrh. Ég held að þessi tillaga ætti að virka sem gott innlegg í þessi mál og ég held að þið ættuð öll, hv. þm. stjórnarinnar, að vera fegin því að fá að draga andann í þessum málum og skoða hlutina upp á nýtt.

Við gerum okkur fulla grein fyrir því að meiri hluti er fyrir því í þinginu að halda áfram að einkavæða almannaþjónustuna sem við viljum ekki gera. Þetta er öllum ljóst, hv. þm. Kristján Pálsson.

En það sem við erum að tala um hér er að stokka upp á nýtt, draga andann þannig að þið getið á sannfærandi hátt brugðið á leik á ný, ef þið haldið lengi til þess meiri hluta, og haldið áfram ykkar pólitík í einkavæðingu á grunni sem er ásættanlegur peningalega séð fyrir þjóðina en ekki þannig að almannaeignir séu færðar upp í hendurnar á örfáum aðilum, almannaþjónustan, fyrir verð sem er ekki ásættanlegt fyrir þjóðina. Við erum andvíg því. Það liggur ljóst fyrir.

[14:06]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vilji meiri hluta hv. Alþingis og ríkisstjórnar að einkavæða og selja ríkisfyrirtæki og nota andvirðið til að lækka skuldir ríkissjóðs og þar með vaxtagreiðslur hans eða að fara í nytsamar framkvæmdir víða um land.

Orsök þessarar þáltill. er úrsögn eins nefndarmanns úr einkavæðingarnefnd og ummæli hans sem ekki hafa verið studd rökum eða sönnuð enn sem komið er. Nú er spurning mín til hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar sú hvort hann telji eðlilegt að einn nefndarmaður í einkavæðingarnefnd eigi að hafa meira vald en hv. Alþingi og ríkisstjórn til þess að koma markmiðum sínum fram.

[14:07]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekkert að dæma um hvort það sé eðlilegt vegna eins manns. En oft verða atvik til þess að menn verði tilbúnir til þess að staldra við og skoða sinn gang og við teljum einmitt kærkomið tækifæri í þessu máli núna, að menn endurskoði stöðu sína. Í raun hefur hæstv. forsrh. stigið skref í þá átt vegna þess að hann biður um úttekt Ríkisendurskoðunar á málinu. Af hverju gerir hann það? Hann gerir það væntanlega á grunni þessarar uppákomu með þennan eina mann. En ég býst við að hann geri það eflaust út frá öðrum sjónarhóli líka, eflaust. Við viljum bara leggja fram tillögu sem gengur enn þá lengra, þ.e. að mönnum gefist ráðrúm til þess að fara yfir allt þetta ferli og leggja niður fyrir sér nýjar leikreglur. Það er mjög eðlileg krafa á þessari stundu. Eins og hv. þm. Pétur Blöndal veit þá er bullandi óánægja úti í þjóðfélaginu með hvernig staðið er að þessum málum, sérstaklega samþjöppun valds þar sem augljóslega er í gangi ferli sem gerir örfáum í þessu samfélagi mögulegt að raka til sín fé og komast yfir ríkiseignir sem eru til sölu. Mér er fullljóst að það er á grunni samþykkta stjórnarmeirihlutans hér í þinginu. Við erum andvíg þessari stefnu. Það vita allir. Við viljum ekki selja ríkiseignir. En við viljum aldeilis leiðbeina stjórnarmeirihlutanum hvernig hann geti framfylgt skynsamlega sinni voðalegu stefnu að okkar mati. Það er ekki gert í dag.

[14:09]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. svaraði ekki þeirri spurningu hvort eðlilegt væri að einn nefndarmaður í einkavæðingarnefnd sem ekki er kjörinn til þess af almenningi á Íslandi eigi að hafa meira vald en hv. Alþingi, sem er þó kjörið í alþingiskosningum til þess að fara með þessi mál, að einkavæða fyrirtæki á Íslandi. Ég tel svo ekki vera. Þessi maður á ekki að hafa þetta vald. Ég tel það mjög eðlilegt skref sem hæstv. forsrh. tók, að fela stofnun að skoða þessi mál en stöðva ekki ferlið.

Varðandi samþjöppun valds þá er einmitt verið að minnka samþjöppun því að samþjöppunin var öll í hendi ríkisins hér áður fyrr og það er nú aldeilis einn aðili sem fór með mikið vald yfir fjármálastofnununum. Þær eru ekki ófáar sögurnar af því sem gerðist á biðstofum bankastjóra og í herbergjum bankastjóra á þeim tíma þegar menn voru að beita þessu valdi sínu.

[14:10]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um hvar völd eiga að liggja erum við hv. þm. Pétur H. Blöndal bara aldeilis ósammála. Ég held að stór hluti þjóðarinnar átti sig á því að sú formúla sem hv. þm. Pétur H. Blöndal vill fylgja leiðir til samþjöppunar valds á örfárra manna hendur. Hún minnkar t.d. möguleikana úti í samfélaginu á því að vera með fjölbreytilegt atvinnulíf. Örfáir aðilar á hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins hafa í krafti valda sinna, þ.e. peningalegra valda, keypt upp fyrirtæki og dregið úr fjölbreytileika fyrirtækjaflórunnar á undanförnum árum. Þetta er öllum ljóst. Það er gert með aðferðum hins peningalega valds og þetta gildir um allt, flutninga, verslun. Það er bara að nefna það. Þarna er því greinilega skoðanaágreiningur og við gerum okkur öll grein fyrir því. En þess konar valdasamþjöppun viljum við ekki hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði þar sem peningarnir ráða öllu á örfárra manna höndum.

[14:11]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Umræðan vekur að sumu leyti nokkra furðu. Hér virtist hv. 10. þm. Reykv. álíta sem svo að það væri eingöngu afsögn Steingríms Ara Arasonar úr einkavæðingarnefnd sem hefði orsakað þennan tillöguflutning. Ég hygg að það hafi verið kornið sem fyllti mælinn og gert það að verkum að þetta var flutt enda rakti framsögumaður í ítarlegu máli ótal ótal atriði sem að því hníga að menn verða að spyrna við fótum. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Kristján Pálsson ræddi málið á þeim grundvelli að nauðsyn bæri til að selja eignir ríkisins af því það þyrfti að fá fé til að bora í gegnum fjöll eða annast framkvæmdir úti á landi í samgöngumálum. En er sama við hvaða verði þessar eignir eru seldar? Til dæmis hygg ég að lágmarksverð á sínum tíma fyrir SR-mjöl hefði kannski verið 2.000 millj. kr., 2 milljarðar. Verksmiðjurnar voru seldar fyrir 715 millj. kr. og þó má draga frá því arð sem kaupendur greiddu sjálfum sér út úr fyrirtækinu. Hefði nú ekki verið munur að fá 1.300 millj. meira fyrir verksmiðjuna en fékkst? Hefði ekki verið hægt að leggja fleiri vegi fyrir það úti á landi eða bora lengri göng? Dæmin sem við höfum fyrir augum eru því miður afar ófögur.

Sá sem hér stendur hefur margoft tekið það fram að hann er einkavæðingarsinni. Hann álítur að ríkið eigi ekki að vasast til að mynda í bankastarfsemi og ég hygg að það

sé afstaða manna víðast um þjóðlönd nema þar sem allt öðruvísi háttar til um stjórnarfar en við viljum viðhafa og í þeim löndum sem við miðum okkur við. Þannig er um marghátttaða starfsemi í landinu að sá sem hér stendur vill að ríkið haldi að sér höndum og feli það einstaklingum og að um þetta geti skapast samkeppni og að markaður fái að ráða. En öllu slíku er varpað fyrir ofurborð af þeim sem stjórna hér ef svo vill verkast. Dæmið um sjávarútvegsmálin er nú t.d. hvað augljósast og þær markaðsaðferðir sem þar eru viðhafðar.

En það er ekki sama hvernig fer úr hendi og skilyrði þess að ég fylgdi einkavæðingu banka var sú yfirlýsing og mörkuð stefna stjórnvalda að salan yrði dreifð, um það yrði sett löggjöf og um þetta voru menn sammála. Það er svo seinna þegar að því kemur að það þarf að fara að ráðstafa þessum eignum meira og minna bak luktum dyrum að það passar ekki inn í munstrið að selja þetta dreift, enda mun það koma á daginn þegar fyrirtækjum eins og Búnaðarbankanum verður ráðstafað.

Ég nefndi dæmið um SR-mjöl. Það var nú svo að ekki var einu sinni gengið að hæsta tilboði í þá eign. Haraldur nokkur í Andra bauð verulega hærri fjárhæð en það þurfti að ráðstafa þessu með öðrum hætti og þess vegna var gengið að verulega lægra tilboði. Engin skýring hefur verið á því gefin hvernig á því stóð.

Þess má geta í sambandi við verðmætið sem þarna lá til grundvallar að í kjölfar þessa var reist síldarverksmiðja, bræðsluverksmiðja á Fáskrúðsfirði. Ég ætla ekki að fara sérstaklega út í tildrög hennar en þau voru þau að Haraldur í Andra, sem ekki náði fram tilboði sínu, fékk leyfi til þess að flytja inn gamla verksmiðju frá Japan til þess að reisa á Fáskrúðsfirði og hirti 30 milljónir í aðflutningsgjöld þess vegna, þótt hann síðar yrði settur út af sakramentinu á þeim stað. Þessi verksmiðja, sem ekki framleiddi manneldisvöru eins og manneldismjöl, kostaði 990 milljónir í byggingu. Á Seyðisfirði var verksmiðja sem framleiddi manneldisfóður og bygging hennar á þeim tíma hefði farið langt á annan milljarð kr.

Og þá sjá menn nú hvernig salan var úr garði gerð þegar SR-mjöl var selt. Í rabbat fylgdi þá Siglufjörður, Raufarhöfn og Reyðarfjörður. Enda sjá menn hvernig þessu fyrirtæki hefur vaxið fiskur um hrygg og skal ekkert öfundast yfir því. En hér var farið með eignir ríkisins með ótrúlegum hætti. Og það er ótrúlegt að ekki skuli hafa orðið meiri umræða um þessi fádæmi en raun ber vitni.

Og síðan mega menn reikna sér út að Áburðarverksmiðjan hafi gefið Haraldi í Andra eins og kannski 800 milljónir í aðra hönd. Ég held nú að það sé ofreiknað en lágmarkið væri kannski hálfur milljarður. Og hvernig er þá haldið á málum? Hvað blasir við? Starfsemi umræddrar nefndar er eitt forað og fúamýri að sjá, enda haldast jafnvel ekki menn eins og Hreinn Loftsson við í henni.

Að sjálfsögðu ber að samþykkja þessa tillögu og spurning auðvitað hvort ekki ætti að nýta sér 39. gr. stjórnarskrárinnar um að Alþingi kysi sér nefnd, rannsóknarnefnd í þessu skyni. En tillagan er tímabær og ekkert annað ráð takandi en að breyta út af þeirri stefnu sem hér hefur verið fylgt, þessari fádæma gjafapólitík til handa gæðingum sínum sem þeir stunda, hv. stjórnarsinnar.

[14:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil byrja á að segja að ég sakna þess mjög að þeir ráðherrar sem þessu máli tengjast alveg sérstaklega, eins og hæstv. forsrh., yfirmaður einkavæðingarnefndar, sem mjög hefur hér komið við sögu, skuli ekki sjá sér fært að sitja í salnum því að hér er ekkert venjulegt mál á ferð, herra forseti. Hér er nú bara sjálft hjartað í stjórnarstefnunni sem á undir, sjálft einkavæðingartrúboðið. Og meðferð þessara mála er skipað með mjög sérstökum hætti hjá framkvæmdarvaldinu. Það er fjögurra manna ráðherranefnd sem er yfir þessum málum þannig að hin pólitíska ábyrgð stjórnarflokkanna, Sjálfstfl. og Framsfl., er eins skýr og nokkur getur verið, alveg óvenjulega skýr. Formaður Sjálfstfl. og varaformaður Sjálfstfl., formaður Framsfl. og einn af ráðherrum flokksins sitja í þeirri nefnd. Ég tel það alveg lágmark að einhver af þessum ráðherrum Sjálfstfl. sé hér til svara en við erum auðvitað þakklát fyrir að hæstv. iðn.- og viðskrh. er hér.

Það er reyndar orðið ljóst að sjálfstæðismenn eru á miklum flótta undan sínum eigin verkum og sinni eigin stefnu í einkavæðingarmálum, þannig að ég skil það vel að þeir skuli haldast illa við hérna í þingsalnum eins og endemin eru orðin í þessu máli. Og nú ber það æ oftar við að þeir sjálfstæðismenn koma hér upp og segja: Við erum ekki að tala fyrir einkavæðingu, nei, nei, nei, við erum á móti einkavæðingu í velferðarkerfinu. Við viljum einkarekstur — já, við viljum einkarekstur, það er eitthvað allt annað.

En hvað segja verkin? Þau sýna merkin. Framganga ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í einkavæðingu á sl. tíu, ellefu árum er að verða eitt af meiri hneykslum stjórnmálasögunnar á síðari áratugum, það er bara þannig. Hv. þm. Ögmundur Jónasson fór hér yfir það á grundvelli gagna frá Ríkisendurskoðun og slíkum aðilum hvernig milljarðar hafa verið hafðir af almenningi í landinu með hneykslanlegri framkvæmd þar sem hver eignin á fætur annarri hefur verið látin fara á bullandi undirverði og oft er þar vaðandi klíkuskapur í kringum. Þetta liggur fyrir. Framkvæmdin hefur fengið harða áfellisdóma frá eftirlitsaðilum hins opinbera eins og Ríkisendurskoðun og er það þá við hæfi að hæstv. ráðherrar laumist úr salnum? Er þá kjarkur manna ekki meiri en þetta? Hvar eru formaður og varaformaður Sjálfstfl.? Hafa þeir svo vondan málstað að þeir þori ekki hérna til þessarar umræðu? Þeim brá fyrir hér áðan, a.m.k. helmingnum af þeim, en hurfu óðar á braut aftur.

Staðreyndin er auðvitað sú, herra forseti, að þetta einkavæðingartrúboð eins og það hefur verið rekið hefur reyndar víða farið illa í heiminum, en hér hefur það verið rekið með alveg sérstaklega ógæfulegum hætti á grundvelli fyrirframsannfæringar, menn hafa talið sig yfir það hafna að rökstyðja mál sitt. Þetta hefur verið á grundvelli fyrirframsannfæringar um að einkavæðing væri bara alltaf af hinu góða, alveg sama hvað í hlut ætti og hvernig að henni væri staðið. Menn hafa stundum misst út úr sér hluti, því það er stundum tungunni tamast sem hjartanu er kærast, jafnvel gengið svo langt að láta að því liggja að það gerði ekkert til þó að eignirnar færu á hálfvirði, eins og fyrrv. fjmrh., vegna þess að það væri svo mikilvægt að einkavæða, tilgangurinn helgaði algerlega meðalið. Og þá er ekki von á góðu þegar menn nálgast viðfangsefnin á þann hátt.

Fyrir löngu síðan hafa menn nú í nálægum löndum og fjær endurskoðað mál sín í þessum efnum og ég fullyrði að

það fyrirfinnst ekkert viðlíka ofstæki í einakvæðingu lengur, hvorki í Bretlandi, Bandaríkjunum né Nýja-Sjálandi, í sjálfum tilraunastofunum. Þar hafa menn fyrir löngu endurskoðað vinnubrögð sín. (**KPál:** Öðru nær.) Það er bara aldeilis ekki þannig, hv. frammíkallandi, Kristján Pálsson, og væri gott að hv. þm. labbaði hér nokkrum sinnum fram fyrir ræðustólinn. Það er ekki þannig.

Ég bendi t.d. á að í Nýja-Sjálandi hefur ríkisstjórn lofað því að ef hún fái endurkjör muni hún hverfa alveg frá fyrri vinnubrögðum, ríkisstjórn leifanna af verkamannaflokknum sem þar voru eftir. Í Bretlandi hafa menn hætt að einkavæða t.d. í samgöngum og veitum vegna þess að það hefur gefist svo illa. Það er þvílík bullandi óánægja með t.d. öryggismálin hjá bresku járnbrautunum og það hvernig okrað var á almenningi þar sem veitur í einokunaraðstöðu voru einkavæddar, að þar hafa menn hætt. Í Bandaríkjunum hafa menn neyðst til þess að leysa til hins opinbera á nýjan leik orkumannvirki og veitur sem voru einkavæddar með þvílíkum endemum að allt fór á dúndrandi hausinn og Kalíforníufylki, Washingtonfylki og fleiri hafa mátt punga út milljörðum dollara til að hægt væri að skaffa almenningi rafmagn og vatn þegar einakvæddu fyrirtækin voru komin á rassinn. Þannig er þetta nú.

En uppi á Íslandi vaða menn áfram, alveg sama hvers konar kjaftshögg menn fá og hvernig sem gengur. Það eina sem kemur aldrei til greina er að að vera menn til að viðurkenna mistök sín og endurskoða framgöngu sína. Þessi ferill allur, herra forseti, hefur verið varðaður áföllum eins og hér hefur verið ágætlega rakið af framsögumanni, Ögmundi Jónassyni, SR-mjöl, Áburðarverksmiðjan, Landssíminn. Þarf að rifja það upp, endemin með Landssímann sem átti að einkavæða en ríkið hefur svo neyðst til að bjóða almenningi að kaupa aftur það sem var vélað út á almenning þegar allt var komið á hliðina og ríkið á núna Landssímann aftur? Hvar eru þau áform nú og er Framsfl. ekki stoltur af því að hafa lagst flatur undir stefnu íhaldsins? Þóttist ætla að spyrna við fótum og ekki einkavæða grunnnetið en lét sig hafa það og útkoman er sú sem raun ber vitni. Þvílík endemis ósköp að það hálfa væri nóg. Og núna síðast bankarnir. Hvernig hefur það gengið með bankana? Nei, herra forseti, ég held að við þurfum ekki að rifja þær hörmungar upp.

Það liggur fyrir algjörlega óhrekjanlegt að þarna hafa vinnubrögðin verið forkastanleg, engin stefna eða reglur mótaðar fyrir fram, ekki sett lög, hvað þá það, eins og víða hefur þó verið gert erlendis að menn byrjuðu þessi viðfangsefni þannig að sett voru lög um framgangsmátann. Í Noregi hefur norska Stórþingið mótað reglur í því sem kallað er — eða samþykkt stefnu í svokallaðri „Stortingsmelding", þar sem leikreglurnar eru settar niður og þær eru fastar og ekki hringlað með þær. Hér er prjónað upp með nýja aðferð í hvert einasta sinn eftir því hvernig pólitískir vindar blása, eftir því hvaða skoðun ráðherrarnir hafa í augnablikinu á dreifðri eða ekki dreifðri eignaraðild og eftir því hverjir væru æskilegir og pólitískt þóknanlegir kaupendur, en það hefur líka ekki síst skipt máli í þessu ferli.

Eru þetta ekki orðin ærin hneyksli, herra forseti? Eiga ekki hæstv. ráðherrar hér í þingræðisríki, í þingbundinni ríkisstjórn, að koma og standa fyrir máli sínu? Þvílíkur heigulsháttur að skríða undir sæng þegar slíkir hlutir eru á dagskrá.

Að lokum, herra forseti, þá er alveg augljóst mál að það eru öll rök til þess að stöðva þetta ferli nú. Ef ekki vill betur til þá á Alþingi að taka í taumana, annað væri ábyrgðarleysi þegar við stöndum frammi fyrir vinnubrögðum af þessu tagi og stöndum frammi fyrir því að hagsmunir hins opinbera, almennings í landinu, hafa verið bornir fyrir borð svo milljörðum króna skiptir. Og þess vegna verður að gera hvort tveggja í senn, stöðva ferlið og láta Ríkisendurskoðun hraða rannsókn sinni á málinu.

[14:27]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst hv. þm. vera allt of reiður í þessari umræðu, vegna þess að þetta er ekki til þess að æsa sig út af, þetta er bara viðfangsefni að einkavæða og það er það sem allar þjóðir eru meira og minna að gera. Og ég minnist þess að hv. þm. var óskaplega glaður þegar Kínverjar gerðust aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og hafði mörg orð um það hvað það væri ánægjulegt að Kínverjar skyldu gerast aðilar. En málið er að Kínverjar gerast aðilar vegna þess að þeir eru að einkavæða. Þannig er nú þessi heimur og þannig er hjá þeim þjóðum sem hv. þm. hefur nú verið dálítið að bera sig saman við austarlega í Evrópu, að þær eru allar að einkavæða.

Auðvitað er hægt að deila um það hvernig síðan farið er í þetta og auðvitað er það háttur stjórnarandstöðunnar að koma hér og reyna að gera þetta mál allt saman tortryggilegt, þannig er nú lífið. En hvað varðar bankana t.d. þar sem ég kem fyrst og fremst við sögu og geri ég mér fulla grein fyrir því að stjórnarflokkarnir bera fulla ábyrgð á því máli, að þá finnst mér ekki sanngjarnt að tala um það að við seljum bara þeim sem við teljum að séu pólitískt þóknanlegir, vegna þess að þetta mál er allt saman opið, ferlið er galopið. Auglýst var eftir aðilum sem hefðu hugsanlega áhuga á að kaupa í Landsbankanum og Búnaðarbankanum og þar gáfu sig fram fimm aðilar. Þrír þeirra voru taldir vera með þannig erindi að ástæða væri til að tala frekar við þá. Einn þeirra er síðan valinn úr til viðræðna út af kaupum á Landsbankanum og það er gert vegna þess að alþjóðlegt ráðgjafarfyrirtæki, HSBC í London, sem hafði verið ráðið til verksins, ráðleggur það, gefur þessu fyrirtæki hæstu einkunnina. Og þá fer ráðherranefnd um einakvæðingu að þeim tilmælum og núna er verið að tala við það fyrirtæki um hugsanleg kaup á Landsbankanum.

Mér finnst þetta vera opið ferli og mér finnst þetta vera samkvæmt reglum.

[14:29]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er í sjálfu sér ekki reiður en mér er heitt í hamsi, ég viðurkenni það, mér er mjög heitt í hamsi enda finnst mér ærin ástæða til. Mér finnst það dálítið geðleysi af þingmönnum almennt ef ekki getur lifnað örlítið yfir þeim þegar ræddir eru hlutir af þessu tagi, þegar rædd er framganga stjórnvalda sem er með þvílíkum endemum eins og raun ber vitni, þá finnst mér eðlilegt að blóðið renni aðeins í mönnum og ég veit ekki hvenær það gerir það þá endranær ef hlutir af þessu tagi hreyfa ekkert við þeim. En kannski er það þannig að ríkisstjórnin klúðrar þessum málum svona vegna þess að henni finnst þetta ekkert mál eins og hér kom óbeint fram í ummælum hæstv. viðskrh. Þetta sé ekkert til að æsa sig yfir. Þetta eru smámál. Þetta eru ekki nema milljarðar sem þarna hafa fokið, nokkur kíló af klíkuskap og öðru slíku. Hvað er það á milli vina?

Það sem fer í taugarnar á mér og hefur lengi gert er framgangsmátinn, að byrja að undirbúa jarðveginn með þeim hætti sem raun ber vitni, að rægja niður allan opinberan rekstur, að reyna að koma óorði á hvernig ríki og sveitarfélög, opinberir aðilar eða félagslegur rekstur er gerður til þess að búa til þá fyrirframsannfæringu að það sé alltaf betra að koma hlutunum í hendur einkaaðila og ekki þurfi að rökstyðja það frekar hvað sem í hlut á. Það er ómaklegt og er ekki sanngjarnt.

Það er ekkert sérstaklega á minni könnu þó að Kínverjar séu að einkavæða, hæstv. viðskrh. Ég hef aldrei þangað komið og ekki sótt þangað miklar fyrirmyndir. En ég ætla bara að vona að það gangi betur en í Rússlandi. Þar var efnilega líka einkavætt að vestrænni fyrirmynd samkvæmt ráðgjöf frá Alþjóðabankanum og slíkum aðilum og hvernig gekk það? Jú, örfáum stórspilltum stjórnmálamönnum og undirheimalýð voru afhentar allar eignir hins opinbera í Rússlandi þannig að til varð stétt „oligatora" sem á núna rússnesku stórfyrirtækin og ónefndur maður hefur sagt að samt sé einkavæðingarferlið í Austur-Evrópu sennilega heldur þróaðra en hér. Það eru splunkuný ummæli.

[14:32]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ánægð með að hv. þm. hefur náð sér niður. En það sem ég vil fyrst og fremst leggja áherslu á er að við erum að vinna samkvæmt opnu ferli og auðvitað getur alltaf verið gagnrýnivert á hvaða verði á að selja og eðlilegt er að það sé rætt og gagnrýnt. En málið er að við erum samkvæmt stjórnarsáttmála að selja ákveðnar eignir og við skulum síðan sjá til hvernig til tekst. Það er ekki útséð um það hvað varðar bankana.

En fyrst hv. þm. er að tala um að það sé byrjað á að rægja niður allan opinberan rekstur, þá held ég að hann geti ekki verið að tala um þá sem hér stendur í því sambandi eða fulltrúa Framsfl. almennt því við höfum ekki gert það. Við höfum hins vegar haldið því fram að full ástæða sé til að einstaklingar fái að spreyta sig í sambandi við ákveðinn rekstur sem einstaklingar geta rekið jafn vel og ríkið og jafnvel betur. Það er líka mjög í samræmi við breyttan heim og breyttar aðstæður á Íslandi þar sem við erum aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði, og erum í sjálfu sér í samkeppni við fyrirtæki í allri Evrópu, að við ástundum þá svipaðan rekstur og svipað rekstrarform og þar tíðkast.

Í sambandi við bankana þá er ekkert svo óskaplega langt síðan að ríkið þurfti að setja verulega fjármuni í Landsbankann meðan hann var ríkisfyrirtæki og ég held að það sé almennt ekki talið æskilegt. Ég trúi því að bankar geti verið vel reknir í höndum einstaklinga og einkaaðila og þar eigi ríkið ekki fyrst og fremst að koma að málum. Vinstri grænir hafa haldið því fram að þetta sé almenningsþjónusta en það er bara ekki svo að hægt sé að tala um bankarekstur sem almenningsþjónustu vegna þess að hann er í samkeppni við einkaaðila og við getum ekki sett kröfur á slík fyrirtæki umfram það sem hægt er að gera almennt.

[14:34]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi róg og óhróður um opinberan rekstur, þá væri hægt að tína þar til ýmislegt, t.d. úr bæklingi einkavæðingarnefndar á sínum tíma, úr greinargerðum með stjórnarfrumvörpum. Ég er ekki að bera það sérstaklega upp á hæstv. núv. iðnrh.- og viðskrh.

Ég man eftir fullyrðingum í greinargerðum stjórnarfrumvarpa aldeilis ótrúlegum þar sem farið var slíkum niðrandi ummælum í raun og veru um allan opinberan og félagslegan rekstur að það var fyrir neðan allar hellur. Ég man reyndar eftir því að menn töldu sig geta sett í greinargerð um hlutafélagavæðingu Rafmagnsveitna ríkisins sem ég komst einhvern tíma í og las yfir, þar var bara fullyrt sisvona að það væri auðvitað miklu betra að gera þetta að hlutafélagi vegna þess að það væri miklu skilvirkari rekstur. Það þurfti ekkert að rökstyðja það. Þetta kalla ég fyrirframsannfæringu þar sem menn horfa algerlega fram hjá því hvers eðlis starfsemin er og í hvaða tilgangi hún er rekin í landinu. Það eru hlutir hér sem eru ekki reknir í grunninn til þess að græða á þeim peninga og hirða þá burtu í eitthvað annað. Það er það sem við köllum almenningsþjónustu og velferðarþjónustu og annað í þeim dúr.

Varðandi bankana og það sem ég hef sérstaklega gagnrýnt og tel tortryggilegt er sú aðferð núna á dögunum, sú nýjasta af nýjum, að setja báða bankana á flot í einu, segja þó að annar þeirra verði bara seldur fyrst en tilkynna að strax verði farið í viðræður við aðra aðila um hinn. Það er mjög tortryggilegt. Það lítur ekki vel út frá markaðslegum ástæðum. Hver er þá ástæðan að þetta er gert? Sá grunur læðist að manni að það sé til þess að í boði sé eitthvað tvennt sem þá er hægt að skipta til helminga, er það ekki? (Gripið fram í.) Það er nú það.

Varðandi þetta allt saman að lokum, herra forseti. Ráðherra segir að það sé unnið samkvæmt ferli. Ég spyr: Hvaða ferli, þegar breytt er um aðferð í hvert einasta sinn? Ég gæti auðvitað og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sagt sem svo að pólitískt mættum við vel við una að ríkisstjórnin hafi staðið með þvílíkum endemum að þessari einkavæðingu, að hún hafi komið á hana slíku óorði að menn eru hættir að þora að gangast við henni, þora ekki að vera í salnum þegar hún er til umræðu.

[14:36]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tel að heppilegra hefði verið að niðurstaða Ríkisendurskoðunar hefði legið fyrir um þetta mál þegar tillaga þessi var tekin til umræðu. Ekki það að ég bindi óskaplega miklar vonir við þá skýrslu sem kemur. Vonandi kemur hún mér á óvart með því að í henni komi fram eðlileg og hörð gagnrýni á hvernig að þessum málum hefur verið staðið.

Hæstv. viðskrh. sagði að menn ættu ekki að æsa sig yfir málinu. Það hefur verið full ástæða til þess að æsa sig yfir ýmsum málum sem hafa verið í gangi á undanförnum árum hvað varðar einkavæðingu. Sum þeirra hafa verið nefnd í umræðunni en ástæðan fyrir því að þessi umræða er í gangi er auðvitað sú að einn af þeim sem lengst hefur starfað í einkavæðingarnefnd fékk allt í einu nóg og hætti, taldi sér nóg boðið og hafði aldrei upplifað annað eins. Maður veltir því þá fyrir sér hvað í ósköpunum hafi verið að gerast. Hvernig stendur á því að maður úr einkavæðingarnefnd, sem taldi allt í lagi að fara fram með þeim hætti sem gert var þegar SR-mjöl var selt og allur sá eftirleikur sem því fylgdi, skuli allt í einu hafa fengið nóg? Það er sannarlega ástæða til að bíða spenntur eftir því að vita hvað það var sem olli því að sá maður stóðst ekki mátið lengur. Mál SR-mjöls var með þeim endemum eins og lýst var hér áðan að fyrirtæki

sem ríkið hafði átt í 63 ár og aldrei lagt peninga til var allt í einu selt fyrir smáaura og allt í einu þurfti ríkið að leggja peninga inn í fyrirtækið áður en það var selt. Fyrirtækið var komið í bullandi hagnað þegar það var selt.

Loðnuveiðar höfðu verið bannaðar í um tvö ár rétt á undan og fyrirtækið var auðvitað í erfiðleikum út af því. Það hafði búið til splunkunýja verksmiðju fyrir austan með alveg nýjustu aðferðum til þess að framleiða mjöl og farið var að selja það mjöl á mjög háu verði. Það var hagnaður í kassanum upp á 220 milljónir í reiðufé þegar nýir eigendur tóku við. Og hvernig var staðið að sölunni? 21. desember var auglýst að nú skyldi klára að selja fyrirtækið fyrir 28. desember. Fjórtán aðilar höfðu óskað eftir því að koma til greina í þeim kaupum. Þegar upp var staðið var öllum hafnað nema einum og m.a. var þeim sem var með hæsta tilboðið líka hafnað. Hann kærði reyndar þá málsmeðferð og ætlaði að fara í mál, sótti síðan um leyfi til að byggja síldarverksmiðju austur á landi. Það vildi þannig til að fyrirtæki þessa manns var í málaferlum við SR-mjöl út af öðrum hlutum sem það hafði haft með höndum fyrir SR-mjöl. Leyfið til þess að byggja verksmiðjuna fékkst ekki strax. En að lokum féll Haraldur í Andra frá málaferlum á hendur ríkinu. Um leið féll SR-mjöl frá málaferlum á hendur Haraldi í Andra og leyfið fékkst til að byggja verksmiðjuna fyrir austan. Þetta var allt saman tilviljun en þetta fór allt fram á sama deginum. Merkileg tilviljun. Það er slíkt sem þyrfti að rannsaka og ég óttast að Ríkisendurskoðun geri ekki. Það eru slíkir hlutir. Það er sú pólitíska spilling sem þarna er á ferðinni. Það er sú bullandi vanhæfni sem mönnum sem koma að þessum hlutum finnst allt í lagi, virðist vera, í þjóðfélaginu. Þeim sem voru í einkavæðingarnefnd fannst það bara í góðu lagi að kaupa þjónustuna af sjálfum sér og Sjálfstfl. finnst það líka í góðu lagi að framkvæmdastjóri Sjálfstfl. sitji í bankaráði Landsbankans og fjalli um það hvað eigi að gera við eigur Landsbankans á sama tíma og hann á stóran hlut í Landsbankanum og hlýtur að hafa verulegra eiginhagsmuna að gæta hvað það varðar hver fær að kaupa þetta fyrirtæki og hvernig farið er með aðrar eigur Landsbankans.

Ég ætla ekki að teygja lopann yfir því hvernig stjórnarflokkarnir eru að semja um þessi mál en það er auðvitað ekki í lagi að menn skuli telja að á því þurfi að halda að skipa sérstaka ráðherranefnd til þess að fara með einkavæðingarmálin í ríkisstjórninni, að ekki skuli vera hægt að gera það faglega heldur þurfi að semja um það í hrossakaupum sem fara fram við ríkisstjórnarborðið.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég skemmti mér nokkuð vel um daginn þegar fyrrv. seðlabankastjóri mætti í sjónvarpsþátt. Menn voru að spyrja hann út úr. Hann hafði bókstaflega aldrei heyrt annað eins. Hann vissi ekki til þess að það væri til neitt sem héti helmingaskipti. Hann taldi að þarna væri bara einhver misskilningur á ferðinni. Þjóðin horfði í forundran á þennan þátt. Þeir sem ég hef heyrt í og hlustuðu á þetta voru alveg hissa, því að þeir kunna þessa finnsku. Þeir vita alveg, þjóðin veit alveg um hvað þetta snýst. Þetta snýst um það að deila út völdum og eignum ríkisins í þessu tilfelli til þess að hafa pólitísk áhrif. Það er ekki sama hverjir kaupa. Hverjum skyldi hafa dottið í hug að það væri til hagsbóta til að fá hærra verð fyrir Landsbankann að ákveða allt í einu í miðju söluferlinu að selja eina af verðmætustu eignum bankans út? Halda menn að það hafi bara gerst í bankaráðinu? Halda menn virkilega að ekki hafi komið boð um það annars staðar frá? Ég held að ekki sé vafi á því að þannig hafi verið staðið að þeim málum. Ég held þess vegna að það sé hið besta mál að menn ræði um það hvort eigi að stöðva þetta einkavæðingarferli. Ég held hins vegar að fróðlegt væri að skýrsla Ríkisendurskoðunar lægi fyrir þannig að menn gætu séð hvort á þeim ágæta bæ sé talið eitthvað athugavert við það sem er um að vera.

[14:45]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um að einkavæðingarnefnd verði leyst frá störfum og frekari einkavæðing stöðvuð meðan verið er að fara yfir þessi mál, kanna hvernig unnið hefur verið, kanna hvað hefur farið úrskeiðis, kanna hvað betur mátti fara og einnig kanna hvað ætti kannski að hætta við að einkavæða. Það er full ástæða til þess eins og hér hefur verið rakið af hv. þm. sem þingmönnum sem hér hafa talað, sérstaklega Ögmundi Jónassyni flutningsmanni sem mælti fyrir tillögunni í upphafi umræðunnar.

Það er vert að gera hér grein fyrir því og draga athyglina að því að einn af hornsteinum þessarar ríkisstjórnar, eitt af meginatriðunum í stjórnarsáttmála þessarar ríkisstjórnar var einkavæðing og sala á ríkiseignum, á almannaþjónustufyrirtækjum. Þetta er ítrekað í mörgum tillögum og mörgum skýrslum sem ríkisstjórnin hefur sent frá sér um einkavæðingaráformin. Gjarnan er hnýtt aftan við í þessum skýrslum, þessum ályktunum, að einkavæðingin auki samkeppni og skilvirkni í þjóðfélaginu og að markaðsöflin séu miklu betri og meiri trygging fyrir skynsamlegri nýtingu og ráðstöfun þessara verkefna. Látið er að því liggja og því er haldið fram í gögnum sem ríkisstjórnin sendir frá sér um einkavæðingarmálin að einkavæðing almannaþjónustunnar dragi úr áhrifum sérhagsmunahópa og að einkavædd fyrirtæki hafi meiri möguleika til að greiða góðu starfsfólki laun o.s.frv. Margt sem þarna er dregið fram á að vera svo miklu betra við einkavæðinguna heldur en í samrekstrinum.

Herra forseti. Einavæðingin og sala á almannaþjónustufyrirtækjum eru eða hafa verið ein af meginmarkmiðum þessarar ríkisstjórnar og einn af hornsteinum stjórnarsáttmálans. Að þessu hefur líka verið unnið oft af meira kappi en forsjá eins og dæmin sanna og hér hefur verið rakið. Við minnumst umræðunnar og ákvörðunar um sölu á Landssímanum. Landssímann skyldi selja hvað sem tautaði og raulaði, þó svo að Landssíminn sæti orðið uppi með jafnvel þrjá forstjóra á launum og þó að menn sætu uppi með svo mikla spillingarumræðu, spillingarvef að þjóðinni ofbauð. Meira að segja ofbauð einnig einstökum stjórnarmönnum í Landssímanum eigin nærvera þar og sögðu sig úr stjórn. Þetta hafa verið hornsteinar hjá þessari ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. á þessum árum.

Það var ekki þessum flokkum að þakka að ekki tókst að selja Símann. En sem betur fór var það þjóðin, almenningsálitið sem barðist hart gegn sölu Landssímans. Ég hygg að það hafi ráðið mestu um að við höfum Landssímann enn í ríkiseigu, þó að við vildum geta beitt honum enn þá sterkar í þágu almannahagsmuna vítt og breitt um landið.

Herra forseti. Þessi einkavæðing er búin að vera einn af meginþáttum ríkisstjórnarinnar. Gerðar hafa verið skoðanakannanir meðal þjóðarinnar um hvaða afstöðu hún hefði til þessara áforma og fyrirætlana ríkisstjórnarinnar. Gerð var skoðanakönnun um afstöðu þjóðarinnar til sölu Landssímans. Vinstri hreyfingin – grænt framboð óskaði eftir því við Gallup að þessi könnun yrði gerð og hún var gerð í mars í ár.

Fram komu afdráttarlaus skilaboð. Yfir 60% þjóðarinnar sem afstöðu tóku vildu að Síminn yrði áfram í opinberri eigu, voru andvíg því að hann væri seldur. Þetta voru afdráttarlaus skilaboð þvert á stefnu Framsfl. og Sjálfstfl. Það var líka athyglisvert, herra forseti, varðandi Framsfl. sem hefur stutt svo dyggilega þessa einkavæðingu og gert hana að baráttumáli sínu, eins og við heyrðum hjá hæstv. viðskrh. áðan, að þegar kjósendur eða stuðningsmenn Framsfl. voru spurðir um afstöðu þeirra til sölu á Landssímanum þá vildu 64% af þeim sem lýstu sig stuðningsmenn Framsfl. að Landssíminn væri í opinberri eigu, voru andvíg sölunni, 64%. En hæstv. viðskrh., ráðherra Framsfl., vill ekki taka tillit til sjónarmiða stuðningsfólksins heldur veður áfram í einkavæðingarblindni sinni. Þegar litið er síðan til íbúa hinna dreifðu byggða utan höfuðborgarsvæðisins þá eru milli 70 og 80% af íbúum utan höfuðborgarsvæðisins andvíg sölunni, vilja að Landssíminn sé áfram í opinberri eigu. Engu að síður var mikill meiri hluti í öllum landshlutum fyrir því að svo skyldi vera.

Í hvers þágu voru þá stjórnarflokkarnir, Framsfl. og Sjálfstfl., að vinna við þetta eitt af meginmarkmiðum sínum í ríkisfjármálum, þvert á vilja þjóðarinnar? Þjóðin veit hvað hún vill þegar hún er spurð.

Gallup gerði einnig nýverið, nú bara í ágúst, september, skoðanakönnun um afstöðuna til sölu á ríkisbönkunum. Sala þeirra er jú búin að vera í löngu ferli. Engu að síður eru úrslitin þar þau að af úrtakinu voru 42% andvíg sölunni en einungis 37% fylgjandi sölu á bönkunum. Meiri hluti þeirra sem afstöðu tók, talsvert ríflegur meiri hluti, var andvígur sölu á ríkisbönkunum. En þetta er búið að vera eitt af keppikeflum þessarar ríkisstjórnar. Einnig hér er ríkisstjórnin að vinna í andstöðu við vilja þjóðarinnar.

Herra forseti. Þessu til viðbótar er sú umræða sem við höfum upplifað á síðustu mánuðum, þessi mikla og gífurlega spillingarumræða sem hefur tengst þessari einkavæðingu. Því er fyllilega ástæða til að staldra hér við og fara yfir málin, kanna stöðuna og gera betur, hætta við að einkavæða almannaþjónustu og taka upp skipulögð vinnubrögð þar sem einakvæðing og sala gæti verið réttlætanleg.

[14:53]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að vekja eftirtekt á því að það er skýr greinarmunur á afstöðu þingmanna hv. Samfylkingarinnar annars vegar og hins vegar þingmanna Vinstri *hreyfingarinnar – grænns framboðs til einkavæðingar*. Hv. þingmenn VG eru þeirrar skoðunar að það eigi undir engum kringumstæðum að einkavæða það sem þeir kalla almannaþjónustufyrirtæki. Ég vil að það komi alveg ljóst fram, herra forseti, að Samfylkingin er í grundvallaratriðum ekki á móti því að fyrirtæki í samkeppnisrekstri en í eigu ríkisins séu almannavædd, þ.e. að þau séu sett yfir á markað og færð með þeim hætti í hendur einkaaðilum. Það verður hins vegar að gerast eftir skýrum leikreglum, opnum og gegnsæjum.

Það sem þingmenn Samfylkingarinnar og reyndar Frjálslynda flokksins og VG eru algjörlega sammála um er að undir engum kringumstæðum beri að einkavæða heilbrigðiskerfið og menntakerfið. Við sáum nú brotlendingu einkavæðingar menntakerfisins hjá Sjálfstfl. í Hafnarfirði, í Áslandsskóla. Við höfum líka séð erlendis hvernig einkavæðing heilbrigðiskerfisins hefur farið með gæði þjónustu. Ég nefni þetta í *uppahfi máls míns*, herra forseti, vegna þess að ég vil að það sé alveg ljóst að ákveðinn stefnumunur er þarna annars vegar hjá Samfylkingunni og hins vegar Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sem ber fram þetta þingmál.

Ég vil líka að það komi skýrt fram, herra forseti, að ríkisstjórnin og háttalag hennar hefur í reynd komið óorði á einkavæðingu. Hv. þm. Jón Bjarnason rakti niðurstöður skoðanakannana sem sýndu glöggt þá breytingu sem orðið hefur á nokkurra ára skeiði á viðhorfi almennings til þess að selja t.d. bankana. Ekki eru mörg ár síðan að það var a.m.k. glöggur meiri hluti fyrir því. Hins vegar hafa mál skipast þannig af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að ekki nokkur maður getur fellt sig við það vinnulag sem þar hefur verið haft í frammi. Gildir þá einu hvort við erum að ræða um bankana eða Landssímann.

Nú vitum við að einkavæðingarferlið allt saman er helbert klúður hjá hæstv. ríkisstjórn. Það er væntanlega þess vegna sem hæstv. forsrh. tiplar á tánum út úr húsinu þegar við viljum fá hann til umræðunnar, eins og sjálfsagt er, um þetta mál. Hæstv. forsrh. er sá sem ber hina formlegu ábyrgð á einkavæðingarnefnd. Það er hún sem er undir í þessu þingmáli hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og það hefði verið eðlilegt að hæstv. forsrh. kæmi hingað til þess að skiptast á skoðunum við þingheim um þetta mál. Ég spyr, herra forseti: Er hæstv. forsrh. ekki í húsi?

(**Forseti** (ÍGP): Hæstv. forsrh. er ekki í húsi samkvæmt tölvunni sem ég er með fyrir framan mig.)

Herra forseti. Ég hef ekki lagt það í vana minn að óska eftir því að hæstv. ráðherrar væru fluttir í böndum til umræðunnar og ég ætla ekki að gera það núna. En ég *vil* lýsa þeirri skoðun minni að þetta mál er svo mikilvægt og alvarlegt eins og því er nú komið fyrir atbeina vinnulags trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar í einakvæðingarnefnd að það er fullkomlega eðlileg krafa sem ég hygg að hv. þingmenn VG hafi flutt hér fram fyrr í dag um að hæstv. forsrh. væri viðstaddur þessa umræðu.

Í skjóli einkavæðingarinnar eins og hún hefur verið rekin hér á landi þá hika ég ekki við að fullyrða að þar hefur grafið um sig það sem ég kalla spillingu. Ég kalla spillingu þá sjálftöku fjármuna sem við sáum hjá einstökum fulltrúum ríkisstjórnarinnar í einakvæðingarnefndinni. Ég vísa til þess, herra forseti, að hinn burthlaupni fyrrverandi formaður nefndarinnar, Hreinn Loftsson, hæstaréttarlögmaður og fyrrum trúnaðarmaður forsrh., skildi eftir sig heldur betur ferilinn sem ekki er hægt annað fyrir hönd skattborgaranna en sýta. *Sá ágæti maður þáði fyrir störf sín á árabilinu 1996–2001* samtals ríflega 16 millj. kr. En það sem er auðvitað skelfilegast við þetta er að formaður einkavæðingarnefndar keypti sérfræðiþjónustu af sjálfum sér sem á þessu bili nam meira en 10 millj. kr. Það finnst mér vera skelfilegt, herra forseti. Það finnst mér vera tilefni til þess að farið sé ofan í saumana á vinnulagi þessarar nefndar. Hvar í ósköpunum hefði þetta tíðkast annars staðar, herra forseti?

Ég vísa til þess að ágætur stjórnarformaður ríkisfyrirtækis sem varð uppvís að því að gera slíkt hið sama, bara í miklu minna mæli, hvarf frá störfum. Ég tel að það hafi fyrst og fremst verið vegna þessa. Það eitt að við skyldum síðan sjá svona gerast í þeirri nefnd sem hæstv. forsrh. ber ábyrgð á nægir auðvitað til þess að menn hljóta að krefjast þess að þessi nefnd og starfsemi hennar verði skoðuð í þaula.

Þegar kemur síðan að sölu bankanna, herra forseti, þá er hún líka samfelld sorgarsaga. Við sjáum núna hvernig sala bankanna er að leiða til þess að í viðskiptalífinu eru

ýmis fyrirtæki að vængja sig, að klasa sig saman og leita pólitísks skjóls hjá þeim aðilum sem núna fara með völd í ríkisstjórninni. Þau eru að reyna að hrammsa til sín bita af kökunni. Auðvitað er það alveg út í hött þegar menn halda því fram að engin pólitík spili inn í það.

Við sáum hvað gerðist þegar í ljós kom að Landsbankinn var kominn á þá braut að allt benti til þess að hann mundi á endanum lenda í fangi góðra og gegnra sjálfstæðismanna. Áður en það ferli var á enda runnið var auðvitað hin gamla helmingaskiptaregla tryggð með því að vildarmenn Framsfl. í viðskiptalífinu fengu sitt gamla tryggingafyrirtæki keypt til baka, þ.e. VÍS. Að halda því fram að engin pólitík hafi spilað inn í þetta er helber barnaskapur, herra forseti.

Við sjáum líka þau miklu og hörðu átök sem núna geisa undir niðri um bankana tvo. Það liggur fyrir að hópur sem tengist Sjálfstfl. mun að öllum líkindum, ef allt gengur eftir sem vísbendingar hníga nú að, verða eigandi Landsbankans. Þá gerist það líka að upp eru risnir tveir vængir viðskiptafyrirtækja sem tengjast Framsfl. og vilja fá til sín Búnaðarbankann. Þá gerist það enn fremur í framhaldi af þessu að það verða átök sem leiða til þess að Gilding hf. festir sér stóran hlut í Búnaðarbankanum og maður spyr auðvitað: Með fjármagni hvers? Var það t.d. fjármagn sem var fengið að láni í Búnaðarbankanum sjálfum? Ég veit það ekki. Og allt þetta til að koma í veg fyrir að framsóknarmenn nái í þann skerf af kökunni sem þeir vilja.

Herra forseti. Ég dreg þetta hér fram vegna þess að ég tel að vinnulagið sem tengist einkavæðingunni hafi leitt til þessarar sérkennilegu atburðarásar í atvinnulífi landsmanna sem mér finnst vera ákaflega ógeðfelld. Hún ber og keim af tíma sem ég hélt að væri löngu liðinn, tíma þar sem fyrirtækjaklasar verða til og reyna að fá sér skjól hjá pólitískum flokkum.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 49. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 49.

Bætt staða þolenda kynferðisafbrota, 65. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 65.

Framtíðarhlutverk Sementsverksmiðjunnar hf., 133. mál, þáltill. ÁSJ og JB, þskj. 133.

Verndun búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi, 55. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 55.

[15:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi tek ég undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, formanni Samfylkingarinnar, að það er auðvitað mjög ámælisvert að forsrh. og forsvarsmenn stjórnarflokkanna í þessum málum skuli ekki vera hér við umræðuna þegar í hlut á mál sem beinist með svo hvassri gagnrýni að framgöngu framkvæmdarvaldsins. Svo er um að ræða eitt af forgangsmálum stjórnarandstöðu við upphaf þings og þá er það alveg með ólíkindum að menn skuli láta sig hverfa eins og raun ber vitni.

Hv. þm. lagði lykkju á leið sína hér til að undirstrika að Samfylkingin hefði önnur viðhorf í þessum efnum en Vinstri hreyfingin – grænt framboð. Það hygg ég rétt vera. Fyrir minn smekk verð ég að segja að mér fannst Samfylkingin vera allt of trúgjörn í þessum einkavæðingarmálum framan af og gagnrýnislaus á framgöngu þessarar ríkisstjórnar, t.d. þegar einkavæðing Landssímans og að hluta til bankanna var á dagskrá. Ágreiningur Samfylkingarinnar við stjórnarflokkana snerist aðallega um það hvernig ætti að gera þetta, ekki hvort ætti að einkavæða. En ég leyfi mér að túlka það svo — og fagna því — að Samfylkingin sé að sjá að sér í þessu efni, sé að herðast á móti vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar í málinu, og það er vel.

Ég hygg að það sé líka rétt að þegar kemur að undirstöðustofnunum í velferðarkerfinu sé ekki uppi teljandi ágreiningur milli þessara flokka um að þar eigi einkavæðing ekki heima.

En málið er auðvitað algerlega tvíþætt. Það væri æskilegt að menn gætu haldið umræðunni um það hér á þeim grundvelli. Annars vegar er spurningin um það hvað á yfir höfuð að einkavæða. Um það getum við sannarlega verið ósammála. Hins vegar er svo hvernig farið er að því sem gert er. Burt séð frá ágreiningi um það hvort t.d. eigi að selja eða ekki selja eignarhlut ríkisins í banka eða í Landssíma hlýtur að vera gilt að menn ræði hvernig framgangsmátinn þá er að svo miklu leyti sem einkavætt er. Það er kannski að verða að stóra málinu vegna þess hvílíkt reginklúður það allt saman er orðið. Ég held að allir hugsandi menn sjái náttúrlega að það verður að reyna að leiða ríkisstjórnina frá villu síns vegar.

[15:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er reyndar þeirrar skoðunar, sem og Samfylkingin, að það hefði átt að stöðva núverandi söluferli bankanna, a.m.k. á meðan Ríkisendurskoðun eða annar hlutlaus aðili væri að grafast fyrir um þær alvarlegu ásakanir sem Steingrímur Ari Arason, trúnaðarmaður fjmrh. í einkavæðingarnefnd, bar fram. Sá ágæti fulltrúi sem þá hafði setið allra karla lengst í nefndinni, hartnær 11 ár, stóð upp og hratt frá sér borðum víxlaranna með þeim orðum að hann hefði aldrei áður kynnst slíkum vinnubrögðum. Það eru fyrir mér nægilega harðar fullyrðingar til þess að ég vil ekki taka neina ábyrgð, eða minn flokkur, á því söluferli sem hefur verið í gangi þó að við séum í grundvallaratriðum ekki þeirrar skoðunar að halda beri bönkunum í eigu ríkisins. Við teljum að á meðan þessar fullyrðingar Steingríms Ara Arasonar eru óhraktar sé einkavæðingarnefnd eins og hún er skipuð í dag rúin öllu trausti almennings, og ætti ekki að njóta trausts stjórnmálamanna. Þar af leiðir að hún er óbær til þess að halda áfram þessu söluferli. Það eitt út af fyrir sig hefðu allir skynsamir menn átt að geta sameinast um, jafnvel þó að þeir hefðu ekki viljað ganga eins langt og lagt er til með þessari tillögu. En jafnvel við það skirrist ríkisstjórnin. Hún lætur söluferlið halda áfram og þar með get ég ekki annað sagt en svo að hún gefur sér fyrir fram niðurstöðu Ríkisendurskoðunar og ómerkir þar með þá vinnu fyrir fram.

Herra forseti. Það eru vinnubrögð sem ég get ekki sætt mig við, og ekki Samfylkingin heldur.

[15:06]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna þessum yfirlýsingum formanns Samfylkingarinnar. Ég kýs að skilja þær svo að Samfylkingin sé sammála báðum meginþáttum tillögunnar, að það beri að leysa einkavæðingarnefnd frá störfum og það beri að stöðva einkavæðingarferlið og aðhafast ekki frekar í því.

Í greinargerð með tillögunni er nánar útskýrt hvernig við leggjum þá hluti upp, þ.e. að þessi stöðvun gildi þangað til Ríkisendurskoðun hefur lokið sinni ítarlegu úttekt á grundvelli beiðni þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og þá verði það ríkisstjórnar og Alþingis að taka ákvarðanir um framhaldið. Þetta er okkar upplegg. Og ég

kýs að túlka það svo að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sé hér að lýsa stuðningi við þetta meginupplegg í málinu.

Ég er algerlega sammála því, og það sjá allir hugsandi menn, að núverandi einkavæðingarnefnd getur ekki haldið áfram. Hún nýtur ekki trausts. Þetta ferli er gjörsamlega hrunið í höndunum á mönnum. Það má segja að komin sé upp svipuð staða og stjórnvöld að lokum viðurkenndu með Landssímann, að það var ekkert annað að gera en að skipta þar algerlega um. Og það var gert. Það var skipt bæði um framkvæmdastjóra og stjórn vegna þess að það sem fyrir var var rúið trausti. Þetta var gert líka hjá Evrópusambandinu sem ég veit að hv. þm. þekkir vel til og sækir sér oft fyrirmyndir í. Það var skipt um alla brúna. Framkvæmdastjórnin var rekin af því að hún var rúin trausti og þegar svo er komið eiga menn að horfast í augu við veruleikann og segja: Svona er staðan. Við verðum að stokka algerlega upp spilin og byrja með hreint borð. Af hverju er þetta mikilvægt? Jú, það er líka vegna þess að það er ætlunin að selja þessi fyrirtæki út á markað. Um hvað snýst það? Um traust? Um tiltrú? Það er algerlega glatað að reyna að halda þessu svona áfram þegar öll þjóðin, allur markaðurinn, er með það á hreinu að þetta er ekkert nema bolabrögð og klíkuskapur, og vinnubrögðin ótæk. Þá er auðvitað engin tiltrú eftir lengur til þess að framkvæma þessa sölu eða einkavæðingu við eðlilegar aðstæður, hvort sem menn vilja það eða vilja ekki.

[15:09]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Um margt erum við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sammála. Við erum að flestu leyti sammála í þeim þáttum sem hér eru ræddir varðandi einkavæðingarnefnd, kannski ekki öllum.

Hitt verð ég að segja, herra forseti, að það gleður mig óneitanlega þegar hv. þm. Steingrímur Jóhann Sigfússon kemur hér upp og vísar til Evrópusambandsins sem fordæmis um góða stjórnsýslu. Ég hef löngum verið þeirrar skoðunar að þó að það fyrirbæri sé giska mikið bákn taki það stundum ákveðnum vendingum. Það er þá eins og stórt hafskip, þegar það á annað borð leggur til atlögu við spillingu í eigin ranni verður fátt fyrir. Því miður er stjórnfestan sem við sjáum að eykst í Evrópusambandinu ekki fyrir hendi innan hinnar íslensku stjórnsýslu. Það er auðvitað alveg deginum ljósara að þau mál sem komið hafa upp, stór og smá, í ranni einkavæðingarnefndar hefðu fyrir löngu átt að nægja til þess að ríkisstjórnin skipti um kúrs í málinu.

Eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon bendir á hefðu allir skynsamir menn í ríkisstjórn fyrir lifandis löngu séð að hvaða ósi sú á stefndi sem þar flæddi, og yfir alla bakka á köflum. Auðvitað hefðu menn staldrað við, hugsað þetta mál upp á nýtt og sennilega komist að þeirri skynsamlegu niðurstöðu að best væri í málinu að fresta frekari sölu og taka ákvarðanir síðar. Ég hefði verið reiðubúinn til þess að taka undir hitt en mun þó kannski hryggja hv. þingmann með því að ég tel að þau mál sem ég er sammála um að eigi að fresta núna hljóti að lenda á borði næstu ríkisstjórnar og þá hljóti menn að taka einhverja ákvörðun um framvindu þess máls. Hv. þm. veit um afstöðu míns flokks í þeim efnum en hvort minn flokkur næði því fram í næstu ríkisstjórn skal ég ósagt láta að þessu sinni. (**Gripið fram í:** Þú þarft að komast í hana fyrst.)

[15:11]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir jákvæðar undirtektir við þessari tillögu, allténd af hálfu þeirra sem hafa tekið þátt í umræðunni, en lýsi á sama tíma megnri óánægju með það að þeir ráðherrar sem málið varðar eru ekki viðstaddir umræðuna, hafa horfið á braut, og mjög fáir stjórnarþingmenn eru hér í sölum til að taka þátt í þessari umræðu. Ég hefði haldið að þetta væri kærkomið tækifæri fyrir stjórnarliða til að fara inn í almennar umræður um einkavæðingarferlið en svo virðist ekki vera.

Við höfum lýst því yfir hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að við viljum ekki sölu ríkisbankanna og teljum mjög mikilvægt að í eign þjóðarinnar sé a.m.k. einn banki. Við höfum sagt að það mætti vera hvort sem er Búnaðarbanki eða Landsbanki. Meginrökin fyrir því eru auðvitað þau að bankaþjónustan er stoðkerfisþjónusta sem á að vera aðgengileg öllum. Sannast sagna er það áhyggjuefni, eins og reyndar hefur komið fram í þinginu, að það eru fleiri og fleiri fyrirtæki fjarri höfuðborgarsvæðinu sem lenda í vandræðum með fyrirgreiðslu í bönkunum vegna þess að þau eru ekki innan þess áhrifasvæðis sem bankarnir kjósa að starfa á vegna undirbúningsferlis til einkavæðingar. Þetta er mjög uggvænleg þróun og menn í atvinnulífinu úti um allt land hafa stórar áhyggjur af þessu.

Ég skil ekki hvernig hv. þm. stjórnarinnar geta keyrt einkavæðingarferlið áfram í bankaþjónustunni og fullyrt að bankarnir séu betur komnir í höndum einkareksturs en í opinberum rekstri þegar það liggur fyrir á sama tíma að við tökum t.d. á Norðurlandi þátt í alls konar bankaþjónustu á heimsmælikvarða sem hefur það markmið að gæta hagsmuna og byggja upp atvinnulíf á þeim svæðum þar sem bankarnir starfa. Má þar til nefna Norræna fjárfestingarbankann sem er opinberlega stýrt fyrirtæki til þess að stuðla að framþróun á Norðurlöndunum öllum og reyndar baltnesku löndunum líka. Það er einhver skökk hugsun stjórnarliða í þessu máli öllu og kemur það kannski best fram þegar verið er að tala um einkarekstur, sem þeir kalla svo, í heilbrigðiskerfinu. Þar er unnið ötullega að því að taka út rekstrareiningar og fela þær í hendur einkaaðilum í svokölluðu einkarekstrarformi, og menn vilja ekki leggja það að jöfnu við einkavæðingu. Einkarekstrarform í heilbrigðiskerfi er bara undanfari og tæki til þess að framkalla á seinni stigum hina eiginlegu einkavæðingu. Nú um sinn, meðan menn standa í því að setja rekstrareiningar í einkarekstur, finnur almenningur ekki fyrir þessu en ef einkarekstrarformið er komið yfir allt heilbrigðiskerfið sem margir stefna að er auðvelt að gera alls konar ráðstafanir á hinum endanum, í Tryggingastofnun sem enn um sinn borgar brúsann, í framhaldi af einkarekstrarforminu til að draga úr hinni almennu þjónustu. Það væri þá einföld ákvörðun ríkisstjórnar á hverjum tíma að ekki kæmu peningar í gegnum Tryggingastofnun til að borga það sem menn tala nú svo fjálglega um að þeir ætli að borga um aldur og ævi þrátt fyrir að menn séu á leið í einkarekstrarform.

Við höfum líka verið mjög andvíg því að fara í einkarekstur og einkavæðingu t.d. í stoðkerfinu sem lýtur að rafmagnsframleiðslu. Þar eru komin fram dæmi sem hafa gefist ákaflega illa, sérstaklega í strjálbýlum löndum, eins og t.d. Svíþjóð sem hefur farið í gegnum einkavæðingarferli. Þar hefur slík kerfisbreyting leitt til þess að menn hafa auðvitað, eins og gildir um einkafyrirtæki, viljað fá afrakstur af sínu fé sem hefur leitt til þess að rafmagnsverð hefur orðið

allmiklu hærra sérstaklega í dreifbýli. En það sem menn áttu þó síður von á er að það hefur líka hækkað í þéttbýlinu.

Hv. þm. Jón Bjarnason kom vel inn á það áðan með Landssímann og það er stefna okkar líka að við viljum að fjarskiptin séu í höndum opinberra aðila og lítum á það sem grunnalmannaþjónustu, enda hefur það komið fram í skoðanakönnunum, eins og hv. þm. Jón Bjarnason rakti svo vel, að mikill meiri hluti þjóðarinnar vill ekki að Landssíminn verði seldur og menn vilja líta á hann sem þjóðarfyrirtæki sem þjóni landsmönnum öllum.

Hv. þm. Kristján Pálsson kom hér í andsvari áðan og talaði um að einkavæðing og sala ríkisfyrirtækja væri forsenda þess að hægt væri að fara í opinberar framkvæmdir úti á landi svo sem gangagerð og vegagerð. Þetta er mjög mikil einföldun á hlutum og er til þess fallið að kaupa stuðning manna við eitthvað sem þeir aðhyllast ekki ef þeir fái eitt eða annað í staðinn, eins og göng eða aukna vegagerð. Að þeim málum er hægt að standa á annan hátt. Núna eru eyrnamerktir vegna sölu að mig minnir 1,3 milljarðar í fjárhagsáætlun.

Við höfum líka mjög vond dæmi vegna stærðar landsins sem mér er mjög umhugað um. Þessi hugsun um samkeppni, einkavæðingu, hefur leitt okkur út á hálar brautir á mjög mörgum póstum, eins og t.d. í flugmálunum. Ég held að það að framkalla og setja af stað óhefta samkeppni í svo stóru landi hafi t.d. orðið til þess að þjónusta í flugi er miklu minni en hún var bara fyrir 10 árum. Mikil samkeppni hófst milli félaga sem fíruðu niður verði um tíma og á tímabili t.d. var hægt að fljúga til Akureyrar fyrir hálfvirði þar sem allir gerðu sér grein fyrir að ekki mundi ganga til lengri tíma. Og við erum þeirrar skoðunar að í slíkum tilfellum hefði verið miklu betra að styðjast við svokallað einkaleyfisform, þannig að hlutirnir færu ekki á þann veg sem þar fór. Við vitum afleiðingarnar, að bæði félögin sem kepptu hvað harðast átu upp allt eigið fé og afleiðingin varð síðan tvöföldun á miðaverði og þjónustu var hætt í mjög veigamiklum póstum á landsbyggðinni.

Samkeppni og einkavæðing og einkarekstur er þess eðlis að það hentar ekki í okkar stóra landi, sérstaklega hvað varðar grunnþjónustumál sem við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði gefum okkur út fyrir og viljum standa alveg sérstakan vörð um og munum gera eins lengi og við höfum mögulegt afl til að sveigja menn af þeirri braut.

[15:19]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil gera sérstaklega að umtalsefni stefnu ríkisstjórnarinnar í einkavæðingarmálum og hvernig hún hyggst ná fjármagni úr einkavæðingunni til hinna ýmsu verkefna og hvernig það hefur gengið til þessa. Einkavæðing og sala á ríkisfyrirtækjum og á almannaþjónustufyrirtækjum er einn af hornsteinum stefnu ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl., að einkavæða og selja, einkavæða og selja allt sem hægt er. Látið er að því liggja að því fjármagni skuli síðan varið til sérstakra verkefna og gjarnan slegið upp að það skuli fara til fjárfestinga úti á landi. Það er afar óréttmætt að vera að stilla upp einstökum hópum og íbúum landsins eða landshlutum gagnvart því hins vegar að ríkið selji almannaþjónustufyrirtæki. Það er afar óréttlátt, ósanngjarnt og ótilhlýðilegt að gera það með þeim hætti.

Við erum ein þjóð í þessu landi og það er einn ríkiskassi og við seljum ekki Landssímann eða Búnaðarbankann til að leggja vegi á Vestfjörðum eða Austfjörðum og segjum við fólk: Ef þið hafið ykkur ekki hæg þá fáið þið ekki þennan veg, þá seljum við ekki Landsbankann og þá fáið þið ekki þennan veg. Það er ósiðlegt og ekki bjóðandi að tala svona við hina íslensku sameinuðu þjóð. Og ég frábið mér svona málflutning.

Ríkissjóður er einn sjóður og hann er sjóður okkar allra og hagsmunir þjóðarinnar eru hagsmunir okkar allra en ekki að einstakir landshlutar séu dregnir þannig í dilka.

Kannski vita þeir sem þetta segja að það eru einmitt íbúar úti um hinar dreifðu byggðir sem óttast stefnu ríkisstjórnarinnar í einkavæðingu á almannaþjónustu.

Mun sala á bönkunum, sala á ríkisbönkunum verða til þess að auka þjónustu bankanna, viðkomandi banka, á Norðausturlandi, á Vestfjörðum, Vesturlandi, mun hún verða til þess? Nei. Það liggur alveg ljóst fyrir að hún mun ekki verða til þess. Hún mun leiða til þess að bankaútibúum verði lokað. Við höfum fengið smjörþefinn af því.

Í söluskilmálum bankanna, Búnaðarbankans og Landsbankans, eru engin skilyrði sett um þjónustu, engin. Bankarnir eru seldir gjörsamlega kvaðalaust. Sum af þessum bankaútibúum — tökum bankaútibú Búnaðarbankans í Búðardal sem er stofnað á grunni Sparisjóðs Dalasýslu, sem lagði sitt fjármagn, sína viðskiptavild og meira að segja ábyrgðir ábyrgðarmanna sinna inn í Búnaðarbankann. En þegar verið er að selja Búnaðarbankann, er þá nokkurt skilyrði sett fyrir því að Búnaðarbankinn haldi áfram öflugri og góðri þjónustu í Dalasýslu? Nei. Og það er ekki að furða þótt íbúar Dalasýslu og annarra landshluta óttist um hag sinn, óttist um þjónustu sem verður í boði eftir slíka einkavæðingu. Það er því ruddalegt að skella því framan í fólk og segja að verði bankinn ekki seldur þá fái það ekki þennan veg. Það er virkilega ósiðlegt, virðulegi forseti, ég verð að segja það og ekki samboðið alþingismönnum að hafa þau orð um. Við erum ein þjóð í einu landi og hagsmunir eins eru hagsmunir allra. Þetta vil ég leggja áherslu á.

Í farvatninu er aukin einkavæðing. Hæstv. forsrh. gat þess í ræðu með erlendum bankamönnum að hann vildi aukna einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. Hæstv. félmrh. flutti frv. á Alþingi síðasta vetur um einkavæðingu kaldavatnsveitna, að kaldavatnsveitur sveitarfélaga yrðu einkavæddar og gerðar að hlutafélögum þannig að sveitarfélögin gætu selt þau. Við erum á slíkri ferð.

Það er fyllilega ástæða til, herra forseti, að staldra við. Er það þetta sem við viljum? Er það þetta samfélag sem við viljum? Að segja íbúum hvort sem er á Siglufirði eða Raufarhöfn að þeir fái ekki veginn nema bankinn verði seldur. Það er ekki svona afstaða til hinnar íslensku þjóðar sem ég held að hún vilji heyra. Hún vill heyra að hagsmunir okkar allra fari saman og að ekki sé verið að gera eina aðgerð til þess að múta einstökum hópum þjóðfélagsins eins og hér kom fram í máli hv. þm. Kristjáns Pálssonar.

Herra forseti. Það er ekki aðeins sú spilling sem hefur einkennt einkavæðingu Framsfl. og Sjálfstfl. nú síðustu missirin og það hvernig þessir flokkar eru fyrir fram að skipta á milli sín almenningseigum, milli vildarvina sinna, sem haft er sem annar drifkraftur einkavæðingarinnar, heldur einnig það að við erum að ganga út á hæpinn veg í að einkavæða almannaþjónustuna sem er grunnstoðin fyrir samfélagið í landinu. Hún jafnar búsetumun, hún jafnar mun á lífskjörum og hún gefur okkur möguleika til þess að búa sem ein þjóð óháð aðstæðum. Það á við um heilbrigðisþjónustuna, menntakerfið, fjarskiptin, samgöngurnar og það á, virðulegi forseti, líka við um grunnfjármálaþjónustu sem er undirstaða bæði fyrir

líf og störf einstaklingsins og fyrirtækjanna í landinu. Þess vegna ber brýna nauðsyn til að þetta ferli sé endurskoðað, sala bankanna fari ekki fram öðruvísi en að grunnþjónusta verði tryggð, þeir séu þá seldir með þeim skilyrðum að haldið verði uppi sömu og góðri þjónustu um allt land. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum reyndar að það sé einn sterkur ríkisbanki sem veitir örugga þjónustu um allt land, þar sem arðsemiskrafa fjármagnsins er ekki sett númer eitt, heldur þjónustan, en annar áhættufjármálamarkaður gæti þess vegna verið í einkarekstri.

Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á tillögu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að staldra nú við í einkavæðingunni, líta á hvernig gengið hefur, fara yfir málin áður en næstu skref eru tekin.

Virðulegi forseti. Ég tel afar brýnt að svo verði gert.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Staða heilbrigðismála.

[15:28]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. „Tugmilljónir í rekstur tómrar sjúkradeildar", „Vandi heilsugæslunnar – vandi fólksins í landinu", „Rekstrarvandi heilbrigðisstofnana í skoðun", „Engin heilsa án geðheilsu", „Sjúkrastofnanir safna skuldum: Ekki tekið á vandanum", „Kúvending í gjaldtöku ekki á mínu borði. Heilbrigðisráðherra hækkar kostnaðarþátttöku sjúklinga. Segir verðlagsbreytingar á komugjöldum til sérfræðinga til athugunar. Forgangsröðun sem kallað hefur verið eftir er til, segir ráðherra." Þetta eru sýnishorn af fyrirsögnum blaða um stöðu heilbrigðismála í dag. Það er ekki alltaf vönduð umfjöllun sem fylgir fyrirsögnunum en sýnir þó að staða heilbrigðiskerfisins er óásættanleg.

Í Læknablaðinu sem kom út í gær eru einnig tvær greinar, vönduð umfjöllun um stöðuna þar sem stefna eða stefnuleysi heilbrigðisyfirvalda og stjórnmálamanna er harðlega gagnrýnt. Fyrirsagnir þeirra segja e.t.v. allt sem segja þarf en þar segir, með leyfi forseta:

„Heilbrigðisyfirvöld hafa enga stefnu. Barátta heimilislækna snýst um réttindi." — „Heilsugæslan í uppnámi. Ríkisendurskoðun auglýsir eftir stefnu en ráðherrann þráast við."

Allt ber að sama brunni. Það er lýst eftir stefnu stjórnvalda. Það er lýst eftir stefnu stjórnmálamanna. Þar höfum við brugðist. Við höfum brugðist því starfsfólki sem hefur borið uppi góða heilbrigðisþjónustu, reynt að reka hinar ýmsu stofnanir innan heilbrigðiskerfisins án þess að fyrir lægi skýrt skilgreind stefna um það hver á að gegna hvaða hlutverki og hvaða verkefni hver stofnun á að vinna. Og vegna þess að skýrar skilgreiningar vantar byggja allar ákvarðanir um framlög á fjárlögum til þessara stofnana á afar veikum grunni enda sést vel á svörum heilbrrn. við fyrirspurn minni um áætlaðar afkomutölur heilbrigðisstofnana á þessu ári að þar er vandinn stór.

Áætlaður uppsafnaður halli sjúkrastofnana í lok þessa árs nemur rúmlega 2.800 millj., tæpum þrem milljörðum. Það er ekki lítið þegar litið er til þess að í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár er einungis reiknað með 2 milljarða tekjuafgangi ef frá er talin eignasala. Og í frv. er þessum vanda ekki mætt. Áætlanir ráðuneytis gera ráð fyrir að aðeins þrjár sjúkrastofnanir sýni jákvæða rekstrarstöðu, þrjár séu reknar á núlli og allar hinar með neikvæða stöðu ásamt uppsöfnuðum vanda frá fyrra ári. Þessar staðreyndir lágu fyrir við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár en samt var þessum stofnunum gert að spara allt að 4%. Tökum dæmi:

Landspítali – háskólasjúkrahús sem í árslok 2001 var með milljarð í uppsafnaðan vanda fékk 800 millj. kr. minni fjárveitingu á þessu ári en því síðasta auk þess sem ekki komu að fullu til greiðslur vegna gerðra kjarasamninga. Og vegna úrræðaleysis heilbrigðiskerfisins er háskólasjúkrahúsinu gert að sinna verkefnum sem með réttu ættu að vera annars staðar, 10.000–15.000 komum á bráðamóttöku sem heilsugæslan ætti að vera í stakk búin til að taka á móti, 132 langlegusjúklingum sem með réttu ættu að vera á öðrum stofnunum eða heimilum. Og þegar aðrir spítalar í nágrenni höfuðborgarinnar loka deildum til að spara í rekstri eykst álagið á Landspítalann óhjákvæmilega. Hvert á hlutverk Landspítala – háskólasjúkrahúss að vera?

Hæstv. heilbrrh. sagði í umræðu um fjárlög að rekstrargrunnur sjúkrahússins hefði verið leiðréttur. Hvernig er hægt að leiðrétta rekstrargrunn sjúkrastofnunar án þess að hlutverk hennar hafi verið skýrt skilgreint? Það er að mínu mati algjörlega útilokað. Stjórnendum og starfsfólki sjúkrastofnana verður ekki kennt um neikvæða rekstrarstöðu upp á tæpa þrjá milljarða. Þar er um að kenna skorti á pólitískum vilja til að móta skýra stefnu um hlutverkaskipti innan heilbrigðisþjónustunnar og því að fjárlög ríkisins byggja lítið sem ekkert á framtíðarsýn þar sem stjórnendur búa við eitthvert öryggi varðandi fjárveitingar til lengri tíma en eins árs í senn.

Og vandinn er víðar. Hjá daggjaldastofnunum vantar líklega um einn milljarð, annan í aðra öldrunarþjónustu þar sem biðlistar eftir vistun eru langir og það sama gildir um geðheilbrigðisþjónustuna og aðra sérhæfða læknisþjónustu eins og umræða síðustu daga hefur sýnt. Við erum jafnvel að tala um að 4–5 milljarða vanti inn í kerfið strax í dag. En vandinn, hæstv. heilbrrh., er ekki hvað síst í grunnþjónustu heilbrigðiskerfisins, heilsugæslunni. Í henni er kerfið á höfuðborgarsvæðinu löngu sprungið og getur engan veginn annað því hlutverki sem því er ætlað lögum samkvæmt. Og annars staðar á landinu hafa starfandi heimilislæknar sagt störfum sínum lausum vegna óánægju með kjör sín. Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að bregðast við því að allir starfandi heimilislæknar á Suðurnesjum ætla að hætta störfum 31. október, þ.e. eftir rúmar þrjár vikur? Og hvernig ætlar hæstv. ráðherra að bregðast við því að allir starfandi heimilislæknar í Hafnarfirði hætta störfum 30. nóvember?

Á fleiri stöðum blasa við uppsagnir til viðbótar við það að fjöldi heimilislækna hefur horfið frá störfum á undanförnum árum vegna óánægju með kjör sín og þá vanvirðu sem sérmenntun þeirra er sýnd í samanburði við aðra sérmenntun innan læknastéttarinnar. Þeir sem fara í læknanám taka í æ minnkandi mæli heimilislækningar sem sérgrein vegna þeirrar óánægju sem ríkir með kjör þeirra.

Skipulag heilsugæslunnar hvílir á grunni sem settur var í lög 1973. Þá var reiknað með tvískiptu heilbrigðiskerfi, annars vegar heilsugæslunni sem á að sinna mikilvægri grunnþjónustu og hins vegar þjónustu annarra sérmenntaðra lækna utan sjúkrastofnana. Um þetta kerfi ríkti lengi vel sátt og heilsugæslan virkaði sem sú sía sem hún átti að vera auk þess að sinna grunnþjónustunni innan heilbrigðiskerfisins. En um 1996 riðlaðist þetta kerfi, ríkisvaldið stóð ekki

við sinn hluta og grunnþjónustan sem heilsugæslan veitti varð hornreka, ekki lögum samkvæmt heldur í framkvæmd. Aðrir sérfræðingar en heimilislæknar tóku að sinna grunnþjónustunni vegna þess að þeir höfðu fengið nánast opna heimild á ríkissjóð í formi greiðslna fyrir unnin læknisverk á einkareknum stofum úti í bæ, allt undir yfirskyni valfrelsis sjúklingsins, möguleika hans til að meta eigin þarfir. Frá þessum geira læknastéttarinnar hafa ekki heyrst miklar kvartanir enda sýnir skýrsla Ríkisendurskoðunar svart á hvítu að þeir hafa undan engu að kvarta og útgjöld ríkisins vegna þessa hafa vaxið gífurlega auk þess sem sjúklingurinn borgar meira.

Heilsugæslan er mikilvægasta stoð heilbrigðiskerfisins og ég fullyrði að hefði hún fengið að þróast í þá veru sem lög gerðu ráð fyrir byggjum við ekki við þann vanda sem við blasir í heilbrigðiskerfinu í dag. Fjármunir væru betur nýttir og ljóst hver ætti að gera hvað innan þessa kerfis. Það þarf auðvitað að skilgreina hlutverk heilsugæslunnar betur, kostnaðargreina einstaka þætti hennar og byggja hana upp þannig að um öfluga forvörn, læknishjálp og eftirfylgni sé að ræða, að allir eigi greiðan aðgang að henni og hún virki sem sú sía í aðra þætti heilbrigðiskerfisins sem hún á að gera lögum samkvæmt. En því miður virðist ekki vera til staðar vilji né pólitískur kjarkur til að taka á málum. Og þar er ekki við hæstv. ráðherra einan að sakast. Máltækið segir: Hver hefur sinn djöful að draga, og það á við um hann eins og marga aðra.

En ráðuneytið getur þó sýnt þann kjark að hlusta á rök heimilislækna, móta stefnu til framtíðar og fara að gildandi lögum. Lögin segja að hér skuli ríkja tvískipting heilbrigðiskerfisins í frumþjónustu og sérfræðiþjónustu. Á þetta hafa heimilislæknar ítrekað bent og að raunveruleikinn sé annar. Valfrelsi sjúklinga um hvert þeir leita riðlar kerfinu. Ef tvískiptingin á að gilda hlýtur ráðherra að beita sér fyrir því að sía heilsugæslunnar virki og gengið sé út frá tilvísunum. Ef valfrelsið á að gilda eru forsendur brostnar fyrir því að mismuna heimilislæknum í starfskjörum miðað við aðrar stéttir sérfræðinga. Hver er stefna hæstv. ráðherrans og hvað hyggst hann gera?

Það er ljóst að heimilislæknar láta ekki bjóða sér lengur að þeim, einum sérfræðinga, sé boðið upp á að vinna eftir tvískiptu kerfi, að viðræður við þá séu hunsaðar og störfin vanvirt. Því hvað felst annað í því starfsumhverfi sem heilsugæslunni hefur verið búið á síðustu árum?

Ef ekki er farið að lögum um tvískiptingu heilbrigðiskerfisins í frumþjónustu og annarri sérþjónustu eru engar forsendur til staðar til að neita því að heimilislæknar fái að gera gjaldskrársamninga á sama grundvelli og aðrir sérfræðingar. Þá þurfa að koma til gagngerar breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu. Er það vilji ráðherra? Það er nauðsynlegt að fá svör við þeirri spurningu.

Tillaga mín er sú að þegar verði skipaður þverpólitískur starfshópur sem vinni úr þeim gögnum sem þegar liggja fyrir, m.a. skýrslum Ríkisendurskoðunar, um ýmsa þætti heilbrigðisþjónustunnar og innan tveggja mánaða skili þessi starfshópur af sér frumtillögum um skipulag heilbrigðisþjónustunnar sem verði teknar hér til umræðu fyrir afgreiðslu fjárlaga. Við höfum allar forsendur til að búa við öflugt vel rekið heilbrigðiskerfi þar sem hlutverk hverrar stofnunar er skýrt skilgreint. Það er kallað eftir skýrri stefnu stjórnvalda í þessum mikilvæga málaflokki.

[15:38]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Í upphafi, áður en ég kem að nokkrum þeim atriðum sem hv. 3. þm. Suðurl. gerði að umtalsefni, finnst mér rétt að taka fram nokkur atriði um íslenska heilbrigðiskerfið.

Það er þrennt sem einkennir íslensku heilbrigðisþjónustuna:

Hún er mjög góð í alþjóðlegum samanburði.

Hér er afar fært fagfólk.

Aðgengi hér og réttur sjúklinga til þjónustu er með því besta sem gerist í heiminum.

Þetta eru afar einföld grundvallaratriði en þau eru ekki mjög spennandi í fréttum eða flokkssamþykktum Samfylkingarinnar.

Staðreyndir eru að hér eru til að mynda fleiri læknar á hverja 100.000 íbúa en gengur og gerist annars staðar á Norðurlöndum þar sem staða þessara mála er hvað best í heimi. Læknisheimsóknir á íbúa eru hér fleiri en annars staðar á Norðurlöndum. Við Íslendingar erum ávallt fyrstir þjóða til að taka upp nýjustu og oft dýrustu lyfin. Hér er algengara og umfram allt almennara en annars staðar að fólk fari í flóknar læknisaðgerðir. Hér er almennara en annars staðar að boðið sé upp á dýrar aðgerðir þar sem aðrar þjóðir nota ódýrari úrræði. Þannig mætti lengi telja.

Niðurstaðan er sú að óvíða eru lífslíkur betri en hér. Barnadauði er hér hvað lægstur í heimi og það er sannfæring mín að almenn lífsgæði sjúklinga séu með besta móti hér. Þetta er raunar staðfest hvað eftir annað í alþjóðlegum samanburði og þetta hefur okkur Íslendingum tekist í stóru og fámennu landi.

Virðulegur forseti. Stjórnarandstöðuþingmenn hafa upp á síðkastið gert harða hríð að heilbrrh. Hv. varaformaður Samfylkingarinnar, hv. 3. þm. Suðurl., hefur nú skipað sér í sömu sveit. Hv. 7. þm. Reykv. gerði á flokkssamkomu mikið úr þeirri uppgötvun sinni að heilbrigðisþjónustan væri í uppnámi vegna þess sem hann kallaði mistök tveggja ráðherra framsóknarmanna sem haldið hafi um stjórnartaumana í heilbrrn. um hríð. Af þessu tilefni og af þeim orðum sem hér hafa fallið af hálfu hv. málshefjanda er rétt að rifja upp ástandið í heilbrigðismálum þegar ráðherra Framsfl. kom að þeim málaflokki fyrir nokkrum árum. Aðkoman í heilbrrn. var í meira lagi sérstök. Ráðuneytið var eins og skúta sem lent hafði í hafvillum með rá og reiða. Það kom í hlut nýs ráðherra framsóknarmanna, fyrirrennara míns, að endurskipuleggja allt innra starf ráðuneytisins. Samskipti við lækna í landinu voru við frostmark vegna erfiðustu deilu sem heilbrigðisyfirvöld hafa lent í við lækna og samtök þeirra, einkum sérfræðilæknafélagið, um árabil.

Í þessu felst enginn dómur eða mat á þeim tillögum sem deilt var um. Það var raunar stefna þáv. ríkisstjórnar ef rétt er munað og ég ætla mér ekki að hafa skoðun á því hverjum mátti kenna um deilurnar, sérfræðilæknamönnum eða heilbrrh. En deilurnar voru staðreynd og þær höfðu eitrað samskipti heilbrigðisyfirvalda og lækna.

Það er fjarri þeim sem hér stendur að skilgreina stöðuna sem uppi var vorið 1995 sem algjört uppnám í heilbrigðisþjónustunni. Fólk fékk hér sína þjónustu, fagfólkið sinnti sjúkum, en vissulega blasti við alvarlegur vandi, vandi sem þurfti að taka á og afstýra þeirri stórstyrjöld við sérfræðilækna sem blasti við.

Það hefur ávallt verið vandi í heilbrigðisþjónustunni og það hefur ávallt verið hlutverk heilbrrh. að reyna að leysa hann. Vandamál á þessu sviði jafngildir ekki upplausn og óáran eins og ætla mætti af orðum hv. 3. þm. Suðurl. og annarra sem hafa tjáð sig opinberlega um heilbrigðismálin undanfarið.

Virðulegur forseti. Umræður um heilbrigðisþjónustuna undanfarið hafa einkennst af flokkspólitískri sannfæringu eða rétttrúnaði, af einskærum áhuga eða hugsjón, af beinhörðum einkahagsmunum eða af staðreyndum eins og Ríkisendurskoðun hefur lagt fram í skýrslum sem málshefjandi vék að í máli sínu. Stofnunin sendi frá sér fyrir skemmstu tvær skýrslur sem hv. málshefjandi hefur mjög vitnað til. Önnur er úttekt á rekstri heilsugæslunnar í Reykjavík og ber heitið Fyrsti viðkomustaðurinn í heilbrigðiskerfinu. Hin fjallar um starfsemi sérfræðilækna og tekur til samskipta og samninga þeirra sem gerðir voru við Tryggingastofnun ríkisins á árunum 1998–2001.

Ég tel rétt að heilbr.- og trn. Alþingis sem er þverpólitískur hópur alþingismanna taki nú þessar skýrslur til skoðunar og dragi af þeim ályktanir. Það er sá vettvangur sem þessar skýrslur eiga að ræðast á og það tel ég réttu leiðina. Þessar skýrslur eru báðar mjög vandaðar og hefur verið mikið verk í þær lagt. Ég tel að það sé skylda þingsins að taka þær nú til umræðu. Heilbr.- og trmrn. og ég sem forustumaður þar erum reiðubúin að leggja þeirri umræðu lið hér í Alþingi. Það tel ég rétt að sé gert.

Í sérfræðiskýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram, með leyfi forseta, að: „... af ýmsum ástæðum hefur Tryggingastofnun ríkisins því ekki fullkomið vald á þróun útgjalda vegna sérfræðilæknishjálpar ...“ svo vitnað sé orðrétt til skýrslunnar.

Þar kemur líka fram að: „... verulegar breytingar urðu á starfsumhverfi sérfræðilækna með nýjum samningum við Tryggingastofnun í mars 1998 ...“ svo aftur sé vitnað orðrétt til skýrslu Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta.

Þessar breytingar á svokölluðu starfsumhverfi knúðu sérfræðilæknar fram með kjaraaðgerðum sínum sem hófust í júní árið áður á ekki ósvipaðan hátt og sérfræðilæknum tókst að gera að engu áform ríkisstjórnarinnar sem hér sat árin 1991–1995 um tilvísanaskyldu.

Og samningar sem heilbrigðisyfirvöld neyddust til að gera í kjölfarið, í mars 1998, eru ein meginástæðan fyrir hinni miklu kostnaðaraukningu sem orðið hefur vegna sérfræðilækninga fram til ársins 2002. Það má einnig lesa í þessari skýrslu.

Ég vík nú, virðulegur forseti, að Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi og spítölunum almennt og þeim vanda sem þar er við að etja.

Hafi hv. þm. nefnt frv. til fjáraukalaga í framsöguræðu sinni fór það fram hjá mér og það segir sína sögu því að þar eru lagðar til hvorki meira né minna en 1.200 millj. kr. til að leiðrétta uppsafnaðan halla á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi. Þau mál eru auðvitað í skoðun hér ásamt öðrum málum varðandi spítalana í landinu. Þar er vissulega við vanda að etja en hins vegar hefur verið gerð grein fyrir ástæðum hans við fjárlagaumræðuna sem fór hér fram í vikunni. Ég ætla því ekki að eyða mínum stutta tíma í að gera grein fyrir því enda er mér ætlað á tólf mínútum að fara yfir heilbrigðiskerfið í landinu eins og það leggur sig. Ég vil nota þær mínútur sem eftir eru til að fara yfir ástandið í heilsugæslunni í landinu.

Það hefur komið fram að heilsugæslulæknar í Hafnarfirði og Reykjanesbæ hafa sagt upp störfum. Kröfur þessa hóps hafa verið að fá gjaldskrársamning við Tryggingastofnun ríkisins eins og samið er um í samningum Læknafélags Reykjavíkur og Tryggingastofnunar ríkisins. Ég hef ekki viljað verða við kröfum þessa hóps vegna þess að það er skoðun mín að með því væri boðið heim hættu á því að heilsugæslan í núverandi mynd brotnaði niður, eða þverfaglegt skipulag hennar. Hópur heilsugæslulækna hefur krafist þess um hríð að fá samning við Tryggingastofnun á sama grundvelli og sérfræðilæknarnir og þeir hafa farið með það mál fyrir samkeppnisráð, áfrýjunarnefnd samkeppnismála og héraðsdóm. Þeir hafa haldið því fram að um mannréttindabaráttu væri að ræða. Niðurstaða málarekstursins sem hér var drepið á hefur í stórum dráttum orðið sú sem lýst var í úrskurði samkeppnisráðs en þar segir um efnisleg deilumál aðila, með leyfi forseta:

„Af hálfu heilbrigðisyfirvalda er ekki talið þjóðhagslega hagkvæmt að hið opinbera byggi og reki með miklum tilkostnaði heilsugæslustöðvar sem þjóni öllu landinu en taki jafnframt þátt í rekstrarkostnaði sjálfstætt starfandi heilsugæslulækna sem starfa í rauninni í samkeppni við kerfið sjálft.“

Og síðan segir í úrskurðinum, með leyfi forseta:

„Hið opinbera ber bæði rekstrarlega og fjárhagslega ábyrgð á því grunnkerfi sem er við lýði í heilbrigðisþjónustu í dag. Sú ábyrgð hvílir á ríkinu samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Starfsmenn grunnþjónustunnar eru starfsmenn ríkisins, og bera þær skyldur og hafa þau réttindi sem ríkið setur og fylgja þjónustunni. Eins og hverjum öðrum atvinnurekanda er ríkinu bæði skylt og nauðsynlegt að takamarka útgjöld sín eins og kostur er. Gildir það jafnt þegar ríkið þarf tímabundið að kaupa þjónustu sjálfstætt starfandi heimilislækna meðan ekki er unnt að uppfylla ákvæði um þjónustuskylduna á heilsugæslustöðvum. Atvinnurekandi, í þessu tilfelli hið opinbera, verður að geta metið og ráðið því sjálfur hve marga starfsmenn og launþega hann hefur á launaskrá hjá sér.“

Miðað við núverandi tvískiptingu í heilbrigðiskerfinu og með tilliti til þess að löggjafinn hefur ákveðið að rekstur grunnþjónustunnar sé að öllu leyti í höndum hins opinbera er ekki um eiginlegan samkeppnismarkað að ræða. Hið opinbera er bæði rekstraraðili þjónustunnar og greiðandi að stærstum hluta. Heilsugæslulæknar og annað starfsfólk grunnþjónustunnar eru launþegar hins opinbera. Þar af leiðandi eiga engin viðskipti sér stað á milli ríkisins og heilsugæslulækna. Sama á við um samninga Tryggingastofnunar ríkisins við Læknafélag Íslands og Læknafélag Reykjavíkur um þjónustu heimilislækna utan heilsugæslustöðva. Þeir samningar bera með sér öll einkenni launþegasamninga en ekki verktakasamninga eins og samningar Tryggingastofnunar við aðra sérfræðinga.

Að teknu tilliti til ofangreinds er ekki hægt að fallast á að um samkeppnismarkað sé að ræða í skilningi samkeppnislaga. Allar aðgangstakmarkanir nýrra aðila að markaðnum eru í raun afleiðing þess skipulags sem ríkjandi er.

Í niðurstöðu í deilu heilsugæslulækna og TR á sínum tíma hefur afstaða heilbrigðisyfirvalda falist. Það þýðir hins vegar ekki að heilbrrh. hafi lýst sig tilbúinn til að einfalda eða gera launakerfi heilsugæslulæknanna sveigjanlegra. Því hefur heilbrrh. marglýst yfir og lýst yfir fylgi við tillögur um blandað kerfi.

Heilsugæslulæknar fóru sjálfir fram á að komast undir kjaranefnd að afloknum hörðum kjaraátökum. Sú skipan mála bindur hendur heilbrigðisyfirvalda og gerir þeim erfitt um vik að hlutast til um kjör heilsugæslulæknanna. Samtök þeirra hafa ítrekað verið innt eftir því hvort lagabreyting sem færði þá aftur undan kjaranefnd mundi hugnast félaginu án þess að klár svör fengjust. Heilbr.- og trmrh. á von á því að kjaranefnd kveði nú upp úrskurð sem höggvi með einhverju móti á þann hnút sem samskipti heilsugæslulæknanna hafa verið í. Er það von mín að svo verði á allra næstu dögum.

[15:52]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka frummælanda fyrir að taka upp þessa umræðu, nú við byrjun þingstarfa.

Það má segja að við stöndum á tímamótum hvað varðar framtíðarskipulag heilbrigðisþjónustunnar því að mörgu leyti mun afgreiðsla fjárlaga ríkisins fyrir árið 2003 hafa afgerandi áhrif á hvernig heilbrigðisþjónustan þróast á næstu árum. Heilbrigðisstofnanir geta ekki haldið áfram óbreyttum rekstri, hvað þá komið á nýrri eða aukinni þjónustu, miðað við tillögur fjárlagafrv. Starfsmenn hafa nú þegar gert sitt ýtrasta til að ná hámarksaðhaldi í rekstri og verður ekki lengra gengið nema það komi niður á þjónustunni. Því miður virðast vera að koma fram merki um að of langt hafi verið gengið í niðurskurði og það komi niður á heilsu sjúklinga svo nú verður að segja stopp við frekari kröfum um sparnað.

Herra forseti. Það eru nokkrar ástæður fyrir því að ég tel að fjárlögin fyrir næsta ár geti haft afgerandi áhrif á þróun heilbrigðisþjónustunnar. Ein er sú alvarlega rekstrarstaða sem mjög margar heilbrigðisstofnanir eru í í dag og að öllu óbreyttu mun skuldastaða þeirra annaðhvort halda áfram að aukast eða þær verða að draga úr þjónustunni. Alvarlegasta dæmið er rekstrarstaða Landspítala – háskólasjúkrahúss og skiptir þá mestu máli hve háar upphæðirnar eru. Gildir þó einu hvort sjúkrahúsið fær 1,2 milljarða kr. framlag á fjáraukalögum nú því það verður skilið eftir með rekstrarhalla upp á rúman milljarð.

Herra forseti. Það er vitlaust gefið í upphafi ef þetta ætlar að verða viðvarandi hallarekstur miðað við núverandi starfsemi. Og sem innlegg í þessa umræðu um Landspítala – háskólasjúkrahús á það við um þá stofnun að þar liggja enn mjög margir einstaklingar sem hafa fengið fulla meðferð og gætu legið annars staðar, eins og á hjúkrunarheimilum ef þau pláss væru til staðar, en svo er komið að rekstur hjúkrunarheimilanna er mjög erfiður, eins dvalarheimilanna. Þeirra rekstur þarf að bæta og það vantar fleiri stofnanir ásamt heimahjúkrun.

Önnur ástæða þess að ég tel að við stöndum nú á tímamótum er sú að enn hefur ekki verið sett kröftug vinna í að skilgreina fjárhagsvanda og þjónustuhlutverk hverrar stofnunar. Það verður að gera þessa úttekt í samstarfi við fjmrn. og heilbrrn., ásamt fulltrúum hverrar stofnunar fyrir sig.

Við höfum lög um heilbrigðisþjónustu, almannatryggingalög og lög um réttindi sjúklinga. Þessi lög eru skýr hvað varðar hlutverk og ábyrgð heilbrigðisþjónustunnar almennt en miðað við rekstrarstöðu hverrar heilbrigðisstofnunar stangast ákvæði laganna á við þjónustugetu hverrar þeirra. Þetta er m.a. ástæðan fyrir því að hið almenna forvarnastarf veikist jafnt og þétt því það krefst aldrei sömu skjótu úrlausnar og móttaka sjúklinga.

Þriðja ástæðan, herra forseti, er staða heilsugæsluþjónustunnar, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Hún er mjög veik vegna þess að hér vantar fleiri heilsugæslustöðvar og hún er auk þess fáliðuð. Kjaramál lækna hafa sett alla starfsemi stöðvanna í, að því er virðist, óleysanlegan hnút. Senn líður að því að uppsagnir margra taka gildi og starfsemi þeirra stofnana sett í uppnám. Aðdragandi þessarar deilu er orðinn langur og margflókinn og snertir úrskurð kjarasamninga, launakjör og síðast en ekki síst viðurkenningu á sérfræðinámi.

Herra forseti. Það er eingöngu pattstaðan í kjaramálum heilsugæslulækna sem er ný í stöðunni. Aðrar ábendingar hafa áður komið fram við afgreiðslu fjárlaga og við umræður á þingi og í blaðaskrifum en ekki verið á þær hlustað. Mér finnst líklegt að skilningsleysi á stöðu heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár hafi átt ríkan þátt í því að koma málum í þann hnút sem þau eru í í dag og um leið að gefa hugmyndum um einkarekstur byr undir báða vængi.

Að áliti margra á allt að lagast ef hægt verður að koma sem mestu af þjónustu heilsugæslulækna í einkarekstur. Enn meira af þeirri þjónustu sem fram til þessa hefur verið framkvæmd á sjúkrahúsum fari í einkarekstur. Og hver er svo munurinn á einkarekstri og einkavæðingu? Jú, þessum hugtökum á ekki að rugla saman en hlutfall heilbrigðisþjónustu í einkarekstri með greiðsluþátttöku sjúklinga og Tryggingastofnunar ríkisins hefur sífellt aukist. Það er örstutt bil á milli þess að koma heilbrigðisþjónustunni í einkarekstur og að einkavæða hana að hluta eða öllu leyti og láta frjálsar tryggingagreiðslur og sjúklingana sjálfa fjármagna rekstur inn að fullu.

Hæstv. heilbrrh. hefur margsinnis lýst því yfir að hann vilji standa vörð um heilbrigðiskerfi sem sé aðgengilegt fyrir alla og hafa eitt kerfi innan heilsugæslunnar. Hæstv. heilbrrh. er því í erfiðri stöðu sem hann verður að leysa á næstu vikum. Heilsugæslukerfið á höfuðborgarsvæðinu er sprungið með hinum miklu fólksflutningum af landsbyggðinni á undanförnum árum. Þá hefur fólksfjölgunin orðið langt umfram spár. Þessi staða ein og sér átti fyrir löngu að vera búin að kalla á úrbætur.

Aðild okkar að EES hefur einnig haft áhrif á afkastagetu heilsugæslulækna því ströng ákvæði um hvíldartíma lækna fækka viðverustundum í móttöku, og á þetta ekki síst við um lækna úti á landsbyggðinni. Þessum ákvæðum hefur ekki verið mætt með því að ráða fleiri lækna, fjölga stöðugildum, og er hugsanlega ekki hægt, eða ekki auðvelt að ráða fleiri lækna vegna þeirra starfskjara sem þeir telja sig búa við í dag.

Herra forseti. Innlegg fjmrn. fyrir skemmstu í umræðum um fjárhagsvanda í heilbrigðiskerfinu var athyglisvert því af orðum hæstv. fjmrh. má ráða að meira fé kemur ekki til málaflokksins að svo stöddu, það verði að greina hvers vegna hann þenjist svo út. En hafa heildarútgjöld ríkisins miðað við verga þjóðarframleiðslu aukist óhóflega eða umfram það sem gerist í öðrum OECD-löndum?

Það má leika sér að tölum og samanburði milli landa. Árið 1997 var hlutfallið hér á landi 6,7% af vergri þjóðarframleiðslu en 1999, sem var viðmiðunarár hæstv. ráðherra, var hlutfallið komið í 7,9% vergrar þjóðarframleiðslu. En staðreyndin er sú að einmitt þetta ár, árið 1999, virðist hafa verið toppur í heildarútgjöldum til málaflokksins og má finna á því haldbæra skýringu. Samkvæmt nýjustu tölum frá Þjóðhagsstofnun virðist þetta hlutfall fara lækkandi á nýjan

leik og losa 7,5% árið 2001. Og þá erum við í meðallagi hvað útgjöld til málaflokksins varðar borið saman við önnur OECD-lönd. Svona samanburður þarf að ná a.m.k. yfir tvo áratugi og skoða þarf þá þætti sem hafa áhrif á þróunina svo við getum áttað okkur á því hvað hefur áhrif á hækkun útgjalda.

Viljum við ekki hafa góða heilbrigðisþjónustu? Og er þá nokkuð að því að vera í meðallagi hvað varðar útgjöld til málaflokksins? Við Íslendingar erum fámenn þjóð í stóru og strjálbýlu landi og verðum að lifa með þeirri staðreynd að það kostar mikið að halda uppi heilbrigðisþjónustu í fremstu röð við slíkar aðstæður.

Herra forseti. Hér hefði verið mjög áhugavert að fara yfir nokkra þá þætti sem við getum bætt án mikils kostnaðar með því að breyta áherslum, efla frumþjónustu heilsugæslunnar og spara til lengri tíma er litið, en í svo stuttri utandagskrárumræðu er varla tími til þess. Ég óska ráðherra góðs gengis í þeim viðræðum sem í hönd fara svo að vanda heilsugæslunnar megi leysa, okkur öllum til heilla.

[16:00]

Ásta Möller:

Herra forseti. Það eru allar forsendur fyrir hendi til að íslensk heilbrigðisþjónusta haldi stöðu sinni sem ein sú besta í heiminum. Menntunarstig íslenskra heilbrigðisstétta er með því hæsta í heiminum. Á alþjóðlegan mælikvarða standa íslenskir sérfræðingar og vísindamenn í læknisfræði, hjúkrun og tengdum greinum afburðavel svo eftir er tekið í alþjóðlegu vísindasamfélagi.

Óvíða er tækjabúnaður og aðstaða á heilbrigðisstofnunum betri en hér á landi. Almennt er vel búið að sjúklingum og starfsfólki. Fjármagn til heilbrigðismála er með því hæsta sem gerist í heiminum á alla alþjóðlega mælikvarða. Laun heilbrigðisstarfsmanna hafa batnað verulega á síðustu árum. Samt mætti halda af umræðunni að heilbrigðisþjónustan sé í molum. Það er röng lýsing. Almenningur er í grundvallaratriðum ánægður með þá þjónustu sem hann fær í heilbrigðiskerfinu. Hvergi annars staðar vildi hann vera þegar veikindi steðja að.

En er þá allt í himnalagi? Nei, íslensk heilbrigðisþjónusta ber merki um þreytu í skipulagi. Þrátt fyrir gríðarlegar breytingar í samfélaginu, öra þekkingar- og tækniþróun, auknar kröfur og breyttar áherslur í þjónustu, meiri þekkingu og vitund almennings um rétt sinn, hefur grundvallarskipulag þjónustunnar verið óbreytt um áratuga skeið. Ríkisrekstur og fjármögnun þjónustunnar með föstum fjárlögum er hin almenna regla. Þar skera Íslendingar sig úr meðal annarra þjóða. Hvergi í hinum vestræna heimi sér ríkið um svo stóran hluta af rekstri heilbrigðisþjónustunnar. Hvergi er heilbrigðisþjónustan að mestu fjármögnuð með föstum fjárlögum eins og hér er gert. Allar aðrar vestrænar þjóðir hafa farið þá leið að kostnaðargreina þjónustuna og greiða fyrir hana á grundvelli árangurs og unninna verka, hvort sem þjónustan er veitt af ríkisstofnun, félagasamtökum eða einkaaðilum.

Veikleikar skipulagsins láta ekki á sér standa. Stöðug aukning útgjalda, biðlistar, skert aðgengi, minnkuð afköst og óánægja starfsfólks. Sömu veikleikar leiddu til þess að frá því á síðasta áratug eða svo hafa hin Norðurlöndin fylgt breyttri stefnu í heilbrigðismálum og hafa markvisst fært rekstur heilbrigðisstofnana frá ríki til einkaaðila eða félagasamtaka, án þess þó að draga úr ábyrgð ríkisins á fjármögnun þjónustunnar. Fjármögnun og rekstur hafa verið aðskilin. Ríkið greiðir eftir sem áður fyrir þjónustuna, sem byggir á kostnaðarmati á þjónustuþáttum, en samningur er gerður við aðra aðila um reksturinn. Þannig er nú öll heilsugæsla í Danmörku og um 80% af allri heilsugæslu í Noregi rekin af fagfólki á grundvelli einkarekstrar. Á Íslandi er þessu þveröfugt farið. 10% heilsugæslunnar eru rekin á grunni einkarekstrar en 90% eru í ríkisrekstri. Það skyldi þó ekki vera ein ástæðan fyrir vanda heilsugæslunnar í dag?

En þessi leið er ekkert ný fyrir Íslendinga. Um 94% af endurhæfingarstofnunum og um 60% af öldrunarstofnunum eru rekin af öðrum en ríkinu. Ísland stendur hins vegar upp úr þegar sjúkrahúsþjónusta og heilsugæsla eru annars vegar og að mestu rekin af ríkinu.

Sjálfstfl. vill standa fyrir álíka skipulagsbreytingum í heilbrigðisþjónustu og gerðar hafa verið annars staðar á Norðurlöndunum með góðum árangri. Sjálfstfl. vill færa reksturinn í auknum mæli frá ríkinu til einkaaðila eða félagasamtaka en fjármögnunin, tryggingakerfið, verði áfram í höndum ríkisins hér eftir sem hingað til. Heilbrigðisþjónusta er samfélagsþjónusta eins og menntakerfið og félagslega kerfið sem að mestu á að fjármagna af opinberu fé. Sjálfstfl. vill ekki breyta þeirri grundvallarhugsun.

Sá misskilningur hefur verið uppi að hugmyndir Sjálfstfl. leiði til einkavæðingar í þá veru að almannatryggingakerfið verði lagt niður og til verði tvöfalt heilbrigðiskerfi, eitt fyrir þá ríku og annað fyrir þá fátæku, þær feli í sér breytingar í átt að ameríska kerfinu svokallaða og að sjúklingar eigi að taka meiri þátt í greiðslu fyrir þjónustuna. Þessu hefur m.a. stjórnarandstaðan og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson haldið fram og viljað telja almenningi trú um. Slík sjónarmið eru byggð á misskilningi, hvort sem sá misskilningur er vísvitandi eða raunverulegur.

Á nýlegri ráðstefnu var fjallað um breytingar á skipulagi á heilbrigðisþjónustu í Stokkhólmi. Markmið breytinganna var að breyta opinberu heilbrigðiskerfi frá gamaldags miðstýrðu einokunarkerfi stýrðu af stjórnmálamönnum í neytendavænt nútímakerfi sem hvetur til aukinnar framleiðni, svo vitnað sé í orð sænsks fyrirlesara á ráðstefnunni. Ýmsar breytingar hafa orðið á skipulagi heilbrigðisþjónustu í Stokkhólmi í kjölfarið, þar á meðal aukin samkeppni milli þeirra sem veita þjónustuna sem hefur leitt til minni kostnaðar við ákveðna þætti heilbrigðisþjónustunnar. Starfsánægja starfsmanna sem hafa fengið meira frelsi til þess að skipuleggja störf sín hefur aukist. Laun starfsmanna hafa batnað. Gæði þjónustunnar hafa aukist. Framleiðni í heilbrigðisþjónustu hefur aukist um 13% og er meiri en í öðrum sveitarfélögum sem ekki hafa farið í skipulagsbreytingar. Aðgengi hefur batnað. Biðlistar styst. Biðtími eftir þjónustu í Stokkhólmi er styttri en á öðrum svæðum í Svíþjóð.

Að þessu sögðu hlýtur það fyrst og fremst að lýsa skammsýni að útiloka fyrir fram skipulagsbreytingar í átt til aukinnar útvíkkunar verkefna heilbrigðisþjónustu frá ríki til einkaaðila eða félagasamtaka. Vinstri grænir hafa lýst sig andvíga slíkum hugmyndum en það kemur svo sem ekkert á óvart. Öll hugtök sem byrja á forliðnum „einka" eru eitur í þeirra beinum og ekkert frekar um það að segja.

Hins vegar eru skilaboð talsmanna Samfylkingarinnar býsna misvísandi. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, fyrrv. heilbrrh., hefur t.d. margoft látið hafa eftir sér að hann sé fylgjandi ýmsum rekstrarformum. Ýmsir aðrir þingmenn Samfylkingarinnar hafa hins vegar lýst andstöðu við allar slíkar hugmyndir. Um þessar hugmyndir er hins vegar ekki

ágreiningur á milli stjórnarflokkanna, þótt stjórnarandstaðan hafi reynt að ala á slíku. Í því efni bendi ég á að hæstv. heilbrrh. hefur margoft lýst því yfir að hann sé hlynntur mismunandi rekstrarformum í heilbrigðisþjónustu, þar á meðal útboði í heilbrigðisþjónustu, enda er eitt slíkt útboð í undirbúningi um rekstur heilsugæslustöðvar í Kópavogi.

Herra forseti. Það er ákveðin tilhneiging hér á landi að vísa fólki í sérhæfðustu þjónustuna. Heilbrigðisþjónustan er eins og á sem rennur í nokkrum kvíslum. Þegar rennsli í einni kvísl er hindrað rennur vatnið annað. Í heilbrigðisþjónustunni rennur straumurinn til sérhæfðustu þjónustunnar. Þegar vöntun er á hjúkrunarrýmum, eins og er á Reykjavíkursvæðinu, þegar heimahjúkrun er ekki nægilega öflug og sjúkrahús á landsbyggðinni loka vegna sumarleyfa eða manneklu, þegar biðtími eftir viðtali hjá heimilislækni er allt að vika eða 10 dagar og þegar fólk hefur ekki aðgang að einfaldri ráðgjöf og leiðbeiningum, t.d. gegnum símatorg, fær það inni í dýrustu og sérhæfðustu þjónustunni sem er alltaf opin og getur ekki vísað frá sér. Afleiðingin lætur ekki á sér standa: Rekstur dýrustu og sérhæfðustu þjónustunnar vindur jafnt og þétt upp á sig. Þessu þarf að breyta.

Niðurstaða mín er sú að íslensk heilbrigðisþjónusta hafi alla burði til að standast samanburð við hvaða heilbrigðisþjónustu sem er í heiminum og jafnvel vera mælikvarði sem aðrar þjóðir miði sig við. Þá veikleika sem nú eru í þjónustunni má leysa, fyrst og fremst með skipulagsbreytingum.

Herra forseti. Það hefði verið freistandi að ræða frekar um einstaka þætti í heilbrigðisþjónustunni, svo sem vanda heilsugæslunnar, stöðu öldrunarmála á höfuðborgarsvæðinu, vanda Landspítala – háskólasjúkrahúss og málefni geðfatlaðra. En tækifærið mun gefast fljótlega ef marka má boðaðar utandagskrárumræður á næstu dögum.

[16:08]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. málshefjanda fyrir að hafa fært þetta mál inn í utandagskrárumræðu hér á Alþingi.

Eftirspurn eftir læknisþjónustu á höfuðborgarsvæðinu hefur vaxið jafnt og þétt síðustu ár, m.a. vegna fólksfjölgunar á svæðinu og einnig vegna breyttrar aldurssamsetningar. Einnig er, eins og allir vita, stöðugur straumur sjúklinga utan af landsbyggðinni til Reykjavíkur vegna alvarlegra veikinda eða eftir slys.

Framlög ríkisins til heilbrigðiskerfisins hafa aukist ár frá ári og eru hér á landi með því hæsta sem gerist innan OECD-ríkjanna. Þessu guma stjórnarflokkarnir af og sífellt er klifað á því að íslenska heilbrigðiskerfið sé eitt það besta í heiminum.

En er nýting okkar á takmörkuðum fjármunum til heilbrigðisþjónustunnar hagkvæm? Í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á rekstri heilsugæslunnar í Reykjavík frá því í september 2002 er að finna eftirtaldar ábendingar til heilbrigðisyfirvalda varðandi það sem betur mætti fara. Þar er talin nauðsyn á skýrari stefnu og hugmyndum um hlutverk heilsugæslunnar innan heilbrigðiskerfisins. Þar er minnst á æskilega forgangsröðun verkefna, á það að stofnanir einbeiti sér að þeim verkefnum sem mikilvægust eru talin fyrir starfsemina og dreifi ekki kröftum sínum og fjármunum um of. Einnig er þar bent á að breyta þurfi launakerfi lækna, tekið verði upp fastlaunakerfi sem virðist hafa neikvæð áhrif á afköst, eins og segir í skýrslunni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Að samanlögðu telur Ríkisendurskoðun einsýnt að huga þurfi að breytingum á launafyrirkomulagi heilsugæslulækna þannig að tengsl launa og frammistöðu verði aukin."

Í skýrslunni segir einnig að mælt sé með því að skoðað verði hvort auka skuli miðlæga þjónustu og tvinna saman miðlæga og hverfislæga þjónustu á hagkvæman hátt. Heilbrigðisyfirvöld þurfi að meta hvort hugsanlegur ávinningur eða sparnaður og aukin afköst af því að gera fleiri þjónustuþætti miðlæga vegi þyngra en áherslan á nærþjónustuna.

Herra forseti. Um skeið hafa ýmis teikn verið á lofti um aukna áherslu á einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. Talsmenn einkavæðingar telja að einkarekstur í heilbrigðisþjónustu leiði sjálfkrafa til jákvæðrar markaðssetningar og hagkvæmni í rekstri. Eigi að beita markaðslausnum til að ná hagkvæmni í rekstri heilbrigðisþjónustunnar má efnahagur aldrei fá að ráða aðgangi einstaklinga að þjónustunni. Jafn aðgangur allra landsmanna skal tryggður. Faglegt eftirlit með kostnaði ríkisins við læknisþjónustu þarf að herða og skilgreina verkefnin svo betri yfirsýn náist yfir kostnaðinn í heilbrigðiskerfinu.

Í fjárlagafrv. sem við ræddum hér fyrir nokkrum dögum er ekki tekið á vandanum í heilbrigðiskerfinu. Það kom fram í máli málshefjanda að tæpa 3 milljarða mundi vanta inn í heilbrigðiskerfið, um 1 milljarð inn í kerfi daggjaldastofnana og þar að auki þyrfti að taka á vanda geðfatlaðra sem einnig er óleyst vandamál. Samanlagður vandi sem fjárln. þarf á þessu hausti að taka á ásamt heilbrrh. er sennilega upp á 4–5 milljarða kr.

Það er auðvitað svo að vandinn í heilbrigðiskerfinu er stór. Hann er ekki auðleystur. Þetta vandamál verður að leysa með sameiginlegu átaki og sameiginlegum vilja alþingismanna. Við gerum kröfu til að búa í þessu þjóðfélagi við góða og örugga heilbrigðisþjónustu og við þurfum að sameinast um að heilbrigðisþjónustan verði efld og aðgangur allra landsmanna verði tryggður án tillits til tekna. Það þarf að endurskoða lyfjakostnað og nauðsyn er á að vinna að því að auka sjúkrarými.

Herra forseti. Ég rak nýlega augun í samantekt í Læknablaðinu um aukinn kostnað vegna geðlyfja. Ég býst við að hæstv. heilbrrh. hafi flett þessu blaði enda er þessi samantekt sem ég er hér með fyrir framan mig, herra forseti, unnin af deildarstjóra í heilbr.- og trmrn. Ég verð að segja að það vekur undrun mína hversu mikil aukning er á notkun tauga- og geðlyfja og í annan stað hin geysileg kostnaðaraukning sem er samfara þeirri notkun sem kemur fram á þessari töflu. Því vil ég spyrja hæstv. heilbrrh. að lokum hvort það hafi verið skoðað í heilbrrn. hvernig þessi þróun hefur verið og hver ástæðan er fyrir hinni miklu aukningu á notkun þessara lyfja.

[16:16]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. „Við búum við góða heilbrigðisþjónustu og gott fagfólk", sagði hæstv. ráðherra áðan. Ég tek heils hugar undir það. Svo bætti hann við: „Og greiðan aðgang að þjónustunni." Það er kannski vandinn. Sums staðar er e.t.v. aðgangurinn of greiður og annars staðar of torveldur.

Þó að við séum hér með góða heilbrigðisþjónustu þá má ýmislegt betur fara. Til dæmis sinnir heilsugæslan ekki því hlutverki sem henni er ætlað í lögum, sérstaklega ekki á höfuðborgarsvæðinu. Hér er löng bið eftir þjónustu og þúsundir eru ekki með heimilislækni. Dýrari þjónustustig,

t.d. sérfræðilæknar og bráðasjúkrahús, sinna frumþjónustunni öllum til óhagræðis, sjúklingum, skattgreiðendum og heilbrigðisstarfsfólki.

Sú ríkisstjórn sem nú situr gaf sérfræðilæknisþjónustuna algjörlega frjálsa og með því var byrjað að grafa undan heilsugæslunni. Ég minnist þess að sérfræðingarnir þökkuðu kærlega fyrir sig með stórum blómvendi til síðasta heilbrigðisráðherra. Það fyrirkomulag sem hér tíðkast í sérfræðilæknisþjónustunni tíðkast hvergi, að menn hafi svona greiðan aðgang, ekki einu sinni í Bandaríkjunum. Þarna er nánast opinn krani á ríkissjóð og sérfræðilækniskostnaðurinn hefur þanist út um 134% frá 1997 og heilsugæslunni hefur hnignað. Þetta er gert án þess að það sé nokkuð metið hver þörfin er fyrir sérfræðilæknisþjónustuna eins og menn hafa t.d. gert í Danmörku. Það er ekkert óeðlilegt að heilsugæslulæknarnir vilji komast á sömu kjör og sérfræðingarnir. Þeir verða auðvitað að vera á viðunandi kjörum. Það var hægt að koma slíku á við sjúkrahúsin og það ætti að vera hægt einnig í heilsugæslunni. Menn verða að helga sig hverju þjónustustigi. Það gengur ekki að vera með mismunandi kjör lækna eftir því á hvaða stigi þjónustunnar þeir starfa.

Sérfræðilæknarnir á sjúkrahúsunum, sem eru einnig með rekstur á stofum úti í bæ, eru í óviðunandi stöðu. Þar eru oft alls kyns hagsmunaárekstrar og jafnvel eru þeir í samkeppni við sinn fasta vinnustað. Við getum alveg séð að þetta mundi aldrei tíðkast á hinum almenna markaði. Coca cola mundi t.d. aldrei líða það að lykilstarfsmenn þeirra færu að vinna fyrir Pepsi eftir hádegi eða eftir klukkan fimm á daginn. Það væri aldrei liðið. Ríkisendurskoðun lagði til að þarna yrði skilið á milli og það verður að gera og það hljóta allir að sjá. Verkaskiptingin verður að vera skýr og sjúklingnum þjónað á réttu stigi svo að hann fái sem besta þjónustu. Í dag eru það greiðslukerfin í heilbrigðisþjónustunni og hagsmunir lækna sem stýra verkaskiptingunni. En það er verkefni stjórnvalda að móta stefnuna og ákveða verkaskiptinguna. Undan því mega menn ekki víkjast.

[16:19]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Í þessari umræðu um heilbrigðismál vil ég byrja á því að leggja áherslu á tvennt: Í fyrsta lagi á að aukin þekking og tækniframfarir gera okkur sífellt kleift að hjálpa fleirum að endurheimta heilsu og bjarga lífi fleira fólks. Í öðru lagi á þá staðreynd að ný og aukin þekking og tækniþróun og hærri lífaldur kallar á stöðugt aukið fjármagn til þessarar þjónustu sem er ein meginstoð íslensks velferðarkerfis.

Vegna þessa er ekki nema eðlilegt að heilbrigðismál beri hátt í opinberri umræðu hér á landi eins og annars staðar og ég spái því, herra forseti, að svo verði áfram um ókomin ár eðli málsins samkvæmt. Vegna þessa finnst mér líka, herra forseti, ekki rétt að tala um vanda eða ástand í heilbrigðismálum. Það eru a.m.k. engar algildar eða endanlegar lausnir til að bregðast við síaukinni þörf fyrir aukið fjármagn og það er sannanlega ekkert eitt rekstrarform sem leysir allan vanda. Við megum ekki í hita leiksins og undanfara kosninga gleyma hagsmunum sjúklinga, fólksins sem þarf á þjónustunni að halda og þarf að geta borið til hennar fullt traust. Við megum heldur ekki gleyma því að sífellt neikvæð og gagnrýnin umræða skapar fjölmörgum og hæfum starfsmönnum heilbrigðisþjónustunnar ekki það vinnuumhverfi sem þjónar sjúklingunum best.

Biðlistar eftir skurðaðgerðum hafa ekki lengst heldur styst. Á Landspítala – háskólasjúkrahúsi er núna aðeins bið eftir þrenns konar aðgerðum og þar á meðal eru ekki hjartaaðgerðir eða aðrar aðgerðir við lífshættulegum sjúkdómum. Unnið er að því hörðum höndum að leysa brýna þörf fyrir hjúkrunarheimili fyrir aldraða og aðra sem þurfa á þeim að halda í fullu samráði við fulltrúa þeirra. Og, herra forseti, það kjósa ekki allir heilsugæslulæknar að starfa sjálfstætt. Margir, sem því miður minna heyrist frá, vilja starfa á ríkisreknum heilsugæslustöðvum og vilja vera undir kjaranefnd sem úrskurðar um kjör þeirra.

Mér finnst hins vegar sjálfsagt að fram fari mat á gæðum og hagkvæmni þeirrar heilsugæsluþjónustu sem nokkrir heilslugæslulæknar hafa sinnt á grundvelli samninga við Tryggingastofnun ríkisins og sérstaklega verði þá skoðað hvort með því rekstrarformi megi tryggja að sjúklingar, allur almenningur, njóti þeirrar fjölbreyttu þverfaglegu heilsugæsluþjónustu sem við þurfum að geta veitt og þar með talið því forvarnastarfi sem lögð hefur verið mikil áhersla á.

Herra forseti. Samtímis því að við leggjumst á eitt og vinnum að því að tryggja aukin gæði og aukna hagkvæmni heilbrigðisþjónustu þá verðum við að axla ábyrgðina á vinnufriði starfsmanna hennar og annarra sem ábyrgð bera. Alþingi hefur sett stefnu og samþykkt áætlun í heilbrigðismálum með heilbrigðisáætlun til ársins 2010 sem setur þarfir sjúkra, gæði og hagkvæmni í fyrirrúm og þingmenn bera ábyrgðina á nauðsynlegu fjármagni svo að þeim markmiðum verði náð.

Með breytingum sem hið háa Alþingi hefur þegar gert á lögum um heilbrigðisþjónustu og tóku fyrst gildi um síðustu áramót er lögfest ótvíræð heimild ráðherra heilbrigðismála til að marka stefnu og grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að fylgja þeirri stefnu, fyllri heimild en ráðherra hafði fyrir til að stjórna því magni sem keypt er af tiltekinni þjónustu með hagkvæmni og gæði hennar að leiðarljósi. Þau kaup þurfa að byggjast á kostnaðargreiningu og að þeirri kostnaðargreiningu er unnið á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og fleiri stöðum.

En vegna tillögu hv. málshefjanda, Margrétar Frímannsdóttur, hér áðan um skipun þverfaglegs starfshóps vil ég fá að benda á að það hljóti að vera á verksviði hv. heilbr.- og trn. að fjalla um skýrslu Ríkisendurskoðunar.

[16:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er enginn vafi á því að vandinn í heilbrigðiskerfinu er margþættur og ég held að það verði að tala um vanda sem vanda þegar hann blasir við hverjum manni. En tvennt ber þó hæst að mínu mati. Hið fyrra er ósköp einfaldlega að ekki er nægilegt fjármagn veitt til heilbrigðiskerfisins í landinu. Hið síðara er það að við er að glíma skipulagsleg vandamál, skipulagslegar skekkjur sem menn hafa ýtt á undan sér að taka á um alllangt árabil. Fyrir hvorugt þetta verður núv. hæstv. heilbrrh. með sanngjörnum hætti hengdur. Til þess hefur hann verið of skammt í embætti. En hitt er ljóst að flokkur hans ber að sjálfsögðu verulega ábyrgð á ástandinu nú síðari árin eftir sjö ára veru í ríkisstjórn og heilbrrn. Og Sjálfstfl. eftir ellefu ára veru í ríkisstjórn ber að sjálfsögðu að sínu leyti jafnmikla pólitíska ábyrgð á þeirri heilbrigðisstefnu og því ástandi heilbrigðismála sem er á hverjum tíma, eins og stjórnarflokkar gera.

Varðandi fyrri þáttinn, um fjárveitingarnar, þá hefur því ranglega verið haldið fram, því miður, að Íslendingar verji meiru til þessa málaflokks en við mætti búast miðað við velmegunarstig þjóðarinnar og miðað við aðstæður hér til

þess að halda slíkri þjónustu uppi. Við verjum nú á þessu ári u.þ.b. 7,5% af vergri landsframleiðslu af hálfu hins opinbera og einstaklingarnir sjálfir bera um 1,5% af sama hlutfalli. Það sem er hins vegar markvert er að þessi hlutur einstaklinganna hefur nú á tiltölulega fáum árum hækkað um u.þ.b. hálft prósent af vergri landsframleiðslu, um u.þ.b. hálft prósent af um 800 milljarða króna tölu, eða um 4 milljarða kr., og það munar um minna þegar haft er í huga hverjir það eru sem þarna bera kostnaðinn, þ.e. sjúklingar, þeir sem nota lyf, rannsóknarþjónustu og annað því um líkt.

Hvað síðari þáttinn snertir er auðvitað ljóst að hin veika staða heilsugæslunnar, sérstaklega hér á suðvesturhorninu, ónóg stoðþjónusta við sérhæfða og dýra bráðaþjónustu, t.d. ónógt framboð á hjúkrunarrýmum, sjúkrahótelum og jafnvel heimahjúkrun, veldur því að dýr legurými á bráðasjúkrahúsum eru teppt af hjúkrunarsjúklingum. Einkavæðing, stjórnlaus einkavæðing þar sem menn hafa getað sent reikninginn á Tryggingastofnun og síðast en ekki síst almennt skipulagsleysi, skortur á markvissri stefnumótun undanfarin ár, allt þetta, herra forseti, á þarna hlut að máli.

Það sem þarf að gera ósköp einfaldlega, herra forseti, er að þessi mikilvægi málaflokkur þarf að komast inn úr kuldanum. Það verður að takast á við þau vandamál og hafa þau í forgangi sem alvarlegust eru. Þar nefni ég sérstaklega biðlista í kerfinu og ástand geðheilbrigðismála.

[16:26]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og kom fram hjá mér við 1. umr. um fjárlög hef ég lengi talið tímabært að endurskoða rekstrarform heilbrigðisþjónustu um land allt, ekki síst með tilliti til rekstrarforma starfsmanna- og kjaramála og aukinnar hagkvæmni og hagræðingar í þjónustunni.

Lög um heilbrigðisþjónustu voru lengi framan af allt of bundin af lagabókstaf. Þau gáfu ekki stjórnendum möguleika til eðlilegrar aðlögunar og sveigjanleika eftir því sem tímar, tækni og eftirspurn breyttist. Á undanförnum árum höfum við einkum og sér í lagi ráðist í breytingar hvað snertir hátækniþjónustu. Má þar fyrst nefna sameiningu stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík sem enn sér ekki fyrir endann á, en vonandi mun sú hagræðing skila sér innan fárra ára, bæði í hagkvæmni og í gæðum.

Eðli heilbrigðisþjónustunnar er hins vegar þannig, eins og margoft hefur verið rætt hér í dag og áður, að eftirspurn eftir þjónustu eykst stöðugt og mun svo verða um ókomna framtíð. Eðli heilbrigðisþjónustunnar er hins vegar þannig, eins og líka hefur margoft verið rætt, að eftirspurnin eykst með fjölgun aldraða og tilkomu þeirrar tækni sem okkur hefur boðist á undanförnum áratugum.

Allir þættir heilbrigðisþjónustunnar eru hins vegar tengdir innbyrðis þannig að ef reynt er að spara eða veita ákveðið aðhald og sjúklingar fá ekki þjónustu þar sem eðlilegast er að leita hennar þá fara þeir annað. Því hefur fólk leitað til sérfræðinga í stað heimilislækna og til heimilislækna þegar þörf fyrir sérfræðinga er augljós. Þetta ástand hefur kallað á óöryggi meðal almennings og það er óbærilegt ástand.

Þessar vikurnar hefur þjónusta heimilislækna verið í brennidepli og engum dylst að skortur er á grunnþjónustu heimilislækna og erfitt að fá heilbrigðisþjónustu jafnskjótt og æskilegt er þegar veikindi ber að. Ég vil eingöngu ítreka, eins og Cato gamli var á sínum tíma vanur að ítreka sínar skoðanir — ég hef sagt þetta hér nokkrum tugum sinnum í þessari pontu — þá skoðun mína að undirstaða heilbrigðisþjónustunnar sé að gera nauðsynlega kostnaðargreiningu fyrir hvert þjónustustig ásamt því að efla með öllum ráðum metnað og samanburð til að ná fram þjónustugæðum sem verði sambærileg við heilbrigðiskerfi þeirra þjóða sem við berum okkur saman við.

[16:29]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Eitt mesta vandamál heilbrigðisþjónustunnar nú er áralangur trassaskapur ráðherra Framsfl. í heilbrrn. Þessi trassaskapur er okkur ákaflega dýr um þessar mundir og er hluti af vandamálinu. Ráðuneyti heilbrigðismála verður að hafa einhverja framtíðarsýn í málefnum heilsugæslunnar og heimilislækna og ganga rösklega fram í að gera þetta sérfræðinám lækna að fýsilegum kosti ungra lækna og fýsilegum kosti þeirra sem hafa þessa sérfræðimenntun í dag en eru annaðhvort hættir eða að hætta eða vilja alls ekki koma heim til Íslands.

Nýleg skýrsla Ríkisendurskoðunar er þungur áfellisdómur, en þar segir m.a. að það þurfi að móta skýrari stefnu um verkaskiptingu innan heilbrigðiskerfisins, stöðu og hlutverk heilsugæslunnar innan þess og framfylgja þeirri stefnu. Enn fremur segir Ríkisendurskoðun að það sé full ástæða til þess, m.a. í ljósi alþjóðlegra rannsókna og reynslu, að heilbrigðisyfirvöld kanni vandlega kosti og galla þess að heilsugæslan fái aukið hlutverk til að stýra aðgengi sjúklinga að heilbrigðiskerfinu.

Herra forseti. Heilsugæslunni hefur ekki verið gert kleift að sinna grunnþjónustu sinni sem fyrsta stigi heimsóknar sjúklinga. Heimilislæknar eru sérfræðilæknar sem eiga að sinna fyrstu heimsókn sjúklinga og vísa þeim áfram. Þetta kerfi er í raun framkvæmt á mörgum stöðum á landsbyggðinni en þar er einnig mikil vá fyrir dyrum, þ.e. læknaskortur, vegna þess að heimilislæknar eru að gefast upp á sérfræðigrein sinni vegna skipulagsleysis, aðstöðuleysis og stjórnleysis. Gera menn sér almennt grein fyrir því að það eru ekki nema kannski tvö ár síðan að heilsugæslulæknar á landsbyggðinni fengu bíl til afnota? Áður þurftu þeir að nota sinn eigin bíl og það var hluti af vandamálinu. Heimilislæknar hafa ekki fengið viðurkenningu á sérfræðimenntun sinni og þess vegna er stéttin að deyja út. Endurnýjun er lítil sem engin og ungir læknar leita ekki í þetta sérfræðinám.

Herra forseti. Ég tel að nú sé þýðingarmest að setja upp áætlun til nokkurra ára sem geri það að verkum að fleiri ungir læknar fari í sérfræðinám í heimilislækningum og að heimilislæknar verði ánægðir í starfi sínu og komi til baka, vegna þess að fjölmargir íslenskir heimilislæknar koma ekki heim að námi loknu, eins og áður sagði. Herra forseti. Ég tel að landsmenn bíði eftir því að ráðherra heilbrigðismála skýri þjóð sinni frá hvað gera eigi í málefnum heilsugæslunnar.

Hv. þm. Ásta Möller talaði um það áðan að þreyta væri í kerfinu. Ég er henni hjartanlega sammála. Sjálfumgleði ráðherra í ríkisstjórninni varðandi efnahagsmál hefur gert það að verkum að litlar tímasprengjur hafa verið að hlaðast upp um allt kerfið og núna er það að koma í ljós í heilbrigðisgeiranum sem annars staðar. Það er tímabært að fara að losna við þessa þreyttu ríkisstjórn.

[16:32]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Framkvæmdastjóri alþjóðlegs fyrirtækis á heilbrigðissviði heimsótti nýlega Ísland og velti upp í framhaldinu spurningunni um það hvort við Íslendingar rækjum

hér heilbrigðiskerfi eða sjúklingakerfi. Spurningin er þess virði að íhuga hana.

Sé litið til tannlækna má segja að þeir stundi markvissa og kerfisbundna heilsugæslu. Tekist hefur á nokkrum áratugum að útrýma nánast alveg alvarlegum tannskemmdum. Þannig má segja að tannlæknar hafi unnið þrekvirki með skipulagðri heilsugæslu en um leið í rauninni grafið undan sér hverjum og einum, svo einkennilega sem það nú hljómar.

Öðru máli gegnir um aðra þætti heilbrigðismála. Segja má að við höfum á mörgum áratugum þróað hér allgott sjúklingakerfi í þeirri merkingu að aðaláhersla kerfisins byggir á því að taka við einstaklingum þegar sjúkdómar eru farnir að herja á þá í stað þess að sporna við þeim. Sannarlega veitum við fólki góða þjónustu á þessu sviði en mikið óskaplega er hún dýr. Frábærir sérfræðingar, hjúkrunar- og umönnunarfólk skilar stórkostlegu verki til sjúklinga. Húsnæði er glansandi og fínt að ekki sé minnst á hin öflugu lyf sem í boði eru og fleytir stöðugt fram og verða stöðugt dýrari.

Kostnaðurinn við sjúklingakerfið er hár, svo hár að þó að við verðum öllum fjárlögum til þess málaflokks dygði það ekki til þess að ná fullkomnum árangri, sem líklega næst aldrei.

Við erum að auka útgjöldin núna á milli ára um rúma 6 milljarða kr. og meira er í pípunum. Þannig hefur það verið lengi og mun áfram verða svo lengi sem við rekum hér sjúklingakerfi. Fyrir vikið skapast oft eldheit umræða um fjárskort með tilheyrandi undarlegum upphrópunum.

Við getum deilt hér í allan dag og fram á nótt um það hvort nógu sé varið af fjármunum til að halda uppi sjúklingakerfi. Væri ekki nær samt að beina umræðunni að heilbrigðiskerfi, kerfi sem markvisst stuðlar að því að byggja upp þannig líferni að sjúkdómar víki fyrir heilbrigðu lífi? Þetta má kalla forvarnastefnu eða hvað annað. En slík stefna verður ekki bara mótuð innan veggja Alþingis. Við erum að ræða um samfélagslegt vandamál, við erum að ræða um lífsgildi og lífsmáta fólksins í landinu.

Ég fullyrði að þrotlaust kapphlaup þjóðarinnar um forgengilega hluti er veruleg uppspretta meiri hluta þeirra sjúkdóma sem við erum að glíma við í dag. Í stressinu þar sem manneskjan hefur gleymt sjálfri sér og fjölskyldu sinni þrífst illgresið, stresssjúkdómarnir, eineltið, hjartasjúkdómarnir og hvað þeir nú heita allir hinir illvígu velferðarsjúkdómar. Og hvað skyldu þeir nú kosta þjóðina? Ég fullyrði tugi milljarða kr. á hverju ári.

Herra forseti. Byggjum upp heilbrigðiskerfi og leggjum niður sjúklingakerfið.

[16:35]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ætli sé ekki óhætt að alhæfa um það að Íslendingar vilji almennt stuðla að öflugu heilbrigðiskerfi í landinu?

Hér ræðum við stöðuna í heilbrigðismálum og hún er að snúast upp í umræðu um skipulagsform til framtíðar. Mér þykir mjög merkilegt að sjá hvernig hinar pólitísku línur eru að teiknast upp hér við þessa umræðu. Það vekur athygli mína að talsmenn Sjálfstfl. hafa talað fyrir einkavæðingu eða „einkarekstri innan heilbrigðisþjónustunnar", eins og það heitir, og helsti talsmaður Sjálfstfl. í heilbrigðismálum, hv. þm. Ásta Möller, vék sérstaklega orðum að þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, sem hún telur hvað einarðasta andstæðinga einkavæðingar innan velferðarþjónustunnar. Reyndar setti þingmaðurinn þetta upp í heldur neikvæðara samhengi og reyndi að kenna okkar afstöðu við það að vera á móti. Þá gleymist hitt, hvers vegna. Hvers vegna erum við andvíg því að innleiða einkavæðingu innan heilbrigðisþjónustunnar? Við viljum nálgast málefnið frá öðrum sjónarhóli og spyrja: Hvernig tryggjum við heilbrigðisþjónustu sem er í senn hagkvæm og ódýr, að við nýtum það fjármagn sem er til ráðstöfunar á sem hagkvæmastan hátt? Þá viljum við tryggja jafnræði og jöfnuð innan kerfisins og við viljum tryggja sem allra best gæði. Þetta eru þau markmið sem við viljum ná fram.

Við höfum bent á, og tökum undir með þeim úr stjórn og stjórnarandstöðu sem vilja leggja áherslu á sameiginlega samhjálp, að dýrasta, langdýrasta heilbrigðiskerfi í heiminum er hið einkarekna heilbrigðiskerfi í Bandaríkjunum. Það er staðreynd og við skulum skoða og leggjast yfir þau dæmi sem við höfum því til staðfestingar.

Þá er á hitt að líta að einkavæðing innan heilbrigðisþjónustunnar leiðir gjarnan til mismununar. Sjálfstæðismenn tala nú á þá lund að þetta vaki ekki fyrir þeim, að það eigi að láta skattborgarann greiða fyrir alla þjónustuna. En þá spyr ég hvort orðið hafi kúvending frá því að fjmrn. gaf út bækling árið 1998 þar sem segir m.a., með leyfi forseta, að við einkaframkvæmd innan þjónustunnar „verði sem stærstur hluti tekna rekstraraðila fenginn með notendagjöldum".

Hvað þýðir þetta innan heilbrigðiskerfisins? Að sjálfsögðu þýðir þetta sjúklingaskattar og það er nokkuð sem við höfum varað við og reyndar vakið athygli á því hvernig gjöld sem sett hafa verið á sjúklinga hafa vaxið stórlega á undanförnum árum.

[16:39]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Það eru sanngjarnar kröfur að heilbrigðisþjónustan sé vel rekin og farið sé vel með fé skattborgaranna. Grundvöllur þess að hér sé vel rekin heilbrigðisþjónusta og að hámarksárangur náist er vel menntað og ánægt starfsfólk. Árangur má mæla á ýmsa vegu, t.d. með ánægju þeirra sem þjónustunnar njóta en ekki síður með því að bera okkur saman við aðrar þjóðir, t.d. með tíðni sjúkdóma, dánartíðni, ungbarnadauða og svo má lengi telja.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að aukin ábyrgð fagfólks hér á landi á eigin starfi sé brýn og að stokka þurfi spilin á ný. Grunnþjónusta í heilbrigðiskerfinu á að sinna því sem hún er faglega fær um að sinna en það getur verið megnið, sumir segja 70, 80, jafnvel 90% af þeim heilsuvanda sem upp kemur hjá fólkinu í landinu. Þetta er staðreynd sem hefur margoft verið sýnt fram á í rannsóknum víða um heim. Einungis með því að nýta grunnþjónustuna að fullu og stuðla að því að hún sé vel starfhæf má reka hagkvæma og góða heilbrigðisþjónustu.

Herra forseti. Langflestir heimilislæknar á Íslandi hafa sérmenntað sig í sínu fagi og krefjast þess nú að hafa sömu launakjör og starfsskilyrði og aðrir sérfræðimenntaðir læknar, eins og komið hefur fram hér í umræðunum. Þeim finnst sérmenntun sín vanvirt og þótt ég sé þess fullviss að heilbrigðisyfirvöld skilji mikilvægi starfs þeirra þá vantar nokkuð á að það sé sýnt í verki. Um það er gerð skýr krafa nú og verður ekki hjá því komist að taka ákvörðun sem kemur til móts við hana. Fella þarf þá girðingu sem sett hefur verið utan um þennan hóp lækna og því fyrr sem það er gert þeim mun færri munu leita út úr heilsugæslunni.

Mælirinn er fullur af ósætti milli heilbrigðisyfirvalda og heimilislækna og engin ástæða er til annars en að leysa

varanlega úr því. Það hvílir nú á hæstv. heilbrrh. að sjá til þess og ég veit að hann skorast ekki undan því. Þar með mun hann líka marka sér verðugan sess.

Afleiðing af því að ganga ekki til verka nú blasir við. Hrun heilsugæslunnar vill ekkert okkar sjá, en það verður óhjákvæmilegt sé ekki gripið í taumana nú þegar. Úr því að skilin milli frumþjónustu heimilislækna og annarra sérfræðinga eru ekki lengur fyrir hendi í reynd, umræðu um tilvísunarskyldu er lokið og fólk hefur valfrelsi til þess að leita eftir grunnþjónustu hjá heimilislæknum eða sérfræðingum þá verður ekki undan því komist að semja við heimilislækna um sama frelsi til starfa og býðst öðrum læknum. Heimilislækna vantar val um að geta unnið sjálfstætt en það er ein af forsendum þess að næg nýliðun verði í heimilislækningum því að áhugi ungra lækna er fyrir hendi. Heimilislæknar þurfa einnig að haldast í starfi hér á landi og heilsugæslan þarf að vera hornsteinn en ekki hornreka. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Ég nefni þetta í umræðu um vanda heilbrigðisþjónustunnar af því að ég er þess fullviss að einungis með vel starfhæfri þjónustu á grunnstigi geti heilbrigðisþjónustan nýst rétt.

[16:42]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Löngu tímabært er að reyna að fá skýr svör við því m.a. hvert eigi að stefna í málefnum heilsugæslunnar og hvort einhver stefna sé yfir höfuð fyrir hendi í þeim málum. Það var sátt lengi framan af en svo er greinilega ekki lengur, án þess þó að tekin hafi verið um það einhver formleg ákvörðun. Þetta hefur allt einhvern veginn gerst hægt og hljótt og enginn náð að sporna við. Og á þá sem á þetta hafa bent hefur ekki verið hlustað, ekki tekið mark á þeim þó að þeir séu sérfræðingar í málefnum heilsugæslunnar. Ég er auðvitað að tala hér um heimilislækna.

Almenn sátt hefur ríkt um tvískiptingu þjónustunnar, þ.e. sem lögin kveða skýrt á um, annars vegar um þá grunnþjónustu sem er auðvitað heilsugæslan, og hins vegar sérfræðiþjónustuna. Nú fljóta þessi mörk og talað er um að lögin séu orðin of gömul, en þá þarf líka að breyta þeim.

Mikill skortur hefur verið á uppbyggingu í heilsugæslunni. Til dæmis er hún ekki alls staðar hér í Reykjavík og það eru enn nokkur hverfi sem ekki hafa hana. Hvert á þá fólk að leita? Það er ekki úr mörgu að velja fyrir þá sem eitthvað amar að og þeir leita auðvitað til annarra sérfræðinga. En ég lít svo á að heimilislækningar séu líka afar mikilvæg sérgrein með mikilsverða þekkingu og nauðsynlegt að búa þeim sömu skilyrði og öðrum til þess að þjóna sjúklingum sínum. Kjaramál heimilislækna eru öllum kunn. Því skyldu þeir vera minna metnir í launum? Þeir eru með langa sérmenntun og hana ber að meta til launa og það þarf að leiðrétta þau að sjálfsögðu í samræmi við aðra.

En það er líka eitt sem á skortir og það er að kostnaðargreina heilsugæsluna en slík kostnaðargreining hefur því miður ekki farið fram. Hvað kosta t.d. mikilvægustu þættir eins og mæðravernd, ungbarnaeftirlit, forvarnir, unglingamóttökur o.s.frv.? Ég þori að veðja að þessir póstar eru ekki eins dýrir og margir halda, að ég tali nú ekki um allt það forvarnagildi sem í slíkri þjónustu er falið í heilsugæslustöðvunum.

Hvernig er áætlað að bregðast við öllum þeim uppsögnum sem nú vofa yfir heilsugæslunni? Þar er stórt vandamál á ferðinni. Hvernig á að manna þessa grunnþjónustu samkvæmt lögum, því að samkvæmt lögum gegnir hún lykilhlutverki í heilbrigðisþjónustu landsmanna? Og hvenær sjáum við svart á hvítu hvar á að byggja upp heilsugæslu sem á skortir, á hve löngum tíma á að gera slíkt og hversu miklum fjármunum á að verja til þeirra verkefna? Þessu er nauðsynlegt að svara með markvissri áætlunargerð sem ætlað er að standi og gera þá þær lagabreytingar sem þarf til að svo megi verða.

Herra forseti. Annað verulegt áhyggjuefni er skortur á hjúkrunarrýmum fyrir aldraða. Það er líka heilbrigðisvandamál. Hvernig á að bregðast við ástandinu í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu? Hafa verið gerðar áætlanir til tíu eða fimmtán ára um þörf á uppbyggingu í þeim málaflokki? Eru á borðinu einhver nýmæli í þjónustu við aldraða? Hefur verið gerð könnun á því hvort og þá hvaða þörf er á nýjum úrræðum í þessum málaflokki og hvernig er hægt að styrkja enn frekar sveitarfélög til þess að byggja upp þjónustu við aldraða þar sem verulegur skortur á hjúkrunarrýmum er til staðar?

Verkefnin eru næg og það þarf greinilega að taka til hendinni.

[16:45]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem haldið hefur verið fram að fjárhagsvandi steðjar að Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Það eru ekki ný tíðindi og er sama hvaða flokkur er við heilbrigðismálin og stjórnar þar, sá vandi hefur ætíð verið uppi. Stóru sjúkrahúsin í Reykjavík hafa ætíð verið í fjárhagsvanda þegar nálgast árslok og ástæðuna má að verulegu leyti rekja til þess að Landspítalinn er nú sem fyrr endastöð í heilbrigðisþjónustunni eins og margsinnis hefur verið bent á.

Virðulegi forseti. Til þess að varpa ljósi á fjármál heilbrigðisþjónustunnar er rétt að taka það fram að hjá stórri stofnun eins og Landspítalanum vega laun og launatengd gjöld um 68% af heildarútgjöldum spítalans. Þetta þýðir, eins og hæstv. heilbrrh. hefur bent á, að allar launabreytingar sem verða hafa gríðarlega mikil áhrif á rekstrarstöðu spítalans. Hvert prósent sem Landspítalinn fer umfram eigin áætlanir svarar til útgjalda að 160 milljónum á ári, hvert einasta prósent á þeim rekstrarþætti.

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni skal tekið fram að heildarframlögin til spítalanna beggja voru 13 milljarðar árið 1997, 16 milljarðar 1998, 18 milljarðar 1999 og 20 milljarðar árið 2001, og framlögin verða sjálfsagt um 22 milljarðar á árinu í ár. Fjárframlögin hafa þannig aukist um u.þ.b. 64% á fimm árum eða sem svarar til rúmlega 10% á hverju einasta ári, eins og bent hefur verið á í umræðum um heilbrigðismál að undanförnu. Virðulegi forseti. Þetta kalla ég ekki að svelta spítalana, eins og sumir hv. þm. hafa haldið fram á opinberum vettvangi undanfarið og hv. 7. þm. Reykv. hefur haldið slíku fram mjög stíft undanfarið.

Ef við snúum okkur að heildarfjárveitingum til heilbrigðisþjónustunnar, þá er rétt að taka fram að framlögin hafa verið aukin um 17 milljarða kr. á því fimm ára tímabili sem hv. þingmönnum er mjög tamt að tala um, eða frá árinu 1997. Framlögin hafa aukist um 17 milljarða á verðlagi ársins 2001.

Virðulegi forseti. Aldrei í seinni tíma sögu heilbrigðismála hafa framlög til málaflokksins verið aukin jafnmikið á skömmum tíma, aldrei. Þetta eru staðreyndir málsins og mótmæli gegn slíku falla létt því að rök hinna ábyrgu talna sem ég hef lagt hér fram tala skýru máli.

[16:49]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Nokkuð hefur borið á því í umræðunni að hv. þm. velta því fyrir sér hvort uppi sé vandi eða ekki vandi í heilbrigðisþjónustunni. Mér virðist svo að stjórnendur og starfsmenn telji sig neyðast til að draga saman þjónustu og loka deildum af fjárhagsástæðum og tel því skiljanlegt að þeir telji það vanda. Sjúkir sem bíða eftir aðgerðum eða leguplássi svo vikum og jafnvel mánuðum skiptir telja það eðlilega vanda.

Á hinn bóginn ber okkur saman um að heilbrigðisþjónusta okkar er með því besta sem gerist í veröldinni en okkur greinir fremur á um leiðir og um verkaskiptingu hins opinbera og annarra í heilbrigðisþjónustunni heldur en hvort vandi er uppi eða ekki, hvort ástandið telst vandasamt eða ekki. En þegar við ræðum það, sem líka má orða sem álitaefni, um viðbragðsflýti eða skilvirkni heilbrigðisþjónustunnar, þá hljótum við að velta því fyrir okkur hvort við finnum betri leiðir en þær sem nú eru notaðar.

Í umræðunni hefur verið blandað saman málum heilsugæslulækna og málefnum stóru sjúkrahúsanna sem eru að miklu leyti gjörólík. Heilsugæslan hefur víða verið sameinuð smærri sjúkrahúsum og í náinni framtíð er að vænta ávinnings með sameiginlegri yfirstjórn og sameiginlegu skipulagi heilsugæslunnar og sjúkrastofnana sem einkum þjóna langlegusjúklingum, svo sem sjúkum öldruðum, en eru alls ekki með neina starfsemi á hátæknisviði. Það er þó ekki einhlítt enda um margt gjörólík viðfangsefni þannig að í sumum tilvikum tel ég ekki vera að vænta neins ávinnings af þeirri sameiningu.

Þess verður líka að geta að gagnrýni heilsugæslulækna og kröfur þeirra í kjaramálum stafa að stórum hluta af væntingum þeirra um sambærilega stöðu og réttindi og aðrir sérfræðingar í læknastétt hafa nú þegar. Í því efni skal ég segja þá skoðun mína að ég tel nauðsyn að breyta þeirri afstöðu sem virðist til þessa málefnis og skapa þeim möguleika og rétt til að velja um það eða hafna að starfa að grein sinni á eigin vegum. Ég tel að ákveða þurfi hvaða kröfur beri að gera til lækna sem starfa á eigin stofum í því ljósi að af þeim verði vænst að þeir veiti sambærilega þjónustu, heildarþjónustu, og heilsugæslulæknar á heilsugæslustöðvum við sambærilegu heildarverði. En mér er fyllilega ljóst, herra forseti, að þegar þetta er rætt þá þarf að gera grein fyrir mismun í fjárfestingu lækna sem starfa á eigin vegum og hinna sem starfa á vegum hins opinbera og meta hana til fjár í verði þjónustunnar.

Hjá því verður ekki komist að benda hér á að sá dráttur sem orðið hefur á að byggja og reka hjúkrunarheimili fyrir aldraða í höfuðborginni hefur haft veruleg áhrif á það ástand sem uppi er á hátæknisjúkrahúsum Landspítala – háskólasjúkrahúss. Í kosningabaráttunni í sjálfri höfuðborginni var þessi málaflokkur gerður að bitbeini á ósmekklegan hátt án þess að nokkuð kæmi fram til úrlausnar. Á sama tíma voru dýrustu deildir sjúkrahúsanna meira og minna fullar af sjúkum öldruðum og þeim þjónuðu okkar dýrustu læknar og dýrustu hjúkrunarfræðingar sem hefðu betur sinnt biðlistunum.

[16:52]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Fyrir nokkrum árum sat hér í ríkisstjórn heilbrrh. sem vildi koma á tilvísunarskyldu þannig að fólk gæti ekki leitað uppi dýrustu sérfræðilækna þegar það fengi kvef eða aðrar umgangspestir heldur þyrfti það að leita fyrst til heimilislæknis og þyrfti að fá tilvísun ef það vildi leita sér aðstoðar sérfræðings. Þetta olli þvílíku fjaðrafoki í þjóðfélaginu að ég minnist varla annars eins. Viðkomandi ráðherra var úthrópaður sem óvinur þjóðarinnar og áróðurskór lækna náði á tímabili þeim undirtökum í þjóðfélaginu að þessari skynsamlegu tilhögun var hafnað þó að það kerfi hafi verið notað með góðum árangri annars staðar á Norðurlöndum og raunar víðast hvar í Evrópu.

Kostnaður hins opinbera hefur tvöfaldast vegna hverrar læknisvitjunar í sérfræðiþjónustunni frá 1997 og heildarútgjöldin um 133,4%.

Þrátt fyrir viðvarandi sultarsöng af hálfu ráðamanna ríkisins vegna kostnaðar í heilbrigðiskerfinu hef ég ekki heyrt nokkurn talsmann ríkisvaldsins anda því út úr sér að e.t.v. ættum við að taka upp tilvísanakerfi eins og rekið er t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Ætlar íslenska ríkið virkilega að standa áfram vörð um sjálftöku sérfræðilækna sem flestir eru einnig á launum inni á spítölunum sem þeir ættu að geta verið fullsæmdir af? Auðvitað er þarna um góða fagmenn að ræða sem vinna sitt verk af kostgæfni en ríkið hefur ekki efni á að stunda oflækningar af þessu tagi og í því er heldur engin skynsemi. Ef fólk vill leita til sérfræðilækna vegna umgangspesta eða smávægilegra kvilla á það að þurfa að borga fyrir það sjálft en ekki eiga kröfu á að ríkið greiði þjónustuna.

Nú hafa heilsugæslulæknar, sem hafa setið í náðum síðan ríkið gerði við þá fastlaunasamning, risið upp og heimtað að vera sérfræðingar líka og fá að vera með einkapraxís. Ég held reyndar að það sé brýn nauðsyn að endurskoða samninga heilsugæslulækna þannig að þeir fái sambærileg kjör og læknar hafa á sjúkrahúsum, en ég tel að það væri alrangt að opna á einkarekstur í grunnþjónustunni sem væri greiddur af ríkissjóði eins og nú tíðkast hjá sérfræðilæknum. Eins er mjög brýnt að koma á einhverju því kerfi að fólk verði fyrst að leita til grunnþjónustunnar áður en það leitar til sérfræðilæknis. Ef ekki má taka upp tilvísanakerfi þá þarf að finna nýjar leiðir til að beina fólki til heilsugæslulækna. Heilbrigðisþjónustan í landinu kostar mikla peninga og við þurfum að tryggja að þeir peningar séu skynsamlega nýttir almenningi til hagsbóta en ekki að reka einhvern nægtabrunn sem sjálftökulið getur sótt í.

Ég vil að lokum óska heilbrrh. góðs gengis í komandi kjaraviðræðum.

[16:56]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Enn eru málefni heilbrigðisþjónustunnar til umfjöllunar í umræðu utan dagskrár. Mikil umræða fór fram í síðustu viku um málaflokkinn í umræðunni um fjárlög.

Við búum við traust og gott heilbrigðiskerfi eins og fram hefur komið. Við höfum traust og gott og vel menntað starfsfólk, við höfum tileinkað okkur framúrskarandi tækni og við höfum líka tekið í notkun ný lyf sem eru virkust hverju sinni. Heilbrigðisþjónustan snýr að öllum íbúum og fjölskyldum landsins, þess vegna er málaflokkurinn afar viðkvæmur.

Komið hefur fram að um 70% af heildarútgjöldum heilbrigðisþjónustunnar er launakostnaður. Næststærsti útgjaldaliðurinn er lyfjakostnaður.

Umræðan hefur í dag verið um margt dálítið sérkennileg. Þannig kaus t.d. Siglufjarðar-eðalkratinn Kristján L. Möller að rifja alls ekki upp afrek Alþfl. sáluga þegar Alþfl. sá

um málaflokkinn í ríkisstjórninni 1991 – 1995, enda er síðan búið að afskrifa þann stjórnmálaflokk.

Hv. 19. þm. Reykv. kaus að ræða um einkarekstur eins og hún kýs að kalla það nú í stað þess að í fyrra ræddi hún gjarnan um einkavæðingu heilbrigðisþjónustunnar. Hugmyndafræði hv. þm. minnir mig helst á pilsfaldakapítalisma. Við getum útfært þá hugmyndafræði nákvæmlega á sama hátt í skólakerfinu. Við getum kostnaðargreint hvað það kostar að ala upp barn í leikskóla, hvað kostar að kenna barni í grunnskóla, hvað kostar að kenna barni í framhaldsskóla, hvað kostar að kenna fullorðinni manneskju í háskóla. Síðan getum við sent pakkann til kennaranna eða félagasamtaka og þannig greitt fyrir þennan útlagða kostnað. Ég er ekki hrifinn af þeirri aðferðafræði.

Það má líka velta fyrir sér hver voru úrræði hv. málshefjanda í þessum málaflokki. Þau einkenndust reyndar af upphrópunum á nákvæmlega sama hátt og hún hóf ræðu sína. Hv. þm. talaði um skilgreiningu heilbrigðisþjónustunnar, hv. þm. talaði um kostnaðargreiningu, annars vegar talaði þingmaðurinn um of há laun sérfræðinga og hins vegar um of lág laun heilsugæslulækna.

Lausn hv. þm. var að við ættum að setja á stofn þverpólitíska nefnd. Ég minnist þess hins vegar að þegar ráðherrar setja á stofn nefndir hefur þessi sami hv. þm. stundum sagt með ákveðinni fyrirlitningu: Nú, ein nefndin enn. Þess vegna er lausn hæstv. heilbrrh. mun betri og eðlilegri, þ.e. að láta heilbr.- og trn. fjalla um málið. Við leysum ekki verkefni heilbrigðisþjónustunnar með upphrópunum í utandagskrárumræðu.

[16:59]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Heilbrigðisþjónusta á Íslandi er að mestu leyti fjármögnuð af almennum skatttekjum ríkisins og þjónustan er að stærstum hluta í höndum stofnana þess. Mitt álit er að nauðsynlegt sé að skoða kerfið allt í heild sinni, hvað hver á að gera, hvaða verkefni hver á að sinna og hvernig farið er með fjármagn.

Herra forseti. Í heilbrigðisáætlun hefur það markmið verið sett að yfir 75% fólks 80 ára og eldra verði við svo góða heilsu að það geti með viðeigandi stuðningi búið á eigin heimilum utan stofnana. Aldraðir kjósa allra helst að vera heima hjá sér eins lengi og kostur er með þeirri aðstoð sem þarf til að svo megi vera. Flestum líður best heima hjá sér og því miður vill heilsunni oft hraka þegar inn á stofnun er komið. Það þarf að færa þjónustuna í vaxandi mæli inn á heimili fólks. Það sem er í veginum er m.a. að heimaþjónustan er á vegum sveitarfélaga og heimahjúkrunin á vegum ríkisins.

Ég vil nefna tvö sveitarfélög, Akureyri og Hornafjörð, sem eru reynslusveitarfélög á sviði heilbrigðisþjónustu. Þessi sveitarfélög reka félagsþjónustuna og heilsugæsluna í einni einingu. Heilsueflandi heimsóknir til aldraðra eru tilraunaverkefni á Akureyri og þar hefur árangurinn ekki látið á sér standa. Þjónusta inn á heimili fólks hefur aukist verulega og þar hefur hlutfalli aldraðra á stofnunum fækkað úr 40% í 30% og fjölgun þeirra sem hafa fengið heimaþjónustu og heimahjúkrun verið á milli 56 og 64%. Við eigum að horfa til þessarar jákvæðu þróunar. Herra forseti. Við eigum að gera öldruðum kleift að vera heima hjá sér með þá aðstoð sem til þarf.

Herra forseti. Hér hefur margt verið rætt um heilbrigðisþjónustuna á Íslandi í dag. Að mínu áliti búum við við afbragðsgóða heilbrigðisþjónustu sem er með þeirri bestu í heiminum í dag.

[17:01]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Umræðan um heilbrigðismál snýst oftar en ekki um rekstur og fjárhagslega afkomu heilbrigðisstofnana. Því miður ber sú umræða oft og tíðum keim af einföldunum og alhæfingum. Heilbrigðisstofnanir fá fjárheimildir í fjárlögum. Þeim er ætlað að duga fyrir rekstri viðkomandi stofnana, þetta þekkjum við. Ég fullyrði að stjórnendur stofnana leggja sig almennt fram um að rekstrarútgjöld rúmist innan fjárheimilda.

Stærstu rekstrarliðir tengjast launum starfsmanna. Í þeim efnum hafa stjórnendur lítið svigrúm og eiga ekki svo gott með að hafa stjórn á þeim. Mörg dæmi eru um að þegar ríkisvaldið gerir kjarasamninga við starfsfólk heilbrigðisstofnana fái viðkomandi stofnanir ekki eðlilegar fjárheimildir til að bera uppi afleiddar launabreytingar fyrr en slíkt er leiðrétt í fjáraukalögum eða jafnvel með sérstökum heimildum í fjárlögum næstu ár á eftir, sem þá eru gjarnan undir þeim formerkjum að leiðrétta þurfi halla af rekstri viðkomandi stofnana.

Þá upphefst gjarnan mikil umræða um hallarekstur heilbrigðiskerfisins með alls kyns yfirlýsingum sem jafnvel ganga svo langt að fram koma hugmyndir um að stjórnendur beri ábyrgð á rekstrinum, þeir eigi að sjá til að reksturinn rúmist innan fjárheimilda, að öðrum kosti eigi að skipta um stjórnendur. Slíkur málflutningur hefur m.a. komið fram í umræðum hér á Alþingi. Þetta tel ég vera dæmi um að fjárveitingavaldið, fjmrn. og fagráðuneyti, verði að vinna betur með viðkomandi stofnunum þannig að stjórnendur geti borið eðlilega ábyrgð á rekstri stofnana sinna.

Fyrir nokkrum dögum kom fram í viðtali við formann Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu að ríkisvaldið þurfi að taka upp ný vinnubrögð við ákvörðun fjárheimilda til heilbrigðisstofnana við fjárlagagerð. Það eigi m.a. að fela í sér að meta þurfi og stilla af rekstrargrunn stofnana út frá skilgreindu hlutverki þeirra og ákveða fjárheimildir út frá því, í stað þess að með reglulegu millibili sé farið í að núllstilla rekstrarstöðu stofnana með sérstökum hallaframlögum. Herra forseti. Ég tek undir þessi sjónarmið en legg jafnframt áherslu á að heilbrrn. hefur á undanförnum árum unnið að gerð þjónustusamninga við stofnanir þar sem starfsemi og rekstur eru skilgreind. Þar með hefur ráðuneytið verið að vinna að lausn mála á þessum nótum. Það breytir hins vegar ekki því að launaútgjöld eru sá rekstrarliður sem hefur afgerandi áhrif á rekstrarafkomu heilbrigðisstofnana. Fjárveitingavaldið og stjórnvöld verða að sjá til þess að stofnanir fái eðlilegar fjárheimildir til að standa undir auknum launagjöldum sem leiða af samningum og launaþróun. Fyrr verður ekki hægt að gera kröfur um að stjórnendur heilbrigðisstofnana beri eðlilega ábyrgð á rekstrarafkomu þeirra.

[17:04]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Þegar skýrslur Ríkisendurskoðunar voru birtar fyrir nokkru var hv. málshefjandi, Margrét Frímannsdóttir, alla þá helgi í að viðra hneykslun sína á niðurstöðum skýrslunnar, sérstaklega hvað varðar sérfræðilæknana. Hún sagði: Þetta er alveg galið kerfi. Þetta er alveg galið kerfi sem við búum við varðandi sérfræðilæknana.

Ég hlustaði því með mikilli athygli á málflutning hv. þm. þegar hún reifaði mál sitt og gerði stöðu heilsugæslunnar að aðalumfjöllunarefni og ýtrustu kröfur hluta heilsugæslulækna. Hver voru úrræði hv. þm. sem áttu að leysa málið að hennar mati? Það var að gera gjaldskrársamninga við sérfræðinga í heilsugæslunni. Með öðrum orðum, að taka upp það kerfi sem hv. þm. úthrópaði heila helgi sem alveg galið kerfi. Þetta voru tillögur hv. málshefjanda, Margrétar Frímannsdóttur.

Það voru fleiri en ég sem ekki voru mjög hrifnir af þessum tillögum. Ég man ekki betur en að formaður Samfylkingarinnar hafi á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar fyrir skömmu líkt þessu kerfi við opinn krana, að sérfræðingar hefðu opinn krana í ríkissjóð. Það sem varaformaður Samfylkingarinnar leggur nú til að tekið verði upp er að hleypa heimilislæknum í þennan opna krana. Ég hlýt að spyrja, herra forseti: Hver er stefna Samfylkingarinnar í þessu máli? Er hún galin eða er hún ekki galin? Nú vill svo til að varaformaður Samfylkingarinnar kemur hér í ræðustól á eftir og getur útskýrt þetta fyrir okkur.

Í öðru lagi sagði hv. málshefjandi að það vantaði 4–5 milljarða inn í heilbrigðiskerfið. Ég get verið nokkuð sammála þingmanninum um að það vanti peninga inn í kerfið. Það er allt í lagi að setja meiri peninga inn í kerfið vegna þess að það er ódýrt eins og ég hef sýnt fram á með rökum úr þessum ræðustól fyrr í umræðum um þessi mál.

En hvað segir formaður þingflokks Samfylkingarinnar um þetta sjónarmið á vefsíðu sinni fyrir nokkru? Hann segir að það leysi því miður ekki vandann að auka útgjöldin til heilbrigðismála. Hver er stefna Samfylkingarinnar í þessu máli? Er stefna Samfylkingarinnar sú að ekki eigi að auka fjármagn til heilbrigðismála eða telur hún vanta fjármagn til heilbrigðismála? Ég held því að fara verði fram á það að þessi stefna verði skýrð.

Ég vil að lokum, herra forseti, rifja upp að Samfylkingin í Hafnarfirði vann sinn stærsta kosningasigur í bæjarstjórnarkosningunum með því að vera á móti einkavæðingu í menntakerfinu. Hún notaði fyrsta tækifæri til að kippa þeirri stofnun aftur inn undir verndarvæng bæjarfélagsins, þ.e. Áslandsskóla. Nú talar þingmaður Samfylkingarinnar, Guðmundur Árni Stefánsson, og varaformaður Samfylkingarinnar, Margrét Frímannsdóttir, fyrir einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. Skyldi það vera í takt við sjónarmið kjósenda í Hafnarfirði að þessar áherslur eru teknar upp um þessar mundir, herra forseti?

[17:07]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það eru lágmarkskröfur á hv. þingmenn að þeir fari með rétt mál en ekki eintómt þvaður.

Þannig er að í ræðu minni sagði ég — af því að ég hef þetta nú hérna, ég var með heimastíl — hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson:

„Ef ekki er farið að lögum um tvískiptingu heilbrigðiskerfisins í frumþjónustu og annarri sérþjónustu eru engar forsendur til staðar til að neita því að heimilislæknar fái að gera gjaldskrársamninga á sama grundvelli og aðrir sérfræðingar. Þá þurfa að koma til gagngerar breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu. Er það vilji ráðherra? Það er nauðsynlegt að fá svör við þeirri spurningu."

Þetta var það sem ég sagði, hv. þm. Þegar þingmenn, ég tala nú ekki um hv. þingflokksformenn, vitna í ræðumenn þá skulu þeir hafa rétt eftir (Gripið fram í.) og forðast útúrsnúninga.

Það er alveg merkilegt að hlusta á þessa umræðu þar sem ekki hefur komið svar við einni einustu spurningu. Staðreyndin er sú að niðurstaða Ríkisendurskoðunar er sú að ekki sé farið að lögum, að í raun sé ekki farið að lögum vegna þess að valfrelsið sem var sett hér á geri það að verkum að lög um heilbrigðisþjónustu, þ.e. um þessa tvískiptingu, virki bara ekki lengur.

Hér tala menn um sérfræðinga og heimilislækna. Ég hafði haldið að heimilislæknar væru með færustu sérfræðingum sem við ættum í læknastéttinni. Það ber að tala um þá á nákvæmlega sama máta og aðra sérfræðinga sem starfa innan heilbrigðiskerfisins.

Svörin vantar ekki frá Samfylkingunni. Svörin vantar frá Framsfl. Ég vil fá að heyra hvað hæstv. ráðherra ætlar að gera. Hvernig ætlar hann að bregðast við því að 20 heimilislæknar, sérfræðingar í heimilislækningum, eru að ganga út á næsta einum og hálfum mánuði? Hæstv. ráðherra talar um að þegar hann hafi komið í ráðuneytið hafi ráðuneytið verið eins og skúta sem hafi bara rekið fyrir vindi (**Gripið fram í:** Fyrirrennari hans.) þegar þeir tóku við.

Ég er yfir mig hissa. Hafi þetta ráðuneyti verið þannig, ef svo hefur verið komið 1995 eða 1991, að sú skúta hljóti þá nánast að vera sokkin með manni og mús því að sáralítið hefur gerst síðan.

Var ekki skipuð nefnd — af því að hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason, sem nú situr í forsetastól, sagði að ég hefði verið hneykslaður á nefndaskipan — til að leysa málefni heilsugæslunnar fyrir einu ári? Hvað gerði hún? Dagaði uppi.

Jú, jú, það er sjálfsagt og eðlilegt að heilbr.- og trn. fari yfir skýrslu Ríkisendurskoðunar. Það á ekki að þurfa að orða það hér. Það sem ég sagði var: Við skulum búa til starfsnefnd sem fer yfir allar þær athuganir sem gerðar hafa verið, ekki bara skýrslu Ríkisendurskoðunar heldur allt saman og skilar hér skýrslu innan tveggja mánaða til þingsins um stöðu mála. Við verðum að skilgreina hlutverk heilbrigðisþjónustunnar.

Vissulega höfum við aukið fjármagnið til heilsugæslu á undanförnum árum, það er alveg hárrétt, en nýtum við það fjármagn eins vel og við getum? Nei. Ég er sannfærð um að ef tvískiptingin virkaði og komið væri fram við heilsugæsluna og heimilislæknana, sérfræðinga okkar í heimilislækningum, á sama hátt og gert er gagnvart öðrum, af sömu virðingu, og þessi hluti heilbrigðisþjónustunnar meðhöndlaður af sömu virðingu þá nýttum við þetta fjármagn betur. Því miður, virðulegi forseti, hef ég ekki tíma til þess að fara aðeins yfir það nánar sem hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason kallaði upphrópanir. Þetta eru staðreyndir.

[17:12]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Það sem stendur upp úr umræðunni sem hér hefur farið fram er að það vanti að skilgreina hlutverk stofnana í heilbrigðiskerfinu. Ég tel að það sé ekki skortur á skilgreiningum sem veldur vandamálum. Hlutverk Landspítala – háskólasjúkrahúss er skilgreint. Það er endastöð í heilbrigðiskerfinu. Það er háskólasjúkrahús. Hlutverk heilsugæslunnar er skilgreint, hún á að vera grunnþjónusta í heilbrigðiskerfinu.

Ég á við tvö vandamál að etja í heilbrigðisþjónustunni sem mér finnst erfiðust. Það þarf að auka aðgengi að heilsugæslunni. Að henni þarf að vera gott aðgengi. Auk þess þarf að auka uppbyggingu í öldrunarþjónustu. Þetta eru þau

tvö vandamál sem mér sem heilbrrh. finnast langsamlega erfiðust.

Því hefur verið haldið fram að heilbrrn. og heilbrrh. hafi læst sig inni varðandi heilsugæsluna. Því fer víðs fjarri. Ég hef gefið það út að ég styðji tillögur um blandað launakerfi í heilsugæslunni. Ég hef undirbúið útboð á einni heilsugæslustöð og gefið grænt ljós á að gera þjónustusamninga við heilsugæslulækna. Þannig er langt í frá að heilbrrn. eða heilbrrh. hafi læst sig inni.

Hins vegar tek ég undir að það hefur ekki komið fram hvaða stefnu Samfylkingin rekur varðandi heilsugæslulæknana. Hv. 9. þm. Reykn. orðaði þetta vel. Ég skildi hvað hún var að fara. *Við vorum sammála.* En ég skildi ekkert hvað aðrir voru að fara, því er nú verr.

Ég er sammála því að það megi ekki vera þannig í heilbrigðiskerfinu að sums staðar sé of greiður aðgangur og annars staðar sé ekki aðgangur. Það verður að vera greiður aðgangur alls staðar. Að því vil ég vinna.

Málefni heimilislækna eru hjá kjaranefnd. Það er engin furða þó að það sé órói í þeirra röðum. Það hefur ekki verið kveðinn upp úrskurður um laun þeirra síðan 1998. Það hefur verið samið við allrar aðrar stéttir síðan. Ég á von á nýjum úrskurði um laun þeirra jafnvel núna í vikunni þó að ég geti ekki sagt um það nákvæmlega. Ég veit að að því hefur verið unnið. Ég vil ræða við þá þegar við sjáum á hvaða grunni kjör þeirra verða. Ég hef beðið m.a. heilsugæslulækna í Hafnarfirði að doka eftir því á fundi með þeim. En þeir hafa sett mjög harkalega fram kröfuna um núllstillta gjaldskrársamninga.

Ég vil undirstrika og endurtaka að sá vandi sem við er að glíma er að ná að gera aðganginn að heilsugæslunni greiðan þannig að hún geti sinnt grunnþjónustunni. Að því vil ég stefna og að því vil ég vinna. Ég vil líka stefna að því að öldruðu fólki sé þjónað í réttu umhverfi og á réttum stað í heilbrigðiskerfinu. Að því er einnig verið að vinna. Svo má ekki gleyma fjáraukalögum þegar talað er um vanda heilbrigðiskerfisins þar sem 1,5 milljörðum er varið í heilbrigðiskerfið.

Aðgerðir til verndar rjúpnastofninum, fyrri umr.

Þáltill. SJS, 11. mál. — Þskj. 11.

[17:17]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum. Þetta er þskj. 11, 11. mál þingsins. Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að grípa tafarlaust til aðgerða til verndar rjúpnastofninum. Haustið 2002 skal leyfilegur veiðitími á rjúpu vara 1.–30. nóvember. Rannsóknir á viðgangi rjúpnastofnsins skulu efldar eins og kostur er og fylgst grannt með því hvort aukin friðun skilar sýnilegum árangri. Áður en veiðitími hefst haustið 2003 skal metið hvort grípa verði til enn frekari aðgerða, svo sem sölubanns eða alfriðunar stofnsins um eitthvert árabil."

Efnisleg áhrif tillögunnar ef samþykkt yrði, herra forseti, eru ósköp einföld. Umhvrh. yrði falið að grípa tafarlaust til ákveðinna friðunaraðgerða og þá fyrst og fremst þeirra á þessu hausti að stytta tímann niður í einn mánuð, taka framan af hálfan mánuð í október og síðan desembermánuð aftan af.

Herra forseti. Menn deila ekki lengur um það að ástand rjúpnastofnsins er afar bágborið. Staðkunnugum mönnum á helstu varp- og uppeldisslóðum rjúpunnar, sem eru ekki hvað síst á Norðausturlandi, ber yfirleitt saman um að ástandið hafi versnað jafnt og þétt. Náttúrufræðistofnun hefur komist að þeirri niðurstöðu að ástæða sé til þess að hafa mjög alvarlegar áhyggjur af stöðu stofnsins og mun setja rjúpuna á válista sem tegund í yfirvofandi hættu. Fjölmargir landeigendur, gamalreyndir veiðimenn, sveitarstjórnir og fleiri aðilar hafa látið málið til sín taka og sent frá sér ályktanir og áskoranir til stjórnvalda um að gripið verði til aðgerða. Ég nefni einn einstakling úr þessum hópi, Árna G. Pétursson, fyrrverandi ráðunaut á Vatnsenda á Melrakkasléttu, en hann hefur verið ódeigur baráttumaður fyrir aðgerðum í þessa veru og hóf baráttu fyrir því fyrir nokkrum árum að rjúpan yrði sett á válista.

Að sjálfsögðu er það svo, herra forseti, að skiptar skoðanir geta verið um hvaða aðgerðir séu vænlegastar þegar menn loks eru komnir að þeirri niðurstöðu að eitthvað verði að gera. Þar heyrast sjónarmið allt frá því einu að auka beri rannsóknir og eftirlit til þess að unnt sé að greina sérstaklega hversu stór þáttur veiðiálagið sé í afkomu stofnsins eða jafnvel hvort veiðar hafi yfir höfuð nokkur áhrif. Því hefur verið haldið fram alveg fram undir síðustu ár að svo sé. Ég hygg þó að þeim fari fækkandi sem ekki viðurkenna að veiðarnar spila þarna inn í og erlendir sérfræðingar bentu einmitt nýlega á það á ráðstefnu hér að þó að veiðar kunni að hafa lítil áhrif þegar stofninn er í góðu ástandi, þá gætu þær verið afgerandi þáttur í því að fækka í stofninum þegar hann er á niðurleið og ástandið er bágborið. Aðrar hugmyndir ganga út á það að banna t.d. sölu á villibráð, þar með talið rjúpum, enn aðrar að veiðar væru bundnar við tiltekinn fjölda á dag svo sem þekkt er úr ýmsum veiðiskap eins og úr laxveiðum og er þekkt úr fuglaveiðum í nágrannalöndum. Ég hygg t.d. að í Noregi gangi menn til rjúpna og megi eingöngu taka vissan fjölda fugla á degi hverjum. Enn aðrir, og þeim fer reyndar mjög fjölgandi nú, ganga svo langt að segja að ekkert minna dugi en alfriðun rjúpunnar um eitthvert árabil. Það sjónarmið heyri ég æ oftar af heimaslóðum mínum þar sem margir hafa fylgst með rjúpnastofninum um áratuga skeið og hafa af því miklar áhyggjur hversu gríðarleg fækkun hefur orðið í því kjörlandi rjúpunnar sem þó er á svæðinu frá Suður-Þingeyjarsýslu og norður um Norður-Þingeyjarsýslu og austur á Austfirði þar sem víðlend heiðalönd, ásar, mólendi og kjarrlendi hefur lengi lagt til eitt helsta kjörlendi rjúpunnar í landinu.

Sú hugmynd sem mér heyrist langflestir taka undir og mæla með í öllu falli sem skynsamlegri aðgerð og menn hafa reyndar barist fyrir nokkur undanfarin ár er sú að stytta veiðitímann. Það sé einföld og árangursrík aðferð til þess að draga úr veiðiálaginu og sérstaklega með því að stytta tímann framan af hausti, taka framan af tímanum, þá vinnist margt í senn, bæði það að þá á rjúpan oft og tíðum minnsta undankomuleið, þá er landið viðkvæmast yfirferðar og margir landeigendur og sveitarstjórnir hafa miklar áhyggjur af vaxandi landspjöllum sem mikil umferð ökutækja á vegarslóðum, moldarslóðum, svo ekki sé talað um ef akstur er beinlínis stundaður utan vega, veldur á þessum viðkvæma árstíma þegar haustrigningar eru og áður en frost eða snjór er farið að hlífa landinu.

Nú háttar svo til, herra forseti, að vegna góðs tíðarfars er land alautt upp í hæstu fjöll og haldi svo sem horfir fram til

15. október sem veiðitíminn mundi hefjast að óbreyttu, þá þekkja menn það vel af reynslunni t.d. frá því í hittiðfyrra-haust að rjúpan á sér lítillar undankomu auðið þegar allar slóðir eru færar og hvergi snjódíll til að skýla henni, þá getur veiðin orðið gríðarleg á fyrstu dögum veiðitímans, ef svo heldur sem horfir. Ef ekki hefur gert hausthret til að þjappa rjúpunni saman og færa hana til, þá er hún jafnvel enn þá í varphópum og er auðveld bráð þeim sem aka um, ég tala nú ekki um ef menn keyra yfir fjöll og firnindi og jafnvel skjóta af bílunum.

Herra forseti. Tillagan gerir sem sagt ráð fyrir því að umhvrh. verði falið að grípa til slíkra aðgerða þegar á þessu hausti. Það er með öllu óviðunandi að því sé borið við haust eftir haust að ekki sé tími til aðgerða fyrr en að ári liðnu af því að menn láta 15. október ganga í garð ár eftir ár án þess að aðhafast nokkuð og segja svo þegar þannig er komið: Það er of seint að gera nokkuð í haust. Þetta var staðan í fyrra þegar ég á einum fyrsta degi þingsins lagði fram fyrirspurn til hæstv. umhvrh. um nákvæmlega það hvort til stæði að grípa til einhverra aðgerða til verndar rjúpnastofninum á því hausti. Þá var beðið með að svara þeirri spurningu, því miður, eða það náðist ekki að svara henni fyrr en 15. október var genginn í garð, veiðitíminn hafinn og þá var eðlilega sagt: Það er a.m.k. ekkert hægt að gera í haust því að það er of seint. Nú virðist sami leikurinn aftur vera í bígerð og þó að það sé góðra gjalda vert að uppi séu hugmyndir eða plön um að grípa til aðgerða haustið 2003, þá mun það ekki hjálpa rjúpnastofninum á þessu hausti og það á reyndar að kjósa í millitíðinni og hver veit hvaða viðhorf nýr umhvrh. kann að hafa að hausti. Kannski þarf hann þá enn eitt árið í viðbót til að hugsa sinn gang og skoða málið.

Herra forseti. Nú liggja fyrir óyggjandi vísbendingar í þessu máli. Ég vísa þar í bréf Náttúrufræðistofnunar Íslands sem er fyrsta fskj. með tillögunni og í fskj. II sem er úttekt Ólafs K. Nielsens á ástandi rjúpnastofnsins. Til viðbótar vísa ég í allar þær upplýsingar sem komið hafa fram á undanförnum nokkrum haustum, t.d. frá veiðimönnum, sveitarstjórnum og samtökum sveitarstjórnarmanna fyrir norðan og austan og í því sambandi bendi ég á fskj. III sem er samþykkt Eyþings, Sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, og þar er aftur vitnað í erindi frá hreppsnefnd Svalbarðshrepps sem var lagt fyrir aðalfund Eyþings haustið 2001 þar sem heimamenn fara eindregið fram á aðgerðir, að stytta veiðitímann og færa fram þau rök að hluta til sem ég tíundaði áðan bæði varðandi veiðiálagið á fyrstu vikum veiðitímans og meðferðina á landinu og öðru slíku.

Sömuleiðis hef ég undir höndum frá sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps mjög sambærilega tillögu sem samþykkt var þar síðsumars 2001 þegar menn þóttust sjá að enn eitt tímabilið færi í hönd þar sem ástand stofnsins væri mjög dapurt og þá var skorað á umhvrn. að grípa til aðgerða og stytta veiðitímann um 3–4 vikur frá því sem nú er og hann hæfist sem því næmi seinna að haustinu. Ég held, herra forseti, að ástæða sé til að taka mark á þeim eindregnu óskum og ábendingum heimamanna sem þarna eiga í hlut. Það hefur lengi verið talið að á því landshorni stæði þó stofninn einna skást fyrir utan kannski afmörkuð svæði á Vestfjörðum og einstöku stöðum öðrum þar sem fjarlægð eða ógreiðar samgöngur hafa búið til einhver griðlönd fyrir rjúpuna. En undanfarin haust hefur það þó verið þannig að veiðimenn hafa helst talið góðrar veiði von á norðaustanverðu landinu og flykkjast nú þangað unnvörpum af þeim sökum þannig að þau svæði þar sem ástandið var þó helst þolanlegt taka núna á sig langmest veiðiálagið og miðað við kenningar fræðimanna má þá búast við því að einnig þar láti stofninn mjög hratt undan síga. Ég held að menn verði líka að hafa í huga þegar ástandið nú er borið saman við fyrri tíð að aðstæður eru gjörbreyttar. Áður gengu menn til rjúpna frá byggð og utan þess svæðis sem var aðgengilegt mönnum yfirleitt með göngu á degi hverjum úr byggð átti rjúpan sér griðland. Sem sagt, allt miðhálendi landsins og öræfin þegar lengra kom frá byggð. Nú er þessi staða gjörbreytt. Fjallaskálar inn um allt hálendi eru fullir af veiðimönnum strax frá fyrsta degi og með tilkomu ökutækja og vegarslóða sem hafa verið að opnast nánast upp um allt hálendið er staðan að þessu leyti alveg gjörbreytt. Rjúpan á sér varla nokkurs staðar neitt griðland lengur nema svæðið hér á suðvesturhorninu, á Reykjanesi, sem umhvrh. að vísu, svo öllu sé til haga haldið, hyggst stækka. Það er góðra gjalda vert en neikvæða hliðin á því máli er sú að þeir veiðimenn sem þar hefðu ella gengið til rjúpna fara þá annað og þá má ætla að veiðiálagið aukist enn á þeim svæðum sem opin eru. Að þessu slepptu eru það þá bara þjóðgarðarnir og einstöku lönd í einkaeigu sem eru friðuð.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa framsöguræðu lengri. Ég þakka fyrir að skapaðar voru aðstæður til að tillagan mætti koma hér á dagskrá og fyrir því er sú gilda ástæða að eigi að aðhafast eitthvað í þessum efnum þarf að vinda bráðan bug að því. Ég leyfi mér því að vona og vænta þess að hv. umhvn. taki málið þegar fyrir og því verði vísað þangað að lokinni umræðu. Ég tel rétt að nefndin kanni það strax, helst í þessari viku hvort nokkrir meinbugir séu á því að stytta veiðitímann nú þegar í haust. Ég tel satt að segja hreint ábyrgðarleysi að gera það ekki. Og ef það er eitthvað erfitt viðfangs fyrir ráðuneytð eða þá aðila þá finnst mér að Alþingi eigi sjálft að taka af skarið. Það hefur áður gert það í málum af þessu tagi. Alþingi hefur sjálft iðulega gripið til sérstakra verndaraðgerða þegar svo hefur borið undir, hvort sem það hefur verið veiðibann á hvölum, friðun á rjúpu eða eitthvað annað sambærilegt. Nú er svo komið að mér finnst að menn eigi að taka af skarið í þeim efnum. Það getur ekki skaðað okkur á nokkurn hátt að grípa til tiltölulega mildilegra aðgerða af þessu tagi. Ég er sannfærður um að veiðimenn, sportveiðimenn sem og heimamenn, sem hafa gengið til rjúpna munu skilja hvers vegna út í slíkar aðgerðir yrði farið. Auðvitað kann að vera að einhverjir yrðu óánægðir með það að lítill aðlögunartími gæfist að slíkum breytingum en það getur varla talist alvarlegur ágalli á málinu borið saman við hitt að gera ekki neitt haust eftir haust þegar vísbendingarnar hafa hrannast upp jafnalvarlegar og raun ber vitni. Það sakar varla að hafa vaðið fyrir neðan sig og láta þá náttúruna eða öllu heldur í þessu tilviki rjúpuna — og reyndar ekki bara rjúpuna því að fleira hangir á spýtunni, íslenski fálkastofninn og allt íslenska lífríkið — njóta vafans.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umr. og hv. umhvn.

[17:31]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 118. mál, frv. MF o.fl., þskj. 118.

Framlög ríkisins til neytendamála, 134. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 134.

Réttarstaða samkynhneigðs fólks, 132. mál, þáltill. GÖ o.fl., þskj. 132.

[17:31]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hér er að mínu áliti hreyft þörfu máli um rjúpnastofninn sem ég held að flestir séu sammála um að er í mikilli lægð um þessar mundir. Mörg orð hafa verið höfð um þennan fallega fugl og ortar vísur um fegurð hans. Ég get tekið undir það allt saman. Ég hef sjálfur stundað rjúpnaveiðar ár hvert síðustu áratugina og mér hefur oft ofboðið hversu nærri þessum fugli menn hafa gengið og verið lítt tilleiðanlegir til að taka undir aðgerðir til að minnka veiðina.

Ég hef t.d. sagt það úr þessum ræðustóli að *mér finnst* að banna eigi byssur sem hafa fleiri en tvö skot. Þær þrengingar sem eru settar í byssur hafa aldrei gagnast nokkurn skapaðan hlut. Ég hef sjálfur heyrt á fjöllum að menn hleypa frá fimm skotum og upp í átta úr byssunum sínum þannig að allar fullyrðingar um að menn fari eftir þessu eru algjörlega úr lausu lofti gripnar og ekkert á bak við þær. Mér finnst sorglegt að ekki skuli hafa verið hægt að grípa til þess að hafa bara tvo skot í byssunum. Ég er ekki viss um að það sé gagnslaust, eins og kemur fram í þessari greinargerð, að láta kvóta á veiðimenn. Ég hugsa að það geti hjálpað að banna hjálpartæki. Við vitum af því að menn eru á snjósleðum og fjórhjólum uppi um öll fjöll að elta fuglinn. Auðvitað er erfitt að fylgja þessu öllu eftir en þetta er samt einhver hömlunaraðgerð.

Ég held að ekki væri fráleitt að stytta veiðitímann og þá hugsanlega miða við veðuraðstæður. Allir vita að veðrið á þessu hausti er þannig að ekki sést neinn snjór neins staðar. Það snjóar kannski á hæstu jöklum, og búið. Rjúpan hefur því hvergi nokkurs staðar athvarf um þessar mundir. Hún er orðin hvít og það er mjög auðvelt að sjá hana úr mikilli fjarlægð þannig að ég hálfkvíði því að upphaf rjúpnaveiðitímans núna geti leitt til þess að við förum mjög bratt í að drepa rjúpuna að þessu sinni. Þess vegna fyndist mér ekki fráleitt að byrjunartími yrði breytilegur og ráðherra gæti haft *það dálítið í hendi sér að fresta upphafi veiðitímans* þegar aðstæður bjóða upp á það og landið er þannig að ekki er forsvaranlegt að hefja veiðar.

Ég veit að það er erfitt fyrir margan veiðimanninn ef veiðar verða alfarið bannaðar, og kannski er mjög erfitt að gera það með svo stuttum fyrirvara. Auðvitað er það þó allt saman hægt. Mér finnst alveg sjálfsagt að skoða í umhvn. hvort ástæða væri til þess. En það er örugglega hægt að stytta veiðitímann. Við höfum reyndar séð miklu meiri veiði, eins og kemur fram í þessari sérdeilis góðu þáltill. Það kemur mjög margt fróðlegt fram í tillögunni og þó að maður hafi séð margt af því áður eru þetta samt góðar upplýsingar á einum stað.

Talningar voru gerðar í Hrísey fyrir tveimur árum, sérstakar merkingar, og það átti að fylgja þeim fugli eftir þannig að menn gætu t.d. áttað sig á því af hvaða ástæðum fuglinn dræpist. Það kom reyndar í ljós að mestallur sá fugl sem merktur var í Hrísey fyrir það veiðitímabil drapst úr veirusjúkdómi en var ekki skotinn. Það var á vernduðu svæði úti í Hrísey. *Sáralítið af þeim fugli virtist fara upp á land eins og* menn höfðu gert ráð fyrir. Kannski er ekki allt sem sýnist en ég held að það fari samt ekki á milli mála að það er miklu minna af rjúpu núna en áður. Því held ég að full ástæða sé til að ræða málið í þinginu og að umhvn. skoði þetta með því hugarfari að leyfa rjúpunni að njóta vafans.

[17:37]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Hér er hreyft máli sem er mjög aðkallandi að mínu viti að taka til umræðu og ég þakka hv. flm. fyrir að hreyfa því hér. Aðeins örfá orð um þetta.

Ég held að það sé ljóst, og það hefur verið sýnt fram á það, að rjúpnastofninn er í niðursveiflu. Menn hafa rætt um það hvernig eigi að taka á því máli, sérstaklega varðandi veiðina. Ég er sammála því sem menn hafa nefnt, t.d. í þessari umræðu, um að skoða þurfi það mjög alvarlega að *stytta veiðitímann. Ég held að jafnframt sé rétt ályktað* að það þyrfti að gerast strax.

Ég er einn af þeim sem hafa fengið að njóta þess að snæða rjúpu einu sinni á ári. Mér þykir þessi matur lostæti og ætla ekkert nánar út í það. En ég held að verði ekki gripið til aðgerða nú þegar geti svo farið að það þurfi að alfriða rjúpuna og þar með kemur að því að við sem snæðum rjúpu einu sinni á ári missum af því, og það er ekki gott.

Í umræðunni hefur komið fram hvernig veiðimenn hafa borið sig að við að ná fuglinum. Sumar lýsingar sem ég hef heyrt draga upp mynd af skæruliðahópum sem notast við háþróuð vopn og öflug farartæki sem komast nánast hvert sem er. Ef það er rétt mynd eru menn náttúrlega komnir langt út fyrir það sem ég a.m.k. lít á sem sportveiðimennsku. Það er samt kannski annað mál.

Herra forseti. Ég vildi rétt leggja örfá orð í þessa umræðu, vil þó til viðbótar nefna að það hefur verið rætt, og kemur m.a. fram í tillögugreininni, að hugsanlega ætti að skoða sölubann á rjúpu og jafnvel annarri villibráð. Ég vil í því sambandi nefna að hér eru landeigendur og bændur sem hafa í gegnum tíðina nýtt sér þau hlunnindi sem felast í rjúpunni. Þeir hafa veitt hana í hófi, látið hana njóta vafa og síðan selt hana í verslanir. Ég nefni þetta hér þannig að það farist ekki fyrir að ræða um þá hlið málsins. Það þarf líka að huga að þeim landeigendum og bændum sem hafa nýtt sér *rjúpnastofninn sem hlunnindi. Ég vildi bara nefna það hér.*

Hv. flm. beindi því til umhvn. að kannað yrði hvort grundvöllur væri fyrir því að þessi tillaga næði framgangi strax. Þetta er aðkallandi mál. Það snýst fyrst og fremst um hagsmuni náttúrunnar og ég er þeirrar skoðunar að í þessu máli eigi náttúran að njóta alls vafa umfram okkur mennina. Ég tel að við í umhvn. munum líta jákvætt á það að taka þetta mál til skoðunar og kanna hvort grundvöllur sé fyrir því að fara að óskum flm. Meira ætla ég ekki að segja um málið að sinni.

[17:40]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni Pálssyni og Magnúsi Stefánssyni, formanni umhvn., fyrir undirtektir þeirra og ræður. Ég get sagt eins og þeir báðir. Ég hef gengið til rjúpna um áratuga skeið eins og hv. þm. Kristján Pálsson, haft af því yndi og vona að svo geti orðið áfram. En ég held að það séu einmitt ekki síst þeir sem hafa notið þess sem eiga að taka upp hanskann fyrir fuglinn og sýna ábyrgð í því að ekki verði gengið of nærri honum. Það er sérstök ástæða til að leggja aftur áherslu á það sem hv. þm. Kristján Pálsson kom einnig inn á, að eins og aðstæðurnar blasa við okkur núna á þessum dögum og ef áframhald verður á því fram að miðjum mánuðinum er sannarlega ástæða til að kvíða mjög upphafi veiðitímans. Mér eru mjög í fersku minni lýsingar, og reyndar líka það sem ég sá sjálfur með eigin augum að gerðist á fyrstu dögum og vikum veiðitímans haustið 2000

þegar einmitt voru mjög sambærilegar aðstæður, jörð alauð upp í efstu fjöll og rjúpan átti sér hvergi undankomu auðið. Þá er ansi hætt við því að hún verði auðveld bráð og gríðarleg magnveiði geti farið fram á þessum fyrstu dögum.

Varðandi náttúruleg afföll og miklar sveiflur í stofninum sem eru þekktar staðreyndir af hvaða orsökum sem þær stafa í hverju tilviki, hvort það eru veirusjúkdómar eða e.t.v. eitthvað í fæðukeðjunni eða hvað það er, er alveg ljóst að einmitt við slíkar aðstæður bætist veiðiálagið við mjög mikil náttúruleg afföll. Það er það sem sérfræðingar eru núna farnir að vara við og benda á að ekki megi hugsa eins og kannski var stundum gert áður, að segja sem svo að vegna þess að náttúrulegu afföllin væru svo mikil og sveiflurnar líka skipti veiðin svo litlu máli. Menn geta einmitt ekki leyft sér að hugsa þannig, heldur öfugt, að þeim mun hærri sem náttúrulega dánartalan er, því meiri sem náttúrulegu afföllin eru, þeim mun viðkvæmara kann mikið veiðiálag að vera á þeim litla hluta stofnsins sem eftir stendur eða af mundi lifa.

Svo er annað sem er ósköp einfalt í þessu máli og er náttúrlega meginröksemdin fyrir því að við grípum til aðgerða af þessu tagi. Við höfum engin önnur tæki í höndunum en það að takmarka veiðiálagið. Við erum vopnlaus gagnvart veirusjúkdómum í villtum dýrastofnum sem engin leið er að eiga neitt við. Það eina sem við getum gert og höfum í okkar höndum er að reyna að takmarka þennan hluta affallanna, og þar liggur okkar ábyrgð.

Ég þakka síðan hv. formanni umhvn., Magnúsi Stefánssyni, fyrir undirtektir hans og að heita því að umhvn. muni taka málið þegar til skoðunar, skoða það að stytta veiðitímann og gera það strax. Það er alveg hárrétt sem hv. þm. nefndi, að sölubann og þess vegna alfriðun rjúpunnar væri náttúrlega stærri aðgerð, kostar jafnvel lagabreytingar eða lagaheimildir, og síðan er það auðvitað líka stærri aðgerð gagnvart þeim hlunnindum sem vissir aðilar hafa að sjálfsögðu haft af þessari veiði. Þess vegna væri það miklu sársaukafyllri aðgerð ef svo langt þyrfti að ganga að fara út í þetta, annað tveggja eða hvort tveggja. Þó verð ég að segja að miklu fyrr mundi ég mæla með því að reynt yrði einhvers konar sölubann eða kvótasetning af einhverju tagi heldur en að farið yrði út í alfriðunina því þá kemur aftur upp hin hlið mála að menn hætta að fá þær upplýsingar sem veiðikortin og skýrslugerðin skila. Upp að vissu marki er æskilegt frá þeim sjónarhóli að einhver takmörkuð og skynsamleg veiði sé leyfð og það þjónar að sjálfsögðu líka þeim tilgangi að viðhalda þessari hefð, þessu sporti, þessari útvist og þessum nytjum.

Því miður fyrirfinnast vissulega einstakir veiðimenn, ef veiðimenn skyldi þá kalla, sem koma óorði á alla hina sem eru auðvitað sem betur fer uppistaðan, þeir sem ganga vel um landið og stunda þennan veiðiskap af sportmennsku. Það er eins og víðar að skemmdu eplin þurfa ekki að vera mörg í körfunni til að skemma út frá sér og/eða koma a.m.k. óorði á hlutina. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að slíkt viðgengst í einhverjum mæli og á því þarf að reyna að taka með öllum tiltækum ráðum og reyna að beina veiðinni í farveg sportveiðimennsku og góðrar umgengni, bæði um lífríkið og náttúruna alla.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna af minni hálfu en þakka fyrir undirtektirnar og lýk máli mínu.

[17:46]

Útbýting þingskjala:

Aðkeypt ráðgjafarþjónusta ráðuneyta og stofnana, 135. mál, fsp. JóhS, þskj. 135.

Einelti á vinnustað, 139. mál, fsp. MF, þskj. 139.

Leyniþjónusta, 136. mál, fsp. ÖJ, þskj. 136.

Rannsóknir á áhrifum háspennulína á mannslíkamann, 141. mál, þáltill. DrH o.fl., þskj. 141.

Reiknilíkan fyrir rekstur sýslumannsembætta, 138. mál, fsp. MF, þskj. 138.

[17:47]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vildi aðeins koma hér upp og ræða um þá tillögu sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var að mæla fyrir um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum.

Ég held að það sé allrar athygli vert að skoða það að standa að þessum málum með þeim hætti að veiðitíminn geti verið breytilegur milli ára. Það er alveg hárrétt, eins og komið hefur fram í máli hv. þingmanna, að eins og nú háttar til með tíðarfar þá sést rjúpan auðvitað um langan veg og er auðgreinanleg í þeim hópum sem á flögri eru og jafnvel þeim sem sitja á jörðu. Ég var nú síðast að koma yfir Þorskafjarðarheiði í gær og þar sást ákaflega vel til rjúpna. Það var svo sem ekki mikið af henni en þó sá maður einstaka fugl.

Ég held að það sé alveg rétt að ekki hefur verið mikið að sjá af rjúpu á þessum haustdögum. Vafalaust er hún hátt til fjalla eins og tíð háttar. Eins og tíðin hefur verið í haust, mikil hlýindi og væta, þá held ég að landinu gæti verið illa spillt ef veiðar hæfust um miðjan mánuðinn. Þess vegna tek ég undir þá hugsun sem sett er fram í þáltill., þ.e. að takmarka veiðitímann og eins hitt að æskilegt væri ef hægt væri að meta það eitthvað eftir árferði hvenær veiðitíminn ætti að hefjast og að ekki þyrfti að ákveða með margra mánaða fyrirvara að dagsetningarnar 15. október eða 1. nóvember væru einu dagsetningarnar sem gilt gætu. Rjúpnaveiðimenn geta varla hafa gert svo ströng plön að þeir komist ekki til rjúpna einhvern tímann á því tímabili sem leyft verður þótt dagsetningarnar liggi ekki fyrir með margra mánaða fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stéttarfélög og vinnudeilur, 1. umr.

Frv. GAK, 5. mál (lausir kjarasamningar). — Þskj. 5.

[17:49]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Frv. hefur verið flutt áður inn í þingsali en hefur ekki hlotið endanlega afgreiðslu. Er því þingmönnum að nokkru leyti efni þess kunnugt.

Frv. felur í sér réttarbót fyrir launþega og kveður á um að þegar samningar hafa dregist óeðlilega lengi þá verði þeir afturvirkir að hluta til. Skýrist frv. mjög vel í 1. gr. því í raun er það ekki nema ein efnisgrein og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í stað 3. mgr. 5. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi en þó því aðeins að hann hafi verið undirritaður innan sex mánaða frá því að fyrri samningur féll úr gildi, enda sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun.

Séu kjarasamningar lausir lengur en sex mánuði skal upphafshækkun launaliða og önnur atriði sem bæta kjör launþega þegar kjarasamningur kemst á virka aftur til helmings þess tíma sem liðinn er án nýs kjarasamnings. Við hverja tvo mánuði sem bætast við án kjarasamnings færist gildistaka upphafshækkunar aftur um einn mánuð. Eftir tólf mánuði eða meira með lausa kjarasamninga gildir umsamin hækkun frá því að samningurinn féll úr gildi. Óheimilt er að semja um annan upphafsgildistíma, nema því aðeins að launþegum verði greidd eingreiðsla sem telst jafngild í tekjum þeim afturvirku upphafshækkunum, eða áfangahækkunum á liðnum tíma án endurnýjunar kjarasamnings, sem lög þessi kveða á um.

Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku. Nú tekur kjarasamningur einungis til hluta félagsmanna eða starfsmanna fyrirtækis og er þá heimilt að ákveða í samningnum að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu."

2. gr. frv. hljóðar svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í greinargerðinni eru færð fram rök fyrir þessari breytingu. Hægt að rekja þau í stuttu máli. Ástæða þess að frv. hefur verið flutt í þinginu er að iðulega hefur það borið við að stéttarfélög og stéttarsambönd hafa orðið að una því að ná ekki kjarasamningum mánuðum og jafnvel árum saman. Á bls. 3 í frv. er sérstakt fylgiskjal, tafla sem sýnir yfirlit yfir kjarasamninga sjómanna á fiskiskipum og sýnir hversu löng samningstímabil þeir hafa verið samningslausir. Eins og sést á töflunni hefur það iðulega verið meira en hálft ár og stundum jafnvel rúmlega ár og upp í mest 451 dag samfellt. Á því tímabili sem þarna er sýnt í töflunni, frá 15. janúar 1985 til 31. desember 2003 — þess ber að geta að þá falla úr gildi lög sem sett voru á Alþingi nú síðast á kjaradeilu sjómanna — þá eru þetta alls orðnir 2.403 dagar miðað við hvernig þetta var þegar þetta var síðast tekið saman og auðvitað mun dögunum fjölga ef taka á með lagaákvæðið um hvenær samningarnir gilda. En það er einfaldlega svo að stéttarsamtök líta sérstaklega á það að þau vilja halda samningsrétti sínum og geta samið sér fyrir félagsmenn sína.

Ég hef hér dregið fram upplýsingar um samningsgerð sjómanna og hvernig hún hefur dregist varðandi þetta ákvæði sem ég hef einnig reifað. En það mun ekki taka bara til sjómanna. Þetta tekur til allra stéttarfélaga. Rétt er að vekja athygli á því að t.d. kjarasamningar Lögreglufélagsins runnu út 31. október 2000 og nýr samningur komst ekki á fyrr en 1. júlí árið 2001 og því voru samningarnir lausir í átta mánuði og voru menn í stéttarsamtökum lögreglumanna þó að reyna að ná samningum með alls konar aðgerðum og þrýstingi, mótmælagöngum og kröfum.

Einnig er rétt að vekja athygli á því að síðasta kjarasamningsgerð við sjúkraliða dróst í 13 mánuði. Kjarasamningarnir hjá sjúkraliðum runnu út í lok október árið 2000 og skrifað var undir nýjan kjarasamning 21. nóvember árið 2001.

Rétt er líka að draga það fram að gerð var ákveðin breyting á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur 1996. Þá var tekin inn sérstök viðræðuáætlun. Þessi viðræðuáætlun átti að verða til þess að betur gengi að koma á kjarasamningum, að vinnubrögð yrðu skipulegri og annað slíkt og bar að semja þessa viðræðuáætlun tíu vikum áður en samningar féllu úr gildi þannig að hægt væri að vinna skipulega að samningsgerðinni og samningar drægjust ekki óeðlilega lengi.

Ég held að það megi segja alveg eins og er um þessar viðræðuáætlanir að ég hygg að ég hafi upplýsingar um að þær hafi víðast hvar virkað illa og að sáralítið hafi verið farið eftir þeim. Í upplýsingum sem ég fékk frá formanni Sjúkraliðafélagsins segir að ekkert hafi verið gert með hina svokölluðu viðræðuáætlun og ekkert eftir henni farið. Sömu reynslu upplifði ég oft sjálfur þegar ég var í forsvari fyrir samninga Farmanna- og fiskimannasambandsins, þ.e. að við vorum að semja viðræðuáætlun og sú áætlun var ekki pappírsins virði. Það var ekkert vinnulag eftir honum.

Megininntak frv. er, eins og áður segir, að tryggja að launþegar sitji ekki mánuðum og árum saman eftir án þess að njóta kauphækkana eingöngu vegna þess að það er hagur atvinnurekandans að draga kjarasamningana úr hömlu. Það er ekkert launungarmál að frv. er réttarbót til handa launþegum og setur launþegana í betri stöðu gagnvart atvinnurekendum. Þó er það svo að þetta hefur engin kjaraleg áhrif á stöðu samninganna fyrr en þeir hafa verið lausir í sex mánuði þannig að ef atvinnurekendur og launþegar semja innan sex mánaðanna þá á þetta ákvæði ekki við. Hins vegar ber að telja frá og með því að samningar hafa verið lausir í sex mánuði og verður það síðan atvinnurekendunum dýrara eftir því sem lengur líður. Hafi samningar verið lausir í 12 mánuði er ákvæðið algerlega afturvirkt og skulu þá allar kauphækkanir sem um er samið og launabætur gilda frá því að samningurinn féll úr gildi. Ég lít svo á að þetta ákvæði sé eðlilegt og réttlátt. Það setur pressu á atvinnurekendur. En það setur auðvitað líka pressu á launþega að reyna að leysa sín mál. Það verður þá vonandi til þess að þær viðræðuáætlanir sem þegar eru í lögum verði marktæk plögg og eftir þeim verði farið og reynt að koma samningum á áður en kjarasamningar falla úr gildi.

[17:59]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég kem hingað í ræðustól fyrst og fremst til að taka undir þau sjónarmið sem fram komu í máli hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar, flm. þessa frv. til laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Ég vil taka undir þá hugsun sem þar kemur fram, en frv. er til þess fallið að styrkja réttarstöðu launafólks við kjarasamningsgerð.

Hv. þm. rakti hvernig tilteknar stéttir hafa verið hlunnfarnar um langt árabil þegar atvinnurekendur hafa þráast við að ganga til samninga. Verst hafa sjómenn orðið úti og stéttir sem tengjast sjónum, en í fylgiskjali sem fylgir frv. er ítarlega gerð grein fyrir þessu. Þar kemur fram að á 19 árum muni um 2.403 dögum eða u.þ.b. sex og hálfu ári sem þessar stéttir eða tilteknar stéttir hafa verið samningslausar.

Hv. þm. vék einnig að öðrum stéttum sem hafa verið án samninga í lengri eða skemmri tíma. Hann nefndi lögreglumenn og sjúkraliða sem síðast voru án samninga í rúmlega ár eða 13 mánuði.

Hv. þm. vék einnig að lögum um stéttarfélög og vinnudeilur og þeim breytingum sem gerðar voru á þeim lagabálki á miðju ári 1996. Ég átti sæti í nefnd sem hæstv. félmrh. skipaði í lok árs 1995 og starfaði fram á árið 1996, en sprakk reyndar í loft upp vegna ágreinings innan nefndarinnar þegar ljóst var að hæstv. ráðherra tók afstöðu með atvinnurekendasamtökunum sem vildu þröngva margvíslegum breytingum inn í lögin sem voru verkalýðshreyfingunni ekki að skapi. Það var mjög miður að þessari nefndarvinnu skyldi ljúka á þennan hátt því þar var margt ágætt uppi á borði og ég er sannfærður um að það er öllum til hagsbóta að við búum við reglugerðarverk við kjarasamningana sem víðtæk sátt ríkir um. Eitt af því sem um var rætt á þessum tíma voru svokallaðar viðræðuáætlanir sem reyndar voru festar inn í lögin og á að gera tíu vikum áður en að samningar renna út, en eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson benti á eru þetta ekkert annað en orðin tóm. Ástæðan er sú að aldrei skapaðist sú sátt sem nauðsynleg er um reglugerðarverkið og þær lagabreytingar sem þarna voru á döfinni.

Hvað varðar nákvæma útfærslu á þessari hugsun þá finnast mér ýmsar leiðir koma til greina. Hv. þm. leggur til að takist ekki samningar fyrstu sex mánuði eftir að þeir renna út þá gildi sú dagsetning sem samningar eru undirritaðir en síðan fari dagsetningin að færast aftur á bak og verði atvinnurekandanum sífellt dýrari eftir því sem samningar dragast á langinn. Þetta er ein leið.

Staðreyndin er sú að iðulega er það atvinnurekandinn sem telur það vera sér til hagsbóta að draga kjarasamninga. Þess vegna er eðlilegt að hvatinn virki á þennan veg og sé íþyngjandi eftir því sem hann dregur að ganga til samninga. Það er honum til hagsbóta að draga samninganna því að þá koma þær launahækkanir eða kjarabætur sem yfirleitt er samið um ekki til framkvæmda fyrr en við undirskrift. Þetta er því eðlilegt út frá þeim sjónarhóli.

Þótt ég sé hallari undir það að hugsa málið fyrst og fremst út frá stöðu launamannsins þá mætti hugsa sér að þessi regla eða svipuð regla gilti, jafnvel strangari, þannig að kjarasamningar skuli alltaf gilda frá þeim degi sem þeir renna út nema til verkfalls komi, nema kjarabætur séu knúðar fram með verkföllum. Þarna væri svona ákveðinn jafnræðisþáttur settur inn í reglugerðarverkið, þ.e. ef það er launamannsins að draga samninga og knýja síðan fram kjarabætur með verkföllum þá sé eðlilegt að önnur regla sé uppi. Þetta er nokkuð sem einfaldlega mætti skoða. Ég ítreka að ég er fullkomlega sáttur við þá meginhugsun sem fram kemur í frv. Hún hefur áður komið fram eins og hv. þm. gerði grein fyrir. Mér finnst komið að því að breytingar af þessu tagi verði festar í lög. Ég held að það yrði öllum til góðs.

[18:05]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil þakka undirtektir hv. þm. Ögmundar Jónassonar við málið sem ég kynnti hér og flutti. Eins og ég gat um er frv. þannig hugsað að það breyti ekki réttarstöðu atvinnurekenda fyrr en samningur hefur verið laus í sex mánuði. Eftir sem áður getur samningsgerð dregist í tæpa sex mánuði án þess að nokkur kauphækkun komi sjálfvirkt til launþeganna samkvæmt frumvarpstextanum. En að sex mánuðunum liðnum hins vegar þá telur það strax þrjá mánuði aftur í tímann og síðan einn mánuð fyrir hverja tvo sem samningar dragast. Þannig eiga launþegar eingöngu þennan rétt hafi atvinnurekandinn ekki samið við þá í sex mánuði. Þetta tel ég vera réttarbót og ákveðna málamiðlun en auðvitað má hugsa sér á þessu aðrar útfærslur eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson minntist á. Þetta verður vonandi skoðað gaumgæfilega í nefnd og fær vonandi loksins eðlilega umfjöllun. Ég vona að málið komi aftur fyrir þingið eftir að nefndin hefur farið yfir það.

[18:07]

Útbýting þingskjala:

Fangelsismál, 137. mál, fsp. ÖJ, þskj. 137.
Fjöldi lögreglumanna, 140. mál, fsp. MF, þskj. 140.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7.–9. mál.

Fundi slitið kl. 18:08.

---

7. FUNDUR

miðvikudaginn 9. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Aðgerðir til verndar rjúpnastofninum, þáltill., 11. mál, þskj. 11. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Stéttarfélög og vinnudeilur, frv., 5. mál, þskj. 5. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Einkavæðingarnefnd, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Frh. fyrri umr.
4. Viðskiptabankar og sparisjóðir, frv., 8. mál, þskj. 8. — 1. umr.
5. Skattfrelsi lágtekjufólks, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Fyrri umr.
6. Lífeyrissjóður sjómanna, frv., 12. mál, þskj. 12. — 1. umr.
7. Neysluvatn, þáltill., 13. mál, þskj. 13. — Fyrri umr.
8. Óhreyfð skip í höfnum og skipsflök, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, 34. mál, þáltill. ÖJ, þskj. 34.

Vátryggingarsamningar og Viðlagatrygging Íslands, 119. mál, frv. MF o.fl., þskj. 119.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti vill láta þess getið að kl. 3.30 fer fram umræða utan dagskrár um málefni aldraðra og húsnæðismál. Málshefjandi er hv. þm. Ögmundur Jónasson. Hæstv. félmrh. Páll Pétursson verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Athugasemdir um störf þingsins.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um sölu Landsbankans.

[13:32]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Hv. 7. þm. Reykv. hefur beðið um orðið um störf þingsins. Auk hans hafa tveir aðrir kvatt sér hljóðs um störf þingsins. Af þeim ástæðum mun ég gefa þeim orðið í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs en hleypa ráðherrum að til andsvara á milli ef þeir svo kjósa. Þess vegna er ljóst að það verður lítill tími fyrir aðra þingmenn til að taka til máls undir þessum lið enda er ekki gert ráð fyrir nema 20 mínútum til þess að ræða störf þingsins.

[13:33]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að miklar sviptingar hafa verið í einkavæðingarmálum þjóðarinnar og ríkisstjórnarinnar á síðustu vikum. Við erum minnug þess að trúnaðarmaður fjmrh. sagði af sér í einkavæðingarnefnd með þeim orðum að hann hefði aldrei kynnst öðrum eins vinnubrögðum á 11 ára ferli sínum í nefndinni. Trúnaðarmaður fjmrh. fór fram á það að hlutlausum aðila yrði falið að taka út störf nefndarinnar að sölu Landsbankans.

Það verð ég að segja ríkisstjórninni til hróss að hún varð við því og hún fól Ríkisendurskoðun að gera úttekt á söluferli Landsbankans. Okkur í efh.- og viðskn. var tjáð að skýrslunnar væri að vænta í síðustu viku en enn bólar ekki á því að skýrsla Ríkisendurskoðunar komi fram um þetta mál. Það finnst mér ákaflega slæmt, herra forseti.

Þegar Steingrímur Ari Arason setti fram þessa ósk fór ég fram á það fyrir hönd Samfylkingarinnar að söluferlið yrði tafarlaust stöðvað. Á meðan óhraktar væru þessar fullyrðingar Steingríms Ara og alvarlegu ávirðingar á hendur einkavæðingarnefnd væri ljóst að enginn trúnaður væri milli hennar og þjóðarinnar, og meðan sá trúnaðarbrestur ríkti væri ekki hægt að heimila nefndinni að starfa áfram að því að selja Landsbankann.

Nú hefur þessi skýrsla ekki komið fram. Ég veit svo sem ekki hvað veldur töfinni en, herra forseti, ég kvaddi mér hljóðs til þess að spyrja hæstv. viðskrh. hvort hún geti fullvissað þingheim um að Landsbankinn verði ekki seldur fyrr en skýrsla Ríkisendurskoðunar verður komin fram með öllum þeim rannsóknargögnum sem henni fylgja.

[13:35]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í sambandi við þá skýrslu sem hér var nefnd get ég ekki svarað því hvenær hún muni líta dagsins ljós enda bað forsrn. Ríkisendurskoðun um að vinna þessa vinnu. Ég held þó að það hljóti að styttast í að skýrslan verði gerð opinber og þar með getur Alþingi Íslendinga farið yfir hana.

En hvað varðar söluferli Landsbankans eru viðræður uppi við fyrirtækið Samson. Ekki er ljóst á þessari stundu hvernig þeim málum muni lykta en mér sýnast engar líkur á að bankinn verði seldur það snögglega að þessi skýrsla hafi ekki litið dagsins ljós. Ég tel raunar mjög mikilvægt að svo verði ekki.

[13:36]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég tel líka mjög mikilvægt að skýrsla Ríkisendurskoðunar liggi fyrir áður en menn taka einhverjar ákvarðanir um sölu Landsbankans. Ég hlýt að rifja það upp, herra forseti, að þegar krafa Samfylkingarinnar kom fram um að söluferlið yrði þegar í stað stöðvað, og þegar því var mótmælt í fjölmiðlum, m.a. af hv. þm. Ögmundi Jónassyni, að söluferlinu væri eigi að síður fram haldið sögðu talsmenn ríkisstjórnarinnar að einungis væri um viðræður að ræða. Í því fólst að sjálfsögðu eins konar loforð um að ekki yrði af nokkurri sölu.

Ég hef nú spurt hæstv. ráðherra hvort hún geti sagt það hér fortakslaust að Landsbankinn verði ekki seldur áður en skýrslan kemur fram. Hæstv. ráðherra hefur svarað því með þeim hætti að hún telji mikilvægt að bankinn verði ekki seldur fyrr en svo sé, en getur hún fullyrt það? Getur hún fullvissað mig og aðra þingmenn um að Landsbankinn verði ekki seldur fyrr en öll kurl verða komin til grafar, fyrr en þingheimur hefur fengið tækifæri til að lesa skýrslu Ríkisendurskoðunar? Hún kvað ekki fortakslaust upp úr með það áðan. Hún sagði einungis að hún teldi það mikilvægt. En við vitum auðvitað að að tjaldabaki eru hörð átök milli Framsfl. og Sjálfstfl. í þessu máli, og við vitum líka að Sjálfstfl. gerir það sem hann getur til að kúga Framsfl. í því. Það er mikilvægt fyrir okkur sem í þessum sal sitjum og störfum og það er mikilvægt fyrir þjóðina að það komi fram að Framsfl. og hæstv. viðskrh. sem fer með bankana muni sjá til þess að Landsbankinn verði ekki seldur fyrr en búið verði að leggja fram skýrslu Ríkisendurskoðunar. Getur hæstv. ráðherra fullvissað okkur um það?

[13:38]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér finnst í raun óþarfi af hv. þingmanni að ítreka þá spurningu sem hann bar upp í fyrri ræðu sinni vegna þess að ég tel mig hafa svarað henni. Ég tel mikilvægt að þessi skýrsla liggi fyrir áður en Landsbankinn verður seldur og get endurtekið það að málið er ekki það langt komið í þeim viðræðum sem nú eru uppi að það séu nokkrar líkur á að svo verði. Og ef hv. þm. skilur ekkert nema já og nei er kannski best að ég segi bara beint út nei. Landsbankinn verður ekki seldur fyrr en skýrslan liggur fyrir og hv. þm. hefur fengið að stúdera hana vel.

Athugasemdir um störf þingsins.

Samkeppnislög.

[13:39]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Fyrir skömmu gerði ég það að umtalsefni hér á Alþingi að upp gæti komið sú staða að markaðsráðandi fyrirtæki lékju sér að því að fá ódýrar auglýsingar með því að selja vörur undir kostnaðarverði og veiktu með því

m.a. innlendan iðnað með slíku hringli með verð vörunnar, og sagði að slíkt væri ekki heimilt í öðrum löndum og jafnframt að þetta væru óheilbrigðir verslunarhættir. Nú hefur Guðmundur Sigurðsson, forstöðumaður samkeppnissviðs Samkeppnisstofnunar, sagt að ekki sé rétt að almennt sé bannað að selja vörur undir kostnaðarverði í öðrum löndum.

Ég hef hér í höndum minnisblað frá þessum sama manni frá árinu 1999 um það sem hann kallar skaðlega undirverðlagningu. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Að Noregi og Íslandi undanskildu er í framangreindum ríkjum og ríkjasamböndum misnotkun á markaðsráðandi stöðu bönnuð. Þetta þýðir að í þessum ríkjum er fyrir fram bannað að grípa til skaðlegrar undirverðlagningar og getur slík hegðun víðast hvar varðað sektum eða fangelsi." — Enn fremur segir í þessu minnisblaði frá Samkeppnisstofnun, með leyfi hæstv. forseta: „Hér á landi og í Noregi er eins og áður sagði skaðleg undirverðlagning ekki fyrir fram bönnuð og getur slík hegðun markaðsráðandi fyrirtækja ekki leitt til viðurlaga. Samkeppnisyfirvöld geta hins vegar bannað slíka hegðun í einstökum tilvikum gagnvart tilteknum fyrirtækjum. Ef fyrirtækin brjóta bann samkeppnisyfirvalda getur það varðað viðurlögum."

Það er því ljóst, herra forseti, að þessi starfsmaður Samkeppnisstofnunar hefur farið rangt með og þannig brugðist embættisskyldum sínum.

Athugasemdir um störf þingsins.

Orka um sæstreng.

[13:41]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Nú í morgun bárust fréttir af því í útvarpi að Landsvirkjun og norski olíurisinn Statoil og veitufyrirtækið Statnet hefðu skrifað undir viljayfirlýsingu um að kanna hagkvæmni þess að leggja sæstreng héðan sem gæti flutt 600 megavatta orku til Noregs. Það er nauðsynlegt fyrir þingið að iðnrh. upplýsi þingheim um þessi áform, hvernig staða mála er og jafnframt að gera þinginu grein fyrir því hvernig vinna stendur varðandi rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma í landinu, forgangsröðun verkefna.

Núverandi áform um virkjanir og sölu rafmagns þýða í grófum dráttum að hugsanlega séum við með þessu nýtilkomna verkefni að ráðstafa allri nýtanlegri orku í landinu hvað varðar vatnsafl og jarðvarma, þeim 30 teravattstundum sem talið er í fljótu bragði að hægt sé að virkja í landinu. Auðvitað eru þessar 30 teravattstundir teygjanlegt hugtak en sé tillit tekið til náttúruverndarsjónarmiða telja margir að þetta sé talan. Það er því nauðsynlegt fyrir þingheim að fá að vita hvert hæstv. iðnrh. stefnir í þessu máli og um stöðu þessa nýja verkefnis, þ.e. flutnings á orku um sæstreng til Evrópu.

[13:43]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það mál sem hv. þm. tekur hér upp er þess efnis að ekki er um neinar skuldbindingar að ræða af hálfu Landsvirkjunar. Eingöngu er um það að ræða að athuga möguleika á virkjunarkostum ásamt þeim fyrirtækjum sem hér hafa verið nefnd, Statnet og Statoil, og það tel ég vera mjög mikilvægt. Til þess að um stefnumótun geti orðið að ræða af hálfu stjórnvalda á þessu sviði þurfum við að vita meira um það hvaða möguleika gæti verið um að ræða. Það verður ekki ljóst fyrr en eftir einhverja mánuði, sennilega eina sex mánuði.

Um nokkurt skeið hafa verið til athugunar möguleikar á þessu sviði af hálfu Landsvirkjunar. Landsvirkjun hefur í raun haft það hlutverk fyrir hönd stjórnvalda að kanna möguleika í sambandi við sæstreng og þá sölu á orku til annarra landa. En ég vil taka það hér fram að mér finnst aðalatriðið vera að nýta okkar endurnýjanlegu orku hér á Íslandi og mér finnst miklu síður áhugavert að flytja hana úr landi til atvinnuuppbyggingar í öðrum löndum. Ég get hins vegar ekki verið á móti því að þetta sé skoðað eins og nú hafa verið lögð drög að.

Ég tel það ákveðna viðurkenningu fyrir Ísland að þessi umræða skuli vera uppi og að sá áhugi sé til staðar hjá öðrum þjóðum að starfa með okkur á þessu sviði. Hugsanlega getur það verið ákveðin hvatning fyrir þær þjóðir sem búa yfir auðlindum af þessu tagi en hafa kannski ekki nýtt þær sem skyldi. En ég ítreka bara það að þetta mál er alls ekki í neinum forgangi. Það er eingöngu um það að ræða að þarna séu athugaðir möguleikar sem hugsanlega eru til staðar.

Athugasemdir um störf þingsins, frh.

Samkeppnislög.

[13:45]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs vegna þess að mér þótti það eftirtektarvert að hæstv. viðskrh. sá ástæðu til að blanda sér í þau önnur mál sem hér hafa verið tekin upp um störf þingsins en ekki um það alvarlega málefni sem ég gerði hér sérstaklega að umræðuefni. Mér finnst það athyglisvert í ljósi þess að hæstv. viðskrh. úttalar sig sérstaklega í Dagblaðinu í gær um samkeppnismál og kemst þar m.a. svo að orði að samkeppnislögin sem voru í gildi árið 1999, og ég lýsti hér áður, hafi verið slök lög. En eftir sem áður gáfu þau lög heimild til þess að fylgjast með því að ekki væri um skaðlega undirverðlagningu að ræða. Þau voru nú ekki slakari en svo.

Ég vil enn fremur vekja athygli á því að í Dagblaðinu í gær segir Guðmundur Sigurðsson, með leyfi hæstv. forseta:

„Það virðist hafa orðið stefnubreyting hjá stóru keðjunum í þá átt, að þær hafi ekki beitt sér með sama hætti og áður eftir að skýrslan kom út. Við höfum upplýsingar um það frá birgjum að ástandið hafi gjörbreyst." — Með leyfi hæstv. forseta, vil ég endurtaka: „Við höfum upplýsingar um það frá birgjum að ástandið hafi gjörbreyst."

Nú vil ég spyrja hæstv. viðskrh. að því hvort henni sé kunnugt um hvað embættismaðurinn á við með þessum orðum og hvort þarna sé verið að gefa í skyn að óheilbrigðir viðskiptahættir hafi átt sér stað á milli stórmarkaða og birgja. Hvað liggur á bak við þessi orð er nauðsynlegt að fá upplýst vegna þess að hæstv. viðskrh. telur samkeppnislög metnaðarfull og er yfirleitt bjartsýn á að stofnunin og núgildandi lög dugi til þess að vöruverð geti lækkað.

[13:47]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég gerði mér ekki grein fyrir því að hv. 1. þm. Norðurl. e. óskaði eftir viðbrögðum frá mér. Ég hélt að hann væri fyrst og fremst að tala við stofnun úti í bæ.

En fyrst svo er get ég sagt að ég las það sem fram kom í dag í blöðum, haft eftir Guðmundi Sigurðssyni, og það

sem hann er fyrst og fremst að koma á framfæri er að þegar fákeppnin fyrst og fremst varð til hér á Íslandi giltu önnur lög í landinu. Þá var nýfallinn dómur sem varðaði Flugfélag Íslands og Flugfélag Norðurlands sem gerði það að verkum að samkeppnisyfirvöld höfðu ekki aðkomu að því máli sem er það að Baugur kaupir verslunarkeðju. Baugur hafði áður markaðsráðandi stöðu og því var það ekki tilefni til inngripa af hálfu Samkeppnisstofnunar að við bættist annað flugfélag þannig að þessi markaðsráðandi staða yrði enn alvarlegri. En ástæða þess að þarna er ekki gripið inn í er sú að það var nýfallinn dómur. Þetta þekkir hv. þm. ákaflega vel vegna þess að ég trúi að hann hafi gegnt embætti samgrh. á þeim tíma þannig að hér eru nú einhverjir útúrsnúningar á ferðinni.

En hvað varðar það að ástandið hafi batnað á markaðnum, eins og Guðmundur Sigurðsson segir, þá hef ég ekkert frekari upplýsingar um það en hv. þm. sem les blöðin. Og ég trúi því og vona að satt sé og ég held að við getum þá öll glaðst yfir því.

Athugasemdir um störf þingsins, frh.

Orka um sæstreng.

[13:49]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Málið var nú örlítið slitið í sundur. En það sem mér finnst slæmt í svörum hæstv. iðnrh. er að það kemur ekkert fram um stöðu vinnu um rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og það hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir þingmenn að hér skuli vera sett upp og sett á sporið áform um uppbyggingu og nýtingu án þess að þingið hafi haft nokkra möguleika á því að forgangsraða hvernig fara á í orkunýtinguna í landinu. Þess vegna er það mjög mikilvægt að vinnu við þessa áætlun verði hraðað þannig að hið háa Alþingi eigi möguleika á því að hafa eitthvert val.

Því að ef menn ætla að halda áfram með þessum hætti og jafnvel að setja niður hugsanlegt orkuverð til að fara í slíka framleiðslu, núna nýjasta dæmið upp á 600 megavött, hver verður þá staða þingsins? Hún verður ákaflega slöpp, það gefur augaleið, því gróft reiknað má segja að hér sé verið að leggja drög að nýtingu á megninu af þeirri orku sem tiltæk er á auðveldan hátt í landinu. Það er því mjög mikilvægt að hæstv. iðnrh. upplýsi þingið um hvernig þessi mál standa hvað varðar vinnu við rammaáætlunina og hvenær við megum vænta þess að hafa eitthvað á blaði til þess að geta tekið afstöðu til þar að lútandi áður en lengra er haldið í því að ráðstafa eða gera plön um ráðstöfun orkulinda landsins til næstu örfárra missira.

[13:51]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. sé kominn dálítið langt fram úr sér í þessari umræðu þegar hann talar um að hér sé verið að leggja drög að nýtingu allrar orku og allra orkulinda Íslands. Það er svo sannarlega ekki þannig því að þetta mál er á forathugunarstigi og það er ekki fyrr en eftir einhverja mánuði sem við höfum nægilegar upplýsingar fyrir framan okkur til þess að átta okkur á því hver stefna stjórnvalda á að vera til framtíðar. Ég lét það koma hér fram að ég er áhugasamari um það að nýta okkar endurnýjanlegu orku hér á Íslandi til atvinnuuppbyggingar, eins og hlýtur að vera ljóst með stefnu stjórnvalda í sambandi við t.d. uppbyggingu stóriðju á Austurlandi, heldur en að flytja orkuna til Evrópu. En ég er ekki svo einstrengingsleg að ég sé ekki tilbúin að styðja það að Landsvirkjun taki þarna þátt í ákveðinni forvinnu til þess að við höfum meiri upplýsingar.

Eins og alþekkt er stendur til að leggja hér fram frv. til nýrra raforkulaga og í tengslum við það frv. hefur mikið verið talað um einangrun Íslands á raforkumarkaðnum. Mér hefur heyrst á ákveðnum þingmönnum að það sé miður, en m.a. í samhengi við þá vinnu er mikilvægt að átta sig á því hvort það sé einhver framtíðarmúsík fyrir okkur Íslendinga að selja orkuna um sæstreng til Evrópu. Ég er svo sannarlega ekki þeirrar skoðunar eða mjög trúuð á að svo verði. Rammaáætlun er í vinnu og það er engin hætta á öðru en að hún verði komin fram áður en taka þarf einhverjar ákvarðanir í þessu máli.

Aðgerðir til verndar rjúpnastofninum, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS, 11. mál. — Þskj. 11.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frh. 1. umr.

Frv. GAK, 5. mál (lausir kjarasamningar). — Þskj. 5.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Einkavæðingarnefnd, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 4. mál. — Þskj. 4.

[13:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil gjarnan spyrja, nota tímann meðan menn eru að tínast hérna út úr salnum og spyrja hæstv. forseta hvort ráðherrum hafi verið gerð grein fyrir því af hálfu stjórnar þingsins að nærveru þeirra var mjög saknað í umræðum um þetta dagskrármál í gær og þá sérstaklega þeirra ráðherra sem eiga beinan hlut að máli, forsrh., fjmrh. og utanrrh., sem allir sitja í sérstakri ráðherranefnd um einkavæðingu en hafa ekki látið sjá sig í umræðum og voru hvorki hér í gær né í dag. Leyfi ég mér að spyrja: Hafa þessir ráðherrar verið með fjarvistarleyfi frá þinginu bæði í gær og í dag?

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst þetta hreint virðingarleysi við Alþingi og störf þess og auðvitað sérstakt virðingarleysi við verkefni þessara ráðherra nema að túlka beri fjarveru þeirra þannig að þeir þori ekki að vera hér við umræðuna og standa fyrir máli sínu, og þá skil ég það vel. Ég skil það vel að ráðherrar með hneyksli á bakinu, eins og SR-mjöl, Áburðarverksmiðjuna og Landssímann og núna

bankana, megi illa við bindast í salnum. Það ber að vísu að taka fram að hæstv. iðn.- og viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir hefur verið hér undir umræðunni og er það lofsvert og við kunnum henni að sjálfsögðu þakkir fyrir það.

Tillaga þessi, herra forseti, gengur út á það, sem reyndar bar á góma í umræðum um störf þingsins áðan, að öll frekari einkavæðing verði nú stöðvuð og Ríkisendurskoðun ljúki rannsóknarvinnu sinni sem er tvíþætt. Annars vegar hefur forsrh. í kjölfar þess að enn einn maðurinn hrökk fyrir borð í einkavæðingarnefnd óskað eftir því að sá þáttur málsins verði athugaður sérstaklega, þ.e. það sem lýtur að síðustu ákvörðunum og síðasta fyrirhuguðum áfanga í einkavæðingu bankanna. En þar hafa hlutir gengið með þeim endemum, eins og kunnugt er, að Steingrímur Ari Arason, einn reyndasti ef ekki reyndasti nefndarmaðurinn sem þá var orðinn í einkavæðingarnefnd, búinn að vera í henni að ég held frá upphafi, sagði af sér með nokkuð þungum ummælum um að öðrum eins vinnubrögðum og þar hefðu verið ástunduð hefði hann aldrei kynnst.

Við þær aðstæður, herra forseti, er auðvitað alveg fráleitt að hæstv. ríkisstjórn ani áfram til viðbótar svo öllu öðru sem mælir gegn því að spilin séu stokkuð upp. Hér er engin niðurstaða fengin í því hvort setja eigi einhverjar girðingar í lög sem tryggja dreifingu á eignarhaldi. Markaðsaðstæðurnar eru óhagstæðar. Mikil umræða er uppi akkúrat sömu mánuðina um hættuna á samþjöppun og fákeppni í íslensku atvinnu- og viðskiptalífi. Og það er bókstaflega ekki hægt að skilja hvernig menn ætla þá að spila inn í það umhverfi, því að bankarnir lendi í sömu höndum.

Er það ekki þá lógískt að þeir sem eru að sanka að sér kvóta í sjávarútveginum og blokkirnar sem eru að efla sig og skipta upp á milli sín markaðnum, oft til helminga, fái líka sinn bankann hvor? Það er til að fullkomna smíðaverkið. Og inn í þetta samhengi sem nú er spilar ríkisstjórnin á flautuna eins og raun ber vitni.

Það verður líka að segjast, herra forseti, að málflutningur stjórnarliða, þeirra fáu sem hafa treyst sér hér upp í umræðuna, hvað það varðar að reyna að gera gott úr öllu saman með því að einhverjar örfáar krónur sem koma inn við þá eignasölu, eigi þó að fara t.d. í vegaframkvæmdir, jarðgangaframkvæmdir úti á landi. Ég held að það séu 1.300 milljónir sem að nafninu til eru eyrnamerktar þannig jarðgangaframkvæmdum sem vel að merkja voru skornar niður á þessu ári. Það er nú allur myndarskapurinn á bænum.

En halda menn að menn kaupi þetta? Að með því að eyrnamerkja einhverjar tilteknar krónur út úr ríkissjóði þessum framkvæmdum, að þær hafi komið inn fyrir eignasölu en ekki fyrir skatta eða eitthvað annað, þá verði allir ánægðir? Ég held ekki. Allra síst fólkið á landsbyggðinni, sem þekkir af eigin raun hvernig einkavæðingin og hlutafélagavæðingin kemur við, hvernig þjónustan versnar og hverfur af stöðunum hverjum á fætur öðrum.

Ég sting því upp á því við hæstv. ríkisstjórn og stjórnarliða, fótgönguliðana sem voru að reyna að verja hana hér í gær, að þeir láti sér detta eitthvað annað skárra í hug en þetta, að halda að þeir kaupi góðvild þjóðarinnar gagnvart einkavæðingunni með því að einhverjar örfáar krónur sem þarna eiga að koma inn renni til einhverra slíkra verkefna. Þarfar og brýnar sem þær eru þá veitum við til þess fjármagn. Og það er nefnilega þegar til kastanna kemur enginn einasti munur á krónunum sem Geir Hilmar Haarde fær í kassann úr virðisaukaskatti eða tekjuskatti og hinum sem koma inn fyrir eignasölu. Þetta er bara allt sameiginlegt aflafé landsmanna. Auk þess er það væntanlega markmið í sjálfu sér ef menn ætla að selja eignir og nota þær í tiltekin verkefni að fá eitthvað fyrir þær en gefa þær ekki eins og þessi ríkisstjórn hefur gert aftur og aftur. Það liggur hér á borðinu og var farið yfir það í gær að það hafa verið hafðir milljarðar af þjóðinni með vinnubrögðunum. Það liggur algerlega fyrir. Eru það þá sterk rök inn í myndina að tala um að eitthvað örlítið af þessu eigi kannski að fara til einhverra tiltekinna verkefna frekar en annarra? Auðvitað er það allt saman orðhengilsháttur. Það skiptir auðvitað engu máli inn í heildarsamhengi ríkisfjármálanna hvort þessar krónur ganga til að borga niður skuldir eða ganga til að greiða inn á lífeyrisskuldbindingar og einhverjar aðrar fara í framkvæmdir. Það er beinlínis barnalegt að reyna að halda því fram fyrir menn sem eru búnir að læra samlagningu og frádrátt, hvað þá meira í stærðfræði, að þetta skipti einhverju máli. Þetta er bara ekki svona.

Til kastanna kemur svo það að lokum að sumar þessar eignir hafa skilað ríkissjóði miklum arði og það er augljóslega og borðleggjandi miklu vænlegra að eiga þær áfram og láta þær greiða arð, láta þær vaxa að verðmæti heldur en gefa þær frá hinu opinbera í eitt skipti fyrir öll. Hverju hefði þjóðin t.d. tapað ef hún hefði selt Landssímann fyrir tíu árum? Ef hún hefði selt Landssímann fyrir spottprís fyrir tíu árum? Hún hefði tapað sennilega upp undir 20 milljörðum sem uppreiknaðar arðgreiðslur Landssímans inn í ríkissjóð á þessum tíma eru orðnar, plús það að hún á enn þá Landssímann vegna þess að hún seldi hann ekki. Er það ekki munurinn? Það er nefnilega ekki nema þá helst á Vestfjörðum sem menn selja sömu eignina aftur og aftur, þ.e. skipshundinn fræga sem var seldur aftur og aftur og stökk alltaf frá borði og synti í land þannig að hægt var að selja hann í næsta skip. En það gerist ekki í þessu tilviki með eignir almennings og allra síst þegar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar á í hlut. Hún hefur ekki sýnt neina slíka snilld í viðskiptum og vantar mikið upp á.

Að lokum, herra forseti, legg ég mikla áherslu á að sú vinna sem Ríkisendurskoðun er nú með í höndunum, það væri að sjálfsögðu æskilegt að skýrslan væri komin nú þegar, hin fyrri, en viðameiri úttekt á störfum einkavæðingarnefndar, á öllu ferlinu er nú að fara í gang og þó að fyrr hefði verið og þá niðurstöðu þurfum við að fá. Mér finnst að það sé bara siðferðisleg skylda ríkisstjórnarinnar við þessar aðstæður að aðhafast ekki frekar fyrr en þeir hlutir hafa verið upplýstir. Það er engin stjórnsýsla að sullast áfram þegar málin samtímis sæta meira og minna opinberri rannsókn og láta eins og ekkert sé þannig að sú krafa, herra forseti, skal hér undirstrikuð að einkavæðingarnefnd verði leyst frá störfum og ekki aðhafst frekar í málinu.

[14:03]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Sú umræða sem nú fer fram um tillögu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þess efnis að einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar verði leyst frá störfum og frekari einkavæðing stöðvuð, hófst í gær og hefur verið athyglisverð fyrir ýmissa hluta sakir. Þannig var áberandi fjarvera þeirra ráðherra sem fyrir hönd ríkisstjórnarinnar bera sérstaklega ábyrgð á einkavæðingarferlinu og einkavæðingarnefndinni. Hún starfar nefnilega á vegum fjögurra ráðherra, tveggja ráðherra frá Sjálfstfl., hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar og hæstv. fjmrh. Geirs Haardes og frá Framsfl. eru í einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar, ráðherranefndinni, hæstv. viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir og hæstv. utanrrh.

Halldór Ásgrímsson, formaður Framsfl. Þar eru tveir frá hvorum flokki í samræmi við margfræga helmingaskiptareglu.

Aðeins einn ráðherra var viðstaddur umræðuna. Menn hafa þakkað fyrir það þótt varla eigi að þurfa að gera það. Svo sjálfsagt er að ráðherrar sinni þeirri skyldu sinni að vera við umræðuna þegar mál sem þá snerta eru til umfjöllunar á Alþingi, ekki síst þegar borin er fram svo alvarleg gagnrýni sem hér um ræðir.

Hæstv. viðskrh. blandaði sér í þessa umræðu í mýflugumynd. Hvað var það sem hæstv. ráðherra hafði til málanna að leggja? Jú, í fyrsta lagi að mönnum væri greinilega heitt í hamsi, það var athugasemd sem hæstv. ráðherra vildi gera. Í öðru lagi að einkavæðing væri nokkuð sem væri uppi á borðinu, þ.e. á döfinni um heim allan og þess vegna eðlilegt að við einkavæddum líka. Meira að segja í Kína, sagði hæstv. ráðherra, eru menn farnir að einkavæða og Kínverjar gengnir í Alþjóðaviðskiptastofnunina.

Tvennt vil ég nefna í framhaldi af inngripi hæstv. viðskrh. í þessa umræðu. Í fyrsta lagi hina þröngu heimssýn sem þarna birtist. Hæstv. ráðherra gerir sér ekki grein fyrir því að um gervalla heimsbyggðina fara fram átök á milli fjármagnsins annars vegar og almannavaldsins hins vegar, um hve langt eigi að ganga í að markaðsvæða almannaþjónustu. Það er tekist á um þetta um heim allan. Verkalýðshreyfing, almannasamtök og róttæk uppbyggileg stjórnmálaöfl skipa sér á annan vænginn og hins vegar er fjármagnið og afturhaldið á hinum vængnum. Það var greinilegt í hvorum flokknum hæstv. viðskrh. skipaði sér í sveit.

Fyrst minnst er á Alþjóðaviðskiptastofnunina þá eru einnig átök innan hennar um hvert skuli halda. Nú fara t.d. fram viðræður um svokallaða GATS-samninga, The General Agreement on Trade in Services, heitir það á ensku, og er til umfjöllunar í utanrrn. Því miður bendir margt til þess að verið sé að reyna að færa þær viðræður á bak við tjöldin og spurningum ekki svarað sem borist hafa frá verkalýðssamtökum t.d. um efni þeirra viðræðna. Þetta er það fyrsta sem ég vildi nefna, hina þröngu heimssýn sem birtist hjá hæstv. viðskrh. Hitt fannst mér miklu alvarlegra, að hæstv. ráðherra sæi ekki ástæðu til að svara þeirri gagnrýni sem sett var fram hér við umræðuna.

Ég gat um það í upphafi máls míns í gær að því færi fjarri að ég setti alla einkavæðingu undir einn hatt og að fyrirtæki sem sett hefðu verið á laggirnar með félagslegu átaki fyrr á tíð af hálfu sveitarfélaga og ríkis kynnu þegar fram líða stundir að eiga heima á markaði og ekkert óeðlilegt við að þau væru seld. Ég nefndi nokkur dæmi. Ég nefndi SR-mjöl, Síldarverksmiðjur ríkisins, ég nefndi Áburðarverksmiðjuna. Ég vil nefna Ferðaskrifstofu ríkisins, ég nefni prentsmiðju sem var í eigu ríkisins. Allt þetta finnst mér sjálfsagt að sé *markaðsvætt ef aðstæður eru fyrir hendi.* Við höfum ekki gagnrýnt það.

Við höfum hins vegar gagnrýnt hitt með hvaða hætti þetta var gert og á hvaða kjörum sú sala fór fram. Það sem við leggjum áherslu á hér er að halda til haga annars vegar pólitískum ágreiningi um einkavæðingu. Við getum haft mismunandi skoðanir á því hve langt eigi að ganga í því efni og hins vegar hinu hvernig staðið er að verki, hvaða reglum er hlítt og farið eftir og yfirleitt hvort einhverjar reglur séu í gildi og farið sé vel með almannafé. Út á þetta gengur málflutningur okkar. Þar tíndi ég til dæmin og bar saman erindisbréf ríkisstjórnarinnar til einkavæðingarnefndar og færði sönnur á að verklagsreglurnar hefðu verið brotnar, ekki hafi verið farið eftir þeim. Í sumum tilvikum, þar sem engar slíkar reglur er að finna, hafi sannanlega verið farið illa með almannafé. Þar nefndi ég fyrst þau fyrirtæki sem seld hafa verið, t.d. SR-mjöl sem var selt á spottprís. Þangað hafði verið veitt inn mörg hundruð milljónum rétt fyrir söluna og í tengslum við hana á eftir, vel á sjöunda hundrað milljónir en verksmiðjurnar seldar fyrir á áttunda hundrað millj. kr. Þarna fór 161 millj. kr. í milli í fyrirtæki sem núna er metið samkvæmt upplýsingum frá Kauphöllinni á 4,3 milljarða. Reyndar var innstreymið úr ríkissjóði af skattpeningum inn í fyrirtækið miklu meira vegna þess að upp höfðu verið byggðar nýjar verksmiðjur á árunum og mánuðunum áður. Ég nefndi þetta sem eitt dæmi.

Ég nefndi líka Áburðarverksmiðjuna sem 1999 var seld fyrir 1.257 millj. kr. Síðan kom í ljós að á lager fyrirtækisins voru verðmæti sem metin voru á 750 millj. Í sjóðum fyrirtækisins voru 19 millj. Með öðrum orðum voru menn að fá vel innan við 500 milljónir gagnstætt því sem sagt var. Og hvað hefur síðan gerst? Allur pakkinn hefur verið seldur Reykjavíkurborg — fyrir hvað? 1.300 millj. kr., 1,3 milljarða. Og fyrst þetta var í kortunum, að sjálfsögðu var þetta í kortunum, hvers vegna komu sérfræðingar ríkisstjórnarinnar ekki auga á þetta? Hvers vegna beindu þeir þeirri sölu ekki í annan farveg og stóðu þannig vörð um hagsmuni skattborgaranna, okkar? Þarna voru slæmar brotalamir.

Ég vék síðan að Landssímanum, fyrirtæki sem skilaði íslenskum ríkissjóði á tímabilinu 1988 og fram undir aldamót yfir 20 milljörðum kr. Það er samkvæmt yfirlýsingum einkavæðingarnefndar sjálfrar, formanns nefndarinnar á þeim tíma, Hreins Loftssonar, að það fyrirtæki var gert að eins konar hlutabréfasjóði, rekið eins og hlutabréfasjóður. Þegar forstjórinn fyrrverandi var spurður hvernig hann verði það að þeir hefðu tapað í braski 400 millj. með fjárfestingu í IP Bell, bandaríska fyrirtækinu sem var rekið af mönnum sem voru svo ruglaðir að líkja mætti við drukkna sjómenn — þetta segi ég með fullri virðingu fyrir sjómönnum og líka drukknum sjómönnum — en þetta var sagt á þeim tíma, þá sagði forstjórinn, Þórarinn V. Þórarinsson, eitthvað á þá lund að menn yrðu að hafa í huga að þetta fyrirtæki væri búið að fjárfesta fyrir 11 milljarða og mátti skilja að þetta væri ekki mikið. Finnst mönnum í lagi að fara svona með almannafé? Þetta eru eigur okkar og finnst mönnum ekki ástæða til að svara fyrir þetta?

Ég skil það mætavel að menn skuli hlaupa á dyr eða koma hingað upp í mýflugumynd með útúrsnúninga um að mönnum sé heitt í hamsi við þessa umræðu. Fyrr mætti nú vera og fyrr mætti nú vera dáðleysi að menn hefðu ekki skoðanir og það heitar á þessum málum. Þá væri blóðið hætt að renna í þjóðinni.

Ég vék síðan í ræðu minni að óeðlilegum tengslum nefndarmanna við atvinnulífið og sérstaklega þá geira sem snerta einkavæðinguna. Þegar ég segi óeðlilegum þá vísa ég til ríkisstjórnarinnar að skipa menn úr þeim geira í einkavæðingarnefnd. Ég nefndi tvo til sögunnar. Ég nefndi stjórnarformann Baugs og ég nefndi stjórnarformann Íslenskra aðalverktaka sem báðir hafa tengst einkavæðingarverkefnum. Á sínum tíma bjuggum við við ýmsa fjárfestingarsjóði atvinnulífsins, Fiskveiðasjóð, Iðnlánasjóð og fleiri sjóði sem voru sameinaðir undir hatti FBA, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, sem nú hefur verið gleyptur af Íslandsbanka. Hvað var gert við þá sjóði? Hvað var byrjað á að gera með þessa sjóði? Það var

byrjað á því að fara höndum um vörudreifingaraðila á markaðnum. Þegar upp var staðið stóð eftir risi sem er stærri og meiri og hefur meira einokunarvald á markaðnum en dæmi eru um frá einokunartímanum. Þetta er staðreyndin. Þetta voru afskipti einkavæðingarnefndar og afleiðing af einkavæðingarferlinu sem allir harma nú. Þarf ekkert að svara fyrir þetta? Þarf ekkert að ræða þetta? Finnst mönnum eðlilegt að setja í einkavæðingarnefnd sjálfan stjórnarformann þessa risa eða Íslenskra aðalverktaka?

Ég segi þetta ekki út í hött eða út í loftið. Ég tengi þetta við verkefni sem hafa farið til þessara fyrirtækja á vegum einkavæðingarnefndar. Ég nefndi Sóltún. Ríkisendurskoðun gagnrýndi það að verkefnið yrði ekki aftur boðið út heldur samið sérstaklega við þetta tiltekna fyrirtæki, Öldung hf. sem reisti Sóltún. Hver átti það? Það voru Securitas og Íslenskir aðalverktakar sem síðan reistu húsnæðið. Þarf ekkert að svara fyrir þetta? Hlaupa menn bara á dyr eða koma hingað í pontu með útúrsnúninga? Hvers konar lýðræðissamkunda er þetta eiginlega?

Síðan ræddi ég einnig og rifjaði upp að sitthvað hefði verið gagnrýnt um þóknanir til nefndarmanna eða þeirra sem koma að þessu einkavæðingarferli. Ég var ekki að gera úr því stærsta málið. Mér finnst eðlilegt að menn fái greidd laun fyrir sín störf. Ég er alls ekki að gagnrýna það. Ég segi hins vegar að ekki megi búa svo um hnúta að þeir hafi um þetta sjálftöku og ég gagnrýni að nefndarmenn sem eru skipaðir í nefndir af þessu tagi sem sérfræðingar snúi sér síðan út í bæ til að leita ráða hjá sérfræðingum sem bera sama nafn og þeir. Hreinn Loftsson leitaði til Hreins Loftssonar. Jón Sveinsson leitaði til Jóns Sveinssonar. Og þegar upp var staðið hafði annar frá 1996–2001 upp úr þessari vinnu 16,5 millj. rúmar og hinn rúmar 6,8 millj. Sumt af þessu eru fullkomlega eðlilegar greiðslur. Ég geri ekki athugasemdir við það. En ég er að tala um fyrirkomulagið, sjálftökuna, sjálfsákvörðunarréttinn sem þessum mönnum er fenginn í hendur. Þetta er óeðlilegt og þetta þarf að ræða.

Mér finnst ekki skipta máli hver pólitísk afstaða okkar er til einkavæðingar sem slíkrar. Við getum haft mismunandi skoðanir á henni. En ég hélt að við gætum öll sameinast um hitt, að eðlilega sé staðið að verki og vel sé farið með almannafé. Út á það gengur þetta.

Þar er ég kominn að því að rökstyðja tillögu okkar. Í janúarlok skrifuðum við forsn. þingsins bréf sem síðan kom beiðni okkar á framfæri við Ríkisendurskoðun um að fram færi úttekt á einkavæðingarferlinu og aðkomu einkavæðingarnefndar að því ferli. Við vísuðum sérstaklega í Landssímann en skírskotuðum engu að síður til alls ferlisins. Ég hef ekki tíma til að lesa upp úr þessu bréfi.

Fallist var á að gera þetta. Þessi vinna er núna í gangi. Það er verið að framkvæma hana. Það er líka verið að framkvæma þrönga, afmarkaða rannsókn á vegum forsrn. Einnig Ríkisendurskoðun framkvæmir hana. Við segjum: Þar til niðurstaða úr þessum rannsóknum og athugunum liggur fyrir er eðlilegt að leysa einkavæðingarnefnd frá störfum og frysta alla frekari einkavæðingu þar til umræða hefur farið fram um þetta efni.

Að lokum, herra forseti, leyfi ég mér að óska eftir því að þessu máli verði vísað til efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

[14:19]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að lýsa því yfir að ég get tekið undir þau sjónarmið sem búa að baki þessari tillögu. Ég held að mikilvægt sé og skynsamlegt í þessari stöðu að leysa einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar frá störfum. Ég hins vegar geri það kannski á öðrum forsendum en hv. þingmenn Vinstri grænna. En það breytir ekki því að ég held að nauðsynlegt sé að fara strax í þetta verkefni.

Í mínum huga, virðulegi forseti, hefur ríkisstjórnin einfaldlega komið óorði á hugmyndir um einkavæðingu. Á mörgum sviðum er að mínu viti mikilvægt og skynsamlegt að færa verkefni frá ríkisvaldinu til einkaaðila, einkanlega vegna þess að ef fyrirtækin verða færð úr hinu pólitíska andrými og þessari frægu helmingaskiptareglu sem hefur gilt um meðferð ríkiseigna um langt skeið og færð yfir til einkaaðila er von til þess að agi markaðarins fái að einhverju leyti ráðið.

En því miður hefur ríkisstjórnin eiginlega farið gegn öllum þessum meginmarkmiðum. Það hefur t.d. verið mjög fróðlegt að hlýða á forseta þingsins, hv. þm. Halldór Blöndal, sem hefur komið hér upp sí og æ til þess eins að gagnrýna þá eftirlitsaðila sem eiga að fylgjast með að þær eignir sem eru seldar og komnar út á markað sinni verkum sínum. Setjum sem svo að við séum sammála um að víða megi færa verkefni frá ríkinu yfir til einkaaðila, þá er það mjög alvarlegur hlutur að þegar þau eru komin yfir til einkaaðila og yfir á markaðinn sé reynt að vega að þeim stofnunum sem ætlað er að tryggja að markaðurinn fái notið sín og virki eins og honum er ætlað. Það finnst mér vera mjög alvarlegur hlutur, virðulegi forseti.

Það hefur vakið sérstaka eftirtekt mína í þessari umræðu, sem ég hef fylgst með, að enginn hv. þm. úr meiri hlutanum, enginn hv. þm. sem hefur stutt ríkisstjórnina, hefur tekið til máls um þetta umræðuefni. Tveir hv. þm. hafa komið upp í andsvar en enginn hefur komið hér upp til að gera skýra grein fyrir sjónarmiðum sínum í þessari umræðu, og ég sakna þess. Ég teldi mikilvægt að heyra í þeim, ekki síst í því ljósi að þegar hæstv. ríkisstjórnin lagði af stað í þetta einkavæðingarferli hafði hún það markmið að selja eigurnar í dreifðri eignaraðild til þess að tryggja að í stað ríkiseinokunar og ríkisafskipta á mörgum sviðum skapaðist ákveðið lýðræði á markaðnum sem byggði einmitt á því að eignirnar væru seldar í dreifðri eignaraðild.

Frá þessari stefnu hefur verið horfið. Ég sakna þess að heyra ekki í þeim hv. þingmönnum sem styðja ríkisstjórnina, hvort þeir séu sáttir við þessa stefnubreytingu, hvort þessi stefnubreyting hafi verið rædd við þá, hvort þeir hafi að einhverju leyti komið að því að skapa þessa nýju stefnu. Hér er um algera stefnubreytingu að ræða. Ég trúi því ekki að þingmenn meiri hlutans séu svo geðlausir að þeir láti þetta yfir sig ganga án þess a.m.k. að rökstyðja stefnubreytinguna, án þess a.m.k. að rökstyðja annað en það að þeir einfaldlega snúist eins og þeim er skipað. Ég held að mikilvægt sé að þetta komi skýrt fram í þessari umræðu svo þeim verði ekki borið það á brýn að sigla einungis eins og vindarnir blása þeim.

Það gefur augaleið, virðulegi forseti, að ef við færum eignir frá ríkisvaldinu yfir á markaðinn erum við að reyna að ná fram því sem einkareksturinn hefur fram yfir ríkisrekstrurinn. Það gerist ekki nema agi markaðarins fái notið sín, og

það gerist ekki nema eftirlitsstofnanir og aðrir sem eiga að tryggja þetta agavald á markaðnum fái starfað óþvingað.

Því hefur verið mjög sérstætt að hlýða á þingmenn Sjálfstfl. á hinu háa Alþingi, hvernig þeir hafa hjólað æ ofan í æ undir forustu forseta þingsins, Halldórs Blöndals, gegn þeim stofnunum sem er ætlað að tryggja þetta agavald á markaðnum, með rökum sem þola vart dagsljósið, rökum sem halda hvorki vatni né vindum. Það er dálítið sorglegt að svona skuli vera komið fyrir þeim flokki sem kennt hefur sig við frelsi, samkeppni og einkavæðingu.

Þá hefur ekki síður verið fróðlegt að hlýða á hæstv. forsrh. sem hefur haft ríkar skoðanir á matvöruverslun, og þá hefur skipt miklu hver á matvöruverslanirnar en ekki hefur verið fjallað um það efnislega hvernig markaðurinn hefur þróast á þessu sviði.

Virðulegi forseti. Það kemur mér verulega á óvart og ég harma það mjög að menn hafi ekki komið hér fram, hv. þingmenn meiri hlutans, til að rökstyðja vandlega og fara yfir hverju þessi kúvending í umræðunni sæti og hvort þeir ætli að láta það yfir sig ganga að koma í raun óorði á hugmyndir um einkavæðingu, eins og hér hefur gerst á undanförnum missirum. Í upphafi síðustu viku var hér umræða um þá kúvendingu sem átt hefur sér stað í sölu á bönkunum sem enginn hefur getað útskýrt á annan hátt en þann að gamli helmingaskiptadraugurinn gangi aftur. Það hefur verið farið vandlega yfir þetta og það rætt víða, og hvergi hafa menn komið fram með rökin, hvergi nokkurs staðar. Síðan var það hæstv. forsrh. sem tók steininn úr í einhverri ræðu með því að lýsa því yfir að kannski mundi þetta einhvern tíma á síðari stigum fara hvort eð er á fáar hendur og þá væri alveg eins gott að gefast bara upp strax.

Virðulegi forseti. Ég sakna þess mjög að fulltrúar meiri hlutans á hinu háa Alþingi skuli ekki geta gert betri grein fyrir afstöðu sinni í þessum málum.

[14:27]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ekki er að undra að tillaga af þessari tegund komi fram á hinu háa Alþingi þegar ferill einkavæðingarnefndar á síðustu missirum og árum er skoðaður. Það er satt að segja, herra forseti, ein sorgarsaga, það ferli allt saman og það verklag sem á þeim bænum hefur verið viðhaft. Auðvitað er óþarfi að endurtaka það sem hér hefur áður verið sagt og alþjóð er kunnugt, að þeir hafa verið að týna tölunni þar, nefndarmenn, einkum á síðari stigum, og fengið upp í háls af einhverjum ástæðum, sumum kunnum, öðrum ókunnum. Ráðherrarnir sem í hlut hafa átt og skipað hafa viðkomandi nefndarmenn hafa þá gripið til þess ráðs að setja til starfa ráðuneytisstjóra sína, svona til þess að þeir geti haft fingurinn á púlsinum þannig að þeir geti haft meira um það að segja en áður hvernig þessi nefnd vinnur.

Manni kemur nefnilega til hugar að þessari nefnd hafi á síðari árum verið vandi á höndum, ekki síst vegna þess að ákveðnar leikreglur og ákveðin viðmið hefur fullkomlega vantað af hálfu ríkisstjórnarflokkanna. Það er óþarfi að rifja það upp líka að stundum er talað um mikilvægi dreifðrar eignaraðildar þegar það á við. Hæstv. forsrh. hefur farið fram í broddi fylkingar í þeim efnum þegar það hefur átt við, að hans mati. Örfáum vikum eða kannski mánuðum síðar er hlutunum snúið við og talað um mikilvægi þess að kalla til kjölfestufjárfesta, einhverja stóra aðila sem geta keypt stóran hlut eða allt að meiri hluta í viðkomandi fyrirtæki. Landsbankaumræðan og -salan langdregna er talandi dæmi um þetta.

Stundum tala menn svo um mikilvægi þess að fá hæsta mögulega verð fyrir viðkomandi ríkisfyrirtæki og tala um nauðsyn þess að fólkið í landinu fái eins mikið og nokkur kostur er fyrir þessi þjónustufyrirtæki sem fólkið sjálft hefur auðvitað átt sinn þátt, og langstærstan þátt, í að skapa. En svo kemur að því að þeirri plötu er líka snúið við og menn tala um að það sé allt eins gott að fá bara lágt verð þannig að fólkið í landinu geti grætt á því að kaupa hlut í þessum fyrirtækjum, jafnvel svo þegar um stóra aðila er að ræða að reynsla þeirra sé svo veigaþung í að koma að stjórn fyrirtækis á borð við þau sem í sölu hafa verið að réttlætanlegt sé að láta þessa stóru aðila fá viðkomandi þjónustustofnun fyrir lítið. Þarna rekst hvað á annars horn og maður áttar sig á því að sérfræðinefnd eins og einkavæðingarnefnd hefur stundum úr vöndu að ráða því að auðvitað veit alþjóð það, herra forseti, að einkavæðingarnefndin hverju sinni tekur ekki hinar endanlegu ákvarðanir um eitt eða neitt eins og hæstv. fjmrh. sjálfur sagði. Pólitíkusarnir ráða. Spurningin er: Eru þeir með puttana í daglegum og vikulegum fundum þessarar nefndar? Segja þeir fyrir hverju sinni hvað gera skal? Er ekki sótt í þessa sérfræðiaðstoð sem einkavæðingarnefnd á jú sannarlega að búa yfir? Það eru atriði af þessum toga sem valda því að tortryggni gætir. Er sérfræðin ekki jafnmikil og menn vilja vera láta? Eru þetta allt þessi svokölluðu helmingaskipti, einn fyrir þig, annan fyrir mig? Vissulega er ýmislegt í öllum þessum farsa, vil ég segja, sem rennir stoðum undir þá fullyrðingu og meira til. Mér dettur í hug, herra forseti, hvort ekki sé ráð, eins og hér er raunar lagt til, að stokka upp spilin.

Ég tek undir með hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að hér kem ég ekki upp til að mæla því mót heilt yfir línuna að ríkisfyrirtæki sem eru á samkeppnismarkaði verði einkavædd, sem eru á samkeppnismarkaði, ég undirstrika það, herra forseti. (**Viðskrh.:** Eins og bankarnir.) Af því að hæstv. viðskrh. grípur inn í, þá er stundum úr vöndu að ráða þegar kemur að þessari meintu samkeppni. „Eins og bankarnir," sagði hæstv. ráðherra. Betra ef satt væri að sú samkeppni væri virkari en raun ber vitni. Betur að satt væri að bankarnir væru að keppa hver við annan um bestu vaxtakjör, um lægsta kostnað. En því miður virðast tölur sýna allt annað. Þar virðast mál komin í svipaðan farveg og þjóðin hefur þekkt árum og áratugum saman þegar olíufélögin eða olíuverðið er skoðað. En sitthvað er nú samkeppni og samkeppni.

Það er kjarni þessa máls að maður hefur haft um það efasemdir að það eitt að selja þessi ríkisfyrirtæki til vildarvina ríkisstjórnarflokkanna dygði til þess að skapa hina virku samkeppni. En til þess er leikurinn gerður. Lykilorðið þegar menn nálgast þetta hugtak, einkavæðingu, er samkeppnisvæðing, hvernig við getum best komið á samkeppnisvæðingu, virkri samkeppni í viðkomandi geira. Það er kjarni þessa máls.

Herra forseti. Ég var að segja, áður en hæstv. viðskrh. greip fram í, að spurningin er hvort ekki sé eðlilegt við þessar aðstæður að stokka upp spilin og Alþingi geri nokkuð skýrt hvaða leikreglur skuli viðhafðar þegar gengið er til verka við sölu ríkisfyrirtækja og þá líka hitt hvort Alþingi sjálft eigi ekki einfaldlega að skipa í slíka nefnd, með öðrum orðum að hún verði þverpólitísk.

Mér hefur fundist það dálítið óeðlilegt að þingmenn þjóðarinnar hafi satt að segja ekkert vitað nema um gang þessara

mála þó verið sé að fara með verðmæti upp á tugi milljarða kr. Nú veit ég vel að ráðherrann í hverju tilviki hefur heimildina. En er óeðlilegt að stjórnarandstaðan geti óbeint komið að þessum málum? Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að mál af þessum toga verða ekki rekin fyrir opnum tjöldum. Viðkvæmar viðræður við þurfa að fara lágt í sumum tilfellum. Í öðrum tilfellum ekki, eins og dæmin sanna. Það gefur augaleið að ef um þverpólitíska nefnd af þessum toga yrði að ræða þá yrði gætt trúnaðar. En ég held að það væri mikilvægt fyrir stöðu málsins, gang málsins, framtíðarhorfur og verklag allt að stjórnarandstaðan komi að þessu verki. Öðruvísi verður ekki vit í þessu eins og þessi sorgarsaga sýnir okkur svo bersýnilega.

[14:35]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég talaði í þessu máli áðan en náði ekki að ljúka öllu því sem ég vildi koma að í ræðu minni.

Virðulegi forseti. Af því að hér hefur almennt verið talað um einkavæðingu og m.a. sölu á bönkunum o.s.frv. held ég að ekki sé hægt annað en að fara aðeins yfir hugtakið kjölfestufjárfestir sem hefur verið að ryðja sér til rúms og festa sig í sessi núna á síðari árum.

Nú er ekki lengur markmið að selja þetta í dreifðri eignaraðild heldur er kjölfestufjárfestir nauðsynlegur inn í dæmið. Víðast hvar er kjölfestufjárfestir, t.d. í bankaumhverfi, ekkert sérlega stór. Hann getur verið 6%. Hann getur verið 7%. Hann getur verið 10% og kannski að hámarki 12%. En þetta kjölfestufjárfestahugtak á Íslandi virðist ekki mega vera mikið undir 40% í almenningshlutafélagi.

Þá hefði maður ekki síður talið að kjölfestufjárfestir væri aðili sem ætlaði að vera um skeið á staðnum, dvelja um hríð, taka þátt í að byggja upp tiltekið fyrirtæki og taka þátt í að marka stefnuna til lengri tíma, að þess vegna væru menn kjölfestufjárfestar. En þetta kjölfestufjárfestahugtak hefur almennt fengið nýtt innihald í íslenskri umræðu. Það er ekki síður fróðlegt að hlýða á væntanlegan kjölfestufjárfesti í Landsbankanum sem hefur lýst því yfir að hann ætli að láta sig hverfa verði af þessum samningum eftir fjögur ár eða svo og ætli þá að selja sig út úr bankanum með hagnaði. Og ekki bara það. Þá er hugmyndin sú að selja til almennings. Hæstv. forsrh. lýsti því yfir úr þessum ræðustól að það væri hvort eð er ekki möguleiki að eiga við þetta, þetta mundi hvort sem er allt saman renna í sama hópinn, í sömu körfuna, þetta mundi allt saman færast á sömu hendur og því væri bara alveg eins gott að viðurkenna það strax. En þessi tiltekni kjölfestufjárfestir sem nú er verið ræða við hefur allt aðrar hugmyndir. Hann ætlar að selja þetta til almennings eftir fjögur ár.

Hæstv. viðskrh. greip fram í í ræðu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar, nefndi bankana og vísaði að einhverju leyti til samkeppni og samkeppnismarkaðar. Hvaða samkeppni er fyrir almenning á bankamarkaði? Hvar finna menn þessa samkeppni? Hvergi nokkurs staðar. Stýrivextir Seðlabankans ráða alfarið vaxtakjörum, nánast alfarið. Eða hvar finna menn þessa samkeppni? Getur hinn venjulegi Jón Jónsson gengið á milli banka og spurt: „Ef ég kem í viðskipti, hvað er í þessu fyrir mig? Hvaða kjör bjóðast mér?“ Haldið þið að það sé stór munur á milli bankastofnana á hvað er í boði? Nei. Svo er ekki. Það vekur aftur upp spurninguna um hvort þetta samkeppnisleysi, ef svo má að orði komast, þýði í raun að undirliggjandi sé einhvers konar verðsamráð í bönkunum. Það hlýtur að vera eitthvað sem við þurfum að huga að.

Nú liggur fyrir að gerð var húsleit hjá olíufélögunum eins og frægt er orðið. Sú húsleit hefur orðið fyrir talsverðri gagnrýni og jafnvel af þeim sjálfum sem leitað var hjá áður en nokkur niðurstaða er komin fram í málinu. Án þess að fara frekar út í það er fróðlegt að draga það inn í þessa umræðu um verðsamráð, skort á samkeppni o.s.frv. að OECD sem oft hefur verið vísað til í sölum hins háa Alþingis hefur látið það frá sér fara að í tilvikum þar sem um verðsamráð er að ræða sé næsta víst að meðaltalið sé a.m.k. 10% aukning á veltufé viðkomandi fyrirtækja. Ef við yfirfærum þetta á veltufé olíufélaganna þar sem þau hafa verið til skoðunar, án þess að ég fullyrði að það samráð hafi verið haft, þá veit ég að þessi félög velta 35–40 milljörðum á ári. Frá því að samkeppnislögin tóku gildi eru um það bil tíu ár eða svo. Þá sjá menn í hendi sér hvílíkar fjárhæðir hér geta verið á ferðinni. Þess vegna er algert lykilatriði þegar selja á stór fyrirtæki í ríkiseigu að þau séu seld í dreifðri eignaraðild og tryggt sé að þegar þau koma inn á markað lúti þau agavaldi markaðarins og við virðum og við styðjum við bakið á þeim aðilum sem ætlað er að hafa það hlutverk að sinna þessu eftirliti.

Ég verð að segja alveg eins og er, virðuleg forseti, að ég sakna þess dálítið að þingmenn Sjálfstfl. skuli ekki vera í þingsalnum. Þeir virðast yfirleitt láta sig hverfa þegar farið er að ræða samkeppnismál eða annað slíkt að undanskildum einstaka mönnum sem hlaupa upp í offorsi án þess að vita mikið um hvað þeir eru að tala og til þess helst að veitast að tilteknum stofnunum sem þvælast um of fyrir þeim fyrirtækjum sem þeir ganga erinda fyrir. Ég sakna þess mjög að þeir skuli ekki láta sjá sig í þessari umræðu.

Virðulegi forseti. Tími minn er á þrotum. Ég vil lýsa því yfir, eins og ég sagði í upphafi, að ég styð þá hugmynd, þá tillögu sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur borið fram ásamt hans þingflokki. Ég tel mikilvægt að hægt verði á þessu ferli og það stöðvað núna á meðan menn eru að ná áttum í þessu öllu saman. Ég þekki hins vegar skoðanir hv. þm. Ögmundar Jónassonar og veit að þó að við komumst að sömu niðurstöðu þá gerum við það á mismunandi forsendum. Í tilviki sem þessu held ég að þjóðin hafi fengið nóg. Ég held að þingið hljóti að hafa fengið nóg og ég held að þingmenn meiri hlutans á hinu háa Alþingi hljóti að hafa fengið nóg. Ég trúi því ekki að þeir ætli að láta bjóða sér það að þessu starfi verði haldið áfram eins og verið hefur.

Tveir nefndarmenn hafa nú með skömmu millibili sagt sig úr nefndinni. Það þekkja allir. Menn þekkja það líka að það er á þeim forsendum að þeir sætta sig ekki við vinnubrögðin. Í stað þeirra hafa komið embættismenn sem heyra beint undir viðkomandi ráðherra. Ekki vil ég lasta þá í þessari ræðu. En ég held, virðulegi forseti, að nú sé tími til kominn að snúa við blaðinu, skoða á nýjan leik á hvaða vegferð menn eru og leita nýrra leiða. Það er algert lykilatriði ef þessi starfsemi á að halda áfram, þ.e. að einkavæða ríkisfyrirtæki.

[14:44]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel ástæðu til að koma aðeins inn á eitt atriði sem hv. þm. fjallaði um í ræðu sinni. Það var þetta með samkeppnina. Hvar finna menn þessa samkeppni? Þá vil ég rifja það upp að það var a.m.k. ekki talið rétt af hálfu samkeppnisyfirvalda að sameina þá tvo banka sem nú stendur til að selja hvorn í sínu lagi. Þar var að sjálfsögðu farið að þeim

leiðbeiningum sem komu frá samkeppnisyfirvöldum en ég get alveg tekið undir það að samkeppnin mætti vera miklu meiri í bankarekstri. Kannski á hún eftir að aukast og þá er ég ekki síður að hugsa um það að hún geti farið þannig fram, þ.e. þegar við erum komin með netið og allir með aðgang að netinu, að einstaklingar eigi viðskipti við banka erlendis. Við horfum þannig vonandi fram á meiri samkeppni í framtíðinni í bankarekstri almennt.

Svo er það dreifða eignaraðildin sem hv. þm. talar um og við tókum smáumræðu um fyrir nokkrum dögum utan dagskrár. Ég tel að það sé í raun bara sýndarmennska að tala um að selja eigi þetta dreift vegna þess að við getum ekki sett það í lög. Við getum það ekki út af Evrópska efnahagssvæðinu. Við erum aðilar að því og þar er það ekki heimilt.

Ég man eftir því að hv. þm. kallaði fram í og nefndi Norðmenn og Ítali um daginn þegar umræðan fór fram. Það var mikið talað í salnum meðan ég hélt síðari ræðu mína svo að ég komst varla að. En sannleikurinn er sá að Norðmenn eru að hætta við þetta fyrirkomulag. Þeir ætla að breyta lögunum og taka út ákvæðið um 10% markið og hámarkið. Það er út af Eftirlitsstofnun EFTA. Hvað Ítali varðar þá eru þeir í allt öðru umhverfi en við. Þeir eru m.a. aðilar að Evrópusambandinu og lúta ekki sömu eftirlitsstofnun og við. Þeir eru með einhvers konar bráðabirgðafyrirkomulag þannig að þeir munu fara inn í þetta fyrirkomulag líka, að verða að hafa það þannig að ekki megi lögbinda dreifða eignaraðild.

[14:46]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nefna það að ég skildi hæstv. ráðherra þannig, í upphafi andsvars hennar, að hún legði út af því að ekki hafi verið um það að ræða að bankar yrðu sameinaðir. Ég þori að fullyrða að það hefði ekki aukið á samkeppni á bankamarkaði ef Landsbankinn og Búnaðarbankinn hefðu verið sameinaðir á sínum tíma. Í ljósi þess að ég er talsmaður aukinnar samkeppni var ég ánægður með þá niðurstöðu og taldi hana til heilla.

Varðandi spurninguna um hvort hægt sé að binda í lög reglur þess efnis að tryggja dreifða eignaraðild vil ég segja að ég held, virðulegi forseti, að hér sé fyrst og fremst um pólitískan vilja að ræða. Ég veit að í Noregi eru það reyndar 15% sem menn hafa bannað einum og sama aðilanum að eiga að undanskildu því að fjármálastofnanir geta átt hver í annarri án þess að það sé bundið við þau mörk. Ég mótmæli því líka að Ítalir búi við annað fyrirkomulag en við. Bæði þessi lönd eru á Evrópska efnahagssvæðinu og um þetta gilda nákvæmlega sömu reglur. Síðan hefur Eftirlitsstofnun EFTA verið að gera athugasemdir við þetta, ég þekki það, en það eru vissulega leiðir til að tryggja að af þessu geti orðið. Menn geta fest í sessi reglur þess efnis að skylda menn til að kaupa upp bréf, gera yfirtökutilboð í önnur bréf. Menn geta farið ýmsar leiðir til að ná þessu mikilvæga markmiði, að dreifð eignaraðild sé í fyrirtækjum sem fara með jafnmikið vald og bankarnir gera.

Sagt hefur verið að peningar séu hreyfiafl, þeir færi hlutina úr stað. Við getum ekki sætt okkur við það. Við getum ekki sætt okkur við að þetta afl sé aðeins einum aðila falið. Það er mjög misráðið, virðulegi forseti.

[14:48]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil hér í lokin, þar sem ég hef ekki tök á að taka þátt frekar í umræðunni, vekja athygli á því hvernig hæstv. ráðherrar í ríkisstjórninni koma að þessum málum. Hæstv. ráðherra svaraði hér andsvari og er ekkert nema gott um það að segja en hefur ekki vikið einu orði að því þingmáli og þeirri gagnrýni sem hér er til umræðu.

(**Forseti** (HBl): Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á því að þetta er ekki um fundarstjórn forseta. Um störf þingsins er talað í upphafi þingfundar.)

Mér finnst ástæða til að þetta sé skráð í annála þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 8. mál (stofnfjárhlutir). — Þskj. 8.

[14:49]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum. Þetta frv. gengur í höfuðdráttum út á tvennt. Í fyrsta lagi að nema úr gildi breytingar sem festar voru í lög á sl. vori sem heimiluðu sparisjóðum að umbreyta sér í hlutafélög, þ.e. heimiluðu stjórnum sparisjóðanna að gera þá að hlutafélögum. Þessa heimild viljum við nema úr gildi. Í annan stað viljum við breyta reglum um framsal stofnfjárhluta og verslun með þá og girða fyrir það í lögum að stofnfjáreigendur geti verslað með þessi bréf á yfirverði. Okkur þykir eðlilegt að þeir fái eðlilegt verð fyrir þessi bréf, uppfært samkvæmt verðbólgu, en geti ekki fengið margfalt þetta verð.

Eins og menn þekkja var þetta mjög til umræðu í sumar. Um mitt sumar kom þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs saman og ályktaði um þetta efni á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Af umræðu síðustu daga um hlutafélagavæðingu og yfirtöku SPRON virðist ljóst að endurskoða þarf nýleg lög um sparisjóði þannig að eðli þeirra, markmið og þjónustuskyldur verði tryggð.

Hlutverk sparisjóðanna hefur verið að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs og menningarstarfs í viðkomandi byggðarlögum, en ekki að hámarka arð einstakra stofnfjáreigenda. Sérstaklega hafa sparisjóðirnir sinnt því mikilvæga hlutverki að veita almenningi og ekki síst minni fyrirtækjum þjónustu. Minnt er á að í samþykktum sparisjóðanna er skýrt kveðið á um að sé hlutverki sparisjóðs lokið og ákveðið að leggja hann niður skuli eignir að frátöldum skuldum og greiðslum til stofnfjáraðila renna til líknar- og menningarmála á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs. Stærstur hluti eigin fjár sparisjóðanna er því í raun samfélagseign og sameign menningar- og líknarfélaga á starfssvæði sjóðanna. Allar breytingar á eignarformi eða rekstri sem ganga á svig við þessa hugmyndafræði og tilgang sparisjóðanna eru brot á þeim samþykktum sem kveða á um tilveru þeirra.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vöruðu við þeim breytingum sem samþykktar voru á Alþingi vorið 2001 sem m.a. heimiluðu hlutafélagavæðingu sparisjóðanna. Það var álit þingflokksins að lagabreytingarnar væru hroðvirknislega unnar og lögin byðu þeim hættum

heim sem nú hafa komið á daginn. Þingflokkurinn lagði það til að opnað yrði fyrir öðrum leiðum til að styrkja hag og samkeppnisstöðu sparisjóðanna, ef þess reyndist þörf.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hvetur til þess að frestað verði öllum áformum um hlutafélagavæðingu einstakra sparisjóða og öðrum grundvallarbreytingum á eignarhaldi þeirra. Hag sparisjóðanna ber að tryggja án þess að fallið sé frá grundvallarhugsjónum þeirra og þjónustuskyldum við það samfélag sem þeir starfa í."

Hér hef ég lokið upplestri á ályktun sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sendi frá sér 27. júní í sumar. Við höfðum uppi orð um það síðsumars að vel gæti komið til álita af okkar hálfu, ef þing yrði ekki kallað saman sem eðlilegast hefði verið að gera, að bráðabirgðalög yrðu gefin út til að koma í veg fyrir brask með stofnfé eins og þá var á döfinni og uppi á borðum. Þetta var því miður ekki gert en í samræmi við þennan vilja okkar leggjum við þetta frv. nú fram í upphafi þings og vonum að það hljóti samþykki.

Reyndar er það svo að þær breytingar sem við leggjum til virðast í anda þess sem þingið taldi felast í þeim lögum sem samþykkt voru á sl. vori, a.m.k. varðandi sölu á stofnfé. Hitt vildu menn láta reyna á, að sjóðunum yrði veitt heimild til að breytast í hlutafélög. Við teljum hins vegar að í ljósi þeirra aðstæðna sem upp komu eftir að lögin voru samþykkt, þ.e. eftir að þessar lagabreytingar voru gerðar, beri að endurskoða þetta.

Ástæðan fyrir því að við lögðumst ekki mjög hart gegn þessum breytingum sl. vor var sá vilji sem virtist almennur í sparisjóðunum, að þessar heimildir ætti að veita. Menn vildu opna á þessa möguleika, margir hverjir. Hins vegar höfum við haft spurnir af því að þessi viðhorf séu mjög breytt eftir atburði sumarsins. Við höfum kannað þetta hjá stjórnarmönnum í sparisjóðunum og starfsmönnum sparisjóðanna og þar höfum við sannfærst um að við förum með rétt mál.

Varðandi fyrri lagabreytinguna sem við leggjum til og lýtur að verslun með stofnfé voru þær breytingar sem þetta frv. felur í sér í samræmi við vilja Sambands íslenskra sparisjóða. Sambandið lagði hreinlega til við þingmenn og þingflokkana að við reyndum að ná fram þessum lagabreytingum.

Að hinni breytingunni stöndum við hins vegar ein í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, vonumst þó til að fá fylgi við það í þingsalnum, að nema úr gildi heimildina til að breyta sparisjóðunum í hlutafélög.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta mjög langt mál. Mér finnst gott að fá þetta til umfjöllunar í upphafi þings og mikilvægt að það komist til nefndar hið allra fyrsta. Málinu hefur verið vísað til efh.- og viðskn. því að þar mun það eiga heima. Að öðru leyti vísa ég til greinargerðar sem fylgir frv. og fylgigagna. Þar er að finna blaðagreinar sem hv. þm. Jón Bjarnason hefur ritað um þetta mál í sumar í aðskiljanleg blöð og tímarit.

Að lokum, herra forseti, vil ég vitna í athugasemdir sem fylgdu frv. viðskrh. á 126. löggjafarþingi en þar segir, með leyfi forseta:

„Sparisjóðir á Íslandi, líkt og annars staðar í Evrópu, eru fyrst og fremst staðbundin fjármálafyrirtæki með sterk tengsl við starfssvæði sitt og nána samvinnu sín á milli. Sparisjóðirnir hafa verið reknir með hag sparifjáreigenda og almennings fyrir augum en ekki til hámarksarðs fyrir stofnfjáreigendur. Markmiðið með rekstrinum var því að stuðla að almannahag."

Brýnt er að þetta markmið glatist ekki.

[14:57]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur mælt fyrir frv. til laga um breyting á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði sem við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, flytjum. Það felur í sér þrengingu á þeim lagaheimildum sem veittar voru, einkum sl. vetur, en þær hafa verið túlkaðar með þeim hætti að heimilt væri að selja stofnfjárhluti sparisjóðanna á tilboðsverði. Jafnframt felur þetta frv. sem við leggjum til í sér að sú heimild sem veitt var þá til hlutfélagavæðingar á sparisjóðunum verði numin úr gildi, a.m.k. meðan verið er að vinna þessi mál frekar þannig að meiri sátt verði um.

Herra forseti. Jafnframt er rétt að vekja athygli á því að einkavæðing og sala á almannaeignum hefur verið einn af hornsteinum stefnu þessarar ríkisstjórnar. Einn mikilvægasti þátturinn í stjórnarsáttmálanum er sala á ríkiseignum, sala á almannaþjónustufyrirtækjum, hvort sem þau heita Landssími, bankar eða sparisjóðir. Rétt þótti að hlutfélagavæða sparisjóðina. Það þurfti því ekki að koma á óvart að nú í sumar kom upp sterk hreyfing hjá einstaklingum og hópum einstaklinga til að komast yfir eignir sparisjóðanna. Fyrst og fremst að komast yfir þær og ná valdi á þeim og í öðru lagi að fá þær á sem hagkvæmustu verði. Þessi atrenna varð mjög hörð og var tvísýnt um hvernig færi. Sparisjóðirnir virtust því standa lagalega berskjaldaðir fyrir þessu áhlaupi.

Það var einmitt í því ljósi sem við, þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sendum frá okkur ályktun þegar í upphafi þessarar hörðu atrennu að sparisjóðnum. Hv. þm. Ögmundur Jónasson las hana upp nú áðan og þar mæltumst eindregið til þess að allri frekari hlutafjárvæðingu á sparisjóðunum yrði frestað og hún sett á ís meðan farið yrði yfir þetta mál.

Sparisjóðirnir hafa nefnilega verulega sérstöðu sem peningastofnanir meðal þjóðarinnar. Þeir voru flestir stofnaðir snemma á síðustu öld og meginhluti eigin fjár þeirra er í sjálfseign og í reynd í eigu almennings, þess nærsamfélags sem viðkomandi sparisjóður þjónar. Þeir hafa veitt almenna fjármálaþjónustu á starfssvæði sínu og unnið á grundvelli hugsjóna um eflingu og uppbyggingu atvinnulífs og menningarstarfs á sínu heimasvæði. Markmið þeirra hefur ekki verið að hámarka arðgreiðslur til einstakra stofnfjáreigenda.

Afar ströng skilyrði voru sett fyrir starfsleyfum sparisjóðanna. Þeir voru menningar- og þjónustustofnanir og nutu t.d. af þeim sökum skattfrelsis allt til ársins 1983. Í samþykktum sparisjóðanna er kveðið á um slit sjóðanna sem kveða á um að aðeins sé heimilt að sameina sparisjóð öðrum sparisjóði. Þegar skuldir sparisjóðsins hafa verið greiddar upp vegna slita á starfsemi hans skal greiða stofnfjáreigendum eignarhlut þeirra af eftirstöðvum sjóðsins. Þeim eignum er þá kunna að vera eftir skal ráðstafað til menningar- og líknarmála á starfssvæði sparisjóðsins. Í þessu endurspeglast sá grundvallarmunur sem er á sparisjóði og hlutafélagsbanka sem starfar eins og hvert annað fyrirtæki.

Virðulegi forseti. Í hugum fólks stendur heitið sparisjóður fyrir ofangreind gildi. Sé þessum grundvallarmarkmiðum breytt eru jafnframt forsendur brostnar fyrir því að halda peningum saman í nafni viðkomandi sparisjóðs og bæri þá frekar að leysa hann upp og ráðstafa eigum hans eins og stofnsamþykktir kveða á um. Engu að síður, herra forseti,

er staðreyndin sú að fjölmargir sparisjóðir gegna lykilhlutverki í atvinnu- og menningarlífi margra byggðarlaga. Þeir eru hornsteinninn í fjármálaþjónustu við einstaklinga og lítil og meðalstór fyrirtæki á sínum starfssvæðum. Það yrði því veruleg skerðing á þjónustu og umsvifum vítt um land ef sparisjóðirnir yrðu græðgi einkafjármagnsins að bráð. Þess vegna leggjum við til að heimildir til einkavæðingar og sölu á sparisjóðunum verði felldar úr lögum og mál sparisjóðanna skoðuð út frá þeim grunni sem þeir voru stofnaðir á.

Herra forseti. Það er mjög gott fyrir þá sem eru að fjalla um sparisjóðina að kynna sér rit sem heitir „Sparisjóður Dalasýslu — Aldahvörf — 1891–1995“ og er tekið saman af Friðjóni Þórðarsyni, fyrrv. alþingismanni og ráðherra. Friðjón var jafnframt í stjórn Búnaðarbanka Íslands og bankaráði um áratugabil, líklega lengst þeirra manna sem þar hafa starfað, í 32 ár, lengst af sem varaformaður en einnig sem formaður bankaráðs Búnaðarbankans um skeið. Jafnframt var hann formaður stjórnar Sparisjóðs Dalasýslu. Það fór svo fyrir Sparisjóði Dalasýslu svipað og nokkrum öðrum sparisjóðum að þeir völdu að sameinast ákveðnum bankastofnunum, einkum Búnaðarbankanum og Landsbankanum. Þeir gerðu það í þeirri vissu að þessir bankar yrðu áfram ríkisbankar og mundu axla þá ábyrgð og þjónustu sem sparisjóðirnir áður höfðu í þessum byggðarlögum. Þetta á t.d. við um Sparisjóð Dalasýslu, Sparisjóð Stykkishólms, Sparisjóð Akraness og Sparisjóð Sauðárkróks svo nokkrir séu nefndir. Þessir sparisjóðir gengu inn í þessa banka þar sem þeir töldu að með því væru þeir að styrkja fjármálaþjónustuna í heimabyggð og jafnframt í þeirri vissu að þessir bankar yrðu áfram í eigu þjóðarinnar allrar.

Það er t.d. táknrænt um hvernig þessir sparisjóðir störfuðu að Sparisjóður Dalasýslu ákveður á 50 ára starfsafmæli sínu að minnast eins merks brautryðjanda síns, Bjarna Jenssonar í Ásgarði, með því að leggja fram fjármagn sem nam stofnkostnaði herbergis í heimavist Háskóla Íslands sem hefur nú nafnið Ásgarður. Þetta er dæmi um það hvernig sparisjóðirnir komu að menningarmálum í byggðarlögum sínum. Hv. fyrrv. þm. og ráðherra, Friðjón Þórðarson, segir í fyrrnefndri bók, með leyfi forseta:

„Á sparisjóðsfundi 13. maí 1965 var samþykkt að ganga til samstarfs við Búnaðarbanka Íslands um stofnun útibús frá bankanum í Búðardal. Einnig var staðfest samþykkt síðasta stjórnarfundar um ráðningu Skjaldar Stefánssonar, sýsluskrifara, í starf sparisjóðsstjóra. [...]

Þess skal getið, að staða mála hjá Sparisjóði Dalasýslu var í góðu horfi um þessar mundir. Hann hafði vaxið jafnt og þétt ár frá ári og aukið útlán til gagnlegra framkvæmda í héraðinu. Fjárráð sjóðsins voru því rúm, svo að fáir þurftu að ganga bónleiðir til búðar, sem á lánsfé þurftu að halda. Lán eða skuldir voru í fullum skilum. Þegar Búnaðarbankinn tók við rekstrinum, var aðeins einn tíu þúsund króna víxill í vanskilum, en hann greiddist upp innan fárra vikna.“ Og áfram vitna ég í þetta ágæta rit Friðjóns Þórðarsonar:

„Það skal skýrt og greinilega tekið fram, að slíkur samningur“ — sem síðan var gerður við Búnaðarbankann — „hefði alls ekki verið gerður nema við ríkisbanka, sem menn töldu sig geta treyst, að starfa myndi á sama grunni til frambúðar. Samningurinn allur ber þess glögg merki.“

Herra forseti. Síðan er þessi samningur sem Sparisjóður Dalasýslu gerir við Búnaðarbankann um margt merkilegur. Hann er settur upp sem gagnkvæmur. Í samningnum eru Búnaðarbanka Íslands falin verkefni sparisjóðsins en sparisjóðurinn er ekki lagður niður. Og í einu paragrafinu stendur, með leyfi forseta:

„Búnaðarbanki Íslands mun virða allar skriflegar skuldbindingar sparisjóðsins gagnvart innistæðueigendum.“

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Þegar útibú Búnaðarbankans hefir yfirtekið rekstur sparisjóðsins, lofar stjórn Búnaðarbankans, að útibúið starfi með líkum hætti í grundvallaratriðum og sparisjóðurinn rækir starfsemi sína nú og veiti, eftir því sem hægt er, víðtækari þjónustu, enda er tilgangurinn með stofnun útibúsins sá að örva viðskipti og stuðla að rýmri lánastarfsemi með héraðshagsmuni fyrir augum. Lýsir bankastjórnin yfir í því sambandi að bundin innistæða sparisjóðsins í Seðlabankanum mun verða afhent útibúinu sem starfsfé.

Ef útibú bankans verður lagt niður, skal það sameinast Sparisjóði Dalasýslu, ef það verður þá ósk forráðamanna sjóðsins og fer þá fram yfirtaka á starfsemi útibúsins, eignum þess og skuldum með svipuðum hætti og hér er gert af hálfu Búnaðarbankans.“

Þessi samningur sem Sparisjóður Dalasýslu gerir þarna við Búnaðarbankann er um margt athyglisverður þannig að líta má svo á að standi þessi samningur, sem enginn efi er á, a.m.k. vonandi ekki, getur Sparisjóður Dalasýslu kallað aftur til sín starfsemi Búnaðarbankans í Búðardal verði hann seldur eða honum breytt. Væri fróðlegt að vita og kanna og styðja Dalamenn í að standa við það ef sú verður raunin.

Herra forseti. Það er því afar mikilvægt að við stöndum vörð um sparisjóðina í landinu og forðum þeim frá því að lenda í klóm þeirra sem ásælast almannafé, ná völdum yfir því og stjórna í krafti þess.

Ég hygg, herra forseti, að það sé einnig mjög brýnt að sparisjóðirnir í landinu og aðstandendur þeirra fái hér tækifæri til að koma að þessu máli, gefa umsögn um það hvernig þeim finnst að þróun mála hafi orðið sl. sumar þegar tókst, fyrst og fremst með andstöðu fólksins í landinu, að hrinda sölu á sparisjóðunum, eða yfirtöku þeirra, eins og var að fara í gang. Það er rétt að þeir fái að koma að þessu máli og segja hug sinn varðandi þessa tillögu sem hér er flutt um að allri sölu og hlutafélagavæðingu á sparisjóðunum verði slegið á frest. Hún verði numin úr gildi meðan lögin verða endurskoðuð og starfsemi sparisjóðanna styrkt um land allt og að þeir geti þjónað þeim hlutverkum og verkefnum sem þeir voru stofnaðir til.

Ég legg áherslu á, herra forseti, og tek undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að mál þetta fái sem greiðastan framgang í þinginu og geti komið til afgreiðslu þess aftur.

[15:10]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóni Bjarnasyni varð tíðrætt um landsbyggðina o.s.frv. og nefndi dæmi um að Sparisjóður Dalasýslu hefði lagt fram stofnkostnað eins stúdentaherbergis við Háskóla Íslands, á Nýja Garði. Hvar skyldi nú sá Nýi Garður vera nema í Reykjavík? Hvar skyldi Sparisjóðabankinn vera sem sparisjóðirnir hafa lagt mikið fé í? Í Reykjavík. Hvar skyldi Tryggingasjóður innlána sparisjóðanna vera geymdur? Í Reykjavík. Hvar skyldi Reiknistofa sparisjóðanna vera stödd? Í Reykjavík.

[15:11]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. er að gera því skóna að ég eða aðrir íbúar þessa lands séum eitthvað á móti Reykjavík er það

mesti misskilningur. Og ég tel einmitt að hv. þm. Pétur H. Blöndal hefði bara átt að samfagna og bera virðingu fyrir því þegar Sparisjóður Dalasýslu ákveður að styrkja heimavist Háskóla Íslands með herbergi í nafni eins mesta bændahöfðingja Dalamanna og eins af ábyrgðarmönnum sjóðsins um áratugabil. Það fylgdi reyndar með ósk en ekki bein krafa um að nemendur úr Dalasýslu gætu átt nokkurn forgang að herberginu ef svo færi. Dalamenn bera umhyggju fyrir sínu fólki. Það er líka svo, herra forseti, að sparisjóðirnir geta einmitt styrkt stöðu sína með auknu samstarfi, eins og þeir hafa gert með stofnun Reiknistofu og sameiginlegri vinnu. Það er ekkert óeðlilegt í sjálfu sér að sú starfsemi geti verið hér í Reykjavík. Það hefur enginn á móti Reykjavík sem slíkri. Sjálfsagt gæti slík þjónusta verið hvar sem er á landinu en það að hún sé staðsett í Reykjavík á síður en svo að útiloka að hún fari fram. Þær dylgjur eða aðdróttanir sem hv. þm. kemur inn með á þessum grunni eru málefnalega út í hött.

[15:13]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Fyrir stuttu samþykkti hv. Alþingi lög sem heimiluðu sparisjóðum að breyta sér í hlutafélög, að hætta að vera sparisjóðir. Hv. þm. geta ekki borið fyrir sig að þeir hafi ekki vitað að sá möguleiki væri til staðar sem mikil umræða varð um í sumar þegar Búnaðarbankinn gerði yfirtökutilboð í Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis vegna þess að ég gat um þetta dæmi sérstaklega í ræðu hér á Alþingi. Ég sagði nákvæmlega fyrir um þennan möguleika hér á Alþingi þannig að hv. þm. geta ekki sagt að þeir hafi ekki skilið frv. Núna, þegar þeim líkar ekki niðurstaðan af frv. eru þeir ekki tilbúnir til að málið fari fyrir dómstóla eins og eðlilegt er þegar ágreiningur er í máli. Nei, þeir ætla að fara að hætti einvalda fyrri tíma, koma með tilskipanir og breyta lögunum eftir á af því að þeim líkar ekki niðurstaðan. Þetta er ekki í samræmi við lýðræðiskenningar nútímans, að stjórnvöld vinni með tilskipunum. Við höfum þrískiptingu valdsins, og dómstólar eiga að skera úr ágreiningi en ekki löggjafarsamkundan þegar henni líkar ekki niðurstaðan eða ef hún gerir mistök.

Það sem hér er um að ræða er draumurinn um litla sæta sparisjóðinn í heimabyggðinni sem kristallaðist í ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar rétt áðan. Því er til að svara að sparisjóðir hafa löngum haft hærri vaxtamun en aðrar bankastofnanir. Þeir hafa verið með hærri þóknanir en aðrar bankastofnanir sem að einhverju leyti helgast af litlum einingum og smásölu en er ekki beint félagslegt. Og hagnaður hefur farið í að byggja upp eigið fé en aðeins að litlu leyti til að greiða til líknar- og menningarmála eins og þó er meiningin. Starfsemi sparisjóðanna er í dag í engu frábrugðin ósköp venjulegri bankastarfsemi.

En hver er framtíð sparisjóðanna að óbreyttu rekstrarformi? Viðskiptavinir bankastofnana á Íslandi, jafnt sparisjóða sem banka, gera kröfu um góða þjónustu, alþjóðlega þjónustu. Menn vilja fá upplýsingar um gengi hlutabréfa í Japan eða í Bandaríkjunum, menn vilja fá góða og haldbæra þjónustu og upplýsingar um bestu kosti í sparnaði og fjárfestingum og bestu ráðleggingar varðandi lánveitingar. Þetta er ekki hægt nema með miklu og góðu upplýsingakerfi, miklum tölvukerfum sem gera það að verkum að sparisjóðurinn í heimabyggðinni, lítilli heimabyggð er engan veginn fær um að gera þetta nema með mjög miklu og nánu samstarfi allra sparisjóða. Þá er líka spurningin hvaða möguleika sparisjóðurinn hefur til að lána til meðalstórra fyrirtækja ef þeir eiga að gæta að sæmilegri útlánadreifingu og áhættudreifingu. Það geta þeir ekki heldur. Þannig að þróun síðasta áratugs gerir það að verkum að sparisjóðirnir fá varla staðist með núverandi formi á markaðnum, fyrir utan það að þeir eiga mjög óhægt um vik að afla sér nýs fjármagns. Það er þess vegna sem sparisjóðirnir höfðu frumkvæði að því að lagasetningin nýverið var sett. Það voru sparisjóðirnir sem höfðu frumkvæði að því. (**Gripið fram í:** Þeir áttuðu sig ekki á ...) Þeim var bent á það, herra forseti, varðandi þetta frammíkall, þeim var bent á hvað það gæti haft í för með sér. Þeir höfðu frumkvæði að því og stjórn SPRON tók meira að segja ákvörðun um að breyta SPRON í hlutafélag 28. júní sl. vegna þess að hún taldi Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis ekki lífvænlegan í óbreyttu rekstrarformi. Þetta skyldu menn hafa í huga. Það er ekki bara ég sem hef bent á þetta, herra forseti, heldur er þetta frv. til að breyta rekstrarformi sparisjóðanna úr því að vera lítill sætur sparisjóður í það að vera hlutafélag eða banki. Nákvæmlega eins og aðrir bankar. Til þess að geta sameinast, til þess að geta unnið saman o.s.frv. Menn eru að bregðast við ákveðinni þróun, herra forseti, nákvæmlega eins og kaupfélögin urðu að bregðast við ákveðinni þróun þegar þau urðu úrelt. Þetta er gamalt form. Það var göfugt á sínum tíma o.s.frv.

Frumvarpið sem við ræðum hér er þannig að í 1. gr. er sala og annað framsal stofnfjárhluta í sparisjóði óheimil nema með samþykki sparisjóðs og endurgjaldið skal vera ákveðið. Og það má ekki selja nema væntanlega til eins aðila. Þetta er svona svipað og ef sett væri í lög að hv. 1. flm., Ögmundur Jónasson, mætti ekki selja bílinn sinn nema ákveðnum aðila og mætti ekki framselja hann nema verðið væri ákveðið nægilega lágt og af því að hv. þm. er nú svo göfugur þá hlýtur bíllinn hans að vera göfugur líka og það fé sem bundið er í honum og þá megi ekki selja hann á of háu verði þó einhver vilji kaupa. Þetta er að sjálfsögðu í andstöðu við stjórnarskrána, herra forseti. (**SJS:** Nei.) Það gengur ekki að menn setji svona takmarkanir á eigur manna. (**SJS:** Hann keypti aldrei ...)

2. gr. gerir ráð fyrir því að það sé bannað að breyta sparisjóðum í hlutafélög. Einmitt það sem sparisjóðirnir vildu. (**Gripið fram í:** Ekki allir.) Það sem sparisjóðirnir höfðu frumkvæði að að koma í gegn af því að þeir sáu ákveðna hættu steðja að sparisjóðunum. Það getur vel verið að hv. þingmenn viti betur en mennirnir sem reka sparisjóðina hvað þeim er fyrir bestu til þess að standast þá hörðu samkeppni sem þeir standa frammi fyrir á næstunni, til þess að veita sífellt meiri og meiri upplýsingar, til þess að veita sífellt stærri og stærri lán. Ég held að það sé ekki. Ég held að sparisjóðirnir verði að breytast ef ekki á illa að fara fyrir þeim, nákvæmlega eins og fór illa fyrir mörgum kaupfélögum. Og það er ekki rétt sem segir að raunávöxtun stofnfjárbréfa hafi í reynd verið tryggð. Hún er ekki tryggð. Hún er ekki tryggð nema rekstur sparisjóðsins gangi og margir stofnfjáreigendur hafa tapað stofnfé sínu. Ég nefni Sparisjóð Ólafsfjarðar sem dæmi.

En það sem ég benti á á sínum tíma er þetta fé sem menn eru að mynda sem enginn á eins og dæmið með Brunabótafélagið sýnir. Þetta á að vera eitthvað göfugt fé og þess vegna er heimilt að taka það úr umferð, taka það frá stofnfjáreigendum sem eru þeir einu sem lögðu fram pening í sparisjóðina og menn samþykktu að það ætti að stofna þarna sjóð sem enginn ætti og þá kemur að því hver ræður yfir

þeim sjóði. Það sem menn eru hérna að verja er það fé sem t.d. í SPRON er notað sem afl í Kaupþingi. SPRON átti mjög stóran hlut í Kaupþingi þar til fyrir mjög stuttu og þar fengu sparisjóðsmenn völd til þess að fara með hlutafé og fyrirtæki um allan heim. Þetta var því spurning um mjög stóran og mikinn valdastrúktúr sem ég efast um að hv. þingmenn geri sér fyllilega grein fyrir. Til dæmis eitt af því sem Kaupþing hefur verið að gera er að kaupa með óvinveittri yfirtöku sænskan banka á nákvæmlega sama tíma og þeir voru hérna með helgisvip að tala um göfugt fé sem ekki mætti yfirtaka á Íslandi með fjandsamlegri eða óvinveittri yfirtöku. Hún er reyndar ekki óvinveitt neinum nema stjórn sparisjóðsins því að það var gert ráð fyrir því að meiri hluti stofnfjáreigenda mundi samþykkja það.

Kaupþing er í hörðum rekstri, góðum rekstri, mikilli áhættu og afskaplega langt frá þeirri hugljómun um litla sæta sparisjóðinn í heimabyggðinni, kominn út um víðan völl innan um hákarla heimsins. Svo hafa verið miklar breytingar bara síðustu daga í þessum litla sæta heimabyggðarsparisjóði því að þar hafa orðið miklar sviptingar. Þeir keyptu heilan banka um daginn og seldu hlutabréfin í Kaupþingi. Þeir keyptu Frjálsa fjárfestingarbankann sem Kaupþing hafði keypt skömmu áður og strípað, tekið úr honum Frjálsa lífeyrissjóðinn og annað góðgæti og svo var restin seld til SPRON á 3,8 milljarða, herra forseti, sem er meira en eigið fé SPRON. Þetta virðist stjórn sparisjóðsins geta gert, keypt eitthvert fyrirtæki sem ekkert verðmat er til á, það er ekki á markaði og það veit enginn hvort þetta verð er rétt. Af hverju voru ekki borgaðir 4 milljarðar? Af hverju ekki 3,6 eða 3 milljarðar? Eigið fé þessa fyrirtækis eru 2,4 milljarðar sem þeir keyptu á 3,8. Og það vill svo til að sami maðurinn er sparisjóðsstjóri í SPRON og er stjórnarformaður í Kaupþingi sem er seljandi, annar er kaupandi og hinn er seljandi. Það getur vel verið að hv. þingmenn vilji hafa þetta svona. Það getur vel verið að þetta sé einmitt það sem hv. flutningsmenn vilja. Það getur vel verið. Þá eiga þeir bara að segja það.

Í umræðum um þetta frv. lagði ég til að í staðinn fyrir að mynda sjóð sem enginn ætti, þá yrði fénu dreift til líknar- og menningarmála. Rauði krossinn fengi ákveðinn hlut, 5% hlutafjár, Óperan fengi ákveðinn hlut o.s.frv. Þetta lagði ég til. Hv. efh.- og viðskn. tók ekkert mið af því. Hún ákvað að búa til sjóð sem enginn ætti en einhver ræður og það eru völdin yfir þeim sjóði, herra forseti, völdin yfir þessum peningum, ekki ávöxtun og ekki peningarnir sjálfir heldur völdin sem skipta máli. Það eru völdin yfir þessari sjálfseignarstofnun í SPRON sem aftur ræður SPRON. SPRON ræður svo stórum hlut í Kaupþingi eða réð og Kaupþing átti svo dótturfyrirtæki um allan heim. Þetta voru völdin sem menn voru að tryggja sér og einhver ætlaði að fá ókeypis en Búnaðarbankinn bauðst til að borga 2 stofnfjáreigendum milljarða fyrir.

Ég lagði líka til að stofnfjáreigendur fengju eitthvað eilítið meira en lögin skömmtuðu þeim sem var smánarlegt, herra forseti. 10% af verðmæti SPRON áttu stofnfjáreigendur að fá sem höfðu einir lagt fram peninga og tekið áhættu af þeim rekstri alla tíð. (**Gripið fram í:** Þeir tóku enga áhættu.) Vissulega er áhætta í sparisjóði eins og hjá öðrum. Þeir geta gert mistök. Sparisjóðir hafa farið illa, herra forseti. Þeir hafa farið illa á einstökum útlánum. Það þekkjum við í Sparisjóði Ólafsfjarðar og þeir sem ekki þekkja það geta þá bara kafað ofan í þau mál. Enda ef sparisjóðir gætu aldrei farið illa, til hvers þarf þá stofnfjáreigendur? Til hvers þarf þetta fé? Til hvers þarf slíkar ábyrgðir? (Gripið fram í.) En af hverju breytum við þá ekki lögunum og segjum að það þurfi ekki stofnfé? (**Gripið fram í:** Við gerum það.) Það er bara ekki hægt af því að það þarf einhver að bera ábyrgð.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara yfir þá heiftarlegu umræðu sem spannst í kringum yfirtökutilboð Búnaðarbankans sem var ekkert annað en tilboð og ég hélt að væri bara ein hugmynd til þess að ná fram hag stofnfjáreigenda. Það urðu miklar umræður, það féllu þung orð. Ég gætti mín að hafa ekki sterk orð um þá sem kölluðu mig lögbrjót eða málaliða eða gráðugan o.s.frv. (Gripið fram í.) Ég vil ekki fara inn í það hérna vegna þess að þeir aðilar sem þar um ræðir eru ekki til andsvara. Síðan má fjalla um undarlega stjórnsýslu Fjármálaeftirlitsins sem virðist draga og draga málið þó að því beri samkvæmt lögum að svara innan mánaðar. Og ef það ekki svarar, þá er það sama og samþykki.

Ég vil benda á að þeir aðilar sem höfðu slík stóryrði uppi um mig og mína persónu eru að gera það nákvæmlega sama, þeir yfirbuðu meira að segja og þá var allt hægt og löglegt. Þá var ekki græðgi og þá voru ekki málaliðar o.s.frv. þannig að þetta er búinn að vera mikill darraðardans.

Herra forseti. Eins og heyrist á máli mínu er ég á móti þessu frv. Ég tel að 1. gr. sé hreinlega í andstöðu við stjórnarskrána. Það megi ekki setja þessar kvaðir á eignir manna að framsalið skuli háð samþykki einhvers aðila sem ekki var áður og ég er líka á móti því að ekki megi hlutafjárvæða sparisjóðina. Það er nú eiginlega af velvild gagnvart þeim stofnunum og starfsmönnum þeirra því að ég óttast nákvæmlega eins og sparisjóðamennirnir sjálfir margir hverjir að sparisjóðirnir geti ekki staðist samkeppnina með óbreyttu rekstrarfyrirkomulagi. Þess vegna er ég á móti báðum þessum greinum og þar af leiðandi á móti frv. í heild sinni.

[15:28]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvar á að bera niður í ræðu hv. þm. En í fyrsta lagi vil ég segja að hv. þm. heldur því fram að ef löggjafinn geri mistök þá eigi ekki að breyta lögum til að leiðrétta þessi mistök. Þessu er ég algerlega ósammála. Ef landslögin eru ekki í samræmi við lýðræðislegan vilja, vilja meiri hlutans, þá á að sjálfsögðu að breyta lögum í þá veru.

Í annan stað rifjaði hv. þm. upp fyrri ummæli sín um lagabreytingarnar á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði og kvaðst hafa varað við því sem gæti gerst — ég man ekki betur og fróðlegt væri að hann rifjaði það upp — ef óprúttnir aðilar færu sínu fram. Og er það misskilningur hjá mér að sá óprúttni aðili eða í hópi þeirra óprúttnu aðila hafi einmitt verið hv. þm. Pétur H. Blöndal, að hann hafi verið að vara við eigin gjörðum? Að það sé nákvæmlega það sem hann hafi verið að gera?

Síðan þetta með græðgina og annað slíkt. Það er alveg rétt sem hann segir, það er hægt að klæða hana í margvíslegan búning og það finnst mér hv. þm. hafa gert í þessu máli.

[15:29]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar lög eru sett og ágreiningur rís um túlkun þeirra, þá á ekki að setja lög til að leysa ágreininginn, herra forseti. Þetta er munurinn. Að sjálfsögðu geta menn breytt lögum með góðum tíma og með mikilli yfirlegu ef það sýnir sig að lög eru mistök en þau voru það ekki í þessu tilfelli. Það var búið að benda á þetta og Alþingi samþykkti

það samt þannig að þetta voru ekki mistök. Og ekki er hægt að grípa inn í réttardeilur og réttaróvissu með því að breyta lögunum öðrum aðilanum í hag.

Varðandi óprúttna aðila þá átti ég ekki við stofnfjáreigendur sem nú hafa komið fram, alls ekki. Ég átti við þá aðila sem réðu yfir fé sem enginn ætti. Ég átti við þá aðila sem stjórna þessu mikla fé í sparisjóðunum sem svo aftur ráða Kaupþingi, sem svo aftur ræður dótturfyrirtækjum um allan heim. Það er þetta mikla veldi sem ég benti á en ekki að stofnfjáreigendur fengju eitthvað fyrir sinn snúð. Þeir eru jú þeir einu sem hafa lagt fram fé í þessi fyrirtæki. Og hugmynd Búnaðarbankans gekk ekki út á það að skerða eina einustu krónu í eigið fé sparisjóðsins eða því fé sem ætlað var til menningar- og líknarmála. Þeir ætluðu meira að segja að setja upp áætlun um að stórauka framlög upp í hundruð milljóna á ári til menningar- og líknarmála. Það kom fram. Það átti því ekki að ganga á ávöxtun þessa fjár heldur átti einmitt að veita það til þeirra markmiða sem til var ætlast. En þeir óprúttnu aðilar sem ég nefndi voru þeir sem hugsanlega gætu náð yfirráðum yfir þessu fé og þá benti ég á það sem hugsanlegan möguleika. Ég er ekki að segja að þeir menn sem núna eru þarna við stjórnvölinn séu þannig.

[15:31]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í sumar þegar þessi mál bar mikið á góma kom fram í fjölmiðlum hver þingmaðurinn á fætur öðrum og hver hæstv. ráðherra á fætur öðrum, þeir aðilar sem stóðu að lagabreytingunum sl. vor og sögðu að það sem væri að gerast í tengslum við SPRON væri ekki í samræmi við þeirra vilja og það sem þeir hugðust ná fram með lagabreytingunni. Menn voru almennt sammála um þetta, hins vegar hefði fundist þarna smuga sem óprúttnir aðilar hygðust notfæra sér og að sjálfsögðu á að koma í veg fyrir að slíkt gerist. Það sem gerðist var að stofnfjáreigendur hugðust braska með stofnfé sitt. Það er enginn að tala um að gera upptækan þennan hlut, síður en svo. Samkvæmt lögunum eiga stofnfjáreigendur að geta fengið fé sitt greitt út og uppfært samkvæmt verðlagi, en þegar að hinu kemur að þeir fara að braska með það á margföldu yfirverði þá segja menn nei. Að sjálfsögðu á að breyta lögunum í samræmi við þennan yfirlýsta vilja meiri hlutans.

[15:32]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem hv. þm. er að segja um hv. samþingmenn sína er að þeir hafi ekki skilið þá ræðu sem ég hélt hér á sínum tíma og hafi ekki skilið lögin sjálf. Ég vænti þess ekki. Ég vænti þess að menn hafi skilið nákvæmlega hvað um var að ræða og viti nákvæmlega hvað var að gerast. Þeir geta því ekki sagt að vilji þeirra hafi verið annar. Þingmenn eiga að orða vilja sinn í lögunum. Það á ekki að vera einhver andi laganna sem svífur eins og í andaglasi þannig að menn geti komið löngu seinna og sagt: „Ja, andi laganna. Ég meinti þetta.“ Af hverju í ósköpunum settu menn það þá ekki í lög? Af hverju var það ekki sett inn í texta laganna ef menn ætla að hafa einhvern vilja í því? Það var ekki gert. Þessi andi laganna sem menn eru alltaf að tala um, það er bara eins og að vera á andafundi, herra forseti.

[15:34]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú þannig í lífinu að stundum setur maður frá sér eitthvað sem meint var á annan hátt en viðkomandi skildi. Ég held að það muni seint breytast. Það hefur gerst í lagasetningu margoft og á örugglega eftir að gerast áfram. Það eru kannski ekki alveg rök þó að menn setji eitthvað frá sér á þann hátt að það sé ekki nægilega vel skýrt. Alþingi er þannig stofnun að hún hefur ákveðna aðferð til þess að komast að niðurstöðu og setja lög og það eru ekki tilskipanir heldur er þetta lýðræðislega aðferð, eða á a.m.k. að vera lýðræðisleg aðferð. En maður hefur nú séð ýmsa hlaupa eftir hverju sem er. Látum það liggja á milli hluta. Ekki ætla ég að fara í umræðu um það hvort það hafi bara verið óprúttnir aðilar sem reyndu að yfirtaka þessi bréf eða ekki.

Eitt vakti hins vegar sérstaka athygli mína í ræðu hv. þm. og ég vil koma sérstakalega inn á það vegna þess að hv. þm. hefur verið talsmaður þess að finna og koma eignarhaldi yfir fé sem enginn á, það sem stundum hefur verið kallað fé án hirðis. Hv. þm. hefur talað nokkuð um Brunabótafélagið og hann gekk hart fram í sumar varðandi þetta fé án hirðis í SPRON sem tilteknir aðilar hefðu vald yfir, þ.e. eignarhaldið færði þeim völd og hv. þm. ítrekaði það margoft hér í þessum ræðustóli áðan. Fyrir viku síðan eða svo ræddum við svipaða eða sambærilega hluti. Við ræddum sölu á stórum hlut í Landsbankanum til eins aðila. Þá sagði hv. þm. að engin völd fælust í eignarhaldi á svo stórum hlut í Landsbankanum því hann lyti alfarið reglum markaðarins og því væri ekki um að ræða nein völd í skjóli eignarhalds á þessu fjármagni. Ég hef bara þessa einföldu spurningu til hv. þm.: Hvernig skýrir hann þessa skoðanabreytingu sína frá einni viku til annarrar?

[15:36]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessu er afskaplega auðvelt að svara. Það er nefnilega þannig með stóran hlut í Landsbankanum að hann er greiddur með fé, fyrir hann eru greiddir peningar, miklir peningar. Og þeir sem leggja fram þá peninga verða að fá ávöxtun á það fé hvort sem þeir eiga það sjálfir eða gera það í umboði annarra. Þeir geta ekki valsað með annarra manna fé án þess að greiða þeim arð. Þetta er reginmunurinn. Ef menn eiga peningana sjálfir og gera mistök þá tapa þeir. Ef þeir gera einhverjar vitleysur þá tapa þeir. Það er refsing þeirra. En þegar menn ráða fé sem enginn á þá tapar enginn. Þessi herra Enginn, hann tapar, sem á féð. (Gripið fram í.) Það er einmitt hættan sem ég benti á, margoft, þ.e. agaleysið sem felst í því að þeir menn sem taka ákvarðanir og þurfa ekki að standa skil á því að tapa á einhvern máta bera enga ábyrgð á því. Þess vegna erum við að setja alls konar lög um eftirlit með fyrirtækjum sem eru í slíkri eigu sem enginn á eins og t.d. lífeyrissjóðirnir o.s.frv. (**Gripið fram í:** ... með Frjálsa fjölmiðlun?) Væntanlega hafa hluthafar þess fyrirtækis tapað sínu fé. Ég vænti þess, herra forseti. (**Gripið fram í:** Var ekki nóg aðhald?) Þeir gerðu mistök og töpuðu. Sá er hinn harði vöndur eignarhalds þar sem menn eiga peningana, sem ekki kemur til þegar menn eiga þá ekki.

[15:37]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði í upphafi máls míns að stundum væri orðræðan þannig að orðum fylgdi ákveðin meining þess sem sagði þau en sá sem heyrði skildi kannski ekki alveg meininguna. Líklega hefur það gerst hér í þessu andsvari mínu að hv. þm. hefur ekki alveg áttað sig á því hvað ég var að fara. Því skal ég reyna að leggja þessa spurningu fyrir hann á nýjan leik. Við ræddum í síðustu viku um sölu á stórum hlut í Landsbankanum, um sölu á stórum hlut sem gerði

það að verkum að fáir aðilar mundu algerlega ráða ferðinni, fengju þeir þau völd sem fylgdu svo stóru eignarhaldi. Þetta var grundvallaratriðið. Ég hélt því fram að þessu eignarhaldi fylgdu völd vegna þess að oft er sagt að fjármagnið hreyfi hlutina úr stað og valdið yfir fjármagninu geri það að verkum að menn hafa völd. Það nákvæmlega sama vorum við að ræða hér, þ.e. völdin yfir þeim sjóðum sem enginn á og hv. þm. hefur miklu meiri áhyggjur af. Ég spyr hv. þm. og ítreka því fyrri spurningu til þess að reyna að fá einhverja skýringu á þessum muni á völdum sem tengjast stórum eignarhluta í Landsbankanum sem á að selja í einu lagi. Ég er algerlega andvígur því vegna þess að því fylgja það mikil völd og mikil áhrif að ég tel mikilvægt að selja þetta í dreifðri eignaraðild. En þá talaði hv. þm. um að þessu fylgdu ekki nokkur einustu völd. Nú hleypur hv. þm. upp og segir eitthvað á þá leið að öll þau miklu völd sem fylgja eignarhaldi yfir SPRON séu hættuleg. Það er bara mikilvægt, virðulegi forseti, til þess að átta sig á umræðunni að menn séu nokkurn veginn sömu skoðunar frá viku til viku.

[15:40]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skildi orðræðu hv. þm. fullkomlega. Málið er að ef þeir sem hætta eigin fé — og takið eftir, eigin fé — stunda ekki eðlileg viðskipti og eðlilegan rekstur þá tapa þeir. Ef þeir fara að hygla einhverjum, sjálfum sér eða öðrum, í lánveitingum, ef þessi stóri eigandi færi að hygla sjálfum sér eða öðrum í lánveitingum, þ.e. að beita valdi sínu og vera eitthvað annað en þjónustustofnun þá tapar hann. Þá tapar hann sem hluthafi. Hinn sem fer með eignina sem enginn á, eins og t.d. áður var þegar þetta voru ríkisbankar — þá átti enginn, það var enginn sem tapaði — (Gripið fram í.) má ég klára — enda töpuðu þeir bankar endalaust og hlunnfóru stöðugt annan aðilann sem var sparifjáreigandinn. Þeir þurftu ekki að gæta þess. Þessi er einmitt munurinn. Þegar menn fara með eigið fé og hætta því þá verða þeir að stunda eðlilegan rekstur og verða að ná fram góðri arðsemi og það gera þeir ekki nema með því að reka fyrirtækið sem þjónustustofnun. Krafan um arðsemi eigin fjár neyðir þá til þess að láta af þeim völdum að hygla einum og öðrum, frændum og öðrum, sem bankastjórum eða sem lántakendum. (**SJS:** Er mannskepnan í eðli sínu svona?) En ef menn fara með annarra manna fé þá er alltaf hættan fyrir hendi. Ég segi ekki að svona séu allir. En hættan er sú að að því fé komist aðilar sem reyna að hygla frændum sínum með lánveitingar eða forstjórum eða bankastjórum eða pólitískum vinum eða einhverjum slíkum.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Málefni aldraðra og húsnæðismál.

[15:42]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að óskað er eftir umræðu utan dagskrár um velferðarmál og þá sérstaklega með tilliti til stöðunnar í húsnæðismálum er sú að vandinn á því sviði er nú tröllauknari en hann hefur verið um langt árabil. Í hverju birtist þessi vandi? Í fyrsta lagi birtist hann í mjög löngum biðlistum eftir húsnæði, einkum á suðvesturhorninu. Þrátt fyrir átak í þeim efnum er einfaldlega ekki nóg að gert og bera biðlistarnir þess vott.

Hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík eru núna 799 á biðlista og hefur biðlistinn lengst um 200 umsóknir frá því í janúar. Hjá Félagsstofnun stúdenta eru 500 á biðlista, hjá Byggingarfélagi námsmanna 147, hjá einstæðum foreldrum 18. Þessir biðlistar kunna að skarast eitthvað en þó ekki við biðlistann hjá Öryrkjabandalaginu en þar bíða 385. Í öðru lagi birtist þessi mikli vandi í húsnæðiskerfinu í versnandi vaxtakjörum og afleiðingum þeirra. Vaxtakjörin sem aðilar sem reisa félagslegt húsnæði búa við hafa versnað mjög með keðjuverkandi afleiðingum. Þannig voru vextir á lánum til þessara aðila hækkaðir úr 1% í 3,5% frá og með byrjun árs 2001. Þessir félagslegu aðilar eiga þá um það að velja að halda að sér höndum eða hækka húsaleiguna gagnvart skjólstæðingum sínum. Margt bendir til þess að einmitt þetta sé að gerast, að þeir séu að byrja að halda að sér höndum, vilji bíða og fá upplýsingar um hvað ríkisstjórnin ætli raunverulega að gera. Ætlar hún að lækka vaxtastigið eða ætlar hún að sjá þessum aðilum fyrir myndarlegum stofnstyrkjum í samræmi við tillögu nefndar sem starfaði á vegum félmrn. og skilaði af sér í apríl árið 2000. Fyrirheit, að vísu óljós, hafa verið gefin um þessa stofnstyrki en ekkert hefur orðið um efndir. Hinn kosturinn sem félagslegir byggingaraðilar eiga er að hækka húsaleiguna. Hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík hefur legið beiðni í eitt ár um að leigan í félagsíbúðum borgarinnar verði hækkuð um 12%. Að sögn forsvarsmanna Félagsíbúða Reykjavíkur þyrfti hækkunin í raun að verða enn meiri. Séð frá þeirra bæjardyrum er beiðni þeirra trúverðug. Tökum dæmi af afleiðingum þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að hækka vexti til bygginga á félagslegu leiguhúsnæði.

Við skulum taka sem dæmi litla íbúð sem kostar 10 millj. sem veitt væri byggingarlán til á 1% vöxtum. Hámarksleiga samkvæmt reglugerð Íbúðalánasjóðs um félagslegt leiguhúsnæði væri fyrir slíka íbúð 50.750. Ef lánsfjármagnið bæri hins vegar 3,5% vexti væri leyfð hámarksleiga 63.500 kr. Þetta er 25% hækkun.

Það er ástæða til að flétta málefni aldraðra inn í þessa umræðu um húsnæðismál. Breytingar sem gerðar hafa verið á þeirra högum hafa orðið þess valdandi að hætt er við því að öldruðu fólki verði í vaxandi mæli úthýst úr eignarhúsnæði. Þar vísa ég til stórfelldrar hækkunar fasteignaskatta í framhaldi af hækkun ríkisstjórnarinnar á fasteignamati, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur hækkað um það bil um 30% á síðustu tveimur árum og gjöld í samræmi við það án þess að tekjur þessa fólks hafi hækkað. Reyndar hefur margt fleira orðið til að þyngja kjör aldraðra. Þeir þurfa nú að bera margvíslegan kostnað sem þeir þurftu ekki að axla áður og vísa ég þar til hækkunar á símgjöldum, stóraukins lyfjakostnaðar svo að dæmi séu tekin. Þetta skiptir allt saman máli þegar húsnæðismálin eru annars vegar og það á reyndar einnig við um heimaþjónustu aldraðra sem vissulega er á forræði sveitarfélaga en ekki ríkis þótt málefnaflokkurinn heyri undir félmrn. Mikilvægt er að félmrn. hafi forgöngu um að stuðla að því að sveitarfélögin ræki skyldur sínar í þessu efni. Ef heimaþjónustan er í góðu lagi er líklegt að fólk geti lengur búið í eigin húsnæði.

Spurning mín til hæstv. félmrh. er í sjálfu sér einföld. Afleiðingar þess að ríkisstjórnin hefur hækkað vexti af lánum til þeirra sem reisa félagslegt leiguhúsnæði eru þegar farnar að segja til sín. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að bregðast við til þess að vega upp á móti þessari hækkun? Á að gera það

með stofnstyrkjum eins og um var rætt eða með því að færa vextina að nýju niður, með því að láta sveitarfélögin borga brúsann eða leigjendur, eins og fyrirsjáanlegt er að verði ef ekkert er að gert?

[15:47]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Íbúðalánasjóður er myndaður með samruna Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna og húsbréfadeildar. Í húsbréfadeild voru núvirtir 6,3 milljarðar, í Byggingarsjóði ríkisins 16,9 milljarðar en staða Byggingarsjóðs verkamanna var neikvæð um 16,1 milljarð. Eigið fé Íbúðalánasjóðs var því um 7 milljarða þegar hann tók til starfa. Yfir 16 milljarðar voru uppétnir vegna neikvæðs vaxtamunar.

Íbúðalánasjóður á lögum samkvæmt að vera sjálfbær. Íbúðalánasjóður býður út húsnæðisbréf, lífeyrissjóðir kaupa og ráða þeir í stórum dráttum vaxtastigi í húsnæðislánum. Ef vaxtastig húsnæðislána er fjarri ávöxtunarkröfu lífeyrissjóðanna myndast afföll á húsbréfum og þau hafa farið lækkandi undanfarið.

Vextir hafa ekki verið hækkaðir á eldri lánum til leiguíbúða, félaga eða sveitarfélaga. Þeir eru yfirleitt 1,1% eða 2,4%, vegið meðaltal þeirra er 1,52%. Ákveðið hefur verið að greiða niður lán til 400 leiguíbúða á ári og lánin til þeirra bera 3,5% vexti. Þetta eru lán til sveitarfélaga, námsmanna, Öryrkjabandalagsins, Samtaka eldri borgara og fleiri sem byggja fyrir fólk sem eru undir skilgreindum tekju- og eignamörkum.

Ávöxtunarkrafa lífeyrissjóðanna í ár hefur verið um og yfir 6% en er nú sem betur fer á niðurleið, komin niður í 5,25%. Ríkissjóður greiðir á þessu ári niður vexti um 60 millj. Ríkissjóður mun samkvæmt fjárlögum á næsta ári greiða niður vexti um 150 millj. Þessi 3,5% vextir hafa auðvitað áhrif til hækkunar húsaleigu ef miðað er við 1% vexti en það er rétt að hafa í huga að flest námsmannasamtök, Félagsbústaðir og þeir sem eiga margar leiguíbúðir geta jafnað út leigu. Eins og ég sagði áðan verða vegnir meðalvextir árið 2000 á leiguíbúðum sveitarfélaga 1,52%.

Leigjendur sveitarfélaga og félagasamtaka fá húsaleigubætur. 6.000 leigjendur fá nú húsaleigubætur, a.m.k. 900 millj. Þær eru orðnar skattfrjálsar, enda séu þeir undir skilgreindum tekju- og eignamörkum. Sérstakt átak er í gangi með þátttöku lífeyrissjóðanna og Íbúðalánasjóðs um að byggja 600 leiguíbúðir á fjórum árum og lán til þeirra eru með 4,5% vöxtum. Búseti byggir og rekur helminginn af þessum íbúðum. Þetta átak er komið í gang.

Lánsloforð Íbúðalánasjóðs í ár til leiguíbúða eru 400 íbúðir á 3,5% vöxtum, 150 íbúðir á 4,5% vöxtum og 200 íbúðir á markaðsvöxtum, þ.e. 750 leiguíbúðir bætast við markaðinn í ár. Það er allnokkur úrbót. Biðlistar hafa myndast hjá Félagsbústöðum og námsmannasamtökum og Öryrkjabandalagi vegna þess að leiga þar er sanngjarnari. Hún er lægri en á almennum markaði. Það er ekkert óeðlilegt við það að fólk reyni að komast þar í hús ef það á þess kost. Ég hef ekki orðið var við að menn haldi að sér höndum við byggingu leiguhúsnæðis heldur virðist mér góður gangur í því.

Varðandi stofnstyrkina var farið mjög nákvæmlega yfir þessa hugmynd sem sett var fram um stofnstyrkina. Því miður reyndist hún ekki raunhæf vegna þess að það þurftu að vera svo háir stofnstyrkir til þess að þeir verkuðu eitthvað á leiguna. Þeir þurftu að vera nokkrar millj. á hverja íbúð til að gera eitthvert gagn.

Varðandi hækkun fasteignaskatta má líka nefna á móti lækkun eignarskatts.

[15:52]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er auðvitað hrein bíræfni af hæstv. félmrh. að koma hér í ræðustól og berja sér á brjóst fyrir að hann ætli að veita lán til íbúða sem enginn getur tekið vegna þess að það eru okurvextir á þessum lánum. Það er ekki hægt að taka þau nema senda reikninginn á láglaunafólk. Þetta er auðvitað einn svartasti bletturinn á þessari ríkisstjórn, hvernig farið hefur verið með leigjendur á þessu kjörtímabili. Ríkisstjórnin skilur eftir sig slóða biðlista og verðsprengingu þar sem hver fermetri í leiguhúsnæði er orðinn 1.000 kr. Það þýðir að leiga tveggja herbergja íbúða er orðin 60–70 þús. kr. á mánuði.

Hvernig eru biðlistarnir, herra forseti? 1.800 einstaklingar og fjölskyldur í Reykjavík eru á biðlista eftir leiguíbúðum. Þar ríkir hreint neyðarástand. 630 námsmenn eru á biðlista. Þar af eru 550 námsmenn af landsbyggðinni. Fjölgun námsmanna á biðlistum milli ára er um 30–40%. 375 öryrkjar eru á biðlistum hjá Öryrkjabandalaginu. Hvorki meira né minna en 800 manns eru á biðlista í Reykjavík og er aukningin um 40%, einungis frá því í janúarmánuði, úr 575 þá í 800 núna. Það er sá slóði sem hæstv. ráðherra dregur í lok kjörtímabilsins, 2.000–3.000 einstaklingar og fjölskyldur á landinu öllu, lægst launaða fólkið í þjóðfélaginu, öryrkjar, aldraðir, einstæðir foreldrar, tekjulitlar barnafjölskyldur og námsmenn.

Ríkisstjórnin lætur vaxtaokur á láglaunafólki viðgangast. Vextirnir hafa meira en fjórfaldast á lánskjörum til leiguíbúðanna og þeir eru að sliga þetta fólk. Það er ríkisstjórnin sem þessa dagana sendir reikninginn á láglaunafjölskyldur vegna þess að á borði félagsmálaráðs Reykjavíkur liggur tillaga frá Félagsbústöðum um að hækka leiguna um 12%, ekki bara á nýjum íbúðum heldur á öllum leiguíbúðum hjá Reykjavíkurborg. Skatturinn sem ríkisstjórnin hunskaðist loks til að fella af húsaleigubótum er með þessu í einu vetfangi kippt úr vasa þessa fólks til að greiða fyrir vaxtaokur ríkisstjórnarinnar á leiguíbúðum.

[15:55]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka málshefjanda fyrir að efna til umræðu um málefni aldraðra og húsnæðismál. Ég held að það hefði sannarlega verið ástæða til að efna til tveggja umræðna um þetta en hann kaus að taka þetta saman. Ég mun hér fjalla um málefni aldraðra.

Eins og kom fram í stefnuræðu forsrh. hefur verið efnt til samráðs við heildarsamtök aldraðra. Og eins og þar segir er markmiðið að ná sáttargjörð í samningsformi við heildarsamtök aldraðra. Það á auðvitað við um húsnæðismál aldraðra eins og önnur málefni sem snúa að þeim.

Það er sífellt mikilvægara að hafa samráð við hinna ýmsu hagsmunahópa í þjóðfélaginu. Það hefur verið gert á undanförnum árum við heildarsamtök aldraðra. En slíkt samráð má alltaf hafa meira og er mjög nauðsynlegt að það verði aukið.

Varðandi húsnæðismál aldraðra er það þannig að hér á landi eru hlutfallslega flest stofnanarými miðað við önnur vestræn ríki. Almennt er það svo að aldraðir kjósa helst að búa sem lengst heima hjá sér með þeirri aðstoð sem til þarf.

Því er nauðsynlegt að huga að þeim mismunandi rekstrarformum sem hafa verið þróuð, t.d. reynslusveitarfélagið á Akureyri þar sem bærinn rekur saman félagsþjónustu og heilsugæsluna í einni einingu. Árangurinn af þessu formi hefur reynst góður. Nauðsynlegt er að halda því til streitu og þróa áfram það að samnýta kraftana í félagsþjónustunni og heimaþjónustunni.

Þau eru fleiri málefnin sem snúa að öldruðum sem mjög nauðsynlegt væri að ræða en til þess gefst ekki tími.

[15:57]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Eru aldraðir mikið vandamál í þessu þjóðfélagi, þjóðfélagi lífsgæðakapphlaupsins þar sem þeim fjölgar sem verða milljarðamæringar og meiri hlutinn hefur það ágætt? Eldra fólk hefur sjaldan verið vandamál í mínum augum. Við ættum frekar að gleðjast með öldruðum. Þeir eru oftast lífsglatt fólk með mikla lífsreynslu. Það er ánægjulegt að fólkið í landinu skuli lifa lengur og þó einkum að mjög margir af þeim sem við köllum aldraða skuli geta notið lífsins, haldið góðri heilsu og búið sem lengst við þær aðstæður sem þeir kjósa sér sjálfir.

Við vitum að öldruðum fjölgar um 2% á ári og þjóðin verður smám saman eldri að meðaltali en hún er í dag. Það fólk sem nú er aldrað vann þjóð sinni vel og færði Ísland úr fátækt til bjargálna. Vissulega er enn til fátækt fólk á Íslandi og misskipting þeirra ofurríku, sem gjafir fengu, og þeirra efnaminni fer vaxandi. Þeim mun meiri ástæða er til að bæta velferðarþjónustuna og tryggja með félagslegum úrræðum stjórnvalda og Alþingis því fólki sem þarf t.d. sérhúsnæði fyrir aldraða eða dvalarheimili ef okkar eldri borgarar kjósa og þurfa þess með að þeirra eigin vali.

Ef þörf er fyrir öldrunarþjónustu heima, á dvalarheimilum eða á heilsugæslu eða sjúkrahúsum, þá er rétt að leggja áherslu á að þörfin fyrir öldrunar- og heilbrigðisþjónustu hverfur ekki við það að ríkið dragi úr þjónustu eða veiti hana alls ekki. Ef eitthvað er eru meiri líkur á að ef ríkið frestar að veita öldrunar- og heilbrigðisþjónustu þá sé farið úr öskunni í eldinn. Telja menn að vandinn hverfi? Auðvitað ekki. Með því að fresta aðgerðum vex vandinn og verður dýrari. Það á bæði við í heilbrigðis- og öldrunarþjónustu. Vandamálið „sjúkur einstaklingur" ef svo hagar til verður áfram til staðar.

[15:59]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Á undanförnum árum hafa kjör aldraðra margoft komið með einum eða öðrum hætti inn á borð þingsins. Svo mun verða áfram, þ.e. þar til kjör þeirra eru færð í það horf að mannsæmandi geti talist. Hlutfall aldraðra eykst stöðugt með hækkandi meðalaldri. Fleiri verða aldraðir og við góða heilsu og geta átt góða lífdaga ef lífeyrisgreiðslur verða nægjanlegar til framfærslu og önnur velferðarþjónusta verður tryggð.

Eitt af mörgu sem þarf að vinna að hið allra fyrsta er að koma á sveigjanlegum starfsaldri, hækka grunnlífeyri og hækka skattleysismörk. Breyta þarf skatthlutfalli af lífeyrisgreiðslum, lækka fasteignaskatta hjá lífeyrisþegum, auka heimaþjónustu, bæði frá félagsþjónustu og heilsugæslu og fjölga þarf valkostum fyrir búsetu á efri árum. Velferðarþjónustan á að miða við að fólk geti sem lengst búið við öryggi á eigin heimili. Þannig viljum við búa þegar við verðum komin á efri ár og því eigum við að tryggja samsvarandi þjónustu fyrir núverandi lífeyrisþega. Ef það er ekki hægt í dag, þá verður það ekki hægt þegar við verðum eldri og hópurinn hlutfallslega stærri.

Þar sem bæði skattleysismörk og skatthlutfall staðgreiðslu hafa breyst á undanförnum árum getur verið erfitt að átta sig á þróun skattbyrði tekna. Þó er ljóst að skattleysismörk hafa lækkað mikið að raungildi síðustu 12 árin þannig að greiddir eru skattar af mun lægri tekjum að raungildi en áður. Lífeyrisgreiðslur duga því skammt á hinum frjálsa leigumarkaði í dag. Því búa allt of margir aldraðir við kröpp kjör og skert lífsgæði.

Félagslega húsnæðiskerfið verður að efla og lækka aftur vexti af lánum til þeirra sem reisa eða eiga og reka félagslegt leiguhúsnæði eða leggja fram umtalsverða stofnstyrki í samræmi við tillögu nefndar sem starfar á vegum félmrn. svo félagslegar íbúðir verði í raun valkostir fyrir tekjulágt fólk.

[16:02]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að vekja máls á málefnum aldraðra og húsnæðismálum þeirra á Alþingi. Þetta er tímabær umræða og þörf. Í þeim efnum mætti taka á mörgum málum.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum hvar aldraðir eru í forgangsröðinni hjá þessari ríkisstjórn. Samtök þeirra hafa knúið á um bættan hag félaga sinna en ekkert hefur verið hlustað á þá. Hér hefur ástandinu í félagslega kerfinu og löngum biðlistum þar verið lýst.

Í þingbyrjun þegar fjárlagafrv. var lagt fram var ekkert tekið á málefnum og vanda aldraðra. Ekki sáust þar nokkrar úrbætur í kjaramálum þeirra. Mál aldraðra eru öll í nefnd og óvíst hverju hún skilar því fólki sem hefur svo sannarlega skilað sínu til samfélagsins. Aukin skattheimta á þennan hóp og það hvernig lífeyrir hefur dregist aftur úr launum er að gera mörgum öldruðum æ erfiðara og jafnvel ókleift að halda heimilum sínum og dvelja heima á ævikvöldinu.

Þessi staða í kjaramálunum og hækkun fasteignaskatta og annarra útgjalda er að sliga marga. Sumir hafa því neyðst til að selja ofan af sér húsnæðið. Ég taldi að það hefði verið stefna stjórnvalda að gera öldruðum kleift að dvelja sem lengst heima. Það er vissulega vilji aldraðra sjálfra og hagkvæmt fyrir alla en ríkisstjórnin gerir þeim það mjög erfitt.

Hér á landi eru 7.000 lífeyrisþegar, 80 ára og eldri, sem fá lítið sem ekkert úr lífeyrissjóðum. Stór hluti þeirra eru ekkjur sem voru heimavinnandi húsmæður. Þetta fólk greiðir eins til eins og hálfs mánaðar greiðslur frá Tryggingastofnun til baka til ríkissjóðs á ári. Lendi það inni á spítala lengur en í 120 daga á tveimur árum falla lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar niður og það fær engar tekjur nema dagpeningalús en útgjöldin falla ekki niður. Ég veit um dæmi þess að öldruð kona úr þessum hópi neyddist til þess að selja ofan af sér íbúðina eftir langvarandi veikindi vegna þessarar ómannúðlegu reglu í kerfinu. Það er örugglega ekki einsdæmi, herra forseti.

[16:04]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hv. málshefjandi fór mikinn um að öldruðum væri gert ókleift að búa í eigin húsnæði vegna kostnaðarins sem því fylgir. Ég hygg að hv. þm. hafi ekki kynnt sér nægjanlega vel reglur um lánveitingar í Íbúðalánasjóði í dag. Aldraðir íbúðaeigendur geta selt stærri eignir sínar og

keypt minni í staðinn og fengið full lán í Íbúðalánasjóði til þeirra kaupa. Því var breytt fyrir tveimur árum. Með þeim hætti geta aldraðir ekki bara fengið minni íbúðir og fengið fé í milli heldur geta aldraðir um leið lækkað fasteignagjöld sín, tryggingagjöld, viðhaldskostnað og annað sem fylgir því að eiga stór hús. Þetta hefur komið öldruðum sérstaklega vel og reyndar öllum sem á því þurfa að halda að minnka við sig húsnæði. Mér finnst einhvern veginn eins og umræðan hjá hv. málshefjanda og fleirum sé ekki alveg í takt við raunveruleikann.

Það hefur einnig verið gert mjög mikið í því af hálfu Íbúðalánasjóðs á undanförnum árum að reyna að mæta þörfum aldraðra og öryrkja að ýmsu leyti. Ég get tekið sem dæmi að sérlánaflokkurinn hefur reynst mönnum mjög vel sem þurfa að breyta íbúðum sínum og húsnæði. Lánað hefur verið til Búmanna 1,6 milljarða á síðustu mánuðum vegna leiguíbúða úti um allt land. Hjúkrunarheimilið Eir hefur fengið 530 millj. til leiguíbúða bara á þessu og næsta ári. Naustaver hefur fengið 870 millj. til hins sama á næstu tveimur árum. Að að þessu leyti hefur því verið brugðist mjög vel við til að mæta þörfum aldraðra fyrir húsnæði.

Auðvitað má alltaf gera betur. Um það efast enginn. Þar sem saman hafa komið félagasamtök, sveitarfélög og ríki, hefur þetta oft gengið verr en skyldi en það er fullur vilji til að bæta úr þessu.

[16:06]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Fyrst ábending til hv. þm. Kristjáns Pálssonar. Ég vísaði í reglugerð Íbúðalánasjóðs um hámarksleigu vegna félagslegs leiguhúsnæðis og fór þar með rétt mál.

Í öðru lagi, vegna orða hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur, tek ég undir að það verður fróðlegt að fylgjast með tilraunum ríkisstjórnarinnar til sáttagjörðar við aldraða sem væntanlega liggur fyrir, þ.e. niðurstaða þeirrar umræðu, áður en við afgreiðum fjárlög í haust.

Varðandi ræðu hæstv. félmrh., þá veldur hún — ég vil ekki nota orðið vonbrigði heldur áhyggjur. Hann vísar í máli sínu til sögu liðinnar tíðar og vísar jafnframt í þá staðreynd að enn eru greiddir niður vextir á ýmsum lánum. Staðreyndin er hins vegar sú að við erum stödd á breytingaskeiði. Fyrirkomulagi húsnæðismála var breytt. Það var tekin ákvörðun um það að færa öll vaxtakjörin í átt til markaðar, líka gagnvart þeim sem reisa félagslegt leiguhúsnæði. Ég rakti það hvaða áhrif þetta hefði þegar haft, að hafa hækkað vexti úr 1% í 3,5.

Ríkisstjórnin ræddi á sínum tíma um að leysa þetta með stofnstyrkjum. Nú segir hæstv. ráðherra að það sé svo dýrt að gera það. Hvers vegna? Vegna þess að stuðningurinn sem áður var veittur í formi lágra vaxta nam einmitt þessum uppæðum sem menn tíma nú ekki að reiða af hendi. Ég spyr hæstv. ráðherra: Finnst honum sæmandi í svari sínu, í ljósi þess að hér eru mörg hundruð fjölskyldur staddar í bráðri neyð á biðlista og nánast á götunni, að vísa í sjóðstreymi í Byggingarsjóð verkamanna fyrir 10–15 árum?

[16:08]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil þakka þessa umræðu. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sparaði ekki stóru orðin frekar en venjulega, frekar en á fyrri árum. Ég var reyndar að vona að það væri komið meira jafnvægi í málflutninginn hjá henni en svo er ekki og við verðum að búa við það.

Ég náði fram skattleysi húsaleigubóta sem hv. þm. samdi um að yrðu skattlagðar þegar þær voru teknar upp. Víst væri gaman að veita vaxtalaus lán, það er ekki spurning, eða með mjög lágum vöxtum. En hvar á að taka peningana? Það er spurningin. Það er kannski rétt að menn reyndu að svara því. Það fóru rúmir 16 milljarðar kr. forgörðum úr Byggingarsjóði verkamanna og við höfum ekki upp á þá 16 milljarða að hlaupa lengur.

Varðandi skattleysi húsaleigubótanna þá var Þjóðhagsstofnun var beðin um að meta áhrif þeirrar breytingar. Niðurstöðurnar voru þær að samkvæmt gögnum um greiðslur húsaleigubóta í Reykjavík á árinu 2001 var talið líklegt að breytingin leiddi til hækkunar á ráðstöfunartekjum 91% af bótaþegum. Hækkunin nam um 4% að meðaltali. Í húsaleigukönnun Hagstofunnar árið 1999 er talið að hlutfall leigjenda hafi verið á bilinu 15–17%. Það er talið líklegt að 17% íbúða í Reykjavík séu leiguíbúðir og lætur nærri að fjöldi þeirra leiguíbúða séu rúmlega 7.500. Upplýsingar gefa til kynna að félagslegar leiguíbúðir í Reykjavík séu 2.900 og líklegt er að almennar leiguíbúðir séu 4.600. Heildarfjöldi húsaleigubótaþega í Reykjavík í maí 2002 var rúm 2.800.

Tekist hefur samstarf milli ríkisstjórnar og Samtaka aldraðra og sú vinna er komin í gang. Ég bind vonir við að niðurstöður þess starfs liggi fyrir áður en gengið verður frá fjárlögum.

[16:11]

Útbýting þingskjala:

Meðferðardeild við fangelsi fyrir sakhæfa geðsjúka afbrotamenn, 156. mál, þáltill. ÍGP, þskj. 156.

Nýting innlends trjáviðar, 154. mál, þáltill. ÍGP o.fl., þskj. 154.

Skipamælingar, 158. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 158.

Skráning skipa, 157. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 157.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 153. mál, frv. ÁRÁ o.fl., þskj. 153.

Þjónustugjald á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum, 142. mál, þáltill. ÁMöl o.fl., þskj. 142.

Út af dagskrá voru tekin 5.–8. mál.

Fundi slitið kl. 16:12.

---

8. FUNDUR

fimmtudaginn 10. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Einkavæðingarnefnd, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

2. Viðskiptabankar og sparisjóðir, frv., 8. mál, þskj. 8. — Frh. 1. umr.

3. Rekstur Ríkisútvarpsins, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Fyrri umr.

4. Skattfrelsi lágtekjufólks, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Fyrri umr.

5. Lífeyrissjóður sjómanna, frv., 12. mál, þskj. 12. — 1. umr.
6. Neysluvatn, þáltill., 13. mál, þskj. 13. — Fyrri umr.
7. Óhreyfð skip í höfnum og skipsflök, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Fyrri umr.
8. Sveitarstjórnarlög, frv., 15. mál, þskj. 15. — 1. umr.
9. Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Fyrri umr.
10. Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, þáltill., 18. mál, þskj. 18. — Fyrri umr.
11. Hvalveiðar, frv., 20. mál, þskj. 20. — 1. umr.
12. Velferðarsamfélagið, þáltill., 22. mál, þskj. 22. — Fyrri umr.
13. Uppbygging sjúkrahótela, þáltill., 25. mál, þskj. 25. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Geir H. Haarde fjmrh.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Páll Pétursson félmrh.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sturla Böðvarsson samgrh.

Lagt fram á lestrarsal:
Ályktun frá stjórnarfundi Afls, starfsgreinafélags Austurlands.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:31]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):
Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl., er farinn til útlanda í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varamaður á lista Framsfl. í Suðurl., Ólafía Ingólfsdóttir, taki sæti hans á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Kristinn H. Gunnarsson,
formaður þingflokks framsóknarmanna."

Ólafía Ingólfsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

[10:31]

Útbýting þingskjala:
Áhrif hækkunar persónuafsláttar, 159. mál, fsp. JÁ, þskj. 159.
Fjöldi keisaraskurða, 162. mál, fsp. SvanJ og ÞSveinb, þskj. 162.
Kostnaður við sængurlegu, 163. mál, fsp. ÞSveinb og SvanJ, þskj. 163.
Orkuverð á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða, 160. mál, fsp. ÁSJ, þskj. 160.
Orkuverð á Sauðárkróki, 161. mál, fsp. ÁSJ, þskj. 161.
Útflutningur hrossa, 164. mál, fsp. GE, þskj. 164.
Viðskiptahættir á matvælamarkaði, 166. mál, fsp. HBl, þskj. 166.

Athugasemdir um störf þingsins.

Alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn.

[10:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir:
Herra forseti. Í dag, 10. október, er alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn og tel ég eðlilegt að hans sé minnst í störfum þingsins. Í ár er hann haldinn undir kjörorðinu: „Áhrif áfalla og ofbeldis á börn og unglinga".

Víða er verið að vinna mjög gott starf í geðheilbrigðismálum okkar. Ég nefni Geðræktarverkefnið, mikið starf á geðdeildum, hjá frjálsum félagasamtökum svo sem Geðhjálp, Rauða krossinum og klúbbnum Geysi svo fáir séu nefndir. En þrátt fyrir það má ýmislegt betur fara.

Það bíða t.d. 60–70 börn eftir þjónustu á barna- og unglingageðdeild og alvarlegar upplýsingar undanfarna daga um sálarangist og geðheilsu fjölda barna sem þola einelti kalla á stóraukna geðheilbrigðis- og sálfræðiþjónustu við börn.

Geðsjúkdómar eru meðal algengustu sjúkdóma á Íslandi og má geta nærri að fjórði hver Íslendingur greinist með geðraskanir einhvern tíma á lífsleiðinni, þ.e. 70 þúsund manns. Löng bið er eftir meðferð og endurhæfingu geðsjúkra og nokkurra mánaða bið er eftir tíma hjá geðlæknum samkvæmt upplýsingum frá Geðhjálp. Heimilislausir alvarlega geðsjúkir á höfuðborgarsvæðinu fylla nokkra tugi og þá vantar tilfinnanlega þjónustu. Tengslaleysi heilbrigðisþjónustunnar við fangelsin er áhyggjuefni. Fangar með geðræn vandamál og fíkniefnavanda fá ekki þjónustu og dæmi eru um að geðsjúkir séu settir í fangelsi fyrir að stela sér til matar fyrir smápeninga.

Í heilbrigðisáætlun eru háleit markmið um bætta stöðu í geðheilbrigðismálum og hæstv. forsrh. hét stórátaki í málaflokknum í stefnuræðu í fyrra.

Herra forseti. Ég spyr því: Hvernig hyggst hæstv. heilbrrh. bregðast við ástandinu sem nú ríkir í þessum málum? Telur hann ríkisstjórnina vera búna að efna loforðið frá því í fyrra og hvernig hyggst hann ná þeim árangri sem stefnt er að í heilbrigðisáætlun?

Að síðustu vil ég þakka honum fyrir að koma hér til að ræða þetta viðkvæma mál í dag.

[10:35]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):
Herra forseti. Í dag er alþjóðageðheilbrigðisdagurinn haldinn í sjötta sinn, nú undir yfirskriftinni: „Áhrif áfalla og ofbeldis á börn og unglinga". Því ber að fagna að umræður um geðheilbrigðismál eru nú miklu opnari en áður var og það er almennt ekki talin skömm að því að leita sér meðferðar ef veikindi ber að höndum.

Ég hef, eins og komið hefur fram, lagt áherslu á eflingu þjónustu við geðsjúka, ekki hvað síst börn og unglinga, en öflugasta þjónustan við þennan hóp er á barna- og unglingageðdeild Landspítalans. Þar komu 1.704 einstaklingar á göngudeild frá janúar til ágúst 2001 en á sama tímabili á þessu ári hafa 1.746 börn og unglingar fengið þjónustu á göngudeild. Sömu sögu er að segja af dagdeildarþjónustunni. Þar fjölgaði þjónustuþegum úr 789 í janúar til ágúst 2001 en 1.143 á sama tímabili í ár. Þessi árangur hefur náðst með endurskipulagningu starfseminnar.

Þó margt hafi þannig áunnist í málefnum barna og unglinga eru verkefnin enn næg. Í heilbrigðisráðuneytinu hafa verið til skoðunar hugmyndir um frekari uppbyggingu á

Dalbrautinni, auk þess að efla göngudeildarúrræði, framhaldsmeðferð og eftirfylgd. Þá vil ég einnig vinna að eflingu slíkrar þjónustu á landsbyggðinni. Þá má ekki gleyma því veigamikla hlutverki sem skólahjúkrunarfræðingar gegna til að fyrirbyggja á þessu sviði.

Á fjárlögum þessa árs var sett inn 40 millj. kr. viðbótarfjárveiting til geðheilbrigðismála. Því fé var varið til eflingar þjónustu innan sjúkrahúsa en einnig fór um helmingur fjárveitingarinnar til heilsugæslunnar til að auka fyrirbyggjandi aðgerðir.

Undanfarnar vikur hefur átt sér stað mikil umræða um geðheilbrigðismál, einkum vanda þeirra sem veikastir eru. Ég vil vara við of miklum alhæfingum í umræðum um stöðu geðsjúkra. Alhæfingar hafa tilhneigingu til að auka fordóma. En ég tel einmitt að mikill árangur hafi náðst í því að draga úr fordómum gagnvart geðsjúkum.

[10:37]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta eru mál sem þarf að ræða af yfirvegun en þetta eru líka mál sem kalla á að við öxlum ábyrgð öll saman. Sterk skilaboð voru í nefndaráliti með lögunum um málefni fatlaðra árið 1992 um að taka sérstaklega á í málum geðfatlaðra, þar biðu óþrjótandi verkefni og það var gert, herra forseti. Í kjölfarið var ákveðin sú stefnumörkun að veita sérstakt fjármagn í fimm ár til uppbyggingar áfangastaða, sambýla og annarra úrræða fyrir geðfatlaða.

Herra forseti. Í dag má segja að mesti þunginn hvíli á félagasamtökum sem sinna þýðingarmiklum stuðnings- og umönnunarverkum sem eru í boði í dag. Geðvernd, Geðhjálp og Rauði krossinn eru nöfn sem koma upp í hugann og ekki þarf að fjölyrða um hve þessi samtök inna þýðingarmikil verkefni af hendi. En það er ekki hægt að ýta ábyrgðinni yfir á frjáls félagasamtök. Það er okkar að axla þá ábyrgð að búa slíkum hópi sem geðfatlaðir eru í okkar samfélagi hinn besta aðbúnað.

Herra forseti. Ég hlýt að spyrja: Hvað líður stefnumörkun á hinum félagslega væng hjá þessari ríkisstjórn í málefnum geðfatlaðra? Hvernig má það vera að eftir átakið á árunum 1993–1997 hafi verið stoppað án þess að búið væri að ljúka þeim verkefnum eða sinna öllum þeim úrræðum sem við blöstu?

[10:39]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Í dag er alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn og af því tilefni er ástæða til að huga að þeim þáttum sem betur mega fara í þjónustu við þá fjölmörgu einstaklinga sem hafa greinst með geðvandamál og eiga við þann sjúkdóm að stríða.

Greind ofvirkni hjá börnum hefur aukist á undanförnum árum og hefur verið reynt að bregðast við þessari greiningu og hegðun eða greindri ofvirkni hjá börnum og unglingum með margvíslegum aðgerðum. Tengist það bæði heilbrigðisþjónustu, skóla og félagsþjónustu. En því miður virðast menn að svo stöddu ekki hafa verið náð þeim tökum á þjónustunni að hún hafi skilað sér nægilega til allra. Þetta á sérstaklega við um unga pilta, drengi sem eru haldnir ofvirkni og komnir á unglingsár. Því miður er ein af mörgum afleiðingum ofvirkni og þá sérstaklega hjá ungum drengjum sú að hátt hlutfall þeirra leiðist gjarnan út í neyslu á áfengi eða ólöglegum efnum og eru margir hverjir upprennandi fíklar. Þetta er ástand sem oft og tíðum er hægt að sjá fyrir, þ.e. hvert stefnir. En við höfum ekki það kerfi, aðhald eða stuðning við þessa aðila til þess að forða þeim frá að lenda í þessu fari. Því vil ég spyrja hæstv. heilbrrh. hvort eitthvað sé í undirbúningi nú þegar til að tryggja þetta net í kringum unga ofvirka pilta sem eiga við hegðunarvandamál og ofvirkni að stríða til að forða þeim frá því að lenda í fíkniefnaneyslu og félagslegum vanda.

[10:41]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. 10. október er alþjóðlegur geðheilbrigðisdagur og í ár ber hann yfirskriftina: „Áhrif áfalla og ofbeldis á börn og unglinga“. Aukinn hraði og firring í nútímasamfélagi virðist geta valdið því að röskun verði á geðheilbrigði fólks í vestrænu samfélagi og geðsjúkdómar taki vaxandi toll. Því er brýnt að huga sérstaklega að börnum og unglingum til að koma í veg fyrir erfiðleika hjá þeim síðar á ævinni.

Nýleg dæmi sanna að við höfum ekki brugðist sem skyldi við vanda geðsjúkra. Úrræðaleysi innan heilbrigðiskerfisins getur haft alvarlegar afleiðingar. Þeir sem þjást af geðrænum sjúkdómum eru oftast nær langveikir af þeim sökum og niðurskurður í heilbrigðiskerfi bitnar því oft mjög illa á þessum hópi sem þarf að njóta öruggrar þjónustu til lengri tíma.

Nýlega birtist skýrsla um sjálfsvíg sem sýnir að vandi ungmenna er mjög alvarlegur þótt ekki verði hann rakinn til geðheilsu einnar. Alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn minnir okkur á að huga ber að hagsmunum geðsjúklinga og aðstandenda þeirra. Þar berum við öll ábyrgð en stjórnvöld ráða mestu um þá þjónustu sem veitt er á hverjum tíma.

[10:43]

Ásta Möller:

Herra forseti. Ég held að í upphafi fundar sé viðeigandi að minnast alþjóðageðheilbrigðisdagsins og ég þakka fyrir það frumkvæði.

Ríkisstjórnin hefur á undanförnum árum lagt áherslu á að bæta aðbúnað geðfatlaðra og mikið hefur verið unnið. En enn þá er margt ógert. Þetta er eins og með allt skipulag. Það þarf endurskoðunar við. Þarfir breytast, áherslur breytast og það þarf að koma til móts við þær.

Nú er yfirskrift dagsins: „Áhrif áfalla og ofbeldis á börn og unglinga“, og það er mjög viðeigandi yfirskrift. Í gær var fjárln. á fundi á Landspítalanum. Þar var m.a. farið yfir þá endurskipulagningu sem hefur farið fram á geðdeildum Landspítala – háskólasjúkrahúss og þar var m.a. bent á að þær breytingar hafa leitt til bættrar aðstöðu fyrir geðfatlaða. Áherslur eru breyttar m.a. með því að færa meiri þjónustu yfir á göngudeildir.

Fyrir u.þ.b. tveim árum birtist skýrsla um stefnumótun í geðheilbrigðismálum. Það er viðamikil skýrsla sem við höfum mikið horft til þegar verið er að skoða mál geðheilbrigðisþjónustunnar í dag. Ég held að við eigum að draga hana fram enn og aftur til þess að skoða hvað þar er og hvað megi betur fara. Ríkisstjórnin hefur lagt mikla áherslu á að styðja við bakið á frjálsum félagasamtökum sem sinna geðfötluðum. Tek ég þar sérstaklega fram Geðhálp og Geðrækt en Geðræktarverkefnið hefur núna verið starfandi í nokkur ár. Það hefur skipt miklu máli og breytt miklu fyrir þennan málaflokk.

[10:45]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Í skýrslu sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gaf út í apríl á þessu ári kemur fram að geðrænir

sjúkdómar verði önnur algengasta orsök langvarandi fötlunar og dauða í heiminum árið 2020. Á Íslandi gætu þessir sjúkdómar komið næst á eftir hjartasjúkdómum. Við vitum að fjórði hver Íslendingur mun einhvern tíma á ævinni eiga við geðræn vandamál að stríða og ef við færum þá vitneskju yfir á þingheim þýðir það að 16 hv. þm. munu einhvern tíma á ævinni eiga við geðræn vandamál að stríða. (**SvH:** Er það ekki hærra?) (**Gripið fram í:** Eða lægra?) Það gæti vel verið, hv. þm. Sverrir Hermannsson.

Við vitum að fangar eru í áhættuhópi, við vitum að fíklar eru í sérstökum áhættuhópi vegna geðsjúkdóma. Við vitum að öflug fræðsla um geðsjúkdóma stuðlar að minnkandi fordómum í samfélaginu. Við vitum að öflugar forvarnir koma ungu fólki best, því þegar fólk verður geðsjúkt ungt þá getur það fatlast fyrir lífstíð og við vitum að öflugur stuðningur við aðstandendur þeirra sem geðsjúkir eru skiptir mjög miklu máli fyrir velferð þeirra í samfélaginu. Allt þetta liggur fyrir, herra forseti. Það sem þarf hins vegar að gera er að taka þá þekkingu, þessar staðreyndir, eða vitneskju upp og færa hana frá orðinu á borðið og gera framkvæmdaáætlanir sem hafa fjármagn sem duga til þess að fást við þennan geigvænlega vanda í heilbrigðiskerfinu og í raun og veru þann vanda sem steðjar að nútímasamfélögum í formi geðsjúkdóma.

[10:47]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mig langar til að þakka fyrir góða og yfirvegaða umræðu um þetta alvarlega og mikilvæga mál. Ég vil þakka ráðherra fyrir upplýsingarnar um þær mikilvægu úrbætur sem eru í farvatninu hjá honum í málaflokknum en við skulum hafa það hugfast að sinna þarf fleirum en sjúklingunum sjálfum. Aðstandendur geðsjúkra eru oft mjög afskiptir og þeir mæta úrræðaleysi í samfélaginu. Félagsleg einangrun geðsjúkra er mikil og þess vegna þarf að sinna betur félagslega þættinum eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir kom að áðan. Við skulum líka muna það að fjárhagsleg staða og kjör þessa hóps eru varla mannsæmandi.

Því miður eru oft fréttir af því að ótæpilega sé ávísað lyfjum á þennan hóp og það þarf auðvitað að taka á þeim þætti. Síðan er ljóst að endurskoða þarf sjálfræðislögin. En aðalatriðið er að mikilvægt er að vinna ötullega áfram að því að sem flestir fái að njóta geðheilbrigðis í framtíðinni.

[10:49]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka málshefjanda og þátttakendum í umræðunni málefnalega og yfirvegaða umræðu um þetta alvarlega mál sem hér er til umfjöllunar. Ég vil endurtaka að það er vel við hæfi að beina sjónum að unga fólkinu á þessum degi því að nútímasamfélag hefur í för með sér mikið áreiti á ungt fólk.

Hér hefur verið rætt um hlutverk frjálsra félagasamtaka. Ég hef verið þeirrar skoðunar að við eigum ekki að setja ábyrgðina yfir á frjáls félagasamtök en okkur ber skylda til að efla frjáls félagasamtök í starfi og vinna með þeim. Ég hef reynt að rækta samstarf við félagasamtök eins og Geðhjálp og ég tel að nýta beri reynslu þeirra og þekkingu til þess að starfa að þessum málum.

Hér hefur verið drepið á alvarleg mál eins og ofvirkni. Það er rétt að það er efst á baugi að takist að efla Barna- og unglingageðdeildina til að sinna þeim hópi. Þarna er um alvarleg vandamál að ræða. Einnig hefur komið upp umræða um sjálfsvíg en á síðasta ári var landlæknisembættið einmitt styrkt til þess að vinna að þeim málum með ráðningu starfsmanns. Það gerðist í kjölfar skýrslu sem út var gefin um þessi mál.

Varðandi þau alvarlegu mál sem upp hafa komið hef ég undanfarið rætt við fjölda sérfræðinga og leikmanna um stöðu mála og þær leiðir sem færar eru til að auka þjónustu við alvarlega geðsjúka einstaklinga. Efla þyrfti þjónustu í fangelsum og koma upp sérstakri lokaðri meðferðardeild og síðan að efla þjónustu við þá sem eru úti í samfélaginu með sérhæfðum starfskröftum til sinna þeim hlutum.

Athugasemdir um störf þingsins.

Endurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu.

[10:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í stefnuræðu sinni sem flutt var hér miðvikudagskvöldið fyrir rúmri viku upplýsti hæstv. forsrh. að hæstv. heilbrrh. hefði ákveðið að setja af stað heildarendurskoðun á lögum um heilbrigðisþjónustu m.a. með hliðsjón af fjórum nýlegum skýrslum Ríkisendurskoðunar. Nú síðustu daga hefur hér á þingi, í blaðagreinum og víðar í þjóðfélaginu farið fram mikil umræða um stöðu heilbrigðisþjónustunnar og ekki af tilefnislausu. Um er að ræða gríðarlega mikilvægan málaflokk þar sem við margvíslegan vanda, fjárhagslegan og skipulagslegan, er að glíma. Mér þykir því rétt, herra forseti, að koma því á framfæri að hæstv. heilbrrh. eða ríkisstjórn upplýsi Alþingi um það hvernig ætlunin er að standa að slíkri endurskoðun. Það er að sjálfsögðu gríðarlega mikilvægt mál og mikilvægt að það takist vel. Mikilvægt er að þeirri endurskoðun verði hraðað eins og kostur er án þess þó að það verði á kostnað verksins því að hér þarf auðvitað að vanda mjög vel til.

Ég vil sérstaklega spyrja hæstv. heilbrrh. hvort ætlunin sé að leita til stjórnarandstöðunnar um fulltrúa í þá nefnd eða starfshóp eða hvað það verður nú kallað sem væntanlega hefur þetta mikilvæga verkefni með höndum. Að mörgu leyti virðist einboðið að þar yrði um að ræða nefnd eða starfshóp sem samanstæði af fagaðilum og stjórnmálamönnum því að öllum má ljóst vera að eitt af mikilvægustu markmiðunum í slíku starfi er að reyna að tryggja eins mikla þverpólitíska samstöðu um þennan gríðarlega mikilvæga málaflokk eins og kostur er. Úr því að svo vel ber í veiði að hæstv. heilbrrh. er hér, þá þætti mér vænt um ef hann treysti sér til að svara þessum spurningum nú eða þá síðar ef það hentar betur.

[10:53]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir fyrirspurnina um þetta mikilvæga málefni. Hér er um viðamikla endurskoðun að ræða sem hefur verið boðuð. Við höfum rætt undirbúning hennar í heilbrrn. og hvernig við stöndum að henni. Ég hef tekið þá ákvörðun að kalla fólk víða að í þá endurskoðun, fá eins og ræðumaður nefndi faghópa eða fagstéttir inn í endurskoðunina og ég hef ákveðið að leita eftir þverpólitískri vinnu í endurskoðunina og kalla þá stjórnarandstöðuna að því verki. Ekki er endanlega frá gengið hvernig sú endurskoðunarnefnd verður skipuð. Það eru gallar sem fylgja því að hafa mjög stórar og fjölmennar nefndir og það getur þurft að skipuleggja vinnuna með tilliti til þess að einhvers

konar miðnefnd starfi að því að draga saman sjónarmið aðila en ég hef hug á því að leita sjónarmiða sem víðast að úr stjórnmálum og frá fagstéttum til þessa verks.

[10:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil bara þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin og lýsa sérstakri ánægju minni með þau og þann þátt auðvitað sérstaklega að reynt verði að leita eftir þverpólitískri samstöðu um þá vinnu.

Athugasemdir um störf þingsins.

Orð forseta um starfsmann Samkeppnisstofnunar.

[10:55]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði óskað eftir því við forseta þingsins að hann yrði viðstaddur þessa umræðu vegna ummæla sem hann lét falla á þingi úr þessum ræðustóli í gær um að tiltekinn embættismaður hefði farið með rangfærslur og á þann hátt brugðist embættisskyldum sínum. Það er mjög alvarlegt mál, og væri það í öllum þjóðþingum, þegar forsetar þjóðþinga láta frá sér fara ummæli af þessum toga. En það er einhvern veginn þannig að það er eins og karaktereinkenni forseta þingsins, sem meiri hlutinn ber vissulega ábyrgð á, geri það að verkum að hann komist upp með ummæli sem enginn annar kæmist upp með.

Ég harma það mjög að forseti þingsins, sérstaklega þar sem hann er forseti fyrir okkur öll, skuli láta slíkt frá sér fara. Það hefur einungis dregið fram í umræðunni þá miklu vanþekkingu sem hann hefur á þessum málum. Ég harma það líka ef það er þannig að hæstv. forseti þingsins sé að gera út í skjóli embættisins einhverja aðför að tilteknum fyrirtækjum í landinu og tilteknum stofnunum. Ég harma þetta mjög og taldi ekki við hæfi að slík ummæli yrðu látin óátalin og fengju að lifa þannig yfir helgina. Ég verð því að segja, virðulegi forseti, að ég harma það mjög að forseti þingsins, sem við á einn eða annan hátt berum öll ábyrgð á en sem betur fer er hann mestmegnis á ábyrgð meiri hlutans, skuli láta slíka hluti frá sér fara hér úr þessum ræðustóli.

Einkavæðingarnefnd, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 4. mál. — Þskj. 4.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:58]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 8. mál (stofnfjárhlutir). — Þskj. 8.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:59]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Rekstur Ríkisútvarpsins, fyrri umr.

Þáltill. SvH, 9. mál. — Þskj. 9.

[10:59]

Flm. (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Ég á þáltill. á þskj. 9. Hún er endurflutt, var fyrst flutt fyrir tveimur árum en náði þá ekki umræðu á hinu háa Alþingi. Þann 30. október á liðnu ári varð hins vegar allrækileg og ítarleg umræða um tillöguna og get ég þess vegna nú haft þeim mun skemmri signingar yfir henni. Það er allt að finna í þeirri umræðu sem hv. menntmn. kann að gagni að koma við umfjöllun um málið. Ég tíunda röksemdir fyrir málinu og útfærslu þess í einum 12 liðum í greinargerð og vísa til hennar. Ég ætla þó aðeins að leyfa mér að lesa eftirfarandi upp úr greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Uppi eru hugmyndir um að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi og þeim röksemdum beitt að stofnunin þurfi að geta brugðist skjótt við í samkeppni og verið fljót til ákvarðana. Hlutafélagsvæðing Ríkisútvarpsins er óþörf til að gefa stofnuninni slíkt svigrúm. Með lögum um stofnunina má gefa henni allt það umboð sem hún kann að þurfa á að halda til að vera jafnviðbragðsfljót til ákvarðana og hlutafélag getur verið. Breyting stofnunarinnar í hlutafélag gefur hins vegar til kynna að til greina kæmi að selja það hlutafélag. Minnsta vísbending í þá átt er að mati flutningsmanns beinlínis hættuleg fyrir íslenska menningu, fyrir öryggishagsmuni þjóðarinnar og ekki hvað síst fyrir fjölmiðlaveröld landsins með tilliti til ríkjandi samþjöppunar í þeim geira og þess þroska lýðræðisins í landinu sem vænta má næstu ár og áratugi. Sú lýðræðisþróun yrði bæði heft og njörvuð niður ef frjálst Ríkisútvarp yrði lagt af. Ríkisútvarpið á þess vegna að halda áfram að vera til og tilvera þess er allri okkar samfélagsgerð og samfélagsþróun mikilvæg."

Frá því að umræða okkar fór fram um þetta mál í fyrrahaust hefur það nýtt orðið í málinu að allítarleg könnun var gerð á afstöðu almennings til Ríkisútvarpsins og kom í ljós að það er mjög mikill meiri hluti þjóðarinnar, $^2/_3$, sem kýs að Ríkisútvarpið verði rekið áfram í óbreyttri mynd. Í öllum atriðum má segja að niðurstaða könnunarinnar, Gallupkönnunar, hafi verið samferða og samhljóma því sem hér er einkum lagt til í þáltill. minni.

Ýmsir menn hafa yppt öxlum þegar sérstaklega hefur verið rætt um að tunga okkar, íslenskan, væri í allmikilli hættu stödd. Að henni er vissulega sótt, harkalega, og þá sér í lagi af enska sjóræningjamálinu. Það er trúa mína að úr því verði skorið á næstu missirum og árum hvort íslenskan lifir — ella deyr hún, hvorki meira né minna. Menn geta fylgst með því, og gera það vafalaust, hvernig málið afbakast. Ungdómurinn á t.d. erfitt með að fóta sig á því máli sem við viljum viðhalda. Enginn mun vernda þennan arf okkar sem bókmenntirnar eru ef við gerum það ekki sjálf enda eru þær glataðar um leið og tungan afbakast eða glatast.

Mér er það ekkert launungarmál að áhugi minn á Ríkisútvarpinu og sjónvarpi þess er frá upphafi vegna áhyggju minnar af tungu okkar og áhuga míns á málinu. Það er enginn vafi á því að útvarp og sjónvarp eru nú til dags tvímælalaust sterkustu miðlarnir og við eigum þegar í stað að taka þá í þjónustu almennings í baráttu okkar fyrir menningu okkar, raunar tilverurétti þar sem tungan er. Allt bjartsýnistal um að tungan muni lifa, á hverju sem gengur, er óráðshjal og á engan rétt á sér.

Ég sé ekki ástæðu til þess að tefja tímann lengur og mæla frekar fyrir þessari tilögu. Ég hef áður sagt að allt sem ég tel að koma þurfi fram sé í þingskjölum að finna. Ég beini því eindregið til þeirrar nefndar sem fær þetta mál væntanlega til meðferðar að taka til sérstakrar athugunar hvort ekki sé hægt að fallast á nefndarskipan í málinu sem hér er einkum gerð tillaga um. Ráðandi þingmeirihluti hefur fullt vald á málinu eftir sem áður en þar mundi verða grundvöllur til ítarlegrar umræðu um þær forsendur sem hér eru gefnar og aðrar þær sem fram hafa komið og komu fram við umræðuna í fyrra, en lífs er hin mesta nauðsyn á að menn ræði ítarlega og komi sér ásamt um aðferðir til að nýta þessa fjölmiðla, sjónvarp og útvarp, í þágu tungunnar. Svo sterkt er sjónvarpið að það er sannfæring mín að ef bókmenntir okkar, nýjar og gamlar, yrðu þar matreiddar væri hægt að teyma ungdóminn að bókmenntunum, hann mundi fletta upp í bókunum og lesa þær sér til sáluhjálpar og eflingar tungunni.

Herra forseti. Ég legg svo til að tillögunni verði vísað til síðari umræðu og hv. menntmn.

[11:07]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þessi till. til þál. gengur út frá því að skipuð verði nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að semja frv. um breyttan rekstur Ríkisútvarpsins.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lýsir stuðningi við þessa þáltill. Ekki svo að skilja að við teljum nauðsynlegt að gera grundvallarbreytingar á rekstrarformi Ríkisútvarpsins, síður en svo, en það er mikilvægt að þessi lög séu í stöðugri endurskoðun og það kann að vera sitthvað í rekstri Ríkisútvarpsins og skipulagsformi sem er bundið í lög sem nauðsynlegt er að taka til endurskoðunar. Og það er staðreynd að ríkisstjórnin hefur á prjónunum lagasmíð um hugsanlega breytt rekstrarform Ríkisútvarpsins og það er eðlilegt — þar tökum við undir með hv. flm. tillögunnar, Sverri Hermannssyni — að fulltrúar allra flokka komi að því starfi. Í þeim skilningi lýsum við stuðningi við þáltill. og þann grunntón sem þar er að finna.

Þar segir m.a. í greinargerð, með leyfi forseta:

„Markaðslausnir geta ekki átt við starfsemi af þessu tagi. Hún er eðli málsins samkvæmt menningar- og fræðsluviðleitni þar sem sóknin eftir arðsemi verður að víkja fyrir mikilvægari markmiðum.“ — Ég held að almennt séð séu Íslendingar á þessu máli. Ég vek athygli á því að nýlega voru stofnuð samtök, Velunnarar Ríkisútvarpsins, sem hyggjast starfa í nákvæmlega þeim anda sem hér er lýst.

Ég ætla í örfáum orðum að víkja að ýmsum efnisþáttum sem eru tilgreindir í þáltill. Þar er talað um að Ríkisútvarpið verði áfram „sjálfstæð og óháð stofnun í þjóðareign“. — Undir þetta vil ég taka. — „Horfið verði frá hugmyndum um sölu á Rás 2 frá Ríkisútvarpinu vegna þarfa landshlutaútvarps ...“ — Undir þetta tek ég einnig. Þá segir: „Almannahagsmunir, ef vá ber að höndum, kalla eftir að Ríkisútvarpið, með sitt víðtæka dreifingarnet, sé ávallt tiltækt.“ — Undir þetta tek ég. Þá segir: „Ríkisútvarpið verði fjármagnað að fullu á fjárlögum ár hvert, t.d. innan ramma áætlunar eða þjónustusamnings til 3–5 ára í senn. Útvarpið hætti að flytja viðskiptaauglýsingar í samkeppni við aðra fjölmiðla, en flytji áfram tilkynningar frá opinberum aðilum, félagasamtökum og öðrum sambærilegum aðilum.“ — Ég hef ákveðnar efasemdir um þetta þó að mér finnist sjálfsagt að taka það til skoðunar. Það kann vel að vera að það form sem við búum við nú, afnotagjöldin, sé að úreldast. Tæknin er að breytast, fólk getur fylgst með útvarpi og sjónvarpi á annan hátt en það gat fyrr á tíð. Þannig má fylgjast með sjónvarpsútsendingum í tölvu, svo dæmi sé tekið. Þau sjónarmið hafa heyrst að við eigum að breyta innheimtufyrirkomulaginu og aðrir vilja fara þá leið sem hér er stungið upp á, að Ríkisútvarpið verði fjármagnað að fullu á fjárlögum ríkisins. Þetta hefur verið reynt, t.d. í Hollandi. Þar var farið út á þessa braut en reynslan var mjög slæm því að tekjur hins opinbera fjölmiðils í Hollandi rýrnuðu mjög við breytinguna. Ég held að tekjur NOS, sem þessi fjölmiðill mun heita, hafi minnkað strax á fyrsta árinu eftir þessar breytingar. Það fyrirkomulag sem við búum við og er sambærilegt við það sem tíðkast á Norðurlöndunum, í Bretlandi og víðar, hefur þegar allt kemur til alls reynst best til þess fallið að tryggja það sem tilgreint var í fyrsta áherslulið þáltill., að halda Ríkisútvarpinu sem sjálfstæðri og óháðri stofnun, óháðri þá væntanlega einnig pólitískum áhrifum. Þarna hef ég því ákveðnar efasemdir þó að okkur finnist sjálfsagt að skoða aðrar leiðir til innheimtu, aðrar viðmiðanir, hugsanlega fasteignaviðmiðun eða eitthvað af því tagi, og þetta væri nokkuð sem nefndin tæki án efa til skoðunar.

Þá er lögð áhersla á að „Ríkisútvarpið verði virkur fræðslumiðill, og bregðist þannig við vaxandi þörf fyrir símenntun og almenningsfræðslu, og verði lind og farvegur fyrir vakandi og frjóa samfélagsumræðu“.

Þetta er nokkuð sem ber að leggja áherslu á og hefur komið fram í umræðu Velunnara Ríkisútvarpsins, bæði á stofnfundi samtakanna ekki alls fyrir löngu og á málþingum sem efnt hefur verið til á liðnum mánuðum, að við þurfum einmitt að efla Ríkisútvarpið. Þessi barátta er ekki aðeins um að standa vörð um Ríkisútvarpið heldur þarf að efla það sem fræðslumiðil, upplýsingamiðil og fréttamiðil. Og ég held að mörgum finnist ekki vanþörf á að efla Ríkisútvarpið, t.d. sem fréttamiðil, óháðan fréttamiðil sem hleypir öllum skoðunum og straumum að.

Þá er lögð áhersla á að „Ríkisútvarpið gæti að fjölbreytni í dagskrárgerð þannig að það, að öllu samanlögðu, mæti þörfum sem flestra landsmanna, m.a. með því að mismunandi rásir þjóni mismunandi hópum“.

Þá er talað um að „dagskrárstefnan verði laus undan öllum markaðsáhrifum“, og það tengist öðrum lið sem ég vék að áðan, að Ríkisútvarpið mundi ekki flytja viðskiptaauglýsingar. Ég hef ákveðnar efasemdir um þetta. Þetta er mjög drjúgur hluti af tekjum Ríkisútvarpsins og ef það yrði af þeim yrði væntanlega að hækka afnotagjöldin eða framlög frá ríkinu. Afnotagjöldin eru núna 2.250 kr. á mánuði, svipað og gerist hjá dagblöðunum, Morgunblaðið tekur 2.100 kr. á mánuði, Dagblaðið 2.200, þetta er á svipuðu róli. En á hitt er að líta að afnotagjöld Ríkisútvarpsins hafa á síðustu 12 árum hækkað um aðeins 17% en afnotagjöld annarra fjölmiðla eða áskriftargjöld þeirra um 58–62% á sama tímabili. Ef við létum viðskiptaauglýsingar víkja yrði þessi stuðningur að aukast að sama skapi. Og það er staðreynd að jafnvel þótt ágætlega hafi verið að Ríkisútvarpinu búið á marga lund er það í svelti, það þarf á miklum fjármunum að halda, t.d. til endurnýjunar tækjakosts. Þar þyrftu að koma til 100 millj. á næstu mánuðum eftir því sem mér er tjáð.

Leyfi fékkst til að hækka afnotagjöldin 1. janúar sl. um 7%. Það var síðan rekið til baka í verðhjöðnunarstríðinu en á móti komu 140 millj. á fjáraukalögum sem án efa vega þarna eitthvað upp á móti. Það er þó ekki hækkun til frambúðar þannig að ég er með ákveðnar efasemdir um þetta.

Sömuleiðis finnst mér að taka þurfi til gagngerðrar umræðu spurninguna um hlutverk útvarpsráðs, skipan í það og ráðningu útvarpsstjóra. Ég er ekki endilega viss um að ég sé reiðubúinn að skrifa upp á allt það sem er að finna í þáltill. en það væri mjög gagnlegt að fá þessa vinnu af stað og að skipuð yrði þverpólitísk nefnd í þeim anda sem hér er lagt til.

[11:16]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir þessa tillögu um rekstur Ríkisútvarpsins. Það er líka mjög gott að fá hana til umræðu á þinginu svo snemma þannig að hún sé tekin fyrir á góðum tíma og allir flokkar hafi möguleika á að tjá sig. Að mörgu leyti get ég tekið undir þessa tillögu en margt í henni er jafnframt álitamál. Til að byrja með leggur hv. 18. þm. Reykv. til að kosin verði nefnd skipuð fulltrúum allra þingflokka til að semja frv. um breyttan rekstur Ríkisútvarpsins. Nú mun vera von á frv. frá hæstv. menntmrh. um Ríkisútvarpið. Ég veit ekki mikið um það frv. en svo mikið veit ég að það er ekki samið með vitund og þátttöku fulltrúa annarra þingflokka og mér þykir það mjög miður. Ég held að ef við eigum að hafa breiða samstöðu um þennan miðil þurfi einmitt að koma sem flestum sjónarmiðum að þegar verið er að fjalla um mál hans. Það er mjög miður ef setið er í lokuðum bakherbergjum í menntmrn. við að semja frv. um rekstur Ríkisútvarpsins.

„Ríkisútvarpið er viðurkennd stoð íslenskrar tungu og menningar" er upphaf á greinargerð hér og þetta eru vissulega orð sem ég get tekið undir af heilum hug og hjarta. Ég hef alltaf litið á Ríkisútvarpið sem háskóla þjóðarinnar, og margt fólk sem ég hef þekkt mjög náið um dagana hefur talað gott mál og skilið lífið í kringum sig ekki síður en þeir sem hafa notið háskólamenntunar, eða langskólagöngu eins og það er stundum kallað, vegna þess að það hefur stöðugt hlustað á Ríkisútvarpið. Jafnvel þó að það ynni við t.d. járnsmíðar hefur það haft aðstöðu til að hlusta á Ríkisútvarpið alla daga. Ég þekki aðila sem hafa verið svo vel að sér um t.d. tónlist af því að hlusta á Ríkisútvarpið að þeir þekktu nánast hvert einasta tónverk í tónsögu heimsins ef þeir heyrðu bara fyrstu nóturnar. Og þetta var allt úr Ríkisútvarpinu. Þetta finnast mér ákaflega mikil meðmæli með stofnuninni.

Ég lít þannig á, eins og sá sem leggur fram þetta frv., að slíkur miðill sem á jafnsterka stöðu í vitund þjóðarinnar og íslenska Ríkisútvarpið á — sem er mjög sterkt miðað við aðrar þjóðir — geti ekki verið öðruvísi en í þjóðareign, það sé alveg útilokað. Ég bregst ekki reiðari við en þegar einhverjar markaðslausnir um starfsemi Ríkisútvarpsins eru viðraðar í mín eyru. Auðvitað er Ríkisútvarpið eign þjóðarinnar og rekið á ábyrgð þjóðarinnar allrar. Hins vegar getur verið álitamál hvernig við komum þeirri ábyrgð sem best fyrir.

Mig minnir að það hafi verið í fyrra sem hæstv. þáv. menntmrh. fékk í umræðum á Alþingi skyndilega hugmynd um að flytja Rás 2 til Akureyrar. Því var fylgt eftir í framhaldinu og ég verð að segja að þá hafði ég mjög miklar efasemdir um þá ráðstöfun. Ekki svo að ég viti ekki að það er auðvitað hægt að reka gott útvarp frá Akureyri en mér fannst að það ætti að efla svæðisútvarpið á Akureyri og halda áfram að reka Rás 2 í Reykjavík. Auðvitað á Rás 2 að vera rekin með Ríkisútvarpinu. Mér finnst einhvern veginn að hugmyndin um að færa Rás 2 algjörlega til Akureyrar sé pínulítið forsmekkur að því að kannski eigi að losa hana frá og gera einhverjar aðrar ráðstafanir um fjármögnun og framtíð hennar. Ég tek ekki undir þær hugmyndir, og jafnvel þó að búnar séu eða a.m.k. byrjaðar framkvæmdir lýsi ég miklum efasemdum með þá ráðstöfun.

Við vitum öll hversu mikilvægt Ríkisútvarpið er og sú mikla hlustun sem það hefur meðal þjóðarinnar, hversu mikilvægt það er okkur ef vá ber að höndum. Sú mesta vá sem hefur borið að höndum síðan ég man eftir mér er sjálfsagt eldgosið í Vestmannaeyjum og ég, eins og aðrir með þessari þjóð, vaknaði kl. 7 við þessi válegu tíðindi í Ríkisútvarpinu. Fólk sleppti ekki tækinu frá sér, það lá við útvarpstækin dögum saman til að fylgjast með hverri einustu hræringu. Ég held að þjóðin standi aldrei betur saman en á slíkum stundum og Ríkisútvarpið er okkur afskaplega mikilvægt í þeim tilvikum.

Ég tek undir það sem lagt er til hér, að Ríkisútvarpið verði fjármagnað af fjárlögum og það að fullu og ekkert verði skorið við nögl. Mér finnst að Ríkisútvarpið sé sú stofnun númer eitt sem okkur beri að fjármagna af fjárlögum ríkisins. Hins vegar er ég ekki jafnviss um að við eigum að hafna viðskiptaauglýsingum í Ríkisútvarpinu. Þetta er bara atriði sem ég á eftir að hugsa til hlítar en ég er ekki viss um að við eigum að gera það vegna þess að auglýsingar, þótt viðskiptaauglýsingar séu, hafa líka upplýsingagildi fyrir þá sem hlýða á og mjög margir einstaklingar hlusta ekki á annað útvarp en Ríkisútvarpið. Ég tel kannski ekki rétt að þeir fari í öllum tilfellum á mis við viðskiptaauglýsingar. Auk þess ann ég Ríkisútvarpinu vel þessarar tekjulindar. Mér finnst að það sé vel að henni komið og þá hvílir ekki jafnþungt á ríkinu að fjármagna það sem eftir er en það tel ég að ríkinu beri að gera. Ég tel að aldrei verði farsælt, eins og mér skilst að nú séu uppi hugmyndir um, að breyta afnotagjaldi af Ríkisútvarpinu í nefskatt því að það þýðir hreinlega að þá leggst afnotagjaldið þyngst á stærstu fjölskyldurnar og það er jú ekki það sem við viljum. Er það nokkuð?

[11:24]

Flm. (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins nota tækifærið til að þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni og Sigríði Jóhannesdóttur fyrir ágætar undirtektir. Ég tek skýrt fram að mér dettur ekki í hug að í þeirri tillögugerð sem ég hefi hér lagt fyrir sé að finna öll bestu ráðin um skipan þessara mála í framtíðinni, til að mynda varðandi viðskiptaauglýsingar svo að eitthvað sé nefnt. En þetta er þó allítarlegur umræðugrundvöllur og ég hygg að sú nefnd sem skipuð yrði hafi þar a.m.k. útgangspunkta til að skipuleggja umræðurnar um þetta. Ég játa t.d. fyllilega að ýmis þau rök sem hv. þm. fluttu núna og í allítarlegri umræðu í fyrra fyrir öðruvísi skipan mála eigi fyllsta rétt á sér. Ég er fullkomlega sáttur við það sem menn hafa lagt hér fyrir og sem hefur að mörgu leyti betrumbætt þá tillögugerð sem ég hef hér flutt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattfrelsi lágtekjufólks, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 10. mál. — Þskj. 10.

[11:26]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um skattfrelsi lágtekjufólks sem ég flyt ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og Kristjáni L. Möller.

Tilgangur þessarar tillögu er að leitað verði leiða til að afnema eða lækka verulega skatta lífeyrisþega og launafólks sem hefur tekjur undir lágmarkslaunum fyrir fulla dagvinnu.

Verulegar breytingar hafa orðið á skattgreiðslum láglaunafólks og lífeyrisþega á síðustu árum. Samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar á sl. ári greiddi láglaunafólk og lífeyrisþegar með laun og bætur undir 90 þús. kr. á mánuði um 1 milljarð kr. í tekjuskatt og útsvar. Þá er miðað við heildarlaun og greiðslur frá Tryggingastofnun og úr lífeyrissjóði, auk atvinnuleysisbóta, húsaleigubóta og fjárhagsaðstoðar.

Hugmyndin er að lækkun, afnám eða endurgreiðsla skattanna nái eingöngu til þeirra sem hafa sér til framfærslu tekjur frá skattleysismörkum að lágmarkslaunum. Með lágtekjufólki er eingöngu átt við launatekjur og lífeyrisgreiðslur undir lágmarkslaunum, auk atvinnuleysisbóta og fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga. Þannig eru fjármagnstekjur ekki innifaldar. Sérstakur frádráttur í skatti á móti launatekjum láglaunafólks þekkist t.d. í Finnlandi og Bandaríkjunum.

Efni tillögunnar er: Alþingi ályktar að fela fjmrh. að skipa nefnd sem hafi það verkefni að kanna hvaða leiðir eru færar til að afnema eða lækka verulega tekjuskatt lágtekjufólks og lífeyrisþega sem hafa tekjur undir lágmarkslaunum. Í því sambandi skal m.a. skoða endurgreiðslu skattsins í eftiráálagningu eða sérstakan frádrátt frá tekjum. Í nefndinni verði m.a. fulltrúar aðila vinnumarkaðarins og samtaka aldraða og öryrkja.

Niðurstöður verði lagðar fyrir Alþingi á haustþingi 2003.

Flm. þessarar tillögu gera sér fulla grein fyrir því að þetta mál er ekki einfalt, ekki síst með tilliti til jaðaráhrifa. Engu að síður er það sannfæring flm. að það sé vilji mikils meiri hluta þjóðarinnar að ná sátt um skattfrelsi lægstu launa og lífeyrisgreiðslna, sem og atvinnuleysisbóta og fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga, sem eru langt frá því að hrökkva fyrir allra brýnustu nauðþurftum. Brýnt er því að sérstaklega verði skoðað hvaða leiðir eru færar í þessu efni og meta kosti og galla slíkra breytinga á sköttum láglaunafólks.

Ástæða þess að við förum þá leið að setja hugmyndina fram í formi þáltill. en ekki útfærðu frv. er sú að við viljum að aðilar vinnumarkaðarins komi að þessu verkefni sem, eins og ég sagði, er ekki einfalt en þó framkvæmanlegt.

Ég held að flestir hljóti að vera sammála því að það er ómanneskjulegt að skattleggja lágtekjufólk sem ekki á fyrir brýnustu nauðþurftum. Við höfum heyrt það á undanförnum mánuðum og missirum að fátækt hafi aukist í landinu, og frá hjálpastofnunum hafa komið tölur um 20–30% aukningu í þeim hópi fólks sem þarf að leita til hjálparstofnana af því að það á ekki fyrir brýnustu nauðþurftum milli mánaða.

Á síðustu árum hefur skattlagningin verið að breytast í þá átt að hún hefur færst frá fjármagni og stórfyrirtækjum yfir á launafólk. Það hefur verið stefna þessarar ríkisstjórnar. Staðreyndin er sú að hvergi er greiddur eins lítill eða lágur fjármagnstekjuskattur og hér á landi. Hann er yfirleitt um 25–45% í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Hér er hann um 10% og skattar á fyrirtæki eru hvergi lægri en hér á landi en aftur á móti er tekjuskattur á einstaklinga með því hæsta sem þekkist. Við þekkjum það frá síðustu þingum að sú leið sem ríkisstjórnin hefur verið að fara er að afnema enn frekar skatta á þá sem eiga fjármagnið og tekjurnar í þessu landi.

Í skattframtölum á undanförnum tveimur árum hefur komið fram að mikil samþjöppun hefur orðið á fjármagnsgróðanum. Þeim hefur fækkað verulega sem eiga smávegis í hlutabréfum, lítinn sparnað og greiða fjármagnstekjuskatt. Þannig kom fram á síðustu skattframtölum að á árinu 2000 höfðu um 11 þúsund manns einhverjar fjármagnstekjur en þeim hafði fækkað niður í 4 þúsund, ef ég man rétt. Alla vega hafði fækkað um 7–8 þúsund fólki með litla hlutabréfaeign en hjá stórum fjármagnseigendum hafði eignin vaxið mikið vegna þess að þrátt fyrir þessa miklu fækkun varð aukning á fjármagnstekjuskattinum sem greiddur er að mig minnir um 30–40%. Þegar nánar er rýnt í þessar tölur, eins og á síðasta skattframtali, kemur þessi samþjöppun enn gleggra fram. Þá kom fram að 21 fjölskylda sem mest hafði í söluhagnað af hlutabréfum og fjármagnstekjum var að meðaltali með um 300 millj. kr. á sl. ári eða sem samsvarar, herra forseti, 800 þús. kr. á dag bara í fjármagnstekjur. Það er nálægt því eða litlu minna en lífeyrisþegar hafa á heilu ári í lífeyrisbætur. Þetta fólk sem var með þessar 300 millj. að meðaltali, þessi 21 fjölskylda, greiddi af þessu 10% skatt en launatekjur þessara fjölskyldna voru að meðaltali 34 millj. sem greiddur var af 38% skattur. Þarna sjáum við í hnotskurn hvernig samþjöppun auðs er að verða í þjóðfélaginu og hvernig þeim hefur verið hlíft sem eiga mikið fjármagn.

Í þessum tölum mátti m.a. líka sjá að ef fjármagnstekjuskatturinn var tekinn og samsetning hans skoðuð að öðru leyti þá kom í ljós að 2% þeirra sem höfðu einhverjar fjármagnstekjur greiddu 53% af skattinum. Það þýðir að 96 fjölskyldur höfðu á sl. ári að meðaltali um 116 millj. hver þeirra bara í fjármagnstekjur af eignum sínum.

Ríkisstjórnin létti verulega sköttum af þessu fólki með því að afnema það að eftir ákveðna fjármagnseign yrði greiddur skattur sem samsvaraði launaskatti eða skatti á launatekjur. Nú greiðast 10% af öllum fjármagnstekjunum. Auðvitað varð ríkissjóður fyrir verulegu tekjutapi af þeim sökum. Við sem flytjum þessa tillögu erum með henni að óska eftir því að sátt náist um að kanna hvaða leiðir eru færar til að létta þessum skatti af lágtekjufólki.

Eins og ég nefndi áðan eru jaðaráhrifin vandamálið í þeirri leið sem við leggjum til. Við teljum hins vegar að hægt sé að skoða þetta með endurgreiðslu í eftiráálagningu með líkum hætti og með hátekjuskatt eða að ákveðinn frádráttur miðist við ákveðin tekjumörk og væri stiglækkandi vegna þess að ef hann er ekki stiglækkandi myndast munur á þeim sem eru ofan og neðan tekjumarkanna. Þannig gætum við hugsað okkur að menn mundu fallast á að ákveðin fjárhæð kæmi til frádráttar frá skattinum. Við getum nefnt tölur eins og 5–8 þús. kr. af þeim sem mest fengju og síðan væri þetta stiglækkandi og rynni út við lágmarkslaunin. Þetta er ein leið sem hægt er að fara og þetta er sú leið sem hefur verið farin í Finnlandi. Þannig myndast ekki sá mismunur þegar endurgreiðslan hættir sem ella yrði. Þetta er mikilvægt að menn hafi í huga en við erum vitaskuld tilbúin að skoða aðrar leiðir.

Ég vil nefna, af því að skattleysismörkin hafa verið verulega í umræðunni, að ef þau hefðu fylgt launavísitölu frá 1995, herra forseti, þá ættu þau að vera 34 þús. kr. hærri

á mánuði en þau eru og munar um það. Það er ljóst að skattleysismörkin hafa verið fryst að verulegu leyti frá því að þessi ríkisstjórn tók við á árinu 1995, m.a. til að ríkisstjórnin eigi fyrir þeim skattaívilnunum sem hún hefur fært hátekjufólki og fjármagnseigendum. Það er með ólíkindum, herra forseti, hvað ríkisstjórnin hefur gengið langt í að skerða kjör þeirra hópa sem þessi tillaga á nú að bæta kjörin hjá. Það vantar 7 þús. kr. á mánuði hjá örorkulífeyrisþegum og ellilífeyrisþegum til að þeir fái það sem þeim ber miðað við launavísitölu.

Þessi ríkisstjórn hefur ávallt fundið leiðir til að koma í veg fyrir að lífeyrisþegar fái hækkun í samræmi við launavísitölu. Hefði það verið gert væri lífeyrir þessa fólks 7 þús. kr. hærri á mánuði. Það er, herra forseti, verulega stór hópur fólks, t.d. aldraðra, sem gert er að lifa af lágum tekjum. Helmingur aldraðra hefur sér til framfærslu laun sem eru undir lágmarkslaunum eða rúmlega 90 þús. kr. Sumir aldraðir hafa það alveg ágætt en stór hópur, og hér er ég að tala um helming, hefur sér til framfærslu laun undir lágmarkslaunum. 43% öryrkja hafa engar tekjur úr lífeyrissjóði og einungis sér til framfærslu það sem þeir fá frá Tryggingastofnun ríkisins.

Síðan höfum við með hóp atvinnulausra sem fær um 73 þús. kr. á mánuði og greiðir af þeim einhvern skatt. Nú er svo komið að lífeyrisþegar sem engan skatt greiddu áður en þessi ríkisstjórn tók við á árinu 1995, greiða nú á milli 5 og 8 þús. kr. í hverjum einasta mánuði í skatt, eða sem samsvarar eins mánaðar lífeyrisgreiðslu í skatt á ári. Þegar til þess er tekið að stór hópur þessa fólks, eins og öryrkjar og lífeyrisþegar, þurfa margir hverjir að greiða á ári sem samsvarar eins mánaðar greiðslu bara í lyfjakostnað og það er komið svo að tveggja mánaða lífeyrisgreiðslur þessara hópa fara í að greiða skatt og lyf, herra forseti, þá er eitthvað mikið orðið að í þessu þjóðfélagi. Þetta þarf að skoða. Ein leiðin sem við bendum á er að vinda sér í það brýna verkefni að afnema skatta af þessu fólki, eða a.m.k. að stíga skref í þá átt sem við leggjum til í þessari tillögu.

Ég vil nefna, herra forseti, að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands mælir fyrir um að öllum sem þurfa skuli tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra tilvika. Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. Ég tel, herra forseti, að með því að stór hópur í þjóðfélaginu, sennilega milli 10 og 12 þúsund manns, hafi tekjur sem eru á bilinu frá skattleysismörkum að lágmarkslaunum þá jaðri það við brot á stjórnarskránni, þegar þessu fólki er boðið upp á það að eiga ekki fyrir nauðþurftum frá degi til dags. Það neyðist til að leita til hjálparstofnana og síðan kemur skattakrumla ríkisins og tekur skatt af þeim litlu tekjum sem þetta fólk hefur meðan sífellt er verið að létta skattbyrðinni af hálaunafólki og fjármagnseigendum.

Herra forseti. Það er von mín að þessari tillögu verði vel tekið og menn setjist yfir það brýna verkefni að leita leiða til þess að afnema eða létta sköttum af lágtekjufólki.

Herra forseti. Þessi tillaga á heima í efh.- og viðskn. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði henni vísað til síðari umr. og efh.- og viðskn.

[11:41]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hv. 1. flm. þessarar þáltill., Jóhanna Sigurðardóttir, kvaðst vonast til að þessari tillögu yrði vel tekið. Af hálfu þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er henni mjög vel tekið. Við munum styðja framgang þessa máls sem gengur út á að skipuð verði nefnd sem fari í saumana á skattlagningu lágra tekna og að í nefnd þessari eigi sæti fulltrúar mismunandi pólitískra afla og aðila vinnumarkaðar og samtaka aldraðra og öryrkja.

Það er staðreynd að á síðustu árum hefur stefnt í óefni hvað þetta snertir. Skattleysismörkin hafa ekki fylgt almennri launaþróun þegar til lengri tíma er litið. Nú er í fyrsta sinn í langan tíma farið að skattleggja þá sem allra minnstu tekjurnar hafa í þjóðfélaginu. Hverjir eru það? Það eru atvinnulausir, svo fyrst sé nefndur sá hópur sem hefur minnstar tekjurnar. Atvinnuleysisbæturnar eru nú 73.765 kr. á mánuði og fyrir hvert barn sem atvinnulaus einstaklingur hefur á framfæri eru greiddar 2.947 kr. Atvinnulaus einstaklingur með eitt barn á framfæri fær í tekjur frá hinu opinbera 76.712 kr. Þar sem skattleysismörkin eru núna í 70.279 kr., þá yrði þessi einstaklingur að greiða 2.380 kr. í skatt.

Ef við síðan lítum á öryrkja, einhleypan aðila sem hefur grunnlífeyri, tekjutryggingu, tekjutryggingarauka og heimilisuppbót þá er hann samtals með 87.015 kr. á mánuði hverjum. Þetta er sú allra hæsta greiðsla sem öryrki getur haft. Þá fær hann að fullu greitt samkvæmt þeim liðum sem ég nefndi og hann fær þessa upphæð, 87.015 kr. Af þessu greiðir hann 6.192 kr. í skatt. Þannig er villandi að tala um að hann hafi þessa fjárhæð á milli handa. Við þurfum að draga þetta frá og þá hann er kominn niður undir 80 þús. kr.

Það þarf einfaldlega að fara í saumana á þessu, endurskoða þær skattbyrðar sem lagðar eru á tekjulægsta fólkið í samfélaginu. Við tökum undir það að skipuð verði nefnd sem hafi það verkefni með höndum og munum styðja framgang þessa máls.

[11:45]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér till. til þál. um skattfrelsi lágtekjufólks. Þar segir að stefnt skuli að því að þeir sem hafi tekjur undir 90 þús. kr. á mánuði verði skattfrjálsir.

Í þeim hópi er náttúrlega fjöldi aðila. Það eru, eins og nefnt hefur verið, bótaþegar en þar eru líka námsmenn sem fá námslán sem ekki eru skattskyld og eru með miklu meiri ráðstöfunartekjur. Þar eru líka heimavinnandi einstæðir foreldrar sem eru í tengslum við aðila, það heitir víst tengsl, það heitir ekki sambúð lengur þegar fólk vill ekki búa saman af því að það ætlar að spara sér bætur og skatta eða fá aukabætur, og þar eru líka skattsvikarar sem telja fram hin svokölluðu vinnukonuútsvör. Af þessu fólki ætla menn að fella skatta. Síðan eru líka unglingar sem eru nýbyrjaðir á vinnumarkaði því að það eru nánast engir aðrir á lágmarkslaunum verkalýðshreyfingarinnar, sem eru 90 þús. kr., nema unglingar sem eru nýbyrjaðir í vinnu.

Í tillögunni er sagt að þetta kosti ríkissjóð 1 milljarð og ef það væri lausnin þá hefði ég ekkert á móti þessu. En það er ekki lausnin. Vegna þess að ef við ætlum að láta mann sem er með 90 þús. kr. eða lægra vera skattfrjálsan og síðan er annar sem þénar 91 þús. kr., þúsundkalli meira, á hann þá að fara að borga 7 eða 8 þús. kr. í skatta? Á hann að tapa 7 þús. kr. á því að hafa þénað þúsundkall? Nei, væntanlega ekki. Það þarf því að lækka skattana á honum líka. Og þá kemur maðurinn með 92 þúsundkallinn. Það verður væntanlega að lækka skattana á honum líka o.s.frv. Þetta er miklu stærra mál.

Ef menn ætla að gera þetta með því að hækka persónuafsláttinn einan sér þá kostar hækkun á persónuafslætti eða

skattfrelsismarki um þúsundkall, ef við hækkum skattleysismörkin um þúsundkall græðir hver launþegi í landinu 380 kr. á mánuði en ríkissjóður tapar 1 milljarði á ári fyrir hvern þúsundkall sem skattleysismörkin eru hækkuð. Þetta er ekki einfalt mál.

Hins vegar ef menn ætla að fara þá leið, sem mér sýnist menn ætli að reyna að gera, að láta þau deyja út á einhverju tekjubili, segjum upp í 120 þúsundkall eða eitthvað svoleiðis, eða 110 þúsundkall, þá eru menn að auka enn frekar jaðarskatta í dæminu, jaðarskatta sem aðilar vinnumarkaðarins hafa bent á að séu fátæktargildrur sem gerir fólk að fátæklingum, fólk kemst ekki upp úr þeirri gildru. Vegna þess að ef það bætir við sig í tekjum eitthvað eilítið, þá er það allt tekið og rifið af í skatta og lækkun bóta. Þetta er akkúrat sá vandi og við erum að búa til fátæklinga með slíku kerfi. Ég segi því, herra forseti, að þetta frv. er í ætt við lýðskrum.

Síðan er rætt um skatta og fjárhagsaðstoð og ég spyr: Maður sem fær fjárhagsaðstoð og er með tekjur upp á 90 þús. kr. og annar, við skulum segja einstæð móðir eða einstæður faðir sem er að skúra á kvöldin og er líka með 90 þús. kr., af hverju ætti sá að borga skatta en ekki sá sem fær fjárhagsaðstoðina? Þessir einstaklingar með nákvæmlega sömu tekjurnar. Hvaða hugsun er á bak við þetta? Ég næ því ekki. Og að bætur séu einhvern veginn sérstaklega meðhöndlaðar í tekjum. Tekjur eru tekjur þegar þær eru komnar inn í heimilið, peningar til ráðstöfunar eru peningar til ráðstöfunar hvort sem þeir heita bætur, fjárhagsaðstoð, launatekjur, vaxtatekjur eða hvað það nú er. Ég get því ekki fallist á það að fjárhagsaðstoð sé einhvern veginn undanskilin sköttum.

Síðan er annað mál, herra forseti, sem ég vildi nefna. Hvernig stendur á því að menn líta svo niður á fólk sem er með lágar tekjur að þeir treysta því ekki til að taka þátt í kostnaðinum við samfélagið? (**ÖJ:** Taka þátt í...?) Taka þátt í kostnaði við samfélagið, taka þátt í velferðarkerfinu. Segja við fólk: Þú ert svo óburðugur að þú getur ekki tekið þátt í velferðarkerfinu. Þú átt ekki að borga neitt. Þetta er líka sjónarmið. Þetta er spurning um sjálfsvirðingu þeirra sem eru með lágar tekjur.

Svo er hitt, herra forseti, eftir því sem skattar eru hækkaðir eða prósentan, þeim mun lægri verða tekjur ríkissjóðs. Þetta er svo merkilegt. Ef tekjuskatturinn væri 100% á allar tekjur þá mundi enginn vinna og tekjur ríkissjóðs yrðu núll. Þetta er þekkt fyrirbæri. Og þetta gerðist einmitt þegar fjármagnstekjuskatturinn var lækkaður úr 48% niður í 10% að tekjur ríkissjóðs sjöfölduðust, af því að það seldi enginn eignir þegar helmingurinn fór í skatta. (Gripið fram í.) Þetta er einmitt það sem menn hafa bent á að mikil skattlagning lækkar tekjur ríkisins. Og nú er spurningin: Viljum við fá tekjur inn í ríkissjóð til þess að standa undir velferðarkerfinu eða viljum við ná í þessa andskota sem hafa háar tekjur? Eru þetta öfundarskattar? (**Gripið fram í:** ... lækka á lágtekjufólki.) Vissulega, en það skiptir engu máli fyrir þá sem borga enga skatta. Auðvitað eigum við að reyna að stefna að því að lækka skatta sem allra mest og hafa skattana sem flatasta.

Ég held að það sé annað vandamál sem við glímum við. Það eru hjón sem eru með þrjú börn undir sjö ára aldri. Hvað gerist með slíka fjölskyldu, hafa menn skoðað það? Þegar fólk er með þrjú börn undir sjö ára aldri þurfa þau öll barnaheimilispláss ef makarnir vinna báðir, sem þýðir það að annar makinn verður að vera heima. Það kostar 60 þús. kr. á mánuði að hafa þrjú börn á barnaheimili og það borgar sig engan veginn að báðir makarnir vinni. Þá gerist það að yfirleitt er það konan, því miður, sem situr heima og annast þessi þrjú börn. Hvað gerist þá? Þá þarf einn aðili að vinna fyrir fimm munnum. Og hvað þýðir það? Hann verður að hafa mjög háar tekjur. Það þýðir ekkert fyrir hann að vinna fyrir minna en 200 þúsundkall á mánuði hvernig sem hann fer að því. (Gripið fram í.) Og þá lendir hann í miklum sköttum. Ef hann skyldi nú fá 300 þús. kr., sem er nauðsynlegt, þá lendir hann í hátekjuskatti og fjölskyldan fær engar barnabætur og engar vaxtabætur eða húsaleigubætur af því að það er allt saman skert. Ég hugsa að menn ættu að skoða þetta dæmi ekki síður en það dæmi sem menn eru að nefna hérna. Það eru nefnilega orðin mjög erfið lífskjör hjá fólki sem hefur mjög góðar tekjur en er eitt að sjá fyrir stórri fjölskyldu.

Ég er alveg sammála því að það væri mjög gott og þarft að taka inn í umræðuna endurskoðun á skattkerfinu en þá í allt aðra veru, lækka skattana, herra forseti, og reyna að hemja útgjöld ríkissjóðs sem vaxa og vaxa með sífellt auknum kröfum, sérstaklega þeirra aðila sem hér eru að leggja fram frv. um auknar bætur og bætur til fólks sem jafnvel er hátekjufólk, eins og umræðan um öryrkjadóminn sýndi berlega.

[11:53]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf jafnfróðlegt að hlýða á helsta talsmann Sjálfstfl. í trygginga- og velferðarmálum.

Mig langar til að spyrja hvort hann sé andvígur því að sett verði á fót nefnd sem kanni hvaða leiðir eru færar í þessum efnum, að bæta kjör þeirra sem eru með allra lægstu tekjurnar í þjóðfélaginu í gegnum skattkerfið. Út á það gengur þáltill.

Varðandi tilraunir til að búa til fátækt, eins og hv. þm. orðaði það, þá var ég að leggja áherslu á að atvinnulaus maður er með í bætur 73.765 kr. Sá maður er dæmdur til fátæktar. Öryrki sem ekki getur aflað neinna atvinnutekna getur hæst fengið 87.015 kr. Nú er það svo að Sjálfstfl., og þar á meðal hv. þm. Pétur H. Blöndal, hefur staðið gegn hækkunum á þessum bótum, atvinnuleysisbótunum og örorkubótunum. Og nú talar hann um tilraunir til að lækka skatta á þessa aðila sem tilraunir til að búa til fátækt. Vill hann skýra örlítið hvað hann á við?

[11:54]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi er ég ekki talsmaður Sjálfstfl., ég er aðallega talsmaður sjálfs mín. Ég fylgi sannfæringu minni og ég segi aldrei „við samfylkingarmenn“ eða „við vinstri grænir“ eða „við sjálfstæðismenn“. Ég tala bara fyrir sjálfan mig.

Svo er það með öryrkjann. Hann fær 87 þús. kr. Það er ekki hámark, það er lágmark í ráðstöfunarfé. Hann fær aldrei minna vegna þess að ef hann vinnur einhvers staðar eitthvað þá er það til viðbótar, þetta er því lágmark. Öryrkjar sumir hverjir eru með mjög góðar tekjur, örorkulífeyri og lífeyrissjóð, sérstaklega vegna framreiknings. Menn geta verið með 100, 200 þús. kr. í örorkulífeyri ef þeir hafa verið í lífeyrissjóði, að sjálfsögðu.

Það sem menn eru að tala um hérna er að menn ætla að auka jaðarskattana, auka fátæktargildruna. En ég hef ekkert á móti því að skipa nefnd til að fara í gegnum skattkerfið almennt og athuga hvernig t.d. sumt fólk sem borgar hátekjuskatt er statt.

[11:55]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Öryrki sem ekki getur aflað neinna atvinnutekna getur hæst fengið 87.015 kr. Atvinnulaus maður sem engra tekna aflar fær 73.765 kr. Hvort vill nú hv. þm. gera, hækka þessar greiðslur úr almannasjóðnum til að bæta kjör þessa fólks eða fara hina leiðina og létta skattbyrðinni af þeim? Eða vill hv. þm. einfaldlega dæma þetta fólk til áframhaldandi fátæktar?

[11:56]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Öryrkjar fá lægst 87 þús. kr. Geti menn unnið eitthvað eða hafi menn tekjur einhvers staðar frá t.d. úr lífeyrissjóði, sem flestir öryrkjar ættu að hafa því það er búið að vera skylda að vera í lífeyrissjóði frá 1974. (**ÖJ:** En þeir sem hafa aldrei getað unnið?) Það eru sárafáir sem aldrei hafa geta unnið og þeir búa í sambýlum. Þetta er því lágmark sem menn geta fengið þarna. Allir eða flestir öryrkjar hafa einhverjar tekjur til viðbótar og hafa þá meira til ráðstöfunar.

Varðandi atvinnuleysisbætur þá er atvinnuleysi á Íslandi sem betur fer nánast ekkert. Og ég er mjög stoltur af því að tekist hefur að halda því niðri. Það var í og með þess vegna sem ég bauð mig fram á sínum tíma til Alþingis, það var til að koma í veg fyrir það atvinnuleysi sem þá hafði myndast því ég tel að atvinnuleysi sé mikið böl. En þetta þarf líka að skoða vegna þess að það þarf líka að vera einhver hvati hjá fólki til að vinna. Ef atvinnuleysisbæturnar verða hærri en lægstu tekjur þá er ekki hvati til að vinna.

[11:57]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg furðulegt að hlusta á það að þegar rætt er um að lækka skatta á lágtekjufólki, þá er eins og himinn og jörð séu að hrynja yfir ríkissjóð. Mér finnst þetta alveg furðulegt og ég bið hv. þm. að fara aðeins betur yfir það hvernig stendur á því að menn eru hér sífellt að reyna að blekkja fólk með tölum um það hvað það þýði ef persónuafsláttur inn verði hækkaður.

Persónuafsláttur inn er eitthvað sem dregið er frá eftir að búið er að leggja skatt á menn og þá er þúsundkallinn þúsundkall og ekkert minna. Auðvitað er hægt að blekkja fólk með því að tala um eitthvað annað en fólk heldur að verið sé að tala um. Ef menn lækka persónuafsláttinn um 10 þús. kr. á ári þá lækkar hann um 10 þús. kr. á ári. Ég sé ekki hvers vegna ekki er hægt að gera slíka hluti og af hverju menn eru að finna það út að ríkissjóður þurfi að borga milljarð fyrir það ef lækkað er um þúsundkall, af því að það er ekki rétt.

[11:58]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er afskaplega einfalt stærðfræðilegt samband á milli persónuafsláttar og frítekjumarks og menn tala ýmist um frítekjumark, ég gerði það áðan, eða um persónuafslátt. Það er samhengi þarna á milli. (**Gripið fram í:** ... persónuafsláttinn.) Þannig að um 3 þús. kr. hækkun á frítekjumarki þýðir þúsund kr. í persónuafslátt (Gripið fram í.) og það kostar ríkissjóð 3 milljarða, því að þumalputtareglan er að þúsund króna hækkun á frítekjumarki þýði þúsund milljónir minni tekjur í ríkissjóð.

Þannig að hækkun á persónuafslætti um þúsundkall á mánuði mundi auka tekjur hvers einstaklings í landinu um þúsundkall á mánuði en tekjur ríkissjóðs mundu minnka um 3.000 milljónir á ári. Sparnað á móti, gjörið svo vel.

[11:59]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. kýs að halda skollaleiknum áfram. Sannleikurinn er sá að ef við hækkum persónuafsláttinn um þúsundkall þá er ekki um að ræða — við erum að tala um 150 þúsund manns eða svo sem lagður er á skattur og tölurnar sem koma út úr því eru sko ekki neinn milljarður. Tölurnar sem koma út úr því eru 150 millj. á ári og það þýðir ekkert að rugla fólk sífellt með því að vera að tala um einhverjar aðrar tölur en þetta er. 10 þús. kr. lækkun er þá ekki þessir milljarðar sem hv. þm. talaði um.

[12:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef alltaf jafngaman af því þegar menn segja: „Sannleikurinn er sá eða staðreyndin er...“ Það er eins og þeir segi ella ekki sannleika eða staðreyndir.

Þarna er einn misskilningur. Ég var að tala um mánaðarlaun. Ég var að tala um mánaðarlegan persónuafslátt en ekki árlegan. (**JÁ:** Mánaðarlegan?) Já. Ef þetta er árlegur persónuafsláttur er þetta allt annað mál. Það má lækka hann um þúsundkall, og þá lækka tekjur ríkissjóðs um 150 millj., hárrétt hjá hv. þm. En þá erum við að tala um miklu lægri tölur. Þá erum við að tala um kannski 700 kr. á mánuði. Það er miklu lægri tala þannig að við verðum að halda okkur við það að tala annaðhvort um mánaðarlegar eða árlegar tölur. Ef mánaðarlegur persónuafsláttur er lækkaður um þúsundkall fyrir hvern Íslending eru það 12 þús. kr. á ári. Þá tölu þarf að margfalda með fjölda skattgreiðenda og þá fær maður tæpan milljarð.

[12:01]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef alltaf haft gaman af því að hlusta á þennan helsta talsmann Sjálfstfl. í skatta- og velferðarmálum, hv. þm. Pétur Blöndal, ræða málin en þó finnst mér það stundum sárgrætilegt. Ég verð að segja honum það til hróss að hann er sá eini af þingmönnum Sjálfstfl. sem yfirleitt ræðir velferðarmál í þinginu. Þannig hygg ég að verði líka í dag með þá merku tillögu sem hér er flutt.

Ég vil aðeins í þessu stutta andsvari mínu spyrja hv. þingmann einfaldrar spurningar: Er hv. þm. Pétur Blöndal stoltur af því að skattleggja aldraða og öryrkja og þá sem eru með undir 90 þús. kr. á mánuði eins og gert er í dag og skapa ríkissjóði þannig einn milljarð af þeim 70 sem tekjuskattur einstaklinga gefur ríkissjóði? Er hv. þm. stoltur af þessari skattheimtu?

[12:02]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Aftur er reynt að þvinga mig undir flokksbönd Sjálfstfl. Menn hafa sérstaka unun af því að binda mig á klafa Sjálfstfl. Ég er talsmaður sjálfs mín og ég er kannski fyrst og fremst talsmaður skattgreiðenda í landinu, skattgreiðenda sem er refsað fyrir það að sýna frumkvæði og dugnað, skattgreiðenda sem er refsað fyrir það að afla sér menntunar og tekna. Ég er fulltrúi þeirra.

Hvort ég sé stoltur af því að skattar séu á lágtekjufólki? Ég er ekkert frekar stoltur af því heldur en af því að skattpína fjölskylduna sem ég nefndi áðan. Ég vil að skattar séu lækkaðir umtalsvert á öllum. (**Gripið fram í:** Á öllum?) Já, hjá öllum. Ég vil að fólkið geti unnið frjálst, fólkið sem vinnur t.d. í frystihúsunum og bjargar verðmætum, að því sé ekki

refsað með allt of háum sköttum og skerðingum á bótum aftur og aftur.

[12:03]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, þetta er mjög góð yfirlýsing. Hv. þm. vill lækka skatta almennt á öllum. Hann vill lækka skatta til jafns á einstaklingum sem hafa 2 millj. kr. á mánuði og þeim sem eru með 90 þús. kr. á mánuði. Þetta er afar athyglisvert. Þetta er sjónarmið út af fyrir sig sem ber auðvitað að virða. En ég er algjörlega ósammála því. Ég trúi því ekki að hv. þingmaður geti ekki fallist á að það sé sanngjarnt og jafnframt ódýrast fyrir ríkissjóð að byrja á þeim sem minnst mega sín í þjóðfélaginu, öldruðum, öryrkjum og þeim sem eru með strípaðar atvinnuleysisbætur og annað slíkt. Er ekki sanngirnismál að byrja á því, líka sanngirnismál gagnvart ríkissjóði? Ég segi fyrir mitt leyti, ég vil ekki lækka skatta á mér eða hv. þm. Pétri Blöndal. Við höfum ekkert með skattalækkun að gera í dag. En ég vil ganga fyrsta skref og lækka skatta á öldruðum og öryrkjum og þeim sem ég hef nefnt og ég trúi því ekki að hv. þingmaður geti ekki fallist á að þetta sé besta fyrsta skref til lækkunar skatta.

[12:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er í gangi í dag í skattkerfinu. (**KLM:** Hvað?) Það eru miklu hærri skattar á fólk sem er með hærri tekjur. Maður sem er með lágmarksörorkulífeyri, 87 þús., borgar 6 þús. kr. í skatt. Sá sem er með tvöfaldar þessar tekjur borgar þrefalt, fjórfalt eða fimmfalt í skatt. Ég get reiknað það út fyrir hv. þingmann. Þeir sem eru með fjórfaldar tekjur borga sennilega tuttugufaldan þennan skatt. Við erum með jöfnun í kerfinu í dag. Fyrstu 70 þús. kr. eru skattfrjálsar hjá öllum, hvort sem menn eru með 2 millj. á mánuði sem eru reyndar afskaplega fáir eða með 90 þús. kr. á mánuði. Það er jöfnun í dag í kerfinu.

[12:05]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Lágtekjufólki er sýnd fullkomin lítilsvirðing með þeim ummælum sem hv. þm. ber á borð. Hv. þingmanni svelgist ekki á því að búa hér til skattaparadís fyrir fjármagnseigendur og stórfyrirtækin með margra milljarða tekjutapi fyrir ríkissjóð. Á sama tíma svelgdist honum heldur ekki á því að skattpína lágtekjufólk. Og það er hneisa að bera á borð svona spurningu: Vilja menn ekki að láglaunafólk taki þátt í kostnaði við velferðarkerfið? Lágtekjufólk tekur þátt í því með því að borga 14–24,5% í virðisaukaskatt af matvælum sem það hefur ekki efni á að kaupa. Það er fullkomin lítilsvirðing við fólk hvernig hv. þm. talar, og að segja að hér sé bara um námsmenn að ræða og heimvinnandi fólk er heldur ekki rétt. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef hér frá kjararannsóknarnefnd voru 16.000 manns sem voru á vinnumarkaðnum með tekjur undir 90 þús. kr. fyrir fulla dagvinnu. Þetta er því fullkomin rökleysa sem hér er borin á borð fyrir láglaunafólk og ég hef skömm á þessum málflutningi.

[12:06]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talaði um skattaparadís. Það er rétt. Skattar hafa verið lækkaðir á fyrirtæki og fjármagnstekjur sem hefur gert það að verkum að þessir skattstofnar hafa vaxið svo um munar. Fólk flytur ekki lengur tekjurnar úr landi þegar það hefur miklar tekjur, hagnaður fyrirtækja er ekki fluttur úr landi eins og gerðist. Fyrirtækin flytja ekki sjálf starfsemina úr landi vegna skatta. Þau eru meira að segja farin að koma til baka til landsins og leggja ríkissjóði til tekjur. Og nú er það spurning mín til hv. þm.: Vill hún hafa háa skatta og engar tekjur ríkissjóðs þannig að við getum ekki staðið undir velferðarkerfinu? Þá væri allt atvinnulífið í dróma og engin fyrirtæki gætu borgað há laun. Hvort vill hv. þm. það eða að atvinnulífið sé í fullum blóma, fólk flytji arðinn heim, hafi hann hérna heima, borgi af honum skatt, leggi ríkissjóði til miklar tekjur, fyrirtækin geti borgað há laun og starfsmennirnir mikla skatta? Launin hafa hækkað sem aldrei fyrr í Íslandssögunni. Hvort vill þingmaðurinn þetta eða hitt, drómann?

[12:08]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil sanngirni og réttlæti í skattlagningunni. Það er engin sanngirni eða réttlæti í skattlagningunni hjá þessari ríkisstjórn. Þvert á móti hefur skattbyrði á fólk með meðaltekjur og lágtekjur vaxið — vaxið gríðarlega til að greiða fyrir skattaívilnanir sem þessi hv. þm. hefur staðið fyrir til fjármagnseigenda og stórfyrirtækja. Og er það að skila peningum í ríkissjóð að fyrirtæki greiða á næsta ári 2 milljörðum minna til ríkisins en þau gerðu í fyrra? Er það sanngjörn og réttlát skattlagning að á sama tíma borga einstaklingar 5 milljörðum meira í ríkissjóð heldur en þeir gerðu á þessu ári eins og þeir eiga að gera á næsta? Þar á meðal er lágtekjufólk sem ekki á fyrir mat frá degi til dags. Mér finnst þetta vanvirða við láglaunafólk, fólk með litlar tekjur, sem varla á fyrir brýnustu nauðþurftum að bera á borð svona málflutning eins og hv. þm. gerir. Og ég skora á þingmanninn að segja hér við láglaunafólk sem hugsanlega er að horfa á þessar umræður hvernig það eigi að lifa af 90 þús. kr. mánaðartekjum og borga um leið skatt af þeim upp á 10 þús. kr. Eigum við ekki að fara í það, hv. þingmaður, að jafna hér skattbyrðina frekar en að skattpína lágtekjufólk og færa fjármagnseigendum á silfurfati ár eftir ár skattaívilnanir sem skipta milljörðum?

[12:09]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir að skattar fyrirtækja lækki um 2 milljarða. Ég hef grun um að það sé vanáætlun. Það hefur nefnilega sýnt sig aftur og aftur að áætlanir fjmrn. um skattstofna þegar skattar eru lækkaðir hafa brugðist vegna þess að skattstofninn stækkar svo mikið þegar skattar eru lækkaðir. Þetta gerðist þegar fjármagnstekjuskatturinn var lækkaður. Þá stórjókst skattstofninn. Skattstofninn breikkaði og breikkaði þannig að tekjur ríkissjóðs sjöfölduðust þó að skatturinn væri lækkaður niður í 10% og ég hygg að nákvæmlega hið sama gerist með fyrirtækin, að þau muni sýna meiri hagnað. Þau geta nefnilega ráðið því. Það er hægt að reka fyrirtæki illa eða vel. Og þegar það er svo mikill hvati til að reka þau vel með lágum sköttum sýna þau meiri hagnað og geta borgað hærri laun líka. Það gleymist oft í umræðunni. En það að skattar einstaklinga hækka um 5 milljarða er til skoðunar, og við skulum bara spyrja: Getum við ekki lækkað skatta á einstaklinga almennt?

[12:10]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur flutt till. til þál. sem ég er flm. að ásamt formanni Samfylkingarinnar, Össuri Skarphéðinssyni. Ég held að þessi tillaga sé í raun og veru ein sú merkasta sem komin er fram á þessu þingi, í þeim aragrúa þingmála sem kominn er fram ef frá er

kannski skilinn grunnurinn að þessu öllu sem eru fjárlögin. Ég ætla ekki að ræða þau hér og nú en ég hlustaði með athygli á hv. þm. Pétur Blöndal sem efast um að hlutir séu þar réttir.

Þessi tillaga fjallar um það að kanna hvaða leiðir eru færar til að afnema eða lækka verulega tekjuskatt lágtekjufólks og lífeyrisþega sem hafa tekjur undir lágmarkslaunum. Í þessu sambandi bendum við m.a. á að kannaðir verði möguleikar á endurgreiðslu skattsins eftir á eftir að fólk hefur talið fram til skatts eða með sérstökum frádrætti frá tekjum.

Herra forseti. Ég segi það og sagði áðan í stuttu andsvari að ég held að þetta sé eitt brýnasta verkefnið í skattkerfisbreytingum á Íslandi í dag, þ.e. að bæta það og koma í veg fyrir að lágtekjufólk með minna en 90 þús. kr. borgi stóran hluta af tekjum sínum í skatt til ríkisins. Með öðrum orðum, ef við förum í gegnum þetta, er talið að í kringum 11.000 lágtekjufjölskyldur séu í landinu með árstekjur á bilinu 780–1.100 þús. kr. Ég ætla aðeins að vekja athygli á því, ef við förum yfir þessa liði, að skattkerfisbreyting sem átti að lagfæra rekstrarskilyrði fyrirtækja í landinu, rekstrarskilyrði fyrirtækja — það má segja að við séum að tala um till. til þál. um að bæta rekstrarskilyrði lágtekjufólks og þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu og það getur vel verið að það skili sér þá betur í skattkerfinu eins og hv. þm. Pétur Blöndal talar stundum um — en í þessu sambandi er rétt að minna á að 96 einstaklingar í landinu höfðu 116 millj. kr. að meðaltali í fjármagnstekjur — 116 millj. — og borga af þeim 10% skatt. Þessir sömu einstaklingar og fjölskyldur þeirra voru einungis með 3,7 millj. í launatekjur á síðasta ári og borguðu af þeirri fjárhæð 38,5% skatt eins og ég og hv. þm. Pétur Blöndal, sömu skattprósentu. Á sama tíma er núna boðað í fjárlagafrv. að tekjuskattur fyrirtækja í landinu muni lækka úr 7,5 milljörðum í 5,3 milljarða kr., þ.e. um 2,2 milljarða. Eignarskattur einstaklinga og lögaðila mun lækka um 4,4 milljarða. Á sama tíma er áætlað að tekjuskattar einstaklinga hækki um 5 milljarða, fari úr 65 milljörðum kr. í 70 milljarða kr., og af þessum 70 milljörðum kr. sem ríkissjóður hefur í tekjuskatt af einstaklingum á næsta ári kemur 1 milljarður kr. frá því fólki sem fær atvinnuleysisbætur, tryggingabætur og er með undir 90 þús. kr. í laun á mánuði. Ég trúi því ekki að nokkur einasti alþingismaður geti komið í ræðustól og mælt þessu bót.

Tillagan sem hér er flutt er till. til þál. til þess að skipa nefnd til að fara í gegnum þetta. Ég hlustaði með athygli á það sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði í sjónvarpi í gær í einhverjum umræðuþætti um 90 þús. kr. og 91 þús. kr. Það er enginn að tala um að þetta verði svona. Það er hægt að jafna þetta út öðruvísi og gera það þannig að þetta stökk komi ekki. En það er til í kerfinu að 100 kr. eða 200 kr. velti mönnum yfir í ákveðin tekjumörk og minnki bætur þeirra. Það er til.

Herra forseti. Ég hef stundum sagt að ein mesta skömm þessa þjóðfélags, þessa velmektarþjóðfélags er hvernig kjör við búum öldruðum og öryrkjum. Það er hrein skömm að því. Og ef maður skammast sín einhvern tíma fyrir að vera Íslendingur þá er það í raun og veru í þessum atriðum, það verður bara að segjast alveg eins og er. Ég trúi því ekki. Þegar ég sagði það áðan að hv. þm. Pétur Blöndal, sem ég kalla stundum talsmann Sjálfstfl. í skattamálum og velferðarmálum, væri eini maðurinn sem kæmi hér í þessa umræðu, þá er það mjög gott í sjálfu sér og ber að þakka fyrir það. En ég ætla líka að vekja athygli á því og það kemur kannski í ljós í seinni umræðu hvort fleiri þingmenn Sjálfstfl., svo maður tali nú ekki um garminn hann Ketil, Framsfl., komi og láti í sér heyra um þessi mál, sem ég stórefast reyndar um.

Við þurfum, herra forseti, að skapa þjóðarsátt um skattfrelsi lægstu launa, það er mál númer eitt, tvö og þrjú, til að bæta rekstrarskilyrði lágtekjufólks, ef við notum það orð og grípum til fyrirtækjamáls til að hv. þm. Pétur Blöndal kannski sérstaklega skilji það sem við erum að tala um. Við þurfum með öðrum orðum pólitíska sátt milli allra stjórnmálaafla á Íslandi við að finna þá bestu leið í gegnum skattkerfið til að fólk undir ákveðnum tekjumörkum, sama hvort við tölum um 90 þús. eða eitthvað annað, borgi ekki skatta til ríkisins í þessum efnum. Og ég tek það skýrt fram, eins og ég sagði áðan, að það á ekki að gera það þannig að við alþingismenn eða aðrir njótum þess að fá skattalækkun í þeim breytingum sem gerðar yrðu. Með öðrum orðum: Skattkerfisbreyting sem þarf að gera og er brýnast að gera á ekki að ganga yfir alla Íslendinga. Í því felst jafnaðarmennskan, í því efni sem við erum að tala hér um, að byrja á þeim sem minnst mega sín í þjóðfélaginu, og ganga í þetta.

Það má eiginlega segja, herra forseti, að þjóðfélag geti engan veginn talist velferðarþjóðfélag nema vel sé búið að öldruðum og öryrkjum og þeim tryggð sómasamleg kjör. Þetta er bara grundvallaratriði í þjóðfélaginu sem á að vera regla sem allir eiga að hafa í heiðri. Það eru allt of margir þjóðfélagsþegnar sem búa við kjör sem duga ekki fyrir nauðþurftum eða brýnustu framfærslu. Og þetta á ekki síst við um þá þjóðfélagsþegna sem ég hef hér gert að umræðuefni.

Herra forseti. Á þeim átta mínútum sem við þingmenn höfum til að fara í gegnum þetta mál og ræða mætti margt um það segja. Ég á þá ósk heitasta að eftir kannski tíu ár þurfi ekki svona mörk, þá verði þetta með öðrum orðum búið að ganga í gegnum þjóðfélagið. Þeir aldraðir sem fá mjög lágan lífeyri í dag af því að þeir byrjuðu að borga lífeyrissjóðsiðgjöld mjög seint vegna þess að svo og svo mikið af starfsævi þeirra var liðið — ég hygg að við sem erum að vinna í dag og erum í fullu fjöri munum eiga áhyggjulaust ævikvöld þegar við eldumst. En það er ekki þannig í dag og það vantar að brúa það bil. Og ég á við það, herra forseti, þegar ég segi að brýnasta úrlausnarefni í skattamálum í dag eftir að rekstrarskilyrði fyrirtækja hafa verið bætt svo með skattkerfisbreytingunni sem gerð var á síðasta ári og mun sjá dagsins ljós á næsta ári og við sjáum núna í fjárlagafrv., skattaparadís, eins og hv. þm. Pétur Blöndal kallaði fyrir fyrirtæki, að við búum til á Íslandi skattaparadís fyrir lágtekjufólk. Fyrir fólk sem er með, ef við nefnum einhverja tölu, undir 90 þús. kr. til framfærslu á mánuði. Ég tel þetta brýnasta atriðið og við þurfum þjóðarsátt um að finna leið í gegnum skattkerfið til þessa, sama hvort það er gert í eftiráálagninu, eins og hátekjuskatturinn er lagður á, eða með einhverjum sérstökum afslætti í byrjun.

[12:19]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er með ólíkindum að heyra enn einu sinni að þessi kerfisbreyting muni kosta ríkissjóð 1 milljarð í minni tekjum. Það er með ólíkindum vegna þess að það er ekki hægt að lækka skatta og fella niður skatta af þeim sem eru með 90 þús. kr. nema að fella þá líka niður af þeim sem eru með 91 þús. eða 92 þús. eða 100 þús. Það er ekki hægt. Annars yrði mönnum refsað fyrir að hafa þúsundkall meira í tekjur. Þetta þýðir að lækka þarf skatta á miklu, miklu stærri hópi en hv. þm. eru að tala um. Þetta er ekkert annað en

lýðskrum, herra forseti. (**KLM:** Hvernig eigum við að gera það?) Þetta er lýðskrum. Það yrði að gera með því að láta þessa skattalækkun deyja út, skattaprósentuna deyja út t.d. til tekna upp að 120 þús. Og auka þannig jaðarskatta, herra forseti? Er það það sem hv. þm. vill, auka jaðarskattana þegar aðilar vinnumarkaðarins benda á að það sé besta leiðin til þess að búa til fátæktargildrur? Nei, herra forseti.

Ég er hins vegar vel til í það, ef hv. nefnd mundi breyta þessari tillögu þannig að skoðaður yrði rekstrargrundvöllur heimilanna í heild, líka þeirra svokölluðu hátekjumanna sem eru að basla við að vinna fyrir fimm manna fjölskyldu af því að þeir eru einir um það. Ég vildi gjarnan að það yrði skoðað. Við mig hefur talað maður í þeirri stöðu. Hann sagðist ekki hafa efni á að fara í bíó og er hátekjumaður.

[12:20]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Ég hygg, herra forseti, að ég mundi gjarnan vilja hitta þann mann og taka hann með mér næst þegar ég fer í bíó og bjóða honum með ef 5 millj. kr. maður hefur ekki efni á að fara í bíó. Hvað má þá segja um aumingja fólkið sem er með strípaðar atvinnuleysisbætur, 75 þús. kr.? Heldur hv. þm. Pétur Blöndal að þeir aðilar hafi efni á að fara oft í bíó? Nei, ég frábið mér svona umræðu, herra forseti, eins og hér hefur komið fram.

Hv. þm. er enn þá að staglast á þessu bili, 90–91 þús. kr. Það er enginn vandi að búa til skattauppbót sem deyr út eftir því sem kemur nær þessum tölum. Það er enginn vandi að búa það til. Það hygg ég að stærðfræðingurinn Pétur H. Blöndal, hv. þm., geti gert og vilji sjá ef hann yfir höfuð vill fara þessa leið. En hv. þm. Pétur H. Blöndal er samkvæmur sjálfum sér í raun og veru og hefur bara á móti því að eitthvað sé verið að lagfæra skattastefnu gagnvart lágtekjufólki. Hann vill með öðrum orðum að ef eitthvað yrði gert þá verði sama skattkerfisbreytingin gerð fyrir fólk með undir 90 þús. kr. á mánuði eða milljón á ári og fólk með 5 eða 10 milljónir. Þessu er ég bara algjörlega ósammála.

Það er grundvallaratriði og ég hef sagt að þetta er bráðaaðgerð. Fyrsta aðgerð er að fara í þá breytingu sem kostar ríkissjóð minnst og gagnast þeim sem hafa það verst í þjóðfélaginu, þeim þjóðfélagshópum sem við erum hér að ræða um og hv. þm. sagði í frægri þingræðu einu sinni þegar við vorum að ræða um starfskjör aldraðra og öryrkja að það væri ekki endilega að tryggingabæturnar væru svo lágar heldur óregla annaðhvort vegna áfengis, eiturlyfja eða vegna fjármálaóreiðu sem skapaði mesta vandann hjá þessu fólki.

Man hv. þm. Pétur H. Blöndal eftir þeim umræðum sem voru ákaflega ósmekklegar inn í þær umræður sem þá voru um kjör og við skulum segja „starfsskilyrði" aldraðra og öryrkja, af því að það er best að tala fyrirtækjamál við hv. þm. Pétur H. Blöndal?

[12:22]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri efni í heilan þátt að ræða um þau ummæli sem voru rangtúlkuð á sínum tíma og ég sagði ekki, þannig að ég ætla ekki að fara nánar út í það.

En varðandi 91 þúsundkallinn og það sem ég hef kallað hérna lýðskrum. Það er náttúrlega ekkert annað en lýðskrum þegar menn segja það að þessi hópur manna borgi einn milljarð og lækka megi skatta á þá, búið. Það er bara ekkert búið vegna þess að þeir sem eru með 91 þús. kr. verða þá beittir miklum rangindum ef þeir ættu að fara að borga 8 þús. kr. í tekjuskatt fyrir þennan eina þúsundkall sem þeir hafa meira í tekjur. Það er ekki hægt. (Gripið fram í.) Þannig að menn verða að láta þetta deyja út og stærðfræðilega er það ekki hægt nema með því að auka jaðarskatta. Þetta veit hver einasti maður sem eitthvað hefur kynnt sér skattkerfið. Það veit hver einasti maður að það eykur jaðarskatta ef menn ætla að láta svona breytingu deyja út, eða þá að hún gengur yfir alla. Og þá fær hátekjumaðurinn náttúrlega slíka bót líka.

En talandi um lýðskrum þá stendur á síðu 4 í þessu plaggi, þar er talað um framfærslukostnað hjóna með tvö börn, 108 þús. kr., Ráðgjafarstofan áætlar 140 þús. kr. o.s.frv. Síðan stendur:

„Ef miðað er við þá framfærsluþörf vantar um 50 þús. kr. til að lágmarkslaunin dugi fyrir brýnustu nauðþurftum fjögurra manna fjölskyldu."

Hvað eru menn að segja? Menn gleyma öllu kerfinu í kring. Menn gleyma vaxtabótum, húsleigubótum, menn gleyma barnabótum í skattkerfinu, menn gleyma öllu vísvitandi og viljandi. Þetta er lýðskrum og ekkert annað. Þetta er lýðskrum og þessi tillaga öll er lýðskrum en ég væri til í að styðja hana ef henni yrði breytt og skoðuð yrðu rekstrarskilyrði skattgreiðenda á Íslandi almennt, og ég skora á hv. nefnd að gera það.

[12:24]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vissi að þegar við færum að tala um rekstrarskilyrði aldraðra og öryrkja að þá mundi hv. þm. aðeins kveikja á perunni og koma til umræðu betur í þessu máli. Hann kýs hins vegar að tala hér um hugmynd sem hreyft er til þess að finna leiðir í gegnum skattkerfið í eftiráálagningu eða fyrir fram eða með sérstakri skattauppbót til þeirra sem eru undir 90 þús. kr., það kallar fulltrúi Sjálfstfl., sá eini sem hefur komið hér í þessa umræðu, talsmaður flokksins í skattamálum og velferðarmálum, lýðskrum. (**PHB:** Ég er fulltrúi skattgreiðenda.) Og fulltrúi skattgreiðenda. Þetta kallar hv. þm. lýðskrum.

Ég skal koma að því kannski örlítið seinna, í seinni ræðu minni, við skulum ræða það þá betur, vegna þess að ég heyri það að við erum búin að finna hér tungutakið til að ræða um vanda aldraðra og öryrkja með því að tala um rekstrarskilyrði þeirra. Við getum farið að skiptast á skoðunum öðruvísi en hér hefur verið.

Þetta er ekki lýðskrum, herra forseti, þetta eru beinar tillögur jafnaðarmanna á Alþingi sem vilja láta kanna þessa leið, hvaða leið er færust og best í gegnum skattkerfið til að afnema skatta sem ríkissjóður hefur og er að fá af þessu lágtekjufólki, þann milljarð sem er að koma frá þessu lágtekjufólki og ríkisstjórnin er að hæla sér af núna í þessu gula sólskinsfjárlagafrumvarpi.

Ég ætla segja hér rétt í lokin, herra forseti: Það var ekki nein rangtúlkun fréttamanna á því sem hv. þm. sagði hér fyrir einu eða tveimur árum í umræðum um aldraða og öryrkja, þegar hann talaði um að flestallir hefðu það gott en það væru ansi margir sem hefðu það bágt vegna óreglu, annaðhvort vegna áfengis, eiturlyfja eða vegna fjármálaóreiðu. Þannig var umræðan afgreidd á þeim tíma af hv. þm. Pétri Blöndal, þannig var hún afgreidd. Og ég tek undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að það er skömm að því þegar hv. þm. lætur sér slík orð um munn fara á hv. Alþingi, hvernig hann talar um lágtekjufólk og þá sem minna mega sín í þjóðfélaginu.

[12:27]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að rifja það upp að þegar lög voru sett á Alþingi um staðgreiðslu skatta, sem reyndar hafa verið betrumbætt nokkrum sinnum síðan, þá var ævinlega tekið fram og lá í rauninni til grundvallar í umræðunni að frítekjumörk yrðu hækkuð í takt við laun.

Nú er staðan sú að þó að við förum aðeins aftur til 1995 þá ættu frítekjumörk, ef þau hefðu hækkað í takt við laun, að vera 34% hærri en þau eru í dag. Þá leið hefur Sjálfstfl. ekki viljað fara. Hann hefur horft á það með augun rauð að lágtekjufólk í landinu fengi einhvern sérstakan ábata af skattalækkunum. Hann hefur frekar viljað fara þá leið að lækka álögur á fyrirtæki í landinu og lækka álögur á hátekjufólk og þeirra sem meira bera úr býtum. Og það hafa verið frá því að ég byrjaði hér á Alþingi og síðast á síðasta ári, minnir mig, samþykkt lög í þá veru.

Ég var ekki samþykk þeirri leið en hún var farin og hún hefur verið samþykkt á Alþingi og hún hefur haft sínar afleiðingar fyrir afkomu þeirra sem minnst bera úr býtum. Við sjáum þær afleiðingar þegar við lítum á fjölda þeirra sem sækja til hjálparstofnana í hverjum einasta mánuði til að hafa ofan í sig, fólk sem þarf að lifa á framfærslu hins opinbera. Það hljóta að vera þung spor.

Vegna þess að ég hef fylgst með þessu eins og fleiri, þá leggur Samfylkingin fram þessa tillögu í þeirri von um að þetta gæti orðið sáttatillaga, jafnvel þó að skattleysismörkin yrðu ekki almennt hækkuð eins og var vilji okkar margra hverra, þá yrði a.m.k. reynt að finna einhverjar leiðir til að það fólk sem ber svona lítið úr býtum raunverulega, sem er stór hópur t.d. aldraðra vegna þess að því miður bárum við ekki gæfu til að koma lífeyrissjóðamálum okkar nægilega snemma í það horf að þeir sem eru aldraðir í dag geti lifað áhyggjulaust af því sem þeir bera úr býtum úr lífeyrissjóðum. Það er um helmingur aldraðra sem er undir lágmarkslaunum í dag og mjög stór hópur tiltölulega, sérstaklega aldraðra kvenna, sem hefur ekkert sér til framfærslu nema lægstu ellilaun. Mér þykir ekki gott að horfa upp á þetta. Mér þykir heldur ekki gott að vita til þess að það er hópur öryrkja í landinu, þó að sem betur fer séu það ekki allir öryrkjar, sem hafa ekki einu sinni 90 þús. kr. á mánuði sér til framfærslu og þurfa að skipa þessar biðraðir hjá hjálparstofnununum.

Tillaga sú sem er hér lögð fram er um að hæstv. fjmrh., sá merki maður, skipi nefnd sem hafi það verkefni að finna hvaða leiðir eru færar til að afnema eða lækka verulega tekjuskatt lágtekjufólks og lífeyrisþega sem hafa tekjur undir lágmarkslaunum.

Við gerum ráð fyrir því að með þessari tillögu sé sett undir þann leka sem hv. 10. þm. Reykv., Pétur Blöndal, nefndi hér sérstaklega, þ.e. að þarna væri verið að ívilna skattsvikurum. Ég reikna með að nefnd vitra manna og ábyrgra skipuð af hæstv. fjmrh. mundi finna leiðir til að finna það fólk sem virkilega þyrfti á þessu að halda. Ég treysti því. Það þarf að leita leiða, eins og hérna er tekið fram, til að endurgreiða þann skatt sem tekinn er af fólki sem allra lægstar hefur tekjurnar, annaðhvort með sérstökum frádrætti frá tekjum eða öðru móti.

Ég verð að segja að síðan ég settist á Alþingi þá hafa verið barðar bumbur, síðast í stefnuræðu hæstv. forsrh., þar sem fagnað er alls konar skattaívilnunum fyrir fyrirtæki og hátekjufólk sem hæstv. ríkisstjórn hefur samþykkt á undanförnum árum. Mér finnst kominn tími til að reyna að finna sérstaklega það fólk sem þessar ráðstafanir hafa bitnað á því þær bitnuðu á þessu fólki þegar tekin var sú ákvörðun einhvers staðar í lokuðu bakherbergi að framfylgja ekki loforði um að láta frítekjumörk hækka í takt við laun, heldur koma fram öðrum og annars konar skattaívilnunum sem kæmu öðrum til góða.

Ég vil líka minna á annað atriði sem sífellt var hamrað á þegar lög voru sett um staðgreiðslu. Þá átti ekki að vera sérstakur frádráttur fyrir börn á framfærslu en í staðinn átti fólk að fá barnabætur sem til að byrja með voru þokkalega ríflegar. Á undanförnum árum hefur verið höggvið í þessar barnabætur alveg stöðugt og nú er svo komið að þær eru varla til að tala um og meira að segja er búið að koma einhvers staðar inn reglugerðarbreytingu þannig að fólk sem eignast tvíbura, t.d. í mars, fær ekki barnabætur fyrr en í febrúar á næsta ári og þá mánuð fram í tímann í hvert sinn. Það er því næstum ár bótalaust. (**Gripið fram í:** Hvað segir fulltrúi skattgreiðenda ...) Þessi reglugerðarbreyting hefur verið gerð einhvers staðar í leyni án þess að nokkur viti af. Ég verð að segja að mér finnst til dæmis að þetta sé mjög (Forseti hringir.) brýnt að laga sem fyrst.

[12:35]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna þessari tillögu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Össurar Skarphéðinssonar og Kristjáns L. Möllers um leiðir til að lækka eða fella niður tekjuskatt lágtekjufólks.

Virðulegur forseti. Það sem mér finnst almennt að í okkar stjórnkerfi er hversu langan tíma allar aðgerðir taka. Það liggur ljóst fyrir í mínum huga að hver sá einstaklingur sem er með undir 1,2 millj. á ári ætti að vera skattlaus. 100 þús. kr. á mánuði ættu að vera skattlausar. Ugglaust er það rétt að framkvæmd svona tillögu tekur nokkurn tíma. En það er nauðsyn á bráðaaðgerð vegna þessa í þjóðfélaginu. Íslenska þjóðin er rík ef miðað er við margar erlendar þjóðir. Hér býr samt fólk við sult og seyru. Líklega búa einhvers staðar á bilinu milli 5 og 10 þúsund manns á köflum við sult. Það er til skammar og menn ættu að láta vera að gera lítið úr því sem ég vil kalla hörmungar í þessum tilvikum sem allt of margir búa við og dæmið um konurnar sem voru að taka fuglinn við Tjörnina er beinlínis vegna hungurs.

En svo eru auðvitað aðrir í þjóðfélaginu sem þurfa að velta fyrir sér hverri krónu til að komast af. Hér á landi er ekki til neysluviðmiðun sem unnt er að ákvarða framfærslufjármuni eftir fyrir Íslendinga.

Herra forseti. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands mælir fyrir um að öllum sem þess þurfa skuli tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. Öllum skuli tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. Börnum á að vera tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Ætla má að á margan hátt séu þessi mikilvægu mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar ekki virt þegar litið er til hvaða aðstaða láglaunafólki, atvinnulausum, fjölda aldraðra og öryrkja er búin. Það samræmist ekki almennum mannréttindum þessa fólks, barna þeirra og fjölskyldna að þótt það hafi sultarlaun sér til framfærslu þá séu launin skattlögð.

Ég tek undir það sem sagt er í þessari tillögu, að öll rök mæli með því að hún verði samþykkt og reynt að ná þjóðarsátt um leiðir til að laun fyrir brýnustu nauðþurftum verði ekki skattlögð.

Herra forseti. Hvaða aðferða sem menn svo grípa til til að bæta úr þessari skömm þá þarf að gera það skjótt. Það þarf í rauninni að gera það með leiftursókn. Nú er tækifæri fyrir stjórnarflokkana til að grípa til leiftursóknar, þ.e. að grípa til leiftursóknar til að bæta kjör þeirra lakast settu. Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fara í karp út af krónum í þessum tilvikum. Það verður að miða við um það bil 100 þús. kr. á mánuði til framfærslu fyrir einstaklinginn. Þeir fjármunir þurfa og eiga að vera skattlausir ef um engar aðrar tekjur er að ræða. Ég tek það sérstaklega fram, herra forseti: Ef um engar aðrar tekjur er að ræða. Þetta segi ég vegna orða hv. þm. Péturs H. Blöndals sem var að búa til tekjur á ýmsan máta fyrir þá sem lökust hafa kjörin.

Virðulegi forseti. Að lokum get ég ekki látið vera að vekja athygli á því að þingmenn stjórnarflokkanna hafa engan eða a.m.k. mjög takmarkaðan áhuga á þeim málum sem varða kjör lakast settra Íslendinga. Það er nánast að segja óþolandi að stjórnarflokkarnir skuli ekki, einhverjir fulltrúar þeirra aðrir en hv. þm. Pétur H. Blöndal, taka þátt í þessum umræðum. Það sýnir að þeim er nánast sama um að í landinu skuli búa fólk sem sveltur, býr við sult og seyru eins og ég sagði áðan.

Það er búið að reikna margt út. Mér er minnisstæð fyrsta umræðan þar sem ég átti í þessum stól orðastað við hv. þm. Pétur H. Blöndal þegar hann sagði fyrir fjórum árum síðan að enginn vandi væri að lifa af 43 þús. kr., menn yrðu bara að sníða sér stakk eftir vexti. Þetta sagði hv. þm. fyrir fjórum árum. Hann er enn við sama heygarðshornið. Menn eiga bara að sníða sér stakk eftir vexti. Það er alveg sama hvernig sá stakkur er sniðinn, hvort fólk þurfi að búa í kössum eða hvort það þurfi að lifa af því að snúa önd úr hálsliðnum hér við Tjörnina eða álft til að eiga ofan í sig að eta.

Herra forseti. Ég legg þunga áherslu á að efh.- og viðskn. taki þessa tillögu ekki bara til þess að svæfa hana heldur taki hana og sýni að menn geti brett upp ermarnar og klárað þetta mál, ekki bara í vetur því eins og hér er getið um þá er verið að tala um að skila þessu eftir árið. Þessu á að vera hægt að skila eftir tvo mánuði. Ég minni á að Færeyingar breyttu fiskveiðistjórnarkerfi sínu á þremur mánuðum og sneru frá þeirri villu sem hér er ríkjandi, þ.e. fiskveiðistjórnarkerfi. Þeir sneru frá þeirri villu á örskömmum tíma og hafa náð eftirtektarverðum árangri. Í þessu máli sem við erum að tala um hér, kjör einstaklinganna, þá geta menn snúið frá villu síns vegar, eins og ég vil kalla það, og lagað þetta mál nánast á örskömmum tíma, á innan við mánuði ef þeir vildu taka á því. Þess vegna nefndi ég, virðulegur forseti, leiftursókn. Núna er tækifærið fyrir ríkisstjórn hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar til að snúa við blaðinu og grípa til leiftursóknar til að lagfæra kjör þeirra lakast settu á Íslandi.

[12:43]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við erum að ræða till. til þál. um skattfrelsi lágtekjufólks sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir mælti fyrir fyrr í morgun.

Efni tillögunnar er að skipuð verði nefnd eða starfshópur til þess að kanna hvaða leiðir eru færar til að afnema eða lækka verulega tekjuskatt lágtekjufólks og lífeyrisþega sem hafa tekjur undir lágmarkslaunum.

Ég hef hlýtt á þessar umræður í morgun og það var svo sem að vonum að hér kæmu fulltrúar Sjálfstfl. og færu að tala sérstaklega fyrir því að hugmyndir eins og hér er lagt upp með ættu ekki rétt á sér.

Ég vil lýsa þeirri afstöðu okkar þingmanna Frjálslynda flokksins að við munum styðja þetta mál af heilum hug. Við teljum að hér sé verið að hreyfa mjög athyglisverðu máli sem hefur margar hliðar eins og komið hefur fram í umræðunni. Það er ýmislegt skattformið í þessu þjóðfélagi. En eins og tillagan er hugsuð þá gengur hún út á það að skoðaðir verði möguleikar á endurgreiðslu skattsins eða sérstökum frádrætti frá tekjum. Ég tek mjög undir það efni sem tillagan gengur hér út á, þ.e. að tryggja að lægstu tekjur séu skattfrjálsar, sérstaklega varðandi tekjuskattinn. Það hefur einnig komið fram í máli hv. þingmanna, sem allir vita jú nema þá e.t.v. þeir sem í stjórnarflokkunum sitja nú og vilja lítið um tala, að persónuafslátturinn hefur lækkað um yfir 30% að raungildi frá því að hann var settur á. Því er alveg ljóst að þróunin hefur því miður verið í þá átt á undanförnum árum að lágtekjufólkið hefur þurft að taka á sig meiri skattbyrði. Menn hafa verið að færa skattbyrðina til.

Ég hygg t.d. að hægt sé að segja að stjórnarandstaðan í heilu lagi sé algjörlega andvíg þeirri stefnu sem hefur birst í tillögum og framkvæmd ríkisstjórnarinnar um að lækka hátekjuskattinn og að gripið sé til sérstakra aðgerða til að lækka hátekjuskattinn á sama tíma og sífellt fleiri af lágtekjumönnum þessa lands greiða tekjuskatta. Þeim fer fjölgandi.

Mér var nýlega sent blaðið Tíund sem gefið er út af ríkisskattstjóra. Ég vil, með leyfi forseta, lesa hér smákafla um almennan tekjuskatt en hann hljóðar svo:

„Tekjuskattar, þ.e. almennur tekjuskattur, sérstakur tekjuskattur og fjármagnstekjuskattur, hækkuðu um 16% á milli ára á sama tíma og skattskyldar tekjur hækkuðu um 11,5%. Hér munar mest um hækkun útsvars en útsvar til sveitarfélaga hækkaði um rúmlega 8,2 milljarða frá fyrra ári, úr 47,8 milljörðum í 56 milljarða, eða um 17,3%. Hækkun útsvars stafar af hærri tekjum og hærra skatthlutfalli, en meðalútsvar í staðgreiðslu hækkaði úr 11,96%, af tekjum ársins 2000, í 12,68% ...“

Við munum sjálfsagt eftir, herra forseti, að gerð var ákveðin skattbreyting á síðasta þingi þar sem við lækkuðum hlutfall tekjuskattsins úr 26,41% niður í 26,08%. Á móti hækkaði hins vegar útsvarsprósenta sveitarfélaganna þannig að ekki var um skattalækkun til fólks að ræða og alls ekki um skattalækkun til lágtekjufólks.

Síðan segir hér áfram, með leyfi forseta:

„... á milli ára hækkar almennur tekjuskattur meira en nemur hækkun tekna og er ástæða þessa sú að persónuafsláttur hefur ekki hækkað eins og laun og því greiða nú fleiri tekjuskatt en fyrr. [...] Gjaldendum almenns tekjuskatts fjölgaði nú um 6.901 á milli ára,“ segir hér í þessari úttekt en þetta er samanburður á skattárunum 2001 og 2002.

Síðan segir einnig, með leyfi forseta:

„Þeim sem greiða sérstakan tekjuskatt fækkar um 1.844, þeir voru 15.144 við álagningu í fyrra en voru nú 13.300 eða um 6% af framteljendum á grunnskrá,“ segir hér.

Þetta sýnir auðvitað hvaða áherslur hefur verið lagt upp með við skattalagabreytingar. Við erum að færa skattbyrðina yfir á lágtekjufólk og erum að lækka skattbyrði á hátekjufólki. Þar fyrir utan höfum við lækkað tekjuskatta á fyrirtæki.

Í lok ræðu minnar langar mig að víkja að öðru fyrirbæri sem oft hefur verið nefnt jaðarskattur. Það er auðvitað hluti af skattkerfinu eins og það virkar. Þingmenn Frjálslynda flokksins lögðu fram á síðasta þingi, og munu endurflytja í næstu viku, tillögu um það sem við kölluðum tryggan lágmarkslífeyri. Sá lífeyrir átti að hafa þá virkni, ef af framkvæmd yrði,

að bætur almannatrygginga og réttindi örorkulífeyrisþega skertust ekki þótt lífeyrisþegi ætti rétt á a.m.k. 40 þús. kr. úr lífeyrissjóði. En eins og kerfið er uppbyggt í dag skerðast einmitt almannatryggingabæturnar og örorkubæturnar um leið og fólk fer að hafa einhverjar lágmarkstekjur.

Það hefur komið fram, m.a. í máli hv. þm. Kristjáns L. Möllers hér í morgun, að því miður er það enn þá svo að margir lífeyrisþegar í þjóðfélagi okkar eiga lágan lífeyrisrétt. Þeir eiga margir lágan lífeyrisrétt og hagur lífeyrisþega mun almennt ekki batna fyrr en eftir 20–25 ár. Það er auðvitað vegna þess að menn greiddu í lífeyrissjóð af lágum launum og lífeyrissjóðakerfið komst ekki á fyrr en eftir 1970.

Samt sem áður er það svo að þeir sem núna hafa lágan lífeyri og eru að taka hann út verða fyrir beinni jaðarskattaskerðingu með því að missa bætur á móti. Auðvitað koma svo tekjuskattarnir þar ofan á þannig að þetta er réttlætismál sem ég tel eðlilegt að fjalla um á hv. Alþingi.

[Fundarhlé. — 12:53]

[13:31]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Fram hafa farið fróðlegar umræður í morgun um þessa þáltill. Hún snýst um það að setja á nefnd sem eigi að reyna að finna leið til þess að bjarga fólki úr fátæktarklemmunni sem vissulega margir eru í. Flestir þeir sem eru auðvitað í svona klemmu eru undir þeim tekjumörkum sem þarna eru nefnd.

Það er auðvitað eðlilegt að menn deili um hvaða leiðir eigi að fara að þessu marki. Hins vegar kom mér svolítið á óvart að menn skyldu deila um hvort stefna ætti að þessu marki. Ég held að allir sanngjarnir menn hljóti að sjá að í velferðarþjóðfélagi eins og er á Íslandi eigi menn að sjá til þess að fólk hafi lágmarksframfærslu. Og með þessari tillögu er eingöngu verið að tala um slíka hluti. Verið er að tala um einhvers konar tryggingu ráðstöfunartekna til fólks þannig að það geti boðið sér og sínum mannsæmandi framfærslu.

Auðvitað er, eins og ég sagði, eðlilegt að menn greini á um það hvaða leið eigi að fara að þessu marki. Ég tel að skoða ætti mjög alvarlega að hækka persónuafsláttinn, einfaldlega vegna þess að það flækir ekki kerfið verði það gert. Mér þykir verra að menn skuli hafa kosið, í umræðunni sem hefur farið fram um persónuafsláttinn og frítekjumarkið, að slá ryki í augu fólks með alls konar tölum í þessu sambandi. Ef menn hækka persónuafsláttinn er hver þúsundkall sem hann hækkar á ári þúsundkall og ekkert annað því að skatturinn er lagður á og persónuafslátturinn er síðan dreginn frá. Ekki þýðir að koma með einhverjar tölur sem eingöngu eru fundnar út frá því hvað ríkissjóður muni lenda í að missa í tekjum heldur verða menn að hafa alveg samhengi í þessum hlutum.

Ég tel að vegna þess að um er að ræða mjög háar tölur — ef við ætlum að koma til móts við þennan hóp sem við erum að tala um með því að hækka persónuafsláttinn hækkum við auðvitað persónuafsláttinn fyrir allan hópinn, ekki bara þessi 10% skattgreiðenda sem í raun er verið að tala um í þessari tillögu — þurfi auðvitað á móti að hækka aðra skatta. Það er ekki verið að tala um einhverja heildarlækkun skatta heldur að færa skattbyrðina til. Ég tel að það sé út af fyrir sig ekki annað en tæknilegt vandamál.

Á undanförnum árum hafa menn þvert á móti talið það hlutverk sitt að hækka skatta á lágtekjufólk með því að láta persónuafsláttinn ekki halda í við verðlagið, og lækka síðan skattprósentuna á þeim sem kemur auðvitað helst þeim til góða sem mestar hafa tekjurnar. Sú stefna hefur verið uppi. Menn lækka síðan skatta á fyrirtæki og hafa fjármagnstekjuskatt lægri hér en fyrirfinnst á byggðu bóli. Auðvitað væri hægt að dreifa þeim álögum sem yrðu af því að hækka persónuafsláttinn sem allir græða á, ekki bara þeir sem eru með lægstu launin. Þeim byrðum væri hægt að dreifa á hina ýmsu skattstofna og rétta af vitleysuna sem komin er, t.d. þennan óskaplega mismun sem orðinn er á skattprósentunni milli þeirra sem eru með eigin rekstur og fólks sem vinnur og borgar skatta sem venjulegir skattgreiðendur. Ég held að þetta sé eðlilegasta leiðin núna, og þess vegna vex mér ekkert í augum þó að hverjar 10 þús. kr. sem persónuafslátturinn yrði hækkaður um kosti ríkissjóð umtalsverða fjármuni, þ.e. eins og sagt er frá þegar hæstv. fjmrh. eða hv. þm. Pétur Blöndal tala um hlutina. Ég tel að ekki eigi að tala þannig um þá. Ég tala um að færa skattbyrðina til en ekki láta hana gufa upp eins og þeir gera þegar þeir ræða þessi mál.

Til að reyna að koma umræðunni aðeins upp úr þessum hjólförum hef ég lagt fram fyrirspurn í þinginu til fjmrh. um hver hin raunverulegu áhrif hækkunar skattfrelsismarkanna eða persónuafsláttarins yrðu. Það er búið að dreifa þeirri fyrirspurn hér og ég vonast til að svar fáist við henni innan tíðar þannig að það þurfi þá ekki að deila um það lengur hver áhrifin af þessu yrðu.

Til er önnur leið í þessu máli. Mér finnst að vel megi skoða hana. Hún er sú að hverfa frá þessu blandaða kerfi sem við erum núna með og skoða þann möguleika að búa til flata skattprósentu að stærri hluta en nú er og hækka þá bætur á móti til að tryggja þessa afkomu sem við auðvitað verðum og eigum að tryggja láglaunafólki í þessu landi og þeim sem eiga kannski ekki möguleika á tekjum. Ég útiloka þá leið ekki og mér finnst ástæða til að menn skoði hana í þessu samhengi.

Ég tel að það eigi að fara eftir þessari tillögu. Ég legg eindregið til að Alþingi samþykki hana og ég tel að nefndin eigi að hafa alla þessa möguleika undir sem hér hafa komið upp í umræðunni. Ég legg eindregið til að hann verði skoðaður gaumgæfilega, þessi síðasti möguleiki sem ég nefndi, að menn hverfi frá blöndun og fari yfir í að hafa skattprósentuna flatari, á stærra svæði en nú er, og hverfa á móti frá bótum sem menn þurfa ekki ef þeir hafa hærri tekjur.

[13:39]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir að menn eigi ekki að rugla almenning með tölum. Við erum að ræða um þáltill. sem tekur mið af því að reyna að lækka skattbyrði þeirra sem hafa 90 þús. kr. á mánuði eða minna. Þá fer hv. þm. allt í einu að tala um 1.000 kr. lækkun á persónufrádrætti á ári. Ef þetta er ekki til að rugla umræðuna veit ég ekki hvað það er.

Það er hægt að reikna út áhrifin af því að persónuafsláttur á ári lækki um 1.000 kr. Hvað heldur hann að almenning á Íslandi muni um það, 1.000 kr. á ári? Menn eru að tala um að lækka frítekjumarkið eða persónuafsláttinn á mánuði. Ef persónuafslátturinn er lækkaður um 1.000 kr. á mánuði munar það 12 þús. kr. á hvern einstakling á ári. Fyrir 160.000 skattgreiðendur eru menn að tala um milljarða. Menn þurfa þannig að halda sig við að tala annaðhvort um mánuði eða taka sérstaklega fram að þeir séu að ræða um þetta á ársgrundvelli. Þar er mikill munur á, það eru jú 12 mánuðir í ári, eins og kunnugt er.

Svo kom hv. þm. með mjög skemmtilega hugljómun, að snjallt væri að taka upp flatan tekjuskatt. Þetta lagði ég meira að segja til. Ég var með frv. til breytinga á skattalögum. Í tvígang hef ég lagt til að taka upp flata staðgreiðslu sem þá var um 20% af öllum tekjum en í staðinn yrðu felldir niður allir frádrættir, sjómannaafsláttur og vaxtabætur og annað slíkt sem hefur ruglað kerfið mjög verulega. Ég er mjög ánægður með að hv. þm. taki þetta mál upp og ef hv. nefnd breytti þessari þáltill. í þá veru að taka upp flatan tejuskatt mundi hjartað í mér hoppa af gleði.

[13:41]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst fyrri hluti þessarar ræðu dálítið merkilegur. Hv. þm. skammaði mig fyrir að tala um árið í staðinn fyrir mánuðinn. En hvað gerði hann sjálfur og hvað *gerði hæstv. fjmrh.*? Þeir gerðu *nákvæmlega* þetta. Þeir tóku upp töluna fyrir mánuðinn og margfölduðu svo og töluðu um hvað það kostaði ríkissjóð á ári. Þannig var það. Ég tel ástæðu til að vekja athygli manna á því að þessir hlutir skipta ekki öllu máli þegar verið er að tala um að færa til skattbyrðina. Þá skiptir ekki öllu máli hvað menn tala um stórar tölur. Það er verið að færa þær til, ekki láta þær hverfa.

Það er svo önnur saga þegar verið er að skoða hvort ríkissjóður borgar hlutina eða sveitarsjóðir. Það skiptir ekki máli í umræðunni gagnvart almenningi í landinu. Það skiptir ekki máli gagnvart skattbyrði almennings hvort ríkissjóður þarf peningana eða sveitarsjóðirnir.

Hvað varðar þennan flata tekjuskatt var ég ekki að leggja hreinlega til að hann yrði tekinn upp. En ég sagði að mér fyndist ástæða til að menn færu yfir þessi mál og ef menn teldu betra að hafa bætur til að tryggja fólki framfærsluna en láta það síðan borga sömu skattprósentu og aðra væri það allt í lagi ef bæturnar tryggðu þær tekjur sem fólk þarf til að lifa á. Það getur verið að það sé einfaldara kerfi og þess vegna segi ég að ég útiloka það ekki.

[13:43]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er afskaplega þýðingarmikið en það er jafnframt athyglisvert að okkur þingmönnum auðnist að ræða lífskjörin í þeim mæli sem við höfum verið að gera í upphafi þings, fá til þess rúman tíma og að hv. Alþingi tali, þegar það kemur saman, um málefni fjölskyldnanna í landinu, lífskjörin, afkomu heimilanna og stöðu fjölskyldnanna en ekki einhver þung stjórnarfrv. eins og fólk upplifir oft stjórnartillögurnar. Af hverju ætli þingmannamál hafi verið í fyrirrúmi núna í upphafi þings í þeim mæli sem þau hafa verið? Það er ekki vegna breyttra áherslna hjá stjórn þingsins, því miður. Við skulum hins vegar vinna að því að svo verði. Ástæðan er sú að stjórnarfrv. eru ekki tilbúin. Stjórnarfrv. sem við eigum að afgreiða á þessu þingi — og munum hafa skemmri tíma til en allajafna vegna þess að það er styttra en önnur þing — eru ekki tilbúin. Við skulum minnast þessa þegar pressan á afgreiðslu stjórnartillagna hefst fyrir jólin og í þinglokin, og öllum finnst að við eigum bæði að vera hér lengi og halda langa og mikla fundi í nefndum. Þá skulum við muna að nefndarfundirnir voru ekki nýttir í upphafi þings. Við skulum ekki vera neitt ofboðslega miður okkar yfir þessu vegna þess að nákvæmlega þessi staða, sem ekki er til fyrirmyndar hjá ríkisstjórninni, gefur okkur, þingmönnum og stjórnarandstöðu, tækifæri til að ræða lífskjör.

Tillagan sem hér er til umræðu, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Össurar Skarphéðinssonar og Kristjáns Möllers, um skattfrelsi lágtekjufólks, þ.e. að kanna skuli hvaða leiðir séu færar til að afnema eða lækka verulega tekjuskatt lágtekjufólks og lífeyrisþega undir lágmarkslaunum, snýst um lífskjör. Stundum held ég að þeir sem hafa mikið á milli handanna, geta veitt sér mikið og keypt sér það sem hugurinn girnist geri sér ekkert grein fyrir því hvað það er að hafa lítið.

Það er ekki langt síðan ég var að ræða við góða manneskju sem ég þekki afskaplega vel. Hún fór að tala um eitthvað sem ég hafði verið að gera og henni fannst kosta mikið. Mér fannst það ekki kosta mikið. Þá sagði hún: „Gerir þú þér grein fyrir því, Rannveig, að ég verð að komast af með 15.000 kr. á mánuði í mat?“ Þegar við erum að tala um kjörin þá vitum við lítið um hvað sumir eiga erfitt með að ná endum saman, hvað þeir þurfa að greiða og hvað þeir hafa á milli handanna.

Mér hefur fundist að umræðan um lífskjör, um skattamál og heimilisútgjöld, hafi oft á tíðum verið mjög yfirborðskennd. Mér hefur fundist að þegar ríkisstjórnin ræðir afkomu fólks sé sú umræða í mjög stórum dráttum. Það er ekki verið að ræða um stöðu tiltekinna hópa eða kryfja hver séu líkleg heimilisútgjöld tiltekinna hópa í þessu samfélagi, miða það við tekjur og hvernig þurfi að taka á málum.

Nei, þegar ríkisstjórnin ræðir um lífskjör þá ræðir hún um að hún hafi lækkað skattana flatt. Ríkisstjórnin sem lækkaði barnabætur mjög mikið á sínum tíma talar nú um að hún sé að bæta hag barnafólks af því að hún er að byrja að skila til baka hluta af því sem tekið var af barnafólki með lækkun barnabótanna og gjörbreytingu á þeim. Ríkisstjórnin lækkaði lífeyrisgreiðslur tryggingaþega með því að taka úr sambandi viðmið við lægstu laun — lægstu laun sem enginn var á, ég minni á það. Allir þekkja afleiðingarnar af þeim gjörningi. Ríkisstjórnin talar nú eins og hún sé að bæta hag aldraðra með því að taka upp einhvers konar vísitöluviðmiðun síðar. En allir útreikningar sem félög aldraðra hafa sýnt hafa leitt í ljós að hlutfallslega er afkoman miklu lakari en hún var og greiðslurnar lægri, ég tala nú ekki um samanborið við útgjöld.

Það er mikilvægt að reyna að nálgast þessa umræðu með réttum formerkjum. Þegar ríkisstjórnin bendir á að hún hafi lækkað prósentu þarf maður að hafa í huga að án þess að hreyfa við skattleysismörkum nýtast skattprósentulækkanir best þeim sem hafa hærri tekjur. Ef maður hækkar skattleysismörkin og gerir ekkert annað nýtist það best þeim lægst launuðu þó það nýtist samt öllum. Þetta eru staðreyndir sem ekki þýðir að skella skollaeyrum við. Ef létta á skattbyrðum af lægstu launum og meðallaunum er líklega best að hækka skattleysismörk. Líklega þarf þá líka að meta alveg ískalt hver skattprósentan á að vera.

Umræðuna um samræmingu á skattleysismörkum miðað við tiltekna skattaprósentu skortir í þessum sal. Hana skortir fullkomlega hjá ríkisstjórninni sem gerir það að verkum að umræðan verður yfirborðsleg og fólk á tilteknum lágum launum þekkir ekki umræðuna á sjálfum sér.

Ég er að vinna fyrirspurn, herra forseti, um að skoðað verði hverjar skattbyrðarnar eru hjá ákveðnum tekjuhópum eftir þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur gripið til miðað við óbreytta skattleysisprósentu. Ég vil skoða hvað gerist ef við breytum skattleysisprósentunni og hvernig það snýr að ólíkum tekjuhópum, í þessu þjóðfélagi. Ég held að þetta liggi ekki fyrir. Við höfum ekki séð þetta í tillögum. Mér fyndist mjög fróðlegt að fá slíka úttekt, leggja fram um það fyrirspurn og fá skriflegt svar. Þá fyrst getum við farið að

tala um hvað sé raunsætt, hvað sé gott fyrir lágtekjufólk og hvað sé gott fyrir hátekjufólk.

[13:51]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Þingmálið sem við erum að ræða hér er eins og áður hefur komið fram eitt af fyrstu þingmálum þingflokks Samfylkingarinnar á þessu þingi. Það snýr að því að skipuð verði nefnd til að kanna með hvaða hætti hægt er að endurgreiða láglaunafólki þá skatta sem það greiðir. Það er eðlilegt að þingmenn Samfylkingarinnar leggi þetta fram sem eitt af sínum mikilvægustu málum hér í upphafi þings, á þeim tíma sem hæstv. ríkisstjórn er með allt niður um sig varðandi þingið, hefur ekkert tilbúið og engin mál koma hér inn. Það er í sjálfu sér ágætt að við fáum þá tíma til að ræða okkar mál.

Ég minni einnig á önnur þingmál sem snúa að velverð fólks og snúa beint að pyngju fólks, umræður um verðlag á höfuðborgarsvæðinu gagnvart Norðurlöndunum. Ég minni á þingmál sem ég er 1. flm. að ásamt fleiri þingmönnum Samfylkingarinnar um að kanna verðlag á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Þetta eru þau grundvallaratriði í stefnu okkar sem við vildum ræða hér í upphafi.

Ég ætla á þeim stutta tíma sem ég á hér eftir að ræða um þetta þingmál. Ég vil í byrjun taka fram að segja mætti að við hv. þm. Pétur Blöndal séum sammála um það í grundvallaratriði að fyrirtækin í landinu hafi góð rekstrarskilyrði, skili arði og greiði skatta til ríkisins til að hafa peninga til að jafna lífskjör í landinu. Um þetta erum við vafalaust sammála. (**PHB:** Og borga há laun.)

Síðan kemur annað atriði sem skilur á milli okkar. Þar erum við algjörlega ósammála. Við þingmenn Samfylkingarinnar teljum að það þurfi að kafa til botns í því hvernig bæta eigi rekstrarskilyrði aldraðra, öryrkja og þeirra sem lág laun hafa í þessu landi.

Við bendum á þá leið sem ódýrust væri fyrir ríkissjóð sem við erum sammála um að þurfi á peningum sínum að halda, en þeir eru misjafnlega góðir þeir skattar sem þar koma. Við teljum með öðrum orðum að sá milljarður sem fólk með undir 90.000 kr. í laun á mánuði greiðir í skatta til ríkisins, af þeim 70 milljörðum sem ríkið innheimtir í tekjuskatt einstaklinga, sé illa fenginn. Við teljum að finna eigi leiðir til að skapa þverpólitíska samstöðu um það hér á Alþingi að finna leið í gegnum skattakerfið til að endurgreiða þessu fólki það í eftiráálagningu sem e.t.v. er best að gera strax. Þetta er grundvallaratriði, herra forseti, sem ég vildi leggja höfuðáherslu á.

Ég fagna því sem hér hefur komið fram, stuðningi Vinstri grænna sem jafnaðarmaðurinn hv. þm. Ögmundur Jónasson lýsti yfir áðan og stuðningi þingflokks Frjálslynda flokksins sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson lýsti yfir áðan. Ég harma hins vegar að aðrir þingflokkar skuli nánast að skila auðu. Ég hef þó sagt að ég er ánægður með að hv. þm. Pétur Blöndal komi hér og taki þátt í umræðunni fyrir hönd Sjálfstfl. þó ég sé hryllilega ósammála honum. Ég er náttúrlega rosalega hissa á að hér hafi þingmenn Framsfl. ekki sést. Þeir skila hér auðu enda má kannski segja að það eigi ekki að krefjast mikils af þeim í þessari umræðu. Þeir eru eins og áður hefur komið fram eins og hálfgert hlutdeildarskírteini í Sjálfstfl. og e.t.v. hefur þá verið talað hér fyrir þeirra munn.

Þetta vildi ég segja í upphafi máls míns. Ég vil bara ítreka, herra forseti, það sem hér hefur komið fram. Mig langar síðan að lesa hér upp úr þinggögnum frá okkur þingmönnum Samfylkingarinnar þar sem fjallað er um afkomutryggingu. Sú lýsing skýrir þetta mál og hvernig staðan hjá þessum þjóðfélagshópi er í dag:

„Sú staðreynd að meira en helmingur aldraðra er með framfærslueyri undir lágmarkslaunum staðfestir bág kjör allt of stórs hóps aldraðra í íslensku þjóðfélagi. Það segir líka sína sögu að 40% lífeyrisþega hafa óskerta tekjutryggingu. Í skýrslu um kjör öryrkja sem Samfylkingin óskaði eftir frá forsætisráðherra og lögð var fram á Alþingi á síðasta ári kom fram að 43% allra öryrkja fá engar greiðslur úr lífeyrissjóði. Athyglisvert er einnig að 22% ellilífeyrisþega, 5.855 manns, voru með tekjur undir 70 þús. kr. á mánuði á árinu 1999."

Enn fremur segir, með leyfi forseta:

„Frá 1995 ..." — þ.e. þegar núv. ríkisstjórnarflokkar tóku við — „.... til 1. október 2000 hefur grunnlífeyrir og tekjutrygging hækkað um nálægt 25% en launavísitala hins vegar hækkað frá sama tíma um 41,5%. Þegar litið er á kaupmátt lífeyrisgreiðslna samanborið við lágmarkslaun liggur fyrir að kaupmáttur lífeyrisgreiðslna er langt undir kaupmætti lágmarkslauna verkafólks og hefur munurinn aukist jafnt og þétt, ekki síst eftir að slitið var á tengsl launa og lífeyrisgreiðslna árið 1995."

Þetta segir margt um það sem gerst hefur í tíð núv. ríkisstjórnarflokka, Framsfl. og Sjálfstfl., í málefnum þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu.

Ég held að þegar hæstv. fjmrh. talar um sólskinsfrumvarpið sitt, sem hefur að geyma tekjuskatt einstaklinga upp á 70 milljarða, lækkun tekjuskatts fyrirtækja upp á 2,2 milljarða frá þessu ári til næsta árs og lækkun eignarskatta upp á 4,4 milljarða, sem ég hef því miður ekki tíma til að fara í gegnum núna en eru í sjálfu sér mjög ósanngjarnir skattar hjá einstaklingum, þá hækkar tekjuskattur einstaklinga um 5 milljarða kr. Það er til þessa sem ég vísa þegar ég segi: Ég held að hæstv. fjmrh. eigi ekki að vera mjög glaður af alla vega einum milljarði af þessum 70 sem þarna eru, blóðpeningum láglaunafólk og illa settir þjóðfélagshópar borga. Að láta sér detta í hug og það skuli enn þann dag í dag, árið 2002, í þjóðfélagi sem við teljum með því besta í heimi hvað lífskjör varðar og sem við stærum okkur af, skuli fólk með undir 90.000 kr. á mánuði greiða þá skatta sem hér eru til umræðu. Í þessu samhengi vil ég benda á að fram hefur komið að 96 einstaklingar höfðu 116 millj. kr. að meðaltali í fjármagnstekjur og borguðu af því 10% fjármagnstekjuskatt.

Herra forseti. Manni finnst stundum eins og maður sé að lesa hérna einhverja vitleysu þegar maður hefur þessar tölur eftir. En þetta hefur komið fram í gögnum frá ríkisskattstjóra.

Ég ítreka það sem ég sagði hér áðan, herra forseti. Það er afar nauðsynlegt að skapa þjóðarsátt um að finna leið fyrir skattfrelsi lægstu launa. Það er ódýrast fyrir ríkissjóð að fara leiðina sem hér er nefnd, eða álíka leið skulum við segja, vegna þess að við erum að sjálfsögðu opin fyrir því ef aðrar betri tillögur koma fram um hvernig eigi að útfæra þetta nánar. Það verður auðvitað vera hlutverk sérfræðinga í skattkerfinu að finna leið að þessu marki sem við höfum sett á stefnuna. Það er grundvallaratriði.

Ég segi, herra forseti, enn og aftur: Við þurfum pólitíska sátt milli stjórnmálaafla hér á Íslandi fyrir leiðinni sem Samfylkingin er hér að tala um, þ.e. að hætta að rukka skatt af lágtekjufólki, af öryrkjum og öldruðum sem hafa lagt grunn að þessu velmektarþjóðfélagi sem við stærum okkur af og lifum í — fólk sem átti ekki kost á því að greiða lífeyrisgreiðslur á sínum tíma nema hluta starfsævinnar. Hér hefur

m.a. verið minnst á lágar lífeyrisgreiðslur kvenna. Þetta eru atriði sem auðvitað þarf að lægfæra.

Ég hef því miður ekki meiri tíma til að fara frekar út í það, herra forseti, en þetta er leið sem ég vona að efh.- og viðskn. fari vel í gegnum og komi með tillögur í þessa veru.

[13:59]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég fór í fyrri ræðu minni örfáum orðum um annað málefni sem tengist afkomu launþega, sérstaklega lífeyrisþega, og þeirra sem þurfa að lifa af bótum almannatrygginga eða örorkubótum og vék þar að hinum svokölluðu jaðarskattaáhrifum. Því miður náði ég ekki að segja allt í því máli sem ég vildi sagt hafa og langar aðeins að bæta þar um betur.

Í greinargerð með þessari ágætu tillögu sem hér er verið að ræða segir um skattfrelsi lágtekjufólks að það sé hugsað þannig að virkni tillögunnar nái eingöngu til þeirra sem hafa sér til framfærslu tekjur frá skattleysismörkum og að lágmarkslaunum. Síðan segir aðeins neðar í greinargerð tillögunnar:

„Verulegar breytingar hafa orðið á skattgreiðslu láglaunafólks og lífeyrisþega á síðustu árum. Samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar á sl. ári greiddi láglaunafólk og lífeyrisþegar með laun og bætur undir 90 þús. kr. á mánuði um 1 milljarð kr. í tekjuskatt og útsvar. Þá er miðað við heildarlaun og greiðslur frá Tryggingastofnun og úr lífeyrissjóði, auk atvinnuleysisbóta, húsaleigubóta og fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga."

Það sem ég vék aðeins að hér í morgun varðandi jaðarskattaáhrifin kemur inn á tillöguna sem ég gat um í máli mínu fyrr, sem við hv. þm. Sverrir Hermannsson fluttum á síðasta þingi og munum endurflytja á næstunni, um tryggan lágmarkslífeyri. Í samantekt Alþýðusambands Íslands þar sem gerð var sérstök úttekt á velferðarkerfinu og hvert við vildum stefna — haldin var ráðstefna um velferðarkerfið 28. mars 2001 og var gefin út sérstök bók um það með ýmsum mjög gagnlegum upplýsingum — kom greinilega fram að ef ellilífeyrisþegi á rétt á hámarksbótum á hann einnig rétt á sérstakri heimilisuppbót og gat þá hæst komist í um 75 þús. kr. Það sem hins vegar gerist ef ellilífeyrisþegi á smá rétt í lífeyrissjóði er að um leið og hann fær greiðslu úr lífeyrissjóði, þá eyðist skarpt af þessum bótaflokkum. Þess vegna gekk sú hugsun sem við þingmenn Frjálslynda flokksins lögðum til varðandi þessi jaðarskattaáhrif út á það að þeir sem fengju lægri greiðslur úr lífeyrissjóði en t.d. 40.000 kr. yrðu ekki fyrir skerðingu á bótaflokkum sínum. En eins og kerfið er sett upp í dag má nánast segja að ef lífeyrisþegi á 10 þús. kr. í rétt, einar skitnar 10 þús. kr. í rétt úr lífeyrissjóði sem því miður eru einhver dæmi um — og það eru reyndar dæmi um að örorkulífeyrisþegar eigi engan rétt í lífeyrissjóði af því að þeir hafa aldrei aflað sér réttinda í lífeyrissjóði vegna þess þeir hafa ekki starfað á vinnumarkaðnum. En ef við tökum dæmi af manneskju sem á bara 10 þús. kr. rétt í lífeyrissjóði og fær þær til viðbótar þessum 75 þús. kr. úr almannatryggingakerfinu, hvað gerist þá, herra forseti? Þá gerist það að við það að eiga þennan 10 þús. kr. rétt og hafa lagt þær krónur í lífeyrissjóð á starfsævi sinni og myndað þennan rétt, þá lækka bæturnar um 6 þús. kr. strax og lífeyrisþeginn á þennan litla rétt. Þetta eru hin svokölluðu jaðarskattaáhrif. Síðan er þetta lagt saman við bótaflokkinn sem þá er eitthvað um 69 þús. kr. plús þessar 10 þús. kr., eða 79 þús. kr. í tekjur og þá byrjar launþeginn að borga skatt af þessum 79 þús. kr. til viðbótar við þær 6 þús. kr. sem hann tapaði í bótunum. Skattleysismörkin eru rétt rúmar 70 þús. kr. í dag og þá mundi lífeyrisþeginn borga skatt af þessum 9.000 kr.

Þegar upp er staðið og dæmið skoðað um þennan rétt launþegans úr lífeyrissjóðnum upp á 10 þús. kr., þá stendur ákaflega lítið eftir þegar búið er fyrst með jaðarskattaáhrifum að eyða 6 þús. kr. og síðan kemur tekjuskatturinn til viðbótar af þeim 9 þús. kr. sem eru umfram skattleysismörkin.

Ef þessi viðkomandi lífeyrisþegi ætti nú 15 þús. kr. rétt úr lífeyrissjóði, þá hefðu vegna þeirra greiðslna ef hann hefði notið fullra bóta, almannatrygginga- og ellilífeyrisbæturnar lækkað um tæplega 10 þús. kr. út á þessar 15 þús. kr. eins og þetta kerfi okkar virkar.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það ömurleg uppsetning á bótakerfi þegar fólk sem hefur unnið sér inn mjög lítil lífeyrisréttindi í lífeyrissjóði og er að fá það sem viðbót við ellilífeyrisbæturnar, þegar þessar litlu bætur úr lífeyrissjóðnum byrja á því að skerða hinar almennu bætur úr almannatryggingakerfinu og koma svo þar að auki á eftir til skattlagningar.

Þetta er vandamál sem vonandi mun eyðast út á næstu 20–25 árum. Þá verða vonandi engir Íslendingar sem eiga minni lífeyrisrétt en 40–50 þús. kr. rétt í lífeyrissjóði og vonandi allir þaðan af meira. En vegna þess hversu ungt lífeyrissjóðakerfi okkar er og eins hitt að margir hópar launþega greiddu ekki í lífeyrissjóð af öllum launum sínum og börðust við það árum saman að ná þeim samningum við atvinnurekendur að fá að greiða í lífeyrissjóð af öllum launum sínum, þá hefur lífeyrisrétturinn myndast með þessum hætti. Hann er ekki hár en samt sem áður dugar sá litli lífeyrir sem menn eiga til að virka strax inn á ellilífeyrinn og skerða hann og síðan kemur skattlagning til viðbótar.

Og þess vegna var hugsunin sú, sem við í Frjálslynda flokknum lýstum í þáltill. sem ég hef aðeins minnst hér á, að reyna með þessari útfærslu að koma í veg fyrir að jaðarskattaáhrifin kæmu strax til framkvæmda við lágmarksbætur úr lífeyrissjóði.

[14:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom inn á sérstaklega skemmtilegt vandamál eða mótsögn. Í fyrsta lagi talar hann um örorkulífeyri. Ég vil nú nefna að örorkulífeyrir sjómanna getur verið afskaplega hár. Menn eru kannski að borga, þrítugur maður er að borga af 400–500 þús. á mánuði inn í Lífeyrissjóð sjómanna, hann fær framreikning til sjötugs ef hann verður öryrki, hann getur fengið 200.000 og þar yfir í örorkulífeyri. Rétt að halda því til haga. En svo eru náttúrlega margir aðrir með afskaplega lágan lífeyri.

Vandamálið sem við stöndum frammi fyrir er það að við erum með almannatryggingar sem veita grunnlífeyri. Ef sá lífeyrir á að hækka mjög mikið þýðir það að þeim sem hafa engan lífeyrisrétt í lífeyrissjóði er borgið, en það verður að skerða þann lífeyri hjá hinum sem hafa borgað í lífeyrissjóð, eða við verðum komin með tvöfalt kerfi. Að menn séu bæði með lífeyri frá almannatryggingum og frá lífeyrissjóði, sjómaðurinn með sínar 200 þús. kr. í lífeyri fái lífeyri frá almannatryggingunum til viðbótar. Við verðum komin með fólk sem verður með hærri lífeyri samtals en hinn vinnandi maður. Ef við ekki skerðum lífeyri úr lífeyrissjóði og borgum tvöfalt, bæði frá almannatryggingum og lífeyrissjóði, þá

verðum við komin með fólk sem verður með hærri tekjur sem lífeyrisþegar en það hafði sem vinnandi fólk og það gengur ekki.

Það er þetta sem við erum að glíma við alla tíð að það verður að skerða þessi kerfi þegar þau koma saman. Og þá kemur fólk og spyr: Til hvers var ég að borga í lífeyrissjóð í 40 ár ef ég fæ ekkert fyrir það? Þetta er einmitt sá vandi sem gerir það að verkum að það er hreinlega ekki hægt að hækka bætur almannatrygginga eins og kannski margir vildu vegna þess að þá kemur svo mikið misræmi í kerfið, bæði gagnvart vinnandi fólki og gagnvart þeim sem hafa borgað í lífeyrissjóð í 40 ár.

[14:10]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal tók dæmi af lífeyrisþega sem nyti örorkulífeyrisbóta upp á 200 þús. kr. og nefndi þar kannski sérstaklega til sjómenn, að þeir gætu komist í háa bótaflokka ef þeir yrðu öryrkjar.

Ég var nú ekkert sérstaklega að ræða um öryrkja í máli mínu, ég var bara að ræða um almennan rétt fólks í lífeyrissjóði sem gæti verið mjög lágur. Mér er fullkunnugt um það, hv. þm., að ef menn slasast og verða öryrkjar fá þeir framreikning í Lífeyrissjóði sjómanna eins og öðrum lífeyrissjóðum. En mér er líka fullkunnugt um það, hv. þm., að það er mikill munur á örorkulífeyrisgreiðslum Lífeyrissjóðs sjómanna og t.d. lífeyrisjóðs fólksins sem starfar í bankastofnunum. Og ég hugsa að það eigi líka við um alþingismenn, að mjög fáir alþingismenn njóti örorkulífeyrisbóta. Lífeyrissjóður sjómanna er nánast eins og tryggingafélag fyrir útgerðina með 43% af skuldbindingum sínum eða greiðslum sínum í örorkubætur, á sama tíma og hægt er að finna dæmi um það að Lífeyrissjóður bankastarfsmanna er að greiða 1,8% í örorkubætur. Sá lífeyrissjóður virkar eins og lífeyrissjóður, enda hafa lífeyrisréttindi ekki verið skert hjá bankamönnum. En þau hafa margsinnis verið skert hjá sjómönnum svo dæmi sé tekið.

Ég var eingöngu að benda á það í máli mínu að sú útfærsla sem við búum við þegar fólk á lítinn lífeyri og hann skerðir strax bæturnar finnst mér óréttlát og að taka eigi á því vandamáli sérstaklega.

[14:12]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Það er einmitt þetta, herra forseti, sem ég var að nefna. Ef við hækkum bætur Tryggingastofnunar umtalsvert og skerðum ekki lífeyri frá lífeyrissjóði, þá er það fólk komið með hærri bætur samanlagt en hinn vinnandi maður, heldur en það hafði áður en það varð öryrkjar eða fór á ellilaun. Þess vegna verðum við að skerða. Af því að menn hafa tilhneigingu til að bæta tekjutryggingu og lágmarkslífeyri almannatrygginga, þá verða menn að skerða bætur úr lífeyrissjóði. Þá lenda menn aftur í því að fólk spyr sig: Hvað fæ ég fyrir það að hafa borgað í 30–40 ár í lífeyrissjóð? Og ég hef séð dæmi þess að menn fá afskaplega lítið fyrir það. Menn sem svikust um að borga í lífeyrissjóð, því það hefur verið skylda að borga í lífeyrissjóð frá 1974 fyrir launþega og 1980 fyrir alla landsmenn, í a.m.k. 22 ár hefur verið skylda að borga í lífeyrissjóð. Þeir menn sem hafa svikist um að borga í lífeyrissjóð og fá óskertar bætur frá Tryggingastofnun eru oft á tíðum ekkert mikið verr settir og munar ekki svo miklu en hinir sem borguðu kannski í 30 ár í lífeyrissjóð 10% af launum hvert einasta ár og eru búnir að borga þrenn árslaun inn í lífeyrissjóð.

Þetta er sá vandi sem við stöndum frammi fyrir. Ef við ætlum að bæta lífeyri almannatrygginga enn frekar, þá þurfum við að auka þessar skerðingar. Nema við hefðum allt saman óskert eins og sumir hafa gert kröfu til um, en þá lendum við í því að gamla fólkið og öryrkjar væru með miklu hærri tekjur en vinnandi fólk.

[14:13]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. virðist hafa miklar áhyggjur af því að mikill fjöldi lífeyrisþega komist á verulega betri kjör eftir að hann hættir vinnu með því að taka lífeyri og eigi síðan rétt á tryggingabótum frá ríkinu. Ég hef ekki getað séð þau dæmi sem hv. þm. er alltaf að tala um. Ég held að fróðlegt væri, af því við förum í lífeyrisumræðu á eftir um Lífeyrissjóð sjómanna og hvernig hann stendur, að hv. þm. tæki þá umræðu með mér um þau mál og kæmi með þau dæmi á borðið sem hv. þm. er að tala um. Mér þætti það fróðlegt ef menn þyrðu að leggja þessi dæmi hér á borðið og hversu marga þetta vandamál snertir sem hv. þm. var að tala um.

Ég er hins vegar að tala um vandamál þess fólks sem hefur lífeyrisrétt undir 40 þús. kr. á mánuði og er nánast með engar aðrar tekjur en ellilífeyrisbæturnar. Og svo koma þessar litlu viðbótargreiðslur úr lífeyrissjóði, þá er ég ekki að tala um örorkuframreikninginn, ég er bara að tala um þær bætur sem fólk á. Þá koma þær og skerða, ekki alveg krónu á móti krónu, en meira en helming fyrir hverjar 10 þús. kr. sem menn byrja að fá út úr lífeyrissjóði, meira en helmingur tapast strax í bótunum. Síðan kemur auðvitað tekjuskatturinn þar á eftir. Ef þetta er ekki óréttlæti í útfærslu á réttindum fólks sem er búið er að skila þjóðinni allri sinni starfsævi, og þá tek ég fram enn og aftur að ég er ekki að tala um örorkulífeyrisþegana sem fá sérstakan framreikning eins og þeir hefðu greitt til þess tíma að þeir hættu að vinna, en hv. þm. tekur alltaf dæmi af örorkulífeyrisþegunum. Ég held við ættum að tala um réttindi þess fólks sem hefur greitt í stuttan tíma og lítið í lífeyrissjóð og á tiltölulega lítil réttindi enn þá, því er nú verr, en vonandi lagast hagur þess fólks í framtíðinni.

[14:16]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem farið hefur fram á þessum degi um skattfrelsi lágtekjufólks. Ég þakka sérstaklega hv. þm. Ögmundi Jónassyni, 13. þm. Reykv., og Guðjóni A. Kristjánssyni, 4. þm. Vestf., sem lýstu stuðningi flokka sinna við þetta mál. Það er ástæða til þess að vekja athygli á því að enginn stjórnarliði hefur séð ástæðu til að sitja undir þessari umræðu, hvað þá að fara í ræðustól, nema Pétur Blöndal, talsmaður sjálfstæðismanna.

Herra forseti. Það verður að segjast eins og er að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafði uppi alveg makalausan málflutning í ræðum sínum og það er alveg ljóst að þeir sem hafa hlýtt á þennan málflutning hafa heyrt að hér hefur verið tekist á um grundvallaratriði í þjóðfélaginu sem er sanngirni og réttlæti í skattkerfinu og eðlileg og sanngjörn skipting tekna í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Allir ættu að geta verið sammála um að enginn á að þurfa að búa við það eða una því að eiga ekki fyrir nauðþurftum. En því miður, herra forseti, eins og við höfum farið í gegnum hér í dag, búa allt of margir við það að eiga ekki fyrir nauðþurftum frá degi til dags.

Það var auðvitað makalaust að hlusta á hv. þm. Pétur Blöndal í morgun þegar hann spurði hvort menn vildu ekki að láglaunafólk tæki þátt í kostnaði við að halda uppi velferðarkerfinu. Hér var hv. þm. að tala til fólks sem á oft og tíðum ekki fyrir matnum sínum en er gert að greiða 10–11 þús. kr. á mánuði í skatt til ríkissjóðs og sveitarfélaga af sultarlaunum sínum. Þá gleymdi hv. þm. því auðvitað að þetta fólk greiðir vissulega skatt þótt ekki sé verið að skattpína það í gegnum tekjuskattskerfið með því að greiða háan skatt af nauðþurftum, bæði af matvælum og öðrum nauðsynjavörum.

Hv. þm. Pétur Blöndal hafði mörg orð um að alveg væri nauðsynlegt að lækka verulega skatta á fjármagnseigendur og fyrirtæki vegna þess að það mundi skila meiru í ríkissjóð en þegar verið væri að skattpína fyrirtækin eða fjármagnseigendurna. Það mætti auðvitað líka heimfæra þetta á láglaunafólk ef það byggi ekki við svona skammarlega lág laun í þjóðfélaginu. Það er öllu þjóðfélaginu til skammar að bjóða stórum hluta fólks upp á 90.000 kr. laun, og ef ekki væri verið að skattleggja þetta fólk gæti það auðvitað keypt meira og borgað meiri virðisaukaskatt til samfélagsins. Ég held að það sé alveg staðreynd, herra forseti, að lágu launin í þjóðfélaginu eru orðin vandamál þegar fólk getur ekki keypt brýnustu nauðþurftir.

Mikið hefur verið rætt um lífeyrisþega, aldraða og öryrkja í þessari lotu enda býr stór hluti þeirra við það að þurfa að greiða skatt af lífeyri sínum sem hann gerði ekki á árinu 1995. Viss hópur hefur gert það eftir að þessi ríkisstjórn tók við, og hér hefur verið farið nokkuð yfir kjör þeirra einstaklinga. Það er staðreynd sem ekki verður á móti mælt, hverju sem þessi ríkisstjórn heldur fram, að kjör þeirra hafa dregist verulega aftur úr kjörum annarra þjóðfélagshópa, og þetta er fólkið sem hefur ekki fengið sinn hluta af góðærinu. Samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar, sem ég óskaði eftir fyrr á þessu ári, kom í ljós að kaupmáttur lífeyrisgreiðslna hafði aukist um rúm 11% á árunum 1995–2001 en kaupmáttur lágmarkslauna hafði aukist á sama tímabili um rúm 42%. Aukning á kaupmætti lágmarkslauna er því 28% umfram aukningu á kaupmætti lífeyris- og tekjutryggingar á árabilinu 1995–2001. Það er ástæða til að draga þetta hér fram og halda til haga þeirri réttlátu kröfu sem Öryrkjabandalagið setur fram á Evrópuári fatlaðra 2003 að a.m.k. verði komið til móts við þá kröfu Öryrkjabandalagsins að lífeyrisgreiðslurnar haldi í við launavísitöluna. Núna vantar 7.000 kr. upp á að það gerist.

Það er líka ljóst að frá 1995 til 1. okt. 2000 hefur grunnlífeyrir og tekjutrygging hækkað um nálægt 25% en launavísitalan hins vegar um 41,5% á sama tíma. Það er þessi munur sem Öryrkjabandalagið talar núna um fyrir hönd félaga sinna og mælist til þess að ríkisstjórnin komi til móts við og bæti þeim það sem þar vantar upp á.

Mér fannst alveg makalaust að hlusta á fulltrúa stjórnvalda halda því fram í fréttum í gær að kaupmáttur lífeyris haldi nú í við kaupmátt lágmarkslauna. Þetta er auðvitað fjarstæða. Og útreikningarnir sem stjórnvöld beita, og ekki í fyrsta sinn, eru að taka allar lífeyrisbætur, hverju nafni sem þær nefnast — hæstu lífeyrisbætur — og reikna út frá þeim kaupmáttinn. Og hvað eru margir ellilífeyrisþegar, aldraðir og öryrkjar með alveg fullar bætur, þ.e. líka með sérstaka heimilisuppbót? Ellilífeyrisþegarnir eru 387 og öryrkjarnir 514. Fjöldi elli- og örorkulífeyrisþega skiptir auðvitað þúsundum, þeir eru 20.000–30.000, en innan við 1.000 bótaþegar eru með alveg fullar bætur og út frá þeirri tölu reikna síðan stjórnvöld að kaupmáttur þeirra sé sá sami og lágmarkslauna. Þetta er auðvitað óboðlegur málflutningur.

Ég vil ræða skattamálin í víðara samhengi en út frá skattlagningu á lágtekjufólk vegna þess að hér hefur verið spurt hvar taka eigi tekjurnar til að mæta meintu skattatapi ríkissjóðs ef lágtekjufólk yrði ekki skattlagt.

Fyrst þeirri spurningu er varpað fram er full ástæða til að fara í örstuttu máli, herra forseti, yfir skattatillögur ríkisstjórnarinnar sem voru samþykktar hér fyrir líklega ári, samþykktir sem leiddu til verulegs tekjutaps ríkissjóðs. Og hverjir fengu þær skattaívilnanir og skattalækkanir sem þá voru uppi á borðinu? Það voru aðallega skjólstæðingar Sjálfstfl., þeir sem eiga fjármagnið og stórfyrirtækin í landinu. Þar var farið út í að lækka skattprósentuna á fyrirtæki úr 30% í 18% og ríkisskattstjóri hélt því þá fram að það mundi leiða til 3,7 milljarða kr. tekjutaps hjá ríkissjóði. Fjmrn. hélt því fram að það væri 2,7 milljarða kr. tekjutap. Og nú segja fjárlögin að þetta þýði á næsta ári að fyrirtækin greiði 2,2 milljörðum kr. minna í samneysluna en áður meðan einstaklingarnir greiða 5 milljörðum kr. meira.

Svo leyfa menn sér að barma sér mjög yfir því að eitthvert tekjutap geti orðið hjá ríkissjóði með því að létta sköttum af lægst launaða fólkinu.

Skattkerfið er nefnilega orðið vandamál í þessu þjóðfélagi, og tilfærslan í skattkerfinu ekki síst. Það er orðinn yfir 20% munur á skatthlutfalli milli skatta sem lagðir eru á laun og fjármagn og eignir í þjóðfélaginu. Skattbyrðin hefur verið færð af fjármagni og eignum yfir á vinnuafl, launatekjur, bætur og lífeyri. Það er staðan sem við stöndum frammi fyrir. Og staðan sem komin er upp er mjög hættuleg, að ekki sé talað um hvað hún er ósanngjörn.

Þessar skattabreytingartillögur ríkisstjórnarinnar á sínum tíma urðu til þess að sprenging varð í fjölda og aukningu á einkahlutafélögum vegna þess að menn sáu skattahagræðið af því að nýta sér þessar skattabreytingar sem ríkisstjórnin stóð fyrir. Það er ástæða til að rifja upp hér — af því að spurt er hvar Samfylkingin ætli að taka peninga til þess að lækka skatta á lágtekjufólki — að Samfylkingin lagði þá til að tekjuskattur á fyrirtæki yrði aðeins lækkaður úr 30% í 25% í staðinn fyrir 18%. Þótt farin hefði verið sú leið að lækka skatta á fyrirtæki einungis niður í 25% hefðum við engu að síður staðið betur, og samt hefðu fyrirtæki hér á landi staðið betur skattalega séð en önnur fyrirtæki. Innan OECD-landanna hefðu skattar á fyrirtæki verið lægstir á Íslandi þó að ekki hefði verið gengið svo langt að fara niður í 18%. Og það að fara með skattana á fyrirtækjum niður í 25% hefði kostað ríkissjóð 1,1 milljarð í staðinn fyrir 2,7 milljarða tekjuskattslækkun á fyrirtækin samkvæmt tillögum stjórnarflokkanna. Þar hefði sparnaðurinn orðið verulegur, 1,6–1,9 milljarðar. Við erum hér að ræða um tillögur sem kosta einn milljarð, þ.e. ef skattar á lágtekjufólk væru lækkaðir verulega, en stjórnarflokkarnir sjá ofsjónum yfir því.

Það er líka ástæða til að nefna það — vegna þess að hv. þm. Pétur Blöndal hélt því fram að skattalækkanir á fyrirtæki og fjármagn mundu auka tekjur ríkissjóðs, skila sér betur í atvinnulífinu o.s.frv. — að ríkisstjórnin fór auðvitað kolvitlausa leið. Hún lækkaði tekjuskatt á fyrirtækjum alveg niður í 18% en um leið hækkaði hún tryggingagjaldið sem hefur komið sér afar illa fyrir smá og meðalstór fyrirtæki. Vitlausari skattastefnu en stjórnarflokkarnir beittu sér fyrir í fyrra er því vart hægt að finna.

Við höfum farið hérna í gegnum skattana á fjármagnseigendur. Við í Samfylkingunni beittum okkur fyrir því að skoðað yrði að fjármagnstekjuskattur yrði hækkaður úr 10% í 16% en það yrði gert með sérstöku frítekjumarki þannig að fjármagnstekjur einstaklinga af 100.000 kr. og hjóna eða sambýlisfólks af 200.000 kr. yrðu ekki skattlagðar. Miðað við álagningu síðasta árs hefði það þýtt að þeim hefði fækkað sem greiða fjármagnstekjuskatt úr 78.000 einstaklingum í 22.000 eða um 56.000 manns með þessari breytingu. Þá hefðum við verið að hlífa tiltölulega litlum og hóflegum sparnaði við fjármagnstekjum en sett aðeins meiri skatt á þá sem eiga hinar raunverulegu fjármagnstekjur, þ.e. hækkað úr 10% í 16%.

Og hvað hefði þetta þýtt, herra forseti, í tekjum fyrir ríkissjóð? Það hefði þýtt 1,7 milljarð í viðbótartekjur fyrir ríkissjóð ef við hefðum farið þessa leið, aukið lítillega skatta á hina raunverulegu stóreignamenn í þjóðfélaginu, hlíft hóflegum sparnaði og átt samt eftir 1,7 milljarða til þess t.d. að lækka skatta á lágtekjufólki. Þetta er það sem við köllum, herra forseti, sanngjarna og réttláta skattlagningu í þjóðfélaginu.

Við vildum líka, herra forseti, afnema skattlagningu á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og stíga fyrsta skrefið í því að afnema stimpilgjöld sem eru mjög óréttlátur skattur, ekki síst gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum og fólki sem er að koma sér þaki yfir höfuðið.

Þetta eru okkar tillögur, herra forseti, og með þeim er ég að sýna fram á — af því að hv. þm. Pétur Blöndal er alltaf að tala um að hérna sé bara lýðskrum á ferðinni og ég veit ekki hvaða orð hv. þm. hefur notað yfir það — að með tilfærslum í þjóðfélaginu er hægt að létta sköttum af lágtekjufólki án þess að auka byrðar á ríkissjóð.

Ég sé að tími minn er að verða búinn, herra forseti. Ég fullyrði að vilji er allt sem þarf í því efni að fara þessa leið sem við bendum á. Við erum að biðja um að hér í þinginu setjist menn yfir það að reyna að ná sátt um það að finna leiðir til að lækka eða afnema skatta á lágtekjufólki. Við erum að tala um fólk sem ekki á til hnífs og skeiðar út mánuðinn og þarf að leita til hjálparstofnana þar sem veruleg aukning hefur orðið á fjölda þeirra sem þangað leita.

Herra forseti. Ég tel mig vera að tala fyrir sanngirnis- og réttlætismáli og ég vona að það hljóti hljómgrunn hér í þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, 1. umr.

Frv. GAK, 12. mál (iðgjöld). — Þskj. 12.

[14:31]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna.

Þetta mál er nú endurflutt í þriðja sinn, hefur verið flutt hér á tveim síðustu þingum án þess að hafa hlotið afgreiðslu eða komist aftur inn í þingsali eftir umfjöllun í nefnd.

Frumvarpið og efnisbreyting þess hljóðar svo:

„1. mgr. 5. gr. laganna verður svohljóðandi:

Iðgjald til sjóðsins skal nema 12% af heildarlaunum og greiðir launþegi 4% og launagreiðandi 8%."

2. gr. er eingöngu gildistökuákvæði.

Lengra er frv. ekki þótt því sé ætlað að hafa nokkuð víðtæk áhrif til þess að laga þá stöðu sem hefur verið í Lífeyrissjóði sjómanna í nokkur ár.

Síðan segir í ákvæði til bráðabirgða:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. laganna mynda tvö prósentustig af greiðslu launagreiðanda ekki réttindi til lífeyris fyrr en tryggingafræðileg úttekt sýnir að Lífeyrissjóður sjómanna getur staðið undir framtíðarskuldbindingum sínum."

Hér er lagt til að inngreiðslan sé til þess að laga stöðu sjóðsins því hún hefur því miður verið döpur á undanförnum árum og oft þurft að grípa til skerðinga á lífeyrisréttindum í sjóðnum.

Herra forseti. Um alllangt skeið hafa eignir Lífeyrissjóðs sjómanna ekki staðið undir framtíðarskuldbindingum sjóðsins samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Stjórn sjóðsins hefur leitað leiða til að minnka muninn milli eigna hans og skuldbindinga. Í nokkur skipti, eins og okkur er reyndar kunnugt um á hv. Alþingi, hafa verið gerðar lagabreytingar sem allar hafa haft í för með sér mikla skerðingu á lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði sjómanna. Og nú er enn boðað af fjmrh. að frv. verði lagt fram um Lífeyrissjóð sjómanna og ef að líkum lætur verða réttindi sjóðfélaga enn einu sinni skert.

Þótt lagasetningin hafi yfirleitt snúið beint að lögunum um Lífeyrissjóð sjómanna vegna þess að um hann gilda sérlög, þá hafa lífeyrissjóðir annars staðar á landinu sem hafa haft sjómenn innan sinna vébanda, m.a. á Vestfjörðum, Austfjörðum, í Vestmannaeyjum og víðar, oftast nær fylgt eftir þeim aðgerðum varðandi sjómannadeildir sínar sem gerðar hafa verið í Lífeyrissjóði sjómanna. Því er frv. samið sérstaklega með Lífeyrissjóð sjómanna í huga, að hann hefur verið leiðandi í því hvernig þessar viðmiðunarreglur eru varðandi réttindi og útgreiðslur í lífeyrismálum sjómanna almennt og þau ákvæði þá verið tekin upp af stjórnum í viðkomandi lífeyrissjóðum.

Um málefni Lífeyrissjóðs sjómanna og lífeyrissjóða almennt má segja, sérstaklega þegar þeir tryggja sjómenn, að menn hafa staðið frammi fyrir því að þurfa að gera svipaða hluti og stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna hefur neyðst til að gera á liðnum árum. Enn þá er það svo að vandi Lífeyrissjóðs sjómanna er mikill þrátt fyrir þær aðgerðir sem gerðar hafa verið á undanförnum árum og miðað hafa að því að lagfæra stöðu lífeyrissjóðsins en hafa orðið til þess að skerða réttindi lífeyrisþeganna. Þrátt fyrir það vantar enn að efla eignir sjóðsins svo hann standi undir skuldbindingum samkvæmt tryggingafræðilegu mati miðað við árslok 2000 og einnig kemur fram í ársskýrslu fyrir árið 2001 að staða sjóðsins hefur ekki lagast og mun ég gera grein fyrir því hér á eftir.

Á árinu 1999 var 2.185 millj. kr., eða 3,2% halli. Með viðvarandi halla sjóðsins yfir 5% verður lögum samkvæmt að grípa til ráðstafana. En árið 2000 var hallinn 6% og vantaði upp á að sjóðurinn ætti fyrir skuldbindingum sínum. Í árslok 2001 eins og ég vék að áðan vantaði hins vegar heil 8,8% upp á að lífeyrissjóðurinn ætti fyrir skuldbindingum sínum. Staða sjóðsins er því enn þá að versna. Með viðvarandi halla sjóðsins yfir 5% verður lögum samkvæmt að grípa til ráðstafana sem felast í enn frekari lækkun réttinda sjóðfélaga, ef engar viðbótargreiðslur koma til inn í sjóðinn.

Eins og menn vafalaust muna voru sett lög á hv. Alþingi um almenna starfsemi lífeyrissjóða árið 1997 og í þeim lögum segir á þá leið, ef ég man rétt, að stjórnum lífeyrissjóða

beri að aðhafast eitthvað til þess að tryggja stöðu lífeyrissjóðanna. Venjulega er nú ekki hægt að grípa til nema tvenns konar aðgerða, þ.e. annaðhvort að auka inngreiðslur í lífeyrissjóðinn ef lífeyrissjóðurinn á ekki fyrir gildandi réttindum lífeyrisþega eða þá til þess að laga stöðu hans án þess að bein réttindainnfærsla komi á móti, eins og hér er lagt til, eða að stjórnarmenn í lífeyrissjóði samkvæmt þeim lögum sem ég áður vék að frá 1997 neyðast til að grípa til aðgerða sem skerða lífeyrisréttindi og laga þar af leiðandi stöðu sjóðsins.

Ákvæðið er þannig að á meðan sjóðurinn á fyrir yfir 95% af skuldbindingum sínum þarf sjóðurinn ekki að aðhafast neitt. En þegar að því kemur að lífeyrissjóður er ekki talinn eiga fyrir meira en 90–95% af skuldbindingum sínum kemur viðvörun og menn þurfa að meta hvort þeir ætla að aðhafast eitthvað og verða þá að gera það a.m.k. ef óbreytt ástand varir um lengri tíma en fjögur ár, þ.e. það ár sem staðan kom upp og síðan fjögur til viðbótar, því eigi má slíkt ástand vara lengur en fimm ár samtals.

Stefni hins vegar niður fyrir það að lífeyrissjóður eigi fyrir 90% af skuldbindingum sínum ber stjórn viðkomandi lífeyrissjóðs, sjái hann ekki fram á betri tíð og auknar inngreiðslur, að grípa þegar í stað til aðgerða sem rétta stöðu lífeyrissjóðsins.

Lög um almenna starfsemi lífeyrissjóða í landinu kveða því mjög stíft á um að stjórnir lífeyrissjóðanna hafa ákveðna ábyrgð á stöðu sjóðsins.

Síðan má ekki aftur auka réttindi sjóðfélaga fyrr en lífeyrissjóðurinn er kominn yfir 105%, þá má fara að greiða út. Frá því að menn detta niður fyrir 90% og þangað til þeir geta aftur farið að lagfæra réttindi sjóðfélaga þarf að auka eignastöðu sjóðsins um heil 15%. Á meðan varir kyrrstaðan samkvæmt lögum frá 1997 um almenna starfsemi lífeyrissjóða.

Með því að hækka lögbundið framlag launagreiðanda í Lífeyrissjóð sjómanna um 2%, án þess að lífeyrisréttindi sjóðfélaga aukist, eins og tillagan gerir ráð fyrir, er stigið mikilvægt skref í þá átt að brúa það sem upp á vantar til að sjóðurinn eigi fyrir framtíðarskuldbindingum sínum. Auk þess er það réttlætismál að launagreiðendur leggi fram sinn skerf og taki þátt í því að koma sjóðnum á réttan kjöl.

Það er nefnilega þannig að atvinnurekendur eiga sæti í stjórnum lífeyrissjóða og bera á meðan þeir sitja þar ábyrgð á því að lífeyrissjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Það er auðvitað markmið lífeyrissjóðanna að reyna að tryggja einhvern viðunandi rétt lífeyrisþeganna. Ýmis rök hníga til þess að atvinnurekendur komi að þessu máli, m.a. með þeim tillögum sem hér eru lagðar til. Greiðslur Lífeyrissjóðs sjómanna vegna örorkulífeyris eru t.d. afar háar, sem er afleiðing af því hversu hættulegt sjómannsstarfið er. Og á undanförnum árum hefur örorkulífeyrir t.d. komist allt að því nálægt 45% af útgreiðslu úr sjóðnum og var á árinu 2001 43% af útgreiddum bótum úr sjóðnum af heildarlífeyrisgreiðslum í Lífeyrissjóði sjómanna. Sambærilegt hlutfall hjá öðrum lífeyrissjóðum er mun lægra og í sumum tilfellum allt niður í 20% og finna má dæmi um einstaka lífeyrissjóði sem fara enn neðar en það. Þarna er Lífeyrissjóður sjómanna og kannski aðrir lífeyrissjóðir sem hafa sjómenn innan sinna vébanda í raun og veru að taka á sig mun meiri og þyngri ábyrgð en gerist almennt í öðrum lífeyrissjóðum. Þetta tengist auðvitað hárri slysatíðni sjómanna og hættulegu sjómannsstarfi, sem og starfstengdum skaða á stoðkerfi eins og bæklun í baki.

En það hlýtur hins vegar að vera spurning á móti hvort útgerðinni sé þá ekki rétt ætlað að koma sterkar inn í þá stöðu sem komin er upp í Lífeyrissjóði sjómanna og jafnvel öðrum lífeyrissjóðum sem tryggja sjómenn innan sinna vébanda þar sem lífeyrissjóðurinn virkar svona stórt m.a. í örorkuþættinum, nánast eins og tryggingafélag.

Ég lít a.m.k. svo á að séu útgerðarmenn ekki á nokkurn hátt tilbúnir til að koma að því vandamáli sem núna er í Lífeyrissjóði sjómanna og hefur farið vaxandi því miður, eins og hér er lagt til, þá stafar vandamálið annars vegar af mjög hárri örorku sem greidd er út í heildarlífeyrisgreiðslum og hins vegar af þeim pakka sem settur var inn sem félagsmálapakki á sínum tíma varðandi hina svokölluðu 60 ára reglu, en henni hefur aldrei fylgt nein fjárveiting. 60 ára reglan var sett í lausn kjaradeilu sjómanna á sínum tíma, árið 1981 ef ég man rétt, og varð þá til þess að Alþingi samþykkti hér samhljóða 60 ára reglu til handa sjómönnum varðandi það að þeir mættu taka lífeyri frá 60 ára aldri, en alla fjármögnun vantaði.

Þetta hefur orðið til þess að meðan 60 ára reglan var í gildi, en það er búið að gera hana hlutlausa núna í sjóðnum, var greiðslan til manna sem byrjuðu að taka lífeyri 60 ára í raun og veru tekin af öðrum sjóðfélögum. Ekki var til inneign fyrir henni sérstaklega og þar sem lagasetningunni á Alþingi fylgdi engin fjármögnun lenti þessi kvöð á sjóðnum og hefur orðið til þess að skerða stöðu annarra sjóðfélaga og leggja sérstakar byrðar á Lífeyrissjóð sjómanna.

Þær byrðar voru metnar fyrir ári svo að þær jafngiltu 1,4 milljörðum kr. sem sjóðurinn hefði greitt út vegna 60 ára reglunnar sem ekki hefur verið til innstæða fyrir og þar af leiðandi hefur þeirri upphæð verið dreift á herðar annarra sjóðfélaga og á sjóðinn sjálfan. Og það er auðvitað hluti af því að sjóðurinn stendur illa.

Sjómenn hafa verið afar ósáttir við það að aldrei skyldi hafa fylgt fjárveiting og fjármögnun á þessu loforði Alþingis varðandi regluna um 60 ára lífeyrisaldur, því þetta var jú félagsmálapakki á sínum tíma og sjómenn gáfu eftir ákvörðun í fiskverði, hækkun fiskverðs, sem nam að mig minnir upp undir 3% á þeim tíma til að ná því fram.

Þegar sjómannasamtökin höfðu gengið bónarveg til hverrar ríkisstjórnarinnar á fætur annarri og hvers fjmrh. á fætur öðrum allar götur frá árinu 1981 til þess að finna fjármögnun fyrir þessu loforði endaði það með því að Lífeyrissjóður sjómanna fór í mál við íslenska ríkið til þess að fá þessa kröfu viðurkennda. Því miður tapaðist þetta mál í Hæstarétti. Ríkið var ekki talið bera ábyrgð á því að það þyrfti að fjármagna þessa 1,4 milljarða þrátt fyrir að lagasetningin hefði verið samhljóma á Alþingi og að gefið hefði verið loforð um að skoða þennan vanda þegar hann mundi myndast og leysa hann síðar. En þau loforð voru aldrei efnd.

Því er ekkert að leyna að sjómannasamtökin og stjórn lífeyrissjóðsins sérstaklega eru auðvitað mjög ósátt við niðurstöðu Hæstaréttar. Stjórnin hefur í raun og veru ákveðið að vísa þessu máli til mannréttindanefndar Evrópu því eins og það er allt í pottinn búið finnst mönnum þetta afar ósanngjörn niðurstaða.

Meðal annars vegna þessa hæstaréttardóms og vegna áframhaldandi vanda í Lífeyrissjóði sjómanna sem kom upp á síðasta ári — í ljós kom að 8,8% vantaði upp á að hann ætti fyrir skuldbindingum sínum — standa menn frammi fyrir því að það verður að grípa til einhverra aðgerða. Það er nú einu sinni svo að á lista ríkisstjórnarinnar yfir þau mál sem lögð verða inn í þing er boðað að fjmrh. leggi fram sérstakt frv.

um Lífeyrissjóð sjómanna. Það er á lista ríkisstjórnarinnar og kemur sennilega fram á haustdögum.

Hvað skyldi að líkindum felast í þessu frv. um Lífeyrissjóð sjómanna sem okkur er ætlað að afgreiða á haustdögum í þinginu? Ég tel næsta víst, af því að stjórnin á engan annan kost samkvæmt lögunum um almenna starfsemi lífeyrissjóða í landinu, að þegar frv. birtist í þingsölum verði í því ákvæði um að skerða enn frekar réttindi í Lífeyrissjóði sjómanna. Og ég hef af því spurnir á hvern veg það muni verða. Það er mjög líklegt að tekið verði á makalífeyrinum, hann verði lækkaður, og aðrar þær aðgerðir gerðar sem stjórn lífeyrissjóðsins telur að færa megi rök fyrir að séu þó kannski skásta leiðin af öllum slæmum til að laga stöðu sjóðsins. En eins og áður sagði ber lífeyrissjóðnum og stjórnarmönnum í honum að koma með tillögur að bættri stöðu sjóðsins.

Herra forseti. Það er enn frekari ástæða til að endurflytja hér í þriðja sinn þetta frv. mitt miðað við þær upplýsingar sem ég hef greint hér lauslega frá. Ég veit að hér verður lagt fram frv. um enn frekari skerðingu á lífeyrisréttindum í Lífeyrissjóði sjómanna. Allt er það til að mæta þeirri stöðu sem uppi er í sjóðnum, og stór hluti af þeirri stöðu er á ábyrgð ríkisins að mínu viti, hvað svo sem hæstaréttardómurinn hefur sagt.

Ég er algjörlega ósammála því að á hv. Alþingi sé hægt að samþykkja að veita skuli mönnum ákveðinn rétt þegar þeir eru komnir á ákveðinn aldur og eru búnir að starfa ákveðið lengi til sjós en að aðrir sjómenn í lífeyrissjóðnum skuli borga þeim réttindin, Alþingi hafi þar enga ábyrgð, ríkisstjórnin ábyrgðarlaus. Ég tel gjörsamlega ólýðræðislegt og óþolandi að svona skuli hafa tekist til í þessu máli. Þess vegna geri ég mér vonir um að nú, á þessu þingi þegar þingmenn sjá að enn eina ferðina þurfi að takast á við það að skerða réttindi í Lífeyrissjóði sjómanna, herra forseti, fái þetta frv. sem nú er lagt fram í þriðja sinn kannski verðugri umfjöllun í hv. nefnd en að verða svæft eitt árið enn. Það er búið að skerða hin almennu réttindi og nú ætla menn m.a. að fara í makabæturnar vegna þess að þeir telja, og kannski með fullum rétti, að makabæturnar séu ívið skárri en megi finna dæmi um í öðrum lífeyrissjóðum. Því á m.a. að grípa til þess en auðvitað munum við sjá frv. þegar það kemur hér inn.

Ég trúi því ekki, herra forseti, að það verði hlutverk Alþingis á þessu þingi að samþykkja enn eina ferðina skerðingu á lífeyrisréttindum í Lífeyrissjóði sjómanna þegar fyrir liggur frv. um að bæta megi stöðu sjóðsins og að útgerðarmenn taki á sig hluta af þeirri skuldbindingu að laga stöðu sjóðsins. Útgerðarmenn hafa notið þess á undanförnum árum að lífeyrissjóðir sjómanna hafa nánast virkað eins og tryggingafélag fyrir útgerðina. Örorkulífeyrisþátturinn í lífeyrissjóðum sjómanna er glöggt dæmi um það en hann mun vera hæstur í Lífeyrissjóði Vestmannaeyja, 45% ef ég man rétt, en 43% í Lífeyrissjóði sjómanna.

Þetta vandamál, hvað örorkubæturnar eru þungar, er til í öllum lífeyrissjóðum sem tryggja sjómenn og það kemur að hluta til af starfinu, bæði vegna slysatíðni og eins vegna álags á líkamann við það að vera á sjó. Af öllum tilefnum má finna fyrir því rök að lífeyrissjóðir sjómanna hafa að hluta til virkað eins og tryggingafélag í gegnum tíðina, tekið við mönnum og haldið þeim uppi þegar starfsævi þeirra hefur lokið vegna slysa og veikinda, starfstengdra veikinda oftast nær.

Ég ætla ekki að hafa miklu lengra mál um þetta, herra forseti. Ég tel mig vera búinn að draga hér fram helstu rök fyrir því að útgerðarmenn séu ekki alveg ábyrgðarlausir í þessu máli. Þeir eiga ekki að vera það. Þeir eiga aðild að Lífeyrissjóði sjómanna. Þeir eru þar í stjórn. Þeir tóku þátt í því á árinu 1981 að þessi 60 ára regla var sett inn og fiskverðshækkun frestað í staðinn. Þessi aðgerð var auðvitað einnig kynnt útvegsmönnum á þeim tíma og samþykkt. Ég hygg að útvegsmenn á þeim tíma hafi líka gert sér grein fyrir því, eða vonast til þess, að ríkið mundi með einhverjum hætti finna fjármögnunarleið til að bæta þann halla og þann kostnað sem safnaðist upp í Lífeyrissjóði sjómanna vegna þessarar reglu um 60 ára rétt í lífeyrissjóði.

Í fjöldamarga lífeyrissjóði greiða ýmsir atvinnurekendur mun hærri prósentu en þau 6% sem íslenskir útgerðarmenn greiða í Lífeyrissjóð sjómanna. Ég hygg meira að segja að nú nýlega, á síðasta ári, hafi verið samið um það við Alþýðusamband Íslands að atvinnurekendur greiddu þar 7% í lífeyrissjóði, að vísu með einhverjum skilyrðum. Að sjálfsögðu neituðu útgerðarmenn að það næði til Sjómannasambands Íslands sem þó var aðili að þeirri undirskrift og aðili að þeim samningi að því er þeir töldu, og telja.

Herra forseti. Nú er sem sagt komið að íslenskum útgerðarmönnum að sýna í verki að þeir vilji laga stöðu Lífeyrissjóðs sjómanna, ekki til að mynda þar ný viðbótarréttindi fyrir núverandi lífeyrisþega heldur til að koma í veg fyrir að þau réttindi sem þegar hafa verið skert í tvígang með lögum frá Alþingi verði skert í þriðja sinn, og að þeir sýni þá ábyrgð að þeir hafi notið Lífeyrissjóðs sjómanna í atvinnurekstri sínum. Það hafa þeir sannarlega gert í sambandi við örorkubætur því að ef menn hefðu ekki átt rétt á þessum örorkubótum í Lífeyrissjóði sjómanna hefði komið miklu harðari krafa frá sjómannasamtökunum um að útgerðin bæri þá tryggingalegu áhættu sem starfinu fylgir.

Þess vegna tel ég, herra forseti, að hér sé um algjört sanngirnismál að ræða. Ég get varla trúað því að nú eigi að standa enn á ný fyrir skerðingu á lífeyrisréttindum og að útgerðarmenn ætli sér að horfa þegjandi á það án þess að koma neitt að því að laga stöðuna í Lífeyrissjóði sjómanna. Tillagan gengur ekki inn á nýja réttindainnstöðu heldur tímabundna inngreiðslu um 2% þar til staða sjóðsins er komin réttu megin og hallinn horfinn og menn geta átt von á því að lífeyrissjóðurinn haldi velli, að bæturnar haldi raungildi sínu en séu ekki skertar reglulega á tveggja og þriggja ára fresti.

[14:56]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við upphaf þings ræddu stjórnmálaflokkarnir hér á þingi hvaða mál þeir vildu setja í forgang. Mig undrar ekki að Frjálslyndi flokkurinn skuli hafa sett þetta sem eitt af sínum helstu forgangsmálum. Það sem undrar mig er að hér skuli ekki taka til máls fulltrúar allra stjórnmálaflokka til þess að styðja þetta frv. Það gengur út á að styrkja og treysta undirstöður Lífeyrissjóðs sjómanna, og ég kem hér upp fyrst og fremst til að ítreka stuðning minn við þetta frv. og þá hugsun sem þar kemur fram.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hefur gert rækilega grein fyrir frumvarpinu en þar hefur komið fram að staða Lífeyrissjóðs sjómanna er mjög veik. Og það kemur fram í greinargerðinni að tæplega 4,5 milljarða vanti upp á að sjóðurinn standi undir skuldbindingum sínum samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt í lok ársins 2000. Síðan kom fram

í máli hv. þm., þótt það sé ekki að finna hér í greinargerðinni, að í árslok 2001 hafi hallinn verið kominn upp í 8%.

Það kom einnig fram í máli hans að samkvæmt lögum er það svo að sé halli lífeyrissjóðanna meiri en 5%, og viðvarandi, beri að skerða réttindi sjóðfélaga. Þetta hefur áður verið gert gagnvart sjómönnum, gagnvart lífeyrisþegum úr sjómannastétt. Það var gert t.d. árið 1999. Þá voru réttindin skert um 11,5% og á árinu 2001 um 12%. Það var einmitt samkvæmt þessari sömu reglu því árið 1998 hafði hallinn numið tæpum 11 milljörðum, þ.e. 13,6%. Og nú segir hv. þm. að hann hafi um það vitneskju að til standi að skerða enn lífeyrisréttindi sjómanna.

Þá liggur næst við að spyrja: Hver ber ábyrgð á þessu? Hver er skýringin á því að Lífeyrissjóður sjómanna stendur svona illa? Hvers vegna stendur hann að mörgu leyti verr en aðrir lífeyrissjóðir? Er það vegna þess að sjómenn greiða minna í sinn lífeyrissjóð en aðrir? Nei, sú er ekki ástæðan. Ástæðuna er að finna annars staðar. Þá erum við annars vegar komin að ábyrgð útgerðarinnar og hins vegar ríkisvaldsins.

Það kemur fram í greinargerð með þessu frv., og kom fram í máli hv. frsm. Guðjóns A. Kristjánssonar, að útgjöld eða útstreymið úr Lífeyrissjóði sjómanna sé að miklu hærra hlutfalli en í öðrum lífeyrissjóðum vegna örorkubóta. 45% af öllum greiðslum úr Lífeyrissjóði sjómanna eru vegna örorkubóta. Í öðrum lífeyrissjóðum er þetta hlutfall miklu lægra, 20–25%. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að sjómaður sem slasast hugsanlega á unga aldri, eða miðaldra, fær framreiknaðan rétt sinn, sjóðurinn verður þar af leiðandi af iðgjöldum þessa einstaklings og þarf að auki að greiða honum út lífeyri, sömu upphæðina og hann hefði fengið hefði hann starfað fram á lífeyrisaldur. Sjóðurinn verður sem sagt af iðgjaldagreiðslum og þarf að greiða út þennan lífeyri vegna örorkunnar. Með öðrum orðum er þetta eins konar tryggingasjóður fyrir útgerðina og stendur straum af kostnaði við slys í þessari atvinnugrein. Þar erum við m.a. komin að ábyrgð útgerðarinnar gagnvart þessum lífeyrissjóði, og þá er komið að ríkisvaldinu. Á hvern hátt hefur ríkisvaldið komið að Lífeyrissjóði sjómanna á annan hátt en annarra? Jú, í tengslum við kjarasamninga hefur ríkisvaldið iðulega komið að málum gagnvart sjómönnum. Hv. þm. vísaði í kjarasamninga árið 1981 þegar sjómenn afsöluðu sér 2–3% í fiskverði gegn breytingum á lífeyrisréttindum. Meðal annars var tekin upp svokölluð 60 ára regla, að sjómenn gætu farið á lífeyri við 60 ára aldur. Sú regla er ekki í framkvæmd.

Hvað ætlaði ríkið að gera á móti? Ríkið ætlaði að styrkja Lífeyrissjóð sjómanna sem næmi þessum kostnaði, kostnaði við þennan aukna lífeyrisrétt. Það framlag kom ekki og hv. þm. benti okkur á að samkvæmt framreikningi ætti þetta framlag að vera 1,4 milljarðar núna. Ég man ekki betur en að við fyrri umræður þessa máls hafi hæstv. fjmrh., gott ef það var ekki hæstv. núverandi fjmrh. Geir H. Haarde, hugsanlega forveri hans einnig, haft vilyrði úr þessum ræðustóli, góð orð um að það, að reynt yrði að koma til stuðnings Lífeyrissjóði sjómanna. Það hefur hins vegar ekki verið gert en nú vofir yfir sú hætta að það komi annað frv. sem skerði réttindi sjómanna.

Ætla Íslendingar að horfa upp á þetta gerast, að lífeyriskjör íslensku sjómannastéttarinnar verði skert vegna vanefnda ríkisins gagnvart sjóðnum? Þetta er ástæðan fyrir því að mér finnst þetta vera stórmál og vissulega á ábyrgð þingsins, ábyrgð þjóðarinnar, að á því finnist farsæl lausn. Ég styð þetta frv.

[15:03]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna, er að mínu mati gott frv. eins og kom fram í ræðu kollega míns, hv. 13. þm. Reykv. Ögmundar Jónassonar. Við styðjum það að Lífeyrissjóður sjómanna verði réttur af þannig að hann geti gegnt skyldum sínum. Meginpunktarnir í frv. hafa þegar komið fram og ég vil þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir að koma fram með þetta frv. Ég er sammála því að útgerðin hefur auknum skyldum að gegna gagnvart þessum sjóði vegna stöðunnar í lífeyrissjóðsmálum og það er ekki ósanngjarnt að útgerðin greiði inn í sjóðinn til þess að rétta hann af eða a.m.k. til þess að forða því að um frekari skerðingar verði að ræða.

Einnig hefur verið komið inn á mjög veigamikinn punkt í sambandi við 60 ára regluna, sem að vísu er ekki í framkvæmd núna, en gefin voru loforð á hinu háa Alþingi um að framlög kæmu á móti vegna þess að litið var á þetta sem félagsmálapakka og samningspakka á sínum tíma. Þess vegna höfum við gríðarlega miklum skyldum að gegna. Við verðum að hugsa til þess að þetta eru uggvænlegar tölur sem koma fram, að sjóðurinn skuli vera með 43–45% af sínum iðgjöldum vegna örorku, og við sem komin erum úr sjómannsfjölskyldum vitum alveg hvernig landið liggur. Það er iðulega þannig að menn eru orðnir allilla haldnir í stoðkerfi töluvert fyrir sextugt, það er algengt, t.d. þeir sjómenn sem lögðu hvað harðast að sér þegar þjóðarbúið bjó við áföll eins og við hvarf síldarinnar á sínum tíma. Þá lögðu stórir hópar sjómanna á sig gríðarlega mikla vinnu langt í burtu frá landinu t.d. í Norðursjó á nótaveiðiflotanum og nú eru að koma fram hjá þeim mönnum sem líklega eru allflestir í kringum sextugt gríðarleg vandamál og þar með örorka sem bitnar þungt á sjóðnum.

Ég vil árétta það hér í stuttu máli að mér finnst sanngjarnt að útgerðin komi að þessum málum, og þessi 2% leiðrétting tímabundið gerir það þó að verkum að hægt er að halda sjó. Síðan hefur hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson komið fram með hugmyndir sem ég í sjálfu sér get stutt og ég held að við ættum að athuga og skoða sem lið í því að rétta sjóðinn af, t.d. með því að taka peninga sem koma inn vegna löndunar á meðafla, vegna 5% reglunnar í meðafla, að einhver hluti eða jafnvel stærsti hlutinn af þeim peningum væri eyrnamerktur til þess að rétta af stöðu sjóðsins. Það er formúla sem kemur vel til greina og gæti það þá verið tímabundið.

Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði styðjum frv. Við teljum að það sé vel unnið, þar gæti sanngirni, þar komi útgerðin að málum til þess að ekki þurfi að koma til skerðinga, en við erum einnig fylgjandi þeim hugmyndum framsögumanns að vegna fyrri skuldbindinga komi hið opinbera inn og rétti stöðu mála með fjárframlögum hjá Lífeyrissjóði sjómanna þannig að hann geti stutt við bakið á sínum mönnum á eðlilegan hátt í framtíðinni. Við skuldum sjómönnunum okkar það og við getum ekki staðið frammi fyrir því á hinu háa Alþingi að fram komi frv. sem leiðir til frekari skerðingar á kjörum sjómanna hvort sem það verður bundið við maka eða flata skerðingu. Það eru hlutir sem við getum ekki horft upp á og þess vegna eru tillögur af því tagi sem hér eru settar fram af hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni allra góðra gjalda verðar og við styðjum frv.

[15:08]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það háttar svo til að ég þurfti að vera annars staðar þannig að ég hef ekki fylgst nægilega vel með þeim umræðum sem hér hafa farið fram en þetta mál hefur áður komið til umræðu á Alþingi og er öllum ljós sá vandi sem þarna hvílir á.

Það er nú svo að Lífeyrissjóður sjómanna er sá sem greiðir hvað hæstu greiðslur í örorkubætur. Ef ég man rétt voru á sl. ári um 43% greiðslna úr lífeyrissjóðnum vegna örorku en 42% vegna lífeyris. Hér er því um geysilega hátt hlutfall að ræða í örorkunni. Það hefur oft komið upp í huga mér að þegar gengið var frá samningum um lífeyrissjóði á sínum tíma og 10% reglan var fundin sem gekk þá út á það að menn tækju lífeyri um sjötugt og lífaldur var náttúrlega allt annar en hann er orðinn að ekki er óeðlilegt þó að þessi mál öll séu tekin upp til endurskoðunar. Af tvennum toga skyldi það þó gert. Í fyrsta lagi vegna hinnar miklu örorku sem lífeyrissjóðir greiða, ekki eingöngu Lífeyrissjóður sjómanna heldur lífeyrissjóðir verkafólks en þar hafa örorkugreiðslur hækkað geysilega úr sjóðunum sem aldrei var ætlað að yrði jafnstór og mikill þáttur í starfsemi lífeyrissjóðanna og raun ber vitni. Það hefur auðvitað komið upp í huga mér hvort það sé eðlilegt og rétt ef við tökum dæmi um sjómann sem slasast úti á sjó og verður öryrki, að það skuli ekki vera á ábyrgð tryggingafélaga nema að takmörkuðu leyti, en síðan þegar til lengri tíma er litið, þá sé málið lagt á herðar þess samfélags sem stofnað er um hvern lífeyrissjóð, þ.e. að það séu lífeyrisþegarnir og greiðendur iðgjalda sameiginlega sem sjái um sjóðfélagann, félaga sinn sem hefur lent í því óláni að verða öryrki. Þetta er vissulega mál sem þarf að endurskoða jafnhliða því að endurskoða iðgjöld í lífeyrissjóðina og þá sérstaklega þann ágæta og tilnefnda lífeyrissjóð sem þetta frv. fjallar um, Lífeyrissjóð sjómanna.

Hins vegar er umhugsunarefni hvort það er hlutverk Alþingis að grípa inn í þessi kjaraatriði sjómanna og útvegsmanna. Því miður hefur það allt of oft gerst að löggjafinn hefur gripið inn í kjaramál sjómanna og þá með neikvæðum formerkjum. Það hefur verið gagnrýnt og ég hef tekið undir að óeðlilegt er að löggjafinn sé að blanda sér í kjarasamninga almennt. Lífeyrissjóður sjómanna varð jú upphaflega til vegna mjög langvinnrar deilu togarasjómanna og útgerðarmanna, líklega 1956 ef ég man rétt. Síðan var það um 1960 að farmenn komu inn í sjóðinn og bátasjómenn 1970, en munurinn á milli þessara tveggja hópa, þ.e. farmanna og togarasjómanna annars vegar og bátasjómanna hins vegar, var sá að bátasjómenn borguðu þá upphæð sem nam innan við 75% af kauptryggingu en hinn hópurinn, þ.e. togarasjómenn stærri togaranna og farmenn greiddu hins vegar af heildarlaunum. Þar er hluta skekkjunnar að finna en þessi aðlögun var þó ekki íþyngjandi fyrir Lífeyrissjóð sjómanna þar sem hún átti sér stað á löngum tíma. Og ekki fyrr en upp úr 1980 fóru bátasjómenn að borga hlutfallslega af heildarlaunum og það er orðið svo í dag að þeir borga af heildarlaunum eins og allir gera núna í Lífeyrissjóði sjómanna.

Eftir stendur þó tvennt. Í fyrsta lagi þeir margumræddu samningar sem áttu að vera svokallaðir kjarapakkar eða það átti að gera vel við verkalýðshreyfinguna gegn því að hún færi ekki fram á launahækkanir. Sjómenn óskuðu þá eftir því að Lífeyrissjóður sjómanna greiddi fyrr út úr sjóðnum en hann gerði vegna starfans, vegna starfa sjómannsins. Það var samþykkt á Alþingi og væntanlega hefur það nú komið fram áður að það skyldi gert, að Lífeyrissjóður sjómanna gæti greitt sjómönnum eftir 25 ára starf á sjó lífeyri við 60 ára aldur. Hins vegar var gallinn sá við þá löggjöf og í tengslum við kjararsamningana að það fylgdi engin ávísun með frá löggjafanum um það hvernig ætti að mæta þessum auknu greiðslum jafnhliða því eins og fram hefur komið að þessi sjóður greiðir hvað mest í örorku af lífeyrissjóðum landsins.

Það hefði auðvitað verið eðlilegt að þeir aðilar sem sitja við borð kjarasamninga, útgerðarmenn og sjómenn, og þeir sömu aðilar sem sitja líka við stjórnvöl lífeyrissjóðsins settust niður, þessir fjórir hópar þótt þeir séu faktískt kannski tveir sameinaðir og færu yfir þessi mál sem snúa að greiðslugetu lífeyrissjóðsins, þ.e. þeim skuldbindingum sem hann hefur tekið á sig, og fyndu lausn á því máli.

Enn kem ég aftur að þeim stóra þætti lífeyrissjóðsins sem er örorkan en eins og ég gat um áðan er hún stærri liður í útborgun úr sjóðnum heldur en lífeyririnn sem segir allt til um það mikla álag og þá slysahættu sem fylgir sjómannsstarfinu. Það er því eðlilegt að aðilar setjist niður og finni flöt á því máli. Ég er ekki hér með að lýsa andstöðu minni við frv. en ég er hins vegar að segja að skoðun mín er óbreytt frá því að löggjafinn sé að setja lög á kjaradeilu sjómanna og útgerðarmanna eða hvort hann er að setja lög til hagsbóta fyrir hópinn, þ.e. sjómenn. Ég tel að það sé eðlilegt og í anda þess sem ég hef áður sagt á fyrri þingum þegar kjaradeilur hafa verið uppi, að það séu hinir frjálsu samningsaðilar sem finni leið til þess að leysa þann vanda sem snýr að skuldbindingum Lífeyrissjóðs sjómanna.

Nokkrum sinnum áður hafa komið fram frv. til breytinga á lögum sem hafa skert rétt sjóðfélaganna vegna íþyngjandi skuldbindinga sem einkum hafa þá snúið að örorkunni. Lögum um Lífeyrissjóð sjómanna hefur verið breytt vegna flýtitökuréttar eftir 25 ára starf við 60 ára aldur. Það er því ekki orðið eins eftirsóknarvert að taka lífeyri úr Lífeyrissjóði sjómanna við 60 ára aldur eftir 25 ára starf vegna þess að skerðingarákvæðin frá 60 til 65 ára eru með þeim hætti að eðlilegt er að menn bíði þess aldurs sem hin almenna regla lífeyrissjóðsins hljóðar upp á.

Herra forseti. Ég vildi aðeins koma þessum hugrenningum að og þeim vanda sem Lífeyrissjóður sjómanna stendur frammi fyrir svo og aðrir lífeyrissjóðir verkafólks vegna hárrar greiðslu örorkubóta úr sjóðunum. Ég tel að menn þurfi að setjast niður við að finna greiðslumáta á þessu með öðrum hætti en þeim að við örorku sé henni velt yfir á sjóðfélaganna. Ef sjóðfélagi verður öryrki um langan tíma, hljótum við að verða að finna annan flöt á því máli. Og það er alveg ljóst að ef örorkuþátturinn hefði ekki verið tekinn inn í lífeyrissjóðina, þ.e. að hann sé hluti greiðslna úr lífeyrissjóði við örorku, þá stæðu lífeyrissjóðir almennt miklu betur, Lífeyrissjóður sjómanna og lífeyrissjóðir verkafólks. Það er alveg ljóst. Þess vegna held ég að vandinn sem taka þarf á séu skuldbindingar sjóðanna sem lúta að örorkumálum.

Eins og ég sagði áðan er ég ekki að setja mig upp á móti frv. þó að skoðun mín sé sú að þetta eigi að gerast á hinum frjálsa vinnumarkaði en ég mun ekki setja mig upp á móti frv.

[15:17]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst ekki nægja hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að segja að hann setji sig ekki á móti frumvarpinu. Ég skil afstöðu hans, þ.e. hann vill að menn semji um þessa hluti á frjálsum markaði. Ég get ekki ímynd-

að mér annað en að sjómenn hafi hvað eftir annað reynt að ná fram leiðréttingu á þessum málum. Ég tel það fullvíst. Þess vegna spyr ég hv. þm. hvort honum finnist ekki eðlilegt í stöðunni — ræðumenn hafa hér rakið söguna — og sanngjörn krafa, að með lögum verði útgerðarmönnum gert að leggja á sig aukabyrðar um hríð. Það er ekki eins og verið sé að fara fram á aukin réttindi. Það mundi leiða til þess að það yrði status quo. Finnst honum ekki eðlilegt að þingið komi að þessum málum miðað við þau loforð sem voru gefin um 60 ára réttindin á sínum tíma, sem er líka búið að taka úr sambandi? Menn hafa orðið fyrir skerðingu og hafa misst réttindi, m.a. 60 ára regluna sem samið var um.

Spurningin er einfaldlega hvort hv. þingmaður telji ekki að þetta sé kjörin leið til að koma réttindamálunum á skrið. Er yfir höfuð nokkuð óeðlilegt við það, þó að hann aðhyllist frjálsa samninga, að Alþingi komi að þessum málum vegna þess að Alþingi er beintengt málinu að hálfu leyti á móti útgerðarmönnunum, þ.e. hvað varðar 60 ára regluna? Þessi mál hjakka náttúrlega í sama farinu eins og verið hefur ef menn taka ekki á þeim með tillögum af þessu tagi. Eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson benti á stendur sjóðurinn frammi fyrir enn frekari skerðingum ef ekkert verður að gert. Á bara að bíða eftir því, hv. þm.?

[15:20]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er við hæfi að rifja upp fyrir hv. þingmönnum, félögum í Frjálslynda flokknum og Vinstri grænum, að núverandi formaður flokksins var einn af valdhöfunum þegar lögin voru sett um að sjómenn gætu tekið lífeyri við 60 ára aldur. Hann var einn af valdhöfunum þá og studdi ríkisstjórnina þegar sjómenn voru í samningum. Honum þótti þá ekki eðlilegt, formanni þess ágæta flokks, að rétta fram ávísun til að greiða þann kostnaðarauka sem hlytist af vegna þessa máls. Það er gott að þar hafi orðið pólitísk breyting og vonandi hefur hún orðið í föðurhúsum, jafnt hjá þeim hæsta sem lægsta þar innan dyra.

Það gerðist í kjarasamningum sjómanna á árum áður, þegar samþykkt var að greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði stéttarfélaganna af öllum launum, að það þótti ekki eðlilegt að gera hið sama varðandi sjómenn. Þar er önnur skekkja. Finnst þingmanni þá ekki eðlilegt að taka allt undir, alla þá skekkju sem myndast hefur í gegnum árin hjá sjómönnum? Iðgjald í orlofssjóð, iðgjald í sjúkrasjóð og meira mætti til telja.

Hvað áhrærir greiðslur í lífeyrissjóði get ég alveg tekið undir að eðlilegt sé að hækka iðgjöld í lífeyrissjóði enda kom ég inn á það áðan að eðlilegt væri að endurskoða iðgjöld í lífeyrissjóðina vegna 10% reglunnar sem sett var í upphafi, miðað við miklu styttri lífaldur Íslendinga. Þessi 10% regla gekk einnig út á að lífeyrir yrði almennt ekki tekinn fyrr en við 67 eða 70 ára aldur. Þannig er af mörgu að taka. Auðvitað er fullt af málum hér innan þingdyra sem eðlilegt væri og sjálfsagt að segja já við og hleypa út í þjóðfélagið, allt sem hægt er að fella undir réttlætismál. En í sumum málum tel ég eðlilegt að aðilar vinnumarkaðarins véli um sjálfir eins og ég hef sagt áður. Ég tel að ég sé sjálfum mér samkvæmur í málflutningi mínum.

[15:22]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er litlu nær hvað varðar svar hv. þingmanns. Hann fór í söguskýringu en ég tel mig þó vita að 60 ára reglan hafi verið samþykkt samhljóða. Það hefur komið fram í öllum ræðunum hér að þingheimur hafi verið sammála um að Alþingi kæmi að leiðréttingum með fjárframlögum á seinni stigum sem ekki hefur gerst síðan.

Ég er ekki búinn að vera á þingi nema í þrjú ár og horfi á staðreyndirnar eins og þær eru núna. Samkvæmt uppgjöri sjóðsins má gera ráð fyrir skerðingum. Í pípunum eru skerðingar og þá er að bregðast við núna þannig að til þeirra komi ekki. Ég tel þá leið sanngjarna sem lögð er til í þessu frv., þ.e. hækkun á inngreiðslum frá útgerðarmönnum. Ég tel líka sanngjarnt að þingið komi að málunum.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hefur hreyft hugmyndum sem ég tek heils hugar undir, svo sem um að nota fjármuni, t.d. fyrir meðafla að hluta eða kannski að öllu leyti til að stuðla að leiðréttingu á sjóðnum tímabundið. Þetta er verkefni sem við stöndum frammi fyrir núna. Við getum ekki horft upp á það að sjómenn og makar þeirra verði fyrir frekari skerðingu. Við eigum að bregðast við nú þegar. Þannig horfa málin við mér. Þess vegna er það bara einföld spurning í núinu, þ.e. hvort hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni finnist ekki sanngjarnt og eðlilegt að fara þá leið sem hefur verið svo vel unnin og lögð fram í frv. sem hér er til umræðu.

[15:24]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom inn á að fram hefðu komið tillögur um greiðslur í lífeyrissjóðinn sem m.a. yrðu teknar af meðafla, þ.e. að þær mundu þá falla inn í lífeyrissjóðinn. Ég er sammála honum og hv. flm. um að eðlilegt er að leita leiða til að efla Lífeyrissjóð sjómanna og auka greiðslur inn í hann. En hvort þetta er eina leiðin vil ég ósagt láta. Það hlýtur að mótast af aðilum, þ.e. útgerðarmönnum og sjómönnum hvernig á verður haldið.

Ég hef lengi setið í stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna. Ég er alveg sammála því að grípa þurfi til einhverra ráðstafana. Þá hef ég, eins og ég hef sagt áður, fyrst og fremst talið eðlilegt að samningsaðilar vinni þá vinnu. Gangi það ekki upp er það umhugsunarefni hvernig á eigi að taka. (**ÁSJ:** Er það ekki margreynt?)

[15:25]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil í lok umræðunnar bæta við upplýsingum um þetta mál þannig að þær komi fram í þingtíðindum. Eins og ég upplýsti áður í máli mínu er mér kunnugt um að á málalista ríkisstjórnarinnar, á málalista hjá hæstv. fjmrh., er tilkynning um að lagt verði fram frv. um Lífeyrissjóð sjómanna. Eftir því sem ég best veit mun það ganga út á að taka enn á ný á uppsöfnuðum vanda í lífeyrissjóðnum. Sá vandi er því miður mikill á árinu 2001 og samkvæmt úttekt Talnakönnunar vantaði 7.514 millj. kr. upp á að sjóðurinn ætti eignir á móti heildarskuldbindingum sínum, þ.e. 8,8%. Ef ég man rétt var þessi tala 6% árið á undan. Hallinn er því að aukast og vantar hærri upphæðir.

Eins og ég gat um í fyrri ræðu minni kveða lögin um almenna starfsemi lífeyrissjóða frá 1997 á um skyldu stjórnarmanna til að bregðast við. Stjórnarmenn í Lífeyrissjóði sjómanna eiga svo sem ekki frekar en í öðrum lífeyrissjóðum mikla möguleika aðra en að leggja til einhvers konar skerðingu til að laga stöðu sjóðsins. Ekki hefur sjómannasamtökunum tekist, á undanförnum árum — hvorki meðan ég var í forustu Farmanna- og fiskimannasambandsins né síðar — að ná fram auknum inngreiðslum í lífeyrissjóðinn.

Ég hygg að Sjómannasamband Íslands sé í sérstökum málaferlum við LÍÚ eða Samtök atvinnurekenda um hvort þeir séu aðilar að því að 1% meira komi inn í lífeyrissjóðina, 7% en ekki 6%. Þeir töldu sig hafa náð slíku samkomulagi sl. vor ef mig misminnir ekki.

Staða sjóðsins er erfið og málin horfa hreint ekki til betri vegar, því miður. Þess vegna tel ég enn frekari ástæðu til að taka þetta mál til jákvæðrar umfjöllunar í hv. Alþingi. Á hinum tveimur fyrri þingum sem ég hef lagt þetta fram hefur þetta ekki náð fram að ganga.

Ég vil enn ítreka, til að koma í veg fyrir allan misskilning, að tillagan um að greiða 2% meira inn í lífeyrissjóðinn mun ekki mynda réttindi fyrir hvern lífeyrisþega, eins og frv. ber auðvitað með sér, heldur er það eingöngu til að laga stöðu sjóðsins þannig að menn þurfi ekki enn einu sinni að skerða réttindi. Þetta frv. á að koma í veg fyrir það. Síðan yrði auðvitað að semja um framhaldið ef svo tækist til. Ef hægt yrði að rétta sjóðinn við á fáum árum yrði auðvitað að semja um framhaldið við útgerðarmenn, þ.e. hvort menn vildu láta eitthvað af þessum 2% renna áfram inn í sjóðinn eða gera þau að greiðslu fyrir hvern einstakling.

Eins og við vitum mætavel hefur í fjölmörgum lífeyrissjóðum verið samið um það við atvinnurekendur að þeir greiði hærra hlutfall en 6% miðað við laun inn í lífeyrissjóði, þeir greiði 7% og þaðan af meira. Er það ekki rétt munað hjá mér að inn í lífeyrissjóð opinberra starfsmanna komi 14%? Þróunin hefur verið sú að bæta stöðu launamanna í lífeyrissjóðum enda er treyst á það til framtíðar að lífeyriskerfið verði ein styrkasta stoð ellilífeyrisþega á komandi árum og áratugum.

Það er líka rétt að láta koma fram, herra forseti, ákveðnar tölur um fjölda sjóðfélaga sem ég ætla að leyfa mér að lesa upp úr minnisblaði sem ég er með. Alls 5.800 sjóðfélagar hjá 642 launagreiðendum greiddu iðgjöld til sjóðsins á árinu 2001. Iðgjöld ársins námu samtals 1.886 millj. og hækkuðu um 13,6% frá árinu 2000. Lífeyrissjóðsgreiðslur sjóðsins á árinu 2001 námu samtals 975 millj. og hækkuðu frá árinu 2000 um 12,2%. Ellilífeyrir nam 410 millj. eða 42% af heildarlífeyrisgreiðslum sjóðsins. Örorkulífeyrir nam 419 millj., þ.e. 43% á árinu 2001, makalífeyrir nam 108 millj., 11%, og barnalífeyrir 38 millj., 4%. Þetta er staðan og úttektin úr skýrslu lífeyrissjóðsins árið 2001.

Fjöldi lífeyrisþega í desember 2001 var sem hér segir: Ellilífeyrisþegar voru 1.236, örorkulífeyrisþegar 755, makalífeyrisþegar 486 og greiddur var barnalífeyrir til 435 barna sjóðfélaga. Eins og ég gat um áður er gert ráð fyrir því í hugmyndum manna við að bregðast við vanda sjóðsins að makalífeyririnn verði skertur og það frv. mun sennilega koma inn á haustdögum. Ég ætla rétt að leyfa mér að vona að menn í hv. Alþingi vilji fara einhverja aðra leið en endalaust að ganga á réttindi lífeyrisþeganna í Lífeyrissjóði sjómanna. Þess vegna vonast ég til að sú tillaga sem ég flyt hér nú í þriðja sinn fái betri og vandaðri umfjöllun en hún hefur fengið og komi hér aftur inn úr hv. nefnd sem tillaga til lagabreytinga.

Nú hefði verið gaman ef sjútvrh. hefði verið í húsinu. Reyndar frétti ég á skotspónum að hann hefði skotist inn úr dyrunum en hlaupið strax út aftur. Ég veit ekki hvort það var vegna þess að hann vissi að ég var í ræðustól eða af einhverjum öðrum orsökum en hann var alltént mjög snöggur. En hvað um það, hann er ekki hér. Samt ætla ég að ræða það sem ég hef komið áður að í þessum ræðustól. Við ræddum regluna um 5% meðafla, um að það mætti mynda tekjur með því að leyfa sjómönnum að landa meðafla svo að þeir lentu ekki í þeirri stöðu að þurfa jafnvel að henda honum fyrir borð til þess að missa ekki veiðileyfi. Staðreyndin er sú að þessi 5% regla er byrjuð að virka og þegar eru komnar tekjur yfir 100 millj. — ég held að það séu 112 millj. — herra forseti, á fyrstu sjö mánuðunum sem reglan hefur verið í gildi. Tillaga mín var sú þegar við ræddum þetta að t.d. helmingur af þeim tekjum sem kæmu af þessum upptökuafla yrði látinn renna til Lífeyrissjóðs sjómanna, m.a. til þess að bæta stöðu þeirra þannig að við sætum ekki endalaust í hv. Alþingi með frumvörp um að skerða lífeyrisréttindi manna í Lífeyrissjóði sjómanna. En því miður tóku stjórnarflokkarnir ekki undir þessa útfærslu. Menn sögðu sem svo að þetta mætti skoða síðar og ekki væri verið að hafna þessari leið en það væri óþarfi að gera þetta.

Ég held að sú staða sem við erum nú í varðandi lífeyrismál sjómanna hafi enn frekar sýnt að virkileg þörf var á þessu og að við hefðum átt að bregðast við. Ef við hefðum bara tekið helminginn af þessu fé sem líklega mun koma úr lönduðum afla fram hjá kvótakerfinu gæti verið að við hefðum fengið kannski 100 millj. árlega inn í þennan lífeyrissjóð. Það munar um minna, herra forseti. Ég hygg að ef þessi regla verður í gildi áfram og menn ætla að hafa kvótakerfið eins og það hefur verið með þeim þrengingum og erfiðleikum sem menn hafa lent í þegar búið er að taka fjölmargar tegundir inn í kvótakerfið, miklu fleiri en þar ættu nokkurn tíma að vera, lenda menn sífellt í meiri og meiri vandræðum og eru þar af leiðandi meira og meira að nota sér svona 5% reglu. Þar af leiðandi held ég að þær tekjur fari vaxandi á næsta fiskveiðiári miðað við það sem verður á þessu. Þess vegna væri mjög auðvelt með góðum vilja Alþingis að breyta þessum lögum þannig að þessar tekjur yrðu m.a. til þess að bæta hag Lífeyrissjóðs sjómanna. En núna renna þær allar til Hafrannsóknastofnunar. Ég er út af fyrir sig ekki sammála því að þær renni allar þangað og meira að segja sá hlutinn sem áfram mundi renna til Hafrannsóknastofnunar held ég að ætti að vera skiptur milli þeirra á Hafrannsóknastofnuninni og annarra vísindamanna sem vilja stunda frjálsar rannsóknir. Þetta er smáútúrdúr en tengist samt málinu vegna þess að komið var inn á þetta. Þetta er ein af þeim leiðum sem væri hægt að nota til þess að fjármagna betri stöðu í lífeyrissjóðnum.

Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd, herra forseti, að íslenskir útgerðarmenn bera ábyrgð á Lífeyrissjóði sjómanna. Þeir eiga að bera á honum ábyrgð. Þeir eru þar í stjórn. Það er m.a. vegna þess hversu illa gekk að semja við útgerðarmenn á sínum tíma að staða lífeyrissjóðsins er eins og hún er. Það er allt í lagi að rifja það upp, herra forseti, að fyrst þegar menn sömdu um þau réttindi að sjómenn greiddu í lífeyrissjóð, almennir sjómenn, greiddu menn af kauptryggingu og yfirmenn greiddu þá af hásetakauptryggingunni og gott ef menn byrjuðu ekki á að greiða af hálfri tryggingu fyrstu tvö árin eða svo. Þegar farið var í verkfall út af þessum málum árið 1985 til að ná inn greiðslum í lífeyrissjóð af öllum launum sjómanna var samið um að það yrði gert í áföngum. Og fyrsta samningsárið var greitt af 50% launanna, 75% annað samningsárið og það var ekki fyrr en 1987 sem sjómenn, hinir almennu fiskimenn, þ.e. á bátakjörum, fóru að greiða í lífeyrissjóð af öllum launum þannig að menn eru ekki búnir að greiða í lífeyrissjóð af öllum launum, herra forseti, nema í 15–16 ár. Þannig er þetta mál vaxið. Þar af

leiðandi er staða manna og réttindainnvinnsla í Lífeyrissjóði sjómanna mjög misjöfn.

Það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar að það voru togarasjómenn sem riðu á vaðið fyrir hönd íslenskra fiskimanna og sjómanna um að ná réttindainnvinnslu í lífeyrissjóði. Það voru íslenskir togarasjómenn á hinum gömlu togurum og togarasamningum sem greiddu í lífeyrissjóð af öllum launum. Eitt frægasta samanburðardæmið sem notað var í kjarasamningunum árið 1985 þegar við vorum að berjast fyrir lífeyrisréttinum var einmitt samanburðardæmi af Norðurlandi þar sem bornir voru saman tveir mjög afkastamiklir skipstjórar, annar sem hafði verið síldveiðaskipstjóri og hafði verið á bátaflotanum alla sína tíð og greitt í lífeyrissjóð eftir þeim reglum sem um bátasjómenn giltu, og hinn sem hafði verið á stóru togurunum, eða gömlu togurunum svokölluðu, og hafði greitt í lífeyrissjóð af öllum launum. Þegar þessir menn fóru að skoða réttindastöðu sína — það vildi svo til að síldarskipstjórinn veiktist og þurfti að fara í land — hver var staða hans eftir alla sína starfsævi sem toppaflaskipstjóri á Íslandsmiðum? Hann átti 6 þús. kr. í lífeyrisrétti þegar hinn sem hafði greitt í lífeyrissjóð af öllum launum sínum átti hátt á annað hundrað þúsund í rétti. Þannig er nú staðan og þess vegna á fjöldi lífeyrisþega í landinu, bæði sjómenn og verkafólk, lítinn lífeyrisrétt enn þann dag í dag. Og þó að þrýst sé á það til framtíðar að lífeyrisréttindi manna verði burðarstoð í launum ellilífeyrisþega mun það ekki duga fyrir allan almenning fyrr en eftir kannski 20–25 ár. Þess vegna er það m.a. sem Frjálslyndi flokkurinn hefur líka lagt fram frv. um að tryggja réttindi fólks með lágmarkslífeyri sem er auðvitað einn angi af þessu máli en tengist því ekki að öðru leyti.

Herra forseti. Ég vonast til þess að þær upplýsingar sem ég hef þulið upp um stöðu lífeyrissjóðsins geti orðið til þess að þegar við förum að ræða frv. um frekari skerðingar, sem boðað er að fjmrh. muni flytja á haustdögum, geti menn flett upp í þessari ræðu minni og blaðað í þessum upplýsingum um hina talnalegu stöðu og greiðsluhlutfall í örorkulífeyri annars vegar og hvað vantar í sjóði hins vegar, og það auðveldi mönnum þá að ræða málin í samhengi. Ég trúi því ekki, herra forseti, að það líði svo þetta hv. Alþingi enn á ný að ekki verði tekið á þessu vandamáli. Það væri okkur öllum til skammar.

[15:39]

Útbýting þingskjala:

Afskrifaðar skattskuldir, 172. mál, fsp. JóhS, þskj. 173.

Alþjóðasakamáladómstóllinn, 179. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 180.

Barnalög, 180. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 181.

Byggðaáætlun fyrir Vestfirði, 177. mál, fsp. SRagn, þskj. 178.

Fjöldi lögreglumanna, 170. mál, fsp. ÍGP, þskj. 171.

Framlög Byggðastofnunar til eignarhaldsfélaga og atvinnuþróunarfélaga, 178. mál, fsp. KPál, þskj. 179.

Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, 183. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 184.

Menningarmál á landsbyggðinni, 175. mál, fsp. SRagn, þskj. 176.

Menningartengd ferðaþjónusta, 176. mál, fsp. SRagn, þskj. 177.

Niðurfelling lendingargjalda fyrir millilandaflug á Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllum, 155. mál, þáltill. ÁSJ o.fl., þskj. 155.

Orkubú Vestfjarða, 174. mál, fsp. SRagn, þskj. 175.

Rekstrartap fyrirtækja, 173. mál, fsp. JóhS, þskj. 174.

Tryggingagjald, 181. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 182.

Uppbygging fiskeldisfyrirtækja vegna eldis kaldsjávarfiska, 167. mál, þáltill. ÁSJ, þskj. 167.

Útlendingar, 168. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 168.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–13. mál.

Fundi slitið kl. 15:41.

9. FUNDUR

mánudaginn 14. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Rekstur Ríkisútvarpsins, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Skattfrelsi lágtekjufólks, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Lífeyrissjóður sjómanna, frv., 12. mál, þskj. 12. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Fjáraukalög 2002, stjfrv., 66. mál, þskj. 66. — 1. umr.
5. Tryggingagjald, stjfrv., 181. mál, þskj. 182. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Svanfríður Jónasdóttir, 4. þm. Norðurl. e.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 169. mál, frv. ÞBack, þskj. 169.

Einelti, 146. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 146.

Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla, 171. mál, þáltill. MF o.fl., þskj. 172.

Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., 182. mál, frv. meiri hluta samgn., þskj. 183.

Landsdómur, 151. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 151.

Lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk, 143. mál, þáltill. JóhS, þskj. 143.

Ráðherraábyrgð, 152. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 152.

Athugasemdir um störf þingsins.

Alþjóðahvalveiðiráðið, Evrópuár fatlaðra, rjúpnaveiðitíminn.

[15:02]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að segja hv. þingheimi frá því að Ísland var í dag viðurkennt sem aðili að Alþjóðahvalveiðiráðinu á ný með fyrirvara um bann við hvalveiðum. Atburðarásin var flókin og ýmislegt gekk á en í lokaatkvæðagreiðslunni greiddi Svíþjóð atkvæði með Íslandi og það reið baggamuninn. Það er mjög ánægjulegt að geta sagt frá þessari niðurstöðu.

[15:03]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil nota tækifærið og lýsa yfir ánægju minni með að þetta skuli hafa gengið í gegn. Ég held að það sé þjóðinni til heilla.

[15:04]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég stend upp til að mótmæla því að hæstv. forsrh. hafi neitað utandagskrárumræðu sem ég bað hann um til að ræða aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar vegna Evrópuárs fatlaðra sem er á næsta ári. Öryrkjabandalagið hefur vakið athygli á því að í heilt ár hafi legið á borði ríkisstjórnarinnar ýmsar tillögur sem Öryrkjabandalagið óskar samstarfs við ríkisstjórnina um í tilefni Evrópuársins en því erindi hefur ekki verið svarað. Tillögurnar sem beðið hafa í heilt ár á borði ríkisstjórnarinnar birtust í síðustu viku í heilsíðuauglýsingu í formi áskorunar til ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í ýmsum málaflokkum. Bendir Öryrkjabandalagið á margvíslegar búsifjar sem öryrkjar hafa orðið fyrir eins og stóraukinn húsnæðiskostnað, vaxandi sjúkrakostnað af ýmsum toga, aukinn símkostnað, niðurskurð á styrkjum til bifreiðakaupa, stóraukna skattheimtu á lífeyrisgreiðslum og að lífeyrisgreiðslur hafi dregist aftur úr lágmarkslaunum og ekki haldið í við launavísitölu.

Þar sem aðgerðir sem lagðar eru til falla undir fjögur ráðuneyti er eðlilegt að hæstv. forsrh. verði til svara í þeirri utandagskrárumræðu sem ég hef óskað eftir, enda er áskoruninni og tillögunum sem liggja fyrir beint til ríkisstjórnar Íslands.

Ég vakti athygli forsrh. á því í morgun að ég mundi taka þetta mál upp utan dagskrár og ég óskaði viðveru hans. Því er það mjög sérkennilegt og vekur furðu að hann skuli ekki vera viðstaddur þessa umræðu. Hann sýnir fötluðum fullkomna lítilsvirðingu með því. Ég hlýt að mótmæla því að forsrh. víki sér undan svona umræðu og vísi á fagráðherrana fjóra sem þetta mál heyrir undir. Það er orðið æðiáberandi hve hæstv. forsrh. reynir ávallt að víkja sér undan umræðum sem snerta kjör og aðbúnað fólks eins og lífeyrisþega og tekjulítilla hópa, en á síðasta ári neitaði hann mér um umræðu um fátækt á Íslandi sem er til vansa fyrir forsrh. með líkum hætti og það er til vansa fyrir hæstv. forsrh. að neita hér að ræða málefni öryrkja.

[15:06]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vildi vekja athygli þingheims á að á morgun, hinn 15. október, hefst rjúpnaveiðitíminn. Á Alþingi var til meðferðar fyrir skömmu tillaga um að breyta rjúpnaveiðitímanum og stytta hann vegna m.a. ástands rjúpnastofnsins, en því miður hefur sú tillaga ekki fengið afgreiðslu, alla vega næst það ekki í tæka tíð fyrir morgundaginn.

Ég vil beina því til hæstv. umhvrh. hvort ráðherrann hafi í hyggju einhverjar takmarkandi aðgerðir til þess að stýra veiðum og stemma stigu við ofveiði.

Í öðru lagi er staðan nú sú að hálendið allt er snjólaust og ófreðið og óvíst er um ástand vega og slóða vítt og breitt um hálendið. Auk þess hefur reynslan verið sú þegar rjúpnaveiðitíminn hefst að þá fer af stað fjöldinn allur á ökutækjum, bílum og fjórhjólum og ekur ekki einungis ákveðnar götur og götuslóða heldur líka utan vega. Bæði er landið mjög viðkvæmt núna og einnig stendur mjög skýrt í lögum um náttúruvernd:

„Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum, svo og á snjó utan vega utan þéttbýlis svo fremi sem jörð er snævi þakin og frosin."

Hyggst hæstv. umhvrh. sem fer með vörslu og eftirlit með náttúru landsins beita sér fyrir því að stemma stigu við óleyfilegum akstri og fyrir takmörkun á akstri um heiðalönd í rjúpnaveiðiskyni?

Herra forseti. Sú var tíðin að heimilt var að ganga til rjúpna. Það er töluvert annað en að aka og skrölta á öllum mögulegum véltækjum til rjúpna.

[15:08]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er rétt að rjúpnaveiðitíminn hefst á morgun. Það á að grípa til mjög víðtækra aðgerða til að vernda rjúpnastofninn. Fimm ára plan mun hefjast á næsta ári. Þó munum við grípa til þess núna strax að stækka fjórfalt hið friðaða svæði í nágrenni höfuðborgarinnar þar sem ekki má veiða rjúpu. En á næsta ári og næstu fimm árum verður bannað að selja rjúpu, þ.e. ef þingið samþykkir slíka lagaheimild. Tíminn til veiða verður takmarkaður um 20 daga og við erum að skoða í umhvrn. hvort við getum breytt lögum varðandi farartækin og skotvopnin sjálf, en veruleg brögð eru að því að menn séu með hálfsjálfvirkar haglabyssur, taka pinnann úr og særa mjög mikið af fugli vegna þessa.

Það eru líka talsverð brögð að því að menn keyri utan vega en það er bannað. Þegar menn eru á veiðum eiga þeir að halda sig á vegum og merktum vegarslóðum. Ekki er nóg að líta til náttúruverndarlaganna þar af því að þar kemur fram, eins og hv. þm. sagði, að menn geti keyrt utan vega ef snjór er eða frosin jörð, en samkvæmt villidýralögunum er það bannað. Sá sem fer til veiða verður að vera á vegarslóða og má ekki veiða fyrir utan hann nema fara þangað gangandi. Menn mega ekki veiða með byssu innan 250 m línu frá vegi eða vegarslóða. Því kemur til greina að okkar mati að herða á þessum lögum með því að færa ákvæðin úr villidýralögunum yfir t.d. í náttúruverndarlögin af því að brögð eru að því að menn misskilji þetta vegna þess að ákvæðin eru ekki samhljóða í villidýralögunum og í náttúruverndarlögunum.

Ég vil nota tækifærið hérna af því að veiðitíminn er að byrja og skora á veiðimenn að hlífa landinu og gæta hófs í veiðunum af því að stofninn er í lægð og það er brýnt að menn kunni sér hóf við slíkar aðstæður.

[15:10]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég kvaddi mér hljóðs áðan þegar hæstv. sjútvrh. gaf yfirlýsingu sína. Ég vil taka undir að það er vel að Íslendingar eru búnir að fá aðild að Alþjóðahvalveiðiráðinu. En mér verður á að segja í leiðinni að mér finnast það harðir kostir ef gefa þarf yfirlýsingu um að hvalveiðar verði ekki hafnar fyrr en 2006. Ég veit ekki betur en að það hafi líka fylgt með í pakkanum þó að hæstv. ráðherra gæfi það ekki upp áðan í ræðu sinni. Mér þykir mjög miður að menn skuli hafa selt þau ár með í þessum samningum.

[15:11]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég tek til máls undir þeim lið sem við ræðum nú, þ.e. um störf þingsins, en nú er svo komið að það eru orðin þrjú mál undir. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þá yfirlýsingu sem hann gaf hér áðan um að Ísland væri á ný orðið fullgildur aðili að Alþjóðahvalveiðiráðinu.

Ég ætlaði að tala til að styðja mál Jóhönnu Sigurðardóttur varðandi öryrkjana en ég ætla ekki að fjalla um rjúpuna. Ég tek undir áhyggjur hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur af málefnum öryrkja og samstarfi Öryrkjabandalagsins við ríkisvaldið á sama tíma og við erum að fara í fjárlagagerðina. Við höfum farið yfir fjárlagafrv. en ekki er hægt að sjá nein merki þess í fjárlagafrv. að lyfta eigi grettistaki varðandi hagi fatlaðra og öryrkja. Því hvet ég alla þingmenn að vinna að fjárlagagerðinni með það markmið í huga sem Öryrkjabandalagið hefur sem viðmiðun, en það eru viðmiðunarreglur Sameinuðu þjóðanna og almenn mannréttindi. Ljóst er að Öryrkjabandalagið fer fram með lágmarkskröfur og þess verða að sjást merki við afgreiðslu fjárlaganna að undirtektir séu við kröfugerð þeirra ef við ætlum að fara með sæmd inn í næsta ár sem er Evrópuár fatlaðra.

[15:13]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hafa samfagnað með mér í því að við skulum vera komin í Alþjóðahvalveiðiráðið á ný. Eins og hv. þingmenn vita er það grundvallaratriði fyrir því að geta hafið hvalveiðar að vera aðili að Alþjóðahvalveiðiráðinu og með því að vera með viðurkenndan fyrirvara þá erum við að horfa til langtímahagsmuna Íslands í hvalveiðum í atvinnuskyni. Hins vegar opnar aðildin fyrir okkur möguleikann á því að hefja hvalveiðar í vísindaskyni sem við höfðum ekki áður en við gengum í Alþjóðahvalveiðiráðið. Þar með höfum við engu fórnað í því að geta hafið hvalveiðar. Þetta er spurning um hvers konar hvalveiðar við munum hefja. Það hefur alltaf komið fram hjá mér að við mundum fyrst hefja hvalveiðar í vísindaskyni og að hvalveiðar í atvinnuskyni væru eitthvað sem við stefndum síðan að í framtíðinni. Sú viðbót sem gerð var við fyrirvarann að þessu sinni hefur því engin praktísk áhrif á það hvernig málununum vindur fram. Hins vegar er dálítið erfitt að gera hv. þingmönnum Samfylkingarinnar til geðs í þessu máli. (**Gripið fram í:** Ha!) Ég vil þó sérstaklega þakka þingflokksformanninum, hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur fyrir mjög jákvæð orð úr ræðustólnum. Þegar málið gekk ekki upp á fundinum í Shimonseki í Japan var ég gagnrýndur af hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur fyrir að hafa þá ekki breytt fyrirvaranum nægilega mikið til þess að við kæmumst í Alþjóðahvalveiðiráðið en nú er ég gagnrýndur af hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir að hafa breytt honum of mikið.

Herra forseti. Þannig er bara lífið í pólitíkinni. Ég læt það ekki hafa áhrif á það að ég er mjög ánægður með að við skulum vera komin í Alþjóðahvalveiðiráðið aftur og nú með fyrirvara um hvalveiðibann.

[15:16]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég ætla hvorki að ræða rjúpur né hvali. Ég vil einfaldlega skjóta hvort tveggja, innan ákveðinna marka þó.

Ég ætla hins vegar að ræða miklu alvarlegri mál. Málefni öryrkja. Það vakti athygli þjóðarinnar þegar auglýsing frá Öryrkjabandalaginu birtist í fjölmiðlum, áskorun til ríkisstjórnar Íslands þar sem Öryrkjabandalagið sýndi með mjög hófstilltum hætti fram á þróun mála á þeim bænum á umliðnum mánuðum, missirum og árum, í tíð þessarar ríkisstjórnar. Í mesta góðæri Íslandssögunnar hafa öryrkjar og fatlaðir einfaldlega setið eftir. Þær upplýsingar sem fram hafa komið eru eftirtektarverðar, m.a. um að nefnd sem haft hefur að markmiði að reyna að plástra stöðu þeirra mála hefur ekki komið saman svo mánuðum skiptir. Það er nú öll alvara þessa máls í herbúðum ríkisstjórnarflokkanna.

Það eru mér vonbrigði að forsrh. sá sér ekki fært að vera við þessa umræðu. Hér er um mál að ræða sem tekur yfir fleiri en eitt og fleiri en tvö ráðuneyti. Hæstv. félmrh. er þó hér en það undirstrikar kannski enn frekar það fálæti sem ríkisstjórnin sýnir málefnum þessa hóps að það kumrar ekki í honum, hvað þá meira. Það segir alla söguna.

Staðreyndin er að við þurfum að taka til hendinni. Fjárlög eru fram undan. Það er Evrópuár fatlaðra á næsta ári og ekki seinna vænna að við, þingheimur, tökum fram fyrir hendurnar á vonlausri og léttvægri ríkisstjórn og gerum bragarbót

sem sjá megi stað í þeim fjárlögum sem við einhendum okkur í á næstu vikum og mánuðum. Flóknara er málið ekki.

[15:18]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég sé mig knúinn til að blanda mér í þessa umræðu þó að henni væri ekki beint til mín heldur til forsrh.

Undirbúningur að Evrópuári fatlaðra er í fullum gangi. Að því starfar framkvæmdastjórn og síðan bakhópur. Þessi framkvæmdastjórn hefur undirbúið ár fatlaðra og ætlar að tileinka það lífsgæðum fatlaðra. Mér er kunnugt um að þau hafa hugsað sér að hafa mismunandi þemu yfir árið, eitt þema á mánuði eða skipta um þema á mánaðar eða tveggja mánaða fresti. Sú framkvæmd mun væntanlega fara vel úr hendi.

Hins vegar er það rétt hjá Öryrkjabandalginu að Öryrkjabandalagið hefur sett fram kröfur sem ríkisstjórnin telur sig ekki geta orðið við og Öryrkjabandalagið hefur ekki viljað taka þátt í þessum undirbúningi með þeim hætti sem við óskuðum.

[15:19]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Þó að þessari umræðu hafi ekki verið beint til mín er ég einn af þeim fagráðherrum sem þetta mál snertir. Það er rétt að í þessu máli hafa verið reistar kröfur sem ég hef ekki rúmað innan fjárhagsramma við fjárlagagerð. Auðvitað er verið að fara yfir það mál og ég mun kalla í forustumenn Öryrkjabandalagsins og ræða við þá. Ég hef tjáð þeim að ég muni fara yfir stöðu þessara mála í framhaldi af auglýsingu þeirra. Ég leyni því ekki að sú kröfugerð sem þar er sett fram, m.a. um að bætur fylgi launaþróun, er nokkuð sem mér tekst ekki að uppfylla innan míns fjárhagsramma.

Hins vegar vil ég láta koma fram, svo öllu sé til skila haldið, að með lagabreytingu á síðasta ári var stigið verulegt skref í málefnum öryrkja. Þá voru settar 700 millj. í bæturnar og um 1.400 millj. á þessu ári og m.a. var dregið úr skerðingu vegna atvinnuþátttöku öryrkja, sem var mjög gott skref og ég held að allir hafi verið sammála um það.

Ég vildi láta þetta koma fram þó að þessari umræðu væri, eins og hv. málshefjandi sagði, ekki beint til mín. Ég er þó sem fagráðherra einn af þeim sem eiga þarna hlut að máli.

[15:21]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil bara fagna þeim upplýsingum sem hæstv. sjútvrh. gaf þinginu hér áðan um aðild okkar að Alþjóðahvalveiðiráðinu á nýjan leik. Ég sé ástæðu til að þakka hæstv. ráðherra og starfsfólki hans fyrir vel unnin störf í þessu máli. Þetta hefur haft töluverðan aðdraganda og hefur verið mikið verk og krafist mikilla fundahalda. Ég vil aðeins að það komi fram.

Rekstur Ríkisútvarpsins, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvH, 9. mál. — Þskj. 9.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:23]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Skattfrelsi lágtekjufólks, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 10. mál. — Þskj. 10.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:23]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lífeyrissjóður sjómanna, frh. 1. umr.

Frv. GAK, 12. mál (iðgjöld). — Þskj. 12.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:23]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fjáraukalög 2002, 1. umr.

Stjfrv., 66. mál. — Þskj. 66.

[15:24]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002, sem er að finna á þskj. 66.

Með frv. er lögð fyrir Alþingi endurskoðuð tekjuáætlun yfirstandandi árs og tillögur um breytingar á fjárheimildum til ýmissa verkefna. Samtals er gert ráð fyrir að tekjur hækki um 5,7 milljarða kr. og lagt er til að útgjöld aukist um 7,3 milljarða. Áætlað er að rekstrarafkoma ríkissjóðs rýrni um 1,3 milljarða þegar tekið hefur verið tillit til flutnings fjárheimilda á milli ára en lánsfjárjöfnuðurinn lækkar um 17,6 milljarða þar sem ekki varð af eignasölu í árslok 2001 sem reiknast hefði til tekna á þessu ári.

Frv. ber með sér að breyting til hins betra er að verða í efnahagslífinu. Aðlögun þjóðarútgjalda að þjóðartekjum er skýrt merki um að hagvöxtur sé að taka við sér á nýjan leik. Þrátt fyrir að áætlanir geri ráð fyrir að landsframleiðsla muni standa í stað á þessu ári benda tölur um innheimtu tekna ríkissjóðs til þess að umsvifin séu að glæðast, kaupmáttur hefur vaxið á árinu og ársfjórðungstölur þjóðhagsreikninga Hagstofu Íslands benda til að hagvöxtur gæti jafnvel orðið einhver á árinu. Fyrri spár gerðu ráð fyrir samdrætti í landsframleiðslu á milli ára.

Aukinn hagvöxt frá fyrri spám má einkum rekja til aukins útflutnings. Verðbólga hefur eins og kunnugt er einnig farið hratt lækkandi á árinu. Í frv. þessu er m.a. gert ráð fyrir að stofnunum verði bættur tekjumissir vegna aðgerða í kjölfar yfirlýsinga stjórnvalda frá því í janúar til að hamla á móti verðlagshækkunum.

Einkaneysla heldur áfram að dragast saman þrátt fyrir að kaupmáttur aukist en það sýnir að sparnaður fer vaxandi. Nú eru horfur á að afgangur verði á viðskiptajöfnuði þegar á þessu ári. Endurskoðaðar áætlanir gera einnig ráð fyrir góðum afgangi á ríkissjóði eins og fjáraukalagafrv. ber með sér. Staðan er því önnur nú en við umræður um fjáraukalög ársins

2001 en ríkisreikningur fyrir árið 2001 staðfestir að tekjuafgangur varð á því ári þrátt fyrir að ekki yrði af eignasölu þeirri sem ég áður drap á. Það sýnir styrka stöðu ríkisfjármála og að ábyrg ríkisfjármálastefna er nauðsynlegur hluti af aðlögun efnahagslífsins að nýju jafnvægi.

Tekjur ríkissjóðs hafa verið endurskoðaðar í ljósi innheimtunnar það sem af er ári í ljósi þess að horfur hafa breyst í efnahagsmálum. Hækkun tekna er eins og áður sagði um 5,7 milljarðar kr. og má fyrst og fremst rekja hana til þess að tekjuskattar einstaklinga og fyrirtækja skila meiru en áætlað var í fjárlögum. Tekjuskattar einstaklinga skila tæplega 4 milljarða hærri tekjum en áætlað var og tekjuskattar fyrirtækja erum 1 milljarði hærri en í fjárlögum. Tryggingagjald hækkar um 600 millj. kr. en virðisaukaskattur er í samræmi við áætlun. Þessar breytingar á tekjum endurspegla það sem sagt var um þróun efnahagsmála um að afkoma heimila og fyrirtækja er að batna án þess að neysla og fjárfestingar aukist, sem kemur aftur fram í auknum sparnaði og niðurgreiðslu skulda.

Fjmrn. hefur í samvinnu við önnur ráðuneyti farið yfir fjármál einstakra stofnana og verkefna. Leitað hefur verið skýringa á útgjöldum umfram fjárlög og lögð til ákveðin viðbrögð. Miðað er við að í frv. verði útgjöld vegna ófyrirséðra verkefna bætt sem og áhrif kjarasamninga og nýrrar löggjafar. Þá er tekið tillit til breytinga af hagrænum toga, svo sem gengis, atvinnuleysis og fleiri liða sem áhrif hafa á lögbundin útgjöld. Loks er tekið tillit til ákvarðana ríkisstjórnarinnar um ný útgjaldatilefni.

Eins og undanfarin ár er miðað við að rekstrarhalli stofnana sé almennt ekki bættur nema fram hafi farið endurskipulagning á fjármálum eða að viðkomandi stofnun hafi sýnt fram á að gripið hafi verið til viðeigandi aðhaldsaðgerða. Þá er miðað við að rekstur verði innan fjárheimilda og að tekið sé á fjármálum í frv. til fjárlaga næsta árs.

Alls er áætlað að útgjöld aukist um 7,3 milljarða, þar af eru 2,9 milljarðar vegna heilbrigðis- og tryggingamála og tæplega einn milljarður vegna félagsmála. Stafa útgjöld í heilbrigðismálum aðallega af hallarekstri sjúkrastofnana og af auknum útgjöldum sjúkratrygginga. Þá hækka útgjöld til félagsmála vegna aukins atvinnuleysis og útgjalda ábyrgðasjóðs launa en þar er væntanlega um tímabundinn útgjaldaauka að ræða.

Framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækka um 500 millj. kr. vegna endurmats á lögboðnum útgjöldum og lagt er til að halli á Tækniskóla Íslands verði gerður upp með rúmlega 200 millj. kr. framlagi en ný lög um skólann hafa tekið gildi eins og kunnugt er.

Framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna aukast um 160 millj. kr. vegna fjölgunar lánþega og breytinga á tekjum lánþega. Þá má nefna að framlög til styrktar innlendri grænmetisframleiðslu eru áætluð 280 millj. kr. í samræmi við lög þar um og samning við framleiðendur.

Viðhalds- og stofnkostnaður eykst um 630 millj. kr., þar af eru 150 til að ljúka við byggingu Kennaraháskóla Íslands, 100 millj. til fjárhagskerfa ríkissjóðs og 125 millj. kr. til að ljúka framkvæmdum við Reykjavíkurflugvöll en aðrar breytingar eru minni. Loks eykst fjármagnskostnaður um 250 millj. kr., launabætur eru samtals 900 millj. en á móti kemur að gengisbundnir liðir lækka um rúmlega 450 millj.

Lánsfjárafgangur er áætlaður 20,7 milljarðar en er 38,3 í fjárlögum og lækkar því um 17,6 milljarða kr. eins og áður er getið. Skýringin felst í því að ekki varð af ríflega 20 milljarða kr. sölu á hlut ríkissjóðs í Landssíma Íslands í árslok 2001 og því minnka viðskiptareikningar um 21,5 milljarða af þeim sökum en áætlað hafði verið að greiðslan kæmi inn í upphafi árs 2002. Á móti kemur að innheimtar afborganir af veittum lánum ríkissjóðs verða heldur meiri en áætlað var og munar þar mestu um afborganir af veittum lánum til Seðlabanka Íslands og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Framangreindar breytingar hafa orðið til þess að áform um fjármögnun á ríkissjóði hafa verið tekin til endurskoðunar. Nú er áformað að ráðstafa lánsfjárafgangi þannig að 9 milljarðar verði greiddir inn á framtíðarskuldbindingar hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, tæplega 4 milljarðar fari til að greiða niður aðrar skuldir umfram nýjar lántökur og að staða ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands batni um 8 milljarða kr. Alls er áætlað að tekjuafgangur á ríkissjóði minnki um 1,3 milljarða eins og áður sagði og verði 17,2 milljarðar þegar tekið hefur verið tillit til millifærslu fjárveitinga á milli ára. Tekjuafgangur fyrir hagnað á sölu eigna er áætlaður 2,8 milljarðar og tekjuafgangur án reglulegra tekna og gjalda, þ.e. af venjubundinni starfsemi ríkissjóðs, er 11,6 milljarðar samkvæmt þessari áætlun. Staða ríkissjóðs er því sterk eins og fram kemur í því að lánsfjárafgangi er áfram varið til að lækka skuldbindingar ríkisins. Þannig er létt byrðum af komandi kynslóðum og ríkissjóði gert betur kleift að mæta framtíðarútgjöldum m.a. vegna breyttrar aldurssamsetningar.

Herra forseti. Ég hef nú gert almenna grein fyrir efni frv. og rakið helstu breytingar sem í því felast frá fjárlögum 2002. Ég sé ekki ástæðu til að fara yfir einstaka liði í frv. en legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjárln. þingsins.

[15:32]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur mælt fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002. Frv. til fjáraukalaga er lagt fram til þess að leiðrétta tölur í fjárlögum yfirstandandi árs. Lögin um fjárreiður ríkisins kveða á um hvernig með skuli fara, bæði vinnu og framlagningu fjárlaga og eins líka fjárlagafrv. Í 29. gr. er kveðið svo á um: „Ríkisaðilar í A-hluta skulu hverju sinni afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja ...“ Og sömuleiðis skuli þeir líka í rekstri sínum halda sig innan veittra heimilda fjárlaga. Einungis er heimild ríkisins til þess að hafa afskipti af því á milli fjárlaga ef upp koma ófyrirsjáanleg atvik.

Í 43. gr. laganna um fjárreiður ríkisins stendur: „Ef þörf krefur skal í frumvarpi til fjáraukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir.“ Þær heimildir eru einungis nýttar t.d. í eftirfarandi tilvikum: „Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga.“

Herra forseti. Afar þröngur stakkur er því skorinn varðandi beitingu fjáraukalagaheimildarinnar. Ég hef áður mælt fyrir því á Alþingi að frv. til fjáraukalaga sé einnig unnið að vori, þ.e. að undir lok vorþings sé frv. til fjáraukalaga unnið, þá sé farið yfir breyttar rekstrarforsendur fyrirtækja og þjónustustofnana á vegum ríkisins. Einnig skuli farið yfir ný lög og nýjar lagasetningar sem hafa áhrif á útgjöldin og í ljósi þeirra aðstæðna skuli flutt frv. til fjáraukalaga og fjáraukalög samþykkt að vori miðað við þær aðstæður sem eru uppi. Afar mikilvægt er, herra forseti, að fjárveitingar séu inntar af hendi samkvæmt ákvörðun þingsins hverju sinni.

Aðeins í neyðartilvikum séu fjárheimildir veittar af hálfu framkvæmdarvaldsins en þær þá þegar í stað bornar undir afgreiðslu Alþingis.

Í frv. þessu eru einmitt nokkur tilvik þar sem telja má eðlilegt að framkvæmdarvaldið sjálft hafi tekið þá ákvörðun að veita fjárlagaheimildina með fyrirvara um samþykkt síðar en í öðrum tilvikum hefur framkvæmdarvaldið tekið ákvörðun um fjárveitingarnar og jafnvel ráðstafað þeim áður en þær eru bornar undir þingið. Þetta kann að reynast í sumum tilvikum óhjákvæmilegt en væri þessu breytt í þann farveg að við værum með fjáraukalög tvisvar á ári, að vori og að hausti, væri þingið með það ákvörðunarvald sem því ber samkvæmt lögum. Ég ítreka það hér í upphafi máls míns, herra forseti, að þennan hátt ætti að taka upp og væri þá farið að eðlilegum lögum og þingsköpum.

Í frv. sem hér er til umræðu, frv. til fjáraukalaga, er farið yfir ýmsar forsendur sem hafa breyst eða staðist varðandi fjárlögin eins og þau voru afgreidd. Hæstv. fjmrh. rakti það m.a. að hagvöxtur muni að öllum líkindum standa í stað á þessu ári. Fjárfestingar muni dragast nokkuð saman miðað við fyrri ár og ekki halda verðgildi sínu. Einkaneyslan dregst aðeins minna saman en gert var ráð fyrir. Viðskiptakjörin við útlönd verða betri en ráð var fyrir gert og sömuleiðis er staðan varðandi verðlagsþróun nokkru betri en ráð var fyrir gert þannig að eins og horfir fyrir þetta ár mun verða komið á þokkalegt jafnvægi.

Þó að sjálfsagt sé að gleðjast yfir þeim þætti, að þetta skuli nást og vonandi tekst að fylgja því eftir á næstu árum, þá mega menn ekki gleyma því að sá mikli viðskiptahalli sem hefur safnast upp á undanförnum árum, gríðarlega mikill viðskiptahalli, stendur enn og hann stendur enn ógreiddur. Því er afar mikilvægt að menn átti sig á því að hann hverfur ekki nema hann sé greiddur niður. Þó að við getum nú á vissan hátt varðandi fjárhag okkar glaðst yfir því að staða dollarans skuli hafa veikst gagnvart íslensku krónunni og þar af leiðandi hafi lán sem hafa verið bundin í dollurum líka lækkað miðað við íslenska mynt og þó svo að vaxtakjör í Bandaríkjunum hafi breyst á þann hátt að vextir þar hafi lækkað mjög þannig að vextir af lánum sem við erum með bundin í dollurum hafi líka lækkað og þar með hafi lést á vaxtabyrðinni og greiðslum vaxta af erlendum lánum, þá er það til lengri tíma litið ekki hagur fyrir viðskipti okkar og viðskiptalíf að efnahagslægðin í Bandaríkjunum og sá mikli greiðsluhalli og viðskiptahalli sem þar er sé viðvarandi því að hann mun ekki styrkja efnahagslíf okkar til lengdar og verður þá ekki heldur til þess að við getum reiknað með því að skuldir okkar þar haldi áfram að lækka bara vegna gengisbreytinganna. Því er mikilvægt að átta sig á því að erlendar skuldir hvorki ríkisins né þjóðarbúsins hafa verið greiddar niður á þessu ári en að því þurfum við að sjálfsögðu að stefna.

Varðandi þær tölur sem hér eru lagðar til í fjáraukalagafrv. og hæstv. ráðherra hefur getið um heildartöluna, þá er þetta bara frv. sem lagt er fram og ljóst að það mun eiga eftir að breytast í meðförum þingsins. Okkur er kunnugt um að þar vantar á verulega háar upphæðir. Háar upphæðir vantar til heilbrigðiskerfisins, daggjaldastofnana, hjúkrunarheimila og menntakerfisins þar sem safnast fyrir skuldir. Því er ljóst að til þess að rétta af þá starfsemi sem er í gangi og við viljum að haldi óbreyttum styrk sínum, þá þarf að gera verulegar breytingar á.

Hæstv. fjmrh. minntist á að greidd hefði verið niður skuld Tækniháskólans og er það vel. Í umfjöllun um fjárlög á síðasta vetri var einnig bent á hversu miklar skuldir hvíldu á öðrum framhaldsskólum og stæðu rekstri þeirra hreinlega fyrir þrifum, þeir bæru skuldahala og ótryggan fjárhag ár eftir ár. Ég nefni t.d. Menntaskólann í Kópavogi, matvælasviðið þar og reyndar verknáms- og heimavistarskóla vítt og breitt um landið sem eru með skuldir á herðunum og búa auk þess við mjög ótryggt rekstrarástand. Þeir búa við reiknilíkan sem heldur áfram að mismuna þeim frá ári til árs verði þar ekki breyting á. Í frv. er ekki tekið á uppsöfnuðum rekstrarvanda þessara skóla þó svo vitað hafi verið um hann. Vitað var um hann við afgreiðslu fjárlaga þannig að menn eru áfram að flýja frá vanda sem hefði átt að leysa.

Ég vil einnig minnast á Ríkisútvarpið. Hér er að vísu lagt til að endurgreitt verði til Ríkisútvarpsins sú lækkun á afnotagjöldum eða frestun á heimildum til hækkunar afnotagjalda sem var ákveðin á sl. vori reyndar af ríkisstjórninni án þess að það færi fyrir Alþingi eða fjárln., þar var verið að breyta fjárlögunum í sjálfu sér. Lagt er til að sú upphæð verði greidd eins og þá hafði verið gefið vilyrði fyrir, en áfram er rekstrarvandi Ríkisútvarpsins óleystur og Ríkisútvarpið látið bera hundruð millj. kr. í halla í skuld frá ári til árs og er í óvissu með rekstur sinn. Því er fjarri að hér sé verið að taka af ábyrgð á málum eins og ætti annars að gera.

Ég vil líka benda á, herra forseti, að í niðurstöðutölum fyrir þetta ár, fjárlögum þessa árs, er áfram gert ráð fyrir því að sala á ríkiseignum upp á 15,5 milljarða kr. gangi eftir. Enn þá er reiknað með þeirri tölu í niðurstöðutölum fyrir þetta ár. Enn þá er meginhluti þessara eigna óseldur og þær tekjur sem gert er ráð fyrir að komi þarna inn fyrir sölu eigna eru ekki búnar að skila sér þannig að þetta er enn þá úti í skóginum. Ég verð að segja, herra forseti, að ég tel reyndar að fresta eigi sölu bankanna eins og hún hefur verið fyrirhuguð á undanförnum mánuðum og stefnt er að hvernig að henni verður staðið og taka þau mál til algjörrar endurskoðunar, allt söluferlið á bönkunum. Því er allt of snemmt að gera ráð fyrir þeim tölum nú inn í niðurstöður fjárlaga.

Ég vil þó benda á í því sambandi að hæstv. ráðherra gat þess að fyrir utan eignasölu væri gert ráð fyrir 2–3 milljarða kr. afgangi á ríkisbúskapnum á þessu ári en trú mín er sú að þegar búið er að taka til nauðsynlegra þátta eins og leiðréttingu á fjárhag heilbrigðiskerfisins, sjúkrahúsanna, hjúkrunarheimilanna og nokkurra annarra brýnna verkefna, þá verði sá afgangur sem þarna er gert ráð fyrir farinn fyrir bí, farinn inn í nauðsynleg rekstrarviðfangsefni.

Einnig er vert að geta þess að sú eignasala, ef af verður, rennur ekki til aukinna framkvæmda á vegum ríkisins því að framkvæmdir á þessu ári og reyndar hinu síðasta og nokkrum síðustu árum hafa verið í algeru lágmarki miðað við það sem eðlilegt er að ríkið standi við og standi undir í uppbyggingu á verkefnum og þjónustustarfsemi sinni og þess vegna er slík eignasala í rauninni, ef af verður, að ganga inn í rekstur og greiðslu á rekstrarskuldum. Þetta er vert að hafa í huga. Ekki er búmannlegt að selja eigur sínar, kannski bestu framleiðslutækin sín til þess að standa undir rekstrarkostnaði og rekstrarskuldum eins og hér er gert ráð fyrir.

Herra forseti. Ég fer ekki mjög ítarlega í einstaka liði í þessu fjáraukalagafrv. Þeir eiga eftir að breytast verulega. Ég vil ítreka það sem ég sagði í upphafi að fjáraukalög eiga að vera til þess að sýna vilja þingsins í að leiðrétta eða bæta úr og auka við ákveðna útgjaldaliði, og sömuleiðis leiðrétta tekjuhlið á frv. á yfirstandandi fjárlögum, og ber að fara

með það samkvæmt því, en ekki að þetta sé einhvers konar stimpill fyrir afgreiðslu sem ríkisstjórnin hefur þegar tekið. Því miður eru allt of mikil brögð að því. Það væri miklu nær að við værum með fjáraukalög að vori sem tækju til þeirra breytinga sem þingið hefði þá ákveðið á undangengnum vetri og einnig til breyttrar rekstrarstöðu hinna ýmsu fyrirtækja. Þá hefði t.d. ekki þurft að koma upp sú staða að til þess að rétta af fjárhag einstakra sjúkrahúsa væri heilum deildum lokað, deildum sem ég býst við að þingið hefði verið sammála um að ætti ekki að loka, eða ættu að standa framarlega í forgangsröð í ráðstöfun fjár. Ég nefni t.d. boðaða lokun á Landakoti á deild fyrir alzheimersjúklinga síðasta sumar vegna fjárskorts. Ef þingið fengi að koma að ákvörðunum fjárveitinganna með reglubundnum hætti eins og því ber lögum samkvæmt mundi það ekki gerast.

Virðulegi forseti. Þessu frv. til fjáraukalaga verður vísað til 2. umr. og fjárln. þar sem nánar verður farið í einstaka þætti þess. Ég sit í fjárln. fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og þar munum við fara yfir einstaka þætti frv.

[15:47]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki hægt að láta því ómótmælt sem hv. þm. hélt hér fram, alveg eins og hann hefði ekkert hlýtt á upphafsræðu mína, að tekjum af eignasölu væri varið til þess að greiða niður rekstur. Þetta er algjör fjarstæða, hv. þingmaður. Það er gert ráð fyrir 21 milljarðs kr. lánsfjárafgangi sem að mestum hluta verður til vegna fyrirhugaðrar eignasölu. Þar af fara 9 til þess að minnka framtíðarskuldbindingar hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, 4 í að borga niður lán umfram nýtekin lán en 8 til þess að bæta stöðu ríkissjóðs í Seðlabankanum, þ.e. auka inneignir ríkisins í Seðlabankanum.

Þess vegna spyr ég hv. þingmann: Hvað er hann að fara með þessum málflutningi? Í hvaða rekstur fer þessi lánsfjárafgangur og þetta söluandvirði sem hann er reyndar andvígur að verði aflað því að hann er á móti sölu ríkisfyrirtækja eins og hér kom fram í máli hans? Ég bið þingmanninn að finna orðum sínum stað um þetta efni.

[15:48]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefði átt að tala hægar en fylgjast betur með því sem ég sagði. Ég sagði, og endurtek það hér, herra forseti, að fyrirhugaðri eignasölu er ætlað annars vegar að standa undir rekstri og hins vegar rekstrarskuldum ríkissjóðs. Þeim væri ekki varið til aukinna framkvæmda á vegum ríkissjóðs — ég vona að hæstv. fjmrh. skilji þetta — heldur rekstrarskulda fyrri ára.

Ef hæstv. ráðherra flettir upp í frv. og þeim gögnum sem fylgja fjárlögum og þjóðhagsáætlun sér hann að kostnaður við framkvæmdir á vegum ríkisins hefur staðið í stað eða lækkað í krónutölum og rauntölum síðustu ár þannig að sala eigna hefur ekki runnið til þess og ekki heldur til þess að greiða lán vegna aukinna framkvæmda heldur til þess að greiða niður rekstrarskuldir. Þær þarf að greiða niður og ég er sammála hæstv. ráðherra í að rekstrarskuldirnar þarf að greiða niður. En það er jafnbölvað að þurfa að selja eignir til þess að standa undir rekstrarskuldum.

Ég tel reyndar, herra forseti, að það sé ekki heldur rétt hjá hæstv. ráðherra — og ég gat þess hvergi í máli mínu — að ég sé andvígur allri hugsanlegri sölu á fyrirtækjum á vegum ríkisins. En í fyrsta lagi eru það ákveðin almannaþjónustufyrirtæki sem ekki eiga að vera til sölu og í öðru lagi, þegar maður selur fyrirtæki á að gera það með skikkanlegum hætti á opinn og hreinskilinn hátt og eftir þekktum leikreglum.

[15:50]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að hv. þm. gat alls ekki fundið orðum sínum stað. Það er ekki verið að verja söluhagnaði af ríkiseignum til þess að fjármagna einhvern rekstur. Það er rekstrarafgangur, jafnvel þó að við sleppum öllum söluhagnaðartekjunum, og það er gríðarlegur rekstrarafgangur af venjubundinni starfsemi ríkissjóðs ef maður sleppir því sem lagt er til hliðar og gjaldfært sem rekstrarkostnaður vegna lífeyrisskuldbindinga.

Ég endurtek þess vegna: Við búum í haginn með því að greiða niður skuldir annars vegar, við borgum í beinhörðum peningum til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna framtíðarskuldbindinganna þar — ekki er hægt að kalla það rekstrarskuldir — og hins vegar byggjum við upp inneign í Seðlabanka Íslands. Ég held að þingmaðurinn ætti aðeins að athuga málflutning sinn betur.

[15:51]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé rétt hjá hæstv. fjmrh. að leggja til að skuldir séu greiddar niður þegar svigrúm til þess gefst, tek alveg undir það með hæstv. ráðherra. Og fyrirframgreiðslur vegna lífeyrissjóðsskuldbindinga eru líka ágætar þegar svigrúm er til. En ég minni á að þessar lífeyrisskuldbindingar eru almennt líka hluti af rekstrarskuldbindingum ríkissjóðs. Það er samt jafngott að standa skil á þeim, ég er alveg sammála hæstv. ráðherra í því.

Þegar upp er staðið, herra forseti, tel ég og ítreka þá skoðun mína að það sé slæmt að þurfa að selja dýrmætar eignir ríkisins sem hafa jafnvel skilað miklum arði í ríkissjóð, og að þeim skuli fyrst og fremst vera varið til að standa undir eða mæta rekstrarskuldbindingum. (**Gripið fram í:** Eða vegi.) Já, já.

[15:53]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Starfshættir eru orðnir undarlegir á Alþingi Íslendinga. Forseti sem hér situr veður yfir allt og alla, og breytir hefðum sem verið hafa í langan tíma. Þegar þingmenn kalla eftir því að gera athugasemd við stjórn fundarins er vaðið yfir þá líka og ekki hlustað á, eða ekki tekið eftir því sem sagt er.

Sú hefð hefur verið ríkjandi svo lengi sem ég man að stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn talar fyrstur við allar umræður um fjárlög. Núna breytir virðulegur forseti því rétt eins og þegar hann gerir athugasemd við störf einstakra þingmanna en leyfir sér sjálfur slíkt hið sama sem hann gerir athugasemd við hjá öðrum.

Virðulegi forseti. Við byggjum fjárlagagerð okkar á svonefndum rammafjárlögum. Það er ástæða til að hugleiða lítillega við hvað er átt með rammafjárlögum. Menn setja sér markaðan ramma fyrir viðfangsefni og meta þau til fjár. Fyrst og fremst er markmiðið að útgjöld fari ekki fram úr áætluðum tekjum.

Í öðru lagi eru rammar hvers ráðuneytis þannig upp settir að ef eitthvað fer úrskeiðis varðandi einn þátt er ætlast til þess að viðkomandi ráðuneyti hagræði innan rammans nema um eitthvað stórkostlega ófyrirséð sé að ræða, svo sem náttúruhamfarir eða því um líkt.

Það er ljóst þegar farið er yfir fjárlög og fjáraukalög að enn er nokkuð langt í land með að menn virði — þá á ég við hæstv. ráðherra sem yfirmenn sinna málaflokka — þau lög sem þeir hafa sjálfir samþykkt, fjárlög og fjárreiðulög. Mín fyrsta athugasemd til hæstv. fjmrh. er því að hann útskýri fyrir þingi og þjóð hvernig hann skilur hugtakið rammafjárlög. Mér virðist ekki veita af því að hann brýni fyrir félögum sínum, öðrum hæstv. ráðherrum, að virða lögin.

Ég spyr einnig að marggefnu tilefni um rekstrargrunninn: Er hann rangur? Það er ástæða til að setja fram spurningar af þessu tagi því að það eru of mikil, að mínu mati, frávik frá fjárlögum til reikningsniðurstöðu, og þó að bent hafi verið á skekkjur þegar í upphafi umræðu um fjárlagagerð virðast menn ekki vilja sinna slíku. Það hefur verið kallað, af hv. formanni fjárln., að stinga höfðinu í sandinn.

Eru hæstv. fjmrh. og næstráðendur hans í strútsleik, vilja þeir ekki líta til staðreynda fyrr en þær hellast yfir þá? Þessu velti ég fyrir mér vegna þess að á flest af því sem úrskeiðis hefur farið varðandi fjárlagagerðina var bent við fjárlagaumræðuna fyrir fjárlög 2002.

Í fjáraukalögum innan fjárhagsárs á að fjalla um þær fjárráðstafanir sem ekki var hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Fjáraukalög eiga þannig fyrst og fremst að snúast um ófrávíkjanleg málefni en ekki um rekstrarvanda einstakra ríkisstofnana. Aðrar fjárhagsráðstafanir eiga að koma til umfjöllunar við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta fjárhagsár eða við afgreiðslu lokafjárlaga fyrir síðasta fjárhagsár. Því miður næst þetta markmið ekki og m.a. er í frv. til fjáraukalaga verið að fjalla um ákveðinn rekstrarvanda einstakra stofnana.

Herra forseti. Hvernig fer saman stjórnunarleg og fjárhagsleg ábyrgð? Mér finnst, virðulegur forseti, vanta á að menn hafi skilgreint fyrir sjálfum sér hvernig þetta eigi að fara saman. Það er eins og fjárreiðulögin, sem eru stuðningur við fjárlögin, hafi ekki átt aðgang að borðum hæstvirtra ráðherra því að þar er tekið á þessum hlutum og sagt nákvæmlega fyrir um hverjar og hvernig leikreglur eru.

Í fjáraukalagafrv. sem hér liggur fyrir ber það hæst að fyrirséðri fjárvöntun í heilbrigðiskerfinu er nú mætt að hluta en stórir þættir standa út af borðinu svo sem vegna Landspítala – háskólasjúkrahúss. Þar standa út af líklega milli 700 og 800 millj., og hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri standa út af líklega um 170 millj. Þar að auki er óleystur vandi sem verið er að vinna að upp á milli 700 og 800 millj. vegna rekstrar öldrunarheimila.

Ég veit ekki hvernig þetta er en ýmislegt virðist hafa dottið út af borðinu. Það er einnig verið að leiðrétta í þessu fjáraukalagafrv. fjárúthlutanir sem virðast hafa dottið á milli skips og bryggju því að ráðuneytin hafa einfaldlega ekki sinnt því fyrr en með fjáraukalögum að afgreiða samþykktir fjárln. á fjárlögum síðasta árs. Ég tel mjög athugavert að svona lagað tíðkist. Ég veit ekki hvort það táknar eitthvað sérstakt eða hvort um mistök er að ræða.

Það er auðvitað margt sem við getum skoðað þegar við veltum fyrir okkur fjárveitingatillögum til fjáraukalaga fyrir 2002. Það má velta fyrir sér sérstökum kostnaði vegna heimsókna þjóðhöfðingja sem sennilega hefði verið hægt að gera, og þyrfti að gera, ráð fyrir. Greint er frá því að hér hafi kínverskur forseti komið og þar verður til kostnaður upp á tugi milljóna. Það liggur við að maður þurfi að ætlast til þess að til séu fjármunir til að mæta svona óvæntum uppákomum, bæði vegna kostnaðar við löggæslu og annarra útgjalda ráðuneyta.

Einnig má velta fyrir sér 4. gr. sem heitir Ýmis ákvæði – Heimildir. Þar er verið að biðja um breytingar á þeim liðum sem þar koma fram, frá 2.26 upp í 7.14. Ég fullyrði og spyr kannski um leið hæstv. fjmrh.: Er það svo að ekkert af því sem hér er hafi verið fyrirsjáanlegt fyrir árið 2002 þegar við samþykktum fjárlög? Ég fullyrði að hluti af þessu hafi verið til í greinargerð og í áætlun þannig að það hefði mátt og átt að vera í fjárlögum, en þetta kemur inn í fjáraukalög.

Ég tel að slíkt sé athugavert í verkframkvæmdinni, virðulegur forseti, og þar hygg ég að við hæstv. fjmrh. getum verið að nokkru sammála, að þetta er það sem menn hafa verið að bæta. Og það er margt sem hefur batnað, m.a. það að fjáraukalögin eru lögð fram á fyrstu dögum þingsins og ég vil segja að það er til fyrirmyndar fyrir hæstv. fjmrh.

Herra forseti. Það er ekki af árásarhvöt sem ég dreg fram þau atriði sem ég hef nefnt, heldur að hvetja til bættra vinnubragða þar sem það er unnt. En að öðru leyti vísa ég til þess að fulltrúar Samfylkingarinnar í fjárln. munu skila áliti við 2. umr. um fjáraukalög svo sem venja er til. Og við munum gera athugasemdir og formlegar tillögur við þá umræðu.

Ég vil benda á, herra forseti, að við umræðu um fjárlög eru einstakar stofnanir þegar í upphafi að leggja af stað með rekstrarhalla sem nemur hundruðum milljóna. Það þarf að fá menn til að horfast í augu við þá staðreynd og henni þarf að breyta.

En það sem út af stendur og er hryggilegast er að þess sjást engin merki að hæstv. ríkisstjórn geri eitthvað til að bæta stöðu þess fólks sem á við fátækt og vanda að stríða vegna verulega breyttra aðstæðna í íslensku samfélagi. Hæstv. ríkisstjórnin hælir sér af 17,2 milljarða afgangi í fjárlögum á meðan þúsundir, ekki hundruð, Íslendinga berjast við að ná endum saman, fjöldi þeirra á yfirvofandi nauðungaruppboð yfir höfði sér. Og á sama tíma og ríkisstjórn ber sér á brjóst og hælir sér af 17,2 milljarða afgangi, sem er glæsileg tala, þá er sagt í ræðum hjá Tryggingastofnun ríkisins, svo ég vitni nákvæmlega til einnar, með leyfi forseta. Þar segir Ingibjörg Georgsdóttir barnalæknir:

„Íslenska velferðarkerfið er flókið, stagbætt eins og gömul flík, segja gárungarnir. Helstu bóta- og greiðsluflokkar sem snúa að börnum og barnafjölskyldum eru greiðslur í fæðingarorlofi, barnabætur, mæðra- og feðralaun öryrkja og einstæðra foreldra, barnalífeyrir vegna barna og öryrkja og umönnunargreiðslur vegna fatlaðra, langveikra barna."

Farið er yfir þetta í mörgum liðum og sýnt fram á að velferðarkerfið er stagbætt og gallað. Þetta er til skammar fyrir okkur. Við ættum að láta okkur það að kenningu verða hvernig hlutirnir eru og nýta eitthvað af þeim fjármunum sem við höfum í afgang til að bæta stöðu þeirra sem illa eru staddir, það eru allt of margir þannig staddir á sama tíma og við stærum okkur af mjög góðri stöðu ríkissjóðs.

[16:04]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Frv. til fjáraukalaga liggur nú fyrir og ber með sér enn einn vitnisburðinn um trausta efnahagsstjórn og ríkisfjármálin bera sömuleiðis vitni um að íslenskt efnahagslíf er að koma út úr skammvinnri lægð og við tekur vaxtarskeið sem nýtast mun atvinnulífi, velferðarkerfi og ríkissjóði.

Ég ætla ekki við þetta tækifæri að rekja margt af því sem snýr að rekstri ríkissjóðs og efnahagshorfum, ég gerði allítarlega grein fyrir viðhorfum mínum hvað það varðar við 1. umr. fjárlaga og er óþarfi að endurtaka það.

Frv. ber að venju með sér margvíslegar breytingar. Heildarniðurstaða frv. er vel innan þeirra marka sem við höfum séð dæmi um á síðustu árum. Tel ég að þar hafi verið gætt aðhalds og hófs um leið og ég ítreka það sem ég hef sagt áður um fjáraukalög að ríkisstjórn og Alþingi þurfa á hverjum tíma að gæta að því að fjáraukalög fari ekki fram úr eðlilegu viðmiði.

Frv. fer nú til fjárln. til skoðunar og umræðu. Að venju munu koma fram margvíslegar tillögur til breytinga og vænti ég góðs af samstarfi við nefndarmenn eins og áður hefur verið og við í fjárln. munum skila frv. hingað inn til endanlegrar afgreiðslu eftir þá vinnu.

[16:06]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Í raun er óviðunandi að ár eftir ár skulum við ræða hér frv. til fjáraukalaga án þess að ráðherrar láti svo lítið að láta sjá sig í salnum nema hæstv. fjmrh. sem að sjálfsögðu situr sína vakt og hefur gert undanfarin ár með prýði og verður væntanlega sama sagan hér í dag. Þetta verður að sjálfsögðu til þess að ég verð að spyrja hæstv. fjmrh. um ýmis efni sem eðlilega snúa að öðrum ráðherrum, en ég vænti þess að hæstv. fjmrh. geti örlítið hjálpað okkur til í því að auka vitneskju okkar um einstaka liði sem vekja athygli þegar frv. til fjáraukalaga er skoðað.

Fyrst ber fyrir augu athyglisverðar tillögur varðandi fjárveitingar vegna ófyrirséðra atburða, en það er heimsókn forseta Kína til landsins síðasta sumar. Verður að segjast að það er með ólíkindum að svo viðamikil heimsókn skuli verða með svo stuttum fyrirvara að ekki sé hægt að gera ráð fyrir henni í fjárlögum komandi árs, því ef ég man rétt var forseti Kína á ferðinni hér í júnímánuði, þannig að það var nú ekki einu sinni á seinni hluta ársins sem hann kom. Við sjáum að sú heimsókn hefur kostað ríkissjóð miðað við þær tölur sem eru í frv. til fjáraukalaga rétt tæpar 40 millj. kr. og skiptist það á milli tveggja ráðuneyta og svo embættis forseta Íslands.

Þetta eru þó litlir fjármunir ef við miðum við þann kostnað sem fram kemur að þurft hafi að greiða vegna ráðherrafundar NATO, þ.e. eingöngu löggæslu vegna þess fundar, því enn er bætt við þær 50 milljónir sem áætlaðar voru á fjárlögum til þess og nú er liðurinn kominn upp í tæpar 70 millj. kr.

Fleira vekur athygli, herra forseti, m.a. það að hæstv. ráðherrar skuli ekki hafa meiri fyrirhyggju í endurnýjun bíla sinna en svo að þeir vita ekki þegar við göngum frá fjárlögum í desembermánuði að það sé á dagskrá næsta árs, en í frv. til fjáraukalaga kemur í ljós að a.m.k. tveir hæstv. ráðherrar eru í bílahugleiðingum, annars vegar er það hæstv. forsrh. og hins vegar hæstv. landbrh. Og það vekur auðvitað athygli og væri fróðlegt ef hæstv. fjmrh. gæti upplýst okkur um það hvernig á því stendur að gert er ráð fyrir að bifreiðakaup hæstv. forsrh. kosti 2,5 millj. kr. en bifreiðakaup hæstv. landbrh. 3 millj. kr. Við almennir þingmenn sem fylgjumst nú ekki svo náið með bílaflota hæstv. ráðherra erum forvitnir að vita hver skýringin er á því að hæstv. forsrh. kemst frá þessu með lægri upphæð en hæstv. landbrh. En fyrst og fremst vekur athygli að fyrirhyggjan skuli ekki vera meiri í þessum ráðuneytum en svo að ekki sé hægt að hafa slíkar upphæðir í fjárlögum, eða þá að bíða mætti til fjárlaga næsta árs með að endurnýja bílaflotann. En fróðlegt væri ef hæstv. fjmrh. veit skýringar á því af hverju svo mjög lá á þessari endurnýjun.

Herra forseti. Af því ég hef staldrað aðeins við forsrn., þá er hér athyglisverður liður þar sem óskað er eftir 10 millj. kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við ráðgjöf á sviði efnahagsmála og virðist vera fyrst og fremst um að ræða greiðslu til Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og er sérstaklega tilgreint að um sé að ræða rannsóknarverkefni sem snýr að byggðaþróun á Íslandi. Það er auðvitað afskaplega ánægjulegt að hæstv. forsrh. skuli enn hafa áhuga á byggðaþróuninni þrátt fyrir að sá málaflokkur hafi verið færður frá forsrn. til iðnrn. og vonum við að þetta rannsóknarverkefni eigi eftir að skilja eftir sig merkar upplýsingar sem nýtast í því að vinna gegn þeirri óheillavænlegu byggðaþróun sem við höfum þurft að lifa við allt of lengi. Enn er spurt um skýringar á því hvernig á því standi að ekki hafi verið gert ráð fyrir þessu í fjárlögum.

Herra forseti. Í forsrn. eru líka nokkrir gamlir kunningjar í tillögum sem snúa að forsrn. Sérstaka athygli vekur tillaga á bls. 66 um 14,6 millj. kr. fjárveitingu vegna uppgjörs á framkvæmdum við Þjóðhildarkirkju og bæinn í Brattahlíð á Grænlandi. Athygli vekur að í frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002 skuli enn skjóta upp kollinum fjárhæðir vegna þessara um margt ágætu verkefna. En eins og fram kemur í texta er um að ræða uppgjör við Ístak vegna verkbreytinga árið 2000. Hér erum við að fjalla um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002. Og þetta er samkvæmt verksamningi við Vestnorræna ráðið dagsett 24.03.1998. Maður verður að spyrja hæstv. fjmrh.: Getum við átt von á því að upphæðir vegna þessara framkvæmda verði fastur liður í frv. til fjáraukalaga næstu árin?

Herra forseti. Hægt væri að velta ýmsu fyrir sér í fjáraukalagafrv. en við 1. umr. verður að stikla mjög á stóru og tína upp það sem vekur sérstaka athygli.

Einn liður vakti sérstaka athygli mína, en það kemur einna best fram á bls. 90 undir iðnrn., þar sem óskað er eftir 2,1 millj. kr. til að fjármagna rekstrarhalla af sýningunni Islandica 2001. Enn vek ég athygli á því að við erum að fjalla um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002. Síðan heldur áfram í textanum „... sem haldin var að frumkvæði iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis og samgönguráðuneytis.“ Það er auðvitað afar athyglisvert að þessi mikilsverðu ráðuneyti skuli standa sjálf fyrir sýningu af þessari gerð og síðan skuli koma upp í frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002 halli af þeirri sýningu upp á 4,2 millj. kr. Því miður, herra forseti, vannst mér ekki tími til að fletta því upp hversu miklu fjármagni var varið til þeirrar sýningar og þar af leiðandi hversu hátt hlutfall þessi halli er af kostnaði við sýninguna, en vonandi hefur hæstv. fjmrh. þær tölur við höndina. Ef ekki, þá verði þær sendar til fjárln. þannig að við getum farið yfir þetta mál.

Hér er sem sagt um heildarhalla upp á 4,2 milljónir að ræða. Það vekur líka athygli mína að það er 2,1 milljón hjá iðnrn. og síðan kemur 1 milljón hjá samgrn., en þegar ég grandskoða landbrn. sem miðað við þennan texta hefði þá átt að borga 1,1 milljón, þá finnst ekkert. Landbrn. virðist því hafa komið sér hjá að taka þátt í að greiða hallann af þessari sýningu eða á kannski eftir að ... (Gripið fram í.) Já. Það gæti líka verið að digrir sjóðir væru í landbrn. sem gætu nýst til þess, en ef ég man rétt var sýningin ekki síst tengd landbúnaði. En hæstv. fjmrh. upplýsir okkur vonandi um hverju þetta sætir.

Ég þóttist sjá hér hæstv. heilbrrh. Varðandi heilbrigðismálin þá kom fram í umræðunni að stærsti hluti þeirrar útgjaldaaukningar sem hér er gerð tillaga um tengist heilbrrn. Þar eru auðvitað fastir liðir eins og við höfum því miður ansi

oft séð. Hér er t.d. lögð til 677 millj. kr. hækkun í lyfjaútgjöld sjúkratrygginga þrátt fyrir að gripið hafi verið til aðgerða sem eiga að skila 310 millj. kr. lækkun lyfjaútgjalda ársins, samkvæmt því sem fram kemur í frv. Væntanlega eru gefnar á því hinar hefðbundnu skýringar, um hækkun lyfjaverðs og mikla þróunar á þessu sviði en auðvitað væri fróðlegt að heyra hjá hæstv. heilbrrh. hvort enn megi vænta einhverra tilrauna til að halda þessum útgjöldum innan ramma fjárlaga.

Herra forseti. Mig langar að ræða nokkrar tölur sem tengjast heilbrigðismálunum. Annars vegar varðandi Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri þar sem lögð er til 108 millj. kr. fjárveiting, fyrst og fremst til að mæta kostnaði vegna EES-samnings um lágmarkshvíld. Eins og fram hefur komið í umræðum hefur Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri ekki treyst sér til að gera stofnanasamninga við starfsfólk sitt af þeirri einföldu ástæðu að þeir hafa ekki talið sig hafa fjármagn til þess á meðan ýmsar aðrar heilbrigisstofnanir hafa hins vegar gert slíka samninga. Spurningin er hvort þær séu þá betur settar. Þar kem ég raunverulega að því sem ég ætlaði að gera að aðalumræðuefni en það er Landspítali – háskólasjúkrahús. Það kemur í ljós að lagt er til að framlag til reksturs sjúkrahússins hækki samtals um 1.200 millj. kr. Hér er síðan nokkur sundurliðun og m.a. talað um að 306 millj. kr. séu halli vegna svokallaðra S-merktra lyfja. En miðað við pappíra og sundurliðanir á stöðu Landspítala – háskólasjúkrahúss er svolítið erfitt að átta sig á hvað er nákvæmlega verið að bæta með þessum 1.200 millj. kr. Uppsafnaður halli sjúkrahússins um áramótin 2001/2002 var 880 millj. kr. Áætlaður halli af rekstrinum árið 2000 er um milljarður kr. en hallinn vegna S-merktu lyfjanna um 330 millj. kr. Í þessu frv. til fjáraukalaga gert ráð fyrir að til að mæta þessu séu lagðar til 1.200 millj. kr. Þá stendur enn út af borði um milljaður kr. og þess vegna er nauðsynlegt að spyrja hæstv. heilbrrh., þar sem hann situr nú í salnum ásamt hæstv. fjmrh., hvað er í raun verið að bæta með þessum 1.200 millj. Er verið að bæta hallann sem var um áramótin 2001/2002 eða er hér fyrst og fremst verið að huga að árinu 2002? Er bæta hluta af hallanum um áramótin 2001/2002? Hvernig þessi tala, 1.200 millj. kr. í raun og veru fundin? Það er auðvitað nauðsynlegt að átta sig á þessum útreikningi.

Hér er einnig önnur tala sem tengist heilbrrn. þ.e. varðandi hjúkrunarheimili. Á bls. 82 í frv. kemur fram að lagt sé til 487 millj. kr. viðbótarframlag til dvalar- og hjúkrunarheimila. Það er eðlilegt að spurt sé vegna þess að það er ekki skýrt í frv. hvernig þessi tala er fundin, hvort hér er aðeins verið að bæta halla ársins 2002 eða horft fleiri ár aftur í tímann.

Það er líka athyglisvert sem fram kemur örlítið neðar varðandi það hvernig fyrirhugað er að skipta þessu framlagi en þar segir, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að framlaginu verði skipt milli þessara stofnana með hliðsjón af reiknilíkani sem verið er að innleiða og tekur mið af umönnunarþyngd stofnana ...“ o.s.frv. Er það þá rétt skilið miðað við þennan texta að þetta reiknilíkan sé ekki fullunnið, að enn sé unnið að því og þrátt fyrir það hafi menn getað fundið þá tölu sem ég nefndi áður? Hæstv. heilbrrh. skýrir þetta væntanlega fyrir okkur á eftir.

Herra forseti. Aðeins að lokum. Ég hef áður við svipaðar umræður spurt um samning við Læknavaktina í Reykjavík. Ef ég man rétt hafa svörin yfirleitt verið þau að það stæði til að endurnýja þann þjónustusamning sem gerður var árið 1998. Ég verð að segja, herra forseti, að það virðist full þörf á því af þeirri einföldu ástæðu að í þessum samningi var gert ráð fyrir 17.000 komum sjúklinga á ári. Talan virðist stöðugt halda áfram að hækka. Hér segir: „Samkvæmt upplýsingum frá Læknavaktinni er áætlað að komur sjúklinga verði um 53.000 á þessu ári ...“ Þannig er fjöldinn komin ansi langt frá upphaflegum samningi 1998. Það er fastur liður í frv. til fjáraukalaga að leitað er eftir auknum upphæðum til að greiða þessa viðbót. En það sem forvitnilegast er varðandi þetta er nokkuð sem ég vona að heilbrrh. geti upplýst okkur um: Hvað veldur því að ekki er hægt að endurnýja þennan þjónustusamning við Læknavaktina? Er einhver fyrirstaða fyrir hendi hjá Læknavaktinni sjálfri eða ganga samningaviðræður svo erfiðlega að ekki hefur náðst niðurstaða í þá samninga?

[16:22]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Austurl. ræddi nokkur mál sem varða heilbrigðismálakafla frv. Í fyrsta lagi fjallaði hann um Landspítalann og spurði hvað væri verið að bæta með 1.200 millj. kr. Það er verið að greiða það upp í uppsafnaðan halla sjúkrahússins. Ljóst er að ef hreinsa ætti upp það sem er uppsafnað hjá spítalanum þyrfti þessi upphæð að vera um 1.600 millj. til að spítalinn gæti haft með sér milli ára u.þ.b. 300–400 millj. kr. sem talinn er viðráðanlegur greiðslufrestur. Það er enn verið að skoða þessi mál og fara yfir þau. En þetta er til að mæta breytingum á greiðsluflæði á árinu.

Á hjúkrunarheimilunum er verið að taka svokallað RAI-mat í notkun, mat á hjúkrunarþyngd. Það er orðið viðurkennt mælitæki þannig að við munum nota það til að deila út fjármunum á hjúkrunarheimilin. Hins vegar er enn verið að skoða dvalarheimilishlutann af öldrunarþjónustunni.

Varðandi þjónustusamninga við Læknavaktina er verið að skoða hvernig staðið verður að því. Ég hef ekki niðurstöðu af því enn þannig að tölur um hana liggja ekki fyrir.

Á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri hafa aðlögunarsamningar verið þar til skoðunar. Reglan er sú að menn hafa dregið úr kostnaði á móti. Það er verið að kanna með hverjum hætti það verður gert en mér er kunnugt um að menn hafa talið sig skorta fjármagn til þess.

[16:25]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við ræðum hér fjáraukalagafrv. þessa árs.

Herra forseti. Ég bar fram ákveðnar spurningar til hæstv. fjmrh. í umræðunni um fjárlög fyrir stuttu síðan sem hann hafði þá ekki svör við á reiðum höndum. Hann bauðst til að útvega þau síðar og koma þeim á framfæri sem allra fyrst í fjárln. Ég hef ekki séð þau svör þar. Ég vildi því af því tilefni, herra forseti, fá að ítreka þessa spurningu. Nú hagar hins vegar svo til, hæstv. forseti, að fjmrh. er ekki í salnum.

(**Forseti** (GÁS): Forseti mun grípa til viðeigandi ráðstafana og ná honum til fundarins.)

Herra forseti. Það sem ég ætlaði að ítreka við hæstv. fjmrh. voru einfaldlega spurningar sem ég lagði fyrir hann í lok umræðunnar um fjárlagafrv. Þá spurði ég um skuldastöðu ríkisins og hvað af lækkun erlendra skulda í fjárlagafrv. væri til komið af gengisbreytingum, hækkun íslensku krónunnar eða lækkun erlendrar myntar, m.a. vegna betri vaxtakjara fyrir okkur í Bandaríkjunum á lánum í dollurum. Ég vildi í lokin á þessari umræðu um fjáraukalögin spyrja hvort hæstv. fjmrh. hefði þessar upplýsingar við höndina sem hann hafði ekki þá. Ég óska eftir að fá það upplýst.

[16:28]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég þakka mönnum fyrir málefnalega umræðu um frv. til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár. Ég mun leitast við að svara nokkrum spurningum sem til mín hefur verið beint en mun að öðrum kosti reyna að tryggja að fjárln. berist þær upplýsingar sem hér hefur verið leitað eftir takist mér ekki að svara því sem um hefur verið spurt þannig að viðkomandi telji að fullnægjandi sé.

Ég vil þó aðeins í upphafi fara nokkrum orðum almennt um hugmyndina að fjáraukalögum í þeim búningi sem þau eru núna og það sem hér hefur gerst í þessum efnum eins og ýmsir hafa verið að tala um. Ég tel að veruleg betrumbót hafi orðið í þessum efnum eftir setningu laganna um fjárreiður ríkissjóðs og þá framkvæmd sem þá var komið á varðandi þessa hluti. Ég er auðvitað líka sammála því sem menn nefndu hér, að það er mönnum til hagsbóta og hægðarauka að fjáraukalagafrv. komi fram í upphafi þingsins, þ.e. á fyrstu dögum þess eins og nú gerðist til að fjárln. gefist betra tóm til að fara yfir málið og gera það hugsanlega samhliða fjárlagafrv. Það flýtir fyrir og getur sparað vinnu, bæði hjá nefndinni og ýmsum sem hún kallar fyrir sig. Þeir þurfa þá ekki að koma tvær ferðir.

Hins vegar tel ég að það sýni sig að betur hefur tekist að ná utan um þau ófyrirsjáanlegu atvik sem fjáraukalögunum er ætlað að mæta en áður var þó að við munum að sjálfsögðu aldrei nokkurn tíma geta komið í veg fyrir að þörf skapist fyrir frv. af þessu tagi vegna ófyrirséðra atvika, nýrrar löggjafar eða nýrra ákvarðana. Frv. til fjáraukalaga munu að sjálfsögðu ekki hverfa þó að upphæðirnar í þeim fari vonandi lækkandi, í það minnsta sem hlutfall af niðurstöðutölu fjárlaganna.

Mig langar að geta þess að fjáraukalög voru afgreidd frá Alþingi 1998 fyrir það ár með 14,7 milljarða útgjaldaaukningu frá því sem var í fjárlögum þess árs og árið eftir með 10,5 milljarða útgjaldaaukningu miðað við fjárlögin 1999. Árið 2000 var bætt við 8,2 milljörðum með fjáraukalögum við fjárlögin það ár og í fyrra afgreiddi Alþingi fjáraukalög með 15 milljarða útgjaldaauka miðað við fjárlög ársins 2001. Í þessu frv. er hins vegar gert ráð fyrir því að útgjöld aukist um 7,3 milljarða sem eru u.þ.b. 3% af niðurstöðutölu fjárlaga þessa árs.

Nú er auðvitað ekki lokið endanlegri umfjöllun um málið þannig að vera má að þessi tala hækki í meðförum þingsins. Það er ekki ólíklegt. Eigi að síður tel ég sýnt að hér er á ferðinni töluverður árangur í því að reyna að sjá til þess að þörfin fyrir umframútgjöld sé sem lægst.

Síðan má endalaust um það deila hvort einstök málefni eða einstakar upphæðir í fjáraukalögum hefðu hugsanlega verið fyrirsjáanlegar. Voru þær heimildir sem hér er gert ráð fyrir að bætist við 7. gr. fjárlaga fyrirsjáanlegar eins og hv. þm. Gísli S. Einarsson spurði um. Ég tel ekki að svo sé, í það minnsta í yfirgnæfandi tilvikum. Ég nefni dæmi: Hér er veitt heimild til þess að kaupa fasteignina Gljúfrastein í Mosfellsbæ. Engin ákvörðun lá fyrir um það þegar fjárlög ársins voru afgreidd. Það var síðan ákveðið á vormánuðum að ganga til slíkra samninga við eigendur þessarar eignar. Slíkur samningur var gerður, en að sjálfsögðu með fyrirvara um heimild Alþingis, sem við erum núna að óska eftir að verði veitt.

Hið sama er að segja um aðra liði hér eins og t.d. þá ósk sem hér kemur fram um að keyptur verði bústaður fyrir skólameistara Menntaskólans á Ísafirði. Það mál er líka fram komið á þessu ári og er í vinnslu. Svona mætti lengi telja.

Ég held að að því er varðar þessa liði sé það svo að þetta sé allt nýtt, hlutir sem hafa komið fram eftir að fjárlög yfirstandandi árs voru afgreidd. Auðvitað reyna menn að haga því þannig til.

En það er hins vegar alveg rétt að í þessu frv. til fjáraukalaga eru liðir sem mönnum koma kannski á óvart og enginn okkar í þingsalnum gat vitað um þegar við afgreiddum fjárlögin. Eitt af því var heimsókn Kínaforseta, vegna þess að að henni var mjög stuttur aðdragandi. Sá þjóðarleiðtogi gerir ekki boð löngu á undan sér þegar hann heimsækir önnur lönd, heldur er aðdragandi slíkra heimsókna mjög stuttur. Annaðhvort geta menn þá tekið á móti gestinum eða menn geta ekki tekið á móti. Það var ákveðið að taka á móti honum eins og allir muna og kostaði það þessar upphæðir og þá er ekkert um annað að gera en að horfast í augu við þann útgjaldaauka í fjáraukalögum.

Eins er með þær upphæðir sem hér er verið að bæta við vegna utanríkisráðherrafundar NATO þar sem útgjöldin þar voru óviss að vissu marki.

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson spurði um bílakaup tveggja ráðherra og af hverju bifreið fyrir forsrn. kostaði 2,5 millj. aukalega, en landbrh. 3 millj. Ég geri ráð fyrir því, án þess að ég geti nú alveg fullyrt um það, að þetta skýrist af því að uppítökubílarnir hafi verið misjafnlega verðmætir. Reyndar er ekki alveg um sams konar bifreiðar að ræða þarna þannig að ég þekki það nú ekki nákvæmlega. En ég legg til að þingmaðurinn grennslist betur fyrir um þetta í fjárln.

Um síðan ýmis önnur verkefni á vegum forsrn. sem hv. þm. nefndi þá t.d. er það þannig varðandi Þjóðhildarkirkju og verkefnið í Brattahlíð að því miður var þar um að ræða ógreidda reikninga sem sýnt var að greiða bar. Þá verðum við að taka svona á því máli þó að tvö ár séu liðin frá því það hefði átt að vera uppgert því þessir reikningar eru vegna ársins 2000. Hér verður ekkert um neinn fastan lið að ræða eins og þingmaðurinn spurði um heldur er endanlegu uppgjöri vegna þessara ágætu framkvæmda vonandi lokið.

Að því er varðar sýninguna Islandica sem þrjú ráðuneyti beittu sér fyrir fyrir örfáum árum verður að segja eins og er að því miður fór það verkefni fram úr áætlun. Það má kannski segja sem svo eftir á að kannski hafi ekki verið hyggilegt að ráðuneytin sjálf væru að beita sér fyrir þessu verkefni því það er nú oft þannig að ýmsir aðilar sem að slíku koma hafa minni samúð með útgjöldum og kostnaði ef ráðuneytin eða ríkið tekur á sig alla ábyrgð. Þarna var sem sagt framúrakstur upp á 4,2 millj. sem er óuppgerður og nú er meiningin að reyna að ljúka því máli. Ég geri ekki ráð fyrir því að þessi þrjú ráðuneyti taki sig bráðlega saman aftur um eitthvað sambærilegt verkefni eða sambærilega sýningu. Ég held ekki að reynslan af henni hafi verið þess eðlis.

Varðandi efnahagsrannsóknir í forsrn. og annað sem hv. þm. spurði um þá hafa umsvif þarna orðið meiri en ráð var fyrir gert í fjárlögunum og því er óskað eftir aukafjárveitingu upp á 10 millj. kr. til þess að geta staðið undir þeim verkum. Að sjálfsögðu má segja að það sé hefðbundin ósk og auðvitað þingsins að staðfesta hana eða hafna henni.

Að því er varðar að lokum spurningar hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar um skuldamál ríkisins þá hef ég óskað eftir því að þær upplýsingar sem hann hefur beðið um verði allar lagðar fyrir í fjárln. Ég tel ekki að það sé neinum vandkvæðum bundið. Ég hef þær ekki hér við höndina. Þó er ljóst

að mikið hefur áunnist á undanförnum árum í skuldamálum ríkissjóðs. Við höfum náð að grynnka á skuldum okkar og skuldbindingum og þar af leiðandi vaxtakostnaði okkar, m.a. með því að minnka heildarskuldirnar. En auðvitað hafa menn að einhverju leyti notið góðs af því á erlendum lánum að vextir á alþjóðlegum mörkuðum hafa verið mjög lágir. Það er vissulega alveg rétt. Ef ég man tölurnar þá hefur á örfáum árum tekist að minnka muninn á þeim vöxtum sem ríkið greiðir og þeim vöxtum sem ríkið fær af þeim lánum sem það hefur veitt um 4,4 milljarða. Á næsta ári er vaxtakostnaður hálfum milljarði lægri en á þessu ári samkvæmt áætlun fjárlagafrv.

Einn hv. þm., Gísli S. Einarsson, velti vöngum yfir því í máli sínu hvort rekstrargrunnurinn sem við notum væri rangur. Ég held að rekstrargrunnurinn sem við höfum tekið upp gefi miklu betri mynd af heildarrekstri ríkissjóðs þótt greiðslugrunnurinn gamli sem jafna má við sjóðstreymi hefði kannski verið þægilegri fyrir stjórnvöld undanfarin fjögur, fimm ár, vegna þess að þá hefði afgangurinn verið svo miklu hagfelldari en ella. En rekstrargrunnurinn er betri mælikvarði á það sem fram fer í heildarumsvifum ríkisins og líkari því sem tíðkast í atvinnulífinu. Því þótti eðlilegt hér með tilkomu nýrra fjárreiðulaga að taka upp þennan mælikvarða. Á alþjóðlega vísu er eftir því tekið að Íslendingar hafa gert þetta. Við höfum hlotið mjög jákvæða umsögn fyrir það, t.d. hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, að við skulum hafa breytt uppgjöri okkar og vinnureglum í þessu sambandi því ekki hefur tekist allt of vel að fá ýmsar aðrar þjóðir til þess að gera hlutina upp á þennan hátt. En auðvitað þyrfti slíkt bókhald að vera samræmt til þess að fá góðan mælikvarða milli landa á framþróun ríkisfjármálanna.

[16:41]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Eðlilegt er að hann hafi ekki svör á reiðum höndum við öllum þeim fyrirspurnum sem í raun áttu við aðra hæstv. ráðherra, en eins og hæstv. fjmrh. benti á þá munum við leita eftir því í fjárln. að fá þessar upplýsingar. En ég vil þakka hæstv. ráðherra sérstaklega fyrir það sem að hæstv. ráðherra sneri.

Þó vil ég ítreka þrjú atriði örlítið. Það er í fyrsta lagi varðandi bílakaup hæstv. ráðherra. Það var nú kannski ekki aðalatriðið að velta fyrir sér þessum 500 þús. kr. mun sem var á bílunum heldur spurningunni um það hvort hæstv. ráðherrar hefðu ekki getað séð þetta fyrir þannig að við hefðum getað verið með þetta inni í fjárlögum þessa árs. Ef það hefði ekki verið hægt, hvað réð því þá að svo mjög lá á að það þurfti að framkvæma þetta á þessu ári og taka það inn í fjáraukalögin? Af hverju mátti þetta ekki bíða fjárlaga næsta árs?

Herra forseti. Þá vakti orðalag hæstv. ráðherra um það sem óskað er eftir varðandi Brattahlíð og Þjóðhildarkirkju athygli mína, þ.e. „það komu fram reikningar". Eiginlega er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. ráðherra örlítið betur út í þetta orðalag. Voru þessir reikningar þá týndir þar til þeir allt í einu komu fram eða var einhver deila um þessa reikninga sem ekki var var gerð upp þá fyrr en núna og er þetta þá niðurstaða eftir samningaviðræður við vertakana eða einhverja aðra?

Þriðja atriðið er síðan að ég vildi bara taka undir með hæstv. ráðherra. Ég held að það sé, eins og hæstv. ráðherra orðaði það, ekki hyggilegt að ráðuneyti standi að sýningu eins og Islandicu 2001. Ég held að það sé hárrétt hjá hæstv. ráðherra að það sé ekki venjulegt. Við skulum vona að það verði ekki regla að ráðuneyti standi fyrir sýningum af þessu tagi og þetta verði til að kenna ráðuneytunum að aðrir séu hæfari til þess að standa að slíku sýningarhaldi en þau.

[16:43]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Tvennt vil ég nefna sérstaklega út af andsvari hv. þm., í fyrsta lagi Brattahlíð og Brattahlíðarverkefnið. Vera má að ég hafi notað orðalag sem hv. þm. hnýtur um, þ.e. að það hafi komið fram reikningar. Ég þekki því miður ekki nákvæmlega aðdraganda þess, en það er staðreynd og hefur verið sannreynt af hálfu forsrn. og fjmrn., að dæmið var ekki að fullu uppgert á árinu 2000. Þeir reikningar sem hér er um að ræða og það uppgjör við verktakann byggist á réttmætri kröfu af hans hálfu að okkar mati. Þess vegna viljum við klára þetta mál núna.

Hins vegar að því er varðar bílakaupin þá má sjálfsagt endalaust um það deila hvenær fyrirsjáanlegt er að það þurfi að endurnýja bíla. Auðvitað þarf að gera það með reglubundnu millibili. Kannski má finna einhverja aðra leið, vera t.d. með einhvern safnlið á hverju einasta ári og endurnýja svo og svo marga bíla á hverju ári. Ég skal ekkert útiloka það. En í þessum tilvikum var talið réttlætanlegt og nauðsynlegt að gera þetta svona.

Að öðru leyti vísa ég þingmanninum á þær skýringar sem hann kann að kalla fram í fjárln.

[16:45]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra gleggri skýringar á fyrri svörum. Ég átti eftir í fyrri ræðu minni, og vil þá gera það núna, að þakka það hversu vel hefur tekist til tvö síðustu ár varðandi það að leggja fram frv. til fjáraukalaga með þeim hætti sem gert hefur verið. Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að það auðveldar auðvitað mjög störf í fjárln. að hafa fjárlagafrv. og fjáraukalagafrv. samhliða í vinnslu. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að mun betur hefur tekist til í því að halda niðri þörf fyrir aukið fjármagn. Hæstv. ráðherra fór með réttar tölur um það að í í þessu fjáraukalagafrv. eru mun lægri tölur en við höfum séð undanfarin ár.

Í ræðu minni áðan fórst fyrir hjá mér að spyrja hæstv. fjmrh. út í eitt atriði og ég held að ég noti þá þetta andsvar til að koma því á framfæri til að stytta umræðuna. Það varðar greiðslu á virðisaukaskatti vegna samnings um gerð fjárhags- og starfsmannakerfis fyrir ráðuneytin. Mig minnir að þetta hafi verið svipað fyrir ári og segir hér í textanum: „Í meðferð málsins hafði Fjársýsla ríkisins gert ráð fyrir að virðisaukaskattur yrði endurgreiddur af kerfunum og miðað áætlanir sínar við undirbúning fjárlaga við það." Síðan kemur fram að Ríkisendurskoðun og fjmrn. hafi úrskurðað annað.

Ég er að velta fyrir mér hvað hafi í raun og veru breyst frá því í fyrra eða hvort þetta er misminni hjá mér, að það hafi raunverulega verið svipað uppi á teningnum þá og að menn hafi gert ráð fyrir að ekki þyrfti að greiða virðisaukaskatt af þessu fjárhags- og starfsmannakerfi en í ljós hafi komið að það þyrfti að gera það, og mér sýnist nú vera endurtekning á því.

[16:47]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að hér sé um misminni að ræða hjá þingmanninum (Gripið fram í.) en það getur líka verið að mig misminni. Kannski man ég þetta ekki eins vel og

þingmaðurinn en ég held að þetta sé nýtt núna og það sé búið að fá þennan úrskurð Ríkisendurskoðunar um gjaldskylduna. Þá er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir því að þetta verði greitt. En þetta er að sjálfsögðu inn og út í ríkisuppgjörinu, tekjur annars vegar sem virðisaukaskattur og útgjöld hjá Fjársýslunni eða gamla Ríkisbókhaldinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:48]

Útbýting þingskjala:

Afkomutrygging aldraðra og öryrkja, 149. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 149.

Tekjuskattur og eignarskattur, 184. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 185.

Tryggingagjald, 1. umr.

Stjfrv., 181. mál (lækkun gjalds). — Þskj. 182.

[16:48]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, en mál þetta er að finna á þskj. 182.

Í frv. eru lagðar til nokkrar breytingar á lögunum um tryggingagjald. Meginbreytingin er sú að lagt er til að sú hækkun á tryggingagjaldi sem samþykkt var með lögum nr. 133/2001, um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og fleira, og taka átti gildi 1. janúar nk., gangi til baka að hluta. Er breyting þessi gerð í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar vegna samkomulags við aðila vinnumarkaðarins frá 13. desember 2001 en þar kom fram að gangi verðlagsmarkmið kjarasamninga eftir muni ríkisstjórnin beita sér fyrir lækkun tryggingagjalds um 0,27% á árinu 2003 og mun því tryggingagjaldið ekki hækka um 0,77% um næstu áramót heldur um 0,5%.

Í öðru lagi er í frv. þessu lögð til breyting sem leiðir af samningsskuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Með breytingunni geta menn haldið rétti sínum til almannatrygginga hér á landi þó að þeir flytjist til starfa á erlendum vettvangi að því skilyrði fullnægðu að tryggingagjald vegna starfa þeirra erlendis sé greitt hér á landi. Er með ákvæðinu opnað fyrir þann möguleika að unnt sé að taka við tryggingagjaldi þeirra einstaklinga sem starfandi eru erlendis.

Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar sem lúta að samræmingu innheimtuúrræða. Í 1. mgr. 3. gr. frv. er lagt til að sömu reglur gildi um innheimtu vangoldins tryggingagjalds í staðgreiðslu og um reiknað endurgjald í staðgreiðslu eftir álagningu. Samkvæmt gildandi lögum fellur aðfararheimild innheimtumanns um staðgreiðslu tryggingagjalds niður við álagningu og innheimtumaður þarf því að tryggja kröfuna á ný eftir álagningu með auknum kostnaði fyrir gjaldandann. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til mun krafan halda gildi sínu eftir álagningu með sama hætti og gildir um aðför sem gerð hefur verið vegna vangoldins reiknaðs endurgjalds í staðgreiðslu.

Í 2. mgr. 3. gr. frv. er lagt til að innheimtumaður fái sömu heimildir til að loka atvinnurekstri vegna vangoldins tryggingagjalds og gildir um ýmsar aðrar skattkröfur, svo sem í virðisaukaskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda, vörugjaldi o.fl. Til skýringar skal tekið fram að framangreindar lokunarheimildir eiga aðeins við um atvinnurekstur sjálfan.

Í fjórða og síðasta lagi, herra forseti, er lagt til að felld verði brott úr lögunum nokkur úrelt ákvæði um gjaldflokka tryggingagjalds sem ekki eru lengur í gildi.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[16:51]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er tekið til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um tryggingagjald þess efnis að lækka almenna hluta tryggingagjaldsins um 0,27%. Ég fagna vitaskuld þessu frv. en eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra er það flutt vegna samráðs verkalýðshreyfingarinnar við stjórnvöld í tilefni af því að verðlagsmarkmiðin náðust fyrr á þessu ári. Hér er verið að efna loforð við verkalýðshreyfinguna.

Út af fyrir sig væri ástæða til að taka hér upp almenna skattaumræðu í tilefni af þessu frv. Ég held að til þess sé full ástæða, og hægt að færa fyrir því mörg rök að skattastefnan sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir er röng. Hún er með rangar áherslur þar sem verið er að færa fjármagn í stórum stíl, og hefur verið gert, af fjármagni og eignum yfir á laun og lífeyri. Við fórum í gegnum það, þegar ríkisstjórnin flutti frv. sitt um hækkun á tryggingagjaldi og lækkun á skatthlutfalli fyrirtækja úr 30% í 18%, hve rangar áherslurnar væru hjá ríkisstjórninni. Mjög margir urðu til þess að mótmæla hækkun tryggingagjaldsins sem var raunverulega gerð til þess að standa undir þeirri miklu lækkun sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir á tekjuskattshlutfalli fyrirtækja úr 30% í 18%. Hér er undið nokkuð ofan af því með þessu frv. sem ríkisstjórnin flytur og verkalýðshreyfingin hefur beitt sér fyrir.

Við sjáum áhrifin af skattastefnu ríkisstjórnarinnar birtast í fjárlagafrv. núna þar sem fram kemur veruleg lækkun á tekjuskatti lögaðila og veruleg hækkun á tekjuskatti einstaklinga þar sem tekjuskattur einstaklinga hækkar um 5 milljarða en tekjuskattur lögaðila lækkar um, að mér sýnist, 2,2 milljarða. Ég vísa til umræðunnar sem varð um málið á sínum tíma þegar menn reyndu að skoða áhrifin af þessum breytingum á tekjuskatt fyrirtækja. Þá kom fram mat á tekjutapi ríkissjóðs vegna þessa, fjmrn. mat tekjutap ríkissjóðs vegna lækkunar á tekjuskattshlutfallinu um 2,7 milljarða en ríkisskattstjóri um 3,7 milljarða. Hérna sjáum við 2,2 milljarða í fjárlögunum en það er ástæða til að skoða þetta mál í tengslum við frv. sem hér er til umræðu enda var þessi hækkun tryggingagjaldsins á sínum tíma, sem mig minnir að hafi átt að gefa ríkissjóði 2,5 milljarða í tekjuauka, hugsuð til þess að geta lækkað verulega tekjuskatt á fyrirtæki. Og ég held að við höfum sýnt fram á það með miklum rökum að nægjanlegt hefði verið að fara með tekjuskattshlutfall fyrirtækja úr 30% í 25% sem hefði þýtt 1.100 millj. kr. minni tekjur fyrir ríkissjóð en engu að síður hefði skatthlutfall fyrirtækja á Íslandi verið með því lægsta sem þekkist, ef ekki lægst — jafnvel þótt bara hefði verið farið niður í 25%.

Það er mjög sérstakt hve hart ríkisstjórnin beitir sér í því að lækka skatta á fyrirtæki umfram það sem eðlilegt er á meðan skattur er mikill á einstaklinga, lífeyrisþegar þurfa að borga háa skatta af litlum lífeyrisgreiðslum sínum, og þess vegna er alveg óskiljanlegt hvað ríkisstjórnin fer langt í því að lækka tekjuskattshlutfall á fyrirtæki.

Til að forðast allan misskilning ætla ég að taka það fram að ég tel að skattaumhverfi fyrirtækja, og leikreglur þar með

á vinnumarkaðnum, eigi að vera með þeim hætti að fyrirtækin geti athafnað sig eðlilega. Ég tel að þau gætu það líka þó að ekki hefði verið farið svona langt niður með tekjuskattshlutfallið. Sú leið sem ríkisstjórnin fór á sínum tíma olli verulegu tekjutapi hjá sveitarfélögunum, og við sýndum fram á að ýmis skattumdæmi töpuðu á þessari leið, sérstaklega þau skattumdæmi þar sem tryggingagjaldið skipti verulegu máli. Þegar lögð var saman lækkun á tekjuskatti og hækkun á tryggingagjaldi stóðu Norðurland eystra, Austurland og Vestmannaeyjar uppi með það að bera hærri skatta en áður.

Ég held að það sé líka alveg ljóst að þessi leið, að hækka svona tryggingagjaldið, hefur verið þungbær fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem eru með mikla launaveltu og greiða þar af leiðandi hátt tryggingagjald. Þess vegna er ástæða til að fagna því nú að stigið er skref nokkuð til baka í þessum efnum. Ég held að það hafi ekki síst verið þjónustufyrirtæki og ýmis fyrirtæki í þekkingariðnaði sem komu illa út úr þessum breytingum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að dvelja lengi við þetta frv. Hér er fyrst og fremst verið að stíga skref til baka að því er varðar þá hækkun sem gerð var á tryggingagjaldinu til þess að geta lækkað meira skatta á stórfyrirtækjum sem er skattastefna þessarar ríkisstjórnar. Við, fulltrúar Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn., munum að sjálfsögðu greiða fyrir því að þetta mál verði afgreitt hratt og örugglega í nefndinni. Ég hef ekki stúderað þau tæknilegu atriði sem hér koma fram í tveim greinum en mun auðvitað gera það í efh.- og viðskn. Að öðru leyti munum við greiða fyrir framgangi þessa máls.

[16:59]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur fylgt hér úr hlaði frv. um breytingu á tryggingagjaldi, þ.e. lækkun um 0,27% sem er, eins og hér kemur fram, í framhaldi af samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins. Þetta er ávinningur sem náðist fyrir baráttu verkalýðshreyfingarinnar við að halda sér við rauða strikið eða þar innan marka. Og eins og kemur hér fram í 1. gr. snýst frv. um að lækka þetta gjald um 0,27% á árinu 2003, að í staðinn fyrir að það fari í 5,11% verði það 4,84%. Út af fyrir sig ber að fagna þessari lækkun eins og hér hefur komið fram hjá talsmanni Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn.

En aðrir þættir, herra forseti, blandast inn í þetta. Rætt var um þá þegar hinn mikli skattapakki ríkisstjórnarinnar var ræddur á síðasta þingi, en hann stendur enn þá út af borðinu og er óleyst mál. Þarna á ég annars vegar við tryggingagjald sem sveitarfélögin greiða og hins vegar það misrétti sem þessi skattalagabreyting veldur í fyrirtækjarekstri milli fyrirtækja á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Ætla ég fyrst að fara yfir tryggingagjöld sveitarfélaga.

Herra forseti. Boðuð var áætluð hækkun á tryggingagjaldi, þ.e. 0,77% en hluti þess gengur til baka núna. En varðandi 0,77% þá spurði ég á 127. löggjafarþingi út í hvað þessi fyrirhugaða hækkun á tryggingagjaldi mundi hafa á fjárhag 25 stærstu sveitarfélaganna á landinu og fyrirtæki þeim tengd. Það kom fram í svari hæstv. félmrh. að þetta mundi kosta þessi 25 sveitarfélög 255 millj. kr., 255 millj. kr. þyrftu 25 stærstu sveitarfélögin í landinu að borga meira í tryggingagjald á næsta ári en á þessu ári miðað við þessa breytingu. Nú lækkar þetta sem betur fer og því ber að fagna. En betur má ef duga skal. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. fjmrh. út í þetta, en það er bagalegt að hæstv. félmrh. skuli ekki vera hér í salnum. Hvað á að gera gagnvart sveitarfélögunum í landinu? Á að bæta þeim þetta tekjutap eða þennan kostnaðarauka, réttara sagt, á einhvern hátt? Og ef svo er, hvernig? Ef svo er ekki, hvers vegna ekki? Síðan getur hæstv. ríkisstjórn komið og skammað sveitarfélögin í landinu fyrir útgjöld og útgjaldaauka og allt það.

Við getum rétt sett okkur í spor ýmissa minni sveitarfélaganna í landinu. Þar eru þessi auknu útgjöld vegna hækkunar tryggingagjalds auðvitað tekin af þeim litlu fjárhæðum sem eftir eru eftir kostnað við venjubundinn rekstur og framkvæmdir í viðkomandi byggðarlögum.

Hér hefur oft verið talað um samskipti ríkis og sveitarfélaga og oft hefur verið talað um að hið háa Alþingi sé að samþykkja ýmis lög og breyta t.d., eins og hér, skattkerfinu, sem geri það að verkum að sveitarfélögin í landinu verða fyrir miklum útgjaldaauka. Þetta segi ég hér, herra forseti, vegna þess að sveitarfélögin um allt land, þó sérstaklega minni sveitarfélögin, eru að kikna undan sínum rekstri og eiga jafnvel ekki fyrir þeim rekstri sem krafist er af viðkomandi sveitarfélagi af hinu opinbera eða því sem íbúar krefjast af byggðarlagi sínu í samkeppni við stærri byggðarlög og byggðarlög á höfuðborgarsvæðinu í sambandi við þjónustu. Hér er því verið að skerða tekjustofn sveitarfélaga. Það er verið að skerða þær tekjur sem sveitarfélögin hafa til síns reksturs og til þeirra litlu framkvæmda sem þau standa í.

Herra forseti. Það er vel þekkt í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga að 80–90% tekna þeirra — það er mjög algengt — og þaðan af meiru sé ráðstafað í venjubundinn rekstur. Þessar álögur hvað varðar tryggingagjaldið eru miklar og því vona ég að hæstv. fjmrh. muni segja okkur hér á eftir hvernig standi til að bæta sveitarfélögunum þennan kostnaðarauka.

Herra forseti. Í öðru lagi vildi ég nefna þann þátt sem við ræddum mjög ítarlega þegar skattkerfisbreytingafrv. var tekið hér til meðferðar á síðasta þingi, þann þátt sem heyrir til hækkunar tryggingagjaldsins og hvernig hann kemur út á verri veg fyrir fyrirtækjarekstur á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

Við skulum aðeins rifja þetta upp, herra forseti. Það eru stórfyrirtæki og fyrirtæki í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi sem hagnast aðallega á lækkun tekjuskatts og eignarskatts. Það hefur komið fram, herra forseti, að fyrirtæki í þessum tveim skattumdæmum hagnast um rúma 2 milljarða, 2,6 milljarða, 2,7 milljarða ef skattalegur ávinningur Ísals er tekinn inn í dæmið. En hins vegar hefur þetta leitt til þess að — ja, við skulum bara byrja á að taka versta dæmið, Austurlandskjördæmi því fram hefur komið að þessi skattkerfisbreyting hækkaði skatta á fyrirtækjarekstur á Austurlandi en lækkaði ekki. Það er vegna þess að lækkun skatta á Austurlandi var áætluð 57 millj. kr. en hækkun tryggingagjaldsins 89 millj. Hæstv. fjmrh. sem er talnaglöggur maður mun kannski koma hér upp og hann mun sennilega geta reiknað það fljótlega út að þetta hænufet til baka í tryggingagjaldinu muni e.t.v. jafna eitthvað út skattalegan ávinning eða hið skattalega tap réttara sagt á Austurlandi, þ.e. við þessa breytingu. Það var áætlað, eins og ég sagði áðan, herra forseti, að fyrirtæki á Austurlandi mundu borga 32 millj. kr. meira en áður eftir þessa breytingu.

Ef við förum í Norðurlandskjördæmi eystra þá kom þetta þannig út að það var nánast á núlli. Fyrirtækjarekstur þar átti samkvæmt þessu að borga 7 millj. kr. meira. Skattalegur ávinningur fyrirtækja í Norðurlandskjördæmi eystra var enginn vegna þessara skattkerfisbreytinga, enginn. Hið litla skattumdæmi Vestmannaeyjar hagnaðist heldur ekki á þess-

um þáttum. Þess vegna segi ég, herra forseti: Ég tel að þær töflur og gögn sem komu fram í minnihlutaáliti þingmanna Samfylkingarinnar á síðasta ári sýni það og sanni — því hefur heldur ekki verið neitað og það hefur ekki verið hrakið — að þessi skattkerfisbreyting, tekjuskattslækkunin úr 30% niður í 18% hjá fyrirtækjunum, eignarskattsbreytingin og þetta allt saman, hafi í för með sér, við skulum segja, 2,2–2,7 milljarða, eins og áætlað var, skattalegan ávinning fyrir fyrirtæki og fyrirtækjarekstur í Reykjavík og Reykjanesi, en engan fyrir öll önnur skattumdæmi.

Því vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Telur hann að þessi skattkerfisbreyting sé gott innlegg inn í þá byggðaumræðu og þann þjóðarvanda sem landsbyggðin á við að etja og að hún hafi orðið til góðs?

Svo er önnur spurning til hæstv. fjmrh. í sama dúr: Nú þegar ríkisstjórnin hefur stigið hænufet til baka og tekið 0,27% af þessari áætluðu tryggingagjaldshækkun, hvers vegna var þá ekki tækifærið notað til að leiðrétta þetta gagnvart sveitarfélögunum eins og ég spurði um áðan? Hin spurningin er eftirfarandi: Hvers vegna var sú leið ekki skoðuð að lagfæra þetta á móti skattalegum ávinningi af fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni í þessum öðrum skattumdæmum?

Herra forseti. Ég tel með öðrum orðum að úr því að ríkisstjórnin er komin á undanhald með þessa hækkun sína á tryggingagjaldi þá hefði átt að skoða það að koma til móts við fyrirtækjarekstur á landsbyggðinni gagnvart tryggingagjaldinu. Það hefði þá virkað strax og e.t.v. hefði mátt kalla það fyrstu aðgerðir eða bráðaaðgerðir til að vega upp á móti hinum erfiðu rekstrarskilyrðum fyrirtækja á landsbyggðinni, að ég tali nú ekki um vegna stórhækkunar flutningsgjalda sérstaklega. Ég sagði stórhækkunar flutningsgjalda, sem er ekki lækkun flutningsgjalda, eins og hæstv. forsrh. hélt fram í stefnuræðu sinni. Það voru mikil öfugmæli og ekki er hægt að ímynda sér hvernig hæstv. forsrh. hefur fengið það út yfir höfuð að flutningskostnaður á landsbyggðinni hafi lækkað. Um þetta vildi ég spyrja, herra forseti, við 1. umr. um frv. til laga um breyting á lögum um tryggingagjald.

Ég fagna þessu frv. Ég held að það sé sannarlega til bóta og vona að það fái fljótan framgang. En ég bendi á þessi tvö atriði, annars vegar gagnvart sveitarfélögunum og hins vegar þann mun sem er milli fyrirtækjareksturs og fyrirtækja í Reykjavík og Reykjanesi og allra annarra skattumdæma á landinu.

Herra forseti. Skattkerfisbreytingin sem farið var í gegn með síðast var og er ákaflega þungbær fyrirtækjum, sennilega flestöllum litlum og meðalstórum, með mikla launaveltu sem greiða þar af leiðandi þetta háa tryggingagjald. Sömuleiðis á þetta við einyrkja og lítil einkahlutafélög. Þessi boðaða hækkun tryggingagjalds stóð í verulegum mæli undir tekjuskattslækkun stóru fyrirtækjanna sem skila miklum hagnaði og flest öll voru á höfuðborgarsvæðinu, banka, tryggingafélaga og annarra stórfyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu.

Þetta vildi ég láta koma fram, herra forseti, í fyrstu ræðu minni um þetta. Ég trúi því og treysti að hæstv. fjmrh. ræði um þessi tvö atriði, annars vegar sveitarfélögin og skattalega mismunun sem ég vil kalla, að hann gefi okkur svar um það hér á eftir þegar hann hefur lokið við að hlusta á þá þingmenn sem vilja tjá sig um þetta frv.

Herra forseti. Ég vil aðeins í lokin bæta við tveimur spurningum til hæstv. fjmrh., annars vegar um hvaða áhrif þessi 0,27% lækkun muni hafa á vísitölu neysluverðs. Hitt atriðið er varðandi 2. gr. frv. Ég er örlítið að spá í þegar ég les yfir hana hvers vegna verið sé að gera þetta hér og nú. Var þetta eitthvað sem mönnum yfirsást við það frv. sem við vorum að ræða á síðasta þingi um skattkerfisbreytinguna þegar við vorum að breyta tryggingagjaldinu? Þá á ég við það þegar verið er að ræða um Íslendinga sem vinna hjá fyrirtækjum sem eru ekki skattskyld hér á landi.

[17:13]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Megininntak þessa frv. til laga um um breyting á lögum um tryggingagjald, með síðari breytingum, sem hæstv. fjmrh. hefur mælt fyrir, er að fella eða lækka hámarksheimild til álagningar tryggingagjalds. Með skattbreytingum sem voru samþykktar á Alþingi fyrir tæpu ári síðan, á liðnu þingi, voru að tillögum meiri hlutans samþykktar verulegar breytingar á sköttum, þar á meðal hækkun á hinum almenna hluta tryggingagjaldsins úr 4,34% í 5,11%. En í sérstökum efnahagsaðgerðum sem ríkisstjórnin í samráði við verkalýðshreyfinguna greip til á vordögum til þess að hamla gegn verðhækkunum var ákveðið að nýta ekki þessa heimild til fulls á næsta ári, þ.e. árinu 2003, heldur einungis upp í 4,84% og frv. sem nú er flutt hér er til þess ætlað að festa það í lögum að heimildin stöðvist við 4,84% af gjaldstofni.

Sú viðamikla breyting sem gerð var á skattalögunum á liðnu ári að tilhlutan ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. fólst einmitt í því að lækka tekjuskatt á fyrirtæki úr 30% niður í 18%. Sömuleiðis var tryggingagjald þá líka hækkað, sem var tilfærsla gjalds á atvinnurekstrinn, þ.e. frá því að skattleggja tekjuafganginn yfir í að skattleggja launakostnaðinn.

Sú breyting er svo sem í takt við aðrar breytingar sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir, þ.e. að færa skattbyrðina og hlutdeildina í skattbyrðinni í auknum mæli til almennra launatekna, beint á einstaklingana og óbeint á fyrirtækin sem eru byggð upp þannig að stór hluti rekstrarkostnaðar þeirra eru laun. Þannig er sem sagt skattheimta á almenn laun aukin en hlutur þeirra sem fá rauntekjur og tekjuafgang lækkaður.

Að mati Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er stefna ríkisstjórnarinnar í skattamálum röng. Ef við lítum t.d. á áhrif þessa fyrir áætlunina á tekjur næsta árs er það svo að tryggingagjaldið sem við erum að tala um hækkaði um 0,5%, fór úr 4,34% og upp í 4,84%. Áhrifin eru þau að áætluð tryggingagjöld á milli ára, þ.e. frá árinu 2002 til 2003, hækka um 4 milljarða kr. Sé horft til þess að þessir skattar bitna fyrst og fremst á atvinnugreinum með laun sem stóran hluta rekstrarkostnaðar er þetta stefnumarkandi í sjálfu sér. Þetta lendir á fyrirtækjum í frumvinnslugreinum, landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði. Þetta kemur niður á ferðaþjónustu, þjónustu sveitarfélaga og ríkis, einnig sprotafyrirtækjum og einstaklingsfyrirtækjum og litlum fyrirtækjum í þróunarstarfi. Þetta lendir fyrst og fremst á þeim. Það er verið að skattleggja þessa aðila á nýjan hátt í meiri mæli en verið hefur.

Með lækkun á tekjuskatti fyrirtækja mun sá skattur, samkvæmt þessu, lækka um 2 milljarða kr. á milli ára. Þannig er skattbyrðin færð yfir á launafólk og fyrirtæki með miklar launagreiðslur.

Þetta er skattastefnan sem þessi ríkisstjórn beitir sér fyrir. Hin svokölluðu breiðu bök njóta skattaívilnana en aukin skattheimta á launatekjur, lágtekjufólk og fyrirtæki með háan launakostnað starfsemi sinnar vegna.

Á síðustu árum hafa orðið meiri breytingar á innheimtu og álagningu tryggingagjalds en þessar breytingar einar segja til um. Til skamms tíma nutu ákveðnar atvinnugreinar enn þá

lægri gjaldheimtu hvað tryggingagjaldið varðar, t.d. greinar sem tengdust fiskveiðum, iðnaði, landbúnaði, hugbúnaðariðnaði, kvikmyndaiðnaði, gistingu og veitingarekstri, svo nokkuð sé nefnt. Þessar greinar nutu enn lægra tryggingagjalds og þess vegna verður þessi breyting, sem kemur til framkvæmda á næsta ári, þeim mun þyngri. Þetta eru einmitt greinar þar sem meginhluti rekstrarkostnaðarins er laun og er liður í þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að skattleggja sem mest laun og launatengda vinnu.

Þetta stingur líka í stúf, herra forseti, við að skattar á arðgreiðslur og fjármagnstekjur eru einungis 10%. Það er svo eðlilegt og sjálfsagt að venjulegur sparnaður fólks sé ekki skattlagður en þegar stór hluti af tekjum einstaklings eða fyrirtækis eru arðgreiðslur og fjármagnstekjur á náttúrlega að sjálfsögðu að skattleggja þær tekjur eins og verið er að skattleggja almennar launatekjur. Þar er ríkisstjórnin á öðru máli, ívilnar þeim sem eiga mikla inneign og hirða háan arð. Þeir sem þannig fá tekjur sínar komast hjá því að greiða eðlilega skatta af.

Herra forseti. Það er að vissu leyti fagnaðarefni að ríkisstjórnin skuli hafa verið þvinguð til að snúa nokkuð til baka með þá hækkun sem hún vildi keyra fram á síðasta þingi á tryggingagjaldi, að hún skuli nú knúin til að ganga nokkuð til baka með það. En engu að síður, herra forseti, er þessi aukna gjaldtaka sem á að koma til framkvæmda á næsta ári, upp á 4,84%, verulega íþyngjandi fyrir atvinnugreinar með háan launakostnað. Þetta er röng stefna að mati okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

Ég vil einnig inna hæstv. fjmrh. eftir því hvaða reglur varðandi innheimtu tryggingagjalds gilda fyrir erlend fyrirtæki sem eru hér með starfsemi, t.d. verktaka með erlenda starfsmenn sem vinna hér tímabundið. Hvaða reglur gilda varðandi greiðslur tryggingagjalds af slíkum vinnukrafti? Hvernig virkar innheimta t.d. tryggingagjalds fyrir erlenda ríkisborgara sem vinna hér tímabundið? Virkar það þá eins fyrir íslenska ríkisborgara sem vinna á vegum íslenskra fyrirtækja erlendis en njóta jafnframt réttinda sem íslenskir ríkisborgarar, íslenskra atvinnuréttinda og launatengdra réttinda? Hvernig er farið með innheimtu tryggingagjalds af íslenskum ríkisborgurum á vegum íslenskra fyrirtækja erlendis? Ég hef ekki fundið í þeim lagatextum um þau mál sem ég hef skoðað hvernig með þau er farið.

Herra forseti. Þar sem meginefni þessa frv. er lækkun á óréttlátum skatti frá þeim heimildum sem ríkisstjórnin hefur aflað sér á sl. ári þá tel ég eðlilegt að styðja frv. og vona að það fái skjótan framgang á vegum þingsins.

[17:23]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að ganga eigi dálítið til baka með þær ákvarðanir sem teknar voru hér í fyrra, um hækkun tryggingagjaldsins. Verulega íþyngjandi skattahækkun hefur falist í hækkun tryggingagjaldsins á undanförnum árum. Það er ekki eins og þetta sé fyrsta hækkunin heldur síðasta hækkun í röð hækkana á tryggingagjaldi sem staðið hafði yfir í nokkur ár. Ýmis fyrirtæki í landinu voru að borga helmingi lægra tryggingagjald en aðrar atvinnugreinar þurftu að borga. Síðan er búið að vera að leiðrétta þetta, breyta þessu, á undanförnum árum og hækka tryggingagjaldið auk þess. Ég hygg að ýmsir borgi núna margfalt hærra tryggingagjald en þeir borguðu fyrir fáum árum.

Sú breyting sem gerð var í fyrra, hækkun tryggingagjaldsins samfara því að lækka tekjuskatt fyrirtækjanna, var afskaplega óskynsamleg að mínu mati og ósanngjörn. Það er verið að hækka skatta á fyrirtæki sem búa við mikinn kostnað vegna launa. Eins er verið að hækka skatta á fyrirtæki sem ekki sýna hagnað. Það er alveg sérlega óheppilegt að þessi hækkun skuli ganga yfir núna þegar mörg fyrirtæki á landsbyggðinni eiga í erfiðleikum. Menn eiga von á verulegum vandamálum vegna þessara erfiðleika fyrirtækjanna á landsbyggðinni á næstu missirum.

Það mun ekki bæta úr skák að til komi hækkun tryggingagjaldsins, sem er veruleg. Hún kemur verst niður á landsbyggðinni. Segja má að á þessari skattkerfisbreytingu græði enginn landshluti nema suðvesturhornið. Það var reyndar rækilega útskýrt í umræðunum um þetta í fyrra og hefur verið minnt á það hér við umræðurnar núna.

En auðvitað kristallast stefna ríkisstjórnarinnar í þessum ákvörðunum, þ.e. að færa enn þá meiri hagnað til þeirra sem hafa hagnaðinn fyrir og taka þann hagnað einhvers staðar. Í þessu tilfelli er hann tekinn frá þeim sem minna mega sín í atvinnulífinu og færður til þeirra sem minnst þurfa á því að halda, stærstu fyrirtækjanna með mesta hagnaðinn.

Þó svo að hér sé verið að ganga til baka að hluta þá voru tekin þrjú skref aftur á bak fyrir ári síðan og nú stigið eitt skref áfram. Þetta frv. lagar að vísu stöðuna en er ekki nándar nærri nóg. Auðvitað áttu menn að hverfa alveg til baka með hækkun tryggingagjaldsins vegna þess að það er heimskuleg ráðstöfun. Hún á eftir að koma í bakið á mönnum vegna þeirra fyrirtækja sem eiga erfitt með að fá slíka hækkun yfir sig. Eins og ég sagði, það kom hér prýðilega fram í máli hv. þm. Kristjáns Möllers, eru þessi fyrirtæki langflest á landsbyggðinni.

Sveitarfélögin fá þessa hækkun á sig líka og er ekki, nú frekar en endranær, gert ráð fyrir að bæta þeim það upp. Það er ástæða til að minna á það eins oft og þarf að þegar skattkerfisbreytingar eru gerðar sem hafa áhrif eins og þessi þá þurfa menn líka að gera ráð fyrir að rétta af tekjur sveitarfélaganna ekki síður en ríkissjóðs. Þegar þessi skattkerfisbreyting var sett á í fyrravetur var fyrir því séð hvað ríkissjóður ætti að fá og menn horfðust í augu við það en menn horfðust ekki í augu við þær álögur sem þarna var verið að leggja á sveitarfélögin.

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri. Ég lýsi því yfir að það er skömminni skárra að fá þessa breytingu en ég tel að snúa hefði átt baki við þeirri stefnu sem mótuð var í fyrra með þeim breytingum sem m.a. eru hér til umræðu.

[17:28]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég þakka þingmönnum fyrir þær undirtektir sem þetta þingmál hefur fengið og mun nú reyna að svara nokkrum spurningum sem til mín hefur verið beint.

Í fyrsta lagi vil ég víkja að spurningu hv. þm. Kristjáns Möllers sem mér telst til að hafi verið í fjórum hlutum.

Í fyrsta lagi, að því er varðar tryggingagjald sveitarfélaganna, hefur ekki verið gert ráð fyrir neinum sérstökum ráðstöfunum vegna þess. Ef talan sem hann nefndi, um 255 millj. kr. vegna 25 stærstu sveitarfélaganna og fyrirtækja þeirra, er rétt er nýja talan, eftir þá breytingu sem hér er lögð til, væntanlega u.þ.b. 170 millj. Það hefur ekki verið gert ráð fyrir neinum sérstökum ráðstöfunum af okkar hálfu í sambandi við sveitarfélögin og þetta mál hér.

Í öðru lagi veltir þingmaðurinn fyrir sér, eins og hann gerði þegar þetta mál var mikið rætt í fyrra, hvernig hækkun tryggingagjaldsins kæmi út fyrir landsbyggðina og fyrirtæki

þar. Ég dreg ekki í efa að eflaust megi finna einhver dæmi þess að hækkun tryggingagjaldsins geti valdið meiri íþyngingu en nemi lækkun tekjuskattsins, þ.e. hafi fyrirtæki verið í þeirri aðstöðu að skila ekki hagnaði. Ég held þó að slík dæmi megi finna jafnt á höfuðborgarsvæðinu sem úti á landi. Ég tel að í Reykjavík séu því miður fyrirtæki sem ekki skila hagnaði og borga ekki tekjuskatt en eru með fólk í vinnu. Slík fyrirtæki, eðli málsins samkvæmt, verða fyrir ákveðinni íþyngingu hér sem við erum þó að draga úr með tillögunni sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég held hins vegar að það sé mjög varhugavert að flokka þetta mál eða mæla það á sérstakan mælikvarða landsbyggðar annars vegar og þéttbýlisins hins vegar og ég vara við því að menn dragi slíkar ályktanir, enda hlýtur það auðvitað að vera markmið okkar allra að reyna að búa þannig um hnútana að atvinnurekstur alls staðar í landinu geti verið arðbær og skilað hagnaði og þar af leiðandi greitt sinn 18% tekjuskatt.

Ég ætla ekki að fjalla um eða út af fyrir sig vefengja þær tölur sem hv. þm. nefndi um einstaka landshluta, ég hef ekki neina aðstöðu til að fara ofan í það hér en bendi þó á að hækkun tryggingagjaldsins minnkar um einn þriðja með þeirri breytingu sem nú er verið að leggja til.

Þingmaðurinn spurði einnig hvaða áhrif þessi breyting hefði á vísitölu neysluverðs. Því get ég því miður ekki svarað en ég geri ekki ráð fyrir að þau verði mikil.

Loks spurði þingmaðurinn: Hvers vegna er 2. gr. í frv. varðandi almannatryggingar á Íslandi og greiðslu tryggingagjalds af störfum Íslendinga sem vinna erlendis tekin með núna, af hverju var hún ekki með í fyrra ef þessu þurfti að breyta? Ástæðan er sú að í fyrra vorum við með frv. þar sem megináherslan var á aðra þætti en tryggingagjaldið. Núna erum við hins vegar með sérstakt frv. um breytingu á tryggingagjaldinu einu og þá var tækifærið notað til að fara í gegnum öll tryggingagjaldslögin með það fyrir augum að hreinsa þar til, taka þar út ákvæði sem eru orðin úrelt eins og lagt er til í 1. gr. frv., b-lið, og einnig að bæta inn því sem eðlilegt var talið að gera og nota þá tækifærið til þess í frv. og hygg ég að um þær breytingar geti verið ágæt samstaða. Ég tel mig þá hafa svarað spurningum hv. þm. Kristjáns L. Möllers.

Hv. þm. Jón Bjarnason velti fyrir sér greiðslu tryggingagjalds af erlendum ríkisborgurum sem væru í vinnu á Íslandi annars vegar og svo hins vegar Íslendingum í vinnu erlendis. Í frv. kemur fram að verið er að greiða fyrir því að Íslendingar sem starfa erlendis geti greitt tryggingagjaldið hingað til lands, eða að hægt sé að greiða tryggingagjald af launum þeirra og þar með tryggja þeim ákveðinn rétt gagnvart almannatryggingakerfinu. Almenna reglan er hins vegar sú að tryggingagjald greiðist til þess lands þar sem vinnan er innt af hendi og það á jafnt við um Íslendinga sem starfa erlendis og útlendinga sem starfa hér.

Ég vil að endingu nefna út af ummælum hv. þm. Jóhanns Ársælssonar í sambandi við það sem áður var hér í gildi að því er varðar tryggingagjaldið og hina mismunandi gjaldflokka sem þá voru, að þá er það áreiðanlega rétt hjá honum að ýmsir atvinnurekendur og atvinnugreinar sem áður greiddu lægri tryggingagjöld en almennt tíðkaðist hafa náttúrlega þurft að bera þá hækkun. Þeir sem voru aftur á móti með hæstu tryggingagjöldin nutu þess í samræmingunni að gjald þeirra lækkaði. Meginhugmyndin var auðvitað sú að samræma gjaldið og hætta að mismuna atvinnugreinum með þeim hætti sem áður var gert að því er varðar tryggingagjald. Ég held að það hafi verið rétt stefna sem forveri minn hér beitti sér fyrir og náði fram að ganga. Ég held að það þyki núorðið sjálfsagt og eflaust í samræmi við allar EES-reglur og þess háttar að tryggingagjald sé eitt á allar atvinnugreinar en ekki mismunandi eftir því hvernig landsfeðrunum líkar við viðkomandi atvinnurekstur.

[17:35]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. greinargóð svör, sérstaklega við 3. og 4. spurningu minni. Ég átti svo sem ekki von á öðru en að ég fengi greinargóð svör. Hæstv. fjmrh. hefur verið og er þekktur að því.

Ég vil þó segja að gagnvart sveitarfélögunum stendur það eftir að útgjöld þeirra munu aukast um 170–180 milljónir, þ.e. 25 stærstu sveitarfélaganna, við þessa breytingu. Ég er því mjög ósammála að þetta sé gert þannig vegna þess að þetta dregur mjög úr starfsemi sveitarfélaganna og víða úti um land er það þannig að þau berjast í bökkum, þetta er nánast á núlli. Ekki er á það bætandi að auka útgjöld sveitarfélaga hvað þetta varðar.

Hitt atriðið sem ég vildi ræða um, ég tek fram að ég fékk ákaflega hreinskilin svör og það er ákaflega gott að eiga viðræður við ráðherra sem svara á jafneindreginn hátt og hæstv. fjmrh. gerði gagnvart skattalegum ávinningi fyrirtækja annars vegar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar á landsbyggðinni. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra dró hann ekki í efa það sem ég sagði, enda koma þær tölur fram í þinggögnum og það er sannarlega svo að fyrirtækjarekstur mjög víða á landsbyggðinni er með lítinn hagnað, fær mjög lítinn skattalegan ávinning af lækkun tekjuskatts og líka af lækkun eignarskatts. Þetta er hins vegar aðalávinningur fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Og það er hárrétt og um það er ég hjartanlega sammála hæstv. fjmrh. að auðvitað á það að vera keppikefli að fyrirtækjarekstur sé arðbær alls staðar, ekki bara á höfuðborgarsvæðinu.

Þess vegna segi ég, herra forseti, að ég er algjörlega ósammála þeim aðgerðum sem hér hafa verið gerðar vegna þess að sú breyting sem gerð var íþyngdi mjög fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni og dró úr rekstrarhæfni þeirra gagnvart fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Og það er líka hárrétt að auðvitað eru líka til lítil og meðalstór fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem bera lítinn hagnað og græða ekki mikið á þessu, það eru fyrst og fremst stóru fyrirtækin, herra forseti.

[17:37]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við hv. þm. þurfum kannski ekki að glíma mikið um þessa hluti. Við vitum vel að afkoma fyrirtækja er misjöfn, hún er misjöfn eftir atvinnugreinum og hún er misjöfn milli einstakra ára eftir því hvernig gengur í greininni. En ég held ekki að hún sé skipulega eða alltaf verri á landsbyggðinni en hún er í Reykjavík, þvert á móti tel ég að mjög mörg úrvalsfyrirtæki úti á landi skili góðum ávinningi og hagnaði, bæði í sjávarútvegi og öðrum greinum, sem betur fer. Við eigum bara að fagna því. Mörg þessara fyrirtækja, bæði lítil og stór, munu að sjálfsögðu njóta töluverðs ávinnings og hagræðis af þeirri skattbreytingu sem við beittum okkur fyrir í fyrra. En það sem meira er, ég held að hún muni einnig laða fram frekari fjárfestingar, ný fyrirtæki, nýsköpun af öllu mögulegu tagi, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi vegna þess að hún hvetur menn til dáða, hún hvetur menn til þess að hefjast handa, taka áhættu af því að fara út í

atvinnurekstur og halda áfram að byggja upp í þjóðfélaginu. Það er auðvitað meginmarkmiðið með þeim breytingum þó svo að þær séu eflaust ekki fullkomnar frekar en annað sem við tökum okkur fyrir hendur hér á Alþingi.

[17:39]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég á mér líka þann draum að sú sýn sem hæstv. fjmrh. hefur á þær skattkerfisbreytingar sem gerðar voru, þ.e. lækkun á tekjuskattshlutfallinu, hafi í för með sér það sem hann var að lýsa. Ég vona svo sannarlega að fyrirtækjarekstur muni eflast og ný fyrirtæki verði stofnuð vegna þessa.

En ég neita því ekki samt sem áður að hækkun tryggingagjaldsins og að það skuli vera gert svona eins yfir allt landið gerir það að verkum að þetta kemur misjafnlega niður. En sannarlega er þetta rétt.

Ég vil hins vegar skjóta því inn líka fyrst við erum að ræða um samkeppnishæfni fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni sem ég vil að sé jöfn, engin forréttindi úti á landi, alls ekki, að þá bendi ég á það sem við höfum margoft rætt um, þ.e. stórhækkun flutningsgjalda. Í svona stuttu andsvari höfum við ekki tíma til að fara út í það. En við vitum hvernig þungaskatturinn hefur verið að hækka flutningskostnað. Ýmsir aðrir skattar hafa verið að hækka. Breytingar á sjóflutningum hjá þeim sem enn þá stunda strandsiglingar. Allt þetta stóríþyngir fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni. Og það er alveg sama hvert farið er, herra forseti, alls staðar er þetta aðalumkvörtunarefni forsvarsmanna fyrirtækja úti á landi. Á meðan þetta er ekki gert og meðan þetta er ekki jafnað og rekstrarskilyrði fyrirtækja jöfnuð í landinu, þá munum við halda áfram að sjá að fyrirtækjarekstur úti á landi á í erfiðleikum og mun eiga í meiri erfiðleikum, því miður.

Það er sannarlega hárrétt að mörg úrvalsfyrirtæki eru úti á landi, sérstaklega í sjávarútvegi og vonandi eru þau að græða mikla og góða peninga og fá hagnað út úr skattkerfisbreytingunum.

En það sem ég var að tala hér um var meðaltalið af þessu sem kemur fram hjá ríkisskattstjóra, meðaltalið er einfaldlega þetta: Fyrirtæki í Reykjavík og Reykjanesi hagnast um u.þ.b. 2,7 milljarða á þessum skattkerfisbreytingum. Fyrirtæki úti á landi í öllum landsbyggðarskattumdæmunum koma nánast út á núlli. Og það er þetta, herra forseti, sem ég segi að sé misrétti. Þetta er ranglæti og það er illa komið fram í þessum efnum.

[17:41]

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson:

Hæstv. forseti. Varðandi þá umræðu sem hér hefur farið fram um svokallað tryggingagjald tel ég rétt þar sem ég er nú staddur á þingi þessa dagana, að blanda mér í þá umræðu lítillega.

Fjármálasamskipti ríkis og sveitarfélaga hafa auðvitað marga snertifleti og það má margt segja um þau. Stundum hafa þau verið með ágætum, stundum ekki og þau snúast um fjölmarga hluti. Við erum t.d. þessa dagana að ræða um húsaleigubætur, samskipti ríkis og sveitarfélaga á því sviði. Við erum að ræða um bætur vegna fasteignaskatts, aðallega til sveitarfélaga í dreifbýlinu. Þetta eru stórmál sem þarf að jafna og ég hef fulla trú á að það takist. Við erum einnig að ræða um fjöldann allan af málum sem snerta sameiginlega fjármál ríkis og sveitarfélaga.

Töluverð umræða fór fram um tryggingagjaldið í nefnd sem skipuð var fulltrúum ríkis og sveitarfélaga. Það eru u.þ.b. fjögur ár síðan, og þá var m.a. rætt um tryggingagjaldið og fyrirhugaða hækkun sem hér er til umfjöllunar. Einnig var fjallað var um ýmis önnur atriði, m.a. áhrif einkahlutafélaga á fjármál fyrirtækja sem er orðin töluverð eins og fram hefur komið.

Í tengslum við þetta kom fram og það er nú kannski sá kjarni málsins sem ég vil að komi fram í umræðunni, að sveitarfélögin greiddu á sínum tíma sérstakt atvinnuleysistryggingagjald í Atvinnuleysistryggingasjóð. Einnig greiddu sveitarfélögin atvinnuleysisbætur til starfsmanna sinna. Þetta gagnrýndum við og um þetta varð töluverð umræða í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Síðan breyttist það þannig að sveitarfélögin greiða einungis tryggingagjaldið í dag en það var fellt út að sveitarfélögin greiddu atvinnuleysisbætur til starfsmanna sinna. Ekki hefur verið reiknað út hversu mikil upphæð það er í dag eða var á þeim tíma, en a.m.k. var um töluverðar upphæðir að ræða.

Ég vildi láta þetta koma fram við umræðuna. Sjálfsagt er að kanna það nánar hvaða fjármálalegar afleiðingar þetta hafði í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, en það er ætíð svo þegar verið er að ræða um þessi fjármálalegu samskipti að um þau má deila og margt sem mætti betur fara. Ég vil ekki fullyrða um það á þessu stigi vegna þess að ég var ekki beinlínis undirbúinn undir þessa umræðu, að með því að fella niður að sveitarfélögin greiddu sérstaklega atvinnuleysisbætur til starfsmanna sinna, þá hafi verið komið til móts við sjónarmið fulltrúa sveitarfélaganna um að þessi hækkun á gjaldinu mundi hafa töluverðar afleiðingar, ekki bara fyrir sveitarfélögin, heldur líka fyrir fyrirtækin í landinu. Ég tel rétt, að nefna þessi atriði vegna þeirra athugasemda sem fram hafa komið undir umræðunni.

[17:45]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni sem hér hefur komið með innlegg í þessa umræðu hvað varðar tryggingagjaldið gagnvart sveitarfélögunum.

En ég er þess ekki fullviss, herra forseti, að fulltrúar sveitarstjórna úti um allt land skrifi upp á þessa skilgreiningu. Með öðrum orðum, herra forseti, ég er ekki viss um fjárhagslegan ávinning af þeirri breytingu sem hér var talað um fyrir fjórum árum vegna fyrirhugaðrar hækkunar á tryggingagjaldi — mig skortir minni til að fara í gegnum það, var ekki á þingi þegar það átti sér stað og kann ekki þá umræðu alla — en ef þar hefur verið rætt um fram komna hækkun á tryggingagjaldinu sem kostar, eins og hér hefur komið fram, miðað við áætlunina og breytinguna til baka núna, 170–180 millj. á ári, og það fyrir aðeins 25 stærstu sveitarfélögin, er ég ekki viss um að lítil sveitarfélög úti um allt land skrifi upp á þessi áhrif eins og þau koma hér fram. Ég er þess fullviss að fjárhagslegur ávinningur sveitarfélaga út af þessu er enginn. Og ég hef heyrt fjölmarga sveitarstjóra kvarta mjög yfir þessari fyrirhuguðu tryggingagjaldshækkun sem hér er stigið með örlítið skref til baka, sem er til bóta eins og áður hefur komið fram, en ég sé ekki að svo sé.

Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að vegna þess að hv. þm. er jafnframt formaður Sambands sveitarfélaga á Íslandi kemur stundum upp í huga minn að Samband íslenskra sveitarfélaga sé ekki það varnarbandalag, ef ég má orða það svo, sem öll sveitarfélög í landinu treysta á í þessum skattalegu breytingum sem verið er að íþyngja sveitarfélögum í landinu með.

Þess vegna vil ég spyrja hv. þm. frekar út í þetta atriði.

[17:47]

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir miður að hv. þm. Kristján Möller skuli blanda Sambandi íslenskra sveitarfélaga inn í þessa umræðu með þeim hætti sem hann gerði. Þar á bæ hafa allir, í hvaða flokki sem þeir eru, verið mjög samtaka og einhuga um að verja hagsmuni allra sveitarfélaga í landinu, bæði smárra og stórra. Á okkur er enginn bílbugur, það er stefna okkar og þannig vinnum við.

Við höfum að sjálfsögðu beitt okkur ákveðið og hart í öllum okkar verkum gagnvart ríkisvaldinu, og mér hefur stundum fundist miður hversu lítill skilningur ríkisvalds hefur verið. Stundum hefur gengið vel, eins og þegar við færðum grunnskólann yfir til sveitarfélaga og með niðurstöður síðustu tekjustofnanefndar, þótt ekki hafi allir verið ánægðir með það. Þannig er nú lífið.

En ég bið hv. þm. um að skilja það sem ég sagði hér áðan ekki sem einhverja skilgreiningu af minni hálfu. Ég nefndi einungis að í þessari umræðu hefði komið fram að sveitarfélögin þyrftu ekki að greiða lengur atvinnuleysisbætur vegna starfsmanna sinna. Í því voru fólgnar töluverðar upphæðir. Ég var ekki að leggja að jöfnu að sú hækkun sem síðan hefði verið boðuð hefði verið jöfnuð út en þetta var rætt á þessum tíma og ég lýsti því yfir að ég væri tilbúinn til þess að kanna hvort þarna hefðu orðið jöfn skipti. En það er fjöldinn allur af öðrum málum í samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem við fáumst við. Ég bið hv. þingmann um að væna ekki stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga um að hún reyni ekki að standa sig í stykkinu. Hvort við höfum ætíð náð þeim árangri sem að var stefnt læt ég öðrum eftir að dæma en við höfum reynt að gera okkar besta.

[17:49]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það líka miður ef hv. þm. bregst þannig við. Óneitanlega hljóta hækkanirnar sem skattkerfisbreytingin á síðasta ári hafði í för með sér fyrir sveitarfélögin að blandast inn í umræðu um tryggingagjaldsgreiðslur sveitarfélaga. Auðvitað hlýtur Samband íslenskra sveitarfélaga að blandast inn í þær umræður vegna þess að það á auðvitað að vera varnarbandalag, ef svo má að orði komast, gagnvart ríkisvaldinu í þessum efnum.

Ég hygg að við séum báðir mjög áfram um að sveitarfélögin hafi möguleika á að reka sig og að eitthvað sé eftir af fjárhagsáætlunum þeirra — ég tala nú ekki um litlu sveitarfélögin — ég sem fyrrverandi sveitarstjórnarmaður og hv. þm. sem núverandi sveitarstjórnarmaður, og búinn að starfa lengi á þessu sviði.

En því er ekki að neita, herra forseti, og um það held ég að við getum verið hjartanlega sammála og trúi ekki öðru, ég og hv. þm. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, að tryggingagjaldshækkunin, eins og hún er hér með þeirri endurbót og lækkun sem kemur í þessu frv., mismunar sveitarfélögunum mjög í landinu. Og við vitum að fyrir mörg litlu sveitarfélögin sem hafa tapað miklum tekjum vegna íbúafækkunar, samdráttar í atvinnu og annars er þetta stórkostleg — ég ætla helst ekki að nota orðið „árás“ en þetta kemur mjög illa út fyrir þessi litlu sveitarfélög og gerir stöðu þeirra miklu erfiðari. Þetta gerir það að verkum að þessi sveitarfélög eiga erfitt með að inna skyldur sínar af hendi gagnvart borgurunum sem krafist er til móts við aðra.

Ég ætla, herra forseti, ekki núna, enda hef ég ekki tíma til þess, að ræða um áhrifin af breytingu yfir í einkahlutafélög á tekjustofna sveitarfélaga en þar er mikið um að vera.

[17:51]

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað er ég enginn sérstakur stuðningsmaður þess að hækka álögur á sveitarfélög um leið og verið er að hækka álögur á fyrirtækin í landinu og þá aðila sem borga þetta gjald. Við fylgjumst að sjálfsögðu vel með því hvernig þessi fjármálalegu samskipti ríkis og sveitarfélaga ganga fyrir sig. Það er margt þar í pípunum sem þarf að skoða, athuga og ræða. Fyrir örfáum árum hafði ég forgöngu um það sem formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, að farið yrði í heildarendurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga sem leiddi til þess að tekjustofnar sveitarfélaga hækkuðu um 4 milljarða samtals yfir landið. Auðvitað þarf að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga miklu oftar en á 10 ára fresti og ég hef í hyggju að beita mér fyrir því að það verði gert. Það þarf jafnvel að gera það á tveggja til þriggja ára fresti vegna þess að verkefni og áherslur breytast. Sveitarfélögin eru síður en svo sæl af þeim tekjustofnum sem þau hafa í dag.

En það eru mörg stór mál í deiglunni og ég vænti þess að fá stuðning, bæði ríkisstjórnar og Alþingis, til að tryggja sveitarfélögunum eins og kostur er nægilega tekjustofna til þess að sinna þeim lögboðnu verkefnum sem þau hafa með höndum.

Ég veit að það er erfitt í búi hjá mörgum sveitarfélögum í dag, einkum þar sem um mikla íbúafækkun hefur verið að ræða. Ég get fullvissað hv. þm. Kristján Möller um að það er full samstaða og fullur einhugur um það í nýrri stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að vinna heiðarlega að þessum málum þannig að sveitarfélögunum verði tryggður tilverugrundvöllur til að sinna verkefnum sínum í næstu framtíð. Það er skylda löggjafarvaldsins að minni hyggju, skylda ríkisstjórnarinnar, að sjá til þess. Ríki og sveitarfélög eiga að sjálfsögðu að vinna saman að því verkefni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:54.

---

10. FUNDUR

þriðjudaginn 15. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 2002, stjfrv., 66. mál, þskj. 66. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Tryggingagjald, stjfrv., 181. mál, þskj. 182. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Barnalög, stjfrv., 180. mál, þskj. 181. — 1. umr.
4. Barnalög, frv., 31. mál, þskj. 31. — 1. umr.
5. Barnalög, frv., 44. mál, þskj. 44. — 1. umr.
6. Útlendingar, stjfrv., 168. mál, þskj. 168. — 1. umr.
7. Skráning skipa, stjfrv., 157. mál, þskj. 157. — 1. umr.

8. Skipamælingar, stjfrv., 158. mál, þskj. 158. — 1. umr.
9. Sveitarstjórnarlög, frv., 15. mál, þskj. 15. — 1. umr.
10. Kvennahreyfingin á Íslandi, þáltill., 19. mál, þskj. 19. — Fyrri umr.
11. Áfengislög, frv., 23. mál, þskj. 23. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Guðni Ágústsson landbrh.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Magnús Stefánsson, 2. þm. Vesturl.,
Páll Pétursson félmrh.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að lokinni atkvæðagreiðslu um tvö fyrstu dagskrármálin fer fram umræða utan dagskrár um samþjöppun veiðiheimilda í sjávarútvegi. Málshefjandi er hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir en hæstv. sjútvrh. Árni M. Mathiesen verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Akstur ferðamanna á malarvegum, 185. mál, fsp. HjÁ, þskj. 186.

Barnabætur, 145. mál, fsp. SJóh, þskj. 145.

Flugumferð um Keflavíkurflugvöll, 148. mál, fsp. KPál, þskj. 148.

Hjúkrunardeild fyrir aldraða í Árborg, 144. mál, fsp. SJóh, þskj. 144.

Meðlagsgreiðslur, 150. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 150.

Stuðningur við frjáls félagasamtök, 86. mál, svar landbrh., þskj. 170.

Vatnsréttindi á Þjórsársvæðinu, 147. mál, fsp. SvanJ, þskj. 147.

Athugasemdir um störf þingsins.

Alþjóðadagur kvenna í landbúnaði.

[13:32]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að minna á að í dag er alþjóðadagur kvenna í landbúnaði. Með honum vilja konur vekja athygli heimsins á að þær gegna lykilhlutverki í matvælaframleiðslu og því hve framlag kvenna í landbúnaði er stórlega vanmetið um allan heim. Það er staðreynd að konur leika stórt hlutverk í landbúnaði og í dreifbýli um allan heim.

Það er því fagnaðarefni að jafnréttisnefnd Bændasamtaka Íslands hefur alþjóðadag kvenna til vegs og virðingar með því að halda ráðstefnu og hátíð fyrir konur sem gegna ábyrgðarstöðum innan félagskerfis bænda. Það er mikil fátækt og hungur í heiminum í dag og lykillinn að því að komast úr þeim vítahring er menntun og fræðsla. Það þarf að viðurkenna þá gífurlegu möguleika sem felast í sérþekkingu og framlagi kvenna við matvælaframleiðslu.

Það er viðurkennd staðreynd að starfsframlag kvenna við búrekstur er mikið. Margar þeirra vinna utan bús vegna þess að tekjur af búrekstri duga ekki til framfærslu fjölskyldunnar í sumum tilfellum og á það einkum við um sauðfjárbúin. Það er ekki auðvelt að fá uppgefnar tölur um konur í landbúnaði því að skráning á bændum er ekki með þeim hætti að það sé auðvelt að sjá hve margar konur reka bú. En þátttaka kvenna í félagsstörfum innan félagskerfis bænda hefur aukist ár frá ári. Þær eru mjög virkar í félagsmálum. Þær hafa unnið ötullega að uppbyggingu á sínum búum í ferðaþjónustu og handverki svo að eitthvað sé nefnt. En það þarf að gera betur. Á búnaðarþingi sl. vetur þar sem voru 48 fulltrúar voru aðeins átta konur. Í stjórn Bændasamtakanna sem skipuð er sjö mönnum eru tvær konur. Þar er engin kona í varastjórn. Ein kona er í stjórn Framleiðnisjóðs. Það er engin kona í stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins. Því er nauðsynlegt að halda vöku sinni því enn er ekki orðið það jafnrétti sem við viljum sjá. Íslenskur landbúnaður þarf á konum að halda. Í þeim býr mikill mannauður sem þarf að virkja til góðra hluta og meta að verðleikum.

[13:34]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Drífu Hjartardóttur fyrir að taka upp þetta mál undir dagskrárliðnum um störf þingsins og benda þingheimi á að í dag er alþjóðadagur kvenna í landbúnaði. Konur í landbúnaði hafa flestar verið hin hljóðu stétt fram að þessu. Þær hafa fáar verið skráðar fyrir býlum þar til núna á allra síðustu árum að þær eru jafngildir bændur og þeirra eigimenn. En það þarf að styrkja stöðu bændakvenna. Þær eru að því sjálfar, vinna vel að sínum málum. Það þarf að auka réttindi þeirra, bæði hvað varðar lífeyrisgreiðslur og félagslega stöðu. Konur í bændastétt eru að hasla sér völl innan stéttarfélaganna, innan fagfélaganna og þó að þær séu fáar í dag trúi ég því að ekki líði mörg ár þar til þar muni gæta jafnræðis eins og hjá öðrum stéttum.

Til þess að svo megi verða þurfum við á hinu háa Alþingi að gæta þess að ekki fækki áfram í sveitum landsins, að búum fækki ekki og sveitir fari í eyði. Það er mikils virði að styrkja búsetuna. Það þarf meira en að hafa þar hefðbundnar framleiðslugreinar. Það þarf að styrkja búsetuna til þess að standa vörð um landgæði og menningarverðmæti og það er ekki síður mikilvægt fyrir okkur en bein framleiðsla.

Athugasemdir um störf þingsins.

Frumvörp til barnalaga.

[13:36]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mig langar til að vekja athygli á því að á dagskrá þingsins er til umræðu frv. til barnalaga. Það er stjfrv., 180. mál. Síðan verða umræður um tvö önnur frv. til breytinga á barnalögum sem ég er flutningsmaður að ásamt þingmönnum Samfylkingarinnar.

Ég hef fallist á að frumvörp okkar fái að fara órædd til nefndar. Við getum þá rætt þær breytingar á barnalögunum sem lagðar eru til í þeim frv. við umræðuna um ríkisstjórnarfrv. Fyrra frv., sem er 31. mál, frá okkur í Samfylkingunni er breyting á lögunum sem gerir það að verkum að feður geta

átt aðild að barnsfaðernismálum. Þetta er í þriðja skipti sem við leggjum þetta mál fram, en 18. desember árið 2000 kvað Hæstiréttur upp þann dóm að þetta væri ágalli á barnalögunum sem bryti í bága við 70. gr. stjórnarskrárinnar. Síðan höfum við flutt þetta mál ítrekað en nú er hæstv. dómsmrh. að taka þetta inn í breytingu sína á barnalögunum.

Hitt frv. skilar sér aftur á móti ekki inn í breytinguna á barnalögunum og ég óska eftir því að það verði skoðað í nefndinni þegar málið kemur þangað, en það er um að sameiginleg forsjá verði meginregla í íslenskum lögum. Forsjárnefnd sem dómsmrh. skipaði skilaði af sér áfangaskýrslu og komst að þeirri niðurstöðu eftir að hafa skoðað reynslu af sameiginlegri forsjá á Norðurlöndunum, en það er meginregla í Finnlandi og Svíþjóð, að það sé rétt að Íslendingar feti í fótspor þeirra. Við leggjum það sem sagt til í okkar frv., þingmenn Samfylkingarinnar, að sameiginleg forsjá barna verði meginregla í okkar lögum og erum við sammála þeirri meginröksemdafærslu forsjárnefndar að þannig sé best komið á réttindum barnsins samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Fjáraukalög 2002, frh. 1. umr.

Stjfrv., 66. mál. — Þskj. 66.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Tryggingagjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 181. mál (lækkun gjalds). — Þskj. 182.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Samþjöppun veiðiheimilda í sjávarútvegi.

[13:40]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Mér finnst ástæða fyrir Alþingi að hafa áhyggjur af því hve mikil fjarlægð virðist vera orðin milli fólksins í landinu og sjávarútvegsins, þeirrar atvinnugreinar sem löngum var kjölfesta byggðar og afkomu. Mér finnst ástæða til að hugleiða afleiðingar þess að aðstæðurnar hafa allt of víða einungis skapað fólki erfiðleika, eignaleysi og vonleysi. Það er ástæða til að staldra við, skoða hlut löggjafans í þessari niðurstöðu og á hvaða vegferð við erum. Er allt sem sýnist?

Rökin fyrir því að þak þurfi að vera á því hve einstakir aðilar geta verið handhafar að stórum hluta kvótans komu fram strax 1998 þegar lögin um hámark voru sett. Vegna þeirrar einokunar sem felst í kerfinu sjálfu þurfa að vera stífari reglur en annars staðar í atvinnulífinu. Að leyfa aukna samþjöppun í sjávarútvegi við að öðru leyti óbreytt kerfi er ávísun á meiri einokun. Þetta hefur sem sagt ekkert að gera með frelsi heldur fákeppni og aukin einokun leiðir hvorki til hagræðingar í fræðunum né í veruleikanum, nema þá þeirrar prívathagræðingar sem í skjóli skattalaga, sem ekki hefur fengist breytt, birtist forréttindahópum í erlendum bankareikningum og eignarhaldsfélögum.

Einokun já. Nýir aðilar geta ekki sannað sig í útgerð nema kaupa til þess réttinn af hinum sem fyrir eru og með aukinni samþjöppun og einokun sækir að efi um að hinir hæfustu séu á hverjum tíma að nýta auðlindina. Eru þau fyrirtæki sem umsvifamest eru í kaupum og skiptum á hlutabréfum að sýna bestu afkomuna? Sú staðreynd að félög úr öðrum geirum atvinnulífsins koma inn í hlutabréfaskiptin setur líka ýmislegt í nýtt og skarpara ljós. Ókeypis úthlutun veiðiréttar hefur verið varin með veiðireynslu viðkomandi.

En hvar er t.d. veiðireynsla Eimskipafélagsins? Hvar sannaði það félag getu sína og hæfni til útgerðar sem gerði það einboðið að það fengi afhentan veiðirétt á Íslandsmiðum? Er mönnum ekkert að fatast flugið við rökstuðninginn?

Herra forseti. Það hefur áhrif um allt land þegar stór eigendaskipti verða í sjávarútvegsfyrirtækjum. Það rifjar upp söguna og setur ugg í brjóst margra og hagræðing er ekki það fyrsta sem kemur upp í hugann, orkar enda tvímælis því að þegar fyrirtækin sýna ekki nauðsynlega afkomu til að vera girnilegur fjárfestingarkostur er efnahagurinn einfaldlega stækkaður með skiptum á hlutabréfum. Þannig reyna forustumenn í sjávarútvegi að hafa bréfin á hreyfingu. Þetta hefur þó til lengri tíma ekki skapað meiri viðskipti eða aukið tiltrú á fyrirtækjunum sem kosti fyrir fjárfesta. En af því meint hagræðing er jafnan notuð sem réttlæting samruna í sjávarútvegi þá spyr ég hvort hæstv. sjútvrh. sé tilbúinn að beita sér fyrir því að fram fari greining á því hvaða hagræðing hafi raunverulega átt sér stað og hvar, þannig að fyrirtækin, fjárfestar og fólkið í landinu hefði a.m.k. rökin á hreinu og myndina skýra og það áður en lengra er haldið, herra forseti. Eða hver er hinn raunverulegi vilji ríkisstjórnarinnar? Það kom fram ákveðinn vilji sl. vor þegar hún stóð að frv. sem reyndist m.a. innihalda tillögur um mikla hækkun á kvótaþakinu í einstaka tegundum úr 20% upp í 50% svo dæmi sé tekið. Þá fór ekki fram nauðsynlegur rökstuðningur né þær umræður sem eru nauðsynlegar nema þá af hálfu okkar í stjórnarandstöðunni og er skemmst frá því að segja að tillögurnar voru að hluta sendar til baka en urðu að hluta að lögum, lögum sem eru m.a. forsenda nýjustu hlutabréfaskiptanna. Breytingarnar í vor höfðu sem sagt áhrif. Kvótaþakið var ekki varið. Þess vegna, herra forseti, er nauðsynlegt að þessi umræða fari fram hér með skipulegum hætti núna þegar menn sjá að allt er á fullri ferð svo mönnum megi vera ljós vilji hins háa Alþingis og stefna stjórnvalda.

[13:45]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er ágætt að hér fari fram umræða um þetta efni. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir frumkvæðið að því. Þetta er eitt af þeim skiptum sem ég held að Alþingi geti horft til baka og verið sátt við sjálft sig, fyrir að hafa verið framsýnt og sett lög fyrir fjórum árum sem í dag hafa áhrif í þá átt að takmarka samþjöppun í sjávarútvegi. Það var markmið þeirra laga þó að á þeim tíma væri langt frá því að nokkurt af fyrirtækjunum nálgaðist það þak sem Alþingi

ákvað þá. Í dag nálgast fyrirtækin þá stærð að þessi lög eru farin að virka.

Þegar frv. var samþykkt var það reyndar þannig að Alþingi samþykkti hærri prósentu í heildarkvótanum en páv. hæstv. sjútvrh. og ríkisstjórnin höfðu lagt til. Heildarkvótaþakið var í meðförum Alþingis hækkað úr 10 í 12%. Þannig er það enn þann dag í dag og var staðfest á síðasta þingi þó að sú breytingin hafi orðið á að ekki er lengur gerður greinarmunur á þeim fyrirtækjum sem eru í mjög dreifðri eignaraðild og öðrum hvað heildarmarkið varðar.

Í þessu togast hins vegar tvennt á. Annars vegar eru áhyggjurnar og hættan á að of fáir fari með aflaheimildirnar. Það er svo á markaði að ef of fáir véla um hlutina er hætta á að ákvarðanatakan verði ekki eins skilvirk. Á við það togast hins vegar hagræðingin. Það er hagræðing í stærðinni, stærðarhagkvæmni, og ef við skoðum íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru þau lítil miðað við þau stóru sjávarútvegsfyrirtæki sem þau eru að keppa við á erlendum vettvangi. En við höfum tekið þessa ákvörðun. Ég tók hana ásamt öðrum og stend við hana. Ég hef ekki uppi neinar áætlanir um að breyta frá því.

Hins vegar er kannski líka vert að skoða í þessu samhengi hversu stór íslensku útgerðarfyrirtækin eru miðað við önnur fyrirtæki á Íslandi. Í dag eða fyrradag var að koma út rit Frjálsrar verslunar um 300 stærstu fyrirtækin á Íslandi á síðasta ári. Þar kemur í ljós að stærsta sjávarútvegsfyrirtækið, Samherji, er 17. stærsta fyrirtækið á Íslandi. Velta þess er einungis brot af veltu stærstu fyrirtækjanna sem eru útflutningsfyrirtækin SÍF og SH. En þau versla auðvitað að stórum hluta líka með sjávarafurðir annarra landa í dag. Ef mundum taka nýjustu sameininguna, þ.e. ÚA, HB og Skagstrendings, mundi það ekki gefa okkur, miðað við tölurnar frá því í fyrra, fyrirtæki sem kæmist hærra á þessum lista en í svona 15. sæti. Ef við skoðum þetta út frá heildinni hér innan lands og miðum síðan við útgerðarfyrirtæki á alþjóðavísu eru íslensku útgerðarfyrirtækin smá. Það takmarkar hagræðinguna innan þeirra. Við höfum hins vegar tekið þessa ákvörðun og ég held að hún sé rétt, á þeim forsendum sem ég greindi frá áðan.

Hv. þm. spyr um hagræðingu, hvort ég sé tilbúinn til að láta fara fram greiningu á hagræðingu í sjávarútvegi. Það er tiltölulega stutt síðan slík greining var gerð. Þrír hagfræðingar, Ragnar Árnason, Benedikt Valsson og Ásgeir Daníelsson, gerðu skýrslu sem sennilega var birt fyrir tveimur árum eða svo þar sem greinilega kemur í ljós að hagkvæmni og hagræðing er fólgin í því sem hefur verið að gerast í íslenskum sjávarútvegi á undanförnum árum.

Ég ætla ekki að neita því neitt fyrir fram að hægt sé að gera svona athugun aftur en án þess að hafa skoðað þessa hugmynd sérstaklega vil ég ekki svara spurningunni en bendi á að við getum síðan skoðað þetta síðar þegar við erum búnir að fara yfir áðurnefnda athugun sem er þó ekki eldri en tveggja ára gömul.

[13:50]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur fyrir að vekja máls á þessum vanda. Gríðarleg samþjöppun í sjávarútvegi hefur margar hliðarverkanir eins og mönnum er kunnugt, aðallega hin stóru og miklu byggðaáhrif. Auðvitað höfum við öll áhyggjur af þróun mála en það er ástæða til að spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann hyggist í einu og öllu láta hægt og rólega undan þrýstingi og kröfum stórútgerðarinnar um svokallaða hagræðingu.

Fyrir þinginu voru í fyrra uppi hugmyndir um að hækka þakið upp í 50%, aflahlutdeild í sumum tegundum, t.d. í karfa og grálúðu. Það var að vísu lækkað niður í 35% en hins vegar er alveg ljóst hvert stórútgerðarmenn stefna í þessum efnum. Hagræðingin lætur ekki þar við sitja vegna þess að á borðunum eru kröfur frá stórútgerðinni, t.d. um hagræðingu hvað varðar mannafla, þ.e. sjómennina. Hagræðingin nær til þeirra sem stunda þennan útveg. Það verður ekkert staldrað við þarna. Hér er allt lagt undir með gríðarlegri byggðaröskun í kjölfarið og minni réttindum sjómanna, að manni sýnist. Ég tek heils hugar undir það með hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur að það er nauðsynlegt fyrir hið háa Alþingi að leggja niður fyrir sér hvert við stefnum í þessum málum.

Eins og alkunna er er ég og flokkur minn að sjálfsögðu algjörlega ósammála þeirri þróun sem er í gangi. Við viljum endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu eins og kunnugt er, þ.e. með kvótabindingu við sjávarbyggðir þannig að þær séu ekki upp í vindinn ef mönnum á hlutabréfamarkaði dettur í hug að skipta um eignarhald á einni nóttu. Þetta er það sem fólk er að upplifa núna, jafnvel í sjávarbyggðum sem töldu sig tiltölulega öruggar, nú síðast á Akranesi.

[13:52]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Þetta er athyglisverð umræða og vert að þakka hv. málshefjanda. Um hvað snýst þessi umræða? Hún snýst í raun um hve stór sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi mega vera.

Nú er það svo, herra forseti, að þau fiskvinnsluhús sem eru starfrækt í dag skipta hundruðum. Sum þeirra eru stór, önnur eru lítil og allt þar á milli. Sum þessara fyrirtækja hafa leitast við að auka umsvif sín með samruna og öðrum aðgerðum. Samkeppnin er gríðarlega hörð um takmarkað hráefni og verður hörð meðan aðgengi að auðlindinni er takmarkað. En hvers vegna hafa sum fyrirtæki en önnur ekki leitast við að stækka?

Ég vil sérstaklega nefna tvennt. Tækni hefur fleygt gríðarlega fram. Menn hafa viljað fjárfesta í stærri og dýrari skipum. Dýrari búnað hefur þurft til veiðanna. Með öðrum orðum, menn hafa þurft á meira fjármagni að halda. Menn hafa þurft meiri veltu til að geta staðið undir slíkum fjárfestingum.

Í annan stað hafa forsvarsmenn slíkra fyrirtækja viljað fjölga stoðum undir rekstri sínum og vera betur í stakk búnir til að takast á við bæði náttúrulegar og markaðslegar sveiflur, vera ekki háðir einhæfri framleiðslu. Með þeim hætti hafa menn viljað geta sótt fram á alþjóðlegum markaði en, eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra, eru íslensk sjávarútvegsfyrirtæki fremur lítil. Af þessum tveimur ástæðum má því segja rökrétt að menn vilji stækka.

En grundvallarspurningin sem er verið að velta upp hér er: Hversu stór vilja menn hafa þau? Vilja menn að Alþingi taki ákvörðun um það? Vilja menn láta markaðinn þróa það og greinina sjálfa?

Ég vil, herra forseti, beina því til hv. málshefjanda hvort hún telji að fyrirtæki í dag séu orðin of stór. Hvar ætti að setja mörkin?

[13:55]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Mikil samþjöppun veiðiheimilda til einstakra hlutafélaga er staðreynd. Fyrri reynsla okkar af samþjöppun liggur fyrir. Hún hefur verið fjandsamleg fólkinu í

sjávarbyggðunum. Hún vegur að starfsöryggi þess og hefur grafið undan kjölfestu í byggðinni.

Sáttin mikla um kvótabraskskerfið sem Framsókn og Sjálfstfl. veifuðu fyrir síðustu kosningar vorið 1999 var alger blekking eins og öllum sem það vilja sjá er nú þegar orðið ljóst. Kvótasetning smábátanna var að sjálfsögðu óþörf með öllu og keyrð fram af stjórnarliðum undir forustu hæstv. sjútvrh. og formanns sjútvn. Stefna stjórnarliða er að þjappa saman veiðiheimildum og láta kerfin falla saman. Staðfestingu þessa má finna í samþykkt frá síðasta vori þegar heimildir fyrirtækja til að eiga ákveðnar fisktegundir var aukin.

Það er hið yfirlýsta markmið, og í sjútvn. í morgun var það skýrt áréttað af Vilhjálmi Egilssyni, að dagakerfið ætti að sjálfsögðu að hverfa inn í kvótabraskið. Það hefur ávallt verið markmiðið. Auðvitað ætlar ríkisstjórnin að láta kerfið þróast yfir í eitt kvótabraskskerfi. Samþjöppun til stóriðju í sjávarútvegi er þeirra stefna. Frelsi einstaklinga til að hefja atvinnurekstur í fiskveiðum og viðhalda byggð sinni er löngu gleymt loforð og „fólk í fyrirrúmi" hjá Framsfl. er steindautt loforð sem hefur aldrei náð til atvinnuréttinda fólksins í sjávarbyggðunum.

Vitanlega verða á nýjan leik, fyrir næstu alþingiskosningar, ofin ný leiktjöld. Nú fara stjórnarliðar að láta skoða eitt og annað. Hvalveiðum var stýrt í aðgerðarleysi fram yfir kosningar. Færeyska sóknarkerfið verður skoðað og verkið dregið fram yfir kosningar. Enn á ný er þjóðin sett í bið eftir breytingum sem stjórnarliðar ætla aldrei að hrinda í framkvæmd. Vonandi halda þeir ekki velli eftir kosningar.

[13:57]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er mikill misskilningur, sem fram kom hjá einum hv. þm. hér, að þetta mál snúist um hversu stór fyrirtækin geti orðið. Þetta mál snýst fyrst og fremst um fólk og möguleika fólks til að komast af. Um það snýst þetta mál.

Það verður aldrei of oft sagt að þær byggðir sem urðu til fyrir nálægðina við auðlindina eiga allt sitt undir því að hafa aðgang að henni. Með þeirri samþjöppun sem átt hefur sér stað hefur tækifærum á þessum stöðum fækkað. Afleiðingarnar eru að eignir á þessum stöðum rýrna í verði. Það má því halda því fram fullum fetum að sú samþjöppun sem er að eiga sér stað sé greidd af því fólki sem býr þar sem tækifærin eru að renna því úr greipum, þ.e. verðmæti eigna fólksins, verðmæti húsnæðis á staðnum, er að minnka. Það er fólkið sem þarf að borga fyrir þessa samþjöppun. Um það snýst þetta mál, um fólkið í þessu landi.

Það er líka annað, virðulegi forseti, sem er nauðsynlegt að hafa í huga. Þetta snýst líka um dreifða eignaraðild. Þetta snýst um að heimildirnar fari ekki allar á fáar hendur. Í raun er þetta ekkert ósvipað umræðunni um bankana og fleira. Málið snýst öðrum þræði um að þessi auðlind komist ekki á hendur fárra, sem gerir það að verkum að fólkið á landsbyggðinni, sem á allt sitt undir tækifærum í sjávarþorpum sem urðu til vegna nálægðarinnar við auðlindina, missi ekki allt sitt. Þessi umræða snýst um fólk og möguleika þess til að komast af.

[13:59]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Það er segin saga þegar hv. Alþingi ræðir atvinnuástand að samþjöppun hefur átt sér stað í öllum atvinnugreinum, í landbúnaði, iðnaði, verslun og í sjávarútvegi. Ástæðurnar eru margar en ein af þeim er krafa fólks um sífellt betri lífskjör. Fyrirtæki verða að bregðast við þeim kröfum með hagræðingu.

Aðrar ástæður hafa sérstaklega haft áhrif á sjávarútveginn, t.d. minnkaðar veiðiheimildir. Okkar stærsti og besti fiskveiðistofn er því miður ekki búinn að ná sér. Við erum enn að veiða miklu minni afla við Ísland en fyrir 2–3 áratugum eða svo.

Það er kannski rétt að geta þess, herra forseti, að á þessu tímabili hefur ekki aðeins orðið samþjöppun veiðiheimilda heldur mestur tilflutningur á heimildum á milli landshluta. Ég vil geta þess í þessu sambandi að fyrirtæki sem hér var nefnt í umræðunni, stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins, þ.e. risinn, sem er ekki nema 17. stærsta fyrirtæki á landinu, var ekki til þegar fiskveiðistjórnarkerfinu var komið á. Er það dæmi um einokunina eða hvað? Það starfar einmitt í þeim landshluta, við Eyjafjörð, þar sem mest uppbygging hefur orðið í sjávarútvegi á þessu sama tímabili. Hverjir hefja hér svo umræðu um vandann vegna samþjöppunar veiðiheimilda á Íslandi í dag? Það eru þingmenn frá Eyjafirði.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að nefna að í öðrum landshlutum eru nokkur pláss sem hafa farið fremur illa út úr þessu vegna ákvarðana fyrirtækja — ekki stjórnvalda. Forustumenn í þeim plássum vinna að málum sínum án þess að halda uppi umræðu um galla á löggjöf vegna þess að þeir vita sem er að fyrirtæki hljóta að verða við kröfum fólks um bætt lífskjör. Henni verður ekki mætt nema með því að fyrirtækin nái betri árangri, séu fær um að greiða betri laun og standa sig betur í samkeppni. Öll okkar sjávarútvegsfyrirtæki standa í samkeppni og stóru fyrirtækin í sjávarútvegi hafa verið í hópi þeirra sem fremst hafa farið í því að nýta fjarlæg fiskimið og ná meiri verðmætum og betri nýtingu út úr sjávarauðlindinni.

[14:02]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þegar miklar veiðiheimildir safnast á fáar hendur fylgir því jafnan samþjöppun fjármagns. Samþjöppun fjármagns í litlu landi og í fremur fábreyttu hagkerfi er mjög alvarlegt mál. Aukin auðsöfnun og misskipting er ekki það sem íslensk þjóð þarf helst á að halda.

Hin mikla samþjöppun veiðiheimilda á fáar hendur er líka óæskileg vegna þess að hún stuðlar að aukinni einhæfni í atvinnulífi. Við vitum öll að veiðigeta stærstu skipanna í fiskveiðiflotanum er svo mikil að tiltölulega fáir togarar gætu í raun dregið árlegan heildarafla okkar að landi. En það er hvorki spennandi framtíðarsýn né vonandi ýkja nálæg en engu að síður verðum við að gefa þeirri hlið málsins einhvern gaum. Frjálst framsal veiðiheimildanna stuðlar nefnilega ekki aðeins að því að þær safnist á fáar hendur heldur leiðir það einnig til þess að veiðiheimildir færast yfir á togarana frá smábátunumm og frá vertíðarbátunum.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum áherslu á fjölbreytni í atvinnulífi og lítum þessa þróun alvarlegum augum, ekki síst af þeim sökum. Víða um land byggist afkoma heilla byggðarlaga á smábátaútgerð að miklu eða nær öllu leyti. Slíkar veiðar skapa mikil verðmæti, bæði beint og óbeint, þær skapa atvinnu í landi auk þess sem þær byggja á mun vistvænni veiðarfærum en veiðar stærri skipanna. Síðast en ekki síst er báta- og smábátaútgerðin hluti af atvinnumenningu landsins og þá menningu viljum við

standa vörð um. Hún er hluti af ímynd Íslands og sjálfsmynd þjóðarinnar.

[14:04]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Útgerðarfyrirtækin á Íslandi berjast um þjóðarauðlindina með samruna í stærri og stærri einingar. Ný fyrirtæki geta ekki orðið til í greininni af því að atvinnufrelsi ríkir ekki þar. Þeir sem vinna að því að viðhalda þessu fyrirkomulagi á Alþingi eru með því að ræna auðlind þjóðarinnar frá henni og reyna að koma henni endanlega í hendur einkaaðila, og þeir hafa verið iðnir við að liðka fyrir samrunaferlinu sem gengur með vaxandi hraða.

Árið 1998 átti stærsta útgerðin 4,1%. Nú á stærsta útgerðin 11,4%. Árið 1998 áttu fimm stærstu fyrirtækin 16,7%. Nú eiga tvö stærstu fyrirtækin meira en það, hátt í 20%. Þetta er bara frá 1998.

Hæstv. sjútvrh. fullyrti á dögunum að breytingar á kvótaþakinu hefðu engin áhrif haft á samrunaferli Eimskips og HB & Co. Því miður var þetta skrök hjá honum. Þeir sprengdu þakið í grálúðunni, þeir sprengdu þakið sem var í þorskinum fyrir ári og þeir sprengdu þakið sem var í karfanum umtalsvert og eru komnir hátt í fjórðung af karfanum, en reyndar má fara upp í 35% þar núna.

Mesta einkavæðing sögunnar stendur yfir á Íslandi og þetta er ekki venjuleg einkavæðing. Þetta er einkavæðing einokunar. Útgerðarmönnum er gefið leyfi til að selja og kaupa sín á milli einkarétt á því að stunda atvinnurekstur í útgerð. Þessi einkavæðing er heldur ekki kölluð einkavæðing enda er verið að einkavæða sameiginlega auðlind og þjóðin er á móti því. Atvinnufrelsið er afnumið og sjávarbyggðunum sem byggðu grundvöll sinn á því að nýta fiskimiðin blæðir út. Í lögunum sem gilda er talað um þjóðareign en í sömu lögum er aðgangurinn að miðunum gerður að einkaeinokunarrétti.

[14:06]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt að full ástæða til að fylgjast vel með þeirri þróun sem er að verða í íslenskum sjávarútvegi. Mönnum hefur verið þetta ljóst býsna lengi. Árið 1997 skilaði nefnd áliti sem lagði til að svokallað kvótaþak yrði sett á varðandi þessi mál og það varð að lögum í meginatriðum í mars 1998. Alþingi gerði þó breytingu á þeim tillögum sem þarna voru lagðar fram, gerði breytingu á því frv. sem hæstv. þáv. sjútvrh. lagði fram og þær breytingar voru í raun forsendan fyrir þeirri stóru sameiningu sem hér hefur verið gerð að umræðuefni, sameiningu HB og Eimskips.

Formaður sjútvn. þá og framsögumaður málsins var hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og í þeirri nefnd sat einnig hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir. Þess vegna finnst mér ekki rétt eins og hún lagði málið upp áðan að það hafi verið sú lítils háttar breyting sem gerð var á einstökum tegundum á sl. vori sem hefði skapað forsenduna fyrir hinni stóru sameiningu. Það var auðvitað sú breyting sem Alþingi gerði sjálft á frv. hæstv. sjútvrh.

Ég held að ástæða sé til að vekja athygli á þessu máli vegna þess að menn hafa verið að láta í veðri vaka að grundvallarbreytingar hafi verið gerðar á þeim lögum sl. vor. Það var ekki gert eins og ég hef þegar bent á. Stóra málið er þó að Alþingi er um það sammála að kvótaþak þurfi að vera, tryggja þurfi ákveðna dreifingu á veiðiréttinum og er mjög mikilvægt að við verjum það áfram. Ég tel sjálfur að það hafi sýnt sig að þau lög hafi dugað vel. Margoft hefur komið fram að margir hafa viljað lyfta því þaki. Við í meiri hluta Alþingis höfum hins vegar ekki fallist á það og þess vegna höfum við varið kvótaþakið í öllum meginatriðum og þurfum að gera það áfram.

[14:08]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Sú umræða sem hér hefur farið fram er að mörgu leyti gagnleg en mér finnst þó gæta í henni ákveðins misskilnings og e.t.v. óþarflega mikils áhuga af hálfu sumra á því að verja óbreytt ástand. Staðreyndin er sú, herra forseti, að fyllsta ástæða er til að ræða þá stöðu sem við erum í. Alþingi þarf að vita hvert það stefnir með löggjöfina og við verðum að vera fólk til þess að horfa í eigin barm ef okkur sýnist að löggjöfin leiði þjóðina út á þá braut sem enginn vill sjá.

Útvegurinn hefur sérstöðu. Sú sérstaða markast af því að verið er að nýta sameiginlega auðlind og hún er takmörkuð, það komast ekki allir að. Þess vegna er erfitt að segja hvað fyrirtækin mega vera stór. Það er miklu frekar að menn eigi að svara og leitast við að svara þeirri spurningu hvaða rekstrarumhverfi við eigum að hafa til þess að jafnræði geti ríkt og til að menn geti og fái notið krafta sinna og hæfileika en við lokumst ekki inni við einokun og e.t.v. þá niðurstöðu að hér séu þeir aðilar að nýta auðlindina sem alls ekki eiga að gera það. Kerfið býður því miður upp á þann möguleika í dag.

Fiskvinnslan er allt annað. Hún lýtur sömu lögmálum og annar iðnaður. Þar mega fyrirtækin vera og eru mun fjölbreyttari og fleiri. Það er allt annað.

Herra forseti. Ég set spurningarmerki við hina meintu hagræðingu. Það kann vel að vera að hagræðing hafi átt sér stað með því að fyrirtækin hafi náð tiltekinni stærð. En það er miklu fleira sem liggur undir og það vita menn ef þeir horfa á það sem er að gerast á markaðnum. Fleira liggur undir en vilji til hagræðingar og niðurstaðan leiðir líka fleira í ljós en einbera hagræðinguna, og þá er ég ekki að tala um, herra forseti, hagræðingu fyrir einhverja sérstaka heldur fyrir samfélagið í heild sinni.

[14:10]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði að ég hefði skrökvað. Ég kannast ekki við það en hafi ég sagt eitthvað rangt hefur það verið vegna þess að ég hef ekki vitað betur. Ég gat hins vegar ekki numið það af því sem hann sagði í hverju það átti að hafa verið fólgið. En hitt held ég að jafnvel þótt það hafi skipt einhverju máli í einhverri tegundinni þá er það heildarþakið sem skiptir mestu og breytingarnar sem gerðar voru á síðasta þingi hefðu örugglega ekki komið í veg fyrir þá sameiningu sem er rótin að þessari umræðu.

Margir hv. þm. hafa nefnt byggðaáhrifin. Það er sjálfsagt rétt að sameining fyrirtækja hefur haft einhver áhrif á byggðirnar ásamt fjölda mörgum öðrum þáttum. Eins og kom fram í viðtali við forstjóra HB, Harald Sturlaugsson, mjög farsælan forstjóra, voru fyrirtækin sem HB er orðið til úr með 600 starfsmenn fyrir nokkrum árum en eru nú með 260. Ég held að þetta lýsi kannski hagræðingunni og sjálfsagt má segja sömu sögu um fjölda þeirra skipa sem fyrirtækið gerir út nú og áður.

En það er rétt að þetta er þróunin og einnig er rétt að Alþingi hefur brugðist við þróuninni af því að Alþingi sá þetta fyrir. En það er kannski í öðrum hluta sjávarútvegskerfisins sem við höfum ekki séð þróunina fyrir því að mér skilst að

í smábátaútgerðinni sé svipað að gerast og þar höfum við ekki gert neinar ráðstafanir. Og meira að segja í sóknardagakerfinu, sem á að vera og ég held að við hugsum öll um það sem einyrkjakerfi sem gerir einstaklingunum kleift að gera út frá litlum byggðarlögum, er um að ræða samþjöppun og fjöldi sóknardagabáta er kominn á hendur eins aðila. Það er kannski þarna, herra forseti, sem við þyrftum eitthvað að hugsa okkur um.

Barnalög, 1. umr.

Stjfrv., 180. mál (heildarlög). — Þskj. 181.

[14:13]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Frumvarp það til nýra barnalaga sem hér er mælt fyrir var samið af sifjalaganefnd. Í henni áttu sæti Páll Hreinsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, Drífa Pálsdóttir, skrifstofustjóri í dómsmrn., og Valborg Þ. Snævarr hæstaréttarlögmaður.

Í dómsmrn. var síðan gerð breyting á 1. mgr. 42. gr. frv. og athugasemdum um hana samkvæmt ábendingu réttarfarsnefndar, sem ég mun víkja að hér á eftir, og er frv. sem ég mæli fyrir nú í öllum meginatriðum það frv. sem sifjalaganefnd samdi.

Með gildandi barnalögum nr. 20 frá 1992 voru á sínum tíma gerðar verulegar breytingar á íslenskum barnarétti og margvísleg nýmæli tekin upp. Á þeim áratug sem liðinn er frá gildistöku laganna hafa orðið miklar breytingar á viðhorfum og sjónarmiðum í barnarétti, bæði hér á landi og erlendis, og var því tímabært að endurskoða þau í ljósi fenginnar reynslu og þróunar.

Strax við upphaf endurskoðunar laganna á árinu 1999 var ljóst að taka þyrfti afstöðu til fjölmargra sjónarmiða og álitaefna og ákvað sifjalaganefnd því að gefa ýmsum þeim stofnunum, félaga- og hagsmunasamtökum sem láta sig málefni á sviði barnaréttar varða tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum og tillögum á framfæri við nefndina. Þeir sem nefndin ritaði bréf í þessu skyni voru Barnaheill, Barnaverndarráð, Barnaverndarstofa, Dómarafélag Íslands, Félag ábyrgra feðra, Félag einstæðra foreldra, Fjölskylduráð, Heimili og skóli, Íslandsdeild OMEP (Bernskan), Jafnréttisráð, karlanefnd Jafnréttisráðs, Kvenréttindafélag Íslands, Lögmannafélag Íslands, Samtökin 78, Sálfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa, Sýslumannafélag Íslands og umboðsmaður barna. Ellefu þeirra létu sifjalaganefnd í té ábendingar og tillögur og einnig bárust ábendingar frá Tryggingastofnun ríkisins. Um sumt voru flestir umsagnaraðilar sammála en um annað voru sjónarmið þeirra ósamræmanleg. Sifjalaganefnd tók allar athugasemdir og ábendingar sem henni bárust til efnislegrar athugunar og var við samningu frv. tekið tillit til fjölmargra þeirra.

Við samningu frv. hafði sifjalaganefnd sérstaka hliðsjón af þeim alþjóðlegu samningum og samþykktum sem Ísland er aðili að og varða málefni á sviði barnaréttar. Var þá sérstaklega litið til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og mannréttindasáttmála Evrópu en einnig til norræns samstarfs á sviði sifjaréttar.

Þegar ljóst var að samið yrði frv. til nýrra heildarlaga en ekki frv. til breytinga á gildandi barnalögum ákvað nefndin að stokka kaflaskipan frv. upp miðað við gildandi barnalög. Tilgangurinn var að gera það eins skýrt og aðgengilegt og unnt væri, ekki síst til þess að auðvelda ólöglærðum að glöggva sig á efni þess en eins og kunnugt er eru barnalög mikið lesin af almenningi, sérstaklega af foreldrum og öðrum aðstandendum barna.

Þegar sifjalaganefnd hafði lokið við drög að frv. til barnalaga, í árslok 2001, voru þau send fyrrnefndum umsagnaraðilum og fleirum til kynningar og þeim gefinn kostur á að veita nefndinni umsögn sína um þau. Athugasemdir bárust frá allmörgum aðilum. Flestir þessara umsagnaraðila lýstu mikilli ánægju með frumvarpsdrögin en þó komu fram ýmsar ábendingar og athugasemdir. Sem fyrr var tekið tillit til þeirra við samningu frv.

Þegar umsagnir þessara aðila lágu fyrir taldi sifjalaganefnd rétt, að gefnu tilefni, að kalla sérstaklega eftir áliti sérfróðra manna á því hvernig best væri að skipa réttarstöðu barns í forsjármáli, einkum hvort talist gæti forsvaranlegt að veita barni stöðu aðila í slíku máli. Leitað var til þriggja sálfræðinga í þessu skyni sem allir hafa mikla reynslu af forsjármálum, bæði sem álitsgjafar og meðdómendur, þeirra Aðalsteins Sigfússonar, Guðfinnu Eydal og Þorgeirs Magnússonar. Þau skiluðu nefndinni skýrslu sinni um efnið og fylgir hún frv. sem fylgiskjal II. Niðurstaða sálfræðinganna var mjög í samræmi við skoðanir og álit sifjalaganefndar og mun ég víkja nánar að efni skýrslunnar þegar ég kem að umfjöllun um VI. kafla frv.

Eftir að frv. hafði verið afgreitt úr ríkisstjórn og sent þingflokkunum barst mér minnisblað úr félmrn. með umsögn um frv. Á fundi með lögfræðingum á vegum félmrn. og lögfræðingum í dómsmrn. var farið rækilega yfir efni þessa minnisblaðs og náðist þá samkomulag um flest þau atriði sem þar greindi. Ef eitthvað þarfnast frekari skoðunar treysti ég því að það verði gert í hv. allshn. í samvinnu við bæði ráðuneytin og sifjalaganefnd.

Ég mun nú víkja að einstökum köflum frv. en bendi jafnframt á að í athugasemdum við frv. í II. kafla eru helstu nýmæli þess reifuð í 22 liðum og að auki er í athugasemdum með einstökum greinum að finna ítarlegar skýringar sem ég vísa hér til.

Í I. kafla eru ákvæði um móðerni og faðerni barns. 1. gr. frv. er nýmæli en þar segir að barn eigi rétt á að þekkja báða foreldra sína og af þeim rétti barnsins er dregin skylda móður til að feðra barn sitt sem ekki er feðrað samkvæmt beinum fyrirmælum barnalaga. Ákvæðið er leitt af 4. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Um móðerni barns sem getið er við tæknifrjóvgun segir í 5. gr. að kona sem elur barn sem getið er við tæknifrjóvgun teljist móðir þess. Þetta ákvæði er einnig nýmæli og er fyrst og fremst ætlað að koma í veg fyrir hugsanlegan ágreining um móðerni barns þegar notast er við gjafaeggfrumur. Um faðerni barns greinir síðan í 2., 3., 4., 6. og 7. gr. frv.

Í II. kafla er fjallað um dómsmál til feðrunar barns og kemur hann í stað VII. kafla barnalaga. Verulegar breytingar eru lagðar til á II. kafla frá gildandi lögum. Ákvæðum er raðað á annan hátt innan kaflans, orðalagi er breytt, ákvæði eru felld brott og ný tekin upp. Leitast hefur verið við að færa ákvæði frv. til samræmis við almennar reglur einkamálalaga eins og kostur er en vegna eðlis þessara mála eru frávik frá einkamálaréttarfari þó nokkur. Kaflinn hefur verið einfaldaður og í honum er nú aðeins að finna réttarfarsreglur sem fela í sér frávik frá almennum reglum laga um meðferð einkamála.

Í 10. gr. um málsaðild er að finna mikilvægasta nýmæli kaflans. Lagt er til að manni, sem telur sig föður barns, verði í barnalögum veitt heimild til höfðunar faðernismáls. Á undanförnum árum hafa verulegar breytingar orðið á viðhorfum í barnarétti eins og vikið hefur verið að. Kastljósinu hefur m.a. í auknum mæli verið beint að rétti barns til að þekkja báða foreldra sína og rétti þess til að njóta samvista við þá. Viðurkenning á rétti manns sem telur sig föður barns til að höfða faðernismál er fallin til að styrkja þessi réttindi barns. Í ljósi þessara breyttu viðhorfa, sem m.a. endurspeglast í dómi Hæstaréttar í máli nr. 419/2000, eru fyrrgreindar breytingar á málsaðild lagðar til. Í sambandi við málshöfðunarheimild manns sem telur sig föður barns er rétt að minna á hve fátítt það er að börn hér á landi séu ófeðruð en samkvæmt upplýsingum þjóðskrár munu það vera um átta börn á ári. Þess vegna má ætla að faðernismál þar sem karlmaður er stefnandi máls verði ekki mörg.

Í 13. gr. um málsvara í faðernismálum er nýmæli. Lagt er til að dómari geti, ef sérstaklega stendur á, skipað stefnda málsvara ef ekki er mætt af hans hálfu við þingfestingu máls eða ef þingsókn fellur niður af hans hálfu á síðari stigum. Málsvari talar máli hins stefnda og gætir hagsmuna hans en hefur ekki heimild til að skuldbinda hann fyrir dómi.

Í III. kafla er fjallað um dómsmál til vefengingar á faðerni barns og til ógildingar á faðernisviðurkenningu. Þótt ýmislegt sé sammerkt með II. og III. kafla horfa mál ólíkt við samkvæmt þeim. Í II. kafla er fjallað um mál til feðrunar barns sem þá er ófeðrað en ákvæði III. kafla lúta að börnum sem þegar eru feðruð en freistað er að hnekkja faðerninu.

Líkt og II. kafli er III. kafli í margvíslegu tilliti frábrugðinn ákvæðum gildandi barnalaga. Eiga breytingarnar m.a. rætur að rekja til nýrrar þekkingar og tækni í læknavísindum sem gerir mönnum kleift að staðreyna faðerni barns með afdráttarlausum hætti.

Í gildandi lögum er að finna reglur um tímafresti sem lagt er til að verði alfarið felldar niður. Í lögunum segir nú að vefengingarmál, eða mál til ógildingar á faðernisviðurkenningu, eigi að höfða innan árs frá því að sóknaraðili fær vitneskju um atvik sem orðið geta efni til að vefengja faðerni barns. Slíkt mál verði þó ekki höfðað eftir fimm ára aldur barns en dómsmrn. geti veitt málshöfðunarheimild ef sérstaklega stendur á. Fyrrnefndir tímafrestir gilda þó aldrei ef barn er stefnandi máls. Vandséð er hvað geti réttlætt þessa tímafresti nú á dögum, ekki síst í ljósi ákvæða 70. gr. stjórnarskrárinnar um rétt manna til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur fyrir dómstóli og þess hversu óyggjandi niðurstöður fást í nútímarannsóknum á faðerni barns.

Helstu efnisatriði V. kafla frv. eru reglur um inntak forsjár, forsjármenn, samninga foreldra um forsjá, dóma um forsjá o.fl. Í kaflanum eru lagðar til veigamiklar efnisbreytingar frá gildandi barnalögum auk þess sem uppbygging kaflans er með öðru sniði en uppbygging laganna.

28. gr. frv. um inntak forsjár er hliðstæð 29. gr. barnalaga en þetta mikilvæga ákvæði er þó ítarlegra en gildandi lög.

2. mgr. er nýmæli. Lagt er til, samkvæmt ábendingu umboðsmanns barna, að tekið verði upp ákvæði er leggur skyldu á forsjármann til að vernda barn gegn líkamlegu og andlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi.

Í 29. gr. er fjallað um hverjir eru forsjármenn barns. 3. mgr. er töluvert frábrugðin 3. mgr. 30. gr. gildandi barnalaga. Í fyrsta lagi gerir frv. ráð fyrir því að stjúpforeldri og sambúðarforeldri fái ekki forsjá barns maka síns eða sambúðarmaka er það gengur í hinn nýja hjúskap eða hefur verið í skráðri sambúð í eitt ár nema foreldri barnsins fari áður eitt með forsjá þess. Þetta þýðir að forsjárskipan barns breytist ekki ef kynforeldrar þess, sem fara sameiginlega með forsjá þess samkvæmt samningi, ganga í hjúskap eða taka upp sambúð með öðrum, eins og nú er, heldur fara foreldrarnir einir áfram sameiginlega með forsjána. Samkvæmt barnalögum geta forsjármenn barns orðið fjórir, þegar svo háttar til, en fullyrða má að engin rök mæli með því að forsjármenn verði svo margir.

Þá er þess að geta að ekki er gert ráð fyrir því í 3. mgr. að sambúðarmaki fái forsjá barns nema skráð sambúð hans og foreldris barnsins hafi staðið samfleytt í a.m.k. eitt ár. Hér er sett það skilyrði að sambúðin hafi verið tilkynnt þjóðskrá.

Í 6. mgr. er að finna nýmæli. Lagt er til að forsjárforeldrar geti ákveðið hver eða hverjir skuli að þeim látnum fara með forsjá barns þeirra. Ber að fara eftir slíkri ákvörðun foreldra nema því aðeins að annað þyki barni fyrir bestu eða ákvörðunin sé andstæð lögum. Nokkuð er nú um að slíkar yfirlýsingar séu gefnar þótt þær skorti lagastoð en það er gert í þeim tilgangi að upplýsa um mat forsjárforeldra á því hvernig hagsmunum barns væri best borgið að þeim látnum, í þeirri von að farið yrði að vilja þeirra. Ákvæðið sem hér er lagt til á sér hliðstæðu í lögræðislögum en í þeim er eðlilega aðeins fjallað um þann þátt lögráða sem felst í fjárhaldi barns.

Í 7. mgr. er mælt fyrir um form ákvörðunar skv. 6. mgr. og er gert ráð fyrir að yfirlýsing foreldra beri með sér að þeir geri sér grein fyrir réttaráhrifum hennar.

33. gr. frv. fjallar um sáttaumleitan í forsjár-, umgengnis- og dagsektarmálum. Hún kemur í stað 37. gr. A gildandi barnalaga sem bætt var við lögin með lögum nr. 18/2001. Efnislega tekur greinin mið af 37. gr. A en horfið er þó frá því að skylda sýslumann til að bjóða barni sem náð hefur 12 ára aldri ráðgjöf. Þess í stað er lagt til að sá sem ráðgjöfina veitir geti rætt við barn sem mál varðar telji hann það þjóna hagsmunum þess og forsjárforeldrar samþykkja. Það fer því eftir eðli deilunnar og atvikum máls að öðru leyti hvort rætt er við barn af hálfu ráðgjafans meðan málið er til meðferðar hjá honum. Ekki þykir rétt að leggja til ákveðin aldursmörk í ákvæðinu heldur fer best á að mat fari fram á því í hverju máli fyrir sig hvort ástæða er til að ræða við barn.

Þótt sýslumanni sé skylt að bjóða foreldrum sérfræðiráðgjöf er þeim ekki skylt að þiggja hana. Markmið ráðgjafarinnar er að hjálpa foreldrunum að finna lausn á ágreiningi sínum og eðli máls samkvæmt verða foreldrar ekki þvingaðir til sátta. Jafnljóst má vera að foreldrar sem þiggja ráðgjöf og reyna að ná sáttum verða að vera sáttir við að rætt sé við barnið um málið. Þess vegna er eðlilegt að breyta orðalagi ákvæðisins svo það þjóni betur tilgangi sínum.

Í 34. gr. frv. er kveðið á um ágreiningsmál um forsjá og fleira og svarar hún til 34. gr. gildandi barnalaga en verulegar breytingar eru þó lagðar til frá gildandi rétti. Í 1. mgr. er fjallað um úrlausnarvald í ágreiningsmálum um forsjá. Gert er ráð fyrir að dómstólum einum verði falið að leysa úr slíkum málum en þau fari ekki til úrlausnar dómsmrn.

Við setningu gildandi barnalaga var um það rætt í sifjalaganefnd hvort rétt væri að leggja til að færa úrskurðarvald í forsjármálum alfarið til dómstóla en frá því var horfið. Í barnalögunum er í dag kveðið á um tvíþætt úrlausnarkerfi forsjármála, þ.e. að auk dómstóla leysi dómsmrn. úr forsjármálum en þó aðeins ef aðilar eru á einu máli um að

fela ráðuneytinu úrlausnarvald. Í reynd er það svo að þeim málum sem dómsmrn. sker úr árlega hefur fækkað nokkuð eins og nánar er reifað í almennum athugasemdum um V. kafla frv.

3. mgr. er nýmæli. Lagt er til að lögfest verði að við forsjárákvörðun beri að líta sérstaklega til þess hvort foreldri, sem krefst forsjár barns, hefur verið tálmuð umgengni við það. Fram til þessa hefur vissulega verið talið rétt að líta til þess við ákvörðun forsjár hvernig foreldrar sjá fyrir sér umgengni barnsins og þess foreldris sem ekki fær forsjá þess og getur þetta atriði verið mikilvægur þáttur í forsjármáli. Með lögfestingu ákvæðis 3. mgr. er kastljósinu beint sérstaklega að því hvort umgengni foreldris og barns hafi verið tálmuð. Dómara ber í úrlausn sinni að taka afstöðu til þess hvort svo hafi verið og þá jafnframt að taka tillit til þess við ákvörðun máls.

Í 4. mgr. er einnig að finna nýmæli. Lagt er til að dómara verði fengið vald til að ákveða inntak umgengnisréttar foreldris og barns í dómi um forsjá, svo og meðlag með barni, takist ekki sættir milli foreldranna.

Úrlausn umgengnis- og meðlagsmála er nú einvörðungu í höndum stjórnvalda. Foreldrar þurfa því að leita til sýslumanns varðandi þá þætti í kjölfar dóms um forsjá, ef því er að skipta, og þarf sýslumaður þá að kynna sér hagi foreldra og barns frá grunni. Verði frumvarp þetta að lögum verður dómurum falið að leysa úr ágreiningi af þessum toga í tengslum við forsjármál sem til meðferðar er. Þykir þetta horfa mjög til hagræðis fyrir aðila máls og þjóna hagsmunum barns best. Ekki verður séð að breyting þessi auki álag á dómstóla, svo nokkru nemi, þar sem ekki er lagt til að þessir málaflokkar verði færðir í heild sinni til dómstólanna, heldur aðeins að dómurum verði fært úrlausnarvald um þetta í forsjármáli, sem er þegar komið til þeirra kasta. Ætla verður á hinn bóginn að álagi létti nokkuð af sýslumannsembættum. Þá verður og að ætla að kostnaður aðila og ríkisvalds, umfram kostnað vegna forsjármálsins sem slíks, sé óverulegur.

Ég legg áherslu á að með þessari breytingu er ekki verið að flytja úrlausn í umgengnis- og meðlagsmálum almennt frá stjórnvöldum til dómstólanna. Þvert á móti verða þau áfram til úrlausnar hjá sýslumönnum með kæruheimild til dómsmrn. Eina undantekningin er að opnað er fyrir möguleika foreldra til að fá úrlausn um þessi efni í einu og sama málinu. Ef ágreiningur rís síðar um umgengni eða meðlag með barni ber því að reka málið fyrir stjórnvöldum.

Í VI. kafla frumvarpsins eru reglur um meðferð forsjármála fyrir dómi og svarar hann til VIII. kafla gildandi barnalaga.

Vegna séreðlis forsjármála verður ekki hjá því komist að þau sæti afbrigðilegri meðferð einkamála og stefna ákvæði frumvarpsins þá átt. Við endurskoðun laganna hefur þó verið leitast við að færa málsmeðferðarreglur til samræmis við almennar reglur einkamála eftir því sem þótt hefur fært. Frávikin frá hinum almennum reglum eru þrátt fyrir það enn nokkur og er þau að finna í VI. kafla frumvarpsins.

Ég tek undir með sifjalaganefnd að mikilvægt sé að hlífa börnum við óþarfa sársauka og erfiðleikum vegna forsjárdeilu foreldra þeirra eftir því sem kostur er og því sé ekki rétt að blanda börnum í deilur foreldranna sjálfvirkt. Meðal þeirra tillagna sem nefndinni bárust við samningu frumvarpsins var að barni yrði tryggð sjálfstæð aðild að forsjármáli og ábending um að barni yrði skipaður réttargæslumaður við meðferð forsjár- og umgengnismáls. Starfshópur sem ég vék að í upphafi veitti sifjalaganefnd að beiðni hennar álit sitt á því m.a. hvort æskilegt væri að barn fengi sjálfstæða aðild að dómsmáli um forsjá þess og á því hvort rétt væri að mæla fyrir um að barni yrði skipaður réttargæslumaður við meðferð máls. Var það álit sérfræðinganna að óæskilegt væri að barn væri aðili máls. Með því yrði barnið beinn þátttakandi í deilu foreldranna og hætt væri við að hin virka þátttaka barnsins í ferli málsins hefði ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir samskipti foreldra og barns eftir að máli lyki. Sálfræðingarnir töldu að verja bæri börn fyrir slíku álagi og að ekki væri þörf á að færa í lög að barni yrði skipaður réttargæslumaður. Þar sem vandi barns í þessum málum væri oftast fyrst og fremst tilfinningalegur og tengdur flóknum samskiptum þess við sína nánustu var það mat sálfræðinganna að talsmaður, sem væri fagmaður á sviði sálfræði, barnageðlækninga eða félagsráðgjafar, væri vænlegri til að gæta hagsmuna barns. Það varð því niðurstaða nefndarinnar að hvorki yrði í frumvarpi þessu lagt til að barn yrði aðili máls né að barni skuli skipa réttargæslumann við meðferð forsjár- og umgengnismála.

41. gr. mælir fyrir um málsástæður og leysir hún af hólmi 62. gr. gildandi barnalaga. Í þessu ákvæði og því næsta endurspeglast e.t.v. best sú sérstaða sem einkennir forsjármál. Í 1. mgr. kemur fram að aðilar geta borið fyrir sig nýjar málsástæður og haft uppi ný andmæli allt til þess er mál er dómtekið. Á hinn bóginn er ekki talið rétt að ganga eins langt og gildandi barnalög sem heimila að settar séu fram nýjar kröfur allt þar til mál er flutt. Í athugasemdum með 41. gr. er að finna ítarlegan rökstuðning fyrir þessari breytingu.

Í 42. gr. er fjallað um gagnaöflun og leysir hún af hólmi 60. gr. gildandi barnalaga. Í frv. því er sifjalaganefnd lét mér í té hljóðaði 1. málsl. 1. mgr. á þann veg að dómari stýrði gagnaöflun. Eftir ábendingu réttarfarsnefndar var gerð breyting á ákvæðinu og athugasemdum við það eins og ég gat um í upphafi. 1. málsl. 1. mgr. er nú óbreytt 1. mgr. 60. gr. barnalaga. Í 2. og 3. málsl. 1. mgr. segir að aðilum máls sé skylt að verða við kvaðningu dómara um að mæta fyrir dóm og gefa skýrslu og að knýja megi þá til þess í samræmi við 1. mgr. 55. gr. laga um meðferð einkamála. Af því leiðir að dómari getur, að kröfu aðila, leitað aðstoðar lögreglu við að færa viðkomandi fyrir dóm.

Í 2. mgr. kemur fram að dómari getur lagt fyrir aðila að afla tilgreindra gagna sem varða aðstæður aðila eða barns og svarar málsgreinin að nokkru til 2. mgr. 60. gr. gildandi barnalaga. Verði aðili ekki við tilmælum dómara um gagnaöflun eða honum er ókleift að afla þeirra getur dómari sjálfur aflað gagna sem hann telur nauðsynleg til að leggja megi dóm á mál.

Í 3. mgr. er að finna sérstaka reglu vegna séreðlis forsjármála. Sérfræðileg álitsgerð er í mörgum forsjármálum aðalsönnunargagnið. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að dómari geti lagt fyrir aðila að afla sérfræðilegrar álitsgerðar telji hann hennar þörf. Í þessu felst að aðili máls útbýr beiðni um dómkvaðningu matsmanns og tiltekur hvaða atriði hann vill að verði könnuð í samræmi við almennar reglur laga um meðferð einkamála. Dómari yfirfer beiðnina og getur sjálfur bætt matsatriðum við dómkvaðninguna. Dómari getur enn fremur í matsbeiðninni falið sérfræðingnum að ræða við barn í því skyni að kanna viðhorf þess.

Í 43. gr. er fjallað um rétt barns til að tjá sig um mál o.fl.

4. mgr. er ætlað að leysa af hólmi 5. mgr. 34. gr. gildandi barnalaga um heimild til skipunar talsmanns barns í forsjármáli en nokkurs misskilnings hefur gætt varðandi tilgang og

þýðingu þessa ákvæðis barnalaga eins og rækilega er raunar reifað í athugasemdum með ákvæðinu. Þar sem samkomulag náðist á þeim fundi sem ég gat um í upphafi með lögfræðingum á vegum félmrn. og í dómsmrn. um að æskilegt sé að ákvæðunum verði breytt með hliðsjón af barnaverndarlögum mun ég mælast til þess við hv. allshn. að tillögur þar að lútandi verði vandlega skoðaðar.

Í VIII. kafla er að finna reglur um umgengnisrétt, samninga og úrskurði um umgengni og þvingunarúrræði til framdráttar umgengnisrétti.

Verulegar breytingar eru lagðar til á gildandi rétti í þessum kafla og er helsta breytingin sú að lagt er til að heimilað verði að umgengni verði komið á með aðfarargerð, skili dagsektarúrskurður og innheimtuaðgerðir dagsekta ekki viðunandi árangri. Samkvæmt gildandi barnalögum eru einu þvingunarúrræðin til framdráttar umgengnisrétti beiting dagsekta, að kröfu þess sem ekki fær notið umgengni samkvæmt úrskurði.

Margir þeirra sem komu á framfæri athugasemdum við sifjalaganefnd í tilefni af fyrirhugaðri endurskoðun barnalaga viku að reglum laganna um umgengni og úrræðum gegn brotum á umgengnisrétti. M.a. komu þau sjónarmið fram að þvingunarúrræði barnalaga væru gagnslítil er forsjárforeldri tálmaði umgengni og að brýnt væri að breytingar yrðu gerðar þar á.

Taka verður undir að brýnt sé að breyta ákvæðum gildandi barnalaga um þvingunarúrræði til framdráttar umgengnisrétti bæði vegna þess hversu skammt þau úrræði ná og þess að nú ríkir ákveðið ósamræmi varðandi þvingunarúrræði vegna innlendra umgengnisúrskurða annars vegar og erlendra ákvarðana hins vegar. Það ósamræmi kemur til af því að frá 1. nóvember 1996 hafa íslensk stjórnvöld verið skuldbundin til þess að fullnusta umgengnisákvörðun frá öðrum ríkjum Evrópu með aðfarargerð á grundvelli laga nr. 160/1995, um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl. Sömu reglur eigi að gilda um úrræði til framdráttar umgengnisrétti óháð því hvar umgengnisákvörðun er tekin. Lögfesting þessa ákvæðis hefur í för með sér að hægt verður að undangengnum úrskurði dómara að sækja barn, t.d. á heimili þess, í því skyni að koma umgengni á og fellur hér undir úrskurðuð og dæmd umgengni en einnig umgengni sem ákveðin hefur verið með samningi foreldra, sem staðfestur er af sýslumanni.

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á að með lögfestingu þessara tillagna verður íslensk löggjöf í betra samræmi við löggjöf annarra norrænna ríkja, samanber nánar um erlendan rétt í fylgiskjali I með frumvarpi þessu.

Í 46. gr. eru almenn ákvæði um umgengnisrétt. Í 1. mgr. kemur sú grunnregla fram að barn eigi rétt á að umgangast það foreldri sem það býr ekki hjá með reglubundnum hætti, enda sé það ekki andstætt hagsmunum þess.

Við ákvörðun um umgengni hjá stjórnvöldum hér á landi hafa mótast skýrar verklagsreglur við meðferð mála og ákveðin grundvallarsjónarmið eru höfð að leiðarljósi við úrlausn þeirra. Er þessum verklagsreglum ítarlega lýst í athugasemdum með 46. gr. frv.

Í 2. mgr. er kveðið á um rétt og skyldu foreldris sem barn býr ekki hjá til að rækja umgengni og samneyti við barn og eru þar ekki lagðar til efnisbreytingar frá gildandi lögum. Í 2. málsl. 2. mgr. er lagt til að lögfest verði sú óskráða meginregla, sem gilt hefur, að foreldri sem nýtur umgengnisréttar greiði kostnað vegna umgengninnar, nema annað sé ákveðið með samningi eða úrskurði.

Í IX. kafla eru ákvæði um framfærslu barns. Ekki eru lagðar til verulegar efnislegar breytingar frá VI. kafla gildandi barnalaga, nokkrar þó, en röðun ákvæða innan hans er breytt. Þeim breytingum er einkum ætlað að gera kaflann samfelldari og aðgengilegri.

Eitt af nýtmælum þessa kafla er að gert er ráð fyrir að unnt verði að úrskurða um meðlag þótt forsjá barns sé sameiginleg samkvæmt samningi og byggist sú tillaga á svipuðum sjónarmiðum og heimildin til að úrskurða um umgengni við þessar aðstæður. Þetta á þó einungis við ef foreldri fullnægir ekki framfærsluskyldu sinni gagnvart barni og heimildin er bundin við úrskurð á hendur því foreldri sem barn á ekki lögheimili hjá.

XI. kafli frumvarpsins, sem hefur að geyma reglur um meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt frumvarpinu, er allnokkuð breyttur frá gildandi lögum. Breytingarnar koma aðallega til af því að nú er litið sérstaklega til ákvæða stjórnsýslulaga, sem sett voru eftir gildistöku barnalaga, nr. 20/1992, en einnig er í kaflanum að finna nokkrar málsmeðferðarreglur sem fram til þessa hefur verið kveðið á um í öðrum köflum barnalaga og í reglugerð nr. 231/1992, um stjórnsýslumeðferð mála samkvæmt barnalögum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nokkrum frávikum frá stjórnsýslulögum. Að sumu leyti eru gerðar ríkari kröfur til stjórnvalda en samkvæmt stjórnsýslulögunum, t.d. skulu úrskurðir sýslumanns ávallt vera rökstuddir. Í öðrum tilvikum er um annars konar sérákvæði að ræða, samanber t.d. tveggja mánaða kærufrest í stað hins almenna þriggja mánaða frests stjórnsýslulaga o.fl.

Í 70. gr. er m.a. fjallað um tilkynningu um meðferð máls. Þar er að finna nýmæli í 4. mgr. þar sem mælt er fyrir um að sýslumaður geti í vissum tilvikum birt tilkynningu um meferð máls í Lögbirtingablaði og er um þýðingarmikið nýmæli að ræða. Þeim málum fjölgar sífellt hjá stjórnvöldum þar sem örðugleikum er bundið að ná til gagnaðila máls og er brýn þörf fyrir skýr lagafyrirmæli um hvernig skuli brugðist við þegar svo háttar til, en fram til þessa hefur slík fyrirmæli ekki verið að finna í lögum. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Þetta er mjög viðamikið frv. sem ég mæli hér fyrir. Ég vil að lokum segja að í XII. og síðasta kafla frv. eru ýmis ákvæði um heimild til setningar reglugerða, gildistöku, lagaskil o.fl.

Ég hef þá lokið framsögu um þetta ítarlega og mikilvæga frv. til nýrra barnalaga og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[14:44]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir miður hve mikil áhersla er lögð á tæknileg atriði í þessu frv., tæknileg atriði eins og t.d. hverjir séu kynforeldrar barna. Að uppeldi barna kemur fjöldi fólks og oft foreldrar sem ekki eru endilega kynforeldrar, þ.e. fósturforeldrar eða foreldrar sem hafa ættleitt barn og teljast fullkomnir foreldrar að öllu leyti gagnvart lögum.

Ég vil spyrja hæstv. dómsmrh. hvort vegi þyngra í þessari tæknilegu útfærslu, að reyna að finna út hvert er kynforeldri, 2. gr. sem segir að eiginmaður móður barns teljist faðir þess ef það er alið í hjúskap þeirra eða 10. gr. sem segir að maður sem telur sig föður barns geti krafist faðernismáls. Er það þannig að þó að barn fæðist í hjónabandi þá geti menn þurft að una því að einhver maður úti í bæ geri kröfu til þess, fari í

faðernismál, krefjist þess að móðirin fari í blóðprufu og allt slíkt til að hann verði sannaður faðir þess eða ekki? Hvort vegur þyngra í lögunum?

Þessi gullvæga tæknilega regla er brotin í 5. og 6. gr. þar sem kona sem hefur gengist undir tæknifrjóvgun telst móðir barns þó að hún sé ekki kynforeldri, ef hún hefur t.d. fengið frjóvgað egg. Og í 6. gr. er sagt að faðir sem hefur gefið sæði til tæknifrjóvgunar teljist ekki foreldri þó hann sé sannarlega kynforeldri.

[14:46]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að þetta sé e.t.v. ákveðinn misskilningur. Vissulega getur frv. virst nokkuð tæknilegt og ýmis lögfræðileg atriði sem eru rakin í framsögu minni, en það er að sjálfsögðu svo að sömu reglur gilda fyrir þá aðila sem fara með forræði barns. Af því að hv. þm. nefndi sérstaklega ættleiðingar þá eru sérstök lög sem gilda um framkvæmd ættleiðinga. Þegar foreldri fer með forsjá barns hefur það sömu réttindi og sömu skyldur og aðrir foreldrar.

Mér heyrist hv. þm. vera að gefa í skyn að hætta sé á því að menn muni nýta sér í miklum mæli þá heimild í frv. um að fara í faðernismál. Ég tel að svo verði ekki, ekki sé hætta á því. Ég tel hins vegar að þetta sé mikið réttlætismál og líka jafnréttismál. Dómur Hæstaréttar var mjög skýr í þessu máli. Hann taldi það beinlínis andstætt stjórnarskrá að feður gætu ekki átt þennan rétt ef þeir teldu sig vera feður barna, og að þeir gætu sótt þann rétt sinn.

En það sem er auðvitað grundvallaratriðið í frv. og snertir umrædda heimild er réttur barnsins til að þekkja og umgangast báða foreldra sína og sá réttur er leiddur af barnasamningi Sameinuðu þjóðanna. Það er grundvallaratriðið og rauði þráðurinn í frv. og þess vegna kemur heimildin til.

[14:48]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fékk ekki svar við því hvor yrði metin sterkari við feðrun barns, 2. gr. eða 10. gr., og vildi gjarnan fá svar við því hvor mundi vega þyngra. Þegar búið er að feðra barn sem getið er í hjónabandi, getur þá einhver annar upphafið þann úrskurð?

Síðan er spurningin um tæknilega útfærslu og þá ofuráherslu sem lögð er á kynforeldri. Það er dálítið undarlegt að frv. til barnalaga, sem á að fjalla um samskipti foreldra og barna að mínu mati, byrjar á móðerni og faðerni barns og síðan eru forræðismálin einhvern veginn sem aukagrein aftarlega í V. kafla, sem mér finnst vera aðalmálið. Ég er ekki sáttur við hvernig frv. er uppbyggt og á hvað menn leggja áherslu. Lögð er meiri áhersla á — ja, hvað á ég að segja — erfðafræðileg áhugamál einhvers en ekki samskipti og tilfinningar fólks. Það skiptir barn miklu meira máli hver það er sem annast það í uppeldinu heldur en hverjir eru kynforeldrar þess einhvers staðar úti í heimi.

Mér þykir miður hvernig frv. er uppbyggt, að slík ofuráhersla skuli vera lögð á þessa tækni og lögfræði en ekki á það sem virkilega skiptir máli í uppeldi barns.

[14:50]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er nokkuð undrandi á þessum hörðu viðbrögðum hjá hv. þm. Hér er verið að mæla fyrir mjög stóru frv. og ef hann hefur lagt það á sig að lesa allar athugasemdir við greinarnar og greinargerðina þá sér hann að þar liggur mikil vinna á bak við og mjög margt sem tekið er á.

En hins vegar, og það er atriði sem hv. þm. verður að átta sig á að ekki er hægt að setja lög yfir allar tilfinningar og samskipti manna á meðal, það er nú bara þannig, hv. þm. En það sem snýr að stjórnvöldum, þá verður það að vera alveg ljóst hvaða reglur gilda varðandi forræðismál og annað.

Einnig var minnst á 1. gr. frv. varðandi feðrun barns. Eins og ég sagði áðan er það líka byggt á rétti barnsins til að þekkja báða foreldra sína. Ég vildi láta þetta koma fram hér, herra forseti.

Að öðru leyti er þetta stórt frv. sem á eftir að fá vonandi mjög vandaða vinnu í hv. allshn. og margir hlutir þar væntanlega skoðaðir og ræddir. Ég vona svo sannarlega að málið fái góðar viðtökur á hinu háa Alþingi af því að ég tel að það sé mjög mikilvægt og feli í sér mjög mikilvægar réttarbætur, ekki síst fyrir börn landsins.

[14:51]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir orð hæstv. dómsmrh. að hér er mikilvægt mál á ferðinni, mikilvægt til verndar börnum og mikilvægt gagnvart þeim foreldrum sem slitið hafa sambúð. Lít ég þá til tveggja greina, fyrst 43. gr., en þar segir, með leyfi forseta:

„Dómari getur, ef þörf er á, beint þeim tilmælum til barnaverndarnefndar í því umdæmi þar sem barn er búsett að nefndin skipi barninu tilsjónarmann.“ — Dómari „getur“.

Og síðan 48. gr.:

„Við rannsókn máls getur sýslumaður óskað liðsinnis barnaverndarnefndar eða sérstaklega tilnefnds tilsjónarmanns í sambandi við framkvæmd umgengnisréttarins.“

Ótal feður hafa haft samband við mig sem hafa lent heldur betur í hremmingum vegna umgengnisréttarins. Og ég vænti þess, herra forseti, að allshn. taki þetta mál sérstaklega til skoðunar því að í dag geta liðið tvö ár, jafnvel á þriðja ár frá skilnaði án þess að t.d. faðir hafi nokkurn möguleika eða rétt á umgengni við barn sitt. Það virðist vera svo í dómskerfinu að menn verða að bíða mánuðum saman eftir að komast að hjá sýslumanni eða öðrum embættismönnum til að leita réttar síns, þrátt fyrir að þeir greiði og sinni öllum þeim greiðslum sem þeim ber. Jafnvel eru dæmi um að feður taki þátt í fermingarveislu barna sinna en verði að standa úti.

Hér er því ekkert smámál á ferðinni, fyrst og fremst réttargæsla vegna barnanna en einnig hve margir feður hafa lent í ógöngum og hreinlega lent utan gátta við allt kerfi varðandi slík mál ef móðirin hefur það sterka stöðu í málinu að hún getur jafnvel neitað vikum og mánuðum saman að barn mæti til viðræðna við þá aðila sem vissulega hefur þurft, t.d. félagsráðgjafa eða sálfræðinga. Ef móðirin neitar því þá er bara ekkert gert í málinu. Og svo líður jafnvel á þriðja ár. Þetta er ófremdarástand sem auðvitað þarf að taka á.

[14:54]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. að því miður eru of mörg dæmi um að slík mál verða mjög erfið við að eiga og taka e.t.v. of langan tíma. Ég held að það sé e.t.v. fyrst og fremst vegna þess að þá eru deilur milli foreldra sem erfitt er að leysa og því miður verða börnin allt of oft bitbein í slíkum deilum.

Varðandi það orðalag í frv. að dómari „geti“ leitað eftir aðstoð sérfræðinga o.s.frv., þá er það vegna þess að verið er að undirstrika það að sem betur fer eru nú mörg mál þar

sem hlutirnir ganga vel fyrir sig og við þurfum ekki á slíkri aðstoð að halda.

En ég vil líka fá að rifja það upp að ég beitti mér fyrir því að tekin var upp svokölluð sáttaráðgjöf hjá sýslumönnum einmitt við foreldra sem standa í erfiðum deilumálum og sú ráðgjöf hefur komið mjög vel út. Ég vonast því til þess að við sjáum lausnir á fleiri svona málum.

En það er vissulega rétt hjá hv. þm. að einstæðir feður hafa nokkuð kvartað yfir þessum málaflokki og verið er að taka á ýmsum málum í frv. sem snúa að þeim kvörtunum. Ég benti á það áðan að þessi réttur feðra til að fara í mál til að fá faðernisviðurkenningu er auðvitað í jafnréttisátt.

[14:55]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum sammála um það, ég og hæstv. dómsmrh., að hér er vissulega mál til að taka á, því að eins og málin standa í dag geta liðið tvö ár frá skilnaði og þar til dagsektarákvæðum er beitt og kona getur ráðið því hvort börnin tala við félagsráðgjafa eða sálfræðing og um leið jafnvel notað stöðu sína og sagt ósatt í slíku máli án þess að faðir fái rönd við reist.

Ég vænti þess að lögin verði gerð aðlæg að nútímanum þannig að við skilnað sé ekki það ástand ríkjandi að faðir sé nánast utanveltu og haldið utan við, kannski í hefndarskyni vegna skilnaðarins eða af öðrum sérkennilegum hvötum móður, að hleypa föður ekki nálægt barni sínu. Það er óviðunandi og í því sambandi, eins og ég nefndi um þessi dagsektarákvæði, þá er eðlilegt að þau komi miklu fyrr til framkvæmda ef annar hvor aðilinn — nú getur þetta auðvitað verið á hinn veginn líka — framfylgir ekki umgengnisréttarákvæðunum. Sé þeim ekki framfylgt á skilyrðislaust að beita ákvæðum miklu fyrr en gerst hefur á umliðnum árum, að jafnvel líði á þriðja ár.

Ég fagna frv., herra forseti, og vænti þess að allshn. og þingið taki á málinu og beri gæfu til þess að gera lögin aðlæg að nútímanum þannig að slíkt ástand vari ekki eins og verið hefur, því miður, um of langan tíma.

[14:57]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir framsögu í því mikilvæga máli sem hér er um að ræða.

Ég ætla nú að fara tiltölulega lauslega yfir frv. Í því eru mjög mörg góð nýmæli sem verður verulega spennandi að skoða í allshn. En mig langar fyrst aðeins að stinga mér inn í umræðuna sem var hérna áðan út af andsvörum við ræðu hæstv. dómsmrh. og benda þingmönnum á að sennilega er stærsta vandamálið það að karlmenn ræki ekki umgengni við börnin sín, því miður. Hin málin verða auðvitað sýnilegri og þeir geta haft hátt sem lenda í vandamálum. Við þurfum því að tryggja alla ráðgjöf í þeim málum. En við skulum ekki gleyma þeim börnum þar sem feður hunsa algjörlega umgengni við börnin sín, svo við höldum okkur við báðar hliðar máls.

Hér er því um mjög stórt frv. að ræða og afar mikilvægt að áfram verði vel unnið með það. Sifjalaganefnd hefur unnið mikla og góða vinnu. Það eina sem ég saknaði kannski strax í upphafi var að ég heyrði ekki rætt um umsögn frá t.d. Félagsþjónustunni og barnaverndinni, sem að hluta til hefur sinnt þyngri enda þessara mála áður en það verður kannski að miklu barnaverndarmáli og komið til aðstoðar við dómstólana og annað þegar um erfið forsjármál og umgengnisréttarmál er að ræða. En við munum eflaust fá að vita meira um það þegar málið kemur til nefndarinnar og við fjöllum um það þar.

Ég vil að hluta til taka undir það að auðvitað er afar mikilvægt að börn eigi sér talsmann í erfiðum málum. Hins vegar er það líka mjög alvarlegt að blanda börnunum sjálfum á kaf í forræðis- og umgengnisdeilur foreldra sinna. Þar verðum við líka að bera hag barnanna fyrir brjósti og passa að þau þurfi ekki að sitja uppi með ábyrgð á hjónabandi og erfiðleikum foreldra sinna. Þetta er afar viðkvæmt einstigi en við eigum alveg að geta tryggt það að talað sé við börnin og skoðun þeirra komi fram en við verðum að gæta þess að þau verði ekki „átómatískt" aðilar máls. Ekki er mikill og góður réttur í því fólginn að mínu mati hvað varðar hagsmuni barna. Við þurfum fyrst og fremst að treysta það að þau geti örugg haft góða umgengni og gott samband við báða foreldra sína.

Af því að margt af þessu varðar það sem ég hef verið að vinna með til fjölda ára og tekið er fyrir strax í 1. gr., nýmælið um að móður sé skylt að feðra barn sitt, þá vil ég að við ræðum það líka aðeins í nefndinni hvernig eigi að bregðast við í þeim málum þar sem ekki er um slíkt að ræða og verður ekki um að ræða. Það er ekki mögulegt alveg sama hvernig á málið er litið.

Ég hef verið með nokkur slík mál í vinnu minni sem yfirfélagsráðgjafi hjá kvennadeild Landspítala og þessi mál eru afar erfið og þungbær. Þetta á bæði við um nauðgunarmál þar sem stúlkur geta lent í þeirri afneitun að þungun uppgötvast afar seint, kannski jafnvel ekki fyrr en á 7. mánuði. Það er ekki um neinn föður að því barni að ræða. Þannig geta mörg mál verið slungin.

Við þekkjum líka dæmi þess að ef konur sofa hjá erlendis og þungun uppgötvast seint að þá eru litlar ráðstafanir hægt að gera fyrir þær stúlkur. Mér finnst að við þurfum að ræða það aðeins í nefndinni hvernig við getum tryggt þetta, því þetta er í sjálfu sér alveg tryggt í meðförum Tryggingastofnunar. Aðalatriðið er að með einhverjum hætti sé sýnt fram á það að feðrun hafi verið reynd, en við þurfum að gæta þess að við þrengjum þetta ekki um of. Ég er afar sæl með það að ekki er farin danska sektaleiðin í þessu máli vegna þess að við erum um margt mjög ólík Norðurlöndunum. Hér er miklu meira um það að konur séu einar með börn og eigi börn fyrir hjúskap. Það er eins og það sé einhver hefð hér. Þetta er ekki eins algengt annars staðar nema kannski í Finnlandi. Það væri því gaman að skoða slíkan samanburð. Við erum að koma með fín lög og ég vil að við reynum að tryggja þau, og að við skoðum þá þessa hlið.

Aðeins varðandi 5. og 6. gr., um móðerni barns við tæknifrjóvgun. Það er afar skýrt í mínum huga. Eins líka um faðerni barns við tæknifrjóvgun. Hins vegar skil ég ekki hvers vegna við erum ekki með í 6. gr. eða sérgrein um að kona sem gefur egg sé í sömu stöðu og maður sem gefur sæði. Við verðum að tryggja það að kona sem gefur egg, því það er hægt að fá egg, sé með sömu réttarstöðu og sá sem gefur sæði, þannig að hún sé ekki talin móðir þess barns. Það er kannski af því að ég þekki það vel til þessara mála að mér finnst mjög brýnt að við höfum jafnræði þarna á milli þannig að sú kona sem gefur egg lendi ekki í því að hún eigi kannski fimm börn einhvers staðar og svo komi þau öll og vilji fá meðlag. Þetta er afar brýnt af því að við tryggjum sæðisgjafana. Það er auðvitað afar mikilvægt að tryggja það

að þau börn sem getin eru við tæknifrjóvgun séu börn þeirra foreldra sem ákveða í sameiningu að fara í tæknifrjóvgun.

Ég vil einnig benda á 7. gr. Það er afar mikilvægt að fá ákveðið form á mál varðandi faðerni barna. Eitt af því sem ég sá um m.a. á kvennadeildinni var að ganga frá gögnum varðandi faðerni barna. Mjög mikilvægt er að það sé á einföldu formi og líka vegna þess að nú er verið að fara þá leið að það sé ekki sjálfkrafa sambúðarmaðurinn, verið er að taka af þá sjálfvirkni og ég tel það um margt mjög rétt. Ég geri því ekki athugasemdir við það.

Mig langar aðeins, þó að ég rúlli svolítið fram og til baka en samt ekki, að minnast á 10. gr. um faðernismálin að mig minnir, þ.e. málsaðildina. Þar er nýmæli að ef maður sem telur sig föður barns höfðar mál skal móður þess stefnt, en ef hún er látin, þá er barninu sjálfu stefnt. Það sem ég næ ekki alveg og kannski spurning hvort ég skil þetta alveg rétt — en mjög mikilvægt er að tryggja það að sá kostnaður sem þetta barn lendir í falli ekki á það. Við þurfum þess vegna að hafa augun opin fyrir því í nefndinni að við tryggjum það algerlega.

Ég er hins vegar afar ánægð með yfirlýsingu um forsjárskipan barna eftir andlát forsjárforeldra þar sem tekið er mark á yfirlýsingum og stöðu þeirra barna sem í því lenda að missa forsjárforeldra sína. Þá komum við örlítið að því máli sem við nefndum í upphafi þar sem barn er kannski 10 eða 11 ára þegar það missir móður sína og hefur aldrei nokkurn tíma haft umgengni við föður. Þar af leiðandi gefur móðirin ákveðna yfirlýsingu — talsvert hefur verið af svona málum — um það hvar hún telur að barninu sé fyrir bestu að vera að henni látinni. Ég er mjög fegin að búið er að gefa þessu ákveðna réttarstöðu, það er afar mikilvægt, og að þetta sé eitthvað sem má gera og er eðlilegt að gera undir ákveðnum kringumstæðum. En vissulega þarf líka alltaf að kanna hag barnsins og hvernig þessu öllu er háttað. Þetta er ekki spurning um að taka rétt af neinum þannig að ég er mjög ánægð að sjá þetta atriði þarna.

Ég er mjög sammála áliti sérfræðinganna og sálfræðinganna sem eru með sérálit sem fylgir frv. um að réttur barns til að tjá sig um málið eigi ekki endilega að vera bundinn við 12 ára aldur. Við ræddum þetta mjög mikið í tengslum við barnaverndarlögin vegna þess að þroski barna mjög misjafn og aðstæður barna eru líka misjafnar. Þetta byggist því fyrst og fremst á mati en að við séum ekki að halda fast í einhvern aldur. Það getur vel verið að 10–11 ára gamalt barn sé miklu færara um að tjá sig en jafnvel 13 ára barn ef svo ber við.

Einnig er mikilvægt að skoða stuðning með talsmanni ef upp koma mörg vandamál og við þurfum í rauninni að skoða gegnumganginn í því máli í lögunum.

Hv. þm. Pétur Blöndal ræddi um foreldraskyldur og forsjá barna og síðan er inntak forsjárinnar skilgreint hér. Það er auðvitað athugandi hvað á að koma fyrst, hvort það er upphafið eða uppeldið eða þeir rammar og eflaust verður þetta atriði líka rætt þá í nefndinni, mætti segja mér.

Ég er afar sátt við að bjóða sérfræðiráðgjöf en 43. gr., sem hæstv. dómsmrh. ræddi m.a. um, truflar mig. Það er eitthvað sem truflar mig í þeirri grein, eitthvað með lagaskil frá barnaverndarlögum til barnalaga. Ég vil að við skoðum það þá sérstaklega í nefndinni því að allt í einu er farið að tala um tilsjónarmann sem er allt annað kerfi, getur ekki verið nýtt í þessu að ég fæ séð, og allt í einu er farið að ræða um barnaverndarnefnd. Mér heyrðist hæstv. dómsmrh. einmitt nefna þetta, þannig að við munum þá að sjálfsögðu skoða það í nefndinni.

Varðandi umgengnina, forsjárskyldurnar og annað, þá er kannski komið að því — enda er búið að leggja fram frv. sem gengur örlítið lengra en þetta — að e.t.v. á að skikka sameiginlega forsjá. Það er kannski kjarni málsins. Ég veit að hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir er 1. flm. að slíku frv. og mun hún þá ræða það hér þar sem ég veit að hún er á mælendaskrá á eftir mér. En einmitt sáttaráðgjöf og öll slík ráðgjöf er afar mikilvæg upp á framtíðartengsl milli foreldra og barna. Það er því mjög mikilvægt að ítreka slíkt.

Hvað varðar meðlögin, þá er það eitt sem truflar mig ævinlega og við þurfum að ræða það líka í nefndinni og spurning hvað Tryggingastofnun segir við því, en það kemur ekki fram að ef úrskurðað er eitt og hálft meðlag, tvöfalt meðlag og ýmis annar kostnaður, hvort sú greiðsla eigi að fara í gegnum Tryggingastofnunina eða ekki. Það hefur náttúrlega hingað til verið þannig að hið einfalda meðlag fer þar í gegn og einnig barnalífeyrir.

Eins varðandi meðlagið eða skólastyrkinn milli 18 ára og tvítugs. Það er mjög erfitt mál fyrir marga krakka og mörg ungmenni. Það eru auðvitað þau eða þá mæður þeirra sem þurfa að fara fram á það við föður eða þá að fara með málið til sýslumanns. Fæstir krakkar gera það nefnilega. Því væri mjög fróðlegt ef við í nefndinni gætum tekið saman þann fjölda barna sem eru með annaðhvort móður eða föður sem forsjáraðila og hversu mörg þeirra eru með þetta meðlag, skólameðlag milli 18 ára og tvítugs. Því það er stundum þannig að þau þurfa að leita til pabba síns og spyrja hvort hann sé ekki til í að greiða áfram meðlag til tvítugs. Afar margir, allt of margir neita því og þá hafa börnin og ungmennin ekki þann stuðning eða þann styrk sem þarf til að ganga eftir því. Þannig að allt byggist þetta á því að reyna að eiga líka sem best samskipti, við skulum ekki gleyma því. Mér finnst því afar mikilvægt að við skoðum það hvernig við getum fest þetta einhvern veginn meira í sessi og hjá Tryggingastofnun. Þetta var um meðlögin.

Afar mörg góð nýmæli eru í frv. og ég veit að það verður mjög spennandi að ræða það í nefndinni. Ekki hvað síst vegna þess að við erum tiltölulega heit úr umræðu þ.e. erum enn með þetta fína minni um barnaverndarlögin og mikilvægi þess að barnalögin séu í takt við allar þær breytingar sem er búið að gera á barnaverndinni þannig að við eigum eflaust eftir að fá marga góða og gagnlega gesti til nefndarinnar til að fjalla um frv. og að sjálfsögðu umsagnir.

Ég vil enn og aftur þakka hæstv. dómsmrh. fyrir greinargóða ræðu hér áðan.

[15:13]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir góða ræðu. Mig langar til að vekja athygli á sérstaklega því atriði sem hv. þm. nefndi, þ.e. í 1. gr. frv.: „Móður er skylt að feðra barn sitt þegar feðrunarreglur 2. gr. eiga ekki við.“ Það kom mér nokkuð á óvart að þetta mál var talsvert til umræðu, í opinberri umræðu í þjóðfélaginu og það var eins og fólki kæmi á óvart að nú ætti að fara að skylda mæður til þess, en þótt það hafi ekki verið beint sagt í gildandi barnalögum, þá hefur í raun og veru alltaf verið gengið út frá því. En auðvitað geta málsatvik verið mismunandi. Nú er það tekið skýrt fram í þessu lagaákvæði að móðir eigi að feðra barn sitt. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því að tekin verði upp einhver sérstök viðurlög við því ef móðir tekur ekki undir þessi tilmæli og

feðrar ekki barn sitt. Ég vildi bara leggja áherslu á það, en á móti er hins vegar lagður meiri réttur til feðra eins og t.d. með aðild að faðernismáli.

[15:14]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er einmitt þetta fyrst og fremst, við erum að tala þarna um lítinn hóp kvenna sem ekki getur feðrað börn sín og við þurfum kannski aðallega að huga að því þegar kemur að nefndaráliti. En auðvitað er annar hópur kvenna sem ekki hefur t.d. viljað feðra börn sín af því að þeir barnsfeður eru giftir. Ég hef nú sagt að ekki sé hægt að fela börnin, en númer eitt, tvö og þrjú eiga auðvitað allar konur að feðra börn sín. Aðalatriðið er að við höldum til haga að hjá sumum er það ekki hægt og með aðrar þarf að vinna þegar þær bæði vilja velja barnsföður eða vilja ekki gefa hann upp.

[15:15]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til barnalaga. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir framsögu hennar og verð að segja að það er mjög margt gott í þessu frv. sem ég get tekið undir. Eins og fram kom fyrr í dag eru hér á eftir á dagskrá tvö frv. sem ég er 1. flm. að ásamt félögum mínum í Samfylkingunni. Þar er annars vegar breyting sem tekið er á í frv. hæstv. ráðherra og svo önnur breyting sem ekki er í frv. hennar en ég hefði gjarnan viljað að nefndin skoðaði. Ég hef fallist á að bæði þessi frv. fari óræddd til nefndar að lokinni umræðunni um stjórnarfrumvarpið.

Það eru örfá atriði í frv. sem mig langar til að minnast á og gera athugasemdir við. Síðan mun ég koma að breytingunum í frumvörpunum sem ég er 1. flm. að, um breytingu á barnalögum.

Ég fagna því að í 33. gr. frv. er komið ákvæði um sérfræðiráðgjöfina. Ég hef einmitt nokkrum sinnum flutt frv. til laga um breytingu á barnalögum, um að sérfræðiráðgjöf skuli veitt við skilnað. Ég tel jafnvel að skoða ætti hvort það ætti ekki að vera skylda eins og er í Noregi. Norðmenn hafa sett upp skyldusérfræðiráðgjöf, ákveðin skipti við skilnað eða sambúðarslit. Það hefur reynst mjög vel sérstaklega ef sambúðarfólkið á börn, í að ná niðurstöðu um hvernig framtíð þeirra skuli háttað. Ég tel að við eigum að skoða hvort skylda eigi fólk í sérfræðiráðgjöf.

Annað hef ég lagt hér til í þinginu í frumvarpi nokkrum sinnum, þ.e. að barni skuli skipaður talsmaður. Hæstv. ráðherra kom inn á umræður og skiptar skoðanir um það. Hún sagði að menn hefðu komist að niðurstöðu um að óæskilegt væri að barn væri aðili máls. En það þarf auðvitað ekki að vera svo því að oft getur það haft mjög góð áhrif ef barni er skipaður óháður talsmaður, sérstaklega við forsjár- og umgengnismál, sem þarf ekki að vera beinn aðili máls.

Ég verð að taka undir þær athugasemdir sem fram komu í andsvari hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni. Það er mjög oft að feður koma að máli við mig og telja sig mjög illa stadda, hafa slæma réttarstöðu eða erfiða. Það er jafnvel svo að foreldrar barna ræða um þetta vandamál. Mæður hafa líka rætt það, að t.d. sé erfitt að koma á umgengni ef konur séu með barnið einar. Þá væri t.d. líka hægt að vera með talsmann sem kæmi á sambandi við föðurinn sem hefur ekki sinnt barninu, ef það er unnt. Það væri hægt að nota talsmanninn sem slíkan milligöngumann um að koma á sambandi við þau börn sem faðir ekki sinnir.

Við vitum að allur er gangur á því hvort feður rækja skyldur sínar við börn sín eða ekki en því miður er of mikið um að feðrum sem vilja sinna börnunum sínum sé tálmuð umgengni við þau. Ég hef allt of oft fengið slík dæmi upp á mitt borð þar sem feður kvarta yfir því að þeir geti ekki sinnt börnunum sínum sem skyldi, það líði of langur tími áður en þeir geta umgengist þau eftir skilnað. Þar sem ég á ekki, herra forseti, sæti í allshn. hefði ég gjarnan viljað koma þessum athugasemdum til nefndarinnar þannig að hún skoðaði jafnvel þau þingmál sem ég hef flutt um þetta efni.

Mig langar einnig að koma að atriði sem ég fagna sérstaklega, þ.e. að karlar geti átt aðild að barnsfaðernismálum, þ.e. að feður geti komið að þeim málum. Ég hef í þrígang flutt frv. ásamt þingmönnum úr Samfylkingunni um að það séu ekki einungis móðir og barn sem geti átt aðild að barnsfaðernismálum heldur einnig feður. Ég hefði talið að sú breyting hefði átt að vera komin inn í lögin. Það var kveðinn upp dómur í Hæstarétti í desember 2000, um að þetta væri ágalli á barnalögunum og bryti í bága við 70. gr. stjórnarskrárinnar, að feður skuli ekki geta farið í barnsfaðernismál. Ég fagna því hins vegar að þetta er komið frá stjórnvöldum. Þetta hefur nú ekki fengið miklar undirtektir þegar ég hef mælt fyrir því áður í þinginu en dropinn hefur greinilega holað steininn. Þetta er komið hér fram í stjórnarfrv. og ég fagna því, lýsi því hér með yfir.

Ég vil síðan koma að nokkru sem fjallað er um í frv. mínu á þskj. 31, sem er hér á dagskránni á eftir, þ.e. að sameiginleg forsjá verði meginregla í íslenskum lögum. Í sumar sótti ég stóran fund á Grand Hótel um málefni barna, réttindi þeirra og réttindi og skyldur feðra. Þar var mikil umræða um þessi mál. Niðurstaða sérfræðinganna sem sátu þann fund var að mikilvægt væri að í íslenskum lögum yrði tekin upp sú regla að sameiginleg forsjá væri meginreglan í lögunum.

Í júní 1999 skilaði forsjárnefnd, sem dómsmrh. hafði skipað, af sér áfangaskýrslu þar sem fjallað var um reynsluna af sameiginlegri forsjá hér á landi og annars staðar á Norðurlöndunum. Þar kemur fram að bæði í Finnlandi og Svíþjóð hafi sameiginleg forsjá verið gerð að meginreglu við skilnað foreldra. Niðurstaða nefndarinnar er sú að rétt sé að feta í fótspor þessara þjóða. Ein meginröksemd forsjárnefndar fyrir sameiginlegri forsjá sem meginreglu er að slíkt fyrirkomulag samrýmist best 1. mgr. 18. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem Ísland hefur fullgilt. Hér á landi voru lögtekin ákvæði sem heimila sameiginlega forsjá en það var ekki fyrr en 1992 sem það kom í lög.

Ég vitnaði til barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en í 18. gr. hans segir að aðildarríki skuli gera það sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að sú meginregla sé virt að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Foreldrar eða lögráðamenn, ef við á, bera ábyrgð á uppeldi barns og því að barni sé komið til þroska, það sem barninu er fyrir bestu skal vera þeim efst í huga.

Við sem flytjum þetta frv., sem er hér næst á dagskránni, um að sameiginleg forsjá skuli vera meginreglan, teljum að með því að gera sameiginlega forsjá að meginreglu geri íslenska ríkið það sem í þess valdi stendur til að tryggja sameiginlega ábyrgð foreldra á uppeldi barna sinna. Réttur foreldris til að fara með forsjá barns síns er réttlætismál og á sama hátt er það réttlætismál fyrir barnið að njóta forsjár þess þótt foreldri geti vissulega fyrirgert rétti sínum með því að bregðast skyldum sínum. Löggjafanum ber því

að stuðla að því að réttur beggja foreldra sé tryggður svo sem framast er unnt. Réttur foreldris til að fara með forsjá barns síns er jafnframt tilfinningamál. Það skiptir máli fyrir foreldri tilfinningalega að hafa eitthvað að segja um framtíð barns síns. Sameiginleg forsjá tryggir rétt beggja foreldra hvað þetta varðar, að því marki sem unnt er. Þá má ætla að sameiginleg forsjá sé til þess fallin að efla ábyrgðarkennd foreldra gagnvart barni og hvetja þá til að ná samkomulagi um ráðstafanir sem varða hagsmuni þess.

Með frv. sem við leggjum fram er því lagt til að við hjónaskilnað eða sambúðarslit foreldra fari þeir áfram sameiginlega með forsjá barna sinna nema um annað sé samið. Foreldrar verða þó að ná samkomulagi um hvar barnið skuli eiga lögheimili og að jafnaði hafa búsetu.

Grundvöllur sameiginlegrar forsjár samkvæmt gildandi lögum er að foreldrar séu sammála um þá skipan mála. Það mun því í raun ekki breytast verði frv. sem við leggjum til að lögum. Foreldrar þurfa, eins og áður sagði, að ná samkomulagi um það hvar barnið skuli eiga lögheimili með þeim réttaráhrifum sem því fylgir. Náist ekki samkomulag um þetta er grundvöllur sameiginlegrar forsjár brostinn. Þá verður að ákvarða hvort foreldrið skuli fara með forsjá barnsins eftir þeim leiðum sem lögin gera ráð fyrir. Þannig mun sameiginleg forsjá foreldra með barni eftir sem áður byggjast á samkomulagi. Breytingin sem við leggjum til hefur þannig ekki síst huglæga þýðingu þar sem löggjafinn sendir þau skilaboð að sameiginleg forsjá sé sú skipan mála sem þjóni hagsmunum barns og beggja foreldra best, sé hún á annað borð möguleg.

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. núgildandi laga fer móðir ein með forsjá barns ef foreldrar eru ekki í hjúskap eða sambúð við fæðingu þess. Við leggjum ekki til að breyting verði á því fyrirkomulagi enda aðstæður þá oft aðrar en við skilnað eða sambúðarslit foreldra.

Við leggjum þetta til og ég óska eftir því, herra forseti, að þetta verði skoðað í nefndinni. Ég tel mikilvægt að menn skoði þessi mál. Ég tel persónulega, eftir að hafa hlustað á rök margra sérfræðinga sem fjölluðu um þetta mál á þeim fundi sem ég vísaði til í sumar, að þetta sé betri leið. Ég tel að menn eigi að skoða í nefndinni reynslu Finna og Svía af þessu. Ég veit að það er verið að huga að þessum málum annars staðar á Norðurlöndum einnig og tel því mjög mikilvægt að menn skoði þetta atriði um sameiginlega forsjána sem meginreglu. Ég tel einnig að menn þurfi að skoða betur hugmyndina um talsmann fyrir börn, sérstaklega til að börn líði ekki fyrir deilur foreldra t.d. í forsjárdeilum eða umgengnismálum. Sömuleiðis mundi það hjálpa til við að koma á samskiptum við foreldra sem ekki sinna börnum sínum, sem eru oftar feður.

Auðvitað þarf að skoða ýmis fleiri mál sem ég efast ekki um að sérfræðingarnir í nefndinni skoði en mér hefur verið bent á að ýmis atriði þurfi að laga til, t.d. svo að feður sem vilja umgangast börn sín og vilja sinna þeim geti gert það, en það er ýmislegt sem torveldar það. En ég býst við að hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir sem á sæti í nefndinni muni leggja þær athugasemdir fyrir í nefndarvinnunni.

Ég þakka fyrir þær breytingar sem eru gerðar. Mér virðast flestar þeirra til bóta. Sérstaklega vil ég fagna því að breyting á aðgangi feðra að barnsfaðernismálum skuli komin hér inn á borð okkar frá ríkisstjórninni. Ég var orðin dálítið vondauf eftir að hafa talað fyrir því máli í þrígang.

[15:28]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar að víkja aðeins að þeim tveimur frv. sem hv. þm. ræddi í tengslum við frv. til nýrra barnalaga sem við fjöllum hér um. Ég vil segja það fyrst að það er auðvitað rétt að hv. þm. hefur rætt þessi mál, um rétt feðra til að fara í faðernismál og velt því fyrir sér af hverju ekki væri búið að setja það fyrr í lög. Þessi dómur er frá árinu 2000 en þá var hafin heildarendurskoðun á barnalögunum og var talið rétt að bíða þar til hún hefði farið fram þannig að í einu og sama frv. kæmu fram allar þær breytingar sem talin var þörf á.

Varðandi það að sameiginleg forsjá verði meginreglan þá er það auðvitað svo að foreldrar geta að sjálfsögðu samið um sameiginlega forsjá. Þeim er það frjálst. Þessi sjónarmið komu auðvitað fram í umsögnum sem bárust til sifjalaganefndar, hvort hafa ætti það sem meginreglu. Þar komu líka fram sjónarmið um að rétt væri að styðjast áfram við ríkjandi fyrirkomulag á þessum málum.

Mig langar til þess að vitna, með leyfi virðulegs forseta, í greinargerð í frv. neðst á bls. 50 og áfram á bls. 51, þar sem segir:

„En þau sjónarmið komu einnig fram að rétt væri að styðjast áfram við ríkjandi skipan þessara mála, þar sem það stuðlaði að því að foreldrar, sem slíta samvistir, ræddu um málefni barna sinna í tengslum við samvistarslitin og leiddu hugann að því hvaða forsjárskipan kæmi þeim raunverulega best. Því ætti ekki að hrófla við þessu fyrirkomulagi nema að vel athuguðu máli og sérstök fagleg rök mæltu með breytingum á því.“

Á hinn bóginn leggur sifjalaganefnd til aðrar breytingar í tengslum við þetta til að styrkja enn frekar hina sameiginlegu forsjá og er m.a. vísað til þess að sýslumönnum verði heimilað að úrskurða í ágreiningsmálum foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barns samkvæmt staðfestum samningi um umgengni og meðlag, en slík heimild er ekki fyrir hendi í dag.

[15:31]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þessar skýringar. Ég hef svo sem skilning á því, fyrst menn voru á annað borð að vinna að allsherjarendurskoðun á barnalögunum, að beðið var með þetta atriði. Það hefði auðvitað verið hægt að samþykkja þetta mun fyrr ef frv. mitt, sem komið hafði fyrir þingið a.m.k. í tvígang, hefði verið samþykkt. Engu að síður fagna ég því að þetta er komið hér og mun verða að lögum, þ.e. aðgangur feðra að barnsfaðernismálum.

Ég sá náttúrlega þessar athugasemdir í greinargerðinni með barnalagafrv. hæstv. ráðherra. Ég vil vitna aftur í niðurstöðu forsjárnefndar sem ráðherra skipaði í maí 1997 sem skilaði niðurstöðu sinni í júní 1999. Sú forsjárnefnd kemst að þeirri niðurstöðu að sameiginleg forsjá skuli gerð að meginreglu. Rök fyrir því er að finna í þeirri skýrslu og sú skýrsla er á heimasíðu dómsmrn. þannig að menn geta skoðað hana. Ég legg til að allshn. fari yfir rök forsjárnefndarinnar og vegi þau og meti. En ég tel skipta máli að þessi regla verði sett í lög hér á landi eins og ég hef áður sagt.

[15:32]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þetta umfangsmikla frv. og um leið fyrir tækifæri okkar þingmanna á að ræða það hér. Ég er afskaplega fegin því að

ekki var farin sú leið að bæta við enn einu púslinu í gömlu barnalögin, bæta við þá mósaíkmynd. Þó að mósaík geti oft verið falleg þá geta slík lög orðið erfið og ljót. Ég er því mjög fegin að við ræðum þetta yfirgripsmikla frv. sem ber þess merki að vera afskaplega vel unnið. Það er vel til þess vandað og kannski ekki annars að vænta þegar maður les hverjir stóðu að því að semja það, hvaða einstaklingar voru í sifjalaganefndinni sem lagði frv. fram til ráðherra sem leggur það síðan fyrir hv. Alþingi.

Ég ætla að stikla á nokkrum atriðum en eðlilega kem ég til með að fjalla mjög gaumgæfilega um frv. í hv. allshn. Fyrst vil ég fara yfir það sem m.a. hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir nefndi, þ.e. tvö atriði sem mig langar til að minnast á sem hún kom inn á.

Varðandi 1. gr. frv. þá er ég sammála því að við förum ekki þessa dönsku leið að setja inn sektarákvæði. Ég held að það sé einfaldlega ekki raunhæft. Það er gott að litið var til þess sem veruleikinn býður upp á í þessum efnum. Hins vegar getur þetta verið vandmeðfarið, til að mynda þegar getnaður hefur orðið í kjölfar nauðgunar. Þá getur verið mjög erfitt að fylgja þessu eftir. Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir minntist á nokkur önnur dæmi. Síðan þekkir maður líka til þess að móðir neiti einfaldlega að gefa upp hver faðirinn er, m.a. með tilliti til þess hver faðirinn er. Þá er kannski ekki beinlínis verið að taka tillit til þeirra hagsmuna barnsins að vita hver faðirinn er, heldur að vernda sjálfan föðurinn. Þetta er einfaldlega atriði sem að mínu mati kemur til með að ráðast af nauðsyn og þörf hverju sinni. En engu að síður er gott að sektarákvæðið skyldi ekki sett inn eins og gert var í Danmörku.

Varðandi tæknifrjóvgunina og það sem kemur fram í 5. og 6. gr., þá fagna ég þessum ákvæðum. Þar er mjög skýrt tekið á þessu. Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir gat þess að hún vildi að sérstaklega yrði tekið fram hvernig fara skyldi með gjafaegg móður eins og getið er um gjafasæði. Ég held hins vegar að 5. gr. í skýri þetta í raun sjálf, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Kona sem elur barn sem getið er við tæknifrjóvgun telst móðir þess."

Hvort sem það er gjafaegg eða gjafasæði þá skiptir það ekki máli og er ekki verið að gera greinarmun þar á milli. Sé um tæknifrjóvgun að ræða, hvort sem er af gjafaeggi eða gjafasæði, er konan móðirin. Ég tel því ekki ástæðu til að taka það sérstaklega fram að kona sem hefur samþykkt að gefa egg sitt hafi þar með afsalað sér réttinum, þ.e. það leiðir af sjálfu sér þegar maður les 5. gr. En að sjálfsögðu komum við til með að skoða þetta nánar við meðferð allshn. á frv.

Ég hjó eftir einu í ágætu áliti starfshópsins vegna bréfs sifjalaganefndar sem er fylgiskjal með frv. Ég tek í meginatriðum undir það sem segir í því áliti en fyrir forvitnissakir langar mig að fá álit ráðherra á því sem segir í því bréfi, þó að það hafi síðan ekki verið tekið upp í 43. gr. heldur var einfaldlega vitnað til þess að barnaverndarnefnd ætti að taka tillit til þess hvort og hver talsmaðurinn væri. Mig langar að vita hvort ráðherra taki undir það sjónarmið að þessi talsmaður sé, eins og segir í áliti þessa hóps, með leyfi forseta:

„Í þessu tilliti vill hópurinn leggja áherslu á að með talsmanni er átt við fagmann á sviði sálfræði, barnageðlækninga eða félagsráðgjafar."

Ég skil þetta mætavel en þekki það líka að aðrir hafa líka sérfræðiþekkingu á þessu sviði. Í því sambandi vil ég m.a. benda á lögfræðinga sem hafa eingöngu sérhæft sig í svona málum. Ég held að það hefði e.t.v. átt að taka þá með inn í en það fellur kannski um sjálft sig vegna þess sem segir í frv. Þar er einfaldlega bent á í 4. mgr. 43. gr., með leyfi forseta:

„Dómari getur, ef þörf er á, beint þeim tilmælum til barnaverndarnefndar í því umdæmi þar sem barn er búsett að nefndin skipi barninu tilsjónarmann til að vera því til stuðnings við meðferð forsjármálsins."

Að mínu mati er þessi tilsjónarmaður einhver þeirra sérfræðinga sem í bréfinu er getið um, en að auki aðrir sérfræðingar. Það á ekki að útiloka aðra sérfræðinga.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir fjallaði um frv. til barnalaga sem nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar hafa lagt fram sem varðar sameiginlegu forsjána, þ.e. að hún verði meginregla. Vissulega gerir margt það að verkum að allshn. kemur til með að skoða þessi mál mjög gaumgæfilega, m.a. munum við lesa vel allar umsagnir sem við fáum um frv. Við komum til með að líta til reynslu Finna og Svía og skoða blákalt hvor leiðin er betri.

Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst það mjög sannfærandi rök sem getið er um í frv. og sem hæstv. ráðherra vitnaði í þar sem segir m.a., herra forseti:

„Því ætti ekki að hrófla við þessu fyrirkomulagi" — þ.e. núverandi fyrirkomulagi — „nema að vel athuguðu máli og sérstök fagleg rök mæltu með breytingum á því."

Bent er á það að við skilnað leiði foreldrar hugann að því hvaða forsjárskipan komi börnunum raunverulega best en síðan eru lagðar til breytingar sem ýta á eða styðja enn frekar við hina sameiginlegu forsjá. Mér finnst þetta vel rökstutt og við komum að sjálfsögðu til með að skoða þetta enn betur í nefndinni.

Annað langar mig að spyrja hæstv. ráðherra um og það varðar líka sameiginlegu forsjána. Í umfjöllun um 31. gr. frv. er m.a. farið inn á könnun sem gerð var á bilinu frá 1. janúar 1994 til 31. desember 1996. Úrtakið var þúsund manns í rannsókn sem náði til 701 foreldris sem fór sameiginlega með forsjá, foreldra sem höfðu annaðhvort slitið sambúð eða fengið lögskilnað á þessu tímabili. Þar kemur m.a. fram að 50% af konunum sem höfðu haft reynslu af sameiginlegri forsjá sögðu að þær hefðu haft góða reynslu af henni, 21% þeirra voru hlutlausar, en 29% sögðust hafa slæma reynslu. Sem sagt tæplega einn þriðji þeirra kvenna sem höfðu reynslu af sameiginlegri forsjá höfðu slæma reynslu en einungis 10% karlanna höfðu slæma reynslu af sameiginlegri forsjá.

Forvitnilegt væri að skoða hvað býr að baki þessari slæmu reynslu, m.a. hafa foreldrar leitað til mín vegna vandræða sem þeir hafa átt í við að losa sig undan sameiginlegri forsjá þegar aðilar eru ekki sammála. Þá er bara ein leið til, þ.e. að fara dómstólaleiðina. Hún er oft mjög tímafrek og tekur á, sérstaklega í þeim tilfellum er um ofbeldi hefur verið að ræða af hálfu þess sem neitar að gefa eftir hina sameiginlegu forsjá. Mig langar þess vegna að spyrja hæstv. ráðherra hvort eitthvað hafi verið farið út í nánari rannsókn á þeirri reynslu sem foreldrar hafa af sameiginlegri forsjá.

Það er síðan eitt tæknilegt atriði sem ég vildi fá nánari skýringu á, sem varðar 1. mgr. 75. gr. barnalagafrv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ákvæði 15.–19. gr. stjórnsýslulaga gilda um rétt aðila til að kynna sér skjöl og önnur gögn er mál varða."

Hér er um sérlög að ræða. Er það þá réttur skilningur að stjórnsýslulögin gildi ekki nema um 15.–19. gr.? Ég vildi gjarnan fá staðfestingu á því hjá hæstv. ráðherra.

Að öðru leyti vil ég enn þakka fyrir þetta ágæta frv. Við komum til með að fara mjög vel yfir efni þess. Þetta er sem betur fer þannig mál að það er þverpólitískt. Allir hafa áhuga á þessum málum og metnað í þá veru að Alþingi afgreiði góð lög sem eru fyrst og fremst barninu fyrir bestu.

[15:44]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talaði hér um rannsókn á reynslu af sameiginlegri forsjá og niðurstöðu þeirrar könnunar. Ég velti fyrir mér hvort gerð hafi verið könnun á því hvernig hin leiðin hafi reynst, þar sem menn eru ekki með sameiginlega forsjá. Hefur það verið kannað? Hvernig hefur foreldrum líkað sú leið? Eru til einhverjar niðurstöður um það hvernig foreldrum hefur líkað að vera ekki með sameiginlega forsjá? Hafa feður og mæður verið spurð að því? Eru einhverjar niðurstöður af því? Ég held að það þurfi að skoða það líka í því samhengi.

Ég tel mjög mikilvægt að allshn. skoði niðurstöður forsjárnefndar sem komst að þessari niðurstöðu, að meginreglan ætti að vera sameiginleg forsjá.

Svo óska ég eftir því, fyrst hv. þm., formaður allshn., er hér, að mín frv. verði einnig send til umsagnar til sömu aðila og stjórnarfrv., þær breytingar sem ég legg til í mínum frv. og við fáum einnig umsagnir um þær breytingar.

[15:45]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu er mjög eðlilegt að verða við þessari beiðni hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur. Ég geri ráð fyrir að nefndin komi ekki til með að mæla gegn því að þessi frv. verði send út samhliða.

En ég vil líka benda á að í 18. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna segir að sú meginregla sé virt að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð. Þetta er alveg skýrt og klárt. Sameiginleg ábyrgð er samt ekki endilega það sama og sameiginleg forsjá. Og ég geri ekki ráð fyrir því að þótt annað foreldrið hafi forsjána telji hitt foreldrið sig allt í einu orðið ábyrgðarlaust. Ég geri ekki ráð fyrir að foreldrar líti svo á.

En að sjálfsögðu munum við líta til þessarar skýrslu sem hv. þm. hefur bent á og skoða öll gögn gaumgæfilega því það er metnaður allra, eins og ég sagði áðan, að við afgreiðum héðan frv. sem skilar fyrst og fremst börnunum góðum árangri. Það væri hins vegar ekki verra ef allt samfélagið væri tilbúið til að taka þátt í því.

[15:46]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka fyrst hæstv. dómsmrh. fyrir þetta frv. Hér er tekið heilsteypt á barnamálum. Það er margt mjög gott í þessu frv. og ber þar kannski helst að nefna sáttaráðgjöf sem þegar er komin í framkvæmd og hefur gefið afskaplega góða raun.

Hins vegar er ýmislegt líka gagnrýnivert. Það verður oft þannig að maður talar kannski meira um það sem er ekki í lagi heldur en hitt því það er óþarfi að ræða um það sem er í lagi.

Það sem mér finnst ekki nógu gott í þessu frv. er hugtakið „foreldri“ — faðir og móðir. Það er út og suður í frv. Í 1. gr. er talað um að barnið eigi rétt á að þekkja „báða“ foreldra sína. Þar virðist vera gengið út frá því að börn eigi tvo foreldra sem er líka erfðafræðilega yfirleitt gangurinn. Ef litið er fram hjá einstökum meyfæðingum í mannkynssögunni eiga menn erfðafræðilega tvo foreldra, kynforeldra.

En menn eiga fullt af öðrum foreldrum. Menn eiga fósturforeldra, stjúpforeldra o.s.frv. Það eru margir sem ganga börnum í foreldrastað — sem betur fer — og það eru ekki endilega kynforeldrar, langt í frá. Og mér finnst að í þessu frv. þurfi menn að taka nákvæmlega fram hvað átt er við vegna þess að í öðrum greinum er talað um foreldra eins og ekkert sé en þá er ekki átt við kynforeldri heldur þá foreldra sem sjá um framfærslu eða uppeldi barnsins.

Í 5. og 6. gr. er hreinlega sagt að erfðafræðilegir foreldrar séu ekki foreldrar. Þar er t.d. móðir sem hefur þegið egg að gjöf sögð móðir barnsins þótt hún sé það sannarlega ekki erfðafræðilega. Og sama gerist ef barnið er getið með gjafasæði, þá er eiginmaður konu eða sambýlismaður sagður faðir barnsins þótt hann sé sannarlega ekki erfðafræðilegur faðir þess. Menn eru því ekki alveg nógu rétttrúaðir í þessu annars rétttrúnaðarfrv. Mér finnst galli að frv. skuli byrja með þessari skilgreiningu á faðerni og móðerni sem í mínum huga skiptir ekki stóru máli fyrir uppeldi barna. Það sýnir helst að þetta er eiginlega lögfræðileg skemmtun manna, að setja upp nákvæmar skilgreiningar um hvað er faðir og hvað er móðir og að það skuli vera kynforeldrar. Ofuráhersla er lögð á að einhver dulin bönd séu milli kynforeldra og barns sem ég tel að sé langt í frá, og alls ekki til.

Ég hefði t.d. viljað sjá frv. byrja með forsjármálum barna sem ég tel að skipti miklu meira máli en hverjir eru kynforeldrar barnsins úti um allan heim.

Í 2. gr. er líka sagt að maður sem býr með konu, eiginmaður hennar eða sambýlismaður, skuli teljast faðir barns hennar. Hann þarf náttúrlega ekki endilega að vera erfðafræðilegur faðir þess, eins og dæmin sanna.

Það hefur verið talað um jafnréttismál í þessu sambandi, að það sé jafnréttismál karla og kvenna að karlar eigi rétt á því að vera aðilar að faðernismálum. Það má til sanns vegar færa en ég vil benda á að náttúran er ekkert jafnréttissinnuð í þessu máli. Það er nefnilega þannig, herra forseti, að þegar barn kemur undir liggur það yfirleitt mjög skýrt fyrir hver móðirin er en það liggur ekkert fyrir hver faðirinn er, og hann þarf ekki einu sinni að vita af því. Móðirin veit sko aldeilis af því, herra forseti, hún tekur eftir því ef barn kemur undir. Og þetta er að sjálfsögðu ekkert jafnrétti. Ég held að alveg útilokað sé að reyna að koma jafnrétti inn í þetta mál vegna þess að náttúran er ekkert jafnréttissinnuð, ekki að þessu leyti. Það að tala um jafnréttismál í þessum skilningi er alveg út og suður. Móðirin gengur með barnið, fæðir það og verður sko aldeilis vör við það þegar barn kemur undir en faðirinn — (**ÞBack:** Finnur ekkert fyrir því.) — finnur ekkert fyrir því og þarf ekki einu sinni að vita af því, herra forseti. (**ÞBack:** Synd fyrir hann.) Oft synd, já, oft er það synd fyrir föðurinn.

Í 28. gr. er loksins farið að tala um það sem mér finnst skipta verulegu máli, forsjá barnsins og hvernig henni skuli háttað. Og síðan er talað um framfærsluskyldu og annað slíkt. Það eru atriðin sem skipta barnið mestu máli, herra forseti. Og þarna er verið að tala um sjálfsagða hluti, eins og oft í lögum, foreldrum beri að annast barn sitt, sýna því umhyggju og virðingu og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum. Nema hvað, herra forseti, nema hvað? Menn telja samt skylt að setja þetta í lög.

Hins vegar finnst mér vanta í þessi lög skyldur á hinn aðilann, þ.e. barnið. Ég vil nefnilega setja inn í þessi lög,

og ég beini því til hv. nefndar sem fær málið til umsagnar, að börnum beri að hlíta reglum foreldra sinna og hlýða foreldrum sínum enda taki reglurnar mið af aldri barnsins og þroska. Þetta er sjálfsagt ákvæði, ekki satt, herra forseti, nákvæmlega eins og hitt. En ég tel að þetta sé mjög mikilvægt. Menn kvarta undan agaleysi í skóla og að agaleysi leiði svo til eineltis sem oft leiðir af sér mikla harmleiki fyrir viðkomandi börn. Agaleysið í skólum er ekki vegna annars en þess að börn hafa ekki lært að hlýða. Og það er svo sjálfsagt að barn hlýði foreldrum sínum og forsjármönnum, kennurum og öðrum, að það er öllum til góðs, alveg sérstaklega barninu, að það kunni að hlýða. Þess vegna vil ég að nefndin setji inn í frv. að barni beri að hlýða foreldrum sínum og hlíta settum reglum þeirra.

Í forsjármálum eru því miður oft óskaplega mikil sárindi og mikil heift vegna skilnaðar foreldra. Börnin líða að sjálfsögðu fyrir það. Þegar fólk skilur er það stundum ekki bara að skilja við maka sinn heldur börnin líka. Það hefur komið fram hérna að það eru ótrúlega margir feður sem skilja við börnin sín líka og vilja ekki hafa samneyti við þau. Það hefur afskaplega slæm áhrif á börnin. Þess eru líka dæmi að mæður vilji að börnin þeirra skilji við feðurna, og neita allri umgengni. Þetta eru þekkt dæmi sem því miður eru allt of algeng.

Ég er hlynntur því að menn reyni að bera sáttaklæði á þessi vopn og þess vegna er sáttaráðgjöfin í 33. gr. mjög mikilvæg.

Eins og ég segi, herra forseti, tel ég að foreldraskyldur og forsjá barns og sá kafli sé mikilvægasta ákvæði frv. og hefði átt að vera fremst. Inn í greinina um þessa sjálfsögðu skyldu foreldra að annast barn sitt og sýna því umhyggju og virðingu vil ég að komi líka þau sjálfsögðu ákvæði að börnum beri að hlýða foreldrum sínum.

[15:55]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir hið viðamikla frv. sem hún hefur nú lagt fram. Eins og við var að búast og vænta mátti hefur sifjalaganefnd unnið þar þarft og gott verk, eins og oft áður. Ég geri ráð fyrir að þetta frv. fái mjög vandaða yfirferð og meðferð í hv. allshn. og að við njótum þess þar þá að fá til okkar þá gesti og sérfræðinga sem að þessu hafa komið og aðra sem afstöðu hafa í þessu máli.

Það eru ákveðin atriði í frv. sem ég geri ráð fyrir að nefndin gefi betri gaum en ýmsum öðrum og á ég þá sérstaklega við atriði sem snerta efni annarra laga, svo sem nýrra barnaverndarlaga og þá sérstaklega ákvæði sem snúa að verksviði barnaverndarnefnda með tilliti til umsagna í umgengnisréttardeilum. Eins reikna ég með að þá verði skoðuð sérstaklega samræming á heitum eða hugtökum eins og „talsmaður", „tilsjónarmaður" og ýmsu slíku. Eins og ég sagði eru barnaverndarlögin líka ný, bara frá byrjun þessa árs, og það er um að gera að tryggja að samræmi sé þarna á milli þannig að hægt sé að beita þessum tvennum lögum, þegar það á við, á sem bestan hátt.

Það er í rauninni aðeins eitt atriði sem mig langar sérstaklega að nefna hér. Það varðar annars vegar skilgreiningu á hugtakinu „forsjá" og túlkun á því hugtaki og hins vegar atriði sem lögin koma ekki inn á, þ.e. hvenær börn eiga rétt á aðild að ákvörðun foreldra sinna, og hvenær og við hvaða aldursmark börn eiga þá rétt til sjálfstæðrar ákvarðanatöku. Vegna orða hv. þm. Péturs Blöndals áðan um inntak forsjárinnar er rétt að geta þess hér að í 28. gr. frv. er að finna skilgreininguna á forsjánni. Þingmaðurinn sagði að einhvers staðar ætti að vera ákvæði um það að börnum væri skylt að hlýða foreldrum sínum. Þetta hugtak hét áður „forræði" en það heiti sem hefur verið í lögum undanfarin ár, „forsjá", gerir vissulega ráð fyrir að foreldrar ráði ekki bara börnum sínum heldur hafi þau jafnframt tilteknar og ríkar skyldur gagnvart þeim.

Lögræðisaldurinn er 18 ár og þá öðlast börn bæði sjálfræði og fjárræði. Fram að þeim tíma má samt hugsa sér að börn eigi rétt á því að taka sjálfstæða ákvörðun um tiltekin atriði en á því er hins vegar ekki tekið í lögum nema að mjög litlu leyti. Ákvæðið í 28. gr. er að stærstum hluta óbreytt frá þeim lögum sem við búum við, ef frá er talin ein málsgrein. Í 28. gr. segir, með leyfi forseta:

„Foreldrum ber að annast barn sitt og sýna því umhyggju og virðingu og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag barns og þörfum."

Og svo segir í 28. greininni líka:

„Forsjá barns felur í sér rétt og skyldu fyrir foreldri til að ráða persónulegum högum barns og ákveða búsetustað þess."

Einnig segir:

„Foreldrum ber að hafa samráð við barn sitt áður en málefnum þess er ráðið til lykta eftir því sem aldur og þroski barnsins gefur tilefni til."

Þarna segir vissulega að það sé mat foreldra hverju sinni hvenær barn hafi náð þeim aldri eða þeim þroska að foreldrum sé rétt að hafa barnið með í tilteknum ákvörðunum.

Hins vegar eru það ekki foreldrar einir í samfélagi okkar sem ala upp börn, það eru ýmsir aðrir sem koma að því og þar getum við til að mynda nefnt kennara, sálfræðinga, námsráðgjafa og ýmsa aðra sem koma að uppeldi. Þeir bjóða upp á tiltekna þjónustu sem beinist að börnum. Og hægt er að spyrja: Hvenær eiga þessir aðilar rétt á því að veita börnum þessa tilteknu þjónustu og börnin að taka við henni og ýmissi annarri, án þess að foreldrar viti um það, fái um það upplýsingar, eða taki þátt í ákvörðuninni?

Við getum tekið þarna sem dæmi þjónustu lækna við börn og til að mynda það við hvaða aldursmörk, sem mig minnir þó að séu ákveðin í læknalögum, börn eigi rétt á upplýsingum um eigin heilsu. Mig minnir að það sé 15 eða 16 ára aldurinn. En svo getum við skoðað hluti eins og t.d. fóstureyðingu, neyðargetnaðarvarnir og annað. Þarna er sem sagt spurningin hvenær rétti og skyldum foreldra lýkur gagnvart ákvarðanatökum sem varða barn þeirra og hvenær barnið á rétt á því að taka þessar ákvarðanir eitt og sér. Ég hef svolítið orðið þess vör að foreldrum finnst í mörgum tilvikum sérfræðingarnir ganga inn á sitt verksvið að veita börnum tiltekna þjónustu.

Það hefur líka gjarnan komið upp hver réttur barna sé, hvenær þau hafi rétt til að taka sjálfstæðar ákvarðanir, til að mynda varðandi skoðanakannanir sem verið er að beina að börnum og eins og hvort þau geti tekið þátt í viðtölum eða látið taka við sig viðtöl án samþykkis forsjáraðila. Og það er í fleiri svona tilvikum tekist á um þetta. Í þessum tilvikum er náttúrlega verið að takast á um tjáningarfrelsi barnsins. En það er tekist á um það hvenær börnin eigi rétt á þessari þjónustu án atbeina og jafnvel vitundar foreldranna og hvenær foreldrarnir eiga rétt á því að vera með í slíkum ákvörðunum eða alla vega vita af þeim.

Í einum eða tveimur tilvikum eru dæmi í löggjöfinni um önnur aldursmörk en beinlínis lögræðisaldurinn, 18 ára. Eins og ég nefndi áðan þá minnir mig að það sé í læknalögunum varðandi hvenær börn eiga rétt til upplýsinga um heilsufar sitt. En við þekkjum það til að mynda í lögum nágrannaþjóða okkar að þar er að finna dæmi um að kveðið sé á með beinum orðum í lögum um rétt barna undir sjálfræðisaldrinum. Það mun t.d. vera dæmi um það í norskum barnalögum þar sem kveðið er á um að börn eigi sjálfstæðan rétt til ákvarðanatöku um skólagöngu og þátttöku í félögum eftir 15 ára aldurinn.

Þetta er nokkuð sem margir gerðu sér vonir um að yrði að finna í nýjum barnalögum og sem sifjalaganefnd tæki afstöðu til í þeirri vinnu sem hún hefur lagt í þetta viðamikla frv. Ég geri ráð fyrir að þetta verði tekið til ítarlegrar skoðunar í allshn. Við skoðum þetta þá nánar og eftir atvikum hugum að því hvaða aldursmörk nefndin og þeir sérfræðingar sem við fáum á fund nefndarinnar telja eðlileg varðandi t.d. þessi álitaefni sem ég hef nefnt, þ.e. tjáningarfrelsið, þátttöku í skoðanakönnunum og svo hins vegar þá margvíslegu þjónustu sem börnum stendur til boða.

[16:03]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmönnum fyrir mjög málefnalega umræðu um þetta frv. til barnalaga. Ég tek undir með þeim að ég tel að það sé ákaflega mikilvægt mál og horfi til réttarbóta bæði fyrir börn og foreldra. En að sjálfsögðu þegar verið er að fjalla um frv. til barnalaga er auðvitað rauði þráðurinn í gegnum slíkt frv. hagsmunir barnsins.

Nokkrar athugasemdir og spurningar komu fram hjá hv. þm. Ég hygg að sumum þeirra hafi þegar verið svarað en vil þó nefna nokkur atriði hér.

Ef ég byrja á síðasta hv. ræðumanni, hv. þm. Jónínu Bjartmarz, þá nefndi hún m.a. að nauðsynlegt væri að tryggja samræmi milli barnalaga og barnaverndalaga. Ég er auðvitað alveg sammála því og benti á það raunar í framsögu minni að ég vildi að allshn. tæki til skoðunar ákveðin atriði sem m.a. félmrn. hefur bent á, þannig að það sé skýrt.

Hún ræddi líka um skilgreiningar á hugtakinu „forsjá" og spurninguna um hvenær börn eigi rétt á að eiga aðild, hvenær foreldrar eigi að hafa barn með í ráðum og hvenær sé komið að sjálfsákvörðunarrétti barns til ákvörðunar í ýmsum málum.

Nú er í barnalögum í sjálfu sér ekki hægt að telja upp öll þau svið þar sem þetta álitaefni getur komið til athugunar. Hv. þm. nefndi t.d. ákvarðanir varðandi ráðgjöf og aðgerðir hjá læknum. Ég held að það mætti athuga, ef hv. þingmenn telja að þarna þurfi að gera breytingar á, að setja sérlög um þessi atriði.

Ég vil fá að benda á að þegar sjálfræðisaldurinn var hækkaður úr 16 í 18 ár þá var meginástæðan lögð á aukna ábyrgð foreldra. Því væri nú kannski skref aftur á bak að taka aftur upp sjálfsákvörðunarrétt barna og unglinga undir 18 ára aldri í ýmsum málum.

Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir ræddi m.a. um 5. og 6. gr. frv. varðandi tæknifrjóvgun. Það er rétt sem komið hefur hér fram í umræðum í sambandi við 5. gr. að þar er tekið sérstaklega á því atriði þegar um gjafaeggfrumu er að ræða. Í athugasemdum með 5. gr. segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Greinin er nýmæli. Lagt er til að sérstaklega verði kveðið á um móðerni barns sem getið er við tæknifrjóvgun. Vissulega gæti móðerni barns aðeins orðið sérstakt álitamál ef við tæknifrjóvgun er notast við gjafaeggfrumur en ekki eggfrumur hlutaðeigandi konu. Þykir rétt að taka af öll tvímæli um að það er ávallt sú kona sem gengur með og elur barn sem er móðir þess, óháð því hvort barn er getið með eggfrumum hennar sjálfrar eða gjafafrumum."

Þetta er því alveg skýrt hér.

Hún nefndi líka 43. gr. og velti fyrir sér hlutverki tilsjónarmanna og hlutverki barnaverndarnefnda og tók fram að rétt væri að allshn. skoðaði þetta sérstaklega. Ég tek undir það, enda er þetta eitt af þeim atriðum sem ég nefndi í framsögu minni.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir ræddi m.a. um sáttameðferðina og velti því fyrir sér hvort rétt væri að slík meðferð yrði gerð að skyldu fyrir foreldra að nýta sér eins og er í Noregi. Sifjalaganefnd sem fór vel og vandlega yfir þetta mál, og m.a. yfir þá skýrslu eða úttekt sem var gefin eftir þessa tilraun sem stóð yfir í nokkuð langan tíma hjá sýslumannsembættinu í Reykjavík, taldi ekki rétt að fara þá leið og vildi sem sé undirstrika að þetta væri í boði fyrir foreldra en væri ekki skylda og taldi að það væri hægt að ná meiri árangri með því móti.

Ég er alveg sammála því vegna þess að ég held að ekki sé hægt að skylda fólk í einhverja sáttameðferð. Annaðhvort vill fólk leita eftir sáttum eða ekki. Þess vegna er nú þessi niðurstaða hér.

Fleiri atriði voru nefnd. Hv. þm. Pétur H. Blöndal gagnrýndi frv. nokkuð fyrir það hvernig það er uppbyggt, m.a. að byrjað væri á að skilgreina svona í frv., t.d. í 1. gr., með leyfi forseta:

„Barn á rétt á að þekkja báða foreldra sína."

Og síðan aftur í 2. gr., með leyfi forseta:

„Eiginmaður móður barns telst faðir þess ef það er alið í hjúskap þeirra."

Það er auðvitað svo að frv. nær ekki bara til kynforeldra, svo það komi nú alveg skýrt fram hér, heldur líka til stjúpforeldra og fólks sem er í sambúð með foreldrum barna. Og í ættleiðingarlögum þar sem talað er um kjörforeldra þá hafa þeir nákvæmlega sömu stöðu og kynforeldrar. Ég tel rétt að undirstrika þetta hér, virðulegi forseti.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal velti upp ýmsum athugasemdum sem ég geri ráð fyrir að þingnefndin muni fjalla um. Þó held ég að kannski verði erfitt að verða við sumum þeim athugasemdum sem þar komu fram, en tel þó rétt að ýmis atriði verði þar skoðuð.

Hv. formaður allshn., Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, minntist á álit sérfræðinganna sem er fskj. með frv., þar sem segir á bls. 109, með leyfi forseta:

„Í þessu tilliti vill hópurinn leggja áherslu á að með talsmanni er átt við fagmann á sviði sálfræði, barnageðlækninga eða félagsráðgjafar."

Aðvitað má segja sem svo að sjálfsagt gætu fleiri sérfræðingar komið að gagni í slíkum málum. En þarna er fyrst og fremst átt við talsmann sem er barninu til stuðnings. Þess vegna hygg ég að þessir sérfræðingar séu nefndir hér sérstaklega.

Hún fjallaði líka talsvert um sameiginlega forsjá eins og ég gerði hér áðan út af frv. hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur og spurði m.a. um þá könnun sem talað er um í greinargerð með frv. á bls. 50. Sú könnun er í ritinu Áfram foreldrar eftir dr. Sigrúnu Júlíusdóttur, prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, og Nönnu K. Sigurðardóttur félagsráðgjafa. Þetta eru mjög athyglisverðar rannsóknir um

sameiginlega forsjá. En það er alveg rétt hjá hv. þm. að þar kemur líka fram að 29% kvenna sögðust hafa slæma reynslu af þessu fyrirkomulagi. Ég veit ekki til þess hvort það hefur verið rannsakað eitthvað frekar af því þetta er nú tiltölulega nýleg könnun, en mér finnst þó sjálfsagt að það sé skoðað.

Nú er það svo varðandi sameiginlega forsjá að algjör grundvöllur þess að vel takist er að foreldrar séu sammála um það hvernig eigi að fara með t.d. dvalarstað barns, skólagöngu og ýmsa aðra þætti sem foreldraskyldur beinast jafnan að. Það geta komið upp erfiðleikar eftir að foreldrar hafa samið um sameiginlega forsjá ef þessi samningur þeirra gengur ekki eftir í einu og öllu.

Í frv. er hins vegar gert ráð fyrir heimild til að sýslumönnum verði heimilað að úrskurða í ágreiningsmálum foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barns samkvæmt staðfestum samningi um umgengni og meðlag, en slík heimild er ekki fyrir hendi í dag. Þarna er sifjalaganefnd í raun að leggja til að þetta úrræði um sameiginlega forsjá verði styrkt enn frekar.

Einnig var spurt um 1. mgr. 75. gr. frv. þar sem fjallað er um ákvæði 15.–19. gr. stjórnsýslulaga. Ég er sammála hv. þm. um að þau lög eiga þá sérstaklega við um þetta atriði sem nefnt er í greininni.

Virðulegi forseti. Auðvitað mætti ræða frekar mörg atriði í þessu stóra og mikla frv. en ég held að ég láti það vera að sinni. Hv. allshn. á eftir að fara vandlega yfir málið.

Ég vil leggja á það áherslu enn og aftur að frv. er mjög vandað. Vinna við frv. hefur staðið yfir alllengi og leitað hefur verið eftir umsögnum frá fjölmörgum aðilum í þjóðfélaginu sem hafa komið með ábendingar sínar til sifjalaganendar. Hún hefur farið yfir þær allar og skoðað vel og vandlega og ýmsar þeirra hafa verið teknar upp í þetta frv. Ég tel því að góð sátt ætti að nást um frv. í þjóðfélaginu verði það að lögum.

Ég vil enn og aftur þakka hv. þingmönnum fyrir góða umræðu um frv. og vona að við getum afgreitt það sem fyrst á hinu háa Alþingi. Ég tel að það sé mjög mikilvægt og feli í sér mikla réttarbót.

[16:16]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Á meðan hæstv. dómsmrh. fjallaði um það sem segir í þessari skýrslu hugleiddi ég að sameiginleg forsjá foreldra hefði gengið misvel, foreldrar hafa verið misánægðir og árangurinn misgóður. Ég velti fyrir mér hvort fram hafi farið á vegum ráðuneytisins einhver könnun á því hvernig sýslumenn og fulltrúar þeirra hafa sinnt leiðbeiningarskyldunni. Ungir foreldrar sem hafa skilið að skiptum hafa bent mér á að fyrir það fyrsta sé ósköp lítið gert í því að upplýsa þá um það hvað í rauninni felist í forsjá. Kannski er það eitthvað sem ætti að upplýsa fólk betur um þegar það gengur í hjúskap, ef því er að skipta. Ég hef líka heyrt að svolítil brögð séu að því að leiðbeiningarskyldan sé eingöngu bókuð, skráð að leiðbeint hafi verið, fólki sagt hvað felist í sameiginlegri forsjá, hver sé réttur og skylda á hvoru foreldri fyrir sig, en að leiðbeiningarskyldunni sé kannski ekki sinnt eins og þörf væri á.

Og spurning mín til hæstv. dómsmrh. er þá hvort einhver könnun hafi verið gerð á því hver raunveruleikinn er gagnvart þessari áhvílandi leiðbeiningarskyldu.

[16:17]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Starfsmenn dómsmrn. hafa mjög náið samband við sýslumenn landsins og stundum eru haldin sérstök námskeið þar sem fjallað er um nýmæli í lögum, t.d. um það sem hv. þm. spurði um. Þá held ég að mér sé óhætt að fullyrða að haldin hafi verið námskeið fyrir sýslumenn landsins þar sem farið var yfir þetta nýja lagaúrræði í núgildandi barnalögum, þ.e. sameiginlega forsjá, og hverjar skyldur sýslumanna væru í því sambandi.

En það er vafalaust rétt hjá hv. þingmanni að kannski þarf að halda mönnum við efnið og ítreka mikilvægi þess að sýslumenn gæti vel að því að leiðbeina foreldrum. Það er jú afskaplega mikilvægt til þess að fólk nái einmitt sátt í þessum málum og að börnin verði ekki bitbein í deilum foreldra. Það er að sjálfsögðu mikilvægt fyrir samfélagið allt og við munum fylgjast mjög vel með þessu máli og athuga hvort þörf verður á meiri fræðslu í því sambandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Barnalög, 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 31. mál (sameiginleg forsjá barns). — Þskj. 31.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Barnalög, 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 44. mál (faðernismál). — Þskj. 44.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útlendingar, 1. umr.

Stjfrv., 168. mál (útlendingar frá EFTA-ríkjum). — Þskj. 168.

[16:19]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um útlendinga, nr. 96/2002.

Frumvarp þetta felur í sér breytingar á lögum um útlendinga til samræmis við ákvæði nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, svonefnds Vaduz-samnings. Samkvæmt honum skulu reglur EES-samningsins um frjálsa fólksflutninga einnig gilda gagnvart EFTA-ríkjum sem ekki eru aðilar að EES, þ.e. Sviss.

Vaduz-samningurinn hefur, sem kunnugt er, þegar öðlast gildi og var ýmsum lögum breytt til samræmis við ákvæði hans sl. vor, sbr. lög nr. 76/2002. Frv. til laga um útlendinga, sem þá var til meðferðar í þinginu, var hins vegar ekki breytt og er því nauðsynlegt að breyta lögunum nú. Er gert ráð fyrir

að breytingarnar samkvæmt frv. öðlist gildi þann 1. janúar 2003 en þá öðlast hin nýju lög um útlendinga gildi.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til hv. allshn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skráning skipa, 1. umr.

Stjfrv., 157. mál (þurrleiguskráning fiskiskipa). — Þskj. 157.

[16:23]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

Tilgangur frv. er að opna fyrir þann möguleika að fiskiskip sem skráð eru á íslenska skipaskrá verði þurrleiguskráð á erlenda skipaskrá án þess að vera afskráð af íslensku skipaskránni. Frv. er samið af nefnd sem samgrh. skipaði en í nefndinni eru fulltrúar frá samgrn., utanrrn. og sjútvrn.

Frv. þetta var lagt fram á Alþingi á síðasta löggjafarþingi og hlaut afgreiðslu úr samgn. en dagaði síðan uppi í lok þingsins. Nefndin lagði til breytingar á frv. sem flestar hafa nú verið felldar inn í frumvarpstextann. Annars vegar var skerpt á ákvæði f-liðar 2. mgr. 1. gr. frv. þannig að bannað er að heimila þurrleiguskráningu ef þær veiðar sem stundaðar skulu meðan á þurrleigu stendur geta hugsanlega aflað viðkomandi ríki veiðireynslu sem gæti nýst því síðar í samningum við íslenska ríkið. Hins vegar var um leiðréttingu að ræða, í stað þjóðfána Íslands, eins og fram kom í frv., er nú rætt um þjóðfána Íslendinga.

Með lögum nr. 153/2000, um breytingu á lögum um skráningu skipa, var gerð sams konar breyting og hér er til umfjöllunar en hún varðaði einvörðungu kaupskip. Þá var heimilað að skrá íslensk kaupskip á íslenska skipaskrá þegar íslenskir aðilar hafa aðeins umráð skipsins með þurrleigusamningi. Jafnframt var heimilað á sama hátt og lagt er til með þessu frv. að kaupskip á íslenskri skipaskrá verði þurrleiguskráð á erlenda skipaskrá án þess að vera afmáð af íslensku skipaskránni.

Að auki er tilgangur frv. að greiða fyrir og auka möguleika íslenskra útgerða á að nýta skip sín til verkefna erlendis. Þess er vandlega gætt að mjög ströng skilyrði séu fyrir slíkri heimild og við það miðað að þurrleigð skip stundi aðeins veiðar sem íslensk skip ættu annars ekki kost á. Veiðiheimildir annarra ríkja, innan eða utan lögsögu þeirra, er yfirleitt einungis hægt að nýta með skipum er bera fána viðkomandi ríkis. Íslenskar útgerðir, sem hafa sóst eftir að nýta veiðiheimildir annarra ríkja, hafa fært skip sín undir erlendan fána í þessum tilgangi. Í þeim tilvikum hafa þau afskráð skip sín af íslenskri skipaskrá, skráð þau í öðru ríki og jafnvel þurrleiguskráð þau þaðan, og siglt undir fána þess ríkis sem á veiðiheimildirnar sem ætlunin er að nýta.

Mikil fyrirhöfn og kostnaður hefur verið þessu samfara fyrir útgerðir skipanna. Sem dæmi má nefna íslensk skip sem leigð hafa verið til Skotlands á undanförnum árum. Nú hefur eitt þeirra verið skráð á ný á íslenska skipaskrá. Flestir yfirmenn á þessum skipum hafa verið íslenskir auk hluta annarra í áhöfn. Skipin hafa verið nýtt erlendis en leigutekjur af þeim runnið hingað til lands.

Annað dæmi um þá möguleika sem frv. felur í sér til aukinnar nýtingar á íslenska fiskveiðiflotanum er að í vor stóð íslenskum útgerðum til boða að skrá skip í Póllandi og leigja þangað til veiða þorsk úr kvóta Póllands í Barentshafi. Þar sem ekki var heimild til þurrleigu hér á landi misstu Íslendingar þetta tækifæri en Færeyingar nýttu það í staðinn.

Þessi dæmi sýna að veiðar þeirra skipa sem heimilt yrði að skrá þurrleigu verða hrein viðbót við þau verkefni sem íslenski flotinn getur nú stundað. Í því felast ekki aðeins auknar tekjur fyrir útgerðir heldur einnig fleiri atvinnutækifæri fyrir íslenska sjómenn og auknar tekjur fyrir íslenskt þjóðarbú. Hinn meginkostur frv. er að íslenskar útgerðir geta nýtt þurrleiguskráningu til að bæta réttarstöðu sína við sölu á skipum til erlendra aðila með kaupleigusamningi.

Eins og áður sagði er með frv. þessu lagt til að heimilt verði að fiskiskip sem skráð er á íslenska skipaskrá verði þurrleiguskráð á erlenda skipaskrá án þess að vera afskráð af íslensku skipaskránni. Með þurrleiguskráningunni er átt við skráningu skips þegar gerður er samningur um leigu á skipi milli ríkisborgara eða lögaðila tveggja ríkja. Leigutakinn getur ýmist verið tengdur leigusala eða ótengdur honum. Leigusali getur komið upp fyrirtæki í öðru landi, t.d. með þátttöku þarlendra aðila, sem uppfylla kröfur þess ríkis um eignarhald. Þetta fyrirtæki gæti þurrleigt skipið af móðurfyrirtækinu. Í öðrum tilvikum gæti leigutakinn verið ótengdur leigusala með öllu. Kjósi eigendur íslenskra fiskiskipa að nýta sér heimild til að þurrleiguskrá skip erlendis mun það sigla undir fána erlenda ríkisins og gilda lög þess um allan rekstur skipsins, þar með talin lög um veiðileyfi, veiðieftirlit, öryggismál, kjaramál, tryggingamál og atvinnuréttindi sjómanna. Hins vegar verða veðbönd skips, sem skráð er með þessum hætti, áfram skráð hjá þinglýsingarstjórum hér á landi.

Nefndin sem vann frv. viðaði að sér upplýsingum og gögnum um alþjóðasamninga er varða málið og skoðaði þá með hliðsjón af mögulegri þurrleiguskráningu frá íslenskri skipaskrá. Einnig aflaði utanrrn. upplýsinga, í gegnum nokkur sendiráð Íslands, um löggjöf erlendra ríkja um þurrleiguskráningu og úthlutun veiðiheimilda erlendis. Loks aflaði hún upplýsinga um löggjöf í Danmörku og Færeyjum um skráningu skipa í þessum löndum. Þar er þurrleiguskráning heimiluð en það felur í sér heimild til þurrleiguskráningar á og frá skipaskrám þessara landa. Í Danmörku er heimildin bundin við kaupskip. Niðurstaða nefndarinnar var að þurrleiguskráning væri heimil samkvæmt þjóðarétti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Nefndin sem vann að frv. leitaði álits hagsmunaaðila á málinu. Af hálfu stéttarfélaga sjómanna hafa komið fram sjónarmið um að engin rök standi til þess að veita heimild til þurrleiguskráningar fiskiskipa. Þar komu fram þau sjónarmið að þrýstingur muni aukast á að útlendingar starfi áfram á þessum skipum þegar þau koma aftur til Íslands, samningsstaða sjómanna versni að því er kjaramál varðar, að sóst sé eftir ódýru, erlendu vinnuafli í samkeppni við íslenska sjómenn. Samtök sjómanna telja að útgerðir muni nota þurrleigu til að stunda veiðar undir erlendum fána en taka síðan upp veiðar undir íslenskum fána í því skyni að draga úr kostnaði við veiðarnar. Talið er að óvissa gæti ríkt um réttarstöðu áhafnar, eigenda og skips gagnvart öðrum ríkjum.

Þessi sjónarmið stéttarfélaga sjómanna hafa verið skoðuð ítarlega við gerð frv. og verið reynt að koma til móts við þau. Gildandi lög kveða á um að til að unnt sé að ráða erlenda sjómenn á skip sem siglir undir íslenskum fána þurfi þeir að fá viðurkenningu á atvinnuskírteinum sínum. Auk þess þurfa þeir atvinnuleyfi á Íslandi komi þeir frá löndum utan EES-svæðisins. Skylt er að leita umsagnar viðkomandi stéttarfélaga áður en atvinnuleyfi er veitt. Sé atvinnuleyfi veitt fá viðkomandi sjómenn laun samkvæmt íslenskum kjarasamningum. Frumvarpið kveður á um að heimild til þurrleiguskráningar verði ekki veitt nema skip, sem sigla undir þjóðfána Íslendinga, geti ekki stundað fyrirhugaðar veiðar.

Það hefur jafnframt komið fram við undirbúning þessa máls að íslenskar útgerðir kjósa að hafa íslenska sjómenn um borð að meira eða minna leyti í skipum sem veiða utan íslenskrar fiskveiðilögsögu, m.a. til að draga úr þeirri áhættu sem fylgir því að leigja frá sér dýr atvinnutæki. Hins ber þó að geta að heimild íslenskra sjómanna til að starfa á þurrleigðum skipum er háð reglum fánaríkis um atvinnuleyfi.

Með samþykkt frv. munu tvímælalaust skapast aukin tækifæri fyrir íslenska sjómenn og íslenskar útgerðir og auknar tekjur fyrir íslenskt þjóðarbú. Rétt er að vekja athygli á því, virðulegur forseti, sem kom fram í upphafi ræðu minnar, að þetta mál var til lokameðferðar á síðasta þingi. Hv. samgn. hafði farið mjög vandlega yfir málið og meiri hluti samgn. hafði afgreitt þær brtt. sem gerðar voru við frv. Þær hafa verið teknar, eins og fyrr var getið um, inn í frv. sem hér er flutt.

Ég vil að lokum leggja til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[16:33]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Frv. sem við ræðum nú, um breytingu á lögum um skráningu skipa, hefur áður sést í sölum þingsins, eins og kom fram í máli hæstv. samgrh. Það var einnig rætt á síðasta þingi.

Ég ætla ekki að hafa mjög langt mál um þetta frv. að þessu sinni. Það á auðvitað eftir að fara til umfjöllunar í samgn. Ég geri ráð fyrir því að þar muni m.a. sjómannasamtökin árétta afstöðu sína til frv. Mér sýnist, herra forseti, frv. vekja ýmsar spurningar eins og það er úr garði gert.

Í grg. með þessu frv. eru enn, með sama hætti og mig minnir að hafi verið á síðasta þingi, tekin dæmi um þær veiðar sem Íslendingar gætu sótt í ef þeir miða við möguleika á að fara í þurrleigu og undir fána annars ríkis. Þar er m.a. tekið mið af rækjuveiðum á Flæmingjagrunni. Ég fór um það mörgum orðum síðast þegar við ræddum þetta mál að ég teldi það vafasamt, miðað við a-lið 2. mgr. 1. gr. frv. en þar segir:

„Áður en Siglingastofnun Íslands veitir heimild til þurrleiguskráningar skips skv. 1. mgr. skal liggja fyrir staðfesting sjávarútvegsráðuneytisins á því að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a. skip sem sigla undir þjóðfána Íslendinga gætu ekki stundað þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur".

Í f-lið sömu málsgreinar segir:

„f. þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur veiti ekki því ríki þar sem þurrleiguskráning fer fram veiðireynslu sem gæti nýst því síðar í samningum við íslenska ríkið um skiptingu aflaheimilda eða gangi að öðru leyti gegn hagsmunum Íslendinga".

Þegar þessir tveir liðir eru lesnir saman og raunveruleikinn skoðaður um veiðar, t.d. á Flæmingjagrunni, sem hér er samt notað sem rök í grg., fæ ég ekki séð, herra forseti, að þurrleiguskráning undir fána, t.d. Eystrasaltsríkjanna, Eistlands, Lettlands og Litháens, til veiða á Flæmingjagrunni fari saman við hagsmuni Íslands til framtíðar. Það er alveg ljóst að þegar við veiðum undir fána þessara ríkja, eins og við höfum reyndar gert í talsverðum mæli með íslensk skip, skráð þau undir fána þessara ríkja, höfum við í raun unnið inn veiðireynslu fyrir þessi ríki. Það þjónar ekki hagsmunum Íslendinga samkvæmt f-lið 2. mgr. 1. gr. frv. að halda áfram að skapa veiðirétt fyrir önnur ríki í samkeppni við okkur.

Við höfum hins vegar tekið upp veiðistýringu á Flæmingjagrunni fyrir Íslands hönd, sem aldrei skyldi verið hafa, einir með anga af okkar heimsfræga kvótakerfi þar. Við höfum ekki einu sinni klárað heimildir okkar þar, á Flæmingjagrunninu. Aðrar þjóðir eru hins vegar að veiða þar eftir þeim reglum sem almennt eru notaðar og önnur ríki nota, þ.e. sóknardagakerfi. Þar af leiðandi er það svo að þegar við gerum þar út skip undir fánum annarra ríkja þá veiðum við þar úr stofni sem lýtur sameiginlegri skiptingu. Út frá afköstum á sóknardagakerfinu er hægt að færa fyrir því rök að við höfum gengið á hagsmuni Íslendinga. Kæmi aftur til uppskipta á Flæmingjagrunni yrði örugglega litið til þess í fyrsta lagi að við höfum ekki alltaf klárað kvóta okkar þar og í öðru lagi að önnur ríki, sem m.a. hafa verið með íslensk skip undir fána sínum, hafa aukið veiði sína í sóknardagakerfinu, m.a. fyrir okkar atbeina.

Ég fæ ekki séð, herra forseti, að hægt sé að nota það sem rök þegar vitnað er til Flæmingjagrunns í grg. með frv., að það sé eitt af þeim tækifærum sem falli undir þetta frv. Ég tel að svo sé ekki, eins og ég hef rakið hér. Ég tel að það muni vinna gegn hagsmunum íslenska ríkisins við skiptingu aflaheimilda og gæti að öðru leyti gengið gegn hagsmunum Íslendinga, eins og segir hér í f-liðnum. Veiðireynslan sem við sköpuðum undir fána annars ríkis væri tekin úr potti sem við værum hins vegar að reyna að halda okkar hlutdeild í. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir að svona er þetta. Það má auðvitað spyrja um fleira í þessu sambandi, m.a. rækjuveiðar í Barentshafi og annað slíkt.

Eftir sem áður má örugglega einhvers staðar finna veiðiheimildir sem mönnum finnst auðveldara að sækja með því að skrá skip sín í þurrleigu. Það er heldur ekkert launungarmál að um leið og menn fara með skipin undir fána annars ríkis koma iðulega fram kröfur um mönnun skipanna með þarlendum áhöfnum. Það skyldi þó ekki vera að þar í sæju útgerðarmenn helsta ávinninginn, að ná niður launakostnaði á skipum sínum með lægra launuðum áhöfnum? Það er jú alþekkt að launakostnaður, t.d. á skipum sem skráð eru í Eystrasaltsríkjunum eða í Póllandi, er þó nokkuð lægri en verið hefur á íslenskum og norskum skipum og skipum sem gerð eru út frá Færeyjum. Ég hygg að launakostnaður norskra, færeyskra og íslenskra skipa sé nokkuð sambærilegur þegar allt er skoðað, örlítið misjafnir kjarasamningar en ekki þannig að það skipti verulegu máli að mínu viti.

Hins vegar er hægt að taka undir það sem fram kemur í athugasemdum með frv.:

„Hinn meginkosturinn er að íslenskar útgerðir gætu nýtt þurrleiguskráningu til að bæta réttarstöðu sína við sölu á skipum til erlendra aðila með kaupleigusamningi."

Undir þetta sjónarmið er sjálfsagt að taka. Það kann að vera auðveldara hjá mönnum að selja skip sín í kaupleigu þegar hægt er að beita þurrleiguákvæðum. Það virðist hinn meginkosturinn í þessu frv. eins og segir hér í athugasemdum. Ég held að það sé samt varla svo mikið atriði og skipti sköpum um að afar nauðsynlegt sé að þetta frv. fari hér í gegn. Ég er ekki á þeirri skoðun.

Það er auðvitað hægt að tala hér um ýmis fleiri atriði í þessu máli, m.a. ákvæði í 4. mgr. 1. gr., en þar segir:

„Þegar heimild skips til þurrleiguskráningar skv. 1. mgr. fellur niður skal Siglingastofnun Íslands fara fram á það við erlendu skipaskrána að skipið verði tafarlaust afmáð af henni."

Þegar heimildin fellur niður skal skipið tafarlaust afmáð af erlendu skránni. Um leið og það gerist, herra forseti, mundi skipið umsvifalaust teljast íslenskt skip. Það væri farið af erlendu skipaskránni og væri þar af leiðandi íslenskt skip.

Ég benti á það þegar þetta var rætt hér síðast að þetta ákvæði, svona orðað, væri varla hægt að hafa inni. Ef menn ætla með þetta í gegnum þingið, eins og maður hlýtur að telja að ríkisstjórnarflokkarnir ætli að gera, að gera þetta að lögum, tel ég að hæglega geti komið upp sú staða að af einhverjum orsökum þurfi að taka skip af þeirri þurrleigu sem það hefur verið sett á. Um leið og það yrði gert, tilkynnt að það hafi verið tekið af skipaskrá í þurrleiguríkinu, yrði það aftur orðið íslenskt skip og komið undir íslenska stjórn. Þar held ég að geti komið upp staða sem sennilega stangast á við íslensk lög. Allt í einu verður áhöfnin — gerist þetta í hafi — sem ráðin var á skipið erlendis og er kannski að stærstum hluta útlendingar, þar með talinn jafnvel skipstjórinn, orðin íslensk áhöfn á íslensku fiskiskipi. Ég er ekki viss um að þessi framkvæmd, herra forseti, standist alveg. Ég vil eindregið að menn skoði þetta. Það er óþarfi að hafa eitthvað í lagatextanum sem ekki er hægt að framkvæma án þess að brjóti strax í bága við önnur lög, íslensk lög.

Í 2. mgr. 1. gr. í þessu frv., herra forseti, segir m.a.:

„c. verndunarsjónarmið mæla ekki gegn þeim veiðum sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur".

Það er nú svo þegar við tölum um verndunarsjónarmið að hægt er að hafa á því ýmsar skoðanir. Mig langar til að vita hverjir meta þetta svo sem mælt er fyrir í frv. Væntanlega eiga íslensk stjórnvöld að meta það en hver á að leggja þeim til upplýsingarnar um það? Eru það alþjóðastofnanir um tillögur um veiðar á t.d. NAFO-svæðinu eða NEAFC-svæðinu? Eru það þær sem eiga að leggja til þá þekkingu sem íslensk stjórnvöld eiga að leggja mat á þegar tekið er tillit til þessara verndunarsjónarmiða varðandi þær tegundir sem skipin munu veiða? Þá gildir það væntanlega bæði innan og utan lögsögu. Við vitum að það er ágreiningur t.d. við Kanadamenn um veiðar utan lögsögu þeirra þótt aðrir telji sig þar í fullum rétti. Þá gæti komið upp sú staða, ef skip færi til veiða á Flæmingjagrunni og breytti síðan yfir í veiðar á þorski eða grálúðu svo dæmi sé tekið, að þessar forsendur um verndunarsjónarmið stæðust ekki. Til hvaða ráða grípa menn þá? Óska þá stjórnvöld allt í einu eftir því að skipið verði umsvifalaust tekið af þurrleigu erlendis og falli þar með strax undir íslenska lögsögu?

Mig langar að fá svör ráðherra við þessum spurningum, um hvernig menn hyggjast framkvæma þetta og hvaða verndunarsjónarmiða mönnum ber skilyrðislaust að taka afstöðu til, þ.e. íslenskum stjórnvöldum. Eru það þau sjónarmið, sem ég vék að varðandi botnlægar fisktegundir utan 200 sjómílna við Kanada eða Nýfundnaland, eða eru það einhver önnur sjónarmið?

Í 2. mgr. 1. gr. þessa frv. segir, herra forseti:

„Áður en Siglingastofnun Íslands veitir heimild til þurrleiguskráningar skips skv. 1. mgr. skal liggja fyrir staðfesting sjávarútvegsráðuneytisins á því að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:"

Svo segir í e-lið:

„e. sýnt þykir að ríkið sem skipið mun verða skráð þurrleiguskráningu í muni virða skyldur sínar sem fánaríki".

Mig langar að fá aðeins skilgreiningu á því hvernig menn ætla að leggja mat á þetta. Þessi texti er þannig skrifaður að hann er matskenndur. Hvaða gögn munu liggja til grundvallar því að menn geti metið að skip sem hafa verið skráð þurrleigu, að það fánaríki muni virða skyldur sínar sem fánaríki? Hvernig verður það kannað, herra forseti? Hvernig fara menn að því þannig að lögin séu vel framkvæmanleg af okkar hálfu?

Ég ætla ekki að hafa mikið lengra mál um þetta, herra forseti. Mér finnst ýmislegt í frv. þurfa nánari umfjöllunar. Ég treysti því að málið fái góða og vandaða umfjöllun í samgn. en ef hæstv. ráðherra hefur nánari skýringar á textanum sem ég hef m.a. spurt út þá þætti mér vænt um að fá einhver svör við því. Að sjálfsögðu munu hagsmunasamtök, m.a. sjómanna, sem hafa lýst sig andvíg þessu frv., koma með athugasemdir varðandi málið, fá tækifæri til að fjalla um þetta og koma fyrir hv. samgn.

Ég er ekki sammála því sem segir í athugasemdum með frv., herra forseti, að tilgangur þess sé að auka möguleika íslenskra útgerða til að nýta skip sín til verkefna erlendis. Ég held að að því sé látið liggja í frv. að við höfum miklu meiri möguleika í sambandi við þurrleiguna en við höfum haft á undanförnum árum. Ég er ekki alveg sannfærður um að við séum að gera það gagn með þessu frv. sem menn ætla. Ég mun hins vegar að sjálfsögðu hlusta á rök ráðherrans, fylgjast með þessu máli og taka afstöðu til þess nánar í framtíðinni og athuga hvort önnur rök liggja til grundvallar. Ég hef hins vegar efasemdir um að málið sé okkur til framdráttar.

[16:51]

Útbýting þingskjala:

Fagleg ráðgjöf um tæknifrjóvgun, 187. mál, fsp. BH og GÖ, þskj. 188.

GSM-dreifikerfið, 189. mál, fsp. GÁS, þskj. 190.

Húsnæðismál glasafrjóvgunardeildar, 190. mál, fsp. BH og GÖ, þskj. 191.

Sértekjur glasafrjóvgunardeildar, 188. mál, fsp. BH og GÖ, þskj. 189.

[16:51]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir ræðu hans og ábendingar sem komu fram í máli hans. Ég tel eðlilegt að þær ábendingar sem komu fram hjá hv. þm. verði skoðaðar rækilega í samgn. við meðferð málsins. Hins vegar er á það að líta að þetta mál var ítarlega rætt á síðasta þingi eins og fram hefur komið og samgn. fór mjög vandlega yfir það.

Hvað varðar þær athugasemdir og ábendingar þingmannsins sem lúta að því sem kemur fram í c- og d-lið 2. mgr. 1. gr. þar sem segir, með leyfi forseta, að verndunarsjónarmið mæli ekki gegn þeim veiðum sem skipið muni stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur, þ.e. eins og segir að áður en

Siglingastofnun Íslands veitir heimild til þurrleiguskráningar skips skv. 1. mgr. skal liggja fyrir staðfesting sjútvrn. á því að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt.

Um þær spurningar sem þingmaðurinn nefndi er það að segja að það er á valdi Siglingastofnunar að leita umsagnar sjútvrn. sem þarf auðvitað að gefa umsögn sem byggir á alþjóðasamningum og þeirri þekkingu og upplýsingum sem sjútvrn. hefur yfir að ráða. Á grundvelli þeirra upplýsinga er það síðan Siglingastofnunar Íslands að taka afstöðu til þeirra þátta. Þetta er vandasamt verkefni og mikilvægt en í raun er ekki aðrar leiðir að fara en þær sem hér er lagt til að verði notaðar. Við verðum því að sjálfsögðu að treysta þessum stofnunum til að fylgja fast eftir og sjá til þess að eftir þeim ákvæðum og reglum verði farið.

Að öðru leyti vísa ég til þess sem kom fram í framsöguræðu minni og í greinargerð með frv. Ég vænti þess að hv. samgn. fari yfir þau atriði sem fram komu í ræðu hv. þingmanns og voru ekki beinar fyrirspurnir til mín.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipamælingar, 1. umr.

Stjfrv., 158. mál (heildarlög). — Þskj. 158.

[16:54]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um skipamælingar. Frumvarp þetta er samið í samgrn. í samráði við Siglingastofnun Íslands. Meginástæða fyrir framlagningu frv. er að festa í sessi nýja viðmiðun við mælingu skipa.

Í frumvarpinu er kveðið á um að skip, 24 metrar að lengd og lengri skuli mælast í brúttótonnum í stað brúttórúmlesta. Það er í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að, svo sem alþjóðasamþykkt um mælingu skipa sem undirrituð var í Lundúnum 23. júní 1969.

Um mælingu skipa sem eru styttri en 24 metrar er gert ráð fyrir að samgrh. setji reglur að fengnum tillögum Siglingastofnunar Íslands. Með frv. er jafnframt verið að styrkja lagagrunn fyrir töku gjalda fyrir þjónustu Siglingastofnunar við mælingu skipa, endurmælingar og útgáfu mælibréfa.

Að undanförnu hafa átt sér stað ýmsar lagabreytingar er varða gjaldtöku opinberra stofnana fyrir veitta þjónustu og hefur samgrn. og Siglingastofnun Íslands skoðað með skipulegum hætti hvernig gjaldtökuákvæðum er hagað í lögum sem fjalla um siglingar og gjaldtöku Siglingastofnunar Íslands. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sett verði sérstök gjaldskrá um mælingu skipa sem tekur mið af beinum kostnaði Siglingastofnunar þar að lútandi.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[16:57]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem mig langar til að spyrja um er þetta: Í 2. mgr. 1. gr. frv. er sagt að hvert skip með skráningarlengd allt að 24 metrum skuli mælt og tonnatala þess reiknuð samkvæmt reglum sem ráðherra setur að tillögum Siglingastofnunar Íslands. Þetta gefur mér tilefni til að spyrja um það hvort fyrirhugaðar séu einhverjar breytingar á mælingunum. Svo virðist sem hægt sé að breyta mælingunum eingöngu með útgáfu reglugerðar, þ.e. samkvæmt því fyrirkomulagi sem frv. gerir ráð fyrir. Ég veit að Siglingastofnun hefur haldið nokkra fundi með aðilum í landinu vegna hugmynda um breytingar á skipamælingum. Ég þekki reyndar ekki hvaða hugmyndir eru um breytingarnar og ætla ekki að setja mig á neinn hátt á móti því að einhverjar breytingar verði, en ég spyr hæstv. ráðherra: Eru þær breytingar sem hugsanlega eru á leiðinni ekki líklegar til þess að raska hinum ýmsu reglum sem hv. Alþingi hefur sett hvað varðar stjórn fiskveiða og úthlutun veiðiheimilda miðað við stærðir skipa ef af þeim verður? Eða hefur hugmyndum um breytingar kannski bara verið ýtt til hliðar og verður ekkert af þeim?

Ég tel ástæðu til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji að breytingar af þessu tagi komi til greina og líka það, og vil leggja það inn um leið, hvort þá sé ekki ástæða til að ræða það á hv. Alþingi hvort reglur um mælingar skipa sem eru notaðar í þeim tilgangi sem ég var að tala um áðan, þ.e. vegna ýmissa ákvæða um stjórn fiskveiða, verði ekki að vera allt aðrar og eitthvað sem stendur til frambúðar. Það getur ekki breyst með einhverjum reglugerðum úr ráðuneytinu.

[16:59]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. ber upp fyrirspurn sem ég tel að sé í fyllsta máta eðlileg. Í fyrsta lagi vil ég segja að ekki liggja fyrir neinar tillögur á þessari stundu í ráðuneytinu sem fela í sér breytingar á mælingum skipa að öðru leyti en þessa sem fram kemur hér varðandi brúttórúmlestir og brúttótonn. Hins vegar er gert ráð fyrir því hvað varðar minni skip en 24 metra, eins og hér hefur komið fram, að ráðherra setji reglur.

Ég vil segja um þetta að aðalatriðið er að reglum sé ekki breytt nema tryggt sé að réttindi skipa skerðist ekki vegna veiðistjórnunar eða aukist við breytingar á reglum sem settar eru af hálfu samgrn. eða samgrh. Ég tel að það sé afar mikilvægt að það komi fram að ekki stendur til að efna til neinna slíkra breytinga á reglum sem skerða eða auka réttindi og það er afar mikilvægt að það komi fram við umræðuna.

[17:01]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir yfirlýsinguna. Ég tel að ýmsir hafi haft áhyggjur af því að einhverjar breytingar gætu orðið vegna fundahalda sem voru einhvern tíma á árinu um hugsanlegar breytingar á mælingareglunum. Ég er ekki einn af þeim sem halda því fram að ekki megi breyta þessum reglum eitthvað. Það er hins vegar mjög vandmeðfarið og erfitt að gera það öðruvísi en að það gerist sem hæstv. ráðherra nefndi, þ.e. að réttindi aukist eða skerðist vegna breyttra reglna. Gildandi mælingareglur eru ekki gallalausar og þess vegna er ástæða til að menn skoði málin vel. Ég tel að það þyrfti að gera í mjög nánu samráði við sjútvrn. og þá aðila sem hafa hagsmuna að gæta ef reglum yrði breytt að þessu leyti. Það er ekki gert nema með því að liggja verulega yfir því og leggja í það mikla vinnu ef á að komast hjá óhöppum í þeirri endurskoðun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kvennahreyfingin á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. KolH og ÞBack, 19. mál. — Þskj. 19.

[17:02]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um bætt starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi. Flm. auk mín er hv. þm. Þuríður Backman. Tillögutextinn hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að stuðla að bættu starfsumhverfi kvennahreyfingarinnar og annarra hópa sem vinna að jafnari stöðu kynjanna á Íslandi. Það verði m.a. gert á eftirfarandi hátt:

a. Stofnaður verði sjóður með lið á fjárlögum í þeim tilgangi að styrkja hvers konar starf félagasamtaka, hópa og einstaklinga sem miðað getur að jafnari stöðu kynjanna. Hluta sjóðsins verði varið til þess að tryggja þátttöku sömu hópa í alþjóðlegu starfi.

b. Jafnréttisfulltrúum eða öðrum starfsmönnum ráðuneytanna verði falið að koma á beinum tengslum fagráðuneyta og þeirra samtaka, hópa og einstaklinga sem innan starfssviðs hvers ráðuneytis vinna að jafnari stöðu kynjanna á hverjum tíma."

Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að frjáls félagasamtök hafa gegnt afar miklu hlutverki í þeirri viðleitni stjórnvalda að koma á jafnari stöðu kynjanna. Það nægir að nefna Peking-ráðstefnuna sem Sameinuðu þjóðirnar héldu um málefni kvenna 4.–15. september 1995 og sömuleiðis aðrar ráðstefnur sem Sameinuðu þjóðirnar hafa haldið, bæði um þetta málefni og önnur. Í starfi Sameinuðu þjóðanna er gífurlega mikil áhersla lögð á lifandi og opið samstarf við félagasamtök, og samhliða Peking-ráðstefnunni var efnt til samkomu félagasamtaka sem störfuðu á þessum grunni. Hún var öflug og mikil, hófst viku áður en Peking-ráðstefnan, hin eiginlega ráðstefna, hófst og skaraðist við hana. Þá var alveg ljóst að þeir sem sóttu þessa ráðstefnu, ráðstefnu félagasamtakanna, hafa allir lokið upp einum munni um það að þar hafi verið unnið mikið, skapandi og skemmtilegt starf. Sannleikurinn er sá að ráðstefna félagasamtakanna hafði á endanum gífurlega mikil áhrif, bæði á störf ráðstefnunnar og efni Peking-áætlunarinnar sem samþykkt var á ráðstefnunni.

Það vita líka allir í þessum sal að á Peking-ráðstefnunni var samþykkt að ríkisstjórnir aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna settu sér framkvæmdaáætlun þar sem tíunduð væru þau verkefni Peking-áætlunarinnar sem væri hvað mest aðkallandi að vinna að í viðkomandi ríkjum. Á grunni Peking-áætlunarinnar er síðan reist sú stefna ríkisstjórnar Íslands i jafnréttismálum sem nú er í gildi og jafnan er kynnt með skýrslu félmrh. árlega á hinu háa Alþingi.

Ég er hér með síðustu skýrslu hæstv. félmrh. sem flutt var á síðasta löggjafarþingi, því 127. Þar getur hæstv. ráðherra reyndar ekki í neinu starfa félagasamtaka á þessum vettvangi en að mati þeirra sem flytja þessa tillögu, herra forseti, er starfsemi frjálsra félagasamtaka einn af hornsteinum lýðræðisins. Það verður að segjast eins og er að þau starfa í beinum tengslum við grasrótina og eru oft í betri aðstöðu en stjórnvöld til þess að bregðast vafningalaust við nýjum aðstæðum og skilgreina þarfir og skoðanir almennra borgara. Frjáls félagasamtök koma á framfæri sjónarmiðum og ábendingum sem koma stjórnvöldum að gagni og verka þannig sem mótvægi við stjórnkerfi sem oft er þungt og seinvirkt.

Á þessum vettvangi, þ.e. vettvangi kvennahreyfinganna, er alveg ljóst að þessi frjálsu félagasamtök gegna gífurlega miklu hlutverki. Ég er þeirrar skoðunar að þetta hlutverk þurfi að meta að verðleikum hér á landi og skapa svigrúm fyrir nýja hópa með nýjar hugmyndir. Það þarf sömuleiðis að veita brautargengi góðum hugmyndum sem gætu haft öflug keðjuverkandi áhrif í átt til þess að leiðrétta kynjamisrétti á Íslandi. Það er á einhvern hátt eðli þeirra hópa sem skotið hafa upp kollinum á þessum vettvangi kvennahreyfinganna að hóparnir eru oft og tíðum litlir, fámennir og ekki þannig skipulagðir að auðvelt sé að henda á því reiður hverjir eru starfandi á hverjum tíma. Þessir hópar eru oft fremur lítt skilgreindir en vinna öflugt starf í skamman tíma að mjög afmörkuðum málefnum. Það er afar mikilvægt að hópar af þessu tagi eigi einhvern möguleika á því að ná árangri í starfi sínu. Það er líka mjög nauðsynlegt fyrir hópa af þessu tagi að þeir eigi einhvers konar möguleika á að sækja ráðstefnur í útlöndum. Þær eru haldnar í tugatali á hverju ári, ráðstefnurnar sem hópar af þessu tagi hefðu mikið gagn af að sækja, og það er yfirlýst stefna stjórnvalda hér á landi, ef marka má orð sem hafa verið látin falla í tengslum við Árósasamninginn, að það beri að auka möguleika frjálsra félagasamtaka til að hafa áhrif á stjórnsýsluna.

Það má auðvitað segja að stjórnvöld hér komi að vissu marki til móts við rótgróin félagasamtök eins og ungmennahreyfinguna, íþróttahreyfinguna, skáta og fleiri samtök með hefðbundið skipulag og uppbyggingu en það er hins vegar erfiðara um vik hjá óformlegri hópum sem ekki hafa neinar félagaskrár og finnast hvergi á skrám yfir formleg félagasamtök. En það má nefna að hópar af því taginu hafa brugðist skjótt við nýjum aðstæðum og hafa starfað að afmörkuðum verkefnum í stuttan tíma, t.d. Samtök um kvennaathvarf, Kvennaráðgjöf, Stígamót og fleiri sem hafa stigið sín fyrstu skref á þessum nótum. Svo má nefna smærri hópa eins og Konur gegn klámi, áhugahóp um aðgerðir til að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir unglingsstúlkna og fleiri hópa eflaust.

Það er mjög mikilvægt fyrir hópa af þessu tagi að þeir fái byr undir vængina meðan orkan er til staðar en ekki sé beðið eftir því að hóparnir séu látnir sanna sig á einhvern hátt áður en hægt er að fara að veita þeim fjárhagslegt brautargengi.

Það má segja að sú tillaga sem hér er flutt sé í öllum meginatriðum samhljóða tillögu sem flutt var á 123. löggjafarþingi. Þá var hugmyndin sótt til norskrar stjórnsýslu en í Noregi hefur verið komið á því kerfi að barna- og fjölskyldumálaráðuneytið auglýsir árlega eftir umsóknum um styrki til kvennapólitískrar upplýsingastarfsemi og einnig til kvennapólitísks alþjóðastarfs. Hugmyndin um sjóðinn er sem sagt sótt þangað og það er alveg ljóst að styrkirnir sem veittir hafa verið í Noregi hafa tryggt þann jarðveg sem er nauðsynlegur fyrir frjótt starf af þessu tagi. Þar í landi er haft samráð og gagnkvæmt upplýsingaflæði milli stjórnvalda og kvennahreyfingarinnar. Þar er einnig hefð fyrir því í utanríkisráðuneytinu að hugmyndir sem snerta konur á alþjóðavettvangi og drög að samningum séu send til umsagnar þeirra aðila sem starfa að málefnum kvenna, og upplýsinga- og samráðsfundir eru haldnir í ráðuneytinu þegar þurfa þykir.

Norska barna- og fjölskyldumálaráðuneytið kom á þeirri hefð fyrir um það bil tveim áratugum að hafa samráðsfundi og gagnkvæmt upplýsingaflæði á milli ráðuneytisins, stofnana, frjálsra félagasamtaka og baráttuhópa. Hefur það

samstarf gefið afar góða raun og tryggt sýnilegan árangur. Það er á þeirri hugmyndafræði, herra forseti, sem þessi tillaga er byggð því að við flutningsmenn erum þeirrar skoðunar að íslensk stjórnvöld þurfi á sama hátt og þau norsku að hafa félagasamtök á þessu sviði með í ráðum og bera hugmyndir sínar undir slíka aðila þegar um er að ræða mál er varða áhuga- og baráttumál þeirra.

Það ætti að vera fengur í því fyrir íslenska stjórnsýslu að nýta alla þá reynslu og þekkingu sem safnast hefur saman innan kvennahreyfingarinnar. Í mörgum tilfellum er um sérfræðikunnáttu að ræða sem nauðsynlegt er fyrir opinbera aðila að hafa aðgang að og einnig ætti að kappkosta að kynna kvennahreyfingunni hugmyndir og fyrirætlanir sem opinberir aðilar vinna að og hafa um þær samráð.

Það er hugmynd flutningsmanna, herra forseti, að komið verði á formlegum boðleiðum milli einstakra fagráðuneyta og félagasamtaka, hópa og/eða einstaklinga sem vinna að því að jafna stöðu kynjanna og það verði í verkahring jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna eða annarra starfsmanna sem ráðuneytin tilnefna að annast þetta starf. Á þann hátt teljum við að tryggja megi upplýsingastreymi og samskipti milli hins opinbera kerfis og þeirra sem starfa í grasrótinni á hverjum tíma. Það er afar mikilvægt, herra forseti, að þessar samskiptaleiðir séu gerðar formlega því að þó að nokkuð sé um liðið síðan ráðuneytin eignuðust jafnréttisfulltrúa og nokkur þeirra komin með opinbera jafnréttisstefnu hefur þessi samskiptaleið frjálsu félagasamtakanna við jafnréttisfulltrúana ekki verið skilgreind og þar af leiðandi kannski ekki verið opin sem skyldi. Við viljum ekki binda það við jafnréttisfulltrúa fagráðuneytanna að hafa þessa skyldu á herðum sér og þess vegna er í tillögunni gert ráð fyrir að ráðuneytin geti tilnefnt þá starfsmenn sem þau vilja í þetta hlutverk.

Sjóður sá sem tillagan gerir ráð fyrir að stofnaður verði í þeim tilgangi að styrkja starf samtaka, hópa og einstaklinga sem miðað getur að jafnari stöðu kynjanna ásamt þátttöku í alþjóðlegu starfi yrði sérgreindur liður á fjárlögum, hefði faglega sjóðstjórn og yrði þannig sambærilegur við sjóði sem styrkja starf á sviði menningar og lista. Það er alveg ljóst að setja þyrfti sjóðnum reglur sem kvæðu nánar á um framkvæmdina, skipun sjóðstjórnar og það hvar sjóðurinn yrði hýstur. Flutningsmenn hafa kosið að halda þessum atriðum opnum þannig að möguleiki og svigrúm sé til þess að skapa starfsvettvang fyrir þennan sjóð sem henta þykir þegar menn hafa fjallað málefnalega um slíka sjóðstofnun.

Eins og lýst er í greinargerð með frv. eru þær hugmyndir sem kvikna í grasrótinni oft þess eðlis að þær þurfa ekki nema örlitla aðhlynningu til að bera góðan ávöxt. Ef lögð er rækt við að fanga slíkar hugmyndir má skapa það umhverfi sem þarf til að kvennahreyfingin og stjórnvöld í sameiningu geti í raun jafnað stöðu kynjanna.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að máli þessu verði vísað til hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áfengislög, 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 23. mál (framleiðsla innlendra léttvína). — Þskj. 23.

[17:15]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998. Meðflutningsmenn mínir á þessu frv. eru hv. þm. Drífa Hjartardóttir, Þuríður Backman og Guðrún Ögmundsdóttir.

1. gr. frv. er reyndar eina efnisgrein þess fyrir utan gildistökuákvæðið og hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. og 2. mgr. 6. gr. skal heimilt að framleiða án leyfis vín úr innlendum berjum, ávöxtum eða jurtum til eigin neyslu sem í eru að rúmmáli minna en 15% af hreinum vínanda.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í greinargerð segir að tilgangur frumvarpsins sé að gera þeim sem vilja og getu hafa til kleift að framleiða vín úr innlendum ávöxtum og jurtum og að þeir megi bera það fram án þess að slíkur heimilisiðnaður teljist lögbrot. Flutningsmenn telja að rétt sé að lagfæra áfengislögin þannig að framleiðsla léttvíns úr tilgreindum hráefnum verði leyfð. Með því aukna frelsi sem hér er lagt til gæti innan fárra ára orðið til þekking við gerð matarvína sem kynni síðar að verða sérislensk framleiðslu- og verslunarvara, t.d. vín úr hreinni náttúruafurð eins og íslenskum berjum.

Frv. sama efnis hefur áður verið flutt í hv. Alþingi en ekki hlotið afgreiðslu. Sá sem hér stendur lítur svo á að framleiðsla á léttvínum sé í raun hið sama og matargerð. Ég geri lítinn greinarmun á því hvort fólk framleiðir saft eða léttvín til að nýta með mat. Ég lít svo á að ef slík heimilisframleiðsla sem þetta frv. gerir ráð fyrir yrði leyfð gæti þróast á nokkrum árum markverð reynsla til að framleiða matarvín sem ég, eins og ég sagði áðan, lít svo á að gætu einfaldlega orðið hluti af matvælaframleiðslu þessa lands.

Herra forseti. Ég held að vínmenning Íslendinga hafi breyst verulega á síðustu árum og áratugum og ekki sé ástæða til að líta á létt vín sérstaklega sem vímugjafa þótt vissulega megi með góðum vilja ná einhverjum árangri í því að verða ölvaður, herra forseti. En þá þurfa menn að leggja sig dálítið fram við það og eru þá í raun að neyta vína í allt öðrum tilgangi en matarvínum er ætlaður, þ.e. með mat. Ég held samt að vínmenning Íslendinga hafi breyst verulega á undanförnum áratugum enda hafa Íslendingar verið að kynnast siðum og venjum annarra þjóða þar sem þeir eins og íbúar annarra landa sem þeir hafa heimsótt hafa haft frjálsan aðgang að léttvínum og jafnvel sterkari vínum einnig. Ég held að það sé að mestu leyti liðin tíð að Íslendingar sem fara í utanlandsferðir fari bæði fullir út og komi fullir heim. Oft var sagt í gamla daga að menn færu á sérstakar uppskeruhátíðir til annarra landa til þess að eiga frjálsan aðgang að áfengi. Þetta held ég að sé að miklu leyti breytt, herra forseti. Það er helst ef menn taka sér fyrir hendur ferðalög á bjórhátíðir í Þýskalandi að þeir séu eingöngu í því að smakka vín, enda ferðin þá til þess gerð. Það eru oft sérstakir sælkerar sem ákveða að fara í þær ferðir og ekki eru þeir endilega neitt drukknari en aðrir. Ég held því að öllu samanlögðu, herra forseti, að við getum talað um notkun léttvína og matarvína eins og hverja aðra vöru með mat. Við þurfum ekki lengur

að tala um þetta sem eitthvað sem beri að forðast eða fela. Ég hygg að landsmenn hafi öðlast talsverða reynslu af því að umgangast vín með eðlilegum hætti á undanförnum árum.

Í tillögu þessari er eingöngu verið að tala um að það verði gert heimilt — það verði sem sagt ekki lögbrot — að framleiða matarvín undir 15% styrkleika og til þess að stýra þessu svolítið í þann farveg sem ég tel æskilegastan og við flutningsmenn þá leggjum við upp með að í framleiðsluna verði helst notaðar íslenskar jurtir, ávextir eða ber til þess að gefa þessu þann sérstaka keim sem vissulega getur fylgt náttúruafurðum okkar. Ég tel að á fjölmörgum íslenskum heimilum, einkanlega í sveitum landsins, sé þekking á því hvernig beri að framleiða svona matarvín. En af eðlilegum ástæðum er farið hljótt með þetta. Jafnvel þó að fólk hafi dottið niður á framleiðslu afbragðs víns þá er það ekki löglegt og heiðarlegt fólk, venjulegt íslenskt fólk, er í raun að fremja lögbrot þegar það framleiðir sín eigin vín. Mér finnst því, herra forseti, meira en tímabært að menn þori að taka á þessu á hv. Alþingi.

Frv. gengur eingöngu út á að leyfa þessa framleiðslu á matarvínum. Hér er ekki verið að tala um að leyfa landabrugg eða að sjóða landa til þess að ná fram sterku víni eða öðru slíku. Hér er eingöngu verið að tala um það sem þekkist víða í dag á íslenskum heimilum, þetta er gert en er ekki löglegt. Eftir sem áður gæti svo viljað til — það tel ég meira en líklegt — á næstu árum, þ.e. ef þetta yrði leyft, að hér mundi skapast þekking sem gæti orðið til þess að einhver fengi áhuga á því að framleiða sérískenskt matarvín til sölu í vínbúðum. Reyndar er, herra forseti, þegar hafin slík framleiðsla á Íslandi, ég hygg norður á Húsavík. Þar er verið að framleiða matarvín sem selt er í íslenskum vínbúðum. En þetta frv. gengur ekki út á það. Þá eru menn komnir í allt annan farveg vegna þess að þá þurfa þeir auðvitað að vera með framleiðsluna í sérstöku húsnæði, vera með þjófheldar geymslur og uppfylla allar heilbrigðisreglugerðir og allt sem lýtur að framleiðslu söluvöru sem þeir bera ekki sjálfir á borð og fylgja ekki eftir til enda heldur eru að afhenda öðru fólki til sölu. Það dreifist auðvitað eins og önnur söluvara. Þá erum við komin í allt annan farveg, herra forseti, sem kemur ekkert nálægt því frv. sem við leggjum fram um, að leyfa það sem ég vil kalla heimilisiðnað eða réttara sagt matarframleiðslu á heimilum sem að vísu í þessu tilviki er dálítið áfeng.

Ef niðurstaðan yrði hins vegar sú, sem ég tel ekkert ósennilega, að fleiri en sá sem framleiðir á Húsavík dyttu niður á sérstakar uppskriftir eða framleiðslu sem gæti talist söluvara þá yrði auðvitað til þess að grípa, þ.e. ef fólk vildi framleiða raunverulega söluvöru, að fara í allt annan farveg með málið. Þetta færi þá undir ákvæði áfengislaganna um að heimaframleiðslunni yrði breytt í raunverulega framleiðslu á vöru sem væri ætluð til sölu. Þá kæmu auðvitað til ýmsar reglugerðir sem menn yrðu að uppfylla, t.d. heilbrigðisreglugerðir og geymslureglugerðir og ákvæði áfengislaga um öryggisgeymslu þannig að þar erum við að tala um allt annan farveg. Ég lít hins vegar svo á að það sé meira en líklegt, jafnvel í dag, að til sé fólk hér á landi sem hefur þróað sínar sérstöku uppskriftir við að framleiða vín og mundi e.t.v. vilja koma þeim á framfæri, þ.e. ef þetta yrði löglegt, til þeirra sem þá vildu kannski taka að sér að fara í atvinnurekstur við að framleiða slíkt. Nú er verið að tína ber um allt land til þess að senda norður á Húsavík til þess að framleiða þar vín og vonandi er það vísir að sérstakri vínframleiðslu sem mun vinna sér sess í framtíðinni og verða ein af stoðum atvinnulífs okkar. Við sem flytjum frv. teljum að hér sé verið að stíga ákveðið framfaraskref. Það þarf að liðka til í áfengislögunum til að þetta teljist ekki lögbrot. Ég tel eðlilegt að það frjálsræðisskref verði stigið sem frv. gerir ráð fyrir og tel að það mundi leiða til góðs. Ég hef ekki trú á því að hinn sérstaki áhugi Íslendinga á að framleiða góð matarvín úr íslenskum jurtum leiði íslensku þjóðina út í ofurdrykkju. Ég vona að sú tíð sé liðin.

[17:27]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég kem hér aðeins örstutt til þess að lýsa stuðningi mínum við þetta frv. sem lætur lítið yfir sér en gæti samt reynst vega þungt og haft mikil áhrif í samfélaginu. Ég tel að öll þau áhrif sem frv. af þessu tagi mundi hafa væru jákvæð fyrir menningu þjóðarinnar, matarmenningu og matvælaframleiðslu, því eins og hv. flm. gat um gæti heimild af þessu tagi, sem sagt með því að liðkað yrði til í áfengislöggjöfinni eins og hv. þm. orðaði það, skapað kunnáttu, þekkingu sem mundi mögulega gera okkur kleift að bæta þarna við þrepi í matvælaframleiðslu okkar sem hefur verið að vaxa gífurlega að burðum síðasta áratuginn. Ég vil bara minna menn á það, herra forseti, að mjór er mikils vísir. Þó að frv. sé mjótt gæti það mögulega átt eftir að leiða af sér öfluga hluti fyrir innlenda matvælaframleiðslu. Það veitir ekki af, herra forseti, að íslensk stjórnvöld styðji við þá hugmyndaauðgi sem til staðar er í íslensku þjóðfélagi. Hér væri að hluta til líka um stuðning að ræða sem konur gætu nýtt sér kannski enn frekar en karlar. Við þekkjum öll dugnað íslenskra kvenna við að búa til sultur og saft og að tína sveppi og ber þó þetta sé ekkert bundið við konur. Við þekkjum líka að karlarnir hafa tekið þetta upp á sína arma og þeir eru margir klókir í að búa til sitt eigið rúgbrauð og sínar fjallagrasaflatkökur.

Herra forseti. Ég verð að segja að mér þykja það ákveðin forréttindi núna að geta stigið í pontu og talað um íslenskar jurtir án þess að standa í orðaskaki við framsóknarmenn sem hafa misskilið tilgang íslensku jurtanna hrapallega. Eins og ég segi, herra forseti, þá held ég að frv. gæti orðið til góðs fyrir vínmenningu þjóðarinnar. Það gæti orðið grunnur að einhvers konar skipulagðri framleiðslu sem gæti orðið íslenskri matarmenningu lyftistöng. Ég vona sannarlega að málið fái brautargengi hjá nefndum þingsins og þingmönnum sem um það eiga eftir að fjalla og fái að koma hingað til afgreiðslu en það hefur það ekki fengið í þau fyrri skipti sem hv. flutningsmaður hefur mælt fyrir því.

[17:29]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka undirtektir hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur við þetta mál og vona eins og hv. þm. að það fái hér eðlilegan framgang. Þó hv. þm. Framsfl. hafi ekki viljað ljá þessu máli lið geri ég mér fastlega vonir um að þeir verði ekki til þess að bregða fæti fyrir það heldur. Ég tel að þeir hafi þroskast mikið á undanförnum árum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 9. mál.

Fundi slitið kl. 17:31.

11. FUNDUR

miðvikudaginn 16. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Barnalög, stjfrv., 180. mál, þskj. 181. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Barnalög, frv., 31. mál, þskj. 31. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Barnalög, frv., 44. mál, þskj. 44. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Útlendingar, stjfrv., 168. mál, þskj. 168. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Skráning skipa, stjfrv., 157. mál, þskj. 157. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Skipamælingar, stjfrv., 158. mál, þskj. 158. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Kvennahreyfingin á Íslandi, þáltill., 19. mál, þskj. 19. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Áfengislög, frv., 23. mál, þskj. 23. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv. [13:31]

Útbýting þingskjals:

Samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs, 191. mál, þáltill. SvanJ o.fl., þskj. 192.

Barnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 180. mál (heildarlög). — Þskj. 181.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Barnalög, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 31. mál (sameiginleg forsjá barns). — Þskj. 31.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Barnalög, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 44. mál (faðernismál). — Þskj. 44.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Útlendingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 168. mál (útlendingar frá EFTA-ríkjum). — Þskj. 168.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Skráning skipa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 157. mál (þurrleiguskráning fiskiskipa). — Þskj. 157.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Skipamælingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 158. mál (heildarlög). — Þskj. 158.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Kvennahreyfingin á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolH og ÞBack, 19. mál. — Þskj. 19.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Áfengislög, frh. 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 23. mál (framleiðsla innlendra léttvína). — Þskj. 23.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:34.

---

12. FUNDUR

miðvikudaginn 16. okt.,
að loknum 11. fundi.

Dagskrá:

Til dómsmálaráðherra:

1. Aðgerðir til að efla löggæslu, fsp. RG, 67. mál, þskj. 67.
2. Reiknilíkan fyrir rekstur sýslumannsembætta, fsp. MF, 138. mál, þskj. 138.

Til heilbrigðisráðherra:

3. Val kvenna við fæðingar, fsp. ÞSveinb og SvanJ, 69. mál, þskj. 69.
4. Rekstrarform í heilbrigðisþjónustu, fsp. LMR, 76. mál, þskj. 76.
5. Úrræði fyrir ungt hreyfihamlað fólk, fsp. JóhS, 78. mál, þskj. 78.
6. Öryggisgæsla á sjúkrahúsum, fsp. MF, 128. mál, þskj. 128.

Til landbúnaðarráðherra:

7. Starfssvæði og verkefni Suðurlandsskóga, fsp. KPál, 101. mál, þskj. 101.

Til iðnaðarráðherra:

8. Rannsóknir á nýjum orkugjöfum, fsp. KPál, 104. mál, þskj. 104.
9. Orkubú Vestfjarða, fsp. SRagn, 174. mál, þskj. 175.

Til viðskiptaráðherra:

10. Viðskiptahættir á matvælamarkaði, fsp. HBl, 166. mál, þskj. 166.

Til menntamálaráðherra:

11. Framhaldsskóli á Snæfellsnesi, fsp. JB, 113. mál, þskj. 113.

Til samgönguráðherra:

12. Sjálfbær ferðamennska og umhverfisvernd, fsp. MF, 123. mál, þskj. 123.

Til fjármálaráðherra:

13. Lækkun á endurgreiðslu virðisaukaskatts, fsp. RG, 93. mál, þskj. 93.

Aðgerðir til að efla löggæslu.

Fsp. RG, 67. mál. — Þskj. 67.

[13:35]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín er endurtekið efni frá því í vor. Hæstv. dómsmrh. upplýsti þá í umræðum um grenndarlöggæslu hér á Alþingi að vinna væri hafin í ráðuneytinu til að leggja mat á hvernig unnt væri að efla löggæslu, nýta betur fjármagn með samvinnu lögregluliða og spurt er: Hvað líður aðgerðum?

Það er alveg ljóst að samkvæmt fjárlagafrv. sem hefur verið lagt fram er stöðugildum ekki fjölgað. Í fyrra var fjölgað um eitt stöðugildi í Kópavogi og um hálft stöðugildi á Blönduósi. Sú aðgerð tók reyndar ekki á neinu. Sú aðgerð var eingöngu klór í bakkann. Við þingmenn Reykn. höfum margoft bent á óánægju í sveitarfélögunum á Reykjanesi. Það er sama hvort við tökum mið af Mosfellsbæ, Grindavík eða Garði. Alls staðar er kvartað og menn hafa áhyggjur af því að löggæslu sé sinnt frá kl. 10–5 á fleiri og fleiri stöðum og spyrja má hvort það sé framtíðin, herra forseti.

Ég verð að nefna Kópavog. Í ársskýrslu ríkislögreglustjóra sem okkur þingmönnum hefur borist er samanburður þar sem tekið er fyrir hversu mörg stöðugildi er að finna í sveitarfélögum landsins og á íbúa. Hvergi er ástandið eins og í Kópavogi þar sem eru 905 íbúar um hvert stöðugildi. Þetta er algerlega óviðunandi í 25 þúsund manna bæ. Nú á reyndar að flytja umferðardeildina frá ríkislögreglustjóra til Kópavogs. Það munu vera sjö menn. Þeir munu samt vinna áfram eftir skipulagi ríkislögreglustjóra. Þeir verða áfram með sömu verkefni. Þeir fara ekki í útköll eða sýnilega löggæslu og ég spyr: Er bara verið að búa þessum mönnum húsaskjól eða er e.t.v. ætlunin að tilkoma þeirra í Kópavog muni síðar gefa betri mynd af löggæslumálunum þar þegar farið verður að telja saman lögreglumenn og stöðugildi í Kópavogi og íbúafjöldann að baki þeim?

Hefur stefna verið mörkuð í ráðuneytinu varðandi þessi mál? Er það e.t.v. stefnan að flytja deildir til og frá með starfsemina að óbreyttu? Ég spyr, virðulegi forseti: Hvað ætlar dómsmrh. að gera varðandi þessi erfiðu mál og allt of fáa lögreglumenn á mörgum stöðum og mikinn þunga íbúanna þar sem kallað er eftir aðgerðum í þágu fólksins?

[13:38]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ýmislegt hefur verið gert á undanförnum árum á vegum dómsmrn., embættis ríkislögreglustjóra og lögregluembættanna í landinu til að efla löggæslu í landinu. Þessar aðgerðir eru raktar ítarlega í skýrslu minni til Alþingis um stöðu og þróun löggæslu sem lögð var fram á síðasta þingi.

Til upprifjunar fyrir hv. þm. og aðra get ég greint frá því að þar kemur fram að á undanförnum árum hefur verið unnið að margvíslegri uppbyggingu innan lögreglunnar. Þar kemur m.a. fram að raunhækkun á fjárframlögum til löggæslu hafa verið um 30% á sl. fimm árum og þá eru ekki taldar með hækkanir til sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli né ríkislögreglustjóra. Þessi raunhækkun hefur farið til eflingar löggæslunnar á ýmsum sviðum. Fjölgun lögreglumanna á landinu hefur verið töluverð á undanförnum árum. Þeim hefur t.d. fjölgað um tæplega 7% ef litið er til starfandi lögreglumanna miðað við íbúafjölda á bak við sig. Ef einungis er

litið til lögreglunnar í Reykjavík síðustu tíu ár hefur fjölgunin verið um 10% jafnvel þótt verkefni fjarskiptamiðstöðvar og sérsveitar hafi verið flutt til ríkislögreglustjóra.

Hv. þm. spurði sérstaklega um Kópavog og flutning umferðardeildar ríkislögreglustjóra þangað. Ég tel að það sé mikið framfaraskref vegna þess að sýslumaður hafði helst áhyggjur af því að bæta þyrfti umferðareftirlit í Kópavogi þannig að ég tel að hv. þm. geti samglaðst þeirri ráðstöfun.

Einnig má nefna að umferðareftirlit hefur verið stóraukið á þjóðvegum og í þéttbýli. Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar sem tók til starfa fyrir nokkrum árum sinnir nú öllum íbúum og lögreglumönnum á suðvesturhorni landsins með áberandi góðum árangri. Hefur þetta fyrirkomulag leitt til þess að unnt hefur verið að efla eftirlit í þeim umdæmum sem þjónað er af fjarskiptamiðstöðinni og um leið ýmsa þjónustu við íbúa, þar á meðal hefur grenndarlöggæsla verið efld. Fíkniefnalöggæsla hefur verið efld til mikilla muna á undanförnum árum og fíkniefnalögreglumönnum hefur fjölgað mikið um allt land, tækjabúnaður bættur og þjálfun fíkniefnahunda verið efld mikið. Þá hefur sérstaklega verið horft til eflingar grenndarlöggæslu og hverfalöggæslu, einkum á höfuðborgarsvæðinu eins og ég rakti í svari við fyrirspurn hv. þm. á síðasta þingi.

Þingmaðurinn vísar til þess í spurningu sinni hvað líði vinnu sem sett var af stað í ráðuneytinu með það að markmiði að efla löggæslu í landinu. Ég get fært hv. þm. ágætisfréttir af því starfi. Eins og ég rakti á síðasta þingi setti ég í gang vinnu í ráðuneytinu til að leggja mat á hvernig unnt væri að efla löggæslu með því að nýta betur þá fjármuni sem nú eru veittir til löggæslu. Óformlegur vinnuhópur hefur sinnt þessu starfi undanfarna mánuði og m.a. skoðað hvort nánari samvinna milli lögregluliða geti skilað sér í betri þjónustu til íbúanna. Hópurinn hefur jafnframt í hyggju að kynna sér ítarlega fyrirkomulag þessara mála og fjárveitingu til lögreglu í nágrannalöndum okkar, einkum Noregi og Danmörku, og leita þarf hugmynda og leiða til að efla enn frekar löggæslu í landinu.

Það sem vinnuhópurinn hefur skoðað sérstaklega eru m.a. atriði sem snúa að skipulagi lögreglunnar og hvort æskilegt sé að breyta því. Er þá bæði undir að skoða hvort grundvallarbreytingar séu nauðsynlegar á núverandi fyrirkomulagi og einnig hvort smærri breytingar sem unnt er að taka þegar í framkvæmd geti skilað árangri.

Á undanförnum árum hefur verið nokkuð mikil gerjun á þessu sviði hjá nágrönnum okkar á Norðurlöndunum og hafa niðurstöður úr því verið til sérstakrar skoðunar. Hvað smærri atriði varðar verða skoðaðir möguleikar á breytingum á vaktafyrirkomulagi og hvort aukin samvinna milli lögregluliða og jafnvel samkeyrsla þeirra að ákveðnu marki muni fela í sér öflugri löggæslu.

Þá má einnig nefna að í tengslum við þá vinnu er á dagskrá ráðuneytisins að skoða ítarlega hvernig unnt er að einfalda innheimtu sekta og sakarkostnaðar en vinna lögreglu í tengslum við það er óhemjutímafrek og viðamikil. Ef unnt er að draga úr kostnaði lögregluliðanna vegna þessa verkefnis er stefnan sú að nota þá fjármuni sem sparast til að efla enn frekar sýnilega löggæslu. Að því er stefnt að starfshópurinn sem skipaður er fulltrúum frá dómsmrn., ríkislögreglustjóra og lögreglustjóranum í Reykjavík muni skila fyrstu hugmyndum sínum í byrjun næsta árs.

Meginmarkmið þeirrar vinnu er einmitt að leita leiða til að hagræða og spara innan löggæslunnar með það að markmiði að nýta þá fjármuni sem sparast til frekari eflingar löggæslu. Það hefur sýnt sig að grenndarlöggæsla er mjög áhrifarík löggæsluaðferð sem skilar sér í betra og öruggara samfélagi. Það er því skýrt markmið mitt að reyna með öllum tiltækum leiðum að efla þann þátt í starfi lögreglunnar í landinu og að því er nú unnið.

[13:43]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að bera þessa fyrirspurn fram. Því miður held ég að við verðum að viðurkenna að lítið sem ekkert hefur gerst í lögreglumálum undanfarin þrjú ár. Við höfum aðeins horft upp á það að embætti ríkislögreglustjóra hefur vaxið og tekið mest það fjármagn sem komið hefur inn í löggæsluna.

Ég vil líka nefna það sérstaklega í þessari umræðu að nú nýverið toppaði Rangárvallasýsla met Kópavogs, þ.e. nú er einn lögreglumaður í Rangárvallasýslu á móti hverjum 1.070 íbúum sem þar búa, og það er eitt af afrekum hæstv. ráðherra. Nei, virðulegi forseti, því miður hefur lítið sem ekkert gerst undanfarin þrjú ár sem hægt er að segja að hafi eflt eða aukið almenna löggæslu. Við höfum horft á hana gefa eftir meðan eitt embætti hefur fitnað greinilega undir sérstökum verndarvæng og sérstakri velvild hæstv. dómsmrh. Ég held að það sé orðið tímabært að við snúum af þeirri braut.

[13:45]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég tek undir þakkir til hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur fyrir að vekja athygli á þessu mjög svo alvarlega máli. Mér er mjög vel kunnugt um hversu afleit staða er í þessum málum víða um land eftir viðræður við fjölmarga sveitarstjórnarmenn og íbúa og einnig þá sem vinna að löggæslumálum í landinu.

Ég get nefnt til viðbótar við þá staði sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi Búðardal, Hólmavík og nokkra til viðbótar. Ég spyr hæstv. dómsmrh.: Hver er skýringin á því sleifarlagi sem viðhaft er? Meginatriðið á að vera góð þjónusta að sögn hæstv. dómsmrh. og það er ekki. Hún hefur versnað. Mjög er deilt um kostnað vegna bílabanka ríkislögreglustjóra. Einnig er deilt um þann kostnað sem verður til, þ.e. það sem embættin þurfa að borga þegar reikningarnir koma vegna viðbótar löggæslukostnaðar frá ríkislögreglustjóra.

[13:46]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér fannst hæstv. ráðherra vera heldur kotroskin því að staðreyndin er að ráðherrann hefur ekki notað tækifærin þegar hún hefur getað gert einhverja hluti í þessu. Það er t.d. vert að nefna að nýlega var skipaður nýr sýslumaður í Búðardal. Sá sýslumaður hefur einn lögregluþjón og sá lögregluþjónn á að sjá um allt svæðið frá Gilsfjarðarbotni og næstum því að Stykkishólmi. Þarna hefði auðvitað verið hægt að gera skipulagsbreytingar. Hæstv. ráðherra lagði af stað í ferð í byrjun kjörtímabilsins þar sem átti að gera skipulagsbreytingar á Vesturlandi, gafst síðan upp og ekkert hefur gerst í skipulagsbreytingunum þar. Hægt er að beita lögregluliðinu miklu markvissara en gert er með því að sameina þarna lögregluembætti en það gerist nákvæmlega ekki neitt. En núna þegar kjörtímabilið er á enda þá er sett nefnd í málið.

[13:47]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á einu máli. Á síðustu fjárlögum studdi Alþingi tilraunaverkefni í Vestmanneyjum sem er fíkniefnahundur sem hefur reynst afar vel. Þessi hundur hefur farið í margar leitir, bæði í skip og báta, á flugvöllinn og hefur reynst afar vel og verður vonandi áframhald á því verkefni. Ég vildi bara vekja athygli á þessu því að það er alltaf verið að tala um neikvæða hluti. Þetta er mjög jákvæður hlutur og ég held að margir mættu af þessu læra.

[13:48]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Í tilefni af orðum síðasta ræðumanns þá veit ég ekki annað en að þessi fíkniefnahundur og framlag til hans hafi verið klippt út í þessum fjárlögum þannig að það góða verkefni er ekki lengur fyrir hendi.

Virðulegi forseti. Þegar ég bar fram þessa fyrirspurn hafði ég ekki hugsað mér að taka Kópavog sérstaklega fyrir. En eftir að hafa skoðað það mál, hlýt ég að beina sjónum manna að því.

Landssamband lögreglumanna ályktaði um ástandið þar síðasta vor. Það er þannig að fjórir eru á dagvakt og fjórir á næturvakt og það var þannig þegar bærinn var 14–15 þúsund manns, en þá var líka talin þörf á sérstökum dagmanni en sú staða er ekki lengur til. Smáralind er eins og lítið þorp sem hefur bæst við inn í þennan 25 þúsund manna bæ. Þjófnuðum hefur fjölgað um 95% á einu ári. Og þegar lögreglan birtist eftir að fólk hringir á hjálp, þá mætir henni skens vegna þess að hún kemur svo seint, hún verður að forgangsraða. Það er bara einn bíll á ferð.

Virðulegi forseti. Þegar talað er um að ég sem þingmaður og fyrirspyrjandi eigi að fagna því að umferðardeildin flytjist í Kópavog, þá leyfi ég mér að halda því fram að það skipti engu máli. Umferðardeildin á eftir því sem ég hef fengið upplýsingar um að halda áfram með sín verkefni. Hún hefur verið með myndavélar í Kópavogi áður og á öðrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Hún verður áfram með Vegagerðinni með þungaaksturinn. Hún á ekki að verða sýnileg. Hún fer ekki í þau verkefni sem bíða. Ástandið er mjög erfitt. Það er ekki að við viljum vera neikvæð. Það eru þeir sem ráða sem hafa sett málin þannig upp að þau eru óviðunandi.

Virðulegi forseti. Mér finnst gott að vinna fari fram í ráðuneytinu og mér finnst gott að það sé skoðað hvernig hlutirnir eru í nágrannalöndunum og ég fagna því ef hugmyndir liggja fyrir fyrir næstu kosningar.

[13:50]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég verð að segja að ég undrast þau stóryrði sem sumir hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa látið falla í umræðunum um stöðu löggæslumála í landinu. Ég vil sérstaklega benda þeim á skýrslu sem lögð var fyrir þingið um stöðu og þróun löggæslunnar sl. vor. Ég vil nefna nokkur atriði sem greinilegt er að hv. þm. hafa ekki kynnt sér eða telja ekki þjóna sínum málstað að hafa orð á.

Ég nefndi nokkur atriði áðan þar sem fram kom alveg greinilega að bæði hefur verið fjölgað í lögreglunni og aukið fjármagn sett í þennan málaflokk. En í skýrslunni er einnig fjallað um eflingu umferðareftirlits, fíkniefnalöggæslu, skipulagsbreytingar og tækninýjungar sem eflt hafa lögregluna, bætt nám í Lögregluskólanum o.fl. Jafnframt er bent á þá stöðu að lögregluliðið hér á landi er hlutfallslega sambærilegt eða stærra en í nágrannalöndum okkar jafnvel þótt afbrotatíðni hér á landi sé miklu minni en í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við. Allt tal um að löggæslumál séu í ólestri hér á landi eru því víðs fjarri raunveruleikanum þannig að ef hv. þm. hafa ætlað að slá pólitískar keilur með þessari umræðu, þá hefur það ekki tekist.

Staðreyndin er sú að lögreglan hefur staðið sig mjög vel, enda sést það af nýlegri könnun Gallups sem sýndi það að 71% þjóðarinnar bera mikið traust til lögreglunnar.

Varðandi það sem hv. þm. nefndi um Kópavog, þá hlýtur maður að ætla að sýslumaðurinn þar og lögreglustjórinn viti nákvæmlega hvar þarf að taka til hendinni og hans mat var að það væri í umferðareftirliti.

Og það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi, þá veit hann líka að það voru sveitarfélög á Vesturlandi sem voru á móti þessari sameiningu og í dag er samstarfssamningur milli lögregluliðanna þannig að þau vinna saman.

Reiknilíkan fyrir rekstur sýslumannsembætta.

Fsp. MF, 138. mál. — Þskj. 138.

[13:52]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Í raun og veru má segja að þetta sé hluti af sama máli vegna þess að eins og við vitum blasir við vandi sýslumannsembættanna vítt og breitt um landið við gerð fjárlaga hvers einasta árs.

Við þurfum ekki annað en skoða fjárlög, fjáraukalög og beiðnir sem berast og það merkilega gerist samt, eins og t.d. fyrir ári þegar fjárln. biður um grunngögn fyrir starfsemi sýslumannsembættanna vítt og breitt um landið, þ.e. grunnbeiðni þeirra um hvað það sé sem þeir telji að brenni mest á í fjárveitingum og hvað sé erfiðast við að eiga, þá voru svörin ósköp einfaldlega þau að fjárln. þingsins hefði í raun og veru ekkert við þessi grunngögn að gera, sem er auðvitað mjög sérstakt. En sýslumenn landsins hafa verið seinþreyttir til vandræða. Því var árið 1999 sett á laggirnar nefnd en samkvæmt því sem kom fram í frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 skipaði dóms- og kirkjumrh. nefnd til að fara yfir rekstur sýslumannsembætta með það fyrir augum að samræma fjárveitingar til embættanna á grunni skilgreindra viðmiða, svo sem mannafla, íbúafjölda og fleira. Markmiðið væri að stuðla að sem bestri nýtingu fjármuna til reksturs og þjónustu sýslumannsembættanna og auðvitað samanburði á kostnaði einstakra embætta. Nefndin stefndi að því að gera reiknilíkan með það að markmiði að fjárveitingar til þeirra embætta væru gegnsæjar og jafnframt að einhver samræming væri þar á milli. Nú er árið 2002. Nefndin hefur starfað síðan 1999 og hefur eftir því sem ég best veit ekki lokið störfum en það getur þó verið að hún hafi skilað einhverri bráðabirgðaskýrslu. Þetta er auðvitað stór hluti af því að eðlilegar fjárveitingar séu settar í sýslumannsembættin, m.a. í störf lögregluþjóna, löggæslu á viðkomandi svæðum. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Hefur nefnd sem skipuð var 1999 um gerð reiknilíkans fyrir rekstur sýslumannsembætta lokið störfum? Ef svo er, hver var niðurstaða hennar? Ef ekki, hvenær má þá vænta niðurstöðu?

2. Hverjir voru skipaðir í nefndina og hverjar eru heildarlaunagreiðslur til nefndarmanna á þeim tíma sem hún hefur starfað, skipt niður á ár?

[13:55]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. þm. var árið 1999 skipuð nefnd um gerð reiknilíkans fyrir rekstur sýslumannsembætta. Nefndin hefur ekki lokið störfum en fyrirhugað er að hún skili áfangaskýrslu í upphafi næsta árs.

Spurt er hverjir voru og eru skipaðir í nefndina. Upphaflega voru það Björn Thorarensen, skrifstofustjóri dóms- og kirkjumrn. sem jafnframt var formaður, Sólmundur Már Jónsson, deildarstjóri í sama ráðuneyti, Ásdís Ingibjargardóttir, sérfræðingur á fjárlagaskrifstofu fjmrn., Jón Magnússon, sérfræðingur á fjárreiðu- og eignaskrifstofu fjmrn., Þorleifur Pálsson, sýslumaður í Kópavogi, Björn Jósef Arnviðarson, sýslumaður á Akureyri, og Óli Lúðvíksson, skrifstofustjóri við sýslumannsembættið á Ísafirði.

Nokkrar breytingar hafa orðið á skipun nefndarinnar sem eru þær helstar að þar er nýr formaður Stefán Eiríksson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumrn., Ásdís Ingibjargardóttir er skrifstofustjóri í sama ráðuneyti og Nökkvi Bragason, sérfræðingur á fjárlagaskrifstofu fjmrn.

Nefndarmenn hafa ekki fengið sérstaklega greidd laun vegna starfa sinna í nefndinni en greitt hefur verið fyrir útlagðan kostnað vegna ferða nefndarmanna sem búa utan Reykjavíkur. Það eru sumir sýslumenn sem eiga sæti í nefndinni.

Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar var markmið starfs hennar að stuðla að sem bestri nýtingu fjármuna til rekstrar og þjónustu sýslumannsembætta og kerfisbundinni skiptingu fjármuna milli embætta. Einnig var stefnt að því að gera kostnað einstakra embætta samanburðarhæfan og að einingarkostnaður yrði sambærilegur hjá embættunum að teknu tilliti til mismunandi aðstæðna. Áður en til skipunar nefndarinnar kom höfðu dómsmrn. og fjmrn. sameiginlega kannað möguleika á því að skilgreina rekstur sýslumannsembætta með kerfisbundnari hætti en gert var með það fyrir augum að fá betri yfirsýn yfir fjárþörf embættanna og að stuðla að jafnari skiptingu og betri nýtingu fjármuna.

Nefndin hóf störf sín með því að afla upplýsinga hjá öðrum Norðurlöndum um hvort sambærilegt verk hefði verið unnið þar. Af þeim svörum sem bárust reyndist svo ekki vera. Nefndin kynnti sér líka reiknilíkan í rekstri framhaldsskóla og háskóla hér á landi sem unnið hefur verið með í mörg ár á vegum menntmrn. Að lokum fór síðan nokkur tími í að afla upplýsinga um einstaka rekstrarþætti hjá sýslumannsembættum.

Gerð reiknilíkans sem mælir á raunsæjan hátt rekstrarkostnað embætta reyndist vera mun flóknari en talið var í upphafi og hefur það fyrst og fremst tafið störf nefndarinnar. Er það þó aðallega að rekja til löggæsluhlutans en vaktafyrirkomulag löggæslunnar í landinu er með mjög mismunandi hætti eftir fjölda lögreglumanna við embættið, hvort rekin eru eitt eða fleiri útibú, stærð umdæmisins í ferkílómetrum talið og fleira. Má segja að nefndin hafi lent í nokkrum erfiðleikum með að feta jafnvægið milli þess að einfalda ekki um of líkanið þannig að það í reynd mældi ekki á raunhæfan hátt kostnað og hins að gera líkanið ekki svo flókið að það yrði ekki handhægt vinnutæki.

Nú er svo komið að líkanið er að stærstum hluta tilbúið. Eftir er að huga að leiðbeiningum um virkni þess og framsetningu auk þess að uppfæra rekstrartölur miðað við árið 2001. Stefnt er að því að nefndin fjalli um áfanganiðurstöður öðrum hvorum megin við áramótin. Þegar vinnu nefndarinnar lýkur er auðvitað komið að því að leggja mat á hvernig unnt er að nota reiknilíkanið til að bæta nýtingu fjármuna og dreifa þeim með sem sanngjörnustum hætti. Það er varla raunhæft að gera ráð fyrir miklum tilflutningi fjármuna milli embætta, reynist svo vera að þeim sé misskipt miðað við þær forsendur sem liggja til grundvallar. Á þessu stigi er helst að líta til þessa reiknilíkans sem mælikvarða á hvar beri helst að leggja áherslu á úrbætur á næstu árum. Það getur svo verið framtíðarsýn að líkanið ákvarði beinlínis fjárveitingar en of snemmt er að segja til um hvort svo verði.

[13:59]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Í tilefni af því að hæstv. dómsmrh. hefur áhyggjur af því hve þingmenn eru neikvæðir, þá hlýt ég að vekja athygli á því að það sem þingmenn bera hingað inn á hið háa Alþingi á oftast nær rætur heima í héraði og í upplýsingum sem koma til þingmanna á ferðum þeirra um kjördæmi og heimsóknir í sveitarstjórnir.

Herra forseti. Ég hlýt að vekja athygli á því að Sjálfstfl. hefur verið með dómsmrn. í u.þ.b. áratug. Verið er að skoða fjárveitingar og nýtingu fjármagns og skiptingu fjármagns í nefndum. Hér hefur verið getið um tvær nefndir og báðar munu skila af sér á kosningavori og við hljótum að fagna því. En ég vek athygli á þessu, virðulegi forseti. Einnig er verið að tala um að nýta fjármagn, nýta sama fjármagnið til annarra, nýrri og betri gjörða. Það er annað en blasir við með eitt tiltekið embætti hér, hjá ríkislögreglustjóra, þar sem það embætti hefur blásið út úr um og yfir 200 millj. á örfáum árum og í 560. Það er eitthvað annað.

[14:01]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Aðeins ofan á þessa umræðu sem bæði fór hér fram áðan og nú um stöðu löggæslumála víða um land. Hér áðan var Búðardalur nefndur og það svæði. Þar er einn löggæslumaður og hann á ekki einu sinni möguleika á því að framkvæma það eftirlit sem hann þarf. Hann er nánast bjargarlaus nema ökumaður sem hann stöðvar vegna of hraðs aksturs viðurkenni á staðnum að hann hafi raunverulega verið að brjóta af sér. Hið sama má segja um embættin víða um land.

Hjá sýslumannsembættinu á Hólmavík velta menn vöngum yfir því hvort heldur eigi að vera með góðan lögreglubíl og einn lögreglumann eða tvo lögreglumenn og lélegan lögreglubíl. Svona er ástandið í þessum málum mjög víða um land. Á þessu þarf að taka. Þess vegna er verið að ræða máliið á Alþingi.

[14:02]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hér fer fram fróðleg og mikilvæg umræða enda hafa flestir ef ekki allir áhyggjur af löggæslumálum í landinu.

Virðulegi forseti. En eitt fýsir mig að vita. Af því að hér er verið að ræða um reiknilíkön og annað slíkt, sem væntanlega verður þá einhvers konar forspá eða fyrirsögn um hvernig fjármunum verður eytt, þá væri gaman að fá svar við því frá hæstv. dómsmrh. hve margir lögreglumenn, um það bil, eigi að vera að baki tilteknum fjölda íbúa. Hvað telja menn eðlilegt? Þá fyndist mér ekki síður fróðlegt að hér yrði dregið fram reiknilíkanið sem liggur að baki fjárframlögum sem

runnið hafa til ríkislögreglustjóra. Það væri dálítið spennandi að fá forskriftina að því reiknilíkani, virðulegi forseti.

[14:03]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka svör hæstv. ráðherra. Ég verð að segja að ég dreg í efa að það sé í raun hægt að koma upp reiknilíkani fyrir sýslumannsembættin öll, eins misjöfn og þau eru vítt og breitt um landið. Við höfum reiknilíkan, eins og hér var nefnt, fyrir framhaldsskólana sem ekki hefur reynst allt of vel. Mig undrar að ekki skuli hafa verið farin sú leið sem reyndar sýslumenn sumir hverjir hafa farið fram á sjálfir, þ.e. að Ríkisendurskoðun geri úttekt á starfsemi hvers embættis og skoði þróun þeirra fjárveitinga sem hafa verið í samanburði við sambærileg embætti. Þetta var t.d. gert austur á Höfn og borið saman við embætti af svipaðri stærðargráðu. Auðvitað þarf að fylgjast mjög vel með því hvernig þróunin hefur verið og hver fjárþörfin er vegna þess að verkefnin eru þekkt.

Það að þessi stóri hópur, með þessum embættismönnum, eftir tæplega fjögurra ára starf, þriggja eða fjögurra ára starf, sé ekki kominn lengra en að skila áfangaskýrslu um næstu áramót um hver fjárveitingin þarf að vera til sýslumannsembættana, er náttúrlega alveg með ólíkindum.

Auðvitað er eðlilegt að þeir séu ekki farnir að fá nein laun fyrir störf sín enn. En þau hljóta að verða töluverð þegar þessari margra ára vinnu loksins lýkur, þegar búið verður að skoða þörf sýslumannsembættanna í landinu.

Ég ætla ekki við þessa umræðu að ræða sérstaklega um tilraunahundinn í Vestmannaeyjum þar sem einn hundur er við fíkniefnaleit og er það sérstakt tilraunaverkefni Alþingis. Þetta hlýtur að vera eitthvað sambærilegt og er að gerast annars staðar með fíkniefnaleitarhunda, að alls staðar eru þeir að störfum á sömu forsendum, held ég, en ég er auðvitað ekki sérfræðingur í þessum efnum.

Það er mikil nauðsyn fyrir okkur að þessu verkefni ljúki og skýrslunni verði skilað.

[14:05]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Það er nú gott að sjá alla þessa hv. þm. Samfylkingarinnar, þá sömu og tóku þátt í umræðunni um fyrirspurnina hér áðan, það er gott að sjá áhuga þeirra á málefnum löggæslu í landinu. Ég hlýt að fagna því og hlýt að treysta á samvinnu þeirra í þessum málum í framtíðinni.

En varðandi fyrirspurn hv. þm. þá held ég að hún beri þess merki að nokkurs misskilnings gæti. Ég tel rétt að undirstrika það að umrætt reiknilíkan hefur aldrei verið hugsað sem einhver töfraformúla um hvað sé hin eina rétta fjárveiting til lögregluembættanna. Þetta líkan hefur verið hugsað sem hjálpartæki við undirbúning í fjárlagavinnu til þess að tryggja að sem flest mikilvæg sjónarmið um fjárþörf hvers embættis komi fram.

Það er engin spurning að þetta er flókið verkefni sem skýrir þann tíma sem þessi vinna hefur tekið. Það er hins vegar ekki þar með sagt að fjármál og skipulag lögreglunnar hafi ekki verið til skoðunar á meðan. Eins og komið hefur fram hér áður hefur raunhækkun á fjárframlögum til löggæslu t.d. verið um 30% á sl. fimm árum og þá eru hvorki taldar með hækkanir til sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli né ríkislögreglustjóra, og þessi raunhækkun hefur farið til eflingar löggæslunnar á ýmsum sviðum.

Í frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga má sjá að stefnt er að því að veita aukið fé til embætta á Suðurlandi, þar af 50 millj. til lögreglunnar á Selfossi og fleira er að finna þar, t.d. 15 millj. sem eiga að fara sérstaklega í að styrkja smærri sýslumannsembætti svo ég nefni þetta atriði sérstaklega. Því er fráleitt af hv. þingmönnum að tala hér eins og engum ráðstöfunum hafi verið hrint í framkvæmd til þess að styrkja löggæsluna í landinu á meðan þetta reiknilíkan hefur verið í vinnslu.

Val kvenna við fæðingar.

Fsp. ÞSveinb og SvanJ, 69. mál. — Þskj. 69.

[14:07]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Tæplega 70% íslenskra barna fæðast á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi. Kvennadeild spítalans þjónar því þorra fæðandi kvenna á Íslandi. Eins og kunnugt er geta konur sjálfar valið sér fæðingarstað en af þessu háa hlutfalli má ráða að konur hafa í raun og veru lítið val um það hvar þær fæða börn sína.

Aðstæður eru heldur ekki sambærilegar á heilbrigðisstofnunum. Á Sjúkrahúsi Akraness, á Selfossi og í Keflavík er konum boðið upp á vatnsfæðingar. Það er hins vegar ekki gert í Reykjavík. Víða um landið er val kvenna við fæðingar nánast ekki neitt. Mér skilst t.d. að nú um stundir sé engin ljósmóðir að störfum á Egilsstöðum.

Margir eru þeirrar skoðunar að fyrir heilbrigðar konur í eðlilegri meðgöngu sé sjúkrahús ekki endilega kjörfæðingarstaður. Eðlilegar barnsfæðingar eru að sjálfsögðu sérsvið ljósmæðra. Skoðanir fagfólks á því hvort heimafæðingar séu heppilegur valkostur fyrir konur virðast mjög skiptar. Fyrir nokkrum missirum urðu blaðaskrif um þessi mál, m.a. vegna greinaskrifa kvenna úr áhugafélagi um heimafæðingar og komu þá glöggt í ljós skiptar skoðanir fagfólks á fæðingaraðstæðum kvenna.

Umræðan um heimafæðingar hefur því miður borið keim af hræðsluáróðri þeirra sem af einhverjum ástæðum telja þær ekki heppilegar. En, herra forseti, ég geng út frá því að konum séu vandlega kynntir allir kostir við upphaf meðgöngu og þær upplýstar um það af starfsfólki heilbrigðiskerfisins að þeirra sé valið um fæðingarstað og aðstæður.

Upplýst val um þá kosti sem eru í boði ef allt er með felldu í meðgöngunni, er auk kvennadeilda sjúkrahúsanna, MFS-prógrammið og Hreiðrið í Reykjavík, vatnsfæðingar á Selfossi, Keflavík og uppi á Skaga og svo heimafæðingarnar.

En það er önnur hlið á þessu máli og hún snýr að kostnaði við fæðingar á sjúkrahúsum. Í svari heilbrrh. við fyrirspurn okkar hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur frá síðasta þingi kemur fram að kostnaður við eðlilega fæðingu á sjúkrahúsi er þrisvar til fjórum sinni meiri en þegar um heimafæðingu er að ræða. Í þessum tölum er ekki að finna upplýsingar um fæðingarheimili því að þau eru eins og kunnugt er ekki til lengur. Í svarinu kemur fram að meðalkostnaður við heimafæðingu er tæplega 41 þús. kr. en meðalkostnaður við eðlilega fæðingu á sjúkrahúsi án allra fylgikvilla 148 þús. kr.

Hæstv. forseti. Ég legg þessa fyrirspurn fram ásamt hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur og við spyrjum hæstv. heilbrrh. hvaða möguleika hann sjái til þess að auka val kvenna á fæðingaraðstæðum og í annan stað hvort hann hyggist beita sér fyrir fleiri möguleikum, t.d. með áherslu á heimafæðingar

og fæðingar á minni stofnunum utan hátæknisjúkrahúsa.

[14:10]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Fyrir mig hafa verið lagðar tvær spurningar:

„1. Hvaða leiðir sér ráðherra færar til að auka val kvenna á fæðingaraðstæðum?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir fleiri möguleikum, t.d. með áherslu á heimafæðingar og fæðingar á minni stofnunum utan hátæknisjúkrahúsa?"

Hér er spurt um stefnu hvað varðar fæðingar. Fæðingar á Íslandi hafa undanfarið ár verið á fimmta þúsundið. 1999 voru þær 4.145 og árið 2000 voru fæðingar á Íslandi 4.369. Konur fæddu á 15 stöðum. Auk þess fæddi 31 kona heima á árinu 2000 en 19 fæddu heima í fyrra. Konum sem fæða bjóðast í raun allir þessir 15 staðir sem um er að velja á Íslandi. Auk þess er á stærstu stöðunum val um fæðingaraðferðir, fæðingarstellingar, viðveru aðstandenda og stuðningsaðila, verkjalyfjanotkun, heimaþjónustu eftir eðlilega fæðingu o.fl.

Við val þessara þátta er reynt að taka í fyllsta mæli mið af óskum kvennanna ef faglegar forsendur fylgja. Konur á höfuðborgarsvæðinu sem ekki vilja fara á Landspítalann – háskólasjúkrahús hafa um tvo kosti að velja. Í fyrsta lagi heimafæðingu, en svipaður fjöldi velur þessa þjónustu frá ári til árs. Huga þarf þá sérstaklega að útbúnaði, menntun og þjálfun ljósmæðra. Í öðru lagi að fara á aðra fæðingarstaði eins og Akranes og Suðurnes. Konur úti á landi geta valið næsta fæðingarstað eða Landspítalann – háskólasjúkrahús.

Þess ber að geta að í dag er á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri og nágrenni boðið upp á góða heimaþjónustu eftir fæðingu. Rúmlega 50% kvenna velja að fara heim innan sólarhrings frá fæðingu og njóta þessarar þjónustu. Brýnt er að auka umfang heimaþjónustu og skerpa á skilyrðum sem ljósmæður þurfa að uppfylla til að geta sinnt henni. Annars staðar er heimaþjónusta af skornum skammti og þarf að efla hana til að konur sem ekki fæða í heimabyggð geti farið sem fyrst heim.

Um 70% af heildarfjölda fæðinga er á kvennadeild Landspítala, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda. Eru það rétt tæplega 3.000 fæðingar. Einnig fara flestar áhættufæðingar fram þar. Að sjálfsögðu er stærstur hluti fæðinga á kvennadeild Landspítalans þó eðlilegar fæðingar.

Ef aftur er litið til fæðingarstaða þá eru fæðingar 100 eða fleiri á fimm stöðum á Íslandi, á tveimur stöðum að auki eru um 50 fæðingar á ári en á öðrum stöðum mun færri. Í nágrannalöndunum er notast við ákveðið viðmið um fjölda fæðinga sem teljast lágmark svo að starfsfólk geti haldið eðlilegri þjálfun. Í Noregi er miðað við 100 fæðingar á ári en í Svíþjóð er miðað við 400 á ári. Heilbriðgisyfirvöld hafa ekki haft forgöngu um að fæðingaraðstaða verði lögð niður þar sem fjöldi þeirra er undir ofangreindum mörkum en reynt að styðja við þá eftir fremsta megni. Þróunin hefur hins vegar verið sú að stöðum þar sem mjög fáar fæðingar eiga sér stað hefur fækkað undanfarin ár.

Hvað varðar fæðingar á minni stöðum úti á landi þá er brýnt að gera úttekt á því á hvaða stöðum sé mikilvægt að fæðingaraðstaða sé fyrir hendi. Það má hugsa sér að aðstaðan sé mismikil, t.d. varðandi skurðstofuaðstöðu. Í því sambandi má skoða tíðni fæðinga um landið í fæðingaskrá ásamt möguleika á mönnun á hverjum stað. Ljósmæðraþjónusta úti á landi þarf að vera tengd grunnþjónustu, þ.e. heilsugæslu. Ljósmæður eru nú með framhaldsmenntun eftir hjúkrunarnám sem nýtist vel við störf á heilbrigðisstofnunum fyrir utan hefðbundin ljósmæðrastörf.

Herra forseti. Skoðun mín er sú að valmöguleikar séu margir um fæðingaraðstæður kvenna. Þó að víða sé nauðsynlegt að svokölluð hátækni sé til staðar þá er meiri hluti fæðinga venjuleg fæðingarhjálp þar sem reynt er að gera umhverfið allt hið alúðlegasta þó að eðlilegri tækja- og tækniþróun sé fylgt. Á þessum forsendum tel ég ekki þörf á að leggja sérstaka áherslu á fjölgun heimafæðinga eða á fæðingar á minni stofnunum.

[14:15]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að koma hér með þessa fyrirspurn og vekja athygli á málaflokknum. En fæðing barns er ekki sjúklegt ástand. Það er eðlileg líkamsstarfsemi í flestum tilfellum. Það er sem betur fer undantekning ef leita þarf aðstoðar á hátæknisjúkrahúsi vegna fæðinga í heimahúsum. Því miður hefur þróunin hins vegar orðið sú að langflestar konur fæða orðið á hátæknisjúkrahúsum og þá hér á höfuðborgarsvæðinu.

Ég vil taka fram að til að hægt sé að meta hvort ástæða sé til að senda konu um langan veg utan af landi til að fæða á hátæknisjúkrahúsi þarf öfluga mæðravernd, læknar og ljósmæður þurfa að vera til staðar. Því miður er það ekki alls staðar þannig. Eins og hér var nefnt þá vantar ljósmæður, a.m.k. á Héraði nú um stundir. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort áætlanir séu uppi um að hvetja ljósmæður til að sinna störfum á landsbyggðinni.

[14:16]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Herra forseti. Það er jákvætt og gott að konur geti haft val um fæðingaraðstæður. Ég vil þó leggja sérstaka áherslu á að öryggið þarf alltaf að vera í fyrirrúmi, öryggi barns og móður. Það er svo margt sem upp á getur komið við barnsburð, svo margt sem er ófyrirsjáanlegt sem bregðast þarf við með skjótum og faglegum hætti. Það þekki ég af eigin raun.

Ég vil fyrst og fremst hvetja hæstv. heilbrrh. til að stuðla að því að sem flestar konur geti fætt í sinni heimabyggð, að þær aðstæður séu til staðar á hinum ýmsu sjúkrahúsum úti á landi að konur þurfi ekki að ferðast um langan veg við misjafnar aðstæður til þess að fæða börn.

[14:17]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjendum fyrir þessa fyrirspurn og sömuleiðis aðrar fyrirspurnir þessu tengdar sem komu hér á síðasta þingi. Þetta eru allt afar gagnlegar upplýsingar og eftir að hafa lesið í gegnum þau gögn finnst mér standa upp úr krafa kvenna á Íslandi um að eiga val varðandi barnsfæðingar. Það skiptir verulegu máli, jafnvel hér í Reykjavíkurborg, að konur eigi val um annaðhvort hátæknisjúkrahús eða heimili sem væri þá í líkingu við Fæðingarheimili Reykjavíkurborgar, sem á sinni tíð sinnti þessari þjónustu með miklum glæsibrag og var sannarlega valkostur við hátæknisjúkrahúsið.

Ég tek undir þá ósk sem fram kom hjá hv. þm. Sigríði Ingvarsdóttir, sem er auðvitað ein af þessum sterku kröfum kvenna, að þær eigi möguleika á að fæða sem næst heimabyggð sinni og þá við aðstæður sem væru sambærilegar við Fæðingarheimilið í Reykjavík. Þar var veitt afskaplega örugg þjónusta, mjög svo heimilisleg og í alla staði til fyrirmyndar.

[14:19]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjendum fyrir þessa fyrirspurn. Ég tel þessar umræður afskaplega fróðlegar. Þær hjálpa konum og væntanlegum foreldrum að átta sig á þeim möguleikum sem eru til staðar í landinu fyrir fæðingar.

Mér þótti gott að heyra að hv. fyrirspyrjandi taldi hér upp Sjúkrahúsið í Keflavík, sem hefur verið með mjög framsækna og farsæla starfsemi á fæðingardeildinni. Þar er afskaplega gott fagfólk sem hefur einmitt undanfarið verið að reyna að efla þessa starfsemi og auglýsa hana þannig að fólk átti sig á því, t.d. fólk á höfuðborgarsvæðinu, að þarna er þessi þjónusta, þarna er aðstaða, þarna er fagfólk á heimsmælikvarða sem getur tekið á öllum þeim vandamálum sem koma upp við fæðingar. Ég vildi sérstaklega vekja athygli á þessu máli og þeim möguleikum sem höfuðborgarsvæðið, sem teygir sig í allar áttir, hefur hér í grenndinni.

[14:20]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir þakka fyrirspyrjendum fyrir þessa fyrirspurn sem er allrar athygli verð og um leið fyrir upplýsingarnar. Við sjáum að á síðustu 20–30 árum hefur í raun orðið breyting á í fæðingarmynstri kvenna. Við sjáum það að konur fara fyrr heim, 50% kvenna fara heim innan sólarhrings frá fæðingu. Það segir sitt um það að konur vilja hafa val.

Ég vil að vissu leyti taka undir að það hafi verið ákveðinn hræðsluáróður í gangi en að sjálfsögðu ætla ég að konur afli sér upplýsinga um hvernig öryggi barnsins er best tryggt. Þær vita hvar þær finna fyrir öryggi við fæðinguna sjálfa. Þess vegna er að sjálfsögðu eðlilegt að þær fái sem mestar og bestar upplýsingar um þá möguleika, kosti og galla, á viðkomandi svæði — hvar sem er á landinu.

[14:21]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. þátttökuna við þessar umræður og hæstv. ráðherra svörin. Ég verð þó að viðurkenna að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með niðurstöðu hæstv. heilbrrh. Hann segir valmöguleika marga og því ekki þörf fyrir að auka valið.

Ég er hæstv. heilbrrh. ósammála um þetta. Valmöguleikarnir eru ekki margir og það er brýn þörf á að auka valið. Það er krafa kvenna að þær geti fætt í heimabyggð, ef ekki heima hjá sér, og þurfi ekki að aka þeim yfir hálft landið eða fljúga með þær. Börn fæðast uppi á heiðum, það berast reglulega fréttir af því. Væri ekki betra að þau fæddust í sínum heimabæ?

Það er krafa kvenna að þær hafi val og að sjálfsögðu að fyllsta öryggis sé alltaf gætt. En þá verða konur líka að hafa upplýsingar um hvað er í boði. Auðvitað er í boði að fæða á sjúkrahúsi en það þarf líka að vera í boði að fæða á fæðingarheimili eða heima hjá sér, við þær aðstæður sem hver kona kýs. Þetta hlýtur alltaf að vera fyrst og fremst val konunnar, sem auðvitað axlar ábyrgð á heilsu sinni og væntanlegu barni sínu og tekur upplýsta ákvörðun um hvar og hvernig barnið muni koma í heiminn. Það er þetta raunverulega val sem við höfum í raun ekki núna, hæstv. forseti. Það er annaðhvort hátæknisjúkrahús, þar sem þorri fæðinga fer fram á hverju ári, eða örfáar heimafæðingar.

[14:23]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta mál. Ég vil taka fram að ég er sammála því að eðlileg fæðing er ekki sjúklegt ástand. Ég vil einnig taka fram að ég er ekki sammála því að eingöngu sé um hátæknisjúkrahús eða heimafæðingar að velja. Börn fæðast á fæðingardeildum um allt land. Ég hef heimsótt þær mjög margar. Þar er mjög notaleg aðstaða til fæðinga og reynt að gera hana eins heimilislega og kostur er.

Við verðum náttúrlega alltaf að þræða meðalveginn en eins og fram kom í máli sumra hv. þm. verður öryggið að vera í fyrirrúmi. Ef minnsta hætta er á ferðum eru konur sendar hingað á hátæknisjúkrahúsið til að fæða. Það er reglan. Ég held að við verðum að halda okkur við það.

Ég tek hins vegar eindregið undir að æskilegast væri að sem flestar fæðingar gætu farið fram í heimabyggð. Í allri þessari umræðu, um hve margar fæðingar þurfi á ári til að öryggið sé fullkomið, hefur ráðuneytið ekki gengið á undan í að láta leggja niður fæðingardeildir. Svo er alls ekki. Við höfum ekki haft forustu um það. Við viljum reka þá stefnu að konur geti fætt í heimabyggð.

Því miður hefur verið skortur á ljósmæðrum. Svo er m.a. í minni heimabyggð eins og hér hefur komið fram í þessari umræðu. Þar vantar ljósmæður vegna brottflutnings og náms tveggja ljósmæðra sem þar voru. Mér er fullkunnugt um það. Það hefur verið skoðað hvaða möguleikar eru þar fyrir hendi. Það þarf að fjölga hjúkrunarfólki með þessa sérmenntun.

Rekstrarform í heilbrigðisþjónustu.

Fsp. LMR, 76. mál. — Þskj. 76.

[14:25]

Fyrirspyrjandi (Lára Margrét Ragnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Svo langt sem ég man hefur einkarekstur viðgengist utan sjúkrahúsa, bæði hjá sérfræðingum og áður hjá heimilislæknum, þótt breyting hafi orðið þar á með tilkomu heilsugæslustöðva á sínum tíma. Nú er rætt um möguleika á að breyta rekstrarformi sjúkrahúsa til að auka sveigjanleika í rekstri þeirra. Rætt hefur verið um þjónustusamninga og jafnvel einkarekstur einstakra deilda. Ég tel það af hinu góða þar sem sveigjanleiki mun geta mætt mismunandi þörfum sjúklinga og aðstæðum og eðli þeirrar þjónustu sem deildirnar veita.

Að undanförnu hefur borið á því að hugtakinu „einkarekstur“ sé blandað saman við hugtakið „einkavæðing“. Einkarekstur hefur til þessa verið skilgreindur þannig að hið opinbera geri samninga um ákveðna þjónustu. Einkavæðing felur hins vegar í sér að hið opinbera losi sig alfarið eða a.m.k. að hluta til við ákveðna rekstrarþætti til einkaaðila og sjúklingar greiði þá alfarið fyrir þjónustuna nema um annað semjist. Í einkavæddri þjónustu þekkist þó einnig að sjúklingar geti framvísað reikningum sínum til opinberra tryggingaaðila eða einkatryggingafélaga og fengið þá endurgreidda að hluta eða öllu leyti, allt eftir því hvernig samningar gerast við hið opinbera eða opinber tryggingafélög.

Vera kann að opinberir aðilar hafi ekki metið fyllilega þá möguleika sem eru á hagræðingu sem falist gæti í að semja um ákveðið magn þjónustu við einakaðila og þar með létta álagi af núverandi heilbrigðiskerfi og bæta þjónustu við

þá sem þurfa á henni að halda. Þessi kostur einkareksturs eða þjónustusamninga á hvort tveggja við rekstur utan og innan sjúkrahúsa. Einkarekstrarformið er hvati til að gera vel og þar með auka gæði og þjónustu við þá sem þurfa á henni að halda. Auk þess gefa minni einingar betri yfirsýn yfir þjónustuna og gera þjónustuna persónulegri. Yfirsýnin verður einnig betri hvað varðar allan kostnað.

Vegna umræðu um aukinn sveigjanleika í rekstri sjúkrahúsa, þá einkum með tilliti til samanburðar við einkarekstur sem viðgengist hefur utan þessara sjúkrahúsa, vildi ég spyrja hæstv. ráðherra:

Hvaða mun sér ráðherra á einkarekstri í heilbrigðisþjónustu — þá sérstaklega utan sjúkrahúsa — og auknu sjálfstæði og hugsanlegum sveigjanleika í rekstri einstakra sjúkrahúsdeilda?

[14:28]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. beinir til mín fyrirspurn um hvaða mun ráðherra sjái á einkarekstri í heilbrigðisþjónustu og auknu sjálfstæði einstakra sjúkrahúsdeilda.

Svarið gæti verið stutt og laggott: Ráðherra sér á því reginmun þar sem sjálfstæði deildar er nokkuð rúmt hugtak og teygjanlegt. Gangi spurningin hins vegar út á það hvort ráðherrann sjái einhvern mun á einkarekinni stofnun eða einkarekinni deild þá verður að svara með nákvæmari hætti, að ekki sé talað um hugsanlegt svar við spurningunni um hvort ráðherra sjái mun á einkarekstri stofnunar og einkavæddri sjúkrahúsdeild.

Virðulegur forseti. Í íslensku heilbrigðisþjónustunni hefur orðið til það sem mætti kalla hina íslensku hefð þegar rekstur í heilbrigðisþjónustu er annars vegar, hefð sem nokkuð víðtæk sátt er um. Hún er í stórum dráttum þessi:

Hér eru í fyrsta lagi reknar sjálfseignarstofnanir af félagasamtökum og einstaklingum. Stundum er sá rekstur kallaður einkarekstur. Má segja um suma þætti rekstrarins að þar sé um að ræða einkarekstur í orðsins fyllstu merkingu.

Í öðru lagi hefur þróast innan heilbrigðisþjónustunnar umfangsmikill rekstur sérfræðinga frá miðjum 9. áratugnum sem byggist annars vegar á kjarasamningum og hins vegar á samningum samtaka lækna við Tryggingastofnun ríkisins og nú samninganefnd heilbr.- og trrn.

Í þriðja lagi eru dæmi um heilbrigðisþjónustu sem boðin hefur verið út eða sem gerðir hafa verið um þjónustusamningar.

Í fjórða lagi eru dæmi um einkaframkvæmd á sviði heilbrigðisþjónustu eins og samningurinn um byggingu og rekstur Sóltúnsheimilisins í Reykjavík.

Við þessa upptalningu má svo bæta að hér eru starfandi einkafyrirtæki í heilbrigðisþjónustu sem eru utan við þær almennu tryggingar sem víðtæk sátt hefur verið um. Þau fyrirtæki eru á sviði lækninga og augnlækninga eftir því sem vitað er. Notendur þjónustunnar greiða þá fyrir hana fullt verð sem væntanlega ákvarðast af kostnaði vegna rekstrarins og af því fé sem einstaklingar eða fjármálastofnanir hafa sett í reksturinn í ábataskyni.

Virðulegur forseti. Ég hef margsinnis lýst þeirri skoðun minni að ég er mjög sáttur við þessa íslensku leið, hið blandaða rekstrarform. Ég er líka fylgjandi því að sjúkrahúsum sé þannig stjórnað að rekstur þeirra sé sveigjanlegur í þeim skilningi að þar sé sjúklingum þjónað eftir þörfum.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Lára Margrét Ragnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Ég tel að þessi sveigjanleiki sem nú er að komast á í heilbrigðisþjónustunni — hann hefur verið til staðar að sumu leyti en er nú ræddur í auknum mæli og er reynt að fara út í núna — sé mjög af hinu góða og að við getum þá frekar fengið samanburð á því hvað er hagstæðast fyrir þjóðfélagið. Ég tel að með þessum sveigjanleika sé unnt að auka þjónustuna við sjúklingana í heild, unnt sé að gera meira fyrir fleiri. Með samningum einkaaðila við hið opinbera tel ég að ekki sé um mismunun að ræða heldur greiðari aðgang að þjónustunni fyrir alla, aukna skilvirkni, aukin gæði og betri ráðstöfun fjármuna.

Ég hvet ráðherra til að halda áfram á þessari braut og kanna þá möguleika og þá kosti sem fyrir hendi eru og þá sem bjóðast á hverjum tíma.

Úrræði fyrir ungt hreyfihamlað fólk.

Fsp. JóhS, 78. mál. — Þskj. 78.

[14:33]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Fyrir nokkru birtist í Fréttablaðinu frétt undir yfirskriftinni „Gleymdi hópurinn" þess efnis að sérhæft hjúkrunarheimili vantar fyrir það unga fólk sem hlotið hefur varanlegan heilaskaða eða er það hreyfihamlað að það þarf ævilanga umönnun. Samkvæmt upplýsingum landlæknis er um að ræða ungt fólk sem hefur hlotið alvarlega höfuðáverka í slysum, er með langvinna taugasjúkdóma, svo sem MS-sjúklinga, og þá sem hlotið hafa svokallaðan framheilaskaða sem veldur ákveðnum hegðunartruflunum. Jafnframt kom fram hjá landlækni að enn hefði ekki verið gerð nein áætlun til að mæta þörfum þessa unga fólks með byggingu á sérhæfðu hjúkrunarrými þó að þörf væri á varanlegum úrræðum.

Þetta unga fólk er nú vistað inni á sjúkrahúsum. Margir liggja á endurhæfingardeildum og eru fastir þar. Einhverjum hefur verið komið fyrir á öldrunardeildum þar sem þeir eiga alls ekki heima, samkvæmt þessari frétt sem birtist fyrir nokkru. Fram kom að hér væri um að ræða „gleymda hópinn" sem aldrei væri talað um.

Það er, herra forseti, tímabært að opna umræðu á Alþingi um þennan gleymda hóp, og ég spyr hæstv. heilbrrh.:

Hvað hyggst ráðherra gera til að leysa vanda ungs fólks sem hefur hlotið varanlegan heilaskaða og mikla hreyfihömlun og þarfnast sérhæfðs hjúkrunarrýmis?

Hvað eru margir í þessum hópi, sbr. 1. lið, hvar eru þeir vistaðir nú og hver eru varanleg úrræði sem þeir þurfa á að halda?

Telur ráðherra það forsvaranlegt að þetta fólk festist á endurhæfingar- eða öldrunardeildum?

Hve mikið kostar að leysa vanda þessa fólks með sérhæfðu hjúkrunarheimili og hver er kostnaður nú við vistun þessara einstaklinga?

Hve margir framangreindra einstaklinga, sbr. 2. lið, eru í umsjá aðstandenda og fá þeir nægjanlega hjúkrunar- og heimilisaðstoð?

[14:35]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur beint til mín fsp. í fimm liðum um vanda ungs fólks sem hlotið hefur varanlegan heilaskaða og mikla hreyfihömlun og þarfnast hjúkrunarrýmis. Hér er um mjög sundurleitan hóp að ræða sem þarfnast margvíslegra þjónustuúrræða. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að vekja athygli á þessu afar brýna máli. Fyrsta spurning hv. þm. er svohljóðandi:

„Hvað hyggst ráðherra gera til að leysa vanda ungs fólks sem hefur hlotið varanlegan heilaskaða og mikla hreyfihömlun og þarfnast hjúkrunarrýmis?"

Við í heilbrrn. höfum rætt nokkrar leiðir til að mæta þessum vanda en því miður verð ég að segja að enn hafa ekki fundist lausnir sem við teljum fullnægjandi. Málefni þess hóps sem þingmaðurinn beinir sjónum að eru stundum á mörkum heilbrrn. og félmrn. og því hefur málið einnig verið rætt á vettvangi félmrn. Þó að bygging hjúkrunarheimilis fyrir þennan hóp sé ekki eitt af skilgreindum forgangsverkefnum heilbrigðisþjónustunnar núna er þó að sönnu afar mikilvægt að allir geri sér grein fyrir því hve miklu rétt úrræði getur skipt þá einstaklinga sem hér um ræðir og aðstandendur þeirra. Ég ræði málið út frá þeim forsendum í leit að lausnum. Í öðru lagi spyr þingmaðurinn:

„Hvað eru margir í þessum hópi, sbr. 1. lið, hvar eru þeir vistaðir nú og hver eru varanleg úrræði sem þeir þurfa á að halda?"

Á Hlein eru vistaðir sjö ungir einstaklingar sem eru heilaskaðaðir og fjölfatlaðir. Þessir einstaklingar eru búsettir þar til margra ára og stofnunin er byggð sérstaklega fyrir þennan hóp. Í Skógarbæ er rekin 11 rúma hjúkrunardeild sem ætluð er fyrir unga og mjög fatlaða einstaklinga. Í Sjálfsbjargarhúsinu búa nokkrir ungir fatlaðir einstaklingar sem geta búið að miklu leyti sjálfstætt og eru á mörkum þess hóps sem hér um ræðir. Í Arnarholti hafa verið búsettir til skamms tíma örfáir ungir einstaklingar með heilaskaða en það húsnæði hentar ekki vel fyrir hreyfihamlaða. Fimm einstaklingar hafa á síðustu þremur árum verið útskrifaðir frá Grensásdeildinni og hafa þeir vistast á öldrunarstofnunum, á líknardeild eða á stofnunum á landsbyggðinni eða í Reykjavík. Þrír ungir einstaklingar, fjölfatlaðir eftir slys, eru á hæfingardeild í Kópavogi. Alls eru þetta milli 15 og 20 einstaklingar en eins og áður segir geta úrræðin sem þeir þarfnast verið allólík. Þá er spurt:

„Telur ráðherra það forsvaranlegt að þetta fólk festist á endurhæfingar- eða öldrunardeildum?"

Ég tel það ekki æskilega lausn. Stundum er það þó illskásta úrræðið miðað við aðstæður. Deildin í Skógarbæ er t.d. hönnuð sérstaklega fyrir ungt fólk þó að hún sé innan veggja hjúkrunarheimilis aldraðra.

„Hve mikið kostar að leysa vanda þessa fólks með sérhæfðu hjúkrunarheimili og hver er kostnaður nú við vistun þessara einstaklinga?"

Hvað stofnkostnað við byggingu sérhæfðs hjúkrunarheimilis varðar má gera ráð fyrir að hann yrði 170–200 millj. ef miðað er við 15 einstaklinga. Rekstrarkostnaður gæti verið rúmlega 100 millj. á ári. Ekki var unnt að afla upplýsinga um kostnað vegna þessara einstaklinga nú en geta má þess að á Hlein eru gjöld um 6,9 millj. á einstakling á ári svo að dæmi sé tekið. Að síðustu spyr þingmaðurinn:

„Hve margir framangreindra einstaklinga, sbr. 2. lið, eru í umsjá aðstandenda og fá þeir nægjanlega hjúkrunar- og heimilisaðstoð?"

Því miður var ekki hægt að afla upplýsinga um þennan fjölda innan settra tímamarka. Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um neina einstaklinga sem falla undir þessa skilgreiningu, búa heima hjá aðstandendum en njóta ekki nauðsynlegrar aðstoðar. Brátt verður boðin ný þjónusta við Grensásdeildina sem felst í að fylgja þessum einstaklingum eftir í heimahús og styðja þá áfram með þeim hætti. Það er ætlunin að þverfaglegt teymi komi þar að málum.

[14:39]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn. Það er nauðsynlegt að skoða alla möguleika á sérstökum úrræðum fyrir ungt alvarlega fatlað fólk. Eftirspurn eftir hjúkrunarrýmum fyrir aldraða er svo mikil og neyð þeirra svo stór að þau pláss sem ungt fólk tekur nú á hjúkrunarheimilum verða auðfyllt. Það er varla líðandi að ungt alvarlega fatlað fólk eigi sér einungis framtíð meðal aldraðra sem hafa í mörgu aðrar þarfir og önnur hugðarefni en ungir einstaklingar. Þetta fólk þarfnast sérsniðinna og annarra úrræða en í boði eru í dag, og er nauðsynlegt að gera þar á bragarbót sem fyrst. Slík bót mun einnig auka möguleika hundruða aldraðra sem nú bíða vistunar.

[14:40]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að vekja máls á þessu í sölum þingsins. Ég þakka jafnframt hæstv. ráðherra þau svör sem frá honum komu. En ég vil m.a. spyrja hvort búið sé að taka ákvörðun um það hvað verður um Vífilsstaði, á hvern hátt á að nýta það húsnæði og hvort það gæti komið þarna inn eða að Arnarholt yrði algerlega sérhæft vegna þessara sjúklinga. Ég held að einhvers staðar hljóti að liggja fyrir upplýsingar um þá aðila sem eru heima, t.d. heilaskaðað og mikið hreyfihamlað ungt fólk í umsjón foreldra. Ég kannast við, eins og ég veit að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerir einnig, að foreldrar þessa fólks kvarta undan því að fá ekki næga aðstoð. Ég held að þarna sé verkefni sem þurfi að skoða alveg sérstaklega af hálfu ráðuneytis sem gæti í samstarfi við Þroskahjálp og hugsanlega Öryrkjabandalagið gert heildarúttekt og fundið þau ráð sem duga.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin sem voru skýr svo langt sem þau náðu. Þau staðfestu í mínum huga að aðbúnaður þessa fólks er mjög ófullkominn og mér fannst mjög miður að það kom fram í máli ráðherra að hér væri ekki um að ræða skilgreint forgangsverkefni að því er hjúkrunarrýmum varðar, ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt. Ég hefði viljað heyra frá hæstv. ráðherra að áætlun hefði verið gerð um lausn fyrir þetta unga hreyfihamlaða fólk, þessa 15–20 einstaklinga. Það er alveg óviðunandi að þeir þurfi að búa við það að festast varanlega á endurhæfingar- eða öldrunardeildum. Við verðum að líta til þess að ef ekki koma til aðrar úrbætur eru þessar deildir heimili þessa unga fólks alla ævi. Þetta fólk þarf á úrlausn að halda sem leysir vanda þess. Þess vegna er mjög bagalegt að ráðuneytið skuli ekki gera neina áætlun í þessu efni.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki tilbúinn til að beita sér fyrir því að gerð verði áætlun um lausn á vanda

þessa fólks. Það þarf að taka þetta mál með inn í endurskipulagningu á heilbrigðiskerfinu. Við sjáum að þessar tölur eru ekki svo háar að þær séu óyfirstíganlegar. Ráðherrann er að tala um 270 millj. kr. í stofn- og rekstrarkostnað og þarna ætti alls ekki að vera um óleysanlegt verkefni að ræða. En ég spyr hæstv. ráðherra: Er hann ekki tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að þetta verði sett inn á áætlun þannig að við sjáum innan kannski 3–4 ára varanlega lausn fyrir þennan hóp? Sú lausn fælist auðvitað fyrst og fremst í sérhæfðu hjúkrunarrými.

[14:44]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil taka fram að þótt ég hafi sagt að hér væri ekki um skilgreint forgangsverkefni að ræða, sem er ekki, er ekki þar með sagt að ráðuneytið hafi ekki hugað að þessum málum. Mikil umræða hefur farið fram innan ráðuneytisins um einmitt þetta mál. Síðast ræddum við það í morgun í viðtalstíma mínum á fundi með fagfólki þó að það væri ekki tengt þessari fyrirspurn. Ég tek mjög eindregið undir að hér er um mjög alvarlegt og áríðandi mál að ræða. En ég vil ekki draga fjöður yfir það að við erum ekki enn búin að finna hin endanlegu úrræði sem passa þessum hópi. Ég vona sannarlega að við getum komist að niðurstöðu. Ég undirstrika mikilvægi þessa máls.

Ég var spurður að því hvort Vífilsstaðir gætu hentað og hvaða áform væru um það húsnæði. Við höfum verið að skoða Vífilsstaði vegna þeirrar miklu þarfar sem er fyrir hjúkrunarrými fyrir aldraða. Fram hafa komið tölur um að Vífilsstaðir henti mjög vel til þess þannig að við erum með það í sjálfu sér sem forgangsverkefni hjá okkur. Þar að auki höfum við horft á 19 rúma biðdeild á Vífilsstöðum sem er þar í sérbyggingu en eitt af forgangsverkefnunum hjá okkur er að koma aftur af stað starfsemi á Vífilsstöðum og í því efni höfum við m.a. horft á vanda Landspítalans – háskólasjúkrahúss.

Öryggisgæsla á sjúkrahúsum.

Fsp. MF, 128. mál. — Þskj. 128.

[14:47]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Eins og við heyrðum í fréttum ekki fyrir löngu síðan er það að verða vaxandi vandamál á sjúkrahúsum landsins að fólk í harðri fíkniefnaneyslu er lagt inn á almennar deildir vegna annarra sjúkdóma. Ekki er langt síðan að kalla þurfti til lögreglu vegna þess að fíkniefnaneytandi sem var á almennri deild á sjúkrahúsi hafði gert atlögu að lyfjaskáp sjúkrahússins.

Ég hafði aðstöðu til þess að fylgjast með því um nokkurn tíma að það er orðið vaxandi og viðvarandi vandamál á sjúkrahúsunum að þangað er komið með fíkniefnaneytendur, sem eru í mjög harðri neyslu, vegna annarra líkamlegra veikinda, t.d. vegna þess að þeir nærast ekki reglulega. Þeir sprauta sig með sýktum eða skítugum nálum sem valda sýkingu, taka of stóra skammta eða eiturlyfin sjálf eru mishrein efni. Þetta fólk er lagt inn á sjúkrahús mjög alvarlega veikt og alls ekki má skilja það þannig af mínum orðum að það eigi ekki að fá þá þjónustu sem því ber. En með því að leggja það inn á almennar deildir er þess í raun krafist að sjúkrahúsin sinni sérhæfðri þjónustu sem þau eru ekki í stakk búin til að veita. Þessum einstaklingum þurfa að fylgja öryggisverðir frá morgni til kvölds og nánast allan sólarhringinn, fyrst og fremst vegna þeirrar fíknar sem sjúklingurinn er haldinn og einnig vegna þess að ef viðkomandi einstaklingur getur ekki náð sér í lyf innan veggja sjúkrahúsa — komið hefur fram að þau eru geymd þar í meira mæli en gerist t.d. á sjúkrahúsum erlendis — þá þarf að fylgjast með því að eiturlyfin berist ekki utan frá. Þetta krefst mikillar vinnu og mikið álag á starfsfólk sjúkrahúsanna fylgir þessu breytta umhverfi sem er fylgifiskur mikillar og aukinnar fíkniefnaneyslu hér. Þetta er einnig mjög erfitt fyrir sjúklinga sem liggja af öðrum orsökum á sömu deildum og óttast vissulega það fólk sem er undir strangri öryggisgæslu allan sólarhringinn. Ég vil því beina eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. ráðherra:

„Mun ráðherra beita sér fyrir því að öryggisgæsla á sjúkrahúsum verði hert? Ef svo er, á hvern hátt og hver verður kostnaður við það?“

[14:50]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur beint til mín svohljóðandi spurningu:

„Mun ráðherra beita sér fyrir því að öryggisgæsla á sjúkrahúsum verði hert? Ef svo er, á hvern hátt og hver verður kostnaður við það?“

Spurningar þingmannsins varpa ljósi á þær áhyggjur sem margir hafa nú um stundir af fjölgun innbrota og þjófnaða á sjúkrastofnunum og af þeim aðstæðum sem geta skapast t.d. á bráðadeildum þegar einstaklingar eða jafnvel hópar undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna ógna umhverfi sínu. Þetta eru aðstæður sem nauðsynlegt er að koma í veg fyrir eins og framast er unnt og hafa þessi mál verið rædd við stjórnendur stofnananna.

Öryggisgæsla á sjúkrahúsum þarf að vera miðuð við sjúklinga, aðstandendur og starfsfólk. Í flestum tilvikum gagnast sömu öryggisatriði öllum þessum hópum. Árið 1996 stóð Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Starfsmannafélag ríkisstofnana og Sókn fyrir könnun á ofbeldi gagnvart starfsfólki í félags- og heilbrigðisþjónustu. Af svarendum könnunarinnar hafði tæpur fjórðungur orðið fyrir einhvers konar ofbeldi síðustu sex mánuðina fyrir könnunina en 5,8% af heildinni hafði orðið fyrir meiri háttar líkamlegu ofbeldi á tímabilinu. Ljóst er að auk annarra afleiðinga gæti þetta haft mikil áhrif á mönnun og brottfall úr starfi og þar með á gæði þjónustu.

Að fengnum þessum niðurstöðum skipaði heilbr.- og trmrh. nefnd til að gera tillögu til úrbóta og skilaði nefndin tillögum í febrúar. Ekki gefst kostur á að fjalla ítarlega um tillögurnar hér en þær lúta að stefnumörkun stofnananna, fræðslu, þjálfun, leiðbeiningum, skráningu og aðstoð við þá sem orðið hafa fyrir ofbeldi.

Tillögur nefndarinnar um öryggisgæslu eru um mikilvægi öryggiskerfa og öryggishnappa og er velt upp þeirri hugmynd að skýra mun betur verksvið öryggisvarða og tryggja heimild þeirra til afskipta. Þá er fjallað um mikilvægi þess að við hönnun sé tekið mið af hættuaðstæðum, m.a. með öryggisglerjum, aðgangsstýringu og eftirlitsmyndavélum. Nokkrar stofnanir hér á landi eru að kanna hvernig sé best að haga öryggisgæslu miðað við þær aðstæður sem við nú búum við. Sem dæmi má nefna að á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri er nú öryggiskerfið tengt stjórnstöð á nokkrum stöðum. Þar hafa stjórnendur kannað kostnað við að setja upp sex til tíu öryggismyndavélar tengdar tölvukerfi spítalans. Kostnaður

yrði væntanlega um 2 millj. og rekstrarkostnaður á ári, þ.e. vaktkostnaður, um 8 millj.

Á Landspítala – háskólasjúkrahúsi hefur orðið að grípa til aukinna aðgerða í öryggisskyni á síðustu árum. Þar starfa nú sérstakar öryggisdeildir í Fossvogi, á Landakoti og á Hringbraut. Hlutverk starfsmanna þessara deilda er að gæta að umferð, tryggja öryggi sjúklinga, starfsmanna og gesta á spítalanum auk þess sem þeir vakta öryggiskerfi spítalanna og eru þjálfaðir í viðbrögðum við boðum frá þeim. Þeir sjá um dyragæslu og hleypa fólki inn eftir lokun spítalans.

Öryggisverðir eru starfandi á öllum tímum sólarhrings. Auk þess sinna vaktmenn flutningum en eru til taks fyrir öryggisgæslu. Þá eru ýmis öryggiskerfi, þjófavarnakerfi á stöðum sem ekki eru með sólarhringsvakt. Þau skipta tugum. Og öflugt eftirlitsmyndavélakerfi er í Fossvogi og mjög bráðlega á Hringbraut.

Í gildi er samningur við lögregluna í Reykjavík um gæslu á slysadeild á kvöldin, næturnar og um helgar. Starfsmenn eiga allir að bera auðkenniskort til að efla öryggi. Næstu skref á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi eru að styrkja myndavélakerfin og efla öryggisgæslu frekar og er kostnaður við það metinn á 16 millj. kr.

Ekki eru jafnmiklar öryggisráðstafanir á öllum stofnunum en víða er þó verið að efla margs konar eftirlit og stefnt er að minnkuðum aðgangi að þessum stofnunum. Það liggur ekki fyrir mat á kostnaði við þessar aðerðir.

Herra forseti. Til þess að draga saman svör mín í lokin vil ég taka skýrt fram að ég styð áform um aukna öryggisgæslu á sjúkrastofnunum í samræmi við vaxandi þörf, en ákvarðanir um hvernig slíkt yrði gert liggja ekki enn fyrir. Meðan svo er ekki eru allar ágiskanir um kostnað byggðar á veikum forsendum og því verð ég að láta það liggja á milli hluta hér. Ég mun þó væntanlega fá betri upplýsingar um aðferðir og kostnað vegna öryggisgæslu innan mjög skamms tíma.

[14:54]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem eingöngu hér upp til að þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir þessa fyrirspurn og hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann gaf. Það er nauðsynlegt að auka öryggisgæslu á sjúkrahúsum og ég veit að sérstaklega brennur þar á í þeim málum sem hv. fyrirspyrjandi minnti á, þ.e. málum þeirra erfiðu sjúklinga sem liggja á geðdeildum eða öðrum deildum vegna fíkniefnavanda.

Ég vil einnig nefna aukið öryggi vegna aðgengis inn á sjúkradeildir sem hæstv. ráðherra minntist á. Það hefur viljað brenna við að truflun hafi orðið á einkalífi sjúklinga vegna gesta sem ekki var ætlað að fara í heimsókn til sjúklinga. Það verður að gæta að umferð og öryggi bæði sjúklinga sem inni liggja og gesta sem þá heimsækja sem oft og tíðum hafa jafnvel orðið fyrir eignamissi vegna umrenninga sem hafa átt leið um deildirnar og gerst fingralangir.

[14:56]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og deili áhyggjum hans af aukningu þjófnaða og innbrota á sjúkrahúsin, en einnig af þeirri könnun sem gerð var og leiddi í ljós að tæpur fjórðungur starfsfólks segist hafa orðið fyrir einhvers konar ofbeldi áður en könnunin er gerð. Ég fullyrði að það hafi versnað frá þeim tíma er hún var unnin.

Þegar lagðir eru inn fárveikir fíkniefnaneytendur sem þurfa að verða sér úti um lyf og beita til þess öllum tiltækum ráðum þá er hættan líka sú að ekki sé eingöngu um þjófnaði eða innbrot á sjúkrahúsin að ræða heldur einnig að veist sé að öðrum sjúklingum sem liggja á almennum deildum.

Ég fagna því sérstaklega að tillögur um hvernig öryggisgæsla skuli hert eigi að berast hæstv. ráðherra hið fyrsta vegna þess að ég tel að við þurfum að taka á þessu sérstaklega við afgreiðslu fjárlaga núna því að vandamálið er orðið mjög stórt. Þegar hefur þurft í þó nokkrum tilvikum að kalla til lögreglu eftir hjálp þrátt fyrir öryggiskerfi og þrátt fyrir öfluga öryggisgæslu á Landspítalanum. Spurningin er hvort ekki sé nauðsynlegt að koma á fót sérstakri öryggisdeild, þ.e. fyrir þá sjúklinga sem þarfnast öryggisgæslu. Hún yrði þá lokuð og aðstaðan þannig að þeir séu ekki inni á almennum deildum. Ekki er bara um að ræða öryggi sjúklinga á almennum deildum og starfsfólks heldur einnig fíkniefnaneytendanna sjálfra. Það er mjög nauðsynlegt fyrir þá að fá þá sérhæfðu aðstoð sem þeir þurfa, að tekið sé á vanda þeirra, fíkniefnavandanum, um leið og tekið er á öðrum líkamlegum sjúkdómum. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans og viðbrögð við þessu.

[14:58]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við þessa umræðu að bæta að öðru leyti en því að taka undir mikilvægi þess að vinna að þessum málum. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir undirtektirnar við það.

Ég hef þráfaldlega rætt við forsvarsmenn Landspítala – háskólasjúkrahús um þessi mál. Ég hef fengið greinargerð frá þeim um þau vandamál sem þar eru uppi án þess að ég fari út í það hér. Það er ætíð nauðsynlegt að huga að bestu aðgerðum sem völ er á í öryggismálum. Lokuð deild er auðvitað eitt af því sem gæti verið til umræðu í þessu sambandi. Ég vil ræða það við forustumenn spítalans hvort þeir telja þörf á svo róttækri aðgerð. Vissulega gætu þeir tímar runnið upp þó að ekki hafi komið um þetta beinar tillögur til mín enn.

Ég endurtek að ég tel fulla ástæðu til þess að fylgjast grannt með þessu máli og grípa til þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru.

Starfssvæði og verkefni Suðurlandsskóga.

Fsp. KPál, 101. mál. — Þskj. 101.

[15:00]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Fjárlaganefnd Alþingis og Alþingi hefur á undanförnum árum lagt mikla fjármuni til skógræktarverkefna um allt land og má segja að með áhuganum héðan hafi skógrækt á Íslandi öðlast nýtt líf. Landshlutabundin skógræktarfélög eins og Suðurlandsskógar og fleiri hafa notið sérstakrar fyrirgreiðslu, enda um að ræða mjög öflugan vettvang sem sameinar margt, m.a. að styrkja búsetu bænda á jörðum sínum, treysta byggð í landinu og síðast en ekki síst að efla skógrækt á landinu.

Suðurlandsskógar hafa á flestum sviðum gegnt hlutverki sínu ágætlega, en þar er þó einn ljóður á. Starfsemi Suðurlandsskóga var víkkuð út að frumkvæði núverandi landbrh. fyrir tveimur árum og nær svæðið nú yfir Suðurnesin einnig. Ekki var að sjá að sú breyting hafi neitt verið ígrunduð af ráðuneytinu þegar hún var lögð fyrir Alþingi. Engu var breytt

í lögum um Suðurlandsskóga sem gerði þeim kleift að sinna skógræktarverkefnum á Suðurnesjum, þrátt fyrir ábendingar þar um.

Lögin í dag miða við samninga við bændur á lögbýlum, en það eru engir bændur á Suðurnesjum í þeirri merkingu sem það orð hefur á Suðurlandi. Þess vegna hefur nánast engin starfsemi frá Suðurlandsskógum náð að þróast á Suðurnesjum þrátt fyrir góðan vilja starfsmanna þar. Til að árangur náist á því svæði verður að breyta lögunum um Suðurlandsskóga svo að sveitarfélög, skógræktarfélög og áhugamannasamtök geti gert samninga við Suðurlandsskóga, eins og bændur á lögbýlum í dag.

Þess vegna, herra forseti, hef ég lagt fyrir hæstv. landbrh. spurningar sem hljóða svo:

1. Hvernig skiptast núverandi verkefni Suðurlandsskóga eftir sýslum?

2. Að hvaða verkefnum er unnið hjá Suðurlandsskógum á Suðurnesjum og í Austur-Skaftafellssýslu?

3. Hver eru áætluð fjárframlög til Suðurlandsskóga árið 2003 og hve hátt hlutfall rennur til verkefna á Suðurnesjum og í Austur-Skaftafellssýslu?

[15:02]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr: „Hvernig skiptast núverandi verkefni Suðurlandsskóga eftir sýslum?"

Það er með þessum hætti:

Þar sem uppgjör Suðurlandsskóga fer ekki fram fyrr en í desember fyrir árið 2002, þá er skipting ársins 2001 látin duga sem svar hér:

Árnessýsla 131 lögbýli, Rangárvallasýsla 54, Vestur-Skaftafellssýsla 20 og Austur-Skaftafellssýsla 19.

Hv. þm. spyr: „Að hvaða verkefnum er unnið hjá Suðurlandsskógum á Suðurnesjum og í Austur-Skaftafellssýslu?"

Undirbúningur hefur verið á frumstigi þar sem ekkert lögbýli var komið af stað við stækkun Suðurlandsskóga og þarf því að vinna alla undirbúningsvinnu frá grunni. Það sem hefur gerst á Suðurnesjum er að öll lögbýli sem líkleg voru til árangurs í skógrækt fengu bréf frá Suðurlandsskógum og kynningarbækling. Í bréfinu kom fram sú breyting á Suðurlandsskógum að Suðurnesin eru komin inn og sú ósk að fara af stað þar með skjólbelti sumarið 2002. Fjórir bæir, tveir í Sandgerði, einn í Grindavík og einn á Vatnsleysuströndinni svöruðu.

Búið er að fara í heimsókn á þessa bæi og byrjað er að planta í smáum stíl. Þessar jarðir eru allar mjög litlar. Fjöldi lögbýla í Gullbringusýslu er u.þ.b. 50 sem uppfylla skilyrði Suðurlandsskóga um skjólbeltarækt, en mun færri sem uppfylla skilyrði um þátttöku í skógrækt.

Gerðar hafa verið tilraunir af rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá með víðiklóna á Suðurnesjum þar sem markmiðið er að finna heppilegan og vel aðlagaðan efnivið til ræktunar á svæðinu. Greinilegur munur er á vexti og lífslíkum milli víðiklóna. Einnig sýna tilraunir á birki að verulegur munur er á lifun og vexti birkikvæma eftir uppruna þeirra. Bestan árangur sýndu kvæmi úr lágsveitum Sunnanlands.

Fyrsta skref í skógrækt á Suðurnesjum verður skjólbeltarækt sem undanfari annarrar skógræktar eins og víða annars staðar á landinu. Nytjaskógrækt og skjólbeltarækt á bújörðum með framlögum frá Skógrækt ríkisins hófst í Austur-Skaftafellssýslu árið 1998, er Meðalfell, Miðfell, Lindarbakki, Stóra-Lág og Klettabrekka undirrituðu samning við Skógrækt ríkisins um 328 hektara landsvæði til skógræktar fram til ársloka 2000. Voru gróðursettar 115.512 plöntur á þessum fimm bæjum og lagðar út 10,7 km af skjólbeltum á 11 bæjum. Sjö jarðir komu inn í skjólbeltarækt og nytjaskógrækt á árinu 2001, sex í skjólbeltarækt og ein í skógrækt í viðbót við þær sem fyrir voru. Á þessu ári komu fjögur lögbýli inn í Suðurlandsskógaverkefnið, þrjú í skjólbelti og eitt í skógrækt.

Eftir áhuga á verkefninu að dæma verður vafalítið stígandi í fjölgun skógarbænda á svæðinu á næstu árum. Fjöldi lögbýla í Austur-Skaftafellssýslu eru 139, þar af eru 31 sem ekki er búseta á.

Hv. þm. spyr: „Hver eru áætluð fjárframlög til Suðurlandsskóga árið 2003 og hve hátt hlutfall rennur til verkefna á Suðurnesjum og í Austur-Skaftafellssýslu?

Framlög til Suðurlandsskóga voru 45,7 milljónir árið 2000, 74,2 milljónir árið 2001 og 69,2 milljónir á árinu 2002. Og framlög samkvæmt fjárlögum til Suðurlandsskóga 2003 eru 79,3 milljónir. Reikna má með að hlutur Austur-Skaftafellssýslu verði 18% á árinu 2003 af ársveltu Suðurlandsskóga og hlutur Suðurnesja verður nær 5%. Rétt er að ítreka að fáar jarðir eru á Suðurnesjum og áhugi þeirra sem eiga lögbýli á svæðinu ekki mikill á skógrækt eða skjólbeltarækt.

Þetta er nú það svar sem ég vil gefa hv. þm. um leið og ég segi að hann er auðvitað að viðra hér hugmyndir um að aðrir taki við þessum verkefnum. Þessi verkefni hafa verið hugsuð af Alþingi Íslendinga fyrst og fremst sem verkefni á lögbýlum í landinu. Í fjárlögum eru veittir peningar til hinnar félagslegu heildar skógræktarfélaganna og þau vinna mikilvægt starf, það er bara allt annar hlutur. Þetta er mikið byggðamál eins og kom fram í ræðu hv. þm. og hefur breytt lífi og tilveru fólks á lögbýlum, gert landið dýrmætara, gert það búsetulegra, þannig að hann er bara að viðra hugmyndir ef ég skildi hv. þm. rétt. En að mínu viti er ekki vilji fyrir því að taka þessi verkefni og fela þau allt öðrum en fara með þau í dag. En hann mun svara hér og segja hvað hann er að fara í sínu máli.

[15:08]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég get upplýst hæstv. ráðherra um hvað ég er að fara. Ég er að vonast til eins og ég sagði í upphafsræðu minni að lögunum verði breytt þannig að skógræktarfélög, sveitarfélög og áhugamannafélög hafi möguleika á að gera samning við Suðurlandsskóga á sama hátt og bændur á lögbýlum. Það er eina leiðin til að hægt sé að koma af stað einhverjum skógræktarverkefnum á Suðurnesjum, vegna þess eins og ég sagði áðan að það eru engir bændur í þess orðs merkingu sem eru búandi á lögbýlum á Suðurnesjum. Sá gjörningur sem hæstv. ráðherra stóð fyrir fyrir tveimur árum að taka Suðurnesin undir Suðurlandsskóga — ég geri ráð fyrir að einhver meining hafi verið á bak við það hjá hæstv. ráðherra — þ.e. að reyna að auka skógræktaráhuga og auka verkefnin sem hafa fram að þessu verið lítil á Suðurnesjum með því að teygja svæði Suðurlandsskóga í vesturátt.

Eins og hæstv. ráðherra veit voru hugmyndir í gangi um að sérstakt skógræktarverkefni sem héti Suðurnesjaskógar yrði sett á laggirnar og ég minntist á það við hæstv. landbrh. á sínum tíma og var ekki illa tekið í það. En það verkefni var náttúrlega hugsað fyrir Suðurnesin en alls ekki til þess að eyðileggja fyrir bændum annars staðar á landinu, síður

en svo, það var alls ekki meiningin. Og ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra viti það vel.

Varðandi þau verkefni sem eru í gangi — ég veit að starfsmenn Suðurlandsskóga eru að reyna að gera það sem hægt er í stöðunni. Þeir hafa afskaplega lítið svigrúm til þess að geta gert nokkurn skapaðan hlut vegna þess að lögin um Suðurlandsskóga eru þannig að ekki er svigrúm fyrir starfsfólkið að fara í þá vinnu.

[15:10]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Þetta er alrangt sem hv. þm. heldur fram hér. Lögin snúa að lögbýlum í landinu og þar hafa allir jafnan rétt, jafnt Suðurnesjamenn sem Austur-Skaftfellingar, Árnesingar sem Rangæingar. Og ég verð að segja fyrir mig sem þingmaður í þessu væntanlega nýja kjördæmi, sem spannar allt svæðið sem Suðurlandsskógar ná yfir, að mér finnst það ekki verjandi að við kljúfum það upp, þetta er ein hagsældarheild. Hv. þm. þekkir vonandi hin nýju landamæri í kjördæmi sínu, og Suðurnesin falla þar undir. Ég er búinn að rekja það hér að um 5% af þessum verkefnum Suðurlandsskóganna á næsta ári munu fara til Suðurnesjanna.

Hvað eru mörg lögbýli á svæðinu? Getur það ekki verið rétt hlutfall miðað við fjölda og stærð ef hv. þm. skoðar hina stóru Árnessýslu og Rangárvallasýslu, Vestur-Skaftafellssýslu og Austur-Skaftafellssýslu? Hv. þm. verður að fara yfir þessi mál út frá því og hafa yfirsýn til að líta á þetta sem eina heild og þessi verkefni á fyrst og fremst að vinna á lögbýlum. Ég hygg að þingið sé ekki tilbúið að eyðileggja þessi velheppnuðu skógræktarverkefni eða landshlutabundnu verkefni sem svo hafa verið mörkuð lög um. Hitt er síðan allt annar handleggur hvort menn vilja láta enn þá meira fé af fjárlögum til skógræktarverkefna í gegnum hina félagslegu heild, það er bara allt annað mál.

Mér sýnist því að Suðurnesin séu að fullu komin inn og eigi sama rétt og allir aðrir á þessu svæði og ég þekki það því ég kem oft í Suðurlandsskóga að gott samstarf er við áhugamennina á því svæði eins og alls staðar annars staðar, og skora ég nú á hv. þm. að halda austur á Selfoss og heimsækja Suðurlandsskóga og ræða málið þar við þá sem þekkja viðbrögð og viðhorf og það handtak sem þeir hafa náð í á Suðurnesjum. Þar eru góð samskipti á milli og tré munu vaxa á Suðurnesjum í krafti laganna og þessa verkefnis.

Rannsóknir á nýjum orkugjöfum.

Fsp. KPál, 104. mál. — Þskj. 104.

[15:13]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Mikil vakning er í gangi í heiminum í dag um að orkuframleiðsla heimsins verði sjálfbær og þess gætt að áhrif orkuöflunar og nýting hennar sé í sátt við umhverfið. Með ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Jóhannesarborg var mörkuð ákveðin stefna í þeim efnum þar sem þjóðir heimsins munu draga úr notkun óendurnýjanlegra orkugjafa á næstu árum. Orkustefna Íslendinga hefur að mörgu leyti verið til fyrirmyndar og ekkert ríki í heiminum er eins vel statt að þessu leyti og við, þar sem 70% orkunnar er sjálfbær. Það sem stendur út af er orka til bíla og skipaflota landsmanna.

Sá sem hér stendur lagði fram frv. fyrir nokkrum árum um notkun metangass á bíla. Gasframleiðsla Sorpu einnar dugir fyrir þúsundir bíla og með markvissu átaki til enn frekari virkjunar metangass úr sorphaugum landsmanna má ná enn lengra. Lausnir á þessu sviði eru tiltölulega ódýrar og auðvelt að skipta á milli gass og bensíns á sömu vél ef þarf. Notkun rafmagns á bíla hefur einnig farið vaxandi og mikil þróun er á því sviði erlendis sem ætti að geta gagnast okkur í nánustu framtíð.

Mikið hefur gert úr notkun vetnis af hálfu ráðuneytisins og hefur mörgum fundist sá mikli áhugi yfirskyggja skoðun á öðrum möguleikum. Það er samdóma álit fræðimanna að notkun vetnis sé ekki á næsta leiti, enda framleiðsla þess mjög dýr og vélar og öll uppbygging í kringum notkun þess mjög erfið.

Af þeim ástæðum, herra forseti, vil ég leggja fram eftirfarandi fyrirspurnir til hæstv. iðnrh.:

1. Hve miklu fé hefur verið varið síðustu þrjú ár af hálfu ráðherra til rannsókna á nýjum orkugjöfum fyrir ökutæki, svo sem raforku, vetni, metani, lífdísli, etanóli og metanóli, sundurliðað eftir orkugjöfum?

2. Hvaða stefnu er fylgt við úthlutun fjár til slíkra þróunarverkefna?

3. Hvaða verkefni eru í undirbúningi og á vinnslustigi með öðrum aðilum eins og NýOrku ehf., VistOrku o.fl.?

4. Hve mikla fjármuni hefur NýOrka ehf. haft til umráða frá ráðuneytinu og til hvaða verkefna?

[15:15]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Fyrsta spurning hv. þm. hljóðar svo:

„Hve miklu fé hefur verið varið síðustu þrjú ár af hálfu ráðherra til rannsókna á nýjum orkugjöfum fyrir ökutæki, svo sem raforku, vetni, metani, lífdísli, etanóli og metanóli, sundurliðað eftir orkugjöfum?“

Svarið er eftirfarandi: Á síðustu þremur árum, þ.e. á árunum 1999–2001, hefur kostnaður iðnrn. vegna rannsókna á nýjum orkugjöfum verið 4,9 millj. kr. Sá kostnaður felst að mestu í vinnu nefnda og sérfræðinga, funda- og ferðakostnaðar, auk útgáfukostnaðar.

Kostnaður Orkustofnunar á þessu tímabili vegna nýrra orkugjafa hefur verið um 8 millj. kr. Kostnaður Iðntæknistofnunar vegna þróunar og rannsókna á nýjum orkugjöfum nemur á þessu árabili um 12 millj. kr., þar af er um helmingur þeirrar upphæðar vegna ECTOS-verkefnisins, um þróun vetnis sem eldsneytis á strætisvagna og bifreiðar hér á landi. Á tímabilinu styrkti orkusjóður könnun á framleiðslu staðgengisolíu, svokallaðs lífdísils, um rúmlega 7 millj. kr.

Þá hefur iðnrh. fyrir hönd ríkissjóðs keypt hlutabréf í fyrirtækinu VistOrku að nafnvirði 8 millj. kr. á genginu 10 og var hluti þessarar upphæðar 54 millj. kr. greiddur á árinu 2001, en 26 millj. kr. verða greiddar á næsta ári.

VistOrka hf. er eins og kunnugt er í eigu íslenskra aðila, orkufyrirtækja, Nýsköpunarsjóðs, háskólans og fleiri aðila og á fyrirtækið 51% hlutafjár í Íslenskri NýOrku ehf., en þrjú erlend fyrirtæki eiga 49%.

Spurning númer tvö: „Hvaða stefnu er fylgt við úthlutun fjár til slíkra þróunarverkefna?“

Svar: Eins og fram kemur hér að framan hefur ekki verið um að ræða beina úthlutun fjár til verkefna á þessu sviði nema hlutafjárkaup ríkisins í VistOrku hf. Þau kaup voru gerð samkvæmt sérstakri samþykkt ríkisstjórnarinnar

og tengist hún ákvörðun Evrópusambandsins um styrkveitingu til vetnisverkefnis Íslenskrar NýOrku ehf. sem unnið er að hér á landi af eigendum þess fyrirtækis.

Þriðja spurning: „Hvaða verkefni eru í undirbúningi og á vinnslustigi með öðrum aðilum eins og NýOrku ehf., VistOrku o.fl.?"

Svar: Af hálfu stjórnvalda hefur engin ákvörðun verið tekin um stuðning við önnur verkefni en ECTOS-verkefnið sem nú er unnið að eins og flestum er kunnugt um. Samkvæmt upplýsingum frá Íslenskri NýOrku ehf. eru átta verkefni á vinnslustigi. Þau eru:

ECTOS-verkefnið sem felst í tilraunaakstri þriggja vetnisvagna og rannsóknum vetnisinnviða.

Hagkvæmniathugun á útflutningi á vetni.

Kortlagning vetnisinnviða í framtíðarsamfélagi.

Gerð fræðsluefnis um vetnisorkukeðjuna.

Undirbúningur fyrir vetnis-sumarskóla við Háskóla Íslands fyrir alþjóðlega doktors- og mastersnema.

Þátttaka í nefnd um framtíðarsýn vetnissamfélagsins á vegum Evrópusambandsins.

Ráðgjafaþjónusta vegna samfélags- og efnahagsrannsókna í Evrópu.

Auk þess sem unnið hefur verið mikil markaðsvinna á vegum Íslenskrar NýOrku.

Á vegum fyrirtækisins eru hins vegar í undirbúningi vetnisskipaverkefni, rannsóknir á aðstöðu vegna vetnisgeymslu í samstarfi við Háskóla Íslands, rannsóknir á geymslu vetnis í málmhýdríðum, nýting jarðvarma til vetnisframleiðslu, skoðun á samfélagssparnaði vegna utanaðkomandi þátta, sýningarverkefni á litlum vetnisbílaflota, auk ýmissa annarra verkefna. Í flestum þessara verkefna á fyrirtækið náið samstarf við helstu stofnanir landsins, t.d. Háskóla Íslands, Iðntæknistofnun og Orkustofnun.

Spurning fjögur: „Hve mikla fjármuni hefur NýOrka ehf. haft til umráða frá ráðuneytinu og til hvaða verkefna?"

Svar: Eina fjármagnið sem Íslensk NýOrka ehf. hefur fengið frá iðnrn. er hlutafjárgreiðsla til móðurfyrirtækis þess, VistOrku ehf., 54 millj. kr., sem greidd var sl. vor. Beinar greiðslur til fyrirtækisins hafa verið vegna kostnaðar við fundi og erindi erlendis í tengslum við kynningu á ECTOS-verkefninu hér á landi.

Hæstv. forseti. Þar sem ég hef ekki alveg lokið þeim tíma sem ég hef hér til umráða, þá vil ég geta þess að síðasta mánudag sat ég fund úti í Brussel sem sendiráð okkar stóð fyrir og kallaðist orkueftirmiðdagur, þar sem fyrst og fremst var rætt um vetni. Mjög athyglisvert var að fylgjast með því og kom mér það svo sem ekki á óvart af því að ég vissi það fyrir að gríðarlegur áhugi er á þessum málum og áhugi á því sem við Íslendingar erum að gera og við erum þarna í fararbroddi og erum náttúrlega ákaflega stolt af því.

[15:20]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Það er dálítið erfitt að átta sig á hvaða hvatir búa á bak við ýmsar fullyrðingar hjá hv. þm. í aðdraganda fyrirspurna, ekki síst þá fullyrðingu hans, sem ég held ég hafi tekið rétt eftir, að fræðimenn almennt teldu að vetni sem orkuberi væri alls ekki fýsilegur kostur. Mér finnst það athyglisvert, ekki síst í ljósi þess að þúsundir fræðimanna um heim allan, ekki síst á síðustu tíu árum, hafa sagt að vetni muni verða orkuberi 21. aldar.

Ef þingmaðurinn er þeirrar skoðunar, þá er hann líka ósammála bílaiðnaðinum í heiminum sem ver milljörðum króna í rannsóknir á þessu sviði. Hann er þá ósammála stefnumörkun sinnar eigin ríkisstjórnar á þessu sviði. Hann er þá ósammála stefnumörkun Evrópusambandsins sem hefur sett af stað vinnuhóp til þess að skila skýrri stefnumörkun um þetta á næstu mánuðum og þannig má áfram telja.

Það er líka vert að vekja athygli á því að stærstu styrkir sem Íslendingar hafa fengið í einstök verkefni lúta að þeim vetnisáformum sem hér er unnið að nokkuð ötullega, ekki síst af Íslenskri NýOrku.

Ef þetta eru viðhorf þingmannsins, þá hvet ég hann til að kynna sér málið nánar og skal fúslega veita honum upplýsingar um það, en vara hann við að koma með svona vafasamar fullyrðingar í aðdraganda sinna spurninga.

[15:22]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég blanda mér í þessa umræðu vegna vetnisrannsóknanna. Ég bar fram á síðasta þingi fyrirspurn til hæstv. ráðherra varðandi aðild ríkisins að rannsóknum vegna hugsanlegra vetnisframleiðslu og m.a. hvaða fé ríkisstjórnin hefði veitt til þeirra rannsókna, vegna þess að ég hef mikinn áhuga á hugsanlegri vetnisframleiðslu og tel það reyndar vera framtíðarorkugjafa ef vel tekst til. Þá kom í ljós að það er Evrópusambandið sem er að fjármagna þessar rannsóknir hér. Evrópusambandið hefur veitt 2,85 millj. evra til slíkra rannókna, sem eru sennilega nær 250 millj. íslenskra króna. Ríkisstjórnin er ekki að veita mikið fé sjálf, hvað þá heldur að ríkisstjórnin reyni að gera sér ljóst hvaðan hún muni sækja orku til þessara verkefna, þannig að það er auðvitað athyglisvert að hæstv. ráðherra fari til Brussel og eigi þar fundi í ljósi þessara staðreynda.

[15:23]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að benda á það, eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, að vissulega eru þessar rannsóknir góðra gjalda verðar. Við eigum þær ekki að þakka gífurlegum fjárframlögum ríkisstjórnar Íslands eða þeirri miklu framsýni sem þar er lýst af því það veit enginn á Íslandi hvaðan eða hvernig eigi að taka orkuna til þess að vetnisvæða landið. Þeirri spurningu hefur aldrei verið svarað og þó svo rannsóknirnar sem slíkar séu allra góðra gjalda verðar, þá held ég að kominn sé tími til að hæstv. iðnrh. fari í hlutina í réttri röð.

[15:24]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég á það sameiginlegt með þeim þingmönnum sem hér hafa talað að ég hef afar mikinn áhuga á möguleikum Íslendinga á að taka þátt í vinnunni við að finna upp og þróa nýja orkugjafa. Og ég vil þakka hv. þm. fyrir þessa fyrirspurn.

En ég vil vekja athygli á því sem kom fram í svari hæstv. ráðherra að það er engin stefna af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar í vetnisvæðingu á Íslandi. Það er bara gert svona dittinn og dattinn og hipsum happs, og það er auðvitað til skammar hvernig ríkisstjórn Íslands slær sér upp á því á erlendum vettvangi að vera í fararbroddi í vetnisvæðingu. Hæstv. ráðherra segist vera afar stolt af því að við skulum standa þarna í stafni og leiða þá vinnu, en það er engri stefnu fylgt annarri en þeirri að gera hv. þm. Hjálmar Árnason út af örkinni sem vetnispostula Íslands og gerðar eru fínar fréttir

í fjölmiðlum um það að hann sé að taka þátt í fínni vinnu í útlöndum. Gott og vel. Mér finnst það fínt mál og við skulum vera stolt af því sem Íslendingar gera, en við skulum standa að því á þann hátt að sómi sé að og unnin sé einhver málefnaleg stefna um þetta, en ekki þetta stefnuleysi sem nú ríkir.

[15:25]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin.

Ég vil byrja á að leiðrétta hv. þm. Hjálmar Árnason. Ég sagði aldrei að vetni væri ekki fýsilegt, hv. þm. á að hlusta. Ég sagði að framleiðsla á þeim orkugjafa væri ekki á næsta leiti því að hún væri mjög dýr. Hv. þm. getur séð þetta í útskrift af ræðunni.

Herra forseti. Ég sé það að því miður hafa rannsóknir á öðrum orkugjöfum eins og metani, metangasi, raforku og slíku, sem í sjálfu sér eru ekki síður fýsilegir kostir til orkuframleiðslu en vetni, setið eftir og lítið sem ekkert fjármagn farið til þeirra.

Ég heyri það frá þeim aðilum sem eru einmitt að reyna að brjótast áfram í þessum geira að þeim finnst að vinnu þeirra sé lítill gaumur gefinn. Það er að sjálfsögðu skylda ráðuneytisins og hæstv. ráðherra að líta til fleiri átta en einnar og sökkva ekki ofan í eitt verkefni og gleyma öllum hinum sem eru í kring og eru kannski í hendi. Sumt af þessu er mjög í hendi eins og notkun metangass. Gerðar hafa verið tilraunir með bíla að þessu leyti, en það hefur gengið mjög hægt. Hægt er að gera miklu meira og nýta þá möguleika sem hafa verið reyndir m.a. í Svíþjóð með góðum árangri. Við þurfum ekkert að fara langt til sjá að þarna eru möguleikar sem ég vona að hæstv. ráðherra skoði og setji einhverja fjármuni í til þess að þróa áfram.

[15:27]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í sjálfu sér er hægt að taka undir það með hv. þm. að alltaf er hægt að gera meira og eflaust alltaf hægt að gera betur líka. Hins vegar er margt gott gert að mínu mati. Iðnrn. hefur verið í samstarfi við Sorpu t.d., og ég minni á verkefni sem tengist Borgarplasti sem var gert opinbert í sumar, sem gengur út á metangas. Það hefði ekki orðið að mínu mati nema komið hefði verið að því af hálfu stjórnvalda, af hálfu iðnrn.

Þegar hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir segir að engin stefna sé og hefur hér uppi nokkuð stór orð, þá mótmæli ég því að það sé engin stefna vegna þess að íslensk ríkisstjórn gaf út þá stefnu fyrir allmörgum árum að stefna að því að Ísland verði fyrsta vetnissamfélagið í heiminum. Og það er nú ekki lítið að taka slíkt upp í sig. Eftir þessu hefur verið tekið og það er gott. (**KolH:** Þetta er yfirlýsing, ekki stefna.)

Í sambandi við Evrópusambandið þá get ég alveg tekið undir það með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að þar kom virkilega hjálparhönd og það skiptir miklu máli í sambandi við strætisvagnatilraunaverkefnið að myndarlegur styrkur fékkst frá Evrópusambandinu. Það er hins vegar ekki bara Evrópusambandið sem þar skiptir máli vegna þess að þar skipta máli bæði íslensk fyrirtæki og erlend fyrirtæki, stórfyrirtæki eins og DaimlerChrysler og Norsk Hydro og fleira mætti nefna. Þannig að í öllum aðalatriðum erum við að vanda okkur í þessu og leggja okkur fram.

Á þeim fundi sem ég vitnaði til í Brussel var fulltrúi frá Ballard-fyrirtækinu sem heitir André Martin og hann segir að Íslendingar séu leiðandi í því að þoka vetnisvæðingunni áfram. Og hann segir líka, sem er mikilvægt og allir vita, að koma þarf niður kostnaðinum við efnarafala. Þess vegna erum við kannski ekki alveg við þröskuldinn að koma þessari vetnisvæðingu á, heldur tekur það einhvern tíma. En við erum að vinna af heiðarleika að þessu máli og mér þykir leitt ef hv. þm. kunna ekki að meta það.

[15:30]

Útbýting þingskjala:

Endurreisn Þingvallaurriðans, 165. mál, fsp. ÖS, þskj. 165.

Evrópusambandið og sjávarútvegsstefna, 110. mál, fsp. RG, þskj. 110.

Lyfjaávísanir lækna, 122. mál, fsp. MF, þskj. 122.

Verndaráætlanir samkvæmt Ramsar-samþykktinni, 194. mál, þáltill. ÞSveinb o.fl., þskj. 195.

Orkubú Vestfjarða.

Fsp. SRagn, 174. mál. — Þskj. 175.

[15:30]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Ragnarsdóttir):

Herra forseti. Um þessar mundir brenna málefni Orkubús Vestfjarða mjög á vörum allra Vestfirðinga og hafa hugmundir hæstv. iðnrh. um að flytja höfuðstöðvar starfseminnar í annan landsfjórðung skapað mikla óvissu og reiði.

Orkubú Vestfjarða hefur allt frá stofnun þess árið 1978 verið einn af helstu máttarstólpum vestfirsks atvinnulífs. Fyrirtækið teygir anga sína út um alla firði og sveitir, og í kringum það og vegna þess hafa skapast fjölmörg önnur störf og tækifæri.

Atvinnulíf á Vestfjörðum hefur löngum verið fábreytt og einkum tengt sjávarútvegi. Orkubúið hefur hins vegar laðað til sín fólk með sérmenntun og sérþekkingu, iðnaðarmenn, tæknifræðinga, verkfræðinga og stjórnendur. Fjölbreytni og umfang fyrirtækisins gerir það þannig að einstaklega byggðavænni stofnun.

Á síðustu árum hafa verið talsverðar umræður um framtíð fyrirtækisins. Í fyrra var því breytt í hlutafélag en vegna bágrar fjárhagsstöðu sveitarfélaganna á Vestfjörðum neyddust þau til að selja ríkinu sinn hlut. Þar með var orkubúið orðið eitt stærsta og öflugasta ríkisfyrirtækið í fjórðungnum.

Því miður er það svo að þrátt fyrir mörg góð áform hefur gengið misvel að flytja ríkisfyrirtæki og opinber störf út á land. Hefur það þó jafnan verið eitt helsta baráttumál þeirra sem stuðla vilja að jafnvægi í byggð landsins. Það skýtur því skökku við þegar hæstv. iðnrh., sjálfur ráðherra byggðamála, viðrar í fullri alvöru þær hugmyndir að flytja höfuðstöðvar þessa öfluga fyrirtækis í burtu úr þeim landsfjórðungi sem nú á hvað mest undir högg að sækja. Ljóst er að ef af sameiningu Rariks, orkubúsins og Norðurorku verður með höfuðstöðvar á Akureyri, eins og hæstv. ráðherra hefur lagt til, mun störfum fækka verulega fyrir vestan og þá væntanlega fyrst best launuðu störfunum.

Nærtækara væri að hæstv. ráðherra lýsti yfir stuðningi sínum við þær hugmyndir sem fram hafa komið um það hvernig efla megi og útvíkka starfsemi fyrirtækisins á svæðinu og fjölga þeim fjölbreyttu atvinnutækifærum sem það veitir. Þar má nefna stækkun rekstrarsvæðis þess, auknar

rannsóknir á virkjanakostum, stórátak í leit að heitu vatni og nýtingarmöguleikar þess skoðaðir.

Ég spyr því hæstv. iðnrh.:

Hverjar eru fyrirætlanir ráðherra varðandi eignarhald og framtíðarrekstur Orkubús Vestfjarða?

Virðulegi forseti. Það er engan bilbug að finna á okkur Vestfirðingum. Við höfum staðið af okkur mörg stóráföll á síðustu árum, bæði af völdum manna og náttúru, og erum kannski sterkari eftir en áður. Brottflutningur höfuðstöðva Orkubús Vestfjarða gæti þó orðið það áfall sem riði okkur að fullu. Er það vilji ríkisstjórnar Íslands?

[15:34]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Árið 1976 samþykkti Alþingi lög um Orkubú Vestfjarða. Frá stofnun orkubúsins á árinu 1977 og fram til ársins 2001 var það rekið sem sameignarfélag í eigu ríkisstjórnar Íslands og sveitarfélaga á Vestfjörðum. Eignarhluti ríkissjóðs var 40% en eignarhluti sveitarfélaganna nam samtals 60%. Með samkomulagi eigenda sameignarfélagsins, þ.e. ríkisstjórnar Íslands annars vegar og sveitarfélaganna á Vestfjörðum hins vegar, dags. 7. febrúar 2001 var ákveðið að slíta sameignarfélaginu og stofna hlutafélag um rekstur fyrirtækisins undir heitinu Orkubú Vestfjarða hf. Alþingi heimilaði stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða með lögum það sama ár. Í kjölfar þessa keypti ríkissjóður hlutafé allra sveitarfélaganna í orkubúinu og því er ríkið nú eitt eigandi fyrirtækisins sem rekið er í hlutafélagaformi. Ekki eru uppi áform um að breyta þessu rekstrarformi.

Í 7. gr. áðurgreinds samkomulags ríkisstjórnar Íslands og sveitarfélaga á Vestfjörðum frá 7. febrúar 2001 er tekið fram að Orkubú Vestfjarða hf. muni starfa sem sjálfstæð eining og ekki verða sameinað öðru orkufyrirtæki fyrr en eftir að nýtt skipulag raforkumála hefur tekið gildi hér á landi. Eftir að ríkið er orðið eini eigandi bæði Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða hf. er eðlilegt að hugað verði að hagkvæmni þess að sameina fyrirtækin. Það verður hins vegar ekki gert nema sameining verði talin hagkvæm að teknu tilliti til allra þeirra hagsmuna sem þar vegast á.

Í 8. gr. samkomulagsins frá 7. febrúar 2001 segir að komi til sameiningar Orkubús Vestfjarða hf. við annað eða önnur orkufyrirtæki eftir gildistöku nýrra raforkulaga muni ríkisvaldið eftir því sem í þess valdi stendur beita sér fyrir því að hluti starfsemi hins sameinaða fyrirtækis fari fram á Vestfjörðum. Orðrétt segir í 8. gr., með leyfi forseta:

„Sameigendur eru sammála um að reynt verði eftir megni að efla starfsemi orkugeirans á Vestfjörðum og viðhalda þjónustu við dreifða byggð."

Á Vestfjörðum eru ýmsir virkjanakostir sem verið er að meta í rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Síðasta sumar fór ég ásamt starfsmönnum iðnrn., Orkustofnunar og Orkubús Vestfjarða hf. í ferð um Vestfirði og kynnti mér aðstæður til virkjana í fjórðungnum og þá alveg sérstaklega í Hvalá í Ófeigsfirði. Er það von mín að markaður fyrir orku frá slíkum virkjanakostum skapist á Vestfjörðum en við það mundi starfsemi orkugeirans þar eflast verulega. Bind ég vonir við að af þessu geti orðið.

Um nokkurt skeið hafa verið í gangi viðræður milli ríkisstjórnarinnar og Akureyrarbæjar um sameiningu Rariks og Norðurorku. Mat hefur verið lagt á hagkvæmni þess að sameina fyrirtækið eftir atvikum með sameiningu við Orkubú Vestfjarða, og niðurstaða verðmats á fyrirtækjunum liggur fyrir. Þessar viðræður eru á viðkvæmu stigi og ekkert hægt að segja um niðurstöðu þeirra að svo stöddu.

Eins og ég sagði fyrr er það heildarmat á öllum þeim hagsmunum sem ríkið þarf að taka tillit til sem munu ráða niðurstöðu um það hvort af sameiningu verður eða ekki.

[15:38]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Það var merkilegt, svarið hjá hæstv. ráðherra. Hún sagði einfaldlega að ekki væri hægt að svara því hver framtíðin yrði hjá orkubúinu á þessari stundu, málið væri viðkvæmt og það væri til skoðunar.

Áður hafa menn heyrt áhugann á því að sameina þessi þrjú fyrirtæki, þ.e. Orkubú Vestfjarða, Rarik og Norðurorku. Í því augnamiði hafa komið upp þær umræður að flytja yrði stjórnina á þessu sameinaða fyrirtæki til Norðurlands.

Ég verð að segja alveg eins og t.d. samfylkingarmenn á Seltjarnarnesi:

Ég treysti ekki ráðherranum fyrir bréfi á milli bæja í þessu máli.

[15:39]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Aðalgallinn við að ræða um framtíð Orkubús Vestfjarða í því samhengi að sameina það hugsanlega öðrum orkufyrirtækjum er auðvitað að engar forsendur eru fyrir slíkum viðræðum. Hæstv. ráðherra er einfaldlega bundin af ákveðnu samkomulagi. Og samkomulagið kveður á um að óbreyttu rekstrarformi skuli viðhaldið að óbreyttum raforkulögum. Ný raforkulög eru ekki einu sinni komin hingað í hús, þau hafa ekki verið lögð hérna fram. Það er alveg fráleitt að tala á þeim nótum sem hæstv. ráðherra gerir hér, að verið sé að hyggja að sameiningu við fyrirtækið þegar það liggur fyrir að það stenst ekki það samkomulag sem gert var á milli sveitarfélaganna og ríkisins.

Mér finnst að hæstv. ráðherra verði einfaldlega að sýna okkur fram á það að slík sameining geti falið í sér lækkun raforkuverðs. Það hlýtur auðvitað að vera grundvallarmarkmiðið sem menn horfa á. Hver verða áhrifin á orkuverðið í landinu, á orkuverðið á Vestfjörðum, með slíkri sameiningu? Um það hefur ekkert verið rætt, ekkert verið sýnt fram á að orkuverðið muni lækka og þess vegna er fráleitt að tala á þessum nótum.

[15:40]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Okkur er mikill vandi á höndum. Hér er á ferðinni hluti af fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar um að breyta umhverfi raforkumála. En það er engin stefna sýnd. Menn vita ekkert hvað er fram undan. Samt er verið að tala hér um mikilvægt fyrirtæki — starfsemi þess er mjög mikilvæg fyrir svæðið sem hér um ræðir — en það eru líka miklu stærri hlutir í húfi hvað varðar allt þetta fyrirbrigði sem við köllum raforkugeirann á Íslandi. Auðvitað hefði átt að liggja fyrir umræða í hv. Alþingi um einhverja stefnu ríkisstjórnarinnar, hvernig eigi að koma þessu heim og saman, hvernig eignarhaldi eigi að vera háttað á Landsvirkjun, á Rarik og öðrum orkufyrirtækjum í landinu eftir að búið er að skipuleggja þessa hluti upp á nýtt. En nákvæmlega ekkert liggur fyrir. Og meðan svo er ekki er þetta auðvitað fáránleg umræða.

[15:42]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vöruðum við því að hlutafélagavæða Orkubú Vestfjarða og þvinga sveitarfélögin til þess að selja ríkinu hluta sinn í því. Þeim var lofað öllu fögru eins og hæstv. iðnrh. gat um áðan. Og loforðin voru svo sterk að núna í vor og sumar komu fram tölur um verðið á Orkubúi Vestfjarða inn í sameiginlegt fyrirtæki. Þá var ekki verið að bíða eftir nýrri umgjörð raforkulaga heldur var þegar farið að bítast um að koma þessum bútum, Orkubúi Vestfjarða, Rarik og Norðurorku, inn í eitt fyrirtæki sem síðan átti að selja á markaði. (**Gripið fram í:** Gefa.) Já. Hæstv. ráðherra vill hlutafélagavæða þetta allt saman og bjóða það svo út til sölu.

Ég held að hæstv. ráðherra ætti bara að koma heiðarlega fram og segja við Vestfirðinga: Það er algert stopp í þessu máli og verður ekki hreyft fyrr en hagsmunir Vestfirðinga eru tryggðir.

[15:43]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Við Vestfirðingar gengum út frá því þegar sveitarfélögin seldu sinn hlut að það stæði sem stendur í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, að ekkert yrði hreyft við því eignarhaldi sem þarna er meðan ekki hefur verið gengið frá nýjum raforkulögum.

Ég verð að trúa því. Ég get ekki annað en trúað því að ekki verði hreyft við því. Það getur ekki verið að menn geri slík glappaskot, að gera þetta þvert á yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar. Ég varð fyrir vonbrigðum þegar í ljós kom að verið er að framkvæma eitthvert nýtt eignamat byggt á einhverjum hlutum sem ég hef ekki skilið enn þá. Ég tel og veit það að ríkisstjórnin hefur enga samþykkt í þessa veru gert — enga — og ég á ekki von á því að hún verði gerð. Ég veit hins vegar að orkubúið er ákaflega hentug eining, mjög góð rekstrareining sem hefur náð mjög miklum árangri, og það er gríðarlega þýðingarmikið fyrir Vestfirði að ekki verði hróflað við því.

[15:44]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það á að vera mönnum kunnara en frá þurfi að segja að fjárhagsstaða sveitarfélaga á Vestfjörðum var orðin slík að það háði mjög getu sveitarfélaganna til að sinna hlutverki sínu. Kaup ríkisins á hlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða hefur gjörbreytt stöðu sveitarfélaganna. Þau hafa núna afl til þess að sækja fram og bæta þjónustu við íbúa sína. Ég held að menn megi ekki gera lítið úr þeim árangri sem náðst hefur með þeim gerningi, m.a. fyrir tilstuðlan ríkisstjórnar Íslands sem keypti hlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða á mjög góðu verði frá sjónarhóli þeirra sem seldu.

Ég minni hv. þingmenn á að þessi mál voru rædd á fjórðungsþingi Vestfirðinga í lok ágúst sl. og þar gaf iðnrh. út skýlausa yfirlýsingu um að auðvitað yrði staðið við það samkomulag sem gert var við sveitarfélagið. Því stendur ekki til að gera neinar breytingar á rekstri og eignarhaldi Orkubús Vestfjarða. En það er verið að skoða ýmsa möguleika, eins og menn voru almennt sammála um að rétt væri að gera. Og ég held að hv. þingmenn Sjálfstfl. á Vestfjörðum ættu að hafa þetta í huga þó að það verði að virða þeim til vorkunnar að prófkjör er á næsta leiti.

[15:46]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Ragnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hennar varðandi framtíð orkubúsins og hv. þingmönnum fyrir góða þátttöku í umræðunni.

Ég hefði vissulega kosið að fá afdráttarlausari og skýrari svör. Starfsmenn Orkubús Vestfjarða eru um 60 talsins og nauðsynlegt að eyða sem fyrst þeirri miklu óvissu sem þeir og fjölskyldur þeirra hafa búið við sem hlýtur einnig að hafa slæm áhrif á starfsemi fyrirtækisins.

Okkur sem búum fyrir vestan er fullkomlega ljóst hvílíkur hnekkir það yrði fyrir atvinnulíf okkar og einnig sjálfsmynd ef höfuðstöðvar orkubúsins yrðu fluttar í burtu, alveg burt séð frá því hvort einhver störf yrðu þar eftir.

Ég vil einnig taka undir ályktun Fjórðungsþings Vestfirðinga frá í haust þar sem skorað var á hæstv. iðnrh. að efla Orkubú Vestfjarða og víkka starfssvið þess svo það nái til alls hins nýja Norðvesturkjördæmis.

Virðulegi forseti. Öllum hlýtur að vera ljóst að grípa verður til róttækra aðgerða á öllum sviðum atvinnulífsins í Norðvesturkjördæminu til að skapa mótvægi við þær miklu framkvæmdir sem ríkið stefnir að annars staðar á landinu á næstu árum.

Í sérstakri byggðaáætlun fyrir Vestfirði sem unnin var á fyrri hluta þessa árs eru fjölmargar hugmyndir heimamanna um hvernig efla megi atvinnu- og mannlíf fyrir vestan. Á þeim vettvangi bíða iðnrn. vissulega verðugri verkefni en vangaveltur um flutning norður í land.

[15:48]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég skil það mjög vel að hv. þm. hefði viljað fá afdráttarlausari svör frá mér. En miðað við hvernig málið er vaxið get ég því miður ekki sagt allt og ekki talað mjög skýrt. Þetta mál er, eins og fram kom í fyrri ræðu minni, í ákveðnum farvegi. Þá er ég að tala um það sem snýr að því að hugsanlega sameina þessi fyrirtæki í orkugeiranum, þ.e. Rarik, Norðurorku og Orkubú Vestfjarða.

Við verðum að hafa það í huga að áður en ríkið kaupir Orkubú Vestfjarða er í gangi ákveðið ferli sem ég er að vinna að í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar, þ.e. að athuga hagkvæmni þess að sameina Rarik og Norðurorku. Að því er ég að vinna vegna ákvörðunar sem tekin var í ríkisstjórn. Síðan bætist Orkubú Vestfjarða við og ég trúi ekki að hv. þm. sé að segja að henni finnist verra ef þessi þrjú fyrirtæki yrðu sameinuð og að höfuðstöðvarnar yrðu á Akureyri fremur en að þær væru í Reykjavík? Á ég að skilja hana þannig? Mér þykir mjög slæmt ef landsbyggðarmenn hugsa þannig, en það mátti nánast skilja hana þannig.

Að sjálfsögðu verður staðið við það samkomulag sem gert var við sveitarfélögin á Vestfjörðum þegar ríkið keypti þeirra hlut. Það hef ég margoft ítrekað þannig að menn þurfa ekki að tala sig hása út af því.

Það hefur aldrei verið talað um það að selja Rarik á markaði. Það hefur hins vegar verið talað um að breyta félaginu í hlutafélag og það er óútkljáð mál. En þingið er nú rétt að byrja og við skulum sjá til hvernig það mun ganga.

Menn segja að það hafi verið vonbrigði að unnið var verðmat á þessum fyrirtækjum. Ja, hvernig á að sameina fyrirtæki öðruvísi en að unnið sé verðmat? Það er bara hluti af þessu máli. Verðmatið liggur fyrir. Það er ekki hægt að tala opinberlega um það, og eins og ég sagði: Málið er á

viðkvæmu stigi en ég tel þó að það sé í eðlilegum farvegi.

[15:50]

Útbýting þingskjala:

Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, 192. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 193.

Verndun íslensku mjólkurkýrinnar, 193. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 194.

Viðskiptahættir á matvælamarkaði.

Fsp. HBl, 166. mál. — Þskj. 166.

[15:50]

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Samkeppnislög eru frá 25. febrúar 1993. Markmið þeirra er m.a. að vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Ég hef í höndum skýrslu Samkeppnisstofnunar um könnun sem tekur til tímabilsins frá ársbyrjun 1996 til ársloka 2000. Þar kemur m.a. fram að tölfræðileg gögn beri með sér að samkeppni í matvöruverslun hafi á tímabili, a.m.k. fram á miðjan síðasta áratug, verið mjög virk og neytendur þá notið góðs af í hlutfallslega lækkuðu verði. Þetta hefur hins vegar breyst eftir að Samkeppnisstofnun varð til.

Í niðurstöðum skýrslu Samkeppnisstofnunar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef kaupendastyrkur er notaður til að knýja fram ósanngjarnt og ómálefnalegt verð og önnur viðskiptakjör getur hann dregið úr samkeppnishæfni minni og meðalstórra birgja. Þegar til lengri tíma er litið getur það verið til skaða fyrir neytendur. Það er álit Samkeppnisstofnunar að ástæða sé til að rannsaka það frekar hvort hugsanlegur kaupendastyrkur verslunarkeðja hafi á síðustu árum haft áhrif á samkeppnishæfni birgja á markaðnum. Birgjar hafa bent á dæmi sem þeir telja að sanni að samningsstaða verslunarkeðjanna hafi verið nýtt til að knýja fram verð hjá birgjum sem hafi skert samkeppnishæfni þeirra. Það hafi verið gert með hótunum um að segja upp samningum og með því að fara ekki eftir ákvæðum viðskiptasamninga. Þá telja birgjar að knúinn hafi verið fram svo hár afsláttur hjá þeim af einstökum verslunarkeðjum að hann hafi leitt til þess að verslunum hafi verið mismunað í viðskiptum við birgjana. Enn fremur telja birgjar að verslunarkeðjur hafi í krafti stöðu sinnar komið kostnaði yfir á birgja sem þeir hafi ekki talið þjóna sínum hagsmunum. Loks hafa birgjar bent á að gögn og aðrar upplýsingar sýni að birgjum hafi verið hótað af matvörukeðjum að viðskiptum við þá yrði hætt eða jafnvel að vörur hafi verið teknar úr sölu ef birgjarnir hafi ekki getað haft áhrif á verð hjá öðrum matvöruverslunum."

Þetta er ekki falleg lýsing og ýmislegt gefið í skyn með þessum orðum sem hlýtur að vekja athygli í ljósi þess að Guðmundur Sigurðsson, forstöðumaður samkeppnissviðs Samkeppnisstofnunar, sagði í blaðaviðtali fyrir skömmu, með leyfi hæstv. forseta:

„Það virðist hafa orðið stefnubreyting hjá stóru keðjunum í þá átt, að þær hafi ekki beitt sér með sama hætti og áður eftir að skýrslan kom út. Við höfum upplýsingar um það frá birgjum að ástandið hafi gjörbreyst."

Er það skoðun hæstv. viðskrh. að hér hafi verið stundaðir óviðskiptalegir verslunarhættir af þessum sterku keðjum á matvörumarkaði?

[15:54]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e., hefur beint til mín eftirfarandi fyrirspurn:

„Hvað liggur á bak við þessi ummæli Guðmundar Sigurðssonar, forstöðumanns samkeppnissviðs Samkeppnisstofnunar í DV 8. okt. sl.: „Það virðist hafa orðið stefnubreyting hjá stóru keðjunum í þá átt, að þær hafi ekki beitt sér með sama hætti og áður eftir að skýrslan kom út. Við höfum upplýsingar um það frá birgjum að ástandið hafi gjörbreyst"?"

Af þessu tilefni óskaði ráðuneytið eftir afstöðu Samkeppnisstofnunar til fyrirspurnarinnar og er svar stofnunarinnar eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í apríl 2001 birti Samkeppnisstofnun skýrslu um matvörumarkaðinn, verðþróun í smásölu 1996–2000. Í skýrslunni kemur m.a. fram að birgjar matvöruverslana, þ.e. innlendir framleiðendur og heildsalar, hafi bent á að verslunarkeðjur hafi beitt markaðsstyrk sínum til að knýja fram viðskiptakjör sem hafi skert samkeppnishæfni birgjanna.

Í skýrslu sinni boðaði Samkeppnisstofnun að hún hygðist rannsaka frekar þær ásakanir sem vitnað er til í skýrslunni. Síðastliðinn vetur hóf stofnunin boðaða rannsókn með því m.a. að ræða við fulltrúa stærri birgja og verslunarkeðja. Í samtölum við þessa aðila kom fram, að mati starfsmanna Samkeppnisstofnunar, að breyttir starfshættir hefðu rutt sér til rúms í viðskiptum verslunarkeðjanna og birgjanna, m.a. eftir að áðurnefnd skýrsla stofnunarinnar var birt. Fram kom í viðtölum við birgja að þeir væru mun sáttari við viðskiptahættina sem felast í stuttu máli helst í því að keðjurnar beiti ekki afli þannig að viðskiptasamningar séu ekki virtir og ekki sé knúin fram mismunun í viðskiptakjörum sem raski samkeppni o.s.frv."

Í meginatriðum liggur framansagt að baki þeim ummælum sem fyrirspurn þingmannsins vitnar til. Þess má til fróðleiks geta að í kjölfar þeirra viðtala sem Samkeppnisstofnun átti við aðila á matvörumarkaðnum sl. vetur boðaði stofnunin að hún hygðist gefa út sérstakar reglur til aðila á matvörumarkaðnum þar sem fram komi leiðbeiningar um hvers konar viðskiptahættir teljist ásættanlegir með tilliti til ákvæða samkeppnislaga og hvaða viðskiptahættir séu það ekki. Drög að reglum hafa verið kynnt hagsmunaaðilum og unnið hefur verið úr athugasemdum þeirra. Þess er að vænta að reglurnar verði birtar á næstu vikum.

[15:57]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Segja má sem svo að fyrirspurnin sem hér er til umræðu sé ekki mjög heföbundin, enda ekki alveg heföbundinn þingmaður á ferð.

En vegna þessarar fyrirspurnar reyndi ég að hlýða vandlega á mál hv. þm. Halldórs Blöndals og fékk það út að hann hefði áhyggjur af því að tiltekið fyrirtæki kæmist í þá stöðu að geta nýtt sér aðstæður til að knýja aðra til mjög erfiðra viðskipta, knýja fram mjög góð viðskiptakjör, ef svo má að orði komast.

Ég tek undir með hv. þm. að það er mikilvægt að komið sé í veg fyrir það. En ég vonast til að fá hv. þm. í lið með mér þegar við förum að ræða um samgöngumál og þá væntanlega Flugleiðir, Eimskipafélagið, tryggingafélög, banka og fleiri.

Þá verð ég að segja eins og er, að það verður virkilega gaman að fá hv. þm. Halldór Blöndal til liðs við þá umræðu sem skiptir þetta samfélag mjög miklu máli, þ.e. að koma í veg fyrir fákeppni í samfélaginu.

[15:58]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég hætti bara ekki að verða hissa á hv. þm. sem bar fram þessa fyrirspurn. Hann sagði að jákvæð áhrif í samkeppnisumhverfinu hefðu minnkað eftir að Samkeppnisstofnun kom til.

Ég verð að segja alveg eins og er, að mér finnst þetta bara allt of langt gengið. (**HBl:** Þetta voru orð Samkeppnisstofnunar en ekki mín.) Ég verð að segja það að (**HBl:** Þetta voru orð Samkeppnisstofnunar.) mér finnst að hv. þm. ætti að gæta betur orða sinna þegar hann fjallar um þessa stofnun. Hann hefur ekki gert það fram að þessu. (**LB:** Víta hann.) Ég hef að vísu ekki aðstöðu til að víta hann með öðru en að segja þetta: Mér finnst að hv. þm. ætti að endurskoða afstöðu sína til Samkeppnisstofnunar og skoða hvað hún hefur verið að gera á undanförnum árum. Þá mun hann átta sig á því að þetta er afar mikilvæg stofnun sem ber að styðja og styrkja hér á Alþingi á allan hátt.

[15:59]

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Í skýrslu Samkeppnisstofnunar kemur fram að álagning hjá verslunarkeðjunum sé orðin meiri en áður, allt upp í 50%. Á hinn bóginn segir að álagning birgja, þ.e. framleiðenda og heildsala, hafi minnkað. Það kemur líka fram að þetta bitni sérstaklega á íslenskum framleiðendum. Þetta kemur fram í skýrslu Samkeppnisstofnunar. Þar er nefnt þrennt um kostnað birgja. Í fyrsta lagi segir í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Þannig hefur það vaxið að birgjar sjái um uppröðun á vörum í hillur matvöruverslana." — Nokkru síðar segir, með leyfi forseta: „Kostnaður við kæli- og frystiskápa hefur að einhverju leyti flust frá verslunum til birgja." — Enn fremur stendur í skýrslunni, með leyfi hæstv. forseta: „Að mati Samkeppnisstofnunar má draga þá ályktun að birgjar finni sig knúna til samstarfs sem felur í sér kostnaðarhlutdeild í kynningarstarfi matvöruverslana þar sem það þjóni ekki hagsmunum birgjanna í samskiptum við sterka kaupendur að hafna slíku samstarfi."

Mér er sagt að þetta fari fram með þeim hætti að þessar stóru keðjur birti auglýsingar og láti síðan birgjana greiða hlutfallslega fyrir auglýsingaverðið og ekki liggi fyrir annað en að stóru keðjurnar geti beinlínis hagnast af því að auglýsa í blöðum af því birgjarnir séu látnir greiða hærri fjárhæðir en nemur auglýsingakostnaði. Að minnsta kosti hafa birgjar engar upplýsingar um nema svo kunni að vera. Þetta er auðvitað mjög alvarlegt ástand og það er undarlegt, ef rétt er, að Samkeppnisstofnun hafi enn ekki gefið út reglur um viðskipti birgja og verslunarkeðja sem eru ráðandi á markaði, eftir þá skýrslu sem út kom þar sem miklar dylgjur eru hafðar uppi um að verslunarhættir séu óheilbrigðir. Það eru ummæli Samkeppnisstofnunar en ekki mín sem gefa það í skyn.

[16:02]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er rétt að í þeirri skýrslu sem Samkeppnisstofnun vann og birt var í apríl 2001, kemur fram að ekki er allt með felldu og það eru ýmis atriði sem Samkeppnisstofnun segir í skýrslunni að verði athuguð frekar. Síðan fer stofnunin í þá vinnu að rannsaka þá þætti sem voru ekki fullathugaðir þegar skýrslan er gefin út. Í þeirri vinnu kemur í ljós að ástandið hefur batnað mikið. Ég held að það sé nú góðs viti. Í framhaldi af því einnig, og reyndar hafði sú umræða komið upp áður, er ákveðið að fara út í þessar leiðbeiningar á markaðnum þar sem allir aðilar geti komið sér saman um leikreglur, vonandi, og þar með verði þetta umhverfi allt heilbrigðara og ásættanlegra.

Þær reglur sem við höfum talað um í þessari umræðu eru á næsta leyti. Ég er með grein eða frétt sem birtist í blöðum. Þar stendur og er haft eftir starfsmanni stofnunarinnar:

„En við erum einfaldlega að ramma inn í reglur viss atriði þannig að menn átti sig á því betur hversu langt má ganga með hliðsjón af ákvæðum samkeppnislaga."

Auðvitað eru samkeppnislögin grundvallaratriði í þessum efnum, en með reglunum sem væntanlega verða tilbúnar innan skamms, þá verður þetta umhverfi allt saman það niðurnjörvað hvað reglur og lög varðar að við skulum gera okkur vonir um að þá verði ekki viðhöfð slík vinnubrögð sem koma fram í skýrslunni og ég vissulega tek undir með hv. þm. að eru ekki neinum til sóma.

Lækkun á endurgreiðslu virðisaukaskatts.

Fsp. RG, 93. mál. — Þskj. 93.

[16:04]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. fjmrh. er um hvað líði sérstakri úttekt á áhrifum lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts úr 100% í 60% til byggjenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu manna á byggingarstað og til eigenda íbúðarhúsnæðis vegna viðhaldsvinnu. En þessa úttekt ákvað Alþingi á 126. löggjafarþingi.

Þetta er reyndar sama fyrirspurn og borin var fram fyrir nákvæmlega einu ári, 17. október 2001, til ráðherrans. Þá fékk sú sem hér stendur einstaklega knálegt svar hæstv. ráðherra um að úttekt væri hafin og þegar henni yrði lokið yrði skýrt frá niðurstöðunum. Ár er liðið og ég velti því fyrir mér hvort henni sé ekki enn lokið og hvort svo langan tíma taki að afla þessara upplýsinga, ekki síst þar sem mér fannst að fyrir lægju meginlínur í þessu máli þegar frv. Samfylkingarinnar var borið fram á sínum tíma. Það frv. var um að færa endurgreiðslurnar til fyrra horfs frá því áður en endurgreiðsluhlutfallið var lækkað úr 100% í 60%.

Á sínum tíma var slík vinna undanþegin söluskatti og við breytinguna yfir í virðisaukaskatt hefði hún sjálfkrafa orðið að fullu skattskyld ef undanþága hefði ekki komið til. Full skattskylda hefði haft í för með sér hækkun á byggingarkostnaði og byggingarvísitölu. Önnur ekki síðri ástæða endurgreiðslunnar má ætla að hafi verið að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi.

Frá því að lækkun endurgreiðslu tók gildi og þar til málið var flutt sem ég hef vísað hér til, hafði umsóknum stórfækkað og endurgreiðslufjárhæðir lækkað. Ég hef ekki upplýsingar um hvernig þessi mál hafa þróast síðar, undanfarin tvö ár. En þetta gaf til kynna að svört atvinnustarfsemi hefði aukist til muna og ætla má að með því að færa endurgreiðsluna til fyrra horfs muni það stuðla að betri skilum til skattyfirvalda og þar með auknum skatttekjum þó endurgreiðslubeiðnum fjölgi og greiðslur hækki.

Frumvarp Samfylkingarinnar um að færa endurgreiðsluna á ný í 100% fékk þá meðferð hjá efh.- og viðskn. að nefndin flutti tillögu um að fjmrh. gengist fyrir þessari sérstöku úttekt sem ég spyr hér um.

Virðulegi forseti. Ég hef mikinn áhuga á því að heyra hvað líður úttektinni og þá ekki síður hvaða hug hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde hefur til þess að endurskoða endurgreiðsluprósentuna og hvort hann muni skoða það að hækka hlutfallið.

[16:07]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. í upphafi fyrir að endurnýja fyrirspurn sína frá því í fyrra og minna okkur öll á þetta mál, því málið er þannig vaxið að þrátt fyrir yfirlýsingu mína um að ég mundi beita mér fyrir því að skýrslan yrði kynnt á Alþingi strax í fyrra eða á fyrra þingi þá fórst það fyrir og mér þykir það leitt. En hér er hún komin, skýrslan. Ég held á henni hér í höndunum og það stendur til að útbýta henni hér í dag eða á morgun. Leyndardómnum hefur því verið svipt af þessu máli og sú vinna sem beðið var um af hálfu þingsins varðandi þetta mál hefur verið innt af hendi í sérstökum starfshópi sem skilaði reyndar þessari skýrslu fyrir allnokkru síðan. En það fórst fyrir að búa hana þannig úr garði að henni væri útbýtt hér fyrir þinginu. Og það, eins og ég segi, þykir mér leitt.

En hér er svarað ýmsum spurningum varðandi þetta mál. Auðvitað eru hér alls kyns álitaefni sem ekki er hægt að meta til fulls á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir liggja, en við teljum að lækkun á endurgreiðslurnar hafi aukið tekjur ríkissjóðs eins og vonast var til. Það er ein af niðurstöðunum. Við teljum erfitt að segja til um það hvort svört atvinnustarfsemi hafi aukist á þessu sviði og þá hversu mikið. Við teljum að það liggi ekki alveg fyrir efni til að draga skýra ályktun um það atriði. Við teljum í þessari skýrslu ekki ástæðu til þess að hækka endurgreiðsluhlutfallið á nýjan leik. En hópurinn bendir á að það er auðvitað pólitísk ákvörðun en ekki verkefni hópsins að gera tillögu í því efni. Ég held að ég geti sagt fyrir sjálfan mig eftir að hafa lesið þessa skýrslu að það er ekkert í henni sem sérstaklega rökstyður að rétt sé að hækka hlutfallið að nýju.

Síðan vil ég benda á að í kjölfar skýrslu sem gerð var á virðisaukaskattskerfinu og framkvæmd þess fyrir u.þ.b. tveimur árum eða tveimur og hálfu ári, var gerð tillaga um bætt aðgengi fólks að þeim endurgreiðslum sem við erum hér að tala um. Þeim tillögum var hrundið í framkvæmd með lagabreytingum og breytingum á reglugerð til þess að stytta afgreiðslutíma manna vegna beiðna um endurgreiðslur virðisaukaskatts Það hefur því verið unnið í því að gera þetta kerfi liprara og auðveldara fyrir almenning að hagnýta sér það.

Þar með tel ég, herra forseti, að fyrirspurninni sé svarað.

[16:10]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er rétt að fagna því að þessi skýrsla er komin fram þótt seint sé. Vitanlega eiga menn eftir að skoða hana og velta fyrir sér niðurstöðum hennar.

Það sem mig langar til að komi fram í umræðunni hér er með hvaða hætti menn hafa metið hvort og hversu mikið undanskot frá skatti hafi aukist við þessa breytingu því það kemur mér mikið á óvart ef það hefur ekki gerst. Það mun svo sannarlega breyta niðurstöðunum ef það er eitthvað að ráði. Það er ekki mælikvarði, að mér finnst, í þessu efni þó eitthvað hafi aukist það sem ríkissjóður fær til sín á pappírunum frá því sem áður var heldur er það fyrst og fremst þetta sem skiptir þarna máli. Það veit ég einfaldlega að mjög oft er gerður einhvers konar samningur milli þeirra sem kaupa þjónustu og þeirra sem selja hana, þ.e. annar fær virðisaukaskattinn eða sem svarar honum og hinn hagnaðinn af því að það er ekki gefið upp til skatts sem unnið er.

[16:12]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þetta svar. Ég lýsi líka yfir ánægju minni með að skýrslan sé komin. Ég mun kynna mér hana mjög vel. Ég fullvissa hæstv. ráðherra um að ég hefði haldið þessu máli áfram vakandi ef skýrslan hefði enn átt eftir að líta dagsins ljós.

Ég tek undir það með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að mér finnst það skipta mjög miklu máli hvaða áhrif þetta mál hefur á svarta atvinnustarfsemi. Ég hef verið sannfærð um að rétt væri að hækka endurgreiðsluna. Þetta skiptir mjög miklu máli fyrir heimilin í landinu. Ég hef verið sannfærð um það, bara af þeim sögum sem ég hef fengið að heyra, að í skjóli þessarar breytingar hafi þróast talsverð breyting á þessu og það henti fólki ekkert sérstaklega að reyna að fara réttu leiðina af því að endurgreiðslan hefur lækkað svo mikið. Ég harma þess vegna að pólitísk ákvörðun ráðherrans sé að skoða þetta ekki og breyta ekki þessu máli.

Ég bendi á varðandi umfjöllun hans um að þessi breyting hafi haldið áfram að skila meiri fjármunum til ríkisins að það hlutu að koma áfram meiri fjármunir til ríkisins ef tekið er mið af því hvað mikið hefur verið byggt frá þeim tíma sem þessi breyting var gerð. Mikil aukning var á útlánum húsbréfakerfisins til nýbygginga og endurbóta öll árin þar til þessu máli var hreyft og ef eitthvert samhengi er í þessum málum þá hlýtur það að þýða auknar greiðslur til ríkissjóðs. Mér finnst það eitt og sér því ekki endilega benda til að rétt sé að halda sig við lægri prósentu eða réttlæta hana.

Ég mun að sjálfsögðu, herra forseti, skoða þessa skýrslu og bera fram nýjar fyrirspurnir ef ég tel svo þurfa.

[16:14]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil enn og aftur þakka þingmanninum fyrir að endurvekja þetta mál hér því hér urðu ákveðin mistök af minni hálfu í fyrra. En þau eru sem sagt leiðrétt á grundvelli og í kjölfar þessarar fyrirspurnar.

En út af því sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði hér og einnig hv. fyrirspyrjandi um svarta atvinnustarfsemi þá er það náttúrlega þannig, eðli málsins samkvæmt, og liggur í hlutarins eðli að ekki er hægt að sannreyna eða meta til fulls hvort slík starfsemi hefur minnkað eða aukist vegna þessarar breytingar.

Ég ætla að leyfa mér að lesa, með leyfi forseta, upp úr því sem segir um þetta atriði í skýrslunni:

„Af ýmsum ástæðum er erfitt að leggja mat á hvort svört atvinnustarfsemi hafi aukist á þessu sviði og þá hversu mikið. Leggja má fram rök sem leiða líkur að því að fækkun á endurgreiðslubeiðnum frá 1996 ... bendi til þess að svört atvinnustarfsemi hafi aukist á þessu sviði. Bent hefur verið á að endurgreiðsluheimildin hafi haft nokkuð að segja í baráttunni gegn svartri atvinnustarfsemi og að þau áhrif hafi eitthvað minnkað við lækkun endurgreiðsluhlutfallsins.

Aftur á móti bendir stöðug hækkun heildarendurgreiðslufjárhæða frá 1997 ekki til þess að svört atvinnustarfsemi hafi aukist frá 1997 vegna lækkaðs endurgreiðsluhlutfalls ...“

Hér er jafnframt vitnað í töflur og myndir sem fylgja skýrslunni.

Að öðru leyti liggur þetta vonandi frammi sem allra fyrst hér sem þingskjal, herra forseti.

Út af dagskrá voru tekin 11.–12. mál.

Fundi slitið kl. 16:16.

---

13. FUNDUR

fimmtudaginn 17. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, stjfrv., 183. mál, þskj. 184. — 1. umr.
2. Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., frv., 182. mál, þskj. 183. — 1. umr.
3. Neysluvatn, þáltill., 13. mál, þskj. 13. — Fyrri umr.
4. Óhreyfð skip í höfnum og skipsflök, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Fyrri umr.
5. Sveitarstjórnarlög, frv., 15. mál, þskj. 15. — 1. umr.
6. Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Fyrri umr.
7. Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, þáltill., 18. mál, þskj. 18. — Fyrri umr.
8. Hvalveiðar, frv., 20. mál, þskj. 20. — 1. umr.
9. Velferðarsamfélagið, þáltill., 22. mál, þskj. 22. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Jónas Hallgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.

[10:32]

Útbýting þingskjals:

Áhrif lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts, 203. mál, skýrsla fjmrh., þskj. 206.

Tilkynning um afturköllun þingmáls.

[10:32]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill tilkynna að 110. mál þingsins, fyrirspurn á þskj. 110, er kölluð aftur.

Tilkynning um dagskrá.

[10:33]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill láta þess getið að kl. 12.30 fer fram umræða utan dagskrár um stöðu löggæslumála frá Höfn til Keflavíkur. Málshefjandi er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. Hæstv. dómsmrh. verður til andsvara.

Þá vill forseti geta þess að umræða utan dagskrár, sem áformuð var kl. 1.30, um vændi, verður ekki vegna veikinda málshefjanda. Þess í stað verður umræða utan dagskrár á sama tíma, kl. 1.30, um afstöðu íslenskra stjórnvalda til mögulegra hernaðaraðgerða í Írak. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon en hæstv. forsrh. verður til andsvara.

Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., 1. umr.

Frv. meiri hluta samgn., 182. mál (gildistaka laganna). — Þskj. 183.

[10:34]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 73/2002, um breytingu á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl.

Frv. er frá meiri hluta samgn. og hljóðar 1. gr. svo, með leyfi forseta:

„28. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Og 2. gr.:

„Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Í frv. til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl. sem samþykkt var frá Alþingi samhliða frv. til laga um samgönguáætlun sl. vor var gert ráð fyrir að hafnaráð og flugráð sem skipuð voru samkvæmt þágildandi lagaákvæðum skyldu sitja út gildistíma núgildandi hafnaáætlunar og flugmálaáætlunar. Gildistími þessara áætlana er til 31. desember 2002. Þetta þýddi að breyttu hafnaráði og flugráði samkvæmt lögum nr. 73/2002, þar sem þátttaka fulltrúa atvinnulífsins er aukin, gefst hvorki tækifæri til að veita samgrh. umsögn um tillögu samgönguráðs að samgönguáætlun 2003–2014 né samgn. eftir að ráðherra hefur lagt tillöguna fyrir Alþingi.

Það er mat meiri hluta samgn. að eðlilegt sé og þarft að nýju hafnaráði og flugráði gefist kostur á að koma fram með ábendingar í tengslum við meðferð þingsins á samræmdri samgönguáætlun sem samkvæmt upplýsingum frá samgrn. verður lögð fram um miðjan nóvember nk.

Herra forseti. Nefndin gerir ekki ráð fyrir því að þessu máli verði vísað til nefndar.

[10:36]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Í þessu máli sem hv. formaður samgn. mælir hér fyrir, um að lögin sem tengdust samgönguáætlun sl. vor hvað snertir flugráð taki gildi nú þegar, er í sjálfu sér verið að leiðrétta viss mistök við lagasetninguna í vor þegar ekki var tekið tillit til þess að skipunartími flugráðs var þá u.þ.b. að renna út. Flugráð hefur því starfað í sumar án þess að eiga sér beina lagastoð.

Ég sit í minni hluta samgn. og sé ekki ástæðu til að hindra framgang þessa frv. sem meiri hlutinn leggur fram. Þessi gjörningur allur, bæði mistökin og leiðréttingin, er hins vegar á ábyrgð meiri hluta samgn. og þess vegna stend ég ekki að þessum tillöguflutningi en tel að öðru leyti eðlilegt að þetta mál fái eðlilegan framgang.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Neysluvatn, fyrri umr.

Þáltill. KF, 13. mál. — Þskj. 13.

[10:38]

Flm. (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um neysluvatn.

Í tillögunni er því beint til ríkisstjórnarinnar að

a. neysluvatn verði skilgreint sem auðlind í lögum,

b. málefni þess verði vistuð á einum stað í stjórnsýslunni og

c. stuðlað verði að útflutningi á fersku neysluvatni í samstarfi við vatnsútflutningsfyrirtæki og sveitarfélög.

Gert er ráð fyrir að eftirlit með gæðum vatns verði áfram á vegum Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.

Sú merka auðlind sem felst í fersku lindarvatni er ekki öllum ljós. Þó er vitað að við Íslendingar eigum yfir að ráða mun meira vatni en við þurfum sjálf á að halda þótt vatnsskorts geti gætt á einstaka stað á landinu. Samt er auðlindin munaðarlaus og hvergi vistuð í stjórnsýslunni þar sem engin ein stofnun fer með markvissa ráðgjöf eða heldur utan um málefni hennar. Mikilvægt er að umgangast þessa auðlind þannig að komandi kynslóðir eigi aðgang að fersku neysluvatni í framtíðinni því þrátt fyrir gnægð þess núna er ferskt vatn á Íslandi ekki ótakmörkuð auðlind. Núverandi heildarnotkun og vinnsla á neysluvatni er hvergi skráð og í stjórnsýslunni er hvergi haldið utan um þekkingu á auðlindinni á einum stað. Eðlilegt væri að mínu mati að fela t.d. Orkustofnun það verkefni.

Mestu skipta eftirtalin þrjú atriði:

1. Að auðlindin verði skilgreind sem slík og stjórn á meðferð hennar vistuð á einum stað í stjórnsýslunni.

2. Að eftirlit með gæðum neysluvatns og vernd vatnsbóla í heimabyggð sé áfram í þeim góðu höndum sem það hefur verið, þ.e. hjá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga og Hollustuvernd ríkisins sem verður Umhverfisstofnun þann 1. janúar 2003.

3. Að möguleikar séu á arðbærri nýtingu á neysluvatni umfram það sem þjóðin neytir sjálf.

Herra forseti. Um 70% af yfirborði jarðar eru vatn en af heildarvatnsforðanum á jörðinni er megnið, eða 97,4%, saltvatn. Ferskvatn nemur aðeins 2,5% af öllu vatni og neysluhæft vatn er eingöngu 0,27%. Vatn er því takmörkuð auðlind, sérstaklega þegar þess er gætt að aðgangur að neysluhæfu vatni er mjög misjafn eftir landsvæðum á jörðinni.

Neysluvatn er skilgreint sem matvæli á Íslandi og vatnsveitur sem matvælafyrirtæki. Vatn þarf að lúta ströngum gæðakröfum og um vatn gilda fjölmörg lög sem talin eru upp í greinargerð með þáltill. Vatnsveitulög eru til og heyra undir félmrn., hitaveitur og rafveitur undir iðnrn. og Hollustuvernd ríkisins (Umhverfisstofnun) undir umhvrn.

Í vatnalögum er gert ráð fyrir að atvinnumálaráðherra hafi yfirstjórn vatnamála á hendi. Þá er rétt að minnast á væntanlega Matvælastofnun en til stendur að hún muni heyra undir sjútvrn. Í auðlindanefndinni svokölluðu, sem skilaði skýrslu í september árið 2000, var fjallað um auðlindir sem eru eða kunna að verða þjóðareign, þ.e. nytjastofna á Íslandsmiðum, auðlindir á, í eða undir hafsbotni utan netalaga og náttúruauðlindir í þjóðlendum.

Í auðlindaskýrslunni kemur fram að eignarhald á náttúruauðlindum sé skilgeint í ýmsum lögum og sumar náttúruauðlindir á landi háðar einkaeignarrétti en aðrar eignarrétti ríkisins sem sérstaklega er kveðið á um í lögum. Með þessari skýrslu fylgdi reyndar sérálit Geirs Oddssonar umhverfisfræðings þar sem sagði að í raun mætti skilgreina alla náttúruna, þar með jarðveg, plöntur, dýr, andrúmsloft, sól og vatn, sem mögulega náttúruauðlind.

Herra forseti. Íslenskt vatn á gjöfulum linda- og grunnvatnssvæðum er hreint, gerla- og efnasnautt. Sýrustig vatns hér á landi er víða pH 8,5–9, t.d. í Reykjavík, en allvíða er það lægra þar sem vatnið kemur grynnra úr jörðu eða allt niður fyrir pH 7 sem þó er afar sjaldgæft. Nokkuð víða er sýrustigið á bilinu pH 7,5–8,5. Leyfileg mörk sýrustigs vatns hér á landi samkvæmt reglugerð nr. 536/2001 eru á mörkunum pH 6,5–9,5. Svolítið er misjafnt með hverju er mælt sem „æskilegu" sýrustigi vatns en neðri mörk eru oftast sett við pH 7 og efri mörk kannski við pH 8,5. Þá er einnig litið til þess hve „þurrt" vatn er, ef svo má kalla, en það veldur því að vatnið er síður óæskilegt, þrátt fyrir sýrustig á bilinu pH 8–8,5 eins og víða erlendis. Unnt er að lækka sýrustig vatns með því að bæta í það kolsýru. Slíkt telja margir að sé vænlegur kostur hér á landi, einkum þar sem við höfum yfir að ráða nýtanlegri náttúrulegri kolsýru.

Vatn á Íslandi kemur úr kísilríkum og tiltölulega kalksnauðum jarðvegi. Veldur það því að harka þess er mjög lítil og bragðið ekki eins rammt og víða er. Þess vegna helst bragð ýmissa blandefna í íslensku vatni vel, betur en í hörðu og kalkríku vatni. Jafnframt hefur íslenskt vatn komið vel út í bragðprófunum eitt og sér.

Annað er sérkennandi fyrir íslenskt grunnvatn og það er hve lítið er í því af nítrötum. Það mun einkum vera vegna gróðurleysis á hálendinu. Magn nítrats í íslensku vatni er 0,1–0,3 mg/l en Evrópustaðallinn er 25–40 mg/l. Í ýmsum iðnaðarlöndum kringum Norðursjó, svo sem í Danmörku, Þýskalandi, Bretlandi, Frakklandi og Niðurlöndum, er nítrat í vatni farið að nálgast hættumörk. Víða um lönd hefur miklu verið spillt af vatni, t.d. með áburði og skordýraeitri.

Víða um lönd er almennt vatn aðgreint frá drykkjarvatni og gerðar mismunandi kröfur um efnainnihald og gæði. Í mörgum löndum er klórbragð af vatni enda er það klórblandað, sums staðar eru eiturefni í því en það er víðast hvar gerlafrítt, einkum af því að það hefur verið meðhöndlað. Arsenik er náttúrulegt efni í jarðvegi víða.

Herra forseti. Í bæklingi frá Worldwatch Institute á Norðurlöndunum frá 1998 kemur í ljós, þegar borið er saman hversu vatnsrík hin ýmsu lönd eru í heiminum, að Ísland er ferskvatnsauðugasta land veraldar, með 666.667 rúmmetra á mann á ári. Við erum fámenn þjóð í stóru landi. Kongó hefur t.d. helming af þessu vatni, Kanada $^1/_6$, Noregur heldur minna en það. Brasilía hefur innan við 47 þús. rúmmetra, Bandaríkin tæpa 10 þús. rúmmetra, Japan 4.400 rúmmetra á mann á ári, og þannig má áfram telja.

Séu vatnssnauðustu ríkin tekin til samanburðar má nefna Jórdaníu, sem hefur 327 rúmmetra af vatni á mann á ári, Sádi-Arabíu 306, Singapúr 221, Möltu 85 rúmmetra, en þar er reyndar unnið vatn úr sjó sem kemur þá til viðbótar við þetta. Í Kúveit eru 75 rúmmetrar á mann á ári og lestina rekur Djíbútí með 23 rúmmetra af fersku vatni á íbúa á ári. Það er ljóst að vatnsskortur er orðinn verulegur í ýmsum stórborgum heims og má nefna sem dæmi Mexíkóborg og Rio de Janeiro.

Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun koma um 400.000 l/sek. af grunnvatni upp í byggð á vatnsgæfum lindarsvæðum en talið er að vatnsöflun í iðnaðarlöndunum, þar sem ekki er um slík vatnsgæf lindarsvæði að ræða, geti verið allt að tífalt dýrari en hér. Í grein eftir Freystein Sigurðsson jarðfræðing í ritinu AVS 1994 kemur fram að um 1 rúmmetri af hreinu grunnvatni á Íslandi kosti um 20 kr. hér á landi en jafnvel tífalt það er kostnaðurinn af vatni úr krana í Kaupmannahöfn. Vatn er selt út úr búð í útlöndum á 10–50 kr. hver lítri. Það má því segja að það magn af vatni sem við gætum með frekar auðveldum hætti nýtt og jafnvel selt til útlanda ætti að vera há tala fyrir okkar þjóðarbúskap.

Ef vel á að vera þarf að taka vatn við uppkomustað, t.d. undan hrauni nálægt sjó. Við Íslendingar nýtum nú um eitt prósent af vatnsmagni hér á landi. Ef við ykjum vatnstökuna, t.d. um eitt prósent í viðbót, er líklegt að það mundi ekki hafa teljandi áhrif á lífríki landsins, en það færi þó eftir því hvaðan vatnið væri tekið. Hugsa mætti sér að tekin yrðu 100 millj. tonna á ári eða jafnvel 150 millj. tonna. Þetta eru háar tölur ef maður hugsar um magn af innfluttu eldsneyti til samanburðar þ.e. 1 millj. tonna. Við seljum á ári eða flytjum úr landi nokkur hundruð þúsund tonn af fiski, þannig að þetta er gríðarlega mikið magn.

Ég tel, herra forseti, okkar möguleika helst liggja í drykkjarvatni. Hver maður er talinn neyta um tveggja lítra á dag og ef maður leikur sér að samanburðartölum, ef við tækjum 500 þús. lítra á sekúndu á dag af vatni þá eru það um 500 millj. lítra. Við gætum með því fullnægt þörfum allra íbúa Evrópusambandsins fyrir drykkjarvatn, þótt það standi ekkert endilega til því að flest þau lönd sjá sér þokkalega vel fyrir drykkjarvatni. En ég tek þennan samanburð til að draga stærðarhlutföllin fram í dagsljósið.

Samkeppni í vatnssölu í veröldinni er gríðarlega mikil. Víðast hvar reyna menn að nota vatn sem fæst í heimabyggð. Þannig verður hver eining ekki dýr vegna þess að flutningskostnaður verður þá svo lítill. En það er hár flutningskostnaður sem háir okkur mest við að koma vatni á markaði erlendis.

Nokkuð hefur verið gert af því að flytja vatn út frá Íslandi og var frumkvöðull í því Davíð Scheving Thorsteinsson. Síðastliðinn áratug hefur fyrirtækið Þórsbrunnur, sem Orkuveita Reykjavíkur veitti stuðning, selt vatn úr landi, einkum á Bandaríkjamarkað. Samkvæmt upplýsingum sem ég aflaði mér frá Orkuveitu Reykjavíkur var sú vatnssala lengst af í jafnvægi þótt tap hafi orðið á henni undanfarna mánuði. Nú hafa orðið breytingar á eignarhaldi á Þórsbrunni og menn fara sér hægt sem stendur. Þó hefur t.d. ekki verið kannað til hlítar hvort flytja megi og selja vatn með tankskipum til fjarlægari heimshluta eða hvort vatnsútflutningur geti orðið liður í þróunaraðstoð Íslendinga.

Í handbók um vistvernd í verki, sem gefin var út hér fyrir skömmu, kemur fram að flestir landsmenn, næstum því $^2/_3$ eru tengdir vatnsveitum sem vinna vatn úr borholum, um þriðjungur nýtir sér vatn úr uppsprettum og lindum, 3% úr brunnum og önnur 3% nota yfirborðsvatn. Eftir því sem vatnið er unnið úr efri jarðlögum er meiri hætta á mengun vatnsins. Vatnsveita Reykjavíkur tók til starfa 1909 og hún var eitt mesta mannvirki sem Íslendingar höfðu ráðist í frá landnámi.

Herra forseti. Ég ætla ekki að tíunda nánar efni þessarar greinargerðar en við vitum að innan 50 ára munu yfir 4 milljarðar manna búa í löndum sem geta ekki séð fyrir því sem Sameinuðu þjóðirnar mæla með af vatni, en það er a.m.k. 50 lítrar af vatni á dag til matseldar, þvotta og drykkjar. Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna telur að heiminn muni skorta ferskt vatn árið 2050 vegna fólksfjölgunar og að auðlindir veraldar séu nýttar meira nú en nokkru sinni fyrr í sögunni.

Herra forseti. Ég legg til að þessari tillögu verði vísað til iðnn. að lokinni umfjöllun hér. Henni var vísað til umhvn. eftir umfjöllun sl. vor og þar hefur fengist nokkuð af umsögnum en ég óska eftir því að henni verði vísað til iðnn.

[10:54]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um till. til þál. um neysluvatn. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Katrínu Fjeldsted fyrir að koma fram með þetta mál. Það fjallar um að Alþingi samþykki að beina því til ríkisstjórnarinnar:

1. að neysluvatn verði skilgreint sem auðlind í lögum,

2. að málefni þess verði vistuð á einum stað í stjórnsýslunni og

3. að stuðlað verði að útflutningi á fersku neysluvatni í samstarfi við vatnsútflutningsfyrirtæki og sveitarfélög.

Ég held að þessi tillaga sé allrar athygli verð og ég vil þakka hv. þm. fyrir að hafa unnið svo vel í hendurnar á hinu háa Alþingi upplýsingar um málið sem hér er fjallað um. Þessi þáltill. er mjög vel gerð og hefur verið lögð í hana mikil vinna.

Mig langar til að drepa á örfá atriði. Við Íslendingar áttum okkur kannski ekki á því, vegna þess að við höfum svo greiðan aðgang að neysluvatni, hversu mikilvæg auðlind þetta er. Ég er heils hugar sammála hv. þm. um að við verðum að velta þessu fyrir okkur og skoða á hvaða leið við erum. Vatnsnotkun okkar er mjög mikil. Ég vil nefna sem dæmi að t.d. iðnaðarhönnun í landinu, svo sem eins og í fiskvinnslu, byggir á gríðarlega mikilli vatnsnotkun vegna þess náttúrlega hve greiður aðgangur er að auðlindinni. Þetta er notað til flutninga eins og við vitum innan fiskvinnslufyrirtækja þar sem aðrar lausnir væru notaðar ef ekki væri svo greiður aðgangur að vatninu. Við þurfum stöðugt að hugsa um þessi mál á öllum vígstöðvum vegna þess að þó að vatnið sé í sjálfu sér aðgengilegt þá er kostnaðarsamt að leggja pípur og virkja þessar auðlindir. Umræða um þetta mál er því mjög mikilvæg að mínu mati.

Það er mikilvægur punktur sem hv. þm. Katrín Fjeldsted kemur inn á, þ.e. að vatnsskortur er fyrirsjáanlegur í heiminum. Við stöndum frammi fyrir því og síðast í fréttum í gær voru fréttir af átökum Ísraelsmanna og Líbana um aðgang að vatni á því landsvæði. Hér að mínu mati eigum við gríðarlega möguleika á að koma til liðs. Mér er sagt að í allra nánustu framtíð eigum við möguleika á því t.d. að fara í útflutning á iðnaðarvatni, þ.e. vatni sem er notað til landbúnaðar og iðnaðar í þeim löndum sem eru vatnslítil þannig að þær

vatnslindir sem eru til ráðstöfunar væru þá frekar notaðar til drykkjar fyrir fólkið í viðkomandi löndum.

Staðan er t.d. þannig í heiminum í dag, eftir Exxon Valdez slysið í Ameríku, að öllum tankskipum sem flytja olíu er gert að hafa gríðarlega ballest, sem sagt neðarlega í skipunum, þannig að þau eru ævinlega með fleiri milljónir lítra af sjó til að skapa ballest í skipunum. Þarna er gríðarlegur möguleiki inn á hafnir, t.d. stórhöfnina Rotterdam, sem þjónar Evrópu í ríkum mæli með olíu, að koma vatni á þá pósta til iðnaðarframleiðslu eða sem sagt það sem kallað er „iðnaðarvatn". Ég ítreka að það er ekki lakara en annað vatn en það er notað í iðnað og áveitur. Þetta eru hlutir sem þarf að skoða mjög alvarlega. Það háttar þannig til að þessi skip, þessi flutningsgeta, er einmitt inn á þau lönd sem standa hvað verst að vígi varðandi vatnsbúskap, eðli málsins samkvæmt. Þetta eru olíuframleiðsluríkin þar sem stórvöntun er á vatni.

Þarna getum við, jafnframt því að skapa útflutningsmöguleika í framtíðinni í ríkum mæli, stuðlað að friðvænlegri heimi. Að margra mati geta átökin um vatnsforðann, sérstaklega á þeim svæðum þar sem olíuframleiðslan er mest, leitt til ófriðar. Ég held að við verðum að velta þessu mjög alvarlega fyrir okkur. Það væri kannski betra að bisnessmenn okkar, íslenskir viðskiptamenn, væru uppteknari af því að kortleggja þessa möguleika en að reyna að komast yfir í einkavæðingarferlið með kaupum á því sem sett er á sölutorg innan lands. Þarna er um milljarða- og tugmilljarðamöguleika að ræða og ég er sannfærður um að þetta verður ein af okkar styrkustu stoðum þegar til framtíðar er litið. Möguleikarnir eru gríðarlegir. Það hafa opnast möguleikar vegna breyttra aðstæðna, m.a. vegna breyttra krafna um flutning á olíu um heimshöfin. Það hafa komið upp möguleikar út af ballest í skipum sem gera þetta miklu fýsilegra núna en það var fyrir nokkrum missirum.

Ég styð þessa tillögu, virðulegi forseti, heils hugar og þakka hv. þm. Katrínu Fjeldsted fyrir að koma fram með frv. Ég býst þó við að fjallað verði um það í nefnd hvar eigi að vista þetta mál. Það getur verið að það komi upp t.d. að málið eigi að vistast annars staðar en hjá Orkustofnun. Ég veit það ekki. Ég varpa því svona fram. Ég held að það þurfi að skoða í meðförum nefndarinnar. Málið í heild sinni er hið besta mál og tími til kominn að velta því sér á þann hátt sem hv. þm. Katrín Fjeldsted leggur til.

[11:01]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins blanda mér í umræðuna til að taka undir mikilvægi þessarar þáltill. Ég tel einsýnt að vatn verði skilgreint sem auðlind. Við Íslendingar erum vanir því að vatn sé drykkjarhæft nánast hvar sem við förum um landið. Ferðamaður getur svalað þorsta sínum nánast í hvaða læk eða lind sem hann kemur að hvar sem er á landinu. Þannig er ekki víða í heiminum.

Víða erlendis er vatn á svipuðu verði og ódýrustu gosdrykkir sem segir nokkuð um verðmæti vatnsins. Það fer eftir því hvar maður er staddur í heiminum hvernig það er verðlagt. Mér er það minnisstætt að á þingi Alþjóðaþingmannasambandsins í Kóreu fyrir nokkrum árum heyrði ég fyrst mjög alvarlega umræðu um þessi mál og það voru Sádi-Arabar sem vöktu athygli á því hversu óhugnanleg staða væri fram undan í heiminum. Þeir lýstu stöðunni þannig að stríðsátök vegna vatnsskorts gætu verið fram undan og væru í sumum tilvikum hafin. Þegar þessi orð voru flutt hafði ég ekki gert mér grein fyrir því að málin gætu verið þannig að þegar væri komið til stríðsátaka vegna vatns.

Herra forseti. Í mínum huga er vatn auðlind. Ég tel að það sé aðeins spurning um tíma hvenær við Íslendingar hefjum útflutning vatns í alvöru. Það hefur verið reynt og kom fram í máli hv. þm. Katrínar Fjeldsted að margir aðilar hafa reynt fyrir sér, en það er kannski ekki von að vel til takist því að það eru mjög stórir aðilar sem er við að keppa jafnvel þó að við séum með mjög gott vatn sem er nánast hægt að pakka í umbúðir ómeðhöndlað.

Ég tel að það komi mjög til greina að skoða þá möguleika að fara í vöruskipti á vatni og olíu. Ég tel að það sé mögulegur kostur einmitt með vísan til þeirra þjóða sem ég nefndi áðan, Sádi-Araba, og þetta ætti að geta orðið okkur mjög hagstæður kostur ef vel tekst til. Ég hugsa að menn hafi ekki enn þá skoðað nægilega vel hvaða möguleikar gefast með nýtingu risatankskipa sem til eru í heiminum og þau gætu komið inn í slíka mynd innan skamms tíma. Vatn ætti að geta orðið veruleg undirstaða tekna Íslendinga vegna útflutnings innan fárra ára.

Eins og ég sagði í upphafi, virðulegi forseti, stend ég upp til þess að taka undir og hvetja til afgreiðslu á þessari þáltill. þar sem ég tel hvað mikilvægast að neysluvatn verði í raun skilgreint sem auðlind í lögum. Það er það mikilvægasta. Hvar umsýslunni verði fundinn staður í stjórnsýslunni skiptir ekki mjög miklu máli í mínum huga en það skiptir auðvitað máli. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því eins og ég nefndi að íslenska vatnið er auðlind sem við eigum að virða rétt eins og loftið í kringum okkur og aðrar auðlindir sem í kringum okkur eru.

Herra forseti. Ég styð þessa tillögu einlæglega og vona að hún fái framgang.

[11:06]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi till. til þál. um neysluvatn sem hv. flm. Katrín Fjeldsted hefur mælt fyrir er að mínu viti hið besta og mikilvægasta mál. Í upphafsorðum tillögunnar segir, með leyfi forseta:

„Alþingi samþykkir að beina því til ríkisstjórnarinnar að a. neysluvatn verði skilgreint sem auðlind í lögum."

Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur. Það að eiga gott og ríkulegt neysluvatn er ekki endilega sjálfgefið. Við finnum það ef við förum um lönd erlendis að þá er það alls ekki svo. Því er ekki sjálfgefið að þetta geti varað, ekki heldur hér á landi. Tillagan miðar að því að neysluvatn verði skilgreint sem auðlind sem snýr ekki bara að skilgreiningu heldur líka að verndun þess, þ.e. þegar við erum með aðgerðir í einu eða öðru formi sem geta haft áhrif á gæði, stöðu og varanleika neysluvatnsins, þá ber okkur að sýna formlega og skipulega varúð. Ég hygg að það sé nú svo að við göngum hér á landi nokkuð ógætilega um vatnið okkar.

Tillagan er einmitt til þess að skerpa á því að þetta sé auðlind sem okkur beri að vernda og varðveita og nýta til komandi kynslóða eins og segir í grg. með tillögunni. Þetta er ekki aðeins auðlind fyrir okkur heldur líka auðlind á heimsvísu. Við erum hér verndarar, varðveisluaðilar mestu auðlindar heims sem er ferskt vatn. Það er því fyllilega tímabært að það njóti þeirrar skilgreiningar og þeirrar stöðu í lögum. Það er síðan annað mál að hve miklu leyti og hvenær við getum hafið útflutning á þeirri auðlind okkar á sjálfbæran hátt, útflutning til annarra landa. Ég er viss um að það er aðeins spursmál um tíma, um tækni og um markaðssetningu,

ekki hvort heldur hvenær. Ég tel því mikilvægt, herra forseti, að Alþingi líti ekki aðeins á mikilvægi þessa máls sem auðlindar heldur horfi líka til þess hvernig nýta mætti þá auðlind til þess að efla útflutning og atvinnulíf hér á landi.

Það væri fyllilega athugandi að Alþingi beitti sér hreinlega formlega fyrir því að fram færi úttekt á útflutningsmöguleikum á vatni. Við eigum að vísu þar nokkra sögu að baki en allt hefur þetta verið bundið þeim þrepum og þröskuldum sem frumkvöðlar verða fyrir þegar verið er að hefja nýjan rekstur og kannski ekki heldur þá ratað á þær réttu markaðsleiðir sem leitt hefðu til árangurs. Við megum ekki láta þar deigan síga. Við eigum að sækja fram. Þetta er ein mesta auðlind okkar og þess vegna væri alveg athugandi að ríkissjóður kæmi beint eða óbeint að því að veita fjármagn bæði til rannsókna og markaðsathugana og ef það leiddi til jákvæðs árangurs, að koma slíkum atvinnurekstri á legg.

Við erum að gera annað eins varðandi virkjanir og ýmsar aðrar atvinnugreinar, ríkið leggur fram stórfé bæði í formi beinna fjárframlaga og ríkisábyrgða og þess vegna er fullkomlega eðlilegt að einnig væri komið að því að kanna og standa að möguleikum um uppbyggingu atvinnulífs sem byggir á okkar hreina vatni.

Ég tel, virðulegi forseti, að ef þessi tillaga fer til iðnn., sem mér finnst vera skiljanlegt af vissum ástæðum, henni var vísað til umhvn. á sl. ári og á vegum umhvn. komu umsagnir frá þeirri hlið um málið, en þegar farið er að líta á þetta sem atvinnumál jafnframt, þá er eðlilegt að iðnn. fái málið til umfjöllunar hvað það varðar án þess þó að verið sé að binda það að vistunin sem auðlind verði á sviði Orkustofnunar. Mér finnst að þess vegna mætti hugsa sér að stofnanir á vegum umhvrn. tækju á málinu, auðlindinni sem slíkri. En þetta er ekki aðalmálið heldur að finna málinu hraðan, öruggan og góðan framgang. Ég vil ítreka það að hv. flm. Katrín Fjeldsted sem leggur tillöguna fram hefur unnið hana afskaplega vel og greinilega og þar kemur skýrt fram sá vilji sem flutningsmaður leggur til við þingið, að neysluvatn verði skilgreint sem auðlind í lögum og það er grundvallaratriði.

[11:12]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir með þeim þingmönnum sem hafa talað að hér er afar athyglisverð tillaga á ferðinni og vel unnin. Það er mikill fróðleikur í greinargerðinni eins og hér hefur verið drepið á og ég held þegar á heildina er litið sé hér um mjög þarfa tillögu að ræða sem fjallar um skynsamlega auðlindanýtingu. Og skynsamleg auðlindanýting er einmitt eitt af því sem mest var talað um á nýafstöðnu heimsþingi Sameinuðu þjóðanna í Jóhannesarborg. Þar var fjallar um það hvernig maðurinn hefur farið með auðlindir jarðarinnar, hvernig hann hefur sóað þeim og hvernig hann hefur í raun og veru níðst á þeim en jafnframt brýnt fyrir þjóðum heims hversu mikilvægt er að endurnýja kunningsskapinn og umgengnina við auðlindir veraldarinnar og vatn er svo sannarlega ein af mikilvægustu auðlindunum sem mannkynið þarf á að halda.

Eins og kemur fram í grg. tillögunnar er það skilgreint sem mannréttindi í sáttmálum Sameinuðu þjóðanna að eiga aðgang að vatni og einn þáttur þessa máls sem kemur mjög upp í hugann þegar ég lít yfir þetta svið, er einmitt staðan í þróunarlöndunum. Í grg. kemur fram að árið 2050 muni 4,2 milljarðar manna búa í löndum sem ekki geta séð fyrir því sem Sameinuðu þjóðirnar mæla með af vatni en það eru a.m.k. 50 lítrar af vatni á dag til matseldar, þvotta og drykkjar.

Mjög mikilvægt er þegar þetta mál er skoðað í heild sinni að líta til þróunarlandanna sérstaklega því að alveg eins og það væri gott og gilt og örugglega mjög arðbær og göfugur atvinnuvegur að flytja út vatn til þeirra landa í veröldinni sem geta keypt af okkur vatn, þá er það ekki síður göfugt að skoða þá möguleika að flytja vatn til þróunarlandanna í formi þróunaraðstoðar frá Íslandi til þróunarríkjanna. Hv. þm. Katrín Fjeldsted getur þessa í grg. með tillögunni en þar segir, með leyfi forseta:

„Ekki hefur verið kannað til hlítar hvort t.d. megi flytja og selja vatn með tankskipum til fjarlægari heimshluta eða hvort vatnsútflutningur gæti orðið liður í þróunaraðstoð Íslendinga."

Ég tel mjög mikilvægt, herra forseti, að vekja sérstaka athygli á þessum þætti málsins hér. Ég hefði jafnvel viljað sjá setningu af þessu tagi inni í hinum eiginlega tillögutexta því að ég tel að Íslendingar þurfi að taka aldeils vel í hnakkadrambið á sjálfum sér varðandi þróunaraðstoðina en eins og menn vita greiða Íslendingar miklu minna til þróunarhjálpar en þeir hafa þó sett sér sjálfir að markmiði. Íslendingar hafa samþykkt að greiða 0,7% af þjóðarframleiðslu sinni til þróunarhjálpar en þeir eru með 0,1% í þróunarhjálp eins og málin standa núna. Það virðist ekki hreyfast neitt og hefur ekki hækkað á síðustu árum. Hér gæti verið tækifæri fyrir okkur til þess að rétta þennan kúrs til muna þannig að ég tel mikilvægt að iðnn. eða hvaða nefnd sem fjallar um málið — ég tel í sjálfu sér vel til fundið af hv. flm. að leggja til að hv. iðnn. fjalli um það — fari sérstaklega ofan í þennan þátt tillögunnar og skoði þá mögulega hinn eiginlega tillögutexta með það fyrir augum hvort ekki væri hægt að setja hér upp eitthvert fyrirheit varðandi þróunarhjálpina.

Þá vil ég geta þess, herra forseti, að atvinnuvegur af því tagi sem hér gæti skapast fellur afar vel að hugmynd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hvað varðar sjálfbæra atvinnustefnu. Í mínum huga er þetta mun skynsamlegri nýting á náttúrulegum auðlindum en sala á raforku frá fallvötnunum okkar á útsöluprís til erlendrar stóriðju.

Enn eitt atriði langar mig að nefna, herra forseti, og það er sá þáttur í greinargerð tillögunnar þar sem fjallað er um meðferð okkar á þessari auðlind. Hv. þm. getur um innlendan vatnsskatt og gerir grein fyrir því að ekki sé greitt fyrir magn heldur eingöngu eftir rúmmáli húss. Enginn hvati er því í kerfinu til að spara vatn. Þetta tel ég líka að sé eitt af grundvallaratriðunum í tillögunni og ég held að umræðan megi einmitt gjarnan snúast um þennan hvata því að við Íslendingar sem höfum átt nóg af rennandi vatni í krönunum, í okkar minni í öllu falli, höfum haft tilhneigingu til þess að sóa þessari gífurlega dýrmætu auðlind. Ég held að það væri vel þess virði að við tækjum okkur tak í þeim efnum og færum að hugsa af meiri virðingu um þessa auðlind okkar. Alveg eins og við höfum sagt að þörf væri fyrir orkusparnaðarátak hér á landi er ekki síður þörf fyrir sparnað í vatnsnotkun. Það er bara mergurinn málsins að til þess að við gerum okkur grein fyrir dýrmæti auðlindanna okkar skiptir okkur máli að skoða neysluvenjur okkar. Neysluvenjur Íslendinga í þessu tilliti hafa litast af græðgi. Við höfum litið á vatnið okkar sem sjálfsagðan hlut en þegar okkur er stillt upp við vegg og við látin skoða málið út frá þeim sjónarmiðum og þeim atriðum sem hv. þm. Katrín Fjeldsted veltir hér upp í sinni góðu greinargerð förum við að hugsa um þetta á örlítið

annan hátt. Ég tek heils hugar undir þá hvatningu sem hér má finna varðandi það að við setjum okkur einhvers konar vatnssparnaðarmarkmið, og ég tel það afar mikilvægt.

Eins og getið hefur verið um í ræðum þingmanna er vatn auðlind sem getur verið dýrmæt á svo mörgum sviðum. Ég tel að sú nefnd sem fær málið til umfjöllunar þurfi að skoða það á mjög breiðum grunni til þess að það geti fengið þá afgreiðslu sem það á sannarlega skilið.

[11:20]

Ásta Möller:

Herra forseti. Ég kem upp í stólinn til þess að lýsa yfir stuðningi við þá till. til þál. um neysluvatn sem hér er til umfjöllunar. Flm. tillögunnar er Katrín Fjeldsted, þingmaður Reykv. Ég vil segja að þessi tillaga lýsir sömu framsýni og mörg önnur mál sem þingmaðurinn stendur fyrir.

Við gerum okkur grein fyrir því að vatnið er auðlind, auðlind framtíðarinnar. Það var sagt áðan að stríð framtíðarinnar verði í kringum vatn, stríð nútímans er í kringum olíu. Þessi hugmynd er ekki fráleit vegna þess að við höfum einmitt rætt um að orkugjafi framtíðarinnar verði vetni, og vetni er unnið úr vatni. Það sem mér finnst þessi tillaga gera sérstaklega er að draga fram mikilvægi vatnsins og skapa umræður í samfélaginu um hvað vatnið er okkur dýrmætt.

Við höfum í áranna rás tekið vatninu sem allt of sjálfsögðum hlut. Í þáltill. kemur fram að notkun hvers einstaklings á dag er um 200 lítrar sem er mjög mikið. Í samanburði við t.d. Dani notum við helmingi meira vatn hér á landi en þessir nágrannar okkar, eins og kemur fram í greinargerðinni.

Það er líka mjög sláandi að bera saman umgengni okkar við vatnið annars vegar og umgengni fólks í þróunarlöndunum við vatn. Hér á landi getum við skrúfað frá og látið vatnið renna þangað til það er kalt sem kallar á ákveðna sóun meðan í sumum löndum, t.d. í Afríku, fer meginhluti dagsins hjá börnum og konum í að sækja vatn til neyslu. Við getum ímyndað okkar hvað vatnið er verðmætt í þeim löndum sem byggist einmitt á þessum skorti.

Tilraunir til útflutnings hafa verið gerðar hér á landi með vatn, og ekki með góðum árangri. Þær hafa yfirleitt mistekist og það væri þess virði að skoða hvers vegna það hefur gerst. En við höfum núna á síðustu árum séð að neysla á vatni hér á landi hefur aukist. Fólk kaupir vatn í flöskum. Þessi vatnsneysla hefur aukist verulega og fólk virðist vera tilbúið til þess að eyða miklum peningum í að kaupa vatn sem annars rennur nánast ókeypis úr krananum. Ef við berum t.d. verðið á vatnslítra í búðum saman við verð á bensíni á bensínstöðvum virðist vera hægt að selja kolsýrt vatn fyrir nánast helmingi hærra lítraverð en bensínið. Það segir okkur þá í krónum talið hvað við erum með verðmætt efni í höndunum.

Það kemur fram í greinargerðinni að neysla okkar á dag er um 200 lítrar sem þýðir 73 þús. lítrar á einstakling á ári hverju. Ef við leikum okkur að því að umreikna þetta og segjum að við notum 200 lítra á dag á 100 kr. lítrann sem væri búðarverðið — það er náttúrlega óraunhæft — erum við í rauninni að neyta vatns fyrir um það bil þá 20 þús. á dag. Við borgum núna á ári á mann 10–15 þús. kr. Það er alveg ljóst að við þurfum aðeins að taka til í okkar ranni varðandi viðhorf okkar til þessarar auðlindar. Þetta er auðlind á sama hátt og auðlindir annarra þjóða eru gull, járn, olía o.s.frv. Okkur ber að virða þessa auðlind á sama hátt og aðrir virða sínar auðlindir. En það þýðir hins vegar ekki að þó að við nýtum hana með þessum hætti útiloki það aðra nýtingu varðandi virkjanir, eins og kom hérna fram hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Ég vildi sem sagt með þessum örfáu orðum lýsa stuðningi við þá hugmynd sem liggur að baki þáltill. um neysluvatn. Ég mun styðja hana.

[11:25]

Flm. (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Mig langar að þakka frábærar undirtektir við þessa þáltill. sem stendur hjarta mínu mjög nálægt. Þær myndir sem dregnar hafa verið upp af veröldinni þar sem dagur getur farið í að sækja vatn í vissum hluta veraldarinnar rifja upp fyrir mér sögu sem ég las einhvern tíma um mann sem ferðaðist í heitu landi þar sem lítið var um vatn. Þar lærðu menn að fara í sturtu úr einum bolla af vatni. Með því að sápa sig á ákveðinn hátt og halda bollanum á réttum stað tókst að láta vatnið renna nákvæmlega niður og skola sápuna af. Það er sem sagt hægt að fara í sturtu úr einum bolla af vatni. Reynum við Íslendingar að gera slíkt.

Að leggjast niður á lækjarbakka og teyga ferskt lindarvatn er unaðslegt og okkur finnst það sjálfsagt en það er svo sjaldgæft í heiminum. Það liggur við að það sé varla til. Þetta eru okkar forréttindi. Þess vegna finnst mér rétt að við lítum á vatnið sem auðlind, að við virðum hana og reynum að nýta hana bæði sem auðlind og atvinnumöguleika í okkar landi. Þetta er hráefni sem við eigum. Og sömuleiðis tel ég að við eigum að nýta hana öðrum til hjálpar, kannski á sviði þróunaraðstoðar. Það eru svo margar hliðar á þessari auðlind sem þarf að fara ofan í saumana á og vista hana þess vegna á einhverjum ákveðnum stað í stjórnsýslunni. Hvort það er Orkustofnun eða Umhverfisstofnun eða einhver slíkur aðili geri ég ekki að aðalatriði heldur að hún sé skilgreind sem auðlind í lögum.

Það þarf að fara fram úttekt á útflutningsmöguleikum á vatni, ég er sammála því. Við eigum þarna möguleika á skynsamlegri auðlindanýtingu innan þeirra marka sem lífríkið heimilar. Við getum skapað atvinnu hér heima. Þetta er hráefni sem við eigum til og erum ekki háð öðrum með þannig að hliðarnar eru ótal margar.

Ég vil að lokum ítreka það sem ég óskaði eftir áðan, herra forseti, að að lokinni umfjöllun verði tillögunni vísað til hv. iðnn. þingsins og við fáum hana síðan aftur fyrir lok þings, vonandi til endanlegrar afgreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, 1. umr.

Stjfrv., 183. mál (tryggingatími). — Þskj. 184.

[11:28]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sem er 183. mál þingsins á þskj. 184.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frv. er það lagt fram vegna athugasemdar Eftirlitsstofnunar EFTA við innleiðingu tilskipunar 97/9/EB, um tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Í 6. gr. tilskipunarinnar segir að skuldbindingar skuli njóta tryggingaverndar þar til starfsleyfi viðkomandi fjármálafyrirtækis er afturkallað. Í 8. gr. laga nr. 98/1999 segir hins

vegar að skuldbindingar, sem stofnað er til áður en frestur fjármálafyrirtækis til að uppfylla skyldur sínar rennur út, skuli njóta tryggingaverndar. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til njóta viðskiptavinir aðildarfyrirtækja Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta tryggingaverndar þangað til starfsleyfi viðkomandi fjármálafyrirtækis er afturkallað í samræmi við tilskipun nr. 97/9/EB, um tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Óhreyfð skip í höfnum og skipsflök, fyrri umr.

Þáltill. KF o.fl., 14. mál. — Þskj. 14.

[11:30]

Flm. (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um úttekt á óhreyfðum skipum í höfnum og skipsflökum og kostnaði við hreinsun.

Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Ásta Möller, Gunnar Birgisson, Kristján Pálsson, Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Hallvarðsson og Einar Oddur Kristjánsson.

Í tillögunni segir:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta kanna fjölda óhreyfðra og úreltra skipa í höfnum landsins, svo og fjölda strandaðra skipa og skipsflaka nálægt landi. Kannað verði hvort unnt sé að nýta þessi skip á einhvern hátt en ella hvað það kosti að flytja þau burt og farga þeim og jafnframt hvort það borgi sig að endurvinna brotamálm, timbur og plast úr skipsskrokkunum."

Herra forseti. Umhverfis landið, jafnt í höfnum sem annars staðar, er að finna óhreyfð skip, úrelt, ónýt og jafnvel án eigenda. Þar sem eigendur eru fyrir hendi er oft enginn vilji til að fjarlægja úr sér gengna skipsskrokka sökum þess hve kostnaðarsamt það er talið vera.

Á síðustu árum hefur verið lögð vaxandi áhersla á það, bæði hér heima og erlendis, að endurnýta og endurvinna og draga þar með úr sóun. Starf á vegum Sorpu bs. hefur verið þungt á metunum og skipt sköpum hvað endurvinnslu varðar hér á landi.

Á árinu 2000 voru tæp 36 þús. tonn af brotajárni og málmúrgangi flutt úr landi. Sama ár var skilað 10.000 tonnum af timbri til endurvinnslu í Sorpu og þar var einnig tekið á móti 60 tonnum af drykkjarfernum og 5.500 tonnum af dagblöðum. Endurvinnslan hf. tók á móti 3.300 tonnum af gleri, 1.400 tonnum af plasti og 500 tonnum af málmi, aðallega áli.

Ætlunin er að koma á skilagjaldi á bifreiðar. Það mun gjörbreyta margra ára ófremdarástandi því að bílhræ hafa víða verið skilin eftir í reiðileysi um landið. Þó hefur hreinsun á bílflökum um allt land skilað þó nokkrum árangri. Erfiðleikar hafa hins vegar skapast á mörgum stöðum á landinu hvað skipsskrokka varðar. Þannig hafa safnast saman úr sér gengin og ónýt skip í höfnum sums staðar á landinu. Þar geta legið talsverð verðmæti í málmi, timbri og plasti. Þá er skipsflök einnig að finna utan hafna auk þess sem skip hafa strandað eða sokkið nálægt landi. Ekki hefur verið lagt mat á hvert verðmæti í þessum skipum og bátum kynni að vera, en kostnaður við að flytja efnið í móttökustöð til endurvinnslu hefur vaxið mönnum í augum og orðið til að engin úrlausn hefur fundist. Þannig er um óleyst umhverfisvandamál að ræða.

Samkvæmt upplýsingum hafnarstjórans í Reykjavík eru engin ónýt skip í Reykjavíkurhöfn. En þar eru nokkur verkefnalaus skip sem þó er vel við haldið.

Umhverfisnefnd Hafnasambands sveitarfélaga gekkst fyrir könnun á langlegu- og reiðileysisskipum í höfnum á Íslandi í desembermánuði árið 2000 og kom í ljós að slík skip voru á þeim tíma um 161 talsins, brúttóþyngd þeirra alls 37 þús. tonn. Þar voru m.a. 14 skuttogarar, 88 fiskibátar og 38 trillur. Í Hafnarfjarðarhöfn voru þá 17 skip, í Vestmannaeyjahöfn tíu skip og á Höfn í Hornafirði þrjú skip, svo að dæmi séu nefnd frá desembermánuði árið 2000. Á Mjóafirði var þá einn skuttogari og á Reyðarfirði annar. Í Grindavíkurhöfn voru sjö skip, sex fiskibátar og ein trilla. Í Ísafjarðarhöfn voru sjö skip, þar af fimm fiskibátar, og á Siglufirði fimm skip, tveir skuttogarar og þrír fiskibátar.

Herra forseti. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, sbr. 3. tölul. 3. gr. sömu laga, er bannað að sökkva skipum í sjó og er það í samræmi við alþjóðlega samninga, sem kallast OSPAR, þótt í þeim sé gert ráð fyrir að bannið taki gildi á alþjóðavísu í ársbyrjun 2005, þ.e. fram að þeim tíma má veita undanþágu til að sökkva skipum í sjó.

Tillagan sem ég mæli hér fyrir gerir ráð fyrir að metið verði umfang þessa umhverfisvandamáls nú, einkum með tilliti til þess hve kostnaðarsamt yrði að leysa það. Í kjölfarið þyrfti ríkisstjórnin, í samvinnu við hafnarstjórnir og sveitarfélög og einstaklinga sem e.t.v. vildu nýta þessa skipsskrokka, að ákveða til hvaða aðgerða sé rétt að grípa.

Herra forseti. Tillaga þessi er nú endurflutt frá síðasta þingi. Hún hlaut þá ekki afgreiðslu en ég vona að henni reiði betur af í þetta sinn.

[11:36]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Katrínu Fjeldsted fyrir að vekja athygli á þessu máli. Ég er meðflutningsmaður hennar að þessari tillögu í annað sinn. Ég álít fulla þörf á yfirliti yfir það hvernig búið er að skipum sem ekki eru lengur notuð og safnast upp í höfnum landsins af ýmsum ástæðum. Að sjálfsögðu koma alltaf upp einhver álitamál um hvernig eigi að farga skipum reynist það nauðsynlegt.

Samkvæmt OSPAR-samningnum, eins og hv. þm. réttilega nefndi, eru ákvæði um að enn sé leyfilegt að sökkva skipum samkvæmt ákveðnum reglum eftir að þau hafa verið hreinsuð af öllum spilliefnum og öðru. Ég held samt að við höfum ekki sótt um undanþágu frá þessum samningi. Ég er ekki viss um að við getum sökkt skipum öðruvísi en að fá sérstakt leyfi til þess eins og staðan er í dag.

Víða um heiminn er það svo, ég þekki alla vega staði, að á ákveðnum svæðum í hafinu hafa menn ákveðið að sökkva megi skipum. Þar hafa skapast athyglisverðar, fyrst og fremst fyrir atvinnukafara og jafnvel fólk sem er að æfa sig við köfun og vill öðlast þjálfun, þ.e. að fá að vera innan um þessi skip, æfa sig inni í þeim og aðgerðir sem lúta t.d. að björgun úr skipum og öðru slíku. Þetta hefur dregið að fólk sem hefur áhuga á þessum málum. Ýmsir eru þeirrar skoðunar að skip á sjávarbotni skapi skjól fyrir fiska og botndýr þannig að flökin geti í raun auðgað og hjálpað lífríkinu í hafinu.

Auðvitað er þó ekki hægt að gera svona hluti nema undir mjög góðu eftirliti og samkvæmt ákveðnu skipulagi. Það

verður aldrei svo að hægt sé að sökkva öllum skipum og verður heldur ekki leyfilegt. Það verður að finna aðra leið. Ég held að það sem hér er lagt til sé mjög þarft og þess vegna mæli ég eindregið með því að þetta mál verði rætt þannig í hv. umhvn. að menn nái einhverri niðurstöðu í því.

Ég er hins vegar líka á tillögu þar sem gert er ráð fyrir að heimilt sé að sökkva skipum. Ég tel að þetta geti vel farið saman og þá fyrst og fremst með þeim formerkjum að skipin séu hreinsuð af öllum þeim efnum sem ekki mega vera í hafinu eða geta spillt umhverfi þess. Þetta verður allt að fara saman.

[11:40]

Flm. (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristjáni Pálssyni fyrir að taka vel í þessa tilögu sem hann flytur reyndar með mér. Oft þarf maður að horfa á hið stóra í samhengi við hið smáa. Við hvetjum til þess að fólk flokki sorpið sitt og setji mjólkurfernurnar frekar í endurvinnslu en að henda þeim í ruslið og láta tæta þær niður og urða þær. Á sama hátt, ef við getum nýtt efnið sem er í skipum sem ekki nýtast lengur til að sækja sjóinn, finnst mér að við eigum að reyna að gera það. Þess vegna er eðlilegt að stjórnvöld hafi þá umhverfisstefnu að reyna að nýta sem mest af því hráefni sem liggur í skipsskrokkum.

Ég tel það algjört neyðarúrræði að sökkva skipum. Þó að menn hafi að vísu haldið því fram að þau gætu skapað einhvers konar uppvaxtarskilyrði fyrir fiska og botndýr þá eru hin náttúrulegu uppvaxtarskilyrði hafsbotnsins æskilegust. Réttara væri að við Íslendingar færum að gæta svolítið að því hvernig við höfum farið með hafsbotninn, kórallamyndanir eru þar gott dæmi. Þar er pottur víða brotinn.

Máltækið segir: Lengi tekur sjórinn við. Ég held að það sé orðið tímabært að endurskoða það ágæta, gamla máltæki. Sjórinn tekur ekki endalaust við. Við vitum að mengun frá landstöðvum, mengun sem kemur í sjóinn hefur áhrif á lífríkið þar og einn af okkar aðalatvinnuvegum er jú að veiða fiskinn í sjónum.

Hvað æfingasvæði fyrir kafara varðar þá er það satt og rétt í sjálfu sér. En það þarf ekki 161, 200 eða 150 skip úti um allt land til að þjálfa kafara. Það er annað mál að koma fyrir slíku æfingasvæði og er þá sérstakt mál í sjálfu sér.

[11:42]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég deili ekki um það við hv. þm. Katrínu Fjeldsted að það geti vel verið mjög eðlilegt og nauðsynlegt að farga skipum með þeim hætti sem hún leggur til. En margir gamlir sjómenn, fiskimenn, vilja halda því fram að eftir að sjávarbotninn hefur verið skrapaður, eins og raun ber vitni, af togurum, t.d. Halamið og fleiri mið, sé ekkert skjól orðið eftir fyrir fiskinn. Mjög íhugull og virtur sjómaður, Karvel Ögmundsson, frægur maður og mikil aflakló hér á árum áður, sagði í viðtalsþætti í sjónvarpinu að hann teldi að það stæði uppgangi fiskstofna fyrir þrifum í dag að þá vantaði meira skjól. Hann lagði reyndar til að það yrði hent út stórgrýti og öðru slíku til að skapa þetta skjól.

Ég ætla ekki endilega að segja að það sé nauðsynlegt en þegar hv. þm. segir að þetta þurfi að vera náttúrulegar aðstæður þá spyr ég: Hvað eru ónáttúrulegar aðstæður í sjálfu sér þegar við erum að tala um stál sem kemur úr jörðinni eða tré sem vex upp af jörðinni? Ég sé ekki að það séu ónáttúrleg uppvaxtarskilyrði þó að þetta séu skipsskrokkar. Sé búið að hreinsa úr þeim öll þau spilliefni sem hættuleg eru fyrir umhverfið þá er þetta eins náttúrulegt og hvað annað.

Ég man eftir því frá því er ég var á sjónum að á vinsælum togslóðum voru flök merkt nákvæmlega inn á kortin, menn vissu svona nokkurn veginn hvar þau voru. Oft var hins vegar farið mjög nærri þessum skipsflökum vegna þess að það var oft mikill fiskur í kringum skipsflökin. Þess vegna kom alveg oft fyrir að menn festu trollið þar og töpuðu því aftan úr sér. Menjan er frægt dæmi um það. Önnur skipsflök mætti nefna sem skipstjórnarmenn þekkja og hafa reynt að varast í gegnum tíðina þótt þar sé oft og tíðum meira líf en annars staðar í kring, þar sem allt er autt eða slétt.

Herra forseti. Ég sé ekki beint ástæðu til að vera að blanda þessu saman við spilliefni, blaðapappír, fernur og annað slíkt. Auðvitað er það sérstakt mál og tekið á því í þinginu sem umhverfismáli þar sem menn skili ákveðnum upphæðum við kaup á vöru til þess að hægt sé að eyða henni, t.d. bílum og þungavinnuvélum og ýmsu öðru. Það er allt að komast í eðlilegra horf þannig að hægt sé að fylgja málum eftir frá framleiðslustigi til úreldingar.

[11:46]

Flm. (Katrín Fjeldsted) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð út af skemmdum á hafsbotni. Það er rétt hjá þingmanninum að menn hafa skrapað hafsbotninn og skemmt hann, líkast til í alveg ótrúlegum mæli og líkast til hefur ekki verið kannað nægilega hversu miklar skemmdir hafa verið unnar. En fyrir mér vakir að koma í veg fyrir frekari skemmdir á hafsbotni.

Ég mundi telja að ef sökkt yrði nægilega miklu af skipum til þess að hafa einhver áhrif á viðgang fiskstofna þá þyrftu það að vera mörg hundruð ferkílómetrar af skipsflökum þannig að ég held að það sé kannski ekki raunhæft fyrir okkur, hugsandi um stofnstærðir í heild sinni.

Auðvitað þarf að fá álit líffræðinga á svona málum, sjávarlíffræðinga, þeirra sem fylgjast með og hafa mesta þekkingu á viðgangi fisktegundanna. En ónáttúruleg uppvaxtarskilyrði mundi ég setja lægra en náttúruleg uppvaxtarskilyrði og að sjálfsögðu þarf líka að horfa til framtíðar og gæta þess að menn haldi ekki áfram að skemma hafsbotninn en það er önnur saga.

[11:48]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við séum ekki mjög ósammála um þetta, enda flytjum við málið saman.

Hægt er að fara út um víðan völl í þessari umræðu. Það er viðurkennt, og ég hef talað um það í þessum ræðustóli, tel mig þekkja það aðeins, að það er búið að fara mjög mikið yfir hafsbotninn og breyta honum frá því sem áður var. Það þekkja sjómenn sem hafa verið að veiðum á Halamiðum og þekkja söguna mann fram af manni að þar hafa aðstæður breyst gríðarlega. Þar sem áður var fullt af osti og alls konar gróðri sem hefur þrifist á hafsbotni, þá fylltust trollin af slíkum gróðri þegar menn voru að byrja veiðar á Halamiðum, togveiðar, og smám saman eftir því sem veiðin jókst og menn voru lengur að, þá bara tæmdist þetta og eyddist einhvern veginn þannig að þó að ostinum hafi verið hent fyrir borð þá er eins og hann hafi ekki náð að vaxa upp að nýju. Í dag er botninn eins og *hefluð fjöl*.

Mörg veiðisvæði þar sem eru viðkvæm hraun hafa menn skrapað niður ákveðnar rennur í hafsbotninn gegnum hraunin til þess að eiga togslóð. Það er alveg rétt að rannsaka þyrfti þetta miklu betur en gert hefur verið og við höfum lagt til

að það verði gert. Og ég vona svo sannarlega að menn nái saman um að gera eitthvað slíkt.

[11:50]

Flm. (Katrín Fjeldsted) *(andsvar)*:

Herra forseti. Skemmdir á hafsbotni eru auðvitað ekki séríslenskt fyrirbæri, menn tala um þetta víða um lönd eins og þingmenn þekkja. Vitað er að kórallasvæði skapa náttúruleg uppvaxtarskilyrði fyrir lífið í sjónum og það kom fram í umræðum hér síðasta vor þegar ég bar fram fyrirspurn um þetta atriði, bæði til sjútvrh. og umhvrh., og vísa bara til þess. En menn hafa verið að skrapa hafsbotninn.

Hugmyndin hins vegar með þáltill. er að reyna að fá því svarað hvort það borgi sig ekki í raun að endurvinna brotamálminn, timbrið og plastið úr skipsskrokkunum eða vita hvort einstaklingar eða fyrirtæki hafa áhuga á að endurnýta þau eða nota þessa skipsskrokka á einhvern hátt. Ég held að tímabært sé að láta þetta ekki liggja svona lengur heldur reyna að ná utan um málið og að ekki séu sögusagnir um að það sé svo dýrt að endurvinna þetta heldur viti menn og fái upplýsingar um hvað kosti að endurvinna slíka hluti. Auðvitað kostar líka að láta skip liggja í höfnum og taka þar upp verðmætt pláss sem mætti nýta fyrir önnur skip.

Ég bind því vonir við að slíkt komi út úr þáltill. og það er von mín auðvitað að menn sjái að það borgi sig að nýta þessa skipsskrokka, það borgi sig að endurvinna eins og er jú stefna í umhverfismálum í flestum málaflokkum í veröldinni í dag.

[11:51]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í sumar höfðu menn samband við mig sem hafa mikinn áhuga á að taka að sér að eyða þessum skipum eða farga þeim með einhverjum hætti. Það eru fyrirtæki hér á landi sem geta gert þetta og eftir því sem þeir segja þá er þetta allt í sjálfu sér auðvelt. Þetta kostar peninga og er enginn gróðavegur eins og er, en hugsanlega væri hægt að finna það betur út ef nefnd yrði sett í málið sem skoðaði einhverjar sérstakar leiðir sem væri hægt að fara til að gera þetta hagkvæmara og það væri í sjálfu sér ekkert óeðlilegt að slík nefnd skoðaði þetta mjög vel ofan í kjölinn.

En varðandi það hverju þarf að eyða af þessum skipum og hverju ekki þá geri ég mikinn mun á því hvort sökkt væri skipum sem eru byggð úr timbri eða stáli eða skipum sem eru byggð úr plasti eða jafnvel áli. Það er grundvallarmunur á þessu tvennu. Eins og ég sagði áðan, ég sé ekkert ónáttúrulegt eða umhverfisspillandi við það að sökkva skipum sem eru úr stáli og úr timbri, hreinsuðum, á hafsbotn þar sem menn vita nákvæmlega hvar þau eru og þau eru ekki fyrir neinum. Þetta getur aftur á móti skapað tækifæri og möguleika sem geta auðgað bæði mannlífið og dýralífið. Og auðvitað mundum við helst vilja að þetta gæti allt farið saman.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[11:54]

Útbýting þingskjala:

Einstaklingar sem tengjast gjaldþrotum félaga, 201. mál, fsp. JóhS, þskj. 204.

Hjúkrunarrými á Vífilsstaðaspítala, 200. mál, fsp. ÞKG, þskj. 203.

Löggæslumál í Rangárvallasýslu, 202. mál, fsp. LB, þskj. 205.

Ný námsbraut við Sjómannaskóla Íslands, 205. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 208.

Rannsóknarsetur að Kvískerjum, 199. mál, fsp. ÞBack, þskj. 202.

Réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, 74. mál, svar dómsmrh., þskj. 196.

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um aðbúnað skipverja, 204. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 207.

Skipulag og framkvæmd löggæslu, 195. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 198.

Stjórnarskipunarlög, 197. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 200.

Þingsköp Alþingis, 198. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 201.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 15. mál (íbúaþing). — Þskj. 15.

[11:55]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998. Ásamt mér eru flutningsmenn hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Guðrún Ögmundsdóttir og Kristján L. Möller.

1. gr. frv. orðist svo:

„Á eftir 104. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo ásamt fyrirsögn:

Íbúaþing.

Sveitarstjórn skal að jafnaði einu sinni á hverju kjörtímabili standa fyrir íbúaþingi. Á þinginu skal sveitarstjórn leitast við hlusta eftir skoðunum íbúa sveitarfélagsins og leita samráðs við þá um forgangsröðun verkefna í tengslum við gerð langtímaframkvæmda- og fjárhagsáætlun. Tryggt skal að allir þátttakendur eigi jafna möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Sveitarstjórn skal að loknu íbúaþingi gera grein fyrir framkomnum tillögum, skoðunum og skoðanaskiptum á þinginu og áformum sveitarstjórnar um eftirfylgni. Þetta verði gert á opnum fundi og/eða með því að birta skýrslu um niðurstöðurnar.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd íbúaþings.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi."

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í nýliðnum sveitarstjórnarkosningum lagði Samfylkingin og okkar fólk úti um land áherslu á að íbúalýðræði og íbúaþing væri gert virkara, íbúaþingið og íbúalýðræði yrði virkara í hverju sveitarfélagi. Ég tel, virðulegi forseti, að það megi ekki hvað síst þakka áherslum okkar á aukið íbúalýðræði þá góðu útkomu sem Samfylkingin fékk í nýliðnum sveitarstjórnarkosningum.

Með íbúaþingum er ekki átt við það að haldnir séu svokallaðir borgarafundir þar sem sveitarstjórn mætir og kynnir það sem hún er að gera og hugsanlega tekur á móti einhverjum athugasemdum heldur fyrst og fremst sé það þannig að íbúarnir taki virkan þátt í gerð langtímaáætlana, hver í sínu bæjarfélagi, þannig að þeir hafi það á tilfinningunni að skoðanir þeirra séu einhvers metnar. Ekki er verið að draga úr vægi sveitarstjórnarmála eða sveitarstjórnarmanna og ábyrgð þeirra heldur og ekki síður að fá þá til að efla lýðræðislega þátttöku þeirra sem í sveitarfélaginu búa.

Í grg. með frv. segir, með leyfi forseta:

Þær meginbreytingar sem nú eiga sér stað á sveitarstjórnarstiginu í vestrænum þjóðfélögum einkennast af þremur þáttum. Í fyrsta lagi er aukin samvinna við einkageirann og samtök af ýmsu tagi í því skyni að sinna betur tilteknum þjónustuþáttum. Í öðru lagi er valddreifing sem vísar til þeirrar meginreglu að ákvarðanir séu í sem flestum tilvikum teknar af því stjórnvaldi sem er næst íbúunum. Dæmi um þetta hér á landi er flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Í þriðja lagi er á alþjóðavettvangi vaxandi áhersla á þátttökulýðræði.

Sveitarstjórn er það stjórnvald sem er næst íbúum og gegnir því veigamiklu hlutverki við mótun hvers samfélags. Vegna þessarar nálægðar liggur lykillinn að auknu lýðræði, þ.e. að auka vitund íbúanna um ábyrgð og möguleika til áhrifa á framgang og þróun einstakra mála og málaflokka í sveitarfélaginu, hjá sveitarstjórnum.

Með aukinni áherslu á þjónustuhlutverk sveitarfélaga verður samráð við þá sem njóta þjónustunnar, þ.e. íbúana sjálfa, stöðugt mikilvægara. Því má halda fram að hver og ein sveitarstjórn gegni leiðtogahlutverki við að tryggja góða þjónustu.

Af þessum sökum er samráð við íbúana um málefni sveitarfélaga nauðsynlegt. Margt bendir til þess að hollusta við stjórnmálaflokka sé á undanhaldi og víða erlendis fer þátttaka í sveitarstjórnarkosningum minnkandi. Á sama tíma kallar almenningur eftir auknu samráði og þá oftast um einstök málefni, svo sem í skipulagsmálum og skólamálum. Af því má draga þá ályktun að fulltrúalýðræði eitt og sér nægi ekki lengur til að skapa öflug, framsýn og lifandi sveitarfélög. Það getur aðeins gerst með því að íbúarnir taki virkari þátt í mótun samfélagsins.

Sveitarfélög hafa yfir takmörkuðu fjármagni að ráða og því eru átök um forgangsröðun óhjákvæmileg. Ólíkir hópar hafa ólíka sýn og ólíkar þarfir. Samráðsferlið snýst því ekki síst um að tryggja að öll sjónarmið komi fram og að leitað sé leiða til samræmingar. Endanleg ákvörðun er í höndum sveitarstjórnar, sem síðan getur staðið íbúum skil á ákvörðun sinni.

Með því að virkja þá þekkingu og reynslu sem býr í hverju samfélagi fást betri lausnir. Ólíkir hópar í sveitarfélaginu kynnast og læra að hlýða hver á annars sjónarmið. Þannig getur skapast kraftur og samstaða sem getur orðið grunnur að jákvæðum breytingum í sveitarfélaginu.

Lýðræði vísar ekki eingöngu til kosninga. Það vísar til samræðna ólíkra hagsmunaaðila í því skyni að komast að sameiginlegri niðurstöðu um þau málefni sem brenna á samfélaginu.

Í fulltrúalýðræði er áherslan á baráttu, þ.e. fulltrúar berjast fyrir kjöri og stjórnmálaflokkar berjast innbyrðis innan yfirstjórnar. Þannig dregur þetta ferli fram ágreiningsmál. Með auknu samráði við íbúa, þar sem beitt er aðferðum sem draga fram sameiginlegar áherslur, fæst ákveðið jafnvægi inn í það ákvarðanaferli sem beitt er við stjórnun sveitarfélagsins.

Meðal þess sem vinnst með auknu íbúalýðræði er að almenningur verður meðvitaðri um málefni sveitarfélagsins, sem undir venjulegum kringumstæðum eru eingöngu til umfjöllunar meðal kjörinna fulltrúa og embættismanna. Þannig á sér stað uppfræðsla og menntun sem stig af stigi styrkir grunninn undir aukna aðkomu íbúa að ákvörðunum. Með þátttökunni er brúað bilið milli almennings og kjörinna fulltrúa og íbúar fengnir til liðs við sveitarstjórnir í ákvarðanatöku. Þannig eykst skilningur íbúa á nauðsyn málamiðlunar.

Almennt ríkir heldur takmarkað traust milli sveitarstjórna og íbúa. Þegar stigin eru skref í átt að auknu samráði snúast þau í fyrstu um að byggja upp þetta traust. Ef sveitarstjórn boðar til opins samráðs og nýtir síðan niðurstöðurnar við ákvarðanatöku, sjá íbúar ástæðu til að taka frekari þátt í mótun samfélagsins. Þannig getur traust milli þessara tveggja aðila, sem hvor um sig skiptir sköpum um hag sveitarfélagsins, vaxið stig af stigi.

Notað hefur verið hugtakið „félagslegur auður" um það traust sem þannig myndast. Það hefur m.a. verið skýrt á eftirfarandi hátt:

Einn hagnýtur afrakstur þátttöku, er myndun „félagslegs auðs". Félagslegur auður er það traust og trúnaður sem þróast þegar stjórnvöld og hið almenna samfélag koma saman til að vinna að sameiginlegum hagsmunum, samfélaginu til góða, segir stjórnmálafræðingurinn Robert Putnam. Félagslegur auður er grunnurinn að lögmæti opinberra stjórnvaldsstofnana og er nauðsynlegur fyrir áhrifaríka og árangursríka stjórnun. Án félagslegs auðs, þegar traust og trúnaður er ekki til staðar, getur það stöðvað framvindu aðgerða stjórnvalda; til lengri tíma litið virka samfélög án trausts illa og í verstu tilfellum getur brotist út ofbeldi milli andstæðra fylkinga samfélagsins. Samstarf og samráð stjórnvalda við almenning geta skipt sköpum í að efla þann félagslega auð sem er til staðar og byggja hann upp frá grunni þar sem hann hefur ekki þekkst áður.

Ýmsar leiðir eru færar til samráðs sveitarstjórnar við íbúa, en þar er lykilatriði að farvegurinn sé skilgreindur og ljós. Í fámennum sveitarfélögum, þar sem aðgengi íbúa að sveitarstjórnarfólki er mjög gott, getur það þó aldrei komið í stað formlegs samráðs sem sveitarstjórn boðar til, með það að markmiði að hlýða á raddir íbúa.

Lengst getur sveitarstjórn gengið með því að boða til almennrar og bindandi atkvæðagreiðslu um tiltekin mál.

Tilgangur íbúaþings, eins og hér er vísað til, er að sveitarstjórnir boði til opins samráðs við íbúa um forgangsröðun verkefna í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar og langtíma verkefnaáætlunar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að íbúaþing sé haldið að jafnaði einu sinni á hverju kjörtímabili. Eðlilegast verður að telja að íbúaþing séu haldin á fyrri hluta hvers kjörtímabils enda mest um vert fyrir nýkjörnar sveitarstjórnir að leita samráðs við íbúa áður en þær hrinda stefnumálum sínum í framkvæmd. Hætt er við að íbúaþing stuttu fyrir kosningar missi marks af ýmsum ástæðum. Mikilvægt er að notaðar verði aðferðir sem tryggja að allir þátttakendur eigi jafna möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Á íbúaþingi verði meginhersla á að hlusta eftir skoðunum íbúa, frekar en kynningar af hálfu sveitarstjórnar. Má segja að þetta sé það sem aðgreinir íbúaþing frá hefðbundnum borgarafundum. Æskilegt er að óhlutdrægur aðili verði fenginn til að stýra samráðinu.

Ekki er gert ráð fyrir að ályktanir séu gerðar á íbúaþingum enda hér fyrst og fremst um samráðsvettvang að ræða og það er síðan hlutverk sveitarstjórna að vinna úr því sem fram kemur.

Að loknu íbúaþingi gerir frumvarpið ráð fyrir að sveitarstjórn geri grein fyrir framkomnum tillögum, skoðunum og skoðanaskiptum á þinginu og áformum sveitarstjórnar um eftirfylgni. Þetta verði gert á opnum fundi og/eða með því að birta skýrslu um niðurstöðurnar.

Loks gerir frumvarpið ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um framkvæmd íbúaþings.

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í greinargerðinni og reyndar texta frv. sjálfs er hér tillaga á ferðinni um að lögfesta að haldið verði reglubundið samráð við íbúa og að sveitarstjórnum sé skylt að halda einn samráðsfund með íbúum viðkomandi sveitarfélags minnst einu sinni á kjörtímabili. Í stærri sveitarfélögum, hér t.d., má gera ráð fyrir að slík íbúaþing yrðu haldin á fleiri en einu svæði þar sem skoðanir íbúa eða þarfir og þau mál sem brenna mest á á hverju svæði verða að komast til skila. En ekki er víst að þarfirnar í einstökum hverfum — t.d. í Reykjavík og hugsanlega Akureyri, Kópavogi, Hafnarfirði og stærri sveitarfélögum og þeim sveitarfélögum sem hafa sameinast úr mörgum smáum sveitarfélögum — og það sem mest brennur á á hverju svæði sé algerlega það sama. Eðlilegt verður því að teljast að íbúaþingið sé haldið ekki bara á einum stað heldur fylgt eftir í smærri einingum hvers sveitarfélags.

Hér er ekki um algert nýnæmi að ræða. Ég vil benda á fyrirtæki sem hér er starfandi. Þar hafa ungar og vaskar konur komið á og staðið fyrir svokölluðum íbúaþingum á vegum sveitarfélaga, m.a. í Vestur-Skaftafellssýslu og fleiri stöðum á landinu, t.d. Kjalarnesi, reyndar í Reykjavík, og Kópavogi. Þær hafa sérhæft starfsemi sína, þ.e. að stýra og skipuleggja slík íbúaþing þannig að þau skili árangri. En það hefur auðvitað lítið að segja að halda íbúaþing, jafnvel þó þau séu lögbundin, ef þeim er ekki fylgt eftir. Það er því nauðsynlegt að sveitarstjórnarmenn geri sér grein fyrir því að það verður bæði að skila skýrslu um niðurstöðurnar og gera íbúum grein fyrir því hvernig tillögum þeirra er fylgt eftir. Það hefur verið mjög skemmtilegt að fylgjast með starfi þessara dugnaðarkvenna í fyrirtækinu Alta, hvernig þær hafa dregið íbúa, ekki bara þá sem eru kjörgengir eða með kosningarrétt heldur alla íbúa, að borðinu og fengið fólk til virkrar þátttöku í því að móta samfélagið í kringum sig. Í því hafa m.a. börn og unglingar tekið virkan þátt.

Ég er sannfærð um að við gerð langtímaáætlana, sem er auðvitað lögbundið hlutverk sveitarstjórna, er nauðsynlegt og mjög gott fyrir hvert sveitarfélag, sveitarstjórnarmennina og fyrir þróun samfélagsins að íbúarnir sjálfir finni að mark sé tekið á því sem þeir segja. Og til þess að fyrirbyggja allan misskilning þá er þetta allt annað fyrirkomulag heldur en svokallaðir borgarafundir þar sem ákvarðanir eða fyrirætlanir einstakra sveitarstjórna eru kynntar og ræddar en kannski ekki svo mikið gert með þær athugasemdir sem fram koma frá íbúunum. Það verður að gera skýran greinarmun á þessu. Ég tel nauðsynlegt að lögbinda þetta ferli þannig að allir sveitarstjórnarmenn geri sér grein fyrir því að þetta er þeirra hlutverk, þ.e. að efla þátttökulýðræðið í sveitarfélaginu og gera íbúana meðvitaðri um þarfir sveitarfélagsins og framtíðarstefnu og möguleika hvers sveitarfélags.

Ég legg til að frv. verði vísað til hv. félmn. að lokinni þessari umræðu og vil gjarnan koma því á framfæri sem 1. flm. frv. að ég tel nauðsynlegt að það fari í umsögn til allra sveitarfélaganna og samtaka sveitarstjórnarmanna og þá ekki síst til þess að ýta þessari hugmynd á flot og gefa mönnum færi á að segja skoðanir sínar á efni frv. og greinargerð.

Í Vestur-Skaftafellssýslu var íbúaþing haldið. Síðan var skilað mjög ítarlegri og viðamikilli skýrslu til íbúanna um framkvæmdina og tillögurnar sem fram komu og hafðar eru að leiðarljósi í starfsemi sveitarstjórnanna þar. Reyndar ætlaði ég að láta hana fylgja með frv. sem fylgiskjal. Ég vil fara fram á það, virðulegi forseti, þegar nefndin sendir málið til umsagnar að sýnishorn af skýrslunni fái að fylgja með, vegna þess að þetta er dálítið viðamikið plagg sem talið var erfitt að láta fylgja með í þingskjölum.

[12:11]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka frummælanda fyrir að leggja fram þetta frv. og þar með benda á mikilvægi þess að efla íbúalýðræði í hverju sveitarfélagi því að það er mjög mikilvægt.

Í sambandi við íbúaþingin og það fyrirkomulag sem hér er bent á vil ég minna á verkefni eða breytta starfshætti öllu frekar þeirra sveitarfélaga sem hafa tekið upp og gert að sínu markmiði sem hefur verið fellt undir heitið Sjálfbær þróun sveitarfélaganna. Staðardagskrá 21 er annað heiti yfir þá hugmyndafræði og vísar til breyttra starfshátta og frekari íbúalýðræðis á 21. öldinni.

Í frv. kemur fram að sveitarstjórn skuli að jafnaði einu sinni á hverju kjörtímabili standa fyrir íbúaþingi. En samkvæmt hugmyndafræði Staðardagskrár 21 er þessi hugsun innbyggð í vinnuferlið. Nú þegar hafa fjölmörg sveitarfélög tekið upp þessa stefnuskrá og gert að sinni. Ég vil minna á að þetta er meira en pappír. Um er að ræða breyttar vinnuaðferðir í stjórnsýslunni, m.a. að koma á auknu íbúalýðræði. Hjá þeim sveitarstjórnum sem fara af alvöru í þessa vinnu getur íbúaþing, að mínu mati, orðið sjálfsagður hluti af stjórnkerfinu og jafnvel verið háð árlega.

Eins og kom fram hjá frummælanda er íbúaþing ekki það sama og borgarafundur. Það á að vinna áfram með íbúaþingin. Þau eru ekki bara til þess ætluð að fá fram ábendingar heldur eru þau grunnur að áframhaldandi vinnu hjá sveitarfélaginu. Þetta er, eins og ég segi, breyting á vinnuaðferðum innan stjórnsýslukerfisins. Íbúaþingin geta síðan verið margvísleg. Þau geta verið uppspretta frekari vinnu í minni hópum og á íbúaþingum geta menn skilað af sér ákveðinni vinnu og kynnt hana. En þau eru sá grunnur sem sveitarstjórnirnar eiga svo að byggja á.

Ég tek undir að mjög mikilvægt er að auka íbúalýðræði og hvetja til þátttöku, bæði á slíkum þingum og ekki síður í minni vinnuhópum. Það á að nýta krafta íbúanna til þess að takast á við ákveðin og afmörkuð verkefni sem falla að áhugasviði hvers og eins. Þannig myndast frjór jarðvegur sem gerir íbúana meðvitaða. Þeir verða þátttakendur — þetta smitar út frá sér — og þeir hafa áhrif á ákvarðanatöku sveitarfélaganna. Segja má að á flestum stöðum fari í gang vinnan í kringum verkefni sem snúa að okkur öllum, t.d. hvernig eigi að fara með sorp frá heimilunum, hvernig eigi að flokka, hvað við getum gert, hvernig við getum endurnýtt, hvernig við getum minnkað sorpið. Þetta er einmitt tilvalið verkefni fyrir smærri hópa en verður svo stórt viðfangsefni fyrir sveitarstjórnirnar og fyrir íbúana alla til að taka þátt í þegar búið verður að finna viðunandi lausnir.

Ég tel að íbúaþingum sem slíkum ætti að vera vel fyrir komið hjá þeim sveitarfélögum sem hafa gert Staðardagskrá 21 að hluta af stjórnsýslu sinni, hjá þeim sveitarfélögum sem taka það starf alvarlega, og þar með séu þessi íbúaþing í raun hluti af því ferli. Hvort binda eigi þetta í lög tel ég að megi skoða í framtíðinni ef misbrestur verður á því að sveitarfélögin taki þetta upp. Ef svo verður ekki þá veit ég ekki hvort lagasetning dugi til. En eitt er víst, þá hafa þau sveitarfélög sem hafa gert Staðardagskrá 21 eða vilja vinna að sjálfbærri þróun ekki skilið hlutverk sitt. Ég tel að við eigum að stuðla að því að fá fleiri sveitarfélög og helst

öll sveitarfélög í landinu til að vera vel virk í þessu mikla verkefni.

[12:17]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir undirtektir hv. þingmanns. Hv. þm. hafði efasemdir um að nauðsynlegt sé að binda þetta í lög en ég tel það nauðsynlegt. Á undanförnum árum hafa sveitarfélög verið að sameinast, tvö eða fleiri, og ef það hefði t.d. verið lögbundin skylda sveitarfélaga að hafa samráð við íbúa sína með íbúaþingi tel ég að miklu betur hefði mátt vinna málið. Sterkari og stærri heild hefði komið út ef íbúum hefði verið gert kleift að fjalla um sameiningu viðkomandi sveitarfélaga á íbúaþingum og koma að því með hvaða hætti tekist væri á við verkefnið.

Ég tel sjálfsagt líka að við gerð langtímaáætlana hvers sveitarfélags og Staðardagskrár 21, eins og hv. þm. nefndi hérna, sé unnið eftir skýrt skilgreindu ferli. Fyrirtækið Alta hefur unnið að gerð skipulagsmála þar sem þessi íbúaþing hafa verið tekin inn. Alta hefur jafnframt komið að mótun frv.

Í hinum vestrænu ríkjum, kannski sérstaklega í Evrópusambandinu, er íbúalýðræði í stöðugt auknum mæli bundið í ákvarðanatökuferlið með tilskipunum, ekki bara varðandi mat á umhverfisáhrifum og skipulagsmálum almennt heldur fleiri þætti. Þar er verið að taka upp þetta virka íbúalýðræði og leggja áherslu á það. Og ég tel nauðsynlegt að setja þetta hreinlega í lög til þess að breyta vinnuaðferðum innan sveitarfélaga. Ég get tekið undir það að ég vildi sjá íbúaþingin oftar en einu sinni á hverju kjörtímabili en það er hins vegar algjört lágmark við gerð langtímaáætlunar.

[12:19]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Við getum sannarlega verið sammála um nauðsyn þess að hvetja til og stuðla að því að íbúaþing verði hluti af stjórnsýslu hvers sveitarfélags, um ákveðin verkefni, bæði stór og smá, helst ekki sjaldnar en einu sinni á ári til þess að auka lýðræðið og gera íbúana samábyrgari í samfélagi sínu.

En ég vil að það komi fram að mér þykir miður að í þessu sambandi skuli ekki hafa verið dregið sérstaklega fram í rauninni mikilvægi þeirrar hugmyndafræði sem er á bak við Staðardagskrá 21 og sem kemur, og þarf að koma, frá íbúunum og sveitarstjórnum sjálfum til þess að ná ákveðinni virkni. Ég hefði talið að hér þyrfti að koma inn í hvatning til sveitarstjórna um að taka upp það vinnuferli því það nær ekki bara yfir umhverfismál og sorp, það nær til allra þátta í hverju sveitarfélagi fyrir sig, bæði félagslega og varðandi rekstur og umhverfi. Ég sakna þess að sjá ekki svona hvatningu í því vinnuferli. Það er grasrótin. Það er frumkvæðið, það kemur ekki ofan frá. En ég fagna þessari tillögu um íbúaþingið eftir sem áður.

[12:21]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi tillaga fjallar fyrst og fremst um það að auka íbúalýðræði og að þátttökulýðræði verði virkt í hverju sveitarfélagi. Auðvitað hefði verið gott að taka inn í greinargerð bæði Staðardagskrá 21, hvernig menn hafa getað notað hana erlendis varðandi skipulagsmál hér á landi, taka líka fyrir mat á umhverfisáhrifum, aðkomumöguleika fólks eða íbúanna að þeim. En hins vegar tel ég þetta miklu víðtækara. Þetta fjallar um lýðræðislega ákvörðun, lýðræðislega vinnu í sveitarfélögum almennt hvað varðar alla þætti. Og sé það vilji, sem ég vona svo sannarlega að það sé í flestum sveitarfélögum, að vinnubrögð eða Staðardagskrá 21 verði samþykkt inn í verkefni sveitarfélaganna almennt mun það örugglega koma fram á þessum íbúaþingum. Samfylkingin er með þessu að leggja áherslu á breytt vinnubrögð, lýðræðislega aðkomu íbúa sveitarfélaganna að framtíðarskipulagi og framtíðarfyrirkomulagi öllu í sveitarfélögunum. Ég er sannfærð um að þetta er til hagsbóta, ekki bara fyrir stjórnendur sveitarfélaganna heldur íbúana sjálfa, og að stjórnendur sveitarfélaga muni fyrir vikið njóta meira trausts og meiri virðingar þegar þátttökulýðræði innan sveitarfélagsins er orðið virkt.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:23]

Umræður utan dagskrár.

Staða löggæslumála frá Höfn til Keflavíkur.

[12:31]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Í umræðum hér á Alþingi í gær um stöðu löggæslumála í landinu kom fram hjá hæstv. dómsmrh., að á síðustu fimm árum hefðu framlög til málaflokksins aukist um 30%. Þrátt fyrir þessa aukningu glíma flest sýslumannsembætti landsins við stöðugan fjárhagsvanda sem oftar en ekki bitnar á fjölda stöðugilda lögreglumanna á svæði embættanna.

Eitthvað virðist á reiki með það hvert þessi aukning framlaga hefur farið og það sem skiptir ekki minna máli; það verður ekki séð að það hafi verið gerð tilraun til að meta þarfir hvers löggæsluumdæmis og skipta heildarfjárveitingum í samræmi við það. Þaðan af síður virðist hafa verið tekið tillit til þess breytta umhverfis sem við búum við. Mikil aukning eiturlyfjaneyslu hefur haft í för með sér fjölgun afbrota og meira ofbeldi, meira álag á lögregluna.

Við höfum undanfarið heyrt sögur af ótrúlegu ofbeldi sem viðgengst í heimi eiturlyfjaneytenda, jafnvel án þess að það sé kært. Umræðan um það verður vonandi til þess að við viðurkennum þetta breytta umhverfi sem við búum við og grípum til réttra aðgerða.

Álag í starfi lögreglumanna hefur aukist gífurlega, án þess að fullt tillit hafi verið tekið til þess við ákvörðun um fjölda stöðugilda. Þetta á ekki bara við hér á höfuðborgarsvæðinu. Ástandið víða um land er afar erfitt og alvarlegt.

Fyrir stuttu síðan barst okkur þingmönnum Suðurlands bréf frá Lögreglufélagi Suðurlands. Félagssvæði þess nær yfir embætti lögreglustjóranna á Selfossi, Hvolsvelli, Vík og Höfn. Á öllum þessum stöðum hafa lögreglustjórar á síðustu árum lent í erfiðleikum með rekstur embætta sinna sem hefur bitnað á löggæslumálum, þannig að lögreglumönnum hefur fækkað hjá embættunum.

Í bréfi þeirra kemur m.a. fram að í Rangárvallasýslu var ekki mögulegt að framlengja ráðningarsamning við einn ófaglærðan lögreglumann 1. sept. sl. Það var gert í sparnaðarskyni. Fjórir lögreglumenn hafa verið þar að störfum síðan 1983 en eru nú þrír.

Það, hæstv. ráðherra, er algerlega óviðunandi. Umhverfið hefur ekki staðið í stað í Rangárþingi síðan 1983 frekar en annars staðar og kröfur um aukna löggæslu fylgja breytingunum. Íbúar sýslunnar eru rúmlega 3.200, fjöldi íbúa á bak við hvern lögreglumann í Rangárvallasýslu er 1.070. Þar hefur Íslandsmet Kópavogs verið slegið. Auk þessa er fjöldi sumarbústaða á svæðinu og vinsælir ferðamannastaðir. Starfssvæðið er stórt og álagið mikið.

Í Árnessýslu er sama staða. Þar hafa verið kynnt þau áform að 25 lögreglumenn verði að störfum í stað 27. Heilbrrn. borgar fjórar af þessum stöðum vegna sjúkraflutninga. Umdæmið þarna nær yfir 9.000 ferkílómetra. Íbúatalan u.þ.b. 12.300 og 5.000 sumarbústaðir sem flestir eru nýttir allt árið. Fjölsóttir ferðamannastaðir eru einnig á svæðinu.

Hjá embættinu á Selfossi hefur safnast upp fjárhagsvandi sem mæta á í fjáraukalögum þessa árs með 50 millj. kr. fjárveitingu. Þó með því fororði að gerðar verði ráðstafanir til þess að reksturinn verði í samræmi við fjárheimildina frá og með árinu 2002.

Þar sem ekki verður séð að rekstrargrunnur þessa embættis hafi verið leiðréttur frekar en annarra embætta hlýt ég að áætla sem svo að fækkun lögreglumanna þar geti orðið viðvarandi og álagið á starfandi lögreglumenn verði óviðráðanlegt, þjónusta við íbúa svæðisins skert og ófært að sinna þeim skyldum sem lögreglan hefur.

Á Höfn var einnig um fækkun að ræða nú í haust. Þar koma til með að starfa þrír lögreglumenn í stað fjögurra. Í fjárlögum þessa árs var gert ráð fyrir fjölgun um eitt stöðugildi. En vegna fjárhagsvanda þess embættis verður að grípa til þessara ráðstafana. Þó er embættið vel rekið að mati Ríkisendurskoðunar.

Félagssvæði Lögreglufélags Suðurlands nær yfir u.þ.b. 31.000 ferkílómetra landsins. Íbúatala um 19.000 manns fyrir utan svokallaða dulda búsetu en reikna má með að íbúatalan tvöfaldist vegna sumarbústaðabyggðar. Eftir fækkun, starfa á svæðinu 33 lögreglumenn. Það er algerlega óviðunandi á sama tíma og nauðsyn á öflugri löggæslu á öllum sviðum hefur aukist þar eins og annars staðar.

Hæstv. ráðherra. Embætti lögreglustjóra á þessu svæði og mörgum öðrum hafa verið stórlega vanmetin hvað varðar fjár- og mannaflaþörf. Við höfum áður rætt vanda þeirra hér á Alþingi en ekkert hefur gerst. Þó ætti ráðuneytið að hafa til þess þekkingu og mannafla að meta þessa stöðu og bregðast við. Þeir lögreglumenn sem þarna starfa hafa gegnt störfum sínum einstaklega vel en álagið á þá er óhóflegt og ekki bjóðandi.

Þessi umræða er tekin hér vegna þess að langlundargeð Lögreglufélags Suðurlands er þrotið. Bréf þeirra einkennist ekki af upphrópunum heldur staðreyndum um stöðu löggæslumála. Því spyr ég:

Hvert er mat dómsmálaráðherra á stöðu löggæslumála á félagssvæði Lögreglufélags Suðurlands sem nær yfir embætti lögreglustjóra á Selfossi, Hvolsvelli, Vík og Höfn í Hornafirði? Ef það er mat ráðherra að það sé óviðunandi hvenær má vænta úrbóta?

Hver er staðan í Vestmannaeyjum og Keflavík?

Hver telur ráðherra að sé viðeigandi íbúafjöldi á bak við hverja stöðuheimild löggæslumanns á þessum stöðum, að teknu tilliti til þess landsvæðis sem embættin ná yfir og dulda búsetu?

Er það mat ráðherra að um verulega misskiptingu sé að ræða við útdeilingu fjármagns ríkisins til lögregluembætta. Ef svo er hvað verður gert til þess að leiðrétta þá misskiptingu?

[12:37]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Staða lögreglunnar á Íslandi er sterk. Við eigum fjölmennt og vel þjálfað lögreglulið sem stenst fyllilega samanburð við nágrannaríki okkar. Í þessari umræðu vekur hv. málshefjandi sérstaka athygli á stöðu mála í hinu nýja Suðurkjördæmi en í því kjördæmi eru yfir 80 lögreglumenn að störfum, um 120 ef lögreglan á Keflavíkurflugvelli er talin með. Það þýðir að á svæðinu í heild er um það bil einn lögreglumaður á hverja 500 íbúa ef lögreglan á Keflavíkurflugvelli er ekki tekin með í myndinni. En það er einmitt sú tala sem lengi var höfð til viðmiðunar þó hún sé ekki algild vegna mismunandi aðstæðna á hverjum stað. Út frá þessu sjónarmiði er því ekki hægt að segja annað en fjöldi lögreglumanna sé viðunandi.

Við verðum líka að hafa í huga að í flestum lögregluumdæmum sem hér eru til umræðu er tíðni alvarlegra afbrota, svo sem líkamsárása, eignaspjalla og auðgunarbrota töluvert undir landsmeðaltali. T.d. er hvergi á landinu minni afbrotatíðni en í umdæmi sýslumannsins á Höfn, nema í Búðardal. Í heildina tekið er því ljóst að lögregluliðin á þessu svæði eru vel í stakk búin til þess að takast á við þau verkefni sem gert er ráð fyrir að þau leysi af hendi eins og þau hafa svo sannarlega gert, ekki síst í fíkniefnamálum eins og hv. fyrirspyrjandi minntist sérstaklega á hér áðan.

Í þessari umræðu var líka gert að umtalsefni bréf frá Lögreglufélagi Suðurlands sem mér var ekki sent en fékk tækifæri til þess að sjá fyrst í gær. Þetta bréf kom mér á óvart þannig að ég leitaði álits þeirra sem gerst þekkja til hjá embættum sýslumannanna sem fara með stjórn og skipulagningu lögreglunnar á svæðinu. Ég hef fengið svör frá þeim sem ég get afhent hv. málshefjanda hér á eftir sem getur þá kynnt sér betur stöðuna enda nauðsynlegt fyrir þingmann kjördæmisins sem sérstakan áhuga hefur á lögreglumálum að fá nákvæmari og réttar upplýsingar um stöðu mála.

Sýslumaðurinn á Höfn segir í bréfi sínu:

„Vegna fyrirspurnar yðar varðandi ástand löggæslu hér í umdæminu þá telur undirritaður að hún sé í sómasamlegu ástandi og hafi nokkuð batnað frá fyrri árum þar sem heimild fékkst á fjárlögum fyrir 2002 til þess að fjölga um einn lögreglumann."

Síðan lýsir hann því að það hafi verið ákveðnir rekstrarörðugleikar og að óskað hafi verið eftir skýrslu frá Ríkisendurskoðun um fjárhag embættisins. Það er rétt að geta þess að niðurstaða Ríkisendurskoðunar var sú að fjárveitingar til embættisins á Höfn væru í samræmi við umfang verkefna og er nú unnið að úttekt á stöðunni á vegum dómsmrn. Reyndar bætir sýslumaðurinn við að löggæsla hér hafi verið viðunandi og fjarri lagi að hér ríki eitthvert ófremdarástand í þeim efnum.

Sýslumaðurinn í Vík segir vegna ályktunar stjórnar Lögreglufélags Suðurlands, þá leyfi hann sér að lýsa því yfir að hún eigi engan veginn við um umdæmi sitt. Hann segir:

„Landsvæðið tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, sirka 7.700 ferkílómetra. Þannig tel ég að löggæslumálum hafi aldrei verið betur háttað í umdæminu en í dag eftir að heimild ráðherra fékkst fyrir þriðju stöðu lögreglumanns árið 2000."

Því má bæta við að gert er ráð fyrir 1 millj. kr. fjárveitingu til embættisins í fjárlögum til að taka sérstaklega á stöðunni varðandi lögregluna og aðstöðuleysi sem hefur verið á Kirkjubæjarklaustri sem ég tel fagnaðarefni.

Sýslumaður á Hvolsvelli tók ákvörðun í samráði við sveitarstjórnarmenn og lögreglumenn um að fækka um eina stöðu tímabundið. Það mun breytast um áramótin því að þá bætist við ein staða sem kemur frá embætti ríkislögreglustjóra. Það er mál sem ég beitti mér sérstaklega fyrir. Í bréfi sýslumannsins segir:

„Það er því mat embættisins að öryggi íbúa í umdæminu sé með þessu á engan hátt stefnt í hættu enda hefði aldrei verið gripið til þessara aðgerða ef svo hefði verið talið eða telja megi að löggæsla sé óviðunandi, enda um tímabundna aðgerð að ræða og fyrirsjáanlegar breytingar þegar um næstu áramót með viðbótarmanni frá ríkislögreglustjóra."

Sýslumaðurinn á Selfossi er líka með langt bréf og segir í umsögn sinni að til margra ráðstafana hafi verið gripið þar sem ekki var ráðið í tvær stöður lögreglumanna þegar samningar sumra afleysingamanna runnu út 1. október sl. En ráðið verði í þær tvær stöður sem um er að ræða þegar um næstu áramót.

Í bréfinu vísar sýslumaðurinn til þess að gert er ráð fyrir 50 millj. kr. aukafjárveitingu til embættisins í fjárlögum þannig að það er ljóst af viðbrögðum og upplýsingum sýslumanna að staða mála er alls ekki með þeim hætti sem hv. málshefjandi er að reyna að draga hér upp. Þvert á móti bendir flest til þess að löggæslan sé í sókn á því svæði sem hér er til umfjöllunar.

Það er raunar spurt um fleiri embætti. Ég fékk bréf bæði frá Vestmannaeyjum og Keflavík. Þar er mjög góð staða í löggæslumálum þannig að þegar litið er til þess sem hér er til umræðu, þá er ekki hægt að segja annað en að staðan sé góð hvort sem litið er til fjölda lögreglumanna miðað við íbúafjölda, stærð umdæma eða verkefnafjölda og það er ýmislegt í deiglunni sem miðar að því að styrkja og efla löggæsluna enn frekar á þessum svæðum.

[12:42]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég er sammála hæstv. dómsmrh. að staða lögreglunnar á Íslandi er sterk. Staða ríkisstjórnarinnar gagnvart almennri löggæslu, forvarna- og fíkniefnastarfi er hins vegar veik og það er tilefni þeirrar utandagskrárumræðu sem hér fer fram og ég vil þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að hafa forgöngu um hana. Upphaflega er þetta runnið undan rifjum Lögreglufélags Suðurlands sem hefur ritað þingmönnum á Suðurlandi bréf, en félagssvæði lögreglufélagsins tekur til embætta lögreglustjóranna á Selfossi, Hvolsvelli, Vík og Höfn. Í þessu bréfi segir Lögreglufélag Suðurlands að þessi embætti hafi verið að safna upp fjárhagsvanda, velta honum milli ára og nú sé svo komið að við honum sé brugðist með því að fækka lögreglumönnum í þessum landstóru embættum. Síðar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er skoðun stjórnar Lögreglufélags Suðurlands að embætti lögreglustjóranna á félagssvæði þess hafi til margra ára verið vanmetin hvað varðar fjár- og mannaflaþörf til löggæslu af hálfu ríkisvaldsins og skilur afstöðu lögreglustjóranna að grípa til þessara neyðarúrræða í baráttu sinni við fjárhagsvandann sem til kominn er vegna þess vanmats fjárveitingavaldsins og er það óviðunandi með öllu að gripið sé til þessara ráða að fækka lögreglumönnum."

Herra forseti. Vandinn er tvíþættur: Annars vegar viðvarandi fjárþörf til að sinna löggæslu á viðunandi hátt á þessu stóra landsvæði. Við í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs viljum að á þessum vanda verði tekið við afgreiðslu fjárlaga. Hins vegar er einnig um að ræða tímabundinn vanda sem þyrfti að leysa með fjárveitingu til þessara embætta. Ég vil vekja athygli á mjög athyglisverðu viðhorfi sem kemur fram hjá formanni Landssambands lögreglumanna í Formannshorninu í Lögreglumanninum, síðasta tölublaði, en þar setur hann þær fjárupphæðir sem þyrftu að koma til sögunnar í samhengi við fjárausturinn í NATO og vegna komu Kínaforseta. Það er athyglisverð lesning.

[12:45]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það hefur ítrekað komið fram í umræðum á Alþingi af hálfu hæstv. dómsmrh. að hún hafi hug á að efla grenndarlöggæslu svokallaða og get ég vissulega tekið undir þá markmiðssetningu. En ég verð að segja eins og er að mig undrar á hvaða vegferð hæstv. ráðherra er þegar í ljós kemur að fjárveitingar til almennrar löggæslu hafa verið skornar niður að raungildi á undanförnum árum á sama tíma og ríkulega er veitt til embættis ríkislögreglustjóra. Virðist þessi leið vera ótrúlega krókótt og flókin ef markmiðið er að efla grenndarlöggæslu í landinu.

Það er talandi dæmi um þessa skrýtnu aðferðafræði að á sama tíma og gríðarleg fjölgun hefur orðið á sumarbústöðum í Rangárvallasýslu sem eru nýttir meira og minna allt árið og umferðarþungi um sýsluna hefur aukist mjög þá verður að fækka í lögregluliðinu vegna rekstrarfjárskorts. Í umræðum hér um fyrirspurn í gær kom fram að hæstv. ráðherra fannst þingheimur ekki nógu jákvæður vegna þess sem vel hefur verið gert. Ég ætla því að tilfæra mjög jákvætt dæmi um árangur vegna grenndarlöggæslu í minni heimabyggð.

Fyrir nokkrum árum var mikið áhyggjuefni íbúa í Keflavík og nágrenni að unglingar söfnuðust saman í miðbænum um kvöld og nætur á helgum og virtist vandamálið óyfirstíganlegt. Lögregla, félagsmálayfirvöld og foreldrar í bænum skáru upp herör gegn þessu vandræðaástandi og tókst að kveða það niður. Þetta er dæmi um góða grenndarlöggæslu.

Ég vil taka það fram, hæstv. forseti, til að fyrirbyggja misskilning að þetta gerðist ekki fyrir tilstilli embættis ríkislögreglustjóra.

[12:47]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda fyrir að hreyfa þessu mikla og viðkvæma máli. Það má segja að umræða um löggæslu sé orðin nokkuð viðvarandi bæði í fjölmiðlum, á sveitarstjórnarvettvangi og hér í sölum Alþingis. Hvað segir það okkur? Það segir okkur einfaldlega að almenningur hefur áhyggjur af stöðu þeirra mála. Hins vegar heyrist á móti að verið sé að fjölga störfum á þessu sviði þannig að þar er augljós ágreiningur. Menn spyrja jafnvel hvort sú fjölgun nái einungis til skrifstofustarfa en ekki á akrinum, ef þannig má að orði kveða.

Tilefni þessarar umræðu er bréf frá Sambandi lögreglumanna á Suðurlandi. Sömu áhyggjur bera löggæslumenn á Suðurnesjum. Þeir telja að að þeim sé saumað og starfsskilyrði séu ekki með þeim hætti sem þeir vildu. Sama hefur komið fram hjá sveitarstjórnum á Suðurnesjum. Ég nefni sveitarstjórnir í Garði, Sandgerði og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum þar sem menn benda á að grenndarlöggæsla

innan héraðs sé afskaplega hverfandi á stöðum eins og í Garði og Sandgerði þar sem búa þó um 2.000 manns.

Ég vil í þessu sambandi líka vekja athygli á því að það er ekki nóg miða við íbúa sem hafa lögheimili á stöðunum eins og Suðurlandi og Suðurnesjum. Þar þarf að bæta við þeim þúsundum sem eru þar á ferðinni vegna sumarbústaða og vegna ferða til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Menn hafa sem sagt áhyggjur. Fólk vill öryggi og síðast en ekki síst aukna grenndarlöggæslu sem almenningur eins og hæstv. dómsmrh. hefur trú á.

Ég vil um leið vekja athygli á því að fyrir þinginu liggur nú þáltill. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er 1. flm. að og að ég held þingmenn úr öllum flokkum koma að, þar sem er mælst til þess að yfir þessi mál verði farið með yfirvöldum, með löggæslumönnum, sýslumannsembættum þannig að raunveruleg lausn og sátt um þetta mikilvæga mál náist en ekki sú spenna sem nú er ríkjandi.

[12:49]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Einn af forsvarsmönnum í sveitarstjórnargeiranum á Suðurnesjum sagði við mig í morgun: „Stjórnarandstaðan er að reyna að kjafta upp einhverja óánægju með löggæsluna í landinu." Ég fer að halda, herra forseti, að það sé staðreyndin. Eftir skoðun mína og viðtöl við sveitarstjórnarmenn bæði í gær og í dag og við sýslumenn á Suðurnesjum og á Hornafirði þá er ekkert í spilunum sem bendir til þeirrar óánægju sem mér finnst koma fram í dag og í gær með störf lögreglunnar almennt.

Ég talaði við sveitarstjórnarmenn í Reykjanesbæ, í Grindavík, í Garði, í Sandgerði og á Höfn í Hornafirði. Í stuttu máli eru forsvarsmenn á Suðurnesjum og í Höfn almennt ánægðir með löggæsluna eins og hún er rekin í dag. Það er samningur um löggæsluna í Grindavík. Það er samningur um gagnkvæma aðstoð milli sýslumannsembættanna í Keflavík og á Keflavíkurflugvelli þegar þurfa þykir. Það er samningur milli fjögurra embætta um eftirlit á Reykjanesbrautinni, sem hefur leitt til þess að slysum hefur fækkað þar, og það er mjög gott samstarf lögreglunnar í Keflavík við forvarnahópa um fíkniefnamál og um grenndarmál almennt. Að þessu leyti er því mjög góð samvinna og vaxandi samstarf á þessu sviði.

Lögreglan í Hornafirði fékk aukið fjármagn í ár fyrir fjórða lögreglumanninum og það stendur ekki til að skera það niður. Fyrir utan þessa fjóra eru tveir héraðslögreglumenn á Hornafirði. Auðvitað er alltaf hægt að gera betur, herra forseti, og auka fjármagn. Allt tal um ófremdarástand á þessu sviði er þó algerlega úr lausu lofti gripið og sýnir aðeins örvæntingu stjórnarandstöðunnar sem fyrir nokkru var að reyna að keyra upp óánægju með einkavæðinguna, sem fór um koll, og ég geri ráð fyrir því að þessi umræða fari á sama veg. (**Gripið fram í:** Og einkavæðingin?)

[12:52]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er dálítið fróðlegt og forvitnilegt að fylgjast með þeirri umræðu sem hér fer fram. Við sem höfum tekið þátt í umræðunni, við sem höfum verið á því svæði sem hér er um rætt, höfum orðið vör við um langt skeið, í langan tíma, óánægju vegna lítillar almennrar löggæslu. Svo kemur hæstv. ráðherra hér upp og segir okkur sem höfum verið á ferðinni í nokkuð langan tíma að hér sé allt í fínasta standi. (Gripið fram í.)

Ég verð að segja það alveg eins og er að það er dálítið sérstætt að fylgjast með þessu. Síðan koma hér aðrir þingmenn sama flokks og fullyrða eitthvað svipað. En það er eins og það fólk sem býr við þessa löggæslu og það fólk sem vinnur við þessa löggæslu hafi þá lítið sem ekkert vit á þessum málum, ef marka má þessi orð og þessa umræðu. Mig langar, virðulegi forseti, í ljósi þeirra merku bréfa sem hæstv. ráðherra las upp úr hér áðan að leyfa mér að lesa, með leyfi forseta, upp úr grein Óskars Bjartmarz, sem er formaður Landssambands lögreglumanna, en þar segir svo:

„Lögreglumenn upplifa æ oftar að umræður á opinberum vettvangi um raunverulega stöðu lögreglunnar í landinu virðast ráðamönnum í dómsmálaráðuneytinu ekki þóknanlegar. Tjáningarfrelsi hér á landi er kannski að mati ýmissa ekki svo sjálfsagt þegar upp er staðið."

Þetta er fullyrðing formanns Landssambands lögreglumanna. Síðan kemur hér hver spekingurinn á fætur öðrum með sjálfan dómsmrh. í broddi fylkingar og lýsir yfir því að allt sé í himnalagi, allt sé í stakasta lagi. Ég verð að segja eins og er, virðulegi forseti, að ég bar þá von í brjósti þegar hæstv. dómsmrh. tók við, vegna þess að henni var falið að gegna einu ráðuneyti, að eitthvað mundi koma út úr þessum verkum. En líklega verða eftirmælin og bautasteinarnir ekki aðrir en bætt salernisaðstaða í ráðuneytinu, sveit pappalögga og stórt ríkislögreglustjóraembætti. (**Gripið fram í:** ... er málefnalegur.)

[12:54]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Við ræðum löggæslumál í hinu nýja Suðurkjördæmi frá Keflavík til Hafnar í Hornafirði. Ég vil byrja á því að fagna þeim upplýsingum sem komu fram hjá hæstv. dómsmrh. um nýja stöðu lögreglumanns frá og með næstu áramótum á Hvolsvelli. Mér finnst hér hafa verið farið vítt og breitt yfir málið og margar rangfærslur hafa verið hafðar hér frammi. (**Gripið fram í:** Dæmi.)

Árið 2000 var bætt við fíkniefnalögreglumanni á Selfossi sem hefur unnið ómetanlegt starf. Ég vil minna á fíkniefnaleitarhundinn í Vestmannaeyjum þar sem líka hefur verið unnið mjög mikið starf. Fé hefur verið veitt fyrir nýja stöðu í Vík. Árið 2001 var veitt fé til að ráða nýjan lögreglumann á Höfn í Hornafirði og í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til þess að efla löggæslu við Kirkjubæjarklaustur. Síðast en ekki síst eru á aukafjárlögum 50 millj. til embættisins á Selfossi. Þessi atriði sýna að það er unnið markvisst að því að efla löggæslu á því svæði sem við erum að ræða um hér í dag. Verkin tala einfaldlega í þeim efnum.

Á fjárlögum núna eru til aukningar löggæslu á svæðinu 24 millj. Við erum öll sammála um það hér að þessi mál þurfa að vera í góðu lagi. Lögreglan hefur mikinn metnað í sínu starfi. Suðurkjördæmi er stórt og víðfeðmt svæði. Þar eru miklar vegalengdir og mikið álag á lögreglunni á þeim tímum sem margir sumarbústaðaeigendur eru á svæðinu. En það er fráleitt, herra forseti, að tala um eitthvert neyðarástand. Það vill enginn kannast við það í einu einasta embætti á svæðinu.

[12:56]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er bara allt saman í ári góðu lagi. Löggæslan á Suðurlandi, þrátt fyrir bréfin frá formanni lögreglufélagsins á svæðinu og varaformanni sem eru nú, hv. þingmenn, starfandi þar .... (**Dómsmrh.:** Það er verið að bæta úr því.) Þeir eru starfandi þar. Ég er búin að heyra í eitt

eða tvö ár frá hæstv. ráðherra að þetta sé allt saman í góðu gengi, sómasamlega staðið að málum. Það er bréf (Gripið fram í.) hér frá formanni lögreglufélagsins og varaformanni. Þið eruð líklega, hv. þingmenn, læs. Að ég skuli fara og kynna mér þetta betur! Ég veit bara ekki í hvaða veröld þið (Gripið fram í.) lifið. Haldið þið að formaður (Gripið fram í.) og varaformaður lögreglufélagsins á öllu Suðurlandi skrifi svona bréf með þeim tölum sem þar eru bara að gamni sínu? Og til hvers, eins og hv. þm. Kristján Pálsson sagði, að kjafta upp óánægju með löggæsluna? (**KPál:** Já.) Halda hv. þingmenn að svona bréf séu skrifuð til að kjafta upp óánægju með stöðu löggæslumála á Suðurlandi? (**KPál:** Sýslumenn eru ...)

Ég held að hv. þingmenn ættu að mæta á vinnustöðum hjá þessum mönnum með slíkan málflutning (Gripið fram í.) og athuga á hvern hátt þeim yrði mætt. Ég minni á, virðulegi forseti, samþykkt sveitarfélaga á Suðurlandi sem hv. þingmenn hafa örugglega líka kynnt sér varðandi þessi mál. Að koma síðan hér og segja: „Þetta er örvænting stjórnarandstöðu. Það er hundur sem hefur unnið fín verk í Eyjum." Þetta er málflutningur sem er engum sæmandi. Að koma svona fram, virðulegi forseti, við bréf sem send eru, það er hvers skömm. Hugsi hver fyrir sig.

[12:58]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Mér þykir miður að hv. málshefjandi sé svo reið þegar henni er bent á ákveðnar staðreyndir í þessu máli. Ég hefði haldið að þar sem þingmaðurinn á sæti í fjárln. hefði hún kynnt sér hvað er verið að bæta við í fjárveitingum til kjördæmis hennar. (**MF:** Ég þekki það.) Það er auðvitað áhyggjuefni að þingmaðurinn skuli ekki kynna sér það betur. (**MF:** Það er verra ef dómsmrh. þekkir ekki stöðuna.) Ég vil biðja hv. þingmenn um að kynna sér líka umsagnir frá sýslumönnum í þessu kjördæmi sem ég hef undir höndum og er tilbúin til að afhenda. Það er auðvitað ekkert eðlilegra en að þeir sem ábyrgð bera á stjórn og skipulagningu þessara embætta hafi á því skoðun hvernig mál standa í þeirra embættum og láti þær í ljós. Það er alveg ljóst að umsagnir sýslumanna eru skýrar og sýna fram á að ýmsar af fullyrðingunum sem hér hafa komið fram eru tilhæfulausar. (**MF:** Frá lögreglunni?)

Ég sé hins vegar ástæðu til að minna sérstaklega á að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson er alltaf jafnmálefnalegur í þessum umræðum. Ég vona bara að kjósendur (Gripið fram í.) hans taki eftir því hvað hann hefur til málanna að leggja í löggæslumálum og öðrum málum reyndar.

Ég vil taka það fram, herra forseti, að það hefur komið skýrt fram að í þeim tilvikum sem þörf hefur verið til staðar hafa yfirvöld brugðist við með auknum fjárveitingum, svo sem á Selfossi og í Vík í fyrirliggjandi fjárlagafrumvörpum, og í Höfn í frv. á síðasta ári og með þeirri úttekt sem nú er unnin af embættinu. Það er auðvitað svo í lögreglumálum eins og á mörgum öðrum sviðum að ávallt er hægt að gera betur. Staðan er ekki fullkomin. En það er ekki þar með sagt að málin standi ekki vel. Það er unnið að því að efla löggæslu á þessu svæði öllu eins og á landinu almennt séð. Ég hef bent á það með áþreifanlegum dæmum: Aukning á framlögum til lögreglunnar í Höfn á síðustu fjárlögum, nýr fíkniefnalögreglumaður á Selfossi árið 2000, aukning um 1 millj. til Víkur í fjárlagafrv., 50 millj. til lögreglunnar á Selfossi og nýr lögreglumaður á Hvolsvöll. Við munum halda áfram á þessari braut til þess að gera góða löggæslu enn betri.

[Fundarhlé. — 13:01]

Umræður utan dagskrár.

Afstaða íslenskra stjórnvalda til mögulegra hernaðaraðgerða í Írak.

[13:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir að þessi umræða kemst að í dag og hæstv. forsrh., starfandi utanrrh., fyrir að vera hér til svara en þannig stendur einmitt á að málið er á dagskrá öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, var þar á dagskrá á fundi í gær og er sömuleiðis á dagskrá fundar í dag eða á morgun.

Heimsbyggðin hefur undanfarnar vikur og mánuði með ugg í brjósti horft upp á stríðsundirbúning. Bandaríkjamenn virðast hafa ákveðið að ráðast inn í Írak og skipta þar um stjórn hvað sem til þarf og jafnvel hvort sem til þess fæst samþykki öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða ekki.

Nú er engin deila um það að Saddam Hussein er einn allra ógeðfelldasti harðstjóri okkar tíma og heimsbyggðin mundi væntanlega án undantekninga og þar á meðal einnig almenningur í Írak upp til hópa fagna því ef hann hyrfi frá völdum. En ekki er þar með sagt að það réttlæti að einstök ríki taki sér vald til einhliða aðgerða. Þvert á móti hafa flestar þjóðir lagst gegn slíku og þrátt fyrir mikinn þrýsting af hálfu Bandaríkjamanna hefur þar ekki orðið mikil breyting á. Nú síðast hefur Alkirkjuráðið sent áskorun til öryggisráðsins þar sem tekið er svo djúpt í árinni að segja að árás á Írak yrði bæði ólögleg og ósiðleg. Írakska þjóðin hafi liðið nóg undir 11 ára viðskiptabanni og á þær hörmungar sé ekki bætandi.

Helsti stuðningsmaður Bandaríkjamanna í málinu hefur verið Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, þrátt fyrir umtalsverða andstöðu heima fyrir og skiptar skoðanir þar.

Nýlega hafa Frakkar, Rússar, Ítalir og fleiri þjóðir endurtekið og áréttað andstöðu sína við einhliða aðgerðir og við ályktun í öryggisráðinu sem heimilaði hernaðaraðgerðir fyrir fram.

Aðallega hafa verið færð tvenn rök fyrir því að nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða gegn Írak. Þau fyrri að þeir séu að koma sér upp eða gætu mögulega komið sér upp gereyðingarvopnum verði ekki að gert og þau síðari að Írak virði ekki ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Viðskiptabann sem staðið hefur í 11 ár með miklum hörmungum fyrir almenning hefur þá, ef marka má þetta a.m.k. ekki skilað þeim árangri sem ætlunin var, að koma í veg fyrir að Írakar kæmu sér upp gereyðingarvopnum í gegnum viðskipti. Sömuleiðis hefur viðskiptabannið ekki leitt til þess að staða Saddams Husseins í írökskum stjórnmálum hafi veikst. Þvert á móti færa margir fram rök fyrir því að viðskiptabannið hafi einmitt tryggt hann í sessi.

Margir hafa áhyggjur af því að átök kynnu að breiðast út í Miðausturlöndum og ég vitna í því sambandi t.d. til stórfróðlegs erindis dr. Magnúsar Bernharðssonar, sérfræðings í málefnum Austurlanda og málefnum Íraks, sem hann hélt í Háskóla Íslands fyrir nokkrum dögum. Eins og áður sagði eru þessi mál á dagskrá Sameinuðu þjóðanna og nú dregur til úrslita um það með hvaða hætti öryggisráðið gengur frá þeim skilmálum sem vopnaeftirlitið fer eftir og hvort vilji Bandaríkjamanna nær fram að ganga um að heimiluð

verði valdbeiting fyrir fram eða hvort beðið verður með slíkt þar til látið hefur verið á vopnaeftirlitið reyna. Í gær gaf utanríkisráðherra Noregs, Jan Petersen, norska Stórþinginu upplýsingar um afstöðu Norðmanna en þeir fara eins og kunnugt er með atkvæðisrétt í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna á þessu ári og þar var sérstök áhersla lögð á að allar aðgerðir þyrftu að eiga sér stoð í skýrum heimildum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Ég vil því óska eftir því, herra forseti, að gerð verði grein fyrir afstöðu ríkisstjórnar Íslands í þessu sambandi eftir því sem mögulegt er við núverandi aðstæður og hef leyft mér að leggja eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. forsrh., starfandi utanrrh.:

1. Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til hugsanlegrar innrásar Bandaríkjanna í Írak?

2. Hefur ríkisstjórnin tekið afstöðu til fyrirhugaðs tillöguflutnings Bandaríkjanna í öryggisráðinu um að hernaðaraðgerðir verði samþykktar fyrir fram (ein ályktun) og þetta byggir þá á því að Bandaríkjamenn héldu afstöðu sinni til streitu?

3. Hvernig metur ráðherra hættuna á því að innrás í Írak leiði til útbreiddra stríðsátaka í Miðausturlöndum sem gætu falið í sér þátttöku herskárra hópa frá mörgum ríkjum í þessum heimshluta og tilraunir til að draga Ísrael inn í ófriðinn? Ég minni á í því sambandi að öfugt við ástandið 1991 þegar Flóabardagi fór fram hafa Ísraelsmenn nú hótað því að svara fyrir sig.

4. Hvernig metur ráðherra áhrifin af mögulegri innrás í Írak sem m.a. yrði réttlætt með því að Írakar hefðu brotið gegn ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna á stöðuna í deilu Ísraela og Palestínumanna í ljósi ítrekaðra brota Ísraelsstjórnar á ályktunum öryggisráðsins?

[13:37]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Íslenska ríkisstjórnin sem og íslenska þjóðin eru friðelskandi fólk sem vill auðvitað forðast stríðsástand hvarvetna í veröldinni og auðvitað líka í Írak ef þess er nokkur kostur. Afstaða ríkisstjórnarinnar hefur komið fram annars vegar í ræðum hæstv. utanrrh. á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og eins í stefnuræðu minni fyrir fáeinum vikum. Þar kom fram sú eindregna afstaða að mál þetta skyldi rekið undir merkjum eða a.m.k. ályktunum og ákvörðunum hinna Sameinuðu þjóða, enda væri málið þaðan runnið. Ályktun var gerð þar áður en lagt var til atlögu við Írak eftir innrás þeirra í Kúveit á sínum tíma. En jafnframt hefur verið tekið fram, m.a. af hæstv. utanrrh., Halldóri Ásgrímssyni, að spurningin gæti einnig verið um trúverðugleika Sameinuðu þjóðanna og hvort þau göfugu samtök geti haldið fram vilja sínum og ekki sé hægt að útiloka það að einstök ríki fari með einhliða hernað gagnvart Írak sem hljóti þó að vera í samræmi við ályktanir Sameinuðu þjóðanna. Þetta hefur verið afstaða íslensku ríkisstjórnarinnar.

Varðandi hugsanlega tillögu Bandaríkjanna, þá er sú tillaga ekki komin fram þótt hún hafi legið í loftinu. Það er enn þá verið að véla um þessa hluti einkum og sér í lagi á milli þeirra fimm ríkja sem fara með neitunarvaldið í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Tillagan er því ekki komin fram, og fyrir fram getum við út af fyrir sig ekki sagt til um hver afstaða okkar verður. Það rekur engar nauðir til þess. Við tökum beina afstöðu til málsins nú vegna þess að umræður um þá tillögu eru enn þá í mótun. En ég nefni á nýjan leik að við höfum sagt að ekki sé hægt að útiloka ef allt um þrýtur að beita þurfi hervaldi í Írak. Hótanir um hervald hafa þegar bersýnilega leitt til þess að einræðisstjórn Saddams Husseins Íraksforseta er að gefa eftir stig af stigi.

Þá er spurt um hvernig áhættan sé metin af innrás Íraka með hliðsjón af því að stríðsátök í Mið-Austurlöndum gætu breiðst út og falið í sér þátttöku herskárra hópa í mörgum ríkjum í þeim heimshluta og tilraun til þess að draga Ísrael inn í ófriðinn. Það er mjög erfitt að dæma um þetta fyrir fram. Við höfum haft marga spádóma til að mynda í Persaflóastríðinu, og eins þegar gerð var árás sérstaklega á Líbíu á sínum tíma, þá var talið af margvíslegum fræðimönnum að þær mundu leiða til þess að hryðjuverk mundu færast í aukana en hið þveröfuga gerðist. Úr hryðjuverkum dró um allan heim við þær árásir. Því er afskaplega erfitt að meta þetta en spurningin hlýtur einnig að vera sú hvort ekki væri meiri hætta á því ef Saddam Hussein er látinn óáreittur við iðju sína og síðan verði gripið í taumana, að þá verði vandinn enn þá stærri og áhættan enn þá meiri.

Þá er spurt um það hvernig metin séu áhrif af mögulegri innrás í Írak sem m.a. sé réttlætt með því að Írakar hafi brotið gegn ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna með hliðsjón af deilu Ísraels og Palestínumanna í ljósi ítrekaðra brota Ísraelsstjórnar á ályktunum öryggisráðsins eins og þar segir. Ég tel að það sé afar hæpið að líkja þessu saman eða blanda þessu saman á nokkurn hátt. Það verður að hafa í huga að þær ályktanir sem annars vegar gilda um Írak og hins vegar um Ísrael og Palestínu eru gerólíks eðlis. Þær ályktanir sem snúa að Palestínu og Ísrael eru bundnar við VI. kafla ályktana öryggisráðsins sem fjallar um friðsamlega lausn á deilum ríkja og heimila öryggisráðinu að setja fram tilmæli sem ekki eru bindandi fyrir aðildarþjóðirnar. En á hinn bóginn veita þær ályktanir sem falla undir VII. kafla öryggisráðinu víðtækari völd, m.a. til stríðsaðgerða. Slíkar ályktanir eru bindandi fyrir allar aðildarþjóðir innan Sameinuðu þjóðanna þannig að á þessu er reginmunur. Þær ályktanir sem öryggisráðið samþykkti vegna Íraks í kjölfar árásarinnar inn í Kúveit féllu allar undir VII. kafla en engar af þeim ályktunum sem samþykktar hafa verið um deilu Ísrael og Palestínu falla undir VII. kafla. Meðal annars palestínskir diplómatar viðurkenna þennan mun á þessum ályktunum og ég hygg að við hljótum að gera það einnig. Á þessu er því reginmunur.

Það má segja að um ákvarðanir VII. kafla öryggisráðsins gildi það sama og gilti í fornum rétti hér þar sem Sameinuðu þjóðirnar hafa ekki her frekar en við höfðum lögregluvald á 11., 12. og 13. öld, að þá er hverjum borgara og ríki heimilt að fylgja eftir ályktunum Sameinuðu þjóðanna með vopnavaldi.

[13:42]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Íslendingar eru friðelskandi þjóð og ég held að ekki sé mjög mikill munur á þeim viðhorfum sem fram koma í þessum sölum. Deilan snýst e.t.v. um það, hið sama og reyndar á alþjóðavettvangi, hvort beita eigi hervaldi að undangenginni ákvörðun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða hvort heimila eigi Bush Bandaríkjaforseta annaðhvort formlega eða með siðferðilegum stuðningi Vesturlanda, þeirra þjóða sem oft hafa staðið saman, að fara og beita hervaldi án þess að öryggisráðið hafi tekið undir það.

Ég og minn flokkur erum þeirrar skoðunar að Saddam Hussein eigi ekki að komast upp með það að skaka skellum að heiminum. Öryggisráðið á að sjálfsögðu að fara fram

á að það verði kannað með hvaða hætti hann stendur að vopnaframleiðslu og hvaða aðgerðir kunni að vera þar í undirbúningi en það verður að vera öryggisráðið sem tekur ákvörðun um það. Og ef í kjölfarið er nauðsynlegt að grípa til einhvers konar hernaðarlegrar íhlutunar, þá hlýtur það að vera öryggisráðið. Það er einungis að því undangengnu sem hægt er að fallast á að hervaldi verði beitt.

Herra forseti. Ég rifja það upp að í kjölfar þeirra skelfilegu voðaverka sem urðu 11. september í fyrra þá töluðu menn um að það væri nauðsynlegt að ráðast gegn hryðjuverkum með tvenns konar hætti. Í fyrsta lagi með því að ganga milli bols og höfuðs á hryðjuverkasamtökunum al Qaeda, og það var gert í Afganistan með stuðningi allra Vesturlanda með mjög einbeittum hætti. Hins vegar var líka talað um það að nauðsynlegt væri að ráðast að hinum raunverulegu orsökum hryðjuverka. Hver eru þau og hvernig er það gert? Það verður gert með því að Vesturlönd láti það sjást að þau vilji jafna lífskjörin í hinum íslamska heimi, að þau styðji ekki ríkisstjórnir sem þar hafa verið við völd með ólýðræðislegum hætti mjög lengi. Og ekki er hægt að ljúka við þetta mál, herra forseti, án þess að minnast á Palestínu. Palestína og það hvernig óöld ríkir þar að mér liggur við að segja stundum í skjóli Bandaríkjanna og hlutleysis þeirra, hlýtur auðvitað að leiða til þess að þar verða til ungir menn sem eru reiðubúnir til þess að láta lífið í hryðjuverkum og sjálfsmorðsárásum.

[13:45]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Íraksmálið er nú í mjög erfiðri stöðu. Það er mikilvægt að vopnaeftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna snúi aftur til Íraks sem fyrst og fái að starfa þar algjörlega óhindrað á grundvelli ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Til að treysta vopnaeftirlitið er nauðsynlegt að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykki afdráttarlausa ályktun sem tryggi hindrunarlaust vopnaeftirlit alls staðar í Írak þannig að hvorki íbúum landsins né nágrannaríkjum Íraks standi ógn af gereyðingarvopnum þess. Þetta tel ég vera kjarna málsins.

Herra forseti. Það er mikilvægt að náin samvinna takist á milli vopnaeftirlitsmanna Sameinuðu þjóðanna og stjórnvalda í Írak um framkvæmd vopnaeftirlitsins og að við lok þess eftirlits verði staðfest að Írakar hafi hvorki undir höndum né séu að þróa gereyðingarvopn. Það verður að vera hafið yfir allan efa og staðfest af öryggisráðinu að engin gereyðingarvopn sé að því loknu að finna í Írak. Að fenginni slíkri staðfestingu ætti ekki að þurfa að koma til hernaðaraðgerða gegn Íraksstjórn á grundvelli umboðs öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

[13:46]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Vikum saman hefur Bandaríkjastjórn lagt hart að öðrum ríkjum, einkum þeim sem eiga sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, að fá stuðning til að ráðast með hervaldi gegn Írak. Þær ályktanir sem þegar hafa verið samþykktar í ráðinu eru Bandaríkjastjórn ekki að skapi, að því er virðist vegna þess að ekki hefur verið gefin út bein stríðsheimild gegn Írökum. Bandaríkjaforseti þrástagast á þeirri hernaðarógn sem hann telur stafa af Írak. En hverjum stafar ógn af Írak, Bandaríkjunum? Það hefur ekki heyrst um nein áform Íraka að ráðast á Bandaríkin að fyrra bragði í erlendum fjölmiðlum. Lesa má í fjölmiðlum fjölda greina um að Írakar séu langt frá því að búa yfir tæknilegri getu til að geta ráðist á Bandaríkin í 8.000 km fjarlægð.

Bandaríkjastjórn heldur því fram að Saddam Hussein sé eitt mesta illmenni heimsbyggðarinnar og hér skulu ítrekuð þau orð hv. málshefjanda í þessari umræðu, að þar fer að sjálfsögðu einn ógeðfelldasti þjóðarleiðtogi allrar veraldarinnar. En við Saddam Hussein áttu Bandaríkjamenn ábatasöm viðskipti í meira en áratug og Saddam Hussein er maðurinn sem Bush eldri studdi með fjárframlögum meðan ríkisstjórn hans beitti efnavopnum gegn eigin þegnum. Persaflóastríðið, herra forseti, var ekki háð til að koma Saddam Hussein frá, heldur til að eyðileggja efnahagsundirstöður írösku þjóðarinnar. Þetta hefur einnig verið markmið viðskiptabannsins sem enn er við lýði.

Herra forseti. Í erlendum fjölmiðlum hefur mátt lesa fjöldann allan af frásögnum um það að alþjóðleg olíufyrirtæki komi að borðinu á bak við tjöldin. Ef svo er þá er það í sjálfu sér óskiljanlegt að Bandaríkjastjórn skuli geta hugsað sér að fórna eigin hermönnum og óbreyttum borgurum í Írak fyrir hagsmuni olíufyrirtækjanna. Spurningin sem við stöndum frammi fyrir hér er auðvitað sú hvort íslensk stjórnvöld ætla að láta draga sig inn í slík átök sem yrðu, hvernig sem á það er litið, stríð gegn friði.

[13:48]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Hryðjuverkin í Bandaríkjunum í fyrra hafa haft gífurlegar afleiðingar á sviði öryggismála, alþjóðastjórnmála og alþjóðaviðskipta. Þeir atburðir minntu okkur óþyrmilega á að við getum ekki gengið út frá öryggi sem gefnu. Það er auðvitað stærsti lærdómurinn sem við getum dregið af þeim voðaverkum. Ekki þarf að fjölyrða um afleiðingar þess ef harðstjórar, einræðisherrar og hryðjuverkasamtök kæmust yfir gereyðingarvopn til að nota í glæpsamlegum tilgangi gegn þeim sem þeir telja óvini sína.

Ástandið í Írak er ógn við heimsfriðinn sem verður að linna. Íraksstjórn hefur hingað til haft að engu ályktanir Sameinuðu þjóðanna um þessi mál og þannig komist hjá því að unnt yrði að fylgjast með sannanlegri framleiðslu þeirra á gereyðingarvopnum. Meðan svo háttar er friður og öryggi allra þjóða heims í hættu.

Mikill þrýstingur er nú á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á að leiða þessi alvarlegu mál til lykta og telja margir að trúverðugleiki Sameinuðu þjóðanna sé í húfi. Bandaríkjaforseti hefur sett fram mjög afgerandi stefnu gagnvart Írak og freistar þess nú að vinna henni fylgi innan öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Herra forseti. Það hlýtur að skýrast á næstu dögum hvort öryggisráðinu tekst að ná ásættanlegri niðurstöðu um aðgerðir gegn Írak, sem hljóta fyrst og fremst að byggja á pólitísku mati þeirra þjóða sem skipa öryggisráðið. Aðalatriðið hlýtur að vera að afvopna Íraksstjórn, koma í veg fyrir að hún eignist gereyðingarvopn og kjarnorkuvopn og tryggja þannig að þjóðum heims stafi ekki hætta af hugsanlegum aðgerðum Íraka gegn heimsfriðnum.

[13:51]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Saddam Hussein varð ekki harðstjóri, illmenni eða einræðisherra 11. sept. árið 2001. Hann hefur verið við völd í Írak frá 1979 og árið 1988, þegar efnavopnum var varpað á þorp og bæi í Kúrdistan, var hann látinn óáreittur af Bandaríkjastjórn og Bretastjórn. Þá var hann bandamaður þeirra í baráttunni við klerkaveldið í Íran og þá stóð taflið eilítið öðruvísi.

En hverjir eru bandamenn Bandaríkjastjórnar í Miðausturlöndum helstir?

Ariel Sharon í Ísrael — sem því miður virðist eiga þá ósk heitasta að með átökum í Írak megi beina athygli heimsins frá ástandinu í Palestínu og þar megi þá ganga milli bols og höfuðs á þeirri þjóð.

Saudí-Arabía — ekki þekkt fyrir ást sína á lýðræði, stjórnin þar. Harðstjórar hafa margir kallað þá. Mesta olíuveldi í heimi.

Kúveit — enn hafa konur ekki fengið kosningarrétt í Kúveit. Samt fóru Sameinuðu þjóðirnar í stríð fyrir 11 eða 12 árum síðan til að frelsa það land.

Hér býr margt að baki, herra forseti, og það er ekki svo einfalt að hægt sé að tengja stjórnina í Írak við hryðjuverkamenn eða hryðjuverkaárásir. Það að afvopna Írak er eitt mál og skyldi ekki rugla saman við að koma Saddam Hussein frá völdum eins og Jacques Chirac Frakklandsforseti benti okkur á í gær. Þessu tvennu þarf að halda aðskildu og það verður líka að vera þannig, herra forseti, að ef farið verður í stríð þarf að vera algjörlega ljóst hvernig eigi að standa að uppbyggingunni þegar því er lokið, hverjir eigi þá að komast til valda og hvort lýðræði og mannréttindi verði virk. Og við sjáum það því miður nú þegar í Afganistan að ríku þjóðirnar eru að kippa að sér hendinni þegar kemur að því að fjármagna þá uppbyggingu sem þar er nauðsynleg.

[13:53]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Árið 1990 var samþykkt í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna mjög umdeild ályktun um heimild til að beita valdi gegn Írak. Í kjölfar Persaflóastríðsins, sem svo er nefnt, hafa verið samþykktar fleiri ályktanir í öryggisráðinu, þar á meðal frá 1991 og aftur ítrekuð 1998 þar sem vísað er til afvopnunar og eftirlits með vígbúnaði í þeim heimshluta. Sá skilningur var ríkjandi í arabaheiminum að eftirlit með gereyðingarvopnum, sýkla- og efnavopnum, ætti að taka til stærra svæðis en Íraks eins, þar á meðal til Ísraels. En Ísraelsríki hefur komist upp með að neita öllu eftirliti og sama gildir um önnur ríki á því svæði sem vitað er að búa yfir gereyðingarvopnum. Talið er að Íranar séu nú að koma sér upp gereyðingarvopnum, kjarnorkuvopnum, og ekki er langt síðan heimsbyggðin stóð á öndinni vegna yfirvofandi kjarnorkustyrjaldar á milli Indlands og Pakistans.

En hvers vegna vilja Bandaríkjamenn fá uppáskrift til að ráðast á Írak? Það er ekki vegna þess að þar er harðstjóri við völd. Bandaríkjastjórn studdi þennan sama mann allan níunda áratuginn og það er kaldhæðnislegt að sá sem annaðist milligöngu á milli Bandaríkjastjórnar og Íraksstjórnar á þeim tíma var Donald Rumsfeld, einn aðalhaukurinn núna í Bush-stjórninni. Hann þrýsti hönd Husseins á flugvellinum í Bagdad árið 1983 þegar Írakar fengu búnaðinn í efnavopn frá Bandaríkjunum. Þetta er staðreynd.

Að mati óvilhallra sérfræðinga í alþjóðamálum er ástæðan fyrir því að Bandaríkjastjórn vill ráðast á Írak sú að þeir eru að slægjast eftir olíuhagsmunum. Írakar eru taldir búa yfir eins miklum olíuauðæfum og Sádi-Arabar.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að óska eftir því að íslenska ríkisstjórnin taki undir með mannréttindahreyfingum, trúarhreyfingum og verkalýðshreyfingum um heim allan og fordæmi yfirgang Bandaríkjastjórnar. Það er svo að þeir sem fylgja Bandaríkjastjórn að málum í þessu efni eru annaðhvort börn eða bandingjar. Börn eru yfirleitt réttsýn.

Herra forseti. Það er barnalegt að ímynda sér að annað vaki fyrir Bandaríkjastjórn en að tryggja hernaðarlega hagsmuni sína og peningalega. En varðandi bandingjana þá er það ömurlegt hlutskipti ef Íslendingar ætla að leggjast á hnén í þessu máli eins og allt virðist benda til.

[13:55]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Það er mikið álitamál hvernig rétt er að standa að því að ná fram stöðugleika og friði í Miðausturlöndum. Rétt er að geta þess að þó að Vesturlönd hafi um hríð reynt að eiga eðlileg samskipti við stjórnvöld í Írak, undir forustu Saddams Husseins, þá hefur reynslan af þeim tilraunum verið ákaflega dapurleg þó þær hafi staðið nokkuð lengi. Það verður að viðurkennast að innrás Íraka í Kúveit á sínum tíma sannaði endanlega fyrir forustumönnum allra vestrænna ríkja að ekki dygði lengur að bregðast ekki við árásargirni þeirra sem Írak hafa ráðið og ráða enn. Og alla tíð síðan hafa menn rætt það af mikilli alvöru hvernig verði knúið á um stjórnarskipti í Írak til þess að reyna að tryggja frið og stöðugleika í þeim heimshluta.

Það verður að segjast eins og er að framkoma þeirra stjórnvalda hefur verið með öllum ólíkindum. Sennilega er það svo að ekkert ríki annað í veröldinni hefur jafnoft beitt gereyðingarvopnum af einhverju tagi og Írak — ekki aðeins gegn grannríkjum heldur líka gegn eigin þegnum — á þeim fáu áratugum sem þessir menn hafa þar ráðið málum.

Það er ekki að ástæðulausu að menn hafa reynt að ganga lengra en gert var í lyktum Persaflóastríðsins til að ná fram breytingum á stjórnarháttum þessa ríkis sem skiptir að sjálfsögðu talsvert miklu í sínum heimshluta svo fjölmennt sem það er. En það er rétt að geta þess að vopnaeftirlit Sameinuðu þjóðanna gagnvart Írak hefur ekki gengið fram núna í heil fjögur ár vegna andstöðu írakskra stjórnvalda sem fram að því höfðu sífellt reynt að stemma stigu við framgöngu vopnaeftirlitsmanna. Síðan er vitað að olíuútflutningur Íraka, eftir eðlilegum leiðum og smyglleiðum, er orðinn svo mikill að það er talið að þeir flytji út fyrir jafnvirði þess sem þeir gerðu fyrir daga viðskiptabannsins.

Enn í dag flytja þeir inn matvæli og lyf aðeins að því marki sem þeir gerðu meðan viðskiptabannið var sem strangast. Það er eðlilegt að menn spyrji: Hvað verður um mismuninn á fjármunum? Þess vegna vilja menn að kynna sér að nýju hvort um var að ræða tilraunir eða aðgerðir til að koma aftur upp gereyðingarvopnum innan Íraks og menn telja sig hafa fulla ástæðu til að álykta að svo kunni að vera.

[13:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu og þau svör sem hér voru gefin þó ég hefði vissulega kosið að þau væru bæði skýrari og á annan veg. Mér finnst orðalagið sem hæstv. forsrh. endurtók hér og hefur komið fram áður í ræðum hæstv. ráðherra, utanrrh. og forsrh., um að ekki sé hægt að útiloka að einstök ríki grípi til aðgerða, halda öllu opnu í sambandi við að styðja eða a.m.k. láta ómótmælt þeim ásetningi Bandaríkjanna að gera það sem þeim sýnist í þessu máli, hvort sem þeir fá til þess uppáskrift öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða ekki.

Ég hefði talið að Ísland ætti a.m.k. afdráttarlaust að lýsa sig fylgjandi tveggja þrepa framgangi málsins á vettvangi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, með öðrum orðum að leggjast gegn því að menn fengju opnar heimildir til hern-

aðaraðgerða fyrir fram, en það er eins og kunnugt er vilji Bandaríkjamanna.

Varðandi áhrif þess ef ráðist verður inn í Írak á deilur Ísraelsmanna og Palestínumanna er óhjákvæmilegt að horfast í augu við þá staðreynd að nú liggur fyrir að Ísraelsmenn áskilja sér rétt til þess að svara fyrir sig, öfugt við það sem lá fyrir áður en Persaflóaátökin hófust 1991. Þá höfðu bandamenn gengið frá því við Ísraelsmenn að þeir mundu ekki svara tilraunum Íraka til þess að draga þá inn í átökin. Og það vita allir sem eitthvað hafa sett sig inn í ástand mála á því svæði að nógu hættulegt og rafmagnað er ástandið fyrir þó ekki bættist við að Ísraelar blönduðu sér í leikinn og réðust á arabaþjóð, sem gæti aftur leitt til keðjuverkunar í þeim heimshluta.

Herra forseti. Það er að vísu rétt að Ísland á ekki atkvæðisrétt í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og þarf því ekki sem slíkt að taka pólitíska ábyrgð á atkvæði sínu þar inni. En við hljótum að ætlast til þess að íslensk stjórnvöld hafi skýra afstöðu í stórmáli af þessu tagi og sá veruleiki gæti bankað upp á að Ísland yrði t.d. spurt um hvort aðstaða hér fengist nýtt í þágu mögulegra aðgerða. Þá hefðum við gjarnan viljað vita fyrir fram að íslensk stjórnvöld muni hafna slíku.

[14:00]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ef aðgerðir verða taldar nauðsynlegar í Írak, með samþykki hinna Sameinuðu þjóða eða í umboði þeirra á einhvern veg, þá er enginn vafi á því að aðstaða og aðbúnaður hér á landi verður veittur sem atbeini að slíkum aðgerðum. Við erum þátttakendur í Sameinuðu þjóðunum og styðjum auðvitað aðgerðir brýnar af því tagi. Það þarf því enginn að velkjast í vafa um það.

Hins vegar geta menn velt fyrir sér í kjölfar þessarar fróðlegu umræðu hér hvernig staðan er, því að því er haldið fram og það er rétt að hafa í huga, að heimildir séu enn til staðar til hernaðaríhlutunar í Írak. Menn minnast þess, ég hygg að það hafi verið 1998, að þá lét Clinton, þáverandi Bandaríkjaforseti, gera loftárásir á Írak með vísun til heimildar frá 1991 hjá Sameinuðu þjóðunum og síðan hefur ekkert breyst. Þáverandi Bandaríkjaforseti, Clinton, taldi sig hafa þær heimildir þá þegar

Hér var nefnt að Vesturlönd ættu kannski ekki að hafa samskipti við ólýðræðisleg íslömsk ríki. Vandamálið er, svo við horfumst í augu við það, að það er nú ekki auðfinnanlegt íslamskt ríki sem lýtur lýðræðislegum lögmálum. Ég veit ekki hvort það finnst bara nokkurs staðar.

Það var haft á orði hér að það hefði ekki verið ætlun manna með því að ráðast inn í Írak að steypa Saddam Hussein forseta, heldur eingöngu að lama írökskuþjóðina. Meginástæðan var nú sú að menn ætluðu að frelsa þjóðina í Kúveit. Reyndar var nefnt sérstaklega að það hefði verið gert þrátt fyrir það að konur hefðu þar ekki kosningarrétt, sem mér fannst sérstaklega athyglisverð ábending, því ég veit ekki til þess að konur hafi nokkurn þann rétt sem að gagni kemur í íslömsku löndunum yfirleitt. (**ÞSveinb:** Það er mjög misjafnt.) Og hvorki karlar né konur, vegna þess að kosningarrétturinn er ekki virtur með lýðræðislegum hætti þar, þó að í orði kveðnu geti menn fengið að kjósa.

Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.

Frv. MF o.fl., 15. mál (íbúaþing). — Þskj. 15.

[14:03]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við tökum nú til við að ræða aftur frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum sem fjallar um íbúaþing og 1. flm. þess er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir.

Við ræddum örlítið í morgun þegar við vorum búin að opna umræðuna um þetta mál sem ég tel í sjálfu sér vera allrar athygli vert og vona satt að segja að það fái svolitla umfjöllun þannig að t.d. fjölmiðlar taki það aðeins upp á sína arma að ræða betur þessi íbúaþing, hlutverk þeirra og hugmyndafræði og skoða kannski ofan í kjölinn þau íbúaþing sem hafa verið haldin hér á landi, en eins og hv. 1. flm. frv. gat um í ræðu sinni í morgun hafa þau verið þó nokkur. Hún nefndi til sögunnar fyrirtækið Alta, ráðgjafarfyrirtæki sem hefur sinnt íbúaþingum sérstaklega. Fyrirtækið hefur gefið út afar gagnlega bæklinga sem fjalla um íbúaþing eða samráðsskipulag og þetta eru hin gagnlegustu plögg og satt að segja hefur verið afar gagnlegt og merkilegt að fá að fylgjast með þeim íbúaþingum sem hér hafa verið haldin.

Ég vil halda því fram, herra forseti, að lýðræði af þessu tagi sé lýðræði í verki og það skili sér á mjög öflugan hátt og á mjög skömmum tíma út í samfélagið, því það er í gegnum slíkan mekanisma sem einstaklingarnir í samfélaginu finna að þeir skipta máli. Þannig má t.d. nefna íbúaþingið Undir Esjunni sem var opið þing um vistvæna byggð og haldið var í janúar sl. Það þing fjallaði um skipulagsmál. Á þingið voru boðaðir allir þegnar samfélagsins, ungir sem aldnir, og þangað kom fjöldinn allur af fólki og vann þarna heilan dag að því að búa sér til eða gera sér grein fyrir hugmyndum sínum um skipulagsmál á því svæði. Þetta var afar skapandi vinna og meginniðurstaða þess íbúaþings var sú í stuttu máli sú að íbúar á Kjalarnesi vilja efla vistvæna lífshætti og taka þátt í tilraunaverkefnum í þá átt. Eftir þetta þing voru menn sammála um að áhersla á byggð á Kjalarnesi ætti að þróast í sátt við náttúruna og að leggja ætti áherslu á að svæðið hefði ákveðna sérstöðu sem dreifbýli í jaðri borgarinnar og fólk kallaði eftir formlegri stefnumótun af hálfu borgaryfirvalda sem tæki mið af þeim áherslum sem íbúaþingið hafði sett niður í plögg sín.

Þess má geta, herra forseti, að flokkarnir þrír sem standa að Reykjavíkurlistanum hafa gert í málefnasamningi sínum, sem starfað er eftir í borgarstjórn Reykjavíkur, sérstakan kafla sem fjallar um íbúalýðræði og þar eru íbúaþingin einmitt mjög veigamikill þáttur. Ég geri því ráð fyrir að við komum mjög fljótlega til með að sjá þennan þátt lýðræðisins verða afar virkan í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar.

Það sama er hægt að segja um fleiri sveitarfélög. Sérstaklega þó þau sveitarfélög sem hafa gerst aðilar að staðardagskrárverkefninu sem hv. þm. Þuríður Backman nefndi hér í morgun og ég get tekið undir orð hennar í þeim efnum, að auðvitað hefði mátt sjá í grg. með frv. betur gerða grein fyrir staðardagskrárverkefninu og þessum þætti í því verkefni. En nú er svo komið að ein 27 eða jafnvel fleiri sveitarfélög á Íslandi eru búin að undirrita Ólafsvíkuryfirlýsinguna sem er starfslýsing staðardagskrárverkefnisins, en hún var samin eða samþykkt af þátttakendum á landsráðstefnu um Staðardagskrá 21 í Ólafsvík þann 13. október árið 2000.

Til þess að gera hv. þingheimi grein fyrir því hvernig íbúalýðræði eru gerð skil í Ólafsvíkuryfirlýsingunni, þá vil

ég fá, með leyfi forseta, að vitna til 2. gr. þeirrar yfirlýsingar, en hún er svohljóðandi:

„Forsendur okkar eru:

1. Skilaboð heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó 1992 til sveitarstjórna um að hafa áhrif á íbúa, samtök og atvinnulíf með staðbundnum framkvæmdaáætlunum um sjálfbæra þróun (Staðardagskrá 21).

2. Að sveitarstjórnir eigi að bera ábyrgð á að virkja íbúana í þessu starfi og tryggja þannig þátttöku þeirra og aðild að ákvarðanatöku.

3. Að sérhvert samfélag gegni lykilhlutverki í að gera sjálfbæra þróun að veruleika og að umhverfis- og þróunarmálum sé best fyrir komið með þátttöku þeirra sem eiga beinna hagsmuna að gæta.

4. Að skilaboðin frá Ríó verði til þess að efla lýðræði í íslenskum byggðum."

Undir þetta hefur meiri hluti sveitarstjórnarmanna á Íslandi skrifað.

Ég held ég fari með rétt mál, herra forseti, þegar ég segi að 67% landsmanna séu núna búsett í sveitarfélögum sem eiga aðild að Staðardagskrá 21.

Ég vil því meina að sveitarstjórnarmenn séu sér meðvitaðir um þetta. Þeir eru búnir að samþykkja Ólafsvíkuryfirlýsinguna. Mörg sveitarfélög eru búin að leggja grunninn að slíku starfi og það er afar ánægjulegt, herra forseti, að sjá það líf sem hefur kviknað undir merkjum staðardagskrárverkefnisins.

Hvort þörf sé á því að setja lagagrein af því tagi sem hér er lagt til. Mér finnst allt í lagi að það sé skoðað og mér finnst bara sjálfsagt mál að farið sé yfir þetta á öflugan hátt í nefndum þingsins. Mér finnst líka veigamikið og mjög þýðingarmikið að fjölmiðlar á Íslandi bregðist nú við og taki þessi mál þannig til umfjöllunar að þeim séu gerð það góð skil að bæði sveitarstjórnarmenn finni að fjölmiðlar veita þeim svolítinn stuðning eða þrýsting í þessum efnum og svo líka bara til þess að skýra fyrir íbúum landsins hver réttur þeirra er, því auðvitað hafa verið brögð að því að sveitarstjórnir vítt um land, jafnvel þær sem undirritað hafa Ólafsvíkuryfirlýsinguna, hafa síðan ekki sinnt því að koma skilaboðum sínum nægilega vel á framfæri til íbúa samfélaga sinna.

Ég held að í þessu máli sé afar mikilvægt að við fjöllum um þetta á öllum vígstöðvum þar sem við mögulega getum höndum undir komið og þess vegna ekki síst hér á Alþingi. Ég fagna því að þessi tillaga skuli hér fram komin og við ættum að sjá til þess að á henni verði tekið af afli í þingnefndum og að hv. þm. haldi þá líka áfram að ræða þá hugmyndafræði sem að baki liggur.

[14:10]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær undirtektir sem hér hafa komið fram við þennan tillöguflutning og enn og aftur koma hér til að ræða það sérstaklega hvers vegna skilaboðin sem eru frá Staðardagskrá 21 eru ekki sérstaklega í tillögutextanum. En við gerð frv. og greinargerðarinnar var tekið mið af þeim íbúaþingum sem ráðgjafarfyrirtækið Alta hefur skipulagt og hafa gefið mjög góða raun. Þar er vissulega um svipuð vinnubrögð að ræða og þau sem búið er að taka inn í svokallaða Ólafsvíkuryfirlýsingu þar sem sveitarstjórnir skuldbinda sig til þess að hafa virkt samráð við íbúana.

Ástæða þess hins vegar að við í Samfylkingunni ákváðum að leggja fram þetta frv. með breytingu á sveitarstjórnarlögum, þar sem sveitarstjórnum er skylt að halda íbúaþing og skilgreina íbúaþing og íbúalýðræði í lagatexta sveitarstjórnarlaganna er ósköp einfaldlega sú að við það að fylgjast með því hvernig þessu ákvæði eða þessum vinnubrögðum er fylgt eftir til að mynda í sambandi við það starf sem hefur verið vegna Staðardagskrár 21, þá finnst okkur svolítið vilja brenna við að sveitarfélög halda svokallaða borgarafundi en kalla það íbúaþing, þar sem borgurunum er hóað saman, flestir þá með kosningarrétt, á einn fund þar sem viðkomandi stjórnvöld segja: Þetta er það sem við ætlum að gera og svona höfum við ákveðið að: ...

Íbúaþing og íbúalýðræði er allt annað. Það er virkt samráð þar sem sveitarfélögin, eins og kemur fram í tillögutextanum og greinargerðinni, skuldbinda sig til þess að halda íbúaþing um öll þau mál er snerta nútíð og framtíð viðkomandi sveitarfélags. Mér finnst það vera meginmálið. Við getum t.d. tekið það sem fellur undir Staðardagskrá 21 sem er auðvitað ekki bara umhverfisverndin heldur ýmislegt fleira. Við getum tekið skipulagsmálin sem þar eru undir, þar hefur íbúalýðræði töluvert verið notað. Og við getum tekið lög um mat á umhverfisáhrifum þar sem mér skilst að nýjasta tilskipunin sem kemur eða breytingin sem er að koma frá Evrópusambandinu kveði á um enn virkara lýðræði og aðkomu fólks og það hefur reyndar verið yfirlýst stefna þeirra að taka meira og meira inn í málaflokkana þetta virka íbúalýðræði.

Til þess að taka af allan vafa um hvað íbúaþing er og skilgreina það skýrt í þessum texta, þá höfum við fengið aðstoð m.a. þeirra ráðgjafa sem hafa skipulagt íbúaþingin frá ráðgjafarfyrirtækinu Alta, Sigurborgar Hannesdóttur og Halldóru Hreggviðsdóttur, sem hafa unnið að mínu mati alveg sérstakt frumkvöðlastarf í þessum efnum, og líka vegna þess að það er ekki nóg að halda eitt íbúaþing, heldur er það eftirfylgnin sem skiptir öllu máli, hvernig sveitarfélögin vinna úr því, hvað þau gera með niðurstöðurnar, og síðan munu þau halda áfram til að þróa samvinnu við íbúana. Þar af leiðandi töldum við eðlilegt að setja þetta í lagatextann og það ætti ekki að vefjast fyrir sveitarstjórnum landsins sem búnar eru að undirrita Ólafsvíkuryfirlýsinguna og taka Staðardagskrá 21, að útbúa eða vinna eftir slíkum lagabókstaf. En þetta er þó fyrst og síðast til þess að tryggja ákveðin vönduð vinnubrögð þannig að sveitarstjórn geti ekki kallað borgarafund íbúaþing og talað þar um að lýðræði sé virkt.

Ég held að sem betur fer og þá kannski ekki síst fyrir frumkvæði þeirra hjá Alta hafi þetta verið tekið upp og notað núna hjá þó nokkuð mörgum sveitarfélögum. En ég hef líka orðið vör við misnotkun á hugtakinu. Þetta var eitthvert stærsta málið hjá fulltrúum Samfylkingarinnar í sveitarstjórnarkosningunum í vor og þá lögðu fulltrúar okkar megináherslu á íbúalýðræðið og íbúaþingið, og ég segi enn og aftur að ég tel að það eigi stóran þátt í þeirri góðu útkomu sem Samfylkingin fékk. Við höfum tekið ýmsa þætti lýðræðis til umræðu, bæði á síðustu þingum og ráðstefnum sem við höfum verið með, og þarna er það sem við teljum þó að það geti orðið hvað virkast og nýst best stjórnendum sveitarfélaga og íbúunum. Tilhneiging hefur verið til þess, sem er auðvitað eðlilegt, að færa valdið heim í héruð með því að flytja verkefni frá ríki til sveitarfélaga, en til þess að tryggja sem allra besta útkomu, sem flestir eru sáttir við og þá málamiðlun sem flestir geta sætt sig við og ekki síst trú fólksins á að það geti haft áhrif í eigin umhverfi, þá teljum við nauðsynlegt að lögfesta það að halda skuli slík samráðsþing.

En að öðru leyti, virðulegi forseti, þakka ég fyrir góða umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 16. mál. — Þskj. 16.

[14:16]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Þetta er tillaga á þskj. 16, 16. mál þessa þings. Flm. ásamt mér eru aðrir hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna framkvæmdaáætlun um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Meginmarkmið aðgerðanna verði að auðvelda mönnum að stofna til atvinnurekstrar, hlúa að nýsköpunar- og þróunarstarfi í smáatvinnurekstri og greiða fyrir vexti og viðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Áætlunin feli í sér sérstaka athugun á eftirfarandi þáttum og eftir atvikum tillögur til úrbóta:

kostnaði við að stofna til atvinnurekstrar og aðgang að upplýsingum og ráðgjöf í því sambandi,

aðgangi smáatvinnurekstrar að fjármagni og nauðsynlegri fjármálaþjónustu,

kostnaði og aðgangi smáfyrirtækja að ráðgjöf og öflun upplýsinga,

aðstöðu smáatvinnurekstrar til að kynna og markaðssetja framleiðsluvörur eða þjónustu,

kostnaði og eftir atvikum öðrum hindrunum sem torvelda kynslóðaskipta í smáatvinnurekstri,

kostnaði uppfinningamanna, frumkvöðla og smáfyrirtækja við að sækja um einkaleyfi á uppfinningum og gæta hagsmuna sinna varðandi framleiðsluleyndarmál, sérþekkingu og verðmætar upplýsingar,

skattalögum og öðrum þáttum sem marka starfsskilyrði atvinnurekstrar með sérstöku tilliti til smáfyrirtækja,

stöðu smáatvinnurekstrar samkvæmt lögum og reglum, gagnvart eftirliti og leyfisveitingum og kostnaði af samskipti við stjórnsýslu og stofnanir,

stöðu sjálfstætt starfandi einstaklinga og einyrkja í atvinnurekstri,

stöðu frumkvöðla,

stöðu uppfinningamanna.

Áætlunin skal lögð fyrir Alþingi til staðfestingar haustið 2003 og þinginu síðan gerð grein fyrir framvindu mála með skýrslu á tveggja ára fresti."

Tímans vegna, herra forseti, rökstyð ég einstaka liði ekki nánar. Ég vil þó sérstaklega nefna annan liðinn, þ.e. aðgang smáatvinnurekstrar að fjármagni og aðstöðu gagnvart nauðsynlegri fjármálaþjónustu. Ég hygg að menn séu sammála um að ekki sé síst ástæða til að hafa áhyggjur af því að þar rekist atvinnurekstur í smáum stíl, frumkvöðlar, uppfinningamenn og aðrir slíkir, gjarnan á þröskulda sem jafnvel ríði tilraunum þeirra til stofnunar atvinnurekstrar að fullu.

Sérstaklega er ástæða til að hafa áhyggjur af stöðu mála á landsbyggðinni í þessum efnum. Það er óumdeilt að þar er erfiðara um vik að sækja fjármagn t.d. með veði í fasteignum. Tiltrú fjármálastofnana á slíka starfsemi á landsbyggðinni á sannarlega á brattann að sækja.

Það er líka ástæða til að hafa áhyggjur af aðgangi kvenna að fjármagni. Það eru ekki síst þær sem stofna gjarnan með hugviti og útsjónarsemi til smáatvinnurekstrar um þessar mundir. Þar getur verið á brattann að sækja.

Varðandi skattamálin vil ég nefna að þau snúa ekki aðeins að almennum skattalegum reglum þar sem smáatvinnurekstur getur í sumum tilvikum verið lakar settur, einfaldlega vegna þess að hann hefur minni möguleika til að nýta sér undanþágur og heimildir en atvinnurekstur í stærri stíl. Ég minni á að víða í löndum í kringum okkur er skattalegu hagræði beitt til að hvetja menn til stofnunar fyrirtækja, til að auðvelda þeim fyrstu skrefin í þeim efnum, m.a. með því að létta mönnum róðurinn vegna fjármögnunar rannsókna, þróunarkostnaðar og annars af því tagi.

Herra forseti. Ég held að það sé kunnara en frá þurfi að segja að frumkvæði einyrkja, brautryðjenda og uppfinningamanna og starfsemi smárra og meðalstórra fyrirtækja í vexti er drifkraftur og meginundirstaða framfara í efnahags- og atvinnumálum hvers lands. Þetta er orðin nokkuð óumdeild staðreynd og hefur mikið breyst í þeim efnum frá árunum eftir seinni heimsstyrjöld þegar hið almenna viðhorf var að fyrst og fremst umsvif stórfyrirtækja drifu áfram hagvöxt og síðan kæmu þeir molar sem af þeim borðum hrytu öðrum til góða. Þá var talað á vondu máli um „spin-off" sem af starfsemi stórfyrirtækjanna leiddi. Menn trúðu því almennt að atvinnulífi hverrar þjóðar væri algjör lífsnauðsyn að eiga slík stórfyrirtæki og fátt gæti komið þar í staðinn.

Á árunum í kringum 1960 og fram undir 1980 tóku þessi viðhorf að breytast, fyrst vegna þess að kannanir sýndu að öfugt við það sem haldið var voru það smáfyrirtækin, ný fyrirtæki og smáfyrirtæki í vexti, sem lögðu til mestan fjölda nýrra starfa. Þá tóku viðhorfin talsvert að breytast í þessum efnum. Nú hefur það bæst við að mönnum er orðið ljóst að ekki bara ný störf heldur hvers kyns nýsköpun, þróun uppfinningar og framfarir í atvinnurekstri, eiga sér mjög gjarnan uppsprettu í starfsemi smáfyrirtækja, einyrkja, frumkvöðla og uppfinningamanna. Nýsköpunin gengur þaðan upp á við í keðjunni, fyrirtækjakeðjunni ef svo má að orði komast, ýmist í gegnum það að slík fyrirtæki stækki og umsvif þeirra aukist hratt vegna uppfinninga, nýrra lausna sem menn hafa dottið niður á, eða vegna hins að stórfyrirtækin kaupa þessa þekkingu, kaupa framleiðsluleyndarmál og annað slíkt með því að kaupa upp smærri atvinnurekstur.

Það liggur t.d. fyrir, herra forseti, að meira en helmingur af samanlagðri þjóðarframleiðslu allra Evrópulanda kemur frá slíkum litlum og meðalstórum aðilum, þeim sem kallaðir er á ensku SME, þ.e. Small or Mediumsize Enterprises. Stórfyrirtæki og fjölþjóðafyrirtæki leggja þarna til minni hluta af samanlagðri þjóðarframleiðslu, öfugt við það sem margir kynnu að halda. Kannanir, bæði austan hafs og vestan, hafa sýnt að allt að 70% nýrra starfa í hinu almenna atvinnulífi verða til í nýjum smáfyrirtækjum eða litlum og meðalstórum fyrirtækjum í vexti. Þetta gerist þrátt fyrir alla þá athygli sem umsvif stórfyrirtækja og fjölþjóðafyrirtækja fá.

Ekki er síður, herra forseti, nauðsynlegt að líta til þess að atvinnurekstur í smáum stíl og starfsemi einyrkja, frumkvöðla og uppfinningamanna, er drifkraftur hvers kyns nýsköpunar. Þar kemur margt til. Það sýnir sig að smáfyrirtæki eru viðbragðsfljót og aðlagast iðulega miklu fyrr breyttum

aðstæðum en stærri fyrirtæki gera. Smáfyrirtækin eru fundvís á nýja möguleika og ný tækifæri. Þau skynja fyrr breyttar aðstæður á markaði og uppfylla þarfir sem öðrum hefur yfirsést.

Mikilvægi smáfyrirtækja í byggðaþróun á mögulegri atvinnuuppbyggingu í fámennari byggðarlögum er ótvírætt. Oft hafa orðið ævintýri og nánast kraftaverk í atvinnumálum, einmitt vegna þess að fólk hefur neitað að gefa upp búsetu í heimabyggðum sínum og farið út í að skapa sér sjálft atvinnu vegna þess að annað var ekki í boði. Þetta er atvinnuþróun af því tagi sem er drifin áfram af þörf viðkomandi aðila fyrir að skapa sér störf, tekjur og framfærslu.

Hinn megindrifhvatinn er það sem kallað er tækifæri, þ.e. þegar menn hafa atvinnu fyrir og eru ekki sérstaklega að hefja atvinnurekstur vegna þess að þeir þurfi að skapa sjálfum sér störf. Þau gætu þeir fengið hjá öðrum. Menn eygja hins vegar stundum tækifærin og grípa þau. Það þarf ekki að fara mörgum orðum, herra forseti, um hversu mikilvægt er að hlúð sé að hvers kyns starfsemi af þessu tagi, sérstaklega með hagsmuni minni byggða og byggðamála í huga.

Þá vil ég sérstaklega nefna frumkvæði kvenna í atvinnulífinu. Það kemur að sjálfsögðu ekki síst fram í gegnum stofnun nýrra fyrirtækja og smáfyrirtækja þar sem konur eygja með útsjónarsemi sinni tækifæri í viðskiptum sem aðrir hafa ekki nýtt. Ísland er að sjálfsögðu engin undantekning. Í því samandi má nefna fjölda fyrirtækja sem konur hafa aðallega verið í forsvari fyrir eða hafa byggt upp á undanförnum árum og áratugum. Þar má nefna ýmis svið viðskipta, m.a. ferðaþjónustu, menningu og listir, handverks- og smáiðnaðarframleiðslu, ráðgjafarþjónustu ýmiss konar og framleiðslustarfsemi, svo sem á snyrti-, lyfja- og heilsuvörum. Nýlega var í einu af blöðum landsmanna fjallað um merkilegt framtak ungrar konu við útflutning á þurrkuðu fiskroði sem lúxusfæðu fyrir gæludýr. Þar er gott dæmi um hugkvæmni og hvernig menn geta gert sér mat úr góðri hugmynd. Í sjálfu sér er þar að þakka hugviti og þekkingu fyrst og fremst þar sem hráefnið sem til fellur var ekki hátt skrifað, a.m.k. ekki áður.

Herra forseti. Hið ánægjulega við frumkvæði smáfyrirtækjanna, frumkvöðlanna og uppfinningamannanna, og ekki síst kvenna í atvinnumálum, byggist oft á því að skapa verðmæti úr hlutum sem áður fóru forgörðum eða voru ekki nýttir. Það má t.d. segja það um áðurnefnda fiskroðsvinnslu og verðmæti unnin úr íslenskum jurtum og jarðefnum, ekki síst í lyfja-, snyrtivöru- og heilsuvöruframleiðslu. Brandarar margra sem talað hafa af fyrirlitningu um íslensk fjallagrös, hundasúrur og annað því um líkt, fara fyrir lítið þegar höfð er í huga sú tölulega staðreynd að fjöldi fyrirtækja, ekki síst þeirra sem stofnuð hafa verið af konum, gerir sér mikil verðmæti úr íslenskum náttúruefnum, grösum, jurtum og jarðefnum. Þau hafa komið vörumerkjum á kortið og á alþjóðlegan markað.

Herra forseti. Menn í nálægum löndum hafa auðvitað þegar og fyrir löngu gert sér grein fyrir mikilvægi þessara þátta, að hlúa að frumkvöðlastarfi, uppfinningum og smáatvinnurekstri. Það hafa menn að sjálfsögðu gert á Íslandi einnig en ég hygg að það sé meira en tímabært að koma þeim málum betur og myndarlegar á dagskrá en hingað til hefur verið gert og láta þess sjá stað, ekki bara í veikburða tilraunum til atvinnuþróunar úti í einstökum byggðarlögum eða hjá opinberum stofnunum, eins og Iðntæknistofnun og Byggðastofnun, heldur líka í umræðum hér á hinu háa Alþingi og í stefnumótun þar um.

Í Evrópusambandinu er m.a. í gildi sérstakur sáttmáli um smá og meðalstór fyrirtæki, European Charter for Small Enterprises heitir það á ensku. Nýlega var það samþykkt í Norðurlandaráði, að frumkvæði atvinnumálanefndar Norðurlandsráðs þar sem ræðumaður á nú reyndar sæti, að samþykktur verði sérstakur norrænn sáttmáli fyrir smá fyrirtæki, frumkvöðlafyrirtæki og uppfinningamenn. Efnahags- og atvinnumálaráðherrar Norðurlandanna samþykktu einmitt drög að þessum sáttmála á fundi sínum 7. okt. sl. Þó að hér sé ekki um að ræða ýkja viðamikið plagg er þarna settur ákveðinn rammi um stuðning stjórnvalda við þessa starfsemi. Með því er auðvitað fyrst og fremst verið að undirstrika mikilvægi þessa. Menn viðurkenna að fyrir efnahagslega velsæld, hagvöxt og örugga atvinnu á komandi árum og áratugum munu smáfyrirtæki og vöxtur í litlum og meðalstórum fyrirtækjum skipta sköpum. Þar ráða ekki hinar einföldu, stóru pakkalausnir sem allt of margir setja því miður allt sitt traust á og trúa á í blindni.

Herra forseti. Ég var að koma af ráðstefnu í Ósló þar sem Norræni iðnþróunarsjóðurinn og Norðurlandaráð stóðu fyrir mikilli ráðstefnu um þessi málefni. Þar voru fluttir stórfróðlegir fyrirlestrar af lærðum mönnum í þessum efnum, bæði norrænum, breskum, bandarískum, kanadískum og fleiri þjóða fræðimönnum. Eitt var þeim öllum sameiginlegt. Enginn sem þarna tók til máls efaðist um að þekkingin mundi skipta sköpum í atvinnulífi og velsæld þjóða á komandi árum og áratugum, þ.e. hugvit og frumkvæði í litlum fyrirtækjum sjálfstæðra uppfinningamanna og frumkvöðla var talið gera gæfumuninn. Með öðrum orðum setja menn ekki traust sitt á að fjölþjóðafyrirtæki eða stórfyrirtæki leggi til hrygglengjuna í þessum efnum.

Ég get ekki neitað því, herra forseti, að mér varð á að hugsa stundum, á þessari ráðstefnu, á þriðjudag og miðvikudag, að margir ónefndir menn sem blanda sér stundum í umræður um þessi mál hér á Íslandi hefðu mátt vera þarna og nema þennan fróðleik. Hér er að mínu mati enn ónógur skilningur á mikilvægi þessa hluta atvinnulífsins og allt of mikil blind trú á hinar stóru lausnir.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. iðnn. þar sem um atvinnuþróunar- og byggðamál er að ræða.

[14:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Um þetta þingmál þarf ekki að hafa mörg fleiri orð. Hér hefur verið gerð ágæt grein fyrir þáltill. þessari sem lögð er fram af öllum þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, en 1. flm. er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon.

Þessi þáltill. er sprottin upp úr atvinnumálastefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og gengur út á að styðja atvinnurekstur í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Við höfum áður lagt fram þingmál af svipuðum meiði, þ.e. till. til þál. um sérstakt átak til að treysta byggð og efla atvinnulíf á landsbyggðinni. Það þingmál hefur tvívegis verið flutt og beinist að verkefnum á sviði þróunar, byggða, viðskipta- og menningarmála. Við vildum byrja á að veita framlag til atvinnuuppbyggingar á Austurlandi, 400 millj. kr. fyrsta árið en alls mundi átakið taka til sex ára. Þótt við vildum hefja

þetta uppbyggingarstarf á Austurlandi vildum við að það tæki einnig til annarra landshluta.

Við höfum teflt þessari stefnu fram gagnvart stjórnarstefnunni sem byggir á stóriðju og risaverksmiðjum í anda Jósefs Stalíns fyrir einhverjum áratugum síðan. Mér fannst athyglisvert í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þegar hann sagði frá ráðstefnu sem hann hafði sótt um þetta málefni, hvernig mætti styrkja smá og meðalstór fyrirtæki. Hann benti á að víða um veröld væru menn farnir að beina sjónum sínum að þess konar atvinnurekstri. Það er ekki aðeins á Íslandi að slíkt er talið heppilegt. Það er augljóst að Íslendingum ber að beina sjónum sínum að slíkum atvinnurekstri þótt ekki sé vegna annars en smæðar samfélagsins. Þá er heppilegra að efla smáiðnað og smárekstur, t.d. á Austurlandi þar sem atvinnusvæðið er ekki þéttbýlt. Líklega búa innan við 10 þúsund manns á atvinnusvæðinu sem áformað er að fara í virkjanaframkvæmdir og reisa málmiðjuver. Ljóst er að þar þarf að flytja inn atvinnuafl.

Ég vil taka undir þau sjónarmið sem fram hafa komið. Menn telja að smá og meðalstór fyrirtæki séu fremur atvinnuskapandi en hin risavöxnu fyrirtæki þar sem mannaflaþörfin er ekki í neinu samræmi við fjárfestinguna. Fjármunir sem varið er til uppbyggingar smáiðnaði og smáfyrirtækjum nýtast miklu betur til þess að skapa störf.

Annað kom fram í máli hv. þm., þ.e. að í smáu fyrirtækjunum nýtur frumkvæði og nýsköpun sín betur. Rannsóknir hafa sýnt að þegar allt kemur til alls er framlag stórfyrirtækjanna varðandi nýsköpun oft að þau kaupa og gleypa þessi smærri fyrirtæki. Þetta mun alla vega eiga við á ýmsum sviðum þótt ekki skuli gert lítið úr því sem fram fer á sviði rannsókna hjá stórum og öflugum fyrirtækjum.

Þegar við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, höfum ferðast um landið hefur eitt staðið upp úr öllum sem við höfum rætt við og koma úr atvinnulífinu, þ.e. þörfin á ódýru fjármagni. Enginn þeirra fer þess á leit að fá peningana gefins, aðeins að þeir séu ekki reiddir fram á okurkjörum, þeim okurkjörum sem fjármálakerfið hér býður því miður upp á.

Sú var tíðin að við höfðum ýmsa fjárfestingarsjóði í atvinnulífinu, fjárfestingarsjóði sem í tíð þessarar ríkisstjórnar, þeirrar sem nú situr, voru sameinaðir undir hatt FBA, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, sem síðar var innlimaður í Íslandsbanka. Nú er á nýjan leik farið að tala um að stofna til fjárfestingarbanka atvinnulífsins í einhverju formi og hafa m.a. komið fram hugmyndir um að slíkt verkefni yrði á hendi Byggðastofnunar, að henni yrði breytt í lánastofnun í ríkari mæli en hún er núna. Við erum reiðubúin að skoða alla kosti í þessu efni en við leggjum áherslu á það í þessu þingmáli að kannað verði hvernig tryggja megi smáfyrirtækjum aðgang að fjármagni, að ráðgjöf og upplýsingum. Þar kæmi vissulega til álita að skoða breytt hlutverk Byggðastofnunar.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, herra forseti, en ég vona að þetta þingmál fái skjóta afgreiðslu, verði sent út til umsagnar og fái síðan samþykki Alþingis að lokinni þeirri skoðun.

[14:39]

Útbýting þingskjals:

Vegamál á höfuðborgarsvæðinu, 208. mál, þáltill. ÞKG o.fl., þskj. 211.

[14:39]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér till. til ál. um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, og það eru allir hv. þm. þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem standa að þessari þáltill. Það er svo sem ekki miklu við það að bæta sem tveir hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson, hafa sagt hér.

Þó langar mig, herra forseti, til að koma því hér aðeins að í umræðuna sem hefur verið að gerast á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í þessum efnum. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði frá því sem gerst hefði á vettvangi Evrópusambandsins og Norðurlandaráðs en það var afar athyglisvert sem íslenskir þingmenn sem sóttu heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun fengu að heyra hjá frjálsum félagasamtökum og baráttusamtökum sem hana sóttu. Stuðningur við fyrirtæki af smærra taginu var eitt af því sem félagasamtökin lögðu hvað mesta áherslu á í umræðunni um atvinnustefnuna.

Þegar grannt er skoðað, herra forseti, er sannleikurinn auðvitað sá að stórfyrirtæki veraldarinnar sem hafa í auknum mæli verið að hasla sér völl, ekki hvað síst í þriðja heiminum síðustu árin, hafa verið að eyða lággróðri atvinnulífsins í þessum löndum. Það er auðvitað það sem þjóðir þriðja heimsins ekki hvað síst súpa núna seyðið af. Þessi yfirgangur stórfyrirtækjanna hefur verið studdur af stórum stofnunum Vesturlanda, má þar nefna Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann. Sömuleiðis hafa mjög öflugar fjármálastofnanir lánað stórfyrirtækjum fjármuni til að leggja undir sig nánast heilu atvinnusvæðin í þróunarlöndunum. Afleiðingar þessarar yfirtöku stórfyrirtækjanna eru fyrst og fremst þær að lággróðurinn deyr. Litlu bændurnir flosna upp. Litlu iðnaðarfyrirtækin leggjast af. Allur smáiðnaður og smærri fyrirtæki eiga virkilega undir högg að sækja.

Í ýmsum löndum hefur þetta gengið svo langt að þjóðirnar sem þessi lönd byggja eru mjög uggandi og finnst í sjálfu sér sem þær séu kúgaðar af stórfyrirtækjunum. Þessi umræða er í gangi vítt og breitt um heiminn núna og var vakin veruleg athygli á henni á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Meðal þeirra baráttumanna sem sóttu þá ráðstefnu var fræg baráttukona frá Indlandi, Vandana Shiva, sem gerði ráðstefnumönnum grein fyrir því að þegar við tökum ákvörðun um að versla, hvort sem við kaupum vöru eða þjónustu, verðum við öll að gera okkur grein fyrir því hvaða áhrif ákvörðun okkar hefur. Hún hefur ekki bara áhrif á okkur sem kaupendur þjónustunnar eða kaupendur vörunnar. Okkar ákvörðun hefur áhrif út fyrir það.

Vandana Shiva sagði söguna af sjálfri sér, þegar nælonkjólarnir flæddu yfir Indland þegar hún var að vaxa úr grasi. Hún og systur hennar langaði að eignast nælonkjól. Þær spurðu mömmu sína á endanum, í tilefni af afmæli Vandana Shiva, hvort þær mættu kaupa sér nælonkjóla. Móðir þeirra svarði: „Að sjálfsögðu megið þið kaupa ykkur nælonkjóla en ég vil samt að þið hafið eitt í huga áður en þið takið þá ákvörðun. Ef þið takið ákvörðun um að kaupa nælonkjól eruð þið að sjá til þess að ríkur Vesturlandabúi geti keypt sér einn Mercedes Benz í viðbót, en ef þið kaupið ykkur indverskan shari, handofinn úr indverskri bómull sjáið þið til þess að indversk móðir geti gefið börnunum sínum að borða í kvöld."

Þetta er einmitt þýðing þess að standa við bakið á smærri iðnaði, smáfyrirtækjum og þeim atvinnurekstri sem á beinar

rætur í hvaða samfélagi sem er. Þetta er ástæða þess að við eigum að sporna við yfirgangi stórfyrirtækjanna. Tillagan sem hér er á borðum okkar styður lággróðurinn. Hún eykur möguleika fjölbreytilegs atvinnulífs og vinnur gegn brjálaðri stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Hún er þess vegna öflugt mótvægi við þá atvinnustefnu sem ríkisstjórnin hefur keyrt hér fram af miklu offorsi. Þess vegna fullyrði ég, herra forseti, hér er um afar kröftuga tillögu að ræða sem gæti gagnast smærri fyrirtækjum og miðlungsstórum fyrirtækjum um allt land.

[14:44]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Það er kannski búið að segja það sem segja þarf um þessa þáltill. um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Ég vil þó segja í byrjun að það veldur mér vonbrigðum að ekki skuli fleiri taka þátt í þessari umræðu. Hún er afar brýn.

Í tillögunni er komið inn á atriði sem brenna á atvinnurekstrinum hér á landi, m.a. kostnað við að stofna til atvinnurekstrar og aðgengi að upplýsingum og ráðgjöf. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt á það mjög ríka áherslu að öll atvinnuþróunarfélög verði efld og verði bakstuðningur fyrir þá sem vilja stofna til atvinnurekstrar af ýmsu tagi í landinu. Sá stuðningur er afar rýr eins og stendur og sannarlega þörf á að koma þar að málum.

Annað atriði í þessari þáltill. er aðgengi smáatvinnurekstrar að fjármagni og nauðsynlegri fjármálaþjónustu. Það er aldeilis stórt mál sem hefur verið til umfjöllunar í þinginu, þ.e. angi af því er ferli ríkisstjórnarinnar hvað varðar einkavæðingu fjármálastofnana og þar með ríkisbankanna. Þarna er virkilegur þrándur í götu sem smá og meðalstór fyrirtæki finna fyrir úti um allt land. Það er orðið miklu erfiðara að fjármagna allan rekstur og hér um bil ómögulegt fyrir marga að fá nýtt fjármagn til nýrra fyrirtækja utan höfuðborgarsvæðis. Það er m.a. ástæðan fyrir því að við höfum lagt ríka áherslu á það hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að til sé ríkisrekinn banki sem hafi það markmið að standa við bakið á slíkum atvinnurekstri hvar sem hann er stundaður á landinu. Þess vegna er það mikilvægur punktur í þessari þáltill. hvernig sem með verður farið. Eins og öllum er kunnugt er stefna ríkisstjórnarinnar allt önnur. Hún stefnir í einkavæðingu á fjármagnsmarkaði sem hefur skelfilegar afleiðingar í för með sér og hindrar raunar þá framþróun sem við sjáum fyrir okkur að hér gæti orðið á grunni þessarar þáltill.

Það er líka nauðsynlegt að styðja við þá aðila sem þegar eru komnir með framleiðsluvörur í hendur til markaðssetningar í formi fjárframlaga til atvinnuþróunarfyrirtækja. Það er dýrt ferli en hægt er að stuðla að mörgum góðum uppbyggilegum hlutum í atvinnurekstri þjóðarinnar ef menn fá byrjunarframlög til þess að geta staðið í slíkum rekstri. Við eigum gríðarlega möguleika í þessu stóra landi okkar til fjölbreytileika í atvinnulífinu. Fjölbreytileiki í atvinnulífinu er stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Við viljum hafa flóru lítilla og meðalstórra fyrirtækja í landinu og teljum að það sé liður í að skapa þá samfélagslegu breidd sem er hverju samfélagi nauðsynleg. Það er þvert á stefnu ríkisstjórnarflokkanna sem ástunda stóriðjustefnu, stórfyrirtækjastefnu sem er af allt öðrum toga en það sem við tölum fyrir.

Við töluðum í morgun um þáltill. um vatn. Þar eru gríðarlegir möguleikar fyrir hendi hvað varðar útflutning ef vel er á málum haldið. Þar voru ræddar upphæðir upp á milljarða og milljarðatugi sem gætu nýst íslensku samfélagi ef menn einhentu sér í að kortleggja og nýta þá möguleika sem fyrir hendi eru, t.d. stórfelldan vatnsútflutning til iðnaðarnota. Við erum með ýmsa vaxtarmöguleika, eins og í fiskeldismálum. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt fram þáltill. um t.d. stofnstyrki sem ástundaðir eru til uppbyggingar atvinnulífsins í öðrum löndum, stofnstyrki til þess að koma upp fiskeldisfyrirtækjum til eldis kaldsjávarfiska. Við erum með brodda af þessu tagi. Norður í Eyjafirði eru framleidd u.þ.b. 400 þús. lúðuseiði sem að langmestu leyti eru flutt til útlanda til áframeldis og þannig mætti lengi telja. Gróður landsins og afurðir sjávarins eru grunnhráefni með fjölþættum möguleikum til atvinnuuppbyggingar í þessu landi.

Eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom inn á er það reynsla allra þjóða að það er fjölbreytileikinn í flóru fyrirtækja sem hefur skapað langmesta framþróun í öllum löndum sem við berum okkur saman við. Þess vegna leggur Vinstri hreyfingin – grænt framboð fram þáltill. til atvinnuuppbyggingar sem hefur aðra sýn, aðrar áherslur, en núverandi ríkisstjórnarflokkar keyra, að vísu með dyggum stuðningi aðila innan stjórnarandstöðunnar líka. Stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í atvinnumálum byggir á því að virkja frumkvæði einstaklingsins og virkja fjölbreytileikann sem býr í samfélagi okkar, hvað varðar einstaklinga og fjölskyldur þeirra sem hugsa til atvinnuuppbyggingar til hagsbóta fyrir landið og þjóðina alla.

[14:50]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Nokkur orð aftur í lokin á þessari umræðu, ef þetta eru lokin. Það hefði að vísu verið fróðlegt, ég tek undir það með síðasta ræðumanni, að heyra viðhorf fulltrúa eða talsmanna fleiri stjórnmálaflokka um þetta mál. Ég vona að það beri ekki að skilja sem áhugaleysi á viðfangsefninu þó að fleiri blandi sér ekki í umræðuna.

Út af fyrir sig er það ekki nýtt að þessir hlutir fái minni athygli á Íslandi en vera skyldi. Maður verður kannski ekki hvað síst undrandi þegar maður fer að kynna sér hvernig þessi mál standa í nálægum löndum, þegar maður áttar sig á hversu gríðarlegur munur er á þeirri athygli sem frumkvöðlastarfi, nýsköpunarstarfi og uppbyggingu atvinnurekstrar í smáum einingum, er sýndur í nágrannalöndunum borið saman við það sem er á dagskrá hér á landi. Vil ég þó taka það skýrt fram, herra forseti, að ég er ekki að varpa rýrð á það ágæta starf sem ýmsir aðilar reyna að vinna af veikum mætti hér innan lands. Nefni ég þá sérstaklega atvinnuþróunarfélög landshlutanna eða byggðanna. Þar er vissulega reynt en af miklum vanefnum að leggja lið ýmiss konar nýsköpunarstarfi. Ég nefni líka Byggðastofnun, Iðntæknistofnun og frumkvöðlasetur og frumkvöðlastarfsemina þar. Stofnaðir hafa verið sjóðir og hrint af stað ýmsum verkefnum en ekki alltaf kannski orðið mikil eftirfylgni í þeim efnum.

Við höfum, eins og hér kom fram, reynt með ýmsum hætti að leggja lið atvinnusköpun og nýsköpun með fjölbreytni í atvinnumálum að leiðarljósi, m.a. margvíslegum tillöguflutningi á þingi. Við höfum, svo nokkuð sé nefnt eftir minni, flutt hér tillögur um aðgerðir til endurreisnar skipaiðnaði. Við höfum flutt tillögur um breiðbandsvæðingu landsins til að bæta aðstæður manna til fjarskipta og til að vera þátttakendur í upplýsingasamfélaginu og upplýsingatækninni. Við höfum flutt tillögur sem lúta að hagsmunum

sementsframleiðslunnar, stofnstyrkjum til áframeldis kaldsjávarfiska, mótun sjálfbærrar atvinnustefnu, þessa tillögu sem hér er á dagskrá og og fleira mætti nefna.

Eins og ég segi, herra forseti, er það kannski ekki síst það sem ég tel að við þurfum að gera í umræðum um þessi mál hér, að koma því á dagskrá með sambærilegum hætti og fyrir löngu er búið að gera í nágrannalöndunum, og eftirfylgni af hálfu stjórnvalda. Ég nefndi hér, en kannski hefur það farið fram hjá mönnum og ég minnist þess varla að hafa heyrt það í umræðum um atvinnumál á Íslandi áður, að nú er svo komið að það er bæði til evrópskur sáttmáli og norrænn sáttmáli um málefni atvinnurekstrar í smáum stíl. Ég held að þeir séu ekki til á íslensku. Ég hef þá a.m.k. ekki í höndunum. Hefði svo verið hefði ég látið birta þá sem fylgiskjöl með þessari þáltill. The European Charter for Small Enterprises er núna tveggja til þriggja ára gamall sáttmáli ef ég man rétt, og er talsvert viðamikið plagg þar sem meginreglur eru lagðar niður, þar sem línur eru lagðar fyrir aðgerðir og þar sem tekið er á og fjallað um hluti eins og menntun og þjálfun, hvernig hægt sé að gera fólki ódýrara og auðveldara að stofna fyrirtæki, bæta lög og reglur, auka tækniþekkingu, aðgang að netinu og upplýsingasamfélaginu, nýta innri markaðinn, skatta, fjármál og fleira í þeim dúr. (**Gripið fram í:** ESB?) Og glaðnar þá kannski yfir manni og manni þegar þeir átta sig á að þetta mál er m.a. á dagskrá í Evrópusambandinu. Það kannski dugar til að kveikja þann áhuga að einn og einn maður hafi sig hér upp í ræðustólinn úr því að þetta er að einhverju leyti ættað úr eða sótt í smiðju Evrópusambandsins.

En það er ekki reyndar bara það, herra forseti, heldur hefur víðar verið unnið margvíslegt starf af þessu tagi. Ég nefni þar sérstaklega auðvitað Norðurlöndin sem ég hygg að að öðrum ólöstuðum, og næst á eftir löndum eins og Kanada, Hollandi, Bretlandi, Bandaríkjunum og Nýja-Sjálandi, hafi verið í fararbroddi í þessum efnum. Þessa sér m.a. stað í atvinnustefnu Norðurlandanna og þessa sér stað í þessum nýja norræna sáttmála sem heitir upp á dönsku, með leyfi forseta, Nordisk charter for små innovativ virksomheder, iværksættere og selvstændige opfindere og er á ágætri dönsku.

Í Svíþjóð, svo að dæmi sé tekið um það hvernig unnið er að þessum málum þar, er rekin heil stofnun sem einbeitir sér að rannsóknum á smáfyrirtækjum og frumkvöðlastarfsemi. Hún er skammstöfuð ESBRI, Institutet för Entreprenörskaps- och småföretagsforskning. Þessi stofnun einbeitir sér að rannsóknum á þessu sviði, gefur út ársfjórðungslegt tímarit og fleira mætti nefna í þeim dúr.

Í Bretlandi er um alþjóðlegt starf að ræða. Þar er gefið út árlegt rit sem skammstafað er GEM og stendur fyrir upp á enskuna — mér þykir leitt að þurfa að vaða hér á milli tungumála, herra forseti, en því miður er það svo að þessi litteratúr er ósköp einfaldlega ekki til á íslensku (**Gripið fram í:** Á ég að þýða fyrir þig?) — þetta stendur fyrir Global Entrepreneurship Monitor. Þetta er ársrit þar sem kortlagt er hvernig þátttökulöndin, sem fjölgar ört núna ár frá ári í þessu samstarfi, standa að málum í þessum efnum, hvað þau eru að gera til þess að styðja við bakið á frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun í atvinnulífi með sérstakri áherslu á atvinnurekstur í smáum stíl. Mér er kunnugt um að Ísland er að koma inn í þetta starf og verður væntanlega með í ársritinu fyrir 2002 í gegnum þátttöku Háskólans í Reykjavík í þessu samstarfi, og er það vel. Þá fáum við að sjá hvernig Ísland stendur sig á þessum kvarða.

Í Danmörku, svo að eitthvað sé nefnt, er árleg verðlaunasamkeppni þar sem sjónum er sérstaklega beint að frumkvöðla-, nýsköpunar- og upplýsingastarfi, og horft til uppfinningamanna og sjálfstætt starfandi aðila í þeim efnum. Fleira mætti telja í þessum dúr, herra forseti.

Ég nefni þetta fyrst og fremst hér til að draga athyglina að því hversu mikið er að gerast í þessum efnum í löndunum í kringum okkur og hversu mikilvægt er að við Íslendingar tökum á í þessum efnum en sitjum ekki gaddföst í einhverri áratugagamalli og úreltri þungaiðnaðarstefnu sem flestar aðrar þjóðir hafa fyrir lifandi löngu horfið frá í þeim skilningi að menn treysta ekki á atvinnuuppbyggingu á slíkum sviðum sem uppsprettu hagvaxtar og nýrra starfa á komandi árum og áratugum.

Nýleg norsk rannsókn, herra forseti, má kannski verða mönnum aðeins umhugsunarefni í þessum efnum þegar verið er að bera saman hin ólíku verðmæti, annars vegar hin efnislegu og hins vegar hin huglægu, þau sem liggja í hugviti og mannauði þjóðanna. Það var reynt að slá á það máli hvernig þessir hlutir vægju saman í Noregi og niðurstaðan varð sú að hugvitið og mannauðurinn sem Norðmenn eiga, þessi 4,5 milljóna þjóð, væri 15 sinnum verðmætari — en hvað? — en allur olíuauður Norðmanna sem er óunninn og það sem þeir hafa lagt fyrir í olíusjóðnum. Fimmtán sinnum verðmætara en olían er mannauðurinn og hugvitið í Noregi. Ætli okkur mættu ekki verða þessi hlutföll og margt fleira til umhugsunar. Nú veit ég ekki hvernig þetta er nákvæmlega reiknað eða fundið út og hversu mikil nákvæmnisvísindi þetta eru en það skiptir varla öllu máli, það sem hér er svo sláandi eru þessar gjörólíku stærðargráður. Og þetta eru ekki útreikningar út í loftið, þetta er mat færustu manna á því hvað hvor þátturinn um sig muni skila í framtíðarhagsæld í Noregi, þekking og mannauður annars vegar og olíuverðmætin hins vegar. Matið er að þarna séu hin huglægu verðmæti 15 sinnum verðmeiri en sjálft svartagullið.

Þetta held ég, herra forseti, að við verðum að skoða. Við þurfum svo sem ekki að sækja vatnið yfir lækinn í þessum efnum. Það er ósköp einfaldlega staðreynd að þegar skoðað er hvaða greinar íslensks atvinnulífs vaxa hraðast þessi árin og koma í raun og veru mest á óvart eru það eiginlega allt saman þekkingarbundnar greinar. Það eru að verða til ótrúleg verðmæti allt í einu úr þekkingu sem Íslendingar hafa byggt upp og úr fyrirtækjum sem einstaklingar koma á framfæri með hugviti sínu. Það eru ekkert óskaplega mörg ár síðan Íslendingar hófu t.d. útflutning lyfja yfir höfuð, og einhvern tíma hefði það þótt saga til næsta bæjar að ein helsta vaxtargrein í íslensku atvinnulífi og íslenskum iðnaði væri lyfjaútflutningur. Hann hefur vaxið með ótrúlegum hraða síðustu árin, og Íslendingar eru á góðri leið með að eignast stórveldi á því sviði þar sem er hagkvæm og vel rekin lyfjaframleiðsla sem nýtir sér markaðsmöguleika þegar sérleyfi falla niður á lyfjum eftir að einkaleyfatímabili uppfinningaaðilanna lýkur.

Önnur grein sem hefur vaxið ævintýralega er auðvitað ferðaþjónustan. Hún hefur mikla kosti í þeim skilningi að hún dreifir afrakstri sínum mjög víða um samfélagið. Hún er tiltölulega mannaflsfrek og vöxtur á því sviði kemur þar af leiðandi mjög víða við, hrislast út um allan þjóðarlíkamann og styrkir þá innviði sem við höfum byggt upp í samgöngum, þjónustu o.s.frv. Raftækniiðnaður, lyfja-, heilsu- og snyrtivöruiðnaður og margs konar framleiðsla úr íslenskum náttúruefnum, grösum, m.a. fjallagrösum sem sumir hafa

feilað sig á að tala háðslega um úr þessum ræðustóli, vex mjög hratt. Ég hvet menn til þess að vera dyggir lesendur Hagtíðinda og skoða hvernig einstakir flokkar útflutningsgreina þróast þar milli ára. Það er mjög fróðleg lesning, herra forseti, þar sem er vöxtur á ferðinni á ýmsum sviðum atvinnulífs sem menn hefði ekki órað fyrir fyrir 5–15 árum, t.d. allur sá fjölbreytti rafeindaiðnaður og þjónustuiðnaður sem núna vex mjög hröðum skrefum og varð ekki til sem útflutningsgrein í þessu landi fyrr en fyrir svona fyrir 10–20 árum.

Að lokum, herra forseti, nefni ég aftur roðið. Það er svo sláandi skemmtilegt að velta fyrir sér t.d. þeim tveimur fyrirtækjum, þótt ólík séu að stærð, sem núna eru að þreifa fyrir sér með útflutning, verðmæti úr fiskroði, og sýnir okkur hvað hægt er að gera með hugviti og útsjónarsemi. Þar er annars vegar um að ræða það fyrirtæki sem ég nefndi og er nú sennilega orðið frægt eftir umfjöllun Morgunblaðsins þar sem er um að ræða útflutning á þurrkuðu fiskroði sem gæludýrafóðri, lúxusfóðri. Snakk heitir það víst — ég veit ekki hvort til er betra íslenskt orð yfir það — fyrir gæludýr og gæti vel átt eftir að leggja Bandaríkjamarkað að fótum sér. Við skulum bara vona að svo verði. Hins vegar er það sútað fiskroð sem hráefni í hágæðatískuvörur sem fyrirtæki norður á Sauðárkróki, í tengslum við Loðskinn, sútunarfyrirtæki þar, hefur verið að ná ótrúlegum árangri við að markaðssetja, sútað og í sumum tilvikum litað fiskroð sem hráefni í framleiðsluvörur frægustu tískuhúsa heimsins. Er þá ekkert lítið sem hangir á spýtunni ef menn koma ár sinni eitthvað þar fyrir borð.

Herra forseti. Ekki síst í ljósi þess líka að oft þarf svo lítið til að gera gæfumuninn í sambandi við stuðning við veikburða uppbyggingu af þessu tagi, sem eðli málsins samkvæmt oft er þegar smáu fyrirtækin eiga í hlut, held ég að okkur sé skylt að fara rækilega yfir það hvernig þessi mál standa hér á landi. Á því vantar betri kortlagningu. Fyrir því hef ég nokkuð ríka sannfæringu. Ekki þarf að ræða lengi við fólk hér og þar í þjóðfélaginu sem er að velta einhverjum möguleikum fyrir sér til þess að átta sig á hversu ráðvilltir menn oft eru varðandi það hvaða aðstoð þeim standi til boða, hvert þeir eigi að snúa sér og þar fram eftir götunum. Þarna getum við tekið miklu betur á. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það er þjóðhagslega skynsamlegt, rétt og væri okkur farsælt að beina meiri athygli að þeim þáttum málsins. Og þótt ekki væri nema til þess að við stæðum að okkar leyti skammlaust að því að hrinda í framkvæmd þeim markmiðum, bæði evrópskra og norrænna sáttmála, sem við tengjumst og ég hef gert grein fyrir. Allt ber að sama brunni og ég held að það sé tímabært að Alþingi fyrir sitt leyti fjalli um þessi mál og geri þeim skil. Hvort sem það verður með því að samþykkja nákvæmlega þessa þáltill. eða eitthvað í þá áttina vona ég a.m.k. að nægur áhugi sé fyrir hendi til þess að málið sofni ekki svefninum langa.

[15:06]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. átti kollgátuna þegar hann sagði að það glaðnaði yfir mér þegar hann nefndi lítil fyrirtæki í tengslum við Evrópusambandið. Það glaðnar alltaf yfir mér þegar mínir ágætu vinir innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs koma í þennan ræðustól og sjá eitthvað jákvætt við Evrópusambandið. Yfirleitt er málflutningur þeirra þannig að þar sé ekkert jákvætt hægt að finna. En ég auðvitað tók eftir þessu í máli hv. þingmanns. Síðan kemur þetta einnig fram í greinargerð með ágætri tillögu þingmannsins. Það er einfaldlega þannig að innan Evrópsambandsins hafa menn tekið mjög fast á í þessum efnum og það sem Evrópusambandið hefur umfram margar ríkisstjórnir er sú stefna þeirra að búa til framkvæmdaáætlun sem er nokkuð praktísk og sem hægt er að hrinda í framkvæmd alveg eins og við sjáum í byggðamálunum. Auðvitað gladdi það mig að sjá hv. þingmann fallast á þetta.

Hins vegar kem ég aðallega hingað, herra forseti, til að segja að tillagan verðskuldar það að menn taki undir með flutningsmönnum og ég kem hingað sem þingmaður Samfylkingarinnar til þess að segja að það efni sem er í henni hugnast mér ákaflega vel. Af því að ég veit að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er áhugamaður um að skipta um ríkisstjórn í landinu og leggja áherslu á annars konar atvinnustefnu en hefur verið aðall núverandi get ég sagt að þetta sem er að finna í þingmáli hv. þm. VG er ákaflega gott framlag til umræðu um það hvernig eigi í framtíðinni að stjórna í landinu og hvernig eigi að beita ríkisvaldinu til þess að byggja upp atvinnulífið á jákvæðari hátt.

Nú er það þannig, herra forseti, að svipaðar áherslur eru í atvinnustefnu Samfylkingarinnar. Við höfum verið að móta stefnu um smáfyrirtækin og það er sérstaklega einn hlutur þar sem ég hefði haft gaman af að gera að umræðuefni hér en það er einmitt áherslan sem við leggjum á að örva konur til að taka þátt í að stofna fyrirtæki, fyrst og fremst smáfyrirtæki.

[15:08]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Getur nokkuð gott komið frá Nazaret? Getur nokkuð gott komið frá Evrópusambandinu? Jú, jú, jú. Það kemur ýmislegt gott frá Evrópusambandinu. Ég held reyndar að kannski sé svolítill munur á nálgun minni og flokkssystkina minna og hv. þingmanns og systkina hans stundum. Við reynum alltaf að sjá bæði kost og löst á Evrópusambandinu. Við erum alveg ófeimin við, eins og þessi tillaga er til marks um, að horfa til þess sem okkur sýnist vera skynsamlega gert þar og bendum á þann möguleika einmitt í rökstuðningi okkar fyrir því að við þurfum ekki endilega að ganga í Evrópusambandið til að horfa til þess sem þar er vel gert. Við getum tekið það upp sem okkur sýnist og er til bóta eins og við höfum lengi gert. Við höfum tekið upp mikið úr velferðarlöggjöf hinna Norðurlandanna án þess að ganga í Norðurlöndin. Við höfum kópíerað heilmikið af sænskri velferðarlöggjöf án þess að ganga í Svíþjóð. Er það ekki, hv. þingmaður?

Alveg nákvæmlega eins er þetta með Evrópusambandið. Það er að sjálfsögðu rétt og skylt að menn skoði fordóma- og hleypidómalaust hvernig menn standa að málum í þessum efnum innan Evrópusambandsins eins og annars staðar og dragi dóm af því. Reyndar þarf ekki að sækja vatnið yfir lækinn, það þarf ekki að fara nema út í íslenska þjóðfélagið og a.m.k. ekki nema til Norðurlandanna því að í raun hafa Norðurlöndin, mörg hver, eins og ég fór yfir áðan í ræðu minni verið á undan frekar en á eftir í þessum efnum. Ég hygg að bæði Danir og Svíar t.d. og Finnar núna á seinni árum hafi verið gríðarlega öflugir í ýmiss konar starfsemi af þessu tagi.

Það er alveg hárrétt að skipta þarf um ríkisstjórn og þetta gæti orðið einn liðurinn í skynsamlegum áherslubreytingum í þeim efnum, þ.e. að horfa meira til fjölbreytni í atvinnulífinu. Ég er alveg sammála hv. þingmanni í þeim efnum. En ég

er ekki svo upptekinn af því núna strax á haustdögum að ég hugsi ekki um neitt annað en að skipta um ríkisstjórn eins og mér finnst stundum að hv. þm. Össur Skarphéðinsson geri. Ég held að við verðum bara að sjá hvernig aðstæður verða þegar þar að kemur en þetta yrði a.m.k. ekki ásteytingarsteinn í þeim efnum. Það er ljóst.

[15:10]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þjóð minni vel og þess vegna hugsa ég nátt- og daglangt um að skipta um ríkisstjórn í landinu. Það er það besta sem getur komið fyrir þjóðina.

Hv. þm. hefur komist að því að ýmislegt gott getur komið frá Nazaret. Ýmislegt gott getur komið frá Brussel. Ég hef oft velt því fyrir mér þegar ég fylgist með því hvernig Evrópusambandið tekur ákvarðanir um stefnubreytingar og hrindir þeim síðan í framkvæmd að það er mjög margt líkt með áherslum um hvernig á að gera hlutina hjá Brussel og hjá þeim hugmyndasmiðum sem eru að baki VG.

Tökum t.d. þessa ágætu stefnu sem liggur fyrir í þessu þingmáli sem við ræðum hér. Þar er beinlínis verið að tala um að ríkið komi með virkum hætti með fjárframlögum og atbeina sínum til þess að byggja upp *lítil fyrirtæki*, m.a. á landsbyggðinni. Hvað er það sem Evrópusambandið gerir? Nákvæmlega þetta. Það hefur áratugum saman tekið þátt í því að leggja fram hugmyndir um hvernig eigi að byggja upp smáfyrirtæki á tilteknum svæðum sem eru veikburða í *atvinnulegu tilliti, sett þangað mannskap og fjármagn*. Ég veit þetta af eigin reynslu vegna þess að ég var á sokkabandsárum mínum ráðgjafi í tveimur löndum þar sem beinlínis var verið að vinna í krafti fjármagns sem kom frá Brussel til þess að byggja upp slík héruð.

Herra forseti. *Ég segi að þær hugmyndir sem þarna eru* eru um margt keimlíkar því sem ýmsir aðrir hafa velt fyrir sér. Það er einfaldlega þannig að um margt erum við sammála í mínum flokki og flokki hv. þingmanns. Hvort þetta gæti orðið eitthvað sem hægt er að vöndla saman í jákvæða stefnu fyrir þjóðina inn í framtíðina á eftir að koma í ljós. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það sé jákvætt að þessir tveir flokkar hafi þarna ákveðna svipaða áherslu um hvernig á að byggja upp varanlega velsæld í landinu án þess að hún byggist á endalausum sveiflum eins og við höfum séð síðustu árin.

[15:12]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Um aðferðafræði og framgang mála í Brussel er auðvitað verið að gera ýmislegt af metnaði og góðum hug. Það er alveg ástæðulaust að draga fjöður yfir það. Það er að vísu ekki þannig að menn hafi fundið þar upp hið fullkomna ríki og þar sé allt óskeikult. Við skulum líka átta okkur á því að sumt af því sem hv. þm. nefndi, eins og byggðastyrkir og annað í þeim dúr, eru auðvitað mótvægisaðgerðir í eðli sínu. Það eru í eðli sínu mótvægisaðgerðir gegn þeim áhrifum innri markaðarins og markaðsvæðingu viðskipta í Evrópu og á öllu Evrópska efnahagssvæðinu sem menn átta sig auðvitað á að getur haft neikvæðar og mjög slæmar afleiðingar ef ekkert er að gert. Má þá kannski segja að að þessu leyti sé þetta fyrst og fremst til marks um að menn eru meðvitaðir um að við innri markaði og því olnbogarými sem fjármagni og atvinnurekstri, og færslu vinnuafls þar með, er gefið þarf að bregðast með ýmsum mótvægisaðgerðum eins og þeim að styrkja byggðarlög og svæði sem hallar á. Þar skiptir náttúrlega frumkvöðlastarfsemi, uppfinningar og *atvinnurekstur í smáum stíl mjög miklu máli*.

Ég held líka, herra forseti, að nauðsynlegt sé að minna á að þetta er nátengt þeirri hugsun að meginundirstöðurnar sem eru auðvitað menntun, rannsóknir og áhersla á þekkingu og mannauð, hanga saman. Í raun og veru eru þetta hliðar *á sama teningnum, og það er ekki síður þar sem ég held að* Íslendingar verði alvarlega að gá að sér ef ekki á illa að fara. Við með okkar blessuðu ríkisstjórn sem einlínir á blinda stóriðju verðum leidd út í miklar ógöngur ef menn vanrækja slíka undirstöðu og vanrækja það að hlúa að grasrótinni og vökva hana og næra.

[15:15]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Tillagan sem hér er til umfjöllunar, um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri hjá smáum og meðalstórum fyrirtækjum, er góðra *gjalda verð. Fáist hún samþykkt* á hv. Alþingi tel ég að hér sé verið að stíga gott spor og byggja undir framtíðina.

Það er einfaldlega þannig, eins og segir í tillögunni, að það eru lítil og meðalstór fyrirtæki sem byggja upp nýtt atvinnulíf. Það eru þau sem fjölga *störfum í landinu*. Stórfyrirtækin og samþjöppunin, t.d. í sjávarútvegi, eru alls ekki að fjölga störfum. Störfum fækkar, hríðfækkar í kjölfar samþjöppunar. Hagkvæmni stórfyrirtækjanna er í raun aðeins fyrir þá sem eiga fjármagnið og stórfyrirtækin. Slík fyrirtæki *eru rekin til að skapa eigendum fyrirtækjanna arð* og þar er keyrt á hagkvæmni fjármagnsins og við það fækkar störfum í undirstöðugreinum í byggðum landsins.

Sem betur fer hafa fjölmörg fyrirtæki hér á landi verið að gera góða hluti þó að þau hafi ekki verið starfandi í *sjávarútvegi á undanförnum árum*. Þar má nefna fyrirtæki eins og POLS á Ísafirði, 3X-Stál, Marel og Skagann hf. á Akranesi. Síðan má auðvitað nefna að ferðamannaþjónustan vex stöðugt en þá erum við í raun komin í hring. Við erum í raun komin aftur að þeim afleiðingum sem samþjöppun veiðiheimilda og stórfyrirtækin hafa á byggðina. Ísland sem ferðamannaland er í mínum augum ekki mjög verðmætt ef það helst ekki í byggð. Ég tel það skilyrði fyrir framþróun þessa lands sem ferðamannalands að byggðin haldi velli og eflist. Ég held að það sé líka skilyrði fyrir því að Ísland verði í framtíðinni ferðamannaland að við getum stundað okkar hefðbundnu atvinnuvegi og sýnt þá, að þeir ferðamenn sem vilja sækja landið heim geti séð hefðbundin störf landsmanna og við getum kynnt þau. Með því að viðhalda byggðinni, því að fólkið geti búið þar sem það vill búa, viðhöldum við söguþekkingu og þekkingu á staðháttum, sem eru ekki hvað minnst verðmæti fyrir ferðaþjónustuna í framtíðinni. Það eru því fjöldamörg rök fyrir því að styðja með öllum hætti þá þróun að efla smáfyrirtæki og meðalstór fyrirtæki í landinu.

Allir þekkja skoðanir mínar á sjávarútvegsmálum. Ég ætla ekki að gera þær að sérstöku umræðuefni hér en ég segi einfaldlega að sú samþjöppunarstefna atvinnutækifæranna sem átt hefur sér stað og allt stefnir í að verði áfram er í algerri andstöðu við stefnu okkar í Frjálslynda flokknum.

Tillagan sem hér er til umræðu í dag er tímabær að mínu viti. Hún mun vissulega verða til þess, ef samþykkt verður, að við stígum hér framfaraspor. Smærri fyrirtækin, m.a. í sjávarútvegi, eru viðbragðsfljótari, taka betur við sér og ná betra verði fyrir framleiðslu sína en t.d. stórfyrirtækin. Það er bara staðreynd málsins.

Það má auðvitað líka velta fyrir sér á hvaða vegi sú ríkisstjórn er sem stjórnar landinu í dag. Það er ekki tekið undir uppbyggingu og eflingu atvinnuþróunarfélaganna. Því hefur ekki verið hægt að finna stað í stefnu ríkisstjórnarinnar. Varðandi þá stefnumótun sem lagt var af stað með, m.a. með skógræktarverkefnum vítt og breitt um landið, Skjólskóga, Héraðsskóga o.s.frv., ætla menn að draga saman seglin. Það eru ekki sérstakar aðgerðir á prjónunum við að viðhalda og efla landbúnað úti um sveitir landsins, hvað þá úrvinnsluiðnað. Það er því af fjöldamörgu að taka sem þessi tillaga kemur inn á. Ég lýsi yfir stuðningi okkar í Frjálslynda flokknum við tillöguna.

[15:20]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langaði að þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir undirtektirnar og reyndar einnig hv. 7. þm. Reykv., Össuri Skarphéðinssyni.

Ég er sammála hv. þm. um að að sjálfsögðu ber ekki síst í þessum efnum að horfa til þeirrar atvinnustarfsemi sem fyrir er, t.d. á landsbyggðinni, og nýsköpunar í kringum hana og innan þeirra greina. Þar er nú heldur betur og bærilega smáatvinnurekstur, ef við viljum nota það hugtak. T.d. er hvert einasta bú í landinu lítið atvinnufyrirtæki og lengi vel var það þannig í sjávarútvegi á Íslandi einnig að uppistaðan í íslenskum sjávarútvegi var starfsemi einyrkja, einstakra útgerðarmanna eða fjölskyldna. Það er líka rétt að þegar maður horfir til nýsköpunar, t.d. í íslenskri fiskvinnslu sem hefur lifað tímana tvenna og þar sem hefur orðið gríðarleg breyting á undanförnum árum og tugir fyrirtækja hafa horfið af sjónarsviðinu, fyrirtækja af meðalstærð, t.d. hefðbundin frystihús, hafa helst komið í staðinn ný smáfyrirtæki þar sem menn hafa eygt möguleika á því að gera verðmæti úr afskurði eða aukategundum sem áður voru lítt eða ekki nýttar. Að vísu hefur líka orðið uppbygging í fáum en mjög stórum og sérhæfðum og tæknivæddum vinnslustöðvum. Þannig má sækja heilmörg dæmi um nákvæmlega það sem hér er á dagskrá í þróunina í sjávarútveginum.

Í landbúnaði og nýrri atvinnustarfsemi í sveitum á þetta líka við. Við getum nefnt uppbygginguna í ferðaþjónustunni, þar sem nokkur hundruð lítil ferðaþjónustufyrirtæki hafa byggst upp á landsbyggðinni á undanförnum árum. Við getum jafnframt bent á tilraunir margra bænda til þess að gerast orkubændur. Þetta eru góð dæmi um nýsköpun á sviði atvinnumála í smáum stíl sem ég held að væri mjög hyggilegt að hlúa betur að.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, fyrri umr.

Þáltill. KLM o.fl., 18. mál. — Þskj. 18.

[15:23]

Flm. (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 18, um vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, sem við, nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar, flytjum. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að kanna þróun vöruverðs og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni síðastliðin tíu ár og bera saman við þróunina á höfuðborgarsvæðinu á sama tímabili. Nefndin kanni jafnframt hvaða þættir hafa helst áhrif á vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni annars vegar og á höfuðborgarsvæðinu hins vegar og hvar skilur á milli.

Nefndin kanni alveg sérstaklega og meti:

a. áhrif þungaskatts á vöruverð og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafa haft á vöruverð á landsbyggðinni,

b. áhrif þungaskatts á rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafa haft á rekstrarskilyrði þeirra."

Lagt er til, herra forseti, að nefndin móti tillögur sem hafi að markmiði að draga úr áhrifum þungaskatts á vöruverð og jafni rekstrarskilyrði atvinnufyrirtækja í sambandi við flutningskostnað milli landsvæða. Einnig er lagt til að sérstaklega verði kannað hvort breyta megi og jafna muninn í gegnum skattkerfið til að ná þessu markmiði.

Herra forseti. Þessi tillaga er afar brýn. Ég hef hér sagt er hún tvíþætt. Annars vegar beinist hún að því að kanna hvað hefur áhrif á vöruverð á landsbyggðinni í samanburði við höfuðborgarsvæðið og hins vegar rekstrarskilyrði fyrirtækja.

Ég ætla í inngangínum að fyrri ræðu minni um þetta mál að snúa mér fyrst að því sem snýr að vöruverði á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu. Það er auðvitað kunnara en frá þurfi að segja að þar er mikill munur. Mesti munurinn er m.a. vegna hins svimandi háa flutningskostnaðar sem nú er um þessar mundir og hefur farið stighækkandi undanfarin ár.

Í þessari þáltill. er birt, máli okkar til stuðnings, í töflu 1, verðkönnun sem ég gerði í 27 verslunum í sumar. Þetta eru verslanir jafnt hér á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. Í þessari verðkönnun minni á 10 vöruflokkum, þekktum vöruflokkum sem við vorum viss um að væru til í flestöllum ef ekki öllum búðum, mátti sjá, herra forseti, allt að 108% mismun milli landsbyggðarverslunar og höfuðborgarverslunar. Algengast er að munurinn sé í kringum 70–100%.

Máli mínu til stuðnings bendi ég á útreikninga, sem fylgja þáltill. þessari, á verðinu sem landsbyggðarverslunin fær frá birgjum og heildsölum á höfuðborgarsvæðinu, hvað ríkissjóður fær út úr því í virðisaukaskatt, hvert innkaupsverð viðkomandi verslunar er og jafnframt hver áætlaður flutningskostnaður er. Rétt er að taka það fram að oft er það svo að framleiðendur eða heildsalar borga flutninginn út á land en auðvitað kemur það fram í vöruverði. Þetta sýnir hvað kaupmaðurinn í landsbyggðarversluninni sem selur þessar vörur fær í raun lítið fyrir sinn snúð, fyrir umsetningu sína. Ég vil taka það skýrt fram, herra forseti, að ástæðan fyrir háu vöruverði úti á landi er ekki álagning kaupmanna þar. Þeir eru ekki sælir af álagningu sinni. Þar ræður mestu hátt innkaupsverð og svimandi hátt flutningsgjald.

Í töflu 2 má sjá að kostnaður við að flytja 1 kg af sykri út á land, á svona meðalstað skulum við segja, meðalflutningskostnaður, getur verið um 14 kr. á kíló þó viðkomandi kaupmaður hafi fengið sérstakt afsláttartilboð. En framlegðin sem hann hefur út úr því að selja þetta kíló af sykri er ekki nema 12 kr. Með öðrum orðum, herra forseti, flutningsaðilinn fær meira, sama má segja um ríkissjóð, út úr þessu en kaupmaðurinn.

Ég vil halda þessu til haga og fara í gegnum þessar töflur þó að of langt mál sé að fara út í að nefna einstakar krónutölur. Þarna er hins vegar hreint út sagt hrikalegur munur á vöruverði. Þegar maður skoðar svo gjaldskrá fyrirtækisins Flytjanda, sem er fylgiskjal með þessari þáltill., getum við séð að það að flytja 300 kg af vöru samkvæmt gjaldskrá frá Reykjavík til Raufarhafnar kostar 28,30 kr. á kíló. Það getur átt eftir að versna enn meira. Ef við erum að flytja þessar vörur á Bakkafjörð eða Vopnarfjörð kostar það tæpar 33 kr. á kíló eða um 30 kr. á Miðausturland.

Herra forseti. Ég ítreka, vegna þess að þetta eru lágar tölur í sjálfu sér, að þetta eru hrikalegar tölur sé litið til flutningskostnaðar. Nú er gjaldskrá eitt og raunveruleikinn annar. Í mörgum tilfellum hafa flutningsfyrirtæki sem betur fer gefið flutningsaðilum einhvern afslátt en hann er þó ekki alltaf voðalega mikill. Hér er ég bara með, af því að staðreyndirnar eru oft bestar, reikning frá ákveðinni verslun á landsbyggðinni sem sýnir svart á hvítu að það kostar tæpar 5 þús. kr. að flytja 155 kg af matvöru frá Reykjavík til viðkomandi staðar, þ.e. um 32 kr. á kg. Upp á þetta hljóðar reikningurinn. Þetta eru staðreyndir.

Því vil ég segja, virðulegi forseti: Gjaldskrá er eitt og raunveruleikinn annað. Hann er því miður þessi. Um raunveruleikann í sambandi við flutningskostnað er hægt að taka ótal mörg dæmi. Eins og ég sagði áðan ætla ég á eftir að ræða um þennan flutningskostnað gagnvart rekstrarskilyrðum fyrirtækja og nefna nokkur dæmi. Þetta vildi ég sagt hafa um vöruverðið. Ég hvet til þess að þessi tafla verði skoðuð. Varðandi hlutfallsverðmismun milli landsbyggðarverslunar og höfuðborgarverslunar, sama hvort það er á Frón-mjólkurkexi eða grænum baunum, er hann um 100%.

Verðmismunur þessi er skuggalegur og það sem ég nefndi áðan um hvað kaupmaðurinn fær er gríðarleg matarkista fyrir ríkissjóð. Ríkissjóður fær fúlgur í nafni flutningskostnaðar, í formi þungaskatts, olíugjalds, dekkjagjalds og hvað öll þessi gjöld heita. Þetta er þvílík matarkista að auðvelt væri að setja hluta þessa fjár í einhvern jöfnunarsjóð til þess að jafna flutningskostnað út á land og jafna þar með vöruverð sem er ein brýnasta aðgerð í byggðamálum, þ.e. að jafna rekstrarskilyrði fyrirtækja. Við getum líka kallað það að bæta rekstrarskilyrði fjölskyldna og heimila, þ.e. að lækka vöruverð.

Virðisaukaskattur sem er greiddur af allri vöru til ríkissjóðs er rúm 12%, reiknað frá vörunni. Tafla 3 í þessari þáltill. sýnir lægsta og hæsta vöruverð. Þar kemur í ljós, herra forseti, sem kemur í raun og veru ekki á óvart að ef þessir 10 vöruflokkar væru keyptir þar sem varan er ódýrust, sem er í þessu tilviki á höfuðborgarsvæðinu, mundu þeir kosta 2.090 kr. Ef þessir sömu vöruflokkar eru keyptir í landsbyggðarverslun þar sem við getum tínt til hæsta verðið mundu þeir kosta 3.379 kr. Mismunurinn á hæsta og lægsta verði er 1.289 kr. eða 62%.

Þá kem ég að virðisaukaskattinum, þessum mikla tekjustofni ríkissjóðs. Landsbyggðarbúinn sem þarf að kaupa þessar vörur á 3.379 kr. borgar 471 kr. í virðisaukaskatt til ríkisins meðan höfuðborgarbúinn sem kaupir við lægsta verði borgar rétt um 300 kr. Mismunurinn er rúmar 170 kr., þ.e. 58%. Ríkissjóður fær 58% meira af þessum 10 vöruflokkum hjá þeim sem búa úti á landi, búa við þetta háa vöruverð, vegna allra þáttanna sem hafa gert það að verkum að gjöldin sem ég nefndi áðan hafa hækkað og hækkað, þungaskatturinn, olíugjaldið, allir skattarnir og hvað þetta nú allt saman heitir.

Herra forseti. Ég vil kasta þeirri spurningu fram á hinu háa Alþingi hvort jafnræðisregla stjórnarskrárinnar sé ekki brotin á landsbyggðarbúum með þessum dæmum. Ég tel svo vera vegna þess að við mismunum með þessari skattheimtu og vegna þess hvernig virðisaukinn kemur þarna inn í lokin. Þessi krónutölulegu áhrif virðisaukaskatts valda sem sagt þessu mikla misræmi með öðrum þáttum. Flutningskostnaðurinn veldur því að kostnaðarverð til ákvörðunar á endanlegu söluverði á vörum fjarri framleiðslu og innflutningshöfn verður miklu hærra. Áhrifin eru þau sem ég nefndi áðan að virðisaukinn leggst á hærri grunn og þar með fær ríkissjóður þessar svimandi háu tölur af matarkörfu heimilanna úti á landi, margfalt hærra hlutfallslega en gerist þar sem karfan er ódýrust.

Herra forseti. Rétt í lokin á umræðu um vöruverð á landsbyggðinni vil ég segja að það þekkist í nokkrum vöruflokkum að flutningsjöfnun sé beitt. Nægir þar að nefna olíu. Olía kostar það sama hvarvetna, og bensín kostar það sama í Reykjavík og á Raufarhöfn. Sement er líka í flutningsjöfnun. Morgunblaðið og Dagblaðið kosta sama hvort sem það er á Akranesi, í Reykjavík eða á Vopnafirði. Mjólkin er yfirleitt á sama verði. Og síðast en ekki síst, ríkisvaldið ákvað á sínum tíma að hafa eina gjaldskrá á símanotkun um allt land þannig að jöfnunaraðgerðir eru þekktar.

Ég segi, herra forseti: Að stærstum hluta er þetta þungaskattinum að kenna og að stærstum hluta er þetta núverandi ríkisstjórnarflokkum að kenna vegna þess að þeir hafa með aðgerðum sínum, og aðgerðaleysi líka, stuðlað að stórhækkun þungaskatts sem hefur farið þráðbeint út í verðlagið. Það sýna töflur og gögn sem við höfum verið að skoða frá 1996 til dagsins í dag.

Hér í lokin á þessum fyrsta inngangi mínum vil ég ítreka það sem ég sagði áðan: Ef menn vilja bregðast við bráðavanda í byggðamálum á Íslandi þarf að ganga rakleitt í aðgerðir til þess að jafna, minnka eða breyta því formi sem er á þungaskatti og þeim sköttum ríkisins sem gera það að verkum að hinn hái flutningskostnaður er orðinn að veruleika. Þetta væri það skjótvirkasta til þess að jafna lífskjör í landinu. Jöfnun lífskjara er eitt brýnasta byggðamálið í dag gagnvart íbúum landsins. Það er með öðrum orðum, herra forseti, ekki hægt að una við það að íbúi á norðausturhorni landsins þurfi að greiða rúmar 30 kr. á hvert kíló sem flutt er til hans af matvöru svo hann geti dregið fram lífið. Þetta er ósanngjörn skattheimta. Það er mjög ósanngjarnt hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur komið fram við landsbyggðarfólk á undanförnum árum. Þetta atriði sem ég hef hér nefnt er eitt stærsta atriðið í mínu máli ef frá eru skilin atvinnumál og breyting á þessum höfuðatvinnuháttum okkar.

Í næstu ræðu minni á eftir ætla ég að koma inn á samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu en þar hafa ýmsar strúktúrbreytingar í flutningskostnaði gert það að verkum að fyrirtækin sitja langt frá því við sama borð, og miklir erfiðleikar eru að koma upp í fyrirtækjarekstri í landsbyggðinni núna vegna þessa svimandi háa og hækkandi flutningskostnaðar.

[15:39]

Útbýting þingskjals:

Menningarstofnanir á Suðurlandi, 213. mál, fsp. ÓI, þskj. 216.

[15:39]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni Möller fyrir að hreyfa þessu máli. Ég held nefnilega að þetta sé liður í viðleitni okkar til að ná niður vöruverði í landinu, sérstaklega á matvælum og flutningi á vöru og þjónustu. Ég veit að hv. þm. er búinn að kafa djúpt ofan í þessi mál og flutningamálin eru náttúrlega stór þáttur í vandanum.

Þá komum við að þeirri þróun sem hv. þm. veit mætavel um. Stór og mikil fyrirtæki hafa keypt upp nánast öll flutningsfyrirtæki á landsbyggðinni með góðu eða illu. Þar hefur mönnum verið stillt upp við vegg, og ef ég veit rétt eru örfá sjálfstæð flutningsfyrirtæki starfandi utan við þessa blokk. Ef við tökum Norðurlandið er Kaupfélag Skagfirðinga sennilega eini aðilinn sem er með flutningsfyrirtæki þannig að þetta er gríðarlega fjölþætt mál.

Ég spyr hv. þingmann hvort hann vilji ekki leggjast á sveif með okkur og skoða hvort þessi þróun hafi ekki leitt mjög til ills sem ég veit að hún hefur gert. Í framhaldi af samþjöppun þar sem sumir geta stillt öðrum upp við vegg varðandi flutning á vöru og þjónustu og iðnaðarvörum hefur orðið gríðarleg hækkun. Kerfisbreytingar hafa átt sér stað og örfá fyrirtæki eru orðin ein um hituna og geta nánast krafið menn um hvaða prís sem er til flutnings á vöru og þjónustu. Þarna er einn liður. Ég mun flytja ræðu á eftir og koma inn á ýmsa pósta, og ég trúi því að í mörgum atriðum séum við hv. þingmaður sammála um að á mörgum þáttum þurfi að taka og skoða í þessu samhengi. En samþjöppun í þessari þjónustu er að mínu mati mjög stór og veigamikill þáttur og snertir bæði flutning á matvöru út á landsbyggðina og ekki síður á vöru og þjónustu til og frá landsbyggðinni. Þá er það hráefni til iðnaðar og líka iðnaðarvörur til sölu á stærri markaði.

[15:41]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Jú, ég og hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson erum sammála um þessi atriði enda komum við báðir af landsbyggðinni og vitum hvernig þetta brennur á fólki. Við finnum hvernig vöruverð er miklu hærra þar en á höfuðborgarsvæðinu. Við erum sammála um að flutningskostnaðurinn er stór þáttur í þessu, eins og við vitum og hv. þm. kom inn á.

Það er auðvitað alveg hárrétt að vafalaust er það einn þáttur af stórhækkun flutningsgjalda að samþjöppun eykst og samkeppni minnkar. Það er alveg ljóst. Við sjáum að tvær meginblokkir sjá um flutningana í dag, þ.e. Flytjandi og Landflutningar – Samskip. Flytjandi boðaði nú um mitt sumar 7% hækkun á flutningskostnaði. Ég vil samt sem áður halda því til haga að langstærstu útgjöld þessara flutningsfyrirtækja eru í formi þungaskatts. Ég er ekki endilega viss um að flutningsfyrirtækin séu of sæl af sinni afkomu, og tel mig reyndar hafa um það upplýsingar. Það styður það sem ég er hér að segja, ríkisvaldið sogar fyrst og fremst til sín sífellt meira. Þrátt fyrir hin háu flutningsgjöld berjast flutningsfyrirtækin jafnvel í bökkum. Ég tek það skýrt fram að ég þekki ekki rekstrarafkomu þeirra. En auðvitað skiptir líka máli að strandsiglingum hefur verið hætt og flutningurinn er kominn meira upp á landið.

Mér þótti t.d. mjög athyglisvert á fundi fjárln. með hreppsnefnd Þórshafnarhrepps ekki alls fyrir löngu þegar einn rekstrarstjóri þar sagði okkur að það kostaði álíka mikið að flytja einn gám með bíl frá Þórshöfn til Húsavíkur til útflutnings eins og að flytja viðkomandi gám frá Rotterdam í Hollandi til Íslands.

[15:43]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er bent á marga og mikilvæga þætti. Hv. þm. Kristján Möller kom inn á strandsiglingar. Þær voru afgerandi þáttur. En þegar við skoðum öll þessi mál í heild sinni sést að ýmislegt af þeim varningi sem er búið að færa upp á þjóðvegi landsins á alls ekki heima þar. Það er einvörðungu til þess að framkalla slit á vegum sem kostar hundruð milljóna á ári ef allt er reiknað til. Þessi mál þarf greinilega að skoða öll í heild sinni.

Ég bendi hv. þingmanni á og spyr hvort hann geti verið sammála okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði um það að skoða hreinlega möguleikana á því að endurvekja á vegum opinberra aðila strandsiglingar og skapa þannig aðhald varðandi vöruflutning til og frá landsbyggðinni, hvort sem það eru neysluvörur til almennings eða iðnaðarvaningur. Það urðu þáttaskil þegar Skipaútgerð ríkisins var lögð niður. Þá gerðist raunar það sama og er búið að gerast í landflutningunum. Tveir aðilar ráða nánast ferðinni og kannski má segja að einn aðili ráði ferðinni núna með þeim afleiðingum að iðnaðurinn úti á landi og náttúrlega allir vöruflutningar líða fyrir. Í þeirri fákeppni sem þróast hefur er þeim aðilum í þessum rekstri raunar gefið veiðileyfi á að innheimta gjöld í formi þjónustugjalda eins og þeim sýnist. Við þekkjum öll þróunina í skipaflutningum, við höfum heyrt í iðnrekendum okkar og við höfum heyrt í fiskverkendum og þar eru ekki fallegar sögur á ferðinni. Til einhverra mótaðgerða þarf að grípa. Því vil ég spyrja hv. þingmann hvort hann geti aðhyllst fyrir sína parta og fyrir hönd síns flokks möguleika á skoðun á svona mótvægisaðgerðum gagnvart þeirri fákeppni sem nú ríkir.

[15:45]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, ég get tekið undir það. Ég er sammála þingmönnum í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði um að rekstrargrundvöll strandsiglinga þurfi að kanna. En ég vil taka það skýrt fram að ef það vakir fyrir þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að endurvekja Skipaútgerð ríkisins og gera þetta í einhverju ríkisreknu batterí þá er ég mótfallinn því. Með öðrum orðum hef ég ekki trú á að slíkur ríkisrekstur mundi bera sig nægilega vel og ná að lækka flutningskostnað. Ég er hins vegar hjartanlega sammála þingmanninum um að það beri að kanna hvers vegna strandsiglingar eru taldar svo óhagkvæmar. Hvers vegna eru þær að leggjast af?

Ég minni á breytingu sem Eimskipafélag Íslands gerði á sl. ári vegna strandsiglinga á Íslandi eins og áður hefur verið rætt um þar sem lögð voru gjöld á 20 feta gám og 40 feta gám og annað slíkt. Talað er um að í kringum 55 þús. kr. hafi allt í einu bæst við við breytinguna sem varð á gámaflutningi. Gera menn sér almennt grein fyrir því, herra forseti, að þessi breyting Eimskips gerði það að verkum, ef við tökum frystitogara sem kemur að landi á Miðnorðurlandi, að það kostar 1 millj. kr. meira að koma þessum 400 tonna farmi frá Miðnorðurlandi til Reykjavíkur í útflutningshöfn til að flytja þetta út? Þetta var sú breyting sem þar var gerð á.

En til að hafa það alveg á hreinu, vegna þess að hv. þm. spurði út í strandsiglingar, þá er ég tilbúinn að skoða það og er sammála mönnum um að skoða verði hverjar eru rekstrarforsendur og hvað þurfi að gera til að gera strandsiglingar

hagkvæmari svo skipafélögin sjái sér hag í þeim, jafnframt því að lækka flutningskostnað. Eigi hins vegar að gera það með ríkisfyrirtæki þá er ég því andvígur. Við verðum að mínu mati að fara aðrar leiðir.

[15:48]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Eitt af því sem einkennt hefur núverandi ríkisstjórn er vaxandi ójöfnuður. Sá ójöfnuður birtist ekki síst í að íbúar landsbyggðarinnar búa við snöggtum verri og versnandi kjör en íbúar á hinu þéttbýla suðvesturhorni landsins. Jöfnun lífskjara er þess vegna meginbyggðamálið í dag. Í ljós kemur, þegar skoðaðar eru þær skýrslur sem gerðar hafa verið um ástæður þess að fólk er að flytja af þeim svæðum sem skilgreind hafa verið sem hættusvæði í byggðalegu tilliti, að það sem fólkið er að flýja eru fyrst og fremst hlutir á borð við þá sem hér hafa verið til umræðu. Lífskjör og lífskjararýrnun og hækkandi verðlag. Þetta gerir það að verkum að íbúar landsbyggðarinnar una sínum hlut illa. Þetta er það sem þeir setja í annað sætið á lista yfir orsakir þess að þeir fara í burtu.

Til marks um hvernig ríkisstjórnin hefur tekið á málum má benda á að í hennar tíð hefur þessi ójöfnuður farið vaxandi. Í hennar tíð hefur þungaskattur hækkað og af þeim völdum hefur samkeppnisstaða fyrirtækja á landsbyggðinni rýrnað og vöruverð þar hækkað. Þetta hefur leitt til þess að fólk hefur í vaxandi mæli á síðasta áratug flutt búferlum. Sumir tala um byggðaröskun, aðrir um byggðaflótta.

Hvað sem veldur, herra forseti, þá tala staðreyndirnar sínu máli. Þær staðreyndir sem við höfum fyrir framan okkur eru þessar: Í hverri einustu viku og hverjum einasta mánuði á síðustu 10 árum hafa 6 fjögurra manna fjölskyldur flutt af landsbyggðinni til Reykjavíkur. Þetta er líka mál sem skiptir okkur í þéttbýlinu máli, ekki bara vegna þess að við viljum halda landinu í byggð heldur vegna þess að það kostar mikla fjármuni að taka á móti þessu fólki og byggja upp svæði fyrir nýjar íbúðir og ný hús. Peningarnir sem í það fara eru ekki notaðir til viðhalds og annarrar uppbyggingar á þéttbýlissvæðunum. Ég nefni þetta, herra forseti, vegna þess að landsbyggðin og þéttbýlið eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta í þessum efnum.

Ég vil í upphafi máls míns, herra forseti, þakka félaga mínum Kristjáni L. Möller fyrir þá tillögu sem hann hefur haft forgöngu um. Ég held að það yrði ákaflega stórt skref, ef samþykkt verður, til þess að grafast fyrir um rætur þessa ójöfnuðar og jafnframt að benda á leiðir til þess að leiðrétta hann. Ég vil ekki síst þakka hv. þm. fyrir þá miklu vinnu sem hann hefur lagt í að gera sérstaka könnun á vöruverði á landsbyggðinni. Hv. þm. Kristján L. Möller hefur farið vítt og breitt um landið og hefur kannað verðlag í 29 verslunum, á 10 nauðsynjavörum. Þetta hefur hann borið saman við verðlag á þessum varningi í stórverslunum á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöðurnar eru sláandi. Í ljós kemur að fólk á landsbyggðinni getur þurft að borga yfir 100% meira fyrir nauðsynjavarning en fólk á þéttbýlissvæðunum. Þetta skiptir ákaflega miklu máli, herra forseti.

Okkur sem stöndum í að búa til leikreglurnar fyrir samfélagið sem orðið hefur til í þessu landi ber skylda til að gera það með þeim hætti að borgararnir búi við sem mest réttlæti. Þegar við skoðum með hvaða hætti vöruverð hefur þróast á landsbyggðinni er hægt að benda á þætti sem ekki er hægt að rekja til aðgerða stjórnvalda. Rekstrareiningar á landsbyggðinni eru t.d. óhagkvæmar. Það eitt leiðir til þess að vöruverð verður hærra. Ég tek eftir því líka í greinargerð hv. þm. Kristjáns Möllers með tillögunni að innkaupsverð til kaupmanna á landsbyggðinni er töluvert hærra en vænta má miðað við það sem gengur og gerist á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Þetta eru auðvitað hlutir sem erfitt er fyrir ríkisstjórn og stjórnvöld hverju sinni að grípa inn í.

En það sem er sláandi, herra forseti, er tvennt. Ríkisvaldið hefur á tveimur stigum verðlagningarinnar komið inn í með vaxandi þunga. Aðgerðir hafa verið samþykktar sem beinlínis leiða til þess að vöruverð á landsbyggðinni hefur hækkað. Í fyrsta lagi blasir við að hækkun þungaskatts af völdum þessarar ríkisstjórnar hefur leitt til þess að flutningskostnaður hefur orðið mjög hár, allt of hár. Það skiptir verulega miklu máli. Það skiptir líka máli að í þessari tillögu sem þingmenn Samfylkingarinnar flytja er bent á leiðir sem aðrar þjóðir hafa farið með góðum árangri til að draga úr þessu. Það er t.d. bent á að í Noregi er landinu skipt í mismunandi svæði og þungaskattur mismunandi. Þetta væri hægt að gera á Íslandi með þeim hætti að þungaskattur yrði minni eftir því sem fjær dregur frá höfuðborgarsvæðinu. Það er ákaflega nauðsynlegt að menn hugi að þessu þegar það blasir við að samkvæmt rannsókn Kristjáns Möllers, þingmanns Samfylkingarinnar, eru kaupmenn á landsbyggðinni síður en svo að skara eld að eigin köku. Svo virðist sem þeir fylgi ákaflega hóflegri verðlagningarstefnu og oft á tíðum er hægt að sýna fram á að það sem þeir fá í sinn vasa er um það bil hið sama og borgað er fyrir flutning á vörunni. Jafnframt blasir við að ríkið græðir mest. Það er ekki aðeins þungaskatturinn sem ríkið stendur fyrir sem gerir að verkum að lífsjörin að þessu leyti, eins og þau speglast í matarverði, eru ójöfn. Það er líka hægt að halda því fram með nokkuð góðum rökum að ríkið ýti upp verði á landsbyggðinni með virðisaukaskattinum.

Það er sláandi, herra forseti, að í þeim útreikningum sem hv. þm. Kristján Möller leggur fyrir blasir við að fyrir tiltekna vöruflokka greiða höfuðborgarbúar ríflega 2.090 kr. Landsbyggðarbúinn þarf að greiða miklu hærra verð, þ.e. 3.379 kr. fyrir þessa sömu vöru. Á tveimur stigum verðlagningar kemur ríkið inn í þetta. Ég nefndi áðan þungaskattinn en jafnframt verður að skoða virðisaukaskattinn. Virðisaukaskatturinn sem höfuðborgarbúinn þarf að borga af þessari matarkörfu er 299 kr. Landsbyggðarbúinn greiðir 58% meira til ríkisins, þ.e. 471 kr.

Nú er kannski ekki hægt eins og með því að smella fingri að benda bara á leiðir til að draga úr þessu. Hins vegar er alveg ljóst, herra forseti, að hér er um sláandi ranglæti að ræða, hér er um sláandi ójafnrétti að ræða og það má beinlínis rekja til íslenska ríkisins. Þess vegna hlýtur sú skylda að hvíla á íslenska ríkinu að reyna að leita leiða til að draga úr þessu misrétti. Enginn þingmaður sem hér situr, í hvaða flokki sem hann er, vill stuðla að því að til verði einhvers konar kerfi sem mismuni íbúum landsins eftir því hvar þeir búa.

Hv. þm. Kristján Möller hefur sýnt fram á að ákvarðanirnar sem við höfum tekið hafi leitt til þessarar mismunar. Þess vegna hlýtur sú skylda að hvíla á okkur, þingmönnum sem hér sitjum, að finna leiðir til að draga úr þessu og bæta fyrir þessi mistök því að það er ekki hægt að kalla þetta annað en mistök.

[15:56]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það vekur auðvitað athygli að þingmenn stjórnarflokkanna skuli ekki storma í ræðustól í dag og

taka þátt í þeim umræðum sem hér hafa átt sér stað og varða uppbyggingu í landinu ekki síður en lífskjörin. Það vekur athygli, sökum þess að við höfum átt þess kost í upphafi þings að ræða mjög mörg mikilvæg mál er varða lífskjör í landinu, hve lítill áhugi hefur verið á því af hálfu stjórnarflokkanna að taka þátt í þeirri umræðu.

Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, áður en ég vík að því máli sem hér er til umræðu, að koma inn á það mál sem rætt var hér á undan, um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum og þeim athugunum sem þar eru lagðar til. Þær athuganir sem þar er spurt um vekja auðvitað þær hugsanir að svör við þeim ættu fyrir löngu að liggja fyrir. Það ætti að vera fyrirliggjandi vitneskja um þessi atriði sem skipta svo miklu máli, annars vegar um umhverfi smárra fyrirtækja og fyrirtækja á landsbyggðinni og hins vegar um hvað veldur háu matarverði. Það virðist ekki liggja fyrir.

Hér er rekin skattapólitík sem er í engu samræmi við þarfirnar. Hún tekur ekki mið af mismunandi atvinnurekstri og þörfum hans og ekki hvernig hún hittir fyrir ólíka tekjuhópa í landinu. Þegar maður fer að velta fyrir sér því sem hefur verið að gerast undanfarin ár hjá þessari ríkisstjórn í skattamálum og öðrum aðgerðum fær maður á tilfinninguna að það sé mjög tilviljanakennt.

Ég tek undir orð formanns Samfylkingarinnar, Össurar Skarphéðinssonar, sem hann lét falla við umræðuna um tillögu um að skoða vöruverð, rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnurekenda á landsbyggðinni. Í fyrsta lagi erum við hér að tala um mikilvægan þátt sem snýr að lífskjörum og í öðru lagi um mismunun sem er alveg greinileg. Þetta mál er framhald á þeirri umræðu sem sú er hér stendur hóf í upphafi þessa þings, að leita orsaka hins háa matarverðs á Íslandi.

Ljóst er að skoða þarf hvaða þættir hafa áhrif á vöruverð og rekstrarsamkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni. Lagt er til að sérstök nefnd skoði m.a. áhrif þungaskatts. Í greinargerðinni er m.a. nefnd hækkun tryggingagjalds og í tengslum við það vaknar spurningin: Af hverju hefur Byggðastofnun ekki verið að skoða þessi mál? Hver eru verkefni Byggðastofnunar? Þegar við hugsum um Byggðastofnun erum við yfirleitt að hugsa um fjárframlög til eins eða annars mikilvægs verkefnis á landsbyggðinni. En ætti Byggðastofnun ekki að skoða þróunina og hvað valdi óæskilegri þróun sem hefur mikil áhrif á búseturöskun? Af hverju höfum við ekki fengið skýrslur um svona hluti frá Byggðastofnun? Getur verið að það að atvinnumálum er stjórnað af a.m.k. þremur ráðuneytum ráði einhverju hér um? Getur verið að e.t.v. sé hægt að skrifa hina takmörkuðu athugun á því hvernig skattheimta hittir fyrir ólík fyrirtæki og ónóga könnun á rekstrarskilyrðum fyrirtækja á að enginn einn hefur borið ábyrgð á að skoða þessi mál?

Í greinargerð er vikið að tryggingagjaldinu. Í tillögum frá samþykkt Sambands sveitarfélaga á Norðurl. v. segir að til að styrkja stoðir atvinnulífsins á landsbyggðinni sé lagt til að atvinnustarfsemi utan 100 km radíuss frá Lækjartorgi verði undanþegin almenna tryggingagjaldinu sem er nú 3,99%. Þetta mundi stuðla að flutningi atvinnustarfsemi út á land. Ég minni á umræðuna um skattamál sl. vetur. Þar lagðist Samfylkingin gegn því að lækka skattaprósentuna flatt á fyrirtæki og því að leggja tryggingagjaldið á öll fyrirtæki án þess að tillit væri tekið til þess hvort það hitti fyrirtæki illa fyrir, hvort fyrirtæki með litlar tekjur gætu borið þetta tryggingagjald. Á það var blásið.

Það blasir líka við hjá okkur í þéttbýlinu að kaupmaðurinn á horninu er eiginlega alveg horfinn. Það er vegna ójafnrar aðstöðu gagnvart stóru verslunarhringjunum. Nú dregur hv. þm. Samfylkingarinnar, Kristján L. Möller, mjög vel fram að það sem hefur komið fólki á landsbyggðinni til góða er einmitt að þessir verslunarhringir hafa haldið sama verði í þéttbýli og í dreifbýli. Það hlýtur að vekja okkur til umhugsunar um hvert umhverfi þessara fyrirtækja er og hvernig sýnin á þau getur verið ruglingsleg.

Í Morgunblaðinu í dag er pistill sem fjallar um hátt matarverð. Þar er verið að rifja upp að hæstv. forsrh. talaði um að það væri miður hve mikið fákeppni hefði færst í aukana hér á landi og að talsmenn Sjálfstfl. hefðu veist að Samkeppnisstofnun í þeirri umræðu. Út úr þessari umfjöllun má lesa það að umræðunni hefur verið drepið á dreif. Það sem er athyglisvert er spurningin: Hvað veldur því að stjórnvöld standa jafnráðþrota frammi fyrir háu matvöruverði nú og fyrir þremur árum? Hvers vegna hefur ekkert breyst þrátt fyrir hástemmdar lýsingar á hrikalegu ástandi haustið 1999 og 2000? Er hugsanlegt að hvorki sé við fákeppni né embætti Samkeppnisstofnunar að sakast?

Menn spyrja hvers vegna ráðamenn þjóðarinnar skoði ekki hvað valdi og reyni að taka á þessum málum. Það er enginn vafi á því, virðulegi forseti, að mikilvægt er að skoða hvað veldur háu matarverði. Ég er sannfærð um að þegar slík athugun hefur farið fram kemur í ljós að stjórnvaldsaðgerðir þurfi til þess að snúa þeirri þróun við.

[16:05]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka 1. flm., hv. þm. Kristjáni L. Möller, fyrir að flytja þetta mál inn í sali Alþingis og sérstaklega á þann hátt sem hann hefur gert hér, í mjög vönduðu formi og safnað saman miklum gögnum og dregið mjög skýrt fram hvaða mismunur er á aðstöðu og búsetu fólks á landsbyggðinni annars vegar og á höfuðborgarsvæðinu hins vegar.

Herra forseti. Þeir sem búið hafa á landsbyggðinni, eins og sá sem hér stendur, hafa auðvitað fundið fyrir þessu í gegnum árin og skynjað það að mörg varan og mörg þjónustan, sem þurft hefur að flytja út á landsbyggðina, hefur verið miklum mun dýrari heldur en ef sams konar vara og þjónusta hefði verið keypt á höfuðborgarsvæðinu. Þetta vita allir landsbyggðarbúar. En það er annað að vita þetta, hafa þetta á tilfinningunni, sjá einstök dæmi, reka augun í einstök tilfelli, en að koma að því og ræða málið og setja það í þann búning sem hv. þm. hefur gert. Ég vil enn á ný þakka honum alveg sérstaklega fyrir hvernig það er reifað og sett upp og hvet fólk sem hefur sérstakan áhuga á að kynna sér þá stöðu sem hér er gerð grein fyrir, mismunandi stöðu milli landsbyggðafólks annars vegar og höfuðborgarsvæðis hins vegar, að kynna sér málið. Ég er alveg sannfærður um að flestallir Íslendingar hafa það mikla réttlætiskennd og samviskusemi til að bera, og það á jafnt við fólk sem býr á höfuðborgarsvæðinu og þá sem búa úti á landsbyggðinni, að ég held að fólk geti ekki mælt með eða sætt sig við það ástand sem hér er dregið upp.

Það er sláandi að ræða þessi mál á þennan hátt þegar þetta er svona skipulega dregið fram. Þó að maður hafi vissulega séð ýmis dæmi sem hníga í þá átt sem hér er sett upp í töflum og á skilmerkilegan hátt og hafi stundum nefnt þau hér í umræðunni, m.a. eins og verð á hveitikílói í Bónus á Ísafirði upp á 75 kr. og kíló af sams konar hveiti vestur á Patreksfirði

upp á 150 kr. svo dæmi séu tekin. En það er auðvitað eins og kemur fram að hinar stærri verslunarkeðjur hafa talið eðlilegt að reyna að halda nokkuð jöfnu verði úti um landsbyggðina miðað við það sem þær hafa verið að bjóða upp á hér á höfuðborgarsvæðinu og á það við, held ég, megnið af stærri verslunarkeðjunum eins og Bónus, Hagkaup, Nettó og Samkaup, svo einhver dæmi séu nefnd.

Þetta byggist einnig á því að það er, hygg ég, ekki þannig eins og reyndar kom skýrt fram í máli hv. flm. að smásöluverslunin úti á landi, þ.e. kaupmenn sem reka þar verslanir, hafi sérstakan áhuga á að halda vöruverðinu í þeim hæðum sem þar má finna dæmi um, heldur er það vegna þess að þeir hafa bæði mun lakari innkaupakjör hjá heildsölunum og svo, eins og hér er greinilega rakið, bætist flutningskostnaðurinn ofan á og þegar menn panta lítið magn af vöru, þá fá þeir ekki bestu viðskiptakjör. Að öllu samanlögðu verður þetta til þess að minni verslanir eiga undir högg að sækja og það *dregur úr verslun jafnvel í þorpum þar sem er kannski aðeins* ein verslun og íbúarnir leggja það á sig að fara í löng ferðalög til að gera verslunarinnkaup í stórum stíl. Allt vegur þetta auðvitað að smásöluverslun á landsbyggðinni. Það eru hins vegar alveg eðlileg viðbrögð fólks að leita eftir hagkvæmasta vöruverði hverju sinni.

Ég lýsi því yfir fyrir hönd okkar í Frjálslynda flokknum að við styðjum þetta mál heils hugar og teljum að hér sé mjög gott mál reifað, skilmerkilega og vel fram sett. Það er vissulega fjöldamargt sem hægt er að ræða í sambandi við það sem kemur fram í upplýsingunum, bæði um samanburð á vöruverði og samanburð á flutningskostnaði og síðast en ekki síst hvernig virðisaukaskatturinn kemur svo ofan á allt saman og skekkir myndina enn þá meira en ella væri.

Það er sláandi þegar bornir eru saman þeir vöruflokkar sem hér eru teknir saman í töflu 3 á bls. 4 í tillögunni, þá kemur fram að landsbyggðarfólkið er að borga 58% hærri virðisaukaskatt en höfuðborgarbúar af sams konar innkaupum. Það er gjörsamlega ólíðandi að búa við það til framtíðar.

Þá getum við kannski vikið að öðru sem stundum hefur borið við í umræðum í sölum Alþingis, og um það hafa landshlutasamtök verið að álykta á undanförnum árum, að það mætti með ýmsu móti byggja undir það að fólk á landsbyggðinni byggi við jafnari stöðu í samanburði við höfuðborgarbúa m.a. í gegnum skattkerfið. Hvaða undirtektir hefur það fengið, m.a. hjá stjórnarliðum, þegar menn hafa nefnt að jafna mætti búsetuskilyrði fólks í gegnum skattkerfið? Um þetta hafa komið ályktanir frá fjórðungssamböndum, m.a. frá Fjórðungssambandi Norðurl. v. og ég hygg frá Vestfjörðum og vafalaust fleirum þótt ég hafi ekki séð það. Þá hefur þess gætt hér í umræðunni að þegar það hefur verið nefnt að e.t.v. mætti skoða skattkerfið í þessu sambandi, og þá jafnt virðisaukaskattkerfið sem staðgreiðslukerfið, þá hafa menn ævinlega lagst gegn því, jafnvel þeir menn sem hafa talið sig vera að tala fyrir hönd landsbyggðarinnar. Þeir hafa lagst sérstaklega gegn því að nota mætti skattkerfið í þeim tilgangi þó að hér sé skilmerkilega leitt fram í samantekt hv. þm. að einmitt virðisaukaskattkerfið mismunar mönnum alveg herfilega í þessu tilviki og að landsbyggðarfólk greiðir í raun og veru mun hærri virðisaukaskatt til ríkisins en þeir sem búa á hinu stóra höfuðborgarsvæði af sams konar vörusamsetningu eins og hér er skilmerkilega leitt fram í töflu 3.

Sem betur fer höfum við í einstökum vöruflokkum enn þá nokkurn veginn sama verð úti um landið og hér í Reykjavík. Við höfum t.d. nokkurn veginn sama olíu- og bensínverð, sementsverð, blöð, mjólk og símagjöld en þá hygg ég líka að það sé að mestu leyti upp talið. Öll önnur vara og þjónusta er mun dýrari á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er ástand sem verður að laga og þess vegna tökum við heils hugar undir þá þáltill. sem hér er flutt.

[16:13]

Útbýting þingskjals:

Fjármálafyrirtæki, 215. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 218.

[16:13]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ef við lítum um 15–20 ár aftur í tímann og hugsum um landsbyggðina eða landsbyggðarþorpin, svo ég nefni þau, eins og þau litu þá út, hvernig staðir voru þetta þá? Þarna bjó fólk og staðirnir voru eftirsóttir af ungu fólki. Það hafði mjög góðar tekjur við fiskvinnslu en að *vísu langan vinnutíma, mjög langan vinnutíma.* Og það var mjög einkennandi fyrir þá staði að þegar hringt var bjöllum klukkan 12 þusti út á göturnar her manns í hvítum sloppum úr frystihúsunum og fiskvinnslunni. Síðan hefur kvótakerfið heldur betur tekið völdin af þessari þjóð og eftir situr hnípin þjóð í vanda. Það verður bara að segjast eins og er. Yfirleitt hringja engar bjöllur í þessum litlu sjávarútvegsbyggðum þó maður sé þar á ferðinni um hádegisbilið. Enginn her kemur út úr fiskvinnsluhúsunum í hvítum sloppum vegna þess að fiskvinnsluhúsin eru lokuð og fólkið sem býr þarna — jú það er eitthvað af fólki eftir víðast hvar og það býr í sínum stóru húsum sem eru gersamlega óseljanleg og má segja að þau séu þeim átthagafjötur í mörgum tilfellum — hefur eitthvað að gera en engin uppgrip eins og áður var vegna þess að fiskurinn er farinn og hann er unninn einhvers staðar annars staðar. Hluti af honum er flakaður úti á sjó og svo er spanað með hann beint til útlanda og aldrei vinnur nokkur manns-hönd íslensk við að koma honum í verð eftir meðhöndlun um borð í frystitogurunum.

Ég verð að segja að ég hef lengi haft miklar áhyggjur af þessu. Ég hef sérstaklega undrast hve mikið fálæti stjórnvöld í landinu hafa sýnt lífskjörum þessa fólks sem þó er eftir úti á landsbyggðinni. Auðvitað hefur ótölulegur fjöldi flúið, gerst nánast pólitískir flóttamenn á Reykjavíkursvæðinu. Eins og ég segi er þó eitthvað af fólki eftir, aðallega vegna þess að það á hús sem það getur ekki selt, ekki einu sinni fyrir andvirði kjallaraíbúðar á höfðborgarsvæðinu þó að það hafi byggt glæsileg hús á uppgangstímum þorpanna.

Hér er ein af markverðustu tilraunum sem ég hef séð upp á síðkastið til að hugsa þetta dæmi upp á nýtt, að leggja til að ríkisstjórnin skipi nefnd sem hafi það hlutverk að fara ofan í nokkur þeirra atriða sem valda mestri mismunun milli íbúa á höfuðborgarsvæðinu og íbúa á Reykjavíkursvæðinu. Í þessari tillögu er ekki verið að tala um kvótakerfið. Það væri náttúrlega full ástæða til að rannsaka það í bak og fyrir og draga af því ályktanir. Hér er verið að tala um að kanna þróun vöruverðs, rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni og hvaða þættir hafi helst áhrif á þróun þessa vöruverðs.

Eins og þjóðinni er kunnugt er vöruverð mun hærra á landsbyggðinni en í Reykjavík og þarf ekki mikla spekinga til að sjá það. Flestir hafa farið svo sem eins og sumarferð upp í sveitir, jafnvel til annarra landshluta og það líður venjulega ekki á löngu þar til þeir þurfa að hafa einhver viðskipti á viðkomandi svæði og rekur í rogastans hvílíkur

gríðarlegur munur er á vöruverði í almennum verslunum á Reykjavíkursvæðinu og úti á landsbyggðinni.

Hv. 1. flm. þessarar þáltill. hefur gert sérstaka könnun á þessum mun og ferðaðist í þeim tilgangi vítt og breitt um landið í sumar. Hann keypti vörur á mismunandi stöðum og sýnir hér mun á nokkrum vörutegundum sem hann festi kaup á á 27 stöðum á landinu. Þá kemur náttúrlega í ljós þvílíkur munur að meira að segja við, hin svartsýnustu, höfðum ekki ímyndað okkur að hann væri svona skelfilegur.

Svo ég taki eitt dæmi af handahófi úr þessum lista þá er hægt að fá Ora fiskbollur í dós, sem er afskaplega hversdagslegur matur en sumir láta sér nægja í matinn einu sinni í viku, í stórmarkaði á 199 kr. En í þeirri verslun á landsbyggðinni sem ég tel staðsetta fjærst höfuðborgarsvæðinu kostar þessi sama dós 340 kr. Þar munar 78%. Samt brennir fólkið sem býr á Þórshöfn og borðar fiskbollu úr dós þar jafnmörgum kaloríum og sá sem kaupir fiskbolludós í Reykjavík. Þetta er hreint ótrúlegt. Þó er þetta ekki það dæmi sem er verst. Ef maður talar um Ora grænar baunir, sem eru sérstakt vörumerki Íslendinga í matargerð, þá þarf að borga 104% hærra verð á þeim stöðum sem fjærst eru Reykjavík. Fólkið sem býr á þessum stöðum hefur að stórum hluta lægri laun heldur en tíðkast hér á höfuðborgarsvæðinu. Hvernig er þetta hægt?

Ég þakka hv. 1. flm. þáltill. alveg sérstaklega fyrir þá töflu sem hér er birt. Þó að ég hafi talið mig vita að þarna væri munur á hafði ég ekki gert mér grein fyrir að hann væri svona skelfilegur. Þó þykir mér enn vænna um að hv. flm. sýndi fram á það með því að fara yfir reikninga viðkomandi kaupmanna að það er ekki er um það að ræða að þeir séu með skelfilega háa álangingu, síður en svo. Framlegðin þar er ekkert meiri en í Reykjavíkurverslununum. Það sem gerir útslagið er hinn gríðarlegi munur á flutningskostnaði. Þar á þungaskatturinn stóran hlut að máli og auðvitað er krafan sú að þetta verði leiðrétt.

[16:22]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég var búinn að geta þess í andsvari að mér fyndist þessi tillaga eiga að fá mikla og góða umfjöllun. Ég tel hana til mikilla bóta. Við getum náttúrlega öll talað okkur rjóð út af því hvernig ástandið er. Við vitum nákvæmlega hvernig það er og höfum vitað til margra ára. Staðreyndin er sú að stór hluti af vandamálinu er pólitísks eðlis. Stærsti hluti hins háa vöruverðs í landinu öllu er innanríkisvandamál. Það hefur komið fram í umræðum á hinu háa Alþingi að við erum stærstu innflytjendur landbúnaðarvöru á heimsverði. Sá innflutningur er t.d. ívið meiri en framleiðslan í landinu þannig að spjótin beinast öll að því sem við erum að gera innan lands.

Ég spurði hv. þm. Kristján L. Möller að því áðan hvort hann gæti t.d. stutt tillögu okkar Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um mótaðgerðir sem fælust t.d. í að hefja á ný strandflutninga. Hv. þm. sagðist til í að skoða það mál en alls ekki skipaútgerð á vegum ríkisins. Ég nefni hins vegar að við höfum brugðist við hvað varðar þjónustuflutninga í lofti með því að bjóða út á vegum ríkisins flug á vissa staði sem við viljum halda samgöngum við. Það er stjórnvaldsaðgerð sem kemur fólkinu til góða.

Ég vil nefna að þetta er allt í einum potti hvað varðar vörur og þjónustu. Það var pólitísk aðgerð á sínum tíma að gefa flugið frjálst innan lands. Allir sem skoðuðu þau mál á sínum tíma voru sammála um að það væri óheppileg ráðstöfun vegna þess að það mundi leiða til gríðarlegrar samkeppni sem síðan mundi leiða til fákeppni. Þetta er að gerast á öllum sviðum í samfélaginu.

Tökum heimabæ minn, Akureyri. Þar héldu menn upp á það um nokkurra mánaða skeið að frjáls samkeppni hefði komist á í flugi. Miðaverðið fór niður í 5.500–6.000 kr. Allir vissu að þetta var skammgóður vermir enda kom það á daginn að flugfélögin átu bæði upp eigið fé á örskömmum tíma, á nokkrum missirum. Nú stöndum við eftir með hámarksverð á flugi, yfir 20 þús. kr. Þetta er líka neysluvandamál fyrir landsbyggðina sem kemur ekki bara niður á einstaklingnum sem þarf að ferðast heldur hækkar kostnað fyrirtækja og alla vöru og þjónustu sem fæst í gegnum þetta flug.

Við vorum þeirrar skoðunar að landið þyldi ekki frjálsa samkeppni af þessu tagi og vildum nota einkaleyfisaðferðina þar sem opinberir aðilar hefðu möguleika á að fylgjast með verðlaginu sem þjónustan væri boðin á. Ég nefni sem dæmi verslunina. Það eru ekki nema örfá ár síðan ég, sem borgari á Akureyri, gat farið inn í fyrirtæki sem sáu um vinnslu á kjöti ef mikið lá við og keypt á útsöluverði frá verksmiðjuborði. Þegar fákeppnin hélt innreið sína og stóru birgjarnir fóru að þjarma að framleiðendum kom ég einn góðan veðurdag inn í kjötvinnslu. Þá var mér sagt að verð kjötvinnslunnar, heildsöluverð frá vegg, væri dýrara en að fara út í Bónus eða Nettó. Hvað erum við að gera í þessu stóra samhengi?

Ef við höfum pólitískan vilja til að stýra þessum hlutum, fara ofan í hvar skórinn kreppir og hvernig menn geta komist í þá aðstöðu að kreista menn á þann hátt sem hér virðist gert þá eigum við að taka á því máli. Það er grunnatriði í sambandi við verð á vörum og þjónustu í landinu. Það er ekkert launungarmál að við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum beita opinberum stýriaðgerðum til að jafna þessa hluti. Ég árétta enn og aftur: Þetta er pólitísk spurning. Þetta er spurning um það hvernig við viljum stýra þessu pólitískt.

Nú á dögum aðhyllast menn markaðsvæðingu og markaðshyggju. Hún leiðir af sér gríðarlega samkeppni um tíma. Hún leiðir það af sér að stóru aðilarnir brjóta niður á smáu og leiðir af sér fákeppni. Við erum að súpa seyðið af fákeppni. Það er okkar vandamál í öllu þessu dæmi. Ef við viljum laga þessa hluti þurfum við númer eitt, tvö og þrjú að finna leiðir til að jafna leikinn. Það er aðalmálið. Og það er gert með stýriaðgerðum varðandi verslunina. Það er gert með stýriaðgerðum hvað varðar heiðarlega og góða viðskiptahætti o.s.frv. Við vitum vel að stóru birgjarnir kaupa vörur og þjónustu af framleiðendum á verði sem býðst ekki einu sinni frá þeirra söluborði inni í versksmiðjunum til neytenda eins og áður var. Er það ekki orðið eitthvað skrýtið? Hvernig halda menn þá að staða litlu verslananna sé? Þegar ég sem einstaklingur get ekki fengið vöruna á verksmiðjuverði, þá geta þær það að sjálfsögðu ekki heldur. Þetta endurspeglar vandamálið algerlega. Afleiðingin er sú að litlar búðir og þeir sem hafa lítið bolmagn og eru ekki í þessum stóru púllíum sem þrúkka niður verðinu verða ekki aðeins að kaupa vöruna á hærra verði heldur borga þeir fyrir niðurboðið inni við verksmiðjuvegg. Þetta sjá allir sem vilja opna augun fyrir því.

Síðan rekur náttúrlega eitt annað. Stórar lágvöruverslanir eru reknar um allt land, t.d. ef við tökum Eyjafjarðarsvæðið. Öllum er í lófa lagið á Eyjafjarðarsvæðinu að fara til Akureyrar og kaupa sér vörur og þjónustu hjá þeim aðilum sem hafa aðstöðu til að þrúkka niður verðinu og hafa lægra vöruverð. Síðan kemur það niður á smærri verslunum úti í hinum

smáu byggðakjörnum sem gerir allt miklu óhagstæðara og erfiðara um vik. Allir þurfa að reka sína búð, borga sín laun o.s.frv.

Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði tökum heils hugar undir að gerð verði úttekt á þessum málum sem verði grunnur að nýrri pólitískri sýn á það hvernig við ætlum að haga okkur. Fákeppnin ríður ekki við einteyming. Hún er í allri þjónustu. Lögð hafa verið drög í því að hún verði í fjarskiptum. Við erum að leggja drög að því að hún verði í orkusölu o.s.frv. Þegar við gerum hlutina meðvitað og við vitum að hverju stefnir með hækkun á vöru og þjónustu, sérstaklega úti í hinum dreifðu byggðum, er ansi hart að þurfa að standa upp og kveinka sér undan því sem fyrirséð var að mundi gerast. Það er t.d. borðleggjandi að ef Landssíminn verður seldur hækkar verð á vöru og þjónustu Símans. Það er líka borðleggjandi að ef rafmagnskerfið verður einkavætt þá hækkar rafmagnsverðið jafnt úti á landi sem í þéttbýli.

Virðulegi forseti. Við styðjum upplýsingaöflun af þessu tagi og viljum eindregið hvetja menn til þess að fara ofan í grunn þessara mála og hafa pólitískt þor til að stýra málum til hagsbóta fyrir landsmenn alla.

[16:30]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni og jafnframt Guðjóni Arnari Kristjánssyni fyrir þeirra mikla og góða innlegg í þessa umræðu. Jafnframt vil ég, herra forseti, vekja athygli á því sem er heldur ekkert nýtt, þ.e. að í umræðum um þetta mikilvæga mál, þetta stóra og mikla byggðamál, taka aðeins þátt fulltrúar þriggja stjórnmálaflokka á Alþingi. Við þessa umræðu vantar algjörlega fulltrúa Framsfl. og Sjálfstfl.

Á þessu vildi ég vekja athygli. Þetta er afar athyglisvert og nauðsynlegt að komi fram. Það er sama hvort um er að ræða landsbyggðarþingmenn eða höfuðborgarþingmenn þessara flokka, ég held að þeir þingmenn þessara flokka sem vilja kenna sig við landsbyggð og tala á tyllidögum eða sunnudögum um vanda landsbyggðar og að það þurfi að jafna lífskjörin í landinu, ættu að skammast sín fyrir fjarveru sína við umræður um þetta mikilvæga mál sem hér er verið að ræða.

Það var nú ekki þetta, herra forseti, sem ég vildi nefna í tengslum við ræðu hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar sem var mjög góð eins og ég sagði. Hann nefndi flugið og þá samkeppni sem átti sér þar stað og lækkaði mjög fargjöldin. Við höfum trú á því að samkeppnin sé til góðs og hún var það þarna. En hún var drepin. Hvers vegna var hún drepin? Jú, það var vegna þess að markaðsráðandi aðili lækkaði fluggjöld sín á sama tíma og gerði þar með rekstrarskilyrði hins aðilans vonlaus um langan tíma. Í velferðarþjóðfélögum þar sem samkeppnismál duga hefði þetta verið bannað.

Herra forseti. Ég vek athygli á nokkru sem e.t.v. er bara helber tilviljun, kannski skemmtileg tilviljun. Í gær bárust okkur fréttir af nýju flugfélagi sem ætlar að fljúga til Kaupmannahafnar og London og bjóða lægri fargjöld. Og hvað gerist núna? Stóri bróðir, Flugleiðir, býður þá sérstök vildarkjör á þessari flugleið. Af hverju gátu Flugleiðir ekki boðið okkur Íslendingum þessi lágu fargjöld fyrir hálfu eða einu ári síðan?

[16:33]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. Kristjáni L. Möller. En svona eru bara leikreglurnar sem við erum að súpa seyðið af og tala um sem vandamál á hinum ýmsu sviðum. Það var alveg fyrirséð. Ég vann nú í þessum geira á þeim tímapunkti þegar hin harða samkeppni hófst. Að bestu manna yfirsýn var alveg vonlaust að lækka miðaverð á leiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur niður fyrir svona 8.500–9.000 kr. En þá var verið að bjóða miðann á 5.500 kr. Þetta var skammgóður vermir, en ekki mátti tala um það á þeim tíma.

Auðvitað erum við að upplifa það að einn aðilinn eða sterkari aðilinn vinnur. Síðan verður fákeppni og þegar einokun ríkir geta menn nánast skammtað sér það sem þeir vilja.

Við erum að súpa seyðið af nákvæmlega sama fyrirkomulagi hvað varðar flutningana. Við hv. þm. vitum báðir að menn voru látnir selja flutningsfyrirtækin sín sem voru starfrækt víða um land. Sum þessara fyrirtækja þjónuðu kannski bara einum bæ upp á 1.500 manns. Þessum mönnum var gert með góðu eða illa að selja fyrirtæki sín inn í stóra púkkið. Hver er svo afleiðingin? Hún er gríðarleg hækkun á þessum gjöldum þegar fákeppni er komin á. Hið háa Alþingi og hæstv. ríkisstjórn sýndu ekki neina tilburði til þess að stjórna þróuninni, en henni átti að vera fullljóst til hvers ráðstafanir hennar varðandi frjálsræði og samkeppnismál mundu leiða. Þetta vita allir sem vilja horfa á þessi mál.

[16:35]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Kannski þarf ekki að orðlengja þetta. Hv. þm. nefndi hér áðan að við þyrftum að jafna leikinn í þjóðfélaginu. Um það erum við alveg hjartanlega sammála. Við erum sammála um allt í þessu máli. Við höfðum að vísu skiptar skoðanir á ríkisrekstri á strandsiglingum.

En ég vil taka eitt dæmi í viðbót. Vegna þess að við erum að tala um að jafna þurfi leikinn í þjóðfélaginu þá þarf ríkisvaldið kannski að beita opinberum styrkjum í þágu þess að halda uppi samgöngum til tiltekinna staða. Ég nefni eitt dæmi um þetta, þ.e. flug til ákveðinna byggðarlaga úti á landi sem ég fullyrði að flugfélögin mundu ekki sinna í dag nema vegna þess að farið var út í allsherjarútboð sem flugfyrirtækin á Íslandi gátu tekið þátt í. Hvort sem við erum að tala um flug til Hafnar í Hornafirði, Siglufjarðar, Vopnafjarðar eða Þórshafnar þá er það styrkt. Þannig á að taka þátt í að jafna leikinn. Við getum rétt ímyndað okkur ef þetta væri öðruvísi. Við þekkjum t.d. dýrustu fargjöldin, þ.e. Reykjavík/Vopnafjörður, sem eru náttúrlega þannig verðlögð að segja má að þau verðleggist eiginlega út af kortinu. En þetta er gott dæmi um hvernig hægt er að beita ríkisvaldinu til að halda uppi ákveðnu samgöngumunstri sem er nauðsynlegt. Það á að gera þetta á þennan hátt í staðinn fyrir að vera með eigin rekstur.

Herra forseti. Mér datt rétt í hug í lokin hvort hægt sé að fara einhverjar svona leiðir. Það er hægt að nefna ótalmargar leiðir í þessu sambandi, t.d. hvað hægt sé að gera til þess að lækka flutningskostnað og lækka vöruverð á landsbyggðinni, svo maður tali nú ekki um það sem brýnast er, samkeppnisaðstöðu atvinnurekstrar á höfuðborgarsvæðinu gagnvart landsbyggðinni.

Ég ætla spyrja einnar spurningar í lokin: Halda menn að kjötiðnaðarfyrirtæki í þeim ágæta bæ Akureyri sitji við sama borð og kjötiðnaðarfyrirtæki í Reykjavík við að koma vörum sínum á markað á Stór-Reykjavíkursvæðinu? Nei, segi ég. Ég veit til þess að kjötiðnaðarfyrirtæki norðan lands þurfa

sjálf að borga flutningskostnaðinn til höfuðborgarsvæðisins og hafa þar með minna út úr framleiðsluvörunni.

[16:37]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það þarf nú kannski ekki að nota meiri tíma í þetta. Við hv. þm. erum alveg sammála um meginlínurnar. Við höfum verið hlynntir því að styrkja flug til staða sem flugfélögin treysta sér ekki til og við höfum lagt fram þáltill. um enduruppbyggingu strandflutninga. Það má hugsa sér annað form ef menn hryllir við að nota orðin „Skipaútgerð ríkisins". Þá má nota þá aðferð t.d. að bjóða út á sama hátt og gert var með flugið. Það er fær leið.

Sannast sagna er ég ekkert viss um að það yrði óhagstætt fyrir ríkissjóð vegna þess að ef slit á vegum við flutninga væri tekið inn í það dæmi og ávinningurinn af því, bæði verðlagslega séð fyrir þjónustufyrirtæki og einstaklinga úti á landi og fyrir ríkið, er reiknaður út er ég viss um að ekki yrði um mjög háar tölur að tefla.

Mjög margir vöruflokkar henta mjög vel til sjóflutninga vegna þess að margt af því sem verið er að flytja er hægt að geyma nánast endalaust eins og menn vita. Það yrði bara að flokka það. Auðvitað þarf dagvara að fara með bílum. En margt af því sem er verið að flytja, t.d. iðnvarningur og hráefni til iðnaðar, á skilyrðislaust að fara sjóleiðina. Þetta er líka gríðarlega stórt umhverfisspursmál. Það væri nú efni í aðra ræðu í sjálfu sér að fara yfir það. Evrópuþjóðirnar t.d. og Ameríkanar að vissu marki eru markvisst að vinna að því að koma flutningunum af þjóðvegakerfinu og yfir í lestir og skip. Við erum ekkert að finna upp hjólið hér. Við þekkjum þetta allt saman.

Þetta er, eins og ég sagði í ræðu minni, fyrst og fremst spurning um pólitíska sýn. Hér vilja menn láta markaðs- og frumskógarlögmál ráða.

(**Forseti** (GÁS): Hér voru tæpast á ferðinni andsvör. Þetta er eins konar samkór. En allt að einu er þeim lokið.)

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8.–9. mál.

Fundi slitið kl. 16:40.

---

14. FUNDUR

miðvikudaginn 23. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Aðalmenn taka sæti á ný:
Björn Bjarnason, 2. þm. Reykv.,
Karl V. Matthíasson, 2. þm. Vestf.

Varamenn taka þingsæti.

[13:33]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Borist hafa svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varamaður á lista Sjálfstfl. í Norðurl. v., Adolf H. Berndsen, framkvæmdastjóri á Skagaströnd, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Sigríður Ingvarsdóttir, 4. þm. Norðurl. v."

Annað bréfið hjóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varamaður á lista Sjálfstfl. í Reykn., Helga Guðrún Jónasdóttir stjórnmálafræðingur, Kópavogi, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn."

Þriðja bréfið er svohljóðandi:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að varamaður minn, Örlygur Hnefill Jónsson lögmaður, Húsavík, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Svanfríður Jónasdóttir, 4. þm. Norðurl. e."

Að lokum er hér bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda á vegum Alþingis og get af þeim sökum ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. e., Soffía Gísladóttir félagsmálastjóri, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.
Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl e."

Adolf H. Berndsen, Helga Guðrún Jónasdóttir, Örlygur Hnefill Jónsson og Soffía Gísladóttir hafa áður tekið sæti á Alþingi og eru boðin velkomin til starfa á ný.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[13:34]

Útbýting þingskjala:

Aðskilnaður ríkis og þjóðkirkju, 216. mál, fsp. ÞKG, þskj. 219.

Alþjóðasamningur um verndun túnfiska í Atlantshafi, 243. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 247.

Atvinnu- og dvalarleyfi útlendinga, 218. mál, fsp. ÞKG, þskj. 221.

Atvinnuleysisbætur, 231. mál, fsp. JóhS, þskj. 234.

Aukin heilsugæsluþjónusta, 234. mál, fsp. ÞBack, þskj. 237.

Aukinn tollkvóti hreindýrakjöts, 250. mál, þáltill. SI o.fl., þskj. 254.

Búnaðarlög, 241. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 245.

Daggjöld hjúkrunarheimila og fjöldi hjúkrunarrýma, 210. mál, fsp. GHall, þskj. 213.

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, 245. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 249.

Húsnæðismál, 227. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 230.

Húsnæðismál Listaháskóla Íslands, 232. mál, fsp. ÞKG, þskj. 235.

Húsnæðismál Tækniháskóla Íslands, 220. mál, fsp. ÞKG, þskj. 223.

Innflutningur dýra, 249. mál, frv. ÞKG o.fl., þskj. 253.

Innheimtulög, 209. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 212.

Íslenskur ríkisborgararéttur, 242. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 246.

Komur á sjúkrastofnanir vegna heimilisofbeldis, 221. mál, fsp. SI, þskj. 224.

Lyfjagjöf til of feitra barna, 223. mál, fsp. SI, þskj. 226.

Notkun þunglyndislyfja, 222. mál, fsp. SI, þskj. 225.

Ofvirk börn, 224. mál, fsp. SI, þskj. 227.

Óútskýrðir áverkar, 251. mál, fsp. SI, þskj. 255.

Póst- og fjarskiptastofnun, 217. mál, fsp. ÞKG, þskj. 220.

Rekstrarform heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu, 236. mál, fsp. ÞBack, þskj. 239.

Sjálfstætt starfandi sérfræðingar, 233. mál, fsp. ÞBack, þskj. 236.

Skipan matvælaeftirlits, 229. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 232.

Stafrænar sjónvarps- og útvarpssendingar, 211. mál, fsp. ÞKG, þskj. 214.

Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, 228. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 231.

Stjórn fiskveiða, 244. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 248.

Stjórnarskipunarlög, 207. mál, frv. GÁS o.fl., þskj. 210.

Stuðningur við frjáls félagasamtök, 85. mál, svar samgrh., þskj. 197.

Sýslur, 214. mál, þáltill. ÞBack og JB, þskj. 217.

Tannheilsa barna og unglinga, 237. mál, fsp. ÞBack, þskj. 240.

Tekjuskattur og eignarskattur, 206. mál, frv. LB o.fl., þskj. 209.

Tilnefning dómara í alþjóðasakamáladómstólinn, 230. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 233.

Tollgæsla í Grundartangahöfn, 238. mál, fsp. MS, þskj. 241.

Tryggur lágmarkslífeyrir, 225. mál, þáltill. GAK og SvH, þskj. 228.

Útflutningur hrossa, 164. mál, svar landbrh., þskj. 243.

Útseld hjúkrunarþjónusta, 235. mál, fsp. ÞBack, þskj. 238.

Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, 196. mál, þáltill. MF o.fl., þskj. 199.

Vegagerð og umferð norður Strandir, 219. mál, fsp. JB, þskj. 222.

Veiðieftirlitsgjald, 246. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 250.

Verndun hafs og stranda, 240. mál, frv. umhvrh., þskj. 244.

Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, 226. mál, þáltill. SJS, þskj. 229.

Vextir banka og sparisjóða, 212. mál, fsp. HjÁ, þskj. 215.

Vextir og þjónustugjöld bankastofnana, 239. mál, þáltill. BH o.fl., þskj. 242.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, 248. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 252.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 247. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 251.

Fundi slitið kl. 13:39.

15. FUNDUR

þriðjudaginn 29. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, stjfrv., 183. mál, þskj. 184. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Sveitarstjórnarlög, frv., 15. mál, þskj. 15. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., frv., 182. mál, þskj. 183. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Neysluvatn, þáltill., 13. mál, þskj. 13. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Óhreyfð skip í höfnum og skipsflök, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Alþjóðasamningur um verndun túnfiska í Atlantshafi, stjtill., 243. mál, þskj. 247. — Fyrri umr.
8. Búnaðarlög, stjfrv., 241. mál, þskj. 245. — 1. umr.
9. Íslenskur ríkisborgararéttur, stjfrv., 242. mál, þskj. 246. — 1. umr.
10. Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Fyrri umr.
11. Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, þáltill., 18. mál, þskj. 18. — Frh. fyrri umr.
12. Hvalveiðar, frv., 20. mál, þskj. 20. — 1. umr.
13. Ábyrgðarmenn, frv., 21. mál, þskj. 21. — 1. umr.
14. Velferðarsamfélagið, þáltill., 22. mál, þskj. 22. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Drífa Hjartardóttir, 1. þm. Suðurl.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Kjartan Ólafsson, 4. þm. Suðurl.,
Páll Pétursson félmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.

Lagt fram á lestrarsal:

Ávarp sambandsráðs sambandsþings rússneska sambandsríkisins til þinga erlendra ríkja.

Samúðarkveðjur vegna atburðanna í Moskvu.

[13:30]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Lagt hefur verið fram á lestrarsal ávarp sambandsráðs sambandsþings rússneska sambandsríkisins til þinga erlendra ríkja og vill forseti geta þess sérstaklega að með ávarpinu liggur svar varaforseta Alþingis þar sem forseta Dúmunnar eru sendar samúðarkveðjur vegna hörmunganna í Moskvu.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem Siv Friðleifsdóttir umhvrh., 7. þm. Reykn., er farin til útlanda í opinberum erindum leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, Páll Magnússon framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi á meðan.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Kristinn H. Gunnarsson,
formaður þingflokks Framsfl."

Páll Magnússon hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Tilhögun þingfundar.

[13:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess vegna dagskrár fundarins í dag að klukkan 4 verður settur nýr fundur svo að unnt verði að afgreiða 7. dagskrármálið, þ.e. alþjóðasamning um verndun túnfiska í Atlantshafi sem er að finna á þskj. 247.

Enn fremur vill forseti geta þess að 12. mál á dagskrá, hvalveiðar, er tekið út af dagskrá.

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Atvinnu- og dvalarleyfi útlendinga, 262. mál, fsp. ÞKG, þskj. 278.

Ábyrgðasjóður launa, 99. mál, svar félmrh., þskj. 274.

Áhrif aðildar Íslands að Evrópusambandinu á landsbyggðina, 255. mál, þáltill. ÖHJ o.fl., þskj. 259.

Breytingar á skattbyrði árin 1995–2000, 263. mál, fsp. RG, þskj. 279.

Dreifmenntun í Vesturbyggð, 267. mál, fsp. DrH, þskj. 283.

Fjarkennsla, 268. mál, fsp. DrH, þskj. 284.

Fjárhagsleg staða fyrirtækja í ferðaþjónustu, 252. mál, fsp. JB, þskj. 256.

Fjárhagslegt sjálfstæði þjóðgarðsins í Skaftafelli, 256. mál, þáltill. MF, þskj. 266.

Greiðslur úr ábyrgðasjóði launa, 105. mál, svar félmrh., þskj. 273.

Hljóðvist, 266. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 282.

Nauðasamningar, 73. mál, svar fjmrh., þskj. 272.

Niðurfelling á meðlagsskuldum, 72. mál, svar félmrh., þskj. 271.

Póstþjónusta, 257. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 268.

Reykjanesbraut, 265. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 281.

Rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar, 254. mál, þáltill. ÖHJ, þskj. 258.

Stuðningur við frjáls félagasamtök, 89. mál, svar umhvrh., þskj. 275.

Stytting þjóðvegar 1 milli Akureyrar og Reykjavíkur, 260. mál, fsp. ÖHJ, þskj. 276.

Tekjuskattur einstaklinga, 264. mál, fsp. RG, þskj. 280.

Umsvif deCODE Genetics Inc. í íslensku fjármálakerfi, 186. mál, þáltill. SvH, þskj. 187.

Upplýsingamiðstöðvar í ferðaþjónustu, 253. mál, fsp. JB, þskj. 257.

Verðmæti íbúðarhúsnæðis árin 1991 og 2000, 261. mál, fsp. ÖHJ, þskj. 277.

Vitamál, 258. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 269.

Þjóðgarður á Snæfellsnesi, 95. mál, svar umhvrh., þskj. 263.

Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 183. mál (tryggingatími). — Þskj. 184.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.

Frv. MF o.fl., 15. mál (íbúaþing). — Þskj. 15.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., frh. 1. umr.

Frv. meiri hluta samgn., 182. mál (gildistaka laganna). — Þskj. 183.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.

Neysluvatn, frh. fyrri umr.

Þáltill. KF, 13. mál. — Þskj. 13.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Óhreyfð skip í höfnum og skipsflök, frh. fyrri umr.

Þáltill. KF o.fl., 14. mál. — Þskj. 14.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 16. mál. — Þskj. 16.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Alþjóðasamningur um verndun túnfiska í Atlantshafi, fyrri umr.

Stjtill., 243. mál. — Þskj. 247.

[13:38]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til að Ísland gerist aðili að alþjóðasamningi um verndun túnfiska í Atlantshafi sem gerður var í Rio de Janeiro 14. maí 1966. Umræddur samningur sem nefndur hefur verið Atlantshafstúnfiskveiðisamningurinn tekur til verndunar um 30 tegunda túnfisks og annarra áþekkra fisktegunda í Atlantshafi og aðliggjandi innhöfum með sjálfbæra hámarksnýtingu stofna þessara tegunda að markmiði. Í því skyni var með samningnum stofnað sérstakt ráð, Alþjóðaráð um verndun túnfiska í Atlantshafi, sem oftast er nefnt Atlantshafstúnfiskveiðiráðið. Heiti ráðsins á ensku er „International Commission for the Conservation of Atlantic Tunas" og er það skammstafað ICCAT. Ráðinu er ætlað að vinna að markmiðum samningsins. Aðilar að samningnum eru alls 32, en þar á meðal er Evrópusambandið fyrir hönd sinna aðildarríkja. Skrifstofa ráðsins er í Madríd.

Frá árinu 1995 hefur Ísland haft áheyrnaraðild að Atlantshafstúnfiskveiðiráðinu. Áheyrnaraðild fylgir málfrelsi á fundum ráðsins og við vinnu nefnda sem settar eru á laggirnar á þess vegum. Á vettvangi ráðsins hefur Ísland ítrekað lýst óánægju með núverandi skiptingu veiðiheimilda, sem eingöngu byggist á veiðireynslu og gefur Íslandi þannig engan veiðirétt, og lagt áherslu á að tekið verði tillit til réttar strandríkja við úthlutun aflaheimilda. Þetta sjónarmið Íslendinga nýtur nú vaxandi hljómgrunns innan ráðsins og nýverið komst sérstakur vinnuhópur ráðsins að þeirri niðurstöðu að m.a. skuli tekið til réttinda og hagsmuna strandríkja við úthlutun veiðiheimilda.

Nú þegar þessi vinnuhópur hefur lokið verki sínu er ljóst að innan ráðsins mun koma til endurúthlutunar aflaheimilda. Ætli Íslendingar að stunda túnfiskveiðar í framtíðinni er mikilvægt að Ísland sé fullgildur aðili að ráðinu þegar viðræður um endurúthlutun eiga sér stað. Þær viðræður munu hefjast formlega á ársfundi ráðsins 28. október til 4. nóvember 2002.

Í Atlantshafi eru stundaðar veiðar á um 30 tegundum túnfiska og áþekkra tegunda. Útbreiðsla flestra þeirra er bundin við hitabeltis- og heittempruð hafsvæði og eingöngu ein túnfisktegund, bláuggatúnfiskur, gengur inn á íslensk hafsvæði. Heildarútbreiðslusvæði bláuggatúnfisks í Norður-Atlantshafi er talið ná frá Grænhöfðaeyjum til Noregs í austri og frá ströndum Brasilíu til Nýfundnalands vestan

megin Atlantshafs. Talið er að um tvo stofna sé að ræða og liggur skipting þeirra um 45. lengdargráðu vestlægrar lengdar.

Túnfiskur hefur ekki verið veiddur að ráði innan íslensku efnahagslögsögunnar og er reynsla Íslendinga af túnfiskveiðum því mjög takmörkuð. Túnfiskur er hins vegar með dýrari fiskafurðum og vaxtarmöguleikar íslenskrar túnfiskútgerðar því talsverðir.

Hafrannsóknastofnunin hefur á hverju hausti frá 1996 stundað tilraunaveiðar á túnfiski innan íslensku efnahagslögsögunnar í samvinnu við japanskar túnfiskútgerðir. Tvö til fimm japönsk túnfiskveiðiskip hafa tekið þátt í veiðunum og veitt hluta af úthlutuðum kvóta sínum innan íslensku lögsögunnar. Með veiðunum hefur verið sýnt fram á að stór túnfiskur gengur inn í íslensku lögsöguna á haustin, þótt ekki sé hægt að fullyrða hvort um stöðugt fyrirbæri sé að ræða. Samhliða veiðum japönsku skipanna hefur eitt íslenskt skip stundað veiðar á túnfiski en fleiri skip sem hafa búnað til veiðanna eru að bætast í flotann og vonir standa til þess að íslensk skip muni stunda túnfiskveiðar að staðaldri í framtíðinni.

Úthafsveiðisamningur Sameinuðu þjóðanna sem gerður var í New York 4. ágúst 1995 hefur verulega þýðingu í sambandi við aðild Íslands að Atlantshafstúnfiskveiðisamningnum. Fullt heiti fyrrnefnda samningsins er „samningur um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim", en túnfiskstofnar teljast til víðförulla fiskstofna. Úthafsveiðisamningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 14. febrúar 1997 og öðlaðist gildi 11. desember 2001.

Einn meginþáttur úthafsveiðisamningsins eru reglur III. hluta hans um samstarf ríkja. Þar er gert ráð fyrir að strandríki og úthafsveiðiríki starfi saman á vettvangi svæðisbundinna fiskveiðistjórnarstofnana að verndun og nýtingu deilistofna og víðförulla fiskstofna. Ef fyrir hendi er svæðisbundin stofnun, sem er bær til að ákveða verndunar- og stjórnunarráðstafanir vegna tiltekinna stofna, skulu ríki sem veiða úr stofnunum á úthafinu og viðkomandi strandríki uppfylla samstarfsskyldu sína með því að gerast aðilar að stofnuninni, ef þau eru það ekki fyrir. Ríki sem hvorki eru aðilar að viðkomandi stofnun né fallast á að hlíta verndunar- og stjórnunarráðstöfunum er hún hefur ákveðið fá samkvæmt úthafsveiðisamningnum ekki aðgang að þeim auðlindum sem þessar ráðstafanir ná til.

Ísland er að þjóðarétti bundið af ákvæðum úthafsveiðisamningsins og ákvæði hans vega því þungt þegar kemur að ákvörðun um aðild Íslands að Alþjóðatúnfiskveiðiráðinu. Ráðið er svæðisbundin stofnun sem er bær til að ákveða verndunar- og stjórnunarráðstafanir vegna túnfiskstofna í Atlantshafi. Aðild að ráðinu er því nauðsynlegt þjóðréttarlegt skilyrði fyrir því að íslensk fiskiskip geti í framtíðinni stundað veiðar úr stofnum sem ráðið stjórnar veiðum úr.

Íslendingar hafa um áratuga skeið verið í fararbroddi þjóða á sviði hafréttar og ötulir talsmenn sjálfbærrar nýtingar lifandi auðlinda hafsins. Forsenda slíkrar nýtingar á fiskstofnum sem veiðast á úthafinu er að veiðum sé stjórnað af þar til bærum svæðisbundnum stofnunum sem móta sameiginlega veiðistjórnun á vísindalegum grundvelli. Ísland er nú þegar aðili að slíkum svæðisbundnum stofnunum og má þar nefna Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndina (NEAFC) og Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunina (NAFO). Eins og að framan greinir telst Atlantshafstúnfiskveiðiráðið vera bær fiskveiðistjórnarstofnun í skilningi III. kafla úthafsveiðisamningsins. Það er því rökrétt skref fyrir Ísland að gerast aðili að Atlantshafstúnfiskveiðisamningnum og í raun forsenda þess að íslensk fiskiskip geti stundað túnfiskveiðar í framtíðinni.

Sjútvrn. hefur staðfest að aðild að Atlantshafstúnfiskveiðisamningnum kalli ekki á lagabreytingar hér á landi.

Hæstv. forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

[13:48]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill árétta að að því er stefnt að að lokinni fyrri umræðu þessa máls fari fram atkvæðagreiðsla og málinu verði vísað til utanrmn. Og eins og forseti gat um í upphafi fundar verður málið eða síðari umræða þess hér síðar í dag, þ.e. um fjögurleytið.

[13:48]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fer afskaplega vel á því að það skuli vera hæstv. landbrh. sem kemur hér og mælir fyrir vernd túnfiska.

Það er nauðsynlegt að það sé alveg ljóst hver staða okkar er gagnvart hinum ýmsu alþjóðlegu stofnunum á sviði sjávarútvegsmála, t.d. hafa verið áhöld um veru okkar í Alþjóðahvalveiðiráðinu undir forustu núv. hæstv. sjútvrh. Hæstv. landbrh. mælir fyrir því að Alþingi samþykki að við gerumst aðilar að Alþjóðatúnfiskveiðiráðinu vegna þess að það sé svo mikilvægt að við komumst í að vera viðstödd þegar menn véla um úthlutun á túnfiski. Það á að gerast á ársfundi ráðsins.

Ég hegg eftir því, herra forseti, að miðað við þær upplýsingar sem koma fram í till. til þál. hófst ársfundur ráðsins í gær og með leyfi að spyrja, herra forseti: Getur hæstv. landbrh. skýrt hvernig stendur á því að ekki er fyrir löngu búið að leggja fram þessa till. til þál.? Er það þá þannig að við verðum að samþykkja þetta í dag til þess að hæstv. sjútvrh. geti farið með fullgilt atkvæði Íslendinga á ársfundi Alþjóðatúnfiskveiðiráðsins?

Þetta er ákaflega undarlegt, herra forseti, ekki síst vegna þess að við Íslendingar urðum að athlægi á alþjóðavísu sökum þess að hæstv. sjútvrh. var ekki viss um það hvort Íslendingar væru fullgildir aðilar að Alþjóðahvalveiðiráðinu. Og mér sýnist samkvæmt þessu að viðlíka deilur hljóti að vera í uppsiglingu um það hvort hæstv. ráðherra er þá staddur á ársfundi ráðsins eða ekki og hvort hann er þar fulltrúi Íslands eða ekki og hvort hann hefur atkvæði þar eða ekki.

[13:50]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var eðlileg athugasemd hjá hv. þingmanni. Það er talið mjög mikilvægt að við gerumst aðilar meðan á fundinum stendur. Auðvitað hefði þurft að mæla fyrir þessu máli fyrr en það hefur verið þinghlé í heila viku. Vegna þess að það er brýnt að þetta gerist meðan fundurinn stendur yfir úti göngum við inn og komum með skýra yfirlýsingu um það. Þess vegna vona ég að Alþingi skilji þessa stöðu og afgreiði málið fljótt.

[13:51]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mun áreiðanlega ekki standa á Samfylkingunni og örugglega ekki stjórnarandstöðunni allri að

veita þessu máli brautargengi hér í dag. Það er alveg ljóst að það eru þjóðarhagsmunir, þótt ekki séu miklir í augnablikinu, sem kalla á að við samþykkjum þetta í dag. Ég er sannfærður um að þingheimur mun gera það. En það er auðvitað áhorfsmál hvort rétt sé að þessum málum staðið. Hæstv. landbrh., sem ég ætla ekki að skattyrðast við um þetta mál því að sannanlega er þetta ekki beinlínis mál sem hann er allajafna með á forræði sínu, hefur upplýst að málið komi með þessu hraði fyrir þingið vegna þess að það hefur verið þinghlé í heila viku. Er það þá svo, herra forseti, að hæstv. sjútvrh., sem eðlilega fer með þetta mál, þó að það sé starfandi utanrrh. sem leggur það fram, hafi ekki nema viku fyrirvara á máli eins og þessu? Er vika síðan embættismenn sjútvrn. fundu það skyndilega upp að nauðsynlegt væri fyrir okkur að vera í þessu ráði?

Herra forseti. Auðvitað mun Samfylkingin greiða þessu máli atkvæði. En í meðferð þess birtast ákaflega skrýtin vinnubrögð af hálfu sjútvrn.

[13:52]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þann góða skilning sem hann hefur á málinu og þann mikilvæga stuðning sem hann lýsir yfir við það. Ég held að þá sé ástæðulaust að skattyrðast meira um sögu málsins en ganga heldur til þess sem mikilvægast er, að klára það.

[13:53]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil taka það fram í upphafi máls svo það valdi engum misskilningi að vissulega mun ég styðja þetta mál. En ég verð samt að segja, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að mér finnst furðulegt að málið skuli koma inn í slíku tímahraki, að hæstv. sjútvrh. sé staddur á þessum fundi og viti ekki hvort hann er áheyrnarfulltrúi eða hvort hann megi taka þátt í störfum fundarins og greiða atkvæði, og þess vegna beri þetta mál hér að. Þegar það er svo líka upplýst að málið hafi dregist vegna þess að hér hafi verið þinghlé í viku fer maður að undrast mjög um skipulag á ferðum og störfum hæstv. sjútvrh. Ég verð samt að lýsa því yfir að ég sakna hans ekkert svakalega þó að hann sé svolítið á flakki.

Það er samt rétt að vekja athygli á ýmsu sem ég held að hv. þm. hefðu gott af að hlýða á þegar við skoðum aðeins þessa tillögu. Hér eru Íslendingar að sækja á um rétt sinn sem við teljum auðvitað sjálfsagðan, rétt um það að við eigum hlutdeild í veiðum sem eru á okkar svæðum, innan okkar lögsögu, og að ekki sé hægt að una því að Ísland sem ríki sé útilokað frá veiðum á þessari fisktegund sem gengur inn í lögsögu okkar.

Í greinargerð með tillögunni segir, með leyfi forseta:

„Á vettvangi ráðsins hefur Ísland ítrekað lýst óánægju með núverandi skiptingu veiðiheimilda, sem eingöngu byggist á veiðireynslu og gefur Íslandi þannig engan veiðirétt ...“

Ef við hugleiðum aðeins það sem hér er sagt mætti auðvitað með nákvæmlega sömu rökum yfirfæra þessa setningu á íslenska fiskveiðistjórnarkerfið og hvernig því er útdeilt — hvernig því hefur verið útdeilt á tiltölulega fáa. Og til þess væri fullt tilefni af því að sú fisktegund sem við erum að ræða um, túnfiskurinn, er auðvitað talsvert háður sjávarhita til að nálgast Ísland. Það er hins vegar önnur fisktegund sem við vorum að úthluta reynslu á, hæstv. ráðherra, sem er skötuselurinn. Hann veiddist hér á djúpmiðum til þó nokkurs tíma en við hlýnandi sjó kom hann upp að ströndinni og inn á Faxaflóa, inn á Breiðafjörð og jafnvel norður fyrir land. Og nú háttar svo til, herra forseti, að á svæðunum þar sem skötuselurinn veiðist er engin veiðireynsla. Og með nákvæmlega sömu rökum gætu menn sagt að það væri ósanngjarnt og óeðlilegt að þessari reynslu skyldi hafa verið úthlutað með þeim hætti sem gert er. Og auðvitað er það svo í öllu íslenska fiskveiðistjórnarkerfinu, því miður, að úthlutunin sem eingöngu er byggð á veiðireynslu, sem er þó breytileg eftir árstíðum og hitafari sjávar og ýmsu öðru, er oft mjög ósanngjörn með nákvæmlega sömu rökum og við færum fyrir samþykkt þeirrar tillögu sem hér er til umræðu.

Þegar við tölum um rétt strandríkisins Íslands á sama sjónarmið fyllilega við varðandi aðgang íslensku þjóðarinnar að veiðiheimildum hér við land og breytilegt náttúrufar. Við getum t.d. spurt okkur: Hvers vegna ættu íbúar við Húnaflóa ekki að fá að veiða þorsk sem er búinn að éta frá þeim alla rækjuna og taka frá þeim lífsbjörgina? Af hverju fá þeir engan forgang að því að veiða þennan fisk sem núna gengur inn á Húnaflóa en gerði ekki í áratugi?

Það eru auðvitað fjöldamörg atriði í þeim röksemdum sem hér eru lagðar upp. Þær eru í raun og veru þær sömu og við byggjum fiskveiðistjórn okkar á en hér teljum við Íslendingar að þetta sé afar ósanngjörn framsetning og byggjum sókn okkar á því. Og ég tek undir það. Með sömu sjónarmiðum tek ég þá undir rétt íbúa strandbyggða Íslands til þess að fá að endurskoða þá úthlutun kvótakerfis sem byggt hefur verið á, úthlutun sem sett hefur marga byggðina dálítið á skjön miðað við það sem áður var, og byggðin mun hallast meira á merinni eftir því sem lengra líður.

Þetta vildi ég sagt hafa, herra forseti. Ég átti reyndar von á því að hæstv. landbrh. byrjaði ræðuna á því að segja að þar sem tveir túnfiskar kæmu saman, þar væri torfa.

[13:58]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gleðst yfir stuðningi hv. þingmanns hvað þetta mál varðar en ég varaði mig ekki á því hve heitt honum var í hamsi sem er nú af einhverjum öðrum ástæðum. En það er gott að fá stuðning við málið og finna hvað þingmenn taka undir mikilvægi þess. Og það má líka segja hæstv. sjútvrh. til varnar að kerfi embættismanna, bæði í sjútvrn. og utanrrn., hefur um margra vikna skeið verið dálítið upptekið við að sækja rétt okkar og bæta stöðuna hvað hvalveiðar varðar. (**GAK:** Með hraða snigilsins.) Miklum tíma hefur verið varið í það mál og ákveðinn árangur náðst í því, hv. þingmaður, sem ég hygg að svona hér um bil allt þingið lýsi fögnuði yfir.

En ég þakka þennan stuðning og þessa niðurstöðu úr ágætri ræðu hv. þingmanns.

[14:00]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um till. til þál. um aðild að alþjóðasamningi um verndun túnfiska í Atlantshafi.

Ég vil byrja á því að taka undir með þeim þingmönnum sem gagnrýna hversu seint þetta mál er komið fram og að hér skuli þurfa að afgreiða það með miklu hraði. Ég bendi á að fyrstu vikur þingsins var næstum einvörðungu fjallað um þingmannamál vegna þess að stjórnarmál voru ekki fram komin. Því er algerlega óásættanlegt að við séum að fá þetta inn til afgreiðslu með hraði.

Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum þeirrar skoðunar að hér sé gott mál á ferðinni en hefðum viljað skoða það betur og gefa okkur meiri tíma fyrir það

eins og öll önnur mál. Það liggur alveg ljóst fyrir að það þjónar hagsmunum Íslendinga að veiðum úr þessum stofni sé stjórnað og það þjónar líka hagsmunum þeirra aðila við Miðjarðarhaf sem hafa lifað á túnfiski að stjórn veiðanna fari fram á þann hátt að fiskurinn geti kannski í náinni framtíð sótt í ríkari mæli inn á Miðjarðarhaf. Það skýrir náttúrlega áhuga þjóða eins og Tyrkja og Ítala á málinu. En yfir höfuð er skynsamleg nýting og stjórn á veiðum úr þessum fiskstofni sjálfsagður hlutur og við munum ekki standa í vegi fyrir því að þetta mál fái framgöngu í þinginu. Það verður skoðað í nefnd á eftir.

Að síðustu vil ég bara taka undir með þeim sem gagnrýna að mál komi inn með þessum hætti og séu afgreidd með hraði eins og hér er verið að gera. Þannig eigum við ekki að vinna. Þetta mál hefur eflaust átt langan aðdraganda í stjórnkerfinu og þingið hefur haft nægan tíma til að koma því á dagskrá og til umfjöllunar með eðlilegum hætti núna á haustþingi.

[14:02]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Málið sem við ræðum er tvíþætt og kannski má segja að það sé þríþætt. Þriðji liðurinn — svo að ég byrji á honum — er sá sem við hv. þm. stjórnarandstöðunnar höfum aðeins fundið að. Vegna þess að hér eru nokkrir hagsmunir í húfi höfum við lýst því yfir að við teljum sjálfsagt að samþykkja þetta, ekki síst til þess að spara þeim embættismönnum og stjórnmálamönnum íslenskum sem kunna að vera mættir á ársfund Alþjóðatúnfiskveiðiráðsins þá blygðun sem fylgir því að híma á slíkum fundi umboðslausir.

Auðvitað hefði átt að leggja þetta mál fyrir margt löngu fram hér í þinginu og það hefði átt að fá eðlilega málsmeðferð. Menn hefðu átt að eiga kost á því að skoða hversu miklir hagsmunir eru í húfi, hversu mikill kostnaður fylgir þessu, hverjir hinir raunverulegu hagsmunir eru. En tími mun ekki gefast til þess. Við þingmenn stjórnarandstöðunnar munum leggja kapp á að þetta verði samþykkt í dag vegna þess að hagsmunir eru í húfi. En þetta eru ekki vinnubrögð sem hægt er að standa upp og klappa fyrir. Ég veit að hæstv. flytjandi málsins mun samþykkja það.

Annar þáttur þessa máls lýtur síðan að tegundinni sem um ræðir. Nú hafa nokkrir hv. þm. áður rætt um nauðsyn þess að Íslendingar efli túnfiskveiðar sínar, bæði hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sem kannski kemur frá þeim eina stað á landinu sem starfrækt hefur verið íslensk túnfiskútgerð og líka hv. þm. Kristján Pálsson sem hér hefur lagt fram þingmál sem tengjast túnfiskveiðum Íslendinga.

Nú er ljóst að sú tegund túnfisks sem við höfum séð veidda innan íslensku efnahagslögsögunnar er ákaflega dýrmæt. Þetta er fiskur sem getur orðið ákaflega stór. Japanir leggja í langar útilegur víðsfjarri heimalandi sínu til þess að veiða hann innan íslensku efnahagslögsögunnar vegna þess að eftir miklu er að slægjast.

Ég vek eftirtekt á því, herra forseti, að þingmenn Samfylkingarinnar hafa tvisvar sinnum á undangengnum árum lagt til eins og hv. þm. Kristján Pálsson að ráðist yrði í rannsóknir á túnfiski innan efnahagslögsögunnar íslensku. Ástæðan fyrir því er m.a. sú, eins og hæstv. landbrh. gat um í sínu máli, að bláuggatúnfiskurinn er hitasækinn fiskur. Þegar skil heitra og kaldra strauma færast norður eftir fylgir bláuggatúnfiskurinn þessum skilum eins og ég veit að hæstv. landbrh. veit glögg skil á.

Með breyttu loftslagi á norðurhveli jarðar kann að vera að þessi skil færist og í sama mæli kann að vera að þessi fisktegund, svo dýrmæt sem hún er, flytji sig norður eftir. Þess vegna skiptir það máli að við í fyrsta lagi hefjum tilraunaveiðar á þessum fiski, í öðru lagi fylgjumst með veiðum annarra þjóða innan íslensku efahagslögsögunnar, og það höfum við svikalaust gert. Í þriðja lagi er síðan nauðsynlegt að við reynum með einhverjum hætti að verða okkur úti um kvóta við hið alþjóðlega samningaborð.

Þá kem ég að hinum þriðja þætti sem er auðvitað mikilvægastur í þessu máli og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson gerði að umræðuefni áðan, þ.e. hvernig röksemdafærsla hæstv. sjútvrh. er algerlega öfugsnúin í þessu máli miðað við málflutning hans gagnvart stjórnkerfi fiskveiða hér við land.

Það kemur fram, herra forseti, í athugasemdum við þessa þáltill. að Ísland hafi með áheyrnaraðild sinni að Alþjóðatúnfiskveiðiráðinu ítrekað lýst óánægju með núverandi skiptingu veiðiheimilda og forsendur fyrir yfirlýsingum hinna íslensku embættismanna sem hafa rök sín frá hæstv. sjútvrh. eru þau að það sé eingöngu byggt á veiðireynslu. Vegna þess að eingöngu er byggt á veiðireynslu þá hefur Ísland engan veiðirétt.

Herra forseti. Þetta er meginkjarni þeirrar togstreitu sem hefur staðið um íslenska fiskveiðistjórnarkerfið. Þar er einvörðungu byggt á veiðireynslu. Þar er einvörðungu byggt á veiðireynslu örfárra manna á tilteknu árabili og þessir menn hafa í krafti veiðireynslunnar fengið úthlutaðan kvóta sem þeir hafa síðan getað framselt, keypt og leigt frá sér fyrir ærið fé. Þetta eru mennirnir sem hafa flutt 40 milljarða íslenskra króna í lokaða sjóði í útlöndum þar sem ekki er hægt að rekja. Þetta eru mennirnir sem hafa meginhluta fjármagnstekna á Íslandi án þess að þurfa að borga sama skatt og við hin. Úr þessum hópi koma þeir 96 Íslendingar sem á hverjum einasta degi hverrar einustu viku hvers einasta mánaðar á hverju ári hafa 300 þús. kr. í fjármagnstekjur, þ.e. á dag, og borga 10% skatt á meðan aðrir 11–12 þúsund Íslendingar þurfa að draga fram lífið á 2–3 þús. kr. Þetta er togstreitan. Þetta er meginkjarninn í þessu sérkennilega máli, till. til þál. um aðild okkar að Alþjóðatúnfiskveiðiráðinu til þess að hæstv. sjútvrh. fari ekki í annað sinn fýluferð á slíkan fund og verði umboðslaus. Röksemdirnar sem hæstv. sjútvrh. flytur fyrir aðild okkar og röksemdirnar fyrir óánægju Íslendinga með skiptingu kvótans úr túnfiskstofninum eru nákvæmlega þær sömu og obbi Íslendinga hefur uppi sem röksemdir gegn núverandi stjórnkerfi fiskveiða. Ef röksemdir hæstv. sjútvrh. duga til þess að kollvarpa núverandi skiptingu túnfiskkvótans, hvers vegna í ósköpunum skyldi hann þá ekki hlusta á það þegar þingmenn stjórnarandstöðunnar, þegar íslenskur almenningur notar nákvæmlega sömu rök til þess að beina geirum sínum að honum og álasa honum fyrir að vera stöðugt í vörn fyrir þá sem fá sinn kvóta með nákvæmlega sömu röksemdum og þeir menn sem fá túnfiskkvótann sem hann er á móti.

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að benda á hvernig röksemdafærsla hæstv. sjútvrh. í þessu máli stangast algerlega á við allt það sem hann segir heima fyrir þegar hann er að verja hið illvíga kvótakerfi eins og það er í dag.

Herra forseti. Við munum styðja það að þetta mál fari í gegn þó það sé alveg ljóst að álappaleg stjórnsýsla valdi því að það er ekki fyrir löngu fram komið, þó að ljóst sé að okkur gefist ekki tími til þess að rannsaka það eðlilega, þó það sé

ljóst að röksemdafærsla ráðherrans í þessu máli sé algerlega á skjön við allt það sem hann hefur sagt hér heima.

Herra forseti. Það er líka gaman að sjá hæstv. ríkisstjórn taka undir öðrum þræði í athugasemdum við frv. með þeim röksemdum og hugmyndum sem þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa sett fram áður einmitt varðandi þessa tilteknu fisktegund.

[14:10]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nokkuð sem ég vil taka skýrt fram svo það valdi ekki misskilningi af því að mér hefur fundist það koma fram í máli þingmanna sem hægt væri að misskilja, þ.e. að það væri eins og Íslendingar hefðu allt í einu farið þarna út og biðu núna á milli vonar og ótta um hvort Alþingi samþykkti þetta mál. Sannleikurinn er sá að Íslendingar hafa, eins og hér hefur komið fram, allt frá 1995 haft áheyrnaraðild og verið fullgildir þátttakendur í umræðu um þessi mál. Þeir hafa sótt ráðstefnur og fundi Atlantshafstúnfiskveiðiráðsins frá þeim tíma. Þeir hafa haft þar fullt málfrelsi. Þeir hafa tekið fullan þátt í nefndarstarfi og það er svona til að fullkomna verkið, þó að málið komi seint fram, að við gerumst þar fullgildir aðilar núna.

Ef einhver hefur misskilið þetta þá vil ég því bara segja að þeir bíða þar ekkert milli vonar og ótta. Þeir hafa eins og öll hin árin tekið þátt að fullu í störfum ráðsins og bíða nú þess að verða fullgildir aðilar. Það kann rétt að vera, og ekki ætla ég að verja það, að málið kemur seint fram. En um það þýðir ekkert að sakast í dag eins og kom fram í máli hv. þm. heldur vinda sér í að afgreiða það því að við teljum þetta nokkra hagsmuni fyrir íslenska þjóð.

[14:12]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. 7. þm. Reykv., Össuri Skarphéðinssyni, um hvað það er mikilvægt að hefja rannsókna- og tilraunaveiðar á þessari merku fisktegund sem hér er til umræðu.

Samfylkingin hefur lagt fram á hinu háa Alþingi þáltill. um að fara í auknar veiðar og rannsóknir á vannýttum fisktegundum. Það er mikilvægt að styðja líka við allt frumkvöðlastarf sem verið er að vinna í þessum veiðum. Einstaklingar eða fyrirtæki eru að fara út á nýjar brautir og fiskveiðiþjóð á að styðja vel við bakið á frumkvöðlum í þessu. Það gildir um þá sem eru að veiða túnfiskinn. Það vil ég segja líka fyrst rætt er um túnfisk — við erum nú komnir svolítið inn á venjulegt svið hæstv. landbrh. sem hér talar sem utanrrh. — að á Þórshöfn er veiddur kúfiskur. Það þarf að styðja við bakið á þeim aðilum sem eru að vinna þetta frumkvöðlastarf.

[14:13]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Vegna þessara umræðna sem hafa farið hér fram um seinagang og að staðið hafi á skjölum frá sjútvrn. vil ég aðeins segja að túnfiskveiðar hafa verið stundaðar í tilraunaskyni við strendur Íslands á undanförnum árum og þá með samningi við Japani um að þeir sjái um veiðarnar. Síðan hafa íslensk skip gert tilraunir með þetta sama. Við sem þjóð höfum verið að reyna að afla okkur kvóta eða veiðiheimilda til þess að eiga erindi inn í Alþjóðatúnfiskveiðiráðið þannig að mark yrði tekið á okkur sem rétthöfum til kvótaúthlutunar. Það hefur því ekki verið talin ástæða til að ganga inn í þetta ráð fyrr en á síðustu stundu. Við getum sagt að menn hafi talið óheppilegt að ganga í þetta fyrr en þeir hefðu einhvern rétt.

Mér er sagt að það hafi ekki komið upp fyrr en bara nú fyrir skömmu að strandríki mundu öðlast einhvern rétt og að það ætti að taka upp á þessum sérstaka fundi túnfiskveiðiráðsins sem nú er hafinn. Það er ástæðan fyrir því hversu seint þessi skjöl koma fram. Það var ekki vitað fyrr en seint að það kæmi yfirleitt til álita að þetta mál væri til umræðu. Það er hin raunverulega skýring á bak við þetta en ekki einhver seinagangur eða handvömm eins og mér hefur fundist menn gefa í skyn í þessum virðulega þingsal.

Að sjálfsögðu er mjög mikilvægt fyrir okkur að öðlast einhvern rétt til túnfiskveiða. Við vitum að m.a. í Vestmannaeyjum hafa menn lagt heilmikið undir til að geta tekið þátt í þessu. Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni að auðvitað eigum við að reyna að styðja við bakið á þeim aðilum sem eru frumkvöðlar að þessu leyti og passa upp á að okkar réttur sé tryggður á alþjóðavettvangi sem annars staðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Búnaðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 241. mál (erfðanefnd). — Þskj. 245.

[14:22]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á búnaðarlögum, nr. 70/1998. Frumvarpið er flutt á þskj. 245 og er mál nr. 241 á þessu þingi.

Á undanförnum áratugum hefur orðið mikil vakning að því er varðar varðveislu þeirra verðmæta sem fólgin eru í fjölbreytileika náttúrunnar. Hér á landi hófst skipulegt starf á þessu sviði með stofnun erfðanefndar búfjár samkvæmt lögum um búfjárrækt, nr. 84/1989. Núverandi erfðanefnd er skipuð samkvæmt ákvæðum 16. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, og eiga sæti í henni fulltrúar frá Bændasamtökum Íslands, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Náttúrufræðistofnun Íslands og Veiðimálastofnun. Nefndinni er ætlað að fylgjast með og halda skrá um erfðabreytileika og þróun hans í helstu búfjárstofnum og ferskvatnsfiskum og gera tillögur til landbrh. um verndun tegunda og stofna í útrýmingarhættu.

Sérstaða Íslands er veruleg í þessu efni þar sem stór hluti þess plöntuerfðaefnis sem hér er notað í ræktun er af útlendum uppruna. Búfjárræktin byggist hins vegar að miklu leyti á gömlum búfjárkynjum sem eru sérstæð í hópi framleiðslukynja.

Með frv. því sem hér er flutt er lagt til að gerð verði breyting á ákvæðum 16. gr. búnaðarlaga um erfðanefnd búfjár, og hlutverki nefndarinnar breytt þannig að hún fjalli um allar erfðalindir í landbúnaði. Samkvæmt gildandi ákvæðum hefur erfðanefndin, sem fyrr segir, einungis verið að gera erfðalindir í búfé og vatnafiskum. Breytingin felur það í sér að nefndin fjalli einnig um erfðalindir í nytjaplöntum og trjám. Þær breytingar sem hér um ræðir eru í samræmi við alþjóðlegar og norrænar skuldbindingar Íslendinga.

Helstu verkefni nefndarinnar skulu vera:

a. að annast samráð innan lands um varðveislu erfðalinda í landbúnaði,

b. að hvetja til rannsókna á sviði erfðalinda í landbúnaði,

c. að stuðla að miðlun þekkingar um erfðalindir og gildi þeirra, jafnt með kennslu sem upplýsingagjöf til almennings,

d. að veita hagsmunaaðilum og stjórnvöldum ráðgjöf um varðveislu og nýtingu erfðalinda í landbúnaði,

e. að annast samskipti við erlenda aðila á þessu sviði í samstarfi við tengiliði Íslands hjá alþjóðastofnunum.

Hæstv. forseti. Frv. gerir ráð fyrir að landbrh. setji reglugerð þar sem nánar yrði kveðið á um verkefni nefndarinnar.

Með skilgreiningunni nytjajurtir og tré er átt við jurtir og tré sem notuð eru í ræktun hér á landi en ekki villtar jurtir og tré. Hafa ber í huga í þessu sambandi að breytingar geta orðið á því hvaða jurtir og tré eru skilgreind sem villt. Til dæmis eru tilraunir nú hafnar með ræktun ýmissa villtra jurta, svo sem hvannar og vallhumals, til nota í fæðubótarefni og lyf. Ef slíkar tilraunir skila góðum árangri mundu þessar ræktuðu jurtir flokkast undir nytjajurtir í skilningi laganna.

Í samræmi við þessar breytingar á hlutverki erfðanefndar er lagt til að fjölgað verði í erfðanefnd úr fimm í sjö og hana skipi fulltrúar tilnefndir af Bændasamtökum Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Skógrækt ríkisins, Veiðimálastofnun og umhvrn. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er flutt er afrakstur af starfi nefndar sem ég skipaði 9. febr. 2001 til að gera tillögur um hvernig innlendri forsjá erfðalinda í húsdýrum, ferskvatnsfiskum, nytjaplöntum og skógrækt skyldi háttað. Verði frv. að lögum mun ég fela nefndinni að vinna áfram og semja drög að reglugerð til nánari útfærslu á ákvæðum þess.

Frv. þetta var áður lagt fram á 127. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Mikilvægt er að mál þetta fái greiðan framgang hér á hv. Alþingi. Hafa þarf í huga að ör þróun er í þeim málum sem hér um ræðir. Mönnum verður æ betur ljóst hversu mikil verðmæti eru fólgin í erfðaeiginleikum dýra og plantna. Það á ekki síst við um húsdýr okkar og plöntur sem svo lengi hafa lifað við einangrun.

Á vettvangi norrænnar samvinnu hafa þessi mál verið mjög til umræðu á síðustu missirum og mikill áhugi á því að efla samvinnu á þessu sviði. Í þessum efnum höfum við Íslendingar mikið fram að leggja en til að við getum sinnt skyldum okkar í því samhengi er nauðsynlegt að breyta fyrirkomulagi þessara mála á þann hátt sem frv. gerir ráð fyrir.

Hæstv. forseti. Að svo mæltu legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. landbn. og 2. umr.

Umræðu frestað.

Alþjóðasamningur um verndun túnfiska í Atlantshafi, frh. fyrri umr.

Stjtill., 243. mál. — Þskj. 247.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:30]

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Búnaðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 241. mál (erfðanefnd). — Þskj. 245.

[14:30]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér hefur verið lagt fram frv. til laga um breytingu á búnaðarlögum, á 16. gr. laganna sem fjallar um erfðanefnd og erfðalindir, eins og það heitir í frv. Ég gáði í íslenska orðabók hvort þetta orð væri til, erfðalind, en ég fann það ekki. Ég hef heyrt í sálmi orðið líknarlind og það er náttúrlega talað um lindir, lindina tæru, en orðið erfðalind gat ég ekki fundið. Þetta mun væntanlega vera þýðing á enska orðinu „resource" sem er líka þýtt sem auðlind. Ég held að þetta mætti taka til umræðu í hv. landbn. þegar að því kemur hvort réttara sé að nota orðið erfðalind eða erfðaauðlind. Einnig má spyrja sig að því, herra forseti, að ef við segjum erfðalind, þá getur það líka gefið nefndinni annan tilgang og annað hlutverk heldur en ef um er að ræða erfðaauðlind, því að hugtakið erfðalind er miklu víðtækara.

Við getum t.d. hugsað okkur sauðfé. Það geta verið til ýmsir stofnar eða afbrigði. T.d. er talað um svokallað forustufé og fólk hefur haft áhyggjur af því að sá stofn væri að deyja út innan fjárstofnsins eða þau einkenni íslenska fjárstofnsins sem kalla má forustufé. Þá er það hlutverk m.a. nefndarinnar að gæta þess að slíkir eiginleikar sem til eru í íslensku sauðfé sem forustukyni týnist ekki og glatist ekki um allan aldur, eins og t.d. fór fyrir geirfuglinum. Það var fugl sem var hér við strendur landsins og var ekki fleygur og þess vegna var mjög auðveldlega hægt að veiða hann sem leiddi til þess að þeim fugli var útrýmt.

Segjum sem svo að enn væru til tveir, þrír, fjórir geirfuglar enn við strendur landsins, þá hefði erfðanefndin væntanlega fengið það hlutverk að varðveita gen eða eitthvað úr þeim fuglum sem gæti leitt til þess að stofninn mundi ekki glatast að eilífu eins og raunin hefur orðið á. Þetta vekur líka spurningarnar almennt um erfðaeiginleika íslenska lífríkisins og sérstöðu þess, eins og hæstv. landbrh. nefndi áðan þegar hann talaði m.a. um gróðurinn. Spurningar vakna í þessu sambandi hvort rétt sé að huga að því að útvíkka hlutverk nefndarinnar og breyta þá væntanlega stöðu hennar í það að gæta að og fylgjast með íslensku lífríki.

Hæstv. ráðherra talaði í ræðu sinni áðan um að nefndin ætti að fylgjast með stofnum, t.d. kúastofninum, sauðfjárstofninum og öðrum dýrum. Þetta kemur allt inn á nytjarnar og það sem tengist tekjum og hefur ákveðinn hagnað eða ábata í för með sér. Þá tengist þetta því sem ég talaði um áðan, herra forseti, að frekar ætti að nota auðlindarhugtakið heldur en lindarhugtakið.

Í sambandi við skipan nefndarinnar, og þegar ég tala svona vítt um þetta kemur mér í hug hvort rétt sé að að þessu máli komi ekki eingöngu þeir aðilar sem nefndir eru hérna heldur skarist þetta líka inn á svið siðfræðinnar — til er vísindasiðanefnd eða eitthvað slíkt — og sú spurning vaknar hvort þetta ætti að koma inn á svið heimspekinnar og siðfræðinnar, hvort einhver slíkur aðili ætti að koma að nefndinni og væri hann þá með annan vinkil í umræðunni um erfðalindirnar, um erfðanefndina. Ég fann ekki neina reglugerð um erfðanefnd í dag og spyr því hvernig erfðanefndin hefur verið að starfa.

Fljótt á litið er þetta mjög einfalt mál og ekki flókið og sjálfsagt að þetta verði samþykkt, ég held að þetta hljóti að

fara í gegn. En ég spyr hæstv. landbrh.: Hvað má gera ráð fyrir miklum kostnaði í sambandi við þetta starf? Það hlýtur að fela í sér mjög miklar rannsóknir þegar við förum að rannsaka eiginleika, eins og ég nefndi áðan, herra forseti, sauðfjárstofnsins, kúastofnsins, ég tala nú ekki um hestana því þar á sér stað gífurlega mikil ræktun. Þegar menn eru að reyna að ná fram ákveðnum eiginleikum í dýrum, eins og í hestaræktuninni, hefur það e.t.v. í för með sér að aðrir eiginleikar týnast og glatast. Er t.d. hætta á því að skjóttir hestar verði ekki til vegna þess að menn mundu hafa frekar áhuga á að eiga bara rauða hesta? Ég spyr. Nefndin á þá að hafa það hlutverk að gæta þess að skjóttir hestar ræktist ekki út og hverfi alveg úr íslenska hestastofninum. Einnig vakna spurningar um genabanka eða hvort gæta eigi þess að ekki ræktist út úr stofninum ákveðnir eiginleikar.

Einnig má spyrja þess sama í sambandi við kýrnar þegar verið er að tala um gæði íslensku mjólkurinnar og þær rannsóknir sem hafa haft þau áhrif, herra forseti, að menn fara að beina sjónum sínum að því hvort verið geti að íslenska mjólkin sé svo góð að hún komi í veg fyrir sykursýki. Menn leiða líkur að því að minni sykursýki hér á landi stafi af því að íslenska mjólkin sé svona góð. Auðvitað eigum við að vernda alla þá góðu eiginleika sem við höfum í stofnum okkar.

En spurningin vaknar líka um þetta í sambandi við villt dýr, t.d. refinn. Hann er ekki talinn nytjaskepna en ég nefni hann sem dæmi, herra forseti, og minkinn og fleiri dýr. Eigum við að vera með erfðanefnd íslenska lífríkisins? Þetta eru spurningar sem vöknuðu hjá mér, herra forseti, fyrsta kastið í sambandi við frv. það sem hæstv. landbrh. leggur fram þar sem hlutverk erfðanefndar í landbúnaði er útvíkkað og beinist sú útvíkkun að því að gæta þess að góðir eiginleikar nytjaplantna týnist ekki eða glatist ekki og að sérkenni þeirra tapist ekki við ræktun eða kynbætur. Jafnframt vakna hugsanir um aðra þætti íslenska lífríkisins eins og fjalldrapa og margt annað. (Gripið fram í.) Fjallagrös, segir einn hv. þm. vinstri grænna. Ég tel þau vera nytjajurtir og að gefa eigi mikinn gaum að þeim jurtum eins og fjallagrösum, hvönninni og vallhumlinum og mörgu öðru sem hægt er að nota í náttúrulækningum og fólk leggur líka traust sitt á jurtir sem hafa mikla næringu fyrir líkamann.

Þar sem ég á sæti í landbn. mun ég hlakka til að taka þátt í að fjalla um málið því að þó að orð frv. séu ekki mörg, þá fela þau í sér gífurlega mikið efni og umhugsun um hluti sem lúta að náttúruvernd, íslenska lífríkinu yfirleitt og breytingum í því og hvert við erum að stefna með áhuga margra manna á að koma með kynbætur o.s.frv. inn í hina ýmsu búfjárstofna og einnig í sambandi við plönturnar og trén. En hver mun kostnaðurinn verða og hver á að greiða hann? Er gert ráð fyrir þessu og öllu slíku á fjárlögum? Það verður náttúrlega að fylgja með. Það er ekki nóg að setja einhverja nefnd á laggirnar ef hún getur ekki starfað vegna fjárskorts.

[14:42]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er fjallað um frv. til laga um breytingu á búnaðarlögum sem varða breytingar á þeirri nefnd sem kölluð er erfðanefnd landbúnaðarins. Málið er afar athyglisvert og er að nokkru rakið í greinargerð með frv. hver aðdragandi þess hefur verið. Þar kemur fram að allt frá árinu 1974 hafi verið starfræktur alþjóðlegur upplýsingabanki um erfðaauðlindir í plönturíkinu og sömuleiðis hafi um margra ára skeið verið haldið utan um erfðaauðlindir á vegum FAO, alþjóðlegu matvælastofnunarinnar í skógræktinni. Húsdýrasviðið hefur líka haft fimm genabanka.

Nokkrar spurningar vakna, herra forseti, þegar hugmyndirnar að baki frv. eru skoðaðar og ég mundi vilja fá frá hæstv. landbrh. frekari skýringar þar á. Eins og mál standa í dag er erfðanefnd búfjár skipuð fulltrúum frá Bændasamtökum Íslands, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Náttúrufræðistofnun Íslands og Veiðimálastofnun. Í þessari nýju tillögu er lagt til að Náttúrufræðistofnun Íslands missi fulltrúa sinn úr nefndinni en þess í stað verði gert ráð fyrir að umhvrn. skipi fulltrúa í nefndina. Hæstv. ráðherra kom alls ekki að því í ræðu sinni hvernig sú breyting er hugsuð eða rökstudd og saknaði ég þess og óska því eftir frekari rökstuðningi ráðherrans á því sviði. Mér þykir þetta skjóta skökku við, herra forseti, í fyrsta lagi vegna þess að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur haft á sinni hendi umsjón með samningnum um líffræðilegan fjölbreytileika sem samþykktur var á Ríóráðstefnunni 1992. Þetta er afar merkilegur samningur og satt að segja eru Íslendingar orðnir langeygir eftir því að fá að sjá framkvæmdaáætlun þess samnings en Íslendingar eru aðilar að samningnum og eiga þar af leiðandi að fara eftir honum. En það hefur dregist að leggja fram sundurliðaða framkvæmdaáætlun af hendi stjórnvalda og ég sé ekki betur en þetta mál komi að hluta til undir þennan téða samning. Þess vegna finnst mér undarlegt að fulltrúi frá stofnuninni sem hefur haft umsjón með samningnum skuli tekinn út úr nákvæmlega þessari nefnd. Ég óska þess vegna eftir skýringum hæstv. ráðherra.

Úr því að Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri á þarna nefndarmann má spyrja, herra forseti, hvers vegna Landbúnaðarháskólinn á Hólum eigi þá ekki líka fulltrúa. Það kemur fram í greinargerð með frv. að undir nefndina falli líka erfðaauðlindir í ferskvatnsfiskum þannig að maður hefði haldið að sá háskóli sem annast fiskeldismálin öðrum fremur í háskólaflóru okkar hefði þá átt þarna aðild. Og kannski er hægt að ímynda sér að háskólasamfélagið ætti að koma þarna sterkar inn en ekki eingöngu landbúnaðarháskóli þannig að ég sé ekki annað en að hér þurfi landbn. að fara yfir málin. Það kann að vera að leita þurfi frekari umsagna um þessi mál heldur en eðlilegur og daglegur sjóndeildarhringur landbn. gæfi til kynna. Það kann að vera að menntmn. og umhvn. ættu að skoða þetta mál hvor í sínu ranni til þess að athuga hvort þarna sé ekki einmitt um svo viðamikið mál að ræða að fleiri kæmu að því en stofnanir eða aðilar landbúnaðarins.

Að lokum vil ég segja, herra forseti, að ég hef í sjálfu sér mikinn áhuga á því að genabankar af því tagi sem hér um ræðir geti starfað og að þeir fjalli á öflugan hátt um sín mál og safni erfðaupplýsingum eftir því sem stjórnvöld setja fjármagn til. Þá vil ég samt vara við því að slíkir genabankar verði látnir taka við hlutverki náttúruverndarinnar. Mér finnst ákveðin hætta vera hér fólgin. Alveg eins og maður hefur á tilfinningunni að nú ætli stjórnvöld að láta það nægja að varðveita landslag hálendisins með því að taka ljósmyndir af því öllu saman hefur maður á tilfinningunni að hér gæti verið svipuð hætta á ferð, þ.e. menn geti hugsað sér að láta genabankana taka við hlutverki náttúruverndarinnar og að menn fari á endanum að telja það nægja að varðveita erfðaefnin í stað þess að varðveita náttúruna og lífríkið í sinni fjölbreyttu mynd.

[14:48]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir það sem hún sagði hér. Ég tek heils hugar undir þau orð að genabankar taki ekki við hlutverki náttúruverndar. Það var einmitt þess vegna sem ég vék að því áðan að það væri spurning hvort eitthvert svið siðfræðinnar kæmi að þessu máli.

En það sem mig langar að segja varðandi ræðu hv. þingmanns er að það er spurning hvort landbn. geti ekki sjálf kallað til sín aðila sem tengjast þessu máli frekar en að við setjum það í margar nefndir. Það er það sem ég vildi gera athugasemd við. Ég treysti mér alveg til þess að mæla fyrir þeim sjónarmiðum í landbn. að það verði einmitt komið inn á svið náttúruverndarinnar og líka siðfræðinnar í þessu máli því að þetta er ekki bara eitthvert praktískt mál um það hvort menn reyni að eiga nokkrar forustukindur sem sýnishorn eða eitthvað slíkt. Þetta varðar náttúrlega stofnana almennt og sjónarmið okkar í náttúruvernd og verndun íslenska lífríkisins.

[14:50]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Karli V. Matthíassyni fyrir að taka vel í þá hugmynd mína að kannski ætti að skoða málið á enn breiðari grundvelli en landbn. ber að skoða sín mál venjulega. Ég tek orð hv. þingmanns góð og gild, fagna þeim og vona að þeim sjónarmiðum sem ég hef talað fyrir verði komið á framfæri í landbn., að þess verði gætt að skoðað verði hvort háskólasamfélagið í heild sinni og þá mögulega stofnanir umhvrn. ættu að eiga þarna meiri hlut að máli en gert er ráð fyrir í frv.

[14:50]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum um frv. til laga um breytingu á búnaðarlögum, nr. 70/1998, með síðari breytingum. Ég vil almennt segja, virðulegi forseti, að ég tel að innihald frv. sé allrar athygli vert en ég tel að það þurfi mikla umfjöllun í landbn. Ég kem þó aðallega hingað til að fagna því að hæstv. landbrh. virðist vera farinn að gera sér grein fyrir mikilvægi hluta í íslenskri náttúru sem hann hefur kannski síður gert sér grein fyrir á síðustu missirum. Og það er ákaflega mikils virði fyrir t.d. þær framtíðarhorfur í íslenskum iðnaði sem byggja á nýtingu flórunnar að menn yfir höfuð opni augun fyrir því að þetta eru verðmæti sem geta verið undirstaða mikillar velmegunar og velsældar í landinu.

Hæstv. landbrh. kom sérstaklega inn á hvönnina sem mögulegan aflgjafa til framleiðslu á vörum og efnum sem gætu nýst okkur í framtíðinni, og ég tel að með þessari áherslu á flóru landsins sé hæstv. landbrh. — og það gleður mig — í ríkari mæli að gera sér grein fyrir þeim möguleikum sem felast í því að byggja á landsins gæðum.

Það má nefna fleiri plöntur til sögunnar en ég læt aðra um að fjalla um dýrastofnana. Það er alveg ljóst að flóra Íslands, norðurheimskautsflóran, getur gefið grunn og verið uppspretta efna sem verða til mikilla hagsbóta í framtíðinni fyrir iðnaðaruppbyggingu í landinu. Við gerum okkur grein fyrir því núna, Íslendingar, að t.d. lyfjaiðnaðurinn og jafnvel snyrtivöruiðnaðurinn eru vaxtarbroddar íslensks iðnaðar og þá erum við ekki bara að tala um fyrir okkur sjálf heldur jafnframt til útflutnings. Það er því tímabært og ég vil ekki hallmæla frv. að svo stöddu. Ég tek það fram að ég tel að það þurfi að fara til umfjöllunar í hv. landbn. en það er mikið fagnaðarefni ef menn eru komnir svo langt að þeir telji að vernda þurfi lífríkið vegna þess að það sé okkur öllum til hagsbóta þegar til lengri tíma er litið.

Ég tek svo undir varnaðarorð hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur þar sem hún varaði við því að við stefndum að því að kaupa okkur frí með ofuráherslu á erfðabanka. Ég þekki málið örlítið vegna þess að vinur minn og kollegi í Danmörku keypti danskan dráttarhest sem honum var falið að fóðra og eiga og reka sem genabanka en það var í sjálfu sér mjög sorgleg lausn því að hesturinn dó á sínum tíma. Auðvitað verður þetta að vera lífsstíll og undirbyggt á þann hátt að það nýtist þjóðinni sem best. Þess vegna tek ég undir þau varnaðarorð hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur að genabankar af ýmsu tagi mega aldrei vera settir upp á þann hátt að þeir verði fjarvistarsönnun frá því að taka á málunum á þann hátt sem vera skal, og jafnframt þær siðferðilegu forsendur sem hv. þm. Karl V. Matthíasson kom inn á enda er hann prestur að mennt.

[14:54]

Útbýting þingskjala:

Hálendisþjóðgarður, 259. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 270.

Launa- og starfskjör á vernduðum vinnustöðum, 81. mál, svar félmrh., þskj. 260.

Lífeyrisréttindi hjóna, 270. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 286.

[14:55]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir margt það sem komið hefur fram hjá hv. þingmönnum í umræðunni um þetta mikilvæga mál. Ég tek undir ábendingar hv. 2. þm. Vestf., Karls V. Matthíassonar, um málfræðina í málinu. Það þarf að skoða hana vel þannig að þetta sé eitthvað sem lætur vel í munni. Hann bendir á að þarna sé verið að þýða „resource“. Það er náttúrlega komið af latneska orðinu fons sem er lind. En ég tek sem sagt undir það sem hv. þm. Karl V. Matthíasson sagði í því.

Hv. þm. nefnir einnig forustufé og ég vil benda á fínullarfé sem hefur verið haldið hér á landi, sérstakan íslenskan stofn með sérstaka eiginleika eins og ég veit að hæstv. landbrh. þekkir. Það var til skamms tíma vistað fyrir austan, á Skriðuklaustri. Ég lít þannig á að vegna legu Íslands geti gríðarmikil verðmæti verið fólgin í erfðaefni íslenska lífríkisins. Ísland er einangrað land, umlukið hafi, og hér hafa stofnar þraukað af og það eru verðmæti í þessu. Það má auðvitað nefna þá umræðu sem hefur orðið um íslensku mjólkina og aðrar þjóðir virðast vera farnar að átta sig á því að þar geti verið gríðarmikil verðmæti fólgin. Ég held því að þetta sé þarft mál sem hæstv. landbrh. hreyfir hér og set þessar ábendingar inn í málið.

[14:57]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu og vek athygli á því að málið er ekki nýtt. Það hefur verið flutt hér áður og farið til umfjöllunar í landbn. þannig að þeir sem þar starfa þekkja það auðvitað af fyrri kynnum. Ég get tekið undir margt sem fram kom í ræðum manna þó að sumt af því hafi auðvitað verið á skjön eins og sagt er.

Hv. þm. Karl V. Matthíasson ræddi um erfðalindina og erfðaauðlindina. Það er auðvitað það sem nefndin fer yfir og ég ætla ekki að gerast dómari í því. Erfðalind er víðtækari en erfðaauðlind sagði hv. þm. ef ég skynjaði túlkun hans rétt, og auðvitað erum við að tala um auðlindir. Kannski er

alltaf að koma betur og betur í ljós að sérstaða landsins og sérstaða þróunar bústofna hér í 1100 ár hefur gert það að verkum að við eigum kannski dýrmætari auðlindir í þessum bústofnum en við gerðum okkur grein fyrir fyrir nokkrum árum. Gleggsta dæmið um það er auðvitað yfirlýsing heilbrrh. Bandaríkjanna, sem hér var á ferð fyrir skömmu, um mjólkina og þá sérstöðu hennar að í henni eru efni sem eru vörn gegn sykursýki í börnum og ungmennum. Hann lýsti því yfir að hann væri tilbúinn til að verja fjármagni og vinnu — ég er ekki í andsvari, hv. þm., ég er í ræðu.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Það verður leiðrétt.)

Það var auðvitað mikil yfirlýsing að hann skyldi vera tilbúinn að senda hingað mannafla og verja fjármunum til þess ef þetta væri eins og honum sýndist og frá hefði verið sagt og hér oft um rætt. Þá væri dýrmæt auðlind í íslenskri mjólk þannig að það var auðvitað glæsileg yfirlýsing sem segir það að heimurinn breytist og menn átta sig á að margt er dýrmætara í höndum þeirra en þeir kannski vissu um. Því ber að meðhöndla það vel og að Alþingi komi að og setji um það lög.

Hv. þm. minntist á forustuféð. Ég hygg að það sé ekki að deyja út heldur að það sé staðfastur vilji bænda að rækta það fé og þeir geri það af miklum myndarskap og því beri að fylgjast með. Ég stóð að því fyrir tveim, þrem árum að stofnað var hér sérstakt félag um forustukindina sem er einstæð í veröldinni af sérstökum gáfum sem hún hefur til að bera. Það er þekkt hér í gegnum aldirnar hvernig hún hefur bæði bjargað hjörðinni og smalanum til húsa. Þetta eru einstakir eiginleikar sem hvergi þekkjast annars staðar nema þá hjá íslensku sauðkindinni. Ég var í Bandaríkjunum í fyrra. Það búa margir með íslenskt sauðfé í Bandaríkjunum. Þeir sögðu mér að þeir botnuðu ekkert í því að forustukindin kom með allt féð úr skóginum til húsanna þegar heyrðist í úlfinum. Þessar gáfur eru þekktar og þykja sérstæðar víða og okkur ber að varðveita þá furðuskepnu sem forustukindin er.

Hver er kostnaður við þessa nefnd? Kostnaður eykst ekki við þetta. En það sem varið er til þessa er ekki hár peningur. Það er gert í þjónustusamningi við Bændasamtökin og ef ég veit það rétt — það kemur fram í málinu — þá er það svona 2,5 millj. á ári sem er auðvitað afar lítill peningur til þess að halda utan um þessi mál.

Fleiri hv. þm. ræddu síðan málið. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi Hólaskóla. Það er aðeins til einn landbúnaðarháskóli samkvæmt lögum á Íslandi. Það er Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri. Þó að Hólar og Reykir í Ölfusi gegni mikilvægu hlutverki þá eru þeir ekki lögum samkvæmt háskólar. Það er aðeins til einn landbúnaðarháskóli og þess vegna er landbúaðarháskólinn tilgreindur þarna og er auðvitað æðsti skóli landbúnaðarins á Íslandi. Hins vegar sitja núna að störfum nefndir sem ég er að láta fara yfir málefni allra skólanna með það að leiðarljósi að styrkja þá.

Ég þekki þá sögu ekki hvers vegna þarna féll út fulltrúi frá Náttúrufræðistofnun og inn kom frá umhvrn. Ég hygg að það hafi verið í tillögum nefndarinnar og við það hefur ekki verið gerð athugasemd fyrr við mig. Ég bið nefndina um að skoða þetta mál enn betur og fara yfir það. Hv. þm. fagnaði þessu máli á margan hátt og taldi mikilvægt að menn færu síðan upp á hálendið. Ég held að það væri ástæða til að hv. þm. færi út fyrir borgina og sæi að fjöllin standa enn og hálendið er til. Það er ekkert verið að fella það eða sökkva því. Íslensku fjöllin standa enn og kalla á okkur dag hvern með fegurð sína og yndisleik. Og af því að það kom fram í máli fleiri hv. þm. eins og þeir væru menn sannleikans og að aðrir væru að vitrast og opna sig. Guð hjálpi ykkur! Haldið þið að við höfum ekki gert okkur grein fyrir hrikaleik og fegurð íslenskrar náttúru fyrr. Ég hef alla vega gert það frá því að ég opnaði þessi augu sem hér horfa út í salinn. Ég kann að meta íslenska náttúru og vil ekki fórna henni. Hins vegar hefur það verið hlutskipti okkar sem förum með stjórn þessa lands að verða að stýra málum þannig að við nýtum auðlindir Íslands til þess að geta haldið unga fólkinu hjá okkur, skapað atvinnu og fjölbreyttari atvinnu en verið hefur hér í aldir til þess að tryggja afkomu þjóðarinnar og tryggja að við getum boðið börnum Íslands sambærileg lífskjör og aðrar þjóðir hafa. Þetta er okkar hlutskipti og það þýðir ekki fyrir okkur að vera haldnir neinum fordómum.

Mér hafa fundist hv. þm., alla vega Vinstri grænna, vera haldnir fordómum gagnvart öllum framkvæmdum og vilja stöðva þær. Þeir hafa barist hér í þinginu gegn öllum mikilvægum framfaramálum á þessu kjörtímabili þannig að þeir þurfa ekki síður að fá smáupplýsingar heldur en við sem stjórnina styðjum og sitjum í henni. Þó þetta séu fallegar ábendingar og kannski nauðsynlegt öðru hverju að minna menn á þetta þá finnst mér að þeir megi átta sig á því að þeir geta líka fengið á sig gagnrýni og þurft að skoða hug sinn og eigin málflutning. Án þess að ég ætli að deila við þá í kringum þetta mál um það þá held ég að þetta mál sem hér kemur fram í annað sinn sé bara mikilvægt mál varðandi nytjastofna, bæði búfé, tré og jurtir. Því er mikilvægt fyrir Alþingi að stækka þessa nefnd. Ég bið hv. landbn., þá nefndarmanna sem hér eru, að fara vel yfir málið á nýjan leik. Þeir eiga sjálfsagt umræður og umsagnir úr nefndarstarfinu frá því í fyrra. Ég vona að málið verði afgreitt á þessu þingi sem nú situr.

[15:06]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er rétt sem hæstv. ráðherra segir að fjöllin standa enn. En það eru dalirnir og gljúfrin sem eiga undir högg að sækja vegna ágangs ríkisstjórnarinnar. Það er rangt sem hæstv. ráðherra sagði að ég eða aðrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafi fordóma gagnvart framkvæmdum. Ég vísa þeirri fullyrðingu hæstv. ráðherra til föðurhúsanna.

Ég ætla hins vegar ekki að eyða lengra máli í að ræða þessi hugðarefni okkar hæstv. ráðherra í þessu andsvari en hefði haft hug á að fá að heyra meira um nefnd þá sem hæstv. ráðherra nefndi í sinni ræðu, sem hann segir að sé nú að störfum og eigi að kanna stöðu landbúnaðarskólanna. Þó það beinlínis tilheyri ekki þessu máli þá vekur það forvitni mína.

Sömuleiðis hafði ég aðra spurningu til hæstv. ráðherra sem ég gleymdi í ræðu minni. Hún lýtur að skipulagningu þessa varðveislustarfs sem m.a. erfðanefnd landbúnaðarins er falið að vinna. Mig fýsir að vita, herra forseti, hvort áætlun um þetta varðveislustarf hafi verið gerð hér á Íslandi og þá hvernig sú áætlun er ef hún er búin. En það kemur fram í greinargerð málsins að það hafi verið samþykkt á sameiginlegum vettvangi Norðurlandanna að hvert land fyrir sig þurfi að gera áætlun til þess að skipuleggja þetta varðveislustarf. Því er eðlilegt að hér komi um það upplýsingar hvort slík áætlun liggur nú þegar fyrir hér á Íslandi.

[15:08]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Dalir og gljúfur eiga undir högg að sækja, segir hv. þm. Ég man eftir því að þegar ég var barn þá hurfu stundum hólar og lautir í túninu heima eða fyrir túninu heima. Það þurfti að rækta til þess að framleiða og skapa landbúnaðarafurðir. Það er auðvitað um þetta sem málið snýst. Við verðum að velja og hafna. Sumt ber að vernda og það á að marka skýrari stefnu um það en verið hefur. Það er mitt mat. Sumu á aldrei að fórna. Öðru verðum við að fórna fyrir lífskjörin. Við sjáum á mörgum þeim framkvæmdum sem hafa átt sér stað í gegnum öldina síðustu að fórnin var þess virði að skapa hér lífskjör sem eru einhver þau bestu sem þjóð eru búin í veröldinni. Um þetta snýst hin pólitiska umræða og í þessu þurfum við að taka afstöðu.

Hv. þm. spyr um áætlun. Ég get ekki svarað því hér og nú. Ég hef ekki það skýra mynd af því. En ég býst við því að það sé og mér finnst sjálfsagður hlutur að nefndin fari yfir það. Um nefndirnar síðan sem vinna núna að því að efla landbúnaðarskólana get ég heldur ekki rætt undir þessum lið. Það starf er í fullum gangi. Skipaður var starfshópur í kringum hvern skóla til þess að vinna framtíðaráform því að landbúnaðurinn í hinni fjölbreyttu mynd þarf á því að halda að eignast sterkari skóla. Hann þarf líka á því að halda að ná til sín besta og duglegasta fólkinu til þess að vinna í náttúru þessa lands við framleiðslu og í kringum hina sérstæðu bústofna og einstöku náttúru sem Ísland hefur að geyma.

[15:10]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Leitt er til þess að vita að hæstv. ráðherra skuli ekki koma betur nestaður í þessa umræðu en svo að hann getur ekki svarað okkur einföldum spurningum um þetta varðveislustarf sem frv. fjallar um. Það er ljóst að hv. landbn. hefur fengið ansi margar spurningar í þessari umræðu sem verða auðvitað skoðaðar gaumgæfilega þar og verður spennandi að heyra niðurstöður nefndarinnar varðandi málið.

Ég verð að lýsa því yfir, herra forseti, að ég skil vel angur hæstv. landbrh. vegna náttúruverndarinnar. Það er alveg ljóst að hann kýs að eyða andsvörum í þessu máli í að friða samvisku sína og réttlæta gerðir sínar og ákvarðanir þessarar ríkisstjórnar hvað varðar náttúruspjöllin sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að stunda á hálendi Íslands. Ég vil einungis segja það við hæstv. ráðherra, af því að hann hvatti mig til að fara út úr borginni til þess að komast í snertingu við hálendið og náttúruna, að ég mundi vilja, herra forseti, að hæstv. ráðherra gerði það sama og ég, færi á Kárahnjúkasvæðið og skoðaði með eigin augun það ævintýraland sem þar er verið að svívirða þessa stundina í nafni erlendra auðhringa og stóriðju sem ég hefði haldið að Framsfl. í annan tíma hefði bylt sér illa undan.

[15:11]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er svo heppinn að ég hef ferðast mikið um Ísland og komið víða, komið á Kárahnjúkasvæðið (Gripið fram í.) o.s.frv. Ég kann vel að lýsa fegurð Íslands og reyni að gera það upp við mig í hvert sinn þegar um framkvæmdir er að ræða hvort þær séu þess virði að fara í þær eða hvort ekki eigi að gera það. Þetta verða menn að meta.

Ég man ekki eftir einu einasta máli hér í framfaraátt á þessu kjörtímabili sem Vinstri grænir hafa stutt. Hv. þm. getur þá komið hér upp og frætt mig um það mál. Mig langar að heyra frá því.

[15:12]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Já, það er verið að ræða hér um erfðanefnd en það er farið út um víðan völl og farið að tala um fjöll, dali og gljúfur. Það er náttúrlega margt sem tengist þessari umræðu þegar við erum að tala um erfðanefnd og fer það inn á svið náttúrunnar. Þá verða náttúrlega hugrenningatengsl.

Hæstv. landbrh. talaði um fegurð íslenskra fjalla og það var mjög ánægjulegt að verða var við það hversu stór hluti þjóðarinnar þekkti hið fagra fjall Kirkjufell sem er í Grundarfirði og hvað smekkvísi þjóðarinnar er mikil.

En svo að ég víki að því máli sem við ræðum, herra forseti, þá er það vissulega rétt sem hæstv. landbrh. gat um áðan, að þetta mál um erfðanefndina var lagt fyrir á síðasta þingi. En í núgildandi lögum, 16. gr. búnaðarlaga, er einmitt fjallað um þessa erfðanefnd, enda er um frv. til laga um breytingu á búnaðarlögum að ræða. Með leyfi forseta, ætla ég að lesa 16. gr. laganna eins og þau eru í dag:

„Landbúnaðarráðherra skipar fimm menn og jafnmarga til vara í erfðanefnd búfjár að fengnum tilnefningum Bændasamtaka Íslands, búvísindadeildar Bændaskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Veiðimálastofnunar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Helstu verkefni nefndarinnar skulu vera:“ — þau eru tilnefnd í tveimur stafliðum, a og b:

„a. að fylgjast með og halda skrá um erfðabreytileika og þróun hans í helstu búfjárstofnum og ferskvatnsfiskum,“

Þetta er ærið mikið, herra forseti.

„b. að gera tillögur til landbúnaðarráðherra um sérstakar ráðstafanir til verndunar þeirra tegunda, stofna og eiginleika sem eru í útrýmingarhættu að mati nefndarinnar.“

Það er náttúrlega gífurlega viðamikið að vernda eiginleika í stofni. Og nú er hér komið frv. til laga um breytingu á þessum lögum, herra forseti, sem ég var að nefna og það er í fimm stafliðum. Þá finnst mér, herra forseti, að um töluvert miklar breytingar sé að ræða því að þar segir, með leyfi herra forseta:

„a. að annast samráð innan lands um varðveislu erfðalinda í landbúnaði,

b. að hvetja til rannsókna á sviði erfðalinda í landbúnaði,“ — þarna er verið að hvetja til rannsókna á sviði erfðalinda;

„c. að stuðla að miðlun þekkingar um erfðalindir og gildi þeirra, jafnt með kennslu sem upplýsingagjöf til almennings,

d. að veita hagsmunaaðilum og stjórnvöldum ráðgjöf um varðveislu og nýtingu erfðalinda í landbúnaði,

e. að annast samskipti við erlenda aðila á þessu sviði í samstarfi við tengiliði Íslands hjá alþjóðastofnunum.“

Hér er, herra forseti, talað um landbúnaðinn almennt og erfðalindir. Ég tel að það mætti alveg velta því fyrir sér hvort ekki ætti að nota orðið erfðaauðlind miðað við hlutverk og tilgang þessara laga. Nefndinni er með þessu ætlað stórauknið hlutverk að mínu viti. Annars vegar er talað um búfjárstofna, ferskvatnsfiska og svo kemur öll flóran undir, nytjaflóran, af því að hér erum við að tala um það sem við erum að nýta.

Ég held því fram, herra forseti, að verði þessi lög samþykkt svona hljótum við að gera ráð fyrir stórauknum framlögum til nefndarinnar og störf hennar hljóti að kosta miklu meira. Í umsögn Bændasamtaka Íslands um málið frá því fyrir ári síðan segir, með leyfi forseta:

„Bændasamtök Íslands gera ekki athugasemd við breytt hlutverk nefndarinnar.“ — Við munum væntanlega ekki gera það heldur. — „Hitt stingur í augu að í umsögn fjármálaráðuneytis kemur fram að nefndinni sé ekki ætlað aukið fé vegna nýrra verkefna. Það er óraunhæft þar sem nefndin getur tæplega sinnt skylduverkefnum sínum á sviði verndunar erfðaefnis búfjár, svo sem að vinna verndaráætlun fyrir upprunalega búfjárstofna okkar.“

Hér er talað um erfðaefni búfjár, erfðaeiginleika o.s.frv. Þetta þarf náttúrlega að fjalla betur um í allri þessari umræðu, þ.e. hina ýmsu eiginleika sem búfjárstofnar okkar búa yfir, samanber hyrndar kýr, svo ég nefni dæmi, og ýmis afbrigði bjarkarinnar, okkar fögru jurtar, teljist hún nytjaplanta. Hún hlýtur að gera það því að hún er náttúrlega ræktuð.

Að lokum segir í umsögn Bændasamtakanna, með leyfi forseta: „Þau verkefni eiga að hafa forgang og það er verr af stað farið en heima setið ef breytingin dregur úr starfsgetu á búfjársviðinu.“

Hér beina Bændasamtökin augum sínum, herra forseti, að búfjárstofnunum, þessum hagnýtu og peningalegu sjónarmiðum þar sem talað er um að þetta gefi arð og tekjur annars vegar en inn í þessa umræðu hafa komið almenn sjónarmið um verndun á íslenskri náttúru og íslenskum dýrum, eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vék að áðan, sem og ég og hv. þm. Örlygur Hnefill Jónsson. Auðvitað mun þetta koma til umfjöllunar í nefndinni. Það verður náttúrlega að gera ráð fyrir því að hlutirnir gangi fyrir sig eins og lög gera ráð fyrir og þá þurfa fjárlögin að taka tillit til þess.

Að lokum: Ef þessi nefnd fer að starfa af miklum krafti hlýtur starfssvið hennar að verða gífurlega víðfeðmt, ef við tölum t.d. um vatnafiskana sem hér eru nefndir. Þannig er hægt að ræða þetta fram og aftur, svo vítt er sviðið sem um þetta fjallar.

Að öðru leyti þakka ég umræðuna sem hefur bæði verið ánægjuleg, yfirgripsmikil og nauðsynleg.

[15:20]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Ég vil ítreka það að ég tel um stórt mál að ræða. Gríðarmikil verðmæti geta verið fólgin í erfðaeiginleikum íslensks lífríkis. Ég nefndi áðan íslensku mjólkina sem vakið hefur heimsathygli, eins og hæstv. ráðherra benti á í ræðu sinni. Ég veit að hæstv. ráðherra skynjar hve mikil verðmæti eru þar á ferðinni.

Hér skiptir máli sérstaða landsins sem eylands djúpt í höfum. Maður sér fyrir sér hvernig þessi bústofn kom til landsins og að víkingarnir hafi valið sínar bestu skepnur og borið á sína borðfögru skeið áður en þeir létu í haf frá Noregsströndum og tóku land við Hraunhafnartanga, í Vopnafirði eða í Gautavík í Berufirði, eins og segir frá í þeirri merku bók Njálu. Auðvitað hafa þetta verið bestu skepnurnar sem þeir ráku á land úr skipum sínum. Þessi stofn hefur varðveist hér með þessum eiginleikum og því er mikilvægt að varðveita hann. Ég tek því undir orð hæstv. ráðherra í þessu efni, sérstaklega varðandi mjólkina.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íslenskur ríkisborgararéttur, 1. umr.

Stjfrv., 242. mál (tvöfaldur ríkisborgararéttur). — Þskj. 246.

[15:23]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952.

Megintilgangur þess er að heimila íslenskum ríkisborgurum að halda íslensku ríkisfangi þótt þeir öðlist ríkisborgararétt í öðru ríki. Skv. 7. gr. núgildandi laga missir sá íslensks ríkisfangs sem hlýtur erlent ríkisfang samkvæmt umsókn sinni eða skýlausu samþykki, eða með því að ganga í opinbera þjónustu í öðru ríki. Það sama gildir um börn viðkomandi undir 18 ára aldri sem eru í hans forsjá sé hitt foreldrið erlendur ríkisborgari.

Rökin sem mæla með því að breyta þessu og heimila tvöfaldan ríkisborgararétt eru margvísleg. Stjórnvöld, þá sérstaklega sendiráð, hafa orðið vör við verulega óánægju íslenskra borgara með reglur núgildandi laga. Í sumum löndum þurfa menn að vera þarlendir ríkisborgarar til að njóta ýmissa réttinda. Er fólk oft og tíðum ósátt við að þurfa að afsala sér íslensku ríkisfangi í slíkum tilvikum.

Það ber að hafa í huga að íslenskt ríkisfang er flestum kært og táknrænt um tengsl við landið. Þetta á kannski ekki síst við um ungt fólk sem flust hefur með foreldrum sínum til annarra landa. Það á t.d. eftir að gera upp við sig hvar það ætlar að búa og starfa og er því tregt til að afsala sér íslenskum ríkisborgararétti en neyðist þó til þess í því skyni að njóta ýmissa réttinda þar sem það er búsett. Auk þess bitnar reglan um einfaldan ríkisborgararétt, ef svo má að orði komast, harðar á íslenskum ríkisborgurum sem fá erlent ríkisfang en erlendum ríkisborgurum sem fá íslenskt ríkisfang. Ekki hefur verið gengið hart eftir því að þeir sem fá íslenskan ríkisborgararétt samkvæmt umsókn fái lausn frá fyrri ríkisborgararétti. Það helgast að miklu leyti af því að hér er ekki herskylda en eitt meginsjónarmiðið við að heimila ekki tvöfaldan ríkisborgararétt er að koma í veg fyrir að maður geti gegnt herskyldu í tveimur ríkjum. Þykir það því réttlætismál að heimila Íslendingum að hafa tvöfaldan ríkisborgararétt enda er það leyfilegt í fjölmörgum löndum svo sem fram kemur í fylgiskjali með frv.

Þess má sérstaklega geta að í sænsku lögunum um ríkisborgararétt má nú finna víðtæka heimild til að hafa tvöfaldan ríkisborgararétt. Í Noregi og Finnlandi er hafin endurskoðun á ríkisborgararéttarlögunum og ríkisstjórn Finnlands hefur ákveðið að við samningu þess frumvarps skuli miða við að tvöfaldur ríkisborgararéttur verði heimill.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 17. mál. — Þskj. 17.

[15:27]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu.

Mál þetta hefur áður komið til umræðu á hv. Alþingi en hefur eingöngu farið í gegnum fyrri umr. og ekki hlotið náð í nefndum þingsins til að koma fyrir þingið aftur. Nú hagar hins vegar svo til, herra forseti, að hvorugur ráðherranna sem málið varðar, þ.e. hæstv. sjútvrh. og hæstv. viðskrh., er staddur á landinu. Því væri æskilegt að annar hvor þeirra ráðherra sem starfa fyrir viðkomandi hæstv. ráðherra gæti verið viðstaddur umræðuna. Það kann að vera að viðkomandi ráðherrar vilji annaðhvort blanda sér í umræðuna eða svara þeim spurningum sem gætu komið upp í umræðunni.

Herra forseti. Þessi þáltill. um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu er flutt af þingmönnum úr stjórnarandstöðuflokkunum. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, Árni Steinar Jóhannsson og Jóhann Ársælsson.

Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd sem fái það verkefni að semja frumvarp til laga um fjárhagslegan aðskilnað milli reksturs útgerðar annars vegar og fiskvinnslu í landi hins vegar. Frumvarpið verði lagt fram á þessu þingi og að því stefnt að lögin taki gildi 1. janúar 2004."

Þessi lög þurfa auðvitað ákveðinn aðdraganda og það er ekki æskilegt að menn flýti sér um of við viðamikið verkefni eins og það að stefna hér að fjárhagslegum og rekstrarlegum aðskilnaði útgerðar annars vegar og fiskvinnslu hins vegar. En þetta er jú m.a. það sem aðrar þjóðir hafa tekið sér fyrir hendur á umliðnum árum, að aðskilja veiðar og vinnslu.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill upplýsa hv. þm. um það að hæstv. sjútvrh. er í útlöndum, eins og kunnugt er, og að staðgengill hæstv. sjútvrh., hæstv. samgrh. Sturla Böðvarsson, er ekki í þinghúsinu. Vill forseti bjóða hv. þingmanni að gera hlé á máli sínu og verður þá frekari umfjöllun um málið frestað og það tekið á dagskrá síðar.)

Herra forseti. Það er auðvitað vel boðið en þetta mál hefur verið á dagskrá áður og ég veit eiginlega ekki hvort ég hef geð í mér til að vænta þess að ráðherrar séu staddir hér eða bíða eftir því. Ég ætla að halda áfram að flytja mál mitt, herra forseti. Við hv. þingmenn verðum þá bara að una því að ráðherrar séu svo tímabundnir af öðrum störfum að þeir megi ekki vera að því að sinna því að líta hér við í hv. þingi. Það verður þá svo að vera, herra forseti.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Eins og þingmanninum þóknast.)

Þá held ég áfram máli mínu. Ég var þar kominn að víkja að því að aðrar þjóðir, m.a. Færeyingar, sú þjóð sem er næst okkur hér í suðaustri, hafa farið þá leið á undanförnum árum að aðskilja veiðar og vinnslu. Þeir hafa reyndar gengið mun lengra í framsetningu sinni en við hv. flutningsmenn leggjum til í þáltill. því að Færeyingar hafa einnig skyldað útgerðir allra fiskiskipa í Færeyjum til að landa ákveðnu hlutfalli af afla sínum á fiskmörkuðum. Mig minnir að það hlutfall sé 30%. Hverju fiskiskipi er þá skylt að landa inn á fiskmarkaðinn 30% til sölu þar til þess að tryggja þar ákveðið framboð og vonandi þá líka til þess að stuðla að því sem við erum að leita hér að með framsetningunni á þessari tillögu, að auka verðmæti aflans, og reynslan í Færeyjum er einmitt að það hefur gerst. Verðmætisaukning hefur orðið mikil við þessa ákvörðun þeirra að framkvæma það sem við erum hér m.a. að leggja til.

Þó að við göngum ekki það langt í þessari tillögu að skylda aflann inn á fiskmarkað mundi það vafalaust af eðli máls leiða til þess, ef fram færi fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, að þetta væru tvö aðskilin fyrirtæki, að það mundi smátt og smátt ýta undir það að meira magn af fiski yrði selt á fiskmörkuðum. Það tel ég að sé mjög jákvæð þróun fyrir íslenskt efnahagslíf og verðmætisauka af sjávarfangi hér á landi, að ég tali nú ekki um hvað þetta mundi að mínu viti lagfæra þau viðskipti með aflann sem eiga sér stað og breyta því viðskiptamunstri sem viðgengist hefur á undanförnum árum þegar inn í er blandað því sem íslenskir útgerðarmenn hafa einir, þ.e. kvótaréttinn, leigu kvótaréttarins og jafnvel sölu. Þar erum við að vísu í allt öðrum bás heldur en nágrannar okkar Færeyingar sem voru settir í slíkt framseljanlegt kvótakerfi fyrir nokkrum árum en ákváðu af ýmsum ástæðum, m.a. vegna brottkasts og annarra ástæðna sem þeir töldu fylgja slíkri útfærslu, að hverfa frá aflaúthlutunarkerfi og taka upp sóknarstýrðar fiskveiðar sem hafa gefist mjög vel við stjórnina í Færeyjum og á margan hátt tryggt endurreisn eyjanna eftir að eyjarskeggjar lentu í miklum erfiðleikum fyrir nokkrum árum. Og mér er sagt, herra forseti, að í Færeyjum vilji engir hverfa til baka. Að vísu hafa heyrst raddir útgerðarmanna um að þeir vilji losna undan 30% söluskyldunni inn á markaðina en að öðru leyti séu þeir sáttir við verðtenginguna, að verðið myndist á fiskmörkuðum og það verði það verð sem gangi þegar fiskur skiptir um eigendur frá útgerð til vinnslu.

Við segjum, herra forseti, í 2. mgr. þessarar tillögu að ef svona nefnd verður skipuð til þess að vinna upp þessi lagaákvæði sem við þurfum að vanda vel vinnu á verði lögunum ætlað að skapa skilyrði fyrir eðlilega verðmyndun á öllum óunnum fiski á markaði, heilbrigðum og gegnsæjum viðskiptaháttum í fiskviðskiptum og koma þannig á eðlilegum samkeppnisskilyrðum á því sviði.

Ég held því fram, herra forseti, að samkeppnisskilyrði séu ekki eðlileg í þessari grein. Það er til nokkur fjöldi fyrirtækja hér á landi án útgerðar, og þau eru m.a.s. í sérstökum samtökum, Samtökum fiskvinnslustöðva án útgerðar, sem kaupa nánast allan sinn afla af útgerðum sem þeir eiga lítinn eða engan hluta að eða þá á fiskmörkuðum. Og það verður að segjast alveg eins og er að á undanförnum árum hafa einmitt þessi minni fiskvinnslufyrirtæki, fiskvinnsluaðilar innan þessara samtaka, verið þau sem hafa rutt brautina til nýsköpunar varðandi það að vinna hér ferskan fisk til útflutnings, m.a. í flugi, og ýmsar fisktegundir og menn hafa sérhæft sig svolítið í því, hvert fyrirtæki fyrir sig, þótt lítil séu, og náð miklum árangri í því að auka verðmæti afurðanna.

En það verður að segjast alveg eins og er að þeir aðilar sem reka fiskvinnslu án útgerðar hafa ekki það vopn sem hinir hafa sem jafnframt hafa úthlutaðan kvóta og reka útgerð, að geta notað m.a. aflaheimildirnar til að stýra til sín viðskiptum. Það er m.a. það sem gert er hér á landi, úthlutun aflakvótanna er notuð í beinum viðskiptum milli manna. Örugglega allir Íslendingar sem á annað borð fylgjast með fréttum hafa heyrt setninguna „tonn á móti tonni" og hvernig þau viðskipti fara fram, þegar sá aðilinn sem fiskvinnslu stundar og er jafnframt með útgerð hefur yfir aflakvóta að ráða og býður öðrum útgerðarmanni sem hefur takmarkaðan aflakvóta að koma í viðskipti til sín, hann fái lægra fiskverð en á móti fái hann aflakvóta frá útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum. Þannig eru menn að stýra til sín hráefni og auðvitað keppa þeir aðilar sem þannig háttar um ekki á jafnréttisgrundvelli við þá sem eigi hafa úthlutaðar aflaheimildir.

Þetta er auðvitað angi af fiskveiðistjórnarkerfi okkar, því miður, sem við skyldum aldrei hafa tekið hér upp, frjálsa, framseljanlega sölu og leigu á aflakvótum, því að sá réttur þurfti aldrei að vera hjá útgerðinni til þess að hægt væri að stunda hér eðlilegar og arðbærar fiskveiðar. Útgerðarmennirnir þurftu eingöngu að hafa þá vissu að þeir mættu gera út skip sín til fiskveiða, hvort sem það var í aflakvótakerfi eða einhverju öðru kerfi, en þeir þurftu aldrei á leigu- og söluréttinum á aflakvótanum að halda til þess að halda áfram eðlilegu og sjálfsögðu útgerðarmynstri.

Og það er nákvæmlega þarna sem skilur á milli hagsmuna útgerðarmannanna og hagsmuna fólksins í landinu, það eru útgerðarmennirnir sem hafa þennan rétt til leigu og sölu á aflaheimildum og geta nýtt hann með ýmsum hætti, m.a. í viðskiptum eins og ég hef verið að benda á og er einnig dregið fram í greinargerð en hafa síðan ákvörðunarrétt um það hvenær þeir vilja selja þessi réttindi frá fyrirtæki sínu og þá jafnvel burt úr byggðunum, sem hefur auðvitað sums staðar haft alveg skelfilegar afleiðingar á afkomu fólks og öryggi þess til að búa í hinum dreifðu sjávarbyggðum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mikið nánar ofan í greinargerðina sem fylgir þessari till. til þál., hún er efnislega um þau atriði sem ég hef hér dregið fram. Í henni má auðveldlega lesa í hvers konar fari viðskiptin geta verið. Þau geta valdið fiskskorti á mörkuðum, útgerðirnar sækjast í auknum mæli eftir beinum viðskiptum vegna þess að þá fá útgerðarmennirnir sem litlar aflaheimildir hafa eða jafnvel engar til sín aflaheimildir og það veldur því oftast nær að fiskverðið sem viðkomandi aðilar fá er miklu lægra en eðlilegt getur talist. Og þrátt fyrir að e.t.v. hafi eitthvað lagast í verðlagningu á fiski í beinum viðskiptum milli útgerðaraðila sem jafnframt eiga fiskvinnslufyrirtæki í kjölfar kjarasamninga sjómanna er það samt svo að það munar miklu, herra forseti. Og ég hygg að meðalverðið út úr samningum sem Verðlagsstofa viðurkennir sé núna í kringum 105–110 kr. á þorski þegar markaðsverðið liggur á bilinu 150 og upp í 250 kr., og jafnvel undirmálsþorskurinn selst dag eftir dag á 130–140 kr. kílóið.

Herra forseti. Nú er tíma mínum lokið og ég mun því halda áfram í seinni ræðu minni að víkja að ýmsum röksemdum sem nýlega hafa komið fram, m.a. í skýrslu sem sjútvrh. var afhent um það hvernig megi stuðla hér að auknum verðmætum.

[15:43]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég er einn af flutningsmönnum þessarar tillögu og tel að hér sé á ferðinni mál sem ætti í raun og veru að vera fyrir löngu búið að taka á í sjávarútveginum á Íslandi. Það er auðvitað gjörsamlega óþolandi að menn skuli hafa nýtt sér sérréttindi útgerðarmanna til þess að fá úthlutað veiðiréttindum til þess að hafa áhrif á kjör sjómanna eða önnur viðskipti milli aðila. Og það er sko af og frá að eitthvert viðhlítandi ástand sé komið á hvað þetta varðar.

Síðast á liðnum vetri keyptu útgerðarfyrirtæki sem höfðu yfir kvóta að ráða stóran þorsk upp úr sjó á 50 kr. og sköffuðu kvótann til láns á sama tíma og þessi fiskur seldist fyrir 220 kr. á mörkuðunum. Þarna er auðvitað á ferðinni gjörsamlega óþolandi aðferð hvað varðar alla aðila nema þá sem hafa þessi sérréttindi til að fá úthlutun veiðiréttinda. Og fiskvinnslan á Íslandi, sem ekki hefur yfir slíkum veiðiréttindum að ráða, hefur gjörsamlega óhæfa samkeppnisaðstöðu. Hún þarf að keppa við þessa aðila sem eru bæði í veiðum og vinnslu.

Menn sem hafa bókstaflega unnið afrek á undanförnum árum, hafandi enga slíka kvóta undir höndum, hafa verið að vinna markaði þar sem hægt hefur verið að selja fisk á mjög háu verði sem þeir auðvitað þurftu og þurfa vegna þess að þeir hafa ekki kvóta í sínum höndum. Þeir þurfa nú að horfa upp á það að fyrirtækin sem fá aflaheimildunum úthlutað fyrir ekki neitt koma inn á þessa markaði sem voru skapaðir af þeim fyrirtækjum, þrengja sér þar inn, jafnvel með niðurboðum og taka markaðina af fyrirtækjunum sem verða þá að hopa vegna þess að þau hafa ekki raunverulega samkeppnisaðstöðu.

Síðan er þetta deilumál milli útgerðarmanna og sjómanna sem hefur náttúrlega öngvan veginn verið leyst, þó það sé kannski komið í eitthvað skárra ástand þannig að sjómenn fá hærri hlut í dag, þá er ástandið samt gersamlega óeðlilegt.

Ég tel að sjómenn eigi að semja við útgerðarmenn á grundvelli jafnræðis í þessu öllu saman. Það kann vel að vera að það yrðu breyttir samningar frá því sem er í dag og sjómenn yrðu að sætta sig við að semja um einhver önnur býti ef allur fiskur færi og hlyti eðlilegt verð. Mér finnst að það sé eitthvað sem sjómenn muni með fögnuði taka ef þeir fá eðlilegt starfsumhverfi, þá taki þeir því með fögnuði að semja við viðsemjendur sína á þeim grundvelli. Ég óttast ekkert um það.

En mér finnst merkilegt að hlusta á forustumenn fiskvinnslunnar í landinu, þ.e. þeirrar fiskvinnslu sem hefur þau sérréttindi að vera tengd skipum með kvóta, halda því fram að þetta ástand sé bara gott og eðlilegt og vilja halda í það. En það er auðvitað augljóst mál að ef allur fiskur færi um markaði eða öllum sem væru í fiskvinnslu á Íslandi væri gefið tækifæri til að keppa á jafnræðisgrundvelli um þennan fisk, þá yrðu til möguleikar til að reka fiskvinnslu á miklu fleiri stöðum og víðari grundvelli en er í dag. Það er þetta sem gæti, ætti og mundi koma út úr því að koma á eðlilegum aðskilnaði veiða og vinnslu.

Ég vil vekja athygli á því að fyrir nokkrum dögum var ársfundur Starfsgreinasambandsins og þar voru saman komnir hvorki meira né minna en fulltrúar í kringum 40.000 manns úr atvinnulífinu á Íslandi. Þar voru sannarlega mættir til leiks fulltrúar fólksins sem vinnur við fiskvinnslu og þjónustuna í landinu. Á þeim fundi var gerð samþykkt og hún var samhljóða um mál tengd þessu. Ég vil, með leyfi forseta, lesa upp samþykktina sem þarna var gerð. Hún var svohljóðandi:

„Til að sátt skapist um fiskveiðistjórnunarkerfið krefst Starfsgreinasambandið þess að útgerðum verði gert að skila yfirráðaréttinum yfir auðlindinni í áföngum. Þannig verði snúið við þeirri óeðlilegu eignatilfærslu með tilheyrandi búseturöskun sem orðið hefur á síðustu áratugum og tryggð á ný eðlileg endurnýjun í atvinnugreininni."

Síðan segir á öðrum stað, með leyfi forseta:

„Leyfa ber fjárfestingar útlendinga til uppbyggingar í fiskvinnslu, en jafnframt þurfa að vera skýrar reglur og lög sem tryggi að fullu hagsmuni Íslendinga og að auðlindin verði áfram í eigu þjóðarinnar, eins og kveðið er á um í stjórnarskrá Íslands."

Hér eru auðvitað mikil tíðindi á ferðinni. Hér kemur geysifjölmennt starfsgreinasamband fram og segir þessa hluti. Þarna er verið að draga fram það sem ég nefndi áðan meðal annars, þ.e. þeir nefna að útlendingum verði gert kleift eða útlendu fjármagni verði opnaður farvegur inn í

fiskvinnsluna á Íslandi þannig að þessi atvinnugrein njóti jafnræðis gagnvart öðrum atvinnugreinum.

Hvað er um það að segja? Frá minni hendi og hendi Samfylkingarinnar er það að segja að í raun er ekkert athugavert við það þó að erlent fjármagn komi inn í þessa atvinnugrein frekar en aðrar atvinnugreinar, þ.e. ef menn taka á sjávarútvegsmálunum með þeim hætti að auðlindinni verði ekki komið í gegnum eignarhaldsfyrirbrigðið sem er í gangi við fiskveiðarnar í hendur á erlendum aðilum. Þeir tengja þetta nákvæmlega rétt saman. Það þarf auðvitað að innkalla veiðiheimildirnar og taka þennan rétt af útgerðarmönnum, koma á jafnræði áður en hægt er að leyfa slíkar fjárfestingar.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11.–14. mál.

Fundi slitið kl. 15:53.

---

16. FUNDUR

þriðjudaginn 29. okt.,
kl. 4 síðdegis.

Dagskrá:

1. Alþjóðasamningur um verndun túnfiska í Atlantshafi, stjtill., 243. mál, þskj. 247, nál. 307. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*
2. Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., frv., 182. mál, þskj. 183. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
3. Búnaðarlög, stjfrv., 241. mál, þskj. 245. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Íslenskur ríkisborgararéttur, stjfrv., 242. mál, þskj. 246. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Frh. fyrri umr.
6. Velferðarsamfélagið, þáltill., 22. mál, þskj. 22. — Fyrri umr.

[16:01]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðasamningur um verndun túnfiska í Atlantshafi, 243. mál, nál. utanrmn., þskj. 307.

Skýrslutaka af börnum í Barnahúsi og dómshúsum, 271. mál, fsp. RG, þskj. 289.

Staða hjóna og sambúðarfólks, 269. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 285.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:12]

Of skammt var liðið frá fyrri umr. 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Alþjóðasamningur um verndun túnfiska í Atlantshafi, síðari umr.

Stjtill., 243. mál. — Þskj. 247, nál. 307.

[16:12]

Frsm. utanrmn. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá utanrmn. um till. til þál. um aðild að alþjóðasamningi um verndun túnfiska í Atlantshafi.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund fulltrúa frá utanrrn. og Hafrannsóknastofnun.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að Ísland gerist aðili að alþjóðasamningi um verndun túnfiska í Atlantshafi sem gerður var í Rio de Janeiro 14. maí 1966.

Samningurinn tekur til verndunar um þrjátíu tegunda túnfisks og annarra áþekkra fisktegunda í Atlantshafi og aðliggjandi innhöfum en markmið samningsins er m.a. sjálfbær hámarksnýting fiskstofnanna.

Samkvæmt 3. gr. samningsins fela samningsaðilar sérstöku ráði, Alþjóðaráði um verndun túnfiska í Atlantshafi, að vinna að þeim markmiðum sem samningurinn stefnir að en verkefni ráðsins eru m.a. athuganir á stofnstærð tegundanna, vistfræði þeirra og haffræðilegar rannsóknir á umhverfi þeirra auk annarra atriða sem geta haft áhrif á stærð stofnanna. Ráðið getur einnig sett reglur um nýtingu fiskstofna og fiskveiðistjórn án þess þó að fara með yfirþjóðlegt vald.

Ísland hefur frá árinu 1995 haft áheyrnaraðild að ráðinu en hefur ekki notið veiðiréttar. Nefndin leggur áherslu á að tekið verði tillit til réttar strandríkja við úthlutun veiðiheimilda. Á ársfundi ráðsins sem nú stendur yfir og lýkur 4. nóvember nk. munu eiga sér stað viðræður um endurúthlutun aflaheimilda og er mjög mikilvægt að Ísland geti komið að viðræðunum sem fullgildur aðili að ráðinu.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nál. skrifa hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Björn Bjarnason, Ögmundur Jónasson, Vilhjálmur Egilsson, Kristinn H. Gunnarsson, Jóhann Ársælsson, Kristján Pálsson og Magnús Stefánsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:14]

Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, GE, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HGJ, JÁ, JóhS, JB, JHall, KVM, KF, KolH, KHG, KPál, MS, ÓI, ÓÖH, PM, PHB, SoG, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖHJ.

30 þm. (ArnbS, ÁMM, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LMR, LB, MF, PP, RG, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 308).

Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., 2. umr.

Frv. meiri hluta samgn., 182. mál (gildistaka laganna). — Þskj. 183.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:17]

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁSJ, ÁMöl, BBj, GE, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HGJ, JóhS, JHall, KVM, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PM, PHB, SoG, SP, ÞKG, ÖHJ.

6 þm. (ÁRJ, GAK, JÁ, JB, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

29 þm. (ArnbS, ÁMM, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MF, PP, RG, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁSJ, ÁMöl, BBj, GHall, GÁ, GunnB, HGJ, JóhS, JHall, KVM, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PM, PHB, SoG, SP, ÞKG, ÖHJ.

9 þm. (ÁRJ, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

29 þm. (ArnbS, ÁMM, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MF, PP, RG, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Búnaðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 241. mál (erfðanefnd). — Þskj. 245.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:19]

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Íslenskur ríkisborgararéttur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 242. mál (tvöfaldur ríkisborgararéttur). — Þskj. 246.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:20]

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Velferðarsamfélagið, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 22. mál. — Þskj. 22.

[16:21]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um umbætur í velferðarmálum og þróun velferðarsamfélagsins. Að þáltill. standa allir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Hér er á ferðinni þingmál sem hefur verið flutt á undangengnum þremur þingum. Það er breytt og lagað að breyttum aðstæðum en að uppistöðu til er það hið sama.

Þingmálið gengur út á að fela ríkisstjórninni að gera rammaáætlun um markvissar umbætur í velferðarmálum og framtíðarþróun velferðarsamfélags á Íslandi.

Kannanir benda til þess að félagslegrar mismununar sé farið að gæta innan velferðarþjónustunnar hér á landi. Íslendingar eiga ekki að sætta sig við að slíkt gerist. Með þessari þingsályktunartillögu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er lagt til að hafin verði gagnsókn til að styrkja og bæta velferðarkerfið. Það mun gagnast öllu samfélaginu, gera það kröftugra og betur í stakk búið að takast á við verkefni í nútíð og framtíð. Mikilvægt er að horft sé til langs tíma og mörkuð uppbyggileg stefna til að skapa velferðarsamfélagi framtíðarinnar traustan grunn. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að í allri stefnumótun verði kvenfrelsissjónarmið lögð til grundvallar og allar ákvarðanir stjórnvalda metnar með tilliti til þess hvaða áhrif þær hafa á stöðu kvenna.

Sú áætlun sem við leggjum til að gerð verði á að taka til helstu þátta velferðarþjónustunnar og ég ætla að nefna nokkra þætti sem vikið er að í þáltill.

Við leggjum til að gerð verði heildarendurskoðun á almannatryggingalögum með það að meginmarkmiði að tryggja öllum sem þurfa að reiða sig á almannatryggingar laun, samfélagslaun, sem duga til framfærslu og binda í lög að slík laun fylgi fortakslaust almennri launaþróun. Þetta er grundvallarbreyting sem við leggjum hér til á nálgun. Við teljum mikilvægt að horfið verði frá bóta- og ölmusuhugsunarhætti sem enn gætir allt of mikið í almannatryggingakerfinu og þess í stað tekið upp hugtakið samfélagslaun. Við segjum eins og ég nefndi að slík laun eigi fortakslaust að fylgja almennri launaþróun.

Almannatryggingar eða greiðslur úr almannatryggingakerfinu fylgja almennri launaþróun. Reyndar er sú regla sem fest var í lög fyrir fáeinum árum ekki alvond vegna þess að almannatryggingar eða greiðslur úr almannatryggingakerfinu eiga að fylgja almennri launaþróun. Ef hins vegar um samdrátt er að ræða í kaupmætti, þá á neysluvísitala að gilda. Þetta er ekki alvond regla, því hún ver þá sem njóta slíkra greiðslna kaupmáttarskerðingu á samdráttartímum.

Það sem hins vegar hefur verið gagnrýnt á undanförnum árum er að öryrkjar og atvinnulausir voru ekki látnir njóta þeirra kjarabóta sem áunnust á vinnumarkaði undir lok 10. áratugarins, því sú var tíðin að bæturnar voru tengdar tilteknum launaflokkum. Lægstu launaflokkarnir sem bæturnar voru bundnar við voru hækkaðir mest undir lok 10. áratugarins. Áður en þetta var gert var slitið á tengslin við almannatryggingakerfið og öryrkjar og atvinnulausir urðu þar af leiðandi af þeirri kaupmáttaraukningu sem láglaunafólk naut á þeim árum. Reyndar hefur það verið svo sum árin, jafnvel eftir að breytingin var gerð á lögunum í þá veru sem ég nefndi, a.m.k. var það eitt árið að bæturnar

hækkuðu hvorki í takt við almenna launaþróun né neysluvísitölu. Við leggjum því til að það verði bundið í lög að slík samfélagslaun fylgi fortakslaust almennri launaþróun.

Þá viljum við tryggja öryrkjum sjálfstæðan einstaklingsbundinn rétt til framfærslu án tillits til hjúskaparstöðu. Þetta er grundvallaratriði sem menn tókust m.a. á um hér í þingsal í tengslum við öryrkjadóminn margfræga. Ef einstaklingur er atvinnulaus er litið á hann sem sjálfstæðan einstakling og honum tryggðar atvinnuleysisbætur, en tekjur öryrkja hins vegar taka mið af tekjum maka. Að sjálfsögðu á hann að lifa sínu sjálfstæða lífi og fá tekjur óháð tekjum makans. Þetta er grundvallaratriði að okkar áliti.

Við víkjum að hlutdeild almannatrygginga í tannlæknaþjónustu og viljum efla forvarnastarf. Nokkuð hefur áunnist á því sviði á undanförnum árum, m.a. hafa þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs lagt mikla áherslu á að bæta tannlæknaþjónustuna og auka hlutdeild almannatrygginga í þeim. Við höfum haft nokkurn árangur af því starfi þó að gera þurfi enn betur.

Forvarnastarfið er hins vegar ekki í nógu góðum farvegi. Sú var tíðin á Reykjavíkursvæðinu, þéttbýlissvæðinu, að öllum börnum í grunnskólum var sinnt. Fylgst var með þeim öllum og reyndar voru tannlækningar inni í skólunum. Þetta á við um höfuðborgarsvæðið, ekki um landsbyggðina. Síðan hafa skólarnir hver á fætur öðrum verið að loka tannlæknastofunum. Þá er sú hætta að ekki sé fylgst með börnunum.

Allar kannanir sem gerðar hafa verið sýna að rúmlega tíundi hluti barna er í hættu og þarf á góðu eftirliti að halda af hálfu skólans. Eftir að þessi þjónusta var færð úr skólunum hefur ekkert komið í staðinn. Það er núna verið að koma upp forvarnastöð og efla forvarnastarf, en það skortir enn fjárveitingar og við munum fylgjast mjög vel með því í tengslum við afgreiðslu fjárlaga að þarna verði veitt nægilegt fjármagn til að þetta verði í góðu lagi.

Við viljum láta hraða endurskoðun á samspili almannatrygginga, lífeyrisréttinda og skattkerfis, endurskoða alla viðmiðun tekjutenginga og sameina meðferð almannatrygginga, atvinnuleysisbóta og lífeyrismála í einu ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands.

Í tengslum við endurskoðun á þessu samspili lífeyrisgreiðslna, lífeyrisréttinda, almannatrygginga og skatta, kunna einhverjir langminnugir að hugsa til þess þegar ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. var að taka til starfa á árinu 1995. Þá var skipuð nefnd sem átti að hafa þetta verkefni með höndum. Hún kom saman til tveggja eða þriggja funda, sennilega voru þeir ekki fleiri. Síðan fengu nefndarmenn virðulegt bréf fyrir fáeinum mánuðum um að þeir hefðu verið leystir frá störfum. Þetta hefur því aldrei verið gert. Þetta var í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar sem mynduð var 1995 og það loforð var endurnýjað þegar næsta ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. var sett á laggirnar en ekki hefur verið staðið við þessi fyrirheit.

Við leggjum til að atvinnuleysisbætur verði hækkaðar og stuðningur við endurmenntun og starfsendurhæfingu aukinn. Atvinnuleysisbætur eru mjög lágar, rúmlega 73 þús. kr., og ekki bætir úr skák að í fyrsta skipti er farið að skattleggja atvinnuleysisbætur. Atvinnuleysisbætur eru núna komnar yfir skattleysismörkin sem liggja í rúmum 70 þús. kr., þ.e. 70.279 kr. Það sem er umfram skattleysismörk er að sjálfsögðu skattlagt. Þarna teljum við að gera þurfi verulega bragarbót.

Við víkjum að barnabótum og réttindum foreldra og aðstandenda langveikra barna. Barnabæturnar hafa rýrnað stórlega á undanförnum árum. Þótt Framsfl. hafi reynt að hreykja sér af því að hann hafi náð árangri núna þá eru barnabætur minni að verðgildi en þær voru fyrir 10 árum. Jafnvel þessi margfræga barnakort Framsfl., upp á fasta greiðslu með börnum, eru ekki svipur hjá sjón borið saman við það sem var um miðjan tíunda áratuginn. (**Gripið fram í:** Komu einhver kort?) Komu einhver kort? spyr þingmaðurinn. Það sem gerðist var að ákvörðun var tekin um að ótekjutengdar bætur yrðu látnar ganga til foreldra fyrir börn að sjö ára aldri, en um miðjan áratuginn voru þessar greiðslur reyndar ívið hærri og giltu til 15 eða 16 ára aldurs. Þetta þarf einnig að taka til skoðunar.

Verulegt átak þarf að gera til að auka framboð félagslegs leiguhúsnæðis. Við vitum hver staðan er þar. Hér á Reykjavíkursvæðinu eru 826 á biðlista, þar af 306 einstaklingar og fjölskyldur í bráðri neyð. Ástæðan er sú að stoðunum hefur verið kippt undan félagslega húsnæðiskerfinu. Það var gert með breytingum á húsnæðislöggjöfinni 1997. Síðan hefur ekkert komið í staðinn.

Menn hafa talað um að fjölga þurfi úrræðum á leigumarkaði en þeir aðilar sem sjá sínum skjólstæðingum fyrir leiguhúshæði, Öryrkjabandalagið, námsmannahreyfingar og Félagsbústaðir í Reykjavíkurborg, svo einhverjir séu nefndir, eru orðnir það aðþrengdir að þeir eiga um tvennt að velja, að falla frá áformum um frekari byggingar eða hækka húsaleigu. Ástæðan er sú að þessir aðilar fengu áður fjármagn frá ríkinu á 1% vöxtum. Frá ársbyrjun 2001 voru þessar vaxtagreiðslur hækkaðar í 3,5%. Þessi vaxtahækkun ein veldur því að hækka þyrfti húsaleiguna um 25% að mati Félagsíbúða í Reykjavík. Öll loforð um raunverulegar úrbætur af hálfu ríkisstjórnarinnar hafa verið svikin. Á sínum tíma var talað um tvær leiðir, annars vegar að lækka þessa vexti eða halda þeim lágum, eða að koma með sérstaka stofnstyrki.

Hæstv. félmrh. lýsti því yfir við utandagskrárumræðu fyrir fáeinum dögum að stofnstyrkirnir kæmu ekki, einfaldlega vegna þess að þeir væru dýrir. Til hvers áttu stofnstyrkirnir að koma? Þeir áttu að vega upp á móti vaxtahækkuninni. En ef þeir eru svo dýrir að samfélagið hefur ekki efni á því þá sjáum við hve mikið staða þeirra sem reisa félagslegt húsnæði hefur versnað. Nú segir ríkisstjórnin, sem talar væntanlega fyrir hönd samfélagsins, að það hafi ekki efni á að reiða fram þetta fé. Þetta er nokkuð sem þarf að taka til skoðunar.

Við tölum um aukinn stuðning við tekjulága einstaklinga og fjölskyldur vegna húsnæðiskostnaðar og að sá stuðningur verði samræmdur. Við víkjum að áætlun um að auðvelda sveigjanleg starfslok. Reyndar hefur það ekki farið fram hjá neinum að nefnd sem hafði þetta verkefni með höndum var að skila áliti. Þar eru tillögur sem gera ráð fyrir sveigjanlegum starfslokum til 72 ára aldurs.

Við leggjum til aðgerðir til að útrýma kynbundnum launamun sem verði sérstakt forgangsverkefni næstu árin. Því hefur verið haldið fram að þær breytingar sem gerðar hafa verið á launakerfunum hjá hinu opinbera stuðli fremur að auknum launamun en dragi ekki úr honum. Þetta þarf að taka til athugunar. Við víkjum að styttingu vinnuvikunnar.

Við fjöllum um setningu laga sem varna því að fólki sé mismunað á vinnumarkaði vegna aldurs. Við höfum reyndar flutt sérstakt þingmál um þetta sem verður endurflutt núna í

vetur. Við leggjum jafnframt til heildarlöggjöf um málefni innflytjenda.

Ég mun koma nánar að öðrum þáttum í seinni ræðu minni.

[16:37]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um umbætur í velferðarmálum og þróun velferðarsamfélagsins. Það er vissulega þörf á að taka á þeim málum og gera þar markvissar umbætur, eins og lagt er til í þessari þáltill.

Hægt er að víkja að mörgu í þessu máli og varla hægt að koma öllu því að á þeim tíma sem manni gefst til að ræða þessi mál. Vissulega þarf að taka á þeim þáttum sem hv. þm. nefndi í framsöguræðu sinni.

Auðvitað þarf að tryggja að greiðslur frá velferðarkerfinu, hvort sem það eru almannatryggingar eða aðrar greiðslur, atvinnuleysis- eða lífeyrisgreiðslur, dugi til framfærslu. Það er alveg ljóst að þær gera það ekki í dag hjá þeim sem eru með lægstu greiðslurnar. Það er kannski hægt að skrimta af þessum greiðslum en það er ekki hægt að lifa af þeim. Það er alveg ljóst.

Ég verð að segja að erindi sem flutt voru á ársfundi Tryggingastofnunar ríkisins nú á dögunum, bæði af félagsmálastjóranum í Reykjavík, Láru Björnsdóttur, og einnig Þórhalli Heimissyni presti, sýndu og sönnuðu að þarna er pottur brotinn í velferðarkerfinu. Þau nefndu ýmis dæmi um hvar möskvar öryggisnets velferðarkerfisins væru að gliðna og að fólk félli niður um þessa möskva, sem eiga auðvitað að vera það þéttir að fólk falli ekki þar niður.

Ég verð að nefna það, vegna þess að við erum að ræða þessi mál, að það er nánast á hverjum degi sem einhver hefur samband við mann vegna þess hversu illa hann er staddur fjárhagslega, þ.e. öryrkjar og aldraðir. Ég er rétt í þessu að koma frá kosningamiðstöð minni úti í Pósthússtræti 13. Til mín kom kona sem er öryrki og hafði ekki efni á að leysa út lyf fyrir barnið sitt sem lá mjög veikt heima. Hún gat ekki leyft sér að kaupa lyfin. Ég sé að í þessari tillögu er lagt til að lyfjakostnaður verði endurskoðaður. Það er ekki bara að það þurfi að endurskoða greiðslurnar til fólks sem getur ekki séð sér farborða með því að vinna fyrir sér heldur þarf auðvitað að skoða lyfjakostnaðinn.

Ég veit til þess að aldraðir hafi ekki getað leyst út lyf. Það verður til þess að fólk tekur ekki lyfin og verður veikara og getur endað sem mjög þungur baggi á heilbrigðiskerfinu, fyrir utan það hversu ömurlegt það er fyrir hinn sjúka og aldraða.

Hér er komið inn á tannlæknaþjónustuna. Það var einmitt minnst á það í erindi á aðalfundi Tryggingastofnunarinnar og verið að bera saman hvernig þessir þættir eru hér á landi miðað við Norðurlöndin. Séra Þórhallur Heimisson benti á hve fólk væri illa statt og að beiðnum um mataraðstoð hefði fjölgað um 240 hjá Hjálparstofnun kirkjunnar á síðasta ári. Nú fjölgar þeim um 15% á mánuði. Hér á landi greiða menn t.d. tannréttingakostnað úr eigin vasa. Hann getur numið allt að 300 þús. kr., nefndi hann sem dæmi. Við vitum auðvitað að fólk borgar mjög háar upphæðir fyrir tannréttingar barna sinna. Ef við berum okkur saman við Norðurlönd þá er allur tannlæknakostnaður barna til 20 ára aldurs greiddur að fullu af hinu opinbera, bæði í Svíþjóð og Danmörku, og niðurgreiddur til 29 ára aldurs. Auðvitað þurfum við að líta til þess að það hafa ekki allir efni á að senda börnin sín til tannlæknis, sérstaklega þeir sem eru mjög illa staddir fjárhagslega. Þeir senda þau ekki til tannlæknis.

Hér er minnst á samspil almannatrygginga, lífeyrisréttinda og skattkerfis. Vissulega hefur það verið svo hjá þessari ríkisstjórn, herra forseti, að menn hafa verið að setja öll þessi mál í nefndir sem engu hafa skilað. Nú eru t.d. málefni aldraðra í nefnd. Fjárlagafrv. kemur hér inn í þingið nánast algjörlega autt að þessu leyti, þar eru engar lausnir fyrir þessa hópa. Vonandi skilar þó nefndarstarf ríkisstjórnarinnar og aldraðra einhverju inni í fjárlagafrv. áður en það verður klárað. Vissulega þarf að taka á þessum þætti.

Þróun bótagreiðslna frá almannatryggingunum miðað við launaþróun er þannig, gliðnunin hefur verið svo mikil, að það munar heilum mánaðargreiðslum á hverju ári, fyrir utan það að til viðbótar koma heil mánaðarlaun sem tekin eru til baka til ríkisins í sköttum. Í raun er verið að hafa af lífeyrisþegum, sem eru verst settir, bara á greiðslum frá almannatryggingunum, tvenn mánaðarlaun á ári, annars vegar sé litið á gliðnunina og hins vegar skatta. Þetta er mjög alvarlegt ástand og orðið verulega aðkallandi að gera endurbætur á þessum þætti velferðarkerfisins.

Hér er talað um réttindi foreldra og aðstandenda langveikra barna. Vissulega er þar þörf á úrbótum, svo sannarlega. Einnig er talað hér um afnám sjúklingaskatta. Menn eru farnir að greiða fyrir nánast allt. Í fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir er hækkun á komugjöldum í heilbrigðisþjónustunni. Það má búast við mikilli hækkun lyfjakostnaðar eins og einnig kom fram á aðalfundi Tryggingastofnunar ríkisins einnig. Auðvitað bitnar þetta aðallega á þeim sem eru veikir. Við eigum ekki að hafa það þannig að fólk sé skattlagt þegar það er veikt. Menn greiða til samfélagsins meðan þeir hafa atvinnu og eru heilbrigðir en eiga síðan að njóta afraksturs þeirra greiðslna þegar þeir þurfa á velferðarkerfinu að halda.

Einu er ég ekki alveg sammála í þessari tillögu þar sem lagt er til að afnema komugjöld á heilsugæslustöðvar. Ég tel að taka eigi lágt gjald á heilsugæslustöðvum, þjónustan eigi ekki að vera alveg ókeypis. Ég hef samanburð frá því að ég starfaði í Tryggingastofnun. Þá var ókeypis á heilsugæslustöðvar. Síðan var sett á mjög lágt gjald. Ég held að það sé nauðsynlegt til þess að fólk fari ekki inn á heilsugæslustöðvarnar við hvert einasta tilvik ef eitthvað bjátar á. Oft er það svo að hægt að lækna smákvef og annað með ódýrari hætti. Velferðarkerfið er auðvitað dýrt. Menn eiga að hafa greiðan aðgang að frumþjónustunni en það á að greiða smágjald. Ég tel það eðlilegt, en það á að vera lágt. Ég er því ekki alveg sammála þessum hluta málsins. Ég veit að menn hafa deilt nokkuð um hvort greiða eigi komugjöld en ég er hlynnt því að menn greiði lágt gjald.

Hér er rætt um sveigjanleg starfslok. Ég fagna því að komnar skuli fram tillögur um sveigjanleg starfslok. Ég hef einmitt lagt fram hér á þingi, í tvígang að ég held, þingmál um sveigjanleg starfslok. Ég tel það mjög brýnt að mönnum verði gefinn kostur á að ráða því nokkuð sjálfir hvenær þeir hætta störfum og fara á lífeyrisgreiðslur.

Herra forseti. Hægt væri að ræða um þetta mál lengi dags en tími minn er á þrotum að sinni. Ég vonast til að farið verði í þá vinnu sem lagt er til að hefja í þessu þingmáli. Það er mjög aðkallandi.

[16:45]

Útbýting þingskjala:

Fjöldatakmarkanir í Háskóla Íslands, 273. mál, fsp. HjÁ, þskj. 291.

Flutningur opinberra starfa og stofnana, 276. mál, fsp. ÖHJ, þskj. 294.

Flutningur opinberra starfa og stofnana, 277. mál, fsp. ÖHJ, þskj. 295.

Flutningur opinberra starfa og stofnana, 278. mál, fsp. ÖHJ, þskj. 296.

Flutningur opinberra starfa og stofnana, 286. mál, fsp. ÖHJ, þskj. 304.

Flutningur opinberra starfa og stofnana, 287. mál, fsp. ÖHJ, þskj. 305.

Virðisaukaskattur á tæki og búnað háskóla og rannsóknastofnana, 272. mál, fsp. HjÁ, þskj. 290.

[16:47]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við erum hér að ræða till. til þál. um umbætur í velferðarmálum og þróun velferðarsamfélagsins sem hv. þm. Ögmundur Jónasson er 1. flm. að og gerði hér grein fyrir í ræðu sinni.

Tillagan er í raun og veru mjög viðamikil. Hún tekur á mörgum flokkum ýmissa réttindamála, almannatrygginga og félagsmála, heilbrigðismála, menningarmála, uppeldis- og menntamála, mannvæns samfélags umhyggju og samhjálpar og fjármögnunar velferðarkerfisins.

Það er auðvitað hægt að ræða um einstök atriði í þessari tillögu en ég ætla ekki að fara mjög djúpt í þau. Ég vil bara lýsa því yfir að ég tel að efni tillögunnar eins og það er uppsett um „að fela ríkisstjórninni að gera rammaáætlun um markvissar umbætur í velferðarmálum og framtíðarþróun velferðarsamfélags á Íslandi" sé mjög þarft, og gott að leggja upp með þá stefnumótun sem gert er í þáltill. Þróunin almennt í þjóðfélagi okkar á undanförnum árum hefur verið sú að frekar hefur verið gengið á réttindi þjóðfélagsþegnanna varðandi velferðarkerfið, og ýmsar réttarbætur sem frekar hefur verið dregið úr ásamt því að auka kostnaðarþátttöku fólks í ýmsum þáttum þjónustunnar í þjóðfélaginu. Þess vegna tel ég að sú tillaga sem hér er lögð fram um að vinna að því að fela ríkisstjórninni að gera slíka rammaáætlun um markvissar umbætur í velferðarmálum sé virkilega þörf. Ég lýsi því yfir fyrir hönd Frjálslynda flokksins að við munum styðja tillöguna heils hugar og vonum svo sannarlega að ríkisstjórnarflokkarnir geti fallist á það að hún fái brautargengi og komi aftur inn til afgreiðslu í hv. Alþingi.

Í þeim liðum sem hér eru nefndir eru talin upp ýmis ágreiningsmál stjórnar og stjórnarandstöðu. Það hlýtur að vera sameiginlegt markmið okkar allra sem störfum hér á Alþingi að lagfæra það sem miður hefur farið. Okkur kann að greina á um leiðir en ég tel að sú tillaga sem hér er flutt og svona upp sett geti verið grunnur að víðtækri sátt um velferðarþjónustuna. Þess vegna geri ég mér vonir um að hún fái eðlilega málsmeðferð í hv. Alþingi og í nefnd og síðan getum við þá sameinast um að afgreiða hana frá þinginu. Ég lýsi því yfir enn á ný að ég tel mjög mikla nauðsyn á að taka á fjölmörgu í þeim atriðum sem hér eru talin upp. Við höfum stutt ýmis sambærileg mál sem hafa verið lögð fyrir þingið, og fyrri ræðumenn hafa gert að umræðuefni.

Eins og ég sagði ætla ég ekki að tala um einstök atriði í þessari tillögu þótt auðvitað væri hægt að tala langt mál um ýmis atriði sem hér eru upp talin.

Herra forseti. Ég mæli með því að þessi tillaga verði samþykkt.

[16:51]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þessa ágætu tillögu sem hér er til umræðu. Ég tek undir það sem kom fram hjá flm. um að það er auðvitað ótækt að svo sé komið að atvinnuleysisbætur séu skattlagðar, skattleysismörkin ná ekki að verja þær. Það er enginn atvinnulaus að gamni sínu, ef svo má segja. Þetta er félagslegur vandi og það á að vera meginregla að ekki skuli skattleggja atvinnuleysisbætur.

Að öðru leyti tek ég undir það sem kemur fram í þessari þáltill. og legg til að hún fái góða umfjöllun í nefnd.

[16:52]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Þrír þingmenn hafa tjáð sig um þetta mál, hv. þm. Samfylkingarinnar, Örlygur Hnefill Jónsson og Ásta R. Jóhannesdóttir, og hv. þm. Frjálslynda flokksins, Guðjón A. Kristjánsson. Ég þakka þessum þingmönnum öllum fyrir stuðninginn við þetta mál.

Í fyrri ræðu minni rakti ég efni tillögunnar og sagðist mundu botna ræðu mína í seinni umferð. Ég ætla ekki að telja upp alla þá mörgu þætti sem vísað er til í tillögunni en aðeins vekja máls á nokkrum þeirra, fyrst þeirri gagnrýni sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir setti fram varðandi sjúklingaskattana. Í rauninni er ekki rétt að nefna það gagnrýni. Hún var með ákveðnar efasemdir um að það bæri að öllu leyti að afnema komugjöld á heilsugæslustöðvar, lagði áherslu á að þau yrðu að vera mjög lág og fæla fólk ekki frá sem raunverulega þyrfti á aðstoð að halda. Ég er þessu ósammála. Ég tel að ekki eigi að vera nein komugjöld á heilsugæslustöðvar. Enginn leikur sér að því að leita þangað. Fólk situr ekki heima við í aðgerðaleysi og veltir því fyrir sér hvað það eigi að gera þann daginn, hvort það eigi að láta líta á eyrun í börnunum eða sjálfu sér. Fólk fer þegar það sér sig knúið til að leita læknis og það á ekki að setja neina þröskulda í veg fyrir fólk í því efni.

Það er staðreynd og hefur verið bent á að kostnaðarþátttaka sjúklinga hafi orðið til þess að fæla fólk frá því að leita læknis. Þegar líða tók á 10. áratuginn var ljóst að aukin misskipting var farin að valda alvarlegri félagslegri mismunun. Í skýrslu sem landlæknisembættið gaf út í apríl árið 1997 undir heitinu „Heilbrigðisþjónustan — árangur og skipulag í nútíð og framtíð" segir m.a., með leyfi forseta:

„Gjalda ber varhug við frekari hækkun gjalda eða verulegum þjónustugjöldum því að í óbirtri rannsókn landlæknisembættisins kemur í ljós að meðal barnafólks sem hefur lægstar ráðstöfunartekjur á mánuði er allstór hópur sem hefur frestað eða hætt við að leita læknismeðferðar og taka út lyf vegna fjárskorts." — Í skýrslunni kemur fram að það er einkum á sviði tannlækninga sem fólk veigrar sér við að leita lækninga. Og enn vitna ég í skýrsluna, með leyfi forseta:

„Hér hefur orðið grundvallarbreyting á því að fyrri rannsóknir benda ekki til misræmis í aðgengi fólks eftir stéttum og efnum." — Gjaldtaka í heilbrigðiskerfinu hefur valdið því að fólk er fælt frá því að leita til heilbrigðisþjónustunnar.

Það var alls ekki þetta sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir var að tala um. Hún var að tala um mjög lág gjöld enda er hún einn af einörðustu baráttumönnum á Alþingi fyrir því að hafa aðgengi að velferðarþjónustunni og heilbrigðisþjónustunni opið öllum og enga mismunun þar innan. Ég er hins vegar

ósammála því að það eigi að vera yfirleitt nokkur komugjöld á heilsugæslustöðvar.

Við viljum láta endurskoða lyfjakostnað. Þetta er orðinn sá baggi sem reynist mörgum sjúklingum hvað þungbærastur. Við viljum réttarbætur fyrir langveik börn, við viljum auka rými á sjúkrastofnunum og afnema sumarlokanir þannig að fullnægjandi þjónusta sé í boði árið um kring. Ég minnist þess að hafa í sumar lesið bréf sem birtist í fjölmiðlum frá ungum manni sem átti við geðveiki að stríða og honum var úthýst af stofnun vegna sumarlokana. Þetta er náttúrlega nokkuð sem ekki gengur. Ég geri mér grein fyrir því að það er oft erfitt að manna sjúkrastofnanir en þær verða einfaldlega að taka sér tak og skipuleggja starfsemi sína þannig að þetta gerist ekki.

Við viljum láta endurskoða reglur um þátttöku hins opinbera í greiðslu ferðakostnaðar sjúklinga sem lið í að tryggja jafnrétti í heilbrigðismálum. Við viljum umbætur í geðheilbrigðismálum, m.a. með stuðningi við fjölskyldur geðsjúkra, og aukið forvarnastarf á öllum sviðum heilbrigðisþjónustunnar.

Áður en ég hverf frá þessum þætti, heilbrigðismálunum, vil ég víkja aðeins nánar að kostnaðarþátttöku sjúklinga. Fyrir u.þ.b. ári var því haldið fram að kostnaðarþátttaka sjúklinga hefði minnkað á síðustu 10 árum eða þar um bil og vísuðu menn þar í skýrslur sem komu frá OECD, Efnahags- og framfarastofnuninni. Þá höfðu ýmsir efasemdir um að þetta gæti verið rétt, staðreyndirnar virtust tala allt öðru máli. BSRB lét gera könnun í lok árs 2001 þar sem sjö sjúklingum sem áttu við mismunandi veikindi að stríða var fylgt eftir, og lagðir fram útreikningar á þróun kostnaðar þeirra á tímabilinu 1990–2001. Öllum þessum sjúklingum var fylgt í gegnum ráðlagða læknismeðferð í eitt ár og haldið til haga kostnaði þeirra yfir árið. Sama eða sambærileg meðferð var skoðuð á fimm ára fresti, árin 1990, 1996 og 2001. Niðurstaðan var mjög afgerandi. Í öllum tilvikum hafði kostnaður sjúklingsins stóraukist og í sumum hafði hann margfaldast. Samanburður af þessu tagi er alltaf erfiður og í sumum tilvikum kynni að vera um einhverja kostnaðaraukningu að ræða vegna aukinnar meðferðar. Það átti t.d. við í einu dæminu, lungnaþembu. Þá var á það að líta að í sumum tilfellum er kostnaðarhlutdeild sjúklinga meiri en í þeim dæmum sem notuð voru í könnuninni, í öðrum tilfellum minni. Og ég minnist þess að þegar þessi könnun var gerð opinber höfðu ýmsir samband við BSRB og sögðu að kostnaðaraukningin væri miklu meiri en þarna kæmi fram og tiltóku þá einhverja aðra sjúkdóma.

Svo dæmi sé tekið úr þessari könnun þurfti sá gigtarsjúklingur sem fylgt var eftir að borga árið 1990 29.905 kr. en þegar komið var fram á árið 2001 var þessi kostnaður orðinn 48.563, þ.e. alls 62,39% aukning. Í sumum tilvikum var þessi kostnaðarsprenging miklu meiri. Ofnæmissjúklingur sem borgaði tæpar 19.500 árið 1990 greiddi rúmar 57.000 árið 2001. Þarna var kostnaðaraukningin tæplega 193%. Hjá barni með eyrnabólgu var kostnaðaraukningin 38,91%. Kransæðasjúkdómar 154,25%. Kostnaðarhlutdeild einstaklings með fjölbreytt vandamál hafði aukist um rúm 227% á þessu árabili. Þetta færir okkur heim sanninn um hve varhugavert það getur verið að skoða gagnrýnislaust prósentur og tölur sem fram eru reiddar.

Það var alveg rétt sem menn sáu að samkvæmt því töfluverki sem OECD reiddi fram virtist kostnaðarhlutdeild sjúklinga hafa minnkað á síðustu árum. En útreikningurinn miðaðist við verga landsframleiðslu, miðaðist með öðrum orðum við umfang efnahagsstarfseminnar á hverjum tíma sem er breytileg og allar mælingar og viðmið við hana ekki mjög nákvæm. Þegar málið er skoðað svona og kostnaðurinn talinn í krónum og aurum fyrir einstaklinginn, fyrir þann einstakling sem í hlut á, þá er þetta staðreyndin. Þetta vita allir sem eru í snertingu við fólk sem á við sjúkdóma að stríða. Þetta er mjög alvarlegt. Við leggjum til að sest verði yfir þetta og kannað hvernig hægt verði að gera úrbætur. Við eigum að taka alvarlega varnaðarorð landlæknisembættisins frá 1997, sem ég vísaði í áðan, að kostnaðarhlutdeild sjúklinga í heilbrigðisþjónustunni væri farin að valda því að fólk veigraði sér við að leita lækninga.

Við víkjum að menningarmálum, uppeldis- og menntamálum í tillögunni.

Opinber stuðningur við menningarmál, uppeldis- og menntamál verði endurskoðaður og tryggt að menntun og menningarstarfsemi verði aldrei séreign fáeinna einstaklinga eða hópa. Þannig er m.a. mikilvægt að fjárhagslegar aðstæður sveitarfélaga til rekstrar leikskóla og grunnskóla verði endurskoðaðar og bættar. Við þekkjum hvað gerðist við yfirfærslu skólans á sínum tíma. Hann hefur reynst mörgum sveitarfélögum og ekki síst fámennum sveitarfélögum mjög þungur baggi og mun erfiðari að bera en margir ætluðu á sínum tíma.

Tryggt verði að opinbert fé til skólastarfs á öllum skólastigum skerðist ekki vegna stuðnings við einkaskóla og ákvæði sett í lög sem tryggja að einkaskólum verði ekki hyglað umfram opinbert skólastarf. Menn hefur rekið í rogastans þegar farið er að skoða framlag til skóla í landinu. Þá kemur á daginn að einkaskólarnir búa við mun betri hag en þeir sem eru reknir á vegum ríkis og sveitarfélaga, vegna þess að þeir fá sama framlag að því er virðist frá hinu opinbera, en einnig skólagjöld og stuðning úr atvinnulífinu eins og Verslunarskólinn svo dæmi sé tekið. Þegar fjárráð hans eru borin saman við fjárráð Háskóla Íslands, þá eru þau kjör sem Háskóla Íslands eru búin miklu lakari.

Fjölgað verði tækifærum til framhaldsnáms og námsfólki á landsbyggðinni boðið samfellt nám í heimabyggð sinni til 18 ára aldurs. Grundvallaratriði er að þetta verði tryggt. Maður finnur það hvar sem farið er og þarf náttúrlega ekkert annað en spyrja sjálfan sig hvað maður vildi sjálfur. Auðvitað er mikilvægt að fólk geti haldið fjölskyldu sinni og börnum sínum hjá sér sem allra lengst, sérstaklega á því viðkvæma árabili þegar fólk er knúið til þess að senda börnin frá sér í skóla, auk þess sem þetta er geysilegur fjárhagsbaggi og verður þess náttúrlega valdandi að margir leita ekki í nám, fara ekki í nám, þannig að það er verið að mismuna fólki.

Fjölgað verði námsleiðum á framhaldsskólastigi og komið á fót stuttum starfsmenntabrautum.

Átak verði gert til að jafna aðstöðu til náms og hagnýta möguleika fjarkennslu til að bæta aðstöðu landsbyggðarfólks.

Tryggt verði að þeir sem eiga í félagslegum erfiðleikum eða námserfiðleikum njóti ráðgjafar og stuðnings til að geta nýtt sér þær námsleiðir sem í boði eru.

Síðan eru raktir fjölmargir aðrir þættir sem ég ætla ekki að telja upp. Við víkjum einnig að ýmsu sem lýtur að innflytjendum til landsins, aðgengismálum hreyfihamlaðra o.s.frv. Að lokum fjöllum við um fjármögnun velferðarþjónustunnar. Sá sem vill að samfélagið taki myndarlega á í velferðarmálum verður að sjálfsögðu að tryggja tekjustofna.

Við viljum að tekjustofnar sveitarfélaga verði styrktir. Við viljum stighækkandi skatta í tekjuskattskerfinu. Við viljum að skattleysismörk fylgi launaþróun. Við viljum að skattur á fjármagnstekjur og arðgreiðslur verði endurskoðaður.

Fram hefur komið í umræðunni á síðustu dögum að varnaðarorð sem komu frá stjórnarandstöðunni og verkalýðshreyfingunni, frá Alþýðusambandi Íslands og BSRB, ekki síst í tengslum við afgreiðslu fjárlaga síðasta haust, um að skattkerfisbreytingarnar sem þá voru framkvæmdar mundu leiða til aukinnar mismununar í þjóðfélaginu, hafa öll gengið eftir, enda segir það sig sjálft þegar sköttum er létt af fyrirtækjum en skattar auknir á þá sem hafa minnstu tekjurnar.

Eins og hv. þm. Örlygur Hnefill Jónsson benti á áðan er atvinnulaust fólk núna í fyrsta skipti knúið til að greiða skatt af tekjum sínum, að hluta til að sjálfsögðu, þeim tekjum sem eru umfram skattleysismörkin.

Herra forseti. Ég ætlaði að víkja nánar að útgjöldum til velferðarmála, muninum á útgjöldum hér á landi og þess sem gerist á Norðurlöndunum, en til þess vinnst ekki tími. Ég legg til að þessari till. til þál. verði vísað til félmn. að lokinni umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 5. mál.

Fundi slitið kl. 17:09.

---

17. FUNDUR

miðvikudaginn 30. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., frv., 182. mál, þskj. 183. — 3. umr.
2. Velferðarsamfélagið, þáltill., 22. mál, þskj. 22. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Drífa Hjartardóttir, 1. þm. Suðurl.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Fjarnám í fámennum byggðum, 274. mál, fsp. HjÁ, þskj. 292.

Fjöldi lögreglumanna, 140. mál, svar dómsmrh., þskj. 288.

Flutningur opinberra starfa og stofnana, 279. mál, fsp. ÖHJ, þskj. 297.

Flutningur opinberra starfa og stofnana, 280. mál, fsp. ÖHJ, þskj. 298.

Flutningur opinberra starfa og stofnana, 281. mál, fsp. ÖHJ, þskj. 299.

Flutningur opinberra starfa og stofnana, 282. mál, fsp. ÖHJ, þskj. 300.

Flutningur opinberra starfa og stofnana, 283. mál, fsp. ÖHJ, þskj. 301.

Flutningur opinberra starfa og stofnana, 284. mál, fsp. ÖHJ, þskj. 302.

Flutningur opinberra starfa og stofnana, 285. mál, fsp. ÖHJ, þskj. 303.

Þjóðlendumál, 288. mál, fsp. GE, þskj. 306.

Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., 3. umr.

Frv. meiri hluta samgn., 182. mál (gildistaka laganna). — Þskj. 183.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, GAK, GHall, GunnB, HGJ, JóhS, JónK, JHall, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PM, PHB, SoG, ÞKG, ÖHJ, ÖS.

4 þm. (ÁSJ, GÁS, JB, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

30 þm. (ArnbS, ÁMM, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GÁ, GÖ, HjÁ, JÁ, JBjart, KLM, LB, PP, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 309).

Velferðarsamfélagið, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 22. mál. — Þskj. 22.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.

Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Athugasemdir um störf þingsins.

Heilsugæslulæknar á Suðurnesjum.

[13:35]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Heilsugæslulæknar á Suðurnesjum ætla sér að ganga út af heilsugæslustöðvunum eftir daginn á morgun. Einn dagur er til stefnu til að leysa læknismál 16 þúsund manna svæðis á Suðurnesjum. Eftir því sem ég best veit verður að vísa fólki á því svæði sem þarf að leita til heilsugæslulæknis til höfuðborgarsvæðisins eftir morgundaginn, með öllum þeim vandamálum sem því geta fylgt.

Allir vita, herra forseti, að slíkt ástand getur ekki og má ekki koma upp. Ég veit að hæstv. heilbrrh. hefur lagt sig fram um að vinna að lausn þessa máls. Ég vildi því, herra forseti, fá að beina til hæstv. ráðherra spurningu um hvaða aðgerðir séu í gangi til að leysa þessa deilu. Þurfa Suðurnesjamenn að horfa upp á að svæðið verði læknislaust eftir daginn á morgun?

Ég vil því beina þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh.: Er í skoðun að læknar fresti aðgerðum sínum eða verða aðrir læknar ráðnir í staðinn fyrir þá sem sagt hafa upp störfum?

[13:37]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli forseta og þingheims á að í vikuáætlun þingsins er ráð fyrir að um það efni sem hér er vakið máls á fari fram utandagskrárumræða á morgun kl. 13.30. Þetta var tilkynnt á fundi með þingflokksformönnum í gær og var öllum um það kunnugt. Þess vegna er afskaplega óvenjulegt svo að ekki sé meira sagt að einstakir þingmenn kjósi að fara þá leið að taka þetta mál upp með efnislegum hætti í umræðum um störf þingsins eins og hér er gert.

Ég hafði eðlilega undirbúið hæstv. heilbrrh. gagnvart áðurnefndri umræðu. Hún fer auðvitað fram þá þannig að ég vænti, herra forseti, þess að menn slíti talinu hér og nú og fari í hina efnislegu umræðu, eins og ráð var fyrir gert og samkomulag var um, á morgun.

[13:38]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Það er rétt sem hv. 6. þm. Reykn. sagði. Hann bað mig um utandagskrárumræðu um þetta mál á morgun klukkan hálftvö. Ég hafði að sjálfsögðu búið mig undir það. Einnig var ég látinn vita að spurt yrði um þetta mál í upphafi þingfundar. Ég stóð í þeirri meiningu að ég ætti engra kosta völ í því efni.

Ég ætla aftur á móti ekki í efnislega umræðu um málið. Það er ekki ástæða til þess. Ég vil bara segja að ég og mínir menn erum að vinna í því í dag. Ég hef beðið framkvæmdastjóra viðkomandi heilsugæslustöðva, fulltrúa ráðuneytisins og stjórnarformenn að ræða við viðkomandi lækna. Þær viðræður standa yfir. Ég vil svo aftur ræða málið efnislega í utandagskrárumræðunni sem ég var búinn að búa mig undir og er að búa mig undir.

[13:39]

Ásta Möller:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að í gær, á fundi með þingflokksformönnum, var tilkynnt um að það yrði umræða um stöðu heilsugæslumála á morgun, fimmtudag. Það er alveg ljóst að ósk um utandagskrárumræðu snerist um að rætt yrði almennt um stöðu heilsugæslumála. Það sem hv. þm. Kristján Pálsson er núna að benda á og hefur máls á í upphafi þingfundar varðar mál sem eingöngu snýr að heimabæ hans, í hans kjördæmi.

Það er mjög eðlilegt að þingmaðurinn taki upp áhyggjur síns fólks og spyrji ráðherra um hver staða þeirra mála er sem ráðast munu eftir tvo daga. Það er ástæða til að taka þetta upp á þinginu. Ég geri engar athugasemdir við að ráðherra fái tækifæri til að útskýra hér og nú hvernig málin standa.

Mér er kunnugt um að það er töluverð gerjun í þessum málum einmitt þessa stundina. Þess vegna er ástæða er til að róa fólk og gefa því réttar upplýsingar. Á morgun er hálfur sólarhringur fram að þeim tíma að heilsugæslulæknar ganga úr störfum sínum.

[13:41]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil lýsa yfir undrun minni, herra forseti, á því sem er að gerast hér. Á fundi með formönnum þingflokka í gær, sem ég gat því miður ekki setið, skilst mér að orðið hafi samkomulag um að umrædd utandagskrárumræða færi fram á morgun. Þar var öllum ljóst, herra forseti, hvert var tilefni þeirrar umræðu. Á þeim fundi situr fyrir hönd Sjálfstfl. hv. þm. Ásta Möller, skilst mér, sem staðgengill þingflokksformanns Sjálfstfl. Það hlýtur að teljast algert einsdæmi að í slíku tilviki skuli þingmaður úr þeim ágæta flokki hefja umræðu um störf þingsins varðandi sama efni. Sitjandi þingflokksformaður ver það.

Herra forseti. Samkomulag sem gert er á fundum með formönnum þingflokka er að sjálfsögðu samkomulag. Auðvitað felst í því að menn skjóti sér ekki fram við fyrsta tækifæri og taki lungann úr þeirri utandagskrárumræðu sem fram á að fara.

Ég vil mótmæla þessu, herra forseti. Ég hefði talið eðlilegt að hæstv. forseti heimilaði ekki að efnisleg umræða færi fram um þetta vegna þess samkomulags sem liggur fyrir og var afgreitt formlega á fundum með formönnum þingflokka. Ella er það til lítils, herra forseti, að við formenn þingflokka setjumst niður til að reyna að skipuleggja þá umræðu sem fer fram í þinginu daginn út og daginn inn. Auðvitað verður það að halda, herra forseti. Ég hefði talið að það væri hlutverk hæstv. forseta að sjá til að svo geti orðið, að samkomulag sem gert er á slíkum fundi standi.

[13:43]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég held að það sé rétt að ég fjalli bara um störf þingsins líka. Þetta snýst auðvitað um það hvernig menn skipuleggja þau og koma sér saman um framgang þeirra mála sem menn vilja taka upp.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að eins og forseti hefur kosið að túlka þingsköpin, sem ég tel reyndar mjög umdeilanlegt, er hv. þm. Kristján Pálsson í fullum rétti til að taka upp, undir þessum lið, störf þingsins, viðfangsefnið sem hann vakti máls á. Ég held að það sé ekki hægt að bera neinar brigður á það. Forseti á kannski ekki hægt um vik með að stöðva slíka umræðu.

Hins vegar hafa menn komið sér saman um að umræða um þetta efni fari fram í sérstakri utandagskrárumræðu á morgun. Þá er auðvitað ekki eðlilegt að menn taki sama efni upp áður, í því skyni þá að komast á undan með málið í fyrirspurnaformi til ráðherra. Ég get ekki séð að það sé sá gangur sem við ættum að hafa í þessum efnum.

Þetta vekur aftur á móti athygli á því að sá háttur sem menn hafa þróað hér á seinni árum, að biðja um utandagskrárumræðu sem síðan er geymd dögum saman og fer fram

einhvern tíma við hentugleika, er kannski ekki aðferð sem menn ættu að festa meira í sessi en orðið er. Utandagskrárumræða er eðli málsins samkvæmt viðfangsefni sem menn vilja taka upp og ræða strax. Vandinn kemur upp vegna þess að menn ræða ekki þetta efni strax í utandagskrárumræðu, sem menn hefðu átt að gera. Þá hefði þetta vandamál ekki komið upp sem stefnir í að verði með því að menn taki mál upp tvívegis, undir ýmsum liðum þingskapanna.

[13:45]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka örlítinn þátt í þessum umræðum um störf þingsins. Ég held að þær kristalli visst vandamál sem upp er komið. Ég hef svarað fyrir mál hér undir liðnum um störf þingsins og þingmenn hafa verið það tillitssamir, ef svo má segja, við mig að láta mig vita um það fyrir fram. Ég stend þó í þeirri meiningu að það sé skylda mín sem ráðherra að svara og að ég eigi engan kost í því ef ég er spurður, og jafnvel þó að ég hafi ekki verið látinn vita um það áður.

Þetta hefur þróast sem aukautandagskrárumræður og það er spurning hvort forusta þingsins þyrfti ekki að skoða *hvernig þessum málum er fyrir komið. Hálftímautandag*skrárumræða — ég tek alveg undir með hv. 3. þm. Vestf. að það er allra hluta vegna best ef hún færi fram sem fyrst eftir að beðið er um hana. Þá kæmi hún í rauninni í staðinn fyrir þær utandagskrárumræður sem eru orðnar hér á hverjum þingdegi. Þær gætu alveg eins verið hálftímautandagskrárumræður sem er beðið um með venjulegum hætti.

En ég endurtek varðandi þetta afmarkaða mál að ég vil verða við því að taka þá almenna umræðu um það á morgun eins og ég ætlaði að gera. Ég vil samt skýra frá þeirri stöðu sem málið er í í dag, ég er með það í viðræðu með formlegum hætti þessara þriggja aðila sem ég nefndi áðan og þá við þær heilsugæslustöðvar sem þarna er um að ræða.

[13:47]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti hyggst nú gera stutt hlé á fundinum og biður þingflokksformenn að mæta til fundar á skrifstofu forseta.

[Fundarhlé. — 13:47]

[14:02]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins endurtaka það sem ég hef áður sagt í þessari umræðu um störf þingsins, að ég er að vinna að málefnum heilsugæslulækna á Suðurnesjum, m.a. í dag. Ég þarf ekki að rekja af hverju þessi deila er upp komin. Ég vil geta þess varðandi málið og eðlilegar áhyggjur af framvindu mála læknisþjónustu á Suðurnesjum að við í ráðuneytinu höfum að sjálfsögðu hugleitt og farið yfir hvaða möguleikar koma til greina í heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum ef svo illa færi að þessar uppsagnir yrðu varanlegar og við fengjum ekki lækna í stað þeirra sem sagt hafa upp. Ég ætla ekki að ræða það efnislega nú. Ég vil sjá hverju fram vindur í dag varðandi þetta mál og hef þá vonandi einhverjar fréttir af því á morgun þegar við tökum umræðu um málið almennt. Ég endurtek að ég var beðinn um umræðu á morgun almennt um stöðu þessara mála.

Ég vil aðeins geta þess í sambandi við stöðu málsins nú að auðvitað hefur innan ráðuneytisins verið rætt hvaða möguleikar séu fyrir hendi ef svo illa færi að læknar hættu endanlega störfum. En ég vona að læknarnir sjái sig um hönd, vilji ræða við okkur og vilji koma til starfa aftur m.a. á þeim kjörum sem nýbúið er að dæma heilsugæslulæknum.

Fundi slitið kl. 14:05.

---

18. FUNDUR

miðvikudaginn 30. okt.,
að loknum 17. fundi.

Dagskrá:

Til heilbrigðisráðherra:

1. Hjúkrunarrými í Reykjavík, fsp. JóhS, 109. mál, þskj. 109.
2. Lyfjaávísanir lækna, fsp. MF, 122. mál, þskj. 122.
3. Reglugerð um landlæknisembættið, fsp. MF, 125. mál, þskj. 125.
4. Daggjöld dvalar- og hjúkrunarheimila, fsp. MF, 126. mál, þskj. 126.
5. Hjúkrunarrými á Vífilsstaðaspítala, fsp. ÞKG, 200. mál, þskj. 203.

Til dómsmálaráðherra:

6. Löggæslumál í Rangárvallasýslu, fsp. LB, 202. mál, þskj. 205.

Hjúkrunarrými í Reykjavík.

Fsp. JóhS, 109. mál. — Þskj. 109.

[14:06]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Í maí sl. undirrituðu borgarstjórinn í Reykjavík og hæstv. heilbrrh. viljayfirlýsingu um endurbætur og byggingu 326 nýrra hjúkrunarrýma í Reykjavík á tímabilinu 2003–2007. Ástandið í málefnum aldraðra hjúkrunarsjúklinga er mjög alvarlegt og því tek ég þetta mál upp nú.

Samkvæmt skriflegu svari heilbrrh. til mín á sl. ári voru 489 aldraðir á biðlista eftir vist á hjúkrunarheimilum, þar af 396 í mjög brýnni þörf. Af þessum 396 voru 350 í Reykjavík og Reykjanesi. Það hlýtur því að vera eitt af forgangsverkefnum í málefnum aldraðra að ráðast í markvissa uppbyggingu hjúkrunarrýma. Það er t.d. miklu dýrara að aldraðir langlegusjúklingar sem þurfa á hjúkrunarrýmum að halda þurfi að vera á sjúkrahúsum eins og raunin er í mörgum tilvikum. Fjöldi þeirra sem bíður eftir varanlegri vistun á hjúkrunarheimilum en er nú á Landspítalanum svo að dæmi sé tekið eru 106 aldraðir. Í septembermánuði sl. þegar ég skoðaði málið reiknaðist mér að rekstrarkostnaður, miðað við upplýsingar sem ég fékk frá Landspítalanum, fyrir þessa 106 einstaklinga væri 270 millj. meiri á ári en væri ef þessir 106 einstaklingar væru á hjúkrunarheimilum. Fengju þessir 106 einstaklingar varanlega vistun á hjúkrunarheimilum væri hægt að bjóða 70 öldruðum til viðbótar pláss á hjúkrunarheimili fyrir sömu fjárhæð. Þannig væri hægt að veita um 170–180 öldruðum pláss á hjúkrunarheimilum fyrir sömu

fjárhæð og fer í kostnað við aðhlynningu þeirra 106 öldruðu einstaklinga sem nú eru á Landspítalanum. Verulega má því spara með endurskipulagningu í öldrunarþjónustunni.

Ég vil því beina fyrirspurn til hæstv. heilbrrh.:

Hvernig hyggst ráðherra standa að endurbótum og fjölgun nýrra hjúkrunarrýma í Reykjavík, samanber viljayfirlýsingu ráðherra og borgarstjóra frá því í maí sl.?

Í öðru lagi spyr ég: Hver er áætluð aukning hjúkrunarrýma á næsta ári í samræmi við þá yfirlýsingu?

Ég get ekki séð að í fjárlögum fyrir næsta ár, árið 2003 þegar þessi áætlun átti að hefjast, sé við það staðið.

Í þriðja lagi spyr ég: Hversu langur er biðlisti nú eftir hjúkrunarrýmum í Reykjavík og hver er árleg áætluð þörf næstu fjögur ár?

[14:08]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. spyr um fjölgun hjúkrunarrýma í Reykjavík, og hvernig ráðherra hyggist standa að endurbótum og fjölgun hjúkrunarrýma, samanber viljayfirlýsingu frá því í maí, hver sé áætluð aukning hjúkrunarrýma á næsta ári í samræmi við yfirlýsinguna og loks hve langur biðlisti sé eftir hjúkrunarrýmum í Reykjavík og hver sé áætluð þörf næstu fjögur ár.

Í febrúar á þessu ári stóð heilbr.- og trmrn. fyrir samantekt sem gefin var út í skýrslunni „Áætlun um byggingu öldrunarþjónustu árin 2002–2007“ þar sem fjallað er um uppbyggingu öldrunarþjónustu á landsvísu á þessu tímabili. Á sama tíma er gert ráð fyrir að dagvistarrýmum verði fjölgað um 135 á landinu öllu en ráðuneytið leggur áherslu á að öldruðum verði kleift að búa eins lengi heima og kostur er líkt og kveðið er á um í lögum. Samhliða uppbyggingu hjúkrunarrýma þarf því að styrkja enn frekar þjónustu við aldraða í heimahúsum og bæta skipulag og samhæfingu úrræða á öllum þjónustustigum.

Hlutfall aldraðra á stofnunum hefur lengst af verið mun hærra hér á landi en hjá nágrannaþjóðum okkar. Hlutfallið hefur þó lækkað nokkuð á liðnum árum. Ég er aftur á móti sannfærður um að enn megi ná árangri í þá átt að hjálpa öldruðum við að búa lengur á eigin heimili með aukinni þjónustu, sérstaklega dagvistarúrræðum, hvíldarinnlögnum, öflugri heimaþjónustu og heimahjúkrun. Að þessu er stefnt. Þetta er einmitt eitt af aðalmarkmiðum heilbrigðisáætlunar til ársins 2010.

Spurt er um biðlista eftir hjúkrunarrýmum í Reykjavík. Samkvæmt vistunarskrá í september voru 258 aldraðir á biðlista metnir í mjög brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými í Reykjavík. Á höfuðborgarsvæðinu öllu, Reykjavík, Seltjarnarnesi, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og Mosfellsbæ, voru samtals 339 aldraðir á biðlista í mjög brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými á þessum tíma samkvæmt vistunarskrá.

Spurt er um áætlaða þörf fyrir hjúkrunarrými næstu fjögur ár. Í fyrrnefndri áætlun heilbr.- og trmrn. um uppbyggingu öldrunarþjónustu 2002–2007 kemur fram að samkvæmt vistunarmati er á þessu ári talin þörf fyrir 1.440 hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu á móti 1.159 rýmum í notkun. Samkvæmt áætluninni skortir því 281 hjúkrunarrými til að uppfylla þörfina. Hafa ber í huga að þarna eru ekki talin með 92 hjúkrunarrými í Sóltúni sem tekin voru í notkun í upphafi þessa árs. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að öllu óbreyttu hækki þessi tala í 386 rými árið 2005, 398 árið 2007 og 470 árið 2010.

Virðulegi forseti. Vandi þeirra sem metnir eru í mjög brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými verður ekki leystur nema með aukinni þjónustu í heimahúsum. Þann vanda þarf að leysa með fjölgun hjúkrunarrýma og að því er unnið. Sem fyrr segir voru tekin í notkun 92 ný rými hjá Sóltúni í byrjun þessa árs. Á þessu ári voru einnig tekin í notkun 20 ný hjúkrunarými við Sunnuhlíð í Kópavogi og áætlað er að sjö komi til viðbótar þar á næsta ári. Einnig er áætlað að á vegum Kópavogskaupstaðar á næsta ári verði opnað 10 rýma sambýli fyrir heilabilaða. Með byggingu nýrrar hjúkrunarálmu hjá Hrafnistu fjölgar rýmum um 60 en á móti kemur fækkun rýma um 30 vegna endurbóta á eldra húsnæði. Stefnt er að stækkun Eirar og Droplaugarstaða. Áformað er að nýtt 100 rýma hjúkrunarrými rísi í Sogamýri og það verði tekið í notkun árið 2005. Eins og fram kemur í viljayfirlýsingu minni og borgarstjórans í Reykjavík er áætlað að hefja undirbúning að byggingu nýs 100 rýma hjúkrunarheimilis í Reykjavík á tímabilinu 2003–2005 sem reiknað er með að tekið verði í notkun árið 2007.

Auk þess sem hér hefur verið talið er í skoðun möguleiki á að nýta húsnæði Vífilsstaða undir hjúkrunarrými. Sá kostur virðist fjárhagslega hagkvæmur því að ekki þarf að gera stórkostlegar breytingar á húsnæðinu til að það sé mögulegt. Fáist fé til þeirra framkvæmda er unnt að vinna verkið hratt og ætti að vera hægt að opna þar 52 ný hjúkrunarrými auk 19 rýma biðdeildar, alls 71 rými innan 6 mánaða sem mundu bæta verulega úr brýnum vanda.

Því miður er vilji ekki allt sem þarf. Það þarf líka fjármuni til að hrinda öllum þessum áformum í framkvæmd. Mikið veltur á fjárlagaramma ráðuneytisins og ég sem yfirmaður þessa málaflokks mun gera allt sem í mínu valdi stendur til að vinna þessum málum brautargegni.

Í september sl. efndi ríkisstjórnin til formlegs samráðs við Landssamband eldri borgara um breytingar á almannatryggingalögum og endurskoðun á lífeyrisgreiðslum. Nefndinni var einnig falið að fjalla um uppbyggingu hjúkrunarheimila og þjónustu við aldraða með það að markmiði að draga úr biðtíma og bæta þjónustu. Þessari nefnd er ætlað að vinna hratt og má vænta tillagna frá henni um miðjan nóvember.

[14:14]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. 339 manns bíða í mjög brýnni þörf á Reykjavíkursvæðinu og á Reykjanesi. Á sama tíma eru hjúkrunarheimilin í mjög miklum rekstrarvanda. Ég sat aðalfund félags stjórnenda í öldrunarþjónustu fyrir nokkrum dögum og þar var þungt í fólki vegna þess hve rekstrarvandinn er stór. Á sama tíma og 339 rými vantar eru þónokkur rúm auð á þeim hjúkrunarheimilum sem eru til staðar á þessu svæði.

Ég spyr: Hversu mörg rúm standa auð á hjúkrunarheimilum á höfuðborgarsvæðinu í dag? Svo vil ég einnig spyrja hæstv. ráðherra: Það vantar tilfinnanlega hjúkrunarheimili fyrir yngri hjúkrunarsjúklinga, mikið fatlaða unga einstaklinga sem hafa lent í slysum og sjúkdómum. Þeir eru vistaðir á öldrunarstofnunum eða hafa ekki vistun. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað er fram undan í að leysa vanda þess hóps sem ekki hefur úrræði í dag?

[14:15]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn til heilbrrh. Sannleikurinn er sá að vandinn er

einna mestur hér í Reykjavík hvað vistunarþörf fyrir aldraða sjúklinga áhrærir.

Eins og fram hefur komið eru 258 manns í Reykjavík í brýnni eða mjög brýnni þörf og fer fjölgandi. Hins vegar vekur það athygli mína í svörum hæstv. heilbrrh. að aðilar hafi sóst eftir að byggja hjúkrunarrými en hins vegar virðist skorta stefnumótun eða framtíðarsýn í ráðuneytinu til að taka á málunum. Hvað vill ráðuneytið sjálft? Hvernig ætlar það að halda á málum? Hvað leggur það til?

Það er ljóst að breytingar, t.d. á Vífilsstaðaspítala sem munu koma til umræðu á eftir, eru bara plástur á þann vanda sem við stöndum frammi fyrir.

Í annan stað vildi ég geta þess að fyrir liggur vistunarmat fyrir 178 manns sem þurfa að komast á vistheimili og eru í mjög brýnni eða brýnni þörf. Hver er staða þeirra aðila?

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég ætla ekki að efast um góðan vilja hæstv. ráðherra til að leysa þann brýna vanda sem við okkur blasir varðandi hjúkrunarrými, sérstaklega hér í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu. Það kom vissulega fram í máli hæstv. ráðherra. En það vantar fjármagn til að hrinda góðum áformum ráðherrans í framkvæmd. Það er það sem skiptir máli. Út á það gengur fyrirspurn mín.

Ég spurði sérstaklega um hvernig ráðherrann ætlaði að standa að fjölgun nýrra hjúkrunarrýma í Reykjavík og vitnaði þar í viljayfirlýsingu sem hæstv. ráðherra gerði með borgarstjóranum á sl. ári. Ég get ekki séð þess stað, t.d. í fjárlögum næsta árs, að það eigi að standa við þá viljayfirlýsingu. Þær hækkanir sem þar eru til hjúkrunarrýma eru mest vegna launabreytinga. Ég vil því ítreka fyrirspurn mína til ráðherrans: Telur hann að við munum á næsta ári taka skref til að standa við þessa viljayfirlýsingu? Ég get ekki séð það, herra forseti. Það er ekki forsvaranlegt, eins og nú blasir við fjölda aldraðra, að margra ára bið sé eftir hjúkrunarrými. Það er ekki forsvaranlegt, álagið á fjölskyldur viðkomandi vegna þessa.

Síðan er mikið skipulagsleysi í þessum málum eins og ég nefndi, t.d. að 106 aldraðir langlegusjúklingar eru á sjúkrahúsum í miklu dýrari plássum, sem eru 270 millj. dýrari á ári en ella væri væru til fyrir þá hjúkrunarrými. Það er brýnt, herra forseti, að ráðast þegar í endurskipulagningu á þessum málum. Vissulega þarf að auka hér heimaþjónustu og heimahjúkrun. Hún þarf að vera allan sólarhringinn og vissulega þarf líka hvíldarinnlagnir.

Herra forseti. Svör hæstv. ráðherra ollu mér miklum vonbrigðum vegna þess að það er ófremdarástand í þessum málum, ekki síst í Reykjavík.

[14:18]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar umræður, sem hafa hnigið að málefnum aldraðra almennt og rekstrarvanda á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Ég svara fyrirspurnum um það efni hér á eftir og ætla því að vera stuttorður um það núna. Ég hef verið rukkaður um hvað ráðuneytið vilji gera, stefnumörkun ráðuneytisins.

Stefnumörkun ráðuneytisins kemur fram í skýrslunni um uppbyggingu öldrunarþjónustu. Við höfum viljað nota, eins og ég sagði, Vífilsstaði en það er til að leysa bráðan vanda. Það er m.a. til að leita lausnar á þeim vanda sem hv. fyrirspyrjandi nefndi varðandi fráflæði frá sjúkrahúsum en hins vegar höfum við í ráðuneytinu talið að m.a. sjálfseignarstofnanir, sem hv. 8. þm. Reykv. þekkir, hefðu mikið hlutverk í uppbyggingu þessara mála. Þær eiga hins vegar við vissan vanda að etja, að fá húsnæðiskostnað sinn borinn uppi í daggjöldunum. Sú ákvörðun hefur ekki verið tekin. Til þess skorti okkur fjármagn eins og hv. þm. veit.

Varðandi fjármálin og fjárhagshliðina í þessu var ákveðið í upphafi í haust að ræða þessi mál í samstarfsnefnd við aldraða og skila tillögum um málið þegar niðurstaða liggur fyrir.

Lyfjaávísanir lækna.

Fsp. MF, 122. mál. — Þskj. 122.

[14:21]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrr á þessu ári var heilmikil umræða, bæði hér á Alþingi og í fjölmiðlum, um neyslu morfíns og morfíntengdra lyfja, um að neyslan hefði stóraukist á síðari árum. Í kjölfar þess hefur komið fram að þeim hafi fjölgað sem látið hafa lífið vegna of stórra lyfjaskammta. Fram hefur komið að SÁÁ hefði afhent landlæknisembættinu nöfn fimm lækna sem sagðir voru hafa ávísað ítrekað og ótæpilega morfíni eða tengdum lyfjum til fíkla og þeirra sem nota sterk efni, m.a. sprauta sig með þeim.

Í svari hæstv. heilbrrh. við fyrirspurn minni um þessi mál á Alþingi kom fram að á síðustu tveimur árum hafi landlæknisembættið ítrekað haft til skoðunar mál 10 lækna vegna ávísana á ávana- og fíknilyf. Þar af hafi nokkrir verið oftar en einu sinni í ítarlegri athugun hjá embættinu.

Hæstv. ráðherra sagði einnig að hann hefði lagt til að heimild landlæknis til varðveislu viðkvæmra persónuupplýsinga yrði skoðuð sérstaklega og sú endurskoðun færi fram í samráði við Persónuvernd og innan ramma laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Fróðlegt væri að fá að heyra hvað sú athugun hefði leitt í ljós. Þá sagði hæstv. ráðherra að hann hefði í apríl, þegar umræðan fór fram, ritað Lyfjastofnun og landlæknisembættinu bréf þar sem hann hefði farið fram á að tekið yrði upp hert eftirlit með óeðlilegum lyfjaávísunum lækna, verklag Lyfjastofnunar og landlæknisembættis yrði skoðað sérstaklega og einnig möguleiki á að taka upp lyfjakort. Þessari athugun átti að ósk ráðherra að ljúka 24. apríl sl. vor. Sú tímaáætlun stóðst ekki. En nú liggja fyrir tillögur til úrbóta sem ráðherra mun væntanlega fara yfir hér á eftir.

Virðulegi forseti. Það er alls ekki svo að ótæpileg ávísun lækna á ávanabindand lyf sé algeng innan læknastéttarinnar. Hér var og er örugglega um örfáa einstaklinga að ræða. Engu að síður krefst alvarleiki málsins þess að brugðist verði við af hörku. Hæstv. ráðherra hét því í umræðu á Alþingi sl. vor að leita allra ráða til að stemma stigu við ótæpilegum ávísunum á morfín eða tengd lyf og efla landlæknisembættið sérstaklega til að vinna að þessu verkefni. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hvað leiddi rannsókn landlæknisembættisins í ljós um meintar óeðlilegar ávísanir lækna á ávanabindandi lyf?

Hefur eftirlit með lyfjaávísunum lækna verið hert? Ef svo er, á hvern hátt?

[14:23]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur beint til mín tveimur fyrirspurnum um lyfjaávísanir lækna.

Sú fyrri er svohljóðandi:

„Hvað leiddi rannsókn landlæknisembættisins í ljós um meintar óeðlilegar ávísanir lækna á ávanabindandi lyf?"

Eftir að orðrómur um að meintar óeðlilegar ávísanir lækna á ávanabindandi lyf náði hámæli á vormánuðum beindi ég þeim tilmælum til landlæknis og Lyfjastofnunar um að tekið yrði upp hert eftirlit með lyfjaávísunum lækna á slík lyf. Í framhaldi af því, auk venjubundins reglulegs eftirlits, voru ávísunarvenjur um það bil 10 lækna skoðaðar sérstaklega allt að eitt ár aftur í tímann. Var þar um að ræða lækna sem landlæknisembættinu höfðu borist ábendingar um að stunduðu óeðlilegar ávísanir á ávanabindandi lyf. Voru í því sambandi skoðuð gögn er vörðuðu samskipti þessara lækna við ýmsa einstaklinga.

Niðurstaða þessarar sérstöku athugunar leiddi í ljós að í langflestum tilvikum var um að ræða eðlilegar skýringar á lyfjaávísunum þeirra lækna sem grunaðir höfðu verið um óeðlilegar ávísanir ávanabindandi lyf. Í nokkrum tilvikum gerði landlæknir þó athugasemdir og gaf ábendingar. Í læknalögum segir að ráðherra geti að fenginni tillögu landlæknis lagt fyrir lækni að halda skrá yfir ávísanir á ávana- og fíknilyf og í tilefni notkunar þeirra. Í engu tilviki sá landlæknir ástæðu til að leggja fram slíka tillögu til ráðherra. Í einu tilviki þessu tengdu hefur þó landlæknir skýrt ráðherra frá og gert tillögu um að læknir skuli sviptur lækningaleyfi fyrir alvarlegt hirðuleysi og óhæfu í læknisstarfi.

Í læknalögum segir að landlæknir hafi almennt eftirlit með ávísun lækna á lyf, einnig að Lyfjastofnun tilkynni landlækni telji stofnunin rökstudda ástæðu til eftirlits með ávísunum læknis á ávana- og fíknilyf. Í reglugerð um afgreiðslu, áritun og afhendingu lyfja frá 22. janúar 2001 segir í 22. gr. um eftirritunarskyld lyf:

„Lyfsalar og aðrir, sem hafa leyfi til lyfjasölu, skulu halda eftir lyfseðlum er hljóða á eftirritunarskyld lyf.

Lyfseðlar þessir skulu sendir Lyfjastofnun í ábyrgðarpósti fyrir 10. dag næsta mánaðar eftir að lyfið var afgreitt."

Eftir ofangreindum lögum og reglugerðum hefur verið unnið. Lyfjastofnun hefur sent landlækni upplýsingar eins og segir í 19. gr. læknalaga.

Seinni spurning þingmannsins er eftirfarandi: „Hefur eftirlit með lyfjaávísunum lækna verið hert? Ef svo er, á hvern hátt?"

Eftirlit landlæknis með ávísunum lækna á lyf er enn óbreytt frá því sem verið hefur, sbr. lög og reglugerðir sem minnst var á hér að framan, að öðru leyti en því að þær stofnanir sem að eftirlitinu koma, bæði landlæknisembættið og Lyfjastofnun, eru nú enn betur á varðbergi gagnvart ýmsum atvikum á borð við þau sem ollu fjölmiðlaumræðu sl. vetur. Í framhaldi af þeirri umræðu hef ég í sumar látið stýrihóp vinna skýrslu um upplýsingar sem skráðar eru á lyfseðlum og hvernig með þær skuli farið. Stýrihópnum var einnig falið að gera tillögur að hertu eftirliti landlæknis og Lyfjastofnunar með ávana- og fíknilyfjum. Stýrihópurinn hefur skilað áliti og ítarlegum tillögum sem ná til alls ferilsins og auk þess drögum að nauðsynlegum lagabreytingum til að tryggja aðgang landlæknis að persónuupplýsingum vegna eftirlitsins og hvernig með þær upplýsingar skuli farið.

Ég mun á næstu dögum leggja fram lagafrv. sem ég hef látið vinna og byggir á tillögum stýrihópsins. Skýrslu stýrihópsins með nánari upplýsingum er hægt að nálgast á heimasíðu ráðuneytisins.

[14:27]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Mig langar að blanda mér í þessa umræðu út frá ályktun sem Læknafélag Íslands gerði sl. vor. Stjórn þess ályktaði og lagði til ein fimm atriði sem voru send til ráðherra. Mig langar til að spyrja hvort tillögur stýrihópsins sem hæstv. heilbrrh. vísaði til hér áðan feli m.a. í sér tillögur Læknafélags Íslands. Þar bar hæst að stofnuð yrði afeitrunarmiðstöð, sem svo er kölluð, og önnur atriði voru svo sem að verkjateymi á Landspítala – háskólasjúkrahúsi yrði styrkt. Ég vil spyrja ráðherrann hvort þetta sé inni í frv. sem hann leggur fram á næstunni.

[14:28]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. ráðherra hafi brugðist við. Hér er væntanlegt lagafrv. í kjölfar umræðunnar og ég fagna einnig yfirlýsingu ráðherra um að stjórnvöld séu betur á varðbergi.

En mér finnst ótrúlegt, eftir þær upplýsingar sem komu fram í vor og voru ræddar hér í þinginu að frumkvæði hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur, að aðeins einn læknir hafi verið sviptur leyfi. Þar komu fram upplýsingar um að fimm læknar hefðu ítrekað ávísað ótæpilegu magni af morfíni til fíkla. Sömuleiðis voru dæmi um lækni sem vísaði 920 morfíntöflum til fíkils á 95 dögum. Það var vitað að þessi einstaklingur var illa haldinn af eiturlyfjafíkn og var ekki sjálfráður gerða sinna. Mér finnst með ólíkindum ef þessir fimm læknar sem bent var á gátu dregið fram eðlilegar orsakir fyrir þessu. Þarna voru mjög alvarleg tilvik en ég spyr hæstv. ráðherra: Var þetta eðlilegt í þessum tilvikum, nema hjá þessum eina?

[14:30]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka svörin og fagna því að á þessu hafi verið tekið sérstaklega, eins og ráðherrann gaf reyndar fyrirheit um í apríl. Það er ánægjuefni að af þessum hópi, þessum 10 einstaklingum sem voru í sérstakri skoðun hjá landlæknisembættinu, hafi aðeins verið ástæða til að leggja til leyfissviptingu hjá einum en í flestum tilvikum hafi verið um eðlilegar ávísanir að ræða. Samt sem áður hefur landlæknisembættið þurft að veita áminningar og einnig að herða eftirlitið frá því sem áður var.

Ég var að vona að ásamt svörum hæstv. ráðherra kæmu yfirlýsingar um þessa afeitrunarmiðstöð sem einnig var rætt um í vor og kom fram heilmikil umræða um í fjölmiðlum. Reyndar hef ég haft í undirbúningi till. til þál. varðandi það. Ég tel mikla nauðsyn á að slík afeitrunarmiðstöð verði til og taki að hluta við því hlutverki sjúkrahúsanna að annast einstaklinga sem eru mjög háðir neyslu eiturlyfja. Þeir sem í dag leita inn á almennar deildir ættu í raun og veru að leita sér aðstoðar á slíkum miðstöðvum. Við vitum að neysla harðra efna eykst og að sífellt yngri unglingar fara út í slíka neyslu. Þess vegna er sannarlega ástæða til að hafa eftirlit ávísunum lækna á þessi lyf. Ég er sannarlega viss um að þetta er ekki algengt í læknastéttinni en engu að síður verða aðrir að gjalda þess þegar eftirlitið er hert.

[14:32]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka umræðuna sem hér hefur farið fram um þetta alvarlega mál og vil bregðast við þeim fyrirspurnum sem fram hafa komið.

Ég endurtek að eitt tilfelli hefur komið upp þar sem lagt er til að svipta lækni um lækningaleyfi. Það er alvarlegur hlutur. Ég treysti Lyfjastofnun og landlæknisembættinu fullkomlega í þessum efnum. Þau telja ekki ástæðu til svo alvarlegrar aðgerðar nema í einu tilfelli.

Varðandi tillögu Læknafélags Íslands um afeitrunarmiðstöð vil ég segja að lagabreytingarnar fjalla eingöngu um aðgang landlæknis að persónuupplýsingum vegna eftirlits, hvernig með þær upplýsingar skuli farið. Varðandi afeitrunarmiðstöðina þá er það mál í skoðun hjá ráðuneytinu en ekki þarf lagabreytingar til þess. Það er spurning um fjármagn og skipulag. Við höfum haft þessar tillögur til skoðunar hjá okkur. Ég met þær mikils og þær eru mikilvægt innlegg í þetta mál.

Reglugerð um landlæknisembættið.

Fsp. MF, 125. mál. — Þskj. 125.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það hefur sífellt færst í aukana á undanförnum árum að ráðherra fái víðtækar heimildir til þess að setja reglugerðir. Reyndar verður æ algengara að sett sé rammalöggjöf en útfærsla á einstökum greinum sé meira og minna í höndum ráðherra. Þetta er út af fyrir sig í lagi ef viðkomandi ráðherrar standa á hverjum tíma við að setja slíkar reglugerðir, meðan unnið er eftir þeim og þær eðlilega kynntar. Ég er reyndar þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að slíkar reglugerðir, þar sem um víðtækar heimildir er að ræða, ættu að koma fyrir þingnefnd í viðkomandi málaflokki.

Þegar maður skoðar reglugerðir aftur í tímann og þær reglugerðir sem gilda í dag virðist í fyrsta lagi sem misbrestur sé á að reglugerðir séu settar, í öðru lagi að reynt sé að fylgja því eftir að eftir viðkomandi reglugerð sé farið og í þriðja lagi að reglugerðir séu endurnýjaðar reglubundið þannig og þær séu uppfærðar í takt við þau lög sem eru í gildi hverju sinni.

Þannig var að árið 1973 voru sett lög um heilbrigðisþjónustu, sem eru grunnurinn að löggjöfinni sem við byggjum á í dag. Þau lög hafa þó tekið miklum breytingum og verið endurskoðuð reglulega, m.a. hefur hlutverk heilsugæslustöðva breyst. Farið hefur verið í endurskoðun á hlutverki landlæknisembættisins og því hver á að gera hvað og hverju sinni. Mér finnist þó alls ekki nóg vel að því staðið að skilgreina skýrlega hver skuli sinna hverju á hverju sviði heilbrigðisstéttarinnar.

Hluti af því vandamáli er kannski það að gildandi reglugerðir hafa ekki verið í takt við heilbrigðislöggjöfina. Hér er t.d. reglugerð sem gildir um landlækni og landlæknisembættið. Hún er í gildi í dag. Hún er undirrituð 28. desember 1973 og átti að taka gildi 1. janúar 1974. Hún er byggð á þeim lögum sem sett voru um heilbrigðisþjónustuna 1973. Þetta er náttúrlega með ólíkindum. Margt í þessari reglugerð getur alls ekki gilt í dag, t.d. að landlæknir skuli vera formaður stjórnar Hjúkrunarskóla Íslands, landlæknir sé til ráðuneytis um hvernig best og öruggast verði séð um að læknar komist frá heilsugæslustöðvum til móttökustaðar innan starfssvæðis og svo um almennt sjúkraflug og neyðarþjónustu. Hann á að vera formaður manneldisráðs og læknaráðs og sóttvarnasjóður á að vera í vörslu landlæknis. Landlæknir skal fjalla um veitingu lána og styrkja til heilbrigðisstétta og heilbrigðisstofnana eftir þeim lögum og reglugerðum sem þar um gilda á hverjum tíma. Ég spyr hæstv. ráðherra:

Telur ráðherra tímabært að endurskoða reglugerð frá 28. desember 1973, um landlækni og landlæknisembættið? Ef svo er, hvenær má vænta nýrrar reglugerðar?

[14:37]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 3. þm. Suðurl. hefur lagt fram fyrirspurn um hvort heilbrrh. telji tímabært að endurskoða reglugerð frá 28. desember 1973, um landlækni og landlæknisembættið.

Helstu lagaákvæði um landlækni og hlutverk hans er að finna í lögum um heilbrigðisþjónustu og læknalögum. Eru þau ákvæði lítið breytt frá því að reglugerð um landlækni var sett árið 1973 eins og kom fram í máli fyrirspyrjanda. Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu er landlæknir ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar um heilbrigðismál. Hann annast útgáfu heilbrigðisskýrslna og hefur eftirlit með heilbrigðisstéttum. Í læknalögum eru nánari ákvæði um eftirlitshlutverk landlæknis. Þau gilda einnig um aðrar heilbrigðisstéttir eftir því sem við á. Þessi ákvæði hafa lengi verið nær óbreytt. Loks eru landlækni falin ýmis verkefni sem heyra undir fjölda annarra laga og hafa mörg þeirra tekið miklum breytingum. Má þar t.d. nefna nýleg sóttvarnalög.

Þótt ekki hafa orðið miklar breytingar á grundvallarákvæðum laga um landlækni er ljóst að störf landlæknis hafa tekið miklum breytingum á þeim nær 30 árum sem liðin eru frá setningu reglugerðar um embættið. Ýmis ákvæði reglugerðarinnar eru fallin úr gildi vegna breytinga á lögum. Þar fyrir utan þarf vart að taka fram að gríðarlegar breytingar hafa orðið á starfi og starfsaðstöðu fagfólks í heilbrigðisþjónustunni og skipulagi á þessu mikilvæga sviði. Það er því ljóst að reglugerðin er að ýmsu leyti úrelt og þarfnast endurskoðunar. Þess vegna er fyllilega tímabært að endurskoða ekki aðeins reglugerð um landlækni heldur einnig þau lagaákvæði sem gilda um landlækni og landlæknisembættið.

Eins og áður hefur komið fram í máli mínu á Alþingi hyggst ég á næstunni skipa nefnd til að endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu. Munu ákvæði varðandi landlækni þá að sjálfsögðu koma til skoðunar, m.a. í ljósi þeirra miklu breytinga sem orðið hafa í heilbrigðisþjónustu frá gildistöku þeirra.

Þá hefur á undanförnum árum verið unnið að samningu frv. um heilbrigðisstéttir þar sem gert er ráð fyrir að ein lög gildi um allar heilbrigðisstéttir. Við gerð frv. hefur m.a. verið lögð áhersla á að endurskoða ákvæði um eftirlit landlæknis með heilbrigðisstéttum.

Í þriðja lagi er það skoðun heilbrrh. að brýnt sé að taka upp og endurskoða löggjöfina um landlæknisembættið í ljósi frv. um lýðheilsustöð sem aftur verður lagt fyrir Alþingi innan tíðar. Með slíkri endurskoðun mætti e.t.v. skerpa á og gera skýrari lagaákvæðin um landlækni sem eftirlitsaðila með heilbrigðisþjónustunni.

Niðurstaða mín er sú að ég tel forgangsverkefni að endurskoða lögin og gefa svo út nýja reglugerð í kjölfar þeirra.

[14:40]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Ég vil aðeins blanda mér í þessa umræðu vegna þarfra ábendinga hv. 3. þm. Suðurl., Margrétar Frímannsdóttur, varðandi reglugerðir. Það er auðvitað grundvallaratriði að haft sé eftirlit með þeim reglugerðum sem ráðherrum er heimilað að setja.

Ég flutti á þingi sl. haust þáltill. um eftirlit Alþingis með fyrirmælum framkvæmdarvaldshafa. Þetta er grundvallarmál í stjórnskipun. Þetta varðar þrígreiningu ríkisvaldsins í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Það verður að standa vel að þessum málum og er mjög eðlilegt að viðkomandi nefndir fái reglugerðir til umsagnar. Það eru heimildir í lögum til að setja reglugerðir. Stundum eru þær settar og stundum ekki. Það er ekkert eftirlit með þessu, vil ég fullyrða. Þetta mál varðar sjálfa stjórnskipunina. Hér vekur hv. þm. Margrét Frímannsdóttir athygli á grundvallaratriði.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og vilja hans til að taka til endurskoðunar lög um heilbrigðisþjónustuna og síðan þau ákvæði sem gilda um landlækni og störf landlæknisembættisins. Ég vek hins vegar athygli á því enn og aftur að þessi reglugerð er síðan 1973. Síðan þá hafa orðið miklar breytingar á starfsemi landlæknisembættisins. Reglugerðin sem fjallar um þessi störf, ef maður flettir henni upp til að skoða hvert er hlutverk landlæknis og landlæknisembættisins, er ekki í nokkru einasta samræmi við það sem maður sér ef kafað er dýpra ofan í málin.

Auðvitað er það þannig, eins og hv. þm. Örlygur Hnefill Jónsson nefndi hér áðan, enda löglærður maður, að þetta er ekki eina tilvikið þar sem reglugerðir eru ekki í samræmi við veruleikann, ekki einu sinni þann lagaramma sem við búum við í dag í einstökum málaflokkum. Þetta er ekki einskorðað við heilbrrn., síður en svo. Ég viðurkenni að ég var einfaldlega að skoða sérstaklega og fara yfir, í tengslum við störf í fjárln. og úthlutun fjármagns til landlæknisembættisins, hvernig standa ætti að varðandi einstaka þætti í starfi embættisins. Þá komst ég að raun um að reglugerðin er ekki í nokkru samræmi við þá starfsemi sem þar fer fram. Því miður virðist hið sama á ferðinni í mörgum öðrum málaflokkum.

Ég tek undir að mikil þörf er á því að við sinnum eftirlitshlutverki okkar í þessum efnum.

[14:44]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hér hefur verið komið inn á reglugerðir, hvernig þær úreldast og þörf framkvæmdarvaldsins fyrir að fylgjast með setningu reglugerða. Ég hef í raun engu við það að bæta sem ég sagði áðan, þ.e. um efni fyrirspurnarinnar. Ég tel ástæðu til að endurskoða bæði lög og reglugerðir um landlækni. Ég vil hins vegar segja, varðandi vinnubrögðin við gerð frumvarpa, að auðvitað er æskilegt að uppkast að reglugerð liggi fyrir þegar frumvörp eru lögð fram. Það gerir það í einstökum tilfellum. Það er vel séð og ég tel einnig æskilegt að þingnefnd sé kynnt reglugerð þegar hún er lögð fram í framhaldi af samþykkt laga. Það hefur verið gert í mörgum tilfellum. Ég þori ekki að fullyrða úr þessum ræðustól hér og nú að það hafi verið gert í öllum tilfellum. En veigamiklar reglugerðir hafa verið kynntar þingnefndum. Ég tel það af hinu góða ef hægt er að koma því við.

Ég tel ástæðu til að ræða og vekja athygli á þessum málum og vinnureglum í þeim efnum. Ég vil segja að ef hægt er að koma því við að kynna drög að reglugerð með frumvörpum þá væri það æskilegt. Það er líka æskilegt að kynna þingnefndum reglugerðir sem settar eru. Það hefur verið gert í mörgum tilfellum en um það er ekki, svo mér sé um það kunnugt, nein algild regla.

Daggjöld dvalar- og hjúkrunarheimila.

Fsp. MF, 126. mál. — Þskj. 126.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að flest ef ekki öll dvalar- og hjúkrunarheimili landsins sem rekin eru á daggjöldum glíma við gífurlegan rekstrarvanda. Sum þeirra eru rekin á yfirdrætti og/eða framlögum þeirra sveitarfélaga sem standa að rekstrinum. Mörg þeirra hafa búið við þennan rekstrarvanda í nokkur ár og fengið framlög frá viðkomandi sveitarfélögum til að mæta hallanum.

Á undanförnum árum hefur ítrekað verið farið fram á leiðréttingu daggjalda en lítið hefur gerst í þeim efnum. Þó að vandinn hafi verið þekktur í upphafi þessa fjárlagaárs og sé að hluta bættur á fjáraukalögum sést það ekki í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár. Jafnvel mætti segja að um lækkun á daggjöldum sé að ræða.

Fyrir stuttu greindu fjölmiðlar frá því að nú þegar stefndi í að 1 milljarð vantaði til rekstrar þessara stofnana. Þeir fjármunir sem eru í frv. til fjáraukalaga duga því hvergi nærri til að mæta vandanum. Ég fullyrði að á þessum stofnunum er fyllstu sparsemi gætt. Menn hafa árum saman leitað leiða til að hagræða í rekstri, jafnvel svo að lengra verður ekki gengið í þeim efnum án þess að skerða verulega þjónustuna við fólkið sem þar dvelur. Auk þess er alveg ljóst að mörg sveitarfélaganna, sérstaklega á landsbyggðinni, geta engan veginn staðið undir þeim halla sem skapast hefur af því að daggjöldin eru úr samhengi við raunverulega þörf. Það hlýtur að stefna í gjaldþrot hjá hluta daggjaldastofnana verði ekki nú þegar gripið til ráðstafana. Framlög á fjáraukalögum duga skammt ef ekki kemur til leiðréttting á þeim grunni sem daggjöldin byggja á. Ekki verður það til leysa mál þeirra fjölmörgu öldruðu sem bíða eftir plássi á dvalar- og hjúkrunarheimilum eins og fram kom áðan. Ég spyr því hæstv. ráðherra:

Hver er rekstrarstaða þeirra dvalar- og hjúkrunarheimila sem eru á daggjöldum miðað við fyrstu átta mánuði þessa árs? Ef um hallarekstur er að ræða, verður hann bættur í fjáraukalögum?

Eru fyrirhugaðar breytingar á greiðslu daggjalda til þessara stofnana? Ef svo er, hverjar eru þær og hvenær má vænta þeirra?

[14:48]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 3. þm. Suðurl. spyr um rekstrarstöðu dvalar- og hjúkrunarheimila. Spurt er hver sé rekstrarstaða dvalar- og hjúkrunarheimila á daggjöldum miðað við fyrstu átta mánuði þessa árs. Sé um hallarekstur er að ræða er spurt hvort hann verði bættur í fjáraukalögum.

Því er til að svara að flestar daggjaldastofnanir sem upp eru taldar í fjárlagalið 08-495 hafa skilað 8–9 mánaða árshlutauppgjöri fyrir árið 2002 og hafa uppgjörin verið

reiknuð til heils árs rekstrar. Samanlagður rekstrarhalli þessara daggjaldastofnana fyrir allt árið 2002 verður væntanlega um 413 millj. kr. Þar af verður rekstrarhalli hjúkrunar- og dagvistarrýma 218 millj. kr. en rekstrarhalli dvalarrýma 195 millj. kr.

Í frv. til fjáraukalaga 2002 eru 460 millj. kr. á fjárlagalið 08-499, Hjúkrunarheimili. Fjárhæðin er ætluð til að mæta rekstrarvanda þeirra dvalar- og hjúkrunarheimila sem eru á daggjöldum og föstum fjárlögum og hafa skilað inn rekstrarupplýsingum. Fjárhæðina á eingöngu að nota til að mæta rekstrarvanda dagvistar- og hjúkrunarrýma.

Rekstrarvandi dvalar- og hjúkrunarheimila sem rekja má til dvalarrýma er enn í skoðun og niðurstöðu af þeirri skoðun er að vænta innan tíðar, þ.e. á næstu vikum eða áður en 2. umr. fjárlaga fer fram.

Herra forseti. Hv. 3. þm. Suðurl. spyr enn fremur: „Eru fyrirhugaðar breytingar á greiðslu daggjalda til þessara stofnana? Ef svo er, hverjar eru þær og hvenær má vænta þeirra?"

Því er til að svara að engar breytingar eru fyrirhugaðar á greiðslufyrirkomulagi stofnana á daggjöldum. Þær stofnanir sem nú eru á daggjöldum verða áfram á daggjöldum árið 2003. Hins vegar munu dvalar- og hjúkrunarheimili sem nú eru á föstum fjárlögum verða daggjaldastofnanir frá og með 1. janúar 2003.

Sú breyting hefur verið gerð á frv. til fjárlaga fyrir árið 2003 að rekstrargrunnur hjúkrunarrýma hefur verið lagfærður um 350 millj. kr. Rekstrargrunnur dvalarrýma fyrir árið 2003 er enn í skoðun og vonandi liggur niðurstaða af þeirri vinnu fyrir áður en 2. umr. fjárlaga fer fram.

[14:51]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég hjó eftir síðustu orðum hæstv. heilbrrh. þegar hann sagði að daggjöld vistheimila væru enn í skoðun. Fyrir tæpu ári skilaði samstarfsnefnd Sambands ísl. sveitarfélaga og heilbr.- og trmrn. af sér tillögu um ákveðna hækkun á daggjöldum vistheimila. Þetta hefur legið hjá ráðuneytinu í tæpt ár og ekki komin niðurstaða í það enn. Þegar spurt er: Hvernig stendur málið? Þá er sagt: Það er í skoðun.

Ég vildi aðeins benda á eitt dæmi varðandi þróun daggjalda og raunkostnað, t.d. hjá Hrafnistu í Reykjavík. Árið 2001 var raunkostnaður á legudag 11.263 kr. en í fjárlögum 2002, ársins á eftir, var í fjárlögum gert ráð fyrir að að daggjöldin væru 11.196, þ.e. lækkun á milli ára. Þrátt fyrir að ráðuneytinu hafi verið sýnt fram á þetta ár eftir ár hafa árin 2000–2002 sýnt á hver þróun daggjalda hefur verið. En því er aldrei mætt í fjárlögum næsta árs. Hér er verk að vinna en ég vil hins vegar fagna því að ráðherra ætli að taka þetta mál til gaumgæfilegrar athugunar. Á því er full þörf.

[14:52]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hjá þessari ríkisstjórn er allt í nefnd, athugun og skoðun. Það verður að taka á þessum málum, herra forseti. Ófremdarástand ríkir. Það er mjög mikill rekstrarvandi hjá dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Ég verð að nefna hér og hvetja hæstv. ráðherra sérstaklega til að taka á daggjöldunum fyrir hvíldarinnlagnir. Ég hef heyrt frá öldrunarlæknum sem sinna þessum heimilum að það er ekki hægt að reka hvíldarinnlagnirnar á þessum daggjöldum, að reikna með sömu daggjöldum fyrir hvíldarinnlagnir og aðrar innlagnir og önnur rúm. Þess vegna er ekki verið að nýta að fullu hvíldarinnlagnarúmin sem til staðar eru, t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu, á hjúkrunarheimilum sem þar eru.

Annað langar mig að nefna, það sem snýr að Sóltúni, sem fær hærri greiðslur fyrir sjúklinga sína en önnur heimili. Það er vegna þess að þar eru þyngri sjúklingar. Nú er ástandið þannig, þegar á fjórða hundrað bíða eftir plássum, að allir sjúklingarnir sem koma inn á heimilin þurfa mikla umönnun og þess vegna þarf almennt hærri greiðslur til þeirra heimila sem reka þessa þjónustu.

[14:54]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Hér er vakin athygli á máli sem er mjög brýnt og þarf að taka á. Ég veit að hæstv. heilbrrh. gerir sér grein fyrir alvöru þessa máls. Víða eru stofnanir í vandræðum með þessi mál og það er rétt sem fram kom hjá hv. 3. þm. Suðurl., Margréti Frímannsdóttur, að stofnanir stefna í þrot. Þær væru komnar í þrot, margar hverjar, ef sveitarfélögin hefðu ekki tekið þennan bagga á sig og bera þau þó ærnar byrðar fyrir. Eins og fram kom hjá hv. 8. þm. Reykv., Guðmundi Hallvarðssyni, er tímabært að þessu verði mætt á fjárlögum. Hér er um mjög alvarlegt mál að ræða sem brennur á þeim sem eiga að nota þjónustuna, þeim sem veita hana og þeim sveitarfélögum sem tekið hafa upp baggann fyrir ríkisstjórnina.

[14:55]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Okkur ber að búa vel að því fólki sem þarf að dvelja og búa á hjúkrunar- og dvalarheimilum. Það er því dapurlegt að heyra af því fréttir að flest þessara heimila séu rekin með miklum halla og vanti fjármagn til að standa undir þeirri starfsemi sem þeim er ætlað að sinna.

Það er jafnframt, herra forseti, mikilvægt að fram fari samræming á framlögum til þessara heimila. Sum heimilin búa við verðbætta samninga, önnur ekki. Heimili eins og Sóltún fær margfaldar upphæðir á hvern vistmann miðað við önnur heimili. Þarna er í gangi skipulögð mismunun á fólki eftir því á hvaða heimili það dvelur. Þetta er náttúrlega afleitt.

Ég vil því spyrja, herra forseti, hæstv. heilbrrh.: Er ekki ætlunin að fara í samræmingarvinnu, samræma kjör, aðbúnað og framlög til þessara stofnana?

[14:56]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að hefja þessa umræðu. Fjöldi fólks bíður eftir því að komast á elliheimili, dvalarheimili og hjúkrunarheimili. Það þarf að fara að taka almennilega á þessum málum. En það er eins og heilbrrn. hafi lítið bolmagn til þeirra hluta. Hver er þá ástæðan fyrir því? Ástæðan er einfaldlega sú að það er ekki sett nóg fjármagn í þetta, á sama tíma og drýpur smjör og rjómi af hverju einasta strái að því er sagt er af stjórnarherrum þessarar þjóðar. Ríkisafkoman er svo góð, allt er svo fínt og frábært og gott en samt er hvert elliheimilið á fætur öðru rekið með tapi. Ég skil þetta ekki nema svo mikill áhugi ríki hjá ríkisstjórninni á að leggja velferðarkerfið í þessu landi niður.

[14:58]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans en bendi á að hér er aðeins um að ræða tölur frá þessu ári samkvæmt 8–9 mánaða uppgjöri. Þessi heimili glíma flestöll við uppsafnaðan vanda. Þennan vanda þekkjum við

þingmenn býsna vel orðið, sérstaklega eftir nýliðna kjördæmaviku. Ég býst við að við eigum það öll sammerkt að hafa rætt við sveitarstjórnir eða rekstraraðila þessara heimila og umræðan snúist um að þarna stefndi í þrot og þessu væri bjargað með yfirdrætti frá degi til dags eða milli mánaða. Margir hafa kvartað yfir því viðhorfi í ræðum hæstv. fjmrh. að hann undraðist þennan halla, eins og þar hafi ekki verið hagrætt í rekstri sem hefur þó svo sannarlega verið gert.

Við verðum að taka á þessu. Ég tek undir orð hv. þm. Guðmundar Hallarðssonar hér áðan, að það virðist sem ekki hafi á nokkurn hátt verið unnið úr skýrslunni sem skilað var um þessi mál fyrir ári.

[14:59]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hér hefur verið látið að því liggja að ekki hafi verið unnið í þessu máli. Ég vísa því á bug. Upplýsingar um stöðuna liggja fyrir í heilbrrn. Hins vegar vil ég taka fram að við afgreiðslu og undirbúning fjárlaga varð það að samkomu lagi milli fjmrn. og heilbrrn. að tekinn yrði tími í að fara nánar yfir hana fram að 2. umr. fjárlaga. Það er ástæðan fyrir því að þetta mál er ekki afgreitt enn þá, ekki að það hafi ekki verið unnið í málinu í heilbrrn.

Það hefur komið fram, m.a. í stefnuræðu forsrh. þegar hann fjallað um heilbrigðisstofnanir, að á vettvangi ríkisstjórnarinnar var ákveðið að fara yfir þessi mál áður en þessi reikningur yrði teknir inn á fjárlög, þ.e. ákveða að hve miklu leyti hann yrði tekinn inn á fjárlög.

Það er talað um samræmingarvinnu. Sú samræmingarvinna hefur verið í gangi lengi og er mjög langt komin. Daggjöld eru m.a. ákveðin eftir svokölluðu RAI-mati sem á að vera samræmt fyrir þessar stofnanir. Verið er að skoða uppsafnaðan vanda í tengslum við þetta í samvinnu ráðuneytanna. Það hefur verið ágæt samvinna milli fjmrn. og heilbrrn. við að greina vandann. Eitt vandamálið er m.a. að kjarasamningar á þessum stofnunum eru undir tveimur höttum.

Hjúkrunarrými á Vífilsstaðaspítala.

Fsp. ÞKG, 200. mál. — Þskj. 203.

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Í dag stendur Vífilsstaðaspítali auður. Í dag er engin starfsemi á spítalanum. Það var 5. september 1910 sem hin merka saga hans hófst og þá fyrst sem berklaspítala. Í júní í sumar lagðist starfsemi spítalans af og síðan hefur húsið staðið autt.

Ástæðan fyrir fyrirspurn minni til hæstv. heilbrrh. er í rauninni margþætt. Helst má þó nefna mikla þörf og brýna fyrir hjúkrunarrými fyrir aldraða. Vífilsstaðir eru fyrir margra hluta sakir heppilegur staður til að uppfylla þau skilyrði sem gerð eru til hjúkrunarrýma fyrir aldraða. Ég vil m.a. benda á leið sem Magnús Pétursson, forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss, benti á, að það væri ekkert ólíklegt að Landspítalinn sæi um eignina en heilbrrn. legði síðan fram fé til að reka þar einhvers konar þjónustu við aldraða eins og hann sagði.

Staðsetningin er afar góð. Það kemur m.a. fram í skýrslu frá samstarfshópi heilbrrh. til að meta kosti og galla svæða undir hátæknisjúkrahús. Þar er staðsetningin eitt af þeim atriðum sem þeir telja til kosta Vífilsstaðaspítala.

Í öðru lagi var ég í síðustu viku viðstödd afar skemmtilegt og merkilegt íbúaþing í Garðabæ sem leiddi m.a. af sér góðar umræður um skipulag Garðabæjar. Þar kom berlega í ljós að það þarf skýra og augljósa stefnumörkun varðandi svæðið kringum Vífilsstaði. Það er einn af lykilþáttum uppbyggingar Garðabæjar að skýrt verði hvaða starfsemi komi þangað. Garðbæingar hyggja m.a. á frekari uppbyggingu í Hnoðraholtinu.

Síðast en ekki síst nefni ég yfirlýsingu heilbrrh. í DV 4. september 2002 þar sem segir í fyrirsögn, með leyfi forseta: „Vill langlegudeild á Vífilsstöðum sem opnuð yrði á næsta ári.“

Þess vegna spyr ég hæstv. heilbrrh.:

Hvað líður skipulagningu hjúkrunarrýma fyrir aldraða á Vífilsstaðaspítala, samanber yfirlýsingu ráðherra í sumar?

[15:04]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykn. spyr hvað líði skipulagningu hjúkrunarrýma á Vífilsstaðaspítala og vísar til yfirlýsingar ráðherra í sumar.

Það er rétt hjá hv. þm. að ég hef ítrekað bent á rýmið sem nú stendur ónotað á Vífilsstöðum sem mögulega úrbót á þeim mikla vanda sem nú er við að etja varðandi hjúkrunarrými fyrir aldraða einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu.

Mikil endurskipulagning húsnæðis hefur átt sér stað samhliða sameiningu sérgreina á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Sérgreinar hafa verið fluttar á milli húsa og leitast hefur verið við að skyld starfsemi sé í nábýli. Þessi endurskipulagning hefur leitt til þess að sú starfsemi sem áður var rekin á Vífilsstöðum hefur smám saman færst í aðalbyggingar Landspítala – háskólasjúkrahúss, þ.e. í Fossvoginn og á Hringbrautina.

Ofangreind staða, ásamt þeirri staðreynd að mikill skortur er á hjúkrunarrýmum fyrir aldraða, hratt af stað umræðum um hugsanlega nýtingu Vífilsstaðaspítala fyrir hjúkrun aldraðra. Á aðalhæðum spítalans eru nú rými fyrir 44 sjúklinga auk þess sem vista má 12 einstaklinga á 1. hæð hússins. Óbreytt stenst húsnæðið ekki nútímakröfur um aðbúnað og aðstöðu ef um langtímabúsetu aldraðra yrði að ræða. Að húsnæðinu breyttu, þ.e. ef eingöngu yrði um einbýli með baðaðstöðu að ræða, má gera ráð fyrir að rými verði samtals fyrir 52 einstaklinga í aðalbyggingunni á Vífilsstöðum.

Samkvæmt frummati arkitekts má áætla að kostnaður slíkra breytinga gæti numið 3,5 millj. kr. fyrir hvert vistrými, eða um 180 millj. kr. alls. Til samanburðar má geta þess að kostnaður við að byggja nýtt 52 rúma hjúkrunarheimili væri um 800 millj. kr.

Á hinn bóginn er unnt að nýta húsnæðið á Vífilsstöðum nær óbreytt ef einungis er um skammtímavistun aldraðra að ræða, þ.e. biðdeild meðan varanleg úrræði fyrir hina öldruðu eru fundin. Kostnaður vegna breytinga á húsnæði yrði þá óverulegur.

Sé gert ráð fyrir 52 rýmum á hefðbundnum öldrunardeildum sem starfræktar eru í ár og að kostnaður á rými á sólarhring sé rúmar 12 þús. kr. verður rekstrarkostnaður 52 rúma öldrunardeildar á Vífilsstaðaspítala a.m.k. 230 millj. kr. á ársgrundvelli.

Til viðbótar hefur verið rætt um að nýta einnig hús það sem í daglegu tali hefur verið kallað húsið á hólnum und-

ir biðdeild. Þar rúmast 19 einstaklingar og gætu þar dvalið tímabundið, annaðhvort á meðan beðið er varanlegrar vistunar á hjúkrunarheimili. Þar mætti og vista sjúklinga sem væru að jafna sig eftir útskrift af sjúkrahúsi, þyrftu t.d. sýklalyf, sáraskiptingar, súrefni eða væru að jafna sig eftir skurðaðgerð eða krabbameinsmeðferð. Rekstrarkostnaður 19 rúma biðdeildar er 90 millj. kr. á ári.

Samtals er því unnt að koma við rekstri 71 hjúkrunarrýmis á Vífilsstöðum þar sem árlegur rekstrarkostnaður yrði samtals um 320 millj. kr.

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. skipaði þann 23. september sl. nefnd sem ætlað er að vera farvegur formlegs samráðs ríkisstjórnarinnar og Landssamband eldri borgara um lífeyrismál og þjónustu fyrir aldraða, þar á meðal uppbyggingu hjúkrunarheimila. Ákveðið var að umrædd nefnd skyldi skoða sérstaklega áðurnefndar hugmyndir frá heilbrrn. um nýtingu Vífilsstaða fyrir hjúkrunarrými. Mér er kunnugt um að nefndarmenn hafi skoðað húsnæðið á Vífilsstöðum og muni leggja fram tillögur sínar í málinu innan skamms.

[15:08]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil þakka þessa fyrirspurn. En ég hlýt að spyrja: Er fyrirspyrjanda og hæstv. heilbrrh. alvara með því sem þau eru að segja, að spítali sem byggður var 1910 sé afar heppilegur geymslustaður fyrir aldraða? Eru þeir að meina þetta? Við sjáum hvernig rekstur spítalanna hefur verið í gegnum árin, sem voru í byggingu á árunum 1925–1930, Landakot; Landspítalinn, frá 1934–1960 og Borgarspítalinn frá 1960–1970. Eilíf rekstrarvandamál. Síðan segja menn að vegna sérstaks vanda með vistunarrými fyrir aldraða verði að fara í Vífilsstaðaspítala.

Það er stofnun sem heitir Hrafnista í Hafnarfirði. Hún hefur beðið eftir því síðan 1991 að byggja 90 rýma hjúkrunarálmu sem mundi í dag kosta 1.100 millj. tilbúin og rekstrarkostnaðurinn yrði svipaður og hér er verið að segja að Vífilsstaðaspítali muni kosta, vegna þess hann hentar ekki til þessarar starfsemi.

Hér er bara ein plástursaðgerðin enn í málefnum aldraðra. Ég hlýt að mótmæla því harðlega. Ég tel ekki eðlilegt að tjalda til einnar nætur heldur þarf að fara í að byggja til framtíðar.

[15:09]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Það verður fróðlegt að heyra hver niðurstaða nefndarinnar sem skipuð hefur verið um starfsemi Vífilsstaðaspítala verður. Það er auðvitað ljóst að spítalinn sjálfur, sem byggður var 1910 og hið glæsilegasta hús, hefur ekki þá nýtingarmöguleika sem nútímabyggingar hafa. Húsið hefur hins vegar mjög mikið menningarsögulegt gildi sem eru mikil verðmæti í sjálfu sér. Auðvitað verður að finna á því lausn hvernig hægt er að nýta Vífilsstaðaspítala fyrir fólkið í bænum, fólk á suðvesturhorninu. Mér finnst ýmislegt koma þar til greina, t.d. endurhæfingarstarfsemi eða einhvers konar blönduð starfsemi eins og hæstv. heilbrrh. minntist hér á.

Mestu máli skiptir að starfsemin sem slík hafi eitthvert gildi inni í því húsi sem þarna er, nýtist bæjarbúum og sé uppbyggileg. Og það var ekki síst það sem fram kom á íbúaþinginu okkar um daginn, sem hér var áður minnst á, að fólk í Garðabæ vill nýta Vífilsstaðaspítala. Hann á ekki að standa tómur.

[15:11]

Ásta Möller:

Herra forseti. Hér er til umræðu framtíðarnotkun á Vífilsstaðaspítala og það að nýta hann fyrir aldraða.

Það er náttúrlega ljóst að Vífilsstaðaspítali er barn síns tíma. Hann er gamall og stenst ekki þær kröfur sem við gerum til aðbúnaðar aldraðra í dag. Hann yrði því aldrei annað en tímabundið úrræði fyrir þá einstaklinga sem þangað kæmu inn.

Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að ef hugmyndir er uppi um að nýta Vífilsstaðaspítala á þennan máta verði það einungis sem biðpláss fyrir einstaklinga. En það er heldur ekki góður kostur. Það er ekki gott að flytja fólk frá einum stað til annars meðan verið er að finna varanlegt pláss.

Ég mundi því leggja til að hæstv. ráðherra skoðaði betur hvaða deildir á Landspítala er verið að leggja niður og nýta þau rými fyrir aldraða.

[15:12]

Fyrirspyrjandi (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessar umræður og jafnframt hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör.

Varðandi þau orð sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, stjórnarformaður Hrafnistu, lét falla hér áðan þá tel ég að menn eigi ekki að koma með svona æsing hérna inn þó að menn standi í prófkjöri. (**GHall:** Ert þú að fara í prófkjör?) Ég ætla ekki í prófkjör. En hitt ber á að líta, eins og fram kom í máli hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur, að í rauninni er ólíðandi að þetta glæsilega og menningarsögulega húsnæði standi autt. Sérfræðingar hafa talað um að Vífilsstaðir væru hugsanlega heppilegur staður undir hjúkrunarrými, þar á meðal forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss, þannig að það er ekki úr lausu lofti gripið að koma með þessa tillögu.

Meginmálið er að þetta svæði og þetta hús verði áfram nýtt til starfsemi sem kemur borgurum vel. Hjúkrunarrými fyrir aldraða er ein hugmynd þar á meðal.

[15:13]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur átt sér stað. Ég er hræddur um að hv. 8. þm. Reykv. hafi ekki tekið alveg eftir því því sem ég sagði, miðað við þá ræðu sem hann flytur. Ég sagði, með leyfi forseta: „Óbreytt stenst húsnæðið ekki nútímakröfur um aðbúnað og aðstöðu ef um langtímabúsetu aldraðra yrði að ræða.“

Síðan sagði ég:

„Á hinn bóginn er unnt að nýta húsnæðið á Vífilsstöðum nær óbreytt ef einungis er um skammtímavistun aldraðra að ræða, þ.e. biðdeild meðan varanleg úrræði fyrir hina öldruðu eru fundin.“

Ég geri mér alveg grein fyrir annmörkum Vífilsstaða. Þar þarf breytingar en hins vegar hefur verið kannað hvaða kostnaður fylgir því að gera þar einbýli með baðaðstöðu og öðrum þægindum sem nútímahjúkrunarheimili þarf að hafa. Þær áætlanir hljóða upp á 3,5 milljónir á hvert rými. Síðan getum við hv. þm. rætt hvernig þessar tölur eru reiknaðar út.

Hins vegar lýsi ég því yfir að ég lít til þessa húsnæðis sem lausnar í málefnum aldraðra í þeirri stöðu sem við erum í núna, en það leysir okkur ekkert undan því að byggja hjúkrunarrými yfir aldraða. Þetta eina mál er engin varanleg lausn á þeim málum sem við höfum verið að ræða í dag. Ég tel að það verði auðvitað að halda áfram að reisa nýbyggingar eins og hv. 8. þm. Reykv. hefur staðið fyrir.

Löggæslumál í Rangárvallasýslu.

Fsp. LB, 202. mál. — Þskj. 205.

[15:16]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Eitt af því sem talsvert hefur verið rætt um á fyrstu vikum þingsins eru lögreglu- og löggæslumál. Þau hafa einnig verið rædd á undanförnum þingum. Í umræðunni hefur um skeið komið í ljós að löggæslumál í Rangárvallasýslu eru komin í mjög sérsaka stöðu. Í því sambandi leyfi ég mér að vitna til bréfs sem sýslumaðurinn á Hvolsvelli skrifaði hinn 17. október 2002 til hæstv. dómsmrh., en þar segir að embætti sýslumannsins á Hvolsvelli hafi staðið frammi fyrir fjárhagserfiðleikum í rekstri og að tekin hafi verið ákvörðun í upphafi árs um að spara verulega í yfirstjórn embættisins. Þegar leið á árið var ljóst að þessar aðgerðir mundu ekki duga til að ná endum saman og var þá tekin ákvörðun um að fækka lögreglumönnum um einn, tímabundið frá og með 1. sept.

Það sem fram kemur í bréfinu er kannski ekki aðalatriðið í þessari umræðu, virðulegi forseti. Veruleikinn er hins vegar sá að nú um stundir eru einungis þrír löggæslumenn að störfum í Rangárvallasýslu. Maður horfir til þess að þarna eru u.þ.b. 3.200 íbúar, hátt í 1.100 manns á bak við hvern lögreglumann sem er það hæsta á landinu. Stöðuna ber einnig að skoða í ljósi þess að um nokkuð stóra sýslu er að ræða. Málið verður einnig að skoða í ljósi þess hvert hlutverk lögreglumanna er. Þar má nefna að þeim er ætlað að gæta almannaöryggis, halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna, vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni, að stemma stigu við afbrotum, vinna að uppljóstran brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð opinberra mála. Þeim er þar fyrir utan ætlað að greiða götu borgaranna og veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við störf sín o.s.frv.

Hið sérstæðasta í þessu öllu saman er að mér finnst eiginlega vanta svör við spurningum þeim sem varpað hefur verið fram í þeirri umræðu sem hefur farið fram, þ.e. hvernig hæstv. ráðherra sér fyrir sér að þrír löggæslumenn geti sinnt öllum þeim verkefnum á svæðinu sem fyrir þá eru lögð í lögreglulögum. Mér fyndist, virðulegi forseti, fróðlegt að vita hvaða hugmyndir hæstv. ráðherra hefur í þessum efnum, hvort hún telji þetta yfir höfuð nægilegan mannafla og hvernig hæstv. ráðherra hyggst bregðast við þessu að öðru leyti en því að hugsanlega verði lögreglumönnum á svæðinu fjölgað um einn eftir næstu áramót.

[15:19]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Eins og ég rakti ítarlega í umræðu hér á þinginu fyrir stuttu er staða lögreglunnar á Íslandi sterk. Við ræddum fyrir skömmu ítarlega í utandagskrárumræðu stöðu lögreglunnar í hinu nýja Suðurkjördæmi, þar á meðal stöðu lögreglunnar í Rangárvallasýslu. Það er óþarfi að ítreka það sem þá kom fram, nægir að vísa til þess að mestu leyti.

Hvað stöðu löggæslumála í umdæmi sýslumannsins á Hvolsvelli varðar, en fyrirspyrjandi gerir hann að umtalsefni, þá hefur hún verið til sérstakrar skoðunar í ráðuneytinu að undanförnu. Embættið á Hvolsvelli hefur undanfarin ár staðið frammi fyrir nokkrum erfiðleikum í rekstri og hefur sýslumaður leitað ýmissa leiða til að vinna sig út úr þeim. M.a. var tekin ákvörðun um að spara verulega í yfirstjórn embættisins. Til viðbótar, til að ná endanlega niður halla embættisins, var tekin ákvörðun um að fækka lögreglumönnum um einn tímabundið frá og með 1. september sl. Sýslumaðurinn hefur unnið vel og fagmannlega að þessu máli. Ákvörðunin var kynnt lögreglumönnum við embættið og samþykktu þeir þessa ráðstöfun, enda ljóst að hér er einungis um tímabundna ráðstöfun að ræða til að eyða fjárlagahalla.

Sýslumaður kynnti þetta jafnframt forstöðumönnum sveitarfélaga í umdæminu. Samkvæmt upplýsingum sýslumanns komu ekki fram athugasemdir af þessu tilefni um að öryggi íbúa væri með þessu stefnt í hættu, enda ljóst að aldrei hefði verið gripið til slíkra aðgerða ef svo hefði verið. Þetta kemur skýrt fram í bréfi sýslumanns sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til hér áðan. Jafnframt hefur sýslumaður upplýst ráðuneytið um að engar kvartanir hafi komið frá íbúum umdæmisins í þá veru.

Sýslumaður getur þess einnig að mjög gott samstarf hafi verið við umdæmi sýslumannsins á Selfossi og hefur honum borist þaðan aðstoð þegar þurft hefur. Í bréfi til ráðuneytisins fyrr í þessum mánuði upplýsir sýslumaður að lögreglan hafi sinnt umferðareftirliti og öðrum löggæsluverkefnum með miklum ágætum og afgreiðsla mála sé í góðum farvegi.

Eins og ég hef rakið hér eru aðgerðir sýslumannsins tímabundar en frá og með áramótum fjölgar lögreglumönnum á Hvolsvelli þar sem ríkislögreglustjóri hefur í samráði við dómsmrn. ákveðið að kosta eina stöðu lögreglumanns við lögreglustjóraembættið á Hvolsvelli frá og með næstu áramótum. Með þessu verður unnt að efla enn frekar hið ágæta starf lögreglunnar í Rangárvallasýslu til að mynda umferðareftirlit.

Ég held að það sé rétt að hafa í huga að Kjartan Þorkelsson, sem fyrr á þessu ári tók við embætti sýslumanns á Hvolsvelli, var áður sýslumaður á Blönduósi. Það þarf án efa ekki að rifja upp fyrir þingmönnum hversu vel umferðareftirliti er sinnt í því umdæmi. Með fjölgun lögreglumanna á Hvolsvelli, sem verður staðreynd um næstu áramót, og eflingu lögreglunnar almennt á Suðurlandi, má búast við mun öflugra lögregleftirliti, þar með töldu umferðareftirliti sem Sunnlendingar og án efa hv. þm. munu fagna sérstaklega.

Ég vil að lokum undirstrika að unnið hefur verið að því í dómsmrn. að styrkja löggæsluna á Hvolsvelli eins og ég hef rakið. Áfram verður hugað að því að styrkja hana frekar á næstu árum.

[15:23]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Hv. 6. þm. Suðurl., Lúðvík Bergvinsson, vekur hér athygli á máli sem brennur auðvitað á Rangæingum. Auk þess má segja að löggæslumálin brenni á íbúum um land allt. Þessi mál eru því miður ekki í nógu góðu horfi.

Í Austur-Skaftafellssýslu skilst mér að séu tveir lögreglumenn sem annast löggæslu á 300 km vegalengd. Á Hólmavík var að mér skilst fækkað um einn og hefði þó frekar þurft að fjölga þar. Í Hveragerði sem er vaxandi bær með um 2.000 íbúa, þar sem eru allt að 100 íbúðir í byggingu núna, er enginn lögregluþjónn. Ég skil það þannig að þeir hafi jafnvel verið reiðubúnir til þess að leggja til húsnæði undir það.

Ég veit að hæstv. dómsmrh. þekkir þessi mál og skynjar að þarna þarf úr að bæta. Lögreglustarfið er erfitt. Lögregluna þarf að efla, ekki síst rannsóknarstarf hennar. Það þarf að standa vel að í erfiðum sakamálum. Það þarf að efla löggæsluna.

[15:24]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég heyri það á ræðu hæstv. dómsmrh. að við erum sammála um að styrkja þurfi löggæsluna í Rangárvallasýslu. Ég heyri að það er til sérstakrar skoðunar að styrkja hana frá því sem nú er. Mér skildist einnig á ræðu hæstv. ráðherra að mjög erfitt væri að sinna öllum þeim verkefnum sem á lögreglumenn á Hvolsvelli eru lögð með einungis þriggja manna liði.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég held að þau hafi verið ágætt innlegg í þessa umræðu. Ég tek undir að vissulega vinnur það fólk sem þarna starfar gott starf.

Ég vil þó aðeins biðja hæstv. ráðherra að gæta hófs og mála hlutina ekki bjartari litum en ástæða er til hverju sinni. Ég vil ekki hvetja til sérstakrar svartsýni en sveitarfélög á Suðurlandi hafa ályktað um þetta og eindregið hvatt til að á þessum málaflokki verði gerð bragarbót. Þau vilja að lögreglan verði efld. Það skiptir fólk almennt miklu máli að þessir hlutir séu í lagi. Það skiptir fólk miklu máli að það finni til öryggis. Það skiptir fólk miklu máli þegar það ákveður hvar það vill setjast að að frá þessum málum sé vel gengið.

Ég vil með þessari fyrirspurn hvetja ráðherra til frekari aðgerða og góðra verka. Ég skildi hæstv. ráðherra þannig að þessi mál væru í skoðun og fyrirhugað væri að bæta það ástand sem nú er.

[15:26]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Mér þykir rétt í tilefni af þessari fyrirspurn að fara sérstaklega yfir tíðni alvarlegra hegningarlagabrota í umdæminu sem er sem betur fer með þeirri lægstu sem gerist á landinu öllu.

Sé miðað er við árið 2000, en tölur liggja fyrir um landsmeðaltal þess árs, þá eru auðgunarbrot 376, en á Hvolsvelli 151. Eignarspjöll 150, á Hvolsvelli 31. Líkamsmeiðingar 54, á Hvolsvelli 44. Fíkniefnabrot 28, á Hvolsvelli 9,5. Þessar tölur eru miðaðar við brot á hverja 10.000 íbúa.

Þess má þar að auki geta að langstærstur hluti verkefnanna er umferðarlöggæsla eða vel yfir 80% allra mála. Ég held að lögreglan í Rangárvallasýslu hafi staðið sig mjög vel í sínum störfum.

Hins vegar er rétt að taka það fram að miðað við íbúafjölda í umdæmi sýslumannsins á Hvolsvelli og samanborið við önnur umdæmi þarf að huga að því að fjölga lögreglumönnum þar. Lögreglumenn á Hvolsvelli hafa verið fjórir síðasta áratug og rúmlega það. Á sama tíma hefur íbúum í umdæmi sýslumannsins fækkað lítillega en aðrir þættir vega þar e.t.v. á móti.

Miðað við íbúafjölda eru um 800 íbúar á hvern lögreglumann í umdæminu sem er töluvert fyrir ofan landsmeðaltal. Þetta er dómsmrn. að sjálfsögðu fullkunnugt um og að því hefur verið unnið að fjölga lögreglumönnum á Hvolsvelli eins og ég hef rakið. Fjölgað verður um einn þegar um næstu áramót og staðan verður skoðuð frekar á næsta ári.

Ég taldi rétt, herra forseti, að bæta þessum upplýsingum við fyrri svör mín við fyrirspurninni.

[15:28]

Útbýting þingskjals:

Flugvallarskattar á Keflavíkurflugvelli, 275. mál, fsp. KPál, þskj. 293.

Fundi slitið kl. 15:28.

---

19. FUNDUR

fimmtudaginn 31. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 244. mál, þskj. 248. — 1. umr.
2. Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, stjfrv., 245. mál, þskj. 249. — 1. umr.
3. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 246. mál, þskj. 250. — 1. umr.
4. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 247. mál, þskj. 251. — 1. umr.
5. Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Frh. fyrri umr.
6. Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, þáltill., 18. mál, þskj. 18. — Frh. fyrri umr.
7. Hvalveiðar, frv., 20. mál, þskj. 20. — 1. umr.
8. Uppbygging sjúkrahótela, þáltill., 25. mál, þskj. 25. — Fyrri umr.
9. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 26. mál, þskj. 26. — 1. umr.
10. Uppbygging endurhæfingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, þáltill., 28. mál, þskj. 28. — Fyrri umr.
11. Rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar, þáltill., 254. mál, þskj. 258. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Drífa Hjartardóttir, 1. þm. Suðurl.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.

Tilkynning um dagskrá.

[10:33]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill láta þess getið að að loknu hádegishléi, um kl. 13.30, fer fram umræða utan dagskrár um stöðu heilsugæslunnar. Málshefjandi er hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson. Hæstv. heilbrrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:33]

Útbýting þingskjals:

Aðkeypt ráðgjafarþjónusta ráðuneyta og stofnana, 135. mál, svar fjmrh., þskj. 261.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 244. mál (flutningur aflaheimilda milli ára). — Þskj. 248.

[10:34]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Í lögum nr. 85 15. maí 2002, um breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, voru m.a. ákvæði um sérstakar aflaheimildar sem ráðherra skyldi ráðstafa, annars vegar til tilrauna með áframeldi í þorski og hins vegar til stuðnings byggðarlögum sem lent hefðu í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Samkæmt b-lið 16. gr. laga nr. 85/2002 hefur ráðherra til ráðstöfunar 500 lestir af þorski til tilrauna með áframeldi í þorski. Heimild þessi tók gildi á fiskveiðiárinu 2001/2002 og gildir næstu fimm fiskveiðiár. Aflaheimildum þessum var því fyrst úthlutað á síðasta ári en vegna þess hve liðið var á fiskveiðiárið þegar lögin voru samþykkt og undirbúningi reglna um úthlutunina þar af leiðandi lokið nýttust þessar heimildir ekki nema að hluta og er hér lagt til að ónýttrar aflaheimildir fiskveiðiársins 2001/2002 flytjist til yfirstandandi fiskveiðiárs.

Með 4. gr. laga nr. 85/1990 var 9. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, breytt þannig að ráðherra var veitt heimild til að ráðstafa árlega allt að 1.500 lestum af botnfiski til stuðnings byggðarlögum sem lent hefðu í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Hafa skyldi í því sambandi samráð við Byggðastofnun. Í 3. mgr. 17. gr. laga nr. 85/2002 segir að á fiskveiðiárinu 2001/2002 skyldi úthlutun þessi þó takmarkast við 500 lestir. Þar sem það hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir að setja reglur um þessa sérstöku úthlutun kom hún ekki til framkvæmda á fiskveiðiárinu 2001/2002. Er því lagt til að þessi heimild flytjist til yfirstandandi fiskveiðiárs og verði því úthlutað 2.000 lestum í framangreindum tilgangi í ár.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til hv. sjútvn.

[10:36]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Út af fyrir sig er kannski ekki sérstök ástæða til að deila á að hér skuli lagt til að aflaheimildir sem ætlað var að úthluta á síðasta fiskveiðiári megi nýta næsta ár á eftir. En ég tel ástæðu til að óska eftir því að hæstv. ráðherra geri okkur einhverja grein fyrir því hvernig gengið hefur að úthluta þessum veiðiheimildum eftir þeim reglum sem upp voru fundnar til þess á síðasta veiðiári og hvort hugmyndin er að nota sams konar viðmiðanir og reglur við þær úthlutanir sem fram undan eru. Ég spyr vegna þess að mikið hefur verið deilt á þessa úthlutun, bæði á að miðað skuli við heimahöfn báta en ekki útgerðarstaði og hitt og annað hefur komið upp við þessar úthlutanir. Úthlutunin hefur auðvitað stuðst við einhverjar athuganir en verður alltaf umdeild vegna þess að þetta eru sértækar aðferðir sem koma mjög ójafnt niður og eru mjög ósanngjarnar gagnvart ýmsum sem hlut eiga að máli.

Þetta frv. er enn ein afleiðingin af því fyrirbrigði sem við sitjum uppi með í sjávarútveginum, gjafakvótanum, þar sem sumir fá endalaust úthlutun frá ríkinu fyrir ekki neitt og geta selt þessi réttindi út og suður þannig að fólkið og byggðalögin sitja eftir án veiðiréttinda. Þá koma góðu mennirnir með gjafakvótann til að reyna að rétta af og hjálpa. Það eru þingmennirnir sem ráða því hverjir fá og hverjir fá ekki. Þetta er hlutverkið sem hæstv. ríkisstjórn og þeir þingmenn sem styðja hana hafa tekið að sér, að velja og hafna fólki í þessari atvinnugrein með einhvers konar hundakúnstum sem kallaðar eru reglur en mismuna fólki mjög mikið. Hvernig á annað að vera þegar menn segja annars vegar að það eigi að úthluta veiðiréttindunum vegna þess að byggðarlög lendi í vandræðum en jafnframt eigi að úthluta þeim til einstakra útgerðarmanna? Með því er gert upp á milli sambærilegra útgerðarmana, manna í sömu stöðu, bara á grundvelli þess hvort þeir eru með skráð skip í byggðarlagi sem hefur lent í vanda eða ekki. Í umræðunni á eftir verða vafalítið nefnd fjölmörg dæmi um hvernig þessir hlutir hafa gengið fyrir sig.

Þetta er auðvitað gersamlega óhæft fyrirkomulag. Nú er svo komið að farið er að úthluta með þessum hætti á áttunda þúsund tonna á ári, með sértækri úthlutunum samkvæmt tillögum ýmist Byggðastofnunar eða sjútvrn. Á hvaða leið eru menn? Á sama tíma halda menn áfram að sameina útgerðir og selja veiðiréttinn út og suður. Hvað þýðir það? Það þýðir að það þarf enn meira í þennan pott og þingmennirnir fá enn þá meiri veiðirétt til að úthluta til þeirra sem eiga að hljóta gæðin.

Svona er komið fyrir aðalatvinnuvegi þjóðarinnar og menn halda bara galvaskir á þeirri braut. Það eru engar hugmyndir uppi um það frá hendi stjórnvalda að breyta þessu með neinum hætti, að taka upp fyrirkomulag sem hægt væri að segja að styddist við jafnræði til að nýta þessa auðlind. Þetta er gersamlega óhæft og hæstv. ráðherra er ekki öfundsverður af hlutverki sínu. En hann hefur kosið sér það sjálfur. Það er óþarfi að vorkenna honum vegna þess.

Ég sé því miður ekki annað fram undan en að ástandið muni halda áfram að versna, að fleiri byggðarlög bætist í hóp þeirra sem talin eru í vanda á hverju ári og taka þurfi meiri og meiri veiðirétt til hliðar svo að sjútvrh. geti séð til að fólkið geti áfram átt heima í þessum byggðarlögum. Þetta er vandinn í hnotskurn. Kannski má segja að vandinn í hnotskurn sé miklu fremur sá að það er ekki vilji til að breyta þessu. Þá sem við stjórnvölinn eru skortir vilja til að taka á þessu máli og koma á jafnræði og réttlæti í sjávarútveginum. Það mun sjálfsagt ekki verða nema kjósendur láti þann vilja sinn í ljós með einhverjum hætti, öflugar en þeir hafa gert hingað til. Það hefur að vísu komið fram í skoðanakönnunum hvað eftir annað í gegnum tíðina, alveg sama hvaða áróður hefur verið rekinn fyrir þessu kerfi, að almenningur vill þetta ekki. En þeir sem stýra málum hafa haldið áfram þrátt fyrir það. Það er verið að stilla fólkinu í landinu upp við vegg varðandi það að ef það vill mótmæla þessu kerfi þá verði það að fara gegn flokknum sínum. Stjórnarflokkarnir hafa brotið gegn grundvallarreglu flokkalýðræðisins, þ.e. að í stórum málum má ekki ganga yfir það sem fólkið vill. Með því er grafið undan flokkalýðræðinu. Það er umhugsunarefni hvað gerist, í eins stóru máli og þessu, þegar farið er gegn vilja þjóðarinnar af óbilgirni eins og gert hefur verið.

Ég ætla ekki að hafa lengri tölu um þetta. Ég tel að það sé út af fyrir sig skiljanlegt að hæstv. sjútvrh. vilji koma þessu til skila. Það verður aðeins meira í vösum þeirra sem koma í byggðarlögin til þess að úthluta viðbótarveiðiréttindum fyrir kosningarnar í vor.

[10:44]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Enn á ný kemur hæstv. sjútvrh. með frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Lögin um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, eru í 28 greinum. Frá því að þau voru samþykkt hafa komið fram 18 breytingar á þeim. Hver einasta grein laganna hefur fengið einhverja breytingu. Það hefur þurft að breyta hverri einustu grein fiskveiðistjórnarlaganna nema einni, 1. gr. Það er greinin sem fjallar um það að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar og að markmið laganna sé að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Þannig er inngangurinn og upphaf laganna um stjórn fiskveiða.

Það eru mjög göfug og góð markmið sem fram koma í 1. gr. enda hafa stjórnarherrarnir ekki þorað að gera breytingu á henni þó að margar greinar laganna séu beinlínis andsnúnar markmiði hennar. Það er mótsögnin mikla. Nú staðfestist það sem ég er að segja enn einu sinni. Ég og margir aðrir þingmenn og margir þegnar íslenska samfélagsins hafa bent á að enn þurfi að bæta og enn að laga. Það tókst ekki að úthluta 500 tonnum af fiski frá því í maí fram til dagsins í dag. Reglugerðin var ekki klár og nú bíða menn eftir þessum uppbótarkvóta. Þá vakna náttúrlega spurningarnar um hver eigi að fá þennan kvóta. Hverjir bíða eftir kvóta? Það væri fróðlegt að vita hversu margar símhringingar hæstv. sjútvrh. hefur fengið frá fólki víða að af landinu sem beðið hefur um kvóta, beðið hann að skilja þetta og hitt vegna þess að allt sé í volli.

Hver er grundvallarástæða þessa ástands? Jú, þessi kvóti verður til vegna þess að mönnum kemur saman um að byggðarlög hafi orðið fyrir samdrætti í sjávarútvegi. Hvernig stendur á því að byggðarlög verða fyrir samdrætti í sjávarútvegi? Er það vegna náttúruhamfara, eldgosa í hafinu eða eitthvers svoleiðis? Nei, það eru einfaldlega lögin um stjórn fiskveiða sem hafa valdið þessu. Við sjáum að enn eru til samfélög sem titra eilítið vegna þess að töluverðar breytingar hafa orðið í eignarhaldi á myndarlegum og góðum útgerðum þeirra. Menn spyrja sig: Munu aflaheimildirnar sem byggðin mín hefur hverfa á braut allt annað til að þjóna hagsmunum þeirra sem eiga meiri hlutann í útgerðunum? Þetta blasir við. Þetta ástand er m.a. vegna þeirra ákvæða að í lagi sé að framselja kvótann, leigja, selja og guð má vita hvað.

Hv. Alþingi samþykkti lög 15. maí 1990. Nú stendur til að gera breytingu á lögum sem við samþykktum fyrir örfáum mánuðum vegna þess að reglugerðin var ekki til, a.m.k. tókst ekki að úthluta þessum fiski. Það vona margir á þennan fisk. Þeir hugsa um kosningarnar eins og börnin hugsa fyrir jólin. Þau syngja: Bráðum koma blessuð jólin. En margir hugsa með sér: Bráðum koma blessaðar kosningarnar. Þá geta menn komið með útrétta lófa, fengið fisk í lófa, fengið í hendur vonarpening. Kerfið býður upp á þetta, hæstv. forseti, þegar þessar eilífu úthlutanir fara sífellt vaxandi.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi það réttilega áðan að byggðakvóti og úthlutunarkvótar færu sífellt stækkandi vegna þess að vandamálið sem fiskveiðistjórnin í þessu landi veldur verður alltaf meira og meira og kallar á að það þurfi stöðugt að auka þessa úthlutunarkvóta. Við sáum það í vor, herra forseti, þegar verið var að úthluta ýsunni og steinbítnum. Ráðherra fékk ýsukvóta og steinbítskvóta til að úthluta vegna þess að frelsi smábátamanna til að veiða ýsu og steinbít var afnumið. Það var hið mesta óráð. En þá var gripið til þess ráðs, svona til að bjarga einhverju, að veita úthlutanir. Hvaða afleiðingar hafði það? Hverjir fengu ýsu- og steinbítskvótann? Margir smábátamenn áttu von á að fá úthlutað úr mildri hendinni en þeir urðu margir fyrir vonbrigðum vegna þess að reglurnar sem settar voru hentuðu sumum en öðrum ekki.

Smábátamenn t.d. á Þingeyri sem voru í nákvæmlega sömu stöðu og smábátamenn á Flateyri, sem róa á nákvæmlega sömu mið og glíma við sömu hluti, okurvexti og margt annað sem viðgengst í samfélaginu, verðbætur og ég veit ekki hvað þetta heitir allt í bankakerfinu, verða að horfa upp á að nágrannarnir fá úthlutað fyrir milljónir en fá ekki neitt sjálfir og eru í basli og vonbrigðum. Þetta ýtir undir þá tilhneigingu, herra forseti, að menn geri það sem þeir mögulega geta í að landa fram hjá og svindla til þess eins að útgerðir þeirra fari ekki á hausinn. Þetta gæti leitt til þess. Ég hef reyndar því miður heyrt af því þó að ég hafi engar sannanir um það.

Já, það er alvarlegt íhugunarefni hvernig komið er með stjórn fiskveiða á Íslandi. Ég legg til að hæstv. sjútvrh. fari að hlusta á þær raddir í hans eigin flokki og öllum öðrum flokkum sem eru víða í samfélaginu að lögin verði hreinlega tekin til almennilegrar endurskoðunar, með 1. gr. gildandi laga að leiðarljósi, þar sem talað er um að íslenska þjóðin eigi nytjastofnana og að markmið laganna sé að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu miðanna. Við verðum að huga betur að þessu svo að við þurfum ekki á hverju einasta ári, tvisvar eða þrisvar á ári, að gera breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Þarna brast. Þá þarf að fara að laga það. Þarna kom gat og þá þarf að bæta það. Svo þegar búið er að bæta það kemur annað gat og þá þarf að bæta það. Svona hefur þetta verið enda er búið að breyta hverri einustu grein í þessum lögum fram og aftur. Allar hafa þessar breytingar orðið vegna þess að markmið laganna hefur ekki náðst.

Herra forseti. Það er skiljanlegt að málum skuli svona háttað. Ég vona að hjá smábátum, byggðum og útgerðum sem standa höllum fæti og geta sig hvergi hreyft, muni þetta lagast og koma betri tímar. Það er skiljanlegt að ráðherrann skuli leggja þetta fram en engu að síður blasir þetta fiskveiðistjórnarkerfi svona við fjöldanum. Á síðustu árum, frá því að þessi lög tóku gildi, hefur fólki fækkað mjög mikið á þeim stöðum sem byggja afkomu sína á fiskveiðum. Aflaheimildirnar hafa verið fluttar burt. Einn góðan veðurdag gætu þær þó komið aftur. En hvaða öryggi er þetta? Við hvaða öryggi býr fólk sem á heima í byggð sem á allt sitt undir sjávarútvegi? Einn daginn eru aflaheimildirnar seldar eða teknar af einhverjum ástæðum þó að þeir sem eiga aflaheimildirnar reyni að sporna við því. Þeir ráða ekki við kraftinn. Þannig er farið með aflaheimildirnar. Það er mikið óöryggi samfara því fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við.

Ég legg til að hæstv. sjútvrh. lesi mjög vandlega það frv. sem Samfylkingin hefur lagt fram á þinginu um stjórn fiskveiða og tileinki sér anda þess. Sú stefna, þau sjónarmið og viðhorf sem þar koma fram eru í fullu samræmi við 1. gr. núgildandi laga um stjórn fiskveiða.

Hins vegar vilja margir breyta þeirri grein. Mér er kunnugt um að þeim finnst fráleitt að tala um að fiskimiðin séu

sameign íslensku þjóðarinnar. Sumir eru á þeirri skoðun sem segja bara: Útgerðirnar eiga kvótann og enginn annar. Þau sjónarmið eru til. Eins eru líka margir sem ekki segja það en hugsa það í hjarta sínu. Það er náttúrlega mjög alvarlegt ef þeim fer fjölgandi sem hugsa þannig.

Á síðasta vori, herra forseti, þegar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða voru samþykktar kom inn regla um hámarksaflahlutdeild, um hve mikið útgerðir mættu eiga í fiskstofnunum við Ísland. Í tillögunum komu m.a. fram hugmyndir um að ein útgerð gæti átt allt að því 40% af ýsustofninum eða 50%, ég man ekki hvort. Sama gilti um aðrar tegundir. En sem betur fer var þetta lagað. Mig langar að heyra hvort hæstv. ráðherra vildi vera svo vænn að leggja orð inn í umræðuna um það athugunarefni að æ meiri samþjöppun er að verða í sjávarútveginum. Er ekki farið að jaðra við að vissar útgerðir séu komnar með það mikla hlutdeild í ákveðnum fiskstofnum að það sé hreinlega lögbrot? Þarf ekki að fara að vinda ofan af því, nema menn hafi áhuga á og telji hagkvæmast að ein útgerð hafi allan aðganginn að fiskimiðunum út frá hagkvæmni stærðarinnar? En það er ekki víst að það sé hagkvæmni þjóðarinnar, samfélagsins eða byggðanna.

Við sjáum þessa tilhneigingu einnig í fiskeldinu, herra forseti. Þar eru stóru fyrirtækin stöðugt að hasla sér völl. Auðvitað er það skiljanlegt. Menn reyna náttúrlega að berjast fyrir sínu eftir þeim lögum og reglum sem gilda hverju sinni. Það er skiljanlegt að útgerðarmenn og þeir sem standa að útgerð skuli vinna eins og þeir vinna því að lögin bjóða upp á þetta. Sem betur fer er samt dugur og djörfung í útgerðarmönnum. Ég óttast því ekkert að þó að breytingar yrðu gerðar á fiskveiðistjórnarkerfinu fari allt í pat og vitleysu. Þeir útgerðarmenn sem fengist hafa við sjóinn og glímt við hann geta alveg tekist á við slíkar breytingar.

Herra forseti. Ég hef ásamt öðrum hv. þm. lagt fram þáltill. um að rannsóknir á þorskeldi verði auknar. Ég vona að það verði gert og tekið tillit til þess enda er vaxandi áhugi fyrir því. Mér finnst ágætt að hæstv. ráðherra skuli sýna áframeldi á þorski áhuga. Ég tel reyndar að það ætti að setja meiri peninga í rannsóknir til uppbyggingar greina í sjávarútvegi, eins og teikn eru þó á lofti um þar sem ágæt nefnd hefur skilað áliti um að hægt sé að auka verðmæti sjávarfangs til muna. Það vita náttúrlega flestir sem koma eitthvað að sjávarútvegi.

Að lokum bendi ég á, herra forseti, að það er búið að breyta hverri einustu grein í þessum lögum á einhvern hátt frá því að þau tóku gildi, nema 1. gr. Hún er í raun síðasta vörnin og skjólið. Það vill svo vel til að ég veit að jafnaðarmenn börðust vel fyrir þessu ákvæði, að þetta ákvæði stæði í greininni. Það var mjög gott að það ákvæði fór inn í greinina og skilningurinn á bak við það ákvæði lifir enn í hjörtum manna hér á landi, að miðin og hafið og auðlindir þess séu sameign íslensku þjóðarinnar og nýta eigi þær til farsældar og góðs fyrir byggðirnar. Auðlindin er ekki til þess að menn fari með hana út í brask og peningaleiki með hlutabréf og annað og skynji varla um hvað útgerðin snýst. Frekar skynja þeir peningamarkaðinn og varla þó.

[11:03]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Frv. sem við ræðum hér er í sjálfu sér ekki mjög stórt í sniðum. Efni þess gengur í raun út á að nýta aflaheimildir á þessu fiskveiðiári, annars vegar til þorskeldis og hins vegar í sérstakan pott upp á 500 lestir til að auka aflaheimildir þessa árs, sem hefði átt að nýta á síðasta fiskveiðiári. Það er kannski ekki mikið við það að athuga þó að menn reyni að færa þessar heimildir á milli ára og reyni að nýta þær.

Hins vegar er fjöldamargt við það að athuga sem gerst hefur í veiðum og vinnslu hér á landi á síðasta fiskveiðiári. Hér er mælt fyrir aðgerðum til stuðnings byggðarlögum sem lenda í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi en hins vegar verður að segjast að sá vandi er algerlega heimasmíðaður í sjútvrn. Það er ekki hægt að finna aðrar ástæður fyrir honum. Á sama tíma og við erum að ræða um vandann í sjávarútveginum víða um land hafa aflaheimildir verið að aukast talsvert. Aflaheimildir í ýsunni, sem hæstv. sjútvrh. taldi svo afar nauðsynlegt að kvótasetja inn á krókabátana, hafa aukist um 82% frá því að tekið var til við að keyra þessi mál í gegn, þ.e. úr 30 þús. tonnum í heildarafla upp í 55 þús. tonn á þessu fiskveiðiári. Sjútvrh. jók á fiskveiðiárinu 2001/2002 við kvótann um 11 þús. tonn um leið og þessi kvótasetning á krókabátana átti sér stað, þ.e. úr 30 þús. tonnum í 41 þús. tonn. Hafrannsóknastofnun kom svo og bætti um betur og lagði til 55 þús. tonn.

Örfáum missirum áður höfðu þeir sjómenn sem stunduðu veiðar hér við land haldið því fram að mikil vöxtur væri í stofninum og alger óþarfi að fara þessa kvótasetningarleið. Rök þeirra voru talin léttvæg og lítt mark á þeim takandi. Staðreyndin var hins vegar sú að fiskimennirnir höfðu rétt fyrir sér og Hafrannsóknastofnun lagði til 82% aukningu á heildarafla ársins. Þetta segir okkur auðvitað að því miður að hefur Hafrannsóknastofnunin ekki getað séð fyrir breytingar í aflabrögðum, hvorki þegar um er að ræða uppsveiflu né niðursveiflu. Til að nefna dæmi um niðursveifluna má minna á tillögur Hafrannsóknastofnunar þegar hún skar niður þorskinn tvö fiskveiðiár í röð og týndi 600 þús. tonnum út úr stofninum miðað við þá framsetningu sem áður hafði verið.

Önnur fisktegund hefur blandast verulega inn í afkomu þess kjördæmis sem ég kem frá, Vestfjarða. Það er steinbíturinn. Það þótti nauðsynlegt að kvótasetja hann þrátt fyrir að heildarafli á steinbít væri aukinn úr 13 þús. tonnum upp í 16 þús. tonn. Þetta gekk eftir þrátt fyrir að við höfum upplifað það síðustu tvö fiskveiðiár að stórútgerðin, þ.e. aflamarksútgerðin, hafi ekki fullnýtt heimildir í steinbít til veiða heldur notað til tegundabreytinga. Á síðasta fiskveiðiári notaði aflamarksflotinn 726 tonn af steinbít í tegundabreytingar. Til að framleiða hvað? Jú, m.a. grálúðu og karfa. Á fiskveiðiárinu þar á undan, 2000/2001, voru sett í tegundartilfærslu 1.900 tonn af steinbít. Á sama tíma og stórútgerðin krafðist kvótasetningar yfir smábátana í þessari sérstöku fisktegund, steinbítnum, sem hefur vissulega komið verst við Vestfirðinga, nýtti útgerðin ekki heimildir sínar heldur eingöngu þær reglur sem í lögunum eru til að framleiða eina fisktegund úr annarri, breyta grunnslóðartegundinni steinbít í grálúðu. Þannig er sú saga.

Rökin fyrir þessari kvótasetningu, bæði í ýsunni og steinbítnum, voru því ónýt. Þess vegna segi ég, þegar talað er um vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi í frv., að sá vandi er af manna völdum. Það er hæstv. sjútvrh. sem hefur búið hann til með einbeittum vilja sínum til að skera niður atvinnu á landsbyggðinni og einbeittum vilja til að minnka áhrif uppbyggingarinnar á svæði eins og Vestfjörðum sem hafði áður lent í að missa mikinn hluta aflaheimilda sinna í hinu stóra

aflamarkskerfi. Í skýrslu sem Byggðastofnun birti í október árið 2001, er þetta dregið fram. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fyrir áratug var unnið úr rúmlega 60.000 tonnum í vestfirskum sjávarbyggðum en á síðasta ári var þessi tala komin niður í tæp 32.000 tonn."

Ofan í þennan samdrátt taldi ráðherrann eitt af sínum brýnustu verkum að kvótasetja steinbít og ýsu. Þess vegna er ekki hægt að segja annað en að verkin hafi valdið vanda í sjávarútvegi. Sá vandi er búinn til í sjútvrn. Ég hef reyndar ekki getað áttað mig á því hvað ráðherranum gengur til með því að fara þessa leið og hvað undirsátum hans í sjútvn. hefur gengið til með að fara þessa leið. Hvað gekk formanni sjútvn., 1. þm. Vestf., til með að láta teyma sig inn á þessa ógæfubraut? (**JB:** Það var langt í prófkjör.) Já, sennilega var of langt í prófkjör. Hann hefur haldið að menn yrðu búnir að gleyma þegar kæmi að prófkjöri og þyrfti á ný að fara að velja þá forustu sem hugsa ætti um hagsmuni Vestfirðinga. Það er sennilega ástæðan. Menn hafa treyst á að menn yrðu búnir að gleyma.

Reyndar er ég ekki viss um að það hafi verið meginástæðan, herra forseti. Ég hygg að meginástæðan hafi verið sú að þingmennirnir, eins og það var orðað hér áðan, þ.e. góðu þingmennirnir sem komu með kvótann, mundu njóta þess þegar ráðherrann fæli þeim að útdeila bitunum. Ætli það hafi ekki verið hugsunin á bak við að ákveða að fara þessa leið? Þessu var komið til leiðar með því að búa til alla þá potta í löggjöfinni sem raun ber vitni.

Það er kannski rétt að rifja aðeins upp hvernig smíði þeirra potta fór fram. Eins og þingmenn muna kannski var settur í 4. gr. laganna, sem breytt var á Alþingi í desember 2001, pottur upp á þúsund lestir af ýsu, þúsund lestir af steinbít og 300 af ufsa sem skyldi úthluta til krókaaflamarksbáta sem gerðir væru út frá sjávarbyggðum sem að verulegu leyti væru háðar veiðum krókaaflamarksbáta. Þetta var einn potturinn, herra forseti.

Í 7. gr. kom næsti pottur. Hann var þannig að á fiskveiðiárinu 2001/2002 skyldi úthluta bátum með krókaaflamarksleyfi, sem slík leyfi fengu 1. september 2001, 1.800 lestum af ýsu, 1.500 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa, sem skyldi skipt milli þeirra á grundvelli veiðireynslu.

Þriðji potturinn var upp á 200 lestir af ýsu og 600 lestir af steinbít, að á fiskveiðiárinu 2001/2002 skyldi enn fremur úthluta bátum með krókaaflamarksleyfi, sem slík leyfi fengu 1. september 2001 úr þessum pottum. Þarna erum við með þrjá potta.

Fjórði potturinn er sá sem við erum að tala um núna, 500 tonn sem átti að úthluta í fyrra og færa skal yfir á þetta ár. Ég hlýt að spyrja ráðherrann og óska eftir því að hann gefi okkur skýringu á því hvernig þær reglur voru samdar sem notaðar voru til úthlutunar þegar upp var staðið. Hvernig má það vera að staður eins og Þingeyri, þar sem nokkrir krókaaflamarksmenn eru, fái enga úthlutun en staður eins og Flateyri fái ágætisúthlutun, svo dæmi sé tekið? Ég er ekki að gera lítið úr þörf Flateyringa sem þurftu á auknum aflaheimildum að halda.

Staðreyndin er sú að það sem hefur gerst á síðasta fiskveiðiári eftir kvótasetninguna er nánast nákvæmlega hið sama og sett var fram í skýrslunni Áhrif kvótasetningar aukategunda hjá krókabátum á byggð á Vestfjörðum. Þessi skýrsla, sem unnin var af Byggðastofnun, var rifin niður og sagt að hún spáði svartnætti sem ætti ekki við nein rök að styðjast. En hverjar eru staðreyndir málsins, herra forseti? Á fiskveiðiárinu 2000/2001 veiddu krókabátarnir 10.300 lestir af ýsu. Á síðasta fiskveiðiári, eftir kvótasetninguna, veiða þeir nánast það sem hér var sagt að þeir mundu veiða. Þeir veiða 5.800 tonn af ýsu. Samdrátturinn er 4.500 tonn á milli fiskveiðiára. Af steinbítnum veiddu menn, meðan þeir höfðu frjálsræði í krókakerfinu, 9.800 tonn. Á síðasta fiskveiðiári, eftir kvótasetningu ráðherrans, bræðra hans og systra í stjórnarflokkunum, veiddu þeir 5.600 tonn. Samdráttur upp á 4.200 tonn, herra forseti.

Þetta er náttúrlega heimatilbúinn vandi, hæstv. ráðherra. Það er skondið að þurfa að setja það inn í lög að við vanda sé að stríða í sjávarútvegi þegar menn framleiða vandamálin sjálfir.

Herra forseti. Það sem sett var fram í skýrslu Byggðastofnunar haustið 2001 varðandi áhrif kvótasetningar á aukategundir krókabáta á byggð á Vestfjörðum er nánast allt komið fram. Ég held að þeir ættu að draga til baka yfirlýsingar sínar sem sögðu að þessi skýrsla hefði verið illa unnin og illa að henni staðið.

Herra forseti. Ég vil fara þess á leit við hæstv. ráðherra að hann geri okkur grein fyrir þeim reglum sem unnið hefur verið eftir í þeim pottum sem þegar hefur verið úthlutað úr. Hvernig hyggur ráðherrann að þær blandist inn í þá úthlutun sem nú stendur fyrir dyrum, þegar búið er að bæta þessum 500 tonnum við og 2.000 tonn í pottinum? Hvernig munu þær hafa áhrif á þá úthlutun? Hvernig verður litið til þess í mati á hverjir eigi að fá úthlutun úr þessum pottum upp á 2.000 tonn?

Ég verð að segja, herra forseti, að þótt hagur margra vænkist við að fá úthlutað úr þessum pottum þá er þetta alröng aðferð. Það verður að segjast að það var ógæfuverk að færa þessa kvótasetningarleið á krókabátana. Hún var með öllu óþörf, eins og ég tel mig hafa sýnt fram á, og er algjörlega heimasmíðaður vandi hæstv. sjútvrh. sem á að hugsa um hagsmuni sjávarútvegsins og hagsmuni byggðanna líka. Það er beinlínis verið að búa til mikinn vanda í ákveðnum byggðarlögum með þessari leið. Það er ekki stuðlað að verðmætaaukningu í sjávrútvegi með því að keyra niður veiðar daga- og krókabátanna. Að öllu samanlögðu hlýtur að valda nokkrum áhyggjum hvernig fara skuli í öll þessi mál.

Í niðurlagi athugasemda með frv. segir, með leyfi forseta:

„Þar sem það hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir að setja reglur um þessa sérstöku úthlutun kom hún ekki til framkvæmda á fiskveiðiárinu 2001/2002."

Mig langar til að spyrja hæstv. sjútvrh. hvað í úthlutun pottanna sem áður hafði verið úthlutað úr hafi valdið því að menn komu ekki þessum potti út á síðasta fiskveiðiári. Ég bið hann að gefa þingmönnum skýringu á því. Ég hef áður borið fram spurningu um hvernig reglurnar um úthlutun hinna sérstöku potta muni blandast inn í þann 2.000 tonna pott sem núna verður úthlutað úr samkvæmt þessu frv.

Herra forseti. Landssamband smábátaeigenda spáði því að við kvótasetningu á ýsu, ufsa og steinbít gætu umsvif krókabátaútgerðar á Vestfjörðum minnkað svo að heilsársstörfum við smábátaútgerð á svæðinu fækkaði um 160–200. Um er að ræða störf við beitningu og sjómennsku. Í einhverjum tilfellum munu smábátasjómenn sjálfir taka til við beitningu og í einhverjum tilfellum skipta úr línuveiði yfir á handfæri. Þetta hygg ég að hafi allt saman gerst, því miður.

Þó að ég hafi ekki tölur um hversu mikill samdrátturinn er þá veit að þessi breyting hefur átt sér stað. Menn hafa dregið úr veiðum og sumir hætt og ákveðið að selja. Afleiðingarnar

verða nákvæmlega þær sömu í smábátakerfinu og í stóra kerfinu. Þegar búið er að úthluta kvótum er það útgerðarmaðurinn sem hefur kvótann á sinni hendi. Réttur fólksins er horfinn. Hagsmunir útgerðarinnar og hagsmunir fólksins í byggðunum fara saman þegar sjósóknin skiptir mestu, þegar menn þurfa að sækja sjó til að afla tekna og eiga alla afkomu sína undir sjósókn og öflugu einstaklingsframtaki.

Þegar menn eru hins vegar komnir í haft kvótans þá breytast viðhorfin. Menn standa frammi fyrir vanda í sjávarútvegi sem stjórnvöld hafa búið til og sitja uppi með það. Þá eiga menn oftast bara tvo kosti, að draga saman miðað við aflaheimildir eða að selja frá sér aflaheimildirnar og hætta útgerð. Um leið og það gerist þá minnka auðvitað atvinnuréttindi fólksins. Þess vegna er útfærsla okkar á kvótakerfinu, með framseljanlega kvóta og leigu, fjandsamleg byggðunum. Hún er fjandsamleg fólkinu, enda fara hagsmunir útgerðarmanna og byggðanna ekki saman þegar kemur að því að selja þennan rétt.

Undir kvótanum er staðan allt önnur en var áður þegar útgerðarmenn þurftu að gera út báta sína til að fá tekjur. Í þeim umsvifum fólst atvinna fólksins auk þess sem sjávarútvegur kallar á mörg störf í þjónustu og margfeldisáhrif sjávarútvegsstarfanna eru mikil. Í áðurnefndri skýrslu Byggðastofnunar var gert ráð fyrir því að á bak við hvert starf í sjósókn á Vestfjörðum væru 4,4 manneskjur sem hefðu af því afkomu. Hann var ekki lítill sá mannlegi vandi sem sjútvrh. olli með þessum aðgerðum. Ég verð sífellt meira undrandi, eftir því sem rökin gegn þessari ákvörðun hlaðast upp, á því hvernig í ósköpunum það gat gerst að vestfirskir stjórnarliðar tóku undir það að gangast undir þessa meinlegu tillögu ráðherrans.

[11:23]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 38 frá 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Ég vil taka undir með hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni um að hér er kannski ekki um neitt stórmál að ræða, 500 tonn. Þar sem við munum fjalla um þetta í nefnd þá ætla ég ekki að fara efnislega út í umfangið. Ég tel að þessi tilfærsla á 500 tonnum sé ekkert stórmál í sjálfu sér.

Fiskveiðistjórnarkerfið er hins vegar stórmál, eins og aðrir þingmenn hafa komið inn á hér. Auðvitað er þessi 500 tonna tilfærsla á grunni þess kerfis sem við búum við varðandi stjórn fiskveiða. Það kerfi veldur okkur, ekki síst um hinar dreifðu byggðir, gríðarlegum vandræðum. Ég hef áður lýst því í þinginu að ég er algjörlega andvígur pottastefnunni. Eins og kunnugt er hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð sett fram sjávarútvegsstefnu sem byggir á að fara leið fyrningar og binda kvóta við byggðarlögin í landinu, þ.e. sjávarbyggðirnar.

Þegar maður fær svona frv. til umfjöllunar verður náttúrlega að skoða það í ljósi þess að hér er verið að plástra og lagfæra kerfi sem núverandi stjórnvöld keyra eftir. Við erum andvíg því. En pottastefnan er náttúrlega til komin vegna þess að stjórnvöld í dag stefna að samþjöppun veiðiheimilda með stjórn sinni í fiskveiðimálum. Það hefur leitt af sér og mun leiða af sér gríðarleg vandræði í hinum dreifðu byggðum víðast hvar um landið.

Til að milda þessi áhrif hafa stjórnvöld farið þá leið að styðjast við þetta pottakerfi eins og ágætlega kom fram hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni í ræðu hans áðan. Við teljum að sú leið sé óheppileg vegna þess að þetta pottadæmi er aðeins millistig, leið sem núverandi stjórnvöld fara til að milda áhrifin meðan hinum dreifðu sjávarbyggðum er að blæða út. Þannig snýr þetta mál við mér og er engin lausn þegar til lengri tíma er litið.

Eins og fram hefur komið hjá hv. þm. er þessi tímasetning á 500 tonna auknum kvóta náttúrlega mjög heppileg fyrir stjórnarliðið í ljósi þess að ekki er langt í kosningar. Borist hafa spurnir af því að menn séu óbeint farnir að deila þessum kvóta út til þeirra sem þeim þykja henta. Þetta er vond stefna sem mun í rólegheitum leiða af sér áframhaldandi hnignun sjávarbyggða. Auðvitað er pottafyrirkomulagið einvörðungu til þess ætlað að lina þjáningarnar meðan á breytingunum stendur. Það er ekkert launungarmál hjá stjórnarliðum að þeir sjá fyrir sér áframhaldandi hagræðingu í greininni sem leiða mun til þess að fjögur eða fimm stór fyrirtæki munu stunda útgerð hér í landinu.

Hugsunin um byggðatengingu kvóta er í raun nákvæmlega sama hugsunin og Íslendingar hafa gagnvart umheiminum varðandi landstengdan kvóta. Við verjum það með oddi og egg að aflinn af Íslandsmiðum komi í langmestum mæli í hlut Íslendinga, að honum sé landað hér og hann unninn hér. Hugsunin í næsta þrepi fyrir neðan, þ.e. byggðatenging, er því af nákvæmlega sama meiði. Ég held að allir Íslendingar séu sammála um að við eigum að hafa yfirráðarétt áfram yfir auðlindum hafsins, að þeim eigi að landa hér, vinna hér og umsetja hér. Þess vegna er hugsunin um byggðatengingu kvóta af nákvæmlega sama meiði. Fólk í sjávarbyggðunum sem hefur byggt allt sitt á þessari auðlind fer fram á að hafa hlutdeild í auðlindinni þannig að hún geti áfram verið grunnur lífs og starfs fólks þar sem það hefur búið um áratuga skeið.

Þess vegna er okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði mikilvægt að koma þeim skilaboðum á framfæri að við tölum fyrir róttækum breytingum á fiskveiðistjórnarkerfinu. Við viljum fyrna aflaheimildir eftir sérstakri formúlu. Það sem stendur upp úr í okkar tillöguflutningi er byggðatenging kvóta.

Ég hef tekið eftir því að tillögur þingmanna Samfylkingarinnar um fiskveiðistjórnarkerfi sem byggja á uppboði afla, þ.e. fyrningu aflaheimilda og síðan uppboði, leiða í grundvallaratriðum af sér nákvæmlega sömu tilfærslur og kerfið sem við búum við í dag. Á uppboðsmarkaði aflaheimilda, í kjölfar breytinga sem Samfylkingin stendur fyrir, munu þeir sterku, þ.e. þeir sem hafa fjármagnið á bak við sig, ná aflaheimildunum. Þess vegna finnst okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði mikilvægt að fá menn til liðs við hugsunina um byggðatengingu kvóta eftir nýrri formúlu. Við höfum sett fram okkar formúlu og erum tilbúnir til viðræðna um að fara aðrar leiðir, en að sama marki og við stefnum að í hugmyndum okkar um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu.

Víða á landinu hefur það sýnt sig að það er grundvallaratriði fyrir byggðirnar að hafa yfirráðarétt yfir aflaheimildum, þ.e. að aflaheimildir séu tengdar við byggðarlögin. Ég hef þráfaldlega nefnt eitt glæsilegt dæmi í því sambandi, þ.e. Grýtubakkahrepp. Grenivík hefur umráðarétt yfir 1.000 þorskígildistonnum sem er grunnur þess að hægt var að ganga til samninga við Útgerðarfélag Akureyringa, hið stóra félag, um að stunda vinnslu á þeim stað. Þannig er hugsunin um byggðatengingu kvóta, hún er í mínum huga forsenda þess að við getum talað um að treysta sjávarbyggðir landsins.

Markaðsleiðin mun á nákvæmlega sama hátt og sú leið sem farin er í dag leiða til samþjöppunar og yfirburða þeirra sem fjármagnið hafa á bak við sig. Þess vegna er hvorki núverandi fiskveiðistjórnarkerfi né kerfi sem fyrnir aflaheimildir og fer í framhaldinu uppboðsleið, nein trygging fyrir því að hinar dreifðu sjávarbyggðir muni eiga aðgang að auðlindunum.

Okkur hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði finnst af þessum sökum mikilvægt að koma á framfæri tillögum okkar um fyrningu veiðiréttar um 5% á ári, þ.e. línulega fyrningu, og síðan verði fundin formúla til að byggðatengja þá fyrningu sem til fellur þannig að hlutdeild sjávarbyggða aukist þegar fram í sækir. Við höfum lagt til að farið verði rólega í þessi mál af ýmsum ástæðum sem ég ætla ekki að rekja hér. Við sjáum fyrir okkur að í grundvallaratriðum geti breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu átt sér stað á næstu 20 árum en breytingin mundi skila sér tiltölulega fljótt til styrkingar í hinum dreifðu byggðum.

Allt bendir til þess að hugsun valdhafanna, þ.e. þeirra sem stjórna landinu núna, sé hagræðing og aftur hagræðing, fækkun og stækkun fyrirtækja. Þess má meira að segja sjá stað í tillöguflutningi varðandi ný hafnalög þar sem frumdrögin gerðu að meira og minna leyti ráð fyrir að hafnir landsins yrðu nánast afskrifaðar. Í framhaldi af því ímynda ég mér að menn hafi séð fyrir sér nokkrar stórar hafnir þar sem landað yrði í framtíðinni. Að vísu er búið að laga frv. núna í meðhöndlun nefndar en því miður er ekki nógu langt gengið í þeim efnum. Þannig virkar hugsunin á grunni þess fiskveiðistjórnarkerfisins sem við vinnum eftir núna, fækkun og stækkun fyrirtækja, og pottakerfið er leið stjórnarinnar til að lina þjáningarnar á meðan á hagræðingunni til fækkunar og stækkunar fyrirtækja stendur.

Þessi framtíðarsýn, virðulegi forseti, er hrollvekjandi fyrir allt landsbyggðarfólk. Það sér fyrir sér þróunina og áttar sig á því sem verið er að gera, ekki bara varðandi fiskveiðistjórnarkerfið sjálft heldur er kné látið fylgja kviði og t.d. hafnaáætlun lögð undir í því sambandi. Ráðamenn vita nákvæmlega hvert þeir stefna í þessum efnum, í þrjú til fimm stór fyrirtæki, stórkostlega hagræðingu, segja menn, o.s.frv. Reyndar hafa menn bent á að hagræðingin leiði ekki til þeirrar hagræðingar sem menn hafa séð fyrir sér heldur skili meðalstór og smá fyrirtæki e.t.v. mestu í þjóðarbúið þegar upp er staðið.

Það er ákaflega dapurlegt fyrir okkur, virðulegi forseti, að ekki skuli vera meiri hluti fyrir því að taka fiskveiðistjórnarmálin upp frá grunni og skoða þau algjörlega í nýju ljósi. Markaðslögmálin, hvort sem þau eru notuð á þeim grunni sem hér er og við vinnum eftir á hinu háa Alþingi í dag með stjórnarmeirihlutanum eða á nýjum grunni þar sem farin væri hrá uppboðsleið, leiða að mínu mati til nákvæmlega sömu niðurstöðu þegar upp er staðið. Menn geta leikið sér með hugsunina um jafnræðið en jafnræðið verður ekki neitt. Það sem gerist með uppboðshugmyndinni er að þeir sem hafa fjármagnið á bak við sig fá heimildir en aðrir ekki.

Við getum stækkað þessa hugsun út í að veiðiheimildir á öllu Norður-Atlantshafi færu á uppboð á markaði í Brussel, með öll löndin sameiginlega í púkki. Ég held að það dyljist engum að þeir sem eru stórir og miklir í sjávarútveginum — ekki endilega bara hér á Íslandi — mundu ná til sín miklu og geta í krafti peninganna gert það sem þeim sýndist í þeim efnum. Ég vil bara koma þessu á framfæri.

Virðulegi forseti. Frv. sem hér er til umræðu er í sjálfu sér ekki stórmál. Við munum fjalla um það í hv. sjútvn. og skoða til hlítar. Hér erum við ekki að kljást endilega um þessi 500 tonn sem frv. fjallar um. Það er fyrst og fremst hugsunin, þessi pottahugsun sem mér finnst mjög ógeðfelld. Ég tel að hún sé, og allir gera grein fyrir því, fyrst og fremst uppsett til að milda um stundarsakir áhrifin af því sem menn eru að gera. Það er alveg ljóst að í menn er slett einhverjum tonnum hér og þar þegar búið er að taka allt af byggðarlaginu eins og við höfum séð mörgum sinnum. Eftirleikurinn er náttúrlega augljós.

Við höfum t.d. formúluna frá Hrísey þegar nánast allar aflaheimildir voru seldar þaðan á einni nóttu með einu stóru fyrirtæki. Á einu ári fækkaði íbúum í því sveitarfélagi um 17%. Þetta eru eins og náttúruhamfarir fyrir öll venjuleg samfélög. Svona pottakerfi sem menn ætla að einhverju leyti að nota til að bregðast við þróuninni dugir hvergi til og er bara eins og magnyl í þjáningarfasa eins og þróunin hefur orðið með byggðaröskun í landinu o.s.frv.

Það sem verra er varðandi núverandi kerfi er líka að í hinum dreifðu byggðum, þó að atvinna sé í fullum gangi í krafti stórra útgerðarfyrirtækja sem stunda útgerð á staðnum, er óöryggið svo mikið að menn eru farnir að segja, eins og eðlilegt er: Hvenær verður selt frá okkar byggðarlagi? Hvenær hætta menn hér? Það er farið að valda byggðaröskun líka í sjálfu sér, að menn eru farnir að stökkva til, selja eignir og hreyfa sig, bara vegna þess að óöryggi svæðanna eða byggðanna er svo mikið.

Til að koma á stöðugleika í byggðaþróun og til að gæta réttlætis, er algjört grundvallaratriði hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, að samfélögunum á ströndinni, sjávarbyggðunum, verði tryggður veiðiréttur og aðgengi að auðlindinni. Allar þessar byggðir hafa þróast fyrir þann möguleika, annars væru þær ekki til. Það liggur í hlutarins eðli. Kerfi sem sett er upp til höfuðs fólki sem hefur lagt allt sitt undir, allt ævistarfið, og gerir ráð fyrir að hægt sé að blása það af á einni nóttu eins og dæmin sanna og dæmi eru um mjög víða, er ekki forsvaranlegt. Það sjá allir sem vilja ala einhverja réttlætiskennd í brjósti.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. Það kemur til umfjöllunar í sjútvn. Þetta er pottafrumvarp sem byggt er á grunni núverandi fiskveiðistjórnarkerfis. Við munum fjalla um það sem slíkt en ég árétta enn og aftur að þjóðin verður að takast á við það fyrr en seinna að breyta um kerfi, vinda ofan af þessu óheillakerfi sem við búum við, þannig að menn geti staðið uppréttir hvar sem þeir búa á landinu og eigi jafna möguleika til að sækja björg í bú. Menn þurfa að eiga aðgang að auðlindinni, ekki bara í krafti sterkrar peningalegrar stöðu heldur líka í krafti búsetu.

Við Íslendingar notum auðlindir Norður-Atlantshafsins í okkar fiskveiðilögsögu í krafti þess að við búum hér, gagnvart alþjóðasamfélaginu. Á nákvæmlega sama hátt á samfélagið á Kópaskeri, Ólafsfirði eða Hvammstanga að eiga möguleika á að tryggja lífsviðurværið fyrir sitt fólk á staðnum eins og verið hefur um áratuga skeið.

[11:41]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er innilega sammála hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni í því að það fiskveiðistjórnarkerfi sem nú er við lýði hafi leitt mikil vandræði yfir byggðir og bú. Það er einmitt ástæðan fyrir því að Samfylkingin hefur lagt fram frv. um stjórn fiskveiða og það er hér tilbúið.

Ég er hins vegar ósammála hv. þm. þegar hann talar um að byggðatenging kvóta eigi að vera eina grunnhugsunin í nýju fiskveiðistjórnarkerfi. Hann talar um að þegar höfð eru uppboð fái bara hinn sterkasti og ríkasti. Auðvitað fer það eftir því hvaða reglur og leiðir eru notaðar við uppboð. Ég minni hv. þm. á að þegar byggðakvóta var úthlutað, t.d. til Vesturbyggðar á sínum tíma, óskaði bæjarstjórnin þar sérstaklega eftir því að aflinn sem félli í hlut byggðarlagsins færi á markað og byggðarlagið fengi sjálft peningana svo að þeir gætu notað fjármunina, fyrir kvótann sem þeir ætluðu sér að setja á markað, í eitthvað annað til góðs fyrir byggðina.

Ég gat ekki skilið hv. þm. öðruvísi en svo að hann segði fyrst: Við erum á móti pottum. Í miðri ræðunni talaði hann um að hann væri með pottum og í lokin að hann væri á móti pottum. Þetta voru skilaboðin sem ég fékk. Auðvitað hljóta það að vera pottar sem notast verður við ef farið er að úthluta til byggða á einhvern hátt, eins og verið er að gera í dag með þessu frv.

[11:43]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef hv. þm. Karl V. Matthíasson hefur hlustað á málflutning minn varðandi pottana hefur hann tekið eftir því að ég taldi frv. ekkert stórdæmi miðað við núverandi fiskveiðistjórnarkerfi og miðað við það hvernig menn stjórnuðu málunum í dag. En ég undirstrikaði hins vegar klárlega að þetta pottakerfi væri afleiðing og viðleitni þeirra sem stjórna í dag til að lina þjáningarnar sem þetta kerfi leiðir af sér.

Varðandi byggðakvóta er það allt önnur hugsun en hv. þm. Karl V. Matthíasson stendur fyrir í tillöguflutningi ásamt félögum sínum í Samfylkingunni. Þeir leggja til fyrningarleið og síðan uppboð aflaheimilda. Byggðakvóti samkvæmt okkar tillögum — við höfum farið yfir þetta mörgum sinnum hér í þinginu — er að $^1/_3$ út úr fyrningu. Að því leyti er reginmunur á þeim tillögum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt til og tillögum Samfylkingarinnar.

Við viljum byggðatengja hluta fiskveiðiheimildanna. Í okkar tillögum er gert ráð fyrir því að það sé $^1/_3$ veiðiheimildanna. Það hefur sýnt sig fyrir þá sem hafa verið í þeirri stöðu undanfarið að gríðarlega mikil trygging er í slíku fyrirkomulagi. Ég hef þráfaldlega nefnt til sögunnar sveitarfélagið Grenivík sem dæmi. Þeir á Grenivík hafa þennan byggðakvóta sem gerir því sveitarfélagi mögulegt að gera samninga um umsvif í sveitarfélaginu o.s.frv. Þessi hugsun um byggðatengingu er frábrugðin öllum öðrum tillögum sem hafa komið fram varðandi breytingar á stjórn fiskveiða.

[11:46]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Segjum að fram á sviðið á Grenivík komi ungur maður sem vill stunda sjó, getur hann þá samkvæmt þessu haft greiða leið að kvótanum á Grenivík? Gott væri ef kerfið virkaði þannig. En þegar farið er að binda kvótann algerlega niður með handvirkri úthlutun, eins og hlýtur að vera í slíku kerfi, er deginum ljósara að upp koma illindi og deilur í tengslum við slíkar úthlutanir.

Hvað hefur gerst með fiskmarkaðina í landinu? Fyrst var þeim kröftuglega mótmælt og sagt að þeir ríkustu mundu bara ná að kaupa heimildir. Við verðum hins vegar líka að treysta hæfni og færni þeirra sem standa í útgerð. Það eru ekki endilega bara þeir ríkustu sem fá heldur þeir sem eru góðir í útgerð og standa sig vel.

[11:47]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort ég er nokkuð ósammála hv. þm. Karli V. Matthíassyni. Við erum náttúrlega að tala um breytingar á kerfi og ég tel að byggðatenging kvóta sé grunnur þess að ungir menn eins og hv. þm. talaði um geti komið inn í greinina. Það eru dæmi um það í sveitarfélögum sem úthlutað hefur verið til úr pottum að sveitarstjórn hefur tekið ákvörðun um það, raunar á íbúaþingi, að ungir menn ættu að fá þann kvóta til að geta hafið útgerð.

Auðvitað treystum við á dugnað og framsýni þeirra sem eru heima fyrir. Ég hef enga ástæðu til að ætla annað en það muni vera rík hugsun í þá átt, t.d. á grunni byggðakvóta, að hleypa ungum duglegum mönnum inn í greinina. Hluti aflaheimilda eftir okkar hugmyndum fer á markað og það skapar grunn fyrir þessa ungu menn að eflast innan greinarinnar af dugnaði sínum.

[11:48]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson talaði út frá kvótakerfi og sagði að hann vildi innköllun veiðiheimildanna. Við erum sammála um þetta. Hann leggur áherslu á byggðatengingu. Við höfum aldrei lagst alfarið gegn því að ræða það mál, að kvóti verði byggðatengdur með einhverjum hætti.

En það var annað sem hv. þm. sagði sem fékk mig til þess að standa upp, þ.e. þessi algera andstaða hans við markaðstengingu. Ég vil biðja hann að útskýra það fyrir þingmönnum hvernig hann ætlar að velja þá sem eiga að fá að veiða fiskinn eigi ekki nota markaðstengingu. Sannleikurinn er bara sá að markaðurinn er óumflýjanlegur í íslensku þjóðfélagi. Íslenskt þjóðfélag er markaðsþjóðfélag. Þegar menn eru farnir út úr því lenda þeir í þeim ógöngum sem hér hefur verið lýst, þegar stjórnvöld ganga í að handvelja eða búa til reglur eins og gert hefur verið við úthlutun á veiðiheimildum. Þetta hefur stuðlað að stöðugt meira óréttlæti milli þeirra sem standa í þessum atvinnuvegi og fólksins sem býr í þessum byggðarlögum.

Þetta er aftan úr öldum, að geta ekki fallist á að nota markaðinn til að menn hafi jafnræði til að nýta þær veiðiheimildir sem verða á staðnum sem þeir gera út frá. Ég spyr bara: Hvernig í ósköpunum á að fara að? Á að fara eftir því hvar menn eru í stafrófsröðinni? Eftir hverju á eiginlega að velja menn sem eiga að fá að fiska?

[11:50]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. Jóhann Ársælsson verði að lesa tillögu okkar hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði kvölds og morgna og um miðjan daginn fyrst hann setur mál sitt svona fram. Í tillögunum er gert ráð fyrir því að grunntenging sé við byggðarlög og heimildunum sé úthlutað heima fyrir og byggðarlögunum í sjálfsvald sett hvernig það er gert. Þau gætu í sjálfu sér sett þær á markað heima fyrir gagnvart þeim útgerðaraðilum sem starfa í byggðarlaginu.

Hins vegar er líka gert ráð fyrir því að $^1/_3$ fyrndra aflaheimilda fari á almennan markað. Að setja málin þannig fram að við séum aftan úr öldum og kunnum ekki að nýta okkur markaðslögmálin, ég bara frábið mér þannig framsetningu. Það er ekki í tillögunum og við höfum þráfaldlega lýst því yfir í málflutningi okkar að við erum alls ekkert andvíg því að lögmál markaðarins séu notuð þar sem það á við. Við höfum hins vegar lýst því yfir að í þágu íslensks samfélags

viljum við í vissum þáttum, svo sem í fjarskiptamálum, raforkumálum og samgöngumálum, byggja á stýringu ríkisins sem er allt annars eðlis.

Það hefur verið málflutningur Samfylkingarinnar lengi að við getum ekki hugsað okkur markaðskerfið. Við höfum aldrei sagt það, aldrei sett mál okkar þannig fram. Við höfum þráfaldlega bent á að við teljum að markaðurinn eigi að stjórna á þeim sviðum sem ekki varða grundvallarþarfir almennings og almannaheill. Á öðrum póstum viljum við nota ríkisstýringu eða sérleyfi o.s.frv., eins og í grunnþjónustunni, stoðkerfisþjónustunni.

[11:52]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel mig ekki hafa hafið þessa umræðu. Hv. þm. sagði einfaldlega í ræðu sinni að hann væri á móti uppboðum, á móti þeirri aðferð til að gefa mönnum jafnræði til að ná til sín veiðiheimildunum. Það er ástæðan fyrir því að ég fór í þetta andsvar við hv. þm.

Hv. þm. sagði líka í ræðu sinni áðan að hann væri ekki á móti markaðnum þar sem það ætti við. Ég spyr: Var ég að misskilja eitthvað þegar hv. þm. sagðist á móti uppboðum eða markaðsleið til þess að koma veiðiheimildunum til skila? Ég veit ósköp vel að að hluta til er í þeirra tillögum gert ráð fyrir markaðsleið. Ég fagnaði því á sínum tíma. En hv. þm. tók svo til orða í umræðunum rétt áðan að hann væri á móti þessari uppboðsleið. Þess vegna taldi ég ástæðu til að óska eftir því að hann útskýrði hvernig ætti að velja úr þá sem ættu að fá veiðiheimildir ef ekki ætti að fara markaðsleið til þess.

[11:53]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ósköp einfalt. Sveitarfélögin heima fyrir, sjávarbyggðirnar og stjórn þeirra ráða því sem í þeirra hlut kemur samkvæmt okkar tillögum og þriðjungur fer á markað. Þannig er það.

Það sem ég sagði var að ég teldi að uppboðsleið á öllum veiðiheimildum mundi hafa svipaðar eða álíka afleiðingar og fiskveiðistjórnarkerfið sem við vinnum eftir í dag. Svo einfalt er það. Það mun leiða til samþjöppunar og áfram leiða til fækkunar og stækkunar fyrirtækja. Ég er þeirrar skoðunar og þess vegna höfum við keyrt inn á byggðatenginguna sem grunnvörn sjávarbyggða um allt land.

[11:54]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðu hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar vék hann að því að fólk í sjávarbyggðunum væri óöruggt um framtíð sína og ef það sæi færi til væru menn jafnvel tilbúnir að selja eignir sínar, bregða búi og færa sig til. Nú vill svo til, herra forseti, að ríkið gerði dálitla tilraun um daginn sem ég veit ekki hvort hv. þm. hafa tekið eftir.

Það var auglýst eftir bústað fyrir rektor Menntaskólans á Ísafirði. Það þurfti að vera nokkuð gott hús eða einbýlishús, þetta er stór fjölskylda og allt gott um það. Hvað gerist þá? Þá bregður svo við að á Ísafirði eru allt í einu til sölu 23 eða 27 hús, ég man ekki hvort það var. Þarna voru til sölu bestu hús margra borgara sem maður taldi að væru flestir í nokkuð öruggri vinnu og sæju sumir hverjir fram á nokkuð þokkalega framtíð þó að vissulega væru innan um menn sem komnir eru í vanda og sjá ekki framtíðarmöguleika í búsetunni á Ísafirði miðað við núverandi fiskveiðistjórnarkerfi.

Ég kem hér upp til að vekja athygli á þessu, að jafnvel í plássi eins og Ísafirði þar sem er ýmis önnur atvinnustarfsemi en sjávarútvegur, menntaskóli, sjúkrahús og fjölmörg önnur þjónustufyrirtæki, stóð allt í einu til boða að kaupa 23 hús, ef ég man rétt — bara einn, tveir og þrír, um leið og menn áttu von á góðu verði. Þetta sýnir, herra forseti, að óöryggið sem hv. þm. vék að er staðreynd og það er mjög alvarlegt að þannig skuli það vera.

[11:57]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er innilega sammála hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni. Þetta er vandamálið í hnotskurn. Það er öryggisleysið. Menn fara ekki vegna þess að þeir hafa ekki að neinu að hverfa, þ.e. eignir þeirra eru verðlitlar. Þetta er stóra málið. Ástandið verður náttúrlega ljóst við svona aðstæður, þegar auglýst er eftir eignum og menn geta losað það sem þeir héldu að væri óseljanlegt.

Grunnurinn að þessu öllu er heftur aðgangur byggðarlaganna að auðlind sem byggðarlögin höfðu aðgang að áður. Við gleymum því ekki að skipta þurfi réttlátlega og það á ekki að stjórna með veiðiheimildum úr stofnum o.s.frv. en peningaöflin eru farin að stjórna því algerlega hvernig byggðaþróunin er. Það er vond leið. Við verðum að vinda ofan af þessu og þess vegna leggjum við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði tillögur okkar í púkkið. Við teljum að mjög auðvelt sé að vinda ofan af þessu kerfi á 20 árum og byggðatenging sé alger forsenda.

Ég árétta enn og aftur að ef við tölum um heiminn allan þá erum við Íslendingar með landstengingu á veiðiheimildum okkar. Byggðatenging er ekkert annað en smækkuð mynd af landstengingu eins og við höfum. Við veiðum 1,6–2 millj. tonna á ári á okkar forsendum og löndum hér. Við förum í næsta þrep, í sjávarbyggðir landsins, og gefum þeim þann rétt til lífsbjargar sem augljóslega er þeirra.

[11:59]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í lok andsvars síns gat hv. þm. um rétt byggðanna til að krefjast veiðiréttar og öryggis. Það er rétt að draga það fram að þegar við vorum að ræða í gær þáltill. um túnfiskveiðar hafði Ísland búið sér til rök til að sækja þann rétt. Hver voru þau? Þau voru svona, með leyfi forseta:

„Á vettvangi ráðsins hefur Ísland ítrekað lýst óánægju með núverandi skiptingu veiðiheimilda, sem eingöngu byggist á veiðireynslu og gefur Íslandi þannig engan veiðirétt."

Herra forseti. Mætti ekki yfirfæra þetta á hverja einustu byggð í landinu sem hefur farið halloka út úr þessu veiðikerfi? Ég hæli sjútvrh. fyrir að hafa fundið þessi rök.

[12:00]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er algjörlega sammála hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni um þessa hugmynd, þ.e. um aðgengið út frá rétti okkar til veiða gagnvart öðrum þjóðum. Það er einmitt þetta sem ég var að reyna að undirstrika áðan í málflutningi mínum, nákvæmlega sömu hugsun gagnvart sjávarbyggðum landsins eftir áratuga reynslu þeirra og uppbyggingu á grunni auðlindarinnar. Ég lýsi því bara yfir að hugmyndin um rétt landsins í heild sinni er skynsamleg og ég vonast til að með tímanum verði svipuð hugsun uppi gagnvart sjávarbyggðum landsins.

[12:01]

Útbýting þingskjala:

Eftirlit Alþingis með fyrirmælum framkvæmdarvaldshafa, 289. mál, þáltill. ÖHJ o.fl., þskj. 311.

Húsaleiga og húsaleigubætur, 127. mál, svar félmrh., þskj. 264.

[12:01]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Það frv. til laga sem hæstv. sjútvrh. hefur hér fylgt úr hlaði er í sjálfu sér ekki stórt í sniðum. Í því eru samt ákvæði sem eru áhugaverð þó lítil séu í tonnum talin. Eins og hér hefur komið fram voru, með breytingu á fiskveiðilögunum í lok þings 2002, settar inn sérstakar aflaheimildir sem ráðherra skyldi ráðstafa, annars vegar til tilrauna með áframeldi á þorski og hins vegar til stuðnings byggðarlögum sem lent hefðu í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Þetta er kannski mest spennandi og var náttúrlega aðaltilgangurinn að koma á áframeldi í þorski. Við sjáum hvernig það er að þróast, hvernig menn veiða og setja í nót eða í kvíar til að fylgjast með í áframeldi. Þetta sjáum við í fjölmörgum fjörðum. Ég hef átt þess kost að fylgjast með þessu í mínum ástkæra firði, séð hvernig þar er farið að.

Hitt atriðið er ákveðinn hluti af kvóta, 1.500 tonn sem talað er um að ráðherra fái heimild til að ráðstafa til hjálpar byggðarlögum sem lent hefðu í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Þau byggðarlög eru því miður fjölmörg. Ég vil fyrir mitt leyti segja að ég held að þetta sé sjálfsagt lagafrv. sem hlýtur að fara fljótt í gegn með þessari breytingu, en það má auðvitað ræða, og það ætla ég að gera hér, um byggðakvóta og hvernig þessum heimildum verður ráðstafað.

Eins og ég sagði áðan fylgdu með í þessu 1.500 lestir af botnfiski, við skulum bara kalla það nýjan byggðakvóta, nema menn noti annað orð um þessa úthlutun. En fyrir er 1.500 tonna kvóti sem Byggðastofnun hefur ráðstafað. Það segir hér í athugasemdum með frv. að fram hafi komið að hafa skyldi í því sambandi samráð við Byggðastofnun um úthlutun á þessum 1.500 tonnum.

Enn fremur segir í athugasemdum, herra forseti:

„Þar sem það hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir að setja reglur um þessa sérstöku úthlutun kom hún ekki til framkvæmda á fiskveiðiárinu 2001/2002. Er því lagt til að þessi heimild flytjist til yfirstandandi fiskveiðiárs og verði því úthlutað 2.000 lestum í framangreindum tilgangi í ár."

Herra forseti. Í framhaldi af þessu vil ég nota tækifærið og spyrja hæstv. sjútvrh. um úthlutunarreglur fyrir kvótann sem hér um ræðir, þ.e. þessi 2.000 tonn: Hvernig gengur að smíða þær úthlutunarreglur? Hvers vegna hefur það tekið svo langan tíma? Er það e.t.v. vegna ágreinings og deilna sem voru innan Byggðastofnunar eða eru það átök milli Byggðastofnunar og sjútvrn. um hvernig fara skuli með úthlutun á þessu og hvaða reglur munu gilda?

Ég spyr sem sagt eftir því hvaða aðferð verður notuð við að meta hvaða byggðarlög fá og hver ekki. Verður haft samráð við Byggðastofnun eins og hér er kveðið á um eða mun hæstv. sjútvrh. e.t.v. beita sér fyrir því að þessi byggðakvóti verði auglýstur og þá sitji allir við sama borð hvort sem það eru sveitarfélög eða aðrir? Inn í þessa spurningu má að sjálfsögðu flétta spurninguna: Verður byggðakvóta eingöngu úthlutað til þeirra sem gera út og hafa kvóta fyrir? Verður þessu úthlutað til sveitarfélaga eða verður þessu kannski úthlutað til fiskvinnslustöðva líka? Hverjir munu eiga möguleika á að njóta þessara 2.000 lesta af þorski sem þarna á að úthluta?

Herra forseti. Það er ákaflega mikilvægt að koma af stað umræðu um þetta mál og inn í þá umræðu hljóta að blandast sveitarfélög sem hafa lent í vandræðum eða lent í vanda, eins og hér stendur, vegna samdráttar í sjávarútvegi. Byggðarlög hafa misst frá sér kvóta á einn eða annan hátt og eftir stendur vandamál vegna þess að grunnatvinnustarfsemin sem viðkomandi byggðarlag byggðist á er ekki lengur til staðar. Allur kvótinn eða stór hluti hans er farinn og eftir stendur byggð sem má muna sinn fífil fegri, vantar aflaheimildir, vantar afla að vinna, eiga ekki möguleika á að gera það sem þeir kunna best og hafa gert vel í gegnum tíðina. Markaðslögmálin og hagræðingin hafa ekki dugað fólki á viðkomandi stöðum þótt vafalaust hafi orðið hagræðing fyrir fyrirtækin sem keyptu til sín aflaheimildirnar. Fyrirtækin ná meiri hagræðingu og meiri hagnaði og rekstur þeirra er betri. Með öðrum orðum, herra forseti: Markaðslögmálin eiga ekki við alls staðar og það hefur sannarlega komið í ljós á mörgum stöðum á landsbyggðinni, að hagræðingin í sjávarútvegi hefur gert það að verkum að mörg byggðarlög hafa verið gjaldfelld. Ég vil nota það orð, gjaldfelld. Þau hafa verið gjaldfelld með einni undirskrift handhafa kvótans þegar hann hefur selt kvótann frá sér. Eftir standa íbúar með verðlitlar eða verðlausar húseignir. Með öðrum orðum er ævistarfið þeirra gert nánast upptækt með einni undirskrift. Þetta er það versta, herra forseti, og ég hef áður sagt það, við kvótakerfið.

Ég ætla að leyfa mér að taka undir það sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson gerði að umræðuefni áðan. Mig langar að segja frá því þegar ég átti kost á að ferðast með fjárln. um Norðausturland ekki alls fyrir löngu, áður en þing hófst. Heimsókn okkar í eitt byggðarlagið var mér sérstaklega minnisstæð. Ég á auðvitað við þann ágæta stað Grenivík, eða Grýtubakkahrepp. Sveitarstjórinn þar lýsti kostum þess sveitarfélags, sýndi okkur glæsilegt elliheimili, glæsilegan skóla, glæsilega íþróttaaðstöðu, krakka sem teknir voru úr tíma og fóru í heimilisfræðslu til að elda ofan í aðra krakka skólans í mötuneyti staðaðarins, þarna var verið að elda fiskibollur sem allir í skólanum áttu að koma og borða.

Þá var haldið áfram til fundar með sveitarstjóranum, farin hringferð um plássið. Þegar við keyrðum um höfnina og sáum hið mikla og glæsilega frystihús spurði ég hvort það væri ekki hér sem sveitarfélagið ætti töluverðan kvóta. Ég minnist þess hve sveitarstjórinn var ánægður og grobbinn þegar hún sagði okkur frá kvótanum sem Grýtubakkahreppur á. Það rann upp fyrir mér að það væri betra ef fleiri sveitarfélög á landinu hefðu ákveðið eignarhald á svo miklum kvóta sem Grýtubakkahreppur á. Sá kvóti er notaður í samvinnu við Útgerðarfélag Akureyrar og til að halda uppi vinnslu á Grenivík. Í fréttum fyrir skömmu upplýsir þessi ágæti sveitarstjóri að hluta af þessum peningum fyrir eignarhald af kvóta hafi hreppurinn getað notað til að byggja upp framleiðslu í lyfjaiðnaði á Grenivík.

Herra forseti. Ég vildi óska þess að ég gæti farið um allt landið og sagt slíkar sögur. Mikið rosalega var ég stoltur af þessari sveitarstjórn. Það kom reyndar upp í huga minn, af því að ég er fyrrverandi sveitarstjórnarmaður eins og ýmsir aðrir sem hér eru inni, að ég tók þátt í því að mynda meiri hluta á Siglufirði 1990 eftir kosningar. Mér er það ákaflega minnisstætt að einn af þeim aðilum sem ég myndaði meiri hluta með, sem hafði mikið vit á sjávarútvegi og var reyndar útgerðarmaður þá, hreyfði þeirri hugmynd hvort ekki væri ástæða til að slá af ýmsum framkvæmdum sveitarfélagsins,

við malbikun gatna jafnvel, byggingu íþróttaaðstöðu eða annars. Hvað átti að gera við peningana? Jú, herra forseti, tillaga hans var að sveitarfélagið mundi kaupa kvóta.

Því miður fékk hugmyndin ekki stuðning en ég hef oft hugsað til þessa. Þetta kom sterklega upp í huga mér þegar ég fór um Grenivík, eins og ég hef lýst áður. Mér kom til hugar að það hefði verið notalegt ef minn heimabær hefði haft aðgang að ákveðnum kvóta, þó að kvóti sé mikill á Siglufirði, ég vil taka það skýrt fram, í gegnum Þormóð ramma – Sæberg.

Þetta vil ég aðeins taka hér sem dæmi. Ég get tekið önnur dæmi um hvernig þetta hefur verið að þróast. Mér eru líka ákaflega minnisstæðar árlegar heimsóknir mínar í Fiskiðjuna Skagfirðing á Sauðárkróki. Ég hef þar fengið lýsingar á og séð hvernig þeir reka íshús á hefðbundinn hátt, á gamla mátann. Togara er haldið úti til ísfisksveiða. Hann landar þar vikulega og þar er mikil og góð vinnsla. Með öðrum orðum var fiskvinnsla á þeim stað ekki lögð niður og færð út á sjó. Mér skilst, og ég held að ég viti það með fullri vissu, að hagnaður hafi verið af þeirri vinnslu. Afkoman var góð og starfsmenn þar hafa haft góð laun, ef hægt er að segja svo um þessi láglaunastörf. Þeir hafa a.m.k. haft góða og trygga vinnu.

Svo getum við farið um önnur svæði þar sem við vitum að mikill titringur er vegna kvótastefnunnar eins og hún er í dag, vegna þess frjálsræðis sem er í sölu og kaupum á hlutabréfum og fyrirtækjum. Að sjálfsögðu verður ekki hægt að banna slík viðskipti en að stærstum hluta er það eftirsóknarvert vegna þess að viðkomandi fyrirtæki hefur svo og svo miklar veiðiheimildir. Ég þekki staði í mínu gamla kjördæmi, t.d. Skagaströnd, og hef fylgst með því hvernig þar var farið að. Ég fylgdist með því hvernig sveitarstjórn Höfðahrepps þurfti að verja hlut sinn á sínum tíma til að halda eignarhaldi og meirihlutavaldi á fyrirtækjum þar. Ég ætla rétt að vona að þær breytingar, og er þess reyndar fullviss, verði viðkomandi byggðarlagi til heilla og ekki muni slá í baksegl þar.

Ég þekki líka, herra forseti, titring sem hefur verið á Vopnafirði vegna breytinga sem þar hafa átt sér stað. Þegar í upphafi septembermánaðar voru stórviðskipti með hlutabréf í Tanga sem Hraðfrystihús Eskifjarðar keypti. Ég ætla líka að vona, herra forseti, að þær breytingar verði báðum þeim byggðarlögum til heilla og framþróunar en hagræðingin geri það ekki að verkum að annað hvort byggðarlagið muni dala í framhaldinu, aflaheimildir kannski færast frá því og skipum þar lagt eða eitthvað í þá veru. Ég ætla rétt að vona að þau umskipti gangi vel. Ég vil ekki vera svartsýnn en þó eru ákveðnar hættur á ferðinni í þessu sambandi.

Rétt í lokin, herra forseti, vegna þess að ég hef ekki mikinn tíma, gæti ég lýst því sem gerðist í heimabæ mínum um síðustu helgi. Þar er ekki um nein leyndarmál að ræða. Við höfum getað fylgst með því í fréttum hjá Verðbréfaþingi hvernig ýmsir hlutir þar hafa verið að gerast, kaup og sala á hlutabréfum þar sem fjárfestingarfélagið Afl, sem er að mér skilst í eigu Landsbankans og töluvert stór hluthafi fyrrverandi stóreignaraðili í Samherja, Þorsteinn Vilhjálmsson, hvernig kaupin þar áttu sér stað. Þessi fjárfestingarsjóður var sífellt að kaupa meira og meira. Að sjálfsögðu veit maður ekki hvað þar býr á bak við en ég varð þess áskynja og ég skildi vel þann titring og kvíða sem þar var.

Sem betur fer, herra forseti, snerist titringurinn upp í gleði þegar menn vissu að aðilar sem hafa sýnt mikinn kraft og dugnað við uppbyggingu Þormóðs ramma – Sæbergs stóðu að baki kaupunum. Ég vil kalla þá heimaaðila, þó að erfitt sé að tala um heimaaðila og utanbæjarmenn þegar kemur að eign á hlutabréfum. Ég held að þar hafi mál sloppið fyrir horn á glæsilegan hátt. Þar voru aðilar sem voru ekki tilbúnir að missa stjórnina. Mér finnst ég hafa skynjað að heimaaðilar hafi aftur náð miklum yfirráðum og þeir eiga heiður skilinn fyrir það. Þetta segi ég, herra forseti, þótt ég hafi af málinu takmarkaðar fréttir, ekki nema með því að lesa af verðbréfasíðum ýmsum og tilkynningum frá Verðbréfaskráningu Íslands.

Svo get ég hins vegar haldið áfram, herra forseti, og talað um hvernig kvótinn hefur farið með önnur byggðarlög. Ég get alveg rætt það hvernig kvótinn hefur farið frá því ágæta byggðarlagi Hrísey, sem bar á góma áðan, og um erfiðleikana þar. Ég gæti vel ímyndað mér hvaða áhrif úthlutun á byggðakvóta til Hríseyjar mundi hafa á atvinnulífið þar og byggðarlagið, lítil eða mikil úthlutun, beina innspýtingu. Þess vegna segi ég, herra forseti, að ég er töluvert skotinn í hugmynd um byggðakvóta, um kvóta sem tengdur er sveitarfélögum. Það eru til aðilar sem hafa komið óorði á byggðakvóta en ég vona að nú verði ekki miklar deilur í úthlutuninni fram undan. Ég geri mér grein fyrir að margir fleiri en fá muni vilja fá þessi 2 þús. tonn sem hæstv. sjútvrh. ætlar að úthluta. Ég ítreka fyrri spurningar mínar sem ég hef lagt hér fram, og vænti þess að hæstv. sjútvrh. svari þeim á eftir áður en umræðu lýkur.

Herra forseti. Ég lagði mál mitt hér áðan upp frá því sem stendur í athugasemdum með frv. um vandamál nokkurra byggðarlaga sem hafa orðið fyrir því að kvóti hefur verið tekinn frá þeim. Inn í það kemur svo að sumir í hinu óskipta markaðskerfi, markaðslögmálum, benda á það að menn geta keypt fisk á markaði. Það er sannarlega rétt. Menn geta keypt fisk á markaði. En hvað skyldi gerast í því? Ég kem kannski betur að því í seinni ræðu en ég nefni rétt í lokin að ef fiskvinnslufyrirtæki, t.d. á Dalvík, þurfa að kaupa fisk á mörkuðum í Reykjavík — gera menn sér grein fyrir því hver flutningskostnaðurinn er á hvert kíló af þessum fiski til vinnslu til þess að halda uppi atvinnu á Dalvík? Tökum dæmi. (**Gripið fram í:** Ertu að tala um þurrfrosinn?) Það kostar 14–20 kr. á kíló að flytja fisk sem keyptur er á markaði á höfuðborgarsvæðinu norður í land til vinnslu ef þannig spilast úr. Og það sem er alvarlegast, herra forseti, og ég vil nefna hér er hve mikið af þessum 14–20 kr. renna beint í skatt til ríkisins vegna þessa. Það er allt að helmingur, 7–10 kr. af flutningskostnaði af hverju kílói rennur í skatt til ríkisins vegna þessara flutninga. Ég vil bara nota tækifærið enn á ný og spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann telji að fiskvinnslufyrirtæki sem þurfa að búa við þessi háu flutningsgjöld séu samkeppnishæf við fyrirtæki í svipaðri starfsemi hér á höfuðborgarsvæðinu eða í næstu húsum við fiskmarkaði. Ég vænti þess að hæstv. sjútvrh. skrifi spurningarnar niður og svari þeim á eftir. Að öðrum kosti verðum við hér eitthvað fram á kvöld. (**Gripið fram í:** Fram á nótt.)

Herra forseti. Rétt að lokum. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson sagði áðan að við værum í þeim vanda í sjávarútvegi sem menn hefðu búið til sjálfir og vitnaði til ríkisstjórnar og ríkisstjórnarflokkanna. Þetta er alveg hárrétt. Stærsti gallinn á því kvótakerfi sem við búum við er hvað kvóti er framseljanlegur. Um leið og hann er seldur frá einu byggðarlagi sem verður þannig gjaldfellt, eigur fólks hrynja í verði og lífsstarfið hverfur verður það til styrktar því byggðarlagi sem fær kvótann. Þess vegna verðum við á einhvern hátt, herra

forseti, að taka þátt í því að reyna að skapa meiri sátt um þetta. Og ég segi alveg eins og er að ég held að það sé liður í þeirri sátt að meira af kvótanum — ég ætla ekkert að úttala mig um það á þessum tveimur mínútum sem ég á eftir hér hvernig það yrði gert — að byggðapottur, eða hvað við viljum kalla það, úr kvótakerfinu þurfi að aukast þar sem búnar verða til reglur sem verður sem mest sátt um, þar sem hægt verður að úthluta kvóta til ákveðinna, tiltekinna byggðarlaga til að snúa vörn í sókn í byggðamálum á fjölmörgum stöðum. Það er ákaflega brýnt og ég segi það, herra forseti, að lokum að ef menn vilja fara í skjótvirkar aðgerðir í byggðamálum til að lagfæra þann þjóðarvanda, ekki landsbyggðarvanda heldur þjóðarvanda, sem hefur verið undanfarin ár og hefur verið látinn liggja hjá stjórnvöldum og ekkert verið gert í eru tvö atriði sem verður hægt að grípa til sem mundu virka strax. Meira að segja hæstv. félmrh. hefur sagt að Framsfl. eða ríkisstjórnin hafi gleymt landsbyggðinni sinni sem er alveg hárrétt.

Í fyrsta lagi verður að stórlækka flutningsgjöld, eins og ég hef bent á á Alþingi, með því að lækka eða fella niður þá okur- og ofurskatta sem flutningsaðilar þurfa að greiða ríkissjóði fyrir hvert kíló eða hvern farm sem þeir flytja.

Í öðru lagi, herra forseti, með því að taka aflahlutdeildir, hugsanlega af viðbótum sem koma á næstu árum eða með því að fyrna einhverja ákveðna leið og koma með því inn, í örlítið stærri og meiri byggðapott heldur en hér er til úthlutunar eftir reglum sem sátt yrði um. Þá held ég að fljótlegt yrði að snúa vörn í sókn í byggðamálum og það hlýtur að vera meginverkefni Alþingis að finna flöt á þeim málum, hvernig hægt er að gera þetta. Ég hef nefnt þau tvö atriði sem ég tel að séu langfljótvirkust og vænti þess að hæstv. sjútvrh. svari spurningum mínum hér á eftir vegna þessa frv. og úthlutunarreglna sem eiga að gilda um það.

[12:21]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns um þetta mikilvæga frv., þótt ekki sé verið að tala um stórar tölur í tonnum talið, benda á það að samkvæmt 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða var aðalmarkmið þeirra að nytjastofnarnir væru sameign íslensku þjóðarinnar og að samkvæmt öðrum greinum væri markmið að stuðla að nýtingu og verndun fiskstofnanna. Við getum sett spurningarmerki við hvernig til hefur tekist þar. Ég held að hæstv. sjútvrh. og menn hans hefðu átt að gaumgæfa þau mál betur og með gagnrýnni augum. En þetta átti líka að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu. Þetta átti að treysta eignir fólks í landinu og það er það sem allt of lítið hefur verið litið á. Menn tala um brottflutning fólks af landsbyggðinni, í huganum er horft á fjögurra manna fjölskyldu fara með hafurtask sitt út í gám og jafnvel suður. En það gleymist alltaf hvað þessi fjöskylda skilst við. Hún skilur jafnvel eftir sig ævistarfið, eignirnar sínar, íbúðarhúsnæðið sitt og við brottflutning hennar falla eignir annarra í verði. Þetta tengist þessu kerfi og ég mun leggja fram þáltill. þar sem sérstaklega verður hugað að því að verja eignir landsbyggðarfólks, einkum fasteignir þess. Hún er komin hér á dagskrá og verður tekin fyrir síðar í dag. Stóran hluta vandamálsins má rekja til kvótakerfisins.

Ég vil hins vegar benda á það frv. sem liggur fyrir í dag þar sem verið er að tala um 500 lestir af óslægðum botnfiski sem ráðherra hefur til ráðstöfunar á fiskveiðiárinu 2001/2002 til stuðnings byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Hér er þetta orð komið inn. Hér er það fyrst, finnst mér nánast, viðurkennt að það sé möguleiki að byggðarlög lendi í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Þegar lögin um stjórn fiskveiða voru sett átti m.a. að treysta atvinnu og byggð í landinu. Menn horfðu ekki upp á það þá. Mönnum datt ekki í hug að setja orðið vandi yfir þau lög og reiknuðu ekki með að það kæmi upp einhver vandi. En kerfið hefur allt saman spilað þennan óskapnað upp og nú er bara hnípin þjóð í vanda hringinn í kringum landið.

En ég fagna því að hér á að ráðstafa þessum 500 tonnum. Það stóð til að gera á síðasta kvótaári en varð því miður ekki af. Það er gott að þetta verði fært á milli ára og notað þá á þessu ári til að styrkja þær byggðir sem lent hafa í vanda.

Byggðastofnun hefur úthlutað 1.500 tonnum sem var síðan ráðstafað til fimm ára og sú úthlutun hefur gefið góða raun. Þetta er ekki há prósenta af þeim fiskveiðiheimildum sem stærstu handhafarnir hafa en þetta hafa verið plástrar á þau sár í þeim blæðandi byggðarlögum þar sem allt hefur jafnvel verið komið svo á vonarvöl að við landbresti lá. Hér hafa verið nefnd sveitarfélög og auðvitað verður umræða eins og hér er að vera opinská í því. Ég nefni stað eins og Þingeyri sem var búinn að vera í fréttum út af vandamálum sínum í ein tvö ár og menn máttu þar vart róa til fiskjar. Það er komið að því vandamáli með þennan byggðakvóta og Ísafjarðarbær — þá á ég við Þingeyri, Flateyri og Suðureyri — leggur fram byggðakvóta sinn til atvinnuuppbyggingar á Þingeyri, og hvað gerist? Það bregður svo við að maður heyrir ekki Þingeyri nefnda í neikvæðri merkingu meira. Þar er verið að landa fiski, 100–150 tonnum í hverri viku. Þetta hefur mikil áhrif.

Ég bendi á stað eins og Hrísey. Ástand var þar nokkuð gott rétt áður en að þessari úthlutun kom. Þar var 4 þús. tonna kvóti. Hann fer nánast leiftursnöggt niður í 500 tonn. Þar voru 277 íbúar. Þeim fækkaði snögglega. Auðvitað gerist það þegar veiðiheimildir fara af stöðunum. Byggðastofnun gaf út skýrslu um áhrif kvótakerfisins á íbúaþróun á landsbyggðinni og það er beint samhengi þar á milli. Þaðan sem kvótinn fer, þar missir fólkið vinnu. Það fer, eignir þess falla í verði og þetta þarf að bæta fólki.

En þeir börðu hausnum við steininn um það mál man ég, á sínum tíma, hæstv. sjútvrh. — og ég man líka að hv. formaður Framsfl. var sama sinnis og skrifaði ég grein um það í hið ágæta blað Morgunblaðið til að rökstyðja þetta.

Þetta hefur víðar komið illa við. Þetta hefur komið illa við á Vestfjörðum. Það eru núna vandræði í Sandgerði og á fleiri stöðum. Ég bendi sérstaklega á norðausturhornið, stað eins og Raufarhöfn og byggðirnar þar. Það þarf víða að taka á þessum málum.

Ég tek undir með hv. 3. þm. Vesturl. Jóhanni Ársælssyni sem sagði að meðan kvótakerfið virkar eins og það hefur virkað, að veiðiheimildirnar safnast á færri og færri hendur, er auðvitað vá fyrir dyrum í mörgum sjávarplássum. Og ég segi fyrir mína parta að þegar svo er komið að nokkrir aðilar geta í ræðu eða riti sagt í fjölmiðlum: Það þarf að fækka rækjuverksmiðjum um þetta eða hitt og það setur ugg og ótta að fólki á þessum stöðum bara við að heyra orð þessara manna er illa komið. Það var aldrei markmið kvótakerfisins að hefja menn til slíkra valda að þeir gætu, bara með orðum sínum einum upphaflega og síðan athöfnum, sett heilu byggðarlögin í mikla óvissu. Slíkt hefur aldrei gerst í Íslandssögunni. Menn gátu óttast héraðshöfðingja áður sem riðu um héruð með ófriði og vopnaskaki en aldrei bjuggust

menn við svona hlutum. Hverjar eru afleiðingarnar? Fólkið missir lifibrauðið. Fólkið flyst brott og fasteignir þess rýrna og á því máli tekur þáltill. mín sem hér verður rædd í dag.

Veiðiheimildirnar áttu ekki að tryggja eignir útgerðarmanna. Þær áttu að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu. Hér hafa verið nefnd dæmi og hv. 4. þm. Vestf., Guðjón Arnar Kristjánsson, sagði okkur frá litlu dæmi úr sinni heimabyggð þar sem auglýst var eftir húsi og 23 eða 27 aðilar vildu selja. Ef við lítum sérstaklega á Ísafjörð og niðurstöðuna í þeirri skýrslu Byggðastofnunar sem ég nefndi áðan, um áhrif kvótakerfisins á búferlaflutning, var sá staður sterkur, og hv. 4. þm. Vestf. þekkir það. Hann tók þátt í því sjálfur að byggja hann upp. Ísafjörður hafði 22 þús. tonn fyrir 3–4 árum og þetta minnkaði leiftursnöggt niður í um 10 þús. tonn. Auðvitað hefur þetta áhrif á eignir fólks á þessum stöðum. Auðvitað er þetta m.a. ástæðan fyrir því að 27 hús eru auglýst til sölu. Þau hefðu kannski verið fimm ef þetta mikla áfall hefði ekki komið, kannski ekkert, vonandi ekkert.

Margir þingmenn hafa rætt um kvótakerfið og óvissuna sem það hefur í för og ég tek undir það allt. Í svari við fyrirspurn sem ég bar fram til félmrh. á síðasta þingi um hvort opinberu fé Íbúðalánasjóðs hefði verið ráðstafað til byggginga, nýbygginga, komu fram mjög daprar tölur og má lesa þær beint í samræmi við kvótakerfið. Til eru staðir eins og t.d. Seyðisfjörður þar sem ekkert er byggt árin 1990–2000.

Hv. 3. þm. Norðurl. v., Kristján L. Möller, nefndi áðan hvað hefði verið að gerast í heimabæ hans, Siglufirði, síðustu daga þar sem ég veit að fólk hefur óttast mjög um hvernig málum reiddi af. Nógu viðkvæmar voru þær byggðir fyrir. Á tíu ára tímabili hefur ekki verið lánað til Siglufjarðar nema 27 milljónir. Á sama tíma lána opinberir sjóðir til íbúðabygginga í Kópavogi fyrir 2,2 milljarða. Kvótakerfið hefur engin áhrif á höfuðborgarsvæðinu. Öll umsvif í kringum fiskveiðar og sjávarútveg fara í gegnum höfuðborgarsvæðið hvort sem fiskurinn er veiddur frá Ísafirði, Fáskrúðsfirði, Raufarhöfn eða Vestmannaeyjum, það breytir engu. Öll hin jákvæðu áhrif fiskveiðanna fara í gegnum hagkerfi höfuðborgarinnar og verja eignir fólks þar. Það sama er ekki að segja um landsbyggðina.

Herra forseti. Ég vil taka undir allt sem sagt hefur verið hér í dag um þessi mál. Grundvallaratriðið er að verja eignir landsbyggðarfólks.

[12:32]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ljóst er að hér er á ferðinni frv., ekki stórt í sniðum, til að bæta við bót eða plástri á plástur, frv. af gerðinni smáskammtalækningar, ef gefa ætti þessu eitthvert nafn. Til samræmis við það hefur oft verið tekin til samlíkingar stagbætt flík. Það er það sem kerfið er að verða, hæstv. sjútvrh.

Annað er líka athyglisvert þegar rætt hefur verið um þetta mál sem hefur snúist að sjálfsögðu um fiskveiðistjórnarkerfið, að hér í salnum hafa aðeins verið landsbyggðarmenn ásamt sjútvrh. — og nú bætist loks í hópinn eftir rúmlega klukkutíma umræðu einn af stjórnarliðunum frá minni stjórnarflokknum, hv. þm. Hjálmar Árnason, og ég leyfi mér að bjóða hann velkominn í salinn. Þetta er eftirtektarvert. Og aðeins einn ráðherra, hæstv. sjútvrh., ræðir þessi mál. Það sýnir áhugann á málinu sem ég tel að ætti að varða grunnatriðin hjá þjóðinni.

Mér finnst eðlilegt að lög þurfi breytinga við þó að búið sé að gera breytingar á jafnvel flestum greinum laganna eftir aðstæðum. En fiskveiðistjórnarkerfið þarf að vera þannig að það bjóði upp á stöðugleika. Þar vantar mikið á. — Og nú fór hv. þm. Hjálmar Árnason úr salnum.

Nýjustu dæmin um kvótaflutninga úr byggðarlögum hafa vakið ótta byggða sem trúðu því að hlutur þeirra væri tryggður. Þar nefni ég til Sandgerði og Grindavík, þá miklu útgerðarbæi. Þar er kominn uggur og ótti í menn vegna þess sem er að gerast. Þeir eru að missa frá sér aflaheimildirnar í því formi að einstaklingar eru að selja, hætta og flytja úr byggðunum. Þetta er það sem er að gerast. Þetta kallast hagræðing. Þetta er hagræðing til hörmunga fyrir ótrúlega marga. Það er niðurstaða mín. Útkoman úr kerfinu er hagræðing til hörmunga.

Það er rétt að spyrja um leið hæstv. sjútvrh. í tilefni af frv.: Hverjir eiga að fá? Hvernig á að framkvæma? Ég vona að hæstv. sjútvrh. láti svo lítið að svara því hverjir eiga að fá og hvernig á að framkvæma.

Fróðlegt er, herra forseti, að fara yfir og skoða árangur af stjórn fiskveiða sl. 10–12 ár. Árangurinn er sá að yfirráð yfir meginhluta kvótans eru komin í hendur örfárra aðila að stærstum hluta. Það er hagræðing sem leiðir til hörmunga. Staðreyndin er sú að sjósókn á stórum skipum sem gerð eru út hefur ekki verið meiri í annan tíma á Íslandi. En því miður hafa dökku hlutirnir sem fylgja fiskveiðistjórnarkerfinu, þ.e. brottkastið, nánast ekkert minnkað. Það eina sem gert er til bóta er að menn reyna að koma aflanum í land í formi annarra tegunda. Ég fagna því ef hver einasti fiskur sem tekinn er í veiðarfæri kemst á land, en því miður er brottkast vel við lýði.

Annar dökkur blettur á því kerfi sem við búum við er að stór hluti sjómanna er orðinn leiguliðar stórkvótahafanna. Einn ljóðurinn enn á kerfinu er ofveiði á ákveðnum tegundum og síðan það að úthlutaður afli hefur heldur ekki náðst í öðrum tegundum sem segir okkur að eitthvað er að fiskveiðiráðgjöfinni. Þar þarf einnig að taka á.

Einnig má spyrja, virðulegur forseti: Hefur fiskveiðistjórnarstefnan aukið vernd fiskstofnanna? Ja, það er mikill vandi að sjá að svo hafi orðið. Ekki get ég séð það þó svo að ég viðurkenni alveg að nauðsyn er á að stjórna fiskveiðum. Það er auðvitað nauðsyn á að ákvarða hámarksafla úr hverjum stofni. Og það er líka nauðsynlegt að búa til viðunandi leikreglur. En ekki er hægt að sjá annað en að framkvæmd veiðistjórnarinnar hafi leitt til vaxandi úlfúðar og það sést berlega á því hvernig staðan er í dag. Það hefur leitt til úlfúðar, eignaupptöku, eyðingar byggða og fólksflótta af landsbyggð.

Rétt er að taka eitt dæmi sem er mér ljóslifandi fyrir hugskotssjónum. Ég var staddur á Suðureyri fyrir skömmu, fór þar að sjálfsögðu niður að höfn, niður að lífæðinni, hitti þar sjómann sem var að taka bát sinn til aðhlynningar og við tókum tal saman. Hann tjáði mér að hann væri að hugleiða að reyna að komast í burtu af staðnum, og hugðist fara til Færeyja ef hann kæmist þar inn í kerfið, fara til Færeyja frá Íslandi. Áður var það þannig að Færeyingar komu til Íslands til þess að taka þátt í fiskveiðunum hér við land. En í samtali okkar útskýrði hann á einfaldan máta fyrir mér hvaða afleiðingar hafa orðið af kerfinu á þeim stað sem ég nefndi.

Í samtalinu kom þar að að ég spurði: Þú átt hér húsnæði, er það ekki? Hann kvað jú við því og benti mér upp í hlíðina þar sem var glæsilegt 170 fermetra einbýlishús á

tveimur hæðum, mjög fallegt hús á að líta. Ég giskaði strax á að húsnæðið mundi kosta 32–35 milljónir ef það væri í Reykjavík, ég hef komist að því að það er ekki of hátt mat. En maðurinn sem ég ræddi við sagði mér þegar ég var að giska á 6–7 milljónir til að vera nú í samræmi við það sem ég hélt að ég vissi um, þá sagðist hann þakka fyrir ef hann fengi 3–4 milljónir fyrir hús sem er allt að 35 millj. kr. virði á höfuðborgarsvæðinu. Þetta, virðulegur forseti, er afleiðing af því kerfi sem menn hampa. Þetta er nákvæmlega hagræðing til hörmunga fyrir einstaklingana sem búa í hinni dreifðu byggð.

Baráttan sem við höfum verið að ræða hér í dag er baráttan gegn fiskveiðistjórnarkerfi sem virkar ekki. Þetta er kerfi sem hefur leitt til þess að ástand í atvinnumálum í hinni dreifðu byggð hefur leitt til fólksflótta. Það er hörmung að þurfa að rifja slíka hluti sýknt og heilagt upp, en svona er staðan nákvæmlega.

Það stjórnkerfi fiskveiða sem við erum að fjalla um hefur kallað á kvótabrask, stöðugt kvótabrask. Fínni orð um þessa sömu aðgerð eru „viðskipti með aflaheimildir". Virðulegur forseti. Ég blæs á allt svona lagað þar sem verið er að fegra raunverulegar gjörðir með fallegum orðum. Verið er að hossa sumum en leiða erfiðleika yfir aðra. Þetta er það sem gert er með lögum. Um brask og siðleysi er að ræða í þessum málum en það er stuðst við lög, því miður.

Hvað er að gerast? Menn eru að selja sameign þjóðarinnar. Menn komast upp með að leggja skipum, segja upp áhöfnum, græða á kvótasölu, veðsetja sameign þjóðarinnar og svo það sem kannski orðið er hjá dómstólum að þar hefur verið dæmt þannig að menn eru að erfa sameign þjóðarinnar. Þetta vitum við, þetta gerist fyrir opnum tjöldum, og þeir sem græða hæla sér af því án þess að löggjafinn reyni að grípa inn í atburðarásina. Menn tala um kvótaeign sína, fara með hana eins og þeim hentar án nokkurra afskipta.

Ef ég man rétt var þetta ekki markmiðið með lögunum um fiskveiðistjórn. Fiskveiðistjórnin átti að gera það að verkum að lögin áttu að vernda fiskstofnana og leiða til hagkvæmni. En hagræðingin, hagkvæmnin sem menn tala um hefur leitt til hörmunga, eins og ég tók dæmi af rétt áðan fyrr í ræðu minni og þetta dæmi má heimfæra upp á fjölmargar byggðir.

Það væri kannski rétt að benda mönnum á að verið er að sýna núna kvikmynd Baltasars Kormáks eftir leikriti Ólafs Hauks Símonarsonar. Kvikmyndin heitir Hafið. Sú kvikmynd ætti að vera tekin til sýningar fyrir hvert einasta mannsbarn á Íslandi. Af hverju segi ég það? Ég segi þetta vegna þess að þema myndarinnar eða það sem myndin er að segja okkur er nákvæmlega það sem skáldið Ólafur Haukur Símonarson sá fram á fyrir tólf árum að mundi verða niðurstaðan fyrir íslensku þjóðina.

Það er ástæða til þess að nefna þetta vegna þess að það sem stjórnvöld á Íslandi hafa sagt að væri bábilja og hégómi er leitt fram í formi kvikmyndar sem er ákaflega vel leikin og sýnir í stórum dráttum afleiðingar fiskveiðistjórnkerfisins.

Herra forseti. Ég get flutt langt mál um fiskveiðistjórnkerfið. Ég gæti talað töluvert mikið um það sem er verið að gera nákvæmlega í því frv. sem hér liggur fyrir vegna þess að ég er búinn að standa á bryggjunni og ræða við sjómenn á Vestfjörðum. Þeir hafa sýnt mér fram á mismununina sem varð við þessar úthlutanir sem tengdar eru þessu frv. Einstökum þingmönnum er ætlað að framkvæma þetta og þessir einstöku þingmenn hafa lofað sjómönnum að þeir muni fá sín 5 tonn eða sín 10 tonn sem þeir muni úthluta. Þetta eru alvarlegir hlutir.

Virðulegur forseti. Meginmálið er að núverandi fiskveiðistjórnkerfi er orðin ófreskja sem íslensk þjóð getur ekki unað við. Aðeins þeir sem geta sölsað undir sig kvóta eru ánægðir með kerfið. Þeir eru hinir raunverulegu sægreifar með leiguliða á sinni jötu sem þeir skammta eftir geðþótta hverju sinni.

Virðulegur forseti. Öllu því braski sem ég hef vikið orðum að fylgir löglegt undanskot frá skatti vegna þess að ef sjómennirnir fengju hlut úr raunverulegu aflaverðmæti mundi eðlilegt hlutfall tekna skila sér til ríkissjóðs. En í skjóli hinna rúmu heimilda sem eru í kerfinu á millifærslu á tapi hjá útvegsfyrirtækjum þá er ríkissjóður enn að tapa þó svo að hæstv. ríkisstjórn reyni ekki að skilja það.

Herra forseti. Ég geld varhuga við því kerfi sem etur saman stéttum með mismunun innan þeirra, samanber smábátakerfið. Það er búið að skipta smábátaeigendum eða smábátunum upp í mismunandi kerfi sem eru núna að deila meira og minna um hver fær hvað á hvern hátt.

Herra forseti. Ég geld varhuga við því kerfi sem er að gera eignir fólks verðlausar á landsbyggðinni.

Herra forseti. Ég geld varhuga við því kerfi sem er orsök eyðingar sjávarþorpa og bæja á mörgum stöðum á landsbyggðinni. Og nú er farið að kreppa að á Suðurnesjum eins og ég vitnaði í hér áður í máli mínu. Ég minnist orða Sigurðar Vals Ásbjarnarsonar, bæjarstjóra í Sandgerði, í grein sem hann ritaði fyrir skömmu síðan — hann er maður sem stutt hefur kerfið — um að nú væri hætta á ferðum. Það er hætta á ferðum í sjávarbyggðum eins og Raufarhöfn þegar vinnan þar byggist aðeins á Rússafiski. Vinnan þar byggist á Rússafiski. Hver hefði trúað því fyrir nokkrum árum síðan?

Ég get tekið dæmi af mörgum stöðum öðrum og ég nefni byggðirnar á Vestfjörðum sem hafa orðið að horfa á eftir tugum þúsunda tonna, þ.e. ef ég legg það saman, horfa á eftir tugum þúsunda tonna úr byggðarlögunum.

Virðulegur forseti. Hv. þm. Kristján L. Möller vitnaði til ferðar fjárln. um Norðausturland fyrir skömmu síðan og sagði frá því að þar hefði sveitarstjóri verið að hæla sér af því að sveitarfélagið ætti kvóta. Þegar sá sem hér stendur var í bæjarstjórn á Akranesi 1988 var þetta dæmi allt saman að byrja, þ.e. 1989 og 1990. Og vegna þess að bærinn var að selja eign sína í fyrirtæki sem átti verulegar fiskveiðiheimildir þá lagði ég til að bærinn keypti fyrir sinn hlut aflaheimildir og hefði á staðnum til þess að deila út því að ég taldi að það væri öruggt að þessi eign væri góð fjárfesting. Hvað kom þá í ljós? Menn féllust ekki á þessa tillögu sem við jafnaðarmennirnir í bæjarstjórninni á Akranesi fluttum, heldur var henni skotið til umsagnar sérfræðinga sem gáfu þá niðurstöðu að aflaverðmæti kvótans þá væri í algeru hámarki og ekki kæmi til greina að fjárfesta á þennan hátt. Verðið hefur 25-faldast síðan þá. En menn vildu ekki gera þetta.

Hefði verið farið að ráði jafnaðarmannanna sem voru í sveitarstjórn á árunum frá 1986 fram til 1994 í heimabæ mínum Akranesi þá væri staðan sú að menn þyrftu ekkert að velta því fyrir sér í dag hvort þeir ætluðu að steypa eða malbika eina götu eða tvær eða hvort þeir ætluðu að fara í fráveitumál af fullum krafti. Menn gætu það í krafti þess að þeir ættu næga fjármuni. En því ráði var hafnað.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:52]

[13:32]

Útbýting þingskjals:

Fjöldi lögreglumanna, 170. mál, svar dómsmrh., þskj. 287.

Umræður utan dagskrár.

Staða heilsugæslunnar.

[13:32]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Heilsugæslan í landinu er í kreppu. Biðtími eftir læknaviðtali sums staðar á landinu, einkanlega á suðvesturhorninu, getur verið nokkrir dagar, jafnvel í sumum tilfellum nokkrar vikur. Ástæður þess eru einfaldlega þær að læknar eru allt of fáir til að hægt sé að veita þá þjónustu sem lög gera ráð fyrir. Þetta gerist jafnvel þótt fyrir liggi að stór hópur sjúklinga fari fram hjá þessari fyrstu viðkomustöð fólks í heilbrigðiskerfinu og leiti á náðir annarra sérfræðinga í tilteknum greinum. Og nú stefnir í lokun nokkurra heilsugæslustöðva.

Sumir tala um að heilsugæslan sé ekki eingöngu í kreppu, hún sé að hruni komin ef ekki verður snarlega og myndarlega gripið í taumana. Það er fólksflótti hjá heilsugæslulæknum. Þeir hafa farið einn af öðrum út úr greininni, sumir til útlanda, aðrir í önnur störf innan heilbrigðisgeirans. Þeir segja ástæðuna ekki eingöngu varða kjör þeirra heldur og ekki síður réttarstöðu gagnvart öðrum sérfræðingum í heilbrigðisþjónustunni Allt of fáir stunda nám í þessum fræðum til að tryggja að nauðsynleg nýliðun geti átt sér stað, hvað þá fjölgun. Ástandið er einfaldlega grafalvarlegt.

Í dag er síðasti vinnudagur sex af átta læknum heilsugæslustöðvarinnar á Suðurnesjum. Í gær nefndi heilbrrh. að hann vonaðist til að þeir mundu sjá sig um hönd og una nýlegum úrskurði kjaranefndar og halda áfram. Það gerist því miður ekki. Ég heyrði frá heimamönnum í morgun og það er enn þá stál í stál. Heilsugæslustöðin lokar á morgun að mestu leyti. Það er ófært.

Eftir fjórar vikur gerast sömu hlutir í Hafnarfirði. Þar hafa allir heilsugæslulæknar sagt upp störfum og ganga út að óbreyttu 1. desember nk. Á Ísafirði hafa fjórir af sex heilsugæslulæknum sagt upp störfum. Víðar á landinu er svipaða sögu að segja, 30 uppsagnir liggja fyrir, fleiri eru á leiðinni að óbreyttu ástandi.

Ekki hefur gengið að gangsetja nýja heilsugæslustöð í Kópavogi enda þótt húsnæði sé til staðar.

Ég nefndi Hafnarfjörð, herra forseti. Mér er minnisstætt að á árum mínum sem bæjarstjóri þar í bæ, 1986–1993, hafði ég mikil og góð samskipti við forsvarsmenn heilsugæslustöðvarinnar og fann fyrir þeim mikla metnaði og krafti sem einkenndi lækna, hjúkrunarfólk og annað starfsfólk til að efla, útvíkka og bæta þjónustuna. Það var gert. Má þar nefna slysamóttöku vegna minni háttar óhappa sem opin var á kvöldin og dró mjög úr heimsóknum á slysadeild Borgarspítalans. Almenningur var mjög ánægður með heilsugæsluna sína. Því er sárgrætilegt hvernig málum er nú fyrir komið í Hafnarfirði og víðar um land þar sem læknar og starfsfólk eru að gefast upp á núverandi ástandi. Álagið er allt of mikið, læknar of fáir, kjör þeirra og réttarstaða, að þeirra áliti, óviðunandi og það að skjólstæðingar fá ekki viðtal fyrr en eftir dúk og disk. Við svo búið má ekki standa.

En hvað er til ráða? Þetta er ekki einfalt úrlausnar. Þetta er ekki kjaradeila í hefðbundnum skilningi þess orðs þó að ráðuneyti heilbrigðismála hafi reynt að leggja málið út með þeim hætti. Málið er miklu flóknara en svo.

Ástæðan er ekki síst sú að ekki hefur verið tekið á þessum viðfangsefnum árum saman og vandamálin hafa hrannast upp og orðið illleysanleg. Kjaranefndarúrskurður árið 1996 skapaði úlfúð og vandkvæði, úrskurður um vottorðamálið sömuleiðis, afstaða til svokallaðs 10%-sjóðs og niðurlagningar hans enn fremur. Fleira mætti til tína. Uppsöfnuð kergja er til staðar innan heilsugæslunnar.

Sumir hafa viljað setja málið þannig upp að læknar séu að taka yfirvöld og sjúklinga í gíslingu, þarna séu á ferðinni gírugir og vel launaðir starfsmenn hins opinbera. Aðrir segja hins vegar að óbilgirni og fálæti kerfisins, heilbrrh. og heilbrrn., hafi framkallað þetta ófremdarástand. Hvorugt er rétt. Svona stríðsyfirlýsingar leysa engin vandamál. Einhendum okkur í að finna lausnir.

Hlutskipti Jóns Kristjánssonar heilbrrh. er ekki öfundsvert, ekki síst þegar til þess er litið að hann lýsti því yfir þegar hann tók við starfi heilbrrh. að hans helsta áhugamál væri að efla heilsugæsluna í landinu. Það hefur því miður farið allt á annan veg. Mér dettur ekki annað í hug en að ráðherra vilji gera allt sem í hans valdi stendur til að stuðla að lausn mála en það hefur honum ekki tekist, því miður.

Mitt mat er að óhjákvæmilegt sé að taka fyrirkomulag heilsugæslunnar og raunar um leið störf sérfræðinga annarra í heilbrigðisgeiranum til heildarendurskoðunar. Á að leyfa heilsugæslulæknum að stunda stofurekstur á sama hátt og öðrum sérfræðingum? Það er ein lykilspurningin. Eftir að hafa farið yfir málið með öllum hlutaðeigandi aðilum þá er það mitt mat að hjá því verði ekki komst að einhverju marki samkvæmt skýrum og þröngum reglum að opna fyrir þá gátt. Heilsugæslan þarf einfaldlega nýja vítamínssprautu og ráðherrann á að lýsa því yfir að þeir möguleikar verði opnaðir, kalla saman samráðsnefnd aðila og kortleggja nákvæmlega hvernig best verði að því staðið. Það mundi efla heilsugæslustigið. Um það er engin spurning.

En mundi það stórlega auka útgjöld? Það er ekki endilega sjálfgefið. Það þarf að kostnaðargreina og þarfagreina þann þátt málsins. Sumir halda því fram að slík breyting mundi fyrst og fremst þýða tilfærslu á fjármagni frá útgjöldum til sérfræðinga í öðrum greinum til sérfræðinga í heimilislækningum. Við horfum framan í fjölmörg rekstrarform í heilsugæslunni í dag. Því vill enginn breyta.

Eftir sem áður er það mitt mat að heilsugæslustöðvar verði og eigi að vera kjölfesta þjónustu á þessu stigi, heilbrigðisþjónustu, og þeim læknum sem vilja eingöngu starfa innan þeirra verði umbunað sérstaklega eins og gerist og gengur á sjúkrahúsum.

Heilsugæslan er snar þáttur í þjónustu sveitarfélaga. Frekari aðkoma sveitarfélaga er mikilvæg í þessum efnum. En það má engan tíma missa. Við verðum að snúa við blaði og ná sátt við alla hlutaðeigandi aðila um stefnu og verklag sem leysir málið. Ég vil ekki umræðu um þessi mál í upphrópanastíl. Ég er ekki með árásir á ráðherra. Ég vil hins vegar að við stefnum að lausn málsins og vinnum með heilbrigðisstarfsfólki að því. Leysum þá kreppu sem til staðar er. Tryggjum fólki lágmarksþjónustu. Það er mergurinn málsins. Þess vegna hef ég beint þeim spurningum til heilbrrh. sem hann hefur hjá sér og lúta að því hverjar tillögur hans séu. (**Gripið fram í:** Þingmaðurinn vill einkarekstur.)

(Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Velkominn í hópinn.)

[13:39]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Vissulega er það alvarlegt gagnvart sjúklingum þegar hópur lækna í ákveðnu bæjarfélagi tekur sig saman og hættir störfum. En við þurfum að gera okkur grein fyrir út á hvað þetta mál gengur.

Ég tók eftir því að talsmaður þess hóps sem sagt hefur upp í Reykjanesbæ sagðist í spjalli á útvarpsstöð í morgun hafa verið þvingaður út í uppsagnir. Í öðru lagi sagðist talsmaðurinn ætla að knýja stjórnvöld til að breyta um stefnu í málefnum heilsugæslunnar. Það má því segja að hér sé um þvingunaraðgerð að ræða. En því miður verður þriðji aðilinn þolandinn í baráttunni allt eftir því hvernig menn kjósa að túlka þessar aðgerðir.

Ég vil fyrst víkja að því að í heilbrrn. munum við gera allt sem í okkar valdi stendur til að tryggja sem minnsta röskun í Reykjanesbæ ef svo fer að uppsagnirnar standi. Það sem við munum beita okkur fyrir er m.a. þetta: Að efla hjúkrunarfræðingavaktir til að þjónusta og leiðbeina fólki sem leitar til heilsugæslunnar. Við munum gera okkar ýtrasta til að reyna að fá lækna til starfa í stað þeirra sem hætta. Við bendum fólki á neyðarvaktir sem eru á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sjálfri. En það er einlæg von mín að þessir læknar ígrundi stöðuna og taki aftur uppsagnir sínar og velti fyrir sér þeim kostum sem við höfum sagst vera tilbúin að skoða.

Heilsugæslulæknar sem sagt hafa upp í Reykjanesbæ hefur verið boðið upp á ýmsa kosti til að reyna að leysa þessa deilu en svar þeirra er jafnan það sama: „Við erum hætt ef við fáum ekki leyfi til að geta sent Tryggingastofnun ríkisins reikninga fyrir unnin læknisverk á einkastofum."

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Reykn. spyr um úrræði í bráð og lengd vegna uppsagna heilsugæslulæknanna í Hafnarfirði og Bessastaðahreppi sem eiga að taka gildi 1. desember nk. Ég vonast sömuleiðis til þess að Hafnarfjarðarlæknarnir sjái sig um hönd og fari aftur yfir kjaranefndarúrskurðinn sem þeir voru að fá og færir heilsugæslulæknum í mörgum tilvikum meiri kjarabætur en menn hafa almennt séð í þjóðfélaginu á þessu og síðasta ári.

Það gildir um Hafnarfjarðarlæknana eins og Reyknesingana að ég er tilbúinn að gera við þá eða aðra sem vilja sinna sjúkum á þessum svæðum þjónustusamning um starfsemina. Þeir gætu boðið í þjónustuna undir hatti heilsugæslunnar og samkvæmt lögbundnum kröfum um heilsugæslu í landinu. En ég er ekki tilbúinn til að tvískipta grunnheilbrigðisþjónustunni á Íslandi.

Kjaranefnd var á dögunum að úrskurða heilsugæslulæknum í landinu launabætur sem gilda frá 1. apríl. Lífeyrisréttur þeirra rýmkast umfram það sem aðrir hafa fengið og laun hækka í mörgum tilfellum mjög mikið. Heildarkostnaðurinn vegna þessa úrskurðar samkvæmt útreikningum ráðuneytisins liggur rétt um 400 millj. kr. á ári en heilsugæslulæknar eru innan við 200 alls.

Herra forseti. Ég hafna tvískiptingu grunnþjónustunnar og geri það m.a. vegna harðrar gagnrýni Ríkisendurskoðunar á stjórnun kerfisins. En það er ekki eina ástæðan. Prófessor í heilbrigðisvísindum hefur m.a. dregið upp þá framtíðarmynd sem blasað gæti við ef gengið yrði að kröfum þeirra lækna sem lengst ganga. Hann sér fyrir sér stórhækkun á komugjöldum sjúkra ef þessi leið yrði farin. Hann sér fyrir sér aðgangshindranir vegna kostnaðar og hann sér fyrir sér heilsugæsluhugsunina í upplausn ef grunnþjónustunni verður skipt í tvennt.

Ég held að menn verði að hugleiða, bæði hv. málshefjandi og aðrir þeir sem taka þátt í þessari umræðu, hvort þeim hugnist þetta. Ég er ekki tilbúinn til þess að taka fyrstu pensildrættina í þessa framtíðarmynd.

Ég endurtek að kjör heilsugæslulækna hafa verið bætt mjög mikið þannig að starfið á launanna vegna að vera aðlaðandi og ég verð var við að heilsugæslulæknum líkar þetta starf vel. Samkvæmt þeim kjörum sem þeim hafa nú verið búin ætti heilsugæslan því að vera aðlaðandi fyrr lækna, unga sem gamla. Heilsugæslan ætti að geta eflst þess vegna. Ég vil því skora á þá lækna sem hér eiga hlut að máli og hafa sagt upp störfum að endurskoða þá ákvörðun sína og fara yfir þá möguleika með okkur áfram sem gætu verið í stöðunni.

[13:44]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hafi það verið stefna hæstv. ríkisstjórnar að gera heilsugæsluna að fyrsta viðkomustað sjúklinga í heilbrigðiskerfinu þegar upp koma veikindi eða önnur heilsufarsvandamál þá hefur sú stefna algjörlega brugðist og sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Uppbygging heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki fylgt eftir örri fólksfjölgun undanfarinna ára og á það hafa þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs margbent. Þar fyrir utan hefur margt stuðlað að því að heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu getur í dag alls ekki sinnt því hlutverki sem henni er ætlað og nú er svo komið að nýr úrskurður kjaranefndar um heimilislækna, þar sem tekið var mið af kjörum sjúkrahúslækna, er einn og sér ekki fullnægjandi til þess að þeir heilsugæslulæknar sem þegar hafa sagt upp störfum dragi uppsagnir sínar til baka. Deilan snýst því ekki lengur um kjör heldur samsvarandi starfsréttindi heimilislækna og annarra sérfræðinga innan heilbrigðisþjónustunnar.

Í dag er síðasti vinnudagur nær allra heilsugæslulækna á Suðurnesjum eins og fram hefur komið og fjölmargir munu innan tíðar hætta störfum. Það er mikið áhyggjuefni að til uppsagna skuli þurfa að koma til þess að leysa réttindamál heimilislækna og að heilu byggðarlögin skuli verða fyrir alvarlegri skerðingu á nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu.

Vandi heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu er vandi heilbrigðiskerfisins í hnotskurn og á það hafa þingmenn Vinsri hreyfingarinnar – græns framboðs margsinnis bent. Þar sem uppbygging heilsugæslunnar hefur ekki fylgt eftir fólksfjölgun þá hefur sú takmörkun leitt til þess að sjúklingar hafa leitað í auknum mæli til sjálfstætt starfandi sérfræðinga, enda hefur sú þjónusta aukist gífurlega eins og glöggt má sjá í reikningum Tryggingastofnunar ríkisins. Það að halda heilsugæslunni í svo þröngum ramma hefur ýtt undir mismunandi rekstrarform innan frumþjónustunnar og nú stefnir hæstv. heilbrrh. á fleiri útfærslur. Eins og staðan er í dag er ljóst að verið er að auðvelda einkarekstur og næstu skref til einkavæðingar heilbrigðiskerfisins.

Herra forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styðjum heilbrrh. til góðra verka og að tvískipta ekki enn frekar heilsugæsluþjónustunni.

[13:47]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Enn eru blikur á lofti í heilsugæslunni. Þess er skemmst að minnast að við töluðum hér utan dagskrár fyrr

í þessum mánuði. Sem stendur ber hæst uppsagnir lækna á Suðurnesjum og í Hafnarfirði. Hætti þeir störfum þá eru það tíu læknar 1. nóv. og tíu í Hafnarfirði 1. des. og þar með hafa 25 sérmenntaðir heimilislæknar horfið úr starfi á einu ári til mikils skaða fyrir sjúklinga þeirra. Læknunum finnst þeir skör lægra settir en aðrir sérfræðingar í læknisfræði hvað starfskjör og starfsréttindi varðar. Þeir vilja eiga möguleika á að geta starfað sjálfstætt eins og aðrir læknar en ekki eingöngu sem ríkisstarfsmenn. Náist þetta er ég þó þess fullviss að flestir þeirra mundu kjósa að starfa áfram á heilsugæslustöðvunum þótt það geti verið undir öðrum formerkjum. Þeir vilja nefnilega helst sinna sjúklingum sínum þótt þeir líti svo á að réttindi séu mikilvæg.

Er ekki eðlilegt, herra forseti, að heimilislæknar beri faglega og fjárhagslega ábyrgð á vinnu sinni? Er það ekki eftirsóknarvert að halda í góða fagmenn en veita þeim jafnframt það frelsi sem þeir óska eftir? Hvernig gæti það litið út? Ég sé fyrir mér að bjóða mætti starfandi heimilislæknum upp á að starfa sem verktakar, t.d. svipað og samið hefur verið við lækna í heilsugæslunni í Lágmúla og gerður þjónustusamningur um þá verktöku.

Annar kostur væri að bjóða þeim upp á samning um að sinna ákveðnum sjúklingahópi, t.d. 1.200–1.500 manns hverjum, og byggðist það á fyrirliggjandi samningi, þ.e. samningi sjálfstætt starfandi heimilislækna.

Hæstv. ráðherra segist ekki tilbúinn að tvískipta heilsugæslunni í landinu. Ég skil það vel en ég verð samt að benda á að heilsugæslunni er nú þegar tvískipt. Hún hefur ekki mannafla til að sinna þeim verkum og sjúklingum sem þangað vilja leita. Þess vegna er þeim verkefnum sinnt annars staðar. Að auki eru sjálfstætt starfandi heimilislæknar, t.d. í Reykjavík, sem senda Tryggingastofnun ríkisins reikninga fyrir unnin læknisverk. Þar er því ekkert nýtt á ferðinni. En ég veit að heilbrrh. er það efst í huga að styrkja heilsugæsluna. Ef honum tekst að gera það nú mun líka hætta að kvarnast úr þeim hornsteini sem heilsugæslan er.

[13:49]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það tekur auðvitað engu tali að ætla sér að ræða viðamesta vandamál sem við eigum við að etja, heilbrigðismálin, í því ani sem hér er. Ég hefði haldið að 1. varaforseti á Alþingi hefði getað hagað því öðruvísi.

Það er mála sannast að þessi mál eru í kreppu. Mér er nær að halda að heilbrigðiskerfið okkar sé næstum komið í þrot eða sem næst á heljarþröm. Hins vegar er ekki von á tillögum til úrbóta meðan menn játa ekki staðreyndirnar. Það kemur m.a. fram í því óraunsæi að ár eftir ár afgreiða menn hér fjárlög sem sýnir sig að eru fullkomlega óraunsæ. Auðvitað þarf að borga brúsann þegar þar að kemur eftir alls kyns iðraþrautir þar sem saumað er að sjálfum sjúklingunum.

Hér þarf, eins og frummælandi gat um, að taka til höndum heldur hressilega. Ég legg til við hæstv. heilbrrh., sem ég veit að er velviljaður maður, að hann skipi nefnd færustu sérfræðinga á heilbrigðissviði og færustu sérfræðinga í rekstri fyrirtækja, eins og 10–12 manna, og gefi henni hálft ár eða ár. Að því búnu yrði sett stéttarþing heilbrigðiskerfisins þar sem niðurstöður nefndarinnar lægju fyrir. Þær yrðu metnar.

Ef svo skyldi fara að það fyrirkomulag sem við kæmum okkur saman um reyndist gjaldgetu ríkissjóðs ofviða þá þyrftu þeir sem efni hafa að borga mismuninn. Það vill nefnilega þannig til að í þessu þjóðfélagi eru til nógir andskotans peningar.

[13:51]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Heilsugæslan er í kreppu. Læknaskortur er viðvarandi og biðin eftir þjónustu eru dagar og jafnvel vikur. Fjöldi fólks nýtir ekki frumheilsugæsluna og fer beint til sérfræðinga og sjúkdómsgreinir þannig sig sjálft. Við vitum að það er bæði dýrt fyrir skattgreiðendur og dýrt fyrir sjúklinginn. Þetta er afleitt. Við vitum að það er dýrara að fara til sérfræðings en á heilsugæslustöðina. Ég verð að segja að mig óar við þeirri framtíðarsýn sem hæstv. heilbrrh. lýsti hér, ef farið verður að þeim kröfum lækna sem nú eru uppi.

Hér höfum við rætt ástandið á Suðurnesjum. Ég vil minna á að í Reykjavík er stórt hverfi sem ekki hefur haft nokkra heilsugæslustöð frá upphafi, þ.e. Voga- og Heimahverfið.

Nú er það svo, herra forseti, að aðgerðaleysi stjórnvalda undanfarin ár á sök á þessu ástandi. Stjórnvöld hafa hvorki tekið á málefnum heilsugæslunnar né sérfræðilæknanna. Auðvitað verður að leysa þetta en það má aldrei gera á þann hátt að sjúklingum verði á nokkurn hátt mismunað. Jafnræði verður að ríkja gagnvart þjónustunni og þeir sem hafa rýmri fjárráð mega aldrei vera í þeirri aðstöðu að geta borgað sig fram fyrir.

Heilsugæslulæknar verða að fá svipaðan sess í heilbrigðisþjónustunni og þeir læknar sem helga sig sjúkrahúsþjónustu. Virðingu heilsugæslunnar verður að endurreisa svo að hún fái þjónað því mikilvæga hlutverki sem frumheilsugæslan er. E.t.v. mætti hugsa sér að stjórnvöld tækju í taumana og veittu námsstyrki, t.d. til framhaldsnáms þeirra lækna sem vilja sinna heimilislækningum sérstaklega.

[13:54]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Við höfum lengi litið heimilislækna og þjónustu heilsugæslunnar öðrum augum en aðra þjónustu heilbrigðiskerfisins, öðrum augum en þá þjónustu sem aðrir sérfræðingar veita. Heimilislæknar eru kjölfesta heilbrigðiskerfisins og njóta meiri velvilja en aðrir sérfræðilæknar að því er ég held. Störf þeirra og starfsumhverfi, eins og við þekkjum það, skapar þeim mjög náið samband, ekki bara við sjúklinga sína heldur líka fjölskyldur þeirra og heimili. Yfirsýnin og samhæfingin sem þeim er ætlað að tryggja er nokkuð sem heilbrigðiskerfið getur ekki verið án.

Mörg okkar eiga hins vegar mjög bágt með að sjá þakklátt starf heimilislæknis unnið á grundvelli krónutölu fyrir hvert unnið verk eða unninn verkþátt. Þvert á móti viljum við sjá aukna yfirsýn heilsugæslunnar við aðstæður og vandamál einstaklinga og fjölskyldna, aukna þverfaglega þjónustu og samstarf heilbrigðisstarfsmanna á heilsugæslustöðvum og eflingu hvers konar leitar- og forvarnastarfs undir forustu heimilislækna. Umræðan um þessa þætti, um aukna og bætta þjónustu, hefur ekki verið sem skyldi. Umræðan um kjör lækna og rekstrarform hefur yfirskyggt allt annað og hefur að nokkru leyti staðið þróuninni fyrir þrifum.

Í kjaralegu tilliti standa heimilislæknum vissulega ýmsir kostir til boða. Einn er sá að starfa hjá sjálfum sér, einn eða fleiri, á grundvelli þjónustusamnings við ríkið. Annar kostur er sá að vera launþegi á ríkisreknum heilsugæslustöðvum og samkvæmt nýgengnum úrskurði kjaranefndar geta heimilislæknar í dag valið á milli fastra launa eingöngu eða fastra launa og afkastatengdra greiðslna að hluta. Eins og fram hefur komið kostar sá úrskurður 400 millj. sem hlýtur að teljast dágóð kjarabót fyrir þá u.þ.b. 190 menn sem eiga hlut í þeirri fjárhæð.

Herra forseti. Heimilislæknar bera sem sérfræðingar og fagmenn mjög ríka ábyrgð og skyldur gagnvart þeim sem leita eftir þjónustu þeirra. Þeir bera ábyrgð gagnvart sjúklingum. Ríkisvaldið ber ekki alla ábyrgðina. Við hljótum að gera þær kröfur að heimilislæknar kasti ekki frá sér þessari ábyrgð né því trausti sem þarf að ríkja á milli fagmanns og sjúklings. Við hljótum að hvetja til þess að þeir endurskoði afstöðu sína og dragi uppsagnir sínar til baka.

[13:56]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill að allir þegnar landsins hafi aðgang að góðri heilbrigðisþjónustu óháð stöðu og tekjum. Meginstoðir heilbrigðisþjónustunnar eru heilsugæslustöðvarnar, sjúkrahússtofnanirnar og sjálfstætt starfandi sérfræðingar.

Staðreyndin er sú að heilsugæslustöðvar og sjúkrastofnanir hafa afmarkaðan ramma samkvæmt fjárlögum. Sjálfstætt starfandi sérfræðingar hafa hins vegar getað vísað reikningum sínum áfram á Tryggingastofnun. Þetta hefur leitt til þess að stofnanir eins og heilsugæslustöðvar og sjúkrahúsin eru stöðugt að berjast við að halda rekstri sínum og starfsemi innan fjárlaga í stað þess að verja stöðu sína sem hluta af heilbrigðiskerfi þjóðarinnar.

Samkvæmt óbeinni og beinni einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar í heilbrigðiskerfinu hafa sjúkrahúsin og heilsugæslustöðvarnar í æ ríkari mæli vísað verkefnum sem voru hefðbundin inni á þessum stofnunum frá sér til sjálfstætt starfandi sérfræðinga sem geta síðan sent reikninginn áfram á Tryggingastofnun. Þessi þróun er þvert á hina opinberu stefnu stjórnvalda í heilbrigðismálum þar sem gert er ráð fyrir því að heilsugæslustöðvar séu fyrsti viðkomustaður í heilsugæslunni.

Herra forseti. Það verður að snúa þróuninni við. Menn verða að átta sig á því hvers konar skipulag við viljum hafa á heilsugæslunni í landinu. Við viljum að þar ríki jöfnuður. Þróist kerfið í sömu átt og það er nú að gera eigum við á hættu að fólk fái þjónustu eftir stöðu og efnahag. Það viljum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði alls ekki.

[13:58]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Lausnarorðið í þessari deilu er frelsi en ekki peningar. Deila heilsugæslulækna og heilbrrn. hefur staðið allt of lengi og með sama áframhaldi grefur hún undan heilsugæslukerfinu og trú fólks á það. Fyrir venjulegan mann er ógerningur að skilja um hvað er deilt. Eru það peningar eða eitthvað annað?

Heilbrrn. segist hafa hækkað laun heilsugæslulækna um 20% en læknar segja að það sé launalækkun. Ráðuneytið segir frjálsræði lækna nóg en heilsugæsulæknar segja að þeir séu niðurnjörvaðir. Þegar farið er að skoða málið skín í gegn að miðstýringin er að kollvarpa þessu öllu. Kerfið, þ.e. ráðuneytið, vill öllu stjórna. Ég sé ekki hverju það getur spillt að sérfræðingar í heilsugæslulækningum hafi rétt til að setja upp stofu eins og aðrir læknar.

Eins og staðan er í dag geta læknar með aðra sérfræðimenntun, t.d. í lyflækningum, sett upp stofu á morgun og sent reikninginn til Tryggingastofnunar. Ef þú ert heilsugæslulæknir er það ekki hægt þó þú sért að gera nákvæmlega það sama. Þess vegna segi ég, herra forseti: Lausn þessarar deilu er ekki aukið fjármagn heldur frelsi. Það frelsi á ekki að hafa nein áhrif á að heilsugæslustöðvar verði reknar áfram eins og þær eru reknar í dag. Í raun eru 60% heilsugæslustöðvanna í höndum hjúkrunarfólks annarra en lækna. Læknar hafa 40% af þeirri starfsemi á sínum höndum. Það er óþolandi að heilu landsvæðin séu sett í þá stöðu að öryggi heimilanna sé ekki tryggt.

Suðurnesjamenn eru fyrstir til að lenda í þessu tafli. Þeir sætta sig ekki við að þessu haldi fram sem horfir. Ég þekki hæstv. heilbrrh. ekki af öðru en réttsýni og vona að hann gangi í að leysa þessa deilu strax.

[14:00]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta mál snýst í heild sinni ekki um krónur og aura, heldur er fyrst og fremst um að ræða eðlilega og sjálfsagða réttindabaráttu sérfræðinga í heimilislækningum og það að allir eigi jafnan rétt á heilbrigðisþjónustu, ekki síst á þeirri mikilvægu grunnþjónustu sem veitt er í heilsugæslunni. Málið snýst um það.

Hæstv. ráðherra kemur hér og segir: „Ég hafna tvískiptingu grunnþjónustunnar." Sú tvískipting er eins og hér hefur komið fram þegar til staðar. Og sú tvískipting sem átti að ríkja samkvæmt lögum sem eru að grunni til síðan 1973 er löngu fyrir bí þegar sérfræðingum á öðrum sviðum en heilsugæslunni var falið eða þeir máttu taka við að sinna slíkri grunnþjónustu. Þar með var tvískiptingin fyrir bí. Og það þýðir ekkert annað en að horfast í augu við þann veruleika sem við búum við.

Það að tvískiptingunni var hafnað með samningum við sérfræðilækna sem starfa á öðrum sviðum en í heimilislækningum verður til þess að þeir gera að sjálfsögðu kröfu um að fá að gera gjaldskrársamninga eins og aðrir sérfræðingar á sviði lækninga. Þetta er sá veruleiki sem við búum við. Hitt er sýndarveröld að hér sé í gangi tvískipt kerfi. Það er sýndarveröld.

Það er löngu orðið tímabært að menn horfist í augu við það, vegna þess að ef við gerum það ekki, þá verður þessi deila aldrei leyst. Og á hverju bitnar það þá fyrst og fremst? Á sjúklingunum sem eiga rétt á grunnþjónustu. Þeir eiga rétt á öflugri grunnþjónustu og það eiga allir að eiga þann rétt án tillits til efnahags. Við í Samfylkingunni viljum að slík þjónusta sé til staðar og að við finnum það rekstrarform sem tryggi það að einstaklingurinn hafi þann rétt án tillits til efnahags.

[14:02]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Það er grafalvarlegt mál ef 16.000 manna byggðarlag stendur skyndilega uppi án lækna. Það er neyðarástand og á því verður að taka. Um það snýst málið og það snýst um tvennt. Annars vegar er um að ræða kjarabaráttu þar sem læknar vilja ekki una þeim kjörum sem Kjaradómur ætlar þeim. Hins vegar snýst það um nýtt rekstrarform eins og hér hefur komið fram. Um þetta hefur ekki náðst sátt. Því grípa læknar til uppsagna og almenningur á Suðurnesjum situr eftir læknislaus. Það er ólíðandi.

Störf lækna eru erfið og þau eru krefjandi og fyrir það á að borga góð laun. Á það sjónarmið féllst Kjaradómur með því að hækka laun heilsugæslulækna um tvær millj. kr. á ári, eða í um 1.300 þús. kr. á mánuði. Við hljótum því að spyrja hversu langt samfélagið er tilbúið til þess að ganga til móts við launakröfur lækna og rekstrarkröfur lækna. Ég spyr hæstv. frummælanda: Hversu langt er hann til í að ganga í þeim efnum?

Auðvitað hafa læknar afbragðsgóða samningsstöðu því brotthvarf þeirra skapar neyðarástand. Hverfi þessir læknar munu aðrir læknar ekki fylla skörðin því stéttin stendur þétt saman. Það er auðvitað ábyrgðarleysi að skilja stórt samfélag eftir án lækna. Þetta neyðarástand sem skapast hefur er á ábyrgð deiluaðila. Sjaldan veldur einn þá tveir deila.

Ég skora á hæstv. heilbrrh. og þykist vita um góðan vilja hans til að leysa þetta mál. Ég skora á hæstv. fjmrh. að leggjast á árar með hæstv. heilbrrh. því auðvitað kann að vanta fé. En síðast en ekki síst skora ég á læknana að axla ábyrgð, fresta aðgerðum sínum og setjast að samningaborði og sjá hvað er í spilunum þannig að almenningur á Suðurnesjum verði ekki skilinn eftir læknalaus. Þeirra er ábyrgðin jafnt sem yfirvalda.

[14:05]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. svörin. Meginlínan í svörum hans var sú að hann vonaði hið besta. Ég vil hins vegar segja við hann: Vertu viðbúinn hinu versta. Því miður fannst mér hæstv. ráðherra falla í þá gryfju að leggja málið hér upp eins og um hefðbundna kjaradeilu væri að ræða. Það er ekki svo.

Menn geta notað orðaleppa að vild og talað um tvískiptingu kerfisins, einkarekstur, þjónustusamninga og hvað eina. Staðreyndin er hins vegar sú að þjónusta í heilbrigðiskerfinu í dag er ekki tvískipt, hún er ekki þrískipt, hún er margskipt. Staðreynd er að einkarekstur í heilsugæslugeiranum er til staðar. Og staðreyndin er að ef ekkert er að gert, eins og hæstv. ráðherra leggur hér upp með að minni hyggju, þá mun þessi einkarekstur stóraukast, ekki kannski kalla á útgjöld ráðuneytis, en kalla á stóraukin útgjöld skjólstæðinganna, fólksins í landinu.

Það fer ekki fram hjá nokkrum manni að læknar í Hafnarfirði hafa lýst því yfir að þeir muni opna sínar prívatstofur, þeir hafa til þess rétt samkvæmt gildandi lögum og það er fólkið, skjólstæðingarnir, sem þurfa að borga brúsann. Aðgerðaleysi í málinu kallar því á raunverulega tvískiptingu, ekki í kerfinu sjálfu, hún er til staðar, heldur gagnvart fólkinu, sjúklingunum. Og það er versta niðurstaðan af öllu.

Þess vegna hef ég sagt, herra forseti, að okkur er brýn nauðsyn á, eftir að stjórnvöld hafa verið hér aðgerðalítil eða laus um vandamálið sem við hefur blasað, að við fetum nýja slóð. Þess vegna hef ég opnað á það að menn skoði nýjar lausnir og geri heilsugæsluna þannig úr garði að hún tryggi ekki eingöngu kyrr kjör, heldur að við bjóðum fólki upp á þá þjónustu í heilsugæslunni sem lög standa til og við tölum öll um í raun og sanni. Við eigum að efla hana, tala ekki aðeins um það, heldur gera eitthvað í því.

[14:07]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta alvarlega og flókna mál. Ég vil endurtaka nokkur atriði sem fram hafa komið í umræðunni og taka fram að á fjölmörgum fundum sem ég hef setið með talsmönnum heilsugæslulæknafélagsins um kjör þeirra hafa þeir sett fram eina úrslitakröfu, að fá að opna einkastofur og senda reikninga á Tryggingastofnun ríkisins. Ég hef hafnað þessu eins og fram hefur komið. Ég hef boðið upp á marga möguleika fyrir læknana undir hatti heilsugæslunnar og til að varðveita heilsugæsluhugsunina sem ég hef ekki orðið var við annað en að samstaða sé um. Ég hef boðið læknunum þjónustusamninga. Ég hef boðist til að gefa þeim kost á að bjóða í reksturinn. Ég hef opnað á þann möguleika að þeir fari inn á heimilislæknasamning að einhverju leyti eins og fram kom áðan í umræðunni, en undir hatti heilsugæslunnar.

Öllum tilboðum af þessu tagi hefur verið neitað. Heilsugæslulæknarnir hafa ekki verið til viðtals um annað en kröfuna um að fá að opna einkastofur. Hér segja hv. ræðumenn: Tvískiptingin er fyrir hendi. Það er rétt að nokkru leyti, en þó hún sé fyrir hendi þá er ég ekki tilbúinn til þess að auka hana.

Við höfum verið gagnrýnd harðlega í skýrslum Ríkisendurskoðunar fyrir samningana við sérfræðinga og hvernig hefur verið haldið utan um það mál. Ég er ekki tilbúinn til þess að auka við þann þátt eins og stendur. Hins vegar hef ég boðist til að ræða fjölmarga aðra möguleika undir hatti heilsugæslunnar. Ég skora á þá lækna sem hlut eiga að máli að fresta uppsögnum sínum og setjast niður með okkur eins og við höfum verið að ræða, en halda sig ekki alveg fast við eina úrslitakröfu eins og þeir hafa gert frá upphafi.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 244. mál (flutningur aflaheimilda milli ára). — Þskj. 248.

[14:10]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Frumvarp það sem hér er til umræðu, stjfrv. um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, felur í sér leiðréttingu eða nokkurs konar framhaldsheimild á að nýta aflaheimildir sem úthlutað var á fiskveiðiárinu 2001–2002, annars vegar til tilrauna með áframeldi á þorski og ekki voru nýttar á því ári og hins vegar 500 lestir af óslægðum botnfiski sem ráðherra hafði til ráðstöfunar á fiskveiðiárinu 2001–2002, til stuðnings byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samráttar í sjávarútvegi og ekki var úthlutað á því ári. Frumvarpið felur því í sér að heimila að aflaheimildunum verði ráðstafað á næsta fiskveiðiári til viðbótar við þær heimildar sem annars var búið að gefa.

Frumvarpið er í sjálfu sér ekki stórt að öðru leyti en því að þetta er framkvæmd á heildarstefnunni í fiskveiðimálum og því hvernig þjóðin upplifir hana og má búa við.

Í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða er kveðið svo á, með leyfi forseta:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum."

Þetta er sú grunnlagagrein sem stjórn fiskveiða byggir á, en ég held að að flestra dómi sé hún sú sem mest er sniðgengin. Raunin er sú að stjórnvöld hafa æ ofan í æ þurft að bæta göt á hinni hripleku stefnu sinni þegar þau sjá að í fullkomið óefni er komið á einstaka stöðum. Aflaheimildir hafa verið að þjappast saman, gengið kaupum og sölum, þjappast saman á hendur örfárra aðila og þar ráða ferð þeir sem hafa fjármagn til að kaupa upp aflaheimildir. Þeir sem ekki hafa fjármagnið en þörfina fyrir þær verða að láta undan.

Við þekkjum þessa sögu. Við þekkjum söguna um fiskveiðiheimildirnar frá Vestfjörðum, Norðurlandi og vítt og breitt um landið eru þær að færast af höndum heimafólks yfir í eignarhöld stórfyrirtækja, þannig að nú er meginhluti aflaheimilda kominn á hendur fjögurra, fimm eða sex aðila og stefnt að enn meiri fækkun.

Þetta er sú alvarlega staðreynd sem við stöndum frammi fyrir, herra forseti. Þetta frv. er bara ein tilraunin enn til að bæta á fátæklegan og vesælan hátt eitt af mörgum götum sem eru á fiskveiðistjórnarlögunum í framkvæmd.

Það hefði t.d. verið sjónarmið ef hér væri verið að veita sérstakar fiskveiðiheimildir til vistvænna veiða, en vistvænar veiðar njóta engrar sérstakrar stöðu við stjórn fiskveiða eða ráðstöfun á veiðiheimildum. En þó getur hver sá háttur sem hafður er á hinum ýmsu fiskveiðiaðferðum haft einmitt mjög skaðleg áhrif á vistkerfi sjávarins og fiskstofnana. Þess sér hvergi stað í þessu annars götótta fiskveiðistjórnarkerfi eða fiskveiðistjórnarlögum.

Það er verið að úthluta þessu sem byggðakvótum. Vafalaust og örugglega er það svo að hin litla úthlutun á einstaka staði er til hjálpar á viðkomandi stöðum. En engu að síður er þetta aðeins plástur á margsært fiskveiðistjórnarkerfi sem er reyndar opin und á samfélagi okkar.

Það væri fróðlegt, herra forseti, að fá upplýsingar um ráðstöfun á fiskveiðiheimildum samkvæmt þessum byggðakvótum til byggðarlaga á sl. fiskveiðiári. Byggðakvóti hefur verið veittur á ákveðna staði en síðan hafa aðilar á viðkomandi stöðum jafnvel selt kvótann sinn. Þannig viðgengst hringavitleysan, að fiskveiðiheimildir á einum sem samkvæmt lögum er heimilt að láta ganga kaupum og sölum geta verið seldar úr byggðarlagi sem byggðakvótanum er úthlutað til.

Það væri fróðlegt að fá að heyra um hreyfingar á aflaheimildum á þeim stöðum sem úthlutað hefur verið til. Eins væri fróðlegt, herra forseti, að vita hver staðan er með skipstjórakvótann gamla sem fylgdi ... (**Gripið fram í:** Það vantar ráðherrann.) Já, hæstv. sjútvrh. er ekki viðstaddur. Mér er kunnugt um að hann hafi öðrum störfum að gegna. Hitt er aftur dapurlegra að formaður og varaformaður sjútvn. hefðu að skammlausu getað verið hér viðstaddir umræðuna. Þeir eiga að fylgja þessum málum inn í nefnd. Ég vil beina því til hæstv. forseta að það er mjög eðlilegt að formenn nefnda, ekki síst í fjarveru ráðherra, séu viðstaddir umræðu um stjórnarmál.

Það væri fróðlegt að vita hvað hafi t.d. orðið af þessum skipstjórakvóta sem fylgdi með til þeirra sem eignuðust kvótann á sínum tíma? Samkvæmt þeim lögum þegar verið var að úthluta kvótanum áttu þeir ekki að vera framseljanlegir. Hafa þeir nokkuð verið sérmerktir inni í því? Eru menn ekki áfram að selja þessa skipstjórakvóta sem þá fylgdu með? Af hverju voru menn þá bara með skipstjórakvóta? Af hverju voru menn þá ekki með sjómannakvóta líka? Verðmætin sem liggja í fiskveiðunum voru ekki bara bundin við útgerðarmenn og skipstjóra, þau voru líka tilkomin vegna vinnu sjómannanna. En sjómenn á skipunum fengu engan sjómannakvóta.

Hvers virði hefðu fiskveiðiheimildirnar verið ef fiskurinn hefði ekki verið unninn í landi? Fiskvinnslufólkið lagði þar sitt fram. Hvers vegna fékk ekki fiskvinnslufólkið kvóta úr því verið var að úthluta einstökum aðilum kvóta sem lagt höfðu sitt að mörkum við verðmætasköpunina? Þessi kvóti varð síðan framseljanlegur.

Herra forseti. Þetta fiskveiðistjórnarkerfi er svo götótt og óréttlátt frá upphafi til enda, frá öllum hliðum og öllum köntum, að eitt það brýnasta fyrir samfélag okkar í dag er að taka kerfið til grundvallaruppstokkunar eigi ekki að koma upp enn alvarlegri staða í rekstri og samsetningu samfélagsins.

Ég dró bara þetta eina atriði til að benda á hvers konar óréttlæti hefur viðgengist hér. Skipstjórakvótar sem fylgdu inn til útgerðanna áttu ekki að vera framseljanlegir en ganga núna kaupum og sölum. Sjómennirnir fengu engan kvóta. Fiskvinnslufólkið fékk engan kvóta. Svona er þetta frá upphafi til enda.

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt þunga áherslu á að stefnunni í fiskveiðistjórnarmálum verði breytt. Lögð er grundvallaráhersla á nokkur meginatriði sem ég vil nefna: Í fyrsta lagi að sameign þjóðarinnar á fiskstofnunum verði tryggð með óyggjandi hætti og að réttlát skipting afraksturs þessara auðlinda sé jafnframt tryggð, sem alls ekki er í dag.

Það verður að gera þá grundvallarbreytingu á fiskveiðistjórnarkerfinu að fólkið í landinu, um hinar dreifðu byggðir og með ströndum landsins sem hefur byggt afkomu sína á að nýta þessa auðlind, allri þjóðinni til hagsældar, fái til baka tilverurétt sinn og forgang að nýtingu á þessum auðlindum sem liggja á grunnslóðinni meðfram ströndum landsins. Annað kerfi verður aldrei réttlátt. Annars verður það óréttlátt, gengur á hagsmuni þessa fólks og ógnar tilveru þeirra.

Við þurfum líka að leggja stóraukna áherslu á sjálfbæra nýtingu þessara auðlinda. Við þurfum að leggja áherslu á vistvænar veiðar sem fara mjúkum höndum um þessa auðlind, um lífríki sjávarins. Þar skortir mikið á í dag. Það er dapurlegt, herra forseti, að minna hefur orðið úr rannsóknum og þróunarstarfi á vistvænum veiðum en áður var stefnt að. Nú heyrist vart á það minnst af hálfu þeirra sem stjórna rannsóknum og stýra fiskveiðistjórnarmálum. Umgengnin við auðlindina kemur okkur í koll ef við gætum ekki hófs. Við njótum góðra verka en fáum það líka í bakið, ekki síst ókomnar kynslóðir, ef við göngum þar á hinn eilífa rétt náttúrunnar.

Það verður að sjá til þess að fiskveiðistjórnarkerfið tryggi búsetu meðfram ströndum landsins, að þeir sem búa meðfram ströndunum eigi þar forgangsrétt til auðlindanna meðfram ströndunum.

Þetta eru nokkrar af meginkröfunum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á, þ.e. að fólkið í landi, fiskvinnslufólkið, verkafólkið og íbúarnir á svæðunum, eigi frumburðarrétt til að nýta þessar auðlindir meðfram ströndum landsins. Sá réttur er nú að litlu eða að engu virtur í fiskveiðistjórnarkerfinu sem við búum við. Á meðan ekki er tekið á þessum grundvallaratriðum, herra forseti, förum við veg sem við vitum ekki hvert mun leiða okkur. Við vitum þó að hann leiðir okkur ekki til góðs. Með því að fara þessa leið göngum á rétt íbúanna vítt og breitt um landið.

Það að leggja hér fram frv. um úthlutun á þessum 500 tonnum sem var ekki úthlutað á sl. ári sýnir bara hvers konar uppgjafarstjórn er á fiskveiðum í landinu. Menn koma með lítinn plástur í dag og annan á morgun en áfram er fiskveiðistjórnarkerfið blæðandi und á byggðunum í landinu.

Við verðum að skapa fiskveiðistjórnarkerfi sem gefur íbúunum öryggi, sjálfstraust og forgangsrétt til þessara auðlinda. Verði það gert mun fara saman hagur fólksins sem byggir hinar dreifðu byggðir og hagur þjóðarinnar allrar.

[14:25]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Þessi umræða heldur nú áfram eftir hádegið. Hún stóð hér frá klukkan hálfellefu og til klukkan eitt. Hæstv. sjútvrh. sat hér og hlýddi á umræðuna í morgun og allt gott um það. Fyrir hann var lagður fjöldi spurninga um hvernig reglur hann hygðist setja eða hvernig staðið yrði að því að úthluta þeim veiðiheimildum sem hér er verið að ræða um. Ýmsar aðrar spurningar komu fram í umræðunni og ég spyr hæstv. forseta: Verður ekki hæstv. sjútvrh. hér við lok þessarar umræðu?

Ég held að það sé afar mikilvægt að hann svari þessum spurningum. Hér er um að ræða mál sem er mjög mikilvægt. Það er mjög alvarlegt hvernig að þessu öllu er staðið. Það eru mjög skiptar skoðanir um þetta og full ástæða til að þinginu sé gerð grein fyrir því hvernig reglum við eigum von á núna. Aldrei hafa þær verið eins og ýmsar breytingar virðast liggja í loftinu á þeim reglum sem á að nota við þessar úthlutanir.

[14:26]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Þegar gert var hádegisverðarhlé var einn hv. þm. á mælendaskrá í þessu máli. Þá lá fyrir að hæstv. sjútvrh. yrði ekki hér eftir hádegi. Hv. þm. óskaði eftir að halda sína ræðu og var gert ráð fyrir að umræðunni lyki þar með.

Hér kemur fram ósk um að hæstv. ráðherra verði við lok umræðunnar. Við því er sjálfsagt að verða og fresta þessari umræðu.

Óskar hv. þm. eftir að flytja ræðu sína — hann er næstur á mælendaskrá — eða fresta umræðunni strax? Er ekki rétt að nota tímann og flytja þær ræður sem þegar hafa verið boðaðar? Það eru tveir á mælendaskrá.

[14:27]

Guðjón A. Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Í umræðum í morgun var mörgum spurningum beint til hæstv. sjútvrh. Þeirra spurðu bæði sá er hér stendur í pontu og aðrir hv. þm. Ég tel mikilvægt að einhver svör fáist við þeim spurningum sem til ráðherrans var beint áður en umræðunni verður fram haldið.

Ég hafði hugsað mér að taka aftur til máls eftir að hafa hlýtt á svör hans. Ég sé ekki ástæðu til að fara hér aftur í pontu til þess að endurtaka spurningar mínar og rök mín frá því í morgun. Þess vegna mælist ég til þess, herra forseti, að umræðunni verði eigi fram haldið fyrr en ráðherra hefur tekið til máls og svarað einhverjum af þeim spurningum sem til hans var beint.

[14:28]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti hefur þegar boðið upp á að umræðunni verði ekki lokið fyrr en hæstv. ráðherra verður viðstaddur. Forseta finnst hins vegar rétt að nota tímann — það er ekki margt á dagskrá í dag — og gefa þeim orðið sem þegar eru á mælendaskrá og vilja tala.

[14:28]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég vil taka það fram í upphafi að ég geri ekki athugasemdir að hæstv. ráðherra sé ekki viðstaddur ræðu mína enda ætla ég eingöngu að fjalla um meginefni þessa frv., þ.e. áframeldi á þorski.

Það hefur reyndar verið svolítið sérkennileg umræða um þetta frv. sem er ekki stórt að sniðum. Það snýst um áframeldi á þorski en umræðan hefur hlaupið, eins og oft vill verða þegar verið er að fjalla um stjórn fiskveiða, út um víðan völl. Menn sakna þeirra þingmanna sem ekki eru í þingsalnum og hafa fjallað um kvótakerfið í allri sinni dýrð skulum við segja og þar fram eftir götunum. En minnst hefur umræðan verið um efni þessa frv.

Það vakti athygli mína að í máli síðasta hv. ræðumanns, hv. þm. Jóns Bjarnasonar, vék hann reyndar ögn að þessu frv. og taldi það afskaplega rýrt efnislega. Mér fannst hann gera fulllítið úr þeim möguleikum sem felast í eldi.

Herra forseti. Þetta frv. fjallar um heimild til þess að nýta 500 tonn til áframeldis á þorski. Það er nú í rauninni ekki mikið flóknara en það. Það er kjarni frv. Þetta er áframhald af lagasetningu sem Alþingi (Gripið fram í.) samþykkti ekki alls fyrir löngu og fékk í rauninni ágæta umræðu þá.

Hvað þýðir það? Hvers vegna er verið að heimila hér 500 tonn til áframeldis á þorski? Með því móti er hið opinbera að gera sitt til þess að ýta undir nýja atvinnugrein hér. Og hvers vegna skyldi hið opinbera vera að ýta undir nýja atvinnugrein, eldi á þorski? Það ætti að liggja nokkuð ljóst fyrir og hefur margsinnis komið fram, bæði í umræðu þegar lagasetningin átti sér stað hér í vor og eins í þáltill. frá hv. þm. Karli V. Matthíassyni um þorskeldi. Því er spáð nefnilega að um heim allan verði eldisfiskur líklega ráðandi fæða, þ.e. að sá fiskur sem mannkynið komi til með að neyta muni að mestu koma úr eldi, og ekki síst þá úr eldi þeirra nytjastofna sem þekktir eru í dag.

Þess vegna, herra forseti, leggja þjóðir víða um heim ofurkapp á að ná tökum á eldi nytjastofna. Ég vil sérstaklega nefna þorskinn og ríki eins og Noreg og Skotland, og svo Nýfundnaland í Kanada, þar sem hið opinbera, einstaklingar og fyrirtæki leggja mikið kapp á að ná tökum á eldi þorsks, enda er þorskur afskaplega vinsæl markaðsvara og getur skapað mikil verðmæti.

Ef við Íslendingar sem þjóð fylgjum ekki með í þeirri þróun þá munum við einfaldlega dragast aftur úr. Þá munum við sitja eftir í harðri samkeppni við nágrannaþjóðir okkar og aðrar um sölu á fiskafurðum. Og trúi ég naumast að til þess sé vilji.

Ég hef litið svo á að með þessu frv. og með heimildum til þess að leggja 500 tonn til áframeldis á þorski þá sé verið að styðja við eina af stoðunum í þorskeldi. Á þessu sviði hefur töluvert verið unnið hér. Má þar nefna ágætan og mjög glæsilegan árangur vísindamanna okkar hjá Hafrannsóknastofnun, á útibúinu á Stað í Grindavík, þar sem þeim hefur tekist ágætlega að ná tökum á því að klekja út þorkseiði.

Ég vil líka nefna mjög athyglisvert þróunarstarf á vegum Útgerðarfélags Akureyringa í þorskeldi, í svokölluðu unglingaeldi og ekki síst sjókvíaeldi. Ég vil nefna áform í Vestmannaeyjum. Ég vil nefna sjókvíar bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Ég nefni þetta, herra forseti, til þess að sýna að einstaklingar, fyrirtæki og vísindamenn hér hafa verið að vinna töluvert í þessu. En betur má ef duga skal og ég lít svo á að markmið þessa frv. sé einmitt að veita stuðning við þessa nýju atvinnugrein.

Eins og kunnugt er skiptist þorskeldið í þrjá þætti. Í fyrsta lagi er það seiðaeldi sem líklega gæti eitt og sér orðið sjálfstæð atvinnugrein hér á landi þar sem náttúrulegar aðstæður henta til þess, ekki síst byggt á því mæta vísindastarfi sem unnið hefur verið á Stað í Grindavík á vegum Hafrannsóknastofnunar. Í öðru lagi er svo um hið svokallaða unglingaeldi

að ræða þar sem seiðin eru alin upp í sleppistærð í landkvíum við náttúrulegar aðstæður og er það algjörlega aðskilið ferli frá seiðaeldinu sjálfu. Lokastigið er síðan áframeldi í sjókvíum eins og hefur verið reynt fyrir norðan, austan og vestan.

Markmið þessa frv. er einmitt að hvetja til þess að menn þrói áframeldi á þorski og nái þekkingu á því lokastigi. Þær tilraunir sem hér hafa verið stundaðar gefa einmitt mjög góða raun. Á mjög skömmum tíma hefur þorskurinn tvöfaldað þyngd sína. Það eru ýmsir kostir við það. Menn geta nokkuð stjórnað því hvenær þeir setja fisk á markað og farið þá nokkuð eftir því hvenær verðið er hægstæðast fyrir þá sem ætla sér að setja þennan fisk á markað. Þetta gefur mönnum möguleika á því í raun að auka kvóta sinn með því að auka stærð hans, þyngd hans og þar af leiðandi verðgildi.

Frv. er sem sagt samið til þess að styðja við bakið á einni af þremur stoðgreinunum í þorskeldinu, þeirri sem ég trúi og vona að eigi eftir að verða blómleg og vænleg atvinnugrein hér á Íslandi, enda höfum við þekkingu til þess.

Við erum hins vegar rétt að byrja þetta merkilega starf. Við eigum eftir að þróa það áfram og ég trúi því að það muni gerast með jákvæðum hætti, t.d. vonast ég til þess að þær merkilegu erfðarannsóknir og sá góði árangur sem náðist á því sviði í tengslum við laxeldið hjá íslenskum vísindamönnum, þ.e. að sú reynsla geti nýst við þorskeldið og muni auka þar af leiðandi möguleika til verðmætasköpunar í þorskeldinu margfalt.

Með áframeldi á þorski og með þorskeldi almennt opnast að sjálfsögðu mjög góðir og miklir möguleikar fyrir dugmikla einstaklinga og fyrirtæki í sjávarbyggðum landsins til þess að sækja fram í nýrri atvinnugrein, beinlínis nýrri atvinnugrein. Þess vegna er ekki rétt að tala eins og sumir hv. þm. hér hafa gert, þ.e. eins og þorskeldið sé eitthvert aukaatriði. Það á vonandi eftir að verða ein af blómlegri atvinnugreinum okkar og óttast ég það helst að Norðmenn séu þegar komnir ögn fram úr okkur svo við þurfum verulega að spýta í til þess einfaldlega að sitja ekki eftir.

Þetta getur orðið mikil byggðaaðgerð. Þetta mun auka verðmæti sjávarafurða og skapar okkur þá möguleika að standast samkeppni við nágrannaþjóðir. Til þess þurfum við að leggjast á eitt um að styðja við bakið á öllum þremur stoðgreinum þorskeldisins, seiðaeldinu, unglingaeldinu og áframeldi í sjókvíum, og það er einmitt meginkjarni frv. Því tel ég þetta vera afskaplega jákvætt ákvæði og finnst að hv. þingmenn eigi að tala jákvætt um þennan þátt. Hins vegar getum við svo endalaust talað um stjórn fiskveiða og hvaða fiskveiðikerfi sé hentugast. Ég tel í rauninni að það sé ekki endilega á dagskrá vegna þessa frv.

Herra forseti. Þetta er það sem ég vildi draga fram og lýsi ég yfir fullum stuðningi við efni frv. og tel að það sé til þess eins gert að styðja við bakið á atvinnugrein sem við eigum og erum að hasla okkur völl á.

[14:38]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason kom nú í litlu að þessu frv. Hann fór að tala um fiskeldi almennt, þorskeldi, og fræðilegan grunn á bak við það. Það er svo sem gott mál og afar mikilvægt er að fiskeldi eins og þorskeldi fái að þróast og styrkjast. Það er gott mál.

Um hvort það eigi að gerast á þann hátt að teknar séu aflaheimildir svona almennt út úr púkkinu og allir látnir taka þátt í því, eru svo aftur skiptar skoðanir, eða þá hvort þetta eigi bara að kaupa fyrir fjármuni sem lagðir eru beint til rannsóknastarfsins. En það er annað mál.

Það hefði samt verið fróðlegt ef hæstv. sjútvrh. hefði getað verið hér og greint frá því hvernig þessum heimildum hefur verið ráðstafað á liðnu fiskveiðiári og hver stefnan sé í því, þ.e. hvernig þessar heimildir eru teknar út úr púkkinu, út úr heildaraflaheimildunum, og úthlutað til ákveðinna aðila. Það hefði verið fróðlegt að sjá þá mynd. En að sjálfsögðu viljum við styrkja og efla þorskeldið.

Hinn hlutann kom hv. þm. ekkert inn á, virðulegi forseti, þ.e. þessar byggðaaðgerðir, þá fátæklegu plástra sem hér eru á ferðinni. Það hefði verið fróðlegt ef hv. þm. hefði farið nokkrum orðum um stöðuna á Suðurnesjum hvað varðar fiskveiðiheimildir, hvort heldur stöðuna í Grindavík eða Sandgerði og hvernig þessi byggðarlög standa núna berskjölduð frammi fyrir fiskveiðistjórnkerfinu eins og það birtist þeim í hinum grimma raunveruleika. Það hefði verið ágætt ef hv. þm. hefði aðeins komið inn á þau verðlaunaafrek sem þessi ríkisstjórn er að vinna á sviði fiskveiðistjórnar.

[14:40]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég nefndi áðan að umræða um kosti og galla núverandi fiskveiðistjórnkerfis og um fiskveiðistjórnkerfi almennt hefur oft farið hér fram og hún á eftir að fara fram. Það sem ég er að reyna að draga fram og tel skipta miklu máli — menn mega nú ekki vera svo svartsýnir í tilverunni að þeir sjái þó ekki ljósið — er að ég tel einfaldlega að áframeldi á þorski sé kjarninn í þessu litla frv. og það er það sem ég vildi draga fram.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan að áframeldi á þorski getur skapað gífurlega jákvæð sóknarfæri fyrir sjávarplássin í landinu. Ég deili áhyggjum af stöðu einstakra sjávarplássa með hv. þm. Sú umræða hefur farið hér fram og hún mun halda áfram hér í vetur. Þetta frv. tekur ekki á þeim vanda.

Ég segi það enn og aftur að ég fagna því að hér skuli verið að styðja við eina af þremur stoðum í þorskeldi á Íslandi, vaxandi og vonandi mjög jákvæðri atvinnugrein fyrir okkur.

[14:42]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Frv. lýtur ekki beint að þorskeldi. Það er misskilningur hjá hv. þm. Það fjallar um úthlutun heimilda til þess að fara inn í þorskeldi, en fjallar að öðru leyti ekkert um þorskeldið. Allt gott skal segja um þorskeldið síðan og við styðjum það.

En það var þó virðingarvert hjá hv. þm. að viðurkenna og deila áhyggjum af fiskveiðistjórnkerfinu og hvernig það leikur einmitt byggðirnar á Reykjanesinu, á suðvesturhorninu ekkert síður en á Vestfjörðum. Þetta frv. lýtur einmitt að því að bæta göt og rimpa nokkur spor í götótt fiskveiðistjórnkerfi. Ég hygg að hv. þm. verði krafinn frekari svara bæði í Grindavík og Sandgerði og víðar um stefnuna í fiskveiðistjórnarmálum og hvernig kerfið virkar nú gagnvart þessum byggðarlögum.

[14:43]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason þarf ekki að hafa áhyggjur af því að ég frekar en aðrir muni verða krafinn svara fyrir kosningar. Það er ekkert nýtt að þingmenn deili áhyggjum sínum af stöðu einstakra sjávarplássa. Það þarf

ekkert að fara í miklar orðræður um það við hv. þm., Jón Bjarnason.

Ég verð hins vegar að leiðrétta misskilning hjá hv. þm. Ákafi hans verður stundum svo mikill að honum svona dálítið daprast sýn sýnist mér, t.d. þegar hann fullyrðir að frv. fjalli ekkert um þorskeldi. Lesi hv. þm. það sem segir í hinni einu efnisgrein frv. og þeim stuttu athugasemdum, skýringarákvæðum með greininni. Frv. fjallar nefnilega um heimild til þess að færa 500 tonn til að styðja við bakið á þeim sem vilja (Gripið fram í.) stunda áframeldi í þorski. Og til allrar hamingju hafa fjölmargir einstaklingar sótt um leyfi. Margir þeirra hafa fengið það leyfi og eru að byggja upp ágætt starf þrátt fyrir svartsýni hv. þm. Jóns Bjarnasonar. (Gripið fram í.)

[14:44]

Örlygur Hnefill Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 10. þm. Reykn. Hjálmar Árnason telur að hér fyrr í umræðunni hafi ekki verið rætt um meginmál þeirra laga sem frv. sem hér liggur fyrir á að breyta. Ég geri athugasemd við það. Í máli mínu benti ég á meginmarkmið laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, um að treysta atvinnu og byggð í landinu. Ég benti einnig á að efni þessa frv. sem hér liggur fyrir um að 500 lestir af óslægðum botnfiski sem ráðherra hefur til ráðstöfunar verði flutt milli ára, væri hið besta mál. Ástæðan er sú að hjálpa þeim sjávarplássum sem lent hafa í vanda. Þess vegna verður þessi umræða. Það er meginmál þessa máls.

Ég tek undir með hv. þm. að þorskeldi er hið besta mál og allt sem hann segir um það og þá atvinnusköpun sem af því leiðir er rétt. Ég get tekið heils hugar undir það. En það er ekkert óeðlilegt við það þó að þessi umræða fari út í það að ræða stjórnkerfi fiskveiða og þær afleiðingar sem það hefur haft. Ég er viss um að þeir tugir þúsunda manna sem eiga eignir sem hafa verið að rýrna, m.a. út af þessu kvótakerfi, úti um allt land, telja að umræða um sjávarútvegsmál sé fremri og ofar en umræða um þorskeldi. En ég er viss um að þeir fagna því ef þorskeldi styrkir eignir þeirra og styrkir byggðir landsins.

[14:46]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að ekki sé mikill ágreiningur á milli mín og hv. þm. Örlygs Hnefils Jónssonar enda er hann ávallt afskaplega málefnalegur.

Umræða er að sjálfsögðu alltaf af hinu góða, einnig um sjávarútvegsmál, og í hvert einasta skipti sem lagt er fram frv. til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða verður hér mjög mikil og opin umræða. Það er í sjálfu sér ósköp skiljanlegt. Ég einfaldlega saknaði þess í máli of margra að skauta svona heldur létt fram hjá þeim tækifærum sem menn vonandi sjá í þorskeldinu, alveg óháð því hvað líður óánægju með gildandi fiskveiðistjórnarkerfi og þar fram eftir götunum. Það var það sem ég reyndi að draga fram, og ég ítreka að ég hygg að ekki sé brennandi ágreiningur á milli mín og hv. þingmanns í þessum efnum.

[14:47]

Örlygur Hnefill Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ekki magna neinn ágreining á milli mín og hv. þingmanns en ítreka bara enn og aftur að þau lög sem hér voru til umræðu í morgun benda á að byggðarlög hafi lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Auðvitað er það líka út af því að kvóti hefur flust á milli staða. Ég hef verið að reyna að vekja athygli á því að huga þurfi að eignum fólks á landsbyggðinni, þess vegna kem ég með það inn í þessa umræðu. En ég tek undir með hv. þingmanni — vissulega er hér verið að ræða um þorskeldi sem er þá ný atvinnugrein. Spurning er hví menn voru ekki löngu byrjaðir að huga að þorskeldi.

Bjarni Sæmundsson fiskifræðingur benti sjómönnum á að gott væri að kreista svil yfir hrogn þegar þeir væru á hafi. Hann vildi þannig stuðla að því að efla þorskstofninn. Og auðvitað er eðlilegt að þjóð sem byggir alla afkomu sína á fiskveiðum hugi að slíkum málum. Það er furða að ekki sé fyrir löngu farið að ala og styrkja seiði þorskfiska til þess að geta síðan plægt úr akrinum góða uppskeru.

[14:48]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það að auðvitað eigum við alltaf að vera vakandi fyrir sóknarfærum hvað varðar nýtingu auðlinda okkar hvar sem er. Og það er mjög gild spurning hvers vegna við erum ekki löngu byrjuð á þorskeldi.

Ég kann svo sem ekki svar við því. Það gæti þó verið vegna þess að lengst af var afli nægur. Við veiddum fyrir ekki svo óskaplega mörgum árum um 450 þús. tonn af þorski en þau fóru allt niður í 150 þús. tonn. Auðvitað tekur það í og skiptir þá ekki máli hvert fiskveiðistjórnarkerfið er. En það sem gerist núna er frumkvæði framsýnna einstaklinga víða um land sem sækja fram í þessu, setja sig í samand við vísindamenn hjá Hafrannsóknastofnun, og í sameiningu má segja að þeir dragi vagninn og marki sporin fyrir þessa nýju atvinnugrein. Þess vegna kemur þetta ákvæði, það frv. sem hér er til umræðu, ágætlega í kjölfar þess og styður við þetta ágæta frumkvæði umræddra einstaklinga.

[14:49]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég bað um andsvar vegna þess að mér fundust felast röng skilaboð í ræðu hv. þingmanns. Hann var eiginlega að setja ofan í við okkur sem höfum tekið þátt í umræðunni vegna þess að við höfum talað um annan hluta frv. en hann kaus að tala um. Það eru nefnilega tvisvar sinnum 500 tonn í þessu frv. Í öðru tilfellinu er verið að tala um 500 tonn vegna áframeldis á þorski, og sú umræða fór fram hér sl. vetur. Þá voru bara allir sammála um að setja þessi 500 tonn í áframeldi á þorski. Það var hin besta umræða sem fór hér fram og menn voru sammála um að svona ætti að standa að málinu. Ræða hans var eins og að mæta á aðalfund hjá KR til þess að hvetja menn til að vera í félaginu. Og ég er svo sannarlega í þessu félagi, ég get bara sagt það hér.

En umræðan snerist fyrst og fremst um hin 500 tonnin. Þessi 500 tonn sem ég nefndi áðan snerust um að þeir sem hefðu fengið úthlutað gætu nýtt sér það á þessu ári þótt þeim hefði ekki tekist það á síðasta ári.

Hin umræðan snýst auðvitað um þetta kukl sem hv. þm. hefur tekið þátt í í stjórnarsamstarfinu sem felst í því að fara með fangið fullt af fiskum út á land og gefa þeim sem búið er að taka af réttinn til þess að stunda sjóinn og reyna að lengja lífdaga þeirra sem eru í vandræðum úti um allt að reka útgerð. Það er auðvitað umræða sem á alltaf heima hérna. Kannski eyða þingmenn þess vegna ekkert endilega löngum tíma í að tala um það sem þeir eru sammála um, eins og þetta þorskeldi.

[14:51]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að ég sé sannarlega ekki KR-ingur er ég ósammála einu í máli hv. þingmanns. (**Gripið fram í:** ...

harður KR-ingur.) Ég hefði ekki trúað að Skagamaðurinn, hv. þm. Jóhann Ársælsson — mér fannst þetta óheppileg líking hjá honum að tala um stuðningsmannahóp KR. En hvað um það, við eigum auðvitað líka að tala um þá hluti sem jákvæðir eru og við erum sammála um. (**SvH:** Það hefur verið gert.) Það hefur verið afskaplega lítið gert, hv. þingmaður. Umræðan er nefnilega allt of mikið á neikvæðum nótum. Auðvitað á umræða að vera opin, líka um þá hluti sem við teljum miður fara, en við eigum ekki að sniðganga þá hluti sem við erum ánægð með. Um það hljóta menn að vera sammála.

[14:52]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það má alveg segja að við ættum að tala meira um það sem jákvætt er. Hins vegar er sá ágreiningur sem stendur um sjávarútvegsmálin svo alvarlegur að menn hafa kannski ekki alveg fundið fæturna undir sér í því að tala á jákvæðum nótum á meðan gildandi stefna er keyrð svo hart.

Ég held hins vegar að um leið og búið verður að leysa úr grunnágreiningsefninu um sjávarútvegsmálin muni þessi umræða öll fara í jákvæðari farveg. Og ég vona sannarlega að við fáum að lifa það hér í hv. Alþingi að tekið verði á grunnágreiningnum. En meðan það verður ekki gert munu umræður yfirleitt ekki vera með jákvæðum hætti um þetta mál.

[14:53]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Alveg er það rétt að ágreiningur um sjávarútveginn er alvarlegur. Og það er mikilvægt fyrir okkur sem þjóð að ná sátt í þeim efnum. Það er mikilvægt fyrir sjávarbyggðirnar, það er mikilvægt fyrir þjóðina í heild og það er mikilvægt fyrir þá einstaklinga sem eru þó að reyna að basla við að halda uppi atvinnu í sjávarbyggðum, reyna að skapa atvinnu og verðmæti. Þeir þurfa auðvitað að hafa sitt umhverfi til þess að lifa í, og við þurfum að skapa sátt.

Gallinn er bara sá að við vitum ekki um hvað sáttin á að vera. Hvar er patentlausnin? Hún hefur ekki fundist. Ég hygg að lausnirnar séu nánast jafnmargar og hv. þm. eru. Það fer eftir því hvaðan menn koma. Það má segja að sínum augum líti hver á silfrið. Patentlausnirnar hafa ekki verið kynntar.

Alveg óháð þessu, herra forseti, hvaða skoðanir og hversu mikil sem ósáttin er um stjórn fiskveiða og sjávarútvegskerfið mun þorskeldið vonandi þróast áfram óháð því hvaða fiskveiðistjórnarkerfi við búum við.

[14:54]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. lauk máli sínu á því að tala um að patentlausnirnar hefðu ekki verið kynntar. Það vill svo til að þessi lög sem við erum að fjalla um, um stjórn fiskveiða, hafa að meginstofni til verið í gildi síðan 1984 og þeim hefur endalaust verið breytt. Við höfum staðið í því hér upp undir hendur að breyta þeim aftur á bak og áfram þannig að ef skilja á orð hv. þingmanns svo að einhver patentlausn hafi fundist í þessu fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við held ég að það sé mikill misskilningur.

Mér fannst ég skilja það á máli hv. þingmanns að í þessu frv. væri verið að tala um 500 tonn af þorski sem ætti að nota í þorskeldi. Ég held að við, allir þingmenn hér, höfum verið sammála um að áframeldi á þorski væri hið besta mál. Það mál var rætt á síðasta vetri og ákveðið að í 5 ár í röð, eins og kemur hér fram í greinargerðinni, skyldi úthlutað 500 lestum af þorski. Það samþykktum við á síðasta vori. Og við erum ekki að ræða um að 500 tonn verði færð yfir á næsta ár.

Fyrri grein þessa frv. kveður á um að færa þær ónýttu heimildir sem þeir sem fengu úthlutað til eldis á síðasta fiskveiðiári og náðu ekki að nýta til næsta árs, að þær verði nýttar á næsta ári og ráðherra hafi lagaheimild til að veita það. Það er sem sagt verið að tryggja að sennilega 150 tonn, sem ekki náðist að nýta á síðasta fiskveiðiári, fái að færast yfir á næsta fiskveiðiár. Það er fyrri liður þessa frv. Seinni liðurinn er hins vegar um 500 tonn í svokallaðan byggðapott. Þessi tvö mál eru alveg aðskilin.

Ég hélt satt að segja að enginn ágreiningur væri um þorskeldið, að allir væru sammála um það og hefðu afgreitt samhljóða á síðasta vori að það fyrirkomulag að úthluta 500 tonnum á ári í það skyldi gilda í 5 ár. En hér er eingöngu verið að tryggja að færa það sem ónotað var yfir á næsta ár þannig að mér finnst gæta svolítils misskilnings í ræðu hv. þingmanns.

[14:57]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, nei, hér er enginn misskilningur nema e.t.v. um það að ég tel að þó að þingmenn séu sammála um mál eigi þeir líka að ræða um þau. Ef þingmenn almennt eru sammála bendir ýmislegt til þess að um sé að ræða afskaplega jákvætt mál. Og við eigum líka að ræða um jákvæð mál. Alveg eins og við ræðum um galla á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi, stöðu í sjávarbyggðum o.s.frv. hljótum við líka að vilja ræða um þá jákvæðu möguleika sem þorskeldið felur í sér fyrir sjávarbyggðir og fyrir það fólk sem menn eru alltaf að velta upp í umræðunni um stefnuna í sjávarútvegsmálum, fólkið í sjávarbyggðunum, sjómenn, fiskvinnslufólk og þar fram eftir götunum. Það eigum við að sjálfsögðu að ræða eins og við ræðum það sem miður fer.

Það er rétt hjá hv. þingmanni að við höfum líklega á síðustu sjö, átta árum breytt lögum um stjórn fiskveiða 20–30 sinnum. Það segir okkur að við höfum auðvitað ekki fundið upp neina patentlausn en menn eru þó alltaf að reyna að lappa upp á kerfið. Ég ítreka að enn hefur enginn komið hér með einhverja heildstæða stefnu sem má kalla patentlausn að því leytinu til að sátt ríki um hana. Það sem Norðlendingar halda fram stangast mjög á við það sem Sunnlendingar og Vestlendingar segja. Afstaðan ræður, máli skiptir hvort menn horfa út frá togaraflota, smábátum, vinnsluhúsum eða öðru. Við þekkjum þessa umræðu en í rauninni hefur ekkert nýtt komið fram í umræðunni um stjórn fiskveiða í morgun. Allar þessar ræður hafa verið fluttar mörgum sinnum á hv. Alþingi. En við hljótum líka að gera þá kröfu til okkar að skoða hið jákvæða, t.d. sóknarfæri sjávarbyggðanna, og þorskeldið felur sannarlega slíkt tækifæri í sér eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson veit manna best.

[14:59]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er, held ég, ekki alveg rétt hjá hv. þingmanni að við höfum ekki talað um þorskeldi. Hér hefur verið flutt tillaga um skipulag þorskeldis og hvernig mætti styðja við það en hún hefur ekki fengist samþykkt í hv. þingi, ef ég man rétt. Sá sem hér stendur hefur hins vegar margsinnis bent á það sem hv. þm. rétt vék að í ræðu sinni, að skipta þarf flotanum upp í aðgreinda útgerðarflokka til að fást við þennan vanda. Trillunni og frystitogaranum verður ekki stýrt með sömu aðferð. Það er það sem núverandi fiskveiðistjórnarkerfi býður upp á. Og eins og hv. þm. veit

mætavel gæti frystitogaraútgerðin í landinu keypt upp alla kvóta smærri bátanna og flutt þá út á sjó. Það er eitt af stóru vandamálunum í kerfinu og verður ekki lagað nema menn fáist til þess að byrja á að skipta verkinu sem þeir ætla að fást við upp í ákveðin vinnuferli.

[15:00]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu á alltaf að fara fram fagleg umræða og ég get tekið undir sjónarmiðin um strandflota versus þá sem veiða utar, öflugri veiðiskip, frystitogara og þar fram eftir götunum. Meðal annars þess vegna hef ég lagt fram þáltill. til að fara í faglega umræðu, þ.e. að óháðir aðilar skoði færeyska fiskveiðistjórnarkerfið. (**Gripið fram í:** Akkúrat.) Menn lofa það og prísa en ég er ekkert viss um að menn geri sér grein fyrir hvaða kostir eða gallar eru við það. Þess vegna eiga óháðir aðilar að skoða það kerfi þannig að við getum tekið upp faglega umræðu um það en ekki bara segja „tökum upp færeyska kerfið" án þess að hafa skoðað það í þaula.

Eins og hv. þm. nefndi hefur hv. þm. Karl V. Matthíasson, sem er mjög ötull um að beita sér fyrir þorskeldi, í tvígang flutt þáltill. og ég hef lýst stuðningi við hana. Sjálfur flutti ég þáltill. um kvóta til áframeldis á þorski og sú tillaga er komin í gegn og ég vonast til þess að efni þorskeldisumræðu hv. þm. Karls V. Matthíassonar fái svipaða meðferð.

Umræðu frestað.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Íbúafjöldi, 116. mál, svar félmrh., þskj. 267.

Safn- og tengivegir, 290. mál, fsp. JB, þskj. 312.

Samningur Vegagerðarinnar og Samskipa um rekstur Herjólfs, 292. mál, fsp. LB, þskj. 314.

Sparisjóðir og bankaþjónusta, 291. mál, fsp. JB og ÁSJ, þskj. 313.

Stuðningur við kvikmyndagerð, 293. mál, fsp. KolH, þskj. 315.

Uppbygging sjúkrahótela, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 25. mál. — Þskj. 25.

[15:02]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég flyt hér till. til þál. um uppbyggingu sjúkrahótela. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Ögmundur Jónasson og Kolbrún Halldórsdóttir. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir uppbyggingu sjúkrahótela."

Þáltill. er flutt í annað sinn. Hún var flutt á síðasta þingi og fékkst þá ekki útrædd. En það hefur lítið breyst, herra forseti, hvað varðar tilurð þessarar þáltill. Við höfum verið að ræða vanda heilbrigðisþjónustunnar í landinu, bæði stóru sjúkrahúsanna og nú fyrr í dag vanda heilsugæslunnar og þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Það sem við þurfum að gera er að hafa heildarsýn yfir þennan stóra og mikilvæga málaflokk sem hefur tekið æ stærri skerf af opinberu fé og stór hluti af fjárlögum hvers árs fer til rekstrar heilbrigðisþjónustunnar á mismunandi sviðum og því ber okkur í fyrsta lagi að sjá til þess að þjónustan sé fullnægjandi og jafnaðgengileg fyrir alla og eins að horfa á þá þætti sem hugsanlega geta dregið úr kostnaði við reksturinn eins og hann er í dag.

Segja má að sjúkrahótel og sú hugmynd sem liggur að baki rekstri sjúkrahótela sé verulega vannýttur kostur hér á landi. En megintilgangur sjúkrahótela er að draga úr þörf og eftirspurn eftir sjúkrahúsplássum. Sjúkrahótel er ákveðið millistig milli sjúkrahúss og hótels. Þar geta sjúklingar dvalist meðan þeir að bíða eftir þjónustu á sjúkrahúsi eða eru að jafna sig eftir aðgerðir og eru hvorki það veikir að þeir þurfi að liggja á sjúkrahúsi né það frískir að þeir geti verið án daglegs eftirlits.

Ljóst er að kostnaður í dag á sjúkrahóteli er margfalt minni en kostnaður við legupláss á sjúkrahúsi. Þetta á, herra forseti, sérstaklega við um hátæknisjúkrahúsin og vil ég nefna Landspítala – háskólasjúkrahús við Hringbraut og í Fossvogi og eins Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri þar sem sjúklingar eru í sérhæfðri meðferð og margir hverjir búnir að fá meðferð og/eða hefðu heilsu til þess að vera utan sjúkrahússins ef þeir hefðu aðstæður heima fyrir á höfuðborgarsvæðinu eða þá að þeir ættu ekki heima svo fjarri sjúkrahúsinu að þeir gætu farið heim til sín.

Sjúkrahótel er kostur sem við þekkjum í dag því Rauði kross Íslands hefur rekið sjúkrahótel alveg frá árinu 1974, en að mínu mati og margra annarra hefur uppbygging þeirrar þjónustu eða fjölgun herbergja ekki fylgt eftir þörfinni. Þó svo að bætt hafi verið við herbergjum, og þá sérstaklega yfir vetrartímann þegar hótelið, sem að öðru leyti er rekið sem venjulegt hótel, er ekki fullnýtt af hótelgestum, þá hefur Rauði krossinn fengið leyfi til þess að nýta það sem sjúkrahótel og fengið greitt fyrir hvert herbergi, þ.e. fyrir hvern einstakling sem þar gistir.

Aftur á móti er alveg ljóst að þetta eru ekki nærri nægilega mörg pláss. Þeir einstaklingar sem hafa nýtt sjúkrahótel Rauða kross Íslands við Rauðarárstíg eru að einum þriðja hluta íbúar af höfuðborgarsvæðinu sem búa við þær aðstæður að þeir geta ekki farið heim, en tveir þriðju hlutar eru frá landsbyggðinni. Mjög margir þeirra eru einstaklingar sem eru í sérhæfðri krabbameinsmeðferð og þurfa að vera allt að sex vikur í slíkri meðferð, þurfa að koma allt að því daglega og búa það fjarri að þeir geta ekki farið heim. Að öðru leyti yrðu þeir að liggja inni á sjúkrahúsinu eða dvelja hjá ættingum og vinum eins og því miður margir verða enn að gera því ekki er rými á sjúkrahótelinu.

Fram að síðustu áramótum féllu sjúkrahótel undir skilgreiningu sjúkrahúsa í heilbrigðislögum, en þá var sú skilgreining felld niður með frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þessi breyting á skilgreiningu sjúkrahúsa kallar á nýja skilgreiningu svo að þessi mikilvægi rekstur standi á öruggum lagalegum grunni innan heilbrigðisþjónustunnar en hann gerir það ekki í dag og því er þessi rekstur, eins og hann er í dag hjá Rauða krossi Íslands, svolítið í lausu lofti. Sú breyting á lögunum var gerð til þess að Rauði krossinn gæti tekið gjald, fæðisgjald af hverjum sjúklingi eða gesti sem dveldi hjá þeim. Að mínu mati var þetta ástæðulaus breyting og eðlilegra hefði verið að við skilgreindum sjúkrahótelin frekar og gerðum rekstur sjúkrahótela hluta af rekstri sjúkrahúsanna.

Sjúkrahótel eru rekin alls staðar á Norðurlöndunum en með mismunandi sniði, mismunandi rekstrarformum og mismunandi náið tengd sjúkrahúsunum. Þar sem nýtingin er

hvað best eru sjúkrahótelin á sjúkrahúslóðinni og algjörlega nýtt sem þjónustuform við sjúkrahúsin.

Gerð hefur verið rækileg úttekt á rekstri sjúkrahótela á Norðurlöndunum og í niðurstöðu þeirrar könnunar sem birtist í skýrslu 1996, en könnunin var gerð 1995, kom fram að megintilgangur með rekstri sjúkrahótelanna var að auka rekstrarhagkvæmni, bæta þjónustuform sem hentaði ákveðnum sjúklingahópum og að það væru valkostir, að hægt væri að bjóða upp á valkosti á milli sjúklingahótels og sjúkrahúsdvalar, en að sjálfsögðu er dvöl á sjúklingahóteli miklu ódýrari fyrir samfélagið en sjúkrahúsdvölin og er ódýrasta rekstrarformið og ef vel er að hlutum staðið finnur sjúklingurinn lítið fyrir þeim mismunandi rekstrarformum.

Við vitum líka að nær helmingur eða stór hópur þeirra sjúklinga sem liggja inni á sjúkrahúsum í dag er í raun rangt staðsettur, gæti verið annars staðar, hefur þegar fengið meðferð og lokið henni eða gæti fengið samsvarandi meðferð á öðrum stað, en ekki er hægt að útskrifa þessa sjúklinga þar sem annað þjónustuform er ekki til staðar eins og hjúkrunarheimili eða það góð heimilisþjónusta og heimahjúkrun að hægt sé að senda sjúklinga heim.

Krabbameinsfélag Íslands hefur sannarlega fundið fyrir því að skortur er á slíkri þjónustu þar sem mjög margir einstaklingar sem eru í krabbameinsmeðferð nýta sjúkrahótelið við Rauðarárstíg. Krabbameinsfélagið hefur brugðist við þessu með því að kaupa íbúðir í nærliggjandi húsi sem félagið úthlutar til krabbameinssjúklinga og þetta er viðbót við sjúkrahótelið. En þær íbúðir eru, eins og sjúkrahótelið í dag, alveg fyrir utan heilbrigðiskerfið og vantar skilgreiningu og eru ekki hluti af okkar þjónustu.

Fyrir dyrum stendur að halda áfram uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss. Verið er að skoða mismunandi byggingarmöguleika á landspítalalóðinni við Hringbraut og í Fossvogi. Eins er verið að byggja upp Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. En með aukinni þjónustu og fyrirhuguðum breytingum tel ég rétt að sjúkrahótel sé hluti af þeirri framtíðarsýn og sé þegar í upphafi við skipulag lóða og uppbyggingu sjúkrahúsanna inni í myndinni sem ákveðin hliðarþjónusta eða valkostur við starfsemi sjúkrahúsanna.

Þetta á ekki síður við um Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri því með eflingu þess koma sjúklingar ekki eingöngu af Eyjafjarðarsvæðinu heldur lengra að, líka af stórum hluta Austurlands. Þá er um langan veg að fara. Krabbameinsmeðferð er veitt á FSA og þeim sjúklingum mun fjölga sem þyrftu á dvöl að halda fyrir utan sjúkrahúsið. Það eru ekki allir sem eiga ættingja eða vini eða hafa áhuga á því að dvelja inni á öðrum heldur þurfa á friði og ró að halda og að geta verið í nánum tengslum við sjúkrahúsin.

Herra forseti. Undanfarin ár hefur mikið verið skrifað um nauðsyn þess að koma á og byggja upp sjúkrahótel sem þjónustuform við hátæknisjúkrahúsin okkar. Í þeirri umræðu sem við tökum hér hvað eftir annað um að reyna að draga úr kostnaði í heilbrigðisþjónustunni jafnframt því að halda uppi góðu þjónustustigi þá er þetta að mínu mati kostur sem við eigum að horfa til og hann mun létta rekstur sjúkrahúsanna um leið og sjúkrahótelin bæta öryggi sjúklinganna. Við tölum um gesti á sjúkrahótelum en ekki sjúklinga og ekki innlagnir. En eins og ég sagði áðan þá eru mismunandi rekstrarform á Norðurlöndunum og vísa ég til þess sem tengir sjúkrahótelin við rekstur sjúkrahúsanna.

Herra forseti. Eftir að umræðu um þessa þáltill. er lokið óska ég eftir því að tillögunni verði vísað til hv. heilbr.- og trn.

[15:17]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hv. þm. Þuríður Backman hefur hér mælt fyrir till. til þál. um uppbyggingu sjúkrahótela. Að mínu mati er þetta afar mikilvægt mál. Ég held að flest okkar þekkjum þetta á eigin skinni, ef svo má taka til orða. Við þekkjum þessa tilhneigingu í heilbrigðisþjónustunni, á sjúkrahúsunum, hjá sérfræðingum sem vinna við aðgerðir eða læknisverk á fólki, að stytta tímann sem fólk þarf vera á sjúkrahúsi, þessa sterku tilhneigingu til þess að senda sjúklinga sem fyrst heim eða sem fyrst út af sjúkrahúsunum.

Mörgum þykir nóg um þann mikla hraða sem þar er á ferð. Hann er oft til kominn vegna sparnaðar og vegna þess að menn halda að þetta sé hagkvæmara fyrir sjúklinginn að einhverju leyti. Þetta er komið til vegna þess að sum sjúkrahúsa sem aðgerðir eru framkvæmdar á eru nánast lokuð um helgar og geta ekki hýst sjúklinga yfir helgar. Ég þekki þess dæmi. Það finnast einmitt tilvik eða aðstæður eins og hv. þm. Þuríður Backman rakti og því er mikilvægt að góð úrræði séu til fyrir fólk sem ekki getur farið heim til sín vegna þess að það þarf að vera undir stöðugu eftirliti og hægt verður að vera að grípa inn í og veita því aðhlynningu, en það þarf kannski ekki á beinni sjúkrahúsvist að halda.

Við þekkjum það með fólk sem kemur utan af landi og leggst á sjúkrahús til aðgerða, að það er látið fara út því að það er kannski fært um það, en hefur í sjálfu sér enga aðstöðu til þess að dveljast á höfuðborgarsvæðinu. Sérhæfingin leiðir til þess að æ fleiri aðgerðir verða að fara fram hér eða t.d. á Akureyri. Fólk verður þá að dvelja fjarri heimilum sínum meðan það bíður eftir hvernig aðgerðin hefur tekist og þörf er á eftirliti og aðhlynningu. Það er dýrt spaug og í rauninni ekki spaug, það er alvarlegt ef aðgerðir mistakast eða sjúklingur er lengi að jafna sig eftir aðgerð vegna þess að hann hefur orðið að fara of snemma heim og kannski þurft að ferðast um langan veg of fljótt eftir aðgerðina. Þá getur hann jafnvel þurft að leggjast inn aftur vegna þess að eftirköstin hafa orðið slík þau hafa leitt til þess.

Því er þessi tillaga til komin sem hér er flutt um að byggð verði upp sjúkrahótel, dvalarstaðir þar sem fólk nýtur þessa öryggis og þeirrar aðhlynningar sem brýn er á því tímabili frá því að hægt er að útskrifa það af sjúkrahúsi og þangað til það getur farið og séð um sig sjálft heima hjá sér. Þetta er ekki síður mikilvægt fyrir fólk á höfuðborgarsvæðinu sem hefur ekki allt aðstöðu til þess að fara beint heim af sjúkrahúsum, er kannski eitt langtímum saman heima en þarf á stöðugu eftirliti og jafnvel hjúkrun að halda ef svo ber undir. Hér er því á ferðinni mikið þjóðhagsmál og mundi fylla upp í ákveðið bil, ákveðið gap sem þarna er í heilbrigðisþjónustunni.

Hv. þm. vakti líka athygli á því að við breytingu á lögum við afgreiðslu fjárlaga á liðnu ári var staða þessa sjúkrahótels sem nú er starfrækt af Rauða krossinum, sett í óvissu. Áður hafði sú starfsemi verið flokkuð undir starfsemi sjúkrahúsa en er það ekki lengur. Lagalegur grunnur fyrir það starf sem þegar er í gangi á þessum vettvangi er því mjög veikur og ekki tryggur. Það er afar mikilvægt að úr því verði bætt og jafnframt opnaðir möguleikar til þess að styrkja og efla þessa þjónustu við sjúklinga til að brúa bilið frá því að þeir yfirgefa sjúkrahúsin og þangað til þeir geta séð eðlilega um sig í sínum heimahúsum.

Herra forseti. Ég tel að þetta sé afar brýnt mál fyrir alla þegna þjóðfélagsins hvort sem þeir búa úti á landi og eiga örðugt með að keyra beint heim af sjúkrahúsinu og til síns heima eða á höfuðborgarsvæðinu og hafa ekki aðstöðu heima hjá sér til að geta búið þar við öruggt og nauðsynlegt eftirlit sem er afar brýnt í því millibilsástandi þegar fólk er að jafna sig eftir aðgerðir.

Herra forseti. Þetta er brýnt og gott mál.

[15:23]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég kem upp til þess að lýsa stuðningi við þessa tillögu. Ég held að hún sé afar þörf og geti á margan hátt orðið til þess að kostnaður sjúklinga yrði minni en ella væri, auk þess sem aðstaða sjúkra væri betri og það í mörgum tilfellum tryggt að fólk gæti búið við öryggi sem það ella ætti ekki kost á, hvorki á hótelum eða með því að gista í heimahúsum. Það er nú svo að sjúkt fólk, þó það þurfi ekki beinlínis að liggja á spítala, þarf auðvitað að búa við ákveðið öryggi að því leyti til að það geti leitað aðstoðar ef á þarf að halda. Þess vegna held ég að verið sé að hreyfa við mjög brýnu og þörfu máli þegar hér er lagt til að byggja upp sjúkrahótel.

Ég er einnig þeirrar skoðunar að uppbygging slíkra sjúkrahótela geti orðið til þess að spara almennt kostnað í heilbrigðiskerfinu því þegar fólk á ekki um neitt að velja þá auðvitað sækir það um, þ.e. ef það telur sig ekki öruggt, að fá að dvelja lengur á sjúkrahúsunum en ella þyrfti. Þess vegna held ég að sú till. til þál. sem hér er flutt um að fela heilbrrh. að beita sér fyrir uppbyggingu sjúkrahótela sé mjög þörf og bæði sjúklingum og samfélaginu til hagsbóta frá öllum hliðum séð, bæði hvað varðar aðstöðu sjúkra og kostnað viðkomandi og ríkisins. Þess vegna mæli ég með því að þessi tillaga fái góða umfjöllun og verði afgreidd hér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar, fyrri umr.

Þáltill. ÖHJ, 254. mál. — Þskj. 258.

[15:26]

Flm. (Örlygur Hnefill Jónsson):

Herra forseti. Ég flyt hér þáltill. um nefnd til að kanna rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að setja á stofn nefnd sem kanni þróun fasteignaverðs á landsbyggðinni í samanburði við höfuðborgarsvæðið. Nefndin skoði ítarlega hvernig eignir fólks á landsbyggðinni hafa rýrnað í verði og um hvaða fjármuni er að ræða, leiti úrræða og komi með tillögur til úrbóta.

Nefndi ljúki störfum fyrir lok október 2003."

Í greinargerð segir svo, með leyfi forseta:

„Fasteign fjölskyldu, þ.e. íbúðarhúsnæði hennar, er í flestum tilvikum megineign hinnar venjulegu fjölskyldu sem myndar grunn íslensks samfélags. Það skiptir því flestar fjölskyldur mestu um daglegt líf og velferð, framfærslu, aðbúnað og framtíðarmöguleika bæði fullorðinna og barna að eignir þeirra fari ekki forgörðum.

Tillaga þessi er flutt þar sem flutningsmaður telur brotalöm á því að fjölskyldur þessa lands njóti jafnræðis varðandi það að verðmæti þessara stærstu eigna þeirra, fasteignar fjölskyldunnar, sé tryggt. Ójafnræðið í þessu felst í bersýnilegum mun milli höfuðborgar og landsbyggðar. Fasteignir þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu hafa á árabilinu 1990–2000 hækkað verulega í verði umfram þær vísitölur sem notaðar hafa verið til að mæla verðlag og verðlagsþróun og tryggja fjárkröfur, t.d. lánastofnana. Það er vel að eignir fólks á höfuðborgarsvæðinu hafa aukist að verðgildi og að þróunin hafi verið sú. Þessu hefur ekki verið eins farið með eignir fólks á landsbyggðinni og hafa þær í raun rýrnað, í mörgum tilvikum stórlega, og er það illt og óviðunandi. Flutningsmaður telur að stjórnmálamenn og Alþingi hafi ekki hugað að þessu sem skyldi og að tími sé kominn til að löggjafinn láti þetta mál til sín taka með einhverjum hætti."

Ég hef verið að vinna markvisst að því að vekja athygli á þessu stóra máli sem varðar tugþúsundir Íslendinga á landsbyggðinni.

Á 127. löggjafarþingi beindi flutningsmaður fyrirspurn til félagsmálaráðherra um þróun fasteignaverðs íbúðarhúsnæðis (þskj. 164, 163. mál). Í svari ráðherra (þskj. 276) kemur m.a. fram að meðalverð fasteigna á landsbyggðinni var 5.105.000 kr. árið 1990 en árið 2000 var það 7.486.000 kr. og er hækkunin á þessu árabili því 2.381.000 kr., eða 46,64%. Hér eru talin með nágrannasvæði höfuðborgarinnar en þar varð mesta verðhækkunin og því einstök önnur svæði með verri útkomu.

Þá kemur fram að meðalverð fasteigna á höfuðborgarsvæðinu var 6.850.000 kr. árið 1990 en árið 2000 var það 12.086.000 kr. og er hækkunin á þessu árabili því 5.236.000 kr., eða 76,37%.

Þess má geta að eignir sem seldar eru á landsbyggðinni eru undantekningarlítið stærri í fermetrum talið en þær sem seldar eru á höfuðborgarsvæðinu.

Ef skoðuð eru einstök dæmi úr svarinu um meðalverð á fermetra í íbúðarhúsnæði kemur m.a. eftirfarandi fram:

Árið 1990 var fermetraverð í Reykjavík 66.007 kr. en árið 2000 var það 109.605 kr. Hækkunin er 66,05%.

Árið 1990 var fermetraverð í Ísafjarðarbæ 41.508 kr. en árið 2000 var það 44.493 kr. Hækkunin er 7,19%.

Ég vek athygli á ábendingu frá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni frá því fyrr í dag um þessi mál á Ísafirði.

Árið 1990 var fermetraverð á Akureyri 51.140 kr. en árið 2000 var það 75.934 kr. Hækkunin er 48,48%. Þess ber að geta að Akureyri sker sig úr á landsbyggðinni utan áhrifasvæðis höfuðborgarinnar.

Árið 1990 var fermetraverð í Fjarðabyggð 39.148 kr. en árið 2000 var það 39.794 kr. Hækkunin er 646 kr., þ.e. 1,65%.

Þetta eru dæmi um hversu dapurlegt ástandið er víða.

Á miðju ári 1990 var lánskjaravísitalan 2.887 stig en í júní 2000 var hún 3.917 stig, þ.e. hún hafði hækkað um 35,67%. Byggingarvísitalan var í júní 1990 170,3 stig en í júní 2000 var hún 244,4 stig, þ.e. hafði hækkað um 43,51%.

Af þessu má sjá það skelfilega sem er að gerast varðandi eignir og fjármál fólks sem hefur bundið allt sitt á landsbyggðinni, ekki hvað síst til að vinna að gjaldeyrisöflun fyrir þjóðarbúið við sjávarútveg og tekið þannig þátt í nauðsynlegum útgerðar- og fiskvinnslukostnaði. Hvar væru útgerð og fiskvinnsla ef fólk hefði ekki byggt og keypt fasteignir hringinn í kringum landið til að taka þátt í veiðum og framleiðslu sjávarfangs? Sama á við um aðra nauðsynlega

atvinnustarfsemi á landsbyggðinni og þjónustu við íbúana þar og landbúnað.

Þessi þáltill. er sett fram til að þessi mál verði skoðuð ítarlega og athugað hvort einhver ráð séu tiltæk til að rétta hlut íbúa landsbyggðarinnar í þessum efnum. Ljóst er að vistun opinberra starfa í höfuðborginni hefur stórlega styrkt eignir fólks þar. Ef fyrirheit sem gefin voru í ályktun Alþingis um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997 hefði verið fylgt eftir hefði staða mála ekki verið með þeim hætti sem að framan greinir. Í ályktuninni segir, með leyfi forseta:

„Opinber þjónusta og starfsemi opinberra stofnana verði aukin á landsbyggðinni en dregin saman á höfuðborgarsvæðinu að sama skapi. Komið verði á samstarfi ríkisstofnana um svæðisskrifstofur þar sem það þykir hagkvæmt.“

Niðurstaða á úttekt efnda þessa fyrirheits til handa landsbyggðafólki, sem unnin var fyrir stjórn Byggðastofnunar og lögð fram í febrúar 1999, sýndi m.a. að samtals fjölgaði stöðugildum í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi um 455 en fækkaði í öðrum kjördæmum um 31. Útgjöld A-hluta ríkissjóðs, á verðlagi 1997, jukust á milli áranna 1994 og 1997 um 6,4 milljarða kr. í Reykjavík, um 2,7 milljarða kr. í Reykjaneskjördæmi og um 1,1 milljarð kr. í öðrum kjördæmum. Útgjöld vegna grunnskóla eru ekki talin með.

Vegna þessa máls hef ég beint til félmrh. fyrirspurnum um verðmæti íbúðarhúsnæðis, samanburð annars vegar fyrir árið 1991 og hins vegar fyrir árið 2000 og kalla þar eftir því að kannað verði skýrlega hversu miklu landsbyggðarfólk hefur tapað miðað við það að verðlag íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni hefði fylgt sömu prósentuhækkun og á höfuðborgarsvæðinu. Þá hef ég einnig beint fyrirspurnum til allra ráðherra um fjölgun, vistun og flutning opinberra stofnana og starfa á landsbyggðina, og ég veit að það hefði styrkt þessar eignir.

Það er ekki tilviljun að til tals komst í umræðu fyrr í dag um sjávarútvegsmál sem margir hv. þm. tóku þátt í að auðvitað hefur kvótakerfið í sjávarútveginum, með forræði fárra og frjálsu framsali, leitt til þess að veiðiheimildir hafa flust frá smærri útgerðarbæjum og það hefur síðan haft bein áhrif á fasteignaverð viðkomandi staða. Óöryggi eigenda fasteigna í sjávarplássunum, óvissa um hvernig kvóta verður ráðstafað, leiðir til lækkunar fasteignaverðs á viðkomandi stöðum. Ekki hafa verið gerðar úrbætur heldur kvótakerfið látið leika lausum hala með hagsmuni og hagræðingu útgerðarmannanna að leiðarljósi en ekki hagsmuni fjölskyldnanna í sjávarplássunum.

Nú er svo komið, eins og ég sagði í ræðu fyrr í dag, að ef þeir örfáu menn sem ráða útgerð og vinnslu opna munninn og boða fækkun í þessari eða hinni greininni veldur það ótta og óvissu fólks um eignir sínar og hreint og beint lækkar fasteignaverð. Því á að líta til beitingar kvótakerfisins og úthlutunar sameiginlegrar auðlindar landsmanna á þann hátt að hún geti styrkt eignir fólks á landsbyggðinni. Kvótakerfið á að notast sem byggðastjórnunartæki, það á að notast til hagsbóta fyrir eigendur eigna á landsbyggðinni en ekki bara fyrir eigendur skipa og meinta eigendur kvótans.

Vistun opinberra starfa á landsbyggðinni styrkir einnig eignirnar. Um það má nefna dæmi, t.d. hin góðu áhrif Háskólans á Akureyri á íbúaþróun og allt mannlíf í bænum. Með fjarkennslu hefur hann að auki styrkt byggðir vítt og breitt í kringum landið, vestur á fjörðum, austur á fjörðum og á Reykjanestá.

Herra forseti. Að lokinni fyrri umræðu legg ég til að þáltill. þessari verði vísað til síðari umræðu og efh.- og viðskn.

[15:37]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég tek til máls til að taka undir með flm. þessarar tillögu, hv. þm. Örlygi Hnefli Jónssyni, um að skipuð verði nefnd til að kanna verðrýrnun eigna íbúa á landsbyggðinni.

Við höfum rætt hér í dag um sjávarútvegsmál sem tengjast beint þessum málum. Vegna þess tilflutnings sem hefur orðið á aflaheimildum frá hinum dreifðari byggðum til suðvestursvæðisins liggur í rauninni fyrir að verðgildi eigna á landsbyggðinni hefur rýrnað alveg gífurlega og á mörgum stöðum er verðgildi eigna aðeins tíundi partur af því sem verðið væri ef þessar sömu eignir væru í Reykjavík.

Hér liggur reyndar, virðulegur forseti, svar við fyrirspurn hv. þm. Kristjáns L. Möllers um íbúafjölda á landinu. Það er mjög athyglivert að skoða það plagg. Með leyfi forseta ætla ég að vitna í nokkur dæmi af því hvernig þróunin hefur verið og tengja það nákvæmlega því sem ég var að nefna hér. Það tengist reyndar líka þeim breytingum sem hafa orðið í landbúnaði á Íslandi.

Gleggsta dæmið um það sem hér hefur verið nefnt er svæði eins og Vesturbyggð þar sem hefur fækkað um 371 íbúa, þ.e. 24,7%, á tíu ára tímabili, frá 1991–2001, í Árneshreppi um 47,8%, í Broddaneshreppi um 32%. Í báðum þessum tilvikum stafar fækkunin af sjávarútvegsstefnunni og síðan því sem er að gerast í landbúnaði. Það er samdráttur í sauðfjárrækt.

Í Norðausturkjördæminu eru athyglisverð dæmi — af því að vitnað var beint til þess — t.d. í Hrísey þar sem kvótinn var fluttur, bókstaflega á einni nóttu, burtu úr byggðinni. Þar hefur fækkunin orðið um 28%. Þetta er bein afleiðing og þetta þýðir verðrýrnun eigna fólksins sem býr á þessum stöðum.

Þetta er gjörsamlega óviðunandi og þess vegna fagna ég mjög þeirri tillögu sem hér er á ferðinni. Mig langar til, með leyfi forseta, að vitna til ábendinga í greinargerð:

„Við skoðun til jöfnunar og leiðréttingar þessa misvægis“ — sem er þá á milli höfuðborgarsvæðisins eða suðvesturhornsins og annarra staða má heita á landinu — „hljóta öll ráð að koma til greina og má varpa því fram hvort tengja megi verðtryggingu lána opinberra byggingarsjóða við þann raunveruleika sem landsbyggðarfólk býr við.“

Þetta tel ég vera eina af þeim leiðum sem koma til greina. Það má bera það saman að í byggðum eins og Suðureyri, Bolungarvík og víðar kostar góð tveggja herbergja íbúð 1.300–1.400 þús. en sams konar íbúð mundi kosta 7,5–8,5 millj. á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er einnig glöggt dæmi. Og ég tel ástæðu til að nefna að það er ekkert ódýrara að byggja á þessum svæðum en í Reykjavík. Það er dýrara ef eitthvað er en verðgildi eignanna rýrnar verulega.

Ég held, virðulegur forseti, að kannski sé ekki ástæða til að halda langa ræðu um það sem hér er á ferðinni en það er beint samhengi á milli tilflutnings aflaheimilda frá landsbyggð og til höfuðborgarsvæðisins eða öflugra útgerðarstaða og verðrýrnunar á stöðunum sem aflaheimildirnar eru teknar frá. Íbúðaverð hefur hækkað á höfuðborgarsvæðinu í eðlilegum takti við byggingarvísitölu og kannski ívið meira vegna eftirspurnarinnar frá landsbyggðinni en eignir fólks hafa rýrnað margfalt á við flutninginn sem þó hefur

verið frá stöðunum. Þetta er athyglivert og þess vegna tek ég einlæglega undir efni þessarar tillögu og raunar óska flm. til hamingju með að hafa komið með þetta hér inn á þing.

[15:42]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi till. til þál. um að skipa nefnd til að kanna rýrnun á eignum íbúa á landsbyggðinni er í sjálfu sér ekkert fagnaðarefni. Það væri betra ef málum væri þannig skipað að jafnræði ríkti um landið hvað varðar verðgildi hliðstæðra eigna, eigna sem eiga jú að nýtast íbúunum jafnt, óháð því hvar þeir búa. Þetta snertir bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæði og önnur mannvirki. Íbúðarhúsnæðisþörf er meðal frumþarfa fólks. Þörf fyrir atvinnuhúsnæði og önnur mannvirki telst líka til þeirra og það húsnæði ætti að hafa sama verðgildi fyrir þjóðina, óháð því hvar það er staðsett.

Það er hins vegar hárrétt, eins og kemur fram í greinargerð með þessari þáltill. frá hv. flm., Örlygi Hnefli Jónssyni, að það er því miður ekki svo. Það er náttúrlega ljóst að sú þjóðfélagsgerð sem er að mótast hér, einmitt á grundvelli margra lagasetninga af hálfu Alþingis, leiðir til misréttis milli íbúa landsins eftir því hvar þeir búa.

Það er dapurlegt að þurfa að viðurkenna að meginástæður misréttisins eru lagasetningar Alþingis sjálfs og framkvæmd þeirra. Lögin um stjórn fiskveiða hafa verið nefnd. Við getum líka horft á hvað er að gerast með stoðþjónustuna í hinum dreifðu byggðum. Við getum bent á það sem nú er að gerast, þ.e. sölu á ríkisbönkunum, bönkum sem stofnað var til á sínum tíma til að veita öfluga og góða þjónustu við einstaklinga og atvinnulíf um allt land. Nú er verið að selja þá gjörsamlega kvaðalaust, án nokkurra kvaða um þjónustuskyldu við íbúa landsins.

Þjónustustofnanir hafa verið seldar þeim sem hafa að meginmarkmiði að hámarka persónulegan arð af því fjármagni sem þeir binda í þessum stofnunum en ekki að geta sem best þjónað atvinnulífi og einstaklingum vítt og breitt um landið. Við sjáum þetta gerast í dag. Við sáum þetta gerast í síðustu viku. Það er alveg ljóst að breytingarnar sem þarna eru á ferðinni munu ekki styrkja eignastöðu fólks um hinar dreifðu byggðir eða úti um land. Við munum örugglega horfa upp á að þessar þjónustustofnanir skeri niður og fækki útibúum sínum og þjónustustofnunum vítt og breitt um landið. Því mun fylgja að fólki finnst atvinna sín og búseta óöruggari en áður og þannig ber allt að sama brunni.

Því miður, herra forseti, ráðast flestar þær stjórnvaldsaðgerðir sem í gangi eru núna að fótstalli þess samfélags sem við höfum byggt upp. Síðan á að hlaupa til með einstökum plástursaðgerðum til að lina sárustu kvölina á einstaka stöðum. Það er stefna stjórnvalda eins og hún snýr að fólkinu. Við vorum nú síðast að ræða um hvernig ætti að úthluta 500 tonna byggðakvóta til þeirra sjávarbyggða sem væru verst staddar. Til þessa ráðs er gripið í staðinn fyrir að taka á fiskveiðistjórnarkerfinu sjálfu þannig að það mundi í grunninn byggjast á jafnræðisrétti þegnanna úti um allt land. Það hefði skilað árangri en plástursaðgerðirnar eru takmarkaðar skammtímalausnir og hafa í sjálfu sér engin heildaráhrif á það sem er að gerast.

Við getum horft á hvernig þetta spinnur síðan utan á sig. Greiddar hafa verið vaxtabætur til þeirra sem eru að fjárfesta í íbúðarhúsnæði og taka til þess lán. Greiddar eru vaxtabætur ef laun viðkomandi eru innan ákveðins hámarks og sömuleiðis eignir. Meginþorri almenns launafólks og almennings er á því bili að hafa aðgang að vaxtabótum. En þær vaxtabætur eru einmitt háðar verðgildi eða kaupverði viðkomandi eignar. Þetta eru greiðslur sem ríkið leggur inn í þetta púkk. Það gefur augaleið að íbúð getur kostað 15 eða 20 millj. hér en kostar kannski ekki nema 10–15 millj. úti á landi, jafnvel enn þá minna. Húsin hafa sama notagildi, sami byggingarkostnaður og annað. En til að nýta hliðstæða íbúð á höfuðborgarsvæðinu er ríkið að greiða með henni háar upphæðir í formi vaxtabóta. Auðvitað veitir fólki ekki af þessu sem kaupa íbúðir á þessu ofurháa verði. Ég geri mér grein fyrir því að þeim veitir ekki af. Þeir sem kaupa íbúðir á þessa háa verði fá sig alveg fullsadda af því. Það er alveg klárt. Þeir mega ekki við miklu. En ríkið er samt með þessum hætti að taka þátt í þessari sveiflu. Það ýtir undir hana.

Herra forseti. Við getum líka bent á hina hliðina, þ.e. hina jákvæðu sem einstaklingar og atvinnufyrirtæki ættu að huga að í þessari stöðu, þ.e. hvaða sóknarmöguleikar eru fyrir fólk til að sækja út af stórhöfuðborgarsvæðinu í ódýrara íbúðarhúsnæði og oft í betra nágrannasamfélag. Fyrir atvinnufyrirtækin kann líka að vera um betri aðbúnað og minni húsnæðiskostnað að ræða. Í þeirri stöðu eru einnig sóknarfæri sé litið á málið frá þeirri hlið.

Herra forseti. Hið mikilvægasta í þessu öllu er að hinn almenni grunnur samfélagsins, stoðir búsetu og atvinnulífs í landinu öllu sé jafn og hann sé tryggður. Þá munu eignir einstaklinga og fyrirtækja a.m.k. verða réttlátari en nú er. Þessi tillaga hv. þm. vekur athygli á því misrétti sem við öll sjáum að er í gangi.

[15:51]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu tillaga um að kanna eignarstöðu íbúa landsbyggðarinnar. Hér er verið að hreyfa ákaflega þörfu máli sem varðar einn af þáttunum sem mynda almenn búsetuskilyrði fólks. Verðmæti eignanna ræðst m.a. af því hvernig menn meta stöðu sína miðað við atvinnuhorfur, þjónustu, vöruverð og önnur samkeppnisskilyrði, aðgang að menntun og auðvitað fjöldamörg önnur atriði sem fólk telur skipta máli fyrir afkomu sína, stöðu og atvinnuöryggi.

Ljóst er að þróunin hefur sums staðar úti á landi því miður verið með þeim hætti að verð fasteignanna hefur rýrnað. Það er rétt sem kom fram í máli hv. 1. flm. tillögunnar, Örlygs Hnefils Jónssonar, að atvinnuástandið hefur geysileg áhrif á fasteignaverð. Það er líka rétt að í flestum tilfellum hefur venjulegt fólk megnið af sparnaði sínum bundið í húsnæði sínu. Fólk hefur auðvitað gert ráð fyrir því þegar það fór út í húsbyggingar eða húsnæðiskaup að þegar það kæmist á aldur og þyrfti að færa sig til eða breyta atvinnuháttum sínum gæti fólk fengið verðmæti eignarinnar til baka með sölu. Þróun undanfarinna ára hefur hins vegar gert það að verkum að í mörgum byggðarlögum á landinu hefur verð húseigna fallið hrikalega. Á sama tíma hækkar verð á íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Þar hjálpast auðvitað allt að. Íbúum á landsbyggðinni fækkar en fjölgar á höfuðborgarsvæðinu þegar fólk flytur á höfuðborgarsvæðið.

Í þeim sveitarfélögum sem liggja næst höfuðborgarsvæðinu hefur þó á undanförnum árum, m.a. með batnandi samgöngum og aukinni atvinnu með nýjum atvinnumöguleikum, orðið jákvæð þróun. Það segir okkur auðvitað að bæði atvinnustigið, möguleikarnir til að sækja sér þjónustu og samgöngubætur, hafa þarna veruleg áhrif. Sumir íbúar landsins hafa hins vegar fengið áhuga á að búa aðeins fjær þéttasta kjarnanum. Það eru að vísu eingöngu þeir sem hafa efni á

að kaupa sér húsnæði utan höfuðborgarsvæðisins en stunda jafnvel vinnu innan höfuðborgarsvæðisins. Þetta er einn þáttur í þessu máli.

Neikvæðast varðandi þróun verðs á íbúðarhúsnæði á landinu og íbúðabyggð tel ég að t.d. í sjávarbyggðunum hafa lögin um stjórn fiskveiða haft veruleg áhrif á tekjur fólks. Ég get tekið dæmi úr mínu kjördæmi, Vestfjarðakjördæmi, þar sem tekjur voru lengst af vel yfir landsmeðaltali en eru núna komnar verulega undir landsmeðaltal. Þetta hefur auðvitað mikil áhrif. Við sem höfum verið að vinna fyrir landsbyggðarkjördæmin höfum talað um það á undanförnum árum hvernig vinna má að því að laga stöðu fólks á landsbyggðinni. Í því sambandi var lengi talað um það að fasteignaskattar á landsbyggðinni væru mjög óeðlilegir vegna þess að þeir tóku mið af verðgildi húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Við þetta bjó landsbyggðarfólk lengi vel. Hins vegar er rétt að geta þess sem vel hefur verið gert. Eftir langar fortölur og miklar rökræður við núverandi stjórnarmeirihluta, náðist fram að fasteignaskattar eru nú miðaðir við verðgildi á landsvæðunum. Fólk úti á landi er ekki lengur að borga fasteignaskatt í hlutfalli við eignaverð á höfuðborgarsvæðinu. Þetta var ákveðið réttlætismál en það vekur auðvitað athygli á því hvers konar tregða er í öllum þessum málum, að það skuli taka ár og áratugi að breyta því að fólk þurfi ekki að borga gjöld af eignum úr samhengi við verðgildi eignarinnar.

Með sama hætti getum við bent á kostnað fólks sem býr úti á landsbyggðinni, t.d. varðandi þungaskattinn og hvernig hann leggst á flutninga, vöruverð og þar af leiðandi líka á kostnað atvinnufyrirtækja úti á landsbyggðinni, hvernig virðisaukaskatturinn kemur svo þar ofan á og verður til þess að fólk sem býr fjærst höfuðborgarsvæðinu tekur á sig mestan kostnað að þessu leyti og borgar mun meiri virðisaukaskatt en íbúar á höfuðborgarsvæðinu gera af sams konar vöru. Þetta er auðvitað til viðbótar því að vöruverð er almennt hærra úti á landi en hér á höfuðborgarsvæðinu. Það eru því fjöldamörg atriði sem hægt er að benda á að ríkið gæti komið að til að laga aðstöðu fólks á landsbyggðinni. En það hefur verið mikil tregða til að gera það.

Fyrir þinginu liggur m.a. tillaga sem hv. þm. Kristján L. Möller er 1. flm. að, um vöruverð og rekstrar- og samkeppnisskilyrði atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni. Þetta er hið merkilegasta mál og hefur dregið mjög skilmerkilega fram kostnað fólks við að búa úti á landsbyggðinni. Allt saman hefur þetta áhrif á íbúðaverðið. Ríkið er þannig í raun að beita óréttlátum skattaálögum til viðbótar við að reka byggðafjandsamlega atvinnustefnu eins og í sjávarútvegsmálum. Landsbyggðarfólk þarf að búa við þetta og það situr uppi með þennan kostnað.

Ég tel að þessi tillaga um könnun á rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar og hvernig megi bregðast við sé mjög þörf. Ég mun lýsa yfir stuðningi við hana fyrir hönd Frjálslynda flokksins.

[15:59]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða till. til þál. um nefnd til að kanna rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar. Flutningsmaður tillögunnar er hv. þm. Örlygur Hnefill Jónsson, þingmaður Norðurl. e. eða Austurkjördæmisins nýja.

Það er mjög gott að þessi tillaga skuli koma fram. Það er ekki vanþörf á að menn taki saman höndum um að reyna að bæta það sem miður hefur farið varðandi eignir og eignastöðu úti á landi.

Nefndinni sem hv. þm. leggur til að komið verði á fót er ætlað að kanna þróun fasteignaverðs á landsbyggðinni í samanburði við höfuðborgarsvæðið. Einnig á nefndin að skoða ítarlega hvernig eignir fólks á landsbyggðinni hafa rýrnað í verði og um hvaða fjármuni er að ræða. Síðast en ekki síst á nefndin að leita úrræða og koma með tillögur til úrbóta og það skiptir náttúrlega mestu máli. Einnig eru nefndinni ætluð ákveðin starfslok, þ.e. í lok október 2003.

Það er alveg ljóst að verð fasteigna á landsbyggðinni hefur lækkað. Og hverjar eru ástæðurnar fyrir því? Ýmislegt hefur komið fram í umræðunni um það. Það er náttúrlega staða byggðanna í sambandi við atvinnutækifærin. Við höfum séð hvernig byggðarlög hafa koðnað niður við það að missa aflaheimildir og rétt til að veiða fisk sem er nánast í fjöruborðinu hjá þeim. Og þegar svo er, þegar búið er að taka möguleika fólks til að afla sér tekna á ákveðnum svæðum þá liggur náttúrlega í augum uppi að verðmæti eignanna sem þar eru rýrna.

Annað í þessu máli er að ný tækifæri hafa ekki skapast í atvinnulífi eins og hefði þurft að vera. Við höfum reyndar á síðustu árum séð tilraunir sem voru gerðar til nýsköpunar í atvinnulífi sums staðar um land, t.d. með fjarvinnsluverkefni. En ástæðan fyrir því að þau fóru nú flest yfir um á einhvern hátt var m.a. sú að verkefni vantaði. Að minni hyggju hefði ríkisvaldið getað gert töluvert meira en gert var, þ.e. komið með ýmis störf, ný störf og ákveðin verkefni, þjónustuverkefni, sem þessar fjarvinnslustöðvar hefðu getað tekið að sér. Þó ekki hefðu verið nema þrjú, fjögur störf á hverjum stað þá skiptir það gífurlega miklu máli. Alveg eins og kom fram hér í umræðunni í dag að á bak við eitt sjómannsstarf koma fjögur til fimm störf á bak við það. Og þetta er eins, að í kringum hvern mann eða konu hvar sem þau búa, hvar sem fólk býr er náttúrlega ákveðin starfsemi, þjónusta, skóli, verslun og margt annað. Þetta er það sem ég held að nefndin hljóti m.a. að horfa til, þ.e. atvinnuþáttanna.

Og síðan auðvitað það sem hv. 4. þm. Vestf. talaði um, þ.e. samgöngurnar. Grundvallarskilyrði er að góðar samgöngur séu um landið til að fólk sé ánægt á þeim stöðum sem það býr, að það komist frá stöðunum og til þeirra með góðu móti. Til að það sé hægt þurfa samgöngur að vera góðar. Því miður er það svo, herra forseti, að samgöngur á sumum stöðum eru enn þá mjög slæmar og þess vegna næstum því ófært til sumra landshluta, marga mánuði á ári eins og t.d. Vesturbyggð á Vestfjörðum. Þar hafa menn verið að leggja mikla áherslu á hina síðustu mánuði að koma þurfi þeirri byggð í árs vegasamband við hringveginn og er ég innilega sammála því og vona að eftir kosningar verði jafnmikill áhugi og atgangur í þeim málum og er núna. Ekki skal standa á mér að styðja við þá viðleitni hvar og hvenær sem er.

Hv. þm. víkur að því í greinargerð með þáltill. að flestar fjölskyldur í landinu myndi megineign sína með því að byggja yfir sig. Húsið er ekki einungis íverubústaður fólksins heldur líka það sem það leggur til í sparnaði og öðru til að mynda eignir. Og það er náttúrlega afar slæmt þegar svo háttar að verðlagið á eigninni hrynur m.a. vegna þess að fiskveiðistjórnarkerfið hefur haft þær afleiðingar að allt hefur hrunið í byggðinni og þá falla húsin náttúrlega í verði. Við getum hugsað okkur stað, t.d. á Suðurnesjum, þar sem menn hafa getað fengið að veiða keilu og löngu frjálst og svo allt í einu er það ekki hægt og þá þurfa menn að hætta að

vera við útgerðina sína. Við það verður atvinnustigið miklu verra og þá lækka fasteignirnar í verði. Ég ítreka það aftur, herra forseti, að í starfi væntanlegrar nefndar, sem ég vona að sett verði á laggirnar, hljóti menn að horfa til atvinnutækifæranna, samgangna og heilsugæslu reyndar líka. En þetta skiptir allt miklu máli í sambandi við aðstöðuna úti á landi og í byggðunum. Það sem er einnig í þessu er að stjórnvöld geta með lagasetningu haft mikil áhrif á hvernig það er gert.

[16:08]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum um tillögu til þál. um nefnd til að kanna rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar. Hv. þm. Örlygur Hnefill Jónsson setur fram þessa tillögu en hún fjallar um að Alþingi álykti að setja á stofn nefnd sem kanni þróun fasteignaverðs á landsbyggðinni í samanburði við höfuðborgarsvæðið og nefndin skoði ítarlega hvernig eignir fólks á landsbyggðinni hafi rýrnað í verði og um hvaða fjármuni er að ræða, leiti úrræða og komi með tillögur til úrbóta. Og nefndinni er ætlað að ljúka störfum árið 2003.

Ég held að það sé ákaflega mikilvægt að velta þessu fyrir sér og kortleggja hvað hefur gerst í þessum málum en í undirmeðvitundinni gerum við okkur öll náttúrlega grein fyrir hvaða meginþættir það eru sem hafa stuðlað að mjög harkalegri byggðaröskun hér á landi. Við höfum fjallað um stóran þátt þess í dag, þ.e. stjórn fiskveiða. Ég held að þegar fram í sæki — þáltill. er góð og fyrri hluti hennar verður auðveldur í vinnslu, hv. þm. Örlygur Hnefill Jónsson, en seinni hlutinn verður öllu erfiðari. Seinni hluti tillögunnar fjallar um að leita úrræða og koma með tillögur til úrbóta. Þar komum við að hinum hápólitíska hluta málsins vegna þess að ég held að við getum öll verið sammála um það að stjórn fiskveiða er þarna stór þáttur. Um stjórn fiskveiða tökumst við á hér í þinginu næstum daglega, a.m.k. vikulega, af hörku.

Við höfum líka tekist á um aðra grunnþætti sem eru pólitísks eðlis en við vitum að á undanförnum árum hefur þróun opinberrar þjónustu með auknum þunga leitað hingað af ýmsum orsökum en þó mest fyrir tilstilli hins opinbera. Þarna vega samgöngumálin gríðarlega þungt, samgöngur og flutningar af öllu tagi. Ég held að hv. þm. Örlygur Hnefill Jónsson geti verið sammála um að bara það eitt að gefa þau skilaboð til Húsvíkinga að nú verði ekki lengur flogið á Húsavíkurflugvöll sé áfall í sjálfu sér fyrir allt það samfélag og þá þjónustu sem byggir að mestu leyti á flugi, eins og t.d. ferðamannaiðnaðurinn.

Hér eru gríðarleg átök um fjarskipti og hafa átt sér stað langar og miklar umræður í þinginu um hvort eigi t.d. að selja Símann eða ekki, hvort eigi að einakvæða o.s.frv. Ég held að allir átti sig á því núna að þær hræringar sem hafa verið á fjarskiptamarkaði hafa gert það að verkum símareikningurinn hefur stórhækkað og það er að margra mati að verða áþreifanlegra núna að símaþjónustan úti um land, hinar dreifðu byggðir er að minnka. Þetta eru grunnatriði sem verða að vera í lagi til þess að fólk vilji og geti starfað í hinum dreifðu byggðum landsins.

Við höfum tekist á hér og erum enn að takast á um grunnþjónustu svo sem eins og fjármálastarfsemi, þjónustu bankanna. Það eru hræðileg skilaboð til hvers einasta samfélags þegar jafnvel ríkisbankarnir, meðan þeir voru óseldir, setja upp prógramm sem byggir á því að leggja niður stöðvar eða útibú og minnka þjónustu við hinar dreifðu byggðir. Þetta eru allt saman grundvallaratriði sem verða að vera í lagi. Allir nágrannar okkar sem hafa verið að kljást við erfiðleika varðandi byggðamál hafa áttað sig á að þetta eru grunnatriði sem verða að vera í lagi. Það er skoðun mín að menn hafi gjörsamlega lokað augunum fyrir slíkum grunnþjónustumálum.

Ég get tekið rafmagnsmálin líka. Það er einfasa rafmagn úti um hinar dreifðu byggðir, þar er þrífösun ekki möguleg sem gerir allan iðnað mjög erfiðan o.s.frv. Það er þess vegna stórpólitískt mál hvernig tekið er á þessum málum sem síðari hluti tillögunnar fjallar um. Og það er ekkert launungarmál af minni hálfu og af okkar hálfu hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að við teljum að þau mál sem ég var að telja upp, þ.e. stjórn fiskveiða, opinber þjónusta í víðum skilningi, samgöngumálin, fjarskiptin, þ.e. Síminn, bankamálin og þjónusta þeirra, ég tala nú ekki um Póstinn, að þetta eru grunnatriði sem verða að vera í lagi til þess að hægt sé að tala af nokkru viti um framtíðarmöguleika fólks til að búa og byggja upp og starfa í hinum dreifðu byggðum og þess vegna verður tekist á um þau mál í grundvallaratriðum. En upplýsingarnar sem þáltill. mun færa okkur eru mjög góðar og eru auðvitað grunnur til að fjalla um þessi mál.

En við skulum ekki gleyma því að vegna þess hvernig við höfum haldið á málum varðandi dreifbýlið hefur uppspennt húsnæðisverð á höfuðborgarsvæði verið til ómælds tjóns fyrir alþýðu landsins, þ.e. þá alþýðu sem býr hér, því að afleiðing búseturöskunarinnar er í raun og veru uppsprengt verð á fasteignum hér sem við eigum ekki og megum ekki þurfa að miða okkur við vegna þess að almenningur hér, ungt fólk og þeir sem þurfa að skaffa sér hús yfir höfuðið þurfa að reiða fram ómældar milljónir bara vegna ástandsins í búsetumálum. Hér er því um að ræða landsmál í þeim skilningi að ástandið, flutningur fólks af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins gerir fólki gríðarlega erfitt að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Við erum að tala um milljóna mun sem er þar á og það eru miklir peningar í hverjum mánuði sem þarf að borga fyrir hverja milljón umfram það sem kostar að koma sér upp lítilli íbúð til þess að byrja með, t.d. fyrir ungt fólk. Ég er raunar hissa á því í þessu samhengi að ungt fólk skuli ekki líta meira til þess að flytja til staða þar sem atvinna er sannarlega fyrir hendi en húsnæðisverð er mjög ódýrt. Það er staðreynd að atvinnufyrirtæki á landsbyggðinni hafa þurft að flytja inn fólk frá útlöndum, ágætisfólk, til þess að vinna þar. En það er alveg eins og fólk hér um slóðir hafi ekki áttað sig á því að út frá þessu ástandi í byggða- og búsetumálum eru sannarlega sóknarfæri fyrir fólk að komast inn í ódýrt húsnæði og koma undir sig fótunum þar af leiðandi fljótar með því að nýta sér og notfæra sér þá möguleika sem þarna skapast. Þetta eru að vísu möguleikar sem við hefðum viljað komast hjá að þurfa að horfast í augu við en staðreyndin er sú að þarna eru færi og þarna eru möguleikar.

Ég vil árétta það að síðustu, virðulegur forseti, að síðari hluti tillögunnar er þess eðlis að fjalla verður um hann á pólitískum vettvangi og það gerum við svo sannarlega á hverjum degi. Það eru þessi grunnþjónustumál. Að svo mæltu læt ég máli mínu lokið.

[16:16]

Flm. (Örlygur Hnefill Jónsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa þátt í þessari umræðu: 5. þm. Vesturl., Gísla S. Einarssyni; 5. þm. Norðurl. v., Jóni Bjarnasyni; 4. þm. Vestf., Guðjóni

A. Kristjánssyni; 2. þm. Vestf., Karli V. Matthíassyni og 6. þm. Norðurl. e., Árna Steinari Jóhannssyni.

Ég vil aðeins koma inn á orð hv. 6. þm. Norðurl. e., Árna Steinars Jóhannssonar, hér á undan um að þetta væri landsmál. Auðvitað er það landsmál þegar fólk fer frá fasteignum á landsbyggðinni til að kaupa sér eða byggja yfir sig á öðrum stað og skilur eftir eignir sem eru þá ekki mikils virði. En það er ekki bara það. Það þarf líka að byggja upp alla grunnþjónustu samfélagsins, jafnvel í nýjum hverfum, sömu grunnþjónustu og er til staðar, en lendir á færri herðum, í sveitarfélögunum. Það er auðvitað stórt þjóðfélagslegt mál að sjá til að þær eignir sem fyrir eru nýtist sem best og þurfi ekki að byggja þær upp að nýju.

Ég tel að það eigi að vera markmið ríkisstjórnar hverju sinni að verja eignir allra landsins þegna, hvort heldur er í höfuðborginni, sem við viljum að vaxi og dafni eins og sagði í kvæðinu, með leyfi forseta:

Hún óx um tíu alda bil,
naut alls, sem þjóðin hafði til,
varð landsins högum lík.

En það á líka að verja eignir fólks á landsbyggðinni. Hér er um grafalvarlegt mál að ræða. Það hefur verið tregða hjá opinberum stofnunum við að koma á landsbyggðina. Þetta er að breytast. Á Akureyri hefur t.d. háskólinn komið myndarlega inn og heimamenn hafa unnið þeirri stofnun vel og eflt hana þannig að áhrifa hennar sér stað um allt land eins og ég sagði áður. Mig langar aðeins til þess að nefna nokkrar tölur í því sambandi. Háskólinn á Akureyri er í Reykjanesbæ með 49 nemendur, 67 í Hafnarfirði, 6 í Borgarnesi, 5 á Patreksfirði, 43 á Ísafirði, 15 á Blönduósi, 25 á Sauðárkróki, 8 á Siglufirði, 25 á Egilsstöðum, 5 í Neskaupstað, 6 á Hornafirði, 39 á Selfossi og 21 í Vestmannaeyjum. Þetta er dæmi um stofnun sem vistuð var á landsbyggðinni og hefur verið að skila Akureyri fram á við, styrkja eignir þar og með þessu starfi sínu er Háskólinn á Akureyri að styrkja eignir á öllum þeim stöðum sem ég nefndi. Hann gerir búsetu þar bærilegri, fólk getur stundað nám þar og þetta styrkir eignir þeirra sem þar búa.

Hér er um grafalvarlegt mál að ræða sem ég er að reyna að vekja athygli á og vænti þess að muni lifa áfram í umræðunni. Þetta er réttlætismál. Þetta mál brennur á landsbyggðarfólki og er löngu tímabært að hið háa Alþingi taki á þessu máli. Ég veit að landsbyggðarfólk treystir því að það verði gert. Landsbyggðarfólk er ekki að biðja um neitt sérstakt sér til handa umfram aðra. Það er ekki að biðja um annað en réttlæti í þessu máli. Það er þjóð okkar best að allir þegnar hennar njóti sömu umhyggju, kjara og aðstöðu. Því er þetta mál flutt hér.

Mér þykir verra að hér hafa einungis tekið til máls stjórnarandstöðuþingmenn og að enginn úr stjórnarliðinu sem farið hefur með landstjórnina síðasta áratuginn skuli hafa tekið þátt. Ég vænti þess að þeir ágætu hv. þm. muni líka vaka yfir þessu máli og gefa því gott brautargengi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:21]

Útbýting þingskjala:

Bann við notkun á nónýlfenól-etoxýlötum (NFE) í hreinsiefnum, 294. mál, fsp. KolH, þskj. 316.

Bifreiða-, ferða- og risnukostnaður, 79. mál, svar fjmrh., þskj. 262.

Byggingarkostnaður hjúkrunarheimila, 295. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 317.

Öldrunarstofnanir, 296. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 318.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. GAK og SvH, 26. mál (ferðakostnaður). — Þskj. 26.

[16:22]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Ásamt mér flytur hv. þm. Sverrir Hermannsson málið.

Frumvarpsgreinin er svohljóðandi:

„Við A-lið 30. gr. bætist nýr töluliður, 2. tölul., sem orðast svo: Útgjöld vegna sannanlegs ferðakostnaðar til og frá vinnu sem er umfram 120.000 kr. á ári en þó aldrei hærri en 400.000 kr. á ári og er í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra."

Síðan er 2. gr. um gildistöku þessara laga sem miðast við 1. janúar 2003 og kæmi þá til framkvæmda við álagningu á árinu 2004.

Eftirfarandi greinargerð fylgir frv.:

„Með frumvarpi þessu er lagt til að kostnaður manna við ferðir til og frá vinnu sem er umfram 120.000 kr. verði frádráttarbær frá tekjum áður en til skattalagningar kemur, þó að hámarki 400.000 kr. á ári.

Frádráttarheimild þessi gildir ekki um þá sem fá útlagðan kostnað greiddan í formi ökutækjastyrkja enda eru slíkar greiðslur frádráttarbærar skv. 1. tölul. A-liðar 30. gr. Við framkvæmd ákvæðisins er gert ráð fyrir að sambærilegar reglur gildi um sönnun á útlögðum kostnaði og gilda um sönnun á kostnaði á móti ökutækjastyrkjum.

Hér er um sanngirnismál að ræða enda um að ræða kostnað sem til fellur við öflun atvinnutekna. Eins og frumvarpið er fram sett er markmiðið einkum að koma til móts við þá sem þurfa að sækja vinnu um langan veg og bera af því mikinn kostnað.

Frumvarp þetta samrýmist vel þeirri stefnu sem haldið hefur verið á lofti í byggðamálum og felst í því að stækka atvinnusvæði á landsbyggðinni. Mikill ferðakostnaður getur hamlað gegn slíkri þróun og er til þess fallinn að draga úr samkeppnishæfni byggðarlaga um vinnuafl. Mikill ferðakostnaður getur einnig virkað vinnuletjandi með þeim afleiðingum að menn sjá hag sínum betur borgið með því að þiggja atvinnuleysisbætur en að sækja vinnu í næsta byggðarlag vegna kostnaðar.

Þess má geta að í Noregi eru í gildi reglur um skattalega ívilnun til þeirra sem bera mikinn kostnað af ferðalögum til og frá vinnu en aðstæður eru að mörgu leyti svipaðar og hér á landi."

Herra forseti. Við flutningsmenn teljum að hér sé hreyft ákaflega þörfu máli. Þegar við veltum fyrir okkur því hvernig mætti búa þetta mál í framkvæmanlegan búning þá stöldruðum við fyrst við að taka tillit til aksturskostnaðar og útfæra greinina með þeim hætti að ferðakostnaður á eigin bíl væri frádráttarbær frá tekjum þannig að jafnræði væri með þeim sem færu um langan veg til vinnu sinnar og þeirra sem fá t.d. endurgreiðslu frá vinnuveitendum sínum vegna ferðalaga.

Þegar það sjónarmið var skoðað nánar kom auðvitað í ljós að þetta var ekki fær leið. Það var ekki hægt að mismuna

fólki eftir því hvort það notaðist við almenningssamgöngur, færi með flugvélum, bílum eða ferjum. Þess vegna varð niðurstaða okkar sú að leggja hér til ákveðna upphæð og setja reyndar einnig takmörkun. Upphæðin þyrfti að vera umfram ákveðna krónutölu á ári, sem við settum inn sem 120 þús. kr. eða um 10 þús. kr. að jafnaði á mánuði. Auðvitað er það svo að allir landsmenn hafa einhvern kostnað af því að ferðast til vinnu sinnar. Það liggur í hlutarins eðli, hvar sem menn búa. Það kostar ævinlega að ferðast hvort sem menn fara með almenningsfarartækjum eða á eigin bifreið.

Við töldum eðlilegt að draga þessi mörk við 120 þús. kr. og segja sem svo að þeir sem gætu sýnt fram á meiri ferðakostnað en 120 þús. kr. á ári, beinlínis við að fara að og frá vinnustað sínum, eigi rétt á að fá þann kostnað dreginn frá tekjum en þó aldrei hærri kostnað en sem nemur 400 þús. kr. Til þess að nýta 400 þús. kr. kostnaðinn og fá að draga þá upphæð frá tekjum þurfa menn að ráðstafað 520 þús. kr. í ferðakostnað á ári, þ.e. 400 þús. kr. umfram 120 þús. Það er ekki gert ráð fyrir því í tillögunni að ferðakostnaður undir 120 þúsund kr. hjá fólki sé frádráttarbær þegar um er að ræða ferðir að og frá vinnustað.

Við flutningsmenn teljum að þessa frv. sé þörf. Eins og hér er getið um í niðurlagi tillögunnar er þetta þekkt hjá öðrum þjóðum. Í Noregi er þetta útfært með svipuðum hætti og hér er gert ráð fyrir. Menn verða að gera grein fyrir ákveðnum kostnaði og auðvitað eru það skattyfirvöld sem fylgjast með því að ákvæðið yrði ekki misnotað. Með sama hætti yrði að gera kröfur til þess hér á landi að þeir sem hygðust nýta sér þennan frádráttarlið færðu skýrar sönnur á að þeir hefðu lagt út fyrir kostnaðinum og hann tengist ferðalögum að og frá vinnu. Það þýðir í raun að menn verða að kaupa sér fargjöld, fá nótu og skrá þau á nafn hjá viðkomandi fyrirtæki og halda því saman eins og um hvern annan kostnað sé að ræða. Menn verða auðvitað að geta þess, þegar þeir telja kostnað sinn fram, hjá hverjum þeir vinna og milli hvaða staða þeir hafi ferðast. Það verður að ætlast til þess, varðandi þennan frádráttarlið eins og aðra frádráttarliði, að skattyfirvöldum sé gert kleift að kanna raunverulega kostnað með úrtökuprógrammi.

Það er svo sem ekkert öðruvísi hugsun í þessu en almennt er um framtöl okkar til skatts. Við getum alltaf átt von á því að lenda í úrtaki og að skattframtöl okkar verði könnuð. Þess vegna þurfa auðvitað þeir sem telja fram slíkan kostnað að geta sýnt fram á að slíkur kostnaður eigi við rök að styðjast. Það þarf auðvitað að útfæra í reglum skattyfirvalda hvernig slíkt skuli vera. En það hlýtur að vera algerlega nauðsynlegt að fólk hafi kvittanir skráðar á nafn fyrir fargjöldum sínum eða akstursbók ef um það er að ræða og að hún sé skilmerkilega útfyllt. Þannig sitja menn við sama borð hvort sem þeir fljúga frá Akureyri og stunda atvinnu sína í Reykjavík eða frá Reykjavík og stunda atvinnu sína á Akureyri, hvert sem farartækið er sem menn nota til að ferðast að og frá vinnu sinni.

Við flm. teljum það þarfa leiðréttingu og réttlætismál að taka hana inn í skattalöggjöfina, og að þetta geti m.a. leitt til þess að fólk sjái sér fært að búa á einum stað en stunda atvinnu sína á öðrum. Við teljum vera til bóta að fólki sé gert það kleift og að það sé ekki bara efnameira fólk sem getur leyft sér það heldur venjulegt fólk sem hefur þó þokkalega afkomu. Þetta gæti að okkar viti leitt til þess að t.d. fólk sem býr á höfuðborgarsvæðinu leitaði e.t.v. eftir búsetu hjá nágrannasveitarfélögunum vegna þess að það sæi sér hag í því að búa utan mikils þéttbýlis þrátt fyrir kostnað og að fá að njóta íslenskrar náttúru. Þessi tillaga um að draga frá kostnað umfram 120 þús. kr. á ári gæti ýtt undir slíka þróun.

Tillagan getur líka orðið til þess að fólk flytji ekki á milli staða vegna þess að atvinnuástand breytist um skemmri eða lengri tíma. Það hefur auðvitað iðulega komið upp að atvinnuástand í byggðum getur breyst tímabundið þótt menn sjá fram á bjartari tíma. Þeim býðst kannski atvinna sem er þó nokkuð fjarri heimabyggð en það kostar talsverðan tíma og ferðalög að sækja hana svo menn sjái sér ekki hag í því. Við teljum að þetta geti orðið til þess að fólk sé ekki undir eins mikilli pressu að bregða búi vegna atvinnu sinnar heldur geti leyft sér að búa fjarri vinnustaðnum.

Ég vil einnig benda á, herra forseti, að þegar menn stofna einkahlutafélög um atvinnurekstur sinn er ýmis ferðakostnaður dreginn frá í rekstri, og við teljum að það geti orðið til þess að jafna stöðu fólks.

Sú þróun sem ég gat um varðandi það að fólk flytti frá þéttbýlisstöðum og út í sveitirnar er auðvitað byrjuð að eiga sér stað hér á landi, að vísu ekki í miklum mæli en það eru allar líkur á að það muni gerast. Þessi tillaga gæti ýtt frekar undir það. Sú þróun hefur átt sér stað erlendis að fólk flytur úr borgum, oft hundrað kílómetra út fyrir borgirnar og býr þar en stundar atvinnu sína inni í borgunum. Það telur að þau gæði sem fást með búsetu í dreifðum byggðum séu nógu mikil og eftirsóknarverð þrátt fyrir þann kostnað sem því fylgir að sækja atvinnu inn í borgirnar.

Að öllu samanlögðu held ég að þau rök sem ég hef hér flutt séu nægileg til að þessi tillaga eigi að fá góða og efnislega umfjöllun. Ég tel æskilegt að þessi regla verði sett í lög. Við höfum í dag rætt byggðamál frá ýmsum sjónarmiðum, m.a. fiskveiðistjórnarkerfisins og þeirra sem búa úti á landi í húsnæði sem ekki er jafnmikils virði og á höfuðborgarsvæðinu, eins og var í tillögu sem við ræddum hér síðast, og fjöldamörg önnur atriði sem við höfum komið inn á í umræðunum í dag. Ég tel að tillaga okkar hér í þessu frumvarpsformi sé í raun og veru liður í hugsun um byggðamál þó að hún sé þannig útfærð að þar eigi allir að sitja við sama borð hvort sem þeir búa innan höfuðborgarsvæðis eða úti á landsbyggðinni. Þegar verið er að breyta skattalögum þarf auðvitað að vera jafnræði með fólki.

Herra forseti. Ég held að ég hafi skýrt efni þessarar tillögu nægilega og vonast til þess að hv. þingmenn taki hana til gaumgæfilegrar athugunar og ljái henni liðsinni sitt. Vonandi fær hún að koma hér aftur inn í þing til afgreiðslu.

[16:35]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég tek til máls til að lýsa stuðningi við þessa tillögu sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson og Sverrir Hermannsson flytja um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt þar sem lagt er til að ákveðinn sannanlegur ferðakostnaður til og frá vinnu verði frádráttarbær til tekjuskatts.

Ég tel mikið sanngirnismál að á þessu sé tekið hvort sem þessi tölulegu mörk liggja þar sem hv. flm. leggja til eða annars staðar sem er þá þingnefndar að athuga. Meginmarkmið þessa frv. er alveg skýrt.

Það eykur bæði sveigjanleika og sóknarmöguleika í atvinnulífi og búsetu að skattlagning á fjarlægðir sé ekki með óhóflegum hætti. Það að koma til móts við mikinn ferðakostnað til og frá vinnu styrkir einmitt búsetu og atvinnulíf.

Staðreyndin er sú að hið opinbera skattleggur nú þegar verulega fjarlægðir í landinu. Það skattleggur fjarlægðirnar með þungaskatti, með olíu- og bensíngjöldum og jafnframt í formi tolla og innflutningsgjalda á bifreiðar. Ég er ekki að leggja til að þau gjöld skuli felld niður en engu að síður ber að hafa í huga hvar þetta kemur þyngst niður. Þetta kemur, herra forseti, þyngst niður á þeim sem eru beinlínis háðir ferðalögum í tengslum við atvinnu sína. Ef við horfum til víða um land þar sem t.d. búskapur á jörðum dregst saman eða jafnvel leggst af og aukinn hlutur í tekjuöflun kemur frá vinnu utan bús mundi aðgerð eins og hér er lögð til verða til þess að styrkja og efla búsetu og tekjur þessa fólks ásamt því að styrkja þá atvinnu sem er stunduð fyrir. Hún gæti þá verið innan hóflegra marka þannig að allt mundi þetta styðja hvert annað.

Tillagan sem hv. flm. flytja um að ferðakostnaður umfram ákveðin mörk vegna vinnu verði frádráttarbær til tekjuskatts er því að mínu mati hið besta og þarfasta mál og kannski ein raunhæfasta aðgerð sem við gætum gert á lagalegum grunni til þess að skapa aukin sóknarfæri í atvinnuuppbyggingu og atvinnulífi, ekki síst úti um hinar dreifðu byggðir. Auk þess gæti það líka orðið til þess að styrkja og efla þá búsetu sem við höfum nú þegar.

Herra forseti. Þetta er hið besta mál. Ég tek undir með hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni og óska eftir að frv. fái trausta og jákvæða meðferð af hálfu þingsins.

[16:39]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum um frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum. Flm. eru hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson og Sverrir Hermannsson.

Ég þarf ekki að hafa langt mál um þetta frv. vegna þess að ég tel, eins og hv. þm. Jón Bjarnason kom inn á hér á undan, að þetta sé hið þarfasta mál. Ég þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir að koma fram með það. Ég tel að þetta sé mikið réttinda- og hagsbótamál, sérstaklega fyrir fólk í sveitum þar sem landbúnaður hefur dregist mjög saman og annar aðili á búi hefur kannski vílað fyrir sér að fara til vinnu annars staðar vegna kostnaðar ef um langan veg er að fara. Ég held að þetta mundi tvímælalaust styrkja stöðu dreifbýlisins.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson kom réttilega inn á að þeir sem stofnað hafa einkahlutafélög eða starfa hjá hlutafélögum hafa möguleika á því að afskrifa svona ferðakostnað í ríkum mæli. Ég tel því að þetta frv. mundi gagnast einstaklingum eins og hv. þm. kom inn á í framsögu sinni og þess vegna held ég að þetta sé hið besta mál. Við vitum að fólk getur staðið frammi fyrir því tímabundið, eins og komið hefur fram, að eiga kost á góðri vinnu fjarri heimabyggð en þó ekki lengra en svo að hugsanlegt væri að keyra á milli staða. Ég þekki þess mörg dæmi að menn hafa heykst á því að taka slíkum vinnutilboðum vegna kostnaðar við akstur. Ég tel að slík breyting gæti bætt þar gríðarlega úr.

Ég vil koma því að í sambandi við þetta mál að ég tel að það sé angi af grunnhugsun sem ég setti fram í þáltill. um eflingu almenningssamgangna í landinu. Þar benti ég á að almenningssamgöngur eru byggðar á úreltu gömlu sérleyfiskerfi sem engan veginn þjónar nútímasamfélagi. Ég hef lagt fram þáltill. um almenningssamgöngukerfi Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslna sem ég tel að væri mjög til bóta. Það er einmitt grunnhugsun þeirrar tillögu, nákvæmlega eins og hér er sett fram, að möguleikar fólks í dreifbýli sé efldir til þess að færa sig á milli og notfæra sér þau tækifæri sem bjóðast í atvinnuþátttöku. Þess vegna tel ég að þetta frv. til laga sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson flytur hér sé allrar athygli vert. Við munum styðja það í nefnd og vinna að framgangi þess.

[16:43]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Hér hreyfir hv. 4. þm. Vestf., Guðjón A. Kristjánsson, þörfu máli. Hv. þm. gerði ítarlega grein fyrir ýmsum þáttum í máli þessu og því til rökstuðnings þegar hann talaði fyrir því áðan. Ég vil aðeins vitna í frv., með leyfi forseta, þar sem segir:

„Frumvarp þetta samrýmist vel þeirri stefnu sem haldið hefur verið á lofti í byggðamálum og felst í því að stækka atvinnusvæði á landsbyggðinni.“

Ég tek einmitt undir það að við göngum núna í gegnum breytta búskaparhætti. Það er auðvitað vitað mál að það hefur verið samdráttur í hinum hefðbundnu búgreinum. Fólk sem býr í sveitum, jafnvel í nágrenni við þéttbýlið þó að það sé um töluverðan veg að fara, lendir í þeim vandræðum að það verður að halda eignum sínum og búsetu en getur þó sótt atvinnu inn á þéttbýlisstaðina. Því er þetta mjög þarft og allt tengist þetta — í dag tengjast hér öll mál — því að styrkja þessar eignir og að fólk geti búið á býlum sínum.

Annað sem við erum líka að upplifa í íslensku þjóðfélagi er hin hraða sameining sveitarfélaga. Ekki eru alltaf sameinuð þau sveitarfélög sem smæst eru að flatarmáli heldur er oft um mjög víðtæka landfræðilega sameiningu að ræða sem getur skipt tugum kílómetra. Það mál sem hér er flutt tekur á því að fólkið geti þá hreyft sig innan þeirra svæða eftir atvinnu. Eins og hér kom fram er vaxandi sókn í það lífsmunstur að hafa búsetu jafnvel utan þéttbýlisins en sækja atvinnu um nokkurn veg. Þessi tillaga getur hjálpað því fólki og stuðlað að slíkri búsetu.

Að lokum bendi ég á að það er ákveðin framtíð í stærri atvinnusvæðum, og með bættum samgöngum vitum við að atvinnusvæði stækka. Beinlínis er gert ráð fyrir því, t.d. varðandi uppbyggingu stóriðju á Austurlandi, að menn muni koma um lengri veg til að sækja þar atvinnu. Ég tel því það mál sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hreyfir hér stórmál í sambandi við það. Svona hlutir þurfa að vera frágengnir þegar á að fara að byggja upp þann atvinnuveg. Eins mundi þetta gagnast vel t.d. stóriðju á Norðurlandi þannig að hér er verið að hreyfa þörfu máli og góðu.

[16:46]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil þakka undirtektir hv. þm. við frv. það sem ég hef mælt fyrir. Ég tel að frv. komi að mörgum atriðum varðandi það að styrkja búsetu fólks og atvinnumöguleika.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson vék að áðan varðandi tillögu þá sem hann hefur flutt um samgöngur í Eyjafirði, að auðvitað tengist þetta almenningssamgöngum. Eins og ég gerði grein fyrir er í tillögunni ekki gerður greinarmunur á hvaða ferðamáta fólk notar til þess að ferðast að og frá vinnu sinni, heldur eingöngu að það yrði að sýna fram á þann kostnað sem það hygðist telja fram sem frádrátt frá tekjum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda langa tölu til viðbótar um þetta mál en vil kannski segja að lokum að ég gat þess að í Noregi væru svipaðar reglur um heimildir fólks til að draga

frá tekjum. Það er auðvitað þar eins og hér á landi að vegalengdir eru skattlagðar eins og hv. þm. Jón Bjarnason gat um áðan. Fjarlægðir eru skattlagðar hjá okkur í bensíngjaldi og ýmsum sköttum sem leggjast á farmiða, virðisaukaskatti, þungaskatti og öðru slíku ef því er að skipta. Ferðalög eru því almennt skattlögð.

Því er mjög eðlilegt að við reynum að útfæra og stuðla að þeirri þróun sem reyndar hefur verið lagt upp með að atvinnusvæði á landsbyggðinni muni stækka eins og hv. þm. Örlygur Hnefill Jónsson kom að áðan. Það er m.a. til þess að við séum þá tilbúin til að takast á við þá þróun sem vonandi verður, að álver rísi á Austurlandi og að efnt verði til uppbyggingar orkufreks iðnaðar á Norðausturlandi. Eftir sem áður horfum við á það og er rétt að geta þess í umræðunni að við í Norðvesturkjördæminu höfum áhyggjur af því að mikil uppbygging verði í öðrum landshlutum í ýmsa þá veru sem við höfum verið að nefna, t.d. í orkufrekum iðnaði og iðnaðarstörfum, en að norðvestursvæðið sitji eftir. Þess vegna er auðvitað afar nauðsynlegt að menn fari á nýjan leik yfir fiskveiðistjórnarlögin og skoði hvernig þau svæði sem ekki hafa í sjónmáli nýja atvinnumöguleika eiga að komast af í samkeppni því auðvitað er samanburður milli landshluta hvernig fólk kemst af.

Ég tel að tillagan sé til þess að jafna stöðu fólks og hún sé þannig hugsuð að allir eigi að geta setið við sama borð og mönnum sé gert jafnhátt undir höfði. Ég þakka undirtektir hv. þm. og mæli með að tillagan fari til efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:49]

Útbýting þingskjala:

Ferðaþjónusta og stóriðja, 297. mál, fsp. PHB, þskj. 319.

Framlög ríkisins til neytendamála, 134. mál, svar viðskrh., þskj. 310.

Uppbygging endurhæfingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, fyrri umr.

Þáltill. ÁSJ og ÞBack, 28. mál. — Þskj. 28.

[16:50]

Flm. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um frekari uppbyggingu endurhæfingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Flutningsmenn að tillögunni er sá sem hér stendur og hv. 5. þm. Austurl., Þuríður Backman.

Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að hrinda í framkvæmd frekari uppbyggingu endurhæfingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri."

Á Kristnesi í Eyjafirði er nú starfrækt endurhæfingardeild. Nítján virk endurhæfingarrými eru á deildinni sem er of lítið miðað við þarfir upptökusvæðis Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Á endurhæfingarstofnunum á Suðurlandi eru 35–40 rúm að meðaltali nýtt af sjúklingum af Norður- og Austurlandi. Langir biðlistar eru á þeim stofnunum og því einsýnt að aukin afkastageta endurhæfingardeildar á Kristnesi væri hagkvæm lausn. Húsnæði sem til er þarfnast lagfæringa og fjölga þyrfti stöðuheimildum nokkuð. Raunhæft virðist að stefna að 25 rúma legudeild auk 11 dagvistarrýma sem fyrst og fremst yrðu notuð af sjúklingum frá Akureyri og næsta nágrenni. Sjúklingar sem búsettir eru fjær þyrftu að eiga kost á sjúkrahóteli. — Ég skýt því inn í, virðulegi forseti, að fyrr í dag mælti hv. þm. Þuríður Backman einmitt fyrir till. til þál. um uppbyggingu sjúkrahótela. — Aukin starfsemi endurhæfingardeildar mundi þannig bæta endurhæfingarþjónustu á Norður- og Austurlandi, stytta legutíma endurhæfingarsjúklinga á bráðadeildum Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og stytta biðlista vegna endurhæfingar. Þessi aðgerð yrði tvímælalaust til mikilla hagsbóta í heilbrigðiskerfinu. Að mati Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri næmi rekstrarkostnaður við aukna endurhæfingu u.þ.b. 54 millj. kr. á ári.

Þessi tillaga er í fullu samræmi við áherslur ríkisstjórnarinnar í byggðamálum. Hún mun auka þjónustuna á Norður- og Austurlandi, verða til hagsbóta fyrir allt það fólk sem þarf á þessari þjónustu að halda á svæðinu. Þá mundi framkvæmd hennar létta á þessari starfsemi á suðvesturhorninu og hafa jákvæð áhrif fyrir landið allt. Einnig mundu skapast auknir möguleikar fyrir framhaldsendurhæfingu á sjúkrahúsunum á Norður- og Austurlandi, t.d. á Húsavík og Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Aðgerð af þessu tagi mun einnig auka atvinnu á þessu sviði á Eyjafjarðarsvæði og er það í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar í byggðamálum eins og þau eru sett fram í nýrri byggðaáætlun.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lesið úr greinargerð með þáltill., en á fylgiskjali með tillögunni eru nákvæmir útreikningar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, þ.e. kostnaðaráætlun fyrir stöður vegna aukinnar endurhæfingar.

Ég ætla ekki að fara yfir það, virðulegi forseti, en heildarkostnaður sem settur er fram í áætlunum Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri er 53.438.391 kr.

Virðulegi forseti. Það eru einmitt svona aðgerðir sem liggur beinast við að fara í til byggðastyrkingar í dreifbýli landsins. Það er svo augljóst að það fólk sem þarfnast slíkrar þjónustu á að njóta hennar sem næst heimabyggð. Um þetta eru til áætlanir. Áætlununum er mjög auðvelt að hrinda í framkvæmd. Kristnesspítali sem er hluti af Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri er í rekstri. Þar mun vera hægt að hefja starfsemi tiltölulega fljótt með minni háttar viðgerðum eins og gat um í tillögunni. Við flutningsmenn leggjum því alla áherslu á að hæstv. heilbr.- og trn. taki þetta mál til umfjöllunar eins fljótt og kostur er, hraði umfjöllun og geri tillögur til ráðherra og ríkisstjórnar.

Þetta er mál sem hægt er að hrinda í framkvæmd og taka inn á fjárlög næsta árs ef vilji er fyrir hendi. Þetta er skjót byggðaaðgerð og ég trúi ekki öðru en að ef mönnum í ríkisstjórnarflokkunum, stjórnarmeirihlutanum, er alvara með því sem sett er fram í byggðaáætlun um styrkingu Eyjafjarðarsvæðis, þá líti þeir á þetta atriði, þennan hluta sem vænlegan kost til að hefja þá vegferð vegna þess að hér er allur undirbúningur fyrir hendi. Hér eru allar áætlanir á borðinu. Að þessu hefur verið unnið lengi. Málið gagnast landinu öllu. Hér er ekki um skæklatog á milli landsvæða að ræða. Við erum að tala um 35 rúm sem eru upptekin á suðvesturhorninu eða Suðurlandi af sjúklingum að norðan sem þarfnast þessarar þjónustu. Málið er fyrir allra hluta sakir mjög gott og borðleggjandi inn í byggðamálaumræðu, til uppbyggingar atvinnumála á landsbyggðinni og inn í umræðuna um aukna þjónustu við sjúklinga sem þarfnast þjónustu af þessu tagi.

Ég ætla ekki að orðlengja mál mitt frekar, virðulegi forseti, en ég legg til að tillögunni verði vísað til heilbr.- og trn. til áframhaldandi vinnu.

[16:56]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e., Árni Steinar Jóhannsson, hreyfir hér þörfu máli. Ég lít á þetta sem byggðamál. Þetta mál felur í sér aukna þjónusta við þá sem þurfa á þessu að halda, að vinna þetta heima í héraði, og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er fullburðugt til þess, sú góða stofnun.

Ég vil benda á að á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, eða FSA eins og sú stofnun er nefnd, starfa um 600 manns sem sýnir hversu mikilvægur vinnustaður þetta er og fær um að taka að sér verkefni eins og hér er um að ræða. Þetta sparar ferðir fólks sem þarf þessa þjónustu um langan veg. Það er hægt að vinna þetta heima fyrir.

Í því sambandi má þó nefna varðandi Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, fyrst það var hér til umræðu, að lengi hefur staðið fyrir dyrum að koma þar upp segulómtæki sem mundi spara ferðir sjúklinga um langan veg. Það verður auðvitað að huga að því að það sem auðvelt er að vinna, það sem starfsfólk Fjórðungssjúkrahússins ræður vel við, sé unnið heima í héraði.

Á Húsavík er einnig verið að skoða möguleika á endurhæfingu öryrkja og það er gott að þær góðu og nauðsynlegu stofnanir á landsbyggðinni geti fengið að taka slík verkefni. Það er vel hægt að vinna þau verkefni á þessum heilbrigðisstofnunum. Þetta er næst þeim sem þurfa þjónustuna.

Hvað varðar þessa tillögu þá vil ég benda á þá ágætu aðstöðu sem hefur verið komið upp á Kristnesi og hefur tekið töluverðan tíma, en það er sundlaugin sem nýtist gagngert í endurhæfingarstarf. Ég tek því heils hugar undir þá ágætu tillögu sem hv. 6. þm. Norðurl. e., Árni Steinar Jóhannsson, flytur hér.

[16:59]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi till. til þál. um frekari uppbyggingu endurhæfingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er flutt af hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni og hv. þm. Þuríði Backman, þar sem kveður svo á um að Alþingi álykti að fela heilbrrh. að hrinda í framkvæmd frekari uppbyggingu endurhæfingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Herra forseti. Tillagan er einmitt afar sterkt innlegg inn í það hvernig við viljum efla og styrkja stoðþjónustu og nærþjónustu um allt land. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur alla burði til þess að efla þjónustu á þessum sviðum og veita hana á því svæði sem að Akureyri liggur.

Við höfum af stolti fylgst með uppbyggingu Háskólans á Akureyri, hvernig hann eflist á hverju sviðinu á fætur öðru. Ég geri mér grein fyrir að heimaaðilar þar vildu kannski láta hlutina gerast enn hraðar og enn styrkar, en engu að síður er unnið þarna á mjög markvissri braut og fátt hefur orðið meir til þess að styrkja og efla atvinnulíf og mannlíf á Akureyri og Norðurlandi öllu hin síðari ár en einmitt háskólinn.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur hliðstæða stöðu í byggðarlaginu. Þess vegna er það mikið metnaðarmál og kappsmál fyrir hinar norðlensku byggðir og ekki síst hinar eyfirsku að þarna verði enn bætt við.

Það sem hér er lagt til er uppbygging endurhæfingar sem tekur til þess fólks sem afar brýnt er að þurfi ekki að sækja þá þjónustu langt að eða fara í aðra fjarlæga landshluta til að sækja þjónustu eins og endurhæfingu. Það hefur mikinn kostnað í för með sér því það mundi þýða beinan dvalarkostnað ef fara þyrfti í aðra landshluta, auk þess sem mikil röskun yrði á einkahögum fólks.

Þessi tillaga, herra forseti, um að styrkja endurhæfingarstarf við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og nýta og efla aðstöðuna í Kristnesi er einmitt dæmi um hvernig við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum vinna í að efla byggðir, efla störf, efla þjónustu og styrkja allt mannlíf um land allt. Tillagan er einmitt dæmi um það.

Ég tel, herra forseti, að möguleiki ætti að vera, ef vilji þingsins er fyrir hendi, að tillagan fengi afgreiðslu nú á haustþingi og gæti komið til framkvæmda og fjármagn veitt til þess við lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir jól. Ég tel að við eigum að stefna á að það takist. Það væri virkilega góður áfangi í uppbyggingu þessa mikilvæga starfs og við eigum að stuðla að því að þetta geti orðið að veruleika strax á næsta ári. Það eru allir möguleikar til þess.

[17:03]

Flm. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Það er ástæðulaust að orðlengja um þetta mál frekar. En ég vil þakka hv. 4. þm. Norðurl. e., Örlygi Hnefli Jónssyni, fyrir góðar undirtektir. Ég vil einnig þakka hv. þm., kollega mínum, Jóni Bjarnasyni, fyrir góðar undirtektir við málið. Það var svo sem sjálfgefið. Við höfum fjallað um þetta saman. En ég vil bara bæta við að staða Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri er mjög mikilvæg fyrir landið allt og styrking sjúkrahússins með sjálfsögðum aðgerðum eins og að gefa sjúkrahúsinu möguleika á því að þjóna því fólki sem er á svæðinu er að mínu mati algjörlega sjálfsögð.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er hátæknisjúkrahús sem er utan höfuðborgarsvæðis og það er gríðarlega mikilvægt fyrir landið í heild sinni að hafa þessa stofnun á Akureyri með öllum sínum tækjabúnaði og mannskap, t.d. ef vá ber að höndum sem við skulum nú vona að aldrei gerist. Sjúkrahúsið gegnir miklu öryggishlutverki og þess vegna eru svo mörg rök fyrir því — ekki bara þau rök sem ég tíndi til í þáltill., þ.e. að það væri svo sjálfsagður hlutur að sjúkrahúsið þjónaði því fólki sem þyrfti á þessari þjónustu að halda á upptökusvæði þess — það hníga svo mörg rök að því að þetta sé gert á þennan hátt, ekki bara þau að þjóna þessu fólki, heldur líka í atvinnulegum skilningi og líka í þeim skilningi sem ég var að nefna áðan, að styrkja stöðu sjúkrahússins þannig að það geti verið öflugri og sterkari öryggisventill fyrir landið í heild sinni ef eitthvað ber út af á suðvesturhorninu.

Það er líka mikilvægt fyrir aðrar stofnanir á svæðinu að aukin umsvif Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri geti orðið að veruleika. Ég hef aflað mér upplýsinga í næsta nágrenni, t.d. á sjúkrahúsinu á Húsavík. Þeir geta orðið þátttakendur þar í framhaldsendurhæfingu í þessu máli. Þetta styrkir því ekki bara sjúkrahúsið á Akureyri. Þetta getur líka verulega styrkt sjúkrahúsið á Sauðárkróki og náttúrlega líka ef við förum lengra austur um og tökum Egilsstaði og Neskaupstað inn í dæmið sem endurhæfingarpósta í þessu máli.

Fyrir allra hluta sakir finnst mér að hér sé um svo borðleggjandi mál að ræða að það þurfi ekki að þola mikla bið og þurfi ekki mjög mikla umfjöllun í nefnd vegna þess að sjúkrahússtjórnin á Akureyri er þekkt í þessu kerfi fyrir að vera vönduð hvað varðar áætlanagerð og fyrir að vera vönduð hvað varðar rekstur stofnunarinnar um margra ára bil.

Þetta eru plögg sem liggja öll á borðinu tilbúin til afgreiðslu. Hér er því um pólitíska ákvarðanatöku að ræða sem ætti að geta tekið örskamman tíma.

Ég tel að þetta yrði á fljótvirkan hátt kannski stærsta lóðið á vogarskál þeirrar hugsunar að efla Eyjafjarðarsvæðið núna við næstu fjárlagagerð vegna þess að enn er tími til þess að setja þetta mál inn. Eins og ég kom inn á í framsögu minni eru áætlanir um þetta rétt um 54 millj. kr. Auðvitað þarf að fara yfir þessar áætlanir í nefnd, kalla til forsvarsmenn Fjórðungssjúkrahússins og e.t.v. að jústera tölur o.s.frv. En að mínu mati væri það mjög virðingarvert framtak ríkisstjórnar Íslands ef hún fylgdi nú eftir hugsunum sínum varðandi styrkingu landsbyggðarinnar og þá sérstaklega Eyjafjarðarsvæðis og gæfi þann tón með ákvörðun af þessu tagi. Hér er um 54 milljónir að ræða eins og ég sagði áðan. Þetta er ekki spurning um að verið sé að færa neitt frá öðrum. Það er verið að létta á rekstrinum á suðvesturhorninu. Það er verið að bjóða þjónustuna þeim sem þurfa á henni að halda á Norður- og Austurlandi og það er verið að styrkja grunn stofnananna sem eru í kringum Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Mér er fullkunnugt um að á síðustu missirum og árum hefur orðið mjög aukin þjónusta á milli þessara stofnana, t.d. er mikil samvinna á milli sjúkrahúsanna hvað það varðar að senda eða skiptast á læknum á sérsviði til þjónustu, t.d. á Húsavík o.s.frv.

Hvernig sem maður lítur á málið þá er þetta styrking á starfsemi af þessum toga, þ.e. í heilbrigðiskerfinu, á öllu Norðurlandi og alveg austur úr. Um þetta eru allir sammála sem maður talar við um þessi mál og hafa þekkingu á þeim.

Virðulegi forseti. Ég sé að hæstv. heilbrrh. er kominn í salinn. Ég er nú í minni annarri ræðu. Ég þarf svo sem ekki að segja mikið meira um þetta mál. Ég held að hæstv. heilbrrh. hafi hlustað á mál mitt í sjónvarpi á skrifstofu sinni eða í þingflokksherbergi framsóknarmanna. Ég ætla því að ljúka máli mínu og gefa hæstv. heilbrrh. tækifæri á því að úttala sig um það. En vegna stöðu minnar í ræðuhöldum mun ég augljóslega ekki eiga kost á öðru en að veita andsvar við málflutningi hæstv. heilbrrh.

Ég þakka hæstv. heilbrrh. Jóni Kristjánssyni fyrir að koma og veita þessu máli fulla athygli.

[17:09]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Gert hafði verið ráð fyrir að þessum fundi lyki klukkan fimm. En forseti heyrir að flutningsmaður er ákafamaður í því að hæstv. ráðherra fái að taka til máls.

[17:10]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég biðst afsökunar. Hv. flm. var búinn að aðvara mig um þessa umræðu en ég varð heldur seinn til hennar. Vil ég þó segja hér örfá orð um þetta mál sem hér er flutt af þeim Árna Steinari Jóhannssyni og Þuríði Backman og fjallar um uppbyggingu endurhæfingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, þá að Kristnesi þar sem starfrækt er endurhæfingardeild við glæsilega aðstöðu. Ég hef skoðað aðstöðuna þar og hún er mjög glæsileg til þessara hluta og möguleikar eru á að prjóna þar við.

Miklar breytingar eru í rekstri sjúkrahúsa. Hátæknisjúkrahúsum vex fiskur um hrygg og þau sinna erfiðustu tilfellunum. Því er nauðsynlegt fyrir sjúkrahús á landsbyggðinni almennt að endurhæfa sig og sérhæfa sig í verkefnum. Reyndar er Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hátæknisjúkrahús utan höfuðborgarsvæðisins og á að vera það. Hins vegar er endurhæfing náttúrlega eitt af því sem er eðlilegur þáttur í starfseminni þar.

Það er líka áhugi fyrir því á Austurlandi, við sjúkrahúsið í Neskaupstað, að efla þar endurhæfingu. Menn hafa lengi haft það í huga þar en þar er vísir að henni og aðstaða til þeirra hluta.

Varðandi Akureyri þá er ég búinn að fá tilnefningar í skipun nefndar sem á að fjalla um uppbygginguna á Akureyri og gengið verður frá þeirri nefndarskipan nú í þessari viku. Fyrsti fundur nefndarinnar verður væntanlega í næstu viku, en þar verður fjallað um framtíðarþróun Fjórðungssjúkrahússins og hvaða möguleikar þar eru til eflingar þess og hvernig staðið verður að áframhaldandi uppbyggingu, bæði á Kristnesi sem er hluti af starfseminni og ekki síður við aðalstöðvar sjúkrahússins á Akureyri, en þar eru ýmis mál óleyst og ekki þarf að lýsa því.

Ég tel eðlilegt að m.a. þessir möguleikar verði ræddir í þeirri nefnd þó að þáltill. fái að sjálfsögðu þinglega meðferð. Hér er um athyglisvert mál að ræða. Ég vildi koma þessum athugasemdum inn í umræðuna sem fram fer um málið.

[17:13]

Örlygur Hnefill Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka þátttöku hæstv. heilbrrh. í umræðu þessa máls. Hér er auðvitað verið að ræða mikið byggðamál þar sem verið er að tala um að vinna þessi verk heima í héraði. Hér hafa verið nefnd Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, sjúkrahúsið á Húsavík, heilsugæslan á Egilsstöðum og Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað. Það er því verið að tala um þetta stóra kjördæmi og verkefni sem mætti vinna á þessum stöðum heima í héraði. Hér er ekki um störf að ræða sem er erfitt að byggja upp heldur mundi þetta bæta þjónustu og bæta búsetuskilyrði. Ég skil hæstv. heilbrrh. þannig að hann sé jákvæður og fylgjandi þessu máli. Því hlýt ég að fagna sérstaklega.

[17:15]

Flm. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nota þennan andsvaratíma til að þakka hæstv. heilbrrh. fyrir undirtektir við málið. Ég lít svo á að með nefndarskipuninni sem hæstv. ráðherra ákvað taki hann undir þetta mál. Í framhaldi af undirtektunum trúi ég ekki öðru en að málið sé komið á fullt skrið og að innan mjög fárra vikna eða mánaða muni framþróun á þessu sviði, þ.e. heilbrigðismálum í Eyjafirði, geta átt sér stað.

Ég þakka undirtektirnar og vænti hins besta í framtíðinni af þessu máli.

[17:15]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í rauninni ekki miklu við þetta mál að bæta. Ég vil samt undirstrika þýðingu þess að heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni vinni saman. Ég verð var við mikinn áhuga á því á Norðausturlandi. Skrifstofustjóri minn í heilbrrn. var einmitt á Austurlandi í gær á fundi með heilbrigðisstarfsmönnum á Norður- og Austurlandi þar sem þau fóru yfir möguleika sína til samvinnu til að stilla saman strengina í heilbrigðisþjónustunni á þessu stóra svæði. Ég held að það sé mjög af hinu góða og ég fagna þeim samstarfsvilja sem kemur fram í því.

Ég endurtek að ég bind vonir við starf þessarar nefndar sem ég hef beðið aðstoðarmann minn að stjórna, Elsu Friðfinnsdóttur. Hún er öllum hnútum kunnug fyrir norðan enda fyrrum starfsmaður Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og

vel kunnug starfseminni. Ég vona að vinnan fari af stað með fullum krafti í næstu viku.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–6. mál.

Fundi slitið kl. 17:19.

---

20. FUNDUR

föstudaginn 1. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Uppbygging sjúkrahótela, þáltill., 25. mál, þskj. 25. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 26. mál, þskj. 26. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Uppbygging endurhæfingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, þáltill., 28. mál, þskj. 28. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar, þáltill., 254. mál, þskj. 258. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 215. mál, þskj. 218. — 1. umr.
6. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 244. mál, þskj. 248. — Frh. 1. umr.
7. Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, stjfrv., 245. mál, þskj. 249. — 1. umr.
8. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 246. mál, þskj. 250. — 1. umr.
9. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 247. mál, þskj. 251. — 1. umr.
10. Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Frh. fyrri umr.
11. Hvalveiðar, frv., 20. mál, þskj. 20. — 1. umr.
12. Ójafnvægi í byggðamálum, þáltill., 29. mál, þskj. 29. — Fyrri umr.
13. Verðmyndun á innfluttu sementi, þáltill., 32. mál, þskj. 32. — Fyrri umr.
14. Framtíðarhlutverk Sementsverksmiðjunnar hf., þáltill., 133. mál, þskj. 133. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.

Fjarvistarleyfi:

Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Erfðabreytt matvæli, 300. mál, fsp. KolH, þskj. 324.
Erfðabreyttar lífverur, 301. mál, fsp. KolH, þskj. 325.
Erfðabreyttar lífverur, 302. mál, fsp. KolH, þskj. 326.
Fjarskipti á landsbyggðinni, 303. mál, fsp. HjÁ, þskj. 327.
Framkvæmd þjóðlendulaganna, 299. mál, fsp. JB, þskj. 323.
Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 298. mál, frv. PHB, þskj. 320.
Úrskurður vegna jarðarsölu í Skorradal, 304. mál, fsp. KolH, þskj. 328.

Athugasemdir um störf þingsins.

Viðræður við Alcoa um álver á Reyðarfirði.

[10:33]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Vegna frétta í gær af hnökrum og töfum á samningaviðræðum ríkisins og Alcoa, fréttir sem hafa raunar verið að búa um sig í fjölmiðlum síðustu vikur, langar mig að óska eftir því að hæstv. iðnrh. upplýsi Alþingi um hvernig þessi mál standa í raun. Við munum hvernig mál þróuðust síðla síðasta vetrar og síðasta vor þegar ríkið átti í samningaviðræðum við Norsk Hydro. Hæstv. ráðherra var þá sökuð um að leyna þingið upplýsingum og gefa villandi upplýsingar. Mönnum er í fersku minni orðaskakið sem átti sér stað í fjölmiðlum út af því máli. Á endanum kom í ljós að samningaviðræðurnar þá fóru út um þúfur. Úr þeim varð ekkert.

Í ljósi þessa alls og þess að framkvæmdir standa nú yfir á hálendinu norðan Vatnajökuls tel ég fulla ástæðu til að óska eftir því við hæstv. ráðherra að hún greini þinginu frá því rétta í málinu. Jafnvel þó að fyrirtækið Alcoa hafi sent út fréttatilkynningu í gær og borið fréttirnar til baka tel ég orðróminn þannig og það þrálátan að ég tel fulla ástæðu fyrir hæstv. ráðherra að ávarpa þingið og upplýsa um hið sanna og rétta, um gang samningaviðræðnanna sem um ræðir.

[10:34]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Af þessu máli er það að frétta að það gengur allt samkvæmt áætlun. Reyndar er tímaramminn þröngur. Það er ljóst. Það var ljóst strax og þetta fyrirtæki tók á vordögum ákvörðun um að vinna að því að fara í stórframkvæmdir á Austurlandi. Engu að síður er það mér ánægja að greina frá því að fundir eru haldnir í nánast hverri viku. Annaðhvort eru sendinefndir hér á Íslandi eða þá að sendinefnd okkar fer til Bandaríkjanna til fundar við fulltrúa Alcoa. Ég vonast til að við getum lagt fram frumvörp fyrir jól sem muni kveða á um ýmsa samninga sem gera verður til þess að af þessu verki geti orðið. Áætlanir eru uppi, eins og hv. þm. vita, um að í janúarmánuði muni Alcoa svara endanlega um hvort þeir fari í framkvæmdir.

Þetta er eins og það horfir við mér. Ég sá í gær þegar ég kom til landsins, ég hafði verið á Norðurlandaráðsþingi, að hér höfðu verið fluttar fréttir sem ég veit ekki hvaðan koma. Þar voru ýmsar getgátur sem ég kannast ekki við og nú hefur fyrirtækið Alcoa einnig borið til baka þann fréttaflutning.

[10:36]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. fullyrðir að allt gangi samkvæmt áætlun. Það hefur áður gerst að hæstv. ráðherra hafi haft slíkar fullyrðingar uppi sem síðan hafa reynst rangar, en þetta á eftir að koma í ljós.

Hitt vil ég taka undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að fullur skriður virðist á undirbúningsframkvæmdum í tengslum við áformaða Kárahnjúkavirkjun en á sínum tíma voru gefin um það fyrirheit, ég gat ekki skilið þau öðruvísi en sem afdráttarlaus loforð, um að ekki yrði ráðist í neinar framkvæmdir nema fyrir lægju allir samningar um orkuverð og annað sem tengist þessum stóriðjuáformum.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvað hafi orðið um þessi loforð. Var aldrei nein alvara á bak við þau? Það er ekki aðeins náttúran og umhverfið sem hér er í húfi heldur erum við að taka gígantíska efnahagslega áhættu. Það er mikilvægt að allir þættir málsins sem lúta að fjármálalegum og efnahagslegum forsendum liggi fyrir og þinginu hafi verið gerð grein fyrir þeim áður en ráðist er í nokkrar framkvæmdir. Þess vegna beini ég þeirri spurningu til hæstv. ráðherra: Hvað varð um þessi loforð? Hvað varð um þessi fyrirheit? Var aldrei nein alvara á bak við þau?

[10:38]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér finnast hv. þm. Vinstri grænna nokkuð brattir að ætla að rifja upp þá umræðu sem fór fram í vor þegar Norsk Hydro hætti við og Alcoa tók við í sambandi við framkvæmdir á Austurlandi. Sé farið yfir þá umræðu held ég að þeir mundu ekki virka mjög sterkir. Sannleikurinn er sá að á þeim tímapunkti er því var haldið fram að ég hefði búið yfir upplýsingum sem ég hefði ekki gefið þinginu var það þannig að fyrirtækið sjálft, Norsk Hydro, fullyrti í fjölmiðlum að unnið væri samkvæmt áætlunum. Enda var það svo.

Ég held að hv. þm. ættu að hafa sig hæga hafandi í huga hin stóru orð sem hér féllu hjá ýmsum hv. þm. stjórnarandstöðunnar á þeim dögum. Það er kannski fortíðin og menn ættu ekki að vera að rifja þau upp en fyrst hv. þm. vilja rifja það upp þá er það allt í lagi. Þeir héldu því þá fram að það tæki fjögur ár eða fimm ár að finna nýtt fyrirtæki og ráðherrar mundu þvælast um allan heim og verða sér til skammar og þar fram eftir götunum. Síðan gerist það að við erum nánast daginn eftir búin að finna fyrirtæki til að fara í þessar framkvæmdir, og það ekkert smáfyrirtæki. Það er stærsta álfyrirtæki í heimi.

Allt sem komið hefur fram í viðræðum við þetta fyrirtæki, við þá einstaklinga sem þar eru í forsvari, hefur verið á þann veg að ég treysti þeim mjög vel. Ég trúi því að af þessu verði og á næsta vori muni framkvæmdir fara á fulla ferð. Ég gleðst yfir því að við gátum byrjað í haust vegna þess að hver mánuður skiptir miklu máli. Það er ekki lítils virði upp á að geta startað sem allra fyrst álveri í Reyðarfirði.

[10:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er miður að ekki skuli mega leggja einfaldar og hlutlausar spurningar fyrir hæstv. ráðherra í þessum efnum þar sem ærin ástæða er til. Ég held að ráðherra ætti að velta þeim möguleika fyrir sér að gera Alþingi með formlegum hætti grein fyrir stöðu málsins og vanda þá greinargerð mjög í ljósi reynslunnar.

Talandi um orðaskipti um þessa hluti í fyrra þá minnir mig að hörðustu orðaskiptin hafi farið fram milli hæstv. ráðherra og Morgunblaðsins sem skóf ekkert utan af því að það teldi ráðherra hafa leynt upplýsingum og með villandi hætti tjáð sig um stöðu málsins gegn betri vitund miðað við það sem ráðherra átti að vera ljóst af samskiptum sínum við fyrirtækið Norsk Hydro.

Nú eru haldnar sambærilegar lofræður um ágæti Alcoa eins og á þeim tíma voru nákvæmlega haldnar um fyrirtækið Norsk Hydro.

Ég bendi líka á, herra forseti, að aðstæður breytast að ýmsu leyti hratt í þessum efnum. Menn þekkja til efnahagsaðstæðna í Bandaríkjunum. Menn horfa á lækkandi álverð sem hefur lengur verið í lágmarki en nokkurn tíma fyrr í sögunni. Nú eru eigendur Landsvirkjunar loksins að skipa starfshóp til að meta hina efnahagslegu áhættu sem m.a. er fólgin í eigendaábyrgðinni á bak við Landsvirkjun, ef ég hef tekið rétt eftir. Er það ekki fullseint í rassinn gripið þegar fyrirtæki er komið í bullandi framkvæmdir á fyrirhuguðum virkjunarstað? Hér er ýmislegt, herra forseti, ekki að gerast í þeirri röð eða með þeim hætti sem eðlilegt hefði verið með hliðsjón af því að um stærstu fyrirhuguðu einstöku fjárfestingu Íslandssögunnar er að ræða, þ.e. þessi pakki allur saman fyrir austan.

Ég held að það væri öllum fyrir bestu að menn færu yfirvegað yfir hlutina og ég vil beina til hæstv. ráðherra spurningu: Væri ekki ástæða til að tímasetja það, að t.d. um miðjan nóvember yrði Alþingi með formlegum hætti gerð grein fyrir stöðu þessa máls?

[10:42]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra segir að við séum brött að rifja upp umræðuna sem fram fór í tengslum við samningsslitin við Norsk Hydro. Við eru tilbúin til að rifja þá umræðu upp, bæði hér á Alþingi og utan þings. Þar kom fram að hæstv. ráðherra blekkti Alþingi, sat á upplýsingum sem ráðherrann bjó yfir og gerði þinginu ekki grein fyrir þeim. Við skulum rifja það upp við betra tækifæri.

En það var annað sem við bentum á í tengslum við umræðuna á þessum tíma, þ.e. sú gagnrýni okkar að þetta mál yrði sett inn í þröngan flokkspólitískan farveg Framsfl. Fyrrverandi varaformanni Framsfl. var falið að leita eftir nýjun samningsaðila og við óttuðumst, sem því miður hefur reynst rétt, að sú leitarferð yrði farin á hnjánum.

Nú óskum við eftir því að fá upplýsingar um forsendur þeirra samninga sem fram fara. Það eru okkar óskir. Ég ítreka fyrirspurnir mínar til hæstv. ráðherra: Hvað varð um fyrirheitin, um loforðin sem gefin voru og voru afdráttarlaus, að ekki yrði hafist handa um neinar framkvæmdir nema allir samningar lægju fyrir og Alþingi Íslendinga hefði verið gerð grein fyrir þeim?

[10:44]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Ég vil bara spyrja hæstv. iðnrh. hvort ég skilji hana ekki rétt, þ.e. að framkvæmdir muni fara í fullan gang næsta vor til tryggingar atvinnulífi á landsbyggðinni og eignum fólksins þar.

[10:44]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir að fá að svara þessum spurningum.

Það sem ég vil fyrst segja, út af framkvæmdum sem nú eru hafnar á Austurlandi, er að þær eru greiddar af fyrirtækinu Alcoa. Þó að ekki liggi fyrir endanlegur samningur um að fara í verkið og það verði ekki fyrr en í janúarmánuði segir það sína sögu að fyrirtækið skuli hafa verið tilbúnið til að leggja fram fjármagn til að vinna tíma. Ég lýsi yfir sérstakri ánægju með að svo skyldi fara.

Um blekkingar mínar gagnvart Alþingi væri hægt að hafa nokkuð langt mál. Eru ekki hv. þm., hvar sem þeir eru staddir í sambandi við stuðning við málið, orðnir nokkuð sannfærðir um að á þessum tíma voru mikilvægir hlutir að gerast og ég sem ráðherra gat ekki greint frá málum á Alþingi á meðan fyrirtækið hafði ekki tekið ákvörðun? Fyrirtækið Norsk Hydro hafði ekki tekið ákvörðun um framhaldið. Ætli það skipti ekki dálitlu máli að það skyldi hafa náðst sameiginleg niðurstaða milli íslenskra stjórnvalda og Norsk Hydro um ákveðna greinargerð sem lesin var upp á Alþingi strax og hún var tilbúin, sem fól það í sér að Norsk Hydro opnaði málið gagnvart öðrum aðilum. Þeir höfðu ekki sérleyfið lengur. Þess vegna gátu íslensk stjórnvöld farið þessa leitarferð, sem ýmsir þingmenn voru búnir að hafa áhyggjur af, og náð þessu fyrirtæki í viðskipti, þ.e. Alcoa.

Ég vil segja, út af orðum síðasta hv. ræðumanns, að það er ekki hægt að fullyrða að farið verði af stað næsta vor. Formlega séð hefur ákvörðunin ekki verið tekin en það sem er mikilvægast er að það er unnið samkvæmt tímaáætlun. Það lítur út fyrir að jákvæð niðurstaða náist og að af þessum stórframkvæmdum verði á Austurlandi.

[10:47]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til annars en þakka hæstv. ráðherra fyrir það að hún skyldi koma í ræðustól og segja okkur að hér gangi allt samkvæmt áætlunum. Ég vona auðvitað að orð ráðherrans reynist rétt, þ.e. að hennar þáttur í þessu máli verði ekki jafnsnautlegur og ömurlegur og hann varð á sínum tíma vegna samninganna við Norsk Hydro.

Auðvitað verður að rifja upp þessa tíma sem eru rétt að baki. Við vorum í allt fyrravor að munnhöggvast um samningamálin við Norsk Hydro og það er óneitanlega svipuð lykt af því sem nú er að gerast eins og þá gaus upp. Þess vegna getur ráðherrann ekki gagnrýnt þingmenn stjórnarandstöðunnar fyrir að líkja þessum tveimur málum saman því að lyktin er algerlega sú sama.

Það hafa orðið tafir á málinu. Það er vitað að gert var ráð fyrir því að frumvörpin sem hæstv. ráðherra nefnir hér kæmu fyrir þingið í nóvember. Núna segir hæstv. ráðherra að frumvörpin séu væntanleg fyrir jól. Við vitum að þingið ætlar sér í jólahlé 13. desember þannig að það er eins gott að við séum þá á útkikki eftir þeim málum. Ég vil bara í lok þessarar umræðu, hæstv. forseti, ítreka þá beiðni sem hér er fram komin að hæstv. iðnrh. geri Alþingi með formlegum hætti grein fyrir stöðu þessara samningaviðræðna eigi síðar en um miðjan þennan mánuð. Um miðjan nóvember tel ég alveg eðlilegt að Alþingi fái formlegar upplýsingar um stöðu og gang þessara mála.

[10:48]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Það er í rauninni merkilegt að heyra hér fulltrúa Vinstri grænna enn einu sinni koma upp og reyna að gera allt sem lýtur að álversframkvæmdum torkennilegt. Málflutningur þeirra er alveg með eindæmum. Þau vaða hér uppi rétt einu sinni með stóryrði, ásaka hæstv. ráðherra um það beinlínis að ljúga að Alþingi. Það hefur áður verið rekið ofan í hv. þingmenn Vinstri grænna og væri einmitt ánægjulegt að rifja upp þá umræðu upp sem átti sér stað í vor. (**ÖJ:** Gerðu það.)

Það er rétt að minna á að það var hæstv. ráðherra sem ákvað, í góðu samkomulagi við Norsk Hydro, að segja upp samningnum sem gerður hafði verið vegna þess að íslensk stjórnvöld voru ekki tilbúin til að bíða. Og til allrar hamingju tókst að finna eitt besta fyrirtæki heimsins á þessu sviði, Alcoa. (**ÖJ:** Besta?)

Hér talaði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon um það og notaði sem forsendu að álverð færi lækkandi og þess vegna væri þetta allt saman mjög torkennilegt. Hv. þm. veit það eflaust og sessunautur hans, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, gæti upplýst hann um það að hingað til lands komu fulltrúar eins virtasta fyrirtækis í heimi á sviði ráðgjafar um álver og héldu ráðstefnu. Þar var því spáð almennt að álverð muni fara mjög hækkandi en sveiflur í álverði hafa alltaf verið fyrir hendi. Í það heila tekið mun samt þörf fyrir ál í heiminum fara vaxandi. Málið er í eðlilegum farvegi, segir Alcoa. Málið er í eðilegum farvegi, segir Landsvirkjun. Málið er í eðlilegum farvegi, segir iðnrn. Það eru hins vegar vinstri grænir einir sem telja það ekki vera í eðlilegum farvegi.

Ég minni á að fulltrúar Landsvirkjunar hafa komið fyrir iðnn. og gert mjög rækilega grein fyrir því í hvaða farvegi málið er, og þar voru ekki gerðar athugasemdir. Viðræður eru í gangi og við skulum vona að þær leiði til jákvæðrar niðurstöðu og þá væntanlega mun hæstv. ráðherra kynna frv. fyrir Alþingi. En ég bið menn um að vera heldur málefnalegri þó að þeir berjist hatrammlega gegn öllu sem heitir álver eða öðru sem kann að horfa til framfara í íslensku atvinnulífi.

[10:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Nú könnumst við við formann iðnn., hinn vaska hv. þm. Hjálmar Árnason, þegar hann er kominn í þann gírinn að þetta sé bara orðin barátta gegn framförum í heiminum. Ég held að hv. þm., formaður iðnn., ætti að huga að sínum þætti í þessu máli. Það er kannski ekki víst að iðnn. hafi að öllu leyti unnið heimavinnuna sína í þessum efnum, eða er það? Og er eitthvað óeðlilegt við það þó að lagðar séu fram spurningar um þetta mál? Finnst hv. þingmanni ekki að menn geti lagt á sig eins og eina messu fyrir ekkert minna en stærstu fjárfestingu Íslandssögunnar?

Í raun og veru væri ekkert merkilegt þó að menn þyrftu lengri tíma alveg burt séð frá því hver líkleg niðurstaða þessa máls yrði. Það eina sem er mjög sérkennilegt er þessi ofboðslega árátta aðstandenda þessa máls til að neita fram í rauðan dauðann að eitthvað sé ekki í lagi, eins og gert var í sambandi við stöðu málsins með Norsk Hydro, eins og gert var þar áður með Eyjabakkana, og eins og áður og aftur og aftur hefur verið gert í sambandi við þessi stóriðjumál, þegar Keilisnesið var undir o.s.frv. Ævinlega er allt svo óskaplega eðlilegt alveg fram á síðustu stundu. Tímarammarnir eru gjörsamlega pottþéttir þangað til þeir hrynja af því að það er aldrei hægt að leggja þessa hluti upp hlutlægt og horfast í augu við það að fjárfestingar af þessari stærðargráðu, óvissuþættir sem eru jafnerfiðir viðureignar og hér eiga í hlut, gera það náttúrlega að verkum að ævinlega má búast við töfum og óvæntum uppákomum í viðfangsefnum af þessu tagi. Það er þá ekkert nema það eðlilega og þá á bara að ræða það hreinskilnislega eins og það er. Það er það sem við förum fyrst og fremst fram á, að veittar séu réttar og fullnægjandi upplýsingar um stöðu mála á hverjum tíma. Ef það þýðir einhverra mánaða töf þýðir það bara einhverra mánaða töf. Af hverju er ekki hægt að segja það? Af hverju þarf að lemja höfðinu við steininn, halda Alþingi óupplýstu og standa í orðaskaki út og suður innan þings og utan eins og gert hefur verið í þessu máli trekk í trekk? Nú erum við að bjóða upp á

það að horfið verði frá þessu og þinginu veittar upplýsingar eins og þær liggja fyrir á hverjum tíma.

Fjármálafyrirtæki, 1. umr.

Stjfrv., 215. mál (heildarlög). — Þskj. 218.

[10:54]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um fjármálafyrirtæki á þskj. 218 sem er 215. mál þingsins.

Hér er um að ræða frv. sem gerir ráð fyrir því að lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 37/2002, um rafeyrisfyrirtæki, og ákvæði um stofnun og starfsemi verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana í lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, verði sameinuð í ein heildarlög um fjármálafyrirtæki. Jafnframt verði ákvæði um ríkisviðskiptabanka í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði felld niður. Með fjármálafyrirtækjum er átt við viðskiptabanka, sparisjóði, lánafyrirtæki, rafeyrisfyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir og rekstrarfélög verðbréfasjóða.

Núgildandi löggjöf um fyrirtæki á fjármálamarkaði á rætur sínar að rekja til þess tíma þegar Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Síðan er liðinn um áratugur og á þeim tíma hefur umhverfi fjármálamarkaðarins tekið stórstígum breytingum. Opnun markaða, aukin samkeppni og alþjóðavæðing og aukin áhersla á verðbréfaviðskipti hafa gert það að verkum að skilin á milli einstakra tegunda fjármálafyrirtækja hafa sífellt orðið óskýrari.

Margar mikilsverðar breytingar hafa átt sér stað á íslenskum fjármálamarkaði á þessu tímabili. Má þar nefna afnám síðustu gjaldeyrishafta sem leitt hefur til traustari tengsla íslensks fjármálamarkaðar við erlenda markaði. Þá hafa skipt miklu aðgerðir ríkisins í þá átt að draga úr umsvifum sínum á markaði með hlutafélagavæðingu ríkisviðskiptabanka, sameiningu fjárfestingarlánasjóða í eigu ríkisins og sölu á eignarhluta ríkisins í þessum fyrirtækjum.

Einnig hefur skipt máli að lánsfjáröflun ríkissjóðs með lántöku hjá Seðlabanka Íslands hefur verið hætt en lánsfjár þess í stað verið aflað með markaðsútboðum. Það fyrirkomulag hefur nú verið fest í sessi í nýjum lögum um Seðlabanka Íslands sem juku sjálfstæði hans.

Hlutabréfamarkaður hefur eflst og stofnun gjaldeyrismarkaðar orðið að veruleika. Fjárfestingar í erlendum verðbréfum hafa aukist verulega. Fyrirtæki og sveitarfélög afla nú í auknum mæli lánsfjár með sölu skuldabréfa á verðbréfamarkaði í stað hefðbundinna bankalána. Samruni og önnur markaðsþróun hefur gert eignarhald fjármálafyrirtækja flóknara. Ný stofnun, Fjármálaeftirlitið, yfirtók verkefni bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitsins og hefur eftirlit með lánamarkaði, verðbréfamarkaði, vátryggingamarkaði og lífeyrissjóðum.

Loks skal nefnt að aðild að Evrópska efnahagssvæðinu hefur aukið flæði fjármálaþjónustu í báðar áttir. Þannig hafa skapast auknir möguleikar erlendra fjármálafyrirtækja til að veita þjónustu hér á landi en jafnframt hefur orðið öflug útrás innlendra fjármálafyrirtækja á erlenda markaði með stofnun útibúa og skrifstofa, stofnun dótturfélaga og með kaupum á erlendum bönkum.

Bankakerfið hefur vaxið mjög ört á undanförnum árum, sér í lagi frá árinu 1997. Útlán og markaðsverðbréf bankakerfisins á verðlagi í janúar 2002 námu 264 milljörðum kr. árið 1991 en höfðu hækkað í 752 milljarða kr. í lok árins 2001. Árið 1991 voru útlán og markaðsverðbréf bankaeftirlitsins rétt um helmingur af landsframleiðslu en um 110% af landsframleiðslu árið 2001. Fjármögnunarleiðir bankakerfisins hafa jafnframt gjörbreyst á sama tíma.

Af þessum staðreyndum og fleirum má ljóst vera að þörf var orðin á að taka lagaumhverfi um fjármálafyrirtæki til heildarendurskoðunar.

Þann 23. ágúst 1999 skipaði þáverandi viðskrh. nefnd til að endurskoða löggjöf um fjármálastofnanir og var hún skipuð fulltrúum frá ráðuneytinu, Seðlabanka, Fjármálaeftirliti og fulltrúum markaðsaðila. Var nefndinni ætlað að gera tillögur um breytingar á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Skyldi nefndin í því sambandi sérstaklega skoða hvort æskilegt væri að sameina fyrrgreind lög í ein heildarlög um lánastofnanir eða jafnvel að setja eina heildstæða löggjöf um fjármálastofnanir.

Bankalaganefndin setti sér þau markmið að móta einfalda, samræmda og skýra löggjöf um fjármálamarkaðinn. Löggjöfin ætti að tryggja öryggi og trúverðugleika í starfsemi fjármálafyrirtækja, jafnræði og virka samkeppni og stuðla að samkeppnishæfni íslensks fjármagnsmarkaðar. Löggjöfin skyldi vera framsækin en þó yrði haldið í þann grunn sem búið er að byggja upp að því leyti sem hann hefur sannað ágæti sitt. Í starfi sínu tók nefndin m.a. mið af ábendingum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Í lok árs 2000 framkvæmdi Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn athugun á íslenska fjármálakerfinu. Athugunin var liður í sérstöku átaki sjóðsins sem miðar að því að efla yfirsýn yfir veikleika í fjármálakerfum einstakra landa og stuðla að stöðugleika. Farið var m.a. yfir lög og reglur um starfsemi á fjármálamarkaði og fyrirkomulag eftirlits með hliðsjón af grunnreglum sem settar hafa verið í alþjóðasamstarfi bankaeftirlita, verðbréfaeftirlita og vátryggingaeftirlita. Einnig var fjallað um löggjöf og eftirlit með lífeyrissjóðum.

Meginniðurstöður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins voru þær að fjármálaeftirlit hér á landi sé í góðri stöðu til að takast á við verkefni sitt. Hins vegar var það einnig mat sjóðsins að í íslensku fjármálakerfi væru veikleikar sem stefnt gætu stöðugleika þess í hættu. Sjóðurinn gerði athugasemdir og benti á ýmislegt sem betur mætti fara og stuðla mundi að frekara öryggi, bæði að því er varðar löggjöf og opinbert eftirlit.

Veigamestu ábendingar sjóðsins lutu að því að eiginfjárhlutföll íslenskra lánastofnana væru almennt of lág þegar horft er til aðstæðna hér á landi. Sjóðurinn lagði áherslu á að efla þyrfti heimildir Fjármálaeftirlitsins til þess að knýja á um hækkun eiginfjárhlutfalla og krefjast hærri eiginfjárhlutfalla hjá einstökum lánastofnunum þegar sérstök áhætta væri í rekstri þeirra. Mat sjóðsins var jafnframt að eiginfjárhlutföll sem upp eru gefin kynnu að vera ótraust vegna veikleika í lögum og reglum, ekki síst að því er varðar reglur um afskriftir og áhættuflokkun útlána. Sérstök áhersla var lögð á það af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að reglur um afskriftir lánastofnana og áhættuflokkun útlána væru ekki í samræmi við það sem best gerist.

Vorið 2002 skilaði sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins svo af sér áliti um íslensk efnahagsmál. Kom þar m.a. fram

að íslensk stjórnvöld hafa náð verulegum árangri við að taka á veikleikum í reglum sem varða starfsemi og eftirlit á fjármálamarkaði sem áður hafði verið bent á af hálfu sjóðsins. Viðleitni stjórnvalda hefur þegar skilað betri rekstrar- og þjóðhagsvísbendingum sem notaðar eru til að meta fjármálastöðugleika og einnig bættri stjórn fjármálastofnana. Að mati sendinefndanna ber að leggja áherslu á samþykkt og framkvæmd laga sem eru í undirbúningi á þessu sviði. Gera má ráð fyrir að þau geri kleift að hafa betra eftirlit með innbyrðis tengdri fjármálastarfsemi, opni fyrir eftirlit á samstæðugrundvelli með vensluðum fyrirtækjum og leggi til reglur sem miða að því að eiginfjárreglur banka taki mið af áhættu í starfsemi þeirra.

Bankalaganefnd fór ítarlega yfir úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og lagði til í vinnu sinni að gerðar yrðu nokkrar breytingar á bankalögum, m.a. vegna athugasemda sjóðsins. Þar má nefna tillögur þess efnis að veiting og afturköllun starfsleyfa verði á hendi Fjármálaeftirlitsins, að Fjármálaeftirlitið geti krafist hærra einingarhlutfalls í vissum tilfellum og bannað starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja erlendis við tilteknar aðstæður. Þá eiga tillögur að skýrari ákvæðum um eftirlit á samstæðugrunni og um hæfi stjórnenda rót sína að rekja til athugasemda Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Nefndin lagði fram drög að lagafrv. í júní 2002 og voru drögin birt á vefsíðu viðskrn. jafnframt því sem þau voru send til umsagnar ýmissa hagsmunaaðila. Eftir að hafa farið yfir innkomnar athugasemdir skiladi nefndin af sér frv. því sem hér liggur fyrir.

Með frumvarpinu er lagt til að lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóða, lög nr. 37/2002, um rafeyrisfyrirtæki, og ákvæði um stofnun og starfsemi verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana í lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, verði sameinuð í ein heildarlög um fjármálafyrirtæki. Hugtakið fjármálafyrirtæki er nýjung í íslenskum rétti. Það nær yfir starfsemi viðskiptabanka, sparisjóða, fjárfestingarbanka, rafeyrisfyrirtækja, verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana og rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Samheitið fjármálafyrirtæki er notað yfir allar tegundir starfsleyfa að því marki sem það er unnt en í vissum tilfellum er þörf á sérákvæðum um einstakar tegundir starfsleyfa, svo sem um starfsheimildir og stofnfé.

Með sameiningu löggjafar og samræmingu heimilda einstakra tegunda fjármálafyrirtækja verður löggjöf á fjármálamarkaði einfaldari og skilvirkari. Þannig er í þessu frumvarpi að finna allir heimildir fjármálafyrirtækja til starfsemi en í frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti, sem lagt verður fram á Alþingi á næstu dögum, er að finna almennar hegðunarreglur á verðbréfamarkaði og réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja í verðbréfaviðskiptum. Að mestu leyti byggist þetta frumvarp á sömu starfsheimildum og einstakar tegundir fjármálafyrirtækja hafa í dag, en þær leiða að mestu af EES-samningnum. Gerðar hafa verið ýmsar breytingar til að taka mið af nýjum aðstæðum, greinum bætt við vegna nýrra krafna og ákvæði sem ekki eiga lengur við felld brott. Uppbyggingu laganna og niðurröðun greina hefur verið breytt verulega.

Helstu nýmælin sem finna má í frv. eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er ráð fyrir því gert að Fjármálaeftirlitið veiti og afturkalli starfsleyfi í stað viðskiptaráðherra. Sú skipan er í samræmi við almenna venju í Evrópu þar sem eftirlitsstjórnvöld veita annaðhvort starfsleyfi eða inna af hendi alla þá undirbúningsvinnu við athugun á umsókn sem nauðsynleg er til að umsækjandi geti hlotið starfsleyfi. Einnig er rétt að geta þess að hægt verður að veita starfsleyfi til hluta þeirrar þjónustu sem viðkomandi tegund fjármálafyrirtækja er heimil og afturkalla starfsleyfi að hluta. Í því felst t.d. að ef fjármálafyrirtæki uppfyllir ekki lengur skilyrði til að stunda alla þá starfsemi sem starfsleyfið heimilar því má eftir sem áður leyfa því að stunda áfram þá starfsemi sem missir skilyrða snertir ekki. Er þetta í samræmi við meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins.

Í öðru lagi er það nýmæli að rekstrarfélög verðbréfasjóða fá starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki. Samkvæmt nýlegri breytingu á Evróputilskipun um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum fá rekstrarfélög verðbréfasjóða starfsleyfi og geta stofnað útibú og veitt þjónustu á EES-svæðinu. Starfsheimildir þeirra eru rýmkaðar þannig að þau geta t.d. sinnt eignastýringu auk reksturs sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Í þriðja lagi verður Fjármálaeftirlitinu heimilt að ákvarða hærra eiginfjárhlutfall en 8% fyrir þau fjármálafyrirtæki sem talin eru hafa ófullnægjandi fjárhagsstöðu með hliðsjón af áhættustigi. Þetta nýmæli er í samræmi við alþjóðlega þróun bankaeftirlitsreglna. Samkvæmt drögum að nýjum alþjóðlegum eiginfjárreglum sem er verið að vinna að hjá Evrópusambandinu og sem áformað er að að muni taka gildi í síðasta lagi á árinu 2007 er gert ráð fyrir að eftirlitsaðilum með fjármálafyrirtækjum verði skylt að leggja árlega mat á fjárhagsstöðu og áhættustig sérhvers fjármálafyrirtækis og ákvarða hærra eiginfjárhlutfall en lágmarksákvæði gera gera ráð fyrir. Ákvæði í þessa veru eru þegar í gildi í sumum aðildarríkjanna. Þá lagði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sérstaka áherslu á að Fjármálaeftirlitið hefði heimild til að ákvarða fjármálafyrirtækjum hærra eiginfjárhlutfall í úttekt sinni á Fjármálaeftirlitinu og fjármálastöðugleika hér á landi á fyrri hluta ársins 2001 sem ég vék að fyrr í ræðu minni.

Fjármálaeftirlitinu er þó aðeins heimil beiting þessa úrræðis í afmörkuðum tilvikum. Skilyrði er að aðrar eftirlitsaðgerðir séu ekki líklegar til að bæta upp misvægi í eiginfjárstöðu og áhættustigi innan hæfilegs frests. Fjármálaeftirlitinu er gert skylt að setja sér reglur um mat á áhættustigi og beitingu heimildarinnar þannig að fjármálafyrirtækjum sé fyrir fram ljóst í hvaða tilvikum ákvæðin um hærra eiginfjárhlutfall kann að koma til álita.

Í fjórða lagi leiða breyttar reglur og breytt umhverfi til nokkurra breytinga á hugtakanotkun. Þannig eru ákvæði um ríkisviðskiptabanka felld brott og ekki verður lengur rætt um fyrirtæki í verðbréfaþjónustu.

Í fimmta lagi er skilgreint með nánari hætti en gert er í gildandi löggjöf hvaða brot eru refsinæm og sérstakir brotaflokkar tilgreindir.

Í sjötta lagi er í frv. að finna ítarlegri ákvæði um eftirlit með samstæðugrunni en í gildandi löggjöf, í samræmi við Evróputilskipun um stofnun og rekstur lánastofnana. Meðal annars er bætt við ákvæðum um hlutfallslega samstæðuaðferð við beitingu eiginfjárákvæða laganna.

Í sjöunda og síðasta lagi inniheldur frv. ákvæði sem miðar að því að treysta yfirtökuvarnir sparisjóða. Eins og mönnum er í fersku minni var sumarið 2002 gert yfirtökutilboð í Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis með það að markmiði að SPRON rynni að lokum saman við annað fjármálafyrirtæki. Nokkrir stofnfjáreigendur buðust til þess að kaupa stofnfjárhluti gegn yfirverði í umboði þessa fjármálafyrirtækis.

Afstaða Fjármálaeftirlitsins var sú að ákvæði gildandi laga yrðu ekki túlkuð á þann veg að óheimilt væri að framselja stofnfjárhluti á yfirverði með þessum hætti. Á hinn bóginn var ljóst að Alþingi hafði aldrei ætlast til þess að stofnfjárhlutir gengju kaupum og sölum á almennum markaði, enda er grundvallarmunur á stofnfé í sparisjóði og hlutafé í hlutafélagi. Stofnfjáreign felur ekki í sér hlutdeild í eigin fé sparisjóðs með sama hætti og hlutafjáreign í hlutafélagi. Í flestum sparisjóðum er því svo varið að stofnféð nemur einungis litlum hluta heildareiginfjár. Bróðurpartur eigin fjár er í eigu sparisjóðsins sjálfs og til þeirra fjármuna eiga stofnfjáreigendur ekkert tilkall. Hins vegar er ljóst að yfirráð yfir stjórn sparisjóðs veita völd til að stjórna þessum fjármunum.

Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins varðandi heimild til framsals stofnfjárhluta á yfirverði leiddi af sér bagalega réttaróvissu varðandi stöðu sparisjóða gagnvart fjandsamlegum yfirtökutilboðum af hendi annarra fjármálafyrirtækja. Var því ljóst að taka þyrfti ákvæði laga um sparisjóði til endurskoðunar í ljósi þessara breyttu forsendna.

Í ágúst sl. óskaði ég þess að bankalaganefnd yfirfæri lagaákvæði um sparisjóði með hliðsjón af þeim álitaefnum sem upp hefðu komið í tengslum við SPRON-málið. Skipaði nefndin undirhóp í þessu skyni sem í sátu fulltrúar viðskrn., viðskiptabanka og sparisjóða. Meiri hluti hópsis lagði til að yfirtökuvarnir yrðu styrktar með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir. Þessu til viðbótar var af hálfu ráðuneytisins aflað álitsgerðar Páls Hreinssonar lagaprófessors varðandi það hvort eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar stæðu því í vegi að tilteknar breytingar yrðu gerðar á ákvæðum laga um framsal stofnfjárhluta. Niðurstaða Páls varð á þá leið að bann við framsali stofnfjárhluta á yfirverði teldist trúlega fara gegn stjórnarskrárákvæðinu, enda var sú leið ekki lögð til í tillögum vinnuhópsins. Þær leiðir sem hópurinn lagði til að farnar yrðu taldi lagaprófessorinn hins vegar líklegra að fælu í sér almennar takmarkanir á eignarréttindum sem vörðuðu ríkið ekki bótaskyldu.

Ég hef nú rakið helstu nýmæli frv. Við lestur þess má sjá að víða er kveðið á um hlutverk Fjármálaeftirlitsins og eru ákvæði um hlutverk eftirlitsins allnokkru ítarlegri en er í gildandi lögum. Þrátt fyrir þetta og nokkur nýmæli, einkum það að Fjármálaeftirlitinu hefur verið falið að sjá um útgáfu og afturköllun starfsleyfa, felur frv. þetta ekki í sér teljandi breytingar á umfangi opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi. Almennar starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins eru í lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og sérstakar heimildir er varða einstakar tegundir eftirlitsskyldra aðila er að finna í ýmsum lögum á fjármálamarkaði. Eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins verða að langmestu leyti hinar sömu og í gildi eru í dag og byggjast á EES-samningnum. Þó má reikna með að þrjár nýjungar í frumvarpinu muni leiða til aukins eftirlits. Í fyrsta lagi mun rekstrarfélag verðbréfasjóðs fá starfsleyfi á fjármálamarkaði og getur opnað útibú eða stundað þjónustu án stofnunar útibús á EES-svæðinu í samræmi við breytingu á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að starfsleyfisumsóknir verði ítarlegri en áður og Fjármálaeftirlitið geti veitt og afturkallað leyfi til hluta þeirrar starfsemi sem viðkomandi tegund fjármálafyrirtækis stendur til boða að sækja um. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir, eins og ég rakti áður, að Fjármálaeftirlitið fái heimild til að ákvarða hærra eiginfjárhlutfall en 8% fyrir fjármálafyrirtæki að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Á móti þessum auknu umsvifum Fjármálaeftirlitsins kemur að gera má ráð fyrir að eftirlit með fjármálafyrirtækjum verði skilvirkara með þeirri samræmingu og einföldun lagaákvæða sem frv. felur í sér.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir helstu nýmælum í frv. en vísa til greinargerðar með því varðandi skýringar við einstök ákvæði þess. Legg ég til að frv. verði að umræðunni lokinni vísað til hv. efh.- og viðskn. og til 2. umr.

[11:14]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir þessa umræðu að það komi skýrt og greinilega fram hvað varðar stöðu sparisjóðanna og hvað varðar hin nýju ákvæði sem hér er að finna, að það sé sagt skýrt og greinilega hvort þau ákvæði sem hér er lagt til að breytist í frv. tryggi að sagan frá því í sumar endurtaki sig ekki hvað varðar Sparisjóð Reykjavíkur, hvort heldur var um að ræða yfirtöku Búnaðarbankans ellegar yfirtöku starfsmanna sem aðrir fjármögnuðu, þ.e. hvort fyrir það sé girt með þessum hætti og að stofnfjáreigendur sem í orði kveðnu eiga ekki að hagnast á eigin hlut stórlega eins og sagan frá því í sumar gerði ráð fyrir — hvort það sé girt fyrir að slíkar öfugmælavísur fari í gang á nýjan leik.

[11:15]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og kom fram í máli mínu er ekki ákvæði í frv. sem bannar sölu stofnbréfa á yfirverði. Það er m.a. vegna þess að við höfum, eins og kom fram líka, fengið lögfræðiálit á því efni þar sem fram kemur að ákveðin hætta er á því að það stæðist ekki ákvæði stjórnarskrár að setja fram slíkt ákvæði.

Hins vegar eru yfirtökuvarnir eins og við köllum það í frv. fleiri en ein og fleiri en tvær og reynt er að nálgast málefnið á þann hátt með lögum að ekki komi upp aðstæður eins og sköpuðust á síðasta sumri og það tel ég mjög mikilvægt.

Ég vil taka fram varðandi frv. að ekki er gerð tillaga um breytingar á þeim lögum sem samþykkt voru í fyrra frá Alþingi. Þetta eru breytingar á lögum frá 1985 fyrst og fremst.

[11:16]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil svar hæstv. ráðherra á þann veg að fyrir þetta sé ekki girt og að enn þá séu efni til þess að sagan frá síðasta sumri geti endurtekið sig. Mér þætti fróðlegt að hæstv. ráðherra gerði þingheimi grein fyrir þessu lögfræðiáliti þannig að við gætum skoðað það og nefndin mun auðvitað fara yfir það.

Hæstv. ráðherra er einfaldlega að segja að ákvæði gildandi laga þar sem skýlaust var kveðið á um að stofnfjáreigendur ættu ekki að hagnast á þessum óvirka eignarhlut sínum umfram eðlilega arðsemi, virka ekki og að lögfræðingar segi henni að ekki sé hægt að gera þær lagabætur á sem búi þannig um hnúta að gildandi ákvæði séu í fullu gildi. Ég skil svar hæstv. ráðherra þannig og það veldur mér vonbrigðum.

[11:17]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég endurtek að ég tel að í frv. sé gengið eins langt og við getum gert hvað það varðar að koma í veg

fyrir að slíkt ástand skapist eins og gerðist á síðasta sumri þegar við tökum tillit til stjórnarskrár Íslands. Við fengum lögfræðiálit sem kveður á um að það stæðist að öllum líkindum ekki ákvæði stjórnarskrár að setja inn ákvæði í lög sem útilokaði það að stofnbréf væru seld á yfirverði. Við létum athuga það sérstaklega og þetta er niðurstaðan. En hins vegar eru mörg ákvæði í frv., eins og hv. þm. mun komast að raun um þegar hann kynnir sér frv. betur, sem eru beinlínis hugsuð þannig að þau komi í veg fyrir að slíkt ástand skapist á nýjan leik. Það er gengið eins langt og hægt er að mínu mati hvað það varðar með tilliti til stjórnarskrárinnar og það held ég að hljóti að vera aðalatriðið.

Ég veit að nefndin getur að sjálfsögðu kynnt sér bæði lögfræðiálitið og allt það annað sem lýtur að málinu en þetta er niðurstaða sem ég er ákaflega sátt við. Ég held að enginn þurfi að velkjast í vafa um það að ég studdi ekki eða var ekki hrifin af því sem gerðist í sumar þegar fimm einstaklingar og Búnaðarbankinn ætluðu sér að yfirtaka sparisjóð á þann hátt sem menn muna. Þá var ég ekki síst að hugsa um sparisjóðakerfið í heild sinni sem hefði verið hægt að eyðileggja þarna á einni nóttu eins og ég leit á málið.

[11:19]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. segir að hún hafi verið og sé með þessu frv. að reyna að koma í veg fyrir ástand eins og skapaðist í sumar varðandi yfirverð á stofnhlutum í SPRON og þar væri verið að eyðileggja sparsjóðakerfið.

Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra sagði einnig, og það er víst ein ástæðan fyrir þessum hugleiðingum og þessum breytingum, að stofnfé sé lítill hluti af eiginfjárstöðu sparisjóða, eins og hún orðaði það.

Mig langar aðeins að vita hvort hæstv. ráðherra hafi eitthvert yfirlit yfir það hvað eiginfjárhlutfall er hátt og hvað stofnféð er mikið af af eigin fé. Ég veit t.d. að í Sparisjóðnum í Keflavík er stofnfé um helmingurinn af eigin fé sparisjóðsins. Stofnfjáraðilar hafa lagt gríðarlega peninga inn í Sparisjóð Keflavíkur til þess að auka eigið fé hans og gera hann rekstrarhæfari. Mér finnst að enginn ætti að heyra það sagt af hæstv. ráðherra að eiginfjárhlutfall sé ekki borið uppi af stofnfjáraðilum.

[11:21]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er engu að síður þannig að í allflestum sparisjóðum er stofnfé lítill hluti eigin fjár. Það eru nokkrar undantekningar og eflaust er sá sparisjóður sem hv. þm. nefndi ein af undantekningunum en þetta er hin almenna regla.

Menn verða að hafa það í huga að sparisjóðirnir eiga sér langa sögu og það hefur aldrei verið litið svo á að líta mætti á stofnfé í sparisjóði sem eitthvað í líkingu við hlutafé í hlutafélagi. Hægt er að fara í gegnum umræður á hv. Alþingi í gegnum tíðina og augljóst er að aldrei hefur sá skilningur verið uppi að líta ætti á stofnfé eins og hlutafé þannig að þetta er vissulega gamli tíminn. En gamli tíminn getur stundum átt rétt á sér og einnig í viðskiptum og þá er ég ekki síst með í huga rekstrarkerfi sparisjóðanna.

[11:22]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nefnilega málið að sumir sparisjóðir hafa verið að reyna að koma sér inn í nýja tímann, m.a. Sparisjóðurinn í Keflavík, SPRON og fleiri sparisjóðir hafa verið að reyna að koma sér inn í nýja tímann, að geta aflað sér eigin fjár með hagkvæmum hætti og með því að bjóða út hlutafé, þ.e. að breyta sparisjóðunum í hlutafélög. Í sjálfu sér get ég ekki séð annað en að hæstv. ráðherra sé að reyna að segja okkur að hún sé að koma í veg fyrir það að sparisjóðirnir komist inn í nútímann. Mér finnst það sorglegt og ekki mikil virðing borin fyrir þeim stofnfjáraðilum sem hafa lagt stórfé í Sparisjóð Keflavíkur með því að segja að engin ástæða sé til að taka neitt tillit til þess hvað þar hefur verið að gerast. Þar hefur kannski ýmislegt gerst sem ekki er venjulegt í sparisjóðakerfinu en er samt staðreynd.

[11:23]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki rétt sem kemur fram hjá hv. þm. að verið sé að koma í veg fyrir að sparisjóðirnir geti komist inn í nýja tímann. Og þá endurtek ég það sem ég sagði áðan að þetta frv. kveður ekki á um breytingar á lögunum sem sett voru í fyrra. Þau lög gengu út á það að sparisjóðir gætu breytt sér í hlutafélag þannig að sá kostur er enn fyrir hendi. Það sem nú er kveðið á um í þessu frv. og snýr að sparisjóðum er fyrst og fremst til þess að eyða réttaróvissu og til þess að koma hlutum þannig fyrir í lagalegu formi að ekki ríki óvissa og hlutir eins og gerðust í sumar gerist ekki. Ég segi aftur: Gengið er eins langt í þeim efnum og ég tel að við getum gert með tilliti til stjórnarskrár Íslands. Þetta er í þó nokkrum liðum sem hv. þm. á eftir að kynna sér betur en ég tel að þarna sé farin í raun millileið sem allir ættu að geta sætt sig við.

[11:24]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. viðurkennir að stjórnarskráin stoppi hana í því að setja ákvæði í lög og það er ágætt að stjórnarskráin stoppi menn einstaka sinnum í því.

Við erum með þrískiptingu valdsins, framkvæmdarvald, dómsvald og löggjafarvald. Ágreining sem rís vegna gildandi laga á að leysa fyrir dómstólum, herra forseti. Hann á ekki að leysa með tilskipunum. Hann á ekki að leysa á löggjafarsamkundunni sem er ekki dómsvald. Með ákvæðum þessa frv. er gerð tilraun til þess að leysa ágreining með lögum. Verið er að setja lög sem eiga að treysta yfirtökuvarnir sparisjóða. Talað er um fjandsamlega yfirtöku. Fjandsamlega hverjum? Stofnfjáreigendum? Nei. Sparisjóðnum? Nei. Hans eigið fé er tryggt. Stjórninni? Kannski.

Þetta minnir á tilskipanir einræðisherra og ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hún ætli virkilega að fara að stjórna í krafti tilskipana og þvert á og jafnvel eins langt og hægt er og stjórnarskráin leyfir henni.

[11:26]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. veit jafn vel og ég duga engar aðferðir einræðisherra á hv. Alþingi. Það þarf vilja Alþingis til þess að þetta frv. verði samþykkt. Ég geri ekki ráð fyrir að hv. þm. ætli að styðja það miðað við ýmislegt sem hann hefur látið frá sér fara en þetta er spurning um vilja Alþingis. Þetta þarf að koma fram.

Hv. þm. misskilur þetta mál, og þetta eru svo sem fullyrðingar sem ég hef heyrt frá fleirum, að það eigi með löggjöf að taka á því ástandi sem skapaðist í sumar og breyta lögum eftir á. Að sjálfsögðu breytum við ekki lögum aftur í tímann.

Það er ekki hægt og bæði þau tilboð sem komu fram í sumar hafa verið úrskurðuð af Fjármálaeftirlitinu sem ólögleg eða ónothæf þannig að ekkert er um það að ræða að tilboð sé í gangi frá fimmmenningunum sem hv. þm. kannast við nú um þessar mundir. Verði þetta frv. að lögum þá gildir það fram í tímann en ekki aftur í tímann.

[11:27]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rangt að ég sé á móti lögunum í heild sinni eða frv. Ég er mjög sáttur við frv. nema hvað varðar sparisjóðina. Það að Fjármálaeftirlitið hafi úrskurðað þessi tilboð ólöglög, eins og hæstv. ráðherra sagði, er ekki rétt. Fjármálaeftirlitið sagði að með ákveðnum skilyrðum, t.d. að breyta sparisjóðnum í hlutafélag eins og stjórn sparisjóðsins ætlaði, væri algerlega heimilt og það var einmitt það sem var fyrirætlunin. Tilboð Búnaðarbankans var löglegt og heimilt og er heimilt í dag. En hins vegar var hinu tilboðinu alfarið hafnað.

[11:27]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Tilboð fimmmenninganna og Búnaðarbankans var úrskurðað ólöglegt hvað það varðar að það gengi ekki upp óbreytt og þar með hefði þurft að leggja fram nýtt tilboð. Það tilboð hefur ekki komið fram enn það ég veit og þess vegna er ekkert tilboð í gangi frá fimmmenningunum gagnvart yfirtöku SPRON.

Um málið almennt, þá er hv. þm. er ósammála mér í því. Það er náttúrlega augljóst að ýmsir fá stjörnur í augun þegar verið er að bjóða þeim fimmfalt verð fyrir fjármuni sem þeir hafa áður lagt inn sparisjóð alveg burt séð frá því hvað þeir höfðu í huga þegar þeir lögðu það fjármagn inn. Þess vegna hefur skapast umræða sem hefur verið nokkuð á þann veg að stofnfjáreigendur hafi talið sig eiga þarna miklar eignir og þess vegna verið tilbúnir að falla frá þeim hugsjónum sem þeir hljóta að hafa haft í huga þegar þeir lögðu fram stofnfé í sparisjóð.

[11:29]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér er um mikilvægt frv. að ræða sem hæstv. ráðherra leggur fram. Öllum er ljóst að mjög örar og miklar breytingar hafa verið í því umhverfi sem hér um ræðir, umhverfi fjármálastofnana á síðustu árum og ég held að enginn deili um það að því hafa fylgt sumpart nokkrar fæðingarhríðir og nokkrir erfiðleikar, sumir skiljanlegir aðrir með þeim hætti að fyrir þá hefði verið hægt að komast ef menn hefðu verið vökulir og verið á vaktinni.

Ég get ekki látið hjá líða að minnast á orðaskipti sem áttu sér stað í andsvörum við hæstv. ráðherra þar sem rætt var um gildandi ákvæði varðandi sparisjóði landsins. Hæstv. ráðherra fjallaði um gildandi 3. gr. laga frá árinu 1996, nr. 113, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum, þar sem segir í 3. mgr. 37. gr., með leyfi forseta:

„Við breytingu á sparisjóði í hlutafélag skv. 1. mgr. skulu stofnfjáreigendur eingöngu fá hlutafé í hlutafélaginu sem gagngjald fyrir stofnfjárhluti sína."

Hæstv. ráðherra sagði að hún hefði undir höndum lögfræðiálit sem skæri úr um að þetta ákvæði laganna væri ekki virkt. Það stangaðist á við stjórnarskrána. Ég vil árétta spurningu mína til hæstv. ráðherra: Ef þessi ákvæði gildandi laga eru aftur upp tekin í frv. sem hún leggur hér fram en virka ekki í raun og sannleika, stangast á við stjórnarskrá að mati hennar lögfræðinga, hvers vegna er þá verið að blekkja fólk og þá sem vinna í þessum geira með því að halda þessum ákvæðum inni? Það er ekki rétt aðferð.

Ég dreg hins vegar mjög í efa, og bið um rökstuðning fyrir því, að þetta ákvæði laganna, sem ég er mjög samþykkur, virki í raun. Ég hygg að það sé hárrétt sem hæstv. ráðherra sagði, enginn ágreiningur var um málið fyrir utan einn eða tvo hv. þm. með önnur sjónarmið. Meginþorri þingheims var þeirrar skoðunar. Þjóðin öll stóð agndofa og fylgdist með þeim atburðum sem áttu sér stað á liðnu sumri. Það er óhjákvæmilegt að rifja það upp af því að hv. þm. Pétur Blöndal kom í ræðustól. Hann lék eitt aðalhlutverkið í því hneyksli sem þjóðin fylgdist með, kom beint út úr þessum sal eftir að hafa verið virkur í þeirri umræðu sem fram fór hér og lýsti því yfir í heyranda hljóði að hann væri orðinn verktaki fyrir ríkisbanka, Búnaðarbankann, til að taka yfir Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis og fá greiddar 5 millj. kr. fyrir. Herra forseti. Þetta er auðvitað fullkomlega siðlaust, algerlega siðlaust. Síst átti ég von á því að maður í þessu sal færi fram með þeim hætti sem hv. þm. gerði. Það er kristaltært í mínum huga. Ég er ekki einn um þá skoðun.

Hæstv. ráðherra sagði að hún hefði lýst því yfir opinberlega aftur og aftur að henni hugnaðist ekki þessi nálgun mála hjá Búnaðarbankanum og þær yfirtökutilraunir sem áttu sér stað. Það er kannski aukaatriði en ég þráspurði hins vegar um það í þeirri opinberu umræðu sem þá átti sér stað hvers vegna ráðherrann gripi ekki í taumana. Menn kunna að spyrja: Hvernig hún hefði átt að gera það? Jú, einfaldlega með því að eiga orðastað við fulltrúa sína í stjórn Búnaðarbankans, sem er að langstærstum hlut enn þá í eigu ríkissjóðs. Hún skipar stærstan hluta stjórnarinnar og var auðvitað í lófa lagið að hafa áhrif á þróun mála. Ég vil árétta þessa spurningu mína frá því í sumar í opinberri umræðu og óska eftir svari við henni: Hvers vegna lét ráðherrann ekki kné fylgja kviði? Hvers vegna kom hún ekki þeim sjónarmiðum sínum að rangt væri að verki staðið til þeirra aðila sem stóðu að þessum tilraunum til þess að taka yfir Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis með því að bjóða stofnfjáreigendum yfirverð fyrir hluti sína? Ég held að það sé afskaplega mikilvægt, til að halda öllum hlutum til haga í þessari umræðu, að menn fái það skýrt fram.

Ég held að það þýði ekkert fyrir hæstv. ráðherra að koma hingað með þau svör að segja að hún láti stjórninni eftir að taka ákvarðanir um lítil og stór mál í bankanum. Við þekkjum auðvitað af öðrum tíðindum að þannig gerast ekki kaupin á eyrinni. Ráðherranefnd um einkavæðingu, einkavæðingarnefnd og öll sú saga, sem ekki er undir að þessu sinni nema óbeint, sýnir okkur að hinir pólitísku fingur koma gjarnan að málum þegar mikið liggur við.

Herra forseti. Um þetta frv. vil ég hins vegar almennt segja að við fyrstu sýn virðist þar tekið á fjölmörgum atriðum með skynsamlegum hætti. Hér er auðvitað verið að steypa saman ýmiss konar löggjöf sem í gildi hefur verið og reyna að ná utan um þetta flókna viðfangsefni sem fjármálafyrirtæki eru á Íslandi á síðari tímum. Það er ekki vanþörf á að við á hinu háa Alþingi förum rækilega í gegnum þá þætti mála. Ég sagði í upphafi að fæðingarhríðir hefðu svo sannarlega herjað á íslenskt fjármálakerfi. Þessi kornungi hlutabréfamarkaður á Íslandi hefur vaxið svo hratt að menn hafa stundum misst sjónar af megintilgangi málsins og farið fram úr sjálfum sér í eftirspurn eftir auðfengnum peningum.

Í þessu samhengi er óhjákvæmilegt að ræða atburði á þessum markaði sem tengjast deCODE, því stóra og mikla fyrirtæki sem allir bundu miklar vonir við og binda enn. Ég vil undirstrika mjög rækilega að ég vona sannarlega að það takist að snúa við þeirri þróun sem þar hefur orðið og fyrirtækið nái vopnum sínum á nýjan leik og verði það öfluga fyrirtæki á þeim velli sem það hefur haslað sér sem vonir stóðu til. Hinu er ekki að leyna að þegar sala á hlutabréfum í þessu fyrirtæki fór fram — ég vil halda því til haga og vekja á því athygli að hv. þm. Sverrir Hermannsson hefur flutt tillögu um sérstaka rannsóknarnefnd vegna þess arna sem verður hér væntanlega til umræðu fyrr en síðar — lögðu 20 þúsund manns og rúmlega það mikið eða lítið fjármagn til þeirrar hlutafjársöfnunar.

Þegar fyrir liggur að verðmæti þessa fyrirtækis fór hæst í 65 einingar en liggur núna í kringum tvær er ljóst að fjölmargir sitja eftir með sárt ennið. Vissulega má segja sem svo að þetta sé eðli hlutafjármarkaðarins. Þetta er sú áhætta sem fólk tekur þegar það leggur fjármuni sína í hlutabréf. Þetta gengur upp og niður. Ef svarið væri svona einfalt væri ekkert við þessu að segja en sögur einstaklinga, ekki eins eða tveggja heldur fjölda, eru með þeim hætti að menn verða auðvitað að skoða nánar bakhlið þessara mála.

Auðvitað má með sanni segja að ekki sé hægt að áfellast einn einstakan fyrir það sem þá gerðist. Vissulega töluðu menn þetta fyrirtæki upp í þessum sal, í fjölmiðlum og hvarvetna. Væntingar voru miklar og eru það sumpart enn. En þær fóru auðvitað út fyrir öll mörk. Ég vildi hins vegar staldra við þátt fjármálafyrirtækjanna sjálfra, þeirra sem stóðu að sölu þessara hlutabréfa á þeim tíma og voru virkir í því. Hver er þáttur sérfræðinga sem stundum koma í sjónvarp eða eru á síðum dagblaðanna og segja frá því hvernig þeir lesi í þróun einstakra fyrirtækja og verðmæti þeirra, lesi í þróun þessa hlutabréfamarkaðar og ráðleggja fólki í þessum efnum um hvar best er að fjárfesta hverju sinni? Voru þeir á vaktinni þegar þessir stóru hlutir gerðust með deCODE á sínum tíma, þegar sumir, eins og fram hefur komið í fjölmiðlum, lögðu aleigu sína, allt sitt sparifé, sýslabætur svo milljónum króna skiptir, í þetta fyrirtæki? Þeir keyptu hlutina þegar þeir voru á toppi í 55–60. Hringdu þá engar bjöllur hjá þessum sérfræðingum? Hver var ábyrgð þeirra í þessu samhengi? Um þetta spyrja auðvitað þau þúsund einstaklinga sem eiga um sárt að binda vegna þessa. Ég þekki mjög sár dæmi um þetta þar sem tugir millj. króna, allur ævisparnaðurinn var settur í fyrirtækið vegna þess að sérfræðingar sögðu: Hér er um klára og kvitta ávöxtun að ræða. Hér er ekkert annað en gróði á ferð. Þetta endar í 100 fyrir áramót — „the sky is the limit".

Maður spyr sig auðvitað um siðferðilega ábyrgð í þessu samhengi og hvort eitthvað geti komið í veg fyrir sefjun eins og þarna átti sér stað. Raunar er það svo, herra forseti, að fjöldamargir slógu lán til að geta tekið þátt í ævintýrinu og fengu lánafyrirgreiðslu í bönkum og fjármálastofnunum. Í mörgum tilfellum tóku fjármálastofnanir hlutabréfin að hluta sem veð fyrir þessu láni. Mér er sagt, ég vildi spyrja hæstv. ráðherra að því — hann er að vísu farinn eitthvað annað sé ég, herra forseti.

(**Forseti** (GuðjG): Hæstv. ráðherra gekk í hliðarsal, kemur að vörmu spori.)

Ég ætlaði að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hefði um það upplýsingar hvort háar upphæðir lægju í skrifborðsskúffum bankastjóra í hlutabréfum í deCODE sem trygging fyrir greiðslu á lánum sem fólk hefði tekið til kaupa á sömu hlutabréfum. Mér er sagt að þar séu umtalsverðar upphæðir en menn hafi farið sér hægt við innheimtuaðgerðir að svo stöddu og bíði þess sem verða vill.

Hér er um svo stórt mál að ræða, herra forseti, að það er auðvitað óhjákvæmilegt að ræða um það. Ég vil ítreka enn og aftur að enginn má skilja orð mín þannig að þau séu árás á þetta ágæta fyrirtæki deCODE. Það er ekki viðfangsefni mitt. Ég vona svo sannarlega hið besta fyrir framtíð þess. En reyndin er sú að 21 þúsund manns vildu taka þátt í þessu ævintýri. Ég þori nánast að fullyrða, herra forseti, að hver og einn einasti maður í þessum sal þekkir einn, tvo og jafnvel fleiri einstaklinga sem eiga um sárt að binda vegna þess arna.

Herra forseti. Þetta mál stendur upp úr í þessum efnum en auðvitað vekur það spurningar sem við hér inni verðum að reyna að svara. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta öryggisnet, þessi krafa um hæfi þeirra sem ráðleggja og selja, krafan um siðferðisvitund þeirra aðila sem ráðleggja og selja, sé styrkt í frv. sem hér um ræðir. Það verður auðvitað að vera svo.

Ég rifja það upp, herra forseti, að á þinginu 1999–2000 flutti þingflokkur Samfylkingarinnar till. til þál. sem samþykkt var um setningu siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði. Hæstv. ráðherra skilaði skýrslu um þau efni tveimur árum síðar. Siðareglum er í fæstum tilfellum hægt að festa hendur á. Það er spurning um ákveðið hugarfar. Hugarfar verður illmögulega sett á blað en við þurfum auðvitað að breyta um hugarfar. Til stuðnings þeim orðum mínum minni ég á áminningu Páls Gunnars Pálssonar, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, á ársfundi þess núna á þriðjudaginn. Sé lesið milli línanna sér maður þunga áfellisdóma á fjármálakerfi okkar. Hann fullyrðir raunar að stjórnir fjármálafyrirtækja, sem eru auðvitað lífakkeri þessara fyrirtækja, hafa ekki sinnt hlutverki sínu. Það eru afskaplega stór orð frá þeim aðila sem hefur samkvæmt lagafyrirmælum Alþingis það með höndum að fylgjast með þessum rekstri.

Hann fjallaði á þessum ársfundi í ágætri ræðu sinni um marga þá meinbugi sem finna má á þessu nýja kerfi okkar. Hann nefnir það einfaldlega að verðbréfamarkaðir hafi tapað tiltrú almennings, ekki einvörðungu hér á Íslandi heldur um víða veröld. Öll höfum við fylgst með hneykslum sem riðið hafa yfir markaði í Bandaríkjunum. Hér hefur það smitast inn á íslenskan fjármálamarkað. Mestan part þó, herra forseti, held ég þó að um heimatilbúinn vanda sé að ræða. Ég held að Íslendingar, m.a. vegna þess máls sem ég rakti hér áðan, hafi sjálfir misst tiltrú sína á því að lífssparnaðinum verði best komið með því að kaupa hlutabréf.

Ég vona auðvitað að úr því rætist. Ég hef verið þeirrar skoðunar, og deilt henni með mörgum öðrum, að virkur og gagnsær og traustur hlutabréfamarkaður væri auðvitað eðlilegur í nútímaviðskiptum og nútímaatvinnuháttum. Þess vegna er svo mikilvægt sem raun ber vitni að þar séu traustar stoðir undir. Því hefur því miður ekki verið að heilsa.

Herra forseti. Ég nefndi áðan sparisjóðina — nú datt klukkan út hjá mér, fór rafmagnið af okkur?

(**Forseti** (GuðjG): Svo virðist sem rafmagnið hafi farið af hluta salarins, bæði ljós og klukka og tölva og allt saman. Hv. þm. átti eftir fjórar mínútur af ræðutíma sínum og virðist sem allt í lagi sé að halda áfram með ræðuna.)

Ég vil vera viss um að þetta fari á spjöld sögunnar og vita hvort segulbandið sé í lagi.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Þessi ræða mun örugglega geymast á spjöldum sögunnar frá upphafi til enda.)

Þá held ég áfram. Ég vil að lyktum, herra forseti, aðeins fjalla nánar um sparisjóðina og viðskiptabankana.

Það eru áform uppi um og raunar frágengið að selja stóran hlut í Landsbankanum. Í þessu frv. og í inngangsræðu ráðherra var farið í löngu máli yfir mikilvægi þess að tryggja dreifða eignaraðild að sparisjóðunum í landinu. Ég er alveg hjartanlega sammála því markmiði. Og ég hef oft haldið ræður um það, og mínir félagar í Samfylkingunni, að það sama eigi að gilda um stóru bankana tvo, Búnaðarbankann og Landsbankann. En þá er bara allt í einu annarri plötu skellt á fóninn og því haldið fram af hæstv. ráðherra og ríkisstjórninni allri að ekki sé hægt að tryggja dreifða eignaraðild, það sé vonlaust að gera hana þannig úr garði að hún virki í raun og sannleika, eftirmarkaður muni eyðileggja það allt. Eru einhver önnur lögmál sem gilda hér um sparisjóðina? Hentar það betur að halda aðrar ræður um dreifða eignaraðild af því að það passar, af því að sparisjóðirnir eru svo margir og af því að fólk vill dreifða eignaraðild og víðtæka þjónustu sparisjóðanna?

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að hæstv. ráðherra svari því hvers vegna það passi við sparisjóðina og virki hjá þeim sem hún telur að geti ekki gengið hjá viðskiptabönkunum, sem hún telur að sé óvinnandi vegur að tryggja hjá hinum stóru stofnunum. 45% hlutur var seldur í einum bita í Landsbankanum. Áður hafði hæstv. forsrh. og raunar ríkisstjórnin öll í kjölfarið — það er nú yfirleitt þannig — talað um mikilvægi þess að tryggja dreifða eignaraðild. Upp á síðkastið segjast þau svo hafa skipt um skoðun. Gleymdist að færa það til þess vegar í þessu frv.?

Herra forseti. Ég hef kannski staldrað hér við það sem sumir geta túlkað sem neikvæða þætti þessa máls. Það má enginn skilja orð mín þannig að það frv. sem hér um ræðir sé ekki skref í rétta átt. Ég vona það svo sannarlega, það er viðamikið og flókið um margt en ég treysti vel efh.- og viðskn. til að fara rækilega ofan í saumana á því. Við þekkjum það af sárri reynslu að óvönduð löggjöf í þessum efnum er afskaplega slæm — raunar í öllum tilfellum — en tíðindi síðasta sumars gerðu það auðvitað að verkum að menn hljóta að þurfa að vanda sig miklum mun betur núna en nokkru sinni fyrr. Og ég er auðvitað hjartanlega ósammála því viðhorfi sem hér kom fram hjá einum þingmanni að ef vilji þingsins nær ekki fram að ganga eins og gerðist við löggjöfina frá 1996 verði þingið að hnykkja á því, undirstrika það og ganga þannig frá textanum að viljinn nái fram að ganga. Það vil ég svo sannarlega gera og leggja mitt af mörkum til að verði.

Ég vil bara að lokum segja þetta, herra forseti: Það er náttúrlega óviðunandi með öllu að þegar jafnmikilvægt mál og hér um ræðir er rætt hafi hæstv. ráðherra ekki biðlund til þess að sitja í salnum. Ég er búinn að spyrja hana einna sex spurninga og vænti þess að aðstoðarmenn hennar hafi komið þeim til hennar. En það er alveg lágmark að hún eigi hér stund með okkur hv. þm. þegar hún kemur fram með jafnmikilvægt og -viðamikið frv. og hér um ræðir sem við viljum ræða af fullri alvöru og afgreiða til nefndar fyrr en síðar.

[11:49]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson fór mikinn í gagnrýni á persónu mína og talaði sérstaklega um 5 milljónir sem okkur voru ætlaðar frá Búnaðarbankanum. Hann talaði um að ég hefði verið verktaki Búnaðarbankans. Það er alls ekki rétt því það voru fimmmenningarnir sem gerðu tilboð í stofnfé stofnfjáreigenda.

Hins vegar voru þessar 5 milljónir samkvæmt gjaldskrá og ég vissi á þriðja degi að það stæði til. Það átti að gera baksamning um það eins og tíðkaðist, og tíðkast, hjá fjármálastofnunum, þar á meðal sparisjóðum sem ég féllst ekki á. Ég þurfti að hugsa mig um heilan dag, hvort ég ætti að taka við þessu eða ekki. Ég vissi að það yrði gagnrýnt og þar af leiðandi var ég gagnrýninn á það. Ég vildi láta féð ganga til einhverra félagsmála en það gekk ekki heldur og ég féllst því á þetta. En þetta kemur náttúrlega eingöngu til ef af samningum verður og þetta er talið eðlilegt fé fyrir þá sem sameina fyrirtæki, og heitir „finder's fee" (fundarlaun) á ensku.

En ég vil spyrja hv. þingmann: Er hann sáttur við það veldi sem þetta fé sem enginn á — t.d. í Kaupþingi sem er afskaplega framsækið og hvasst fyrirtæki, vel rekið og stundar starfsemi um allan heim, þar á meðal hefur Kaupþing stundað fjandsamlega yfirtöku á sænskum banka — er hann sáttur við það veldi sem er byggt upp í krafti valds þessa fjár sem enginn á í sparisjóðunum? Og ég vil spyrja hann líka: Er hann sáttur við kaup SPRON á Frjálsa fjárfestingarbankanum? Stjórn SPRON kaupir heilan banka á 3,8 milljarða. Er hann sáttur við það verð? Er það rétt verð o.s.frv.? Þá vil ég enn fremur spyrja hann: Er hann sáttur við hlut Meiðs í Kaupþingi? Meiður á 21% í Kaupþingi og ræður þar af leiðandi mestu þar en Kaupþing á hins vegar 44% í Meiði og ræður þar af leiðandi mestu þar, þ.e. stjórn Kaupþings er farin að kjósa sjálfa sig. Er hv. þm. sáttur við þá þróun mála að þetta fé sem enginn á sé farið að búa til svona valdapíramída sem ræður um allan heim? Ég vil benda á að starfsmenn Kaupþings eru 500 um allan heim, afskaplega vel rekið og framsækið fyrirtæki en alls ekki í takt við neina skátahugsjón.

Þá vil ég benda á að hann talar um dreifða eignaraðild. Ef hugmyndir stjórnar SPRON hefðu gengið eftir væri einn aðili núna stærsti hluthafinn í SPRON hf. Það er þetta fé sem enginn á og hann ætti 90%.

[11:51]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég ætla ekki í efnisumræðu við þennan hv. þm. Ástæðan er einföld, hann hefur prívathagsmuna að gæta. Hann ætti sóma síns vegna ekki að taka þátt í efnisumræðu um þetta mál. Ég vissi ekki til þess að þingmenn hefðu gjaldskrár úti á vettvangi fjármálanna þegar þeir ættu að vera að sinna kjósendum sínum á sumrin.

[11:52]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þetta var billeg lausn og léleg rök í málinu. Auðvitað er ég hér sem þingmaður að fjalla um mál. Ég vil benda á að þingmenn fjalla oft um mál sem varða prívathagsmuni þeirra. Ég veit ekki betur en hv. þingmaður hafi greitt atkvæði með skattalögum. Og ég veit ekki betur en að hann borgi skatta samkvæmt þessum sömu lögum. Þingmenn eru hér á Alþingi að gæta hagsmuna bæði sjálfra sín og umbjóðenda sinna. Og ég er aðallega að gæta hagsmuna þeirra þúsunda stofnfjáreigenda sem hafa lagt fé í sparisjóði. Enginn annar hefur gert það. Það eru þeir sem stofnuðu þessa sparisjóði. Það eru þeir sem hafa rekið þá.

En hv. þm. svaraði ekki spurningum mínum um það veldi sem þetta fé sem enginn á er búið að byggja upp, og hvort

hann sé almennilega sáttur við að einhverjir einstaklingar sem ekkert eiga nema kannski lítilfjörlegt stofnfé séu farnir að fara með svona feiknarlega mikið vald um allan heim og í krafti fjár sem enginn á. Er hann sáttur við þetta? Er hv. þm. ánægður með þetta? Er það þetta sem hann vill? Er þetta jafnaðarmennska?

[11:54]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga þar sem felld skulu í einn lagabálk nokkur lög sem lúta að fjármálamarkaði, lög um viðskiptabanka og sparisjóði, lög um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, lög um rafeyrisfyrirtæki og fleiri.

Frv. um breytingu á einum þessum lögum var lagt fram fyrr í haust af hálfu þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum, og mun ég víkja nokkuð að hugmyndum okkar en hafa hins vegar stuttan formála að því.

Í íslensku þjóðfélagi hefur umfang hvers kyns fjármálastarfsemi verið að aukast mjög í seinni tíð. Fjármálafyrirtækjum hefur fjölgað og margbreytileikinn að sama skapi en þessu hefur fylgt mikil breyting í hugsanagangi. Það má segja að í Stjórnarráðinu hafi átt sér stað markaðsvæðing hugarfarsins. Nú eru þar allir hlutir metnir á mælistiku markaðar en notagildi er hins vegar látið víkja. Þannig þykir bannorð að tryggja lága vexti. Það heita niðurgreiðslur ef vextir á húsnæðislánum eru lægri en finnast á markaði og þess vegna var ákveðið að fórna félagslega húsnæðiskerfinu og keyra vextina upp í það sem þekkist á markaði.

Lífeyrissjóðirnir hafa verið lögþvingaðir til að leita alltaf eftir hæstu vöxtum og hæsta arði sem finnst hverju sinni. Þar hefur orðið mikil breyting frá því sem áður var þegar fjármunum lífeyrissjóðanna var að uppistöðu til varið til uppbyggingar á velferðarþjónustu landsmanna, sérstaklega í húsnæðiskerfinu. Það er sem betur fer enn þannig að fjármunum lífeyrissjóðanna er að verulegu leyti beint inn í húsnæðiskerfið því þeir kaupa húsbréf. Það er hins vegar mjög brýnt að við finnum leiðir til að beina fjármagni þeirra í ríkari mæli en nú er til uppbyggingar í velferðarkerfi landsmanna og þá horfi ég fyrst og fremst til húsnæðiskerfisins. Þetta er samfélaginu mikilvægt og að sjálfsögðu heppilegra fyrir lífeyrissjóðina en ótryggur hlutabréfamarkaðurinn.

Efnahagskerfið allt, ekki aðeins lífeyrissjóðirnir, er háð þessum fjármálamarkaði sem ég vék að og það er mjög mikilvægt að hann búi við traust lagaumhverfi. Það frv. sem hér er til umræðu er lagt fram til þess að tryggja og treysta það lagaumhverfi sem við búum við án þess að með þessum lagabreytingum séu gerðar tillögur um neinar grundvallarbreytingar.

Þá tel ég það, þegar á heildina er litið, vera til góðs að reyna að samræma þessa löggjöf. Það er mjög mikilvægt að þetta fái góða yfirferð í efh.- og viðskn. þingsins og kannski best að segja sem minnst áður en sú skoðun hefur farið fram.

Við stöndum frammi fyrir miklum breytingum á fjármálamarkaðnum. Um þessar mundir er verið að selja hlut ríkisins í sameiginlegum bönkum okkar og þar þurfa nú kaupendur að breyta aðkomu sinni eftir því sem ríkisstjórnin breytir um skoðun. Sú var tíðin að menn þar á bæ vildu tryggja dreifða eignaraðild og það var tekið vel undir með hugmyndum okkar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að ef á annað borð væri farið út á þá braut að selja ríkisbankana ætti að tryggja dreifða eignaraðild, að hver eignaraðili mætti ekki eiga meira en 8% hlut í bankanum.

Síðan þótti þetta ekki hægt og menn vísuðu til þess sem mundi gerast á eftirmarkaði. Einhverjir vísuðu í ákvæði í EES-samningnum og horfið var frá þessu og nú var farið að tala um kjölfestufjárfesta eins og frægt er. Það eru þarna ýmsar breytingar sem greinilega eiga sér stað þótt margt sé illskiljanlegt, því eftir sem áður hljóta að gilda sömu lögmál um þá og um aðra fjárfesta, að ekki er hægt að tryggja hvað gerist á eftirmarkaði. Þessir kjölfestufjárfestar sem svo eru nefndir í Landsbankanum hafa lýst því yfir að þeir hyggist selja sinn hlut eftir stuttan tíma og hafa nefnt fjögur ár í því sambandi.

Allt þetta skiptir máli að fái góða skoðun. En ég ætlaði að víkja sérstaklega að því sem lýtur að sparisjóðunum. Í frv. ríkisstjórnarinnar eru ákvæði sem eiga að treysta yfirtökuvarnir sparisjóða eins og segir í greinargerð með frv. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Þannig er kveðið á um við hvaða aðstæður sparisjóðsstjórn skal heimila framsal á virkum eignarhlut. Þá er tryggilegar búið um að tengdir stofnfjáreigendur geta ekki farið með yfir 5% heildaratkvæðamagns í sparisjóði."

Þá spyr maður aftur: Ef hægt er að tryggja þetta í sparisjóðunum, hvers vegna var ekki hægt að tryggja þetta í bönkunum og í bankakerfinu? Það væri fróðlegt að fá umræðu um það.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Að lokum er kveðið á um að sparisjóður skuli breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag áður en samruni við aðrar tegundir fjármálafyrirtækja getur átt sér stað."

Út á það gekk frv. ríkisstjórnarinnar sl. vor að heimila sparisjóðunum að breyta sér í hlutafélög og við þekkjum öll afleiðingarnar í sumar. Þá skildi ég ekki betur en það væri samdóma álit stjórnarandstöðu og ríkisstjórnar, og þar með hæstv. viðskrh., að það ætti að festa í lög ákvæði sem kæmi í veg fyrir að stofnfjáreigendur gætu hagnast óeðlilega á stofnfjárhlut sínum.

Þegar þetta lét á sér standa í upphafi þings brugðum við skjótt við úr þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og lögðum fram frv. þess efnis. Þar leggjum við til breytingu á 18. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Sala eða annað framsal stofnfjárhluta í sparisjóði er óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar. Sé endurgjald innt af hendi skal um það fara samkvæmt reglu 2. mgr. 22. gr. Veðsetning stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimil."

Og hvað segir í 2. mgr. 22. gr. þessara laga? Þar segir, með leyfi forseta:

„Það verð, sem nýr stofnfjáreigandi skal greiða fyrir hlut, skal vera nafnverð hans að viðbættri ónýttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 23. gr."

Þarna er sem sagt girt fyrir það að einstaklingur sem á stofnfjárhlut geti braskað með þann hlut. Hann fær verðgildi hans uppfært, fær eign sína þannig tryggða, en getur ekki braskað með hlutinn eins og reynt var að gera hér í sumar m.a. undir forustu hv. þm. Péturs H. Blöndals. Þetta hélt ég að hæstv. viðskrh. vildi tryggja með lögum.

Nú vísar hæstv. ráðherra í greinargerð lögfræðinga sem segja, ef ég skil það rétt, að þetta stæðist ekki stjórnarskrá vegna þess að í þessu fælist eignaupptaka, vegna þess að lögin hafa verið misnotuð og mistúlkuð þá séu hendur löggjafans bundnar, hann geti sig hvergi hrært. Vegna þess að

menn hafi séð einhverjar holur í lögunum til að fara fram með siðlausum hætti eins og reynt var hér í sumar þá sé það gegn anda stjórnarskrárinnar að breyta lögunum til þess að koma í veg fyrir þetta siðleysi. Ég hefði nú gaman að fá að sjá þessa álitsgerð lögfræðinga. Ég hefði gaman að fá að sjá hana. Auðvitað þyrfti hún að liggja fyrir áður en gengið er frá þessum málum.

Síðan fannst mér hálfmótsagnarkennt það sem kom fram í máli hæstv. ráðherra. Annars vegar hefur mér skilist á ráðherranum að hún telji brýnt að koma í veg fyrir brask með stofnfjárhlut. Mér hefur skilist það. Margoft hefur það komið fram í máli hennar í sumar. En svo þegar það gengur ekki eftir þá segist hún vera mjög ánægð með niðurstöðuna. Er hæstv. ráðherra að segja hún hafi breytt um skoðun frá í sumar? Ég þóttist skilja ráðherrann á þann veg í sumar að það ætti að koma í veg fyrir brask með stofnfjárhluti. Mér skildist það. Það er ekki gert með þessu frv. Ekki fæ ég það skilið nema að það sé gert með einhverjum öðrum klækjum, einhverjum hliðarsporum í frv., þ.e. að þannig sé komið í veg fyrir að niðurstaðan geti orðið sú að menn braski með stofnfjárhlut. Það getur vel verið. En var það ekki það sem lögspekingarnir segja að sé óheimilt, að sé eignaupptaka og standist ekki stjórnarskrá? Mér finnst felast í þessu ákveðin mótsögn og vildi gjarnan fá skýringu á því.

Síðan vil ég vekja athygli á því að lagafrv. sem við lögðum fram í haust um þá breytingu sem ég hef gert grein fyrir er með samþykki sparisjóðanna í landinu. Þetta er í þeim anda sem sparisjóðirnir og forsvarsmenn þeirra leggja til. Þeir sendu frá sér álitsgerð síðsumars þar sem þeir lögðu blessun sína yfir þetta.

Það hafa þeir hins vegar ekki gert varðandi hitt ákvæði lagabreytinganna sem við leggjum til um að það verði ekki heimilað að breyta sparisjóðunum í hlutafélög. Við teljum mjög brýnt að farið verði mjög rækilega yfir þessi mál öll saman og þau skoðuð af yfirvegun áður en ráðist verður í þessar breytingar. Ég ætla að vísa aðeins í greinargerðina með frv. okkar. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Hlutverk sparisjóðanna hefur verið mjög þýðingarmikið í íslensku atvinnulífi og mörgum byggðarlögum mikilvæg lyftistöng enda voru þeir settir á laggirnar með félagslegu átaki. Í greinargerð með frumvarpi viðskiptaráðherra á 126. löggjafarþingi (567. mál) segir m.a.: „Sparisjóðir á Íslandi, líkt og annars staðar í Evrópu, eru fyrst og fremst staðbundin fjármálafyrirtæki með sterk tengsl við starfssvæði sitt og nána samvinnu sín á milli. Sparisjóðirnir hafa verið reknir með hag sparifjáreigenda og almennings fyrir augum en ekki til hámarks arðs fyrir stofnfjáreigendur. Markmiðið með rekstrinum var því að stuðla að almannahag.““

Hér lýkur tilvitnun í greinargerð ríkisstjórnarinnar og við botnum þetta með því að segja að brýnt sé að þetta markmið glatist ekki, vegna þess að þó það sé svo, eins og ég gat um í upphafi máls míns, að umsvif og þar með margbreytileiki sé að aukast á fjármálamarkaði þá er sú hætta fyrir hendi að þegar upp verði staðið eftir þær breytingar sem nú eru að eiga sér stað þá fari lítið fyrir þessum margbreytileika, það stefni í einokun, að örfáir aðilar nái tangarhaldi á fjármálakerfinu. Þetta er að gerast í bankastarfsemi og sparisjóðunum er einnig hætt ef við stöndum ekki vörð um þá.

Þess vegna teljum við að við eigum að falla frá þessari heimild um að unnt sé að breyta sparisjóðunum í hlutafélög, en fara þess í stað með mjög yfirveguðum hætti yfir stöðu þeirra.

[12:09]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talaði mikið um brask og siðleysi. Ég vil nú benda á að hv. þm. er sennilega sá þingmaður sem mest er í braski því hann er formaður stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og stendur í því alla daga að kaupa og selja hlutabréf, skuldabréf og aðra pappíra.

Mig langar til að spyrja hv. þm. að því, nákvæmlega eins og ég spurði hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson sem ekki treystir sér til að svara, hvort hann sé sáttur við það veldi sem þetta fé sem enginn á hefur byggt upp í kringum og í gegnum Kaupþing hf. sem er afskaplega duglegt og framsækið og hvasst fyrirtæki, en starfar ekki endilega í samræmi við einhverjar skátahugsjónir. Ég vil spyrja hann hvort hann sé sáttur við yfirtöku Kaupþings á sænskum banka, hvort hann sé sáttur við kaup SPRON á Frjálsa fjárfestingarbankanum á 3,8 milljarða, hvort hann telji það rétt verð. Stjórn SPRON kaupir eitt stykki banka fyrir hærra verð en nemur öllu eigin fé SPRON. Er hv. þm. sáttur við þetta? Er hann sáttur við Meið hf. sem á 21% í Kaupþingi og Kaupþing á aftur 44% í Meiði, þ.e. stjórn Kaupþings ræður mestu um stjórn Meiðs og stjórn Meiðs ræður aftur mestu í stjórn Kaupþings? Stjórn Kaupþings er því að kjósa sjálfa sig. Er hv. þm. sáttur við þessa þróun fjár sem enginn á og er þetta í samræmi við hugsjón hans um jafnaðarmennsku?

Og talandi um dreifða eignaraðild: Ef eftir hefði gengið hlutafjárvæðing SPRON í júní þá ætti einn aðili tæplega 90%, þ.e. 89% í SPRON og það er sjálfseignarstofnunin sem enginn á. Er þetta dreifð eignaraðild að mati hv. þm.?

[12:12]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, ég er mjög ósáttur við það sem er að gerast á íslenskum fjármálamarkaði, mjög ósáttur við það sem þar er að gerast undir handarjaðri Sjálfstfl. og Framsfl. og hef gagnrýnt það margoft.

Aðeins ein leiðrétting: Ég er ekki formaður heldur varaformaður Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og sá lífeyrissjóður stendur ekki í braski. Hann stendur ekki í braski á þann hátt sem hv. þm. Pétur H. Blöndal lýsir heldur reynir hann að verja fjármunum lífeyrisþega á mjög ábyrgan hátt.

Það sem ég átti við með braski er þegar stofnfjáreigendur voru að reyna að knýja upp verð með aðstoð hv. þm. Péturs H. Blöndals, verð á stofnfjárhlut sínum langt umfram það sem ég tel löglegt. Alla vega var það siðlaust.

Nú vil ég spyrja hv. þm.: Er það misminni hjá mér að við umræðu um frv. á sínum tíma, frv. um viðskiptabanka og sparisjóði sem afgreitt var sl. vor, hafi hv. þm. einmitt varað við þessu? Og man ég það ekki réttilega að hann hafi talað um að óprúttnir aðilar gætu nýtt sér þessi lög á þann hátt sem síðar varð fyrir hans eigin forgöngu? Er þetta misminni?

[12:13]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er misminni og misskilningur vegna þess að ég sagði að yfirráðin yfir því fé sem enginn á gætu valdið spillingu og alls konar óáran ef þau kæmist í hendur óprúttinna aðila. Það er varðandi þetta fé sem enginn á og enginn hefur lagt fram, þar er hættan. Það er engin hætta á því að menn fari illa með eigið fé. Og ef þeir gera það þá tapa þeir. Það er bara svo einfalt. Ef stofnfjáreigendur gera einhverja vitleysu með stofnfé sitt þá tapa þeir bara. Það verður

verðlaust. En það er hætta á ferðum þegar menn fara með annarra manna fé sem enginn á þar að auki og enginn eigandi hefur eftirlit með. Ég spyr hv. þm. enn einu sinni: Er hann sáttur við kaup SPRON á Frjálsa fjárfestingarbankanum á 3,8 milljarða, sem hann veit örugglega um?

Hv. þm. segist mjög ósáttur við núverandi stöðu. Hann kennir ríkisstjórninni um hana. En ég veit ekki betur en hv. þm. vilji negla niður þessa stöðu, hann vilji negla niður vald manna yfir fé sem enginn á. Hann vill styrkja enn frekar þetta fé sem enginn á og getur valdið spillingu ef það kemst í hendur óprúttinna aðila. Ég er ekki að segja að það sé þannig í dag.

[12:14]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér heyrist þingmaðurinn vilja drepa þessu máli á dreif. Við skulum nú bara finna þessi ummæli hv. þm. Þau hafa verið rifjuð upp, m.a. í leiðara Morgunblaðsins í (Gripið fram í.) sumar, um hina óprúttnu aðila sem gætu farið að braska með peninga. (**PHB:** Ranglega.) Ég er að tala um peninga sem menn eiga ekki tilkall til. Um það snýst þetta mál. Hlutur stofnfjáreigenda er vel tryggður. Þeir geta fengið sinn hlut útgreiddan uppreiknaðan samkvæmt vísitölu. Því er ekki á nokkurn hátt gengið á þeirra hlut eins og hv. þm. Kristján Pálsson hélt fram hér fyrr við umræðuna. Spurningin snerist um það hvort þeir eigi að fá miklu meira greitt út úr þessari fjármálastofnun en þeim ber. Út á það gekk málið og það var þar sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hafði forgöngu um að knýja verðið upp, langt yfir þau mörk sem siðlegt getur talist.

[12:16]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Frá öndverðu hefur hv. þm. Pétur Blöndal lagt ríka áherslu á að óeðlilegt væri að fjármagn sem enginn ætti hefði valdið sem þar byggi á bak við. Það hefur þess vegna verið sókn eftir valdi sem orsakaði að hæstv. forsrh. hóf með skutulsveinum sínum atrennu að því að ná SPRON, Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, undir ríkisbanka. Ég vissi ekki betur en hv. þm. Pétur Blöndal væri einkavæðingar- og einkareksturssinni. Ég bjóst ekki við að hann legði lykkju á leið sína við að safna saman því valdi sem bak við þetta fjármagn býr í hendur ríkisbanka.

Ég kem að þessu seinna, en vildi aðeins ræða um vinnubrögð í sambandi við þetta þarflega frv. Frumvarpi þessu var útbýtt á síðasta starfsdegi þingsins áður en þinghlé varð vegna kjördæmastarfs þingmanna. Þess vegna hefur þeim sem hér stendur lítið tækifæri gefist til að gaumgæfa þetta mál, langt frá því sem hann hefði kosið. Sérstaklega vil ég þó gera athugasemd við að málið skuli tekið til 1. umr. á aukastarfsdegi Alþingis. Ég átti satt að segja ekki von á því. Ég frétti það fyrst í gær að þessi umræða stæði til. Það getur varla verið svo um þetta mikilvæga mál að einhver dagamunur sé á afgreiðslu þess. Fyrir kemur að mál þurfa hraðafgreiðslu. Það er stjórnarandstaðan líka tilbúin til að samþykkja og greiða fyrir þeim málum, t.d. ef við liggur að síðasti túnfiskurinn syndi fram hjá.

Þeir sem fjarri hafa verið og sinnt öðru en dagskrármálum Alþingis gera svo samkvæmt starfsskipulagi Alþingis. Þess vegna er þetta óeðlileg málsmeðferð. Ég mun því hafa miklu skemmri signingar yfir þessu máli en ég ella hefði kosið.

Frv. hefur verið lengi í undirbúningi. Það hefur lengi verið starfað að því að setja þennan málatilbúnað saman. Sannleikurinn er hins vegar sá að uppistaðan í því, að undanskildum ákvæðunum um sparisjóðina, er þýðing úr ESB-reglum.

Ég hefði gjarnan viljað spyrja, ef hæstv. ráðherra hefði haft tíma til að vera hér við en hann les þetta kannski í þingskjölum: Hvað kostar undirbúningur þessa máls hjá bankalaganefnd? Hjá nefnd 1, 2, 3 og 4, held ég, eins og kemur fram í athugasemdum með frv., sem að þessu hafa starfað? Að því er virðist er þetta mál að langmestu leyti, hvað varðar Fjármálaeftirlitið, þýðing úr ESB farganinu. Að þessu koma embættismenn á sama máta eins og gerist í ESB, því hátimbraða embættismannahrófatildri.

Þar með er ég ekki að finna að þeim ákvæðum frv. sem lúta að Fjármálaeftirlitinu. En ég vek athygli á að hér er verið að stofna yfirráð, æðsta ráð í þessum málefnum. Ég leyfi mér, með leyfi forseta, að vísa til þess segir segir á bls. 50–51 um valdsvið Fjármálaeftirlitsins:

„Fjármálaeftirlitið veiti og afturkalli starfsleyfi.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að krefjast hærra eiginfjárhlutfalls í vissum tilfellum.

Fjármálaeftirlitið getur bannað starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja erlendis við tilteknar aðstæður.

Skýrari ákvæði um eftirlit á samstæðugrunni.

Skýrari reglur um hæfi stjórnenda."

Enn segir á bls. 53, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi þessu er lagt til að samræmd verði starfsskilyrði nokkurra tegunda fyrirtækja sem starfa á fjármálamarkaði. Eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins eru að langmestu leyti hinar sömu og í gildi eru í dag og byggjast á EES-samningnum. Þó má reikna með að þrjár nýjungar í frumvarpinu muni leiða til aukins eftirlits. Í fyrsta lagi mun rekstrarfélag verðbréfasjóðs fá starfsleyfi á fjármálamarkaði og getur opnað útibú eða stundað þjónustu án stofnunar útibús á EES-svæðinu í samræmi við breytingu á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að starfsleyfisumsóknir verði ítarlegri en áður og Fjármálaeftirlitið geti veitt og afturkallað leyfi til hluta þeirrar starfsemi sem viðkomandi tegund fjármálafyrirtækis stendur til boða að sækja um. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir" — ég vil leggja áherslu á að hér kem ég að þýðingarmesta atriðinu að mínum dómi — „að Fjármálaeftirlitið fái heimild til að ákvarða hærra eiginfjárhlutfall en 8% fyrir fjármálafyrirtæki að ákveðnum skilyrðum uppfylltum."

Fjármálaeftirlitinu er gefið nýtt og ómælt valdsvið, meira að segja þótt að öðru jöfnu eigi túlkun á lögum heima hjá dómskerfinu þyki mönnum misfarið með framkvæmd laganna. Ég held nú að það hljóti að koma til álita sérstaklega að hafa einhverja úrskurðarnefnd sem gæti tekið við málskoti frá fjármálafyrirtæki sem þættist beitt ofríki af hálfu Fjármálaeftirlitsins.

Það er ekki nóg með að Fjármálaeftirlitið eigi að úrskurða um það sem mælanlegt er heldur einnig um huglæg atriði og þá færist skörin upp í bekkinn. Ég verð að segja eins og er, að að þessu leyti ætti almannavaldið, ríkisvaldið, sem er fengið umboð í hendur til að hafa æðstu stjórn í þessum málum, að geta komið að málinu. Þau fyrirtæki sem teldu sig órétti beitt ættu að geta snúið sér til ráðherra, til ráðuneytis. Ráðuneytið ætti að hafa á sínum vegum úrskurðarnefnd sem gæti greitt fyrir niðurstöðu í máli og án þess að það þurfi að fara dómstólaleið, enda yrði það mjög seinvirkt í svo viðamiklu máli. Mikil nauðsyn er fyrir fjármálafyrirtæki að fá úrskurð hið allra fyrsta því ella yrðu óbætanlegar tafir á starfseminni sem biði þess ekki bætur.

Ég vitnaði til þess sem fjallað er um á bls. 93, þ.e. að aðrir þættir sem Fjármálaeftirlitið á að hafa yfirstjórn með séu eins og segir í greinargerðinni:

„Flestir þessara þátta eru mælanlegir, en mat á öðrum þáttur, svo sem stjórnun, yrði huglægt."

Ég bið nefndina sem fær þetta sérstaklega til meðferðar að huga að því sem ég hef nefnt hér, þ.e. ef fjármálafyrirtæki teldi sig órétti beitt af þessu æðsta ráði sem Fjármálaeftirlitið verður með þessu móti.

Hitt atriðið sem ég ætlaði að víkja að varðar sparisjóðina. Hér hafa menn rætt um að ekki væru nægjanlega skýr ákvæði um sparisjóðina og þannig ekki með öllu girt fyrir að hægt væri að viðhafa þau vinnubrögð sem við höfum dæmi um hér á liðnu ári. Mér sýnist auðsýnt að ekki sé hægt að fella inn í lög eitthvað sem lögfræðingar álíta að stangist á við stjórnarskrána. Hins vegar eru hér skorður við því að hægt sé að ganga í skrokk á sparisjóðunum, margvíslegar skorður. Það sem úrslitum ræður að mínum dómi er andi þessa frv., andi þeirra laga sem sett yrðu samkvæmt þessu frv. Eftir því fara dómstólar líka. Það fer ekkert á milli mála að andinn er sá að sjálfstæði sparisjóðanna skuli varið.

Hins vegar, eins og hv. þm. Guðmundur Árni vék sérstaklega að, er það sérkapítuli, þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið vegna sparisjóðanna. Ég ætla að taka fram svo ekki misskiljist að sá sem hér stendur er eindregið fylgjandi því að sparisjóðirnir fái frið til starfsemi sinnar. Þeir hafa reynst nýt fyrirtæki. Mér er persónulega kunnugt um það að í plássum þar sem sparisjóðir hafa verið yfirteknir af bönkum og sett upp útibú þar sér margur eftir starfsemi þeirra sparisjóða. Í útibúunum komst á fjarlægðarstjórn ef svo má segja.

En örfá orð um þá sérkennilegu atburði sem urðu hér vegna tilrauna til þess að yfirtaka Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis. Það fór ekki fram hjá neinum að sú atlaga var gerð undir forustu hæstv. forsrh. Hæstv. viðskrh. blandaði sér ekkert í það mál meðan aðalátökin stóðu yfir.

Á sínum tíma var unnið að einkavæðingu bankanna undir þeirri yfirlýstu stefnu hæstv. ríkisstjórnar að sala þeirra yrði dreifð. Fyrst nefndi hæstv. forsrh. 3–5%, síðar 5–8%, en þetta var meitluð og mörkuð stefna. Þegar stjórnarflokkarnir fara að líta í plögg sín um einkahagsmuni sína sjá þeir færi á því að krækja fram hjá einkavæðingu bankanna með því að flokksvæða þá. Þá er fundið upp orðið „kjölfestufjárfestir" og hafðar uppi yfirlýsingar um að ekki sé hægt með lögum að ákveða hversu mikinn hlut einstakur aðili færi með í þessum fyrirtækjum. Í samræmi við það er selt og einkavinavætt, eða öllu heldur flokksvætt með þeim hætti sem við höfum fyrir augum með Landsbankann. Það má mikið vera ef það kemur ekki á daginn með Búnaðarbankann einnig.

Hér segir, með leyfi forseta, í 75. grein:

„Einstökum hluthöfum er aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni eignarhlutdeild."

Nú skulum við líta á hvað greinargerðin segir um þetta á bls. 88, með leyfi forseta:

„Í 9. mgr. er tekið upp það ákvæði 2. mgr. 35. gr. laganna að einstökum hluthöfum sé óheimilt að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði."

Þetta er gert í því skyni að stuðla að dreifðri eignaraðild. Skýrara getur þetta ekki verið.

Þetta þykir mesta nauðsyn til bera hvað varðar sparisjóðina og ég er fullkomlega sáttur við þessa aðferð. En hvernig má það vera að margfalt öflugri fyrirtæki eins og ríkisbankarnir tveir sem eru með 60% af öllum bankaviðskiptum í landinu, að ekki skuli nauðsyn til bera að takmarka eignaraðild að þeim? Þetta er allt svo augljóst að ég nenni ekki að japla meira á þessum staðreyndum, þær blasa við öllum.

En ég vænti þess að frv. fái mjög rækilega og vandaða meðferð og áskil mér allan rétt til þess við 2. umr. og síðar að bera fram breytingartillögur sem ég held í sumu falli að séu nauðsynlegar og sem snúa að valdsviði, þessu ógnarlega valdsviði Fjármálaeftirlitsins. Enginn ætlar að hafa gegn því að við þurfum mjög rækilegt og traust fjármálaeftirlit, en slíkt afsal, framsal alls valds í þessu sambandi af hálfu hæstv. ríkisstjórnar er varhugavert að mínum dómi.

[12:32]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Við erum að hefja umfjöllun um frv. til laga um fjármálafyrirtæki. Ég á því láni að fagna að hafa verið með í fyrstu umferð eða fyrstu yfirferð efh.- og viðskn. þegar málið var kynnt og þess vegna kem ég kannski nokkuð að þessari umfjöllun í fyrstu umferð.

Að mínu mati er þetta viðamikið frv. og er í 111 greinum. Það sem er að gerast er að verið er að sameina löggjöf og heimildir að miklu leyti en einnig eru töluverðar breytingar hér á ferðinni.

Ég vil láta í ljós í upphafi, virðulegur forseti, að laga þarf margt sem varðar peningamál og fjármunameðferð á Íslandi, ekki síst hvað varðar aðgengi að fjármagni og laga þarf þann mismun sem er og fer eftir búsetu fólks. Ég vil geta þess að fjölmargir landsbyggðarmenn telja sig búa við verri aðstæður og aðgengi með rekstur smáfyrirtækja og heimili. Það má til sanns vegar færa ef menn velta fyrir sér veðheimildum í eignum úti á landi miðað við Reykjavík.

Ég tel að inn í það sem við erum að ræða hér, þ.e. um fjármálaumsvif, vanti umfjöllun um vátryggingafélögin alfarið sem eru með umsvifamikla fjárumsýslu í formi lánveitinga til einstaklinga sem eru að kaupa m.a. bifreiðar. Það er ótrúlegt að svo skuli vera þegar bankastofnun segir einstaklingi að hann hafi í raun ekki efni á að taka lán til munakaupa, t.d. bifreiða, þá geti einstaklingurinn farið frá bankastofnuninni sem býður lán upp á 14% og til tryggingafélaga og fengið lán að miklu hærri upphæð með miklu hærri vöxtum gegn veði í því tæki sem verið er að kaupa sem bankinn eða bankamaðurinn hefur ráðið honum frá.

Þetta eru athugasemdir sem ég vil gera strax í upphafi og auðvitað er ég búinn að velta mikið fyrir mér hvað verið er að tala um. Við erum að tala um þau fjármálafyrirtæki sem hafa starfsleyfi. Við erum að tala um lánastofnanir, fyrirtæki sem hafa leyfi til að ávaxta, til að fjárfesta eða fara með það sem kallað er í dag rafeyri eða pappírslaus viðskipti. Við erum að tala um fyrirtæki eða lánastofnanir sem eru að afla eignarhluta eða eru með einhverja slíka starfsemi. Við erum að ræða um alls konar eignarhaldsfélög. En mér finnst eins og ég sagði áðan vanta umfjöllun um vátryggingafélögin sem eru umfangsmikill aðili í fjárumsýslu á Íslandi, verulega stór. Við erum að fjalla um útgáfu og umsýslu greiðslukorta sem hefur batnað á undanförnum árum en greiðslukort eru orðin geysilega stór hluti í viðskiptum á Íslandi.

Ég vil spyrja um þau frv. sem hljóta að þurfa að fylgja með þessu frv. og hvenær þau séu væntanleg. Ég geri ráð fyrir að rétt sé að hér sé um hreinsun og lagfæringu að ræða, þó ég hafi ekki getað sett mig mjög vel inn í það. Mér skilst

að verið sé að breyta því að í stað þess að hæstv. ráðherra gefi út starfsleyfi, þá sé verið að fela Fjármálaeftirlitinu það hlutverk. Mér sýnist það vera eitt af stóru atriðunum sem verið er að gera.

Ég minnist þess að hafa verið sagt að þær breytingar sem verið er að gera kalli ekki á mikið eftirlit en ég tel að eftirlitið vanti, samræmdar aðgerðir vanti í meðferð peningamála og þá er ég að tala um á milli stofnana, að ekki sé hægt að ganga þar á milli og fá sitthvað hjá hverjum.

Ég hef líka áhyggjur af því að ég sé hvergi í frv. fjallað um þá fjölmörgu kostnaðarliði sem eru einhvers staðar á milli tvö og þrjú hundruð sem á undanförnum árum hafa verið teknir upp og lagðir eru á viðskiptavini fjármálastofnana. En verið getur að það hafi farið fram hjá mér, en ég bið kannski hæstv. ráðherra að fjalla aðeins um þann þátt.

Ég skil frv. svo að raunverulega sé verið að setja hegðunarreglur hjá fjármálafyrirtækjum og í þeim reglum tel ég að þurfi að vera mjög skýr ákvæði um að fjármálafyrirtæki, sem þau væntanlega gera, kynni sér mjög vel stöðu viðskiptavinanna. Þetta segi ég, virðulegur forseti, vegna þess að núna er það að koma upp að skuldir og vanskil fyrirtækja og einstaklinga eru miklu meiri en menn hugðu fyrir nokkrum mánuðum, því þá spurði ég um þessa hluti og þetta hefur stórvaxið og það er skylda okkar að hafa áhyggjur af því.

Ég nefndi fjármagnsmarkaði á landsbyggðinni eða möguleika fólksins þar. Ég nefndi það vegna þess að ég hef fengið kvartanir yfir því að menn þar telja sig vera að fá dýrara fjármagn til rekstrar fyrirtækja og heimila. Þetta nefni ég og þó svo að því sé á móti mælt þá hefur það til skamms tíma, a.m.k. í orði, verið dýrara á landsbyggðinni að ná sér í fjármagn til alls konar rekstrar. Ég veit að lánskjör eiga að vera þau sömu, en annað er sagt.

Ég hef áhyggjur af því hvernig það gerist með fjármunameðferð að sífellt stærri hluti kvótans er að færast á færri hendur. Ég hef áhyggjur af því að bestu veð sem fjármálafyrirækі eru að fá sé óveiddur fiskur í sjó. Ég get ekkert að því gert að ég hef áhyggjur af slíkum hlutum.

Það verður að segjast eins og er að fyrir landsbyggðarþingmenn hlýtur það að vera áhyggjuefni að fyrirtækin úti á landi geta ekki einu sinni haft arðsemismarkmið í öndvegi vegna þess að þau verða að koma að alls konar rekstri sem er í byggðarlögum þeirra. Ég er ekki þar með að segja að þeir sem eigi erfiðustu afkomuna séu mestu vanskilamennirnir, alls ekki. En ég er að benda á að fyrirtæki í rekstri sitja svolítið við það borð þar sem þau eru sett og þegar verið er að veita fyrirgreiðslu til einstaklinga, hvort sem er til sjávar eða sveita.

Ég hef áhyggjur af því að áhættulánsfé vantar og þar tel ég að áhættulánasjóður ætti að koma að, hvort sem það væri á vegum Byggðastofnunar eða einhvers aðila sem er beintengdur ríkinu. Ég tel að það vanti verulega meira þolinmótt lánsfé gagnvart alls konar rekstri, ekki síst í ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Og ég hef áhyggjur af því að þróunin verði sú að útibúum bankanna um land allt muni fækka.

Ég tel að með aukinni einkavæðingu komi aukin arðsemiskrafa. Ég held að gæta verði mikillar varfærni og menn eru vissulega farnir að gæta varúðar við veðtöku á landsbyggðinni, enda sést í svari sem hér liggur fyrir að íbúðarhúsnæði sem kostar 32–35 milljónir í Reykjavík, kostar á Suðureyri 3,2–3,5 milljónir. Það er skelfileg staðreynd sem fólk býr við sem hefur þurft að byggja húsnæði á ekki lægra verði á Suðureyri en í Reykjavík. Það er hvergi nokkurs staðar komið að slíkum málum en þetta er áhyggjuefni og hlýtur að vera mikið áhyggjuefni hæstv. viðskrh. í þessari umfjöllun.

Hagræðing sem er að verða hjá fyrirtækjum víða úti um land beinist beint að fækkun starfa. Og þó allt sé gott um fjármunaviðskipti á netinu að segja og þau eiga eftir að aukast, mér er það algjörlega ljóst, þá leiðir það samt að líkindum til fækkunar starfa úti á landi og jafnvel fækkunar útibúa. Það má sennilega tengja þetta saman.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að hafa um þetta langt mál til viðbótar. Ég hef áhyggjur af þeim samdrætti og skuldaaukningu sem orðið hefur. Ég hef líka áhyggjur af því að skuldir sjávarútvegsins, sem eru reyndar í erlendri mynt sem hefur þó verið hagstæð á síðustu vikum og mánuðum, eru yfir 200 milljarðar, á meðan óveiddi fiskurinn er metinn á 300–320 milljarða. Ég velti því fyrir mér hvort þetta geti gengið upp. Kannski gerir það það.

Ég hef einnig áhyggjur af því að peningakerfi okkar sé ekki nægjanlega agað. Það er ástæða til þess að velta fyrir sér agaðra peningakerfi í tengslum við evruumfjöllun.

Að lokum, virðulegur forseti, vil ég beina þremur til fjórum spurningum til viðbótar til hæstv. viðskrh. Í fyrsta lagi um hvort unnt sé út frá frv. sem við erum að ræða að segja að möguleikar Íslendinga, hvar sem þeir búa, séu jafnir hvað varðar lánsvexti og ávöxtunarmöguleika? Og ég spyr: Er það forsvaranlegt að afgreiða þetta frv. án þess að tryggingafélög séu sett undir sama hatt og önnur fjármálafyrirtæki?

Þá kem ég að því sem ég var að fjalla um áðan. Ég sé engin merki um umfjöllun áhættufjárfestingarsjóða. Ég vísa og til slæmrar stöðu margra smáfyrirtækja, hótela og aðila í ferðaþjónustu. Eru einhver áform um að styrkja stöðu þeirra? Það er ekki óeðlilegt að spyrja um þau atriði í tengslum við þetta frv.

Síðast en ekki síst: Hvar kemur neytendavernd fram í frv.? Ugglaust er það fólgið í lagagreinunum þó að ég hafi ekki séð beina umfjöllun um neytendavernd. Ég tel hins vegar þessi mál verulega tengd.

Virðulegur forseti. Ég ætla að láta umfjöllun um þetta viðamikla mál lokið með þessum spurningum.

[12:48]

Örlygur Hnefill Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil deila áhyggjum með hv. 5. þm. Vesturl., Gísla S. Einarssyni, hvað varðar fjármálastofnanir á landsbyggðinni. Landsbyggðarfólk hefur í mörgum tilfellum orðið að horfa upp á lokun stofnana sem hafa verið þar burðarásar í fjármálastarfsemi. Í sumum tilfellum hefur verið komið í veg fyrir slíkar lokanir. Það var uggur á Kópaskeri og uggur á Raufarhöfn þegar Landsbankinn hugðist loka þar og lokanir hafa farið suður Austfirði og með suðurströndinni. Ég vil ítreka mikilvægi sparisjóðanna fyrir landsbyggðina. Það eru stofnanir sem tryggja fólki þar aðgang að fjármunum.

Ég vil taka undir það sem hv. þm. sagði um veðhæfni eigna. Það var einmitt markmið þeirrar þáltill. sem ég flutti á hinu háa Alþingi í gær að þessi mál væru skoðuð, þ.e. skoðað hvernig verja megi eignir fólks á landsbyggðinni og tryggja verðmæti þeirra. Það er hagsmunamál þess fólks sem á þær og hagsmunamál þeirra lánastofnana sem eiga veð í þeim, ekki síst Íbúðalánasjóðs.

[12:50]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski ekki ástæða fyrir mig að svara hv. þm. í löngu máli þar sem hann tók undir þær áhyggjur sem ég hef af þróun mála á landsbyggðinni, ekki

síst þar sem verið er að loka fjármálastofnunum svo sem bönkum og sparisjóðum. Við það gerist það að kaupmaðurinn á horninu verður að hafa til taks lausafé til að bjarga ferðamönnum sem koma, erlendum eða innlendum, sem fær hvergi annars staðar þjónustu í að skipta peningum en hjá kaupmanninum á horninu. Starfsemi sem á að vera í bönkunum eða sparisjóðunum færist inn í verslanirnar þar sem hún á ekki að vera. Þetta er eitt af því sem maður hefur miklar áhyggjur af. Bankarnir sjá ekki einu sinni til þess að til staðar sé hraðbanki þannig að fólk geti þá tekið út fjármuni á viðkomandi stöðum. Þetta er eitt af því sem vantaði í upptalningu mína.

Ég og hv. þm. Örlygur Hnefill Jónsson erum þó sérstaklega sammála um að veðhæfni og verðmæti eigna á landsbyggðinni er slíkt að fólk getur nánast, þegar það ætlar að flytja, skilað lyklinum til viðkomandi stofnunar á staðnum og má teljast heppið ef það sleppur skuldlítið þaðan. Það er skelfilegt. Það var vísað til þess í umræðunni í gær að um leið og ríkið auglýsti eftir húsnæði á Ísafirði, þar sem er þó ágætisatvinnuástand, voru 25 hús boðin til sölu.

[12:52]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta er viðamikið frv. Ég geri ráð fyrir því að nefndin þurfi að fara mjög vandlega í gegnum það því þetta er auðvitað mikilvægt mál. Mér sýnist tíminn til þess afar stuttur. Það er gert er ráð fyrir því að frv. verði að lögum og taki gildi um áramótin. Mér kemur á óvart ef það verður reyndin, vegna þess að strax við þessa umræðu kemur fram að það er ekki samstaða í stjórnarliðinu um allt sem í frv. stendur. En þetta á auðvitað allt saman eftir að skýrast betur, bæði við þessa umræðu og síðan við framhaldsmeðferð málsins.

Það sem mig langar til þess að spyrja hæstv. viðskrh. um er hvers vegna ekki eru settar reglur inn í þetta lagafrv. sem komi í veg fyrir það sem er gjörsamlega óþolandi og hefur sýnt sig á undanförnum árum í starfsemi fjármálafyrirtækja, þ.e. að starfsmenn fjármálafyrirtækja geti verið þrefaldir í roðinu í störfum sínum. Ég ætla að rökstyðja þetta.

Það kom greinilega fram í sambandi við sölu á bréfum og öðru slíku hjá fjármálafyrirtækjum, að starfsmenn fyrirtækjanna gátu sjálfir keypt bréf. Þeir voru að kaupa bréf fyrir bankann og jafnframt að ráðleggja viðskiptavinum um hvað þeir ættu að kaupa. Þetta er auðvitað gjörsamlega óþolandi og margir hafa misst traust á fjármálaheiminum á Íslandi vegna þessa. Einhver hluti starfsmanna fjármálafyrirtækja sem efnuðust vel í spillingarbraskinu sem þá fór fram er nú kominn fram á sjónarsviðið til að kaupa eignarhlut í bankanum sem þeir unnu hjá og urðu ríkir af að braska með fjármuni. Þetta er ekki til þess að hæla íslenska fjármálakerfinu. Mér finnst, þegar hæstv. viðskrh. leggur fram frv. eins og þetta, að í því ættu að vera einhverjar leiðbeinandi reglur til þessara fyrirtækja um að í starfsreglum þeirra verði ekki einungis kveðið á um hvað yfirmenn þessara stofnana megi gera, heldur líka starfsmenn.

Svona ástand er ekki þolandi og er ekki í samræmi við það sem tíðkað er á öðrum sviðum. Það er t.d. ekki ætlast til þess að þeir sem kaupa og selja húseignir séu sjálfir að braska með slíkar eignir. Það er meira að segja þannig að þeir sem stunda bílasölu mega ekki braska með bíla. Og það þykir sjálfsagt mál að það sé ekki þannig. Auðvitað mundu viðskiptavinirnir ekki treysta bílasölunum ef þeir vissu að þeir væru sjálfir að braska með bíla. Menn tækju ráðleggingum þeirra a.m.k. mátulega.

Mér finnst nefndin þurfa að fara mjög vandlega yfir það hvort ekki eigi að setja einhvers konar leiðbeinandi fyrirmæli þarna inn. Af lestri mínum á þeim starfsreglum og ábendingum sem hér eru get ég ekki séð að nokkuð sé sagt um að starfsmenn fjármálafyrirtækja geti ekki sjálfir staðið í fjármálabraski. Þó svo að menn hafi gumað mikið af girðingum inni í bönkunum og því hvernig að þeim málum sé staðið sé ég ástæðu til að getið verði í lögum um þau mörk sem ekki má fara yfir.

Svo langar mig að tala svolítið um sparisjóðina. Ég verð að segja eins og er að ég hef ekki haft tíma til að lesa þetta frv. allt í gegn. Ég ætla þess vegna að halda mig við fá atriði þess. Ég ætla að ræða aðeins um sparisjóðina, þ.e. lýsa því sem ég les úr þessu frv. Ég get ekki lesið út úr frv. neina breytingu hvað varðar raunveruleg yfirráð stofnfjáreigenda í sparisjóði yfir öllu fé sparisjóðanna. Ég get ekki betur séð en að þeir geti auðveldlega selt yfirráðin yfir því fé sem sjálfseignarstofnanirnar eiga þegar búið er að breyta þessu í hlutafélög. Þetta 5% ákvæði er bara blöff. Það hefur ekkert með yfirráðin að gera vegna þess að gert er ráð fyrir því að sjálfseignarstofnunin geti ráðið öllu saman. Þess vegna er hægt að selja yfirráðin yfir þessu fé.

Það gengur ekki að senda skilaboð um að gerðar hafi verið einhverjar breytingar sem skipti máli. Þetta eru breytingar sem geta haft áhrif á hvaða tíma menn taka sér í hlutina o.s.frv. en þessar breytingar skipta ekki máli í sambandi við hið eiginlega deiluefni sem hér kom upp. Þessu vil ég koma á framfæri. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann haldi í raun og veru að með þeim breytingum sem hér eru lagðar til sé komið í veg fyrir að menn selji yfirráðin yfir stofnfénu. Ætlaði hæstv. ráðherra sér að að koma í veg fyrir það?

Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta frv. en ég treysti því að hv. nefnd fari vandlega yfir það og skoði hvort þessi úrræði eru nothæf og hvort eitthvað annað gæti dugað til að ná þeim markmiðum sem menn eru a.m.k. að gera grein fyrir í ræðum sínum í þinginu, bæði núna og við umræðuna um sparisjóðina í fyrra. Eða verða menn bara að játa sig sigraða? Þá er bara alveg eins gott að gera það hreinskilnislega en búa ekki til eitthvað hér á hv. Alþingi sem er ekki raunverulegt. Ég legg aðaláherslu á að héðan komi hlutirnir skýrir og ákveðnir.

Við þá umræðu sem fram fór hér í fyrra komst ég að þeirri niðurstöðu að eina raunverulega eðlilega afstaða Alþingis til þessa máls væri sú að sparisjóðir ættu að vera sparisjóðir þangað til þeir hættu að vera sparisjóðir. Það ætti að fara eftir þeim lögum sem voru sett um sparisjóði á sínum tíma, og það ætti ekki að búa til lög sem eiga að breyta því sem gerðist þegar menn ákváðu að stofna sparisjóð. Það er á gráu svæði milli þess að setja lög aftur í tímann og þess að gera það ekki. Ég tel að með ákvörðunum sem þessum — um að hægt sé að breyta sparisjóðunum í hlutafélög þó að menn fari fögrum orðum um að það sé til að koma þeim inn í nútímann — sé í raun og veru verið að setja lög sem virka aftur í tímann. Þessi lög voru í gildi þegar menn tóku ákvörðun um að stofna þessa sparisjóði og það var enginn vafi í þeim lögum um hvað ætti að gera ef menn hættu að reka sparisjóði. Þegar menn breyta sparisjóðum í hlutafélög reka þeir ekki lengur sparisjóði eins og til var stofnað í upphafi. Ég held að menn verði að horfast í augu við að í þessu dugir ekkert hálfkák.

Ef menn gera breytinguna verða þeir líka að vera menn til þess að viðurkenna hvaða afleiðingar hún hefur.

Ég tel að miðað við þennan lagatexta sem hér er liggi það alveg klárt fyrir að þeir sem eiga stofnféð munu ráða yfir eignarhaldsfélögunum sem þarna er um að ræða og geta selt yfirráðin yfir þeim peningum sem þeir eiga ekki.

[13:02]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit að það á að vera komið matarhlé en mér fannst bara mikilvægt að koma því strax að að í öðru frv. sem er á leið í þingið verður fjallað um hegðunarreglur. Þetta frv. fjallar ekki um hegðunarreglur á markaðnum. Í hinu frv. er tekið mjög myndarlega á þeim þáttum og það mun birtast hér einhvern næstu daga.

Svo var það sem ég álít að hv. þingmaður hafi einnig nefnt varðandi neytendaþáttinn. Það er rétt að hér er ekki tekið á þeim þætti mála en þá vil ég geta þess að ég hef ákveðið að skipa nefnd til að undirbúa frekari stefnumörkun í sambandi við bankaþjónustu. Nefndin mun yfirfara erlenda umræðu um samningsskilmála og réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja, hugleiða íslenskar aðstæður og koma fram með sjónarmið sem nýst geta í frekari stefnumörkun. Þessi nefnd mun verða skipuð fulltrúum frá Neytendasamtökunum, viðskrn., Sambandi íslenskra sparisjóða og fleirum. Þar er reynt að loka hringnum með því að taka einnig á þeim þætti.

Í sambandi við sparisjóðina — við förum örugglega betur í það á eftir — finnst mér gæta ákveðins misskilnings hjá hv. þingmanni. Það að breyta sparisjóði í hlutafélag er orðið heimilt með lögum. Við það verður til ákveðin sjálfseignarstofnun, þ.e. það fjármagn sem ekki er stofnfé, og einhver þarf að stjórna henni. Hver er bestur til þess? Jæja, við skulum segja að það séu stofnfjáreigendurnir, þeir hafa a.m.k. lagt eitthvert fé inn í sparisjóðinn. Þannig eru lögin. Það er hægt að selja út og þá fer það fjármagn til líknarstarfsemi eða menningarstarfsemi. Mér finnst einhvers misskilnings gæta þarna en ég veit að það er ekki tími til að fara náið út í það núna.

[13:04]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því sem hæstv. ráðherra sagði hér um að frv. væri á leiðinni inn sem hefði að geyma hegðunarreglur fyrir þennan markað. Ég vissi ekki um það og taldi einhvern veginn að þær reglur hefðu átt að vera í því frv. sem hér er verið að ræða.

Ég tel að það sé enginn misskilningur á ferðinni af minni hálfu í þessu máli. Ég tel að aðalágreiningurinn hafi ekki snúist um það að menn mættu ekki stofna hlutafélög til þess að reka bankastarfsemi á Íslandi, heldur hvort breyta mætti sparisjóðunum í hlutafélög. Þau skilaboð sem komu í umræðunni sl. vetur voru á þann veginn að þetta mundi allt saman ganga fyrir sig án þess að menn gætu hagnast á því að selja yfirráð yfir fjármunum sem þeir áttu ekki. Ég skildi umræðuna þannig.

Auðvitað er búið að setja þessi lög og þau standa. Skilaboðin sem komu fram í umræðunni voru þó önnur um það hvernig lögin mundu virka. Ég tel — það varð ég að segja hér og skal endurtaka — að eins og í pottinn er búið núna sé ekkert vandamál fyrir stofnfjáreigendur að selja yfirráð yfir fjármunum eignarhaldsfélaganna í framtíðinni. Þegar þeir hafa stofnað hlutafélög geta þeir gert það. Alþingi mun með þessum hætti fullkomlega strika undir að það sé allt í lagi. Og þá er það bara þannig og þá eiga menn líka að segja það.

[Fundarhlé. — 13:08]

[13:31]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég óska eftir því að hæstv. viðskrh. sé viðstödd umræðuna af sérstöku tilefni.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti mun sjá til þess að hæstv. viðskrh. komi. Viðskrh. er hér í húsi þannig að hún mun koma eftir örstutta stund.)

Ég ætla þá að byrja á að fjalla lauslega um frv. Ég tek undir með öðrum hv. þm. að nokkuð skammur tími hefur gefist til að ígrunda frv. sem er afskaplega mikilvægt og mjög þarft að mörgu leyti. Þarna eru ákvæði sem veita Fjármálaeftirlitinu heimild til að hækka nauðsynlegt CAD-hlutfall fyrirtækja á fjármálamarkaði úr 8% í eitthvað meira. Þær heimildir eru mjög opnar og ég vil biðja hv. nefnd sem fær frv. til umsagnar að gæta sérstakan varhug við því að vera ekki að framselja vald til Fjármálaeftirlitsins, ótakmarkað eða ómælt, líka sérstaklega að gefnu tilefni af því hvernig það hefur farið með vald sitt.

Það er margt gott í frv. Verið er að samræma lög um rafeyri og fleira. Það er sem sagt lítið nema gott um frv. að segja að öðru leyti en því sem snýr að sparisjóðunum og þess vegna, herra forseti, ætlaði ég að fá hæstv. viðskrh. til — já, hún er komin.

Herra forseti. Ágreiningur er um tilboð Búnaðarbankans til stofnfjáreigenda SPRON sem fimm stofnfjáreigendur tóku þátt í. Ágreiningur er um hvort umsögn Fjármálaeftirlitsins sé jákvæð eða neikvæð og hvort það hafi svarað á réttum tíma, en í lögum stendur að sé ekki svarað innan mánaðar frá því nægileg gögn eru komin, þá teljist viðkomandi aðili hæfur. Fjármálaeftirlitið hefur því 30 daga, gæti náttúrlega svarað daginn eftir ef það vildi, en það svaraði miklu seinna, tveim, þrem mánuðum seinna. Samkvæmt lögunum eru þessir fimm stofnfjáreigendur hæfir og Búnaðarbankinn þar með.

Ég ætla ekki að fara út í efnisatriði þessa máls, en það sem kom fram hér áðan var það að hæstv. viðskrh. tók sér hlutverk dómara, herra forseti, og dæmdi í málinu. Hún sagði að þetta tilboð væri ólöglegt. Og þarf þá væntanlega ekki að vísa því til dómstólanna eftir það. Þetta er mjög alvarlegur hlutur. Þegar ráðherra segir að ágreiningsmál þar sem einstaklingar eiga í ágreiningi, þegar ráðherra segir úr ræðustól Alþingis að það tilboð sé ólöglegt, þá spyr maður um þrískiptingu valdsins, herra forseti, um framkvæmdarvald, dómsvald og löggjafarvald. Á löggjafarþinginu segir ráðherrann eftir að hafa flutt frv. að ákveðinn ágreiningur sé, hún er búin að dæma um ákveðinn ágreining og að ákveðið tilboð sé ólöglegt og ákveðnir samningar.

Þetta finnst mér ekki ganga, herra forseti. Þessu vildi ég beina til forseta og hæstv. ráðherra.

En varðandi sparisjóðina í heild sinni, þá er vandinn sá að þar er fé sem enginn á en einhver ræður. Það er um yfirráðin yfir slíku fé sem styrinn stendur. Yfirráðin núna eru í höndum stjórnar viðkomandi sparisjóðs. Hún stjórnar rekstrinum frá degi til dags, en þarf einu sinni á ári að bera reksturinn undir fund stofnfjáreigenda sem eru afskaplega dreifðir. Það er þekkt að þegar eignaraðildin er dreifð þá vex vald stjórnarinnar. Eftir því sem hún er dreifðari því meira

er vald stjórnarinnar. Þetta er þekkt úr stjórnunarfræðum. Stjórn sparisjóðs er því mjög valdamikil.

Í vor var samþykkt frv. um hlutafjárvæðingu sparisjóðanna sem var talin nauðsynleg til að þeir héldu velli í framtíðinni í sífellt harðnandi heimi fjármálamarkaðarins og frv. var samið að tilhlutan sparisjóðsmanna sjálfra, þeir voru frumkvöðlar að þeirri lagasetningu. Samkvæmt því átti að breyta sparisjóði í hlutafélag, það átti að gefa honum kost á að afla sér áhættufjár á markaði, en það átti að myndast fé sem enginn átti, sjálfseignarstofnun, það er það fé sem var umfram framreiknað stofnfé stofnfjáreigenda. Þetta var sett í lög. Sú sjálfseignarstofnun ræður mjög miklu. Í tilfelli SPRON hefði hún ráðið tæplega 90%.

Það er dálítið athyglisvert að heyra menn tala um að stefnt sé að dreifðri eignaraðild og enginn megi fara með meira en 5% í sparisjóði, en á sama tíma er sagt í aukagrein að þrátt fyrir það sé heimilt að kveða á um að sjálfseignarstofnun sé ekki bundin af þessum 5% mörkum. Stjórn sjálfseignarstofnunar ræður öllu í flestum sparisjóðum, ef þeir breytast í hlutafélag. Ég vil geta þess að engum sparisjóði hefur enn verið breytt í hlutafélag. Hún ræður yfir þeirri sjálfseignarstofnun sem enginn á og sjálfseignarstofnunin ræður yfir sparisjóðnum og sparisjóðurinn ræður síðan yfir miklu veldi eins og ég gat um áðan. Ég vil nefna nokkur dæmi um það.

Í fyrsta lagi áttu sparisjóðirnir lengi vel meginhlutann í Kaupþingi, reyndar hefur sá eignarhlutur verið að þynnast, en þeir eiga sennilega enn þá þriðjung eða helming í Kaupþingi. Kaupþing er mjög framsækið, duglegt og hvasst fyrirtæki. Það hefur stundað viðskipti, hörð viðskipti víða um heim, hefur t.d. tekið yfir sænskan banka. Sumir töluðu um fjandsamlega yfirtöku sem olli uppnámi í því landi á verðbréfamarkaði þar, en er nú gengið í gegn og þetta er sem sagt mjög virkt fyrirtæki. Þessu fyrirtæki er stýrt af sparisjóðunum og sparisjóðunum er svo stýrt af stjórnum sem kosnar eru af stofnfjáreigendum. Þetta er mikið vald. Og það merkilega er að enginn á í þessu mikla valdi, það er enginn sem á fjármuni í því fyrir utan kannski eitthvert stofnfé sem menn eiga. Í tilfelli SPRON er það að hámarki 700 þús.

Ég hef löngum gagnrýnt þetta fé og sagt að þar sem menn ekki hafa hagsmuni sem eigendur, þá gætu þeir farið að blanda öðrum hagsmunum inn í dæmið, ég er ekki að segja að þeir geri það. Þeir gætu t.d. farið að veita sjálfum sér ódýr lán og þeir gætu farið að kaupa fyrirtæki á yfirverði. Þetta er það sem menn gætu gert ef þeir ráða yfir fé sem þeir eiga ekki sjálfir, vegna þess að þeir tapa ekki á því ef sparisjóðurinn gerir mistök, af því þeir eiga ekki neitt, það er þetta fé sem enginn á sem tapast.

Ég hef sett spurningarmerki við ýmsar fjármálaaðgerðir sparisjóðanna og þá SPRON núna síðustu mánuði.

Í fyrsta lagi keypti SPRON Frjálsa fjárfestingarbankann, heilan banka, á 3,8 milljarða af Kaupþingi, sem er í eigu sparisjóðanna. Það kann að vera svo sem allt í lagi, sama hvar peningurinn liggur, nema það að Kaupþing er ekki sparisjóður, þar er ekki göfugt fé, ekki eins og í sparisjóðunum. Og þarna er spurningin um verðmat á þessu fyrirtæki. Þetta er ekki skráð fyrirtæki. Þetta var fyrirtæki sem var algjörlega í eigu Kaupþings og spurningin er: Hver mat verðið og hver eru skekkjumörkin í því verði? Ég giska á að skekkjumörkin séu plús/mínus 500 milljónir. (**Gripið fram í:** Hvert var verðið?) 3,8 milljarðar, herra forseti, var verðið og það er meira en allt eigið fé SPRON, ég vil benda á það. Þeir kaupa fyrirtækið fyrir meira en allt eigið fé SPRON. Og þetta virðast þeir geta gert án þess að spyrja kóng né prest, án þess að spyrja fund stofnfjáreigenda og án þess að spyrja Fjármálaeftirlitið.

Ég ætla ekki að ræða um það hvaða möguleikar bjóðast til misnotkunar þegar menn eru að kaupa fyrirtæki sem gæti verið hundruðum milljónum dýrara en ætti að vera, eða hundruðum milljónum ódýrara. En ég tek fram að ég er ekki að segja að eitthvað sé bogið við þetta dæmi sérstaklega.

Síðan hefur gerst dálítið merkilegt. Það er fyrirtæki sem heitir Meiður hf. sem hét áður SP-eignarhaldsfélag. Það fyrirtæki keypti hlut SPRON í Kaupþingi og á eftir þá breytingu 20,8% í Kaupþingi, ráðandi hlut í Kaupþingi, vegna þess að annað hlutafé Kaupþings er afskaplega dreift. Stjórn Meiðs ræður sem sagt miklu um kjör stjórnar Kaupþings. En það merkilega er að Kaupþing á 44% í Meiði. Stjórn Kaupþings ræður því öllu um val stjórnar Meiðs.

Þetta ættu menn að skoða og ég bendi hv. efh.- og viðskn. á að skoða þetta dæmi sérstaklega, hvernig það verður til og hvort ekki sé komið tilefni til að setja lög um það að eignarhald fyrirtækja í hverju öðru þar sem eignarhaldið fer í hring, að fyrirtæki A á í B og B á í A, eða keðjan er kannski lengri, þá sé ákvæði um að það fé fari ekki með atkvæðismagn, sem er eðlilegt því að í lögum stendur að fyrirtæki geti ekki farið með atkvæðismagn fyrir eigin hlutafé og ætti ekki heldur að gera það þegar það fer svona í hring.

Þetta eru þau dæmi sem hafa gerst að undanförnu í sambandi við Kaupþing og SPRON. Afskaplega virkir menn.

Menn hafa rætt dálítið um dreifða eignaraðild og margir voru á þeirri skoðun að hægt væri að koma slíku við, en síðan eru menn að fallast á að það sé alltaf erfiðara og erfiðara að koma slíku við, vegna þess að menn tengjast á alls konar máta, ekki bara blóðböndum, ekki bara systkin, bræður og systur, heldur líka klúbbfélagar. Menn hittast í sundlauginni eða eitthvað slíkt og geta gert með sér óformlegt samkomulag um að styðja hver annan í stjórnarkjöri og þannig geta orðið tengsl á milli atkvæða eða hluta sem hvergi eru sýnileg. Þess vegna telja menn að það sé nánast útilokað að koma á dreifðri eignaraðild, fyrir utan að það rekst á reglur Evrópusambandsins.

En í sparisjóðunum er gert ráð fyrir að einn aðili fari með mjög stóran hlut, sem er sjálfseignarstofnunin. Hún á að fara með í SPRON nærri 90%. Ég spyr þá sem styðja það, sérstaklega ráðherrann sem vill hafa dreifða eignaraðild, hvernig það geti verið að hún fallist á það að einn aðili farið með nærri 90%. Er það dreifð eignaraðild? Hann er einn því það er ein stjórn yfir honum og sú stjórn ræður. Það kemur ein rödd fram sem ræður 90%, meiri hluti stjórnar í þeim sjóði á þeim tíma og það er enginn sem á þetta.

Svo er mjög athyglisvert, herra forseti, að í frv. stendur að verja eigi sparisjóðina yfirtöku. Það heitir að „treysta yfirtökuvarnir sparisjóðanna". Hvað er að gerast? Það verður eitthvert mál hér í sumar þar sem Búnaðarbankinn ætlar að yfirtaka og sameinast sparisjóðnum og sumum líkar það ekki. Ég bendi í þessu sambandi á að sparisjóðirnir ætluðu einu sinni að kaupa Búnaðarbankann og sameinast en þá var það allt í lagi. Þeir sem líkaði ekki yfirtakan lýsa því yfir að þetta sé ólöglegt og ég veit ekki hvað og hvað. Síðan fellir Fjármálaeftirlitið úrskurð um að heimilt sé að selja á yfirverði. Nema hvað? Stjórnarskráin tryggir jú eignarrétt og ef einhver vill kaupa bíl á hærra verði getur enginn bannað að bíllinn verði seldur eða einhver önnur eign manna, hvort

sem það er stofnfé eða annað. Það kemur sem sagt tilboð og sumir eru ekki sáttir við það. Hvað gera þeir? Þeir leggja fram frv. sem á að loka á þennan möguleika og lýsa því yfir að samningar sem gerðir hafa verið séu ólöglegir, þá þurfi að taka upp aftur og þeir ætla sem sagt að grípa inn í þennan ágreining með tilskipunum, nákvæmlega eins og einræðisherrar fyrri tíma. Í staðinn fyrir að láta dómstóla landsins kveða upp úr um það hvort þetta sé í samræmi við lög o.s.frv. dæma menn hér á Alþingi, sumir þingmenn, sem er svo sem í lagi, og svo meira að segja hæstv. ráðherra, sem er ekki í lagi. Þetta minnir dálítið á tilskipanir fyrri tíma.

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson kom inn á það að ég hefði verið málaliði eða verktaki hjá Búnaðarbankanum sem einn af stofnfjáreigendum og hann gat um þær 5 milljónir sem okkur voru ætlaðar. Það var reyndar samkvæmt gjaldskrá Búnaðarbankans, viðurkenndri gjaldskrá hjá fjármálafyrirtækjum, þar á meðal hjá Kaupþingi og væntanlega sparisjóðunum líka. Það er svokallað „finder's fee". Þegar menn standa að því að sameina fyrirtæki, kaupa upp eða selja, er þeim boðið svona „finder's fee". Það er enska, ég veit ekki íslenska orðið yfir það, og þetta er talinn eðlilegur hlutur í viðskiptum, og stundað alls staðar. Ég hafði reyndar talsverðar efasemdir um þetta þegar ég frétti það á þriðja degi og hugsaði hvort ég gæti sleppt því að fallast á að taka við því o.s.frv. en þetta virðist vera orðið meginmálið í hugum margra. Ekki það að stofnfjáreigendur selji hlut sinn á yfirverði — sem er heimilt — og ekki það að þeir fái eitthvað fyrir yfirráðin yfir því fé sem enginn á. Það eru hins vegar þau yfirráð sem málið snýst um og ekkert annað. Það eru yfirráðin yfir fénu sem enginn á sem um er að ræða, ekki ávöxtun fyrir það fé því hún átti að vera tryggð, og hún er tryggð í lögum. Ekki heldur féð sjálft og hvert það á að renna — það á að renna til menningar- og líknarmála — þar er enginn ágreiningur og um ekkert sem menn ætla að gera. Það eru yfirráðin yfir þessum peningum sem skipta máli. Það eru þessi yfirráð sem Búnaðarbankinn ætlaði að kaupa og síðan að sameina rekstur SPRON og Búnaðarbankans til hagræðingar á markaði.

Ég lagði til, herra forseti, fyrir hálfu ári að menn skoðuðu þá leið að í staðinn fyrir að búa til fé sem enginn ætti en einhver ræður væri þessu fé hreinlegt dreift út, einfaldlega skipt á milli Hjálparstofnunar kirkjunnar, Rauða krossins, Óperunnar o.s.frv., menningar- eða listahúsa og því um líkt, þannig að þeir aðilar mundu eignast hlutabréf í sparisjóðnum á viðkomandi svæði en gerðu þá líka kröfu um arðsemi. Það er munurinn. Þá ættu þeir þetta fé og mundu gera kröfu um arð. Þeir gætu líka selt það ef þeim sýndist svo og þá væri raunverulega farið að nota þetta fé til menningar- og líknarmála eins og því er ætlað. Þetta lagði ég til í vor en það var ekki skoðað frekar en annað. Ekki var heldur skoðuð sú leið sem ég benti á og var síðan farin í sumar, þessi yfirtaka. Ég benti á þá leið í umræðunni í fyrra. Ég ætla að vona að þingmenn hafi skilið það, og hæstv. ráðherra, þegar ég benti á það. Það stendur í ræðu. (**Gripið fram í:** ... frá þér.) Menn geta ekki afsakað sig, lögin voru samþykkt svona þó að menn vissu af þessu.

Ég lagði til að því fé sem enginn á yrði dreift og enn fremur að stofnfjáreigendur fengju eitthvað meira en þetta litla sem ætlað var í lögunum. Það var virkilega farið illa með stofnfjáreigendur í þessum lögum og ef SPRON hefði verið breytt í hlutafélag 28. júní eins og til stóð væri stofnfjáreignin orðin verðlaus hlutabréf, gjörsamlega verðlaus, vegna þess að einn aðili mundi ráða 90% og enginn vill kaupa hluta af þeim 10% sem eftir yrðu. Þannig er veist að stofnfjáreigendum sem einir hafa lagt fram fé í sparisjóðina. Þeir bjuggu reksturinn til og standa einir undir honum. Það var enginn annar sem gerði það. Það var enginn annar sem lagði fram áhættufé og hefði hugsanlega getað tapað því. Sumir stofnfjáreigendur hafa tapað fé sínu, ég vil benda á það, vegna þess að sparisjóðir hafa farið illa og orðið gjaldþrota. Það er ekki eðlilegt að menn fái ekki eitthvað fyrir sína áhættu. Og ég vildi að nefndin skoðaði að stofnfjáreigendur fengju eitthvað fyrir sína áhættu, að hafa lagt fram féð, en restinni yrði svo dreift á menningar- og líknarfélög á viðkomandi svæði, að þau fengju hlutabréf í viðkomandi sparisjóði. Þannig vildi ég hafa þetta í vor en ekki að búa til fé sem enginn á en einhver ræður og getur notað í valdabrölti hingað og þangað. Það er nefnilega það sem gerist og það er það sem þingmenn horfa upp á í dag.

[13:51]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki ætla ég að blanda mér í umræðu um sumarstörf hv. þingmanns heldur aðeins að víkja að því sem hv. þm. Pétri Blöndal er nokkuð tamt að nefna, fé án hirðis. Hann talar um fjármuni sparisjóðanna eins og þeir séu án eigenda, gjarnan í vörslu fámennrar klíku eins og hann hefur orðað það sem er þó stjórn og starfsmenn sparisjóða.

Ég er ekki sammála hv. þingmanni um þessa túlkun og finnst hann víkja nokkuð frá þekktu hugtaki í stjórnsýslu sem kallast m.a. fulltrúalýðræði þar sem ákveðnum fulltrúum er trúað fyrir eignum eða valdi. Um það snýst þetta mál.

Nú hefur hv. þm. unnið ötullega hér á Alþingi í bráðum átta ár, m.a. tekið þátt í að greiða atkvæði um fjárlög. Má ekki með nákvæmlega sama hætti segja að þau fjárlög sem verið er að véla um hér og teknar eru um pólitískar ákvarðanir feli í sér fé án hirðis? Lítur hv. þm. svo á að alþingismenn eigi það fé? Eða að fjmrh. eigi það fé? Eða ríkisféhirðir eigi það fé sem fer um ríkiskassann? Ég held að engum detti það í hug, heldur er þetta afleiðing af ákveðinni stjórnsýslu hjá okkur þar sem alþingismenn hafa verið kjörnir til þess að fara með þetta fé, veita það eftir ákveðnum markmiðum og síðan er það fjmrh. og ríkisféhirðir og starfsmenn sem er trúað fyrir þessu fé í umboði þjóðarinnar. Gildir ekki nákvæmlega það sama um þetta og þær eignir sem tilheyra sparisjóðunum?

[13:53]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég hafi hvergi nefnt í ræðu minni fé án hirðis, ég hef talað um fé sem enginn á, en hins vegar bjó ég til þetta hugtak, „fé án hirðis", fyrir löngu síðan.

Vissulega er það rétt hjá hv. þingmanni að í ríkissjóði er líka fé án hirðis. Og við höfum búið til alls konar kerfi til að halda utan um það, að ekki sé farið illa með það fé, Ríkisendurskoðun o.s.frv. Við erum með heilmikið batterí til að koma í veg fyrir að illa sé farið með það fé vegna þess að sú hætta er til staðar. Hún er til staðar. Það er einmitt það sem bent hefur verið á, m.a. atgangurinn í kringum fjárln. á hverju hausti. Hvað eru menn að gera þarna? Þetta er útgerð á ríkissjóð og ekkert annað. Ég hef margoft bent á að sömu lögmál eiga að gilda um ríkissjóð og sparisjóðina nema að því leyti að sparisjóðsféð á enginn en ríkissjóður er þó væntanlega í eigu skattgreiðenda, þ.e. Íslendinga. Það er hins vegar tekið fram að enginn á sparisjóðina.

Og við erum líka með kerfi lífeyrissjóða þar sem sjóðfélagarnir koma ekki að stjórnun. Hvernig stendur á því að sjóðfélagi fær ekki að stjórna ráðstöfun þess fjár sem á að standa undir lífeyri hans í ellinni? Hvernig stendur á því, herra forseti? Þetta er allt fé sem ég hef kallað fé án hirðis vegna þess að hin harða hönd eigandans er ekki til staðar. Hún er ekki til staðar og segir: Nú hefur verið farið illa með, við skulum láta menn bera ábyrgð. Þetta eigendaleysi leiðir til ábyrgðarleysis í fjármálum, þetta fé sem enginn á, og því miður eru allt of mörg dæmi um það, sem almenningur þekkir, í ráðstöfun fjár hins opinbera í gegnum fjárlög.

[13:55]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki verið alveg sammála hv. þingmanni. Ég er þeirrar skoðunar að lýðræðið sé afskaplega hentugt form og það er það stjórnarfyrirkomulag sem við búum við hér. Hin harða hönd eigandans lætur þá sem hún trúir fyrir fjármunum sínum, þ.e. alþingismenn, aldeilis vita af sér þegar kemur að kosningum. Þetta er bara það sem við köllum fulltrúalýðræði þar sem þingmönnum og embættismönnum er trúað fyrir þessum ákveðnu fjármunum. Við setjum okkur pólitísk markmið um það hvernig við viljum verja þeim. Nákvæmlega það sama tel ég að gerist hjá sparisjóðunum. Þeir starfa eftir ákveðnum markmiðum sem stofnfjáreigendur settu sér, sem þeir skrifa undir þegar þeir kaupa stofnfjárhlut í sparisjóðunum, þ.e. að tryggja þessum stofnfjáreigendum tiltekinn arð, hugsanlega ekki hámarksarð, en það er bara nokkuð þokkalegur arður sem sparisjóðaeigendur hafa fengið. Sá hagnaður sem verður til er notaður í þágu samfélagsins enda eru sparisjóðir víðast hvar um land ötulastir til að veita hagnaðinn til þeirra íbúa sem búa á starfssvæði sparisjóðanna. Og það tel ég vera afskaplega göfugt. Spurningin snýr kannski að einhverju leyti að því hvort megi, að mati hv. þingmannsins, verja fjármununum í þessum samfélagslega tilgangi, sem ég tel afskaplega göfugan og mikilsverðan og hefur gagnast mörgum starfssvæðum sparisjóðanna afskaplega vel, eða hvort einungis eigi að horfa á mjög hart gróðasjónarmið einstaklinga. Þar er líklega ágreiningur á milli mín og hv. þingmanns.

[13:57]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ágreiningurinn sé um miklu meira en þetta. Þetta er náttúrlega bara spurningin um það hvort við erum hlynnt frelsi einstaklingsins, framtaki hans og því að verðlauna hann fyrir það sem hann gerir eða hvort menn aðhyllast þá stefnu að rífa allt af öllum, setja í einn pott og dreifa aftur út til manna, gefa þeim þeirra eigin peninga og þiggja þakkir fyrir. Það er einmitt það sem gerist á hinu háa Alþingi, hér er oft og tíðum verið að gefa peninga í fjárln., peninga sem menn hafa jú borgað sjálfir með sköttum — og þeir eiga að þakka fyrir. Þetta er kannski munurinn á skoðunum okkar.

En ég hef bent á að fé sem enginn á getur leitt til ábyrgðarleysis. Ef maður sem á peninga tekur ranga ákvörðun, t.d. í stjórn hlutafélags sem hann á, tapar hann. Hann tapar sjálfur. Og ef hann gerir það nægilega oft og nægilega illa fer hann út af markaðnum, þá á hann ekkert lengur. Það er refsingin fyrir ábyrgðarleysi.

Hvað gerist hins vegar þegar maður fer illa með annarra manna fé? Ekki neitt. Það gerist ekkert þótt settir séu peningar í ranga höfn einhvers staðar sem engan arð gefur og er algjörlega út í hött. Það gerist ekki nokkur skapaður hlutur. Nema að skattarnir eru hækkaðir. (**Gripið fram í:** Það kemur höfn.) Það kemur höfn, já, en hún er kannski ónotuð. (**Gripið fram í:** Það er nefnilega það.) Það getur vel verið að einhver hafi gaman af því. Ekki ég. Mér þykir það sárt. En þarna kemur upp ábyrgðarleysið, sá sem ráðstafar peningunum ber ekki ábyrgð á ráðstöfuninni, honum er ekki refsað fyrir hana. Fé sem enginn á leiðir til ábyrgðarleysis.

[13:59]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins ein leiðrétting. Það hefur aldrei staðið annað til af hálfu neins en að standa vörð um hag stofnfjáreigenda, að stofnfjáreigendur geti selt hlut sinn og fengið hann verðbættan.

Í öðru lagi varðandi þessa umræðu um fé án hirðis. Sú hugsun að menn geti aldrei gert nokkurn skapaðan hlut án þess að þeir hagnist á því persónulega er hugsun sem mér finnst ekki vera mjög geðsleg, og reyndar held ég að menn séu líklegri til að sýna samfélagslega ábyrgð ef þeir starfa ekki samkvæmt sérhagsmunum heldur geta barið niður í sér sérgæskuna. Og af því að vikið var að lífeyrissjóðunum áðan hefur mér einmitt oft fundist ákveðin hætta felast í því hve þröngt lífeyrissjóðirnir hugsa um hag lífeyrissjóðsins, bæði samkvæmt lögum og ásetningi stjórnarmanna, að ávaxta hans pund eins vel og mögulegt er án tillits til samfélagslegra þátta. Þegar allt kemur til alls er hagur lífeyrissjóðanna þegar til framtíðar er litið kominn undir því hvernig efnahagslífinu í heild sinni vegnar og þá þarf að sýna ábyrgð. Ef við reisum of harðar kröfur á hendur fjármagninu, viljum fá of mikla vexti út úr því, setjum við hagsmuni heimilanna og fyrirtækjanna á spil og þar með lífeyrissjóðanna þegar til lengri tíma er litið. Ég vara því við þessari þröngu sérhagsmunahugsun.

Síðan er það misskilningur af hálfu hv. þm. Péturs H. Blöndals, sem er reyndar ekki nýr af nálinni, að sjóðfélagar komi ekki að stjórnun sjóðanna. Það gera þeir í gegnum samtök sín, samtök launafólks, og atvinnurekendasamtökin frá hinni hliðinni.

[14:01]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segist standa vörð um hag stofnfjáreigenda. Ef stjórn SPRON hefði náð fram markmiðum sínum um að breyta honum í hlutafélag 28. júní þá ættu stofnfjáreigendur núna hlutabréf í SPRON hf. sem er 10% af öllu hlutafénu. Heldur hv. þm. að einhver hefði viljað kaupa þau hlutabréf í dag vitandi að einn aðili ræður 90%? Ekki nokkur einasti maður. Stofnfjáreigendur fengu fyrir breytinguna allan arð sparisjóðsins en eftir breytinguna einungis 10% af arðinum. Síðan segist hv. þm. vera að gæta hagsmuna stofnfjáreigenda. Það er ekki rétt.

Ég vil líka nefna það að stofnfjáreigendur hafa tapað sínu fé. Hefur einhver risið upp og sagt að það þurfi að bæta þeim úr ríkissjóði? Menn töpuðu fé hjá Sparisjóði sennilega Sauðárkróks, en nokkrir sparisjóðir hafa farið á hausinn þar sem menn hafa tapað. Hefur einhver lagt til að það yrði bætt? Hefur einhver lagt til að stofnfé yrði verðbætt frá upphafi, í hundrað ár? Ekki er mér kunnugt um það.

Það að enginn geti gert rétt er ekki satt. Ég hef þá trú að 80% af fólki sé strangheiðarlegt og það er reynsla mín að hægt sé að treysta 80% af fólki mjög vel, 10% í viðbót svona nokkurn veginn, 5% í viðbót ekkert voðalega vel og 5% eru

kannski bara skúrkar. En þegar þeir komast til valda í svona kerfi, skúrkarnir — og þeir sækja í það eins og býflugur í hunang — þegar þeir komast til valda þá gerist eitthvað. Þess vegna hef ég alltaf undirstrikað að ég er ekki að segja um þá menn sem núna stjórna að eitthvað misjafnt sé um þá að segja, alls ekki. Ég hef aldrei sagt það. En hættan er til staðar í því fé sem enginn á.

[14:03]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka það að ég hef viljað standa vörð um hag stofnfjáreigenda samkvæmt því sem ég tel vera eðlilegar sanngirniskröfur. Svo greinir okkur á um hvað sé eðlilegt og hvað sé sanngjarnt í þessum efnum.

Oft hef ég furðað mig á því í tengslum við þetta tal hv. þm. Péturs H. Blöndal um fé án hirðis — og ég tek undir þau sjónarmið sem komu hér fram hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni — hvernig hann lítur á hlutvert sitt á Alþingi þar sem hann er hirðir fjármuna almennings. Við ræddum hér fyrr í dag um einhverjar umsvifamestu framkvæmdir í Íslandssögunni í tengslum við Kárahnjúkavirkjun og fyrirhugað álver. Hv. þm. greiddi því atkvæði hér í vor að heimila ríkisstjórninni (Gripið fram í.) að ráðast í virkjunarframkvæmdir án þess að hann hefði séð nokkra samninga sem lægju til grundvallar. Þarna finnst mér hv. þm. ekki rækja hlutverk sitt sem hinn góði hirðir almennings.

[14:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki viljað auka hlut ríkisins, ekki eins og hv. þm. Ég hef viljað lækka skatta og barist fyrir því. Ég vil minnka umsvif ríkisins og mér þykir sárt að vita til þess hvað Landsvirkjun, sem er opinbert fyrirtæki, fjárfestir mikið. Ég vil selja Landsvirkjun. (**ÖJ:** En þú skrifar upp á óútfylltan tékka.) Vissulega geri ég það vegna þess að ég þarf að vega og meta þá hagsmuni sem um er að ræða og ég met það meira að (Gripið fram í.) þjóðin njóti góðs af þeim fallvötnum sem hér renna. Ég met það meira sem stoð undir atvinnulífið á Íslandi og velferð að við nýtum þær auðlindir sem við eigum.

Hins vegar mundi ég vilja breyta Landsvirkjun í hlutafélag og selja hana vegna þess að ég er ekki hlynntur því að ríkið sé að standa í þessum geysilegu framkvæmdum. Og sem betur fer miðar núna örlítið í þá veru. Það er búið væntanlega að selja Landsbankann. Búnaðarbankinn er næstur. Ég vona að við seljum Landssímann fljótlega og ég vona líka að við getum selt Landsvirkjun fyrr en seinna. Þá erum við loksins að mestu leyti komin út úr þessum ríkisrekstri þar sem ríkið er allt of viðamikið og þar hefur myndast allt of mikið fé sem enginn á.

Auk þess legg ég til og hef lagt til mörgum sinnum að kveðið sé á um að sjóðfélagar eigi lífeyrissjóðina og að þeir kjósi stjórn beinni kosningu þannig að þeir hafi eitthvað um það að segja hvernig þeim miklu fjármunum er varið sem er ætlað til að standa undir lífeyri þeirra í ellinni.

[14:07]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætlaði rétt að ítreka þau sjónarmið sem ég setti fram hér áðan um þann tvískinnung sem oft kemur fram í málflutningi hægri manna á Alþingi og þar gengur hv. þm. Pétur H. Blöndal mjög framarlega í flokki. Hann er að tala um að við sýnum ábyrgð, ábyrgð með fjármuni. En síðan þegar kemur til hans kasta, hver er þá reyndin? Hann skrifaði hér upp á með samþykki sínu í atkvæðagreiðslu að ráðist yrði í virkjanaframkvæmdir án þess að fyrir lægju samningar um raforkuverð. Hann er að samþykkja hér sölu á eignum ríkisins, ríkisbankanna. Telja menn þar staðið vel vörð um almannahag? Ég held ekki. Hér er búið að gera samninga innan velferðarþjónustunnar sem sannanlega eru mjög óhagstæðir fyrir skattborgarana. Ég nefni þar Sóltúnssamninginn við Öldung hf. þar sem eigandinn kom fram ekki alls fyrir löngu og sagði að hér eftir mundi hann veðja á gamla fólkið, það gæfi svo vel af sér, þ.e. arðurinn af elliheimilum. Hvar eru þá þessir hirðar, þessir fjárgæslumenn Alþingis?

Ekki tjóar að koma hingað upp og segja að hann vilji selja Landsvirkjun eða koma henni úr tenglsum við ríkið. Það er ekki búið að því. Hún er á okkar ábyrgð. Þá er spurningin sú hvernig við sýnum þá ábyrgð í verki.

Hvernig sem á málin er litið, hvernig sem ríkið hefur komið að fjármálastarfsemi og á að gæta hagsmuna almennings þá hefur að mínum dómi verið afskaplega illa að verki staðið. Og því miður hefur hv. þm. sem talar svona digurbarkalega hér jafnan eða yfirleitt ekki verið undantekning. Það eru til undantekningar á því. Ég nefni þar ríkisábyrgðina við deCODE fyrirtækið sl. vor. En þegar á heildina er litið er þetta sú hirðmennska og ábyrgð sem hv. þm. sýnir.

[14:09]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þingmaður Sjálfstfl. eins og kunnugt er. Sjálfstfl. hefur ákveðna stefnu. Síðan er Sjálfstfl. í samstarfi við Framsfl. í ríkisstjórn og þar þarf að taka mið af stefnu beggja flokkanna. Þess vegna náum við ekki alfarið fram í ríkisstjórn því sem er stefna Sjálfstfl., að sjálfsögðu ekki. Vilji menn breyta því þá þurfa þeir að tryggja það að Sjálfstfl. fái meiri hluta á Alþingi. Þá gætum við hugsanlega farið að gera eitthvað af viti að mínu mati.

Herra forseti. Hv. þm. talaði um tvískinnung vegna þess að menn neyðast oft til þess á Alþingi að vega og meta hagsmuni hverja á móti öðrum. Ég stóð frammi fyrir því varðandi virkjanirnar að vega það og meta hvort ég vildi nýta auðlindir þjóðarinnar til hagsbóta fyrir þjóðina eða horfa svo stíft á það að það er ríkið og sveitarfélagið Reykjavík sem eiga Landsvirkjun — og Akureyri reyndar — og vera þar af leiðandi á móti því. Ég mat fyrri hagsmunina meiri enda ber ég þá von í brjósti að þetta fyrirtæki verði selt.

Hv. þm. svaraði eiginlega sjálfum sér varðandi fé án hirðis. Hann sagði: „Við sölu ríkiseigna hefur afskaplega illa verið að verki staðið.“ Hann var að segja að það er bara farið illa með fé án hirðis. Hann var að segja að gæslumenn fjárins — jafnvel þó að Ríkisendurskoðun, Alþingi og fleiri séu að passa það þá er samt sem áður staðið illa að verki. Er þá ekki niðurstaðan sú að menn reyni að hafa ríkið sem allra minnst og draga úr skattheimtu, (Gripið fram í.) hætta að rífa peninga úr vösum fólks, úr öðrum vasanum og setja í hinn?

[14:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að reyna að taka þessu af einhverri alvöru, nema þetta hafi verið meint sem grín. Þannig hljómar það. „Vegna þess að illa hafi verið staðið að sölu á almannaeignum þá sýni það að ríkinu og hinu opinbera sé ekki treystandi.“ Ég er að gagnrýna hv. þm. sjálfan. Ég er að gagnrýna ríkisstjórnina. Ég er að gagnrýna Sjálfstfl. og Framsfl. og meiri hlutann á Alþingi, hvernig hann hefur staðið að málum og haldið á hagsmunum Alþingis. Ég er að

tala um pólitíska ábyrgð þessara aðila og hvernig þeir hafa farið með þá ábyrgð.

Ein spurning undir lokin til hv. þm. er þessi: Í hvaða efnum hefur stefna Sjálfstfl. þurft að víkja fyrir stefnu Framsfl.?

[14:12]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að svara þessari spurningu. Að mjög miklu leyti hefur þurft að víkja, sérstaklega í skattamálum. Varðandi hátekjuskattinn o.s.frv. þá hefur það gerst og varðandi eignarskatta, lækkun á eignarsköttum sem reyndar koma hinum öldruðu best, þeim öldruðu sem berjast við að halda sér í sinni eign en þurfa að borga eignarskatta af lífeyri sem ekki er til þess ætlaður. Það á því við í skattamálum og í mjög mörgum öðrum málum að sjálfsögðu vegna þess að þetta eru jú tveir flokkar sem hafa mismunandi stefnuskrá. Sjálfstfl. hefur því þurft að beygja sig í mjög mörgum atriðum.

Herra forseti. Hv. þm. talaði um fé án hirðis (**Gripið fram í:** Þetta er allt Framsókn að kenna.) og hann talaði um kerfið. (Gripið fram í.) Hann sagði að ég væri að tala um framkvæmdina á sölu ríkiseigna. Það er það kerfi sem ég er að gagnrýna. Það er þetta fé án hirðis. Ég hélt við værum að tala um kerfið sjálft en ekki einstaka framkvæmd. Ef hv. þm. er á móti og segir að illa hafi verið að verki staðið í sambandi við sölu ríkiseigna og að Sóltún hafi verið allt of dýrt þá erum við einmitt að tala um það sem ég kalla fé án hirðis. Sóltún er jú greitt af ríkissjóði, herra forseti. Það er greitt af þessu fé sem enginn á eins og margt annað.

Ég tek undir gagnrýni hv. þm. á það dæmi og hugsanlega einhverju í sambandi við sölu ríkiseignanna. Það er kerfið sem er slæmt, þessi uppsöfnun fjár. Það er slæmt. Og það að rífa peninga af fólki í skatta og deila þeim síðan aftur út til þess, getur boðið upp á þau vandræði að afskaplega illa sé að verki staðið eins og hv. þm. kallaði það.

[14:14]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessu er nú að ljúka. Ég er ekki að taka undir það sjónarmið að í ríkissjóði og sveitarsjóðum sé fé án hirðis. Það fé hefur hirði og ég er að gagnrýna þann hirði. Sá hirðir heitir Sjálfstfl. og Framsfl. (**PHB:** Ekki Reykjavík líka?) og í þessu liði er meðal annarra hv. þm. Pétur H. Blöndal sem hér talaði. Ég nefndi dæmi um hvernig þessir flokkar hafa haldið á málum, hve illa þeir hafa haldið á hagsmunum almennings en jafnan hyglað hinum fjársterku aðilum í þjóðfélaginu sem hv. þm. harmar að skuli ekki hafa fengið meiri skattaívilnanir í seinni tíð en raun ber vitni og þykir þó mörgum nóg um.

[14:15]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Nú er verið að ræða frv. til laga um fjármálafyrirtæki sem lagt er fyrir þetta 128. löggjafarþing. Það er náttúrlega í mörgum köflum, enda mikið efni. Þar er mikið komið inn á fjármálaeftirlit og hvaða reglur eigi að gilda á milli fjármálastofnana í landinu.

Það er mjög eðlilegt að frv. komi fram vegna þeirra breytinga sem hafa átt sér stað undanfarin ár á fjármálamarkaðnum í sambandi við eignarhaldið og annað og frv. tengist líka nánast verðbréfaviðskiptum.

Umræðan hefur núna m.a. snúist um siðferði við sölu á hlutabréfum og þegar fjármálafyrirtæki gefa viðskiptavinum sínum ráð. Í fréttum undanfarið höfum við einmitt heyrt af fólki sem hefur farið til banka og fjármálastofnana í því skyni að fá leiðbeiningar um hvernig það geti varið fé sínu best og síðan hefur þessu fólki verið ráðlagt að kaupa hlutabréf í fyrirtækjum, t.d. deCODE, með þeim afleiðingum að það hefur tapað milljónum og sumir jafnvel eigum sínum, af því þeir voru svo einlægir í trú sinni og trausti á viðkomandi stofnun að þetta mundi allt ganga upp.

Það vekur svo spurningar um hvort fólkið sem gaf ráðin hafi verið í stakk búið til þess. Annaðhvort orsakaði það tjónið eða þá að einhver önnur sjónarmið réðu ferðinni þegar verið var að gefa fólki ráðin.

Ef t.d. banki hefur keypt mikið af hlutabréfum í einhverju fyrirtæki sem fer síðan að tapa peningum, þ.e. bréfin lækka í verði, ef bankinn kaupir hlutabréf sem lækka í verði og hann lendir í vandræðum og hneigist til að selja viðskiptavinum sínum bréfin þá er náttúrlega um háalvarlegt mál að ræða. Þetta hlýtur að koma inn í alla þessa umræðu sem nú er í gangi um fjármálafyrirtæki, því bankarnir tilheyra þeim líka.

Í fréttunum var viðtal við einn starfsmann Fjármálaeftirlitsins og hann talaði einmitt um innherjaviðskipti líka og sagði að þau væru orðin mjög alvarleg. Hann benti á, eftir því sem ég skildi hans tal best, að það þyrfti skýrari, skarpari og betri reglur um þessi mál. Eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal benti á áðan þá getur þetta verið þannig að A eigi í B og B eigi í C og C eigi í A. En samt er þetta látið líta út sem sjálfstæðar og óháðar fjármálastofnanir. Auðvitað þurfa reglurnar að vera skýrar og augljósar.

Ég held að menn muni fjalla lengi um þetta frv. eða muni þurfa nokkuð mikinn tíma til þess að skoða þetta allt saman vel því það koma svo mörg sjónarmið fram eins og við höfum bara heyrt núna.

Herra forseti. Í sambandi við sparisjóðina þá er ljóst að í mörgum tilvikum var stofnað til þeirra hreinlega vegna byggðasjónarmiða. Það voru menn í byggðunum sem hvöttu til þess að þeir yrðu stofnaðir og lögðu stofnfé í þessa sjóði. Þetta var gert með það að augnamiði að þeir sem byggju á svæðinu og í byggðunum gætu haft bankastofnun hjá sér svo þeir gætu verið með einhver smá peningaviðskipti og það væru ekki bara viðskipti með smjör, fisk, álnavöru eða eitthvað slíkt. En síðan hefur starfsemin þróast. Starfsemin hefur þróast og þetta eru orðin stór fyrirtæki í dag sem velta hundruðum eða jafnvel þúsundum milljóna. Og svo veit enginn hver á féð. Það er talað um fé án hirðis, þó ég vilji ekki halda því fram að það sé alveg rétt að nota svoleiðis hugtök. Þau minna á annað sem nú helgara en þetta.

Ástæða er til að benda á, herra forseti, umræðuna um sparisjóðina. Það sem gerðist varðandi þá í sumar sem leið var náttúrlega kapphlaup um peninga. Aðilar voru að reyna að komast yfir það fé sem er í þessum sparisjóði. Fólk var að reyna að komast yfir þetta fé og vildi ráða yfir því. Ég held nú að það hafi ekki endilega verið góði hirðirinn eða sú hugsun sem hafi ráðið ferðinni þegar verið var að tala um þetta. Þarna eru gífurlega miklir fjármunir og spurningin er: Hvar eiga þeir að lenda? Og hver á þetta? Sagt er að enginn eigi þetta. En hvert var markmið sparsjóðanna og hver var hugsjónin með stofnun þeirra? Kannski er hægt að rekja þetta til baka þannig. Væri þá rétt að dreifa þeim fjármunum sem Sparisjóður Reykjavíkur á meðal allra íbúa Reykjavíkur? Það er alveg jafngóð hugmynd og að dreifa öllu fé sparisjóðanna á Vestfjörðum, ef þeir verða aflagðir, bara á milli íbúa Vestfjarða. Er það nokkuð óeðlilegra en allt hitt sem hefur komið í umræðuna?

Síðan þegar verið er að ræða líknarmálin og menningarstarfsemi og annað sem fjármunirnir eiga að fara í þar sem um ábata hefur verið að ræða þá er líka kominn tími til að skilgreina hvað sé líknarstarfsemi og menningarstarfsemi. Lengi má deila um þetta allt saman. En auðvitað þarf það að vera skýrt hvernig fara eigi með þessa fjármuni.

Ef það eru einhver vandræði með hvað eigi að gera við peningana sem SPRON á þá er náttúrlega auðveldast að dreifa þeim á meðal íbúa Reykjavíkur — hið sama hlýtur þá náttúrlega að gilda um aðra sparisjóði — en láta þá sem eru búnir að leggja peninga úr eigin vasa í hann fá sitt fyrst. Þá held ég að allt væri í lagi. En það eru ekkert allir sammála þessu af því þeir hugsa sér eitthvað með þetta. Þeir ætla sér að fá eitthvað út úr þessu jafnvel án þess að hafa nokkuð lagt til þess.

Gott var að heyra það áðan hjá hæstv. ráðherra að í smíðum sé frv. um hegðunarreglur, þá væntanlega í viðskiptalífinu hér á landi. Ég vona að þær komi. Ég hitti mann í morgun sem er í forsvari fyrir fyrirtæki. Fyrirtæki hans skuldar töluverðar fjárhæðir og er að greiða núna af nokkrum milljónum 20% vexti. Ég spyr bara: Hvað er eiginlega í gangi hér í landinu þar sem allt á að vera svo stöðugt og stabílt, þar sem krónan á að vera sterk og fín og allt er svo gott og fínt í sambandi við efnahagsstjórnina og bankakerfið? En samt er hægt að taka svona háa vexti. Mér finnst þetta vera alveg óheyrilega háar upphæðir, 20% vextir. Það er alveg með ólíkindum að þetta skuli vera til. Ég tala nú ekki um þegar menn geta ekki einu sinni afnumið verðbæturnar af því þeir treysta því ekki að efnahagskerfið eða að efnahagslífið sé nógu sterkt eða stjórnin á fjármálunum. Til öryggis verðum við að hafa verðbætur því ef allt fer í hund og kött og við missum tökin á efnahagslífinu þá höfum við þær til öryggis. Traustið er ekki meira þrátt fyrir að lítil verðbólga hafi verið undanfarin ár. Undan þessu hefur fólk verið að kvarta og kveina og séð hvernig verðbótaþátturinn á ákveðnum tímabilum hefur hleypt lánunum alveg óheyrilega hátt upp, ekki í neinu samræmi við raunverulegt verðgildi þessara peninga. Ég held því fram.

En ég tek það fram aftur og spyr hvort það gæti verið í leiðbeinandi reglum fyrir fjármálafyrirtæki hversu háa vexti þau megi taka eða leggja á. Hvað er eðlilegt að vextir séu háir? Er eðlilegt að miða við þau lönd sem fjármálafyrirtækin á Íslandi hafa viðskipti við, t.d. Japan? Bankafyrirtæki og bankastofnanir hér eru að fá lán í Japan sem dæmi eða í öðrum löndum og lána svo hérna út. Það er gífurlega mikill vaxtamunur á þessu. Ég hef heyrt að vextir í Japan séu jafnvel niður í 1%. Síðan eru menn kannski að taka þetta að láni og borga til baka með góðu móti vegna þess að þeir taka svo háa vexti af þeim sem þeir lána.

Svo vakna náttúrlega spurningar um hversu mikil samkeppni sé á þessum markaði. Er í raun og veru einhver samkeppni á bankamarkaðnum? Finnur almenningur einhvern mun á því að fá lán í einum banka fremur en öðrum hér? Þetta er allt mjög svipað og öll þjónustugjöldin og taxtarnir sem eru í gangi. Þetta er vandamálið í landinu.

Þessi ágæti maður hjá Fjármálaeftirlitinu talaði líka um það að bankarnir þyrftu að stórauka það að leggja inn á afskriftareikninga sína. En það var talað um það fyrir ári síðan að fjárnám og vanskil ykjust og enn er verið að tala um það. Hvernig stendur á þessu? Er ekki ein skýringin sú hvað vextirnir eru gífurlega háir í þessu landi og hvað fjármagnskostnaðurinn er mikill og hvað það er erfitt að komast í það sem hv. þm. Gísli Einarsson nefndi hér áðan þolinmótt fjármagn?

Þetta vekur líka hugrenningatengsl til þáltill. sem hv. þm. Örlygur Hnefill Jónsson lagði fram í gær um að kanna rýrnun eigna á landsbyggðinni. Þetta tengist veðhæfinu og hvernig sjónarmiðin til allra eigna eru orðin ólík. Það er ekki hægt að taka veð í eign úti á landi. En ef hún er hér á þessu svæði þá er það hægt jafnvel þó atvinnustarfsemin sem fer fram í eign á landsbyggðinni sé miklu arðbærari en sú sem fer fram í eign hér fyrir sunnan. Þá er fólk farið að hafa meiri trú á steypu en á starfsemi.

Það vantar líka mikið inn í bankakerfið hér, herra forseti, að treyst sé á starfsemina sem er í fyrirtækjunum og horft á möguleikana sem starfsemin gefur af sér, en ekki hvað húsið muni kosta sem starfsemin á að vera í. Til þessa þarf meira að líta tel ég. Sérstaklega lýtur þetta að byggðamálum. Hvað er fólkið að fara að gera? Um hvað á vinna þessa fólks að snúast? Skilar hún einhverjum hagnaði? Það á ekki að segja: „Ja, við getum nú ekki farið að lána þessu fólki. Það hefur engin veð.“ Það þarf að spekúlera í því hvað fólkið ætlar að gera og styðja það og styrkja og efla það alveg eins og gert er víða um heim þar sem menn vilja sjá nýsköpun í atvinnulífi.

Herra forseti. Að lokum langar mig að þakka hæstv. ráðherra fyrir að beita sér fyrir því að fram komi hegðunarreglur í viðskiptalífinu hérna. Fréttir sem við höfum heyrt undanfarið eru náttúrlega með ólíkindum og dramað í kringum Íslenska erfðagreiningu sem byrjaði náttúrlega með pomp og prakt í Perlunni á sínum tíma.

[14:30]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu sem hefur verið ágæt og málefnaleg. Eins og búast mátti við var sparisjóðakaflinn nokkuð mikið til umfjöllunar. Það sem þar kom fram var m.a. það hvort hægt væri og hvort ekki væri rétt að lögleiða að ekki væri hægt að selja stofnbréf á yfirverði.

Ég fór yfir það áður í umræðunni að samkvæmt lögfræðiáliti er a.m.k. vafi á því að það standist eignarákvæði stjórnarskrárinnar. Þess vegna er sú leið ekki farin, heldur önnur leið sem kveður á um dreifða eignaraðild og fleiri þætti sem gera það erfitt að standa fyrir eða fara í yfirtöku eins og þá sem átti sér stað í sumar. Ég tel þá leið hafa verið þá einu réttu miðað við þær aðstæður.

Gagnrýnt hefur verið að ég skuli ekki hafa haft afskipti af málinu í sumar, bein afskipti, þegar málið var mest í umræðunni, að ég hefði getað beitt mér og stoppað Búnaðarbankann af sem er að hálfu leyti til í eigu ríkisins og ég fer með þá eign sem viðskrh. Þess ber að geta að ég fer með það vald sem eigandi á hluthafafundi, skipa bankaráð og síðan fer bankaráðið með stjórn bankans á milli funda. Við þær aðstæður var að mínu mati ekki rétt að kalla saman hluthafafund. Engu að síður gerðist það ekki, og auðvitað hafði maður ekki trú á því, að það tilboð sem borist hafði mundi ganga upp og sú varð raunin. Ég tel því að þetta hafi, ef þannig mætti að orði komast, sloppið fyrir horn. Auk þess má geta þess að ég hafði fengið gagnrýni fyrr af hálfu þingmanna stjórnarandstöðunnar fyrir óþarfa afskipti af rekstri banka. Það er því ekki alltaf alveg fullt samræmi í athugasemdum hv. þingmanna.

Hvort sparisjóðirnir eru í hættu eins og hér var haldið fram, þá tel ég að miðað við að frv. verði að lögum sé staða þeirra miklu betri. Málið er að ég hef haldið því fram og

fullyrt að sá skilningur sem lagður var í lögin af hálfu fimmmenninganna í sumar hafi ekki verið skilningur Alþingis og vilji Alþingis að slíkt gæti átt sér stað. Það held ég að sé alveg hægt að fullyrða miðað við að hafa farið í gegnum umræðuna. En hins vegar er ákvæði í sparisjóðslögum alveg frá 1985 sem varðar stofnbréfin og skilningurinn hafði verið sá að þau skyldu ekki seld á yfirverði og að yfirtökur sem þessar, með því að leppa m.a. eigendur, stofnfjáreigendur, gætu ekki gengið upp samkvæmt lögum.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson talaði um að verið sé að selja yfirráð yfir fé í gegnum sjálfseignarstofnanir. Við skiljum þetta ekki eins. Ég vil að sá möguleiki sé fyrir hendi að hægt sé að breyta sparisjóðum í hlutafélög og þá verður það fé sem ekki er hlutafé, þ.e. fyrrverandi stofnfé, sett inn í sjálfseignarstofnun og yfir þeirri sjálfseignarstofnun ráða stofnfjáreigendur. Þannig er þetta samkvæmt lögum í dag og verður áfram miðað við frv.

Síðan er reiknað með að eitthvað verði selt út úr sjálfseignarstofnuninni og þannig komi nýir eigendur að sparisjóðnum og það finnst mér ekkert nema eðlilegt og gott. Það er a.m.k. hægt að halda því fram að þá sé minna af eigendalausu fé, ef það er vandamálið. Og fjármagninu sem fæst við söluna er varið á sérstakan hátt til menningar- eða líknarmála. Þannig tel ég þetta vera mikilvægt mál og hugsunin er ákaflega fögur a.m.k., enda á hún sér langa sögu.

Gagnrýnt var að ekki skyldi vera tekið á vátryggingafélögum í frv. Um það er að segja að í undirbúningi er í ráðuneytinu frv. um vátryggingasamninga og er nokkuð langt á veg komið. Það frv. er fyrst og fremst strúktúrfrumvarp, ef svo má að orði komast, og byggir verulega á EES-reglum.

Eins og kom fram áðan er á leiðinni inn í þingið annað frv. um hegðunarreglur í sambandi við verðbréfaviðskipti og fleira. Þar með er ekki sagt að það séu allt saman nýjar reglur því að í rauninni höfum við á síðustu árum verið að móta okkur lagareglur á því sviði og þarna er fyrst og fremst hnykkt á þeim reglum sem þegar eru mótaðar og síðast í fyrra var skerpt mjög á ákvæðinu hvað varðar innherjaviðskipti. Frumvarpið er engu að síður mjög mikilvægt og náðist sátt um það í þeirri nefnd sem vann að frv. með markaðnum. Ég trúi að því verði vel tekið þegar það kemur inn í þingið.

Talað var um að áhættufé og þolinmótt fé vantaði inn í atvinnulífið. Alveg er hægt að taka undir það. En hér erum við ekki að fjalla um slíkt mál vegna þess að hér erum við fyrst og fremst að tala um fjármálafyrirtæki, ekki fjárfestingarsjóði eða annað slíkt. En það sem við þó höfum af slíkum sjóðum eru t.d. Nýsköpunarsjóður og Byggðasjóður, en sjálfsagt eru þeir allt of fáir miðað við það að þörfin er heilmikil. Það má nefna milljarðinn sem varið verður til nýsköpunar á næstu fjórum árum á landsbyggðinni sem vonandi kemur að góðu gagni. Þá er lítill sjóður sem heitir Átak til atvinnusköpunar og útdeilir nokkrum milljónatugum á ári hverju til einmitt hugmynda sem þurfa aðstoð til þess að verða að alvöruatvinnutækifærum. En þarna er mikil þörf og er alveg eðlilegt að það sé nefnt í tengslum við frv. þó það kannski taki ekki beint á því.

Um atriðið sem kemur fram í sparisjóðakaflanum að þar sé stefnt að dreifðri eignaraðild og enginn megi fara með meira en 5% af hlutafé. Það er í sjálfu sér ósköp eðlilegt að hv. þingmenn nefni það að einkennilegt sé að þetta skuli vera hægt miðað við að ekki sé hægt að setja í lög ákvæði þess efnis að dreifð eignaraðild skuli vera að bönkum. En þetta er ekki eitt og hið sama. Þetta er eins og að bera saman epli og appelsínur því að miðað við Evrópusambandslöggjöfina þá hefur ekki verið gerð athugasemd við það að þessi ákvæði séu í lögum um sparisjóði og það er miklu víðar en hér á Íslandi. Hins vegar hefur verið gerð athugasemd við það að Norðmenn hafa verið með takmarkanir í sambandi við eignarhluta í bönkum. Og þeir eru tilbúnir með frv. eftir því sem mér skilst til að breyta því ákvæði, vegna þess að þeir vilja ekki lenda með það fyrir dómstólum. Þetta er ekki það sama. Sparisjóðir eru yfirleitt staðbundin fyrirtæki sem eru í mjög nánum tengslum við viðskiptavini sína og byggja á öðrum forsendum en bankar.

Talað var um að Fjármálaeftirlitið væri einhvers konar æðsta ráð. Það má segja að það hafi heilmikið hlutverk og miklu hlutverki að gegna. Ég held að ekki sé vanþörf á því að sterkt fjármálaeftirlit sé starfandi.

Opnuð er ný kæruleið með frv. sem ekki hefur verið til staðar þar sem Fjármálaeftirlitið mun sjá um leyfisveitingar og leyfissviptingar og þá er það kæranlegt til ráðherra.

Úrskurðarnefnd er starfandi þannig að ekki er hægt að gagnrýna það að mínu mati, það er a.m.k. síður hægt að gagnrýna það, en er þó ekki hafið yfir gagnrýni að sjálfsögðu. Á bls. 93 í frv., í greinargerðinni, eru skýr ákvæði um það sem varðar þá heimild sem kemur fram í frv. að Fjármálaeftirlitið hafi vald til þess að kveða á um aukið eigið fé fjármálastofnana, sem sagt umfram þau 8% sem verið hefur í lögum. Þetta er m.a. gert vegna ábendinga frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þetta verða allt saman mjög gegnsæjar reglur og ég held að það skipti miklu máli. Það er ekki eins og að gripið verði handahófskennt til ákvarðana af þessum toga.

Síðan hefur verið talað um verðbréfamarkaðinn almennt og þá hluti sem þar hafa verið að gerast á síðustu mánuðum, sem er svo sem ekki allt fagurt, en við verðum að hafa það í huga að hér var mikill blómatími. Menn höfðu mikla oftrú á verðbréfamarkaðnum á árunum 1998–2000 og því er ekki að neita að eftirköst eru eftir það tímabil og mörg mjög dapurleg. Verðbréfamarkaðurinn þarf að vinna sér traust á nýjan leik, það skiptir mjög miklu máli og ég vona svo sannarlega að það gerist. En þegar um það er að ræða að fólk hefur fengið ráðgjöf af hálfu fjármálafyrirtækja sem hefur leitt það í ógöngur, þá eru það ákvæði sem í einhverjum tilfellum hljóta að varða við lög og þá verður tekið á því með þeim hætti sem lög kveða á um ef það gengur svo langt. Það er ekki bara á Íslandi sem verðbréfamarkaðurinn hefur verið á niðurleið eða átt erfitt, það hefur verið miklu víðar og mikil umræða fer fram m.a. í Bandaríkjunum um þetta efni.

Síðan var umræða um vexti sem m.a. síðasti ræðumaður kom inn á. Það er allt alveg rétt, að vextir eru háir en hins vegar er það ekki málefni frv. að taka á því. Þetta frv. er fyrst og fremst um stofnun og starfsemi fjármálafyrirtækja. En við vitum það vel, af því hv. þm. vitnaði í Japan, að erfitt er að bera saman íslenska hagkerfið og það japanska. Og í rauninni verðum við að reikna með því að vextir á Íslandi séu hærri en almennt gerist, bara vegna þess hversu hagkerfið er smátt í sniðum. Þetta er bara hluti af því að vera smátt þjóðfélag — ég vildi ekki segja smáþjóð, það er svona síðra — og vera með lítið hagkerfi.

Um verðtryggingu er það að segja að það er pólitísk ákvörðun í sjálfu sér hvort hún er eða er ekki. Við höfum tekið þá umræðu og niðurstaðan hefur verið sú að falla ekki frá verðtryggingarákvæðum. Á það má benda að almennt hafa verðtryggð lán borið lægri vexti en lán án verðtryggingar.

Það er því ekkert endilega hægt að kenna verðtryggingunni um það að fjármagnskostnaður er mikill á Íslandi.

Samkeppni á bankamarkaði er ekki mikil. Ég minni á að ekki var farið í þá aðgerð sem hefði á ýmsan hátt verið áhugaverð og þá er ég að meina að sameina Búnaðarbanka og Landsbanka á sínum tíma og það var vegna þess að samkeppnisyfirvöld töldu að með því mundi skapast fákeppni á markaðnum og því var ákveðið af hálfu ríkisstjórnar að sjálfsögðu að gera það ekki.

Tími minn er útrunninn. Ég held að ég hafi komið inn á flest atriði. Ég kom að vísu ekki mikið inn á þau atriði sem hv. þm. Pétur Blöndal kom með í umræðuna. Við höfum nú eiginlega tekist svolítið á um þau áður, þannig að ég veit ekki hvort við bætum okkur mikið. Við erum ósammála hvað þetta varðar og komum sennilega til með að vera það.

[14:46]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin sem hún gaf hér áðan. Ástæðan fyrir því hve vextir eru háir hér er sú, að því er mér skildist á ráðherranum, hvað efnahagskerfið er lítið og að ekki er hægt að bera efnahagskerfið hér saman við efnahagskerfið í Japan og það er náttúrlega alveg rétt. En ég var nú bara að benda á að bankarnir fengju fjármagn frá útlöndum á lágum vöxtum og lánuðu það svo á mjög háum. Er þá vandamálið krónan í þessu tilliti og seðlabankakerfið allt hjá okkur?

Því spyr ég ráðherrann hvort hún telji að vextir mundu lækka á Íslandi og verðbætur afnemast ef við tækjum upp evruna.

[14:47]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekkert í sjálfu sér velt því mjög mikið fyrir mér. Þó hef ég séð eins og aðrir að úttektir sem unnar hafa verið hafa hnigið í þá átt að ef evra yrði tekin upp hér þá mundu vextir lækka. Ég býst við að það sé allt vel úthugsað og það séu ákveðin vísindi og í rauninni skiljanlegt miðað við það að við erum lítið hagkerfi. Hins vegar munum við ekki taka upp evruna öðruvísi en að ganga í Evrópusambandið og það er mjög stór spurning sem ég er ekki tilbúin að svara á þessari stundu hvort er rétt að gera.

[14:47]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá er það komið. Í sambandi við verðbæturnar, verðbótaþáttinn á lánunum, af hverju er hann ekki afnuminn? Af hverju kemur ekki fram frv. frá hæstv. bankamálaráðherra um að fella bara verðbætur niður í ljósi þess hve verðbólgan hefur verið lítil undanfarin ár og þeirrar trúar sem ráðamenn landsins hafa á efnahagsstjórninni hér?

Ég veit það að verðbætt lán eru á lægri vöxtum. Hins vegar hafa þau tímabil komið að verðbólgan hefur orðið svo mikil að lánin hækkuðu gífurlega og það varð mörgu fólki til mikils tjóns og leiddi jafnvel til gjaldþrots.

[14:48]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við fjölluðum dálítið um verðbætur og öll þau mál í fyrravetur. Ég veit að það eru eitthvað skiptar skoðanir um það hvort rétt sé að afnema verðbætur á lán. Engu að síður hefur það ekki verið stefna ríkisstjórnarinnar að falla frá því að nota þetta fyrirkomulag.

Verðbólga fer lækkandi og þegar verðbólga er lág þá eru verðbætur litlar. Vextir eru líka á niðurleið þannig að það er svo sem hægt að benda á ýmsa jákvæða þætti. En ég held að óþarflega mikið sé úr því gert að það sé eitthvert vandamál að við séum með þetta fyrirkomulag að hafa verðbætur og það hefur ekkert með það að gera hvort stjórnvöld hafa trú á því sem þau eru að gera í sambandi við efnahagsmál. Að sjálfsögðu hefur ríkisstjórnin trú á því sem hún er að gera.

[14:50]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom ekki inn á þá spurningu mína hvort hann teldi eðlilegt og standast að ráðherra dæmi í máli sem ágreiningur er um og lýsi ákveðinn samning ólögmætan sem aðrir telja fullkomlega lögmætan og í gildi, þ.e. samning milli einstaklinga.

Síðan vildi ég spyrja hv. þm. um dreifða eignaraðild. Þessi sjálfseignarstofnun á 89% í SPRON. Það telur hv. þm. dreifða eignaraðild vegna þess að svo margir aðilar komi að sjálfseignarstofnuninni þó að þar sé ein stjórn. Telur hún þá að Baugur sé ekki með ráðandi eignarhluta á matvörumarkaði vegna þess að það eru þúsundir hluthafa í Baugi?

Hv. þm. talaði um fagra hugsun og vilja Alþingis og anda laganna. Af hverju í ósköpunum er þessi andi laganna ekki settur í lögin? Af hverju er það ekki skrifað niður hver sé andi laganna og hver sé vilji Alþingis? Af hverju þurfum við alltaf að fara á einhvern andafund til að finna út úr því hver sé andi laganna?

[14:51]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti skilur það svo að hv. þm. hafi verið í andsvari við hæstv. ráðherra, en honum varð það á í þrígang að beina orðum til hv. þm.

[14:51]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vissulega er ég líka þingmaður, en í þessu tilfelli tala ég sem ráðherra. Ég hef ekki mætt á neinn andafund en er þó þeirrar skoðunar að andi laganna sé sá að það beri ekki að líta á stofnfé sem hlutafé og að þetta sé tvennt mjög ólíkt.

Ég ætla ekki að bera saman Baug og SPRON eða sparisjóði. Ég held að það sé ekki heldur sambærilegt og eigi ekki erindi inn í þessa umræðu.

Hæstv. forseti. Ég hlýt að mega hafa skoðun á því hvernig líta megi á það tilboð sem barst frá fimmmenningunum í SPRON. Ég sagði áðan að það hefði verið ólöglegt. Ég hef fyrst og fremst haldið því fram að það gengi ekki upp, enda varð það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að tilboðið eins og það lá fyrir gengi ekki upp. Það er kannski ekki alveg það sama og að það sé ólöglegt. En ég er enginn dómari þó ég segi að ég telji það hafa verið ólöglegt.

[14:52]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði að tilboðið væri ólögmætt. Hún sagðist ekki telja það vera ólögmætt heldur sagði hún að það væri ólögmætt. Hún fullyrti því og hún er nú einu sinni ráðherra. Það er nú ekki alveg sama hver talar.

Hæstv. ráðherra kom ekki inn á þessa dreifðu eignaraðild. Hún sagði það ekki sambærilegt. Ég segi að það sé algjörlega

sambærilegt. Þetta er spurningin um það hver fer með eina rödd í viðkomandi fyrirtæki og þegar sparisjóðunum hefur verið breytt í hlutafélög þá fer ein rödd þessarar sjálfseignarstofnunar með nærri 90% í tilfelli Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og það tel ég engan veginn vera dreifða eignaraðild.

[14:53]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem fram kom í máli hæstv. ráðherra að á árunum 1998–2000 gætti talsverðs óraunsæis hér á fjármálamarkaði. Urðu margir illa brenndir eftir það tímabil. Ég óttast hins vegar að þessi tími sé ekki liðinn og að enn gæti óraunsæis og að enn sé að finna glæfraspil og glæframennsku. En allra mesta og versta glæframennskan er sú sem fram fer undir handarjaðri ríkisstjórnarinnar vegna þess að hér hefur verið spilað með almannafé, fyrst í Landssímanum og nú sjáum við aðfarirnar í tengslum við sölu bankanna. Glæframennskan, alvarlegasta glæfraspilið er því það sem fram fer undir handarjaðri ríkisstjórnarinnar. Það er gott og vel að koma hingað upp og tala hér með miklum ábyrgðartóni í röddinni. En mikla mótsögn er að finna í því að gera það og fara síðan fram með þeim hætti sem ríkisstjórnin gerir.

[14:54]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er nú alveg undrandi að heyra hv. þm. halda þessu fram. Hvað er glæframennska í sambandi við það sem ríkisstjórnin er að gera í sölu ríkisfyrirtækja? Er það glæframennska t.d. að auglýsa eftir áhugasömum aðilum í sambandi við kaup á bönkunum? Það gefa sig fram nokkrir aðilar, síðan eru þeir grandskoðaðir og af samkeppnisástæðum er ekki talað við einn og vegna þess að einn skilar ekki inn fullnægjandi upplýsingum þá er ekki talað við hann. Það er talað við hina þrjá. Síðan er Landsbankinn seldur þeim sem best var metinn af hálfu ráðgjafarfyrirtækis og nú erum við í sama ferli í sambandi við Búnaðarbankann. Ráðgjafarfyrirtæki er að aðstoða okkur við að meta þessa tvo aðila sem eftir eru. Það er verið að selja eignir ríkisins á góðu verði. Þetta eru fjármunir sem munu skila sér í ríkiskassann og verða notaðir til skynsamlegra framkvæmda.

[14:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rangt að verið sé að selja bankana á góðu verði. Það er verið að selja þá á gjafaprís. Það er glæframennska að selja hlut ríkisins í ríkisbönkunum við þessar aðstæður. Ég tel það vera glæframennsku. Það var glæframennska að tapa 0,5 milljörðum kr. í fjárfestingum erlendis á vegum Landssímans sem er í okkar umsjá og okkar eigu og á ábyrgð Landssímans og á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Það var glæframennska að selja húsið hérna handan við völlinn, Landssímahúsið, fyrir 820 milljónir og leigja það síðan fyrir 8,2 milljónir á mánuði. Hvernig sem litið er á hagsmunagæslu ríkisstjórnarinnar fyrir okkar hönd, fyrir hönd almennings, þá einkennist hún af ábyrgðarleysi og glæframennsku.

[14:57]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er í sjálfu sér mjög einfalt að koma hér fram með slagorð (Gripið fram í) og taka stórt upp í sig í sambandi við svona mál. Hv. þm. rökstyður ekki mál sitt. Það er kannski hægt að virða honum það til vorkunnar að auðvitað er tíminn naumur hérna. En ég bara held því fram og endurtek það að það er staðið ákaflega faglega að því að selja bankana. Það að Landssíminn kunni að hafa tapað fjármunum er bara í samræmi við það sem hv. þm. sagði í ræðunni á undan, þ.e. að það hafa átt sér stað atburðir á verðbréfamarkaði sem gera það að verkum að bæði fólk og fyrirtæki hafa tapað fjármunum. Landssíminn er eitt af þessum fyrirtækjum sem tapaði ákveðnum fjármunum. (**ÖJ:** Átti hann að vera að braska með almannafé?) Ég ber ekki ábyrgð á því. (**ÖJ:** Jú.) Hv. þm. talaði um brask (**ÖJ:** Já.) og það var nú nefnt áðan að hann kannski stæði í braski sjálfur í sínum sjóði.

[14:58]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hélt því fram hér í morgun að ákvæðin í þessu lagafrv. um 5% yfirráð yfir atkvæðavægi í þessum sparisjóðum væru einskis virði og að öll ráðin væru í hendi þeirra sem réðu í raun sjálfseignarstofnunum. Og þess vegna gætu þeir sem réðu sjálfseignarstofnununum, eftir að þessar breytingar hafa gengið yfir, selt yfirráðin yfir fjármagni sem þeir eiga ekki. Og að með því að leggja þetta frv. fram með þessum hætti væri í raun verið að staðfesta að það væri vilji Alþingis að svona yrði að farið.

Það sem mér finnst á skorta er hins vegar að menn segi það sem þeir eru að meina með því sem þeir eru að gera. Hæstv. ráðherra talaði um að ég væri haldinn einhverjum misskilningi hér í morgun. Þess vegna ítreka ég það sem ég sagði í morgun: Ég tel að þetta liggi nákvæmlega svona.

[14:59]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Enn tölum við um sjálfseignarstofnanir hugsanlegar með breytingu sparisjóða í hlutafélög.

Í þessum sjálfseignarstofnunum verða miklir fjármunir og það eru stofnfjáreigendur sem stjórna og ráða yfir þeim. Það er rétt. Enda veit ég ekki hverjir það ættu svo sem að vera aðrir. Ef fram koma hugmyndir eða tillögur í nefndinni um aðra sem ættu að ráða yfir þessum sjálfseignarstofnunum þá má alveg skoða þær. Því er þó ekki að neita að með því að seldir verði hlutir út úr sjálfseignarstofnuninni þá koma nýir aðilar að sem kaupa það fé og þar með er það fé minna sem enginn á og þar með dreifist eignaraðildin að sparisjóðunum. Svona sé ég nú málið.

[15:00]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að ég er ákaflega ósáttur við það sem er að gerast í þessu máli. Ég var það í vetur leið og ég er það ekki síður núna. Í vetur var reynt að segja okkur að þetta mundi ekki virka svona. Ef þetta verður samþykkt strikar Alþingi undir þessa gerð og gefur mönnum leyfi til að fénýta sér aðstöðu sem þeir hafa með yfirráðum yfir fé sem þeir eiga ekki. Að mínu viti er það alveg greinilegt. Ég tel að hv. nefnd þurfi að fara mjög vandlega yfir það hvort þetta var í raun meiningin því það var ekki sagt við umræðuna í vetur leið. Ég fer fram á það að menn setjist mjög vel yfir þetta mál og skoði hvort þeir vilja gefa mönnum leyfi til að selja yfirráð yfir fé sem þeir eiga ekki.

[15:01]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki rétt sem hér kemur fram. Þessi ákvæði hafa verið alveg skýr frá því að við ræddum þau á þinginu í fyrra, hvernig fara skyldi með vald yfir sjálfseignarstofnunum. Það er ekkert nýtt. Ég endurtek að þetta frv. sem nú er til umfjöllunar breytir ekki þeim lögum sem við settum í fyrra. Það er sem sagt ekki horfið frá því að sparisjóðir geti breytt sér í hlutafélög ef þeim sýnist svo. Mér finnst mjög mikilvægt að það komi fram að það sem kom upp í sumar í sambandi við yfirtökuna var ekki út af því að Alþingi breytti lögum í fyrra á þann veg að hægt væri að breyta sparisjóðum í hlutafélög. Mér finnst þá a.m.k. að mín ábyrgð í sambandi við þessa uppákomu í sumar sé minni vegna þessa.

Ég skal hins vegar alveg taka undir að þetta er áreiðanlega ekki 100% fullkomið frekar en nokkuð annað undir sólinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 244. mál (flutningur aflaheimilda milli ára). — Þskj. 248.

[15:04]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi umræða var búin að standa yfir nokkurn tíma og hafði tekið á sig ýmsar myndir. Menn ræddu um stjórn fiskveiða og einnig um dagskrármálið sem var þá, og er núna. Menn fengu ádrepu frá hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir að tala ekki nógu mikið um áframeldi á þorski. Ég vil bæta úr því hér með örfáum orðum.

Ég taldi ekki ástæðu til að ræða það mál sérstaklega mikið vegna þess að þetta frv. snýr eingöngu að því að menn geti nýtt sér þær heimildir sem búið var að úthluta samkvæmt lögunum eins og þau lágu fyrir. Umræðan um áframeldi á þorski fór fram á liðnum vetri og þá voru menn ákaflega sammála um að vilja styðja við það. Það er hins vegar ekkert óeðlilegt að á fyrsta árinu sem menn áttu kost á því að nýta veiðiheimildir í þessu skyni hafi þeir ekki verið algjörlega undir það búnir og ekki getað nýtt þær að fullu. Þess vegna er út af fyrir sig ekki nokkurn skapaðan hlut við það að athuga þó að hæstv. ráðherra leggi til að hægt verði að nýta þessar heimildir á næsta ári.

Það voru hins vegar fyrst og fremst umræður um reglur um úthlutanir á veiðiheimildum og síðan stjórnkerfi fiskveiða almennt sem menn ræddu í hinum fyrri ræðum sínum. Ég bað um orðið aftur, ekki vegna þess að ég ætlaði að fara að endurtaka ræðu mína sem ég flutti við þetta tækifæri heldur vegna þess að það stóð þannig af sér að hæstv. ráðherra var ekki á staðnum. Ég kunni ekki við að hann fengi ekki tækifæri til að svara þeim spurningum sem hv. þm. höfðu lagt fyrir hann og vildi þess vegna, af greiðasemi við hæstv. ráðherra, sjá til þess að málið kæmist á dagskrá þegar hann gæti (Gripið fram í.) verið við. Ég skal þess vegna ekki hafa ræðu mína lengri heldur hleypa hæstv. ráðherra að.

[15:07]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir tillitssemina. Það stóð aldrei annað til en að vera á staðnum á tilsettum tíma, og taka til máls og svara þeim spurningum sem til mín hefur verið beint. Ég vona að ég hafi náð þeim niður að mestu leyti og að ég geti líka lesið reseptskriftina mína frá því í gær.

Það er rétt sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði um að úthlutanir eins og við ræðum hérna verða aldrei annað en umdeildar. Það þarf að gefa sér þar ákveðnar forsendur. Jafnvel þó að þær séu eins hlutlægar og hægt er að gera þær eru aðstæður einstaklinga bara svo mismunandi að alltaf er hætta á og jafnvel óumflýjanlegt að einhverjum finnist þeir bera skarðan hlut frá borði.

Þess vegna eru líka byggðir eða svæði útgangspunkturinn í þessum úthlutunum en ekki einstaklingarnir. Þegar við metum hvort markmiðunum sé náð eða hvort vel sé að verki staðið eða illa verðum við að horfa á það út frá því sjónarmiði.

Við höfum úthlutað byggðakvóta í gegnum Byggðastofnun og á þann hátt tekist að hjálpa aðilum sem hafa verið í vissum erfiðleikum. Þó held ég að engum blandist hugur um að ekki hefur tekist að hjálpa á eins mörgum stöðum og við hefðum viljað.

Síðan var krókaaflamarksúthlutunin hér til umræðu í gær. Ég lít á hana sem eins konar tölvuúthlutun. Þar voru sett upp ákveðin skilyrði, þau sett inn í tölvuna og síðan kom út niðurstaða. Með þeirri aðferð hefur tekist að hjálpa, að ég tel, mjög mörgum byggðarlögum og styrkja mörg önnur. En vegna þeirra skilyrða sem þar voru sett til að ná markmiðunum, og reyndar vegna skilyrða í lagatextanum, má vel vera að ekki hafi tekist að hjálpa eins mörgum og einhverjir héldu að mögulegt væri.

Spurt var út frá þessu hvort beitt yrði sömu aðferðinni og við úthlutun byggðakvóta sem sjútvrh. skal úthluta. Því er til að svara að væntanlega verður ekki beitt sömu aðferð. Aðferðin sem er í vinnslu er miklum mun líkari þeirri aðferð sem Byggðastofnun beitti á sínum tíma. Ég held hins vegar að ekki sé rétt fyrir mig að fara lengra út í það að svo stöddu þar sem þeirri vinnu er ekki lokið. Eins og áskilið er í lagatextanum er verið að vinna þetta í samráði við Byggðastofnun.

Spurt var af hverju þessi vinna hefði ekki gengið hraðar fyrir sig. Það á sér rætur í því að í upphafi gekk illa að púsla saman tíma starfsmanna Byggðastofnunar og ráðuneytisins. Lagasetningunni var ekki lokið fyrr en í maí og síðan brustu á sumarfrí. Þegar fyrirséð var svo að ekki tækist að meðhöndla 500 tonnin á þann hátt sem við vildum — við viljum gera þetta vel á síðasta fiskveiðiári — fannst mér réttast að taka inn í viðmiðunina nýjustu upplýsingar sem við hefðum um stöðuna, þá miðað við kvótaúthlutun frá 1. september sl. Síðan líða einhverjar vikur frá því 1. september er liðinn áður en við sjáum endanlegu tölurnar. Þetta getur skipt máli fyrir einstök sveitarfélög sem eru í verri stöðu eftir úthlutunina 1. september sl. en þau voru í eftir úthlutunina 1. september (**JÁ:** Þar áður.) þar áður. Þetta á sér þessar skýringar.

Ýmislegt hefur borið á góma í umræðunni, m.a. hefur verið gagnrýnt að lögin um stjórn fiskveiða hafi oft verið endurskoðuð. Þau eru nú 12 ára gömul og miðað við hversu mikilvæg þessi atvinnugrein er í þjóðfélagi okkar finnst mér ekkert skrýtið þó að kannski séu gerðar ívið oftar breytingar

á þeim en á lögum um málaflokka sem eru minni breytingum háðir en sjávarútvegurinn. Ég held því að ekki eigi að leggja mönnum það til lasts að hafa verið tilbúnir til að breyta og endurskoða ýmislegt í lögunum um stjórn fiskveiða.

Menn verða hins vegar að reyna að vinna að því hverju sinni eins vel og þeir geta, og ég hef trú á því að við sem hér erum berum öll þann hug til starfa okkar.

Einnig var fundið að því að við værum komin út í óþarflega miklar úthlutanir úr pottum og sagt að það væri merki um að ekki hefði tekist nógu vel til þegar lögin voru samin, ekki hefði tekist nógu vel til með kvótakerfið og það gagnrýnt að þetta væri bót á bót, eins og hv. þm. Gísli Einarsson nefndi það. (**GE:** Það er svoleiðis). En þá vil ég (**GE:** Viðbót.) minna menn á að þegar fiskveiðistjórnarlögin voru samþykkt 1990, eins og við þekkjum þau í dag, var strax í upphafi gert ráð fyrir svona pottum. Það var í hugum margra grundvallarforsenda fyrir því að þeir féllust á löggjöfina að til væru pottar sem hægt væri að grípa til ef upp kæmu vandamál sem erfitt reyndist að leysa á annan hátt. Löggjöfin var byggð á grundvallaratriði um kvótaúthlutun, þ.e. að framseljanlegum kvóta væri úthlutað á skip. Þó að þetta sé umdeilt, eins og ég nefndi í upphafi, hefur þetta verið hluti af þessu stjórnkerfi frá því að lagt var upp með það.

Hv. þm. Karl V. Matthíasson nefndi það í umræðunni hvort vissar útgerðir væru ekki komnar með of stóran hluta af kvótanum þannig að það jaðraði við að vera lögbrot. Ég held að það hafi verið nokkurn veginn svona ... (**KVM:** Miðað við 12. gr.) já, miðað við 12. gr. — orðalagið sem hann notaði. (**Gripið fram í:** Eða 11. gr.) Auðvitað er það rétt að útgerðir eru komnar nálægt hámarkinu eins og það er í dag. (**KVM:** 11. gr.) 11. gr. já. Þakka þér fyrir. Ég held að það sé kannski ekki hægt að setja þetta í það samhengi að það jaðri við að það sé lögbrot því enn þá er það innan markanna og innan þeirra marka sem Alþingi ákvað 1998. Eins og ég hef áður minnst á hér á haustþinginu voru þau mörk sem þá voru ákveðin hærri en þáv. hæstv. sjútvrh. og ríkisstjórnin lögðu til. Ég hef talið að Alþingi hafi sýnt þarna framsýni og ég hef ekki uppi neinar fyrirætlanir um að leggja til breytingar á þessu, hvorki til hækkunar né lækkunar, enda fórum við yfir þetta á vorþingi síðasta þings.

Ég vil minnast á tvö atriði til viðbótar sem voru sérstaklega nefnd, annars vegar það sem hv. þm. Karl V. Matthíasson nefndi, reyndar tvö atriði sem hann nefndi, þ.e. annars vegar Þingeyri og hins vegar talaði hann um að menn neyddust til þess að landa fram hjá og svindla. Hann sagðist hafa heyrt um það.

Þingeyri féll ekki að þeim skilyrðum sem sett voru í þessari krókaaflamarksúthlutun. En Þingeyri fékk hins vegar mjög myndarlega úthlutun úr byggðakvóta Byggðastofnunar. Ég held því ekki að Þingeyri sem slík sé illa haldin þegar við horfum á heildarmynd þessara úthlutana. Ég held við verðum að horfa á þetta í heild. Við náum kannski ekki að hjálpa öllum með sömu aðferðinni. En þegar við horfum á þær þrjár aðferðir í byggðaúthlutunum sem við erum með — og svo má kannski telja með fjórðu aðferðina, Jöfnunarsjóðinn í 9. gr. sem hefur á undanförnum árum verið notaður vegna rækju í Húnaflóa og Ísafjarðardjúpi og reyndar víðar — má segja að við séum svona nokkurn veginn að ná til flestra þeirra sem við vildum ná til á þennan hátt.

Varðandi það að landa fram hjá og svindla þá vita menn auðvitað hvað þeir eiga að gera ef þeir vita um eitthvað slíkt og það verða þeir að eiga við sína eigin samvisku. (**KVM:** Ég sagðist ekki vita um að það væri gert.) Það er gott. Þá er samviskan laus frá þeirri ákvarðanatöku.

Fyrir utan það sem ég nú hef komið inn á nefndi hv. þm. Kristján L. Möller flutninga á landi. Auðvitað er það rétt hjá honum að það getur verið íþyngjandi fyrir fiskvinnslur sem byggja á því að kaupa afla langt að ef flutningskostnaður er mikill. Hins vegar verður að halda því til haga að það virkar auðvitað í báðar áttir. Ef menn kaupa fisk á höfuðborgarsvæðinu þá er um að ræða flutningskostnað frá höfuðborgarsvæðinu en ef höfuðborgarsvæðið er að kaupa fisk annars staðar frá þá skapast auðvitað flutningskostnaður á samsvarandi vegalengd til höfuðborgarsvæðisins. Það ætti því að koma jafnt niður á báða aðila á hvorum staðnum sem þeir eru. Hins vegar getur það haft áhrif ef það blandast inn í að við þessa flutninga sé hráefnið að flytjast nær útflutningsstað í öðru tilfellinu en sé að flytjast frá útflutningsstað í hinu tilfellinu. Það tengist kannski ekki beinlínis fiskveiðistjórnarkerfinu heldur því flutningskerfi sem byggst hefur upp í kringum landið.

Herra forseti. Ég held að ég hafi svarað helstu atriðunum sem fram komu í umræðunni, enda er tími minn næstum á þrotum.

Ég vil að lokum þakka þingmönnum ágætar undirtektir við frv. Ég hef ekki orðið var við neina andstöðu við efnisatriði þess þótt af eðlilegum orsökum hafi menn notað tækifærið og rætt ýmis mál sem því tengjast.

[15:21]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin.

Mig langaði til að spyrja ráðherrann hvort þessar reglur sem gefnar verða út hljóti ekki að verða ákaflega líkar fyrri reglum Byggðastofnunar. Byggðastofnun getur varla verið að útbúa reglur um úthlutun á fiski sem verða eitthvað öðruvísi en þær reglur sem þegar eru í gildi um úthlutun byggðakvóta hjá stofnuninni. Það væri nokkuð skrýtið ef svo væri.

Hins vegar benti hæstv. ráðherra á að líka er hægt að úthluta kvóta vegna aflabrests í ákveðnum tegundum og þá er miðað við útgerðir sem veiða þær tegundir. Ef aflabrestur verður í t.d. skel á Breiðafirði þá vænti ég þess að skelbátarnir á Breiðafirði hafi fengið úthlutað þeim kvóta sem kom, en ekki kannski sjálf fyrirtækin sem unnu skelina. Eða var það þannig? Og fór þá fiskurinn annað, í aðra landshluta?

Svo langar mig að benda á að öll eru þessi byggðarlög eða svæði í Ísafjarðarbæ, þ.e. Þingeyri, Suðureyri, Flateyri, Ísafjörður og Hnífsdalur, þannig að það er spurning hvernig eigi að taka á þessum málum.

Þegar útgerðir urðu fyrir ýsuskerðingunni miklu vegna laganna í vor þá kom í ljós að þeir voru heppnir sem bjuggu í ákveðnum byggðarlögum en þeir voru óheppnir sem bjuggu þar ekki. Það var alveg hrikalegt að horfa upp á hvernig það kom út og þó að Þingeyri hafi haft betri kvótastöðu að þessu sinni þá er ekki nema von að þessi atriðu séu nefnd í umræðunni því þetta veltur á milljónum króna.

[15:23]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru þrjú atriði. Reglur sem verið er að vinna núna er sjútvrn. að vinna í samráði við Byggðastofnun þannig að þær geta vel orðið öðruvísi en þær sem Byggðastofnun notaði við sína úthlutun. Nú er auðvitað liðinn nokkur tími. Menn geta lært af reynslunni, aðstæður

geta verið breyttar og menn horfa á þetta af öðrum sjónarhóli. Reglurnar geta því verið öðruvísi þó að þær byggi á svipuðum grunni.

Varðandi 9. gr. og skelbátana þá fengu skelbátar úthlutað vegna aflabrests í skel og því var úthlutað til bátanna samkvæmt þeim reglum sem um það gildir, alveg á sama hátt og til rækjubátanna. Skelkvótinn er bundinn við bátana núna þó hann hafi áður verið bundinn við vinnslurnar. Það er kannski það sem hefur kallað á spurninguna.

Síðan varðandi Ísafjarðarbæ og Þingeyri þá hefur útgangsforsendan í þessum úthlutunum ekki verið sveitarfélag heldur þessar byggðir og þær standast nokkurn veginn á við hafnarnúmerin. Þegar verið er að úthluta til tiltekinna staða þá sýndist okkur eftir þó nokkra yfirlegu að við næðum best til þessara sveitarfélaga með því að úthluta á báta sem væru skráðir í byggðarlaginu, að finna önnur tengsl væri miklu ónákvæmara og kallaði á miklu fleiri matsatriði en þessi skráning segir til um. Og maður væntir þess að menn séu með bátana skráða í heimabyggð sinni.

[15:26]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Engu að síður gefa þessi svör einmitt tilefni til þess að menn fari að velta því fyrir sér hvar þeir eigi að skrá bátinn sinn. Á ég að skrá bátinn minn á Þingeyri eða á ég að skrá hann á Flateyri eða Suðureyri? Hvernig er kvótastaðan einmitt á þessum tíma? Hvernig verður hún eftir þrjá mánuði? Og þá vakna spurningar: Hvenær á að úthluta kvótanum? Verður það gert fyrir kosningarnar eða eftir kosningarnar eða hvenær? Þeir sem eru í þessari útgerð eru farnir að spekúlera í því hvar þeir eigi að skrá bátana sína í þeirri von að þeir fái kannski kvóta. (Gripið fram í.)

En það er alveg ljóst að fólki svíður hvernig þessi úthlutun varð því það borgar útsvar í sama sjóð, lifir og hrærist í sama byggðarlagi, vinnur hlið við hlið og veiðir hlið við hlið. Og svo allt í einu gerist þetta. Ég held að það verði að taka tillit til þess í þessu öllu saman.

[15:27]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Því er ekki að neita að það sem hv. þm. nefnir er allt saman álitamál og tengist því sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði, þ.e. að svona úthlutanir yrðu alltaf umdeildar. Og það undirstrikar eiginlega það sem ég var að segja áðan því að með því að nota mismunandi aðferðir í þessum tilgangi þá náum við kannski til langflestra þeirra sem við vildum styðja á þennan hátt og kannski til allra. Þó að ein aðferðin hjálpi einum, sú næsta öðrum og sú þriðja þeim þriðja þá erum við, þegar við lítum á heildina, að ná þeim árangri sem við viljum stefna að.

[15:28]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hjó eftir því að hæstv. ráðherra tók þannig til orða að hægt hefði verið að hjálpa með byggðakvóta og „við hefðum viljað geta hjálpað meira“, sagði hæstv. ráðherra.

Ber að skilja þetta þannig að hann hafi áhuga á því að auka byggðakvótann og er þá von á því að einhverjar tillögur komi um að bætt verði við hann?

Síðan langaði mig til að spyrja vegna þess að hæstv. ráðherra sagði að ekkert væri óeðlilegt við að lögum um stjórn fiskveiða hafi oft verið breytt. Í fyrravetur var töluvert talað um það í tengslum við stóra ágreiningsmálið sem fór hér í gegn, um veiðigjaldið, að til stæði að breyta lögunum, ekki bara lögunum um stjórn fiskveiða heldur breyta stjórnarskránni og setja þar ákvæði inn. Það kom yfirlýsing frá hæstv. forsrh. um þetta efni. Í umræðum hér á þinginu kom það fram. Nú hefur ekki nein slík tillaga birst á verkefnalista ríkisstjórnarinnar. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi þá skoðun að breyta eigi stjórnarskránni eins og um var rætt í fyrra og hvort það sé þá von á slíkri breytingu til meðferðar í þinginu í vetur.

[15:30]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held ég hafi ekki orðað það þannig að ég vildi hjálpa meira þegar við værum að horfa yfir þetta í heildinni. Það gæti verið að þegar ég hafi verið að ræða um einstaka þætti af þessum þremur eða fjórum úthlutunum hafi ég orðað það þannig. En ég held að með þessum fjórum úthlutunum náum við að hjálpa langsamlega flestum ef ekki öllum af þeim sem við teljum að ætti að hjálpa vegna þessara mála. Það er ekkert á döfinni að flytja neinar tillögur um meiri byggðakvóta í þessum skilningi.

Hins vegar varðandi stjórnarskrána þá heyra stjórnarskrármálin undir forsrh. og ég tel ekki rétt að ég sé neitt að tjá mig um þau hérna. Vilji hv. þingmenn fá svör um það þá spyrji þeir hæstv. forsrh. um það

[15:31]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Skoðun hæstv. sjútvrh. á stjórnarskrármálinu liggur sem sagt ekki á lausu. Það er ekkert við því að segja. Hann ræður sínum orðum hvað þetta varðar.

En ég vil að mín skoðun komi fram hvað varðar hið fyrra mál sem var verið að ræða. Ég tel að tilefnin til þess að styðja við byggðarlögin muni spretta upp út um allt og að sú braut sem menn eru komnir út á með úthlutun byggðakvóta með þessum hætti og öðrum sem hefur verið tekinn upp á undanförnum árum, muni valda því að þarfir aukast fyrir slíkt með hverju einasta árinu sem líður, þ.e. ef menn vilja taka ákvarðanir um að einhver einstök byggðarlög eigi ekki tilverurétt og eigi þess vegna ekki að fá hjálp þó þau þurfi á því að halda. Þetta er sú nöturlega staðreynd sem við stöndum frammi fyrir í dag þegar 12 ár eru liðin frá því lögin um stjórn fiskveiða voru sett í þeirri aðalmynd sem þau eru í í dag.

[15:32]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur verið fróðlegt að hlýða á svör ráðherra við spurningum sem fram hafa komið í þessari umræðu.

Mig langar að hnykkja á nokkrum spurningum sem vakna eiginlega út frá svörum ráðherrans.

Í fyrsta lagi: Hæstv. ráðherra segir að Þingeyri hafi ekki fallið að skilyrðum krókaúthlutunar. Síðan segir hann að forsendur hafi m.a. verið þær að tekið var mið af skráðum bátum í byggðarlaginu og gengið út frá því að skráðir bátar í byggðarlaginu lönduðu afla, og jafnframt að á Þingeyri hefði verið úthlutað byggðakvóta á sínum tíma. Þeim byggðakvóta var úthlutað til Ísafjarðarbæjar eða byggða í Ísafjarðarbæ. En það var bæjarstjórn Ísafjarðar sem tók þá ákvörðun að setja kvótann allan á Þingeyri í ákveðnum tilgangi á sínum tíma sem við vitum báðir jafnvel hver var, þ.e. að bregðast þar við atvinnuleysi.

Herra forseti. Því spyr ég: Finnst ráðherranum hæstv. eðlilegt að nokkrir trillubátasjómenn á Þingeyri séu alveg settir til hliðar vegna þess að þar eru skráðir bátar með kvóta í stóra

aflamarkskerfinu? Ef við tökum önnur svæði, t.d. Flateyri þar sem sennilega eru engir bátar skráðir í aflamarkskerfinu þá fá bátar þar auðvitað fullar bætur og voru ekkert of sælir af þeim. Ég vil bara taka það fram. En trillusjómenn á Þingeyri eru settir skör neðar en aðrir svo dæmi sé tekið vegna þess að þar eru jafnvel skráðir bátar sem aldrei landa þar. Mér finnst þetta svolítið einkennilegar forsendur, herra forseti.

[15:34]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég var að reyna að útskýra fyrr á fundinum þá eru byggðirnar viðmiðið og staða byggðanna og hvernig það var að breytast vegna kvótasetningar á aukategundum þorskaflahámarksbátanna. Viðmiðin miðuðust við það. Hlutur Þingeyrar, ef ég man þetta rétt, var ekki það stór að það réttlætti að Þingeyri fengi úthlutun úr þessum krókaaflamarksbyggðapotti.

Það út af fyrir sig hefur ekkert beint með það að gera að Þingeyri hafði fengið úthlutað úr byggðapotti Byggðastofnunar og ekkert með það að gera hvort það var bæjarstjórnin eða einhver annar sem tók þá ákvörðun. En auðvitað hefur það haft einhver áhrif á heildarkvótastöðuna í byggðarlaginu og þar með haft óbein áhrif á það hvort úthlutað var úr krókaaflamarksbyggðapottinum til Þingeyrar.

Eins og menn gera sér grein fyrir þá hangir þetta allt saman á einhvern hátt. Ekkert af þessu er 100% óháð öðru sem gert er. Það sem skiptir hins vegar máli er að engin byggð, byggðarlag eða svæði sé útilokað fyrir fram í þeim reglum sem settar eru og að reglurnar gildi jafnt um alla og að þegar við stöndum upp frá því að vinna þetta verk með þessum þremur og jafnvel fjórum úthlutunum ef ég tek 9. greinar úthlutunina með, þá náum við til sem flestra af þeim sem við viljum ná til í þessum efnum.

[15:37]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að hér hafi eingöngu verið talað út frá dæminu sem gerðist á Þingeyri þá á það sama við um Bíldudal. Þangað var úthlutað kvóta Vesturbyggðar. Ég hygg að það hafi líka haft áhrif m.a. á Þingeyri að þar eru skráðir bátar sem ekki eru að landa afla á Þingeyri, þ.e. voru skráðir þar með heimahöfn þó það sé ekki lengur. Þess vegna vil ég beina þeim tilmælum til ráðherra að þessi mál verði skoðuð aftur ofan í kjölinn vegna þess að ég hygg að jafnvel þær forsendur sem voru til staðar þegar menn fóru í gegnum þessa ákvörðun — en ég tel að það hafi verið óréttlátt að fara svona í þetta — eru jafnvel ekki lengur til staðar. Þess vegna held ég að vel mætti skoða málið upp á nýtt.

[15:38]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan er þetta allt saman álitamál. Í vinnu okkar núna tökum við mið af fleiri þáttum en við gerðum varðandi krókaaflamarkið. Ég legg áherslu á að menn horfi á þetta þegar upp er staðið og við erum komin með heildarmyndina en dæmi þetta ekki fyrir fram út frá einstökum stöðum eða einstökum dæmum. Við munum verða tiltölulega sáttari við þetta þegar þessu er öllu lokið.

[15:39]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Í þessari umræðu hefur fjölmargt komið til umfjöllunar og komst ráðherra ekki yfir nema fátt af því í ræðu sinni þegar hann svaraði spurningum. Þess vegna vil ég leggja fyrir ráðherrann í upphafi máls ákveðnar spurningar.

Í fyrsta lagi langar mig að ráðherrann svari því skýrt og skilmerkilega hvort honum finnist enn þá rétt sú ákvörðun sem hann tók einn og sér að kvótasetja fleiri fisktegundir, þá á ég m.a. við steinbítinn, ýsuna, skötuselinn, svo eitthvað sé nefnt, keiluna, löngunna og karfann, inn á smábátaflotann.

Finnst honum almennt að vel hafi tekist til við að fjölga fisktegundum í kvótakerfinu? Þá er ég að tala um fisktegundir sem eru meðafli. Það hefur greinilega orðið breyting á sjávarhita við landið. Skötuselurinn hefur t.d. fært sig til á miðunum við landið. Ýsan hefur fært sig að Norðurlandi þar sem lítil veiðireynsla var fyrir. Menn fengu kvótaúthlutun út á veiðireynslu en sitja uppi með tiltölulega litlar aflaheimildar miðað við það ástand sem nú er hér við land.

Hvers vegna tala ég um veiðireynsluna? Jú, það er vegna þess að hæstv. ráðherra gerði það að aðalröksemdum sínum m.a. í túnfiskmálinu að menn gætu ekki litið til veiðireynslunnar einnar í sambandi við réttindi Íslands. Ég tel að þau rök eigi algjörlega við hinar dreifðu byggðir Íslands, þ.e. að ekki sé eingöngu hægt að líta á veiðireynslu manna vegna þess að hér búum við við breytilegt lífríki og breytilegar aðstæður og þeim verður hvorki stjórnað frá reglugerðaborði ráðherrans né með lögum frá Alþingi. Þess vegna á auðvitað almennt í fiskveiðistjórnarkerfum að vera eins mikið frelsi og menn treysta sér til að hafa, burt séð frá því að auðvitað er með veiðum alltaf einhver áhætta tekin í nýtingu stofna.

Þess vegna spyr ég að þessu varðandi kvótategundir sem ráðherrann hefur vald á sjálfur að taka inn eða setja út, þ.e. hvort hann hafi engar efasemdir um þau verk og að það sem hann hefur aðhafst hafi verið til góðs, svona þegar litið er á reynsluna.

Síðan vil ég almennt segja að þó við höfum verið að ræða um kvótaúthlutanir og pottaúthlutanir þá tel ég í raun að pottaúthlutanirnar sem slíkar séu aðeins skóbætur á gallað kerfi og að við séum að festa okkur meira og meira í kerfi sem hentar ekkert endilega fiskveiðunum, alla vega ekki öllum hluta flotans — þá á ég sérstaklega við smábátaflotann og strandveiðiflotann — vegna ýmissa breytilegra aðstæðna á miðum hér við land og breytilegrar hegðunar fisktegundanna.

Hæstv. ráðherra sagði hér að tekið hefði langan tíma að skoða úthlutunarreglur varðandi 500 tonnin sem var ætlað að úthluta í fyrra. Mér er það algjörlega ljóst að það þarf að skoða reglur. En með sama hætti er rétt að vekja athygli á því að ýmsir telja að þeir hafi orðið fyrir skakkaföllum vegna þess að þeir hafi verið að bíða eftir einhverju sem þeir héldu að þeir ættu von á innan fiskveiðiársins en fengu ekki. Allt hefur þetta því nú ýmsar hliðar hvort sem menn eru sammála um aðferðina eða ekki, hæstv. ráðherra.

Þó ég sé ekki endilega að taka afstöðu eða leggja upp með það að ég sé sammála þessum pottaúthlutunum þá er þetta staðreynd við núverandi framkvæmd og það skiptir máli hvernig með hana er farið.

Hér var aðeins vikið að 9. gr. laganna um stjórn fiskveiða, um kvótabæturnar. Ég hygg, miðað við að lögin séu í gildi um stjórn fiskveiða með kvótakerfi, að þá sé lítill ágreiningur um 9. gr. enda hefur hún ævinlega verið ætluð til þess að bregðast við uppákomandi tilfellum þegar menn hafa orðið fyrir skakkaföllum vegna aflabrests eða ef veiðar hafa verið stöðvaðar eða kvótar verulega skornir niður.

En kannski er rétt að vekja athygli á því í þessu sambandi að þrátt fyrir að ákvæði um að nota megi 12.000 þorskígildistonn til þess að bæta skaða sem verður af slíkum orsökum hafi lengi verið í lögunum um stjórn fiskveiða þá hefur það ekki náð til þorsks. Samdráttur í þorskafla hefur ekki verið bættur samkvæmt þessari grein.

Þá er rétt að láta þess getið að auðvitað hefur m.a. sú framkvæmd haft veruleg áhrif á afkomu Vestfirðinga í gegnum árin sem áttu megnið af aflaheimildum sínum í þorski og urðu þar af leiðandi fyrir miklum samdrætti í heildarveiði sinni árin 1983 og 1984 og jafnvel 1985. Síðan fór nú afli vaxandi fram undir 1990. Þá var aftur mikill niðurskurður í þorski eftir 1992 og aflinn fór ekki að aukast að neinu ráði fyrr en 1996 eða 1997. Á báðum þessum tímabilum þurftu því Vestfirðingar að taka á sig geysileg áföll vegna þess að samdrátturinn var í þorski og 9. gr. bætti þar í engu úr.

Það er rétt að halda þessu til haga. Menn hafa oft furðað sig á því að Vestfirðingar hafi lent í vanda með fiskveiðistjórnarkerfið. Í því var ekki ætlast til að samdráttur í þorski yrði bættur þó að verið væri að koma til móts við samdrátt í öðrum tegundum, svo sem rækju, skel og loðnu, svo dæmi sé tekið. Þessu vildi ég halda til haga hér í umræðunni.

Varðandi umræðuna, herra forseti, sem fram fór í gær um að við hefðum lítið rætt fiskeldismálin þá held ég að umræðan hafi af hálfu hv. þm. Hjálmars Árnasonar byggst á ákveðnum misskilningi. Mér fannst á ræðu hans sem hann stæði í þeirri meiningu að nú væri verið að taka ákvörðun um einhver 500 tonn sem ættu að koma á næsta ári. Svo er auðvitað ekki. Samkvæmt frv. er bara verið að færa á milli ára það sem ósett var í kvíar á síðasta fiskveiðiári, gefa mönnum heimild til að nýta það á þessu fiskveiðiári. Við tókum ákvörðun um það á sl. vetri að nota skyldi 500 lestir á hverju ári í fimm ár, eins og hæstv. ráðherra veit, í að efla hér þorskeldi. Mér fannst gæta misskilnings í umræðunni hér í gær hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni.

En aðeins frekar um þorskeldið. Ég var að glugga í skýrslu sem ég fann á netinu hjá sjútvrn., svokallaða AVS-skýrslu. Ég hygg að það standi fyrir Aukið verðmæti í sjávarútvegi. Þar rak ég augun í svartletraða áherslusetningu um þorskeldi þar sem fram kemur að brýna nauðsyn beri til að færa þorskeldi úr kaldsjónum fyrir norðan, af þeim svæðum sem sjórinn er kaldari, til svæða sunnan lands. Ég held ég muni þetta nokkurn veginn rétt úr skýrslunni.

Mér kemur þetta ákaflega á óvart, herra forseti. Menn hafa talað um að þrátt fyrir breytilegan sjávarhita fyrir Vestur- og Norðurlandi hentuðu skjólsælir firðir ákaflega vel til þorskeldis. Mér kemur líka á óvart að það skuli heill hópur mikilhæfra manna setja þessar áherslur inn í skýrslu á sama tíma og sjávarhiti hefur vaxið við landið sem aldrei fyrr. Mér finnst menn ekki alveg vera í takt við tímann þó að vissulega sé hárrétt að það megi stuðla að örari vexti í fiski í hlýrri sjó, jafnt í þorskeldi sem öðru fiskeldi. Á móti kunna að koma ýmsar þær aðstæður sem gera það óhentugt að vera með eldi fyrir opnu hafi, svo dæmi sé tekið. Ég vil draga þetta fram vegna þess að ég furða mig á því að slík fullyrðing skuli sett fram, að brýna nauðsyn beri til að færa þorskeldi úr fjörðum vestan og norðan lands inn á hlýrri sjávarsvæði landsins. Þó að þetta tengist auðvitað ekki beint þessari umræðu felst samt sem áður stefnumörkun í skýrslunni sem unnin er fyrir hæstv. sjútvrh. Ég vil þess vegna spyrja ráðherrann í lok umræðunnar hvort hann telji þessi sjónarmið eiga fullan rétt á sér. Mun hann í framtíðinni beita sér fyrir því að framfylgja m.a. stefnumótuninni sem birtist í þessari skýrslu? Ég tel skipta afar miklu máli fyrir framtíð eldis á þorski í kringum landið að fá þetta upplýst.

[15:49]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Fyrr þegar þessi umræða fór fram var auðvitað rætt um áframeldi á þorski en umræðan snerist mikið um kvótann sem hér átti að úthluta til að styrkja byggðirnar. Ég fagnaði í þeirri umræðu því að hæstv. ráðherra væri með smákvóta sem hægt væri að nota til að laga ástandið þar sem það væri orðið slæmt. Það var svo með þau 1.500 tonn sem Byggðastofnun réð yfir að þau komu sér virkilega vel þar sem þau komu niður. Þingeyri var nefnd hér áðan en auðvitað var það ákvörðun bæjarstjórnar Ísafjarðar að kvóti sem fór á Flateyri og Suðureyri yrði jafnframt settur á Þingeyri af því þar var ástand virkilega slæmt.

Ástandið er víða slæmt og þess að vænta að sú úthlutun sem ráðherra mun vinna í samráði við Byggðastofnun verði notuð þar sem ástandið hefur verið slæmt. Hér hafa verið nefndir staðir eins og Hrísey í því sambandi.

Hér er um stórmál að ræða, þar sem verið er að tala um sameiginlega auðlind þjóðarinnar, nytjastofnana á Íslandsmiðum. Hér var frjó umræða fyrr í dag um fé án hirðis, í umræðu um annað lagafrv. Þar var auðvitað rætt um fjármuni sparisjóðanna. Umræðan þróaðist fræðilega út í fjármuni ríkssjóðs og hver væri hirðir þeirra fjármuna.

Það mætti þá kannski spyrja hæstv. sjútvrh.: Hver er hirðir stærstu auðlindar og mestu fjármuna íslensku þjóðarinnar, nytjastofna á Íslandsmiðum sem eru sameign þjóðarinnar og á að nota til að treysta atvinnu og efla byggð?

[15:51]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Varðandi spurningar hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar held ég að ég verði að svara því að nokkuð vel hafi tekist til við að fjölga tegundum í kvóta. Þótt tegundir breyti að einhverju leyti um hegðun held ég að það hefði skapað sams konar vandamál undir öðru fiskveiðistjórnarkerfi og haft þannig neikvæð áhrif.

Varðandi síðan tengsl við lögsögu sem hann nefndi í sambandi við útdeilingu á kvótum milli þjóða á alþjóðavettvangi er það þannig hjá okkur að veiðar eru stundaðar allt í kringum landið. Ég held að veiðireynslan endurspegli í okkar tilfelli þær landfræðilegu eða staðbundnu aðstæður sem fyrir hendi eru. Þær endurspeglast jafnframt í umræðum um tengsl stofna við lögsögur í alþjóðlegu samhengi. Þessi þáttur, tengsl stofna við lögsögur, er notaður í alþjóðlegu samhengi og kannski sérstaklega vegna þess að veiðireynslan endurspeglar ekki staðhætti á sama hátt og ég tel að veiðireynslan endurspegli staðhætti í kringum Ísland.

Varðandi 9. gr., þ.e. að hún hafi ekki verið notuð til að bregðast við samdrætti í þorski þá held ég að það sé ekki alveg rétt. Á tímabilinu eftir 1992, samdráttinn sem varð þá, var úthlutað úr jöfnunarsjóðnum til að reyna að jafna samdráttinn sem þar var um að ræða. En það er rétt hjá hv. þm. að það virkar ekki eins vel að nota 9. gr. þegar samdráttur er í þorskveiðum. Uppistaðan í þeim heimildum sem 9. gr. felur í sér er þorskur. Þannig væru menn þá að miðla dálítið úr einum vasanum í annan. En það var reynt að gera á þessum tíma þótt það hefði kannski ekki mikil áhrif.

Varðandi síðan þorskeldið og hlýrri sjó þá er ég ekki alveg viss um að þessi fullyrðing skýrsluhöfundanna sé rétt hvað varðar þorskinn, að hann þrífist endilega betur í hlýrri sjó við suðurströndina. Þar koma ýmsar fleiri aðstæður inn í. Reynist það hins vegar rétt held ég að fiskeldið muni af sjálfu sér flytjast í hlýrri sjó. Við munum aldrei geta rekið fiskeldi við Ísland ef við erum ekki samkeppnishæf við fiskeldi annars staðar í heiminum. Það þýðir að við verðum að stunda fiskeldið þar sem það er hagkvæmast.

Loks langar mig að reyna að svara spurningu hv. þm. Örlygs Hnefils Jónssonar um hver væri hirðir nytjastofnanna. Þó að ég sjái þetta ekki alveg í samhengi við umræðuna frá því fyrr í dag um fjármálafyrirtæki þá get ég sagt að í því stjórnsýslulega og lagalega samhengi sem við hér að öllu jöfnu hrærumst í sé sjútvrh. á hverjum tíma hirðir nytjastofnanna í kringum landið.

[15:56]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tilefni þessara svara, að þorskeldi muni færast í hlýrri sjó (**Sjútvrh.:** Ef.) ef það hentar betur að ala þorsk í hlýrri sjó verð ég að spyrja annarrar spurningar sem ekki er tengd eldi. Hún er hins vegar tengd kvótakerfinu og kvótastuðlunum. Meðan við erum með framseljanlegan kvóta og leigukvótarnir eða aflamarkið eru til sölu á ákveðnu verði er auðvitað verið að tala um stærri fisk við suðurströndina að öllu jöfnu. Út frá sömu röksemdum og hér var haldið fram af ráðherra, þ.e. ef vaxtaskilyrðin yrðu betri fyrir eldið syðra þó að margt fleira muni auðvitað koma þar inn í, kemur þessi spurning: Munu ekki kvótarnir leita þangað sem fiskurinn er stærstur?

Þessari spurningu var mjög velt upp í umræðunni á síðasta vori og var í raun sett inn í greinargerð með frv. að það skyldi endurskoða þessa kvótastuðla, þ.e. að menn skyldu fara í gegnum þá umræðu.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um það í lokin hvað hann hyggist með það loforð sem sett var í greinargerðina um að skoða þessa röksemd. Það liggur fyrir að fiskur er ekki jafnverðmætur hvar sem er við landið vegna stærðarinnar. Það veiðist smærri fiskur fyrir vestan og norðan en hér vestan og sunnan lands. Þar af leiðandi sitja menn ekki við sama borð í verðmætum þegar þeir fá kvótana. Ég vil því spyrja hvar þetta er statt, herra forseti.

Varðandi staðbundnar aðstæður og hvernig fiskur færist til er það auðvitað þannig að miðað við líffræðilegar og náttúrulegar aðstæður, eins og ráðherrann veit mætavel, sýnir reynslan af veiðum nokkrum árum áður ekki alltaf rétta mynd. Í þessu erum við fastir.

[15:58]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þorsk fyrir Suðurlandi þá hefur reynslan ekki verið sú að allir kvótarnir hafi flust suður, jafnvel þótt þorskurinn sé stærri fyrir sunnan. Þar koma fleiri þættir inn eins og með fiskeldið.

Varðandi stuðlana og þorskígildin, þar sem hv. þm. vísaði til greinargerðarinnar frá því sl. vor, þá er það í undirbúningi.

Í þriðja lagi, varðandi það sem hann sagði um breytileikann í hafinu og að reynslan frá fyrri tíð endurspegli ekki stöðuna eins og hún er í dag, má það vissulega til sanns vegar færa. En þá kemur framsalið inn í, framsalið og sveigjanleikinn í kerfinu. Það á að gera mönnum kleift að laga sig að breyttum aðstæðum að þessu leyti sem öðrum breytingum sem verða í umhverfi útgerðar og fiskvinnslu.

[15:59]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Rétt í lokin. Ég horfði á fréttir í sjónvarpi í gærkvöldi þar sem verið var að segja frá því að hæstv. sjútvrh. hefði m.a. talið að mikill árangur hefði náðst í stjórn fiskveiða með því að ná niður afla krókabátanna. Það gerðist náttúrlega aðallega í ýsu og steinbít. Þar var verið að kvótasetja. Auðvitað minnkaði þorskaflinn hjá öllum sem hafa kvóta, jafnt krókaaflamarksbátum sem aflamarksskipum.

Á sama tíma og þetta gerist, herra forseti, er verið að auka við kvótann. Það er verið að auka við ýsukvótann um 82%. Ég vil bara gefa ráðherranum kost á að svara þessu hér: Finnst honum það sérstakur árangur? Á að skilja þessi ummæli þannig að það hafi verið sérstakur árangur að ná þessum afla niður á sama tíma og við erum að auka heildaraflann um 82% í einni fisktegund?

Sama á í raun og veru við um steinbítinn, sem ráðherrann var reyndar sjálfur búinn að taka ákvörðun um að gefa frjálsan. Hann hvarf svo frá þeirri ákvörðun og tók steinbítinn aftur inn í kvótakerfið. Hann jók aflann aftur á móti um rúm 2 þús. tonn á milli ára. Eins og ég hef getið um áður gekk þar af afli á síðasta ári upp á rúm 700 tonn sem var notaður í tegundartilfærslu, af stórútgerðinni, sömu útgerð og krafðist þess að þessi tegund færi undir kvóta, sömu útgerð og ráðherrann tilkynnti í gær að náðst hefði árangur við að draga niður afla krókabátanna.

Ég vil gefa ráðherranum kost á því að skýra út fyrir okkur hér hvort þetta hafi verið réttur skilningur hjá mér eða hvort þetta hafi bara verið rangur misskilningur á fréttinni hjá honum. Hvernig á að skilja þessi orð ráðherrans á fundi LÍÚ í gær?

[16:01]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að gefa mér kost á að leiðrétta þennan — hvernig orðaði hann það? — „ranga misskilning". Ég hef stundum heyrt hann nota þetta orðatiltæki áður.

Það er auðvitað ekki réttur skilningur að það hafi verið árangur í sjálfu sér að ná niður kvótanum eða ná niður aflanum. Árangurinn felst í því að ná aflanum nær þeim mörkum sem fyrir fram voru sett eða að hann sé innan þeirra marka sem fyrir fram eru sett. Það er árangurinn sem ég var að tala um. Ég ætla að vona að ef hann heyrir einhvern eða hittir einhvern sem hefur misskilið mig geti hann leiðrétt þetta fyrir mína hönd.

Síðan varðandi steinbítinn er það alveg rétt að ég var búinn að tilkynna það að ég mundi gefa hann frjálsan en m.a. fyrir áeggjan fjölda kjósenda úr kjördæmi hv. þingmanns sem töldu að (Gripið fram í.) það væri betra að hafa steinbítinn í kvóta heldur en að hann væri öllum frjáls breytti ég þeirri ákvörðun minni og setti steinbítinn aftur inn í kvótann. Sem betur fer er ég ekki það þrjóskur að ég geti ekki tekið tillit til ráðlegginga þeirra sem við mig vilja tala um þessi mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1.–4. og 7.–14. mál.

Fundi slitið kl. 16:05.

21. FUNDUR

mánudaginn 4. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Uppbygging sjúkrahótela, þáltill., 25. mál, þskj. 25. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 26. mál, þskj. 26. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Uppbygging endurhæfingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, þáltill., 28. mál, þskj. 28. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar, þáltill., 254. mál, þskj. 258. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 215. mál, þskj. 218. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 244. mál, þskj. 248. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, stjfrv., 245. mál, þskj. 249. — 1. umr.
9. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 246. mál, þskj. 250. — 1. umr.
10. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 247. mál, þskj. 251. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.

Varamenn taka þingsæti.

[15:01]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Borist hafa svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur af persónulegum ástæðum óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 2. varamaður á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Reykjavík, Drífa Snædal, taki sæti mitt á Alþingi á meðan, en 1. varamaður á listanum, Hjörleifur Guttormsson, er forfallaður.

Virðingarfyllst,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv."

Annað bréfið hjóðar svo:

„Ég get að sinni ekki tekið sæti á Alþingi í fjarveru Kolbrúnar Halldórsdóttur, 17. þm. Reykv.

Virðingarfyllst,
Hjörleifur Guttormsson,
1. varaþm. á lista VG í Reykv."

Drífa Snædal hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Þriðja bréfið er svohljóðandi:

„Hér með óskar undirritaður tímabundins leyfis frá þingstörfum, með vísan til 53. gr. þingskapa, og að 1. varaþingmaður hans í Vestf., Pétur Bjarnason, taki sæti á Alþingi frá og með deginum í dag að telja.

Virðingarfyllst,
Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf."

Samkvæmt upplýsingum þingmannsins er fjarvist hans af persónulegum ástæðum og mun vara í hálfan mánuð.

Pétur Bjarnason hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Tilkynning um dagskrá.

[15:03]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill láta þess getið að upp úr kl. 3.30 fer fram umræða utan dagskrár um áhrif af skattstefnu ríkisstjórnarinnar. Málshefjandi er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Hæstv. fjmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Endurgreiðsla sjónglerja og linsa fyrir börn og unglinga, 310. mál, þáltill. PM, þskj. 335.

Eyðing sjúkrahússorps, 83. mál, svar umhvrh., þskj. 322.

Jaðaráhrif innan skattkerfisins, 307. mál, fsp. PM, þskj. 332.

Kynningarmál Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, 306. mál, fsp. KolH, þskj. 331.

Samgöngur til og frá Vestmannaeyjum, 305. mál, fsp. KÓ, þskj. 329.

Tekjutenging barnabóta, 308. mál, fsp. PM, þskj. 333.

Þjóðarleikvangar, 309. mál, þáltill. PM, þskj. 334.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Fjölgun fjárnáma og gjaldþrota.

[15:04]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Á sl. ári voru gerð 5.400 árangurslaus fjárnám í eigum einstaklinga og á tíu fyrstu mánuðum þessa árs eru þau orðin 5.300. Þetta er að minni hyggju mjög slæm þróun. Hið sama gildir um gjaldþrotin því búið er að gera 236 einstaklinga gjaldþrota á þessu ári og það stefnir í sama fjöldann og var í fyrra. Gjaldþrotum fyrirtækja fjölgar einnig. Í fyrra voru þau 361 en á fyrstu tíu mánuðum þessa árs eru þau orðin u.þ.b. 400. Gjaldþrot stefna í að verða tvöfalt fleiri þetta árið en árið 1998.

Þessi þróun hlýtur að vekja ráðamönnum ugg. Spurningar hljóta að vakna um það hvort allt þetta fólk sé svona óforsjált og vankunnandi í fjármálum. Einnig vakna spurningar um það hvort reglur um lánveitingar séu nægjanlega góðar. Að minni hyggju er a.m.k. ástæða til að fara vel ofan í þessi mál og bregðast við þeim með það að markmiði að þessu linni. Af því tilefni spyr ég, herra forseti, hæstv. forsrh.: Hefur ríkisstjórnin látið fara fram skoðun á ástæðum fjölgunar þessara fjárnáma og gjaldþrota í landinu? Er vitað hversu margir Íslendingar eru nú þegar orðnir gjaldþrota?

[15:06]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég hef ekki þær tölur á hraðbergi sem hv. þm. nefndi en skal gjarnan reyna að láta vinna að því að fá þær. Ég geri ekki ráð fyrir að þingmaðurinn hafi búist við

því að ég kynni þær utan að. En það er sjálfsagt hægt að láta athuga það.

Ég tek undir með þingmanninum að það er engin ástæða til þess að ætla það að Íslendingar séu almennt þeirrar gerðar að þeir kunni ekki fótum sínum forráð, og alls ekki fremur en aðrar þjóðir. Ég held þvert á móti að okkar þjóð sé mjög upplýst og gæti vel að eigin hag. Hitt er annað mál að á undanförnum áratug eða svo hefur aðgangur að fjármagni mjög aukist, eins og menn vita, og þátttaka einstaklinga á hlutabréfamarkaði og í annarri umsýslu á opinberum vettvangi hefur aukist. Það kann að vera einn þáttur í skýringum á þessu. Það sem að ríkinu snýr hins vegar er auðvitað að reyna að halda uppi sem bestu efnahagslífi, minnstu atvinnuleysi og annarri slíkri almennri umgjörð um efnahagslífið. Það er það sem ríkið getur gert til að tryggja að hagur alls almennings í landinu sé sem traustastur. En ríkið getur aldrei, hvorki fyrr né síðar, komið í veg fyrir að ráðagerðar einstaklinga geti farið út um þúfur þó að þær hafi verið vel meintar og sæmilega undirbúnar. Það verður alltaf á forræði hvers og eins.

[15:08]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Þessar tölur sem ég gat um áðan eru fengnar hjá Lánstrausti, fyrirtæki sem hefur skrá yfir gjaldþrota einstaklinga og þá sem hafa lent í árangurslausu fjárnámi. Ég tel fulla ástæðu til þess, herra forseti, að ríkisstjórnin hugi að þessum fjölda manna sem orðinn er. Þetta eru orðnar nokkrar þúsundir manna, eða a.m.k. nokkur hundruð manna, sem hafa orðið fyrir því að verða fyrir árangurslausu fjárnámi. Einnig hafa margir orðið gjaldþrota og því fylgja mjög miklar þjáningar. Í kringum þá sem hafa orðið fyrir fjárnámi er líka fullt af fólki sem hefur kannski skrifað upp á lán og annað og er í hinum mestu vandræðum. Við þurfum að íhuga hvort ekki sé hægt að semja einhverjar betri reglur sem gilda á lánamarkaðnum.

[15:09]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Vegna þessa síðasta sem hv. þm. nefndi hygg ég að bankarnr til að mynda og aðrar lánastofnanir fari miklu varlegar en áður var í að krefjast ábyrgðar utanaðkomandi aðila gagnvart lántökum af þessu tagi sem stundum hafa ekki verið gerðar af mikilli fyrirhyggju og hafa lent síðan á mönnum sem af góðu einu, skyldleika kannski, hafa skrifað undir slíkar skuldbindingar. Ég hygg að bankarnir nú orðið fari miklu varlegar og að reglur séu til sem miði að því að slíkum ábyrgðarmönnum sé kynnt sú ábyrgð sem þeir eru að taka á sig hverju sinni. Það er ekki eins auðvelt eins og sumir vilja vera láta þegar verið er að fá fólk til að samþykkja slíkar ábyrgðir.

[15:09]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Ég vona að það sé þannig að bankarnir séu að taka sig á í þessum efnum. Það er alveg ljóst samkvæmt þessum tölum sem ég tel vera ábyggilegar að staðan er mjög slæm. Ég minni á að fyrir þinginu liggur einmitt frv. um ábyrgðarmenn á lánum þar sem gert er ráð fyrr því að góðar og gildar reglur séu um það hverjir eiga að skrifa upp á lán og hverjir ekki. Helst er miðað við að það sé ekki gert almennt heldur að til viðskiptanna sé stofnað á forsendum viðskiptanna sjálfra, svo að ég orði það þannig, frekar en á þeim forsendum að einhver annar skrifi upp á fyrirtæki sem verið er að fara í.

Vextir verðtryggðra bankalána.

[15:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil inna eftir áliti hæstv. forsrh. á vaxtaþróun í kjölfar ákvarðana Seðlabankans í vaxtamálum eða í kjölfar leiðsagnar eða þýðingar Seðlabankans. Nú er kunnara en frá þurfi að segja að vaxtastig hér á landi hefur verið afar hátt hin síðustu ár. Síðastliðið eitt og hálft ár og þó einkum undanfarna sex til átta mánuði hefur Seðlabankinn endurtekið lækkað vexti, einum tíu sinnum á einu og hálfu ári, þar af líklega um átta sinnum síðustu átta til tíu mánuði. Lækkunin nemur samtals á þessum tíma rúmum 4,5 prósentustigum. Þegar athugað er hvernig markaðurinn hefur brugðist við eða fylgt þessari leiðsögn Seðlabankans kemur í ljós að vextir af óverðtryggðum lánum hafa gert það nokkuð vel og sömuleiðis vextir af verðtryggðum lánum á almennum markaði, nema í bankakerfinu. Sú merkilega staðreynd blasir við að vextir á verðtryggðum lánum í bankakerfinu hafa nánast ekki lækkað. Þeir eru nánast óbreyttir, um 10,5–11,5 prósentustig ef tekið er mið af því álagi sem algengt er, þ.e. 2,5–3,5% álagi. Hinir almennu vextir verðtryggðra útlána hafa ekki lækkað nema um kannski 0,2–0,3 prósentustig sl. eitt til eitt og hálft ár. Þetta vekur miklar spurningar um stöðu bankakerfisins og hvort samkeppni sé nægjanlega virk, a.m.k. á þessum hluta lánamarkaðarins. Þetta er þeim mun athyglisverðara sem ljóst er að t.d. ávöxtunarkrafa húsbréfa hefur fylgt nokkuð vel niður lækkandi raunvaxtastigi og er núna um 5,2%. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telji þetta eðlilega þróun hvað varðar ávöxtun á verðtryggðum útlánum í bankakerfinu og hvort þetta gefi tilefni til að endurskoða þær reglur sem gilda um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

[15:13]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tel þetta ekki gefa sjálfstætt tilefni til að endurskoða reglur um verðbindingu fjárskuldbindinga. Á hitt er að líta að það er líka eðlilegt að vaxtaþróun á óverðtryggðum lánum svari fyrst og fremst, a.m.k. fyrst, þeim breytingum sem Seðlabankinn gerir á vöxtum á sínum endurhverfu viðskiptum. Það hlýtur að teljast langeðlilegast að þær breytingar verði. Afföllin af húsbréfum sem hafa, eins og hv. þm. nefndi, lækkað þurfa ekki endilega að skýrast eingöngu af vaxtaferli Seðlabankans. Þar koma auðvitað aðrir þættir inn í. Til að mynda geta áform stjórnvalda um að á næstu árum verði dregið úr útgáfu húsbréfa haft þau áhrif að slík afföll minnki. Fjárfestingar lífeyrissjóða eða festingar lífeyrissjóða í slíkum bréfum, vegna þess að þeir vilji færa sig af óráðlegum markaði eða órólegum erlendis yfir í öruggari ávöxtun hérlendis, getur einnig haft þau áhrif að afföll af húsbréfum og slíkum pappírum lækki. Kannski hefur það haft meira að segja en endilega vaxtalækkunarferli Seðlabankans sem hefur gengið ágætlega. Það hefði hugsanlega mátt byrja aðeins fyrr. En það hefur gengið ágætlega upp á síðkastið og samkvæmt opinberum upplýsingum frá Seðlabankanum gera þeir ráð fyrir því að sú þróun muni halda áfram. Mitt svar er því það að þessar breytingar gefi ekki tilefni til þess að breyta reglum um verðbindingu skuldabréfa.

Hitt er annað mál að vera kann að það sé umhugsunarefni fyrir bankana að huga að breytingum á verðtryggðum

vöxtum og þá ekki bara útlánsvöxtum heldur einnig innlánsvöxtum sem eru töluvert hærri hér en víðast hvar annars staðar þekkist.

[15:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin en ég get þó ekki sagt að ég sé alls kostar sáttur við þau eða telji þau fullnægjandi. Ég tel að þetta blasi svo við og stingi svo í augu að bankarnir hafa nánast ekki hreyft vexti á verðtryggðum útlánum sem segja má að séu uppistaðan af öllum lánum sem veitt eru til almennings og fyrirtækja til lengri tíma en fimm ára. Reglurnar eru þannig að það er ekki heimilt að verðtryggja útlán til skemmri tíma en nánast allt sem lánað er til lengri tíma er verðtryggt og þá blasir við að engin raunvaxtalækkun hefur orðið. Að sjálfsögðu er eðlilegt að nafnvaxtalækkunin fari fyrir þegar verðbólga er lækkandi en við erum að tala um meira en það hér. Við höfum verið að vonast eftir raunvaxtalækkun í landinu, er það ekki? Vegna þess að efnahagsleg skilyrði væru komin til þess að raunvaxtastigið færi lækkandi. Það hefur gert það á óverðtryggða markaðnum og það hefur gert það á verðtryggða markaðnum annars staðar en í bankakerfinu og það er það sem mér finnst að yfirvöld efnahagsmála í landinu verði að horfast í augu við.

[15:16]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er ekki ólíklegt að minnkandi afföll á húsbréfum hafi einnig áhrif á afstöðu bankanna því að bankarnir hafa náttúrlega verið í samkeppni við slíka pappíra, ríkispappíra og aðra slíka pappíra þannig að væntanlega hefur sú affallaminnkun áhrif á afstöðu bankanna í þessum efnum.

En svo verðum við einnig að hafa í huga að hér á landi hefur þjóðhagslegur sparnaður ekki verið nægilega mikill og þess vegna kannski hefur verið æskilegt að gefa ráðrúm til verðtryggðs sparnaðar með sæmilegum vöxtum. Þetta þarf allt að leika saman. Ef verðtryggðu útlánsvextirnir eru lækkaðir, þá þarf einnig að lækka hina verðtryggðu innlánsvexti fyrr eða síðar. Og menn þurfa að halda hér uppi þjóðhagslegum sparnaði og til þess hafa menn litið á mörgum undanförnum árum.

[15:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Á milli mánaðanna nóvember og desember í fyrra, fyrir rétt tæpu ári, lækkuðu almennir vextir verðtryggðra skuldabréfalána að viðbættu 3,5% álagi úr 11,3% í 11,2. Þeir standa núna í 11. Þeir hafa lækkað um heil 0,2% á tæpu ári á sama tíma og orðið hefur almenn vaxtalækkun upp á 4–5%. Það er þetta sem ég er sérstaklega að vekja athygli á og ég held að þau skörpu skil sem verða við fimm ára mörkin hver bönkunum er heimilt að verðtryggja lán, veki athyglina á þeirri sérkennilegu staðreynd í íslenska viðskiptaheiminum að við drögnumst með verðtryggingu fjárskuldbindinga í miklu ríkari mæli en eiginlega nokkrir aðrir og það er á grundvelli stjórnvaldsákvarðana, það er ekki heimilt að verðtryggja lán til skemmri tíma, og mér finnst kominn tími til t.d. að athuga þau mörk, að færa þessi fimm ára viðmið niður í tíu ár eða eitthvað í þeim dúr.

[15:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þróunin hefur verið sú eins og hv. þm. veit að menn hafa verið að draga úr verðskuldbindingum á nánast öllum sviðum þjóðlífsins á undanförnum árum en það hefur þó ekki verið uppi sú skoðun manna að það væri endilega rétt að hverfa algerlega frá verðtryggingu skuldbindinga. Reyndar er það svo að víða í heiminum hafa menn verið að taka upp slíka verðbindingu þrátt fyrir að þeir hafi ekki verið að slást við sömu vandamál og við gerðum lengi vel, mikla verðbólgu eða jafnvel óðaverðbólgu.

Afdrif þingsályktana.

[15:19]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er afskaplega ánægjulegt þegar tillögur okkar þingmanna ná fram að ganga á hv. Alþingi en staðreyndin er sú að þær tillögur lenda ekki alltaf í ætluðu ferli né ná þær fram að ganga. Það, herra forseti, er óþolandi staða og enn þá verra er að við vitum ekki um afdrif þeirra og höfum engin tækifæri til þess önnur en fyrirspurnir.

Vegna fyrirspurnar Karls V. Matthíassonar áðan og orðaskipta hans við hæstv. forsrh. þá hlýt ég að minna á mjög góða tillögu sem flutt var fyrir nokkrum árum um fjármálafræðslu í skólum, um að kenna ungu fólki hvað felist í ábyrgð og uppáskrift lána, fara með greiðslukort og annað slíkt og að gera áætlanir um fjármál sín. Sú tillaga var flutt einmitt í tilefni af auknu fjárnámi hjá ungum einstaklingum og fékk víðtækan stuðning á Alþingi. Hún hefur aldrei náð fram að ganga.

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. forsrh. er í tilefni af því að fyrir tveimur árum áttum við orðastað hér um það að taka saman og gefa út þær ályktanir sem hér hafa verið fluttar og fjalla um afdrif þeirra. Við vorum sammála um að mikilvægt væri bæði að gefa tillögurnar út og jafnframt að kanna hvernig brugðist hafi verið við fyrirmælum Alþingis til framkvæmdarvaldsins. Ég er vonsvikin yfir því að kjörtímabilinu sé að ljúka án þess að þessum málum hafi verið komið í lag og ég spyr: Hvað tefur?

[15:20]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Fyrst um það sem hv. þm. nefndi í byrjun. Ég tel að hluti af þessari fræðslu, eins og ég skil það a.m.k., komi fyrir undir þeim þætti námskrár sem kallast lífsleikni. Ég hygg að þar hafi einmitt sú nýbreytni verið tekin upp, kannski vegna áhrifa frá umræðu hér í þinginu, að nemendur framtíðarinnar ólíkt okkur þessum gömlu, fái einmitt smjörþef af slíkum hlutum nútímans. Að vísu er sá tími naumt skammtaður og margt sem þarf að læra. En ég hef alltaf skilið það svo að m.a. þeir þættir sem hv. þm. nefndi komi fyrir í því prógrammi sem kallað er lífsleikniþátturinn.

Varðandi ályktanirnar þá er það alveg rétt að við höfum með nokkurra ára millibili skýrt frá, oft í tilefni fyrirspurna, hver hafi orðið örlög þingsályktana. Ég hygg að við höfum talað um að gjarnan mætti gera þetta upplýst árlega og ég vona að við getum staðið við það núna að á þessu þingi, vonandi fyrir jól, náum við því að koma með síðustu skýrslu um það hvernig okkur hefur miðað varðandi ályktanir Alþingis. Ég tel að það sé hollt ekki bara gagnvart stjórnarandstöðunni heldur líka fyrir þá sem skipa ríkisstjórn á hverjum tíma að sjá hvernig þeim vindur fram. Þegar menn fara yfir þetta í ráðuneytunum, þá fá menn vissa áminningu um það að halda sæmilega á spöðunum þannig að ég vona að okkur takist sameiginlega að halda þessu máli á lofti.

[15:22]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Já, ég mun leggja mitt af mörkum til þess að því máli verði komið í sæmilegt lag. Það sem ég nefndi hér, eina dæmið sem ég nefndi og gæti ég nefnt mörg fleiri, þá er það því miður ekki tryggt að öllu ungu fólki standi til boða þessi fræðsla, enda vakti það mikla athygli þegar það kom fram í fjölmiðlum að slík fræðsla hefði verið tekin upp á Ólafsfirði.

En það var ekki málið hjá mér. Ég þakka þær upplýsingar sem forsrh. hefur veitt.

Skýrsla um starfslok forstjóra Landssímans.

[15:22]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil eiga orðastað við hæstv. samgrh. um svonefnda leyniskýrslu sem fengið hefur það nafn, þ.e. skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfslok fyrrv. forstjóra Landssímans hf.

Ég hef í einkasamtölum við hæstv. ráðherra farið fram á að fá þá skýrslu og hún verði gerð opinber en hann hefur ekki enn þá orðið við þeirri eðlilegu ósk minni. Raunar höfðum við ætlað að eiga um þetta orðastað utan dagskrár en vegna anna hæstv. ráðherra síðar í vikunni varð úr að ég tæki þetta mál upp undir þessum hatti.

Hér er ég að vísa til þeirrar skýrslu sem tekin var saman af hálfu Ríkisendurskoðunar vegna beiðni fyrrum stjórnarformanns Landssímans og laut að viðskilnaði fyrrum forstjóra Landssímans, Þórarins Viðars Þórarinssonar. Þau mál voru hér mjög til umræðu í þinginu fyrr á þessu ári og lutu m.a. að gildum starfslokasamningi sem taldi tæplega 40 millj. og laut m.a. að trjágreinum og öðru því um líku. Í þessum sal, í þessum ræðustól lýsti hæstv. samgrh. því yfir þegar þau mál voru til umfjöllunar, og við þingmenn Samfylkingarinnar lögðum til að sérstök rannsóknarnefnd færi ofan í saumana á þeim hneykslismálum sem skóku þetta þjóðþrifafyrirtæki, Landssímann, að Ríkisendurskoðun væri að skoða málið.

Það lá auðvitað í eðli máls þá og nú að þessi skýrsla yrði gerð heyrinkunn. Það eru engin efni til annars því flestar staðreyndir máls hafa þegar verið sýndar og birtar almenningi. Maður hlýtur að gagnálykta að ef hæstv. ráðherra ætlar enn þá að neita að afhenda þá skýrslu að þar séu einhverjir enn frekari maðkar í mysu. Hann hefur tök á því hér og nú að jánka þessari eðlilegu beiðni minni og ég geng út frá því sem vísu að hann geri það.

[15:24]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Eins og hv. þingmönnum er kunnugt gaf stjórn Símans út yfirlýsingu vegna þessa máls í dag þar sem gerð er grein fyrir afstöðu stjórnar Símans. Það liggur alveg ljóst fyrir að það er í höndum stjórnar Landssímans hf. að fara með þetta mál og það er ekki á mínu valdi að afhenda þessa skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Mér finnst það heldur ósanngjarnt að láta að því liggja að stjórn Símans sé að breiða yfir óþægileg mál með þeirri ákvörðun sinni. Það er fjarri öllu lagi. Ákvarðanir stjórnar Símans snúast eingöngu um að tryggja framtíðarhagsmuni Símans og skapa frið um það fyrirtæki. Ríkisendurskoðun, eins og fram kom hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni, skilaði stjórninni skýrslu um fjárhagsleg málefni fyrrv. forstjóra Símans og Ríkisendurskoðun komst að þeirri niðurstöðu að skýringar væru trúverðugar og fullnægjandi nema gagnvart einu atriði eins og kom fram hjá hv. þm. Stjórnarformaður hefur gert mér grein fyrir þessari ákvörðun stjórnarinnar og farið yfir þær forsendur sem stjórnin byggir ákvörðun sína á. Niðurstaða mín er ótvírætt sú að treysta stjórninni fyrir niðurstöðu þessa máls og halda þannig á málinu að fyrst og fremst sé haldið til haga hagsmunum Símans til skemmri og lengri tíma.

[15:26]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Fyrirspurn mín helgast einmitt af því að hagsmunir Símans verði hafðir í fyrirrúmi og eigendanna, þjóðarinnar allrar. Þess vegna fer ég fram á það að þær upplýsingar verði birtar.

Kannast menn við tóninn? Var það ekki nákvæmlega svona sem hæstv. ráðherrar svöruðu fyrir þau hneyksli sem áttu sér stað hjá Símanum, reyndu að fjarlægja sig veruleikanum og vísa til annarra, vísa til þáverandi stjórnar Símans? Veruleikinn er sá, herra forseti, að það er hæstv. ráðherra sem rekur stjórn og ræður stjórn og hefur yfir að ráða langstærstum eignarhluta Símans þannig að ábyrgðin er hans pólitísk, stjórnin er hans og það er hans að taka ákvörðun um þetta. Eða hvaða viðskiptahagsmunir geta ráðið för og eru úrslitaatriði í því sambandi hvort og hve mikið var greitt fyrir trjágreinar við Þingvallavatn? Við eigum að ljúka þessu máli og þar sem hæstv. ráðherra hefur ekki séð sóma sinn í því að birta þetta, þá hljóta menn að gagnálykta sem svo og segja: Hvað er verið að fela? Ég mun ekki láta kyrrt liggja.

[15:28]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Nauðsynlegt er að undirstrika að hér er verið að fjalla um hlutafélag og það er þannig að á aðalfundi hlutafélags eru teknar ákvarðanir. Þar er kjörin stjórn og stjórninni er falið að vinna að málefnum félagsins. Það er því ekki á valdi ráðherra hvað sem hv. þm., sem er í miðjum prófkjörsslag þessa dagana og þarf á því að halda að vekja athygli á sér, þrátt fyrir það er það ekki fyrr en á aðalfundi Símans sem hluthafarnir taka ákvarðanir um nýja stjórn og á milli aðalfunda er það verkefni stjórnar að fara með þau mál sem hér er um fjallað.

[15:28]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil minna á að hæstv. ráðherra var auðvitað nauðbeygður fyrr á þessu ári til þess að upplýsa hér um ýmsa einstaka þætti í rekstri Símans og hann verður það líka í þessari lotu. Það liggur ljóst fyrir. Ég mun ekki láta kyrrt liggja. Ég mun í kjölfarið fara þess formlega á leit við Ríkisendurskoðun að hún taki saman sambærilega skýrslu fyrir mig sem alþingismann. Ef það gengur ekki mun ég leggja fram þáltill. því ég er handviss um að þingheimur vill ekki láta traktera sig með þessum hætti. Það er af og frá að mál gangi svona til. Og ég vænti þess að hæstv. forsrh., oddviti ríkisstjórnarinnar, kippi í hæstv. samgrh. og málinu í liðinn.

[15:29]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Það er auðvitað fjarri öllu lagi að samgrh. hafi verið nauðbeygður til einhverra hluta. Ég hef unnið að þessu máli eins og öðrum í samræmi við það efni sem verið er að fjalla um. Ég legg áherslu á að það er á valdi stjórnarinnar að fara með þetta mál, og það er að sjálfsögðu

fullkomlega eðlilegt að hv. þm. leiti eftir þeim upplýsingum sem þingmenn geta fengið í gegnum Ríkisendurskoðun og eðlilegt er. Að sjálfsögðu er ekki gerð nokkur minnsta athugasemd við það og ég hvet hv. þm. að fara þær leiðir sem eðlilegt er að fara, en stjórn Símans fer með þetta mál og það er í hennar höndum og ég treysti henni til þess að fara með það. Hún hefur ekkert að fela.

Uppbygging sjúkrahótela, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 25. mál. — Þskj. 25.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. GAK og SvH, 26. mál (ferðakostnaður). — Þskj. 26.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Uppbygging endurhæfingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁSJ og ÞBack, 28. mál. — Þskj. 28.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:32]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖHJ, 254. mál. — Þskj. 258.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:32]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fjármálafyrirtæki, frh. 1. umr.

Stjfrv., 215. mál (heildarlög). — Þskj. 218.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 244. mál (flutningur aflaheimilda milli ára). — Þskj. 248.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Áhrif af skattstefnu ríkisstjórnarinnar.

[15:33]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Skattstefna ríkisstjórnarinnar er röng og vanhugsuð. Hún byggist fyrst og fremst á því að færa skattbyrði af efnameira fólki og stórfyrirtækjum yfir á lífeyrisþega, fólk með lágar og meðaltekjur og lítil og meðalstór fyrirtæki. Þessi fyrirtæki og fólkið sem minnst hefur milli handanna hefur því greitt fyrir gífurlegar skattaívilnanir og skattalækkanir til efnamanna og stórfyrirtækja. Það gerir ríkisstjórnin með því að frysta skattleysismörkin, lækka barnabætur og hækka tryggingagjöldin sem kemur sér mjög illa fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

Í hnotskurn snýst skattstefna ríkisstjórnarinnar um skattpíningu á launafólki með meðaltekjur og þá sem minnst hafa og síðan andstæðuna, skattaparadís efnamanna og stórfyrirtækja. Fram hefur komið að staðgreiðsluskattar hafa hækkað í tíð ríkisstjórnarinnar um 107% að meðaltali á hvern skattgreiðanda en launin um 63%. Skattahækkunin er því langt umfram það sem launabreytingar hafa gefið tilefni til. Hvernig ætlar hæstv. fjmrh. að réttlæta það að skattbyrði verkafólks hefur í tíð ríkisstjórnarinnar aukist fjórfalt meira en þeirra efnameiri? Samkvæmt fréttum á Stöð 2 hefur skattbyrði verkafólks aukist um 109 þús. kr. á ári en skattbyrði fólks með tekjur yfir 350 þúsund kr. hefur til samanburðar aukist um 29 þús. kr. Það er sama hvaða mælikvarði er notaður. Skattbyrðin hefur aukist gífurlega. Heildarskattar, þar á meðal tekjuskattur og neysluskattar, hafa aukist úr 31,5% af landsframleiðslu árið 1995 í 37,3% árið 2000. Neysluskattar eru langt frá því að vera helsta skýringin á þessari auknu skattbyrði eins og fjmrh. hélt fram í sjónvarpi í gærkvöldi.

Af 103 milljarða viðbótarskatttekjum hins opinbera milli þessara ára má rekja 65 milljarða til meiri landsframleiðslu og verðlagsbreytinga en 38 milljarða vegna hækkunar á skattbyrði, þar af 28 milljarða vegna hækkunar á sköttum á tekjur og hagnað. Það er deginum ljósara að lækkun á tekjuskattshlutfalli einstaklinga og 42% í um 38% hefur fyrst og fremst skilað sér til þeirra efnameiri vegna þess hve persónuafslátturinn er skertur en hann er nú 26 þús. í stað 40 þús. ef hann hefði haldið í við vísitöluþróun. Þeir sem hafa nú um 400 þús. kr. í laun á mánuði eða meira hafa sloppið betur en þeir sem eru með undir 400 þús. kr. á mánuði. Þeir borga nú hærri skatta þrátt fyrir lækkun á tekjuskattshlutfallinu. Þessi aukning á skattbyrði hefur ekki síst bitnað harkalega á lágtekjufólki, lífeyrisþegum og atvinnulausum sem eru með tekjur undir lágmarkslaunum sem greiddu um 1 milljarð í

skatt á sl. ári en greiddu ekkert í skatt á árinu 1995. Það er ekki eins og þetta fólk greiði ekki skatta til samfélagsins þó það greiði ekki tekjuskatt því að það greiðir háar fjárhæðir af litlum tekjum sínum í virðisaukaskatt af nauðþurftum en samkvæmt því sem fram hefur komið opinberlega nýverið er almennur neysluskattur hér á landi sá næsthæsti sem þekkist í löndum OECD. Og maður spyr: Hvert er þjóðfélagið komið þegar lífeyrisþegar og lágtekjufólk þarf að greiða 38% af litlum framfærslueyri sínum og lífeyri úr lífeyrissjóði í skatt meðan þeir auðugustu í landinu greiða aðeins um 10% af fjármagnstekjum sínum? 100 einstaklingar og fjölskyldur höfðu á sl. ári að meðaltali um 300 þús. kr. á hverjum degi allt árið um kring eingöngu í fjármagnstekjur eða 116 millj. hver þeirra.

Skattstefnan sem íhaldið er í forsvari fyrir og Framsfl. virðist kokgleypa er stefna sérhagsmuna í skattamálum gegn almannahagsmunum. Samfylkingin hefur ítrekað varað við áhrifum af þessari stefnu og lagt fram valkosti í skattamálum sem byggjast á sanngirni og réttlæti. Við í Samfylkingunni höfum teflt fram leið sanngirni og réttlætis gegn þeirri sérhagsmunastefnu ríkisstjórnarinnar sem hyglar þeim sem síst þurfa á því að halda í þjóðfélaginu á kostnað launamanna og lífeyrisþega. Það er rétt sem forustumenn ASÍ segja að ríkisstjórnin er á góðri leið með að búa til stéttskipt þjóðfélag og hún er að skipta þjóðinni upp í tvær þjóðir þar sem gæðunum er óréttlátlega skipt og misskipting fer vaxandi.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hver eru viðbrögð ráðherrans við þeim upplýsingum sem fram hafa komið að undanförnu um áhrifin af skattstefnu ríkisstjórnarinnar, t.d. um skattbyrði verkafólks og lífeyrisþega sem hefur þyngst mun meira en þeirra efnameiri?

Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir breytingum sem lækka skatta á lífeyrisþegum og fólki með lágar og meðaltekjur og jafna eðlilega skattbyrðina í landinu?

Er þess að vænta að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að tekið verði upp fjölþrepa skattkerfi fyrir lok kjörtímabilsins?

Telur ráðherra eðlilegt að lífeyrisþegar greiði 38% af lífeyrisgreiðslum úr lífeyrissjóðum og er hann reiðubúinn til að lækka þá skatta í 10% til samræmis við fjármagnstekjur?

[15:39]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ýmsir hafa að undanförnu tekið sér það fyrir hendur að reyna að villa mönnum sýn að því er varðar skattamál á Íslandi, þar á meðal hv. síðasti ræðumaður. Dreginn hefur verið fram alþjóðlegur samanburður sem sýnir að heildarskatttekjur ríkissjóðs hafi hækkað t.d. milli áranna 1995 og 2000. Síðan er fullyrt að skattbyrði svokölluð hafi vaxið stórkostlega vegna þessa.

Í raun eru þessar fullyrðingar fráleitar. Það sem þessar tölur sýna er auðvitað það að heildarskatttekjur jukust og náðu hámarki á góðærisárunum 1999 og 2000. Í fyrra, árið 2001, lækkuðu þær tölur síðan aftur vegna minni umsvifa í efnahagslífinu. En þýða þessar tölur hærri skattbyrði eins og haldið er fram? Nei, auðvitað ekki. Þær sýna aðeins að tekjur hækkuðu ört sem og neyslan í landinu í uppsveiflunni þannig að flestir skattstofnar voru að gefa meira af sér á meðan. Að auki bættist við nýr og býsna drjúgur skattstofn á þessu tímabili, þ.e. fjármagnstekjuskatturinn sem áætlað er að skili ríkissjóði 5 milljörðum kr. á næsta ári. Þessar tölur um heildarskatttekjur ríkisins hafa því ekkert með skattbyrði að gera, hvað þá skattbyrði einstaklinga. Er vandséð hvað mönnum gengur til í málflutningi af þessu tagi. Hann lýsir annaðhvort djúpstæðri vanþekkingu eða einbeittum vilja til að blekkja eða leiða fólk á villigötur í umræðum um mikilvæg málefni.

Þingmaðurinn vildi ræða afleiðingar af skattstefnu ríkisstjórnarinnar. Hverjar eru þær, herra forseti? Í fyrsta lagi stóraukinn kaupmáttur ráðstöfunartekna, þ.e. tekna eftir skatt. Kaupmátturinn hefur aukist um tæplega þriðjung frá árinu 1994 til dagsins í dag. Það sem fólk ber úr býtum eftir skatt er að sjálfsögðu það sem mestu máli skiptir. Þær ráðstöfunartekjur hafa sem sé stóraukist hjá öllum þjóðfélagshópum á fáum árum. Þeir sem tala eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir virðast vera á móti því að tekjur manna aukist stórlega vegna þess að þá komist einhverjir í hóp þeirra sem greiða tekjuskatt. Þetta er auðvitað fáránlegt sjónarmið, herra forseti. Meginmarkmið okkar í ríkisstjórninni er að búa þannig um hnútana að tekjur og kaupmáttur aukist og þá er ekkert við því að segja þótt fjölgi í hópi þeirra sem greiða tekjuskattinn.

Í öðru lagi hefur skattstefna ríkisstjórnarinnar stórbætt umgjörð atvinnulífsins þar sem skapað hefur verið umhverfi sem hefur það markmið að laða hingað fyrirtæki, efla þau sem fyrir eru, gera þeim kleift að skila hagnaði þannig að þau geti bætt kjör og aðstæður starfsmanna sinna. Með þeim hætti skapast meiri verðmæti og meira verður til skiptanna í þjóðfélaginu en ekki minna.

Draga má þá ályktun af máli fyrirspyrjanda að hún sé líka á móti þessu. Nýlegar tölur sýna svart á hvítu að lækkun tekjuskatts fyrirtækja úr 51% árið 1990 þegar hv. þm. var í ríkisstjórn í 30% undanfarin ár hefur skilað ríkissjóði meiri tekjum en áður. Sama mun verða uppi á teningnum þegar lækkunin í 18% sem kemur til framkvæmda á þessu ári skilar sér að fullu. Sú breyting á eftir að hafa miklar og jákvæðar afleiðingar í för með sér.

Í þriðja lagi, herra forseti, hefur skattstefna ríkisstjórnarinnar verið lykilþáttur í því hvernig tekist hefur að gerbreyta efnahagslífi þjóðarinnar á undanförnum árum. Ég hef þegar nefnt kaupmáttaraukninguna. Verðbólgan hefur verið kveðin niður. Viðskiptahallinn er svo gott sem horfinn. Ríkissjóður er rekinn með miklum afgangi ár eftir ár. Skuldir og skuldbindingar ríkisins hafa verið skipulega lækkaðar til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir. Góð staða ríkissjóðs er höfuðástæða þess að við gátum leyft okkur að ráðast í þær veigamiklu skattkerfisbreytingar sem lögfestar voru á Alþingi í fyrra og það er fráleitt að halda því fram að með þeim hafi verið fluttir fleiri milljarðar kr. í sköttum frá fyrirtækjum og hátekjufólki yfir á aðra eins og þingmaðurinn og fleiri hafa haldið fram. Staðan er þvert á móti sú að ríkissjóður stendur vel af sér þá breytingu. Hann hefur efni á henni þótt tryggingagjald hafi sömuleiðis verið hækkað lítillega og svo eigum við í vændum þann árangur sem tekjuskattslækkun fyrirtækja mun skila hér eftir nokkur ár.

Ekki má gleyma því í þessari umræðu hver áhrif útsvars til sveitarfélaganna eru. Gera menn sér almennt grein fyrir að fólk þarf að hafa um 105 þús. kr. í tekjur á mánuði áður en það byrjar að borga tekjuskatt til ríkisins? Fram að því rennur allur staðgreiðsluskatturinn til sveitarfélaganna.

Ég vil enda með því að segja, herra forseti, að það er mjög athyglisvert að flokkurinn sem gagnrýndi ríkisstjórnina mest á árinu 1999 fyrir að lækka tekjuskattinn um 1% skuli nú tala með þeim hætti sem hv. þm. gerir. Þingmaðurinn hélt því þá fram að það væri glapræði, hagstjórnarmistök, að lækka tekjuskattinn. Þeir sem mest hafa gagnrýnt skattalækkanir

vilja nú lækka skattana. Þeir sem hafa mest gagnrýnt skattalækkanir vilja núna lækka þá. Það er greinilegt, herra forseti, að komið er annað hljóð í strokkinn. Er það kannski vegna þess að Samfylkingin í Reykjavík er með prófkjör um næstu helgi? Ég spyr.

[15:44]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Að sumu leyti er rétt hjá hæstv. fjmrh. að bein heildarskattheimta ríkisins hefur kannski ekki breyst svo mikið síðustu árin. En það sem hins vegar hefur gerst er að hún hefur færst til. Hún hefur færst verulega til. Með skattbreytingunum sem gerðar voru á síðasta vetri þar sem tekjuskattur fyrirtækja var lækkaður úr 30% í 18%, þar sem hátekjuskattur var lækkaður úr 5% í 2%, þar sem tryggingagjald var hækkað, allt þetta hefur fært til skatttekjur ríkisins. Ef hæstv. fjmrh. áttar sig ekki á sínum eigin gjörðum, þá verður maður bara að harma stöðu hans og þekkingu á þessum málum.

Það sem gerst hefur er að almennir launamenn borga mun hærri hlut í heildarskattheimtu ríkisins en áður. Skattheimtan á almennar launatekjur hefur hækkað um 20 milljarða kr. á sl. þremur árum miðað við áætlun sem gerð er fyrir árið 2003. Ef litið er á hlut þessara aðila í heildarskattheimtunni, hækkar hann um 5% að óbreyttum tölum. Það er því kerfisbundinn tilflutningur á skattbyrði ríkisins til lægri tekna, til lágtekjufólks og miðlungstekna. Þetta er staðreynd og þetta er líka markmiðið með skattbreytingunni því að annars væri ekki verið að standa í henni. Þessu verður að breyta. Ekki er hægt að ellilífeyrisþegar, fólk með lægstu laun, skuli einmitt vera sá hópur sem skattbreytingar ríkisstjórnarinnar bitna harðast á. Það á að beita skattheimtunni til jöfnuðar og þeir sem hafa hæstu tekjurnar hvort sem það eru fyrirtæki eða einstaklingar eiga að greiða mest til samfélagsins. Það er stefna Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs.

[15:46]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar á undanförnum árum hefur leitt það af sér að kaupmáttur launa hefur vaxið um tæplega þriðjung á átta árum. Auðvitað borga launþegar hærri skatta þegar þeir auka tekjur sínar, og vegna þess að ekki er eftir neinn persónuafsláttur upp í kauphækkunina verður aukningin auðvitað þannig að hlutfallsleg skattbyrði þyngist. Það þýðir þó ekki að kjör launþegans hafi versnað við þessa breytingu. Það þýðir að kjör hans hafa batnað. Kaupmáttaraukningin skilar eftir skatta betri lífskjörum en var áður en kaupmáttaraukningin átti sér stað.

Það er alveg ljóst, herra forseti, að kjör fólks batna ekki ef efnahagslífið getur ekki greitt hærra kaup. Hvernig batna kjör láglaunafólks ef ekki er hægt að standa undir kauphækkunum? Vegna þess að atvinnulífið hefur getað hækkað kaupið hafa kjör fólks batnað um hartnær þriðjung á tæplega átta árum.

Í öðru lagi liggur það fyrir að ríkisstjórnin hefur lækkað tekjuskatt um 7 prósentustig á þessu tímabili. Prósentulækkun á sköttum þýðir að dreifingin á lækkuninni fer eftir tekjum, og menn kunna að spyrja: Hafa kjör lægra launaðs fólks batnað minna en kjör hærra launaðs fólks? Það er ekki víst að svarið við því sé einhlítt. Þá verða menn að taka tillit til annarra breytinga sem gerðar hafa verið af núverandi ríkisstjórn. Í fyrsta lagi hækkun á millifæranlegum persónuafslætti úr 80% í 100%, í öðru lagi hækkun barnabóta um 2 milljarða, í þriðja lagi afnám skattlagningar húsaleigubóta, í fjórða lagi afnám skattlagningar á iðgjöld til lífeyrissjóða og í fimmta lagi lækkunin á virðisaukaskatti á matvöru úr 24,5% í 14%.

[15:49]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Mikil umræða hefur verið um hækkandi skattgreiðslur einstaklinga og þá einkum vaxandi álögur á láglaunafólk, þar með talda öryrkja og ellilífeyrisþega. Hér er ekki um að ræða staðhæfingar án gildra raka. Gleggsta dæmið um þau er að finna í fréttabréfi ríkisskattstjóra, Tíund, ágústhefti 2002, þar sem Páll Kolbeins fer yfir þessi mál. Þar er ítarlega greint frá hækkunum milli áranna 2001 og 2002 og margt fleira vekur athygli, m.a. hækka fjármagnstekjur en framteljendum þeirra fækkar. Þeim sem nýta sér skattafslátt vegna hlutabréfakaupa fækkar um 48,5% milli þessara ára.

Þá lækkar sérstakur tekjuskattur, hátekjuskatturinn, vegna þess að tekjumörk þess skatts hækkuðu um 15% milli ára. Þar virðist ekki standa á að hækka viðmiðunarmörkin. Þá er boðuð enn frekari lækkun hátekjuskatts í fjárlagafrv. næsta árs. Fyrir hverja er þá réttlæti þessarar ríkisstjórnar? Stefna hennar virðist vera fyrst og fremst sú að lækka gjöld þeirra sem hafa hæstar tekjurnar, og sú aðgerð er fjármögnuð með því að hækka gjöld hinna tekjulægri, m.a. með því að lækka í raun persónuafsláttinn og ná þannig til fleiri lágtekjumanna.

Hæstv. fjmrh. sagði hér, og fleiri stjórnarliðar reyndar, að skattahækkun væri að sjálfsögðu afleiðing hækkandi tekna. Ættu ekki allir að gleðjast yfir því? Staðreyndin er þó sú að milli áranna 1991 og 2002 fjölgaði þeim framteljendum sem greiða tekjuskatt úr 51% gjaldenda í 65% gjaldenda árið 2002. Ástæðan er ekki fyrst og fremst hækkandi rauntekjur heldur miklu fremur sú árátta stjórnvalda að taka persónuafslátt einstaklinga út úr þessari þróun launanna og ná þannig stórauknum tekjum af þeim sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Það er láglaunafólkið, að stórum hluta öryrkjar og aldraðir, sem ætlað er að auka byrðar sínar á meðan hinni nýju stétt hátekjumanna er hampað. Fréttabréf ríkisskattstjóra hlýtur að teljast marktæk heimild um þetta og það er ekki verið að villa mönnum sýn.

[15:51]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ísland hefur slegið enn eitt metið. Við erum í næstefsta sæti hvað varðar neysluskatta af öllum löndum innan OECD. Okurskattar eru lagðir á lægstu laun og bætur. Bótaþegar greiða sem svarar mánaðarbótum í skatt á ári. Hækkun skattleysismarka er rofin úr tengslum við verðlag. Það er allt á einn veg hjá ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

Forustumenn Sjálfstfl. boða skattalækkun í orði en hækka í raun skatta á borði. Þeir hækka skatta á barnafólki, öldruðum, einstæðum mæðrum og láglaunafólki. Stóreignamenn og hálaunafólk eru þeir sem hafa notið velvildar ríkisstjórnarinnar með lækkun skatta á fjármagnstekjur.

Skattsvik eru svo annar þáttur sem líklega hefur aldrei blómgast jafn vel og undanfarin ár. Virðulegur forseti. Skattkerfi á Íslandi er óheilbrigt, óréttlátt og þar af leiðandi óskynsamlegt. Tekjuskatturinn er refsiskattur sem jafnar hvorki efnahagslega afkomu né hvetur einstaklingana til efnahagslegra framkvæmda. Skattkerfið er úr sér gengið, hvetur til skattsvika, mismunar einstaklingunum og refsar öldruðum með eignarsköttum.

Herra forseti. Eina aðgerðin sem dugar er að slá af sitjandi ríkisstjórn í komandi kosningum og ég skora á landsmenn að sjá til þess að svo verði.

[15:53]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég bara spyr: Hvar býr hv. síðasti ræðumaður? Á undanförnum árum hefur mjög markvisst verið unnið að endurbótum á skattkerfinu hér á landi sem m.a. hafa falið í sér lækkun skatthlutfalls, bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum. Þessar aðgerðir hafa skilað sér í einu lengsta og blómlegasta hagvaxtarskeiði í sögu þjóðarinnar og sýna glöggt styrka stjórn á efnahagsmálum undir forustu Sjálfstfl. Það skýtur því skökku við að nú skuli fara fram umræða um skattamál þar sem staðreyndum er snúið á hvolf og öllu er ruglað saman. Í þeirri umræðu er fullkomlega litið fram hjá raunveruleikanum. Þegar eingöngu er litið á tekjuskattinn koma auðvitað þær einföldu staðreyndir í ljós að hækkaðar launatekjur fólks skila meiri tekjum í ríkissjóð þrátt fyrir að skatthlutfallið hafi lækkað um tæplega 5%. Því hærri sem tekjurnar eru, þeim mun hærra hlutfall fer í tekjuskattinn og þetta er einfaldlega mergur málsins. Því hærri sem tekjurnar eru, þeim mun hærra hlutfall fer í tekjuskattinn.

Enn fremur er rétt að hafa það í huga að lægstu laun hafa hækkað meira en laun almennt og því fækkar fólki sem er með tekjur undir skattleysismörkum. Það sem skiptir líka máli, kannski raunverulega mestu í þessu samhengi öllu, er að kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur aukist um þriðjung frá árinu 1994 og enn er spáð aukningu hans um 2% á næsta ári. Þetta er einsdæmi hér á landi og þótt víðar væri leitað.

Einnig má minna á að hækkun barnabóta, afnám skattlagningar húsaleigubóta og 100% millifærsla á persónuafslætti maka koma tekjulægstu hópunum best að gagni. Tekjuskattslækkun fyrirtækja ásamt myndarlegri lækkun (Forseti hringir.) eignarskatta skilar sér í blómlegra atvinnulífi, betri afkomu einstaklinga og fyrirtækja, (Forseti hringir.) og lækkun eignarskatta kemur sér líka best fyrir aldraða.

(**Forseti** (ÍGP): Ég vil minna hv. þingmenn á að virða tímamörk.)

[15:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að það sé afar gagnlegt í umræðum um þetta mál að halda tveimur hlutum aðgreindum. Það eru annars vegar heildarskatttekjurnar, heildarskattasumman í landinu sem auðvitað vex með vaxandi veltu, og hins vegar innbyrðis dreifing skattbyrðarinnar í kerfinu milli fyrirtækja og einstaklinga, og milli tekjuhópa, tekjuhárra og tekjulágra meðaltekjuhópa. Það er athyglisvert að hæstv. fjmrh. neitar algerlega að ræða þann þátt málsins, tönnlast hér hins vegar á því að menn skilji ekki að heildarskatttekjur vaxi með vaxandi veltu. Það hefur enginn borið á móti því. En við viljum líka umræður, hæstv. fjmrh., um dreifingu skattbyrðarinnar. Við viljum umræður um hvort það sé rétt forgangsverkefni í skattamálum núna að lækka eða fella niður álag á háar tekjur en hreyfa ekki skattleysismörkin. Það er pólitík og það þýðir ekki að reyna að skjóta sér á bak við það með umræðum af því tagi sem talsmenn Sjálfstfl. og stjórnarflokkanna hafa reynt að gera.

Það er staðreynd að núna greiða aldraðir og öryrkjar þúsundir króna í skatt af sínum smánarlega lágu tekjum, og þjóðfélagið hefur logað út af því hversu lágar þær eru. En þær eru nógu háar til þess, að mati Sjálfstfl., að borga af þeim skatta, tekjum langt innan við 90 þús. kr. á mánuði sem eiga að duga einstaklingi til framfærslu. Þetta er pólitíkin sem við eigum að ræða um en ekki vera að vafrast hér um með vísun í einhverjar tölur frá OECD um hluti sem í sjálfu sér skipta engu máli, hvar við erum á einhverjum skölum í þeim efnum. Það sem skiptir máli er hvað er eftir í vasanum hjá þeim sem kröppust hafa kjörin eða hvort þar er yfirleitt nokkur skapaður hlutur eftir þegar menn eru að reyna að draga fram lífið í þessu landi þar sem framfærslan er einna dýrust í heiminum af ýmsum ástæðum sem menn þekkja. Lægstu laun fyrir dagvinnu (Forseti hringir.) og bætur í almannatryggingakerfinu eru hins vegar mun lægri en í nágrannalöndunum. Og jafnvel þrátt fyrir það er þetta fólk skattlagt.

[15:58]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er bara ekkert skrýtið að menn hækki röddina. Skattkerfið hér er óréttlátt og það bitnar bæði á einstaklingum og smáfyrirtækjum. Það er mikilvægt að stjórnvöld skapi litlum fyrirtækjum, t.d. í þekkingar- og tækniiðnaði, skattumhverfi sem þau geta bæði blómstrað og vaxið í. Það er ekki þannig.

Ríkisstjórnin lækkaði skattaprósentuna en hækkaði tryggingagjaldið sem fer mjög illa með lítil sprotafyrirtæki með litlar tekjur en sem byggja allt sitt á starfsfólki sínu. Ríkisstjórnin veit bara ekkert um það hvernig skattbyrðin dreifist á tekjuhópa. Það er staðreyndin. Hún lækkaði skatta flatt á einstaklinga án þess að hreyfa skattleysismörkin og það bitnar einfaldlega mjög á fólki með lágar og meðaltekjur.

Herra forseti. Þetta er líka einfalt reikningsdæmi. Í skattstefnunni á nefnilega að felast stefnumörkun og fjölskyldupólitík. Hún á ekki að flytja meira fjármagn til þeirra sem mest hafa fyrir. Í skattstefnu á að koma fram hvernig menn meta aðstæður fjölskyldufólks, láglaunafólks og þeirra sem lifa á tryggingagreiðslum. Skattkerfið á nefnilega að nota til jöfnunar. Því er ekki að heilsa hjá þessari ríkisstjórn.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að barnafjölskyldur, venjulegt fólk þar sem báðir foreldrar eru á vinnumarkaði, búa við mjög þunga greiðslubyrði vegna húsnæðislána og námslána og þar á ofan bætist skattbyrðin.

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. sem jafnan heldur ró sinni var í nokkru uppnámi í ræðustólnum áðan. Það skyldi þó ekki vera vegna þeirrar staðreyndar að sannleikanum verður hver sárreiðastur?

[16:00]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Skattaumræða er alltaf dálítið sérkennileg umræða og stafar líklega af því að það eru fáir sem borga skatt með mikilli gleði eða af fúsum og frjálsum vilja. En svo mikið er víst að ekki eykur vissan um umfang skattsvika á Íslandi ánægju skattgreiðenda.

Ég fullyrði það, herra forseti, að hvorki innan þings né utan er meirihlutavilji fyrir því að taka á skattsvikum. Ég er þar að tala um þá áætluðu 10 milljarða kr. sem þrífast í neðanjarðarhagkerfinu, 10 milljarða sem mætti nota í þágu þurfandi og til góðra verka.

Í rauninni er það hálf sjúkt ástand og það hlýtur þá að byggja á því að það kerfi sem við erum með sé hvað þetta varðar ekki alveg heilbrigt.

Um skattbyrði, herra forseti, má það annað segja að kaupmáttur almennings hefur aukist um 30% á síðasta áratug, eins og fram hefur komið, sem þýðir einfaldlega það að

almenningur hefur meira fé á milli handa. Þetta hefur verið gert með markvissum aðgerðum. Það hefur verið gert með því að lækka markvisst skuldir ríkissjóðs, lækka tekjuskatt um 7%, með því að innleiða barnakort og millifæranlegan persónuafslátt milli hjóna, afnema skatta af húsaleigubótum og þannig má áfram telja. Með öðrum orðum, kaupmáttur hefur aukist og almenningur hefur meira fé á milli handa.

Samt er auðvitað til fátækt á Íslandi og það er til þurfandi fólk. Grundvallarspurningin er: Hvernig á að ná til þess? Gerum við það með því að hækka skattleysismörk eins og margir vilja halda fram? Ég hef efasemdir um slíka flata aðgerð, vegna þess að hún nýtist síður þeim sem helst skyldi því það munar afskaplega lítið um þúsund kallinn fyrir millitekjufólkið og hátekjufólkið. Ég tel að slíkum peningum, þúsund krónum í hækkuðum skattleysismörkum, sem þýðir um einn milljarð í útgjöldum, ég tel að sá milljarður væri betur kominn með sértækari aðgerðum í þágu þurfandi og með því að uppræta skattsvikin sem eru mikill vandi í skattkerfi okkar.

[16:03]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Miklar breytingar hafa verið gerðar á íslenska skattkerfinu á undanförnum árum, skatthlutföll hafa verið lækkuð sem hefur leitt af sér aukna atvinnuþátttöku hjá einstaklingum og stuðlað að eflingu atvinnulífsins. Afleiðing þessa hefur verið að hagvöxtur hefur aukist og lífskjör í landinu stórbatnað. Og kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna hafa aukist yfir 30%, þ.e. eftir skatta.

Mikið hefur verið rætt um fjölþrepakerfi í tekjuskattinum. Til að halda því til haga var árið 1993 tekinn upp skattur á hærri tekjur. Það sem skiptir hins vegar máli er samspil persónuafsláttar og skatthlutfallsins, þar sem einstaklingurinn greiðir eingöngu skatt af þeim tekjum sem fara umfram tiltekið lágmark sem nefnt er skattleysismörk. Þetta veldur því að tekjuskattskerfið er í reynd fjölþrepakerfi með óendanlega mörgum þrepum. Sem dæmi af 150 þús. kr. tekjum greiðir viðkomandi 19,7% í skatt. Og af 300 þús. kr. tekjum er greitt 31,6% í skatt.

Þá hafa skattar fyrirtækja verið lækkaðir verulega, eða frá 51% árið 1990 niður í 18%, sem bætir samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs verulega auk þess sem tekjur ríkissjóðs hafa farið vaxandi.

Þá hafa eignarskattar einstaklinga og fyrirtækja verið lækkaðir um meira en helming, þ.e. eignarskattar hafa lækkað um 1,2% í 0,6% og sérstakur eignarskattur felldur út og er vægi ellilífeyrisþega þar mikið, eða um þriðjungur.

Þá hafa ýmis sveitarfélög afnumið fasteignaskatta að hluta eða alveg hjá öryrkjum og ellilífeyrisþegum.

Þá má ekki gleyma að halda til haga skattfrádrætti vegna viðbótarlífeyrissjóðsgjalda úr 4% í 8% af launum. Einnig má nefna barnabætur, 2 milljarða í aukningu barnabóta. Allar þessar breytingar munu skila öflugra atvinnulífi og betri afkomu heimilanna.

[16:05]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að hæstv. fjmrh. er í vondum málum. Eða hvers vegna gerir hæstv. fjmrh. engar tilraunir til þess að svara hér þeim fyrirspurnum sem ég lagði fyrir hann, m.a. um það hvernig hann ætlar að lækka skattbyrðina á lífeyrisþegum, fólki með lágar og meðaltekjur, fólki sem staðið hefur undir skattaívilnunum og skattalækkunum til þeirra sem betur hafa það í þjóðfélaginu?

Hæstv. ráðherra gerði heldur enga tilraun til þess að hrekja það sem ég sagði, að skattbyrði fólks með 400 þús. kr. í tekjur og meira hefur aukist miklu minna en hjá fólki sem hefur tekjur undir 400 þús. kr. þar sem skattbyrðin hefur aukist verulega. Að ekki sé talað um verkafólkið sem borgar núna fjórfalt meira, skattbyrði þess hefur hækkað fjórfalt meira en hjá þeim sem eru með 400 þús. kr. í tekjur.

Hvað ætlar hæstv. ráðherra að gera fyrir þetta fólk? Er hæstv. ráðherra að vinna að því að lækka skattbyrði þess? Ég óska eftir að hæstv. ráðherra svari því.

Það er líka alveg ljóst að skattbyrði, ég sýndi fram á það í ræðu minni áðan, hefur hækkað langt umfram það sem launabreytingar gefa tilefni til. Og það sýndi ég fram á með tölum en hef ekki tíma til að endurtaka þær.

Einnig er ljóst að þegar hæstv. ráðherra talar um það að tryggingagjaldið hafi hækkað lítillega, hvað er lítillega í huga ráðherrans? Það eru þó hvorki meira né minna en 2,4 milljarðar sem hafa verið lagðir á lítil og meðalstór fyrirtæki til að geta lækkað skattana enn meira á stórfyrirtækin og það hefur kostað ríkissjóð 3,7 milljarða og undir því hefur lágtekjufólkið og fólkið með meðaltekjurnar staðið.

Hæstv. ráðherra skuldar fólki, því fólki sem hefur staðið undir sköttunum í þjóðfélaginu, fólkinu sem er með tekjurnar undir 400 þús. kr., hann skuldar því skýringar á því hvort ekki eigi að snúa af þeirri röngu braut sem ríkisstjórnin er komin á.

Ég skora á ráðherra að svara skýrt og skilmerkilega þeim spurningum sem fyrir hann hafa verið lagðar.

[16:07]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ýmislegt hefur komið fram í þessum umræðum, m.a. það að hv. þm. Gísli S. Einarsson veit ekki að búið er að lækka eignarskatta með lögum um rúmlega helming.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði að það sem skipti máli væri það sem er eftir í vösunum hjá fólki. Það er vitanlega það sem skiptir máli. Það köllum við kaupmátt, kaupmátt ráðstöfunartekna, það sem við höfum verið að segja hér frá að hefur hækkað um meira en 30% á átta árum. Finnst mönnum þetta ekki skipta nokkru máli? (Gripið fram í.)

Málið er það að við erum með þannig skattkerfi og það var tekið hér upp 1987. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tók fullan þátt í því ásamt fyrirspyrjanda og þáv. fjmrh. að verða fyrstu ráðherrarnir til þess að falla frá lögbindingu þess að persónuafsláttur skyldi hækka samkvæmt verðlagi. Síðan hefur það ekki verið gert. Og hver skyldi nú vera ástæðan fyrir því að þeir herrar gerðu það á þeim tíma?

Nei, málið er auðvitað það að við erum með kerfi þar sem tekjuskattur hækkar og er hlutfallslega meiri eftir því sem tekjur eru hærri. Þetta er fjölþrepakerfi eins og hér hefur komið fram. Það hlýtur að vera eftirsóknarverðara, hv. þm., að hafa 100 þús. kr. í tekjur og borga 11% í skatt af því en að hafa 70 þús. kr. í tekjur og borga engan skatt. En þingmaðurinn er í raun og veru að segja okkur það gagnstæða. Það er betra að hafa lágar tekjur bara ef maður borgar engan skatt. Hvers lags fjarstæða er þetta? (Gripið fram í.) Er ekki miklu betra að fólkið ýtist upp í tekjum og kaupmátturinn batni hjá því þó það borgi einhvern skatt af þeim tekjum? Auðvitað er það betra. Er ekki betra að hafa 200 þús. kr. og borga 24% í skatt en að hafa 100 þús. kr. og borga 11%? Vilja menn bara

að skattbyrðin verði nógu lág en tekjurnar skipti engu máli? (Gripið fram í.)

Þessi málflutningur stenst ekki. Slíkur málflutningur gengur ekki upp og það vita allir sem hafa þurft að taka þátt í því að stjórna landinu eins og þeir ræðumenn hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem hafa haft sig (Gripið fram í.) mikið í frammi.

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, 1. umr.

Stjfrv., 245. mál (uppsjávarfiskur). — Þskj. 249.

[16:11]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 54 frá 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, með síðari breytingum.

Með lögum nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, var kveðið á um það að öll fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum skyldi óheimil nema að fengnu sérstöku leyfi ráðuneytisins. Í lögunum var fullvinnsla skilgreind þannig að það teldist fullvinnsla ef flökun eða flatning væri þáttur í vinnslu aflans. Í framhaldi af þessu var síðan komið á kerfi varðandi mælingu á nýtingu aflans, sem notað hefur verið að mestu óbreytt síðan. Byggist það á því að nýtingarmælingar fari fram um borð í hverju veiðiskipi sem fullvinni botnfiskafla og að þær mælingar séu grundvöllur fyrir nýtingu aflaheimilda viðkomandi skips. Fiskistofa hefur eftirlit með því að nýtingarmælingar fari fram og að samræmi sé milli útreiknaðrar nýtingar áhafnar og raunnýtingar.

Lög nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, taka aðeins til vinnslu á botnfiskafla og aðeins þegar flökun eða flatning aflans er þáttur í vinnslunni. Þau taka því ekki til flökunar á uppsjávarfiski eins og t.d. síld eða til vinnslu afla sem felur ekki í sér flökun eða flatningu, t.d. þeirra tilvika þegar afli er hausskorinn eða skorinn með öðrum hætti. Þegar lögin voru samþykkt á sínum tíma var flökun á uppsjávarfiski um borð í veiðiskipum óþekkt hér á landi og ýmis vinnsla sem ekki felur í sér flökun eða flatningu hefur aukist verulega á undanförnum árum.

Í frumvarpinu er lagt til að sú breyting verði gerð á lögunum að öll vinnsla á öllum sjávarafla um borð í veiðiskipum umfram slægingu og ísingu verði háð sérstöku leyfi Fiskistofu og þar með komi önnur ákvæði laganna til með að gilda um alla frekari vinnslu. Þykir nauðsyn bera til að samræma þannig reglurnar um mælingu á nýtingu og eftirlit þannig að þær taki til allra skipa sem vinna afla um borð samkvæmt þessari nýju skilgreiningu. Þó er rétt að geta þess að við vinnslu á ákveðinni tegund eða afurð getur þótt rétt að hafa fastan nýtingarstuðul.

Breytingar á einstökum greinum lúta að þeirri breytingu sem hér hefur verið gerð grein fyrir auk þeirrar breytingar að Fiskistofu er falið að gefa út leyfi til vinnslu en það er í raun í samræmi við þá framkvæmd sem tíðkast hefur undanfarin ár. Er því ekki ástæða til að skýra einstakar greinar nánar en hér er gert.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til hv. sjútvn.

[16:14]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég sé ekki betur en að eðlilegt sé að þetta frv. komi fram og ég sé ekkert í því sem mætti betur fara við fyrsta yfirlestur. En auðvitað verður það skoðað betur í nefndinni.

Ég kem kannski öðru fremur upp til að nefna það að ég flutti þáltill. í tvígang á næstsíðasta og þarnæstsíðasta þingi um endurskoðun á mælistuðlum í fiskveiðum. Ég nefni þetta hér vegna þess að hæstv. ráðherra sagði í framsögu sinni að að mestu hefðu verið notaðir óbreyttir þeir mælistuðlar sem eru í gangi þarna. Það hefur jú verið uppi mikil gagnrýni á þessar aðferðir. Útgerðarmenn hafa margir síður en svo verið sáttir við hvernig þeir mælistuðlar eru og bent hefur verið á ýmislegt í því sambandi sem ég a.m.k. hef talið ástæðu til að farið yrði betur yfir.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðherra: Finnst honum ekki kominn tími til þess að tekið verði á þessu máli heildstætt og þetta verði yfirfarið? Þar kemur inn slæging fisksins. Þar kemur t.d. inn deilan sem hefur verið um ísprósentuna og ýmislegt annað sem tengist þeim mælingum sem fara fram á nýtingunni. Margir halda því statt og stöðugt fram að fullvinnsla um borð í fiskiskipum hafi forskot á vinnslu í landi vegna þeirra aðferða sem eru notaðar við að meta nýtinguna. Það er ekki gott, heldur er það bara vont í sjálfu sér að menn skuli ekki láta fara fram endurskoðun á þessu sem sætti menn við að yfir málin hafi þó verið farið og menn hafi þá komist að sömu niðurstöðu ef það verður niðurstaðan.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hyggst hann láta skoða þessi mál eitthvað betur? Eða vill hann halda sig við þær aðferðir sem hafa verið, t.d. hvað varðar ísprósentuna?

Ég vil nefna eitt í sambandi við það. Það eru fjölmörg vinnsluhús í gangi sem hafa innvigtunarleyfi og í tengslum við þá innvigtun hefur oft orðið ágreiningur milli útgerðarmanna og þeirra sem kaupa af þeim aflann, vegna þess að misræmi er milli landaðs afla og þeirrar vigtunar sem fer fram hjá þeim aðilum sem eru með innvigtunarleyfi. Starfsmenn þeirra fyrirtækja annast slíka vigtun og það er auðvitað hætta á hagsmunaárekstri þegar um er að ræða starfsmenn viðkomandi fyrirtækja. Þannig eru ýmsir hlutir sem þyrfti að yfirfara til þess að menn geti a.m.k. orðið sáttari við það fyrirkomulag sem er í gildi. Það verður ekki nema menn með sanngirni fari yfir málin sameiginlega og sýni þá fram á að þetta sé allt saman í hinu besta lagi, en það gerist ekki nema á málunum verði tekið.

En ég geri ráð fyrir að fá tækifæri til þess að fara yfir málið með nefndinni og ætla svo sem ekki að mæla gegn því á nokkurn hátt. Ég tel að full ástæða hafi verið til að flytja þetta mál inn í þingið.

[16:19]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir góð orð í garð frv. Ég kannast við tillögu hans um endurskoðun á mælistuðlum. Þau málefni hafa verið rædd hér áður.

Varðandi nýtingarstuðlana í fullvinnslunni er það að segja að tiltölulega stutt er síðan farið var yfir þessi mál út frá því hvort fullvinnslan hefði forskot umfram landvinnsluna, þ.e. fullvinnsla úti á sjó. Við þá skoðun kom ekki fram gagnrýni á mælistuðlana og hvernig þeir voru fundnir. Ég held að miðað við það hve flókið málið er höfum við náð nokkuð góðum árangri. Það að stuðlarnir eru breytilegir er hvatning til frekari og betri nýtingar hráefnisins.

Varðandi það sem hv. þm. nefndi um slægingarstuðlana þá hafa farið fram mjög miklar athuganir á þeim. Við höfum mjög góðar upplýsingar um hvert slægingarhlutfallið er eftir árstíma.

Eins og hv. þm. veit var síðastliðið vor lagt til í greinargerð með nál. sjútvn. vegna breytinga á lögum um stjórn fiskveiða að skoða þorskígildisstuðla, m.a. hvort hafa ætti undir- og yfirstuðla. Í þessu sambandi þarf líka að skoða slægingarstuðlana. Þeir geta verið mismunandi eftir hafsvæðum eins og þýðing stuðlanna getur verið.

Varðandi ísprósentuna og vigtarleyfin þá eru það mál sem ég hef verið að skoða á undanförnum vikum. Ég þori ekki að fullyrða um það núna en ég sé a.m.k. ástæðu til að skoða þau nánar, hvað svo sem síðar verður.

[16:21]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst gott að heyra að hæstv. ráðherra hafi ákveðið að láta skoða þetta með ísprósentuna. Það er ábyggilega full ástæða til að fara yfir það mál.

Ég tel að það hafi komið fram góð rök í umræðum í fyrra, þ.e. að varasamt geti verið að hafa þorskígildisstuðlana eins og þeir eru og það geti hreinlega haft áhrif á nýtingu fiskstofnanna. Ég hvet til þess að menn haldi áfram að fara yfir þau mál. Ég hefði talið ástæðu til að taka þessi mál heildstætt og af yrði einhvers konar skýrsla þannig að menn gætu á einum stað farið yfir þau mál sem við höfum verið að nefna í þessari umræðu. Þetta væri handhæg skýrsla handa þeim mönnum sem telja, sumir hverjir a.m.k., að þeir séu órétti beittir með þeim stuðlum sem hér var rætt um. Menn mundu þá líka geta skilið forsendurnar, hvernig þeir eru í endurskoðun sem þeir þurfa sífellt að vera til að þeir úreldist ekki. Menn væru þannig betur upplýstir um þessi mál.

[16:23]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, með síðari breytingum.

Það er kannski ekki mikil ástæða til að fjalla mikið um frv. Ég held að það sé svona við fyrsta yfirlestur hið eðlilegasta mál á alla kanta og við munum fjalla um það í hv. sjútvn.

Mig langar aðeins til að spyrja hæstv. ráðherra við 1. umr. um málið. Nú gerum við okkur grein fyrir því að aukin ásókn er í að vinna síldina um borð. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort ráðuneytið hafi gert sér grein fyrir því hversu mörg skip taki til þessa ráðs á næstu árum. Í leiðinni væri forvitnilegt að fá að vita hvort ráðuneytið hafi velt fyrir sér hversu mikill afli, hve mörg tonn, mundu fara fyrir borð við veiðar af þessu tagi, þ.e. fullvinnslu um borð.

Við erum auðvitað öll þeirrar skoðunar að við þurfum að nýta auðlindina eins vel og hægt er. Mann hryllti satt að segja við því, það er ekki nema rúmt ár síðan, þegar þeir aðilar sem verka fiskhausa töldu að verðmæti þess sem færi fyrir borð væri um 3,5 milljarðar. Það mál þarf að taka föstum tökum og finna allar tiltækar leiðir til að gera sem mest verðmæti úr þeim hráefnum sem menn taka um borð.

Ég vildi bara við 1. umr. spyrja hæstv. ráðherra að því hvort ráðuneytið hafi myndað sér einhverja skoðun á því, með samantekt eða úttekt, hver staðan væri. Hvernig standa þessi mál eins og þau horfa við núna?

Við gerum okkur grein fyrir því að síldin er sótt lengra og lengra út. Að öllum líkindum er eina færa leiðin að vinna þetta á hafi úti, alla vega úr norsk-íslenska síldarstofninum sem hefur ekki nálgast okkur eins og við bundum vonir við. Það á síður við íslensku síldina sem er unnin í okkar stóru og fínu verksmiðjum fyrir austan. Það var fyrst og fremst þetta sem ég vildi spyrja um í fyrstu atrennu í umfjöllum um málið.

[16:25]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað stórmál sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson nefnir hér til umræðunnar. Þetta hefur verið til umfjöllunar á vegum ráðuneytisins og er t.d. sérstaklega fjallað um þetta í svokallaðri AVS-skýrslu, um aukið verðmæti sjávarfangs. Þar er farið yfir það hvar möguleikar okkar liggja í að nýta betur aflann sem við drögum úr sjó. Áherslan er einmitt lögð á þennan þátt.

Það er stefna ráðuneytisins að koma þeirri vinnu sem AVS-skýrslan leggur til af stað sem allra fyrst. Ég vænti þess að í framhaldi af því verði litið á þennan þátt og um hann sérstaklega fjallað. Ég vænti þess að við munum komast að bærilegri niðurstöðu sem leiði af sér að sem allra mest af þeim verðmætum sem þarna eru skili sér í þjóðarbúið.

[16:26]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svo sem ekki mikið sem ég vil bæta við. Ég fagna því að ráðuneytið skuli vera í þessari vinnu. Hér er um milljarða og sennilega milljarðatugi að ræða. Ég vil bara þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og lýsa ánægju minni með að þessi vinna skuli vera í gangi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiðieftirlitsgjald, 1. umr.

Stjfrv., 246. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 250.

[16:27]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 33 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald með síðari breytingum.

Með lögum nr. 34/2000, um breytingu á gjaldtökuákvæðum nokkurra laga á sviði sjávarútvegs, voru m.a. lögfestar fjárhæðir sem renna til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu. Fram að lagabreytingunni var fjárhæðum breytt árlega með reglugerð. Við útreikning á gjaldinu var miðað við áætlaðan kostnað Fiskistofu af rekstri veiðieftirlitsins enda eftirlitsgjaldinu ætlað að standa undir þeim kostnaði. Gjaldinu var skipt þannig niður að leyfishafar greiða annars vegar gjald fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni og hins vegar gjald sem ákvarðast af úthlutuðu aflamagni eða lönduðum afla hvers skips í þorskígildum talið.

Til að halda sömu reglu er hér lagt til:

1. Að gjald fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni hækki úr 16.500 kr. í 17.500 kr. Með þessu móti hækka tekjur af gjaldinu á árinu 2003 um 2,5 millj. kr. og gætu þær orðið um 40 millj. kr. á árinu 2003.

2. Að gjald á úthlutaðar veiðiheimildir eða landaðan afla metið til þorskígilda í tonnum skuli hækka úr 593 kr. í 664 kr. Gjald vegna fiskveiðiársins sem hófst 1. september sl. og lýkur 31. ágúst 2003 verður lagt á 1. desember nk. Gera má

ráð fyrir að samtals verði úthlutað um 470 þús. þorskígildum á yfirstandandi fiskveiðiári. Miðað við þá úthlutun veiðiheimilda gætu tekjur af gjaldi þessu orðið um 312 millj. kr. á yfirstandandi fiskveiðiári. Hækkun gjaldsins er nokkuð umfram almennar verðlagsbreytingar og stafar m.a. af hækkun dagpeninga umfram verðlagsbreytingar, auknum stjórnunarkostnaði í kjölfar mikillar fjölgunar veiðieftirlitsmanna auk almennra verðhækkana.

Þá er í 3. gr. frumvarpsins lagt til að sú breyting verði gerð á lögunum að ekki aðeins útgerðir skipa sem fullvinna botnfiskafla um borð greiði fyrir eftirlit um borð í skipum sínum, heldur taki greiðsluskyldan einnig til útgerða skipa sem vinna uppsjávarfisk og skipa sem vinna fisk um borð á einhvern hátt þó ekki sé um fullvinnslu að ræða. Fullvinnsla hefur verið skilgreind þannig að hún sé vinnsla þegar flökun eða flatning er þáttur í vinnslunni. Í þessu sambandi skal þess getið að lagt hefur verið fram frumvarp um breytingu á lögum um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, sem gerir ráð fyrir að gildissvið laganna verði rýmkað á sambærilegan hátt. Þá þykir eðlilegt að útgerðir rækjuskipa kosti einnig eftirlit þegar rækja er stærðarflokkuð um borð á hafi úti því slíku fylgir aukin hætta á brottkasti rækju og kallar það á sérstakt eftirlit með þessum skipum. Erfitt er að meta hvort þessi rýmkaða greiðsluskylda útgerða vinnsluskipa auki tekjur Fiskistofu, fer það m.a. eftir hvernig þeim mannafla sem Fiskistofa hefur yfir að ráða er ráðstafað um borð í veiðiskip.

Ég legg til, herra forseti, að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til hv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.

Stjfrv., 247. mál (gjald á aflaheimildir). — Þskj. 251.

[16:30]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Með lögum nr. 34/2000, um breytingu á gjaldtökuákvæðum nokkurra laga á sviði sjávarútvegs, voru m.a. lögfestar fjárhæðir sem renna til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Gjöldin eru tvenns konar og eru lögð á eigendur fiskiskipa. Annars vegar er um að ræða gjald sem lagt er á um hver áramót og miðast við stærð skips í brúttótonnum. Hins vegar er um að ræða gjald sem lagt er á við úthlutun aflaheimilda. Fram að framangreindri lagabreytingu hafði fjárhæðum verið breytt árlega með reglugerð og var miðað við breytingar sem orðið höfðu á vísitölu byggingarkostnaðar á sama tíma enda voru ákvæði þar að lútandi í þágildandi lögum. Til að halda sömu reglu er hér lagt til:

1. Að gjald á hvert brúttótonn fiskiskips verði hækkað úr 1.018 kr. í 1.081 kr. og að hámarksgjald sem lagt er á brúttótonn hvers skips hækki úr 387 þús. kr. í 410 þús. kr. Árið 2002 námu tekjur Þróunarsjóðs af þessu gjaldi um 87 millj. kr. og var það lækkun um 5 millj. kr. frá árinu áður. Lækkunin stafaði af fækkun skipa með veiðileyfi. Verði frv. þetta að lögum má gera ráð fyrir að tekjur Þróunarsjóðs af gjaldinu hækki um 5 millj. kr. og verði um 92 millj. kr. árið 2003.

2. Að gjald á hvert úthlutað þorskígildistonn hækki úr 1.358 kr. í 1.441 kr. Árið 2002 má gera ráð fyrir að tekjur Þróunarsjóðs af gjaldi á aflaheimildir verði um 615 millj. kr. Verði frv. þetta að lögum ásamt því að úthlutun þorskígilda verði söm og á yfirstandandi fiskveiðiári má gera ráð fyrir að tekjurnar hækki um 35 millj. kr. frá árinu 2002 og verði um 650 millj. kr. árið 2003.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til hv. sjútvn.

[16:32]

Útbýting þingskjala:

Greiðsla ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, 316. mál, frv. GÖ, þskj. 341.

Hlutfall öryrkja á Íslandi, 315. mál, beiðni SoG o.fl. um skýrslu, þskj. 340.

Tekjuskattur og eignarskattur og Rannsóknarráð Íslands, 312. mál, frv. PM, þskj. 337.

Virðisaukaskattur af barnafatnaði, 311. mál, þáltill. PM, þskj. 336.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 16:33.

---

22. FUNDUR

þriðjudaginn 5. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Rannsókn kjörbréfs.
2. Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, stjfrv., 245. mál, þskj. 249. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 246. mál, þskj. 250. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 247. mál, þskj. 251. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Hlutfall öryrkja á Íslandi, beiðni um skýrslu, 315. mál, þskj. 340. *Hvort leyfð skuli.*
6. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 248. mál, þskj. 252. — 1. umr.
7. Grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, þáltill., 27. mál, þskj. 27. — Fyrri umr.
8. Ójafnvægi í byggðamálum, þáltill., 29. mál, þskj. 29. — Fyrri umr.
9. Verðmyndun á innfluttu sementi, þáltill., 32. mál, þskj. 32. — Fyrri umr.
10. Framtíðarhlutverk Sementsverksmiðjunnar hf., þáltill., 133. mál, þskj. 133. — Fyrri umr.
11. Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, þáltill., 34. mál, þskj. 34. — Fyrri umr.
12. Rannsóknir á þorskeldi, þáltill., 35. mál, þskj. 35. — Fyrri umr.
13. Meðferð einkamála, frv., 36. mál, þskj. 36. — 1. umr.

14. Greiðsla ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, frv., 37. mál, þskj. 37. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.,
Sturla Böðvarsson samgrh.

Tilkynning um dagskrá.

[13:30]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):
Forseti vill láta þess getið að klukkan þrjú í dag fer fram umræða utan dagskrár um vændi. Málshefjandi er hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir. Hæstv. dómsmrh. Sólveig Pétursdóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:31]

Útbýting þingskjala:
Einstaklingar sem tengjast gjaldþrotum félaga, 201. mál, svar hagstrh., þskj. 330.
Lögbinding lágmarkslauna, 314. mál, þáltill. GE o.fl., þskj. 339.

Rannsókn kjörbréfs.

[13:31]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):
Borist hefur svohljóðandi bréf:
„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 3. varamaður á lista Framsóknarflokksins í Austurlandskjördæmi, Vigdís Sveinbjörnsdóttir, kennari á Egilsstöðum, taki sæti á Alþingi á meðan, en Jónas Hallgrímsson, 1. varamaður á listanum, situr um þessar mundir á Alþingi í forföllum Halldórs Ásgrímssonar, og 2. varamaður á listanum, Sigríður Júlía Geirsdóttir, hefur ekki tök á því að koma til þings.

Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl."

Annað bréf hefur borist, dags. 4. nóvember 2002:
„Ég get að sinni ekki tekið sæti á Alþingi í fjarveru Jóns Kristjánssonar, 3. þm. Austurl.

Virðingarfyllst,
Sigríður Júlía Geirsdóttir,
2. varamaður Framsfl. á Austurl."

Að ósk forseta hefur landskjörstjórn komið saman og gefið út kjörbréf handa Vigdísi Sveinbjörnsdóttur sem er 3. varamaður á lista Framsfl. í Austurlandskjördæmi. Jafnframt hélt kjörbréfanefnd fund áður en þingfundur hófst til þess að fjalla um kjörbréfið.

[13:32]

Frsm. kjörbréfanefndar (Guðmundur Hallvarðsson):
Herra forseti. Kjörbréfanefnd kom saman og fór yfir kjörbréf Vigdísar Sveinbjörnsdóttur, 3. varaþingmanns Framsfl. í Austurl., sem landskjörstjórn gaf út í dag, 5. nóvember. Kjörbréfanefnd leggur einróma til að kjörbréf Vigdísar Sveinbjörnsdóttur verði samþykkt.

[13:33]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):
Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréfið verði samþykkt. Kjörbréfið skoðast samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.
Vigdís Sveinbjörnsdóttir hefur ekki tekið sæti á Alþingi fyrr og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Vigdís Sveinbjörnsdóttir, 3. þm. Austurl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[13:34]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):
Vigdís Sveinbjörnsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 245. mál (uppsjávarfiskur). — Þskj. 249.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Veiðieftirlitsgjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 246. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 250.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 247. mál (gjald á aflaheimildir). — Þskj. 251.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Hlutfall öryrkja á Íslandi.

Beiðni SoG o.fl. um skýrslu, 315. mál. — Þskj. 340.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Beiðni leyfð til heilbrrh. með 33 shlj. atkv.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, 1. umr.

Stjfrv., 248. mál (EES-reglur). — Þskj. 252.

[13:36]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun á prófskírteinum, með síðari breytingum.

Frv. þetta miðar að því að koma til framkvæmda ...

(**Forseti** (ÍGP): Má forseti biðja hv. þingmenn um að gefa betra hljóð í salnum.)

hér á landi tilskipun Evrópusambandsins nr. 2001/19/EB sem lýtur að einföldun á gildandi reglum um gagnkvæma viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

Með lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, var ákveðið að menntmrn. skyldi sjá um að samræma framkvæmd tilskipunar 89/48/EBE hér á landi. Með samþykkt laga nr. 76/1994, um breytingu á þeim lögum, var menntmrn. einnig falið að sjá um og samræma framkvæmd tilskipunar 92/51/EBE. Tilgangur þessara tilskipana er að auðvelda frjálsan flutning ríkisborgara innan Evrópska efnahagssvæðisins sem óska eftir að stunda starf sitt í öðru landi en því sem þeir hlutu menntun sína og starfsþjálfun í. Framkvæmd framangreindra tilskipana hefur þannig auðveldað íslenskum ríkisborgurum að fá heimild til að starfa í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

Þær tilskipanir sem þegar hafa verið lögleiddar hér á landi varða í fyrsta lagi almennt kerfi á vegum Evrópusambandsins til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár, sbr. tilskipun 89/48/EBE, svo og tilskipun 92/51/EBE sem er viðauki við hana og tekur til annars náms sem ekki er tilgreint í öðrum tilskipunum. Í öðru lagi er um að ræða tilskipanir fyrir einstakar starfsstéttir, svo sem lækna, hjúkrunarfræðinga, tannlækna, ljósmæður, lyfjafræðinga, dýralækna og arkitekta en þeir málaflokkar falla undir önnur ráðuneyti.

Hinn 14. maí 2001 gaf Evrópusambandið út nýja tilskipun um gagnkvæma viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, tilskipun 2001/19/EB, sem hefur þann megintilgang að einfalda framkvæmd tilskipana um þetta efni, samræma ákvæði um sömu efnisþætti og voru settir fram með mismunandi hætti í ólíkum tilskipunum og skýra frekar atriði sem þóttu óljós. Tilskipunin á að vera komin til framkvæmda í aðildarríkjunum fyrir 1. janúar 2003.

Þessi nýja tilskipun breytir tilskipunum 89/48/EBE og 92/51/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á menntun og prófskírteinum en þessar tilskipanir falla undir menntmrn. Auk þess breytast tilskipanir sem varða hjúkrunarfræðinga, tannlækna, dýralækna, ljósmæður, arkitekta, lyfjafræðinga og lækna. Þær tilskipanir falla undir heilbr.- og trmrn., landbrn. og iðn.- og viðskrn.

Helstu breytingar sem felast í tilskipun nr. 2001/19/EB og varða tilskipanir 89/48/EBE og 92/51/EBE eru eftirfarandi:

1. Hugtakið „lögvernduð menntun og þjálfun“ er tekið upp í tilskipun 89/48/EBE en þetta hugtak er nú þegar skilgreint í tilskipun 92/51/EBE. Hér er um að ræða nám sem fer fram samkvæmt námskrá, t.d. aðalnámskrá framhaldsskóla, en veitir ekki rétt til lögverndaðs starfs. Þar sem námið fer hins vegar fram samkvæmt opinberri námskrá telst það lögvernduð menntun og þjálfun.

2. Ef í ljós kemur að umtalsverður munur er á menntun og þjálfun þess sem sækir um viðurkenningu og þeim kröfum sem gerðar eru í gistiríkinu gat gistiríkið krafist þess að umsækjandi tæki aðlögunartíma eða gengist undir próf í þeim þáttum sem ekki fólust í upphaflegu námi og þjálfun umsækjanda. Með tilskipun 2001/19/EB er aðildarríkjunum gert skylt að kanna að hve miklu leyti starfsreynsla viðkomandi, eftir að hann lauk námi og tilskilinni starfsþjálfun, getur komið í stað þess sem talið er á vanta í upphaflegu námi og þjálfun. — Þetta er hin efnislega breyting sem hér skiptir að mínu mati mestu máli.

3. Stefnt er að því að bæta og einfalda samhæfingu í framkvæmd almennu tilskipananna, þ.e. tilskipana 89/48/EBE og 92/51/EBE, með því að fela samræmingarhópi, sem starfar samkvæmt ákvæðum í tilskipun 89/48/EBE, að samþykkja og birta álit um vandamál sem framkvæmdastjórnin vísar til hans og varða framangreindar tilskipanir.

Þar sem tilskipunin breytir efnislega tilskipunum 89/48/EBE og 92/51/EBE þarf að breyta lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, á þann veg að númer tilskipunarinnar komi fram í 1. gr. laganna. Tilskipunin felur ekki í sér nýjar kvaðir fyrir Ísland enda miðar hún fyrst og fremst að því að auka skýrleika í framsetningu og framkvæmd áðurnefndra tveggja tilskipana.

Herra forseti. Ég legg til að frv. þetta fari til hv. menntmn. eftir þessa umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, fyrri umr.

Þáltill. BH o.fl., 27. mál. — Þskj. 27.

[13:43]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um öflun grunngagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta.

Í kjölfar þess að Bernarsamningurinn um villta náttúru var gerður hefur verið þróuð ákveðin aðferðafræði víðs vegar um heim sem er jafnframt í samræmi við Ríó-samninginn um líffræðilega fjölbreytni. Þessi aðferðafræði er nú orðin viðurkennd vinnubrögð um allan heim og hefur verið að styrkjast í sessi á síðustu 10 árum. Hún gengur út á það að flokka land, plöntur og dýr, og tryggja að þau hafi lífvænleg búsvæði í hverju ríki. Landið er síðan flokkað í vistgerðir, m.a. út frá tilteknum verðmætaflokkum. Þessi vinnubrögð hafa að hluta til borist til Íslands og þeim er nú beitt í tengslum við rammaáætlun á hálendinu en einungis á skilgreindum svæðum.

Íslendingar hafa verið samstiga öðrum þjóðum í að setja lög og reglur er varða umhverfisvernd og skynsamlega nýtingu náttúrunnar, og búa nú við að mörgu leyti svipaðan lagaramma á þessu sviði og önnur Evrópu- og OECD-ríki. Íslendingar eru hins vegar eftirbátar margra þessara ríkja þegar kemur að grunngögnum sem nauðsynleg eru til að fyrirgreind umhverfislöggjöf nái markmiðum sínum. Íslendingar eru nefnilega ekki búnir að skrá, flokka og meta náttúru landsins í sama mæli og hinar þjóðirnar. Þar af leiðandi eigum við mjög erfitt með að framfylgja alþjóðlegum skyldum sem við höfum tekið á okkur, t.d. hvað varðar skuldbindingar

í Ríó-samningnum um líffræðilega fjölbreytni, Bernarsamningnum um verndun villtra planta og dýra og lífsvæði í Evrópu og svipuðum samningum.

Íslendingar eiga aðild að Evrópsku umhverfisstofnuninni. Þar á bæ byggist gagnaöflun um náttúrufar, mat á ástandi þess og vöktun á samræmdu flokkunar- og skráningarkerfi sem okkur gengur mjög illa að nota vegna þess að slík gögn eru ekki til staðar hér á landi.

Ein af afleiðingum þessa gagnaskorts kemur fram í því að umhverfismat er yfirleitt mun dýrara hér á landi en í nágrannalöndunum vegna þess að framkvæmdaraðilar sem taka matið í sínar hendur geta ekki gengið að góðum gögnum um náttúrufar á viðkomandi svæði. Þeir þurfa sjálfir að afla slíkra gagna og oft með dýrum grunnrannsóknum. Í Svíþjóð og Finnlandi t.d. hefur verið lögð áhersla á að skapa góðan grunn og þar nægir framkvæmdaraðila í mörgum tilfellum að gefa upp staðsetningu fyrirhugaðrar framkvæmdar og getur hann án frekari vettvangsathugana fengið frekari upplýsingar um náttúrufar svæðisins og verndargildi þess.

Önnur afleiðing þessa gagnaskorts hér á landi er að hvorki löggjafarvaldið né framkvæmdarvaldið hefur sett skýrar línur hvað varðar kröfur um lágmarksgögn og lágmarksgæði gagna sem leggja ætti til grundvallar við gerð skipulagsáætlana eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Afleiðing þessa hefur einmitt verið mikið í umræðunni síðustu daga hér á landi. Hún er sú að kröfurnar eru misjafnar. Þær eru óljósar og skapa skilyrði fyrir ágreining um ákvarðanir og gera það í raun að verkum að hið pólitíska mat er miklu sterkara í tengslum við umhverfismatið hér á landi en það ætti að vera og á kostnað hins eiginlega faglega mats.

Þetta hefur líka mikla þýðingu fyrir framkvæmdaraðilann sem kæmi að verkinu og hefði slíkt umhverfismat með höndum, að hann gæti gengið að tilteknum grunngögnum sem búið væri að vinna og búið væri að vinna án þess að það væri í tengslum við tiltekna framkvæmd og kannski undir pressu frá viðkomandi framkvæmdaraðila. Þá ætti framkvæmdaraðili aðgang að þeim gögnum og þar af leiðandi yrði umhverfismatið ódýrara fyrir hann og mundi líka gera það að verkum að einhverjum öðrum en risastórum fjársterkum aðilum væri gert kleift að nýta auðlindir landsins. Ég leyfi mér að halda að í mörgum tilvikum mundi það há t.d. sveitarfélögum að nýta þær auðlindir sem sveitarfélögin búa yfir vegna þess hve umhverfismatið er dýrt. Ég held að það mundi skapa faglegri vinnubrögð við gerð umhverfismatsins ef slík vinna væri unnin óháð hverri og einni framkvæmd. Þetta væri bara eitthvað sem ríkið mundi láta vinna, gera skurk í og vinna með átaki á t.d. fimm ára tímabili.

Ég held líka að slík vinnubrögð yrðu til þess að kostnaður vegna umhverfismats í heild séð yrði minni. Umhverfismat framkvæmdaraðila á hverjum og einum stað er oft óhóflega dýrt. Ef búið væri að vinna grunninn og framkvæmdaraðili hefði þá eitthvert mat til að byggja á áður en hann færi af stað með sitt mat mundi það draga úr kostnaði í heildina tekið og kannski koma í veg fyrir að menn færu af stað á svæði sem búið væri að meta mjög verðmætt út frá umhverfislegu sjónarmiði í slíkum náttúrufarskortum.

Meðan kröfur um gögn er varða náttúrufarsþætti og gæði þeirra hafa ekki verið skilgreindar verður mat á verndargildi náttúrufyrirbæra og verðmæti þeirra oft háð allt of mikilli tilviljun og geðþótta og pólitíska ákvörðunin verður alls ráðandi. Þetta er umræða sem við þekkjum mjög úr samfélaginu á Íslandi. Ég tel ekki æskilegt að svo miklar pólitískar deilur standi um hluti eins og umhverfismat sem eiga fyrst og fremst að ráðast á faglegum forsendum.

Í þessari þáltill. er lagt til að bætt verði úr þeim slæma skorti á grunngögnum og sömu vinnubrögðum verði beitt og grannþjóðirnar hafa notað með góðum árangri. Eins og ég nefndi áðan er nokkur reynsla komin á þessi vinnubrögð hér á landi þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur beitt þeim með öflun grunngagna fyrir rammaáætlun um virkjun jarðhita og vatnsfalla og fyrir mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar. Stofnunin hefur einnig stigið fyrsta skrefið við flokkun og skilgreiningu vistgerða á landsvísu með því að kanna skipulega allar lýsingar og skilgreiningar á vistgerðum Evrópusambandsins og þær viðbætur sem unnar hafa verið um norðlægar vistgerðir.

Í þáltill. er jafnframt lagt til að kröfur um lágmarksgögn og lágmarksgæði gagna sem notuð eru við gerð skipulagsáætlana við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda verði skilgreindar og samræmdar. Ég efast ekki um, herra forseti, að ef við tækjum upp slíkar reglur, ef við mundum fara í að kortleggja náttúruna með þessum hætti, þá mundi það draga úr pólitískum deilumálum við mat á umhverfisáhrifum í tengslum við hverja og eina framkvæmd og tryggja að faglegri vinnubrögð mundu fremur vera í fararbroddi við gerð slíks umhverfismats og ég held að það sé öllum til hagsbóta.

Við höfum heyrt nokkra umræðu um það síðustu daga í fjölmiðlum þar sem sagt er að vísindamenn telji sig vera beitta þrýstingi þegar þeir eru að vinna fyrir framkvæmdaraðila við gerð slíks mats. Ég ætla ekki að leggja dóm á það hvort sú sé raunin en ég held að það gefi augaleið, herra forseti, að vísindamaður sem vinnur slíkt mat algerlega óháð einhverri ákveðinni framkvæmd sem til staðar er, eða er í pípunum, hafi að mörgu leyti frjálsari hendur til þess að láta hin vísindalegu sjónarmið eingöngu ráða heldur en hann hefur þegar hann er á launum hjá tilteknum framkvæmdaraðila sem jafnframt hefur þá húsbóndavald yfir honum að einhverju leyti. Ég tel að með því að fela ríkisstjórninni í raun að vinna þessa grunnvinnu, þá værum við að tryggja faglegri vinnubrögð.

Ég tel að reyndar væri líka mikilvægt í tengslum við slíka kortlagningu að styrkja lögin um mat á umhverfisáhrifum þannig að innan þeirra væru skýrari leiðarvísar um á hvern hátt hvaða gögn mætti nota og á hvern hátt þau ætti að nota í tengslum við umhverfismatið. Þessa gagnrýni höfum við líka heyrt af hálfu vísindamanna síðustu daga í umræðunni sem einhverjir vilja meina að vinna þeirra sé slitin úr samhengi og komi ekki fram eins og þeir hefðu helst viljað kjósa þegar hið endanlega umhverfismat er komið og jafnvel vitnað í þá öðruvísi en þeir hafa sjálfir viljað kannast við o.s.frv. Ég held því, herra forseti, að hvernig sem á þetta er litið sé það öllum til hagsbóta, framkvæmdaraðilum, þeim sem vilja virkja og þeim sem vilja leggja mikla áherslu á náttúruverndina, að slík grunnvinna sé unnin og ráðist verði í hana. Eins og ég sagði áðan hefur að hluta til verið farið í þessa vinnu í tengslum við rammaáætlunina uppi á hálendinu. Þetta þarf að gera fyrir landið allt. Mér er sagt af sérfróðum að slíka vinnu mætti framkvæma ef kraftur væri settur í það á kannski fimm ára tímabili eða eitthvað slíkt og við værum að tala um 10 eða 20 millj. á ári sem mundu fara í þetta.

Herra forseti. Ég legg að lokum til að tillagan fái málefnalega umfjöllun og hún verði að sjálfsögðu samþykkt.

[13:53]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er margt athyglisvert í tillögu hv. þingmanna sem flytja hana en það er kannski líka eitt og annað sem mætti skoða betur. Að minnsta kosti er krafan af minni hálfu sú hvað varðar umhverfismat að í umhverfismatinu sjálfu séu bestu fáanlegu upplýsingar og gögn til staðar þannig að við þingmenn til að mynda getum mótað okkar sjálfstæðu afstöðu af hinni fyllstu ábyrgð.

Það eru tvær spurningar sem mig langar til að leggja fyrir hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur. Það er annars vegar varðandi kostnað af þessu mati, hvað hv. þm. telur að þetta muni kosta og hversu langlíf þessi kort yrðu, hvort þau muni duga líka eftir 15 eða 20 ár, og hver endurskoðun á svona kortum er. Síðan í þriðja lagi langar mig að spyrja hv. þm. hvernig þessu er háttað t.d. í Noregi.

[13:54]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki gert ítarlega kostnaðaráætlun um þetta sem þyrfti að sjálfsögðu að vinna ef svona tillaga væri tekin til skoðunar í nefnd en mér er sagt að við séum að tala um 10–20 milljónir árlega í kannski fimm ár þannig að við erum þá væntanlega að tala um hámark 100 milljónir miðað við fimm ára tímabil. Ég held að það sé samt svolítið erfitt að spá nákvæmlega fyrir um þetta hvað kostnað varðar vegna þess að það ræðst væntanlega af því hversu mikla vinnu þarf að leggja í tiltekið svæði og það sjá menn kannski ekki allaf fyrir fram.

Um endingu kortanna vil ég segja að reynslan af þessum vinnubrögðum er ekki nema tíu ára. Ríki hafa verið að þróa þetta, þau ríki sem hafa notað þetta. Ég geri ráð fyrir að reglulega fari fram einhver uppfærsla á slíkum kortum eins og öðrum kortum sem gerð eru, af öðrum gróðurkortum og slíku. Það þurfi þá að uppfæra þau reglulega.

Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki skoðað Noreg sérstaklega. Sú vinna sem hér liggur að baki er með sérstaka áherslu á Evrópusambandslöndin og þau Norðurlandanna sem eru í Evrópusambandinu vegna þess að þessi vinnubrögð eru að miklu leyti mótuð þar og þau ríki sem eru núna að ganga inn í Evrópusambandið hafa verið að taka þau vinnubrögð upp og tileinka sér þau. Ég þekki því ekki hvernig þessu er nákvæmlega fyrir komið í Noregi. En ég veit hins vegar að þessi vinnubrögð sem eru í rauninni unnin upp í kjölfar Bernarsamningsins hafa verið að öðlast meiri og meiri útbreiðslu. Hvort Noregur er inni í þeim pakka get ég því miður ekki svarað.

[13:56]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski ekki að ástæðulausu sem ég nefni Noreg. Noregur er dreifbýlt svæði eins og Ísland. Kort sem gerð yrðu annars staðar í Evrópu, til að mynda af Danmörku eða Hollandi, þar erum við að tala um miklu þéttbýlla svæði og auðveldara í almennri náttúrukortagerð. Ég held því að heppilegt hefði verið að hafa samanburð við Noreg í þáltill. og ég hvet hv. umhvn. til að skoða það atriði.

Síðan varðandi kostnaðinn, þá er verið að tala um kostnað upp á 10–20 millj. kr. á ári, kannski 100 millj. kr. til fimm ára þannig að ég held að menn verði að meta það. Það er mjög mikilvægt í þessum málum að kostnaður af gerð slíkra náttúrukorta verði metinn og sérstaklega með tilliti til þess ef þau endast ekki lengur en í fimm eða tíu ár. Því beini ég þessu líka til skoðunar hjá hv. umhvn.

[13:57]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ekki séu það miklar eða örar breytingar á náttúru Íslands, í þessu dreifbýla landi, að verja þurfi miklum fjármunum í endurskoðun slíkra korta. (Gripið fram í.) Einhverjir fjármunir mundu væntanlega fara í það sem fagaðilar mundu taka að sér. Ég held að þetta sé ekkert sem hv. þm. þurfi að hafa miklar áhyggjur af.

Ég geri að sjálfsögðu ráð fyrir því, herra forseti, þegar hv. umhvn. tekur þetta til skoðunar, að farið verði ítarlegar ofan í þennan kostnað. En þetta eru þær tölur sem ég fékk og ég verð að segja, herra forseti, að ef við getum með þessu sparað okkur töluvert mikla vinnu, töluverðan kostnað hjá framkvæmdaraðilum og hugsanlega stuðlað að faglegri vinnubrögðum, þá finnst mér ekki of mikið í lagt.

Hvað varðar Noreg, þá er það eitthvað sem við þyrftum að sjálfsögðu að skoða líka. Ég vil benda á að Svíþjóð og Finnland eru að mörgu leyti líka að hluta til dreifbýl lönd þannig að við erum ekki með óeðlilegan samanburð þar, auk þess sem Ísland hefur það líka umfram mörg þessara ríkja að vera tiltölulega lítið land. Við ættum því að geta gert þetta og líka það sem ég nefndi í framsögu minni og ítreka að við erum byrjuð á þessari vinnu að hluta til uppi á hálendinu og þess vegna væri ekki úr vegi að ljúka henni allri og geta þá tryggt faglegri vinnubrögð, ódýrara umhverfismat og það sem kannski mikilvægast er, minni pólitískar deilur um umhverfismat hverrar framkvæmdar fyrir sig.

[13:59]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi tillaga er ekki flutt að ástæðulausu. Forustu í umhverfismálum á Íslandi skortir sárlega og hefur gert á undanförnum árum. Auðvitað hefðum við átt að sjá einhverjar tillögur eða öllu heldur aðgerðir frá hæstv. umhvrh. í þessu efni og þá hefði kannski ekki þurft að flytja tillögu af þessu tagi.

Hér á Íslandi hafa menn hrakist undan í viðbragðapólitík í umhverfismálum. Það hefur gerst alla tíð. Þó að hér hafi verið stofnað umhvrn. hefur mönnum ekki tekist að koma á eðlilegu ástandi. Þetta er tilraun til þess að vísa mönnum til vegar hvað varðar framtíðina. Það hlýtur síðan að verða að mótast í umhvrn. og í þeim stofnunum sem undir það heyra. Forustan um þetta málefni yrði sjálfsagt meira og minna í höndum Náttúrufræðistofnunar og Skipulagsstofnunar og hinnar nýju Umhverfisstofnunar sem tekur til starfa um áramótin.

Ég hefði talið við hæfi að hæstv. umhvrh. hefði verið við þessa umræðu. Ég sé að hv. formaður umhvn. er hér ekki heldur. En hv. varaformaður umhvn. er í salnum og geri ég ráð fyrir því að hann láti í sér heyra hvaða augum hann lítur þessa tillögu.

Eins og ég sagði áðan er full ástæða til þess að fara yfir þessi mál. Þarna eru á ferðinni verkefni fyrir þessar stofnanir sem ég taldi upp áðan ásamt náttúrustofunum og öðrum aðilum sem koma að þessum málum úti um landið. Þetta er ekki eitthvað sem gerist kannski á augabragði. Auðvitað verður til aðgerðaáætlun sem ráðuneytið ber ábyrgð á og þarf að sjá til þess að verði til peningar í og það þarf auðvitað að sjá yfir allt málið hvað varðar þá endurnýjun sem þarf að verða á þeim gögnum sem hér um ræðir. Allt er þetta hluti af þessu máli. Þetta er grunnur sem þarf að vera stöðugt í endurskoðun. En upphaflega þurfa menn að átta sig á hvaða verkefni þeir ætla sér þarna í í heildina og hver

kostnaðurinn á að verða. Ég tel að hægt sé að gera mikið með því að notafæra sér þá þekkingu og aðstöðu sem er til staðar hjá þeim stofnunum sem heyra undir umhvrn. og ég hef hér verið að telja upp. Það er algerlega óásættanlegt að verkkaupar eins og Landsvirkjun og aðrir slíkir keyri áfram verkefni eins og þau sem hér hafa verið nefnd í umræðunni og að vísindamennirnir og stofnanirnar sem eiga hlut að máli séu í raun komin í hlutverk, hvað á maður að segja, einhvers konar verktaka hjá einhverjum sem kaupir af þeim vinnu.

Sjálfstæði þeirra sem fjalla um mál af þessu tagi er bráðnauðsynlegt og auðvitað verða ákvarðanir, gögn og verkefni sem eru unnin vegna umhverfisins ekki eins áreiðanleg og þau þyrftu að vera ef vísindamennirnir og stofnanirnar sem um er að ræða eru í þessu hlutverki verktakans hjá þeim sem kaupir vinnuna. Grunngögn eins og þau sem hér er verið að ræða þurfa að vera til staðar. Ekki er þar með sagt að það sé ekki eðlilegt að þeir sem þurfa síðan að nýta þau greiði fyrir þau þegar þar að kemur. Það mun nýtast þeim sem þurfa að fara í framkvæmdir mjög vel að hafa gögnin tiltæk þannig að ekki þurfi sífellt að byrja á því að óska eftir því við viðkomandi stofnanir og vísindamenn að búa til gögn í hendurnar á þeim sem hafa áhuga á því að hefja framkvæmdir. Einhver lágmarksgrunngögn þurfa auðvitað að vera til staðar.

Ég ætla ekki að halda því fram að hægt sé að búa til einhvers konar náttúrufarsbiblíu sem allt standi í. En tilraunin til þess að búa til gögn sem nýtast að fullu, vil ég meina, er mikilvæg. Menn eiga að undirbúa þennan grunn, a.m.k. til að byrja með, með það fyrir augum að hann geti nýst sem allra flestum, sveitarfélögum, framkvæmdaraðilum og þeim sem vilja kynna sér náttúrufarið í landinu til þess að ræða um það í þeirri opnu umræðu sem þarf alltaf að vera um náttúru Íslands og umhverfismál. Ég tel að þetta mál sé mjög mikilvægt. Ég mun taka þátt í að vinna að því í nefndinni og vona sannarlega að út úr því komi það að þetta verði samþykkt og að menn hafi víðsýni til þess að taka við tillögum frá öðrum eins og þeirri sem hér er verið að gera tilraun til að setja fram.

[14:06]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu er, eins og komið hefur fram, til skoðunar í annað sinn og það verður náttúrlega rætt í umhvn. hvernig eigi að skoða þetta sérstaklega.

Mér finnst skorta verulega á það hjá hv. flm. að nefna hvað þetta gæti reynst kostnaðarsamt. Við þekkjum að ákveðin svæði hafa verið skoðuð mjög ítarlega. Eyjabakkarnir voru m.a. skoðaðir mjög ítarlega á sínum tíma, 1975 ef ég man rétt, af náttúrufræðingnum og seinna alþingismanni Hjörleifi Guttormssyni. Þegar gert var umhverfismat vegna Fljótsdalsvirkjunar þá stóðu þær rannsóknir fyrir sínu að miklu leyti eftir 25 ár. Ef menn á annað borð gera svona kort þá er ég sammála því að þau standa mjög lengi. Það er ekki ástæða til þess að endurskoða þau fyrr en kæmi þá til framkvæmda.

Síðan er spurningin: Hver á að gera svona? Þetta er eflaust allt mjög gagnlegt og getur komið mönnum að notum. En er í rauninni nauðsynlegt að kortleggja allt landið, alla dali, öll fjöll, alla króka og kima svo nákvæmlega? Við þekkjum nokkuð vel gróðurþekju landsins, útbreiðslu plantna og jurta og útbreiðslu dýra. Við vitum nokkuð vel hvar helstu mannvistarleifar og minjar eru og hversu verðmætar þær eru. Auðvitað erum við alltaf að uppgötva eitthvað nýtt en það er samt ljóst að við vitum mjög mikið.

Samkvæmt mengunarbótareglunni sem hefur verið notuð í Evrópu er gert ráð fyrir því að framkvæmdaraðili verkefna sjái um allar rannsóknir og kosti þær, geri matsáætlun og matsskýrslu. Málsskotsréttur er mismunandi af hálfu almennings og annarra aðila eins og stofnana og félagasamtaka ef menn eru óánægðir með ákveðna skýrslugjöf og telja að rannsóknir séu ekki með þeim hætti sem eðlilegt má telja. Málskotsréttur á Íslandi er t.d. mjög einfaldur. Hér geta menn skotið máli sínu til Skipulagsstofnunar eða umhvrh. eftir atvikum. Þetta kostar nánast ekki neitt á Íslandi þannig að kæruferlið og málskotsrétturinn er mjög þægileg aðferð á Íslandi. Í Noregi fer málið fyrir dómstóla. Þar er ekki hægt að skjóta málinu til ráðherra eða Skipulagsstofnunar heldur fer það fyrir dómstóla sem er mjög erfið eða alla vega miklu erfiðari leið, dýrari, kostnaðarsamari og krefst miklu meiri undirbúnings. Við erum því mjög á vaktinni á Íslandi finnst mér gagnvart náttúrunni og lögin sem við samþykktum fyrir tveimur árum síðan gera beinlínis ráð fyrir því að allur almenningur sé á vaktinni, að almenningur og fyrirtæki fylgist vel með, hafi auðvelda og greiða leið til að koma athugasemdum á framfæri og það á í raun að verða til þess að mistök komi síður upp, í ferlinu sjálfu og í framkvæmdinni.

Ég er ekki að segja að þau lög sem í gildi eru séu fullkomin, síður en svo. Við gerðum ráð fyrir því þegar við settum þessi lög árið 2000 að þau yrðu endurskoðuð á næsta ári eða reyndar í janúar á næsta ári í síðasta lagi þannig að við erum að sjá fram á að ný lög líti dagsins ljós eftir þrjá mánuði ef allt fer eins og gert er ráð fyrir.

Auðvitað má taka einhverjar svona hugmyndir til skoðunar í nefndinni einmitt vegna þess að þetta frv. kemur væntanlega mjög fljótlega inn, þ.e. hvort ástæða sé til þess að skoða ákveðin svæði. Það hefur sem sagt verið gert. Ákveðin svæði hafa verið skoðuð mjög nákvæmlega, þá hugsanlega sérstaklega vegna einlægs áhuga ákveðinna manna á einhverju sérstöku svæði á hálendinu. Ég er dálítið hræddur um að þessi kostnaður sé mjög vanmetinn hjá hv. flm. En af því að ég hef ekki skoðað það get ég ekki fullyrt neitt um það. Við höfum bara séð hvað þær eru dýrar þessar umhverfismatsskýrslur sem Landsvirkjun er t.d. að láta gera um hálendið. Þetta kostar hundruð milljóna, þ.e. ein skýrsla á bak við ekki svo gríðarlega stórt flæmi. Það er ekki hægt að segja að mikið land fari undir vatn. Auðvitað fer nokkurt land undir vatn en ekki neitt óskaplega mikið. Bara rannsóknin á þessu umhverfi þarna kostar hundruð milljóna. Ef við ætlum svo að heimfæra allt landið upp á það þá erum við ekki að tala um neinar smáar tölur þannig að það er svona allt undir ákveðnum varúðarsjónarmiðum hvað ætti að ganga langt í þessu máli ef á annað borð væri farið út í það.

Ég heyrði það í morgun að í kerfinu hér heima væru einstakir vísindamenn að gefa álit vegna ákveðinna framkvæmda — skýrslur þeirra birtast síðan í umhverfismatsskýrslunni — og að þeir hafi lýst því yfir að þeir séu beittir einhverjum þrýstingi til þess að skila þá væntanlega niðurstöðu sem er framkvæmdaraðilanum þóknanleg. Ég verð að segja að ég er dálítið hissa á þessu. Ekki það að ég ætli að fortaka fyrir það að þetta geti gerst, en það er ljóst að vísindaheiður og heiður þeirra manna eða fyrirtækja úti í þjóðfélaginu sem taka að sér þessa skýrslugerð, t.d. fyrir Landsvirkjun í þessu tilfelli, er í veði. Mér finnst óskaplega ótrúlegt að menn leggi þennan heiður sinn að veði til

að þóknast einhverjum ákveðnum framkvæmdaraðila í eitt skipti.

Ég á líka mjög erfitt með að trúa því að ábyrgt fyrirtæki eins og t.d. Landsvirkjun reyni yfirleitt að stunda svona aðferðir við að koma sínu fram. Ég hef átt mjög góð samskipti við starfsmenn Landsvirkjunar og ég hef ekki orðið var við neitt annað en mjög faglega hugsun. (Forseti hringir.) Við getum sagt að þeir vilji gera hlutina vel og geta staðið við það sem þeir láta frá sér fara.

[14:14]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil alls ekki væna einn eða neinn framkvæmdaraðila um ófagleg vinnubrögð. Ég vek einungis athygli á því, herra forseti, að slík umræða hefur verið í gangi í samfélaginu. Ég er þeirrar skoðunar að meiri líkur séu á að fagleg vinnubrögð og vísindaleg fyrst og fremst séu viðhöfð ef viðkomandi vísindamaður er ekki að vinna fyrir framkvæmdaraðila sem hefur mikla hagsmuni af einhverri tiltekinni niðurstöðu. Ég ætla ekki að leggja neitt mat á fullyrðingar um að slíkt hafi gerst.

Varðandi það hverjir mundu gera þetta þá er gert ráð fyrir því í greinargerð að kortlagningin verði framkvæmd í samvinnu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landmælinga Íslands og að hún felist annars vegar í grófri kortlagningu sem verði hrint af stað strax, en samhliða verði hrint af stað nákvæmari kortlagningu sem felist að stórum hluta í sannprófun á fyrirliggjandi gögnum, sem hv. þm. vakti athygli á að væru kannski til um ákveðin svæði, og samræmingu þeirra miklu upplýsinga sem þegar liggja fyrir á víð og dreif hjá hinum ýmsu vísindastofnunum. Að hluta til fælist því þessi vinna í því að safna saman gögnum sem þegar eru til og samræma þau.

Varðandi kostnaðinn eru þetta eru þær tölur sem ég hef heyrt nefndar. 10–20 millj. árlega mundu nægja til þess að hrinda þessari vinnu af stað. Ef í ljós kæmi í hv. umhvn. við nánari skoðun áður en tillagan yrði hugsanlega samþykkt að þetta væri miklu dýrara mundi ég leggja það til að einstök svæði yrðu tekin fyrir. Þá yrði farið í þetta á lengri tíma. Ég held, herra forseti, að þessi vinna muni skila okkur töluverðum fjármunum, samfélaginu öllu og líka einstökum framkvæmdaraðilum seinna meir, þ.e. spara mikla fjármuni. Og af því að hv. þm. nefndi umhverfismat — hann nefndi hundruð milljóna í tengslum við eitt umhverfismat — þá erum við hér að sjálfsögðu bara að tala um grunnrannsóknirnar.

[14:16]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki séð að við þurfum að taka neinn kostnað af framkvæmdaraðila. Hann á að gera þessar rannsóknir. Hann á að skila þeim samkvæmt lögum og á að borga þær. Það er talið gott að framkvæmdaraðili sjái um þetta vegna þess að hann þarf líka að vinna eftir þessu þegar framkvæmdin er komin á koppinn. Framkvæmdaraðili á að sjá um að farið sé eftir þeim reglum og lögum sem sett eru um þessa framkvæmd varðandi verndun umhverfis, mótvægisaðgerðir, varnaraðgerðir o.s.frv. Þess vegna er talið mikilvægt að framkvæmdaraðilinn taki á sig þennan kostnað, sjái um skipulagið og sé svo ábyrgur fyrir því þegar verkinu er lokið.

Ég ætla ekki að segja mikið fleira um þetta. Ég held að allir séu sammála um að menn eigi að vera jákvæðir fyrir öllu því sem getur leitt til betri vegar í þjóðfélagi okkar. Ef þetta getur leitt til þess eftir skoðun í nefndinni mun ég að sjálfsögðu vinna að því.

[14:18]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins hnykkja á því að ég er ekki að leggja til að kostnaður við mat á umhverfisáhrifum verði alfarið tekinn úr höndum framkvæmdaraðila. Ég held að það sé að hluta til mjög æskilegt að hann beri þennan kostnað. En kostnaðurinn er óhóflega mikill hér á landi í samanburði við önnur ríki sem við berum okkur gjarnan saman við vegna þess að þessi grunngögn vantar. Það er einugis það sem ég er að leggja til, ekki að umhverfismatsferlið verði allt tekið úr höndum framkvæmdaraðila. Við verðum líka að hafa í huga hvort við viljum sjá að minni aðilar, t.d. sveitarfélög, geti í auknum mæli nýtt auðlindir sínar. Það væri hagkvæmt fyrir slíka aðila yrði örlítið dregið úr þessum kostnaði og hann sé að einhverju leyti fenginn úr samfélagslegum sjóðum, þ.e. til grunnrannsókna.

[14:19]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki viss um að það sé rétt hjá hv. þm. að erlendis sé þetta gert með öðrum hætti og framkvæmdaraðilinn beri þar ekki þennan kostnað. Í þeim tilfellum sem ég þekki erlendis ber framkvæmdaraðilinn allan þennan kostnað. (**BH:** Nei.) Þessi grunnþáttur sem hv. þm. á við er væntanlega skipulagsmálin sjálf sem eru af hálfu sveitarfélaganna fyrir fram ákveðin. Í þeim kemur fram á hvernig landi byggt er. Þar er í raun farið mjög létt í sakirnar og ekki gerðar grunnrannsóknir heldur farið yfir almennar rannsóknir sem hvort sem er liggja fyrir. Maður verður ekki var við að framkvæmdaraðilinn losni við að gera umhverfismat að miklu leyti. Ég hef alla vega ekki séð það hjá erlendum aðilum að þannig sé farið að. Það kemur þá bara í ljós ef svo er.

[14:20]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum um till. til þál. um öflun grunngagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta. Ég vil í örfáum orðum segja að ég tel að hér sé ákaflega þarft mál til umræðu og hv. umhvn. þurfi að skoða það vandlega.

Við vitum að vegna nýsamþykktra laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda er það alger forsenda þess að geta staðið vel að málum að fyrir liggi grunngögn matreidd af opinberum aðilum og jafntiltæk fyrir alla í landinu, hvort sem um er að ræða stóra eða smáa framkvæmdaraðila, t.d. sveitarfélögin. Ég held að hv. umhvn. verði að fara ofan í þessi mál og kortleggja þau vegna þess að hér er e.t.v fyrst og fremst um skort á fjármagni og samhæfingu að ræða eins og fram kemur í tillögunni. Víða í samfélaginu eru þessar grunnrannsóknir og jafnvel grunnkortagerð í gangi. Þar má til nefna náttúrufræðistofur sem eru víða í landinu. Ég tala af nokkurri reynslu þar vegna þess að sjálfur var ég yfirmaður Náttúrufræðistofnunar Norðurlands um margra ára skeið. Þar voru unnar rannsóknir af þessu tagi.

Ég nefni til sögunnar Skipulagsstofnun, Landmælingar og sveitarfélögin öll vegna skipulagsvinnu. Alls staðar er verið að vinna að þessum málum. Ekki má gleyma Náttúrufræðistofnun í þessu sambandi, allra síst Vegagerðinni sem stendur í stórræðum og náttúrlega ekki Landsvirkjun. Eins og fram kemur í þáltill. verður samhæfingarleysið til þess að framkvæmdaraðilar pirrast oft og tíðum út í ferilinn sem ganga þarf í gegnum áður en þeir komast af stað

með framkvæmdir. Þeir telja að kerfið sé mjög þungt. Það er þess vegna nauðsynlegt fyrir framþróun og framfarir í landinu, hverjar svo sem þær eru, stórar eða smáar, að þessar grunnrannsóknir og grunnkort verði aðgengileg. Það sparar gríðarlega mikinn tíma og það vitum við sem höfum starfað að þessum málum, t.d. að skipulagsmálum sveitarfélaganna. Sú vinna hefur tafist gríðarlega víða um land, m.a. vegna þess að sveitarfélögin hafa þurft að fara í grunnrannsóknir og kortagerð til að geta lokið skipulagsvinnunni, miðað við þau lög og þær reglur sem við höfum samþykkt í landinu. Þess vegna er gríðarlega mikilvægt að þetta sé gert á þennan hátt.

En eins og ég segi, ég vona að hv. umhvn. fari yfir þessi mál. Miðað við hve margir vinna að þessum málum er ekki ólíklegt að kostnaðurinn sé ekki eins óheyrilegur og sumir vilja vera láta hér, ef þetta er kannski að langmestu leyti samhæfingarmál sem hér er á ferðinni. Það verður bara að skoða það í nefnd. Það hafa verið nefndar 20 milljónir og síðan hafa verið nefndar fleiri hundruð milljónir sem fyrirtæki nota til þess að koma á framkvæmdum, t.d. Landsvirkjun á Kárahnjúkasvæði. Þess ber að geta að slíkar framkvæmdir eru oft undir mikilli pressu sem undanfari framkvæmda og þess vegna er slíkt varla samanburðarhæft. Það er ekkert vafamál að grunnkortagerð af þessu tagi, eftir fyrir fram ákveðnum formúlum sem yfirvöld telja fullnægjandi sem grunn að ákvarðanatöku um framkvæmdir, væri fyrir allra hluta sakir gott mál. Ef til vill verður það niðurstaða hv. umhvn. að hér sé kannski fyrst og fremst um aukið fjárframlag að ræða til einhverrar þeirrar stofnunar, sem ég ætla ekki að leggja dóm á, sem fjallaði um þessi mál. Viðkomandi stofnun gæti þannig tekið að sér frumkvæði og samhæfingarþætti þessara mála.

Virðulegi forseti. Ég vil undirstrika það sem fram kom hjá frsm. þáltill., að auðvitað er líka mjög mikilvægt fyrir trúverðugleika ákvörðunartöku um framkvæmdir að opinberir aðilar sem setji grunnleikreglurnar þannig að engum vafa sé undirorpið á hvaða grunni menn byggja ákvörðunartöku sína. Það verður alltaf þannig, ef við ætlum að stóla á að aðili sem óskar eftir að fara í framkvæmdir, stórar sem smáar, afli fyrst grunngagna af því tagi sem verið er að fjalla um hér, að menn verða tortryggnir gagnvart framgangsmáta viðkomandi framkvæmdaraðila. Í öllum þeim löndum sem við berum okkur saman við, hvort sem það eru Norðurlöndin eða Evrópulöndin, er lögð rík áhersla á að aðgengi að nauðsynlegum grunngögnum sé tryggt öllum og sé lykilatriði til að menn geti byggt á skynsamlegar ákvörðunartökur um framkvæmdir í landinu.

Ég tel gagnlegt og nauðsynlegt fyrir hv. umhvn. að fara ofan í þessi mál og leggja drög að samræmingu vinnunnar á grunni þeirrar tillögu sem hér er lögð fram.

[14:26]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni góðar undirtektir við þessa tillögu og tek undir það með honum að að miklu leyti er auðvitað um söfnun upplýsinga og samræmingarvinnu að ræða. Ég vil eigi að síður leggja áherslu á það sem lagt er upp með í orðalagi tillögunnar, að þessi skráning, flokkun og kortlagning sé gerð með hliðsjón af þeim aðferðum sem þróaðar hafi verið á vegum þeirra alþjóðlegu samninga sem ég nefndi áðan.

Það vantar kannski ekki síst að sams konar aðferðafræði sé notuð innan þeirra stofnana og á þeim einstöku svæðum sem verið er að rannsaka þannig að við höfum mælikvarða sem samræmdur væri yfir allt landið og líka samræmdur í alþjóðlegum samanburði. Auðvitað eru þessar upplýsingar að einhverju leyti til og þess vegna tala ég um flokkun og kortlagningu með tilliti til samræmingar.

[14:27]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf svo sem ekki að bæta miklu við þetta. Ég heyri að ég og hv. þm. erum sammála um þetta mál í meginatriðum. Ég lýsti undirtektum mínum áðan og ég sé að hugir okkar eru samstilltir hvað þetta mál varðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Viðvera ráðherra.

[14:29]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Næst á dagskránni eru þrjú mál sem öll heyra undir hæstv. iðnrh. Ég tel ekki vansalaust að ræða þau án þess að hæstv. iðnrh. sé til staðar, enda geri ég ráð fyrir því að hæstv. ráðherra hafi mikinn áhuga á að vera viðstödd umræðu um þessi mál, m.a. málefni Sementsverksmiðjunnar og byggðamál sem til stendur að ræða nú. Ég bið hæstv. forseta að kanna hvort ekki væri hægt að veita hæstv. iðnrh. og byggðamálaráðherranum tækifæri til að taka þátt í þessari umræðu.

[14:30]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti vill láta þess getið að hann hefur þegar beðið starfsmenn þingsins að kanna málið.

Hæstv. iðnrh. er rétt ókomin í hús þannig að hv. 3. þm. Vesturl. er ekkert að vanbúnaði að hefja ræðuna.

Ójafnvægi í byggðamálum, fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 29. mál. — Þskj. 29.

[14:31]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Sú tillaga sem ég mæli fyrir um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum er flutt af þeim sem hér stendur ásamt hv. þm. Gísla S. Einarssyni og Karli V. Matthíassyni.

Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir Alþingi aðgerðaáætlun sem hafi það að markmiði að draga úr fyrirsjáanlegu ójafnvægi í byggðamálum.“

Á síðustu missirum hafa horfur í byggðamálum breyst verulega. Ástæða er til að gera ráð fyrir að fyrirætlanir um mestu framkvæmdir Íslandssögunnar í orku- og iðnaðarmálum verði að veruleika á Austfjörðum. Gangi þær eftir verða þar gífurlegar framkvæmdir sem standa í mörg ár. Þær munu hafa í för með sér aðra uppbyggingu í tengslum við búsetu og þjónustu við atvinnustarfsemina sem þar verður.

Jafnframt þessu liggja fyrir ákvarðanir stjórnvalda um að gerð þriggja jarðganga á Norðausturlandi verði boðin út í einu lagi.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að í byggðaáætlun sem samþykkt var á liðnu vori var aðaláhersla lögð á að styrkja Akureyri sem mótvægi við höfuðborgarsvæðið.

Það yrði fagnaðarefni ef hillti undir betri tíma á þeim hluta landsins, þ.e. austurhluta landsins. Hins vegar hlýtur það að vera umhugsunarefni hversu þær fyrirætlanir og áætlanir sem hér um ræðir, og allar frá stjórnvöldum komnar, deilast ójafnt niður á landið. Það er veruleg hætta á því, ef fram fer sem horfir, að næstu ár verði öðrum svæðum í dreifbýlinu mjög erfið nema gripið verði til aðgerða til að draga úr því ójafnvægi sem í stefnir. Stjórnvöld bera alla ábyrgð í þessu efni vegna þess að hinar miklu framkvæmdir sem standa fyrir dyrum eru fyrir atbeina þeirra. Þörf fyrir byggðaaðgerðir myndast vegna ójafnvægis milli byggðarlaga og landsvæða. Stjórnvöld þurfa því að hafa heildaráhrif aðgerða í huga þegar þær eru ákveðnar. Það hefur augljóslega ekki verið gert nú. Þess vegna er þörf á að endurskoða tímasetningu framkvæmda og aðrar fyrirætlanir sem geta haft jákvæð áhrif á búsetu og atvinnulíf annars staðar en á vaxtarsvæðunum sem njóta munu þeirra umfangsmiklu fyrirætlana sem fram undan eru. Í ljósi breyttra aðstæðna þarf að bregðast við og taka ákvarðanir sem koma öðrum landsvæðum til góða.

Þar væri nærtækast að skoða hvort unnt sé og rétt að flýta framkvæmdum í samgöngumálum, sérstaklega þeim sem hafnar eru eða mögulegt er að hefja án mikils fyrirvara.

Sérstakt átak til að auka möguleika til framhaldsmenntunar og að styrkja menntun í dreifbýli væri sjálfsagður hluti slíkra fyrirbyggjandi aðgerða.

Aflétta þarf höftum á atvinnufrelsi manna í sjávarbyggðum sem byggja atvinnulíf sitt nánast alfarið á útgerð og fiskvinnslu þannig að þær geti aftur farið að njóta nálægðarinnar við gjöful fiskimið.

Það er ekki sjálfsagt mál að allir þeir gríðarlegu fjármunir sem nú stefnir í að fáist fyrir sölu ríkiseigna fari í samgöngumannvirki á einu landsvæði. Þá má líka nota annars staðar og þá má ekki síður nota í menntamál en samgöngumál eða önnur þjóðþrifamál sem gætu komið öðrum landsvæðum til góða.

Nú þarf að bregðast við af myndugleik og verulegum krafti til að ójafnvægi milli landsvæða í dreifbýli skapi ekki nýjan vanda í byggðarlögum sem hafa hann nógan fyrir. Mótvægisaðgerðir eru þess vegna bráðnauðsynlegar og ákvarðanir um þær þarf að taka strax.

Fjölmargt er hægt að gera til að sigla fyrir þau sker sem auðsjáanlega eru núna á siglingarleiðinni. Í tengslum við fjárlög mætti t.d. Alþingi hafa í huga að fjölmörg verkefni á þeim landsvæðum sem ég nefndi bíða og hafa ekki fengið fjármuni til framgangs.

Til eru áætlanir t.d. eins og byggðaáætlun Vestfirðinga. Í þeirri áætlun er margt sem mætti skoða í tengslum við það að reyna að koma í veg fyrir að ójafnvægi myndist í byggðamálum.

Mörg verkefni eru í gangi í samgöngumálunum. Það mætti t.d. flýta Þverárfjallsveginum. Einnig mætti skoða að flýta framkvæmdum til þess að tengja Vestfirði betur við aðra hluta landsins.

Miklar fyrirætlanir eru uppi í menntamálum sem ekki hafa fengið brautargengi vegna þess að ekki eru til peningar í þau. En það eru til nógir peningar miðað við það sem sagt hefur verið um framkvæmdir sem framkvæma á fyrir sölu ríkiseigna.

Ég fagna því að hæstv. ráðherra er komin hér og ég vona að hún hafi heyrt framsögu mína, vegna þess að mér finnst mjög nauðsynlegt að hæstv. ráðherra geri okkur grein fyrir því hvort hún telji ekki að að horfa þurfi til annarra hluta landsins í ljósi þeirra gífurlegu framkvæmda sem fram undan eru á austurhluta þess.

Vel kann að vera að einhverjum finnist að þessi þáltill. sé flutt vegna þess að kosningar nálgast og verið er að breyta kjördæmaskipaninni og það er þannig. Auðvitað. Við sem erum hér á hv. Alþingi verðum að horfast í augu við að búið er að gera það að hlutverki þeirra sem kosnir verða til þings í næstu kosningum að hugsa um þessi landsvæði samkvæmt því fyrirkomulagi sem hefur verið ákveðið hvað varðar kjördæmin. Norðvesturkjördæmi er einfaldlega sá hluti landsins sem að langmestum hluta mun verða fyrir því sem ég vil kalla ójafnvægi í byggðamálum sem kemur til með að stafa af þeim gífurlegu framkvæmdum fyrir austan. Og ábyrgð stjórnvalda hvað þetta varðar er þess vegna ákaflega mikil.

Ég vil endurtaka að ég er á engan hátt að setja út á þær framkvæmdir eða að leggja til að þeim verði frestað eða eitt eða neitt í þá áttina. Ég er eingöngu að fara fram á það að menn skoði það núna vegna þess að nú er svigrúm til þess í vetur og þangað til framkvæmdir hefjast að fullu fyrir austan, að reyna að koma í veg fyrir fyrirsjáanleg vandamál sem geta orðið annars staðar.

Ég verð að segja alveg eins og er að þegar ég áttaði mig á hvers konar staða væri að koma upp, þá hugsaði ég: Hvar hafa þeir eiginlega verið sem áttu að passa þetta? Hvernig stendur á því að ráðherrar í ríkisstjórn sem frá þessu svæði eru hafa ekki séð til þess að einnig verði litið til annarra landsvæða? Hvernig stendur á því að við stöndum allt í einu frammi fyrir því að allar framkvæmdir sem ríkið stendur fyrir í rauninni og skipta einhverju máli úti á landsbyggðinni eru bókstaflega að fara af stað á sama svæði landsins?

Nú er það ekki þannig að ég muni ekki eftir því að líka er verið að tala um að stækka álverið í Hvalfirði. En það vita auðvitað allir sem hér eru í sölum Alþingis að þó að það álver stækki munu áhrif af þeim framkvæmdum ekki ná mjög langt út fyrir Borgarfjörðinn.

Þess vegna er ástæða fyrir því sem hér hefur verið gert, þ.e. að leggja til að ríkisstjórnin undirbúi aðgerðaáætlun sem hafi það að markmiði að draga úr þessu fyrirsjáanlega ójafnvægi.

Ég er svolítið spenntur að bíða eftir að heyra viðbrögð hæstv. iðnrh., hæstv. byggðamálaráðherra, vegna þess að auðvitað ber hæstv. ráðherra ábyrgð á þessum málum. Hún ber auðvitað ábyrgð sem þingmaður úr sínu kjördæmi, en hún ber ábyrgð sem byggðamálaráðherra á þróuninni um allt land. Hæstv. ráðherra hlýtur að hafa áhyggjur af því eins og við sem flytjum þessa tillögu, að það geti orðið býsna erfitt fyrir þau landsvæði sem hér hafa nú helst verið nefnd, en ég tek fram að þau eru auðvitað fleiri, það eru auðvitað fleiri svæði á landinu sem munu ekki njóta þeirrar spennu sem verður vegna framkvæmda fyrir austan, bæði í því kjördæmi og líka hugsanlega í Suðurlandskjördæmi, en ég hef enga sérstaka úttekt á þessu. Ég hef bara þá tilfinningu að þarna þurfi menn virkilega að skoða sig um.

Ég tel þess vegna að hæstv. ráðherra eigi að segja okkur hér hvaða hugsanir bærast með henni hvað þetta varðar, hvernig megi koma í veg fyrir að þessi mikla spenna sem er þarna fram undan verði til þess að samkeppnisaðstaða annarra hluta landsins versni til þeirra muna að þar verði enn

þá erfiðara að halda fólkinu í byggðinni og fólksfækkunin muni jafnvel enn þá aukast frá því sem nú er.

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri hæstv. forseti, en vona sannarlega að við fáum tækifæri til að skoða tillögur frá hæstv. ráðherra. Það er af nógu að taka. Ég nefndi áðan tillögur Vestfirðinga, um áætlanir þar. Tillögur Vestlendinga eru til um aðgerðir í menntamálum. Til eru alls konar tillögur um aðgerðir hvað varðar uppbyggingu iðnaðar og auðvitað óskirnar um bættar samgöngur sem alls staðar svífa yfir vötnunum. Það er mjög margt sem hægt er að gera ef menn hafa mikla peninga milli handanna eins og hæstv. ríkisstjórn virðist hafa núna.

[14:43]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa tillögu og tel að hún sé í raun ágæt og hér munu eflaust skapast umræður í framhaldi af framsöguræðu hv. þm.

Ég freistast til að minna á í þessu sambandi að hv. þm. er nýbúinn að senda frá sér tillögu ásamt öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar þar sem á að koma í veg fyrir alla þrönga sérhagsmuni, eftir því sem talsmaður tillögunnar lét koma fram í sjónvarpsviðtali á sunnudagskvöldið.

Ég er ekki að tala um að hv. þm. hafi talað fyrir þröngum sérhagsmunum, en hins vegar finnst mér að sá tónn sé í málflutningi hans að hann vilji ekki horfa jákvæðum augum á það sem vonandi stendur fyrir dyrum á Austurlandi, sem mun breyta mjög þróun byggðar í landinu, ég held að það sé nokkuð ljóst.

Hann hefur ekki mörg orð um að byggt var mikið álver í Hvalfirði og það er ekki bara að það eigi að stækka það, að uppi séu áform um að stækka það, það var byggt upp fyrir örfáum árum. En það var ekkert auðvelt verk að fá það í gegn. Forvera mínum, Finni Ingólfssyni, voru afhent mótmæli undir lögregluvernd á Arnarhóli vegna þess máls. En engu að síður varð það að veruleika. Og þar er myndarlegur vinnustaður sem við vonum svo sannarlega að verði hægt að stækka enn frekar og það mun hafa áhrif langt út fyrir Borgarfjörð vil ég meina.

En ég tek hins vegar undir það og ég vil segja að í sambandi við Vestfirði, að ef af stórframkvæmdum verður fyrir austan og við erum búin að ákveða að Akureyri verði þungamiðja, þá finnst mér að Vestfirðingar þurfi virkilega að fá bót sinna mála og ég mun beita mér fyrir því.

[14:45]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hæstv. ráðherra tekur jákvætt undir þetta. Það kann vel að vera að ég hafi talað þannig að tónninn hafi ekki verið réttur. Ég vil hins vegar taka það fram í þriðja sinn að ég er síður en svo að tala í þeim tóni að ég sé á móti framvæmdunum sem um er að ræða. Ég hef reyndar stutt þær hér á hv. Alþingi og hef ekki talað gegn tillögum um þessar framkvæmdir. Ég held hins vegar að það sé mjög mikil nauðsyn á því að menn bregðist núna hratt við til þess að koma í veg fyrir þau vandamál sem ég lýsti áðan. Ég er sannarlega spenntur að sjá hvað hæstv. ráðherra vill gera fyrir Vestfirðinga. Ég tek undir með hæstv. ráðherra að auðvitað þurfa menn að skoða tillögur Vestfirðinga, alveg sérstaklega núna í þessu ljósi, en það er meira en það, ég held að menn verði að horfa á svæðið í heild.

Af því að hæstv. ráðherra nefndi hér þrönga sérhagsmuni verð ég að segja það alveg eins og er að þeir þingmenn þessara nýju stóru kjördæma fram undan sem hafa hugsað sér að bjóða sig fram eiga nú engra annarra kosta völ en fara eftir leiðsögn Alþingis sem felst í því að búa til þessi kjördæmi og ætla þeim sem verða kosnir þingmenn þeirra að hugsa um og berjast fyrir framgangi atvinnulífsins og búsetu fólksins í þeim. Þannig er nú bara dagurinn í dag.

[14:47]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek það fram að það voru ekki mín orð að þröngir sérhagsmunir ættu ekki rétt á sér og það sem stundum hefur verið kallað hagsmunir einstakra kjördæma, jafnvel kjördæmapot. Ég tel mikilvægt að landsbyggðin skiptist upp í kjördæmi þannig að ekki verði allir þingmenn búsettir í Reykjavík. Mér sýnist nokkuð ljóst að þannig mundi það þróast ef landið væri eitt kjördæmi eins og hann vill, sá hv. þm. sem hér talaði.

Í greinargerðinni segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnvöld þurfa því að hafa heildaráhrif aðgerða í huga þegar þær eru ákveðnar. Það hefur augljóslega ekki verið gert nú."

Þarna finnst mér hv. þm. gagnrýna í sambandi við stórframkvæmdir á Austurlandi. Ég skal alveg viðurkenna að ekki gerist allt í einu. Það er bara ekki þannig, því miður. Og þegar svona kostur kemur upp eins og þar gerist er að sjálfsögðu mikilvægt að stjórnvöld leggi sig fram um að láta áformin verða að veruleika. Þegar kosturinn kom upp í sambandi við Norðurál í Hvalfirði var það sama uppi, stjórnvöld lögðu sig fram um að sá kostur gæti orðið að veruleika. Í mörgum tilfellum fá stjórnvöld ákveðin tækifæri upp í hendurnar og standa svo frammi fyrir ákvörðun um hvort þau ætla að beita sér fyrir þeim eða ekki.

Engu að síður erum við með gilda byggðaáætlun sem var samþykkt hér í vor. Samkvæmt þeirri byggðaáætlun er lögð áhersla á ákveðið svæði, Eyjafjarðarsvæðið, ekki bara vegna þess sjálfs, heldur vegna þess að það er sannfæring mín og þeirra sem að þessu stóðu — hv. þm. samþykkti ekki þá tillögu ef ég man rétt — að Eyjafjarðarsvæðið skipti miklu máli fyrir stórt svæði. Þá er ég að tala um alveg til Skagafjarðar, austur um Þingeyjarsýslur og jafnvel austur á land, að það takist að byggja þannig upp Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið að það geti orðið mótvægi við höfuðborgarsvæðið.

[14:50]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var ekkert afskaplega hrifinn af byggðaáætluninni sem var samþykkt hér í vor og get alveg meðgengið það. Ég tel að aðrir hlutar landsins en hæstv. ráðherra taldi upp muni eiga í erfiðari samkeppni vegna þeirrar framkvæmdar sem auðsjáanlega þarf að verða ef það á að gera þessa hluti svona. Og ef menn gera ekki eitthvað til þess að styrkja aðra hluta landsins minnkar náttúrlega samkeppnishæfni þeirra gagnvart svæðum sem verið er að styrkja. Þannig eru hlutirnir. Og þegar síðan þessar miklu framkvæmdir bætast ofan á þetta sem við höfum verið að tala hér um, bæði í orku- og iðnaðarmálum og í samgöngumálum, verður það auðvitað til þess að menn þurfa að grípa til aðgerða. Hæstv. ráðherra sagði að menn hefðu auðvitað gripið tækifæri þegar kosturinn kom upp. Gott og vel. Ég er nákvæmlega að segja að af því að menn gripu tækifærið þurfa menn líka að fara í að skoða hvaða áhrif það hefur

annars staðar og reyna þá að sjá til þess að aðrir hlutar landsins geti búið við þetta án þess að tapa sinni stöðu niður.

Þetta er nákvæmlega hugsunin á bak við þessa þáltill.

Og ég vil aftur segja að ég fagna því að hæstv. ráðherra hefur tekið jákvætt undir hugsunina í tillögunni. Ég vona sannarlega að menn grípi til ráðstafana núna vegna þess að tíminn til að gera hlutina er einmitt í vetur. Spennuáhrifin af þessum framkvæmdum geta orðið það mikil að ef menn draga það að grípa til aðgerða fram á næsta ár eða þarnæsta getur spennan orðið of mikil til þess að það verði af nokkrum ákvörðunum.

[14:52]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við ræðum hér till. til þál. um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum. Ég er með spurningu til framsögumanns er varðar greinargerð þáltill. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Aflétta þarf höftum á atvinnufrelsi manna í sjávarbyggðum sem byggja atvinnulíf sitt nánast alfarið á útgerð og fiskvinnslu þannig að þær geti aftur farið að njóta nálægðarinnar við gjöful fiskimið."

Spurningin er þessi: Vill hv. þm. leggja af fiskveiðistjórnarkerfið á Íslandi? Eigum við að fara að ganga á annan hátt um auðlindirnar en við höfum gert?

Þetta er spurning sem ég gjarnan vildi fá að heyra svar við.

Það kemur jafnframt fram í greinargerðinni að flm. spyrst fyrir um og hefur skoðun á því hvernig eigi að fara með þá fjármuni sem fáist fyrir þá einkavæðingu sem núverandi ríkisstjórn hefur staðið fyrir. Það er ánægjulegt til þess að vita að nú skuli þingmenn úr stjórnarandstöðunni vilja hafa áhrif á það hvernig þeim fjármunum er ráðstafað. Þeir hafa ekki allir verið sammála þeirri einkavæðingarstefnu sem núverandi ríkisstjórn hefur fylgt en það er gott að menn vilja koma að því hvernig ráðstafa eigi fjármununum.

Við þekkjum það að núverandi ríkisstjórn hefur lækkað skatta vegna þess að skuldir ríkisins hafa verið greiddar niður. Það er stefna núverandi ríkisstjórnar að halda því áfram ásamt því að nota fjármuni til samgöngumála á landsbyggðinni.

[14:54]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að létta höftum á atvinnufrelsi af landsbyggðafólki eru auðvitað tillögur okkar í sjávarútvegsmálum. Menn hafa ekki jafnræði til að nýta auðlindina sem hefur orðið til þess að fjölmörg sjávarútvegspláss eru að koðna niður og deyja út, starfsemi þar og útgerð, þrátt fyrir að þau séu vel staðsett við góð og gjöful fiskimið. Á meðan þetta kerfi er við lýði munu þessi byggðarlög ekki eiga möguleika til þess að lifa inn í framtíðina og eru dæmd til þess að dragast upp og deyja út.

Einkavæðingarpeningarnir. Já, ég tel að við eigum að hafa skoðun á því hvað eigi að gera við þá, jafnvel þótt sum okkar hafi kannski haft aðra skoðun á því hvernig ætti að standa að einkavæðingu. Það er alveg ljóst að þessir fjármunir verða nýtilegir í höndum þeirra sem stjórna í landinu. Það er búið að taka ákvörðun um að nota þá til framkvæmda í jarðgangagerð á Austurlandi. Ég tel enga goðgá að skoða það líka að þessir peningar verði notaðir í framkvæmdir annars staðar á landinu. Ég tel það þvert á móti mjög eðlilegt.

Og einmitt í þeirri stöðu sem nú er komin upp þar sem stefnir í ójafnvægi í byggðamálum vegna hinna miklu framkvæmda sem verða á Austurlandi hljóta menn að horfa til þessara fjármuna til þess að leysa úr ýmsum brýnum verkefnum í öðrum hlutum landsins og með því koma í veg fyrir vandamálin.

[14:56]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fékk ekki svar við spurningu minni sem gekk út á það hvort það ætti að ganga með öðrum hætti um fiskimiðin en núverandi fiskveiðistjórnarkerfi gerir ráð fyrir.

Ég vil jafnframt benda flm. á, hv. þingmanni, að vinnubrögð eru breytt, bæði við fiskveiðarnar og -vinnsluna. Við verðum að átta okkur á því hvernig umhverfið hefur breyst með tilliti til nýrra vinnubragða og meiri tækni. Það er minnkandi þörf fyrir vinnuaflið í þessari atvinnugrein eins og öðrum grunngreinum þjóðfélagsins.

[14:57]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. endurtók spurningu um það hvort við vildum að með öðrum hætti yrði gengið um fiskimiðin. Tillögur okkar liggja fyrir. Þær byggjast á því að áfram verði í gildi það fiskveiðistjórnarkerfi sem gildir í dag. Við höfum lagt það til að annar háttur verði hafður á hvað varðar eignarhaldið á veiðiheimildunum, að þær verði innkallaðar og að þær verði síðan boðnar öllum sem standa vilja í útgerð á Íslandi á jafnræðisgrundvelli til framtíðar litið. Þannig verði atvinnufrelsið og jafnræðið endurheimt til þeirra byggðarlaga sem hafa verið að koðna niður og dragast upp vegna þess hvernig þetta einokunarkerfi er uppbyggt.

Ég held ekki að ástæða sé til þess að ræða fiskveiðistjórnarkerfið miklu meira við þessa umræðu. Tillögur okkar um stjórn fiskveiða verða væntanlega til umræðu alveg næstu daga og þá getur hv. þm. fengið svör við öllum þeim spurningum sem hann kýs að bera fram um það efni. Við munum með stakri ánægju útskýra fyrir honum hvernig við viljum að staðið verði að þessum málum.

Umræðu frestað.

[14:58]

Útbýting þingskjala:

Einkahlutafélög, 114. mál, svar hagstrh., þskj. 342.

Samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna til að stemma stigu við glæpastarfsemi, 317. mál, fsp. KolH, þskj. 344.

Umræður utan dagskrár.

Vændi.

[14:59]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Tilefni þeirrar umræðu sem hér fer nú fram er skýrsla nefndar sem falið var að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis. Skýrsla þessi kom út sl. vor og hefði umræða um hana mátt vera meiri. Því miður hef ég ekki haft tækifæri fyrr til þess að ræða hana á hinu háa Alþingi en auk hennar eru til tvær aðrar skýrslur sem lúta að þessum sömu málum. Nú er því komin heildarmynd sem ætti að sjást og þá ættu um leið að hafa skapast möguleikar til viðbragða og nánari skoðunar tillagna til úrbóta í þessum málum.

Ég fagna þessari skýrslu sérstaklega og vil þakka fyrir hana. Mjög góður hópur af fagfólki kom að gerð hennar.

Hún er um margt góð og hefur þegar orðið til þess að opna augu margra fyrir þessum falda vanda sem vændið er. Ég segi „falda" vegna þess að við erum núna fyrst að hleypa þessum hlutum upp á yfirborðið, skoða þá og skilgreina, og því hljóta næstu skref að vera þau að koma með lausnir, lausnir sem miða að því að ná konum og körlum, stúlkum og drengjum, út úr þeim hörmungum og hremmingum sem vændi er. Að selja sjálfan sig er alltaf neyð og enn hef ég ekki hitt það hamingjusama fólk sem selur sig, það fólk sem stundum er vísað til í umræðunni.

Margt hefur verið rætt og ritað um mansal og nektarstaðina hér á landi og sú sem hér stendur hefur tekið virkan þátt í allri þeirri umræðu. Mig langar hins vegar til að við beinum sjónum okkar í þetta sinn að aðstæðum og veruleika íslenskra ungmenna, kvenna og karla. Samhengið á milli eiturlyfjaneyslu og vændis er órjúfanlegt, og eru eiturlyfjaneytendur eflaust stærsti hópurinn sem stundar vændi. Það er sú leið sem ungt fólk velur til þess að fjármagna neyslu sína. Kynferðisleg misnotkun á drengjum og stúlkum er oft líka órjúfanlega tengd neyslunni, það er þeirra borgunarform. Þetta á ekki bara við um stelpur heldur líka stráka. Það er hins vegar greinilega meira tabú en svo að það sé rætt. Drengjavændi hefur viðgengist í tugi ára um allan heim og það er að sjálfsögðu líka hér. Af hverju ættum við að vera eitthvað öðruvísi? Ég spyr. Um þennan veruleika er hins vegar ekki fjallað í skýrslunni og er það miður. Ég tel hins vegar afar mikilvægt að velta upp öllum steinum þegar þessi málaflokkur er skoðaður. Ég tel að taka verði á því með sértækum hætti. Við verðum að koma því upp á yfirborðið og finna stuðningsaðferðir og lausnir sem hæfa.

Við vitum flest hverjar eru taldar helstu ástæður þess að fólk leiðist út í vændi. Ég nefndi eina áðan en það kemur ekki að sök að telja þær upp aftur: Kynferðisleg misnotkun í æsku. Hún hefur auðvitað áhrif til allrar framtíðar nema vel sé á málum tekið. Fíkniefnaneysla. Bágar félagslegar aðstæður. Fátækt og ofbeldi. Ofbeldi er stór hluti af þessum heimi sem ég er að tala um hér og það höfum við líka orðið vör við í umræðunni upp á síðkastið. En því má heldur ekki gleyma að hér er um yfirgripsmikið og flókið viðfangsefni að ræða. Umfang vændis vitum ekki um enn en til eru ýmsar leiðir til að kanna slíkt. Ég tel eitt af forgangsmálunum að gera það og þá er mikilvægt að stuðningskerfið vinni saman og jafnframt verði komið með tillögur um það hvernig mæta skuli þörfum þessara hópa fyrir aðhlynningu og stuðning.

Við skulum líka muna að það er ekki bara ungt fólk sem stundar vændi. Við erum líka að tala um konur sem jafnvel eru komnar fast að sjötugu sem neyðast til þess seinni hluta mánaðar að selja sig svo að endar nái saman. Slíkt á ekki að þurfa í samfélagi okkar. Við eigum að geta komið í veg fyrir það.

Herra forseti. Ég hef alla tíð talað fyrir því að vændi væri ekki saknæmt eins og annars staðar er á Norðurlöndunum. Um það má lesa í skýrslu um samanburð á lagaumhverfi í þessum málum milli Norðurlandanna. Vændi er fyrir mér félagslegt vandamál sem mæta á með félagslegum úrræðum. Undir það taka líka skýrsluhöfundar. Þetta er vitaskuld ekki það sama og að lögleiða vændi, af og frá, og vona ég að engum blandist um það hugur.

Mjög margar góðar tillögur er að finna í þessari skýrslu. Ein er m.a. sú að koma á tengslaneti eða samráðsnefnd sem hafi það meginhlutverk að fylgjast með þróun mála. Má þar nefna mikilvægi þess að efla samfélagslega vitund um afleiðingar vændis, kláms og kynferðislegrar misnotkunar, að sinna fræðslu, leiðbeiningu og upplýsingastarfi sem hafi ákveðið forvarnagildi, að stuðla að rannsóknum og annarri öflun á þekkingu á þessu sviði, að hafa frumkvæði að aðgerðum til að stemma stigu við vandanum og síðast en ekki síst að koma með tillögur um nauðsynleg og æskileg hjálparúrræði.

Við þetta má bæta að nauðsynlegt er að hafa margbreytileg úrræði til að koma til móts við mismunandi hópa eins og ég hef þegar rætt um hér.

Ég hef ekki gert klámið að sérstöku umtalsefni í þetta sinn og heldur ekki mansalið. Allt er þetta þó órjúfanlegur hluti af sama heimi. Þetta er ekki sú veröld sem ég vil, og ég veit að þetta er ekki sú veröld sem við viljum hér inni.

Því spyr ég hæstv. dómsmrh.:

1. Hvaða lagabreytingum mun dómsmrh. beita sér fyrir í þessum málaflokki?

2. Mun dómsmrh. beita sér fyrir könnun á umfangi drengjavændis?

3. Mun dómsmrh. beita sér fyrir samstarfi í þessum málaflokki með opnun neyðarlínu, ráðgjöf eða athvarfi?

[15:04]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Hér er um að ræða vandmeðfarin mál en engu að síður málaflokk sem nauðsynlegt er að ræða.

Rannsóknin á vændi á Íslandi og félagslegu umhverfi þess sem unnin var fyrir dómsmrn. af Rannsóknum og greiningu sýndi að vændi þrífst í einhverjum mæli á Íslandi. Niðurstöður leiddu í ljós að vændi virtist eiga sér stað á Íslandi meðal þeirra hópa sem athugunin náði til, þ.e. vændi meðal ungs fólks í vímuefnaneyslu og vændi tengt starfsemi nektardansstaða. Ég brást strax við varðandi þær upplýsingar í skýrslunni sem gera grein fyrir vændi hjá ungmennum og beitti mér fyrir breytingu á almennum hegningarlögum sem gerir refsivert að kaupa kynlífsþjónustu hjá ungmennum yngri en 18 ára. Eins og kunnugt er var sú breyting samþykkt á síðasta löggjafarþingi.

Hvað varðar aðra þætti sem rannsóknin náði til var hér um viðamikið mál að ræða og ljóst að engar einfaldar lausnir lágu fyrir. Því skipaði ég þverfaglega nefnd til að bregðast við niðurstöðum skýrslunnar. Í skipunarbréfi sagði að hlutverk nefndarinnar væri m.a. að gera tillögur um viðbrögð við áðurnefndri skýrslu og skýrslu um samanburð á lagaumhverfi Íslands og annars staðar á Norðurlöndum varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi og fleiru sem ég lagði fram á 126. löggjafarþingi samkvæmt beiðni. Einnig var nefndinni falið að fara yfir gildandi refsilög sem vörðuðu vændi og kynferðislega misnotkun, rannsókn og meðferð slíkra mála, þar með talið hjálparúrræði fyrir þolendur, og hvort unnt væri að veita börnum og unglingum ríkari refsivernd á þessu sviði.

Eins og sjá má var verksvið nefndarinnar víðtækt og niðurstöður hennar viðamiklar í samræmi við það. Þær snerta ýmis svið er varða klám, vændi og tengda starfsemi. Ljóst er að viðbrögð við skýrslunni heyra undir hin ýmsu embætti og stofnanir. Hér má nefna, auk dómsmrn. og undirstofnana þess, félmrn. og heilbrrn. Skýrslan var send þessum aðilum ásamt bréfi þar sem þess var farið á leit að gripið yrði til viðeigandi ráðstafana vegna þeirra tillagna sem fram komu í skýrslunni.

Eins og áður hefur verið sagt kom nefndin með fjölmargar ábendingar og tillögur. Hvað varðar viðbrögð dómsmrn.

í þessum efnum var skýrslan send til refsiréttarnefndar til skoðunar varðandi þær breytingar sem lagðar voru til á almennum hegningarlögum. Ég hef fundað með refsiréttarnefnd vegna þessara tillagna og hefur nú þegar verið unnið frv. til breytinga á almennum hegningarlögum. Þær breytingar varða annars vegar ríkari vernd ungmenna gegn kynferðislegri misnotkun og hins vegar verslun með fólk.

Í frv. sem verður lagt fram á þessu þingi verður þannig brugðist við tillögum nefndarinnar, m.a. með hækkun á refsirammaákvæðum laganna um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum. Jafnframt er vert að nefna sérstaklega verslun með konur í þessu samhengi þar sem stór hluti af þeirri starfsemi er til hagnýtingar í vændisiðnaðinum.

Í skýrslunni er hvatt til alþjóðlegrar samvinnu til að berjast gegn vandanum. Þess ber að geta að dómsmrn. tekur virkan þátt í sameiginlegu átaki Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna gegn verslun með konur. Þá er í niðurstöðum skýrslunnar hvatt til þess að fórnarlömbum mansals sé veitt aukin vernd svo þau geti snúið sér til lögregluyfirvalda án ótta um líf og limi.

Ég get upplýst að fulltrúi dómsmrn. hefur tekið þátt í samvinnu Norðurlandanna varðandi vitnavernd og ég hyggst beita mér fyrir lagabreytingum sem auka vernd vitna. Hvað varðar aðrar breytingar sem nefndin lagði fyrir eru þær í skoðun hjá refsiréttarnefnd. Hvað varðar ákvæði 206. gr. um refsinæmi vændis í framfærsluskyni færði nefndin góð rök fyrir því að fella hana niður. Það eru vissulega ýmis rök sem hníga í þessa átt en þetta þarfnast þó frekari skoðunar.

Á þessari stundu er ég ekki tilbúin til að leggja fram frv. til breytinga í samræmi við þessar tillögur. Nefndin lagði ekki til að sænska leiðin, eins og hún er gjarnan kölluð, yrði farin en hún gengur út á það að gera kaup á vændi refsiverð. Nefndin lagði þó til að fylgst yrði með því hvernig Svíum tækist að ráða fram úr ýmsum vandkvæðum sem hafa fylgt löggjöfinni og að niðurstaða nefndarinnar yrði endurskoðuð að ákveðnum tíma liðnum.

Þess ber að geta að ráðuneytið fylgist vel með allri þróun sem verður í þessum málum, bæði í Svíþjóð og annars staðar.

Hvað varðar spurninguna um það hvort ég muni beita mér fyrir könnun á drengjavændi hér á landi er svarið að ég hef nú þegar beitt mér fyrir slíkri könnun. Ráðuneytið hefur styrkt viðamikla könnun sem Rannsóknir og greining hafa látið gera meðal ungmenna í grunnskólum og menntaskólum. Þar er m.a. spurt um vændi og kynferðislegt ofbeldi. Fyrstu niðurstöðurnar voru unnar út úr þeirri könnun á kostnað ráðuneytisins að beiðni þeirrar þverfaglegu nefndar sem ég skipaði til að bregðast við vændisskýrslunni. Þar sem könnunin var þá á frumstigi þótti óvarlegt að birta niðurstöður hennar án frekari vinnu. Þeirri vinnu hefur verið haldið áfram og niðurstöðurnar sem lágu fyrir í byrjun hafa styrkst. Lokaniðurstöður ættu að liggja fyrir í janúarbyrjun. Hver þáttur ráðuneytisins verður við birtingu niðurstaðna og rannsókna hefur ekki verið ákveðið en viðræður standa nú yfir við höfund rannsóknarinnar um hugsanlegt framhald ráðuneytisins í verkefninu.

Herra forseti. Ég mun leitast við að svara síðustu spurningunni í seinni ræðu.

[15:10]

Drífa Snædal:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þá athygli sem vandamál tengd klámi og vændi hafa fengið undanfarin ár og þá vinnu sem unnin hefur verið til að gera grein fyrir vandanum og finna úrlausnir.

Skýrsla nefndar sem falið var að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis er hér til umræðu og er ágætisinnlegg í baráttuna. Hún dregur fram ástæður þess að fólk leiðist út í vændi og slær algerlega á hugmyndir um að það sé á einhvern hátt eðlilegt val sem fólk stendur frammi fyrir.

Sú niðurstaða nefndarinnar að fella úr lögum grein sem kveður á um refsingu fyrir að stunda vændi er í fullu samræmi við þá hugsun að ekki beri að refsa fórnarlömbum vændis. Við þurfum hins vegar að ganga lengra og viðurkenna og skilgreina vændi sem ofbeldi sem beinist aðallega gegn konum. Það er forsenda þess að hægt sé að draga rétta aðila til ábyrgðar fyrir ofbeldið. Í téðri skýrslu er ekki mælt með því að gera kaupendur þjónustunnar sakhæfa en þó er viðurkennt að sú leið hefur orðið til þess að draga úr vændi og mansali í Svíþjóð. Þetta er í samræmi við nýlegar rannsóknir þar í landi en þær sýna einnig að fylgi við lagabreytinguna hefur aukist til muna eftir að afleiðingarnar urðu ljósar.

Ef breytingar á sakhæfi verslunar með líkama verða til þess að draga úr vændi og mansali sýnist mér tilganginum vera náð. Auk þessara afleiðinga skal það ítrekað að hlutverk löggjafans er m.a. að setja viðmið og gefa skilaboð. Ef farið verður að tillögu nefndarinnar verður löglegt að kaupa og selja vændi nema um milligönguaðila sé að ræða. Hvaða skilaboð eru það?

Ef við skilgreinum vændi sem ofbeldi hljótum við að vilja draga ofbeldismennina til ábyrgðar og setja þau viðmið að verslun með líkama verði ekki liðin. Hv. þingkona Kolbrún Halldórsdóttir hefur í fjórgang lagt fram frv. um breytingar á almennum hegningarlögum þar að lútandi. Í því frv. kristallast stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að ofbeldi gegn konum og öðrum sem stunda vændi megi aldrei líðast.

[15:12]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Undanfarin ár hefur mikið verið rætt um vændisiðnað í Evrópu og svokallað mansal, sem er í raun verslun með konur. Hefur þessari verslun verið líkt við nútímaþrælasölu. Talið er að glæpasamtök þéni um 7 millj. bandaríkjadala á mansali árlega. Þau hafa komið sér upp tengslaneti á netinu og ná þar til viðskiptavina. Líkur eru á að höndlað sé með allt að 1 milljón kvenna og barna á þennan hátt. Interpol telur fjöldann vera um 120 þúsund innan ESB.

Ísland hefur ekki verið undanskilið í þessari umræðu. Fjöldi stúlkna hefur komið hingað, m.a. frá Eystrasaltslöndum, til að vinna á veitingahúsum undir ýmsu yfirskyni. Það er samt vitað mál að margar þeirra lenda á hálum ís og eru jafnvel leiddar þangað. Um 370 stúlkur fá atvinnuleyfi hér á landi á hverju ári til þessarar iðju. Þær eru í raun miklu fleiri því stúlkur frá ESB-löndum þurfa ekki atvinnuleyfi til að starfa hér á landi. Við þurfum að bregðast við þessum vanda. Hið nýja bann við einkadansi í Reykjavík, sem tók gildi 1. júlí 2002, virðist reyndar hafa haft mikil áhrif á starfsemi svokallaðra nektarstaða í Reykjavík. Staðir sem buðu upp á einkadans hafa verið að flytjast til nágrannasveitarfélaga eða leggja upp laupana.

Aukinni neyslu fíkniefna fylgir aukin neyð og er afleiðingin því miður oft það sem kallað hefur verið nauðarvændi. Ungt fólk sem er háð vímuefnum verður afar berskjaldað gagnvart vændi, og grípur til þess í tilraun til að fjármagna neyslu sína og draga fram lífið. Hér á landi er hópur fólks

sem stundar vændi til að verða sér úti um peninga, vímuefni, húsaskjól og mat, og annar hópur sem stundar skipulegt vændi. Þetta eru staðreyndir sem við verðum að horfast í augu við.

Herra forseti. Það er brýnt að við ákveðum hér á Íslandi hvaða afstöðu við tökum til vændis yfirleitt og hvernig stjórnvöld geta skipulagt markvissar aðgerðir gegn þróuninni sem lýst hefur verið í dag.

[15:14]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Hvern á löggjafinn að vernda? Manneskjuna sem hefur leiðst út í vændið eða þann sem kaupir sér vændisþjónustuna svokölluðu? Ég hygg tíma til kominn til að staldra við og kryfja þessi mál til mergjar.

Það er rétt hjá hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur að vændi er félagslegt vandamál og því þarf að koma þannig fyrir að þeir sem hafa leiðst út í það fái alla þá félagslegu aðstoð sem hægt er að veita þeim. Það segir sig auðvitað sjálft að það á að vera refsilaust með öllu eins og kemur fram í skýrslu nefndarinnar sem hér hefur verið rædd.

En hvað með kaupandann? Hvað með þann sem kaupir sér aðgang að líkama annarrar manneskju? Getum við haldið því til streitu að refsileysi hans sé eðlilegt? Ég hygg, hæstv. forseti, að hér þurfi hv. alþingismenn að staldra við og hugsa um hvaða skilaboð refsileysið sendi út í samfélagið og hvaða stöðu það gefi þeim er kaupa svokallaða kynlífsþjónustu. Við verðum líka að hafa í huga að verslun með konur, börn og ungmenni og lagaleg staða vændis í samfélögum, hvort sem það er í okkar eigin eða öðrum, hangir að sjálfsögðu saman. Skilaboðin frá löggjafanum verða að vera skýr.

Hæstv. forseti. Ofbeldi sem þrífst í klám- og kynlífsiðnaðinum ógnar ekki einvörðungu lífi og sálarheill fórnarlamba þessarar starfsemi. Það dregur úr virðingu okkar fyrir mannhelgi hvers einstaklings og hefur óæskileg áhrif á hugmyndir okkar um samskipti kynjanna og siðfræði kynlífs.

Við erum illa stödd, herra forseti, ef sú skoðun verður almenn á Íslandi að það sé í lagi að kaupa sér aðgang að líkama annarrar manneskju. Þá verða virðing, skilningur og væntumþykja afgangsstærð í samskiptum fólks, og manngildi hvers einstaklings þverr.

[15:17]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Vændi er til staðar þótt í litlum mæli sé. Það er til staðar hér á landi hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Vændi er ekki orsök heldur afleiðing og þá oftast afleiðing fíkniefnaneyslu eða kynferðislegrar misnotkunar.

Það hefur verið umræða um að lögleiða vændi hér á landi eins og annars staðar. Helsti rökstuðningurinn með þessari tillögu var sá að sá sem selur vændisþjónustuna er oftast fórnarlamb sem þarfnast hjálpar en á ekki að þurfa að sæta refsingu. Þetta er auðvitað rökstuðningur sem vert er að skoða. En á hinn bóginn hafa margir spurt hvaða skilaboð við séum að senda ef við viljum lögleiða vændi. Þótt við vitum að unglingar drekki þá færum við ekki áfengiskaupaaldurinn niður í 14 eða 16 ár. Við refsum þeim ekki heldur reynum að styðja þá til betra lífs, sem sagt: Ekki gera vændi refsivert.

En það má líka velta því fyrir sér hvernig þetta lítur út frá vinnu- og skattalöggjöf. Þótt það kunni að virka nokkuð skondið, herra forseti, þá er þetta einfaldlega löggjöf sem ætti að snerta vændið. Samkvæmt gildandi lögum er refsivert að stunda vændi í framfærsluskyni, en það er í lagi svona einu sinni og einu sinni.

Það er fátt um svör, meira um fliss, þegar hringt er í skattstjóra og beðið um leiðbeiningar hvar eigi að setja þessar aukatekjur, sem eru ekki til framfærslu, á skýrsluna. Og hvað mega þessar aukatekjur vera háar, tíu þúsund kall, tuttugu þúsund kall, fimmtíu þúsund kall? Hvar dregur skatturinn mörkin?

Hvað varðar þriðja manninn hins vegar eða „pimpinn" sem hér á landi er oftast eiturlyfjasali þá hafa til að mynda Bretar farið þá leið að taka á þessum mönnum í gegnum skattkerfið því oftast eru þetta menn sem berast mikið á en hafa auða skattskýrslu. Á þessum aðilum þarf að taka.

Herra forseti. Hin eina algilda auðsjáanlega leið til lausnar þessum vændismálum er ekki til staðar. Aukið frelsi er ekki endilega rétta leiðin í þessum efnum því það má spyrja: Frelsi hvers er verið að vernda? Ein leiðin gæti þó verið sú að gera vændið ekki refsivert án þess að lögleiða það. Einnig er hugsanlegt að gera kaupendaþáttinn refsiverðan. Vændi er þó að mínu mati fyrst og fremst félagslegt vandamál. Við þurfum að nálgast þetta mál á opinskáan og fordómalausan hátt, auka umræðu, forvarnir og fræðslu.

[15:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Því ber að fagna að umræða um þessi mál er komin meira upp á yfirborðið en áður var. Við Íslendingar getum ekki búist við því að sleppa við vændi, mansal og það nútímaþrælahald sem kynlífsiðnaðurinn er ef hér eru allar gáttir hafðar opnar bæði í löggjöf og hvað varðar rekstrarleyfi skemmtistaða. Sem betur fer örlar aðeins á því að taka eigi á starfsemi klámstaða og klámiðnaðar hér í landi. En það er mikið umhugsunarefni hversu sofandi flestir voru í byrjun.

Ég minnist þess þegar hv. þáv. þm. Hjörleifur Guttormsson tók hér upp málefni nektarstaða í árdaga þeirrar starfsemi í landinu. Ég segi nú ekki að menn hafi hlegið, (**Gripið fram í:** Það var hlegið.) en það var alla vegana lítið gert með þær spurningar sem hv. þm. varpaði þá fram á borðið. Nú er öldin önnur. Nú viðurkenna menn að við munum ekki komast hjá því, leyfum við þessa starfsemi og opnum þar allar gáttir, að henni tengist það sama hér og alls staðar annars staðar þar sem hún er ástunduð, þ.e. vændi, fíkniefnadreifing og mansal og þrælahald kynlífsiðnaðarins. Það er vel að menn eru að átta sig í þessum efnum.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum fjórum sinnum flutt um það frv. að kaupin verði gerð refsiverð. Fyrst höfðu menn efasemdir um þá aðgerð sem gripið var til í Svíþjóð fyrir nokkrum árum, en nú vex stuðningur við þá leið hröðum skrefum og það er til athugunar bæði í Danmörku og Finnlandi að fara sömu leið og Svíar vegna góðrar reynslu af þeirri aðgerð. Ég skora á hæstv. dómsmrh. að skoða það nú í meiri alvöru en fyrr að láta ekki staðar numið við að gera kaup af unglingum ein saknæm, heldur almennt.

Að síðustu vil ég segja, herra forseti, að ég held að það sé ákaflega mikilvægt að Íslendingar taki virkan þátt í samstarfi Norðurlandaþjóða með Eystrasaltsríkjunum og fleiri löndum í norðanverðri Evrópu sem eru m.a. í gegnum alþjóðlegt samstarf að reyna að stemma stigu við því ískyggilega vandamáli sem kynlífsiðnaðurinn og mansalið er.

[15:21]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur fyrir að vekja athygli á þessu máli því umræðuefnið er mjög

brýnt og það er mjög brýnt að tekið sé á þessum málum og þá þannig að það beri árangur.

Þegar fólk eignast börn verður mikil gleði og allir foreldrar eiga þá innilegustu ósk að börnin eigi góða og fallega framtíð. Ekkert foreldri getur hugsað sér að barnið þess lendi í vændi. En því miður hefur sú framtíð blasað við mörgum börnum að þau verða að fara í vændi. Þess vegna ættu allir foreldrar og sérstaklega karlar, því það eru þeir sem hafa notað þessa þjónustu, eins og hún hefur verið kölluð, vændisþjónustu, að hugsa vel um hvað manneskjan er og hvaða virðingu fólk vill bera fyrir líkama sínum og annarra og lífi og líta þannig á að manneskjan er ekki neysluvara.

Þetta finnst mér að þurfi að hugsa mikið um. Þetta tengist líka öllu þessu klámi sem hefur flætt yfir, sérstaklega í tengslum við netið. Það þarf líka að taka mikið á þessu hjá yngra fólki og í skólunum vegna þess að maður heyrir oft mjög skuggalegar sögur af kynlífi barna og unglinga í dag. Þetta þarf náttúrlega að skoða.

Ég þakka líka hæstv. dómsmrh. fyrir það sem hún er að reyna að vinna í þessu málum.

[15:24]

Soffía Gísladóttir:

Herra forseti. Hér ræðum við þann hluta undirheima sem flokkast undir vændi en það er um leið nátengt annarri undirheimastarfsemi, svo sem ólöglegum fíkniefnum.

Vændi hefur talsvert verið í umræðunni undanfarin missiri og tengist það þeirri vinnu sem hæstv. dómsmrh. hefur staðið fyrir með það að markmiði að greina vandann og leita leiða til úrbóta. Það má hrósa hæstv. dómsmrh. fyrir frumkvæði sem hún hefur sýnt í þessu máli sem hefur orðið til þess að fróðleikur okkar á málinu hefur aukist og tekist hefur að sundurgreina alvarleika málsins.

Herra forseti. En það hefur ekki einungis verið tekið á umræðunni um vændi heldur hefur einnig verið tekið á klámi og það endurskilgreint í klám annars vegar og klám tengt grófu ofbeldi hins vegar, en þessi tvö hugtök eru nátengd.

Niðurstaða nefndar þeirrar sem hæstv. dómsmrh. skipaði til þess að bregðast við tveimur fyrri skýrslum um málið var m.a. sú að víkja skuli frá því að refsivert sé að stunda vændi í framfærsluskyni. Þar er m.a. tekið mið af lagaumhverfi annarra landa, annarra Norðurlanda, og eins er stuðst við þann rökstuðning að auðveldara verði að ná til þeirra sem stunda slíka starfsemi, með aðstoð að leiðarljósi. En það er mergurinn málsins, að aðstoða fólk í neyð.

Mikill meiri hluti þeirra sem stundar vændi eru fórnarlömb fíkniefna, kynferðislegrar misnotkunar eða annarra þátta og þurfa því aðstoð til að komast úr vandanum og hefja nýtt og betra líf. Þessa einstaklinga skortir oft tilgang með lífinu. Þeir eru með brotna sjálfsmynd og eru fastir í viðjum vændis. En við þurfum fyrst og fremst í þessari umræðu að beita okkur fyrir forvörnum á þessu sviði og miða að því að fækka þeim sem á nokkurn hátt og nokkurn tíma þurfa að stunda vændi sér til viðurværis.

Herra forseti. Með þeirri vinnu sem hefur verið unnin á undanförnum missirum í greiningu á vændi stigum við varlega í rétta átt með það að leiðarljósi að styðja við bakið á fórnarlömbum, en um leið bætum við þær girðingar sem koma í veg fyrir að vændi þróist í undirheimum.

[15:26]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. dómsmrh. og hv. þingmönnum fyrir mjög góða umræðu sem hér hefur farið fram. Auðvitað var ekki við öðru að búast.

Við höfum tekið þessi mál alvarlega hér á hinu háa Alþingi. Þau voru ekki tekin alvarlega hér áður fyrr, hvorki þegar hv. þm. Hjörleifur Guttormsson né aðrir þingmenn, m.a. Kvennalistans, voru með þessi mál hér. Þegar ég hóf þessa umræðu hér hafði ég hins vegar kannski þekkingu á þessu vegna þess að ég hef verið með mjög margar af þessum konum og drengjum í viðtölum. Þetta er því heimur sem ég þekki afar vel til.

Mjög margt hefur gerst og því verðum við líka að halda til haga. Ég þakka auðvitað hæstv. dómsmrh. fyrir svörin og ég er sérstaklega ánægð með að það skuli vera búið að setja áframhaldandi könnun á drengjavændinu í farveg. Ég fagna því alveg sérstaklega.

Ég hef tekið þátt í mörgum alþjóðlegum ráðstefnum og fundum í öðrum löndum um þessi mál og um mansalið. Ég fagna þeim frv. sem væntanlega liggja fyrir um verslun með konur og börn þannig að við tökum þátt í vitnavernd og verðum samstiga alþjóðasamfélaginu í því að standa vörð um þennan hóp.

Auðvitað er mjög margt í pípunum. Margir minntust hér á sænsku leiðina, þ.e. að kaup á vændi sé refsivert. Auðvitað eigum við að skoða það. Sú umræða er á fljúgandi fart á öllum Norðurlöndum og í Evrópu. Ég veit að það mun sennilega skila sér hér í tillögu og samþykkt.

Ég minni líka á að öll þessi umræða hefur þó skilað sér í því að nú er bara einn nektardansstaður eftir með kjöltudans þannig að ýmislegt hefur nú náðst fram með allri umræðunni um verslun með líkama kvenna, því hún er ekki til sóma á þeirri öld sem við lifum.

[15:28]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir þessa umræðu, en hún lagði m.a. sitt af mörkum í vinnu sérfræðinefndarinnar.

Varðandi síðustu spurningu hennar um samráðsnefndina þá hafa þessi mál verið í skoðun innan ráðuneytisins. En það er ekki ljóst hver eigi að hafa yfirstjórn og umsjón með slíkri nefnd. En ég hef áhuga á því að eiga þátt í að koma slíkri starfsemi á fót. Að því þurfa hins vegar að koma fleiri aðilar innan stjórnkerfisins.

Hér var líka minnst á sænsku leiðina svokölluðu. Mér finnst rétt að benda á að ýmsir hafa haft áhyggjur af því að með þeirri leið færðist vandinn meira undir yfirborðið og að erfiðara yrði að ná til þeirra sem ættu við vanda að stríða í þessu sambandi.

Enn fremur er ástæða til að þakka þeim einstaklingum sem unnu þessar skýrslur og er rétt að vekja athygli á því að sérfræðingar af ýmsum sviðum samfélagsins komu að þessari vinnu.

Ég tel ljóst að sú skoðun sem þetta málefni hefur fengið á undanförnum missirum sé meiri og dýpri en áður hefur farið fram hér á landi. Við erum því betur í stakk búin en áður til að móta heildstæða og gagnlega stefnu sem nýtist þeim sem neyðst hafa til þess að stunda vændi.

Hins vegar er alveg jafnljóst að hér duga engin einföld svör. Þetta er flókið viðfangsefni sem verður að taka á með margvíslegum aðgerðum. Ég hef ríkan vilja til þess að vinna

áfram að þessum málum á þeim nótum sem ég hef gert hingað til, en ég lýsti því í fyrri ræðu minni að ýmislegt hefur þegar komið til framkvæmda og margt er í deiglunni, svo sem breytingar á almennum hegningarlögum og margt fleira.

Herra forseti. Að lokum vil ég þakka hv. þingmönnum fyrir þessa umræðu sem hefur verið gagnleg. Hún hefur verið málefnaleg og það er auðvitað ákaflega mikilvægt þegar rætt er um jafnvandmeðfarið mál.

Ójafnvægi í byggðamálum, frh. fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 29. mál. — Þskj. 29.

[15:31]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég tek til máls um þessa tillögu, um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum, sem hljóðar upp á það að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir Alþingi aðgerðaáætlun sem hafi það að markmiði að draga úr fyrirsjáanlegu ójafnvægi í byggðamálum.

Virðulegur forseti. Það mun koma að því í ræðu minni að ég beini fyrirspurn til hæstv. byggðamálaráðherra, ég vona að byggðamálaráðherra sé í húsinu áfram meðan verið er að fjalla um málið. Veit forseti hvernig sú staða er?

(**Forseti** (ÁSJ): Hæstv. iðn.- og viðskrh. er í húsinu, örugglega hér í hliðarsal, og hlustar áreiðanlega á ræðu þingmannsins.)

Það er nefnilega það, þakka þér fyrir herra forseti.

Hver er ástæðan fyrir því, virðulegur forseti, að þessi þáltill. er flutt? Svarið er að í stefnu íslenska ríkisins í byggðamálum vantar festu. Það sést best á því að Vestfirðingar svöruðu byggðatillögum ríkisstjórnarinnar með eigin tillögum sem eru metnaðarfullar og krafan er í rauninni sú frá þeim að ríkisstjórnin geri þær að sínum. Þó að hér séu nefndar sérstaklega tillögur sem varða Vestfirði, þá snýr tillaga okkar flutningsmanna í raun að öllu landinu. Í mínum huga er staðan sú að frumkvæði heimamanna er að sjálfsögðu og hefur alltaf verið og mun verða mesti drifkraftur á bak við eflingu byggðanna.

Aðgerðir í samgöngumálum er lykill að bættri stöðu byggða. Ef við lítum til afkomumöguleika tengda sjávarfangi og landbúnaði í dreifðum byggðum þá eru samgöngur lykillinn að nýjum tækifærum. Því er hugmynd mín sú að hafið verði sérstakt átak með skipulagðri fjögurra ára áætlun um að ljúka meginsamgönguleiðum til höfuðborgarsvæðisins. Nauðsyn er að sérstaklega verði sett fremst í forgangsröð að hafa opnar öruggar leiðir allt árið til og frá öllum landshlutum og þá ekki síst frá sunnanverðum Vestfjörðum, sem búa við hvað mesta lokun af völdum veðurfars, snjóa. Að koma afurðum daglega á markað frá gjöfulum sjávarbyggðum eftir vegakerfi sem er tryggt með opnum vegum allt árið er nauðsyn. Lagður hefur verið grunnur að verulegum byggðaaðgerðum á Austfjörðum með stóriðjuframkvæmdum og á Norður- og Austurlandi með jarðgangagerð, sem eru framkvæmdir til margra ára, og ríkisvaldið hefur lagt áherslu á Eyjafjarðarsvæðið.

Vissulega er það gott ef úr rætist á nefndum svæðum. En eftir stendur krafa um kröftugar aðgerðir í Norðvesturkjördæmi, krafa um auknar aðgerðir varðandi framhaldsmenntun, aukið atvinnufrelsi, afmarkaðar aðgerðir í samgöngumálum, eins og sagði fyrr í ræðu minni.

Ég spyr hæstv. byggðamálaráðherra varðandi varanlega vegagerð í Norðvesturkjördæmi: Til hvaða mótvægisaðgerða ætlar hæstv. ráðherra að grípa? Hæstv. ráðherra sagði í andsvari við ræðu hv. 1. flm. tillögunnar að hún vildi taka sérstaklega á málum Vestfirðinga. Þá spyr ég hvort hæstv. ráðherra geti upplýst á hvern hátt hún muni nálgast málið.

Ég geri mér það ljóst, virðulegur forseti, að úrlausn mála er ekki aðeins á borði hæstv. byggðamálaráðherra heldur allrar ríkisstjórnarinnar. En ég get hvergi, virðulegur forseti, fest hendur á að einhver úrræði séu komin í gang. Þó að ég þrælleiti í fjárlögum og fari yfir fjárlagagerðina þá sé ég ekki að neitt sé í gangi til að bregðast við því sem þessi tillaga, sem við flytjum hér sameiginlega, hv. þm. Jóhann Ársælsson, Karl V. Matthíasson og sá sem hér stendur — þá sé ég ekkert í gangi til þess að bregðast við því ástandi sem er til að mynda á Vestfjörðum, á Norðvesturlandi og í hinum dreifðu byggðum á Vesturlandi.

Þessu vildi ég beina til hæstv. ráðherra, virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að halda langa tölu um tillöguna vegna þess að hún er í skýrt afmörkuðu máli, hnitmiðuð til þess að auðvelda stjórnvöldum að taka tillöguna upp og gera hana að sinni.

[15:37]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Í byggðamálunum blasa við mörg verkefni, enda ber þau oft á góma í hv. Alþingi. Hér er lögð fram till. til þál. um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum og eru flutningsmenn tillögunnar hv. þm. Jóhann Ársælsson, Gísli S. Einarsson og sá sem hér stendur.

Í þáltill. er bent á að fyrir dyrum stendur mjög mikil aðgerð í atvinnumálum í Norðausturkjördæminu og fyrirsjáanlegt er að það geti haft ákveðin áhrif á aðra landshluta ef allur kraftur atvinnulífsins í landinu verður settur þangað með miklu afli. Þess vegna er nauðsynlegt að huga að því hvaða áhrif það hefur þegar þær miklu framkvæmdir fara í gang, sem ég tel vera mjög jákvæðar því að ástandið hefur ekki verið beysið fyrir austan, enda hafa Austfirðingar gert miklar kröfur um að hlúð sé að atvinnulífinu þar og flestir þeirra hafa verið mjög ánægðir yfir því að fá það sem samþykkt hefur verið.

En hvernig blasir þetta við á Vestfjörðum, Vesturlandi og Norðurlandi vestra, svo talað sé um þessi þrjú gömlu kjördæmi? Því miður hefur það verið þannig að fólki hefur fækkað, því hefur fækkað á Vestfjörðum, og ég tel eina ástæðuna fyrir því vera þá að atvinnulífið er ekki nægjanlega fjölbreytt og atvinnulífið er ekki nógu kröftugt og öflugt. Við þurfum að gefa gaum að því.

Ef við hugsum t.d. um menntamálin, þá þarf að efla framhaldsskólana. Það er reyndar mjög góður framhaldsskóli á Ísafirði, Akranesi og Sauðárkróki. En gerð var samþykkt ekki alls fyrir löngu hjá sveitarstjórnarmönnum á Snæfellsnesi um að stofnaður yrði framhaldsskóli á Vesturlandi, í Grundarfirði á Snæfellsnesi. En því miður hefur sú hugmynd ekki fengið nógu góðan hljómgrunn hjá yfirvöldum menntamála í landinu. En þetta er mikið byggðamál fyrir allt Snæfellsnes að framhaldsskóli komi í Grundarfjörð. Það er einnig mikið byggðamál að drifið sé í að klára að brúa Kolgrafarfjörðinn þannig að samgöngur á milli þessara staða á Snæfellsnesinu séu þannig að hægt sé að hafa þarna skóla, framhaldsskóla sem allir nemendur geti komið til að morgni og farið heim

til sín að kvöldi. Það er það sem vakir fyrir þeim sem hafa beðið um að þessum skóla yrði komið á laggirnar.

Hið sama gildir náttúrlega líka um Vesturbyggð. Þar þarf að hlúa vel að framhaldsskóla og framhaldsskólamenntun. Þetta er hægt að gera með fjarnámi og það er hægt að leggja töluvert fjármagn í það til þess að börnin, unglingarnir sem eru búnir með 10. bekkinn þurfi ekki að fara strax að heiman. Börn eru núna börn allt til 18 ára aldurs samkvæmt lögum. Eitt grundvallaratriðið í byggðamálum er að menntun sé til staðar. Og sú starfsemi er mjög ánægjuleg sem fram fer á Bifröst og líka hjá Smára Haraldssyni á Ísafirði í sambandi við fjarnámið og háskólamenntunina sem þar er og það ágæta setur sem komið er upp þar. Þetta er allt mjög jákvætt en við þurfum að efla þessa hluti og koma menntuninni betur til byggðanna.

Samgöngur eru líka grundvallaratriði. Og þegar verið er að tala um að fara út í stórkostlegar samgöngur fyrir austan þá megum við heldur ekki gleyma því að það er ekki hægt að segja að það eigi bara að vera með miklar samgöngueframkvæmdir í einum landshluta, það þarf að hafa vegagerðina víðar. Hér er ég t.d. að hugsa um að íbúar Vesturbyggðar eru stóran hluta ársins án þess að vera í samgöngum við hringveginn, góðum samgöngum, vegna þess að vegirnir eru það lélegir þar. Sú krafa hefur aukist og henni vex fiskur um hrygg, tillögunni um að heilsársvegur sé til Vesturbyggðar. Bæjarstjórn Ísafjarðar samþykkti um daginn ályktun um að búið verði að malbika alla vegi til Ísafjarðar á næstu fimm árum. Þetta eru náttúrlega miklar aðgerðir en það verður að fara í slíka hluti ef þau svæði eiga að haldast í byggð. Þetta er bara einfaldlega nútíminn, hann gerir þessar kröfur, herra forseti.

Mér finnst það mjög áhugaverð tillaga þegar talað er um að leggja nýjan veg yfir Arnkötludal sem mundi bæta samgöngur á milli svæðanna úr Hólmavík og frá Ströndunum yfir í Reykhólasveitina. Það gæti skapað meiri samskipti þar á milli, bæði á sambandi við læknisþjónustu og í skólamálum og öðru. Þetta er eitt af því sem mætti huga vel að í tengslum við þá ágætu þáltill. sem við erum að fjalla hérna um.

Ég vil síðan benda á það, herra forseti, í tengslum við umræðuna um Orkubú Vestfjarða, að þó að það sé komið í eigu ríkisins þá hlýtur það náttúrlega að vera áhugasvið hæstv. byggðamálaráðherra og iðnrh. að starfsemi orkubúsins haldist sem öflugust vestur á fjörðum. Ég tel það vera siðferðilega skyldu að reynt sé að efla þá starfsemi sem þar fer fram en ekki fara að huga að því að leggja hana niður og láta hana undir eitthvert annað batterí því að um leið og það yrði gert mundu tapast þar störf, fólk sem hefur tækniþekkingu og annað sem skiptir náttúrlega gríðarlega miklu máli fyrir byggðina þarna.

Þetta vildi ég leggja inn í umræðuna. Tími minn er búinn en hægt væri að segja svo margt fleira um þetta allt saman.

[15:45]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Löngum höfum við haft ugg af ójafnvægi í byggðum landsins. Sá uggur hefur aðallega snúið að því að landið væri að sporðreisast, eins og sagt var, fólk af landsbyggðinni væri allt að flytja á höfuðborgarsvæðið.

Sé litið á þau þrjú svæði sem fólki hefur verið að fjölga undanfarin 10 ár þá hefur fjölgað um 19% á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur fjölgað um 10% í nágrannabyggðum höfuðborgarsvæðisins og þar hafa eignir hækkað í verði, m.a. á Akranesi. Ég tel að þar hafi verið sett met, verð á eignum þar hækkaði um 81% á þessu tímabili. Á Akureyri hefur einnig fjölgað um 8,3%, sem sker sig úr á landsbyggðinni. Annars staðar hefur fækkað um 9%.

Ég vil fara yfir þessa þrjá liði í þeirri ágætu þáltill. sem hér er lögð fram og minnast fyrst á orku- og iðnaðarmál á Austurlandi. Á Austurlandi hefur verið viðvarandi fólksflótti. Það hefur fækkað um 489 íbúa í Fjarðabyggð síðastliðin 10 ár og fækkunin á Seyðisfirði, því blómlega bæjarfélagi, hefur verið um 146 íbúa á sama tíma. Ég hef bent á nauðsyn þess að verja eignir landsbyggðarfólks og vakið athygli á niðurstöðum úr svörum við spurningum félmrh. þar að lútandi. Ef Fjarðabyggð er skoðuð sérstaklega var fermetraverð á því svæði, þar sem fyrirhugaða stóriðju á að reisa, árið 1990 39.148 kr. Tíu árum seinna, árið 2000, var það 39.794 kr. Fermetrinn hækkar um 646 kr., ég segi og skrifa 646 kr. eða um 1,6%. Á sama tíma hækkaði verð fasteigna fólks á höfuðborgarsvæðinu um 66%. Austfirðinga vantar þannig tvo þriðju hluta til viðbótar við verð eigna sinna til að jafna þetta. Það hefði verið hægt með því að tryggja þar fjölbreyttari atvinnu og vista þar opinber störf. Ég fagna þess vegna því eins og aðrir að það hilli loks undir betri kosti í atvinnumálum Austurlands. Það stefnir þegar í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á Austurlandi og þess má geta í framhjáhlaupi að fiskeldi, sem hafið er á Austurlandi, hefur þegar skilað því að tvö hús hafa verið byggð í Mjóafirði.

Varðandi jarðgangaþáttinn, sem hér er nefndur, er ljóst að Austfirðingar hafa lengi beðið eftir bættum samgöngum og jarðgöngum. Jarðgöng munu styrkja og styðja byggðir á Suðurfjörðum Austfjarða. Þar hefur verið mikil fólksfækkun. Í Búðahreppi einum, sem mun tengjast þessum jarðgöngum, hefur fækkað á síðustu 10 árum um 188 manns og í Fáskrúðsfjarðarhreppi um 29. Sömu sögu er að segja af Stöðvarhreppi, Breiðdalshreppi og Djúpavogshreppi.

Jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar munu auðvelda allar samgöngur á Austfjörðum og stytta hringveginn. Jarðgöng á Austfjörðum munu gera svæðið að einu atvinnusvæði og jarðgöng á Austfjörðum munu styrkja og verja eignir Austfirðinga. Ef við lítum til jarðganga á norðanverðum Tröllaskaga, milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar, munu þau á sama hátt auðvelda samgöngur, enda Lágheiðin erfiður vetrarvegur. Jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar munu stækka atvinnusvæðið, enda má benda á mikla samvinnu þar þegar á milli staða, t.d. á sjávarútvegssviðinu. Jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar munu styrkja og verja eignir fólks á Ólafsfirði og á Siglufirði og auka líkur á framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð sem brennur á íbúum þessa svæðis.

Þá vil ég, herra forseti, nefna eflingu Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins, sem er eitt af málum nýrrar byggðaáætlunar. Í byggðaáætlun segir að efling þessa svæðis muni hafa áhrif um allt Norðurland og áhrifanna muni jafnvel gæta á Austurlandi. Benda má á að heimamenn á Eyjafjarðarsvæðinu og í Þingeyjarsýslum eru nú farnir að tala um að samtengja þessi svæði betur með jarðgöngum undir Vaðlaheiði. Þarna er um stórt svæði að ræða.

Ég fagna öllu því sem hér er rakið en hv. flutningsmenn þessarar þáltill. hafa einnig áhyggjur. Ég vil taka undir það að ef allur kraftur fer í að byggja upp á þessu svæði svo horfi til verri vegar á svæðum sem eru veik fyrir þá er það ekki gott. Auðvitað ber að líta til þess.

Nokkur svæði á landinu eiga undir högg að sækja. Ég nefni t.d. Norðausturland. Þar kæmu betri samgöngur sér til góða fyrir Kópasker, Þórshöfn og Raufarhöfn. Vestfirðir eiga undir högg að sækja, Skaftafellssýslur líka og Norðurland vestra.

Ég vil vekja athygli á því sem hv. flutningsmenn benda á í þáltill. sinni. Þeir hvetja sérstaklega til að flýta samgönguframkvæmdum, styrkja framhaldsmenntun í dreifbýli. Þeir segja einnig, með leyfi forseta, orðrétt:

„Aflétta þarf höftum á atvinnufrelsi manna í sjávarbyggðum sem byggja atvinnulíf sitt nánast alfarið á útgerð og fiskvinnslu þannig að þær geti aftur farið að njóta nálægðarinnar við gjöful fiskimið."

Herra forseti. Ég tek undir anda þessarar þáltill. Það er nýtt vandamál fyrir okkur ef efling á landsbyggðinni fer að hafa áhrif á önnur svæði landsbyggðarinnar. Það er ákveðið fagnaðarefni ef svo er komið og þá breyting frá því sem við höfum búið við undanfarin 30–40 ár. En ég tek undir það sem hv. þm. hafa hér sett fram. Það þarf að fylgjast með þessu og ég treysti því að svo verði gert.

[15:52]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Mig langar að leggja nokkur orð inn í þessa umræðu. Ég vil þakka flutningsmanni sérstaklega fyrir þessa till. til þál. sem er meira en tímabær.

Öllum er ljóst að ójafnvægið sem fjallað er um í greinargerð með þessari tillögu er fyrir hendi og það fer vaxandi og hefur reyndar farið vaxandi um langan tíma. Hv. flutningsmaður sagðist bíða eftir því að sjá hver viðbrögð ráðherrans við þessari tillögu væru. Ég tek undir það með honum. Ég verð að segja að mér finnast viðbrögð ráðherrans með eindæmum dræm. Hér er um að ræða málefni sem ég tel að öllum landsbyggðarþingmönnum, reyndar þingheimi öllum, eigi að koma verulega við og þeir eigi að láta sig miklu skipta.

Fram kemur að reynt hafi verið að efla ýmis svæði á landinu. Það hefur verið reynt að bregðast við þessu misvægi. Það er t.d. sérstaklega nefnt í greinargerð að aðaláherslan hafi verið lögð á að styrkja Akureyri sem mótvægi við höfuðborgarsvæðið. Mér finnst ekki óeðlilegt að þar sé byrjað. Ég gleðst yfir þeirri þróun sem þar hefur orðið af ýmsum ástæðum. Þar vantar að vísu margt á enn þá, eins og þeim heimamönnum er vafalaust kunnugast um, einkum í atvinnumálum. En sú stefna sem tekin var fyrir allmörgum árum, að efla Akureyri sem menntabæ og menntasetur, hefur skilað árangri. Ég fagna því að sjálfsögðu ef unnið er að því að koma þar upp þessu mótvægi sem svo er nefnt.

Við þurfum reyndar að gera miklu meira. Ég veit að slík uppbygging getur ekki gengið ef með henni á að draga spón úr aski annarra sem þegar búa við meira ójafnvægi. Slíkt getur aldrei stýrt góðri lukku. Ég vona að sú leið verði ekki farin. Þó höfum við stundum á undanförnum vikum og mánuðum velt fyrir okkur ýmsu í því sambandi. Þar er náttúrlega nærtækast að taka Orkubú Vestfjarða sem mikil umræða hefur orðið um. Um það varð mikil umræða fyrir tveimur árum og reyndar æ síðan þegar Vestfirðingar seldu ríkinu þetta fyrirtæki sitt með það fyrir augum að það yrði áfram staðsett þar og sú þjónusta sem það veitti, þau störf sem það veitti yrðu áfram í byggðarlaginu. En það eru ýmsar blikur á lofti með það.

Lítum á Vestfirði, af því að hæstv. ráðherra gat um að taka þyrfti málefni Vestfirðinga sérstaklega fyrir. Ég þakka fyrir það. Ég tek undir það og fagna því. En ég vil vekja athygli á því að málefni Vestfirðinga er ekki alveg einstakt þó ástandið þar sé slæmt. Við skulum líta aðeins á nýja kjördæmaskipan, hið nýja Norðvesturkjördæmi. Það er ekki víst að þar sé allt miklu betra. Við getum dregið línu einhvers staðar frá Skaga og kannski norðan við Borgarnes, þá erum við komnir með jaðarbyggðir annars vegar og úthverfi borgarsvæða hins vegar, við hið nýja mótvægi. Það er gott að hafa það. En hitt er miklu stærra svæði, þetta jaðarsvæði sem myndast. Þar hafa vandamál verið viðvarandi. Þar vantar atvinnu og öll skilyrði til að halda uppi blómlegri byggð og mannlífi.

Ég ætla auðvitað ekki að fara leynt með að ég hef ákveðna skoðun á hluta þessa vanda. Ég er ekki að segja að það sé allur vandinn en hluti vandans er sá að einmitt á þessu svæði verður byggðin til af ákveðnum ástæðum, ekki af einhverri hendingu heldur vegna þess að sums staðar er hægt að vera með búfé eða landbúnað af ýmsu tagi og fólk hefur lifibrauð af því. Annars staðar höfðu menn atvinnu af því að sækja sjóinn. Allt þéttbýli á öllu svæðinu norðvestan línunnar sem ég nefndi áðan er byggt vegna nálægðar við sjóinn. Það var útgerðin sem þessar byggðir efldust af og hún stóð á bak við þær. Þetta er svona enn nema að því leyti að það er búið að hefta frelsi manna til að sækja sjóinn nema með ákveðnum skilyrðum yfirvalda. Þessi skilyrði eru þess eðlis að hægt er að hrifsa björgina frá þessum byggðum í einu vetfangi án þess að íbúarnir fái nokkru um það ráðið eða rönd við reist.

Óveiddur aflinn var sameign þeirra sem bjuggu á stöðunum, ekki með úthlutun eða mældur í tonnum heldur með heimildinni til að fá að sækja sjóinn, stunda lífsbjörg sína, fá að fara á hverjum morgni til fiskjar og draga í soðið eða leggja upp og verka. Veruleikinn er annar í dag. Æ færri stórútgerðir ráða ráðum sínum án tillits til þess sem þessi till. til þál. fjallar um. Þær eru ekkert að velta fyrir sér ójafnvægi í byggðamálum. Þær eru í rekstri til að ná hagnaði. Arðurinn skiptir þær meira máli en jafnvægi í byggðamálum. Um þetta væri hægt að halda býsna langa tölu.

Staðreyndin er hins vegar sú að smábátarnir, svo mikið sem LÍÚ hefur hamast á þeim, eru þó það sem eftir er. Mörg öfl vinna að því að rífa niður það sem enn er eftir. Ég vona að það takist ekki. En sem dæmi um það sem hefur gerst á allra síðustu árum má nefna að tvær fisktegundir hafa verið sérstaklega mikilvægar fyrir þetta svæði. Þær eru steinbítur og ýsa. Þessar tegundir eru allt í einu settar undir kvóta, ekki vegna þess að nokkur nauðsyn beri til þess eða vegna þess að nokkrar rannsóknir standi á bak við það heldur fyrst og fremst til að bregðast við nöldri stórútgerðarinnar um að smábátarnir séu að ríða þeim að fullu. Áður höfðu þeir ekki nýtt þessar heimildir í eigin veiðiskap nema fyrst og fremst til að breyta þeim í aðrar. Þetta hefur þýtt að atvinnutækifærum hefur fækkað um þúsundir vinnustunda, þúsundum tonna minna berst á land á Vestfjörðum og reyndar víðar á þessu svæði en áður var, bara með þessu eina lagaákvæði sem beitt var á þennan hátt.

Hér mætti líka ræða um samgöngur. Þær skipta geysilega miklu máli. Það hefur komið fram að samgöngur eru að segja má í ólestri á þessu svæði. Forseti landsins vakti athygli á því fyrir fimm, sex árum, en ég vil lýsa því yfir að Vestfjarðagöng, Hvalfjarðargöng og Gilsfjarðarbrú hafa skipt sköpum í mannlífi, fyrir atvinnutækifæri og búsetu á þessum svæðum. Þess vegna styð ég alla framkvæmd í þeim efnum, sem ég tel að séu landvarnir okkar Íslendinga.

[16:01]

Útbýting þingskjala:

Áhrif nýs launakerfis á launamun kynjanna, 320. mál, fsp. DSn, þskj. 347.

Rannsóknir á sumarexemi, 318. mál, fsp. JHall og KHG, þskj. 345.

Samkeppnisstaða háskóla, 319. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 346.

[16:01]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Það var unun að hlýða á hv. þm. Pétur Bjarnason áðan og þakka ég hv. þingmanninum fyrir hans góðu ræðu. Hann talaði m.a. um mikilvægi smábátanna og hvað þeir hafa gert fyrir byggðirnar. Það er alveg ótrúlegt hvað sú starfsemi hefur átt undir högg að sækja sem þeir standa fyrir miðað við allt sem þeir hafa gert fyrir atvinnulífið í landinu, ekki síst á þeim stöðum sem við erum að tala um núna.

Ég vona að menn átti sig á því sem fyrst að kvótasetningin á ýsunni og steinbítnum verður afnumin. Það er gott innlegg í byggðamálin.

Það er alveg augljóst mál að búseta ræðst af tækifærum og atvinnumöguleikum á stöðunum. Ég man eftir því að þegar ég var yngri en ég er í dag, herra forseti, var fólk í hrönnum að fá sér lóðir úti á landi, var í hrönnum að byggja upp hús, ungt fólk sem ætlaði að eiga framtíð sína þar. Hvers vegna var fólk að fá sér lóðir og byggja hús? Einfaldlega vegna þess að það sá fín tækifæri fyrir sig. Það sá að það var næg vinna og nóg að gera, góðar tekjur. Síðan hefur þetta breyst og ástæðan fyrir því að þetta hefur breyst, herra forseti, er að mjög miklu leyti fiskveiðistjórnarkerfið í dag. Að vísu kemur það ekki allt eingöngu inn í þetta en það skiptir alveg gífurlega miklu máli. Það hefur haft alveg rosalega mikil áhrif þegar hver togarinn á fætur öðrum hefur farið úr byggðarlögunum. Ef ekki hefðu komið til þessir smábátar væri þetta bara undin ein, ekkert nema eitt stórt sár. Það er nokkurt sár en ef ekki hefðu komið til þessir smábátar væri allt gjörsamlega í rúst.

Landslag okkar er alveg stórkostlegt og í því stórkostleg fegurð, ekki síst á því svæði sem við erum að tala um. Mjög miklir möguleikar eru í ferðamennsku hér á landi. Þáttur hennar eykst og það er nauðsynlegt að hlúa að þessari atvinnugrein. Þó að hún sé búin að vera í nokkur ár er hún engu að síður ung og ég tel að það þurfi að styðja við hana. Það er hægt að hugsa sér fólk sem kemur til Íslands og á þessa staði, t.d. á Barðaströndina þar sem það horfir yfir Breiðafjörðinn, á jökulinn, sér nesið allt og þessa kyrrð sem þar er, Látrabjargið og alla þessa staði. Auðvitað er hægt að fá fleira ferðafólk til að koma þangað en þá þarf meiri styrkingu við þessa atvinnugrein. Það er hlutverk hins opinbera að koma inn í slíkt. Þó að sumir séu á þeirri skoðun að hið opinbera eigi ekkert að koma að atvinnulífinu er það bara rangt. Það er skylda samfélagsins að bæta þarna úr.

Það er ekki nema von, herra forseti, að þessi þáltill. sé borin hérna fram af okkur sem nefndir vorum áðan. Ég ítreka það sem sagt var líka áðan í sambandi við Orkubú Vestfjarða sem er með töluverða starfsemi, herra forseti. Þó að það sé orðið eign ríkisins tel ég ekki neina nauðsyn að breyta starfsemi þess, taka störf þaðan og flytja þau. Þó að einhver ný lög verði sett er ekkert sem segir að ríkið þurfi að færa þessa starfsemi til. Þvert á móti held ég að það eigi að efla hana og sérstaklega ætti það að gerast af því að þetta orkubú heyrir núna undir sama ráðuneyti og byggðamálin. Ég vænti þess, herra forseti, að hæstv. iðnrh. muni leggja þungt lóð á þá vogarskál að Orkubú Vestfjarða fái að vera áfram í þeirri starfsemi sem það er og jafnvel efla það.

Á síðasta þingi var samþykkt þáltill., herra forseti, þar sem einmitt var verið að tala um virkjun Hvalár í Ófeigsfirði á Ströndum, að fara út í rannsóknir í tengslum við hana. Ég á von á því að þess muni sjá stað í fjárlögum, herra forseti, og að settir verði fjármunir í hana. Það mun einnig skipta miklu máli fyrir t.d. Náttúrustofu Vestfjarða að þetta verði gert. Svo getur niðurstaðan kannski orðið sú að þetta svæði þyki það mikil náttúruperla að ekki verði farið út í virkjun eða að einhverjar aðrar ástæður leyfi það ekki. En það er þó búið að samþykkja þessa þáltill. og ég geri ráð fyrir því, herra forseti, eins og ég sagði áðan að þess muni sjá stað í fjárlögunum.

Möguleikar þess svæðis sem þáltill. tekur til eru mjög miklir, bæði í landbúnaði og sjávarútvegi, iðnaði og ferðamennsku. Til þess að hægt sé að nýta þá verða að koma raunhæfar aðgerðir sem byggja og efla áformin. Hér hefur verið lögð fram byggðaáætlun en í hana vantar mjög beinar og beinskeyttari tillögur, ég vildi t.d. sjá kræklingarækt í svona byggðaáætlun. Það væri gaman að sjá t.d. í fjárlagafrv. að það ætti að styðja við kræklingaræktina og það sem verið er að gera í henni. Þar er mjög lítil stuðningur. En það eru frumherjar þarna, menn sem hafa ekkert rosalega mikið af peningun en þeim mun meiri áhuga, náttúran er fyrir hendi og aðstæður allar og þeir vilja vinna þetta verk. Hvers vegna ekki að styðja við það og efla það og styrkja með kröftugri hætti en er? Það er ekki nóg að vera með einhver orð um byggðaáætlanir, um vegamál, um hitt og þetta og svo er því ekki fylgt eftir í fjárlögunum. Það er náttúrlega það sem skiptir máli þegar upp er staðið, herra forseti, það eru peningarnir sem skipta mestu máli. Það þarf að leggja þá fram úr sjóðum samfélagsins til að hægt sé að byggja upp og hafa landið í góðri byggð.

[16:09]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um till. til þál. um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum og ég vil leggja örfá orð inn í þessa umræðu. Mér fannst hæstv. iðn.- og viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir reyndar ekki taka þessari tillögu neitt illa. Hún gerir sér grein fyrir því að tillögugerð af þessu tagi er algjörlega nauðsynleg miðað við áform ráðherrans um stórframkvæmdir í landinu, það gefur augaleið.

Ég vil nota tækifærið í framhaldi af þessu til að undirstrika að auðvitað er nauðsynlegt að gera áætlanir sem byggja þá væntanlega á þeirri byggðaáætlun sem hæstv. ráðherra fékk samþykkta á síðasta þingi. Ég vil nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún láti ráðuneyti sitt vinna að úttekt á því hvernig á að framfylgja byggðaáætlun með hliðsjón af framgangi vinnu við fjárlög næsta árs, fyrir 2003.

Mönnum hefur orðið tíðrætt hér um byggðaáætlunina og sérstaka áherslu á Eyjafjarðarsvæðið. Ég hef fingrað tillögur til fjárlaga fyrir árið 2003. Það er ekki nógu gott að setja bara hluti á blað og tala um þá. Ég finn ekki neitt sem hægt er að kalla séráherslu nema 20 millj. kr. sem er til áætlunar um að gera áætlanir um hvað á að gera. Það er bráðnauðsynlegt fyrir okkur að fá fram hjá ráðherranum hvort unnið sé að því, þá með hvaða hætti og hvort við megum vænta þess að fá yfirlit yfir það hvernig markmiðum byggðaáætlunar vindur fram við fjárlagagerðina fyrir árið 2003. Þetta er ákaflega

mikilvægt mál. Megum við, hv. þingmenn, búast við því að ráðuneytið kortleggi hvernig fjárlagavinnunni vindur fram þannig að við getum séð það svart á hvítu og fylgst með því hvernig þau áform sem búið er að setja á blað í byggðaáætlun fara að stöfnum?

Það er líka mikilvægt í þessu samhengi að hæstv. ráðherra láti ráðuneyti sitt gera athugun og úttekt á því hvernig stofnunum hins opinbera reiðir af sem hafa verið fluttar eða verið er að flytja út á land til uppbyggingar þar, sérstaklega með tilliti til framlaga af hálfu ríkisins til þessara stofnana. Það læðist nefnilega að manni sá grunur að stofnanir sem verið er að flytja út á land séu með hliðarráðstöfunum gerðar *atkvæðaminni, og tilsvarandi sysrurstofnanir á höfuðborgarsvæðinu séu styrktar.* Það eru slík atriði sem hið háa Alþingi þarf að hafa yfirlit yfir ef eigi að sannfærast um að menn séu af einlægni að vinna að framförum og styrkingu byggðar í landinu, mjög mikilvægt mál. Ég held að við fögnuðum því öll ef fram kæmi heildstæð stefna um það hvernig menn hyggjast fara í þessi mál.

Hv. þingmönnum, flm. tillögunnar, hefur orðið tíðrætt um *þenslu á Austurlandi sem afleiðingu virkjana og stóriðju*framkvæmda. En málið er það að við höfum áður farið inn í svona tímabil, og það ekki alls fyrir löngu, við uppbyggingu í Hvalfirði, jarðgangagerð þar, stækkun í Straumsvík o.s.frv. Þá var staðan sú að þensluáhrifin komu auðvitað að langmestu leyti fram á höfuðborgarsvæðinu og leiddu af sér gríðarlega fólksflutninga til suðvesturhornsins. Að bestu manna yfirsýn vilja menn meina að þensluáhrif af stórframkvæmdum þurfi ekkert endilega að koma mest fram á Austurlandi. Þau verði gríðarlega mikil á höfuðborgarsvæðinu þar sem þjónusta við uppbygginguna færi væntanlega fram, og þarf ekki að tína til hver sú þjónusta væri. Auðvitað eru öll svona mál landsmál og verður að skoða í heildstæðri mynd hvað varðar allt landið og gera áætlanir um það. Hæstv. ríkisstjórn, sem gerði engar áætlanir og kom með lítil viðbrögð gagnvart síðasta þensluskeiði sem varð til ómælds tjóns fyrir landið, áformar núna gríðarlega uppbyggingu, og það er ekki nóg að verið sé að tala bara um Austurland heldur er verið að tala um stækkun hér, bæði í Straumsvík og uppi í Hvalfirði. Helst vilja menn meira, og ég held að í öllum öðrum löndum væri búið að leggja niður fyrir sér hvaða áhrif þetta mundi hafa á landið í heild sinni, ekki bara á einstök kjördæmi, það gefur augaleið. Það er svo margþætt hvað hefur áhrif á stöðu okkar sem búum úti á landi. Það er eiginlega varla hægt að tína út einstakt atriði sem er okkur mikilvægast. Það er okkur mikilvægt hvernig staðið er að framleiðslu og afhendingu orku. Sennilega eru bankamálin eitt stærsta málið núna, aðgengi að peningum og tiltrú bankastofnana á uppbyggingu annars staðar en á suðvesturhorninu. Það eru póst- og símamálin sem eru bara móralskt atriði fyrir fólk sem býr úti í hinum dreifðu byggðum, þegar verið er annaðhvort að minnka eða taka þessa þjónustu frá fólkinu. Þetta eru hræðileg skilaboð opinberra aðila um framtíð viðkomandi byggðar og er sennilega eitthvert stærsta vandamálið sem við eigum við að etja í þessu samhengi.

Við getum tekið líka samgöngumálin almennt. Það er búið að ræða mikið um þau en það eru ekki bara vegirnir, það er flug og siglingar líka. Það hefur markvisst verið unnið að því að draga úr þessari þjónustu, í fyrsta lagi með því að hleypa samkeppni inn í flugið sem eyðilagði rekstrargrundvöll tveggja flugfélaga. Afleiðingin varð mikil minnkun þjónustunnar úti um land og nú er ekki flogið á marga staði, eins og menn vita. Síðan varð grundvallarbreyting þegar Skipaútgerð ríkisins var lögð niður á sínum tíma sem sennilega er grunnur þess að öll aðföng og flutningur á vöru og þjónustu hefur hækkað og allir eru að kveinka sér undan úti um hinar dreifðu byggðir. Það eru bara staðreyndir sem menn verða að horfast í augu við. En ég held að tillagan í heild sinni sé þörf áminning til hæstv. ráðherra um að vinna skipulega að þessum málum og gefa okkur yfirsýn yfir það hvers konar samfélagsstjórnun, hvað varðar opinbera uppbyggingu og opinberan rekstur, verði hér í gangi í kjölfar ákvörðunar um stórar framkvæmdir, hvort sem þær eru fyrir austan eða verða til stækkunar á álbræðslum á suðvesturhorninu.

[16:17]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Síðasti ræðumaður tók sérstaklega fram og var nánast hissa að ég skyldi ekki hafa tekið þessari tillögu illa. (**Gripið fram í:** Þú tókst henni vel.) Ég vona að það sé ekki þannig að þingmenn almennt álíti að tillögum sé illa tekið. Ég efast ekki um það eitt augnablik að allt sem hér er *lagt fram er vel meint og hugsað til að bæta samfélag okkar.* Það er eins með þessa tillögu.

En það eru nokkur atriði sem komu fram sem ég vildi aðeins nefna. Sagt var að ekki væri nóg að hafa fögur orð og setja fagra hluti á blöð, það þyrfti náttúrlega að framkvæma. Það er nú mergurinn málsins að auðvitað þarf að framkvæma. Sú byggðaáætlun sem samþykkt var í vor er sá rammi sem við munum vinna eftir á næstu árum. Ég vil *endurtaka það sem ég hef oft sagt áður að mér finnst þetta* vera metnaðarfull tillaga. Hún er í 22 aðgerðaliðum af 24 ef ég man rétt, hugsuð fyrir landið allt þannig að almennt er tekið á málum á breiðum grundvelli.

Hins vegar er ein tillagan sú að styrkja Eyjafjarðarsvæðið og Akureyri sem er hugsað til þess að mynda mótvægi við höfuðborgarsvæðið en ekki hugsað til að veikja landsbyggðina. Mér finnst mjög mikilvægt að fók átti sig á og hafi skilning á því að ef sú uppbygging og styrking þess svæðis nær fram að ganga, þá ætti það ekki að vera á kostnað neins svæðis, nema þá hugsanlega höfuðborgarsvæðisins. Mér finnst einhvern veginn að þetta hafi ekki skilað sér nógu vel. Því miður hefur verið nokkuð gagnrýnt að þetta skuli hafa verið gert með þeim hætti og kannski er það bara eðlilegt. En engu að síður finnst mér mikilvægt að þetta komi fram einu sinni enn.

Það var spurt frekar út í það á hvern hátt ég teldi að rétt væri að nálgast málefni Vestfirðinga. Ég er ekki tilbúin að kveða upp úr um það á þessari stundu, en það sem ég meina er að ef verður af framkvæmdum á Austurlandi, stórframkvæmdum þar, þá finnst mér að full ástæða sé til að horfa sérstaklega til Vestfjarða. Engum blöðum er um það að fletta að það er erfitt í sambandi við byggðaþróun og þess vegna kæmi til greina að vinna sérstaka áætlun fyrir Vestfirðinga eins og þeir hafa sjálfir lagt mjög myndarlega drög að.

Það kom fram áðan að byggð verði til af ákveðnum ástæðum og var hv. þm. Pétur Bjarnason að tala um sjávarútvegsstefnuna. Það er alveg rétt að byggð verður til af ákveðnum ástæðum. En við skulum líka hafa það í huga ef við förum dálítið langt aftur í tímann, þá var það svo að aðalútgerðarstaður á Íslandi var Seltjarnarnes. Það hefur því átt sér stað gífurleg þróun í sambandi við þennan mikilvæga málaflokk og sú þróun mun halda áfram. Ýmsum ofbýður að það eru fá fyrirtækin sem fyrst og fremst sinna sjávar-

útvegi og eru í sjávarútvegi og fyrst og fremst sé hugsað um arðinn. Það er nokkuð til í því. Það er mikið hugsað um að sjávarútvegurinn sé arðbær og geti rekið sig og ekki er nokkur vafi á því að það sem gerir það að verkum að dregið hefur úr landsbyggðarflóttanum ef má nota það orð, að dregið hefur verulega úr flutningi fólks af landsbyggð til höfuðborgarsvæðisins, er sú ástæða að sjávarútvegurinn gengur miklu betur. Það er gífurlega mikilvægt fyrir landsbyggðina að sjávarútvegurinn reki sig og hann sé rekinn með hagnaði. Þetta skilar sér í svo mörgu öðru.

Í sambandi við Orkubú Vestfjarða vil ég segja einu sinni enn að ekki stendur til að flytja Orkubú Vestfjarða neitt annað, enda er Orkubú Vestfjarða á Vestfjörðum. Það sem kom til greina og kemur enn til greina er að sameina það Rarik af því að svo vill til að ríkið á bæði þessi fyrirtæki 100%. Ekki er útséð um það hvernig þeim málum mun lykta eða hversu hratt verður farið í þau mál en þau eru í vinnslu og auðvitað verður Alþingi greint frá því þegar niðurstaða fæst en aldrei hefur staðið til að fækka þar störfum. Skrifað var undir ákveðið samkomulag milli ríkisins og sveitarfélaga fyrir vestan þess efnis að frekar yrði reynt að fjölga störfum. Hins vegar gefur það augaleið að ef fyrirtækið verður sameinað öðru fyrirtæki, þá verða ekki tvær höfuðstöðvar heldur verða bara ein höfuðstöð og ég veit að það hefur verið viðkvæmt í umræðunni og hef fullan skilning á því.

Hjá síðasta ræðumanni, hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni, kom fram að iðnrn. þyrfti að fara yfir það hvernig byggðaáætlun skilaði sér inn í fjárlagatillögur sem nú eru í vinnslu. Þannig verður haldið á málum í sambandi við byggðaáætlun og það er svo sem ekkert nýtt að þeir málaflokkar sem heyra undir aðra ráðherra en iðnrh. munu að sjálfsögðu fylgja sínum ráðuneytum og viðkomandi ráðherrar verða að fylgja eftir sínum málum. Ég hef enga yfirumsjón með því og hef ekkert boðvald yfir öðrum ráðherrum. Þeir verða að vinna eftir byggðaáætlun rétt eins og ég og ég trúi því að þeir geri það. En hins vegar hef ég lagt til að sérstök nefnd embættismanna verði starfandi sem muni halda utan um málið og þannig verði auðveldara að hafa yfirsýn. Ég hef lagt það til í ríkisstjórn að öll þau ráðuneyti sem áhuga hafa á og telja sig koma að byggðamálum tilnefni einstakling og sá hópur sem mundi síðan vinna saman gæti þá samræmt tillögur og haldið utan um málið fyrir hönd okkar ráðherranna. Ég held að mjög mikilvægt sé að hv. þingmenn átti sig á því að bara hluti af þessum málum er á ábyrgð iðnrh. þó að byggðaáætlun sé unnin af iðnrh.

En það er alveg rétt sem kom fram að iðnrh., eða ég sem hér stend, sem fer með þennan málaflokk ber vissulega mikla ábyrgð og ég geri mér alveg fulla grein fyrir því og það skal enginn efast um áhuga minn á því að reyna að bæta þarna úr.

[16:26]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Atvinnuþróunarfélögin víða um land hafa gegnt og gegna miklu hlutverki. Nú er staðan sú að þau eru í miklu fjársvelti. Þau hafa ekki fengið það fjármagn sem þau þurfa til starfs síns og heldur hefur dregist saman það fjármagn sem þau hafa úr að spila. Talið er að þau vanti a.m.k. 20 millj. kr., 20–30 millj. kr. á fjárlögum næsta árs til að geta haldið óbreyttri starfsemi, hvað þá að styrkja þau og efla í takt við ákvarðanir í byggðaáætlun. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra byggðamála:

Mun ráðherrann beita sér fyrir auknu fjármagni til þessara atvinnuþróunarfélaga? Þau gegna lykilhlutverki í þróunarstarfi út um land og það er í hróplegu ósamræmi við þær áherslur sem verið er að gorta sig af að ætla að vinna í byggðaáætlun, að skera niður fjárveitingar til atvinnuþróunarfélaganna. Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir auknu fjármagni til þeirra?

[16:27]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í sambandi við atvinnuþróunarfélögin þá hafa þau fengið fjármagn í gegnum Byggðastofnun. Það er rétt hjá hv. þm. að þau framlög hafa ekki hækkað í samræmi við verðlagshækkanir þó að það sé kannski ekki rétt að þau hafi lækkað, en engu að síður er þetta svona. Að hluta til er þetta vegna þess að í fjmrn. hefur ekki verið tekið tillit til þess, ekki verið nægilega góður skilningur á því að þarna hafi þurft að færa upphæðir í samræmi við verðlag. Ég tel að það hafi náðst ákveðið samkomulag milli ráðuneytanna um að tekið verði á þessu að þetta verði leiðrétt. Ég tel að þarna sé um 20 millj. að ræða sem í raun þyrftu að bætast við til að þetta verði viðunandi.

[16:28]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svarið. Hæstv. ráðherra sagði viðunandi. Ef hún ætlar að auka við og efla þá er það ekki viðunandi en viðleitni þó ef hægt er að halda því í horfinu.

Það er eitt sem ég vildi biðja hæstv. ráðherra að athuga og það er hvort ekki væri rétt að nota annað orðalag en það að byggja upp einhverja staði til mótvægis við höfuðborgina. Eigum við að fara að byggja margar höfuðborgir? Við eigum bara eina höfuðborg og hana viljum við byggja upp og efla. En við viljum líka styrkja aðra staði og ef menn endilega vilja nota „vægi" þá er það bara „meðvægi" með höfuðborginni en ekki stöðugt að vera að tefla fram andstæðum eins og hæstv. ráðherra hefur í allt of ríkum mæli gert, teflt fram landshluta gegn landshluta, landsvæði gegn landsvæði og svo standa allir eftir jafnslyppir.

Ég hef lagt til og óskað eftir í fjárln., herra forseti, að iðnrn. skili greinargerð til nefndarinnar um hvað skorti á í fjárlagafrv. næsta árs til þess að staðið sé við byggðaáætlun.

[16:29]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Er nú rétt að halda því fram að ég hafi verið að tefla fram landshluta gegn landshluta? Hvers lags málflutningur er þetta eiginlega? (**JB:** Það er talað um mótvægi.) Ef orðið mótvægi fer eitthvað í taugarnar á hv. þm. þá get ég alveg sleppt því að nota það orð en aðalatriðið er að hv. þm. og fólkið í landinu átti sig á því hvað við erum að tala um. Við erum að tala um að styrkja þetta svæði vegna þess að það hafi svo mikil áhrif á miklu stærra svæði.

Það vitum við t.d. með höfuðborgarsvæðið. Það eru engin smá áhrif sem það hefur til Suðurlands og langt upp í Borgarfjörð og vestur á Snæfellsnes að höfuðborgarsvæðið er sterkt. Það er þetta sem við höfum í huga þegar við viljum styrkja Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið. Það er ekki til þess að veikja önnur svæði á landinu, það endurtek ég.

[16:30]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég taldi mig hafa sagt að viðbrögð væru dræm en ég fagna því sem hér kom fram. Ég skil það svo að ráðherra muni beita sér fyrir þessum málum, og það er vel.

Hæstv. ráðherra sagði að dregið hefði úr fólksflótta. Það liggur reyndar í hlutarins eðli að þegar árum og áratugum saman fækkar í landshlutum hlýtur einhvern tíma að draga úr því vegna þess að fólkið er ekki orðið það margt eftir. Við skulum ekki gleyma því. Samkvæmt nýlegum tölum eru Vestfirðingar komnir niður fyrir 8 þúsund. Þeir voru 7.912 um síðustu mánaðamót eða mánaðamótin þar áður. Fyrir 80–100 árum bjuggu á þessu svæði um 16% landsmanna.

Ég vil bara ítreka það að hæstv. ráðherra nefndi að grípa ætti til aðgerða fyrir Vestfirðinga, og ég tel að það ætti að vera víðar með aðgerðir. Ég legg þó áherslu á að draga ekki of lengi að hefjast handa. Þessara aðgerða er þörf, þeirra er þörf núna og því fyrr, þeim mun betra.

[16:31]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alltaf þannig að því fyrr, þeim mun betra. Það er alveg sama um hvað við erum að tala, og ekki er það síst í sambandi við Vestfirði og íbúaþróun þar. Aðgerða er þörf. En ég get ekki farið nánar út í þetta. Ég vildi bara að hv. þingmaður og aðrir vissu það að ég hef fullan skilning á því að þarna eru erfiðar aðstæður og það er margt sem getur komið til greina. Eitt af því er menningarhús sem ég veit að er mikill áhugi fyrir á Vestfjörðum, og fleira mætti nefna. Ég held að við getum alveg verið sammála um það, ég og hv. þingmaður, að aðgerða er þörf.

[16:32]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka þakkir til hæstv. ráðherra. Hér var nefndur samanburður á íbúðaverði áðan og því vil ég aðeins gera grein fyrir því að þessi samanburður er alveg hárréttur, og víða er hann mun óhagstæðari. Hins vegar dugir svona samanburður oft og tíðum alls ekki. Samanburður á íbúðaverði er ekki til nokkurs nýtur ef hús og eignir seljast ekki. Það er staðreyndin á þessum svæðum sem við erum að tala um. Þar er ævisparnaður fólks farinn fyrir ekki neitt, stundum fyrir lítið en oftar fyrir ekki neitt. Þetta er alvara málsins og maður hlýtur að velta fyrir sér hver beri ábyrgðina á því þegar slíkt misvægi verður til þess að fólk tapar eigum sínum öllum eða svo gott sem, ævisparnaði, og það bótalaust.

[16:33]

Örlygur Hnefill Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. sagði koma til greina að vinna sérstaka byggðaáætlun fyrir Vestfirði. Hér tel ég hæstv. ráðherra hafa hitt naglann á höfuðið, og auðvitað gætu atvinnuþróunarfélögin komið að þessu máli. Ég bendi á það frumkvæði sem Vestfirðingar áttu sjálfir með því að vinna sína eigin byggðaáætlun. Slíkt frumkvæði heimamanna skiptir miklu máli.

Ég tel, herra forseti, að skoða verði sérstaklega sérstöðu Vestfjarða og ég segi og meina að fiskveiðistjórnarkerfið á að nota sem tæki til jákvæðrar uppbyggingar byggðar á Vestfjörðum. Því spyr ég hæstv. iðnrh.: Gæti ráðherra tekið undir hugmyndir um að fiskveiðistjórnarkerfið væri notað til að styrkja byggð og eignir á Vestfjörðum?

[16:34]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef hv. þm. er að meina það að kollvarpa skuli fiskveiðistjórnarkerfinu er ég ekki tilbúin til þess að segja að ég vilji gera það. Ég tel að þótt það fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við sé vissulega gallað sé það miklu frekar gott kerfi og að ekki sé hægt, því miður, þó að það væri freistandi að laga það þannig eftir þörf hvers staðar fyrir sig að það gæti þá borið sig og skilað hagnaði. Þetta er sannfæring mín og kannski erum við þar ósammála.

Eins og ég sagði áðan skiptir gífurlegu máli fyrir landsbyggðina að sjávarútvegurinn sé rekinn með hagnaði, eins og hann er almennt núna, og það hefur ekki lítil áhrif á aðra þætti.

[16:35]

Örlygur Hnefill Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. skilmerkileg og skorinorð svör en fyrr má bæta en brotið sé til grunna og vissulega hefur sókn smábáta styrkt og bætt ástand á Vestfjörðum án þess að hið stóra kerfi hafi liðið mikið fyrir það. Ég bendi á að smábátar hafa þar styrkt byggðir til baka.

[16:36]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var óánægður með framsetningu hæstv. ráðherra áðan varðandi framkvæmd byggðaáætlunar. Auðvitað gerum við okkur öll grein fyrir því að málin heyra undir hin ýmsu ráðuneyti en eins og málið var lagt fram á hinu háa Alþingi var það nýmæli, að ég taldi, a.m.k. miðað við ræður hæstv. iðn.- og viðskrh., að hér ætti að beita tólum til þess að fylgja málum eftir. Þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra í framhaldi af því sem hún sagði áðan: Hefur verið haldinn samráðsfundur, t.d. ráðuneyta, nú við gerð fjárlaga og farið yfir stöðu ráðuneytanna? Hefur t.d. verið kortlagt hvernig eða hvar er staðið að eflingu Eyjafjarðarsvæðis í fjárlögum 2003?

[16:37]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit alveg hvað hv. þm. er að fara. Hann telur að þar sem fyrir liggi pólitísk ákvörðun um að Eyjafjarðarsvæðið og Akureyri skuli efld eigi bara ósköp einfaldlega að fara þannig í hlutina að allar fjárhæðir sem varði þetta svæði á fjárlögum verði hækkaðar svolítið og þannig geti þetta gerst mjög hratt og þar fram eftir götunum. Þetta er ekki svona einfalt. Og til þess að vinna þetta mál hefur verið ákveðið, eins og kemur fram í byggðaáætlun, að vinna sérstaka byggðaáætlun fyrir þetta svæði. Sú vinna er þegar hafin. Skipuð hefur verið nefnd sem mun halda utan um það starf. Hún mun skila áfangaskýrslu innan sex mánaða og síðan mun þetta miklu frekar skila sér í fjárlögum næsta árs, þ.e. 2004. Þetta verður byggt á stefnu sem unnin er af ríkisvaldinu með heimamönnum þannig að innviðirnir verði sterkir og hægt verði að vinna þetta málefnalega til þess að það sé frambúðar. Ég sé fyrir mér að þeir þingmenn hér í salnum — nú, það er komið rautt ljós.

[16:39]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er enn óánægðari með framsetningu hæstv. ráðherra núna. Auðvitað gerum við okkur grein fyrir því að málin eru ekki unnin þannig að allir liðir séu einfaldlega hækkaðir o.s.frv. Ég geri mér vel grein fyrir því. Hins vegar eru til mál varðandi uppbyggingu og þjónustu

við Norðlendinga sjálfa sem ég hef ekki tíma til að fjalla um í andsvari en nefni sem dæmi bæklunarþjónustu og eflingu hennar. Fólk sem þarfnast hennar er sent suður. Það eru mörg slík mál sem hægt er að setja í gang.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra út í eitt mál. Hvernig gengur t.d. uppbygging og framþróun varðandi Landskrá fasteigna sem var einróma samþykkt í þinginu? Er verið að vinna að því af fullum krafti eða er verið að auka þjónustuna og gera það batterí með Fasteignamati ríkisins skilvirkara? Það eru slík mál sem ég er að tala um sem eru algjörlega *borðleggjandi og til áætlanir um.*

[16:40]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Stundum er það þannig að hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson talar mikið um lýðræði og valddreifingu. Ég má ekki gleyma því orði, valddreifingu. Nú er það svo að ríkisvaldið ætlar að vinna þetta mál og þessa stefnu fyrir Eyjafjarðarsvæðið með heimamönnum en ekki stendur til að teknar verði einhliða ákvarðanir af ríkisvaldinu um hvernig fara skuli í þetta mál. Við trúum því að á þann hátt náum við meiri árangri og við náum þá árangri sem dugar og sem blífur. Þetta er hugsunin á bak við það hvernig farið er í málið.

Ég veit ekkert um Landskrá fasteigna. Það er mál sem heyrir ekki undir iðnrn. Af því að hv. þm. spurði hvort ráðherrar hefðu komið sérstaklega saman út af þessu máli er það þannig að ráðherrar hittast tvisvar í viku — það heita ríkisstjórnarfundir — og þá er talað um þetta mál eins og önnur.

[16:41]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Hún hefur að mörgu leyti verið góð. Það sem er mest um vert er að hér hefur komið fram skilningur á því að þessi tillaga sé eðlileg og það sé eðlilegt að bregðast við í þeim anda sem hún er lögð fram þó að ekki hafi verið mikið um svör frá hæstv. ráðherra um hvað hún vildi gera. Það þyrfti þó að gerast á næstunni. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að teknar verði ákvarðanir við fjárlagagerðina í vetur og að menn setjist strax yfir það hvernig eigi að standa að þessum málum til þess að ekki fari í óefni. Nema það sé þá þannig að menn trúi því ekki að af þessum framkvæmdum verði fyrir austan. Ég hef satt að segja staðið að þessari þáltill. í þeirri trú að það sé orðið ljóst að af þessum framkvæmdum verði og að við þurfum þess vegna að búa okkur undir þær afleiðingar sem verða auðvitað af þeim. Ég reikna með því að málið standi þannig þó að einhverjir láti eitthvað annað í veðrinu vaka þessa dagana.

Ég saknaði eins við þessa umræðu, þess að hér skyldu ekki vera viðstaddir og taka þátt þingmenn af norðvestursvæðinu. Þá er ég ekki bara að tala um óbreytta þingmenn, ég er að tala um ráðherra samgöngumála sem kannski hefur ekki getað verið hér vegna þess að nú er prófkjör í uppsiglingu. Það verður kannski að virða hæstv. ráðherra það til vorkunnar. Ekki var hér heldur hæstv. félmrh. sem er ekki í bili á leið í prófkjör, eftir því sem ég veit best. Ekki mætti heldur til umræðunnar hv. formaður þingflokks Framsfl. sem var þó í húsi og var lengi vel á þessu kjörtímabili formaður stjórnar Byggðastofnunar. Ég býst við að þessi mál hljóti að hafa brunnið á honum og hann hljóti aldeilis að hafa áhyggjur af því hvernig byggðum og fólki reiði af á þessu svæði.

Mér finnst að það hefði verið fróðlegt og gott að heyra frá þessum hv. þm. og ráðherrum hvernig þeir hyggjast taka á þessum málum eða hvort þeir hafi sömu áhyggjur af því sem gæti orðið eins og hv. þm. sem tóku þátt í umræðunni. Auðvitað eru byggðamálin flókin og það er erfitt að gera sér grein fyrir því hver framtíðin verður. Mér finnst hins vegar að það liggi nokkuð í augum uppi að það muni hafa veruleg áhrif á þessum svæðum ef af öllum þeim framkvæmdum verður sem við höfum rætt hér í dag.

Byggðaáætlunin sem við samþykktum í vor hefur komið töluvert til umræðu og sú ákvörðun að leggja áherslu á Akureyri sem mótvægi við höfuðborgarsvæðið. Gott og vel, ég hengi mig ekki í neitt orðalag. Ég held hins vegar að það sé nokkuð ljóst að með því að standa við að efla Akureyri á allan máta sem er bara hið besta mál þurfi menn að horfast í augu við það að afleiðingarnar af því geta aldrei orðið aðrar en þær að samkeppnisaðstaða annarra hluta landsins versnar við það. Þá þurfa menn bara að gera ráð fyrir því strax þannig að við því sé líka brugðist.

Ég er ekki þar með að segja að ég sé á móti því að efla Akureyri. Ég er bara að segja að það hafi þennan fylgifisk *og við því þarf að bregðast eins og ég sagði.*

Hæstv. ráðherra ræddi um sjávarútvegsmálin og sagði að hann væri aldeilis ekki á því að það mætti eitthvað eiga við fiskveiðistjórnarkerfið. Hann tók reyndar þannig til orða að ekki mætti kollvarpa því. Að vísu eru kannski einhverjir í sölum hv. Alþingis sem vilja nota orðið að kollvarpa fiskveiðistjórnarkerfinu um hugmyndir sínar um hvernig eigi að breyta því. Við í Samfylkingunni höfum ekki lagt til að því yrði kollvarpað. Við höfum hins vegar lagt til að gerð verði mjög mikil breyting hvað varðar einn þátt og hann snýr að eignarhaldi á veiðiheimildum. Það hefur út af fyrir sig ekkert að gera með fiskveiðistjórnarkerfið sem fiskveiðistjórnarkerfi heldur hefur það með eignarhaldið á veiðiheimildunum að gera og ef farið verður að okkar tillögum þá verður jafnræðið til þess að nýta auðlindina aftur til staðar. En svo er ekki í dag því allir vita það sem hafa viljað kynna sér málin að enginn getur stofnað til nýrrar útgerðar á Íslandi í dag vegna þess að stofnkostnaður við útgerð er sjö sinnum hærri en hann var áður en menn tóku upp þetta kerfi, þ.e. ef menn kaupa veiðiheimildir á fullu verði til þess. Þó að hæstv. ráðherra sé ánægður með að hagnaður sé í sjávarútvegi í dag og telji ástæðu þess að tilflutningur af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins hafi minnkað þá er ég á þeirri skoðun að þar geti verið á ferðinni svikalogn einfaldlega vegna þess að eignarhaldsfyrirkomulagið á veiðiheimildunum er nú komið á smábátaflotann. En til hvers hafa hv. þm. sem setið hafa á Alþingi notað smábátaflotann á undanförnum árum? Til þess að koma í veg fyrir að fjölmörg byggðarlög legðust gjörsamlega af. Menn hafa tekið nýjar ákvarðanir ár eftir ár sem hafa orðið til þess að hægt hefur verið að stofna til útgerðar smábáta án þess að borga þessar gífurlegu fjárhæðir fyrir aðgang að auðlindinni eins og þarf að gera í stóra kerfinu.

Hvers vegna skyldu menn hafa gert það? Af engri annarri ástæðu en þeirri að þeir sáu byggðahrunið fyrir. Hv. þm. hafa haldið opnu þessu gati á fiskveiðistjórnarkerfinu og það hefur komið í veg fyrir að mörg byggðarlög hafi lagst gjörsamlega í rúst. Þetta er vandinn og ég segi að hann kemur aftur. Það er búið að taka ákvarðanir um að koma eignarhaldinu á í smábátakerfinu og það er ekkert eftir nema dagakerfið. Afleiðingarnar af eignarhaldinu í smábátakerf-

inu munu líka orsaka samruna þar og því að menn munu ekki geta stofnað til nýrrar útgerðar. Það er bara einfaldlega ekki hægt. Þess vegna munu menn sjá fram á það á næstu árum að byggðarlögin, sem hafa aðeins geta rétt sig við vegna þess að möguleiki var að komast í útgerð án þess að borga þessar háu upphæðir, munu aftur lenda í vanda.

Hæstv. ráðherra tók, að mér fannst, skýrt undir það að farið yrði að vinna að byggðaáætlun Vestfjarða í tengslum við það að menn sæju fyrir endann á því að af þessum miklu framkvæmdum á Austurlandi yrði og þá yrði grunnurinn að þeirri vinnu sem Vestfirðingar hafa sjálfir lagt hafður verulega til hliðsjónar. Það er gott að heyra. Ég held að það megi nefna svo óskaplega margt ef menn vilja fara að anda þessarar tillögu og hv. þm. hafa verið að gera það í umræðunni í dag. Hér voru nefnd atvinnuþróunarfélögin og menntamálin þar sem mikil verkefni eru til staðar ef menn vilja, samgöngumálin. Ég ætla ekki að fara yfir þetta aftur.

Ég ætla að nefna þó til viðbótar starfsemi sem ég veit að á undir högg að sækja við fjárlagagerðina og það er þjónusta við fatlaða á þessu svæði. Það er ekki lítil atvinnugrein í sjálfu sér. Hún er kannski mikilvægari en margt annað sem við höfum rætt í dag. Fjölmörg störf tengjast henni og það er mjög gott framlag til atvinnumála á landsbyggðinni að standa vel við bakið á þjónustu af þessu tagi í dreifbýlinu.

Ég held að ég fari rétt með það að bara á Vesturlandi einu hafi hátt í 200 manns fengið kaupgreiðslur á síðasta ári vegna þjónustu við fatlaða og að um 50 föst eða heil störf sem þarna eiga hlut að máli séu bara á Vesturlandi einu. Það getur því verið æðimargt sem hægt er að skoða og a.m.k. finnst mér ástæða til að við fjárlagagerðina núna skoði menn það að sú starfsemi sem er til staðar í þessum dreifðu byggðum sem við erum að tala um fái framlög á fjárlögum þannig að ekki verði samdráttur frá því sem orðið er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðmyndun á innfluttu sementi, fyrri umr.

Þáltill. JB og ÁSJ, 32. mál. — Þskj. 32.

og

Framtíðarhlutverk Sementsverksmiðjunnar hf., fyrri umr.

Þáltill. ÁSJ og JB, 133. mál. — Þskj. 133.

[16:52]

Flm. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um úttekt á verðmyndun á innfluttu sementi. Flutningsmaður ásamt mér er hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta gera úttekt á verðmyndun á innfluttu sementi og að grípa til aðgerða ef í ljós kemur að um undirboð er að ræða.“

Herra forseti. Sementsverksmiðja ríkisins tók til starfa á Akranesi síðla árs 1958. Henni var breytt í hlutafélag árið 1993 og heitir nú Sementsverksmiðjan hf. Öll hlutabréf í fyrirtækinu eru í eigu ríkisins og verða ekki seld öðrum nema með samþykki Alþingis. Heimild er í fjárlögum til að selja 25% hlut ríkisins í verksmiðjunni, en sú heimild hefur sem betur fer ekki verið nýtt að því er ég best veit. Tilkoma Sementsverksmiðjunnar gjörbreytti á sínum tíma skilyrðum til mannvirkjagerðar í landinu og skipti sköpum fyrir atvinnulíf á Akranesi sem var lengst af einn stærsti atvinnustaður þar eða einn af þeim allra stærstu. Alls starfa nú um 90 manns við Sementsverksmiðjuna.

Það gefur því augaleið að þessi gríðarlega stóri vinnustaður hefur mikil áhrif. Það er margháttuð starfsemi sem tengist þessum atvinnurekstri þannig að margfeldisáhrifin af þessu fyrirtæki eru í heild gríðarlega mikil. Það er því til nokkurs barist að Sementsverksmiðjan geti haldið hlut sínum, verið samkeppnisfær og við áfram notið sements sem er framleitt innan lands.

Sementsverksmiðjan og sement sem framleitt var hér á landi er líka að því leyti til sérstakur iðnaður að nánast allt hráefnið er innlent. Grunnhráefni sementsins er skeljasandur sem tekinn er hér úti í Faxaflóanum, það er líparít sem tekið er uppi í fjöllunum, sömuleiðis basalt, þannig að meginefnið er innlent hráefni. Sömuleiðis er notuð nokkur raforka en því miður hefur orðið að nýta að langmestu leyti innflutta orku eins og kol til þess að framleiða sementið. Engu að síður hefur framleiðsla á sementinu verið mjög samkeppnisfær og Sementsverksmiðjan sjálf hefur lagt metnað í bæði að efla, styrkja og gera framleiðsluna hagkvæmari jafnframt því sem unnið hefur verið markvisst að því að bæta umhverfisþætti framleiðslunnar.

Verksmiðjan hefur komið sér upp sérstöku umhverfisstjórnunarkerfi og umhverfisstjórnunareftirliti sem er með því besta sem gerist um þessa framleiðslu. Hún hefur sett sér mjög sterka og ákveðna umhverfisstefnu sem fylgt er vandlega eftir. Auk þess hefur verksmiðjan fengið viðurkenningar um alþjóðlega gæðavottun, bæði á vörunni sjálfri og eins á framleiðsluferlinu öllu þannig að í verksmiðjunni hefur ríkt mikill metnaður til þess að standa sem best að öllum þáttum. Það er því með nokkrum ugg sem við nú horfum á þá þróun sem hefur verið að eiga sér stað á sl. tveimur árum.

Sement er nú farið að flytja inn frá Danmörku og mun hlutdeild innflutts sements vera í kringum 20% af heildarnotkun sements í landinu. Samkvæmt þeim upplýsingum sem flutningsmenn hafa og hafa verið birtar í fjölmiðlum á þessu ári, sérstaklega nú í sumar, þá er verð þessa innflutta sements mun lægra en í útflutningslandinu og jafnvel lægra en sementsverð í öðrum löndum sem viðkomandi aðilar flytja út til.

Sementsverksmiðjan hefur kært meint undirboð samkeppnisaðilans til samkeppnisyfirvalda. Það mál er ekki endanlega útkljáð en sá dómur sem féll í vor hjá Samkeppnisstofnun var á þann veg að innflutningsaðilanum væri heimilt að bjóða sement á lægra verði um takmarkaðan tíma vegna þess að litið væri svo á að Sementsverksmiðjan væri markaðsráðandi hér á markaðnum og þess vegna gæti þessum innflutningsaðila sem minni hluta á markaðnum verið heimilt áð bjóða fram sement á lægra verði. Þetta mál hefur síðan verið kært áfram til evrópskra dómstóla sem við eigum aðild að og lútum og er ekki fyrir séð hvenær sá úrskurður kemur.

Herra forseti. Það fyrirtæki sem er að flytja inn sement er risafyrirtæki samanborið við stærð Sementsverksmiðjunnar á Akranesi. Það er margfalt stærra fyrirtæki með starfsemi í mörgum löndum og hefur þess vegna gríðarlegt fjármagn

að baki sér og getur sjálfsagt staðið það af sér að bjóða hér sement til sölu á öðru verði en er kannski raunframleiðslukostnaður er í heild sinni hjá fyrirtækinu.

Þetta fyrirtæki, Sementsverksmiðjan á Akranesi, er ekki stórt fyrirtæki og hefur ekki neina digra sjóði á eigin vegum til þess að standast samkeppni sem þessa. Því er afar mikilvægt að gengið sé sem fyrst úr skugga um hver sé hin raunverulega samkeppnisstaða þessarar verksmiðju, framleiðslu hennar hér á landi og þessa innflutnings á sementi þannig að sú hlið sé ljós. Því að biðtími sem slíkur málarekstur getur tekið gæti orðið fyrirtæki eins og Sementsverksmiðjunni á Akranesi dýrkeyptur. Það er ekki víst að Sementsverksmiðjan standi af sér biðtíma sem hefði í för með sér að hér yrði selt sement á lægra verði og samkeppnishættir kannski þar með ekki hafðir í fullum heiðri.

Það er afar mikilvægt, herra forseti, að ekki sé hér um óeðlilega viðskiptahætti að ræða í ljósi stöðu Sementsverksmiðjunnar á Akranesi og íslenska markaðarins því að það mundi verulega draga dilk á eftir sér. Þess vegna teljum við, flm. þessarar þáltill., afar nauðsynlegt að ríkið sem er eigandi verksmiðjunnar að öllu leyti grípi nú þegar til og hafi frumkvæði að því að kanna þessa samkeppnisstöðu, bæði hver staða hinnar innlendu sementsframleiðslu er og sömuleiðis hinnar erlendu. Ríkið verður sem eigandi fyrirtækisins að koma nú þegar inn í og kanna þessa réttarstöðu. Ef um undirboð er að ræða þarf að taka á því og tryggja að jafnræðis verði gætt hvað varðar framleiðslu Sementsverksmiðjunnar.

Flm. telja að verði ekkert að gert geti það stofnað rekstri Sementsverksmiðjunnar á Akranesi í hættu og jafnvel orðið til þess að hann yrði lagður niður. Það yrði skarð fyrir skildi í íslensku atvinnulífi ef við sæjum á bak innlendri sementsframleiðslu. Það er líka hætt við, herra forseti, að sú staða kæmi sér afar illa fyrir íslenskan markað og mundi skaða hagsmuni neytenda til lengri tíma.

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill leggja áherslu á það í atvinnumálum að við horfum einnig til þeirra atvinnufyrirtækja sem eru fyrir í landinu, að við látum þau ekki lönd og leið og hugsum bara um það með hvaða hætti við getum hugsanlega byggt upp einhverja erlenda stóriðju. Það þarf að huga að þeim atvinnurekstri sem fyrir er. Það þarf að huga að því hvernig megi gera hann hagkvæmari, styrkja stöðu hans en ekki láta hann lönd og leið.

Ég vil því, herra forseti, spyrja hæstv. iðnrh. sem fer með málefni Sementsverksmiðjunnar: Hvað hyggst hæstv. iðnrh. gera í málefnum verksmiðjunnar? Það hefur komið fram í fréttum að undanförnu að fjárhagsstaða og rekstrarstaða verksmiðjunnar sé með þeim hætti að hæpið sé að hún standi af sér óbreytta verðsamkeppni eins og hún er núna. Hyggst ráðherra þá bara láta það lönd og leið og verksmiðjuna leggjast af ef út í það er farið? Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir aðgerðum til að styrkja stöðu verksmiðjunnar og standa vörð um þessa framleiðslu?

Herra forseti. Þetta er stórmál. Þetta er eiginlega prófsteinn á það hvernig íslensk stjórnvöld ætla að taka á íslenskum atvinnumálum, hvort við ætlum að standa vörð um framleiðslu eins og Sementsverksmiðjunnar. Allir vita að ekki er pláss nema fyrir einn stóran aðila á þessum markaði á Íslandi. Það er ekki pláss fyrir annan, og fari svo að Sementsverksmiðjan geti ekki staðið af sér þessa samkeppni mun verða einokun á innflutningi. Þá verður hægt að verðleggja í samræmi við það. Er það það sem við viljum? Nei, það er a.m.k. ekki það sem við viljum hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við viljum það ekki og við teljum að Sementsverksmiðjan sem að langmestum hluta nýtir innlend hráefni til framleiðslu sinnar geti aukið hlut sinn jafnframt með þróun til að geta tekið þátt í að brenna orkuríkum úrgangsefnum, eins og hér verður mælt fyrir á eftir. Staða Sementsverksmiðjunnar er því á margan hátt stórmál, bæði fyrir landið í heild og einnig fyrir íbúa þessa landsvæðis.

Herra forseti. Ég ítreka að þessi till. til þál. felur það í sér að fela iðnrh. að láta nú þegar gera úttekt á verðmyndun á innfluttu sementi og grípa til aðgerða ef í ljós kemur að um undirboð er að ræða ásamt því að kanna með hvaða hætti megi tryggja rekstrarstöðu verksmiðjunnar. Ætlar ráðherra e.t.v. að láta málin danka áfram? Ég er með í fórum mínum heilmikil gögn sem sýna að þessi mál þola ekki bið, herra forseti. Hér þurfa því að koma skýr svör um stefnuna í atvinnumálum, bæði fyrir þá sem reka verksmiðjuna, fyrir þá sem vinna þar og það umhverfi sem snýr að henni og einnig fyrir landið og þjóðina alla.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa þetta mál lengra að sinni en ég óska eftir því að hæstv. viðskrh. greini þingheimi frá því hvernig ráðuneytið og ríkisstjórnin ætli sér að taka á málefnum Sementsverksmiðjunnar. Þetta mál þolir ekki bið.

[17:06]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Af tæknilegum ástæðum vill forseti fresta fundi um fimm mínútur.

[Fundarhlé. — 17:06]

[17:13]

Flm. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf. á Akranesi við förgun spilliefna.

Þessi tillaga er flutt af hv. 5. þm. Norðurl. v., Jóni Bjarnasyni, og mér sem hér stend, og hún hljóðar svona:

„Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta gera úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf. á Akranesi við förgun spilliefna sem til falla í landinu ásamt öðrum iðnaðarúrgangi."

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara yfir alla greinargerðina vegna þess að hluti hennar fjallar um sögu Sementsverksmiðjunnar á Akranesi. Ég tel ástæðulaust að eyða tíma mínum í að fara yfir þann kafla en drep hér niður neðar í greinargerðinni:

Flestir landsmenn vita hvert meginhlutverk Sementsverksmiðjunnar á Akranesi er en fæstir hafa áttað sig á því að verksmiðjan getur gegnt lykilhlutverki hvað varðar förgun spilliefna og notkun á iðnaðarúrgangi sem til fellur í landinu. Nú þegar hefur verksmiðjan unnið brautryðjendastarf á því sviði þar sem nokkur hluti þeirrar afgangsolíu sem til fellur í landinu er unninn í verksmiðjunni. Komið hefur fram í viðtölum við forráðamann verksmiðjunnar að hún gæti hæglega tekið að sér förgun aukins hluta spilliefna sem til falla hér á landi. Má þar nefna gúmmí, svo sem hjólbarða, sem væri hægt að nota í brennsluferli verksmiðjunnar, en einnig timburafganga og olíur af ýmsu tagi í meira mæli en gert hefur verið hingað til.

Tilgangur flm. er að gengið verði úr skugga um hvernig Sementsverksmiðjan getur í enn ríkari mæli unnið að förgun spilliefna. Gríðarlegt magn fellur til í landinu, afgangsolíur

af ýmsu tagi, timbur- og gúmmíafgangar. Pappi sem til fellur er t.d. um 15–20.000 tonn, timbur 14–15.000 tonn, dagblöð 10–12.000 tonn, plast 1.500–2.000 tonn og hjólbarðar 1.500–2.000 tonn.

Hér er um gríðarlegt magn að ræða. Upptalningin flokkast undir brennanleg úrgangsefni en kannski er tæplega hægt að nota um þetta hugtakið spilliefni.

Eins og stendur fargar verksmiðjan um 5.000 tonnum af fljótandi efnum sem nær eingöngu eru úrgangsolíur. Sum þessara spilliefna eru flutt til útlanda til förgunar en vegna eðlis Sementsverksmiðjunnar þar sem unnin er vara við mjög hátt brennslustig er talið að hún geti auðveldlega sinnt mun stærri hluta þessarar nauðsynlegu spilliefnaförgunar og jafnframt gæti það styrkt rekstur hennar að einhverju leyti. Það kostar stórpening að farga þessum efnum.

Öllum ætti að vera ljóst að sívaxandi magn spilliefna í umhverfinu er gríðarlegt vandamál sem verður að leysa til frambúðar. Verði niðurstaða úttektarinnar jákvæð telja flm. mjög mikilvægt að Sementsverksmiðjan hf. á Akranesi fái það hlutverk að vera þátttakandi í spilliefnaförgun landsmanna og með því móti geti framtíðarrekstrargrundvöllur verksmiðjunnar styrkst verulega.

Virðulegi forseti. Ég vonast eftir góðum undirtektum hæstv. iðnrh. við þessu máli. Hér er um að ræða gríðarlegt hagsmunamál fyrir landið. Að undanförnu hefur verið fjallað nokkuð um þessar tillögur í fjölmiðlum og þær skrumskældar. Eins og menn vita eru þær þess eðlis að verið er að biðja um stjórnvaldsúttekt og kortlagningu á þeim möguleikum sem eru fyrir hendi í þessu samhengi. Það er von flm. að gengið verði til verka, bæði með þessa tillögu um förgun á spilliefnum eða brennanlegum úrgangsefnum, og síðan gerð úttekt á verðmyndun, að hæstv. ráðherra verði góðfúslega við þessum tillögum og láti vinna þetta sem hraðast.

Skrifað hefur verið í blöð um samkeppni á sementsmarkaði. Í DV fimmtudaginn 24. október var stór frétt þar sem talað var um að tugir þúsunda tonna yrðu brenndir í Sementsverksmiðjunni. Það er auðvitað ekki eðli tillögunnar að gera fasta tillögu um það hvað verði brennt í verksmiðjunni heldur er verið að biðja um úttekt á því hvaða möguleikar eru fyrir hendi. Í blöðunum í morgun kemur síðan fram á völlinn Gunnar Örn Gunnarsson, stjórnarformaður Sementsverksmiðjunnar. Hann undirstrikar í grein sinni í raun og veru allt það sem við höfum verið að tala um og leggja fram í báðum þessum tillögum, hv. þm. Jón Bjarnason og ég, bæði hvað varðar samkeppnisstöðu verksmiðjunnar og líka hvað varðar möguleika hennar til þess að farga brennanlegum úrgangi.

Það er nauðsynlegt að halda því til haga að verksmiðjan notar í dag að langmestu leyti innflutta orku, þ.e. kol frá Suður-Afríku eða Póllandi sem eru flutt hingað með ærnum tilkostnaði. Það er jafnframt ljóst að við Íslendingar þurfum að senda utan til förgunar mikið af úrgangi sem er nýtanlegur í verksmiðjunni. Það kemur fram í grein stjórnarformannsins Gunnars Arnar Gunnarssonar í dag að í raun og veru hafa langflestir aðrir í sementsframleiðslu í löndunum í kringum okkur farið inn á þessa braut og tekið þátt í förgun brennanlegra spilliefna.

Það er kannski vert að taka fram að það eru áhöld um það hvað á að kalla spilliefni. Í raun og veru ættum við kannski frekar að leggja áherslu á hugmyndina „brennanleg úrgangsefni" því, eins og segir í þáltill., í stað kolanna er aðallega verið að draga fram það gríðarlega magn sem fellur til í landinu af gasolíu af ýmsu tagi, timbur- og gúmmíafganga, pappír og dagblöð sem verður að flokka sem brennanleg úrgangsefni.

Ég geri alveg ráð fyrir því að þessi efnaflokkur yrði fyrstur til skoðunar hvað varðar orkugjafa til verksmiðjunnar. Það yrði til gríðarlegra hagsbóta fyrir landið í heild sinni vegna þess að, eins og ég segi og svo ég vitni aftur í grein Gunnars Arnar Gunnarssonar stjórnarformanns, aðrar verksmiðjur sem við berum okkur saman við og jafnvel flytjum inn frá hafa farið inn á þá braut að nota þessi efni, úrgangsefni, sem orkugjafa.

Það er mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að fylgjast með. Það er hluti af lífi okkar hér í landinu að horfast í augu við það að við erum neysluþjóðfélag. Hér fellur til rusl og afgangar sem við berum sjálf ábyrgð á. Það verður varla liðið til lengdar að við kaupum okkur frá ábyrgðinni með því að senda vörur af þessu tagi í formi rusls sem við viljum ekki farga til annarra landa til förgunar. En eins og kunnugt er hafa Íslendingar um margra ára skeið stuðst við þjónustu Kommunekemi í Danmörku hvað varðar förgun spilliefna.

Sá dagur mun koma að við þurfum sjálf að takast á við þetta. Og það er von okkar að með úttekt á grunni tillögunnar geri menn sér miklu betur grein fyrir því hvaða hlutverki verksmiðjan getur gegnt, sérstaklega í sambandi við brennslu á þessum augljósu hliðarafurðum neyslusamfélags okkar, svo sem plastinu, úrgangsolíunum og timbrinu. Ég tel að hér sé mikið og stórt mál á ferðinni.

Auðvitað gerum við okkur grein fyrir því að jafnframt því að skoða möguleika á þátttöku verksmiðjunnar í lausn á þessum vanda verður að taka á öllum mengunarvörnum og mengunarvarnakröfum af ýtrustu nákvæmni og hörku, og það er alls staðar gert. Ef við berum saman við Aalborg Portland í Danmörku er verksmiðjan á Akranesi, Sementsverksmiðjan hf., mjög lítil. Mér er sagt að verksmiðjan í Álaborg í Danmörku sé tíu sinnum stærri (**Gripið fram í:** Tuttugu.) eða kannski tuttugu sinnum stærri en sú verksmiðja sem við erum að tala um á Akranesi. Þar er því um gríðarlega mikla og stóra myllu að ræða sem framleiðir sement og hún hefur að hluta til farið inn á þessar brautir. Hún er staðsett við sundin og þarf að standast miklar mengunarkröfur, hún er miðsvæðis í borg sem er fjölmennari en allt Ísland. Og Danir eru ekki þekktir fyrir annað en að gera miklar og strangar mengunarvarnakröfur þannig að það getur ekki orðið tæknilegt vandamál að leysa öll svoleiðis mál. Það kemur líka fram í báðum tillögunum að á síðustu árum hafi verið unnið stórátak hvað varðar mengunarvarnir hjá Sementsverksmiðjunni á Akranesi og hún uppfyllir nú ströngustu kröfur Hollustuverndar ríkisins varðandi mengunarmál. Eflaust má þó gott bæta og í framhaldi á svona skoðun yrði auðvitað líka að fara ofan í þau mál og gera tillögur þar að lútandi.

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki í sjálfu sér að hafa fleiri orð í framsögu um þetta mál. Ég tel algjörlega nauðsynlegt að fara yfir stöðu framleiðslu af þessu tagi í landinu og loka ekki bara augunum fyrir utanaðakomandi áreiti hvað þetta varðar eins og við höfum gert í svo mörgum öðrum málaflokkum. Við erum búin að missa t.d. skipasmíðaiðnaðinn á grunni hugsunar samkeppninnar hér í landinu, gjörsamlega til útlanda þannig að við erum nánast bara í viðgerðaþjónustu og byggingu smærri báta. Og við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum standa vörð um þá atvinnustarfsemi sem fyrir er í landinu og síðan að byggja áframhaldandi

vinnu á ýmsum hugmyndum sem við höfum verið með þar að lútandi. Það getur ekki verið stefna í landinu að lögmál markaðarins ráði því hvort verksmiðjur eða atvinnustarfsemi sem hér hefur verið starfrækt með góðum árangri um áratuga skeið verði hinni svokölluðu samkeppni að bráð.

Við vitum vel að í þessum stóra markaðsheimi er enginn vandi fyrir stærri aðila að koma inn á markað og drepa af sér minni og meðalstór fyrirtæki. Við höfum þetta fyrir augunum, jafnvel í okkar eigin landi, þar sem stærri fyrirtæki koma inn og kaupa upp minni fyrirtæki. Við getum borið niður víða, hvort sem við erum að tala um sjávarútveg, flutning eða annað.

Samkeppnislögmál eiga ekkert að gilda alls staðar. Allar aðrar þjóðir í Vestur-Evrópu sem við getum borið okkur saman við hafa tilburði til þess að vernda sína eigin framleiðslu. Má þar t.d. nefna viðleitni Dana til að vernda bjóriðnaðinn sinn með kröfunni um, fram að þessu, að bjórinn væri afhentur í flöskum þar sem það gerði samkeppnisaðilanum í Þýskalandi erfiðara fyrir. Að vísu hafa Danir gefist upp hvað varðar bjórinn og eru komnir með hann á dósir að kröfu Evrópusambandsins er mér sagt en það reyna allir til hins ýtrasta að standa vörð um tæki sín, framleiðslu og atvinnumöguleika síns fólks.

Þess vegna vona ég, virðulegi forseti, að báðar þessar þáltill. falli í góðan jarðveg hjá hæstv. iðnrh. og verði henni veganesti í þá vegferð að treysta möguleika verksmiðjunnar til áframhaldandi framleiðslu og atvinnusköpunar á Akranesi um margra ára skeið.

[17:28]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ætla að segja nokkur orð um þetta mikilvæga mál.

Málefni verksmiðjunnar eru í ákveðnum farvegi, bæði ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, og Samkeppnisstofnun fjalla um málið og það eru hinir réttu aðilar. Eins og hv. þm. vita hafa kærumál gengið á víxl en samkvæmt opinberum upplýsingum selur Aalborg Portland á öðru verði til Íslands en til annarra landa. Þessu er a.m.k. haldið fram. Og verð til neytenda í Danmörku er meira en helmingi hærra við verksmiðjudyr en í skip til Íslands. Þetta hefur verið kært til samkeppnisyfirvalda sem brot og Sementsverksmiðjan hefur einnig kært til ESA á sömu forsendum.

Það liggur fyrir úrskurður samkeppnisyfirvalda Sementsverksmiðjunni í hag, þ.e. að Sementsverksmiðjan sé ekki markaðsráðandi fyrirtæki. Hvað varðar framtíðarhlutverk sem hér var einnig til umfjöllunar gegnir verksmiðjan mjög mikilvægu hlutverki við förgun úrgangsefna. Sennilega verður það hlutverk enn mikilvægara til framtíðar. Ráðamenn fyrirtækisins hafa unnið að því máli í samvinnu við Efnamóttökuna hf. og spilliefnanefnd. Sementsverksmiðjan og Efnamóttakan hafa undirritað viljayfirlýsingu og er markmið aðila að auka endurvinnslu, minnka þörf fyrir innflutning á eldsneyti og bæta umhverfisímynd beggja fyrirtækja og landsins út á við. Það er búið að vinna skýrslu af hálfu verksmiðjunnar um það hvaða efnum er hægt að eyða, hver ávinningur samfélagsins er og hver kostnaður yrði vegna fjárfestinga.

Ég held því fram að það sé hagur þjóðfélagsins að Sementsverksmiðjan haldi áfram rekstri og taki aukinn þátt í eyðingu úrgangsefna. Að öðrum kosti þarf að senda úrgangsefni úr landi með ærnum tilkostnaði. Að öðru leyti vil ég segja að ég tek undir það að Sementsverksmiðjan er mikilvægur vinnustaður á Akranesi. Hins vegar þýðir ekki annað en að horfast í augu við að markaðurinn er opinn. Hv. þm. Jón Bjarnason sagði: Það er ekki pláss fyrir nema einn aðila. En málið er ekki það einfalt að við getum bara sagt að við viljum ekki fá innflutt sement inn í landið. Það væri algjört brot á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og fleira mætti nefna í því sambandi.

Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson talaði um að við mættum ekki missa þessa starfsemi úr landi og nefndi skipasmíðaiðnaðinn í því sambandi. Hann sagði að við hefðum misst skipasmíðaiðnaðinn vegna þess að við tókum upp samkeppni. Ég skildi hann þannig. Ég veit ekki hvernig þetta er hugsað en það er einnig hægt að nefna Evrópska efnahagssvæðið í tengslum við skipasmíðaiðnaðinn. Við gátum ekki, vegna samningsins, komið í veg fyrir að einkaaðilar færu annað með verk sín. Auðvitað er alvarlegt hve illa sá iðnaður fór á tiltölulega fáum árum. En það er þó jákvætt að miðað við skýrslu sem unnin var sameiginlega af Samtökum iðnaðarins og iðnrn. og hefur verið kynnt opinberlega eru samkeppnismöguleikar íslensks skipasmíðaiðnaðar meiri nú en þeir hafa verið. Á vissum sviðum eru þeir verulegir. Meðal annars er verið að smíða skip á Íslandi, m.a. fyrir útlendinga og nefni ég Færeyinga í því sambandi.

Við verðum og getum ekki annað en viðurkennt ákveðnar aðstæður í samfélaginu og alþjóðasamninga sem við höfum undirgengist en ég vil líka segja að við eigum að ganga eins langt í því og við getum að verja þann iðnað sem við höfum enda skilar hann jafnframt mikilvægu verki fyrir samfélag okkar, eins og ég hef nefnt í sambandi við eyðingu efna. Eins og kom fram í grein formannsins í blaði í dag, sem vitnað var til hér áðan, er þetta mál í athugun og í vinnslu í ráðuneytinu. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að það er ekki einfalt en engu að síður tek ég alveg undir það sem hér hefur komið fram. Við höfum ekki mikinn tíma til þess að átta okkur á hvernig við förum í það. Niðurstaða þeirra mála sem eru í vinnslu hjá eftirlitsaðilum skiptir líka mjög miklu máli. Þar á ég bæði við niðurstöður eftirlitsaðila hér heima, samkeppnisyfirvalda, og eins Eftirlitsstofnunar EFTA. Svörin sem berast frá þessum stofnunum skipta mjög miklu máli í sambandi við framhaldið.

[17:34]

Flm. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra kom inn á að allt að helmingsverðmunur gæti verið á sementi frá hinum danska innflutningsaðila, á verðinu hér á landi miðað við það sem er í heimalandinu. Jafnframt minntist hæstv. ráðherra á að sementsmarkaðurinn hér væri í raun orðinn opinn markaður enda hafa úrskurðir sem fallið hafa hjá Samkeppnisstofnun verið á þann veg. Úrskurður sem féll í vor laut að því að hér væri einangraður íslenskur markaður og þess vegna væri Sementsverksmiðjan ráðandi. En samkvæmt úrskurði sem féll sl. fimmtudag ræður hér á landi alheimsmarkaður og Sementsverksmiðjan því ekki allsráðandi, hér telst því opinn markaður.

Af þessu má ljóst vera að hér er eitthvað gruggugt á ferð, mjög gruggugt. Það hefur líka komið fram hjá forráðamönnum verksmiðjunnar að þeir þoli ekki langa bið. Þeir þola ekki að hér verði um lengri tíma boðið fram sement á óeðlilega lágu verði.

Þess vegna leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðherra:

1. Er vitað hvenær úrskurðar er að vænta frá ESA-dómstólnum um fyrra atriðið?

2. Kemur til greina að íslensk stjórnvöld setji innflutningsgjöld á hið innflutta sement þannig að það kosti a.m.k. ekki minna hér en í heimalandinu, þar sem það er framleitt, að viðbættum flutningskostnaði, meðan verið er að útkljá þessi mál fyrir dómstólum?

Það er algjörlega óviðunandi að búa við það til lengri tíma að inn á þennan markað komi sement á opinn markað á miklu lægra verði en er í framleiðslulandinu. Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir því að sett verði innflutningsgjöld á þetta sement meðan málið verður útkljáð?

[17:36]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki svarað því hvenær úrskurður kemur frá ESA. Það var talað um það sl. vor að hann mundi koma í sumar en hann hefur ekki birst enn. Ég vona því að það styttist í að hann birtist.

Um innflutningsgjöld á sementi get ég ekki fullyrt vegna þess að ég veit ekki á þessari stundu hvort það mundi samræmast reglum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar að fara út í slíkt. Auk þess væri þar um pólitíska ákvörðun að ræða sem ég hef í sjálfu sér ekki ein úrskurðarvald um, það mál mundi heyra undir fjmrh. Ég tel að það þurfi að vera ljóst hvaða möguleika við höfum í því sambandi vegna ýmissa ákvæða og reglna sem við höfum undirgengist.

[17:37]

Flm. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil benda á hve gríðarlega miklir hagsmunir eru hér í húfi, þ.e. hvort rekstur Sementsverksmiðjunnar verði tryggður áfram eða ekki. Þessi biðtími getur verið þungur.

Hvað t.d. ef þetta yrði dæmt ólöglegt af hálfu þessa innflytjanda og verksmiðjan væri búin að bíða varanlegt fjárhagslegt tjón? Hvernig ætla menn að reka það skaðabótamál?

Ég ítreka ósk mína um að hæstv. iðnrh. og ríkisvaldið taki nú þegar á þessum málum af fullri festu. Einn liðurinn gæti verið sá að meðan verið er að útkljá þetta mál yrði sett á tímabundið innflutningsgjald á sementi þannig að samanburðurinn og samkeppnin séu á eðlilegum grunni.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Mun hún beita sér fyrir því?

[17:39]

Flm. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. talaði hér um að ég væri á móti samkeppni samkvæmt málflutningi mínum. Það er alls ekki verið að tala um slíkt. Það er útúrsnúningur. Við erum að tala um jafnræði. Ef við tölum um skipasmíðaiðnaðinn þá var það alltaf okkar framsetning að það ætti að vera jafnræði, miðað við það sem aðrir væru að gera í svokallaðri samkeppni. Norðmenn voru t.d. bæði með stofnstyrki til sinna stöðva og ekki síður hagstæð lán. Það er í þessu sem okkar iðnaður býr ekki við jafnræði.

Til að árétta þetta frekar þá stöndum við t.d. frammi fyrir því í sambandi við áframeldi á lúðu að hér á landi er ekki hafin uppbygging þar sem menn hefðu jafna möguleika miðað við aðra. Seiðin eru flutt til Skotlands og Kanada vegna þess að þar eru í boði stofnstyrkir. Það eru svona hlutir sem við viljum velta upp.

Það eru allt of mörg dæmi þess að við töpum framleiðslu og atvinnutækifærum vegna þessa. Við erum sofandi gagnvart því sem aðrir eru að gera. Það er enginn að tala um einokun. Við gerum okkur fulla grein fyrir því í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að bygging skipa og skipasmíðaiðnaður lýtur lögmálum samkeppni. En þá verður grunnurinn fyrir samkeppninni að vera svipaður í öllum löndunum. Ef einhver einn getur dregið sig út úr með alls konar framlögum og ívilnunum heima fyrir þá er það ekki samkeppni. Það er mismunun. Það er þetta sem við erum að draga fram gagnvart öllum iðnaði og framleiðslu í landinu. Við viljum hafa það að leiðarljósi í málflutningi okkar.

[17:41]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. talaði um að við hefðum tekið upp samkeppni. Hann talaði líka um það fyrr í dag, þegar við töluðum um byggðamálin, að það hafi verið tekin upp samkeppni í fluginu. Þetta er nú bara nokkuð sem ég heyrði með mínum eigin eyrum eins og þar stendur.

Hvað stofnstyrki og hagstæð lán varðar þá eru það hlutir sem vissulega eru viðhafðir í öðrum löndum að einhverju leyti og innan Evrópusambandsins. Það er ekkert launungarmál að við gætum hér á Íslandi haft meiri styrki til stofnsetningar fyrirtækja á landsbyggðinni. Við erum með byggðakort sem lítur þannig út að nánast allt landið, fyrir utan höfuðborgarsvæðið og Reykjanes, er viðurkennd landsbyggð. Þar mættum við vera með miklu meiri styrki en við erum með í dag en allir styrkir eru tilkynningarskyldir til ESA.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að þarna eru ákveðnir möguleikar. Þetta eru pólitískar ákvarðanir sem þarf til til að út í slíkt sé farið. En þá verðum við líka að hafa það í huga að nægt fjármagn sé til slíks. Það er nokkuð sem ég veit að Vinstri grænir eiga alltaf nóg af, þ.e. fjármagni, en við sem berum ábyrgð á ríkisfjármálum á ári hverju áttum okkur á að það er takmarkað fjármagn til hlutanna.

[17:43]

Flm. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðn.- og viðskrh. á nú fjármagn í ýmsa hluti sem við mundum kannski ekki leggja fjármagn í, t.d. NATO-fundi og því um líkt. Þá er nóg til.

Enn og aftur verð ég að gera athugasemd við hæstv. iðn.- og viðskrh. sem staglast á því að við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði séum á móti samkeppni. Það hefur margoft komið fram að við erum á móti samkeppni þegar um grunnþjónustu er að ræða. Ég gat þess margoft í framsögu minni hér í dag að ég teldi að það að koma á samkeppni í fluginu hefði verið mistök í svo stóru og fámennu landi. Ég lagði það til allan tímann, líka sem stjórnarformaður Ferðamálamiðstöðvar Eyjafjarðar, að þar yrði sérleyfi með opinberu eftirliti en ekki samkeppni. Við höfum sérleyfi t.d. í leigubílarekstri. Það samþykkti hæstv. iðnrh. með glöðu geði á síðasta þingi. Þetta fer því bara eftir því hvenær hún talar.

En þetta er alveg skýrt í okkar huga. Við erum ekki á móti eðlilegri samkeppni framleiðslufyrirtækja og í verslunarrekstri o.s.frv. Við höfum talað um grunnþjónustuna í landinu. Það skýrt fyrir og þarf ekki að snúa út úr því.

Vissa hluti er hægt að leysa með sérleyfi og ég er enn þeirrar skoðunar, og hef nú styrkst í því eftir því sem mánuðirnir líða, að sérleyfisfyrirkomulagið hefði á sínum tíma verið miklu heilladrýgra fyrir landsbyggðina fyrir allra hluta sakir.

[17:45]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég tek undir þá tillögu sem hér er flutt um úttekt á verðmyndun á innfluttu sementi, en er þeirrar skoðunar að hæstv. iðnrh. og hæstv. ríkisstjórn hefðu átt að vera búin að blanda sér í þetta mál fyrir allt að einu ári síðan. Mér er kunnugt um að stjórnendur Sementsverksmiðjunnar hafa verið í ströggli í þessu máli við að reyna að komast að og upplýsa hvaða verð gæti talist eðlilegt á innfluttu sementi. En það hefur ekki gengið.

Það er svo undarlegt að sá sem hér stendur er fyrrverandi starfsmaður beggja fyrirtækjanna sem hér er um að ræða, annars vegar Sementsverksmiðjunnar um 30 ára skeið og hins vegar um tæplega tveggja ára skeið Aalborg Portland sem þá var að mestum hluta danskt fyrirtæki en er nú hluti af alþjóðahring sem er rekinn áfram í krafti gróða og fjármagns.

Sem fyrrverandi starfsmaður er mér mjög vel ljós sá gífurlegi aðstöðumunur og stærðarmunur sem er á milli þessara fyrirtækja. Sementsverksmiðjan er með framleiðslugetu sem nemur 120–160 þús. tonnum að hámarki á ári, en Aalborg Portland er með 12–15 falda þá framleiðslu í svona meðalári án þess að keyra vélar sínar af fullum krafti. Þeir segjast vera að selja hingað umframframleiðslu sína. En það er aðeins brot af umframframleiðslunni sem þeir selja hingað. Það verður því flókið ferli að gera slíka úttekt sem hér er verið að ræða um. En það er samt svo að það verður, hæstv. iðnrh., að liggja fyrir á næstu vikum hvort verið er að selja innflutt sement á undirverði á okkar markaði. Það verður að gerast.

Danska fyrirtækið finnur fjárhagslega ekkert fyrir því að knésetja fyrirtæki eins og Sementsverksmiðjuna. Eina markmið þeirra er að ná markaðnum og ráða með tímanum verðlagningu og gæðum. Þetta er þeirra markmið. Ef íslensk stjórnvöld láta það fram hjá sér fara að hafa afskipti af þessu máli standa þau sig enn verr en ég hef talið.

Ég get tekið undir greinargerð flutningsmanna um að Sementsverksmiðjan er gífurlega mikilvægur aðili í atvinnulífi Akraness á öllum sviðum. Verksmiðjan er í raun mikilvæg fyrir alla mannvirkjagerð og byggingariðnaðinn eins og hann leggur sig á Íslandi. Hráefni til sementsgerðar er að stærstum hluta íslenskt efni, kalksandurinn úr Faxaflóa og líparítið úr Hvalfirði. Þar að auki er notuð mikil raforka og vatn við framleiðsluna.

Það eru allar líkur á því að þau 90 störf sem eru í Sementsverksmiðjunni beri með sér afleidd störf sem eru sennilega 150 jafnvel allt að 200. Að mjög mörgu er því að hyggja fyrir hvert starf og mikið í húfi, ekki bara fyrir sveitarfélagið Akranes heldur fyrir íslenskt atvinnulíf. Því skora ég á hæstv. forsrh. og iðnrh. að blanda sér nú þegar í málið.

Til þess að útskýra örlítið mismuninn á stærð þessara verksmiðja sem hér eiga í hlut þá standa málin þannig að í Álaborg er keypt lággæðagjall frá Rússlandi og Póllandi, keypt af þeim þjóðum, flutt þangað inn og blandað við gjallið sem framleitt er í Álaborg, hágæðavöru. Síðan er malað úr því sement. Fyrir utan það að nota til brennslunnar venjulega olíu og kol þá notar þessi verksmiðja, Aalborg Portland, niðurtætt gúmmí, timbur og alls konar úrgangsefni sem eru brennanleg við 1.400 gráðu hita vegna þess að við þann hita brenna nánast öll snefilefni upp. Því er vissulega rétt að sementsverksmiðjur eru einhver bestu tæki til þess að eyða slíkum efnum en nýta orkuna jafnframt til eigin framleiðslu.

Þessi verksmiðja í Álaborg tekur nánast alla ösku frá rafmagnsframleiðslufyrirtækjunum í Álaborg sem framleiða rafmagn með kolum og eyðir henni. Henni er ýmist blandað saman við sement eða beint í gjallið. Það eru svo margir hlutir sem eru svo ólíkir vegna stærðarinnar að því verður ekki lýst nema með löngum fyrirlestri. Það vill svo til að sá sem hér stendur kynntist þessu ferli. Þó svo að við værum lítil hér á Íslandi með okkar verksmiðju þá gátum við flutt þekkingu héðan og til þeirra í ýmsu.

Herra forseti: Ég spyr hvort ég fái ekki tíma til að ræða bæði málin. Er það bara annað málið? Fæ ég bara sjö mínútur?

(**Forseti** (ÁSJ): Það var tilkynnt, hv. þm., að við mundum taka til umræðu bæði málin saman. En hv. þm. er velkomið að setja sig á mælendaskrá aftur ef hann vill.)

Herra forseti. Hér er einnig rædd till. til þál. um úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf. við förgun spilliefna. Sú framtíð á að vera að framleiða gæðavöru áfram svo sem verið hefur. Með rannsóknum og tilraunum hefur tekist að koma í veg fyrir þær úrfellingar í steypu sem komu í ljós á þeim tíma þegar farið var að nota sjávarmöl til steypugerðar. Það er tækni sem við Íslendingar höfum tileinkað okkur umfram aðra sementsframleiðendur. Hér er því til þekking sem við megum ekki glata. En stöðug hagræðing og framför hefur leitt til hámarksfækkunar starfa í Sementsverksmiðjunni.

Virðulegur forseti. Ég hef mjög margt fleira um þetta mál að segja. Ég hyggst þó ekki standa hér í stól og ræða þetta mál aftur og aftur. En við munum finna fyrir því, eins og ég hef áður sagt, að Aalborg Portland getur beitt sér harkalega til að ná undir sig íslenska sementsmarkaðnum. Ef svo fer munu íslenskir notendur finna fyrir áhrifum stórveldis, þ.e. ef Sementsverksmiðjan verður knésett.

[17:53]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er vel að þessi umræða er í Alþingi um málefni Sementsverksmiðjunnar. Þær tillögur sem hér liggja fyrir hafa orðið til þess að málið var tekið upp í þinginu. Ég ætla fyrst og fremst að ræða um samkeppnisaðstöðu Sementsverksmiðjunnar.

Ég átti einu sinni sæti í stjórn þessarar verksmiðju fyrir mörgum árum síðan og á þeim árum var ákveðið að fara að brenna kolum í verksmiðjunni. Eftir að sú ákvörðun var tekin tókst að reisa verksmiðjuna úr rústum. Það var ekkert minna. Hún hafði gjörsamlega koðnað niður í verðbólguæðinu sem óð yfir landið þar sem sementsverði var haldið niðri vegna þess að það hafði áhrif á vísitöluna. En þegar ákvörðun um að brenna kolum var tekin þá ákváðu stjórnvöld að leyfa verksmiðjunni að njóta árangursins af þessu. Hann var notaður til þess að byggja verksmiðjuna upp, halda henni við og í dag er hún í miklu betra ástandi en áður var. Því er hægt að segja að verksmiðjunni hafi verið stjórnað vel á undanförnum árum og að hún sé út af fyrir sig ágætlega rekstrarhæf eins og hún er.

Þegar ég var í stjórn verksmiðjunnar taldi ég að ef einhver aðili tæki þá ákvörðun að setja upp sölukerfi á Íslandi og fara að selja sement í samkeppni við þessa verksmiðju þá væri mjög hæpið að hún lifði það af. Þess vegna kemur mér þægilega á óvart þegar stjórnendur verksmiðjunnar fullyrða að verksmiðjan geti vel staðið sig í samkeppni ef sú samkeppni sé á eðlilegum grundvelli. Ég vona sannarlega að þeir hafi rétt fyrir sér í þessu. En ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra: Er ekki kominn tími til þess að stjórnvöld segi það skýrt og skorinort hvaða stefnu þau hafa í málinu? Mín skoðun er

sú að stefnan eigi að vera þessi: Stjórnvöld hafa átt þessa verksmiðju. Þau hafa rekið hana til þess að skaffa sement til nota á Íslandi. Það sem er mikilvægast af öllu er að tryggja samkeppni í framboði á sementi á markaðnum. Það verður ekki góð framtíð ef því fyrirtæki sem nú er komið inn á markaðinn tekst að knésetja verksmiðjuna og sitja síðan eitt að markaðnum í framhaldinu.

Ég tel að ríkið sem ábyrgðaraðili þess að reka Sementsverksmiðjuna fram á þennan dag hljóti að eiga að bregðast við með þeim hætti að segja sem svo: Þessi verksmiðja verður rekin í samkeppni við þennan innflutning og við munum sjá til þess að sú samkeppni verði sanngjörn og að þar séu eðlilegar leikreglur virtar. Ef verksmiðjan getur hins vegar ekki staðist þá samkeppni á eðlilegum grundvelli þá verði sölukerfi hennar notað til þess að flytja inn sement frá öðrum samkeppnisaðilum hingað til að keppa við þennan innflutningsaðila.

Sölukerfi verksmiðjunnar er mjög mikils virði. Við vitum t.d. að spænskir aðilar höfðu áhuga á því að kaupa sölukerfi verksmiðjunnar fyrir nokkrum árum síðan, en fengu það ekki. Þeir ætluðu sér ekki að reka sementsverksmiðjuna. Það er alveg klárt mál. Þeir ætluðu að leggja niður framleiðsluna en nota sölukerfi verksmiðjunnar til að selja.

Ég tel mjög mikilvægt að þessi vilji komi fram vegna þess að ef það er rétt sem hér hefur verið haldið fram, að þetta erlenda fyrirtæki sé að selja hér á undirverði, þá hlýtur það að vera tímabundið ásand. Það getur ekki verið að þetta fyrirtæki ætli til langrar framtíðar að selja sement, kannski til stórvirkjana hér eða hvað það nú allt verður, á undirverði. Hins vegar getur vel verið að þetta fyrirtæki hafi ákveðið að koma inn á markaðinn með lágt verð og nota það tímabil til þess að koma verksmiðjunni fyrir kattarnef. Það eigum við ekki að líða og mér finnst stjórnvöld eiga að sýna spilin sín í þessu. Þau eru að mínu viti þessi: Verksmiðjan verður rekin ef rekstrargrundvöllur er eðlilegur fyrir hana á því verði sem eðlilegt má telja á markaðnum. Það hlýtur að vera hægt að koma í veg fyrir að menn séu að spila hér á vitlausu verði. En mikilvægt er að það liggi líka fyrir, ef niðurstaðan verður sú að ekki sé hægt að reka verksmiðjuna, að sölukerfi hennar verði þá notað til þess að full samkeppni verði við þann innflutning sem nú er í gangi

Ég er ekki að segja þetta vegna þess að það sé framtíð sem ég vil sjá. Ég er að segja þetta vegna þess að það kæmi kannski einhverri skynsemi inn í höfuðið á þeim sem flytja hingað inn sement, þ.e. ef raunverulega er verið að flytja það inn á undirballans, sem ég hef enga ástæðu til að rengja að verið sé að gera.

En á meðan stjórnvöld sýna ekki spilin sín, segja ekki frá því hvað þau ætla sér þá má auðvitað ætla að þeir hjá Aalborg Portland telji að þeir komist bara upp með að leggja Sementsverksmiðjuna á hliðina (**GE:** Það er rétt.) og klára það.

Því tel ég mjög mikilvægt að hæstv. iðnrh. segi hug sinni í þessu máli. Ef verksmiðjan hættir rekstri, verður þá séð til þess að sölukerfið verði notað í samkeppni við þennan innflutning? Það er vopn sem ég tel að skipti miklu máli að beita í þeirri baráttu sem er uppi um að halda áfram að reka Sementsverksmiðjuna, vegna þess að ég tel að það sé hægt. En þessi aðför að henni mun takast ef menn bregðast ekki við.

[18:01]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. „Sýna spilin", segir hv. þm. Það er nú þannig að ekki verða öll mál leyst úr ræðustól á Alþingi.

Eins og kom fram í ræðu minni þá eru þessi mál í farvegi og hjá réttum yfirvöldum sem um þau fjalla. Þá er ég að tala um samkeppnisyfirvöld hér og Eftirlitsstofnun EFTA. En segja má að það taki nokkuð langan tíma og það þykir mér miður.

Það sem ég hef haft að leiðarljósi er ekkert langt frá því sem hv. þm. talaði um hér. Mér finnst mikilvægt, miðað við að ekki er um einokun að ræða hér lengur, að samkeppni sé tryggð á markaðnum. En við þekkjum söguna. Við þekkjum hvaða aðstæður ríkja. Við vitum um það. Málið er ekki einfalt. Engu að síður þarf að taka á því og við vinnum með það að leiðarljósi í ráðuneytinu.

[18:02]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið.

Ég tel hins vegar og vona þá að þeir sem reka það innflutningsfyrirtæki sem er að selja hér á markaðnum geri sér grein fyrir því að þetta er afstaða stjórnvalda á Íslandi. Ég held að mjög mikilvægt sé að þeir viti það og skilji að þeim muni ekki takast, þó þeir geri aðför að þessari verksmiðju, að koma samkeppni við sig fyrir kattarnef. Það er að mínu viti það sem er verið að reyna hér með því verði sem hefur verið uppi á sementsmarkaðnum.

En eins og ég sagði áðan þá er mikilvægt að menn viti að það muni ekki takast.

[18:03]

Flm. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar flutningsmanna þessara tveggja þingsályktunartillagna, mín og hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar, þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur orðið um þetta afar brýna mál. Það er augljóst að allir þeir sem hér hafa tekið þátt í umræðunum leggja áherslu á alvöru málsins og það að grípa þurfi sem fyrst til aðgerða. Mér þykir mjög gott að þetta hafi komið hérna skýrt fram.

Hér hefur verið dreginn fram sá mikli stærðarmunur og aðstöðumunur sem er á milli þessara tveggja fyrirtækja, Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi og alþjóðafyrirtækisins Aalborg Portland, sá mikli munur sem er á þessum fyrirtækjum og möguleikinn á að standa af sér lágt verð eða beita á einn eða annan hátt viðskiptaaðferðum til þess að ryðja sér braut á markaði. Þarna er því um tvo mjög ólíka aðila að ræða.

Okkur á heldur ekki að koma á óvart — og það liggur í hlutarins eðli — að auðvitað sækir sá aðili sem stendur hér að innflutningi á sementi, inn á markaðinn með öllum þeim tiltæku ráðum sem hann hefur og lög heimila. Það liggur í hlutarins eðli. Innflutningsaðilinn sækir málið af því kappi sem mögulegt er. Það er eðlilegt og til þess er hann ráðinn og það er hans hlutverk. Hitt snýr þá að okkur hvernig brugðist skal við.

Hér hefur komið fram, bæði í máli okkar flutningsmanna og annarra, að Sementsverksmiðjan er metnaðarfullur starfsvettvangur. Fólkið sem þar vinnur er metnaðarfullt fyrir hönd verka sinna og þess sem þar fer fram. Verksmiðjan sjálf leggur mikinn metnað í vandaða og góða framleiðslu og hyggur að öllum umhverfis- og mengunarþáttum afar vel. Þetta er því ekki vinnustaður sem er að drabbast niður, síður en svo, heldur þvert á móti.

Við höfum líka í þessum tveimur tillögum dregið fram fjölþætt hlutverk Sementsverksmiðjunnar. Hún framleiðir sement úr innlendum hráefnum. Hún er öflugur og góður vinnustaður með margfeldisáhrif inn í samfélagið, bæði á Akranesi og víðar, um allt land. Margfeldisáhrifin eru gríðarlega mikilvæg. Við höfum líka dregið fram gæði þessarar vöru og öryggið sem felst í því að hún er framleidd hér á landi. Við höfum líka dregið fram að finna megi fleiri leiðir til þess að styrkja og efla rekstur verksmiðjunnar og einnig til að þjóna öðrum hlutverkum sem við yrðum annars að standa að með ærnum tilkostnaði, svo sem að brenna orkuríkum úrgangsefnum. Það er þegar hafið en við gætum gert þar enn stærri hlut sem þó mundi kosta stórfé ef við gætum ekki brennt því hér á landi. Við yrðum kannski að flytja það út með ærnum flutningskostnaði og förgunargjaldi þar. Þannig höfum við dregið fram hér fleiri, fleiri þætti sem undirstrika bæði möguleika og mikilvægi þessarar verksmiðju og framleiðslu hennar.

Herra forseti. Ég tel því ekki viðunandi að hæstv. ráðherra ætli einungis að bíða átekta eftir úrskurðum dómstóla eins og ESA. Mér finnst það ekki viðunandi. Þetta mál þolir ekki bið. Stjórnvöld, ríkið er eigandi og hefur eigendaábyrgð á þessari verksmiðju. Ríkið það er jú við, það er allir Íslendingar og við höfum eigendaábyrgð á þessari verksmiðju, bæði til að styrkja hana og efla og gera rekstur hennar hagkvæmari, en líka til að verja hana gegn hugsanlega óeðlilegum viðskiptaháttum, alla vega meðan verið er að sanna að svo sé ekki.

Ég trúi því að Sementsverksmiðjan á Akranesi eigi sér alla möguleika, sterka og góða möguleika, ef hún fær bara að starfa í eðlilegu og sanngjörnu samkeppnisumhverfi og fær líka eðlilegan stuðning og bakhjarl, eigendabakhjarl, eins og hver og einn mundi veita sínu eigin fyrirtæki, og það er ríkið í þessu tilviki hjá okkur. Það eigum við að gera.

Ég tel að stjórnvöld ættu fyllilega að skoða það að leggja innflutningsgjöld — þess vegna tímabundið — á sement sem talið er að flutt sé inn á óeðlilega lágu verði þannig að samkeppni sé þá í lagi á meðan verið er að kanna þetta mál. Hver mundi sækja það ef hér leyfðist að flytja inn sement á lágu verði, Sementsverksmiðjan stæði það ekki af sér og ætti orðið erfitt með að starfa áfram þegar úrskurður kæmi og hann reyndist vera sá að þessi undirboð eða innflutningur hefði verið ólöglegur. Sementsverksmiðjunni hefði þá kannski verið lokað. Hver ætlar að axla þá ábyrgð, virðulegi forseti?

Herra forseti. Ég legg áherslu á að stjórnvöld axli eigendaábyrgð sína á verksmiðjunni, tryggi stöðu hennar og verji hana meðan verið er að búa svo um hnútana.

Herra forseti. Að lokinni umræðu um þessi mál óska ég eftir að báðum tillögunum verði vísað til iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11.–14. mál.

Fundi slitið kl. 18:11.

---

23. FUNDUR

miðvikudaginn 6. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 248. mál, þskj. 252. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, þáltill., 27. mál, þskj. 27. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Ójafnvægi í byggðamálum, þáltill., 29. mál, þskj. 29. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Verðmyndun á innfluttu sementi, þáltill., 32. mál, þskj. 32. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Framtíðarhlutverk Sementsverksmiðjunnar hf., þáltill., 133. mál, þskj. 133. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Aðalmenn taka sæti á ný:

Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.,
Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.,
Sigríður Ingvarsdóttir, 4. þm. Norðurl. v.,
Svanfríður Jónasdóttir, 4. þm. Norðurl. e.

Fjarvistarleyfi:

Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Aukatekjur ríkissjóðs, 322. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 350.
Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, 323. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 351.
Lífeyrissjóður bænda, 321. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 349.
Tekjuskattur og eignarskattur, 324. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 352.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 248. mál (EES-reglur). — Þskj. 252.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, frh. fyrri umr.

Þáltill. BH o.fl., 27. mál. — Þskj. 27.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Ójafnvægi í byggðamálum, frh. fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 29. mál. — Þskj. 29.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Verðmyndun á innfluttu sementi, frh. fyrri umr.

Þáltill. JB og ÁSJ, 32. mál. — Þskj. 32.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Framtíðarhlutverk Sementsverksmiðjunnar hf., frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁSJ og JB, 133. mál. — Þskj. 133.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:36.

---

24. FUNDUR

miðvikudaginn 6. nóv.,
að loknum 23. fundi.

Dagskrá:

Til menntamálaráðherra:

1. Starfsemi Ríkisútvarpsins, fsp. ÍGP, 71. mál, þskj. 71.
2. Bygging menningarhúsa á landsbyggðinni, fsp. SJS, 92. mál, þskj. 92.
3. Framhaldsskóli á Snæfellsnesi, fsp. JB, 113. mál, þskj. 113.
4. Einelti, fsp. ÁRJ, 146. mál, þskj. 146.

Til iðnaðarráðherra:

5. Tilskipun um innri markað raforku, fsp. SJS, 90. mál, þskj. 90.
6. Orkuverð á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða, fsp. ÁSJ, 160. mál, þskj. 160.
7. Orkuverð á Sauðárkróki, fsp. ÁSJ, 161. mál, þskj. 161.
8. Framlög Byggðastofnunar til eignarhaldsfélaga og atvinnuþróunarsjóða, fsp. KPál, 178. mál, þskj. 179.

Til dómsmálaráðherra:

9. Leyniþjónusta, fsp. ÖJ, 136. mál, þskj. 136.
10. Fangelsismál, fsp. ÖJ, 137. mál, þskj. 137.
11. Atvinnu- og dvalarleyfi útlendinga, fsp. ÞKG, 218. mál, þskj. 221.

Til fjármálaráðherra:

12. Barnabætur, fsp. SJóh, 145. mál, þskj. 145.
13. Virðisaukaskattur á tæki og búnað til háskóla og rannsóknastofa, fsp. HjÁ, 272. mál, þskj. 290.

Starfsemi Ríkisútvarpsins.

Fsp. ÍGP, 71. mál. — Þskj. 71.

[13:37]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ríkisútvarpið er flestum landsmönnum mjög kært. Oft deila menn þó um hið pólitíska vald sem annars vegar birtist okkur í ákvörðunum útvarpsráðs og hins vegar í stöðuveitingum. Einnig er deilt um skylduáskriftina en skylduáskriftin á að leiða til þess að allir landsmenn njóti svipaðrar þjónustu hvar sem er á landinu. Því er hins vegar ekki að heilsa sé litið til dreifikerfisins annars vegar og einnig þjónustu svæðisútvarpsins.

Svæðisútvörp hafa verið rekin myndarlega á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi og ber að fagna því, enda hafa þau gríðarlegt menningarlegt gildi. Suðurland og Vesturland hafa hins vegar ekki notið sömu þjónustu svæðisútvarps Ríkisútvarpsins. Hér er því um aðstöðumun að ræða.

Árið 1999 var gerður þriggja mánaða tilraunasamningur við áhugamannaútvarpsstöð sem heitir Útvarp Suðurland. Sú stofnun er góðra gjalda verð en þessi tilraunasamningur hefur aldrei verið endurskoðaður, hvort heldur litið er á innra starf eða greiðslur fyrir þjónustuna.

Á Suðurlandi er einnig annar verktaki Ríkisútvarpsins, þ.e. ágætur fréttaritari þess, Þóra Þórarinsdóttir. Hún sér um dagskrárgerð á svæðinu. Því má spyrja: Hver er hinn fjárhagslegi ávinningur með þessu tvöfalda kerfi Ríkisútvarpsins á Suðurlandi?

Það er í raun skylda Ríkisútvarpsins að koma á legg metnaðarfullu svæðisútvarpi í öllum landshlutabundnu kjördæmunum sem nú eru að verða að veruleika. Það á við um Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi. Því spyr ég hæstv. menntmrh.:

1. Hverjar eru helstu væntanlegar breytingar á starfsemi og þjónustu Rásar 2 samfara flutningi starfseminnar til Akureyrar?
2. Eru áform um að allir landshlutar njóti á svipaðan hátt þjónustu svæðisútvarps Rásar 2?
3. Eru áform um að bæta dreifikerfi Ríkisútvarpsins þannig að allir landsmenn nái útsendingu útvarps og sjónvarps allra landsmanna?

[13:40]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason hefur beint til mín fyrirspurnum um Ríkisútvarpið og þar sem hér er um sjálfstæða ríkisstofnun að ræða hef ég snúið mér til Ríkisútvarpsins og fengið svör við þessum fyrirspurnum.

Við fyrstu fyrirspurninni er svarið svohljóðandi:

Snemma sumars var ráðinn dagskrárstjóri Rásar 2 sem hefur aðsetur á Akureyri. Ráðinn hefur verið einn dagskrárgerðarmaður á Akureyri sem sinnir morgunútvarpi Rásar 2. Annar dagskrárgerðarmaður á Akureyri hefur verið ráðinn í fullt starf fyrir dægurmálaútvarp Rásar 2 síðdegis virka

daga. Frá því samsending Akureyrar og Reykjavíkur hófst 1. október í morgunútvarpi Rásar 2 féllu jafnframt niður svæðisbundnar morgunútsendingar RÚV á Norðurlandi. Starfskraftar starfsstöðvarinnar á Akureyri eru með öðrum orðum nýttir í landsútvarpi í meiri mæli en áður var.

Á næstunni er ráðgert að auka framlag til dagskrár Rásar 2 frá svæðisútvarpinu á Austurlandi. Svæðisbundnar morgunútsendingar á föstudögum falla aftur á móti niður þar eystra.

Unnið er að tæknilegum breytingum á starfsemi RÚV á Akureyri og verður þessi starfsemi að öllu leyti stafræn í nýju húsnæði í hjarta Akureyrarbæjar. Í kjölfarið verður hugað að möguleikum á að varpa út tónlistarefni frá Akureyri inn á dreifikerfi Rásar 2.

Heimild er fyrir að ráða dagskrárgerðarmann fyrir Rás 2 í hálfa stöðu að svæðisútvarpi Vestfjarða og svæðisútvarpi Austurlands. Þessi þáttur málsins er enn ekki kominn til framkvæmda. Þannig er gert ráð fyrir reglubundnu framlagi frá öllum svæðisstöðvum RÚV til Rásar 2 þegar áætlunin er að fullu komin í framkvæmd.

Önnur spurningin er svohljóðandi: „Eru áform um að allir landshlutar njóti á svipaðan hátt þjónustu svæðisútvarps Rásar 2?“

Svarið er svohljóðandi: RÚV hefur engar starfsstöðvar á Vesturlandi, Suðurnesjum og Suðurlandi. RÚV stendur þó að rekstri svæðisútvarps í samvinnu við Útvarp Suðurland með sérstökum samningi og aðgangi þess að dreifikerfi Rásar 2. Reglulega berst dagskrárefni frá Suðurlandi og Vesturlandi til dagskrár Rásar 2 og er vilji til þess af hálfu dagskrárstjórnar að auka þetta. Ríkisútvarpið telur sig vinna markvisst að framkvæmd þeirra tillagna sem samþykktar voru um flutning á hluta starfsemi Rásar 2 til Akureyrar og aukinn hlut svæðisstöðva í dagskrá rásarinnar. Einnig er talið að sú nýja tækni sem nú er að ryðja sér til rúms í útvarpsmálum muni auðvelda dagskrárgerð og flutning dagskrárefnis og geri kleift að auka hlut þeirra landshluta sem ekki hafa starfsstöð eða svæðisútvarp í dagskránni.

Á bak við þá ákvörðun að flytja stjórn Rásar 2 til Akureyrar og auka hlut landsbyggðarinnar í dagskrá hennar liggur sú viðleitni og skylda Ríkisútvarpsins að endurspegla fjölbreytni íslensks þjóðlífs bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni betur en nú er gert og nýta þá yfirburði sem felast í starfsemi stofnunarinnar um allt land.

Í þriðja lagi er spurt: „Eru áform um að bæta dreifikerfi Ríkisútvarpsins þannig að allir landsmenn nái útsendingu útvarps og sjónvarps allra landsmanna?“

Í svarinu segir að í dreifikerfi Ríkisútvarpsins séu nú um 340 sendar fyrir útvarp og sjónvarp víðs vegar um landið auk langbylgjustöðvanna á Gufuskálum og Eiðum. Árlegur rekstrarkostnaður þessa kerfis er samkvæmt samningi við Landssímann um 150 millj. kr. Útsendingar Ríkisútvarpsins ná til um 99,8% landsmanna sem er hærra hlutfall en gerist annars staðar í Evrópu.

Unnið hefur verið samkvæmt framkvæmdaáætlun um styrkingu dreifikerfisins en fjárskortur hefur hamlað framkvæmdum. Á yfirstandandi ári er aðeins 10 millj. kr. varið til þessa verkefnis. Áætlunin gerir einkum ráð fyrir styrkingu dreifikerfisins með endurnýjun og stækkun gamalla senda en ekki er stefnt að fjölgun þeirra. Samtímis var unnið að breytingum á dagskrárflutningi til aðalsenda frá hinu gamla örbylgjukerfi yfir á ljósleiðarakerfi Landssímans. Markmiðið er að auka öryggi og gæði í móttöku dagskrárefnis. Að auki liggja fyrir fjölmörg önnur verkefni sem ekki hafa verið sett nákvæmlega á tímaáætlun.

Nýverið hefur verið samþykkt í ríkisstjórn að vinna að byggingu stafræns dreifikerfis fyrir sjónvarp. Samfara áætluninni skal lokun gamla dreifikerfisins tímasett. Ríkisútvarpið hefur hafið athugun á möguleikum þess að senda dagskrárefni útvarps og sjónvarps um gervitungl og einnig hvort hægt er að beita þeirri tækni til að bæta útsendingar til sveitabæja sem ekki ná útsendingum núna. Hins vegar er óvíst hvort þessi tækni leysir vanda þeirra. Ljóst þykir að mikill kostnaður fylgir þessari þjónustu.

[13:45]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessi svör. Ég sakna þess þó, þar sem talað er um hálft starf í svæðisútvarpi Vestfjarða og hálft starf í svæðisútvarpi á Austurlandi, að ekki sé gert ráð fyrir starfsstöð í hinu nýja Suðurkjördæmi. Það þykir mér slæmt vegna þess að við borgum öll afnotagjöld af þessum miðli sem er okkur öllum mjög kær. Mér finnst mjög eðlilegt að það séu starfsstöðvar í þessum þremur landsbyggðarkjördæmum og þess vegna sakna ég þess mjög að við þær breytingar sem verða á Rás 2 skuli ekki gert ráð fyrir þessu.

Það skiptir auðvitað landsbyggðarkjördæmi miklu máli að góður og mikill fréttaflutningur sé frá landshlutabundnum stöðvum. Þess vegna sakna ég þess mjög að ekki skuli gert ráð fyrir þessu í þeim breytingum sem nú eiga sér stað. Ég geri mér grein fyrir því að Ríkisútvarpið er sjálfstætt fyrirtæki en engu að síður er hæstv. menntmrh. í raun ábyrgðarmaður þessa fyrirtækis af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég hvet hæstv. menntmrh. til að skoða þann möguleika að setja upp starfsstöð í hinu nýja Suðurkjördæmi.

Það kemur fram hér, samkvæmt þeim upplýsingum sem hæstv. menntmrh. veitir okkur, að 99,8% landsmanna ná útsendingum Ríkisútvarpsins. Við skynjum það hins vegar, þegar við ökum t.d. á þjóðvegunum, að Ríkisútvarpið dettur mjög gjarnan út á ákveðnum stöðum þar sem hægt er að ná sjálfstæðum útvarpsstöðvum á sama tíma. Þess vegna er auðvitað nauðsynlegt að bæta dreifikerfið.

[13:47]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég skil vel áhuga hv. þm. á því að settar verði upp starfsstöðvar víðar á landinu en nú eru starfandi en þó endurspegla þessar starfsstöðvar markvissa tilraun til að efla tengslin við þá landshluta sem fjærst eru höfuðborgarsvæðinu, þar sem viðurhlutamest er að stunda fréttastarfsemi út frá höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna má segja að þær starfsstöðvar sem nú eru starfræktar hafi verið mjög eðlilega staðsettar.

Bættar samgöngur hafa leitt til að þessar starfsstöðvar eru virkari fyrir fjarlægari landshluta en þær voru áður. Sama gegnir að sjálfsögðu um Suðurland og Vesturland, að með bættum samgöngum er auðveldara að sinna þessum svæðum frá höfuðstöðvunum í Reykjavík. Það skiptir mestu máli að fréttaflutningur frá þessum svæðum sé mikill og stöðugur. Það skiptir líka mjög miklu máli að í dagskrárgerðinni og í dagskrárstefnunni endurspeglist sjónarmið fólksins úti á landi. Ég lít á það sem meginviðfangsefni en ég skil mjög vel áherslu hv. þm. á að þarna verði settar upp sérstakar starfsstöðvar.

Varðandi útbreiðslu Ríkisútvarpsins þá er hún mjög mikil. Þó næst ekki til allra landsmanna. Þó er enn alvarlegra

mál, að það næst ekki til heyrnarskertra. Þar er allstór hópur skjólstæðinga Ríkisútvarpsins, kannski á bilinu 30 þúsund manns, sem eiga ekki aðgang að þessum miðli eins og tryggja þyrfti þeim. Ég lít á það sem forgangsverkefni í sambandi við útbreiðslu Ríkisútvarpsins að ná til þessa stóra hóps og leggja fram áætlun um með hvaða hætti það verði byggt upp. Ég þakka fyrir fyrirspurnina.

Bygging menningarhúsa á landsbyggðinni.

Fsp. SJS, 92. mál. — Þskj. 92.

[13:50]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Fyrirspurn mín er nú gamall kunningi vegna þess að tilefnið gufar aldrei upp. Menn muna að mikið var um dýrðir 7. janúar 1999. Þá var stór dagur. Það dugði ekki minna til en fjórir ráðherrar á blaðamannafundi þegar kynnt voru hin glæstu áform ríkisstjórnarinnar um menningarhús á landsbyggðinni. Ef ég man rétt var yfirskrift átaksins: Til að menning og listir fái blómstrað. Svo mættu þeir þarna, hvort það var í Ráðherrabústaðnum eða hvar sem það var: Björn Bjarnason, þáv. hæstv. menntmrh.; hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson, hvað sem utanrrn. hefur nú með menningarhús á landsbyggðinni að gera; hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og Páll Pétursson, hæstv. félmrh. Maður skyldi ætla að þessi áform væru þar með nokkuð grunnmúruð í stjórnskipuninni þegar allir þessir höfðingjar, meira og minna formenn og forustumenn flokka sinna auk þess að vera ráðherrar viðkomandi málaflokka, mættu þar í einum hóp og kynntu þessi glæstu áform.

Síðan eru, herra forseti, liðin þrjú ár og 10 mánuðir mínus einn dagur. Ríkisstjórnin er sú sama. Enn er samstarf sömu flokka og þarna voru við völd fyrir kosningarnar 1999. Ríkisstjórnin hefur haft þrjú ár og 10 mánuði mínus einn dag, rétt tæplega heilt kjörtímabil, til að láta eitthvað gerast í málunum. En enn er þetta bara í athugun. Þannig standa þau mál.

Að sjálfsögðu voru aðstæður víða mismunandi og mismunandi úrlausnir komu til greina. Sem betur fer voru menn með opinn hug fyrir því að þetta gæti orðið nýbygging á einum stað eða endurgerð gamalla húsa á öðrum, allt er það hið besta mál.

Vel að merkja, herra forseti. Staðirnir sem til greina komu voru af einhverjum undarlegum ástæðum fyrir fram ákveðnir. Nefndir voru til sögunnar Ísafjörður, Sauðárkrókur, Akureyri, Egilsstaðir og Vestmannaeyjar og möguleiki á að þetta risi á fleiri stöðum.

Að minnsta kosti á einum stað, á Akureyri, tóku heimamenn þessum boðskap fagnandi, réttu strax fram höndina og buðu stjórnvöldum samstarf um að byggja menningarhús á Akureyri. Þar eru aðstæður þannig að ljóst er að um nýbyggingu yrði að ræða. Þar vantar sárlega húsnæði fyrir hluta af þeirri þróttmiklu lista- og menningarstarfsemi sem þar þrífst. Þar er gamalt leikhús sem svarar ekki að öllu leyti köllun tímans þó yndislegt sé. Þar vantar og algerlega húsnæði fyrir tónleikahald af þeim gæðum eða stærð sem hér um ræðir.

Maður hefði ætlað að a.m.k. samningur um kostnaðarskiptingu eða aðrir slíkir áfangar væru þegar að baki, ef ekki húsið beinlínis að rísa eða risið, hefðu menn tekið til hendinni. En svo er ekki. Þess vegna, herra forseti, neyðist ég til að spyrja einu sinni enn hér úr ræðustól á Alþingi út í efndir þessa kosningaloforðs síðustu ríkisstjórnar:

Hvað líður efndum fyrirheita ríkisstjórnarinnar frá því fyrir síðustu alþingiskosningar, sem kynnt voru 7. janúar 1999 af fjórum ráðherrum, um að koma upp menningarhúsum á landsbyggðinni?

[13:53]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir fyrirspurnina. Frá því að menntmrh. svaraði síðast fyrirspurn þingmannsins fyrir um ári, m.a. um undirbúning að byggingu menningarhúsa á landsbyggðinni, hafa áform ríkisstjórnarinnar um að taka þátt í að reisa menningarhús utan höfuðborgarsvæðisins þróast með eftirfarandi hætti:

Á Ísafirði er þess óskað að ríkið standi að því með heimamönnum að ljúka við endurgerð Edinborgarhúss, taka þátt í kostnaði við byggingu tónlistarsalar við Tónlistarskólann og að breyta gamla sjúkrahúsinu í safnahús fyrir skjalasafn og listasafn. Ráðuneytið hefur átt í viðræðum við Ísfirðinga um þessi mál og þær viðræður standa yfir.

Á Sauðárkróki hafa menn kosið að ráðast ekki í smíði menningarhúss að svo stöddu heldur eiga samstarf um menningarmál á öðrum forsendum og þá fyrst og fremst á sviði íþrótta- og æskulýðsmála.

Tvær skýrslur um menningarhús á Akureyri liggja fyrir. Sú fyrri var gerð af fulltrúum Akureyrarbæjar og hin síðari af bandarísku ráðgjafarfyrirtæki. Ég hef átt í viðræðum við fulltrúa Akureyrarbæjar um hvaða stefnu eigi að móta í þessum málum en einkum eru tveir kostir til skoðunar nú. Annars vegar að í einu húsi verði salur fyrir tónlistarstarfsemi og hins vegar leikhús og staðsetningin miðuð við hafnarsvæðið í miðbænum. Hinn kosturinn, sem er í raun og veru verið að skoða og er verið að klára skoðun á nú, er að tónlistarhús, fyrirlestrasalur og ráðstefnusalur yrði reistur á háskólalóðinni og nýttist fyrir háskólann sem í því tilfelli gæti fallið frá áætlunum sínum um að byggja tvo 230–250 sæta fyrirlestrasali. Í því tilfelli yrði reist 350 manna leikhús í miðbæ Akureyrar. Tónlistarskóli Akureyrar yrði tengdur tónlistarsalnum. Ekki hafa verið teknar ákvarðanir í þessum efnum en stefnt er að því að niðurstaða fáist fyrir árslok og grundvelli undirbúningsvinnunnar er nánast að verða lokið.

Í viljayfirlýsingu sem fylgir samningnum um samstarf ríkis og 16 sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál, sem gerður var í fyrra, er kveðið á um að á samningstímabilinu verði unnið að þátttöku ríkissjóðs í uppbyggingu fjögurra menningarmiðstöðva á Austurlandi. Í viljayfirlýsingunni er miðað við að fjárframlög ríkissjóðs til þriggja menningarhúsa verði samtals 51 millj. kr. og dreifist á þrjú ár. Fénu á að skipta með eftirfarandi hætti: Kirkju- og menningarmiðstöðin í Fjarðabyggð á Eskifirði, þar sem er aðstaða til tónleika og sýninga, fær 21 millj. kr. Menningarmiðstöðin Skaftfell í Seyðisfirði, sem leggur mesta áherslu á myndlist og sýningar, fær 9 millj. kr. til að ljúka endurbótum á húsinu. Menningarmiðstöðin í Hornafirði, þar sem áhersla er lögð á söfn, handverk, bókmenntir og aðstöðu fyrir fræðimenn, fær 21 millj. kr.

Á fjárlögum yfirstandandi árs var varið 17 millj. kr. til þessa verkefnis. Vonir standa til að hægt verði að tryggja áframhaldandi stuðning við stofnframkvæmdir með hluta af því fé sem koma mun inn fyrir sölu ríkisfyrirtækja.

Í fjárlagafrv. 2003 er gert ráð fyrir að um 9 millj. kr. styrkur verði veittur til að reka þessi þrjú hús. Í fyrrahaust skipaði

menntmrh. starfshóp til að móta tillögur um menningarmiðstöð á Austur-Héraði. Hópurinn lagði fram tillögur í vor og komst að þeirri niðurstöðu að skynsamlegt væri að byggja hús í tengslum við stjórnsýslubyggingu í miðbæ Egilsstaða. Ekki hefur verið tekin formleg afstaða til þessara tillagna en geta má þess að einnig eru uppi hugmyndir einkaaðila um að byggja upp mjög mikla menningaraðstöðu á Eiðum.

Hugmyndir Vestmanneyinga um menningarhús í nýja hrauninu hafa ekki verið þróaðar frekar enn sem komið er en ráðuneytið hefur átt viðræður við nýja bæjarstjórn í Vestmannaeyjum um með hvaða hætti þeir vilji halda á því máli.

Ég hef látið í ljós þá skoðun að forgangsraða eigi byggingu þeirra menningarhúsa sem fjærst liggja höfuðborgarsvæðinu. Brýnt er að hvergi verði ráðist í þessa uppbyggingu nema fyrir liggi allar forsendur, ekki síst um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Þær ákvarðanir liggja hins vegar ekki fyrir enn sem komið er gagnvart þeim stöðum sem um er að ræða. Með örum orðum: Framkvæmdir eru hafnar á Austurlandi og miðað er að því að klára sem fyrst hluta af þeim verkefnum sem þar eru í deiglunni. Það eru að verða komnar mjög sterkar forsendur fyrir því að taka ákvörðun um Akureyrarmálið. Það skiptir mjög miklu máli hvernig það mál er uppbyggt. Það þarf ekki einungis að líta á stofnkostnaðinn við þessi menningarhús heldur ber að líta mjög gaumgæfilega á rekstrarhlið málsins þannig að þeir fjármunir sem fara til liststarfseminnar í þessum húsum nýtist sem best en minni peningar fari í það að reka húsin sjálf. Þessi hugsun hefur verið lögð til grundvallar í síðustu athugunum varðandi menningarhúsið á Akureyri. Ég hygg að við séum að nálgast niðurstöðu í því máli.

[13:58]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Nú er hafin enn ein lotan um þetta umræðuefni, menningarhús á landsbyggðinni, sem fyllti okkur öll af fögnuði fyrir meira en þremur árum þegar málið var tilkynnt hátíðlega.

Mig langar af því tilefni að minna á sal fyrir leikhús og tónleikahald sem reis á Selfossi fyrir áratugum í tengslum við hótelbyggingu sem hefur staðið óinnréttaður síðan. Nú stendur þannig á að ungir fjölbrautaskólanemar eru að æfa þar fyrir söngvakeppni næsta laugardagskvöld. Þarna er ekki hiti og engar innréttingar af neinu tagi. Þar er allt hálfkarað og ég verð að segja að mér þætti mjög mikilvægt ef hæstv. ríkisstjórn sæi sér fært að setja eitthvert framlag í þetta, þó ekki væri nema að koma hita í húsnæðið til að byrja með.

[14:00]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir að koma með þessa fyrirspurn. Það er mjög gott að vekja athygli á þessu núna, einmitt á þessum tíma, því nú fara að verða komin akkúrat fjögur ár síðan sýningin mikla átti sér stað.

Það gladdi mig að heyra hæstv. ráðherra segja frá því sem lýtur að mínu kjördæmi, á Vestfjörðum, þ.e. að viðræður séu í gangi vegna tónlistarsalarins, sjúkrahússins og Edinborgarhússins.

Ég vona að drifið verði í þessu og farið að gera eitthvað í málinu þannig að orðin verði að efndum. Ég reikna með því að eitthvað verði úr þessu fyrir næstu kosningar og er það þá vel.

[14:01]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka að sjálfsögðu svörin. Það er út af fyrir sig þakkarvert að málin hafa verið á einhverri hreyfingu síðan síðast var eftir þessu innt. Ég hef reyndar reglubundið tekið málið upp og fylgt því eftir síðan loforðin voru gefin í aðdraganda kosninganna 1999. Mér sýnist satt best að segja ekkert hafa veitt af að veita stjórnvöldum aðhald og halda þeim við efnið í þessum málum. Það má velta því fyrir sér hvort yngstu menn hefðu náð að lifa að þessi hús risu nema vegna þess að stjórnvöldum er haldið við efnið.

Ég tek undir það að eitt af því sem vakti athygli á sínum tíma voru þeir staðir sem hæstv. ríkisstjórn hafði tekið sér fyrir hendur að ákveða að skyldu fá menningarhús og þá kannski ekki síður þeir staðir sem áttu ekki að fá þau. Á Selfossi háttar einmitt svo til, eins og hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir nefndi, að þar stendur gríðarlega mikið hús, og hefur lengi gert, ónýtt sem gæti orðið glæsilegt menningarhús, tónlistar- og leiklistarsalur. Þar er gryfjusalur með stóru sviði. Það má spyrja: Væri ekki alveg eins ástæða til að hlúa að menningunni þar, í þessu stóra sveitarfélagi Árborg, eins og úti í Vestmannaeyjum, sem að sjálfsögðu er líka gott og gilt?

Ég fagna því að málið er að skýrast á fleiri stöðum, t.d. á Austurlandi þar sem þetta hefur raunar verið fellt inn í fyrirliggjandi samning ríkisins og viðkomandi svæðis um menningarstarfsemi. Það er ein útfærsla af þessu þó það geti út af fyrir sig þýtt að svolítið erfiðara verði að greina í sundur hvað séu efndir á gamla loforðinu og hvað séu eðlileg framlög ríkisins til menningarmála á þessu svæði. En látum það gott heita svo fremi sem þetta verði mönnum raunverulega að liði og nýtist til að styrkja menningarstarf á viðkomandi svæðum.

Varðandi Akureyri þá fagna ég því ef ákvörðun nær þar að liggja fyrir fyrir áramót. Ég tel báða kostina sem hæstv. ráðherra reifaði koma vel til greina en legg aðallega áherslu á að bindandi samningar um þessi verkefni með fjárveitingum liggi fyrir vel fyrir næstu alþingiskosningar. Annars verður hæstv. ríkisstjórn heldur snautleg upplits á fundum er ég hræddur um.

[14:03]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég held að óhjákvæmilegt sé að rifja upp að ákvörðun um menningarhús á landsbyggðinni var frá upphafi tengd sölu ríkiseigna. Eins og við vitum öll þá frestuðust áform ríkisstjórnarinnar um sölu Símans og síðan hefur verið unnið fumlaust að þessum sölumálum. Það hefur komið mjög skýrt fram að menn hafa ekki talið sig þurfa að selja með hraði heldur hafa menn viljað skoða bestu kosti.

Nú virðast vera að opnast möguleikar á að sala ríkiseigna geti fjármagnað þetta verkefni ásamt nokkrum öðrum verkefnum. Þá skiptir miklu máli að öll undirbúningsvinnan hafi farið fram.

Varðandi staðina sem hér hefur verið minnst á liggur fyrir yfirlýsing um þessa staði og því vinn ég sem menntmrh. út frá því. Val staðanna skýrist að hluta af því að menn nálgast málið í ljósi þess að samgöngur hafa batnað mjög mikið og það hafa skapast forsendur fyrir því að byggja upp menningarhús sem þjóna stórum svæðum. Síðan hafa menn farið dálítið misjafnar leiðir eftir því hvaða staðir eiga í hlut. Ég ber þá sérstaklega saman Akureyri annars vegar og hins

vegar Austurland þar sem menn hafa kosið að fara aðrar leiðir.

Selfoss var ekki inni í þessum yfirlýsingum. Hitt er annað mál að Selfyssingar hafa lýst sínu máli mjög vel. Þeir hafa fært sterk rök fyrir því að menningarmiðstöð rísi á Selfossi. Ég lít svo á að ekki beri að rugla því saman við þessa yfirlýsingu. Hún stendur og hana á að framkvæma. En það á að líta á Selfossdæmið sem sérstakt verkefni.

Framhaldsskóli á Snæfellsnesi.

Fsp. JB, 113. mál. — Þskj. 113.

[14:06]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Öflugt menntakerfi sem nær til allra landsmanna er forsenda velferðar og hagvaxtar. Framboð menntunar leggur grunn að samkeppnishæfni atvinnulífs og búsetu á hverjum stað. Það er mikil blóðtaka fyrir hvert byggðarlag að senda allt ungt fólk burt til menntunar frá 16 ára aldri og verður æ erfiðara eftir því sem skólaárið lengist, fjarveran eykst og fjölskyldubönd og rætur í heimahögum slitna. Það reynir mjög á ungt fólk á þessum árum og það er hluti góðra lífskjara að fjölskyldan geti veitt hvatningu og stuðning unglingum sínum í námi. Aukið námsframboð í heimabyggð styrkir sjálfsímynd byggðarinnar og hefur feikileg margfeldisáhrif.

Rannsóknir hafa enn fremur sýnt að menntun hefur áhrif á tekjur fólks síðar á lífsleiðinni. Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands kom fram að einmitt þeim var hættast að lenda í fátæktargildru sem höfðu minnsta menntun. Í nýsamþykktri byggðaáætlun er lögð þung áhersla á að efling menntunar og menntunar í heimabyggð fyrir fólk a.m.k. til 18 ára aldurs sé forsenda fyrir samkeppnishæfri búsetu um allt land. Þessu hafa Snæfellingar líka gert sér grein fyrir og þeir hafa á undanförnum árum sótt eftir því við menntmrn. og stjórnvöld að fá að stofna framhaldsskóla á norðanverðu Snæfellsnesi.

Í ágætu erindi sem bæjarstjóri Grundarfjarðar flutti á fundi Sambands sveitarfélaga í Borgarnesi í sumar segir, með leyfi forseta:

„Rannsóknir sýna að í sveitarfélögum eins og á Snæfellsnesi, sem byggja afkomu sína að langmestu leyti á veiðum og vinnslu sjávarafurða, er menntunarstig almennt lægra en gerist t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Betra aðgengi að menntun mun án efa stuðla að hærra menntunarstigi og skapa enn jákvæðara viðhorf til menntunar.

Fjárfesting felst einnig í því ef unga fólkið fær að eyða uppvaxtar- og mótunarárum í heimabyggð, þá eru ræturnar styrktar og meiri líkur á að það vilji búa á svæðinu á fullorðinsárum."

Síðar segir, með leyfi forseta, í þessari ágætu ræðu Bjargar Ágústsdóttur:

„Snæfellingar eiga þann draum að unga fólkið geti dvalist heima og notið góðrar menntunar, að samfélagið njóti þessa aldurshóps sem virkra þátttakenda, að fjölskyldur og þar með samfélagið allt þurfi ekki að reiða af hendi umtalsverða fjármuni til að kosta unga fólkið til náms og að ungt fólk þurfi ekki að verða af námi sökum fjárskorts."

Herra forseti. Ég hef lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. menntmrh.:

„1. Hvað dvelur ákvörðun um stofnun nýs framhaldsskóla á norðanverðu Snæfellsnesi sem stefnt hefur verið að á undanförnum árum?

2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að veitt verði framlag í fjárlögum næsta árs til stofnunar slíks skóla eins og sveitarstjórnir og íbúar í Snæfellsbæ, Grundarfirði, Helgafellssveit og Stykkishólmi hafa sóst mjög eftir?"

[14:09]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Fyrirspurn hv. þm. hljóðar svo:

„1. Hvað dvelur ákvörðun um stofnun nýs framhaldsskóla á norðanverðu Snæfellsnesi sem stefnt hefur verið að á undanförnum árum?

2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að veitt verði framlag í fjárlögum næsta árs til stofnunar slíks skóla eins og sveitarstjórnir og íbúar í Snæfellsbæ, Grundarfirði, Helgafellssveit og Stykkishólmi hafa sóst mjög eftir?"

Ég þakka hv. þm. fyrir þessa fyrirspurn. Svarið er svohljóðandi:

Undanfarin tvö, þrjú ár hafa farið fram umræður á milli ráðuneytisins og sveitarfélaga á Snæfellsnesi um stofnun og rekstur framhaldsskóla á norðanverðu Snæfellsnesi. Jafnframt var í gangi tilraunaverkefni um fjarkennslu á framhaldsskólastigi í samvinnu Grundfirðinga og menntmrn. Við undirbúning málsins var það skilyrði sett af hálfu ráðuneytisins að skoðaðir yrðu möguleikar á alveg nýju námsfyrirkomulagi og skólum sem byggðu að verulegu leyti á nýrri upplýsingatækni, dreifnámi og fartölvuvæðingu. Ljóst er að svo fámennur skóli sem hér um ræðir mundi eiga í miklum erfiðleikum með að vera með nægilega breitt námsframboð nema með því að vera með mjög fámenna námshópa. Einnig má búast við að erfitt yrði að fá menntaða kennara að skólanum ef hann yrði rekinn með hefðbundnu sniði.

Í vor sem leið lágu fyrir allar upplýsingar og tillögur um stofnun framhaldsskóla Snæfellinga, heimamenn höfðu undirbúið málið vel og það var komið á ákvörðunarstig. Hins vegar hafa málefni framhaldsskóla á landsbyggðinni almennt, sérstaklega málefni verkmenntunar, verið til umfjöllunar í ráðuneytinu að undanförnu. Það er ljóst að einkum smærri framhaldsskólar eiga við talsverða erfiðleika að stríða og samkeppnisstaða þeirra er þröng. Verkmenntun á landsbyggðinni á undir högg að sækja vegna lítillar aðsóknar sem veldur því að námshópar eru mjög litlir og óhagkvæmir.

Við þessar aðstæður ákvað ég við undirbúning fjárlagagerðar að leggja áherslu á að tryggja stöðu starfandi framhaldsskóla einkum hvað varðar verkmenntunina. Af því leiðir að ekki var svigrúm til þess í fjárlagatillögum ráðuneytisins fyrir árið 2003 að stofna framhaldsskóla á Snæfellsnesi. Í framhaldi af framansögðu er ekki gert ráð fyrir stofnun framhaldsskóla á Snæfellsnesi í fjárlagafrv. næsta árs. Sveitarfélögum á Snæfellsnesi var tjáð þessi ákvörðun ráðuneytisins í bréfi, dagsettu 8. júlí sl.

Ég vil að lokum geta þess að í hinum dreifðu byggðum er sennilega ekkert mál eins mikilvægt og framhaldsnám. Sennilega er ekkert byggðamál eins mikilvægt og það að bjóða upp á framhaldsnám í hinum dreifðu byggðum. Það er mjög skiljanlegt að Snæfellingar hafi áhuga á að byggja upp framhaldsskóla. Ég geri fastlega ráð fyrir því að það yrði byggðarlaginu til mikillar uppbyggingar og mjög til framdráttar.

Það er hægt að segja það líka um smærri byggðarlög, t.d. Höfn í Hornafirði þar sem starfræktur er einn minnsti

framhaldsskóli landsins að hann er kjölfestan í því byggðarlagi. Það er líka ljóst að framhaldsskólarnir á Húsavík og á Laugum eru mikilvægar stofnanir fyrir sín héruð og afar margt hefur byggst upp í kringum þessar stofnanir. Hins vegar er afar brýnt, ef farið verður út í stofnun framhaldsskóla á Snæfellsnesi eða, eins og rætt hefur verið um, við utanverðan Eyjafjörð, að forsendur fyrir slíkri starfsemi séu mjög traustar. Það er ekki gott að fara af stað með slíka tilraunastarfsemi ef forsendurnar eru ekki traustar.

Ef við berum þetta saman t.d. við Höfn í Hornafirði þá er þar um að ræða til þess að gera einangrað landsvæði og nemendur leita til skólans í Höfn ekki síst vegna þess að ekki er um aðra valkosti að ræða nema fara þá langar leiðir til þess. Þessu er ekki til að dreifa við utanverðan Eyjafjörð þar sem tveir framhaldsskólar eru í nágrenninu. Engu að síður kunna forsendur fyrir framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð að breytast, þá ekki síst miðað við að jarðgöng tengi Siglufjörð við þetta svæði. Þar er mjög mikilsvert að forsendurnar séu sem traustastar.

Að því er varðar Snæfellsnes þá eru líka valkostir þar fyrir. En þeir eru þó í meiri fjarlægð en fyrir norðan. Það er með öðrum orðum afar eðlilegt og skiljanlegt að íbúar þessara svæða vilji byggja upp framhaldsnám á sínu svæði því það yrði sjálfsagt ein besta byggðaaðgerð sem hægt væri að grípa til. Ég er mjög jákvæður gagnvart þessum hugmyndum. En miðað við fjárlagaramma næsta árs sé ég mér ekki fært að leggja áhersluna á það og hef gert þeim grein fyrir því.

[14:14]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Þetta eru náttúrlega dapurleg tíðindi. Þarna erum við að tala um Hellissand, við erum að tala um Rif, við erum að tala um Ólafsvík, við erum að tala um Grundarfjörð og við erum að tala um Stykkishólm. Við erum að tala um skóla fyrir öll þessi byggðarlög. Það er alveg með eindæmum að þess eigi ekki að sjá stað í fjárlögunum núna að framlög komi til þessa skóla. Á sama tíma talar hæstv. ráðherra um það að menntamál séu eitt mikilvægasta byggðamálið. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Hvers vegna eru þá ekki lagðir peningar í það, bara núll?

Þetta er algerlega óásættanlegt, sérstaklega þegar verið er að tala um forvarnir og annað. Hvar eru mestu gildrurnar fyrir unglingana í dag í sambandi við eiturlyfin, brennivínið og allt það? Það er þegar þeir eru ekki heima hjá sér og eru ekki undir vernd heimilanna. Ég óska eftir því að þetta verði snarlega endurskoðað í fjárlögunum.

[14:15]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að byrja á að fagna því að hæstv. ráðherra sagðist ætla að taka á í sambandi við verkmenntun. Það er svo sannarlega ástæða til þess og hefur verið lengi. Ég vona að hann standi þar við stóru orðin.

Hitt er annað mál að það er ömurlegt að hlusta á hæstv. ráðherra tala um að hann hafi enga penninga til þess að setja í menntamál á landsbyggðinni. Samtímis talar hann um það í ræðunni að menntamálin sé eitthvert mikilvægasta byggðamál sem hægt sé að hugsa sér að leggja peninga í. Hæstv. ráðherra hefur aðgang að miklum peningum vegna sölu ríkiseigna. Ég hlustaði á hann segja það sjálfan, einhvern tíma fyrir ekki löngu síðan, að hann teldi að þeir peningar gætu vel nýst í menntamál ekki síður en samgöngumál á landsbyggðinni. Mér finnst að hann ætti líka að standa við þau orð.

Það er sannarlega ástæða til að menn veki athygli á því sem hæstv. ráðherra hefur sagt í sölum Alþingis.

[14:17]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði áðan að ekkert byggðamál væri jafnmikilvægt og framhaldsnám. Það er sannarlega rétt hjá honum. Það er merkilegt, herra forseti, að eftir að ráðherrann hefur gert grein fyrir þessari mikilvægu staðreynd skuli hann síðan þurfa að greina þingheimi frá því að vegna fjárlagaramma næsta árs sé ekki svigrúm til að aðhafast neitt. Það er dapurlegt vegna þess að þörfin er mikil en líka vegna þess að nú þegar liggja fyrir staðreyndir um hvernig hægt er að bjóða upp á framhaldsnám víða úti um land, vegna hinnar nýju tækni, þeirra möguleika sem eru á fjarkennslu og þeirra möguleika sem skólarnir hafa til samstarfs en höfðu ekki áður.

Hann nefndi skólann á Höfn í Hornafirði sem er á einangruðu svæði. Rétt er það. Sá skóli hefur hins vegar náð að bjóða upp á fjölbreytt nám vegna hinnar nýju tækni. Þeir möguleikar eru sannarlega til staðar og þess verðir að skoða þá við uppbyggingu framhaldsnáms.

[14:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kem hér til að taka undir með hv. fyrirspyrjanda Jóni Bjarnasyni og lýsa í leiðinni vonbrigðum með að hæstv. menntmrh. boði þá niðurstöðu hvað varðar næsta ár að ekkert verði af áformum um að stofna framhaldsskóla á vestanverðu Snæfellsnesi. Ég tel það mjög spennandi og sama gildir um áformin við utanverðan Eyjafjörð.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé alger tímaskekkja, eins og mál hafa þróast í okkar samfélagi, að nemendum gefist ekki almennt kostur á að stunda framhaldsnám frá heimili sínu a.m.k. til 18 ára aldurs. Framhaldsskólar á fleiri svæðum, a.m.k. fyrir tvö fyrstu árin eins og t.d. áform hafa verið um við Eyjafjörðinn, væru stórfellt innlegg í það mál og mikilvægt byggðamál og menntamál hvernig sem á það er litið.

Ég bendi svo á þann möguleika, herra forseti, þó að hæstv. ráðherra telji sig ekki hafa mikla fjármuni, að á þessu þingi verði tekin hin stefnumótandi ákvörðun. Það er hægt að taka stefnumótandi ákvörðun og leggja fram undirbúningsfjárveitingu, merkta undirbúningsfjárveitingu. Þá væri málið a.m.k. í höfn hvað það varðar.

[14:19]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég held að svör hæstv. ráðherra um afgreiðslu þessa máls á Snæfellsnesi hljóti að valda vonbrigðum. Það er líka dapurlegt að þurfa að hlusta á hæstv. ráðherra lýsa því hér yfir, eftir áratuga setu Sjálftstfl. í menntmrn., að hann rói núna lífróður til að bjarga leifunum af verkmenntun í landinu. Það væri þó lofsvert ef tækist að byggja hana upp aftur.

Á Snæfellsnesi er um að ræða, á þessum aldri frá 16 ára til tvítugs, 350–360 ungmenni sem öll verða að fara heiman frá sér til þess að stunda nám. Reyndar er í Stykkishólmi framhaldsdeild fyrir fyrsta ár. Slík framhaldsdeild var í Ólafsvík og hefur verið undanfarin ár fyrir fyrsta árs nemendur í framhaldsskóla en henni var lokað í haust. Þetta er staðreyndin.

Ég skora á hæstv. menntmrh. sem ég hygg að sé, eins og hann lýsti yfir sjálfur, málinu velviljaður, að sýna velvild sína í verki í þessu máli. Það á að vera ríkissjóði alveg að meinalausu að leggja fram byrjunarfjárveitingu til að hefja undirbúning að stofnun þessa skóla.

Ég mun, herra forseti, komi ekki tillaga fram um það af hálfu ráðherrans sjálfs, beita mér fyrir því að lögð verði fram á þinginu við afgreiðslu fjárlaga tillaga um að veitt verði byrjunarfjárveiting til stofnunar framhaldsskóla á Snæfellsnesi. Ég hygg að sú fjárveiting muni ekki ríða baggamuninn fyrir ríkissjóð en hún væri sterk og öflug vísbending til þessa byggðarlags um nýtt átak í menntamálum.

[14:21]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Mér finnst að hv. ræðumenn sem hafa lagt áherslu á þýðingu menntamála fyrir landsbyggðina, eins og sá sem hér stendur hefur gert, hafi farið svolítið fram úr sjálfum sér ef þeir álíta að íslenskt samfélag hafi ekki byggt upp menntun úti á landi. Ekkert samfélag í Evrópu hefur gengið eins langt og íslenska ríkið í að byggja upp menntun úti á landi. Hér eru reknir fámennir skólar við erfiðari aðstæður en nokkurs staðar annars staðar í Evrópu. Við göngum lengra í að flytja menntunina til skjólstæðinga okkar en nokkurt annað samfélag. Við beitum m.a. til þess framhaldsskólum.

Við rekum smáa skóla hér og gerum það af mikum dugnaði. Það er bæði gert af hálfu ríkisins vel og myndarlega og skólarnir standa vel undir þessari miklu ábyrgð. Síðan göngum við lengra en nokkurt annað þjóðfélag í að flytja menntun til dreifbýlisins í gegnum tæknina.

Mér finnst að við ættum, um leið og við leggjum áherslu á hversu mikilvæg menntamálin eru fyrir byggðamálin, að viðurkenna það sem vel hefur verið gert. Ég þykist reyndar vita að allir þeir þingmenn sem hér eru inni og hafa tekið þátt í þessari umræðu meti þetta mikils. Mér heyrðist líka sem þeir væru mér sammála um að ástæða væri til að styrkja stöðu verkmenntunarinnar en staða hennar er veik vegna þess að námshóparnir eru smáir. Vegna þess hve langt við teygjum okkur til að reka smáa skóla verða námshóparnir smáir eðli málsins samkvæmt. Það er forgangsverkefni að koma til móts við þetta. Síðan munum við einnig líta á hitt málið.

Einelti.

Fsp. ÁRJ, 146. mál. — Þskj. 146.

[14:24]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. um stuðning hans við baráttuna gegn einelti.

Eins og menn þekkja af fréttum hefur Stefán Karl Stefánsson leikari barist mikilli og óeigingjarni baráttu gegn einelti og fyrir aðstoð við fórnarlömb þess. Framtak hans hefur vakið verðskuldaða athygli og hann fengið stuðning frá fyrirtækjum. Hann hefur haldið 400 fyrirlestra í skólum endurgjaldslaust og hann fær hundruð tölvupóstsendinga á dag frá þeim sem við þetta búa. Síðastliðinn vetur fékk hann 48 símhringingar með beiðnum um að tala við börn sem voru við dauðans dyr af örvæntingu vegna eineltis. Ég hef sjálf séð skelfileg bréf frá börnum í slíkri aðstöðu sem þau hafa sent Stefáni.

Stefán Karl mun næstkomandi laugardag stofna samtök sem heita Regnbogabörn til að vinna gegn einelti og koma þessu fólki til hjálpar. Hann hefur ekki fengið neinn opinberan fjárstuðning til þeirrar vinnu. Tveir félagar, ungir menn, Sigurður Hólm Gunnarsson og Kristbjörn Björnsson, hafa einnig gert, nánast algerlega á eigin kostnað, mjög átakanlegan og áhrifaríkan heimildarþátt um einelti sem þeir nefna Einelti – helvíti á jörð. Reyndar fengu þeir smástyrk frá Kvikmyndasjóði til gerðarinnar. Einnig hafa þeir haldið úti heimasíðu en þeir hafa ekki fengið neinn frekari fjárstuðning frá hinu opinbera og reyndar verið synjað um fjárstuðning, a.m.k. frá félmrn.

Einelti viðgengst í skólum landsins, á vinnustöðum og víðar í samfélaginu. Þeir sem fyrir því verða eru mjög vanmáttugir, eiga erfitt með að bregðast við því og bera þess oft merki ævilangt. Einstaklingar sem hafa reynslu af þessu böli hafa vakið umræðuna um einelti og hafa hafið þessa baráttu án stuðnings frá hinu opinbera.

Ég minni einnig á rausnarlega gjöf Bents Schevings Thorsteinssonar til rannsókna á einelti við Háskóla Íslands.

En ég vil spyrja hæstv. menntmrh., vegna þess að ekki hefur komið stuðningur til þessarar vinnu allrar frá hinu opinbera:

1. Hyggst ráðherra leggja baráttunni gegn einelti lið með fjárveitingum eða á annan hátt?

2. Hvað er gert nú þegar á vegum ráðuneytisins í baráttunni gegn einelti og til að aðstoða þá sem hafa orðið fyrir því?

[14:26]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Einelti er viðkvæmt og erfitt vandamál við að glíma. Stefnumótun í eineltismálum þarf að tengjast heildarumhverfi skólans og hafa að markmiði að tryggja jákvætt skólaumhverfi þar sem vitað er að ofbeldi, svo sem einelti, er ekki liðið, boðleiðir eru skýrar og brugðist er við vandanum. Ég vil því þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu máli. Ég mun hér á eftir gera grein fyrir því með hvaða hætti menntmrn. hefur fylgt eftir umræðunni um einelti og gripið til ráðstafana.

Fyrir það fyrsta snertir þetta ákvæði í skólastefnu og aðalnámskrá grunnskóla. Foreldrar og forráðamenn skipta ævinlega meginmáli sem fyrirmynd í uppeldi barna og ungmenna. Undir það sjónarmið er tekið í nýrri aðalnámskrá grunnskóla sem tók gildi 1999. En ábyrgð skólans er einnig skýr eins og hún birtist í skólastefnunni og aðalnámskrá grunnskóla. Skólinn er vinnustaður barnanna og þar verja börnin drjúgum tíma dagsins samvistum hvert við annað, við leik og störf ásamt kennurum, skólastjórnendum og öðru starfsfólki skólans.

Í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla er sérstakur kafli helgaður velferð nemenda. Þar er m.a. undirstrikað mikilvægi samábyrgðar, samstarfs skólasamfélagsins og að kennarar, skólastjórnendur og aðrir starfsmenn skólans, jafnt sem foreldrar, þurfi að gera sér grein fyrir ábyrgð sinni sem fyrirmynda. Ítekað er mikilvægi umsjónarkennarans en hann er öðrum fremur tengiliður skólans við heimilin og fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska. Skólanum ber að setja skólareglur sem varða allt skólasamfélagið en setning þeirra er á ábyrgð skólastjóra.

Með gildistöku aðalnámskrár grunnskóla varð námsgreinin lífsleikni skylduámsgrein í 4.–10. bekk grunnskóla. Áherslur í lífsleikni undirstrika þá staðreynd að skólinn er

Sem svar við annarri spurningu: Af svari mínu við fyrstu spurningu leiðir að eini möguleiki Íslands til þess að fá undanþágu frá öðrum köflum tilskipunarinnar en þeim er varða vinnslu er að sýna fram á að það sé verulegum vandkvæðum bundið að láta þessar reglur tilskipunarinnar koma til framkvæmda. Sönnunarbyrðin í þeim efnum gagnvart Eftirlitsstofnun EFTA hvílir á Íslandi og eru gerðar mjög ríkar sönnunarkröfur þar sem um undanþágur frá grundvallarreglum er að ræða. Þá verður að undirstrika að svigrúm Eftirlitsstofnunarinnar til að heimila frávik takmarkast ávallt af því svigrúmi sem samningurinn sjálfur veitir.

Ég átti nýlega fund í Brussel með fulltrúum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og fulltrúum frá ESA þar sem framangreindur skilningur var staðfestur. Á þessum fundi kom fram að eina ríkið sem fengið hefur undanþágu frá þessum ákvæðum tilskipunarinnar er Lúxemborg. Lýtur undanþágan eingöngu að kröfum tilskipunarinnar um aðskilnað milli flutnings og dreifingar og byggist á því að flutningskerfi Lúxemborgar er eingöngu 12 km langt. Jafnframt kom fram að þessir fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar töldu útilokað að Malta gæti fengið undanþágu frá ákvæðum tilskipunarinnar um vinnslu raforku.

Sem svar við þriðju spurningu: Vanræksla á að innleiða efni tilskipunar sem felld hefur verið inn í EES-samninginn er brot á þeim samningi. Afleiðingar slíkra brota geta verið ýmsar. ESA mun hefja formlega málsmeðferð í þeim tilgangi að knýja ríkið til að efna þessar samningsskuldbindingar og getur það mál endað fyrir EFTA-dómstólnum. Ísland hefur þegar fengið áminningu frá ESA um að frestur til að innleiða tilskipunina sé liðinn. Geti einstaklingur eða lögaðili sýnt fram á það fyrir íslenskum dómstólum að vanræksla hafi bakað honum tjón getur íslenska ríkið orðið skaðabótaskylt að öðrum bótaskilyrðum fullnægðum.

[14:58]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Vanræksla er brot á EES-samningnum, sagði hæstv. ráðherra áðan. Í dag er 6. nóvember árið 2002 og frv. til nýrra raforkulaga sem byggir þá á upptöku tilskipunarinnar sem hér um ræðir liggur ekki enn fyrir hinu háa Alþingi.

Herra forseti. Það væri fróðlegt fyrir þingheim og væri til upplýsingar fyrir þá umræðu sem hér fer fram ef okkur væri gerð grein fyrir því af hverju frv. hefur ekki komið fram og af hverju það hefur ekki þegar verið tekið til umræðu. Það er auðvitað mjög mikilvægt að þingheimur fái tækifæri til að takast á við þau nýmæli sem þar eru. Frv. hefur reyndar verið kynnt og það hefur komið fram áður en einhverra hluta vegna er tregða á því að það komist hér sem þinggagn til umfjöllunar. Herra forseti. Það skyldi þó ekki vera vegna þess að bæði hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og hv. þm. Björn Bjarnason hafa opinberlega gagnrýnt það með hvaða hætti þetta frv. varð til?

[14:59]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Það kom fram hjá hæstv. iðnrh. að það væri álíka skilningur úti í Brussel og hér heima á því hvernig tilskipunin ætti að vera. Mér heyrist þó á hæstv. ráðherra að hún sé kannski að gera þetta gegn sannfæringu sinni vegna tilskipunarinnar, og þá spyr ég: Af hverju er ekki hreinlega sótt um undanþágu og keyrt á það mál í staðinn fyrir að velta fyrir sér gagnkvæmum skilningi á tilskipuninni? Við höfum ekki látið reyna á það og það er hægt að sækja um og keyra það mál úti í Brussel. Af hverju er það ekki gert?

[15:00]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þau eru um margt athyglisverð. Hér er upplýst, sem ég vissi a.m.k. ekki fyrir, að það hafi verið formleg ríkisstjórnarákvörðun og þar með hafi báðir stjórnarflokkarnir staðið á bak við það á sínum tíma, að reyna ekki að fá undanþágu heldur skuli stefnt að því að fella efni tilskipunarinnar inn í EES-samninginn. Þar með fór af stað það ferli sem síðan hefur haldið áfram.

Hér kemur auðvitað upp spurningin um orðalag og túlkun, hvað teljast „veruleg vandkvæði" og spurningin er um hvaða hugur fylgir máli af hálfu þeirra sem reka erindin. Lýsing hæstv. ráðherra verkaði á mig eins og að menn hefðu ósköp auðmjúkir farið til Brussel með sendinefnd, á fyrri árum og einnig síðar, og numið erkibiskups boðskap um hver væri skilningur Evrópusambandsins á þessu, hvað væri líklegt og ekki líklegt að menn fengju. Þar við er látið sitja á sama tíma og aðrar þjóðir eru í hörkusamningaviðræðum um að fá undanþágur. Miðað við upplýsingar sem ég hef tiltölulega nýlegar frá Evrópusambandinu og einstökum aðildarríkjum þá eru a.m.k. þrjú ríki í umsóknarhópnum, Malta, Kýpur og Eistland, að reyna að sækja sér meiri og minni undanþágur frá þessari tilskipun og alls ekki talið ólíklegt miðað við mínar heimildir að þau fengju þær, a.m.k. að einhverju leyti.

Varðandi undanþágu frá öðru en vinnslunni, sem er mögulegt samkvæmt því sem hæstv. ráðherra segir, munar náttúrlega um minna en það ef undanþága fengist frá kröfunni um að aðskilja framleiðslu og dreifingu. Það munar náttúrlega um minna en það við þær aðstæður sem eru hér á Íslandi þar sem orkufyrirtækin eru eiginlega í öllum tilvikum með þetta samþætt.

Mér finnst, herra forseti, að síðustu, að sá vandræðagangur sem hefur einkennt framgöngu ríkisstjórnarinnar í þessu og sú staðreynd að ekkert frv. er enn fram komið mörgum mánuðum eftir að við áttum að hafa fullgilt innleiðingu tilskipunarinnar, segi náttúrlega sína sögu.

[15:03]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það má alveg tala um vandræðagang en raunin er sú, eins og allir vita, að þessi tilskipun hefur ekki verið innleidd. Það átti að vera búið í sumar. Ég held að mikilvægt sé að hv. þingmenn átti sig á aðalatriði málsins, þ.e. að það er ekki hægt að fá undanþágu frá þessari tilskipun hvað varðar vinnsluna. Við höfum samþykkt það á hv. Alþingi að tilskipunin sé hluti af EES-samningnum. Ísland fékk það hins vegar viðurkennt að vera einangrað ríki og fá stöðu eins og Lúxemborg. Ísland þyrfti hins vegar að sýna fram á að það væri verulegum vandkvæðum bundið að innleiða tilskipunina ef það ætti að vera einhver möguleiki á að fá undanþágu frá einhverjum hluta tilskipunarinnar.

Orkustofnun hefur gefið svar um að það sé ekki verulegum vandkvæðum bundið að innleiða þessa tilskipun. Ég er algerlega sammála því. Hv. þm. hafa bara ekki kynnt sér málið nægilega vel ef þeir halda öðru fram. Með því að innleiða þessa tilskipun erum við að tala um gegnsætt kerfi. Hver veit í dag hvernig raforkuverð verður til? Það veit ekki nokkur maður. Með því að innleiða þessa tilskipun erum við að búa til gegnsætt kerfi þar sem neytandinn veit meira um

hvernig rafmagnsverð verður til. Það skiptir kannski ekki litlu máli.

Það er ekkert launungarmál að ýmsir hafa beitt sér gegn þessu máli hér á hv. Alþingi og einnig fyrirtæki í þjóðfélaginu. Ég tel að þar á bak við séu ýmsar ástæður en engu að síður lifi ég í þeirri von að það styttist í, eins og ég hef stundum sagt áður, að frv. líti dagsins ljós öllum Íslendingum til hagsbóta.

Orkuverð á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða.

Fsp. ÁSJ, 160. mál. — Þskj. 160.

[15:05]

Fyrirspyrjandi (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Á síðasta þingi var gengið frá heimildum fyrir ríkið til að kaupa hlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lögðumst gegn þessum kaupum og vildum að sveitarfélögin fyrir vestan gætu áfram rekið orkufyrirtæki sitt af myndarskap. Ég tel mikilvægt að fylgjast með framvindu mála hvað varðar orkubúið og afhendingu orku á Vestfjörðum í framhaldi af þessum gjörningi. Ég mun fylgjast með því með fyrirspurnum til ráðherra í framtíðinni. Ég vil fá að vita hvernig þróunin verður.

Orkubú Vestfjarða bjó við að framleiða 40% af eigin orku og hafði því töluvert lægri taxta en t.d. viðmiðunartaxtar Rariks. Þess vegna, virðulegi forseti, vil ég beina eftirfarandi spurningum til hæstv. iðnrh.:

Hver hefur þróun gjaldtaxta verið frá því að ríkið tók við rekstri Orkubús Vestfjarða:

a. taxta einstaklinga,

b. taxta iðnfyrirtækja?

Og í öðru lagi spyr ég um það sem e.t.v. er enn þá mikilvægara að fá hugmyndir um:

Hvaða áætlanir eða áform eru uppi hjá Orkubúi Vestfjarða um þróun gjaldskrár á þessu ári og næstu tveimur árum, þ.e. 2002–2004? Þar vil ég líka fá áform um gjaldskrárbreytingar vegna:

a. gjaldskrár einstaklinga,

b. gjaldskrár iðnfyrirtækja.

[15:07]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson hefur lagt fram fyrirspurn til mín og fyrsta spurningin er þessi:

„Hver hefur þróun gjaldtaxta verið frá því að ríkið tók við rekstri Orkubús Vestfjarða:

a. taxta einstaklinga,

b. taxta iðnfyrirtækja?“

Orkubú Vestfjarða varð að hlutafélagi 1. júlí 2001 og í apríl 2002 var fyrirtækið að fullu komið í eigu íslenska ríkisins. Orkubú Vestfjarða hf. er sjálfstætt fyrirtæki og yfir því er stjórn sem eigandi þess kaus á aðalfundi 3. maí sl. Gjaldskrár Orkubús Vestfjarða hækkuðu um 4,9% frá 1. júlí 2001 og um 3% frá 1. ágúst sl. Þessar hækkanir eru ívið minni en almennar verðlagshækkanir og hliðstæðar hækkanir annarra orkufyrirtækja. Hækkanir þessar náðu jafnt til heimila og fyrirtækja.

Og önnur spurningin er:

„Hvaða áætlanir eða áform eru uppi hjá Orkubúi Vestfjarða um þróun gjaldskrár á þessu ári og næstu tveimur árum, 2002–2004:

a. gjaldskrár einstaklinga,

b. gjaldskrár iðnfyrirtækja?“

Ekki eru uppi áform um hækkun gjaldskráa Orkubús Vestfjarða umfram verðlagshækkanir á næstu árum en það er á valdi stjórnar fyrirtækisins að taka slíkar ákvarðanir.

[15:08]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að heyra frá hæstv. ráðherra að alls ekki séu uppi áform um að hækka raforkuverð hjá Orkubúi Vestfjarða umfram það sem eðlilegt má teljast. Það er vel. Ég minni á að þó að ríkið sé búið að kaupa Orkubú Vestfjarða á það ekki að breyta neinu um hvernig fyrirtækið er rekið eða staðsett, raunar enn síður. Ef ríkið er eini eigandinn að fyrirtækinu þá eru miklu hægari heimatökin með staðsetninguna og starfsemina.

Ég vil taka það fram við þessa umræðu, herra forseti, að ég vona að ekki verði dregið úr starfsemi orkubúsins á einn eða annan hátt þótt ríkið sé orðið eigandi þess, enda er ábyrgðin meiri þar.

[15:10]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi hækkun sem hæstv. ráðherra tekur til, 4,9% almenn hækkun á alla, jafnt á alla. Ég hefði viljað fá að heyra hverjir voru taxtar til orkufrekra iðnfyrirtækja og einstaklinga fyrir og eftir þá eignabreytingu sem varð þarna til að menn sjái það svart á hvítu. Við erum í heildina að tala um um 8–10% hækkun á rafmagninu. Það er vert að gera sér grein fyrir því að Orkubú Vestfjarða var með lægri taxta til bæði einstaklinga og fyrirtækja en almennt gerðist þannig að í raun rann arður fyrirtækisins af góðum rekstri þess beint til einstaklinganna og atvinnulífsins. En með eignabreytingunni er hægt að innheimta arðinn beint til eigandanna. Þarna varð á grundvallarformbreyting.

Ég ítreka það, herra forseti, að ég hefði heldur viljað fá að heyra beinharða taxtana í krónum talið sem hér er um að ræða.

[15:11]

Fyrirspyrjandi (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þær upplýsingar sem fram hafa komið um þessa 7,9% hækkun frá breytingunni. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort skilja beri ráðherrann svo, þegar hún segir að ekki séu áform um hækkun á næstu árum, að Orkubú Vestfjarða verði næstu ár rekið sem sérstakt fyrirtæki, þ.e. Orkubú Vestfjarða, en ekki sameinað öðrum fyrirtækjum eins og hefur komið fram í umræðunni undanfarið. Þá er verið að tala um sameiningu við Rarik eða jafnvel Rarik og Norðurorku. Það væri nauðsynlegt að fá upplýsingar um það hjá hæstv. ráðherra hvort skilja beri þessi ummæli þannig að það sé stefnubreyting hvað þetta varðar og Vestfirðingar megi búast við að halda Orkubúi Vestfjarða þó að það sé eign ríkisins eftir þessar breytingar.

[15:12]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég get ekki þulið hér taxta. Ég verð að segja það eins og er. Mér þykir það leitt en ég kann þá ekki utan að.

Varðandi arðinn þá er það almennt svo að hann gengur til eigendanna hvort sem það er í þessu fyrirtæki eða öðrum. Þegar hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson spyr hvort tekin hafi

loforð um 177 millj. kr. þann 15. okt. sl. Samtals hefur stofnunin því ráðstafað um 700 millj. kr. til eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni.

Á gildistímabili áætlunarinnar fyrir árin 1999–2001 námu heildarframlög ríkissjóðs til eignarhaldsfélaga með þátttöku Byggðastofnunar 900 millj. kr. Þegar tekið hefur verið tillit til þess að stofnunin hafði þann 15. október sl. ráðstafað 700 millj. kr. þá er 200 millj. kr. enn óráðstafað.

Skilyrði fyrir framlagi Byggðastofnunar til einstakra félaga er að félögin nái að safna framlögum í heimahéraði frá sveitarfélögum, lífeyrissjóðum, fyrirtækjum og einstaklingum. Eignaraðild Byggðastofnunar má ekki verða meiri en 40% í hverju félagi fyrir sig. Misvel hefur gengið að safna mótframlaginu. Það skýrir það að enn sem komið er hefur stofnunin ekki ráðstafað öllu því fé sem hún fékk á árunum 1999–2001 til eignarhaldsfélaga. Árið 1999 greiddi Byggðastofnun 172 millj. og 381 þús. kr. til fimm eignarhaldsfélaga, tvö félög voru á Reykjanesi, eitt á Austurlandi, eitt á Vesturlandi og eitt á Norðurlandi. Árið 2000 greiddi Byggðastofnun 98 millj. og 478 þús. kr. til sex eignarhaldsfélaga. Eitt þeirra var á Suðurlandi, eitt á Reykjanesi, eitt á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Árið 2001 greiddi Byggðastofnun 120 millj. og 791 þús. kr. til þriggja eignarhaldsfélaga sem eru á Reykjanesi, Norðurlandi og Suðurlandi. Árið 2002 greiddi Byggðastofnun 141 millj. og 436 þús. kr. til fjögurra eignarhaldsfélaga. Tvö þeirra voru á Suðurlandi en eitt á Reykjanesi og eitt á Norðurlandi.

Annar liður fyrirspurnarinnar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hver er ástæða þess að hætt er að veita þessi framlög?“

Svar: Samkvæmt upplýsingum Byggðastofnunar eru enn til ráðstöfunar 200 millj. kr. til eignarhaldsfélaga. Þessum fjármunum verður varið til eignarhaldsfélaga í samræmi við reglur stofnunarinnar. Í fjárlögum ársins 2002 var gert ráð fyrr að verja 200 millj. kr. til Byggðastofnunar vegna eignarhaldsfélaga. Á fundi ríkisstjórnarinnar í sumar var tekin ákvörðun um að leggja til við Alþingi að þessum fjármunum yrði frekar varið til þess að framkvæma byggðaáætlun 2002–2005 sem Alþingi samþykkti sl. vor. Tillögur þar að lútandi er að finna í frv. til fjárlaga sem nú liggur frammi á Alþingi.

[15:34]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Það sem hæstv. iðnrh. er að segja er að hann hyggist taka fjármagn frá einum þætti byggðaaðgerðanna, eignarhaldsfélögunum, og færa til annarra þátta byggðaáætlunar. Það er ekkert nýtt fé að koma inn. Þetta er bara tilfærsla. Þessu fé var varið til eignarhaldsfélaganna og það sýnir sig að allt of harðar kröfur voru gerðar um mótframlög og arðsemi. Hvers vegna voru þessar kröfur ekki endurskoðaðar þannig að þetta fyrirkomulag virkaði? Þetta gaf í sjálfu sér möguleika til að fá þarna eigið fé inn. Hvers vegna voru ekki kröfurnar endurskoðaðar þannig að þetta virkaði?

Atvinnuþróunarfélögin líða líka fjárskort og hafa ekki fengið að halda fjármagni sínu miðað við það sem var fyrir nokkrum árum og verðgildi þess þá. Hvers vegna er ekki stóraukið fjármagn til atvinnuþróunarfélaganna? Það hefur sýnt sig að þau gegna lykilhlutverki í þróunarstarfi og uppbyggingu í sveitarfélögunum. Sveitarfélögin koma sum saman og taka á. Hvers vegna er þessi slyttingsháttur við að framfylgja byggðaáætlun?

[15:35]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka þessa fyrirspurn og svör ráðherra. Það kemur fram hjá ráðherra að til eru 200 millj. til þess að verja til eignarhaldsfélaga. Það gleður mig svo sannarlega vegna þess að eignarhaldsfélög á landsbyggðinni, sérstaklega á Suðurlandi, Reykjanesi og reyndar víðar, hafa staðið sig afar vel hvað þetta varðar. Starfsemi þeirra skiptir gríðarlega miklu máli fyrir héruð og byggðarlög. Á nákvæmlega sama hátt eru atvinnuþróunarsjóðirnir sterkir og skipta þessi byggðarlög og önnur miklu máli.

Það skiptir líka miklu máli fyrir þá sem eru að hefja atvinnurekstur að geta leitað til stofnana og sjóða eins og þessara. Ég veit um mjög mörg dæmi þess að menn hafa komið, t.d. í Atvinnuþróunarsjóð Suðurlands og fengið aðstoð þar við að byggja upp rekstrarplön og þess háttar. Ég hvet eindregið til þess að það verði passað upp á að þessum sjóðum og þessari starfsemi verði áfram haldið úti. Ég gleðst yfir að vita af þessum 200 millj. sem byggðamálaráðherra hefur til skiptanna.

[15:36]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka svör ráðherrans og þátttöku þingmanna í umræðunni. Ég tek undir orð síðasta hv. ræðumanns, Ísólfs Gylfa Pálmasonar. Þetta eru afskaplega mikilvægar stofnanir sem hafa gegnt miklu hlutverki. Sama segir hv. þm. Jón Bjarnason sem gerir sér góða grein fyrir því hversu öflug slík félög geta verið þar sem þau hafa náð að virka. Það er staðreynd að þar sem þetta hefur ekki náð að virka er um það að ræða að sveitarfélögin hafa ekki talið sig hafa burði til að mæta framlögum Byggðastofnunar. Það er vandamálið.

Sama má segja um atvinnureksturinn sem átti að leggja 20%, sem hefur heldur ekki getað séð af þeim peningum, því er verr og miður. Það hefur einnig tekið tíma að gera sveitarfélögunum grein fyrir því hve mikilvægt þetta er og kynna þeim hvað er þarna í rauninni í húfi. Þess vegna hafa þeir peningar sem ætlaðir voru í eignarhaldsfélögin ekki komist til skila eins og til var ætlast. Ég geri ráð fyrir því að þær 200 millj. sem eftir á að ráðstafa bíði eftir þeim eignarhaldsfélögum sem ekki hafa fengið sinn hlut. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort það komi til greina að önnur eignarhaldsfélög sem geta komið með framlag á móti mundu fá hlut í þessum 200 millj.

Ég tek undir hvatningarorð annarra til hæstv. ráðherra um að standa vörð um eignarhaldsfélögin, að hún haldi áfram að leggja til fjármuni í eignarhaldsfélögin til að hægt sé að byggja upp atvinnulífið úti á landi. Það þarf á því að halda. Það eru ýmsar blikur á lofti og engir betri til að taka á því en heimamenn sjálfir.

[15:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég er ánægð að heyra að hv. þingmönnum finnst að eignarhaldsfélögin hafi verið til hagsbóta fyrir landsbyggðina. Til þess var leikurinn vitanlega gerður. Því er hins vegar ekki að neita að það hefur verið nokkuð mismunandi milli landshluta. Sums staðar hefur verið erfitt að fá mótframlag og þar hafa þessir fjármunir því miður ekki komið að eins miklu gagni og ella. Þetta var alltaf hugsað sem tímabundin aðgerð, þessi eignarhaldsfélagaaðferð. Þess vegna verður henni ekki fram haldið. Það er ekki gert ráð fyrir fjármunum til eignarhaldsfélaga í næstu fjárlögum eins og hv. þingmenn hafa eflaust séð í fjárlagafrv.

Hins vegar er ákveðið að verja fjármagni til nýsköpunar á landsbyggðinni, þ.e. samtals 1 milljarði kr. á því tímabili sem byggðaáætlunin ríkir. Það held ég að sé líka mikilvægt mál og ég vona að það komi ekki að minna gagni en fjármagnið sem veitt hefur verið til eignarhaldsfélaganna.

Nú er það þannig með Byggðastofnun, sem hefur þetta fjármagn til ráðstöfunar, að hún lýtur sinni stjórn. Það er ekki þannig að Byggðastofnun sé stjórnað úr iðnrn. Henni er að sjálfsögðu stjórnað af stjórn stofnunarinnar og þar verður tekin ákvörðun um hvernig þeim 200 millj. verður varið sem enn er óráðstafað. Ég tel mjög eðlilegt og sjálfsagt að þeir fjármunir fari til eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni, svo fremi sem mótframlag fæst.

[15:40]

Útbýting þingskjala:

Menningartengd ferðaþjónusta, 176. mál, svar samgrh., þskj. 343.

Stuðningur við frjáls félagasamtök, 87. mál, svar iðnrh., þskj. 265.

Leyniþjónusta.

Fsp. ÖJ, 136. mál. — Þskj. 136.

[15:41]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur gefið undir fótinn hugmyndum um að komið verði á fót leyniþjónustu á Íslandi. Starfsmenn dómsmrn. hafa endurómað þessi viðhorf, t.d. á fundi Varðbergs í september sl. og æðstu stjórnendur lögreglunnar hafa einnig látið líklega.

Eins og oft áður er vísað til þess að margar aðrar þjóðir hafi leyniþjónustur og þess vegna þurfi Íslendingar líka að hafa leyniþjónustu. Herra forseti. Það er mikilvægt að Alþingi verði upplýst um áform stjórnvalda í þessu efni. Þess vegna vek ég máls á þessu.

Fram til þessa hefur lögreglan staðið vörð um öryggi okkar og er mjög vandséð hvers vegna við ættum að færa löggæslu yfir í sérstaka öryggisstofnun eða leyniþjónustu. Lögreglan sinnir ákveðnu eftirliti með glæpamönnum og það er á allra vitorði að símar sumra þeirra hafa verið hleraðir en jafnan með dómsúrskurði. Ég hef ekki heyrt það gagnrýnt af nokkrum manni að reynt sé að hafa uppi á glæpamönnum, þá sérstaklega fíkniefnasölum, með þessum hætti. Þetta er og á að vera á verksviði lögreglunnar.

Öðru gegnir þegar stjórnmálaskoðanir fólks eru annars vegar. Í tengslum við komu forseta Kína sl. sumar urðum við vitni að mannréttindabrotum sem talin eru eiga rætur sínar í kínversku leyniþjónustunni. Þá sýndu íslensk stjórnvöld því miður hversu veiklunduð þau eru gagnvart erlendum valdstjórnarmönnum.

Þegar Kínaforseti kom hingað til lands krafðist hann þess að hann þyrfti aldrei að berja augum neina sem vildu mótmæla stjórnarháttum hans heima fyrir. Allir muna hvað gerðist. Fólki sem ætlaði að hafa í frammi mótmæli var meinað að koma til landsins, á annað hundrað manns. Um tíma var barnaskóli í Njarðvíkum gerður að fangabúðum. Þetta er öllum í fersku minni.

Þess eru dæmi, víða í kringum okkur, að leyniþjónustum hefur verið misbeitt gegn fólki sem hefur stjórnmálaskoðanir sem ekki eru valdhöfum þóknanlegar. Ekki fyrir svo ýkja löngu var upplýst um símhleranir í Noregi þar sem símar friðarsinna höfðu verið hleraðir svo dæmi sé tekið. Fyrirspurn mín til hæstv. dómsmrh. er eftirfarandi:

„Eru uppi einhver áform um að koma á fót leyniþjónustu innan embættis ríkislögreglustjóra til að sinna verkefnum sem eru talin varða öryggi ríkisins? Ef svo er, hvers konar upplýsingum er þá ætlunin að safna og hvaða reglur mundu gilda um þessa starfsemi?“

[15:44]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á að taka fram að ég tel ekki ástæðu til að nota orðið leyniþjónustu um þá löggæslustarfsemi sem hv. fyrirspyrjandi vísar til. Það liggur fyrir að lög kveða á um að lögreglan hafi eftirlit með ýmsum þáttum sem snúa að innra öryggi ríkisins. Rökstuðningur hv. fyrirspyrjanda vekur líka nokkra undrun mína. Þar eru fullyrðingar sem ég vísa á bug.

Þetta mál, eins og það hefur verið rætt, snýr að því að treysta betur réttaröryggi almennings og efla eftirlit með þessari starfsemi lögreglunnar. Skal ég nú skýra þetta mál frekar.

Samkvæmt 1. gr. lögreglulaga er það hlutverk lögreglu að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi. Nánari útlistun á því hvernig lögreglan sinnir þessum og öðrum verkefnum er síðan að finna í lögreglulögunum.

Í 5. gr. laganna segir að meðal sérstakra verkefna ríkislögreglustjóra sé að starfrækja lögregluranns óknardeild sem rannsaki landráð og brot gegn stjórnskipun ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess. Í samræmi við ákvæði laga hefur lögreglan á liðnum árum sinnt þessu verkefni og starfrækir ríkislögreglustjóri m.a. deild af þessu tagi. Verkefni deildarinnar er að rannsaka brot gegn stjórnskipun ríkisins og æðstu stjórnvöldum og sinna eftirgrennslan og áhættugreiningu.

Ég vakti máls á því fyrir nokkru að æskilegt væri að skoða ofan í kjölinn hvort ekki væri rétt að setja sérstaka löggjöf um þessa starfsemi sem sumir hafa kosið að kalla leyniþjónustustarfsemi — ég notaði reyndar ekki það orð. Ástæðan fyrir því er ekki sú að heimildir skortir til að sinna þessu verkefni. Þær eru eins og ég rakti skýrar og ótvíræðar. Ástæðan er mun frekar sú að skýrari ramma skortir í löggjöfina utan um þessa starfsemi, þ.e. nánari útlistun á í hverju hún eigi að felast o.s.frv. og ekki síður hvernig haga skuli eftirliti með þessari starfsemi.

Í Danmörku og Noregi er þessum málum komið fyrir með sama hætti og hér en þó þannig að fjallað er um þetta verkefni lögreglunnar í sérstakri löggjöf. Þar er m.a. kveðið á um að eftirlit með þessari starfsemi sé á hendi sérstakrar þingnefndar. Mér finnst slíkt fyrirkomulag áhugaverður kostur. Þessi starfsemi lögreglunnar er að sumu leyti frábrugðin hefðbundinni lögreglustarfsemi sem gjarnan gengur út á rannsóknir á afbrotum. Þessi starfsemi miðar meira að því að kortleggja hvort almenningi og stjórnvöldum stafi hætta af aðgerðum og áætlunum sem beinast beint gegn ríkisvaldinu og æðstu stjórnvöldum þess, þar á meðal Alþingi.

Á undanförnum árum hefur sjónum einkum verið beint að hryðjuverkum í þessu sambandi. Þar sem mikilvægt er að almenningur beri traust til starfsemi af þessum toga þarf að hafa virkt og traust eftirlit með henni. Starfsemin er eins og liggur í hlutarins eðli einnig gríðarlega viðkvæm. Því verður

skal ekki um það segja hvort hún verður nýtt eða einhver önnur leið farin. Það sem mér finnst þó mikilvægast og vil undirstrika hér er að þessi heimild er komin í fjárlagafrv. Ég vonast því til þess að geta byrjað byggingu á þessu fangelsi fljótlega á næsta ári. Hún kostar auðvitað mikið fé og þess vegna þótti mönnum rétt að hafa þennan háttinn á, að koma með heimildina fram í fjárlagafrv.

Út af dagskrá voru tekin 11.–13. mál.

Fundi slitið kl. 16:05.

---

25. FUNDUR

fimmtudaginn 7. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Skýrsla umboðsmanns Alþingis 2001.
2. Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 2001.
3. Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, þáltill., 18. mál, þskj. 18. — Frh. fyrri umr.
4. Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, þáltill., 34. mál, þskj. 34. — Fyrri umr.
5. Rannsóknir á þorskeldi, þáltill., 35. mál, þskj. 35. — Fyrri umr.
6. Meðferð einkamála, frv., 36. mál, þskj. 36. — 1. umr.
7. Greiðsla ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, frv., 37. mál, þskj. 37. — 1. umr.
8. Endurreisn íslensks skipaiðnaðar, þáltill., 38. mál, þskj. 38. — Fyrri umr.
9. Efling félagslegs forvarnastarfs, þáltill., 40. mál, þskj. 40. — Fyrri umr.
10. Gjald af áfengi og tóbaki, frv., 41. mál, þskj. 41. — 1. umr.
11. Virðisaukaskattur af barnafatnaði, þáltill., 311. mál, þskj. 336. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.

Tilkynning um dagskrá.

[10:30]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti vill láta þess getið að í dag eru tvær umræður utan dagskrár. Hin fyrri er kl. hálftvö, að loknu hádegishléi, um verðmætaaukningu sjávarfangs. Málshefjandi er hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson. Hæstv. sjútvrh. Árni M. Mathiesen verður til andsvara.

Hin síðari hefst kl. tvö og er um afdrif listaverka í Landsbanka og Búnaðarbaka. Málshefjandi er hv. þm. Ögmundur Jónasson. Hæstv. viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir verður til andsvara.

Athugasemdir um störf þingsins.

Norðlingaölduveita og Þjórsárver.

[10:31]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til þess að beina spurningum til hæstv. iðnrh. sem tengjast Norðlingaölduveitu og Þjórsárverum.

Eins og menn vita hefur staðið mikill styr um Norðlingaölduveitu vegna þess að talið er að með því að ráðast í hana verði laskað friðland í Þjórsárverum sem talið er frá náttúrufarslegu sjónarmiði ákaflega mikilvægt og raunar líffræðileg perla.

Nú hefur það gerst að fjórir mikilsvirtir vísindamenn hafa komið fram opinberlega og halda því fram að niðurstöður þeirra, niðurstöður rannsókna hafi verið skekktar og bjagaðar svo stappar nærri fölsun til þess að reyna að ná fram hagstæðu mati á umhverfisáhrifum og þar með auðvelda Landsvirkjun að fá fram samþykki við Norðlingaölduveitu. Þetta mál er þeim mun alvarlegra sem ljóst er að hér er um að ræða vísindamenn sem þekktir eru fyrir vandvirkni og heiðarleg vinnubrögð og það hlýtur að vera svo að heiðarleiki þeirra sem faglegra vísindamanna sé dreginn yfir allan efa.

Einn þeirra, Gísli Már Gíslason prófessor, sagði í viðtali við Stöð 2 að atriði sem hefðu verið framkvæmdaraðila í óhag hefðu beinlínis verið felld út vísvitandi og niðurstaða hans var að það gjörbreytti niðurstöðum um áhrif Norðlingaölduveitu á vatnalíf í Þjórsárverum. Hann staðhæfir að sökum þessa komi út allt önnur mynd af framkvæmdum en ella hefði orðið. Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor sem eytt hefur öllu starfslífi sínu í að rannsaka Þjórsárver segir sömuleiðis að vísindamenn hafi verið beittir ákveðnum þrýstingi til þess að setja niðurstöður fram á tiltekinn hátt. Hún nefnir Landsvirkjun og hún nefnir VSÓ. Þó kastar fyrst tólfunum þegar ung vísindakona, Ragnhildur Sigurðardóttir, segir að hún eigi nú heiður sinn að verja sem vísindamanns sökum þess mikla þrýstings sem á hana hefur verið lagður og hún leggur fram í Fréttablaðinu í dag tölvupóst máli sínu til stuðnings.

Ég vil því spyrja hæstv. iðnrh.: Er það ekki alveg ljóst að hún mun beita sér fyrir því að áður en settur umhvrh. kveður upp úrskurð sinn í næstu viku verði sanngildi þessara fullyrðinga þessara virtu vísindamanna brotið til mergjar og kannað út í hörgul?

[10:33]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst taka fram að það er framkvæmdaraðilinn sem ber ábyrgð á matsskýrslunni og lætur vinna hana. Þau gögn og rannsóknaskýrslur sem liggja fyrir þegar skýrslan er unnin skipta tugum. Í skýrsluni sem slíkri kemst því ekki allt að. Hún er í raun lauslegur útdráttur niðurstaðna rannsókna. Vísindamenn er unnu að rannsóknum höfðu tækifæri til að koma að gerð matsáætlana áður en skýrslan var unnin. Síðan þarf Skipulagsstofnun, eins og hv. þingmenn vita, að samþykkja matsáætlun til þess að hægt sé að fara út í vinnu skýrslunnar sem slíkrar.

Við vinnu að matsskýrslu fá þeir sem unnu að rannsóknum tækifæri til þess að koma að athugasemdum um texta sinn með því að lesa yfir drög að þeim kröfum er þá varða og nánast í öllum tilvikum hefur verið farið eftir þeim ábendingum sem þeir hafa komið með.

Svo vil ég einnig nefna það að ekki er allt ferlið búið þó að við séum komin að þeim punkti í ferlinu sem raun ber vitni, því síðan er hægt að koma athugasemdum að við Skipulagsstofnun og síðasti þátturinn er hugsanlega kæruferli.

Ég vil segja að síðustu að auðvitað hafa komið upp athugasemdir og ég hef orðið vör við það þó ég hafi ekki kynnt mér þetta í þaula. En er ekki líka hugsanlegt að vísindamenn sem eru yfirlýstir andstæðingar framkvæmdar geti hugsanlega átt erfitt með að skilja á milli pólitískra skoðana sinna og vísinda?

[10:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að hæstv. iðn.- og viðskrh. hefði átt að sleppa síðustu setningunni. Ég held að það bæti ekki þetta mál að vega með þessum hætti almennt ónafngreint að vísindamönnum eins og hérna var gert. Ég hvet hæstv. iðn.- og viðskrh. til þess að velta því fyrir sér hvort hún dragi ekki þessi *ummæli sín til baka eða nefni þá einhver nöfn* og geri ekki svona hluti, þ.e. að vera með almennar dylgjur af þessum toga í garð þeirra vísindamanna ónafngreint sem sinna störfum á þessum vettvangi. Svona framsetning mála gengur auðvitað ekki, herra forseti.

Hér eru náttúrlega mjög alvarlegar, grafalvarlegar ásakanir á ferð og nú er þetta komið upp á yfirborðið með þeim *hætti að það er ekki lengur hægt að horfa fram hjá því. Sá* orðrómur hefur verið í gangi lengi að í hinu litla þrönga vísindasamfélagi þar sem menn eru í ákaflega erfiðri stöðu vegna hagsmunatengsla og eiga vinnu sína og afkomu jafnvel undir þessum stóru vinnuveitendum sem eru Landsvirkjun og helstu aðilar aðrir á þessu sviði, sé beitt þrýstingi af þessu tagi. Nú geta menn ekki lengur skotið sér lengur undan því að takast á við þessa hluti.

Það vill svo til að endurskoðun laganna um mat á umhverfisáhrifum stendur fyrir dyrum og ég sé enga aðra leið en að taka þetta fyrirkomulag til gagngerrar endurskoðunar. Ég held að til sögunnar verði að koma óháð opinber matsstofnun sem starfar fullkomlega óháð framkvæmdaraðilunum, sem hafa hér allt of sterk ítök, t.d. í skjóli Alþingis eins og Ríkisendurskoðun, umboðsmaður Alþingis o.s.frv.

En eitt er alveg ljóst, herra forseti, og það er að komnar eru fram svo alvarlegar ásakanir gagnvart þessu mati um Þjórsárver og Norðlingaölduveitu að það verður að henda því. Það er ónýtt. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er nokkuð annað að gera í þessu máli en henda matinu og byrja upp á nýtt og sjá þá til þess að ekki verði haft rangt við eins og margt bendir til að hér hafi verið gert?

[10:38]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Komið er á daginn að framkvæmdaraðilar hafa falsað skýrslur sem lúta að úttekt á Þjórsárverum. Þetta virðist óyggjandi enda þótt hæstv. viðskrh. sjái sér fært að bera vísindamenn brigslyrðum um að annarlegar ástæður ráði áliti þeirra. Þau svör sem komu fram í máli hæstv. ráðherra voru afar lauslegar yfirbreiðslur, svo að ekki sé meira sagt, á málinu.

Ég minnist þess að þegar sá sem hér stendur tók fyrst sæti á Alþingi í apríl 1964 lýsti hann því yfir við páv. iðnrh. Jóhann Hafstein að hann mundi aldrei samþykkja skerðingu Þjórsárvera, en þá höfðu þessi mál verið mjög á dagskrá vegna rannsókna Scotts hins breska og hann hafði bent á það einstæða dýrmæti sem þessi fuglaparadís er.

Þess vegna vara ég stjórnvöld við framhaldinu ef það er ætlunin að halda áfram sem hefur horft um sinn, að skerða frekar Þjórsárver. Ég vara stjórnvöld við því vegna þess að það mun leiða til ófyrirsjáanlegra átaka þar sem ekkert verður eftir gefið til þess að verja þessa dýrmætu perlu.

[10:40]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það sem hér er rætt er grafalvarlegt mál í okkar litla samfélagi. Nú eru komnar fram upplýsingar sem gefa fulla ástæðu til þess að tortryggja vinnubrögð við *undirbúning og rannsóknir og mat á skýrslum um* Norðlingaölduveitu.

Herra forseti. Það hlýtur jafnframt á hliðstæðan hátt að vekja manni ugg og tortryggni gagnvart vinnu nákvæmlega sömu aðila við aðrar mjög svo umdeildar virkjunarframkvæmdir, t.d. Kárahnjúkavirkjun. Eru einhverjar líkur á að öðrum vinnubrögðum hafi verið beitt þar? Mér finnst, herra forseti, að nú sé full ástæða til þess að fara rækilega ofan í saumana á þessum vinnubrögðum og þeim þrýstingi sem þarna getur verið á ferð.

Ég get nefnt aðrar virkjanir, þess vegna Villinganesvirkjun. Við vitum um þann gífurlega þrýsting sem lagður er á af hálfu virkjunaraðila og kapp þeirra og meira að segja hafa hæstv. ráðherrar blandað sér inn í á óeðlilegan hátt með því að beita stofnanir og einstaklinga sem vinna á þeirra vegum þrýstingi hvað þessi mál varðar. Þessi mál eru þess eðlis að að taka verður á þeim, bæði með endurskoðun á lögunum um umhverfismat og einnig því sem hér hefur nú verið velt upp á borð í þjóðfélaginu hvað varðar vinnubrögð við þessa mjög svo þýðingarmiklu vinnu við meðferð náttúruauðlinda.

[10:42]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Landsvirkjun hefur lengi verið á rangri leið í þessu máli og ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst ástæða til þess að hæstv. ráðherra upplýsi hvort hún hafi reynt að hafa áhrif á Landsvirkjun hvað þetta varðar. Nóg *úrræði voru til staðar til* þess að skaffa raforku til álvers í Hvalfirði. Ég veit ekki til þess að Landsvirkjun hafi lagt áherslu á neitt annað en þetta mál til þess að leysa úr þeim vanda.

Ég spyr þess vegna hæstv. ráðherra: Voru þetta hlutirnir sem menn þurftu að leggja út í staðinn fyrir að fá samþykki fyrir fylginu við Kárahnjúkavirkjun? Var það það að á móti skyldu menn gangast undir það ok að styðja þetta mál?

Hæstv. ráðherra talar hér um að pólitískar skoðanir hafi hugsanlega ráðið einhverju. Þær hafa nú komið fram áður hvað þetta mál varðar. Ég veit ekki betur en að framsóknarmenn, ráðherrar ýmsir og fleiri úr þeim flokki, hafi lýst því yfir mjög skýrt að þeir væru á móti því að þarna yrði virkjað. En nú vænir hæstv. ráðherra menn um að pólitískar skoðanir séu á bak við það að þeir hafi eitthvað að athuga við þessa skýrslu. Mér finnst ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðherra: Er það þannig að Framsfl. hafi gengist undir okið og ætli að styðja þetta? Hefur landbrh. t.d. dregið þau orð sín til baka að ekki yrði skertur fermetri á þessu svæði? Hefur hæstv. umhvrh. dregið sín orð til baka þar sem hún talaði á sömu lund? Eru framsóknarmenn í algeru bandi hjá ríkisstjórninni? Er alveg sama hvað þeim er boðið upp á? Eru þeir tilbúnir til að gangast undir þetta ok?

nánar grein fyrir því hvernig könnunin var framkvæmd, niðurstöðum hennar lýst í töfluformi og rakið að á því tímabili sem könnunin náði til hafi umboðsmaður að jafnaði ekki fengið svör frá stjórnvöldum innan 30 daga frá útsendingu fyrirspurnarbréfs nema í 45% tilvika og ekki nema í rúmlega 65% tilvika innan tveggja mánaða. Þá er því lýst að meira en þriggja mánaða bið hafi verið í um 17% tilvika.

Í II. kafla skýrslunnar eru töflur og tölfræðilegar upplýsingar um þau mál sem umboðsmaður kannaði á árinu svo og tölfræðilegar upplýsingar um áður afgreidd mál. Við þennan kafla hafa nú bæst tveir nýir undirkaflar. Í þeim fyrri eru birt yfirlit um viðbrögð stjórnvalda við sérstökum tilmælum umboðsmanns sem hann beindi til þeirra í álitum á árinu 2001 vegna einstakra mála. Í yfirlitinu koma aðeins fram þau mál þar sem umboðsmaður beindi tilmælum til stjórnvalds um að taka þá ákvörðun sem var tilefni kvörtunar til meðferðar að nýju kæmi fram ósk um það frá þeim sem bar fram kvörtun.

Í yfirlitinu eru tilgreind alls 43 álit. Í níu tilvikum hefur sá sem bar fram kvörtun ekki leitað til stjórnvaldsins að nýju. Í 26 málum verður ekki annað ráðið en að stjórnvöld hafi farið eftir tilmælum umboðsmanns, en í tveimur málum virðast stjórnvöld ekki hafa leyst úr máli í samræmi við þau sjónarmið sem fram komu í áliti umboðsmanns. Loks voru sex mál enn til meðferðar hjá viðkomandi stjórnvaldi þegar skýrslan var tekin saman.

Í síðari kaflanum er auk þess að finna yfirlit um tilkynningar sem umboðsmaður sendi Alþingi, ráðherra eða sveitarstjórn í tilefni af meinbugum á gildandi lögum eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum eða framkvæmd. Í bréfi umboðsmanns til Alþingis sem fylgdi þeirri skýrslu sem hér er rædd kemur fram að þessi yfirlit hafi verið gerð til að koma til móts við óskir alþingismanna um að í skýrslu umboðsmanns komi fram í ríkari mæli samandregin yfirlit um framvindu mála, m.a. um viðbrögð stjórnvalda við tilmælum umboðsmanns.

Í III. kafla skýrslunnar eru birtar niðurstöður og álit í málum sem umboðsmaður Alþingis afgreiddi á árinu 2001 og ástæða þótti til að gera sérstaka grein fyrir í skýrslunni. Eftir hverju áliti fylgja tiltækar upplýsingar um viðbrögð stjórnvalda við þeim tilmælum sem umboðsmaður beindi til þeirra í viðkomandi áliti og miðast þær upplýsingar við dagsetningu skýrslunnar.

Í IV. kafla er gerð grein fyrir framvindu mála sem fjallað er um í fyrri skýrslum umboðsmanns.

V. kaflinn geymir loks skrár yfir atriðisorð og skrá yfir mál í númeraröð.

Á árinu 2001 voru skráð 248 ný mál hjá umboðsmanni Alþingis og tók hann tvö þeirra upp að eigin frumkvæði. Skráð mál á grundvelli kvartana voru því 246. Er þetta nokkur fjölgun mála frá árinu 2000 en þá voru skráð mál alls 232. Alls hlutu 303 mál lokaafgreiðslu hjá umboðsmanni á árinu 2001 en til samanburðar voru þau 253 á árinu 2000.

Gert er ráð fyrir því í lögum um umboðsmann að hann geti að eigin frumkvæði ákveðið að taka mál til meðferðar, þá geti hann jafnframt tekið starfsemi og málsmeðferð stjórnvalda til almennrar athugunar. Í þeirri skýrslu umboðsmanns sem við ræðum hér er vikið að þeim frumkvæðismálum sem hófust á árinu 2001 og þeim frumkvæðismálum sem umboðsmaður lauk við á því ári. Er þar um að ræða frumkvæðisathugun umboðsmanns á ákveðnum þáttum sem varða réttarstöðu afplánunarfanga og meðferð þeirra hjá yfirvöldum fangelsismála og eru álit umboðsmanns af þessu tilefni birt í heild sinni í skýrslunni.

Í skýrslunni er einnig farið nokkrum almennum orðum um viðbrögð stjórnvalda í tilefni af frumkvæðisathugunum umboðsmanns og rakið að í nokkrum tilvikum hafi ákvarðanir umboðsmanns um slíkar athuganir orðið tilefni viðbragða hjá hlutaðeigandi stjórnvöldum sem gefið hafa umboðsmanni fullt tilefni til þess að ætla að stjórnvöld hygðust sjálf hafa frumkvæði að breytingum á þeim atriðum sem umboðsmaður áformaði að taka til athugunar, bæði hafi þar komið til beinar yfirlýsingar stjórnvalda og einnig athafnir sem hafi verið til marks um það. Í samræmi við þau lagasjónarmið sem starf umboðsmanns Alþingis hvílir á hafi umboðsmaður lagt áherslu á að í þeim tilvikum þegar stjórnvöld lýsa vilja til að bæta úr þeim atriðum sem til athugunar eru fái þau hæfilegan tíma til þess áður en til frekari athugunar komi af hans hálfu. Það valdi hins vegar nokkrum vanda í störfum umboðsmanns þegar verulegur dráttur verður á því að þessi áform stjórnvalda gangi eftir og umræddar breytingar verði að veruleika. Er sem dæmi nefnt í skýrslunni viðbrögð dóms- og kirkjumálaráðuneytis við þeirri ákvörðun umboðsmanns að hefja framangreinda athugun á ákveðnum þáttum sem varða réttarstöðu afplánunarfanga. Þá er einnig fjallað um viðbrögð stjórnvalda í tilefni af þeirri ákvörðun umboðsmanns á árinu 1996 að hefja frumkvæðisathugun á því hvort lög um heimtu ýmissa gjalda samrýmdust stjórnarskránni.

Ég vil þakka umboðsmanni Alþingis og starfsmönnum hans vel unnin og árangursrík störf á liðnu ári.

[11:06]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég bað um orðið í annað sinn í sambandi við umræðuna áðan um störf þingsins og ætlaði að koma þá á framfæri athugasemdum við það að þessi skýrsla yrði rædd hér í dag. Henni var ekki dreift í þinginu fyrr en seinni partinn í fyrradag, eftir því sem ég kemst næst. Ég sá hana hér í hólfi fyrst í gær. Ég veit það að fjölmargir þingmenn hefðu haft áhuga á því að skoða þessa skýrslu áður en hún kæmi til umræðu.

Ég ætla svo sem ekkert að leggja það til úr því sem komið er, en ég vek athygli á þessu og geri ráð fyrir því að umræðan um skýrsluna verði kannski fátæklegri en hún ætti að vera vegna þess að svona er að málum staðið. Mér finnst að svona skýrsla, eins viðamikil og hún er, ætti að liggja hér í nokkra daga áður en hún er tekin til umræðu.

[11:07]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti vill láta þess getið að þegar hv. þm. bað um að fá að taka til máls um störf þingsins var þegar liðinn sá tími sem ætlaður er til þess. En forseti tekur þessar ábendingar til greina.

[11:08]

Halldór Blöndal *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér skilst að þessi skýrsla hafi verið rædd í allshn. á mánudag. Jafnframt vil ég minna á að í þeirri starfsáætlun Alþingis sem ég lagði fyrir þingflokksformenn er sérstaklega gert ráð fyrir því að skýrsla umboðsmanns Alþingis sé rædd í dag þannig að það á ekki að koma neinum hv. þm. á óvart.

[11:08]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég var ekki að setja út á það að ég fékk ekki orðið í fyrri umræðunni um störf þingsins. Ég vissi al-

veg hvers vegna ég fékk það ekki. Ég vildi hins vegar koma þessu á framfæri og ég tek það ekki aftur að mér finnst að þessi skýrsla hefði þurft að vera komin í hendur þingmanna fyrr og ég sé ekki hvers vegna það var ekki gert. Úr því að allherjarnefndarmenn gátu fengið hana til umfjöllunar á mánudag — þeir hafa sjálfsagt verið búnir að fá hana í hendur fyrir þann tíma — þá hefði alveg eins verið hægt að koma henni til annarra þingmanna svo að þeir hefðu getað haft hana undir höndum áður en umræðan færi fram.

[11:09]

Halldór Blöndal *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér finnst sjálfsagt að eftirleiðis verði vakin athygli hv. þingmanna á því í tölvupósti þegar sérstök mál eru sett á ákveðna daga samkvæmt starfsáætlun og er þá auðvelt fyrir þingmenn að óska eftir því að fá gögn hjá starfsmönnum þingsins ef svo ber undir. En hér er fylgt starfsvenju og ég hygg að farið hafi verið að öllu leyti eftir því sem um var rætt á fundi forseta með formönnum þingflokka.

[11:10]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Það er rétt sem fram kom áðan í máli hv. þm. Halldórs Blöndals að allshn. Alþingis ræddi þessa skýrslu umboðsmanns Alþingis á fundi nefndarinnar á mánudaginn 4. nóvember og það var góður og mjög upplýsandi fundur að mínu mati fyrir alla nefndarmenn allshn.

Þessi skýrsla umboðsmannsins fyrir árið 2001 var rædd nokkuð gaumgæfilega og fóru umboðsmaður Alþingis, Tryggvi Gunnarsson, og Elín Blöndal, skrifstofustjóri hjá umboðsmanni, vel yfir helstu atriði sem þau vildu vekja athygli nefndarmanna á. Þetta er nokkuð hefðbundin skýrsla og með hefðbundnu sniði eins og þeir þekkja til sem hafa kynnt sér skýrslur umboðsmanns á undanförnum árum.

Fram kemur í skýrslunni að málafjöldi hefur aukist. Skráð voru 248 mál á árinu en á árinu 2000 voru skráð 232 mál, og m.a. er nokkur fjölgun mála í heilbrigðisþjónustunni.

Mál eru aðeins skráð hjá umboðsmanni að um sé að ræða kvörtun og að hún liggi fyrir skriflega eða að umboðsmaður taki mál upp að eigin frumkvæði. Einnig er algengt að menn hringi eða komi á skrifstofu umboðsmanns og beri upp mál sín munnlega og leiti upplýsinga. Það kom einnig fram að töluverður tími hjá starfsfólki umboðsmanns fer í að greiða úr málum sem einstaklingar leita til skrifstofu umboðsmanns með án þess þó að þau séu skráð og reynir þá umboðsmaður og starfsfólk hans að beina þeim málum í réttan farveg innan stjórnsýslunnar. Var umsýsla þessara mála á árinu 2001 nokkuð meiri en oft hefur verið.

Varðandi málshraðann eða afgreiðslutíma stjórnvalda á erindum umboðsmanns þá hefur umboðsmaður sett sér það markmið að afgreiðslutími mála hjá embættinu styttist þannig að nú er stefnt að því að niðurstaða liggi fyrir í málum innan sex mánaða frá því að kvörtun berst á skrifstofu og er það fagnaðarefni. Var þess sérstaklega getið að nú liggja einungis fyrir mál frá árinu 2002 hjá umboðsmanni Alþingis.

Við verðum líka að hafa í huga eðli málanna sem koma til kasta umboðsmanns Alþingis. Þau eru mismunandi og því er oft og tíðum ekki hægt að hafa einn algildan afgreiðslutíma á þessum málum. Afgreiðslutími mála hjá umboðsmanni markast því að verulegu leyti líka af því hvernig stjórnvöld sem hlut eiga að máli bregðast við fyrirspurnum og beiðnum um skýringar í tilefni af tilteknum málum. Hefur umboðsmaður lagt áherslu á að kynna stjórnvöldum þetta markmið og mælst til þess að þau hraði svörum sínum eins og kostur er.

Umboðsmaður hefur nýverið ákveðið að setja stjórnvöldum frest til að senda umbeðin gögn eða skýringar, með vísan til lokaákvæðis 2. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga. Er þetta gert í þeim tilgangi að umboðsmaður nái betur að skipuleggja úrvinnslu mála og á ekki að vera íþyngjandi fyrir stjórnvöld þar sem athugun umboðsmanns beinist að jafnaði að tilteknu máli sem þegar hefur fengið úrlausn hjá stjórnvaldinu. Ástæða fyrir þessu er einnig sú að stjórnvöld hafa stundum dregið úr hömlu, því miður, að svara erindi umboðsmanns, eins og kemur fram í skýrslunni á bls. 10.

Umboðsmaður hefur jafnframt hvatt til þess að stjórnvöld setji sér reglur í þessum efnum, þ.e. hversu fljótt eigi að svara erindum eða bréfum frá umboðsmanni, en óvíða eru til reglur um slíkt. Þá leiðir umboðsmaður líkur að því að fjöldi kvartana vegna tafa hjá stjórnvöldum verði að einhverju leyti skýrður með því að þess sé ekki gætt nægjanlega af hálfu stjórnvalda að tilkynna um fyrirsjáanlegar tafir á afgreiðslu mála og skýra ástæður þeirra, en skv. 3. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga er stjórnvöldum skylt að viðhafa slíka málsmeðferð. Þannig leggja stjórnvöld grunninn að réttum og eðlilegum samskiptum við almenning sem er grundvöllurinn að því trausti sem þarf að ríkja á milli stjórnsýslunnar og borgaranna, og m.a. var embætti umboðsmanns Alþingis grundað á þessu trausti sem þarf að ríkja á milli þessara aðila. Það er sem sagt takmarkið. Það kom fram í máli umboðsmanns að markið verði sett við að tilkynnt verði fyrir fram um þessar tafir og einnig að hvert stjórnvald, hvort sem það er ráðuneyti eða sveitarstjórn, setji sér reglur um svörin, þ.e. hvenær, innan hvaða tíma, þau ætla að svara bréfum og erindum.

Að sjálfsögðu ætlar umboðsmaður nú sem endranær að reyna að vinna þetta með stjórnvöldum. Umboðsmaður er að áliti margra ekki lögregla gagnvart stjórnsýslunni heldur er hann eftirlitsaðili sem vill og ætlar sér að vinna með stjórnvöldum til að tryggja enn betur réttaröryggi borgaranna. Þessu verður vonandi fylgt fast eftir.

Mikill fjölbreytileiki hefur einkennt málafjöldann hjá umboðsmanni. Viðfangsefni stjórnsýslu og sveitarfélaga endurspeglast í margbreytileika þeirra mála sem umboðsmaður Alþingis fær til meðferðar. Mál á sviði almannatrygginga og félagsþjónustu sveitarfélaga og mál sem varða skatta og gjöld og málsmeðferð og starfshætti stjórnsýslunnar eru almennt fyrirferðarmikil. Sérstaka fjölgun á árinu 2001 má sjá á málum sem flokkuð eru undir heilbrigðisþjónustuna, eins og ég gat um áðan, og mál sem varða opinbera starfsmenn.

Á bls. 27 í skýrslunni sjáum við skiptingu skráðra mála árið 2001 eftir viðfangsefnum. Ég ætla að fara yfir helstu viðfangsefnin sem þar koma fram.

Í fyrsta lagi eru þar fangelsismál. Þau komu til kasta umboðsmanns á árinu 2001 og eru nokkuð umfangsmikil í skýrslunni fyrir það ár. Í skýrslunni er m.a. lýst erfiðleikum við að taka á einstaka tilvikum þar sem fáar skráðar reglur séu til um fanga og agaviðurlög í fangelsum. Ég vil geta þess að nú eru í undirbúningi, vonandi er verið að leggja lokahönd á það í ráðuneytinu, frv. til laga um fanga og fangelsisvist. Jafnframt ítrekar þessi mikla umfjöllun umboðsmanns mikilvægi þess að því verði hraðað að byggja upp vistunar- og gæsluvarðhaldsfangelsi fyrir fanga þannig að hægt verði að

sinna þeim betur, sérstaklega þeim sem hafa átt við vímuefnavanda að stríða. Það hefur ekki verið gert sem skyldi og væri mjög til bóta fyrir samfélagið ef fangelsi af því tagi kæmist á laggirnar.

Rekstrarform opinberra fyrirtækja og stofnana kom líka til tals á fundi umboðsmanns og allshn. Umboðsmaður bendir á að breytt rekstrarform fyrirtækja og stofnana leiði oft til óvissu. Telur umboðsmaður að þróun í einkavæðingu opinberrar þjónustu og verkefna leiði til þess að mikilvægt sé að tekin verði afstaða til þess, þegar slík formbreyting á sér stað, hvort og þá í hvaða mæli hinar almennu stjórnsýslureglur og einnig reglur stjórnsýslulaga og upplýsingalaga eigi að gilda um starfsemina. Það er hvorki starfseminni né borgurunum í hag að réttaróvissa sé um þetta. Sérstaklega er þetta talið eiga við þegar farin er sú leið af hálfu ríkis og sveitarfélaga að færa starfsemi yfir í hlutafélag eða annað einkaréttarlegt form án þess að nein breyting verði á eignarhaldi eða verkefnum. Umboðsmaður telur það hlutverk löggjafans og þeirra sem taka ákvörðun um slíkar formbreytingar að taka afstöðu til þess í hvaða mæli sjónarmið um aukið hagræði og skilvirkni við framkvæmd opinberrar þjónustu eigi að skerða réttaröryggið sem býr á bak við tilvist almennra stjórnsýslureglna í samskipti stjórnvalda og borgaranna.

Hann bendir einnig á að skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum og mannréttindasáttmála Evrópu komi oft til kasta hans. Með tilkomu EES-samningsins hefur umfang þeirra reglna sem stjórnsýslan þarf að huga að við úrlausn ýmissa mála aukist verulega. Umboðsmaður hefur í nokkrum tilvikum gert athugasemdir við að stjórnvöld hafi ekki við úrlausn máls gætt þess að taka afstöðu til reglna og skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum. Einnig hefur umboðsmanni þótt skorta á að við úrlausn mála hafi verið tekið mið af reglum mannaréttindasáttmálans eins og Mannréttindadómstóll Evrópu hefur skýrt þær.

Varðandi frumkvæðismál, sem snerta 5. gr. laga um umboðsmann Alþingis, getur umboðsmaður að eigin frumkvæði ákveðið að taka mál til meðferðar. Hann getur þá jafnframt tekið starfsemi og málsmeðferð stjórnvalds til almennrar athugunar. Þetta frumkvæðiseftirlit er sérstaklega til þess fallið að veita umboðsmanni Alþingis færi á að stuðla að umbótum í stjórnsýslunni og þar með rækja hið lögbundna hlutverk að tryggja rétt borganna gagnvart stjórnvöldum landsins. Ákvörðun umboðsmanns að taka mál til athugunar að eigin frumkvæði hefur orðið tilefni til viðbragða hjá hlutaðeigandi stjórnvöldum sem gefa honum ástæðu til þess að ætla að stjórnvöld ætli sjálf að hafa frumkvæði að breytingum á þeim atriðum sem umboðsmaður áformar að taka til athugunar. Í samræmi við lagasjónarmið sem starf umboðsmanns Alþingis byggir á hefur umboðsmaður lagt áherslu á að í þeim tilvikum er stjórnvöld lýsa vilja til að bæta úr þeim atriðum sem hann hefur séð ástæðu til að skoða fái þau hæfilegan tíma til þess áður en til frekari athugunar kemur af hálfu umboðsmanns. Það veldur hins vegar nokkrum vanda í störfum umboðsmanns þegar verulegur dráttur verður á að áform stjórnvalda gangi eftir og umræddar breytingar verði að veruleika. Dæmi um það eru m.a. nefnd í skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2001.

Herra forseti. Niðurstaða mín, eftir þennan fund með umboðsmanni Alþingis og eftir að hafa farið nokkuð vel yfir þessa skýrslu hans fyrir árið 2001, er að eftir sem áður sé embætti umboðsmanns Alþingis afar mikilvægt fyrir borgara í þessu samfélagi ekki síður en fyrir Alþingi. Ég tel þetta gott tækifæri til að allshn. og síðan þingmenn í þessum sal fái tækifæri til að fylgjast með því hvernig eftirliti með störfum stjórnvalda hefur verið háttað. Að mínu mati hefur umboðsmaður Alþingis gegnt þessu starfi með sóma. Það má í raun segja að þetta embætti hafi styrkt sig mjög allt frá því að Gaukur Jörundsson hóf fyrsta starfsár sitt sem umboðsmaður Alþingis.

Af skýrslu umboðsmanns má ráða að nauðsynlegt er að hægt sé að treysta því að yfirlýsingu stjórnvalda fylgi vilji til athafna og staðið sé við slíkar yfirlýsingar innan þess tíma sem upp er gefinn af viðkomandi stjórnvaldi hverju sinni, í það minnsta að eðlilegt upplýsingaflæði eigi sér stað milli þessara aðila. Það er að mínu mati nauðsynlegt, herra forseti, að virk og góð samvinna verði á milli umboðsmanns og stjórnvalda þar sem lögbundið hlutverk umboðsmanns er að hafa eftirlit með stjórnsýslunni og tryggja hagsmuni borgaranna.

[11:23]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Með stofnun embættis umboðsmanns Alþingis var stigið mikið framfaraspor. Það var gert með lagasetningu árið 1987 en árið eftir tók stofnunin til starfa. Að mínum dómi hefur hún unnið mikið þjóðþrifaverk. Henni er falið það hlutverk að gæta hagsmuna almennings gagnvart stjórnsýslunni, opna hana þar sem hún er lokuð og stuðla þannig að því að gangverk stjórnkerfisins sé skilvirkt, opið og að ekki sé gengið á hlut borgaranna.

Hér er yfirgripsmikil skýrsla frá embætti umboðsmanns Alþingis og auk þess hefur rækileg grein verið gerð fyrir helstu þáttum hennar úr ræðustóli. Ég ætla ekki að endurtaka það sem hér hefur verið sagt en vil víkja að örfáum atriðum.

Í skýrslu umboðsmanns kemur fram að tíminn sem líður frá því að erindinu er beint til stofnana og þar til þær svara styttist. Í einstökum tilvikum líður þó enn óhæfilega langur tími, segir í skýrslu umboðsmanns Alþingis. Þar er sérstaklega vísað til tveggja ráðuneyta, heilbr.- og trmrn. og samgrn. Umboðsmaður tekur þó fram að í nokkrum tilvikum þar sem dregist hafi að svara fyrirspurnum hafi honum borist tilkynningar um að vænta mætti slíks dráttar og hann skýrður.

Mig langar hins vegar til að víkja örlítið að tveimur öðrum atriðum í skýrslu umboðsmanns Alþingis. Annað lýtur að formi rekstrar opinberra fyrirtækja og stofnana og hitt tengist frumkvæðismáli eða málum sem embættið hefur beitt sér fyrir.

Varðandi form rekstrar opinberra fyrirtækja og stofnana vekur umboðsmaður athygli á því að þær stofnanir sem hafa verið gerðar að hlutafélögum séu að ýmsu leyti á gráu svæði. Umboðsmaður telur, og nú ætla ég að leyfa mér að vitna beint í skýrslu hans, með leyfi forseta:

„Í þessu efni getur verið tilefni til þess að taka til athugunar hvort rétt sé að setja í lög almennar reglur um slík opinber fyrirtæki þar sem tekin væri afstaða til þess hvernig fara ætti um ýmis atriði þar sem álitamál er hvernig hinar hefðbundnu reglur félagaréttarins eiga við."

Almennt virðist mér umboðsmaður á því máli að stofnanir sem hafa verið gerðar að hlutafélögum, fyrirtæki öllu heldur, þ.e. ef þau eru í eigu almennings, ríkis eða sveitarfélaga, eigi að lúta svipuðum reglum og almenn stjórnsýsla. Hann vísar m.a. í mál sem hafa komið upp hjá embættinu, mál nr. 2440/1998, sem er birt í heild í skýrslunni. Í því máli reyndi á hvort einstaklingur ætti rétt á aðgengi að tilteknum gögnum

um framkvæmdir Landsvirkjunar á grundvelli ákvæða laga nr. 21/1993, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál. Síðan rekur hann nánar efni málsins en segir síðan, með leyfi forseta:

Að þessu virtu taldi ég að starfsemi, lögbundinn tilgangur, eignarhald og lagaleg staða Landsvirkjunar væri þess eðlis að telja yrði að fyrirtækið félli undir ákvæði 1. mgr. 2. gr. laga nr. 21/1993, eins og skýra yrði það með tilliti til þeirra skuldbindinga sem leiddu af samningum um Evrópska efnahagssvæðið.

Hér er niðurstaða umboðsmanns Alþingis sú að stofnun á borð við Landsvirkjun sem er í eigu almennings, eigu þjóðarinnar, eigi að lúta svipuðum lögum, svipuðum reglum og lögum og stjórnsýslan gerir almennt. Þett finnst mér mjög athyglisvert mál. Ég tel að Alþingi eigi að taka til greina þær ábendingar sem koma frá embættinu um hugsanlegar lagabreytingar.

Hitt atriðið sem ég vildi víkja að eru frumkvæðismál sem embættið hefur beitt sér fyrir. Þar er rakið sérstaklega mál fangelsanna. Á árinu 1999 tók umboðsmaður Alþingis upp að eigin frumkvæði að kanna ýmsar reglur sem gilda um rekstur fangelsa og réttarstöðu þeirra sem þar eru innan veggja. Ástæðan er tilgreind með eftirfarandi hætti, með leyfi forseta:

„Ástæða þess að ég valdi að beina athugun minni að þessum atriðum er að þar reynir á í hvaða mæli settar hafa verið formlegar reglur sem hafa verið birtar og liggja til grundvallar framkvæmd fangelsisyfirvalda. Tilvist slíkra reglna er liður í því að tryggja réttaröryggi þeirra sem sæta afplánun í fangelsum. Auk þess skiptir það miklu fyrir þá aðila sem sinna eftirliti með stjórnsýslu á þessu sviði eins og umboðsmann Alþingis að geta sannreynt við athuganir sínar hvort afgreiðslu mála einstakra fanga séu í samræmi við slíkar fyrir fram settar reglur."

Þetta er á árinu 1999, að umboðsmaður Alþingis tekur þetta mál upp. Hann beinir þessu erindi til dómsmrn. sem hefur þetta mál með höndum. Hann sendir ráðuneytinu álitsgerð sína 27. nóvember 2001. Ráðuneytið tekur vel í þetta og segist vilja kanna málið en síðan gerist ekki neitt. Síðan ekki söguna meir. Umboðsmaður Alþingis veltir vöngum yfir því til hvaða ráða sé hægt að grípa til þess að knýja á um úrlausn mála. Við ræddum í þinginu í gær um hvort til stæði að einkavæða fangelsin. Við fengum þau svör að ekki stæði til að gera það. En stendur til að gera þessi mál skilvirkari og fara að þeim uppástungum, hugmyndum og tillögum sem t.d. koma fram hjá umboðsmanni Alþingis varðandi rekstur fangelsa og réttarstöðu fanga?

Herra forseti. Ég sagði í upphafi máls míns að ég ætlaði ekki að hafa um þetta mjög mörg orð. Ég tel starfið sem fram fer á vegum þessa embættis mjög mikilvægt. Ég tel að þetta sé ein af undirstöðustofnunum í okkar lýðræðisþjóðfélagi og tel mikilvægt að þessi starfsemi verði efld. Það hefur komið fram að stjórnvöld bregðast betur við en þau gerðu fyrr á árum, svara erindum skjótar en áður var. Hins vegar eru ýmsar brotalamir. Alþingi þarf að taka til greina hugmyndir umboðsmanns um lagabreytingar sem knýja hlutafélög í eigu almennings til að opna sig gagnvart þjóðinni. Síðan eru greinilega brotalamir á viðbrögðum stjórnvalda við ábendingum embættisins. Ég nefndi þar sérstaklega fangelsismálin.

[11:31]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir mjög gott innlegg í þessa umræðu. Ég tek undir það með honum að embætti umboðsmanns Alþingis er afar mikilvægt til að sinna eftirliti og koma með ákveðinn þrýsting á að stjórnvöld svari sem fyrst erindum og bréfum sem þeim berast. Ég tek heils hugar undir það. Þetta er að koma. Í því mikla kerfi sem ríkiskerfið er er mikill munur á vinnubrögðum stjórnvalda í dag og fyrir tíu árum. Umboðsmaður Alþingis á eflaust hlut í því.

Ég er sammála hv. þm. Ögmundi Jónassyni um að við á Alþingi þurfum að móta ákveðnar reglur varðandi upplýsingaskyldu fyrirtækja sem hafa verið hlutafélagavædd en ég vil spyrja hann um viðhorf hans til fyrirtækis eins og Orkuveitu Reykjavíkur, sem er sameignarfélag og lýtur m.a. að hluta til stjórn vinstri grænna. Er hann ekki sammála mér um að við eigum að opna það og láta sömu reglur gilda um það? Mér skilst að það sé erfitt fyrir umboðsmann Alþingis að fylgja eftir málum í því fyrirtæki.

[11:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hjartanlega sammála hv. þm. Ég tel að þetta eigi að ganga yfir öll fyrirtæki og komi pólitískri stjórnun þeirra ekki við á nokkurn einasta hátt. Sama á að sjálfsögðu líka að ganga yfir Orkuveitu Reykjavíkur, fyrst hún var nefnd.

Ég vek athygli á því að í skýrslu umboðsmanns Alþingis er sérstaklega vikið að orkufyrirtækjum í eigu sveitarfélaga. Ég tek þannig hjartanlega undir þetta. Mér finnst stofnanir og fyrirtæki í eigu almennings eigi að vera eigendum sínum opin að öllu leyti.

[11:33]

Björn Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil taka undir með fyrri ræðumönnum um ágæti starfs umboðsmanns Alþingis. Ég tel starf hans mjög mikilvægt og að leggja eigi rækt við það og í umræðum hér á þinginu eigi menn að fjalla um þessa skýrslu og taka upp þau mál sem þeir telja ástæðu til, með hliðsjón af þeim málefnum sem umboðsmaður fjallar um hverju sinni.

Ég ætla að víkja að því máli sem síðasti hv. ræðumaður nefndi og einnig kom fram í andsvari og fyrirspurn frá hv. formanni allshn. varðandi form rekstrar opinberra fyrirtækja og stofnana. Ég sit í stjórn slíks fyrirtækis, Orkuveitu Reykjavíkur, sem hér var nefnd og las þess vegna þennan kafla umboðsmanns, Form rekstrar opinberra fyrirtækja og stofnana, af mikilli athygli og notaði hann sem mælikvarða á það sem ég kynnist í þeirri stjórn og þeim viðhorfum sem ég kynnist hjá eigendum þess fyrirtækis.

Mér hefur virst að þeir sem tala fyrir meiri hluta Reykjavíkurborgar, sem á 92,22% í fyrirtækinu, skilji það almennt svo að fyrirtækið sé einkaréttarfyrirtæki og þurfi ekki að fara að reglum opinberrar stjórnsýslu þegar fjallað er um málefni fyrirtækisins, nema þegar kemur að vandræðamálum eins og því hvort stjórnarformaður sé vanhæfur eða ekki til að taka ákvarðanir. Þá er vísað í 19. gr. sveitarstjórnarlaganna, varðandi það hvort menn séu vanhæfir til töku ákvarðana eða ekki. Þannig má segja að hoppað sé úr einu lagaumhverfinu í annað eftir þörfum þegar menn eru að vandræðast í stjórn þess fyrirtækis.

Það sem segir hér um þetta hjá umboðsmanni Alþingis er alveg skýrt. Niðurstaða umboðsmanns Alþingis er skýr, eins

og ég les hana út úr þessu áliti og þessari skýrslu. Hún er sú að líta beri á þessi fyrirtæki sem opinber stjórnsýslufyrirtæki og að fara beri með mál innan fyrirtækjanna á þann veg, fjallað um erindi og kvartanir, athugasemdir og óskir um upplýsingar á þeim forsendum að um opinber stjórnsýslufyrirtæki sé að ræða. Hvort það hins vegar leiðir til þess að menn teljist vanhæfir eða ekki þegar fjallað er um málefni á grundvelli sveitarstjórnarlaganna ætla ég ekki að segja til um. Hvað sem því líður er ljóst að umboðsmaður telur að líta beri til þessara fyrirtækja sem opinberra stjórnsýslufyrirtækja og taka beri afstöðu til mála á þeim forsendum. En umboðsmaður segir að það skorti á lagaumhverfi að þessu leyti. Ég tel að Alþingi eigi að fjalla um það.

Ég er í nokkrum vandræðum með hvert ég á að beina erindi mínu varðandi það frumkvæði sem ég tel að Alþingi þurfi að hafa í þessu máli. Hér voru í raun fluttar tvær framsöguræður um þessa skýrslu, annars vegar að af hæstv. forseta Alþingis og hins vegar hv. formanni allshn. Ég beini máli mínu til hæstv. forseta Alþingis og tel að undir forustu hans eigi að beita sér fyrir því að löggjafinn skapi starfsumhverfi í kringum þessi mikilvægu fyrirtæki sem taki af skarið svo ekki sé unnt að hoppa úr einu lagaumhverfinu í annað eftir því hvað menn telja sér henta hverju sinni þegar fjallað er um málefni fyrirtækisins, heldur gildi almennur og skýr lagarammi um þessi fyrirtæki. Líkt og sett hafa verið lög um hlutafélög og samvinnufélög og önnur slík félög þá þarf að setja lög hér á Alþingi um þetta þannig að menn velkist ekki í vafa þegar breytt er um skipulag og fyrirkomulag á eignaraðild að slíkum fyrirtækjum, í hvaða lagaumhverfi þau eigi að starfa og þar sem fyrirtækin eru 100% í eign opinberra aðila þá beri að líta á þau í því samhengi, sem hluta af hinu opinbera stjórnsýslukerfi þegar kemur að því að kvarta eða taka ákvarðanir.

Ég vek sérstaka athygli á því sem segir hér á bls. 15, sem er náttúrlega grundvallarmál þegar fjallað er um þessi fyrirtæki. Mörg þessara fyrirtækja starfa á vettvangi sem snertir mjög hag borgaranna og taka ákvarðanir um fjárhagsleg málefni sem taka þarf tillit til þegar menn ræða um kjör og hag almennra borgara í landinu.

Í skýrslunni, með leyfi hæstv. forseta, er fjallað um þetta og umboðsmaður segir:

„Af sama toga er afmörkun á heimildum hlutafélaga og sameignarfélaga sem stofnuð eru eða eru undir eignarráðum ríkis eða sveitarfélaga og þá sérstaklega um þjónustustarfsemi sem rekin er á grundvelli einkaréttar til að veita umrædda þjónustu. Stundum er endurgjald fyrir veitta þjónustu þessara fyrirtækja bundið í gjaldskrá sem háð er staðfestingu stjórnvalda, t.d. ráðherra. Í þessu efni skiptir meðal annars máli að lagareglur um starfsheimildir slíkra fyrirtækja séu skýrar. Á gjaldtaka þessara fyrirtækja fyrir veitta þjónustu eingöngu að miðast við kostnað við að veita þjónustuna og í hvaða mæli mega t.d. arðgreiðslur til eigenda hafa þar áhrif? Þátttaka þessara fyrirtækja í öðrum atvinnurekstri og ráðstöfun fjármuna úr sjóðum þeirra eru viðfangsefni sem skýrar leikreglur þurfa að gilda um. Ég lít svo á að slíkar reglur séu í þágu réttaröryggis borgaranna og til þess fallnar að gera þeim aðilum sem hafa eiga eftirlit með starfsemi hins opinbera, þar með töldum umboðsmanni Alþingis, betur fært að leysa úr athugasemdum borgaranna við starfshætti þessara fyrirtækja."

Herra forseti. Hér er vikið að mikilvægu máli. Hvað er t.d. heimilt að setja í gjaldskrár orkufyrirtækja? Eigum við að borga með heita vatninu eða rafmagninu kostnað við að koma á fót fyrirtækjum eins og Línu.Neti? Er það heimilt hjá fyrirtækjum sem eru í eigu opinberra aðila að haga gjaldskrám sínum þannig að þau geti farið út í ævintýralegar fjárskuldbindingar eins og felast í að stofna fyrirtæki á borð við Línu.Net og verja til þess milljörðum króna af opinberu fé sem síðan er greitt af okkur sem erum áskrifendur að heitu vatni eða rafmagni hjá þessum fyrirtækjum? Það er þetta sem umboðsmaður Alþingis vekur máls á.

Hvernig er háttað gjaldtöku slíkra fyrirtækja sem geta á grundvelli þess að vera einokunarfyrirtæki í opinberri eign farið út í áhætturekstur eins og að reka Línu.Net í Reykjavík á orkuveitusvæði Reykjavíkur? Er eðlilegt, þegar litið er til þess hvernig eignarhald fyrirtækjanna er, að menn fari út í slíka starfsemi? Það er að þessu sem umboðsmaður Alþingis víkur og ég held að það sem hann segir þar, um nauðsyn þess að setja leikreglur varðandi þessi fyrirtæki, bendi til að skort hafi á að menn hafi hugað að þessum fyrirtækjum og rekstri þeirra þannig að það samræmist eignaraðild þeirra og þeim skilyrðum sem við viljum að hér séu sett, að það sé litið á þetta sem opinber þjónustufyrirtæki sem eigi að selja þjónustu sína á grundvelli þess kostnaðar sem þau stofna til til að veita viðkomandi þjónustu en ekki til þess að safna fé til að leggja í áhættustarfsemi og slíka starfsemi á öðrum sviðum.

Herra forseti. Ég hvet forsn. þingsins og allshn. ef svo ber undir að taka þessum ábendingum frá umboðsmanni Alþingis varðandi þetta mál í þessari skýrslu. Hér er komið inn á hinar miklu breytingar í þjóðfélagi okkar. Það er almennur vilji til þess eða hefur verið meirihlutavilji til þess í sveitarstjórnum og á Alþingi að breyta rekstrarfyrirkomulagi fyrirtækja frá því að vera þau borgar- eða ríkisfyrirtæki sem við þekktum yfir í hlutafélög eða sameignarfélög. Það sem skortir á er að Alþingi setji lagaramma utan um starfsemi þessara félaga sem geri þeim kleift og þeim sem eiga viðskipti við þau að átta sig nákvæmlega á því hver réttarstaða þeirra er. Það er þetta sem umboðsmaður Alþingis er að vekja máls á og ég hvet sérstaklega forseta Alþingis, sem fjallar um mál sem handhafi umboðsmanns Alþingis lögum samkvæmt, til að beita sér fyrir því að á vegum þingsins verði unnin löggjöf sem taki á þeim mikla vanda sem umboðsmaður hefur vakið máls á. Þar er m.a. hægt að taka mið af því sem gert hefur verið á Norðurlöndunum þar sem menn hafa sett lög varðandi slík fyrirtæki til að taka af allan vafa. Hér eru miklir hagsmunir í húfi, bæði fyrir þá sem eiga fyrirtækin en ekki síður fyrir viðskiptavini fyrirtækjanna.

[11:42]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það sem hv. þm. sagði um að taka þyrfti á því að endurskoða þessi lög.

Mér þótti hins vegar svolítið nýstárlegt að heyra sumt af því sem hann sagði. Hann hafði mestar áhyggjur af því að Orkuveita Reykjavíkur hefði lagt fjármuni í annars konar veitustarfsemi en hún hefur stundað til þessa. En veitustarfsemi er það nú samt. Ég sé ekki hvers vegna orkuveitan getur ekki staðið í slíkri starfsemi.

Ég held að sporin frá fyrri tíð ættu frekar að vera hér til umræðu, er menn byggðu hér hallir og fóru út í rekstur veitingahúsa. Ég veit ekki betur en að peningar frá þessu fyrirtæki hafi verið notaðir til að byggja Perluna og peningar frá Hitaveitu Reykjavíkur hafa verið notaðir til að halda uppi því fyrirbrigði með miklum undirballans alla tíð.

Mér finnst nú að skotin komi úr hörðustu áttum hjá sjálfstæðismönnum þegar þeir tala um að verið sé að nota fjármuni Orkuveitu Reykjavíkur í annað heldur en eigi að gera.

Hins vegar er sannarlega um veituframkvæmdir um að ræða þegar verið er að tala um Línu.Net. Ég held að menn sem gera sér ekki grein fyrir því séu bara ekki komnir inn í nútímann.

[11:44]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Umræður á þessum forsendum skila náttúrlega engu. Það sem hér er verið að tala um er að eftir að Orkuveitu Reykjavíkur var breytt með lögum í desember 2001 fór fyrirtækið í allt annað starfsumhverfi. Það er í skjóli þess umhverfis sem menn neita að láta í té upplýsingar, m.a. um hvernig staðið er að fjárfestingum varðandi Línu.Net. Það er í skjóli þess að fyrirtækið sé ekki lengur opinbert fyrirtæki eins og það var áður en þessum lögum var breytt að menn neita að leggja fram upplýsingar, meira að segja í stjórn fyrirtækisins til stjórnarmanna um þessar fjárfestingar, halda þeim leyndum og leggja þær ekki fram. Það er það sem umboðsmaður er að benda á, að setja þurfi skýrar lagareglur til að menn geti ekki skotið sér undan því að veita upplýsingar af þeim toga sem hér er um að ræða.

Það er um þetta sem málið snýst en ekki um það hvort Perlan hafi verið reist eða hvaða fjárfestingar er farið í, sem hefur ekki einu sinni verið lagt fram. Allar upplýsingar um Perluna liggja ljósar fyrir. Það er rangt að Hitaveita Reykjavíkur reki það starf. Hún leigir það út. Það liggur allt fyrir. Það er engin spurning um það. Hinu höfum við ekki fengið svar við, m.a. í skjóli þess að fyrirtækjunum hefur verið breytt með lögum á Alþingi. Við höfum ekki fengið upplýsingar um það hvað er að gerast með fjármuni fyrirtækisins í nafni Línu.Nets.

[11:46]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég endurtek það að ég tek undir að það þurfi að taka á þessu í lögum og er síður en svo á móti því. Ég hvet til þess. Hins vegar er það bara þannig að hæstv. ráðherra situr uppi með það að eitthvað er um að hlutafélög séu í eigu ríkisins og það hefur verið sótt eftir upplýsingum út úr þeim hlutafélögum. Hæstv. ráðherra hefur hvað eftir annað auðvitað fylgst með því að neitað hefur verið að veita þær upplýsingar á grundvelli þess að ekki megi gefa þessa hluti upp. Þess vegna finnst mér það fagnaðarefni að hæstv. fyrrv. ráðherra úr ríkisstjórninni skuli koma hingað og heimta að menn breyti þessu fyrirkomulagi. Það hlýtur að eiga að gilda um hlutafélög á vegum ríkisins líka, ekki bara Reykjavíkurborgar eða einhverra fyrirtækja sem mætti jafna saman við Orkuveitu Reyjkavíkur.

[11:47]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað á þessi upplýsingaskylda jafnt við hvort fyrirtækið er í eigu ríkisins eða sveitarfélaga. Ég hef aldrei viljað draga nein skil þar á milli. Það sem hér er til umræðu og það sem umboðsmaður Alþingis er að vekja máls á er að með því að breyta eignaraðild fyrirtækja, þótt þau séu 100% í eigu opinberra aðila, þá líta ýmsir stjórnendur þeirra fyrirtækja þannig á að þeim beri ekki að veita upplýsingar af því að þeir séu ekki lengur undir upplýsingaskylduna settir. Á það er hann að benda á og það er það sem ég var að nefna og það er reynsla mín úr stjórn eins slíks fyrirtækis að upplýsingum er jafnvel haldið leyndum fyrir stjórnarmönnum hvað þá almenningi í skjóli þess að fyrirtækinu hafi verið breytt. Hvernig heldur hv. þm. að slíkir menn umgangist almenning ef ekki eru sett á þá lög til þess að skylda þá með skýrum hætti að veita þær upplýsingar sem þeim ber?

[11:48]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Enginn vafi leikur á því að störf umboðsmanns Alþingis á undanförnum árum hafa skilað verulegum árangri í meiri skilvirkni í meðferð mála og bættri stöðu almennings til þess að ná fram rétti sínum. Á þeim tiltölulega skamma tíma sem þetta embætti hefur verið við lýði hefur það virkilega sannað gildi sitt.

Samkvæmt umsögn umboðsmannsins sjálfs er þó nokkur tregða stofnana og stjórnsýslueininga til þess að bregðast við úrskurðunum þegar þeir berast og virðist mikil viðleitni til þess að skjóta sér undan eða í besta falli að fresta eins og unnt reynist að verða við réttmætum kröfum og ábendingum sem settar eru fram af hálfu umboðsmanns.

Sjá má í skýrslunni á bls. 10 að innan við helmingur þeirra sem fengu erindi frá umboðsmanni svöruðu innan mánaðar, rúm 20% til viðbótar innan tveggja mánaða, en þeir sem síðan eru eftir svöruðu allt frá hálfu ári eftir að beiðnin barst — nær tíundi hluti þeirra — eða mun lengur og sumir alls ekki. Skýringar sem borist hafa á þessum drætti eru oft þær að sumarleyfi hafi tafið afgreiðslu, mannaskipti hafi orðið í stofnunum og ýmislegt fleira er tínt til, en umboðsmaður segir sjálfur afsakanir af þessu tagi ekki frambærilegar eða marktækar enda má ætla að sumarleyfi séu eðlilegur þáttur í skipulagi hverrar stofnunar og komi ekki eins og þruma úr heiðskíru lofti.

Umboðsmaður hefur beint tilmælum til ráðuneyta um ýmsar breytingar sem gera þarf á starfsreglum og jafnvel lagfæringar á lögum sem varða einstök efni og afgreiðslu þeirra svo sem reyndar kom fram hjá hv. 13. þm. Reykv. fyrr í dag. Má nefna t.d. málefni fanga og fleira. En þrátt fyrir jákvæð viðbrögð ráðuneyta oft og tíðum hafa þessar breytingar oft látið á sér standa jafnvel svo árum skiptir. Það er að sjálfsögðu ekki viðunandi að ráðuneyti gangi þannig fram og nauðsynlegt að á þessu verði breyting og nauðsynlegt að hið háa Alþingi veiti ráðuneytum aðhald í þessu efni.

Við þetta bætist sú staðreynd að um 18% þeirra kvartana sem til umboðsmanns berast eru vegna tafa hjá stjórnvöldum við afgreiðslu mála og slík mál velkjast síðan jafnvel áfram án fullnægjandi afgreiðslu. Full ástæða er til að vekja athygli á því að ráðuneyti og opinberar stofnanir eru settar á stofn sem afgreiðslukerfi fyrir almenning og nauðsynlegt er að þau fái það aðhald sem þau þurfa til þess að á þessu verði ráðin bót. Í framhaldi af þessu hefur verið send af hálfu umboðsmanns hvatning til stjórnvalda um að ráða bót á þessum annmarka enda óviðunandi eftir að úrskurðir og tilmæli umboðsmanns liggja fyrir að hægt sé að hunsa þau svo lengi sem forsvarsmönnum stofnananna sýnist.

Ekki þarf að koma á óvart að viðfangsefnum umboðsmanns Alþingis sem tengjast útlendingum fer fjölgandi. Hann vekur jafnframt athygli á því í skýrslu sinni að núgildandi lög nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum, eru um margt óskýr og í þeim er ekki tekin afstaða til grundvallaratriða um meðferð mála útlendinganna sem hingað leita, t.d. atriða sem varða veitingu hælis af stjórnmálalegum orsökum og útgáfu dvalarleyfis. Það segir sig sjálft að aðstæður

sem voru við lagasetninguna 1965 eru nú mjög breyttar. Ný heildarlög um málefni útlendinga sem taka munu gildi um næstu áramót munu taka á þessu máli og þessi vandi er væntanlega þar með úr sögunni.

Það vakti athygli mína og fleiri hér áðan að hv. 2. þm. Reykv., Björn Bjarnason, fjallaði um mismunandi túlkun á hlutverki stjórna fyrirtækja í eigu borgarinnar eftir því hvert tilefnið er hverju sinni. Nú ætla ég ekki að fara út í málefni Orkuveitu Reykjavíkur eða stofnana borgarinnar því að ég þekki þær afar lítið. Hins vegar vil ég taka undir þetta sjónarmið hv. þm. Mér virðist það geta átt við miklu víðar, t.d. í sambandi við þá umfjöllun sem nú á sér stað um málefni Símans og starfslok forstjóra þar. Þessi tilhneiging virðist því vera vinsæl víðar en hjá Reykjavíkurborg. En ég tek undir með honum um nauðsyn á skýrum lagaramma um stjórn fyrirtækja af þessum toga þannig að vangaveltur af þessu tagi og deilur um þessi mál eigi ekki að þurfa að taka langan tíma dag eftir dag t.d. hér í þinginu.

Herra forseti. Það verður að viðurkennast að sá sem hér stendur hefur ekki átt þess kost að kynna sér efni þessarar skýrslu svo vel sem vert væri og því verða þessar athugasemdir færri og efnisminni en annars hefðu orðið. Því læt ég máli mínu hér með lokið.

[11:55]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég hef áður gert grein fyrir meginsjónarmiðum mínum varðandi skýrslu umboðsmanns Alþingis. Ég kveð mér hljóðs að nýju vegna þeirra umræðna sem spunnist hafa um upplýsingaskyldu forsvarsmanna fyrirtækja og stofnana í eigu almennings. Ég tek undir það meginsjónarmið sem fram kom hjá umboðsmanni að þær eigi að lúta almennt sömu reglum, og lögum þess vegna, og stofnanir sem eru reknar á vegum ríkis og sveitarfélaga. Í framhaldi af þeim umræðum sem spunnist hafa um Orkuveitu Reykjavíkur þá tek ég undir það að mér finnst eðlilegt að upplýsingar sem snerta það fyrirtæki séu að sjálfsögðu stjórnarmönnum opnar en einnig almenningi, eigendum Orkuveitunnar. Stjórnarmenn eru þar væntanlega innan borðs til að gæta hagsmuna almennings. En ég fæ ekki séð hvaða upplýsingar það gætu verið í fyrirtækjum og stofnunum á borð við orkuveitur sem rétt er eða réttlætanlegt er að halda leyndum fyrir eigendum sínum. En það var afdráttarlaus niðurstaða umboðsmanns Alþingis, eftir því sem ég skil þessa skýrslu, að almennt eigi þessar stofnanir — og það gildi einnig um Orkuveituna — að lúta sömu lögmálum og almennar stjórnsýslustofnanir. Ég tek því undir það sjónarmið.

Ég fagna því ef orðið hefur áherslubreyting hjá sjálfstæðismönnum hvað þetta snertir vegna þess að þetta er ekki í fyrsta skiptið sem við höfum rætt þessi efni. Umræða hefur spunnist um Landssímann t.d. Þar var neitað að upplýsa um launakjör, ráðningarkjör æðstu stjórnenda þeirrar stofnunar svo að dæmi sé tekið og varð af því talsverð rimma. Fyrir Alþingi liggur núna beiðni til Ríkisendurskoðunar um að fá upplýsingar um starfslokasamning fyrrverandi forstjóra fyrirtækisins og því hefur verið neitað hér á þingi að upplýsa Alþingi um það eða að alþingismann fái í hendur þessa skýrslu.

Varðandi það sjónarmið sem fram kom í máli hv. þm. Björns Bjarnasonar, að orkuveitur eða fyrirtæki og stofnanir af því tagi eigi að forðast að taka þátt í fjárfestingum á markaði þá tek ég almennt séð undir það sjónarmið þó að mjög erfitt sé að draga einhverjar ákveðnar línur í því efni, en minni á að um þetta hafa staðið nokkrar deilur. Og fyrst ég nefndi Landssímann þá minnumst við þess að hann lagðist í miklar fjárfestingar úti um víða veröld og fór að braska með fé. Í einu tilvikinu tapaði hann hálfum milljarði kr. á fjármálabraski, ævintýri í Bandaríkjunum. Einn nefndarmaður í einkavæðingarnefnd sagði að í rauninni væri búið að gera Landssíma Íslendinga að fjárfestingarfyrirtæki því að slík voru umsvif þessara fjárfestinga. En þetta finnst mér vera mjög mikilvægt umræðuefni sem við erum komin inn á og umboðsmaður vekur réttilega máls á hver sé réttarstaða almennings gagnvart þessum eignum sínum þótt rekstrarforminu hafi verið breytt.

Í Bandaríkjunum hefur verið farin sú leið að skylda slík fyrirtæki til þess að opna bókhald sitt og þegar um er að ræða einokunarstarfsemi eru iðulega settar alls kyns kvaðir um arð, hámarksarð sem leyfilegt er að taka út úr slíkri starfsemi og einnig varðandi upplýsingaskylduna.

Fyrir fáeinum árum komu hingað í boði BSRB bandarískir sérfræðingar sem hafa einmitt sérhæft sig í því að leita eftir upplýsingum frá bandarískum orkufyrirtækjum, t.d. hvað varðar verð á orku og þeirri vöru og þjónustu sem þessi fyrirtæki selja, á hvaða forsendum slíkar verðlagsákvarðanir eru teknar, og allt er þetta miklu opnara en gerist t.d. í Evrópu. Þessa hluti þurfum við öll að taka til gagngerrar endurskoðunar, ekki síst í ljósi þess að fjöldi stofnana og fyrirtækja sem áður voru almannastofnanir eru orðnar að hlutafélögum.

[11:59]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég tel að þessar umræður hafi verið gagnlegar. Ég tel að þær athugasemdir sem komið hafa fram frá hv. þingmönnum í allshn. sýni og staðfesti að umboðsmaður Alþingis hefur staðið vel að verki og eins og ég tek undir, staðið undir þeim vonum sem við embætti hans eru bundnar.

Um þær sérstöku athugasemdir sem hér hafa komið fram vil ég í fyrsta lagi segja að þær umræður sem hér hafa vaknað um réttarstöðu opinberra stofnana sem breytt hefur verið í hlutafélög eru réttmætar. Eins og stendur í áliti umboðsmanns Alþingis þá hefur hann vakið athygli Alþingis og iðnrh. á niðurstöðum sínum og er sjálfsagt að fylgja því eftir og kanna hvar þetta mál er á vegi statt í iðn.- og viðskrn.

Það er ljóst að það hefur verið litið svo á á Alþingi, a.m.k. af meiri hlutanum, að opinberar stofnanir breyti um eðli um leið og hlutabréf hafa verið sett á markað og einstaklingar eða aðrir aðilar gerst hluthafar og þá sé rétt að um þau fjalli einkaréttarleg ákvæði. Á þetta hefur áður reynt hér og ættu það ekki að vera nýmæli fyrir hv. þingmenn. Á hinn bóginn hef ég skilið vangaveltur umboðsmanns Alþingis svo að hann sé sérstaklega að tala um hvernig almennar reglur stjórnsýsluréttar eigi við um hlutafélög og sameignarfélög í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga. Eins og ég skil ummæli umboðsmanns telur hann að löggjöfin um þau efni sé ekki nægilega skýr sem er auðvitað óviðunandi og óhjákvæmilegt að taka það mál upp þannig að starfsreglur þessara fyrirtækja liggi ljósar fyrir og bæði stjórnendur þeirra, alþingismenn og eftir atvikum sveitarstjórnarmenn geti áttað sig á þeim rétti sem þeir hafa til að veita upplýsingar og einnig til að önnur fyrirtæki sem starfa úti á markaðnum geti glöggvað sig á því hvar þau standa í viðskiptum við slík fyrirtæki.

Eins og hv. þingmenn muna var ein höfuðröksemdin fyrir því að breyta Landssímanum í hlutafélag á sínum tíma sú

að hann átti í vaxandi erfiðleikum með samvinnu og viðskipti við önnur sambærileg fyrirtæki í nálægum löndum sem breytt hafði verið í einkafyrirtæki. Af þeim sökum var óhjákvæmilegt að þessi breyting gæti orðið, einmitt til að tryggja þá viðskiptahagsmuni sem tengdir voru því að eiga viðskipti við slík opinber fyrirtæki, fyrirtæki í eigu opinberra aðila. Ég tek þess vegna undir það sem hv. 2. þm. Reykv., Björn Bjarnason, sagði, að ástæða væri til þess fyrir Alþingi og alþingismenn að ýta á eftir því að skýrari reglur yrðu settar um þetta efni. Það hlýtur síðan að fara eftir atvikum hvernig framvindan verður, hvernig málið ber að í þinginu, hvort einstakir þingmenn hafa að því frumkvæði eða frv. verður lagt fram af ríkisstjórninni eða hæstv. viðsk.- og iðnrh. Ég hygg að umræðurnar í dag sýni glögglega að óvissan í þessum efnum er óþolandi. Það verður að sjálfsögðu að gera sömu kröfur til sveitarfélaga, sem eru opinberir aðilar, og ríkisins um að bregðast vel við þegar umboðsmaður Alþingis gerir athugasemdir eða setur fram leiðbeiningar um viðkomandi málefni.

Ég tek undir að það vantar lagaramma til að átta sig sérstaklega á hver réttarstaða fyrirtækja sem eru algerlega í eigu opinberra aðila er, hvort sem um er að ræða fyrirtæki í eigu sveitarfélaga, ríkisins eins eða ríkis og sveitarfélaga. Eins og menn geta glöggvað sig á þá hefur umboðsmaður Alþingis komist að þeirri niðurstöðu að starfsemi, rekstur og ákvarðanataka hjá Landsvirkjun sé alfarið undir áhrifum opinberra aðila í krafti eignarhaldsins. Það er auðvitað útúrsnúningur ef menn hugsa sér að Lína.Net sé að þessu leyti öðruvísi sett en Landsvirkjun.

Í öðru lagi vil ég, vegna þeirra orða sem hér féllu um frumkvæðismál og réttarstöðu afplánunarfanga, minna á það sem hér stendur í skýrslunni. Unnið er að athugun á þeim málum í dómsmrn. og þess er að vænta að frumvörp þess efnis verði lögð fyrir Alþingi, kannski ekki á því þingi sem nú situr, enda er þetta óvenjustutt þing. En ég vil leyfa mér að vænta þess að slíkt frv. geti a.m.k. legið fyrir á hausti komanda og mun gera hæstv. dómsmrh. grein fyrir þeim ummælum sem hér hafa fallið um það efni.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram. Ég vil að gefnu tilefni, vegna orða hv. 3. þm. Vesturl., taka fram að á hausti komanda telji ég rétt að athygli þingmanna sé sérstaklega vakin á því í stafsáætlun hvenær forseti geri grein fyrir skýrslu umboðsmanns Alþingis og skýrslu ríkisendurskoðanda.

[12:07]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vona að mér sé óhætt að fagna stefnubreytingu hv. 1. þm. Norðurl. e. varðandi þau atriði sem hann talaði um. Hann orðaði það þannig að hann mundi gera sömu kröfu til sveitarfélaga hvað varðar upplýsingaskyldu fyrirtækja í þeirra eigu og opinberra stjórnvalda. Ég skildi hann þannig að þar með ættum við að endurskoða það fyrirkomulag sem hefur verið varðandi eignarhald og svör ráðherra þegar beðið hefur verið um upplýsingar frá hlutafélögum sem alfarið eru í eigu ríkisins, eins og frá Símanum, frá Sementsverksmiðju ríkisins eða öðrum slíkum fyrirtækjum og eins og hér um ræðir, þ.e. Orkuveitu Reykjavíkur.

Á öðrum stað komst hv. þm. svo að orði að þannig hefði verið litið á að eðlið breyttist í hlutafélögum þegar búið væri að selja einhver hlutabréf í þeim. Það er ekki rétt. Það hefur legið fyrir í svörum frá hæstv. ráðherrum að sé um að ræða hlutafélag, þó að það sé alfarið í eigu ríkisins, þá sé ekki skylda til að upplýsa þingið um það sem spurt er um. Þetta hefur ítrekað komið fram. Ég fagna því ef menn eru farnir að átta sig á því núna að svona eigi þetta ekki að vera. Ég get alveg fallist á að hið sama eigi að gilda um Orkuveitu Reykjavíkur. En ég bendi á að þar fóru menn þó ekki þá leið sem farin hefur verið farin á vegum hins opinbera. Þar skipuðu menn ekki stjórn fyrirtækisins bara með því að láta borgarstjórann útnefna þá sem ættu að vera í stjórn eða eitthvað slíkt. Hér er það einn ráðherra sem ákveður stjórn fyrirtækja séu þau alfarið í eigu ríkisins.

[12:09]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi segja að ég átta mig ekki alveg á hvað fyrir hv. þm. vakir. Auðvitað er það svo bæði um ríkisstofnanir og stofnanir sveitarfélaga, hvort sem við erum að tala um skóla, sementsverksmiðju eða eitthvað annað, að einstaklingar og heimili eiga sína friðhelgi. Það er ekki hægt að spyrja um hvað eina.

Í örðu lagi er það svo að þau viðskipti sem fyrirtæki reka á almennum markaði eru bundin ákveðnum skuldbindingum og hafa ákveðinna hagsmuna að gæta eigi að vera hægt að reka þau áfram á markaði. Þannig er ekki hægt að galopna alla hluti og getur heldur ekki verið rétt. Kannski er hugsanlegt að maður sem staðið hefur fyrir rekstri, eins og hv. 3. þm. Akraness, skilji það. En þar sem ummæli hv. þm. voru svo óljós er erfitt að átta sig á því hvað fyrir honum vakir.

Ég hygg að það sé ljóst hvað fyrir umboðsmanni Alþingis vakir. Hann vekur athygli á því að hægt sé með stjórnsýslulegum hætti að ná fram upplýsingum hjá stofnunum ríkis og sveitarfélaga. Einnig er auðvitað hægt á Alþingi að bera fram fyrirspurn til þess ráðherra sem með málið fer liggi hv. þingmönnum á hjarta að fá fram upplýsingar. Um það gilda almennur reglur sem hafa margsinnis verið skýrðar á Alþingi og einstakir alþingismenn hafa ekki flutt frumvörp hér til þess að hnekkja þeim.

[12:11]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna það að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum. Ég heyrði ekki betur en hv. þm. segði núna að þó svo hann tæki undir það sem kemur fram í skýrslu umboðsmanns Alþingis þá teldi hann að það hefði ekki áhrif á hvernig fjallað verði um fyrirspurnir frá alþingismönnum hvað varðar hlutafélög sem eru alfarið í eigu ríkisins.

Ég taldi að við værum að tala um að koma á upplýsingaskyldu og værum sammála um að eðlilegt væri að hún væri til staðar þegar um væri að ræða fyrirtæki af þessu tagi, sem væri alfarið í eigu ríkis eða sveitarfélaga og um það ættu að gilda gersamlega sambærilegar reglur. Ég segi hins vegar að ef það er niðurstaða hv. þm. að hv. þm. Björn Bjarnason eigi að vera í sömu stöðu, eða aðrir borgarfulltrúar, gagnvart því að ná fram upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur og hv. þingmenn eru hér við að ná fram upplýsingum frá Símanum eða öðrum slíkum hlutafélögum sem eru alfarið í eigu ríkisins, þá hefur ekki mikið breyst.

[12:12]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svona smátt og smátt að skýrast hvað vakir fyrir hv. þm. en gallinn er sá að hann misskilur hlutina gersamlega. Í fyrsta lagi er Síminn ekki alfarið í eigu ríkisins. Þar eiga aðrir hluthafar hlut að máli þannig að það er ekki hægt að líta svo á.

Í öðru lagi er Landssíminn samkeppnisfyrirtæki og starfar á markaði. Það er augljóst að Landssíminn verður t.d. að gefa Samkeppnisstofnun upplýsingar um eitt og annað sem hún telur nauðsynlegt að fá upplýsingar um til að hún geta áttað sig á því hvernig þetta fyrirtæki starfar á markaðnum. Á hinn bóginn hefur Samkeppnisstofnun ekki heimild til þess að velta þeim upplýsingum út í þjóðfélagið eða inn í umræðuna í gegnum fjölmiðla eða með öðrum hætti, þótt Samkeppnisstofnun búi yfir slíkum upplýsingum og sé opinber stofnun.

Jafnframt er ljóst að öðru máli gegnir um fyrirtæki sem eru einokunarfyrirtæki. Auðvitað hlýtur upplýsingskylda slíkra fyrirtækja að vera mun ríkari og óhjákvæmilegt að borgararnir fái að vita hvernig slíkt einokunarfyrirtæki verðleggur sína þjónustu. Þetta ætti öllum að vera alveg ljóst. Það er um það sem málið snýst og einsdæmi að ég hygg í víðri veröld að einokunarfyrirtæki geti synjað eða neitað stjórnarmönnum um upplýsingar. Það er algerlega út í hött fyrir hverja venjulega manneskju að skilja slíkt og ekkert nema valdníðsla. Það vekur auðvitað miklar spurningar og vantrú á fyrirtækinu og grun um að þar sé eitthvað sem þurfi að fela.

[12:15]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Tvær örstuttar athugasemdir. Ég er ósammála þeirri staðhæfingu hv. þm. Halldórs Blöndals að breyta hafi þurft Landssímanum í hlutafélag til að tryggja þá viðskiptahagsmuni sem um er að tefla í samskiptum Landssímans við erlend símafyrirtæki og gott ef ekki var vísað til Norðurlandanna. Hvað þetta atriði varðar, að nauðsynlegt væri að gera Símann að hlutafélagi til að sveipa um hann einhverjum leyndarhjúp, þá er það sjónarmið sem er á útleið. Það er alls staðar verið að reyna að opna slík fyrirtæki almenningi og hluthöfum, draga þau undan þessari leyndarhulu.

Varðandi hitt atriðið að dómsmrn. sé að bregðast við kröfu umboðsmanns eða ábendingum um réttarfarsbætur í fangelsismálum, þá er það einmitt mergurinn málsins að sá vilji hefur komið fram allar götur frá 1999. Þá tók umboðsmaður þetta upp og hér segir, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið svaraði með bréfi til mín, dags. 16. nóv. 1999, þar sem kom fram að ráðuneytið hefði uppi ráðagerðir um að setja reglur um ákveðin atriði jafnvel þegar á árinu 2000 og gera úrbætur á þeim sviðum sem fyrirspurnir mínar beindust að. Þessi áform ráðuneytisins höfðu ekki gengið eftir þegar ég sendi álitið frá mér.“ Það er haustið 2001. Síðan segir áfram, með leyfi forseta: „Í framhaldi af álitinu hef ég síðan bæði bréflega og á fundum leitað eftir viðbrögðum dóms- og kirkjumrn. og Fangelsismálastofnunar og hefur ekki annað komið fram en vilji sé til þess af hálfu þessara aðila að gera nauðsynlegar breytingar í samræmi við þau sjónarmið sem ég setti fram í áliti mínu.“

Með öðrum orðum: Það er engin nýlunda að viljinn sé fyrir hendi en skortur á verkunum.

[12:16]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef litlu við það að bæta sem hv. 13. þm. Reykv. sagði nema einungis vekja athygli á því að hin erlendu símafyrirtæki lýstu þeirri skoðun sinni að það væri erfitt að eiga viðskipti við Landssímann sem opinbert fyrirtæki eftir að það hefði verið einkavætt og sami skilningur kom fram og sama skoðun hjá póst- og símamálastjóra, Ólafi Tómassyni, á þeim tíma. Um það getum við varla verið ósammála. Síðan getum við deilt um það hvort þetta álit póst- og símamálastjóra á þeim tíma hafi verið réttmætt eða ekki en þannig lá í málinu. Ég var honum sammála og það var þess vegna sem ég beitti mér mjög fyrir því að Landssímanum var breytt í hlutafélag. Ég vildi raunar einkavæða Landssímann fyrir tíu árum og hefði það betur verið gert.

[12:17]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég leyfi mér að telja að þetta sé misminni hjá hv. þm. og fyrrv. hæstv. ráðherra því að hann lýsti því yfir skýrt og skorinort að hann vildi ekki selja Símann. Hann vildi gera Símann að hlutafélagi en ekki selja hann og um þetta eru til skráð gögn.

Varðandi leyndina þá er það alveg rétt að sú krafa hefur komið fram hjá stjórnendum erlendra símafyrirtækja og þess vegna orkufyrirtækja að fá að liggja í friði undir leyndarhjúp. Það er alveg rétt og þeir hafa viljað fá sem víðtækasta samtryggingu í því efni. En krafan frá almenningi rís núna um að opna þær stofnanir og taka þær undan slíkri leyndarhulu. Og þegar allt kemur til alls lúta þær spurningar sem beint hefur verið til þessara stofnana og stjórnvalda sem eru ábyrg fyrir þeirra hönd fyrst og fremst að vafasömum vinnubrögðum eða öllu heldur að menn vilja upplýsa um vinnubrögð til að koma í veg fyrir að eitthvað vafasamt sé á ferðinni, vilja fá upplýsingar um hugsanlegt brask og leyndarmakk, bruðl með peninga sem þegar allt kemur til alls eru í eigu almennings og allar upplýsingar sem að því lúta eiga að vera almenningi opnar.

[12:19]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einungis til að hið rétta komi fram. Ég vil minna á að það eru ýmsar hliðar á sannleikanum eins og Halldór Laxness segir í Íslandsklukkunni þó að hann færi rangt með það hvað fjöllin hétu úr Kinninni og hvað fjöllin hétu frá Valsnesi, hann sneri því við, kannski með vilja sem sýnir auðvitað hversu erfitt er að höndla sannleikann. En ég var þeirrar skoðunar fyrir tíu árum og lýsti því yfir opinberlega að ég vildi einkavæða Landssímann en á hinn bóginn fékk ég ekki stuðning við þær hugmyndir svo ég varð að beygja mig undir það eins og ég lýsti yfir hér á Alþingi.

[12:20]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil bara bæta örfáum orðum við það sem hér fór fram áðan, sérstaklega vegna þess að hv. 1. þm. Norðurl. e. hljóp á það lagið að tala um Landssímann eins og hann væri eina fyrirtækið sem þetta mál snerist um sem við höfum verið að ræða. Ég tel að menn ættu að geta orðið sammála um að hlutafélög sem eru alfarið í eigu ríkisins og hlutafélög sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga ættu að hafa yfir sér sambærilegar reglur hvað varðar aðgang að upplýsingum almennings að því sem fer fram hjá þeim hlutafélögum. Það kann vel að vera að menn geti skýlt sér bak við það að þegar er búið að selja einhver fáein hlutabréf í slíkum hlutafélögum, þá eigi menn ekki kost á því að fá upplýsingar. Mér finnst það haldlítil rök og það eigi ekki að vera þannig. Mér finnst að þeir sem kaupa hlutafé í slíkum fyrirtækjum eigi að vita af því að þessi fyrirtæki hafi ríka upplýsingaskyldu og að þau lokist ekki gagnvart henni á meðan ríki og sveitarfélög eigi þar stóran meiri hluta og þannig gætu reglur verið.

Ég nefndi áðan að ekki hefðu menn hjá Reykjavíkurborg kosið að fara þá leið sem hæstv. ríkisstjórn hefur farið og þeir sem hafa stjórnað málum hér á Alþingi. Sú leið er í því fólgin að það er einhver tiltekinn ráðherra sem hefur yfir að ráða viðkomandi fyrirtæki sem skipar alla stjórnarmennina þannig að aðkoma einhverra annarra sem hugsanlega hefðu pólitískar ástæður til að gagnrýna það sem gert er í stjórn slíkra fyrirtækja er ekki fyrir hendi í ýmsum tilfellum. Þetta hafa menn sem betur fer ekki gert hjá Reykjavíkurborg. Ég teldi það vera afar slæmt ef menn villtust út á þá braut sem gerst hefur á vegum ríkisstjórnar og Alþingis, að menn skuli hafa valið þann kostinn að hafa enga í stjórn eða láta ráðherra eina véla um það hverjir eigi að sitja í stjórn fyrirtækja. Þeir hafa síðan ítrekað svarað því til hér á Alþingi að þessi fyrirtæki, þó þau séu alfarið í eigu ríkisins, hafi ekki skyldu til að upplýsa þingmenn um hvað fari þar fram. Um þetta snerist málið.

Ég verð að segja að ég tel að þetta hljóti að enda með því að menn fari í það að setja almennar reglur sem gilda um þau sambærilegu tilvik sem ég er að tala um og það verði skýrar reglur sem kveði á um hvar línurnar verði dregnar. Hvenær er fyrirtæki ekki það mikið í eigu almennings, þ.e. með almennum hætti í eigu ríkis eða sveitarfélaga, að það fari þá undan þeirri ríku skyldu sem hér er um að ræða? Það á ekki að gerast þó menn selji eitt hlutabréf. Mér finnst að þeir sem kaupa lítinn hlut í slíkum fyrirtækjum eigi bara að vita af því að þau fyrirtæki hafi ríkar skyldur til upplýsinga. Ég sé ekki að það sé neitt óskaplega erfitt vandamál að leysa þetta en til þess að það leysist þarf að verða stefnubreyting hjá stjórnvöldum í landinu. Ég geri ráð fyrir að þeir geti komist til vits hjá Reykjavíkurborg ef þeir hafa verið að halda einhverju meiru leyndu heldur en eðlilegt er í starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur eða öðrum fyrirtækjum. Þeir munu auðvitað skilja það vel og fara eftir því ef á Alþingi verða sett lög og reglur sem leiðbeina þeim á réttan veg.

Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 2001.

[12:25]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Samkvæmt lögum um starfsemi Ríkisendurskoðunar ber henni að semja skýrslu um störf sín á liðnu almanaksári og leggja fyrir Alþingi. Ársskýrslan fyrir liðið ár var gefin út og birt í maímánuði. Með sama hætti og gert hefur verið á liðnum árum mun ég á eftir gera grein fyrir því helsta úr skýrslunni.

Rekstrarútgjöld Ríkisendurskoðunar að frádregnum tekjum af seldri þjónustu námu alls rúmum 249 millj. kr. á árinu 2001. Til samanburðar er þess að geta að á árinu 2000 námu rekstrarútgjöld 219 millj. kr. Útgjöldin jukust því um 31 millj. kr. eða um 12%. Þegar tekið er tillit til verðlags- og launabreytinga nemur raunhækkun gjalda hins vegar tæplega 14 millj. kr. eða um 6% milli ára. Rekstrarkostnaður á árinu 2001 sundurliðaðist sem hér segir á milli sviða: 67,2% af kostnaðinum átti rætur að rekja til fjárhagsendurskoðunarsviðs, 20,4% til stjórnsýsluendurskoðunarsviðs, 6,6% til yfirstjórnar og loks 6,6% til lagasviðs.

Í árslok 2001 nam eigið fé stofnunarinnar, en það sýnir uppsafnaðan rekstrarárangur hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum, tæplega 47 millj. kr. og hafði það hækkað um tæplega 21 milljón á milli ára. Hafa ber í huga í þessu sambandi að 28 millj. kr. af óráðstöfuðum fjárheimildum stofnunarinnar eru markaðar til viðbyggingar við Skúlatún 6.

Fastráðnir starfsmenn Ríkisendurskoðunar voru jafnmargir á árinu 2001 og á árinu áður eða 43. Til að leysa af hendi hin víðtæku verkefni, sem stofnuninni ber að lögum að sinna, hefur hún á liðnum árið samið við sjálfstætt starfandi löggilta endurskoðendur um að þeir annist endurskoðun á ársreikningum tiltekinna ríkisaðila. Í lok ársins voru samningar við 13 einkareknar endurskoðunarskrifstofur í gildi. Endurskoðun sem innt er af hendi á grundvelli þessara samninga er unnin í umboði Ríkisendurskoðunar og í samráði við hana. Ef hin samningsbundnu verkefni lúta að endurskoðun reikninga ríkisaðila í A-hluta ríkisreiknings ber Ríkisendurskoðun kostnaðinn af vinnunni, en annars er hann borinn uppi af viðkomandi stofnun eða fyrirtæki. Umfangsmestu verkefnin af þessum toga voru á sínum tíma boðin út í samræmi við lög um opinber innkaup og reglur sem gilda í því efni á Evrópska efnhagssvæðinu.

Alls var lokið við 123 skýrslur á vegum fjárhagsendurskoðunarsviðs en samsvarandi fjöldi fyrir árið 2000 var 105. Endurskoðunarskýrslum fjölgaði því um 18 milli ára eða sem samsvarar um 17%. Áritaðir voru samtals 317 ársreikningar en á árinu 2000 var samsvarandi fjöldi 174. Árituðum ársreikningum fjölgaði því um 143 eða rúmlega 82% milli ára.

Lokið var við 11 skýrslur á vegum stjórnsýslusviðs. Í þeim eru birtar niðurstöður stjórnsýsluúttekta og úttekta á upplýsingakerfum sem lokið var á árinu. Árið 2000 luku starfsmenn sviðsins við samtals sjö skýrslur og nemur fjölgunin milli ára 57%. Þess ber að geta að á hverju ári eru einungis birtar skýrslur vegna þeirra úttekta sem lokið er. Þannig vinna starfsmenn stjórnsýslusviðs jafnan að ýmsum úttektum á hverju ári sem ekki er lokið fyrr en almanaksárið á eftir.

Auk skýrslna og ársreikninga vinna starfsmenn stofnunarinnar jafnan nokkurn fjölda svonefndra greinargerða á hverju ári. Greinargerðir fela í sér umfjöllun um ýmis sértilvik og álitaefni sem tengjast lögbundnum verkefnum stofnunarinnar.

Eins og jafnan áður er mestum hluta þess tíma sem Ríkisendurskoðun hefur til ráðstöfunar á hverju ári varið til hefðbundinnar fjárhagsendurskoðunar hjá stofnunum, fyrirtækjum og sjóðum í eigu ríkisins. Á árinu 2001 var um 65% af heildarfjölda vinnustunda varið til verkefna á sviði fjárhagsendurskoðunar. Rúmlega fjórðungi eða 26% af vinnustundunum var varið til verkefna á vegum stjórnsýslusviðs og 4% til verkefna lagasviðs. Aðrir starfsmenn, þar með talin yfirstjórn stofnunarinnar, skiluðu sem nemur 5% af heildarfjölda vinnustunda á árinu 2001.

Þegar könnuð er skipting vinnuframlags eftir ráðuneytum kemur í ljós að mestum tíma var varið til að endurskoða fjárlagaliði sem heyra undir fjmrn. eða um 28%. Næstmestum tíma var ráðstafað til að endurskoða fjárlagaliði heilbr.- og trmrn. eða rúmlega 21%. Tæplega 11% af heildartímafjölda var ráðstafað til endurskoðunar hjá dóms- og kirkjumrn. og um 10% hjá menntmrn. Til endurskoðunar á fjárlagaliðum sem heyra undir landbrn. var um 5% af tímanum varið og svipaður tími fór í endurskoðun á fjárlagaliðum sem heyra undir samgrn. Samtals 25% tímans var varið til endurskoðunar fjárlagaliða annarra ráðuneyta og yfirstjórnar ríkisins.

Eins og ég gat um áðan var lokið við 123 skýrslur er tengdust fjárhagsendurskoðun hjá stofnunum, fyrirtækjum og sjóðum ríkisins. Þessar skýrslur eru að jafnaði ekki birtar opinberlega en ríkisendurskoðandi lætur í ljósi álit sitt á reikningsskilum einstakra aðila með áritun sinni. Í skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings er þó jafnan að finna samandregið yfirlit um alla þá vinnu sem unnin er við fjárhagsendurskoðun á vegum stofnunarinnar. Stjórnsýslusviðið lauk svo sem áður segir við 11 skýrslur á liðnu ári og voru þær allar birtar opinberlega. Eins og oft áður voru nokkrar þeirra gerðar að beiðni eða frumkvæði annarra, svo sem forsætisnefndar Alþingis. Skýrslur af þessum meiði eru jafnan lagðar fyrst fram á Alþingi.

Skýrslur þær sem hér um ræðir fjölluðu um margbreytileg efni, svo sem um ferliverk á sjúkrahúsum, fjárlagaferlið með sérstaka áherslu á útgjaldastýringu, skipulag verkefna og rekstur Landhelgisgæslunnar, samning um hjúkrunarheimili í Sóltúni, feril, fjölda og afgreiðslu skattsvikamála 1997–1999, framkvæmd fjárlaga o.fl. Undir stjórnsýslusviðið heyrir endurskoðun upplýsingakerfa. Sá þáttur starfseminnar beinist að því að kanna virkni og öryggi tölvu- og upplýsingakerfa hjá fyrirtækjum og stofnunum ríkisins með það fyrir augum að ganga úr skugga um að þau uppfylli þær kröfur sem til þeirra eru gerðar og að þau séu í samræmi við lög, reglur og staðla.

Á síðasta ári lauk á vegum sviðins úttekt á tölvukerfum 26 framhaldsskóla. Áður höfðu komið út rit um rafræn viðskipti sem geymir, auk ýmissa upplýsinga um rafræn viðskipti, ýmsan fróðleik um þau öryggisatriði sem ríkisaðilar verða að huga að og þær meginreglur sem þeir verða að fylgja ætli þeir sér að taka upp og stunda rafræn viðskipti. Einnig tók sviðið saman leiðbeiningar um eignaumsýslu í tengslum við hugbúnað og tölvuvélbúnað ríkisstofnana. Þetta þótti nauðsynlegt að gera til að fylgja eftir athugun og skýrslu stofnunarinnar um lögmæti hugbúnaðar hjá ríkisaðilum frá árinu 1999.

Ríkisendurskoðun sinnir ýmsum öðrum verkefnum sem ekki verða heimfærð beint undir endurskoðun. Má í þessu sambandi nefna eftirlit með ríkistekjum, eftirlit með staðfestum sjóðum og sjálfseignarstofnunum, yfirstjórn, námskeið, endurmenntun starfsmanna o.fl. Námskeiðahald í tengslum við endurmenntun starfsmanna var nokkuð umfangsmikið og fjölbreytt í fyrra rétt eins og á liðnum árum. Það fjölþætta hlutverk sem ríkisvaldið hefur í samfélaginu hefur í för með sér að ríkisreksturinn er bæði flókinn og viðamikill. Miðað við þá takmörkuðu fjármuni sem Ríkisendurskoðun hefur til ráðstöfunar er ljóst að á hverju ári kemst stofnunin aðeins yfir að endurskoða hluta þeirrar starfsemi sem undir ríkið heyrir. Fjárhagsendurskoðunarsvið stofnunarinnar setti sér fyrir nokkrum árum það markmið að endurskoða öll viðfangsefni í fjárlögum a.m.k. einu sinni á hverju þriggja ára tímabili. Allar stofnanir utan A-hluta ríkisreiknings eru þó endurskoðaðar á hverju ári sem og stærstu A-hluta stofnanirnar. Þá hefur frá árinu 2000 verið lögð aukin áhersla á gerð ársreikninga fyrir stofnanir og aðra fjárlagaliði og er stefnt að því að allir ársreikningar stofnana í A-hluta verði áritaðir á hverju ári. Stofnunin hefur sett sér það markmið að ársreikningar verði gerðir fyrir allar stofnanir ríkisins innan tveggja ára. Vegna þeirra aðstæðna sem stofnunin býr við er mikilvægt að hún leiti sífellt nýrra leiða til að nýta sem best þá fjármuni sem henni eru skammtaðir. Þetta felur í sér að stofnunin verður ávallt að vera reiðubúin að endurmeta forgangsröð og starfsaðferðir sínar og vera opin fyrir nýjungum í því sambandi.

Á síðustu árum hefur rekstrarumhverfi stofnana og fyrirtækja ríkisins breyst mikið. Tölvuvæðing, aukin menntun starfsmanna og skipulagsbreytingar af ýmsu tagi hafa haft mikil áhrif á alla umsýslu þeirra með fjármuni. Um leið og fjársýsla stofnana hefur að mörgu leyti orðið markvissari og faglegri, t.d. með efldu innra eftirliti, er hún um leið orðin flóknari og vandamálin sem upp koma eru gjarnan erfiðari viðfangs. Þetta þýðir að endurskoðun er að sumu leyti orðin vandasamari en áður og útheimtir annars konar aðferðir en áður tíðkuðust. Í ljósi þessa hefur Ríkisendurskoðun nú boðað nýjar áherslur í fjárhagsendurskoðuninni. Markmið þeirra er að auka gæði endurskoðunarinnar, þ.e. að stuðla að því að eftirlit og aðhald stofnunarinnar verði enn virkara en hingað til, og þar með að bæta nýtingu þeirra fjármuna sem kostað er til starfseminnar. Í grundvallaratriðum felast breytingarnar í tvennu:

Breytt nálgun: Ríkari áhersla verður lögð á að velja markvisst þau viðfangsefni innan stofnana sem tekin eru til skoðunar hverju sinni.

Bætt þjónusta: Áhersla verður lögð á að bæta þjónustu við stofnanir, til að mynda með aukinni ráðgjöf um áhættu og eftirlit.

Nánari grein er gerð fyrir þessum áherslum í ársskýrslunni. Um þessi atriði sem og verkefni og störf stofnunarinnar á árinu 2001 að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til skýrslunnar sjálfrar.

Að lokum vil ég geta þess að á næstunni hefjast framkvæmdir við stækkun húsnæðis í eigu ríkisins að Skúlatúni 6. Ríkisendurskoðun hafa verið tryggð afnot af þriðju og fjórðu hæð hússins, samtals um 300 fermetrar. Umrædd viðbygging mun tengjast núverandi húsnæði stofnunarinnar að Skúlagötu 67. Áformað er að framkvæmdum þessum ljúki um mitt næsta ár. Við þetta mun öll aðstaða starfsmanna batna til mikilla muna. Í hinum nýju salarkynnum mun auk skrifstofuaðstöðu verða mötuneyti svo og bætt funda- og kennsluaðstaða.

Að lokum vil ég fyrir hönd forsætisnefndar, herra forseti, flytja Ríkisendurskoðun og starfsmönnum hennar þakkir fyrir vel unnin störf á því ári sem hér hefur verið fjallað um.

[12:36]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir lokaorð hæstv. forseta Alþingis, Halldórs Blöndals, um kveðjur og þakkir til starfsmanna Ríkisendurskoðunar. Meginhlutverk Ríkisendurskoðunar er að annast eftirlit með fjárreiðum og rekstri ríkisins. Í því felst m.a. að stofnuninni er ætlað að ganga úr skugga um að við meðferð almannafjár sé farið að settum reglum, og fjárstjórnarvald Alþingis sé virt. Það skiptir að sjálfsögðu afar miklu máli hvernig til tekst í þessu efni og reyndar lít ég svo á að þessi stofnun og sú stofnun sem við ræddum fyrr í dag, embætti umboðsmanns Alþingis, séu lykilstofnanir, undirstöðustofnanir í stjórnsýslunni eða öllu heldur undir stjórnsýslunni. Þær eiga að tryggja að stjórnsýslan starfi með þeim hætti sem ætlast er til samkvæmt lögum og öllum siðalögmálum.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs heimsótti embætti ríkisendurskoðanda fyrr í haust þar sem við fengum mjög góða yfirferð yfir starfsemi á vegum stofnunarinnar sem við teljum vera mjög lofsverða. Það kom

fram í máli hæstv. forseta Alþingis hve umfangsmikið þetta starf er og er ekki þörf á að endurtaka það. Það kom fram í skýrslunni að undirritaðir eru ársreikningar 317 opinberra stofnana og samkvæmt þeim upplýsingum sem við fengum í fyrrgreindri heimsókn í embættið má ætla að þessi fjöldi verði um 400 á þessu ári, 500 á komandi árum.

Stofnunin fær ívið meira framlag úr ríkissjóði á komandi ári en verið hefur. Þó tel ég að enn meira fjármagn þurfi til þessarar stofnunar sem á að hafa eftirlit með því að farið sé vel með fjármuni ríkisins. Í formála ríkisendurskoðanda, Sigurðar Þórðarsonar, að skýrslu embættisins kemur fram að úr takmörkuðu fjármagni sé að spila. Hann segir, með leyfi forseta:

„Af framansögðu leiðir að árlega er ekki mögulegt að tryggja nákvæmt eftirlit með öllum þeim aðilum sem tilheyra starfssviði stofnunarinnar. Þar með er þeirri hættu boðið heim að mistök eða jafnvel misferli eigi sér stað í tengslum við meðferð almannafjár án þess að stofnunin geti komið auga á það. Vegna tilvika af nefndu tagi sem upp hafa komið að undanförnu hefur stofnunin farið yfir vinnureglur sínar og verklag í þeim tilgangi að bæta eftirlit og nýta betur þá fjármuni sem til ráðstöfunar eru. Nýjar áherslur fela m.a. í sér að lögð verður markvissari vinna en áður í að velja úr þau viðfangsefni innan ráðuneyta og stofnana sem skoðuð verða hverju sinni. Reynt verður að búa þannig um hnúta að eftirlit beinist að þeim þáttum sem mestu eru taldir ráða um það hvort reikningsskil gefi rétta mynd af rekstri og fjárreiðum á hverjum tíma."

Hér er talað um breyttar áherslur í starfseminni. Það kemur fram að fjármagn er of takmarkað. Einhver bragarbót hefur verið gerð en það þarf að ganga enn lengra.

Síðan vekur atygli að ríkisendurskoðandi leggur áherslu á nauðsyn þess að koma á sérstökum siðareglum. Hér segir ríkisendurskoðandi, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun hefur áður bent á að ástæða sé til að kanna möguleika á því að settar verði siðareglur fyrir stjórnsýsluna hér á landi. Siðareglur veita leiðbeiningar um rétta háttsemi og minna starfsmenn á hlutverk þeirra, ábyrgð og skyldur. Almennt tel ég að slíkar reglur geti orðið til að stuðla að bættum stjórnarháttum og geti í framtíðinni reynst mikilvægur liður í því að efla traust almennings á stjórnsýslunni."

Undir þetta vil ég taka með ríkisendurskoðanda. Ég fagna því að verið sé að gera úrbætur á húsnæði Ríkisendurskoðunar þannig að búið verði betur að starfsmönnum en hingað til hefur verið gert.

[12:41]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum skýrslu Ríkisendurskoðunar og þar kemur fram að hún hefur framkvæmt mikið af athugunum. Ég er mjög ánægður með starf Ríkisendurskoðunar. Það er mjög gott og mjög þarft.

Hvers vegna er þörf á fyrirtæki eða stofnun eins og Ríkisendurskoðun? Það er vegna þess að í síauknum mæli vex fé í umsjá ríkisins, fé sem enginn á. Ríkið hefur vaxið alla síðustu öld og vex enn. Þrátt fyrir tilburði til einkavæðingar er enn þá mikill vöxtur og ég reikna með því að fjárfestingar Landsvirkjunar einnar, sem er opinbert fyrirtæki í eigu sveitarfélaga og ríkisins, á undanförnum tveim til þrem árum séu miklu meiri en sú einkavæðing sem menn hafa staðið í, og mikill styr hefur staðið um. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að hafa Ríkisendurskoðun til að fylgjast með þeim peningum sem enginn á og gæta þess að þeim sé vel varið. Þetta er meginmarkmið Ríkisendurskoðunar. Hún á að setja upp innra eftirlit með stofnunum ríkisins og hafa eftirfylgni með að þeim reglum sé fylgt, gæta þess sem sagt að farið sé vel með peninga. Hún á að koma í stað hinnar styrku handar eigandans sem er alltaf til staðar þegar um er að ræða peninga einkaaðila.

Það eru tvær stofnanir sem Ríkisendurskoðun getur eðli máls samkvæmt ekki endurskoðað. Það er í fyrsta lagi Ríkisendurskoðun sjálf. Hver fylgist með því hvernig kostnaður vex þar? Hver er það sem fylgist með því að Ríkisendurskoðun fari vel með? Það hlýtur að vera hlutverk hv. alþingismanna. Ég hef ekki orðið var við mikla umræðu um það hér hvort vel sé farið með hjá Ríkisendurskoðun, og er ég þó ekkert að gefa í skyn að svo sé ekki.

Hin stofnunin sem Ríkisendurskoðun getur eðli máls samkvæmt ekki endurskoðað er hv. Alþingi sem ræður Ríkisendurskoðun til starfa. Það er viðurkennt í endurskoðunarreglum að sá sem á að endurskoða má ekki greiða endurskoðandanum. Þess vegna eru það t.d. aðalfundir í hlutafélögum sem ráða endurskoðanda en ekki stjórn. Endurskoðandinn á að endurskoða störf stjórnarinnar á milli aðalfunda og endurskoðandi ber ábyrgð gagnvart aðalfundi en ekki stjórn fyrirtækisins. Þess vegna getur, eðli málsins samkvæmt, Ríkisendurskoðun ekki endurskoðað starfsemi Alþingis. Það hlýtur því að vera hlutverk þingmanna sjálfra. Ég hef ekki orðið var við mikinn áhuga þingmanna á því að kafa ofan í kostnað Alþingis og sjá hvernig hann hefur þróast. Mér finnst það vera ljóður, það er nefnilega ekki gott að einhver aðili sé án eftirlits.

Reyndar er Alþingi undir mjög sterku eftirliti fjölmiðla, sérstaklega launakjör þingmanna, en fjölmiðlar hafa ekki heimild til að spyrja nákvæmlega út í ferðakostnað Alþingis, hvernig kostnaði við byggingar og framkvæmdir og því um líkt er háttað. Þetta finnst mér vera ákveðinn ljóður í þessu annars ágæta kerfi sem menn hafa verið að reyna að byggja upp til þess að koma í veg fyrir að illa sé farið með opinbert fé. En auðvitað væri best að hið opinbera væri minna í sniðum þannig að ekki væri eins mikil hætta á því að misfarið væri með fé.

Reynsla mín er sú að fólk sé almennt séð heiðarlegt. Ég giska jafnvel á að 80% fólks sé strangheiðarlegt, og það á við um opinbera starfsmenn nákvæmlega eins og alla aðra. Afgangurinn, 20%, er svona nokkurn veginn heiðarlegur en lítið brot er hreinlega óheiðarlegt. Fyrir þetta litla brot erum við að byggja upp Ríkisendurskoðun og öll þessi eftirlitskerfi til að fylgjast með því að þeir aðilar fari ekki illa með opinbert fé. Þess vegna þurfum við að hafa þetta kerfi. Það vantar hina styrku hönd eigandans sem tapar ef illa er farið með.

Ég endurtek, herra forseti, að starf Ríkisendurskoðunar er mjög þarft og nauðsynlegt, og á að útrýma gagnrýni á störf ríkisins. En ég undirstrika jafnframt að tvær stofnanir geta ekki fallið undir endurskoðun Ríkisendurskoðunar með góðu móti. Það er Ríkisendurskoðun sjálf og hv. Alþingi sem er launagreiðandi Ríkisendurskoðunar.

[12:47]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Árleg skýrsla Ríkisendurskoðunar er hér til umræðu. Ríkisendurskoðun er sú stofnun sem Alþingi reiðir sig hvað mest á til að fylgja eftirliti fram um reikningsskil og efnahagsstöðu stofnana ríkisins. Það er einnig

möguleiki fyrir Alþingi að kalla eftir úttekt á starfsháttum stofnana og ráðuneyta og meðferð á fjármunum og málefnum, að þar sé farið að lögum.

Virðulegur forseti. Ég tel að skilvirkni og/eða verklag hafi breyst mjög til hins betra hjá hinu opinbera með aukinni þekkingu á bókhalds- og eftirlitskerfum og þeim vinnuaðferðum sem Ríkisendurskoðun beitir. Sjálfstæði Ríkisendurskoðunar verður að vera yfir allan vafa hafið, stofnunin þarf að geta fylgt eftir áliti og skýrslum, og þá kem ég að því — þarf að geta fylgt eftir áliti og skýrslum sem hún gefur út og geta gert athugasemd við það sem ekki er sinnt í kjölfar ábendinga. Þarna er í rauninni komið að hlutverki Alþingis, þegar gerðar eru skýrslur þarf raunverulega að verða ákveðin eftirfylgni. Ég hef áður nefnt það hér í þessum ræðustól og beint til hv. forsn. að tekið sé á því að nefndum, þó að þær geti gert þetta sjálfar, sé falið að fara yfir þau málefni sem snúa að viðkomandi fagnefnd. Ég kem þessu, virðulegi forseti, enn einu sinni á framfæri.

Ég tel að stofnun eins og Ríkisendurskoðun þurfi að gefa umsögn um t.d. fjárlagafrv. sem byggist á athugun á fjárlagatillögum og fjárlagabeiðnum. Þetta er, held ég, dálítið annað en gert hefur verið en ég segi þetta vegna þess að í fjárlagabeiðnum felast oft tillögur sem er hafnað, að mínu mati allt of oft að ógrunduðu máli. Það felst í því að fjárfestingum sem leiða til hagkvæmni eða skilvirkni er hafnað án athugunar.

Virðulegi forseti. Gerð hefur verið skýrsla um fjárlagaferlið sem kemur inn á þessi mál en ekki nákvæmlega á þann hátt sem ég er að tala um, að gerð sé úttekt og samanburður á fjárlagabeiðnum og fjárlagatillögum einmitt í þessu markmiði. Í mínum huga er engum vafa undirorpið að það er auðvitað meiri hluti Alþingis sem tekur allar lokaákvarðanir varðandi fjárlög en með úttekt eins og þeirri sem ég er að nefna gæti legið fyrir álit á t.d. því hvort daggjöld á heilbrigðisstofnunum standast, hvort úthlutun fjármuna standast lög ásamt svo mörgu öðru. Það gæti legið fyrir álit um hvort beiðnir um fjármuni leiði til þess markmiðs sem fylgir sem skýring í hverju tilviki fyrir sig. Þegar fjárlagabeiðnir koma fylgja að sjálfsögðu skýringar og yfir þær þarf að fara í einstökum tilvikum.

Í þessari skýrslu sem við ræðum hérna, sem er virkilega aðgengilegt og vel unnið plagg og til fyrirmyndar, er um að ræða útdrætti úr 5 skýrslum af 123 vegna ársins 2001. Þar koma fram athugasemdir í þá veru sem ég hef lítillega nefnt. Það eru mörg dæmi um aðgerðir í kjölfar ábendinga og úttekta Ríkisendurskoðunar.

Ég vil sérstaklega geta um það að þetta eru ekki bara skýrslur sem lagðar eru fram án athugasemda, heldur er þeim mörgum fylgt mjög ágætlega eftir. Þó held ég að það þurfi að gera betur í því máli, og beini því til virðulegs forseta Alþingis og til hv. forsn. Ég nefni dæmi sem ég man um tollafgreiðslu notaðra bifreiða, þar hafa komið ábendingar sem hafa leitt til upplýsinga um margt sem aflaga hefur farið, t.d. varðandi vörugjöld sem innflytjendur eiga að greiða samkvæmt lögum. Það hefur leitt til aðgerða sem vekur athygli. Ég gæti nefnt fleiri dæmi um vinnubrögð og vinnuaðferðir Ríkisendurskoðunar en tel þess ekki þörf í þessu tilviki.

En ég vil ljúka þessari stuttu umfjöllun um starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar með ósk um farsæld í störfum þeirra 43 starfsmanna sem starfa við vandasöm störf stofnunarinnar í þágu almennings, og ég tek það sérstaklega fram, í þágu almennings á Íslandi.

[12:53]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Vesturl., Gísla S. Einarssyni, fyrir það sem hann lagði hér til mála og þau ummæli sem hann lét falla um Ríkisendurskoðun. Hann vék að því í ræðu sinni að nauðsynlegt væri að Alþingi fylgdi betur eftir athugun á fjárlagafrv. hverju sinni en gert hefði verið. Ég vil í þessu sambandi rifja upp að hér á árum áður sat hagsýslustjóri Gísli Blöndal fundi fjárln. Ég man eftir því en ég hygg að síðar hafi ekki þótt rétt að svo háttsettur maður úr fjmrn. sæti fundi nefndarinnar. Ég hygg að ríkisendurskoðandi hafi líka á sínum tíma setið fundi fjárln. en það var ekki talið rétt að halda þeim vinnubrögðum áfram. Ég veit ekki af hverju það var því enda átti ég ekki sæti í nefndinni. Ég vil á hinn bóginn minna á að starfsmaður fjárln. vann á sínum tíma í Ríkisendurskoðun. Ef fjárln. telur að hún þurfi á meiri sérfræðiaðstoð að halda en hún hefur í verkum sínum við undirbúning fjárlaga og til þess að fylgja þeim eftir tel ég rétt að athugað verði við gerð fjárlaga hvort nefndin vilji þá leggja til að hún fái frekari fjárheimildir til þess að styrkja stöðu sína við athugun á fjárlagafrv. Þetta hlýtur að vera mat nefndarinnar sjálfrar. Ég hef, eins og hv. þingmanni er kunnugt, lagt fram tillögur mínar við samningu fjárlaga og á síðan eftir að ræða við fjmrh. og formann fjárln. um þau atriði sem ég tel rétt að gera athugasemdir við.

Ég vil líka vekja athygli á því að nú eru tíðkuð vinnubrögð sem ég hygg að ekki hafi verið áður, að þeir einstöku málaflokkar sem falla undir einstakar fagnefndir eru sendir til þeirra til meðhöndlunar þannig að þær hafa þá aðstöðu til þess að gera athugasemdir til fjárln. varðandi þau málefni sem að þeim snúa. Ég hygg því að við meðferð málsins á Alþingi sé reynt að hafa þann hátt á sem hv. þm. telur æskilegan. Jafnframt hygg ég að ljóst sé að Ríkisendurskoðun hljóti eftir atvikum og eins og hún sér ástæðu til að fylgja eftir ályktunum og skýrslum sem hún hefur frá sér sent.

Varðandi þau ummæli sem hv. 10. þm. Reykv. viðhafði áðan komu þau ekki á óvart. Þau lýstu því almennt séð hvaða augum hann lítur á þjóðfélagið og samskipti ríkis og einkaaðila. Má segja að stundum sé erfitt að greina hvort hann telji yfirleitt rétt að ríkissjóður skuli vera til, a.m.k. má glögglega heyra á ummælum hv. þm. að hann telur að umsvif ríkisins séu of mikil án þess að ég hafi heyrt hann nákvæmlega gera grein fyrir því með hvaða hætti hann vilji draga úr þeim. Kannski væri fróðlegt að fá upplýsingar um það. Veit ég raunar ekki hvort hann er þá að ræða hvort rétt sé að sveitarfélögin fái til sín frekari verkefni frá ríkinu eða hvaða augum hann lítur á það. Hitt hygg ég að sé í áttina við trúboð þegar hann heldur því fram að hin styrka hönd eigandans sé ávallt til staðar þannig að fé sem einstaklingar hafa handa á milli sé aldrei illa varið. Þó að sagt sé að sjálfs sé höndin hollust hefur þó komið fyrir að einstakir menn hafa þurft á einhverjum leiðbeiningum að halda. Ég hygg að líka séu til dæmi um að einkafyrirtæki hafi orðið gjaldþrota af þeim ástæðum að illa hefur verið farið með fé og hálfgerð ævintýramennska höfð í frammi. Þessi almennu peningalegu boðorð sem hv. þm. setti hér fram geta aldrei orðið mín boðorð og ekki Sjálfstæðisflokksins heldur eins og ég horfi til stefnumiða hans, markmiða og starfsemi.

Það væri auðvitað skemmtilegt undir öðrum kringumstæðum að ræða almennt hvert skuli vera hlutverk Alþingis, einstakra alþingismanna, hvernig rétt sé að skipta verkefnum milli einkareksturs og hins almenna, hver ábyrgðin skuli vera

í einstökum tilvikum o.s.frv. Ég man t.d. eftir því þegar ég beitti mér fyrir því á sínum tíma að samið yrði við hlutafélag um að fara í Hvalfjarðargöng. Þá töldu ýmsir hér það ævintýramennsku af minni hálfu og að ég væri þar að fara að spila happdrætti með fé ríkissjóðs. Ég hygg á hinn bóginn, eins og málum er nú komið, að flestir séu mér sammála um að sú framkvæmd hafi verið nauðsynleg og hafi reynst vel. Það kemur raunar fram í umræðum manna að þeir geta vel hugsað sér að halda áfram á sömu braut í sambandi við ýmsar framkvæmdir í samgöngumálum. Ég hef þar sérstaklega nefnt t.d. hvernig hægt sé að afla fjár til að stytta leiðina milli Reykjavíkur og Akureyrar. Þá hef ég einmitt farið inn á einkarekstrarsviðið og óskað eftir samvinnu við einkaaðila um þá framkvæmd. Auðvitað er gott að hafa þarna visst samspil og samstarf.

Ég vil út af ummælum hv. þm. segja að ég áttaði mig ekki alveg á því hvað hann átti við þegar hann talaði um að Ríkisendurskoðun gæti ekki endurskoðað sjálfa sig. Auðvitað hlýtur Ríkisendurskoðun að endurskoða rekstur sjálfrar sín fyrir sig til þess að geta staðið betur að málum eins og hver heiðarleg stofnun á að gera og ég hygg að ríkisendurskoðandi hafi kannski ríkari þörf til að gera en aðrir. En á hinn bóginn skipar forseti Alþingis endurskoðanda til að fara yfir fjárreiður Ríkisendurskoðunar. Sá endurskoðandi er Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari, sem hefur um áratugi notið mikils trausts og verið talinn einn af merkustu endurskoðendum og lögfræðingum þessa lands, þannig að ég hygg að þar sé ekki í kot vísað og ég hygg að enginn muni draga í efa að hann ræki þau störf sín mjög vel og við þurfum af þeim sökum ekki að vera með neinar vangaveltur um það að Ríkisendurskoðun sé ekki endurskoðuð með faglegum hætti og eins og rétt sé að gera.

Ég vil líka segja að það kom mér á óvart hvernig hv. þm. talaði til Alþingis eins og Alþingi og starfsemi þess væri ekki endurskoðuð. Þetta er auðvitað mikill misskilningur. Ríkisendurskoðun endurskoðar reikninga Alþingis hverju sinni og auðvitað er forsn. Alþingis gerð grein fyrir því eins og gert er um aðrar opinberar stofnanir. Ef hins vegar er um einhver alvarleg atriði að ræða sem Ríkisendurskoðun vill vekja sérstaka athygli á, þá er það gert þegar ríkisreikningur er lagður fram eins og um allar opinberar stofnanir.

Ég hygg að mjög erfitt sé að finna þeim orðum stað að Ríkisendurskoðun standi ekki faglega að því að endurskoða Alþingi. En á hinn bóginn, ef hv. þm. telur að rétt sé að hafa þar annan hátt á og að Ríkisendurskoðun eigi þar hvergi nærri að koma vegna þess að hún er ein af þeim stofnunum sem heyrir undir Alþingi þó hún vinni algjörlega sjálfstætt og Alþingi hafi stjórnsýslulega ekkert með þá stofnun að gera nema að þessu leyti, ber á henni fjárhagslega ábyrgð, þá vil ég beina því til hv. þm. að hann fylgi þeirri skoðun sinni eftir með lagafrv. því óhjákvæmilegt er, til þess að skoðun hans nái þar fram að ganga, að breyta lögum.

Að óbreyttum lögum hlýtur Ríkisendurskoðun að hafa um það að segja og ákveða hvort hún sjálf eða endurskoðandi sem hún velur, endurskoðar Alþingi. Þetta er algjörlega ljóst og algjörlega ástæðulaust að vera að reyna að draga fram að einhver vafi leiki á því að þar sé rétt unnið eða gáleysislega. Ég vísa því algjörlega á bug ef vangaveltur um þau efni eru hafðar hér uppi.

En hitt er rétt sem hv. þm. sagði að umsvif Alþingis hafa verið að vaxa, ekki einungis vegna þess að tilhneiging er til þess hér innan lands að verkefni verði flóknari og erfiðari en ella, ekki einungis vegna þess að starfsskilyrði þingmanna hafa verið bætt. Þingmenn eiga nú kost á því að fá sér til aðstoðar sérfræðinga sem ekki var hér áður. Þingnefndir geta fengið aðstoð við að skila nefndarálitum sem ekki var hér áður og þingmenn urðu sjálfir að skrifa þau nefndarálit eins og ég varð að gera á þeim tíma sem ég sat í þingnefndum, þá gat ég ekki vísað því til einhvers starfsmanns Alþingis að verða mér til aðstoðar og hjálpar í því að skila nefndaráliti og þar fram eftir götunum.

En á hinn bóginn tel ég að það sé af hinu góða að tekist skuli hafa að bæta starfsskilyrði alþingismanna þannig að þeir eru betur undir það búnir en áður að rækja skyldur sínar. Ég tel að það sé einhliða áhersla og röng áhersla þegar verið er að gefa í skyn að aukin útgjöld Alþingis séu endilega vegna þess að hér sé meiri óráðsía en áður.

Ég vil líka vekja athygli á því að erlend umsvif Alþingis hafa vaxið eins og erlend umsvif annarra þinga hafa vaxið. Þetta var sérstakt áhyggjuefni sem kom upp á fundi með okkur þingforsetum hinna norrænu þinga og við höfum tekið ákvörðun um að ræða það mál sérstaklega með hvaða hætti þjóðþingin eiga að koma inn í alþjóðlega starfsemi og hvernig samskiptum einstakra þjóðþinga skuli vera háttað til þess að þeir fjármunir sem við leggjum fram í því skyni skili sér og þeir séu vel nýttir.

En auðvitað er það rétt sem hv. þm. sagði áðan að öll umsvif, hvort sem þau eru í einkalífi, milli fyrirtækja eða opinberra stofnana, hljóta að vera þannig að stundum fellur til kostnaður vegna atvika sem ekki fela í sér beinharðan ávinning eða vinnu, því við erum nú einu sinni manneskjur og við þurfum líka á slíku að halda og mannleg samskipti milli þjóðþinga, milli stjórnmálamanna, milli bisnessmanna, hafa líka mikið að segja.

Ekki er hægt að halda því fram að slík samskipti séu af hinu illa endilega, fremur en hægt er að halda því fram t.d. að alþingismenn sem vinna fyrir stór kjördæmi sem eru kannski fjarri þinginu sjálfu, þurfi að leggja á sig meiri kostnað og meiri fyrirhöfn en þeir sem eru þingmenn Reykjavíkur og gefa sig lítið kannski að almennri kynningarstarfsemi meðal kjósenda sinna.

Ég vil í því sambandi aðeins víkja að því efni sem ég tel að ávallt hljóti að vera mjög til umhugsunar, hvort ekki sé kominn tími til að alþingismenn reyni að koma því svo fyrir að þeir geti t.d. verið heima hjá sér eina helgi í mánuði, verið með fjölskyldu sinni eina helgi í mánuði. Það mundi vera mikill ávinningur fyrir okkur sem erum þingmenn úti á landi ef við gætum slíkt.

En auðvitað hefur það persónulegan kostnað í för með sér og auðvitað hefur það kostnað í för með sér fyrir Alþingi ef þingmenn standa sig vel í stykkinu og legga mikið á sig til þess að þjóna því sem þeim hefur verið trúað fyrir.

[13:08]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég nota þetta umræðuform til að taka undir og leggja áherslu á það sem ég var að segja, ekki til þess að vera með málefnaágreining.

Ég vil taka undir með hv. þm. Halldóri Blöndal um að skoða eigi stöðu fjárln. með tilliti til fjárlagagerðar. Skoðun *mín er sú að gera þurfi betur en nú er gert. Það er mín* persónulega skoðun. Ég get ekki talað hér fyrir fjárln. En ég tel að við fáum betri fjárlög með meira eftirliti og meiri og betri aga en mér finnst vera við fjárlagagerðina sem þó

hefur, ég vil taka það fram, á þeim átta ára ferli sem ég hef verið við fjárlagavinnuna, batnað mjög.

Síðan langar mig að segja um skýrslur Ríkisendurskoðunar. Ég tel að þeim skýrslum sem fara til fagnefnda þurfi að ljúka með nefndaráliti frá viðkomandi fagnefnd. Ég tel að það væri mjög til hins betra og mundi skapa verulegt aðhald. Ég tel að gera þurfi þá úttekt sem ég benti á, virðulegur forseti, varðandi fjárlagabeiðnir og fjárlagatillögur, og það væri ágætt ef menn mættu vera að að hlusta á það, ég tel nauðsynlegt að gera eins konar hagkvæmniúttekt með samanburði á þessum tveimur þáttum sem ég nefndi, þ.e. beiðni um fjárframlög við fjárlagagerðina og síðan á fjárlögum með tilliti til þess árangurs sem næst út úr fjárlagagerðinni.

[13:10]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal, spurði mig af hverju ég hefði ekki lagt neitt til sem minnkaði umsvif ríkisins. Ég er margbúinn að leggja sitthvað til. Ég er margbúinn að leggja til t.d. að hlutur ríkisins í Landsvirkjun verði seldur og fyrirtækið verði einkavætt. Ég hef stutt einkavæðingu bankanna mjög eindregið, verulega eindregið, herra forseti, og hefði viljað ganga miklu hraðar fram í því máli.

Ég hefði viljað selja Landssímann, sérstaklega meðan hann var í háu verði, þá ýtti ég á það að hann yrði seldur en það gekk ekki vegna tregðu einhvers staðar.

Ég hef lagt til að Íbúðalánasjóður verði seldur, einkavæddur. Ég skil ekki hvað ríkið er að vasast í slíkum viðskiptum, þessari fjármálaumsýslu. Ég mundi vilja að menntakerfið yrði einkavætt meira en gert er og heilbrigðiskerfið. Og ég hef almennt þá skoðun að ríkið eigi að vera lítið þannig að skattpíningu almennings linni. Ég hef lagt til flatan tekjuskatt á allan almenning. Þetta hef ég lagt til, herra forseti. Það að ég hafi ekkert lagt til að minnka umsvif ríkisins er bara ekki rétt.

Það sem gerist þegar einstaklingur gerir mistök, sem þeir gera að sjálfsögðu eins og aðrir, þá tapar hann fé og hann dettur út af markaðnum. Það er munurinn. Þegar opinberir aðilar gera mistök gerist ekki neitt. Ekkert breytist.

Reyndar skil ég ekki þessa miklu viðkvæmni hv. þm. við ræðu minni sem var mjög hógvær. Það er eins og ég hafi stungið á einhverju kýli. Hv. þm. verður svo æstur yfir því og talar um kostnað landsbyggðarþingmanna. Ég hef aldrei gagnrýnt þann kostnað. Ég mundi gjarnan vilja styðja það að landsbyggðarþingmenn gætu verið tvær helgar heima hjá sér, að sjálfsögðu. Ég hef aldrei gagnrýnt þann kostnað.

Hins vegar benti ég á þá rökleysu sem fælist í því að sú stofnun sem heyrir undir Alþingi endurskoði starfsemi þess.

[Fundarhlé. — 13:13]

Umræður utan dagskrár.

Verðmætaaukning sjávarfangs.

[13:33]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hér hljóðs utan dagskrár vegna þess að nýlega er komin út skýrsla svokallaðs AVS-stýrihóps um fimm ára átak til að auka verðmæti sjávarfangs. Stýrihópurinn skilaði skýrslu 18. október sl. og er hún umfangsmikil og að mínu mati mjög vel unnin svo langt sem hún nær.

Með því að auka verðmæti sjávarfangs, eins og fram kemur í skýrslunni, um 5–6% á ári næstu 5–10 árin, má auka verðmætin úr 130 milljörðum kr. 2001 í 240 milljarða árið 2012. Þessi spá nefndarinnar er byggð á ígrundaðri ágiskun þeirra sem stýrihópurinn hefur leitað til. Hér er um svo stórt mál að ræða, virðulegi forseti, fyrir íslenskt samfélag að það þarf sinn sess í hinni pólitísku umræðu. Framtíðarspá nefndarinnar tekur til hráefnis, vinnslu, aukaafurða, fiskeldis, líftækni og búnaðar og þekkingar. Nefndin bendir á að á síðustu tíu árum hafi sáralítil eða engin verðmætaaukning sé miðað við SDR, Special Drawing Rights, verið á sjávarfangi.

Það liggur því beinast við að spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann telji ekki augljóst að núverandi stjórnkerfi fiskveiða við landið hafi hamlað framþróun til verðmætaaukningar á þessu tímabili. Þetta er u.þ.b. það tímabil sem við höfum búið við fiskveiðistjórnarkerfið sem við höfum nú.

Ég vil líka spyrja hæstv. sjútvrh. hvers vegna hafi farið svona hljótt um þessa skýrslu. Hún hefur ekki borist þingmönnum og hefur t.d. ekki borist nefndarmönnum í sjútvn. Mér finnst það liggja beint við að spyrja hæstv. sjútvrh. hvaða ályktanir hann dragi af skýrslunni eftir lestur hennar, því hér er eins og ég segi um að ræða tuga milljarða möguleika í verðmætaaukningu fyrir landið sem ekki hefur náðst fram, ekki einu sinni um nokkurra milljarða á sl. 10 árum. Í framhaldi af því spyr ég hæstv. sjútvrh. hvort hann sé tilbúinn að hefja á ný viðræður um grundvallarbreytingar á sjávarútvegsstefnunni. Ég tel augljóst á grunni þessarar skýrslu að hv. Alþingi geti beitt sér við mótun sjávarútvegsstefnunar til að ná þeirri framþróun sem getið er um að möguleg sé í skýrslunni.

Margar áherslur í skýrslunni eru samhljóða áherslum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í sjávarútvegsmálum. Þar er lögð áhersla á ástand umhverfis, umhverfisvöktun, veiðisvæði, veiðarfæri og meðferð hráefna. Í skýrslunni kemur fram að meðalnýting sjófrystiskipa er um 41–43% í þorskvinnslu. Það er beinlaust og roðlaust. Í samanburði er 49% nýting í landvinnslu. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ávallt lagt áherslu á að auka hlut landvinnslunnar.

Virðulegi forseti. Það er nauðsynlegt að hæstv. sjútvrh. greini þinginu frá hvaða ályktanir hann dregur af yfirlestri þessarar skýrslu sem gefur okkur grunn til að ætla að tugmilljarðasóknarfæri sé í verðmætaaukningu fyrir samfélagið. Eigi að verða af þessari verðmætaaukningu eins og fram kemur í skýrslunni er það hlutverk stjórnvalda að stýra málinu. Stjórnvöldum ber að setja þannig reglur að auðlindir hafsins séu nýttar á sjálfbæran hátt og tryggja það með reglum og rannsóknum að afurðir og umhverfið sé hreint og ómengað. Það er hlutverk stjórnvalda að stýra notkun auðlindarinnar eins og berlega kemur fram. Stýring á notkun auðlindarinnar er grunnur þeirrar verðmætaaukningar sem sögð er möguleg í þessari skýrslu. Þess vegna er hér um hápólitískt mál að ræða sem á heima á hinu háa Alþingi. Sé stjórnin ekki rétt samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar, þá náum við ekki þeim framförum sem stefnt er að og mögulegar eru að mati þeirra sem að verkinu komu. Þetta eru stór og alvarleg mál, virðulegi forseti, og þarfnast umræðu.

Fiskveiðistjórnarkerfi síðustu ára hefur skilað okkur hræðilegum hliðarafleiðingum, fólksflótta af landsbyggðinni, fækkun fólks í sjávarþorpum og fækkun fyrirtækja þar

sem sjávarbyggðir hafa verið settar nánast í rúst. Er þetta sá árangur sem við ætlum að byggja verðmætaaukninguna á í framtíðinni?

[13:38]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir jákvæð orð í garð skýrslunnar og fyrir að vekja máls á henni hér á Alþingi.

Ég hef heyrt hér í salnum undir umræðunni að skýrslan hafi ekki verið aðgengileg á netinu. Ég veit hins vegar ekki betur en að hún hafi verið sett á netið sama dag og hún var kynnt á blaðamannafundi. Hún fékk mjög góða kynningu í fjölmiðlum og hefur síðan verið efni í umræðum þar sem ég hef kynnt hana á öðrum vettvangi. Ég held að það sé á engan hátt hægt að halda því fram að ég hafi verið að leyna skýrslunni enda tel ég mig ekki hafa neina ástæðu til að gera það, þvert á móti.

Ég tel að þeir möguleikar sem í þessu felast og koma fram í skýrslunni séu mjög miklir. Um hversu fljótt okkur tekst að ná því marki sem menn þar setja og hvenær einstakir þættir geta orðið að veruleika er miklu erfiðara um að segja. Ég held hins vegar að það sé kolröng ályktun sem hv. málshefjandi dregur af skýrslunni, að vegna fiskveiðistjórnarkerfisins hafi verðmætaaukningin ekki orðið á síðustu 10 árum. Ég held að ástæðan fyrir því að ekki hefur orðið verðmætaaukning í þeim anda sem um ræðir í skýrslunni sé sú að pólitíkin og hið opinbera hefur eytt mestu af púðri sínu í pólitískar deilur um stjórnkerfi sjávarútvegsins. Menn hafa rætt fyrningar og það að leggja gjald á atvinnugreinina sem ég held, þegar við bara horfum til baka, að hafi í heildina verið mjög neikvæð umræða fyrir sjávarútveginn, hrakið greinina í ákveðna vörn og jafnvel orðið til þess að áhugi ungs fólks og annarra á greininni hafi orðið minni en ella hefði getað orðið.

Í öðru lagi höfum við gengið í gegnum ákveðna erfiðleika varðandi stofnstærðarmat. Í tvígang hefur þurft að skera aflaheimildir verulega niður. Greinin hefur þurft að verja miklum tíma í að bregðast við slíkum breytingum og hagræða til þess að mæta því sem þar hefur verið að gerast. Ég held að við höfum ekki skipað sjávarútveginum þann sess í menntakerfinu sem hann á skilið þó að það hafi vissulega batnað á síðustu árum. Það skilar sér hins vegar ekki nema á löngum tíma og jafnframt höfum við ekki lagt nægilega mikið í rannsóknir. En það er eins með rannsóknirnar, það tekur tíma fyrir þær að skila sér í einhverju sem skiptir verulegu máli.

Við megum heldur ekki gleyma að stór hluti þess sem skýrslan fjallar um er fiskeldi og verður að segjast að þar gengu hlutirnir ekki eins vel upp og við gerðum okkur vonir um, sérstaklega á þarsíðasta áratug. Þar áttu nokkrir okkar þingmanna hlut að máli. Við lögðum okkar að mörkum til að eldið gæti skilað okkur tekjum, en því miður voru aðstæður hér á landi þannig að það gekk ekki. (Gripið fram í.) Það kemur aftur. Við skulum vona, hv. þm., að við fáum aftur tækifæri til að sanna okkur í þeim geira.

Ég vil nefna annað sem fjallað er sérstaklega um í skýrslunni, þ.e. líftæknina. Þó að líftækni sé ekki nýtt fyrirbrigði og engin sérstök atvinnugrein, heldur aðferðafræði sem notuð er í fjölda atvinnugreina, hafa orðið mjög miklar framfarir á síðustu árum í líftækninni. Nú er verið að beita henni í sjávarútveginum. Það hefur hins vegar ekki verið mögulegt fyrr en á allra síðustu árum og missirum að beita þeirri tækni sem verið er að fjalla um hér. Hér er annars vegar um það að ræða sem við erum að reyna að ná aftur tökum á nýjum forsendum, þ.e. þá eldi sjávarfiska, og hins vegar aðrir möguleikar eins og í líftækni.

Ég geri mér miklar vonir um að þetta verkefni fái brautargengi og hef því ætlað mér tiltölulega skamman tíma til þess að vinna úr þessari skýrslu, alla vega í fyrstu umferð. Síðan verður framtíðin að leiða það í ljós hversu vel fjárveitingavaldið tekur á þessum hugmyndum og hvernig okkur tekst að fá fjármuni, í samkeppni við önnur verkefni í þjóðfélaginu, til að setja í þennan farveg. Þá munum við ná þeim mikla árangri sem ég er sannfærður um að við getum náð á þessum vettvangi. Ég get þó ekki sagt nákvæmlega til um hvaða tíma það muni taka.

[13:43]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Skýrslur skapa ekki peninga. Það gerir fólk. Það er hins vegar skylda stjórnvalda að hafa hugann við hvernig skapa megi sem mest verðmæti úr sameiginlegri auðlind okkar.

Þessi skýrsla „Aukið verðmæti sjávarfangs" ber vissulega þekkilegt nafn. En hún er, herra forseti, samansafn af sjálfsögðum hlutum sem reglulega er hvatt til hér á Alþingi, t.d. að efla menntun í sjávarútvegi og auka styrki til rannsókna. Fátt nýtt í því. Að hinu leytinu, herra forseti, er hún afturhvarf til fortíðar að stórum hluta, til fimm ára áætlana, miðstýringar og ríkisstyrkja. Yfir öllu svífur sá andi að sjávarútvegurinn sé ekki burðugri og betur mannaður en svo að best sé að stjórnvöld hafi vit fyrir honum, honum sé hvorki treystandi til að finna sóknarfæri án stuðnings né til að finna nýja markaði án stuðnings. Ónei, stjórnskipaðar nefndir skulu það vera. Fimm ára áætlanir og ríkisstyrkir. Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvort ráðherrann er í raun jafngagnrýnislaus á þennan texta og fram kom hér í máli hans. Eða er hann einungis að spila með fyrirspyrjanda? Bara eitt dæmi:

Tillaga 3 er t.d. um stofnun markaðs- og sölufyrirtækis til að sjá um sölu á sölu á tilteknum afurðum. Vísað til þess að framleiðendur gætu þá gert einkasölusamning við hið nýja fyrirtæki. Hvaðan skyldu nú fyrirmyndirnar vera sóttar? Jú, þær eru taldar upp. Öll gömlu einkasölusamtökin. Stefnan er sem sagt sett á fortíðina og rökstuðningurinn sóttur í gærdaginn.

Við höfum, herra forseti, á síðustu árum verið að aflétta því ástandi að tiltekin sölusamtök hafi einokunarrétt á útflutningi tiltekinna sjávarafurða. Það voru leifar frá fortíð skömmtunar og helmingaskipta sem við væntum að væri að baki. En nei, ekki alveg, eða hvað? Frjálst fiskverð, fiskmarkaðir, viðskiptafrelsi og ný fjarskipta- og flutningstækni hafa gjörbreytt öllum möguleikum fyrirtækja í sjávarútvegi. Það eru þær breytingar sem við eigum að byggja á til framtíðar. Hitt er fáheyrt, herra forseti.

[13:46]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég mun einbeita mér að samanburði á sjófrystingu og útflutningi á ferskum flökum og sækja heimildir um þann samanburð í fyrrnefnda skýrslu sem ég er svo heppinn að hafa haft undir höndum. Þar er mikill fróðleikur saman dreginn, en margs er þó einnig saknað sem þar ætti að vera en er hvergi að finna. Þar er sýnt fram á að hægt er að stórauka verðmæti afla með því að draga úr frystingu í vinnslu úti á sjó og það á raunar við um frystingu í landvinnslunni líka, en auka þess í stað útflutning á ferskum flökum.

Við í Frjálslynda flokknum höfum löngum bent á gildi dagróðrarbátanna og þess ferska hráefnis sem sá floti ber að landi. Ef borið er svo saman sjófrysting á þorski og útflutningur á ferskum flökum kemur í ljós að 68% hærra verð má fá fyrir fiskinn með því að flaka hann og flytja út ferskan heldur en með því að vinna hann um borð í fullvinnsluskipum. Þá er ótalinn sparnaður af rekstri frystingar og verksmiðja á hafi úti, þar sem innflutt olía er notuð sem orkugjafi og einnig má benda á að aukaafurðir fara að mestu forgörðum í sjóvinnslunni, en þær væri hægt að nýta í landi.

Svipaður munur er á frystingu og ferskum flökum í ýsunni og þegar kemur að karfa þá má þrefalda verðmæti hans ef unnt reynist að flaka hann og flytja út ferskan. Þar munar 300%. Hann veiðist fyrst og fremst í botnvörpu og veiðist dýpra og því óhægara um vik. Hann hefur þó mikið geymsluþol. Allt ber þetta að sama brunni. Strandveiðiflotinn er þjóðhagslega hagkvæmur. Hann skilar mjög góðu hráefni að landi af grunnmiðum, styður búsetu í landinu og nýtir fjárfestingar sem fyrir eru. Þær geta stóraukið verðmæti aflans eins og sýnt er fram á.

Hæstv. ráðherra nefndi að áhugi ungs fólks væri lítill á sjávarútvegi og störfum þar. Það er kannski ekkert skrýtið. Þeir sem heimildirnar eiga hafa ekki mikinn áhuga á því að starfa á sjó. Þeir hafa meiri áhuga á peningum og öðrum slíkum pappírum, en þeir og væntanlega afkomendur þeirra ungir hafa afskaplega lítinn áhuga á því að starfa sjálfir við greinina.

[13:48]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Skýrsla starfshóps hæstv. sjútvrh. sem hér er til umræðu er um marga hluti merkileg. Hún sýnir eða telur að með ákveðnum vinnubrögðum, ákveðinni meðferð, ákveðnum veiðarfærum, ákveðinni vinnslu, gætum við aukið afrakstur af sjávarfangi um tugi ef ekki hundruð milljarða króna á stuttu árabili. Og þetta er stórmál fyrir byggðir landsins og fyrir efnahagsbúskapinn allan. Það sem mér fannst aðeins dapurlegt, herra forseti, var að heyra að hæstv. sjútvrh. virðist ekki skilja skýrsluna og það er dapurlegt því hæstv. ráðherra telur að hægt sé að ná þeim árangri hugsanlega með óbreyttu fiskveiðikerfi. Lítum hérna á nokkur atriði.

Hvert hafa fiskveiðar og meðferð á fiski verið að færast núna á síðustu árum? Jú, á örfárra hendur. Á báta og flota sem ekki kemur að landinu nema endrum og sinnum og flytur fiskinn síðan langan veg á landi. Hvað segir í skýrslunni? Þar segir að standa þurfi rétt að verkum og veiðum, meðhöndlun og flutningi. Og hér stendur líka, með leyfi forseta:

„Fræðsla um meðferð hráefnis frá veiðum til vinnslu getur haft mikil áhrif. Ekki er vafi á því að sá aukni landflutningur sem á sér stað með hráefni hefur mikil áhrif á hráefnisgæði."

Það stendur margt í skýrslunni ef að er gáð og sumt ósagt en látið að liggja.

Herra forseti. Ég tel mikilvægt að farið sé vandlega ofan í þau tækifæri sem skýrslan bendir á varðandi bætta nýtingu á aflanum, aðrar veiðiaðferðir og aðra meðferð á aflanum þegar hann kemur á land og auka þar með hlut strandveiðiflotans sem hér hefur verið á bent. En ef hæstv. ráðherra skilur það ekki, þá erum við jafn nær.

(**Forseti** (ÍGP): Ég vil hvetja hv. þm. til að fara að þeim tímamörkum sem sett eru í utandagskrárumræðu.)

[13:51]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að mér var ekki nokkur vandi á að nálgast þessa skýrslu á heimasíðu ráðuneytisins og prenta hana út. Ég sé ekki að það ætti að vera öðrum mikill vandi sé notaður til þess einfaldlega sá búnaður sem við höfum á skrifstofum okkar.

En það er merkilegt að heyra hér sagt, herra forseti, í umræðu um skýrslu og tillögur nefndar um aukið verðmæti sjávarfangs, samanber orð síðasta ræðumanns, að það beri að skilja eitthvað í skýrslunni þannig að nauðsynlegt sé að breyta stjórnkerfi fiskveiða. Þá verður líka að segjast að málshefjandi spurði sérstaklega eftir því hvort ráðherra mundi beita sér fyrir umræðum um þetta efni vegna þess sem fram kæmi í skýrslunni og vegna þess sem hann sagði, að á þeim tíma sem við hefðum beitt núverandi stjórnkerfi fiskveiða hefði verðmæti sjávarfangs ekki aukist. Ég hygg ég fari nokkuð rétt með þau orð eða þau sjónarmið sem hann orðaði þannig.

Þá verður að geta þess, herra forseti, að einungis á árinu 1991 þegar afli hafði minnkað um á annað hundrað þúsund tonn frá tveimur árum fyrr hafði verðmæti hans aukist um fjórðung í krónum talið. Það var á tíma þessa stjórnkerfis fiskveiða. Allan þann tíma sem stjórnkerfið hefur verið í gildi hefur verðmæti sjávarfangs farið vaxandi og er í dag nær helmingi meira, nær tvöfalt meira en það var fyrir áratug. Það var 75 milljarðar kr. árið 1991, en tíu árum seinna um 130 milljarðar kr.

Þá verður að geta þess, herra forseti, að ég get ekki tekið með jöfnu undir allar tillögur nefndarinnar, þó flestar virðist mjög greinargóðar og verða til þess að færa þetta verkefni fram ef úr verður. Mér finnst einna sérkennilegast að sjá tillögu um nýtt og sérstakt sölufyrirtæki.

Að öðru leyti tek ég undir tillögur nefndarinnar um átaksverkefni og tel að það ætti að verða sjávarútveginum í heild til mikilla framfara.

[13:53]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Samfylkingin telur að ákaflega mörg sóknarfæri séu ónýtt innan hins hefðbundna sjávarútvegs. Þess vegna biðum við lengi eftir umræddri skýrslu. Ég verð hins vegar að segja að þegar fjallið loksins tók jóðsóttina þá fæddist bara lítil mús. Ég varð fyrir talsverðum vonbrigðum með skýrsluna. Hún er uppfull af alhæfingum. Hvergi er bent á neinar sértækar leiðir til þess að nýta þau sóknarfæri sem blasa við augum þegar kafað er svolítið í innviði sjávarútvegsins.

Efni skýrslunnar, vinnutökin og þær örfáu handtæku hugmyndir sem þar koma fram, herra forseti, virðast líka að mestu leyti teknar upp úr skýrslu sem var unnin í Noregi um nákvæmlega þetta sama. Meira að segja tillagan um hinn sérstaka rannsóknar- eða þróunarsjóð, sem lagður er til í þessari skýrslu og á að fjármagna með 0,3% álagi á útflutningsverðmæti sjávarafurða, er tekin þaðan.

Ég læt vera að fjalla um fiskeldið, herra forseti, því það er ákaflega almenn umfjöllun. En mig langar aðeins að nefna örfá atriði um hefðbundinn sjávarútveg, þar sem mér finnst að nefndarmönnum hafi algerlega yfirsést augljós sóknarfæri.

Ég sé t.d. hvergi fjallað ítarlega um möguleikann á því að auka verulega virði uppsjávarafla með því að hætta að nota hann til bræðslu, en einhenda sér í þær rannsóknir sem

þarf til þess að búa til úr honum hágæðaprótein sem stundum er kallað gull framtíðarinnar. Á þetta er ekki minnst í skýrslunni, en þar er drepið á nauðsyn þess að auka virði uppsjávarafla í einni línu.

Ég nefni líka, herra forseti, vannýttar tegundir og ætla þó ekki að fara að tala um þær sem við tölum oftast um, eins og búra, blálöngu, gulllax, litla-karfa, háfa, ýmsa hákarla, slétthala og langhala, heldur ætla ég að leyfa mér að benda á þau miklu ónýttu verðmæti sem er að finna í því sem ég kalla miðsjávarteppið, þar sem er þykkt lag af 60 tegundum fiska á bilinu frá 400 metra dýpi niður á 800 metra dýpi. Þetta er líka gull framtíðarinnar, herra forseti. Þetta eru bræðslufiskar framtíðarinnar. En hvernig stendur á því að ekki er minnst á þetta? Og hvernig stendur á því að hæstv. sjútvrh. hefur engu fjármagni varið til þess að rannsaka þetta? Þó hefur Samfylkingin bent honum á þetta.

[13:56]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Sú skýrsla sem hér er tekin til umfjöllunar að frumkvæði hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Árna Steinars Jóhannssonar, er athyglisverð fyrir margra hluta sakir. Eins og fram hefur komið gefur hún tilefni til bjartsýni ef vel er á málum haldið. Í skýrslunni kemur fram að hægt er að auka verðmæti sjávarfangs úr 130 milljörðum kr. í 240 milljarða á næstu tíu árum, en þá þarf að halda vel á málum. Í skýrslunni er lögð áhersla á mikilvægi vistvænna veiða og að vel sé farið með það sem aflast.

Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson lagði áherslu á samhengið á milli skynsamlegrar nýtingar sjávarfangs annars vegar og þess fiskveiðistjórnarkerfis sem við búum við. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram ítarlegar og mjög vel útfærðar tillögur, annars vegar um hvernig efla megi vistvænar strandveiðar og einnig um hvernig fyrna eigi það kvótakerfi sem við nú búum við á næstu 20 árum. Við höfum orðið vör við það að þær tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa fengið góðan hljómgrunn, ekki aðeins innan sjávarútvegsins að undanskildum kvótahöfunum sjálfum, heldur í þjóðfélaginu almennt.

Annars er það ekki aðeins vegna tengslanna á milli skynsamlegra veiða annars vegar og þess fiskveiðistjórnarkerfis sem við búum við að nú er nauðsynlegt og kannski aldrei brýnna að taka kvótakerfið til skoðunar og fyrna það, en það sem nú er að gerast með sölu bankanna er einmitt það að eignarhaldið á auðlindum þjóðarinnar er að færast í nýjar hendur og hugsanlega út fyrir landsteinana. Kvótinn er veðsettur í bönkunum, í Búnaðarbankanum og í Landsbankanum, National Bank of Iceland, en sá banki er nú til sölu og með öllu því sem þar fylgir, þar með óveiddum sjávarafla.

[13:58]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir að vekja athygli á því að kvótakerfið hefur með ákveðnum hætti skilað vissum árangri.

Hv. þm. Jón Bjarnason kom inn á að það sætti undrun í skýrslunni hve mikill flutningur væri á sjávarafla á milli landshluta. Hvers vegna skyldi það nú gerast? Það er vegna þess, hv. þm. Jón Bjarnason, að menn eru farnir að sérhæfa sig frekar í fiskvinnslu en áður var. Við þekktum það að ýmsum tegundum sjávarafurða var hent, en nú hafa margir smáir aðilar í fiskvinnslu tekið upp vinnslu á þeim tegundum og það hefur bætt verulega úr. Ekki eru mörg ár síðan lög voru sett um að í fiskiskipum skyldu vera sérstakir geymslutankar fyrir mjölvinnslu sjávarafurða, eða meltu. Það kom síðar í ljós að ekki var greitt meira fyrir þær sjávarafurðir heldur en það að það borgaði ekki einu sinni þá maurasíu t.d. sem þurfti að nota í þessa tanka vegna meltunnar. Af fleiru er að taka.

Ég tel hins vegar að eðlilegt sé og sjálfsagt að botnrannsóknir verði enn frekar efldar, t.d. á hafsvæðinu frá Reykjaneshrygg að Færeyjum. Margir útgerðarmenn og skipstjórnarmenn kvarta yfir því að enn frekar þurfi að leggja áherslu á að möguleiki sé á því án þess að valda miklu tjóni að reyna nýjar leiðir í veiði botnfisktegunda.

Það er alveg ljóst að skýrslur sem koma fram með þær hugmyndir að einkavæða eigi eða setja sölu sjávarafurða á fárra hendur, er náttúrlega rugl í nútímaþjóðfélagi, það er alveg ljóst. Auðvitað á að gefa þetta frjáls sem mest. Hins vegar hlýtur sú spurning að vakna þegar menn ætla að fara að leggja útgerðinni orð í belg eða stýra henni hvernig með skuli fara, þá lýsi ég megnasta vantrausti á það, vegna þess að það hlýtur að vera útgerðin og fiskvinnslan sjálf sem hlýtur að ráða för og ekki er hún að sóa fjármunum sjávarútvegsins í vitleysu.

[14:01]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir góðar undirtektir í þessari umræðu. Ég vil byrja á að benda hv. þm. Árna R. Árnasyni á að það kemur fram í texta skýrslunnar að verðmæti sjávarfangs er svipað í dag og fyrir áratug eins og mynd 3.1 sýnir. Þar kemur berlega í ljós að þetta eru u.þ.b. 130 milljarðar. Það er það sem við erum að tala um.

Ég árétta enn og aftur að ég held að skýrslan sé ágæt til að draga athygli okkar að þessum málum. Það kemur t.d. fram að nýting í pillaðri rækju er nú 28–36%. Fram kemur að tveir þriðju aflans fara í afurðir sem eingöngu nýtast í skepnufóður. Þetta er sú lína sem við þurfum að þekkja. 90–99% loðnuaflans hafa farið í fiskmjölsframleiðslu síðasta áratuginn. Árið 2001 fór 81% kolmunnaaflans í mjölvinnslu, en kolmunni er eins og kunnugt er ágætur matfiskur. Við sem stjórnmálamenn við þurfum ekki öðruvísi upplýsingar. Þess vegna held ég að skýrslan sé ágæt.

En það sem ég var að spyrja hæstv. sjútvrh. um hér var hvernig við á hinu háa Alþingi bregðumst við svona samantekt. Það hlýtur að þurfa að gera það á stjórnunarlegum nótum. Þá kemur að endurskoðun á stjórnkerfi fiskveiða, sem er algjört grundvallaratriði ásamt ýmsum öðrum aðgerðum til að beina mönnum í uppbyggingarfasa þar sem hráefni sem hingað til hefur ekki verið nýtt er fyrir hendi. Það er vinnan sem á að fara fram hér á hinu háa Alþingi. Við verðum að opna umræðuna um það því að þar er ekki lítið í húfi. Þó svo að við tökum kannski ekki undir ýtrustu markmið í skýrslunni er alveg ljóst að við eigum möguleika á tugmilljarða verðmætaaukningu ef við stöndum rétt að málum. Þar er stjórnkerfi fiskveiða grunnþáttur.

[14:03]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Á kosningavetri veit maður aldrei hvers konar viðbrögð maður fær við því sem lagt er fram. Ég verð þó að segja að viðbrögð hv. þingmanna Samfylkingarinnar eru andstæðan við að hafa farið fram úr mínum björtustu vonum. Ég átti aldrei von á svo neikvæðri afstöðu sem hér kom fram. Ég átta mig ekki alveg á því hvernig stendur á því.

Sjálfur formaður flokksins, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, virðist bara ekki hafa lesið skýrsluna, hvernig sem á því stendur. Ég verð sennilega að afhenda honum áritað eintak persónulega. Hann talar um að ekki sé minnst á uppsjávarfisk og að gera hann að vermætari afurð með því að vinna hann til manneldis. Inn á það er hins vegar komið í kafla 2.3, 2.4, 4.2, 5, 5.1 og 5.5, alls staðar er verið að fjalla um þetta. Sjálfsagt er það á miklu fleiri stöðum í skýrslunni en ég var að telja upp.

Hann vitnar til norskrar skýrslu um svipað efni. Er það eitthvað slæmt að norsk skýrsla skuli komast að svipaðri niðurstöðu? Átti hv. þm. von á því að Norðmenn hefðu aðra möguleika en við, þjóð sem byggir jafnmikið á sjávarútvegi og Norðmenn gera?

Varðandi áhersluna sem fulltrúar Vinstri grænna leggja á fiskveiðistjórnarkerfið þá held ég að það sé rangt hjá þeim. Ég held að kerfið sé grundvöllur þess að við náum árangri en þá verðum við líka að hafa það í huga að mjög stór hluti af þeirri verðmætasköpun sem skýrslan telur möguleika í er í fiskeldi. Það hefur auðvitað mjög lítið með fiskveiðistjórnarkerfið að gera, auk þess líftæknin hefur lítið með fiskveiðistjórnarkerfið að gera.

Ég fagna þessari umræðu, herra forseti, og vonast til að hv. þm. Samfylkingarinnar líti þessa skýrslu bjartari augum í framtíðinni.

[14:05]

Útbýting þingskjala:

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 326. mál, frv. SJóh o.fl., þskj. 354.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 325. mál, frv. KHG, þskj. 353.

Umræður utan dagskrár.

Afdrif listaverka í Landsbanka og Búnaðarbanka.

[14:06]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Samkvæmt upplýsingum Morgunblaðsins í dag eru listaverk í eigu Landsbankans og Búnaðarbankans hátt í 1.200 talsins, þar af um 300 í Landsbankanum og á níunda hundrað í Búnaðarbankanum. Alls eru verkin reyndar fleiri, 600 verk eru þannig á skrá hjá Landsbanka Íslands en 300 þeirra eru skilgreind sem verðmæt listaverk.

Haft er eftir Hannesi Sigurðssyni, forstöðumanni Listasafns Akureyrar, að þetta séu örugglega dýrmætustu einkasöfn með íslenskri myndlist síðustu aldar sem til eru. Verðmæti margra verkanna hlaupa á milljónum og líkir forstöðumaðurinn þeim við gullmola.

Áður hefur komið fram að á meðal listaverkanna eru málverk eftir Kjarval, Ásgrím Jónsson, Jón Stefánsson, Erró, Kristján Davíðsson, Louisu Matthíasdóttur, Svavar Guðnason, Þorvald Skúlason og fleiri.

Í fjölmiðlum kemur fram að engin tilraun hafi verið gerð að því er vitað væri til að aðskilja listaverkin öðrum eignum bankanna eins og dæmi eru um þegar stofnunum í ríkiseigu hefur verið breytt í hlutafélög. Það er þó rétt að leggja áherslu á að þótt slíkt hafi verið gert í einhverjum undantekningartilvikum hafa svokallaðir sérfræðingar ríkisstjórnarinnar í einkavæðingarmálum, þeir sem sitja í einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar, sýnt undarlegan sofandahátt við sölu ríkiseigna hvað þetta varðar. Það eru ekki bara listaverk sem þeir láta fylgja með í sölu almannaeigna heldur iðulega aðrar dýrmætar eignir.

Spurningin er hvort um er að ræða gleymsku eða glópsku í þessu tilviki eða hvort þetta sé gert að yfirveguðu ráði og þá hugsanlega í samvinnu og í samráði við ráðherra og ríkisstjórn. Var e.t.v. tekin um það yfirveguð ákvörðun í ríkisstjórn að láta Kjarval, Ásgrím og Jón Stefánsson fylgja með í kaupbæti til að eggja menn til fjárfestinganna og liðka fyrir sölunni? Ég leyfi mér að fullyrða að almennt hafi menn trúað því að ríkisstjórnin mundi passa betur upp á menningararf þjóðarinnar en hér hefur sýnt sig enda þurfti framsóknarmann og stjórnarliða til að láta sér detta í hug að ríkisstjórnin hefði hlunnfarið þjóðina með þessum hætti.

Ég vil beina því til ríkisstjórnarinnar að kanna hvort fyrir því kunni að vera lagastoð á þessu stigi, eins og málum er nú komið, að undanskilja frá sölu á bönkunum þann menningararf sem varðveittur er innan veggja þeirra. Þá vil ég minna á að meiri hluti í stjórn Landsbankans samanstendur af fulltrúum skipuðum af ríkisstjórninni. Sá meiri hluti, hugsanlega í góðri samvinnu við aðra stjórnarmenn, gæti ákveðið að færa Listasafni Íslands málverkin að gjöf eða beita sér fyrir því að stofnaður yrði um verkin sérstakur sjóður. Nýir eigendur eru að koma til sögunnar til að reka bankana, ekki til að annast listaverkavörslu.

Það er þó góðra gjalda vert, og á það vil ég leggja áherslu, að stofnanir og fyrirtæki festi kaup á listaverkum. En það sem hér er um að tefla er verðmætur menningararfur sem er og á að vera í eigu þjóðarinnar allrar. E.t.v. er til of mikils mælst að ætlast til að menn sýni slíkan stórhug. Eitt er þó víst, að ríkisstjórnin hefur sýnt ótrúlegan sofandahátt og ábyrgðarleysi. Hvorki fyrr né síðar hafa setið jafnslakir hagsmunagæslumenn fyrir almenning í Stjórnarráði Íslands. Fróðlegt væri að heyra á hvern hátt hæstv. viðskrh. réttlætir þessi vinnubrögð og hvað ráðherra og ríkisstjórn telur nú til ráða.

[14:09]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Við breytingu ríkisbanka í hlutafélög tóku viðkomandi hlutafélög yfir allar eignir og skuldir bankanna. Þannig tóku hlutafélögin yfir listaverk bankanna. Þannig urðu listaverkin hluti af eignum hlutafélaganna. Þær eignir ásamt væntingum um framtíðarafkomu þeirra standa á bak við gengi hlutafjár í félögunum.

Nú er verið að selja hluta hlutafjár í hlutafélögunum sem hafa verið á skipulegum verðbréfamarkaði í fjögur ár. Því er ekki verið að selja hluta af eignum félaganna heldur hlutafé í félögunum í heild. Félögin eiga listaverk en ekki einstakir hluthafar. Ekki væri því hægt að undanskilja listaverk við sölu ríkisins á hlutafé sínu í bönkunum, ekki frekar en aðrar eignir sem bankarnir eiga. Það væru í raun svik gagnvart félaginu og öðrum hluthöfum.

Hafa verður í huga í þessu sambandi að ríkið er ekki eini hluthafinn í viðkomandi félögum. Ríkið og bankarnir eru ekki eitt. Ef ríkið vildi ekki að listaverk þessi fylgdu félögunum þyrfti það í raun að kaupa verkin. Í raun hefur ekkert breyst á síðustu mánuðum í þessum efnum. Sala á málverkum hefði alltaf farið fyrir stjórn en ekki ráðherra, rétt eins og t.d. salan á VÍS.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson hafði uppi nokkuð stór orð og nánast ásakaði ríkisstjórnina um að hún hefði notað þessi listaverk sem einhvers konar beitu við sölu á hlut ríkisins í bönkunum, sem er náttúrlega algjörlega út í hött.

Ég get að lokum sagt að ég skil það í sjálfu sér ósköp vel að fólkið í landinu beri ákveðnar tilfinningar til þessara virðulegu stofnana, Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Hið sama gildir eflaust um hv. þm. en ég er sannfærð um að nýir eigendur láti sér ekki detta í hug að selja þessi listaverk úr bönkunum. Þeir vilja að sjálfsögðu eiga gott samstarf við viðskiptavini sína. Þegar á allt er litið mun það ekki hafa í för með sér neinar breytingar gagnvart almenningi þó að nú skuli ríkið draga sig út úr þessum rekstri. Ég vil gjarnan sjá þessi listaverk áfram þegar ég heimsæki þessarar stofnanir, enda er hluti þeirra raunverulega fastur við stofnanirnar og það eru ekki sístu verkin.

[14:13]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Dæmalaust skeytingarleysi ríkisstjórnar Íslands virðist ætla að leiða til þess að mörg hundruð af bestu og dýrmætustu listaverkum 20. aldar fari úr almenningseigu í einkaeign. Morgunblaðið á heiður skilinn fyrir að vekja athygli á þessu stórmáli í blaðinu í morgun. Þessi 1.200 verk í eigu Landsbanka og Búnaðarbanka eru ómetanleg að mati listfræðinga. Vissulega hefði átt að huga að þessum verðmætum og tryggja að þau færu ekki úr þjóðareign áður en bankarnir voru gerðir að hlutafélögum og sala þeirra hófst. Þar brugðust stjórnvöld. Listaverkakaup ríkisbankanna voru ávallt réttlætt með því að þannig varðveittust okkar dýrmætustu verk í eigu þjóðarinnar. Þeir sem nú kaupa bankana eru að kaupa fjármálastofnanir, ekki listasöfn.

Ég skora á handhafa hlutabréfa í Búnaðarbanka og Landsbanka að gefa íslensku þjóðinni verkin aftur. Ég skora á þá að setja á stofn sjálfseignarsjóð og stofna nýtt listasafn, Listasafn Búnaðarbanka og Landsbanka, og afhenda þjóðinni safnið til eignar. Listasafn Íslands gæti séð um rekstur þessa safns. Einnig mundu listaverkin þá komast til þjóðarinnar að nýju og þannig yrði tryggt að komandi kynslóðir fengju notið þessara þjóðargersema og menningararfs. Það væri hluthöfum til mikils sóma en ríkisstjórn Íslands til háðungar.

[14:15]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Það hefur aukist mjög nú á síðari árum að fyrirtæki taki þátt í að efla menningarlíf þjóðarinnar með því að festa kaup á listaverkum og með því að styrkja menningarstofnanir. Í þessu máli skiptir öllu að það er ekki sáluhjálparatriði að ríkið eigi þau verk sem hér er um að ræða, enda eiga hlutafélögin þau, það sem skiptir mestu máli er að vel sé að safninu staðið, að það sé aukið með áframhaldandi listaverkakaupum eins og hér var minnst á áðan og að þau verk verði gerð aðgengileg fyrir almenning. Hægt er að gera það á ýmsan hátt. Það er t.d. hægt að gera það með því að almenningur fái greiðari aðgang með því að bankarnir láni verkin til sýninga í Listasafni Íslands og öðrum listasöfnum. Það er mjög mikilsvert að listasöfnin hafi aðgang að málverkum í opinberri eigu og í einkaeigu. Og hægt er að stórauðvelda aðgang almennings að þeim verkum með þeim hætti að þau verði ekki einungis til sýnis í bönkunum, heldur verði þau lánuð í söfnin og gerð þannig almenningi aðgengilegri og þá verði hægt að veita um þau þann fróðleik sem listasöfnin hafa nú lagt sig fram um að veita.

Ég held að það sé mjög skýrt í augum alls almennings að listasöfnin hafa verið að auka sinn slagkraft í sýningum og sumarið 2002 er sennilega besta dæmið um það hversu almenningur hefur fengið góðan aðgang að vönduðum málverkasýningum. Og hægt er að tryggja þetta fullkomlega með því að bankarnir opni verk sín og láni söfnunum þau til þess að upplýsa almenning og veita honum aðgang að þessum merku menningarverðmætum.

[14:16]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það er kannski ekki að undra þótt menn rjúki upp með andfælum þegar þeim virðist sem hér sé verið að selja dýrmæt listaverkasöfn sem hafa verið í eigu almennings til einstaklinga. Ég á ekki margþætt erindi hingað nema að það getur ekki verið að listaverkasafn Landsbankans hafi verið selt eins og eitthvert ótilgreint fylgifé eins og borð og stólar. Það hlýtur að hafa verið selt eftir að mat hafði farið fram og ég vil fá að vita hverjir framkvæmdu það mat og vil fá nafngreinda þá listfræðinga sem það unnu, og hvað hvert listaverk var metið á því þarna hleypur einstaka listaverk á milljónum króna. Ég efast um að Landsbankinn hafi verið hálfdrættingur á við Búnaðarbanka að þessu leyti. Landsbankinn byrjaði miklu síðar.

Hér voru talin upp af málshefjanda nöfn listamanna hverra verk væri þar að finna, en þá er þess að geta að ég hygg að verk allra listamanna sem nokkru sinni hafa haft sýningu á Íslandi sé þarna að finna, því að þannig skipulagði Landsbankinn til að mynda síðari árin þá starfsemi sína að því leyti.

En sem sagt: Hvernig er þetta metið? Hvernig hyggjast menn meta safn, hið dýrlega safn Búnaðarbanka Íslands? Ég er sannfærður um að okkur verður ekki neitað hér, fulltrúum almennings, um nákvæma vitneskju um þetta stórmál, því hér hleypur ekki á neinum litlum fjárhæðum.

[14:19]

Drífa Snædal:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að það sem vakti fyrir Samson-hópnum við kaup á Landsbankanum var ekki sérstök hagsmunagæsla fyrir almenning. Við kaupin var hópurinn einfaldlega að taka undir og notfæra sér þá stefnu ríkisstjórnarinnar að kaupendur ríkiseigna skuli fá eðlilegan arð úr fyrirtækjum og að þær séu betur komnar í fárra höndum en þjóðarinnar allrar. Ríkisstjórnin er nú vel á veg komin með að framfylgja þeirri stefnu með sölu á ríkiseignum, m.a. með sölu á Landsbankanum.

Nú er ljóst að gríðarleg menningarverðmæti hafa fylgt með í kaupunum og spurning hvernig arðgreiðslum af þeim verði háttað. Felur einkavæðingarstefnan það kannski í sér að ómetanleg listaverk séu betur komin í höndum fárra aðila en þjóðarinnar allrar? Eigum við að setja verðmiða á menningu okkar og selja hana hæstbjóðanda, helst fyrir erlendan gjaldeyri? Getur verið að við séum orðin svo blind í peningahyggjunni að við sjáumst ekki fyrir þegar arfleifð okkar og menningarverðmæti eru annars vegar?

Sala ríkisins á helmingshlut í ómetanlegu listaverkasafni hlýtur að vera vísbending um að þegar krónurnar eru taldar í milljörðum skiptir saga og menning þjóðarinnar litlu máli. Ef fólk er með nógu þrútna vasa af erlendum gjaldeyri þá er allt falt hér í landi.

Það gríðarlega starf sem unnið hefur verið til að bjarga og hlúa að menningu okkar og arfi, fer greinilega fyrir lítið í meðförum einkavæðingarnefndar. Ég skora á hæstv. viðskrh. að bæta fyrir blinda peningahyggju og vinna að því að listaverkum í eigu Landsbankans verði komið fyrir hjá

stofnun í almenningseigu sem hefur það að markmiði að allir fái notið þeirrar listar.

[14:21]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Með hlutafjárvæðingu bankanna hurfu þjóðargersemar úr höndum almennings og við verðum að viðurkenna að við gættum ekki nógu vel að okkur, hvorki við hér sem erum á þingi, né heldur þeir sem um þessa sölu höfðu að segja. Ég held að þarna hafi orðið ákveðin mistök sem engum var í huga þegar bankarnir voru seldir.

Ég tel lögfræðihlið þessa máls nokkuð ljósa þó ég sé ekki lögfræðingur. Ég tel það nokkuð ljóst að hlutafélögin eiga þessi listaverk og að eina leiðin til þess að þau listaverk megi koma í hendur þjóðarinnar að nýju sé sú að eigendur hlutafélaganna, eigendur bankanna, hvort sem þeir eru hinir eldri eigendur eða þeir sem eru nú að kaupa, sýni þá höfðingslund að afhenda íslensku þjóðinni þessi ómetanlegu listaverk að gjöf og munu þá af því hafa hinn mesta sóma og þjóðin mun njóta vel og meta.

Það er alveg ljóst að bankarnir keyptu þessi listaverk, ekki af hreinni ágirnd heldur fyrst og fremst vegna þess að þeir litu á sig sem fulltrúa almennings. Bankarnir nutu margvíslegra forréttinda, bæði beint og óbeint, og voru þess vegna að kaupa þessi listaverk fyrir okkur öll.

Upphaf þessa máls er einmitt frá almenningi. Það var kaupmaður í Bankastræti sem kom að máli við mig og vakti athygli mína á málinu og ég kom því til Morgunblaðsins og það blað hefur hvað eftir sannað sýnt að það vill einmitt gæta að verðmætum sem eru hafin yfir peningasjónarmið og varða heill og hamingju þjóðarinnar á menningarsviði.

[14:23]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mér finnst þetta ákaflega dapurlegt mál. Mér finnst ákaflega dapurlegt að hlýða á mál hæstv. ráðherra og ekki síst hæstv. menntmrh., bæði koma þau hingað og reyna að verja þetta mál. Það liggur þó í augum uppi að hér var að vísu ekki um ásetningssynd að ræða, heldur handvömm. Það að þetta er handvömm birtist í því að í samtölum við menn sem komu að sölunni kemur fram að það var aldrei gengið í það að meta þetta listaverkasafn til fjár. Í þeim upplýsingum sem fyrir liggja kemur fram að þetta eru u.þ.b. 900 verk hjá Búnaðarbankanum. Þetta eru verk eftir stærstu tindana í íslenskri myndlistarsögu, verk sem byrjað var að kaupa snemma á síðustu öld og það er alveg ljóst að í einkaeigu er hvergi hægt að finna jafnsamfellda sögu samankomna á einum stað. Það út af fyrir sig eykur enn verðgildi safnsins langt umfram samanlagða summu einstakra verka. Ætli það megi ekki slá á það, herra forseti, að hérna kunni að vera verðmæti sem nálgast það að vera heill milljarður?

Þegar við horfum til þess að verið er að selja hlut bankans fyrir á annan tug milljarða, þá er alveg ljóst að þarna hafa menn vegna handvammar afhent eigur sem í reynd fela það í sér að verðið á bankanum lækkar um kannski fast að milljarði. Ég held að sé alveg ljóst, eins og komið hefur fram í þeim upplýsingum sem fyrir liggja, að menn gerðu sér ekki grein fyrir þessu. Það er hægt að koma hingað eins og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson og segja: Ja, eigum við ekki að biðja núverandi eigendur um að gefa þjóðinni þetta aftur? En er með réttu hægt að ætlast til þess að menn sem eru að kaupa svona eign gefi sem svarar heilum milljarði aftur? Ég held að það þurfi ákaflega stórt hjarta og ég ætla ekki að útiloka að svo sé.

Handvömmin birtist auðvitað í því að menn gleymdu þessu og fóru ekki sömu leið þegar fyrirtækin voru gerð að hlutafélagi og gert var þegar Pósturinn var gerður að hlutafélagi, en þá var ákaflega verðmætt og einstætt frímerkjasafn undanþegið. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvers vegna var það ekki gert við málverkin?

[14:25]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Málverk sem og aðrar eignir eru eignfærðar í viðkomandi fyrirtæki, banka í þessu tilfelli, sem við erum að ræða um hér í dag. Málverkin eru færð í bókhaldi á nafnvirði og sjálfsagt erfitt að meta markaðsvirði þessara verka sem fer eftir ástandi efnahags á Íslandi á hverjum tíma. Mér þykir hv. þm. Össur Skarphéðinsson kjarkaður að geta fullyrt það að þessi málverk séu eins milljarðs virði. Það eru nú aðrar tölur heldur en ég hef fengið. (**Gripið fram í:** Hvaða tölur?)

Þegar banki eða fyrirtæki er selt fylgja eignirnar eðlilega með. Og að undanskilja eitthvað við söluna, er eins og að selja bíl án hjóla.

Það hefur verið virðingarvert hvað bankarnir hafa verið öflugir að styðja við listir í landinu með kaupum á listaverkum árum saman og ber að þakka það. Nú er þegar búið að selja annan ríkisbankann og sala á hinum á lokastigi svo þessi umræða virðist vera heldur seint á ferðinni. Þegar fyrirtæki er selt fylgja venjulega eignirnar með eins og áður sagði, en að undanskilja eignir svo sem málverk, fágæt húsgögn og fleira, er annað mál. Slíkt ætti að gera áður en viðkomandi fyrirtæki er hlutafélagavætt eins og þáverandi samgrh., Halldór Blöndal, gerði með fágætt frímerkjasafn Pósts og síma, sem á nú að fara til vörslu á Þjóðskjalasafninu.

Ásakanir um misferli þeirra sem sjá um sölu bankanna eru algjörlega óviðeigandi og hv. þingmönnum sem halda því fram til minnkunar.

[14:27]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég held að engum dyljist það að hér hafa orðið á mistök, mistök af hálfu þeirra sem stóðu að undirbúningi að hlutafélagavæðingu og sölu bankanna, mistök af hálfu einkavæðingarnefndar og hugsanlega líka mistök af hálfu Ríkisendurskoðunar, sem fer með endurskoðun á fjárreiðum og bókhaldi bankanna. Hvernig ætli þessir hlutir hafi verið færðir til eignar og metnir til fjár?

Ég vil taka undir með hv. þm. Drífu Snædal sem sagði að við værum ekki endilega að tala bara um fjármuni heldur værum við að tala um menningarverðmæti þjóðarinnar. Bankarnir voru einmitt í eigu ríkisins og litu á það sem hluta af hlutverki sínu að styrkja og efla menningu landsins og þess vegna tóku þeir þátt í að kaupa málverk og önnur listaverk.

Fyrir þjóðinni, virðulegi forseti, eru þessi listaverk ekkert hjól undir bíl á bílasölu, eins og hv. þm. Gunnar Birgisson, vildi gefa þessu nafn hér áðan. Drottinn minn dýri!

Herra forseti. Ég held að við ættum að sameinast um og kanna allar leiðir til að ná þessum listaverkum til okkar og inn til þjóðarinnar, vera ekki að gera gælur við það eins og hæstv. ráðherrar að góðir eigendur banka gætu nú haldið sýningu hér og þar. Drottinn minn dýri! Þeir hafa ekkert yfir þessum bönkum að segja eftir að þeir eru seldir.

Ég vil draga athygli að öðru. Ríkið er líka að selja skóla, heimavistarskóla, sem einnig hafa verið menningarstofnanir í gegnum áratugi og jafnvel aldir og hafa líka fengið til sín listaverk, merkilega gripi í sögu þjóðarinnar. (Forseti hringir.) Hvernig er háttað sölu á þeim verkum á heimavistarskólunum t.d. sem búa yfir mörgum listaverkum og miklum menningararfi?

[14:30]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Listaverkakaup fyrirtækja og stofnana eru afar jákvæð. Það er afar jákvætt að þessar stofnanir skuli kaupa listaverk af listamönnum þeim til styrktar og styrkja um leið listasögu Íslands sem er til þess að gera mjög ung. Mér finnst full ástæða til þess að þakka hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni fyrir að vekja máls á þessu. Það kom fram á forsíðu Morgunblaðsins sl. þriðjudag í viðtali við þingmanninn.

Listaverkasöfn bankanna hafa að geyma, eins og fram hefur komið, mjög marga dýrgripi úr íslenskri listasögu. Við höfum svo sem ekki notið þess að sjá mörg af þessum listaverkum, þó hefur um árabil verið listaverkagluggi í Búnaðarbankanum þar sem við höfum getað skoðað listaverkin. Annars hafa þau svo sem ekki verið almenningi til sýnis en gildi verkanna felst vitaskuld í að við getum fengið að skoða þau.

Það kom fram áðan að í gegnum tíðina hafi verið lagðir niður ýmsir skólar. Ég hef vakið máls á því einmitt á Alþingi að t.d. í húsmæðraskólunum, sem voru lagðir niður á áttunda áratugnum, var gríðarlega mikið af listaverkum, ýmiss konar málverkum, ýmiss konar hannyrðum og þess háttar, og við höfum ekki passað nægilega vel upp á að geyma og varðveita þessa menningu. Sumt af þessum listaverkum veit enginn hvar liggur.

Það er gamalt máltæki sem segir að það skuli byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í, og þegar verið er að leggja niður stofnanir, selja þær og þess háttar, þar sem um menningarsögu er að ræða verðum við að gæta þess að varðveita hana.

[14:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í upphafi velti ég því upp hvað hér byggi að baki, hvort það væri glópska, gleymska, sofandaháttur eða hvort tekin hefði verið um það yfirveguð ákvörðun að hafa þessi verðmæti af þjóðinni til þess að gera bankana að fýsilegri söluvöru, að þetta hefði verið gert með opin augu. Að vísu vitum við að þessi ríkisstjórn er harla sljó til augnanna þegar hagsmunir almennings eru annars vegar en gerist mjög fráneygð þegar um er að tefla hagsmuni fjármálamanna og fjárfesta. Þá fyrst vottaði fyrir tilfinningaþunga hjá hæstv. ráðherra þegar hún spurði hvort menn gerðu sér ekki grein fyrir því að hagsmunir nýrra hluthafa væru í húfi, hvort menn ætluðu virkilega að hafa þessar eignir af þeim.

Ég tek undir það sem fram kom hjá hæstv. menntmrh., hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni og fleiri aðilum sem hafa bent á mikilvægi þess að stofnanir og fyrirtæki kaupi listaverk. Ég er ekki að gagnrýna það. Mér finnst það æskilegt og gott. En hér er um allt aðra hluti að ræða. Við erum að tala um drjúgan hluta af menningararfi þjóðarinnar, 1.200 listaverk sem eru metin á mörg hundruð milljónir króna. (Gripið fram í.) Og ef það er rétt að ekki hafi verið lagt fjárhagslegt mat á þessa eign þarf að upplýsa um það.

Ég tek undir þá spurningu sem hér kom frá hv. þm. Sverri Hermannssyni: Var þessi eign metin? Eða varð þarna handvömm? Varð ríkisstjórninni og stjórnarmeirihlutanum, þeim meiri hluta sem hún styðst við hér á Alþingi, á í messunni? Þetta þarf að upplýsa.

[14:34]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Ég held að hún hafi í sjálfu sér verið ágæt og kannski nauðsynleg. Ég neita því þó ekki að það sem mér er efst í huga núna er að einkavæðingin sem slík hlýtur að hafa tekist mjög vel vegna þess að það er ekki beðið um utandagskrárumræðu um sölu bankanna, heldur eingöngu um listaverkin. Ég er mikill listunnandi, það skal tekið fram svo að það sé á hreinu. En hv. þm. Ögmundur Jónasson sá enga ástæðu til þess að taka upp umræðu um sölu bankanna og það segir mér að salan sé vel heppnuð og það gleður mig mjög. (**ÖJ:** Er ályktunargáfan þessi?)

Það er talað um að þessi verðmæti séu í höndum fárra aðila. Þá verður að hafa það í huga að það eru tugir þúsunda sem eiga Landsbankann, og væntanlega Búnaðarbankann líka innan skamms. Það er því ekki rétt að tala um fáa aðila, þvert á móti mjög villandi að mínu mati. Mér finnst þetta engan veginn dapurlegt mál sem þurfi að tala um með sorgartón. Við erum að selja þessar stofnanir, og listaverkin fylgja þeim. Þeir sem tala um að þarna hafi orðið mistök hljóta þá að eiga við það að þegar bönkunum var breytt í hlutafélög hefði átt að hreinsa öll listaverk út úr bönkunum. Hefðu hv. þm. virkilega viljað að við hefðum komið inn í bankana sl. fjögur ár án þess að þar hefði verið eitt einasta listaverk? Ég held að það sé mikilvægt fyrir almenning sem sækir þessar stofnanir heim að þar fái þessi listaverk að hanga uppi áfram. Þannig njótum við þeirra. Ég treysti þeim einstaklingum sem nú verða brátt kjölfestufjárfestar í Landsbankanum, og sennilega mun eins verða um Búnaðarbankann, að þeir muni hafa skilning á þessu og veita almenningi þá unun áfram að sjá verkin.

Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ, 34. mál. — Þskj. 34.

[14:37]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Hér mæli ég fyrir till. til þál. um að spornað verði við uppsögnum eða mismunun í starfi vegna aldurs. Þáltill. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna á hvern hátt unnt er með lagasetningu að sporna við því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort heldur er með uppsögnum eða mismunun í starfi. Skipuð verði nefnd þar sem fulltrúar samtaka launafólks eigi aðild auk fulltrúa stjórnmálaflokka á þingi og skili nefndin áliti innan eins árs.“

Það skal tekið fram að þáltill. svipaðs eðlis hefur áður verið lögð fram án þess að hljóta afgreiðslu og er þessi tillaga því endurflutt frá síðasta löggjafarþingi. Ég vil aðeins í örstuttu máli gera grein fyrir henni.

Það er margt sem bendir til þess að það færist í aukana að stjórnendur á vinnustöðum leggi við mannaráðningar áherslu á að ráða fremur ungt fólk til starfa en eldra fólk, jafnvel þótt síðarnefndi hópurinn búi að lengri starfsreynslu. Sums staðar er jafnvel gengið lengra, eldra fólki sagt upp störfum til að

rýma fyrir því sem yngra er. Jafnhliða þessari þróun hefur verið losað um ráðningarfestu þar sem hún hefur verið hvað traustust, og þá horfi ég einkum til opinberra starfsmanna. Sumar stofnanir og fyrirtæki hafa jafnvel gengið svo langt að taka þá stefnu upp að segja fólki upp störfum þegar það hefur náð tilteknum aldri, langt innan við þau aldursmörk sem lög og samningar kveða á um.

Það hefur komið fram, m.a. við umræðu um þessa tillögu á fyrri þingum, að ýmsar stofnanir, þar á meðal stofnanir í almannaeign, hafi beinlínis fylgt þessari stefnu. Ásakanir komu upp t.d. í garð stjórnar Póstsins, Íslandspósts á sínum tíma. Ég skal ekkert fullyrða um þetta en þessu var haldið fram, m.a. í mín eyru. Reyndar er það svo með þá stofnun að annað veldur því að fólk þar á bæ missir vinnuna, það er vegna einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar. Hverju útibúi Póstsins á fætur öðru er nú lokað, og ég hef heyrt frá starfsmönnum sem hafa misst vinnu sína, bæði hér á þéttbýlissvæðinu en þó fyrst og fremst úti á landsbyggðinni. Það er meira en að segja það að vera kominn hugsanlega hátt á sextugsaldur og missa vinnuna í mjög fámennu byggðarlagi. Þá er oft ekki í önnur hús að venda, fólk stendur uppi atvinnulaust og svipt réttindum, ávinnslurétti til lífeyris svo dæmi sé tekið.

Það er rétt að benda á í þessu sambandi að þegar lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna var breytt árið 1996 var tekin upp sú nýbreytni að ráða embættismenn aðeins til fimm ára í senn. Þetta á einnig við um heilar starfsstéttir og má þar nefna lögreglumenn, tollverði og fangaverði. Hefur þetta valdið óöryggi hjá eldra fólki, og ekki að ástæðulausu. Það er mikilvægt að fram fari endurskoðun á lögum með það fyrir augum að tryggja stöðu einstaklinga þannig að þeir verði ekki látnir gjalda aldurs síns á vinnustað. Þannig yrðu t.d. mjög veigamikil rök að liggja fyrir fengju þeir launamenn sem starfa samkvæmt framangreindri fimm ára reglu ekki endurráðningu. Mikilvægt er að endurskoðun laganna fari fram í nánu samstarfi við samtök launafólks.

Í þessu sambandi má benda á að Samband íslenskra bankamanna og fleiri samtök hafa lýst þungum áhyggjum yfir því misrétti gegn eldra starfsfólki sem viðgengst á vinnustöðum og segja þau að það færist mjög í vöxt að fólk sé látið gjalda aldurs.

Meðal ábendinga sem fram hafa komið má nefna að Mannréttindaskrifstofa Íslands telur ástæðu til að ítreka grundvallarreglu Sameinuðu þjóðanna um eldra fólk sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti árið 1991. Þar kemur m.a. fram að eldra fólk eigi að hafa um það að segja hvenær og á hvern hátt starfslok verða. Nú bendir margt til þess að gerðar verði breytingar á lögum sem snerta þessi málefni í kjölfar þess að nefnd sem starfaði á vegum forsrn. um sveigjanleg starfslok skilaði áliti en þar er lagt til að í stað þess að skylda fólk sem starfar hjá hinu opinbera til að ljúka starfi við 70 ára aldur verði heimilað að fólk starfi lengur, eða til 72 ára aldurs, en einnig verði settur meiri sveigjanleiki inn í þau lög og reglur sem gilda um lífeyrissjóðina hvað þetta varðar.

Í umsögnum sem Alþingi hafa borist vegna þessa máls hafa almennt komið fram mjög jákvæð viðbrögð og er hvatt til þess að málið fái framgang. Á meðal þeirra sem tekið hafa undir efni þáltill. má nefna Landssamband eldri borgara, Mannréttindaskrifstofu Íslands, BHM, BSRB, þjóðkirkjuna, Eyþing, Öryrkjabandalag Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Það er athyglisvert hins vegar að finna gagnrýnisraddirnar og varnaðarorð sem uppi hafa verið. Þannig segir í umsögn Samtaka atvinnulífsins, með leyfi forseta:

„Löggjöf eins og hér er gerð tillaga um skapar hins vegar fleiri vandamál en henni er ætlað að leysa. Hún er eingöngu til þess fallin að skerða snerpu og viðbragðsflýti fyrirtækja og dregur þannig úr samkeppnishæfni þeirra og þá jafnframt atvinnumöguleikum starfsmanna."

Ég tel að þetta sjónarmið eigi ekki við rök að styðjast. Þvert á móti hafa komið fram sterkar vísbendingar um að æskudýrkun sem svo hefur verið nefnd geti komið fyrirtækjum í koll og beinlínis orðið til þess að veikja stöðu þeirra. Við eigum ekki að gera lítið úr reynslu fólks á vinnustað.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að það getur verið erfitt að finna með hvaða hætti markmið þessarar þáltill. eru tryggð, hvernig réttur eldra fólks er tryggður á vinnustöðum. Ég hef hér bent á ýmsar leiðir sem megi fara í því efni og tiltók þar sérstaklega þær starfsstéttir sem nú búa við fimm ára skipunartíma, fangaverði, lögreglumenn og tollverði, að því aðeins sé heimilt að segja starfsmönnum upp að fyrir því liggi gildar, rökstuddar ástæður. Tillagan gengur hins vegar út á það að skipuð verði nefnd, að henni komi hagsmunaaðilar, fulltrúar samtaka launafólks og atvinnurekenda, auk fulltrúa stjórnmálaflokka og setjist yfir þessi mál. Nefndin skili áliti innan eins árs.

Herra forseti. Ég legg til að þessari þáltill. verði vísað til umfjöllunar í félmn.

[14:45]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla bara að hafa örfá orð um þann hluta þessarar þáltill. sem fjallar um það sem kallað er æskudýrkun og minna menn á gildi þess að vinna af stolti og virðingu með öllum aldurshópum innan fyrirtækja og stofnana. Ég tala af mikilli reynslu sem forstöðumaður á stórum vinnustað. Ég kappkostaði ávallt að gæta þess að menn fengju að njóta starfsorku sinnar, þekkingar og reynslu á viðkomandi vinnustöðum, eins lengi og hægt var.

Ég tel, virðulegu forseti, að umræðan um æskudýrkun sé nauðsynleg. Þó að ungir og ferskir starfskraftar séu nauðsynlegir hverju fyrirtæki er jafnnauðsynlegt að hafa reynslu og þekkingu þeirra sem eldri eru inni á öllum vinnustöðum. Þess vegna er þessi þáltill. mjög mikilvæg.

Það þarf að komast inn í umræðuna að það er ekki sjálfsagt að úrelda fólk eins og hverjar aðrar vélar þegar það er komið á miðjan aldur eins og hefur viljað brenna við hjá ýmsum stjórnendum fyrirtækja þessa lands og þótt víðar væri leitað. Þess vegna vil ég árétta það að þessi þáttur þáltill., um æskudýrkun og samspil aldursflokkanna á vinnustað, er mjög mikilvægur þáttur umræðunnar sem verður að fara fram.

[14:47]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Mig langar að leggja til nokkur orð í umræðuna. Ég tel þessa þáltill. góða. Hún vekur okkur til umhugsunar um hvernig litið er á fólk, oft eftir aldri og einnig kyni. Ég veit til þess að fólk sem hefur misst vinnu sína sem komið hefur verið á miðjan aldur hefur átt mjög erfitt með að fá vinnu aftur vegna aldursins. Það er mjög dapurlegt til þess að vita að fólk sem býr yfir mjög góðri

reynslu og margháttaðri færni skuli ekki fá vinnu þegar það sækir um störf vegna þess að það sé talið of gamalt.

Það er mjög ánægjulegt þegar ungt fólk kemur út á vinnumarkaðinn, fær vinnu og býr við atvinnuöryggi. Því er þó reyndar ekki að heilsa í dag. Ég veit að það er orðið dálítið erfitt um vik hjá iðnaðarmönnum á þessu svæði hér en það er önnur saga. Það er gott þegar ungt fólk fær vinnu og þarf ekki að vera atvinnulaust. Hins vegar þarf líka að hugsa um það þegar fólk á miðjum aldri hættir störfum af einhverjum sökum, er sagt upp eða vill fá nýja vinnu og sækir um hana, en aldurinn er látinn ráða því að viðkomandi verði atvinnuleysingi.

Við þurfum líka að íhuga það, herra forseti. Það er svo sem líka til umræðu í samfélaginu, að fólk er farið að verða eldra. Við skulum vona að meðalaldurinn lækki ekki. Fólk í kringum sjötugt er gjarnan alveg í fullu fjöri. Öll okkar hér á þinginu þekkja dæmi um slíkt eins og aðrir í samfélaginu. Fólk sem er komið yfir sjötugt hefur margt gott starfsþrek og getur lagt margt gott til málanna með reynslu sinni og þekkingu.

Þess vegna tek ég undir orð hv. þm. sem jafnframt er formaður BSRB. Ég hygg að reynsla hans sem slíks sé ein af ástæðum þess að þetta mál er fram komið. Það er reyndar mjög alvarlegt ef þessi stefna er farin að eiga sér stað hjá ríkinu, að ríkið sjálft og sveitarfélög eru jafnvel farin að iðka þá stefnu að fólk fái ekki atvinnu vegna þess að það er talið of gamalt um fimmtugt. Ég tel það mjög alvarlegt mál.

[14:51]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég kem fyrst og fremst í pontu til að þakka fyrir jákvæðar undirtektir við þessu þingmáli sem, eins og fram kom áður í máli mínu, hefur áður verið flutt.

Eru þetta bara ekki orð? kann einhver að segja. Eru þetta ekki bara innihaldslaus orð? Nei. Þetta eru ekki innihaldslaus orð. Þetta eru hins vegar orð og umræða og ég tel að umræða um þessi mál skipti máli, að við séum vakandi fyrir þessu vandamáli. Ég tel mikilvægt að við reynum að uppræta hvers kyns bábyljur og fordóma. Ég neita því ekki að mig rak í rogastans þegar ég sá greinargerð frá samtökum atvinnurekenda á sínum tíma, Samtökum atvinnulífsins, þar sem segir, með leyfi forseta, og ég endurtek það:

„Löggjöf eins og hér er gerð tillaga um skapar hins vegar fleiri vandamál en henni er ætlað að leysa. Hún er eingöngu til þess fallin að skerða snerpu og viðbragðsflýti fyrirtækja og dregur þannig úr samkeppnishæfni þeirra og þá jafnframt atvinnumöguleikum starfsmanna."

Þetta finnast mér vera fordómar. Bábiljur og fordómar. Með umræðu má uppræta og útrýma fordómum og bábiljum. Ég tel mikilvægt að um þessi mál sé rætt. Til þess er stofnað til þessarar umræðu en ég er einnig sannfærður um að hægt sé að styrkja réttarstöðu eldra fólks, bæði í kjarasamningum og í lögum og reglum sem gilda á vinnumarkaði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir á þorskeldi, fyrri umr.

Þáltill. KVM o.fl., 35. mál. — Þskj. 35.

[14:53]

Flm. (Karl V. Matthíasson):

Herra forseti. Ég fylgi hér úr hlaði svohljóðandi till. til þál. um rannsóknir á þorskeldi sem ég flyt ásamt hv. þm. Kristjáni L. Möller, Gísla S. Einarssyni, Svanfríði Jónasdóttur, Össuri Skarphéðinssyni, Einari Má Sigurðarsyni og Þórunni Sveinbjarnardóttur:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að hlutast til um að skipulegar rannsóknir á þorskeldi frá klaki til slátrunar verði stórauknar, svo og að fjarða- og kvíaeldi á þorski verði eflt og stutt, með það að markmiði að Íslendingar geti framleitt eldisþorsk til útflutnings innan fárra ára."

Þannig hljóðar þessi þáltill. Í greinargerðinni segir m.a., herra forseti:

Á Íslandi hefur ekki verið mótuð nein stefna varðandi eldi á þorski eða þorskseiðum.

Mikill vöxtur hefur orðið í öllu eldi á heimsvísu og samkvæmt Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna er fiskeldi sú grein matvælaiðnaðarins sem vex hraðast. Þess má geta að fiskeldi annaði heildaraukningu á fiskneyslu heimsins 1990–1997 og þannig er þetta áfram því að fiskeldi fer sívaxandi.

Það er náttúrlega mikil fólksfjölgun í heiminum. Þá þarf meiri mat. Því eykst fiskeldi í heiminum einnig, einfaldlega vegna aukins mannfjölda.

Við lifum að mestu leyti á því, herra forseti, að veiða fisk, vinna fisk og selja hann. Við höfum orðið áþreifanlega vör við að aflaheimildir hafa minnkað. Fiskveiðiheimildir hafa verið skornar töluvert niður, um tugi og jafnvel hundruð þúsunda tonna. Það dregur náttúrlega úr tekjum okkar. Það er líka ástæðan fyrir því að þáltill. er komin fram, að við getum mætt áföllum með því að vera með fiskeldi.

Þá má nefna aðra ástæðu, þ.e. að margir eru farnir að tala gegn því að fiskur sé veiddur í höfunum. Það má vera að við verðum vör við mótmæli gegn veiðum á þorski og öðrum fisktegundum. Ég ætla samt að vona að það verði ekki, herra forseti, en engu að síður ber að hafa þetta í huga í umræðunni. Það getur verið að eldisþorskur og eldisfiskur verði sú vara sem fremur njóti velþóknunar, að menn borði hann frekar fisk sem tekinn er úr náttúrunni. Reyndar er þetta nú allt mjög mótsagnakennt. Hvernig á að ala fiskinn í kvíunum? Auðvitað þarf að veiða loðnu, síld og aðra fiska til þess en engu að síður er þetta svona. Reyndar hef ég heyrt, herra forseti, að það sé verið að reyna að þróa fóður sem að miklu leyti sé unnið úr jurtaríkinu til að fæða þennan fisk. Það er nokkuð merkilegt.

Herra forseti. Þess er getið í þáltill. að rannsóknir fari fram á þorskeldi frá klaki til slátrunar og einnig á fjarða- og kvíaeldi. Eldisaðferðir eru í raun og veru þrenns konar. Hér ætla ég að leyfa mér að lesa, hæstv. forseti, úr blaði sem heitir Veiðar og áframeldi á þorski. Ritstjórar þess eru Valdimar Ingi Gunnarsson, Björn Björnsson, Einar Hreinsson, Gísli Jónsson, Hjalti Karlsson, Jón Árnason, Jón Þórðarson og Óttar Már Ingvarsson. Þeir hafa ritstýrt blaði um veiðar og áframeldi á þorski. Á bls. 3 í þessu ágæta blaði segir um eldisaðferðir, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi er hægt að fanga þorsk á veiðislóð og ala hann í sjókvíum til lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum. Í

öðru lagi er hægt að fanga að hausti undirmálsfisk, þ.e. smáfisk, smáþorsk eða jafnvel seiði, og færa í strandeldisstöð. Fiskurinn er alinn þar yfir vetrarmánuðina fram til næsta vors og er þá fluttur í sjókvíar og fóðraður þar til markaðsstærð er náð. Þriðja leiðin er að klekja út þorsklirfum í sérstökum seiðaeldisstöðvum og ala síðan seiðin í strandeldi þar til þau ná stærð og þroska til dvalar í sjókvíum."

Ég tel, herra forseti, að þróunin hafi verið mjög hæg í þessu. Árið 1993 fékkst eitt tonn af eldisþorski, árið 1994 45 tonn, árið 1995 35 tonn. Það minnkar þarna á milli ára. Afraksturinn vex svo aftur um tvö tonn 1996 þá er hann orðin 37 tonn, og 1997 fjölgar þeim um eitt. Árið 2000 eru þau 11, detta þar alveg niður, en á síðasta ári voru þetta 70 tonn. Það er vegna þess að áhuginn og umræðan hefur aukist mikið.

Sú þáltill. sem hér er fram borin er í rauninni flutt í þriðja sinn og hefur ekki fengið framgang í þinginu og þess vegna er hún enn flutt. Hún er jafnframt mjög gott innlegg í umræðuna, að fólk hugsi um þetta og velti fyrir sér möguleikunum í fiskeldinu.

Þeir menn sem eru ritstjórar þessa ágæta fræðirits, sem er reyndar ekki mjög stórt í sniðum en engu að síður mjög gott og væntanlega fyrsta svona rit sem gefið er út á Íslandi og er þannig að mörgu leyti sögulegt, leggja líka áherslu á að við gætum okkar og vöðum ekki alveg algjörlega á fullu og lendum í sömu vandamálum og við lentum í í sambandi við laxeldið á sínum tíma. Margir hafa sýnt því áhuga að vera með þorskeldi og brautryðjendur eru nú nokkrir. Ég leyfi mér að nefna Magnús Guðmundsson í Tungu í Tálknafirði, sem hefur verið mjög ötull og duglegur í því starfi og hefur verið ánægjulegt að sjá hjá fyrirtækinu Þórsbergi þar hversu vel þetta gengur. Þeir hafa líka verið í samráði við Hafrannsóknastofnun.

Skoðun mín er sú, herra forseti, að við ættum að bretta betur upp ermarnar, því að nágrannaþjóðir okkar sem eru í samkeppni við okkur og eru að selja fisk, eru komnar alveg á fullt í þessu máli. Í Noregi eru t.d. 20 strandeldisstöðvar sem eru eiginlega komnar á laggirnar. Þar eru tvær seiðastöðvar þar sem hvor ætlar sér að framleiða 10 milljónir seiða, sem gerir það að verkum að væntanlega munu um 60 þús. tonn koma út úr því. Og ef við hugsum út í það, herra forseti, þá sjáum við hve 60 þús. tonn af þorski, bara út úr þessu, er orðinn stór hluti af allri þorskframleiðslu okkar.

Ég ber mikla virðingu fyrir því starfi sem Hafrannsóknastofnun hefur verið að vinna, en allir sem ég hef rætt við á þessu sviði eru sammála því að setja mætti meira fjármagn í þetta þannig að það stuðli að hraðari þróun í þessu máli.

Ég nefndi Noreg, en Nýfundnaland og Austur-Kanada eru komin með mjög góðar rannsóknir líka, eru komin töluvert á veg í þorskeldi sínu. Okkur er því ekki til setunnar boðið. Þess vegna er þessi þáltill. nú lögð fram.

Ég leyfi mér í þessu sambandi, herra forseti, að minna einnig á þáltill. sem lögð hefur verið fram í þinginu af hv. þm. Vestf., Norðurl. v. og Vesturl. þar sem talað er um miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á þorski. Þar er 1. flm. hv. þm. Einar K. Guðfinnsson. Þar er einmitt verið að tala um — þetta er svona hliðstætt og ber að þakka fyrir þá þáltill. líka — að fela ríkisstjórninni að setja á laggirnar miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á þorski á Vestfjörðum. Og það er ekkert óeðlilegt að þessi þáltill. komi fram því þar eru nokkrir brautryðjendur og eru nokkrar stöðvar komnar, í Álftafirðinum og við Skutulsfjörðinn og svo náttúrlega á Nauteyri. Þar voru menn að þreifa sig áfram með seiði sem komu frá Hafró í Grindavík. Það er því fullkomin ástæða til að gefa hinni ágætu þáltill. þeirra ágætu þingmanna fullan gaum líka og vona ég að þessar tillögur verði báðar samþykktar, sem eru systur ef svo má að orði komast.

Herra forseti. Við ræðum hér annan hvern dag um byggðamál og hvernig betur mætti vera búið að byggðum landsins með ýmsum aðgerðum sem auðvelt er að gera, eins og t.d. að styðja við það að byggja skólakerfið betur upp, framhaldsskólana og annað sem líka var rætt í þinginu í gær. Hér er mál sem er mjög mikið og gott byggðamál. Við skulum taka sem dæmi venjulegt sjávarpláss sem hefur aflaheimildir. Skipin þar veiða og þar eru duglegir sjómenn og allt það, en einn góðan veðurdag gæti það gerst, af því að fiskveiðistjórnarkerfi okkar er þannig háttað í dag enn sem komið er en vonandi verður því nú breytt, að þau byggðarlög gætu bara misst kvótann. En hugsum okkur ef viðkomandi byggðarlag væri með þorskeldi, það er ekkert hægt að fara með það í burtu og vinna fólksins verður þá tryggari og betri, auk þess sem hægt er með þorskeldi að stýra betur stærðinni á fiskinum sem mundi henta hverjum markaði. Þetta er allt mjög jákvætt sem hlýst af því að vera með gott og öflugt þorskeldi.

Sú viðleitni sem verið hefur er mjög virðingarverð, ég vil taka það fram, ég vil ekki vera með neina neikvæðni út í það en það er skoðun mín, herra forseti, og ég held ég sé að segja algjörlega satt með því að segja að allir þeir sem ég hef talað við og eru í þessari grein eru hlynntir því að sett verði meira fjármagn í þetta. Í þessu sambandi hefur auðlindagjaldið verið nefnt. Því ekki að nota það til að efla greinina og styrkja? Og síðan þegar hún er orðin sterk og öflug þá gæti sú grein farið að gefa af sér fjármagn út í aðrar greinar, iðnað eða eitthvað annað sem tengist þessu öllu saman eða jafnvel eitthvað óskylt. Þetta er því mjög mikið þjóðþrifamál að minni hyggju, og ég vona, herra forseti, að þáltill. verði samþykkt einróma í hv. Alþingi.

[15:08]

Útbýting þingskjala:

Aðstaða til hestamennsku, 334. mál, þáltill. JHall o.fl., þskj. 364.

Áhrif hækkunar persónuafsláttar, 159. mál, svar fjmrh., þskj. 348.

Eftirlit með vöruinnflutningi í gámum, 332. mál, fsp. GHall, þskj. 362.

Hvalveiðar, 330. mál, fsp. SvanJ, þskj. 360.

Hækkun póstburðargjalda, 327. mál, fsp. ÖJ, þskj. 357.

Kostnaður af heilsugæslu, 329. mál, fsp. MF, þskj. 359.

Meðferð opinberra mála, 328. mál, fsp. ÖJ, þskj. 358.

Notkun Vífilsstaðaspítala fyrir aldraða hjúkrunarsjúklinga, 331. mál, fsp. GHall, þskj. 361.

Samkeppnisstaða íslenskrar mjólkurframleiðslu, 333. mál, fsp. VigS, þskj. 363.

[15:09]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. flm. um nauðsyn þess að móta stefnu í þorskeldismálum og eldismálum okkar yfirleitt. Það er löngu tímabært. Framtíðin liggur í fiskeldi og fiskeldi er þegar farið að stýra mörkuðum og það er reyndar ekkert alveg nýtt, slík þróun hefur verið fyrirsjáanleg alllengi, a.m.k. á annan áratug. Segja má að það sé e.t.v. nokkur sofandaháttur að hafa ekki stutt betur við þær tilraunir sem hér hafa farið fram og reynt að stýra betur þeirri starfsemi

sem hefur farið fram með margvíslegu eldi hérlendis undanfarinn áratug. Mistökin sanna það að þörf hefði verið á að gera það fyrr og gera það betur.

Sem dæmi um vöxt í þessari grein má upplýsa að lax á Bandaríkjamarkaði var um 82 þús. tonn árið 1990, en árið 2001 261 þús. tonn, þ.e. um 300% aukning á eldislaxi á Bandaríkjamarkaði. *Síðan er annað sem gerst hefur, að aðrar* tegundir sem ekki höfðu heyrst nefndar áður eru komnar í stað hinna hefðbundnu og má nefna fisktegundir sem bera nöfn eins og leirgedda og beitarfiskur.

Þorskneysla hefur dregist saman á sama tíma á Bandaríkjamarkaði *aðallega vegna lítils framboðs og einnig vegna* þess að þar sem þorsk hefur skort hefur eldisfiskur af ýmsu tagi komið í stað hans. Ekki er alveg fyrirsjáanlegt hvaða afleiðingar þetta getur haft, e.t.v. verður veitt sjávarfang að einhverju leyti verðmætara þegar það verður orðið fágætt, en að sama skapi má líka reikna með því að verð á eldisfiski lækki og þess vegna verði samkeppni við hann á margan hátt mjög erfið.

Í skýrslu stýrihóps um aukið verðmæti sjávarfangs er stuttur kafli um fiskeldi. Ég hefði kosið að sjá þann kafla lengri og mun ítarlegri og þar væri fjallað meira um framtíðarmöguleika þessarar greinar og settar fram raunhæfar tillögur um þau mál. Þar er þó talið rétt að leggja meiri áherslu á þorskeldi en laxeldi, en stefnan í þeim málum er enn þá óunnin.

Ef litið er á þorskeldi og þróun þess á undanförnum árum, þá hófst það með því að nokkrir hugsjónamenn, einkum á Vestfjörðum og að ég held á Eskifirði einnig, hófu að safna smáfiski sem náðist lifandi, fluttu hann í eldiskvíar inni á fjörðum og ólu hann þar áfram. Þær tilraunir voru eins og gefur að skilja gerðar við afar misjafnar aðstæður án skilnings eða athygli yfirvalda, sem litu á þetta sem marklausan leik í upphafi og jafnvel var það litið hornauga að taka smáfiskinn til slíkra nota. Sem betur fer hefur þetta þokast til betri vegar þó hægt fari. Og enn er það svo að einstök fyrirtæki og einstaklingar bera hitann og þungann af því uppbyggingarstarfi. Stjórnvöld fara sér hægt en eru þó búin að viðurkenna þetta starf með úthlutun sérstakra heimilda til eldisins. Meira þarf þó til og er vonandi að augu manna fari að opnast fyrir nauðsyn framtíðarsýnar í eldismálum sjávardýra yfirleitt því hér eru möguleikar nánast ótæmandi en markvissa stefnumótun vantar.

Hafrannsóknastofnun hefur staðið fyrir þorskeldistilraunum á Stað í Grindavík og verið brautryðjandi í að stunda klak og seiðaeldi í þorski. Þarna er unnið mjög dýrmætt rannsóknastarf og þrátt fyrir ýmsa örðugleika sem ávallt má búast við á langri ferð mun þetta starf verða gott innlegg í þróun þessara mála.

Hraðfrystihúsið Gunnvör á Ísafirði er að láta gera tilraunir með að veiða mjög smáan þorsk, allt niður í þorskseiði, með sérstakri nót. Þetta er líka afskaplega áhugaverð tilraun sem er fróðlegt að sjá hvort ekki muni skila árangri og jafnvel brjóta blað í þorskeldinu þar sem með því verður yfirstigið mjög erfitt þrep í eldinu, sem er klak og fyrsta eldi þorskseiðanna en þar hefur helsti vandinn verið að finna heppilegt fóður.

Með skýrslu stýrihópsins er fylgiskjal, viðauki I, Stefnumörkun í rannsóknar- og þróunarvinnu eftir Valdimar Gunnarsson. Þar kemur fram að arðsemisútreikningar bendi til þess að matfiskeldi sé óarðbært vegna þess að verð á seiðum, og þá er ég að tala um þorskeldi, er allt of hátt, en taldar eru líkur á að þeir starfshættir sem hér hafa verið við lýði, þ.e. að fanga fisk og ala áfram, geti borið sig. Þarna *virðist sem* áðurgreindar tilraunir sem gerðar hafa verið á vegum Gunnvarar hf. geti skipt sköpum ef þær lánast. Nauðsynlegt er að lagt verði meira kapp á rannsóknir en verið hefur og til þess varið fjármagni með hliðsjón af fyrrgreindum útreikningum *og nauðsyn þess að komast yfir þann þröskuld.*

Þá er áhersla lögð að ná tökum á eldi í sjókvíum og að kynbæta þorsk með það að markmiði að ná sem mestum vaxtarhraða við lágan sjávarhita svo Ísland geti verið samkeppnishæft við önnur lönd. Það er og talið víst að hér við land *séu margir þorskstofnar sem alast upp við misjafn*ar aðstæður. Vafalaust eru einhverjir þeirra betur fallnir til áframeldis í köldum sjó en aðrir.

Hv. flm. nefndi að þorskeldi væri byggðamál sem ég tek undir og sagði jafnframt að ekki væri hægt að flytja þorskeldið. En það skyldi *nú vera að menn seildust ekki* þangað líka eins og víðar? Það kemur nefnilega afskaplega furðuleg staðhæfing inn í þessa ágætu skýrslu undir liðnum Eldistækni. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Mikilvægt er að unnið verði að því að færa eldið úr kaldari sjó við norðanvert landið í heitari sjó við sunnanvert landið." Ég bið menn að taka eftir þeirri setningu. Þessi staðhæfing er svo furðuleg að engin leið virðist vera að átta sig á tilgangi hennar. Frumkvæði að þessu eldi hefur verið um allt norðanvert landið frá Vestfjörðum að Austfjörðum og það er mjög sérkennilegt að sjá staðhæfingu á borð við þessa í skýrslu á vegum hæstv. sjútvrh.

Á það að vera sjálfgefið að allur fiskafli fylgi því lögmáli sem dauð hönd kvótakerfisins hefur leitt yfir landsbyggðina sem þegar hefur verið rúin rétti sínum til að sækja sjóinn *nema í mjög takmörkuðum mæli?* Á enn að höggva í sama knérunn? Eru þetta skilaboðin til þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem þó hafa þokað rannsóknum þetta á veg og eru að berjast fyrir framtíð þessarar greinar? Ekki með stuðningi yfirvalda nema að mjög óverulegu leyti, heldur fyrst og fremst að eigin frumkvæði, djörfung og dugnaði. Ef þetta er svo eru stjórnvöld á villigötum í þessu eins og fleiru í sjávarútvegi.

Í fyrrnefndri skýrslu kemur fram sú skoðun nefndarmanna að fiskeldi sé enn óverulegur hluti af verðmæti sjávarfangs þrátt fyrir margar tilraunir og langan tíma. Það þarf raunar ekki að koma neinum á óvart sem hefur fylgst með því hvernig fiskeldi hefur gengið fyrir sig á undanförnum áratug. Fiskeldi hefur verið keyrt áfram að verulegu leyti án fyrirhyggju eða stefnumörkunar. Frumkvöðlarnir í laxeldinu fóru af stað með miklar væntingar um markaði og söluverð á laxi sem síðan hríðféll. Rannsóknir og stefnumörkun var ekki fyrir hendi og áföll dundu yfir þá grein eitt af öðru. Lánveitingar voru miklar en allt of ómarkvissar og ekki nægilega reynt að veita stuðning með rannsóknum og ráðgjöf sem var sárlega þörf fyrir. Þetta er of löng saga til að rekja hana hér.

Hins vegar virðast ófarir laxeldisins svífa eins og dimmur skuggi yfir lánastofnunum og þar með taldri Byggðastofnun. Fjölmörg dæmi má finna um það að stöðvar sem upphaflega voru reistar sem laxeldisstöðvar en hafa nú hafið bleikjueldi sem gengur vel, reka sig á vegg. Þeim er hjálpað við að komast á hnén, koma upp stofni í stöðvunum en þegar síðasti áfanginn er fram undan þá kippa menn að sér höndunum og neita stuðningi. Afleiðingin er fóðurskortur, eldið verður ekki markvisst og stórlega dregur úr vexti. Þetta getur ekki leitt til annars en að reksturinn mun að lokum stöðvast. Ekki

verja bankar og Byggðastofnun fjármuni sína með því móti því að slíkt endar ekki öðruvísi en með nýjum gjaldþrotum.

Allt ber að sama brunni, stefnumótun í eldismálum vantar, það þarf að horfa til framtíðar og verja þarf verulegum fjármunum til að koma þessari grein á legg.

[15:17]

Flm. (Karl V. Matthíasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri Bjarnasyni fyrir orð hans og segi það reyndar að ég get ekki séð það fyrir mér að allt þorskeldi eða fiskeldi verði einungis sunnan lands eða við suðurströndina því ég held að firðirnir séu nú ákjósanlegri oft í sambandi við kvíarnar, þar er meira skjól og annað. Ég vil einnig benda á að það væri algjörlega fáránlegt að þorskeldi væri bara stundað við suðurströndina eða þar sem hlýrri er sjórinn. Við þurfum náttúrlega að hafa það um landið, bæði vegna byggðanna og líka vegna þess að ef við erum með allt á sama stað og upp kæmi sjúkdómur eða eitthvað slíkt, þá yrði það náttúrlega alveg hroðalegt högg fyrir greinina. Og ég trúi ekki öðru en að þetta sé bara vanhugsun sem hafi komið fram í skýrslunni með að færa eldið allt á einn stað.

[15:19]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þessar skýringar og tek undir þær vonir sem hv. flm. bindur við þetta því vissulega væri það afleitt ef svo færi að þetta yrði flutt eitthvert þar sem einhverjir hugsanlegir hagsmunir ráða, en e.t.v. ekki þeir bestu.

En af því ég nefndi fleira eldi en þorskeldi, þá er rétt að vekja athygli á því að það er ekki bara í laxeldi, bleikjueldi og þorskeldi sem vantar stefnumörkun. Kræklingaeldi hefur fengið allt of litla umfjöllun. Frumkvöðlastarf hefur verið í gangi sem fær því nær engan stuðning og á mjög í vök að verjast. Þar er um að ræða byggðamál, þar er um að ræða nýtingu auðlinda sem ekki með nokkru móti virðist vera hægt að opna augu stjórnvalda fyrir að þurfi rannsóknir, stuðning og fjármagn til að það geti farið að skila arði, en það getur skilað gífurlegum arði. Það er allt sem bendir til þess að svo geti orðið. Ég vona svo sannarlega að þar verði stefnubreyting á. Ég vil taka undir það að fiskeldi er og verður mikið byggðamál og er mjög hagstætt fyrir byggðirnar að hafa það, sérstaklega þegar aðrar stoðir eru allar að bresta hver af annarri.

[15:20]

Flm. (Karl V. Matthíasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. þm. og þakka aftur innlegg hans í þessa umræðu og tek einnig undir það sem hann hefur sagt í sambandi við aðrar fisktegundir. Við erum með ýsu, steinbít og hlýra. Hafrannsóknastofnun hefur átt góðan þátt í því að koma af stað og lagt grunninn að góðu eldi í sambandi við sæeyrun og sandhverfu. Því skiptir mjög miklu máli það sem opinberir aðilar og stofnanir eru að gera í málinu. Það er í raun og veru grundvallarmál og brautryðjendastarf. Ég er því mjög glaður yfir þeim undirtektum sem þetta fær.

[15:21]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum um till. til þál. um rannsóknir á þorskeldi og þar eru flm. hv. þm. Karl V. Matthíasson og fleiri.

Ég vil um þessa tillögu segja verandi í sjútvn. að ég tel að tillagan sé allrar athygli verð. Auðvitað eigum við að stunda rannsóknir á öllum þeim framtíðarmöguleikum sem fyrir hendi eru og þar á meðal þorskeldi, það er sjálfsagt mál, spurningin er í hvaða farveg á að setja hlutina. Þá kemur eins og svo oft áður að peningum og hvernig þeir eru settir inn í greinina.

Mig langar að minnast á það í samhengi við umfjöllun um þáltill. að við verðum líka að skoða allt eldi, áframeldi á fiskum, í því ljósi að við erum líka með önnur áform t.d. að meira af íslenskum fiski fari til manneldis en sé ekki brætt í mjöl til áframeldis á dýrum og þar með fiskum. Í skýrslunni kemur fram í sambandi við að auka verðmæti sjávarfangs sem við fjölluðum hér um fyrr í dag, að $^1/_3$ aflans af Íslandsmiðum fer í mjölframleiðslu og það er íhugunarefni í þessu sambandi þegar við tölum um eldismálin. Um 90–99% loðnuaflans eru brædd og fer það í mjöl og síðan í fóður fyrir dýr. T.d. kom fram að árið 2001 fór 81% kolmunnaaflans í mjölvinnslu, en liðlega 300 þúsund tonn voru veidd af kolmunna. Kolmunni er fisktegund sem má mjög auðveldlega nýta til manneldis. Í ljósi lífmassans í hafinu verðum við líka að marka okkur stefnu um það hvernig við ætlum að veiða og fyrst og fremst vernda til veiða hina villtu nytjastofna, þannig að afrakstur þeirra verði eins mikill og kostur er.

Í skýrslunni um að auka verðmæti sjávarfangs kom fram hjá skýrsluhöfundum, ég tek fram að skýrslan er hið ágætasta gagn og er til stuðnings fyrir okkur stjórnmálamenn til að taka afstöðu, að fiskeldið gaf okkur árið 2001 um 1 milljarð í tekjur. En ef við skoðum markmiðin sem eru sett fram um eldi fiska, þá er talið að það megi á næstu 10–12 árum margfalda þá upphæð og er í skýrslunni talað um jafnvel þrjá tugi milljarða í því samhengi.

Þó svo að ég sé mjög hlynntur því að farið verði í auknar rannsóknir og menn viti hvar þeir standa, þá vil ég benda á að rannsóknir og frumvinnsla varðandi þorskinn á nú að vera okkur mjög miklu auðveldara en hefur verið í öðrum tegundum. Við höfum náð gríðarlega langt hvað varðar klak á lúðu og lúðuseiði eru núna framleidd við Eyjafjörð og það er um 80% af heimsframleiðslunni. Kannski eru það aðrir þættir en vísindavinnan þarna sem standa okkur fyrir þrifum varðandi framþróun fiskeldisins, vegna þess að í fiskeldi Eyjafjarðar með lúðuna eru að klekjast u.þ.b. 400 þús. seiði og í landinu fara í áframeldi aðeins 65 þús. seiði af þessum 400 þús. seiðum. Áætlað er að fyrirtækið muni klekja í lúðunni u.þ.b. 1 milljón seiða innan þriggja ára.

Ég segi þetta vegna þess að eins og fram kom í ræðu hv. þm. Karls V. Matthíassonar að einmitt fjárfestingarþátturinn í framhaldi af því að fá til sín seiðin virðist vera sá þrándur í götu í landi okkar. Mjög dýrt fjármagn. Mjög erfitt að fá þolinmótt fjármagn til slíkrar starfsemi. Margra ára fjárfesting. Og það virðist vera eins og þar standi hnífurinn í kúnni þó svo menn séu með allar rannsóknir á þurru og geti í sjálfu sér farið í eldið.

Og hvað varðar t.d. lúðuna, sem við ættum að geta í sjálfu sér einhent okkur í að fara í eldi á, þá er dæmið þannig að stofnframlög til lúðueldisstöðva eru veitt í öðrum löndum og þess vegna eru seiðin seld til útlanda og skapa ekki þann virðisauka sem efni standa til eða efni gætu staðið til ef við værum t.d. með áframeldi á þessari tegund í landinu.

Jafnframt því að hugsa um og styrkja og setja peninga í rannsóknir á tegundum eins og hér er lagt til, að auknar verði rannsóknar á þorskeldi, þá verður að huga að því að eftirleikurinn verður að vera klár og vinna verður tillögur um það hvernig hann fer fram, vegna þess að þar er hinn sanni stóri

virðisauki í dæminu. Manni finnst erfitt að horfa upp á það með tegund eins og lúðuna þar sem við erum í fararbroddi. Við erum með 80% af heimsframleiðslunni og erum þar af leiðandi í fararbroddi í klaki á þeirri tegund, en getum ekki farið í áframeldi fyrst og fremst af efnahagslegum ástæðum. Dýrir peningar og óþolinmóðir peningar í landinu. Þetta eru hlutir sem við verðum að horfa á.

Við verðum líka að horfa á stefnu okkar varðandi fiskeldismálin í samhengi við veiði á öðrum tegundum vegna þess að úti um allan heim og þar á meðal á okkar svæði í Norður-Atlantshafi hafa dýru tegundirnar, bolfiskurinn, látið undan. Þar er miklu minni veiði. Við höfum verið að rembast við að byggja upp þorskstofn okkar núna á annan áratug og ekkert gengur að heitið getur. Við erum enn þá í kringum 200 þús. tonnin. Þar er massi sem á að geta gefið okkur á fimmta hundrað þúsund tonn ef vel væri að málum staðið.

Ég vil því að eldismálin séu tekin í samhengi við heildarnýtinguna og áform okkar um að byggja upp hinar villtu fisktegundir þannig að þær geti og eigi möguleika á því að hafa hámarksafrakstur.

Þess vegna er sá þáttur þáltill. mjög mikilvægur sem leggur áherslu á þróun og möguleika í framtíðarfóðrun eldisfiska. Auðvitað berum við miklar vonir til þess að nota megi í ríkari mæli landafurðir af ýmsu tagi til að fóðra eldisfiska. Það hlýtur að vera höfuðmarkmið okkar að leggja áherslu á slíkar rannsóknir.

[15:30]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Sem meðflutningsmaður þessarar þáltill. sem við ræðum hér um, um þorskeldi, hvet ég til að hún hljóti afgreiðslu sem fyrst. Ég hvet til þess að tillaga hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, Sigríðar Ingvarsdóttur, Einars Odds Kristjánssonar, Vilhjálms Egilssonar, Helgu Guðrúnar Jónasdóttur og Guðjóns Guðmundssonar hljóti afgreiðslu samtímis. Ég tel að þessar tillögur eigi samleið og eigi að vera samferða.

Ástæðan fyrir áherslu minni á að fara þessa leið er að rannsóknir á þorskeldi verða að aukast. Fóður, sjúkdómar, umhverfi, kynþroski þorsks við eldisskilyrði, svo eitthvað sé nefnt, allt þetta þarf að skoða. Rannsóknir á réttu umhverfi fyrir eldið við Ísland eru of litlar. Þessi atriði, til viðbótar því sem ég áður hef nefnt, eru hvatning til að þessi tillaga verði samþykkt og orðum fylgt með athöfnum. Við þurfum að auka kraftinn í þessu málum til að verða ekki eftirbátar annarra þjóða.

Herra forseti. Til viðbótar því sem hér er sagt þyrfti í raun að gefa heimild til áframeldis á meðafla í rannsóknaskyni, án þess að sá meðafli teljist til kvóta. Slíkar heimildir gerðu það einnig að verkum að menn fengju vísbendingu um raunverulegt aflamagn, væri frjálst að taka meðafla til áframeldis. Það þarf ekki endilega að vera þorskur.

Í raun ber það sem er í tillögunum sem ég hef nefnt, tillögu sem hv. þm. Karl V. Matthíasson er 1. flm. að og tillögu þar sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson er 1. flm., allt að sama brunni. Möguleikarnir eru góðir en þorskeldið er *samt langt frá því að vera í hendi*. Þess vegna þarf skipulegt rannsóknastarf og öflugt frumkvæði einstaklinga ásamt því sem sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson nefndi hér áðan, þ.e. þolinmótt fjármagn. Þetta þarf að að fara saman svo vel takist til, svo þessar þáltill. nái í raun fram að ganga.

Það er ljóst að rannsóknir eru of takmarkaðar. Menn vita um yfir 100 tegundir af sníkjudýra í þorski. Hér á landi hafa fundist tugir sníkjudýra og menn kunna ekki alveg að bregðast við slíku. Menn þekkja heldur ekki hvað þrífst við þorskeldið.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja um þáltill. frekar en legg þó sérstaka áherslu á að ástæða sé til að þessi tvö mál fari sameiginlega til afgreiðslu hjá hv. sjútvn.

[15:34]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Herra forseti. Er framtíð í þorskeldi á Íslandi? Þetta er spurning sem margir hafa velt fyrir sér að undanförnu og eru enn að velta fyrir sér. Ef við lítum til baka, til ársins 2000, sést að veidd voru 81 milljón tonna af villtum fiski í heiminum. Veiðin hafði þá á ársgrundvelli staðið í stað í áratug. Árið 2000 voru jafnframt framleiddar 13,3 milljónir tonna með fiskeldi í heiminum. Framleiðsla eldisfisks hafði þá aukist um 49% á áratug. Menn sjá fram á a.m.k. tvöföldun á þessum afla, þ.e. fiskeldinu, á næstu 10 árum.

Þróunin í eldi hefur verið fremur hæg hér á landi. Helst hefur bleikjueldið verið í sókn, að ógleymdu lúðueldinu í Eyjafirði. En Í lúðu- og bleikjueldi hefur skapast gífurlega dýrmæt reynsla og þekking hjá heimamönnum er við það hafa starfað.

Eldi er að mínu mati framtíðaratvinnugrein sem á eftir að vaxa til muna á komandi árum, þá ekki bara á lúðu og bleikju heldur einnig á þorski og öðrum tegundum. Margir *hverjir brenndu sig talsvert illa á laxeldi á sínum tíma*, ekki endilega vegna þess að laxeldi ætti ekki möguleika heldur kannski aðallega vegna óþolinmæði. Það krefst þolinmæði að byggja upp fiskeldi ekki síður en það krefst þolinmæði að hefja trjárækt svo dæmi sé tekið. Ekki þarf síst þolinmótt fjármagn í atvinnugrein eins og þorskeldi sem verið er að byggja upp frá grunni.

Því er afar jákvætt að öflug sjávarútvegsfyrirtæki séu í auknum mæli farin að fjárfesta í hliðargreinum eins og fiskeldi. Mörg öflug íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa kosið að setja aukinn slagkraft í uppbyggingu á fiskeldi og þá þorskeldi. Þetta er ein af leiðum sjávarútvegsfyrirtækja til að mæta samdrætti í aflaheimildum. Slík atvinnuuppbygging getur orðið þjóðarbúinu mjög mikilvæg í framtíðinni.

Uppbyggingin þarf að vera markviss og grunnurinn traustur. Með því móti munu eldisfyrirtæki eiga framtíðina fyrir sér. Það er enginn vafi á því í mínum huga að vaxandi hlutfall sjávarafurða mun í framtíðinni koma úr eldi. Eins og er er lítið upp úr því að hafa að fara í seiðaeldi og ala upp þorsk frá byrjun. Til að það megi ganga betur þarf að fara í kynbætur á þorski og fleira, en Norðmenn, Kanadamenn og Skotar eru þegar byrjaðir á þessum kynbótum. Hins vegar er verið að gera tilraunir með áframeldi á þorski hér við land, t.d. á Tálknafirði. Þar hefur verið veiddur þorskur í maí og júní, um tveggja kílóa þungur, hann verið alinn í um fjóra og hálfan mánuð, hann síðan sveltur í um fjórar vikur og honum slátrað. Þá hefur þyngdaraukningin að meðaltali verið 100–120%. Gæði fisksins eru alveg talin standast gæði á villtum þorski. Með því að svelta þorskinn næst festa og flökin verða ekki eins laus í sér.

Þetta lofar mjög góðu. Það þarf að halda áfram á sömu braut, standa vel að málum og vinna faglega að þessum verkum. Við þurfum líka að passa það að markaðssetja eldisþorskinn sérstaklega. Við markaðssetningu má ekki blanda saman villtum þorski og eldisþorski. Kaupendur og neytendur *vilja geta séð mun á hvort þeir eru að kaupa*.

Eins og ég sagði er ekki talið hagkvæmt að ala þorsk frá klaki í dag, heldur er áframeldið talið hagkvæmara. En með því að sinna því eingöngu, þ.e. áframeldi, missum við af lestinni og verðum með því móti ekki lengur samkeppnishæf eftir nokkur ár. Ég tel því vissulega að við eigum að hefja eldi strax frá grunni nú þegar.

Tveir hv. þm. hafa minnst á fóðrun. Eins og við vitum er fiskurinn það sem hann étur. Við verðum að gefa þessari eldistegund gott fóður allt frá byrjun og verðum að hafa í huga að hámarksvöxtur sé á sem skemmstum tíma, að kynþroski sé í lágmarki og við þurfum að vera þess viðbúin að mæta miklum afföllum í grunnfóðrun með auknu framleiðslumagni.

Það er mjög margt sem taka þarf tillit til þegar farið er út í eldi. Þessi tillaga sem hér er fram komin er athyglisverð. En ég tel þó afar brýnt að mótuð sé almenn stefna í rannsóknar- og þróunarvinnu varðandi þorskeldi.

[15:40]

Flm. (Karl V. Matthíasson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri Bjarnasyni, Gísla S. Einarssyni, Árna Steinari Jóhannssyni og Sigríði Ingvarsdóttur fyrir að taka þátt í þessari umræðu og fyrir þann áhuga sem fram hefur komið í máli þeirra. Það gleður mig að svo skuli vera. Við erum greinilega öll sammála í þessu máli um hversu miklir möguleikar geta verið fólgnir í þorskeldi ásamt öðru fiskeldi sem hér hefur verið talað um.

Hér er talað um þorskeldi og þessi þáltill. kemur eðlilega fram vegna þess að þorskur er sá fiskur sem við seljum mest af. Við erum að vinna mest af þorski og það er til nokkuð góð og mikil þekking á að markaðssetja þorskinn. Við höfum markaði fyrir hann og gætum útvíkkað okkur með aukinn afla. Staða okkar ætti að vera betri með þorskinn en kannski aðrar fisktegundir, sem gæti jafnvel verið auðveldara að ala, út af því að við höfum svo sterka markaðsstöðu í sambandi við þorskinn.

Það var hér umræða áðan út frá skýrslunni um hvað hægt væri að gera til að auka verðmæti sjávarafla og sjávarfangs. Hv. þm. Pétur Bjarnason minntist á að hentugra gæti verið að vera með eldið við Suðurland þar sem sjórinn væri hlýrri. Það má alls ekki skilja orð mín svo að ég sé mótfallinn því á nokkurn hátt að stundað sé fiskeldi eða þorskeldi við suðurströndina. Ég er mjög ánægður yfir því framtaki sem ætlunin er að leggja í í Vestmannaeyjum, þar sem eru stór og mikil áform sem ég vona svo sannarlega að gangi vel. Þar á að hrinda af stað seiðaframleiðslu. Ég vona að það gangi vel.

Margir eru farnir að horfa á þetta sem atvinnugrein og möguleika fyrir sig og því er mikilvægt að það sé samstarf í landinu um þetta, alveg eins og það er samstarf á milli frystihúsa og sjávarútvegsfyrirtækja um ýmislegt. Þó að menn séu í samkeppni þá er nauðsynlegt, herra forseti, að þeir sem koma að þessari grein séu samvinnufúsir hver við annan og loki sig ekki af með þekkingu sinni.

Það var því afar jákvætt þegar haldin var ráðstefna helgina 17. október þar sem margir aðilar sem hafa áhuga fyrir þorskeldi komu saman í Reykholti. Þar voru settir af stað starfshópar og voru flutt erindi um þetta. Síðan er verið að vinna niðurstöðu þessa ágæta fundar en þar kom margt fram. Mér skilst og ég veit að Valdimar Ingi Gunnarsson hefur haldið utan um það. Það er búið að gera drög að því hver séu helstu viðfangsefni í rannsóknar- og þróunarvinnu fram undan í sambandi við þorskeldið.

Þegar talað er um veiðar, í fyrsta lagi á þorski til áframeldis, þarf að rannsaka betur útbreiðslu og lífshætti núll til þriggja ára þorsks. Það leiðir hugann að þorskseiðunum og eins og kom fram í ræðu hv. þm. Sigríðar Ingvarsdóttur, ef ég man rétt, frekar en hv. þm. Péturs Bjarnasonar, hefur Hraðfrystihúsið Gunnvör verið að veiða mjög lítil þorskseiði og koma þeim í áframeldi. Þá er náttúran búin að sjá um klakið en engu að síður þarf að rannsaka hver útbreiðslan er á þessum seiðum. Ég tala nú ekki um þegar fullyrt er að margir þorskstofnar séu við landið.

Síðan þarf að veita vísindalega ráðgjöf um umfang og áhrif seiðaveiða til eldis — þetta er eitt af því sem bent er á líka — og rannsaka áhrif veiðitækni og umhverfisþátta á lifun og svo eru það veiðarfærarannsóknir, hönnun og þróun. Hvernig veiðarfæri eigum við að nota til að veiða svona lítil seiði, herra forseti? Þau eru náttúrlega allt öðruvísi en trollin í stóru togurunum fyrir norðan sem eru mjög góð veiðiskip sumir hverjir. Svo er spurning hvernig er best að flytja þennan fisk.

Í sambandi við seiðaeldið þarf að rannsaka frekar eldi á klakfiski, seiðaframleiðslunni og stórseiðaeldi frá 10 grömmum og upp í 300 grömm. Þarna vantar líka auknar rannsóknir. Hv. þm. Sigríður Ingvarsdóttir vék að kynbótununum sem líka þarf að huga að, þ.e. kynbótum á þorski. Eigum við að blanda saman stofnum og reyna að ná fram ákveðnum þáttum? Hérna eru gríðarleg verkefni fram undan.

Í hrossarækt er verið að reyna að rækta upp hross sem eru fljót að hlaupa, hafa ákveðna eiginleika og vöxt. Ég er nú ekki mikill hestamaður. Auðvitað er hægt að gera þetta í fiskeldinu líka. En þetta þarf að rannsaka líka.

Í sambandi við matfiskeldið þá þarf að huga að afföllum í sjókvíum og hönnun og prófun á sjókvíum. Hvernig sjókvíar eru bestar? Hvaða möguleikar eru á að hafa sjókvíar sem bestar? Það er talað um ljósastýringu — er það unnt? — til að draga úr kynþroska því hann getur verið ákveðið vandamál í fiskeldi eins og sagt var í sambandi við laxinn og ekki síst bleikjuna. Og svo er það fóðrunarbúnaðurinn.

Svo eru það náttúrlega umhverfismálin í sambandi við sjúkdóma og margt annað. Hvernig koma þörungar inn í þetta? Geta eitraðir þörungar komið upp drepið allt á svipstundu í stórum kvíum? Allt þetta þarf að rannsaka, herra forseti, og efla því við erum bara í raun að stíga fyrstu skrefin í þessari atvinnugrein.

Fóðurrannsóknir þarf náttúrlega að stunda. Stöðugleiki umhverfis er nefndur hérna líka og streituálag fisksins, ónæmiskerfi fisksins einnig og rannsóknir á eiginleikum skilgreindra sjúkdómavalda og áhrifum einstakra sýkiþátta á þorski.

Svo kemur í sambandi við slátrunina gæðastjórnun og slátrun og vinnsla. Hvernig er með kælinguna? Það þarf að kanna áhrif á sveltitíma. Hv. þm. Sigríður Ingvarsdóttir talaði einmitt um það. Í Tálknafirði hefur fiskurinn væntanlega verið sveltur til að lifrin sé ekki eins stór og fiskurinn ekki eins feitur, allt of feitur, og líka til að flökin haldi sér betur, séu ekki laus í sér og trosni, ef svo má að orði komast.

Hægt er að kanna sníkjudýr í eldisþorski og margt annað, herra forseti, markaðsmál og fleira.

Ég er sem sagt ánægður yfir þeim áhuga sem hefur verið og vaxið í landinu fyrir þorskeldi frá þeim tíma sem þessi þáltill. kom fyrst fram, en það var fyrir þremur árum. Það hefur verið mjög ánægjulegt að sjá greinina þróast og vaxandi áhuga. Það er líka mjög ánægjulegt að umræðan er leidd

nokkuð vel af góðu fólki sem varar við því að við önum út í einhverja vitleysu í græðgi og fljótheitum og ætlum að fá allt sem fyrst.

Herra forseti. Hér hefur verið talað um þorskeldi á Vestfjörðum og nokkur gaumur verið gefinn að því og er það nú ekki síst vegna þess að þar eru frumkvöðlar. En Austfirðingar voru líka nefndir og það er svo sem ánægjulegt að segja frá því í ræðustóli hv. Alþingis að í Morgunblaðinu er einmitt frétt frá því í dag þar sem segir að slátrun á eldisþorski hafi hafist í morgun á Eskifirði. „Slátrun á eldisþorski á Eskifirði hófst í morgun", segir, með leyfi forseta, í þessari frétt. Hraðfrystihús Eskifjarðar hefur staðið fyrir þessu tilraunaeldi frá því í fyrravetur. Víða er því verið að vinna. Áætlað er að slátrað verði 7–12 tonnum að þessu sinni og þarna eru 55 tonn í kvíum.

Herra forseti. Þetta er, að ég held, þorskur í áframeldi en ekki alin seiði, enda hafa seiði frá Hafró farið bara á tvo staði, að Nauteyri og til ÚA á Akureyri og þau seiði eru nýkomin út í sjókvíar að því er ég best veit.

Ýmislegt er sem sagt að gerast. En ég legg áherslu á það hér að þó að ýmislegt sé að gerast þá eigum við ekki að líta á þorskeldi sem einhverja smáhliðargrein í sjávarútveginum. Við eigum að líta á þorskeldi og reyndar fiskeldi sem atvinnugrein framtíðarinnar á Íslandi. Því mæli ég með því, herra forseti, að þessari þáltill. verði vísað til hæstv. sjútvn. og vona að hún fái þar góða og jákvæða umfjöllun, enda veit ég að hv. formaður sjútvn., Einar K. Guðfinnsson, mun örugglega styðja þetta mál.

[15:52]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Karl V. Matthíasson talaði um að auðvelt ætti að vera að markaðssetja þorskinn því við Íslendingar hefðum góða markaðsstöðu. Þetta er vissulega rétt. Mig langar bara að benda í þessu sambandi á að framleiðsla á eldislaxi hefur margfaldast frá 1980 og er í dag um 420 þúsund tonn. Það er mjög merkilegt ef við horfum á það hve laxeldið hefur aukist gríðarlega mikið á síðustu árum að hægt skuli vera að finna markað fyrir allan þennan lax. Ég held því að í raun sé hægt að finna markaði með réttri markaðsáætlun fyrir hvaða góða hráefni sem er. Það er hægt að stórauka markaðsstöðu okkar erlendis með auknu eldi á þorski.

[15:53]

Flm. (Karl V. Matthíasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er full ástæða til að taka undir orð hv. þm. Það er greinileg aukning á fiskneyslu í heiminum. Fólk er farið að borða meira af fiski. (**GE:** Heilsufæði.) Heilsufæði, segir hv. þm. Gísli S. Einarsson og tek ég heils hugar undir það. Ég mæli með því að við borðum meiri fisk. Þorskurinn er svokallaður hvítfiskur en laxinn ekki þannig að hann er önnur tegund á markaðnum og við eigum að halda okkur við það. Því er full ástæða til bjartsýni í sambandi við markaðinn á þorski og öðrum slíkum fiski.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð einkamála, 1. umr.

Frv. GE o.fl., 36. mál (málskostnaður). — Þskj. 36.

og

Greiðsla ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, 1. umr.

Frv. GE o.fl., 37. mál (umsóknarfrestur). — Þskj. 37.

[15:55]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Virðulegur forseti. Þau mál sem hér eru lögð fram til umræðu eru frv. til laga. Hvort tveggja málið varðar einstaklinga og réttindabaráttu einstaklinga við ríkjandi lagaumhverfi og er nauðsynlegt í báðum tilvikum að breyta lögum vegna þess að ekki er nægjanleg rýmd í lögunum til þess að sé hægt að rétta hlut fjölmargra einstaklinga í hliðstæðum málum.

Í fyrra frv., 36. máli, er um það að ræða að við 130. gr. laga um einkamál bætist ný málsgrein sem orðast svo:

„Látist maður sem dæmdur hefur verið til greiðslu málskostnaðar eða hafi hann verið úrskurðaður gjaldþrota eftir að dómur gengur í máli hans og eignir dánar- eða þrotabúsins duga ekki til greiðslu málskostnaðar skal málskostnaður eða það sem eftir stendur af honum greiðast úr ríkissjóði."

Hér er um það að ræða að einstaklingur tapaði launum sínum vegna þess að eigandi fyrirtækis sem hafði verið gerður gjaldþrota, féll frá. Eins og segir í greinargerð þá er eitt af grundvallaratriðum íslenskrar stjórnskipunar það að einstaklingar og lögaðilar geta leitað réttar síns með því að bera álitaefni undir dómstóla og fá niðurstöður. Eitt af því sem kemur í veg fyrir að einstaklingar leita réttar síns er sú staðreynd að jafnvel þótt dómur falli viðkomandi í hag getur hann þurft að greiða málskostnað vegna þess að sá sem er sóttur ýmist er eða lýsir sig gjaldþrota áður en til greiðslu málskostnaðar kemur og því fellur það á þann sem sækir rétt sinn að greiða kostnaðinn.

Virðulegur forseti. Þetta er lykilatriði málsins. Þetta mál og það síðara hafa bæði verið komin langt á veg í umfjöllun hjá hv. allshn. Þegar liggja fyrir jákvæðar umsagnir þannig að það sem ég fer fram á með endurflutningi þessa og næsta máls er að málin verði kláruð. Þetta eru flókin réttindamál einstaklinga sem þurfa að komast í framkvæmd.

Ég mæli þá fyrir 37. máli, þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, með síðari breytingum. Meðflutningsmenn mínir að síðara málinu eru hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir og hv. þm. Jóhann Ársælsson og svo ég taki það fram þá eru meðflutningsmenn mínir að fyrra málinu hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir.

1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Heimilt er að víkja frá skilyrði 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I ef gildar ástæður eru fyrir hendi að mati bótanefndar. Í þeim tilvikum þar sem bótanefnd hefur hafnað umsókn um greiðslu bóta á grundvelli 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I er henni heimilt að endurskoða ákvörðun sína berist um það ósk frá umsækjanda. Umsókn um bætur eða beiðni um endurskoðun ákvörðunar skal hafa borist bótanefnd innan árs frá gildistöku þessa ákvæðis."

Þeir einstaklingar sem eiga í hlut varðandi svona mál eru t.d. þeir sem hafa lent í misþyrmingum. Í því tilviki sem varð orsök þessa máls var t.d. manni misþyrmt af félaga sínum og hlaut við það mikið tjón.

Þeir sem í hlut eiga eru dæmdir gjaldþrota og eftir stendur að viðkomandi verður að bera allan skaðann, bæði af atvinnutapi og síðan af lækniskostnaði sem hlaust af þessu. Má margt telja til m.a. urðu foreldrar viðkomandi að flytja úr byggðinni þar sem þau bjuggu. Allt tengdist þetta þessum misþyrmingum sem um er að ræða.

Virðulegur forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla um þetta mál mikið frekar en fyrra málið vegna þess að fyrir liggja öll gögn hjá hv. allshn. sem ég bið um að þessum málum verði vísað til. Á grundvelli fyrirliggjandi gagna ætti að vera hægt að afgreiða málin. Það er mjög nauðsynlegt til þess að þeir einstaklingar sem í hlut eiga geti sótt rétt sinn. Þetta er ekki fjárhagsspursmál fyrir ríkissjóð. Þetta er miklu frekar prinsippmál sem gæti létt kvöl þeirra sem í hlut eiga.

Virðulegur forseti. Ég hef ekki fleiri orð um þessi mál, enda ástæðulaust. Þau liggja fyrir, eins og ég sagði áður, hjá hv. allshn. og ég vona að þau verði afgreidd sem fyrst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur af barnafatnaði, fyrri umr.

Þáltill. PM, 311. mál. — Þskj. 336.

[16:03]

Flm. (Páll Magnússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál., 311. mál þingsins á þskj. 336. Í tillögugreininni segir:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að kanna hvort fella megi niður eða lækka virðisaukaskatt á fötum og skófatnaði fyrir börn. Annars vegar verði lagt til grundvallar að föt og skófatnaður fyrir börn beri engan virðisaukaskatt og hins vegar að föt og skófatnaður fyrir börn beri 14% virðisaukaskatt.

Lagt verði mat á fjárhagslegt tap ríkissjóðs við þessar aðgerðir en einnig ávinning fyrir barnafjölskyldur. Einnig verði lagt mat á ávinning af slíkum aðgerðum fyrir verslun innan lands og í því efni sérstaklega litið til laga um þessi mál á Bretlandseyjum."

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands frá 28. maí 1999 er eitt af markmiðunum sagt vera, með leyfi forseta, að „endurskoða skattalöggjöfina með það að markmiði m.a. að draga úr jaðaráhrifum og mismunun innan skattkerfisins og stuðla þannig að aukinni skilvirkni þess". Þetta markmið er ekki hægt að skilja öðruvísi en svo að ríkisstjórnin hafi talið áhrif jaðarskatta of mikil í upphafi kjörtímabilsins og að á því þyrfti að taka. Jaðaráhrif skattkerfisins bitna ekki síst á barnafólki sem iðulega þarf í senn að koma sér upp húsnæði og greiða af námslánum og vinnur af þeim sökum langan vinnudag. Tekjur eru því oft ágætar og auk þess að greiða svonefndan hátekjuskatt skerðast bætur vegna tekjutengingar. Með því að lækka eða afnema virðisaukaskattaf barnafatnaði væri með einfaldri aðgerð komið til móts við barnafjölskyldur í landinu.

Vissulega voru breytingar sem gerðar voru á barnabótakerfinu í upphafi kjörtímabilsins ánægjuleg tíðindi fyrir þennan hóp. Þá voru tekin upp svonefnd barnakort fyrir öll börn yngri en sjö ára, en í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir um það efni, með leyfi forseta:

„Að styrkja fjölskylduna sem hornstein þjóðfélagsins og treysta samheldni hennar og velferð. Meðal annars verði dregið úr tekjutengingu í barnabótakerfinu, t.d. með útgáfu sérstakra barnakorta eða öðrum sambærilegum aðgerðum."

Nú er þessi hluti barnabóta ótekjutengdur, en betur má ef duga skal í þeim efnum og er rétt að stefna að því að barnakort verði tekin upp fyrir öll börn.

Ætla má að með því að fella niður eða lækka virðisaukaskatt af barnafötum muni verslun innan lands aukast verulega. Ljóst er að nokkuð hefur verið um svokallaðar verslunarferðir til útlanda. Hafa ferðaskrifstofur þá skipulagt stuttar ferðir á staði þar sem auglýst er að hagstætt sé að versla. Borgir á Bretlandseyjum hafa oft orðið fyrir valinu þegar slíkar ferðir eru skipulagðar. Á Bretlandi er enginn virðisaukaskattur á fötum og skóm fyrir börn, sem henta ekki fullorðnum. Fellur varningurinn í 0-flokk, þ.e. varan fellur innan skattskyldusviðs laganna en ber 0% virðisaukaskatt. Eðlilegt er að kanna hvernig bresk stjórnvöld hafa framkvæmt þessi lagaákvæði og hvernig eftirliti er háttað með söluaðilum.

Þá er einnig mikilvægt að kynna sér með hvaða hætti vörur eru flokkaðar, þ.e. hvernig orðalag laganna um að vörurnar henti ekki fullorðnum er skilið í framkvæmd, hvort þar sé miðað við ákveðnar stærðir í fatnaði. Einhverjir gætu haft efasemdir um að þetta sé framkvæmanlegt og því nauðsynlegt að átta sig á framkvæmd laganna um þetta efni á Bretlandseyjum.

Lagt er til í tillögunni að skoðað verði annars vegar áhrif þess að barnaföt beri engan virðisaukaskatt, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og hins vegar að föt og skófatnaður fyrir börn beri 14% virðisaukaskatt, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga.

Gerðar hafa verið kannanir á kaupvenjum Íslendinga og sýna niðurstöður að sá vöruflokkur sem Íslendingar kaupa helst erlendis eru einmitt barnaföt.

Með aukinni sölu innan lands á barnafötum má ætla að umsvif verslunar aukist og skili meiri hagnaði. Það getur einnig skapað fleiri störf í verslun og þjónustu. Þannig fái ríkissjóður auknar skatttekjur af versluninni á móti niðurfellingu eða lækkun virðisaukaskatts. Þessi aðgerð eykur einnig samkeppnishæfni íslenskrar verslunar sem á í stöðugt meiri samkeppni við erlenda verslun, enda ferðalög almennings sífellt algengari.

Ég legg áherslu á samstarf við Samtök verslunar og þjónustu um mat á ávinningi breytinga fyrir verslanir.

Að lokinni fyrri umr. legg ég til, herra forseti, að tillögunni verði vísað til hv. efh.- og viðskn.

[16:08]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er vissulega flutt athyglisvert mál um hvort megi fella niður eða lækka virðisaukaskatt á fötum og skófatnaði fyrir börn. Ég vil minna á að það hefur orðið svolítil bið á að framkvæmt væri kosningaloforð Framsfl. fyrir síðustu kosningar um sérstök barnakort og stórefldar barnabætur til fjölskyldna. Nú er það svo hér á landi að við tókum á sínum tíma upp staðgreiðslukerfi skatta og þegar það var tekið upp var því lofað statt og stöðugt að í stað þess að áður hafði verið sérstakur frádráttur fyrir börn í skattkerfinu, þá yrðu borgaðar barnabætur með hverju barni og var

svo gert um nokkurra ára skeið. Síðan hafa barnabæturnar stöðugt verið undir hnífnum og nú er svo komið að fyrir venjulegar fjölskyldur eru þær hvorki fugl né fiskur.

Ég er hér með reglugerð sem segir að hjón megi ekki hafa nema 1.354.000 í árstekjur til að fá óskertar barnabætur. Og einstætt foreldri má ekki hafa nema 677.364 kr. Eftir þetta skerðast barnabætur um 4% af tekjum fyrir eitt barn, 8% fyrir tvö börn og 10% fyrir þrjú börn, og er auðvelt að sjá að þetta er fljótt að eyðast út hjá fólki sem oft er á þeim aldri að það er að koma upp börnunum sínum og þarf einmitt að vinna mjög langan vinnudag til að standa undir afborgunum af námslánum, afborgunum af íbúðinni o.s.frv.

Mér finnst satt að segja að þetta sé sá hópur sem harðast er sótt að í okkar þjóðfélagi. Það kom mér á óvart að kynnast því upp á nýtt þegar ég varð amma að þetta hefur síst lagast frá því að ég var að ala upp *mín* börn. Staða barnafólks á Íslandi hefur heldur versnað. Ég verð að segja þó mér sýndist mjög gott að samþykkja þessa þáltill. um athugun á því hvort fella megi niður eða lækka virðisaukaskatt á fötum og skófatnaði, þá finnst mér þó forgangsverkefni að lagfæra barnabæturnar og koma þessu í það horf sem það á í rauninni að vera samkvæmt sérstökum loforðum stjórnvalda þegar það skattkerfi sem við notum var tekið upp.

Líkt og hv. þm. sem flytur þessa tillögu hef ég oft orðið vör við að þegar fólk fer til útlanda notar það tækifærið til að sanka að sér barnafatnaði, sérstaklega í þeim löndum þar sem barnaföt eru án virðisaukaskatts. Það er svo sem ekkert óeðlilegt en það væri mjög æskilegt að ná þessari verslun inn í landið, fyrir utan það sem ég hef hér sagt um barnabætur og það átak sem þarf að gera til að koma þeim málum í sambærilegt horf og er t.d. annars staðar á Norðurlöndunum, þá finnst mér mjög nauðsynlegt að skoða þetta mál með virðisaukaskatt á barnafatnaði.

[16:12]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er lögð fram þáltill. um virðisaukaskatt á barnafötum. Það er ekkert óeðlilegt að slík þáltill. komi fram vegna þess að barnafólk á Íslandi mætti hafa það betra margt hvert. Þess vegna er gott að slík tillaga komi fram. Hún vekur okkur til umhugsunar um það að fatnaður á börn er mjög dýr. Góð barnaföt eru að minni hyggju allt of dýr hér á landi, því það eru náttúrlega til góð föt sem eru þægileg fyrir börnin, kuldafatnaður o.fl., en slík föt eru oft miklu dýrari en lakari föt sem eru meira úr gerviefnum og ekki eins góð og heilsusamleg, ef svo má að orði komast, herra forseti.

Ef foreldrar sem hafa ekki mikil fjárráð og eru, eins og hv. þm. nefndi, kannski í námi og í ýmsu basli, ef þeir eru mjög blankir þá þurfa þeir að kaupa lakari föt á börnin sín og ekki eins góð. En það skiptir miklu máli í veðráttunni hér, þar sem oft er rigning og suddi og kuldi og náttúrlega á veturna, að börnin séu vel búin og eigi góð föt. En til þess að hægt sé að kaupa góð föt á börn, þá þurfa náttúrlega að vera til peningar. Og ekki er það verra að fötin séu þá ódýrari.

Reyndar á þetta um fatnaðinn náttúrlega líka við um flest fólk, en maður vill frekar horfa á börnin, því þau eru varnarlaus í þessum efnum. Ég tek heils hugar undir ræðu hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur áðan um það hvernig búið er að barnafólki og að barnabæturnar eru allt of lágar og tekjutengingin hefst allt of neðarlega. Að þessu þarf að hyggja. Við jafnaðarmenn hér á Alþingi Íslendinga höfum einmitt vakið máls á þessu. En því miður er ekki tekið nógu mikið mark á því.

Þrátt fyrir, herra forseti, að afkoma ríkissjóðs sé mjög góð og töluvert mikið af peningum til í sjóðnum og menn séu ánægðir með ríkisreikningana, þá er samt ekki tekið tillit til þess. Þetta eru atriði sem koma upp í hugann. Og ég þakka hv. þm. fyrir að koma fram með þessa þáltill.

[16:16]

Flm. (Páll Magnússon):

Herra forseti. Ég þakka ágætisviðtökur við þessa þáltill. mína. Fyrst varðandi ræðu hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur þá ítreka ég það sem ég sagði í fyrri ræðu minni. Þá dró ég það einmitt fram að þessi hópur, barnafjölskyldur í landinu, hefði orðið harkalega fyrir barðinu á jaðaráhrifum skattkerfisins og þó að þessi tillaga hafi í sjálfu sér ekkert með jaðaráhrifin að gera þá kemur hún öllum til góða óháð tekjum. Þetta er einföld aðgerð sem skilar sér beint til barnafólks.

Ég minntist líka á það í fyrri ræðu minni að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fjallað um barnabæturnar og þar er rætt um að taka upp barnakort eða eitthvað annað sambærilegt. Ég minni á að ég hef lagt hér í þinginu fram fyrirspurn til fjmrh. um barnakortin og spurt eftir því hvort ríkisstjórnin hafi í hyggju að taka upp barnakort fyrir börn eldri en sjö ára. Mikilvægt er að það komi fram vegna þessarar umræðu að í upphafi kjörtímabilsins var lögum um barnabætur breytt þannig að teknar voru upp ótekjutengdar barnabætur fyrir öll börn yngri en sjö ára og nema þær rúmlega 30.000 kr. á ári. Það kostar ríkissjóð um 2 milljarða á ári. Þetta var gert í samvinnu við verkalýðshreyfingu og á grundvelli stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 1999. Því má líta svo á að barnakort, sem við framsóknarmenn lögðum áherslu á í kosningabaráttunni síðustu, fyrir öll börn upp á 30.000 kr. á ári, séu komin í gagnið fyrir öll börn yngri en sjö ára. En eins og ég sagði í fyrri ræðu minni: Betur má ef duga skal. Ég vona að barnakort verði tekin upp fyrir öll börn.

Ég tek undir það að barnabætur taka að skerðast við óvenju lágar tekjur og þar erum við auðvitað að ræða um þessi jaðaráhrif skattkerfisins. Ég hef einnig lagt fram fyrirspurn um það efni til fjmrh. Annars vegar lagði ég fram fjórar spurningar um jaðaráhrif skattkerfis, þ.e. hvort þau markmið ríkisstjórnarinnar sem skilgreind voru í stefnuyfirlýsingu hennar hafi náðst og einnig um þróun jaðaráhrifa á kjörtímabilinu og hlutfall tekjuskatts, þ.e. hlutfallslega skiptingu tekjuskatts einstaklinga eftir aldurshópum.

Ég ítreka þakkir mínar til þeirra sem hér hafa talað og vona að tillagan hljóti framgang á hinu háa Alþingi.

[16:19]

Útbýting þingskjala:

Eftirlit með iðn- og starfsnámi, 335. mál, fsp. DSn, þskj. 365.

Meðhöndlun úrgangs, 338. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 368.

Úrvinnslugjald, 337. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 367.

Vísinda- og tækniráð, 336. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 366.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3. og 8.–10. mál.

Fundi slitið kl. 16:19.

26. FUNDUR

mánudaginn 11. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, þáltill., 34. mál, þskj. 34. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Rannsóknir á þorskeldi, þáltill., 35. mál, þskj. 35. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Meðferð einkamála, frv., 36. mál, þskj. 36. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Greiðsla ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, frv., 37. mál, þskj. 37. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Virðisaukaskattur af barnafatnaði, þáltill., 311. mál, þskj. 336. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Vitamál, stjfrv., 258. mál, þskj. 269. — 1. umr.
7. Póstþjónusta, stjfrv., 257. mál, þskj. 268. — 1. umr.
8. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 324. mál, þskj. 352. — 1. umr.
9. Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, stjfrv., 323. mál, þskj. 351. — 1. umr.
10. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 321. mál, þskj. 349. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðni Ágústsson landbrh.,
Jónas Hallgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Páll Pétursson félmrh.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Aðskilnaður ríkis og þjóðkirkju, 216. mál, svar dómsmrh., þskj. 356.

Einbreiðar brýr, 103. mál, svar samgrh., þskj. 355.

Fagleg ráðgjöf um tæknifrjóvgun, 187. mál, svar heilbrrh., þskj. 374.

Húsnæðismál glasafrjóvgunardeildar, 190. mál, svar heilbrrh., þskj. 373.

Jarðir í eigu ríkisins, 96. mál, svar landbrh., þskj. 375.

Kostnaður við sængurlegu, 163. mál, svar heilbrrh., þskj. 370.

Kvartanir vegna verðbréfaviðskipta, 77. mál, svar viðskrh., þskj. 371.

Textun íslensks sjónvarpsefnis, 339. mál, þáltill. PBj og SvH, þskj. 369.

Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ, 34. mál. — Þskj. 34.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:02]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Rannsóknir á þorskeldi, frh. fyrri umr.

Þáltill. KVM o.fl., 35. mál. — Þskj. 35.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Meðferð einkamála, frh. 1. umr.

Frv. GE o.fl., 36. mál (málskostnaður). — Þskj. 36.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Greiðsla ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, frh. 1. umr.

Frv. GE o.fl., 37. mál (umsóknarfrestur). — Þskj. 37.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Virðisaukaskattur af barnafatnaði, frh. fyrri umr.

Þáltill. PM, 311. mál. — Þskj. 336.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Vitamál, 1. umr.

Stjfrv., 258. mál (vitagjald, sæstrengir). — Þskj. 269.

[15:05]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um vitamál, nr. 132/1999. Frumvarp þetta er samið í samgrn. í samráði við Siglingastofnun Íslands. Tilgangur þess er að kveða á um hækkun vitagjalds í samræmi við verðlagsbreytingar frá því upphæð gjaldsins var sett í lög í desember 1999. Þá var ákveðið að vitagjald skyldi vera 68,60 kr. af hverju bruttótonni skips og lágmarksgjald 3.000 kr. Með frv. er lagt til að vitagjaldið verði 78,20 kr. á hvert bruttótonn og að lágmarksgjald hækki í 3.500 kr. Gert hefur verið ráð fyrir þessari hækkun í frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Vitagjaldið er notað til þess að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum öryggisleiðbeiningum í siglingum við Íslandsstrendur og á fiskimiðum í kringum landið.

Siglingastofnun fer með framkvæmd vitamála hér á landi. Verkefnin sem falla undir þennan málaflokk hafa orðið æ fjölbreyttari með auknum tækniframförum. Auk hefðbundins rekstrar vita má nefna dæmi um rekstur fljótandi leiðarmerkja, sendingar radíómerkja til staðarákvörðunar, upplýsingar um veður- og sjólag og útgáfu sjókorta.

Í dag eru ekki skýr ákvæði í lögum um að leitað sé samþykkis eða umsagnar Siglingastofnunar áður en mannvirki eru lögð í sjó eða aðrir fljótandi hlutir settir upp sem ógnað geta öryggi siglinga. Nauðsynlegt er að bæta hér úr svo að Siglingastofnun geti sinnt þeirri skyldu sinni að öll mannvirki sem staðsett eru á mikilvægum siglingaleiðum séu merkt strax inn á sjókort og nauðsynlegar upplýsingar séu aðgengilegar fyrir sjófarendur.

Markmiðið með 2. gr. frv. er að bæta úr þessu. Í 1. mgr. 2. gr. frv. er lagt til að aflað skuli samþykkis Siglingastofnunar áður en sæstrengir og neðansjávarleiðslur eru lagðar í sjó en í 2. mgr. er kveðið á um að leita þurfi umsagnar stofnunarinnar um legu og merkingu hvers kyns fljótandi mannvirkja á sjó, svo sem fiskeldiskvía, mælitækja á sjó og veðurdufla. Markmiðið er eins og að framan segir að sjá til þess að á sjókortum séu ævinlega merktar allar hindranir á viðurkenndum siglingaleiðum til öryggis fyrir sæfarendur.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[15:08]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Hæstv. samgrh. hefur mælt fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um vitamál sem felst í því að hækka vitagjald um 10,40 kr., um 14% miðað við verðlagsbreytingar og lágmarksgjald úr 3.000 kr. í 3.500 kr. Þetta var töluvert rætt þegar við ræddum um vitamál ekki alls fyrir löngu á hinu háa Alþingi og í samgn. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það hálfhjákátlegt og illa farið með tíma Alþingis að þurfa að flytja slíkt frv. til laga til að gera jafnsjálfsagðar breytingar og hér er kveðið á um, þ.e. að færa þetta gjald upp miðað við verðlagsbreytingu. En svona er þetta víst. Menn segja að Alþingi verði að taka ákvörðun um að leggja á skatta og ekki megi hækka skatta nema í gegnum Alþingi en engu að síður er þetta ekki vitaskattur heldur vitagjald.

Ég vil leggja áherslu á þetta, herra forseti, og minna á. Vitagjöld gefa ríkissjóði 90 millj. og fara, eins og kom fram í máli hæstv. samgrh., til rekstrar vita og veðurdufla og þess háttar. Erlendir aðilar greiða af þessu 72 millj. kr. og ég held að ekki þurfi að ræða þetta mikið. Frv. kemur til hv. samgn. og hlýtur að fá þar fljóta afgreiðslu vegna þess að önnur og brýnni mál bíða afgreiðslu Alþingis.

Í öðru lagi, herra forseti, er í 2. gr. kveðið á um að gera breytingu sem er sjálfsögð. Til að tryggja öryggi siglinga sé leitað samþykkis Siglingastofnunar fyrir því að leggja sæstrengi. Þetta er í rauninni alveg sjálfsagt mál og alveg stórundarlegt að þetta skuli ekki vera komið löngu inn (Gripið fram í.) og sjálfsagt mál að þetta fari í gegn og samþykkja þurfi hvar þetta er sett niður. — Nú heyrði ég ekki hvað hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason greip fram í. (**Gripið fram í:** Jábræður.) Hann vill kannski að við ræðum þetta á einhverjum öðrum nótum en ég tel ekki ástæðu til þess og mundi miklu frekar vilja ræða við hv. þm. Ísólf Gylfa Pálmason um stefnu Framsfl. í byggðamálum eða eitthvað þess háttar en ég ætla ekki að misnota tíma minn hér þó að ég eigi nóg eftir til að ræða þau. Ég held að það sé ekki vert að ræða þau mál sem snúa að framsóknarmönnum þar og sleppa þeim alla vega við það í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Póstþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 257. mál (EES-reglur). — Þskj. 268.

[15:11]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um póstþjónustu, nr. 19/2002. Frumvarpið fjallar fyrst og fremst um breytingar á einkaréttarmörkum gildandi póstlaga með hliðsjón af nýrri tilskipun Evrópusambandsins nr. 2002/39/EC frá því í júní 2002 sem breytir tilskipun nr. 97/67/EC varðandi frekari opnun póstmarkaðar í Evrópu fyrir samkeppni.

Í frv. til laga sem samþykkt voru á síðasta vorþingi, laga nr. 19/2002 eins og fyrr var getið, og lagt var fyrir Alþingi í október 2001 var gert ráð fyrir að einkaréttur ríkisins héldist að mestu leyti óbreyttur frá þágildandi lögum. Í athugasemdum við frv. var tekið fram að óráðið væri hvaða breytingar Evrópusambandið mundi gera á ákvæðum tilskipunarinnar 97/67/EC um póstsendingar í einkarekstri og að umræða um einkaréttinn stæði enn yfir.

Í nefndaráliti meiri hluta samgn. um frv., þskj. 805, segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir miklum breytingum á einkarétti ríkisins frá því sem nú er. Ekki er enn ljóst hver þróunin verður í Evrópu hvað þetta varðar og má telja eðlilegt að beðið sé eftir því að línur skýrist á þeim vettvangi áður en næstu skref eru stigin hér á landi í átt til frekari takmörkunar einkaréttarins. Þess má geta að þyngdarmörk bréfa sem falla innan einkaréttarins hér á landi eru nokkuð lægri en núgildandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins segir til um." — Þ.e. 250 g hér á landi á móti 350 g ESB. — „Meiri hlutinn leggur áherslu á að fylgst verði vel með þróun mála í Evrópu þannig að Ísland verði ávallt í fararbroddi í átt til aukins frelsis á þessu sviði."

Eins og áður sagði gaf Evrópusambandið út umrædda tilskipun í júní sl. Helsta breytingin lýtur að mörkum einkaréttar. Þar segir, að aðildarríkin geti veitt rekstrarleyfishöfum með alþjónustuskyldur áfram einkarétt til þess að tryggja þá þjónustu að því marki sem talið er nauðsynlegt. Póstþjónusta innan einkaréttar skal takmörkuð við móttöku eða söfnun, flokkun, flutning og skil á póstsendingum innan lands og póstsendingum sem berast til landsins hvort sem um er að ræða hraðsendingar eða ekki innan eftirfarandi þyngdar og verðtakmarkana. Þyngdarmörkin skulu vera 100 g frá og með 1. janúar 2003 og 50 g frá og með 1. janúar 2006. Þessi þyngdarmörk gilda ekki ef póstsendingar bera burðargjald sem er frá 1. janúar 2003 jafnt eða hærra en þrisvar sinnum burðargjald bréfasendinga í fyrsta (lægsta) þyngdarflokki hraðasta flokks innan lands og frá 1. janúar 2006 ef burðargjaldið er jafnt eða hærra en 2,5 sinnum þetta gjald.

Samkvæmt tilskipuninni er gert ráð fyrir að gildistíma einkaréttar ljúki í lok ársins 2008 nema ESB taki ákvörðun um annað fyrir þann tíma.

Hér á landi eru þyngdarmörkin samkvæmt gildandi lögum 250 g og verðmörkin fimm sinnum lægsta burðargjald. Nú er þetta burðargjald 45 kr. sem segir að bréf sem er innan 250 g markanna en ber burðargjald sem er jafnt eða hærra en 225 kr. er utan einkaréttar.

Frá næstu áramótum, ef frv. þetta verður að lögum og gjaldskrá helst óbreytt, er bréf sem er innan 100 g markanna en ber burðargjald sem jafnframt er hærra en 135 kr. utan einkaréttar. Augljóst er af þessu að í flestum tilfellum falla hraðsendingar utan einkaréttar vegna þess að greitt er fyrir þær aukagjald. Um áhrif þessarar breytingar á póstþjónustuna hér á landi er það að segja að samkvæmt upplýsingum frá Íslandspósti hf. eru 94% póstlagðra bréfa 100 g eða léttari og 86% bréfa eru 50 g eða léttari. Þess má einnig geta að 77% bréfa eru 20 g eða léttari.

Jafnframt er í hinni nýju tilskipun skerpt á nokkrum atriðum sem eru til bóta fyrir viðskiptavini póstrekenda. Þeim atriðum eru gerð skil í frv. Í fyrsta lagi eru tekin inn skýrari ákvæði um sérstakar gjaldskrár rekstrarleyfishafa vegna þjónustu þeirra við þá sem afhenda mikið magn póstsendinga í einu og taka slíkar gjaldskrár fyrst og fremst mið af þörfum atvinnufyrirtækja og annarra stórnotenda eða fyrirtækja sem safna saman póstsendingum mismunandi viðskiptavina og afhenda rekstrarleyfishafa. Slík sérgjaldskrá skal taka mið af kostnaði sem ekki hefur þurft að leggja út í samanborið við venjulega póstþjónustu.

Til þess að gætt sé jafnræðis verður slík gjaldskrá einnig að gilda fyrir aðra notendur sem uppfylla sömu skilyrði um afhendingu í miklu magni. Eins og kemur fram í athugasemdum við frv. hefur slíkum endursölufyrirtækjum verið komið á fót víða erlendis. Þetta eru fyrirtæki sem taka að sér að koma bréfum notenda á afhendingarstað rekstrarleyfishafa og njóta þess vegna afsláttar af venjulegu gjaldskránni. Sömuleiðis hefur það færst í aukana að stórfyrirtæki afhendi póst beint í póststöðvar og noti ekki venjulega afgreiðslustaði. Hið síðarnefnda á sér nú þegar stað hér á landi og líklegt er að endursölufyrirtæki skjóti áður en langt um líður upp kollinum hérlendis.

Í öðru lagi eru tekin inn ákvæði þar sem rekstrarleyfishöfum er bannað að greiða niður þjónustugjöld í alþjónustu utan einkaréttar með tekjum af einkaréttarþjónustu, nema sýnt hafi verið fram á að slíkt sé beinlínis nauðsynlegt til að verða við sérstökum alþjónustukvöðum sem hvíla á rekstrarleyfishafa.

Í þriðja lagi eru sett inn ákvæði sem skyldar rekstrarleyfishafa að gefa út skýrar reglur um meðferð kvartana frá notendum og skal Póst- og fjarskiptastofnun sjá til þess að reglurnar gefi kost á skjótri og sanngjarnri lausn deilumála með endurgreiðslum og/eða skaðabótum þegar þær eiga rétt á sér.

Varðandi þá grein gildandi laga sem fjallar um einkarétt ríkisins, 7. gr., er til viðbótar við það sem að framan greinir um mörk einkaréttar, lagt til í fyrsta lagi að felld verði niður orðin „án tillits til innihalds“ og í öðru lagi er lagt til að fellt verði niður ákvæði 2. tölul. þeirrar greinar en samkvæmt ákvæðinu hefur einkaréttur verið látinn ná til ábyrgðarbréfa sem notuð eru til að koma til viðtakenda birtingu á stefnum sem og opinberum tilkynningum stjórnvalda. Bent hefur verið réttilega á að vandkvæði geta verið á því að greina bréf m.a. ábyrgðarbréf frá öðrum bréfum eftir innihaldi þeirra.

Herra forseti. Allt miðar þetta sem hér er lagt til að því marki að bæta þjónustu við notendur og viðskiptavini póstþjónustunnar og er þess vegna mikilvægt.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[15:20]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. er mjög gamansamur maður. Hann segir að markaðsvæðing póstþjónustunnar sé til þess fallin að bæta þjónustuna við viðskiptavini Póstsins og geri hana auðveldari og greiðari, og þær breytingar sem hér séu lagðar til séu í þeim anda. Þetta var líka sagt þegar pósturinn var á sínum tíma aðskilinn frá símanum og pósturinn var settur á markaðsgrunn og við höfum verið að kynnast því að undanförnu hvaða afleiðingar þetta hefur haft í för með sér.

Póstur og sími bjuggu í ágætu sambýli á Íslandi. Á smáum stöðum var þetta hagkvæmur hagrekstur á milli símstöðvar og póstsins en eftir að síminn var gerður að hlutafélagi og pósturinn einnig, þá var sú starfsemi aðgreind. Afleiðingarnar hafa orðið þær að útibúum hefur fækkað stórlega og enn eru að berast fregnir af því að pósthúsum sé lokað á landsbyggðinni. En það er ekki aðeins hæstv. samgrh. sem er gamansamur í þessu efni því við minnumst þess þegar hæstv. iðn.- og viðskrh. sagði að lokun útibúsins í Skagafirði, í Varmahlíð, væri til þess gerð að bæta póstþjónustu í Skagafirði og þá væntanlega sérstaklega í Varmahlíð þar sem verið var að loka póstútibúinu. En starfsmönnum Póstsins er ekki skemmt. Starfsmenn Póstsins kunna ekki að meta þessa gamansemi, sérstaklega þeir sem hafa unnið hjá þeirri stofnun um áratuga skeið og missa nú starf sitt. Þetta er að gerast víðs vegar um landið vegna þessara kerfisbreytinga sem gerðar voru á Póstinum. Þetta hefur einnig valdið því að póstþjónustan er ekki aðeins komin fjær notandanum, hún er einnig orðin miklu dýrari en hún var áður.

Í vor voru boðaðar gjaldskrárbreytingar hjá Póstinum sem eru ekki að öllu leyti komnar til framkvæmda en hafa það í för með sér að félagsleg útgáfa í landinu er nánast að leggjast af, henni er stórkostlega ógnað. Hér bíður fyrirspurn sem ég setti fram til hæstv. samgrh. og verður vonandi svarað á morgun um hvernig tekið verði á slíkum málum, en það hefur komið fram í úttekt sem gerð var á vegum BSRB að félagasamtök á borð við Öryrkjabandalagið sem senda félagsrit sín til um 20 þús. manna að póstkostnaðurinn þar hækkar úr um 400 þús. kr. í 1,3 millj. fyrir að senda út eintak þegar gjaldskráin verður að fullu komin til framkvæmda sem hún er ekki enn. Og blaðaútgáfa eða aðstandendur blaðaútgáfu víðs vegar um landið hafa lýst miklum áhyggjum. Ég ætla ekki að fara út í þá sálma hér vegna þess að hæstv. samgrh. mun væntanlega svara fyrirspurn sem ég hef lagt fram um þetta efni á miðvikudag, ég ætla því ekki að fara út í þá sálma núna.

Hér er sem sagt boðað framhald á einkavæðingu Póstsins eða markaðsvæðingu póstþjónustunnar. Það sem menn hafa óttast í því efni þegar bent hefur verið á að það hljóti að vera til góðs að fá fleiri aðila inn í samkeppni, það sem líklegast er að gerist sé að fyrirtæki sem koma inn í þessa samkeppni muni reyna að taka þá bita sem gefa mest af sér en skilja annað eftir, einhenda sér t.d. á þéttbýlissvæðin en láta hin liggja milli hluta sem eru fjarlægari og þar sem byggðin er dreifð og kostnaðarsamt að dreifa póstinum af þeim sökum. Það er þetta sem menn óttast. Síðan hefur það náttúrlega sýnt sig að með tilkomu fleiri aðila verður allur tilkostnaður

við yfirbyggingu til þess að skipuleggja þá samkeppni meiri. Það kostar meira að reka skrifstofuhaldið hjá mörgum fyrirtækjum en einu og allt veldur þetta því að kostnaðurinn fer upp.

Það sem hér er verið að boða er aukin markaðsvæðing og vísað er í tilskipun Evrópusambandsins frá því í júní í sumar. Eftir því sem ég skildi hæstv. ráðherra og eftir því sem ég skil það sem fram kemur í greinargerð með frv. þá hefur ekki verið nokkuð áhugi á Íslandi eða hjá stjórnvöldum að undanskilja Ísland þessari tilskipun, leita undanþágu, nokkuð sem við Íslendingar höfum ekki verið nógu vakandi fyrir, þ.e. meiri hlutinn, a.m.k. í þessum sal. Við höfum reyndar verið það í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við vöktum á sínum tíma athygli á því að það gæti verið ráð að undanskilja Ísland raforkutilskipuninni sem nú hefur komið á daginn að reyndist vera rétt vegna þess að í umsögnum allra rafveitna nánast á landinu um breytingar á því fyrirkomulagi í anda tilskipana Evrópusambandsins eru mjög gagnrýnar og taldar til ills. Við hefðum betur farið þá leið sem við lögðum til. En sama virðist vera uppi á teningnum hér.

Hæstv. ráðherra sagði að að uppistöðu væri póstdreifingin innan 100 g sem hægt er að undanskilja markaðsvæðingunni, talaði um 94% ef ég heyrði það rétt, og talað um að stjórnvöld þurfi ekki að markaðsvæða póstdreifinguna nema að hluta til. Fram til 1. janúar 2003 geti þau undanskilið póstdreifingu á pökkum eða sendingum innan við 100 g en 50 g frá 1. janúar 2006. Það er alveg ljóst hvert stefnir í þessum málum. En íslenska ríkisstjórnin er aldrei tilbúin að reyna að taka mið af íslenskum aðstæðum, gerir aldrei neina minnstu tilraun til þess. Hún horfir alltaf blint á það sem henni er skipað að gera í Brussel og áttar sig ekki á því að jafnvel undan þeim tilskipunum er hægt að undanskilja Ísland. Það er hægt að gera það ef menn leita eftir því.

Herra forseti. Ég legg áherslu á að hér er á ferðinni frv. sem við þurfum einfaldlega að skoða vel. Það verður væntanlega gert í samgn. þingsins. Þá verður farið yfir þessar tillögur að lagabreytingum, en þetta voru nokkur áhersluatriði sem ég vildi að fram kæmu og ákveðnar efasemdir sem ég vildi setja fram á þessu stigi.

[15:28]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki frá því að ákveðins misskilnings hafi gætt í máli hv. þm. Það er hárrétt hjá þingmanninum að þær breytingar sem eru að verða á Póstinum eru á margan hátt mjög sársaukafullar eins og ýmsar breytingar sem verða á stofnunum. Breytingar hafa orðið á Símanum, það hafa orðið breytingar á póstþjónustu og öðru slíku og talað er um að þjónusta pósthúsanna hafi minnkað mjög mikið. Starfsemin við það að skilja að póstinn og símann, talað er um að u.þ.b. 60% af starfsemi pósthúsanna hefði verið fólgin í því að þjónusta símann og nú er í raun og veru ekki eftir nema 40% af því starfi sem áður var í þeim stofnunum. Vissulega eru þessar breytingar afar sársaukafullar. En þær eru engu að síður staðreynd en það er ekki alveg hárrétt þegar verið er að tala um að loka stofnunum vegna þess að oft og tíðum er verið að tala um að færa þjónustuna inn í aðrar stofnanir úti á landsbyggðinni. Það hefur gerst vítt og breitt um landið og sú þjónusta hefur á margan hátt gefist vel.

Á sama tíma er líka verið að auka þjónustu, t.d. er verið að auka hana vítt og breitt um landið. Verið er að dreifa pósti í dreifbýli á mörgum stöðum fimm daga vikunnar þar sem áður var þriggja daga póstþjónusta. Á sama hátt er verið að bera út ábyrgðarbréf, böggla og þess háttar, t.d. á höfuðborgarsvæðinu og reyndar víðar á landinu. Í raun og veru er verið að gerbreyta þessari þjónustu. Ég tek undir það að tæknibreytingar og breytingar í samfélaginu eru oft sársaukafullar gagnvart því góða fólki sem hefur unnið í þessum stofnunum. Sums staðar hefur fólkið færst í aðrar stofnanir með þjónustunni þar sem er t.d. verið að færa póstþjónustu yfir í banka og þess háttar en það er kannski ekki alveg hárrétt að segja að menn séu að loka og klippa á alla þjónustu.

[15:30]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki nóg með að þetta séu sársaukafullar breytingar. Að sönnu eru þær sársaukafullar fyrir fólkið sem er að missa störf sín. Ég held því fram að þetta sé einnig mjög vanhugsað. Við erum ekki fyrst og fremst að tala um tæknilegar breytingar eins og skilja mátti á hv. þm. Þetta eru pólitískar breytingar. Það er pólitík að ákveða að markaðsvæða samfélagsþjónustuna. Það er pólitík en hefur ekkert með tækni að gera.

Það er rétt að því verður ekki haldið fram að lokað sé fyrir alla þjónustu þótt pósthúsi sé lokað. Um það deilir náttúrlega enginn en þjónustan er flutt yfir í aðrar stofnanir. Hvaða stofnanir skyldu það vera? Það eru verslanir, bensínstöðvar og bankar. Bankar — hvað er að gerast þar? Er það kannski af tæknilegum ástæðum að verið er að selja hlut þjóðarinnar í Landsbanka og Búnaðarbanka? Nei, það eru pólitískar ákvarðanir. Sú hætta vofir nú yfir, ekki síst í fámennum byggðarlögum, að sömu útibúum og hafa tekið að sér póstþjónustu verði núna lokað vegna pólitískra ákvarðana ríkisstjórnarinnar, Sjálfstfl. og Framsfl. Þetta hefur ekkert með tækni að gera. Þetta hefur með pólitík að gera og þeir sem eru ábyrgir fyrir henni eiga að axla hana.

[15:32]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kvað við örlítið annan tón þegar hv. þm. svaraði andsvari mínu en þegar hann flutti ræðu sína áðan. Við höfum gengist undir samninga eins og EES-samninginn og annað slíkt sem hefur þýtt að fyrirtæki hafa endurskipulagt starfsemina, m.a. Pósturinn. Það er auðvitað ekki bara gert á Íslandi heldur og víðast annars staðar. Við erum líka að ganga í gegnum mjög miklar tæknibyltingar. Menn notast við tölvupóst og ýmislegt annað þannig að hér er um tæknibreytingar að ræða líka.

Hv. þm. talaði um að algengast væri að flytja póststöðvarnar inn í olíudreifingarstöðvar, verslanir og svoleiðis. Það eru undantekningar. Ég ímynda mér að í á að giska 80–90% tilfella hafi þessi starfsemi verið flutt inn í bankastofnanir og í mörgum tilfellum hefur það orðið til að styrkja starfsemi þessara bankastofnana, þ.e. í fámenninu. Það er verið að styrkja þessar stofnanir.

Ég tek fullkomlega undir það að allar svona breytingar reyna mjög mikið á hæft og traust starfsfólk sem unnið hefur hjá þessum fyrirtækjum. Oft á tíðum er það í raun undirstaða þess að hægt sé að halda úti góðri þjónustu. En tæknibreytingar eru gríðarlega miklar, m.a. með tölvupósti og ýmsum öðrum nýjungum. Ég veit til þess að Íslandspóstur hefur verið að leita að þjónustu til að setja inn í pósthúsin. En það hefur reynst erfitt án þess að fyrirtækið lendi í samkeppni við einstaklinga á landsbyggðinni. Menn hafa auðvitað verið mjög óánægðir með það og Íslandspóstur hefur ekki farið út

í að veita þjónustu í samkeppni við einstaklinga á svæðinu.

[15:34]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé rangt að það kveði við annan tón í andsvari samanborið við ræðu mína. Ég hélt fram sömu sjónarmiðum í andsvari og í ræðu minni. Ég tala hugsanlega heldur rólegar og lægra kannski, ef það ruglar hv. þm. í ríminu.

Hv. þm. talar um að nú reyni á hæft og gott starfsfólk. Þessu hæfa og góða starfsfólki er víða verið að sparka út á gaddinn. Það er að missa störf sín og því er ekki skemmt. Hæfileikar þess og reynsla fá ekki að njóta sín.

Það er alveg rétt að þetta er að gerast víða annars staðar. Samfélagsþjónustan er einkavædd og markaðsvædd víða um heim. Um þetta standa mikil pólitísk átök. Annars vegar er frjálshyggjan, sem gengur erinda fyrirtækja á markaði og sérstaklega fjölþjóðlegra fyrirtækja. Það hlutverk hafa Sjálfstfl. og Framsfl. tekið að sér hér á landi. Hins vegar eru aðilar sem stilla sér upp til varnar almannahagsmunum.

Varðandi tæknihlið þessara mála er það staðreynd að í ríkari mæli en áður eigi Póstur og Sími saman. Samskipti manna bréflega fara nú í gegnum bréf sem eru flutt símleiðis. Þessi starfsemi sem menn rifu í sundur á sínum tíma heyrir þannig saman í reynd og hefði átt að gera það einnig í skipulaginu. Ég tel að þetta tal um að tæknilega hafi þurft að kljúfa Póst og Síma og setja síðan póstþjónustuna inn í aðra þjónustustarfsemi á staðnum standist ekki rök. Ég er því fylgjandi að póstþjónustan verði styrkt á landsbyggðinni — það á einnig við um fjármálastofnanir — í staðinn fyrir að fylgja þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur fylgt og leggja hvort tveggja niður.

[15:36]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. hefur mælt fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um póstþjónustu, lögum sem við vorum með í vinnslu á hinu háa Alþingi á síðasta þingi. Þar sem ég sit í samgn. er svo sem ekkert nýtt sem kemur hér fram, a.m.k. ekki annað atriðið. Okkur var kunnugt um það og vissum að í gangi væri vinna hjá Evrópusambandinu og umræður um einkarétt í póstþjónustunni. Við vissum að skiptar skoðanir hefðu verið um þetta mál og segir m.a. í athugasemdum með 1. gr.:

„Í sumum Evrópulöndum hefur einkaréttur ríkisins verið afnuminn en í öðrum löndum er andstaða við breytingar á umfangi hans."

Hér er síðan tilskipun sem hæstv. samgrh. leggur fyrir Alþingi núna, frá árinu 2002 nr. 39, þar sem farin er málamiðlunarleið um einkaréttinn.

Eins og ég sagði áðan á ég sæti í samgn. og mun ég ekki taka tíma Alþingis við að ræða mál þetta hér og nú. Þetta var töluvert rætt í hv. samgn. á síðasta þingi í tengslum við póstþjónustulögin. Ég geri ráð fyrir að við tökum þá umræðu upp aftur. Þetta er sem sagt málamiðlun og í sjálfu sér bæði gaman og alvara að sjá ráðherra Sjálfstfl. flytja svo fljótt inn *tilskipanir Evrópusambandsins*.

Annað atriði í þessu frv. kemur fram í 2. gr. og er nýtt. Þar er verið að opna fyrir nýjung:

„Rekstrarleyfishafa er heimilt að setja sérstaka gjaldskrá fyrir þá sem afhenda mikið magn póstsendinga ..."

Þetta er nýtt sem hér er verið að setja inn. Rætt er um að erlendis hafi verið sett á laggirnar endursölufyrirtæki, þ.e. fyrirtæki sem taka að sér að koma bréfum notenda á afhendingarstað rekstrarleyfishafa. Þetta eru söfnunarfyrirtæki sem taka að sér að safna frá hinum mörgu stóru og flytja í einum pakka til rekstrarleyfishafans — Íslandspóstur væri það í þessu tilfelli ef við tölum hér íslensku. Þau krefjast þess að fá töluverðan afslátt. Út af fyrir sig er það ágætt. Það skapar kannski minni vinnu hjá Póstinum, ég veit það ekki. Hins vegar er verið að opna fyrir þetta hér.

Nú vaknar spurning, herra forseti, um hvort ekki sé í leiðinni verið að búa til enn eina mismunun milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Ég skal taka dæmi og vil spyrja hæstv. samgrh. út í þetta atriði vegna þess að það er ákaflega mikilvægt að fá fram hjá hæstv. ráðherra hvort þetta gæti farið á þá leið. Þetta mun gera það að verkum að stórir aðilar á höfuðborgarsvæðinu sem láta prenta gögn sín hér, sama hvers konar bæklingum er þar verið að dreifa og prenta. Segjum að stærri fyrirtæki færu til endursölufyrirtækis sem yrði hér á höfuðborgarsvæðinu — væntanlega er aðeins rekstrargrundvöllur fyrir því hér — sem færi til Póstsins og fengi afslátt eins og áður var lýst. Hver er þá staða þeirra fyrirtækja og félagasamtaka sem vilja gera þetta úti á landsbyggðinni? Landsbyggðaraðilarnir munu ekki hafa tækifæri til þess að semja við þetta endursölufyrirtæki, nema þá að opnað verði fyrir það hér í lögunum og það látið koma þannig inn. Eða það sem verra er: Þetta getur þýtt að prentunin færist frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins til þess að spara sér flutning frá landsbyggðinni til þessa endursölufyrirtækis eða hvernig sem við getum sett þetta upp.

Hér er ákveðin hætta á ferðinni sem getur að mínu mati opnað enn frekar fyrir mismunun milli fyrirtækja á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt að heyra frá hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki til í að beita sér fyrir því eða samþykki, ef við í hv. samgn. mundum vilja taka þetta þannig upp, að fyrirtæki á landsbyggðinni sitji við nákvæmlega sama borð og fái sömu afslætti fyrir hið prentaða mál og þeir sem dreifa þessum fjölpósti eða hvað við eigum að kalla hann, sama hvar honum er skilað inn á pósthús, hvort það er á Raufarhöfn eða Reykjavík.

Þetta er ákaflega mikið atriði. Ég vil ekki að við séum að samþykkja enn einn lagabálkinn frá Alþingi sem gerir að verkum að fyrirtækjarekstri verði mismunað og félagasamtökum, hvort sem er á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu, eða að sumum verði póstsendingar dýrari en öðrum. Ég vil að allir sitji við sama borð. Ég hef ekkert á móti því að svona endursölufyrirtæki verði sett upp ef út í það fer en þetta vildi ég nefna og óska eftir því að hæstv. samgrh. segi okkur hug sinn í þessu máli rétt á eftir.

Ég ætlaði svo að blanda mér í umræðu sem komið hefur upp í framhaldi af þessu, nokkuð sem hv. þm. Ögmundur Jónasson impraði á, þ.e. hin litlu pósthúsin á litlum stöðunum vítt og breitt um landið sem verið er að loka. Það er ákaflega dapurlegt að sjá hvernig þetta er að þróast þó að sums staðar hafi tekist nokkuð vel þar sem þetta hefur verið fært til. Hins vegar eru til staðir þar sem þetta hefur ekki tekist vel og er auðvitað ákaflega sárt fyrir fólk í þessum litlu byggðum að horfa jafnvel á eftir eina „opinbera" starfsmanninum, þ.e. starfsmanni Íslandspósts, hverfa á braut vegna þess að verið er að loka og hagræða.

Ég tel, herra forseti að það hefði átt að fara miklu fyrr í að finna þessum litlu pósthúsum vítt og breitt um landið ýmiss konar aðra starfsemi, jafnvel á vegum opinberra aðila, til að

styrkja rekstur þeirra. Ég er hjartanlega sammála hv. þm. Ögmundi Jónassyni um að það var mjög slæmt þegar skorið var á milli Íslandspósts og Landssímans. Reyndin er sú að á fjölmörgum litlum stöðunum um allt land var þetta mjög gott saman, pósturinn og síminn, þjónusta við símnotendur, sala á símtækjum og þjónusta.

Við getum séð hvernig þetta er í dag. Þessi fyrirtæki áttu miklar húseignir. Sums staðar standa þær auðar vegna þess að ekki er hægt að nota þær. Þetta vildi ég segja hér líka um þetta atriði, herra forseti, vegna þess að þetta er ákaflega dapurlegt. Það er slæmt að sjá hvernig þetta er að gerast. Það rifjast upp fyrir mér er við þingmenn vorum að taka á móti á sveitarstjórnarmönnum á Austurlandi til að ræða þessi mál. Ég minnist þess að fulltrúar eins sveitarfélags voru þar með miklar áhyggjur af því að pósthúsinu ætti hreinlega að loka á viðkomandi stað.

Þessi þróun er ekki góð ofan á allt annað sem er að gerast, landsbyggðinni í óhag vegna aðgerðaleysis hæstv. ríkisstjórnar í byggðamálum, stundum fyrir hreinar árásir hæstv. ríkisstjórnarflokka á landsbyggðina.

Ég vil rétt í lokin minnast á þá gjaldskrárbreytingu sem gerð var. Ég bið menn að hugsa það aðeins vegna þess að kosningar eru í nánd og hinir pólitísku flokkar vilja örugglega nota sér þjónustu Íslandspósts til að senda blöð og bæklinga til kjósenda vítt og breitt um landið. Ég hygg að hinir íslensku pólitísku flokkar muni fá töluvert sjokk þegar þeir fá reikninginn fyrir þeim póstútburði. Hækkunin sem sett var fram af stjórn Íslandspósts er það svakaleg að hún gerir allt að því út af við slíka útgáfu, slíkar hópsendingar, fjöldasendingar til fólks, sama hvort er á vegum pólitískra flokka, íþróttafélaga eða Öryrkjabandalagsins eins og hér hefur verið rætt.

Ég vildi einnig segja að Íslandspóstur er ekki að selja þjónustu sína neitt voðalega ódýrt sé litið á flutningskostnað. Mér er það t.d. ákaflega minnisstætt þegar ég frétti af því að það kostaði íbúa í tilteknu sveitarfélagi á landsbyggðinni ekki krónu að fá sendan bjórkassa frá Reykjavík og út á land. Það kostaði ekki krónu. Áfengisverslunin borgar flutninginn. Ef viðkomandi bjórkassi var sendur frá næsta pósthúsi í 60 km fjarlægð þá kostaði það 1.200 kr. að flytja þennan kassa. Jafnframt hefur Íslandspóstur hækkað flutningsgjöld á því sem er undir tveimur kílóum að mig minnir, frekar en einu kílói um 100%. Þar varð 100% hækkun, á sendingarkostnaði á smápakka. Það kostaði áður 240 kr. en fór upp í 480 kr. við gjaldskrárbreytingu Íslandspósts.

Ég vildi halda þessu til haga, herra forseti, og nefna að það eru ekki bara einkareksturinn í landinu, flutningafyrirtæki eða stór fyrirtæki sem enn þá sigla með ströndinni, sem halda uppi hinum svimandi háa flutningskostnaði til og frá landsbyggðinni sem íþyngir öllu rekstri og fólki á landsbyggðinni heldur hefur ríkisfyrirtækið, Íslandspóstur, gengið hart fram í því líka. Það væri reyndar full ástæða til að ræða þá gjaldskrárbreytingu sem þá var gerð. Þegar maður fer að skoða það bregður manni mjög við vegna þess að það er töluvert kostnaðarsamt að senda póst með póstþjónustunni, þó svo ég vilji taka skýrt fram að Íslandspóstur veitir frábæra og góða þjónustu við að flytja póst og pakka. Segja má að sá póstur sem er að koma inn á pósthús í dag, í þessum töluðu orðum rétt fyrir fjögur, getur verið kominn á áfangastað víðs vegar um landið í fyrramálið kl. 9. Það er sannarlega góð þjónusta.

Þetta vildi ég segja, herra forseti, um þetta frv. Um afnám einkaréttar, þ.e. þá málamiðlun sem hér er flutt tillaga um ætla ég að ræða frekar í samgn. Ég hygg að hér sé ekki stórmál á ferðinni.

[15:48]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég er ósammála því sem fram kom hjá síðasta hv. ræðumanni varðandi það að hér væri ekki neitt stórmál á ferðinni. Hér er gríðarlega stórt mál á ferðinni. Menn verða að svara því hvort þeir ætla sigla hraðbyri áfram og smyrja bara til að komast hjá versta ískrinu í hjólunum á leið sinni til einkavæðingar á póstþjónustunni í landinu. Málið snýst bara um þetta. Menn verða að átta sig á á hvaða leið þeir eru.

Það sem hefur gerst nú þegar með hlutafélagavæðingunni er, eins og allir landsmenn vita, að hækkanir á þjónustugjöldum hafa verið gífurlegar og það hefur sérstaklega komið niður, t.d. á landsmálablöðum sem nú orðið er varla hægt að gefa út. Póstburðargjöldin hafa hækkað svo mikið á þeim. Frjáls félagasamtök kvarta mjög undan því hvað tilkostnaðurinn hefur aukist við dreifingu og það er einmitt landsbyggðin sem verður fyrir barðinu á því.

Til hins háa Alþingis berast nú umsóknir um styrki sem nema milljónum til félagasamtaka sem þjóna landinu öllu en treysta sér ekki lengur, miðað við núverandi ástand og þær breytingar sem þegar er búið að gera, til þess að þjóna landinu. Þetta er staðan sem við stöndum frammi fyrir. Við verðum að ræða þessi mál og hvert við ætlum að stefna til frambúðar. Ef stjórnarmeirihlutinn og kannski fleiri hér í þinginu stefna í einkavædda póstþjónustu innan örfárra ára verða þessir sömu, hinir háu alþingismenn, að hafa tillögur um hvernig eigi að þjóna landinu á grunni þeirrar breytingar Það er hins vegar ekki gert. Þess vegna eru að koma upp svona hliðarverkanir, m.a. að félagasamtök sem bráðnauðsynlegt er að þjóni öllu landinu eru hætt að hafa efni á að notfæra sér þá þjónustu sem í boði er til þess að senda dreifibréf sín og upplýsingar út um land allt.

Þetta er áhyggjuefni, virðulegi forseti. Við gerum kröfu til þess að fá á hinu háa Alþingi lýsingu á því hvernig menn sjá fyrir sér að veita nauðsynlega þjónustu í því breytta umhverfi sem augljóslega er verið að boða að skapað verði hægt og rólega. Það er búið að hlutafélagavæða póstþjónustuna. Eigi að einkavæða hana innan örfárra ára gilda lögmál markaðarins og þá gerist nákvæmlega það sem gerst hefur í öllum öðrum löndum þar sem þessi leið hefur verið farin. Menn þjóna bestu bitunum, þéttbýli landsins með alls konar smáfyrirtækjum þar sem póstur er borinn út o.s.frv. Síðan verður að þjóna dreifbýlinu og það kemur þá niður á skattgreiðendum í öðru formi. Það er ekki til of mikils mælst, virðulegi forseti, að þeir sem aðhyllast þessar breytingar setji fram hugmyndir hvernig þeir vilji leysa þau vandamál sem upp koma. Þau eru svo sannarlega stór.

Ég veit ekki hvort Íslendingar átta sig á því hversu þýðingarmikill hlekkur póstþjónustan er fyrir allt landið, t.d. fyrir aukna ferðamannaþjónustu. Það er algert lykilatriði, líkt og með símasamband, að það sé góð póstþjónusta alls staðar. Við erum að reyna að stefna að því í ferðamannaþjónustunni að meiri vigt verði lögð á að fá ferðamenn í byggðirnar, niður á ströndina og minni áhersla verði lögð á hálendið. Þessi þjónusta verður að vera þar alls staðar. Þess vegna er fækkun útibúa og minni þjónusta blóðtaka fyrir hvert byggðarlag sem fyrir verður.

Ég veit að menn hafa haft tilburði til að setja þessa þjónustu inn í aðrar þjónustustofnanir, jafnvel verslanir. Það getur vel verið nothæf leið. En það er bara millibilsástand miðað við þá vegferð sem lagt er upp með hér. Við höfum verið á þeirri vegferð á undanförnum mánuðum og missirum hvað varðar breytingar á þessari þjónustu. Það er ekki gott mál. Að mínu mati og okkar hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er póstþjónusta grunnþjónusta sem á að vera aðgengileg öllum hvar sem þeir búa í landinu á sömu kjörum. Svo einfalt er það frá okkar bæjardyrum séð.

Margir eru að hrökkva upp við að hin leiðin er kannski, þegar upp er staðið, afturhvarf til fortíðar. Ég tek bara sem dæmi litlu símafyrirtækin sem hafa rutt sér til rúms, t.d. í stórborgum Evrópu. Það er nú talið stórvandamál, t.d. í London, að smáfyrirtæki í þjónustu þar í borginni kaupa þjónustu af símafyrirtækjum sem hafa enga samninga út í heim. Fyrirkomulag með svokallaðri einkavæðingu eða einkarekstri á þessari þjónustu hefur brotið á bak aftur þá samtengingu sem heimurinn var þó kominn í. Heilu löndin eru meira að segja komin í vandræði með þetta, lönd og sjálfstjórnarsvæði sem hafa gert samning við einkarekin fyrirtæki sem engan veginn hafa verið í stakk búin til að veita þá þjónustu sem þau óska eftir. Þessi fyrirtæki hafa ekki þá alþjóðlegu samtengingu sem er alger grundvallarnauðsyn í nútímasamfélagi.

Virðulegi forseti. Við erum að tala hér um gríðarlega mikið og stórt mál. Ég geri mér grein fyrir því að þetta frv. er til 1. umr. og á eftir að fá mikla umfjöllun í nefnd. Ég krefst þess að umfjöllunin verði á þeim nótum að hún leiði í ljós hvert menn stefna. Ef menn átta sig á því og viðurkenna hvert þeir stefna skulu hinir sömu leggja fram áætlun um hvernig í ósköpunum þeir ætli að veita nauðsynlega þjónustu á hinum nýja grunni sem þeir eru að búa til. Það kemur sannarlega fram krafa um það. Hækkanirnar á þjónustunni núna, m.a. til landsmálablaða og félagasamtaka, hefur einfaldlega leitt af sér að frjáls félagasamtök og jafnvel landsmálablöð þurfa að kría út styrki til að standa straum af þessum kostnaði. Það stendur upp úr hverjum manni. Það stendur upp úr hverjum forsvarsmanni félagasamtaka.

Hér er um gríðarlega stórt mál að ræða. Það er sérstaklega mikilvægt fyrir Ísland vegna þess hversu strjálbýlt landið er, sennilega strjálbýlasta land í Evrópu þegar á heildina er litið. Hér er gríðarlegt landflæmi og gilda allt önnur lögmál hvað varðar grunnþjónustu hér en víðast hvar annars staðar.

Við erum í svipuðum fasa hvað varðar orkumálin. Við áttum þess kost í sumar að ræða við Evrópuþingmenn um orkutilskipunina. Þar er allt önnur hugsun í gangi en hjá okkur. Þetta gildir um allan þennan einkavæðingarferil, Póstinn, Símann, orkumálin, dreifinguna. Þar eru menn greinilega miklu meðvitaðri um hvað þeir eru að gera í þessum einkavæðingarfasa. Þeir sækja um undanþágur fyrir svæði og héruð þar sem ástunduð eru öðruvísi vinnubrögð, öðruvísi framleiðsla og á annan hátt en var á grunni nýrrar tilskipunar. Þetta er ekki gert hér. Hvað gera menn hér? Menn eru að svæla fólk úr dreifbýlinu með minnkandi þjónustu og aðgerðaleysi sem leiðir hægt og bítandi til þess að fólk treystir sér ekki til að búa afskekkt. Það getur það ekki vegna þess að það hefur ekki símaþjónustu, það hefur ekki internettengingu, póstburðargjöld eru mjög há o.s.frv. Svona grunnatriði verða að vera í lagi.

Ég virði það að menn hafi aðra sýn varðandi rekstur en ég hef. Við viljum hafa póst- og símaþjónustu, eins og mönnum er kunnugt, orkudreifikerfi og orkuframleiðslu í félagslegum rekstri. Ég get í sjálfu sér virt að menn hafi aðra skoðun og vilji einkarekstur á þessari þjónustu. En þá geri ég jafnframt þá lágmarkskröfu að þeim áformum fylgi áætlun um hvernig þeir ætli að veita þjónustuna þar sem hún er óarðbær. Það er grundvallaratriði.

Um þetta mál verður fjallað í hv. samgn. og ég mun fylgja því eftir þar.

[15:58]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hér hafa menn talað í sig hita um það sem liðið er, m.a. aðskilnað símans og póstsins. Hv. þm. Vinstri grænna gera sér vonir um að póst- og símaþjónustan taki þeim breytingum að sú ólíka þjónusta verði sett aftur inn í eitt og sama fyrirtæki. Ég tel ekki miklar líkur á því, enda ekkert sem mælir með því að svo verði. Þarna er um mjög ólíka starfsemi að ræða og eins og lög gera ráð fyrir er það bara þannig að mjög stór partur af starfsemi póstþjónustunnar, á vegum Íslandspósts, er á forsendum alþjónustu sem vissulega er veitt alls staðar og á að veita alls staðar.

Aðeins örstutt. Hv. þm. Ögmundur Jónasson talar hér eins og verið sé að stórskera niður póstþjónustu í landinu. Það er auðvitað fjarri öllu lagi og færi ég honum þar með tækifæri til þess að halda enn eina ræðuna um það hér. Ég er alveg reiðubúinn til þess að fara yfir þau mál.

Við höfum verið að gera breytingar á starfsemi póstþjónustunnar í landinu vegna þess að umhverfið er að breytast og við höfum verið að leggja áherslu á að bæta þjónustu eins og hér hefur komið fram, kom m.a. fram í ræðu hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar, 5. þm. Suðurl., að þó gerðar séu breytingar á rekstri, þá er verið að bæta þjónustu Póstsins engu að síður, fjölga dögum sem dreift er í mesta dreifbýlinu o.s.frv. Mér finnst því að hv. þm. Ögmundur Jónasson verði að bera meiri virðingu fyrir því fólki sem starfar hjá Íslandspósti en svo að hann geti talað svona. Það ágæta starfsfólk sem þar er leggur sig fram um að bæta og auka þessa þjónustu, en ekki hið gagnstæða eins og mér heyrist á þingmanninum að hann sé að reyna að draga fram. (**ÖJ:** Hvers konar útúrsnúningar eru þetta?) Ég geri ráð fyrir að hv. þm. fái tækifæri til þess að tala hér um þetta ef hann hefur áhuga á.

Aðeins út af því sem hv. þm. Kristján L. Möller nefndi, þá er ekkert sem á að geta komið í veg fyrir það að fyrirtæki úti á landsbyggðinni fái afslátt vegna magndreifingar. Það er alveg ljóst að prentverk sem er starfandi utan höfuðborgar getur sent í gegnum Póstinn og fengið væntanlega þann afslátt sem magnið gefur tilefni til. (Gripið fram í.) Ég get ekki séð að neitt í þessu frv. gefi tilefni til að ætla að annað geti verið.

Aðeins vegna þess sem hv. þm. Kristján L. Möller nefndi um verkefni pósthúsanna. Ég get alveg tekið undir að það væri mjög æskilegt ef hægt væri að fela pósthúsunum aukin verkefni. Ég veit að stjórnendur Íslandspósts hafa unnið að því að reyna að finna verkefni sem væri hægt að setja inn í pósthúsin og við höfum átt fundi um það í ráðuneytinu með forsvarsmönnum Póstsins og ég er sannfærður um að stjórnendur leggja sig fram um að finna leiðir til þess. Og ég er meðmæltur því að sjálfsögðu.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það sem kom hér fram, en tek undir með hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni 6. þm. Norðurl. e., að auðvitað þurfum við að tryggja þessa þjónustu um allt land og reyna að hafa verðið sem hagstæðast fyrir neytendur, en til þess að svo geti verið þarf auðvitað að finna þær leiðir sem valda minnstum kostnaði.

En ég vil bara undirstrika það að við erum ekki að gera neinar breytingar á löggjöfinni um póstþjónustu sem ættu að leiða til lakari þjónustu í hinum dreifðu byggðum.

[16:04]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. samgrh. að ýmislegt sem gerst hefur í tæknilegum efnum á undangengnum árum er til bóta og til þess fallið að bæta þjónustu, þar á meðal Póstsins, bættar og auknar samgöngur og þar sem því er að dreifa að póstinum sé dreift tíðar en áður var, það er að sjálfsögðu til framfara og því ber að fagna.

Það sem ég hef verið að gagnrýna er tilkostnaðurinn við póstdreifinguna og set spurningarmerki við að það verði einhverju til að dreifa á annað borð, vegna þess að félagslegir aðilar hafa af því áhyggjur að stóraukinn tilkostnaður við póstdreifingu sé þess valdandi og muni verða þess valdandi þegar gjaldskráin er að fullu komin til framkvæmda, að þeir geti ekki sent frá sér póst. Það er þetta sem ég er að gagnrýna. Þetta felur í sér eða leiðir til lakari þjónustu.

Þá er ég einnig að benda á að aðgengi að pósthúsunum sjálfum er að sjálfsögðu minna eftir því sem þeim fækkar og þeim lokað.

Að lokum, herra forseti, vil ég vísa á bug útúrsnúningi hæstv. samgrh. á þá lund að ég beri ekki virðingu fyrir því fólki sem vinnur við Póstinn. Ég geri það. Það vill nú svo til að ég er í félagasamtökum með því fólki og þekki mjög vel til og ber mikla virðingu fyrir því fólki sem þarna starfar. Ég efast ekkert um að hæstv. samgrh. geri slíkt hið sama. Hins vegar finnst mér það vera áhyggjuefni þegar fólki, einkum í fámennum byggðarlögum, er sagt upp störfum eins og dæmin sanna og er að gerast núna í hverju byggðarlaginu á fætur öðru, að fólki sem margt hefur starfað um áratuga skeið við Póstinn er sagt upp störfum. Og ég spyr: Er það að bera virðingu fyrir fólki, reynslu og hæfni starfsmanna, að vísa því með þeim hætti út á gaddinn?

[16:06]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru aðeins tvö atriði sem ég vildi ræða um sem komu fram í seinni ræðu hæstv. ráðherra. Það er annars vegar til að taka af öll tvímæli, þá segi ég það fyrir mitt leyti að ég vil að það sé alveg skýrt og allir möguleikar á því að t.d. bæklingar sem prentaðir væru í miklu magni til dreifingar um allt Ísland og væru prentaðir á Akureyri, væru kannski um 500 kíló eða svo, og skilað inn á pósthús þar, að aðilinn þar sitji við nákvæmlega sama borð hvað varðar flutningsgjöld við að dreifa þeim um allt Ísland eins og sá aðili sem væri að prenta sama magn til að dreifa um allt Ísland og mundi setja það inn í endursölufyrirtæki sem hugsanlega og næstum því örugglega verður staðsett á höfuðborgarsvæðinu, vegna þess að rekstrarskilyrði fyrir endursölufyrirtæki eru ekki á mörgum stöðum á landinu. Ég vil að það sé alveg skýrt að fyrirtækin sitji þá við nákvæmlega sama borð og fái nákvæmlega sama afslátt. Að öðru leyti, ef þetta verður ekki, þá sé ég það fyrir mér að fyrirtæki mundu hugsanlega flytja prentunina hingað suður og koma þessu inn í þetta endursölufyrirtæki, sem kemur þá með þetta mikla magn og krefjast þess að fá miklu meiri afslætti en gengur og gerist. Þetta er nú einu sinni lögmál markaðarins sem hagar sér á þennan veg. Þetta er grundvallaratriði í mínum huga.

Hitt atriðið sem ég vildi nefna og hæstv. ráðherra nefndi er um stjórn Íslandspósts, um hlutverk pósthúsa. Ég hef nefnt það á mörgum vígstöðum en gallinn við þetta er sá að það eru alltaf heimamenn sem eru spurðir: Hvað viljið þið koma með inn í pósthúsin til að auka starfsemi? Það hefði alveg mátt hugsa sér að stjórnsýslan í landinu hefði gripið til þess strax þegar sást í hvað stefndi, að pósthúsin gegndu hlutverki fulltrúa skattstjóra, fulltrúa sýslumanna. Pósthúsin gætu meira að segja tekið að sér símsvörun þess vegna fyrir opinberar stofnanir í Reykjavík, verið umboðsaðilar fyrir happdrætti, veitt upplýsingar fyrir ferðaþjónustu, hvað sem er. En þetta er alltaf lagt á þá sem starfa á stöðunum og sagt: Ef þið getið fundið eitthvað þá skulum við skoða það. Það hefði verið betra að snúa þessu við og segja: Stjórn Íslandspósts á að athuga hvort ekki er hægt að auka í samræmi við opinbera aðila umfang og rekstrarskilyrði pósthúsa, ef nota má það orð, á landsbyggðinni.

[16:09]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú alltaf þetta stóra vandamál, að búa til verkefni, búa til störf sem leiða til starfsemi eða framleiðslu sem gefur arð. Ég vil bara undirstrika og ítreka að stjórn og stjórnendur Íslandspósts hafa verið að fara yfir þau mál eftir sérstakri ósk úr samgrn. að reyna að nýta pósthúsin betur. Ég vil að það komi alveg skýrt fram.

Aðeins út af því að veita megi dreifingarfyrirtækjum afslætti vegna þess að þau sinni söfnun pósts fyrir þá aðila sem dreifa miklu magni, þá held ég að það hljóti að vera í þágu m.a. hinna dreifðu byggða ef okkur tekst með breytingum á lögunum að lækka flutningskostnaðinn. Ég held að það geti ekki farið á milli mála að það ætti að vera til bóta og þar eiga allir að sitja við sama borð.

Ég held að mjög gagnlegt væri að hv. samgn. færi vandlega yfir þetta atriði af þessu gefna tilefni og hv. þm. getur orðið þátttakandi í þeirri skoðun í samgn. hvernig megi tryggja að með þessum breytingum getum við lækkað flutningskostnaðinn.

[16:11]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna þessari yfirlýsingu hæstv. ráðherra. Ég mun berjast fyrir því í samgn. að þetta verði skoðað og fundinn verði flötur á þessu. Þetta er grundvallaratriði í mínum huga í því dæmi sem við ræðum hér um, þ.e. um þá nýju leið að opna leiðir fyrir endursölufyrirtæki sem geta komið með nokkur tonn af pósti og knúið fram mikinn afslátt af flutningsgjöldum. Þetta er grundvallaratriði.

Það má eiginlega segja sem svo ef við hugsum til næstu kosninga að ég vil að Sjálfstfl. í Norðvesturkjördæmi sitji við nákvæmlega sama borð við að dreifa sínum 20.000 eintökum um Norðvesturkjördæmi af blaði sínu í væntanlegum kosningum og ef Sjálfstfl. á landsvísu kæmi með allt hér á höfuðborgarsvæðið og dreifði um hundrað þúsund eintökum eða svo. Þetta er grundvallaratriði, herra forseti, sem vert er að fara yfir, en ég sé og heyri að samgn. hefur fullan stuðning hæstv. samgrh. við það verkefni og það er gott.

Að hinu atriðinu, að búa til verkefni fyrir pósthúsin, að það sé vandamál að búa til verkefni, ég tel svo ekki vera, herra forseti. Vandamálið er að það var farið allt of seint af stað við það. Það var fyrirsjáanleg mikil breyting á rekstrarumhverfi pósthúsanna, nú eru menn ekki alltaf að senda bréfapóst, menn senda tölvupóst o.s.frv.

Ef hefði verið gripið til þessara þátta fyrr, þá hefðum við kannski ekki þurft að byrja svo snemma að loka pósthúsum. Ég tel reyndar að þá hefðum við styrkt rekstrargrundvöll pósthúsa á landsbyggðinni með því að fara yfir þau atriði. Ég nefni þetta bara sem dæmi.

Ég get tekið ótal dæmi sem fólk hefur nefnt þegar maður hefur ferðast um landið og talað við fólk á þeim stöðum þar sem það kvíðir fyrir því að pósthúsinu þeirra verði lokað og starfsmönnunum sagt upp.

Það eru ótal mörg atriði fleiri sem mætti nefna sem hefði verið hægt og verið gráupplagt að setja inn á pósthúsin, en of seint var farið af stað með það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 324. mál (sérstakur tekjuskattur, rekstrartap, vextir o.fl.). — Þskj. 352.

[16:13]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Frumvarpið er að finna á þskj. 352.

Í frv. þessu er að finna nokkar breytingar sem lagt er til að gerðar verði á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Helstu breytingarnar eru þær að lagt er til að heimilt verði að draga frá tekjum í atvinnurekstri eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu tíu árum í stað átta ára eins og verið hefur og tengist þessi breyting niðurfellingu svokallaðra verðbólgureikningsskila sem afgreidd voru hér á síðasta þingi.

Í öðru lagi er lagt til að sérstakur tekjuskattur manna, svokallaður hátekjuskattur, verði framlengdur um eitt ár, en hann hefði ella fallið niður um næstu áramót. Lagt er til að skatthlutfallið lækki um 2%, þ.e. úr 7% í 5% við þessa framlengingu, en tekjumörkin hækki um 2,75% sem er í samræmi við aðrar breytingar á tekjumörkum í skattalögum frá og með ársbyrjun 2003.

Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á vaxtaákvæðum laganna til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Samkvæmt gildandi lögum er miðað við að vextir vegna ofgreiddra skatta skuli vera jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga á hverjum tíma, en þar sem viðmiðunin „óbundnir sparireikningar" er ekki lengur notuð er lagt til að vextir verði jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 og fjallar um vexti af skaðabótakröfum.

Þessi breyting mun leiða til nokkurrar hækkunar á vöxtum vegna ógreiddra skatta. Samkvæmt gildandi lögum eru slíkir vextir í október á þessu ári 4,85%, en verði frv. að lögum hefðu sambærilegir vextir orðið 6,7% samkvæmt síðustu auglýsingu Seðlabanka Íslands um vexti af skaðabótakröfum.

Í sömu grein frv. er lagt til að dráttarvextir verði þeir sömu og Seðlabankinn ákveður samkvæmt 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, sbr. 2. mgr. 1. gr. frv. eins og verið hefur samkvæmt gildandi lögum.

Í frv. eru einnig lagðar til nokkrar breytingar sem lúta beint að skattframkvæmdinni. Þannig er í 1. gr. frv. lagt til að ákvæði gildandi laga um skattfrelsi happdrættisvinninga taki einnig til happdrætta á Evrópska efnahagssvæðinu þegar þannig aðstæður eru fyrir hendi. Er þessi breyting m.a. lögð til með hliðsjón af athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA.

Í 3. gr. frv. er lagt til að regla 5. tölul. 52. gr. gildandi laga um að óheimilt sé að telja til rekstrarkostnaðar bifreiðakostnað framkvæmdastjóra eða annarra sambærilegra starfsmanna, nema hlunnindin hafi verið talin þeim til tekna, nái einnig til annarra starfsmanna án tillits til stöðu þeirra innan fyrirtækisins.

Í 4. og 12. gr. frv. er lagt til að fjmrh. gefi út reglur um hlunnindamat og reiknað endurgjald sem birtar eru í upphafi hvers árs að fengnum tillögum ríkisskattstjóra en í gildandi lögum er það ríkisskattstjóri sem gefur út þessar reglur.

Í 5. gr. frv. er að finna breytingu sem leiðir af breytingu á 2. gr. laganna um lögskráningu sjómanna en verði ekki ráðist í þá breytingu sem lögð er til hér í 5. gr. kynnu einhverjir sjómenn sem notið hafa sjómannaafsláttar að missa þann rétt.

Í 6. og 8. gr. frv. eru lagðar til breytingar sem varða skipulag skatteftirlits. Þannig er í 1. mgr. 6. gr. lagt til að samsköttuð félög verði skattlögð í því umdæmi þar sem móðurfélagið hefur aðsetur. Í 2. mgr. greinarinnar er lagt til að í þeim tilvikum þegar skattaðili flytur á milli skattumdæma geti ríkisskattstjóri ákveðið annan skattlagningarstað en leiðir af almennum reglum. Þetta gæti átt við í þeim tilvikum þegar skattstjóri hefur hafið skatteftirlit hjá skattaðila sem síðan flytur á milli skattumdæma. Að óbreyttum lögum þyrfti skattstjóri í hinu nýja umdæmi að taka við málinu og byrja upp á nýtt.

Í 8. gr. frv. er lögð til breyting sem felur í sér heimild til fjmrh. til að ákveða að sami skattstjóri fari með skatteftirlit í fleiri en einu skattumdæmi. Á árinu 1996 var skatteftirlit flutt frá skattstofunum úti á landi til ríkisskattstjóraembættisins. Ástæðan var sú að illa gekk að manna þessar stöður úti á landsbyggðinni. Einingarnar voru einnig litlar á hverjum stað og erfitt að vinna verkin sem ákjósanlegast. Með þessari breytingu er hins vegar gert ráð fyrir því að heimilt verði að færa landsbyggðarskatteftirlitið frá ríkisskattstjóra til tiltekinna skattumdæma í landinu. Væru þá flutt störf innan skattkerfisins frá Reykjavík til skattstofa úti á landsbyggðinni, einnar eða fleiri.

Í 9. gr. frv. er lögð til breyting í tilefni af athugasemd frá umboðsmanni Alþingis. Umboðsmaður taldi ekki koma skýrt fram í gildandi ákvæði að rannsókn skattrannsóknarstjóra ryfi fyrningarfest þann sem ákvæðið mælir fyrir um, og er ráðin bót á því með þeirri tillögu sem fram kemur í 9. gr.

Að lokum er í 10. gr. frv. lögð til breyting sem varðar innheimtu opinberra gjalda og varðar skiptingu fyrirframgreiðslu á gjalddaga. Er þetta gert til að koma í veg fyrir að sendir verði út gíróseðlar til gjaldenda með mjög lágum fjárhæðum. Ef fyrirframgreiðsla hljóðaði t.d. upp á 5.000 kr. yrði samkvæmt gildandi ákvæði þeirri fjárhæð skipt á 10 gjalddaga en samkvæmt tillögu þeirri sem gerð er í frv. mundi slík fjárhæð greiðast á þremur gjalddögum.

Ég hef nú rakið, herra forseti, meginatriði sem fram koma í þessu frv. um breytingar á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt og legg til að frv. verði að þessari umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[16:20]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þetta frv. felur í sér nokkrar breytingar á skattalögum. Þær ganga í raun og sanni í sömu átt og fyrri skattalagabreytingar þessarar ríkisstjórnar, að auka skatthlunnindi fyrirtækja og lækka skatta á þeim sem meira hafa á milli handanna meðan ekki bólar á því að hæstv. ríkisstjórn vinni nokkuð að því að lækka skatta á lágtekjufólki, lífeyrisþegum eða fólki með meðaltekjur, eða að huga að skattalegu umhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Það kom mér á óvart, herra forseti, hversu stutt framsöguræða hæstv. fjmrh. var miðað við efni máls. Hér eru nefnilega nokkrar stórar breytingar á ferðinni að mínu mati sem geta haft veruleg áhrif á skatttekjur ríkissjóðs.

Herra forseti. Nú við 1. umr. mun ég einkum fjalla um tvær breytingar, þ.e. lækkun á framlengingu á hátekjuskattinum og að heimilt verði að nýta eftirstöðvar rekstrartapa í tíu ár í stað átta eins og verið hefur.

Í fyrsta lagi, herra forseti, á það varla að vera forgangsverkefni að lækka hátekjuskattinn, eins og hér er lagt til, meðan ríkisstjórnin gerir ekkert til þess að létta skattbyrði af lágtekjufólki, fólki með meðaltekjur eða af lífeyrisþegum. Ástæða er til að rifja upp afstöðu Samfylkingarinnar á síðasta þingi þegar ríkisstjórnin fór í stóru skattalagabreytinguna. Þá var meginmarkmið ríkisstjórnarinnar að létta sköttum af stórfyrirtækjum og þeim sem mest höfðu fyrir en það hefur, eins og ég nefndi, herra forseti, einmitt verið skattstefna þessarar ríkisstjórnar, að færa skattbyrðina af fjármagni og fyrirtækjum yfir á launatekjur og lífeyri.

Í nál. okkar í minni hlutanum, fulltrúa Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn., þegar stóra skattalagabreytingin var til umræðu fyrir um *ári nefndum* við að *við hefðum efasemd*ir um að rétt væri, miðað við ýmsar aðstæður og að ekki átti að ganga neitt verulega í átt til þess að lækka almennt tekjuskatta eða skatta af lágtekjufólki, að vera að lækka hátekjuskattinn. Við minntum á það í nál. að sú breyting sem gera átti á hátekjuskattinum mundi leiða til þess að þeir sem væru með 2 millj. kr. í tekjur fengju 6.600 kr. skattalækkun en meðallækkun á skatthlutfalli væri um 0,3% á sama tíma, og þeir sem væru með 8 millj. kr. í tekjur fengju skattalækkun sem næmi 104 þús. kr., þ.e. meðallækkun á skatthlutfalli um 1,2%. Þannig var skattalækkunin vegna þessara breytinga á hátekjuskatti langmest til þeirra sem mest höfðu fyrir og minna til þeirra sem voru á mörkunum varðandi hátekjuskattinn.

ASÍ gerði líka miklar athugasemdir við hátekjuskattinn fyrir ári síðan og sagði að mörkin í frítekjumarki hátekjuskattsins væru langt frá því sem hægt væri að tala um varðandi meðaltekjur einstaklinga, og nefnd voru dæmi þar um.

Samkvæmt því sem ég skoða núna reiknast hátekjuskatturinn við 322 þús. kr. tekjur og tvöfalt meira hjá hjónum. Þeir sem greiða hátekjuskatt greiða nú 45,76% en skattbyrði þeirra lækkar niður í 43,76%. Þetta viðmið, 322 þús. kr., er verulega hærra en meðaltekjur, en meðaltekjur á öðrum ársfjórðungi 2002 samkvæmt útreikningum kjararannsóknarnefndar eru tæpar 244 þús. kr. Útreikningar kjararannsóknarnefndar ná gróflega til $^2/_3$ hluta á vinnumarkaðnum. Þegar verið er að segja að hátekjuskatturinn sé bara skattur á meðaltekjur er þó viðmiðið, sérstaklega þegar við erum að tala *um hjón, miklu hærra*, þ.e. um 640 þús. kr. Meðaltekjurnar eru sem sagt 244 þús. meðan hátekjuskatturinn reiknast af 322 þús.

Það er vissulega, herra forseti, hægt að gagnrýna hátekjuskattinn. Hann kemur illa við fólk sem leggur á sig mikla yfirvinnu til að láta enda ná saman meðan það kemur sér upp húsnæði og fjölskyldu. Engu að síður er það hart að lagðir skuli vera skattar á fólkið sem er tekjulægst í þjóðfélaginu, það sem er með tekjur undir 90 þús. kr. í mánaðarlaun. Sú álagning gaf t.d. ríkissjóði á sl. ári um 1 milljarð í tekjur á sama tíma og hægt er að lækka skatta á fólki sem hefur tekjur vel yfir meðaltekjum, t.d. hjónum sem hafa samtals nálægt 650 þús. kr. í tekjur á mánuði, eins og ég nefndi. Núna er verið að lækka skatta á þessu fólki.

Það er ástæða til að halda til haga því sem fram kom í umræðunni um daginn, að skattstefna ríkisstjórnarinnar hefur leitt til þess að skattbyrði verkamannsins hefur aukist frá árinu 1995 um 109 þús. á ári á meðan skattbyrði meðaltekjumannsins hefur aukist um 77 þús. kr. á ári. Skattbyrði þess sem er með 350 þús. kr. hefur aukist um 29 þús. kr. á sama tíma og skattbyrði á verkamanninn hefur aukist um 109 þús. kr. Þetta er auðvitað fráleit skattstefna hjá þessari ríkisstjórn, og það hlýtur að verða eitt fyrsta verkefni nýrrar ríkisstjórnar sem tekur við völdum að loknum næstu kosningum að breyta henni.

Ég hef því allan fyrirvara á þessu ákvæði frv. og hlýt að ganga eftir því þegar við ræðum lækkun á hátekjuskattinum, herra forseti, að hæstv. ráðherra svari nú því sem ég spurði hann um í utandagskrárumræðu um daginn. Hæstv. ráðherra sá ekki ástæðu til að svara fyrirspurnum sem var beint til hans þá. Ég ætla að leyfa mér að gera tilraun við þessa umræðu og spyrja hæstv. ráðherra: Hver eru viðbrögð hans við því sem fram hefur komið um skattbyrði á verkafólk og lífeyrisþega, að hún hafi þyngst mun meira en hinna efnameiri? Hæstv. ráðherra vill rekja það alfarið til þess að launin hafa hækkað í landinu en við höfum farið í gegnum það og hafnað þeirri leið. Vissulega hafa launin hækkað en skattbyrðin hefur hækkað langt umfram það sem launabreytingar gefa tilefni til. Ég tefldi fram gildum tölum við utandagskrárumræðuna fyrir stuttu.

Ég spurði ráðherra líka — og ég ítreka þá spurningu þótt hæstv. ráðherra fari þá tvívegis í ræðustól af því að hann svaraði ekki þeirri spurningu þá — hvort hann væri reiðubúinn til þess að beita sér fyrir breytingum sem lækka skatta á lífeyrisþegum og fólki með lágar og meðaltekjur og jafna hér eðlilega skattbyrðina í landinu. Hæstv. ráðherra hlýtur að þurfa að svara því hvenær hann telji tímabært að lækka skattana á þessu fólki.

Herra forseti. Ég vil fara hér í annað meginatriði frv. sem er að heimilt verði að nýta eftirstöðvar rekstrartapa í tíu ár í stað átta eins og verið hefur. Þar er á ferðinni, að mér sýnist, enn ein skattabreytingin sem færir skattbyrðina til með óeðlilegum hætti. Það eru engin rök færð fram sem réttlæta sérstaklega þessa breytingu sem þýtt getur verulegt tekjutap fyrir ríkissjóð. Ég spyr hæstv. ráðherra hvaða áhrif sú breyting sem hann leggur til um framlengingu á þeim tíma sem fyrirtæki geta nýtt sér vegna yfirfæranlegs rekstrartaps geti þýtt fyrir ríkissjóð. Hvaða skattalegu áhrif hefði þetta fyrir ríkissjóð?

Ég hef lagt fram fyrirspurn hér á þingi sem enn hefur ekki verið svarað. Ég vænti þess að henni verði svarað á næstu dögum þannig að hún geti þá komið til umræðu í tengslum við þetta frv. Þar spyr ég í fyrsta lagi hvert sé uppsafnað

yfirfæranlegt rekstrartap fyrirtækja í ársbyrjun 1999, 2000 og 2001; í öðru lagi hvað nýting rekstrartapsins hafi leitt til mikillar lækkunar á skattstofni fyrirtækja á þessum árum og hverjar skattgreiðslurnar hefðu orðið án þessarar lækkunar tekjuskattsstofnsins; í þriðja lagi hef ég spurt hvert hafi verið ónýtt yfirfæranlegt rekstrartap í árslok 2001; og í fjórða lagi hversu mörg fyrirtæki hafi sýnt hagnað á árunum 1999, 2000 og 2001 en verið skattlaus vegna nýtingar á yfirfæranlegu tapi.

Þetta er sambærileg fyrirspurn og ég lagði fyrir hæstv. fjmrh. fyrir nokkrum árum, sennilega 1997 eða 1998, en þá fékk ég tölur um uppsafnað yfirfæranlegt rekstrartap fyrirtækja í ársbyrjun 1996 og 1997. Ég spyr núna um árin eftir það. Þar kom fram að heildarrekstrartap í árslok 1996 var rúmlega 83 milljarðar kr.

Í svari hæstv. ráðherra við fyrirspurn um hvað nýting rekstrartapsins hefði leitt til mikillar lækkunar á skattstofni fyrirtækja tekjuárin 1996 og 1997 og hvert hafi verið tekjutap ríkissjóðs af þeim ástæðum á þessum árum kemur fram, með leyfi forseta, að nýting yfirfæranlegs taps þessara lögaðila tekjuárin 1997 til lækkunar á skattstofni hafi samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra verið 8 milljarðar kr., hvorki meira né minna, herra forseti. Skatthlutfall hlutafélaga þetta ár var 33% og skatthlutfall í sameignarfélagi 41%.

Það var líka athyglisvert að í því svari — og við hljótum einnig að fá svar á næstu dögum varðandi síðustu ár — kom fram að samkvæmt upplýsingum úr rekstrarframtölum lögaðila árið 1998 sem skilað var í tölvutæku formi voru 1.280 lögaðilar skattlausir vegna nýtingar á rekstrartapi. Hagnaður þessara 1.280 aðila sem voru skattlausir út af nýtingu á þessu rekstrartapi, var hvorki meira né minna án yfirfæranlegs taps samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra, 6,3 milljarðar kr.

Við erum því að tala hér um verulegar fjárhæðir. Og nú er verið að lengja þann tíma úr átta árum í tíu ár sem fyrirtæki geta nýtt sér þessi skattahlunnindi, þessa skattaívilnun, og þetta hlýtur að hafa veruleg áhrif á skattgreiðslur fyrirtækja til ríkissjóðs.

Herra forseti. Ég býst við því að við munum sjá verulega aukningu á yfirfæranlegu rekstrartapi vegna gengistaps á lánum í erlendri mynt og gengislækkunar og að skattalegu áhrifin geti því orðið mjög mikil, t.d. vegna síðasta árs og þessa árs, og að þetta ákvæði muni létta sköttum af fyrirtækjum upp á einhverja milljarða kr.

Það er auðvitað nauðsynlegt að skoða þetta í samhengi við afnám verðbólgureikningsskila sem samþykkt voru á liðnu ári, en þar hefði verið rétt að afnema heimild til þess að færa í yfirfæranleg rekstrartöp gengistöp m.a. vegna lána í erlendri mynt.

Hæstv. ráðherra verður að svara því hvert áætlað tap ríkissjóðs verður með þessari rýmkun á möguleikum til að nýta eftirstöðvar rekstrartaps á lengri tíma en lög gera nú ráð fyrir.

Af því við höfum engin efni á því, samkvæmt því sem þessi ríkisstjórn telur, að lækka skatta á venjulegu launafólki og fólki með lágar tekjur og meðaltekjur, að ég tali nú ekki um lægst launaða fólkið í landinu sem borgar 1 milljarð í skatta til hins opinbera á ári, þá spyr ég eðlilega, herra forseti: Þolir ríkissjóður það tekjutap sem verður af því að lengja þennan tíma?

Ég spyr einnig, herra forseti: Er ekki kominn tími til að snúa af þessari röngu braut sem ríkisstjórnin er á og huga að því að létta skattbyrðinni af því fólki sem skattbyrðin hefur mest aukist á á undanförnum árum, eins og lágtekjufólki?

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra vegna þessara breytinga á yfirfæranlegu rekstrartapi: Hvernig verða lagaskilin varðandi þetta ákvæði ef frv. verður að lögum? Þarf ekki að kveða á um það í gildistökuákvæðinu hvort hugmyndin sé þegar tvö ár bætast nú við, þ.e. hvort þau eigi að ná til þeirra sem eru að ljúka sínum möguleikum til fyrningar á rekstrartapi, eða hafa þegar lokið þeim? Fá þeir þessi tvö ár til viðbótar eða hvernig eru lagaskilin hugsuð varðandi framkvæmdina? Ég hygg að eitthvað verði að huga að því í gildistökuákvæði greinarinnar.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra um ástæðu þess sem fram kemur nú í öðru efnisatriði þessa frv., þ.e. hvaða ástæður séu til þess að taka það vald af ríkisskattstjóra að setja reglur um reiknað endurgjald en færa það til fjmrh.? Ég sé engin sérstök rök fyrir þeirri breytingu og tel að það ákvörðunarvald sé betur komið hjá ríkisskattstjóra sem hefur yfirsýnina og sérþekkinguna á skattasviðinu, en hjá fjmrh. Sama gildir raunar um mat á hlunnindum sem lagt er til að verði hjá fjmrh. en ekki ríkisskattstjóra.

Herra forseti. Þær breytingar eru að mínu viti ekki til bóta að færa ákvarðanir í hendur pólitískra valdhafa í fjmrn. frá þeim sem hafa sérþekkinguna og búa yfir faglegu mati á skattasviðinu.

Vissulega eru fleiri breytingar í þessu frv. sem ég hef því miður ekki haft tíma til að skoða sérstaklega, en mun gera í efh.- og viðskn. sem fær málið til skoðunar. Það eru vissulega ýmis atriði þarna sem ég tel að efh.- og viðskn. þurfi að fara mjög náið í önnur en þau tvö veigamestu atriði í frv. sem ég hef sérstaklega gert að umræðuefni.

Herra forseti. Auðvitað væri líka freistandi að taka upp almenna umræðu hér um skattamálin og ræða ýmislegt sem fram hefur komið að undanförnu varðandi þá þætti, ýmislegt sem fram hefur komið t.d. hjá ASÍ sem sett hefur fram ýmsar athugasemdir vegna frv. til fjárlaga sem hér liggur fyrir, hvaða áhrif það hefur að óbreyttum skattalögum, en þar kemur fram að skattar almenns launafólks og tryggingagjald umfram verðlagsbreytingar hafi hækkað um 7 milljarða kr. 2,3 milljarðar af því er hækkun á tryggingagjaldi og það hefur sömu áhrif á rekstur fyrirtækja og launagreiðslur. Sumir halda því fram að með þessum álögum á tryggingagjald sé verið að takmarka möguleika fyrirtækja til þess að hækka launin í landinu. Því hljóta menn að gera sérstaka athugasemd við og vilja ræða nokkuð áhrifin af þeirri hækkun á tryggingagjaldi sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir og hefur veruleg áhrif á lítil og meðalstór fyrirtæki, sprotafyrirtækin, sem fá þyngstan skellinn af þessu tryggingagjaldi meðan önnur fyrirtæki sem skila hagnaði þurfa ekki að greiða neitt til ríkissjóðs, m.a. vegna þess að ríkisstjórnin gekk mun lengra en hún þurfti í lækkun á sköttum á fyrirtækjum sem aðallega gagnast nú stórfyrirtækjum á fjármálamarkaði og tryggingafélögum og þeim sem skila verulegum hagnaði. Fyrir þetta greiða litlu og meðalstóru fyrirtækin og launafólk almennt í landinu, að ekki sé talað um þá sem þyngstar skattbyrðarnar hafa fengið vegna álagna þessarar ríkisstjórnar. Þeir eru að greiða fyrir þetta með því að frysta skattleysismörkin verulega. Persónuafslátturinn ætti að vera 40.000 kr. í dag en ekki 26.000 kr. og svo væri ef ríkisstjórnin hefði ekki fryst hann með þeim hætti sem hún hefur gert. Meginmálið var að þessu var öllu kippt úr sambandi varðandi skattleysismörkin og persónuafsláttinn og geðþóttaákvörðun ræður því

í hvert skipti við fjárlagagerðina hvar þau lenda. Það hefur gjarnan orðið til þess að þau hafa hækkað mjög lítið eða verið fryst til þess að eiga fyrir þessum skattahlunnindum og skattaívilnunum sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir fyrir þá sem síst þurfa á því að halda.

Herra forseti. Ég hef lagt hér nokkrar spurningar fyrir hæstv. ráðherra sem snerta það sérstaka tekjuskattsmál sem hæstv. ráðherra hefur lagt fyrir, sérstaklega varðandi áhrifin af þeim á tekjur ríkissjóðs og hvort ekki hefði nú verið ástæða til þess einu sinni að setja í forgang skattamál þeirra sem helst þurfa á því að halda, þeirra sem borga skatta af nánast engum launum sem ekki einu sinni nægja til að brauðfæða fjölskylduna hvað þá til að greiða skatta af til ríkissjóðs eða hins opinbera.

Herra forseti. Mér finnst, og það er mín skoðun, að kominn sé tími til þess að ríkisstjórnin fari að huga að því hvort ekki eigi að setja fjármagn í að lækka skatta á þessu fólki, vegna þess að ríkisstjórnin virðist ævinlega hafa peninga þegar kemur að þeim sem meira hafa milli handanna í þjóðfélaginu eða stórfyrirtækja. Þá er alltaf svigrúm til einhverra skattalækkana fyrir þá hópa og það er einmitt það sem við erum að sjá í því frv. sem hér er til umræðu.

[16:40]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er ekki nauðsynlegt að hafa mjög mörg orð um frv. á þessu stigi. Það á eftir að fara til umfjöllunar í efh.- og viðskn. þingsins. Þar verða allar 14 greinar frv. grandskoðaðar. Sumt þarf að athuga frá tæknilegu sjónarhorni, annað pólitísku. Sumar greinar þessa frv. eru í senn tæknilegar og pólitískar.

Reyndar er frv. í þeim anda sem áður hefur komið frá þessari ríkisstjórn og ríkisstjórnum undir forsæti Sjálfstfl. allar götur frá 1991, fyrst í samstarfi við Alþfl. og frá 1995 í samstarfi við Framsfl. Á þessum tíma hafa nánast allar skattkerfisbreytingar sem framkvæmdar hafa verið verið í þeim anda að þær hafa ívilnað hátekjufólki og þeim fyrirtækjum sem eru stöndug. En jafnan er gengið á kjör láglaunafólks.

Rétt er að staðnæmast við tvær lagagreinar í frv.

Í fyrsta lagi er lengdur viðmiðunartíminn sem fyrirtæki hafa til að draga frá tekjum af atvinnurekstri eftirstöðvar rekstrartapa. Þessi tími er lengdur úr átta árum í tíu.

Í öðru lagi er rétt að staðnæmast við 13. gr. frv. Þar er hátekjuskatturinn lækkaður úr 7% í 5% og tekjumörkin eru jafnframt færð upp um 2,75%.

Allar þessar breytingar þarf að skoða í samhengi. Ekki er unnt að rífa þær úr samhengi og skoða þær einar sér. Á sama hátt og það kom að sjálfsögðu fyrirtækjum til góða á fyrri hluta tíunda áratugarins þegar tekjuskattur var lækkaður verulega á fyrirtækjum, aðstöðugjaldið afnumið, þá var það til hagsbóta fyrir þau fyrirtæki sem fengu sköttum létt af sér með þeim hætti. Aðstöðugjaldið gaf í sjóði hins opinbera á milli 5 og 6 þús. millj. kr. Tekjuskattur fyrirtækja var fyrir rúmum tíu árum yfir 50%. Hann er kominn núna niður í 18%. Að sjálfsögðu hagnast fyrirtækin á þessu þegar málin eru skoðuð afmarkað.

En það gagnar ekki vegna þess að með einhverjum hætti þarf að mæta þessu tekjutapi, annaðhvort með niðurskurði hjá hinu opinbera eða með því að leita eftir skattlagningu annars staðar. Og það var gert. Þegar aðstöðugjaldið var skorið niður í ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. þá var það gert með því að skera niður barnabætur. Í einu vetfangi eitt árið voru barnabætur skornar niður um 500 millj. kr. Og á sama tíma var farið að setja alls konar álögur á sjúklinga sem ekki höfðu þekkst áður.

Nýlega var gerð á því könnun á hvern hátt gjöld sem sjúklingar þurfa að bera hafa aukist frá því 1991. Sú könnun leiddi fram að útgjöld á sjúklinga hafa aukist um mörg hundruð prósent. Mest var þetta á þeim árum þegar sköttum var mest létt af fyrirtækjum, þegar aðstöðugjaldið var afnumið í stjórnartíð Sjálfstfl. og Alþfl. Þá voru álögur settar á sjúklinga og þá voru skert kjör þeirra sem búa við erfiðastan kostinn í húsnæðiskerfinu svo dæmi sé tekið. Þetta þurfa menn að sjálfsögðu allt að skoða í samhengi.

Það er því alveg rétt sem fram kemur hjá hæstv. fjmrh. að hækkun viðmiðunarmarka hátekjuskatts um 2,75% er í samræmi við aðrar hækkanir í skattkerfinu. En þá þurfum við einnig að skoða hinn endann, ekki einvörðungu þá sem búa við best kjörin heldur einnig hina sem lakast standa að vígi.

Atvinnulaus maður fær í atvinnuleysisbætur 73.765 kr. á mánuði. Hann fær með hverju barni 2.947 kr. á mánuði. Þetta eru 76.712 alls. Af þessu greiðir viðkomandi í skatt 2.380 kr. Öryrki sem hefur engar tekjur aðrar en þær sem hann fær frá Tryggingastofnun og fær allar þær greiðslur sem hugsanlegt er að fá, fær 87.015 kr. í sinn hlut. Af þeirri upphæð greiðir hann 6.192 kr. í skatt.

Ég vil taka undir það sem fram kom hjá hjá hæstv. fjmrh. og hefur margoft gert að undanförnu. Það er í sjálfu sér ekki ámælisvert að fólk greiði skatta, nema síður sé. Spurningin hlýtur hins vegar að snúast um hvað fólk hefur til ráðstöfunar á eftir. Það sem mér finnst vera ámælisvert í þessu efni er ekki það eitt að teknir séu skattar af þessum lágu tekjum heldur fyrst og fremst hitt hve lágar þessar tekjur eru, tekjur sem á engan hátt duga til framfærslu. Þegar við setjum kjör atvinnulauss fólks og öryrkja sem einvörðungu hafa tekjur sínar úr almannatryggingum í annað samhengi, í kjaraþróun annarra samfélagshópa, kemur í ljós að þeirra hlutur er miklu rýrari en annarra.

Þetta gerðist vegna þess að bætur í almannatryggingakerfinu voru á sínum tíma slitnar úr samhengi við almenna launataxta. Þær tóku áður mið af tilteknum kauptöxtum á vinnumarkaði. Þær voru rifnar úr þessum tengslum og nokkur tími leið þar til ný viðmiðunarregla var sett inn í lögin og gekk út á að bætur almannatrygginga skyldu fylgja öðru tveggja almennri launaþróun eða neysluvísitölu og taka mið af þeirri sem væri hærri.

Þetta er í sjálfsögðu ekki slæm regla. Hún ver þessa hópa fyrir tekjuhrapi þegar kaupmáttarrýrnun verður á markaði, þegar launaþróun er lægri en nemur verðbólgunni er komin ákveðin vörn fyrir þessa hópa. En hið níðingslega sem gert var á sínum tíma var að slíta almannatryggingar úr tengslum við kauptaxtann einmitt þegar séð var að lægstu kauptaxtarnir, sem almannatryggingarnar voru bundnar við, yrðu hækkaðir langt umfram almenna launaþróun. Það er á þennan hátt sem komið var aftan að öryrkjum og öldruðum sem fyrst og fremst þurfa að reiða sig á almannatryggingar um tekjur sínar.

Herra forseti. Það er í þessu samhengi sem við þurfum að skoða alla þessa þróun. Það er rangt að taka út einstaka þætti og skoða þá eina sér. Við þurfum að líta á breytingar sem gerðar eru á skattkerfinu heildstætt. Það munum við að sjálfsögðu gera þegar þetta frv. kemur til frekari umfjöllunar, fyrst í efh.- og viðskn. þingsins og síðan hér í þingsölum.

[16:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta frv. lætur að sönnu ekki mikið yfir sér. Það er alveg rétt. Inn á þingið hafa komið stærri skattapakkar en þetta er þó angi af skattstefnu ríkisstjórnarinnar sem gefur fullkomlega tilefni til að ræða þær áherslur, þá forgangsröð, sem hæstv. ríkisstjórn ástundar í skattamálum og hefur lengi gert. Staðreyndin er auðvitað sú að smátt og smátt hefur Sjálfstfl. með meðreiðarsveinum sínum verið að gera grundvallarbreytingar á skattkerfinu í landinu.

Sumar þeirra voru vissulega þarfar og tímabærar. Það var alveg ljóst að ýmislegt í skattkerfi okkar, eins og það var á 8. og 9. og 10. áratugnum, þarfnaðist orðið breytinga, t.d. varðandi skattlagningu lögaðila. Ég hygg að flestir hafi verið sammála um að aðstöðugjaldið gamla og annað í þeim dúr hefði þarfnast breytinga. En það sem hér hefur verið gert er náttúrlega langt umfram einhverjar tæknilegar lagfæringar á skattkerfinu. Það hafa verið gerðar grundvallarbreytingar á pólitíkinni sem skattkerfið í landinu byggði á. Skattbyrðin hefur í stórum stíl verið færð af atvinnurekstri, eignafólki og hátekjufólki yfir á almennar launatekjur. Þetta blasir við hverjum manni. Síðan hefur annað gerst sem þarf líka að skoða, þ.e. að innbyrðis dreifing skattbyrðanna hefur líka breyst.

Það sem þetta frv. tekur til vill hæstv. fjmrh. helst ekki ræða. Hann verður hvumpinn ef menn biðja um grundvallarumræðu um dreifingu byrðanna. Hæstv. ráðherra vill halda sig við tal um heildarsummur og það að skattkerfi sem byggir á hlutfallsálagningu taki inn meiri tekjur þegar veltan vex í þjóðfélaginu og annað í þeim dúr. Það eru augljós sannindi sem ekki þarf að margtyggja ofan í menn en við skulum líka ræða sjálfar byrðarnar og hvernig þeim er dreift.

Hér er á ferðinni frv. sem annars vegar lýtur að tæknilegum atriðum varðandi skattlagningu fyrirtækja eða lögaðila, kerfisbreytingum í sjálfu skattkerfinu, þ.e. þessu með skattumdæmin og hlutverk skattstjóra, og svo er hér loks sakleysislegt ákvæði í 3. gr. þar sem verið er að undirbúa að leggja niður sérstakt álag á hæstu tekjur í landinu. Það hefur lengi verið draumur Sjálfstfl. að koma fyrir kattarnef þessum litla vísi að þrepaskiptum tekjuskatti, umfram þetta eina þrep og persónufrádráttinn sem hefur falist í álagi á tekjur fyrir ofan tiltekin viðmiðunarmörk. Þar fann hæstv. ríkisstjórn einmitt hópinn sem sérstaklega þurfti að líkna nú um þessi áramót, sem á sérstaklega bágt, einstaklinga með yfir 340 þús. kr. á mánuði og hjón með samsvarandi yfir 680 þús. kr.

Í fyrsta lagi vil ég segja, herra forseti, um þá breytingu að færa tapsfrádráttarheimildirnar úr átta árum upp í tíu, að það fer að verða býsna ríflega skammtað finnst mér í heilan áratug. Það endurspeglar kannski í hnotskurn, herra forseti, þann grundvallarmun sem er á skattlagningu fyrirtækja annars vegar og einstaklinga hins vegar. Menn eru iðulega að bera saman skattprósenturnar, og segja: Ja, fyrirtækin eiga núna að borga 18% og einstaklingarnir 38%. Sumum finnst þessi munur mikill. En gleyma menn þá ekki líka hinu að skattlagningin á fyrirtækin er nettóskattlagning? Hún er á hagnaðinn sem eftir er þegar búið er að reka fyrirtækið, búið er að fjárfesta og nýta allar frádráttarheimildir til fulls. Sá hagnaður sem þá stendur eftir er skattlagður með þessum ægilega hætti. Síðan mega menn geyma sér tap til frádráttar tekjuskatti allt að tíu árum. Þarna er náttúrlega verið að auka enn svigrúmið í þessa átt. Þetta þarf að skoðast í samhengi við að ýmsar aðrar skattalegar aðgerðir undanfarin ár hafa auðvitað búið til lágskattaparadís á fyrirtæki hér á landi. Það er alveg borðleggjandi.

Nú geta menn sagt sem svo að okkur sé ekki annar kostur en að tryggja íslensku atvinnulífi, íslenskum fyrirtækjum, samkeppnisfær starfsskilyrði að þessu leyti og jafnvel ívið betri til að koma til móts við og bæta upp það sem fólgið er í óhagræði á litlum markaði og kannski öðrum aðstæðum sem eru atvinnulífinu mótdrægar. Það getur hins vegar varla verið markmið í sjálfu sér að gera betur en það. Og er það endilega æskilegt? Er það endilega skynsamlegt, jafnvel þó við værum ekki að horfa á þetta frá skattalegum sjónarhóli eða sjónarhóli tekjuöflunar í ríkissjóð og þess, sem ég hygg að flestum finnist sanngjarnt, að gróðafyrirtæki sem hafa fullnýtt alla frádráttarliði, byggt sig upp, fjárfest og notað allt gamalt tap frá liðnum áratugum til frádráttar leggi eitthvað af mörkum í sameiginlega sjóði og þau standi fyrir sitt leyti undir samneyslunni? Eiga þau ekki talsvert undir því að hér sé rekið þannig samfélag að fólk vilji búa hér og mönnum líði hér vel? Menn búi hér við öryggi o.s.frv.? Jú, auðvitað. Það má færa fyrir því efnahagsleg rök, fyrir utan sanngirnisrökin, að það sé einmitt mjög skynsamlegt að atvinnulífið leggi með þessum hætti beint til samneyslunnar og fjármögnunar velferðarkerfisins.

Ríkisstjórnin er sem sagt á þessum nótum og hefur reyndar lengi verið. Ég hygg að það sé orðið sérstakt rannsóknarefni hversu langt menn hafa gengið í þessum efnum og hvort það sé ekki komið út fyrir þau mörk sem skynsamlegt er og jafnvel fyrir löngu síðan. Ég tala nú ekki um þær stórgjafir sem mönnum hafa verið færðar í sambandi við hlutabréfahagnað og annað í þeim dúr, þar sem allt samræmi er slitið milli skattlagningar launatekna annars vegar og tekna sem menn hafa af fjármagni eða hlutabréfagróða eða öðru slíku.

Í öðru lagi er í 8. gr., herra forseti, ákvæði sem mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra aðeins út í, þ.e. þetta með skattumdæmin, að fjmrh. geti ákveðið að sami skattstjóri fari með skatteftirlit í fleiri en einu skattumdæmi. Miðað við útlistanir ráðherra hljómar þetta ágætlega, þýði það að menn séu að hverfa frá miðstýringarárátttunni sem var landlæg í kerfinu þar sem sífellt var verið að reyna að reita verkefni af skattumdæmunum úti á landi og færa undir ríkisskattstjóra. Það hefur verið einkennileg árátta að þenja út þessi embætti ríkislögreglustjóra, ríkisskattstjóra og önnur.

Einhvern tímann kom hér sakleysislegt frv. sem fól í sér að meira og minna öll umsýsla óbeinna skatta ætti að flytjast í eitt embætti í Reykjavík. Það átti t.d. að hætta að leggja á og innheimta vörugjöld á landsbyggðinni og fleira í þeim dúr. Þetta var stoppað og þessu snúið við. Hér segir hæstv. fjmrh. að mögulega verði hægt að snúa þróuninni við og færa verkefni út á land, þ.e. skatteftirlitið, sem áður var fært undir ríkisskattstjóra með breytingum árið 1996. Mig langar til að inna hæstv. fjmrh. aðeins eftir því hvort einhverjar útfærðar hugmyndir liggi að baki því hvernig þetta verði þá gert. Verður þá valið úr eitt embætti, einn skattstjóri á landsbyggðinni sem tekur að sér skatteftirlit á landsbyggðinni? Eða væri mögulegt að færa þessa starfsemi í heild sinni, þar með talið líka skatteftirlitið hér, til skattumdæmis sem yrði eflt?

Ég vil líka spyrja hvort þetta sé að teikna til að kannski eigi að velja eitt skattstjóraembætti í hverju hinna nýju kjördæma og þetta sé undirbúningur fyrir það að í reynd verði skattumdæmin í gömlu kjördæmunum lögð niður, þ.e. á þeim landsvæðum sem áður voru sjálfstæð kjördæmi. Þetta er eitt

af því sem menn spyrja sig að og eiga fullan rétt á svörum við: Hvað verður um ýmsa þá starfsemi sem var meira og minna bundin hinum gömlu kjördæmum, svo sem sjálfstæð skattumdæmi? Þau voru reyndar ívið fleiri en kjördæmin þar sem t.d. Vestmannaeyjar, ef ég man rétt, voru sjálfstætt skattumdæmi og þar með talin a.m.k. tvö á Suðurlandi. En ég hygg að fróðlegt væri að heyra hvort þarna eru einhverjar útfærðar hugmyndir að baki eða hvort þarna er eingöngu verið að afla heimilda sem síðan á eftir að útfæra.

Í þriðja og síðasta lagi, herra forseti, er auðvitað ekki hægt að sleppa því að minnast aðeins á þessa jólagjöf til *hátekjumanna, sem ríkisstjórnin í hlutverki miskunnsama* samherjans ætlar að gefa, að létta aðeins sköttum af þeim einstaklingum sem þó eru það vel settir að þeir hafa yfir 340 þús. kr. á mánuði. Ef ég reikna rétt þá þýða þessi nýju viðmiðunarmörk, 4.089.450 kr., tekjur af þessari stærðargráðu, 340 þús. og tæplega 800 kr., hafi ég deilt rétt.

Það er athyglisvert, herra forseti, og má vera mönnum nokkurt umhugsunarefni að þingfararkaupið, hið margfræða þingfararkaup sem menn hafa nú oft verið taldir gífurlega öfundsverðir af að njóta, er eiginlega alveg sama upphæðin. Það mun vera 344.597 kr. Þingmenn slefa þannig upp í þennan skatt. Þeir mundu sem sagt, miðað við þetta og ef þessar tölur eru réttar, borga þetta álag sem nú á að lækka úr 7% niður í 5% af 3.810 kr. á mánuði. Það er hátekjuskatturinn sem þingmenn komast í. Það mundi gera eins og 190 kr. á mánuði. Það er þarna sem ríkisstjórnin sér ástæðu til að leggja líkn með þraut og lækka skattana. Ef tveir þingmenn væru hjón þá væru þetta hvorki meira né minna en 380 kr. sem þeir mundu borga í hátekjuskatt á mánuði hverjum.

Þetta lítilræði sem ég verð var við að menn misskilja unnvörpum, a.m.k. þeir sem ekki borga skattinn og hafa ekki áttað sig á hvernig þetta er, er eingöngu greitt af tekjunum ofan við þessi mörk. En sjálfstæðismönnum hefur tekist að sannfæra hálfa þjóðina um að þetta sé alveg sérstakt svínarí, að menn skuli borga þetta litla álag á tekjur þarna fyrir ofan. Við höfum borgað nákvæmlega sömu skatta og láglaunafólk frá skattleysismörkunum, þessum ósköpum sem þau eru, og upp í þessar upphæðir.

Er það ósanngjarnt að þegar menn eru komnir svona vel upp í launastigann, komnir upp fyrir hið fræga þingfararkaup — það væri kannski ágætt að miða bara við það upp á krónur og aura, láta ekki skeika þessum 3.800-kalli sem þarna munar — sé þetta álag innheimt?

Auðvitað er það ekki, herra forseti. Og það er alveg með ólíkindum að menn skuli standa staffírugir og bera þetta á borð fyrir menn á sama tíma og ekki er hróflað við skattleysismörkunum. Á sama tíma og sú staðreynd blasir við að vegna þess hvernig skattleysismörkin hafa rýrnað, borið saman við launa- og verðlagsþróun í landinu undanfarin ár, greiðir fólk í stórum stíl skatta af bótum almannatrygginga, fólk sem engar aðrar tekjur hefur.

Hvernig eigum við að nálgast þetta mál? Jú, við eigum að nálgast það með því að spyrja: Eru þeir menn sem hafa 90 þús. kr. í heildartekjur á mánuði aflögufærir um nokkur þúsund krónur í skatta? Það er spurningin sem á að svara en ekki fara út í þvælur um heildartekjur, veltu í þjóðfélaginu og annað því um líkt. Og ef við komumst að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki, sem allir heilvita menn sjá auðvitað að er hneykslí borið saman við framfærslukostnaðinn á Íslandi, eigum við að grípa til ráðstafana sem færa skattbyrðina og tekjuöflun ríkissjóðs þannig til að þessum hópum sé hlíft við skattlagningu. Munurinn á íslenska tekjuskattskerfinu og hinum sem eru mjög víða í kringum okkur er ekki bara fólginn í þessu, hann er fólginn í því að álagningin kemur þá til sögunnar strax af fullum þunga. Það er ekkert vægara skattþrep með lægri prósentu sem tekur til lægstu tekna.

Það væri umberanlegra að skattleysismörkin væru lág, ef það væri þrep með tiltölulega mjög vægri álagningu sem legðist á lægstu og upp undir meðaltekjur eins og víða er. Þannig dreifingu geta menn náð fram með t.d. þriggja þrepa skatti og það hlýtur að vera ástæða fyrir því að hann er mjög víða notaður. Ástæðan er einfaldlega sú að þannig næst meiri tekjujöfnun á tekjuöflunarhliðinni þó að hún fari vissulega jafnframt fram að miklu leyti í gegnum útgreiðslurnar. Það er auðvitað þannig að eitt stykki skattkerfi og velferðarkerfi þarf að skoðast frá báðum hliðum, tekjujöfnunin sem í því er fólgin verður að koma báðum megin frá í gegnum sanngjarna tekjuöflun og svo auðvitað líka í gegnum þá þjónustu sem menn fá. Þannig væri mönnum tryggð jafnari aðstaða í lífinu en ella.

Það er a.m.k. það velferðarsamfélag sem við viljum byggja, herra forseti. Við ætlum að koma á velferðarstjórn í landinu til að snúa við blaðinu, m.a. frá þeirri skattstefnu sem núverandi ríkisstjórn hefur fylgt, meira og minna af grimmd og hörku, skattstefnu sem hefur alveg tvímælalaust dregið úr tekjujöfnunargildi samneyslunnar eða velferðarkerfisins þegar báðar hliðar þess og heildardæmið er skoðað. Það hefur gerst í gegnum þessa útflatningu á skattkerfinu. Það hefur gerst í gegnum stórauknar álögur á almenning áður en menn fara að njóta þjónustu velferðarkerfisins án greiðslna, þ.e. með komugjöldum, kostnaði af samskiptum við heilbrigðiskerfið, skóla og fleiri slíkar stofnanir.

Það hefur auðvitað líka gerst með ýmsum öðrum breytingum sem þessi ríkisstjórn hefur staðið fyrir, sem og ríkisstjórnir undanfarinna ára, þar á meðal og ekki síst með áframhaldandi hörkulegri tekjutengingu allra skapaðra hluta, alveg fram á miðjan síðasta áratug. Ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþýðuflokks fullkomnaði langleiðina það verk að auka tekjutengingu ýmissa greiðslna. Hin illræmdu jaðaráhrif í skattkerfinu fóru fyrir vikið um tíma upp úr öllu valdi og sjálfstæðismenn og framsóknarmenn enduðu t.d. hvað barnafjölskyldurnar snerti með því að tekjutengja barnabætur að fullu. Ísland er sennilega eina landið í heiminum sem nokkurn tíma hefur látið sér detta slíkt í hug. Nú hefur að vísu verið bakkað örlítið með það en það gengur þó mjög hægt. Gaman verður að inna eftir því hvar kosningaloforð þeirra framsóknarmanna standa hvað það snertir.

Að síðustu langar mig til að leggja eina spurningu fyrir hæstv. fjmrh. og væri fróðlegt að fá við henni svör. Ég hef ekki neinn annan til að beina henni til af því að framsóknarmenn sjást ekki í þingsalnum frekar en glóandi gull. Hún er þessi: Er það stjórnarstefna að árið 2004 verði síðasta árið sem þetta álag á hærri tekjur verði greitt í landinu?

Hér er frv. sem framlengir þessa heimild til að leggja þetta álag á til eins árs. Prósentan er lækkuð um 2% og mig rekur minni til þess að hafa heyrt hæstv. fjmrh. hafa uppi einhver þau orð að af því mætti ráða að það væri orðin endanleg niðurstaða að þetta yrði í síðasta sinn sem svona frv. yrði flutt, og þessi litli vísir að sérstakri tekjujöfnun í skattkerfinu hvað hæstu tekjurnar snertir yrði felldur út.

Eru stjórnarflokkarnir sammála um það og er búið að ákveða að slá hátekjuskattinn endanlega af eftir árið 2004,

þ.e. að hann verði í síðasta skipti lagður á vegna tekna ársins 2003 eins og þetta frv. felur í sér?

[17:08]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Nokkrum spurningum hefur verið beint til mín í framhaldi af framsögu minni fyrir þessu tiltölulega litla frv. um skattamál, litla a.m.k. miðað við ýmislegt sem flutt hefur verið hér á liðnum árum í tengslum við breytingar á skattalögunum alveg eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gat um réttilega. En auðvitað er, herra forseti, hægt að tala endalaust um skattamálin út frá ýmsum sjónarhólum.

Ég heyri að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Jóhanna Sigurðardóttir tala í raun og veru fyrir gjörbreyttu kerfi að því er varðar tekjuskatt einstaklinga. Og það sagði hv. þm. reyndar áðan. Hann vill hafa mismunandi prósentur innan kerfisins, nefndi einar þrjár slíkar. Hann vill gjörbreyta þessu kerfi og ég býst við að það sé það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er alltaf að tala utan af. Þau eru svo óánægð með núverandi kerfi. Það er eins og það er að því leyti til að það er óhjákvæmileg stærðfræðileg staðreynd að þegar menn fara úr lágum tekjum og upp eftir skalanum í hærri tekjur hækkar hin svokallaða skattbyrði. Hún hækkar þar af leiðandi mest þegar menn fara yfir skattfrelsismörkin og byrja að borga skatt því þá fer hún úr núlli upp í einhverja aðra tölu. Það er auðvitað hrein svívirða að fara úr núlli upp í einhverja aðra tölu, er það ekki, hv. þingmenn?

Mér finnst þetta vera hundalógík og ég tel að það sé aðalatriðið sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði í utandagskrárumræðu um daginn: „Aðalatriðið er það sem situr eftir." Þess vegna er mikilvægast að auka tekjurnar, koma sem flestum sem hæst í tekjuskalanum, gera fólki kleift að afla sér tekna og hækka kaupmáttinn. Þá skiptir hitt ekki öllu máli, þ.e. hvort skattbyrðin hefur aukist við þetta. Þeir sem afla teknanna hafa það betra fyrir vikið. Þeir hafa meira í vasanum.

En þau tvö, þessir hv. þm. sem hér hafa talað um þetta mál virðast hafa verið lítt hrifin af skattkerfinu sem hér var komið á 1988 með lagabreytingum sem samþykktar voru 1987. Þau hafa mikið talað um hvað núverandi ríkisstjórn hafi komið hneykslanlega fram að því er varðar þetta kerfi. Þau gleyma því að aldrei í sögu þessa kerfis hefur svokallað frítekjumark rýrnað jafnmikið og þau þrjú ár sem þessir ágætu fyrrverandi ráðherrar sátu í ríkisstjórn, á árunum 1988–1990. Aldrei. Og þessi skattfrelsismörk hafa verið meira og minna lítið breytt að raungildi frá 1994–1995 vegna þess að það gerðist líka í samsteypustjórninni með Alþýðuflokknum að skattfrelsismörkin rýrnuðu í upphafi síðasta áratugar. Þetta er nú bara svona.

Ég hef auðvitað margoft farið yfir það að það er mjög ómarkviss aðgerð að ætla að koma til móts við almenning og skattgreiðendur með því að hækka hin svokölluðu skattfrelsismörk. Og ég bendi þingmönnum á að lesa svar mitt við fyrirspurn hv. þm. Jóhanns Ársælssonar um þetta efni á þskj. 348 þar sem fram kemur hvaða áhrif það mundi hafa að hækka persónuafsláttinn um tilteknar fjárhæðir. Þá breytast skattfrelsismörkin um tilteknar fjárhæðir, og þá sér maður hvað hver og einn fengi meira í vasann við slíka breytingu og jafnframt hvað það kostaði ríkissjóð mikla peninga. Þetta eru ágætar upplýsingar sem fyrirspurn hv. þm. Jóhanns Ársælssonar hefur kallað hér fram.

Ég vil þá, herra forseti, víkja að nokkrum öðrum atriðum sem fram hafa komið. Þingmenn hafa sagt að eitt af stóru málunum í þessu frv. sé sú tillaga sem hér er gerð um að lengja þann tíma sem fyrirtæki geta nýtt sér uppsafnað rekstrartap úr átta árum í tíu. Og vissulega er þetta ein af hinum mikilvægari breytingum í frv., það er rétt. Hvaða áhrif hefur hún á ríkissjóð? Það er auðvitað ekki hægt að fullyrða um það vegna þess að breyting sem þessi hefur ekki áhrif fyrr en hugsanlega eftir átta eða tíu ár. Við getum ekki sagt það fyrir víst en við teljum að þetta sé eðlileg aðgerð í kjölfarið á því að hér er búið að afnema verðbólgureikningsskil enda eru tíu ár í meira samræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndum þar sem ekki hafa verið verðbólgureikningsskil. Menn verða að segja sem svo: Annaðhvort á ekki að leyfa yfirfæranlegt rekstrartap — fyrirtækin verða bara að sitja uppi með það og borga svo skatt ef þau hafa hagnað — eða að menn verða að reyna að átta sig á því hver hinn skynsamlegi fjöldi ára er sem kemur til greina í þessu tilfelli.

Auðvitað er það svo, m.a. vegna breytinga sem við höfum áður gert á skattkerfinu, að meiri líkur eru á því að fyrirtækin verði öflug og skili hagnaði á komandi árum heldur en áður var. Líkurnar á því að þetta skipti verulegu máli fyrir ríkissjóð minnka. En það getur átt við um tiltekin fyrirtæki við tilteknar aðstæður að það sé réttlætanlegt að þau geti nýtt sér þetta yfirfæranlega rekstrartap með þessum hætti. Markmið okkar er auðvitað það að auka hagnað fyrirtækjanna þannig að þau geti greitt hærri laun og staðið skil á eðlilegum skattgreiðslum.

Varðandi lagaskilin og gildistökuákvæði laganna að því er þetta atriði varðar er það auðvitað tæknilegt atriði sem þarf að fara yfir ef það er vandamál og ganga úr skugga um að það geti gengið eðlilega fyrir sig. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki leitt mjög hugann að því atriði.

Að því er varðar spurninguna um hvort flytja eigi mat á hlunnindum og reglur um svokallað reiknað endurgjald frá ríkisskattstjóra til fjmrn. varð það niðurstaða okkar á þessu ári að eðlilegt væri að gera þá breytingu að pólitískur aðili bæri ábyrgðina á þessari breytingu. Ég hygg að margir muni að í upphafi ársins vöknuðu ýmsir upp við vondan draum þegar nýtt hlunnindamat á vef ríkisskattstjóraembættisins hafði í raun í för með sér að skattbyrði eða skattlagning af ýmsu tagi sem því tilheyrði hækkaði. Ég tel eðlilegt að ef það yrði gert, sem kann vel að vera réttlætanlegt í einhverjum tilvikum — auðvitað þarf að endurskoða slíkar reglur árlega — geti t.d. hv. þm. í stjórnarandstöðunni geti beint spjótum sínum að pólitískt ábyrgum aðila í þinginu þyki slíkar ákvarðanir gagnrýni verðar. Þess vegna er þetta eðlileg breyting. Á að láta fólk greiða hlunnindaskatt af tiltekinni aðstöðu sem ekki hefur áður verið greiddur skattur af, t.d. af persónulegum tölvum? Ef það er gert tel ég að það eigi að vera pólitísk ákvörðun og hana eigi þá að taka annaðhvort á Alþingi eða í tengslum við mat af þessu tagi og á ábyrgð ráðherrans. Að sjálfsögðu er lagt til að áfram verði þessar reglur settar að fengnum tillögum ríkisskattstjóraembættisins og þeirra sérfræðinga sem þar eru. Ég tel að þetta sé betri stjórnsýsla eins og hér er lagt til. Um það snýst þetta atriði.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spurði um 8. gr. frv. og þá heimild sem þar er gert ráð fyrir, að flytja skatteftirlit frá embætti ríkisskattstjóra á nýjan leik að einhverju leyti til skattstofanna úti á landi. Ég hygg að hann hafi a.m.k. að einhverju leyti gert sér grein fyrir því hvað þar væri verið að fjalla um. Ég tel reyndar ekki að það hafi verið mikil miðstýringarárátta í skattkerfinu. Við höfum hér níu skattstofur og engin sérstök áform um að breyta því. Ég kannast ekki við

þau. Hins vegar höfum við haft vinnuhóp í gangi á vegum ráðuneytisins sem hefur verið að velta fyrir sér, með aðild skattstjóranna, hvort breyta ætti verkaskiptingu eða samnýta betur kraftana í þessum embættum. Því miður eru þau í sumum tilfellum lítil og kannski frekar veikburða. Auðvitað kemur ýmislegt til greina í þeim efnum þó ekki sé búið að fullþróa og fullþroska allar hugmyndir um það. Þetta er vissulega eitt af því, að flytja skatteftirlit í einhverjum mæli á nýjan leik til einnar eða fleiri skattstofa á landsbyggðinni. Ég tel nauðsynlegt að heimildar fyrir því verði aflað og síðan verða menn að vinna frekar í málinu eins og gert hefur verið að undanförnu og rakið hefur verið í greinargerð og í máli mínu. Þetta er skýringin á því.

Hv. þm. spurði síðan spurningar í lokin sem ég get ekki svarað, þ.e. hvort gert hafi verið samkomulag um það milli stjórnarflokkanna að sú framlenging á hátekjuskatti sem hér er lögð til verði í síðasta sinn. Það eina sem ég veit um það mál er að ef þessi framlenging nær ekki fram að ganga þá fellur skatturinn niður um næstu áramót vegna þess að hann gildir bara út þetta ár. Hann er að vísu svolítið undarlegur í innheimtu vegna þess að menn greiða hann fyrir fram og hafa verið að greiða fyrir fram á þessu ári af því sem þeir eiga að greiða á næsta ári. Það gæti komið til endurgreiðslu ef hann félli niður um áramótin en það eina sem ákveðið hefur verið af hálfu núverandi ríkisstjórnarflokka er að framlengja hann um eitt ár. Síðan verða menn þá að taka einhverja nýja ákvörðun ellegar að hann renni sjálfkrafa úr gildi.

Hins vegar er það ekkert launungarmál að ég tel að það eigi að koma þessum skatti fyrir kattarnef, hvort sem það verður gert í einu lagi eða í tveimur áföngum. Ég tel að hann hafi mjög óæskileg og óheppileg jarðaráhrif í kerfinu og sendi fólki sem vill leggja hart að sér, afla sér tekna, algerlega röng skilaboð. Það er það sem ég tel um þetta mál. — Þar með tel ég mig hafa svarað þeim spurningum, herra forseti, sem fram hafa komið.

[17:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin, að svo miklu leyti sem þau voru við mínum spurningum. Það er skaði að hæstv. ráðherra geti ekki upplýst okkur um skattapólitík ríkisstjórnarinnar og þess þá meiri að engir framsóknarmenn eru hér til staðar til að svara um vilja þess flokks, hvort það er eitthvert þegjandi samþykki við því að hátekjuskatturinn falli niður eftir þessa eins árs framlengingu.

Orðaskipti okkar við hæstv. fjmrh., mín og fleiri þingmanna bæði nú og eins í umræðum utan dagskrár um daginn, sýna hvernig hægt er að nálgast sama hlutinn á tvo ólíka vegu. Það jaðrar við að hæstv. ráðherra geri okkur upp þær skoðanir, t.d. mér og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að við séum á móti því að laun lágtekjufólks hækki vegna þess að það geti lent í því að borga skatta. Er það nú mjög merkilegur málflutningur eða uppbyggilegur? Er það trúlegt að við hötumst sérstaklega við það að fólk hækki úr 65 í 90 þús. kr. á mánuði í launum eða bótum? Nei, það er ekki tilfellið.

Það sem okkur finnst tilfinnanlegt er sú staðreynd að skatturinn byrjar á hlutfallslega lægri launum. Gallinn er sá að ef menn t.d. hækka úr tæpum 90 þús. kr. á mánuði, sem geta orðið hæstu bætur öryrkja sem býr einn, og hann borgar nú þegar milli 4 og 5 þús. kr. af í skatta, að ef þessar bætur yrðu hækkaðar úr 90 í 120 þús. kr. mundu menn væntanlega una því betur að borga einhvern skatt af því. En þær eru bara ekki hækkaðar í 120 þús. Þær eru bara tæplega 90. Það er líka athyglisvert, og við þurfum að hafa það í huga, að ef laun einstaklings hækka úr 80 í 100 þús. kr. þá borgar hann hlutfallslega jafnmikið af þeirri viðbót og annar maður, sem hækkar úr 800 þús. kr. í 1 millj. borgar af sinni viðbót. Spurningin er hvort þetta sé eins og það á að vera. Nú vill einmitt hæstv. fjmrh. afnema álagið á hæstu tekjurnar. Það er afar lýsandi fyrir þau viðhorf í skattamálum sem hann og flokkur hans stendur fyrir.

[17:23]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. var nákvæmlega að undirstrika það sem ég sagði. Hann er bara að tala fyrir allt öðru kerfi. Hann vill ekkert lengur þetta kerfi sem hann tók þátt í að gerbreyta á fyrstu árum þess, 1988–1990 þegar skattfrelsismörkin voru lækkuð stórlega. Auðvitað geta menn velt vöngum yfir því hvort kerfið eigi að vera svona eða hinsegin. Stærðfræðin í þessu er mjög einföld. Menn byrja að borga, alveg eins og þingmaðurinn sagði, fullan skatt af viðbótinni, fyrir ofan skattleysismörkin, þó að meðalskatturinn af slíkum aðilum sé framan af mjög lágur. Menn borga 4,5% af 80 þús., 11% af 100 og 20% af 150 þús., ef ég man þetta rétt. Þannig er þetta kerfi okkar. Ég er ekki að segja að það sé kannski endilega fullkomið en menn eiga ekki að láta eins og það komi þeim eitthvað á óvart að þetta kerfi sé svona sem við höfum búið við í 15 ár.

Menn eiga ekki að láta eins og þeir skilji ekki það samspil sem er milli persónuafsláttarins og skatthlutfallsins og láta eins og það komi þeim algerlega á óvart að prósentuhækkunin í svokallaðri skattbyrði sé mikil þegar menn fara yfir mörkin. Þeir eiga ekki að láta þannig. Menn eiga þá bara að tala hreint út um að þeir vilji eitthvað allt annað kerfi en þetta. En vissulega hlýtur það að vera sameiginlegt markmið okkar, mitt, ríkisstjórnarflokkanna og stjórnarandstöðunnar, að hækka það sem fólk hefur úr að spila hvort sem það er á bótum eða launum. Ég held að við eigum að gera það að okkar meginmarkmiði í stað þess að fjasa um þessar prósentur og taka prósentur af prósentum eins og sumir hafa gert í þessari umræðu. Ég held að við bætum okkur ekki með því.

[17:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað mjög freistandi að taka hæstv. fjmrh. á orðinu og segja: Já, hækkum launin, hækkum bæturnar. Það er auðvitað alveg augljóst mál að menn mundu una betur þessum lágu skattleysismörkum ef lægstu laun í landinu væru 150 þús. kr. á mánuði og lægstu bætur frá Tryggingastofnun væru 120–130 þús. Þá væri ekki jafntilfinnanlegt að missa nokkra þúsundkalla af því í skatta eins og það er fyrir þá sem fá 70, 80 og kannski upp undir tæpar 90 þús. kr. á mánuði og eiga að draga fram af því lífið. Það er auðvitað um það sem þessi grundvallarspurning snýst. Hún er ekkert fjas um kerfið eða hvort menn skilja eða skilja ekki hvernig kerfi hlutfallsálagningar með persónufrádrætti virkar. Það gerum við fullkomlega.

Ég held að við séum öll það sjóuð í umræðum um þessi mál að það valdi ekki vandræðum. Það sem við erum áð ræða hér eru skattbyrðar og hvar þær lenda. Það er staðreynd sem ekki verður á móti mælt að þessir hlutir hafa þróast þannig hjá okkur á undanförnum 5–10 árum að nú greiða menn orðið umtalsverða skatta af hæstu bótum sem öryrkjar sem búa einir geta fengið, hæstu bótum sem aldraðir sem

búa einir með heimilisuppbót. Menn greiða jafnvel orðið nokkra skatta af atvinnuleysisbótunum sem eru eins og allir vita forsmánarlega lágar hér á landi. Kannski verður enginn hópur jafnharkalega fyrir áföllum oft og tíðum hvað afkomu snertir eins og fólk með sæmilegar tekjur sem verður allt í einu atvinnulaust og dúndrar niður á þessar lágu bætur og á svo kannski að framfleyta fjölskyldu af þeim.

Sprettur umræðan af því að þessar bætur hafi hækkað svo mikið? Er það vegna þess að umræðan í þjóðfélaginu sé um hversu gríðarlegar kjarabætur hafi skilað sér til aldraðra og öryrkja eða atvinnulausra undanfarin ár? Nei, svo er ekki. Skattleysismörkin hafa ekki fylgt þróun mála í landinu. Þau eru ekki í takt við veruleikann. Þau eru ekki í takt við það sem það kostar að lifa. Þess vegna, þegar menn eygja kannski örlitla von og tekjurnar aukast um einhverja 10 eða 20 þúsundkalla, þá er það þeim mun sárgrætilegra að af þeim er strax tekið þetta mikið, upp undir 40% í skatt. Það er um þetta sem málið snýst, hæstv. fjmrh.

[17:27]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sakna þess að hv. þm. segi okkur bara hvernig hann vill hafa skattkerfið. Ég benti mönnum á að á þskj. 348 kemur skýrt fram hvað gerist ef skattleysismörkin hækka almennt úr rúmum 70 þús. kr. þar sem þau eru í dag fyrir launþega og upp í 81.500 kr. Jú, þá aukast ráðstöfunartekjurnar um rúmar 4 þús. kr. á mánuði en það kostar ríkissjóð á milli 9 og 10 milljarða á ári. Skattfrelsismörkin hækka um 11 þús. á mánuði og ráðstöfunartekjurnar um rúmar 4 þús. á mánuði. Þetta kostar milli 9 og 10 milljarða á ári.

Þetta yrði ekki markverð aðgerð vegna þess að hún skilar sér til allra skattgreiðenda, ekki bara til þeirra sem eru við þessi mörk. Þess vegna er miklu markvissara að ná til slíkra hópa með öðrum aðgerðum. Það er það sem ríkisstjórnin hefur verið að gera, m.a. með sérstökum hækkunum bótaflokka, hækkunum barnabóta og öðru þess háttar sem fram hefur komið, m.a. undanþiggja húsaleigubætur skattskyldu o.s.frv. Það er ekki markviss aðgerð að hækka skattfrelsismörk okkar allra í þessum sal með þessum hætti. Það tel ég ekki vera. Ég skora á þingmanninn og flokksmenn hans, ef þeir hafa annað betra kerfi fram að færa, að sýna okkur það þá.

[17:29]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það orðið ansi hvimleitt hvernig hæstv. fjmrh. getur aftur og aftur matreitt fyrir okkur hér í þingsölum og þjóðina alla að það kosti lítið þegar hann kemur hér fram með skattalagabreytingar sem færir fyrirtækjum miklar skattaívilnanir eða þeim betur settu miklar skattalækkanir. Hæstv. ráðherra gerir jafnan mjög lítið úr því. En þegar menn leyfa sér að tala um að lækka skattbyrðina á lágtekjufólki, lífeyrisþegum eða þeim sem eru með meðaltekjur, þá vex ráðherranum mjög í augum að tala um það. Hann reiðir alltaf fram háar tölur um hvað þetta kosti. Ég held að þær tölur sem hæstv. ráðherra er að nefna varðandi þetta yfirfæranlega skattatap þurfi að taka vandlega til skoðunar í efh.- og viðskn. Það að gefa kost á að yfirfæra rekstrartap árið 1997 lækkaði skattstofninn um 8 milljarða tekjuárið 1997 og það voru 1.280 aðilar sem nutu þess. Þetta voru fyrirtæki sem skiluðu 6 milljörðum í hagnað. Við verðum auðvitað að fá það upp á borðið sem rétt er í þessu efni.

Herra forseti. Mér þykir miður að ráðherran skuli enn og aftur koma hér í ræðustól, eftir að hafa verið margspurður um hvað hann ætli að gera fyrir lágtekjufólk og fólk með meðaltekjur sem axlað hefur mestu skattbyrðina gegnum árin, og leyfi sér að svara bara með þögn. Ég ítreka enn og aftur óskir mínar um að hæstv. ráðherra svari nú fyrir það hvað hann ætlar að gera í þessum efnum. Það er óþolandi að þurfa aftur og aftur að hlusta á að skattbyrði verkamanna og annarra hafi aukist verulega umfram aðra og skýringin sé fyrst og fremst launahækkanir. Við höfum margsýnt fram á að launin hafa hækkað miklu minna en skattalagabreytingarnar. Það hefur verið sýnt fram á það með tölum en samt leyfir ráðherrann sér að halda þessu fram. Ég vil enn og aftur reyna að þráspyrja ráðherrann, sem alltaf svarar með þöginni, hvað hann ætlar að gera fyrir fólkið sem er með lægstu launin og lífeyrisþega. Skattbyrði þeirra hefur hækkað verulega til að hæstv. ráðherra eigi fyrir skattaívilnunum sínum til þeirra betur settu.

[17:31]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. að það er sjálfsagt að skoða vel í efh.- og viðskn. hver áhrifin af breyttum árafjölda að því er varðar yfirfæranlegt rekstrartap kunna að verða. Það er bara eðlilegur liður í starfi nefndarinnar.

En ég hef bæði í dag og um daginn verið að fara yfir þau mál sem hv. þm. eru svona hjartfólgin að því er varðar skattbyrðina. Hvað ætlum við að gera? Hvað höfum við verið að gera? Ég hef sagt að það á að reyna að nálgast þessi mál markvisst. Það á ekki að gera það með því t.d. að hækka skattfrelsismörkin um miklar fjárhæðir vegna þess að það er ómarkvisst og kostar mikla peninga. Það kemur fram í svarinu við fyrirspurn hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. En við höfum verið að hækka barnabætur. Við höfum verið að afnema skattskyldu húsaleigubóta. Við höfum auðvitað fyrst og fremst beitt okkur fyrir því að efnahags- og atvinnulífið okkar væri þannig að það gæti skilað fólki betri kjörum, meiri kaupmætti og þess háttar. Það er kjarni málsins og um það snúast þessar deilur. Vilja menn frekar horfa á það sem fer í skattinn eða það sem situr eftir þegar búið er að borga skattinn? Um það sýnist mér að menn séu endalaust að deila.

Síðan má ekki gleyma því að ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir því að millifæranlegur persónuafsláttur verður 100% milli maka frá og með næstu áramótum. Það hjálpar mjög mörgum láglaunafjölskyldum. Það er ekki minnsti vafi á því, t.d. fólki þar sem annar makinn er heimavinnandi með börn, fyrir utan stórkostlega lækkun eignarskatta sem ekki síst gagnast eldra fólki.

[17:34]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að hæstv. ráðherra ætlar ekkert að gera og það er ekkert í pípunum hjá ríkisstjórninni að hún ætli að beita sér fyrir einhverjum aðgerðum sem lækki skattbyrði lágtekjufólksins, það er alveg ljóst. Ég tel það ekki markvissar aðgerðir í þágu þeirra hópa sem ríkisstjórnin hefur verið að gera með því að skerða t.d. barnabæturnar frá því sem þær voru 1995. Þá voru greiddar ótekjutengdar barnabætur með börnum að 16 ára aldri. Nú er það einungis að 7 ára aldri. Ég tel það ekki markvissar aðgerðir hjá ríkisstjórninni að allt í einu sé fólk, sem er með tekjur undir lágmarkslaunum eins og lífeyrisþegar og lágtekjufólk, farið að greiða skatta sem það gerði ekki árið 1995 og sú skuli vera útkoman þegar menn skoða skattbyrðina að þetta

tekjulægsta fólk sé með hæstu skattbyrðina. Það er hægt að setjast yfir það.

Ég spyr ráðherra um það að afnema eða greiða í eftirágreiðslu skatta sem lenda á fólki með tekjur undir 90 þús. kr. Það er ekki boðlegt ríkisstjórninni að láta það fólk sem ekki getur brauðfætt sig milli mánaða borga skatta af sínum litla lífeyri fyrir utan alla kostnaðarþátttökuna í heilbrigðiskerfinu sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir frá 1995. Viðbótarskatttekjur hins opinbera hafa verið hvorki meira né minna en 103 milljarðar á þeim tíma. Þar má rekja 65 milljarða til meiri landsframleiðslu og verðlagsbreytinga, 38 milljarða vegna hækkana á skattbyrði. Það er því alveg ljóst að á þessum tíma, frá 1995, hafa tekjur ríkissjóðs vaxið verulega. Engu að síður hefur skattbyrði láglaunafólks aukist miklu meira en var fyrir árið 1995 og ráðherrann stendur hér og segir við fólk að hann telji ekki ástæðu greinilega til þess að grípa til neinna sérstakra aðgerða til að lækka skatta á lágtekjufólki á sama tíma og hann mælir fyrir miklum og stórfelldum skattaívilnunum til þeirra sem meira hafa á milli handanna og það er auðvitað til skammar fyrir ríkisstjórnina.

[17:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur glöggt fram í máli þingmannsins að hún hefur ekki enn þá áttað sig á því út á hvað stefna ríkisstjórnarinnar gagnvart skattlagningu fyrirtækja gengur. Hún gengur ekki út á það að hygla fyrirtækjum vegna þess að fyrirtæki eru ekki einstaklingar eða neytendur eða fólk. Þetta byggist á því, hv. þm., að gera fyrirtækjunum kleift að skapa meiri arð, skapa meiri hagnað og möguleika til þess að bæta lífskjörin í landinu. Þar er uppspretta verðmætanna í landinu. Það er í atvinnulífinu, hv. þm.

Þess vegna missir sá málflutningur að sífellt sé verið að hygla atvinnurekstrinum á kostnað einhverra annarra marks. Það er ekki á kostnað neins sem verið er að því heldur einmitt þvert á móti. Það er til þess að skapa betri skilyrði í framtíðinni sem slíkar breytingar eru gerðar. Þar fyrir utan má benda á að í tekjuáætluninni með skattkerfisbreytingunum í fyrra kom glöggt fram að stærri hluti þeirra breytinga beindist beint að einstaklingum en fyrirtækjum, í það minnsta fyrst í stað. Þingmaðurinn ætti að hætta að væna menn, væna ráðherra, ríkisstjórnina og stjórnarmeirihlutann um þessa hluti og einhvern sérstakan illvilja í garð þeirra sem minna bera úr býtum. Það er bara algerlega rangt.

[17:38]

Útbýting þingskjala:

Félagamerki, 346. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 382.

Heilsugæsla í Kópavogi, 342. mál, fsp. GunnB, þskj. 378.

Opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, 345. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 381.

Réttarstaða bifreiðastjóra sem aka eftir vegöxlum, 340. mál, fsp. HjÁ, þskj. 376.

Stjórnsýslulög, 348. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 384.

Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, 344. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 380.

Umferðaröryggi á Gemlufallsheiði, 343. mál, fsp. JB, þskj. 379.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála, 341. mál, fsp. GunnB, þskj. 377.

Verðbréfaviðskipti, 347. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 383.

[17:39]

Jóhann Ársælsson:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. nefndi í ræðu sinni áðan svar við fyrirspurn sem ég bar fram. Ég tel ástæðu til að nefna hvers vegna ég bar þá fyrirspurn fram og hvað ég tel að hún upplýsi. Ég ákvað að bera fram þá fyrirspurn vegna umræðna sem fóru fram á 4. fundi Alþingis í haust í umræðum um fjárlög þar sem hæstv. fjmrh. í andsvari við hv. þm. Jón Bjarnason, ef ég man rétt, sagði þessi orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Að því er varðar skattfrelsismörkin og það sem fram kom í máli þingmannsins um það efni vildi ég gjarnan benda honum á að hækkun skattfrelsismarka um 1.000 kr. færir hverjum skattgreiðanda — ekki bara láglaunafólki heldur hverjum og einum sem borgar skatt — 380 kr. í vasann, 380 kr. í ávinning. En það kostar ríkissjóð rétt tæpan milljarð kr. að ráðast í slíka breytingu. Ef menn vilja hækka þau um 10 þús. þá eru menn komnir í 10 milljarða og ávinningur hvers og eins skattgreiðanda er 3.800 kr. Ég tel að það sé hægt að gera miklu meira og skynsamlegra fyrir þá peninga en verja þeim með þessum hætti.“

Hæstv. forseti. Hér fara fram umræður um skattleysismörk og yfirleitt eru menn að þeytast á milli þess sem gildir um skattleysismörk á mánuði og það sem gildir um heilt ár. Það gerði hæstv. ráðherra í þeim orðum sem ég las hér upp. Hæstv. ráðherra er að tala um að hækka skattleysismörk um 10 þús. kr. og þá er hann í raun og veru að meina að hækka þau um 120 þús. kr. á ári.

En hann segir líka að það skili einungis 380 kr. af hverjum þúsund sem koma með hækkun skattleysismarkanna. Ég tel að þetta séu í besta falli mjög vafasöm skilaboð sem felast í þessum orðum því að ef menn skoða hver áhrif verða á hækkun persónuafsláttarins, sem kemur fram í svari við fyrirspurn sem ég lagði fram, þá sést að meira að segja ráðuneytið setur samasemmerki á milli hækkunar persónuafsláttar og ráðstöfunartekna. Það er bara skástrik, hækkun ráðstöfunartekna/hækkun persónuafsláttar. Ef við skoðun t.d. hvað 50 þús. kr. hækkun persónuafsláttar og þar með ráðstöfunartekna hafa á skattleysismörkin, þá hækka þau úr 67.468 kr. upp í 78 þús. kr. í fremri dálkinum, en ég tók reyndar til skoðunar nákvæmlega þetta atriði. Það kemur í ljós að við erum að tala þá um hækkun um 4.160 kr. á mánuði ef við erum að tala um 50 þús. kr. Samt sem áður hefur hækkun á skattleysismörkunum farið úr 70 þús. kr. í 81 þús. á mánuði. Ég get ekki séð hvernig hæstv. ráðherra finnur það út að ef menn fá hækkun persónuafsláttar um 50 þús. kr. og þar með 50 þús. kr. í vasann til viðbótar til ráðstöfunar að hægt sé að halda því fram að menn fái einungis 380 kr. af hverjum þúsundkalli sem þannig fellur til með breytingu á skattkerfinu með þessum hætti. Ég vil biðja hæstv. ráðherra að útskýra það þá betur a.m.k. fyrir mér svo að ég skilji það ef það skilar sér ekki að fullu að hækka persónuafsláttinn. Mér finnst svarið sýna það alveg glögglega.

Mér finnst það svolítið undarleg umræða að það sé ekki markviss breyting að hækka persónuafsláttinn. Auðvitað er það markviss og einföld breyting sem allir fá. Allir skattgreiðendur fá þá breytingu. Auðvitað þurfa menn að fjármagna hana á einhvern hátt og ég tel að það sé í sjálfu sér ekkert nema eðlilegt að það sé gert. En það sem gerist er að með hækkun persónuafsláttarins verjum við kjör þeirra lægst launuðu. Og það sem gerst hefur á undanförnum árum, það hefur enga þýðingu að vera að elta hlutina aftur í tímann

endalaust og standa í umræðum um það hverjir voru við völd eða hvað. Við stöndum bara frammi fyrir því að búið er að hækka skatt á lægst launaða fólkinu í landinu undanfarin mörg ár og staðan er sú að við erum farin að láta lægst launaða fólkið í landinu borga stórkostlega skatta af launum sem er ekki hægt að draga fram lífið á. Þess vegna þarf að breyta þessu og það þarf auðvitað að fjármagna það með því að við sem höfum hærri laun leggjum sameiginlega í púkkið hjá hæstv. fjmrh. svo hann geti borgað reikninginn.

[17:45]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. verði að fara aðeins betur ofan í saumana á þessu máli hjá sér. Hann ruglar hér saman ýmsum hugtökum. Þó er sérstaklega reynt í svarinu að útskýra hvað þau þýða. Hann blandar saman persónuafslætti og skattfrelsismörkum og hann virðist ekki átta sig á því, því að það kemur fram í spurningunni sjálfri, að hækkun persónuafsláttar eykur ráðstöfunartekjurnar um sömu upphæð. Það þarf ekki að spyrja að því, herra forseti, þó að það sé gert hér og það á heldur ekki að þurfa að spyrja að því hvaða áhrif það hefur á tekjur sveitarfélaganna vegna þess að það liggur alveg fyrir að það hefur engin áhrif á þau.

Það sem kemur fram í þessari töflu staðfestir nákvæmlega það sem ég sagði og þingmaðurinn vitnaði til. Ef skattfrelsismörkin hækka um rúmlega 1.000 kr., fara t.d. úr 70.279 fyrir launamann í 71.405, þá aukast ráðstöfunartekjurnar þarna um nálega 400 kr. Þetta eru reyndar rúmlega 1.000 kr. í skattfrelsismörkum. Þúsund krónurnar gefa 385 í vasann vegna þess að skatthlutfallið er 38,54. En þetta kostar ríkissjóð á milli 900 og 1.000 millj., 935 stendur hér.

Kannski hefði ég mátt kveða skýrar að orði í svari mínu sem þingmaðurinn vitnaði í og segja: Ég var að tala um skattfrelsismörk og ráðstöfunartekjur á mánuði en útgjöld ríkissjóðs á heilu ári. En það á heldur ekki að þurfa að taka það fram því það er alltaf í því samhengi sem menn tala um þetta. Menn tala um skattfrelsismörk á mánuði. Persónuafsláttur reiknast mánaðarlega og menn tala auðvitað um tekjur ríkissjóðs miðað við heilt ár.

[17:47]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það fer ekki á milli mála að ef menn hækka persónuafsláttinn þá er það bein hækkun á ráðstöfunartekjum. Það þýðir ekkert að tala um að einhver þúsund kall verði 380 kr. ef persónuafslátturinn er hækkaður. Um þetta snýst málið í raun og veru. Mér finnst að kannski væri ástæða til þess að menn kæmu sér þá bæði niður á það að tala um stærðirnar yfir eitt ár en ekki á mánuði til þess að vera ekki sífellt að rugla fólk í ríminu og líka að menn töluðu um hugtakið persónuafslátt en ekki skattfrelsismörkin vegna þess að það er auðvitað persónuafslátturinn sem fólk er raunverulega að tala um þegar það er að tala um þá skattahækkun sem það hefur fengið.

Mér finnst engin ástæða til þess að flækja málið með þeim hætti sem hæstv. ráðherra er hér að gera. Það er alveg á hreinu að ef menn hækka persónuafsláttinn þá hækka ráðstöfunartekjurnar í beinu hlutfalli við það.

[17:48]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nú alveg ótrúlegt. Þingmaðurinn heldur áfram að rugla saman hugtökum. Ég sagði í svari mínu, sem hann vitnaði til hér áðan, frá því 4. október hver áhrifin væru af hækkun skattfrelsismarkanna. Ég var ekkert að tala um persónuafsláttinn. En auðvitað er þetta hvort tveggja nátengt. Þetta hangir auðvitað allt saman. Menn verða bara að velja sér hvort hugtakið þeir ætla að tala um í hvert sinn. Þá var verið að tala um skattfrelsismörkin. Ég svaraði því eins og rétt er að ef þau hækka um 1.000 krónur þá aukast ráðstöfunartekjur skattgreiðandans um 385 kr. Þess vegna, herra forseti, tel ég að það sé ómarkvisst — og ég held mig við það — að hækka skattfrelsismörkin fyrir þennan mikla kostnað vegna þess að það gagnast öllum en ekki bara þeim sem lægst hafa launin og lægstar hafa tekjurnar.

Svo geta menn bara haldið áfram að tala um þetta eins og þeir vilja. En menn verða hins vegar að fara rétt með þau grundvallarhugtök sem verið er að tala um. Þessi tafla staðfestir nákvæmlega það sem ég sagði í máli mínu. Hún sýnir jafnframt að ef menn vilja auka persónuafslátt um 50 þús. kr. á ári, þ.e. 4 þús. á mánuði þá kostar það 9,2 milljarða tæpa. Þá fær hver og einn skattgreiðandi í landinu í vasann ríflega 4 þús. kr. í viðbót á mánuði. Og það verður bara hver og einn að gera það upp við sig hvort slík aðgerð, sem mundi hækka ráðstöfunartekjur okkar hér og allra í þjóðfélaginu um 4 þús. kr., sé 9,2 milljarða kr. virði.

[17:50]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi 50 þúsund kall er þá allt í einu orðinn að 50 þúsund kalli og engu minna og um það snýst málið. Ef menn vilja hækka persónuafsláttinn þá gildir það að fullu. Ég tel að það sé aðferð sem eigi að hafa. Mér finnst menn hafa gengið allt of langt í því að láta persónuafsláttinn rýrna á undanförnum árum. Er það bara þannig, af því að menn geta fundið út tölur eins og hæstv. ráðherra nefndi hér áðan, að við eigum kannski að halda áfram að lækka hann af því að það er svo dýrt að hafa þetta í því sem það er?

Ég held einfaldlega að menn verði að horfast í augu við það að einhver mörk þurfi þeir að hafa þarna. Þau mörk eru allt of lág eins og sakir standa. Það er búið að láta persónuafsláttinn lækka allt of mikið. Auðvitað kostar mikið að rétta það af. En ef það kostar 9,1 milljarð eins og kemur fram í svarinu þá hafa menn líka fært 9,1 milljarð til þeirra sem borga skatt og það er ekkert undan slegið í því. Það er bara þannig. Menn geta auðvitað haft mismunandi skoðanir á því hvort hafa eigi nokkurn persónuafslátt yfirleitt. Sumir þingmenn hafa talað fyrir því í sölum Alþingis að ekki eigi að hafa hann heldur hafa hér flatan skatt á allt og láta menn borga af öllum tekjum sínum hversu litlar sem þær eru. En stefnan sem hefur ríkt á undanförnum árum hefur verið sú að það eigi að vera einhver vörn fyrir þá sem minnst hafa. Sú vörn hefur verið að minnka og minnka og ef menn þora ekki að horfast í augu við hvað það kostar þá heldur hún áfram að minnka og við lendum í þessum endalausa skatti sem sumir vilja hafa.

[17:52]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er ekki mín meining að lengja neitt þessa umræðu enda hefur það komið í ljós í þessari umræðu og þeirri sem við áttum um daginn, utandagskrárumræðunni um áhrifin af skattstefnu ríkisstjórnarinnar, að vonlaust er að fá það fram hvort ríkisstjórnin ætli að grípa til einhverra sérstakra aðgerða til þess að lækka skatta á þeim sem helst þarf að lækka skattana á og jafna skattbyrðina. En ég vil ekki

skilja við málið eins og hæstv. ráðherra gerði í síðasta andsvari þar sem ég hafði ekki tækifæri til þess að svara honum. Þar lét hæstv. ráðherra að því liggja að ég væri ranglega að væna ríkisstjórnina um að gera sérstaklega vel við fyrirtæki með skattaívilnun. Nú liggja bara fyrir, herra forseti, tölur um það efni sem hæstv. ráðherra hefur ekkert mótmælt og getur ekkert mótmælt. Það þarf ekki að fara lengra en að vísa í umræðurnar um skattalagabreytingarnar á síðasta þingi þar sem ríkisstjórnin fór miklu lengra í skattalækkunum á fyrirtækjum en nauðsynlegt var til þess að Ísland héldi sínu skattalega forskoti á aðrar þjóðir. Þá lækkaði ríkisstjórnin skatthlutfall á fyrirtækjum úr 30 í 18%. Við í Samfylkingunni teljum og töldum þá að nægjanlegt væri að fara með skatthlutfall fyrirtækja úr 30 í 25% og þrátt fyrir það héldi Ísland skattalegu forskoti sínu fyrir fyrirtækin samanborið við fyrirtæki annarra OECD-ríkja. En það kostaði líka verulegan pening fyrir ríkissjóð að fara svona langt með skatthlutfallið. Það kostaði, herra forseti, 3,7 milljarða. En ríkisstjórnin fékk hluta af fjármagni sem þurfti til þess að lækka skatthlutfallið svona mikið með hækkun á tryggingagjaldi sem kom sérstaklega illa við lítil og meðalstór fyrirtæki. Okkar leið var sú að fara með skatthlutfall fyrirtækja úr 30 25% en hækka ekki tryggingagjald á fyrirtækjum sem kemur sér mjög illa fyrir þessi fyrirtæki og er litið á sem ígildi launahækkana, sem fyrirtækin gætu þá borið fyrir sig til þess að þurfa ekki að hækka launin í landinu. Þetta ásamt ýmsu fleiru sem ríkisstjórnin hefur gripið sérstaklega til varðandi skattumhverfi stærri fyrirtækjanna er ekki eðlileg leið, sérstaklega þegar fyrir það þurfa að borga þeir sem minnst hafa milli handanna, m.a. með því sem hér hefur verið rætt, lægri persónuafslætti og frystingu á skattleysismörkun og með því að lækka ótekjutengdar barnabætur. Reyndar hefur í heild það sem var þó veitt úr ríkissjóði til barnabóta árið 1995 lækkað verulega í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Herra forseti. Það er þetta sem ég er að halda fram þegar ég segi að ríkisstjórnin hafi gengið of langt í þessum efnum með þeim afleiðingum að orðið hafa verulegar skattatilfærslur, tilfærslur á skattbyrðinni í þjóðfélaginu frá fjármagni og eignum yfir á launin, ekki síst hjá þeim sem lægst hafa launin og meðaltekjur, og síðan á lífeyrisþegana. Það er staðeynd sem ekki verður í móti mælt að skattar á þá sem höfðu lágmarkslaun og þar undir, t.d. lífeyrisþegarnir, voru engir árið 1995 þegar þessi ríkisstjórn tók við. Nú er þetta fólk farið að borga 10–12 þús. kr. á mánuði í skatta og hæstv. fjmrh. veit að fólki finnst erfiðara að lifa þrátt fyrir það góðæri sem við höfum búið við — þá er ég að tala um þá sem hafa lægst launin — m.a. vegna aukinnar skattbyrði, m.a. vegna aukinnar kostnaðarþátttöku í heilbrigðiskerfinu, m.a. vegna hás matvælaverðs og hárra vaxta. Þetta eru bara staðreyndir málsins sem við stöndum frammi fyrir. Til er leið til þess að jafna kjörin í landinu sem menn hafa og ríkisstjórnir notað í gegnum tíðina, þ.e. í gegnum skattkerfið. En ríkisstjórnin hefur farið í þveröfuga átt í því efni með því að lækka umfram allt sem eðlilegt er skatta á stórfyrirtækin í landinu, skatta á auðmennina, þá sem raunverulega eiga fjármagnið. Það höfum við fyrir okkur m.a. í fjármagnstekjuskattinum þar sem þeir sem eiga hið raunverulega fjármagn í landinu, auðmennirnir, þurfa að borga 10% í fjármagnstekjuskatt meðan yfirleitt er 25–40% skattur af fjármagnstekjum erlendis. Ég er þó ekki að mæla með að verði farið með fjármagnstekjuskattinn upp í það. En ég mælist auðvitað til þess — vegna þess að eldra fólk þarf að greiða 38% af lífeyri sínum sem að tveimur þriðju hlutum er ekkert annað en fjármagnstekjur — að hæstv. fjmrh. setjist yfir það hvort ekki eigi að gæta jafnræðis milli fjármagnstekna og að þá sé greiddur 10% skattur af lífeyri einnig svo dæmi sé tekið.

Kannski má í hnotskurn sjá það sem við erum að tala um hérna þegar við tölum um ójafnrétti í skattbyrðinni og að meira réttlæti skorti í skattstefnu ríkisstjórnarinnar, sem ég tel reyndar kolranga, að fjárlagafrv. endurspeglar það sem ég er hér að segja með hækkun á sköttum almenns launafólks og tryggingagjaldi umfram verðlagsbreytingar upp á 7 milljarða kr., lækkun á fyrirtæki, hátekju- og stóreignafólki upp á mínus 4,6 milljarða og hækkun skatttekna af óbreyttum skattalögum upp á 8,4 milljarða. Þetta eru tölur sem ASÍ hefur verið að setja fram.

Þessu vildi ég halda til haga, herra forseti, út af þeim orðum sem fram komu hjá hæstv. fjmrh. í andsvari við mínu máli vegna þess að þetta eru staðreyndir málsins sem ekki er hægt að mótmæla.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:59]

Útbýting þingskjals:

Forvarnasjóður, 349. mál, fsp. DrH, þskj. 385.

Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 323. mál (vextir). — Þskj. 351.

[17:59]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Frv. þetta er til komið vegna breytinga sem orðið hafa með lögum sem hér voru samþykkt í fyrra, nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Í frv. eru lagðar til breytingar á 2. gr. laga nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda. Í frv. eru lagðar til tvær breytingar til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru á lögunum um vexti og verðtryggingu.

Samkvæmt gildandi ákvæðum laga skal miða við að vextir vegna ofgreiddra skatta og gjalda skuli vera jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga á hverjum tíma. Þar sem viðmiðunin „óbundnir sparireikningar“ er ekki lengur notuð er lagt til að vextir verði framvegis jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 og fjallar um vexti af skaðabótakröfum.

Þessi breyting er sambærileg ákvæði í lögunum um tekjuskatt og eignarskatt sem ég mælti fyrir breytingu á hér fyrr á fundinum og mun breytingin leiða til lítils háttar hækkunar á vöxtum vegna ofgreiddra skatta og gjalda eins og áður var rakið. Dráttarvextir verða þeir sömu og Seðlabankinn ákveður samkvæmt 6. gr. laganna um vexti og verðtryggingu, sbr. 2. mgr. 1. gr. frv.

Ég legg til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til hv. efh.- og viðskn. að lokinni 1. umr. og sömuleiðis til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður bænda, 1. umr.

Stjfrv., 321. mál (skylduaðild maka, skipting iðgjalda). — Þskj. 349.

[18:01]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda. Eins og fram kemur í greinargerð með frv. er með því kveðið á um tvær breytingar á lögunum um Lífeyrissjóð bænda en stjórn lífeyrissjóðsins hefur óskað eftir því við fjmrh. að þetta frv. verði flutt og umræddar breytingar gerðar á lögunum.

Annars vegar er lagt til að felld verði niður skylduaðild þeirra maka bænda að lífeyrissjóðnum sem ekki starfa að búrekstri. Eftir sem áður verður í gildi skylduaðild þeirra maka sem starfa að búrekstri. Hins vegar er lagt til að felld verði niður sú regla að iðgjöldum hjóna eða sambýlisfólks verði skipt til helminga á milli þeirra. Í stað þess er lagt til að aðalreglan verði sú að iðgjöld í sjóðinn verði í réttu hlutfalli við reiknað endurgjald hlutaðeigandi.

Varðandi fyrra atriðið er það að segja að með mökum sem starfa að búrekstri er átt við maka sem reikna sér laun í landbúnaði eða fá greidd laun frá einkahlutafélagi eða félagsbúi vegna bústarfa. Með lögum nr. 122/1997 var sjóðstjórn gefin heimild til þess að veita maka undanþágu frá sjóðsaðild ef hann var ekki aðili að búrekstrinum en átti sjálfsagða fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði. Frá þeim tíma hafa undanþágur frá sjóðsaðild verið veittar.

Með lögum nr. 12/1999 sem tóku gildi 1. júlí 1999 varð sjóðstjórn skylt að veita framangreinda undanþágu. Í dag er staðan því sú að sjóðstjórn skal veita maka bónda udanþágu frá sjóðsaðild sé hann ekki aðili að búrekstrinum og eigi sjálfsagða fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði og óski þess skriflega. Með hliðsjón af þessu er lagt til að felld verði niður skylduaðild þeirra maka bænda að lífeyrissjóðnum sem ekki starfa að búrekstri. Eftir sem áður verði í gildi skylduaðild þeirra maka sem starfa að búrekstrinum. Jafnframt verður sjóðstjórn skylt að veita þeim mökum bænda sem hvorki reikna sér endurgjald í landbúnaði né fá greidd laun vegna búrekstrar og stunda ekki aðra atvinnu sem veitir þeim lífeyrisréttindi aðild að sjóðnum óski þeir eftir því.

Varðandi síðara atriðið, þ.e. skiptingu iðgjalda, er þess að geta að frá 1984 hefur iðgjöldum bænda verið skipt jafnt á milli bónda og maka hans samanber 1. mgr. 6. gr. laganna. Hafi annað hvort hjóna eða sambúðaraðila atvinnutekjur af öðru en búrekstri sem skapa ótvíræðan rétt til lífeyris í öðrum lífeyrissjóði er sjóðstjórn heimilt að fallast á aðra skiptingu iðgalda samkvæmt skriflegri umsókn viðkomandi.

Á síðustu árum hafa þær raddir orðið háværari meðal bænda sem telja að ekki sé rétt að skipta iðgjöldum milli hjóna/sambýlisfólks heldur bóka þau á hvorn aðila í samræmi við reiknuð laun hvors um sig enda hafa iðgjöld verið miðuð við 4% af reiknuðum launum frá ársbyrjun 1998. Á búnaðarþingi 2002 var samþykkt ályktun þar sem því er beint til stjórnar Bændasamtaka Íslands „að beita sér fyrir að lög um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999, verði tekin til endurskoðunar, einkum til að tryggja að iðgjöld í sjóðinn verði ávallt í réttu hlutfalli við reiknað endurgjald hlutaðeigandi." Bændasamtök Íslands hafa óskað eftir því að stjórn Lífeyrissjóðs bænda beiti sér fyrir þeirri endurskoðun laganna sem hér um ræðir og birtist í frv. þessu.

Með þeirri breytingu sem hér er lögð til, þ.e. að iðgjöld í sjóðinn verði í réttu hlutfalli við reiknað endurgjald er jafnframt lagt til að heimilt sé ef maki er án launa sem skapa honum full lífeyrisréttindi að kveða á um skiptingu iðgjalds bónda millum hans og maka hans í þeim hlutföllum sem hann hefur óskað eftir skriflega. Að því leyti er opnað fyrir þann möguleika að skipta iðgjöldum sé makinn án launa sem skapa honum lífeyrisrétt og ávinnur makinn sér því sjálfstæð lífeyrisréttindi með þeim hætti.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:06.

---

27. FUNDUR

þriðjudaginn 12. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Vitamál, stjfrv., 258. mál, þskj. 269. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Póstþjónusta, stjfrv., 257. mál, þskj. 268. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 324. mál, þskj. 352. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, stjfrv., 323. mál, þskj. 351. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 321. mál, þskj. 349. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Verndun hafs og stranda, stjfrv., 240. mál, þskj. 244. — 1. umr.
7. Meðhöndlun úrgangs, stjfrv., 338. mál, þskj. 368. — 1. umr.
8. Úrvinnslugjald, stjfrv., 337. mál, þskj. 367. — 1. umr.
9. Endurreisn íslensks skipaiðnaðar, þáltill., 38. mál, þskj. 38. — Fyrri umr.
10. Efling félagslegs forvarnastarfs, þáltill., 40. mál, þskj. 40. — Fyrri umr.
11. Gjald af áfengi og tóbaki, frv., 41. mál, þskj. 41. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Siv Friðleifsdóttir umhvrh.

Fjarvistarleyfi:

Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

[13:31]

Útbýting þingskjals:

Hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir, 350. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 387.

Athugasemdir um störf þingsins.

Samþykkt Alþjóðasambands lækna um notkun gagnagrunna á heilbrigðissviði.

[13:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum um störf þingsins vegna nýgerðrar samþykktar Alþjóðasambands lækna, World Medical Association, um notkun gagnagrunna á heilbrigðissviði. Þetta snertir okkur sérstaklega vegna ákvörðunar íslenskra stjórnvalda og þessarar löggjafarsamkundu að koma upp gagnagrunni á heilbrigðissviði án upplýsts samþykkis.

Ég tel mjög mikilvægt að niðurstaða Alþjóðasambands lækna verði þegar í stað tekin til umfjöllunar á Alþingi og þá væntanlega í þeim nefndum þingsins sem málið varðar, heilbrn. og hugsanlega einnig í allshn. Haft er eftir Jóni Snædal, varaformanni Læknafélags Íslands, sem sat fund Alþjóðasambands lækna að vinnureglur íslenska gagnagrunnsins samræmist ekki niðurstöðu Alþjóðasambands lækna en hún er á þá lund að ef leyfa eigi þriðja aðila að nota gögn úr sjúkraskrá einstaklings skuli leita samþykkis hans. Þetta eigi við um alla aðra notkun en þá sem snertir beina meðferð sjúklingsins. Vísað er í Helsinki-sáttmálann varðandi upplýst samþykki og síðan nánar kveðið á um hvað það felur í sér þegar kemur að heilsufarsgögnum.

Herra forseti. Ég vildi færa þetta mál inn á vettvang þingsins þegar í stað vegna þess að það snertir gjörð íslensks löggjafa, er alvarlegs eðlis og okkur ber að fara þegar í stað í saumana á því.

[13:33]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að nauðsynlegt er að taka þetta mál upp á Alþingi, þessa niðurstöðu Alþjóðasambands lækna, einkum og sér í lagi í ljósi þess að ágreiningurinn mikli sem stóð um gagnagrunnsfrv. á sínum tíma, ágreiningnum um hvort gagnagrunnslögin stæðust alþjóðlegar siðareglur á þessu sviði var að hluta til vísað til þeirrar vinnu sem nú hefur fengist niðurstaða í hjá Alþjóðasamtökum lækna. Niðurstaðan er eindregin. Hún er sú að þessi lög standist ekki þær alþjóðlegu siðareglur sem við erum skuldbundin af að hlíta og þar á meðal Helsinki-yfirlýsinguna. Það snýr að því að ekki sé leyfilegt að nota upplýsingar úr sjúkraskrám nema með upplýstu samþykki sjúklings.

Herra forseti. Þetta er grundvallarforsenda fyrir lögunum um gagnagrunninn og mjög mikilvægt að þetta mál sé tekið til umræðu hér á Alþingi í ljósi þess að þeim ágreiningi var vísað til umræðu hjá alþjóðasamtökunum og því hljótum við að spyrja hæstv. ríkisstjórn hvort ekki standi til að breyta lögunum í samræmi við þá niðurstöðu sem nú hefur fengist á þessum vettvangi.

[13:35]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég er starfandi heilbrrh. en vissi ekki að þessi uppákoma yrði hér í upphafi fundar. En ég heyrði hádegisfréttir og geri mér grein fyrir að þarna er uppi mál sem þarf skoðunar við. Hins vegar vil ég gjarnan að fram komi að þetta er spurning um túlkun. Mér finnst því hv. þm. stjórnarandstöðunnar sem hér koma upp með stóryrði strax, án þess að hafa kynnt sér málið frá báðum hliðum, vera kannski heldur fljótir á sér því að þetta er eins og ég sagði áðan spurning um túlkun. Ég tel eðlilegt að heilbr.- og trn. taki þetta mál fyrir sem allra fyrst og fari yfir það í heild sinni, og menn komi ekki hér upp á Alþingi í fljótfærni með gífuryrði án þess að þekkja málið. Ég held að það sé ekki skynsamlegt með það í huga að fá þarna niðurstöðu sem er þá öllum í hag.

[13:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér finnst viðbrögð hæstv. iðn.- og viðskrh., setts heilbrrh., sérkennileg. Menn tóku þetta mál upp hér og ég held að enginn geri athugasemdir við að þetta eigi erindi við Alþingi og störf þingsins annað eins og lagt var í það að setja þessi lög á sínum tíma og tekist var á um einmitt þetta grundvallaratriði þeirra, hvort þessi frágangur mála stæðist alþjóðlegar viðurkenndar siðareglur.

Ég heyrði hér engin gífuryrði, engin stóryrði og ég varð ekki var við að það væri sérstök fljótfærni að taka þetta hér upp og óska eftir því að nefndir þingsins færu ofan í saumana á málinu. En í stuttu og geðvonskulegu svari sínu raðaði hæstv. ráðherra saman einkunnagjöf af þessu tagi, talaði um uppákomu, stóryrði, fljótfærni og gífuryrði. Þetta er nokkuð vel að verki staðið í ekki meira en tveggja mínútna pistli. (Gripið fram í.)

Ég tel að full ástæða sé til, virðulegur forseti, að fara yfir þetta mál í raun og veru af tveimur ástæðum: Annars vegar vegna þess sem hér er tekið sérstaklega upp. Það verður auðvitað að eyða öllum vafa um hvort lögin standast alþjóðlega viðurkenndar siðareglur, skárra væri það nú. En það er líka, herra forseti, ástæða til að fara yfir stöðu málsins hvað varðar meinta uppbyggingu miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði, m.a. vegna þess að ég hef orðið var við að fjölmargar stofnanir hafa talið sig vera komnar með samninga á hendur og reikna með því að fá til þess fjármuni að standa straum af þeim kostnaði sem á þeim lenti við öflun upplýsinga en síðan berast engar greiðslur, og menn hafa jafnvel lagt talsvert á sig til að undirbúa sig til að taka þátt í þessu og síðan er málið einhvers staðar í þoku og ekkert bólar á neinum efndum eða neinum framkvæmdum. Það er auðvitað óþolandi staða einnig gagnvart heilbrigðiskerfinu og heilbrigðisstofnunum í landinu þannig að hvernig sem á málið er litið, herra forseti, þá er ærin ástæða til þess að Alþingi og ríkisstjórn fari yfir stöðu þessa máls.

[13:38]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég harma á hve ómálefnalegan hátt hæstv. ráðherra tekur á málinu, talar um þetta sem uppákomu, fljótfærni af okkar hálfu án þess að við höfum kynnt okkur málin, að við setjum mál okkar fram með stóryrðum og gífuryrðum. Ekkert af þessu er rétt. Við höfum vísað í samþykkt Alþjóðalæknasamtakanna. Ég er með hana hér og ég hef farið í gegnum hana. Ég hef kynnt mér umræðu um þetta efni í Læknablaðinu. Ég hef rætt við forsvarsmenn læknasamtakanna og vitnað í orð þeirra.

Í þessari yfirlýsingu er mjög afdráttarlaus afstaða tekin. Það er hins vegar hægt að gera undantekningu frá því sem þar kemur fram, og ég vil vitna í orð Jóns Snædals, varaformanns Læknafélags Íslands, á þessa leið, með leyfi forseta:

„Frá þessu geta verið undantekningar sem gert er ráð fyrir að séu afmarkaðar svo sem ef lög leyfa sem að öðru leyti uppfylla ákvæði yfirlýsingarinnar. Ég fæ ekki séð að þessar undantekningar eigi við um íslenska gagnagrunninn, enda erfitt að halda fram að svo yfirgripsmikill grunnur geti talist

afmarkað tilfelli." — Þetta segir Jón Snædal, varaformaður Læknafélags Íslands.

Þetta eru engin gífuryrði, þetta eru engin stóryrði, þetta er ekki sett fram að óathuguðu máli. Við erum einfaldlega að óska eftir því að Alþingi taki þetta mál til málefnalegrar skoðunar.

[13:40]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. sem hér hafa talað að viðbrögð hæstv. starfandi heilbrrh. eru kannski óþörf. Við förum fram með þessa umræðu á þeim forsendum að málið verði tekið til umræðu á Alþingi. Farið var fram á það hér áðan og hefur hæstv. ráðherra tekið undir að það verði gert og ég fagna því.

Málið hefur verið í uppnámi, herra forseti, út frá framkvæmdahliðinni séð. Það hefur ekki orðið það stórvirki sem það átti að vera og það hefur ekki fært íslenskri þjóð alla þá gríðarlegu fjármuni sem áttu að streyma inn í íslenskt hagkerfi á grundvelli gagnagrunnsins.

Herra forseti. Ég held því að full ástæða sé til að málið verði rætt hér á þeim forsendum en ekki síður á þeirri forsendu að hið umdeilda í þessu frv., sem var það að sneiða fram hjá upplýstu samþykki, hefur nú verið staðfest að var ekki heimilt að gera að því er mér skilst a.m.k. af fréttaflutningi. Ég er tilbúin að endurskoða það með hliðsjón af hugsanlega öðrum túlkunum ef í ljós kemur að svo sé, en mér sýnist þetta vera nokkuð afdráttarlaust, herra forseti, og það þurfum við að ræða á Alþingi.

Ég fagna því að hæstv. starfandi heilbrrh., Valgerður Sverrisdóttir, skuli taka vel í það að málið verði a.m.k. rætt í heilbr.- og trn. og tók undir að það yrði gert, eins og ég skildi orð hennar, og ég tel að mjög mikilvægt sé að drifið verði í því.

[13:41]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort hv. þm. Vinstri grænna séu orðnir svo samsamaðir gífuryrðum sínum að þeir viti ekki hvenær þeir nota gífuryrði og hvenær ekki en ég sé í rauninni enga ástæðu fyrir þessum undarlegu viðbrögðum þeirra við svörum hæstv. starfandi heilbrrh.

Um hvað snýst málið? Farið er fram á það að Alþingi taki niðurstöður og umsögn alþjóðalæknasamfélagsins til skoðunar. Og hvert var efnislegt innihald í svari hæstv. starfand heilbrrh.? Eðlilegt og sjálfsagt að gera það. Þess vegna á ég erfitt með að skilja þennan hryssingslega tón, eins og oft heyrist hjá hv. þm. Vinstri grænna, og fæ kannski aðeins þá skýringu að þeir séu orðnir svo samsamaðir gífuryrðum að þeir finni ekki muninn á því hvenær þeir tala í alvöru og hvenær í gífuryrðum.

[13:43]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér finnst það vera dálítið fljótfærnislegt, ég get ekki að því gert, að þó að hv. þm. heyri fréttir núna í fréttatíma útvarpsins í hádeginu þá séu þeir komnir hér upp í ræðustól til að lýsa sérstakri ánægju með það, væntanlega, að lögin um gagnagrunn á heilbrigðissviði gangi ekki upp. (Gripið fram í.) Fullyrt var og sagt að það hefði verið staðfest að þessi lög stæðust ekki samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum eða siðareglum og það var strax farið að tala um að breyta lögum. Auðvitað er þetta eitt af þeim málum sem þarf að fara yfir í heilbr.- og trn. til þess að átta sig á hvað þarna er á ferðinni. Ég sagði áðan að þetta væri spurning um túlkun og ég er þeirrar skoðunar að þarna sé ekkert óeðlilegt á ferðinni og að lögin standi eftir sem áður. Þetta er það sem ég tel að sé hið raunverulega, en auðvitað þarf að fara yfir það í hv. heilbr.- og trn. og væntanlega verður það gert. En það var svo augljóst hvað hv. þm. Ögmundur Jónasson taldi að hann væri með pálmann í höndunum og lögin stæðust ekki.

[13:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hæstv. iðn.- og viðskrh. og settur heilbrrh. er alveg einstaklega lagin við að henda sprengjum í allar áttir hvar sem hún kemur höndum á þær. Það eru náttúruvísindamenn einn daginn og síðan eru það þá þingmenn, læknar og heilbrigðisstéttirnar hinn daginn. Ég ætla því að vona að það þurfi ekki að ganga yfir fleiri málaflokka að hæstv. iðn.- og viðskrh. verði sett tímabundið yfir þá. Það er alveg nóg að hún ráði húsum í iðn.- og viðskrn. þó að hún leggi ekki allt í rúst víðar.

Ég gerði ekki annað, herra forseti, en að vitna orðrétt og beint í fern ummæli, fjögur lýsingarorð sem hæstv. ráðherra notaði áðan. Hæstv. ráðherra talaði um upphlaup, hæstv. ráðherra talaði um stóryrði, hæstv. ráðherra talaði um fljótfærni og hæstv. ráðherra talaði um gífuryrði og bætti svo nokkru við í seinni ræðu sinni, hryssingslegur og eitthvað fleira í þeim dúr. Það er alger misskilningur hjá hæstv. ráðherra að menn hafi bara setið við útvarpstækin og hlustað á fréttirnar í hádeginu. Málið á sér þó nokkurn aðdraganda og hefur verið til umfjöllunar núna í nokkra sólarhringa og lengur í tímaritum og beðið hefur verið eftir þessari niðurstöðu alþjóðalæknasamtakanna. Nú liggur hún fyrir og það sem hér hefur verið gert er að vitna til hennar, vitna til mats sérfræðinga á þeirri niðurstöðu, talsmanna læknafélagsins o.s.frv. Það fellur því algerlega um sjálft sig hjá hæstv. ráðherra að hér hafi á nokkurn annan hátt en fullkomlega málefnalegan verið vikið að þessu máli. Það er fullgilt og málefnalegt að Alþingi taki þetta mál nú fyrir. Þetta er mikið alvörumál. Ef svo reynist að þessi lagasetning samrýmist ekki alþjóðlegra viðurkenndum siðareglum á þessu sviði þá er það auðvitað stóralvarlegt mál sem Alþingi hlýtur að taka alvarlega, skárra væri það nú. Þess vegna verður hæstv. ráðherra að endurskoða viðbrögð sín og reyna að koma sér í betra skap til þess að vera samræðuhæf um málið.

Vitamál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 258. mál (vitagjald, sæstrengir). — Þskj. 269.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Póstþjónusta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 257. mál (EES-reglur). — Þskj. 268.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 324. mál (sérstakur tekjuskattur, rekstrartap, vextir o.fl.). — Þskj. 352.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 323. mál (vextir). — Þskj. 351.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lífeyrissjóður bænda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 321. mál (skylduaðild maka, skipting iðgjalda). — Þskj. 349.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Verndun hafs og stranda, 1. umr.

Stjfrv., 240. mál (heildarlög). — Þskj. 244.

[13:49]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um verndun hafs og stranda.

Á síðasta Alþingi mælti ég fyrir frv. þessu en það hlaut ekki afgreiðslu og er því lagt fram á nýjan leik. Frumvarp þetta kom ekki til umræðu í umhvn. en var lagt fram um mánaðamótin janúar/febrúar sl. Umhvn. sendi frv. út til valinna aðila. Fjölmargar umsagnir bárust til nefndarinnar áður en þingi lauk. Ákveðið var í umhvrn. að fara vandlega yfir þær umsagnir sem borist höfðu með það fyrir augum að taka tillit til framkominna athugasemda og ábendinga eftir því sem efni stæðu til. Var unnið að þessu í umhvrn. síðla sumars í samstarfi við Hollustuvernd ríkisins og umsagnaraðila eftir því sem ástæða þótti til, t.d. Samband íslenskra tryggingafélaga í tengslum við hlutlæga ábyrgð og vátryggingar. Frumvarpið er því að nokkru leyti breytt frá fyrra frumvarpi.

Í lögum nr. 90/2002, um Umhverfisstofnun, er svo mælt fyrir að frá og með næstu áramótum taki til starfa sérstök stofnun, Umhverfisstofnun, og mun hún frá og með þeim tíma taka yfir verkefni Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, veiðistjóraembættisins og stjórnsýslu á vegum hreindýraráðs, auk þess sem dýraverndarmálum verður sérstaklega komið fyrir innan stofnunarinnar. Þessi breyting ein og sér hefur í för með sér að gera þarf breytingar á því frumvarpi sem lagt var fram á síðasta þingi þar sem í því var gert ráð fyrir að Hollustuvernd ríkisins færi með eftirlit með framkvæmd laganna að svo miklu leyti sem um annað er ekki mælt fyrir í lögunum og að Náttúruvernd ríkisins væri ráðgefandi aðili. Í því frumvarpi sem hér birtist er því gert ráð fyrir því að þetta verkefni verði í höndum Umhverfisstofnunar enda mun sú stofnun hafa tekið til starfa ef og þegar þetta frumvarp verður að lögum.

Að öðru leyti er frumvarp þetta í megindráttum í samræmi við tillögur nefndar sem þáv. umhvrh., Guðmundur Bjarnason, skipaði til að endurskoða lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með hliðsjón af fenginni reynslu liðinna ára og alþjóðlegum samningum er varða mengun sjávar og varnir og viðbrögð gegn mengun sjávar, en nefndin hóf störf í byrjun árs 1999 og skilaði tillögum til umhvrh. í september 2001.

Í athugasemdum við lagafrv. er að finna ítarlega umfjöllun um lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, svo og önnur lög er varða málefnið. Auk þess eru ítarlegar upplýsingar um alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar. Ég sé ekki ástæðu til að tíunda þessi atriði hér frekar en vísa til athugasemda með frumvarpinu. Hér á eftir ætla ég að gera, virðulegur forseti, grein fyrir helstu nýmælum frv.

Í 2. gr. er fjallað um gildissvið laganna og fram kemur að um er að ræða heildarlög sem gilda að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki um hlutaðeigandi atriði. Sérlög sem hér koma til greina eru t.d. lög um geislavarnir, lög um Siglingastofnun Íslands og siglingalög.

Gert er ráð fyrir að lögin gildi einnig um íslensk skip utan íslenskrar mengunarlögsögu eftir því sem Ísland hefur skuldbundið sig í alþjóðasamningum. Þannig mundu lögin ná yfir íslensk fiskiskip sem veiða utan íslenskrar mengunarlögsögu svo framarlega sem um er að ræða skip sem sigla undir íslenskum fána. Ákvæðið er sett til að tryggja með óyggjandi hætti að íslensk skip sem eru að störfum utan íslenskrar mengunarlögsögu fylgi ákvæðum alþjóðasamninga, svo sem MARPOL 73/78 og Montreal-bókuninni um verndun ósonlagsins.

Í frv. er að finna það nýmæli að fjallað er annars vegar almennt um verndun hafs og stranda og hins vegar í sérákvæðum um varnir og viðbrögð við bráðamengun sjávar. Þannig er því í reynd skipt upp í tvo meginframkvæmdakafla enda viðbrögð og varnir með ólíkum hætti eftir því hvort um er að ræða mengun sem kallar á skjót og oft tafarlaus viðbrögð eða aðra mengun.

Í frv. er að finna fleiri og ítarlegri skilgreiningar á orðum og orðasamböndum en eru í gildandi lögum. Brýnt er að skilgreiningar á orðum og hugtökum séu skýrar þar sem framkvæmdin, svo sem efni reglugerða, byggist mjög á þeim. Þannig er að finna í frv. margar nýjar skilgreiningar svo sem á „bestu fáanlegu tækni" og hugtakinu „innsævi".

Enn fremur er að finna skilgreiningu á mengunarlögsögu Íslands og er breytingin sú frá gildandi löggjöf að mengunarlögsagan er einnig látin ná yfir efstu jarðlög sjávarbotns en ekki aðeins innsævi, að efstu flóðamörkum á stórstraumsfjöru, landhelgi og efnahagslögsögu og landgrunn Íslands.

Einnig er að finna skilgreiningu á hugtakinu „vöktun" en eitt af nýmælum frv. varðar vöktun hafs og stranda. Auk þess eru í frv. fjölmargar aðrar nýjar eða breyttar orðaskýringar sem ég sé ekki ástæðu til að tíunda hér en gerð er grein fyrir í athugasemdum með 3. gr.

Lagt er til að ábyrgð á framkvæmd laganna verði í höndum ríkisins þ.e. Umhverfisstofnunar undir yfirstjórn umhvrh. Hlutverk Umhverfisstofnunar er að fara með eftirlit með framkvæmdinni að svo miklu leyti sem ekki er mælt fyrir um annað í lögunum. Umhverfisstofnun er veitt heimild til að fela tiltekna þætti eftirlitsins faggiltum skoðunarstofum eða heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna. Í vissum tilvikum kunna samgrh., vegna starfsemi Siglingastofnunar, og dómsmrh., vegna starfa Landhelgisgæslunnar, að fara með yfirstjórn mála og er þess þá sérstaklega getið.

Eins og ég nefndi á undan er í frv. að finna nýmæli varðandi vöktun hafs og stranda. Í 4. gr. er það skilgreint sem hlutverk Umhverfisstofnunar að sjá um að vöktun hafs og stranda sé framkvæmd og er það í samræmi við aðrar skyldur Umhverfisstofnunar til vöktunar sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem ná til almennra hollustuhátta og mengunarvarnaeftirlits, þ.e. ofan stórstraumsfjöru og í lofti. Með þessu ættu því allir þættir vöktunar að vera komnir undir eina stofnun og eina stjórn.

Eftirlitið er almennt í höndum Umhverfisstofnunar en Landhelgisgæslunnar sé um að ræða hafsvæðið umhverfis Ísland jafnt úr lofti sem á sjó. Hvílir sú skylda á Landhelgisgæslunni að tilkynna Umhverfisstofnun ef hún verður vör við mengun eða grunur leikur á að um mengun hafs og stranda sé að ræða. Það er síðan Umhverfisstofnun sem ber ábyrgð á að gripið sé til viðeigandi þvingunarúrræða samkvæmt lögunum að svo miklu leyti sem ekki er um að ræða beina íhlutun Landhelgisgæslu Íslands vegna bráðamengunar. Ég kem síðar að því en Siglingastofnun Íslands mun áfram annast eftirlit með búnaði skipa vegna mengunarvarna.

Í stað margra reglugerða um hin ýmsu atriði sem undir gildandi lög falla er gert ráð fyrir setningu einnar reglugerðar, hugsanlega þó fleiri, um verndun hafs og stranda og nákvæmlega talið upp hvað þar skuli sérstaklega fjallað um. Um er að ræða 23 atriði sem þarf að setja nánari ákvæði um í reglugerð auk sambærilegra atriða og er rétt að benda á að þar er m.a. gerð krafa um að notuð verði besta fáanlega tækni við mengunarvarnir og að stuðst skuli við bestu umhverfisvenjur.

Í 9. gr. kemur fram það nýmæli að lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna skuli háð leyfi Umhverfisstofnunar, sem hafi þar um samráð við sjútvrn., en engin sérstök leyfi þarf í dag til að leggja sæstrengi eða neðansjávarleiðslur hér á landi. Nokkrum sinnum hefur reynt á þetta á undanförnum árum og því er ástæða til þess að koma þessum málum í fastan farveg. Þannig verður lagaumhverfi hér með sama hætti og í nágrannalöndunum og slík lagning ekki aðeins bundin leyfum á friðlýstum svæðum samkvæmt náttúruverndarlögum heldur einnig á öðrum svæðum.

Eins og áður hefur komið fram eru helstu nýmæli frv. bundin við svokallaða bráðamengun en bráðamengun er sú mengun hafs og stranda sem verður skyndilega og krefst tafarlausra hreinsunaraðgerða. Ákvæði um bráðamengun er reyndar að finna í gildandi lögum en í framkvæmdinni hefur þó aðallega verið stuðst við reglugerð nr. 465/1998, um bráðamengun, en efnislega er lagt til að helstu ákvæði þeirrar reglugerðar verði sett inn í lög enda reynslan af þeim góð. Styrkja þarf lagagrunninn betur til þess að styrkja framkvæmdina og er lagt til að lögfest verði ákveðin íhlutun og hlutlæg ábyrgð að hámarki ein milljón SDR eða um 120 milljónir ísl. kr., en um er að ræða ábyrgð án sakar.

Enn fremur þarf ákvæði um vátryggingar en engin slík er að finna í gildandi lögum. Nauðsynlegt er að fram komi hvernig háttað sé ábyrgð á einstökum svæðum, þ.e. á hafnarsvæðum og hafnarsvæða og er ákvæði þar að lútandi að finna í V. kafla frv.

Í tengslum við sérákvæði um bráðamengun er lagt til að lögin geymi ítarleg ákvæði um íhlutun í slíkum tilvikum. Lagt er til að Landhelgisgæslan geti gripið til íhlutunar og gert þær ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar á hafsvæðinu við Ísland til að koma í veg fyrir eða draga úr bráðamengun eða hættu á bráðamengun eftir að óhapp hefur orðið á sjó og hafi um það samráð við Umhverfisstofnun og ef við á hafnarstjóra.

Nauðsynlegt er að íhlutunarákvæði sé að finna í lögunum en eins og að lögunum er búið í dag geta yfirvöld ekki gripið til ráðstafana jafnvel þótt mengunarslys sé fyrirsjáanlegt. Í þessu tilviki er rétt að benda á strand Víkartinds í mars 1997. Ef ákvæði um íhlutun hefði verið í lögunum hefði Landhelgisgæslan getað gripið inn í með beinum aðgerðum. Eðlilegt er að Landhelgisgæslan fari með þetta vald enda fer hún með lögregluvald á sjó.

Lagt er til að þegar mengun hefur orðið á hafi úti skuli Umhverfisstofnun grípa til viðeigandi aðgerða. Þegar hætta er talin á mengun af strandi skips eða frá starfsemi á landi eða hafi skal stofnunin gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á mengun af völdum strandaðs skips eða frá starfsemi á landi.

Í 16. gr. er að finna nýmæli sem tengist bráðamengun en þar er lagt til að mengunarvaldur verði ábyrgur fyrir bráðamengunartjóni þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanna hans sé um að ræða mengun af völdum atvinnurekstrar frá landi eða flutnings á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum. Þeir sem bera ábyrgð á mengun samkvæmt þessu skulu taka ábyrgðartryggingu að upphæð allt að 1 milljón SDR eða rúmar 100 millj. ísl. kr. Takmarkast hin hlutlæga ábyrgð við þá upphæð. Um skaðabótaábyrgð umfram þessi mörk fer eftir almennum reglum skaðabótaréttarins. Um nánari framkvæmd er varðar vátrygginguna og gildissvið fer samkvæmt reglugerð.

Ljóst er þegar settar eru svo víðtækar ábyrgðarskyldur á rekstraraðila án þess að fyrir liggi saknæmt atferli verða stjórnvöld að búa þannig um hnútana að hlutaðeigandi geti tekið vátryggingu. Gerð er grein fyrir því hvað átt er við með atvinnurekstri sem fellur undir það að vera atvinnurekstur á landi sem getur valdið mengun hafs og stranda og er vísað þar sérstaklega til fylgiskjals I með frv. en slíkur atvinnurekstur er allur háður starfsleyfum samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og er talinn upp í fylgiskjali með þeim lögum.

Rétt er að taka fram að ábyrgð samkvæmt þessari grein sætir takmörkunum í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að. Í slíkum samningum er oft að finna hámark sem greiða skal fyrir í einstökum tilvikum eða á tilteknu tímabili, svo sem almanaksári, auk þess sem í alþjóðasamningum er að finna ákvæði um greiðslur úr sjóðum á því sem umfram er.

Í 17. gr. er fjallað sérstaklega um vátryggingar olíuflutningaskipa en auk ákvæða í 16. gr. gilda einnig um þá ábyrgð

og vátryggingar alþjóðasamningar um íhlutun á úthafi þegar óhöpp koma fyrir sem valda eða geta valdið olíumengun. Einnig gildir alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs til þess að bæta tjón af völdum olíumengunar.

Nái þau ákvæði fram að ganga sem ég hef fjallað um hér á undan, þ.e. um íhlutun vegna bráðamengunar og vátrygginga- ar sem þeim tengjast væri góðum áfanga náð í umhverfisrétti hér á landi þar sem í fyrsta sinn yrði kveðið á um hlutlæga ábyrgð, þ.e. ábyrgð án sakar og töku vátrygginga í íslenskum umhverfisrétti.

Í 18. gr. er gerð tillaga um að atvinnurekstur sem getur valdið mengun og talinn er upp í fskj. I sem ég nefndi hér að framan skuli gera áætlanir um viðbrögð og áætlunin verði hluti af starfsleyfi viðkomandi rekstrar. Umhverfisstofnun skal gera tillögur til ráðherra að höfðu samráði við ráðgjafaraðila, sbr. 5. gr., um áætlanir um varnir og viðbrögð gegn bráðamengun.

Í 19. gr. er kveðið á um mengunarvarnabúnað og að hann skuli vera á hverju svæði undir umsjá svæðisráða og skal vera sérstakur umsjónarmaður með hverjum búnaði. Umhverfisstofnun skal auk þess ráða yfir flytjanlegum mengunarvarnabúnaði til að takast á við óhöpp innan hafnarsvæða eftir því sem þörf er á. Enn fremur skal stofnunin sjá um að koma upp nauðsynlegum mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins og um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands.

Í 20. gr. er að finna nýmæli um siglingaleiðir og strönduð skip. Þar er lagt til að samgrh. að höfðu samráði við umhvrh., dómsmrh. og sjútvrh. geti sett reglugerð um siglingu skipa innan mengunarlögsögu Íslands sem flytja olíu eða hættulegan varning í farrými og tönkum. Undanfarin ár hefur verið töluverð umræða um hvernig skuli haga ákvörðun um siglingaleiðir þegar í hlut eiga skip sem flytja olíu og annan hættulegan varning. Hefur nefnd á vegum samgrn. skilað tillögum um hvernig siglingaleiðum skuli háttað en engin ákvæði er að finna í lögunum um hver skuli taka ákvörðun um siglingaleiðir sé þess talin þörf. Hér er lagt til að úr þessu verði bætt og það verði samgrh. sem tekur slíka ákvörðun, enda heyra siglingalög og lög um skip undir samgrn. Einnig er lagt til að hafi skip strandað þannig að því verði ekki komið á flot eða skip legið óhreyft í fjöru innan tiltekins tíma beri eiganda þess að fjarlægja það. Sem stendur er verið að vinna að gerð alþjóðasamnings innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar hér að lútandi þannig að þetta ákvæði er í samræmi við þær hugmyndir sem þar hafa verið ræddar. Telji eigandi ill- eða ógerlegt að fjarlægja skip getur hann lagt fram beiðni til Umhverfisstofnunar um að ákveðið verði að skipið verði óhreyft þar sem það er og með slíkri beiðni skal þá fylgja áhættumat þar sem gerð er grein fyrir umhverfislegum ávinningi ásamt kostnaði af að fjarlægja skipið. Slík ákvörðun Umhverfisstofnunar hlýtur þá fyrst og fremst að byggjast á umhverfissjónarmiðum, þ.e. hvort betra sé að skipið sé áfram á strandstað í stað þess að fjarlægja það og hvort það hefur truflandi áhrif á siglingar.

Í 22. gr. eru nýmæli um þvingunarúrræði sem Umhverfisstofnun getur beitt til að knýja á um framkvæmd laganna. Þau þvingunarúrræði eru m.a. að stöðva eða takmarka viðkomandi starfsemi eða notkun að veittri áminningu og tilhlýðilegum fresti nema nauðsyn krefjist tafarlausrar stöðvunar. Er þetta í samræmi við þvingunarúrræði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Refsiviðurlög laganna hafa verið löguð að nýrri löggjöf á sviði umhverfismála en gert er ráð fyrir að brot gegn lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim geti varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sé um að ræða stórfellt og ítrekað ásetningsbrot getur refsing numið allt að fjögurra ára fangelsi. Er það í samræmi við almenn hegningarlög nr. 19/1940 eins og lögunum var breytt með lögum nr. 122/1999. Þá var í fyrsta skipti tekið á umhverfislagabrotum í almennri hegningarlöggjöf hér á landi.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 2003 en þá tekur Umhverfisstofnun til starfa eins og áður hefur komið fram.

Ég hef, virðulegur forseti, farið yfir helstu nýmæli og breytingar sem fólgnar eru í frv. til laga um verndun hafs og stranda og legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhvn.

[14:06]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég hef þá tilfinningu fyrir þessu máli að það sé tiltölulega vel unnið miðað við þann farveg sem hæstv. ráðherra hefur kosið að setja þau mál í, en hann er auðvitað þröngur og erfiður vegna þess að menn hafa ekki lagt í þá vinnu og það pólitíska samráð sem þarf til að ná nauðsynlegum ákvörðunum til að koma á betri skipan hvað varðar þessi mál í heildina. Í sjálfu sér er lýsandi fyrir það sem ég er hér að segja það sem stendur í 1. mgr. 4. gr. frv.:

„Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um annað í lögunum."

Þarna er verið að vísa til þess að þau yfirráð hinna ýmsu ráðuneyta yfir þeim svæðum og málum sem um er að ræða skarast meira og minna. Að minnsta kosti fjórir hæstv. ráðherrar geta verið að skarka í sama firðinum þegar um er að ræða að skipta sér af atvinnustarfsemi sem getur valdið mengun. Mér finnst dálítið skrýtið að sjá að í þeirri upptalningu sem er í frv. um bráðamengun er t.d. talað um eldi sjávar og ferskvatnslífvera með fráveitu til sjávar, en það er ekki talað um neina aðra starfsemi af þessu tagi. Það er orðið ljóst núna að sjútvrn. mun hafa yfirstjórn með fiskeldi ef um er að ræða — hvað á maður að kalla það, sjófiska, en landbrn. er síðan með yfirstjórn mála ef um er að ræða lax. Iðnrn. hefur með það að gera þó að það sé ekki meira en taka möl af sjávarbotni og umhvrh. á síðan að bera ábyrgð á öllu þar fyrir utan. Þetta verður auðvitað erfið ganga og það verður vont að finna hvar mál rekast ekki á. Að vísu er hæstv. umhvrh. með dálítið víðtækar skilgreiningar í þessari upptalningu eins og stendur hér í töluröð, nr. 37. Annar sambærilegur atvinnurekstur. Sambærilegur við hvað? Allt sem á undan er talið? Það gæti orðið býsna víðtækt sem um væri að ræða. En ef kveðið er á um það í öðrum lögum að annað ráðuneyti hafi einhver afskipti af viðkomandi atvinnurekstri þá heyri það þar undir en ekki undir hæstv. umhvrh.

Ég hef þá skoðun að þetta sé ekki gott fyrirkomulag og menn muni lenda í vanda út af þessu. Á einum stað er tekið á þessu máli og það er jákvætt. Það er gagnvart sveitarfélögunum. Ef ég skil þetta rétt, þá er með þessu verið að skýra málin gagnvart sveitarfélögunum, að þau hafi þá klárlega undir umhvrn. og stofnunina að sækja hvað varðar eftirlit með starfsemi af því tagi sem talin er hér upp.

Ég fæ tækifæri til að fara yfir þetta í nefndinni þannig að ég ætla ekki að ræða mikið um einstök atriði. Ég vek þó athygli á því að í 20. gr. þar sem talað er um strönduð skip er verið að tala um á einhverjum stað, svo að ég fari ekki að lesa upp greinina, að ef skip strandi þá sé eiganda skylt að fjarlægja skipið innan sex mánaða. Ég vil meina að með því ákvæði sé í raun og veru verið að setja málin í þá stöðu að viðkomandi geti látið skipið liggja þarna þó að hann hafi hugsanlega kost á því að fjarlægja það fyrr. Mér finnst að það þurfi að vera mjög skýrt að ráðuneytið hafi þarna ráð í hendi sinni ef á þarf að halda. Allir vita að skip geta ekki legið í sex mánuði á öllum strandstöðum á Íslandi. Það verður ekki mikið eftir af þeim eftir þann tíma ef þau hafa strandað. Það er því oft nauðsynlegt að farið sé í mjög kostnaðarsamar aðgerðir strax ef á að taka á málinu á annað borð. Ég vil meina að það þurfi að fara yfir þetta og skoða.

Það sem ég vil segja um þetta til viðbótar er eingöngu það að nú er orðið ljóst að sú ríkisstjórn sem situr í dag mun ekki taka á þeim málum sem ég nefndi fyrr, þ.e. að fara í þá miklu endurskipulagningu á Stjórnarráðinu sem nauðsynleg er til að þessi mál komist í skýrara ástand og meira til nútímans heldur en orðið er. Það ætlar að verða að mér finnst allt of löng ganga sem hófst með því að umhvrn. var stofnað. Ég hefði talið að menn hefðu í dag átt að vera komnir í þá stöðu að sú endurskipulagning sem óhjákvæmlega fylgir því þyrfti að vera komin lengra og hæstv. umhvrh. hefði að mér finnst átt að hafa metnað til þess að klára kjörtímabil sitt með því að leggja til nýskipan þessara mála en ekki að koma með svona, ég vil segja neyðarlega útgáfu af því að vera þó í einlægni að reyna að gera eitthvað.

[14:13]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að það sé tæpast deiluatriði að til bóta er að fá endurskoðaða heildarlöggjöf um aðgerðir til verndar hafi og ströndum þó að sú löggjöf sem þessi á að leysa af hólmi, lög um varnir gegn mengun sjávar, hafi á margan hátt verið hin merkasta löggjöf og dugað í sjálfu sér ágætlega sem slík og mest starf verið unnið í gegnum tíðina af þeim aðilum sem fóru með þá hluti, mengunarvarnadeild Siglingamálastofnunar á einni tíð sem síðan varð að deild í umhvrn. o.s.frv. Það eru þó á ferðinni í þessu frv. allmörg nýmæli sem tvímælalaust eru til bóta og tímabært var að fá inn í íslenskan rétt. Þar nefni ég t.d. skilgreiningar á hugtökum. Þar nefni ég mengunarbótaregluna, að sá sem veldur mengun sé skilyrðislaust ábyrgur fyrir henni og beri að greiða kostnað sem af henni hlýst og þar með nefni ég líka íhlutunaratriði eða sterkari stöðu stjórnvalda til að grípa inn í til þess fyrst og fremst að reyna að fyrirbyggja að mengun verði og/eða þá til þess að hreinsa upp ef slys hafa orðið. Þetta eru, til að nefna eitthvað, atriði sem mér koma í hug og eru af hinu góða.

Málaflokkurinn er gríðarlega mikilvægur fyrir Ísland. Um það þarf tæpast að deila. Ég held að segja megi, til þess að halda því til haga sem vel er gert, að á heildina litið hafi Íslendingar staðið sig nokkuð vel á þessu sviði, verið sæmilega vakandi, virkir í alþjóðasamstarfi og stundum jafnvel verið leiðandi í að berjast gegn mengun hafsins. Við höfum yfirleitt gerst aðilar að alþjóðasamningum á þessu sviði fljótt, ef ekki beinlínis verið stofnaðilar að þeim eða þátttakendur í að gera þá. Við höfum þannig reynt að sinna þessu þokkalega. Auðvitað má segja að skárra væri það annars. Hvar ætti Ísland yfirleitt að beita sér ef ekki á vaktinni gagnvart aðgerðum til að vernda höfin og tryggja viðgang þeirra auðlinda sem þar eru, að þær mengist ekki og spillist.

Þessi lög byggjast í öllum aðalatriðum á þeim fjölmörgu alþjóðasamningum sem við höfum gegnum tíðina, gegnum Lundúna-, Óslóar- og Parísarsamninga og hvað það nú allt er, gerst aðilar að eða starfað eftir. En þrátt fyrir það er víða pottur brotinn í þessum efnum. Það vitum við. Annars vegar er um að ræða mengun frá landstöðvum sem því miður á sér enn stað í verulegum mæli. Geislavirkur úrgangur er losaður í hafið, t.d. í Sellafield þar sem hæstv. ráðherra var í heimsókn á dögunum. Satt best að segja sýna bresk stjórnvöld ótrúlega forherðingu í samskiptum við nágranna sína í þeim efnum, ekki minnst við Íra en þetta er líka stórt hagsmunamál fyrir Ísland og Noreg, þau lönd í Norðurhöfum sem hafstraumar bera þessa mengun til.

Auðvitað er ýmiss konar mengun frá landstöðvum sem berst til Norðurhafa. Þar er náttúrlega einna alvarlegust, a.m.k. frá líffræðilegu sjónarmiði séð, uppsöfnun þrávirkra efna, þrávirkra lífrænna efna, svonefndra „POPs" sem er skammstöfunina upp á ensku. Á ráðstefnu Heimskautaráðsins í Tromsö í sumar voru settar fram mjög ískyggilegar upplýsingar bæði í máli manna og í gögnum sem þar lágu frammi um nýjar vísbendingar úr lífkeðjunni um áhrif uppsöfnunar þessara þrávirku efna.

Auk þessa berast mengunarefni í hafið frá skipum og umferð á hafinu. Þar er annars vegar um að ræða ýmiss konar losun og mengun vegna umferðar sem menn vita um og er kannski að einhverju leyti nánast óumflýjanlegur fylgifiskur þess að höfin eru fjölfarin. Þar eru miklar siglinga- og flutningaleiðir þó svo betra kunni að vera að hafa flutningana þar en uppi í háloftunum. Hins vegar er líka ástæða til að ætla að í því tilviki séu veruleg undanbrögð frá því að reglum sé framfylgt. Það vill brenna við að sögur heyrist af því að skip dæli út menguðum kjölsjó og jafnvel losuð séu í hafið svo lítið beri á ýmis efni og þá jafnvel vegna þess að það er einfaldlega ódýrara að koma þeim í lóg á ólöglegan hátt með slíkum aðferðum en bera þann kostnað sem förgun hættulegra efna er samfara eins og málum er yfirleitt fyrir komið í dag, þ.e. að sá sem ber ábyrgð á þeim efnum eða menguninni veldur borgi.

Ég vil aðeins gera hér að umtalsefni nokkur atriði, án þess að ég ætli nú að fjölyrða um þetta mál. Það er að sjálfsögðu fyrst og fremst hlutverk hv. nefndar að taka það til skoðunar og fara vel yfir það. Þetta er mikilvæg löggjöf og það er til bóta að frv. hefur farið til umsagnar og fjölmargir aðilar átt þess kost að skoða það og tjá sig um það. Öll þau gögn koma væntanlega til með að liggja fyrir hv. þingnefnd og það er vel. Engu að síður staldraði ég við nokkur atriði sem ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um.

Í fyrsta lagi langar mig að spyrja um hlutverk Landhelgisgæslunnar í þessum efnum. Það er að sönnu eðlilegt og ekki um annað að ræða, auðvitað sjálfsagt, að Landhelgisgæslan fái eftirlitshlutverkið á höfunum. Þar er ekki öðrum til að dreifa. Umhvrn. er ekki siglandi um úthöfin með sitt eftirlitsbatterí og mengunarvarnaaðilar á landi hafa að sjálfsögðu engin tök á að sinna þar eftirliti. En hefur Landhelgisgæslan það? Hafa menn farið yfir það? Hvert er mat stjórnvalda á því að Landhelgisgæslan geti að óbreyttu bætt þessu hlutverki á sig eða axlað sómasamlega þegar staðan er orðin þannig að það er iðulega ekki nema eitt einasta skip á sjó? Er ekki ástæða til að fara yfir það, m.a. í ljósi þeirra fjárhagserfiðleika sem Landhelgisgæslan hefur

búið við, þ.e. skert rekstrarfé og áform Landhelgisgæslunnar um endurnýjun skipakostsins þar sem stefnan hefur verið tekin á að byggja eitt mjög stórt en um leið dýrt skip? Úthald þess verður sömuleiðis mjög dýrt. Ég spyr því: Hafa menn farið yfir þetta? Hvar liggja fyrir áætlanir um hvernig Landhelgisgæslan getur sinnt þessu hlutverki sómasamlega og mynduglega eins og full þörf væri fyrir? Samrýmist þetta áformum Gæslunnar um skipakost og annað í framtíðinni?

Í raun er það svo að Landhelgisgæslan þarf bæði að hafa bolmagn og möguleika til íhlutunar ef svo ber undir. Hún þarf líka að geta sinnt eftirliti og veitt aðhald þannig að af og til séu gerðar prufur, ef svo má að orði komast, farið um borð í skip og kannað hvort öllu sé til haga haldið og rétt upp gefinn sá farmur sem verið er að flytja og annað í þeim dúr. Það þarf líka að vera hægt að taka á tilvikum sem upp koma þegar grunur leikur á beinum brotum á mengunarvarnalöggjöfinni, t.d. því að skip hafi í leyfisleysi dælt menguðum vökva í hafið. Ég hlýt að segja, herra forseti, að ég verð að hafa þó nokkurn fyrirvara á því, miðað við tilfinningu mína fyrir högum Landhelgisgæslunnar um þessar mundir, að hún sé vel í stakk búin til að sinna þessu hlutverki.

Þá kem ég að öðru atriði sem er líka stórt og mikilvægt, þ.e. spurningunni um siglingaleyfið og reglur sem settar eru og gilda um umferð þar sem mengandi efni eiga í hlut. Það er gríðarlega stórt mál sem lítið hefur komist á dagskrá á Íslandi en veldur harðvítugum deilum og miklum átökum víða erlendis. Ég nefni t.d. spurningar um mögulega flutninga á geislavirkum efnum. Ég spyr: Hafa íslensk stjórnvöld skoðað hvaða möguleika við höfum á að friðlýsa algerlega íslensku efnahagslögsöguna fyrir slíkum flutningum? Ég hef ítrekað flutt um það frv. og tel að þjóðarétturinn leyfi okkur að gera það, ekki bara hinn almenni heldur líka lög og alþjóðasamningar um mengunarvarnir. Ég nefni sérstaklega svæðin norðan og vestan við landið. Hvernig verða þessar reglur útbúnar, verður t.d. yfir höfuð leyfð einhver slík umferð um Grænlandssund? Er ekki rétt að banna bara algerlega olíuflutninga og flutninga mengandi efna um Grænlandssund, nema þá sem fara beint til notkunar á austurströnd Grænlands eða á vestanverðu Íslandi eða eitthvað í þeim dúr? Hvað með það ef upp kæmu óskir um að kjarnakleyf efni eða geislavirkur úrgangur yrði fluttur gegnum íslenska sérefnahagslögsögu, yrði slíkt leyft? Ég spyr. Geta ekki þeir sem bera ábyrgð á slíkum úrgangi í okkar heimshluta, fyrst og fremst Bretar og Frakkar og þá aftur Bandaríkjamenn hinum megin, glímt við það mál sjálfir? Væri ekki eðlilegast að í þessum reglum, eða jafnvel bara með lagasetningu hér, yrði íslenska sérefnahagslögsagan bæði vestan og austan við landið, þ.e. Grænlandssundið, og síðan svæðið milli Íslands og Færeyja friðlýst og slík umferð bönnuð þar?

Það væri auðvitað fróðlegt að vita hverja menn telja stöðu Íslands til að beita slíkum aðgerðum. Nú er að sjálfsögðu í gildi siglingafrelsi á heimshöfunum. Það er ljóst að rétturinn til friðsamlegrar gegnumferðar nær upp að 12 mílum. Menn hafa leyfi til beinnar og friðsamlegrar gegnumferðar um sérefnahagslögsögu ríkja en þó geta menn lokað slíkri umferð út að 12 mílum nema þegar í hlut eiga sund þar sem alþjóðleg skipaumferð verður að fara nær landi en 12 mílur. Á móti koma þeir möguleikar og þau réttindi sem menn hafa samkvæmt alþjóðasamningum og þjóðarétti, t.d. til að reyna að fyrirbyggja mengun. Þetta væri fróðlegt að athuga. Ef til vill getur hv. þingnefnd farið betur ofan í saumana á þessum hlutum.

Ég leyfi mér að nefna hér og minna á að fyrir þessari virðulegu stofnun hafa endurtekið legið frv. þar sem gerð hefur verið tillaga um slíka friðlýsingu, friðlýsingu landsins, sérefnahagslögsögunnar og lofthelginnar, reyndar fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum en einnig fyrir flutningum og umferð kjarnorkuknúinna farartækja og flutningum kjarnakleyfra efna eða geislavirks úrgangs. Þetta eru atriði sem mér finnst eðlilegt að taka til skoðunar og setja í samhengi úr því að hér er verið að taka á dagskrá ný heildarlög um verndun hafs og stranda.

Þá er ég kominn að síðasta atriðinu, herra forseti, sem ég ætlaði lítillega að gera að umtalsefni. Það eru strendurnar. Nú heitir þetta upp á fallega íslensku frumvarp til laga um verndun hafs og stranda. Það er alloft bætt við „og stranda" þegar fjallað er um hlutina í einstökum greinum frv. Það er auðvitað vel. Það dregur hins vegar athyglina að því að strendurnar hafa nokkuð sérstaka stöðu í þessu máli. Þar safnast gjarnan fyrir þessi úrgangur og þessi mengun, þ.e. sú sem flýtur að landi og berst með hafstraumum og rekur á fjörur.

Nú er það útgangspunktur þessa frv., sem eðlilegt er, að mengunarbótareglan gildi. Sá ber ábyrgð á mengun sem henni veldur eftir því sem það verður sannað og því við komið að láta hann axla þá ábyrgð. Að vísu er þarna sett þak á heildarbótaábyrgðina sem þar getur komið til. Það er kannski tryggingafræðilegs eðlis. En hvað með strendurnar? Hver verður staðan þar? Ég spyr nú bara til þess að fræðast. Hver telur hæstv. ráðherra að beri ábyrgð á menguninni á ströndunum þegar hún er þangað komin og í þeim tilvikum að ekki er hægt að sanna hver mengunarvaldurinn var? Hver ber ábyrgð á því að hreinsa strendur? Eru það landeigendur, sveitarfélögin eða er það hið opinbera? Eftirlitið hvílir á herðum hins opinbera. Það er reyndar talað um að menn megi leggja á gjöld til að standa straum af eftirlitinu eða vöktuninni. Hver á að greiða gjaldið hvað strendurnar varðar? Eða er þessi gjaldtaka eingöngu hugsuð fyrir aðila sem geta á sjó valdið mengun sem rekur á fjörur þeirra sem eiga land að sjó og strönd?

Að vísu er það víða svo í sveitum landsins, sem oftast eiga strandlengjuna, að menn hafa tekið höndum saman og sjálfir staðið í hreinsunarátaki. En stundum geta þessir hlutir orðið býsna erfiðir viðfangs og kostnaðarsamir, jafnvel ofvaxnir fámennum sveitarfélögum, svo maður tali nú ekki um einstaka landeigendur sem jafnvel eru engir til staðar á viðkomandi svæðum. Jarðnæðið getur verið í eigu einhverra fjarlægra aðila og hver er þá staðan í þessum efnum? Væri ekki ráð að huga að þessu sérstaklega eftir atvikum og með einhverjum hætti standa sameiginlega á bak við þann kostnað sem af þessu hlýst þannig að það fari ekki jafnóhönduglega hjá okkur eins og með minka- og refaeyðinguna, eyðingu á vargfugli og öðru slíku, sem auðvitað á að vera sameiginlegt viðfangsefni og hæstv. ráðherra er væntanlega kunnugt af því að það heyrir til ráðuneytis hennar? Getur verið að það verði viðfangsefni nokkurra af fámennustu og fátækustu sveitarfélögum landsins að standa straum af slíkum kostnaði? Það er auðvitað algerlega fráleitt og út í hött. Ég ímynda mér að tilefni gæti verið til þess að fara með svipuðum hætti yfir þessi mál hvað varðar strandlengjuna. Það er auðvitað mjög mikilvægt mál að fyrirbyggja mengun og hreinsa til á strandlengjum. Þær hafa sums staðar verið í alveg hörmulegu ástandi, með öllum þeim nælonefnum og drasli sem þar rekur á fjörur. Þetta drasl er furðu lífseigt, fúnar ekki eða

brotnar niður með sama hætti og ýmis eldri efni gerðu sem áður rak á fjörur. Mér finnst ástæða til þess, herra forseti, að hugað verði að þessum efnum.

Ég er ekki endilega að krefja hæstv. umhvrh. um svör við þessu nú þegar en ég vildi taka þessi atriði upp, m.a. vegna þess að ég á ekki sæti í hv. umhvn. Ég vona að yfir þessi mál verði farið.

[14:31]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem spunnist hafa vegna frv. um verndun hafs og stranda. Þeir sem tekið hafa til máls hafa rætt frekar hlýlega um frv. og telja það vera til bóta og það sé meira að segja tiltölulega vel unnið. Það er rétt að við fengum umsagnir eftir að við lögðum það fram á síðasta þingi og höfum reynt að taka tillit til þeirra.

Hér hefur verið komið inn á það ákvæði sem verið er að setja nýtt inn í löggjöf, þ.e. umhverfisábyrgð. Ég tel það vera mjög mikilvægt atriði og tel að við munum í framtíðinni sjá slíkum ákvæðum beitt í ríkari mæli en nú er og það verði framtíðin.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson minntist á að taka þyrfti til gagnvart ýmsum þáttum er snúa að eftirliti, tók sem dæmi að nokkrir ráðherrar, allt að fjórir ráðherrar gætu tengst ákveðinni starfsemi t.d. inni í firði. Ég hef ekki séð neina sérstaka annmarka á því fyrirkomulagi sem við höfum í dag en það er rétt að nokkrir ráðherrar koma þar að málum. Sumum hefur fundist ankannalegt að landbrh. fari með ýmis leyfi er snúa að laxeldi en sjútvrh. leyfi sem snúa að þorskeldi og vissulega getur komið til einhverra árekstra ef menn eru að setja niður laxeldi og þorskeldi á sömu svæðum þannig að firðir beri ekki meir, þá gætu annmarkar komið í ljós.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom inn á fjölmörg atriði sem mig langaði aðeins að bregðast við, m.a. kom hann inn á svokallaðan POPs-samning eða samninginn um þrávirk lífræn efni. Ágætt er að rifja það upp að Ísland var það ríki sem fyrst nefndi það á alþjóðavettvangi, á Ríóráðstefnunni 1992, að æskilegt væri að þjóðir heims mundu sameinast um alþjóðasamning gegn losun og notkun á þrávirkum lífrænum efnum, þeim efnum sem fara í hafið og safnast upp á norðlægum slóðum. Nýlega er búið að undirskrifa slíkan alþjóðasamning í Stokkhólmi, svokallaðan Stokkhólmssamning sem Íslendingar áttu mikið frumkvæði að að koma á bæði í upphafi og síðan með vinnu allan tímann. Talið er að sá samningur gæti tekið gildi á alþjóðavísu árið 2004. Vonandi verður það fyrr en við höfum fullgilt hann á Íslandi.

Einnig var minnst á mengun frá landstöðvum en um 80% mengunar hafsins koma frá landstöðvum og þess vegna eiga ríki heims að gera áætlanir um það hvernig eigi að bregðast við slíkri mengun og mig langaði að nefna það af þessu tilefni að Kanada og Ísland eru þau tvö ríki sem hafa gert framkvæmdaáætlun innan lands um varnir gegn mengun frá landstöðvum þannig að maður er auðvitað mjög ánægður með að Ísland skuli vera þarna eitt af þeim ríkjum sem eru í fararbroddi gagnvart vörnum gegn mengun sjávar. Ég veit til þess að fjölmörg þróunarríki eru að skoða núna íslensku framkvæmdaáætlunina og munu nota hana til leiðbeiningar við gerð sinna framkvæmdaáætlana.

Einnig var minnst á Sellafield og það væri kannski ágætt að fara nokkrum orðum um Sellafield en í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar kom fram, sem rétt er, að sú er hér stendur átti þess kost að fara að heimsækja þá verskmiðju fyrir stuttu, í síðustu viku. Það verður að segjast eins og er að starfsemin þar er allt öðruvísi en ég hafði gert mér grein fyrir. Ég taldi að þarna væru 1–2 verksmiðjur eða eitthvað slíkt en þarna eru fjölmargar verksmiðjur, geysilega umfangsmikið svæði og mun meiri starfsemi en ég átti von á. Þar vinna t.d. 11 þúsund manns innan girðingar, bara á svæðinu sjálfu á vöktum. Þessi starfsemi er í gangi alla daga ársins allan sólarhringinn, alltaf. Ég átti þess kost að ræða við yfirmenn stöðvarinnar og miðað við þær upplýsingar sem ég fékk þar, þá finnst mér mjög ólíklegt að bresk stjórnvöld muni gera það sem við Íslendingar höfum talið vera réttast í þessu, þ.e. að takmarka losun á teknesíum-99 í hafið nú þegar, en Umhverfisstofnun Bretlands hefur lagt til við bresk stjórnvöld að þeir lækki ekki gildin, þau eru í 90 terabecquerel í dag, fyrr en eftir 2006. Við höfum viljað að þeir lækkuðu þau strax en þeir geta það ekki nema þá að hætta þeirri starfsemi sem fer fram í hluta af Sellafield, svokallaðri magnovs-vinnslu, en þá þurfa þeir að geyma efnin á landi og breska umhverfisstofnunin skilst mér telur að það sé verra umhverfislega séð og hættulegra að geyma efnin á landi en vinna þau og þurfa að kasta þarna hluta af teknesíum út í sjó. Maður er svo sem ekkert ánægður með slíka stöðu en þó verður að telja þeim það til tekna að þeir hafa verið að takmarka ýmis efni sem hafa farið í sjó áður fyrr en við höfum viljað sjá þá gera betur.

Hv. þm. spurði um hlutverk Landhelgisgæslunnar, hvort hún væri vel í stakk búin til þess að takast á við þetta hlutverk að hafa eftirlit með mengun á sjó. Það kemur fram í kostnaðarmatinu að ekki sé gert ráð fyrir auknum kostnaði af þessu og gerðir verði samningar milli Umhverfisstofnunar og Landhelgisgæslunnar um að Landhelgisgæslan sinni eftirlitinu samhliða öðru eftirliti og ekki er reiknað með auknum kostnaði. Því er til að svara að talið er að Landhelgisgæslan geti annast þetta, hafi svigrúm til þess og ekki er a.m.k. í fyrsta kasti gert ráð fyrir auknum kostnaði vegna þessa. En þó er auðvitað ómögulegt að vita hvernig mál þróast en miðað við undirbúningsvinnuna að þessu frv. er ekki ekki gert ráð fyrir auknum kostnaði hjá Landhelgisgæslunni.

Einnig var spurt um flutningaleiðir á geislavirkum efnum, hvort slíkt yrði leyft o.s.frv. en það kemur fram í 20 gr. frv. að samgrh. er heimilt að setja reglugerð í samráði við umhvrh., dómsmrh. og sjútvrh. um siglingu skipa innan mengunarlögsögu Íslands sem flytja olíu eða hættulegan varning. Það er alveg öruggt að allir telja að geislavirkur úrgangur teljist hættulegur varningur í farrými og tönkum þannig að það kemur alveg fram að samgrh. getur sett reglugerð sem takmarki slíka flutninga. Það er ekkert sem bendir til þess núna á þessari stundu að líklegt sé að menn fari að flytja geislavirkan úrgang en þó ber að halda því til haga að heimurinn er að kjarnorkuvæðast má segja. Aukinn þrýstingur er á kjarnorku víða í heiminum. Svíar hafa ekki náð að loka Barsebæk með þeim hraða sem þeir áætluðu af því að þeir hafa ekki aðra orkukosti sem þeir telja nógu ábyggilega til að þeir geti gripið til þeirra núna. Finnar eru að byggja nýtt kjarnorkuver, þriðja kjarnorkuverið sitt sem varð til þess að páv. umhvrh. sagði af sér. Bretar búa við kjarnorku og margir telja að þeir muni þurfa að nota hana í auknum mæli á næstunni. Japanir áætla að byggja fjölmörg kjarnorkuver á næstunnni og það er vegna þess að heimurinn kallar á orku. Menn hafa ekki nógu góða kosti gagnvart endurnýjanlegri orku, sumir telja hana of dýra og það er ekki mikil stemn-

ing fyrir því á alþjóðavettvangi að fara að stórauka notkun á kolum og olíu út af Kyoto-bókuninni. Það er því mikill þrýstingur á kjarnorku um þessar mundir.

Rússar samþykktu fyrir ekki mjög löngu síðan í Dúmunni að opna fyrir innflutning á geislavirkum úrgangi frá öðrum ríkjum. Það olli mér nokkrum heilabrotum og hvort menn mundu þá fara að nýta sér þá opnun til að senda hugsanlega geislavirkan úrgang í Norður-Rússland, en það er ekkert sem bendir til þess á núverandi stundu að menn fari að flytja geislavirkan úrgang hingað í nálægð við okkur en við mundum að sjálfsögðu taka mjög illa í slíkt vegna hagsmuna okkar.

Hv. þm. spurði líka um ábyrgð á mengun á ströndum. Ekki er sérstaklega tekið á því með þeirri bótatillögu sem gert er ráð fyrir í frv. Hún nær ekki yfir það en það er þannig að landeigendur og sveitarfélög hafa reynt að passa upp á strandsvæðin sem liggja innan þeirra svæða og það verður áfram í þeim farvegi en síðan hafa opinberir aðilar komið að ýmsum átökum sem menn hafa gert til að hreinsa upp strendurnar og umhvrn. hefur styrkt í gegnum tíðina slík átök þar sem frjáls félagasamtök og aðrir slíkir aðilar hafa gengið um fjörur og tínt upp rusl en það er auðvitað alveg ótrúlega slæm hegðan þegar verið er að henda rusli í sjó af skipum t.d. En ég hef trú á því að slíkt fari minnkandi með almennri styrkingu á umhverfisvitund þeirra sem um höfin fara.

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þessar umræður og tel að þær hafi verið jákvæðar og að umhvn. geti byggt vinnu sína m.a. á þeim umræðum sem hér hafa farið fram.

[14:43]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst hæstv. ráðherra ekki gera mikið úr þeim vanda sem ég tel fylgja því að svo mörg ráðuneyti og aðilar í þjóðfélaginu eru í raun og veru að eiga við sömu hlutina. Það er þannig að sjútvrn. hefur með fiskeldi að gera, landbrn. hefur líka með fiskeldi að gera, þ.e. laxeldi og því um líkt, iðnrn. hefur með námuvinnslu að gera ef um það er að ræða. Allt getur þetta verið á sama svæðinu. Samgrn. hefur með það að gera ef mengun verður í höfnum og öðru slíku og í frv. er gert ráð fyrir því að dómsmrh. geti gripið inn í gegnum Landhelgisgæsluna ef á þarf að halda eins og sagt er og lítið er það nú skilgreint. Ég geri ráð fyrir að það ákvæði sé kannski til komið vegna Víkartindsslyssins hér við land, þá hafi menn talið að á lagaúrræði þyrfti að halda ef þyrfti að grípa inn í.

Til viðbótar þessu hafa sveitarfélögin líka haft með hluti af þessu tagi að gera. Allt getur þetta verið á sama svæðinu. Ég ætla umhvrn. meira hlutverk en hér er gert ráð fyrir og tel að mjög skynsamlegt væri að umhvrn. hefði yfirumsjón með öllu eftirliti hvað varðar mengun og áhrif á náttúruna í sjónum, í kringum landið og við strendurnar. Mér fyndist að út frá því sjónarmiði hefði átt að nálgast þessi mál og leyfi mér að líta þannig á að þetta sé bráðabirgðaáhlaup á það að reyna að koma málum í betra horf.

[14:45]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel ekki um neitt vandamál að ræða. Umhvrn. kemur að þessum málum að nokkuð miklu leyti, t.d. gagnvart laxeldi og þorskeldi. Hvað laxeldið varðar er það þannig að Hollustuvernd ríkisins, sem verður Umhverfisstofnun frá og með næstu áramótum, gefur út starfsleyfi. Hér er því ekki um einhverja eftirlitslausa starfsemi að ræða sem stofnanir okkar hafa engan aðgang að, alls ekki. Ég tel að þessi mál séu í eðlilegum farvegi og þurfi engra sérstakra breytinga við. Ég tel eðlilegt að menn ræði þennan flöt sem hv. þm. kemur fram með í umhvn.

[14:46]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég gæti tiltekið einn þátt þessa máls, t.d. afleiðingar af nýtingu lífríkisins í hafinu sem fer fram með alls konar stórvirkum vinnuvélum, trollum og alls konar tækjum. Mikil mengun getur hlotist af og mikil umhverfisröskun á hafsbotni. Lífríkið hefur auðvitað verið skemmt mjög mikið víða. Mér finnst að eftirlitið þarna ætti að vera í höndum umhvrn. og menn þyrftu að fara að hugsa þessi mál frá nýju sjónarhorni. Þetta er eitt af því sem mér finnst skipta mestu máli í sambandi við mengun og umgang um lífríki hafsins. Það hlýtur að verða hluti af umræðunni þegar verið er að tala um hluti af þessu tagi.

[14:47]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. er núna að taka inn í umræðuna áhrif veiðarfæra, t.d. á sjávarbotn. Sú umræða fór einmitt fram þegar þetta frv. var flutt síðast.

Hafrannsóknastofnun stundar rannsóknir sem lúta að því að skoða hvernig veiðarfæri fara með botninn. Það er ekki tekið neitt á þeim málum í þessu frv., alls ekki. Ég tel þessi mál í ágætis farvegi hjá Hafrannsóknastofnun og ekki tilefni til að blanda því inn í þetta frv. Það er annars eðlis. Ég tel að það eigi ekki heima inni í þessu frv.

[14:48]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru þrjú atriði í svörum hæstv. umhvrh. sem ég vil gera athugasemdir við. Ég þakka fyrir svörin en verð að segja að mér líst ekki vel á svarið hvað varðar Landhelgisgæsluna. Svarið er ósköp einfaldlega að þetta eigi ekki að leiða til aukins kostnaðar. Með öðrum orðum, á mannamáli sagt: Landhelgisgæslan á ekki að fá eina einustu krónu í viðbót en á þó að taka á sig allviðamiklar lagalegar skuldbindingar. Ég á erfitt með að sjá hvernig Landhelgisgæslan, sem er ekki aflögufær eins og allir vita og getur nánast naumlega haldið einu skipi á sjó stóran hluta ársins, á að axla þessar skyldur og sinna þannig að forsvaranlegt og fullnægjandi sé án þess að tillit sé tekið til þess í auknum kostnaði. Það á að horfast í augu við veruleikann eins og hann er. Ef Landhelgisgæslan á að sinna þessu hlutverki og ná að skila því starfi held ég að óhjákvæmilegt sé að horfa til þess að hún fái einhverja fjármuni til þess, nema menn ætli að draga enn frekar saman hefðbundið gæsluhlutverk Gæslunnar.

Ég sé ekki betur en að til sögunnar eigi að koma mengunarvarnabúnaður í skipum Gæslunnar til viðbótar við það sem áður hefur verið í landi. Menn hljóta að þurfa einhverja þjálfun í meðferð slíks búnaðar, hljóta að þurfa að halda æfingar og sinna þessu eftirliti, m.a. með því að sannreyna að upplýsingar séu réttar, fara um borð í skip o.s.frv.

Í öðru lagi, varðandi siglingaleiðirnar, spurði ég ekki síst út af því að það er mat margra, og glittir reyndar þegar í það, að siglingaleiðir kunni að opnast í Norðurhöfum þar sem hafís hefur áður lokað leiðum, gamla norðvesturleiðin og jafnvel að siglingaleiðir norðan við Síberíu verði færar. Þá berast böndin einmitt að Rússlandi og hinum miklu umsvifum þeirra á þessum sviðum. Geri gróðurhúsaloftsáhrif

það að verkum að þarna verði farið að sigla þá væri ástæða til að hafa áhyggjur af hinum norðlægu siglingaleiðum.

Mér virðist sem málefni strandanna séu skilin eftir opin og ég hvet til þess að þau verði skoðað vandlega í hv. þingnefnd.

[14:50]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins koma inn á það varðandi kostnað Landhelgisgæslunnar að í umsögn fjmrn. kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir auknum kostnaði, en ég vil þó tiltaka það sem kemur fram í 19. gr.:

„Umhverfisstofnun skal hafa yfir að ráða flytjanlegum mengunarvarnabúnaði til að takast á við óhöpp utan og innan hafnarsvæða eftir því sem þörf er á. Enn fremur skal stofnunin sjá um að koma upp nauðsynlegum mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins og um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands."

Umhverfisstofnun á að sjá til þess að þessi búnaður sé um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands.

Varðandi vöktunina þá er ekki gert ráð fyrir auknum kostnaði. Það er samningur í gildi núna um þessi mál þannig að það er ekki gert ráð fyrir aukakostnaði vegna vöktunarinnar sjálfrar.

Ég vil ítreka það sem ég sagði í fyrri svörum mínum varðandi flutning á geislavirkum efnum. Það er ekkert sem bendir til þess að við stöndum frammi fyrir því í augnablikinu en ég deili þeim áhyggjum sem hér hafa komið fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Fari menn að huga að því að flytja geislavirkan úrgang nálægt Íslandi tel ég að þar yrði um mjög alvarlegt mál. Við þyrftum að halda þannig á spilunum að við mótmæltum því hástöfum.

[14:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þar með er upplýst að Umhverfisstofnunin eigi að leggja Gæslunni til mengunarvarnabúnaðinn og er það vel. Þannig er séð fyrir kostnaðinum án þess að Landhelgisgæslan greiði hann af sínum naumu fjárveitingum.

Varðandi siglingaleiðirnar þá vísa ég til þess að í Noregi hafa ítrekað komið upp umræður um það sem er á döfinni hjá Rússum í þessum efnum og eru miklar áhyggjur af því sem þeir kynnu að hugsa sér í sambandi við endurvinnslu kjarnorkuúrangs sem þar liggur í miklum mæli. Þeir kunna að hyggja á að gera út á þetta sem atvinnugrein og bjóðast til að taka við slíkum úrgangi. Er þó ekki á ósköpin bætandi eins og umhorfs er á Kolaskaga að sögn. Þar eru kafbátar sagðir ryðga á hafsbotni og annað eftir því. Ég held að það sé ástæða til að hafa augun opin í þeim efnum.

[14:53]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Já, ég deili þessum áhyggjum með hv. þm. Umhverfisráðherrar allra Norðurlandanna fóru fyrir skömmu til Múrmansk til að skoða þar stöð sem vinnur með geislavirkan úrgang, Atomflot heitir sú stöð. Okkur leist ekki sérstaklega vel á það sem við sáum þar. Þar hafði maður á tilfinningunni að öryggismál væru ekki í eðlilegum farvegi. Í sömu heimsókn kom fram að Rússar hefðu opnað á að flytja inn 20 þús. tonn af geislavirkum úrgangi frá öðrum ríkjum og ætluðu að fá fyrir það, ef ég man rétt, um 20 milljarða dollara. Manni líst auðvitað ekki á slík plön þegar menn geta ekki haldið utan um sinn eigin úrgang, hvað þá að flytja inn úrgang frá öðrum.

Fjölmörg ríki hafa reynt að aðstoða Rússa við að koma böndum á þennan gamla vanda frá Sovéttímabilinu, geislavirka úrganginn, en það er alveg ljóst að íslensk stjórnvöld munu fylgjast mjög náið með þessu í framtíðinni af því að við teljum það ekki vera okkar hagsmunum til góða að fluttur verði geislavirkur úrgangur nálægt Íslandi, alls ekki.

[14:55]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. umhvrh. minntist á heimsókn sína til Sellafield fyrir skömmu. Hún sagðist hafa skoðað þá stöð. Ég er ánægður með að hæstv. ráðherra skuli fylgjast með því sem er að gerast í Sellafield. Því hefur verið mótmælt að þaðan er losað teknesíum-99, efni sem hefur yfir 200 þús. ára helmingunartíma. Það er verulega mikil hætta á að ef þetta efni nær að safnast upp í íslenskri náttúru geti orðið mjög varanlegur skaði af því.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvernig mælingum er háttað og hvar þær mælingar eiga sér stað í dag. Við höfum óttast að þetta efni berist með straumum til landsins. Það þynnist út eftir því sem lengra dregur frá vesturströnd Bretlands en er eigi að síður talsvert magn sem ástæða er til að hafa áhyggjur af.

Það kemur verulega á óvart að bretar skuli draga að hætta þessari losun. Ég vissi ekki betur en umhverfisráðherra Breta, Michael Meacher, hefði fullan hug á að hætta losun teknesíum-99 í hafið. Hann lofaði því í Árósum fyrir fjórum árum. Hann ætlaði alla vega að beita sér fyrir því. Það kom reyndar í ljós að hann réð því ekki einn. Þó að menn hafi hug á að gera góða hluti þá er ekki alltaf víst að það standist. Ég hvet hæstv. ráðherra eindregið til að beita sér af öllu afli í að koma í veg fyrir losun á þessu hættulega efni.

[14:57]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Sú sem hér stendur hefur beitt sér af öllu afli gegn Sellafield. Reyndar er helmingunartíminn á teknesíum-99 213 þús. ár, ekki svo að það skipti nokkru máli. En þetta er gífurlega langur tími. Þynningin er samt þúsundföld á leiðinni þannig að við erum með þúsundfalt minni mengun hér norðan við okkur en er í írska hafinu, enda mótmæla Írar hástöfum.

Þrátt fyrir þessa mengun mælist hún ekki yfir neinum lágmarksgildum sem sett hafa verið. Þess vegna er svo erfitt að knýja fram stöðvun á þessari starfsemi. Við vitum ekki hvernig þessi efni hegða sér til langs tíma og því vilja menn hafa varann á og mótmæla þess vegna losun teknesíum-99 í hafið. Geislavirku efnin eru mæld við Ísland og það er AMSUM-hópurinn sem heldur utan um þessar mælingar en Geislavarnir ríkisins, ef ég man rétt, sjá um þær. Gildin hafa ekki mælst hærri við Ísland. Það tekur 7–10 ár fyrir efnin að fara frá Sellafield upp með vesturströnd Noregs að Svalbarða og niður að Íslandi. Þá verður gífurleg þynning á leiðinni. Við erum eiginlega síðasta stoppistöðin í þessum hring, má segja, og þess vegna er hin beina hætta ekki mikil hér. En það sem við höfum áhyggjur af er ímynd sjávarafurða af því að markaðurinn er mjög viðkvæmur. Þess vegna hefðum við viljað pressa á að þeir hættu þessari losun. Gildi þessa efnis hafa ekki mælst hærri við Ísland út af þessari losun en hún gæti farið að mælast. Árið 1994 juku þeir losunina á teknesíum í hafið og senn líður því að því að áhrif þeirrar aukningar mælist hér við land.

Þetta er auðvitað geysilega erfitt mál í Bretlandi þar sem mörg störf hanga á spýtunni, þ.e. um 11 þúsund störf.

[14:59]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru ekki mörg ár síðan verulegt magn af geislavirkum efnum mældist í kræklingi og skelfiski fyrir utan vesturströnd Bretlands, langt yfir viðmiðunarmörkum. Þau voru einmitt rakin til þessa sérstaka efnis. Ég held að það sé löngu ljóst að mengunarhættan af þessu efni er til staðar. Auðvitað þynnist þetta mjög hratt út í hafinu, sem betur fer segi ég nú. Engu að síður er af þessu gríðarleg hætta vegna þess hversu helmingunartíminn er óskaplega langur og ef þetta er á annað borð komið í náttúruna verður aldrei hægt að losna við það. Það að svo hægt skuli ganga að koma þessu út úr þessari stöð og hætta þessari losun er með ólíkindum. Að jafnábyrg þjóð og Bretar skuli leyfa sér þetta er með ólíkindum.

[15:00]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég deili þeirri skoðun sem hér hefur komið fram. En Bretar hafa sjálfir skoðað hvað skuli til bragðs taka og þeir telja betra að losa þessi efni til ársins 2006, en þá er kúfurinn búinn og þá fasast þetta út, heldur en að geyma þetta á landi og bíða eftir að betri tækni finnist sem við hefðum gjarnan viljað að þeir gerðu. Það er þeirra mat að hentugra sé fyrir þá að vinna þetta og losa þetta svona í þessum skömmtum til ársins 2006. Við erum ekki sammála þeim í því. En við erum sammála hér heima um okkar þrýsting.

En Bretar hafa skuldbundið sig samkvæmt OSPAR-samningnum að koma málum þannig fyrir að árið 2020 mælist geislamengun ekki yfir náttúrulegum viðmiðunarmörkum í hafinu. Það er því svo sem búið að setja endapunkt gagnvart þeim. En við hefðum viljað sjá þennan endapunkt miklu nær okkur í tíma og rúmi en 2020 og höfum verið að þrýsta á þá um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðhöndlun úrgangs, 1. umr.

Stjfrv., 338. mál (EES-reglur). — Þskj. 368.

[15:02]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um meðhöndlun úrgangs.

Frumvarp þetta var áður flutt á 127. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Gerðar hafa verið lítils háttar breytingar á frv. með tilliti til umsagna sem bárust umhvn. Alþingis í sumar. Frumvarpið var samið með það að markmiði að uppfylla kröfur tilskipunar Evrópusambandsins um urðun úrgangs og mynda heildarramma um meðhöndlun úrgangs.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, dags. 18. maí 2001, var tilskipunin felld inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Gerður var stjórnskipulegur fyrirvari af Íslands hálfu þar sem tilskipunin kallaði á lagabreytingar. Í tilskipuninni er kveðið á um að minnka skuli í áföngum magn þess lífræna heimilisúrgangs sem fer til urðunar á 15–19 árum. Kveðið er á um strangari skilyrði starfsleyfis fyrir urðunarstað og eftirlit með urðunarstað í kjölfar lokunar hans og fleira.

Um meðhöndlun úrgangs hefur hingað til verið fjallað í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þar ber helst að nefna að þann 1. janúar 1990 tók gildi mengunarvarnareglugerð þar sem settar voru fram kröfur um meðhöndlun úrgangs og starfsleyfi móttökustöðva. Ítarlegri kröfur komu fram þegar Ísland gerðist aðili að samningi um Evrópska efnahagssvæðið árið 1994.

Á síðustu árum hefur mikið áunnist í að bæta förgun úrgangs. Mörg sveitarfélög hafa unnið í þessum málaflokki af miklum metnaði og farið í samvinnu sín á milli með stofnun byggðasamlaga.

Ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir eru almenns eðlis. Gilda þau um alla starfsemi sem getur haft í för með sér mengun, auk þeirrar starfsemi þar sem sérstaklega þarf að gæta að hollustuháttum. Lögin taka því til margvíslegrar starfsemi.

Í tilskipun um urðun úrgangs eru sérhæfð ákvæði varðandi urðunarstaði. Sum ákvæði tilskipunarinnar þykja þó eiga jafnt við um aðrar móttökustöðvar fyrir úrgang. Það er einkum í móttökustöðvum, þ.e. flokkunarmiðstöðvum, sorpbrennslustöðvum og urðunarstöðum, sem kerfisbundin meðhöndlun á úrgangi fer fram. Þykir eðlilegt að um slíka kerfisbundna meðhöndlun gildi samræmdar reglur. Var því ákveðið að fara þá leið að gera tillögu að frv. til sérlaga þar sem kveðið yrði á um meðhöndlun úrgangs.

Markmið frv. er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og að dragi úr þeirri hættu sem förgun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra. Jafnframt er það markmið frv. að dregið verði skipulega úr myndun úrgangsefna eins og unnt er, þeim úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun eða endurnýtingu og að sú förgun úrgangs sem nauðsynleg er verði skipuleg þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma.

Meðal almennra ákvæða frv. eru ákvæði um stjórnsýslu á sviði úrgangsmála. Eru þau nokkuð nákvæmari en þau hafa verið hingað til. Einnig eru ákvæði um útgáfu starfsleyfis, almenn fyrirmæli um meðhöndlun úrgangs og ákvæði um tryggingu vegna flutnings úrgangs milli landa.

Sérákvæði um urðunarstaði eru í III. kafla frv. og sérákvæði eru um sorpbrennslu í IV. kafla frv. Er þar haft til hliðsjónar að einnig hefur verið samþykkt ný Evróputilskipun um sorpbrennslur.

Í ákv. til brb. kemur fram að aðlögun starfandi urðunarstaða skuli lokið fyrir 16. júlí 2009.

Helstu nýmæli frv. eru ákvæði um ákvörðun gjalds fyrir meðhöndlun úrgangs, sbr. 11. gr. frv., ákvæði um sérstaka tryggingu fyrir því að staðið sé við ákvæði starfsleyfis, þar á meðal lokunar- og eftirlitsaðgerðir eftir lokun urðunarstaðar, sbr. 15. gr. frv., og um kerfisbundna vöktun rekstraraðila urðunarstaðar í kjölfar lokunar hans, sbr. 17. gr. frv.

Við undirbúning frv. þessa hefur verið höfð náin samvinna við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tímabært er að settur verði markviss lagarammi utan um meðhöndlun á úrgangi, en úrgangur eykst stöðugt hér á landi. Sem dæmi má nefna að magn heimilis- og rekstrarúrgangs eykst nú um 5% á ári samkvæmt upplýsingum Hollustuverndar ríkisins. Nútímaúrgangur er fjölbreyttur og tregrotnandi og er því mikilvægt að auka endurnotkun og

endurnýtingu úrgangs eins og kostur er í samræmi við markmið frv. og tryggja að förgun úrgangs hafi eins lítil óæskileg áhrif á umhverfi og unnt er.

Virðulegur forseti. Mikilvægt er vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að frv. þetta nái fram að ganga sem fyrst, þar sem lögleiðingu urðunartilskipunarinnar átti að vera lokið 18. nóv. 2001.

Virðulegur forseti. Ég hef lokið framsögu um þetta frv. til laga um meðhöndlun úrgangs og leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni umræðu vísað til umfjöllunar í hv. umhvn.

[15:07]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Eins og kom fram í máli hæstv. umhvrh. var frv. sama efnis lagt fram á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða og ég treysti því að í hv. umhvn. verði farið ítarlega ofan í saumana á þessu frv. og það skoðað frá öllum hliðum.

Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra byggir frv. á tilskipun frá Evrópusambandinu frá 1999 nr. 31, sem stundum hefur verið nefnd „urðunartilskipunin". Það sem mig langar helst til að inna hæstv. ráðherra eftir er kannski það sem ég finn ekki í frv. eða er ekki vikið að nema lauslega, því ef ég man rétt er í þessari tilskipun ESB kveðið á um magntölur, þ.e. samkvæmt því markmiði að minnka í áföngum á næstu 15–19 árum magn lífræns úrgangs, hvaðan sem hann kemur. Ég held að það eigi að reyna að minnka magn lífræns úrgangs um a.m.k. 50% á næstu 15 árum. Hæstv. umhvrh. getur þá staðfest það eða leiðrétt. Þetta er auðvitað talsvert magn og mjög verðugt markmið því það hlýtur náttúrlega að vera markmið okkar að urðun úrgangs eða brennsla sorps séu afgangslausnir við meðhöndlun úrgangs en ekki aðallausnir og aðallausnirnar hljóti því að felast í því að minnka magn úrgangs, hvort sem hann er lífrænn eða ólífrænn, og reyna að koma því þannig fyrir að eyðsla og sóun minnki í samfélaginu í samræmi við hugmyndir okkar um sjálfbæra þróun umhverfisins. Ég mundi því mjög gjarnan vilja heyra aðeins í hæstv. umhvrh. um nákvæmlega þetta, þ.e. hvaða viðmið eru í tilskipuninni því ég er ekki með hana hér við höndina og man þetta hreinlega ekki.

Í framhaldi af því vil ég benda á að í umsögn fjmrn. um frv. segir, með leyfi hæstv. forseta: „... kveðið er á um að innan tiltekins tíma skuli aðildarríkin setja fram áætlun sem miði að því að minnka magn þess lífræna úrgangs sem berst til urðunarstaða þannig að með aukinni endurvinnslu verði tryggð tiltekin minnkun þess lífræna húsasorps sem berst til urðunarstaða. Ekki er ólíklegt að hér liggi meginkostnaðaráhrif frumvarpsins og gætu sveitarfélög þurft að leggja í umtalsverðan kostnað til að minnka magn lífræns heimilisúrgangs sem fer til urðunar. Ekki er unnt að spá fyrir um hvaða leiðir hin ýmsu sveitarfélög muni fara til að ná þeim markmiðum og eru kostnaðaráhrif m.a. af þeim sökum óljós."

Það liggur sem sagt fyrir í mati fjmrn., hæstv. forseti, að kostnaðaráhrif þessa frv. eru ekki mest fyrir ríkið, heldur fyrir sveitarfélögin.

Ég vil einnig í framhaldi af þessu spyrja hæstv. umhvrh.: Hvernig hyggst hún standa fyrir því eða beina því til sveitarfélaganna að gera áætlanir í samræmi við frumvarpið, sem væntanlega verður að lögum hér í vetur, í samræmi við efni tilskipunar Evrópusambandsins? Og hvernig hyggst ríkisvaldið bæði aðstoða og leiðbeina sveitarfélögunum í þessu mjög mikilvæga máli? Því eins og gefur að skilja er þetta mjög kostnaðarsamt af því að það felur í raun í sér að meðhöndlun sorps eða húsaúrgangs á Íslandi þarf að breytast stórkostlega. Það þarf að breyta því í hverju einasta sveitarfélagi og á hverju einasta heimili á landinu hvernig við flokkum sorpið okkar, í lífrænt og ólífrænt, hvernig við getum komið því frá okkur og hvernig það á þá að vera neytendum, bæði þægilegt og kostnaðarlítið, því auðvitað er það þannig að við græðum öll að lokum. En það breytir því ekki að kerfisbreytingin fyrir sveitarfélögin, á meðan hún gengur yfir, getur verið býsna kostnaðarsöm, ekki síst vegna þess að það þarf auðvitað að koma upp miklu fleiri stöðvum þar sem fólk getur losað úrganginn, húsasorpið sitt, og líka vegna þess að fræðslan sem fylgir því að breyta hegðun almennings með þessum hætti hlýtur að vera kostnaðarsöm af því að hún þarf að vera mjög skýr, hún þarf að vera mjög almenn og hún þarf að ná til allra, annars náum við ekki árangri í samræmi við markmið þessa frv. og markmið tilskipunarinnar sem við höfum meðtekið og undirgengist.

Hér er kannski ekki alveg allt sem sýnist, hæstv. forseti. Ég vil taka það skýrt fram að mér finnst markmið frv. góð og ég sé í fljótu bragði ekkert efnislega að því sem hér er sett fram. Hins vegar staldra ég við þann þátt málsins, þeirra aðgerða sem bæði ríki og ekki síður sveitarfélög þurfa að grípa til til þess að geta uppfyllt þessar kröfur og komið þeim í framkvæmd, ég tala nú ekki um innan þess tímaramma sem við í raun höfum, sem eru þá 7–14 ár sýnist mér svona um það bil, ef ég hef lesið þetta rétt, hæstv. forseti.

Það er helst þetta sem ég vildi biðja hæstv. umhvrh. að koma inn á hér við 1. umr. frv. Og síðan munum við þingmenn í hv. umhvn. að sjálfsögðu taka þetta mál til mjög vandlegrar skoðunar.

[15:13]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er lagt til frv. til laga um meðhöndlun úrgangs sem að mínu mati er hið besta mál. Það er kominn tími til að við förum að vinna markvisst að þeim málaflokki. Það er öllum ljóst að til þess að geta staðið vel að flokkun og urðun og eyðslu á sorpi, sem er kostnaðarsöm aðgerð, þá þurfum við að ná inn fjármagni, þ.e. til að standa undir þeirri úrvinnslu sem við gerum kröfu til í dag að sé með mismunandi hætti frá urðun og til endurvinnslu og endurnýtingar. Því fagna ég því að þetta frv. skuli vera hér fram lagt.

En ég vil taka undir orð hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur því að það sem stendur út af eftir að hafa farið yfir frv. er einmitt það hvernig úrvinnslusjóður muni vinna með sveitarfélögunum, því langmesti kostnaðurinn kemur yfir á sveitarfélögin sem sjá um förgun sorps og eins eru flokkunarstöðvarnar á þeirra vegum, á ábyrgð þeirra. Hvernig mun úrvinnslusjóðurinn standa við bakið á sveitarfélögunum? Hvernig verður staðið að því að fara í enn frekari hvatningu, fræðslu til almennings um flokkunina? Hvernig verður staðið að því að hvetja sveitarfélögin til þess að standa að enn frekari flokkun en gert er í dag? Hvernig verður staðið að því að auðvelda sveitarfélögunum að vinna svo úr þeim efnum sem flokkuð eru? Því það er ekki nóg að hafa göfug markmið ef ekki er síðan hægt að losna við sorpið eða vörurnar sem flokkaðar eru, eða ef kostnaðurinn af flutningi til endurvinnslustöðva er orðinn svo hár að sveitarfélögin veigra sér við því að standa fyrir flokkun, eins og t.d. flokkun á pappír. Hér er komið inn á skilagjald á pappír. Mig langar til að heyra frá hæstv. ráðherra hvernig staðið verður að því

að styðja sveitarfélögin, bæði með fræðslu og hvatningu og hvernig greiðslan kemur svo til þeirra?

Við erum nokkuð á veg komin með að flokka, sérstaklega þær vörur sem endurgjald er greitt fyrir. En mikið vantar upp á þá fræðslu til almennings að við sem neytendur getum haft mikil áhrif á það hversu mikið sorp fellur til og það vantar að mínu mati mikla hvatningu til fjölskyldna í landinu að velja stærri umbúðir, að versla hagkvæmt inn eins og sagt er, að velja stærri umbúðir frekar en minni, að hafa áhrif á það að verslanir séu ekki að nota óþarfa umbúðir við afgreiðslu á vörum sínum eins og kjöti og fiski, að reyna að minnka strax í upphafi það umbúðamagn sem fellur til.

Eins finnst mér mikilvægt að þegar núna verður unnið af krafti og endurskipulagningu á þessu máli að horft verði til þess að öll endurvinnsla og nýting verði sem næst móttökustöðvunum þannig að við getum komist hjá miklum flutningi sem oft er og að þeir frumkvöðlar, sem margir eru til, sem hafa uppi hugmyndir um hvernig megi vinna úr því efni sem fellur til, eins og plastefni utan af heyböggum, heyrúllum, þeir fái stuðning til að þróa vörur sínar áfram.

Þegar við lítum á heimilissorpið þá fellur þar til mikið af lífrænum úrgangi. Mig langar til að biðja hæstv. ráðherra að greina frá því hvaða sýn hún hafi til þess að minnka enn frekar urðun á lífrænu heimilissorpi og hvaða stuðning sveitarfélögin geti þá fengið til þess að fara út í flokkun á lífrænum úrgangi og koma þeim úrgangi yfir í moltugerð.

Eins óska ég eftir því að hér komi fram hugmyndir um hvernig við eigum að fara með lífrænan úrgang frá landbúnaði, verksmiðjubúskap, eða svo miklum landbúnaði að það falli til það mikið af lífrænum efnum sem ekki nýtast svo til landgræðslu á búunum sjálfum. Má þá líta til hænsnabúa, kjúklingabúa, svínabúa og fleiri, þar sem mikill úrgangur fellur til og búin geta ekki nýtt þann úrgang til förgunar á eigin landsvæði. Þarna stendur m.a. hnífurinn í kúnni með að koma þeim lífræna úrgangi í landgræðslu, það eru uppi deilur uppi um það hver eigi að greiða, hvar kostnaðurinn eigi að falla. Þetta eru verðmæti en einhvern veginn þarf að koma þessum lífræna úrgangi til förgunar. Hvernig sér hæstv. ráðherra að því verði fyrir komið inn í framtíðina?

Herra forseti. Þetta voru hugrenningar varðandi frv. sem ég fagna að skuli vera fram komið. Þetta er rétt spor. Og ég efast ekki um að hv. umhvn. fjalli ítarlega um málið og skoði það til hlítar.

[15:21]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið um frv. Eins og fram hefur komið er þetta gott mál, það er til bóta og það er til framfara o.s.frv. þannig að ég vænti þess að málið verði skoðað áfram með svona jákvæðum hætti í umhvn.

Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir ræddi nokkuð um kostnað sveitarfélaga af frv. Það er rétt sem kom fram í máli hennar að í kostnaðarumsögninni kemur fram að erfitt er að kostnaðarmeta það. Talsverður kostnaður felst í því að minnka lífræna heimilisúrganginn og erfitt er að reikna þann kostnað út vegna þess að við vitum ekki núna hvernig hvert einstakt sveitarfélag ætlar að taka á því máli. Þeim er það eiginlega í sjálfsvald sett hvernig þau vilja gera það.

Nú þegar eru ýmis sveitarfélög að gera mjög góða hluti á þessum vettvangi sem hafa ekki kostað mikla peninga. Ég get tekið sem dæmi Skaftárhrepp, en þar er boðið upp á farveg fyrir nánast allt lífrænt heimilissorp. Sveitarfélagið styrkti íbúana til kaupa á mismunandi tunnum inn í eldhússkápana til að flokka heimilissorpið og hefur líka styrkt þá til moltugerðar. Þannig munu sveitarfélögin velja sér leiðir til að uppfylla ákvæði þessa frv. en það er erfitt að kostnaðarmeta það vegna þess að leiðirnar eru svo misjafnar.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur í auknum mæli viljað, og það er eðlileg krafa, að framkvæmdarvaldið mundi kostnaðarmeta áhrif af lagafrv. áður en þau eru flutt inn í þingið, og það er auðvitað mjög eðlilegt. En í tilvikum eins og því sem við erum að ræða nú er mjög erfitt að kostnaðarmeta. Það hefur ekki verið unnt að setja einhverja ákveðna tölu á kostnaðinn af þessu.

Nú er það þannig samkvæmt frv. að taka á gjald, raunkostnað fyrir förgun á úrgangi og heimilt er að taka gjald fyrir meðhöndlun úrgangs, en meðhöndlun úrgangs er miklu umfangsmeira verkefni heldur en bara förgunin. Þannig er það skylda að innheimta fyrir förgunina en heimilt að innheimta fyrir meðhöndlunina. Sveitarfélögin hafa beitt þessu á mjög misjafnan hátt eftir því um hvaða sveitarfélag er að ræða en langflest þeirra hafa ekki tekið neitt í líkingu við raunkostnað. Þannig hefur ekki verið tekið það gjald sem förgun og meðhöndlun úrgangs þarf að vera til að það standi undir sér, heldur hefur þetta verið tekið úr útsvarinu líka. Þetta hefur ekki verið gert t.d. í Noregi. Þar hafa sveitarfélögin innheimt raunkostnað og þeim ber skylda til að innheimta raunkostnað fyrir þessu öllu saman. En við höfum ekki stigið það skref hér.

Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir spurði líka: Hvernig á nú að aðstoða sveitarfélögin við þetta? Það er ljóst að þetta verður verkefni sveitarfélaganna, en Umhverfisstofnun mun samkvæmt 4. gr. gera áætlun, landsáætlun, um hvernig eigi að minnka sorpið fyrir landið allt og síðan skal sveitarstjórn semja og staðfesta áætlun sem gildir fyrir viðkomandi svæði og skal sú áætlun byggjast á markmiðum landsáætlunar. Sveitarfélögin geta einnig tekið sig saman og gert áætlanir fyrir stærri svæði.

Þessar áætlanir þurfa auðvitað að uppfylla það markmið að við náum að uppfylla tilskipunina, þ.e. að við náum tímasettum/tölusettum markmiðum, og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir spurði einmitt um það hvort það væri ekki tímasett/tölusett markmið. Það er rétt. Samkvæmt 5. gr. tilskipunarinnar kemur fram að á ákveðnum degi eða ákveðnu tímabili skal lífrænt húsasorp sem berst til urðunarstaða hafa minnkað niður í 75% af heildarmagni þess lífræna húsasorps sem féll til árið 1995, eða á því síðasta ári fyrir 1995, sem stöðluð gögn frá hagstofu Evrópubandalaganna liggja fyrir um. Á næsta tímabili þar á eftir þá á lífræna húsasorpið að hafa minnkað niður í 50% af heildarmagninu og svo aftur á síðasta tímabilinu að hafa minnkað niður í 35% af heildarmagni. Þetta er því þrepaskipt. Menn eiga að ná ákveðnum markmiðum í að minnka urðun á lífrænu húsasorpi.

Hv. þm. Þuríður Backman kom einnig inn á það hér að neytendur gætu auðvitað haft veruleg áhrif á það hvað húsasorpið er mikið. Við höfum gert áætlanir á árum áður, eða fyrirrennari minn, um að við ættum að setja okkur þau markmið að sorpmagnið mundi ekki aukast heldur minnka ef eitthvað væri, en það hefur því miður ekki gengið eftir. Og núna er sorpmagn að aukast ár frá ári. Það er afleiðing af þeirri neyslu sem á sér stað í samfélaginu.

Þó eru ákveðin verkefni í gangi sem vinna gegn því að menn hugsi ekkert út í það að minnka sorpið sitt. Ég vil

nefna sérstaklega verkefnið „Vistvernd í verki“ sem Landvernd hefur staðið að. Það er mjög áhugavert verkefni sem fjölmargar fjölskyldur hafa tekið þátt í sem lýtur m.a. að því að menn setja sér mjög háleit markmið heima fyrir gagnvart því að minnka sorpmagn sem frá þeim kemur, bæði með því að fara út í moltugerð og með því að skilja eftir jafnvel umbúðapakkningar í versluninni o.s.frv. til þess að þrýsta á framleiðendur að vera ekki að selja vörur í óþarfa umbúðum.

Það er reyndar annað mál sem kemur hér til umræðu næst á eftir þessu máli, annað frv. um úrvinnslugjald, sem einmitt verður hagrænn hvati fyrir fyrirtæki til að vera ekki að senda óþarfa pakkningar, umbúðir, með vörunni sem selja á á markaði.

Varðandi það sem einnig kom fram í máli hv. þm. Þuríðar Backman um lífrænan úrgang frá verksmiðjubúum, þá er það alveg rétt að það er auðlind sem við munum örugglega líta öðruvísi á í framtíðinni heldur en nú er gert. Þetta hefur verið vandamál hingað til hvað eigi að gera við slíka auðlind. En þó eru ýmsir aðilar að fikra sig áfram með það að nýta þá auðlind. Ég hef t.d. heimsótt verksmiðjubú, Brautarholtsbúið og bú á Vatnsleysuströndinni, þar sem verið er að sía blauthlutann frá fasta hlutanum og fasta hlutann er síðan hægt að nýta til landgræðslu. Þetta er mjög áhugavert verkefni sem einkaaðili þar er kominn í gang með. Í framtíðinni munum við því sjá meira af slíku.

En auðvitað er það alltaf akkillesarhællinn að menn þurfa að sjá sér einhvern hag í þessu, þetta þarf að vera hagkvæmt. Hingað til hefur þetta ekki verið talið neitt sérstaklega hagkvæmt, það er þær lausnir sem menn hafa verið að fikra sig fram með. En ég tel að það sé stutt að bíða til þess að menn geti fundið lausnir sem eru hagkvæmar þannig að fleiri fari út í þær.

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þessar ágætu umræður. Ég vonast til þess að málið fái góða skoðun í umhvn. og verði afgreitt sem lög frá Alþingi.

[15:30]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir svörin sem staðfesta auðvitað þau háleitu markmið sem tilskipunin setur okkur, og staðfestir enn fremur hversu gríðarlega stórt verkefni er fram undan, ekki bara fyrir ríkisvaldið heldur líka fyrir sveitarfélögin í landinu.

Ég hef svolitlar áhyggjur af því að samstarfi milli ríkis og sveitarfélaga sé ekki sinnt með þeim hætti að sveitarfélögin séu fyllilega upplýst um það sem bíður þeirra, t.d. við það að þetta frv. verði að lögum, þær gríðarlegu breytingar sem þurfa að fylgja í kjölfarið á næstu árum og sá kostnaður sem þeim fylgir.

Eins og hæstv. umhvrh. benti á hefur Samband íslenskra sveitarfélaga sett fram kröfu um kostnaðarmat, og eins og hún sagði líka er þeim í sjálfsvald sett hvernig þau framfylgja þessu frv. verði það að lögum. Það segir sig hins vegar sjálft, ekki síst í ljósi þess að sorpmagnið eykst ár frá ári frá íslenskum heimilum, að Vistvernd í verki, það ágæta framtak Landverndar, er í raun og veru verkefni fyrir hvert einasta heimili á landinu.

Ef við ætlum að ná þessum markmiðum þarf auðvitað gríðarlegt átak, fræðsluátak fyrst og fremst, og auðvitað að gera fólki kleift að flokka úrgang í lífrænan og ólífrænan og koma honum frá sér með skynsamlegum hætti. Það kostar einhverja peninga en ég er alveg viss um að hæstv. umhvrh. er mér sammála um að það margborgar sig til lengri tíma litið, auk þess sem markmið tilskipunarinnar verða hreinlega ekki uppfyllt nema gerð verði grundvallarbreyting á því hvernig við meðhöndlum úrgang.

[15:32]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er sammála því sem fram kom hér, það þarf grundvallarbreytingar til, það þarf alveg nýja hugsun. En ég tel að við séum að tileinka okkur hana hér í auknum mæli, m.a. með því að fólk áttar sig stöðugt betur á því hvað felst í sjálfbærri þróun og að ekki sé hægt að ná henni fram nema m.a. með því að minnka magn þess úrgangs sem fer til urðunar.

Ég tel að verkefnið Vistvernd í verki sem umhvrn. hefur styrkt fjárhagslega um nokkurt skeið sé í mjög góðum farvegi. Svo má ekki gleyma að verkefnið Staðardagskrá 21 í sveitarfélögunum hefur einnig áorkað mjög miklu.

Varðandi það að sveitarfélögin geri sér kannski ekki grein fyrir því hvað hér er á ferðinni eða sé á döfinni tel ég að þau geri sér þokkalega vel grein fyrir því. Ráðuneytið reyndi að hafa mjög mikið samráð við sveitarfélögin við undirbúning þessa frv. Sérstök nefnd samdi frv. og í henni sat m.a. Sigurður Óli Kolbeinsson, sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Með nefndinni vann einnig Jón Jónsson, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og nefndin fékk enn fremur til samráðs ýmsa aðila, þar á meðal Ögmund Einarsson, forstjóra Sorpu. Sveitarfélögunum er því fullkunnugt um frv. og framtíðarsýnina sem felst í því. Þau hefðu hins vegar auðvitað viljað að við hefðum getað reiknað kostnaðaráhrifin betur út. Við teljum afar erfitt að gera það vegna þeirra skýringa sem komu fram áðan í umræðunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úrvinnslugjald, 1. umr.

Stjfrv., 337. mál. — Þskj. 367.

[15:34]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um úrvinnslugjald.

Á 126. löggjafarþingi lagði ég fram frv. til laga um úrvinnslugjald sem ekki náði fram að ganga á því þingi. Frv. hafði hið sama markmið og það frv. sem hér er nú lagt fram, þ.e. að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar.

Frv. þetta er nokkuð breytt frá fyrra frv., svo sem að ekki er gert ráð fyrir að tilgreind sé hámarksupphæð úrvinnslugjalds í lögum sem síðan sé ákvörðuð nánar með reglugerð, heldur er lagt til að fjárhæð úrvinnslugjalds sé ákvörðuð í lögunum sjálfum. Þá er ekki gert ráð fyrir að sérstök nefnd skipuð af ráðherra sjái um framkvæmd laganna, heldur opinber stofnun, Úrvinnslusjóður. Mun ég gera nánari grein fyrir efni frv. hér á eftir.

Frv. þetta er samið af nefnd sem ég skipaði 4. mars 2002. Í nefndinni áttu sæti, auk fulltrúa umhvrn., fulltrúar frá fjmrn., Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og Samtökum verslunar og þjónustu.

Nefndinni var falið það hlutverk að vinna frv. um gjaldtöku vegna úrvinnslugjalds, spilliefnagjalds og skilagjalds,

svo og skipulag og framkvæmd gjaldtökunnar. Verði frv. þetta að lögum er hinni nýju löggjöf ætlað m.a. að koma í stað laga nr. 56/1996, um spilliefnagjald, og laga nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, hin síðarnefndu þó ekki fyrr en 1. janúar 2008, sbr. ákvæði til bráðabirgða II.

Í byrjun ársins 2000 skipaði ég samstarfsnefnd um endurnýtingu úrgangs og fékk nefndin það hlutverk að gera tillögur um aðgerðir sem stuðlað gætu að aukinni endurnýtingu úrgangs, og tillögur um lagasetningu í því skyni. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar frá Fagráði um endurnýtingu úrgangs, FENÚR, Samtökum atvinnulífsins og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Samstarfsnefndin lagði til að sett yrði sérstakt gjald á tilteknar vörur, þ.e. ökutæki, vinnuvélar, tilteknar umbúðir og hjólbarða, til að unnt væri að endurnýta eða endurnota þann úrgang sem af þeim hlýst.

Á síðasta áratug hafa miklar breytingar orðið í sorphirðumálum hér á landi. Aukinn áhugi á umhverfismálum hefur leitt af sér auknar kröfur einstaklinga, sveitarfélaga og atvinnulífs til þess að vörur hafi ekki skaðleg áhrif á umhverfið og að markvisst sé tekið á málum er varða úrgang. Segja má því að lyft hafi verið grettistaki í þessum málum á síðustu árum. Þá hefur aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, EES-samningnum, haft í för með sér ýmsar skyldur á sviði sorphirðumála sem teknar hafa verið upp af hálfu stjórnvalda.

Við gerð frv. þessa var tekið mið af þeim skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist á grundvelli EES-samningsins, samanber tilskipun 94/62/EB, um umbúðir og umbúðaúrgang, tilskipun 1999/31/EB, um urðun úrgangs, og tilskipun 2000/53/EB, um úr sér gengin ökutæki. Einnig var litið til almennra tilskipana um úrgang og tilskipana um bann og takmörkun á tilteknum efnum.

Lögleiðingu tilskipunar um umbúðir og umbúðaúrgang er lokið hér á landi en frv. er ætlað að ná tölulegum markmiðum um endurnýtingu umbúða samkvæmt tilskipuninni.

Samkvæmt tilskipun um úr sér gengin ökutæki þarf að setja upp kerfi sem tryggir móttöku allra bílflaka og að því marki sem unnt er einnig til annars úrgangs og hluta sem fjarlægðir eru þegar gert er við ökutæki. Öll úr sér gengin ökutæki ber að færa til endurnýtingar í endurnýtingarstöð.

Til að uppfylla ákvæði framangreindrar tilskipunar er í frv. lögð til sú leið að leggja úrvinnslugjald á öll skráð ökutæki og að þeir fjármunir sem þannig verða innheimtir verði notaðir til að greiða fyrir söfnun og endurnýtingu ökutækjanna.

Samkvæmt tilskipun um urðun úrgangs verður á næstu árum í áföngum bannað að urða tiltekinn úrgang, þar á meðal hjólbarða. Því er nauðsynlegt að auka endurnýtingu á hjólbörðum hérlendis og er í frv. lagt til að það verði gert með því að leggja úrvinnslugjald á þá.

Íslensk stjórnvöld hafa sett það markmið að dregið verði skipulega úr myndun úrgangsefna, og að úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýtingu, samanber ákvæði reglugerðar nr. 805/1999 um úrgang.

Eitt af markmiðum tilskipunar um urðun úrgangs er að draga úr magni úrgangs sem fer til urðunar. Frv. þetta er sett fram til að skapa hagræn skilyrði til að ná framangreindum markmiðum en með því er ætlað að innleiða eins hagkvæmar lausnir á framkvæmd úrgangsmála og kostur er þar sem þeir aðilar sem bera ábyrgð á málaflokknum, þ.e. sveitarfélög og atvinnulífið, hafi frumkvæði og samvinnu um framkvæmdina.

Ég mun nú, virðulegur forseti, gera grein fyrir helstu efnisatriðum frv.

Í frv. er lagt til að farin verði svipuð leið og mörkuð er í lögum um spilliefnagjald og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur hvað varðar hagrænar leiðir þannig að sköpuð séu hagræn skilyrði fyrir úrvinnslu þeirra vara sem frv. tekur til.

Samkvæmt 5. og 8. gr. frv. er heimilt að leggja gjald á þær vörur sem þar eru tilgreindar til að standa straum af kostnaði vegna úrvinnslu þess úrgangs sem af þeim leiðir. Í 8. gr. er vísað til viðauka 1–16 með frv. en þar eru þessar vörur skilgreindar með tollskrárnúmeri og kveðið er á um fjárhæð úrvinnslugjalds á hvert tollskrárnúmer. Hér er um að ræða vörur sem verða að spilliefnum, auk allra rafhlaðna. Þetta eru vörur sem falla undir gildissvið laga um spilliefnagjald fyrir utan rafhlöður sem innihalda ekki spilliefni. Gert er ráð fyrir að lagt verði úrvinnslugjald á allar rafhlöður hvort sem þær innihalda spilliefni eða ekki.

Þá er lagt til að undir frv. falli heyrúlluplast, hjólbarðar, ökutæki og samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur en þar er m.a. um að ræða allar umbúðir undir mjólk, mjólkurvörur og ávaxtasafa.

Eins og áður sagði er lagt til að lög um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur verði felld undir frv. 1. janúar 2008 en undir þau lög falla einnota drykkjarvöruumbúðir. Þannig er gert ráð fyrir að undir frv. muni falla allar þær vörur sem bera úrvinnslugjöld og umsýsla þessarar gjaldtöku verði færð á einn stað, til Úrvinnslusjóðs, sem ég mun gera nánari grein fyrir á eftir.

Gert er ráð fyrir að úrvinnslugjald verði lagt á framangreindar vörur við innflutning eða framleiðslu varanna áður en þær fara á markað. Þeir sem skulu greiða úrvinnslugjald eru þeir sem flytja inn þessar vörur til endursölu eða eigin nota og þeir sem framleiða þær innan lands.

Skráðum eigendum ökutækja ber að greiða úrvinnslugjald vegna ökutækja að fjárhæð 1.040 kr. ár hvert.

Þær vörur sem frv. tekur til eru hugsaðar sem fyrsta skref til að draga úr magni úrgangs. Þegar reynsla hefur fengist af framkvæmd laganna, verði frv. að lögum, og þegar frekari vinna hefur farið fram varðandi umfang annarra vöruflokka, svo sem rafeindatækja, munu væntanlega fleiri vöruflokkar bætast við og verða felldir undir lögin eftir því sem ástæða er talin til.

Í ákvæði til bráðabirgða III er lagt til að pappírs-, pappa- og plastumbúðir beri úrvinnslugjald frá 1. janúar 2004. Það kemur í hlut Úrvinnslusjóðs á næsta ári að gera tillögur til ráðherra um fjárhæð úrvinnslugjalds á þessa vöruflokka.

Lagt er til að sett verði á fót ný stofnun sem beri heitið Úrvinnslusjóður, sbr. 14. og 15. gr., en henni er ætlað að sjá um framkvæmd laganna og hafa umsýslu með úrvinnslugjaldi. Tekjum af úrvinnslugjaldi er ætlað að renna óskipt til Úrvinnslusjóðs, að undanþegnu umsýslugjaldi til ríkissjóðs sem er þóknun fyrir álagningu og innheimtu úrvinnslugjalds.

Lagt er til að í stjórn Úrvinnslusjóðs sitji fimm fulltrúar, sbr. 16. gr., og eru fjórir fulltrúar skipaðir frá eftirtöldum aðilum:

Einn sameiginlega frá Samtökum fiskvinnslustöðva og Landssambandi íslenskra útvegsmanna, einn frá Samtökum iðnaðarins, einn frá Samtökum verslunar og þjónustu og

einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga en ráðherra skipar formann sjóðsins.

Samsetning stjórnar endurspeglar því mikilvægt samstarf atvinnulífs og sveitarfélaga eins og ég minntist á. Stjórninni er ætlað að hafa yfirumsjón með starfsemi Úrvinnslusjóðs og bera ábyrgð á starfsemi hans gagnvart ráðherra. Úrvinnslusjóði ber að móta stefnu um meginstarfsemi sjóðsins, svo sem um þau verkefni sem hann hefur með höndum og helstu áherslur í starfsemi hans. Stjórn Úrvinnslusjóðs gerir tillögur til ráðherra eftir því sem við á um breytingar á fjárhæðum úrvinnslugjalds og um nýjar gjaldskyldar vörur. Við slíka tillögugerð ber stjórninni að taka mið af skuldbindingum stjórnvalda, svo sem á grundvelli EES-samningsins og stefnumörkunar stjórnvalda.

Þá getur stjórnin lagt fram tillögu um að leggja skilagjald á vörur til að ná fram auknum skilum hennar. Skilagjöld eru nú greidd af einnota umbúðum undan drykkjarvöru en í frv. er gert ráð fyrir að ökutæki beri einnig skilagjald, 10.000 kr. Þannig skal endurgreiða hverjum þeim þá upphæð sem afhendir gjaldskylt ökutæki til móttökustöðvar til endanlegrar endurnýtingar eða förgunar.

Virðulegur forseti. Ég hef rakið hér efni frv. í megindráttum. Ég legg áherslu á að góð sátt er um meginefni þess hjá Samtökum atvinnulífs, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og til umfjöllunar í hv. umhvn.

[15:45]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Því ber að fagna að frv. til laga um úrvinnslugjald skuli hafa litið dagsins ljós. Við þurfum að leggja okkur betur fram við að skapa hagræn skilyrði til endurnotkunar og endurnýtingar eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ég verð að viðurkenna, hæstv. forseti, að hér er um mjög sérhæft og flókið mál að ræða. Ég áskil mér fullan rétt til að lúslesa þetta frv. áður en og meðan við fjöllum um það í hv. umhvn. Eins og hæstv. umhvrh. tók fram og skýrði út er með frv. verið að lögbinda úrvinnslugjöldin. Þetta er flókið og viðamikið mál. Það er gott að heyra að það sé unnið í sátt og samlyndi við Samtök atvinnulífsins, sveitarfélögin og aðra hagsmunaaðila sem hafa mest með að gera að hrinda verkefnunum í framkvæmd verði frv. að lögum.

Ég vil einnig nota tækifærið og benda hv. þingmönnum á að við erum hér að stofna nýja ríkisstofnun sýnist mér. Það hefði verið gaman að heyra í hv. þm. Sjálfstfl. um það mál. En þeir eru hvergi sjáanlegir í þessum sal. Úrvinnslusjóður heitir sú stofnun og mun hafa stjórn og starfsmenn og heyra undir hv. umhvrn., eins og fram hefur komið.

Eins og ég sagði hyggst ég ekki fara hér efnislega í málið. Ég vil þó benda á að gert er ráð fyrir því að úrvinnslugjaldið standi undir þeim kostnaði sem hlýst af endurnýtingu og endurvinnslu. Þannig á það að sjálfsögðu að vera og það hlýtur að vera markmið okkar að gera úrvinnslu og endurnýtingu þannig að kostnaður við hverja einustu vöru, hver sem hún er, hvort sem það er bíll, landbúnaðarplast, hjólbarði eða eitthvað annað, kostnaður við framleiðslu, notkun og förgun vörunnar sé innifalinn í verði hennar og sé alltaf tekinn inn í dæmið. Með öðrum hætti getum við ekki nýtt okkur hagræn stjórntæki. Við verðum þess vegna að reikna dæmið til enda. Það er gleðilegt að þetta skref skuli stigið með þessum hætti.

En eins og ég segi munum við skoða mjög vel kostnaðinn við málið í hv. umhvn. og spyrja hagsmunaaðila spjörunum úr um framkvæmd þess. En fyrsta skrefið lofar góðu, herra forseti.

[15:47]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við fjölluðum áðan um frv. til laga um meðhöndlun úrgangs og nú frv. til laga um úrvinnslugjald. Sannarlega eru þetta frv. sem eiga saman og ég fagna þeim báðum. Þessi frumvörp kalla á breytta hugsun á mörgum sviðum. Eins kemur til aukinn kostnaður vegna þeirra. Kostnaður sveitarfélaganna við alla meðhöndlun á úrgangi eykst. Því flóknari sem flokkunin er og því flóknari sem úrvinnslan er, því kostnaðarsamara verður ferlið allt. En þannig viljum við hafa það. Það er mikilvægt að kostnaðurinn falli á þá sem valda kostnaðinum og því er óhjákvæmilegt að hafa úrvinnslugjald eins og hér er lagt til.

Minna má á það að númer eitt, tvö og þrjú þarf að hafa hugann við að minnka sem mest það sem til fellur, bæði í atvinnurekstri og inni á heimilunum og horfa til upprunans í hverju tilfelli, þ.e. minnka umbúðirnar.

Herra forseti. Frv. til laga um úrvinnslugjald kemur inn á ákveðna atvinnustarfsemi í landinu, m.a. landbúnaðinn. Með því að leggja gjald á mjólkurumbúðir hlýtur verð á hverjum mjólkurlítra eða landbúnaðarvörum að hækka. Ég vil í þessu sambandi benda á að eitthvert magn af landbúnaðarvörum, mjólkurvörum er flutt inn. Ég vil inna ráðherra eftir því hvort þetta gjald muni þá leggjast á t.d. innflutt jógúrt svo að innlendir framleiðendur standi a.m.k. jafnfætis þeim sem flytja inn mjólkurvörur. Ég vil nefna þetta sem hugsanlega eitt dæmi af mörgum sem fara þarf yfir. En það er mikilvægt að innlendir framleiðendur standi jafnfætis þeim sem framleiða á erlendum markaði.

Þessi frv. bæði eru í anda sjálfbærrar þróunar og Staðardagskrár 21. Vitaskuld er það á valdi hvers sveitarfélags fyrir sig að uppfylla stefnu ríkisstjórnarinnar hvað varðar förgun á sorpi og endurvinnslu.

Herra forseti. Ég ætlaði að beina spurningu til hæstv. ráðherra: Þó svo að ábyrgðin sé á hendi sveitarfélanna á að finna leiðir til úrvinnslu og förgunar eru margir þættir, grunnþættir, sem eðlilegt og gott væri að kæmu frá umhvrn. sem almenn fræðsla og hvatning. Slík hvatning hjálpar sveitarfélögunum að fara í átak eða vinna betur í sínum málum. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra upplýsi okkur um hvort ráðuneytið sé með í farvatninu að fara í almenna hvatningu eða fræðslu til almennings.

[15:52]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa orðið um þetta frv. sem er, eins og fram hefur komið, afar flókið tæknilega. Ég geri mér grein fyrir því að umhvn. þarf að átta sig á þessum flækjum og mun örugglega talsverð vinna felast í því. Hins vegar verður að hafa í huga að frv. er endurflutt þannig að það hefur komið fyrir augu þingmanna áður. Umhvn. ætti því að hafa gert sér ágæta grein fyrir því út á hvað það gengur. Frumvarpið er aftur á móti breytt eins og fram kom í fyrri ræðu minni að því leyti að það verður ekki nefnd sem heldur utan um þetta, heldur svokallaður Úrvinnslusjóður sem er ríkisstofnun. Það á líka að fastnegla upp á hár upphæðirnar samkvæmt lögum í viðaukum en ekki að gera það eins og við höfðum áætlað á fyrra stigi, að tilgreina hámarksupphæð og síðan væru gefnar út reglugerðir

um upphæðina. Það var ekki talið hægt að standa þannig að því.

Almennt má segja um þetta frv., af því að það er ansi flókið og erfitt að segja eitthvað um það í fáum orðum, þá gengur það út á að ná ákveðnum tölusettum og tímasettum markmiðum varðandi endurnýtingu og endurnotkun á fjölmörgum þáttum sem leynast í okkar ranni, þar á meðal samsettum pappaumbúðum og hjólbörðum, ökutækjum og ýmsum slíkum vörum, t.d. heyrúlluplasti svo eitthvað sé týnt til.

Þá kemur vandinn: Hvernig á að ná þessum markmiðum? Ein hugmyndin sem rædd var og menn hafa sums staðar farið erlendis er að markaðurinn geri einhvers konar samkomulag sín á milli um að ná þessum tölu- og tímasettu markmiðum, þannig að markaðurinn bara sjái um það sjálfur og semji sín á milli um að ná árangri. Þetta var leið sem við töldum ekki eiga að fara hér á landi, m.a. vegna þess að hluti af atvinnulífinu taldi að þá yrðu margir utan við kerfið, yrðu svokallaðir „free-riders" og tækju ekki taka þátt í því. Þeir væru bara lausbeislaðir á meðan aðrir öxluðu ábyrgðina og mundu standa undir því að ná markmiðum. Þess vegna var ákveðið að setja upp annað heildstætt kerfi þar sem eitt yrði látið yfir alla ganga. Leiðin er sú að setja á þetta úrvinnslugjald á hverja vöru á kíló eða hvert stykki, eftir því hvernig best er að skilgreina það, í tolli þegar menn flytja viðkomandi vöru inn í umbúðum sem við viljum minnka eða í framleiðslu þegar menn framleiða vörur á markaði sem innihalda ruslumbúðir utan um vörur sem við viljum líka minnka. Gjaldið þarf að leggjast á einingarnar þar.

Þegar menn taka svona gjald af innfluttum vörum í tollinum safnast fyrir gífurlegir fjármunir sem verða aðaluppistaðan, a.m.k. ein uppistaðan í þessum Úrvinnslusjóði. Því verða háar upphæðir í þessum sjóði, en sjóðurinn á svo að standa undir því að ná markmiðunum í endurnýtingu og endurnotkun á viðkomandi vöruflokkum og úrgangsflokkum.

Tölurnar sem menn styðjast við núna eru þær tölur sem við komumst næst miðað við sérfræðiþekkingu okkar á því hvaða endurnotkun er líkleg til að eiga sér stað og hvað kostar að innheimta úrgang sem við ætlum að endurnýta og endurnota. Þessar tölur munu auðvitað breytast í framtíðinni eftir því hvernig markaðurinn bregst við, hvaða fyrirtæki bjóða í að endurnota og endurnýta þessa úrgangsflokka og hvernig þeim tekst að halda á þeim málum. Það mun breytast. Hér verða flutt frv. í framtíðinni um breytingar á þessum krónu- og auratölum sem við sjáum, mjög nákvæmlega skilgreint í viðaukum. Það verður mjög spennandi, bæði fyrir sveitarfélög, atvinnulíf og okkur í umhvrn. að takast á við þetta verkefni.

Þetta er gífurlega stórt og flókið mál. Við höfum enga sérstaka fyrirmynd svona gjalds innan lands í dag. Við erum að fikra okkur áfram með þessa hugmyndafræði. Eina fyrirmyndin sem við höfum er spilliefnagjaldið. Það hefur tekist mjög vel til þar, en þetta er talsvert flóknara en þeir vöruflokkar sem spilliefnagjaldið hefur verið lagt á.

Ég sé fyrir mér að í framtíðinni þá verði talsverð atvinnustarfsemi í kringum að endurflokka, endurvinna og endurnýta flokkað sorp. Atvinnulífið verður mjög ráðandi í þessum málum. Þeir eru með sína fulltrúa í stjórninni og verða mjög leiðandi. Það er auðvitað krafa frá atvinnulífinu að vera leiðandi í þessu því annars telur atvinnulífið hættu á að ríkið fari að leggja aukagjald á úrgangsflokkana sem gæti hugsanlega orðið einhvers konar dulbúin skattheimta. Það er hins vegar alls ekki hugsunin á bak við þetta frv., einungis að innheimta raungjald sem stendur undir því að ná markmiðum við endurnýtingu og endurflokkun á sorpi.

Hv. þm. Þuríður Backman kom inn á hvaða áhrif þetta gæti haft á verðlag, m.a. á mjólkurvörum.

Það er ljóst að þetta mun að einhverju leyti hafa áhrif á vöruverð. Verið er að leggja aukakostnað sem í dag er ekki lagður á með beinum hætti á vörur í innflutningi og vörur í framleiðslu. Það er nú búið að reikna allt saman út eftir bestu getu. Í gögnum kemur fram að t.d. mjólkurlítrinn hækkar, við hækkun á vöruverði vegna umbúða og skilagjalds, vegna þessa umbúðagjalds um 0,8%. Þetta er því óveruleg hækkun. Hugsanlega munu þessar tölur eitthvað breytast í framtíðinni miðað við hvaða árangri menn ná við að endurnýta og endurnota umbúðir o.fl.

Hér var einnig spurt um almenna fræðslu til sveitarfélaga og aðila varðandi flokkun á sorpi. Það hefur verið mjög mikil fræðsla af hendi umhvrn. í gegnum tíðina um flokkun á sorpi hjá sveitarfélögunum og þeim aðilum sem nú sýsla með sorp. Ég t.d. hef tekið eftir því að Sorpa hefur verið mjög öflug í kynningu á þeim möguleikum sem fólk hefur á að flokka sorp, sem eru miklu meiri en menn almennt telja. Það er hægt að flokka nánast allt sorp í dag og koma því í eðlilegar rásir. Þannig er flokkun sorpsins eðlilega gagnvart okkar umhverfismálum. Í framtíðinni munum við auðvitað áfram standa að fræðslu eins og við höfum gert. Ég tel þannig að þeim málum sé vel fyrir komið.

Virðulegur forseti. Ég vil enn á ný þakka fyrir þessar umræður. Ég tel að þetta mál sé mjög til fyrirmyndar og geti jafnvel orðið öðrum ríkjum til fyrirmyndar. Þetta er heildstætt kerfi, hugsað frá grunni og tekur á öllum þáttum þar sem atvinnulífið verður ráðandi. Ég er því mjög ánægð með hvernig þetta frv. hefur þróast.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurreisn íslensks skipaiðnaðar, fyrri umr.

Þáltill. SJS og JB, 38. mál. — Þskj. 38.

[16:01]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði.

Þetta er 38. mál þingsins, á þskj. 38, og flm. ásamt mér er hv. þm. Jón Bjarnason.

Hér er um að ræða endurflutta tillögu frá síðasta þingi. Hún var lögð fram undir lok síðasta þings, en varð þá ekki útrædd.

Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd fulltrúa sem tilnefndir verði af öllum þingflokkum, Samtökum atvinnulífsins og Alþýðusambandi Íslands, auk formanns sem iðnaðarráðherra skipar, til að fullmóta og hafa yfirumsjón með aðgerðum til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði. Sérstök áhersla verði lögð á aðgerðir til að bæta samkeppnisskilyrði greinarinnar, auðvelda fjármögnun verkefna og tryggingar vegna útflutnings, auka menntun fagfólks og styrkja rannsóknir og þróunarstarf í skipaiðnaði og tengdum greinum."

Þess ber að geta, herra forseti, að þegar tillagan var flutt hér upphaflega seint á síðasta þingi, þá stóð yfir verkefni í samstarfi iðnrn. og Samtaka iðnaðarins og Málms, samtaka fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, sem miðaði að því að gera úttekt á raunverulegum starfsskilyrðum skipaiðnaðarins og móta stefnu í málefnum greinarinnar. Nú hefur verið lögð fram skýrsla sem greinir frá niðurstöðum þeirrar vinnu, þess verkefnis, og þar er að finna allgóða úttekt á stöðu greinarinnar og í ýmsum tilvikum tillögur um aðgerðir sem til bóta mundu horfa. Það má því segja að nú hafi sú framþróun orðið í málinu frá síðasta þingi að fyrir liggi að mestu leyti nauðsynleg gögn, ný gögn þar sem staða greinarinnar er kortlögð og tekið á helstu þáttum sem standa þessari merku atvinnugrein fyrir þrifum og gera það að verkum að hún hefur átt erfitt með að fóta sig eða snúa vörn í sókn á undanförnum missirum, eins og væri þó ærin ástæða til.

Tillagan gengur því í raun og veru út á eða það má líta svo á að hún sé til stuðnings þessu starfi hér inni á þingi og gerir ráð fyrir að því verði þá fylgt eftir með nauðsynlegum aðgerðum, sem í langflestum tilvikum liggur fyrir hverjar þyrftu að vera, gerði það út af fyrir sig í ýmsum greinum áður en nú er það skýrara en ella þar sem þessi vinna hefur farið fram.

Kunnara er en frá þurfi að segja, herra forseti, að skipasmíðar og þjónusta við skip og skipaútgerð eiga sér langa sögu á Íslandi sem eðlilegt hlýtur að teljast hjá eyþjóð og sjósóknaraþjóð. Á köflum hefur dafnað hér blómlegur iðnaður sem hefur skipt miklu í efnahagslífi okkar og skapað þúsundir starfa í landinu. Sú starfsemi hefur sparað þjóðinni umtalsverðan gjaldeyri þegar best lét og við vorum að byggja umtalsverðan hluta þess skipakosts sem við nýttum til fiskveiða og til siglinga. Það má sem dæmi taka að þegar mest var byggt hér af bátum, vertíðarbátum og jafnvel minni skuttogurum, og þegar jafnvel voru byggð hér innan lands strandferðaskip og fleiri flutningaskip, þá voru Íslendingar, þegar best lét, langleiðina sjálfbjarga í þessum efnum hvað það varðar að með innflutningi hráefna var fyrst og fremst byggt á innlendu hugviti og mannafli í greininni.

Síðan hefur verið viðvarandi hnignun í skipaiðnaðinum og greinin hefur átt í miklum erfiðleikum, gjaldþrot hafa riðið yfir, fyrirtækjum hefur fækkað til mikilla muna og rekstrarerfiðleikar hrjá mörg þeirra sem eftir eru. Sérstaklega hefur staða nýsmíða verið erfið og það má heita að nýsmíðar hafi að mestu leyti lagst af í landinu, sem er auðvitað ótrúlegt en satt, að nýsmíðar a.m.k. stærri skipa eru nánast aflagðar nú síðustu 5–10 árin, eða jafnvel 10–15 árin.

Staðan er reyndar, því miður, ekki mikið betri hvað varðar meiri háttar viðhaldsverkefni, en talsvert hefur verið af því gert á undanförnum árum að ráðast í meiri háttar endurbætur eða endurbyggingu gamalla skipa. Þannig hefur stór hluti nótaskipaflotans verið endurnýjaður eða talsvert mörg skip í þeim flota verið endurbyggð og í sumum tilvikum þannig að að lokum er um nánast algerlega ný skip að ræða, en slíkar stórframkvæmdir hafa í langflestum tilvikum verið unnar erlendis.

Það hefur meira að segja verið svo, svo dapurlegt sem það er, að raðsmíðaverkefni í bátaflotanum, í endurnýjun bátaflotans, hafa lent til útlanda, t.d. til Kína, án þess jafnvel að innlendum skipasmíðastöðvum hafi yfir höfuð gefist tækifæri til að bjóða í slík verk.

Það er auðvitað margt, herra forseti, sem veldur því hvernig komið er. Má nefna það sem eina meginástæðu að innlendur skipaiðnaður hefur meira og minna óstuddur af stjórnvöldum um langa hríð, mátt sæta mjög erfiðri samkeppni við ríkisstyrkta og niðurgreidda starfsemi i nágrannalöndunum. Þar hefur verið um margs konar styrki bæði byggðatengda styrki og niðurgreiðslu á fjárfestingareða fjármögnunarkostnaði að ræða og enn eimir eftir af þessu, jafnvel þó mikil viðleitni hafi verið í gangi, bæði á vegum alþjóðasamtaka og Evrópusambandsins að draga úr eða afnema þessa styrki. Heldur hefur ástandið skánað, en enn er það þó þannig að ef eitthvað er þá hallar á innlendu greinina í þessum efnum. Hér á landi virðist það ekki hafa átt upp á pallborðið að standa við bakið á íslenskum skipaiðnaði hvað þetta snertir og hann verið látinn mæta meira og minna óstuddur þessari bersýnilega ósanngjörnu samkeppni, enda hefur farið sem farið hefur.

Í öðru lagi má nefna, herra forseti, að innlendur skipaiðnaður hefur auðvitað sætt harðri samkeppni við lönd þar sem vinnulaun eru til muna lægri en hér og sú samkeppni hefur verið greininni erfið. Það gildir auðvitað um samkeppnisaðilana í nágrannalöndunum í öðrum Vestur-Evrópuríkjum eða öðrum löndum þar sem vinnulaun eru sambærileg eða hærri en hér. Og þá hafa menn gjarnan brugðist þannig við og á því hefur t.d. norskur skipaiðnaður byggt mikið að nýta sér upp að einhverju marki lágan framleiðslukostnað t.d. í stálvinnu, í Póllandi, Eystrasaltsríkjunum eða Kaliningrad, en flytja síðan skipsskrokka eða stálvinnu inn og ljúka smíðum og samsetningu í heimalöndunum. Íslenskur skipaiðnaður hefur aðeins nýtt sér slíkar aðferðir og náð niður framleiðslukostnaði með þeim, en þó ekki nálægt því í þeim mæli sem maður hefði viljað sjá. Þannig hafa nokkur af glæsilegustu fiskiskipum flotans í dag einmitt verið byggð þannig að skrokkarnir hafa verið byggðir annaðhvort í heilu lagi eða í einingum í Austur-Evrópuríkjum og þeir síðan fluttir til Noregs og þar hefur smíðinni verið lokið, tækjabúnaður settur niður og stór hluti virðisaukans í verkefnunum fellur þá til þar.

Engu að síður er það svo, herra forseti, að sem betur fer skína nokkur ljós í þessu myrkri niðurlægingar íslenska skipaiðnaðarins. Þar má nefna t.d. að fyrirtækið Ósey í Hafnarfirði hefur náð mjög athyglisverðum árangri í smíði minni fiskiskipa, bæði fyrir innlendan markað og reyndar einnig til útflutnings og hafa verið fluttir þaðan fiskibátar, nýtísku fiskibátar í minni kantinum, gæðaframleiðsla, bæði til Færeyja og Írlands að ég hygg og möguleikar eru á talsverðum útflutningi á þennan markað ef fyrirtækinu tekst að höndla þá möguleika sem það telur sig hafa í þeim efnum.

En þar hafa ýmsir þröskuldar og ýmis ljón verið í veginum og að hluta til er komið inn á það í þessari tillögu og sömuleiðis í þeirri úttekt í samstarfsverkefni ráðuneytisins og iðnaðarins sem ég gat um fyrst í máli mínu. Þar er til að mynda komið inn á það atriði sem hefur reynst mönnum erfitt hvað varðar fjármögnun á byggingartíma, að skip fást ekki skráð hér fyrr en þau hafa fengið sjóhæfnisvottorð, eða a.m.k. ekki fyrr en að byggingu er meira og minna lokið, hér þekkist ekki forskráning af því tagi að heimilt sé að gefa skipsskrokki númer í smíðinni þannig að hann myndi nothæft veð, og hér er skortur á því að útflutningslán eða kreditlán séu veitt með sambærilegum hætti og samkeppnisaðilum erlendis virðist standa til boða. Þannig að ýmislegt af því tagi sem ætti nú að vera leysanlegt, veldur mönnum hér erfiðleikum og er satt besta að segja ótrúlegt að hlusta á sögur af því hvernig mönnum hefur gengið að glíma við slíka hluti.

Það er sem sagt svo, herra forseti, að sérstaklega stóru fyrirtækin í þessari grein hafa öll meira og minna átt í miklum erfiðleikum, þau sem eftir eru og eru nú ekki mörg. Og það gildir auðvitað þar með um þá máttarstólpa greinarinnar þar sem áður voru unnin stærstu verkefnin, þar sem menn höfðu afköst, mannafla og búnað til að ráðast í stærri verkefni, stór viðhalds- og viðgerðarverkefni, upptöku stærri skipa eða nýsmíðar á stærri skipum. Sérstaklega á þessu sviði hefur ástandið verið dapurlegt.

Það er vissulega rétt að geta þess einnig að á köflum hefur verið talsverð gróska í nýsmíði smábáta, plastbáta eða hraðfiskibáta af ýmsu tagi hjá þó nokkrum fyrirtækjum og enn er þar verið að vinna þróunarstarf og skilar glæsilegri framleiðslu, eins og ég hygg að hv. þm. kannist við, a.m.k. þeir sem hafa verið tíðir gestir eða reglulegir gestir á sjávarútvegssýningum, en gjarnan er aðkoman að slíkum sýningum m.a. skreytt með glæsilegum nýjum sýnishornum af framleiðslu þeirra fyrirtækja sem vinna við nýsmíðar eða endurbyggingar og stækkanir á plastbátum.

Hins vegar verður að segjast eins og er, herra forseti, að ef ekki verður gripið til markvissra aðgerða, þá er ekkert sérstakt í sjónmáli sem teiknar til mikið betri tíðar í þessum efnum. Maður gæti bundið vonir við að kannski tækist þeim takmarkaða iðnaði sem eftir í landinu og fyrst og fremst byggir á viðhaldsverkefnum, að halda sjó því sjálfsagt verður lengi þörf fyrir einhverja lágmarksumönnun hér og menn ætlast auðvitað til þess að hún sé til staðar þegar á þarf að halda. En það sem tapast smátt og smátt eru afköst, verkþekking og ýmiss konar stoðgreinar sem þurfa að vera til staðar og tengjast slíkri starfsemi.

Eitt megineinkenni skipaiðnaðarins einmitt þegar hann var í sem mestum blóma voru gríðarleg margfeldisáhrif vegna þess að umsvif í skipasmíðastöðvunum hrísluðust út í iðnaðarsamfélagið þannig að mikill fjöldi undirverktaka í rafiðnaði, trésmíðum og ýmsum tengdum greinum fékk verkefni sem tengdust sjálfum smíðunum eða frágangi í skipum, viðhaldi o.s.frv.

Þar af leiðandi, herra forseti, að öllu óbreyttu eru verulegar ástæður til að hafa áhyggjur af framtíð greinarinnar. Að sjálfu leiðir að ekki er mikil ásókn í iðnnám sem þessu tengist eins og atvinnuhorfurnar hafa verið og allt upplit á þeirri grein. Og það er algjörlega fráleitt, herra forseti, að við getum unað því, þessi sjávarútvegs- og siglingaþjóð sem við erum, að þetta koðni svona niður í höndunum á okkur. Ég leyfi mér að segja það hér, herra forseti, að ég held að þetta sé ein mesta vanrækslusynd í íslenskum atvinnumálum sem stjórnvöld bera ábyrgð á á síðari áratugum, það er í raun og veru hvernig menn hafa horft allt of aðgerðalaust eða aðgerðalítið á það að þessi mikla hnignun gengi yfir þessa atvinnugrein, sem öðrum þjóðum í nágrenninu hefur tekist til mikilla muna betur að varðveita. Auðvitað hafa gengið yfir breytingar í greininni sem að hluta til eru alþjóðlegar og hún hefur að einhverju leyti færst til í heiminum, það vitum við. En þegar við berum það saman hvernig Íslendingar hafa glímt við þau mál og svo aftur nágrannaþjóðir eins og Norðmenn, þá er þar ólíku saman að jafna, enda er skipaiðnaður enn þá undirstaða blómlegs atvinnulífs í fjölmörgum byggðarlögum við sjávarsíðuna, sérstaklega á vesturströnd Noregs.

Herra forseti. Ég held að ekki þurfi að hafa um þetta fleiri orð. Ég legg til að tillögunni verði að lokinni umræðu vísað til hv. iðnn. og ég bind vonir við að hún megi verða til þess að ýta á það að gripið verði nú til aðgerða á þessu sviði á grundvelli þess sem tillagan leggur til og á grundvelli þeirra gagna sem liggja nú fyrir í úttekt ráðuneytisins og iðnaðarins sem ég gerði grein fyrir áðan.

[16:16]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í þáltill. er gerð tillaga um skipun nefndar til að fullmóta og hafa umsjón með aðgerðum til að endurreisa skipaiðnað á Íslandi, áhersla verði lögð á aðgerðir til að bæta samkeppnisskilyrði greinarinnar, auðvelda fjármögnun og tryggingar, auka menntun og efla þróunarstarf er tengist greininni.

Efnislega eru hér á ferðinni sömu atriði og lágu til grundvallar sameiginlegri úttekt iðnrm., Samtaka iðnaðarins og Málms, sem er félag fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði. Úttektin lá fyrir síðasta sumar og var greinargerðin kynnt á fundi á Akureyri í september sl. Í þeirri úttekt kom fram að marga þætti þarf að bæta í umhverfi skipaiðnaðarins svo hann búi við svipuð samkeppnisskilyrði og þau lönd sem íslenskar smiðjur þurfa að keppa við. Slík jöfnun næst sennilega seint þegar um er að ræða lönd á borð við Kína og Kóreu þar sem smíðaverð á tonn er álíka og hráefnisverðið á hvert tonn fyrir óunnið stál sem við vinnum úr. Hins vegar er það raunhæft markmið að við getum búið íslenskum skipaiðnaði svipuð kjör og eru innan Evrópska efnahagssvæðisins og við erum bundin af þeim reglum sem þar gilda hvað varðar ríkisstyrki og aðra opinbera aðkomu.

Meginatriðið í þessu sambandi er að ríkisstyrkir til skipasmíða hafa nú verið aflagðir í Evrópu og fyrir liggur hvaða aðgerða er þörf til að vinna upp samkeppnisforskot annarra landa í Evrópu. Í tillögum til úrbóta sem birtar eru í niðurstöðum skýrslunnar eru talin fram fimm atriði sem byggjast á samvinnu stjórnvalda og skipaiðnaðarins. Framkvæmd þeirra kallar ekki á lagabreytingar og þær falla allar innan ramma þeirra alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

Aðilar málsins, þ.e. iðnrm., Samtök iðnaðarins og Málmur, eru nú þegar byrjaðir á framkvæmd tillagnanna og á þessari stundu vegur þyngst endurskoðun á fjármögnun smíðanna og tryggingar vegna útflutnings. Nú þegar eru fullgerð drög að frv. um breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins en í því felst að skilgreina betur hlutverk tryggingardeildar útflutningslána og víkka út heimildir til að veita tryggingar og ábyrgðir er gagnast útflutningi skipa og búnaðar o.fl. Við höfum auk þess verið að liðka allt fjármögnunarferlið sem nú þegar hefur leitt til þess að þau skip og sá búnaður sem samið hefur verið um fyrir Færeyinga hefur fengið mun greiðari vegferð í gegnum kerfið.

Aðrar tillögur sem fram koma í greinargerðinni eru að einhverju leyti komnar á hreyfingu og vonast ég til að framkvæmd þeirra gangi vel en þau eru flest þess eðlis að þau eru viðvarandi umbótaverkefni innan fyrirtækjanna sem sennilega eiga sér engan ákveðinn endi heldur þróast og breytast eftir þörfum skipasmíðaiðnaðarins á hverjum tíma.

[16:20]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þær upplýsingar sem hún hér veitir og það er vissulega fagnaðarefni að hreyfing er komin á málin. Eins og ég gat um í framsöguræðu minni var þessi tillaga flutt á síðasta þingi og þá stóð sú úttekt yfir sem núna hefur verið lokið. Tillagan tekur mið af þeim breytingum sem síðan hafa orðið og ég tel að hún sé

í raun og veru í fullu samræmi og fullkomlega samrýmanleg því að hrinda þessum tillögum í framkvæmd og ég held að það væri vel og skynsamlegt að reyna að skapa sem víðtækasta samstöðu um málefni þessarar greinar, m.a. með því að stjórnskipuð nefnd fylgdi hlutunum eftir þar sem kæmu að þingflokkar eða stjórnmálaflokkar og aðilar atvinnulífsins og héldu utan um þessi mál með atvinnugreininni og ráðuneyti.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að það sem snýr að okkur er auðvitað kannski í grunninn það að tryggja að íslenskur skipaiðnaður, þó seint sé, fái nú loksins sambærileg starfsskilyrði og skipaiðnaðurinn í nágrannalöndunum. Við erum að sjálfsögðu ekki að fara fram á launakostnað eins og í Kína eða annað í þeim dúr. En það er þannig að þarna hefur hallað stórlega á íslenska iðnaðinn í samkeppni við sérstaklega norskar og spænskar skipasmíðastöðvar, og þó að nú eigi að heita svo að beinir ríkisstyrkir hafi verið afnumdir þá liggur engu að síður fyrir að það eimir eftir af ýmsum aðgerðum til stuðnings iðnaðinum. Ég nefni þar t.d. byggðastyrki sem eru heimilir samkvæmt reglum EES/ESB á þeim svæðum, á norðurströnd Spánar og í Norður- og Vestur-Noregi sem flokkast undir slík þróunarsvæði. Og það er auðvitað algjörlega ljóst að eigi að snúa vörn í sókn þá þarf að vinda bráðan bug að því að bæta úr þeim atriðum þar sem skóinn kreppir mest og hæstv. ráðherra nefndi þar reyndar hluti eins og fjármögnun og útflutningstryggingar.

[16:22]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, ég tel að með því starfi sem hefur nú farið fram og var góð samstaða um við Samtök iðnaðarins og Málm hafi vissulega komist hreyfing á þetta mál. Mér er kunnugt um að það starf sem þarna fór fram er mikils metið af hálfu greinarinnar og ekki síst það að nú liggur fyrir frv. sem brátt mun koma fram í þinginu um breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð þar sem TRÚ, Tryggingasjóði útflutningsgreina, verður gert kleift að sinna þessum málum miklu betur en áður hefur verið og það tel ég vera mjög mikilvægt.

Hv. þm. nefndi byggðastyrki. Það er rétt að öll landsbyggðin er skilgreind þannig af hálfu ESA að þar má veita byggðastyrki og þróunarstyrki sem vissulega þurfa samþykkt ESA til að geta orðið að veruleika. En miðað við þær upplýsingar og þau samtöl sem ég hef átt við iðnaðinn er það nú ekki fyrst og fremst það sem hann vill gera út á, heldur miklu frekar að fá starfsumhverfi sem sé samkeppnishæft því sem almennt gerist. Við vitum hvað varðar t.d. vexti þá eru þeir tiltölulega háir hér á Íslandi. En að öðru leyti tel ég að við eigum vissulega sóknarfæri hvað varðar ákveðna stærð báta og það hefur líka sýnt sig núna upp á síðkastið að þar erum við Íslendingar með okkar skipasmíðastöðvar að fá verkefni sem er mjög ánægjulegt.

Ég tel því að það sem kemur fram í þáltill., eins og ég sagði áðan, sé í raun að verulegu leyti komið til framkvæmda.

[16:24]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu augljóst mál að einn þröskuldurinn sem var íslenskum skipaiðnaði mjög erfiður var fjármögnunarþátturinn. Hér voru ekki við lýði neinir styrkir eða neinar vaxtaniðurgreiðslur á byggingartíma eins og var þegar hæst lét t.d. í Noregi og á Spáni þar sem gat munað verulegum fjárhæðum í endanlegu verði skipanna vegna þess að fjármagnskostnaður á byggingartíma var verulega niðurgreiddur og fleiri slíkir hlutir skekktu myndina.

Byggðastyrkina tel ég engu að síður að þurfi að athuga og auðvitað er það ekki markmið neinnar atvinnugreinar að lifa á styrkjum og ég er ekki að segja að það eigi að vera keppikefli, að koma skipasmíðaiðnaðinum inn á einhverja styrki bara til að gera það. En það eru þó hlutir sem geta skipt þar miklu máli og ég nefni t.d. ef óhjákvæmilegt reynist að ráðast í fjárfestingar í upptökumannvirkjum eða öðrum slíkum dýrum stofnbúnaði sem getur reynst nauðsynlegur, t.d. til þess að vera samkeppnisfær hvað varðar afköst eða tæknilega möguleika á að taka upp sístækkandi skip og annað í þeim efnum. Þá er nokkuð ljóst að miðað við núverandi byggðastyrkjareglur Evrópusambandsins mættu aðilar veita þar umtalsverða styrki ef framkvæmdin er á viðurkenndum byggðaþróunarsvæðum. Og ég hygg nú reyndar að þetta mál hafi borið á góma á Íslandi þegar ríkið var fyrir sitt leyti að styrkja gerð upptökumannvirkja sem hluta af hafnarframkvæmdum á sínum tíma. En þessir tímar geta bankað upp á aftur og af þessu gætu menn þurft að hyggja.

Herra forseti. Ég endurtek og ítreka það að ég tel fullt efni til að skoða hvort þessi tillaga geti ekki fallið vel að því sem er þó verið að gera í þessum efnum og það hafi verið skynsamleg nálgun að fylgja þeim hlutum eftir, m.a. með þessum hætti.

[16:27]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það ber að þakka að þessi mál skuli vera tekin upp til umræðu í þinginu. Hins vegar er ekki hægt að gleðjast mikið yfir þeirri stöðu sem íslenskur skipaiðnaður er í. Það má segja að hægt sé að segja eins og karlinn: Það er of seint, Gunna. Þetta er allt saman búið að deyja tvisvar eða þrisvar. Skilningur íslenskra stjórnvalda og þeirra sem ráða íslensku þjóðfélagi á mikilvægi skipaiðnaðar hefur verið afar lítill í gegnum tíðina.

Mér er kannski minnisstæðast hve andstaða LÍÚ-forustunnar við íslenskan skipasmíðaiðnað kom skýrt fram í gegnum þó nokkuð mörg ár, og kom skýrt og greinilega fram í ræðum og viðbrögðum aðalforustumanns LÍÚ hvað eftir annað þar sem hann lýsti því yfir að hann teldi að íslenskir útgerðarmenn ættu að hafa allan rétt til þess að sækja þessa þjónustu annað og að það væri ekki á færi íslensks skipaiðnaðar að smíða og þjónusta skip sem þyrfti á að halda hér í útgerðinni. Ég hef stundum áður minnt á ræðu sem sá ágæti forustumaður hélt þegar skipið Bessi kom nýtt til Vestfjarða, en þá lýsti hann því yfir að slíkt skip gætu Íslendingar aldrei smíðað. Hann hefði þó átt að vita betur. Það var búið að smíða algjörlega sambærilega smíðisgripi á Íslandi og tækniþekking og verkkunnátta var alveg til staðar til að gera þá hluti. En þetta lýsir bara því við hvað menn áttu að stríða.

Íslensk stjórnvöld virtust heldur ekki hafa aðra skoðun en sá ágæti forustumaður LÍÚ á íslenskum skipaiðnaði og lyftu ekki hendi þó að hann legðist allur í rúst á fáeinum árum. Menn ruku svo upp með andfælum einhvern tíma eftir 1990 en þá var nú óvart þannig komið að flestar skipasmíðastöðvarnar fóru á hausinn, ég man ekki hvort það var ein eða tvær sem ekki fóru á höfuðið á þeim tíma.

Við höfum haldið áfram að láta smíða skip erlendis. Við höfum ekki treyst okkur til þess að skapa sambærilega möguleika til að standa í þessum iðnaði hér á landi. Ég tel reyndar

að það hafi verið mikil skammsýni og að menn hafi í raun og veru aldrei fengist til að reikna dæmið til enda. Þegar farið var yfir þetta mál, ég held að það hafi verið 1992 eða 1993, kom hins vegar í ljós, þegar menn fóru að reikna þetta út, að styrkirnir sem aðrir voru að greiða til skipasmíðaiðnaðarins skiluðu sér margfalt til baka til ríkisins og þjóðfélagsins í heild. Þá var tekið myndarlega á þessum málum, a.m.k. miðað við það sem áður hafði verið. Lítið hafði það svo sem verið þar á undan.

En síðan hefur þetta farið í sama farið. Íslensk stjórnvöld hafa ekki einu sinni haft döngun í sér til að sjá til þess að verkefni sem hafa verið unnin fyrir ríkið beint hafi komið til Íslendinga. Þess er skemmst að minnast er viðhald var boðið út á tveimur skipum Landhelgisgæslunnar fyrir tveimur árum. Það þótti nauðsynlegt að bjóða það út á Evrópska efnahgssvæðinu. Gott og vel. En hvað gerðist? Það voru óvart Pólverjar sem fengu þetta verkefni. Það voru ekki einhverjir á Evrópska efnahagssvæðinu sem fengu verkefnið heldur Pólverjar. Einhvern veginn glopruðu menn þessu líka út úr höndunum á sér þrátt fyrir að tilboð frá Íslendingum í þetta verkefni væri ákaflega hagstætt. Svona hafa hlutirnir gengið fyrir sig.

Mér finnst líka ástæða til að minna á, vegna þess að í þessari tillögu er verið að tala um fagþekkingu og menntun og hæstv. ráðherra minntist á þá hluti hér líka áðan, að íslensk stjórnvöld hafa t.d. viðhaldið þeirri stöðu í gegnum tíðina. Það er engin nauðsyn á fagþekkingu eða menntun í skipaiðnaði á Íslandi. Það er ekki gerð nein krafa um slíkt, t.d. frá hendi Siglingastofnunar. Það er engin krafa um að þeir sem standa í skipasmíðum, hverju nafni sem þær nefnast og hvort sem þau eru smá eða stór skipin sem um er að ræða, hafi til þess neina fagmenntun. Það er dálítið skondið að segja frá þessu vegna þess að ef við tölum um sambærilega iðngrein, t.d. húsasmíði, gera menn kröfu um fagmenntun á öllum sviðum þeirra. En þegar kemur að skipasmíðunum er það ekki gert.

Hæstv. forseti, ég átta mig ekki alveg á því hvernig tíma mínum er háttað. Hér hefur verið mikið „ljósasjó" þann tíma sem ég hef verið að tala, ýmist rautt eða grænt. Ég óska eftir að fá að vita hvort ég er búinn með tíma minn eður ei.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég hygg að hv. þm. eigi eftir eina mínútu.)

Takk fyrir það. Ég ætlaði svo sem heldur ekki að halda hér langa ræðu. Saga íslensks skipasmíðaiðnaðar síðustu 30 árin er saga glataðra tækifæra. Ég ætla að vona að núna þegar hjálpin kemur að utan, þegar menn loksins leggja af — vonandi standa menn við það — stuðning við skipaiðnaðinn hér í kringum okkur að þá beri menn gæfu til að standa vel að því að reyna að byggja hann upp aftur. Hér er um það að ræða að byggja upp aftur nánast alla þekkingu í þessari iðngrein. Það er að vísu mikil tæknileg þekking til staðar á Íslandi og auðveldara að byggja upp þessa iðngrein aftur í dag en var þegar menn gerðu djörfustu tilraunina til að byggja hana upp á árunum 1960–1970. Þetta ætti að geta gengið betur en ég óska mönnum sannarlega velfarnaðar og vona að menn standi við þau orð sem hafa fallið um að til þess hafi menn mikinn vilja.

[16:34]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um aðgerðir til endurreisnar á íslenskum skipaiðnaði sem ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flytjum.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur gert ítarlega grein fyrir tillögunni og þeirri umgjörð sem íslenskur skipasmíðaiðnaður hefur búið við. Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en var þá ekki útrædd en þó skilaði hún sér inn í umræðuna. Ég er viss um að tillöguflutningurinn þá hefur þó haft þau áhrif að nokkuð hefur verið rekið eftir þessum málum af hálfu stjórnvalda.

Ef við lítum aðeins til baka, herra forseti, þá var hér gríðarlega mikill skipaiðnaður fyrir nokkrum áratugum. Ísland er jú eyþjóð og við höfum lengst af átt afkomu okkar undir sjósókn og því að geta farið á bát meðfram ströndum landsins. Þetta hefur skilað okkur því að um aldaraðir, fram á síðustu ár, hefur verið afar sterk og rík fag- og verkþekking í skipasmíðum. Sú þekking skilaði sér í því að við höfðum á síðustu áratugum öflugan skipasmíðaiðnað.

Það stingur mjög í stúf að upplifa á síðustu árum að skipasmíðaiðnaðurinn hefur nánast allur flust úr landi, stór hluti af nýsmíði og einnig stöðugt stærri hluti viðgerða við skip. Þetta getur alls ekki verið þjóðhagslega hagkvæmt. Mér er ómögulegt að skilja að það skuli borga sig fyrir íslenska þjóð að láta verkþekkingu sem hér var byggð upp drabbast niður af vannýtingu og ekki fá að þróast og eflast. Það getur ekki verið hagkvæmt að láta svo mikinn þekkingarauð liggja vannýttan og hverfa smám saman út úr íslensku samfélagi.

Þó verður að viðurkennast sem hæstv. iðnrh. kom inn á í ræðu sinni áðan að einmitt fyrir aðgerðaleysi stjórnvalda, það að stjórnvöld hafa ekki haldið vöku sinni við að láta íslenskan skipasmíðaiðnað njóta samsvarandi viðskiptaumhverfis og aðbúnaðar og skipasmíðaiðnaður í öðrum löndum, hafa þau viljandi eða óviljandi látið hann drabbast niður. Umgjörðin um hann hefur verið miklu lakari en aðrar þjóðir hafa búið sínum skipasmíðaiðnaði. Hæstv. iðnrh. gat þess hér áðan að nú hefði verið sett í gang vinna til að skoða og athuga hvar kreppti að og að hvaða leyti íslenskur skipasmíðaiðnaður væri með skerta samkeppnisstöðu gagnvart erlendum. Það var jú tími til kominn að það væri gert. Betur hefði verið ef til þeirra aðgerða hefði verið gripið fyrir tíu árum eða svo. En því miður báru íslensk stjórnvöld ekki gæfu til að grípa inn í þá.

Það væri ástæða til, herra forseti, að fá upplýsingar hér um. Ef hæstv. iðnrh. væri viðlátinn þætti mér vænt um ef hann gæti veitt mér upplýsingar um fjárhagslega stöðu þeirra skipasmíðastöðva sem enn starfa í landinu. Hversu langa bið þola þessar skipasmíðastöðvar eftir raunverulegum úrbótum í samkeppnisumhverfinu, eins og hæstv. ráðherra var hér að ýja að?

Tillaga okkar hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar lýtur að því að grípa þegar í stað til aðgerða til að styrkja samkeppnisstöðu þessara fyrirtækja og endurreisa þann iðnað sem nú berst í bökkum og óvíst er að lifi af. Ég held að hér þurfi að grípa strax inn í og þekki til þess að sumar af þessum skipasmíðastöðvum berjast enn í von um að úr rætist en þær eiga takmarkaðan líftíma eftir. Ég óttast að það verði of mikið sleifarlag á aðgerðunum af hálfu hins opinbera til að rétta af samkeppnisstöðuna þannig að þau fyrirtæki sem nú berjast í bökkum hafi ekki þol til að bíða eftir aðgerðunum.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Hver er staða þessara skipasmíðastöðva nú? Hversu langa bið þola þær áður en aðgerðirnar sem hæstv. iðnrh. minntist á hér áðan, koma til framkvæmda þannig að þær nýtist?

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á að hæstv. iðnrh. er ekki í húsinu.)

Spurningar mínar eru samt bornar fram. Hæstv. iðnrh. getur sjálfsagt svarað þeim með öðrum hætti. Formaður iðnn. er örugglega í húsinu. Hann er kappsamur um málefni iðnaðarins. Ég hygg að hann hljóti að vera í húsinu og fylgist með af kostgæfni því að íslenskur skipasmíðaiðnaður er jú stórmál. Þessi iðnaður hefur verið okkar stóriðja í gegnum áratugina. Hvernig hefði byggð á Vestfjörðum, Norðurlandi eða Austurlandi farið ef ekki hefði verið þar mjög sterk skipasmíðahefð? Einmitt sú þekking sem legið hefur að baki íslenskri skipa- og bátasmíði hér á landi hefur lagt grunninn að þeirri velferð sem við búum að í dag. Ég geri alveg fastlega ráð fyrir því, herra forseti, að hv. formaður iðnn. sé viðlátinn.

(**Forseti** (HBl): Hann er ekki í húsinu.)

Ég harma, herra forseti, að hv. formaður iðnn., þingmaður Framsfl., hv. þm. Hjálmar Árnason, er ekki í húsinu. Hann er kannski að hlaupa á eftir Landsvirkjun í dag og reyna að rétta hlut sinn með Landsvirkjun. Það er kannski veglegra starf en að fylgjast hér með stórmerku máli, þ.e. endurreisn íslensks skipasmíðaiðnaðar.

Herra forseti. Það er afar brýnt að íslenskur skipasmíðaiðnaður komist á rekspöl og fái samkeppnisumhverfi miðað við samkeppnisstöðu annarra. Við getum ekki miðað okkur við Kína þar sem laun eru með því lægsta sem gerist og aðbúnaður lélegur. Við hljótum að verða að miða okkur við íslenskar og vestrænar aðstæður. Ég ítreka, herra forseti, að endurreisn íslensks skipasmíðaiðnaðar er eitt brýnasta málið fyrir atvinnulífið í landinu.

[16:43]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Aðeins fáein orð. Ég þakka fyrir þessa umræðu og þær undirtektir sem þessi tillaga hefur fengið. Ég vonast til að hv. iðnn. taki málið til skoðunar, fari a.m.k. yfir það hvað Alþingi fyrir sitt leyti og iðnn. geta gert til að fylgja þessum hlutum eftir. Það er ærin ástæða til.

Ég get tekið undir orð hv. þm. Jóhanns Ársælssonar hér áðan, að saga íslensks skipaiðnaðar síðustu 20–30 árin, a.m.k. síðustu 12–15 ár, er saga glataðra tækifæra. Það er satt best að segja með ólíkindum hvernig við höfum glutrað þeim möguleikum niður frá því að hér var blómleg, dafnandi atvinnugrein á áttunda og jafnvel fram á níunda áratug síðustu aldar með umtalsverðum umsvifum sem sköpuðu hér þúsund starfa.

Ég veit að virðulegur forseti okkar skilur þetta ágætlega, þekkjandi sæmilega til mála á Akureyri. Það var ekki lítið sem hrundi í því bæjarfélagi með hruni skipaiðnaðarins sem þar hafði verið mjög blómlegur. Þar voru tvær af stærstu skipasmíðastöðvum landsins starfræktar þegar best lét, Slippstöðin á Akureyri og Skipasmíðastöð Kaupfélags Eyfirðinga, sem smíðaði mörg fræg aflaskip. Það var ekki bara að þau störf töpuðust beint, Slippstöðin var t.d. með vel á fjórða hundrað manns í vinnu og fleiri fyrirtæki þar á Eyrinni störfuðu beint við skipasmíðarnar, heldur voru tugir og hundruð afleiddra starfa í iðnaði í smáfyrirtækjum í ýmsum greinum í þessum mikla iðnaðaarbæ Akureyri sem meira og minna áttu tilvist sína undir umsvifum í skipaiðnaðinum. Þegar allt var lagt saman þá má örugglega færa fyrir því rök að hátt í þúsund störf hafi beint og óbeint tengst umsvifunum í skipaiðnaði í höfuðvígi þess iðnaðar, á Akureyri, þegar best lét.

En svo komu daprir tímar. Ég man ekki nákvæmlega hversu langt niður þetta fór en mig minnir þó að fast mannahald hjá Slippstöðinni hafi farið langt niður fyrir 100 manns þegar verst lét. Það fyrirtæki, eins og mörg önnur, hefur gengið í gegnum miklar hremmingar og í raun ekki bara strandað einu sinni heldur tvisvar ef ekki þrisvar, eins og hér kom einnig fram í umræðunni áðan.

Ég held menn eigi líka, herra forseti, að horfa til þess að þetta er ekki bara atvinnu- og efnahagsspursmál, jafnaugljóst og það er. Þetta er í raun öryggisatriði, þ.e. óumflýjanlegur hluti af því stoðkerfi sjávarútvegsins í landinu sem verður að vera til staðar. Ég leyfi mér að fullyrða að þar sé komið mjög tæpt að fullnægjandi afkastageta og burðir séu til að afstýra gríðarlegu tjóni þegar skip verða fyrir áföllum á hávertíð. Við skulum ímynda okkur að eitt eða fleiri af stóru uppsjávarveiðiskipunum fái á sig brot og verði fyrir skemmdum eða bilunum á hápunkti loðnuvertíðar í febrúar, þegar verðmæti nema milljónatugum í viku hverri. Þá er ekkert lítið í húfi að til staðar séu í landinu afköst og geta til að bregðast skjótt við ef menn þurfa á þjónustu að halda. Þá vilja menn auðvitað að til staðar sé íslenskur skipaiðnaður, mannafli, upptökumannvirki, aðstaða og búnaður til að bregðast við. En er sjálfgefið að svo sé? Nei. Það verður auðvitað ekki nema greininni séu sköpuð einhver starfsskilyrði. Því verður náttúrlega seint trúað að við Íslendingar ætlum áfram að vera sjávarútvegs- og siglingaþjóð og geta ekki veitt a.m.k. lágmarksþjónustu á þessum sviðum.

Lengi háði mönnum efnisleysið, herra forseti, í skipaiðnaði í landinu. Allt frá því fyrir daga Gamla sáttmála var timburleysið versti óvinurinn. Menn höfðu hér í landinu ekki við til að byggja haffær skip nema með harmkvælum þó að bændur á Sléttu drægju að vísu saman rekavið á norðaustanverðu landinu og byggðu haffært skip á 18. öld, ef ég man rétt. Þeir sýndu í verki stórhug sinn og þekkingu og hæfni. Menn byggðu hin ágætustu fley af þeim miklu vanefnum sem þeir bjuggu við. En nú er það ekki það sem okkur háir heldur eru okkur allir vegir færir í þeim efnum hvað varðar aðdrætti. Þekkingin er til staðar. Hana er hægt að byggja upp og hana er hægt að varðveita. En það er ekkert sjálfgefið í þessum efnum og við getum auðvitað látið þetta koðna áfram niður ef ekkert verður að gert.

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Ég vona að hún verði til að ýta við málinu og þessi tillöguflutningur okkar hér á síðasta þingi og þessu. Til þess er hann í og með ætlaður, að þrýsta á um að eitthvað verði aðhafst í málinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efling félagslegs forvarnastarfs, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 40. mál. — Þskj. 40.

og

Gjald af áfengi og tóbaki, 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 41. mál (forvarnasjóður). — Þskj. 41.

[16:49]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég held að einfaldara sé að mæla fyrir þessum málum báðum saman þar sem þau eru mjög samhangandi, og frv. á þskj. 41 er í raun og veru fylgifrv. með

till. til þál. um eflingu félagslegs fornavarnastarfs á þskj. 40. Þar er um að ræða endurflutta tillögu frá síðasta þingi, þó nokkuð breytta. Tillagan hefur verið gerð fyllri og tekið inn í tillögugreinina með skýrum hætti hvernig fjár verði aflað til átaksins og hver hafi með höndum ráðstöfun þess fjármagns, þ.e. þetta verði fellt undir hið hefðbundna hlutverk áfengis- og vímuvarnaráðs, eins og ég kem nánar að.

Flm. tillögunnar ásamt með mér eru hv. þingmenn Kolbrún Halldórsdóttir og Þuríður Backman.

Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna rammaáætlun um eflingu hvers kyns félagslegs forvarnastarfs sem verði liður í aðgerðum til að berjast gegn notkun ávana- og fíkniefna, þroska félagsvitund og bæta andlegt og líkamlegt heilbrigði ungs fólks.

Áætlunin feli í sér úttekt á félagsstarfi í einstökum sveitarfélögum og á landsvísu sem til greina kemur í þessu sambandi, svo sem starfi á vegum félagsmiðstöðva, ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar, nemendafélaga, skáta, tómstundafélaga og trúfélaga. Einnig verði gerðar tillögur um hvernig vænlegast sé að efla slíkt starf þannig að árangur náist."

Ég tek það fram, herra forseti, að ekki var ætlunin að hér væri um tæmandi upptalningu að ræða, að sjálfsögðu ekki, samanber hljóðan orðanna „svo sem" því að auðvitað eru fjölmörg fleiri félagasamtök og ýmiss konar merkt starf sem ætti alveg eins erindi inn í þessa upptalningu. Hún yrði harla löng ef tilraun yrði gerð til að tæma hana, auk þess sem lengi væri hætta á því að eitthvað gleymdist. Ég gæti t.d. auðvitað nefnt bindindishreyfinguna og ýmis sérfélög sem starfa sjálfstætt utan eða í tengslum við íþróttahreyfinguna og þar fram eftir götunum.

„Til átaksins verði varið allt að 10 millj. kr. á árinu 2002 til að undirbúa framkvæmd þess og síðan allt að 180 millj. kr. árlega í fimm ár eða þar til ákvarðanir verða teknar um frekara framhald þess. Tekna verði aflað með hækkun á hlutfalli áfengisgjalds sem rennur í Forvarnasjóð, sbr. 7. gr. laga nr. 96/1995. Áfengis- og vímuvarnaráð geri tillögur til heilbrigðisráðherra, sbr. 3. tölul. 3. gr. laga nr. 76/1998, um ráðstöfun þess fjár sem við bætist í Forvarnasjóð og sérstaklega er ætlað til eflingar félagslegu forvarnastarfi. Heilbrigðisráðherra setji, að höfðu samráði við menntamálaráðherra og félagsmálaráðherra, nánari ákvæði í reglugerð, sbr. 6. gr. laga nr. 76/1998, um þetta efni, þar með talið hvernig háttað skal samráði og samstarfi einstakra aðila sem málið varðar.

Ríkisstjórnin skili Alþingi árlega skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar þar sem árangur átaksins er metinn."

Eins og áður sagði, herra forseti, var þessi tillaga flutt á síðasta þingi í nokkuð breyttu og einfaldara formi en varð þá ekki útrædd. Tillagan er nú endurflutt með nokkrum breytingum, m.a. hefur verið tekið mið af atriðum sem fram komu í umsögn um tillöguna á síðasta þingi. Einnig var tekið mið af þeirri gagnrýni sem var hér sett fram á tillöguna um að ekki væri í henni mælt fyrir um tengsl þessa sérstaka forvarnaátaks við það starf sem fyrir er á vegum áfengis- og vímuvarnaráðs og fleiri aðila. Þá er einnig þess að geta að þar hefur verið unnið að því að virkja fleiri til þátttöku í þessum verkefnum, til að mynda er mikill áhugi á því að fá sveitarfélögin til virkari og meiri þátttöku í þessu starfi. Undir þau heyra félagsmiðstöðvarnar sem hér er ekki síst verið að horfa til en ég held að flestir sem til þekki viti að þar er unnið ákaflega mikið og fórnfúst starf af miklum vanefnum. Þar af leiðandi væri ákaflega kærkomið, veit ég, ef unnt væri með átaki af þessu tagi að styðja við bakið á þeirri starfsemi og reyndar starfsemi fjölmargra fleiri aðila sem búa við mjög þröngan kost hvað varðar fjárhagslegan grundvöll. Ýmis félagsskapur þarf oft og tíðum að reiða sig á fórnfúst sjálfboðaliðastarf, jafnvel reiða sig hreinlega á framlög frá einstaklingum þannig að stundum keyrir úr hófi fram. Það er vel þekkt vandamál þeirra sem til þekkja í félagsmálastarfi, margra þeirra aðila sem hér eru nefndir, eins og innan ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar, að það er erfitt að fá fólk þar til starfa, m.a. vegna þeirra fjárhagslegu byrða sem á starfseminni hvíla, þeirra miklu erfiðleika sem eru við að ná þar endum saman. Oftar en ekki leiðist það út í að það fólk sem hefur þar tekið að sér forsvar situr jafnvel persónulega uppi með útgjöld í meira og minna mæli.

Það þarf ekki að fjölyrða hér, herra forseti, um þá vá sem m.a. er ætlunin að berjast gegn með átaki þessu. Það er, held ég, óumdeilt að þar er um að ræða eitt alvarlegasta samfélagsmeinið sem að okkur steðjar í nútímanum, þ.e. þá refilstigu ávana- og fíkniefnanotkunar sem ýmsir leiðast út á. Ekki síst blasa þá hætturnar við ungu fólki ef svo ber undir. Það er mat mjög margra sem við flm. höfum rætt við að það gæti verið gríðarlega mikilvægt innlegg í jákvæða, fyrirbyggjandi og uppbyggilega baráttu gegn þessum vágesti að gera allt sem mögulegt er til að efla hvers kyns félagslegt forvarnastarf sem við kjósum að kalla svo.

Fjármögnun átaksins yrði með þeim einfalda hætti, herra forseti, að áfengisgjaldið yrði hækkað úr 1%, sem það er nú, í 2%. Í greinargerð stendur að það ætti að vera strax 1. nóvember en það mætti vera seinna ef svo ber undir. Það gæti eða hefði getað gefið um 10 millj. kr. það sem eftir lifði ársins. Það skiptir kannski ekki öllu máli úr þessu heldur það sem mundi þá gerast á næsta ári eða næstu árum, og þá yrði áfengisgjaldið hækkað í 4% sem ætti að skila um 180 millj. kr. á ársgrundvelli miðað við þær upphæðir sem 1% skilar í dag.

Til að fylgja tillögunni eftir höfum við lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki. 1. gr. þess frv. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. málsl. 7. gr. laganna orðast svo: Af innheimtu áfengisgjaldi þeirra sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. skal 1% renna í Forvarnasjóð." — Það er óbreytt. — „Á tímabilinu 1. nóvember til 31. desember árið 2002 skal þetta hlutfall vera 2% og síðan 4% frá og með 1. janúar árið 2003."

Þessar dagsetningar, herra forseti, og upphæðir þyrfti að sjálfsögðu að endurskoða þegar frv. fengi hér endanlega afgreiðslu en það er handhægt að gera í meðförum hv. þingnefnda. Lögin mundu síðan helst öðlast þegar gildi og átakið gæti hafist á næsta ári.

Forvarnasjóður ætti því að hafa þessa auknu fjármuni til ráðstöfunar, herra forseti, að því tilskildu að menn séu tilbúnir til að færa tekjurnar til. Út af fyrir sig er það síðan sjálfstætt ákvörðunaratriði hvort menn hækka áfengisgjaldið sem þessum upphæðum nemur eða hvort menn færa tekjur hreinlega til, þá úr ríkissjóði yfir í sjóðinn. Ég held að það sé þá líka í góðu samræmi við heitstrengingar og loforð, gott ef ekki kosningaloforð um að gera stórátak í þessum efnum. Einhvern tíma var talað um heilan milljarð króna, herra forseti, sem deilur standa nú reyndar um að hvaða marki hafi skilað sér. Við skulum samt ekki fara út í þá sálma, halda okkur heldur við aðalatriði málsins sem er, að ég held, að það sé mjög freistandi að láta á það reyna hvort

viðleitni í þessa veru getur ekki reynst vænleg í glímunni við þetta vandamál um leið og hún mundi þjóna þeim ákaflega jákvæða tilgangi að efla þessa starfsemi sem slíka. Hún er af sjálfri sér mjög góð, uppbyggileg og þroskandi. Við erum væntanlega öll sammála um að þátttaka ungs fólks í félagsstarfi og uppbyggilegu tómstundastarfi sé góð í sjálfu sér og þroskandi en hún hefur til viðbótar þennan kost — og um það er yfirleitt ekki deilt — að geta verið mjög öflug fyrirbyggjandi aðgerð á þessu sviði enda veit ég að til að mynda umsögn Íþróttasambands Íslands og fleiri á þeim bæ um þessa tillögu var mjög jákvæð. Reyndar fékk málið yfirleitt jákvæð viðbrögð frá öllum sem um það fjölluðu nema það komu athugasemdir eða ábendingar um að hugsanlega mætti búa betur um málið, t.d. hvað varðaði samhengi við hið hefðbundna forvarnastarf. Það hefur nú verið gert og ég vonast til þess að þær breytingar sem gerðar hafa verið á tillögunni og síðan þá flutningur frv. henni tengt komi til móts við óskir manna í þeim efnum. Ekki ættu að þurfa að verða neinar landamæradeilur eða togstreita um málið af þeim sökum enda væri það auðvitað mjög miður.

Ýmsir af þeim aðilum sem hér eru nefndir hafa líka gott af því að huga að því hvernig þeir standa að málum fyrir sitt leyti. Ég held að það hljóti að vera alveg leyfilegt, herra forseti, í anda hreinskilninnar að segja það hér að auðvitað gæta menn ekki alltaf að sér í þessum efnum innan íþróttahreyfingarinnar. Þar má stundum standa betur að málum hvað varðar samhengi hlutanna við þær hættur sem geta falist í áfengis- og vímuefnanotkun. Í það heila tekið held ég þó að um það sé lítil deila að iðkun slíkra hollra tómstunda og það að hafa slík áhugamál sé til góðs og þjóni margþættum tilgangi. Það þroskar félagsvitund, bætir andlegt og líkamlegt heilbrigði fólks og hefur í sér fólgið forvarnagildi sem auðvitað er útgangspunktur og grunnhugsun þessa máls.

Herra forseti. Það má væntanlega deila um hvert þessar tillögur ættu að ganga. Til greina kæmu félmn., heilbr.- og trn. og jafnvel allshn. þannig að ég áskil mér rétt til að skoða það þangað til atkvæðagreiðsla fer fram hvert tillögunni og frv. verður vísað. Ég held að heppilegast væri að þau gengju bæði til sömu nefndar og þá væri væntanlega vænlegast að allshn. fjallaði um málið.

[17:02]

Ásta Möller:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um eflingu félagslegs forvarnastarfs og er 1. flm. hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Tillagan felur í sér að unnin verði rammaáætlun um eflingu hvers kyns félagslegs forvarnastarfs sem verði liður í aðgerðum til að þroska félagsvitund og bæta andlegt og líkamlegt heilbrigði ungs fólks um leið og barist er gegn notkun ungmenna á áfengi og fíkniefnum, eins og segir í þáltill.

Einnig kemur fram að í áætluninni felist að gerð verði úttekt á félagsstarfi í einstökum sveitarfélögum og á landsvísu sem til greina kemur í þessu sambandi svo sem á starfi á vegum félagsmiðstöðva ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar, nemendafélaga, skáta, tómstundafélaga og trúfélaga. Einnig verði gerðar tillögur um hvernig vænlegast sé að efla slíkt starf þannig að árangur náist, eins og segir í tillögunni.

Jafnframt er lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum þar sem gert er ráð fyrir að til Forvarnasjóðs verði varið stærra hlutfalli af áfengisgjaldi en nú er eins og ég skildi tillöguna en svo má vera að það sé misskilningur en ég mundi leggja til að það yrði í þá veru til að hækka ekki álögur á almenning, að hækka ekki verð á áfengi sem er nógu hátt fyrir. Það hefði í för með sér að Forvarnasjóður hefði til úthlutunar hærri upphæðir en í dag eða 180 millj kr. á næstu fimm árum. Jafnframt er gert ráð fyrir að Alþingi verði flutt árleg skýrsla um framkvæmd áætlunarinnar þar sem árangurinn er metinn.

Ég verð að segja að tillagan er góðra gjalda verð en ástæðan fyrir því að ég tek til máls hér er að benda á að nýverið skipaði hæstv. menntmrh. nefnd til að gera úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir jafnframt að hún eigi m.a. að koma með tillögur um hvernig unnt sé að efla þátttöku ungs fólks í félags- og tómstundastarfi, hvernig mögulegt sé að efla æskulýðsrannsóknir hér á landi, á hvern hátt hægt sé að efla menntun og þjálfun leiðbeinenda og félagsforustufólks, hvernig hægt sé að auka hina óformlegu menntun í félags- og tómstundastarfi og tengja hana skólakerfinu og atvinnulífinu og koma með tillögur um atriði sem til athugunar yrðu við endurskoðun á lögum um æskulýðsmál.

Svo vill til að ég var skipuð formaður nefndarinnar og nefndin hefur á að skipa einvala liði fólks sem hefur mikla reynslu af æskulýðs- og tómstundamálum. Ég nefni þar m.a. að í nefndinni á sæti varaformaður UMFÍ, aðstoðarskátahöfðingi og síðan fólk bæði úr Kennaraháskólanum og Háskóla Íslands sem hefur mikla reynslu af rannsóknum á sviði æskulýðsmála. Einnig eru skólastjórar sem hafa víðtæka reynslu á þessu sviði.

Gert er ráð fyrir að nefndin skili niðurstöðu fyrir 15. febrúar nk. Nefndin hefur þegar tekið til starfa og er núna að safna ýmsum upplýsingum um starfsemi félaga og samtaka sem mundu falla undir skilgreininguna æskulýðs- og tómstundastarf barna og unglinga á vegum sveitarfélaga og frjálsra félagasamtaka. Hins vegar mun nefndin ekki taka til starfs sem fellur undir íþróttastarf. Það verður að segjast að meðal íþróttafélaga fer fram mjög mikilvægt starf enda hefur því verið haldið fram að tiltölulega flest ungmenni og börn stundi íþróttir í frítíma sínum. Hins vegar er það svo að íþróttir henta ekki öllum börnum og tölur íþróttafélaga benda til þess að tugir þúsunda barna stundi íþróttir en það er jafnframt ljóst að æskulýðsstarfsemi af öðrum toga en þeim sem nefndin er núna að skoða er einnig afar viðamikil og mun m.a. starf nefndarinnar miðast við það að ná utan um hve umfangsmikil þessi starfsemi er.

Þá má nefna að æskulýðsstarfsemi á vegum sveitarfélaga sem er greidd af opinberu fé er mikil og fer vaxandi en á hinn bóginn hefur starfsemi frjálsra félagasamtaka með börnum og unglingum ekki notið á sama máta opinbers stuðnings og annað starf. Því er ljóst að slík starfsemi, þ.e. starfsemi frjálsra félagasamtaka á í vök að verjast einmitt núna vegna samkeppni um börn til þess að eyða tíma sínum utan skóla.

Mig langar að gefa vísbendingu um hversu umfangið í þessu starfi er mikið, að það fer fram æskulýðsstarfsemi innan ungmennafélaga, innan kirkjunnar og annarra trúfélaga, meðal kristilegra samtaka, meðal stjórnmálasamtaka, alþjóðlegra samtaka um ungmennaskipti, bindindisfélaga, skáta-, útivistar- og hjálparstarfs og einnig samtaka þeirra sem búa við fötlun. Og síðast en ekki síst innan grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla og ég nefni háskóla í þessu sambandi vegna þess að æskulýðsstarf hefur oft verið skilgreint sem starf með þeim ungmennum sem eru upp að 25 ára og jafnvel upp í 30 ára aldur. Þá er starfsemi á vegum sveitarfélaga mjög viðamikil og má nefna t.d. að á Austurlandi hafa kannanir

sýnt að 80% barna í grunnskóla sækja félagsmiðstöðvarnar sem er mjög hátt hlutfall. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur með það að æskulýðsstarf af þessum toga skiptir afar miklu máli fyrir börn og ungmenni. Í slíku starfi fá þau tækifæri til þess að efla félagsþroska sinn, samskiptahæfni, leiðtogahæfileika og almennt tengsl jafnaldra um leið og þau nýta tómstundir sínar til þess að sinna viðfangsefnum að eigin vali sem vekja áhuga þeirra. Og það benda allar rannsóknir til þess að ungmenni sem nota tómstundir sínar til slíkra starfa séu líklegri til að temja sér heilbrigða lífshætti og sneiða hjá aðstæðum sem leiða til eyðileggjandi hegðunar og neyslu.

Í þeirri nefnd sem ég er formaður fyrir og hef rætt hér um höfum við töluvert verið að velta fyrir okkur þróun æskulýðsstarfs í landinu og áherslum á hverjum tíma. Það er t.d. áhugavert að skoða hvaða áhrif skipulagt starf á vegum sveitarfélaga, sem víða er orðið afar viðamikið, hefur á starfsemi frjálsra félagasamtaka á sviði æskulýðsmála. Þessi frjálsu félagasamtök byggja yfirleitt á sjálfboðaliðastarfi, og eiginlega fyrst og fremst þannig, og þau voru lengst af á síðustu öld uppistaðan í æskulýðsstarfi hér á landi en eru núna í mikilli samkeppni við sveitarfélögin sem hafa launaða starfsmenn til að byggja upp tómstundastarf fyrir börn og unglinga. Það er alveg ljóst að það verður að reyna að finna eitthvert eðlilegt jafnvægi á milli starfsemi frjálsra félagasamtaka sem byggja að mestu á sjálfboðaliðastarfi og starfsemi hins opinbera á þessu sama sviði þannig að hin frjálsa félagastarfsemi, sem byggir á mjög góðum gildum, fái ákveðið rými og tækifæri til að vaxa og þróast við hlið hins opinbera starfs, en það er alveg ljóst af fundum okkar með fulltrúum þessara samtaka að þau eiga í vök að verjast. Þau geta illa keppt við hið opinbera fjármagn og mörg þeirra sjá fram á það að nýliðun í starfsemi sé að minnka.

Opinber stuðningur við frjáls félagasamtök er afar tilviljanakenndur svo ekki sé meira sagt og það er von mín að hægt sé að setja ákveðnar reglur sem tryggi jafnræði í þessum efnum. Gróflega áætlað, með því að kíkja yfir fjárlögin, má segja að um 100 millj. kr. af fjárlögum síðasta árs hafi verið varið til æskulýðs- og tómstundastarfa til frjálsra félagasamtaka en það er aðeins brot af því fjármagni sem þessi félög nýta. Oft hefur verið notuð sú þumalputtaregla að fyrir hverja eina krónu sem ríkið leggur til eru 8–10 kr. sem félagasamtökin sjálf leggja til og það er mjög góð nýting á fjármagni ef það margfaldar sig á þennan máta. Í þessum 100 millj. er ekki verið að ræða um íþróttastarfsemi því að eins og ég hef bent á nýtur íþróttastarfsemi fjármagns frá lottói og getraunastarfsemi.

Jafnframt vil ég nefna að það fjármagn sem t.d. sveitarfélögin leggja til æskulýðsstarfa var 900 millj. kr. árið 2000 sem er gríðarlega mikið fjármagn og til þeirrar skipulögðu starfsemi sem er reyndar mjög mikilvæg.

Ég vil að lokum lýsa því yfir að það starf sem kallað er eftir í þessari þáltill. er þegar farið af stað að hluta til þó að það sé eingöngu það sem snýr að æskulýðs- og tómstundastarfi en ekki íþróttastarfi, en ég vænti mikils af niðurstöðu nefndarinnar og ég veit að það er mikið horft til hennar núna í samfélaginu.

[17:11]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir till. til þál. um eflingu félagslegs forvarnastarfs sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flytur ásamt fleiri þingmönnum Vinstri grænna og einnig liggur fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um gjald á áfengi og tóbaki sem sömu hv. þingmenn flytja til að styðja við þáltill.

Ég ætlaði bara að lýsa ánægju minni með þessa þáltill. og ég tala ekki um þegar kemur í ljós að hæstv. menntmrh. hefur þegar lagt grunninn að ákveðnu undirbúningsstarfi sem gæti byggt undir framkvæmd tillögunnar og ég held einmitt að það sem hv. þm. Ásta Möller var að lýsa til viðbótar því sem stendur í þáltill. gæti fallið mjög vel saman.

Ég hef lengi verið kennari og umgengist börn og unglinga og mér er það ákaflega ljóst að það er ekki minnstur hluti í uppeldisstarfi, nauðsynlegu uppeldisstarfi sérstaklega unglinga að fá þá til að taka þátt í félagsstarfi. Nú er það svo að maður hefur horft upp á það á undanförnum árum að færra og færra fullorðið fólk gefur kost á sér í þessa endalausu ólaunuðu sjálfboðavinu sem hefur fylgt vinnunni í sambandi við þessi félög. Ég er t.d. að tala um skátafélögin, KFUM og KFUK og mörg félög sem hafa rekið t.d. á mínu svæði í Reykjanesbæ mjög gott og uppbyggilegt starf fyrir börn og unglinga, þannig að það hefur verið erfiðara og erfiðara að halda þessu starfi úti með algerlega ólaunuðum starfskrafti.

Ég held hins vegar að þessi starfsemi, og það að mögulegt sé að gera hana svo aðlaðandi að börn og unglingar flykkist að og taki þarna þátt, sé ákaflega mikilvæg og sérstaklega eins og hér er sagt í tillögunni til forvarna, til að varna því að þessi ungmenni leiðist út í ótímabæra áfengisdrykkju að ég tali ekki um fíkniefnaneyslu, og til að byggja upp varnir þeirra sjálfra gagnvart þeim tilboðum sem þau kunna að fá. Ég er þess vegna mjög fylgjandi þessari tillögu og tek líka undir þær tillögur sem hér eru gerðar til að fjármagna þessa starfsemi og vonast þá til að því fjármagni sé deilt út skynsamlega. Ég verð að segja í sambandi við íþróttahreyfinguna að mér finnst kannski svolítið ofmetinn forvarnaþáttur þess íþróttastarfs sem er rekið á þeim aldri sem þessi ungmenni eru sem við erum hér að ræða um vegna þess að þarna er oft búið að sía út og stór hluti ungmennanna hættir íþróttaiðkun við 13–14 ára aldur vegna þess að þá er búið að sía út þá sem eru líklegir afreksmenn og hin gefast upp. Auk þess, eins og hefur komið fram í umræðunum er íþróttahreyfingin fjármögnuð með lottópeningum og ég verð að segja að ef íþróttahreyfingin á að fá einhvern hlut af þeim peningum sem hér er verið að ræða um, þá held ég að verði að skilgreina það mjög nákvæmlega hvernig það verður nýtt og þá renni það ekki beint inn í afreksmannastarfið því að þar eru einmitt útilokuð þau börn og ungmenni sem í mestri félagslegri hættu eru gagnvart áfengi og fíkniefnum.

Mér finnst til mikillar fyrirmyndar það sem Hafnarfjarðarbær er t.d. að gera núna, að greiða niður þátttöku barna og ungmenna í æskulýðsstarfi vegna þess að það hefur ekki verið réttmætt hvernig þetta hefur komið niður á heimilum, tekjulág heimili með kannski mörg börn hafa hreinlega ekki getað leyft börnum sínum að taka þátt í æskulýðsstarfi, ég tala nú ekki um íþróttastarfi þar sem hefur þurft að leggja fram umtalsverða fjármuni.

Auk þess vil ég ítreka það í lokin að ekki er nóg að byggja upp varnir gegn fíkniefnum með því að byggja einhvern óvígan garð í kringum landið þar sem engin efni komast inn. Ég held að slíkt sé óviðráðanlegt og það verði svo áfram eins og hingað til að það sé aðeins brot af þeim efnum sem reynt er að flytja inn sem næst hér á landamærum miðað við landamæravörslu. Ég held að þær varnir sem þurfi fyrst og fremst að byggja upp séu varnir einstaklinganna sjálfra og

það þarf að gera einmitt mjög markvisst í gegnum skólakerfið, mun markvissara kannski en nú er gert og einnig, eins og lagt er til í þáltill. sem ég vona innilega að verði samþykkt, með því að efla forvarnastarf eða almennt æskulýðsstarf frjálsra félagasamtaka í landinu.

[17:17]

Vigdís Sveinbjörnsdóttir:

Herra forseti. Til umræðu er forvarnastarf og vissulega er það afskaplega mikilvægt í þeim síharðnandi heimi sem við búum í. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi þátt sveitarfélaga, en þau styrkja ýmis félagasamtök sem starfa á þeirra svæði og það sem ekki er síður mikilvægt er að þau reka ýmsar stofnanir sem skipta miklu máli í uppeldis- og tómstundastarfi ungs fólks. Þau reka félagsmiðstöðvarnar, skólana, tónlistarskólana og víða eru íþróttafélögin að stórum hluta á höndum sveitarfélaganna.

Ekki síst þess vegna tek ég til máls því það er skoðun mín að forvarnastarfið sé öflugast þar sem þær stofnanir sveitarfélaganna eru sterkar og ná að starfa vel saman að þessum málum. Í því sambandi vil ég minna á að forsvarsmenn sveitarfélaga hafa lengi talað fyrir leiðréttingu á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga og án þess að viðunandi niðurstaða hafi fengist. Ég vil því að það sé tekið með inn í dæmið að slík mál séu unnin heildstætt í samvinnu þeirra allra, bæði frjálsu félagasamtakanna og stofnana sveitarfélaganna því að þannig tel ég að vænlegast sé að ná árangri, að unnið sé heildstætt í þessum málum og árangursríkast sé að efla sveitarfélögin og styrkja stofnanir þeirra þannig að þau geti haft forustu um þau mál heima fyrir.

[17:20]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka kærlega fyrir þær umræður sem hér hafa orðið um þessa tillögu og þær gagnlegu ábendingar og þau sjónarmið sem komið hafa fram og aðeins bregðast við nokkrum atriðum í því sambandi.

Í fyrsta lagi ræddi hv. þm. Ásta Möller, 19. þm. Reykv., um nokkur atriði málsins. Ég vil fyrst nefna að eins og tillagan er fram sett og frv. þá er gert ráð fyrir að um færslu á áfengisgjaldi úr ríkissjóði yfir í Forvarnasjóð sé að ræða, samanber orðanna hljóðan: Af innheimtu áfengisgjaldi o.s.frv. skal á tímabilinu greiða þetta og þetta. Það er því alveg ljóst að hækkun áfengisgjaldsins væri sjálfstæð ákvörðun og þetta mál leggur hana ekki til. Það er svo sjálfstætt atriði og ég hef aldrei verið í þeim hópi sem hefur verið neitt feiminn við það að rökstyðja hátt áfengisgjald einfaldlega til þess að sú vara sé ekki höfð allt of ódýr og aðgengileg þó að deila megi endalaust um það hvar á að draga mörkin.

Hv. þm. upplýsti síðan að hæstv. menntmrh. hefði skipað nefnd til þess að fara yfir æskulýðs- og tómstundastarf og sumt af því sem hún taldi upp í verkefnum þeirrar nefndar, innan verksviðs hennar, er sambærilegt við það sem komið er inn á í tillögunni og það er gott og vel. Ég fagna því að sá hluti málsins er þó á hreyfingu en mér sýnist ljóst að tillagan eins og við leggjum hana upp um alhliða eflingu félagslegs forvarnastarfs þar sem í raun og veru allt er undir, þar sem íþróttastarfsemin er líka undir, þar sem þátturr sveitarfélaganna er tekinn með, eins og hv. síðasti ræðumaður nefndi, það er náttúrlega nálgun á málinu sem byggir á mjög víðtækum grunni, að reynt verði að kortleggja gildi þessa félagslega forvarnastarfs í heild sinni í landinu.

Að einhverju leyti hefur þessi nefnd kannski sótt sér efnivið í það frumkvæði sem fólst í þessum tillöguflutningi á sínum tíma og er það vel. En ég ætla þá líka að vera algerlega hreinskilinn og segja að maður hefði gjarnan viljað vita af því að það ætti að setja þá nefnd á laggirnar. Ég var ekki beðinn um að sitja í henni eða minn flokkur að leggja henni til starfskrafta. Það hefði kannski margt verið vitlausara en það. En því miður er það þannig, herra forseti, að ekki er mikið til siðs að leita eftir starfskröftum stjórnarandstöðunnar í málum af þessu tagi. Það er undarlegur plagsiður sem hér ríður húsum hjá núv. ríkisstjórn og hefur reyndar verið að ágerast mjög seinni árin að í starfi af þessu tagi, þegar skipaðar eru nefndir til að fjalla jafnvel um mál sem ættu að vera tiltölulega óumdeild og menn ættu ekki að þurfa að láta hvarfla að sér flokkspólitíska skiptingu eða stjórn og stjórnarandstöðu eða annað því um líkt, heldur fagna liðsinni allra góðra manna við málin og þar á meðal úr öllum fylkingum í stjórnmálunum, þá skipar ríkisstjórnin hverja stjórnskipuðu nefndina á fætur annarri, hvern starfshópinn á fætur öðrum þar sem eru þingmenn stjórnarliðsins og síðan eftir atvikum einhverjir embættismenn eða aðilar úr þjóðfélaginu en aldrei talað við stjórnarandstöðuna, ekki heldur þó að hún hafi haft frumkvæði að góðum málum og lagt einhverja vinnu af mörkum sem vel mætti notast við.

Á bak við þessa tillögu liggur þó nokkur skoðun á málinu. Til að mynda var haft dálítið fyrir því að draga að upplýsingar um starfsemi félagsmiðstöðvanna og að hluta til er kveikjan að tillögunni ættuð úr þeirri átt að starfsfólk á félagsmiðstöðvum hefur borið sig upp undan aðstæðum sínum þar sem því er oft og tíðum mjög naumt skammtaðar fjárveitingar, það verður að byggja meira og minna á samskotum eða fjársöfnunum ef á að gera nokkurn skapaðan hlut út fyrir það fasta, og oft og tíðum er framlag sveitarfélaganna, og ég er ekki að gagnrýna sveitarfélögin því að þau eru í miklum erfiðleikum víða með sinn rekstur, í raun og veru launin hjá fastráðnu starfsfólki. Í mörgum tilvikum er það þannig og menn eru jafnvel að reyna að snapa sér húsnæði eða að fá inni einhvers staðar ókeypis. Sums staðar er það kannski lagt fram en þegar það er skoðað fer alveg ótrúlega hátt hlutfall af þeim fjárveitingum sem rennur til félagsmiðstöðvanna í beinan launakostnað þannig að það er nánast ekkert eftir til uppbyggingar starfseminni hvað varðar efnivið eða möguleika til að gera spennandi hluti sem er auðvitað nauðsynlegt ef á að gera þetta starf lifandi og áhugavert og aðlaðandi. Sama gildir um marga aðra starfsemi sem hér á undir, að ef hún er rekin af of miklum vanefnum þá er erfiðara að kveikja áhugann og draga fólk að. Ég segi það því í fullri hreinskilni að ég hefði t.d. fagnað því ef þess hefði gefist kostur að taka þátt í þessu nefndarstarfi og reyna að leggja lið í því að skoða þessi mál og koma þar fram með einhverjar uppbyggilegar tillögur. En sú öldin er ekki mikið uppi, herra forseti, að leitað sé til stjórnarandstöðunnar um þátttöku í einhvers konar stefnumótun eða nefndarstarfi af þessu tagi nema þegar um einhver óþægileg eða erfið viðfangsefni er að ræða. Þá bregður gjarnan svo við að hóað er í stjórnarandstöðuna og henni býðst að vera með. Svona er þetta nú, herra forseti. Þannig er lýðræðisþroskinn í þessum efnum og það má fara yfir það, og ég stend við þau orð, að þessu hefur stórhrakað núna á síðari árum, sérstaklega í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar þar sem viðleitni til þverpólitísks samráðs og samstarfs í þjóðfélaginu um stefnumótun í mikilsverðum málaflokkum hefur meira og minna verið slegið af. Það má fara yfir hvert sviðið á fætur öðru þar sem hefð var fyrir því að skipa þverpólitískar nefndir á grundvelli þess þroska að

stjórnir koma og fara, meiri hlutar og minni hlutar skiptast á á víxl og það er mikilvægt að í þjóðfélaginu ríki sæmileg sátt um grundvallarleikreglur eftir því sem kostur er. Til þess að ná því fram er æskilegt að sem flestir komi að borðinu.

Hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir nefndi íþróttastarfsemina og einnig mikilvægi skólanna í þessu sambandi. Það er hárrétt sem fram kom í máli hennar að auðvitað er forvarnagildi þátttöku í íþróttastarfi kannski takmarkað m.a. af þeim ástæðum að brottfall er mjög mikið á ákveðnu aldursbili. Það þekkjum við. Það fækkar mjög í flokkum oft á aldursbilinu 12–15 ára, jafnvel þannig að í íþróttfélög sem halda úti blómlegu starfi fyrir yngstu aldurshópana fara að koma göt og jafnvel detta alveg út aldursflokkarnir á bilinu 12–16 ára vegna þess að þá er brottfall svo mikið. Þar af leiðandi er að sjálfsögðu ekki sjálfgefið að þeir sem í raun og veru hefðu mesta þörf fyrir að vera í slíku starfi ílengist þar, en þó held ég að allur gangur sé á því og það ber að fagna því og styðja við það þó sem gert er í þessum efnum. Svo er náttúrlega spurningin: Eru kannski aðstæðurnar sem þessi starfsemi býr við á köflum ekki þannig að það sé nægilega auðvelt að gera það áhugavert að vera með? Inn í það kemur auðvitað kostnaðurinn. Það þekkja allir foreldrar sem hafa tekið þátt í starfsemi foreldrafélaga eða starfsemi íþróttafélaga að það er mjög tilfinnanlegt hversu miklum kostnaði er þar velt yfir á foreldrana sem óumflýjanlega veldur því að tekjulágar fjölskyldur geta átt í miklum erfiðleikum með að skapa börnum sínum sömu möguleika til þátttöku eins og þær sem betur eru settar. Þegar þessar greiðslur, æfingagjöld og kostnaður vegna hverrar einustu keppnisferðar eða móts bætist við það sem fyrir er þá er verulega farið að draga um þar. Það er alveg á hreinu.

Fyrir nokkrum árum varð sú breyting á í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að íþróttamálefni fluttust til sveitarfélaganna, þ.e. stofnkostnaður við íþróttamannvirki og almennt stuðningur við íþróttastarfsemina að slepptu því sem ríkið leggur til landssamtaka og landsmannvirkja, færðist til sveitarfélaga. Og þá er komið að því sem hv. þm. Vigdís Sveinbjörnsdóttir ræddi áðan að staða sveitarfélaganna er auðvitað mjög ólík og mjög mismunandi til að standa myndarlega við bakið á þessum hlutum. Enginn vafi er á því að þar sem sveitarfélög eiga í fjárhagslegum erfiðleikum, þá er hættan sú að ekki sé hægt að hlúa að þessari starfsemi eins vel og skyldi. Ég er algerlega sammála hv. þm. Vigdísi Sveinbjörnsdóttur að eitt mikilvægt atriði í þessum efnum er að sveitarfélögin séu í stakk búin til þess að standa mjög vel að sínum hlut, enda var það ein af þeim breytingum sem gerð var á tillögunni frá síðasta þingi að þáttur sveitarfélagana er þar nú sérstaklega nefndur, m.a. vegna góðra ábendinga sem komu um það að mjög mikilvægt væri að fá sveitarfélögin með til virkari þátttöku í þessum efnum. Ég er síður en svo að gera því skóna að á þeim standi nema þvert á móti því að ég veit t.d. að Samband ísl. sveitarfélaga er áhugasamt um að leggja þessum málum lið.

Að síðustu, herra forseti, vil ég segja að þessi tillaga er að sjálfsögðu ekki hugsuð sem nein allsherjarlausn í þessum málum. Það er fjarri því. Þetta er eingöngu liður í aðgerðum sem þurfa að vera margþættar og í raun og veru á öllum sviðum þar sem einhver von er til að ná árangri. Ég held að líta eigi þannig á þann háska sem fólginn er í misnotkun áfengis og vímuefna og sérstaklega þegar ungt fólk á í hlut sem þvílíkt samfélagsmein og af þeirri stærðargráðu að mönnum sé beinlínis skylt að leita allra leiða og að berjast á öllum vígstöðvum þar sem von er til þess að árangur náist. Auðvitað þarf númer eitt, tvö og þrjú að virkja heimili, skóla, vinnustaði, stjórnvöld, ríki og sveitarfélög og félagasamtök til þátttöku í aðgerðum, fjölþættum aðgerðum á öllum sviðum. Öðruvísi mun ekki nást neinn árangur í þessum efnum og það verður aldrei hægt að girða landið þannig af að við getum lifað í einangruðu sæluríki þar sem þessi efni fyrirfinnast ekki af því að þau komist ekki til landsins. Áfengið er nú einu sinni löglegur vímugjafi og allt það. En sem liður í aðgerðum á þessu sviði þá er ég nokkur sannfærður um að áætlun af þessu tagi, að fjárstuðningur af þessu tagi gæti skilað mjög miklum árangri og margþættum árangri, orðið til góðs á mörgum sviðum og þá auðvitað og ekki síst í glímunni við þessa vímugjafa sem fyrirbyggjandi eða forvarnaaðgerðir.

[17:32]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ekki fullyrða neitt um það hvort sú þáltill. sem hv. þm. lagði fram á síðasta þingi hafi orðið hvatinn að því að stofna þessa nefnd. Mér er ekki kunnugt um það. Hins vegar veit ég að ýmsar nefndir hafa verið starfandi á síðustu tíu árum um æskulýðsmál og ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til þess að endurskoða lög um æskulýðsmál. Ég held reyndar að sú nefnd sem ég veiti forstöðu núna sé til komin í framhaldi af því. Ég veit það líka að hæstv. menntmrh. hefur sýnt mikinn áhuga á þessum störfum og vildi leggja sínar línur um að lögð yrði ákveðin vigt í þennan málaflokk.

Hins vegar vil ég líka nefna það að hv. þm. hefði getað sparað sér mörg orð um skipan nefndarinnar, þ.e. að hún væri pólitískt skipuð og þar fram eftir götunum. Ég vil, með leyfi forseta, lesa upp hverjir eru í þessari nefnd. Þeir eru ekki skipaðir pólitískt. Þeir eru ekki skipaðir sem fulltrúar neinna aðila heldur er þetta fólk sem hefur verið skipað eingöngu í krafti reynslu sinnar og þekkingar. En í nefndinni eiga sæti auk mín: Eiríkur Björgvinsson, bæjarstjóri Austur-Héraðs, Helga Guðjónsdóttir, aðstoðarskólastjóri í Hveragerði og varaformaður UMFÍ, Karl Frímannsson, skólastjóri Hrafnagilsskóla, Margrét Tómasdóttir aðstoðarskátahöfðingi, Vanda Sigurgeirsdóttir, aðjunkt við Kennaraháskóla Íslands, og Þórólfur Þorleifsson, prófessor við Háskóla Íslands, og starfsmaður nefndarinnar dr. Jón Gunnar Bernburg. Þettar er því ekki nefnd sem er skipuð pólitískt heldur skipuð vegna reynslu og þekkingar þessara einstaklinga.

Annan misskilning vildi ég líka aðeins leiðrétta, þ.e. varðandi verksvið nefndarinnar. Hún tekur til starfsemi sveitarfélaga á sviði æskulýðsmála jafnframt því að skoða starfsemi frjálsra félagasamtaka. Því er eingöngu sú starfsemi sem snýr að íþróttafélögum undanskilin og það byggir á hefð sem ríkir hér á landi og í Evrópu, að gera aðskilnað milli íþróttamála og annarra æskulýðsmála. Hver ástæðan er get ég ekki svarað en svona er það.

[17:35]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að gera samsetningu þessarar nefndar að stóru máli hér. Þetta er valinkunnt sæmdarfólk og ég geri síður en svo neinar athugasemdir við skipan þess. Ég held að það eigi allt fullt erindi inn í þetta starf og ég þekki það vel, enda var ég ekki að láta að því liggja að það sem slíkt væri skipað þarna pólitískt.

En formaður nefndarinnar er einn af þingmönnum Sjálfstfl. Úr því að þingmenn voru settir inn í nefndina á annað borð þá hefði mér þótt fara vel á því að það hefði þá verið breiðari hópur og að hann hefði endurspeglað aðeins fleiri víddir í pólitík en þá einu sem hann gerir, þ.e. hv. þm. Sjálfstfl. Ásta Möller er væntanlega ekki fulltrúi annarra pólitískra sjónarmiða inni í nefndinni en sinna eigin og síns flokks, Sjálfstfl. Það var það sem ég var að tala um. Ég vissi svo sem ekki hvort í nefndinni kynni að vera þingmaður frá hinum stjórnarflokknum. Það hefði verið mjög í anda þess sem gerist nú til dags að svona nefndir eru þannig skipaðar að í þær eru settir þingmenn stjórnarflokkanna og síðan oftast að sjálfsögðu eitthvert valinkunnt fólk sem á fullt erindi inn í viðkomandi starf. Ég óska þessari nefnd velfarnaðar og treysti henni vel til þess að vinna verk sín vel. Ég þekki held ég alla eða a.m.k. flesta sem þarna voru upp taldir og veit að þetta fólk hefur allt sitt fram að færa í starfið. En úr því að stjórnmálamenn eru á annað borð hafðir með þá fyndist mér í svona tilvikum fara vel á því í málaflokkum sem eiga að vera algerlega hafnir yfir allar flokkspólitískar deilur að það væri þá breiðari samsetning á því.

[17:36]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ekkert fleira sé að segja um skipan nefndarinnar. En ég vildi aðeins taka undir þau sjónarmið sem komu fram bæði í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur varðandi brottfall í æskulýðsstarfi og íþróttastarfi eftir grunnskóla. Brottfallið er ákveðið áhyggjuefni og við tökum eftir því t.d. í viðræðum okkar við fólk úti á landi. Við í nefndinni fórum austur á Hérað og ræddum þar við fulltrúa æskulýðssamtaka og reyndar líka fulltrúa unga fólksins. Þar kom einmitt fram þetta sjónarmið að krakkarnir vildu alls ekki halda áfram að sækja félagsmiðstöðvarnar eftir að þeir væru komnir í framhaldsskóla. Þeir vildu gera ákveðin skil þarna á milli og því var ákveðið brottfall einmitt við þessi skil.

Ég held líka að við þurfum að skoða mun nánar hvernig stuðningur sveitarfélaga við frjáls félagasamtök eigi að vera. Ég verð að segja að ég hef áhyggjur af því ef sveitarfélögin eru farin að taka yfir ákveðna starfsemi sem hingað til hefur verið í sjálfboðaliðsvinnu. Ég nefndi áðan að hver ein króna af opinberu fé sem fer til frjálsra félagasamtaka virðist margfaldast, virðist allt að áttfaldast til tífaldast þannig að því mætti velta fyrir sér hvað mundi verða úr þessum 900 millj. kr. sem sveitarfélögin setja í þennan flokk. Ég er ekki að segja að allt eigi að fara til frjálsra félagasamtaka. En hægt er að velta því fyrir sér hvort það mundi margfaldast áttfalt eða tífalt og hvað það þýði fyrir forvarnastarf í landinu.

En almennt séð held ég að forvarna- og æskulýðsstarf fari ekki eftir neinum pólitískum línum. Þetta er sjálfsagt mál sem allir beita sér fyrir og ég held að sú vinna sem kemur út úr þeirri nefnd sem ég veiti forstöðu leiði ekki til pólítískrar niðurstöðu.

[17:38]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona svo sannarlega ekki og hef enga ástæðu til að ætla það að starf þessarar nefndar fari í einhvern flokkspólitískan farveg. Það er eingöngu áferðin á því að nefndin er svona skipuð sem ég var að gera að umtalsefni. Mér er ekki kunnugt um það að um flokkspólitískan ágreining sé að ræða í þessum efnum svo neinu nemi. Það kann að vera kannski að menn gætu fundið hann í því hvernig ætti að standa að fjármögnun svona starfsemi að einhverju leyti og í hvaða mæli menn ættu að leita til einkaaðila um þátttöku í svona verkefnum o.s.frv. En það er þá eitthvað sem menn takast á um og glíma við.

Það er auðvitað fullt tilefni til að fara yfir það hvernig samskiptum sveitarfélaganna að þessu leyti við félagasamtök er háttað. Þau eru með mjög mikið af þessu á sínum herðum og eru sjálfsagt ekkert ofhaldin af því eða of sæl af því oft og tíðum vegna þess að návígið er mjög mikið þegar í hlut á veikburða starfsemi sem leitar á náðir síns sveitarfélags. Mér er vel kunnugt um það, og það þekkjum við sjálfsagt öll af samskiptum og samtölum við sveitarstjórnarfólk, að þá er oft erfitt að standa á bremsum.

Ég held að kosturinn við að fá fjármuni í sérstakt átak af þessu tagi sem færi þá í gegnum Forvarnasjóð sé m.a. að sá sjóður stendur tiltölulega óháður að því hvaða aðili á í hlut sem sækir um stuðning. Það er þannig að núverandi fjárstuðningur sjóðsins fer til fjölmargra aðila í gegnum þátttöku sjóðsins í margvíslegum verkefnum. Þá eiga í hlut félagasamtök og aðilar sem ýmist starfa á ábyrgð sveitarfélaga eða ríkis eða eru sjálfstæðir o.s.frv. Ég held að þannig þurfi það að vera. Þetta átak yrði að vera mjög víðtækt. Það yrði að vera hægt að styrkja góð verkefni og vera samstarfsaðili og þátttakandi í uppbyggilegum hlutum á öllu þessu sviði. Ég treysti áfengis- og vímuvarnaráði, sem þekkir þessa hluti ágætlega af sinni vinnu, mjög vel til þess að vera þar í forsvari.

[17:41]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 353. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 390.

Ábyrgðir vegna lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála, 356. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 393.

Birting laga og stjórnvaldaerinda, 352. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 389.

Byggðaáætlun fyrir Vestfirði, 177. mál, svar iðnrh., þskj. 386.

Fyrirtækjaskrá, 351. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 388.

Lífeyrissjóður sjómanna, 355. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 392.

Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, 354. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 391.

Menningarmál á landsbyggðinni, 175. mál, svar menntmrh., þskj. 321.

Opinber stuðningur við vísindarannsóknir, 357. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 394.

Örnefnastofnun Íslands, 358. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 398.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:42.

28. FUNDUR

miðvikudaginn 13. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Verndun hafs og stranda, stjfrv., 240. mál, þskj. 244. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Meðhöndlun úrgangs, stjfrv., 338. mál, þskj. 368. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Úrvinnslugjald, stjfrv., 337. mál, þskj. 367. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Endurreisn íslensks skipaiðnaðar, þáltill., 38. mál, þskj. 38. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Efling félagslegs forvarnastarfs, þáltill., 40. mál, þskj. 40. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Gjald af áfengi og tóbaki, frv., 41. mál, þskj. 41. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Fjöldi keisaraskurða, 162. mál, svar heilbrrh., þskj. 397.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit við fjármálastarfsemi, 359. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 399.

Menningarstofnanir á Suðurlandi, 213. mál, svar menntmrh., þskj. 372.

Verndun hafs og stranda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 240. mál (heildarlög). — Þskj. 244.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Meðhöndlun úrgangs, frh. 1. umr.

Stjfrv., 338. mál (EES-reglur). — Þskj. 368.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Úrvinnslugjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 337. mál. — Þskj. 367.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Endurreisn íslensks skipaiðnaðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS og JB, 38. mál. — Þskj. 38.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Efling félagslegs forvarnastarfs, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 40. mál. — Þskj. 40.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Gjald af áfengi og tóbaki, frh. 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 41. mál (forvarnasjóður). — Þskj. 41.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:35.

---

29. FUNDUR

miðvikudaginn 13. nóv.,
að loknum 28. fundi.

Dagskrá:

Til menntamálaráðherra:

1. Útsendingar Ríkisútvarpsins, fsp. KLM, 117. mál, þskj. 117.
2. Húsnæðismál Tækniháskóla Íslands, fsp. ÞKG, 220. mál, þskj. 223.
3. Húsnæðismál Listaháskóla Íslands, fsp. ÞKG, 232. mál, þskj. 235.
4. Dreifmenntun í Vesturbyggð, fsp. DrH, 267. mál, þskj. 283.
5. Fjöldatakmarkanir í Háskóla Íslands, fsp. HjÁ, 273. mál, þskj. 291.
6. Fjarnám í fámennum byggðum, fsp. HjÁ, 274. mál, þskj. 292.

Til heilbrigðisráðherra:

7. Aðbúnaður og öryggi á sjúkrahúsum, fsp. JóhS, 82. mál, þskj. 82.

8. Gjaldskrá tannlæknaþjónustu, fsp. MF, 124. mál, þskj. 124.

Til samgönguráðherra:

9. Samgöngur milli lands og Vestmannaeyja, fsp. ÍGP, 98. mál, þskj. 98.

10. Sjálfbær ferðamennska og umhverfisvernd, fsp. MF, 123. mál, þskj. 123.

11. Akstur ferðamanna á malarvegum, fsp. HjÁ, 185. mál, þskj. 186.

12. GSM-dreifikerfið, fsp. GÁS, 189. mál, þskj. 190.

13. Stafrænar sjónvarps- og útvarpssendingar, fsp. ÞKG, 211. mál, þskj. 214.

14. Póst- og fjarskiptastofnun, fsp. ÞKG, 217. mál, þskj. 220.

15. Vegagerð og umferð norður Strandir, fsp. JB, 219. mál, þskj. 222.

16. Fjárhagsleg staða fyrirtækja í ferðaþjónustu, fsp. JB, 252. mál, þskj. 256.

17. Upplýsingamiðstöðvar í ferðaþjónustu, fsp. JB, 253. mál, þskj. 257.

18. Reykjanesbraut, fsp. ÞSveinb, 265. mál, þskj. 281.

19. Hljóðvist, fsp. ÞSveinb, 266. mál, þskj. 282.

Til landbúnaðarráðherra:

20. Samkeppnisstaða íslenskrar mjólkurframleiðslu, fsp. VigS, 333. mál, þskj. 363.

Til umhverfisráðherra:

21. Rannsóknarsetur að Kvískerjum, fsp. ÞBack, 199. mál, þskj. 202.

Til dómsmálaráðherra:

22. Atvinnu- og dvalarleyfi útlendinga, fsp. ÞKG, 218. mál, þskj. 221.

23. Tollgæsla í Grundartangahöfn, fsp. MS, 238. mál, þskj. 241.

Til fjármálaráðherra:

24. Áhrif nýs launakerfis á launamun kynjanna, fsp. DSn, 320. mál, þskj. 347.

25. Barnabætur, fsp. SJóh, 145. mál, þskj. 145.

26. Virðisaukaskattur á tæki og búnað til háskóla og rannsóknastofa, fsp. HjÁ, 272. mál, þskj. 290.

27. Framkvæmd þjóðlendulaganna, fsp. JB, 299. mál, þskj. 323.

Útsendingar Ríkisútvarpsins.

Fsp. KLM, 117. mál. — Þskj. 117.

[13:35]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Á þskj. 117 hef ég leyft mér að leggja fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um móttökuskilyrði útsendinga Ríkisútvarpsins. Frá því er skemmst að segja að ég átti þess kost að vera þann 20. september með fjárln. á fundi með sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps þar sem fyrsta og aðalmálið sem þeir ræddu við okkur var að fólk á þess ekki kost að horfa á útsendingar Ríkisútvarpsins nema annað slagið í svart/hvítu og að útvarp heyrist eiginlega alls ekki. Það kom, held ég, öllum fjárlaganefndarmönnum mjög á óvart að í lok september árið 2002 þyrfti að ræða um það við þingmenn að íbúar í ákveðnum hluta landsins gætu ekki notið þeirrar sjálfsögðu þjónustu að horfa á sjónvarp í lit eða hlusta á útvarp, Rás 1 og Rás 2. Þess vegna hef ég leyft mér að leggja þessa fyrirspurn fyrir hæstv. menntmrh. og óska eftir svörum við því sem er á þskj. 117.

Í framhaldi af þessari heimsókn og mikilli baráttu nýráðins sveitarstjóra Raufarhafnarhrepps hefur hins vegar ýmislegt örlítið skánað þar. Þannig kemur fram á heimasíðu Raufarhafnarhrepps að menn fóru eitt kvöld og skiptu um móttökuloftnet á vitanum við Raufarhöfn og það kom í ljós að þetta móttökuloftnet var kolónýtt og hefur sennilega verið það ansi lengi. Það var eins og við manninn mælt, sjónvarpið skánaði, og Raufarhafnarbúar eiga þess kost að horfa á sjónvarpið, m.a. þá væntanlega þessa útsendingu hér, í lit en ekki svart/hvítu eða kannski bara ekki neitt.

Hins vegar hafa móttökuskilyrði útvarps, Rásar 1 og Rásar 2, enn ekki skánað. Það er gaman að segja frá því að ég heyrði af ágætum höfuðborgarbúum ekki alls fyrir löngu, hjónum sem eru töluvert fyrir það að hlusta á fréttir og voru í heimsókn á Raufarhöfn. Þau gátu ekki heyrt fréttir á Rás 1 eða Rás 2 á Raufarhöfn af því að það var bara alls ekki hægt að hlusta á fréttir. Fólkið var vinsamlegast beðið að athuga að fólk á þessu svæði byggi ekki við þau sjálfsögðu mannréttindi sem þessi þjónusta Ríkisútvarpsins er á öðrum stöðum. Fólk var sem sagt vinsamlegast beðið um að fara út í bíl til að hlusta á útvarp, fréttir frá Rás 1 og Rás 2.

Herra forseti. Það er algerlega óviðunandi að komið sé svona fram við íbúa á ákveðnum svæðum á landinu, í heilu byggðarlögunum. Það sem ég rakti hér á jafnframt við um íbúa á Kópaskeri. Þess vegna vænti ég þess að við fáum skýr svör frá hæstv. menntmrh. við þeirri fyrirspurn sem ég gat um áðan og er á þskj. 117, og vænti þess reyndar að hann muni koma hingað dálítið borubrattur og segja okkur að búið sé að kippa þessu öllu í liðinn frá því að fjárln. var í heimsókn og fyrirspurnin lögð fram. Ég vona a.m.k. að það verði svarið.

[13:39]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Það er reyndar erfitt að vera eins borubrattur og hv. fyrirspyrjandi og ekki víst að ég geti staðist þann samanburð. En fyrsta spurning fyrirspyrjanda er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Er áætlað að bæta móttökuskilyrði Ríkisútvarpsins á Raufarhöfn og Kópaskeri? Sé ekki svo, hyggst ráðherra þá beita sér fyrir því að úr verði bætt?"

Ég hef beitt mér fyrir því að úr þessu verði bætt og við fyrirspurninni, sem var beint til Ríkisútvarpsins, er svarið sem hér segir:

Ríkisútvarpið hefur ákveðið að breyta móttöku í endurvarpi á vitanum á Raufarhöfn þannig að rafmagnstruflanir í sendi á Langanesi hafi ekki áhrif á Raufarhöfn. Þetta verk verður unnið á næstu vikum. Bilunin sem fannst í loftneti sendisins hefur nú verið lagfærð. Á Kópaskeri hefur verið ákveðið að setja upp sendi fyrir sjónvarpið. Gert er ráð fyrir að hann verði kominn upp fyrir jól.

Áformað er að setja sem fyrst upp senda fyrir Rás 1 og Rás 2 á báðum stöðum en tímasetning er háð fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins fyrir næsta ár.

Að því er varðar Raufarhöfn er það svo að starfsmenn Ríkisútvarpsins og Landssímans mældu útsendingar sjónvarpsins á Raufarhöfn og varð niðurstaðan að með góðum móttökubúnaði væri hægt að ná góðri mynd. Athuganir

sýndu að í nokkrum húsum voru ekki rétt loftnet eða búnaðurinn lélegur. Útvarpssendingar á Rás 1 og Rás 2 koma frá sendum á Viðarfjalli og kom fram við mælingar að ekki eru kjörskilyrði fyrir FM-viðtöku á ferðatæki en góða viðtöku má fá með útiloftneti. Móttökuskilyrði eru góð fyrir bíla á svæðinu.

Að því er varðar Kópasker er staðan sú að útsendingar útvarps og sjónvarps koma frá sendistöð á Auðbjargarstaðabrekku sem er langt frá bænum. Sendingar fara langan veg yfir sjó sem stundum getur valdið breytingum á móttökuskilyrðum. Nýr sendir fyrir sjónvarpið verður settur upp á þessu ári eins og fram hefur komið.

Síðan er spurt:

„Telur ráðherra eðlilegt eða sanngjarnt að fólki á þessum stöðum sé gert að greiða fullt afnotagjald þegar móttökuskilyrði bæði hljóðs og myndar eru sem raun ber vitni? Sé ekki svo, hyggst ráðherra þá beita sér fyrir að afnotagjöldin verði lækkuð eða felld niður á þessum svæðum þar til móttökuskilyrði hafa verið bætt?"

Í svari og umsögn Ríkisútvarpsins segir:

Dreifikerfi Ríkisútvarpsins var hannað miðað við alþjóðlega staðla. Kerfið var byggt upp með það fyrir augum að ná til sem flestra með lágmarkstilkostnaði. Ríkisútvarpið heldur því fram að sjónvarpið nái til um 99,8% íbúa landsins og að útvarpið nái til alls landsins. Í sjónvarpi er þessi tala með því hæsta sem þekkist á Vesturlöndum. Engu að síður eru skilyrði mismunandi um landið og notendur þurfa að hafa mismunandi mikið fyrir því að ná sendingum. Þannig hefur það raunar alltaf verið. Kröfur um bætta þjónustu hafa verið að aukast með árunum og hefur verið reynt að mæta þessum kröfum með endurnýjun og styrkingu dreifikerfisins eftir því sem fjárhagslegar aðstæður leyfa. Þetta er m.a. gert með síversnandi stofndreifingu um ljósleiðara.

Ríkisútvarpið telur að móttökuskilyrði á Raufarhöfn og Kópaskeri séu viðunandi. Af niðurstöðum mælinga á Raufarhöfn er hægt að draga þá ályktun að alla jafnan sé hægt að ná góðri sjónvarpsmynd með réttum búnaði og hið sama gildir um útvarpssendingar. Ef fella á niður afnotagjöld verður að vera hægt að sýna fram á að sendingarnar nái ekki til fólks, og það hefur ekki verið gert.

Ríkisútvarpið sýnir fullan vilja til þess að bæta útsendingar á þeim stöðum sem hér um ræðir og því virðist ekki efni til aðgerða af hálfu ráðuneytisins í þessum málum. Ég vil taka það fram að Ríkisútvarpið hefur tekið þá ákvörðun að gefa afslátt eða fella niður afnotagjald á þeim bæjum þar sem ástandið er verst.

Síðan er spurt í þriðja lagi:

„Eru fleiri staðir á landinu þar sem móttökuskilyrði Ríkisútvarpsins eru þannig að óviðunandi megi teljast?"

Svar: Ríkisútvarpið telur að 80 sveitabæir búi við léleg eða engin skilyrði til að ná útsendingum sjónvarps og útvarps og að kostnaður við úrbætur sé áætlaður um 240 millj. kr. Á verkefnalista Ríkisútvarpsins er styrking útsenda útvarps eða sjónvarps í stærri sveitarfélögum eða byggðakjörnum með nýjum sendistöðvum. Meðal þessara staða eru t.d. Akranes og Grenivík.

Ég endurtek að Ríkisútvarpið hefur tekið það upp hjá sjálfu sér að veita afslátt eða fella niður afnotagjöld hjá þeim sem búa við verstu skilyrðin.

[13:43]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Um leið og ég tek undir fyrirspurn hv. þm. Kristjáns L. Möllers — ég var í sömu ferð og hef ferðast víða um landið með fjárln. og heyrt þessar kvartanir frá norðausturhorninu — tel ég nauðsynlegt að það komi fram að á síðustu árum hafa móttökuskilyrði batnað nokkuð víða, ekki síst fyrir þær kvartanir sem hér hafa verið bornar fram. Það er þó enn svo að á mörgum svæðum í hinu nýja Norðvesturkjördæmi, t.d. á svæðinu frá Bjarkarlundi að Flókalundi og á leiðinni út í Árneshrepp, er hvorki NMT-, GSM-símasamband eða móttökuskilyrði fyrir útvarp. Það ástand er óviðunandi og það er mikil nauðsyn að úr verði bætt. Til þess að taka þá undir orð hæstv. menntmrh. skil ég mætavel þá sem ekki vilja greiða fyrir lélega eða enga þjónustu. Ég vona að svo verði sem hæstv. ráðherra sagði.

[13:45]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil bara örstutt þakka fyrir þessa fyrirspurn sem sett er fram hér um móttökuskilyrði útvarps. Þetta eru viðvarandi vandamál á þó nokkrum stöðum á landinu og ég held að við séum öll reynslunni ríkari hvað varðar lausn þessara mála.

Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin en brýni hann jafnframt til að fylgjast vel með þessum málum. Það virðist samkvæmt reynslunni vera tregða hjá stofnunum að ganga í þessi mál. Framkvæmdarvaldið verður því að fylgjast vel með því að það sé gert sem vilji stendur til að gera og ég treysti hæstv. menntmrh. til þess að gera það.

Þetta eru afgerandi mál og það sýnir t.d. lausnin varðandi GSM-þjónustu í þjóðgarðinum í Ásbyrgi. Þar er gríðarleg aukning sem margir telja að sé á grunni þess að fjarskipti voru bætt og möguleikar til að hlusta á útvarp höfðu skánað. Ég hvet hæstv. menntmrh. til að fylgjast vel með þessum málum þannig að úrlausn fáist svo sem lofað er og efni standa til.

[13:46]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir það fyrsta þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hann hefur gefið okkur um útsendingar, senditíðni og annað slíkt fyrir Raufarhöfn og Kópasker. Hann ræddi eitthvað um það, að vísu var dálítill kliður í salnum, að menn væru hér borubrattir. Mér fannst hæstv. menntmrh. vera dálítið borubrattur þegar hann boðaði það að þessu yrði öllu kippt í lag á næstu dögum.

Herra forseti. Nú fer sá tími í hönd að ákveðnir aðilar fara að koma til byggða, (Gripið fram í.) jólasveinarnir, og ég vona þá svo sannarlega að íbúar Raufarhafnar og Kópaskers muni fá gjafir frá einhverjum af þeim jólasveinum sem eiga eftir að koma. Ég vona að sjónvarps- og útvarpsskilyrði Raufarhafnar- og Kópaskersbúa verði komin í gott lag fyrir jól þannig að horfa megi og hlusta á ágæta dagskrá Ríkisútvarpsins án þess að þurfa að sitja úti í bíl á aðfangadag, ef svo má að orði komast.

Hitt atriðið, herra forseti, fjallar um afnotagjaldið, hvernig það hefur verið rukkað inn og það sem hæstv. menntmrh. sagði um það. Þegar maður kaupir skemmda vöru á maður rétt á að skila henni og fá nýja í staðinn. Ef viðkomandi getur ekki látið betri vöru í staðinn er viðkomandi kaupmanni skylt að endurgreiða hana. Ef við lítum á hæstv. menntmrh. sem kaupmanninn í þessu tilfelli, yfirmann Ríkisútvarpsins,

tel ég að endurgreiða eigi íbúum þessa svæðis töluvert af greiddum afnotagjöldum vegna þess að það afnotagjald hefur sannarlega verið rukkað í ansi langan tíma fyrir skemmda vöru. (**KPál:** Var þetta kosningaloforð?) Hv. þm. Kristján Pálsson kallar hér fram í hvort þetta sé kosningaloforð. Nú veit ég ekki hvernig ástandið er á Reykjanesi eða Suðurlandi en ég geri ráð fyrir því að hv. þingmaður þurfi ekki að ræða fyrir hönd íbúa þar um þau sjálfsögðu mannréttindi sem ég hef reifað hér og hv. þm. telur að eigi að gera gys að. (**Gripið fram í:** Hefurðu ekki komið nefndinni á Suðurlandið?)

[13:48]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég hygg að allir þingmenn séu sammála um að hér hafi hv. fyrirspyrjandi hreyft mjög mikilvægu máli. Það held ég að sé ljóst. Þessi mál hafa iðulega verið rædd í þingsölum og alltaf komið fram að menn telji að ein af frumskyldum Ríkisútvarpsins sé að koma útsendingum sínum til allra landsmanna.

Ég held líka að það sé hárrétt hjá hv. þm. Gísla S. Einarssyni að *móttökuskilyrðin hafa batnað, ekki síst nú í seinni tíð*. Ég verð að segja að þó að hér hafi verið rætt um tregðu stofnana get ég ekki sagt það af eigin reynslu að Ríkisútvarpið hafi sýnt einhverja tregðu í þessu máli. Þegar ég sneri mér til þess brást það vel við og gerð hefur verið athugun á þessum málum, eins og hér var gerð grein fyrir áðan, og verið er að vinna að úrlausn þeirra.

Ég held hins vegar að það sé æskilegt að Ríkisútvarpið *taki ákvörðun um það sjálft hvort það vill endurgreiða eða* veita afslátt þar sem skilyrðin eru léleg. Ríkisútvarpið hefur tekið þá ákvörðun að veita afslátt eða endurgreiða í þeim málum sem erfiðust eru. Ég sé ekki ástæðu til þess sem menntmrh. að blanda mér í það hvernig stofnunin hefur farið með það mál.

Húsnæðismál Tækniháskóla Íslands.

Fsp. ÞKG, 220. mál. — Þskj. 223.

[13:50]

Fyrirspyrjandi (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Eins og margir vita er Tækniháskóli Íslands búinn að sprengja utan af sér núverandi húsnæði skólans á Höfðabakka 9 þótt húsnæðið hafi hentað ágætlega í upphafi þegar skólinn hafði frekar fáa nemendur. Nú hefur nemendum hins vegar fjölgað mikið og mun gera áfram í nánustu framtíð. Því er nauðsynlegt að huga betur að húsnæðismálunum. Einnig er kostnaður við leigu hár og of mikið pláss fer í ganga og ónýtanlegt rými. Enn fremur er húsaleigusamningur óhagstæður fyrir skólann, bæði hvað varðar viðhald, endurskoðun og uppsagnarákvæði. Leigusamningurinn gildir til að mynda til 2014 og er einungis uppsegjanlegur ef skólinn flytur í eigið húsnæði.

Í nýsamþykktum lögum um Tækniháskóla Íslands er eitt af markmiðum skólans að veita menntun í tæknigreinum sem gerir eðlilega þá kröfu til skólans að hann sé vel tæknivæddur. Húsnæði skólans nú er ekki hannað til þess. Ef skólinn á að vera áfram í núverandi húsnæði þarf að breyta ýmsu. Gert er ráð fyrir fjölgun nemenda í tækni- og heilbrigðisgreinum á næstu þremur árum og reiknað er með að fjölgunin nemi allt að 200 nemendum. Það leiðir til þess að bæta þarf við a.m.k. 10 kennslustofum á næstu árum. Það húsnæði er til staðar í miðálmu hússins þar sem Marel var en til að hægt sé að nýta það húsnæði fyrir skólastarf þarf að endurbyggja álmuna. Þegar allt þetta er skoðað, m.a. sá mikli kostnaður sem fellur til ef álman verður endurbyggð og jafnframt að Tækniháskóli Íslands er einnig háskóli atvinnulífsins og hefur upp á ótal möguleika að bjóða til framtíðar, hnígur allt að því að við eigum að byggja nýtt húsnæði utan um þennan skóla. Og þá kemur upp spurningin: Hvar?

Eftir ágæta ferð, þar á meðal nokkurra þingmanna, til Finnlands ekki alls fyrir löngu til að kynna sér betur vísinda- og tæknimál þar í landi — Finnar eru miklir brautryðjendur á *því sviði* — var alveg *ljóst að eitt af grundvallaratriðunum* í þeirra málflutningi var að tengja saman tækniháskóla og vísinda- og tæknisvæði þeirra. Það er því mjög eðlilegt að hugað verði að því sama hér á landi.

Ég vil benda hæstv. menntmrh. á að fyrirhugað er að byggja m.a. tæknigarða, ekki bara hér í Vatnsmýrinni heldur einnig í Kópavogi og ekki síður er um metnaðarfulla áætlun að ræða í landi Urriðakots í Garðabæ. Ég geri mér *grein fyrir því, herra forseti, að það er nokkuð viðkvæmt* mál þegar verið er að flytja skóla úr Reykjavík. Ég minnist umræðunnar þegar lagt var til að Listaháskóli Íslands yrði fluttur til Hafnarfjarðar, allt í einu var það allt of langt frá Reykjavík. Ég vil engu að síður vekja athygli á því að hér yrði um merkilega nýjung að ræða með því að tengja saman Tækniháskólann og þessa tæknigarða sem um er að ræða. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort hugað hafi verið að *húsnæðismálum Tækniháskóla Íslands*, og þá í hvaða veru.

[13:53]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Spurt er: „Hvaða áform eru uppi um að leysa húsnæðismál Tækniháskóla Íslands?“

Tækniháskóli Íslands, sem er nýstofnaður, er nú í leiguhúsnæði við Höfðabakka þar sem Tækniskóli Íslands var *til húsa um margra ára skeið*. Húsaleigusamningar vegna þess húsnæðis gilda, eins og hér hefur komið fram, til ársins 2014. Tækniháskóli Íslands er nú á sínu fyrsta starfsári og eitt af þeim verkefnum sem unnið verður að er áætlun um uppbyggingu og þróun sem m.a. felur í sér þróun náms, nemendafjölda og húsrými hans á næstu árum.

Á sínum tíma voru uppi áform um byggingu tækniskóla á Keldnaholti en m.a. með ákvörðun um langtímaleigu var frekari ákvörðunum skotið á frest. Af þessum sökum hafa ekki verið teknar ákvarðanir um breytta skipan húsnæðismála Tækniháskóla Íslands, enda er eðlilegt að eitt af fyrstu verkum Tækniháskólans sé að setja fram hugmyndir um með hvaða hætti það yrði best gert.

Hv. fyrirspyrjandi nefndi hér það fyrirkomulag sem hefur verið byggt upp á nokkuð löngum tíma í Finnlandi. Það er mjög athyglisvert og hefur reynst Finnum gagnlegt. Þeir hafa byggt upp svokallaða tæknigarða þar sem háskólar, einkum og sér í lagi háskólar sem fást við tæknimenntun, eiga í samstarfi við fyrirtæki, sprotafyrirtæki ekki síst, en út úr slíku samstarfi sprettur mjög einatt nýsköpun í atvinnulífinu. Þar verða til fyrirtæki sem eiga beinlínis rætur að rekja til þess umhverfis sem þar er. Að því er það varðar kemur að sjálfsögðu margt til greina og þegar þessi mál verða tekin fyrir að frumkvæði Tækniháskólans, sem ég tel eðlilegt að sé hans, kemur eflaust margt til greina. Þá má búast við því að þá komi þessar hugmyndir sem hv. fyrirspyrjandi lagði

fram, þ.e. tæknigarðar í Kópavogi eða í Garðabæ, inn í þá umræðu eins og aðrir staðir.

Svar mitt við þessu er að það er eðlilegt að hluti af starfi hins nýja Tækniháskóla Íslands verði að móta hugmyndir sínar um framtíðarstaðsetningu og þá hefst sú umræða fyrir alvöru.

[13:56]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mér þykir miður að hæstv. ráðherra taki ekki vel í það að koma með nýtt húsnæði fyrir Tækniháskólann. Það er alveg ljóst að það húsnæði sem háskólinn er í núna er allsendis óviðunandi. Þetta er iðnaðarhúsnæði með gluggalausu rými að stórum hluta. Eigendur hafa ekki sinnt viðhaldi þar sem þetta er leiguhúsnæði. Það er ekki hægt að læsa útidyrum. Gluggar og veggir leka og það er ekki hægt að segja upp húsnæðinu fyrr en 2014 eins og kom fram nema háskólinn fari í eigið húsnæði.

Það segir sig sjálft að tækniháskóli gerir ráð fyrir kennslu í tæknigreinum. Til þess þarf hann að vera tæknivæddur en húsnæðið er ekki hannað til þess að tæknivæðast. Rafkerfið t.d. þolir ekki fartölvuvæðingu og skólinn þarf að fara í milljónaframkvæmdir til að koma slíku ástandi á. Það þarf að endurnýja rafkerfið, tölvulagnirnar, skolpkerfið, lagnakerfið, það þarf að mála, laga leka o.s.frv. Það er því verulega margt sem þarf að gera og ég trúi ekki öðru en að tekið verði á því og skólinn fái nýtt húsnæði.

[13:57]

Fyrirspyrjandi (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svar hans en ég held að það sé alveg einboðið að það verði að fara að einhenda sér í að skipuleggja húsnæðismál Tækniháskólans. Ég hvet um leið forráðamenn Tækniháskólans og nýskipaðan rektor til að sýna frumkvæði í því að setja fram hugmyndir í húsnæðismálum þessa nýstofnaða háskóla. Það er afskaplega mikilvægt, ekki bara fyrir háskólann sjálfan heldur líka fyrir nýjungar og nýsköpun í samfélagi okkar þannig að það verði ákveðin gerjun í samfélaginu. Hún gæti sem best tengst nákvæmlega þessum svæðum sem ég nefndi áðan, í Garðabæ eða Kópavogi. Það væri afskaplega gott fyrir Tækniháskóla Íslands sem er ákveðin vítamínsprauta í atvinnulífinu.

[13:58]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ekki er mér ljóst hvernig hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir skildi mál mitt svo að það væri eitthvað til fyrirstöðu í menntmrn. að taka þessi húsnæðismál til athugunar. Það er ekkert því til fyrirstöðu (**ÁRJ:** Gott.) og þess vegna er mér ekki ljóst hvað ræðuhöld af þessu tagi eiga að þýða.

Ég tók hér skýrt fram að það væri búist við því að hinn nýi Tækniháskóli hefði frumkvæði að því að taka þessi mál upp við ráðuneytið. Ég hef fulla trú á þeim sem þar stýra málum til þess að taka málið upp á eðlilegum grundvelli.

Ég þakka síðan hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu. Það er að sjálfsögðu eitt af grundvallaratriðum í málefnum Tækniháskóla Íslands, þ.e. hvernig búið verður um hann í framtíðinni og hvernig hann tengist atvinnulífinu. Þar af leiðandi eru húsnæðismál hans eitt af því mikilvægasta sem þarf að fjalla um í framtíð hans.

Húsnæðismál Listaháskóla Íslands.

Fsp. ÞKG, 232. mál. — Þskj. 235.

[13:59]

Fyrirspyrjandi (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ástæða fyrirspurnar minnar eða kveikjan að henni er m.a. sú heimsókn sem hv. menntmn. fór í til Kennaraháskóla Íslands í sl. mánuði. Þar var afskaplega vel tekið á móti okkur og við fórum um húsnæði skólans og skoðuðum mjög glæsilega nýbyggingu við hann og fræddumst um leið um störf og starfsemi Kennaraháskólans. Um leið kviknaði m.a. þessi hugmynd og ég átti samtal við einn starfsmann Kennaraháskólans um það hvort hægt væri að efla það svæði enn frekar, háskólasvæðið þar sem Kennaraháskóli Íslands er. Þar er enn þá pláss til staðar til að reisa 12–16 þús. fermetra byggingu og þá má um leið hugsa sér húsnæði Sjómannaskólans, en árið 1996 að mig minnir var þetta svæði sett saman í deiliskipulag, skipulagt allt saman þannig að mjög áhugavert væri að hugsa sér ákveðinn háskólakamp, ef svo má að orði komast, á þessu annars áhugaverða svæði.

Ég minni enn og aftur á umræðuna ekki alls fyrir löngu þegar talað var um að Listaháskóli Íslands ætti að koma í Hafnarfjörðinn, og mér fannst einfaldlega miður að ekki skyldi vera tekið betur í þá hugmynd, of langt frá 101 í Reykjavík. En engu að síður eigum við ekki að hætta að hugsa um hvernig þeim merka háskóla, Listaháskóla Íslands, er best fyrir komið og við þurfum að reyna að efla hann og styrkja og reyna að koma yfir hann meira en sómasamlegu húsnæði. Ég held að það væri afskaplega áhugaverð hugmynd að á því svæði þar sem Sjómannaskólinn og Kennaraháskólinn eru í dag yrði byggt yfir Listaháskólann en um leið reynt að hugsa sér ákveðna samvinnu á milli þessara skóla. Ég gæti vel trúað að ef þeir skólar væru á þessum stað þá yrði það kveikjan að enn betra samstarfi milli háskólanna og um leið yrðu þeir kröftugri, frjórri og öflugri í samfélaginu.

Þetta er einna helst ástæðan fyrir spurningum mínum sem hljóða á þá leið:

1. Hafa verið kannaðir möguleikar á því að reisa húsnæði yfir Listaháskóla Íslands á lóð Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð og mynda þar enn öflugri háskólareit?

2. Ef svo er ekki, mun ráðherra þá beita sér fyrir gerð könnunar á hagkvæmni þessa möguleika og um leið hvort samvinna fyrrnefndra háskóla á tilteknum sviðum sé raunhæf?

[14:02]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir spurningarnar.

Á árinu 1996 var unnið deiliskipulag fyrir Kennaraháskóla Íslands og Sjómannaskóla Íslands á svonefndu Rauðarárholti. Deiliskipulagið var samþykkt af skipulagsyfirvöldum Reykjavíkurborgar og af menntmrn. Skipulagið gerir ráð fyrir að séð verði fyrir þörfum skólanna um nokkuð langa framtíð ásamt félagsaðstöðu nemenda svo og nemendaíbúðum.

Núverandi deiliskipulag felur það í sér að unnt er að byggja til viðbótar núverandi húsnæði um 10–16 þús. fermetra kennsluhúsnæði, þó að það kunni að vera rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að með breyttu skipulagi væri hægt að byggja þar meira. Fram hafa komið tillögur um breytt skipulag vegna

fjölgunar nemendaíbúða á svæðinu. Formlegar tillögur hafa ekki komið fram um aðrar breytingar á skipulagi svæðisins.

Nú eru í vinnslu og mjög langt komnar, að því er ég hygg, hugmyndir og skipulag og áætlanir um uppbyggingu á nemendaíbúðum á svæðinu sem koma til með að nýta allmikinn hluta af því svæði sem enn er óbyggt.

Listaháskóli Íslands, sem er einkaskóli, hefur undanfarin ár leitað eftir lóðum og aðstöðu fyrir framtíðarhúsnæði þess skóla og átti í því sambandi í viðræðum við Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarbæ. Skólinn hefur ekki leitað eftir aðstöðu á lóð Kennaraháskólans við Stakkahlíð, það liggur ljóst fyrir að það hefur ekki verið gert enn, en eðli málsins samkvæmt hefur ráðuneytið ekki haft frumkvæði að slíku þar sem hér er um einkaskóla að ræða.

Hins vegar er rétt að það komi fram hér að að frumkvæði fulltrúa menntmrn. og fjmrn. hefur verið óskað eftir því við Listaháskóla Íslands að háskólinn ynni og skilaði til ráðuneytisins húsrýmisáætlun eða þarfagreiningu á húsnæðisþörfinni. Þessi vinna er nú á lokastigi og eftir því sem ég best veit mun henni ljúka bráðlega, væntanlega fyrir áramótin. Þá mun koma í ljós hversu mikil húsnæðisþörf Listaháskólans er að eigin mati og þá verða forsendur fyrir því að ræða málið frekar. Það er hins vegar afar brýnt í sambandi við þá hugmynd sem hv. fyrirspyrjandi leggur hér fram að menn skoði hvernig það samrýmist annars vegar þörfum Kennaraháskólans, hins vegar þeim hugmyndum er varða nemendaíbúðir og í þriðja lagi hugsanlegt rými fyrir Listaháskólann, að menn átti sig á því hvernig þetta getur komið heim og saman í ljósi þeirrar skýrslu sem skilað verður um rýmisþörf Listaháskóla Íslands.

[14:05]

Fyrirspyrjandi (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Þó að formlegar breytingar hafi ekki verið lagðar fram þá vil ég samt engu að síður skilja svar hæstv. menntmrh. þannig að hann útiloki ekki að kannað verði hvort þetta sé möguleiki, að hugsanlega fari fram könnun á því hvort rétt sé að reisa þarna húsnæði yfir Listaháskólann og hvort það væri hagkvæmt og líka raunhæft að samstarf milli þessara skóla yrði aukið.

Ég veit að verið er að vinna að könnun um húsnæðisþörf Listaháskóla Íslands. Ég man að í umræðunni á sínum tíma var verið að tala um 10 eða í mesta lagi 12 þús. fermetra húsnæði og mér skilst af þeim sem þekkja vel til að þetta svæði og vel það sé til staðar á því svæði á Rauðarárholtinu sem ég gat um áðan.

[14:07]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég endurtek að forsendan fyrir því að hægt sé að ræða um staðsetningu nýbyggingar fyrir Listaháskóla Íslands er að menn hafi nokkuð þroskaðar hugmyndir um hversu mikils rýmis stofnunin þarfnast. Þess vegna er sú þarfagreining sem nú fer fram og er á lokastigi forsendan fyrir því að menn skoði málin frekar.

Ég legg einnig áherslu á það að þar sem Listaháskóli Íslands er einkaskóli þá er mjög mikils virði að hann hafi frumkvæði að sínum húsnæðismálum sjálfur og ef hann hefur áhuga á þessu svæði að þá komi hann þeim óskum á framfæri.

Dreifmenntun í Vesturbyggð.

Fsp. DrH, 267. mál. — Þskj. 283.

[14:07]

Fyrirspyrjandi (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Fátt er mikilvægara jákvæðri byggðaþróun en gott aðgengi að fjölbreyttri menntun. Með tilstuðlan upplýsinga- og samskiptatækninnar hafa opnast nýir og nánast óþrjótandi möguleikar til að bjóða greitt aðgengi að fjölbreyttu námsframboði á landsbyggðinni, eins og fjarkennsla og símenntunarstöðvar hafa svo sannarlega gert um allt land, en aðgengi að menntun er ein af grunnforsendum búsetu á landsbyggðinni.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að menntunartengdar forsendur voru efstar á blaði hjá 30% landsbyggðarfólks sem hugði á flutninga, og ungt fólk á aldrinum 18–25 ára er stærsti aldurshópurinn sem flytur af landsbyggðinni. Það er mjög nauðsynlegt að upplýsinga- og samskiptatækni verði nýtt sem best til að auka aðgengi fólks að menntun, og vel menntað og þjálfað vinnuafl í öllum störfum er forsenda vaxtar og þróunar atvinnulífsins á landsbyggðinni eins og annars staðar. Nemendur hafa einnig tilhneigingu til þess að leita atvinnu að námi loknu í nágrenni við þá staði þar sem þeir hafa hlotið menntun sína.

Síðastliðinn vetur óskaði menntmrn. eftir stuðningi Byggðastofnunar við uppbyggingu dreifmenntunar í Vestur-Barðastrandarsýslu og var aðkoma Byggðastofnunar fólgin í því að kanna möguleika sem felast í dreifmenntun, draga úr kostnaði í skólahaldi og auka gæði og námsframboð í dreifbýli. Markmið verkefnisins, sem heitir „Samstarf um nýjungar í skólastarfi“, fellur vel að þeim grundvallarþáttum sem veita mikilvæga undirstöðu til uppbyggingar nýrra atvinnuhátta sem liggur í aukinni þekkingu og nýsköpun. Aðgengi að góðri menntun á fyrstu skólastigum og á framhaldsskólastigi er eitt af því sem hefur hvað mest áhrif á búsetu fjölskyldufólks. Það er ljóst að rekstur leikskóla og grunnskóla er erfiður mörgum hinna smærri sveitarfélaga og því mikilvægt að leita leiða til að draga úr kostnaði vegna skólahalds án þess þó að draga úr gæðum eða fjölbreytni náms.

Með þessu verkefni er leitast við að styrkja einn af mikilvægustu búsetuþáttunum, sem er menntun. Þetta er tilraunaverkefni sem miklar vonir eru bundnar við að hægt verði að nýta víðar á landsbyggðinni ef vel tekst til og þær forsendur í íslensku upplýsingasamfélagi, menntun fyrir alla alls staðar, verði að veruleika innan fárra ára.

Ég spyr því hæstv. menntmrh.:

„Hvaða áætlanir eru um uppbyggingu dreifmenntunar í Vesturbyggð?“

[14:10]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa spurningu um uppbyggingu dreifmenntunar í Vesturbyggð. Menntmrn. hefur hafið undirbúning að verkefni um dreifmenntun á grunnskólastigi í samvinnu við sveitarstjórnir í Vesturbyggð og á Tálknafirði. Dreifmenntun felur í sér að nemendur geta haft aðgang að námsframboði í fleiri en einum skóla og þar með stundað nám án þess að vera bundnir við einn stað. Kennslan er hvort tveggja staðbundin kennsla og fjarkennsla eða dreifkennsla og munu kennarar geta stundað kennslu við fleiri en einn skóla í senn.

Markmiðið með þessu verkefni er að endurskoða skólastarf með hliðsjón af dreifmenntun, að finna leiðir til að draga úr kostnaði vegna skólahalds með auknu samstarfi á milli skóla, auka gæði og fjölbreytni námsins með samnýtingu á kennurum skólanna, efla færni nemenda til að nýta upplýsinga- og samskiptatækni til fjarvinnslu og samskipta og stuðla að því að nemendur geti stundað nám í heimabyggð allt frá leikskóla til loka háskólanáms og einnig starfsnáms og auka líkur á að nemendur kjósi að búa í heimabyggð eftir að námi lýkur. Þannig eru markmiðin með þessu verkefni fjölmörg og öll í anda þess sem hv. þm. nefndi áðan að væri mikilvægt, og það er líka gleðilegt að vita til þess að Byggðastofnun hafi lagt áherslu á þessi atriði í stefnuskrá sinni og starfsemi því að sennilega eru menntamálin með mikilvægustu byggðamálum í landinu.

Ætlunin er að framangreint verkefni geti orðið fyrirmynd fyrir önnur sveitarfélög um nýtingu upplýsingatækni til samkennslu milli skóla. Verkefnið felur í sér þjálfun starfsfólks og nemenda í að nýta sér nýtt kennslu- og námsumhverfi og nýja tækni, uppbyggingu viðeigandi tækjabúnaðar ásamt skipulagsvinnu. Verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið hefur í fjárlagatillögum lagt til að þetta verkefni verði styrkt um 9 millj. kr. á árinu 2003. Menntmrn. vinnur að frekari fjármögnun á þessu verkefni.

Ég vil í lokin geta þess að dreifmenntun/fjarkennsla er eitt af því sem Íslendingar hafa byggt upp mjög hratt á Íslandi og hefur orðið til þess að breyta í verulegum atriðum, í grundvallaratriðum má segja, menntunaraðstöðu fólks í hinum dreifðu byggðum. Þessi vöxtur hefur verið svo mikill að ef við lítum sérstaklega til framhaldsskólanna, þá voru nemendur sem þar stunduðu nám 1999 337, en árið 2002 eru liðlega 2 þús. nemendur sem stunda fjarnám á framhaldsskólastigi. Þetta sýnir hversu mikil þörfin hefur verið og hversu fljótt hefur tekist að svara þeirri þörf. Ég held því að ekki sé neinum vafa undirorpið að dreifmenntunin og fjarkennslan eru verkfæri sem við eigum eftir að nota okkur í stórum stíl til að bæta aðgengi landsmanna að menntun.

[14:14]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að koma þessu máli á dagskrá og sömuleiðis þau svör sem menntmrh. gefur hér, og ítreka það að málefni af þessu tagi eru dreifbýlinu gífurlega mikils virði. Og ég veit að heimamenn í Vesturbyggð hafa tekið þessu tilboði tveimur höndum, hafa unnið mjög vel að því sem þarna er verið að gera og þeir treysta á að þarna verði verklega staðið við. Það hefur komið fram hérna í fyrri ræðum hver tilgangurinn með þessu verkefni er, en Vesturbyggð er stórt og víðfeðmt sveitarfélag og það er mikil nauðsyn á að ná til þeirra sem þar búa, auk þess sem getið var um fjarkennslu á framhaldsskóla- og háskólastigi og mun það starf sem þarna er unnið auðvelda mjög eftirleikinn og framhald þess starfs sem eins og hæstv. menntmrh. gat um er mjög að aukast á landinu og hefur gífurlega mikið hlutverk í dreifbýlinu.

[14:15]

Fyrirspyrjandi (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Það er mjög ánægjulegt að fá að fylgjast með þróuninni í landinu og vera þátttakandi í henni. Hér hafa verið tekin upp ný vinnubrögð sem börn og unglingar eru að læra, að taka þátt í tæknibyltingu sem mun nýtast þeim til framtíðar. Ég vil bara óska þeim sem taka þátt í þessu verkefni alls góðs. Þetta er gríðarlega mikilvægt, ekki aðeins fyrir landsbyggðina heldur fyrir landið allt.

[14:16]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hér hefur orðið um dreifmenntun og er sammála þeim sem hér hafa tjáð sig um þetta mál. Hér er um að ræða grundvallaratriði fyrir hinar dreifðu byggðir. Þessi tækni veitir okkur mikla möguleika til að byggja upp aðgengi að námi sem víðast um landið.

Ég vil einnig taka það fram að innan ráðuneytisins þessa dagana er verið að tryggja gagnaflutninga, þ.e. að símenntunarmiðstöðvar, framhaldsskólar og útstöðvar símenntunarmiðstöðvanna geti búið við sama verð í gagnaflutningum. Það er einnig grundvallaratriði í þessum efnum.

Fjöldatakmarkanir í Háskóla Íslands.

Fsp. HjÁ, 273. mál. — Þskj. 291.

[14:17]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Þegar ung manneskja lýkur námi vekur það væntanlega fögnuð. Námsmaðurinn tekur við prófskírteini sínu sem tákni þess að hann hafi tileinkað sér lágmarksfærni. Í mörgum tilvikum veitir skírteinið honum ákveðin réttindi til starfa. En nemandinn með nýja skírteinið hefur enga tryggingu fyrir störfum á sínu sviði. Við tekur hin harða lífsbarátta þar sem einstaklingurinn leitar sér að starfi og þar gegnir prófskírteinið lykilhlutverki. Þetta er hin almenna regla.

En svo einkennilega sem það hljómar þá á reglan ekki við um fimm greinar í háskólum landsins: læknisfræði, hjúkrunarfræði, tannlækningar, sjúkraþjálfun og lögfræði. Í þessum greinum gilda svokallaðar fjöldatakmarkanir. Í raun má segja að það sé með ólíkindum að í upphafi 21. aldar skuli íslenskir háskólar enn halda uppi fyrirkomulagi sem líklega á rætur sínar í danskri nýlenduskömmtum. Spyrja má: Hvers vegna eiga fjöldatakmarkanir í þessum fimm námsdeildum háskólans við þar en ekki í öðrum? Hvers vegna ekki í heimspekideild, verkfræðideild, félagsvísindadeild og þannig má áfram telja.

Getur verið að með fjöldatakmörkunum sé viðkomandi stétt að skammta sjálfum sér aðeins brýnustu nýliðun? Ég spyr þar sem ég sé engin skynsamleg rök fyrir þessu úrelta fyrirkomulagi. Hverjar skyldu nú vera afleiðingar þessa? Ég nefni fyrst þá hörmung og niðurbrot sem hið skammtandi kerfi leiðir yfir nemendur, jafnvel mjög dugandi nemendur. Þetta er sóun á mannauði. Ég nefni einnig að þetta skammtakerfi leiðir til skorts á starfsfólki, t.d. í hjúkrun og læknisfræði. Ég fullyrði einnig að með þessari skömmtun dragi úr samkeppni innan greinarinnar. Þar sem skortur er á nýliðun verður eðli málsins samkvæmt lítil innbyrðis samkeppni.

Herra forseti. Sá sem lendir neðan við hin alræmdu mörk fjöldatakmarkana fellur einfaldlega, ekki vegna þess að hann kunni ekki fagið heldur vegna þess að hann var ekki í hópi þeirra allra bestu. Fjölmargir læknar og hjúkrunarfræðingar sem nú eru starfandi hafa þurft að fara oftar en einu sinni í gegnum fyrsta ár í háskóla en lokið því um síðir og reynst

prýðilegir starfsmenn. Ég tel þetta kerfi ekki í samræmi við þær kröfur og tíðaranda sem ríkir og spyr því hæstv. menntmrh. hvort hann telji ekki tímabært að beita sér fyrir afnámi þeirrar tímaskekkju sem fjöldatakmörkun á háskólastigi er.

[14:20]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Fyrirspurnin er svohljóðandi: Telur ráðherra koma til greina að afnema fjöldatakmarkanir við Háskóla Íslands? Þegar fyrirspurn er svo orðuð er mikils virði, þegar spurningunni er svarað, að átta sig á því nákvæmlega hvað í henni felst.

Eitt af meginmarkmiðum með setningu þeirra laga um Háskóla Íslands sem nú eru í gildi var að auka sjálfstæði skólans. Það er í fullu samræmi við almenn lög um háskóla, nr. 136/1997. Í 2. mgr. 13. gr. laga um Háskóla Íslands er háskólaráði veitt heimild til að takmarka fjölda stúdenta í grunn- og framhaldsnámi að fenginni tillögu deildar. Ef því er svarað játandi að til greina komi að afnema fjöldatakmarkanir við Háskóla Íslands leiðir það óhjákvæmilega til lagabreytingar sem mundi fela í sér að ákvörðunarvald og þar með sjálfstæði háskólans hvað varðar þennan þátt í starfsemi skólans yrði tekið af honum.

Ég vil því svara þessari spurningu þannig að ég er almennt á móti því að afnema eða takmarka sjálfstæði ríkisháskólanna frá því sem er í gildandi lögum. Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að þeir ákveði sjálfir innan gildandi lagaramma hvernig og hvort þeir takmarka fjölda stúdenta í einstökum deildum þeirra.

Við verðum að minnast þess að það er eitt af grundvallaratriðum og ein af grundvallarreglum Háskóla Íslands að hann hafi fullkomið frelsi til að ákveða sjálfur forgangsröðun verkefna sinna og afleiðingarnar sem sú forgangsröðun hefur.

[14:22]

Ásta Möller:

Herra forseti. Ég tel að þegar Háskóli Íslands þarf að taka ákvörðun um forgangsröðun þurfi stjórnvöld einnig að hafa þar puttana í vegna þess að stjórnvöld þurfa að skoða þörfina í þjóðfélaginu fyrir hverja stétt fyrir sig. Í þessu tilviki langar mig að benda á að fjöldatakmarkanir í hjúkrunarfræði í Háskóla Íslands miðast við 65 nemendur. Það komast einungis 65 nemendur áfram í námi eftir fyrstu önn.

Síðastliðið vor fór fram átak til að kynna hjúkrunarnám sem áhugaverðan valkost fyrir unga stúdenta. Árangurinn lét ekki á sér standa. Það eru 150 nemendur eða helmingi fleiri en fyrir ári síðan sem skráðu sig til náms í hjúkrunarfræði. Nú standa þessir nemendur frammi fyrir því að einungis 65 komast áfram nema fjöldatakmörkunum verði aflétt. Ég tel að það verði að skoða þetta mál mjög nákvæmlega. Það þarf að aflétta fjöldatakmörkunum í þessu tiltekna námi og auka fjármagn til að hægt sé að koma til móts við aukna þörf fyrir hjúkrunarfræðinga í samfélaginu, bæði nú og til framtíðar.

[14:23]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. Hjálmar Árnasyni um að fjöldatakmarkanir séu ekki lengur í takt við tímann. Ég er og hef jafnan verið þeirrar skoðunar að fjöldatakmörkunum hafi fyrst og fremst verið beitt að undirlagi viðkomandi stétta. Ég barðist, sem formaður stúdentaráðs Háskóla Íslands á sínum tíma, harkalega gegn því að það væru við lýði fjöldatakmarkanir í læknadeild. Það hefur komið í ljós að þær röksemdir sem hafðar voru uppi gagnvart fjöldatakmörkunum í tannlæknadeild og í læknadeild Háskóla Íslands, þ.e. möguleikinn til verklegrar kennslu, stóðust ekki. Í báðum þessum tilvikum, a.m.k. varðandi læknadeildina, var aukið við án þess að maður sæi nokkrar breytingar á möguleikum til verklegrar kennslu.

Ég skora á hæstv. menntmrh. að taka til endurskoðunar þessa kreddukenndu afstöðu sem mér fannst hann hafa til hlutverks háskóla og sjálfstæðis háskóla.

[14:24]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og þeim þingmönnum sem hér lögðu orð í belg.

Ég hvet hæstv. ráðherra til að koma í síðara svari sínu nánar inn á á afstöðu hæstv. ráðherra til fjöldatakmarkana. Ég er þar að leita eftir skoðunum ráðherra.

Að sjálfsögðu virði ég eins og hæstv. ráðherra og aðrir sjálfstæði háskólans. En það er ekki þar með sagt, eins og hv. þm. Ásta Möller vék hér að, að Alþingi eða stjórnmálamenn firri sig skoðun eða ábyrgð á þeim skóla eða hlutverki þeirrar stofnunar fyrir okkar þjóðfélag, samanber það dæmi sem hér var ágætlega nefnt um skort á hjúkrunarfræðingum og læknum í heilbrigðiskerfinu. Við hljótum að þurfa að taka afstöðu til þess. Þingið ber nokkra ábyrgð á því.

Ég vil taka fram að umræddar deildir, með þessar fjöldatakmarkanir, skila að sjálfsögðu úrvalsfólki inn á markaðinn og til starfa í dag. Með afnámi fjöldatakmarkana er ég ekki að tala um að lagt verði til að slegið verði af námskröfum heldur einungis að sömu kröfur verði gerðar og þekkjast í öðrum deildum. Málið snýst um að þeir sem ná lágmarksfærni standist próf eins og þekkist meðal verkfræðinema. Þar eru engar fjöldatakmarkanir en deildin skilar eigi að síður úrvalsfólki til starfa í atvinnulífinu. Þar ríkir reyndar samkeppni og nýtur bæði greinin sjálf og atvinnulífið góðs af þeirri samkeppni sem ríkir innan stéttarinnar. Því skyldi það ekki einnig gilda um áðurnefndar námsgreinar?

Ég spyr hvort það standist jafnræðisreglu að mismuna nemendum háskólans með þessum hætti. Er þetta manneskjulegt eða yfir höfuð réttlætanlegt með nokkrum hætti? Ég tel tímabært að fella niður fjöldatakmarkanir í háskólanum.

[14:26]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Mér finnst að hv. fyrirspyrjandi og raunar fleiri þingmenn hafi ekki svarað spurningunni sem ég varpaði hér fram, um tengslin á milli þess að háskólinn nýtur sjálfstæðis og að í lögum, sem flestir þingmanna sem hér sitja eru ábyrgir fyrir, eru heimildarákvæði um að taka upp takmarkanir. Þær takmarkanir eru að sjálfsögðu afleiðingar af þeirri forgangsröðun sem háskólinn hefur mótað í stefnumótun sinni.

Það er spurning hvort hafa eigi slíka heimild í lögunum eða ekki. Síðan er það háskólans að ákveða hvort hann notar þessa heimild eða ekki. Þessu þurfa menn að svara. Ef menn ætla sér að afnema þetta heimildarákvæði, mér skilst að menn séu að tala um að afnema heimildarákvæðið, þá þurfa að vera einhver sterk rök fyrir því. Þetta hefur óneitanlega áhrif á sjálfstæði háskólans.

Hér hefur verið ýjað að því að ákveðnar stéttir noti þessi heimildarákvæði til að takmarka aðgengi að stéttinni. Ég get

ekki tekið undir það. Ef það er verið að ýja að því að heimildin sé með þessum hætti misnotuð þá vil ég ekki taka undir það. *Mér finnst að þeir sem spyrjast fyrir um þetta verði* að gera upp við sig hvaða tengsl eru hér milli sjálfstæðis háskólans og þess hvernig er farið með heimildir af þessu tagi. Hér er ekki um að ræða neina skyldu heldur heimildarákvæði sem skólinn ber fulla ábyrgð á hvernig farið er með.

Fjarnám í fámennum byggðum.

Fsp. HjÁ, 274. mál. — Þskj. 292.

[14:28]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Þó að mig og hæstv. menntmrh. kunni að greina á um málið sem var hér síðast á dagskrá hygg ég að við *séum mjög sammála um að menntun sé undirstaða allra* framfara. Hinar ótrúlegu framfarir og sú hagsæld sem orðið hafa hér á síðustu 100 árum grundvallast á þeirri staðreynd að þjóðin fjárfesti í menntun. Hærra menntastig þjóðarinnar hefur þannig skilað aukinni hagsæld og traustum efnahag. Um það ríkir almennt sátt meðal þjóðarinnar að mismuna þegnum sínum ekki hvað varðar aðgengi að menntun. Í því skyni höfum við m.a. komið okkur upp einstöku kerfi, öflugum skólum, Lánasjóði ísl. námsmanna, dreifbýlisstyrkjum námsfólks í framhaldsskólum og þannig má áfram telja.

Á síðustu árum hefur fjarnám orðið æ algengara í menntun. Segja má að tilkoma þess hafi valdið byltingu í námsmöguleikum margra, ekki síst fólks í dreifbýli, sjómönnum og öðrum hópum. Að mörgu leyti fór Verkmenntaskólinn á Akureyri í fararbroddi við að innleiða fjarnám hérlendis, a.m.k. á framhaldsskólastigi. Háskólinn á Akureyri fylgdi því síðan eftir á háskólastiginu. Aðrir skólar hafa svo blessunarlega komið í kjölfarið með þeim afleiðingum að hundruð ef ekki þúsundir einstaklinga stunda nú margbreytilegt nám sem þeir ella hefðu ekki átt kost á að stunda vegna búsetu eða starfa.

Nú hefur hins vegar komið í ljós annmarki á þessari skipan sem e.t.v. er eðlilegur því að þróunin hefur verið nokkuð hröð. Fjarnámsfyrirkomulagið er frábært svo langt sem það nær. Vandinn er hins vegar sá að í mörgum tilvikum þurfa nemendur að safnast á tilteknum stöðum á tilteknum tíma þar sem fjarfundabúnaður er fyrir hendi. Þetta er í rauninni *hið besta mál. Hins vegar hefur komið í ljós að íbúar hinna* dreifðustu byggða eiga ekki sömu möguleika og aðrir. Þeir þurfa að ferðast um langan veg sem dregur úr möguleikum þeirra til að sækja markvisst fjarnám. Segja má að þannig sé að þróast mismunun milli íbúa landsins hvað búsetu varðar. Ég tel brýnt, út frá grundvallarhugsun um jafnan aðgang þegnanna að námi, að úr þessu verði bætt. Því spyr ég hæstv. menntmrh. hvaða möguleika hann sjái til að bæta aðgengi íbúa dreifðustu byggða að fjarnámi.

[14:31]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Menntmrn. *beitir sér nú fyrir ýmsum* verkefnum sem styðja við fjarnám í fámennum byggðum. Ráðuneytið hefur staðið fyrir útboði á háhraðaneti fyrir framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar, svokallað FS-net, en FS-net mun tengja saman framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar á 40 stöðum á landinu. FS-netið mun gjörbreyta aðstöðu íbúa fámennra staða til að stunda fjarnám þar sem fyrir hendi verður háhraðatenging og þar með greiður aðgangur að *fjarkennslu með fjarfundum og internetinu.* FS-netið mun ná til yfir 30 fámennra byggðarlaga þar sem eru útibú símenntunarstöðva og fjarfundabúnaður. Stefnt er að því að netið verði tekið í notkun um næstu áramót.

Á framhaldsskólastigi fer framboð á fjarnámi ört vaxandi. Menntmrn. hefur unnið að því í samvinnu við framhaldsskóla að skapa skipulagslegar og tæknilegar forsendur fyrir fjarnámi. Sem dæmi má nefna að fjarnemum við Fjölbrautaskólann við Ármúla hefur á örskömmum tíma fjölgað svo að nú stunda yfir 1.000 nemendur fjarnám við skólann. Fjölbrautaskólinn við Ármúla tók þátt í fjögurra ára verkefni með ráðuneytinu sem þróunarskóli í *upplýsingatækni.* Alls bjóða nú 17 framhaldsskólar fjarnám og verður unnið að framþróun þess.

Í Grundarfirði hafa nemendur stundað framhaldsskólanám með fjarfundasniði en jafnframt fengið stuðning í heimabyggð. Menntmrn. hefur stutt þessa tilraun sem nú hefur fest sig í sessi og er að kanna möguleika á útfærslu þessa fyrirkomulags til annarra fámennra byggða.

Unnið hefur verið að því að auka framboð á fjarkennslu á öllum skólastigum. Á grunnskólastigi er menntmrn. að vinna með sveitarfélögum í Vesturbyggð og á Tálknafirði, eins og hér hefur komið fram, að uppbyggingu fjarkennslu milli fámennra skóla. Þar verður fjarfundabúnaður og önnur upplýsingatækni nýtt til þess að miðla kennslu milli skóla þannig að kennarar geti unnið við fleiri en einn skóla í senn. Ætlunin er að miðla reynslu af þessu tilraunaverkefni til *fleiri sveitarfélaga og stuðla þannig að aukinni fjarkennslu í* grunnskólum.

Á háskólastigi hafa flestir skólar boðið fjarnám sem nýtist vel fámennum byggðum. Menntmrh. hefur skipað vinnuhóp um háskólanámssetur á Austurlandi en þar er lögð áhersla á þjónustu við fámennar byggðir vegna háskólanáms. Verið er að skoða útfærslu slíks fyrirkomulags fyrir fleiri byggðarlög.

Menntmrn. vinnur nú að undirbúningi netháskóla eða eins og hann heitir á ensku „Virtual University", en gert er ráð fyrir því að allir háskólar á landinu taki þátt í þessu samstarfi um netháskóla. Með netháskóla er áhersla lögð á að auka námsframboð og koma *til móts við auknar kröfur* um símenntun á háskólastigi. Síðast en ekki síst er nethá-skólum ætlað að styðja við nemendur í dreifbýli og styðja við sveðisbundna þróun.

Það er rétt að það komi fram hér í lokin að stærsti farvegur fyrir dreifmenntun á framhaldsskólastigi hefur raunar verið netið og þar er nánast um eins konar einstaklingsbundna þjónustu að ræða í gegnum netið sem hefur reynst mjög vel. Fjarfundabúnaður hefur meira verið notaður á háskólastigi þar sem fyrirlestrum er í raun varpað í gegnum samskiptakerfið og þá þarfnast það allmikillar burðargetu. Það er ekki svo að með þessari tækni geti menn nálgast einstaklinga þar sem þeir eiga heima. Svo langt hefur tæknin ekki komist enn þá. Hitt er svo annað mál að sú aðstaða með háhraðaneti sem nú er verið að koma upp og samið er nú um mun stórbæta aðstöðu nemenda í hinum dreifðu byggðum til þess einmitt að *tengjast menntastöðvunum, símenntunarmiðstöðvunum,* framhaldsskólunum og háskólunum, og það mun að mínu mati valda straumhvörfum í þessari uppbyggingu.

[14:35]

Ásta Möller:

Herra forseti. Eins og kom fram í máli hæstv. menntmrh. hefur mikið verið lagt í að byggja upp fjarnám hér á landi á undanförnum árum. Þótt fyrirspurnin snúist fyrst og fremst um fjarnám í framhaldsskóla og á æðra menntastigi þá langar mig aðeins að nefna eitt dæmi um grunnskóla. Það vakti nefnilega athygli mína í ferð fjárln. í vor þegar við vorum í Grímsey að í ljós kom að börn í efri bekkjum grunnskólans, 8.–10. bekk í Grímsey, þurfa að fara í land til þess að ljúka grunnskólanámi. Þau ljúka sínu námi á Dalvík. Um er að ræða á milli sex og tíu börn í þessum bekkjum sem þurfa á viðkvæmu skeiði í sínum þroska að flytja frá fjölskyldum sínum og ljúka námi sínu í landi.

Ég tel ljóst að nám, t.d. með fjarkennslusniði sem yrði tengt grunnskóla í landi, mundi gagnast þessum börnum og þá með stuðningi kennara í Grímsey. Ég tel að virkilega þurfi að skoða þennan þátt í námi barnanna.

[14:37]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir að vekja máls á þessu og þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin.

Hér er um að ræða mjög stórt og brýnt mál sem snertir í raun þjóðina alla. Tækninni fleygir fram og það er einn allra jákvæðasti þáttur sem hugsast getur við símenntun þjóðarinnar að nýta þessa tækni. Þess vegna er nauðsynlegt að vekja athygli á því að allir landsmenn þurfa að hafa möguleika að stunda slíkt nám.

Oft er okkur fulltrúum í fjárln. legið á hálsi fyrir að vera með tilviljunarkenndar fjárveitingar eins og stundum er sagt. En það er einmitt í gegnum fjárlögin sem við höfum stutt við fjarnám. Þetta skiptir heilmiklu máli fyrir byggðarlög landsins. Fjárln. hefur í gegnum árin tekið upp á sitt eindæmi, get ég sagt, þó í góðu samráði við ráðherra og ríkisstjórn, að styrkja þessa möguleika. Hér er um afar brýnt mál að ræða fyrir landið allt.

[14:38]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Fjarkennsla og fjarnám hafa opnað alveg nýjar víddir, opnað nýja möguleika og rutt burtu landamærum bæði milli þjóða og byggða. Ég vil byrja á að leiðrétta það sem kom fram hér áðan, en frumkvöðull í þessu á háskólastigi hér á landi er Kennaraháskóli Íslands sem var kominn vel á veg með fjarkennslu um það leyti sem Háskólinn á Akureyri var stofnaður, án þess að ég ætli að rýra það ágæta starf sem skólarnir þar hafa unnið og er mikils virði.

Hérna var rætt um fjarkennslu á grunnskólastigi. Þess má geta að í Hólmavíkurskóla og Broddanesskóla fór fram merkilegt tilraunastarf fyrir nokkrum árum þar sem þó nokkur reynsla fékkst af þessu og ljóst er að hægt er að nota fjarkennslu með öðru efni á grunnskólastigi þó að hún nýtist e.t.v. enn þá betur á háskólastigi og framhaldsskólastigi eins og reynslan hefur svo sannarlega sýnt. En það er mjög ánægjulegt að þetta mál skuli vera komið á dagskrá.

[14:39]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt að miklir möguleikar opnast með fjarnámi í að efla allt nám og símenntun, allt frá grunnskólanámi, framhaldsskólanámi og upp í háskólanám, og í því hefur verið unnið heilmikið átak.

En það er ekki nóg, herra forseti, að hafa þetta sem gott markmið og góða stefnu ef fjarskiptatæknin og flutningsgetan stendur ekki undir þeim væntingum sem þarf til þess að af verði. Vandinn er sá að bæði vantar gagnalínur vítt og breitt um landið og verð á gagnaflutningum og símkostnaður fer snarhækkandi og gerir þetta starf örðugra.

Ég vil því spyrja hæstv. menntmrh.: Hvernig hyggst hann framfylgja þessum ágætu markmiðum sínum gagnvart fjarskiptatækninni og gagnvart gagnaflutningunum í landinu, því þar er hinn raunverulegi akkillesarhæll?

[14:40]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál á dagskrá sem vissulega er mjög mikilvægt.

Erindi mitt hingað er einungis það að vekja athygli á því að dreifikerfið sem við búum við og flutningsgetan er slík að ekkert þýðir fyrir okkur að tala um jafnan rétt. Það eru svo margir í dreifbýli landsins sem hafa enga möguleika og engan aðgang að því að stunda nám t.d. í gegnum tölvu. Það er fyrst og fremst vegna þess að dreifikerfið er ekki í lagi og á meðan svo er þá hafa auðvitað ekki allir þegnar landsins jafnan rétt eins og hv. fyrirspyrjandi lagði svo mikla áherslu á.

[14:41]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. svörin og eins þeim hv. þm. sem hér lögðu orð í belg.

Ég tek undir það að margt mjög jákvætt og gott hefur verið gert af hálfu menntmrn. á sviði fjarkennslu á síðustu árum og missirum. Ég held að líka sé rétt að ítreka það að fjarfundabúnaður, þessi hefðbundni fjarfundabúnaður, hefur þá annmarka að fólk er bundið af stað og tíma. Ég hygg að það sé einungis millistig. Fjarnám í sinni bestu mynd hlýtur að felast í því að nemandinn geti stundað nám sitt á þeim tíma sem honum hentar og á þeim stað sem honum hentar, óbundinn af stað eða tíma.

Nokkrir skólar eru þegar byrjaðir, einkum á háskólastigi eins og hv. ráðherrann nefndi, að vista fyrirlestra og kennslugögn á netinu og bjóða nemendum sínum þannig að stunda námið af netinu án fjarfundabúnaðar, án þess að þurfa að sækja eitthvert skólahús, að geta stundað námið í tölvu heima á hvaða tíma sem er og geta verið í góðu sambandi við aðra nemendur í gegnum tölvu. Þetta hlýtur auðvitað að vera framtíðarmyndin. En þar til sá háttur kemst á er mikilvægt að grípa til aðgerða er jafna áðurgreindan mun landsmanna gagnvart aðgengi að fjarnámi. Grundvöllur þess er vitaskuld dreifikerfið eins og hér hefur verið nefnt. Ég þykist vita að hæstv. menntmrh. muni beita sér fyrir því að ýta á þá þróun sem hér hefur verið nefnd um að byggja upp dreifikerfið.

Við hljótum auðvitað að gera þá kröfu að dreifikerfið nái til allra landsmanna. Mér er kunnugt um einstaklinga víða í uppsveitum sem leggja stund á háskólanám, en geta það trauðla vegna þess að þeir ná ekki námsgögnunum.

Það minnir okkur á áform Landssímans um að koma hér upp bærilegu kerfi til allra landsmanna fyrir árslok 2002. Á því þarf að herða. Það hvarflar auðvitað að manni hvort ekki sé réttlætanlegt að verja hluta af söluhagnaði ríkissjóðs vegna sölu á bönkunum til þess að ljúka uppbyggingu þessa dreifikerfis sem væri líklega ein öflugasta byggðaaðgerð sem hægt væri að grípa til.

[14:43]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Það er nauðsynlegt vegna þess sem hér hefur verið sagt að taka fram að menntmrh. fer ekki með dreifikerfið. Það er á borði annars ráðherra þannig að það er eðlilegt að þessi umræða fari fram í því ljósi að menn reki það til menntmrh. sem er á hans borði og hans ábyrgð. (Gripið fram í.)

Þess vegna er mikilvægt að það komi fram hér, ekki síst vegna þess sem hv. þm. Jón Bjarnason sagði — hann er ekki lengur í salnum sýnist mér — að til þess að koma til móts við þann aðstöðumun sem er vegna verðlagningar og dreifikerfisins þá hefur ráðuneytið beitt sér fyrir útboði á háhraðaneti, eins og hér kom skýrt fram áðan, til þess að allar símenntunarmiðstöðvarnar, allir framhaldsskólarnir og allar útstöðvar símenntunarmiðstöðvanna búi við sömu aðstæður. Það er þetta sem ég kalla að sé byltingarkennd breyting og miðar hún að því að allir sitji við sama borð.

Það er einnig gott að það komi fram hér að fjarnám á netinu er ekki undantekning eins og mér fannst að gæti skilist hér heldur er það reglan, t.d. um dreifingu náms á framhaldsskólastigi. Svo ég taki dæmi þá miðlar Verkmenntaskólinn á Akureyri námsefni sínu að langmestu leyti, ef ekki algjörlega, í gegnum netið. Þess vegna hafa nemendur aðgang að því námsefni þegar þeir kjósa það. Það er mjög mikilsvert að menn átti sig á því að grunnurinn að fjarnáminu er einmitt netið þegar um framhaldsskólana er að ræða.

Ég vil þess vegna taka það skýrt fram að ég sem menntmrh. styð mjög eindregið uppbyggingu dreifikerfisins. Það mál er ekki á mínu borði. En ég hef gert það sem ég hef getað til þess að tryggja að allar útstöðvar og símenntunarmiðstöðvar og framhaldsskólar búi við sömu aðstæður hvar sem þeir eru á landinu.

Aðbúnaður og öryggi á sjúkrahúsum.

Fsp. JóhS, 82. mál. — Þskj. 82.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um aðbúnað og öryggi á sjúkrahúsum, en í langan tíma hafa staðið yfir deilur milli stjórnvalda og Félags ungra lækna varðandi hvíldartíma lækna. Í þessu sambandi halda forsvarsmenn Félags ungra lækna því fram með réttu að allar reglur um hvíldardaga og frídagatöku á sjúkrahúsum séu brotnar og er því um það að ræða að vinnuverndarlöggjöfin er þverbrotin. Lagabreyting sem ríkisvaldið ætlaði að keyra í gegn á síðasta þingi mætti mikilli andstöðu og náði ekki fram að ganga og reyndar er hún einnig í andstöðu við EES og Evrópusambandsreglugerðir en hún fól í sér að ákvæði vinnuverndarlaga um hvíldartíma næðu ekki til lækna í starfsnámi.

Tilraunir til að leysa málið síðan hafa verið í tómu klúðri og starfshópur sem heilbrrh. skipaði í júlí og átti að skilgreina hverjir væru læknar í sérnámi og ljúka störfum í septembermánuði sl. hafði ekki komið saman á þeim tímapunkti sem hann átti að ljúka störfum. Ekki liggur því enn fyrir skilgreining á því hverjir eru læknar í sérnámi en eftir því hefur verið beðið allt frá árinu 1997.

Því er staðan nú sú að allir læknar sem ekki hafa lokið sérfræðinámi eru flokkaðir sem læknar í starfsnámi og njóta þeir ekki sömu hvíldarréttinda og aðrir læknar vegna þeirra ákvæða sem sett voru í kjarasamninga og sem brjóta gegn lögum og reglum EES. Forsvarsmenn ungra lækna hafa reyndar haldið því fram að dæmi séu um að læknar á sextugs- og sjötugsaldri teljist til unglækna og falli undir undanþágu laganna um eðlilegan rétt til hvíldartíma í starfi. Enn tíðkast að ungir læknar standi sólarhringsvaktir á sjúkrahúsum og dæmi eru um að allt að þrjá sólarhringa samfellt á bundinni vakt á sjúkrahúsum sem hafa lækna í starfsnámi.

Þetta er ekki forsvaranlegt, herra forseti, og vítavert bæði út frá öryggi sjúklinga á sjúkrahúsum og rétti lækna í starfsnámi til hvíldar samkvæmt þeim sömu ákvæðum sem gilda á vinnumarkaði, og í því sambandi er rétt að vísa til bréfs frá yfirlækni Vinnueftirlitsins og landlækni, sem þeir sendu sameiginlega til heilbrrh. í sumar, en þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Líkur á mistökum aukast og þekkt eru ýmis dæmi um mistök lækna sem rekja má að öllu eða að hluta til óhóflegs vinnutíma.“

Og síðar segir:

„Vinnueftirlitið og landlæknisembættið telja það því brýnt af vinnuverndarástæðum og vegna öryggishagsmuna almennings að hvíldartímaákvæði sem almennt gilda á vinnumarkaði nái einnig til unglækna og lækna í framhaldsnámi.“

Því hef ég leyft mér að beina fyrirspurn til ráðherra um hver afstaða hans sé til þess að allar reglur um hvíldardaga og frídagatöku á sjúkrahúsum séu brotnar.

Telur ráðherra eðlilegt að læknar í starfsnámi séu undanþegnir ákvæðum um lágmarkshvíld?

Telur ráðherra að hætta sé á mistökum og slysum vegna álags á unga lækna sem ekki fá tilskilinn hvíldartíma og að öryggi sjúklinga sé með því stefnt í hættu?

Einnig spyr ég:

Hver er afstaða ráðherra og hvernig ætlar hann að bregðast við þeim aðgerðum sem boðaðar hafa verið um að gripið verði til opinberra rannsókna á lögbrotum sjúkrahúsanna á grundvelli 99. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eins og lögmaður Félags ungra lækna hefur ítrekað bent á að væri í undirbúningi?

[14:49]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, hefur beint til mín fyrirspurn um aðbúnað og öryggi á sjúkrahúsum. Beinist fyrirspurnin einkum að vinnutíma og hvíldartíma unglækna.

Ég vil í upphafi, herra forseti, taka fram að það er afdráttarlaus skoðun mín að stjórnendum sjúkrahúsa beri að virða lög um vinnutíma, aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum, óháð því hvaða starfsstétt á í hlut. Vel er kunnugt að vinnutími margra heilbrigðisstétta var mjög langur, vaktir tíðar og álag tímabundið mjög mikið. Þetta hefur leitt til þess að á mörgum sjúkrahúsum hefur skipulagi vinnutíma, vakta og hvíldartíma verið breytt á undanförnum árum til þess að draga úr löngu og ströngu vinnuálagi. Þessar breytingar hafa verið gerðar í samráði og samkomulagi við viðkomandi stéttir í fullri trú á að þær hafi rúmast innan ákvæða laga.

Ákvæði laga um lágmarkshvíld hljóta að gilda jafnt á sjúkrahúsum sem annars staðar, jafnt fyrir unga lækna og aðra lækna og jafnt fyrir lækna sem aðrar stéttir. Ákvæði tilskipana Evrópusambandsins um hvíldartíma munu taka

gildi hér að fullu eftir tæp tvö ár en þau hafa að hluta undanþegið nokkrar starfsstéttir, m.a. lækna í starfsnámi. Skerpa tilskipanirnar á ákvæðum þeim sem gilt hafa um hvíldartíma. Tel ég að sjúkrahús eigi að hafa nægan tíma til að aðlaga sig að þessum breyttu ákvæðum.

Herra forseti. Hv. þm. nefndi einnig í fyrirspurn sinni að í undirbúningi væru aðgerðir sem boðaðar hafa verið og felast í því að gripið verði til opinberra rannsókna á lögbrotum sjúkrahúsa á grundvelli laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Tel ég í ljósi þessa undirbúnings um málsókn og rannsókn ekki rétt að ég tjái mig nánar um það mál að svo stöddu. Ég tel þó rétt að geta þess að í júlí sl. fundaði ég með stjórnendum Landspítala vegna krafna unglækna um breytt vinnu- og vaktafyrirkomulag. Í framhaldi af þeim fundi beindi ég þeim tilmælum bréflega til stjórnenda spítalans að kanna í samvinnu við unglækna leiðir til að breyta vinnu- og vaktafyrirkomulagi unglækna til að ná fram fjölskylduvænni starfsmannastefnu í anda sjónarmiða sem landlæknir og yfirlæknir Vinnueftirlits ríkisins höfðu bent á og kom fram í máli fyrirspyrjanda. Að þessu hefur verið unnið og ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að að því sé unnið af fullum heilindum.

Ég vil að endingu, herra forseti, geta þess að ég tel mikið álag á allar stéttir, lækna jafnt sem aðra, á spítölum og það skapi aukna áhættu jafnt fyrir starfsmenn sem þiggjendur þjónustunnar, og að tilskilinn hvíldartíma beri að virða.

[14:52]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin. Af þeim má ráða að hæstv. ráðherra telji, og það er hans eindregna skoðun, að það eigi að virða hvíldartímaákvæði vinnuverndarlaganna jafnt fyrir lækna, unga lækna í starfsnámi sem aðra, og því ber auðvitað að fagna. En það sem mér fannst nokkuð vanta á hans mál var hvað hæstv. ráðherra ætlar að gera til þess að þeim ákvæðum verði þá framfylgt, þ.e. hvíldartímaákvæðum vinnuverndarlaganna.

Ég nefndi í máli mínu að það er enn svo að ungir læknar standa vaktir sólarhringum saman og eftir því sem ég hef spurnir af hefur því ekki verið breytt þannig að mér finnst hæstv. ráðherra þurfa að tala aðeins skýrar í þessu máli, hvað hann ætlar að gera til að beina því þá til sjúkrahúsanna að þau virði hvíldartímaákvæðin sem ekki virðist vera gert núna.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort sú nefnd sem sett var á laggirnar til að skilgreina hverjir væru læknar í starfsnámi hafi lokið störfum og hver er niðurstaða þeirrar nefndar. Ég vil nefna í þessu sambandi að skilgreining á því skiptir verulegu máli út af EES-tilskipuninni, og t.d. í Noregi og Svíþjóð þá er það eindregið með þeim hætti að ekki er beitt undanþáguákvæðum og skilgreining þar er þannig að allir læknar í starfsnámi njóta sama hvíldartímaréttar og aðrir. Og er það það sem ráðherrann er að fara hér, að þetta verði — alveg burt séð frá þessari EES-reglugerð — með þeim hætti að það verði alveg sami hvíldartímaréttur hjá ungum læknum eins og öðrum?

Lokaspurning mín er hvernig hann ætlar að fylgja þeirri skoðun sinni fram að ungir læknar njóti sömu hvíldartímaréttinda og aðrir og vonast ég til að ráðherrann ráðherrann tali eilítið skýrar um það.

[14:55]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi vill fá skýrari orð um það hvað gera þurfi til þess að herða á ákvæðum um að virða hvíldartímaákvæðin. Það kom fram í svari mínu að ég hef beint skriflega til forsvarsmanna spítalanna þeim tilmælum að vaktir séu skipulagðar með það fyrir augum að þessi ákvæði séu virt og ég mun að sjálfsögðu fylgjast með því hvernig það starf gengur. Það tekur vafalaust tíma að breyta um vinnufyrirkomulag á spítölunum, það er nú nær eingöngu Landspítalinn – háskólasjúkrahús sem þarna á hlut að máli, þyngslin í þessu eru langmest þar. En eins og ég sagði er verið að vinna að þessu máli.

Í öðru lagi, nefndin sem skipuð var til að skilgreina hverjir væru læknar í starfsnámi. Sú nefnd hefur unnið vel að undanförnu og er u.þ.b. að ljúka störfum og ég hef trú á því að það verði innan tíðar, án þess að ég hafi endanlega dagsetningu í því, en það starf hefur verið unnið snarplega að undanförnu.

Ég endurtek það sem ég sagði og ég taldi mig hafa talað skýrt í því að ég tel að vinnuverndarákvæði eigi að virða í starfsemi spítalanna. Ég hef í rauninni engu við það að bæta. Það er mín eindregna skoðun að gildandi vinnuverndarákvæði eigi að gilda yfir heilbrigðisstarfsfólk, það sé ekki eðlilegt að það sé undanþegið þeim ákvæðum og ekki eðlilegt út frá öryggis- og heilbrigðissjónarmiði.

Gjaldskrá tannlæknaþjónustu.

Fsp. MF, 124. mál. — Þskj. 124.

[14:57]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir nokkru lagði ég fram fyrirspurn til hæstv. heilbr.- og trmrh. um gjaldskrá tannlæknaþjónustu, hvort gengið hefði verið frá samningum milli Tryggingastofnunar og tannlækna um gjaldskrá fyrir endurgreiðslu á tannlæknaþjónustu. Ef svo væri, hvað fælist í þeim samningi, ef ekki, hvenær mætti vænta breytinga á gildandi gjaldskrá Tryggingastofnunar fyrir tannlæknaþjónustu.

Staðan var sú þegar ég lagði fram þá fyrirspurn að ekki höfðu verið í gildi samningar milli Tannlæknafélags Íslands og Tryggingastofnunar í fjögur ár eða síðan 1998 hvað varðaði kostnaðarþátttöku ríkisins í tannlæknakostnaði barna, unglinga og lífeyrisþega. Í lok janúar 1999, fyrir þremur árum, gaf Tryggingastofnun út einhliða gjaldskrá sem lögð var til grundvallar útreikningi á endurgreiðslum til sjúklinga vegna þjónustu tannlækna. Verðlagning tannlækna er frjáls þannig að í þeim tilvikum sem gjaldskrá tannlæknis var hærri en sú gjaldskrá sem Tryggingastofnun hafði ákveðið greiddu sjúklingar mismuninn. Þetta fyrirkomulag leiddi til þess að kostnaður sjúklinga var mun hærri en hann hefði verið ef allt hefði verið með eðlilegum hætti og samningar lægju fyrir á milli tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef hafði þetta ástand í för með sér að verulega dró úr nauðsynlegum komum til tannlækna og oft og tíðum var það dregið svo lengi að í óefni var komið og var þá sama hvort um var að ræða börn, ungmenni eða lífeyrisþega. Í fjögur ár hefur það ástand ríkt að ekki var gengið frá samningum við tannlækna og má ætla að á þeim tíma sem ríkisvaldið hefur trassað að

ganga frá þessum samningum hafi kostnaður upp á hundruð milljóna króna lagst á fjölskyldur, barnafjölskyldur og ellilífeyrisþega, sem ríkið hefði með réttu átt að bera.

Nú hefur verið gengið frá samningi milli Tryggingastofnunar og Tannlæknafélags Íslands sem hækkar endurgreiðsluhlutfallið um allt að 22% frá næstu áramótum. Endurgreiðslan hækkar þó misjafnlega mikið eftir gjaldskrárliðum. Ég hef ekki séð útreikninga á því hver verður þá hlutur sjúklings ef tekið er mið af meðaltalsgjaldskrá tannlækna en án efa mun ráðherra fara yfir það hér á eftir þegar hann svarar fyrirspurn minni hvað þessir samningar fela í sér.

[15:00]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Eins og fram kom var fimmtudaginn 6. nóv. sl. undirritaður samskiptasamningur milli samninganefnda heilbr.- og trmrn., fyrir hönd Tryggingastofnunar ríkisins, og Tannlæknafélags Íslands. Þá hafði ekki verið samningur í gildi milli þessara aðila í rúm fjögur ár. Það var *því í raun mikill áfangi fyrir alla hlutaðeigandi, heilbrigðisyfirvöld*, tannlækna og síðast en ekki síst fyrir sjúklinga, að samningar tókust aftur milli þessara aðila.

Fylgiskjöl með samningi þessum eru ný gjaldskrá ráðherra sem kveður á um upphæðir endurgreiðslna til sjúklinga fyrir hvert tiltekið viðvik tannlæknis og svo skýringar með gjaldskránni, sem kveða á um túlkun á einstökum gjaldliðum og beitingu þeirra af hálfu tannlækna.

Í samningnum er staðfest að verðlagning tannlækna er frjáls. Hver tannlæknir er í samkeppnisumhverfi og verðleggur sína þjónustu eftir eigin höfði. Það er því mjög nauðsynlegt fyrir sjúklinga að átta sig á því að þjónusta tannlækna getur þess vegna verið mismunandi, sumir dýrir og aðrir ódýrari.

Endurgreiðsla Tryggingastofnunar er hins vegar ætíð hin sama á sömu læknisverkum. Sjúklingar ættu því að kynna sér hvaða kostnaður geti legið fyrir, áður en þeir láta gera við tennur sínar, og gera það hjá *fleiri tannlæknum en einum*, því eins og fyrr segir getur sama þjónusta verið á mismunandi verði hjá mismunandi tannlæknum.

Skv. 5. gr. samningsins er enda gert ráð fyrir því að það tilheyri skyldum tannlæknis að veita sjúklingi upplýsingar um kostnað meðferðar í heild svo og að sjúklingi sé gerð grein fyrir eigin kostnaðarþætti áður en meðferð fer fram, þ.e. þeim hlut kostnaðarins sem fellur í hlut sjúklings og Tryggingastofnun greiðir ekki.

Gert er ráð fyrir því í 9. gr. samningsins að í móttöku eða á biðstofu tannlæknis skuli liggja frammi útdráttur með helstu atriðum úr gjaldskrá hans ásamt gjaldskrá heilbrigðisráðherra almenningi til kynningar. Þannig er komið til móts við sjúklinga til að þeir geti kynnt sér á eigin spýtur hver kostnaður sé við hvern gjaldlið þótt fagþekking tannlæknis þurfi að koma til til að áætla heildarkostnað.

Tannlæknar hafa í hendi sér að velja hvort þeir krefja sjúkling *að fullu um greiðslu fyrir unnin verk* eða hvort þeir innheimta aðeins sjúklingahlutann hjá sjúklingi og sækja endurgreiðsluna til Tryggingastofnunar. Ef sjúklingar eru krafðir um fulla greiðslu hjá tannlækni þá sækja þeir að sjálfsögðu til Tryggingastofnunar endurgreiðsluhlut sinn í kostnaðinum.

Samstarfssamningurinn er að því leyti tímamótasamningur að hann kemur aftur á eðlilegum samskiptum heilbrigðisyfirvalda og fagfélags tannlækna, Tannlæknafélags Íslands, sem felast m.a. annars í því að öll álita- og ágreiningsmál eru lögð fyrir samstarfsnefnd aðila og geta báðir aðilar, þ.e. Tryggingastofnun og einstakir tannlæknar og enn fremur allir sjúklingar, skotið álitamálum til samstarfsnefndar og fengið úrlausn mála sinna. Sjúklingar hafa svo á hverjum tíma möguleika á að fá frekari niðurstöðu í málum sínum og snúa sér til úskurðarnefndar almannatrygginga ef þeim sýnist svo.

Herra forseti. Ég fagna því að aftur sé komið á eðlilegum samskiptum við þennan mikilvæga þátt þjónustunnar og vona að það verði bæði sjúklingum til góða og framfaraspor í heilbrigðismálum okkar Íslendinga.

Eins og fram hefur komið tekur samskiptasamningur Tryggingastofnunar ríkisins og Tannlæknafélags Íslands gildi 1. des. nk. Gjaldskrá ráðherra, sem segir til um endurgreiðslur til sjúklinga og hækkar flesta endurgreiðslugjaldliði um allt að 22%, tekur hins vegar ekki gildi fyrr en 1. janúar 2003.

[15:04]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég var fyrir stuttu á fundi Samtaka eldri borgara í Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi og Kópavogi og þetta eru einhverjir fjölmennustu fundir sem þingmenn lenda á. Þetta er meðvitaður hópur um réttindamál sín og knýr okkur þingmenn svara um hvert flokkar okkar stefna. Að þessu sinni var tannlæknamálið tekið upp meðal annarra mála og einmitt bent á hvað þetta hafi verið skelfilegur tími meðan ekki hafði samist af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins. Nefnd voru dæmi um viðgerðir sem fram að þessu hefðu kostað 4.200 kr. og hafa hækkað á tímabilinu í 6.000 hjá venjulegum tannlækni, en nú eigi að endurgreiða 22%.

Virðulegi forseti. Þetta er ekki nógu gott. Það er verið að draga úr stuðningi við eldri borgara. Og, herra forseti, ráðherra nefndi ekki einu orði afturvirkni en fjögur ár hafa liðið án þess að þessi endurgreiðsla hafi verið í gildi.

[15:05]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Gjaldskrá tannlækna á hinum opna markaði er frjáls. En gjaldskrá tannlækna gagnvart Tryggingastofnun ríkisins er bundin og því ber að fagna að náðst hafi samningar á milli Tryggingastofnunar og tannlækna og heilbrrn. þannig að betra lag komist á endurgreiðslur til sjúklinga.

Herra forseti. Því miður tel ég að bæta þurfi enn um betur. Það er engin afturvirkni í þessum samningi og eldri borgarar munu ekki fá endurgreitt, ef ég hef tekið rétt eftir.

Það er mjög mikilvægt að nýsamþykkt gjaldskrá TR og tannlækna fylgi verðlagshækkunum. Það gerði sú fyrri ekki sem nú er fallin úr gildi, en umtalsverðar fjárhæðir hafa fallið á fjölskyldur vegna þessa.

[15:06]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er vissulega fagnaðarefni að nú *loks hafa þessir samningar náðst. Það er fagnaðarefni fyrir* ríkið, fyrir tannlækna, en ekki síst fyrir sjúklinga eins og hæstv. ráðherra sagði.

Hins vegar hef ég ekki séð neina útreikninga á því hvert hlutfallið er á milli þeirrar hækkunar sem hefur orðið á gjaldskrá tannlækna á þeim fjórum árum sem samningar voru lausir og síðan þeirri breytingu sem verður, þ.e. á 22% hækkun á endurgreiðslunni. Ég hef ekki séð neinn samanburð á því hvort ástandið sé svipað og það var áður en samningarnir voru lausir. Svo er hitt, eins og hér hefur komið

fram, að um það er að ræða að ekki tugir milljóna heldur hundruð milljóna hafa fallið á fjölskyldur landsins, barnafjölskyldur og lífeyrisþega, á þessu fjögurra ára tímabili sem ríkið trassaði að ganga frá samningum.

Ef maður skoðar umræðuna alveg frá 1998 þá virðist sem til staðar hafi verið vilji hjá Tannlæknafélaginu til að ganga til samninga en samninganefndina hafi skort tíma eða vilja til þess að ljúka samningunum þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir. Eins hafa komið fram hér á Alþingi nokkrum sinnum mál, bæði í fyrirspurnaformi og þáltill., varðandi þennan mikla kostnað sem fellur á fjölskyldur. Ég vildi gjarnan fá að heyra það hjá hæstv. ráðherra hvernig brugðist verður við. Er um afturvirkar reglur eða samninga að ræða eða verður tekið sérstaklega á varðandi þá sem hafa orðið fyrir verulegum kostnaði af þessum sökum á undanförnum fjórum árum?

[15:08]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Þrátt fyrir þær hækkanir sem verða á þátttöku ríkisins í tannlæknakostnaði leyfir fjárhagsrammi heilbrrn. ekki að farið sé aftur í tímann með endurgreiðslu. Fjárhagsrammi heilbrrn. er líka þannig vaxinn að við verðum að forgangsraða varðandi þátttöku okkar í þessum kostnaði.

Ég hjó eftir því að hv. fyrirspyrjandi sagði að ríkið hefði trassað samningagerð í fjögur ár. Ég veit það að þann tíma síðan ég tók við í heilbrrn. hafa samningafundir ekki verið trassaðir af hendi ráðuneytisins og ég efast ekki um að svo var heldur ekki áður. Þetta voru mjög erfiðir samningar og þeir hafa verið það í gegnum tíðina. En sú forusta sem er í Tannlæknafélaginu núna hafði vilja til þess að semja þannig að samningar tókust um síðir. Því ber að fagna. Ég hef m.a. átt persónulegar viðræður við forustumenn tannlækna oftar en einu sinni vegna þessa máls sem var ekki einfalt.

Varðandi gjaldskrána þá eru helstu nýmæli reglugerðarinnar sem verður gefin út 1. des. næstkomandi sú að gefin er heimild til greiðslu implanta, eða ígræði, til lífeyrisþega þegar um gómasmíði er að ræða og svo til greiðslu fyrir plantagóma, sem á implantana koma. — Þið fyrirgefið þetta tæknilega orðalag. — Þetta á bæði við um efri og neðri góm. Þá verður samþykkt að endurgreiða 80% kostnaðar samkvæmt gjaldskrá ráðherra af alvarlegum tannskemmdum. (Forseti hringir.) Enn fremur verða endurgreiðslur hækkaðar í 95% af gjaldskrá ráðherra þegar um er að ræða skarð í vör eða gómi sem leiða til tannskekkju.

Samkeppnisstaða íslenskrar mjólkurframleiðslu.

Fsp. VigS, 333. mál. — Þskj. 363.

[15:11]

Fyrirspyrjandi (Vigdís Sveinbjörnsdóttir):

Herra forseti. Öðru hverju vakna hér á landi umræður um bág kjör bænda og vissulega er ástandið víða óþarflega slæmt. Kjötframleiðsla í landinu er í ógöngum og sem dæmi má nefna að á síðustu tíu árum hefur verð til nautakjötsframleiðenda lækkað um helming á meðan verðið út úr búð hefur hækkað um u.þ.b. 20%. Þarna á að heita að lögmál samkeppni ríki, alla vega á sviði framleiðslu og vinnslu. En einhver á leið afurðanna frá bónda til neytanda er að hagnast.

Það er smásöluverslunin sem ræður ferðinni á kjötmarkaðnum og hefur lengi haft áhuga á að ráða líka ferðinni á mjólkurvörumarkaðnum. Mjólkurframleiðsla er þó sú grein sem hefur skilað bændum skárri afkomu, með miklu vinnuálagi að vísu. Nú þegar fyrir liggur að gera nýjan samning við kúabændur um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar er nokkuð dæmigert að umræða fer af stað í fjölmiðlum um hátt verð á landbúnaðarvörum.

Við á Íslandi búum almennt við hátt vöruverð og á það einnig við um vöru og þjónustu sem bændur þurfa að kaupa til rekstrar síns. Það er dálítið merkilegt hvernig verð á landbúnaðarvörum er ævinlega tekið út úr og borið saman við verð á niðurgreiddum vörum annarra ríkja án þess að skoða samhengið frekar.

Undir því yfirskyni að verð muni lækka hefur verslunin áhuga á að ná meiri tökum á mjólkurvörumarkaðnum og í nafni samkeppni að koma í veg fyrir samræmda heildsöluálagningu og samráð í mjólkuriðnaðinum sem notað hefur verið til hagræðingar í framleiðslunni.

Reynslan á kjötmarkaðnum ætti að vera mönnum víti til varnaðar og ef ekki er ætlunin að leggja mjólkurframleiðsluna í sömu rúst þarf alla vega að gera ráðstafanir sem halda í þeirri framleiðslugrein. Þegar sú ákvörðun var tekin að nýta sér ekki kynbótastarf annarra þjóða með því að flytja inn fósturvísa til kynbóta á íslenska kúastofninum heldur finna upp hjólið sjálf og halda áfram 1100 ára kynbótastarfi á íslensku kúnni þá hafa menn væntanlega gert sér grein fyrir því að íslenskir mjólkurframleiðendur gætu ekki staðið jafnt að vígi við að framleiða ódýra mjólk í samkeppni við þá sem hafa afkastameiri framleiðslutæki.

Gæði íslensku mjólkurinnar eru talin einstök og það má vel vera. Ekki ætla ég að rengja það. En þegar neytandinn dregur upp budduna úti í búð þá er ég hrædd um að verðið komi til með að ráða úrslitum. Það er því grundvallarspurning hvort menn ætli að framleiða hér áfram þessa gæðamjólk og standa vörð um framleiðsluna eða koma málum þannig fyrir að mjólk og mjólkurvörur verði fluttar inn.

Ég spyr því hæstv. landbrh.: Hvernig hyggst hann standa vörð um mjólkurframleiðsluna í landinu við vaxandi samkeppni og æ háværari kröfur um aukna samkeppni?

[15:14]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hvernig eigum við að standa vörð um mjólkurframleiðsluna til framtíðar? Það gera menn fyrst og fremst í gegnum kraftmikla og framsýna bændur sem trúa á atvinnu sína og vinna af dugnaði. Við höfum séð mikinn árangur í þeim efnum og sterkar afurðastöðvar sem þróa sínar afurðir.

Sannleikurinn er sá að við eigum mjög öfluga íslenska bændur en þeir hafa gengið í gegnum mikið þróunarskeið á síðustu tíu árum. Sem dæmi um það má nefna að mjólkurframleiðendum hefur fækkað á tíu árum úr 1.800 niður í 1.100. Íslenskum mjólkurkúm hefur fækkað úr 31.000 í 26.000 á sama tíma. Á sama tíma hafa búin stækkað, að meðaltali úr 18 kúm í 24 kýr. Nytin úr íslensku kúnni hefur á sama tíma aukist úr 4.100 lítrum í 4.900 lítra á ári. Íslenskir bændur hafa þannig sótt fram af miklum krafti og náð miklum árangri.

Það sem veldur mér áhyggjum er fyrst og fremst að íslenskir neytendur hafa minnkað nýmjólkurneyslu sína sem getur haft heilbrigðisleg vandamál í för með sér í framtíðinni. Ég nefni það að fyrir tíu árum var meðalneysla Íslendinga 193 lítrar á mann. Hún er komin niður í 151 lítra. Í staðinn

hefur auðvitað neysla mjólkur í gegnum osta og aðrar vörur, skyr.is og fleira, aukist úr 10 kílóum í 15. Við getum sagt að ef íslenskir bændur ættu þennan markað í nýmjólkurneyslu eins og þeir áttu fyrir tíu árum, þá væru seldar 12 milljónum fleiri lítrar af mjólk í dag.

Þetta er auðvitað verkefni sem bændurnir verða að hugsa um. Þetta snýr að heilsufari þjóðarinnar í framtíðinni. Landlæknir birtist á hverju kvöldi ásamt fólki í heilbrigðismálum og hvetur til mjólkurdrykkju. Þarna eiga bændur mikla möguleika til að efla sinn markað.

Þetta vildi ég segja um mjólkina og segja jafnframt frá því að vinna að stefnumótun og gerð nýs búvörusamnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar er hafin. Þó að þrjú ár séu eftir að þeim samningi sem nú gildir hafa menn óskað eftir að hann verði endurskoðaður og eiga fullan rétt á því. Þeim þykir auðvitað mikilvægt að sjá til framtíðar í störfum sínum, helst sjö til tíu ára. Þetta verkefni er þannig farið af stað og það skiptir máli.

En ég sé líka ýmsa fleiri möguleika. Hér var fyrir stuttu heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna. Hann vakti athygli á gæðum íslensku mjólkurinnar og taldi hana svo merkilega góða mjólk að hann var tilbúinn að senda hingað vísindamenn og fjármagn til að rannsaka hana sérstaklega, ekki síst út frá vörn gegn sykursýki. Undirtektir við þessari frábæru náttúruafurð eru hvarvetna góðar. Mjólkurafurðirnar vekja athygli og við erum í fremstu röð í gegnum mikið fagfólk í vinnslu þessara afurða og vinnum mörg gullin á heimsmeistaramótum fyrir mjólkurafurðir. Mér finnst því tiltölulega bjart fram undan hvað þetta varðar. Menn þurfa í sjálfu sér ekki að kvíða því ef bændurnir standa vörð um að efla búin eins og þeir hafa gert síðustu árin af miklum myndarskap.

Ég vil líka segja að ég á mér þann draum að íslenskur landbúnaður verði metinn sem sérstök náttúruafurð í heild. Ég held að íslenskir bændur og íslensk stjórnvöld eigi virkilega að hugsa um það að íslenski landbúnaðurinn verði vistvænn á heimsmælikvarða og vottaður sem slíkur. Það getur hjálpað til að sjálfbær landbúnaður er tíska í dag og á mikla möguleika. Fjölskyldubúin sem hér eru rekin þau eru tákn gæða, ekki bara á Íslandi, heldur um víða veröld.

Ég vil í þessari upphafsræðu minni segja við hv. þm. að möguleikarnir eru miklir. Við eigum sterka bændur. Við eigum góða neytendur sem hafa á síðustu árum sýnt að þeir standa þéttan vörð um íslenskan landbúnað. Þannig er staðan tiltölulega góð og björt.

[15:19]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Í tillögu sem sú sem hér stendur flutti á Alþingi fyrir skömmu var lagt til að kanna hvaða ástæður lægju að baki háu matarverði á Íslandi. Það er fróðlegt, í þeirri miklu umræðu sem hefur farið fram um allt þjóðfélagið síðan, að sjá hve margir hafa talið sig þekkja svarið. Það er ekki svo einfalt. Í þeirri umræðu hefur komið fram að nautakjötsframleiðendur fá minnst til sín af verðinu sem menn greiða fyrir kjötið úr búð.

Spurt er hvernig skilyrði stjórnvöld skapi, t.d. framleiðendum. Með samanburði milli Íslands og Norðurlanda ætti að koma í ljós hvaða ólíku hlekkir mynda matarverðið og hver munurinn er þar á, m.a. hver er mismunur á stuðningi við greinarnar.

Virðulegi forseti. Af því ég sé hér hv. þm. Kjartan Ólafsson af Suðurlandi ætla ég líka að bæta því við að fyrir utan samkeppni og verð munu gæði og góður matur alltaf skipta máli, hvort sem það er slátur, lifrarpylsa, nýmjólk eða íslenskt jógúrt.

[15:21]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Upp úr 1980 varð hrun í sjávarútvegi á Íslandi en það er ánægjulegt að upp úr þeirri öskustó reis sjávarútvegurinn með þeim afleiðingum að verðmætasköpun í sjávarútvegi hefur aldrei verið meiri, þrátt fyrir að aflinn sé töluvert minni, einkum í botnfiski.

Hvernig tókst mönnum að gera þetta? Menn sóttu fram á nýjum sviðum. Menn leituðu fanga á nýjum sviðum innan sjávarútvegsins. Hvernig gerðu menn það? Með því að tengja rannsóknir og vísindastarf við þá auðlind sem hafið er.

Herra forseti. Ég tel að landbúnaður á Íslandi standi á svipuðum tímamótum og sjávarútvegurinn fyrir 1980. Þess vegna hljótum við að horfa til framtíðar hvað varðar íslenskan landbúnað. Hvernig er hægt að sækja fram á nýjum sviðum? Þar verður að líta til líftækni, samstarfs við nágranna okkar á öllum sviðum og tengja vísindi og rannsóknir við þá einstöku auðlind sem íslenskur landbúnaður er og þau sóknartækifæri sem þar felast. Þannig hygg ég að við styðjum best við bakið á íslenskum landbúnaði.

[15:22]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Vissulega eru stöðugt settar fram kröfur um lægra vöruverð, sérstaklega á matvöru. Sú umræða hefur verið hávær. En menn vilja standa vörð um íslenska kúabændur og mjólkurframleiðslu. Ég tel ekki að umræðan um aðild að Evrópusambandinu og innflutning frá Evrópu á vöru sem hugsanlega væri ódýrari muni standa vörð um íslenska mjólkurframleiðslu.

Svo lengi sem við stöndum utan Evrópusambandsins getum við staðið vörð um íslenskan landbúnað og það gerum við í dag. Við eigum sömuleiðis að standa vörð um íslensku mjólkurkúna og þá mjólkurframleiðslu sem við höfum í dag. Það eru margar vísbendingar um að við séum þar með alveg einstaka afurð. Við eigum að nýta þá afurð. Við eigum að framleiða nýjar vörur og finna þeim markað og fara inn á ný svið. Við eigum að einhenda okkur í lífræna og vistvæna framleiðslu og fara einnig inn á þann markað.

[15:23]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrirspurnina og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég er sammála hæstv. ráðherra í því að verðmætasköpunin liggi náttúrlega í góðri framleiðslu, sem við höfum í dag. En verðmætasköpunin í framtíðinni liggur kannski helst í vottuðum lífrænt ræktuðum afurðum landbúnaðarins.

Á Norðurlöndunum er þessi lífræna framleiðsla miklu meira styrkt en hér. Ég held að við verðum að taka okkur alveg sérstaklega á. Það er búið að sanna, með þeim tilraunum sem þegar hafa verið gerðar, að þar eigum við mikla möguleika. Hins vegar er dýrt að skipta yfir í lífræna framleiðslu. Þar stendur upp á Alþingi að ákveða fjárveitingar og stuðning til þessarar framleiðslu. Ég sannfærð um að verðmætasköpunin liggur þar. Ég hef þá mikla trú á okkar góðu vöru að það skipti ekki sköpun hvorum megin Evrópusambandsins við erum. Afurðirnar eru afburðagóðar.

[15:25]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér er spurt um hvernig hægt er að standa vörð um íslenska mjólkurframleiðslu.

Ég tel að íslensk mjólkurframleiðsla sé á heimsmælikvarða. Ég tel að mjólkurbúin hafi sýnt og sannað að þau framleiða afburðagóða vöru sem stenst allar þær kröfur sem hægt er að hugsa sér.

Við sjáum hvernig hægt hefur verið að auka framleiðsluna. Íslenskar mjólkurkýr mjólka stöðugt meira eftir því sem árin líða. Þar hefur orðið mikil framþróun.

Ég tel að hæstv. landbrh. ætti að standa vörð um íslenskan landbúnað með því að tryggja að Landssamband kúabænda fái góðan samning í framtíðinni eins og sá samningur hefur verið sem nú er í gildi. Sá samningur hefur tryggt undirstöðu þess að bændur geta þó lifað af mjólkurframleiðslu í dag.

[15:26]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka mjög þarfa fyrirspurn og svar ráðherrans.

Ég velti oft fyrir mér þeirri vöruþróun sem hefur átt sér stað í mjólkuriðnaði í gegnum tíðina. Hún er mjög til fyrirmyndar. Menn segja jafnvel að það sé vegna þess að íslenskir mjólkurfræðingar læri í Danmörku og Danir séu mjög framarlega á þessum sviðum. Ég held að við eigum að halda áfram að hafa þann háttinn á en vöruþróun er með miklum ágætum og ótrúlega fjölbreytt úrval af mjólkurvöru á Íslandi miðað við hve markaðurinn er smár.

Á sama hátt velti ég oft fyrir mér verðmyndun þessarar vöru. Hvað kostar að framleiða einn lítra af mjólk? Hvað kostar að framleiða t.d. einn lítra af sódavatni? Ef við berum þessar vörur saman þá eru þær ólíkar. Mjólkin okkar er mjög heilnæm og hún er í raun og veru ótrúlega ódýr til neytandans. En veltum þessu fyrir okkur: Hvernig er farið að við að framleiða þessa vöru í samanburði framleiðslu á gosdrykkjum, sódavatni og þess háttar?

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Vigdís Sveinbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og umræðuna sem hér hefur farið fram um þetta nauðsynlega mál. Mér er fullkomlega ljóst að bændur í landinu eru kröftugir og tilbúnir að takast á verkefnin. Mér er líka fullkomlega ljóst að við eigum mjög góðar mjólkurvörur og stöndum vel að mjólkurframleiðslunni. En eftir sem áður er alltaf talað um verðið. Það kemur til með að ráða ansi miklu þegar ákvarðanir verða teknar um þetta mál.

Komist menn hjá því að einblína á verð á landbúnaðarvörum, eins og hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason kom inn á áðan, gætu þeir skoðað verðlag á drykkjarvöru á markaðnum í dag. Mjólkin er ódýrust. Það er ástæða til að velta því fyrir sér hvort það er eðlilegt með tilliti til framleiðslukostnaðarins. Það er auðvitað miklu dýrara að framleiða mjólkina. Verðinu er haldið niður með styrkjum. Vildu menn ekki styrkja þessa grein þyrftu þeir að sætta sig við mjólkurlítrinn yrði heldur dýrari en lítri af vatni eða gosi. Þá er ég hrædd um að innflutningskórinn fari af stað, þrátt fyrir öll gæði. Þess vegna vil ég leggja áherslu á að hið fyrsta verði, ekki bara byrjað að vinna við þennan samning heldur honum lokið þannig að bændur viti í hvaða umhverfi þeir starfa.

Aðlögun tekur heldur lengri tíma hjá bændum. Þetta er ekki eins og gosverksmiðja. Við verðum að varast að kasta mjólkurframleiðendum fyrir úlfana rétt eins og gert var við kjötframleiðendur hér um árið.

[15:29]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sagði að það skipti ekki sköpum hvort við færum í Evrópusambandið eða ekki, við mundum sigra á gæðunum. Þetta er fullyrðing sem margir hafa í frammi. En það gæti samt sem áður, án þess að menn skoði málið, þýtt endalok íslenskrar landbúnaðarframleiðslu. Niðurstöður segja í dag að mjólkurframleiðslan færi verst allra greina út úr því. Hún er þó hryggurinn í íslenskum landbúnaði. Þá kæmi vöruflóðið. Innflutningsvaldið mundi flytja inn og rústa íslenskum landbúnaði.

Svona fullyrðingar ganga ekki upp. Samningur tryggir ekki neitt í sjálfu sér. Það er metnaður stéttar, framsýni og vilji og öruggar og sterkar afurðastöðvar til að fullvinna vöruna og koma til neytenda sem eru tryggingin. Það þarf að huga að mörgu.

Ljóst er að það er ekki bara smásöluverslunin sem ræður í því stríði sem nú er á kjötframleiðslunni. Mig minnir að í Biblíunni standi að þrýstingur á mjólk þýði smjörfjall, að þrýstingur á nasir þýði blóð og að framleiðsla á kjöti þýði kjötfjall. Þess vegna er það svo að þeir sem með peningum hafa sett í gang stríð, í gegnum svínarækt og kjúklingarækt, bera miklu meiri ábyrgð á því ástandi sem er á kjötmarkaðnum en smásöluverslunin. Þeir fara fram með tilboð sem ég veit ekki hver borgar. Neytandinn græðir á því tímabundið en það ruglar markaðinn. Það er því mjög mikilvægt fyrir landbúnað að starfsskilyrðin séu klár. Mikilvægast fyrir landbúnaðinn er að sjá til langs tíma og hafa samstöðu og verklag í lagi til langrar framtíðar.

Það er ekki einfalt að gera íslenskan landbúnað lífrænan. Það er dýrt og það mundi hækka vöruverðið. Við eigum að þjóna þeim markaði sem hér er fyrir. Neytandinn gerir sér grein fyrir því að íslenskar afurðir eru góðar. Þær eru vistvænar og þess vegna er það stefna mín, hæstv. forseti, að reyna að skoða virkilega hvort íslenskur landbúnaður í heild, með öll sín gæði og fjölskyldubú, geti ekki orðið vistvænn á veraldarvísu.

Samgöngur milli lands og Vestmannaeyja.

Fsp. ÍGP, 98. mál. — Þskj. 98.

[15:32]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Um langt skeið hafa verið miklar umræður um greiðari samgöngur milli lands og Eyja. Vestmanneyingar hafa verið afar óánægðir með þennan þátt mála sem er ein af lífæðum þeirra. Íbúar hafa m.a. kennt samgönguþættinum um viðvarandi fólksfækkun, enda er talið að í nútímaþjóðfélagi séu greiðar samgöngur undirstaða byggðar og atvinnulífs. Þá hafa öruggar samgöngur mikil áhrif á öryggismál íbúanna, um leið og þau hafa afgerandi áhrif á samkeppnisstöðu landsvæðisins við önnur byggðarlög. Þannig er ferðaþjónusta einn af vaxtarbroddum íslensks atvinnulífs. Möguleikar Vestmanneyinga í ferðamennsku og ferðaþjónustu byggjast á greiðu og öruggu samgönguneti.

Að sögn heimamanna hefur á undanförnum missirum dregið úr ferðamennsku eða dregið úr því að ferðamenn heimsæki Vestmannaeyjar, sérstaklega þó stærri hópar. Þrátt

fyrir að Eyjarnar séu einstök náttúruparadís og auk þess eru möguleikar þeirra í þessari atvinnugrein nær óþrjótandi, eins og sá sem gengur hér fyrir ræðustólinn veit manna best. Benda má á einstaka íþróttaviðburði en Vestmanneyingar eru sérfræðingar í að skipuleggja slíka viðburði. Það má nefna úteyjarnar í Vestmannaeyjum, það má nefna náttúruskoðun og einstakt og skemmtilegt mannlíf sem þar er.

Einnig hefur verið bent á að eftir að Flugfélag Íslands hætti áætlunarflugi til Vestmannaeyja hafa Eyjarnar dottið út úr auglýstu samgönguneti Flugleiða sem stýrir stærstum hluta ferðamannastraums til Íslands. Að mínu mati er brýn þörf að gera tilraunir með farkosti eins og loftpúðaskip, flugbáta, tvíbytnu og fleira til að fá úr því skorið hvort slíkir samgöngumöguleikar gætu verið kostur í samgöngunetið Eyjamanna. Um leið er brýnt að hraða rannsóknum á Bakkafjöru með bryggjuframkvæmdir í huga. Þá er einnig spurning hvort ekki beri að greiða niður flug á milli lands og Eyja eins og sums staðar er gert.

Til þess að komast að hinu sanna um farþegafjölda til Vestmannaeyja, þá hef ég lagt fram spurningu til hæstv. samgrh. og þar spyr ég:

Hve margir farþegar flugu annars vegar til Vestmannaeyja og hins vegar frá Vestmannaeyjum um:

a. Bakkaflugvöll,

b. Selfossflugvöll,

c. Reykjavíkurflugvöll

árin 1995–2001, sundurliðað eftir árum?

Ég spyr einnig:

Hve margir farþegar og hve mörg farartæki voru flutt með Herjólfi sömu ár, sundurliðað eftir árum?

Og að lokum:

Hvernig hyggst ráðherra tryggja betri samgöngur milli lands og Eyja?

[15:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég hefði kosið að fá tækifæri til að svara þessari fyrirspurn skriflega, en hér liggur fyrir önnur fyrirspurn frá hv. þm. Kjartani Ólafssyni sem lagði fram skriflega fyrirspurn sem mun verða svarað alveg á næstunni.

Hér er um margar tölur að ræða, þannig að ég ætla að hefja lesturinn.

Svar mitt við fyrstu fyrirspurn hv. þm. er að á árinu 1995 fóru 3.359 farþegar um Bakkaflugvöll en það er ekki allt árið, árið 1996 13.624, árið 1997 10.265, árið 1998 16.868, árið 1999 17.194, árið 2000 17.361 og árið 2001 19.260, þannig að þeim hefur fjölgað. Engar staðfestar tölur eru um Selfossflugvöll.

Heildarfjöldi farþega milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur hefur breyst með þessum hætti frá árinu 1990: Allt flug til og frá Vestmannaeyjum árið 1990 voru 71.962, árið 1995 75.536, árið 1998 83.660, árið 1999 89.013, árið 2000 84.077 og árið 2001 57.112.

Talning farþega í Eyjum miðast við heildarfjölda koma og brottfara án tillits til brottfarar- eða komustaðar.

Í töflunni hér að ofan er gerð tilraun til að meta hluta Bakkaflugvallar vegna farþega til og frá Eyjum.

Í öðru lagi er spurt hversu margir farþegar og hve mörg farartæki voru flutt með Herjólfi á sama tíma.

Árið 1992 voru farþegar 48.555 og 12.589 bílar. Árið 1993 52.006 farþegar og 14.441 bíll. Árið 1994 60.562 farþegar og 16.736 bílar. Árið 1995 65.227 farþegar og 18.779 bílar. Árið 1996 70.105 farþegar og 21.103 bílar. Árið 1997 80.361 farþegi og 19.549 bílar. Árið 1998 78.817 farþegar og 20.691 bíll. Árið 1999 78.518 farþegar og 21.556 bílar. Árið 2000 88.582 farþegar og 23.481 bíll. Árið 2001 102.325 farþegar og 25.587 bílar. Það hefur því orðið verulega mikil fjölgun farþega með Herjólfi frá árinu 1999 og vil ég vekja alveg sérstaka athygli á þeirri staðreynd.

„Hvernig hyggst ráðherra tryggja betri samgöngur milli lands og Eyja?“ spyr hv. þm. Svar mitt er þetta:

Rétt er að geta þess í þessu sambandi að samgrh. hefur sett af stað starfshóp til þess að fjalla um samgöngur til Vestmannaeyja með þarfir fólks og atvinnulífs í huga. Í starfshópi þessum sitja fulltrúar Siglingastofnunar, Vegagerðarinnar, Flugmálastjóranr, Samtaka atvinnulífsins, Vestmannaeyjabæjar, Þróunarfélags Vestmannaeyja og Ferðamálasamtaka Vestmannaeyja. Hlutverk starfshópsins er m.a. að gera úttekt á hinum ýmsu kostum sem mögulegir eru til flugs og siglinga milli lands og Eyja í samanburði við þá þjónustu sem boðið er upp á í dag og gera frumrekstraráætlun fyrir nýja kosti sem vænlegastir verða taldir.

Hópur þessi hefur þegar skilað frá sér áfangaskýrslu, þar sem lagðar voru fram nokkrar tillögur og hefur þegar verið samþykkt að fjölga ferðum Herjólfs, en þess má geta að árið 1999 voru ferðir Herjólfs 445, en allt bendir til þess að á næsta ári verði þær 570.

Framangreindur vinnuhópur mun skila af sér fullnaðarskýrslu innan tíðar. Ráðuneytið mun bíða með umfjöllun um frekari samgöngubætur fyrir Vestmannaeyjar þar til lokaskýrsla hópsins liggur fyrir. Það er alveg ljóst að þessi mikla aukning á ferðum Herjólfs var nauðsynleg og ég vona að hún komi til móts við þarfir íbúa Vestmannaeyja.

Hvað varðar það sem kom fram hjá hv. þm. um að dregið hafi úr kynningu á flugi til Vestmannaeyja eftir að Flugfélag Íslands hætti, þá kannast ég ekki við það. Flugfélag Íslands sér um alla afgreiðslu fyrir það flugfélag sem nú flýgur til Eyja, þannig að það ætti að vera fullkomlega í þágu þess flugfélags, Flugfélags Íslands, að kynna Vestmannaeyjar sem allra best og ég trúi að þeir geri það.

[15:40]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli svo og hæstv. ráðherra fyrir svörin.

Sjóleiðin er og verður aðalsamgönguæðin milli lands og Vestmananeyja. Það er þeirra þjóðvegur. Og líka er rétt að draga það fram að þetta er einn af fáum gjaldskyldum þjóðvegum fyrir íbúa Vestmannaeyja og aðra sem vilja leggja leið sína til Vestmannaeyja. Herjólfur er u.þ.b. þrjá tíma að sigla á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Ljóst er að það er ekki í samræmi við nútímakröfur. Þurfum við ekki annað en líta til nágrannalanda okkar, meira að segja smáríkisins Færeyja, þar sem ferjukostur er mun betri en við þekkjum orðið hér á landi.

Eftir 11. september hefur það gerst að mjög margar ferjur, hraðskreiðar ferjur eru nú falar, sem gætu stytt þessa siglingu allverulega og fært til nútímans. En tíminn vinnur gegn okkur. Það er ekki víst hversu lengi þessar ferjur, nútímaferjur verða lausar. Ég vil því hvetja ráðherra til þess að senda strax leiðangur til að kynna sér hvort ekki sé til fýsilegur kostur fyrir Vestmanneyinga á þessum markaði, enda er það í samræmi við vilja borgarafundar og undirskriftalista Vestmanneyinga.

[15:41]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ekki fer á milli mála að samgöngur eru Vestmanneyingum og okkur öllum afar mikilvægar og Herjólfur er í raun þjóðvegurinn til Vestmannaeyja. Flugið hefur því miður gjaldfellt sig út af markaðnum og fyrir venjulegt fólk er það of kostnaðarsamt, það er of dýr kostur. En það er frekar hagstætt að fara með Herjólfi og Herjólfur er mjög gott skip.

Það er eitt sem ég mundi vilja leggja áherslu á og það er að *þriðju ferðinni með Herjólfi væri bætt við á álagstímum. Eins* þurfum við að lagfæra veginn niður að Bakka, ég held að það skipti Vestmanneyinga mjög miklu máli því núna í septemer voru 21 þús. manns búnir að fara um Bakkaflugvöll.

Hæstv. forseti. Samgöngur við Vestmannaeyjar eru afar mikilvægar, ekki aðeins fyrir ferðamenn, heldur fyrir Vestmanneyinga og okkur öll, og Vestmanneyingar eiga aðeins skilið það besta.

[15:43]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum nú eiginlega búin að fá þetta skriflega svar hæstv. ráðherra, vegna þess að allt verður þetta nú líklega fest á blað, allar þær tölur sem hann þuldi hér upp án þess að nokkur möguleiki væri á því að ná þeim jafnóðum. En þetta er fyrirspurn sem hér er flutt af hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni, sem er mál nr. 98 og var lagt fram á fyrstu vikum þingsins. Sambærileg fyrirspurn er síðan á þskj. 305, tiltölulega nýleg fyrirspurn sama efnis frá hv. þm. Kjartani Ólafssyni og ég lít þannig á að þar hljóti aðeins að vera um ítarefni að ræða.

Ég tek undir það sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda. Það skiptir höfuðmáli fyrir uppbyggingu atvinnulífs í Vestmannaeyjum að ferðir þangað séu reglubundnar. Ekki má miða við einhverja álagstoppa, ef við ætlum að byggja þar á ferðaþjónustu sem möguleikarnir eru miklir til í Eyjum og þá verða að vera öruggar ferðir þangað, vegna þess að þeim fjölgar stöðugt sem koma hingað í svokallaðar pakkaferðir tvo, þrjá daga og hverfa síðan af landi brott og þeir fara ekki til Eyja nema um ferðaöryggi sé að ræða.

[15:44]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa ágætu fyrirspurn. Margbúið er að ræða þetta mál hér á þingi og það er aldrei of oft gert að sjálfsögðu að ræða nauðsynjamál fyrir Vestmanneyinga.

Komið hefur fram á fundum í Eyjum krafa frá íbúunum um bættar samgöngur og ég held að allir geti tekið undir það að nauðsynlegt er að bæta samgöngur með Herjólfi, *sem er þjóðvegur milli lands og Eyja. Ég held að rétt sé að* undirstrika það af sem flestum að Herjólfur er þjóðvegurinn milli lands og Eyja.

Það á að vera auðvelt fyrir fjölskyldur í Vestmannaeyjum að komast á milli og þá er ég ekki síst að hugsa um fjárhagslega auðvelt fyrir fjölskyldur að komast á milli. Það á líka að vera auðvelt fyrir samkeppnisiðnaðinn í Eyjum að geta keppt á jafnréttisgrundvelli á landi við útboð og vinnu og byggja þannig upp samkeppni milli iðnaðar, hvort sem hann á heima í Vestmannaeyjum eða í landi. Tvær ferðir á dag er í raun skilyrði í dag. Við getum ekki, herra forseti, eingöngu horft á krónur og aura í þessu sambandi.

[15:45]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég þakka það svar sem ég fékk við þessari fyrirspurn og mjög góðar undirtektir þeirra hv. þm. sem tjáðu sig um málið. Hér er um mjög margar tölur að ræða enda valdi hæstv. samgrh. að vera með enn þá ítarlegra svar en ég bað raunverulega um. Ég veit að það er á margan hátt erfitt að átta sig á þessum tölum en þó getum við glöggvað okkur á þessu. Þær bera það með sér að t.d. á síðustu tveimur árum hefur farþegum sem hafa flogið milli lands og Eyja fækkað gríðarlega. Árið 2000 voru farþegar um 84.000 en 2001 57.000 þannig að þetta eru augljósar vísbendingar um fækkun.

Við sjáum líka mjög jákvæða þróun hvað varðar Bakka. Árið 1995 voru um 3.400 farþegar sem flugu að Bakka en 2001 19.260 miðað við þær tölur sem hér komu fram. Þetta eru ákveðnar vísbendingar sem sýna okkur að hinn almenni borgari hefur vart ráð á því að fljúga frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur. Þess vegna hljótum við að þurfa að skoða möguleika á niðurgreiðslu á flugi á þessari flugleið. Það er í raun og veru ekkert athugavert við það.

Það er líka auðvitað jákvætt að ferðum Herjólfs hefur fjölgað. Vissulega er það rétt eins og fram hefur komið að Herjólfur er í raun og veru þjóðvegur milli lands og Eyja. Það skip er að gerast eilítið gamalt, það er um 10 ára, og í augnablikinu er t.d. önnur af aðalvélum skipsins biluð sem sýnir okkur að skipið slitnar smátt og smátt. Okkur ber að tryggja greiðar og góðar samgöngur milli lands og Eyja.

[15:47]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það hefur verið fróðlegt að taka þátt í umræðum um samgöngur til Vestmannaeyja. Ég tek að sjálfsögðu undir að það er mjög mikilvægt að þær séu greiðar.

Hv. þm. Hjálmar Árnason vakti athygli á því að margar ferjur væru falar og að við værum að missa af lestinni. Hann vildi að ég sendi strax leiðangur til að finna ferjur.

Það er mikið mál að kaupa ferju sem getur uppfyllt þær kröfur sem eru gerðar til einnar erfiðustu siglingaleiðar sem finnst í veröldinni. Ég tel að menn hlaupi ekki á einni helgi í það að kaupa ferjur við þær aðstæður. Ég valdi þann kostinn að setja af stað vinnuhóp sem ég gerði grein fyrir hér áðan og sá hópur er að skoða þessi mál. Það þarf að undirbúa þetta afskaplega vel og hugsa til framtíðar, bæði að tryggja að ferjusiglingar taki sem skemmstan tíma, fyllsta öryggis sé gætt og flutningsgetan, afkastageta ferjunnar, sé eins og þarf. Ég vil vekja athygli á því að það er ekki hægt að hlaupa til þótt einhverjar ferjur séu til sölu úti í veröld.

Að öðru leyti tek ég undir það með hv. þingmönnum sem hér hafa talað að við þurfum að tryggja þessar samgöngur. Það er auðvitað eðlilegt að notendur ferjunnar greiði fyrir þau afnot, alveg eins og við greiðum fyrir það að aka bílum okkar um þjóðvegina þótt við greiðum ekki vegatoll. Kostnaður við eldsneyti og afnot af bíl er náttúrlega greiddur af þeim sem ferðast. Allt er þetta í samhengi og þarf að meta þannig.

Að öðru leyti þakka ég bara fyrir það tækifæri sem ég hef fengið hér til að gera grein fyrir mikilvægi þess að við tryggjum samgöngur sem best til Eyja.

Sjálfbær ferðamennska og umhverfisvernd.

Fsp. MF, 123. mál. — Þskj. 123.

[15:50]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Vorið 1996 kynnti samgrn. stefnumótun stjórnvalda í ferðaþjónustu. Í því plaggi kom fram nauðsyn þess að efla ferðaþjónustu í anda sjálfbærrar þróunar og sett var fram það markmið að Ísland gegndi forustuhlutverki á sviði umhverfisverndar. Einnig að stuðla bæri að fræðslu um umgengni við náttúru landsins, hvetja til aukinnar ábyrgðar og umhverfisvitundar ferðamanna, skipuleggjenda og þjónustuaðila í ferðaþjónustu.

Í framhaldi af þessu var, að frumkvæði hæstv. samgrh., unnin metnaðarfull framkvæmdaáætlun um sjálfbæra ferðamennsku og umhverfisvernd. Þessi framkvæmdaáætlun var birt í janúar 1998 og þar kemur m.a. fram, með leyfi forseta:

„Ferðaþjónusta í anda sjálfbærrar þróunar verði efld, þannig að hér á landi verði rekin ferðamennska í sátt við land og þjóð, og að Ísland nái sérstöðu á sviði umhverfismála. Ferðamennska verði nýtt sem afl til verndunar auðlinda og viðhalds náttúrulegs umhverfis."

Í niðurlagi framkvæmdaáætlunarinnar, sem ég tel ástæðu til að ítreka að er unnin að frumkvæði samgrh. í þessari hæstv. ríkisstjórn, segir:

„Í ört vaxandi samkeppni í alþjóðlegri ferðaþjónustu er haldgott að hafa sérstöðu, skara fram úr og ná þar með athygli fjöldans. Þessa sérstöðu getur íslensk ferðaþjónusta skapað sér með sterkri ímynd í umhverfismálum. Landið býr yfir ómetanlegum auðlindum til ferðaþjónustu, auðlindum sem senn verða af skornum skammti í heiminum ef svo heldur fram sem horfir."

Og ég tek fram, virðulegi forseti, að þetta eru orð úr skýrslu hæstv. ráðherra en ekki frá mér.

Bragð er að þá barnið finnur. Það verða aldrei eftirmæli þessarar ríkisstjórnar að hún hafi unnið í þessum anda. Rétt er að rifja upp þessi orð sérstaklega þegar ráðamenn velta fyrir sér hvort og þá hve mikið eigi að skerða eina af helstu náttúruperlum landsins, Þjórsárverin, sem eru sérstaða á heimsvísu, auðlind sem er af skornum skammti í heiminum eins og segir í framkvæmdaáætlun hæstv. ráðherra.

Aðilar í ferðaþjónustu hafa ítrekað bent á að ýmsar aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafi síður en svo orðið til þess að bæta ímynd landsins í umhverfismálum. Það er djúpt á umhverfisvitund ríkisstjórnarinnar sjálfrar og vandséð að þessari framkvæmdaáætlun hafi verið fylgt eftir.

Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hefur framkvæmdaáætlun sem ráðherra setti fram í janúar 1998 um sjálfbæra ferðamennsku og umhverfisvernd verið fylgt eftir? Ef svo er, hver er staðan varðandi eftirfarandi markmið áætlunarinnar:

a. að Ísland nái sérstöðu á sviði umhverfismála,

b. ferðamennska verði nýtt sem afl til verndunar auðlindum,

c. stuðlað verði að fræðslu og aukinni umhverfisvitund,

d. að samþætta ferðaþjónustu og náttúruvernd,

e. framkvæmd laga og reglugerða verði virk og

f. að gott aðgengi fyrir fatlaða verði sem víðast?

[15:53]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Spurt var: Hefur framkvæmdaáætlun sem ráðherra setti fram í janúar 1998 um sjálfbæra ferðamennsku og umhverfisvernd verið fylgt eftir? Enn fremur er spurt hver staðan sé varðandi markmið áætlunarinnar sem síðan eru talin upp.

Svar mitt er að samgrh. lét vinna framkvæmdaáætlun, eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, í janúar 1998 um sjálfbæra ferðamennsku og umhverfisvernd og eftir þeirri áætlun er unnið í ráðuneytinu og í stofnunum þess.

Spurt er hvort Ísland nái sérstöðu á sviði umhverfismála.

Svar mitt við því er að kannanir Ferðamálaráðs sýna að meiri hluti þeirra ferðamanna sem sækir Ísland heim er náttúruunnendur og hefur landið nú þegar ákveðna sérstöðu hvað þetta varðar. Ein leið til að ýta frekar undir þá sérstöðu er að sýna fram á að af hreinu og ómenguðu landi koma hreinar og hollar afurðir.

Ég beitti mér fyrir því árið 1999 að stofna til átaksins Iceland Naturally í Norður-Ameríku þar sem lögð er áhersla á að kynna hreinar og hollar afurðir landsins, auk þess sem landið er kynnt sem umhverfisvænn áfangastaður.

Ég tel mikilvægt að víðtæk þátttaka sé í umhverfisverkefnum og að fyrirtæki fái alþjóðlega vottun og viðurkenningu sem nýtist við kynningu á landinu. Nokkur fyrirtæki hafa nýlega fengið umhverfisvottun, t.d. Hótel Eldhestar, Ferðaþjónusta á Hellnum og Guðmundur Tyrfingsson rútufyrirtæki. Stærsta skrefið sem stigið verður á næstunni er að ferðaþjónusta bænda hyggst leita eftir vottun Green Globe fyrir fyrirtæki innan vébanda sinna. Ákveðið hefur verið að Hólaskóli muni sjá um úttekt á fyrirtækjunum og verður samgrn. fjárhagslegur bakhjarl skólans í þessu stóra og mikilvæga verkefni.

Þá er spurt hvort ferðamennska verði nýtt sem afl til verndunar auðlindum.

Svar mitt er að Ferðamálaráð hefur eftir minni ósk umsjón með kortlagningu þeirrar auðlindar sem náttúra landsins er ferðaþjónustunni. Þá hafa tvær nefndir á mínum vegum lokið störfum. Önnur fjallaði um heilsutengda ferðaþjónustu, hin um menningartengda, og hefur niðurstöðum þessarar nefndar verið vísað til Ferðamálaráðs til frekari úrvinnslu. Í öllu þessu starfi er lögð áhersla á þær mörgu auðlindir sem ferðaþjónustan byggir afkomu sína á, ekki síst náttúru og menningu landsins.

Hvað varðar áhrif ferðaþjónustunnar á umhverfi, menningu og náttúrufar hefur verið unnið að rannsóknum undanfarin þrjú ár á vegum Ferðamálaráðs. Einnig eru komnar út niðurstöður Ferðamálaseturs Íslands um þolmörk ferðamennsku í þjóðgarðinum í Skaftafelli.

Á starfstíma mínum sem ráðherra ferðamála hef ég lagt mikla áherslu á aukna fræðslu og umhverfisvitund, m.a. með eflingu upplýsingamiðstöðva um land allt, enda gegna stöðvarnar lykilhlutverki við upplýsingagjöf og fræðslu sem birtist í bættri umgengni ferðamanna um landið. Samgrn. hefur einnig komið að uppbyggingu og rekstri fræðslu- og gestastofu með stuðningi og samningi við Geysisstofu í Haukadal og Snorrastofu í Reykholti. Þá hefur Ferðamálaráð gefið út leiðbeiningar um merkingu og lagningu göngustíga í samvinnu við fjölda aðila.

Á áningarstöðum Vegagerðarinnar eru upplýsingar til ferðamanna og reglur um umgengni. Umhverfisfræðsla er orðin hluti af námi í ferðaþjónustu hér á landi en eins og

kunnugt er hefur þeim menntastofnunum sem bjóða upp á ferðamálafræði fjölgað mjög undanfarin ár. Umhverfisfræðsla er einnig hluti af náttúrufræðikennslu í grunnskólum. Í erlendu kynningarefni Ferðamálaráðs er ávallt minnt á mikilvægi góðrar umgengni um náttúru.

Samþætting ferðaþjónustu og náttúruverndar hefur verið stóraukin, m.a. með þátttöku Ferðamálaráðs í umhverfismálum. Má þar nefna úrbætur á fjölsóttum ferðamannastöðum, ráðgjöf og fræðsluútgáfu ýmiss konar. Skýrsla um tillögur að úrbótum á fjölsóttum ferðamannastöðum frá 1995 er grunnur að forgangsröðun verkefna en hún hefur verið endurskoðuð tvisvar af fulltrúum Ferðamálaráðs, Náttúruverndar ríkisins og Vegagerðinni.

Stórauknu fé hefur verið veitt til umhverfismála ferðaþjónustunnar á vegum samgrn. Frá útgáfu framkvæmdaáætlunar hefur alls 172,8 millj. kr. verið veitt til úrbóta á fjölsóttum ferðamannastöðum og hefur verið unnið að úrbótum á tugum ferðamannastaða á þessum tíma, og um 100 aðrir styrkir veittir vegna umhverfisverkefna.

Hvað varðar framkvæmd laga og reglugerða heyra eingöngu lög um skipulag ferðamála undir samgrn. og er framkvæmd þeirra virk.

Varðandi aðgengi fatlaðra að ferðamannastöðum hefur verið töluvert unnið innan ferðaþjónustunnar að því enda hafa þeir sem starfa að ferðamálum gert sér æ betur grein fyrir mikilvægi þess að höfða jafnt til allra. Sem dæmi um það sem gert hefur verið má nefna að Ferðaþjónusta bænda hefur verið í samstarfi við Sjálfsbjörgu um aðgengi að gististöðum á þeim stöðum sem þeir aðilar reka.

[15:58]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að heyra hvað margt er að gerast á sviði ferðaþjónustunnar sem lýtur að sjálfbærri ferðamennsku og umhverfisvernd. En það má alltaf um bæta og ef við ætlum að halda áfram að fá fleiri ferðamenn til landsins og byggja á ferðaþjónustunni öfluga atvinnugrein þurfum við að standa vörð um náttúru landsins. Hún er auðlegðin okkar. Við þurfum að virða hana og við þurfum að byggja alla uppbyggingu í ferðaþjónustunni á náttúruvernd og sjálfbærri þróun.

En þótt margir góðir hlutir séu að gerast verðum við að standa vörð um ímynd landsins og þá þýðir lítið að keyra hér áfram stóriðjustefnu og virkjanaáform sem brjóta niður þá ímynd sem við reynum að hlúa að á öðrum sviðum.

Ég vil draga hér fram f-liðinn, um gott aðgengi fyrir fatlaða sem víðast — það verður að vera inni í hugtakinu „sjálfbær þróun" í ferðaþjónustu.

[15:59]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Þótt ýmislegt sé vel gert í ferðaþjónustunni finnst þó engin heildarmarkmiðssetning. Ég hef um nokkurt skeið reynt að gera mér grein fyrir því hvar hún sé og ég get ekki betur séð en að áfangastaðir hafi ekki verið skilgreindir hér á landi, ekki heldur hvernig ferðamenn við viljum, hvað þá hversu marga.

Hins vegar er því oft slegið fram að innan tveggja áratuga verði ferðamenn um ein milljón manns á ári hverju hér á landi. Það er talsverður fjöldi, herra forseti. Og ef við erum ekki búin að vinna heimavinnuna, skilgreina hvernig áfangastaðirnir eiga að vera, hvaða þjónustu eigi að veita og hvaða ímynd landið eigi að hafa aðra en þá sem sést í auglýsingum fyrirtækja sem hér starfa, hvort sem það er „Fancy a dirty weekend in Iceland?" eða „Iceland Naturally", er okkur ábótavant. Þetta getur ekki allt gengið saman, herra forseti. Það hlýtur að vera hlutverk ráðuneytisins að hafa heildarmarkmiðssetningu og ég mundi náttúrlega óska þess að hún væri í anda náttúruverndar og sjálfbærrar þróunar.

[16:01]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin þó ég sé ekki sammála honum að unnið hafi verið í anda þeirrar framkvæmdaáætlunar sem hæstv. ráðherra setti sjálfur 1998, vegna þess að ég tel að flestar ákvarðanir sem ríkisstjórnin hefur tekið varðandi náttúruna og verndun þeirrar auðlindar sem hún er gagnvart ferðamennskunni hafi verið neikvæðar. Þær hafi bara ósköp einfaldlega verið neikvæðar.

Það er sannarlega rétt að sú ímynd okkar að við höfum sérstöðu hvað varðar umhverfismál er að fölna. Hún er býsna mikið að fölna þegar horft er til þess að til okkar streyma mótmæli við aðgerðum okkar á sviði náttúruverndarmála hvaðanæva að úr heiminum. Hæstv. ráðherra hlýtur að hafa orðið var við það eins og aðrir þingmenn.

Þegar sett eru fram markmið eins og komu fram 1998 og það sem hefur áunnist er einungis að geta gert samninga um einhverja helgarpakka í takmarkaðar útsýnisferðir, það er ekki heildarstefna, það er í raun og veru ekkert til að mikla sig af.

Í skýrslunni í sambandi við framkvæmdaáætlunina er talað um þær verðmætu perlur sem við eigum sem eru einstæðar á heimsmælikvarða. Og það er alveg ljóst að ríkisstjórnin stendur ekki að því að vernda þessar einstæðu auðlindir. Í skýrslunni segir: „Landið býr yfir ómetanlegum auðlindum til ferðaþjónustu, auðlindum sem senn verða af skornum skammti í heiminum ef svo heldur fram sem horfir."

Í hvers höndum er það, hæstv. ráðherra, að halda fram eins og nú horfir? Því miður í höndum ríkisstjórnarinnar fram að 10. maí.

[16:03]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það mætti halda að hv. þm. Samfylkingarinnar byggju bara ekkert á Íslandi, svo fráleitur er þessi málflutningur. Hafa þessir ágætu þingmenn ekki tekið eftir því að hingað streyma ferðamenn. Hvers vegna? Vegna þess að við höfum staðið þannig að málum, bæði hvað varðar kynningu landsins og uppbyggingu að hingað er sótt. Svo koma þingmenn eins og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og halda því fram að hér skorti heildarstefnu og hér sé unnið gegn náttúrunni. (**MF:** Það er gert.) Ég mótmæli svona málflutningi. Hann er fráleitur og hann á sér hvergi stoð eða stað. Og þessir hv. þm. ættu að kynna sér þessi mál hjá þeim sem vinna. Ég held t.d. að hv. þm. Suðurl. ættu að heimsækja þá sem stunda atvinnustarfsemi við Gullfoss og Geysi. Hvaða stuðning og hvaða stefnu (Gripið fram í.) hafa stjórnvöld staðið á bak við þar til þess að skapa þá uppbyggingu? Við höfum lagt áherslu á að vinna að uppbyggingu ferðaþjónustunnar á forsendum náttúrunnar og menningar og sögu okkar. Það hefur tekist vel og það er mikil uppbygging. Þess vegna fjölgar ferðamönnum sem koma hingað til landsins. Þeir vilja vera hér í fagurri náttúru og þeirri uppbyggingu sem við höfum staðið að.

Á ferðamálaráðstefnu nýverið var því sérstaklega fagnað hversu skýr og afdráttarlaus stefna samgrn. og samgrh. er hvað varðar uppbyggingu íslenskrar ferðaþjónustu á forsendum menningar, sögu og náttúru landsins. (**MF:** Ja, það er ekkert annað.)

[16:05]

Útbýting þingskjals:

Rekstrarform heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu, 236. mál, svar heilbrrh., þskj. 396.

[Fundarhlé. — 16:05]

Akstur ferðamanna á malarvegum.

Fsp. HjÁ, 185. mál. — Þskj. 186.

[17:00]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Undanfarin sumur hafa reglulega heyrst heldur daprar fréttir í fjölmiðlum af hörmulegum slysum úti á malarvegum. Það sem vekur athygli er að í flestum tilvikum er um útlendinga að ræða. Þróunin í ferðaþjónustunni er með þeim hætti að það dregur úr svokölluðum hópferðum og útlenskir ferðamenn skipuleggja æ meir ferðir sínar á eigin vegum og nota þá í vaxandi mæli bílaleigubíla ef þeir koma ekki á sínum eigin bílum.

Vandinn er hins vegar að í mörgum tilvikum kunna þeir ekki að aka á malarvegum. Þeir eru vanir beinum, vel merktum vegum og allt öðrum aðstæðum en hér þekkjast. Því má segja að þeir komi að sumu leyti hingað eins og beljur á svelli. Þessi vandi á eftir að aukast. Almennt er því spáð, og vonandi ganga þær spár eftir, að fjöldi ferðamanna fari vaxandi hingað til lands. Okkur er því nokkur vandi á höndum. Að óbreyttu mun alvarlegum slysum fjölga af þessum sökum með hörmulegum mannskaða, slysum og eignatjóni. Það hlýtur því að vera skylda okkar sem þjóðfélags að bregðast einhvern veginn við.

En með hvaða hætti? Ég geri mér grein fyrir því, herra forseti, að það er auðvitað ekki létt verk. Manni dettur auðvitað í hug að auka fræðslu í þessum efnum, með ítarlegri kynningu, bættum merkingum á vegum, leiðbeiningum og þar fram eftir götunum. Ég kann auðvitað ekki lausnina. Hins vegar teldi ég afskaplega skynsamlegt að hæstv. ráðherra setti t.d. af stað vinnuhóp fólks sem þekkir til í þessum greinum til að koma með tillögur og vinna að lausn þessa vandamáls. Mér dettur í hug að þar gætu verið fulltrúar frá Vegagerðinni, Umferðarráði, bílaleigum, tryggingafélögum, ferðaþjónustu og lögreglu svo einhverjir séu nefndir.

Allténd má ljóst vera að við getum ekki horft þegjandi á hin hörmulegu slys sem stafa af vankunnáttu kærkominna ferðalanga. Ábyrgð okkar er því mikil. Við viljum bjóða þá velkomna hingað án þess þó að leiða þá í gildrur, sem má segja að malarvegir séu þessum vankunnandi útlendingum.

Því spyr ég hæstv. samgrh. hvort hann hyggist grípa til eða sjái fyrir sér einhverjar aðgerðir til þess að sporna við hinum tíðu slysum sem verða við akstur ferðamanna á malarvegum.

[17:03]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. spyr hvort ráðherra hyggist grípa til sérstakra aðgerða til að sporna við tíðum slysum við akstur ferðamanna á malarvegum.

Fyrirspyrjandi, hv. þm. Hjálmar Árnason, tekur þetta mál hér upp. Það er eðlilegt að vakin sé athygli á því. Allt of mörg hörmuleg slys hafa orðið en því miður verða þau ekki einungis á malarvegum heldur á vel uppbyggðum vegum. Það þekkjum við frá öðrum löndum að þar verða hörmuleg slys í umferðinni og mikilvægt að leita allra leiða til að sporna við þeim.

Ég geri ráð fyrir að hv. fyrirspyrjandi eigi við erlenda ferðamenn. Slysum hjá þeim hópi vegfarenda hefur farið fjölgandi á undanförnum árum enda hefur erlendum ferðamönnum fjölgað undanfarið, ekki síst þeim sem aka um vegi landsins á eigin bílum eða bílaleigubílum. Samkvæmt upplýsingum rannsóknarnefndar umferðarslysa, sem leggur mikla vinnu í að fara ofan í þessi slys, dregur af ályktanir og leggur til úrbætur, hafa níu erlendir ferðamenn látist í umferðarslysum á árunum 1998–2001 og það sem af er árinu 2002. Þessi ár hafa verið óhagstæð að því er varðar dauðaslys almennt, mun óhagstæðari en árin á undan. Þess gætir e.t.v. einnig í þeim hópi sem fjallað er um í fyrirspurninni.

Lögð hefur verið áhersla á að mæta þessari alvarlegu þróun með upplýsingagjöf til þessa hóps í gegnum bílaleigur og við komu bílaferjunnar Norrænu til landsins. Leggja þarf áherslu á að leita allra leiða til að gera enn betur. Það vil ég undirstrika sérstaklega. Einnig þarf að fara yfir merkingar á malarvegum, ekki síst við þá staði á aðalvegum landsins þar sem bundið slitlag endar og malarvegur tekur við. Vegagerðin leggur áherslu á að finna leiðir til þessa.

Áhrifaríkast er þó að fækka malarköflum á aðalleiðum. Þar hefur mikið áunnist á undanförnum árum. Með afgreiðslu samgönguáætlunar verður lagður grundvöllur að framhaldi á því. Í þessu sambandi má einnig nefna fækkun einbreiðra brúa þó að þær séu ekki bundnar við malarvegina eina. Þar hefur náðst verulegur árangur undanfarið ár og stefnt að markvissum aðgerðum á því sviði á næstu árum.

Að því er varðar tvö fyrsttöldu atriðin hef ég þegar falið Vegagerðinni að taka þau til sérstakrar skoðunar og úrbóta eftir því sem unnt er.

[17:06]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og fagna jafnframt þeirri ábendingu sem hæstv. ráðherra hefur komið til Vegagerðarinnar. Eftir því sem malarvegum fækkar þá fækkar þessum slysagildrum, ekki síst gagnvart útlendingunum. En það má líka ljóst vera að malarvegir verða alltaf hér til staðar, þó ekki sé annað en hálendisvegir. Það eru ekki síst þeir staðir sem útlendingar sækja í til að njóta íslenskrar náttúru.

Ég hef rætt við nokkra rekstraraðila bílaleigna. Hæstv. ráðherra nefndi hér að samkvæmt rannsóknarnefnd umferðarslysa hafi níu erlendir ferðamenn látist en þar ofan á má síðan bæta gífurlegu eignatjóni þar sem menn og farþegar hafa til allrar hamingju sloppið við meiðsli en eignatjón orðið gífurlegt. Rekstraraðilar hjá bílaleigum telja einmitt að malarvegirnir séu ein mesta gildran gagnvart þessum erlendu ferðamönnum. Þess vegna er sameiginleg ábyrgð okkar mikil. Ég ítreka að lausnin á þessum vanda er ekki einföld og vildi ég því hvetja hæstv. ráðherra til að setja vinnuhóp á laggirnar með fulltrúum úr atvinnugreinum sem að þessu koma, sérfræðingum á þessu sviði til þess segja til um hvort auka þurfi merkingar, fræðslu og þar fram eftir götunum. Ég hvet hæstv. ráðherra til þess vegna þess að þetta

er óneitanlega mikil slysagildra sem við þurfum að reyna að draga úr. Ég þakka hæstv. ráðherra aftur á móti fyrir svörin.

GSM-dreifikerfið.

Fsp. GÁS, 189. mál. — Þskj. 190.

[17:09]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Ég hef beint nokkrum fyrirspurnum til hæstv. samgrh. er varða GSM-dreifikerfið og notkun GSM-síma.

Ég ætla að fara með hv. þingmenn í bíltúr, norður um og aka eftir þjóðvegi 1. Neðst í Norðurárdalnum taparðu sambandi í GSM-kerfinu. Þú kemst aftur inn á Holtavörðuheiði um hríð. Samband tapast aftur fljótlega í Hrútafirði, þú ert inni og úti í allri Húnavatnssýslunni, kemst inn í kringum Blönduós, ert þokkalegur inn Blöndudalinn. Vatnsskarðið og Bólstaðarhlíðarbrekka eru mjög erfið í þessu samhengi. Skagafjörður er inni, Öxnadalsheiði er algjörlega úti og Öxnadalurinn efst og lengi niður úr sömuleiðis.

Þú ert kominn á Akureyri. Eyjafjörðurinn er í þokkalegu standi. Þú ferð Vaðlaheiðina og austur um til Mývatns, þú ert inni og úti. Austan við Mývatn og allar götur til Egilsstaða ertu meira og minna úti. Á miðfjörðum Austurlands og á Austurlandi ertu inni og úti, þú ert í þokkalegu standi þar sem stutt er milli þéttbýlisstaða. Á suðurhluta Austfjarða ertu meira og minna úti. Frá Höfn og vestur um ertu úti allar götur að Kirkjubæjarklaustri. Frá Kirkjubæjarklaustri í Mýrdalinn ertu inni og úti. Frá Mýrdal að höfuðborgarsvæðinu ertu meira og minna inni.

Ég hef ekki reiknað þetta vísindalega, herra forseti, en mér sýnist hins vegar í fljótu bragði að það sé miklu meira en þriðjungur af hringveginum sem er úti þegar kemur að því að nota GSM-símann. Þetta er auðvitað algerlega ófært ástand. Það sem meira er, herra forseti, mér sýnist að lítið hafi þetta nú lagast á síðustu árum. Þess vegna lagði ég fram spurningar um hversu miklu Landssíminn hefur varið af fjármunum til að bæta GSM-dreifikerfið á síðustu fimm árum. Hver voru helstu verkefni sem í var ráðist og hvaða áætlanir hefur fyrirtækið um að stórbæta skilyrði GSM-farsímanotenda á næstu árum?

Hér er auðvitað ekki eingöngu um að ræða sjálfsagða og eðlilega þjónustu sem við höfuðborgarbúar og við hér á suðvesturhorninu göngum að sem vísri og notum heilmikið og skilar miklum fjármunum í kassa Landssíma Íslands hf. heldur er ekki síður um að ræða mikið öryggistæki, heilmikið öryggistæki.

Ég veit til þess að fólki úti á landi finnst það varnarlaust þegar GSM-síminn þeirra dettur inn og út eftir veðrabrigðum og hvernig dreifikerfinu háttar til. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra svari mér þessum spurningum sem fyrir framan hann eru og við fáum hér skýrar línur í málið.

[17:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég ætla að vona að hv. þm. hafi verið með handfrjálsan búnað þegar hann ók norður. Ekki er gert ráð fyrir því að menn séu að tala í síma í akstri. Hins vegar er síminn auðvitað mikilvægt öryggistæki og það er aðalatriði málsins.

Mikil umskipti hafa hins vegar orðið í fjarskiptamálum í heiminum á undanförnum árum í tækniþjónustu og lagasetningu. Raunar má segja að þróun síðustu ára hafi gerbreytt hefðbundnum fjarskiptum. Vegna þeirrar fyrirspurnar sem hér er til umræðu vil ég einkum nefna afnám einkaréttar með lögum og aukna farsímanotkun sem setur nú mark sitt á öll samskipti manna á milli. Afnám einkaréttar í farsímaþjónustu hefur leitt til raunverulegrar samkeppni á þessu sviði og segja má að í dag sé virk samkeppni í farsímaþjónustu meira og minna um landið.

Farsímaþjónusta er um margt frábrugðin þjónustu í fastlínukerfinu enda leiðir það af eðli farsíma að þeir ferðast með notendunum. Notandi í þéttbýli gerir þar af leiðandi kröfu um að geta náð sambandi utan þéttbýlis, eins og fram kom hjá hv. þm. Farsímafyrirtækjum sem vilja ná góðri markaðsstöðu er því beinlínis nauðsynlegt að bjóða þjónustu um allt land. Löggjafinn og stjórnvöld hafa t.d. á ýmsan hátt auðveldað samkeppni í farsímaþjónustu utan þéttbýlis, sem er mikið grundvallaratriði, með því nýmæli gildandi fjarskiptalaga sem veita farsímafyrirtækjum aðgang að farsímanetum annarra fyrirtækja þegar uppbygging eigin aðstöðu er óraunhæf.

Þar sem fyrirspurn þingmannsins lýtur öll að GSM-dreifikerfi og þjónustu Landssíma Íslands hf. leitaði ráðuneytið umsagnar félagsins þar um. Það skal tekið fram, eins og ég hef margoft ítrekað á Alþingi, að Landssíminn er hlutafélag sem lýtur sem slíkt lögum einkaréttarins og í því ljósi verður að skoða þau svör sem ég gef hér. Stjórnendur Landssímans hafa áskilið sér rétt til að takmarka svör sín á þann hátt að það trufli ekki samkeppnisaðstöðu fyrirtækisins.

Fyrsta spurningin hv. þm. er:

„Hversu miklum fjármunum hefur Landssíminn hf. varið til að bæta GSM-dreifikerfið á ári síðustu fimm ár?"

Svarið er að Landssími Íslands hefur fjárfest í dreifikerfi GSM frá árinu 1997. Það segir okkur náttúrlega hversu stuttur tími er liðinn síðan þessi uppbygging okkar hófst. En í það hefur verið varið vel á annan milljarð kr. Auk þess hafa talsverðar fjárfestingar verið í stöðvarbúnaði til að taka á móti aukinni umferð og meiri notendafjölda.

Í öðru lagi spyr hv. þm.:

„Hver voru helstu verkefnin sem ráðist var í?"

Af hálfu Landssíma Íslands hefur á undanförnum árum verið lögð áhersla á að efla og styrkja dreifikerfið á þeim svæðum þar sem mesta notkunin er. Er þar bæði um að ræða viðbætur og breytingar á kerfinu á þéttbýlustu svæðunum á suðvesturhorni landsins auk þess sem nú er komið GSM-samband á nánast öllum þéttbýlisstöðum á landinu. Einnig hefur verið reynt að koma fyrir sendum í grennd við helstu orlofshúsasvæði og talsverð áhersla verið lögð á að gott samband náist á fjölförnustu vegum landsins með þeim fyrirvörum og takmörkunum sem fram komu fyrr í ræðu hv. fyrirspyrjanda.

Fyrir tveimur árum fór Landssími Íslands hf. í umfangsmiklar breytingar á dreifikerfi á höfuðborgarsvæðinu sem voru nauðsynlegar, bæði vegna ákvörðunar um að veita þriðja rekstrarleyfið á 900 HMS-tíðnisviðinu á því svæði og einnig hefur notendafjöldinn í kerfinu vaxið langt umfram það sem áætlað hafði verið þegar það var upphaflega hannað. Segja má að á síðustu einu til tveimur árum hafi meginástæðan fjarskiptafyrirtækjanna verið lögð á að bæta sambandið innan höfuðborgarsvæðisins en alltaf koma upp dæmi um að á ákveðnum svæðum sé samband ekki fullnægjandi, t.d. innan

húss hjá fyrirtækjum með mikla notkun sem þurfa mikið að byggja á góðu fjarskiptasambandi.

En á sama tíma og fjarskiptafyrirtækin hafa staðið frammi fyrir auknum kröfum frá viðskiptavinum um betra samband hefur tekið stöðugt lengri tíma að fá nauðsynleg leyfi frá byggingar- og skipulagsnefndum sveitarfélaganna til nauðsynlegra úrbóta.

Í þriðja lagi er spurt:

„Hvaða áætlanir hefur fyrirtækið um að stórbæta skilyrði GSM-farsímanotenda á næstu árum?"

Landssími Íslands gefur ekki upp, frekar en hin fjarskiptafyrirtækin, neinar áætlanir um stórbætt skilyrði GSM-farsímanotenda enda nær dreifikerfið yfir það stóran hluta landsins að erfitt er að finna möguleika til stækkunar kerfisins sem líklegt er að skili fyrirtækinu fullnægjandi arðsemi, eins og sagði í svari fyrirtækisins. Það er hins vegar ljóst eftir að farsímaeign landsmanna er orðin jafnalmenn og raun ber vitni að öryggi fólks á ferðum um landið eykst með aukinni dreifingu GSM-kerfisins.

Ég vil geta þess að Vegagerðin hefur óskað eftir könnun á kostnaði við að bæta samband á ýmsum fjallvegum. Ég mun leggja mjög ríka áherslu á að því verði hraðað sem mest má verða.

[17:18]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli sem og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það vekur einmitt athygli sem kom fram í máli hæstv. ráðherra að hér er um að ræða þróun sem hófst 1997, það er nú ekki lengra síðan. Þróunin er því gífurlega hröð. Ég tek eins undir það að hér er um gífurlega mikilvægt öryggistæki að ræða, en GSM-síminn er meira. Hann er í rauninni eitt algengasta samskiptaformið í nútímanum.

Ég vildi aðeins vekja athygli á einu atriði sem ég hef orðið var við á ferðum um landið að GSM-síminn er farinn að stjórna því hvar ferðalangar gista. Ég er þá að tala um staði jafnvel við hringveginn, staði eins og Öræfasveit þar sem um 150–160 þús. ferðamenn koma árlega. Rekstraraðilar sem eru að byggja sig upp þar verða varir við það að ferðalangar sem koma einir á ferð, snúa frá ef ekki er GSM-samband. Hér er því auðvitað út frá byggðasjónarmiði og uppbyggingu ferðaþjónustu mikilvægt að herða frekar róðurinn í að byggja upp gott GSM-dreifikerfi fyrir alla landsmenn.

[17:19]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda, Guðmundi Árna Stefánssyni, fyrir þá fyrirspurn sem hér er sett fram og góða ökuferð um kjördæmi landsbyggðarinnar að hluta þó, nokkrum stöðum var sleppt sem ekki bæta ástandið í GSM-sambandinu.

Ég vildi aðeins leggja áherslu á það sem hér hefur komið fram um öryggisþátt GSM-símans. Í vondum veðrum á fjallvegum er ákaflega mikilvægt, eins og fram kom í máli ráðherra, að Vegagerðin og aðilar sem þetta mál snertir fjalli um og fari í gegnum það hvað hægt er að gera til að auka öryggisþátt GSM-símans. Áður voru það NMT-símarnir sem dekkuðu þessi svæði en það má líka segja sem svo að þeir símar eru nú dálítið að detta út og menn eru ekki mjög fúsir til að endurnýja þá og hafa þá hjá sér í bíl líka þannig að menn þurfi að vera með tvo síma. Ég vil því ítreka og segja: Hér er verið að ræða um ákaflega mikið öryggisatriði og ákaflega brýnt er að farið sé í gegnum þetta sem allra fyrst, sérstaklega hvað varðar hina miklu fjallvegi.

[17:20]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Þau voru vissulega takmörkuð og enn þá er gamla leyndin uppi við þegar kemur að því fyrirtæki sem er 95% í eigu okkar. Nú megum við ekki lengur spyrja um það hvernig þeir ætli að standa fyrir grunnþjónustu við símnotendur, og ég minni á varðandi fjarskiptanetið sem Landssíminn rekur, að þeir selja ekki eingöngu eintaklingum aðgang að því heldur líka samkeppnisaðilum, þ.e. Íslandssíma og Tali og raunar fleiri aðilum. Þeir eru þjónustuaðilinn, og það er hárrétt sem hæstv. ráðherra sagði að mikil sprenging hefur orðið, ég held að orða megi það þannig, í GSM-símanotkun og kröfurnar verið miklar um aukna þjónustu á þeim vettvangi. En að sama skapi hefur þetta verið gróði, og gróði símafyrirtækja og ekki síst þá Landssímans hf. hefur verið umtalsverður og sívaxandi. Þess vegna skyldi maður ætla að þessi stóraukni hagnaður væri þá í ríkum mæli og ríkari mæli notaður til að þétta kerfið og bæta það. En það hefur því miður ekki verið gert.

Hæstv. ráðherra gat þess að Landssíminn hefði vísað til nauðsynlegrar arðsemi af þéttingu netsins. Nú kann ég ekkert á hvaða þumalfingursregla er notuð í því sambandi. Einhver sagði mér, og sel ég það ekki dýrara en ég keypti, að menn vildu sjá 3 krónur a.m.k. í auknum hagnaði fyrir hverja 1 krónu sem notuð væri til fjárfestinga. Þá gengur mjög hægt að byggja upp og þétta netið í hinum dreifðu byggðum, það þori ég nánast að fullyrða.

Ég lýsi því yfir nokkrum áhyggjum með stöðu þessara mála og hversu lítið skipulag virðist vera á umfangsmiklum endurbótum á þessu kerfi. Það leiðir auðvitað hugann að því hvort menn hefðu ekki átt að fara þá leið sem hér var lögð til á sínum tíma, að grunnnetið yrði í almannaeigu þannig að við hefðum einhverja minnstu stjórn á því hvernig við gætum bætt úr þessari brýnu þjónustu.

[17:22]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er athyglisvert að hv. þm. leggja eins og fleiri mjög mikið upp úr því að hafa tryggt samband, símasamband um GSM-síma. Besti vitnisburðurinn um það er einmitt hin hraða uppbygging sem hefur verið í GSM-símakerfinu og ég held að besta tryggingin liggi í því að komin er á samkeppni á milli símafyrirtækjanna á GSM-markaðnum og notendur gera þá kröfu til símafyrirtækja að símann megi nota sem víðast. Fólk, t.d. hérna í mesta þéttbýlinu, sem notar símann mikið og greiðir háar fjárhæðir fyrir símanotkun, vill geta notað símann í dreifbýli einnig. Umfram allt leggið áherslu á, ágætu þingmenn sem notið símann mikið, að símafyrirtækin hraði þeirri uppbyggingu.

En ég vil aðeins og í lokin nefna að það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Kristjáni Möller að NMT-síminn svokallaði er á undanhaldi. Í staðinn kemur TETRA-kerfið sem gert er ráð fyrir að muni dekka landið allt sem meginöryggiskerfi í símaþjónustunni. Það er hins vegar afar mikilvægt að sú uppbygging gangi sem hraðast fyrir sig, en gert er ráð fyrir því að TETRA-kerfið nái um landið allt árið 2004, eins og áætlanir TETRA-Ísland standa núna.

En ég vil þakka fyrir þessa umræðu. Ég er einn þeirra sem nota GSM-símann mikið og vil auðvitað að hann virki. (**GÁS:** Með handfrjálsum búnaði?) Já, með handfrjálsum

búnaði. Ég vil þess vegna að hann virki sem víðast að sjálfsögðu.

Stafrænar sjónvarps- og útvarpssendingar.

Fsp. ÞKG, 211. mál. — Þskj. 214.

[17:25]

Fyrirspyrjandi (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Lengi hefur verið rætt um stafrænar sjónvarpssendingar, hvenær þær komi til skjalanna á Íslandi. Ég veit að m.a. í Ríkisútvarpinu hefur verið unnin mikil undirbúningsvinna hvað þetta atriði varðar og þeirri nýju tækni hafa m.a. Danir og Svíar reynt að koma í gegn. Þeir hafa reyndar farið mismunandi leiðir en lengi vel var meginvandamálið viðtækjavandamál, þ.e. ekki voru til viðeigandi tæki til að taka á móti digital-tækninni en nú eru þau komin til skjalanna og nú er hægt að fá þau víðs vegar um Evrópu.

Helstu kostir digital eru að á einum sendi komast fyrir fjórar til fimm sjónvarpsútsendingar og um sex útvarpsútsendingar að mér skilst, en hér á landi höfum við aðallega rætt um að einblína á sjónvarpið. Við verðum að mínu mati að taka þá ákvörðun að byggja ekki lengur þetta dýra og kostnaðarsama analog-kerfi eða hliðræna kerfi sem m.a. Ríkisútvarpið byggir á, heldur að fara í digital-umhverfið þar sem þetta tvöfalda kerfi, sem yrði þá um tíma, væri allt of kostnaðarsamt. Svíar hafa m.a. sagt að einn helsti ábatinn af því að fara í digital-umhverfið sé að þá er lokað á analog-kerfið.

Ég geri ráð fyrir að hér eins og annars staðar verði þetta samspil þriggja kerfa, jarðnets, kapalkerfis og gervitungladreifingar, og það er sérstaklega hægt að skoða gervitungladreifingar og jarðdreifingar eða jarðnetið til þess að spara umtalsverðar fjárhæðir. Það skiptir líka miklu máli að þeir sem reka sjónvarpsþjónustu í dag eigi greiðan aðgang að digital-kerfinu. Í Danmörku var valin sú leið að einkafyrirtæki *reisi þetta, fjármagni og leigi tækni til stöðvanna.* Í Noregi hafa TV2 og NSK sótt saman um leyfi til að stofna og reka slík fyrirtæki.

Þegar farið verður út í þessa nýju tækni, digital-tæknina, þarf að tryggja þeim sem kaupa þá tækni, þ.e. ljósvakamiðlunum, aðgang að hönnun og skipulagningu, því að þekking þeirra er náttúrlega gríðarlega mikil sem hafa nýtt sér þessa þjónustu, svo að þeir geti komið á einn eða annan hátt að þessu ferli. Það þarf að skilgreina þetta ferli vel þannig að sá sem fer út í rekstur á „DAB-inu" eða digital-kerfinu komi einfaldlega ekki með opinn tékka á þann sem er að kaupa þjónustuna, ljósvakafjölmiðlunum, því að við vitum að sá tékki kemur til með að enda hvergi annars staðar en á neytendum sjálfum.

Með digital verða ekki einungis gæðin meiri og betri fyrir neytendur, heldur er einnig hægt að bjóða upp á meira efni og koma meira efni til neytenda. Þetta er ekki síður þeim til hagsbóta sem þessi tækni er nauðsynleg og er að ryðja sér til rúms. Þess vegna hef ég lagt fram þessa fyrirspurn til hæstv. ráðherra.

[17:28]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. spyr: „Hvenær má búast við að stafræn (digital) tækni taki við af hliðrænni (analog) tækni við sjónvarps- og útvarpssendingar og hvernig mun hin stafræna tækni verða fjármögnuð?"

Stafræn tækni mun valda þáttaskilum í þróun sjónvarps á næstu árum að flestra mati á svipaðan hátt og stafræn tækni gjörbreytti öðrum fjarskiptum upp úr 1980. Í samgrn. hefur verið unnið markvisst að innleiðingu stafrænna sjónvarpssendinga á Íslandi. Í greinargerð sem Póst- og fjarskiptastofnun vann fyrir ráðuneytið er fjallað um ýmsa þætti er varða stafrænt sjónvarp hérlendis og aðkomu stjórnvalda að ákvörðunum um stafrænt sjónvarp.

Ég legg sérstaka áherslu á að dreifing stafræns sjónvarps verði tryggð til landsmanna óháð búsetu. Hugmyndir mínar byggja á því að tryggja hverjum notanda sem einfaldastan aðgang að dreifikerfi sem getur flutt honum allar þær sjónvarpsstöðvar sem hann kýs að vera áskrifandi að. Í þeim tilgangi yrði veitt leyfi fyrir dreifikerfi fyrir allt landið með skyldum um þjónustu við landsmenn og með opnum aðgangi fyrir þá sem vilja dreifa dagskrá sinni. Póst- og fjarskiptastofnun verður falið að annast útboð í samráði við önnur stjórnvöld og markaðsaðila að sjálfsögðu. Leitast verður við ná sömu dreifingu og núverandi dreifikerfi RÚV sem nær til um 99,9% landsmanna.

Hinn 24. september sl. samþykkti ríkisstjórnin tillögu mína um að skipa starfshóp undir forustu ráðuneytisins til að leiða saman hagsmunaaðila og gera tillögu um innleiðingu stafræns sjónvarps á Íslandi. Ég hef þegar skipað starfshóp undir formennsku Jafets S. Ólafssonar viðskiptafræðings og vinnur nefndin að þessum verkefnum. Auk þess eiga fulltrúar fjmrn., iðn.- og viðskrn., menntmrn. og Póst- og fjarskiptastofnunar sæti í þeim hópi. Starfshópnum er m.a. falið að gera tillögur um fjármögnun hinnar stafrænu tækni og uppbyggingu kerfisins. Gert er ráð fyrir að tillögur um flutning yfir í stafræna kerfið liggi fyrir í vetur og á grundvelli þeirra tillagna um aðferðafræði yrði síðan um að ræða útboð vegna dreifikerfis og er þess að vænta að það geti farið fram ef allt gengur að óskum á næsta ári. Ákvörðun um lokun hliðrænna kerfisins þarf að liggja fyrir sem fyrst og áður en útboðið er haldið.

[17:31]

Fyrirspyrjandi (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Þótt okkur miði að mínu mati hægt þá miðar okkur greinilega áfram og því ber að fagna. Ég vil leggja sérstaka áherslu á að vinnu þessarar nefndar verði flýtt hið fyrsta. Ég veit að það er umfangsmikil vinna hvernig meta eigi fjármögnun slíks kerfis. Engu að síður þurfum við að ýta þessu áfram því að þetta er afskaplega mikilvægt varðandi ekki bara gæðin, eins og ég kom að áðan, heldur líka magnið og fleira fyrir neytendur. Um leið getum við leyst úr þeim vanda sem iðulega kemur fram í ýmsum fyrirspurnum í þinginu þegar verið er að kvarta undan lélegum útsendingum eða útsendingarskilyrðum á nokkrum stöðum um landið. Þó að hér séu mjög góðar útsendingar almennt miðað við önnur lönd þá eru engu að síður nokkrir staðir sem enn ná ekki nægilega vel m.a. útsendingu sjónvarps. Þetta gæti leyst með því að koma digital-kerfinu á því að þá gætum við um leið nýtt okkur gervitunglin sem gætu líka náð út á miðin og þangað sem skilyrði eru lélegri.

Ég ítreka því mikilvægi þess að þessari vinnu verði hraðað. Við eigum að einhenda okkur í þetta. Að öðru leyti þakka ég hæstv. ráðherra fyrir svörin og ég vona að hann komi

til með að gera Alþingi grein fyrir því hvernig niðurstaða þessarar nefndar kemur til með að líta út.

[17:33]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég tek undir það að stafræn tækni er mjög mikilvæg vegna þess að bæði er um meiri gæði í útsendingu að ræða og meiri afkastagetu, flutningsgetu. Það hefur hins vegar vakið athygli mína að sjónvarpsfyrirtækin hafa ekki sýnt þessu mjög mikinn áhuga satt að segja. Frumkvæðið í þessu máli hefur allt komið frá ráðuneytinu og eftir að Póst- og fjarskiptastofnun vann skýrsluna sem ég nefndi í svari mínu hefur komist skriður á þetta mál. Ég vonast eftir því að sjónvarpsfyrirtækin herði á sínum þætti málsins því að allt er þetta gert í þágu viðskipta og þjónustu sem sjónvarpsstöðvarnar þurfa á að halda þannig að þetta er mjög í þágu þeirra, en auðvitað fyrst og síðast í þágu neytenda.

Póst- og fjarskiptastofnun.

Fsp. ÞKG, 217. mál. — Þskj. 220.

[17:34]

Fyrirspyrjandi (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ástæðan fyrir þessari fyrirspurn minni er sú að ekki alls fyrir löngu á fundi hjá hv. samgn. voru tilkynntar breytingar af hálfu ráðuneytisins á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun. Þar kom fram í máli fulltrúa samgrn. m.a. að markmiðið með því að breyta þessum lögum væri m.a. að efla samkeppnisþátt Póst- og fjarskiptastofnunar. Því legg ég fram fyrirspurn, og ekki að ástæðulausu, um hvort ekki hafi verið skoðuð annaðhvort samvinna eða ekki síður það hvort rétt væri að sameina þessa stofnun og Samkeppnisstofnun. Við vitum líka að ýmsir aðilar á fjarskiptamarkaði hafa kvartað undan því að þeim hafi ekki verið sinnt sem skyldi af Póst- og fjarskiptastofnun — hún hefur verið undirmönnuð — þegar þeir hafa lagt fram kvartanir um hugsanlega misnotkun annarra á samkeppnissviði á fjarskiptamarkaði.

Þess vegna stendur eftir sú spurning hvort rétt sé að byggja upp þessa samkeppnisdeild innan Póst- og fjarskiptastofnunar eða samkeppnisþáttinn þar í stað þess að nýta þekkingu Samkeppnisstofnunar eða hugsanlega samlegðaráhrif þessara tveggja stofnana. Er rétt að hafa tvær stofnanir sem í raun gera það sama? Póst- og fjarskiptastofnun athugar samkeppnisþátt á fjarskiptamarkaði og Samkeppnisstofnun athugar samkeppnisþátt á fjarskiptamarkaði. Er þetta eðlilegt? Er rétt að tvær stofnanir vinni sama verkið á tveimur stöðum? Er ekki verið að tvívinna verkin?

Við vitum að Póst- og fjarskiptastofnun er frekar mannfá. Hún hefur ekki getað sinnt þessum kvörtunum sem skyldi, eins og ég gat um áðan. Því spyr ég hvort ekki væri rétt að reyna að samnýta eða nýta þennan mannskap á samkeppnissviði betur. Ég hefði gjarnan viljað sjá vinnu lagða í það af hálfu samgrn. annars vegar og viðskrn. hins vegar sem ráðuneytis samkeppnismála, að skoða hagkvæmni þess að sameina þessar stofnanir, hver sá sparnaður yrði og hversu mikil hagræðing og kraftur kæmi til með nýtingu mannskaps þessara tveggja stofnana, þ.e. samlegðaráhrifin. Hver yrðu þau? Því spyr ég í ljósi þessara upplýsinga sem okkur bárust í samgn. þingsins, þ.e. að efla eigi samkeppnisþátt Póst- og fjarskiptastofnunar, hvort skoðað hafi verið í þessu samhengi að sameina Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun.

[17:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Fjarskipta- og upplýsingamál skipta Íslendinga verulega miklu máli. Markmiðið er að Ísland verði í fremstu röð tæknivæddra ríkja með ódýra og góða fjarskiptaþjónustu. Alþingi og stjórnvöld bera ábyrgð á því að tryggja réttlátar leikreglur í fjarskiptamálum, leikreglur sem stuðlað geta að aukinni velferð og hagsæld í þjóðfélaginu. Leikreglur fjarskiptanna eru um margt frábrugðnar leikreglum annarrar atvinnustarfsemi, m.a. vegna þeirrar sérstöðu fjarskipta í Evrópu að þau hafa fyrst fyrir fáum árum verið leyst undan vernd einkaréttar og því hefur ekki verið talið tímabært að fella ákveðna þætti fjarskiptaþjónustu, svo sem samtengingu, kostnaðargreiningu fjarskiptafyrirtækja, reglur um opinn aðgang að netum og alþjónustu, undir samkeppnislöggjöfina. Fleiri dæmi mætti telja, svo sem umsjón með tíðnimálum og úthlutun númera. Þessi verkefni eru bæði mjög sérhæfð tæknilega og þess eðlis að þau falla utan verksviðs Samkeppnisstofnunar.

Póst- og fjarskiptastofnun er eftirlitsaðili sem hefur það hlutverk að móta samkeppnismarkað úr markaði þar sem ríkisreknar símastjórnir hafa um áratuga skeið átt og rekið eina fullkomna fjarskiptanetið sem til var þar til einkaréttur var afnuminn með lögum. Breytt lagaumhverfi og starfsemi faglegs eftirlitsaðila hefur gert nýjum fyrirtækjum kleift að hefja starfsemi á markaðnum.

Hitt er svo annað mál að langtímamarkmið með þessu lagaumhverfi og starfi Póst- og fjarskiptastofnunar er að á fjarskiptamarkaðnum gildi almennar leikreglur og að ekki þurfi sérstakar aðgerðir og stofnanir til eftirlits með markaðnum, þ.e. að fjarskiptamarkaðurinn verði eins og hver annar markaður þar sem fyrirtæki keppa á jafnréttis- og jafnræðisgrundvelli.

Á þessu haustþingi mun ég leggja fram frv. til nýrra fjarskiptalaga og laga um Póst- og fjarskiptastofnun. Þar verða gerðar veigamiklar breytingar á gildandi lögum sem eiga sér fyrst og fremst stoð í nýju regluverki EES-samningsins og tilskipun frá mars 2002. Meðal helstu nýmæla er breytt aðferðafræði við skilgreiningu á markaði og útnefningu á markaðsráðandi stöðu sem er mjög mikilvægt atriði á fjarskiptamarkaðnum.

Eins og kunnugt er telst fjarskiptafyrirtæki í dag hafa umtalsverða markaðshlutdeild ef hún er 25% eða meira en samkvæmt frv. verður notuð aðferðafræði samkeppnisréttarins við greiningu á markaði og markaðsráðandi stöðu. Þá er áskilið að leggja megi kvaðir á fjarskiptafyrirtæki sem telst hafa markaðsráðandi stöðu. Þær kvaðir eiga að byggja á faglegum atriðum eins og hegðun á fjarskiptamarkaði og verðlagningu. Vel mætti hugsa sér að þetta verkefni yrði falið Samkeppnisstofnun en það var hins vegar niðurstaða framkvæmdastjórnar ESB að eftirlitsstofnanir á fjarskiptasviði ættu að annast það, að sjálfsögðu í samráði og í góðri samvinnu við Samkeppnisstofnun eins og ég hef lagt mjög ríka áherslu á áður í umræðum. Þessi niðurstaða ESB verður vart túlkuð öðruvísi en svo að fjarskiptamarkaðurinn hafi ekki enn náð því jafnvægi að lúta almennum leikreglum samkeppnisréttarins.

Ég vil að lokum geta þess að umræðan um sameiningu fjarskiptastofnana og samkeppnisstofnana fer fram í öðrum Evrópuríkjum en niðurstaða hennar er almennt sam-

hljóða niðurstöðu framkvæmdastjórnar ESB. Spurningin er því tímabær og umræðan er tímabær en samruni stofnananna er ekki að mínu mati tímabær. Ég velti þessari spurningu að sjálfsögðu fyrir mér við endurskoðun laga um Póst- og fjarskiptastofnun.

Af framangreindum ástæðum varð niðurstaða mín sú að ég mun leggja til að áfram starfi sjálfstæður eftirlitsaðili á fjarskiptamarkaði á Íslandi.

[17:41]

Fyrirspyrjandi (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svarið. Að mörgu leyti skil ég afstöðu hans, sérstaklega með tilvísun í Eftirlitsstofnun EFTA. Ég er líka sammála því sem kom fram í máli hæstv. ráðherra, að fjarskipta- og upplýsingamál skipta miklu máli en að við stefnum að því að almennar leikreglur gildi um þann markað eins og annan markað. Í raun er ekkert því til fyrirstöðu að fyrirtæki á fjarskiptamarkaði leiti til Samkeppnisstofnunar einfaldlega út af því að hún er stærri og svo virðist vera að skjótari svör komi þaðan.

Ég velti því líka fyrir mér hvort það sé fyrirstaða í þessu máli, þ.e. að sameina þessar stofnanir út af þessum öfluga samkeppnisþætti, að þær falla hvor undir sitt ráðuneytið.

Síðan kasta ég því fram svona nokkuð óábyrgt að ef huga ætti að því að sameina Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun, hvort til að mynda tækniþáttur Póst- og fjarskiptastofnunar gæti þá farið til Löggildingarstofu t.d. Það er hugsanlega einn möguleiki sem hægt væri að skoða.

Ég skil svar hæstv. ráðherra og þakka fyrir það. Engu að síður tel ég að við eigum að stefna að því að minnka umfang þessara eftirlitsaðila. Við eigum að reyna að gera þetta skilvirkt og efla þá eftirlitsaðila sem eru til staðar á markaðnum, þ.e. með því að efla samvinnu milli Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppnisstofnunar og helst með því að sameina samkeppnisþætti þessara stofnana.

[17:44]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það að Samkeppnisstofnun og Póst- og fjarskiptastofnun heyra hvor undir sitt ráðuneytið tel ég að hafi ekki úrslitaáhrif hvað þetta varðar, alla vega er afstaða mín ekki sú. Ég tel að við Íslendingar eigum að leita eins og kostur er hagstæðustu kosta við rekstur stofnana okkar og gæta þess að vera ekki með tvíverknað. Þó er ég ekkert alveg viss um að afkastageta Samkeppnisstofnunar sé miklu meiri en Póst- og fjarskiptastofnunar þannig að sérstök ástæða sé til þess að skjótast í skjól Samkeppnisstofnunar til þess að fá hraða afgreiðslu. En það kann vel að vera.

En eins og ég nefndi hér áður og undirstrikaði sérstaklega þegar fjallað var um fjarskiptalögin síðast í þinginu þá er skipulegt samstarf á milli Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppnisstofnunar mjög mikilvægt til þess að góð úrlausn mála fáist. Það er afar mikilvægt að svo sé og það er í þágu góðrar niðurstöðu fyrir neytendur.

Hvað varðar tækniþátt Póst- og fjarskiptastofnunarinnar þá má vel vera að hægt sé að koma þeirri starfsemi fyrir einhvers staðar annars staðar. En eins og er höfum við ekki komist að þeirri niðurstöðu við vandlega skoðun í samgrn. að það væri betri kostur að slíta þessa stofnun í sundur eða færa hana annað. Þetta er mjög ung stofnun. Fjarskiptalögin og hinn frjálsi fjarskiptamarkaður er nánast að slíta barnsskónum þannig að ég held að við eigum að fara varlega í að gera miklar breytingar á meðan fjarskiptafyrirtækin og fjarskiptamarkaðurinn eru að ná vopnum sínum í samkeppninni.

Vegagerð og umferð norður Strandir.

Fsp. JB, 219. mál. — Þskj. 222.

[17:46]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég leyfi mér að beina fyrirspurn til hæstv. samgrh. um vegagerð og umferð norður Strandir, norður í Árneshrepp. Spurningarnar eru eftirfarandi:

1. Hver er áætlun um framkvæmdir og verklok á vel uppbyggðum vegi með bundnu slitlagi norður Strandir frá Brú að Hólmavík?

2. Hversu mikil umferð er um veginn norður Strandir úr Kaldrananeshreppi í Árneshrepp og hvernig hefur hún þróast sl. tíu ár, sundurliðað eftir mánuðum?

3. Hver er verkáætlun um uppbyggingu vegarins um Kaldrananeshrepp og Árneshrepp og hvenær verður uppbyggingu góðs malarvegar norður í Árneshrepp lokið?

Herra forseti. Vegir og samgöngur eru undirstaða byggða og atvinnulífs og það gildir jafnt um byggðir norður Strandir. Vegurinn til Ísafjarðar liggur norður Strandir og norður um Hólmavík og yfir Steingrímsfjarðarheiði en vegurinn á köflum þar á innströndum er malarvegur annars vegar eða þá bara með einbreiðu slitlagi. Þessi vegur er oft mjög holóttur og ber illa þungaflutninga. Það er því mikilvægt að vegur þarna um verði sem allra fyrst og best búinn til þess að bera umferð.

Í öðru lagi, herra forseti, er það vegurinn áfram frá Hólmavík norður Strandir og norður í Árneshrepp. Sá vegur flokkast ekki undir almenna þjóðvegi og hefur verið unnið í honum í áföngum á undanförum árum en mörgum þótt miða hægt.

Á sl. sumri þyngdist mjög umferð á þeim vegi, m.a. vegna mikilla flutninga bæði fólks sem fór norður í Árneshrepp og einnig vegna fiskflutninga. Vegurinn þar bar engan veginn þá umferð þannig að þegar ég fór þarna um í ágústmánuði, var vegurinn mjög illa farinn, holóttur og hvarfóttur.

Það skiptir miklu máli fyrir atvinnulíf þar norður að vegasamgöngur séu sem bestar og ferðaþjónusta sem er vaxandi atvinnuvegur einmitt norður í Árneshreppi er líka mikilvæg fyrir atvinnu og búsetu þar.

Mér er kunnugt um að verið var að mæla umferðina norður í Árneshrepp á sl. sumri á svokölluðum bölum og væri því mjög fróðlegt í þessari umræðu að fá að vita hversu mikil hún hefur verið. Því hef ég, herra forseti, lagt fram þær spurningar sem ég áður hef greint frá fyrir hæstv. samgrh.

[17:49]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Í fyrsta lagi spyr hv. þm. Jón Bjarnason: „Hver er áætlun um framkvæmdir og verklok á vel uppbyggðum vegi með bundnu slitlagi norður Strandir frá Brú að Hólmavík?“ Í gildandi langtímaáætlun í vegagerð fyrir árin 1999–2010 er ekki tekin afstaða til þess hvort umræddur vegur verði byggður upp eða hvort nýr vegur verði byggður yfir Tröllatunguheiði en gert er ráð fyrir fjárveitingu í aðra hvora framkvæmdina á árunum 2007–2010. Gera verður ráð fyrir að fjallað verði um þetta mál í tengslum við gerð samgönguáætlunar nú í vetur.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: „Hversu mikil umferð er um veginn norður Strandir úr Kaldrananeshreppi í Árneshrepp og hvernig hefur hún þróast sl. tíu ár, sundurliðað eftir mánuðum?“ Umferðarteljari sem telur umferð allt árið er á Strandavegi við Djúpveg í botni Steingrímsfjarðar. Umferðarteljarinn hefur verið á þessum stað lengi og hefur ekki sýnt merkjanlega breytingu á sumarumferð sem hefur verið 150–160 bílar á dag að meðaltali. Ársumferð, þ.e. meðalumferð á dag allt árið, hefur aukist úr 70–80 bílum í 80–90 bíla á dag á sl. tíu árum sem teljast verður eðlilegt þar sem vetrarþjónusta hefur aukist á leiðinni milli Hólmavíkur og Drangsness. Umferð á Strandavegi norðan Drangsnesvegar hefur verið könnuð nokkrum sinnum með skammtímatalningum og hefur sumarumferð verið á bilinu 50–60 bílar á dag að meðaltali og ekki farið vaxandi. Tekið skal fram að umferð var talin þarna nú í sumar en niðurstöður þeirrar talningar liggja ekki fyrir á þessari stundu.

Í þriðja lagi spyr þingmaðurinn: „Hver er verkáætlun um uppbyggingu vegarins um Kaldrananeshrepp og Árneshrepp og hvenær verður uppbyggingu góðs malarvegar norður í Árneshrepp lokið?“ Svar mitt er að ekki liggur fyrir heildaráætlun um uppbyggingu Strandavegar norðan Steingrímsfjarðar. Þær endurbætur sem gerðar hafa verið á veginum á undanförnum árum hafa miðast að því að lengja opnunartíma hans að hausti og flýta opnun að vori. Gert hefur verið ráð fyrir að halda slíkum endurbótum áfram á næstu árum en um það verður að sjálfsögðu fjallað við gerð fjögurra ára áætlunar nú í vetur.

[17:52]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svörin þó að þau séu nokkuð mögur. Í fyrsta lagi varðandi veginn norður Strandir að Hólmavík þar sem hæstv. ráðherra sagði að beðið væri áætlunar um það hvort valin yrði önnur leið og sú framkvæmd gæti verið á áætlun 2007–2010, þá er það býsna langur tími. Ég held að þó svo valin verði önnur leið eða viðbótarleið norður Strandir, þá eigi það ekki að hafa áhrif á þær framkvæmdir, að eðlilegt og bundið slitlag komi á veginn þarna norður. Við erum líka að tala um ein sex, átta eða tíu ár. Það er langur tími og ég vildi óska eftir því að hæstv. ráðherra endurskoðaði þetta og skoðaði möguleika á því að þarna væri betur búið að.

Varðandi veginn norður Strandir, norður um Kaldrananeshrepp og Árneshrepp, þá er það mín skoðun að það eigi að vera með sérstakar fjárveitingar í það verkefni. Sá vegur er alveg sérstæður í byggðum á landinu. Þarna er vegur fram í byggð sem ekki á sér aðra samgöngumöguleika á landi en þessa og ég tel að það eigi að vinda sér í sérstakt átak til að ljúka þokkalega með vel uppbyggðum malarvegi þarna norður. Ekki að vera að klípa af einhverjum minni háttar fjárveitingum sem eigi að dreifast til minni kafla. Þarna er um vegtengingu og vegasamband við byggð og byggðarlag sem virkilega er þörf á að fái betra vegasamband. Það er því tillaga mín að þetta verði sérstök framkvæmd og tekið á þessu sérstaklega og fyrr.

[17:55]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það má vissulega til sanns vegar færa að hraða þurfi framkvæmdum við þennan veg eins og raunar allar aðrar vegaframkvæmdir sem við stöndum frammi fyrir. Ég þekki satt að segja engan veg sem ekki er fulluppbyggður sem fjöldinn allur af fólki hefur ekki ríkan vilja til að láta ljúka við sem allra fyrst. En þarna er úr vöndu að ráða og það verður að velja og hafna og forgangsraða. Fjármunir eru ekki óendanlega miklir. Hins vegar höfum við haft töluverða mikla fjármuni til vegagerðar á þessu ári og vonandi á næstu árum, enda sjáum við merki þess um allt land, miklar vegaframkvæmdir og afar mikilvægar.

Fjárhagsleg staða fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Fsp. JB, 252. mál. — Þskj. 256.

[17:56]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Vöxtur ferðaþjónustu hefur verið mikill á síðustu árum. Á árunum 1996–1999 óx hún að meðaltali um 7,8% á ári en landsframleiðslan aðeins um 4,7% sem sýnir að stór hluti í aukningu á landsframleiðslu kemur frá ferðaþjónustu. Í ár er talið að um 300 þúsund erlendir gestir komi til landsins.

Ef meðaltalsaukning síðustu 20 ára er framreiknuð til næstu 20 ára yrðu þeir árið 2020 orðnir 1,3 millj. Alþjóðastofnanir á þessu sviði reikna með að lágmarki 3,8% aukningu á ári til landanna í Norður-Evrópu og Skandinavíu. Miðað við þær áætlanir yrðu gestir um 750 þúsund árið 2020 hér á landi.

Ferðaþjónustan skaffar nú um 13% allra útflutningstekna eða 37–40 milljarða kr. á ári og hefur vaxið mjög hin síðari ár. En vandi ferðaþjónustunnar er sá að hún á engan höfuðstól og litlar eignir í mannvirkjum eða markaðsstarfi. Hún hefur byggst upp úr litlum fjölskyldufyrirtækjum sem hafa tvöfaldast að vexti á sl. tíu árum. Aðgengi að stofnfé hefur verið mjög takmarkað og því hefur nánast allt fjármagn verið sótt innan úr fyrirtækjunum sjálfum. Lánsfé hefur verið frá Byggðastofnun, Ferðamálasjóði og Stofnlánadeild landbúnaðarins. Lánsfé hefur verið bundið með veði í fasteignum en þeir sem hafa staðið í afþreyingariðnaði eða markaðsstarfi hafa ekkert til að veðsetja og því ekkert aðgengi að neinu lánsfé. Það lánsfé sem hefur verið til fáanlegt hefur verið til skamms tíma og vextir háir. Þessa grein vantar sárlega stofnfé og hana vantar þolinmótt fé. Hana vantar stofn til þess að byggja á. Aðrar atvinnugreinar í landinu búa á eignum og hefðum í gegnum áratugina og jafnvel aldirnar.

Til þess að greina þessi mál, herra forseti, hef ég lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. samgrh.:

1. Er til yfirlit yfir fjárhagsstöðu fyrirtækja í ferðaþjónustu, þar með talinna aðila sem bjóða upp á gistingu og afþreyingu fyrir ferðamenn? Ef svo er, hvernig er fjárhagsstaða fyrirtækjanna, sundurliðað eftir landsvæðum og greinum ferðaþjónustunnar?

2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að gerð verði vönduð úttekt á þessum málum?

3. Kemur til greina að ríkisvaldið beiti sér fyrir endurfjármögnun og skuldbreytingum í ferðaþjónustunni til að styrkja atvinnugreinina?

Herra forseti. Ég hef þungar áhyggjur af fjárhagsstöðu ferðaþjónustunnar á Íslandi. Við sem byggjum mjög á þeirri atvinnugrein og berum til hennar miklar væntingar höfum þungar áhyggjur því ferðaþjónustuna vantar sárlega stofnfé. Ég óska eftir því, herra forseti, að hæstv. ráðherra svari þeim spurningum sem ég hef lagt fram.

[17:59]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Spurt er hvort til sé yfirlit yfir fjárhagsstöðu fyrirtækja í ferðaþjónustu, þar með talinna aðila sem bjóða upp á gistingu og afþreyingu fyrir ferðamenn. Eftir því sem næst verður komist er slíkt heildaryfirlit ekki til. Samkvæmt upplýsingum frá hagsmunasamtökum fyrirtækja í ferðaþjónustunni, SAF, hafa þau ekki tekið saman slíkt yfirlit hvað varðar fjárhagsstöðu félagsmanna sinna sem eru rúmlega 300 um allt land. Þjóðhagsstofnun hafði tekið saman yfirlit yfir afkomu og fjárhagsstöðu fyrirtækja undanfarin ár og liggja þær upplýsingar fyrir fyrir árið 2000. En þær upplýsingar gefa ekki yfirlit eða sundurliðun um einstök landsvæði.

Þær upplýsingar sem Þjóðhagsstofnun tók saman voru fyrir 303 fyrirtæki í ferðaþjónustu en samkvæmt gagnagrunni Ferðamálaráðs eru rekstraraðilar í ferðamannaþjónustu alls 867. Upplýsingar Þjóðhagsstofnunar ná því ekki nema til hluta fyrirtækja og rekstraraðila í greininni. Erfitt getur verið fyrir opinbera aðila að krefjast allra þeirra viðskiptalegu upplýsinga frá einkafyrirtækjum og einstaklingum sem sinna þjónustu við ferðamenn sem gefi heildarmynd af fjárhagsstöðu fyrirtækja í ferðaþjónustu, bæði á landsvísu og í einstökum landshlutum. Stafar þetta einnig af eðli starfseminnar sem er oft í mjög litlum fyrirtækjum og nokkuð er um fyrirtæki í blönduðum atvinnurekstri, t.d. landbúnaði og ferðaþjónustu.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: „Mun ráðherra beita sér fyrir því að gerð verði vönduð úttekt á þessum málum?“ Ég hef farið fram á það við Ferðamálaráð að það skilgreini nauðsyn slíkrar úttektar og komi með tillögur að því hvernig best verði að henni staðið svo að fram komi skýrar og sambærilegar upplýsingar á milli fyrirtækja. Ég tel að það sé afar gagnlegt að láta fara ofan í þetta og ferðamálastjóri mun vinna að þeirri skoðun.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: „Kemur til greina að ríkisvaldið beiti sér fyrir endurfjármögnun og skuldbreytingum í ferðaþjónustunni til að styrkja atvinnugreinina?“ Í ráðuneytinu er nú unnið að breytingum á lögum um skipulag ferðamála sem miðar að breytingum á hlutverki Ferðamálasjóðs. Ég tel nauðsynlegt að Byggðasjóður taki enn frekar en nú er að sér það hlutverk að veita ferðaþjónustunni á landsbyggðinni lánafyrirgreiðslu til fjárfestinga og gera henni kleift að nálgast fjármagn á betri kjörum en hingað til hefur verið mögulegt. Jafnframt verði aðrar lánastofnanir hvattar til að sinna þessari vaxandi atvinnugrein betur en nú er enda er nauðsynlegt að aðgengi að lánsfjármagni fyrir arðbær fyrirtæki á þessu sviði sé gott. Hvað endurfjármögnun og skuldbreytingar varðar þá er ekkert slíkt í farvatninu fyrir greinina í heild en að sjálfsögðu þarf að skoða þau mál sem upp koma og meta raunverulega nauðsyn svo róttækra ráðstafana.

[18:03]

Jónas Hallgrímsson:

Virðulegur forseti. Hér er hreyft þörfu málefni. Það er svo með afkomuna innan ferðaþjónustunnar hér á landi að hún er sjálfsagt eins misjöfn og þessi 800 fyrirtæki sem hlut eiga að máli og þarf áreiðanlega að líta mismunandi til þeirra.

Það er skoðun mín að hið opinbera ætti fyrst og fremst að beita almennum aðgerðum varðandi þetta málefni, þó sérstaklega með lengingu á ferðamannatímanum. Að því held ég að þurfi fyrst og fremst að hyggja til að laga starfsemina. Almennt má segja að framlegðin sé alls ekki viðunandi innan ferðaþjónustunnar í dag.

[18:04]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og fagna því að hann skuli hafa beint tilmælum til Ferðamálaráðs um að kanna stöðuna, eigna-, skulda- og fjárhagsstöðu fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Ég vil ítreka það sem sagt hefur verið um vandann sem steðjar að þessari grein. Þetta er ný og ung grein sem þarf bæði að byggja sig upp verkefnalega og markaðslega. Aðrar atvinnugreinar í landinu, tökum þessar hefðbundnu svo sem landbúnað, fiskveiðar og annan slíkan iðnað, búa að langri hefð hvað varðar eignir, eigið fé og marksstarf. Þessi grein er ný. Þess vegna er afar mikilvægt að ríkisvaldið komi með almennum hætti að því að styrkja grunninn fyrir uppbyggingu þessa atvinnuvegar.

Ég dró líka fram, herra forseti, vanda þeirra sem vinna að afþreyingar- og þjónustuiðnaði. Það er mikilvægur þáttur í þjónustu við ferðamenn en þær greinar geta ekki fengið lán. Lán eru háð því að hægt sé að veðsetja einhverjar fasteignir fyrir þeim. En einmitt þessi grein ferðaþjónustunnar er einn mikilvægasti þátturinn í að byggja upp atvinnugreinina. Hún á ekki aðgang að lánsfjármagni af því að hún hefur ekkert að veðsetja.

Það eru margar hliðar á þessu máli, herra forseti, þessum stóriðnaði, stóriðju sem við horfum á til framtíðar. Hún er sársvelt, skortir fé og grunnstuðning. Þær 500 eða 600 millj. sem veittar eru af opinberu fé til þess að styrkja starfsgrundvöllinn með ýmsum hætti eru náttúrlega hverfandi upphæðir miðað við hve stór þáttur þessi atvinnugrein er í þjóðarbúskapnum. Við bindum við hana miklar væntingar en hún er að byggja sig upp frá grunni.

Ég legg því áherslu á, herra forseti, að á þessum málum verði tekið mun fastar en hingað til.

[18:06]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hvað er grunnstuðningur við íslenska ferðaþjónustu? Það mætti raunar halda langa ræðu um það, af því tilefni sem hv. þm. Jón Bjarnason nefndi hér. Grunnstuðningur við íslenska ferðaþjónustu er t.d. að tryggja innanlandsflug á Íslandi, tryggja meginmiðstöð innanlandsflugs á Reykjavíkurflugvelli. Með því að standa við bakið á þeim sem vilja byggja upp Reykjavíkurflugvöll gætu menn stuðlað að þessum grunnstuðningi íslenskrar ferðaþjónustu m.a. Hv. þm. mætti minnast þess þegar hann á fundi með sínu fólki sem stýrir Reykjavíkurborg.

Grunnstuðningur er m.a. uppbygging vegakerfisins. Við leggjum mjög mikið upp úr því að bæta vegakerfið á Íslandi. Það styrkir auðvitað stöðu íslenskrar ferðaþjónustu. Við leggum mikla fjármuni í markaðsaðgerðir, uppbyggingu fjölfarinna ferðamannastaða o.s.frv. Þannig er verið að gera mjög margt.

Hv. 1. þm. Austurl., Jónas Hallgrímsson, kom einmitt inn á meginviðfangsefni íslenskrar ferðaþjónustu í dag, þ.e. að lengja þann tíma sem við fáum ferðamenn til að koma hingað og kaupa þjónustu. Það er hið stóra viðfangsefni sem samtök ferðaþjónustunnar og ríkisvaldið hafa staðið sameiginlega að og varðar markaðssetningu landsins. Ég legg mikla áherslu á að reyna, með þeim aðgerðum sem Ferðamálaráð og samgrn. í samstarfi við samtök ferðaþjónustunnar vinna að, að ná fleiri ferðamönnum til landsins með sérstökum

markaðsaðgerðum sem komi utan háannatímans yfir sumarið. Ef okkur tekst það þá mun hagur íslenskrar ferðaþjónustu batna.

Upplýsingamiðstöðvar í ferðaþjónustu.

Fsp. JB, 253. mál. — Þskj. 257.

[18:08]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Einn þeirra grunnþátta sem afar mikilvægur er fyrir íslenska ferðaþjónustu eru upplýsingamiðstöðvar og *þróunarstarf sem tengist þeim, að kynna þann markað* og þá möguleika sem gefast. Þetta er starf sem snertir ekki einstaka aðila í ferðaþjónustu heldur allan fjöldann. Að þessum grunnþætti gæti hið opinbera einmitt komið. Ég legg áherslu, eins og ég sagði við umræðuna um fyrri fyrirspurn mína, að markaðsstarfið í ferðaþjónustu er grunnstarfið. Til þess þarf að veita fjármagn en ferðaþjónustuaðilarnir ráða ekki við það sjálfir. Ég tel reyndar að fjárhagsstaða þeirra sé með þeim hætti að þeir þurfi frekar á stuðningi að halda en hitt.

Það er dapurlegt, herra forseti, að þjónustufyrirtæki sem hafa lagt mikið frumkvæði og kraft í að efna til nýrrar afþreyingar og verkefna, *hvort sem það er rekstur á hestaleigum*, náttúruskoðun, fljótasiglingar eða annað, leggja í mikið þróunar- og frumkvöðulsstarf sem tekur fjölmörg ár að fá til að skila hagnaði, hafa ekki aðgang að neinu þolinmóðu fé til að byggja þetta starf upp.

Rekstur upplýsingamiðstöðvar getur þar skipt miklu máli. Því spyr ég, herra forseti, hæstv. samgrh.:

1. Hversu margar upplýsingamiðstöðvar í ferðaþjónustu eru starfandi hér á landi og hvar eru þær?

2. Hvaða reglur gilda um starfsemi slíkra upplýsingamiðstöðva, m.a. varðandi kröfur um þjónustu?

3. Hver er stuðningur

a. ríkis,

b. sveitarfélaga,

c. annarra opinberra aðila við einstakar upplýsingamiðstöðvar?

4. Hver er stefna ráðherra sem yfirmanns ferðamála varðandi hlutverk upplýsingamiðstöðva í ferðaþjónustu og þátt opinberra aðila í fjármögnun þeirra?

Ég tel, herra forseti, að það hafi verulega skort á skýra stefnumörkun hvað varðar verkefni, rekstur, hlutverk og stöðu upplýsingamiðstöðva í uppbyggingu þessarar stóru atvinnugreinar Íslendinga. Þess vegna er mjög mikilvægt að fá svör við þeim spurningum sem ég hef hér lagt fram.

[18:11]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er fjarri lagi að í þessum efnum. Hún mun koma mjög skýrt fram í svari mínu.

Í fyrsta lagi er spurt: „Hversu margar upplýsingamiðstöðvar í ferðaþjónustu eru starfandi hér á landi og hvar eru þær?"

Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálaráði eru upplýsingamiðstöðvar nú 39 talsins. 17 eru opnar allt árið en 22 aðeins yfir sumarið. Upplýsingamiðstöðvar eru á eftirtöldum stöðum: Hinar svokölluðu landshlutamiðstöðvar eru í Reykjavík, Leifsstöð, Borgarnesi, Ísafirði, Varmahlíð, Akureyri, Egilsstöðum, Höfn í Hornafirði og Hveragerði.

Í Hafnarfirði, Bláa lóninu, Akranesi, Stykkishólmi, Ólafsvík, Búðardal, Reykhólum, Patreksfirði, Tálknafirði, Staðarskála, Hólmavík, Blönduósi, Húsavík, Borgarfirði eystri, Seyðisfirði, Skaftafelli, Kirkjubæjarklaustri, Vík, Skógum, Hvolsvelli, Hellu, Selfossi, Geysisstofu, Þingvöllum og Vestmannaeyjum eru einnig upplýsingamiðstöðvar.

Þessu til viðbótar er vitað um aðila sem bjóða innlendum og erlendum ferðamönnum upplýsingar þó þeir séu ekki skráðir sérstaklega hjá Ferðamálaráði. Þá er rétt að geta þess að í vaxandi mæli eru fyrirtæki að bjóða rafrænar upplýsingar til ferðafólks án tillits til staðsetningar.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: „Hvaða reglur gilda um starfsemi slíkra upplýsingamiðstöðva, m.a. varðandi kröfur um þjónustu?"

Engin lagaákvæði eru til um starfsemi upplýsingamiðstöðva. Ferðamálaráð hefur hins vegar gefið út handbók um upplýsingamiðstöðvar fyrir rekstraraðila og starfsfólk stöðvanna. Það er þáttur í þessari stefnumótun. Þá stendur ráðið fyrir árvissum námskeiðum fyrir þá sem starfa við upplýsingagjöf til ferðafólks. Hins vegar hefur Ferðamálaráð samþykkt ákveðna skilmála varðandi það að miðstöð sé nefnd landshlutamiðstöð í gagnagrunni og kynningarefni ráðsins. Skilmálarnir fjalla m.a. um opnunartíma, menntun starfsfólks, tungumálakunnáttu og að veittar séu upplýsingar á landsvísu.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: „Hver er stuðningur, ríkis, sveitarfélaga og annarra opinberra aðila við einstakar upplýsingamiðstöðvar?"

Ferðamálaráð hefur til ráðstöfunar á fjárlögum ákveðna upphæð til upplýsingamiðstöðva og miðlunar. Mörkuð hefur verið sú stefna að fjárhagsleg aðild að rekstri sé háð því að gerður sé samningur við viðkomandi upplýsingamiðstöð um þjónustustig og nokkra fleiri þætti. Einungis komi til fjárhagsleg aðild að landshlutamiðstöðvum á þessu stigi með vísan til þeirra fjármuna sem eru til verkefnisins. Á árinu 2002 er aðildin sem hér segir:

Í Keflavík, Leifsstöð, eru 3 millj. veittar til stöðvarinnar. Upplýsinga- og kynningarmiðstöð Vesturlands í Borgarnesi fær 1.250 þús., Ísafjörður 1.250 þús., Akureyri 2,5 millj., Egilsstaðir 1.250 þús., Höfn 500 þús. og upplýsingamiðstöð Suðurlands, Hveragerði, 1.250 þús. Samtals eru þetta 11 millj. kr.

Þá hefur fjárhagsleg skuldbinding Ferðamálaráðs vegna reksturs uppýsingamiðstöðvar í Reykjavík verið 3,7 millj. á þessu ári. Auk beinnar fjárhagslegrar aðildar er á vegum Ferðamálaráðs unninn upplýsingagagnagrunnur, bæði á rafrænu formi og prentaður, sem upplýsingamiðstöðvar nýta í upplýsingagjöf sinni.

Hvað varðar stuðning einstakra sveitarfélaga, samtaka þeirra og annarra opinberra aðila hefur ráðuneytið ekki þær upplýsingar. Ljóst er að stuðningur sveitarfélaga er verulegur og mikill í mörgum tilfellum. Það á bæði við beina fjárhagslega afkomu og einnig stuðning í formi húsnæðis og vinnuafls.

Í fjórða lagi spyr þingmaðurinn: Hver er stefna ráðherra sem yfirmanns ferðamála varðandi hlutverk upplýsingamiðstöðva í ferðaþjónustu og þátt opinberra aðila í fjármögnun þeirra?

Á yfirstandandi kjörtímabili hefur bein aðild ríkis að þessum mikilvæga þætti verið að aukast, ekki einungis hvað varðar upplýsingamiðstöðvar heldur hefur ráðherra einnig beitt sér fyrir og stutt fjárhagslega rekstur gestastofa sem

einnig hafa það hlutverk að upplýsa og fræða ferðamenn. Um það eru sérstakir samningar. Á undanförnum missirum hefur einnig orðið veruleg breyting á samsetningu ferðamannahópsins sem heimsækir okkur. Stærri hluti hans kemur nú á eigin vegum og Íslendingar eru í vaxandi mæli farnir að leita upplýsinga á upplýsingamiðstöðvum. Því er það stefna ráðherra að renna enn sterkari stoðum undir upplýsingagjöf til ferðafólks vítt og breitt um landið en ekki síður vinnslu rafræns upplýsingagrunns á vegum Ferðamálaráðs sem nýtist öllum til upplýsingagjafar. Þá eru á lokastigi tillögur sem hafa um nokkurt skeið verið í vinnslu hjá Ferðamálaráði um framtíðaruppbyggingu þessa málaflokks.

Ég tel nauðsynlegt að efla upplýsingamiðstöðvar, þær eru afar þýðingarmiklar, og leggja þeim aukna fjármuni. Auk þess geri ég ráð fyrir að samningur verði á næstunni gerður við Reykjavíkurborg um upplýsingamiðstöð svokallaðrar Höfuðborgarstofu.

[18:16]

Jónas Hallgrímsson:

Virðulegur forseti. Hér er annað þarft mál á ferðinni sem varðar ferðaþjónustuna í landinu. Ég vil sérstaklega þakka lokaorð hæstv. samgrh. sem voru eitthvað í þá áttina að hann vildi sjá fyrir eflingu á upplýsingamiðstöðvunum.

Hér er um gífurlega mikið hagsmunamál ferðaþjónustunnar í landinu að tefla. Það er orðið mikið um góða menntun og staðgóða þekkingu í þessari grein. Það er geysilega gott starfsfólk sem hefur verið þjálfað upp og ekkert annað en allt gott um það að segja en þetta þyrfti að koma víðar. Það þyrfti að koma víðar og ég nefni sérstaklega einn stað, sem ekki kom fram sem sveitarfélag þar sem einstaklingar hafa staðið að upplýsingagjöf, en það er Seyðisfjörður sem er önnur stærsta innflutningshöfnin á ferðafólki til landsins og fyrirsjáanlega stækkandi. Því er mjög mikið í mun að þar verði eflt starf upplýsingamiðstöðvar, og því treystum við Austfirðingar að verði fylgt eftir af hæstv. samgrh.

[18:18]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með þeim sem hér hafa talað um nauðsyn á eflingu þeirrar starfsemi sem fer fram hjá upplýsingamiðstöðvum ferðamála. Það eru örfá ár síðan ríkið byrjaði að styrkja þá starfsemi úti á landi, hafði styrkt hana í mörg ár t.d. í Keflavík og á höfuðborgarsvæðinu. Ég tel að upplýsingamiðstöðvarnar séu algjör lykill að því að ná þeirri samhæfingu í ferðaþjónustunni sem er algjörlega nauðsynleg, þ.e. hvað varðar kynningu á svæðunum, svæðisbundið, og landsfjórðungum sem er nauðsynlegt öllum ferðamönnum, og sérstaklega hvað varðar breytinguna í ferðamennskunni þar sem við erum farnir að fá einkaferðamennsku í ríkari mæli frá hópferðamennsku. Þar þarf upplýsingar og samhæfða upplýsingagjöf og þar gegna þessar miðstöðvar lykilhlutverki. Ég tel það ákaflega mikilvægt að við bakið á þessari starfsemi verði stutt og hún verði efld um allt land.

[18:19]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og þeim hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni og Jónasi Hallgrímssyni fyrir gott innlegg í umræðuna.

Fram kom hjá hæstv. ráðherra að þátttaka hins opinbera í rekstri hinna einstöku upplýsingamiðstöðva er í sjálfu sér ekki í neinum föstum samningi eða föstu formi, hverjir eigi að fá fjármagn og hverjir ekki og hversu mikið, rökin fyrir því af hverju Höfn í Hornafirði fær 500 þúsund, af hverju Varmahlíð fær ekkert o.s.frv. En ég gleðst þó yfir því, herra forseti, að bæði hæstv. ráðherra og þeir aðrir sem hér hafa tekið þátt í umræðunni hafa lagt áherslu á mikilvægi upplýsingamiðstöðvanna og að þær verði fastur punktur í þróun ferðaþjónustunnar. Einn mikilvægasti þáttur í því er að þar geti skapast stöðugleiki, öryggi til nokkurra ára í rekstri þeirra. Um þær þarf því að gera rekstrarsamninga, fjármögnunarsamninga til nokkurs tíma þannig að hægt sé að tryggja starfskrafta hjá mörgum þeirra yfir allt árið svo að hægt sé að byggja þetta upp. Þannig er t.d. hægt að efla einmitt heilsársferðaþjónustu eða lengja ferðaþjónustutímann. Þessar upplýsingamiðstöðvar gegna einmitt lykilhlutverki hvað það varðar og þær verða náttúrlega aldrei betri en það starfsfólk sem þar vinnur.

Ég vil, herra forseti, líka hvetja til þess að þeim áherslum verði sýndur staður í fjárlögunum næstu. Fjárveitingar til þessara upplýsingamiðstöðva hafa staðið í stað á undanförnum árum í óbreyttri krónutölu og samkvæmt frv. fyrir næsta ár eru þær áfram í óbreyttri krónutölu. En miðað við orð hæstv. ráðherra, sem ég fagna og tek alveg undir, að þetta starf þurfi að efla og styrkja, þá treysti ég því að hann leggist á árar með að veita aukið fjármagn til þessara upplýsingamiðstöðva og tryggja stöðu þeirra.

Reykjanesbraut.

Fsp. ÞSveinb, 265. mál. — Þskj. 281.

[18:21]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Í kjördæmaviku þingmanna í lok október funduðu þingmenn Reykjaneskjördæmis með sveitarstjórnarmönnum eins og venja er. Eins og hv. þingmönnum er kunnugt er margt um fasta liði á dagskrá þeirra funda, ekki síst þegar rætt er um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, heilsugæslu, hjúkrunarrými, löggæslu, hafnarframkvæmdir og þannig mætti áfram telja. Einn af föstu liðunum á þessum fundum hjá þingmönnum Reykjaneskjördæmis er Reykjanesbrautin.

Á liðnum missirum hafa þingmenn kjördæmisins allir sem einn lagt metnað sinn í að tryggja fjármuni til tvöföldunar Reykjanesbrautar og að samhliða þeirri tvöföldun verði gerð mislæg gatnamót þar sem þeirra er þörf. Ég þekki ekki neinn sem þykja mislæg gatnamót neitt sérstakt augnayndi í mannvirkjagerð á höfuðborgarsvæðinu, en allir eru sammála um að við þurfum að leggja góða vegi sem tryggja öryggi vegfarenda eins og best verður á kosið og anna þeim umferðarþunga sem við búum við, ekki síst á Reykjanesbrautinni, en sem dæmi má nefna að um 20 þús. bílar fara á sólarhring um Reykjanesbrautina á milli Garðabæjar og Hafnarfjarðar.

Á títtnefndum fundum fregnaðist að Vegagerðin hefði kynnt nýjar tillögur um tilhögun tvöföldunar Reykjanesbrautar, tillögur, herra forseti, sem ganga gegn forgangsröðun sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um skiptingu vegafjár. Sú forgangsröðun var samþykkt í upphafi þessa árs og send Vegagerðinni. Ef ég hef skilið þær tillögur rétt þá fjalla þær um það að Reykjanesbrautin verði tvöfölduð frá Fífuhvammsvegi að Álftanesvegi án þess að um leið verði gerð mislæg gatnamót.

Eins og menn vita, herra forseti, er Garðabær klofinn í þrennt af tveimur umferðaræðum, Hafnarfjarðarvegi og Reykjanesbrautinni. Með tvöföldun brautarinnar, án þess að reisa um leið mislæg gatnamót, er verið að trufla flæði umferðar innan bæjarins bæði fyrir bíla, fótgangandi og hjólreiðamenn. Að auki verður ekki betur séð en að mislægum gatnamótum sé með þessum hugmyndum slegið á frest.

Í ljósi alls þessa vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. samgrh. hvort og þá hvenær og hvers vegna forsendur hönnunar á tvöföldun Reykjanesbrautar á milli Kópavogs og Hafnarfjarðar breyttust.

[18:24]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Við gerð vegáætlunar fyrir tímabilið 2000–2004 var rætt um að sá háttur yrði á hafður við breikkun Reykjanesbrautar frá Kópavogi til Hafnarfjarðar að áfangaskipta verkinu þannig að fyrsti áfangi að norðan næði að gatnamótum Arnarnesvegar og gatnamótamannvirki byggð jafnframt. Næsti áfangi yrði svo breikkun vegarins að Vífilsstaðavegi ásamt gatnamótamannvirkjum þar. Síðasti áfanginn yrði síðan breikkun sunnan Vífilsstaðavegar.

Við endurskoðun vegáætlunar fyrir árið 2002 sl. vetur kom fram sú hugmynd að betri nýting fjármagns fengist með því að breikka allan kaflann fyrst og gera mislægu gatnamótin síðar.

Í tillögum forsvarsmanna sveitarfélaganna að forgangsröðun framkvæmda fyrir vegáætlun 2002–2006 og langtímaáætlun til 2014 sem lagðar voru fyrir Vegagerðina í febrúar 2002 er þessi framkvæmdaröð lögð til grundvallar, þ.e. að kaflinn verði allur breikkaður fyrst en mislæg gatnamót verði gerð síðar. Í þeim tillögum var að vísu gert ráð fyrir mun meira fjármagni en verið hefur í vegáætlun en engu að síður var tillagan um röðina þessi.

Með hliðsjón af þessu má segja að það hafi verið samdóma álit sveitarfélaganna og Vegagerðarinnar að þessi röð framkvæmda væri skynsamlegri en hin fyrri. Ástæðan er einkum sú að með þeirri röð sem nú er miðað við fær umferðin fyrr en ella tvær akreinar til umráða á öllum kaflanum, en það dregur úr töfum umferðarinnar og gerir hana greiðari. Á móti kemur að heildarkostnaður mannvirkja verður að lokum nokkuð hærri vegna þess að gatnamótamannvirkjunum er frestað. Með hliðsjón af því mikla umferðarmagni sem er á þessum kafla Reykjanesbrautar, þar sem eru 20 þús. bílar á dag, verður að telja þeim aukna kostnaði vel varið við þá framkvæmd.

[18:26]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég held að umræðan einmitt um þetta tiltekna mál lýsi sér vel í því að við þurfum hugsanlega á höfuðborgarsvæðinu að endurskipuleggja, forgangsraða öllum samgönguframkvæmdum á svæðinu. Er það m.a. í samræmi við þær þáltill. sem ég hef flutt um stórframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu þar sem við þurfum í samvinnu við sveitarfélögin að hugsa þær samgönguframkvæmdir algjörlega upp á nýtt, fara að hugsa um jarðgöng o.fl. til þess að efla og auka öryggi almennings í samgöngukerfinu.

Tryggingafélögin hafa lagt fram skýrslu þar sem þau benda á að mislæg gatnamót á Miklubraut og Kringlumýrarbraut mundu fækka umferðarslysum um 92%. Í þeirri skýrslu eru tölur sem við getum ekki litið fram hjá þegar við erum að ákveða svona stórar og miklar samgönguframkvæmdir. Og þá er spurningin hvað hægt er að gera með tilliti til fjármagnsins. Það er spurning hvort við þurfum ekki að forgangsraða með tilliti til umferðaröryggis.

[18:27]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svörin en vil þó bæta við spurningunni um það hvenær þessar ráðagerðir hafa verið kynntar sveitarfélögunum. Hæstv. samgrh. sagði áðan í svari sínu að það væri samdóma álit sveitarfélaganna og Vegagerðarinnar að svona ætti þetta að vera. Samkvæmt mínum upplýsingum, hæstv. forseti, þá er það ekki þannig og ég mundi mjög gjarnan vilja vita hvenær nákvæmlega þessar ráðagerðir voru kynntar sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Er það svo að hæstv. samgrh. álítur að það sé samdóma álit bæjarstjórnanna á svæðinu að þetta sé í lagi? Það er ekki skilningur minn á ályktunum sem þingmenn Reykjaneskjördæmis hafa fengið, m.a. frá bæjarstjórninni í Garðabæ.

Ef það verður úr að þetta er niðurstaðan, herra forseti, þá vil ég gjarnan vita hvenær á að leggja mislæg gatnamót, og ekki síst með tilliti til öryggis vegfarenda, eins og hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir benti á. Hvenær er það á dagskránni hjá hæstv. samgrh. ef fyrst á að tvöfalda og síðan einhvern tíma í framtíðinni að setja mislæg gatnamót á Reykjanesbrautina?

[18:29]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er hárrétt, eins og fram kom hjá hv. þm. Þorgerði K. Gunnarsdóttur, að það þarf stöðugt að endurnýja forgangsröðun, ekki síst í umferðarmannvirkjagerðinni og skýrsla tryggingafélaganna vekur auðvitað athygli á tilteknum erfiðum slysastað. En vandi okkar á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar hefur lengi verið til staðar og ástæðan fyrir því að ekki hefur verið ráðist í framkvæmdir við breytingu á þeim gatnamótum eru skipulagsmál höfuðborgariunnar, eins og margsinnis hefur komið fram hér. Vilji höfuðborgarinnar og skipulagsyfirvalda stóð ekki til þess að hafa mislæg gatnamót þar. Fyrir stuttu hefur hins vegar orðið á breyting og nú einmitt þarf að huga að því við endurskoðun á vegáætlun hvenær við tökum þau gatnamót og hvenær við tökum gatnamótin í Garðabæ einnig. Þetta eru þau verkefni sem munu að sjálfsögðu koma inn.

Hvenær kynni hafi farið fram á þeim áformum Vegagerðarinnar gagnvart sveitarfélögunum, ég get nú bara ekki svarað því hér og nú. Það er stöðugt verið að kasta þessum bolta á milli sín á milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að verið er að skipuleggja og hanna þessi mannvirki og það er stöðugt samráð.

Hins vegar liggur alveg fyrir að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, eins og öll sveitarfélög eða sveitarstjórnir á landinu, vilja hraða framkvæmdum. Og ég er alveg viss um og veit það raunar, eins og kom fram hjá hv. þm., að í Garðabæ stendur mikill vilji til þess að hraða framkvæmdum við þessi mislægu gatnamót til hagsbóta fyrir umferðarflæðið innan Garðabæjar, þannig að ég hef ríkan skilning á þeirri þörf. En við verðum að forgangsraða og í því liggur okkar mál og allar vegaframkvæmdir eru til þess að draga úr slysahættu og slysum á vegunum. Um það snýst málið hjá okkur.

[18:32]

Útbýting þingskjals:

Eftirlit með skipum, 360. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 400.

Hljóðvist.

Fsp. ÞSveinb, 266. mál. — Þskj. 282.

[18:32]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Virðulegi forseti. Hávaðamengun er vaxandi vandamál í þéttbýli, ekki síst hávaðamengun frá sívaxandi umferð bifreiða hér á suðvesturhorni landsins. Almenningur gerir líka æ ríkari kröfur um að dregið sé úr hávaðamengun eins og annarri mengun enda ekkert vafamál að mikil hávaðamengun getur dregið verulega úr lífsgæðum fólks.

En hver ber ábyrgð á því, herra forseti, að hljóðvist í þéttbýli sé mönnum bjóðandi?

Í 20. gr. vegalaga segir, með leyfi forseta:

„Þar sem þjóðvegur liggur um þéttbýli skal við það miðað við gerð vegarins að til vegagerðarkostnaðar teljist aðeins sá kostnaður sem til fellur vegarins vegna, en þann kostnað, sem sérstaklega er til kominn vegna þéttbýlisins, svo sem við holræsi, færslur á lögnum, hjólreiða- og göngustíga og því um líkt, greiði viðkomandi sveitarfélag.“

Það er athyglisvert, herra forseti, að í þessari lagagrein er hljóðvistin ekki talin upp sérstaklega. Hún er hins vegar mikill fylgifiskur vegaframkvæmdanna, og ég tala nú ekki um þjóðvega í þéttbýli. Á sama hátt er ekki talin upp í þessari lagagrein lýsing eða regnvatnslagnir sem eru einkennandi þættir í þéttbýlinu þó að finna megi dæmi um að lýsing hafi verið notuð utan þéttbýlis gegn vilja Vegagerðarinnar. Þrátt fyrir þetta er ekki umdeilt að Vegagerðin greiðir lýsingu og regnvatnslagnir á þéttbýlisþjóðvegum.

Mig langar því að spyrja hæstv. samgrh. um álit hans og túlkun á þessari lagagrein, 20. gr. vegalaga, um það hver eigi að bera kostnaðinn af hljóðvistinni vegna þjóðvega í þéttbýli, hvort það sé þá sveitarfélagsins að sjá til þess að hljóðvistin sé í lagi.

[18:34]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Í 20. gr. vegalaga er fjallað um þjóðvegi í þéttbýli og skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga, eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda.

Greinin hljóðar þannig:

„Þar sem þjóðvegur liggur um þéttbýli skal við það miðað við gerð vegarins að til vegagerðarkostnaðar teljist aðeins sá kostnaður sem til fellur vegarins vegna, en þann kostnað, sem sérstaklega er til kominn vegna þéttbýlisins, svo sem við holræsi, færslur á lögnum, hjólreiða- og göngustíga og því um líkt, greiði viðkomandi sveitarfélag.“

Þó að hljóðvist sé ekki sérstaklega nefnd í greininni verður að líta svo á að kostnaður við hana falli undir þann kostnað sem sérstaklega er til kominn vegna þéttbýlisins. Hafa ber einnig í huga að sveitarfélög fara með skipulagsvald í mjög ríkum mæli og eðlilegt að ábyrgð fylgi valdi í þessum efnum eins og öðrum. Það er mikilvægt að það fari saman.

Það er einkum á höfuðborgarsvæðinu sem kröfur um hljóðvist leiða til aukins kostnaðar við vegagerð. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni hefur hún í samskiptum við sveitarfélögin þar túlkað 20. gr. eins og hér var gerð grein fyrir. Ég lít svo á að greinin verði ekki túlkuð á annan máta og hef því ekki gert athugasemdir við framgöngu Vegagerðarinnar í þessum efnum. Þetta er mitt svar.

En vegna þess að ég hef rúman tíma til að tala hér í þessu svari mínu má ég til með að segja frá því, í tengslum við þessa fyrirspurn, að ekki alls fyrir löngu var ég á málstofu í háskóla einum í Norðurárdalnum í Borgarfirði. Þá fékk ég spurningu sem snerist um það hvort ég gæti ekki sem samgrh. komið í veg fyrir þann hávaða sem stafaði frá þjóðveginum þegar stórflutningabílar og önnur umferð færi um þjóðveg 1 og truflaði friðsæld í sveitinni. Það er víða ónæði og af mörgu að taka í því, ég tala nú ekki um hér í þéttbýlinu. Mér er alveg ljóst að umferðinni fylgir ónæði og hávaði sem þarf að taka tillit til og þá einmitt kemur til kasta sveitarfélaga og sérfræðinga í skipulagsmálum að horfa til framtíðar þegar byggðin er sett niður og gera ráð fyrir þeim nauðsynlegu umferðarmannvirkjum sem óhjákvæmilegt er að byggja þéttbýlisins vegna.

[18:37]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur fyrir þessa fyrirspurn. Ég get í sjálfu sér tekið undir margt af því sem hæstv. ráðherra kom inn á áðan. Það kostar náttúrlega mjög mikið að koma upp hljóðvist. En ég vil líka benda á að þarfirnar hér í þéttbýlinu eru aðrar, við gerum til að mynda ekki kröfur um að girt verði meðfram þjóðvegum hér líkt og er í dreifbýlinu þar sem ríkið ber, að mér skilst, mestan kostnaðinn af girðingum meðfram þjóðvegi.

Ég held að þetta sé í rauninni nútímavandamál, þetta er nýtt vandamál sem við stöndum frammi fyrir, og ég held að við eigum í sameiningu að reyna að leysa það. Við viljum fá hljóðmanir eða þessa hljóðvist og ég tel að bæði sveitarfélög og ríki eigi að einhenda sér í að setjast niður og ræða hvernig þetta verði leyst. Það á ekki að gera þetta að allt of miklu tæknilegu vandamáli, við verðum að leysa þetta.

[18:38]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Það er rétt, þetta er vandamál sem verður að leysa. Og það er auðvitað þannig að hér á suðvesturhorninu hefur umferðarþunginn vaxið gríðarlega á síðustu árum og áratugum, og eftir vegum eins og Hafnarfjarðarveginum hefur hann margfaldast. Það er ekki hægt að velta því þannig yfir á sveitarfélögin, herra forseti, að þau hafi bara ekki skipulagt alveg rétt. Við erum að fást við vanda sem var ekki endilega fyrirsjáanlegur fyrir 20–30 árum. Og svo hangir saman við þetta að fólk gerir auknar kröfur um minni mengun frá umferðinni. Það er náttúrlega ýmislegt sem kemur af því, t.d. er ljóst að þegar flestir landsmenn setja nagladekkin undir bílana sína á veturna stóreykst hávaðamengunin á höfuðborgarsvæðinu. Það er algjörlega dagljóst. Og við vitum líka að ef við bættum almenningssamgöngur mundi umferðin almennt minnka, og ekki bara hún sjálf heldur jafnframt hávaðinn af henni.

Eftir stendur, herra forseti, að þetta er spurning um túlkun á lagagrein. Vegagerðin sem greiðir fyrir lýsingu og regnvatnslagnir, og girðingu eins og hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir kom inn á, hlýtur að þurfa — ríkisvaldið hlýtur að þurfa að íhuga hvort það sé óeðlilegt að koma hljóðvistinni þannig fyrir á þjóðvegum í þéttbýli að búandi sé í námunda við þá.

Rannsóknarsetur að Kvískerjum.

Fsp. ÞBack, 199. mál. — Þskj. 202.

[18:40]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Í merkri Kvískerjabók ritar forseti Íslands formála og segir þar m.a., með leyfi forseta:

„Kvísker er táknstaður sem sannar að veruleikinn slær í takt við hjarta ævintýrisins. Umkringd töfrasölum íslenskrar náttúru gerðu systkinin á Kvískerjum bæinn að Mekka vísindamanna og fræðafólks víða að úr veröldinni. Þau sýndu með lífsverki sínu að íslenskt alþýðuheimili getur jafnast á við fremstu háskóladeildir.

Rannsóknir bændanna á Kvískerjum, ritverk og frásagnir eru merkar heimildir um frumsköpun vísinda og þekkingar, dæmasafn um kraftbirtingu íslenskrar menningar eins og hún gerist best."

Í ljósi þessa hafa margir Íslendingar látið sig dreyma um að sýna þeim systkinum á staðnum virðingarvott með því að koma upp fræða- og rannsóknarsetri á Kvískerjum. Það er einnig ljóst að vilji þeirra systkina var til staðar hvað varðaði að koma upp aðstöðu fyrir fræðimenn á jörðinni. Málið fór af stað innan kerfisins, nefndir voru skipaðar, fjármagn var eyrnamerkt til verksins og því sáu margir fram á töluverð verkefni í sveitinni, tengd fyrirhuguðu rannsóknar- og fræðasetri á Kvískerjum, og höfðu nokkrar væntingar til verkefnisins.

Af óljósum ástæðum dagaði málið uppi og árin liðu þrátt fyrir að ákvörðun hefði verið tekin 1997 um að reisa rannsóknarstöð að Kvískerjum. Í maí á árinu 2000 skipaði hæstv. umhvrh. nefnd til að fara yfir stöðu mála er varðaði undirbúning að stofnun rannsóknarstöðvar að Kvískerjum og skilaði hún af sér í janúar á þessu ári. Nefndinni var falið að vinna að framgangi málsins og undirbúningi byggingar og reksturs stöðvarinnar, að fjalla um og gera tillögur um leiðir til fjármögnunar um byggingu hennar og rekstur.

Herra forseti. Ég lagði fram fyrirspurn á þskj. 449, sem var 262. mál á síðasta löggjafarþingi, um stöðu mála og var fyrirspurninni svarað skömmu áður en nefndin skilaði af sér. Í svörum umhvrh. kom fram að stefnt skyldi að því að reisa rannsóknarsetur að Kvískerjum. Því legg ég eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. umhvrh.:

„Hverjar eru ástæður þess að fallið hefur verið frá því að koma á fót fræða- og rannsóknarsetri að Kvískerjum í Öræfasveit, eins og stjórnskipuð nefnd um málið lagði til, og þess í stað stofnaður sjóður í nafni Kvískerja?

Hvert verður stofnfé sjóðsins og hvert er markmiðið með stofnun hans?

Hvernig verður háttað stjórnun sjóðsins og fyrirkomulagi úthlutunar?"

[18:43]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég tel að hér sé um mjög eðlilega fyrirspurn að ræða af því að mál hafa skipast með öðrum hætti en fyrir var séð. Hér er í fyrsta lagi spurt hverjar séu ástæður þess að fallið hefur verið frá því að koma á fót fræða- og rannsóknarsetri að Kvískerjum í Öræfasveit, eins og stjórnskipuð nefnd um málið lagði til, og þess í stað stofnaður sjóður í nafni Kvískerja.

Því er til að svara að frá því að hugmyndir komu fram um rannsóknarsetur að Kvískerjum, sem reist yrði í sameiningu af ríkinu og sveitarfélögum á svæðinu, hafa aðstæður breyst verulega heima í héraði, m.a. varðandi jöklasafn á Hornafirði þar sem ákveðið var að reisa Nýheima en þar eru til húsa framhaldsskóli, bókasafn og setur Háskóla Íslands. Þessi atriði höfðu þau áhrif á sveitarfélagið Hornafjörð að það taldi ekki lengur vera forsendur fyrir því að taka þátt í byggingarkostnaði við rannsóknarstöðina að Kvískerjum eins og upphaflega var gert ráð fyrir.

Ég vil líka tína hérna til varðandi hugmyndir um rannsóknarstöðina að þar átti að vera gistirými fyrir 15 manns, bæði fræðimenn og nemendur. Það eru hins vegar fjölmargir möguleikar á bændagistingu á svæðinu þannig að það var heldur ekki talið mjög eðlilegt að ríkið byggði upp gistiaðstöðu í samkeppni við heimamenn.

Með hliðsjón af þessari þróun mála þykir bæði stjórnvöldum og ábúendum á Kvískerjum fjármagninu betur varið í rannsóknarsjóði en að byggja stöð. Þannig væri hægt að stuðla með markvissari hætti að náttúrufarsrannsóknum á svæðinu þar sem vísindamenn og ýmsir aðilar gætu sótt um fé til rannsókna í þennan sjóð. Þessar hugmyndir komu m.a. fram í starfi nefndar sem fjallaði um stofnun rannsóknarstöðvar á Kvískerjum á sl. ári. Ég fór austur 26. september sl. ásamt hæstv. utanrrh. Halldóri Ásgrímssyni vegna þessarar hugmyndar og ræddi þar við Sigurð, Hálfdán og Helga Björnssyni, ábúendur, og Gísla S. Jónsson og Laufeyju Helgadóttur, nýja ábúendur þarna líka, og það er alveg ljóst að þau eru hlynntari stofnun rannsóknarsjóðs.

Í öðru lagi er spurt hvert stofnfé sjóðsins verði og hvaða markmið sé með stofnun hans.

Því er til að svara að það hefur ekki enn verið ákveðið hvert stofnfé sjóðsins verður en ég hef í hyggju að gera tillögu um að fjármagnið sem veitt hefur verið til verkefnisins á fjárlögum undanfarin ár, 24 millj. kr., verði hluti af stofnfé sjóðsins. Markmið sjóðsins verður að stuðla að og styrkja náttúrurannsóknir í Austur-Skaftafellssýslu og markmiðunum skal ná með veitingu styrkja til stofnana, félaga og einstaklinga til rannsókna á náttúrufari á svæðinu.

Í þriðja lagi er spurt hvernig stjórnun sjóðsins verði háttað og fyrirkomulagi úthlutana.

Því er til að svara að Kvískerjasjóði verður sett skipulagsskrá í samræmi við lög nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir, og mun því starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og stjórnarskipun í samræmi við ákvæði laganna. Það er reiknað með því að skipuð verði þriggja manna stjórn sem hafi með höndum umsjón með sjóðnum og auglýsi eftir umsóknum um styrki, fari yfir umsóknir og veiti styrki í samræmi við markmið sjóðsins.

Staðan í málinu er í augnablikinu sú að við höfum sent drög að stofnsamþykktum til skoðunar til ábúenda og þeir eru núna að fara yfir þau drög. Mál hafa vissulega skipast nokkuð með öðrum hætti en ráð var fyrir gert í upphafi en það er í fullri sátt við heimamenn. Við förum ítarlega yfir þetta með þeim þarna í september og að mínu mati er æskilegt að við göngum frá þessu máli sem fyrst þannig að sjóðurinn geti tekið til starfa og úthlutað fé til rannsókna á þessu svæði. Það er auðvitað alveg ómetanlegt starf sem bræðurnir á Kvískerjum hafa unnið við náttúrufarsrannsóknir á svæðinu á síðustu áratugum og alveg ljóst að rannsóknarsjóður yrði mikil lyftistöng gagnvart því að viðhalda þessum rannsóknum til framtíðar.

[18:48]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er mikilvægt að ljúka þessu máli hið fyrsta og það er mikilvægt að ljúka því í fullri sátt og sérstaklega fullri sátt við heimamenn. En það er rétt að aðstæður hafa breyst í sveitarfélaginu. Það var alltaf meiningin að bæði ríkið og sveitarfélagið ræktu þetta rannsóknarsetur þannig að með Nýheimum og þeim rannsóknum og Jöklasetri sem komið er upp á Höfn í Hornafirði hafa forsendur sannarlega breyst og eins er mikið gistirými á svæðinu.

En í mínum huga skiptir mestu máli að ná sáttum í þessu máli. Rannsóknarsetrið og fræðasetrið hafði sannarlega vakið væntingar hjá mörgum og það var afleitt að svo lengi skyldi dragast að afgreiða þetta mál. Það á sérstaklega við um ábúendur Kvískerja, þ.e. að vekja upp slíkar hugmyndir og væntingar og ljúka svo ekki málinu. Ég styð því og hvet hæstv. ráðherra í vinnu hennar til að ganga sem fyrst frá þessu máli.

Þar sem þessi ákvörðun hefur verið tekin í samráði við ábúendur þá er mikilvægt að rausnarlega verði staðið að rannsóknum á svæðinu t.d. hvað varðar framlög til rannsóknanna. Hér voru nefndar 24 millj. sem eftir standa af því fé sem búið var að úthluta til rannsóknarsetursins. Eins er mikilvægt að myndarlega verði staðið að kynningu á þeim rannsóknum svo að þær nýtist svæðinu til framdráttar og verði sú upplyfting sem menn binda vonir við. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Mig langar til að segja eina setningu enn. Okkur ber öllum að þakka starf þeirra Kvískerjasystkina og ég vona að við getum heiðrað lífsstarf þeirra með veglegu framlagi til rannsókna og fræðastarfa.

[18:50]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég heyri að hv. þm. Þuríður Backman ber fullt skynbragð á þá nýju stöðu sem hér er komin upp og ég vil taka undir að brýnt er að mál þróist áfram í þessum farvegi.

Varðandi það að ná fram sátt þá mega menn ekki skilja málið þannig að einhverjar gífurlegum deilur hafi staðið, alls ekki. Það hafa ekki verið deilur um málið en það hefur dregist. Því er mikilvægt að við klárum það núna þannig að heimamenn séu sáttir, þeir séu ánægðir. Við munum því vinna áfram að því með því að ganga frá stofnsamþykktum með heimamönnum að þessum sjóði og væntanlega þarf að taka hér ákvarðanir um að færa þetta fé úr þeim farvegi að hafa verið vistað sem fé til byggingar þannig að það verði vistað sem fé í rannsóknarsjóð og fært yfir í hann. Því að það þarf að taka ákvarðanir gagnvart því og síðan er hægt að hefja úthlutanir til náttúrufarsrannsókna og hugsanlega menningarrannsókna á svæðinu.

Ég tel að mál séu að skipast þannig að við séum að sjá fyrir endann á þessu langa ferli. Þó það hafi breyst verulega á síðustu metrunum þá held ég að hér sé um mun skynsamlegri aðferð að ræða en þá að byggja þarna upp stóra rannsóknarstöð sem yrði í samkeppni við aðra heimamenn um gistirými og að það færi gífurlegt fjármagn í að byggja hús á svæðinu sem jafnvel er ekki þörf fyrir vegna þess hvernig mál hafa skipast í sveitarfélaginu Höfn í Hornafirði. Ég er því mjög ánægð með það þó að við séum að breyta hérna á síðustu metrunum.

Atvinnu- og dvalarleyfi útlendinga.

Fsp. ÞKG, 218. mál. — Þskj. 221.

[18:52]

Fyrirspyrjandi (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Fyrirspurn mín hljóðar svo: Hefur verið unnið að því fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins að útgáfa atvinnu- og dvalarleyfa útlendinga verði á einni hendi eins og m.a. var bent á í nefndaráliti allsherjarnefndar á síðasta þingi?

Þarna kemur einmitt ástæða fyrirspurnar minnar fram. Í nál. meiri hluta allshn. á síðasta þingi og á þinginu þar áður líka, sem sagt á 126. og 127. löggjafarþingi, benti meiri hluti allshn. á, með leyfi forseta:

„Loks telur meiri hlutinn rétt að sett verði heildstæð löggjöf um öll málefni er varða dvalar- og atvinnuréttindi útlendinga og þau látin heyra undir eitt og sama ráðuneyti. Bendir meiri hlutinn á að hagræði af slíku er augljóst fyrir útlendinga, atvinnurekendur, sveitarfélög og stofnanir."

Þetta var sagt á 126. þingi og í fyrra var sama orðalag notað. Ég vil sérstaklega geta þess að þrátt fyrir að meiri og minni hluti allshn. hafi skilað meirihluta- og minnihlutaálitum þá var engu að síður samstaða um þetta atriði því að allshn. benti einmitt á þetta atriði, þ.e. að það væri til hagræðis fyrir útlendinga og ekki síður fyrir atvinnurekendur og í raun samfélagið allt að setja þetta allt á einn stað og hefur allshn. sem sagt gert það á þessum tveimur löggjafarþingum.

Þess vegna er ég að spyrja hvort unnið hafi verið að því af hálfu dómsmrn. að setja útgáfu atvinnu- og dvalarleyfa á eina hendi og ég kem til með að spyrja hæstv. félmrh. líka þessarar sömu spurningar því að að mínu mati gengur ekki að þetta heyri undir tvö ráðuneyti eða réttara sagt að það að þetta heyri undir tvö ráðuneyti verði til þess að ekki sé hægt að einhenda sér í þá hagræðingu sem það hefur í för með sér að hafa þetta á einni hendi.

Persónuleg skoðun mín á því hvar þetta eigi að vera er einfaldlega sú að þetta eigi að fara undir Útlendingastofnun, þ.e. Útlendingaeftirlitið í dag en Útlendingasofnun um áramót, þar sem þeir hafa m.a. eftirlit með landamærum. Þeir hafa mikil tengsl út af Schengen. Síðan kom það fram á þingi lögfræðingafélagsins í Svartsengi ekki alls fyrir löngu að útgáfa dvalarleyfa er að aukast meðan atvinnuleyfum fjölgar ekki eins hratt, ef þeim fjölgar yfir höfuð eitthvað. Það er greinilega meiri þungi á útgáfu leyfanna hjá Útlendingaeftirlitinu en hjá Vinnumálastofnun og ég tel einboðið að þetta ætti að fara undir Útlendingastofnun. Ég tel afskaplega mikilvægt, og ég undirstrika það, að samvinna milli þessara tveggja stofnana, Vinnumálastofnunar og Útlendingaeftirlitsins, hefur verið með eindæmum góð. En þetta hvílir náttúrlega allt saman á þeim einstaklingum sem þar eru til staðar og eru að vinna sín verk.

[18:56]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Síðan nýju útlendingalögin voru samþykkt á Alþingi í vor hefur verið unnið að undirbúningi gildistöku þeirra, sem er um næstu áramót. Vinna að gerð mjög ítarlegrar og margbrotinnar reglugerðar er vel á veg komin og sömuleiðis hefur verið unnið að lausn húsnæðismála Útlendingastofnunar og er hún nú fundin, en við gildistöku laganna

fjölgar starfsmönnum við útlendingamálin um tvo og ekki er rými fyrir þá í núverandi húsnæði Útlendingaeftirlitsins.

Þessi tvo verkefni hafa haft forgang og því er ekki hafið það verkefni sem fyrirspurn hv. fyrirspyrjanda fjallar um. Þá hefur einnig verið hugað að fyrirkomulagi íslenskukennslu fyrir útlendinga, en þátttaka í íslenskunámskeiði verður nú skilyrði svokallaðs búsetuleyfis. Meginverkefni Útlendingastofnunar verður að fjalla um mál er varða dvalarleyfi erlends fólks sem hér dvelur við margvísleg störf í atvinnulífinu og skylduliðs þess, en móttaka hælisleitenda er einnig mjög vaxandi viðfangsefni. Fjöldi þeirra hefur tvöfaldast á þessu ári og eru þeir nú komnir á annað hundrað. Horfur eru á að þeim fjölgi enn á næsta ári og er þá miðað við þróunina hér á landi og í löndunum í kringum okkur.

Afgreiðsla atvinnuleyfa er eins og kunnugt er í höndum Vinnumálastofnunar en náið samráð og góð samvinna er í dag milli hennar og Útlendingaeftirlitsins eins og hv. fyrirspyrjandi minntist á áðan. Yfirfærsla á því verkefni yrði allflókið viðfangsefni sem kallar á samráð við aðila vinnumarkaðarins og samkomulag tveggja ráðuneyta. Hefur enn ekki gefist kostur á að hefja viðræður um sameiginlega útgáfu á dvalar- og atvinnuleyfum en hugsanlega mætti finna fleiri en eina lausn á henni. Ég hyggst taka málið upp við hæstv. félmrh. á næstunni.

Ég get tekið undir það með hv. fyrirspyrjanda um leið og ég þakka henni fyrirspurnina að beint liggur við að Útlendingastofnun veiti bæði dvalarleyfi og atvinnuleyfi. Það mundi einfalda allt afgreiðsluferlið og létta umsækjendum lífið.

[18:58]

Fyrirspyrjandi (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. kærlega fyrir þetta greinargóða svar. Ég átta mig á því að mjög mikið verk og vinnu þarf að leggja í þá miklu reglugerð sem fylgir lögum um útlendinga sem taka gildi um næstu áramót. En ég ítreka að á gestir á fundum allshn. kölluðu ítrekað, ár eftir ár, á að þetta yrði gert, þ.e. að þetta yrði fært á eina hendi, ekki bara, eins og ég segi, fyrirtækjunum og þeirra samtökum til hagsbóta heldur ekki síður útlendingum sem sækja um atvinnu- og dvalarleyfi.

Með þessari fyrirspurn má kannski segja að sem þingmaður sé ég að gæta ákveðins eftirlitshlutverks gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ég held að það sé gott að löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið skiptist á upplýsingum og skoðunum og fyrir mitt leyti er ég afar ánægð með svarið sem ég fékk frá frá hæstv. dómsmrh. og skil afar vel að það þarf að forgangsraða í þessu eins og öðru. Ég tek heils hugar undir með ráðherra að leggja þarf mikla og vandaða vinnu í þá reglugerð sem kemur til með að byggja á lögum um útlendinga. Hún þarf að vera mjög vönduð. Engu að síður heyri ég á ráðherra að hún ætlar að taka þetta upp við hæstv. félmrh. og er það vel.

Tollgæsla í Grundartangahöfn.

Fsp. MS, 238. mál. — Þskj. 241.

[19:01]

Fyrirspyrjandi (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Samkvæmt 1. gr. tollalaga eru aðaltollhafnir skilgreindar sem staðir þar sem för í utanlandsferðum eiga að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi og hvers konar tollmeðferð vöru má fara fram. Í lögunum eru taldar upp og skilgreindar hverjar eru aðaltollhafnir.

Með breytingum sem urðu á tollalögum á Alþingi sl. vor var Grundartangahöfn lögfest sem aðaltollhöfn. Grundartangahöfn er ein umsvifamesta vöruflutningahöfn landsins og í höfninni ferma og afferma fyrst og fremst millilandaskip, hátt í 200 á ári. Flutningar um höfnina tengjast járnblendiverksmiðjunni og Norðuráli en með uppbyggingu þessara fyrirtækja undanfarin ár hafa umsvif við höfnina aukist mjög mikið.

Þrátt fyrir þessu miklu umsvif í Grundartangahöfn hefur aðeins einn lögreglumaður sýslumannsembættisins í Borgarnesi haft með höndum tollafgreiðslu í höfninni. Samkvæmt upplýsingum mínum hefur þessi lögreglumaður haft þetta sem aðalstarf í um eða yfir tíu ár. Á þeim tíma hefur ekki verið tollvörður við starfið og sýslumannsembættið í Borgarnesi hefur ekki fengið sérstakar fjárheimildir til verkefnisins. Þá hafa ekki verið veittar fjárheimildir til að koma upp nauðsynlegum búnaði á hafnarsvæðinu fyrir lögreglumanninn sem sinnir þessu verkefni.

Augljóst er að umsvif tollgæslu eru allt of lítil miðað við umfang hafnarinnar sem býður upp á hættu á ólöglegum innflutningi. Mesta hættan í því sambandi er ólöglegur innflutningur eiturlyfja. Þrátt fyrir að stjórnvöld hafi stórhert almennt tolleftirlit með það að markmiði að koma í veg fyrir ólöglegan innflutning eiturlyfja á það sama ekki við í Grundartangahöfn. Sveitarstjórnarmenn, hafnaryfirvöld og aðrir aðilar hafa ítrekað komið á framfæri áhyggjum sínum af þessu máli. Hefur það m.a. komið fram í ályktunum bæjarstjórnar Borgarbyggðar og Akraneskaupstaðar þar sem skorað var á stjórnvöld að tryggja fjármagn til að halda uppi nauðsynlegri tollgæslu í Grundartangahöfn. Ég tek undir með þessum aðilum og tel þetta mál afar brýnt.

Í framhaldi af því sem áður er sagt og því að Grundartangahöfn er nú orðin aðaltollhöfn samkvæmt tollalögum, spyr ég hæstv. dómsmrh. hvort uppi séu áform um að efla tollgæslu í Grundartangahöfn.

[19:03]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn og ábendingar hans í því sambandi.

Störf tollvarðar í Borgarnesi eru fólgin í tollafgreiðslu skipa sem koma að Grundartanga og í Olíustöðina í Hvalfirði ásamt eftirliti með öllum skipum og áhöfnum þeirra, bæði vegna Schengen-samningsins og tolleftirlits. Einnig hefur tollvörður með höndum skoðun allra gáma sem um Grundartangahöfn fara en þeir voru 3.500 talsins árið 2001.

Einn lögreglumaður í Borgarnesi hefur farið með tollvörsluna á Grundartanga og það hefur verið hans aðalstarf, ásamt eftirliti með tollvörugeymslu í Borgarnesi og vínframleiðslu á staðnum. Honum til aðstoðar á Grundartanga koma svo eftir þörfum aðrir lögreglumenn frá Borgarnesi og einnig starfsmenn tollstjórans í Reykjavík eftir atvikum. Tollvarslan hefur aðstöðu í skrifstofubyggingu Járnblendifélagsins.

Skipakomum hefur fjölgað á Grundartanga á síðustu árum. Þangað komu 151 skip á árinu 1997, 178 skip árið 1998 og 200 skip árið 2001. Það sem af er þessu ári hafa 124 skip verið tollskoðuð á Grundartanga og í Olíustöðinni í Hvalfirði sem bendir reyndar til þess að nokkur fækkun verði á skipakomum þetta árið.

Formleg ráðning viðkomandi einstaklings í stöðu tollvarðar hefur verið til athugunar um nokkurt skeið sem mundi þýða fjölgun lögreglumanna í Borgarnesi um einn. Ekki hefur orðið af því enn þá en það sem nú prýstir á þessa breytingu er að fyrirtækið sem sér um uppskipun og útskipun fyrir verksmiðjurnar á Grundartanga er að gera skipulagsbreytingar hjá sér og taka upp vaktafyrirkomulag. Það hefur í för með sér að frá 1. febrúar nk. verða skip afgreidd þegar þau koma að landi en ekki aðeins á dagvinnutíma eins og verið hefur. Þetta mun koma til með að valda kostnaðarauka í tollgæslu vegna aukinnar yfirvinnu, eða fjölgun tollvarða og verður að bregðast við því.

Upplýsingar um þessa breytingu eru raunar nýkomnar til *ráðuneytisins. Því liggur ekki fyrir hvernig verður við þessu* brugðist en m.a. hefur verið haft samband við tollstjórann í Reykjavík um hugsanlega samvinnu í tollgæslu á þessu svæði. Ekki liggur þó fyrir niðurstaða um það. Almennt má svara fyrirspurninni á þann veg að efla þurfi tollgæsluna á Grundartanga og að í það stefnir að svo verði.

[19:06]

Fyrirspyrjandi (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svarið. Ég er ánægður að heyra að hæstv. ráðherra er sammála mér um að efla þurfi tollgæslu þarna. Ég veit að það er áhugi fyrir því og treysti á að svo verði.

Þetta mál snýst náttúrlega annars vegar um að koma tollgæslunni í eðlilegt horf og skapa tollgæslumönnum eðlilega starfsaðstöðu. Það þýðir auknar fjárheimildir eins og fram kom. Eins þarf að veita eðlilega þjónustu þeim aðilum sem hafa umsvif í höfninni, skipafélögin og fleiri. Hins vegar snýst málið um að tollgæslan hafi nægt eftirlit til að koma í veg fyrir ólöglegan innflutning á varningi. Þá er ég fyrst og fremst að tala um eiturlyfin, eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni. Áherslur í tollgæslu mega ekki vera lakari í Grundartangahöfn en almennt gerist.

Herra forseti. Ég vil bara enda á að þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið. *Ég er ánægður að heyra áhuga hennar á því* að bæta þarna úr eins og við erum sammála um.

Áhrif nýs launakerfis á launamun kynjanna.

Fsp. DSn, 320. mál. — Þskj. 347.

[19:08]

Fyrirspyrjandi (Drífa Snædal):

Herra forseti. Í kjarasamningum sem gerðir voru við opinbera starfsmenn árið 1997 var farin ný slóð dreifstýrðra launaákvarðana sem viðbót við miðstýrða kjarasamninga. Þetta var gert í þeim tilgangi að hægt væri að umbuna starfsmönnum í launum samkvæmt óskilgreindum ákvörðunum forstöðumanna stofnana. Verkalýðshreyfingin skrifaði hikandi undir samningana en sá dreifstýrðar launaákvarðanir sem leið til að stækka launapottinn þrátt fyrir að þær gætu falið í sér mismunun. Sérstaklega voru þær stéttir sem að stórum hluta eru skipaðar konum uggandi, sem sést best á þeirri yfirlýsingu sem fylgdi kjarasamningum m.a. hjúkrunarfræðinga, meinatækna, félagsráðgjafa og fleiri kvennastétta.

Yfirlýsingin hljóðar svo:

„Það er yfirlýst stefna ríkis og Reykjavíkurborgar að jafna þann launamun karla og kvenna sem ekki er hægt að útskýra nema á grundvelli kyns. Með nýju launakerfi gefst tækifæri til að vinna að þeim markmiðum. Með það í huga munu fjármálaráðherra og Reykjavíkurborg láta á samningstímabilinu gera úttekt á áhrifum nýs launakerfis á launamun karla og kvenna sem starfa samkvæmt nýju launakerfi.“

Í skjóli þessarar yfirlýsingar voru kjarasamningar undirritaðir án fyrirvara og í fullvissu þess að áhrif þeirra yrðu könnuð. Það er skemmst frá því að segja að þessi úttekt hefur ekki farið fram þrátt fyrir margar vísbendingar um það að dreifstýrt launakerfi hafi bitnað á launajafnrétti kynjanna. Þessar vísbendingar koma skýrast fram í könnun um samanburð á launum karla og kvenna hjá Reykjavíkurborg 2001, unninni af Félagsvísindastofnun fyrir Reykjavíkurborg. Þar eru raktar ástæður þess að ekki hefur náðst betri *árangur í launajafnrétti en raun ber vitni. Eru helst nefnd* til sögunnar kjaraatriði sem ákveðin eru á vinnustöðum, svo sem ákvarðanir um yfirvinnu og akstursgreiðslur, þ.e. dreifstýrðar ákvarðanir.

Svo virðist sem óttinn við áhrif hins nýja launakerfis hafi átt við rök að styðjast eins og reynsla annarra þjóða hefði reyndar getað kennt okkur. Af því sem á undan er rakið sést að með dreifstýringu launa þrífst misrétti sem með einhverjum meðölum verður að vinna á. Útgangspunktur þeirrar vinnu hlýtur að vera úttekt á hinu nýja launakerfi með tilliti til launamunar kynjanna.

Því vil ég spyrja hæstv. fjmrh.:

1. Hvers vegna hefur yfirlýsingum í kjarasamningum opinberra starfsmanna við ríki og Reykjavíkurborg frá 1997 um úttekt á áhrifum nýs launakerfis á launamun karla og *kvenna ekki verið fylgt eftir?*

2. Hvenær verður hafist handa við að greina áhrifin og hvernig verður það gert?

[19:11]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er rétt sem hv. fyrirspyrjandi gat um, að í yfirlýsingum í kjarasamningum 1997 var gefið fyrirheit um að láta fara fram úttekt á þeim áhrifum sem nýtt launakerfi og mismunandi áherslur og meira sjálfstæði stofnana kynni að hafa á launamun karla og kvenna. Það er líka rétt að því miður hefur ríkinu ekki tekist sem skyldi að fylgja þessari yfirlýsingu eftir. Skýringin á því er sú að sú flokkun starfa sem fyrir hendi er hjá ríkinu er ekki viðunandi að þessu leyti og gefur ekki nægar upplýsingar til að sá aðili sem beðinn var um að taka þetta verk að sér, þ.e. Félagsvísindastofnun Háskólans, *teldi sig hafa forsendur til þess þannig* að fullnægjandi væri.

Það hefur komið í ljós að eftir að kjarasamningarnir árið 1997 voru samþykktir þá féllu út ýmis starfsheiti. Hugmyndin var að taka upp nýja starfaflokkun á grundvelli hins svokallaða íslenska starfaflokkunarkerfis, ÍSTARF 95. Þetta hefur ekki, eins og ég segi, náð fram að ganga en nú hefur Hagstofa Íslands ráðið sér starfsmann sem þekkir vel til starfaflokkunar. Sá starfsmaður hefur nýlega hafið störf að mér skilst og langtímaverkefni viðkomandi starfsmanns verður m.a. að endurskoða starfaflokkunarkerfið í samræmi við þá endurskoðun sem farið hefur fram í þeim efnum í Evrópu.

Vandinn við okkar starfaflokkunarkerfi og þann vísi að því sem til hefur verið er sá að gæðin eru ekki nógu mikil *og mismunandi milli stofnana. Það sem helst ræður því* að rangt er flokkað er að menntun viðkomandi starfsmanns ræður flokkuninni jafnvel þó að viðkomandi starfi ekki við

sérmenntun sína. Þegar búið er að skrá viðkomandi starfsmann í tiltekinn starfaflokk er því ekki breytt samkvæmt viðkomandi kerfi þó viðkomandi skipti um starf hjá ríkinu og fari jafnvel í gerólíkt starf. Þannig hefur það verið ýmsum vandkvæðum bundið að framfylgja þessari yfirlýsingu. Ég tel eigi að síður rétt að reyna að ljúka þessu verkefni þó að þetta hafi kannski ekki verið áherslumál í þeim kjarasamningum sem gerðir voru árið 2000 með sama hætti og árið 1997. Það er jafnframt ljóst að Reykjavíkurborg er komin lengra í þessum málum en ríkið og hefur náð að flokka störf sín betur í samræmi við ÍSTARF 95 að því er mér er tjáð.

Hér er ákveðið verk að vinna sem þingmaðurinn bendir á og ég vænti þess að við getum náð að ljúka því á okkar vettvangi þegar búið verður að skapa þann grunn sem nauðsynlegur er fyrir starfaflokkunina.

Ég vona að þingmaðurinn sætti sig við þessi svör þó að líklega sé hún ekki ánægð með innihaldið.

[19:15]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn og að vakin sé athygli á þessu máli. Þetta er jafnréttismál. Þetta á við um stöðu kynjanna á vinnumarkaði í dag þar sem horfið var frá miðstýrðum samningum og yfir í dreifstýrða launasamninga og þar sem samningarnir eru bundnir við einstaklinga þá eru ýmsar vísbendingar sem gefa það til kynna að launamunur hafi á mörgum sviðum frekar aukist. Eins má benda á að þetta fyrirkomulag hefur á mörgum vinnustöðum valdið tortryggni meðal samstarfsmanna sem vinna við sömu störf, vita ekki og mega ekki vita hvað nánasti samstarfsmaður hefur í laun og geta raunar ekki með nokkurri vissu vitað hvort um launamun sé að ræða á einum og sama vinnustaðnum fyrir sömu vinnu og það fari jafnvel eftir því hvort viðkomandi er karl eða kona.

[19:17]

Fyrirspyrjandi (Drífa Snædal):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. fjmrh. fyrir svarið og einnig ber að þakka fyrir það framlag ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum sem breytingar á fæðingarorlofi eru svo sannarlega.

Hins vegar er það alvarlegt mál þegar róttækar breytingar á launakerfi hins opinbera gera það að verkum það að hægir á ferlinu til jafnréttis. En sú virðist einmitt vera raunin með því launakerfi sem nú er við lýði. Konur eru orðnar langeygar eftir því að standa jafnfætis körlum og launajöfnuður er algjör forsenda fyrir því að kvenfrelsi náist á vinnumarkaði og á heimilum sem er vonandi markmið okkar allra. Tæknileg atriði og starfaflokkun innan stjórnkerfisins má ekki verða jafnréttinu fjötur um fót.

Ég vil því ítreka við hæstv. fjmrh. nauðsyn þess að hefjast þegar handa við úttekt á áhrifum nýja launakerfisins á laun karla og kvenna svo hægt verði að gera sér grein fyrir vandanum. Þá getum við hafist handa við að leysa vandamálið og vera skrefi nær því að koma á jafnrétti í raun.

[19:18]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda ágætar ábendingar í síðari ræðunni. Ég vil kannski ekki taka undir það sem fram kom í fyrri ræðu fyrirspyrjanda að gefa mætti sér það fyrir fram að hið dreifstýrða launakerfi hefði sjálfkrafa í för með sér meiri launamun milli karla og kvenna. En hugmyndin var auðvitað sú að fylgjast með því hvort það gerðist, fylgjast með því hvort þetta nýja kerfi hefði slíkar neikvæðar afleiðingar í för með sér, því hugmyndin var auðvitað ekki sú þegar farið var inn á þær brautir árið 1997 að fela forstöðumönnum stofnana meiri trúnað og meiri ábyrgð í þessum efnum.

Ég tel reyndar að almennt séð hafi okkur miðað nokkuð vel að því er varðar að draga úr launamun kynjanna hjá ríkinu. Auðvitað er það hárrétt hjá þingmanninum að hin nýja fæðingarorlofslöggjöf sem hér var samþykkt fyrir tveimur árum og er smám saman að koma til framkvæmda er verulegt innlegg í þau mál. Ég tel að þar hafi verið á ferðinni eitthvert stærsta skref sem stigið hefur verið í jafnréttismálum á Íslandi, því það mun draga úr því að vinnuveitendur veigri sér við því að ráða konur til starfa, sem við þekkjum að hefur verið vandamál.

Út af dagskrá voru tekin 25.–27. mál.

Fundi slitið kl. 19:20.

---

30. FUNDUR

fimmtudaginn 14. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Stjórnsýslulög, stjfrv., 348. mál, þskj. 384. — 1. umr.
2. Fyrirtækjaskrá, stjfrv., 351. mál, þskj. 388. — 1. umr.
3. Hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir, stjfrv., 350. mál, þskj. 387. — 1. umr.
4. Birting laga og stjórnvaldaerinda, stjfrv., 352. mál, þskj. 389. — 1. umr.
5. Almenn hegningarlög, stjfrv., 353. mál, þskj. 390. — 1. umr.
6. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 347. mál, þskj. 383. — 1. umr.
7. Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, stjfrv., 344. mál, þskj. 380. — 1. umr.
8. Félagamerki, stjfrv., 346. mál, þskj. 382. — 1. umr.
9. Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, stjfrv., 354. mál, þskj. 391. — 1. umr.
10. Textun íslensks sjónvarpsefnis, þáltill., 339. mál, þskj. 369. — Fyrri umr.
11. Aðstaða til hestamennsku, þáltill., 334. mál, þskj. 364. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.

[10:30]

Útbýting þingskjala:

Aukin heilsugæsluþjónusta, 234. mál, svar heilbrrh., þskj. 395.

Könnun á læsi fullorðinna, 362. mál, fsp. SvanJ, þskj. 402.

Lágmarkslaun, 313. mál, frv. GE o.fl., þskj. 338.

Skýrslutaka af börnum í Barnahúsi og dómshúsum, 271. mál, svar dómsmrh., þskj. 414.

Athugasemdir um störf þingsins.

Utandagskrárumræða um kræklingarækt.

[10:31]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna þess að í tvær vikur hefur legið fyrir beiðni af hálfu Frjálslynda flokksins um að fá utandagskrárumræðu um kræklingarækt á Íslandi sem nú stendur á tímamótum sökum tómlætis stjórnvalda um stuðning. Það hefur gengið illa að fá svör hæstv. sjútvrh. um það hvenær hann gæti verið til svara og í gær tjáði hann mér að hann teldi engin efni til þess að verða við beiðninni né umræðna um málefni kræklingaræktar utan dagskrár og það kæmi ekki til greina.

Herra forseti. Ég leyfi mér að mótmæla harðlega slíkri málsmeðferð og vísa í 50. gr. þingskapa Alþingis um rétt þingmanna til þess að fá mál tekin fyrir utan dagskrár hvort heldur í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar. Þar við bætist að Frjálslyndi flokkurinn hefur ekki verið að troða hér upp daglega með utandagskrárumræður. Þetta er í fyrsta sinn á þessu hausti sem beiðni kemur um það.

Ég hef komið til þings af og til í 15 ár. Allan þann tíma hefur sú hefð verið haldin að varaþingmenn fengju forgang á málum sínum og því hagað svo að þeir fengju að mæla fyrir þeim svo hér kveður við nýjan tón, herra forseti. Þessi beiðni stendur því áfram af hálfu Frjálslynda flokksins og þess er krafist að hæstv. sjútvrh. sinni skyldu sinni og verði hér til svara þegar til þess kemur.

Kræklingarækt er ný grein sem lofar góðu. Hún hentar mjög vel inni í fjörðum og þeir sem stundað hafa tilraunir í þessari grein hafa lagt mikið á sig. En þeir eru nú að gefast upp. Það er full ástæða til að ræða það í þinginu hvort ekki á að styðja þá fáu einstaklinga sem eru að brydda upp á nýmælum á landsbyggðinni, ekki síst á þeim svæðum þar sem stöðugt fækkar atvinnutækifærum og fólki ár frá ári.

Kræklingaræktin liggur þar að auki á milli tveggja ráðuneyta, sjútvrn. og landbrn., og virðist mjög erfitt að fá umræðu og stuðning við greinina, þ.e. um málefni þessarar ungu atvinnugreinar sem ég tel að eigi mikla framtíð fyrir sér ef rétt er á málum haldið. Það gengur mjög erfiðlega að fá málefni hennar rædd á þeim vettvangi þar sem hægt er að fá einhver svör einmitt vegna þessa. Hæstv. ráðherra gat ekki verið hér við í dag en ég átti ekki annars kost en að ræða þetta hér því ég fer út af þingi eftir morgundaginn.

[10:33]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Það er óheppilegt að sjútvrh. er ekki hér til staðar í dag til þess að svara hv. þm. Pétri Bjarnasyni, en hann er bundinn við skyldustörf á sjómannaþingi. Hv. þm. Pétur Bjarnason hafði fyrst samband við sjútvrh. vegna þessa máls í gær þannig að hann hefði mátt vita að það væri kannski ekki í hendi að hægt væri að hafa slíka umræðu í dag fyrst fresturinn var svo stuttur.

Það er líka alveg ljóst að umræðan um kræklingaeldi flokkast naumlega undir brýnt eða aðkallandi mál sem ekki er hægt að leggja fram í formi t.d. þingmáls. Það hefði e.t.v. verið heppilegra. Ég bendi þingmanninum á að hann hefði getað lagt t.d. fram fyrirspurn sem hefði þá mátt e.t.v. svara í gær. Einnig eru óundirbúnar fyrirspurnir á mánudag.

[10:35]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil taka undir það að ákaflega óheppilegt er að hv. þm. Pétur Bjarnason skuli ekki fá sína þörfu og sjálfsögðu umræðu hér áður en hann hverfur út af þingi. Ég tel að það málefni sem hann hugðist taka upp í umræðum utan dagskrár sé mjög brýnt. Það háttar einmitt svo til á þessum haustmánuðum að þeir aðilar sem hafa lagt mikið á sig við að koma á fót kræklingaeldi í landinu standa nú frammi fyrir mjög erfiðum tímamótum og afdrifaríkum ákvörðunum um hvort þeim tekst að kaupa uppskerubúnað og koma fyrstu eiginlegu framleiðslu úr eldinu á markað. Því miður hefur það gerst að þessir aðilar hafa týnt tölunni og þeir sem eftir standa glíma við mikla erfiðleika og eru á afdrifaríkum tímamótum með sinn rekstur. Við þingmenn Norðurl. e. fengum t.d. fullnægjandi upplýsingar um þetta á yfirreið okkar um kjördæmið í kjördæmaviku þar sem þeir sem hafa verið að þreifa fyrir sér með þessa starfsemi á okkar svæði, bæði í Eyjafirði og fyrir austan, eru einmitt staddir í nákvæmlega þessum vanda núna. Því er algerlega fullgilt og mjög þarft að taka hér upp málefni greinarinnar. Ég tel að hvort tveggja eigi fullan rétt á sér, að fara fram á utandagskrárumræður um málið — þetta er eiginlega algerlega klassískt tilefni til þess að taka upp mál sem er brýnt og ræða með þessum hætti — og það er sömuleiðis fullkomlega eðlilegt að hv. þm. Pétur Bjarnason geri þær athugasemdir sem hann gerði hér áðan undir liðnum um störf þingsins.

[10:36]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég ræddi það við sjútvrh. hvort rétt væri að taka þetta mál upp utan dagskrár og féllst á þau rök hans að hér væri um málefni að ræða sem rétt væri að taka upp með þinglegum hætti í fyrirspurnaformi. Ég á von á því, eins og áhugi manna stendur til hér, að slík fyrirspurn verði lögð fram. Raunar var þessi utandagskrárumræða lögð fyrir þannig að annar tveggja þingmanna Frjálslynda flokksins, annaðhvort hv. þm. Pétur Bjarnason eða hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, mundu mæla fyrir málinu. Ég vil líka að það komi fram að ef fyrirspurn hefði verið lögð fram um leið og hv. þm. tók sæti á Alþingi þá hefði þetta mál komið á dagskrá í gær.

Á hinn bóginn hygg ég að óhjákvæmilegt sé að velta því fyrir sér hver sé staða kræklingaræktarinnar og það er rétt sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði áðan að þetta mál bar á góma þegar við hittum kjósendur nú í kjördæmaviku. Ég hef rætt um það við hæstv. sjútvrh. hvort við getum farið yfir þetta mál. En það er auðvitað okkar einkamál hvort við gerum það og kemur ekki umræðum á Alþingi við. En ég er sammála þeim hv. þingmönnum sem hér hafa talað um að óhjákvæmilegt er að taka kræklingræktina til frekari athugunar eins og raunar fiskeldi almennt og ekki hefur staðið á því að þau mál hafi verið rædd á Alþingi, síður en svo.

[10:38]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er sjálfgefið að við ræðum málefni kræklingaræktarinnar og það þarf einfaldlega að finna á því það form sem hentar. Þar sem hæstv. sjútvrh. gat ekki komið því við að vera viðstaddur umræðu í dag þá verðum við að

ræða þessi mál á öðrum tíma þegar hæstv. ráðherra er til staðar.

Stóra málið er hins vegar ekki það að við ræðum málið hér í þinginu. Stóra málið er það að við reynum að finna einhverja lausn fyrir þessa grein. Við vitum að þessi grein er í vanda. Þetta er hins vegar ekki vandi af mikilli stærðargráðu. Ég held að það eigi að vera lítið mál að finna lausn á því að styðja við bakið á þeim sem starfa í þessari grein — þeir eru satt að segja ekkert mjög margir í dag. Þetta eru fáeinir aðilar — þannig að þeir geti komist af stað í þessari mikilvægu atvinnugrein.

Ég vil upplýsa hér að við ræddum þessi mál í sjútvn. í gær þegar við fjölluðum um umsögn okkar til fjárln. varðandi fjárlagafrv. fyrir næsta ár og ég gat ekki fundið betur en að innan nefndarinnar væri mikill áhugi á og almenn samstaða um að leggja til við fjárln. að fjárln. gerði tillögur fyrir 2. umr. um sérstaka stuðning við kræklingaræktina. Ég hef sjálfur kynnst því, vegna þess að ég hef verið að reyna að vinna að þessu máli, að ekki hefur verið hægt að finna fjárhagslegan stuðning fyrir þessa grein innan þess kerfis sem við höfum til þess að styðja við bakið á nýjum atvinnugreinum. Þess vegna þurfum við einfaldlega að finna nýjan flöt á því þannig að við getum stutt við greinina.

Stóra málið er með öðrum orðum ekki það hvernig við ræðum þetta mál eða hvort við ræðum það í dag eða eftir helgina heldur hitt að við finnum á því varanlega lausn. Sú vinna sem fram hefur farið og þær umræður sem hafa farið fram innan sjútvn. Alþingis eru að mínu mati mjög lofandi um það að við getum komist að skynsamlegri niðurstöðu í þessu.

[10:40]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get ekki orða bundist. Hér kemur hver maðurinn á fætur öðrum og skilaboðin úr þessum stól eru raunverulega þessi: Hvað vilja þingmenn upp á dekk? Til hvers á að ræða mál sem eru mikilvæg á Alþingi? Við í stjórnarliðinu ætlum að taka á þessu máli. Við ætlum að taka á málinu. Það á að ræða um það í sjútvn. og það á að ræða um það í fjárln. og hvað eru þingmenn þá að koma hér og kvarta um að þeir geti ekki tekið upp mál?

Virðulegi forseti. Ég verð að nefna að upp kemur orðið afskaplega leiðinlegur tónn hverju sinni sem menn kveðja sér hljóðs í upphafi þingfundar til að nefna eitthvað sem brennur á þeim eða þegar þeim finnst þeir ekki hafa fengið afgreiðslu mála sinna í þinginu. Mér finnst hvimleitt að hlusta á það hvernig tekið er á málum þingmanna, ég tala nú ekki um þegar í hlut á þingmaður sem er að fara út af þingi. Ég get ekki stillt mig um að hafa afskipti af þessari umræðu út frá því hvernig ég les hana.

[10:41]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þessi síðasta ræða var undarleg fyrir margra hluta sakir. Í fyrsta lagi er hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir ekki kona fyrir þeim ummælum að ég hafi amast við því að varaþingmenn fái mál sín tekin fyrir á Alþingi. Ég kannast alls ekki við að þetta sé satt. Þvert á móti hef ég lagt áherslu á að greiða fyrir því að varaþingmenn fái að ræða sín mál og skil satt að segja ekki hvað hreytingur eins og þessi á að þýða.

Í öðru lagi vil ég taka það fram að við höfum lagt okkur fram um að leyfa hv. þingmönnum að komast að í sambandi við utandagskrárumræður og ég minnist þess ekki að upp hafi komið neinn ágreiningur um það á þessu þingi á milli mín og þingflokksformanna stjórnarandstöðunnar. Ég kannast heldur ekki við það að amast hafi verið við því. Ég hygg að hv. þm. hljóti að fallast á það, ef hún skoðar hug sinn, að ef hv. þm. Pétur Bjarnason hefði lagt fram fyrirspurn með venjulegum hætti þegar hann settist inn á þing þá hefði verið hægt að svara þeirri fyrirspurn í gær eins og þingsköp segja til um og auðvitað hefðum við greitt fyrir því að það hefði gengið fram.

Ég vil líka segja að mér finnst ósanngjarnt þegar því er haldið fram að hugur okkar þingmanna standi ekki til þess að reyna að beita áhrifum okkar til þess að kræklingarækt og önnur slík fiskrækt geti gengið fram. Við höfum auðvitað áhuga fyrir því. En við verðum að fara eftir getu okkar hver og einn. Máttur minn er nú ekki mikill en samt ætla ég að athuga hvað hægt sé að gera í málinu.

[10:44]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram ágætisumræða um málefni kræklingaræktar og hvernig við getum brugðist við þeim vanda sem uppi er í þeirri grein. Um þetta voru allir sammála. Allir voru sammála um að við reyndum að finna á þessu lausn og reyndum að koma þessu máli þannig fyrir að það væri til sóma fyrir þingið og framdráttar fyrir greinina. Það var aðeins spurning um það hvernig menn ætluðu nákvæmlega að ræða það hérna, þ.e. hvort það ætti að ræða í fyrirspurnaformi, við utandagskrárumræðu, í óundirbúnum fyrirspurnum eða með öðru þingmáli þangað til að því kom að hv. 4. þm. Reykn. fór að tala í þessu máli með dæmalausum útúrsnúningi, alveg dæmalausum útúrsnúningi og fór að væna okkur um að við værum að reyna að koma í veg fyrir umræðuna, við sem fögnuðum þessari umræðu, við sem fögnuðum því að verið væri að taka þetta mál upp með einhverjum hætti hér. Þetta er alveg ótrúlegt dæmi um útúrsnúning sem verður nú ekki þessu góða máli til framdráttar. Hins vegar held ég að viðbrögð annarra þingmanna í dag sýni að hv. þm. talaði algjörlega holum hljómi og hafði engan hljómgrunn fyrir þessum ótrúlega útúrsnúningi sínum.

[10:45]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessa umræðu og ég þakka hv. stjórnarliðum góðar undirtektir við málefni kræklingaræktar. En það er ekki hún sem er til umræðu hér og reyndar ekki heldur undirtektir þingmanna eða forseta þingsins, ég hef svo sem ekkert undan þeim að kvarta, en þetta snýst fyrst og fremst um afstöðu hæstv. sjútvrh., að fást ekki til þess að ræða þetta mál við þingmann. Það er það sem ég er að gera athugasemd við í þinginu og tel ekki við hæfi, vegna þess að ég sé ekki betur á þingsköpum, sem hæstv. sjútvrh. hvatti mig sérstaklega til að lesa. Hann sagði þegar hann neitaði þessari beiðni: „Lestu þingsköpin". Það gerði ég og það er ástæðan fyrir því að ég er kominn hingað upp í dag vegna þess að ástæða var til að lesa þau og þar sá ég þennan rétt þingmanns til að gera slíka fyrirspurn og hún er ótvíræð.

Ég vil leiðrétta hér missögn. Það er ekki rétt að haft hafi verið samband fyrst í gær. Í fyrsta lagi lá fyrirspurnin fyrir fyrir réttum tveimur vikum, á fimmtudegi fyrir tveimur vikum, og vegna þess að hún lá fyrir þegar ég kom inn á þing í byrjun síðustu viku, þá fór ég ekki að bera fram fyrirspurn. Ég vissi ekki annað en þessi beiðni væri gild og góð og um hana var síðan fjallað á fundum þingflokksformanna, þannig

að ég fór ekki að leggja fram fyrirspurn þegar ég átti von á utandagskrárumræðu.

Í öðru lagi er ég búinn að vera í stöðugu sambandi við ráðuneyti sjávarútvegsmála síðan á mánudaginn til þess að ná í ráðherrann en það er rétt, hann sjálfur birtist ekki fyrr en í gær. En það var ekki vegna þess að ekki væri reynt að ná í hann. Þvert á móti, það var stöðugt samband við ritarann sem tók mér ljúfmannlega, reyndi það sem hún gat til að koma þeim skilaboðum á framfæri. En beiðnin lá fyrir í tvo daga, beiðni um beint símasamband og talsamband við hæstv. sjútvrh. hefur legið fyrir alla þessa viku þannig að þetta var ekki alveg að koma inn núna heldur var nægilegur fyrirvari.

Að öðru leyti tek ég undir það sem hér hefur komið fram, að full ástæða til þess að þingmenn gæti réttar síns og leiti hans hvenær sem þörf er á.

Athugasemdir um störf þingsins.

Málefni Sementsverksmiðjunnar.

[10:47]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins út af málefnum Sementsverksmiðjunnar en sl. þriðjudag voru til umræðu tillögur okkar hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar um málefni Sementsverksmiðjunnar á Akranesi.

Ég vil upplýsa þingið um að í gær var að frumkvæði Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs haldinn kynningarfundur um málefni verksmiðjunnar á Akranesi. Á hann mætti hátt á annað hundrað manns. Þar fluttu erindi bæjarstjóri Akraness, fulltrúi Hollustuverndar og tæknisérfræðingur Sementsverksmiðjunnar. Fulltrúi iðnrn. sem fer með eignarhald verksmiðjunnar var beðinn um að mæta og greina frá sjónarmiðum eigandans sem er ríkið, en því var hafnað bæði af hálfu ráðuneytisstjóra iðnrn. og síðar einnig af sjálfum hæstv. iðnrh.

Fram komu á fundinum, herra forseti, verulega þungar áhyggjur af framtíð verksmiðjunnar, sérstaklega vegna þess að hafinn væri stórfelldur innflutningur á sementi á vegum dansks stórfyrirtækis sem seldi sement á meintu undirverði. Að óbreyttu mundi sementsframleiðsla á Íslandi leggjast af. Ég óttast, herra forseti, að meðferð þeirra mála sem við lögðum fram í þinginu gangi of hægt, það taki of langan tíma að grípa til aðgerða í eðlilegri meðferð þingsins á málinu.

Ég vil líka vísa til tómlætis og viðbragða af hálfu iðnrh. sem virðast vera með þeim hætti að hæstv. ráðherra hafi ekki áhuga á málefnum verksmiðjunnar, leysa úr vanda hennar eða styrkja stöðu hennar. Þess vegna, herra forseti, vildi ég vekja athygli Alþingis á þessu máli. Ég tel að þetta sé afar brýnt og þess vegna skora ég á ráðherra að beitt verði öllum ráðum til að hraða meðferð málsins á Alþingi því að ekki er sýnilegt að hæstv. iðnrh. ætli að hafa döngun í sér til að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja áframhaldandi rekstur verksmiðjunnar.

[10:49]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. talar um tómlæti án þess að reyna að rökstyðja mál sitt og hann fullyrðir líka að sú sem hér stendur hafi ekki áhuga á málefnum fyrirtækisins sem er alrangt. Ég deili áhyggjum með hv. þm. vegna fyrirtækisins og rekstrarstöðunnar því að hún er þröng og það eru erfiðleikar í rekstrinum.

Stjórn fyrirtækisins sem fer með daglegan rekstur hefur átt fund með eiganda, hefur átt fund með mér og hæstv. fjmrh. um málefni verksmiðjunnar og þar hefur verið farið yfir þessa þætti sem eru vissulega alvarlegir. Það er mikill samdráttur á markaði. Talað er um 40% samdrátt og auðvitað kemur það við.

Við stöndum frammi fyrir því sem við höfum ekki gert áður að fyrirtækið er komið í samkeppni og það er samkvæmt þeim lögum og reglum sem við vinnum eftir á Íslandi. Við vitum að við erum á hinu Evrópska efnahagssvæði og við getum ekki bannað öðrum fyrirtækjum að selja sement hér. Hins vegar, eins og allir vita, hafa gengið kærur og það sem er til athugunar núna hjá Eftirlitsstofnun EFTA er það hvort viðkomandi fyrirtæki viðhafi eðlilega viðskiptahætti á íslenskum markaði. Við vonumst til þess að ekki líði langur tími þar til við fáum svör við því frá ESA hvort svo er eða ekki. Auðvitað skipta þau svör gífurlega miklu máli. Meðan við höfum þau ekki getum við ekki tekið stórar ákvarðanir um framtíðarmarkmið.

Ég vil líka geta þess að verksmiðjan, fyrir utan það að vera mikilvægur vinnustaður á Akranesi, er í öðrum rekstri sem er að eyða efnum, að endurvinna efni sem skiptir miklu máli, og Hagfræðistofnun Háskólans hefur verið fengin til þess að gera úttekt á þjóðhagslegu mikilvægi fyrirtækisins fyrir utan það að framleiða sement.

[10:52]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tel mjög mikilvægt að skýr svör komi frá ríkisstjórninni og hæstv. ráðherra um það með hvaða hætti á að standa að því að verja þessa verksmiðju. Þau hafa ekki komið í umræðum í þinginu. Fyrir fáeinum dögum þegar verið var að ræða um þingmál Vinstri grænna, vildi hæstv. ráðherra ekki upplýsa okkur um hvað til stæði til að verja verksmiðjuna. Fyrir liggur að verð á sementi frá verksmiðjunum sem eru að keppa við verksmiðjuna hér er svipað eða hærra í löndunum í kringum okkur, t.d. í Danmörku, heldur en hérna þannig að ef hér væru eðlilegir viðskiptahættir á ferðinni, þá væru menn að keppa í samkeppnisumhverfi sem ætti að duga Sementsverksmiðjunni. Fjarlægðarverndin ætti að duga miðað við þær tölur um verð á sementi sem hafa komið fram. Þetta liggur allt saman fyrir. En það er greinilegt að verksmiðjurnar í Danmörku eru að selja hér á miklu undirverði miðað við það verð sem hefur verið sett fram og við getum auðvitað ekki liðið það. Mér finnst að það þurfi að vera hægt að grípa til ráðstafana sem allra fyrst en það sem mér finnst skorta er að það sé ljóst, alveg skýrt frá hendi stjórnvalda að þau ætli að verja verksmiðjuna. Ég hef ekki heyrt þær yfirlýsingar enn og ég bíð eftir þeim.

[10:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru að sjálfsögðu orð við hæfi að tala um tómlæti og það eru fullar innstæður fyrir því að tala um tómlæti stjórnvalda þegar fyrir liggur og því er ekki mótmælt að hæstv. ráðherra og ráðuneyti hans leggst gegn því að fulltrúi ráðuneytisins mæti á upplýsingafund um málefni verksmiðjunnar sem er boðað til af þingmönnum sem hafa haft frumkvæði að því að taka málin upp í þinginu.

Hv. þingmenn Jón Bjarnason og Árni Steinar Jóhannsson hafa sannanlega haft frumkvæði að því að taka upp málefni Sementsverksmiðjunnar hér með tillöguflutningi, og frekar

tvær tillögur en ein. Þeir boða síðan til fundar sem er mjög fjölsóttur og það endurspeglar áhugann á málinu á Akranesi en ráðherra telur sér sæma að leggjast gegn því og banna það að fulltrúi ráðuneytisins og eigandans í þessu tilviki mæti á slíkan fund. Það er auðvitað dapurlegt, herra forseti, að verða vitni að því að menn horfi upp á hverja iðngreinina á fætur annarri drabbast niður eða líða undir lok í landinu meðvitundarlítið og einblíni þess í stað á stóriðju.

Við vorum að ræða kræklingarækt áðan sem ráðherra sér ekki ástæðu til að ræða við þingmenn á Alþingi. Við höfum rætt málefni skipaiðnaðarins. Það tók tvö, þrjú ár eftir einkavæðingu Áburðarverksmiðjunnar að leggja áburðarframleiðslu niður í landinu og nú er röðin komin að sementinu. Það virðist vera sem stjórnvöld ætli meðvitundarlítið að horfa á hrein undirboð frá erlendum aðila granda þessari iðngrein í landinu. Hvar verða menn þá staddir með kannski einokun hins erlenda innflytjanda eftir fáein missiri á þessum markaði? Ekki verður það til bóta.

Herra forseti. Það er bæði fullgilt og brýnt að Alþingi taki á þessu máli og þær þingnefndir sem fá nú til umfjöllunar þáltill. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs taki þau mál strax fyrir. Það er þeim mun brýnna að það sé gert þar sem tómlæti og áhugaleysi ríkisstjórnarinnar og hæstv. iðnrh. liggur fyrir.

[10:56]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Beðið er um skýr svör og kannski er það alveg eðlilegt að beðið sé um skýr svör. En ég get ekki gefið skýr svör í dag og auk þess tel ég ekki að erfiðleikar í rekstri fyrirtækisins verði leystir úr ræðustól á Alþingi. Það er ekki þannig. Ég ber fulla virðingu fyrir tillöguflutningi hv. þingmanna Vinstri grænna á Alþingi, en mál verða ekki leyst þannig.

Ég sagði áðan að það skipti miklu máli hvert álit ESA verður á þessum málum, og hvort sem okkur líkar betur eða verr erum við að vinna í því umhverfi á Íslandi að við getum ekki neitað samkeppni. Við getum ekki krafist ríkiseinokunar eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon mundi eflaust vilja gera. Við getum það ekki. Við verðum að vinna samkvæmt reglum og verðum við undir í samkeppni, þá getur það verið sárt, en það getur farið svo í ákveðnum tilfellum. Þetta vildi ég segja.

Þegar hv. þm. talar um að ég einblíni á stóriðju, þá er það ekki rétt. Við ræddum einmitt um skipasmíðaiðnaðinn fyrir nokkrum dögum og þar fór ég mjög nákvæmlega yfir það með hv. þm. hvernig iðnrn. hefur beitt sér í þeim málaflokki og þannig mætti lengi telja. Þessi klisja hv. þm. gengur einfaldlega ekki upp en ég skil það ákaflega vel að hann í vandræðagangi sínum noti hana aftur og aftur.

[10:57]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Viðbrögð hæstv. iðnrh. færa mér enn heim sanninn um það hversu brýnt er að Alþingi sjálft taki á þessu máli. Það er ljóst að hæstv. iðnrh. talar stöðugt um samkeppni og samkeppni og allt verði að lúta því og á meðan er hér kannski ólögleg samkeppni á ferð. Á meðan talað er um samkeppni og samkeppni, þá er ekkert gert og innlendum iðnaði blæðir út.

Það er hægt að grípa til aðgerða. Hægt er að grípa til tímabundinna aðgerða meðan málin eru að komast á hreint. Það sem skortir er vilji og stefnufesta ríkisstjórnarinnar og hæstv. iðnrh.

Herra forseti. Af því sem hér hefur komið fram í máli hæstv. iðnrh. þá eru enn brýnni ástæður til þess að þingið láti þetta mál til sín taka og það með hraði.

Stjórnsýslulög, 1. umr.

Stjfrv., 348. mál (rafræn stjórnsýsla). — Þskj. 384.

[10:59]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, sem samið hefur verið til að nema á brott þær lagalegu hindranir sem almennt kunna að standa rafrænni stjórnsýslu í vegi og fella þróun slíkra stjórnsýsluhátta í æskilegan farveg.

Frv. þetta markar enn einn áfangann í framkvæmd þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin markaði sér þegar á miðjum síðasta áratug, um málefni upplýsingasamfélagsins, undir því metnaðarfulla formerki að „Íslendingar verði í fararbroddi þjóða heims við nýtingu upplýsingatækni í þágu bætts mannlífs og aukinnar hagsældar". Meðal markmiða hennar var að löggjöf, reglur og vinnubrögð stjórnsýslunnar skyldu endurskoðuð með tilliti til upplýsingatækni í því skyni að örva tæknilegar framfarir og gera upplýsingar aðgengilegar almenningi án tillits til efnahags eða búsetu. Jafnframt var lögð á það sérstök áhersla að hugað yrði að nýtingu upplýsingatækninnar við miðlun opinberra upplýsinga, og öll upplýsingakerfi ríkisstofnana þannig úr garði gerð að hægt yrði að sækja þangað upplýsingar um lög, reglur, réttindi, skyldur og þess háttar um tölvunet, og enn fremur hægt að reka erindi sín, fylgjast með framgangi mikilvægra mála og fá alla þá þjónustu sem mögulegt væri að veita á þennan hátt.

Segja má að stjórnvöld hafi fyrst í stað nálgast þessi markmið eftir tveimur leiðum. Annars vegar hafa þau unnið að því að koma sér upp heimasíðum eða vefsetrum á netinu til að miðla þar ýmsum þeim upplýsingum sem stjórnvöld miðla almenningi að eigin frumkvæði. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að miðla hagnýtum upplýsingum á netinu og veita almenningi á þennan hátt aðgang að ýmsum gagnabönkum stjórnvalda. Þannig hafa t.d. þjóðskrá, lagasafnið og þingtíðindi verið aðgengileg á netinu um nokkra hríð, og seinna var miðlægur gagnagrunnur um réttarheimildir opnaður á netinu þar sem almenningi eru gerð aðgengileg á einum stað öll lög, reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli, fjölþjóðlegir samningar, dómar og fullnaðarúrskurðir stjórnvalda sem hafa almennt gildi eða eru fordæmisskapandi.

Hins vegar hefur verið hugað að ýmsu því er snýr að innri uppbyggingu og starfsemi stjórnvalda. Þannig hefur verið lögð áhersla á að samræma eins og kostur er hugbúnað, vélbúnað og vinnubrögð innan stjórnsýslunnar, m.a. til að auðvelda rafræn samskipti. Í því skyni hefur m.a. verið unnið að þróun hugbúnaðar fyrir rafræna skjalastjórn stjórnvalda með það fyrir augum að stjórnsýslan verði í fyllingu tímans undir það búin að hverfa í áföngum úr pappírsbundnu í rafrænt umhverfi, þar á meðal skila gögnum sínum til Þjóðskjalasafns í rafrænu formi.

Þá hafa stjórnvöld almennt tekið svokallaðan tölvupóst í sína þjónustu og bjóða almenningi að nálgast sig með þeim hætti, bæði á bréfsefni sínu og heimasíðum. Á einstökum sviðum stjórnsýslunnar býðst almenningi jafnvel að skila inn

upplýsingum með rafrænum hætti, svo sem toll- og skattskýrslum. Gagnvirk rafræn samskipti stjórnvalda við aðila stjórnsýslumáls eru þó enn á byrjunarreit og afgreiðslu mála verður yfirleitt hvergi lokið með rafrænum hætti enn sem komið er. Á almennum markaði er almenningi hins vegar í auknum mæli boðið upp á rafræna þjónustu, svo sem í viðskiptum við bankana, með netverslun o.fl.

Enda þótt hætt sé við að þau persónulegu tengsl sem löngum hafa einkennt samskipti almennings og stjórnvalda hér á landi tapist í rafrænum samskiptum er vaxandi þrýstingur á að stjórnvöld bjóði í auknum mæli upp á rafræna þjónustu og taki jafnvel frumkvæði í að móta reglur um samskipti með þeim hætti. Niðurstöður kannana sýna enda fram á að þjóðin hefur ekki síður en stjórnvöld tileinkað sér framsækið hugarfar gagnvart hinni nýju tækni og fært sér hana í ríkum mæli í nyt. Tölvueign og netnotkun landsmanna er með því mesta sem þekkist í heiminum og fer stöðugt vaxandi. Öll ytri skilyrði eru okkur því hagstæð til að hagnýta upplýsingatæknina á markvissan hátt í þágu almennings, a.m.k. er full ástæða til að við setjum markið hátt í því efni.

Ríkisstjórnin hefur á þessum grundvelli skilgreint rafræn viðskipti og rafræna stjórnsýslu sem forgangsverkefni í framkvæmd stefnu sinnar um málefni upplýsingasamfélagsins en í því felst m.a. að búa upplýsingakerfi stjórnvalda þannig úr garði að gagnvirk rafræn samskipti almennings og stjórnvalda fullnægi þeim kröfum sem starfsskilyrði hins opinbera gera til málsmeðferðar stjórnvalda. Hefðbundin málsmeðferð stjórnvalda hefur þó lengst af verið og er enn að stærstum hluta pappírsbundin og reglur um starfshætti þeirra miðast við það. Í ljósi þess að rafræn meðferð og afgreiðsla mála í stjórnsýslunni, rafræn stjórnsýsla, hlýtur þannig að fela í sér töluverðar breytingar á hefðbundnum starfsháttum stjórnvalda taldi ég nauðsynlegt að farið yrði með skipulegum hætti yfir hvaða lagalegu hindranir kynnu að standa því í vegi og hvaða lagalega umhverfi væri almennt æskilegt að búa rafrænni stjórnsýslu til framtíðar.

Nefnd lögfræðinga, undir forustu prófessors Páls Hreinssonar, sem ég skipaði í þessu skyni hefur nú skilað mér skýrslu um viðfangsefni sitt ásamt tillögum um úrlausn þeirra lagalegu álitaefna sem þar var fjallað um, og er frv. þetta byggt á þeim. Í inngangi að athugasemdum er stuttlega vikið að aðdragandanum að gerð frv. á svipaðan hátt og ég hef gert hér, þá er viðfangsefnið skilgreint og loks vikið að þeim lagalegu álitaefnum sem við er að eiga á þessu sviði.

Við umfjöllun um þau setti nefndin sér það viðmið að eðlilegt væri að gera sömu efnislegu kröfur til meðferðar stjórnsýslumála hvort sem hún styðst við hefðbundnar aðferðir eða rafrænar. Samkvæmt því á stjórnsýslan að lúta sömu meginreglum án tillits til þess hvaða tækni er notuð til samskipta hverju sinni. Að þessu gefnu lúta lagaleg álitaefni um rafræna meðferð stjórnsýslumála einkum að því hvernig laga megi einstakar reglur stjórnsýsluréttarins að rafrænni upplýsingamiðlun þannig að rafræn málsmeðferð lúti sömu meginreglum og eiga við um meðferð stjórnsýslumála almennt. Í samræmi við þetta beindist athugun nefndarinnar einkum að þrenns konar álitamálum:

Í fyrsta lagi að henda reiður á þeim reglum sem með einhverjum hætti hindra að rafræn miðlun upplýsinga sé notuð við meðferð stjórnsýslumála.

Í öðru lagi að greina hvaða rök búi að baki þessum reglum og hvaða þörfum þeim sé ætlað að mæta.

Og í þriðja lagi að kanna hvort rafræn upplýsingamiðlun geti mætt þessum þörfum, og þá að hvaða skilyrðum uppfylltum.

Þegar til þess er litið hvaða reglur um meðferð stjórnsýslumála virðast einkum geta hindrað eða staðið því í vegi að rafræn miðlun upplýsinga sé nýtt við meðferð stjórnsýslumála er e.t.v. fyrst frá því að segja að allur meginþorri málsmeðferðar- og efnisreglna stjórnsýsluréttarins er í rauninni tæknilega hlutlaus í þeim skilningi að þeim verður beitt án tillits til þess hvaða tækni er notuð við málsmeðferðina að öðru leyti. Þetta á til að mynda við um reglur um andmælarétt aðila, leiðbeiningarskyldu stjórnvalda, málshraða, rannsókn máls, jafnræði og meðalhóf svo aðeins nokkur dæmi séu nefnd. Slíkar reglur þarfnast því ekki sérstakrar skoðunar í þessu tilliti og af þessu tilefni.

Á hinn bóginn þarf e.t.v. ekki að koma á óvart að það eru einkum reglur sem áskilja að gögn og gerningar séu á tilteknu formi sem hindrað geta að rafræn miðlun upplýsinga sé nýtt við meðferð máls, svo sem að gögn séu skrifleg, undirrituð eða vottuð.

Reglur um þessi atriði gera ákveðnar kröfur til málsmeðferðar stjórnvalda sem ekki er víst að rafræn miðlun upplýsinga geti að öllu leyti mætt að óbreyttu. Formsatriðin eru hins vegar ekki bara til komin formsins vegna, eins og mörgum okkar hættir kannski stundum til að halda, heldur eiga þau flest það sammerkt að stuðla að öryggi í miðlun og vörslu þeirra upplýsinga sem gögn um þær hafa að geyma, og fullnægja kröfum um trúverðugleika þeirra og sönnunargildi. Þessi efnislegu rök eða þarfir að baki kröfum um ákveðið form breytast ekki þótt ný tækni geri okkur kleift að taka upp aðrar aðferðir en viðhafðar hafa verið fram að þessu. Þess vegna verður rafræn upplýsingamiðlun að geta mætt þessum sömu þörfum eigi hún að verða jafngild hefðbundnum aðferðum og eftir atvikum að geta komið í þeirra stað.

Og þá erum við komin að þriðja athugunarefninu, þ.e. hvort rafræn upplýsingamiðlun geti mætt sömu þörfum og hefðbundnar aðferðir gera. Geri hún það kallar rafræn miðlun upplýsinga heldur ekki á sérstakar reglur nema að því marki sem sérstakt eðli þessarar tækni, í samanburði við hefðbundnar aðferðir, krefst þess.

Að svo miklu leyti sem svarið við því er ekki tæknilegs eðlis er niðurstaða hinnar lagalegu hliðar málsins í stórum dráttum sú að yfirleitt ætti svo að vera, þó að tilteknum skilyrðum uppfylltum í ákveðnum tilvikum. Þessi skilyrði fela þá í sér þær sérreglur sem nauðsynlegt þykir að setja, vegna séreiginleika rafrænnar upplýsingamiðlunar, til að hún geti talist jafngild hefðbundnum aðferðum og fullnægt þeim efnislegu kröfum, þ.e. rökunum eða þörfunum að baki formkröfunum sem almennt eru gerðar til meðferðar stjórnsýslumála. Þessar sérreglur bæta því almennt ekki nýjum efnisreglum við stjórnsýsluréttinn, heldur miða eingöngu að því að aðlaga formkröfurnar að breyttum aðferðum og aðstæðum og innleiða það sem í frv. þessu er nefnt „jafngildisleið“ í íslenska stjórnsýslu.

Á þessum grundvelli er í frv. lagt til að nýjum kafla verði aukið við stjórnsýslulögin þar sem safnað er saman þeim sérreglum sem nauðsynlegt er talið að lögfesta í þágu jafngildis rafrænnar stjórnsýslu á við hefðbundna. Þar er annars vegar um að ræða ýmis þau skilyrði sem nauðsynlegt er að setja rafrænni málsmeðferð til að formkröfum stjórnsýsluréttarins sé fullnægt. Hins vegar er lagt til að lögfestar verði nokkrar reglur er varða fremur forsendur þess að vel takist

til um framkvæmdina en málsmeðferðina sem slíka. Leitast er við að hafa reglur þessar eins tæknilega hlutlausar og mögulegt er til að stjórnsýslan geti óheft þróast innan þess ramma sem þær setja, eftir því sem tækni fleygir fram og efni og aðstæður leyfa. Jafnframt er gildissvið frv. bundið við stjórnsýslulögin enda eiga lagaleg álitaefni á þessu sviði einkum við um úrlausn þeirra mála sem undir þau falla.

Fyrrnefnda flokkinn fylla 3.–6. gr. frv. þar sem skilgreindar eru þær kröfur sem gera verður til rafrænnar meðferðar mála. Þar er m.a. fjallað um hvaða kröfur beri að gera til rafrænna gagna til að þau fullnægi áskilnaði um að gögn séu skrifleg og undirrituð, fjallað er um hugtök á borð við frumrit og afrit gagna í rafrænu tilliti og tekið á því hvenær rafræn gögn teljist birt á fullnægjandi hátt. Um þessar reglur tel ég ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa fleiri orð, heldur vísa um þær til frv. sjálfs og ítarlegra athugasemda sem þeim fylgja.

Hinn flokkinn fylla á hinn bóginn reglur sem ég tel ekki síður mikilvægar og varða raunar forsendur þess að af rafrænni stjórnsýslu megi hafa það hagræði sem að er stefnt, bæði fyrir stjórnsýsluna sjálfa og almenning í landinu.

Þannig miðar frv. þetta fyrst og fremst að því að gera stjórnvöldum kleift að taka rafræna upplýsingatækni í þjónustu sína við meðferð stjórnsýslumála. Að svo stöddu eru hins vegar engin rök til þess að gera þeim það skylt enda þótt að því sé stefnt hvar sem það kann að reynast hagkvæmt. Þess vegna er í 2. gr. frv. lagt upp með að stjórnvöld ákveði sjálf hvort þau taki upp rafræna stjórnsýsluhætti enda ættu þau almennt að vera best í stakk búin til þess að meta hvenær það sé tímabært eftir því sem efni og aðstæður leyfa. Á hinn bóginn veitir ákvæðið ekki heimild til að stjórnvöld einskorði málsmeðferð sína við rafræna meðferð ákveði þau að taka upp slíka þjónustu enda leiða almenn jafnræðisrök til þess, a.m.k. við núverandi aðstæður, að almenningur geti borið erindi sín upp við stjórnvöld án tillits til þess hvort hann á þess kost að gera það með rafrænum hætti eða ekki.

Sams konar jafnræðisrök leiða til þess að stjórnvöld hagi rafrænni meðferð stjórnsýslumála á þann veg að sem flestir geti nýtt sér það hagræði sem í slíkri meðferð felst. Af þessum sökum er einnig gerð sú krafa til stjórnvalda í 2. gr. frv. að þau velji þann vél- og hugbúnað sem nýttur verður í þessu skyni með hliðsjón af þeim búnaði sem almenningur býr almennt yfir og leitist þannig við að halda tilkostnaði almennings í lágmarki. Auk þess að lögfesta almenna reglu um þetta atriði hefur ríkisstjórnin ákveðið að mótuð verði samræmd heildarstefna um þann vél- og hugbúnað sem stjórnvöld nýta í samskiptum við almenning í þessu skyni.

Loks er skilvirk og örugg varðveisla rafrænna gagna vitaskuld ein forsenda þess að unnt sé að taka upp rafræna stjórnsýsluhætti. Þess vegna er í 7. gr. frv. lagt til að lögfest verði regla er gerir stjórnvöldum skylt að varðveita rafræn gögn máls þannig að unnt verði að sannreyna efni og uppruna þeirra síðar. Ýmis sérsjónarmið eiga þó við um vörslu rafrænna gagna. Þau eru til að mynda ekki aðgengileg nema með viðeigandi vél- og hugbúnaði, og varðveisla þeirra þarf að vera með þeim hætti að ganga megi út frá að þau séu óbreytt frá upprunalegri gerð. Samhliða því sem settar eru reglur um rafræna málsmeðferð stjórnvalda er því mikilvægt að fjallað verði um hvernig hagkvæmast sé að standa að vörslu slíkra gagna, bæði hjá stjórnvöldum og á Þjóðskjalasafni. Í þessu skyni hefur ríkisstjórnin því ákveðið að skipuð verði nefnd til að fjalla um lagaleg og tæknileg álitamál tengd skráningu, vistun og geymslu rafrænna gagna eftir atvikum með það fyrir augum að endurskoða lög nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, að þessu leyti.

Herra forseti. Eins og ég vék að í upphafi miðar frv. þetta að því að ryðja á brott þeim lagalegu hindrunum sem almennt kunna að standa rafrænum stjórnsýsluháttum í vegi og leggja þann grunn sem ég tel nauðsynlegt að við byggjum þróun þeirra á til framtíðar. Ákvæði þessi eru almenns eðlis og varða eingöngu veginn að lagalegri úrlausn þeirra viðfangsefna sem við er að eiga á þessu sviði en leysa ekki úr þeim öllum í eitt skipti fyrir öll. Frekari lagabreytingar kunna því að vera nauðsynlegar eftir því sem lengra miðar við upptöku rafrænna stjórnsýsluhátta á einstökum sviðum stjórnsýslunnar. Einnig er vert að vekja á því athygli að verkefni tengd upptöku rafrænna stjórnsýsluhátta eru ekki eingöngu lagalegs eðlis. Auk þeirra tæknilegu úrlausnarefna sem við blasa útheimtir rafræn málsmeðferð að farið sé yfir hjá hverju stjórnvaldi um sig hvernig hin nýja tækni fellur að því skipulagi, boðleiðum og verkferlum, sem fyrir eru, og hvaða breytingar kunni að vera nauðsynlegt að gera þar á svo vel gangi. Með samþykkt þessa frv. eru því eingöngu tekin fyrstu skrefin á lengri leið.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[11:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu þarft og á sínum stað að við höldum áfram að þróa stjórnsýslu okkar þannig að við nýtum okkur kosti og möguleika rafrænnar tækni. Þetta frv. er þar af leiðandi sjálfsagður liður í slíkum undirbúningi og ég sé ekki ástæðu til að hafa um það mörg orð.

Það er fyrst og fremst tvennt sem mig langar til að nefna og/eða spyrja hæstv. forsrh. um. Mundi það þegar talað er í frv. um rafræna miðlun upplýsinga við meðferð mála vera fullnægjandi heimild til að taka upp rafrænar kosningar? Þetta var hið fyrra. Nú er mér að sjálfsögðu ljóst að til þess þarf þá jafnframt að breyta kosningalögum o.s.frv. en hér er verið að setja inn almennan ramma um stjórnsýsluna og ákveða að rafræn miðlun upplýsinga, rafræn miðlun boða, geti farið fram. Þá vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvort það sé nokkuð í veginum að í framhaldinu verði kosningalögum þannig breytt að rafrænar kosningar geti hafist eða a.m.k. að menn hefji undirbúning að þeim, t.d. að rafrænir kjörstaðir komi til sögunnar.

Ef ég man rétt hefur landsfundur Sjálfstfl. að vísu ályktað eitthvað um þetta mál og lagst heldur gegn því að taka upp rafrænar kosningar en í ljósi þess áhuga sem hæstv. forsrh. sýnir hér með flutningi þessa frv. um rafræna stjórnsýslu hlýt ég að gefa mér að þar sé að verða breyting á.

Það seinna sem ég vil nefna varðar varðveislu gagna sem er auðvitað gríðarlega stórt mál. Ég spyr hæstv. forsrh. hvernig Þjóðskjalasafnið sé í stakk búið til að takast á við það hlutverk sem það hlýtur þá að fá hvað varðar varðveislu rafrænna gagna. Ég tel ástæðu til að ætla að þegar sé áhyggjuefni hvernig sá hluti stjórnsýslunnar og samskipta manna sem horfinn er inn í hinn rafræna heim verði varðveittur. Ég nefni sem dæmi að tölvupóstur er farinn að koma við sögu í dómsmálum og notaður sem réttargögn án þess að nokkrar reglur gildi um varðveislu hans.

[11:16]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi rafrænar kosningar þá lít ég svo til að það sé sérstakt mál en auðvitað má segja að það sem hér er verið að flytja endurspegli ákveðna þróun. Ég hygg að það sé ekkert fráleitt hjá hv. þm. að nefna það til sögu, það sýni í hvaða átt þróunin gengur og þó landsfundur Sjálfstfl. taki þá afstöðu sem hann hefur tekið og ég sem stjórnmálamaður í mínum flokki fylgi þeirri meginniðurstöðu sem þar er ákveðin, þá breytir það ekki því að þingið sjálft og allir aðilar aðrir geti unnið að því máli ef hugur þeirra stendur til þess. Sjálfsagt verður tekið skref í þá áttina þegar fram líða tímar.

Varðandi rafræna stjórnsýslu, meðferð og geymslu upplýsinga þá er hárrétt hjá hv. þm. að þar er um mjög stórt mál að ræða sem eins og mál standa í dag liggur ekki nákvæmlega ljóst fyrir hvernig eigi með að fara. Þess vegna var það nefnt sérstaklega í tölu minni áðan að skipuð hefði verið nefnd til að fara sérstaklega yfir þann þátt og laga það sem snýr að Þjóðskjalasafni. Mjög mikið berst nú af gögnum inn til ráðuneyta. Sumt er kallað því óvirðulega nafni ruslpóstur og menn eru ekki að hlaða slíkum hlutum upp, en það er samt sem áður vandamál hver á að meta hvað er ruslpóstur, hvað er almennur kjaftagangur eins og stundum hefur tíðkast í þessum efnum. Símtöl hafa færst yfir í það að fara fram með þessum hætti. Ekki hafa menn hingað til staflað upp símtölum í Þjóðskjalasafni. Þetta er vandamál sem við þurfum að átta okkur á. Það gengur ekki að eitt ráðuneyti geri þetta með einum hætti og annað með öðrum. Við verðum því að hafa um það samræmdar reglur nákvæmlega eins og þingmaðurinn benti á, menn geta krafist þessara gagna en þá hefur þeim kannski verið eytt í tilteknum ráðuneytum en varðveitt í öðrum. Þess vegna er lagt til að nauðsynlegt sé í framhaldi af þessu að fara sérstaklega yfir þann þáttinn og hann er mjög mikilvægur.

[11:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Hvað varðar rafrænar kosningar var það ekki eingöngu gamansemi af minni hálfu. Ég er þeirrar skoðunar að hefja eigi markvissan undirbúning að því og ég hefði gjarnan viljað sjá að menn hefðu opnar heimildir í kosningalögum til þess að við getum kallað það að gera tilraunir eða bjóða upp á valkvæða möguleika á t.d. rafrænum kjörstöðum þannig að á stórum kjörstöðum í stærstu þéttbýlisstöðum væru gerðar tilraunir með að keyra samhliða rafrænar kjördeildir og hefðbundnar. Fólk ætti þess kost að koma á kjörstað að sjálfsögðu því að stærra skref tækju menn varla í fyrstu umferð og þeir sem það vildu gætu kosið með rafrænni tækni. Þetta hygg ég að þeir sem til þekkja séu sammála um að væri hægt að gera og prófa og hafa fullkomlega öruggt og mundi ekki skapa nein vandamál.

Augljóst er að kostir hinnar rafrænu tækni eru gríðarlegir við framkvæmd kosninga ef menn ná utan um alla þætti þess máls þar sem grunnurinn, þjóðskráin eða kjörskráin liggur þá til staðar á rafrænu formi bak við kosninguna og síðan verður fljótlegt að telja og annað í þeim dúr.

Varðveislan er mjög stórt mál og ég hygg að ástæða sé til þess, þó að ég sé síður en svo að amast við þessari lagasetningu og ég tel hana tímabæra, að hvetja til varkárni í stjórnsýslunni þangað til búið er að ganga mjög tryggilega frá þeim hlutun, þ.e. flokkun upplýsinga sem berast á rafrænu formi og hvernig geymd eða varðveisla þeirra sem mikilvæg eru verður tryggð. Það ber nú þegar talsvert á því að mörkin eru orðin óljós milli gagna sem tvímælalaust ættu að varðveitast og hinna sem ekki er ástæða til að það sé gert. Ég nefni aftur tölvupóstinn því að þar ægir öllu saman, allt frá mjög mikilvægum bréfum og skilaboðum í sumum tilvikum sem hafa ótvírætt varðveislugildi og yfir í hinn endann, ruslið, sem hæstv. forsrh. nefndi.

[11:20]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að þau skref séu stigin í réttri röð með frv. og síðan er skipun nefndarinnar sem varðar Þjóðskjalasafnið. Ég held að þetta þurfi að fylgjast mjög vel að eins og hv. þm. benti á og ég er sammála honum um það.

Varðandi kosningarnar þó að það sé aðeins annar hlutur í þessu samhengi, þá þurfa menn náttúrlega að vera orðnir algerlega sannfærðir um að það kerfi sé jafnöruggt og hið gamla kerfi, hægt sé að sannreyna það með þeim hætti, ekki bara sérfræðingar heldur aðrir aðilar geti sannreynt það kerfi.

Í annan stað, þó það komi tækninni ekki við, þá er ég svo gamaldags að ég kvíði því þegar kosninganóttinni lýkur á 20 sekúndum. Ég hlakka ekki til þess og sjónvarpsþættirnir verða búnir eftir fimm mínútur þegar allt liggur fyrir alls staðar í einni bunu og karlarnir eða kerlingarnar sem þá verða uppi eiga að fara að tjá sig um úrslitin í einum logandi grænum í sjónvarpinu, en það er nú önnur saga.

[11:22]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst afar jákvætt að frv. þetta hefur komið fram og tel að það sé fyllilega tímabært að opna á rafræna stjórnsýslu. Ég tek hins vegar undir þá ábendingu sem kom frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að mjög mikilvægt er að tryggja varðveislu gagna vel og ég tel líka af því að frv. er auðvitað nokkuð tæknilegt að mjög mikilvægt sé að nefndin fari vel yfir þessi ákvæði, skoði vel hvað þarf hugsanlega að varast og eins hvort öllum mikilvægum skilyrðum er fullnægt þegar við tökum upp slíka starfsemi í stjórnsýslunni.

Ég kem hér líka til að bera upp spurningu við hæstv. forsrh. Ég tek eftir því að í 2. gr. er sagt: „Stjórnvald ákveður hvort boðið verður upp á þann valkost ...“ Síðan er sagt fyrir um það með hvaða hætti það skuli gert þegar stjórnvald ákveður: „Stjórnvald getur ákveðið hvaða kröfum gögn, sem það móttekur með rafrænum hætti, þurfa að fullnægja.“

Þá langar mig að spyrja í fyrsta lagi: Getur eitt ráðuneytið ákveðið að taka upp rafræna stjórnsýslu og annað ákveðið að taka hana ekki upp? Getur hugsanlega gerst með þessari heimild að við séum með stjórnsýslu þar sem sumir eru með mjög nútímalega afgreiðslu og aðrir ekki?

Í öðru lagi er fjallað í greinargerðinni á bls. 5 og 6 um þrengri og rýmri merkingu stjórnsýsluorðsins og að hér sé fyrst og fremst verið að kveða á um hina þrengri stjórnsýslu sem ég lít þá á að séu fyrst og fremst ráðuneytin. Er það samt ekki þannig og ber ekki að skilja það svo að þjónustustarfsemi hins opinbera falli líka jafnframt undir lögin eða má skilja frv. þannig að þjónustustarfsemin sé þar undanskilin?

[11:24]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að í frv. er miðað við að um sé að ræða heimildir en ekki skyldur á þessu stigi máls. En eins og ég tók fram áðan getur maður ímyndað

sér að þegar tímar líða fram verði stjórnvöld bundin þessu fyrirkomulagi með skyldu þannig að þau verði að gangast undir það að geta sinnt þessu ef aðrir óska þess, hvort sem þau kjósa eða kjósa ekki.

Á þessu stigi er aðeins hægt að hafa það heimild vegna þess að við erum ekki komin svo langt að við getum sagt: Nú verða allir að gera þetta, nú ber öllum að gera þetta. Þetta verður að fá að þróast.

Auðvitað lagði ég áherslu á frumkvæði ríkisstjórnarinnar í þessum efnum, sem eðlilegt er af minni hálfu, en þó er þetta svo, maður getur viðurkennt það hér, að við erum eiginlega rekin í þetta því segja má að stjórnsýslan sé að byrja á þessu. Sum ráðuneytin eins og hv. þm. benti á eru lengra komin en önnur. Við erum eiginlega rekin í það að huga að því að gæta þess hvar munur er á formreglum eftir því hvort menn nota rafræna eða hefðbundna stjórnsýslu þannig að við erum kannski að elta þróunina frekar en að stýra henni, svo maður játi það nú bara eins og það er. Þetta hefur gerst svo ótrúlega hratt og það er mjög mismunandi held ég eftir því hvernig menn sinna þessu.

Það er líka mjög mismunandi hvað þeir sem að stjórnsýslunni koma utan frá eru færir um að nota þessa tækni. Ég er til að mynda persónulega ekkert mjög flinkur í því svo maður nefni dæmi. Þetta leikur í puttunum á öðrum, til að mynda yngstu kynslóðinni eins og við þekkjum. Þetta er þróun sem er að verða til og við erum að gæta okkar á að verða ekki á eftir og gæta okkar á því að ekki verði dregið úr formlegum kröfum þar sem þær eru réttmætar af öðrum ástæðum, ekki formsins vegna heldur krafnanna vegna. Það er mjög þýðingarmikið.

Varðandi hitt atriðið, þá geri ég ráð fyrir að þó að menn séu að huga að hinni almennu stjórnsýslu að þessu sinni, þá mun þetta auðvitað breiðast út þegar fram líða stundir.

[11:26]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka svarið og er alveg sammála því að okkur ber að stíga skref inn í nútímann og þetta er hluti af honum. Ég tek líka undir að meiri hraði hefur verið á þessum málum öllum heldur en nokkurt okkar óraði fyrir þegar fyrstu skrefin voru tekin og ég ætla ekkert að setja út á það að menn fari ekki nógu hratt. En ég er alveg sannfærð um að þegar menn fara að vinna með þessum hætti, þá mun það auðvitað gerast eins og hæstv. forsrh. bendir á að einu ráðuneyti mun ekki líðast það að vera einhvers staðar aftur í forneskjunni þegar önnur hafa stigið inn í nútímann og þess vegna býst ég við að þó að þetta sé heimilt fyrst um sinn, þá muni það ganga eftir að hvert stig taki við af öðru.

Ég held hins vegar að mjög þurfi að skoða það í nefndinni hvort einhverjir annmarkar eru á slíku heimildarákvæði, hvort ekki sé hugsanlegt að upp komi einhver vandræðagangur út af því að einhver ráðuneyti verði framar öðrum og sérstaklega kannski varðandi kynningarmálin í sambandi við þetta. Ég minnist þess þegar stjórnsýslulögin voru sett sem voru líka tímamótalög og við studdum heils hugar, að það var mjög mikilvægt hvernig þau voru kynnt og að réttur sem fólki var fenginn með þeim og áherslur þeirra var mjög vel kynnt fyrir fólki. Það verður vandasamara núna þegar á að kynna ákveðinn rétt og vinnulag sem ekki verður alls staðar á ferðinni. Ég sé á þessu ákveðna annmarka en ég skil vel að fara verði varlega og ég hvet líka til þess að farið verði varlega þegar svona grundvallarbreytingar eru gerðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fyrirtækjaskrá, 1. umr.

Stjfrv., 351. mál (heildarlög). — Þskj. 388.

og

Hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir, 1. umr.

Stjfrv., 350. mál (færsla skráningar, breyting ýmissa laga). — Þskj. 387.

[11:29]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tveimur frv. í einu lagi, með leyfi forseta, annars vegar frv. til laga um fyrirtækjaskrá og hins vegar frv. sem því fylgir um breytingar á ákvæðum laga um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur að því er varðar skráningu þeirra.

Með samþykkt laga nr. 51/2002 hinn 3. maí sl., um brottfall laga um Þjóðhagsstofnun, var gerð breyting á verkaskiptingu efnahagsstofnana ríkisins með niðurlagningu stofnunarinnar og flutningi hagskýrslu- og þjóðhagsspárverkefna til Hagstofu Íslands, efnahagsskrifstofu fjmrn. og Seðlabanka Íslands. Í tengslum við þá breytingu var jafnframt ákveðið að stefna að fleiri breytingum á starfsemi Hagstofunnar í þeim tilgangi að efla hagskýrsluhlutverk hennar og ná aukinni hagræðingu í rekstri. Við þessa endurskipulagningu Hagstofunnar er horft til þess að flytja frá henni verkefni sem ekki tilheyra hagskýrslugerðinni beinlínis lengur. Hér er átt við þjóðskrá og almannaskráningu og skráningu fyrirtækja.

Frv. til laga um fyrirtækjaskrá er samið í samvinnu við þessa stefnu. Það tekur til fyrirtækjaskrár Hagstofunnar en undirbúningi að flutningi þjóðskrár er ekki lokið.

Með frv. verður fyrirtækjaskráin færð frá Hagstofunni til ríkisskattstjóra. Jafnframt hefur verið samið frv. um breytingar á lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Þar er lagt til að skrár samkvæmt þessum lögum verði færðar frá Hagstofunni til ríkisskattstjóra. Þessar skrár mynda nú þegar eitt gagnasafn. Samkvæmt þessu mun því fjmrh. fara með mál er varða fyrirtækjaskrá í stað ráðherra Hagstofu Íslands eins og nú er.

Skráning fyrirtækja í fyrirtækjaskrá Hagstofunnar hófst á árinu 1969 skv. lögum nr. 62/1969. Stofnun fyrirtækjaskrár og rekstur var skipulagður í samvinnu við skattyfirvöld en henni var komið á fót til að sinna brýnum þörfum fyrir samræmda skráningu fyrirtækja og útgáfu auðkennisnúmera til fyrirtækja. Á árinu 1997 tók Hagstofan við rekstri hlutafélagaskrár og skyldra skráa. Við það varð félagaskráning markvissari en verið hafði og veruleg samlegðaráhrif fólust í samhæfingu skránna og færslu þeirra á sama stað.

Rekstur fyrirtækjaskránna hefur falið í sér margháttað hagræði fyrir stjórnvöld og atvinnulíf. Mikið hagræði er fólgið í því að stjórnvöld á ýmsum sviðum geti unnið með

eina samhæfða skrá, sem er opinber og aðgengileg til eftirlits. Hagstofan hefur annast skráningu fyrirtækja í samvinnu við skattyfirvöld og sýslumenn. Þegar undan er skilið það hlutverk skránna að vera uppspretta gagna til hagskýrslugerðar má auka hagræðingu í rekstri fyrirtækjaskránna með því að flytja þær frá hagskýrslugerðinni og tengja þær beint þeirri skráningarstarfsemi sem ríkisskattstjóri hefur með höndum vegna þarfa skattkerfisins. Er þá gert ráð fyrir að Hagstofan hafi áfram aðgang að fyrirtækjaskrá til hagskýrslugerðar og hagnýting hennar í því skyni verði engu minni en verið hefur.

Skráning fyrirtækja er nátengd verkefnum skattyfirvalda og tengist skattskyldu fyrirtækja með beinum hætti. Álagning skatta og ákvörðun gjalda byggist á því að til staðar sé á hverjum tíma tæmandi og nákvæm skrá yfir alla þá sem skattskyldir eru eða bera aðrar skattalegar skyldur. Halda skattyfirvöld af þessum ástæðum þegar ýmsar skrár sem eru hliðstæðar fyrirtækjaskrá.

Með því að færa fyrirtækjaskráninguna, þ.e. grunnskráningu allra upplýsinga sem máli skipta um auðkenni og einkenni aðila til ríkisskattstjóra, er opinber skráning allra upplýsinga um fyrirtæki sameinuð á einum stað. Með skattgögnum berast upplýsingar um breytingar á ýmsum mikilvægum skráningaratriðum, svo sem á aðsetri og atvinnugrein, yfirleitt fyrr en til fyrirtækjaskrár þar sem ekki hefur verið jafnrík skylda til að tilkynna slík atriði þangað. Þá hefur ríkisskattstjóri annast rekstur ársreikningaskráar frá upphafi og byggt þá skrá um skilaskyldu fyrirtækja á ársreikningum sínum á fyrrnefndum skrám Hagstofunnar og skattgrunnskrá.

Ljóst má því vera að sameining fyrrgreindra skráa á eina hendi gefur aukið svigrúm til hagræðingar og samræmingar í skráningu auk þess að draga úr umstangi skráningarskyldra aðila við að koma á framfæri til stjórnvalda grunnupplýsingum og leiðréttingum er varða skráningu á atvinnurekstri eða starfsemi viðkomandi.

Hvað efnisatriði frumvarpsins varðar þá er ekki um að ræða umfangsmiklar breytingar frá núgildandi lögum um fyrirtækjaskrá. Breytingarnar felast einkum í uppstokkun og framsetningu ákvæða í frumvarpinu þannig að betri yfirsýn fáist yfir atriði sem áhersla er lögð á.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla frekar um einstakar greinar frumvarpanna heldur vísa ég til athugasemda við þær að svo miklu leyti sem þær skýra sig ekki sjálfar.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[11:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eiginlega mætti segja að þetta frv. sé að hluta afsprengi ákvörðunar sem hæstv. ríkisstjórn tók á sínum tíma, fyrir einu ári eða svo, að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Þegar sú ákvörðun var tilkynnt eða boðuð var ekki hægt að ráða að það hefði farið fram mjög vönduð og yfirgripsmikil úttekt á meðferð þessara mála í stjórnsýslunni og menn væru búnir að leggja niður fyrir sér lið fyrir lið hvernig verkefnum Þjóðhagsstofnunar sem slíkrar yrði þá fyrir komið og hins vegar hvernig aðrar breytingar sem gæti verið skynsamlegt að gera, samanber þá sem hér er á dagskrá, yrðu tengdar inn í eða yrðu hluti af þessari nýju mynd.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að það sé eitt af því sem við höfum vanrækt, þ.e. að fara með reglubundnum hætti yfir skipulag mála í Stjórnarráði Íslands og skoða hvaða breytingar gætu verið þarfar og nauðsynlegar. Þá á ég bæði við stofnanaflóruna, eins og hér er verið að fjalla um, en líka verkaskiptingu milli ráðuneyta innan Stjórnarráðsins. Þar eru ýmsir hlutir sem ég held að séu óumdeilanlega arfur frá löngu liðnum tíma og aðstæðum og mættu betur fara í dag.

Ég nefni sem dæmi þá ótrúlegu staðreynd, sem ég hef margreynt að taka upp á þingi, að málefnum lífeyrismála, almannatrygginga, félagslegrar framfærslu og þeirra þátta sem snúa að lífeyri og tryggingum, er dreift á þrjú ef ekki fjögur ráðuneyti. Ég er sannfærður um að það er eitt af því sem hefur vafist fyrir mönnum í sambandi við að endurskoða almannatryggingalöggjöfina og samþætta frjálsan lífeyrissparnað, skyldubundinn lífeyrissparnað, hlutverk tryggingakerfisins og síðan hlutverk velferðarkerfisins þegar það kemur til sögunnar. Ég er sannfærður um að slíkur tvístringur á þessum málum innan Stjórnarráðsins ráði þar miklu.

Hér er lagt til að fyrirtækjaskrá færist til ríkisskattstjóra en jafnframt tekið fram í frv. að athugunum og undirbúningi að flutningi þjóðskrár sé ekki lokið. Ég verð nú að leyfa mér að segja: Hefði ekki verið betra að byrja á öfugum enda og ákveða fyrst eftir vandaða yfirferð á málinu hvernig þjóðskrár- og almannaskráningarmálum yrði fyrir komið, hvernig fyrirtækjaskráningarmálum yrði fyrir komið og hver færi svo með hagsýslugerðina, þjóðhagsspár og annað í þeim dúr? Að þessu gerðu hefðu menn getað farið í, ef niðurstaðan hefði orðið sú að breyta stofnunum, að leggja niður Þjóðhagsstofnun, breyta hlutverki Hagstofunnar o.s.frv. Ég er ekki viss um að menn rati hér að öllu leyti rétta leið.

Ég vil líka spyrja hæstv. forsrh. í þessu sambandi: Hvað með kostnaðinn? Hefur orðið sparnaður af því að leggja niður Þjóðhagsstofnun? Eða er það rétt sem glöggir menn þykjast hafa lesið út úr fjárlagafrv. varðandi kostnaðinn? Hinn opinberi kostnaður sem áður var samfara rekstri Þjóðhagsstofnunar var upp á um 150 millj. kr. Er það rétt sem menn telja að nú séu sérmerktar í fjárlagafrv. a.m.k. 180 millj. beint vegna verkefna sem áður voru hjá Þjóðhagsstofnun? Heyrst hefur að þegar farið er yfir skýringar og athugasemdir með einstökum liðum fjárlagafrv. komi beinlínis fram að fjárveitingar sem ætlaðar eru til Seðlabanka, fjmrn., Hagstofu og jafnvel stéttarfélaga, séu upp á um 180 millj. kr., eyrnamerkt vegna verkefna frá Þjóðhagsstofnun en til hennar runnu um 150 millj. kr. Hver er þá sparnaðurinn? Hann er a.m.k. ekki fjárhagslegur ef þetta er rétt.

Að sjálfsögðu þarf það ekki að vera eina gilda ástæðan fyrir breytingum á starfsemi að með henni náist fram fjárhagslegur sparnaður. Það getur verið ávinningur af slíkum breytingum ef þær eru skynsamlegar í ýmsu öðru tilliti. En ég man ekki betur en menn væru m.a. að selja mönnum þessar breytingar á Þjóðhagsstofnun sem fjárhagslega hagræðingu.

Ég vil líka spyrja hæstv. forsrh. í leiðinni: Hvað telur hann líklegt að verði um þjóðskrána? Hvert er líklegt að hún fari, eigi að taka þennan skráningarþátt út úr Hagstofunni, sem mér sýnist vera hér á ferðinni? Menn segja sem svo: Það fer ekki vel á því, samanber alþjóðlega stefnumótun á þessu sviði, að stofnun sem annast hinar hagrænu spár og áætlanagerð og þarf að geta gætt ýtrasta trúnaðar gagnvart aðilum sem leggja henni upplýsingar sé jafnframt með almenna opna skráningu eins og fyrirtækjaskrá og þá væntanlega eftir atvikum einnig þjóðskrá. Gott og vel. Þá virðist stefnan sú að færa skráningarþættina út úr Hagstofunni. Hvert fer þá þjóðskráin? Fer hún til ríkisskattstjóra? Er líklegt að menn telji

það farsælt? Er ekki verið að setja ansi mikið til ríkisskattstjóra? Þar er að vísu öflugur maður í forsvari, gamalvanur gráni í stjórnsýslunni og ágætlega mönnuð stofnun, en það er ekki þar með sagt að það eigi að fara að hrúga þessu öllu þangað.

Ég skrifa ekki upp á það fyrir fram, herra forseti, fyrr en það hefur verið rækilega athugað að ekki getið komið upp sambúðarvandamál innan embættis ríkisskattstjóra við að hafa þessa skráningu þar og svo hlutverk skattyfirvalda. Ríkisskattstjóri er jú skattyfirvald með úrskurðar- og hálfgert löggæslu- eða lögregluvald að vissu leyti. Er þá endilega víst að þessar skráningar eigi vel heima þar? Óttast ekki hæstv. forsrh. að til þess geti komið að fyrirtækin verði tortryggin á þetta fyrirkomulag?

Ég velti fyrir mér og spyr: Hefði kannski ekki verið vænlegra að fara akkúrat hina leiðina og skilja eftir í stofnun, sem þá hefði kannski verið kölluð Skráningarstofan eða Skráningarstofnun hins opinbera, skráningarhaldið og umsýslu utan um það? Þannig að fyrirtækjaskrá, þjóðskrá og aðrar almannaskrár hefðu verið í algerlega sjálfstæðri og mjög vel varinni stofnun sem hefði verið algerlega hlutlaus gagnvart framkvæmd stjórnsýslunnar, skattálagningu, refsimálum, sakaskrá og öðru slíku. Þarna er um að ræða mjög viðkvæmar og vandmeðfarnar upplýsingar.

Ég vil líka spyrja hæstv. forsrh. hvort í tengslum við þetta hafi farið fram lögfræðileg athugun á því hver sé líkleg framtíð miðlægra skráa af þessu tagi. Er sjálfgefið að það verði yfir höfuð samþykkt í framtíðinni, ekki síst með hliðsjón af möguleikum og kostum en líka hættum sem geta verið samfara hinni rafrænu tækni, að færa svona miðlægar skrár?

Í ýmsum löndum hér í kringum okkur fer fram um þetta umræða og er jafnvel þróun í gangi sem virðist frekar benda til þess að slíkar miðlægar skrár verði á undanhaldi en hitt, einfaldlega vegna þess að menn sjá í þeim ýmsar hættur og ýmiss konar vanda í sambandi við umbúnað um þær. Sums staðar ganga menn svo langt til dæmis að það er ekki lengur til símaskrá, ekki lengur til miðlægar símaskrár. Af hverju? Af því það þykir ekki við hæfi að vera að safna saman slíkum upplýsingum um einkahagi manna sem hver og einn getur fyrirhafnarlaust fengið aðgang að, hvaða síma menn hafi og hvar menn séu til heimilis. Sums staðar er algerlega bannað að veita upplýsingar af því tagi sem við veitum í 118 af því að það gengur bara ósköp einfaldlega of nærri persónulegum högum manna að Jón Jónsson geti tekið upp tólið og hringt og viti eftir fimm mínútur hvaða síma þú hefur og hvar þú býrð. Þetta kannast þeir væntanlega við sem hafa lent í því að tapa kunningjum sínum í ónefndum löndum og ætla að reyna að finna þá. Það er a.m.k. ekki hægt með því að fletta upp í símaskránni eða hringja í 118. Slíkt er ekki til.

Ég geri ráð fyrir því að einhvers konar miðlæg eða samfelld þjóðskráning verði áfram við lýði. Það er erfitt að sjá að þjóðríki getið haldið utan um sín mál öðruvísi en að einhvers konar „national register" sé til staðar. En það er ástæða til að velta því fyrir sér, í ljósi þróunar í persónuverndarmálum og ýmsu fleiru sem tengist líka rafrænu tækninni sem við vorum einmitt að ræða hér á undan, hver framtíðin verður í þessum efnum.

Mér finnst menn því þurfa að skoða þetta, herra forseti, allt saman mjög opið. Ég er ekki að útiloka neitt fyrir fram í þessum efnum, heldur ekki að þetta geti farið ágætlega, a.m.k. hvað þennan fyrirtækjaþátt varðar hjá ríkisskattstjóra. Sjálfsagt er það rétt sem kom fram í framsöguræðu hæstv. forsrh. að það er ýmiss konar hagræði í því fólgið að sameina þá skráningu sem hefur verið til staðar hjá skattinum — af augljósum ástæðum þarf skatturinn að vita hverjir eru lögaðilar í landinu og skattskyldir aðilar með þeim hætti o.s.frv. — sjálfri fyrirtækjaskránni, sjálfri uppflettiskrána með nöfnum fyrirtækja og forsvarsmanna þeirra. Manni hefur reyndar stundum fundist að uppfæra mætti þá skrá betur. Þar eru draugafyrirtæki og skúffufyrirtæki sem ekki hafa haft neina starfsemi með höndum árum saman á tvist og bast innan um önnur sem eru lifandi og virk. Ég kann svo sem enga lausn á því vandamáli en sjálfsagt er þörf á að taka til í því eins og fleiru. Kannski verður þessi flutningur og endurskipulagning til að þeir hlutir verði yfirfarnir.

Herra forseti. Það voru einkum þessi atriði sem ég vildi gera að umtalsefni og inna hæstv. forsrh. eftir, en ætla svo ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég geri ráð fyrir því að hv. þingnefnd fari rækilega yfir þetta allt saman og málið komi hér í vönduðum búningi aftur til þingsins.

[11:46]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því varðandi símaskrá sem nefnd er að hver borgari hefur bæði rétt á og tækifæri til að láta taka sig út úr slíkum skrám. Engar upplýsingar verða gefnar um viðkomandi ef hann kýs svo. Það er ekki verið að gefa upplýsingar á móti vilja manna.

Ég vek einnig athygli á því að í sumum löndum banna menn að halda heildstæða þjóðskrá. Því geta fylgt miklir annmarkar, t.d. í Bandaríkjunum þar sem menn verða þá til að mynda að skrá sig með drjúgum fyrirvara fyrir hverjar einustu kosningar til að geta kosið, reyndar skrá sig sem demókrata, repúblikana eða óháða, sem hljómar undarlega í okkar eyrum, vegna þess að skráningin er síðan tengd prófkjörum viðkomandi flokka. Þeir eru að vísu ekki skyldugir til að kjósa þá flokka sem þeir skrá sig í en þeir eru skráðir undir slíkum heitum sem mönnum finnst afar sérstakt, a.m.k. hjá okkur. En það er nauðsynlegt vegna þess að ekki er leyft að halda heildstæða þjóðskrá. Þegar við segjum Ameríkumönnum að ef menn skrái sig ekki eða gefi ekki upp flutning sinn sé auglýst reglubundið hjá okkur að það verði menn að gera fyrir tiltekinn tíma að viðlögðum sektum eða fangelsi. Þá halda þeir að við rekum harðara kerfi en í fornum alræðisríkjum. Þetta finnst okkur hins vegar sjálfsagt þrátt fyrir að dálítið hart sé að gengið.

Varðandi fyrirtækjaskrána hefur hún verið starfrækt í samvinnu við skattinn. Þess vegna þótti eðlilegt að flytja hana þangað.

Varðandi þjóðskrána liggur það ekki eins í augum uppi, það er alveg rétt hjá hv. þingmanni, en þar er verið að vinna að því máli. Helst stendur til að sú skrá verði flutt undir dómsmrn.

[11:48]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt að mönnum er að sjálfsögðu frjálst að taka sig út úr símaskránni en mönnum er ekki frjálst að taka sig út úr þjóðskránni. Það er ekki hægt að segja sig úr samfélaginu eins og ónefndir menn fengu að reyna sem reyndu það sannarlega fyrr á hinni öldinni.

Ég er algerlega sammála því, það eru líka miklir annmarkar samfara því að færa ekki miðlæga þjóðskrá. Ég er ekki að leggja til að því verði hætt, bara til að fyrirbyggja allan misskilning, ég er ekki að leggja til að menn leggi niður þjóðskrána og þaðan af síður að menn fari í eitthvert

bandarískt ástand hvað varðar t.d. kosningarréttarkerfið. Ég held að það sé ekki gott og allra síst viljum við þó fá talningaaðferðir Bandaríkjamanna sem hafa, eins og kunnugt er, reynst alveg hrapallega.

Ég er ekki að taka þetta upp hér, herra forseti, vegna þess að ég telji endilega að við Íslendingar eigum að gera grundvallarbreytingar á þessu fyrirkomulagi hjá okkur. Það er hins vegar sannanlega þróun í gangi og hún helgast kannski af tveimur þáttum alveg sérstaklega, breyttum viðhorfum til miðlægrar gagnasöfnunar með hliðsjón af persónuvernd og tilkomu hinnar nýju, rafrænu tækni sem setur aðgang að þessum upplýsingum í allt annað samhengi, og möguleikana líka til að dreifa þeim, fjölfalda þær o.s.frv.

Við verðum auðvitað að huga að þessum þáttum hjá okkur í ljósi þróunarinnar, jafnvel þótt okkur þyki ýmislegt í þessu sambandi dálítið framandlegt í okkar litla kunningjaþjóðfélagi þar sem allir þekkja hvort sem er alla. Það virðist næsta hjákátlegt að vera eitthvað að hafa áhyggjur af því hvaða upplýsingar eru á borðinu. Ef menn þekkja viðkomandi ekki beinlínis persónulega er eiginlega ævinlega hægt að hringja í einhvern mann sem þekkir mann og þannig er málið leyst. Við verðum að móta okkur reglur hér sem taka auðvitað mið af alþjóðlegu lagaumhverfi og þróun og þess vegna þurfum við að huga að þessum þáttum.

Fari svo að þjóðskráin endi hjá dómsmrn. tvístrast þessar skrár í ólíkar áttir og þá má velta fyrir sér hversu hagkvæmt það sé.

[11:50]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðu sinni fyrr vék hv. þm. að Þjóðhagsstofnun og því sem þar var um að ræða. Ég hlýt að vekja athygli á því að meginástæðan fyrir því að sú stofnun var lögð niður var ekki að menn væru að leita að miklum sparnaði í þeirri aðgerð. Það hafði löngum verið rætt, ég hygg fyrst 1982, að Þjóðhagsstofnun gegndi hlutverki sem aðrir væru þegar farnir að axla.

Mér finnst fara afar vel á því að til að mynda samtök eins og Alþýðusambandið og reyndar önnur launþegasamtök hafi öfluga þekkingu innan borðs hjá sér. Ég sé ekkert að því að ríkisvaldið styðji við bakið á slíku eins og kemur fram í fjárlagafrv. gagnvart Aþýðusambandinu og eru viðræður í gangi við aðra aðila um eitthvað sambærilegt. Mér finnst það alls ekki óeðlilegt miðað við þá þróun sem átt hefur sér stað. Áður fyrr var það aðeins stofnun ríkisins sem gat ein veitt þjónustu af þessu tagi og allir horfðu til þess. Nú sjáum við að bankarnir eru farnir að gera sínar eigin þjóðhagsspár og ekki verður séð að viðskiptabankarnir búi yfir lakari upplýsingum af neinu tagi en Þjóðhagsstofnun gerði áður fyrr. Ríkið hefur sína stofnun til að undirbúa ráðstafanir sínar hvað varðar þróun efnahagsmála og fjársýslu ríkisins.

Ég tel að það hafi verið löngu tímabært að breyta þar um, ekki halda hinu gamla kerfi við kerfisins vegna. Ég hygg þó að það hafi aldrei verið nein meginröksemd hér að það mundi leiða til mikils sparnaðar, hins vegar til skilvirkari verkefna.

Eins hef ég áður sagt að mér finnist eðlilegt að Hagstofan verði síðar meir lögð af sem sérstakt ráðuneyti. Mér finnst óeðlilegt, miðað við hlutverk hennar, að hún sé ráðuneyti og tel að sá dagur hljóti fljótt að koma að hún verði felld undir sérstaka stofnun en ekki undir ráðherra beint þótt ég hafi sjálfur lengi verið hagstofuráðherra.

[11:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki stórmál finnst mér hvort Hagstofan er sjálfstætt ráðuneyti. Ég vara svona heldur við því að menn flýti sér um of að breyta því, það er aldrei að vita nema það geti aftur átt eftir að koma sér vel að hafa Hagstofuna sem ráðuneyti, en ekki meira um það.

Ég er sammála forsrh. um að það er ekkert að því að hagdeildir eða hagrannsóknardeildir á vegum stærstu launamannasamtaka eflist. Það tel ég vera af hinu góða. Ég minni á gríðarlega mikilvægt hlutverk stærstu heildarsamtaka launamanna aftur og aftur í sambandi við örlagatíma í efnahagsmálum þjóðarinnar, þjóðarsáttarsamninga á sínum tíma og seinni tíma samninga þar sem verkalýðshreyfingin hefur komið að málum. Þar af leiðandi er auðvitað eðlilegt, og hvort sem er vegna hlutverks þeirra, að þeir hafi burði til að leggja sjálfstætt mat á þróun hagkerfisins og hagræna þætti í samfélaginu. Að sjálfsögðu þarf þá að ríkja þar jafnræði þannig að Alþýðusambandið og jafnframt samtök opinberra starfsmanna, háskólamanna, bankamanna o.s.frv. sitji við sama borð í þeim efnum. Allt annað væri auðvitað fráleitt og brot á jafnræðisreglum.

Í sjálfu sér er líka eðlilegt og ekkert nema gott um það að segja að bankar og öflugar fjármálstofnanir ástundi slíkar spár og skoði þessa hluti. Það er hluti af starfsemi þeirra. Ég leyfi mér samt að fullyrða að það kemur ekki í staðinn fyrir gildi þess að til staðar sé í landinu algerlega óháð, sæmilega öflug matsstofnun á þessu sviði sem stjórnvöld, sem Alþingi og aðrir slíkir aðilar, geta þá jafnframt leitað til. Ég hvet til þess og er alveg tilbúinn fyrir mitt leyti að grafa allar stríðsaxir sem tengjast Þjóðhagsstofnun sálugu. Gert er gert og búið er búið. En ég hvet til þess að jafnframt verði hugað að þessum breytingum, hvort hagdeild eða lítil sjálfstæð hagstofnun, t.d. í skjóli Alþingis, gæti ekki þjónað vel í þessu kerfi.

[11:55]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þau frv. sem hæstv. forsrh. mælir fyrir á þessum morgni láta lítið yfir sér en þau snerta svo sannarlega mikilvæga hluti stjórnsýslunnar og tengjast mjög stórum verkefnum sem oft hefur verið kallað eftir og sem hafa mikla þýðingu um hvernig stjórnvaldið mun virka í framtíðinni. Þess vegna finnst mér miður að hér fari ekki fram mjög ítarleg og víðtæk umræða um þau mál sem tengjast þeim litlu saklausu frv. sem hér eru borin fram.

Ég vil fyrst taka fram að mér finnst mikilvægt að verkaskipting ráðuneytanna sé skoðuð. Reyndar hef ég átt liggjandi inni í einhverjar vikur fyrirspurn til hæstv. forsrh. um áform um verkaskiptingu ráðuneytanna og geri ráð fyrir að innan tíðar getum við tekið þá umræðu okkar í milli.

Mér finnst fremur óheppilegt að verið sé að taka á verkaskiptingu í litlum skrefum, litlum bitum væri hægt að segja. Það hefði ekki verið óeðlilegt að á sínum tíma, þegar mjög umdeild ákvörðun var tekin um að leggja niður Þjóðhagsstofnun, hefði verið farið ítarlega yfir það hvernig ætti að skipa þeim verkefnum sem voru á hennar hendi og þeim verkefnum sem væru á hendi þeirrar stofnunar sem tæki við stórum þáttum frá Þjóðhagsstofnun, svo sem Hagstofunnar. Það var ekki gert og ég vil benda á að ég tel framsetningu og stefnumörkun ábótavant þegar lögð eru fram frv. með þessum hætti og tekin ákvörðun um aðskilda þætti án þess að fyrir liggi hvað eigi að gerast í viðkomandi stofnunum.

Það kemur fram hér að ákvörðunin um að flytja skráninguna frá Hagstofunni sé framhald þeirra breytinga á verkaskiptingunni sem urðu á miðju ári 2002 með niðurlagningu Þjóðhagsstofnunar, flutningi hagskýrsluverkefna til Hagstofunnar og þjóðhagsspárverkefna til fjmrn. og Seðlabanka.

Mér finnst það ekki hafa komið skýrt fram hvert hæstv. forsrh. ætlar að flytja þjóðskrána. Ég væri mjög andvíg því ef það kæmist til tals að draga úr mikilvægi hennar. Ég tel það hluta af lýðræðisuppbyggingunni á Norðurlöndunum að vera með þjóðskrá og væri fráleitt að breyta því. Við eigum auðvitað að standa vörð um það með hvaða hætti hún er notuð, aðgang að henni og upplýsingagjöf.

Ég lýsi því líka yfir hér að ég treysti verkalýðshreyfingunni afskaplega vel til að sinna ákveðnum þáttum efnahagsmálanna, úttektum og efnahagsspám. Þess vegna finnst mér mjög mikilvægt að verkalýðshreyfingin hafi fengið aukið tækifæri til að vinna að þeim málum. Það er vegna þess að ég tel mikilvægt að óskyldir aðilar fjalli um þau mál, að samhliða því að ríkisstjórnin er með eigin efnahagsúttektir og efnahagsspár, hvort heldur áfram hjá Þjóðhagsstofnun eða, eins og þessi ríkisstjórn ákvað, hjá fjmrn. og Seðlabanka, sé annar aðili sem horfir á málið með öðruvísi hagsmuni í huga, geti farið yfir það frá öðrum sjónarhóli og sett fram bæði spurningar og áleitna gagnrýni sem er mjög mikilvæg ef þessir hlutir eiga að vera í góðu lagi.

Mér finnst mjög athyglisvert og að mörgu leyti ámælisvert þar sem ríkisstjórnin setti það fram í samstarfssamningi sínum að hún mundi fara yfir verkaskiptingu ráðuneyta sé komið að lokum þessa kjörtímabils án þess að sett hafi verið fram nein skýr stefnumörkun um hvernig ríkisstjórnin hafi séð það fyrir. Í raun og veru hef ég efasemdir um að mjög víðtækar breytingar verði gerðar héðan af meðan ekki er ljóst hvort þessi ríkisstjórn fær áframhaldandi umboð í næstu kosningum. Ég hefði hins vegar gjarnan viljað sjá þessi mál skoðuð, án þess að fara nánar í það, og ég hefði viljað sjá hvernig farið væri með hin ýmsu félagslegu verkefni sem mörg hver eiga alls ekki heima þar sem þeim er fyrir komið í stjórnsýslunni.

Aðeins að skráningunni. Mér finnst mjög gott skref hafa verið stigið 1997 þegar farið var að sameina skráningar, og eins 1999. Það er mikilvægt að til sé gagnasafn og þá með þeim formerkjum sem ég hef þegar nefnt.

Ég undirstrika hvað það virkar ankannalegt fyrir okkur sem fjöllum um þessi mál að verið sé að taka ákvarðanir með þeim hætti sem hér er gert, að taka skrefin út og suður og sitt á hvað. Hér er í raun verið að fjalla um verkaskiptingu tveggja ráðuneyta. Við vitum ekkert hvað verið er að hugsa um önnur ráðuneyti. Það er verið að samræma löggjöf þannig að í fyrirtækjaskránni, ákvæðum laga um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sé um samræmda löggjöf að ræða og ég tek undir það. Síðan er verið að flytja verkefni þannig að þau heyri undir fjmrh. Ég hef ekki skoðun á því núna hvort ég telji að þannig eigi það að vera. Ég velti fyrir mér hvernig embætti fjmrn. er farið að virka og ég tel mjög mikilvægt að skoða þessi mál vel í nefnd.

Þriðja atriðið sem frv. kveður á um er eðlilegt, um reglugerðarheimildirnar. Ég mundi gjarnan vilja heyra hvað hæstv. forsrh. segir um það hvernig hann ætlar að koma þjóðskránni fyrir, og hvar. Að öðru leyti get ég tekið undir að góðir hlutir eru að gerast með fyrirtækjaskrána eins og hún hefur verið unnin hingað til, og að þetta er hvað hana varðar gott skref.

Herra forseti. Þetta eru þær athugasemdir sem ég hafði við 1. umr. þessa máls. Ég geri mér alveg grein fyrir því að í raun er það hluti af mjög stóru máli. Ég hef bara farið yfir hvað mér finnst um það og ég hefði viljað að við töluðum um stefnumörkun og verkefnatilfærslu ráðuneytanna í miklu víðtækari mæli en hér er um að ræða.

[12:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kemur inn á marga athyglisverða hluti í ræðu sinni. Það má vel vera að við ættum að gera meira af því sem gert er sums staðar annars staðar, t.d. í Danmörku, að vera hreyfanlegri hvað það varðar að færa verkefni til, til að mynda við myndun einstakra ríkisstjórna, innan úr ráðuneytum, milli ráðuneyta og þess háttar. Það getur hljómað eins og um lausung sé að tefla. En með sama hætti getur það einnig þýtt að það fríski upp á stöðuna. Einnig getur það verið leið til þess að nýta starfskrafta tiltekinna ráðherra um tiltekinn tíma og eins getur það verið svo að sum verkefni séu brýnni á því augnabliki í þjóðlífi, á þriggja, fjögurra eða fimm ára tímabili, og því sé eðlilegt að sameina úr tveimur, þremur ráðuneytum vissa þætti undir einn hatt, jafnvel tímabundið.

Þetta er þáttur sem við ættum kannski að hugleiða. Þetta er gert mjög oft í Bretlandi. Þar eru slíkir hlutir færðir til milli ráðuneyta, teknir úr einu ráðuneyti og settir í önnur til þess að meta og sjá um nokkra hríð hvað fari best saman. Við höfum verið mjög rígbundin hér, fest þetta niður og á það hefur verið bent að sumir þættir, til að mynda í hinu félagslega velferðarkerfi, heyri kannski ekki undir rétt ráðuneyti eins og nú standa sakir. Við ættum kannski að vera hreyfanlegri í þeim efnum.

Varðandi skrárnar þá var hugsunin sú í fyrstunni að færa bæði fyrirtækjaskrána og þjóðskrána til ríksskattstjóra. En við nánari athugun hefur þótt rétt og eðlilegt að fyrirtækjaskráin væri flutt en ekki endilega þjóðskráin. Nú stefnir í það að þjóðskráin verði færð undir hæstv. dómsmrh. fremur en til ríkisskattstjóra og undir fjmrh. Það er núna líklegast og ég held að á því geti farið vel.

[12:05]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, ég held að mjög mikilvægt sé að skoða það vel hvar þjóðskráin á heima. Fyrstu viðbrögð mín eru þau að best væri að hún yrði fjarlægð frá skattstjóranum. Það er mjög mikilvægt að skoða þetta. Ég held að það væri við hæfi að reyna að ræða svona hluti nokkuð þverpólitískt og það væri ekki slæmt ef sú nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar tæki einhverja umræðu um það. Ég held að það gæti líka verið til gagns fyrir hæstv. forsrh.

Ég tek undir það fyrir mína parta að ég gæti alveg hugsað mér að við værum hreyfanlegri í verkefnum stjórnsýslunnar. Það gæti vel komið til greina þegar verið er að skipa ráðherrum til verka að það geti átt heima að raða verkefnum öðruvísi upp.

Eins og mál hafa þróast með stofnanir ríkisins þá er t.d. búið að setja núna mjög margar stofnanir ríkisins í eina byggingu. Það er því heldur ekki svo að undirstofnanir þar sem þessi verkefni ráðuneytanna eiga heima séu endilega staðsett í nágrenni eins eða annars ráðuneytis. Þvert á móti eru margar ólíkar stofnanir núna til húsa á sama stað og aðrar sem eru stórar og mikilvægar, t.d. Tryggingastofnun,

algjörlega sér. Það væri því í raun hægt að flytja hana til þess vegna.

Hins vegar er ég miklu uppteknari af því, og mun ræða það nánar við forsrh., að verkefni hafa fallið milli stafs og hurðar þegar þau verða eftir, eins og t.d. nokkur félagsleg verkefni sem urðu eftir hjá heilbrrn. á sínum tíma og síðan var heilbrrn. að losa sig við þessi verkefni án tilflutnings með miklum harmkvælum og eftirmálum. Þau verkefni eigum við t.d. að skoða sérstaklega. Og svo er þetta sem hæstv. ráðherra hefur nefnt og mér finnst alveg koma til greina, þ.e. að vera sveigjanlegri.

[12:07]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tel að það sé til bóta að halda utan um skrár á vegum hins opinbera sem mest á einum stað og hafa um það samræmdar reglur.

Ég ætla nú ekki að fara að ræða þetta mál almennt. En það er eitt sem vekur athygli mína í þessu frv. um fyrirtækjaskrá. Í 8. gr. þess stendur, með leyfi forseta:

„Ríkisskattstjóri skal veita opinberum aðilum, fyrirtækjum og almenningi upplýsingar úr fyrirtækjaskrá.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um aðgang að fyrirtækjaskrá, veitingu upplýsinga úr henni svo og um gjaldtöku fyrir upplýsingar úr skránni, svo sem fyrir útgáfu vottorða, staðfestinga og önnur afnot af upplýsingum skrárinnar."

Þarna er það algjörlega skýrt að grunngögnin í skránni verði opin almenningi. Þetta er mikilvægt. Í athugasemdum með frv. stendur svo, með leyfi forseta:

„Með því að færa fyrirtækjaskráninguna, þ.e. grunnskráningu allra upplýsinga sem máli skipta um auðkenni og einkenni aðila til ríkisskattstjóra, er verið að sameina á einn stað skráningu allra upplýsinga um fyrirtæki sem ætlaðar eru til opinberra nota og jafnframt birtar almenningi."

Ég nefni þetta vegna þess að til eru skrár á vegum hins opinbera sem eru ekki opnar almenningi en ég tel að séu sambærilegar við það sem hér er verið að tala um. Þá á ég við skipaskrá Siglingastofnunar ríkisins sem er ekki opin almenningi. Ef menn ætla að fá aðgang að henni þurfa þeir að kaupa þann aðgang fyrir 14 þús. kr. Mér finnst ekki eðlilegt að svona sé að málum staðið þar.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telji að sá háttur sem hafður er á hjá Siglingastofnun ríkisins samrýmist þeirri afstöðu sem kemur fram í því að setja mál fram með þessum hætti í frv. Útgerðir eru ekkert annað en fyrirtæki. Auðvitað er hægt að nálgast upplýsingar um útgerðir skipanna í gegnum fyrirtækjaskrá og annað slíkt, en það flækir málið að geta ekki notað skipaskrána eða haft aðgang að henni öðruvísi en að fara einhverjar krókaleiðir til þess. Mér finnst það heldur snautlegt að geta ekki nálgast upplýsingar úr skipaskrá hjá sjálfri Siglingastofnun ríkisins öðruvísi en að borga fyrir það 14 þús. kr.

[12:11]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að í 8. gr. frv. og í athugasemdum við hana er reyndar gert ráð fyrir því varðandi þessa upplýsingaskyldu að henni geti fylgt gjaldtaka, eins og kemur hér fram, með leyfi forseta:

„Þá er lagt til að fjármálaráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um aðgang að skránni og miðlun upplýsinga úr henni svo og um gjaldtöku fyrir slíkan aðgang og afnot af skránni og upplýsingum hennar."

Því er út af fyrir sig samræmi hvað varðar skipaskrána. Ég skal þó viðurkenna að ég hef ekki mikla þekkingu, ekki eins og hv. þm. væntanlega, á skipaskránni og notkun hennar. En ég vek athygli á því að hér er heimild til þess að krefjast endurgjalds fyrir upplýsingar úr þessari skrá.

[12:12]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sagði áðan og vil endurtaka það: Ég les 8. gr. með þeim gleraugum að hér séu almennar upplýsingar til reiðu án endurgjalds því þar stendur, með leyfi forseta:

„Ríkisskattstjóri skal veita opinberum aðilum, fyrirtækjum og almenningi upplýsingar úr fyrirtækjaskrá.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um aðgang að fyrirtækjaskrá, veitingu upplýsinga úr henni svo og um gjaldtöku fyrir upplýsingar úr skránni," — og síðan er upptalning: — „svo sem fyrir útgáfu vottorða, staðfestinga og önnur afnot af upplýsingum skrárinnar."

Mér fannst að ég væri að lesa þarna það út að almennur aðgangur að skránni væri frjáls almenningi. Vel kann að vera að meiningin sé önnur. En þá er ég ósammála því. Mér finnst að opinberar skrár af þessu tagi eigi að vera opnar almenningi. Ef það er niðurstaðan að fólk sem þarf kannski stöku sinnum á slíkum skrám að halda þurfi að borga 14 þús. kr. á ári, eins og t.d. Siglingastofnun krefst af þeim sem fá að fara þar inn á skrána, þá er náttúrlega ekki verið að veita almennan aðgang að þessum skrám.

[12:13]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að skoða þetta betur. Vel má vera að hér sé markamunur, hvort um er að ræða almenna frjálsa uppflettun úr skránni og hins vegar eins og hv. þm. skilur það, að um sé að ræða atbeina sem viðkomandi stjórnvald þarf að hafa með útgáfu vottorða og annarra slíkra hluta. Ég skal viðurkenna að ég átta mig ekki nákvæmlega á því, en hlýt þó að vekja athygli á því að orðalagið er þannig í frv. og í greinargerð að það má skilja það svo að gjaldtaka fyrir hvers konar afnot væri heimil. Nefndarmenn þurfa þá að fara yfir það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Birting laga og stjórnvaldaerinda, 1. umr.

Stjfrv., 352. mál (Lögbirtingablaðið). — Þskj. 389.

[12:14]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64/1943.

Í frv. er lagt til að heimilt verði að gefa Lögbirtingablaðið eingöngu út á rafrænan hátt.

Frv. er samið af nefnd sem ég skipaði haustið 2000 til að gera tillögur um framtíðarskipulag á birtingu laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Var samning frv. þessa liður í starfi nefndarinnar sem vinnur áfram að heildarendurskoðun á lögunum.

Þann 1. febrúar sl. var opnaður á netinu sérstakur gagnagrunnur Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs og síðan þá hafa báðar þessar útgáfur verið aðgengilegar jafnt prentaðar sem í rafrænu formi. Skemmst er frá því að segja að reynslan af þessu hefur verið góð og er óhætt að fullyrða að aðgangur

að settum réttarheimildum á netinu hafi batnað til muna. Þá blasir við að áskrifendum Lögbirtingablaðsins hefur fækkað jafnt og þétt sl. fjögur ár, frá rúmlega 3.000 árið 1998 í tæplega 1.900 þann 1. ágúst 2002.

Í ljósi þessa er lagt til að hin prentaða útgáfa Lögbirtingablaðs verði leyst af hólmi með rafrænni birtingu. Ekki þykir þó rétt að svo stöddu að leggja til breytingu á útgáfu Stjórnartíðinda í þessa átt og munu þau áfram verða prentuð á hefðbundinn hátt. Gert er ráð fyrir að þeir sem þess óska geti áfram fengið prentað blað sent til sín reglulega eða samkvæmt beiðni. Munu þá starfsmenn Lögbirtingablaðs prenta það af netinu og senda gegn greiðslu kostnaðar. Breytingin mun ekki hafa áhrif á útgáfu Lögbirtingablaðsins að öðru leyti og ekki hagga þeim réttaráhrifum sem bundin eru birtingu í blaðinu.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[12:16]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Örstutt um þetta. Eiginlega bara ein spurning til hæstv. dómsmrh. sem hér flytur frv. til laga um breyting á lögum, eins og hér var talað um, um heimild til að gefa Lögbirtingablaðið út og dreifa því á rafrænan hátt, sem er auðvitað í takt við nýja tíma.

Vegna þess að dómsmrn. hefur ekki náð að flytja mikið af störfum sem undir dómsmrn. eða stofnanir þess heyra út á land vegna fjarvinnslu og annarra þátta, þá datt mér í hug að spyrja dómsmrh. út í það hvort ekki hafi verið skoðað eða komið til tals að flytja þá starfsemi jafnframt út á land, vegna þess að nú á að fara að sjá um þetta meira í rafrænu formi eins og hér hefur komið fram og þá mundi ég halda að hér væri alveg upplagt tækifæri til þess að flytja starfsemi og umsýslu Lögbirtingablaðsins, sem verður í framtíðinni á rafrænu formi, út á landi og þar með gæti dómsmrn. sagt frá því að á kjörtímabilinu hafi einhver störf varðandi fjarvinnslu eða rafræna stjórnsýslu verið flutt út á land.

[12:18]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er auðvitað ágæt ábending hjá hv. þm. Við þurfum að skoða hagsmuni allra, líka þeirra sem eru á landsbyggðinni, varðandi rekstur á ýmsum opinberum stofnunum. En ég held þó að það mundi ekki þykja hagkvæmt í þessu sambandi. Þessi starfsemi hefur verið rekin með útgáfu Stjórnartíðinda og ég held að mér sé óhætt að segja að þessi möguleiki hafi ekki verið skoðaður.

Hins vegar vil ég vekja athygli á því að það eru sjálfsagt fá ráðuneyti sem eru með jafnmargar undirstofnanir úti um allt land og einmitt dóms- og kirkjumrn. og mikinn fjölda starfsmanna sem við erum auðvitað í góðu sambandi við. Ég hygg því að við höfum nokkra sérstöðu í ráðuneytinu hvað það varðar.

Ýmsir þættir hafa verið skoðaðir, t.d. að færa einhverja starfsemi frekar út á land. Ég get nefnt það sérstaklega að við höfum verið að velta því fyrir okkur í dómsmrn. að skoða t.d. fyrirkomulagið á innheimtu sekta sem er hjá ríkislögreglustjóraembættinu í dag, hvort við munum flytja það út á land. Og fleiri slík atriði eru til skoðunar.

Þar að auki hefur af hálfu ríkislögreglustjóraembættisins verið stuðlað að því að flytja til lögreglumenn til annarra embætta. Ég tel það vera í góðu lagi og gagnlegt.

[12:19]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svar hennar.

Það er sannarlega alveg rétt að á vegum dómsmrn. er fjöldi starfa úti á landi í undirstofnunum dómsmrn., um það er ekki deilt. Hins vegar er það ljóst að í svörum sem ég hef fengið við fyrirspurnum mínum undanfarin tvö ár um flutning fjarvinnslustarfa út á land á vegum dómsmrn., ég held að ég muni það rétt að þar hafi ekkert gerst. En það verður líka að segja að dómsmrn. er ekkert mikið öðruvísi en önnur ráðuneyti undanfarin tvö ár, þar hefur ekkert orðið af flutningi starfa út á land hvað varðar fjarvinnslu.

Þess vegna hefði ég haldið að það sem hér er verið að gera, að setja Lögbirtingablaðið yfir í rafrænt form, þá væri í raun og veru alveg sama hvort það væri unnið í Reykjavík, á Akureyri, í Vestmannaeyjum, Egilsstöðum eða hvar sem er.

Hæstv. dómsmrh. talaði um að það væri ekki hagkvæmt að flytja slík störf út á land. Ég spyr: Hvers vegna er það ekki hagkvæmt?

Ég vil hins vegar fagna þeirri yfirlýsingu sem hér kom fram hjá hæstv. dómsmrh. að verið væri að athuga með að flytja innheimtu sekta út á land og það er sannarlega hárrétt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 353. mál (brot í opinberu starfi). — Þskj. 390.

[12:21]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Frumvarpið er samið á vegum refsiréttarnefndar í framhaldi af tillögum sem fram koma í skýrslu nefndar forsrh. um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu að því er varðar refsiábyrgð starfsmanna stjórnsýslunnar.

Í frv. eru lagðar til breytingar á ákvæðum XIV. kafla almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi. Lúta þær m.a. að því að gera refsiheimildir skýrari hvað varðar opinbera starfsmenn. Auk þess eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum í ljósi breyttra tíma. Ekki er þó um verulegar efnisbreytingar að ræða.

Helsta nýmæli frv. er að bætt verði inn í lögin skilgreiningu á hugtakinu opinber starfsmaður, sbr. 6. gr. frv.

Eins og segir í grg. með frv. var það ein meginniðurstaða nefndar um starfsskilyrði stjórnvalda að afmarka þurfi nánar þetta hugtak. Í frv. er því lagt til að í lok XIV. kafla komi almenn skilgreining á hugtakinu opinber starfsmaður sem lögð verði til grundvallar við beitingu nánar tiltekinna ákvæða kaflans. Um er að ræða ákvæði sem ekki fjalla um ákveðna hópa opinberra starfsmanna, en í þeim tilvikum er almenn skilgreining á hugtakinu óþörf.

Ég vil undirstrika að fyrrnefnd skilgreining hefur það að markmiði að setja efnislega umgjörð utan um hugtakið opinber starfsmaður í refsiréttarlegri merkingu. Hugsunin sem býr að baki er að refsiákvæðið um starfsmenn hins opinbera taki aðeins til þeirra starfsmanna sem hafa á hendi valdheimildir til að hafa afskipti af daglegu lífi almennings eða ráðstafa opinberum hagsmunum.

Hvað varðar efnisatriði frv. að öðru leyti vísa ég til grg. með því. Ég vil þó nefna að breytingarnar eru flestar refsitæknilegs eðlis og miða að því að lagaákvæði XIV. kafla hegningarlaganna að breyttum tímum eða rýmka gildissvið þeirra í ljósi fenginnar reynslu.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:26]

Verðbréfaviðskipti, 1. umr.

Stjfrv., 347. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 383. [12:37]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um verðbréfaviðskipti, máli nr. 347 á þskj. 383.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga að heildarlöggjöf sem hefur að geyma hegðunarreglur og réttindi og skyldur í verðbréfaviðskiptum. Með frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki, sem er 215. mál á þskj. 218 og mælt hefur verið fyrir hér á hv. Alþingi, er lagt til að ákvæði um stofnun og starfsemi verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana í lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, verði hluti af heildarlögum um fjármálafyrirtæki. Þar af leiðandi er nauðsyn að laga gildandi ákvæði laga um verðbréfaviðskipti að frv. til laga um fjármálafyrirtæki.

Ég skipaði nefnd í júní 2001 sem falið var það verkefni að semja drög að frv. til verðbréfaviðskiptalaga sem tæki mið af frv. til laga um fjármálafyrirtæki. Ákvæði frumvarpsins byggja á þeim grunni sem lagður hefur verið í gildandi lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, og lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998.

Lög um verðbréfaviðskipti hafa verið í gildi í sex ár en þeim hefur verið breytt tíu sinnum af ýmsum ástæðum. Með frumvarpi þessu eru innleidd ákvæði nokkurra tilskipana á sviði fjármálaþjónustu að hluta eða öllu leyti. Flest ákvæða þessara tilskipana hafa þó verið lögfest áður.

Helstu breytingar frá gildandi rétti eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er gerð tillaga að nýju yfirhugtaki „fjármálagerningi", sem skiptist í verðbréf, afleiður, hlutdeildarskírteini, peningamarkaðsskjöl og framseljanleg veðréttindi í fasteignum og lausafé.

Í öðru lagi má nefna að gerð er tillaga um að ákvæði laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða sem hafa að geyma hegðunarreglur á verðbréfamarkaði verði hluti af lögum um verðbréfaviðskipti.

Í frv. eru því lagðar til breytingar á gildandi lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, sem taka mið af þessu.

Í þriðja lagi eru ákvæði um réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja sem hafa heimild til verðbréfaviðskipta gerð ítarlegri og fyllri miðað við gildandi löggjöf.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að ákvæði um almenn útboð verðbréfa eigi einungis við þegar um er að ræða sölu verðbréfa í sama verðbréfaflokki sem boðin eru almenningi til kaups með kynningu eða með öðrum hætti, enda séu verðbréf í sama flokki ekki skráð á skipulegum verðréfamarkaði. Þar af leiðandi eigi ákvæði um almennt útboð verðbréfa ekki við þegar um er að ræða sölu á verðbréfum í félögum sem þegar hafa verið skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Hins vegar er gert ráð fyrir að skylt verði að útbúa tilboðsyfirlit til sölu, a.m.k. 10% hlutar í skráðu hlutafélagi.

Í fimmta lagi er gert ráð fyrir að flöggunarskylda verði virt við 5% atkvæðisréttar, eða nafnverðs hlutafjár, og margfeldi þar af, allt að 90%.

Í sjötta lagi eru nokkur ákvæði í gildandi reglugerðum, um yfirtökutilboð nr. 432/1999, og um upp lýsingaskyldu útgefenda, kauphallaraðila og eigenda verðbréfa sem skráð eru í kauphöll nr. 433/1999, tekin upp í frumvarpið.

Í sjöunda lagi er gerð tillaga að nýju ákvæði um viðskiptavaka.

Í áttunda lagi er ákvæði um markaðsmisnotkun breytt í ljósi tillagna að nýrri tilskipun Evrópusambandsins á þessu sviði.

Í níunda og síðasta lagi er nánar kveðið á um hvaða brot gegn ákvæðum laganna varða refsingu, og þá hvaða refsingu. Gerð er tillaga um að Fjármálaeftirlitið hafi í einstökum tilvikum heimild til að beita stjórnvaldssektum.

Hæstv. forseti. Ég mælist til að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (verslunarlánasjóður). — Þskj. 380. [12:41]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um brottfall laga nr. 48/1966, um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, sem er 344. mál þingsins á þskj. 380.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frv. sameinuðust Íslandsbanki hf. og Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, Verslunarlánasjóður eins og hann er oftast nefndur, árið 1998. Í framhaldinu óskaði Íslandsbanki hf. eftir því að viðskiptaráðherra beitti sér fyrir að lög um sjóðinn og reglugerð um starfsemi hans yrðu felld úr gildi. Ráðuneytið taldi eðlilegt að tengja niðurfellingu laganna áformaðri endurskoðun á lögum um lánastofnanir, enda heyrði Verslunarlánasjóður undir lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, frá gildistöku þeirra laga til sameiningar sjóðsins við Íslandsbanka. Nú hefur frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki verið lagt fram á Alþingi og því eðlilegt að lög um þessa lánastofnun verði felld úr gildi.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að þessu máli verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagamerki, 1. umr.

Stjfrv., 346. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 382.

[12:43]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um félagamerki.

Með frv. þessu er stefnt að nýjum lögum um félagamerki í stað gildandi laga um almenn gæðamerki, nr. 89/1935, sem komin eru til ára sinna. Eru þau lög endurskoðuð í heild, m.a. með hliðsjón af lögum annarra Norðurlandaþjóða og tilskipun Evrópusambandsins um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki. Í stað gæðamerkja er lagt til að notað verði hugtakið „félagamerki".

Hugtakið „gæðamerki" er í hugum margra tengt gæðastöðlum og getur því valdið misskilningi þegar um er að ræða merki samtaka eða félaga. Kveðið er á um að ákvæði laga um vörumerki gildi um félagamerki eftir því sem við á og að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum frumvarpsins, samkvæmt 2. gr. frv. Nauðsynlegt er þó talið að setja viss sérákvæði um félagamerki.

Svo sem fram kemur í 1. gr. frv. er með félagamerki átt við tvenns konar auðkenni. Annars vegar er um að ræða að félög eða samtök geta öðlast einkarétt fyrir félagsmenn sína til að nota í atvinnustarfsemi sameiginlegt auðkenni fyrir vörur og þjónustu. Ferðaþjónusta bænda og SVÞ, Samtök verslunar og þjónustu, eru dæmi hér um.

Hins vegar geta stjórnvöld, stofnanir, félög eða samtök sem hafa eftirlit með eða ákveða staðla fyrir vöru eða þjónustu, öðlast einkarétt til að nota eða heimila notkun auðkennis fyrir þær vörur eða þjónustu sem eftirlitið eða staðlarnir taka til.

Í 3. gr. eru sérákvæði sem varða landfræðilegan uppruna vöru eða þjónustu. Samkvæmt þeim er heimilt að skrá félagamerki sem gefa til kynna uppruna vöru en slíkt er óheimilt samkvæmt vörumerkjalögum.

Í 4. gr. er fjallað um skráningu félagamerkja í vörumerkjaskrá. Þar er m.a. greint frá því að reglur um notkun merkisins skulu fylgja umsókn og hvað koma skuli fram í þeim reglum. Samkvæmt 5. gr. þarf síðan að tilkynna breytingar á reglunum þannig að réttar upplýsingar séu á hverjum tíma í skránni en slíkt getur skipt máli m.a. varðandi brot gegn félagamerki.

Í 6. gr. er fjallað um notkunarskyldu félagamerkis.

Í 7. gr. er kveðið á um það að aðeins eigandi merkis geti höfðað mál vegna brota gegn félagamerki. Það er því félagið, samtökin, stjórnvaldið eða stofnunin sem sérstakur lögaðili sem er í forsvari ef til málshöfðunar kemur en ekki einstakir notendur þar eð slíkt sé talið óhagkvæmt og geti leitt til óvissu. Í 7. gr. er einnig kveðið á um skaðabótaskyldu.

Um áfrýjun á ákvörðun Einkaleyfastofu til áfrýjunarnefndar, hugverkaréttinda á sviði iðnaðar er fjallað í 8. gr. en úrskurðir nefndarinnar verða ekki bornir undir annað stjórnvald. Í 8. gr. er einnig kveðið á um höfðun máls fyrir dómstólum vegna ákvörðunar Einkaleyfastofunnar eða úrskurðar áfrýjunarnefndarinnar.

Samkvæmt 9. gr. getur iðnrh. sett nánari reglur m.a. um frágang umsókna og gjöld fyrir þær en gjöldin skulu standa straum af kostnaði við rekstur Einkaleyfastofunnar vegna málefna sem tengjast félagamerkjum og við þjónustu þá sem þar er veitt. Upptalningin á efni reglnanna er ekki tæmandi.

Í 10. gr. er síðan fjallað um gildistöku laganna um félagamerki og brottfall eldri laga um almenn gæðamerki. Þar er og lagaskilaákvæði þess efnis að með umsóknir sem berast Einkaleyfastofunni fyrir gildistöku nýrra laga skuli fara eftir eldri lögum. Að dómi fjárlagaskrifstofu Fjármálaeftirlitsins hefur frv. ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs ef það verður óbreytt að lögum.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að málinu verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, 1. umr.

Stjfrv., 354. mál (tölvunarfræðingar o.fl.). — Þskj. 391.

[12:48]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

Í lagafrv. þessu sem samið er í iðnrn. er gert ráð fyrir því að löggilt verði starfsheiti tölvunarfræðinga með því að bæta þeim við í upptalningu fyrrnefndra laga. Jafnframt eru gerðar smábreytingar varðandi starfsheiti húsgagna- og innanhússarkitekta.

Tölvunarfræði hefur lengi verið kennd við Háskóla Íslands og útskrifuðust fyrstu tölvunarfræðingarnir þaðan árið 1978. Síðan hafa yfir 500 nemendur lokið námi í greininni hér á landi. Námið tekur þrjú ár í háskólanum og er 90 einingar. Því lýkur með BS-gráðu í tölvunarfræði. Sams konar kennsla er í Háskólanum í Reykjavík, þ.e. námið tekur þrjú ár, er 90 einingar og lýkur með BS-gráðu í tölvunarfræði.

Í þeim skóla hefur einnig verið tveggja ára kennsla í kerfisfræði en með frv. þessu er ekki stefnt að löggildingu á heitinu kerfisfræðingur sem notað hefur verið af ýmsum aðilum auk þeirra sem útskrifast hafa í greininni í Háskólanum í Reykjavík. Jafnframt hafa ýmsir með litla eða enga menntun notað starfsheitið tölvunarfræðingur.

Taka má fram að tölvutæknar eru útskrifaðir eftir þriggja ára nám í Iðnskólanum í Reykjavík og starfsemi Rafiðnaðarskólans tengist tölvukerfum. Að öllu þessu námi er nánar vikið í lagafrv. en ég vil ítreka að með frv. er einungis stefnt að löggildingu starfsheitisins tölvunarfræðingur sem er þriggja ára háskólanám eins og ég hef áður getið um. Gert er ráð fyrir að þeir sem hafa lokið BS-prófi úr viðurkenndum íslenskum háskólum eða meistaraprófi úr slíkum skólum geti notað starfsheitið tölvunarfræðingur án þess að sækja um leyfi til ráðherra. Tekur þessi undanþága þannig til allra þeirra sem þegar hafa útskrifast í greininni úr háskólum hér á landi.

Að því er varðar húsgagna- og innanhússarkitekta sem er nú löggilt starfsheiti þykir rétt að leggja húsgagna- og innanhússhönnuði að jöfnu svipað og gert er í lögunum með landslagsarkitekta og landslagshönnuði. Hugsanlegt er að einhverjir sem báru starfsheitið húsgagna- og innanhússhönnuðir áður en starfsheitið húsgagna- og innanhússarkitekt var tekið upp vilji halda því heiti. Í frv. er gert ráð fyrir að réttur þeirra til slíks verði tryggður. Jafnframt þykir rétt að taka af tvímæli um það að þeir sem vilji nota starfsheitið

húsgagnaarkitekt eða húsgagnahönnuður eitt og sér ellegar innanhússarkitekt eða innanhússhönnuður eitt og sér hafi fullnægjandi lágmarksmenntun á háskólastigi.

Ekki er gert ráð fyrir að frv. hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Textun íslensks sjónvarpsefnis, fyrri umr.

Þáltill. PBj og SvH, 339. mál. — Þskj. 369.

[12:51]

Flm. (Pétur Bjarnason):

Herra forseti. Fyrir skömmu var haldin ráðstefna um textun á íslensku sjónvarpsefni og íslenskum kvikmyndum undir nafninu textaþing. Ráðstefnan var haldin að frumkvæði nokkurra samtaka m.a. heyrnarlausra, heyrnardaufra, nýbúa og samtaka aldraðra en þessir hópar þurfa mjög á textun efnis í sjónvarpi að halda. Þar komu fram upplýsingar um hversu skammt við erum á veg komin í þessum efnum og einnig um hlutfall textunar hjá ýmsum nágrannaþjóðum okkar.

Margir muna eftir landsþekktu viðtali við Gísla Gíslason, einsetumann í Selárdal, fyrir mörgum árum. Vegna þess hve hann var óskýrmæltur var brugðið á það ráð að texta viðtalið. Þeir sem eru með óskerta heyrn geta e.t.v. betur sett sig í spor þeirra sem erfitt eiga með að greina á milli hljóða og skilja talað mál með því að rifja þetta upp því að þannig er aðstaða tugþúsunda fólks hér á landi sem reynir að fylgjast með sjónvarpi en mikið af efninu fer fyrir ofan garð og neðan vegna vöntunar á texta með talinu. Nánar tiltekið er talið að um 30 þús. manns hér á landi geti þannig ekki fylgst á fullnægjandi hátt með fréttum og öðru innlendu dagskrárefni í sjónvarpi. Það er svipað hlutfall og hjá öðrum þjóðum næst okkur.

Einnig má minna á hvílík bylting það varð á sínum tíma þegar textun hófst á erlendu efni í sjónvarpi og kvikmyndum fyrir allmörgum árum. Nú þykir þetta sjálfsagt og óhjákvæmilegt en opnaði á þeim tíma nýja sýn fyrir þá sem ekki bjuggu yfir mikilli tungumálakunnáttu. Svipuð bylting yrði það fyrir stóran hluta landsmanna ef textun yrði almenn á íslensku sjónvarpsefni og kvikmyndum.

Á árinu 2001 var settur texti við alls 625 mínútur af íslensku sjónvarpsefni sem nálgast mátti með textavarpi. Ekki er ljóst hversu hátt hlutfall það er af öllu efni en að líkindum afskaplega lágt. Sama ár var 2,8 millj. kr. varið til textunar og táknmálsfrétta en ekki liggur fyrir sundurliðun á þeim kostnaði.

Áætlað er að 3,3 millj. kr. fari í þessa liði árið 2002. Það lætur nærri að vera um 1 prómill af útgjöldum ríkissjónvarpsins. Þessar tölur sýna svo ekki verður um villst að hægt miðar í áttina og samþykkt þáltill. sem getið er um í þessari tillögu hefur ekki haft nein áhrif. Mér láðist að geta þess í upphafi máls míns að með þeirri tillögu sem ég ber fram hér er verið að fylgja eftir tillögu sem samþykkt var vorið 2001, þáltill. um að hraða textun, og þessi tillaga er flutt til þess að hnykkja á því að þarna liggur fyrir samþykkt sem þarf að fylgja eftir. Þess vegna er enn á ný vakin athygli á þessu.

Þegar litið er til textavarpsins aftur á móti af því að það var nefnt hér áðan, þá vekur það furðu margra hversu ófullkomið það er enn þá hvað varðar íslenska stafi. Það þarf oft nokkra hugkvæmni til þess að lesa réttan texta út úr híeróglýfum þeim sem birtast á skjánum, sérstaklega þegar maður er óvanur því. Það venst þó. Þess má geta að þar sem textun er komin vel á veg er t.d. hafður litarmunur á texta eftir því hvaða persóna á skjánum talar því að ekki er sá alltaf í mynd sem talar hverju sinni. Þá er myndmál eins konar notað til þess að tákna ýmis hljóð sem heyrast í myndinni, hvort sem það kann að vera byssuhvellur, skriðuföll, sjávarhljóð eða eitthvað annað.

Ef litið er til Bretlands og BBC, þá kom í ljós á fyrrnefndu textaþingi að um 78% af öllu efni BBC er textað. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir gerir ágæta grein fyrir þessu í Morgunblaðsgrein 12. þessa mánaðar. Meðal textaðs efnis í BBC eru íþróttafréttir, fréttir, þingmál og bíómyndir. Þetta hefur þróast í það horf á tiltölulega fáum árum því að 1983 voru einungis fáeinar klukkustundir á viku textaðar. Á 9. áratugnum voru samþykkt lög sem kröfðust þess að 50% efnis yrði textað og gefin átta ár til að framkvæma verkið. Það gekk svo vel að árið 1996 var markið sett á 80% efnis. BBC hefur sjálft sett sér það markmið að allt efni þess verði textað árið 2008. Í Bretlandi er talið að einn af hverjum sjö sé heyrnarskertur en einnig er vitað að stór hópur fólks notar textann til þess að bæta enskukunnáttu sína. Nú er verið að vinna með nýja tækni sem breytir tali samstundis í texta. Sú vinna gengur því miður hægt og það virðist enn langt í land með að sú tækni nái fullkomnun en ef það yrði að veruleika gæti hún létt mjög gerð textunar eða framkvæmd hennar.

Í Bandaríkjunum er ástandið orðið gott varðandi textun sjónvarpsefnis. Til dæmis er allt efni í íþróttum textað, flestallar auglýsingar og þar hvílir sú lagaskylda á sjónvarpsstöðvum að texta allt efni sitt ekki síðar en í janúar 2006.

Í Noregi eru um 600 þús. manns heyrnarskertir. Þar af eru um 200 þúsund manns sem nota heyrnartæki. Opinberar tölur frá NRK gefa upp að um 60% efnis frá þeim sé textað en þar er talið með erlent efni sem textað er eins og gerist hérlendis og því er talið nær lagi að nálægt 25% af norsku efni sé textað sem er þó umtalsvert meira en hér. Í Noregi er eins og í Bretlandi verið að þróa beina túlkun á tali yfir í ritmál. Mér er sagt að þessi tækni sé svolítið mismunandi eftir því hvaða tungumál er notað. Það sé mismunandi auðvelt að koma tungumáli yfir á ritmál og fer að miklu leyti eftir beygingarreglum og þeim breytingum sem orð málsins taka í samtölum og þar af leiðir að íslenskan er frekar erfið.

Í Bretlandi er það löggjöfin sem stýrir textun efnis hjá BBC. Annars staðar hefur ekki verið sett löggjöf en þrýstingur frá almenningi og stjórnvöldum hefur stýrt þróuninni. Talið er að Hollendingar hafi náð einna lengst án lagasetningar en þar er um 70% efnis textað. Ekki fer á milli mála að Ísland hefur mjög dregist aftur úr í þessum efnum og því brýnt að hefjast handa við þetta réttlætismál sem nýtist stórum hluta þjóðarinnar og eins og fram hefur komið vaxandi fjölda því að hópur aldraðra fer sístækkandi og þeirra á meðal eru mjög margir sem mundu hafa not af textun efnis í sjónvarpi.

Herra forseti. Ég mæli með að þessari þáltill. verði vísað til hv. menntmn. að lokinni umræðu.

[12:59]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hér er hreyft afar brýnu og þörfu máli sem hefur reglulega verið til umfjöllunar á hinu háa Alþingi frá því að ég tók hér sæti án þess þó að mikill árangur hafi orðið eins og hv. þm. Pétur Bjarnason benti réttilega á. Hér hafa verið fluttar tillögur í þá veru að sjónvarpsefni yrði textað. Sömuleiðis hefur verið mikill þrýstingur í þá átt að táknmál yrði viðurkennt sem tungumál tiltekins hóps, þess hóps heyrnarlausra sem ekki getur nýtt sér aðra möguleika. Ég hef tekið þátt í slíkri umræðu og flutt sum þessara þingmála og einnig fyrirspurna til að kalla frekar fram þekkingu þingheims á aðstæðum þessa fólks. Nú síðast kallaði ég með fyrirspurnum eftir stöðu þeirra barna sem eiga við heyrnardeyfu að stríða innan grunnskólans, bæði hvað varðar fjölda þeirra og sömuleiðis hvort vilji væri fyrir því að mæta þörfum þeirra nemenda með hljóðkerfum í skólastofum. Málið hefur því með ýmsum hætti komið á dagskrá Alþingis án þess þó eins og ég gat um að það leiddi til markverðrar eða fullnægjandi niðurstöðu.

Ljóst er að staða heyrnarlausra og heyrnardaufra er að mörgu leyti verri en annarra hópa sem eiga við fötlun að stríða hér á landi. Ef við berum saman möguleika þessa fólks og árangurinn sem það hefur náð, þó við einangrum okkur bara við skólakerfið og berum það saman við ýmsa aðra hópa, er augljóst að þessi hópur þarf sérstakra ráðstafana við, ráðstafana sem samfélagið hefur því miður ekki enn verið tilbúið að grípa til.

Flutningsmaður gat hér um stöðu aldraðra sem eru farnir að missa heyrn og hefðu gagn af texta. Ég gat um heyrnardauf börn. Við vitum að ákveðinn hópur barna og ungmenna í okkar samfélagi hefur, m.a. vegna eyrnabólgu, ekki fulla heyrn og nýtur þess vegna ekki að fullu kennslu í kennslustofum. Þau hefðu mikið gagn af þeim stuðningi sem í textanum felst.

Herra forseti. Aftur og aftur hafa málefni Heyrnar- og talmeinastöðvar komið á dagskrá þingsins, ýmist með fyrirspurnum eða með öðrum hætti. Þar hefur málum verið háttað þannig undanfarin ár að biðlistar hafa verið langir og biðin eftir þjónustu og viðhlítandi úrlausn þar með er óþolandi löng, að ég tali ekki um þá þjónustu sem landsbyggðin hefur fengið.

Ég vildi, herra forseti, leggja orð í belg fyrst þessu ágæta máli er hreyft og lýsi fullum stuðningi við að farið verði að því sem þarna er lagt til, þ.e. að menn hraði þessu. Auðvitað væri æskilegt að íslenskt sjónvarp setti sér markmið svipað og annars staðar hefur verið gert, að menn hefðu þann metnað til að bera að setja sér ákveðin markmið í þessum efnum sem þeir reyndu síðan að uppfylla.

Vegna þeirrar umfjöllunar sem hv. flm. gat um, varðandi tækni sem gæti textað nánast jafnhliða hinu talaða orði þá held ég að það standi kannski enskunni frekar fyrir þrifum hvað hún er lítið hljóðrétt og hve mörg tákn eru í rauninni borin fram á mismunandi vegu. Íslenskan er þó tiltölulega hljóðrétt tungumál. Þar af leiðandi ættum við að geta náð þokkalegum árangri, a.m.k. varðandi hráþýðingu.

Ákveðinn hópur heyrnarlausra nýtir sér þó ekki textun nema að hluta af því að fólk þarf á táknmálstúlkun að halda. Hér er ekki, herra forseti, verið að fara fram með ýtrustu kröfur. Hér er fyrst og fremst farið fram með þá kröfu að stærri hópur þeirra sem eiga við þessa fötlun að stríða fái notið þeirra mannréttinda sem felast í að fylgjast með þjóðmálaumræðu og geta notið sjónvarpsefnis, hvort sem um er að ræða fræðslu eða afþreyingu. Síðan er auðvitað skólakerfið allt eftir.

Herra forseti. Umfjöllunin um þetta mál verður ekki lengri af minni hálfu að þessu sinni. Ég vildi fyrst og fremst lýsa yfir stuðningi við þennan málatilbúnað og vænti þess að hið háa Alþingi sjái senn sóma sinn í að setja peninga í að fylgja þessum málum eftir sem vert væri.

[13:04]

Flm. (Pétur Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur fyrir jákvæðar undirtektir við þetta mál. Ég get mér þess til að ástæða þess að ekki skuli fleiri hv. þm. taka hér til máls sé að skammt er síðan forveri þessarar þáltill. var ræddur í þinginu. Hér er því ekki um áhugaleysi þingmanna að ræða heldur er búið að ræða þetta og reynar ákveða þetta. Ég er fyrst og fremst að ýta á eftir framkvæmdinni. Ég tel mjög brýnt að menn hafist að sem fyrst þó ég sjái reyndar ekki að svo geti orðið með þeim fjármunum sem nú er varið til þessa málaflokks.

Eins og hv. þm. gat um kemur þetta við mjög marga hópa í þjóðfélaginu. Þetta snertir málefni barna, nýbúa, aldraðra og fjöldamargra annarra. Ég sé ekki ástæðu til að ætla að hlutfallið hjá okkur sé lægra en hjá Bretum. Þar er fullyrt að einn af hverjum sjö þurfi á þessu að halda. Þá sjáum við að mjög stór hópur Íslendinga þarf á þessari þjónustu að halda og reiðir sig á að unnið verði að því að hún komist á.

Varðandi það að breyta tali í texta þá viðurkenni ég að ég er ekki mjög vel heima í þeirri tækni. Þegar ég var að vinna að þessari þáltill. taldi ég þetta mál vel á veg komið en mér var síðan sagt að það væru fleiri ljón í veginum en menn hefðu búist við í upphafi. Það er a.m.k. unnið að þessu og það yrði auðvitað mikil bylting ef það kæmist á.

Ég vitnaði áðan í Morgunblaðsgrein. Önnur grein var í Morgunblaðinu í gær þar sem verið er að fjalla um textavarp BBC og textun sem þar fer fram. Í þeirri grein kemur fram að um 90 manns vinni við að texta beinar útsendingar og annað efni sem sent er út þaðan. Miðað er við að hægt sé að koma til skila um 200 orðum á mínútu. Þegar svona er unnið má búast við því að einhverjar skyssur, einhverjar misfærslur verði til. Það er reynt að leiðrétta þær eftir föngum en þeim fer fækkandi eftir því sem betri reynsla fæst af þeirri aðferð. En ég þakka jákvæðar undirtektir við málið.

[13:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður enda engin þörf á því. Ég hygg að um efni þessarar þáltill. sé fullt samkomulag. Ég leyfi mér að vona það. Þetta snýst fyrst og fremst um að stjórnvöld taki skyldur sínar í þessum efnum alvarlega og framfylgi vilja almennings um að þessu verði komið á, sem menn hafa lengi barist fyrir. Ýmsir hafa á umliðnum árum hreyft við þessum málum eins og þegar hefur komið fram í umræðunni.

Ég er þeirrar skoðunar að réttindabarátta heyrnarskertra og annarra sem þurfa á þessu að halda sé mjög mikilvæg og hluti af sókn okkar í átt að því að tryggja fólki full mannréttindi í þessu landi. Ég er og hef lengi verið þeirrar skoðunar að textun sjónvarpsefnis sem og löggilding táknmáls sem móðurmáls heyrnarskertra sé bæði jafnréttis- og mannréttindabarátta. Þó að ýmislegt hafi áunnist á síðustu árum þá hefur það kostað blóð, svita og tár, málaferli og harða baráttu

þessara hópa. Það mættum við alveg hafa í huga að er ekki eins og það á að vera.

Við eigum að leggja metnað okkar í og sjá sóma okkar í að standa myndarlega að þessum hlutum. Það á í sjálfu sér ekki að vera einkamál þeirra sem búa við þessa fötlun eða við þessar aðstæður að sækja hvert einasta skref sér til hagsbóta með slíkri baráttu. Samfélagið ætti alltaf að taka skyldur sínar alvarlega í þessum efnum og standa myndarlega að verki.

Ég kem hér, herra forseti, eingöngu til að taka undir efni þessarar tillögu og þakka hv. flutningsmönnum fyrir að hreyfa við málinu.

[13:09]

Flm. (Pétur Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þessar undirtektir. Ég tek reyndar sérstaklega undir orð hv. þm. varðandi táknmál sem tungumál heyrnarlausra. Áðan vitnaði ég í upplýsingar sem benda til að einn af hverjum sjö þurfi á textun að halda og það má ætla að mjög margir þeirra þurfi og á annars konar aðstoð að halda.

Hér á hinu háa Alþingi starfa 63 þingmenn auk starfsmanna og alla jafna, ég veit það þann tíma sem ég hef verið hér, hafa verið ýmsir hér sem hafa þurft á ýmiss konar heyrnarhjálp að halda. Það er fullkomlega eðlilegt að taka það upp hér, þó að það verði ekki gert hér og nú, að bæta aðgengi þingmanna að þingræðum. Sá sem hér talar getur vitnað um að mikið vantar á að auðvelt sé að ná öllum ræðum hér frá orði til orðs vegna þess að hér eru engin hjálpartæki við sæti þingmanna eða í borðum þeirra þrátt fyrir að allar lagnir og búnaður séu til þess. Þetta er eitt mál af mjög mörgum brýnum málum varðandi þetta efni sem þyrfti við tækifæri að fara að taka upp og heldur fyrr en síðar. Ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en þetta vandamál verði fyrir hendi hér um ófyrirsjáanlegan tíma.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:11]

[13:29]

Útbýting þingskjala:

Eyrnasuð, 363. mál, fsp. ÞBack, þskj. 403.

Flutningur opinberra starfa og stofnana, 286. mál, svar umhvrh., þskj. 409.

Húsnæðismál, 370. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 416.

Kostnaðarþátttaka Tryggingastofnunar við meðferð psoriasissjúklinga, 368. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 408.

Krabbameinssjúkdómar í meltingarvegi, 367. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 407.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 372. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 418.

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 371. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 417.

Vegagerð milli Loðmundarfjarðar og Seyðisfjarðar, 361. mál, þáltill. JHall, þskj. 401.

Aðstaða til hestamennsku, fyrri umr.

Þáltill. JHall o.fl., 334. mál. — Þskj. 364.

[13:30]

Flm. (Jónas Hallgrímsson):

Virðulegur forseti. Hér liggur fyrir till. til þál. um úttekt á aðstöðu til hestamennsku. Auk mín flytja tillöguna hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason, Einar Már Sigurðarson, Drífa Hjartardóttir, Vigdís Sveinbjörnsdóttir, Arnbjörg Sveinsdótitr og Þuríður Backman.

Tillaga þessi er endurflutt í lítið breyttu formi en hún var áður flutt á 125. löggjafarþingi 1999–2000. Auk mín voru þá á tillögunni hv. þm. Jón Kristjánsson, Árni Johnsen, Ísólfur Gylfi Pálmason og Einar Már Sigurðarson. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa nefnd sem geri úttekt á aðstöðu til hestamennsku á landsbyggðinni og leggi fram tillögur um stuðning ríkissjóðs við uppbyggingu hennar. Nefndin skili áliti fyrir 1. október 2003.“

Í greinargerð sem fylgir tillögunni kemur fram að undanfarin ár hafi einstaklingar, félög og hið opinbera, sem kunnugt er, sameinast um að auka kynningu og sölu á íslenska hestinum, bæði innan lands og utan. Samhliða þessu viðamikla átaki hafa verið byggðar nútímalegar reiðhallir sem jafnframt þjóna víða sem félagsmiðstöðvar hestamanna. Á þetta einkum við um suðvestanvert landið og Norðvesturland. Landbrn. og Reykjavíkurborg hafa ásamt Kópavogskaupstað, Reykjanesbæ og þeim sveitarfélögum þar sem landsmót hafa verið haldin annað hvert ár sunnan lands og norðan styrkt eflingu og uppbyggingu þeirra svæða sem hér um ræðir, þá sérstaklega í sambandi við landsmót og fjórðungsmót. Einnig hafa einstaklingar í greininni byggt upp slík mannvirki og hafa í sumum tilfellum notið aðstoðar fyrirtækja í ferðaþjónustu, t.d. Flugleiða, og er það lofsvert. Landsvæði fjarri höfuðborgarsvæðinu, allt frá Eyjafirði í norðri og austur um land, suður til Hellu á Rangárvöllum, auk Vestfjarða, virðast eiga erfiðara uppdráttar hvað sölu- og markaðsmál áhrærir. Er þá ekki alltaf lélegum hrossum um að kenna, nema síður sé. Frekar má nefna fjarlægð frá komustað erlendra ferðamanna til landsins ásamt aðstöðuleysi þeirra sem hlut eiga að máli. Er nú svo komið að höfuðborgarsvæðið og nærsveitir austan fjalls ásamt afmörkuðum hluta Norðurlands hafa yfirburðastöðu vegna hagstæðrar staðsetningar og framúrskarandi möguleika til þjálfunar, sýninga og sölu á hrossum. Af byggðaástæðum er því tímabært að spyrna við fótum og leita leiða til úrbóta fyrir þau landsvæði sem fjærst liggja markaðnum. Það er alveg ljóst að ekki er dansað í kringum gullkálfinn á þeim landsvæðum sem fjærst liggja höfuðborgarsvæðinu og því erfiðara um vik að koma að þessu með styrkjum eða aðstoð, hvort heldur einstaklingar eða sveitarfélög eiga hlut að máli.

Stefna stjórnvalda hefur verið sú að æska þessa lands skuli eiga jafnan rétt til náms og þar með talið félagslífs, óháð búsetu. Ungt fólk víða um land hefur í auknum mæli haslað sér völl í hestamennsku, bæði í leik og starfi. Vitað er að nýjar og glæstar reiðhallir ásamt keppnisvöllum utan dyra skapa mikinn aðstöðumun milli unglinga sem annars vegar eiga greiða leið að góðu og heilbrigðu félagsstarfi þar sem aðstaða er fyrir hendi til tamningar og þjálfunar hesta og þeirra sem búa í dreifbýli og enga aðstöðu hafa. Það er nöturlegt að vita til þess að unglingar af Norðausturlandi og

Vestfjörðum skuli koma mun verr undirbúin til þeirra móta, hvort heldur eru fjórðungsmót eða landsmót, en unglingar annars staðar að af landinu. Við svo búið má ekki standa lengur.

Það er því eðlilegt að móta stuðning ríkisvaldsins við uppbyggingu í greininni og gengur þáltill. út á að hestamennskan verði nýtt sem sóknarfæri fyrir dreifðar byggðir landsins.

Þá má ekki gleyma því að tamning og þjálfun hrossa er orðin viðurkennd starfsemi hér á landi og reyndar fer hróður tamningamanna og hestaþjálfara víða. Við verðum að ætlast til þess að þeir aðilar sem búa úti á landi eigi sömu möguleika, geti undirbúið sig, þjálfað og tekið þátt í þeim mótum sem fram fara, hvort heldur er innan lands eða erlendis. Út á þetta gengur tillagan.

Virðulegur forseti. Að lokum er því beint til Alþingis að tillögunni verði að þessari umræðu lokinni vísað til landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 13:36.

31. FUNDUR

mánudaginn 18. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Stjórnsýslulög, stjfrv., 348. mál, þskj. 384. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fyrirtækjaskrá, stjfrv., 351. mál, þskj. 388. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir, stjfrv., 350. mál, þskj. 387. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Birting laga og stjórnvaldaerinda, stjfrv., 352. mál, þskj. 389. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Almenn hegningarlög, stjfrv., 353. mál, þskj. 390. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 347. mál, þskj. 383. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, stjfrv., 344. mál, þskj. 380. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Félagamerki, stjfrv., 346. mál, þskj. 382. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni-og hönnunargreinum, stjfrv., 354. mál, þskj. 391. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Textun íslensks sjónvarpsefnis, þáltill., 339. mál, þskj. 369. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Aðstaða til hestamennsku, þáltill., 334. mál, þskj. 364. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Vísinda- og tækniráð, stjfrv., 336. mál, þskj. 366. — 1. umr.
14. Opinber stuðningur við vísindarannsóknir, stjfrv., 357. mál, þskj. 394. — 1. umr.
15. Opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, stjfrv., 345. mál, þskj. 381. — 1. umr.
16. Örnefnastofnun Íslands, stjfrv., 358. mál, þskj. 398. — 1. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Jónas Hallgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varamaður á lista Sjálfstfl. í Vesturl., Helga Halldórsdóttir, skrifstofumaður Borgarnesi, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Sturla Böðvarsson."

Helga Halldórsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, 375. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 427.

Fjarkennsla, 268. mál, svar menntmrh., þskj. 410.

Flutningur opinberra starfa og stofnana, 287. mál, svar utanrrh., þskj. 423.

Flutningur starfa Ferðamálaráðs til aðila innan ferðaþjónustunnar, 373. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 419.

Fæðingarorlof, 80. mál, svar heilbrrh., þskj. 411.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, 366. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 406.

Jarðasjóður, 369. mál, fsp. GE, þskj. 415.

Kostnaðargreining í heilbrigðiskerfinu, 75. mál, svar heilbrrh., þskj. 413.

Notkun hagrænna stjórntækja við umhverfisvernd, 374. mál, þáltill. ÞSveinb o.fl., þskj. 420.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 376. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 428.

Umferðarslys í Reykjavík, 365. mál, fsp. KF, þskj. 405.

Ummæli um evrópskan vinnumarkað, 364. mál, fsp. ÖJ, þskj. 404.

Vátryggingastarfsemi, 377. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 429.

Þjóðlendumál, 288. mál, svar forsrh., þskj. 424.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Sala Búnaðarbankans.

[15:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. forsrh. sem yfirmanns einkavæðingarnefndar út af ákvörðun um sölu Búnaðarbankans til S-hópsins svonefnda sem kjölfestufjárfestis.

Samkvæmt Orðabók Menningarsjóðs merkir orðið kjölfesta eitthvað þungt í botni skips til að gera það stöðugra á siglingu eða þyngra í kjölinn, eitthvað sem er öruggt eða traust. Nú er það svo, herra forseti, að fram hefur komið að S-hópurinn svonefndi virðist ekki eiga neina peningana og ekki er ljóst og liggur ekki fyrir hvenær hann fer að borga eitthvað, það verður a.m.k. ekki strax, það verður ekki við undirskrift samnings. Hann fær bara afhenta lyklana. Í öðru lagi liggur ekki fyrir hvort greitt verður fyrir bankann í íslenskum gjaldmiðli eða erlendri mynt. Í þriðja lagi liggur

ekki fyrir hve stóran hlut hver og einn í þessum hópi mun kaupa. Í fjórða lagi hvílir leynd yfir því hver hinn væntanlegi erlendi samstarfsaðili S-hópsins um kaupin er. Og í fimmta lagi liggur það fyrir og þykir fréttnæmt að á sama tíma og hópurinn er að kaupa Búnaðarbankann geisar heiftúðug valdabarátta bak við tjöldin innan hópsins. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh. í ljósi þessa: Telur hæstv. forsrh. að hér sé fundin sú kjölfesta í eignarhaldi bankans sem verið er að leita eftir og samanber skilgreiningu Orðabókar Menningarsjóðs á því hvað kjölfesta er?

[15:07]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er sjálfsagt erfitt stundum að fara nákvæmlega eftir skilgreiningu Orðabókar Menningarsjóðs. Til að mynda tel ég að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sé kjölfestan í Vinstri grænum þó að hann sé ekki botnstykki í skipi, ég held að það fari ekkert á milli mála.

En varðandi hins vegar S-hópinn og sölu á Búnaðarbankanum, þá verða engin hlutabréf afhent fyrr en greiðsla hefur átt sér stað og þar gildir nákvæmlega það sama og um Landsbankann. Ákveðin skilyrði eru einnig sett um að fyrir liggi þátttaka hins erlenda aðila, bankastofnunar, áður en frá þessu er gengið. Þetta er allt saman í góðu samræmi við þær reglur sem unnið hefur verið eftir. Ég sé ekki annað en það liggi fyrir að þegar aðili hefur forustu um kaup á 45% hluta af 100 í stofnun eins og Búnaðarbankanum, þá sé það eftir öllum almennum skilgreiningum örugglega kjölfestuaðili.

[15:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Heldur voru þessi svör rýr í roðinu. Ég held að hæstv. forsrh. þurfi að gera betri grein fyrir því hvort það er trúverðugt og samræmist þeim markmiðum um að hverfa frá öllum hugmyndum um dreift eignarhald til þess að til sögunnar komi þá í stað eignarhalds ríkisins öflugur kjölfestueigandi, að ekkert liggur fyrir hvernig þessi eignalega samsetning verður. Það kom fram í framhjáhlaupi hjá aðilunum sem voru valdir til að kaupa Landsbankann að þeir hefðu ekkert í huga að eiga hann nema í mesta lagi kannski 2–4 ár. Þetta var spekúlatíf fjárfesting af þeirra hálfu. Síðan kemur í ljós að aðilinn sem fær að kaupa Búnaðarbankann, það eina sem um hann er vitað er að hann er nátengdur Framsfl. og gamla Sambandinu. Að öðru leyti veit enginn hver kemur til með að eiga hvað, hvenær þeir eiga peninga til að borga fyrir þetta og þar fram eftir götunum. Samt er gengið fram hjá aðila eins og Kaldbakshópnum sem sannanlega hefði þó væntanlega getað reitt fram peninga og borgað strax. Er þetta mjög trúverðugt, herra forseti? Getur ekki hæstv. forsrh. reynt aðeins betur?

[15:09]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég get alveg sannfært hv. þm. um að þegar frá þessum hlutum verður gengið, þá liggja allir þeir hlutir klárir fyrir. Það er með nákvæmlega sama hætti og gert var við Landsbankann. Það er undirrituð ákveðin viljayfirlýsing og menn hafa náð saman um alla meginþætti en síðan þurfa aðrir hlutir að liggja klárir fyrir þegar endanlega er frá kaupum gengið og ég sé ekkert rangt við það. Ég hef fulla trú á því að þessir aðilar sem þarna eru að kaupa muni koma vel að verki og vilji reka þennan banka vel. Ég sé ekki annað en mjög vel hafi gengið með söluna á báðum þessum bönkum og að við alþingismenn getum verið ánægðir með það.

[15:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er auðvitað alveg ljóst að tilgangurinn helgar algerlega meðalið hjá hæstv. ríkisstjórn. En það sem blasir við er að rökin fyrir að fara þessa svokölluðu kjölfestufjárfestaleið eru algerlega hrunin. Helstu rökin hefðu þá verið þau að til staðar yrði í rekstri bankans næstu árin öflugur samhentur eigandi, ef ekki bara einn og sami aðilinn, sem gæti tryggt tiltekna hluti í rekstri bankans og hægt væri að semja við og leggja skuldbindingar á, t.d. um rekstur útibúanetsins, um hagsmuni starfsmanna og annað í þeim dúr, en svo er ekki. Það gleymdist ekki bara að athuga með málverkin heldur virðist ríkisstjórnin henda eignarhaldi bankanna frá sér í hendur einhvers hóps, einhvers aðila, S-hóps hvers samsetning er mjög óljós, enginn veit hver kemur til með að hafa þar undirtökin stundinni lengur og þar af leiðandi og augljóslega er engum samningum hægt að ná um einhver tiltekin markmið í sambandi við rekstur bankans eða stöðugleika í fjármálakerfinu þannig að ég tel þetta, herra forseti, vera hreint ábyrgðarleysi.

[15:11]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Mér finnst dálítið sérstakt þegar við blasir að áform ríkisstjórnarinnar voru að selja a.m.k. 25% til kjölfestuaðila og selja síðan um 45% til kjölfestuaðila, að þá sé það dregið í efa að það markmið hafi náðst að selja eignarhlut í bankanum til kjölfestuaðila. Það var ekki aðeins að menn seldu meira en 25% til eins aðila, eins og við ætluðum að gera, heldur 45%. Mér finnst þess vegna afar merkilegt að við þær aðstæður skuli það markmið vera dregið í efa í sölum Alþingis.

Velferðarkerfið.

[15:12]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég beini máli mínu og fyrirspurn til hæstv. forsrh. *Veigamikill þáttur í velferðarkerfinu er að* tryggja að enginn þurfi að búa við fátækt. Í júlí sl. sumar fóru fram skarpar umræður og greinaskrif af hálfu eldri borgara um kjör þeirra, stöðu eldri borgara og á hjúkrunar- og dvalarheimilum og tengd málefni. Í framhaldi af því varð að samkomulagi að nefnd skipuð fulltrúum Landssambands eldri borgara og fulltrúum ríkisins mundu fjalla um málið.

Nú stendur fjárlagavinna sem hæst og því var heitið við 1. umr. að þessi mál yrðu tekin til skoðunar, varðandi eldri borgara, sjúkrahúsin, Tryggingastofnun o.fl. en ég tek fram að við 1. umr. var sagt að mál eldri borgara væru í vinnslu. Ég spyr því hæstv. forsrh. um stöðu þess máls. Eru fyrirliggjandi tillögur varðandi þau atriði sem ég taldi upp sem umfjöllunarefni væntanlegar á næstunni? Verða þær komnar í næstu viku til umfjöllunar þingsins við 2. umr. fjárlaga?

Spurningin er um vítahring fátæktarinnar. Ætlum við að rjúfa hann? Ætlum við að leysa fátæktargildruna sem bótaþegar sitja í? Ætlar hæstv. ríkisstjórn að koma á einhverri varanlegri lausn á því máli eða á að halda áfram að refsa bótaþegum, ungum og öldnum, með því að skerða bætur þeirra ef þeir afla einhverra tekna?

[15:13]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. fyrirspyrjanda að 25. september sl. var stofnað til vinnu með Landssambandi eldri borgara, vinnu sem átti að miða að því að leggja mætti fyrir þingið tillögur er snertu lífeyrisþátt, bótaþátt og jafnframt umönnunarþátt hins almenna kerfis. Skýringin sem gefin var af hálfu ríkisstjórnarinnar við þau tímamót var sú að forráðamenn eldri borgara hefðu að því fundið að þrátt fyrir aukið samstarf gerðist það of oft að þeir væru látnir koma að málum á síðari stigum og stæðu of oft frammi fyrir allt að því gerðum hlut. Leitast var við að fara öðruvísi að í þetta sinn og það hefur mikið verið unnið og fundir verið margir og ég vænti þess eða a.m.k. vonast til þess að samstaða náist milli manna þannig að hægt verði að leggja fram tillögu til þingsins við 2. umr. fjárlaga eða þá í síðasta lagi við 3. umr. en vonandi við 2. umr. sem færi miklu betur á. En auðvitað fer það eftir því hvort menn ná saman. Það lá aldrei fyrir fyrir fram. Það átti að reyna það og það er mikið í húfi fyrir alla aðila að það takist. Ég vona það besta og tek að því leyti til undir með hv. fyrirspyrjanda.

[15:15]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka svör hæstv. forsrh. en spyr: Um hvað erum við að ræða? Við erum að ræða um þessa sorglegu staðreynd, vítahringinn, fátæktargildruna margfrægu sem aldraðir, öryrkjar og aðrir sem eru háðir íslenska velferðarkerfinu sitja í rauninni uppi með.

Hér er ég með gögn frá Félagi eldri borgara þar sem þeir sýna fram á að 7.059 kr. vantar á mánuði ef miðað er við þróun lágmarkslauna og eingreiðslna. Hér upplýsist annað samkvæmt þeirra gögnum: Það vantar 206.112 kr. á ári miðað við lágmarkstaxta. Því er eðlilegt að spurt sé um þetta. En ég vona svo sannarlega, hæstv. forsrh., að það verði svo að þessi gögn liggi fyrir við 2. umr. fjárlaga því að verulega liggur orðið á að gera bragarbót á því sem er að hjá okkur í íslenska velferðarkerfinu.

[15:16]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er örugglega ljóst, hvort sem menn ná saman eða ekki, að fyrir munu liggja eftir þessa vinnu miklar upplýsingar, m.a. upplýsingar um tekjuþróun eldri borgara á undanförnum árum. Ég hygg að það verði fróðlegt fyrir okkur öll að skoða þær upplýsingar. Þó að við næðum ekki saman, sem ég vona enn að muni gerast, munu engu að síður liggja fyrir miklar upplýsingar sem verða gagnlegar fyrir alla umræðu í þinginu.

[15:16]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka enn jákvæðni hæstv. forsrh. En ég ítreka það að við erum að ræða um hvort við ætlum að rjúfa vítahring fátæktarinnar. Ætlum við að leysa fátæktargildruna sem bótaþegar sitja fastir í? Ætlar hæstv. ríkisstjórn að koma á varanlegri lausn í því máli? Eða verður þetta áfram eins og margir bótaþegar segja: „Það er verið að refsa okkur, bæði ungum og öldnum, ef við öflum einhverra tekna.“ Þetta er málið í hnotskurn. Ég tek svo sannarlega undir með hæstv. forsrh.: Óskandi er að lausn náist fyrir 2. umr. fjárlaga í næstu viku.

Framkvæmd laga um þjóðlendur.

[15:17]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Fyrir ekki löngu samþykkti Alþingi lög um þjóðlendur. Ekki þarf á þessum vettvangi að rifja upp tilefni þeirrar lagasetningar. Hitt var alveg ljóst af umræðum héðan úr þessum ræðustóli að vilji þingsins var sá að virða að fullu þinglýstar eignir landeigenda. Á því leikur ekki minnsti vafi.

Við framkvæmd þessara laga hafa komið upp ýmis álitamál svo sem búast mátti við. Árnessýsla varð fyrst fyrir valinu sem nokkurs konar tilraunavettvangur. Kröfugerð fjmrn. var mótmælt svo sem búast mátti við en málið að lokum sent til úrskurðarnefndar lögum samkvæmt. Nokkur spenna ríkti meðan úrskurðar var beðið en þegar hann svo birtist virtist orðin sátt um málið, enda byggir úrskurðurinn að mestu á því að virða þinglýstar eigur manna rétt eins og fram kom í umræðum á Alþingi.

Þá bregður hins vegar svo við að fjmrn. ákveður að áfrýja málinu til dómstóla. Kom það satt að segja nokkuð á óvart. Ég hef heyrt skýringar hæstv. fjmrh. á ástæðum þess að embættismenn hans töldu nauðsynlegt að áfrýja. Eru þær fyrst og fremst af lagalegum toga. Hæstv. fjmrh. er með öðrum orðum nokkur vandi á höndum. Því spyr ég hæstv. fjmrh. hvort hann telji skorta á ákvæði í texta þjóðlendulaga þess efnis að vilji þingsins og úrskurðarnefndar verði framkvæmdur og ef svo er hvort Alþingi þurfi að breyta texta laganna á þann veg að vilji þingsins megi betur koma fram í framkvæmd og draga þannig úr þeirri spennu sem óneitanlega er orðin í þessu stóra máli.

[15:19]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég tel ekki skorta neitt á ákvæði laganna um þessi málefni. Þessi mál eru nákvæmlega í þeim farvegi sem lögin gera ráð fyrir. Það er sérstaklega getið um það í lögunum að allir aðilar sem að þessum málum koma geti skotið þeim til dómstóla ef þeir telja efni standa til þess og það hafa tvö eða þrjú sveitarfélög þegar ákveðið að gera og það hefur ríkisvaldið einnig ákveðið að gera að því er varðar eitt mál, einn úrskurð af þeim sjö sem upp hafa verið kveðnir í Árnessýslu. Það er lögunum samkvæmt.

Uppi eru í þessu efni ýmis þýðingarmikil lögfræðileg álitaefni sem m.a. varða gildi þinglýstra heimilda inn til hálendisins þar sem ekki er um að ræða staðfestingu hinum megin frá, ef svo mætti segja, auk annarra álitaefna sem hafa verið til umræðu í landinu áratugum saman eins og við vitum. Með þjóðlendulögunum er gerð tilraun til þess að leysa þessi mál í eitt skipti fyrir öll og til allrar framtíðar. Þess vegna verða menn að vanda sig mjög við fyrstu málin til þess að fá þar úrskurði sem geta staðið framvegis og það er markmiðið með því dómsmáli sem nú er hafið. Það er hafið sem prófmál til þess að fá fordæmisgefandi úrskurði frá æðsta dómstóli landsins um þau álitamál sem þarna er um að tefla. Enginn getur veitt slíkan úrskurð annar en Hæstiréttur Íslands og úrskurðir óbyggðanefndarinnar hafa ekki fordæmi gegnvart dómstólum. Við verðum að gæta samræmis um land allt í þessum efnum. Fyrstu úrskurðirnar verða að vera þannig að þeir hafi fordæmisgildi um allt land þannig að á einu svæði gildi ekki eitt og á öðru annað og að seinna komi hugsanlega hæstaréttardómar sem gætu gengið gegn núverandi úrskurði óbyggðanefndar. Þetta er staðan í málinu. Þess vegna var að mínum dómi óhjákvæmilegt að þetta mál færi fyrir dómstóla í þeim búningi sem það nú er.

[15:21]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin og skil og virði hans stöðu sem fulltrúa framkvæmdarvalds er gegnir því hlutverki að hrinda í framkvæmd vilja þingsins í erfiðu máli. En við hljótum að spyrja hvort ekki sé einfaldast að viðurkenna þinglýsingar, t.d. frá árinu 1882 og yngri, í því skyni að upphefja allan vafa. Landeigendur hafa borgað skatta og skyldur af þessum þinglýstu eignum. Stjórnsýslan hefur viðurkennt þær í verki með þinglýsingunni sjálfri og samkvæmt henni ætti að vera nokkuð skýrt hvað telst þinglýst eign og hvað ekki.

Það er auðvitað hin versta staða að bæði ríkisvald og landeigendur þurfi að standa í hörðu stríði og verulegum fjárútlátum vegna deilna sem e.t.v. eru óþarfar og ég tala nú ekki um ef núverandi staða beinlínis skaðar landeigendur vegna réttaróvissu. Ég spyr því hvort ekki sé einfaldast að leyfa landeigendum að njóta vafans með skírskotun til umræðna á Alþingi, niðurstaðna úrskurðarnefndar og þinglýstra eigna og skerpa þá betur á þessu ákvæði í lagatexta en láta jafnframt úrskurðinn duga sem lokaniðurstöðu.

[15:23]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég held að besta leiðin til þess að fá úr þessum álitaefnum skorið sé að fá dómsniðurstöðu í Hæstarétti Íslands. Við hana munu allir væntanlega una og allir eiga að geta treyst því að þar sé gætt allra þeirra sjónarmiða sem máli skipta og þau höfð til hliðsjónar í þessu máli.

Auðvitað eru til hæstaréttardómar þar sem dregið er í efa gildi eignarheimilda og menn hafa deilt um það gegnum tíðina með hvaða hætti eignarréttindi hafa myndast á þessum svæðum og hver sé staða jafnvel þinglýstra eignarheimilda. Til eru dómar um þetta mál. Spurningin er: Eiga þeir við almennt talað varðandi greiningu lands í þjóðlendur og annað land eða ekki? Hér eru fjölmörg önnur álitamál og eina leiðin til þess að fá endanlega niðurstöðu er að fá fordæmisgefandi úrskurð frá Hæstarétti Íslands.

Viðbótarlán Íbúðalánasjóðs.

[15:24]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í fjárlögum og fjáraukalögum er Íbúðalánasjóði veitt lánsfjárheimild fyrir svokölluðum viðbótarlánum. Þetta er heimild til að veita lán til þeirra sem hafa lágar tekjur að hlutfalli 20–25% eftir atvikum af íbúðarverðinu. Viðbótarlánin eru veitt í umboði sveitarfélaganna sem síðan úthluta þessum lánum.

Nú berast þær fréttir að lánsfjárheimildir vegna viðbótarlána séu uppurnar, bæði það sem ákveðið var samkvæmt fjárlögum, um 3,8 milljarðar kr., og um 1,3 milljarðar samkvæmt fjáraukalögum. Af þessum samtals um 5 milljörðum átti Reykjavíkurborg eða Reykvíkingar að fá rúmlega 2 milljarða. Nokkuð skortir á að þetta svari eftirspurn og spurning mín til hæstv. fjmrh. er hvort ríkisstjórnin hafi tekið um það ákvörðun að hækka lánsfjárheimildir í fjáraukalögum þannig að hægt sé að veita lán út þetta ár í samræmi við þá brýnu þörf sem er á þessu.

[15:25]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Um þetta mál hefur ekki verið tekin ákvörðun en þetta er auðvitað eitt af þeim málum sem er til meðferðar í því ferli sem menn þekkja í Alþingi og kallast fjárlagavinna og vinna að afgreiðslu fjáraukalaga. Þetta er eitt af þeim ótalmörgu málum sem þarf að taka endanlega afstöðu til áður en frv. til fjáraukalaga fyrir 2002 og fjárlaga fyrir 2003 verður endanlega afgreitt.

[15:26]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Mér er fullkunnugt um að þetta tengist fjárlagavinnu. En það fólk sem býður eftir þessum lánum þarf að fá skorinorða yfirlýsingu frá hæstv. fjmrh. um að þessi lán verði veitt. Þau skipta máli fyrir þá sem í hlut eiga. Þetta er fólk sem er í tekjulægri kantinum og fær með þessum hætti lán sem að meðaltali eru um 2 millj. kr. á ívið lægri vöxtum en gerist í húsnæðiskerfinu. Vextirnir eru þó talsvert háir, 5,7%, hærri en gerist á húsbréfunum en þó svipað þegar afföllin eru komin til. Þessi lánskjör eru, eins og ég segi, lægri en gerist í bankakerfinu almennt og ég tel mjög mikilvægt að fólk sem býður eftir þessum lánum núna fái yfirlýsingu frá hæstv. fjmrh. um að þessi lán verði veitt á þessu ári.

[15:27]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Út af fyrir sig er ánægjulegt að það er góð eftirspurn eftir þeirri þjónustu sem Íbúðalánasjóður veitir, enda hefur hann reynst ágætlega í núverandi búningi þrátt fyrir andstöðu stjórnarandstöðuflokkanna við breytt fyrirkomulag á sínum tíma.

Þingmaðurinn er að spyrja um mál sem er til meðferðar í Alþingi og í ríkisstjórn og mun hljóta afgreiðslu þegar þessi tvö frv. verða afgreidd. Auðvitað get ég ekki hér, hvorki varðandi þetta atriði né önnur í fjárlögum eða fjárlagafrv., upplýst um endanlega niðurstöðu fyrr en hún er klár. Ég veit ekki betur en 2. umr. fjáraukalaga og fjárlaga sé fyrirhuguð í næstu viku og að við ætlum að klára þessi frv. skömmu eftir næstu mánaðamót. Þá verður þetta allt saman fyrirliggjandi.

[15:28]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er rangt hjá hæstv. fjmrh. að húsnæðiskerfið sem sett var á laggirnar hér árið 1999 hafi reynst vel. Svo hefur ekki verið og það þekkja þeir sem hafa staðið í íbúðakaupum núna síðustu missirin og árin og það þekkja þeir sem reisa og reka félagslegt leiguhúsnæði. Þar hefur ekki einu sinni verið staðið við skuldbindingar, yfirlýsingar og loforð af hálfu ríkisstjórnarinnar um annað tveggja, lægri vexti eða stofnstyrki til þessara aðila. Allt þetta hefur verið svikið þannig að kerfið hefur ekki reynst vel.

Spurningin er þessi: Ætlar hæstv. fjmrh. að beita sér fyrir því að gengið verði frá því í fjáraukalögum að Íbúðalánasjóður fái þær lánsfjárheimildir sem á skortir til að hægt sé að standa við fyrirheit sem fólki hafa þegar verið gefin?

[15:29]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég hlýt að vekja athygli á því hversu óeðlileg þessi fyrirspurn er vegna þess að hér er um að ræða þingmál sem allur þingheimur veit að verður ekki til endanlegrar afgreiðslu fyrr en eftir eina eða tvær vikur. Hitt er annað mál að þetta er auðvitað eitt af fjölmörgum málum sem er til vinsamlegrar umfjöllunar, bæði í þinginu og hjá ríkisstjórn.

Heimild til kaupa á Geysissvæðinu.

[15:29]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Lengi hefur verið heimild í 7. gr. fjárlaga til kaupa ríkisins á hverasvæðinu við Geysi í Haukadal í Biskupstungum. Enn er þessi heimild í frv. til fjárlaga fyrir árið 2003 undir greininni 6.3 á bls. 45. Ég geri mér grein fyrir að hér er um nokkuð flókið samningaferli að ræða og hefur tekið langan tíma og það verður í raun flóknara með hverju árinu sem líður, þ.e. samningaferlið verður erfiðara og flóknara eftir því sem fleiri koma að því, þ.e. afkomendur upphaflegra eigenda þessa svæðis.

Geysissvæðið er einstakt svæði á Íslandi og á skilyrðislaust að vera í eigu ríkisins vegna sérstöðu þess varðandi hverina sem þar eru, vegna umhverfisþátta, vegna ferðaþjónustu og vegna verndunar og viðhalds þessa svæðis. Því spyr ég hæstv. fjmrh.: Hvernig standa þessar samningaviðræður nú og hvenær hyggst ráðherra ljúka þessu máli?

[15:30]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Þetta mál er að sjálfsögðu þess eðlis að það þarf tvo til að ljúka því, þ.e. kaupandann og seljandann.

Geysir sjálfur og hans nánasta umhverfi er það sem kalla mætti frímerki á korti sem ríkið á nú þegar. Ríkið á ákveðið svæði í kringum hverinn en lengi hefur staðið til að reyna að eignast allt hverasvæðið. Viðræður hafa verið í gangi við núverandi eigendur sem einnig hafa verið áhugasamir um að koma þessu í kring. Hins vegar er það rétt sem þingmaðurinn sagði, málið er flókið vegna þess að það varðar líka nýtingu vatnsréttinda á svæðinu, þ.e. hvort hægt sé að bæta íbúum á þessu svæði upp, hugsanlega með nýrri vatnslögn, það að afsala sér afnotum af vatni á hverasvæðinu sjálfu. Menn á vegum ráðuneytisins og eigenda hafa fjallað um þetta. Það er ekki enn þá komin niðurstaða en ég er auðvitað vongóður um að okkur takist að leysa þetta mál eins og önnur þar sem um er að ræða kaup og sölu á eignum. Auðvitað væri æskilegast að það gæti gerst sem fyrst þó að við getum ekkert fullyrt um að það sé að gerast alveg á næstunni.

[15:32]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessi svör. Það er mjög brýnt að ljúka þessu máli sem allra fyrst vegna þess að svæðið er afar viðkvæmt. Þangað koma mjög margir ferðamenn á hverju einasta ári og menn hafa lent í vandræðum með stígagerð og ýmislegt annað sem tengist þessu svæði. Eins og ég tók fram upphaflega í ræðu minni hefur þetta tekið afar langan tíma og þess vegna hvet ég fjmrh. til að beita sér sérstaklega í þessu máli þannig að því megi ljúka sem allra fyrst.

Framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun.

[15:33]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Upp á síðkastið hafa borist af því fréttir að erlendir verktakar hafi verið að draga til baka yfirlýsingar sínar um að vilja taka þátt í útboðum sem Landsvirkjun hefur birt vegna framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun. Er þar um að ræða borun jarðganga og stíflugerð.

Þann 5. nóvember bárust fréttir um að sænski byggingarrisinn Skanska AB hefði hætt við þátttöku í útboði vegna virkjunarframkvæmdanna. Tíu dögum síðar, 15. þessa mánaðar, bárust fréttir um að norska fyrirtækið Veidekke ASA hefði líka tilkynnt að það mundi ekki taka þátt í útboði Landsvirkjunar um stíflu- og gangagerð við Kárahnjúka.

Nú er það svo að í fjölmiðlum hefur tveimur ástæðum verið hreyft fyrir þessari hegðan þessara stóru erlendu fyrirtækja. Í fyrsta lagi hefur verið nefnt til sögunnar að umhverfisáhrif gætu verið þarna að verki og orsakað það að fyrirtækin vildu ekki taka þátt í útboðunum. Sömuleiðis hafa borist fregnir af því að verkhönnunarþættir séu ekki klárir og þar af leiðandi séu kostnaðarliðir ófyrirséðir. Það kann því að vera að þarna séu einhverjir verkfræðilegir óvissuþættir til staðar.

Nú leikur mér forvitni á að vita, herra forseti, hvort hæstv. iðnrh. geti upplýst þingið um það hvað hér sé á ferðinni, hvort hún geti upplýst okkur um ástæður þess að erlendir verktakar, þetta margir og þetta stórir og sterkir, eru að draga sig út úr þátttöku í þessum útboðum.

[15:35]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það gleður mig að hv. þm. sýnir þessu máli áhuga. Ég get ekki upplýst nákvæmlega hvað þarna er á ferðinni. Þetta er ekki mál sem varðar iðnrn. beint heldur Landsvirkjun, og þótt Landsvirkjun sé vissulega í eigu ríkisins að hálfu leyti er hún samt sjálfstætt fyrirtæki. Mér er kunnugt um það eins og hv. þingmanni að þarna hafa fyrirtæki eitthvað hrokkið frá. Engu að síður heldur Landsvirkjun sínu striki og svona heilt yfir er allt mjög gott að frétta af þessu máli. Það er í góðum farvegi, og eins og hv. þm. vita hefur tekist samningur um að Alcoa kaupi Reyðarál sem gerir málið líka einfaldara og léttara.

Þetta er sem sagt ekki mál sem ég tel að ég beri ábyrgð á og þess vegna hef ég ekki nákvæm svör.

[15:36]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Mér þykir leitt til þess að vita að hæstv. ráðherra skuli ekki hafa svörin við þessu. Auðvitað er um afar alvarlega hluti að ræða. Þegar Íslendingar hyggjast fara í þá stærstu framkvæmd sem um getur í Íslandssögunni samanlagðri — bjóða þarf viðkomandi verk út á hinu Evrópska efnahagssvæði og þreifingar eru í gangi — kemur í ljós að einir sterkustu aðilarnir sem hafa lýst sig reiðubúna til að taka þátt í þessum útboðum draga sig til baka.

Hæstv. ráðherra þarf svo ekki að vera neitt undrandi yfir því að sú sem hér talar sýni þessu máli áhuga. Ég hef haft hann og það veit hún. Þó að hann sé ekki sambærilegur við hennar eða út frá sama sjónarhól hef ég engu að síður mikinn áhuga á þessu máli. Og af því að hún talar um velgengni í sambandi við kaup Alcoa á Reyðaráli ætla ég að minna hæstv. ráðherra á það, sem hún veit alveg jafn vel og við hin sem hér sitjum, að þau kaup eru skilyrt. Þau eru auðvitað skilyrt við það að þetta gangi allt saman upp og að samningar takist um orkusölu.

Stjórnsýslulög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 348. mál (rafræn stjórnsýsla). — Þskj. 384.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fyrirtækjaskrá, frh. 1. umr.

Stjfrv., 351. mál (heildarlög). — Þskj. 388.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 350. mál (færsla skráningar, breyting ýmissa laga). — Þskj. 387.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Birting laga og stjórnvaldaerinda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 352. mál (Lögbirtingablaðið). — Þskj. 389.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 353. mál (brot í opinberu starfi). — Þskj. 390.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Verðbréfaviðskipti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 347. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 383.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, frh. 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (verslunarlánasjóður). — Þskj. 380.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Félagamerki, frh. 1. umr.

Stjfrv., 346. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 382.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 354. mál (tölvunarfræðingar o.fl.). — Þskj. 391.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Textun íslensks sjónvarpsefnis, frh. fyrri umr.

Þáltill. PBj og SvH, 339. mál. — Þskj. 369.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Aðstaða til hestamennsku, frh. fyrri umr.

Þáltill. JHall o.fl., 334. mál. — Þskj. 364.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Vísinda- og tækniráð, 1. umr.

Stjfrv., 336. mál. — Þskj. 366.

og

Opinber stuðningur við vísindarannsóknir, 1. umr.

Stjfrv., 357. mál (heildarlög). — Þskj. 394.

og

Opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, 1. umr.

Stjfrv., 345. mál. — Þskj. 381.

[15:44]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um Vísinda- og tækniráð, sem er eitt þriggja lagafrv. sem ríkisstjórnin flytur

um nýskipan mála á sviði vísindarannsókna og tækniþróunar. Auk þessa frv. er um að ræða frv. til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, sem hæstv. menntmrh. flytur, og frv. til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, sem hæstv. iðnrh. flytur.

Frv. þessi voru áður lögð fyrir Alþingi á sl. vorþingi en urðu ekki útrædd þá. Í kjölfar þess skipaði menntmrh. sjö manna nefnd undir forustu prófessors Hafliða Gíslasonar, formanns Rannsóknarráðs Íslands, til að fara yfir þær athugasemdir sem fram komu í meðferð þingsins og gera tillögur um hvernig við þeim yrði brugðist. Umfjöllun nefndarinnar hefur leitt til nokkurra breytinga á frv. frá því að þau voru síðast lögð fram eins og nánar er gerð grein fyrir við umfjöllun um hvert þeirra fyrir sig.

Í samræmi við ákvæði í lögum um Rannsóknarráð Íslands, nr. 61/1994, hafa þau verið endurskoðuð í samráði við ýmsa þá sem gerst þekkja til starfsemi þess og þeirra breytinga sem orðið hafa á rannsóknarumhverfinu á síðustu árum.

Niðurstaða þessarar endurskoðunar liggur nú fyrir og felur í sér tillögur um verulegar breytingar á stjórnskipulagi Rannsóknarráðs og tengdrar starfsemi. Ábyrgð á málum rannsókna og þróunar í þágu atvinnulífsins hefur um langt skeið hvílt á herðum einstakra fagráðuneyta, að mestu án heildarsamræmingar þar á milli. Rannsóknarráði Íslands var falið að gegna ákveðnu samræmingarhlutverki á sínu sviði eftir að Rannsóknaráð ríkisins og Vísindaráð voru sameinuð í því árið 1994. Í því skyni hefur það annast ýmis alþjóðatengsl, safnað upplýsingum um framlög til rannsókna og lagt áherslu á samstarf opinberra rannsóknastofnana, háskóla og atvinnulífs.

Með hliðsjón af þeirri reynslu, alþjóðlegri þróun og vaxandi mikilvægi þessa málaflokks þykir tímabært að færa samræmda umfjöllun um málefni vísinda og tækni á efri stig stjórnsýslunnar. Ljóst er að framlög atvinnulífsins til rannsókna fara ört vaxandi og jafnframt eykst metnaður vísindasamfélagsins í réttu hlutfalli við góðan árangur þess. Þótt framlög ríkisins til mennta- og vísindamála hafi lengst af verið hlutfallslega mikil miðað við framlög atvinnuveganna má búast við að kröfur til stjórnvalda um aukin framlög til vísinda og tækni og til stuðnings við nýsköpun aukist á næstu árum. Því verður æ mikilvægara að ákvarðanir séu teknar með heildarsýn í fyrirrúmi á grundvelli stefnu sem mörkuð er af stjórnvöldum. Taka þarf mið af þörfum sem varða starfssvið margra ráðuneyta því vísindaframfarir og ný þekking nýtist þvert á þá skipan.

Ljóst er að skipan opinberra rannsóknastofnana þarfnast endurskoðunar og örar breytingar eru að verða á verkaskiptingu milli opinberra aðila og einkageirans á sviði rannsókna og þróunar um þessar mundir. Þá breytast viðhorf á sviði vísinda og tækni sem og atvinnulífsins mjög hratt og er mikilvægt að stjórnvöld séu vel upplýst og í aðstöðu til að bregðast við með breyttum áherslum.

Aukin samkeppni, breyttar aðstæður og ytri skilyrði gera kröfu til þess að fjármunir sem varið er til vísindarannsókna og tækniþróunar séu nýttir á markvissari hátt en áður og dugi til að ryðja nýrri þekkingu braut. Með markvissri stefnumótun, aukinni samvinnu og samhæfingu rannsóknastofnana og skýrri verkaskiptingu þeirra er hægt að nýta betur opinbert fjármagn sem rennur til rannsókna og þróunar og auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Jafnframt er mikilvægt að stefna í vísindum, rannsóknum og þróun setji ótvíræðan svip á almenna stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum enda geti verið erfitt fyrir Ísland að halda stöðu sinni í röð fremstu þjóða nema málaflokkurinn fái þann sess sem honum ber í stefnumótun stjórnvalda hverju sinni.

Í samræmi við þessi markmið fela tillögur ríkisstjórnarinnar í sér að stefnumótun á sviði vísindarannsókna og tækniþróunar verði í höndum sérstaks Vísinda- og tækniráðs. Til að tryggja starfsemi þess og þá pólitísku athygli sem viðfangsefnið vissulega verðskuldar er lagt til að fjórir ráðherrar eigi þar föst sæti en þar að auki geti forsrh. kvatt allt að tvo aðra ráðherra til setu í ráðinu hverju sinni, allt eftir þeim áherslum sem ríkisstjórnin kýs hverju sinni. Auk þeirra verði ráðið skipað 14 fulltrúum tilnefndum af stjórnvöldum, samtökum í atvinnulífinu og vísindasamfélaginu. Gert er ráð fyrir að hinir tilnefndu fulltrúar skipti síðan með sér verkum á þann hátt að hluti þeirra taki sæti í vísindanefnd og hluti í tækninefnd en þessar nefndir undirbúa stefnumótun og starfsemi ráðsins hvor á sínu sviði. Sú verkaskipting er jafnframt í samræmi við þá tilhögun sem hin tvö frv. gera ráð fyrir. Hún felst í meginatriðum í því að undir menntmrn. heyri opinber stuðningur við vísindarannsóknir en undir iðnrn. opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun í atvinnulífinu. Í því skyni gerir frv. menntmrh. ráð fyrir að á hans vegum verði starfræktur Rannsóknasjóður sem ætlað er að styrkja grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir en frv. iðnrh. gerir ráð fyrir að starfræktur verði Tækniþróunarsjóður til að styrkja tækniþróun og nýsköpun. Hvorum sjóðnum um sig er ætlað að starfa í samræmi við þá stefnu sem mótuð verður af Vísinda- og tækniráði sem jafnframt er ætlað að tryggja nauðsynlega samhæfingu í starfi sjóðanna.

Mun ég þá, herra forseti, víkja stuttlega að einstökum greinum frv. eftir því sem þörf er á en vísa að öðru leyti til athugasemda við frv.

Í 1. gr. frv. er mælt fyrir um markmið sem stefnumótun Vísinda- og tækniráðs skv. 2. gr. og undirbúningur hennar í vísindanefnd og tækninefnd hlýtur að taka mið af. Stefnumótun á þessu sviði varðar starfsemi opinberra rannsóknastofnana, opinberra úthlutunarsjóða, áherslur á sviði vísinda og tækni, þar með talið vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun. Þannig er gert ráð fyrir að umfjöllun ráðsins taki til almennrar þróunar á sviði vísinda og tækni, samhæfingar opinberra stofnana á sviði vísindarannsókna, aðgerða sem miða að þróun tækni og aukinnar nýtingar hennar og skiptingar fjármuna ríkisins til vísinda- og tæknimála.

Í 3. gr. er mælt fyrir um skipan Vísinda- og tækniráðs og í 4. gr. um skipan vísindanefndar og tækninefndar. Loks er í 5. gr. gert ráð fyrir að viðeigandi ráðherrum verði heimilað að mæla nánar fyrir um starfsemi ráðsins og nefndanna með reglugerðum, enda er frv. sjálft fáyrt um starfshætti þeirra.

Ég tel ekki ástæðu, herra forseti, til að hafa fleiri orð um þetta frv. að svo stöddu enda er það einfalt í eðli sínu. Ég vænti þó þess að hæstv. menntmrh. og hæstv. iðnrh. geri ítarlega grein fyrir öðrum breytingum hvor á sínu sviði.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[15:51]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir sem er eitt af þeim frumvörpum sem forsrh., menntmrh. og iðnrh. flytja í tilefni af nýskipan vísinda- og tæknimála á vegum ríkisstjórnarinnar.

Eins og hér hefur komið fram voru frv. lögð fram á síðasta þingi en voru ekki afgreidd þá.

Við framlagningu þessa frv., um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, hafa verið gerðar nokkrar breytingar frá síðasta þingi sem víkja þó ekki frá þeirri meginstefnu sem frv. þremur er ætlað að fylgja. Ég mun hér á eftir gera sérstaka grein fyrir þessum breytingum en fyrst mun ég rifja upp helstu nýmæli í frv.

Í frv. forsætisráðherra um Vísinda- og tækniráð er gert ráð fyrir að ráðið fjalli bæði um vísindarannsóknir og tækniþróun. Vísindarannsóknir heyri undir menntmrh. en tækniþróun og nýsköpun undir iðnrh. Frv. þetta fjallar um opinberan stuðning við vísindarannsóknir í samræmi við framangreinda skiptingu og er háð því að frv. til laga um Vísinda- og tækniráð verði að lögum. Markmið frv. er að efla vísindarannsóknir og vísindamenntun á Íslandi með því að styrkja grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir og stuðla að samvinnu þeirra sem starfa að vísindarannsóknum jafnframt því að tryggja áreiðanleika og gæði upplýsinga um vísindi og rannsóknir í landinu.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru:

Í fyrsta lagi er lagt til að nýr sjóður, Rannsóknasjóður, taki við hlutverki Vísindasjóðs og Tæknisjóðs samkvæmt núgildandi lögum um Rannsóknarráð Íslands, nr. 61/1994. Stjórn Rannsóknasjóðs tekur við hlutverki því sem úthlutunarnefndir höfðu áður. Þá er lagt til að Tækjasjóður taki við hlutverki Bygginga- og tækjasjóðs samkvæmt sömu lögum og fer stjórn Rannsóknasjóðs einnig með stjórn hans. Hins vegar er lagt til að Rannsóknarnámssjóður starfi áfram undir sérstakri stjórn.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir heyri áfram undir menntamálaráðuneytið. Rannsóknasjóður mun gegna lykilhlutverki varðandi styrkveitingar til rannsókna. Sjóðurinn mun styrkja grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir samkvæmt skýrum kröfum um vísindalegan framgang, birtingu og skil á vísindalegum niðurstöðum. Þessi tilhögun auðveldar samanburð umsókna þrátt fyrir mismunandi uppruna þeirra. Áhersla verður lögð á að rannsóknir séu styrktar eftir gæðum sem metin verða samkvæmt faglegum kröfum á viðkomandi sviði. Með þessu er verið að tryggja að sambærileg viðmið gildi við mat á umsóknum um styrki, hvort sem um er að ræða grunnrannsóknir eða hagnýtar rannsóknir.

Gert er ráð fyrir að Tækjasjóður taki við hlutverki Bygginga- og tækjasjóðs. Lagt er til að hlutverk Tækjasjóðs verði að veita háskólum og öðrum rannsóknastofnunum styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði vegna rannsókna. Það er nýlunda í þessu frumvarpi að sömu aðilar sitji í stjórnum Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs og úthluti styrkjum á þann hátt sem hér er lagt til. Þannig er leitast við að samþætta úthlutanir þeirra.

Í fjórða lagi er það markmið endurskoðunar á lögum nr. 61/1994 að draga skýrari mörk á milli stefnumótunar á sviði vísinda og tækni og þjónustu vegna þeirra. Í samræmi við þetta er lagt til í frumvarpinu að stefnumótun fari fram í Vísinda- og tækniráði og undirnefndum þess en úthlutun styrkja verði á vegum stjórna viðkomandi sjóða. Rannsóknamiðstöð Íslands sem leysir núverandi skrifstofu Rannsóknarráðs Íslands af hólmi mun þó veita báðum aðilum nauðsynlega þjónustu. Þannig mun miðstöðin veita Vísinda- og tækniráði faglega aðstoð við undirbúning stefnumótunar í samráði við viðkomandi ráðuneyti. Hún mun einnig annast umsýslu sjóða og veita stjórnum þeirra og fagráðum nauðsynlega þjónustu. Um er að ræða Rannsóknasjóð, Tækjasjóð, Rannsóknarnámssjóð og aðra sjóði sem menntamálaráðherra felur stjórn Rannsóknasjóðs að fara með. Rannsóknamiðstöðin mun einnig annast umsýslu Tækniþróunarsjóðs sem heyrir undir iðnaðarráðherra.

Í fimmta lagi er gert ráð fyrir því að Rannsóknamiðstöð Íslands miðli upplýsingum vegna þátttöku Íslands í rannsóknasamstarfi á Evrópska efnahagssvæðinu, Norðurlandasamstarfi og öðru alþjóðlegu samstarfi. Hún safnar hagtölum um rannsóknir og þróun, sér um úttektir á sviði rannsóknamála og kynnir rannsóknastarfsemi í landinu.

Þótt Rannsóknamiðstöð Íslands sinni gagnasöfnun og miðlun upplýsinga fyrir Vísinda- og tækniráð munu menntamálaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið að öðru leyti annast umsýslu fyrir vísindanefnd og tækninefnd. Er þetta í anda þess megintilgangs lagafrumvarps um Vísinda- og tækniráð að greina á milli stefnumótunar stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum annars vegar og úthlutunar styrkja og þjónustu við rannsóknaraðila hins vegar.

Herra forseti. Á aðalfundi Rannsóknarráðs Íslands í apríl sl. fjallaði ég í ræðu minni um nýskipan í vísinda- og tæknimálum á grundvelli frumvarpanna og benti á hversu mikilvægt mál væri hér á ferðinni. Um leið og ég ítrekaði þann eindregna ásetning ríkisstjórnarinnar að ráðast í þessar breytingar lýsti ég því yfir að ákveðið hefði verið að gefa tóm til að ná meiri almennri samstöðu um þessi mikilvægu nýmæli og eyða misskilningi sem upp hefði komið um mikið framfaramál. Frumvörpin yrðu því ekki afgreidd heldur lögð fyrir að nýju á þingi í haust. Sumarið yrði nýtt til að skoða málið í heild, m.a. í ljósi þess ágæta starfs sem unnið hafði verið innan nefnda Alþingis og þess freistað að renna sterkari stoðum undir samstöðu um málið. Í samræmi við framangreint skipaði ég sl. sumar nefnd undir forustu prófessors Hafliða Péturs Gíslasonar, formanns Rannsóknarráðs Íslands, til að fara yfir frv. þetta. Í nefndinni áttu einnig sæti Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri Rannsóknarráðs Íslands, Hilmar Janusson, þróunarstjóri Össurar hf., Jón Atli Benediktsson prófessor, formaður vísindanefndar Háskóla Íslands, Helga Waage tölvunarfræðingur, Ólafur G. Flóvenz, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs Orkustofnunar, og Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor.

Mikil og góð vinna fór fram í nefndinni sem m.a. fólst í því að fara ítarlega yfir allar umsagnir sem bárust menntmn. vegna frv. Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á frv. í samræmi við tillögur nefndarinnar:

Í fyrsta lagi hefur orðalagi í 2. gr. hefur verið breytt þannig að lögð er áhersla á hið faglega mat sem fram fer við styrkveitingar úr Rannsóknasjóði. Fellt var út ákvæði um að samningur um styrkveitingu yrði bundinn við rannsóknir ákveðinna einstaklinga hvort sem þeir eða fyrirtæki eða stofnanir sem þeir störfuðu hjá væru formlegir umsækjendur eða aðilar samnings. Óbreytt er hins vegar að Rannsóknasjóður veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna, færni þeirra einstaklinga sem stunda rannsóknirnar og aðstöðu þeirra til að sinna verkefnunum. Í athugasemdum við 2. gr. frv. er á því byggt að Rannsóknasjóður geri samning um hverja styrkveitingu við styrkþega og fyrirtæki eða stofnanir sem veita rannsóknaraðstöðu.

Í 3. gr. þar sem fjallað er um tekjur Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs hefur 2. tölul. verið breytt og fellt út ákvæði sem fjallaði um tekjur af einkaleyfum og endurgreiðslur af styrkjum til verkefna sem notið hafa stuðnings sjóðsins. Ekki er talið eðlilegt að gera ráð fyrir tekjum af einkaleyfum eða endurgreiðslum styrkja. Í flestum tilfellum eru styrkir sjóðanna aðeins hluti af heildarframlögum til verkefnisins og því flókið og erfitt í framkvæmd að fá tekjurnar til baka. Þá er Tækjasjóði bætt við fyrirsögn greinarinnar sem áður vísaði einungis til tekna Rannsóknasjóðs. Greinin á við um tekjur beggja sjóðanna.

Í 4. gr. er kveðið á um að stjórn Rannsóknasjóðs sé heimilt að veita viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í vísindarannsóknum af ráðstöfunarfé Rannsóknasjóðs en bætt er við ákvæði um að það skuli gert að tillögu vísindanefndar.

Vísindanefndinni er jafnframt ætlað að skipa fagráð í stað stjórnar Rannsóknasjóðs, sbr. 5. gr. frv. Slíkt hlutverk vísindanefndar er í góðu samræmi við aðgreiningu stefnumótunar og úthlutunar styrkja. Einnig er lagt til að fagráð geti verið ráðgefandi fyrir Vísinda- og tækniráð og undirnefndir þess um fagleg efni, eftir því sem óskað er.

Í 6. gr. er gerð sú breyting að styrkir Rannsóknarnámssjóðs verða ekki einskorðaðir við rannsóknarnám á Íslandi og í 8. gr. er áréttuð verkaskipting vísindanefndar og stjórnar Rannsóknasjóðs undir samheitinu úthlutunarreglur.

10. gr. er breytt þannig að heiti þjónustumiðstöðvar vísindarannsókna verður Rannsóknamiðstöð Íslands auk þess sem hlutverk miðstöðvarinnar hefur í nokkrum atriðum verið gert skýrara. Þá er dagsetningum í bráðabirgðaákvæði frv. breytt, enda byggðust fyrri dagsetningar á því að frv. þetta yrði afgreitt á síðasta þingi.

Herra forseti. Ég tel að þessar breytingar séu allar til góðs en um leið er ekki vikið frá þeirri meginstefnu sem frv. þetta ásamt frv. forsrh. og iðnrh. byggja á. Ég vænti þess að frv. eins og það er lagt fram nú leiði til að unnt verði að afgreiða það ásamt hinum frv. tveimur, fljótt og örugglega. Að mínu mati hefur verið unnið í því að ná fram almennri samstöðu um þessi mikilvægu nýmæli og eyða misskilningi sem áður var uppi.

Með þessum orðum, herra forseti, legg ég frv. fram og óska eftir því að eftir umræðuna verði því vísað til hv. menntmn.

[16:03]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vegna lokaorða hæstv. menntmrh. um að leitað verði eftir því að ná sem almennastri samstöðu um þau frv. sem hér liggja fyrir. Ljóst er og kom vel fram í ræðu hæstv. ráðherra að gerðar hafa verið ýmsar breytingar á þeim frv. sem lögð voru fram í fyrra. Tekið hefur verið tillit til ýmissa ábendinga sem fram hafa komið.

Það er hins vegar athyglisvert, herra forseti, að þegar farin var sérstök kynnisferð til Finnlands núna seinni hluta sumars, væntanlega m.a. í þeim tilgangi að ná sem almennastri samstöðu um frumvörpin, þá átti stjórnarandstaðan enga fulltrúa í þeirri ferð. Því er óhjákvæmilegt, herra forseti, að spyrja hæstv. menntmrh. hvort ekki sé mögulegt fyrir a.m.k. fulltrúa stjórnarandstöðunnar í menntmn. að þeir fái minnisblöð frá ráðuneytinu um þá ferð, þannig að við höfum möguleika á að sitja við sama borð og ýmsir aðrir fulltrúar í nefndinni við þá vinnu sem fram undan er við að fara yfir þessi frv.

[16:04]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar þá kynnisför sem farin var til Finnlands, þá er það hárrétt að á vegum menntmrn., iðnrh. og forsrh., hefur verið leitað fanga í Finnlandi um þær breytingar sem þar voru gerðar fyrir nokkru á stefnumótunarvinnu að því er varðar vísindi og rannsóknir. Sú ferð sem farin var til Finnlands í haust var gerð í þeim tilgangi að skoða alveg sérstaklega aðdraganda þessara breytinga, en einnig samstarf sem unnið hefur verið mikið að að skapa milli vísindaheimsins, atvinnulífsins og stjórnmálamanna í Finnlandi. Finnar hafa náð athyglisverðum árangri í þeim efnum og það getur verið margt af þeim að læra.

Í tilefni af þeirri ferð skrifaði ég Alþingi bréf og bauð upp á það að Alþingi sendi fulltrúa með í þetta ferðalag, en sökum naumra fjárveitinga var ekki talið að það væri hægt. Engu að síður var formönnum nefndanna sem komu að þessu máli boðið með í ferðalagið.

Það liggur í hlutarins eðli að öll gögn frá ferðalaginu eru nefndarmönnum aðgengileg og ég mun sjá til þess að minnisblöð og allar upplýsingar um ferðalagið berist nefndarmönnum allra þriggja nefndanna.

[16:06]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra þau loforð sem hér voru gefin um að nefndarfólk allt fái minnisblöð vegna ferðarinnar.

En það er athyglisvert sem kom fram í máli hæstv. ráðherra að vegna þess hversu fjárveitingar eru naumt skammtaðar til þeirrar stofnunar sem um þessi mál fjallar, þá er ekki hægt að verða við því að senda fulltrúa frá nefndunum í jafnmikilvægar ferðir og þarna var farin.

Nauðsynlegt er í þessu samhengi að spyrja hæstv. ráðherra af því að hann tiltók sérstaklega að Finnar hefðu náð athyglisverðum árangri á þessu sviði, sem er hárrétt og eftir hefur verið tekið, hvort það hafi ekki einnig komið fram að býsna mikill munur er á milli þessara landa á þeim fjárveitingum, á því fjármagni sem fer til þessara þátta. Því spyr ég hvort hæstv. ráðherra menntamála eða aðrir ráðherrar sem taka þátt í umræðunni séu reiðubúnir til þess að gefa yfirlýsingu um það á þessu stigi að einnig verði horft til fyrirmyndar Finna í þeim efnum, þ.e. að við megum vænta þess að á næstu árum verði stóraukið fjármagn látið renna til þessa sviðs.

[16:07]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir að hv. fyrirspyrjandi hafi áttað sig á því eins og hv. alþingismenn yfirleitt að fjárframlög til vísinda og rannsókna hafa aukist afar hratt á Íslandi á síðustu árum og Íslendingar eru nú með þeim þjóðum sem leggja einna mest til vísinda og rannsókna í heiminum. (**EMS:** Svoleiðis að þetta er skilgreining.) Það fer ekki eftir skilgreiningum, heldur fer það eftir almennum viðmiðunum OECD.

Einnig ber að geta þess að ríkisframlag til vísinda er með því hæsta á Íslandi.

Hins vegar kom það fram í ræðu hæstv. forsrh. að allar þær breytingar sem verið er að gera á þessu máli miða að því að styrkja stöðu vísinda og búa okkur undir framtíðina. Það er einmitt gert til þess að færa vísindamálin ofar í stjórnkerfið og gera stjórnmálamönnum, ráðherrunum, mögulegt að hafa meiri áhrif á stefnumörkun á þessu sviði. Allt er þetta

gert í þeim tilgangi að leggja meiri áherslu á vísindastarf og rannsóknir.

[16:08]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, sem er 345. mál þingsins, á þskj. 381.

Frumvarpið er nú flutt í annað sinn en það var ekki afgreitt frá þingnefnd á 127. löggjafarþingi. Ástæða þess skýrist af því að hér er um að ræða veigamestu breytingu sem gerð hefur verið á stuðningsumhverfi opinberra rannsókna frá því lögin um rannsóknir í þágu atvinnuveganna voru sett árið 1965.

Frumvarpið sem er eitt þriggja samstæðra frv. um nýsköpun vísindarannsókna og nýsköpun snertir starfsskilyrði fjölda fólks, stofnana og fyrirtækja. Því er mikilvægt að sem flestir úr þessum stóra hópi hafi tækifæri til að kynna sér málið og koma á framfæri skoðunum um það. Undanfarna mánuði hefur tíminn verið notaður til að fara yfir þær athugasemdir sem fram komu í tengslum við nefndastörf þingsins sl. vor og þær athugasemdir sem bæst hafa við síðan. Ég get óhikað sagt að mjög er til bóta að tími gafst til að fara betur ofan í einstök atriði málsins, enda finn ég að nú er orðinn víðtækari skilningur á eðli málsins og mun meiri sátt um það en áður var.

Frumvarp þetta er hluti af þeirri nýskipan vísinda- og tækniþróunar sem grunnur er lagður að í frv. til laga um Vísinda- og tækniráð, sem hæstv. forsrh. hefur mælt fyrir. Í því frv. er gert ráð fyrir að til verði nýtt ráð, Vísinda- og tækniráð, sem starfi undir yfirstjórn forsrh., og fari með heildarstefnumótun um málefni er tengjast vísindarannsóknum og tækniþróun. Ávinningur þessi er einkum sá að vægi málaflokksins vex og að stefnumótunin og framkvæmd hennar verður markvissari en áður.

Eitt helsta inntak þessarar nýskipunar er að stefna í vísindarannsóknum og tækniþróun muni setja svip sinn á almenna stefnu ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma í efnahags- og atvinnumálum. Þetta getur leitt til þess að ný fræðasvið nái að gefa af sér efnahagslegan ávinning fyrir þjóðina fyrr en ella hefði verið. Vísinda- og tækniráðinu er ætlað að fjalla bæði um vísindarannsóknir og nýsköpunarmálefni. Vísindarannsóknir heyri undir menntmrh. samanber frv. það sem hann hefur nú mælt fyrir, um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, en nýsköpun og tækniþróun í þágu efnahagslegra framfara falli undir iðnrh., samanber frv. þetta.

Frumvarpið hefur að markmiði að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Því markmiði verður best náð með því að byggja upp tæknilega getu fyrirtækja og frumkvöðla til að takast á við tækniþróun sem leitt geti til nýsköpunar atvinnulífsins. Frumvarpið fjallar um þær aðgerðir sem beita þarf til þess að vísindaleg þekking geti orðið að söluhæfum afurðum, vörum og þjónustu og þannig skilað fjárfestingum í vísindarannsóknum út í atvinnulífið. Farvegur þessara aðgerða er annars vegar nýsköpunarmiðstöð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og hins vegar Tækniþróunarsjóður.

Kveðið er á um nýsköpunarmiðstöð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í 3. og 4. gr. frv. Henni er ætlað að vera vettvangur fyrir miðlun þekkingar til fyrirtækja og frumkvöðla, þar sem m.a. verður veitt leiðsögn um stofnun og rekstur fyrirtækja, tæknileg úrlausnarefni leyst og nýrri þekkingu miðlað til atvinnulífsins. Þessi þekkingarmiðlun er forsenda þess að atvinnulífið geti fylgst með alþjóðlegri þróun og staðist aukna samkeppni á alþjóðamarkaði.

Að auki er Nýsköpunarmiðstöðinni ætlað að hafa frumkvæði um gagnvirkt samstarf á milli vísindamanna, stofnana og fyrirtækja, um málefni er lúta að nýsköpun. Hér er ekki um nýja starfsemi að ræða, heldur fyrst og fremst verið að festa í sessi og útvíkka starfsemi sem rekin hefur verið í nokkur ár sem reynsluverkefni hjá Iðntæknistofnun undir nafninu IMPRA.

Um Tækniþróunarsjóð er fjallað í 4.–7. gr. frv. Tækniþróunarsjóði er ætlað að koma að fjármögnun þróunar nýsköpunarverkefna í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs. Um er að ræða aðkomu á frumstigi nýsköpunarinnar við lok hagnýtra rannsókna. Á frumstigi nýsköpunar eiga sér stað markvissar rannsóknir og tækniþróun með markaðs- og notendatengdum áherslum. Það er á því stigi sem reynir á hvort hin vísindalega þekking getur orðið að söluhæfri vöru.

Áherslur Vísinda- og tækniráðsins á hverjum tíma verða ráðandi um starfsemina, en mikilvægt er að ráðið geti tryggt það að vísindaþekkingin fái eðlilega útrás og leiði í reynd til eflingar atvinnulífinu og til efnahagslegra framfara fyrir þjóðina. Sjóðnum er ætlað að vera brú á milli þess er stuðningur Rannsóknasjóðs samkvæmt frv. menntmrh. um opinberan stuðning við vísindarannsóknir sleppir og þess að framtaksfjárfesta fýsir að koma að nýjum nýsköpunarverkefnum. Mjög hefur skort á opinberan stuðning við þetta frumstig nýsköpunarinnar.

Hæstv. forseti. Ég gat þess hér að framan að undanfarnir mánuðir hafi verið notaðir til að endurskoða frv. frá því í vor. Af þeim athugasemdum sem fram hafa komið ber nokkuð á því að ekki eru allir sammála um skipan í ráð og stjórnir. Sammerkt með þessum athugasemdum er að öllum finnst að hlutur þeirra sjálfra eigi að vera meiri. Einnig hefur ítrekað verið bent á að í fyrirliggjandi frumvörpum sé ekki tryggt fé í Tækniþróunarsjóðinn sem á að bera uppi tækniþróunina og nýsköpunina á sambærilegan hátt og Rannsóknasjóður styðji vísindasamfélagið.

Um þetta atriði hef ég ítrekað bent á að frv. þrjú sem hér eru til umræðu fjalla eingöngu um skipulagsbreytingar á umhverfi opinbers stuðnings við vísindi, tækniþróun og nýsköpun. Stefnumótun Vísinda- og tækniráðsins mun aftur á móti verða ráðandi um hversu mikið fé fæst til málaflokksins í heild sinni og hvernig deilingu þess fjár verður háttað til að hrinda þeirri stefnu í framkvæmd. Ég tel að ef vel tekst til með störf Vísinda- og tækniráðsins þá megi gera ráð fyrir að heildarfjárveiting til málaflokksins vaxi frá því sem nú er.

Varðandi þær breytingar sem gerðar hafa verið frá því í vor er sennilega mikilvægast að hlutverk Rannís, sem nú heitir Rannsóknamiðstöð Íslands, hefur verið stórlega eflt og verður Rannís nú eins konar samnefnari málaflokksins. Rannís mun gegna mikilvægu hlutverki fyrir tækniþróunina og nýsköpunarþátt málsins, en hafði enga aðkomu að honum áður. Þannig mun Rannís annast vörslu, umsýslu og rekstur Tækniþróunarsjóðs á sama hátt og Rannsóknasjóðs. Einnig mun Rannís taka að sér veigamikið hlutverk er lýtur að því að fylgjast með stöðu og þróun nýsköpunar atvinnulífsins á sama hátt og það fylgist með stöðu og þróun vísindasamfélagsins.

Önnur veigamikil breyting er að nú er gert ráð fyrir að í stjórn Tækniþróunarsjóðs sitji sjö manns í stað fimm áður. Við bætast stjórnarmenn samkvæmt tilnefningu landbrh. og

sjútvrh. sem er í samræmi við það grundvallarsjónarmið að frv. er ætlað að ná til opinbers stuðnings við tækniþróun og nýsköpun í þágu alls atvinnulífsins.

Í mínum huga er tilkoma Vísinda- og tækniráðsins stærsta tækifærið sem boðist hefur til að sýna fram á mikilvægi vísindarannsókna og nýsköpunar fyrir atvinnulífið. Fjárveitingar til málaflokksins hafa um margra ára skeið einkennst af stöðnun og litlum áhuga á að endurskoða hið viðtekna fyrirkomulag. Þessi nýskipan getur breytt þessu, enda mun það leiða til samræmdrar stefnumótunar og gera kleift að veita nýjum fræðasviðum brautargengi, langt umfram það sem unnt hefur verið hingað til.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn. að lokinni umræðu og ég vil líka benda á að mikilvægt er að frv. þrjú sem hér hafa verið lögð fram verði skoðuð saman sem heild.

[16:17]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér saman þau þrjú mál sem þrír hæstv. ráðherrar hafa mælt fyrir í dag, þ.e. frv. til laga um Vísinda- og tækniráð, frv. til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir og frv. til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.

Virðulegi forseti. Hér við 1. umr. vil ég segja í upphafi máls míns að ég held að það hafi komið á daginn við framlagningu þessara frv. að það hafi verið til góðs að þessi mál voru ekki afgreidd á þinginu í fyrra. Mér sýnist á öllu að þær breytingar sem hafa verið gerðar hafi einungis verið til góðs, og ber að fagna því alveg sérstaklega.

Við þessa 1. umr. málsins er nauðsynlegt að reyna að átta sig á helstu breytingum sem fólgnar eru í þeim frv. og hugmyndum sem hér eru lagðar fram. Helstu breytingarnar felast í því að reynt er að koma einhverri heildarstefnumótun yfir vísinda- og tæknisamfélagið. Hæstv. ráðherrum er fyrst og fremst ætlað að stjórna þeirri stefnumótun.

Það skipulag sem við höfum lifað við um nokkuð langt skeið hefur fyrst og fremst falist í því að margir hafa komið að því. Menn hafa gagnrýnt núverandi skipulag fyrst og fremst á þeirri forsendu að erfitt sé að átta sig á því hvað er að gerast, það sé engin heildaryfirsýn yfir það sem verið er að veita styrki í. En hér á að reyna að setja upp einhvers konar kerfi þar sem heildarstefnumótun ræður för.

Báðar þessar leiðir hafa kosti og galla að mínu viti. Gallinn við þá leið sem hér er ætlunin að fara hlýtur að vera fyrst og fremst sá að með svona heildarstefnumótun setja menn flest, ef ekki öll, eggin í sömu körfuna. Og þegar um er að ræða þróun, vísindi og rannsóknir er vitaskuld verið að veðja á framtíðina, þ.e. hvað rannsóknir, vísindi og þróun kunna að leiða af sér. Því er alveg augljóst að áhættan hlýtur að vera meiri með því að setja öll eggin í sömu körfuna. Það er líka ljóst af lestri greinargerðar með þessum frv. að markmiðið með þeim er fyrst og fremst að efla hagvöxt í þekkingarsamfélagi. Það markmið er vissulega gott en áhættan hlýtur að vera meiri þegar þetta er allt saman sett í sömu körfuna eins og hér er ætlunin að gera.

Þá skiptir ekki síður máli, virðulegi forseti, að þessum skipulagsbreytingum fylgi líka aukið fjármagn. Það má alveg ljóst vera að ef ekki kemur til aukið fjármagn skiptir litlu hvert skipulagið er á framlögum til rannsókna og vísinda. Ef ná á þessum markmiðum þarf því að tryggja að fjárframlög verði aukin verulega. Með því að rýna í þau gögn sem liggja fyrir virðist ljóst vera að aukning á framlögum til þessara þátta hafi verið mjög lítil undanfarin ár, ef nokkur. Á þessu þarf að gera verulega bragarbót.

Kjarninn í málinu er samt sem áður sá að verið er að stjórnmálavæða heildarstefnumótun að því er varðar fjárframlög til vísinda og rannsókna. Það er kjarninn í þeim hugmyndum sem hér liggja fyrir og sú hugmynd hlýtur að verða tekin hvað mest fyrir í umræðum um þessi mál.

Hættan við það að fela stjórnmálamönnum svona mikið vald á þessu sviði hlýtur einnig að vera sú að vísindamenn muni ekki í jafnríkum mæli setja fram hugmyndir og rannsóknir eða kynna niðurstöður sem eru stjórnmálamönnum ekki að skapi. Það hlýtur að skipta miklu máli við mat á því hvort vísindamenn geti fengið framlög að þeir kynni ekki niðurstöður sem stjórnmálamönnum eru á móti skapi. Að því leytinu felst í þessari stefnumótun talsverð hætta. Hún getur líka verið sú að við hættum að stunda vísindi og rannsóknir þar sem markmiðið er þekkingin þekkingarinnar vegna og þá möguleikinn á óvæntum niðurstöðum. Þetta finnst mér skipta miklu mál. Þetta er kannski gallinn við þá leið sem hér eru lögð drög að, að stjórnmálavæða, ef svo má að orði komast, vísinda- og rannsóknarsamfélagið í því formi að stjórnmálamenn og ráðherrar hafi mikið um heildarstefnumótunina að segja. Þetta skiptir miklu máli. Þetta mikla pólitíska vald á þessu sviði getur haft alvarlegar afleiðingar, einkanlega ef heildarstefnumótunin gengur ekki upp, þ.e. veðmálið á framtíðina, því auðvitað geta menn ekki annað en reynt að fá eins mikið og hægt er út úr vísindum og rannsóknum og þróunum til að efla hagvöxt í þekkingarsamfélagi. Þetta hlýtur að vera helsta gagnrýnin sem menn setja fram á þá leið sem hér er ætlunin að fara.

Þá held ég líka að við verðum að hafa í huga þegar verið er að bera okkur saman við Finnland að Finnar hafa lagt hlutfallslega miklu meira fjármagn til vísinda og rannsókna en nokkurn tíma hefur verið gert hér. Það er kannski fyrst og fremst ástæðan fyrir árangrinum sem þar hefur náðst, ekki endilega stjórnskipulagið sem slíkt heldur fyrst og fremst fjármagnið og þær áherslur sem menn hafa lagt á vísindi og rannsóknir í Finnlandi. Þess vegna er mjög varhugavert að bera þetta saman nema ætlunin sé að auka framlög til vísinda og rannsókna mikið frá því sem nú er.

Virðulegi forseti. Þetta mál mun koma til allshn. og þar sem ég sit í henni mun ég fá aukið tækifæri til að fjalla um þau frv. sem hér er um að ræða. Við fyrstu sýn, virðulegi forseti, vil ég segja að ég held að það sé ástæða til að taka við þessu með jákvæðu hugarfari. Það breytir ekki því að ýmsar hættur leynast í stefnumótuninni. Og ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að það ætla ég að vona að þegar til þess kemur að móta þessa stefnu muni aðrir aðilar sitja í ráðherrastólunum en nú. Það held ég að sé algjört lykilatriði ef hugmyndin á að geta gengið upp.

[16:26]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því að hv. síðasti ræðumaður lagði sérstaka áherslu á það hversu mikill munur væri á Finnlandi og Íslandi í þessum efnum langar mig aðeins að geta þess að Finnar verja um 3,6% af landsframleiðslu til rannsókna, og eru þar með hæstir í heiminum. Íslendingar verja nú 3% til þessara mála. Meðaltalið í OECD er 2% og meðaltalið í Evrópusambandinu milli 1,7% og 1,8%. Þetta sýnir að Íslendingar eru í forustusveit í þessum efnum þó að þeir hafi ekki náð enn þá hinu háa hlutfalli Finna.

Síðan er rétt að geta þess að þegar hér er talað um að stjórnmálavæða vísindin má ekki gleyma því að heildarstefnumótun hefur verið í höndum ráðherra. En það hefur ekki verið gert með þeim hætti sem hér er ráðgert að gera. Rannís hefur veitt ráðherrum ráðgjöf í þessum efnum en nú er verið að taka á þessu miklu heildstæðara en gert hefur verið þannig að ekki er verið að stjórnmálavæða vísindin sem slík — það hefur verið á höndum stjórnmálamanna að móta þessa stefnu — heldur er verið að gera kerfið heildstæðara.

Síðan er enn eitt atriði sem mig langaði til að vekja athygli á í ræðu hv. síðasta ræðumanns en það er þegar hann sagði að öll eggin væru komin í sömu körfuna. Þetta finnst mér athyglisverð yfirlýsing og ég hefði gjarnan viljað fá nánari skýringar hjá honum á hvað hann á við með þessu. Hvaða egg eru nú lögð í þessa körfu sem voru þar ekki áður?

[16:27]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins um fjárframlög vil ég segja að það fer eftir því hvaða tölur menn taka og hvort þeir fara þá yfir öll framlög, t.d. til þróunarverkefna. Menn geta reiknað sig upp í þessum efnum. Að öðru leyti vísa ég til þess sem ég sagði í ræðu minni áðan.

Hins vegar, virðulegi forseti, þegar ég sagði að öll eggin færu í sömu körfuna átti ég við — á líkingamáli — að þegar heildarstefnumótunin er tekin, þ.e. þegar menn stefna að einhverju tilteknu marki — ekki eins og nú er þegar menn eru með miklu fleiri verkefni en hafa ekki alveg þessa heildaryfirsýn — þegar menn hafa klárari stefnu í þessum efnum með það að markmiði að efla hagvöxt, að efla þekkingarsamfélagið o.s.frv., marki menn sér þrengri skorður. Í vísindum, tækni og þróun hljóta menn alltaf að vera að veðja á framtíðina og eftir því sem menn eru með heildarsýnina í þrengri skorðum, þeim mun meiri líkur eru á að þeir nái ekki markmiði sínu ef það gengur ekki upp. Það var þetta sem ég átti við þegar ég talaði um að öll eggin væru í sömu körfunni. En ég sagði einnig að þetta getur skilað meiri árangri ef vel tekst til. Ég var aðeins að draga upp kosti og galla þess að fara þá leið sem menn ætla að fara miðað við þá aðferð sem menn hafa stundað hingað til. Það var þetta sem ég átti við þegar ég sagði að það væri hættulegt að hafa öll eggin í sömu körfunni.

[16:29]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka svörin. Að því er varðar útreikninga á framlagi þjóðar til vísindamála förum við að þessu eins og aðrar þær þjóðir sem gefa þessar upplýsingar eftir stöðluðu kerfi frá OECD. Samanburðartölur eru því fyllilega samanburðarhæfar frá þeim þjóðum sem ég nefndi í máli mínu.

Að því er varðar þessa samlíkingu sem hv. þm. kaus að velja um eggin í körfunni er mikilsvert að við hugum að því að breytingarnar eru afleiðing þess að vísindi og rannsóknir eru orðin miklu meira ráðandi þáttur í efnahag þjóðarinnar en áður hefur verið gert ráð fyrir, og breytingin er beinlínis afleiðing af þessu. Ég tel því að við séum ekki með þessari breytingu að setja í raun þrengri skorður heldur en verið hafa, frekar víðari skorður, og við tryggjum að á þessu sé tekið með samræmdum hætti þannig að engin svið verði út undan.

Ég vil hins vegar nota þetta tækifæri til að taka undir það með hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að það sem skiptir mestu máli í þessu er svo framkvæmdin, þ.e. hvernig þetta verður gert í raun. Það er ástæðulaust að draga úr því að framkvæmdin mun skipta sköpum um það hvernig til tekst með þessar breytingar.

[16:31]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við eigum nú eftir að ræða þessar breiðu línur í þeim nefndum sem munu fjalla um þetta og þá einkanlega þá leið sem hér er ákveðið að fara, að stjórnmálavæða í auknum mæli framlög til vísinda og þróunar.

En aðeins vegna orða hæstv. ráðherra um framlög, þá vil ég vitna í orð Vilhjálms Lúðvíkssonar á fundi hjá Reykjavíkurakademíunni fyrir ekki margt löngu, en þar sagði Vilhjálmur eitthvað á þá leið að framlag til Vísindasjóðs árið 1994 hafi verið u.þ.b. 90 mannár eða svo, eins og þeir leggja það út og reikna það þar, en framlag Vísindasjóðs árið 2000 hafi ekki verið nema rúmlega 50 mannár. Það fer því eftir því hvað menn taka inn í þessar tölur og hvernig menn leggja það upp, hverju menn geta haldið fram í umræðunni og ég ætla svo sem ekkert að steypa mér inn í það. En kjarninn í þessu er sá að við munum á komandi árum auka framlög til þessara þátta, því ég held að ég og hæstv. menntmrh. séum sammála um að það er lykilatriði. Það er algert lykilatriði ef tryggja á farsæld og framtíð þeirrar þjóðar sem við tilheyrum.

[16:33]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég hef verið hér til staðar og hlýtt á hvert einasta orð sem sagt hefur verið um þau mikilvægu frv. sem liggja nú fyrir þinginu.

Ég tel að það skipti mjög miklu máli hvernig við afgreiðum frá okkur ný lög um stuðning við vísindi og rannsóknir á Íslandi.

Ég vil byrja á að lýsa yfir stuðningi við það meginmarkmið sem talsmenn þessara frv. kappkosta að lýsa yfir, að til standi að styrkja rannsóknir á Íslandi. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum flutt mörg þingmál í þá veru og höfum mikinn skilning á mikilvægi þessa málefnis. Ég vísa t.d. í till. til þál. um stuðning við atvinnurekstur í smáum og meðalstórum fyrirtækjum þar sem við tökum sérstaklega fram mikilvægi margvíslegra rannsókna og nýsköpunar. Með öðrum orðum, við erum hlynnt stuðningi við hagnýtar rannsóknir í atvinnulífinu en einnig innan vébanda vísindastofnana.

Ríkisstjórnin talar einnig í málatilbúnaði sínum mikið um einmitt þetta og í athugasemdum við lagafrv. sem hæstv. forsrh. talaði fyrir áðan segir, með leyfi forseta:

„Fjárfesting í menntun, vísindarannsóknum og tækniþróun skilar þannig sýnilegum árangri, m.a. umtalsverðum og vaxandi tekjum í útflutningi á hátæknivörum og þjónustu sem byggð er á háþróaðri þekkingu og rannsóknum.“

Reyndar er þetta sett inn í samhengi sem ég tel ekki alls kostar rétt að gera, því þetta er að sjálfsögðu tengt nýfrjálshyggjunni og markaðsvæðingunni sem riðið hefur húsum hér á síðustu árum. Því einnig segir hér, með leyfi forseta:

„Á undanförnum áratug hafa blásið nýir vindar í íslensku atvinnulífi. Miklar skipulagbreytingar hafa orðið við aukið frelsi á fjármálamarkaði og einkavæðingu ríkisfyrirtækja.“

Og síðan heldur þessi gamalkunni söngur áfram.

Staðreyndin er náttúrlega sú að framfarir hófust síður en svo með tilkomu þeirra Margrétar Thatcher á valdastóli í Bretlandi, eða Ronalds Regans í Bandaríkjunum. Tuttugasta

öldin var mikið framfaraskeið, geysilegt framfaraskeið, á nánast öllum sviðum vísinda og rannsókna skilaði hún okkur miklum ávinningi. Hver var ramminn um þessar rannsóknir? Það var samfélagið. Þetta var samfélagslegt átak að uppistöðu til. Framfarir á sviði tækni, framfarir á sviði læknavísinda, svo dæmi sé tekið. Það sem hefur komið fram hjá vísindamönnum og vísindastofnunum víðs vegar um heiminn er að þeir óttast að með aukinni markaðsvæðingu og einkavæðingu verði smám saman grafið undan grunnrannsóknum sem síðan muni draga úr framförum þegar til lengri tíma er litið. Allt þetta á að sjálfsögðu eftir að koma í ljós.

Ríkisstjórnin segir og talsmenn hennar hafa sagt við umræðuna að í sjálfu sér sé þetta mjög einfalt mál. Ég held það hafi verið orð hæstv. forsrh. Hann sagði að þetta væri mjög einfalt mál, og hann sagði í því sambandi að hið einfalda í þessu væri að verið væri að færa vísindarannsóknir á markvissan hátt undir pólitískt vald. Í athugasemdum með frv. sem hann talaði fyrir segir, með leyfi forseta:

„Vægi málaflokksins er aukið með því að stefnumótun fer fram í ráði sem fjórir ráðherrar eiga sæti í og starfar undir stjórn forsætisráðherra. Þar koma ráðherrar, vísindamenn og fulltrúar atvinnulífs saman til stefnumótunar í málefnum rannsókna og þróunar. Er þetta nýlunda á Íslandi. Oft hefur verið bent á að það hafi staðið málaflokknum fyrir þrifum að heyra undir mörg ráðuneyti. Það hafi byrgt heildarsýn og hindrað markvissar aðgerðir. Víst er að í þeim löndum sem mesta athygli hafa vakið fyrir stefnumótun í vísindum og tækni hafa oddvitar ríkisstjórna komið að málum og staðið fyrir aðgerðum."

Sannast sagna held ég að þetta sjónarmið hafi fengið góðan hljómgrunn víðs vegar í þjóðfélaginu og í vísindasamfélaginu þar sem menn telji að þetta kunni að vera ávísun á meira fjármagn til rannsókna. Ég hef um það ákveðnar efasemdir. Ekki þarf annað en að slá upp í umsögnum um frumvörpin. Í umsögn frá fjmrn. segir um þetta tiltekna frv., með leyfi forseta:

„Af þessum sökum er gengið út frá því að lögfesting frumvarpsins leiði ekki til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð. Útgjöldin gætu þó skipst öðruvísi en áður."

Í frv. um opinberan stuðning við vísindarannsóknir segir í umsögn fjmrn., með leyfi forseta:

„Þegar allt er talið telur fjármálaráðuneytið að frumvarpið muni leiða til lægri stjórnsýslukostnaðar verði það að lögum þótt ekki liggi fyrir nægar upplýsingar til að meta fjárhæðir í því sambandi. Þá mun frumvarpið leiða til 28,5 millj. kr. árlegs sparnaðar eftir að stöður rannsóknarprófessora hafa verði lagðar niður. Á móti koma allt að 7 millj. kr. tímabundin útgjöld vegna biðlauna."

Þetta er nú tónninn. Hér er ekki verið að tala fyrir auknu framlagi til rannsókna og vísinda á Íslandi því verið er að tala um sparnað, um leiðir til niðurskurðar. Þetta er tónninn. Þetta eru skilaboðin sem fylgja frá ríkisstjórninni úr Stjórnarráðinu til íslenskra rannsóknamanna.

Við skulum líka hyggja að því hvað býr að baki þeim tölum sem hér eru reiddar fram. Í grg. með frv. kemur fram, og menn tala þar af nokkru stærilæti um að að raunviði hafi framlag til rannsókna á Íslandi aukist talsvert meira en gert hafi annars staðar á Norðurlöndum, eða um 12,6% held ég frá árinu 1999, og það sé meira en gerist annars staðar.

En hvernig er skipting þessa fjár? Er það svo að samfélagið leggi meira af mörkum til vísindarannsókna en áður var? Er það ekki svo að hér sé allt talið til, það sem gerist innan veggja fyrirtækja og innan vísindarannsókna sem reknar eru á ábyrgð samfélagsins, Háskóla Íslands svo dæmi sé tekið, til rannsóknastofnana sem sinna margvíslegum vísindastörfum? Gæti verið að þriðjungurinn af þessari upphæð komi frá Íslenskri erfðagreiningu, rannsóknum sem unnar eru á vegum þess fyrirtækis? Hvað með fullyrðingar sem fram hafa komið hjá vísindasagnfræðingum á borð við Steindór Erlingsson, svo dæmi sé tekið og það ekki slæmt dæmi því hann hefur farið mjög vel í saumana á þessum málum? Hann segir að ákveðinna áherslubreytinga gæti í ráðstöfun fjármuna til rannsókna á síðustu árum. Ég spyr: Er það í þágu grunnrannsókna eða annarra rannsókna?

Það þýðir ekki að koma og slá fram einhverjum óljósum yfirlýsingum eins og hér hefur verið gert. Það er að gerast alls staðar í heiminum að fyrirtæki eru að láta sífellt meira í rannsóknir og nýsköpun en áður var. Þar erum við að færa okkur inn í farveg sem hefur verið mótaður víða erlendis og við vorum eftirbátar annarra í. Þetta er að breytast sem betur fer. Fyrirtæki á borð við Össur og Íslenska erfðagreiningu sinna slíkum rannsóknum. Og fleiri fyrirtæki mætti nefna. Þetta er að hífa framlagið upp. En hvernig er komið fram gagnvart öðrum rannsóknastofnunum? Gagnvart Háskóla Íslands t.d. og gagnvart ýmsum rannsóknastofnunum þar sem rannsóknir eru stundaðar? Hvernig hefur verið búið að Rannís? Ég hefði ekki talið að menn væru of sælir af framlaginu þar á bæ á undanförnum árum. Á að veita meira fjármagn í rannsóknir á vegum íslenskra vísindastofnana? Stendur til að gera það? Fróðlegt væri að heyra útleggingar hæstv. menntmrh. um það efni.

En varðandi þær yfirlýsingar sem ég vitnaði til áðan og mér finnst sannast sagna nokkuð yfirlætisfullar, svolítið drýgindalegar um að nú sé slíkum rannsóknum loksins borgið, vegna þess að þær eru komnar í svo náin tengsl við hæstv. iðnrh. Valgerði Sverrisdóttur eða hæstv. menntmrh. Tómas Inga Olrich, og hæstv. forsrh. sem getur meira að segja skipað tvo aðra ráðherra í þessa vísindaakademíu, að nú sé allt komið í lag, allir séu hólpnir, menn séu komnir í náðarfaðm þeirra. Hafa menn engar efasemdir um að binda vísindasamfélagið svo nánum böndum við hið pólitíska vald? Hafa menn engar efasemdir um það? Gætu þetta reynst vinarklær þegar allt kemur til alls? Gæti það verið? Er þessi tenging við fulltrúa atvinnulífsins endilega svo jákvæð? Þyrfti hún þá ekki að vera breiðari? Hér er talað um að Alþýðusambandið og Samtök atvinnulífsins skipi fulltrúa. Það eru einu fulltrúar atvinnulífsins sem koma til með að skipa fulltrúa í Vísinda- og tækniráðið, ekki fulltrúar annarra samtaka. Ég minnist þess að þegar fulltrúar þeirra samtaka komu á fund allshn. síðasta vor þá var talað um mikilvægi þess að láta meira af hendi rakna til álrannsókna. Rætt var um það.

Ég spyr: Er ekki ráð að efla sjálfstæði akademískra stofnana, rannsóknastofnana á borð við Háskóla Íslands, Rannsóknarráðs og aðra sem hafa vélað með þessa fjármuni í stað þess að tengja úthlutun fjárins pólitískum aðilum eins og gert er ráð fyrir í frv.? Ég held það.

Nú mætti ætla að það væri ég sem talaði fyrir miðstýringu en hæstv. ráðherra Tómas Ingi Olrich hefði um það efasemdir. Það er ég sem er hins vegar að tala fyrir valddreifingu, er að tala fyrir sjálfstæði stofnana, rannsóknastofnana og vísindamanna. Ég held að okkur sé betur borgið með þeim hætti.

En Finnar hafa farið þessa leið, segja menn. Það kann vel að vera. Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar áttum þess ekki

kost að fara til Finnlands í sumar. Þar var einvörðungu boðið stjórnarsinnum, formönnum þeirra nefnda sem í hlut eiga. Fulltrúum annarra eða stjórnmálaflokka sem eru í stjórnarandstöðu var ekki boðið. Þeim var boðið jú, en þeir gátu þá borgað undir sig þannig að þeir fóru ekki. Þeir þurfa að fá plöggin frá formönnum þessara nefnda og frá ráðuneytinu. En hvers vegna var ekki farið til annarra landa líka? Hvers vegna var einvörðungu farið til Finnlands?

Nú er það svo að áherslur Finna eru um margt ólíkar því sem gerist á hinum Norðurlöndunum. Ég þekki þetta af öðrum vettvangi. Hvað snertir t.d. vinnueftirlit og heilbrigðiseftirlit á vinnustöðum hafa Finnar farið aðrar leiðir en hinar Norðurlandaþjóðirnar, tekið upp markaðsvæðingu innan heilbrigðiskerfisins í ríkari mæli en aðrar Norðurlandaþjóðir hafa gert. Gæti það verið einnig á þessu sviði? Gæti það verið? Hvers vegna er ekki könnuð staðan í öðrum ríkjum einnig á hinum Norðurlöndunum? Mér þætti vænt um að hæstv. fjmrh. upplýsti okkur ögn nánar um þetta.

Herra forseti. Lagabókstafur er náttúrlega eitt. Síðan er hitt hvernig lögin eru notuð og hvernig lagabókstafurinn og túlkun hans, útlegging, þróast. Verði þessi frv. að lögum þá skiptir sköpum hvernig á þessum málum er haldið, að sjálfsögðu. Auðvitað viljum við leggja okkar af mörkum til þess að beina þessari þróun í farsælan og uppbyggilegan farveg.

En ég hef hins vegar mjög miklar efasemdir um að rétt sé að fara þá leið í öllum grundvallaratriðum að samtvinna hið pólitíska vald rannsókna- og vísindastarfinu. Ég hef mjög miklar efasemdir um að það sé rétt. Og eftir því sem ég hef komist næst þá er það sem að er í vísindarannsóknum á Íslandi ekki skipulagið heldur fjármunirnir eða öllu heldur skortur á fjármunum. Það er það sem hefur staðið íslenskum vísindarannsóknum fyrir þrifum, þ.e. skortur á fjármagni. Þar hefðum við að sjálfsögðu þurft að vera miklu meira stórhuga en við höfum verið. Það eru mér mjög mikil vonbrigði að þessum skipulagsbreytingum sem hér eru boðaðar skuli ekki fylgja fyrirheit um stóraukið fjármagn. Þvert á móti þá er talað um niðurskurð. Það er ekkert annað að finna hér í þessum frv. en hótanir um niðurskurð.

Eins og hér hefur komið fram þá verður þessum frv. vísað til nefnda. Ég hef orðið var við það frá vísindamönnum og ýmsum sem eru á tengdum vettvangi að þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvörpunum frá því í vor séu vissulega til bóta. Ég tel hins vegar að sjálfur grunnurinn sé ekki réttur. En allt þetta mun ég að sjálfsögðu setjast yfir þegar þessi frv. koma til umfjöllunar í þeim nefndum sem ég á sæti í.

[16:50]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri að hv. þm. efast um að hér sé farin rétt leið í sambandi við vísindarannsóknir og tengingu þeirra við atvinnulífið. Hann talar um að verið sé að binda vísindasamfélagið við hið pólitíska vald.

Ég tel að þarna sé ákveðinn misskilningur á ferðinni. Ég tel einmitt að það sé þessum málaflokki til framdráttar — nú efast ég í rauninni ekkert um að hv. þm. vill þessum málaflokki vel — ég held að það sé þessum málaflokki til framdráttar að tengja hann við ákveðinn og tiltölulega stóran hluta ríkisstjórnarinnar og það megi kannski kalla að með því séum við að lyfta honum svolítið upp á æðra plan.

Nú er það ekki þannig að ráðherrar komi til með að leggja línur í smáatriðum hvað þetta varðar heldur munu þeir leggja stóru línurnar. Með því að ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar að þessu skuli vera þannig háttað að svona sé þá hlýtur það að gefa ákveðin skilaboð um að ríkisstjórninni finnist þetta mikilvægur málaflokkur. Það held ég að sé nú dálítið stórt atriði í sambandi við þetta allt.

Hv. þm. efaðist um að rétt væri að tengja vísindasamfélagið við atvinnulífið. Ég er honum mjög ósammála um það. Ég er sannfærð um að með þessari þrennu sem er hér til umfjöllunar séum við að gera atvinnulífinu mikið gagn. Við erum að breikka atvinnulífið, breikka grundvöll atvinnulífsins og það er nú eitthvað sem hv. þm. Vinstri grænna hafa verið að finna að við mig og við iðnrn., að við horfum ekki á atvinnulífið á breiðum grundvelli.

[16:52]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikill misskilningur ef menn skilja mig á þann hátt að ég vilji ekki að rannsóknir séu tengdar atvinnulífinu. Þvert á móti þá talaði ég um mikilvægi rannsókna fyrir atvinnulífið. Spurningin er hins vegar þessi: Á hvern hátt tengjast rannsóknir atvinnulífinu?

Það geta skapast ákveðnir íhaldsstrengir ef við tengjum rannsóknir og nýsköpunarvinnu því sem er. Eðli nýsköpunar er að búa til eitthvað nýtt og til þess að styrkja rannsóknastofnanir í þeirri viðleitni þá þarf að gefa þeim frelsi, þá þarf að gefa þeim lausan tauminn að verulegu marki.

Ég tek eftir orðalaginu sem hæstv. ráðherra notar þegar talað er fyrir því að tengja rannsóknastarfsemi og vísindastarfsemi ríkisstjórn Íslands, þ.e. að verið sé að lyfta henni upp á æðra plan, að verið sé að lyfta rannsókna- og vísindastarfi upp á æðra plan með því að tengja það þessum bekkjum hér. Með fullri virðingu fyrir þeim sem verma þessi sæti þá er ég nú ekki sammála því að þetta sé rétt orðalag. Ég vil ekki nota orðalagið lægra plan, síður en svo, alls ekki. En það er verið að setja í farveg sem ég tel vera afskaplega vafasaman og ég hef fært fyrir því rök í máli mínu.

[16:54]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri að hv. þm. hefur hrokkið nokkuð við þegar ég talaði um æðra plan. Ég veit að hann ber ekkert sérstaklega mikla virðingu fyrir þeim ráðherrum sem nú sitja á þessum bekkjum. En hver veit nema það geti orðið einhverjir aðrir síðar. Það er nú þannig að ráðherrar þeir sem velgja stólana hverju sinni hafa þó nokkur völd og miðað við það að ráðherrar komi meira að þessum málaflokki, og þá sérstaklega að hæstv. forsrh. þjóðarinnar komi meira að þessum málaflokki, vil ég skilja sem svo að sé jákvætt fyrir málaflokkinn. Svo getur hv. þm. verið annarrar skoðunar.

En það var líka gaman að heyra hv. þm. tala um frelsi. Hann vill gefa mikið frelsi. Ég held nú samt að með þessum frv. séum við ráðherrarnir ekki að binda eða njörva niður hvernig staðið verður að vísindum í landinu. Það er ekki þannig og vísindamenn munu að sjálfsögðu hafa frelsi áfram til þess að móta stefnu að verulegu leyti.

Ég tel þetta mikilvægt í sambandi við atvinnulífið, en hv. þm. hefur líka efasemdir um að þetta sé til góðs fyrir atvinnulífið. Talað hefur verið um að hér væri ákveðin nýsköpunargjá, sem sagt að vísindarannsóknir næðu ekki að efla atvinnulífið. Þessa nýsköpunargjá ætlum við að brúa með þeirri þrennu sem hér liggur fyrir til umfjöllunar. Hvort það tekst eða ekki verður tíminn að leiða í ljós. En viljinn er alla vega fyrir hendi.

[16:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Til að koma í veg fyrir allan misskilning þá vakir ekki fyrir mér að gera lítið úr ríkisstjórn Íslands, alls ekki. Ég hef hins vegar gagnrýnt það sem mér hefur fundist yfirlætisfullt orðalag, annars vegar það að tala um að lyfta þessum málaflokki upp á æðra plan með því að tengja það Stjórnarráðinu og þeim hæstv. ráðherrum sem leyfa sér að tala á þennan hátt. Ég hef talað fyrir því að í stað þess að auka miðstýringu af því tagi sem hér er boðuð þá beri þvert á móti að stuðla að valddreifingu og auknu sjálfstæði vísindamanna og rannsóknastofnana. Það er kjarninn í málflutningi mínum.

Í annan stað tel ég að það sé ekki skipulagsformið sem hafi staðið í vegi fyrir vísindarannsóknum á Íslandi heldur skortur á fjármunum. Ég tel að hæstv. ráðherrar þurfi að tjá sig miklu nánar og skýrar um þennan þátt málsins, þ.e. hvað standi til í þessu efni.

Ég hef einnig vikið að því að það er svolítið villandi að slá fram almennum prósentutölum, hlutfallstölum, um framlag til vísindarannsókna en láta liggja á milli hluta hvernig þessir fjármunir skiptast.

[16:58]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að leiðrétta misskilning sem fram kom í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar, þ.e. að hér væri verið að boða niðurskurð í framlögum til rannsókna. Þessi frv. fjalla ekki um fjárframlög til rannsókna. Þau fjalla um skipulag. Allar athugasemdir sem hér er að finna um sparnað má í raun rekja til þess að verið er að reikna út hvað frumvörpin í sjálfu sér fela í sér, einungis þau. Þar af leiðandi er augljóst að ekki er verið að fjalla um heildarframlög til rannsókna. Það vekur mér nokkra undrun að menn skuli álíta það.

Hér var spurt hvort frumvarpið fæli í sér miðstýringu eða valddreifingu. Í þessu frv. er ekki heldur verið að vega gegn sjálfstæði vísindastofnana, þvert á móti. Það sem hefur verið að gerast í þessum efnum á sl. tíu árum er að háskólum hefur fjölgað. Þeir hafa verið styrktir. Þeir hafa m.a. fengið aukið rannsóknafé og eru farnir að taka ríkari þátt í rannsóknastarfi. Það hefur styrkt íslenskt vísindasamfélag í heildina.

Það sem hér er verið að tala um er að samhæfa betur það starf sem unnið er innan ríkisstjórnarinnar í vísinda- og tæknimálum og gera stefnumörkunina markvissari.

Að sjálfsögðu er það mjög glögg vísbending um það hvernig unnið hefur verið í þjóðfélaginu á undanförnum árum að fyrirtækin eru orðin miklu viljugri til þess að fjárfesta í rannsóknum og í þekkingu en áður var. Það ber að túlka — og það er erfitt að túlka það öðruvísi — sem viðurkenningu á því að stjórnvöld hér hafa hagað málum þannig að orðið er hagstæðara fyrir fyrirtækin að fjárfesta í rannsóknum en áður var. Bæði er það vegna þess að skattar hafa verið lækkaðir á fyrirtækin, umhverfi fyrirtækjanna er hagstæðara, og þar af leiðandi skilar það sé betur til fyrirtækjanna að fjárfesta í rannsóknum og vísindum og það hafa þau gert.

Þess vegna ber að fagna því að hlutfall fyrirtækjanna hefur hækkað mikið. En jafnframt ber að viðurkenna það að Íslendingar eru með hæstu ríkisframlög til vísinda á Norðurlöndum.

[17:00]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessar tölur munum við að sjálfsögðu fara yfir í nefndum. Það er rétt sem fram kemur hjá hæstv. ráðherra að þessi frv. fjalla fyrst og fremst um skipulagsbreytingar. Það er rétt ábending.

Ég sagði hins vegar að í tengslum við þessar skipulagsbreytingar hefði ég vænst þess að ríkisstjórnin hefði gefið okkur fyrirheit eða sýn á sína framtíð í vísinda- og rannsóknaumhverfinu á Íslandi því að í vísindaheiminum á meðal fræðimanna og rannsóknarmanna hafa margir viljað bíta á þennan öngul í þeirri von að fjármagn fylgi þessum kerfisbreytingum. Ég var að gagnrýna að í umfjöllun um þessi frv. er hvergi að finna stafkrók eða yfirlýsingar í þá veru.

Að sjálfsögðu fagna ég því einnig, eins og ég gerði í ræðu minni, að fyrirtæki skuli verja meira fjármagni til rannsókna en áður var. Það er líka að gerast hins vegar að fyrirtækin eru smám saman að teygja anga sína inn í rannsóknastofnanirnar og farin að stýra meiru þar en áður var, kaupa sér prófessors- og rannsóknarembætti. Og ef það gerist á sama tíma og þrengt er að þessum stofnunum þá munu þessir hagsmunir í atvinnulífinu fara að ráða sífellt meiru innan veggja háskólanna.

Sú þróun sem menn óttast að kunni að fylgja þessu, og það kemur fram í umfjöllun og umræðu innan háskólaumhverfisins í Bandaríkjunum og í Evrópu, er að þegar til langs tíma er litið þá muni þetta verða til að draga úr grunnrannsóknum og beina áherslunum inn á hagnýtari þætti sem svo eru nefndir. Hins vegar viðurkenna flestir þegar upp er staðið að það sem á einum tíma er flokkað sem grunnrannsóknir reynist samfélaginu hagnýtt þegar fram líða stundir.

[17:02]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mikilvægt er að það komi fram að fjármagn til rannsókna- og vísindastarfsemi hefur verið að aukast mikið á undanförnum árum og eins og fram kom í ræðu forsrh. þá er verið að leggja grundvöll að því að efla enn vísindastarfsemi í landinu. Þess vegna fer ekkert milli mála til hvers þessi breyting er gerð. Hún er gerð til þess að efla rannsókna- og vísindastarf í landinu og efla tengslin á milli atvinnulífsins, stjórnmálanna og vísindaheimsins, en það eru einmitt þessi tengsl sem er mikilvægt að efla og til þess bendir einmitt fordæmið frá Finnlandi, að það er hagkvæmt. Það er hagkvæmt að efla þessi tengsl og það kemur ekki niður á grunnrannsóknum.

Það er mjög mikilvægt að menn átti sig á því að það er leitað fanga hjá Finnum vegna þess að við mjög erfiðar aðstæður, þegar meginmarkaður þeirra hrundi, fóru þeir þá leið og héldu ótrauðir áfram á henni, að fjárfesta í vísindum og rannsóknum. Þeir breyttu skipulagi sínu og það hefur sýnt sig að finnska dæmið hefur eflt finnskt atvinnulíf og finnsk vísindi mjög verulega. Þess vegna finnst mér menn verða að gera sér grein fyrir því að hér með er verið að leggja grundvöll þess að efla vísindastarfsemi í landinu verulega.

[17:04]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka að við þurfum að fara í saumana á þessum tölum í umfjöllun nefnda. En eftir því sem ég hef upplýsingar um eru þeir aðilar sem veitt hafa styrki til rannsókna á undanförnum árum ekki ofsælir af því fjármagni sem þeir hafa haft á milli handa. Ef við skoðum t.d. hlutskipti þeirra, Rannís svo dæmi sé tekið og ýmissa vísindastofnana sem sinna grunnrannsóknum eða rannsóknum yfirleitt, þá er ekki saman að jafna annars vegar stöðu þeirra og hins vegar

þeim fjármunum sem ýmis fyrirtæki, t.d. á borð við Íslenska erfðagreiningu, hafa haft á milli handanna. Það eru peningar, fjármunir, verðmæti sem eru tekin út úr íslensku samfélagi að sjálfsögðu fyrir milligöngu banka og ríkisvalds beint og óbeint. Þessu fjármagni hefur því verið beint inn á slíkar brautir í ríkari mæli en áður hefur verið.

Það á að efla tengslin á milli atvinnulífs, stjórnmálamanna og vísindarannsókna, segir hæstv. ráðherra. Spurningin er hvernig þetta er gert. Beita stjórnmálamenn t.d. áhrifum sínum í þá átt að draga úr fjárstreymi til vísindastofnana og beina fyrirtækjum sem þeir byrja á að létta sköttum af, eins og hér kom fram hjá hæstv. ráðherra, inn á þetta svið, inn á vísinda- og rannsóknasviðið? Þetta gæti orðið til þess að draga úr sjálfstæði akademískra rannsókna.

Ég er ekkert að tala hér í einhverju tómarúmi. Ég er að enduróma umræðu sem fram fer um allan heim. Ég var að lesa grein ekki alls fyrir löngu í læknatímaritinu Lancet þar sem menn hafa þungar áhyggjur yfir framvindunni í grunnrannsóknum í læknavísindum einmitt vegna þessara þátta sem ég hef verið að nefna hér.

[17:06]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Frv. þau sem hér eru til umræðu voru tekin fyrir á Alþingi síðasta vor undir þinglok og um þau fór fram gífurlega mikil umræða í nefndum þingsins, iðnn., allshn. og menntmn. Haldnir voru langir og strangir sameiginlegir fundir þessara þriggja nefnda, gífurlegur fjöldi gesta var kallaður til og allt benti í þá átt að það ætti að koma þessum frv. í gegnum þingið með miklu hraði sl. vor. Til allrar guðs lukku var því slysi afstýrt. Hverjir sem þar hafa komið að málum eða átt þátt í því að þessum þrýstingi var aflétt eiga þakkir skildar úr þessum stóli því það er alveg ljóst að sá tími sem gefinn var til frekari vinnu í þessum frv. núna í sumar er auðvitað að skila sér. Menn hafa fengið tækifæri og tíma til þess að ná betur utan um þessi mál. Nú þegar eru komnar ákveðnar breytingar inn í þessi frv. sem mér sýnist í fljótu bragði vera til bóta. Mér sýnist í öllu falli algerlega ljóst að umræðugrundvöllur okkar alþingismanna sé miklum mun skýrari núna. Við höfum miklu fastara land undir fótum en við höfðum í vor. Ég vil að það sé alveg ljóst að ég fagna mjög þeirri ákvörðun sem tekin var hér undir vor að þessi aukni tími var gefinn í málinu.

Spurning sem ég þrástagaðist á í fyrravor er enn ofarlega í mínum huga. Hún spratt af umræðu um þessi mál, umræðu sem þeir aðilar sem þekkja mjög vel til málaflokksins tóku þátt í í nefndum Alþingis og sú spurning er í grunninn þessi: Hvað er það í því fyrirkomulagi sem við búum við í dag sem kemur í veg fyrir að við getum náð því markmiði í vísinda- og rannsóknastarfi sem lýst er í 1. gr. frv. um opinberan stuðning við vísindarannsóknir? Markmiðssetningin í 1. gr. er afar skýr. Markmiðið er sagt vera, með leyfi forseta:

„... að efla vísindarannsóknir og vísindamenntun á Íslandi með því að styrkja grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir og stuðla að samvinnu þeirra aðila sem starfa að vísindarannsóknum jafnframt því að tryggja áreiðanleika og gæði upplýsinga um vísindi og rannsóknir hér á landi.“

Þessari spurningu sem ég beindi til þeirra sem heimsóttu nefndirnar í vor var svarað má segja á einn veg. Menn sögðu: „Kerfið sem við búum við í dag er kannski ekkert alslæmt ef við hefðum svona eins og 200 millj. meira í því en í dag.“ Það stóð nánast upp úr hverjum einasta manni að þörfin fyrir meira fjármagn væri meginatriðið í þessu máli. Jafnvel þó svo að engu yrði breytt í hinni tæknilegu umgjörð en settar yrðu 200 millj. í viðbót á ári í þennan málaflokk þá gætu menn unað sáttir við.

Hafliði P. Gíslason, formaður Rannsóknarráðs Íslands, sagði meira að segja fullum fetum við nefndirnar í fyrra að sjóðirnir hafi beinlínis verið sveltir undangengin ár og að skortur á fjármunum hafi fyrst síðast staðið starfi þessara sjóðstjórna fyrir þrifum. Hæstv. menntmrh. má því ekki gera lítið úr umræðunni sem kemur hér upp strax við 1. umr. þessa máls um að spurningin sé fyrst og síðast um fjármagn en ekki kerfi. Það er eðlilegt að menn beri þá umræðu hér á borð aftur því svo rammt kvað að því í umræðu nefndanna undir vor að menn segðu að þetta væri fyrst og síðast spurning um fjármagn. Því er alveg eðlilegt að sú umræða endurtaki sig nú.

Herra forseti. Það er mikilvægt að við fáum heildarsýn yfir þennan málaflokk og markviss stefnumótun þarf auðvitað að eiga sér stað. Þó að ég hafi ekki fengið tækifæri til að fara til Finnlands langar mig að vitna í það sem ég þó hef aflað mér af fróðleik og þekkingu á aðstæðum Finna, en Finnar tóku, nákvæmlega eins og hæstv. ráðherrar leggja til, stefnumótun stjórnvalda virkilega til bæna þegar þeir hófu vinnu við það átak sem þeir gerðu til eflingar vísindarannsóknum heima hjá sér.

Meðal þess sem Finnar gerðu var að stofna framtíðarnefnd við finnska þingið. Það var ekki framtíðarnefnd í þeim skilningi að hún hafi átt að vera einhver véfrétt sem hafi átt að spá fyrir um framtíðina. Ónei, það var nefnd sem fékk það hlutverk að hanna framtíðina. Nefndin var beinlínis sett niður til þess að búa til sýn til framtíðar. Þessi nefnd hefur starfað í ein tíu eða fimmtán ár. Ég þori ekki alveg að fara með tímann. Framtíðarnefndin við finnska þingið er stefnumótunarnefnd og hún vinnur ekki við neitt annað en að móta og hanna framtíðina. Það er síðan á grunni stefnumótunarinnar sem kemur frá framtíðarnefndinni sem Finnar sjá að þeir mundu græða á því, hvernig sem á það mál er litið, mundu hagnast á því að efla vísindarannsóknir.

Eitt af því fyrsta sem Finnar síðan gerðu var að auka fjárstreymi til vísindarannsókna til mikilla muna. Það er alveg sama hvað hæstv. menntmrh. segir um að við stöndum okkur vel í þessum efnum, við í okkar litla hagkerfi og litla og kröfuharða samfélagi erum samt ekki hálfdrættingar á við Finna og prósentutölur um hlutfall af þjóðarframleiðslu eða upphæðir greiðslna miðað við höfðatölu eru auðvitað ekki tölur sem spegla raunveruleikann. Finnar tóku sem sagt ákvörðun um að efla vísindarannsóknir til muna með auknum fjárframlögum til málaflokksins.

Það sem Finnar hafa síðan séð er auðvitað að þær rannsóknir sem hafa fengið mest af þessum auknu fjármunum eru rannsóknir sem hægt er að tengja beint hagnýtt inn í atvinnulífið. Það er ekkert óeðlilegt við það. Og það er alveg hægt að lesa það úr frv. sem hér liggja fyrir að vilji stjórnvalda sem standa að baki þessum frv. virðist vera sá að bein tenging sé á milli rannsókna og hagnýtingar þeirra, þ.e. að þær geti nýst beina leið inn í atvinnulíf okkar.

Ég man að í fyrra þegar frv. komu fram þá gagnrýndum við ákveðið orðalag í einu þeirra, þ.e. frv. um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins. Við gagnrýndum orðalag í athugasemdum við lagafrumvarpið þar sem sagt var að eitt helsta inntak þessarar nýskipunar ætti að vera stefnumótun í vísindarannsóknum og tækniþróun og að hún byggðist á stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og

atvinnumálum á hverjum tíma. Ríkisstjórnin var gagnrýnd fyrir það í allri umfjöllun um málið að nú ætti að spyrða stefnumótun í vísindarannsóknum og tækniþróun þannig við stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum að það væri stefna ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum sem í raun segði til um hvaða hvaða rannsóknir fengju fjármuni úr hinum opinberu sjóðum. Þessi setning sem ég las var gífurlega mikið gagnrýnd. Ég fer kannski aftur yfir hana, með leyfi forseta, þannig að hún sé hér á hreinu. Í athugasemdum við lagafrv. stóð, síðast þegar það var lagt fram hér, svohljóðandi setning, með leyfi forseta:

„Eitt helsta inntak þessarar nýskipunar er að stefnumótun í vísindarannsóknum og tækniþróun byggist á stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum á hverjum tíma."

Þessari setningu hefur blessunarlega verið breytt. Í frv. eins og það kemur fyrir sjónir okkar í dag er setningin svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ávinningur þess er einkum sá að vægi málaflokksins vex og að stefnumótunin og framkvæmd hennar verður markvissari en áður. Áherslur í vísindarannsóknum, tækniþróun og nýsköpun fær við það meiri umfjöllun og getur, í ríkari mæli en verið hefur, sett mark sitt á stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum."

Hér er talað um svipaða hluti en á allt öðrum nótum, sem ég vil meina að gefi okkur von um að við séum með miklu gáfulegri hluti í höndunum en við höfðum undir vor á síðasta þingi. Tengsl vísindarannsókna við beina stefnu ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum koma til með að verða skoðuð í umfjöllun um þetta mál. Ég vil nefna sérstaklega í því sambandi, herra forseti, hættuna á því að rannsóknir muni í auknum mæli færast í að verða beint að því sem er hagnýtt fyrir atvinnuvegina en um leið gerist það að hugvísindi eða önnur vísindi, við skulum segja bara þróun í menningarmálum, menningu og listum, fái minna til sín. Í þessu er fólgin ákveðin hætta sem ég tel eðlilegt að við skoðum mjög gaumgæfilega. Við megum auðvitað ekki láta þessa breytingu verða til þess að hugvísindin verði sett skör neðar en hagnýt vísindi eða að rannsóknir á sviði menningarmála eða lista verði hornreka í þessu nýja kerfi. Auðvitað megum við ekki láta hið hagnýta sjónarmið ná þannig völdum að hugvísindin, menningarstarfsemin eða listirnar þurfi að gjalda fyrir það. Það verður á einhvern hátt að byggja inn í þessi frv., þegar þau á endanum verða komin í gegnum skilvindu sína og síu, að slík hætta verði alls ekki til staðar.

Ég vil bara nefna það, svo það komi fram, að ef hvati rannsókna á að vera gróðasjónarmið eða arðsemissjónarmið þá erum við að girða fyrir gífurlega stórt og mikilvægt þekkingarsvið í vísindastarfi okkar. Ég nefni það bara að það eru fáir sem græða á rannsóknum um femínisma eða í sjálfu sér rannsóknum sem tilheyra listastarfsemi. Það má auðvitað ekki vera þannig að arðsemishvatinn verði það mikill að aðrir þættir verði vanræktir.

Ég hef í sjálfu sér, herra forseti, einnig ákveðnar áhyggjur líka af stöðu opinberra rannsóknastofnana okkar. Ég hef ákveðnar áhyggjur af því að háskólarnir okkar verði hornreka eða settir til hliðar á einhvern varamannabekk í þessu nýja kerfi. Ég hef fulla þörf fyrir að heyra það frá hæstv. menntmrh. og/eða öðrum þeim hæstv. ráðherrum sem að þessum málum koma. Það vill þannig til að aðeins hæstv. menntmrn. situr hér í salnum núna. En ég hef fulla þörf fyrir að heyra að hér sé í raun engin sérstök hætta á ferðum, þ.e. að menn séu meðvitaðir um að okkar hefðbundnu opinberu rannsóknastofnanir þurfi að hafa eðlilegt vægi í þessu nýja mynstri, þessari nýju mynd sem hér er verið að skapa, eins og mér finnst að hafi verið reynt að halda fram hingað til.

Það er auðvitað mjög mikilvægt, eins og hæstv. menntmrh. talaði um og átti orðastað við hv. þm. Ögmund Jónasson, að einkafyrirtæki komi í auknum mæli inn í að fjármagna rannsóknir og það hafa þau verið að gera hér á Íslandi sem og annars staðar. Hæstv. menntmrh. hefur fagnað því hér í ræðustóli og það er sjálfsagt og eðlilegt. En hæstv. ráðherra verður líka að viðurkenna að það hefur færst í vöxt að fjársterkir aðilar vítt og breitt um heiminn hafi verið að fjármagna rannsóknir sem eru síðan jafnvel ekki birtar og verða aldrei „vísindunum" að neinu gagni. Einkaaðilarnir kaupa þá til sín ákveðnar rannsóknir sem eru jafnvel iðnaðarrannsóknir eða rannsóknir beinlínis hagnýttar í þágu þessara stóru fyrirtækja. Auðvitað er sjálfsagt að slíkar rannsóknir fari fram en við verðum að passa okkur á að rannsóknastarf okkar fari ekki að einskorðast við rannsóknir af því tagi, þar sem niðurstöðurnar eru lokaðar inni í peningaskápum stórfyrirtækjanna.

Hæstv. ráðherra þekkir mætavel að þessi umræða fer fram í vísindasamfélaginu í dag. Hún er stöðugt að verða háværari vegna þess að það eru meiri brögð að því að stórfyrirtæki fjármagni rannsóknir sem koma síðan aldrei fyrir augu annarra vísindamanna og nýtast því ekki vísindasamfélaginu í stóru samhengi. Það er líka eðlilegt að í þessu samhengi komi upp hagsmunatengsl stórfyrirtækja og rannsóknarstofnana okkar. Það er eðlilegt að við ræðum um hagsmuni stórfyrirtækja sem geta orðið keypt sér prófessorsstöður í háskólunum. Það er eðlilegt að við ræðum alla fleti og hagsmunatengsl fyrirtækjanna við vísindaheiminn. Þar er svo sannarlega af mörgu að taka og ég segi fyrir mig, herra forseti, að það verður spennandi og fróðlegt að fara ofan í þessi mál í nefndum þingsins.

Ég endurtek það sem ég sagði í upphafi ræðu minnar. Ég tel þingmenn hafa fastara land undir fótum til að takast á við þessi mál nú en undir vor á síðasta þingi. Ég ítreka samt að þó að landslagið breytist með þessari nýskipan þá getum við aldrei horft fram hjá þörfinni fyrir aukið fjármagn til vísindarannsókna. Það hefur verið ein helsta gagnrýni vísindamanna hér á landi hingað til að sjóðir Ranníss hafi verið sveltir og hafi ekki haft úr nægilega miklu fjármagn að spila. Ég krefst þess að við höfum frelsi og svigrúm til að ræða stefnu í fjárveitingum samhliða umræðunni um frv. sem hér liggja fyrir og er ætlað að breyta landslaginu í vísindasamfélaginu.

[17:23]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sé það rétt sem hv. þm. hafði eftir einum af viðmælendum menntmn., að kerfið sem við byggjum við væri ekki alslæmt, hygg ég að við getum verið sammála um að tími hafi verið kominn til að breyta því.

Hér er spurt hvort þetta snúist um kerfi eða fjármagn. Að sjálfsögðu snýst málið sem hér er verið að fjalla um um kerfi. Þetta er kerfisbreyting og þess vegna beinlínis rangt að leggja áherslu á það að helsti gallinn við þessa kerfisbreytingu sé skortur á fjármagni. Það er verið að leggja grundvöll að því að bæta og styrkja vísindi og rannsóknir á Íslandi og efla tengsl þeirra við atvinnulífið og stjórnmálin.

Í raun hygg ég að mjög margir vísindamenn hafi talið æskilegt að skapa meiri skilning á milli stjórnmálamanna

og vísindamanna. Ég held að þeir hafi síst á móti því að efla meiri skilning milli atvinnulífsins, stjórnmálamanna og vísindamanna. Ég held að það skýri m.a. hversu jákvæð viðbrögðin við þessari breytingu hafa almennt verið.

Ég held að það sé líka afar brýnt að menn átti sig á því að það dugir ekki lengur að draga skýr mörk á milli hagnýtra rannsókna og grunnrannsókna. Æ fleiri fyrirtæki átta sig á því að það háir starfsemi þeirra að grunnrannsóknir eru ekki nógu sterkar. Þess vegna leggja þau áherslu á að efla grunnrannsóknir, bæði með því að leggja sjálf fjármagn í þær en einnig með því að leggja áherslu á að ríkisvaldið efli grunnrannsóknir.

Ég vil í lokin taka fram að mér finnst ekki heldur rétt að lýsa málinu þannig að hugvísindi, margar greinar hugvísinda, geti ekki haft verulega þýðingu fyrir atvinnulífið. Þvert á móti er það að koma æ betur í ljós að mjög margar greinar hugvísinda hafa mikla þýðingu fyrir þróun atvinnulífsins. Þannig er líka full ástæða til að vænta þess að hugvísindi munu njóta góðs af þessari breytingu.

[17:25]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hjartanlega sammála hæstv. menntmrh. um að auðvitað eru hugvísindi þess eðlis að þau eru, þegar öllu er á botninn hvolft, líka hagnýt vísindi. Það liggur hins vegar ekki í augum uppi hjá öllum. Úti í samfélaginu hefur það verið þannig, og við getum ekki lokað augunum fyrir því, að hugvísindi hafa átt undir högg að sækja. Þau hafa átt undir högg að sækja hjá rannsóknastofnununum og í háskólanum. Það er jafnvel að verða erfiðara að fá nemendur til að leggja stund á hugvísindi út af áherslunni á að annars konar vísindi séu hagnýtari og nýtist samfélaginu betur. Nemendum hefur beinlínis verið stýrt inn í þær vísindagreinar sem geta flokkast undir hagnýtar greinar enda hafi þær bein tengsl við atvinnulífið.

Ég vil bara minna á að á ársfundi Ranníss 2002 hlustaði ég á ræðu Jóns Ólafssonar sem, ef ég fer rétt með, mun vera forstöðumaður hjá einni af hugvísindastofnunum háskólans. Jón Ólafsson er virtur fræðimaður á sínu sviði og lýsti einmitt áhyggjum sínum af því að hugvísindi væru að fara í annan flokk vísindaramma Evrópusambandsins. Ég get ekki séð annað en á sama hátt megi segja að það sé hætta á því að hugvísindi verði sett í annan flokk hér á Íslandi. Ef það er ástæða til að vara við að slíkt gerist þá finnst mér að sjálfsögðu eðlilegt að skoða málið af fullri einlægni og ofan í kjölinn.

[17:27]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. síðasti ræðumaður hefur sama skilning og ég á því að hugvísindi geti haft mikla þýðingu fyrir atvinnulífið.

Ef við tökum sem dæmi félagsvísindi þá hefur það verið of áberandi að félagsvísindi hafa þróast án mikilla tengsla við atvinnulífið. Engu að síður er í félagsvísindum, þeim greinum sem flokkast sem félagsvísindi, stór og mikil þekkingarsvið sem geta nýst atvinnulífinu mjög verulega, ég nefni t.d. sérstaklega ferðaþjónustuna. Þannig er mikilvægt fyrir vísindamennina sem vinna innan þessara sviða að þeir skynji sjálfir að þeir eigi erindi, ekki bara í grunnvísindum heldur einnig í hagnýtum vísindum. Ég reikna með því að sú breyting sem hér er verið að vinna að gæti jafnvel leitt til þess að vísindamennirnir sjálfir skilgreini starf sitt svolítið með öðrum hætti en hingað til.

[17:28]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir það að umræða af þessu tagi gæti leitt til þess að vísindamenn fari að skilgreina starfssvið sitt með öðrum hætti en hingað til. Ég ætla ekki að segja meira um það en mér finnst í öllu falli mjög mikilvægt að öll þessi sjónarmið séu tekin inn í myndina. Séu einhvers staðar fólgnar hættur eða fallgryfjur er umfjöllunin um þau mál hér til þess fallin að byrgja þær gryfjur. Það skiptir verulegu máli að við stöndum öll saman um að gera það svo vel sé til að við tryggjum að breytingar af þessu tagi verði ekki bara breytinganna vegna heldur vegna þess að við ætlum okkur að sameinast í þeirri viðleitni að efla vísindarannsóknir á Íslandi, hugvísindi og félagsvísindi jafnt og önnur hagnýt vísindi. Ég verð að segja að til þess virðist fullur vilji þeirra sem hér hafa talað, að slíkur árangur geti orðið af þessari umfjöllun.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan: Ég hlakka til að takast á við að skoða þessi mál í nefndunum og treysti því að þau verði áfram spyrt saman eins og gert er í þessari umræðu þannig að litið verði á þetta sem heild sem allar nefndirnar þrjár fái jafna möguleika til að ígrunda.

[17:30]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það mun hafa verið 9. apríl árið 2001, ef ég man rétt, sem hæstv. þáverandi menntmrh. hóf upp þetta fagnaðarerindi um nýskipan á sviði vísindarannsókna á Íslandi, á aðalfundi Ranníss. Það var sérstaklega tekið fram af núverandi hæstv. menntmrh. í yfirstandandi umræðu að viðbrögð vísindamanna við þeirri ræðu hefðu verið afskaplega jákvæð. Ég verð þó að deila því með ykkur að sú jákvæðni sneri a.m.k. ekki að mér. Ég fékk fjöldamargar upphringingar frá ævareiðum vísindamönnum sem töldu að þarna væri veist mjög að möguleikum þeirra til að fá styrki til að stunda rannsóknir á Íslandi. Mikil ánægja kom fram í máli þessa fólks með starfsemi Ranníss eins og hún hafði verið þá undanfarin ár, og það tjáði mér hversu mikil sátt hafði í raun ríkt um úthlutanir undanfarið miðað við það sem áður hafði verið. Sagt var að það eina sem plagaði Rannís virkilega væri fjárskortur og fjársvelti. Þetta var það sem kom fram hjá þeim sem töluðu við mig.

Þessi frv. voru flutt á sl. vori og fór ekkert á milli mála fyrst í stað að ætlunin var að keyra þau í gegn. Ég er búin að sitja lengi í hv. menntmn. á Alþingi og ég man aldrei eftir öðrum eins geðhrifum og innibyrgðri reiði og kom fram hjá mjög mörgum þeirra vísindamanna sem voru kallaðir fyrir nefndina til að gefa álit sitt á þessum frv. Sem betur fer varð það úr að þau voru dregin til baka, og það verður að segjast eins og er að þau hafa þó nokkuð batnað í sumar. Engu að síður hafa nokkrir agnúar ekki verið sniðnir af, þar á meðal meginfyrirmyndin sem sögð er sótt til Finnlands, um að 14 menn skipi vísinda- og tækniráð auk forsrh., fjmrh., iðnrh. og menntmrh. Og nú er ég með sömu spurningu og sl. vor: Hvers vegna ekki öll ríkisstjórnin? Hvers vegna er búið að velja þarna úr nokkra ráðherra sem eiga að sitja í þessu vísinda- og tækniráði? Það hefur verið talað um að það væri ákveðið „prestige“ fólgið í því að fá ráðherra inn í þetta ráð. Ég held að það væri þá enn þá meira „prestige“ ef það væri öll ríkisstjórnin.

Auk þess á að skipa aðra fulltrúa í þetta ráð, tvo samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, tvo samkvæmt

tilnefningu Samtaka atvinnulífsins, einn samkvæmt tilnefningu menntmrh., einn samkvæmt tilnefningu iðnrh., einn samkvæmt tilnefningu sjútvrh., einn samkvæmt tilnefningu landbrh., einn samkvæmt tilnefningu heilbr.- og trmrh. og einn samkvæmt tilnefningu umhvrh. og nú hlýtur málið að vera orðið gulltryggt. Vilji ríkisstjórnarinnar fer aldrei fram hjá þessu máli. Það stendur t.d. ekkert þarna um að þeir fulltrúar sem öll þessi ráðuneyti og stofnanir eiga að skipa séu vísindamenn eða sérstaklega kunnugir í vísindaheiminum. Ég verð að segja að mér finnst ekki nógu vel frá þessu gengið. Ég gagnrýndi þetta á síðasta þingi og mér finnst að það hafi ekki komið í gegn, jafnvel þó að ýmislegt hafi breyst til batnaðar. Mér finnst að tryggja þurfi hvaða aðila á að skipa í þetta ráð auk ráðherranna sem ég treysti ekki að viti of mikið um vísindi eða vísindarannsóknir samkvæmt þeim kynnum sem ég hef haft af þeim þjóðflokki.

Það hefur verið vísað mjög mikið til Finnlands, að hér sé verið að skipa málum með sama hætti og gert hafi verið í Finnlandi, og að Finnar hafi náð svo feikilega miklum árangri í vísindarannsóknum á undanförnum árum. Það er auðvitað rétt. En það verður að geta þess að Finnar eru með slíkt ráð eins og hér er verið að tala um, sem er pólitískt skipað, en þeir eru líka með önnur batterí sem styrkja vísindarannsóknir heilmikið. Það bjargar auðvitað málunum fyrir þá vegna þess að menn geta sótt annað ef þeir eru hræddir um að verða fyrir pólitískri misbeitingu. Hér á að setja þetta allt undir sama hattinn.

Það er fleira sem Finnarnir eru með öðruvísi og ýmislegt hefur komið fram hér. Þegar þeir samþykktu sín lög fyrst settu þeir inn í lögin sjálf að fjárframlög til þessa vísinda- og tækniráðs yrðu aukin um 15% á ári hverju næstu 10 árin. Fjármunir voru veittir af ásettu ráði í stórauknum mæli til þessara mála. Þó að ég efi ekki að ríkisstjórnin ætli sér vel með þessu frv. hefur af einhverjum ástæðum því miður ekki tekist, ekki einu sinni við endurskoðun, að koma slíku ákvæði inn í þessi vísindafrv., heldur er hér enn að finna umsagnir frá fjmrn. þar sem gengið er út frá því að „lögfesting frumvarpsins leiði ekki til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð". Svo mörg eru þau orð. Hins vegar gætu þau kannski skipst eitthvað „öðruvísi en áður".

Til hvers að vera með alla þessa yfirbyggingu og allar þessar skipulagsbreytingar út og suður með mjög flóknum skipuritum sem sérfróðir menn hafa setið við að teikna ef ekki á að veita meiri peninga til málaflokksins? Ráðherrarnir eiga að sitja þarna allir í hóp með vinum sínum sem þeir hafa sérstaklega skipað í ráðið, kannski þingmönnum, hver veit, og togast á um krónur og aura. Ég verð að segja að ef ekki fylgja auknir fjármunir finnst mér þetta vera unnið fyrir gýg.

Varðandi frv. til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, þ.e. frv. menntmrh., finnst mér til mikilla bóta sú breyting sem gerð hefur verið á 2. gr. frv. um að sjóðurinn styrki ekki aðeins rannsóknarverkefni einstaklinga heldur jafnframt rannsóknarverkefni rannsóknarhópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja. Þetta er eitt af því sem hefur breyst til góðs í sumar. Eins að samkvæmt 6. gr. sé hlutverk Rannsóknarnámssjóðs að veita styrki til rannsóknartengds framhaldsnáms að loknu grunnnámi við háskóla almennt en ekki bara til rannsóknarnáms á Íslandi eins og tekið var fram í fyrra frv. Þessar og fleiri breytingar á frv. finnast mér til góðs en enn er spurningunni ósvarað: Hvers vegna er lagt í alla þessa óhemjufrumvarpssmíð, allar þessar flóknu skipulagsbreytingar, ef ekki er meiningin að setja inn í þennan þátt aukið fjármagn?

[17:41]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hv. þingmanni fyrir hólið en geta þess um leið að í a.m.k. einu tilfelli hældi hún okkur fyrir það sem við áttum ekki skilið. Í 2. gr. frv. eins og það var lagt fram í fyrra stendur einmitt að sjóðurinn, Rannsóknasjóður, styrki skilgreind rannsóknarverkefni einstaklinga, rannsóknarhópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja þannig að þarna er engin breyting á ferðinni.

Hins vegar vil ég taka það fram að ástæðan fyrir því að ákveðið var að fresta þessu máli og fara betur yfir það var fyrst og fremst að andstaða kom fram við málið sem við töldum að væri byggð að einhverju leyti á því að málið hefði ekki verið kynnt nógu vel fyrir vísindaheiminum og byggðist þar af leiðandi að einhverju leyti á misskilningi. Þess vegna lögðum við mikið upp úr því að kynna málið vel. Það hefur því komið í ljós með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frv. að um grundvöll frv. ríkir almenn ánægja. Samstaða um þetta mál hefur vaxið mikið eftir því sem það hefur farið í betri kynningu. Þess vegna held ég að það hafi verið rétt niðurstaða að hér hefði verið um að ræða, á sínum tíma, of gott mál til að samþykkja það í ósætti í þinginu í fyrra. Það hefur komið í ljós að það er miklu almennara samkomulag um þetta mál núna en áður var. Eflaust á það að einhverju leyti rætur að rekja til þeirra breytinga sem gerðar voru á því en það á ekki síður rætur að rekja til þess að málið var betur kynnt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Örnefnastofnun Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 358. mál (afnám stjórnar). — Þskj. 398.

[17:44]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 14/1998, um Örnefnastofnun Íslands.

Með núgildandi þjóðminjalögum, nr. 107/2001, var þjóðminjaráð lagt niður. Af því tilefni er nauðsynlegt að breyta 3. gr. laga nr. 14/1998, um Örnefnastofnun Íslands, þar sem í 1. mgr. þeirrar greinar er kveðið á um að þjóðminjaráð tilnefni einn stjórnarmann í stjórn stofnunarinnar.

Með frv. þessu er lögð til sú breyting að stjórn Örnefnastofnunar verði lögð niður jafnframt því sem valdsvið og hlutverk forstöðumanns verður gert skýrara en í gildandi lögum.

Er það í samræmi við álit nefndar á vegum fjmrn. um ábyrgð, valdsvið og stjórnunarumboð forstöðumanna sem gefið var út í október 2000. Þar kemur fram að stjórnsýsluleg staða, hlutverk stjórna og staða forstöðumanna sé oft óskýr og af því leiði að óljóst sé hver beri ábyrgð á rekstri viðkomandi stofnunar.

Hlutverk stjórnar Örnefnastofnunar Íslands, að hafa eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar, felur í sér óljós mörk milli ábyrgðar forstöðumanns og stjórnar. Hið sama má segja um hlutdeild stjórnar í ráðningum annarra starfsmanna við stofnunina. Samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, er það meginregla að vald

til ráðningar annarra starfsmanna ríkisstofnunar sé í höndum forstöðumanna.

Annað meginhlutverk stjórnar samkvæmt gildandi lögum er að vinna að stefnumörkun stofnunarinnar í samráði við forstöðumann. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að forstöðumaðurinn taki að sér þetta hlutverk og hafi þannig einn umsjón með því. Með hliðsjón af 1. gr. gildandi laga um stofnunina er þó óhjákvæmilegt að haft verði samráð við þær stofnanir sem tengjast varðveislu örnefna og rannsóknum á þeim. Er hér átt við stofnanir eins og Landmælingar Íslands, sem Örnefnastofnun Íslands hefur nú þegar samstarfssamning við, stofnanir og deildir Háskóla Íslands og eftir atvikum aðrar ríkisstofnanir eða aðila sem tengjast starfssviði stofnunarinnar.

Með þessum orðum, herra forseti, legg ég þetta frv. fram og óska eftir því að eftir umræðuna verði því vísað til hv. menntmn.

[17:46]

Útbýting þingskjala:

Leiðtogafundur um sjálfbæra þróun, 381. mál, skýrsla umhvrh., þskj. 434.

Mænuskaðaverkefni, 380. mál, fsp. LMR, þskj. 433.

Rafmagnseftirlit, 378. mál, fsp. ÞBack, þskj. 431.

Ættleiðingar, 379. mál, fsp. ÍGP, þskj. 432.

Öldrunarstofnanir, 112. mál, svar heilbrrh., þskj. 412.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:47.

---

32. FUNDUR

þriðjudaginn 19. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning aðalmanns í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður í stað Jóns Steinars Gunnlaugssonar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

2. Vísinda- og tækniráð, stjfrv., 336. mál, þskj. 366. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Opinber stuðningur við vísindarannsóknir, stjfrv., 357. mál, þskj. 394. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, stjfrv., 345. mál, þskj. 381. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Örnefnastofnun Íslands, stjfrv., 358. mál, þskj. 398. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Ábyrgðir vegna lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála, stjfrv., 356. mál, þskj. 393. — 1. umr.

7. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 371. mál, þskj. 417. — 1. umr.

8. Staðgreiðsla opinberra gjalda, stjfrv., 372. mál, þskj. 418. — 1. umr.

9. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 355. mál, þskj. 392. — 1. umr.

10. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 322. mál, þskj. 350. — 1. umr.

11. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 359. mál, þskj. 399. — 1. umr.

12. Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Frh. fyrri umr.

13. Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, þáltill., 18. mál, þskj. 18. — Frh. fyrri umr.

14. Hvalveiðar, frv., 20. mál, þskj. 20. — 1. umr.

15. Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, þáltill., 30. mál, þskj. 30. — Fyrri umr.

16. Sjálfbær atvinnustefna, þáltill., 33. mál, þskj. 33. — Fyrri umr.

17. Almenn hegningarlög, frv., 39. mál, þskj. 39. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Jón Kristjánsson heilbrrh.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Jónas Hallgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Magnús Stefánsson, 2. þm. Vesturl.,
Páll Pétursson félmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Vextir banka og sparisjóða, 212. mál, svar viðskrh., þskj. 426.

Þjóðminjalög, 382. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 435.

Athugasemdir um störf þingsins.

Samkomulag við Samtök aldraðra um hækkun bóta o.fl.

[13:32]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég leyfi mér að taka til máls um störf þingsins til þess að tilkynna þinginu samkomulag sem hefur orðið við Samtök aldraðra og var undirritað í morgun í Ráðherrabústaðnum. Samkomulagið varðar hækkun bóta til aldraðra og öryrkja og fjallar um mikilvægar hagsbætur til hinna lægst launuðu. Þar að auki fjallar samkomulagið um aðgerðir í málefnum aldraðra varðandi stoðþjónustu og heimaþjónustu og varðandi úrbætur í hjúkrunarrýmum og uppbyggingu á Vífilsstöðum sem verið hefur í umræðu. Þessar viðræður hafa staðið yfir undanfarnar vikur. Samkomulagið náðist í gærkvöldi. Samkomulagið mun leiða til hækkunar bóta um 1,6 milljarða á næsta ári. Fjárln. verða sendar tillögur um fjárhagshlið þessa máls fyrir 2. umr. fjárlaga, en fjmrh. skýrir nánar frá þeirri hlið mála.

Ég vildi skýra þinginu frá þessu vegna fréttamannafundar sem haldinn var í morgun, en þetta samkomulag er komið til vegna nefndar sem var skipuð í samráði ríkisstjórnarinnar og samráðsnefndar aldraðra. Ég vildi einungis tilkynna þinginu

þessa niðurstöðu vegna þess að við héldum fréttamannafund um þetta í morgun, fjórir ráðherrar, félmrh., fjmrh., forsrh. og heilbrrh.

[13:34]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þessar upplýsingar og fagna því að menn hafi náð samkomulagi við Samtök aldraðra. Það er mjög mikilvægt að ríkisstjórnin standi við þau orð og loforð sem hún hefur gefið öldruðum í þessum samningaviðræðum.

Vissulega er verið að leysa mjög brýna þörf fyrir hjúkrunarrými með því að koma á aðstöðu á Vífilsstöðum fyrir hjúkrunarsjúklinga. Engu að síður fær mjög stór hópur ekki þjónustu sem skyldi, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, og vænti ég þess að farið verði í að leysa einnig vanda þess hóps.

Herra forseti. Öryrkjabandalag Íslands hefur leitað eftir samráði við ríkisstjórnina um kjör þeirra og einnig um það hvernig menn muni halda upp á ár fatlaðra sem senn gengur í garð. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvað með samráð við Öryrkjabandalagið og öryrkja? Öryrkjabandalag Íslands hefur auglýst ítrekun til stjórnvalda með heilsíðuauglýsingum í blöðum en hefur ekki fengið nein svör núna í heilt ár frá stjórnvöldum um samráð við þá um þeirra kjör. Hæstv. ráðherra talaði um að öryrkjar fengju sambærilegar úrbætur og aldraðir samkvæmt þessu samkomulagi við aldraða. En ég mundi gjarnan vilja fá að heyra það frá hæstv. ráðherra hvernig ríkisstjórnin hyggst bregðast við gagnvart öryrkjunum. Munu ríkisstjórnin verða í samráði við þá? Og hvernig hyggst ríkisstjórnin taka á þeim kröfum sem snúa að ári fatlaðra sem hefst um næstu áramót?

Ég verð að segja að það er ákveðinn áfellisdómur yfir ríkisstjórninni að svona auglýsing þurfi að birtast ítrekað frá stórum hagsmunasamtökum eins og Öryrkjabandalagi Íslands.

[13:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það eru vissulega mikil tímamót í samstarfi ríkisstjórnarinnar og Landssamtaka eldri borgara þegar næst samkomulag á borð við það sem undirritað var í morgun. Ástæðulaust er að gera lítið úr því með því að benda á önnur vandamál sem enn kunna að vera óleyst.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur hér verið stigið mjög stórt skref til þess að koma til móts við þær kröfur og hugmyndir sem Landssamtök eldri borgara hafa haft uppi á undanförnum árum. Það er rétt að vekja athygli á því að þegar kemur að tryggingagreiðslunum þá er í þeim útreikningum sem við höfum undir höndum og hæstv. heilbrrh. vitnaði til, að sjálfsögðu reiknað með því að sams konar hækkanir renni til öryrkja. Þar er um að ræða greiðslur sem munu á næsta ári kosta 1.500–1.600 millj. kr. og birtast í formi hækkaðrar tekjutryggingar, tekjutryggingarauka og skertrar tengingar milli greiðslna og launa, þ.e. lægra skerðingarhlutfalls tekna. Og á árinu 2004 er gert ráð fyrir að heill milljarður bætist við.

Þegar allur þessi pakki er talinn saman á þriðja ári héðan í frá með öllum þeim ráðstöfunum sem ráðgerðar eru í sambandi við hjúkrunarheimilamálin, heimaþjónustu og margt fleira sem er að finna í þessu samkomulagi, má gera ráð fyrir því að hann kosti rúma 5 milljarða kr. miðað við það sem gert er í dag þannig að 5 milljarðar munu bætast við fjárlögin árið 2005 á grundvelli þessarar yfirlýsingar sem nú hefur verið gefin. Ég held að menn hefðu nú tekið ofan hattinn fyrir minni aðgerðum en þessum.

[13:38]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessar upplýsingar. Við eigum að sjálfsögðu eftir að fá þær miklu nánari. En þó er eitt augljóst, að mikilvægur áfangi er hér kominn fram í réttinda- og kjarabaráttu samtaka eldri borgara sem hefur verið háð undanfarin ár og það er greinilegt að þeim hefur nú tekist að knýja ríkisstjórnina til viðsnúnings, fá hana til að snúa af þeirri óheillabraut sem hún hefur verið á á undanförnum árum, en sem öllum er kunnugt hafa kjör eldri borgara ekki þróast í samræmi við það sem gerst hefur almennt í landinu á liðnum árum. Verður bilið brúað með þessum aðgerðum? Nei, en það minnkar. Þetta er að vísu ekki í samræmi við þá hugmyndafræði sem eldri borgarar hafa lagt til grundvallar, en hún er sú að efla almannatryggingar sem tryggingakerfi. Þær hækkanir sem nú er verið að semja um eru hækkanir á tekjutryggingunni og tryggingaraukanum. Þetta felur í sér kjarabætur fyrir marga og því bera að sjálfsögðu að fagna.

Einnig er mjög mikilvægt að heimaþjónustan og margvísleg stoðþjónusta skuli verða styrkt. Ég fagna þessu sérstaklega. En þetta er árangur af þrotlausri baráttu eldri borgara og sýnir okkur hverju baráttan getur skilað.

[13:40]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það má með sanni segja að nú séu mikil tímamót í samskiptum hæstv. ríkisstjórnar og eldri borgara ef þetta er eins bitastætt og menn halda hér fram sem í fyrirsvari eru. Sagan undanfarin ár er allt önnur svo að ef þetta er eins og það lítur við fyrsta augnakast út mikilvægt og mikil kjarabót fyrir aldraða og öryrkja þá er hér um gerbreytt tímamót að tefla í samskiptum þessara tveggja aðila. Það var svo sem auðvitað að fréttamenn þyrftu að sitja fyrir um þessar upplýsingar áður en hið háa Alþingi fengi að fjalla um þær. En þar sem hv. þingmönnum er með öllu ókunnugt að heita má um innihald þessa samkomulags þá geri ég ráð fyrir því að innan tíðar verði rækileg og ítarleg umræða um þessi mikilvægu mál.

Fyrir kosningar árið 1999 var líka stofnuð nefnd sem átti að vinna að kjarabótum aldraðra, þ.e. ríkisstjórn og aldraðir, eldri borgarar. Allt sem þar var stefnt að var að engu haft og þessu hafa forustumenn eldri borgara marglýst yfir. Hvar sem borið er niður varðandi kjör aldraðra þá hafa þeir ekki eingöngu verið látnir sitja á hakanum heldur hafa beinar yfirlýsingar verið sviknar af stjórnvöldum. Nú er verið að semja. Ríkisstjórn á síðasta ári er að semja um þessar kjarabætur og þá væntanlega að gera samninga fyrir nýja stjórn sem þá verður ekki kölluð til ábyrgðar.

[13:42]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það er sérstök ástæða til að fagna því að hæstv. ríkisstjórn hefur horfið af þeirri braut andvaraleysis sem ríkt hefur í málefnum aldraðra af hennar hálfu. Það er ekki seinna vænna svona rétt í lok kjörtímabilsins en að menn taki til hendi og semji svolítið fram í tímann. (**SvH:** Og kosningar fram undan.) Og kosningar eru fram undan. Ég hef ekki haft aðstöðu til að kynna mér þetta samkomulag ítarlega en heyrði hæstv. heilbrrh. minnast á að það stæði m.a. til að bæta úr varðandi hjúkrunarrými fyrir aldraða sem ég tel vera sérstaklega mikilvægt. Ég vona þá í leiðinni að

hæstv. ríkisstjórn taki sig á og sinni skyldu sinni í þeim efnum varðandi fjármögnun slíkra heimila vegna þess að svo virðist sem nú nýverið hafi menn uppgötvað að það er skylda ríkisins að fjármagna slík heimili að 80% hluta, en nú nýverið var gerður samningur um Markarholtsheimilið í Reykjavík þar sem ríkið fjármagnar þetta að 70% hluta. Einhverra hluta vegna er því sem sveitarfélögin hafi ekki áttað sig á hver hlutur ríkisins er í þessum efnum.

Herra forseti. Ég held að það sé löngu orðið tímabært að bæta þarna verulega úr. Í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu bíða hundruð einstaklinga eftir slíkri þjónustu og ekki er seinna vænna en því sé sinnt. Því geri ég ráð fyrir að hæstv. ríkisstjórn hyggist líka sinna skyldu sinni varðandi fjármögnun þessara heimila í framtíðinni en komi ekki þeirri skyldu yfir á aðra eins og reyndin hefur því miður verið og nú síðast með undirritun síðasta samnings þar sem fjármögnun ríkisins var einungis 70%.

[13:44]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil koma fram tvennu til viðbótar. Það er varðandi öryrkjana og þátt þeirra í þessu samkomulagi. Þetta samkomulag á rætur að rekja til formlegrar samstarfsnefndar við aldraða. Slík nefnd er því miður ekki til hvað öryrkja snertir þó full þörf sé á að koma slíkri nefnd á laggirnar. Hins vegar lagði ég áherslu á það frá upphafi að örorkubæturnar fylgdu og þær gera það. Þarna er ákvæði um að hækka tekjutryggingaaukann sem kemur þeim lægst launuðu til góða sérstaklega. Skerðingarhlutfallið í tekjutryggingaraukanum er lækkað úr 67% niður í 45% sem er sérstaklega mikilvægt fyrir öryrkja. Ég mun að sjálfsögðu gera forustu Öryrkjabandalagsins grein fyrir þessu samkomulagi. Við höfum reyndar átt viðræður við þá í sumar þó að þeir hafi ekki átt aðild að þessum viðræðum af þeim ástæðum að samkomulagið varð til í samráðsnefndinni við aldraða sem er formleg. Þetta er ættað frá því samstarfi.

Í öðru lagi varðandi hjúkrunarheimilin þá eru ákvæði í þessu samkomulagi, sem að sjálfsögðu verður kynnt betur og rætt, m.a. við fjárlagaumræðu, um að breyta hlutverki Framkvæmdasjóðs aldraðra þannig að hann fái formlega það hlutverk að greiða öldrunarstofnunum húsnæðisframlag eða leiguígildi sem standa undir viðhaldskostnaði og að stærstum hluta fjárfestingarkostnaði nýrra hjúkrunarheimila. Þetta er tímamótaáform sem við verðum að vinna að í framhaldinu.

Athugasemdir um störf þingsins.

Matsskýrsla um umhverfisáhrif Norðlingaölduveitu.

[13:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins af öðru tilefni, þ.e. að ég hef fyrir alllöngu síðan lagt hér inn beiðni um umræðu utan dagskrár þar sem settur umhvrh. yrði til svara vegna stöðu mála hvað varðar mat á umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu í Þjórsárverum. Það er kunnara en frá þurfi að segja að miklar deilur hafa risið um þetta mat. Vísindamenn hafa komið fram með mjög alvarlegar ásakanir um að gögn þeirra hafi ekki verið rétt meðhöndluð, að matsskýrsla framkvæmdaraðila byggi ekki á hlutlægri úrvinnslu grunngagna og þar af leiðandi sé ástæða til að vefengja sjálft matið.

Um þetta vildi ég spyrja hæstv. ráðherra. Mér er að sjálfsögðu ljóst að hæstv. ráðherra er að undirbúa efnislegan úrskurð í málinu. Ég ætlaði ekki að fara fram á að ráðherra tjáði sig fyrir fram um hann en mér finnst ansi hart ef enginn umhvrh. er í landinu til svara um almenna stöðu máls af þessu tagi. Spurningarnar sem ég ætlaði að bera fram voru m.a. hvernig ráðherra mæti stöðuna, hvort ráðherra teldi jafnvel þörf á að endurtaka matsferlið í heild sinni eða hvernig ráðherra hygðist, í ljósi þessara aðstæðna og deilna sem m.a. eru komnar upp milli manna úr vísindasamfélaginu og framkvæmdaraðilans, fá óháða og hlutlæga ráðgjöf í málinu.

Það getur ekki verið svo, herra forseti, að landið sé umhverfisráðherralaust. Það er algerlega ómögulegt að trúa því. Þeir eru frekar tveir en einn þessa dagana. Þess vegna uni ég því heldur illa að ekki skuli hægt að fá hér, jafnvel ekki með margra daga fyrirvara, umræðu þar sem hægt væri að fá svör við spurningum um almenna stöðu málsins. Ég er heldur ósáttur við að hæstv. ráðherra skuli ekki treysta sér í umræðuna. Ég minni á að það er réttur þingmanna að taka mál upp við slíkar aðstæður. Ráðherrar hafa ýmsar skyldur, ríkar skyldur, þar á meðal þær að upplýsa Alþingi um stöðu mála og auðvitað að sinna þingskyldum sínum eins og hverjir aðrir menn.

[13:48]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Það er rétt að hv. þm. Steingrímur Sigfússon hafði samband við mig og bað um utandagskrárumræðu um þetta mál. Ég lét kanna það hvort eðlilegt væri að ég færi í slíka umræðu. Út úr þeirri könnun kom, sem ég vissi reyndar, að ég er úrskurðaraðili í þessu máli og get ekki tekið til máls í efnislegri umræðu um það. Ég get einungis upplýst hvernig ég hef unnið að þessu máli og hver staða málsins er að því leyti. Ég hef rætt við alla aðila sem sent hafa inn kærur og aðra aðila sem ég tel að tengist málinu. Ég mun taka mér tíma, alla vega fram að mánaðamótum, til þess að kveða upp þennan úrskurð. Það stendur í lögum, þó að sá frestur sé liðinn núna, að ráðuneytið hafi ríka rannsóknarskyldu í þessum efnum.

Ég hef fengið einvala lið manna til að skoða þetta mál og ég vil upplýsa hverjir þeir eru. Það eru: Eiríkur Tómasson prófessor, Eiríkur G. Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, Birgir Jónsson, dósent við Háskóla Íslands, Kristín Svavarsdóttir frá Landgræðslu ríkisins, Kristinn Haukur Skarphéðinsson líffræðingur, Sigurður Erlingsson verkfræðingur, prófessor við Háskóla Íslands, dr. Conor Skehan frá Írlandi, Arnheiður Hjörleifsdóttir landfræðingur, mastersnemi við Háskóla Íslands. Auk þess stjórna vinnunni fyrir mína hönd í ráðuneytinu Davíð Á. Gunnarsson ráðuneytisstjóri og Guðríður Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri.

[13:50]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Hér er óneitanlega uppi nokkuð einkennileg staða. Það er enginn til svara fyrir ráðuneyti umhverfismála á Íslandi, ekki sá hæstv. ráðherra sem settur hefur verið í úrskurði um Norðlingaölduveitu né heldur hæstv. umhvrh. Siv Friðleifsdóttir.

Hvað ber þá að gera? Er í raun ekki hægt, herra forseti, að taka hér efnislega umræðu um umhverfismálin, virkjanastefnuna og um stöðu málsins, sem reyndar er í kæruferli hjá ráðherra vegna Norðlingaölduveitu? Þetta er óneitanlega mjög einkennileg staða, herra forseti, í ljósi þess að einhvers

staðar annars staðar í stjórnkerfinu er unnið að gerð ramma-áætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Hvenær skyldi sú áætlun nú líta dagsins ljós, herra forseti? Skyldi það vera þegar Þjórsárver verða komin undir vatn? Skyldi það verða þegar búið verður að reikna út í hörgul hagkvæmni þess að virkja Jökulsá á Fjöllum?

Herra forseti. Þetta gengur ekki svona. Það er ekki hægt að vera í pukri með þessar miklu ráðagerðir. Það verður einhver að svara fyrir hönd hæstv. ríkisstjórnar. Hvernig vindur málum fram og hvernig á að bregðast við þeim hörðu ásökunum sem komið hafa fram um gerð matsskýrslu og vinnuna við umhverfismatið á Norðlingaölduveitu? Það gengur ekki, herra forseti, að hér séu engu svarað.

[13:52]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Óháð og hlutlæg ráðgjöf hlýtur að vera grundvallaratriði fyrir hæstv. starfandi umhvrh. í þeirri vinnu sem nú fer fram á hans borðum í heilbr.- og trrn. Hann upplýsir okkur hér um að einn af ráðgjöfum hans sé Eiríkur Tómasson lögfræðingur, sem var ráðgjafi hæstv. umhvrh. Sivjar Friðleifsdóttur í sambærilegu máli þegar úrskurður um Kárahnjúkavirkjun var kærður og var tekinn til áframhaldandi umhverfismats á borðum umhvrh. Eiríkur Tómasson gaf mjög umdeilt lögfræðiálit á þeim tíma varðandi þá vinnu. Ég vil rifja það upp að núna liggur fyrir dómstólum kæra á þeirri vinnu sem fór fram á grundvelli lögfræðilegs álits Eiríks Tómassonar.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé alveg hlutlaus, óháð og hlutlæg ráðgjöf sem hann ætlar að sækja til Birgis Jónssonar, dósents í Háskóla Íslands. Mig rekur minni til þess að hafa heyrt að hann væri í stöðu sem kostuð væri af Landsvirkjun. Ég þori ekki að fara með það hér en ég ráðlegg hæstv. ráðherra að athuga það. Ég vil gagnrýna hæstv. ráðherra fyrir að Náttúrufræðistofnun Íslands skuli ekki vera nefnd sem óháður aðili í ráðgjafahópi hæstv. ráðherra. Náttúrufræðistofnun Íslands er jú stofnunin sem hefur haft rannsóknarvinnu með höndum. Hún hefur ekki komið að sjálfu umhverfismatinu. Hún hefur gætt þess að halda sér óháðri og ótengdri umræðunni þannig að ég undrast að hæstv. ráðherra skuli ekki hafa þessa umhverfisstofnun okkar Íslendinga með sér í ráðgjafahópnum.

Að lokum vil ég gagnrýna hæstv. ráðherra, Jón Kristjánsson, fyrir að hann skuli ekki heimila að umræða hefjist í sölum Alþingis um vinnubrögðin í þessu máli. Svo alvarlegar eru þær ásakanir sem á hafa dunið síðustu daga og vikur.

[13:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þær upplýsingar sem hann veitti og ég tel að þær sýni að við hefðum vel getað rætt hér um almenna stöðu málsins án þess að ráðherra hefði á nokkurn hátt gert sig vanhæfan til að fella síðan úrskurð. Það er eitt að ræða um stöðu máls, vinnu, undirbúning og allar kringumstæður, og annað hið efnislega innihald.

Ég lít svo á að hæstv. heilbrrh. Jón Kristjánsson sé umhverfisráðherrann í þessu máli. Það getur auðvitað ekki verið þannig að til hans sé bara vísað því að ganga frá úrskurðarorðum. Hann tekur við málinu í heild sinni úr því að hæstv. umhvrh. Siv Friðleifsdóttir segir sig frá málinu.

Það er svo reyndar sérstakt umræðuefni, herra forseti, hvort það á að vera þannig að það sé geðþóttamat ráðherra hvenær þeir telji sjálfa sig hæfa og hvenær ekki. Ég vek athygli á því að nú telur hæstv. umhvrh. Siv Friðleifsdóttir sig vanhæfa til að fella úrskurð af því að hún hafi látið ummæli falla um verndargildi Þjórsárvera. Sami ráðherra taldi sig ekki vanhæfa til að fella úrskurð um Kárahnjúkavirkjun þó að hún hefði áður lýst því yfir að hún styddi stefnu ríkisstjórnarinnar um að byggja þá virkjun. Þetta er nokkuð sérkennilegt, herra forseti, þegar þetta er borið saman.

Svo vil ég segja það að lokum að ef ég man rétt þá er þetta í þriðja skiptið sem það gerist á örstuttum tíma að hæstv. ráðherrar ákveða í raun að taka ekki utandagskrárumræður sem til þeirra er beint. Það eru nokkrir dagar síðan hæstv. sjútvrh. neitaði hreinlega að ræða hér um málefni kræklingaræktar. Þetta á auðvitað ekki að vera svona, herra forseti. Það þarf að fara ofan í saumana á því hvort hæstv. ríkisstjórn er einnig að þessu leyti að koma upp nýjum hefðum og siðum gagnvart rétti þingmanna, sem bundinn er í lögum og stjórnarskrá, til að krefjast upplýsinga og nota þennan vettvang til þess. Þann rétt er verið að takmarka með framkvæmd og hefðarhelgun af þessu tagi. Ég kann því illa.

[13:57]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að nefna við þessa umræðu að hér eru að myndast sérstæðar hefðir ef fram heldur sem horfir, þ.e. að ef stjórnmálamenn tjái sig um málefni þá séu þeir síðar vanhæfir til að fjalla um mál sem koma inn á þeirra borð. Hvert er hlutverk stjórnmálamanna? Er það ekki að setja fram viðhorf, er það ekki að setja fram skoðanir, er það ekki að setja fram hugmyndir og tala fyrir stefnum? Ef þeir tala fyrir tilteknum málum, eru þeir þá vanhæfir?

Tiltekið mál var kært til umhvrh. Ráðherra sagði sig frá málinu sökum þess að hún hafði áður fjallað um það á opinberum vettvangi. Þá segir settur umhvrh. að hann geti ekki talað fyrir málinu hér af því að hann sé að fjalla um kæru. Þetta eru eins og einhvers konar dómarar, að sömu vanhæfisreglur gildi um ráðherra í umræðum hér á hinu háa Alþingi þar sem mönnum er skylt að koma og gera grein fyrir afstöðu sinni til málefna og upplýsa aðra um hana. En vegna þess að hér eru mál til meðferðar og þeir settir tímabundið til verksins þá geta þeir ekki tjáð sig.

Ég spyr bara: Á hvaða vegferð erum við í þessum efnum? Ég ætla bara að vona í guðs bænum að menn leggi nú af þessa vitleysu og hafi í huga það sem Halldór Ásgrímsson nefndi einhvern tíma, að hlutverk stjórnmálamanna væri að hafa skoðun. Ég held að hæstv. heilbrrh. eigi að hafa skoðun í málinu og ætti að tjá sig um það þó að síðar meir eigi ráðherrann á einhvern lögfræðilegan hátt að fjalla um úrskurð í málinu. Mér finnst það alveg fráleit sjónarmið sem hér hafa verið sett fram af hálfu hæstv. heilbrrh.

[13:58]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að á þeim síðustu dögum sem hann er að fara yfir kæruatriði í þessu viðkvæma máli sé eðlilegt að hann einbeiti sér að því og tjái sig ekki um það. En það dreg ég ekki í efa að þegar sá úrskurður liggur fyrir mun hæstv. ráðherra mjög fúslega og greinilega tjá sig um skoðanir sínar á málinu.

En ég vil vekja athygli á því að í þeim stuttu ræðum sem hér hafa verið fluttar um þetta mál hafa nokkrir hv. þm. stjórnarandstöðu verið nokkuð ónákvæmir í orðavali. Hér hefur m.a. verið ýjað að því að matsskýrsla og matsferli séu

ónýt. Það er að vísu sett fram í spurningarformi. Hér hefur verið talað um að sökkva Þjórsárverum. Hér hefur verið talað um að erfitt sé að fá hlutlausa aðila til skoðunar.

Mér vitanlega eru engin áform uppi um að sökkva Þjórsárverum, svo að ég nefni það sem dæmi. Það aðýja að því að matsferli og matsskýrsla séu ónýt er í raun afskaplega alvarleg ásökun gegn þeirri stofnun sem er hinn hlutlausi aðili og hvergi hefur verið nefnd hér, þ.e. Skipulagsstofnun sem lagði blessun sína yfir matsferlið, tók við matsskýrslu og jafnframt grunngögnum frá ýmsum aðilum sem höfðu athugasemdir fram að færa. Ég vek athygli á því að hvergi er minnst á þá stofnun, ekki einu einasta orði, þó hún gegni lykilhlutverki í öllu ferlinu um mat á umhverfisáhrifum. (**SJS:** Líka á Kárahnjúkavirkjun?)

[14:00]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil fyrst taka það fram að umræður um virkjunarstefnuna og rammaáætlun er auðvitað sjálfsagt að taka á Alþingi. Ég tel það þó ekki mitt hlutverk sem setts umhvrh. að gera það. Hins vegar skal ég taka allar umræður utan dagskrár sem falla undir mitt ráðuneyti í tilefni af orðum hv. 3. þm. Norðurl. e. um að ráðherrar væru að neita utandagskrárumræðum. Ég hef aldrei neitað utandagskrárumræðu. Ég skal taka við ykkur utandagskrárumræður (**Gripið fram í:** Þú færð ...) um mitt verksvið. Eingöngu vegna þess að ég er úrskurðaraðili í þessu máli og ekkert annað vil ég ekki fara í utandagskrárumræðu um það. Að öðru leyti hefur það enga stefnumörkun af minni hálfu.

Varðandi vanhæfni vil ég láta koma fram að ég hef skoðað sérstaklega mál Birgis Jónssonar. Ég hef fengið um það mál það álit að hann sé ekki vanhæfur. Varðandi Náttúruvernd ríkisins hef ég kallað í alla þá aðila, ég hef kallað í Náttúruverndarsamtök Íslands, ég hef setið með þeim á fundum, ég hef kallað í alla kærendur, rætt við þá alla persónulega og alla frá báðum hliðum þessa máls, (**Gripið fram í:** Alla persónulega?) alla sem að málinu hafa komið. Því fer víðs fjarri að ég hafi hunsað andstæðinga málsins, síður en svo, og ég er tilbúinn til að ræða við þá hvenær sem vera skal, og hef gert það.

Lögfræðingurinn, hv. 6. þm. Suðurl., hlýtur að tala gegn betri vitund ef hann heldur því fram að ég geti tjáð mig efnislega um þetta mál. Ég held að hann hljóti að verða að fara í kúrs aftur.

Kosning aðalmanns í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður í stað Jóns Steinars Gunnlaugssonar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Þórunn Guðmundsdóttir hæstaréttarlögmaður.

Vísinda- og tækniráð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 336. mál. — Þskj. 366.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Opinber stuðningur við vísindarannsóknir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 357. mál (heildarlög). — Þskj. 394.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 345. mál. — Þskj. 381.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Örnefnastofnun Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 358. mál (afnám stjórnar). — Þskj. 398.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Ábyrgðir vegna lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála, 1. umr.

Stjfrv., 356. mál. — Þskj. 393.

[14:05]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um auknar ábyrgðir vegna lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

Eins og rakið er í greinargerð með frv. þessu samþykktu fjármálaráðherrar Norðurlanda á fundi sínum í júní sl. að hækka útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans vegna lána til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna úr 100 í 300 millj. evra. Fyrri heimildir bankans eru senn fullnýttar og bankinn telur sig ekki geta mætt þeim skuldbindingum sem honum hafa verið lagðar á herðar af hálfu ráðherranefndarinnar á þessu sviði nema með hækkun útlánarammans.

Þar sem Norðurlöndin ábyrgjast þessi lán að fullu felst jafnframt í ákvörðuninni að ábyrgðir landanna aukist sem þessu nemur. Hlutdeild Íslands í ábyrgðum vegna lánaflokksins á móti hinum Norðurlöndunum er 1,1%, og verði frv. að lögum mun ábyrgð Íslands því aukast úr 1,1 millj. evra í samtals 3,3 millj. evra, þ.e. í um 280 millj. kr.

Í 1. gr. frv. er farið fram á að fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs verði heimilað að ábyrgjast hluta Íslands vegna hækkunar útlánaramma bankans vegna þessa málaflokks þannig að heildarábyrgð ríkisins vegna málaflokksins megi nema allt að 3,3 millj. evra.

Í 2. gr. frv. er farið fram á að fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs verði heimilað að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um framangreinda ábyrgð og staðfesta nauðsynlegar breytingar á samþykktum hans vegna hækkunarinnar.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frv. verði að þessari umræðu lokinni vísað til 2. umr. en jafnframt til hv. efh.- og viðskn. þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 1. umr.

Stjfrv., 371. mál (viðurlög, skilaskylda). — Þskj. 417.

[14:07]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum. Frv. er að finna á þskj. 417.

Í frv. þessu eru lagðar til nokkrar breytingar sem lúta annars vegar að skattframkvæmdinni en hins vegar að útreikningi dráttarvaxta. Hér er fyrst og fremst um tæknilegar breytingar að ræða, herra forseti.

Í 1. gr. frv. er lagt til að þeim aðilum sem undanþegnir eru tekjuskatti skv. 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og hafa haft vaxtatekjur vegna eigin innheimtu beri að skila staðgreiðslunni að tekjuári loknu á gjalddaga skv. 7. gr. laga um skatt af fjármagnstekjum, þ.e. 15. janúar ár hvert. Með þessari breytingu verða skilin þau hin sömu hjá öllum aðilum, þ.e. 15. janúar á hverju ári.

Í 2. gr. frv. er lagt til að ríkinu og stofnunum þess beri að halda eftir staðgreiðsluskatti af vöxtum sem greiddir eru. Komið hefur í ljós að nokkur vanhöld eru á því að staðgreiðsluskattur þessara aðila hafi skilað sér til ríkissjóðs frá viðtakendum vaxtanna og er eðlilegt að sama kvöð verði lögð á ríkið og stofnanir þess og aðra sem skila ber þessum skatti.

Í 3. gr. frv. er lagt til að tekjur skv. 5. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, verði staðgreiðsluskyldar. Er hér um að ræða greiðslur samvinnufélaga og kaupfélaga til félagsaðila af viðskiptum þeirra við félögin sem annaðhvort eru lagðar við stofnsjóð þeirra eða greiddar út til þeirra.

Að lokum er í 4. gr. frv. lögð til breyting til samræmis við breytingu sem lögð er til í frv. til laga um breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Lýtur sú breyting að því að dráttarvextir af staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur verði reiknaðir sem dagvextir í stað mánaðarvaxta samkvæmt gildandi lögum. Er lagt til að upphafstími vaxtanna verði frá gjalddaga hafi ekki verið greitt á fyrsta degi næsta mánaðar eftir eindaga.

Ég legg til, herra forseti, að þessu frv. verði að umræðunni lokinni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 372. mál (innheimta, skuldajöfnun o.fl.). — Þskj. 418.

[14:10]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Í frv. eru lagðar til þrenns konar breytingar tæknilegs eðlis.

Í 1. og 2. gr. frv. eru lagðar til breytingar sem lúta að því að Fjársýslu ríkisins verði falin umsjón með innheimtukerfi staðgreiðslukerfisins í stað ríkisskattstjóra eins og verið hefur. Er hér fyrst og fremst um hagkvæmnismál að ræða.

Í 3. gr. eru lagðar til breytingar sem snerta útreikning dráttarvaxta vegna vanskila á staðgreiðslu. Er lagt til að dráttarvextir verði reiknaðir sem dagvextir í stað mánaðarvaxta. Þá er lagt til að upphafstími vaxta verði miðaður við gjalddaga hafi ekki verið greitt á fyrsta degi næsta mánaðar eftir eindaga. Gjalddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.

Að lokum er í 4. gr. frv. lagt til að heimildir til skuldajöfnunar verði rýmkaðar. Þannig er lagt til að heimilt verði að skuldajafna endurgreiðslur á móti sköttum almennt til ríkis og sveitarfélaga.

Ég legg til, herra forseti, að þessu frv. verði að umræðunni lokinni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, 1. umr.

Stjfrv., 355. mál (elli- og makalífeyrir). — Þskj. 392.

[14:11]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna.

Eins og rakið er í greinargerð með frv. þessu er með því kveðið á um tvær breytingar á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna.

Frv. er lagt fram að beiðni stjórnar lífeyrissjóðsins sem komst samhljóða að þeirri niðurstöðu að rétt væri að gera þær breytingar sem frv. felur í sér. Með frv. eru nánar tiltekið lagðar til breytingar á ákvæðum laganna um ellilífeyri og makalífeyri. Tilgangurinn er að bæta stöðu sjóðsins en samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt Talnakönnunar hf., dags. 13. febrúar 2002, á stöðu sjóðsins miðað við 31. desember 2001 vantaði 7.514 millj. kr. á að sjóðurinn ætti eignir á móti heildarskuldbindingum, þ.e. 8,8%. Í skýrslu Talnakönnunar kemur fram að staða sjóðsins hafi versnað frá árslokum 2000 úr 6% halla miðað við heildarskuldbindingar í 8,8% halla.

Ástæður þess að staðan versnar eru annars vegar neikvæð ávöxtun annað árið í röð og hins vegar betri lífeyrisréttindi hjá sjóðnum en hjá öðrum sjóðum þar sem skylduiðgjald er 10%. Betri réttindi hjá Lífeyrissjóði sjómanna felast fyrst og fremst í óskertum ævilöngum makalífeyri sem þekkist nánast ekki hjá öðrum sjóðum sem ekki njóta bakábyrgðar launagreiðanda.

Samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða má heildarstaða lífeyrissjóðs aldrei vera verri eða betri en 10% af heildarskuldbindingu og jafnframt má staðan ekki vera verri eða betri en 5% samfellt í fimm ár. Staða Lífeyrissjóðs sjómanna er því innan þess ramma sem lögin setja þar sem heildarstaðan er innan 10% markanna og hún var innan 5% markanna fyrir tveimur árum. Hins vegar kemur fram í skýrslu Talnakönnunar að það sé nokkuð ljóst að staðan muni fara niður fyrir þessi mörk á næsta ári. Nýjar töflur um lífslíkur sem þá verða notaðar sýna að langlífi eykst enn þannig að staðan mun versna um 1–2% vegna þeirra.

Ég vil þá, herra forseti, gera nánari grein fyrir efnisatriðum frv.

Eins og áður segir eru makalífeyrisréttindi Lífeyrissjóðs sjómanna betri en þekkist í sambærilegum sjóðum. Breytingarnar sem hér eru lagðar til leiða ekki til skerðingar á rétti þeirra sem hafa hafið töku lífeyris. Afnuminn er réttur til óskerts ævilangs makalífeyris en tekið upp svokallað sólarlagsákvæði sem þýðir að þeir sem eru fæddir fyrir árið 1965 eiga rétt á ævilöngum makalífeyri og þeir sem fæddir eru fyrir árið 1945 njóta óskerts makalífeyris en rétturinn minnkar síðan eftir því sem eftirlifandi maki er yngri. Þó er ávallt greiddur óskertur makalífeyrir þegar yngsta barn á framfæri makans er yngra en 19 ára og einnig ef eftirlifandi maki er a.m.k. 50% öryrki.

Samkvæmt núgildandi lögum geta sjóðfélagar í Lífeyrissjóði sjómanna hafið töku ellilífeyris frá 60 ára aldri að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, lögskráningu í a.m.k. 25 ár í 180 daga að meðaltali á ári. Ef taka hefst fyrir 65 ára aldur lækkar upphæð ellilífeyris um 0,4% fyrir hvern mánuð sem vantar upp á 65 ára aldur þegar taka hefst. Sú lækkun dugar þó ekki til þess að sjóðurinn standi eins að vígi og ef taka hæfist við 65 ára aldur. Það eru því í raun þeir sjóðfélagar sem ekki eiga rétt á töku ellilífeyris fyrir 65 ára aldur sem standa undir þeim kostnaði sem sjóðurinn hefur af því að greiða lífeyri fyrr ef lækkunin er ekki tryggingafræðilega rétt reiknuð. Hér er því lagt til að öllum sjóðfélögum verði gefinn kostur á að hefja töku ellilífeyris frá 60 ára aldri og að lækkun vegna þess að töku er flýtt verði tryggingafræðilega rétt. Hið sama gildir um hækkun lífeyris þegar töku er frestað. Sams konar ákvæði eru í samþykktum annarra lífeyrissjóða sem sjómenn greiða til, svo sem Lífeyrissjóðs Vestfirðinga, Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja og Lífeyrissjóðs Austurlands.

Talnakönnun hefur reiknað út áhrif þeirra breytinga sem hér eru lagðar til á stöðu Lífeyrissjóðs sjómanna. Samkvæmt þeim útreikningum mun staða sjóðsins miðað við árslok 2001 batna um 6.252 millj. kr., og halli miðað við heildarskuldbindingar lækkar úr -8,8% í -1,6%.

Ég legg til, herra forseti, að frv. þessu verði að 1. umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[14:16]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er enn eina ferðina verið að skerða réttindi þeirra sem njóta lífeyris úr Lífeyrissjóði sjómanna. Ég man ekki betur en að við höfum fyrir tveimur eða þremur árum, árið 1999, fjallað um flatan niðurskurð um 12% á réttindum þeirra sem njóta lífeyris úr Lífeyrissjóði sjómanna.

Ég sakna þess, herra forseti, að ekki skuli nánari grein gerð fyrir áhrifum þessa á lífeyrisréttindi, sérstaklega að því er varðar makalífeyri og rétt þeirra er hefja töku lífeyris fyrir 65 ára aldur. Hér kemur fram að staða sjóðsins sé sú að 7,5 milljarða hafi vantað í hann 31. des. 2001. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til ætti hún að batna um 6,2 milljarða og það hlýtur að segja manni að það sé verið að skerða réttindin verulega. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra sé að hlusta á spurningar mínar til hans. Allt bendir til þess að verið sé að skerða réttindin þegar staða sjóðsins á að batna um 6,2 milljarða. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki liggi fyrir gögn sem skýri hve mikið þessar breytingar muni skerða réttindin. Við þurfum að fá ítarlega útreikninga á því í efh.- og viðskn. til að geta gert okkur grein fyrir þessu.

Var það ekki svo, hæstv. ráðherra, að með þeirri breytingu sem gerð var 1999 ætti að komast jafnvægi á stöðu sjóðsins, þ.e. með þeim aðgerðum og réttindaskerðingu sem þá var gripið til? Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvað er það sem hefur komið upp á á þessum tveimur til þremur árum sem gerir það að verkum að enn og aftur þurfi að ráðast í svo mikla skerðingu sem mér sýnist hér á ferðinni? Ég held að það sé nauðsynlegt að við fáum miklu ítarlegri upplýsingar en hér koma fram. Auðvitað hefði þessi tryggingafræðilega úttekt sem Talnakönnun hf. gerði á Lífeyrissjóði sjómanna átt að fylgja þessari tillögu.

Mér sýnist að þetta frv. kalli á margar spurningar og kosti mikla yfirlegu af hálfu fulltrúa í efh.- og viðskn. að komast til botns í því hvort við megum búast við að þurfa með reglulegu millibili að skerða réttindi sjómanna.

[14:18]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að breytingin sem gerð var 1999 hefur ekki nægt er sú að nú hefur í tvö ár í röð verið neikvæð ávöxtun á eigin fé sjóðsins, eins og ég gat um í ræðu minni, og réttindin eru einnig betri, þrátt fyrir fyrri skerðingar, en almennt gerist í sambærilegum lífeyrissjóðum.

Það sem er óvenjulegt um þennan sjóð er að sjálfsögðu að um hann skuli gilda sérstök lög. Það kemur auðvitað til athugunar að mínum dómi að afnema þau og fella Lífeyrissjóð sjómanna undir hina almennu löggjöf um lífeyrissjóði. Væru ekki sérlög um þennan sjóð og hann þyrfti að grípa til ráðstafana á grundvelli lagaákvæðanna almennu, um hve mikill halli megi vera á sjóðnum og hve lengi, hefði það að sjálfsögðu verið gert á aðalfundi sjóðsins eða ársfundi hans. Það er gert í öllum öðrum sjóðum þegar þessi staða kemur upp og kemur ekki til kasta Alþingis. Það er það óvenjulega.

Aðrir sjóðir hafa þurft að gera þetta, grípa til réttindaskerðingar eða eftir atvikum aukið réttindi. Þá er það gert á vettvangi sjóðsins en ekki fyrir atbeina löggjafarvaldsins. Þess vegna má velta því yfir sér hvort það sé lengur eðlilegt að um þennan sjóð gildi sérstök lög.

Hitt er annað mál að stjórn sjóðsins starfar með ábyrgum hætti og leggur þetta til samhljóða, að gripið verði í taumana með þeim hætti sem hér er lagt til. Það er að vísu engin skemmtiaðgerð en það er óhjákvæmilegt miðað við aðstæður í þessu máli.

Ég vil svo bæta því við, herra forseti, að ég tel sjálfsagt að þingnefndin fái öll þau gögn sem tiltæk eru um þetta. Hún

verður að sjálfsögðu að kalla fyrir sig stjórn sjóðsins sem gerir þá tillögu sem fram kemur í þessu frv.

[14:20]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, ég átta mig á því að þessi leið sem hér er valin, að skerða áfram réttindi sjóðfélaga vegna neikvæðrar ávöxtunar eins og hæstv. ráðherra nefnir, er gerð í fullu samráði við forsvarsmenn sjóðsins. Engu að síður tel ég þetta nokkuð alvarlegt, að við skulum hér með reglulegu millibili vera að fjalla um skerðingu á réttindum sjómanna og maka þeirra.

Hæstv. ráðherra segir að réttindi þeirra séu betri en hjá mörgum öðrum og það má vel vera en á því eru líka ákveðnar skýringar. Það eru líka betri réttindi hjá ýmsum í opinbera geiranum, eins og ráðherrum og þingmönnum, en öðrum opinberum starfsmönnum. Menn fara því ekki endilega út í að skerða þau þó að þau réttindi séu betri. Þess vegna finnst mér það ekki endilega vera rök, að það eigi að fara með réttindi sjómanna niður í það sem almennt gerist, eins og mér fannst á hæstv. ráðherra.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort það hafi verið rætt við forsvarsmenn sjóðsins að fara þá leið sem ráðherrann nefnir hér, að afnema lögin um Lífeyrissjóð sjómanna og fella réttindi og skyldur þeirra undir almenn réttindi um líferyissjóðanna. Hvernig hefur því verið tekið?

Ég held að við hljótum að fara alvarlega ofan í þetta og athuga hvað hefur gerst. Var farið offari í erlendri fjárfestingu, að því er varðar fjármagn sjóðsins? Hvað var það sem fór úrskeiðis að því er þetta varðar? Hefur Fjármálaeftirlitið með einhverjum hætti farið ofan í Lífeyrissjóð sjómanna sérstaklega? Ég tek eftir því að í því máli sem við fjöllum um hér á eftir, máli viðskrh. varðandi Fjármálaeftirlitið, þá finnast mér koma nokkuð alvarlegar athugasemdir fram varðandi ýmsa lífeyrissjóði sem þarf að skoða. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort Fjármálaeftirlitið hafi komið nálægt þessum sjóði.

En við munum auðvitað kalla eftir öllum gögnum í þessu máli. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir það að ætla að sjá til að nefndin fái þau gögn sem hún þarf frá Talnakönnun og gögn um hvaða áhrif þetta hefur á réttindin.

[14:23]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ekki kunnugt um hvort Fjármálaeftirlitið hefur haft málefni þessa tiltekna lífeyrissjóðs sérstaklega til athugunar en eftirlitið hefur að sjálfsögðu almenna eftirlitsskyldu gagnvart þessum sjóði eins og öðrum.

Að því er varðar hvort nauðsyn sé að um þennan sjóð gildi sérstök lög hef ég miklar efasemdir um það. Hann hvílir hins vegar á gömlum merg og fyrstu lögin um hann munu hafa verið samþykkt árið 1958. Í framhaldi hefur sem sagt verið ákveðin þróun sem kannski er erfitt að vinda ofan af. Ég veit að þetta hefur verið rætt innan stjórnar sjóðsins oftar en einu sinni þó svo ég hafi ekki rætt það við stjórnarmenn hvort þarna eigi að gera breytingar. Mér finnst eðlilegt að fara yfir það með almennum hætti hvort ekki sé skynsamlegt að fella þennan sjóð eins og flesta aðra lífeyrissjóði undir hin almennu lög.

Það sem hér er á ferðinni er sem sagt tillaga stjórnar til að ráða bót á fjárhagsvanda sjóðsins til þess að hann geti uppfyllt þær reglur sem almennt gilda um lífeyrissjóði. Ég tel að stjórn sjóðsins hafi sýnt mikla ábyrgð í þessum tillögum. Hún vill ekki að sjóðurinn lendi í fjárhagserfiðleikum og geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Þess vegna vill hún skerða réttindin sem um er rætt hér í frv. áður en til slíks kemur. Það tel ég vera ábyrga afstöðu.

Hitt er svo annað mál að þessi sjóður þurfti á árunum kringum 1980, þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sat hér sitt fyrsta kjörtímabil, að taka á sig byrðar sem þáverandi ríkisstjórn ákvað að fella á sjóðinn sem hafa orðið honum síðan mjög þungar í skauti. Sjóðnum var ekki bætt sú skylda að stórauka réttindi tiltekins hóps sjómanna en það var hluti af félagsmálapakka þáverandi ríkisstjórnar á þeim tíma.

[14:25]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú undir lokin var hæstv. ráðherra farinn að nálgast kjarna málsins. Frv. þetta er lagt fram að beiðni stjórnar lífeyrissjóðsins. Ekki efast ég um það. Það er til þess að bæta stöðu sjóðsins, að sögn. Hvernig er það gert? Jú, með því að skerða réttindi sjóðfélaga. Þetta er sjóðurinn knúinn til að gera vegna neikvæðrar ávöxtunar á undanförnum árum en það eru tvær aðrar ástæður sem einnig liggja að baki.

Í fyrsta lagi er Lífeyrissjóður sjómanna, öðrum lífeyrissjóðum fremur, tryggingasjóður vegna slysa, örorku. Lífeyrissjóður sjómanna borgar yfir 40% í örorkubætur miðað við rúm 20% hjá flestum öðrum sjóðum. Á honum eru því þyngri byrðar en á öðrum sjóðum.

Önnur ástæðan fyrir því hve sjóðurinn stendur veikt sú að ríkisvaldið hefur aldrei staðið við skuldbindingar sem gefnar voru fyrir rúmum 20 árum í tengslum við kjarasamninga árið 1981. Þá afsöluðu sjómenn sér hlutdeild í fiskverði upp á 3% gegn ákveðnum réttindum inni í sjóðnum. Þegar það kemur síðan á daginn að ríkisvaldið stendur aldrei við skuldbindingar sínar er farið að berjast fyrir þessu af hálfu sjómannasamtakanna og hér í þingsal einnig. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hefur margoft flutt frumvörp og þingmál um þetta efni. Ég man ekki betur en að hæstv. fjármálaráðherrar, alla vega forveri hæstv. fjmrh. Geirs H. Haardes, hafi einhverju sinni tekið vel í þá málaleitan að íhuga þann kost að ríkið kæmi með myndarlega innspýtingu í sjóðinn. Nú talar hæstv. ráðherra hins vegar um nauðsyn þess að afnema lögin um Lífeyrissjóð sjómanna.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki komi til greina að veita Lífeyrissjóði sjómanna fjárhagsstuðning í ljósi sögunnar.

[14:27]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé best að tala alveg skýrt um þetta mál. Ríkissjóður ber ekki neina ábyrgð á skuldbindingum þessa sjóðs og hefur þar enga bakábyrgð með svipuðum hætti og hjá þeim lífeyrissjóði sem hv. fyrirspyrjandi þekkir best, þ.e. Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Ég tel ekki koma til álita að veita sérstakt fjármagn af ríkisins hálfu í þennan sjóð. Við skulum hafa það í huga að ýmsir aðrir sjóðir eiga og hafa á fyrri tíð átt í miklum fjárhagserfiðleikum og þar hafa ýmsir einstaklingar farið halloka og tapað mikilvægum réttindum gegnum tíðina vegna þess hvernig komið var fyrir þeim sjóðum.

Svarið við þessari spurningu er þannig alveg afdráttarlaust. Ég tel ekki koma til greina að veita fjármagn, t.d. af fjárlögum, í Lífeyrissjóð sjómanna.

Það sem gerðist árið 1981 var auðvitað að í allri efnahagsvitleysunni sem einkenndi þá tíma töldu menn að þeir væru að gera sérstakt góðverk með því að auka réttindin í

Lífeyrissjóði sjómanna án þess að tryggja að sjóðurinn gæti staðið undir því, þá með því að skerða réttindi annars staðar eða með einhverjum öðrum hætti. Það var ekki gert. Síðan hefur lífeyrissjóðurinn reynt að knýja á um að ríkisvaldið greiddi fyrir þessa réttindabót en því hefur verið hafnað. Það mál fór fyrir dómstóla fyrir ekki löngu síðan, endaði í Hæstarétti Íslands þar sem málið var dæmt svo að ríkinu bæri ekki skylda til þess að standa straum af kostnaði vegna þessa. Það er því alveg skýrt.

Hins vegar kennir þetta okkur náttúrlega að við eigum ekki, sem liðar í efnahagsaðgerðum, að grípa til ráðstafana eins og þessarar sem gert var 1981. Ég held að engum mundi detta það í hug í dag að grípa þannig inn í málefni einstaks lífeyrissjóðs eins og þá var gert, jafnvel þó að til skamms tíma auki það réttindi ákveðins hóps sem á réttindi í sjóðnum. Það var mjög óviturleg aðgerð.

[14:29]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra rekur hér dómsmál um þetta álitamál. Ég ætla ekki að bera brigður á lagalegar túlkanir hans. Það sem ég er kannski öllu fremur að ræða er siðferðileg ábyrgð samfélagsins, bæði í ljósi yfirlýsinga, skuldbindinga og þess samhengis sem ég vísaði til frá árinu 1981 en ekki síður vegna hins, að samfélaginu ber að horfa af ábyrgð til þeirrar staðreyndar að Lífeyrissjóður sjómanna er í ríkari mæli en allir aðrir lífeyrissjóðir í landinu stuðningssjóður vegna slysa og örorku.

Örorka af völdum slysa er tíðari í sjómannastétt en innan annarra starfsgreina í landinu. Það mætti hugsa sér að fara aðra leið, t.d. þá leið sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hefur lagt til, að iðgjöld til sjóðsins af hálfu atvinnurekenda yrðu hækkuð. Það væri ein leið sem mætti fara en mér finnst vel koma til greina að ríkissjóður, í ljósi forsögunnar og í ljósi eðlis þessa sjóðs komi inn með fjárhagsstuðning.

Við höfum hins vegar fengið afdráttarlausa afstöðu hæstv. fjmrh. Það er gott þegar menn koma hreint til dyranna en ég tel engu að síður að þessi mál þurfi að fá nánari skoðun til að sanngirnin nái fram að ganga. Mér finnst það ekki gert með þessum hætti.

[14:31]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Frv. sem við ræðum hér um málefni Lífeyrissjóðs sjómanna er því miður slíkt að enn þarf að grípa til þess ráðs að skerða réttindi. Það er auðvitað aldrei til vinsælda fallið að þurfa að takast á við slík mál. Samt sem áður er þessi skylda er lögð á herðar stjórnarmanna í öllum lífeyrissjóðum samkvæmt almennum lögum um starfsemi lífeyrissjóða og skyldutryggingu lífeyrisréttinda frá 1997. Þess vegna er það svo í þessu máli að stjórnin sem slík á ekki annarra kosta völ en leggja til einhverja þá aðgerð sem getur orðið til þess að setja lífeyrissjóðinn í rekstrarlega stöðu miðað við lögin til framtíðar. Það breytir hins vegar ekki því að staða Lífeyrissjóðs sjómanna er að ýmsu leyti mjög sérstök og mig langar til að gera það hér að umræðuefni, herra forseti.

Í fyrsta lagi er rétt að víkja að því sem hæstv. fjmrh. og hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndu áðan varðandi 60 ára regluna. 60 ára reglan var sett á með lögum frá 1981. Hún var svokallaður félagsmálapakki. Sjómenn alla vega stóðu í þeirri trú að svo háttaði til um þennan félagsmálapakka eins og aðra félagsmálapakka sem þá voru afgreiddir til launþegasamtaka, að þeim fylgdi einhver ábyrgð og einhver greiðsluskylda eða þá einhver sú útfærsla sem dygði til að dekka þá ábyrgð sem á sjóðfélaga í sjóðnum mundi ella falla. Hvers vegna skyldu menn hafa gert sér vonir um að þetta yrði svoleiðis? Jú, það var vegna þess að á þessum tíma sömdu sjómenn sérstaklega um að fiskverð hækkaði minna en ella hefði orðið. Þetta var hluti af samningi við ríkisstjórnina á sínum tíma um að reyna að hafa áhrif á verðlag og kaupgjald í landinu. Niðurstaðan varð sem sagt sú að gefið var eftir í kröfum um hækkun fiskverðs en í staðinn fengju sjómenn þennan félagsmálapakka. Þrátt fyrir þann dóm sem genginn er í Hæstarétti um að ríkið sé ekki skuldbundið vegna þessarar lagasetningar þá viðurkenndi ríkið í raun og veru samt að mínu viti ákveðna greiðsluskyldu samfara þessari lagasetningu. Það gerðist t.d. þegar gengið var fellt á árum áður að úr svokölluðum gengismunasjóði voru lagðar nokkrar upphæðir í Lífeyrissjóð sjómanna og merktar sérstaklega til þess m.a. að minnka vanda sjóðsins. Þetta veit ég að hæstv. fjmrh. veit, enda geri ég ráð fyrir að hann hafi kynnt sér vel málatilbúnað ríkisins og sjómannasamtakanna í þessu hæstaréttarmáli.

Þess vegna eru sjómannasamtökin eðlilega ekki sátt við niðurstöðu Hæstaréttar og hafa verið að velta því fyrir sér hvort þetta mál gæti gengið áfram til mannréttindadómstóls í ljósi þess að með lagasetningunni var byrðin af 60 ára reglunni lögð á aðra sjómenn eins og fram kom í máli manna áðan. Aðrir sjóðfélagar en út tóku báru því þessar byrðar. Ég veit ekki hvort lagasetning getur yfirleitt verið með þeim hætti á hv. Alþingi að hægt sé að setja lög um að einn hópur manna taki að sér að greiða öðrum hópi manna eitthvert sérstakt kaup eða sérstakan lífeyri. Því verð ég að segja eins og er að mér fannst niðurstaðan í dómi Hæstaréttar í þessu máli afar furðuleg. Ég er afar ósáttur við að hún skyldi vera með þessum hætti. En hæstaréttardómur er jú það sem hann er, æðsta niðurstaða í dómskerfi okkar Íslendinga.

Í þessu frv. er hins vegar verið að leggja til að taka á vanda sjóðsins sem enn á ný er sá að svo lítur út að sjóðurinn eigi ekki fyrir skuldbindingum sínum og þess vegna verði að grípa til einhverra ráða. Sá sem hér stendur hefur lagt fram frv. í Alþingi um að útgerðin greiði í Lífeyrissjóð sjómanna tímabundið, 2% ofan á laun, ofan á þann greiðslustofn sem þeir greiða í lífeyrissjóðinn sem er 6%, eingöngu til þess að bæta stöðu sjóðsins, ekki til þess að auka réttindi sjómanna sem greiða í sjóðinn heldur eingöngu til þess að stækka pottinn og geta þá mætt þeim slaka sem orðið hefur í sjóðnum m.a. af völdum 60 ára reglunnar sem nefnd var áðan.

Annað þarf einnig að ræða sérstaklega þegar við tölum um Lífeyrissjóð sjómanna og það er örorkulífeyrisþátturinn. Örorkulífeyrisþátturinn í Lífeyrissjóði sjómanna hefur verið á bilinu 40–45%. Hann er núna talinn um 43%. Aðeins tveir lífeyrissjóðir á landinu bera hærri byrði í örorku. Hverjir skyldu það vera? Það er Lífeyrissjóður Vestmannaeyja með 45% örorkuþátt og Lífeyrissjóður Austurlands með 45%. Síðan koma auðvitað aðrir lífeyrissjóðir sem einnig hafa verið með marga sjómenn innan sinna vébanda, t.d. Lífeyrissjóður Bolungarvíkur sem er með 40% og Lífeyrissjóður Suðurnesja með 40%.

Meðaltal 40 lífeyrissjóða sem ríkið hefur enga bakábyrgð á er slíkt að þeir sjóðir verja að meðaltali 26% útgjalda sinna í örorkuþáttinn. Að þessu leyti eru þeir lífeyrissjóðir sem sjómenn eru tryggðir í því verulega frábrugðnir. Þau rök m.a. hef ég notað til að rökstyðja það að eðlilegt væri að útgerðin greiddi meira í Lífeyrissjóð sjómanna til að koma í

veg fyrir að sjóðfélagar yrðu fyrir endalausum skerðingum, en þessar tölur sem ég hef nefnt leiða til þeirrar niðurstöðu að lífeyrissjóðir sjómanna virka eins og tryggingafélag fyrir útgerðina.

Auðvitað valda störf mismunandi álagi. Störf til sjós valda miklu álagi. Slysahætta er þeim samfara en einnig hafa þau veruleg áhrif á stoðkerfi líkamans. Það hefur komið í ljós við könnun á örorkuþætti Lífeyrissjóðs sjómanna m.a. að það er jú stoðkerfi líkamans sem gefur sig. Menn verða því öryrkjar vegna þess og hins vegar vegna slysa. Þetta eru stærstu þættirnir, hvor tveggja mjög starfstengdur þáttur, og verða ekki færð nein önnur rök fyrir þessu en þau að álagið sem sjómennskan veldur, bæði áhættan í starfinu og eins líkamlegt álag við störfin, valdi því að örorkan er sú sem raun ber vitni.

Ég tel að ekki verði unað við þetta ástand eins og málin eru í pottinn búin og þótt þær leiðir verði nú farnar sem stjórn lífeyrissjóðsins leggur til, sem ég tel í sjálfu sér vera kannski mildustu leiðirnar sem hægt er að fara í þeim vanda sem núna er uppi, þá er samt engin trygging fyrir því að ekki þurfi að grípa til aðgerða aftur eftir eitt eða tvö ár, einkum ef raunávöxtun Lífeyrissjóðs sjómanna verður slæm. Við vitum að lífaldur fólks er að lengjast. Það mun leggja auknar byrðar á lífeyrissjóði almennt, jafnt Lífeyrissjóð sjómanna sem annarra. Menn geta þess vegna innan skamms tíma staðið frammi fyrir því að þurfa að taka á þessu vandamáli aftur. Ég tel og vil leggja það inn í þessa umræðu að það eigi að skoða virkilega vel í þeirri nefnd sem þetta mál fær til umfjöllunar hvort ekki sé orðið tímabært að taka upp þau sjónarmið sem ég hef m.a. flutt hér í ræðum þegar ég hef mælt fyrir auknum inngreiðslum útgerðarmanna í Lífeyrissjóð sjómanna, þ.e hvort ekki sé eðlilegt að útgerðarmenn beri miklu meiri áhættu varðandi örorkuþáttinn en þeir hafa gert á undanförnum árum. Það má t.d. gera með því að nota meðaltalið sem ég nefndi, sem er 26%, þ.e. meðaltal fleiri en 40 lífeyrissjóða sem ríkið ber enga bakábyrgð á og miða við þá tölu t.d. að Lífeyrissjóður sjómanna beri eigi meira en 25–26% af örorkuþættinum, en það sem umfram er verði útgerðin að fjármagna.

Það er ekki eðlilegt að lífeyrissjóðirnir virki eins og tryggingafélag fyrir útgerðina eins og ég sagði áðan. Það er sjálfsagt að lífeyrissjóðir taki á sig eðlilegan hluta af skuldbindingum varðandi örorkuþátt, jafnt Lífeyrissjóður sjómanna sem aðrir. En það sem er verulega umfram meðaltalið — og meðaltalið er náttúrlega byggt á því að þessi lífeyrissjóðir sjómanna sem ég taldi upp séu inni í meðaltalinu. Talan væri náttúrlega mun lægri ef þeir væru teknir út fyrir sviga — þ.e. að það sé a.m.k. ekki tekið meira út úr lífeyrissjóðnum en sem nemur þessu meðaltali. Ég legg til að þessi tillaga verði rædd vandlega í nefnd og að skoðað verði hvernig megi útfæra hana.

Ég hef verið þeirrar skoðunar í þeim málum sem ég hef flutt um Lífeyrissjóð sjómanna að þessu markmiði hefði verið hægt að ná með sérstakri inngreiðslu, 2% álagi frá útgerðarmönnum inn í lífeyrissjóðinn, tímabundið. Einnig mætti semja um einhvers konar þannig fyrirkomulag að þeir tækju á sig örorkuþáttinn að hálfu leyti þannig að það sem á sjóðinn félli væri til jafns við meðaltal annarra lífeyrissjóða í landinu. Ef það væri gert vænkaðist staða Lífeyrissjóðs sjómanna verulega og mun minni líkur væru á því að enn á ný þyrfti að koma með frv. eftir kannski eitt eða tvö ár til þess að skerða enn á ný réttindi félaga í Lífeyrissjóði sjómanna. Þó að við tölum í þessum orðum um Lífeyrissjóð sjómanna þá á þetta reyndar við um aðra lífeyrissjóði sjómanna, þ.e. þar sem þeir eru tryggðir, hvort heldur það er í Lífeyrissjóði Austurlands, Vestfjarða eða Vestmannaeyja svo að dæmi sé tekið. Ég tel að það væri ábyrg afstaða af hálfu Alþingis að taka þetta mál til gaumgæfilegrar skoðunar þar sem nú er verið að fjalla um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna. Menn eiga að fara í þá stefnumótun að skoða hvernig hægt sé að taka hluta af örorkuþættinum og færa þann hluta yfir á herðar útgerðarinnar.

Ég tel óeðlilegt að sjómannastéttin beri þennan kostnað ein með því að fjármagna hann eingöngu gegnum lífeyrissjóðinn. Haldi fram sem horfir þarf að skerða réttindi í þessum sjóði enn frekar og öðrum sjóðum sem hafa sjómenn innan sinna vébanda. Hafi ég skilið það rétt eru til lífeyrissjóðir í landinu, ég held bankamanna eða einhvers bankans, Búnaðarbankans hygg ég, þar sem byrði örorkunnar er undir 2%. Það segir sig náttúrlega sjálft að lífeyrissjóður sem svona er í pottinn búið með, sem þarf ekki að bera nema 2–4% örorku félagsmanna er miklu betur í stakk búinn til að viðhalda réttindum lífeyrisþega jafnvel þó að ávöxtunin væri ekki jákvæð, væri ekki plúsmegin um tveggja eða þriggja ára skeið.

Hvað hefur gerst í Lífeyrissjóði sjómanna? Ávöxtunin hefur farið verulega niður. En það breytir ekki því að miðað við hærri lífslíkur á næstu árum hefði sjóðurinn staðið fyrir þessari aðgerð á næsta ári, þó að ávöxtunin hefði verð skárri. Að öllu samanlögðu get ég ekki annað séð en stjórn lífeyrissjóðsins hafi einfaldlega orðið að leggja þetta til. Samt finnst mér að Alþingi eigi að skoða hvernig laga megi þessa stöðu. Ég tel að þegar viðkomandi aðilar mæta fyrir nefnd þurfi að ræða með hvaða hætti megi létta á örorkuþættinum í Lífeyrissjóði sjómanna.

Í þessu frv. er lagt til að bæði makalífeyri og ellilífeyri verði breytt örlítið, þó fyrst og fremst makalífeyrinum. Hér er sagt að ástæða fyrir versnandi stöðu sé annars vegar neikvæð ávöxtun og hins vegar betri lífeyrisréttindi en hjá öðrum sjóðum. Það er alveg rétt. Að sumu leyti hefur Lífeyrissjóður sjómanna verið með betri réttindi, m.a. í makabótunum, en margir aðrir lífeyrissjóðir.

Mér finnst líka rétt að gera að umræðuefni almennu lögin um starfsemi lífeyrissjóða frá 1997. Þau kveða á um að lífeyrissjóðir eða stjórnir lífeyrissjóða skuli samkvæmt fyrir fram gefinni formúlu bregðast við. Þar segir að samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða megi heildarstaða lífeyrissjóða aldrei verða verri eða betri en 10% af heildarskuldbindingum. Jafnframt má staðan ekki verða verri eða betri en 5% samfellt í fimm ár. Síðan segir hér í greinargerðinni: „Staða Lífeyrissjóðs sjómanna er því innan þess ramma sem lögin setja þar sem heildarstaðan er innan 10% markanna."

Ég hef velt því fyrir mér varðandi lögin sem við settum 1997, um almanna starfsemi lífeyrissjóða í landinu, hvort þessar viðmiðanir, 10% annars vegar og 5% hins vegar, séu eðlilegar. Á að þurfa að bregðast við jafnbratt án aðlögunar, t.d. ef upp kemur þessi staða varðandi 10%. Það kann að vera að af einhverjum ástæðum, t.d. vegna þess að lífeyrissjóðir hafi fjárfest verulega í tveimur eða þremur stórum fyrirtækjum sem hafi farið illa, jafnvel farið bara á hausinn og fjármunirnir tapast. Við það gætu skapast erfiðar aðstæður í eitt eða tvö ár og við það mundu skuldbindingarnar hrökkva yfir þessar viðmiðanir. Mér finnst spurning hvort

vegna slíkra aðstæðna skuli strax gripið til að færa sjóðinn í þá stöðu að hann eigi fyrir 95% af skuldbindingum sínum. Síðan má sjóðurinn ekki bæta stöðuna aftur fyrr en hann er kominn í 105%. Þarna er sem sagt ákveðið bil. Ég velti því fyrir mér hvort þetta á ekki að vera miklu tröpputengdara en að hafa þetta svona bratt. Það er skorið skarpt niður þegar hrekkur yfir ákveðna viðmiðun og síðan þó að sjóðurinn bæti við sig, þarf hann að vera kominn í 105% og vera þar í fimm ár til að hann geta aftur aukið réttindin, að því er mér virðist.

Ég vil leggja það inn í umræðuna hvort eðlilegt væri að endurskoða þessi ákvæði í lögunum um almenna starfsemi lífeyrissjóða, hvort þessi aðgerðaþáttur sé ekki of stífur á ákveðnu þrepi þannig að ekki megi slaka út fyrr en komið er yfir ákveðinn punkt. Menn kunna að þurfa að bíða verulega mörg ár, síðan væri kannski hægt að slaka út auknum réttindum fyrir sjóðfélaga en á 10 til 15 ára tímabili njóta þeir sem lenda í skerðingunni lakari réttinda. Þeir sem á eftir kæmu nytu kannski verulega betri réttinda. Á einhverju ákveðnu tímabili skiptir annars vegar í mikla skerðingu og hins vegar í talsverðan plús. Þess vegna velti ég því fyrir mér, eins og ég gat um áðan, hvort þessi réttindi ættu að aukast í smærri þrepum.

[14:52]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum um frv. til laga um breyting á lögum nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna. Ég vil leggja örfá orð í belg. Í athugasemdum með frv. segir:

„Frumvarp þetta til breytingar á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna er lagt fram að beiðni stjórnar sjóðsins. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laganna um ellilífeyri og makalífeyri. Tilgangurinn er að bæta stöðu sjóðsins, en samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt Talnakönnunar hf., dags. 13. febrúar 2002, á stöðu sjóðsins miðað við 31. desember 2001 vantaði 7.514 milljónir kr. á að sjóðurinn ætti eignir á móti heildarskuldbindingum, eða 8,8%."

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar. Fyrr í vetur fjölluðum við um frv. til laga um Lífeyrissjóð sjómanna um að útgerðin kæmi tímabundið meira að greiðslu í Lífeyrissjóð sjómanna til að forða honum frá þeirri skerðingu sem gera á með frv. sem nú er komið fram.

Ég lýsti því í umræðunni þá að ég væri hlynntur hugmyndum hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar um að útgerðin tæki á sig auknar greiðslur tímabundið til þess að rétta af stöðu sjóðsins. Réttlætingin fyrir tillöguflutningi af því tagi er augljós. Það liggur ljóst fyrir að Lífeyrissjóður sjómanna virkar að miklu leyti sem slysatryggingasjóður, eins og komið hefur fram í málflutningi á hinu háa Alþingi. Sjóðurinn þarf að standa undir óheyrilegum tölum í sambandi við örorkubætur eða 43% meðan landsmeðaltal annarra sjóða er ekki nema 26% og margir af sjóðunum greiða í kringum 20–22% í örorkubætur. Mér virðist því ljóst að lífeyrissjóðurinn virki í raun og veru að mjög miklu leyti sem eins konar slysatryggingasjóður fyrir mjög áhættusama starfsgrein, þ.e. sjómannsstarfið.

Það er að mínu mati sanngirnismál að útgerðin komi meira inn í þennan þátt hvað lífeyrissjóðinn varðar en hún gerir í dag. Þá finnst mér koma til greina að auka greiðslur útgerðarinnar tímabundið inn í lífeyrissjóðina eða semja á einhvern annan hátt um aðkomu útgerðarinnar að slysatryggingu sjómanna, þ.e. utan lífeyrissjóðakerfisins. Ég tel augljóst að slíkt verði að gera.

Það hafa verið gerðar úttektir á örorkuhlutfalli eftir svæðum. Það er áberandi, þó að ekki hafi komið fram heildstæð samantekin gögn um það, hve örorka er miklu meiri á þeim svæðum sem útgerð er ríkjandi í atvinnu manna. Þar nefni ég sem dæmi Norðurland eystra. Hér á hinu háa Alþingi var um daginn samþykkt að gera skýrslu þar að lútandi og taka saman hverjar væru orsakirnar fyrir þeirri stöðu.

Aðrar hugmyndir hafa einnig komið fram. Þar á hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson einnig hlut að máli. Við höfum báðir reifað þá hugmynd að við ákvörðun um 5% meðafla rynni ágóðinn af því tímabundið til að styrkja Lífeyrissjóð sjómanna. Það er bein tenging við greinina og mundi hvetja menn til að fara vel með þá hlutdeild. Á fyrri helmingi ársins voru þetta verulegar upphæðir. Mig minnir að talað væri um að 80–90 millj. kæmu inn í þann sjóð en sá sjóður rennur núna til hafrannsókna og er til ráðstöfunar þar. Það væri ekki óeðlilegt að skoða hlutina í þessu ljósi og ganga til samninga við útgerðarmenn um aukna hlutdeild og að einhverju leyti aðkomu ríkisins að sjóðnum til að styrkja hann.

Það kom fram í umræðunni fyrr í haust að ríkisvaldið bæri mikla ábyrgð á Lífeyrissjóði sjómanna. Með breytingum sem gerðar voru á möguleikum manna til að taka eftirlaun, þ.e. þegar það var fært niður í 60 ár á sínum tíma, komu upp, eftir því sem maður les sér til í ræðum á hinu háa Alþingi, mjög sterk vilyrði fyrir því að ríkisstjórnin og ríkissjóður kæmi á einhvern hátt að styrkingu sjóðsins og mundi veita peninga í sjóðinn til þess að hann gæti staðið við þær skuldbindingar sem sköpuðust af því að menn gátu farið á eftirlaun við 60 ára aldur.

Virðulegi forseti. Hin mikla byrði sem örorkan er á sjóðnum gerir það fyrst og fremst skyldu okkar að taka þennan sjóð til sérstakrar meðhöndlunar. Hlutfall upp á 43% í örorkugreiðslur getur ekki talist sanngjarnt þegar aðrir eru í kringum 20–26%. Menn eiga að taka höndum saman og það er sanngirnismál. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort honum þyki ekki í ljósi stöðunnar sanngirnismál að útgerðin taki þátt í að rétta þennan sjóð af tímabundið eins og tillaga hefur verð gerð, um 2% aukningu á greiðslu í sjóðinn af hendi útgerðarinnar.

Ég vil líka benda á þann möguleika að útgerðin gangi til samninga við sjóðinn að einhverju leyti um slysatryggingar sem yrðu þá utan við sjóðsdæmið þannig að þær yrðu sterkari og sjómannastéttin kæmi ekki eins illa út af örorku í þessum sjóð og raun ber vitni. Það er ekki sanngjarnt.

Að endingu minni ég á það sem ég nefndi áðan, að 5% meðafli og þeir peningar sem fást fyrir hann, sem er í sjálfu sér ágætisfyrirkomulag, væri bein tenging við útgerðina og sjómenn. Þeir peningar sem þar koma inn geta verið verulegir, kannski töluvert á annað hundrað millj. á ári væri hægt að nota tímabundið til að rétta af stöðu sjóðsins.

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. Það lýsir náttúrlega stöðu sjóðstjórnarinnar. Hún gerir sér grein fyrir því að sjóðurinn stendur ekki vel. Ein lausnin er auðvitað að fara þá leið sem hér er farin til lækkunar, biðja um hana. Hins vegar gefast einnig þessar leiðir sem hér hefur einnig verið bent á í ræðum á hinu háa Alþingi. Það eru þingmál fyrir þinginu sem styðjast við þá röksemdafærslu að opinberum aðilum og útgerðinni sjálfri beri að renna styrkari stoðum undir sjóðinn og treysta hann til framtíðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, 1. umr.

Stjfrv., 322. mál (ýmsar gjaldtökuheimildir). — Þskj. 350.

[15:00]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir litlu frv. um breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Hér er um að ræða nokkrar smávægilegar breytingar þar sem lagt er til að bætt verði inn tilteknum gjaldtökuheimildum, m.a. fyrir löggildingu á starfsheiti raffræðinga og fyrir leyfi til sölu notaðra ökutækja. Einnig er lagt til að bætt verði inn heimild til að taka gjald vegna friðlýsingar æðarvarpa og loks eru hér breytingar í tengslum við frv. að nýjum barnalögum.

Vegna þeirra breytinga er ekki unnt að afgreiða frv. óbreytt fyrr en ljóst verður hvort ný barnalög verða samþykkt á Alþingi, og bið ég hv. þingnefnd sem fær málið til meðferðar að taka tillit til þess, hafa það til hliðsjónar við meðferð og afgreiðslu málsins.

Að svo mæltu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[15:01]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. sem hæstv. fjmrh. hefur mælt fyrir, um breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, er í sjálfu sér ekki stórt í sniðum. Það minnir okkur samt á þá stefnu sem þessi ríkisstjórn hefur haft uppi, þ.e. að fjármagna hina ýmsu opinberu þjónustu og almannaþjónustu með notendagjöldum. Þannig á sá sem þarf á viðkomandi grunnþjónustu að halda að greiða fyrir hana þó að stór hluti af þeirri þjónustu sem verið er að innheimta gjald fyrir ætti að tilheyra almennri grunnþjónustu sem ætti að standa til boða á félagslegum eða opinberum grunni.

Þetta er hin nýja tegund skattheimtu sem verið er að innleiða, að gjald sé innheimt hér og þar. 4. gr. þessa frv. til laga sem hæstv. fjmrh. mælti fyrir er svo sem táknræn, þ.e. innheimta á 5 þús. kr. fyrir það ef einhver landeigandi vill friðlýsa æðarvarp sitt, sem sagt fá að njóta þeirra réttinda að lýsa því yfir að ekki megi ganga um æðarvarp á ákveðnum tíma og að æðarvarp njóti friðar um varptímann. Þarna skal innheimta 5 þús. kr. fyrir.

Þau eru orðin mjög mörg, dæmin í þessu samfélagi þar sem alls staðar á að borga fyrir það að vera nánast til. Það liggur við að þegar maður er genginn út fyrir þröskuldinn verði maður að borga notendagjald hér og notendagjald þar. Þetta er hin nýja tegund af skattheimtu sem ég tel að sé komin út í fullkomnar öfgar. Við eigum að byggja upp í landinu ákveðna stoðþjónustu, grunnþjónustu sem öllum er opin og allir fá að njóta, og ríki og sveitarfélög eiga að standa opinberlega straum af kostnaðinum við hana. Það á ekki að innheimta notendagjöld eða leyfisgjöld fyrir hana. Við fórum í gegnum umræðu í vetur þar sem aukin gjöld voru lögð á nemendur í framhaldsskólum og sérskólum. Alls staðar birtist þessi nýja skattheimta og hún kemur á alla hvort sem þeir hafa tekjur til að standa undir henni eða ekki.

Herra forseti. Ég vildi bara draga athyglina að þessari nýju skattstefnu ríkisstjórnarinnar, að leggja skatta á allt sem hægt er að skattleggja í formi leyfisgjalda og notendagjalda. Mér finnst komið langt út fyrir öll eðlileg mörk þó að ég sé ekki þar að vitna beint til þessa litla frv. þar sem verið er að bæta einum þrem liðum við skattasarp ríkisstjórnarinnar. Það er táknrænt að það síðasta sem lagt er til í þessu frv. er að vilji einhver friðlýsa æðarvarpið sitt og njóta með því friðar með atvinnulíf sitt og það sem því tilheyrir og líka friða náttúru þess svæðis meðan á varpi stendur þurfi hann að borga 5 þús. kr. fyrir. Skattheimtan á sér ekki takmörk, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 359. mál (gjaldaheimildir). — Þskj. 399.

[15:07]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sem er 359. mál þingsins á þskj. 399.

Frv. um breytingu á þessum lögum er lagt fyrir hvert haustþing. Það er í samræmi við 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, en þar segir, með leyfi forseta:

„Fyrir 15. september ár hvert skal Fjármálaeftirlitið gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila skv. 5. gr.

Skýrslu Fjármálaeftirlitsins skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því áliti. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 15. ágúst ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds skal viðskiptaráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi."

Niðurstaða skýrslu Fjármálaeftirlitsins frá 15. september sl. gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds og er þetta frv. um breytingu á álagningarhlutföllum 5. gr. laganna því lagt fram. Með frv. eru álagningarhlutföll hækkuð en lágmarksgjöld eru óbreytt. Áætlað er að álagseftirlitsgjald hækki úr 211,7 millj. kr. árið 2002 í 259,7 millj. kr. árið 2003, þ.e. um rúm 22%. Áætlaður rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins á þessu ári nemur 263,5 millj. kr. en 268,4 millj. kr. á því næsta sem er tæplega 2% hækkun. Ástæðan fyrir því að álagt eftirlitsgjald hækkar meira en nemur hækkun rekstrarkostnaðar er sú að í byrjun þessa árs voru 47,9 millj. kr. peningalegar eignir yfirfærðar frá fyrra ári.

Frv. fylgir skýrsla Fjármálaeftirlitsins um áætlaðan rekstrarkostnað þar sem ítarlega er farið yfir rekstur Fjármálaeftirlitsins. Þá er sérstakur viðauki með skýrslunni þar sem fram kemur sýn Fjármálaeftirlitsins á rekstri til næstu þriggja ára. Er þessi hluti skýrslunnar í samræmi við óskir efh.- og viðskn. frá síðasta hausti.

Frv. fylgir einnig álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins.

Að síðustu fylgir frv. skýrsla Fjármálaeftirlitsins til viðskrh. um starfsemi eftirlitsins frá 1. júlí 2001 til 30. júní 2002 en þessi skýrslugjöf er í samræmi við 16. gr. laga nr.

87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í skýrslunni er mjög ítarlega farið yfir eftirlit Fjármálaeftirlitsins á einstökum sviðum fjármálamarkaðarins, þróun og horfur á fjármálamarkaði og áherslur í starfi Fjármálaeftirlitsins næstu missirin.

Herra forseti. Ég mælist til þess að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[15:10]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég geri ekki neinar athugasemdir við frv. sjálft, þ.e. um eftirlitsgjaldið og örlitla hækkun þess. Ég tel að þar sé fullkomlega eðlilega að öllu staðið og eðlilegt að fyrirkomulagið sé með þeim hætti að eftirlitsskyldir aðilar standi undir kostnaði við Fjármálaeftirlitið.

Það sem ég sakna alltaf í umræðu um þetta frv. er sú skýrsla til viðskrh. sem fylgir sem fylgiskjal með þessu frv. og unnin er mestmegnis af Fjármálaeftirlitinu. Mér finnst hún það athyglisverð, nú eins og áður, að hún verðskuldi miklu meiri umræðu en viðskrh. sér ástæðu til. Það kemur aftur og aftur fyrir að hæstv. ráðherra skautar hér mjög létt yfir ýmislegt sem fram kemur hjá Fjármálaeftirlitinu sem er nauðsynlegt að ræða og sem snertir fjármálamarkaðinn, verðbréfamarkaðinn, lífeyrissjóðsmálin og vátryggingarmarkaðinn sem gerðar eru nokkrar athugasemdir við í þessari skýrslu. Það eru efnisleg rök til að ræða þessa skýrslu við þessa umræðu.

Við þekkjum öll mikilvægi Fjármálaeftirlitsins og ég tel að það fjármagn sem til þess er varið skili sér svo sannarlega til baka. Þó að við heyrum að eftirlitsskyldu aðilarnir kveini sífellt undan kostnaði við Fjármálaeftirlitið tel ég það fullkomlega ástæðulaust. Fjármálamarkaðurinn er alltaf að verða stærri og flóknari, breytingar orðnar miklar og verkefni sem Fjármálaeftirlitið á að sinna hafa aukist verulega. Við erum að fjalla um eina mikilvægustu eftirlitsstofnun í þjóðfélaginu, þá sem gengur næst Ríkisendurskoðun. Eftirlitið nær til fjármála- og verðbréfamarkaðarins eins og ég sagði, lífeyrissjóða og tryggingafélaga. Umfang eftirlitsins er mjög mikið og fer sívaxandi. Það er nauðsynlegt að svo vel sé búið að Fjármálaeftirlitinu til að það geti sinnt hlutverki sínu. Það er auðvitað brýnt að þingmenn geti treyst Fjármálaeftirlitinu, ekki síst eftir að bankastofnunum og öðrum stofnunum sem hafa verið hlutafélagavæddar hefur verið nánast lokað fyrir þingmönnum. Þeim er gert afar erfitt að sinna eftirlitsskyldu sinni með fjármálamarkaðnum, m.a. vegna þess. Þess vegna ítreka ég að það er mikilvægt að þannig sé búið að Fjármálaeftirlitinu að það geti vel sinnt hlutverki sínu.

Þessi skýrsla sem hér er lögð fram er með nokkuð sérstökum hætti vegna þess að Fjármálaeftirlitið er undir mikilli smásjá með rekstur sinn. Ég efa að nokkur opinber stofnun sé undir eins mikilli smásjá og Fjármálaeftirlitið. Það opnar algjörlega rekstur sinn fyrir þinginu og eftirlitsskyldum aðilum sem hér eru tíundaðir nákvæmlega. Það er auðvitað til fyrirmyndar og ætti að vera um fleiri þætti eða stofnanir í þjóðfélaginu. Ég mundi t.d. vilja sjá að fjmrh. gæfi árlega skýrslu um eftirlit með skipan opinberra framkvæmda. Svo sannarlega mundi ekki veita af, þvert á móti veita mikið aðhald. Það er auðvitað enn og aftur mjög ómaklega vegið að Fjármálaeftirlitinu í þessari skýrslu af hálfu eftirlitsskyldu aðilanna. Þeir eru þó þeir sem loka algjörlega stofnunum sínum og rekstri fyrir þinginu, jafnvel þó að þeir hafi verið, a.m.k. fram til þessa dags, eins og bankastofnanirnar í meirihlutaeign ríkisins. Það eina sem ég get tekið undir í athugasemdum hjá hinum eftirlitsskyldu aðilum er að þeir gagnrýna stjórnarlaun stjórnar Fjármálaeftirlitsins. Þar tel ég nokkuð vel í lagt og alveg ástæðu til að skoða sérstaklega. Ég geri hins vegar ekki athugasemdir við það þó að verið sé að auka við starfslið Fjármálaeftirlitsins og það kalli eftir því að fá aukinn starfskraft á næstu árum þótt það sé ekki gert á næsta ári.

Ég hef meiri efasemdir um það sem Fjármálaeftirlitið er að kalla eftir, að fá rýmri heimildir til að fela utanaðkomandi óháðum aðilum tiltekin verk sem tengjast eftirliti, að það komi til greina. Og þeir nefna að huga megi að því t.d. hvort rýmka megi heimildir Fjármálaeftirlitsins til þess að óska eftir úttektum óháðra aðila á tilteknum þáttum í starfsemi fjármálafyrirtækis á kostnað þess.

Við höfum fyrir okkur hvernig kostnaður við aðkeypta ráðgjafarþjónustu hjá ríki og ráðuneytum hefur verið að blása verulega út. Á þremur til fjórum árum hefur hann vaxið úr 1 milljarði í 3 milljarða og hér er verið að biðja um aukningu á því. Ég tel það ekki skynsamlega leið, það er að vísu leið sem hinir eftirlitsskyldu aðilar taka undir með Fjármálaeftirlitinu, ég tel miklu nær að veita þeim rýmri heimildir til þess að ráða sérhæft starfsfólk til að geta sinnt eftirlitsskyldu sinni. Það er raunverulega það tvennt sem ég geri athugasemdir við.

Það er alveg ástæða til að vitna í bls. 13, mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á rekstrarumfangi Fjármálaeftirlitsins, með vísan til þess sem ég sagði áðan um athugasemdir hinna eftirlitsskyldu aðila. Í skýrslu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gaf út í júní á síðasta ári er að finna mat sjóðsins á íslensku fjármálakerfi í tengslum við sérstaka athugun hans á fjármálastöðugleika, og þar stendur, herra forseti, að fjölga þurfi verulega starfsfólki í Fjármálaeftirlitinu. Mér finnst hinir eftirlitsskyldu aðilar hafa allt of mikið um það að segja hvernig rekstrarumfangi Fjármálaeftirlitsins er háttað, það á miklu frekar að vera í verkahring hæstv. viðskrh. og Alþingis að veita Fjármálaeftirlitinu það svigrúm sem það þarf til að geta sinnt hlutverki sínu.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hún ekki að hinir eftirlitsskyldu aðilar hafi allt of mikið um það að segja hvernig rekstrarumfangi þessarar stofnunar er háttað? Og telur hæstv. ráðherra þær athugasemdir réttmætar sem iðulega koma fram hjá hinum eftirlitsskyldu aðilum sem sífellt eru með nöldur yfir rekstri Fjármálaeftirlitsins?

Ég vil aðeins fara í það sem rætt er hér um verðbréfamarkaðinn og staldra þar aðeins við. Ég tók t.d. eftir í ræðu forstjóra Fjármálaeftirlitsins á ársfundi eftirlitsins, sem nokkuð kemur fram í skýrslunni, að forstjórinn gagnrýndi að stjórnir fjármálafyrirtækja fylgja ekki eftir þróun sem verður í starfsemi fyrirtækisins. Og forstjórinn nefndi að yfirsýn stjórnar og tök hennar á áhættustýringu og innra eftirliti séu oft bundin við rótgrónar áhættur í starfsemi fyrirtækisins, en yfirsýn yfir slíkar áhættur sé að sama skapi lítil. Nefndi forstjórinn að stjórn fjármálafyrirtækja hafi ekki lengur yfirsýn yfir áhættutök fyrirtækis og reynsla Fjármálaeftirlitsins sé ótvírætt sú að áhættustýring og innra eftirlit sé mest ábótavant á nýjum sviðum fjármálaþjónustu. Benti forstjórinn á að í þeim málum sem upp hafa komið að undanförnu hafi innra eftirliti undantekningarlítið verið ábótavant.

Ég tel þetta alvarlega athugasemd hjá forstjóranum. Hann segir að komið hafi fram að undanförnu að innra eftirliti hafi undantekningarlítið verið ábótavant. Og það er athyglisvert í

ljósi t.d. þess svars sem ég hef fengið frá hæstv. viðskrh. nýverið þar sem ég innti hæstv. ráðherra eftir kvörtunum vegna verðbréfaviðskipta. Þar kemur fram að veruleg fjölgun er á kvörtunum vegna verðbréfaviðskipta. Þau mál sem þar koma fram eru orðin frá árinu 2000 um 40 talsins sem er ansi mikið og mikil aukning. Á árinu 2000 þar sem um var að ræða fimm mál og það sem af er þessu ári eru þetta orðin 16 mál sem kvartað hefur verið yfir og árið 2001 17 mál. Við erum að tala um 40 mál. Vera má að það sé út af því að eftirlitið sé orðið styrkara og markvissara að þau koma upp á borðið, en mér finnst ástæða til að staldra aðeins við þessi mál. Ekki síst þegar fram kemur í svari hæstv. ráðherra þegar hún er spurð hversu oft á þessum árum hafi komið fram kvartanir um rangar upplýsingar frá verðbréfafyrirtækjum vegna sölu hlutabréfa og hversu oft það hafi verið vegna sama fyrirtækis, þá er það æðioft að mér finnst að kvartanir komi vegna sömu fyrirtækjanna. Hér stendur að samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu hafi því borist með formlegum hætti sex erindi er varða kvörtun um ranga upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja á umræddu tímabili og það sem liðið er af árinu 2002. Þessi erindi varða fjögur fjármálafyrirtæki, af þeim eru þrjú á hendur sama fjármálafyrirtækinu, herra forseti. Mér finnst það nokkuð mikið. Í allnokkrum fleiri málum hefur einnig verið kvartað til Fjármálaeftirlitsins með óformlegum hætti vegna rangra upplýsingagjafa fjármálafyrirtækja vegna viðskipta með verðbréf.

Það er því ýmislegt sem þarf að skoða í þessum málum og herða á. Ég geri mér grein fyrir að hæstv. ráðherra hefur verið að reyna það með þeim frv. sem hún hefur verið að flytja um verðbréfamarkaðinn, sem ég átti því miður ekki kost á að taka þátt í. Ég þarf að skoða það mjög vel í efh.- og viðskn. hvort hér sé verið að fara einhverjar leiðir sem veiti styrkari umgjörð utan um fjármálamarkaðinn og verðbréfamarkaðinn, þannig að svo sé um málin búið að ekki sé hægt að stunda hér óeðlilega viðskiptahætti á verðbréfamarkaðnum eða innherjasvik.

Ég hef lengi gert athugasemdir við viðskipti fjármálafyrirtækja fyrir eigin reikning og talið að miklu betur þyrfti að búa þar um hnútana þegar fjármálafyrirtæki eru að sýsla með bréfasöfn viðskiptavina og standa á sama tíma í umfangsmiklum viðskiptum sjálf fyrir eigin reikning. Það er viss hætta á að slíkt fyrirkomulag hafi óeðlileg áhrif á gengi bréfanna og að hagsmunir þeirra sem treystu verðbréfafyrirtækjunum fyrir umsýslu eignasafna sinna séu alls ekki nægjanlega tryggðir.

Ég hef miklar efasemdir um að hinir svokölluðu kínamúrar dugi og að reglur um aðskilnað hagsmuna innan fyrirtækisins séu nógu markvissar sem leitt gæti til þess að hagsmunir viðskiptavina væru ekki nægjanlega tryggðir.

Ég tel líka ástæðu — ég sé að tími minn er að styttast — til að fara ofan í þrjá þætti í viðbót sem ástæða er til að skoða nánar og það er sú aukning sem orðin er á vanskilum sem Fjármálaeftirlitið gefur reglulega út og þau eru mjög vaxandi. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra sérstaklega um þau mál, ég hef af þeim verulegar áhyggjur. Skuldir heimilanna eru orðnar gífurlega miklar, eins og við þekkjum, sennilega 700 milljarðar ef ég man rétt og sem hlutfall af ráðstöfunarfé þá er þetta orðið um 170–180%, einhvers staðar nálægt því. Það kemur fram hjá Fjármálaeftirlitinu að heildarvanskil einstaklinga og fyrirtækja í lok júní sl. námu 25,6 milljörðum, eða 3,5% af útlánum samanborið við 18,2 milljarða í lok júní 2001, eða 2,6% af útlánum. Það er veruleg aukning þegar heildarvanskil aukast á svona stuttum tíma úr 18 milljörðum í 25–26 milljarða.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Telur hún ekki ástæðu til í þessari stöðu að beita sér fyrir því frv. sem fyrrum viðskrh., Finnur Ingólfsson, og flokkur þeirra beittu sér fyrir fyrir kosningarnar að mig minnir 1995 áður en þau settust í ríkisstjórn, að koma á lögum um breytingu á gjaldþrotaskiptum, þ.e. um greiðsluaðlögun sem er nýtt úrræði fyrir einstaklinga utan atvinnurekstrar sem komnir eru í algjört og viðvarandi greiðsluþrot og ekkert blasir við að óbreyttu annað en gjaldþrot?

Þetta er mál sem ég held að við verðum að fara að skoða af mikilli alvöru. Við sjáum allt of oft í fjölmiðlum upplýsingar um aukningu á gjaldþrotum og vanskilum einstaklinga. Ég held, herra forseti, að hæstv. ráðherra gerði nú gott verk í stóli ráðherra ef hún skoðaði það að beita sér fyrir því að það frv. verði flutt. Þetta er frv. sem Framsfl. hefur lagt áherslu á en af einhverjum ástæðum hefur áhuginn á að koma þessu máli í höfn minnkað eftir að ráðherrann hafði aðstöðu til þess og Framsfl. með ríkisstjórnaraðild. Það sýnir sig oft og iðulega að þau úrræði sem áttu að koma í staðinn fyrir þessa greiðsluaðlögum duga hvergi, gagnast örfáum einstaklingum. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur ítrekað spurt fjmrh. um þau úrræði og hverjum þau gagnast því örfáum einstaklingum hafa gagnast þau úrræði sem áttu að koma í staðinn fyrir þessa greiðsluaðlögum.

Mér finnst ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra um þetta í tilefni af þeirri aukningu sem er á vanskilum einstaklinga og mikilli og slæmri skuldastöðu heimilanna og auknum gjaldþrotum. Hæstv. ráðherra hlýtur að hafa áhyggjur af þeirri stöðu og er ástæða til að ræða það undir þessum lið.

Ég tek eftir því, herra forseti, að í yfirliti sem fram hefur komið um vátryggingamarkaðinn, þá er ástæða til að staldra aðeins við það og forstjóri Fjármálaeftirlitsins ræddi það líka á ársfundinum. Þar kom fram þegar vátryggingamarkaðurinn er skoðaður, að iðgjaldatekjur halda áfram að hækka á árinu 2001, en þær hækkuðu 9% umfram verðlagsbreytingar frá fyrra ári, en tjón ársins lækkuðu hins vegar um 8% frá fyrra ári.

Ég vil spyrja ráðherra af því að í ræðu forstjórans kom fram að Samkeppnisstofnun hafi um nokkurt skeið unnið að athugun á samstarfi vátryggingafélaga og meintum brotum á samkeppnislögum. Hér er haft eftir forstjóranum, orðrétt, með leyfi forseta:

„Fjármálaeftirlitið telur í þessu efni brýnt að niðurstöður fáist í þeirri athugun hið fyrsta."

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvað líði þeirri athugun sem hér er verið að vitna í varðandi vátryggingafélögin og meint brot á samkeppnislögum. Það er ástæða til að spyrja um það undir þessum lið. Og jafnframt að inna ráðherrann eftir því hvort hún telji ekki aðeins tímabært að staldra við þegar staða tryggingafélaganna og afkoma er t.d. miklu betri á árinu 2001 en hún hefur verið á næstliðnum árum og iðgjaldatekjur hækka svona langt umfram verðlagsbreytingar og tjón ársins lækka, hvort eigi nú ekki að hafa auga með því að hægt sé að lækka eitthvað iðgjöldin á neytendur.

Það er stutt eftir af tíma mínum en ég vil nota hann til að ræða um lífeyrissjóðina, en ég sé að um þá er nokkuð fjallað í skýrslu Fjármálaeftirlitsins. Þar finnst mér koma fram nokkuð alvarlegar athugasemdir sem mér finnst full ástæða til að hæstv. ráðherra ræði hér þegar við erum að fjalla um þá skýrslu. Þar stendur:

„Athuganir á fjárfestingum [þ.e. lífeyrissjóðanna] leiddu í ljós að fjárfestingar allmargra lífeyrissjóða eru ekki innan þeirra marka sem lög setja, sérstaklega hvað varðar fjárfestingar í óskráðum verðbréfum og verðbréfum útgefnum af sama aðila. Hefur Fjármálaeftirlitið þurft að gera ítrekaðar athugasemdir við nokkra lífeyrissjóði. Þá hafa nokkrir lífeyrissjóðir verið krafðir um úrbætur í samræmi við niðurstöður athugana. Í nokkrum tilvikum hafa þessar athuganir leitt í ljós þörf á mun ítarlegri könnun á starfsemi lífeyrissjóða og sammerkt hjá þeim sjóðum hefur verið að innra eftirliti hefur ekki verið nægjanlega sinnt. Þá má almennt segja að gögnum um innra eftirlit hjá lífeyrissjóðunum sem kallað var eftir hafi í mörgum tilvikum verið ábótavant eða ekki skilað sér nægilega vel. Fjármálaeftirlitið hefur ítrekað við stjórnir nokkurra lífeyrissjóða ábyrgð þeirra á innra eftirliti."

Síðan kemur fram, með leyfi forseta:

„Nokkur brögð eru að því að ársreikningar lífeyrissjóða séu ekki í samræmi við reglur sem um þá gilda. Hefur Fjármálaeftirlitið gert margvíslegar athugasemdir við lífeyrissjóði í þessu sambandi og í einu tilviki var lífeyrissjóði gert að gefa út ársreikning sinn að nýju.

Á tímabilinu hafa komið upp alvarleg mál sem efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra og Fjármálaeftirlitið hafa tekið til athugunar og tengjast starfsemi lífeyrissjóða. Í einhverjum tilvikum hefði mátt koma í veg fyrir eða leiða málin fyrr í ljós með virku innra eftirliti þessara lífeyrissjóða."

Mér finnst, herra forseti, að þetta séu nokkuð alvarlegar athugasemdir og mér finnst alveg full ástæða til að við hér í þinginu og efh.- og viðskn. förum að gefa meiri gaum starfsemi lífeyrissjóðanna sem hafa nú yfir gífurlega miklu fjármagni að ráða, ætli það séu ekki 500–600 milljarðar, ef ég man einhverjar tölur rétt, þannig að þeir geta auðvitað ekki hagað sér eins og ríki í ríkinu. Þessar athugasemdir gefa fullt tilefni til þess, herra forseti, að biðja efh.- og viðskn., og ég beini því líka til viðskrh., að við förum að gefa starfsemi lífeyrissjóðanna og eftirliti með þeim meiri gaum en gert hefur verið hingað til. Skýrsla þessi gefur mér a.m.k. ástæðu til að staldra meira við stöðu þeirra.

Herra forseti. Ég sé að tími minn er búinn og ég hef beint örfáum spurningum til hæstv. ráðherra og vona svo sannarlega að hún ræði betur skýrsluna en hún hefur gert til þessa, vegna þess að skýrslan á það svo sannarlega skilið og Fjármálaeftirlitið á svo sannarlega þakkir skildar fyrir að setja hana fram með þeim hætti sem það gerir.

[15:31]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð um þetta frv. þótt tilefnið sé ærið, því eins og hér kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þá fylgja með þessu frv. skýrslur Fjármálaeftirlitsins og jafnframt álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila.

Ég vil taka undir það sjónarmið sem fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að mér finnst eðlilegt að eftirlitsskyldir aðilar standi straum af kostnaði við Fjármálaeftirlitið. Við höfum fengið að kynnast því í efh.- og viðskn. á undangengnum árum að þessir aðilar telja of í lagt og hafa gagnrýnt hversu há þessi gjöld eru.

Samkvæmt frv. eru álagningarhlutföll hækkuð en lágmarksgjöldin eru óbreytt. Áætlað er að álagt eftirlitsgjald hækki úr 211,7 millj. kr. árið 2002 í 259,7 millj. kr. árið 2003, eða um rúm 22%. Síðan hefur komið fram skýring á þessu. Enda þótt rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins hækki einvörðungu um 2% þá er skýringin á þessum 22% sú að inni er upphæð, 47,9 millj. frá fyrra ári sem eru yfirfærðar. Þar er komin skýringin á þessari miklu hækkun.

Það skýtur skökku við að þessir aðilar sem hafa margir hverjir dásamað þjónustugjöld og að sérhver starfsemi eigi að standa undir sjálfri sér með sértekjum, skuli bera sig jafnaumlega og raun ber vitni þegar kemur að þeim sjálfum og þeim er ætlað að inna slík þjónustugjöld af hendi. Hins vegar er að sjálfsögðu eðlilegt að þeir veiti Fjármálaeftirlitinu strangt aðhald og að Fjármálaeftirlitið hafi ekki sjálfsskömmtun um eigin kjör og starfsskilyrði.

Það eru einmitt kjörin sem þeir hjá samráðsnefnd hafa verið að gagnrýna, sumt maklega en sumt þykir mér ekki vera eins sanngjarnt. Þeir benda á að stjórnarlaun til þeirra sem sitja í stjórn Fjármálaeftirlitsins hafi hækkað óhóflega. Þessi gagnrýni hefur reyndar komið fram áður. En hér segir, með leyfi forseta:

„7. Samráðsnefnd gagnrýndi á síðasta ári há stjórnarlaun sem greidd eru til stjórnar FME, en þau hækkuðu um 20% frá samþykktri áætlun fyrir 2001 (4,8 millj. kr.) til ársins 2002 (6,1 millj. kr.). Taldi samráðsnefndin brýnt að lækka þennan kostnað verulega. Þvert á ábendingar samráðsnefndar stefnir í að heildargreiðslur til stjórnar fyrir árið 2002 hækki frá samþykktri áætlun og verði 6,2 millj. kr. Í drögum að rekstraráætlun fyrir 2003 er síðan gert ráð fyrir að hækka þessar greiðslur í 6,4 millj. kr."

Nú er að sjálfsögðu eðlilegt að menn sem sitja í stjórn Fjármálaeftirlitsins fái greitt fyrir vinnu sína. Það er eðlilegt. Hins vegar þarf að gæta að því að þessi stjórnarlaun verði ekki óeðlilega há. Staðreyndin er sú að þeir sem sitja í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera fá greidd mjög lág laun. Það er hin almenna regla. Þegar hins vegar kemur að stofnunum sem snerta fjármálin eða fjármálasviðið þá gegnir öðru máli. Við þekkjum hverjar greiðslurnar eru þegar kemur að svokallaðri sérfræðiaðstoð, þegar nefndir og ráð leita út fyrir sín vébönd til svokallaðra sérfræðinga úti í bæ. Þá eru taxtarnir himinháir. Mönnum er eflaust í fersku minni hvernig þeir höguðu þessum málum hjá einkavæðingarnefnd. Þá töldu þeir sig þurfa að leita til sérfræðinga utan nefndarinnar og það undarlega var að yfirleitt hétu þeir sömu nöfnum. Þannig leitaði Jón Sveinsson til Jóns Sveinssonar og Hreinn Loftsson leitaði til sérfræðingsins Hreins Loftssonar og þá voru menn komnir á allt önnur kjör.

Auðvitað á að vera eftirlit með nefndagreiðslum af þessu tagi og koma í veg fyrir að menn fái þar einhverja sjálftöku inni í sjóði. Það er eðlilegt að eftirlitsskyldir aðilar skuli vilja veita þarna aðhald. Þarna þarf að sýna sanngirni. Það þarf að sjá til þess að menn fái greitt eðlilega fyrir sína vinnu, en ekki um of.

Hins vegar er hér einnig að finna undarlega gagnrýni þykir mér. Samráðsnefndin gagnrýnir t.d. kostnað við endur- og símenntun starfsfólks. Hér segir reyndar að hann sé illa skilgreindur þessi kostnaður. En það er gagnrýni af þessu tagi sem manni finnst eiginlega vera mjög undarlegur sparðatíningur. Ég verð nú fyrir mitt leyti að segja að ég tel mjög gott og eðlilegt að stuðlað sé að kröftugu endurmenntunarstarfi, einmitt ekki síst innan stofnunar eins og þessarar sem þarf að fylgjast rækilega með breytingum á þessum vettvangi.

Aðrar athugasemdir og kannski stærri í sniðum er að finna í athugasemdum samráðsnefndarinnar. Þetta er nokkuð sem við hljótum að fara rækilega yfir í efh.- og viðskn. þingsins þegar þar að kemur og sjálfsagt er að taka upp ábendingar

þar sem koma fram í skýrslu Fjármálaeftirlitsins, eins og þær sem lúta að lífeyrissjóðunum t.d.

Það er rétt sem hér hefur verið bent á að lífeyrissjóðirnir eru orðnir drjúgur hluti af fjármálalífi þjóðarinnar og auðvitað eiga þeir að þurfa að standa skil gerða sinna gagnvart eftirlitsaðilum á borð við Fjármáleftirlitið. Lífeyrissjóðirnir búa hins vegar við strangt innra eftirlit og lúta aðhaldi frá aðstandendum sínum úr röðum atvinnurekenda og samtaka launafólks. Ég get sagt frá því hér í þessu samhengi að í síðustu viku var haldinn aðalfundur hjá BSRB. Þar komu fulltrúar lífeyrissjóðanna og gerðu ítarlega grein fyrir fjárfestingarstefnu og þeim reglum sem sjóðirnir hafa sett sér. Vitundin um mikilvægi þess að lífeyrissjóðirnir lúti ströngu aðhaldi er því að vakna og það er eðlilegt að Fjármálaeftirlitið setji fram gagnrýni sína ef því þykir ástæða til og við eigum að taka þá gagnrýni mjög alvarlvega.

Ég tek undir það sem hér var sagt að við í efh.- og viðskn. þingsins hljótum að kalla eftir skýringum frá hlutaðeigandi aðilum, bæði Fjármálaeftirlitinu og fulltrúum lífeyrissjóðanna.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta.Ég á eftir að kynna mér frv. betur. Það gefst tóm til að gera það í efh.- og viðskn. þingsins og mun ég ekki láta mitt eftir liggja í því efni.

[15:40]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Hér erum við að tala um mjög mikilvæga starfsemi sem fer fram innan Fjármálaeftirlitsins. Ég heyri það á þeim hv. þm. sem hafa talað að þeir eru í öllum aðalatriðum ánægðir með það starf sem þarna fer fram. Það finnst mér gott að heyra. En ég legg áherslu á að Fjármálaeftirlitið starfar mjög sjálfstætt. Þó það sé vistað undir viðskrn. þá eru ekki tengsl þar á milli í raun nema hvað varðar ákvæði sem getið er um í lögum, eins og t.d. það að veita viðskrh. upplýsingar og skýrslu á ákveðnum tímapunkti í sambandi við rekstur.

Ég tek undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að það er mjög mikilvægt að vel sé að þessari stofnun búið. Þannig háttar til eins og allir vita að hinir eftirlitsskyldu aðilar greiða kostnaðinn við starfsemina. Þess vegna held ég að erfitt sé að krefjast að þeir hafi ekki neitt um það að segja hvernig þessi rekstur er og hversu umfangsmikill hann er og dýr og þar fram eftir götunum. Ég treysti mér nú ekki til þess að tala gegn því í rauninni.

Hv. þm. talaði um ýmiss konar nöldur sem kæmi fram í þeirra áliti. Það er svona sparðatíningur og ýmsar aðfinnslur kannski, en ekki eru þær nú stórvægilegar.

Hv. þm. kom inn á ræðu forstjóra Fjármálaeftirlitsins þar sem hann fór yfir mjög mörg mikilvæg atriði, t.d. hvað varðar stjórnir fjármálafyrirtækja. Þar var hann með nokkurn gagnrýnitón þegar hann talar um að þær hafi e.t.v. ekki nægilega yfirsýn. Hann talaði einnig um að áhættustýringu og innra eftirliti í því sambandi væri ábótavant. Þetta er vissulega áhyggjuefni. En þarna er Fjármálaeftirlitið að beita sér. Það er að taka á þessum málum af myndugleika að mínu mati og fara yfir þær leiðir sem eru færar til þess að bæta úr. Það er mikilvægt.

Hv. þm. nefndi verulega fjölgun kvartana sem hefðu komið fram í svari við fyrirspurn hennar. Það er nú kannski ekki hægt að segja að mjög mikið sé um kvartanir. Þó þekkist það að viðskiptavinir kvarti yfir ákveðnum atriðum. Auðvitað væri betra ef það væri algjörlega í lágmarki. En svona er nú þetta.

Hér er náttúrlega tiltölulega ungur fjármagnsmarkaður sem er í mótun. Eitthvað erum við að læra af reynslunni eins og gengur og gerist. Ég tel þó að við í ráðuneytinu höfum staðið okkur allvel í sambandi við að fylgjast vel með ástandinu og reyna að styrkja löggjöfina þegar upp hafa komið atriði sem við höfum talið að bentu til þess að þess væri þörf. Ég nefni t.d. svokallað Skeljungs-mál sem upp kom í fyrra. Þá var strax brugðist við í ráðuneytinu og lagt fram frv. til þess að taka á því.

Hv. þm. talaði um að hún hefði efasemdir um að kínamúrar dugi, en þetta er sú aðferð sem er almennt beitt. Hún er ekkert íslenskt fyrirbæri heldur er þetta á grundvelli tilskipana. Ég veit ekki hvort hægt sé að benda á aðra betri leið í rauninni. En auðvitað er líka mikilvægt að þessir kínamúrar haldi. Um það snýst málið.

Hv. þm. sem hér töluðu komu báðir inn á stjórnarlaun. Spurningin var hvort þau væru hugsanlega of há eða hvort þau væru sanngjörn. Eins og ég skildi málið þá var frekar verið að gagnrýna það að þau væru óþarflega há. Við verðum að hafa í huga að gerðar eru mjög strangar kröfur til stjórnarmanna í Fjármálaeftirlitinu. Þeir mega t.d. ekki eiga hluti í fjármálafyrirtækjum. Þeir mega ekki taka að sér verkefni fyrir fjármálafyrirtæki, en þau eru nú yfir 200 talsins. Þeir þurfa að gera sérstaka grein fyrir verðbréfaviðskiptum sínum. Því er eiginlega hægt að tala um að umtalsverður fórnarkostnaður sé fólginn í því að taka að sér að sitja í stjórn Fjármálaeftirlitsins. Litið hefur verið svo á að rétt væri að taka tillit til þessa í sambandi við greiðslu stjórnarlauna og þeirrar ábyrgðar sem þessu starfi fylgir.

En þrátt fyrir þetta sem ég hef hér nefnt eru stjórnarlaun lægri í Fjármálaeftirlitinu en í þeim ríkisstofnunum þar sem samanburðar hefur verið leitað, t.d. í Seðlabanka Íslands. Upphaflega var þetta miðað við bankaráðslaun þar sem eru 85 þús. á mánuði og 13 mánuðir, en hjá Fjármálaeftirlitinu eru það 75 þús. á mánuði fyrir aðalmenn, 150 þús. fyrir stjórnarformann og 50 þús. fyrir varamann.

Þá vil ég nefna í sambandi við varamenn, vegna þess að rætt hefur verið hvort ástæða sé til að þeir séu að mæta á fundi almennt þegar fullskipað er af hálfu aðalmanna en ástæðan er m.a. sú að nokkuð er um vanhæfi vegna þeirra ströngu reglna sem gilda og því þykir mikilvægt að varamenn séu vel inni í málum og geti þannig alltaf verið tiltækir þegar á þarf að halda. En ég segi í sambandi við þetta að allt orkar tvímælis og eðlilegt að þetta sé rætt, en mér finnst erfitt að halda því fram að þetta sé óeðlilegt.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi greiðsluaðlögun og mál sem flutt var af hálfu þingmanna Framsfl. í sambandi við greiðsluaðlögum, sem er rétt. Nú er þetta ekki mál sem ég tel að heyri undir mitt ráðuneyti, þannig að ég á nú erfitt með að flytja mál af því tagi. En það er rétt að í því frv. sem flutt var fólust mikilvæg atriði til bóta fyrir neytendur og viðskiptavini fjármálafyrirtækja. Ég vil geta þess í því sambandi, sem ég hef reyndar sagt frá áður, að ég hef nýlega skipað nefnd í sambandi við samningsskilmála sem er má segja lokahnykkurinn í sambandi við það að koma á góðu skipulagi á fjármagnsmarkaði. Við erum með mikið frv. í efh.- og viðskn. um fjármálafyrirtæki sem varðar rammann, reksturinn, stofnun og starfsemi fjármálafyrirtækja. Við erum með annað frv. sem er líka nokkuð að vöxtum og mjög mikilvægt að mínu mati, sem er um verðbréfaviðskipti. Þar

er fjallað um hegðunarreglurnar sem eru ekki síður mikilvægar. En þriðja atriðið sem ég tel mikilvægt að taka á varðar neytendur og eru samningsskilmálar. Nú hefur verið skipuð nefnd til þess að fara yfir þann þátt mála og kynna sér hvernig aðrar þjóðir fara að hvað þetta varðar og vita hvort þarna er ekki nokkur brotalöm hjá okkur. Ég vonast til þess að áður en langt um líður getum við haft eitthvað frá því að segja frekar.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi líka vátryggingamarkaðinn. Um hann er það að segja að Fjármálaeftirlitið hefur skoðað hann og telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir í sambandi við iðgjöld. Hins vegar er það rétt að Samkeppnisstofnun hefur verið mjög lengi að fjalla um kærumál og það er óskandi að það styttist í svör frá stofnuninni. *Ég get ekki svarað því hvenær þau birtast, en það* er eins með þá stofnun og Fjármálaeftirlitið að hún starfar mjög sjálfstætt þannig að ég er ekki mikið að hræra í þeim graut og er ekki í nánu sambandi við stofnunina.

Að síðustu í sambandi við lífeyrissjóðina. Þar hafa verið gerðar nokkuð alvarlegar athugasemdir en lífeyrissjóðir eða starfsemi þeirra og lög um þá heyra ekki undir viðskrn. Hins vegar er það ekkert launungarmál að fjárfestingarstefnan hefur núna upp á síðkastið verið á þann veg að þeir hafa verið að tapa fé sem er ekki gott. Nú veit ég ekki í rauninni hvað gera skal, en það sem forstjóri Fjármálaeftirlitsins hefur talað um, líka í sambandi við lífeyrissjóði eins og fjármálafyrirtæki, er að auðvitað bera stjórnir mjög mikla ábyrgð og verða að vera meðvitaðar um það.

Ég held að þetta séu aðalatriðin sem fram komu í máli hv. þm. sem hér töluðu. Ég held ég hafi brugðist bærilega við því. Tek bara undir það að þarna fer fram mikilvæg starfsemi sem er náttúrlega í mótun, en Fjármálaeftirlitið hefur fengið gífurlegt hlutverk í tengslum við lögin um eftirlit með virkum eignarhlutum og ekki fer það minnkandi núna þegar verið er að selja banka og selja stóra hluti í banka sem verður hlutverk Fjármáleftirlitsins að fara yfir og meta þá aðila sem þar er um að ræða, því það er hlutverk Fjármálaeftirlitsins að kveða upp úr um það hvort þeir eru hæfir til þess að eiga virkan hlut í fjármálafyrirtæki.

[15:52]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að taka undir það síðasta sem hæstv. ráðherra sagði um það mikilvæga verkefni sem Fjármálaeftirlitið hefur nú undir höndum að meta þá aðila sem gerður hefur verið samningur við um kaup á þessum bönkum sem er gert með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlitsins og þar hefur stofnunin vissulega mikilvægu hlutverki að gegna og það verður auðvitað grannt fylgst með því verkefni sem Fjármálaeftirlitið er nú að vinna, þ.e. að meta þá aðila eftir þeim ákvæðum sem það á að gera í lögum.

Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hún veitti við fyrirspurnum mínum áðan sem mér fundust ekki fullkomin. Ráðherrann hefði getað svarað betur og þess vegna taldi ég ástæðu til að stíga í pontu á nýjan leik.

Varðandi innherjaviðskiptin og kínamúrana, sem hæstv. ráðherra ræddi nokkuð og taldi að hér værum við að fara að reglum sem notaðar væru víða annars staðar eins og með kínamúrana, þá tel ég að við getum gert betur í því efni og sé auðvitað full ástæða til. Ég talaði fyrir því á síðasta þingi eða þar áður að hægt væri að takmarka með einhverjum hætti það umfang sem verðbréfafyrirtækin hefðu til þess að versla með bréf fyrir eigin reikning á sama tíma og þau væru að sýsla með söfn viðskiptavina sinna, þannig að það eru auðvitað til leiðir ef vilji er fyrir hendi. Ég hygg að í þessu eins og svo mörgu öðru séu það hinir eftirlitsskyldu aðilar sem eru á bremsunum og vilji ekki að farið sé lengra í því efni.

Mér hefur oft fundist í allri þeirri umræðu sem við höfum farið í gegnum með fjármálamarkaðinn eins og ég nefndi áðan, að hinir eftirlitsskyldu aðilar hafi allt of mikil völd og þeir hafi of mikinn íhlutunarrétt um það hvernig löggjöfin um fjármálamarkaðinn og verðbréfamarkaðinn er úr garði gerð. Út af fyrir sig er Fjármálaeftirlitið ekkert öfundsvert að hafa eftirlit með þeim aðilum.

Það er auðvitað ástæða til að nefna það, þegar við erum að tala um verðbréfamarkaðinn og hve nauðsynlegt er að búa þá umgjörð um hann að hann virki þannig að ekki sé um óeðlilega viðskiptahætti að ræða á markaðnum, að það er auðvitað umhugsunarvirði hvernig fjármálamarkaðurinn hagaði sér í kringum kaup og sölu á hlutabréfum í deCODE og það var ástæðan fyrir einum tölulið í þeirri fyrirspurn sem ég bar fram til hæstv. ráðherra um verðbréfaviðskipti. Ástæða er til að rifja það upp að þegar ég spurði um skaðabótaskyldu banka og annarra lánastofnana að því er varðar verðbréfaviðskipti og hlutabréfakaup, að margir hafa farið mjög illa út úr þeim viðskiptum sem þeir gerðu við hlutabréfakaup í deCODE.

Ekki alls fyrir löngu kom fram í blaði viðskiptasaga eins aðila sem lenti illa í því þegar hann hafði keypt hlutabréf í deCODE fyrir 20 milljónir að ráði verðbréfasala, en bréfin hrundu í verði. Margir tóku lán fyrir slíkum kaupum á hlutabréfum þegar gengið var 50 eða 60 á hlut sem síðan datt niður í 2 eða eitthvað álíka. Það eru því margir sem hafa farið mjög illa út úr þeim viðskiptum og maður veltir auðvitað fyrir sér hvernig þetta megi vera, hvernig þetta er til komið, hvernig ráðgjöfinni er háttað og hvort um einhverja hagsmunaárekstra sé að ræða milli þeirra sem eru sjálfir með sölu á þeim bréfum eða álíka fyrir eigin reikning og eru svo að sýsla með eignasöfn viðskiptavina. Það er því full ástæða til, herra forseti, að grannt sé fylgst með þessu á hv. Alþingi.

Varðandi hin miklu vanskil sem ég gerði að umræðuefni, bæði hjá fyrirtækjum og ekki síst hjá einstaklingum, og skuldastöðu heimilanna, þá olli það mér nokkrum vonbrigðum að hæstv. ráðherra, þó hún hefði alveg skilning á frv. um greiðsluaðlögun, þá taldi hún sig ekkert geta beitt sér í því máli af því það snerti ekki ráðuneyti hennar. Ég hef átt sæti í ríkisstjórn og ég geri mér alveg grein fyrir því hvernig verkaskiptingu er þar háttað, en ráðherrar geta auðvitað haft áhrif á gjörðir annarra ráðherra með því að taka málin upp við viðkomandi ráðherra eða í ríkisstjórn. Ég hef ítrekað flutt mál um greiðsluaðlögun og ég veit að það hefur mikinn meiri hluta á þingi ef framsóknarmenn eru sömu skoðunar og þeir voru áður. Það er fyrst og fremst þetta mál sem gagnast skuldugum heimilum og ég hvet ráðherrann til þess, af því hún á nú sæti í ríkisstjórn, að taka þetta upp við dómsmrh. sem ég geri mér grein fyrir að ætti að fylgja þessu máli fram.

En það er annað mál sem er á hennar könnu, það eru raunverulega tvö mál sem snerta verulega skuldug heimili sem ráðherrann hefur ekkert gert í og hreyfir sig lítið í, það eru lögin um ábyrgðarmenn sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur lagt fram frv. um, sem er mál sem snertir mjög neytendur og margir spyrja um. Mér finnst hæstv. ráðherra ekki hafa fundið þær leiðir í því sem eru ásættanlegar og frv. sem við höfum lagt fram í því efni er fyrst og fremst það sem þarf að verða að lögum.

Sama gildir um innheimtulög. Það er í verkahring ráðherra og forveri hennar í stóli viðskrh. flutti einmitt það mál inn í þingið, en síðan hafa sjálfstæðismenn, alveg eins og varðandi greiðsluaðlögunina, setið á því máli og örugglega átt sinn þátt í því að hæstv. ráðherra hefur ekki getað flutt það mál fram, því miður. Ég leyfði mér að taka það mál upp á þessu þingi þannig að það mál er hér í þinginu, nokkuð breytt að vísu þar sem ég fór yfir umsagnir og ýmsa þætti sem komu fram í athugasemdum umsagnaraðila sem fjölluðu um málið þegar forveri núverandi viðskrh. var í stóli ráðherra.

Þetta eru því tvö mál, stór neytendamál sem hæstv. ráðherra getur haft veruleg áhrif á að nái hér fram að ganga og er ástæða til að nefna þau úr því að ráðherra fer hér yfir sviðið og ræðir annað mál sem hún er með á sinni könnu og er að skipa nefnd varðandi samningsskilmála sem ég hygg að sé nú alveg hið ágætasta mál, en ég hygg að hin þrjú saman skipti í raun miklu meiru fyrir neytendur og skuldug heimili.

Hæstv. ráðherra sagðist ekki geta haft bein áhrif á vinnu eða verkefni Samkeppnisstofnunar þegar ég innti hana eftir því hvort ekki væri farið að sjást í þá skýrslu sem Samkeppnisstofnun hefur verið að vinna um samstarf vátryggingafélaga og meint brot á samkeppnislögum. Auðvitað getur ráðherrann haft áhrif á það. Varla þarf að segja hæstv. ráðherra að starfsmenn Samkeppnisstofnunar eru með fangið fullt af verkefnum og komast því hægt áfram. Það sem ráðherrann getur auðvitað gert er að beita sér fyrir því að Samkeppnisstofnun hafi eðlilegt svigrúm til athafna með því að veita henni það fjármagn sem þarf til að hún geti ráðið starfsfólk til að klára þessi verkefni. Hér er um mikilvæg mál að ræða sem snerta alla neytendur og hagsmuni almennings. Ég held að þegar verið er að flytja verkefni, bæði yfir á Samkeppnisstofnun og Fjármálaeftirlitið sem við erum að ræða, hugi menn sjaldnast að því að þessar stofnanir hafi eðlilega umgjörð til að starfa innan, þ.e. þann mannskap sem þarf til að ekki sé óeðlilegur dráttur á málum. Ég býst við að það sé skýringin á því að Samkeppnisstofnun er ekki búin að skila þessari mikilvægu skýrslu af sér, og á það getur viðskrh. vissulega haft áhrif. Hæstv. ráðherra fór ekki inn á það sem ég nefndi, eitt af því fáa sem ég var ósammála í skýrslu Fjármálaeftirlitsins, þ.e. að í staðinn fyrir að fá aukið fjármagn til að geta ráðið starfsfólk vilja þeir í auknum mæli fá aðkeypta ráðgjafarþjónustu og taka þar undir með hinum eftirlitsskyldu aðilum. Ég hefði gjarnan viljað heyra álit hæstv. ráðherra á því. Við munum örugglega taka þennan þátt upp í efh.- og viðskn.

Ég hef nefnt hér hvernig kostnaður við aðkeypta ráðgjafarþjónustu hefur blásið út á sl. árum. Hér er þetta komið upp í meira en þrjá milljarða sem almenningur þarf að láta á hverju ári í aðkeypta ráðgjafarþjónustu ráðuneyta og ríkisstofnana. Ég tel því ekki að það sé leiðin sem við eigum að fara varðandi Fjármálaeftirlitið, og spyr hæstv. ráðherra um það.

[16:02]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs í tilefni af umræðu sem hér hefur spunnist um svokallaða kínamúra í fjármálalífinu. Eins og kunnugt er eru kínamúrar notaðir um þau skil sem eiga að vera innan fjármálastofnana þannig að hagsmunir rekist ekki á.

Ég held að þetta tal um kínamúra sé blekking, og sjálfsblekking í besta falli. Í sumar fór hér fram talsverð umræða um siðferði í fjármálaviðskiptum. Hún var síður en svo einskorðuð við Ísland. Hún fór fram í Bandaríkjunum og víða um heim í kjölfar hneykslismála sem komið höfðu upp í Bandaríkjunum. Ég held að staðreyndin sé sú að enginn múr sé þannig að asni klyfjaður gulli komist ekki yfir hann. Ég held að hann leiti jafnan yfir slíka múra.

Vandinn er sá að iðulega eru stofnanir að gera tvennt í senn, ráðstafa fjármunum annarra og fjárfesta fyrir eigin hag. Þegar svo er skapast sú hætta að hagsmunir rekist á. Ég tel að eina leiðin til að koma í veg fyrir slíkt sé aukin verkaskipting á fjármálamarkaði. Annaðhvort eru fyrirtæki í fjárfestingum fyrir aðra eða þau eru í fjárfestingum fyrir sig sjálf. Hættan er sú að fyrirtæki á fjármálamarkaði sé fengið til þess að koma verðbréfum á markað — það hefur iðulega gerst hér og ég þekki dæmi þess án þess að ég ætli að nefna þau — það kaupir síðan sjálft þessi bréf og hagsmunir þess eru þá að hafa bréfin á eins lágu verði og mögulegt er. Síðan fjárfestir sama fyrirtæki fyrir sjóði, t.d. lífeyrissjóði. Það selur þá sjóðunum bréfin úr eigin fyrirtæki á eins háu verði og unnt er. Mismunurinn þarna á milli er hagnaður sem verður eftir hjá fyrirtækinu. Þá er spurningin þessi: Er hægt að reisa svo trausta múra að ekki verði þarna hagsmunaárekstur? Ég held ekki. Ég held að það sé hreinlega ekki hægt.

Ég held að eina leiðin til að koma í veg fyrir þetta sé aukin verkaskipting á fjármálamarkaði, það séu alveg hreinar línur að þau fyrirtæki sem fjárfesta fyrir sjóði einskorði sig við það hlutverk eitt en séu ekki sjálf í fjárfestingum fyrir eigin hag. Þetta held ég að sé eina leiðin til að taka á þessum málum.

Við kynntumst vandamálinu sl. vor í tengslum við umræðuna um deCODE og hugsanlega ábyrgð ríkisins á lánum til þess fyrirtækis. Þá kom fram á sjónarsviðið gamalkunnugt fyrirtæki, eitt af stærstu fjárfestingarfyrirtækjum í heimi, Morgan Stanley, sem ráðgjafi ríkisstjórnarinnar, a.m.k. vísaði ríkisstjórnin í gögn frá Morgan Stanley. Hvert skyldi hlutverk þessa fyrirtækis hafa verið aðeins fáeinum mánuðum áður? Jú, það var að koma verðbréfum deCODE á markað, hér og annars staðar. Þarna voru gagnstæðir hagsmunir. Það er vísað í enn eitt fjármálafyrirtæki sem einnig hafði tengst hagsmunum deCODE.

Menn þurfa að vanda sig mjög þegar þeir velja ráðgjafa og blekkja sig ekki á því að fyrir hendi séu múrar sem, þegar allt kemur til alls, eru hreinlega ekki til.

Það er mjög mikilvægt að hafa allar þessar reglur og lög til þess að gæta að siðferðinu en síðan er náttúrlega eitt sem við höfum ekki rætt hér og tökum upp á öðrum vettvangi, hin siðferðilega og pólitíska ábyrgð sem ríkisstjórnin ber gagnvart ráðstöfun fjármuna í samfélaginu. Við erum að verða vitni að einhverju mesta hneyksli síðari tíma í þeim efnum, sem er aðkoma ríkisstjórnarinnar að sölu á hlut þjóðarinnar í Búnaðarbanka og Landsbanka. Það er náttúrlega fullkomið hneyksli hvernig þar er staðið að málum.

Fyrir fáeinum missirum var talað um mikilvægi þess að tryggja svokallaða dreifða eignaraðild við sölu bankanna. Það var talað um 5% eða 8%, að enginn aðili mætti eignast stærri hlut en því næmi. Forsrh. tók t.d. vel undir hugmyndir af þessu tagi. Þeir sem gagnrýndu þær sögðu að það væri mjög erfitt að koma þessu við, seljendur réðu því ekki hvað gerðist á eftirmarkaði vegna þess að á því væru tæknilegir örðugleikar. Ég er ekki sammála því en það var sjónarmiðið, að einvörðungu vegna þess að það væri tæknilega erfitt væri horfið frá þessari hugmynd. Þannig töluðu menn á sínum tíma.

Síðan bregður svo við að menn snúa við blaðinu. Og nú er farið að tala um kjölfestufjárfesta. Til hvers skyldi þetta hafa verið gert? Það var til þess að tryggja að Sjálfstfl. og Framsfl. gætu samið um þessi skipti. Síðan hófst það ferli sem þjóðin þekkir, það er byrjað að skáka til eignunum, færa VÍS undan Landsbankanum, setja það fyrirtæki undir fyrrverandi varaformann Framsfl. og síðan koll af kolli, fyrirtæki sem eru í nánum tengslum við framsóknarmenn sameinast um tilboð í Búnaðarbankann, ríkisstjórnin fellst á það án þess þó að viðkomandi þurfi að greiða út nokkra peninga í upphafi og síðan er brautin greið og bein. Arður af þessari starfsemi er mikill, hreinn arður af Búnaðarbankanum, hreinn gróði, á þessu ári eftir skatta er 2.500 millj. kr. Ef arður hefði verið greiddur í ríkissjóð til að fjármagna halla á sjúkrahúsum og velferðarþjónustu hefði hann á þessu ári verið um 500 millj. kr., hálfur milljarður. Þetta eru menn að gefa frá sér, þessar eignir þjóðarinnar. (**Viðskrh.:** Gefa frá sér?) Þeir eru að gefa þetta frá sér. Og þeir gefa það þeim sem þeim eru sérstaklega þóknanlegir.

Og ég spyr: Ef menn lögðu svona mikið upp úr því að koma þessum eignum þjóðarinnar á markað, hvers vegna voru þær ekki markaðssettar? Hvers vegna voru bréfin ekki boðin út á hlutabréfamarkaði í stað þess að vera að makka með þetta á bak við tjöldin?

Meira að segja liggja ekki fyrir upplýsingar um hverjir þessir eignaraðilar eru. Þeir taka breytingum nánast frá morgni til kvölds, samsetningin á þessum hópum. Það hefur gerst upp á síðkastið. Síðan kemur hér hæstv. viðskrh. og talar um siðferði, gagnsæi og opna og heiðarlega nálgun gagnvart fjármálalífinu. En hvernig ber ríkisstjórnin sig sjálf að? Það er með þessum hætti, með þessum gamla spillingarhætti. Það er það sem er að gerast. Það er verið að taka verðmætar eignir úr höndum þjóðarinnar og færa þær vildarvinum ríkisstjórnarinnar. Og þetta er staðreynd.

Ef menn hefðu fyrst og fremst viljað koma þessum eignum á markað hefði átt að fara þá leið og fara með þessi hlutabréf á markað. (**Viðskrh.:** Er þetta ekki á markaði?) Við erum að tala um fjármálamarkað, já, og hvernig menn bera sig að á þeim markaði, hvaða reglur skuli gilda og hvaða siðferði menn skuli hlíta. Og ég er að benda á að þeir sem tala hér fyrir frumvörpum á hástemmdan hátt koma fram sjálfir á þennan ámælisverða gagnrýnisverða hátt.

[16:11]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það eru hérna nokkur atriði sem ég ætla aðeins að koma inn á. Hvað hef ég langan tíma núna?

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Fimm mínútur.)

Fimm mínútur, já. Það er ekki langur tími.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir talaði um innherjaviðskipti og kínamúra aftur og taldi að það væri umhugsunarefni hvort ekki ætti að takmarka að fyrirtæki versli fyrir eigin reikning.

Staðreyndin er sú að við því sem hefur komið upp á síðustu missirum í sambandi við það ákvæði sem hún talar um — það er þá helst Skeljungsmálið — var brugðist strax. Við höfum þegar breytt löggjöfinni þannig að slíkt ætti ekki að geta komið upp aftur.

Í sambandi við deCODE var líka brugðist við því með lagabreytingu eftir að þau bréf fóru að falla á markaði og upp komu mál sem var eðlilegt að fólk gerði athugasemdir við. Staðreyndin er sú að núna er aðeins hægt að kaupa á „gráa markaðnum" ef aðili hefur verið metinn fyrir fram. Með þessu móti er breytingin það mikilvæg að mínu mati að dæmi eins og átti sér stað í tengslum við viðskiptin með deCODE, þegar markaðurinn mat þau bréf hvað hæst, geta ekki komið fyrir aftur.

Hv. þm. talaði einnig um ábyrgðarmenn. Við í viðskrn. höfum brugðist við í sambandi við það mál með því að undirrita samkomulag sem m.a. Neytendasamtökin taka þátt í. Samkvæmt því fá einstaklingar sem eru ábyrgðarmenn alltaf einu sinni á ári skrá yfir það fyrir hverju þeir eru ábyrgir, það er eitt atriðið. Eins má segja að samkvæmt frv. sem hv. þm. flutti ásamt fleiri félögum sínum hefðum við verið að gera þeim óleik, að mínu mati, sem eiga ekki miklar eignir. Þeir hefðu í raun ekki átt auðvelt með að fá lán hjá lánastofnun.

Ég ætla ekki að hafa sérstaka skoðun á aðkeyptri ráðgjafarþjónustu. Ég tel tæpast ástæðu til þess. Þess vegna erum við með samráðsnefndina, hún metur slík mál og, eins og ég sagði áðan, greiðir markaðurinn kostnaðinn við Fjármálaeftirlitið.

Í sambandi við þá ræðu sem hv. þm. Ögmundur Jónasson flutti hérna er mér mjög kærkomið að koma inn á þau atriði. Hann er alveg ótrúlega ósanngjarn í málflutningi sínum. Þar að auki er einhver tónn í umræðunni sem hlýtur að segja að hv. þm. á eitthvað erfitt með að halda stillingu.

Þetta ferli er allt uppi á borðinu. Eftir að ég kom í þetta ráðuneyti hófst það með því að við óskuðum eftir eða reyndum að fá kjölfestufjárfesti erlendis frá og störfuðum með ráðgjafarfyrirtækinu HSBC í London að því. Þetta var fyrir u.þ.b. ári og bar ekki árangur. Ég hef aldrei sagt að það ætti að selja í dreifðri eignaraðild vegna þess að ég veit að það stenst ekki EES-samninginn. Við þurfum ekkert að ræða það að brjóta hann, að mínu mati, enda held ég að meira að segja vinstri grænir séu farnir að tala þannig að EES-samningurinn skipti okkur máli og sé okkur mikilvægur. Þetta er aðalatriði málsins.

Þegar auglýst hafði verið gáfu fimm aðilar sig fram. Ég endurtek að það var auglýst, það var opið fyrir alla þá sem höfðu áhuga á að kaupa í banka. Ef hv. þm. veit um einhverja samstæðu eða einhverja grúppu sem vildi kaupa bankann, því í ósköpunum gaf hún sig þá ekki fram? Það var rætt við þá sem gáfu sig fram og uppfylltu ákveðin skilyrði. Niðurstaðan varð sú að Landsbankinn var seldur Samson sem var valinn eftir að HSBC hafði hjálpað okkur við að velja aðila. Síðan var S-hópurinn valinn eftir að HSBC hafði hjálpað okkur í ráðherranefndinni við að velja aðila til viðræðna. Samningar náðust við báða þessa aðila þótt ekki hafi verið gengið frá þeim endanlega enda, eins og ég hef látið koma hér fram, á Fjármálaeftirlitið eftir að yfirfara þessa aðila. Það er ekki hægt að skrifa undir meðan það hefur ekki verið gert, eins og hv. þm. hlýtur að skilja. Hann talar um að við séum að gefa frá okkur hluti en við erum að selja á yfirverði. Við græðum milljarð umfram það að selja á markaði.

[16:17]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það hefur ekki verið látið reyna á hvað hefði gerst á markaði ef hlutabréf þjóðarinnar í ríkisbönkunum hefðu verið sett þangað. Hlutabréfin hafa sveiflast mikið til í verði á markaði. Nú eru þau 4,87 en á sínum tíma, ekki fyrir alls löngu, voru þau 6. Þau hafa verið miklu hærri en þau eru nú. Ýmsir hafa leitt getum að því að ef aðferðafræðin hefði verið önnur þá hefðu bréfin hækkað í verði.

En hvers vegna að leita eftir samstæðu? Er það til þess að fá fjármagn að utan? Var það raunin? Var það til þess að leita eftir samstæðu eða grúppu, eins og hæstv. ráðherra orðaði það, fá hóp fjárfesta saman? Það er einmitt það sem við höfum verið að gagnrýna mörg hver. Við hefðum talið æskilegra að stuðla eftir megni að dreifðri eignaraðild.

Hin rökin sem stundum hafa verið sett fram eru að með þessu móti megi fá fjármagn frá útlöndum. Í hvorugu tilvikinu, alla vega ekki í Búnaðarbankanum, er um það að ræða að uppistaðan í greiðslunum komi að utan. Það er talað um að svo sé að einhverju leyti í gegnum franskan banka, enn veit enginn hver það er. Það hefur verið gagnrýnt í fjármálaheiminum að það sé allt mjög óljóst og á huldu.

Það þarf ekki lengur vitnanna við. Það þarf ekki annað en skoða fréttir af þessu ferli og sjá hvernig samsetning þess hóps, sem er að bjóða í Búnaðarbankann og hefur fengið blessun ríkisstjórnarinnar, hefur tekið breytingum að undanförnu, ekki bara á undanförnum vikum heldur dögum. Þetta hefur þannig allt verið á hreyfingu. Ljóst hefur það ekki verið og þetta hefur verið gagnrýnt í fjármálaheiminum, að það hafi verið staðið alveg sérlega illa að verki.

[16:19]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru engir nema Vinstri grænir og reyndar Frjálslyndi flokkurinn sem halda því fram að þarna hafi verið illa staðið að verki. Við erum að selja á 4,81. Daginn áður voru bréf í Búnaðarbankanum skráð á 4,70. Þetta er gott verð og það er alla vega ekki hægt að gagnrýna verðið. En það sem hv. þm. getur náttúrlega gagnrýnt er að í þessum hópi skuli vera aðilar sem tengjast Samvinnuhreyfingunni. (**ÖJ:** Það er a.m.k. framsóknarmaður þarna.) Það er náttúrlega mjög slæmt ef hugsast gæti að þarna væri framsóknarmaður á ferð. Auðvitað hefði hv. þm. verið miklu ánægðari með það ef þetta hefðu verið eintómir sjálfstæðismenn, ég geri mér grein fyrir því, en ekki hefðu þetta getað verið vinstri grænir vegna þess að þeir koma ekki nálægt viðskiptalífinu. Ég bið bara hv. þm. að nefna mér það fyrirtæki sem vill gefa sig út fyrir að styðja vinstri græna. Það væri fróðlegt að heyra af því.

Málið er að þarna er staðið eðlilega að máli. Það fást 25 milljarðar inn í ríkissjóð, fjármagn sem við erum að losa og getum nýtt til skynsamlegra hluta. Við getum nýtt það til samgöngubóta, til byggðamála, upplýsingatæknimála og guð má vita hvað. Við losum þannig um gífurlegt fjármagn en hins vegar gefum við einstaklingum, einkaframtakinu, tækifæri til þess að reka þessa banka eins og allar aðrar þjóðir gera. Meira að segja fyrrverandi kommúnistaþjóðir eru á þessari leið en hv. þm. að sjálfsögðu ekki.

[16:21]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Jæja, herra forseti, nú fengum við það alveg grímulaust. Það er ekkert fyrirtæki, segir hæstv. ráðherra, sem er vinstri grænt, sem gefur sig út sem fyrirtæki vinstri grænna. Svona hugsar Framsfl.: Okkar fyrirtæki, okkar menn. Þetta er hugsunarhátturinn eins og hann kom hér grímulaust fram. (**GAK:** Þeir sem borga.) Þeir sem borga, borga í flokkssjóðina. Það eru þessir aðilar sem Framsfl. hefur slegið eignarhaldi sínu á sem eiga að fá hlut þjóðarinnar í Búnaðarbankanum. Svo einfalt er þetta mál.

Þegar talað er um 25 milljarðana sem eru að koma inn í ríkissjóð, við eigum nú eftir að sjá með hvaða hætti þeir koma, er ég að vekja athygli á því að á þessu ári einu, bara á þessu ári, er hreinn gróði af Búnaðarbankanum einum 25 hundruð milljónir. Arðurinn, ef hann hefði verið greiddur í ríkissjóð á þessu ári, væri hálfur milljarður króna. Það eru þessar mjólkurkýr sem Framsfl. er að afhenda vildarvinum sínum. Hér var því lýst alveg opinskátt hvað væri að gerast.

[16:22]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé að hv. þm. vill helst ekki að ég tali mikið í þessu máli. Ég er tilbúin að rifja upp að atvinnulífið hefur tengst Sjálfstfl. og Framsfl. í þessu landi síðustu áratugi. Það er hins vegar að losna um þau tengsl og það held ég að skipti miklu máli. Það mætti þó alveg gerast hraðar.

Samvinnuhreyfingin hefur tengst Framsfl. Við höfum aldrei farið í launkofa með það. Fyrirtækin sem þarna eiga í hlut tengjast Samvinnuhreyfingunni, mörg hver.

Hv. þm. hafði hins vegar stór orð uppi um að það væri enginn erlendur banki í þessu. Staðreyndin er hins vegar sú að þarna kemur að erlendur banki eða erlendir bankar. Það var það sem gerði útslagið um að þetta fyrirtæki, þessi samsteypa, S-hópurinn var valinn til viðræðna. Það skipti mjög miklu máli að fá þarna inn erlent fyrirtæki.

Það að hv. þm. skuli vera svona órólegur yfir þessu öllu þarf svo sem ekki að koma neinum á óvart. Hann og fylgismenn hans vilja að fyrirtæki í landinu séu almennt í ríkisrekstri. Þeir vilja og biðja um ríkiseinokun. Þetta hefur komið fram hér á hv. Alþingi í hverri umræðunni á fætur annarri. Einkaframtakið, einstaklingurinn má ekki. Þetta er málið og um það erum við algjörlega ósammála.

[16:24]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Umræðan sem hér fer fram um eftirlit með fjármálastarfsemi tengist að sjálfsögðu því sem nú er að gerast á fjármálamarkaðnum, sölu á bönkum og alls konar hrókeringum sem eiga sér stað í fjármálaheiminum. Ég held, herra forseti, og held að þjóðin upplifi það þannig líka, að erfitt sé að tala um sérstaka siðvæðingu í þeim efnum. Ég held hins vegar að þörf sé á siðvæðingu.

Ef við lítum á það gífurlega verkefni sem Fjármálaeftirlitið stendur frammi fyrir núna, að hafa eftirlit með þessum fjármálamarkaði, bönkum og verðbréfasjóðum, eftir að þeir eru komnir út á einkamarkaðinn, tel ég ástæðu til að skoða hvernig styrkja megi Fjármálaeftirlitið til að halda trúnaði í fjármálaheiminum hér á landi.

Atgangurinn á mörkuðum síðustu dagana, þar sem menn eru að skipta á hlutabréfum og keppast um yfirráð yfir hinum ýmsu fjármálafyrirtækjum, eykur mér alla vega ekki traust og trúnað á því fyrirkomulagi sem orðið hefur fyrir valinu. Ég hef á tilfinningunni að ég deili þessum áhyggjum með fleirum í þjóðfélaginu. Þarna er bara grímulaus græðgi og valdafíkn á ferð en ekki þjóðhagslegir hagsmunir. Ég upplifi það alla vega þannig.

Mér finnst, herra forseti, ekki rétt að tengja hugsanlega kaupendur að Búnaðarbankanum, þá fyrirtækjasamsteypu, með einum eða neinum hætti Samvinnuhreyfingunni. Fyrirtækin sem þarna eru á ferðinni komust í eign örfárra aðila upp úr endalokum Samvinnuhreyfingarinnar, þ.e. eignir og þjónusta sem voru á hennar vegum. Ákveðnir hópar komust yfir þessar eignir, sjálfsagt á þann löglega hátt sem í boði var. En það er fjarri því að ætla að tengja rekstur og starfsemi þessara

fyrirtækja sem núna eru á peninga- og fjármálamarkaðnum, á nokkurn hátt þeirri siðferðislegu sýn og félagshyggju sem samvinnuhugsjónin og samvinnufyrirtækin unnu eftir. Menn geta haft ýmislegt út á starfsemi þeirra að setja eins og hún gekk fyrir sig en þau voru þó í eigu fólksins sem að þeim stóð, sem félagsleg eign og voru ekki ætluð til framdráttar einstaka mönnum eða hópum fólks eða til að þau gætu sölsað undir sig eignir almennings.

Það er algjör skrumskæling að ætla að tengja hugsjónir Samvinnuhreyfingarinnar við það sem er að gerast í kringum kaupin á Búnaðarbankanum. Ég mótmæli því sem gamall og góður samvinnumaður í áratugi. Ég mótmæli því fyrir hönd okkar samvinnumanna að þetta eigi nokkuð skylt við það. Það er fullkomin skrumskæling að blanda því saman og reyndar meira en það. Ég vil bara taka það fram að samvinnuhugsjónin verðskuldar ekki það að vera líkt við þann atgang sem nú á sér stað í kringum kaupin á Búnaðarbankanum, herra forseti.

Það er rétt að leiða hugann að því hvernig þessi fjármálaheimur er að fara. Áður þótti nauðsynlegt að þjónustustofnanir eins og fjármálafyrirtæki, bankar og önnur slík fyrirtæki, væru ekki hagsmunatengd viðskiptavinum sínum, fyrirtækjum eða atvinnurekstri, þar væru engin hagsmunatengsl á milli. En hvað sjáum við nú? Bankarnir, þessar þjónustustofnanir eru að fara í hendur hagsmunaaðila, aðila sem eru jafnframt með sömu banka sem viðskiptabanka sína. Þetta býður náttúrlega heim spillingu en fyrst og fremst því að fjármálaheimurinn verði ekki marksækinn, verði meira upptekinn af því hvernig einstaklingar eða hópar manna nýta þessi tengsl, þessa fjármuni og aðgengi að völdunum til að treysta eigin völd.

Ég þekki þá umræðu aðeins t.d. úr Mið-Evrópu þar sem fyrir nokkrum árum síðan var farin sama leið, þ.e. bankarnir voru farnir að eiga í fyrirtækjunum og fyrirtækin að eiga í bönkunum og bankarnir að eiga aftur í fyrirtækjunum og fyrirtækin að eiga aftur í bönkunum. Þetta var svona rúlletta. Þar var því haldið fram að þessi þróun hefði þau áhrif að fjármálalífið staðnaði og atvinnulífið staðnaði vegna þess að þeir einstaklingar sem þarna véluðu um og valdahópar voru uppteknari af valdajafnvæginu innbyrðis, milli einstaklinga og hópa, en því að þjóðarhagur nyti góðs af. Þar hafa verið settar í gang aðgerðir til þess að snúa þessu við og reyna að tryggja sjálfstæði bankaþjónustunnar frá atvinnulífinu og frá slíkum valdahópum.

Við erum aftur á móti að sigla inn í það ferli að einstakir valdahópar, einstakar atvinnugreinar, fyrirtæki sem eru jafnframt í þjónustu hjá viðkomandi bönkum kaupa sig inn í bankana. Bankarnir kaupa sig aftur inn í fyrirtækin. Fyrirtækin eru tryggð hjá tryggingafélaginu. Tryggingafélagið kaupir aftur hlut í bankanum o.s.frv. Það er bara fullkominn siðlaus skandall sem er að eiga sér stað hér í þessum peningaheimi, að mínu mati, herra forseti, og getur ekki leitt til annars en að þessi markaður allur verði óvirkur og skili ekki þeirri þjónustu sem við þurfum að fá frá þessum aðilum.

Herra forseti. Ég má til með að koma því að að þessi þróun er andstæð því sem gerist í öðrum löndum, svona klíkuþróun. Það getur vel verið, eins og hæstv. viðskrh. sagði, að ágætir framsóknarmenn — ég dreg það ekkert í efa — það getur vel verið að það séu ágætir framsóknarmenn sem geti keypt Búnaðarbankann. Vafalaust er að svo, þó að mér finnist náttúrlega að ekki eigi að „framsóknísera" eða gera alla banka að handbendi Framsfl., og ég vona nú að verði ekki. En það er alveg sama hvernig á það er litið, þegar fyrirtæki eru farin að hanga hvert í skotti annars í einni hringekju þá erum við á hreinum villigötum eins og við erum núna varðandi þessar bankahræringar, bankasamsteypur eða kaup á bönkum sem hér tíðkast.

Ég get bara bent á það að ef við spyrjum hæstv. viðskrh. núna á þessari stundu hverjir séu að kaupa Búnaðarbankann þá efast ég um að hæstv. viðskrh. geti svarað því. Hún hefur ekki hugmynd um það vegna þess að fyrir klukkutíma síðan kom hér frétt um að einn af þessum aðilum er búinn að kaupa 25% í öðrum aðila og búinn að selja 30% í hinum aðilanum og núna er ekkert víst hver í rauninni er að kaupa. Frá því fyrir klukkutíma síðan hefur þetta verið á einni hringekju þannig að viðskrh. hefur ekki hugmynd um það í dag hverjum hún er að selja bankann.

Ég verð að segja að það eru dapurleg örlög fyrir Búnaðarbankann sem hefur að hluta til verið menningarstofnun í íslensku samfélagi að lenda í svona löguðum darraðardansi.

Það þarf svo sem enginn að spyrja hér hæstv. ráðherra hvað orðið hafi af málverkunum sem voru þarna innan borðs. Ætti ekki Fjármálaeftirlitið að fylgjast með almennum eignum þessara banka sem verið er að selja, ekki bara peningalegum eignum og viðskiptvild heldur öðrum dýrgripum sem þessir bankar eiga og tilheyra starfsemi þeirra? Það var hægt að taka málverkin frá. Ég spyr hæstv. ráðherra: Var það gert í þessu tilviki nú við sölu Búnaðarbankans? Búnaðarbankinn var menningarstofnun alveg fram á síðustu mánuði og hafði það hlutverk að kaupa málverk og taka þátt í menningarlífi landsmanna en óvíst er hvernig það fer nú þegar þessum darraðardansi lýkur.

Herra forseti. Ég stóð hér upp til þess að bera blak af og verja samvinnuhugsjónina. Samvinnuhugsjónin á ekkert skylt við það sem núna er að gerast við kaupin á Búnaðarbankanum. Þó svo að einstaklingar sem þar eru að véla um hafi á einhverjum tíma unnið sem framkvæmdastjórar eða sem starfsmenn samvinnufélaga á sínum tíma þá eiga þessar aðgerðir sem núna eru í gangi ekkert skylt við samvinnuhugsjónina og fjarri því. Þær eru einmitt andstæða hennar. Það sem nú er verið að að gera varðandi Búnaðarbankann og vinnubrögðin í kringum það mál eru andstæður samvinnuhugsjónarinnar. Það skulu menn hafa á hreinu. Þó að framsóknarmenn eigi þarna í hlut — þeir voru margir ágætir framsóknarmennirnir á sínum tíma sem voru virkir og báru samvinnuhugsjónina á lofti — þá er ekki verið að halda samvinnuhugsjóninni á lofti í þessum viðskiptum. Það er af og frá.

[16:36]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var eiginlega þetta sem hv. þm. sagði núna í lokin sem varð til þess að ég ákvað að koma hérna upp, af því að ef hv. þm. er samvinnumaður, sem hann segist vera og ég efast ekki um í raun, hvernig getur hann þá verið á móti því að félög sem hugsanlega tengjast hinni ágætu samvinnuhreyfingu eignist banka. Hvernig getur hann verið á móti því? Vill hann þá ekki að samvinnufyrirtæki eigi í fjármálafyrirtækjum?

Nú er það svo að við höfum breytt lögum um samvinnufélög þannig að hægt er að breyta samvinnufélögum í hlutafélög. Það er bara í takt við tímann. Það er margt breytt og við verðum að horfa á þær breytingar sem verða á markaðnum og þær breytingar sem verða í löndunum í

kringum okkur og reyna að gera fyrirtækjum kleift að standa sig í samkeppni, hvort sem það er hér á Íslandi innan lands eða við önnur lönd. Við erum á innri markaði Evrópu. Þetta hefur þær afleiðingar að við hljótum að reyna að taka mið af aðstæðum.

Þegar samvinnufélög eða félög sem tengjast samvinnuhreyfingu vilja eignast banka og hv. þm., sem er samvinnumaður, vill það ekki þá er eitthvað sem gengur ekki alveg upp í höfðinu á mér. Þegar hann segir að ég viti ekki hverjir eru að kaupa bankann þá er það nú einu sinni þannig að það er ekki búið að ganga frá þessum kaupum. Það er ekki búið að ganga frá kaupunum.

Og af því að hv. þm. voru að tala um — og það var bara *nánast eins og það væri hneyksli* — að ekki yrði borgað fyrir áramót þá er það einfaldlega vegna þess að það gefst ekki tími. Við verðum ekki búin að ganga frá þessu fyrir áramót. Þetta á allt saman eftir að fara í gegnum Fjármálaeftirlitið og skoðast þar. Þannig er þetta. Það vill svo til að áramótin eru alltaf á sínum stað og það er ekkert voðalega langt í þau.

[16:38]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil áfram verja samvinnuhugsjónina fyrir þessum atgangi sem hér er í gangi. Ég get ekki séð neina samvinnuhugsjón eða ákvarðanir teknar á grundvelli samvinnuhugsjónarinnar í Vátryggingafélagi Íslands þegar verið er að selja það til eða frá. Ég get ekki séð að fyrirtækið Hesteyri, með leyfi forseta, sem hefur verið nefnt hugsanlegur kaupandi hér, starfi neitt á grundvelli hugsjóna samvinnuhreyfingarinnar. Ég get ekki séð að fyrirtækið Ker hf., sem þarna er líka nefnt sem kaupandi, starfi á vegum samvinnuhreyfingarinnar. Eða hvar eru hinar félagslegu samþykktir fyrir þessi fyrirtæki, slík almenningsfyrirtæki? Ég get ekki heldur séð að Olíufélagið, eða áður Olíufélagið, sé neitt samvinnufélag og starfi á þeim grundvelli. Þetta eru nokkur af þeim fyrirtækjum sem hafa verið nefnd sem hugsanlegir kaupendur.

Það er náttúrlega, eins og hæstv. ráðherra kom inn á, einhvers konar safnhópur sem maður veit ekki hver er frá degi til dags, sem er að kaupa. Þarna eru mörg önnur fyrirtæki en ég get ekki séð að nokkurt þeirra starfi á grundvelli samvinnuhugsjónarinnar eða eftir leikreglum hennar. Við hæstv. viðskrh. erum nú bæði samvinnufólk, a.m.k. unnum við saman á árum áður á þeim grunni og berum ábyggilega bæði virðingu fyrir samvinnuhugsjóninni. En það sem þarna er á ferðinni á ekkert skylt við það, þó svo að einstakir menn eða einstakar blokkir hafi komist til áhrifa á grundvelli eigna samvinnuhreyfingarinnar þegar starfsemi hennar var slitið.

[16:40]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af því að stundum hefur verið talað um smokkfisk og að hugsanlega tengdust einhver þessara fyrirtækja smokkfisknum þá vil ég spyrja hv. þm. hvort honum hefði þótt betra ef kolkrabbinn hefði keypt Búnaðarbankann. *(**Gripið fram í:** Hvað er kolkrabbi?)*

[16:40]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi hugtök í viðskiptalífinu, kolkrabbi og smokkfiskur, eru náttúrlega mér hvorki töm né kær. Ég vil líka undirstrika það aftur, virðulegi forseti, hversu langt við erum komin frá samvinnuhugsjóninni þegar við ræðum um þessi fyrirtæki í tengslum við hana og farið er að blanda því saman að hugsjónir samvinnuhreyfingarinnar liggi að baki því þegar einstakar valdablokkir, þó að þær tengist Framsfl., sölsa undir sig einn besta banka þjóðarinnar. Málið snýst ekki um það.

Virðulegi forseti. Ég benti líka hæstv. ráðherra á hversu *siðspillt það er í samfélagi okkar þegar fyrirtæki eða* samsteypa atvinnufyrirtækja kaupir hlut í viðskiptabankanum sínum og viðskiptabankinn kaupir svo aftur hlut í sama fyrirtæki, fyrirtækið kaupir tryggingafélagið sem það tryggir hjá, tryggingafélagið kaupir síðan hlut í fyrirtækinu, fyrirtækið og tryggingafélagið kaupa svo hlut í viðskiptabankanum. Allt er þetta í einum graut. Svona uppstilling hlýtur að virka lamandi á allt heila kerfið til nokkurs tíma þó að þetta sé spennandi meðan menn keyra um í svörtum bílum og klæðast svörtum frökkum og hvítri skyrtu meðan á þessu stendur.

En tengið þetta ekki samvinnuhreyfingunni fyrir alla muni þó svo að einhverjir framsóknarmenn séu þarna að verki.

[16:42]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég má til með að taka þátt í þessari umræðu eftir að hafa hlustað á þær yfirlýsingar sem hæstv. viðskrh. hefur gefið hér og einnig vegna þess hvernig hæstv. ráðherra telur að atvinnulíf í þessu landi sé merkt sérstökum stjórnmálaflokkum.

Í máli hennar hér áðan kom fram að hún telur að atvinnulífið tengist fyrst og fremst Framsfl. og Sjálfstfl. og nánast engum öðrum. Hún nefndi í því sambandi að hún vissi ekki um neitt fyrirtæki sem tengdist m.a. Vinstri grænum.

Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvaða skilning hún leggi í þessar tengingar. Eru yfirmenn fyrirtækjanna ef til vill flokksbundnir sjálfstæðismenn eða framsóknarmenn en ekki í öðrum flokkum? Eða er þessi tenging þannig að þau fyrirtæki sem hæstv. ráðherra hefur í huga greiði sérstakar uppæðir til Framsfl. og Sjálfstfl.? Á hæstv. ráðherra við það? Er það þá líka þannig að hæstv. ráðherra telji sig vita það úr gögnum fyrirtækja og upplýsingum að fyrirtæki styðji almennt ekki aðra stjórnmálaflokka fjárhagslega eða með öðrum hætti? Og hvaðan hefur hæstv. ráðherra þessar upplýsingar?

Hér er verið að tala um eftirlit með fjármálafyrirtækjum. Úr því að við ræðum þetta mál og hæstv. ráðherra hefur gefið yfirlýsingar eins og þær sem hún hefur gefið hér þá tel ég afar brýnt að þingheimi og þjóðinni sé gefin góð skýring á því hvað felst í þessum orðum hæstv. ráðherra.

Síðan vil ég, herra forseti, gera athugasemd við það þegar hæstv. ráðherra notar orðin „fólk í atvinnulífinu“, að það tengist Sjálfstfl. og Framsfl. Það vill svo til að fólk í atvinnulífinu kemur úr öllum stjórnmálaflokkum, *því að atvinnulífið* er ekki bara toppar fyrirtækjanna, þeir sem komist hafa á þá skrá sem ráðherrann virðist hafa séð og virðist leggja málflutning sinn út af. Fólk í atvinnulífinu eru allir þeir sem taka þátt í atvinnulífinu, hvort sem þeir starfa við stjórnun fyrirtækjanna eða starfa hjá fyrirtækjunum um lengri eða *skemmri tíma*. Allt þetta fólk er þátttakendur í atvinnulífinu. Ég vil gera mikla athugasemd við það hvernig hæstv. ráðherra notar þessi orð.

Vel kann að vera, herra forseti, að topparnir í ýmsum stórfyrirtækjum séu vissulega með flokksskírteini í ríkisstjórnarflokkunum, og jafnvel meira en líklegt að ýmsir

toppar og stjórnendur stórfyrirtækjanna séu nokkuð tryggir stuðningsmenn þessara flokka, Sjálfstfl. og Framsfl., sem hæstv. ráðherra gerði hér að umræðuefni, ég skal ekki bera á móti því, enda höfum við séð hvernig ráðningarnar hafa farið fram. Nýverið var einn af bankastjórum Seðlabankans ráðinn sérstaklega til fyrirtækis sem var selt út úr Landsbankanum, Vátryggingafélags Íslands. Ég er nærri viss um að hæstv. viðskrh. getur fullyrt það að sá maður er stuðningsmaður Framsfl. og tengist honum.

Ég held að einnig sé hægt að segja almennt, herra forseti, og draga megi þá ályktun m.a. af því sem verið hefur til umfjöllunar í blöðum og fréttatímum fjölmiðla á undanförnum vikum og missirum, að það sé frekar illa séð af ráðamönnum ríkisstjórnarinnar ef menn í viðskiptalífinu komast áfram sem ekki eru tengdir Framsfl. og Sjálfstfl. Þeirra viðhorfa hefur gætt, herra forseti. En þegar svo er tekið til orða eins og hæstv. ráðherra gerði hér áðan, þá verður manni á að spyrja úr þessum ræðustóli: Hverjum telur ráðherrann sig vera að þjóna? Er verið að vinna með sölu fyrirtækja og uppskiptum á eignum ríkisins að heill og hamingju þjóðarinnar eða er verið að skipta upp á flokksvélina? Ég óska eftir að hæstv. ráðherra svari þeirri spurningu minni.

Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, mér finnst sú ræða sem hæstv. viðskrh. flutti áðan lýsa mjög framsóknareðli hennar og þeirri hugsun hvernig Framsfl. telur að nú þurfi að ganga undir ákveðnum fyrirtækjum svo að tryggja megi þau sterku sambönd sem hæstv. ráðherra lýsti áðan að tilheyrðu Framsfl., toppunum í atvinnulífinu.

Hæstv. ráðherra kom inn á fyrirtæki í sérstökum flokki, smokkfisknum annars vegar og kolkrabbanum hins vegar. Vill hæstv. ráðherra vera svo vinsamleg að skilgreina það fyrir mér hvaða fyrirtæki teljast til hvors hóps og hvernig þau tengjast hverjum flokki, úr því að þetta kom til umræðu með þessum hætti?

Ég er mjög ósáttur við að hæstv. viðskrh. komi hér upp í þennan ræðustól og haldi því fram að fólk í atvinnulífinu sé bundið tveimur flokkum, núverandi ríkisstjórnarflokkum, og þeir séu ekki finnanlegir sem starfi í atvinnulífinu almennt sem tengjast öðrum flokkum. Ég hef gert grein fyrir því í máli mínu að það mætti vafalaust finna þess stað að ríkisstjórnarflokkarnir hafi haft áhrif á það hverjir væru ráðnir í toppstöður í ákveðnum fyrirtækjum, einkum hinum stærri, fjármálafyrirtækjum, tryggingafélögum, olíufélögum, svo eitthvað sé nefnt, eða ég get ekki skilið mál hæstv. ráðherra öðruvísi. Þess vegna hef ég farið fram á það að skýrt verði svarað og skýrt verði talað þegar ég spyr um hvað hæstv. ráðherra eigi yfirleitt við. Við hljótum að geta ætlast til þess, óbreyttir þingmenn, að hæstv. ráðherra skýri betur út það mál sem hún viðhafði hér.

[16:51]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér í umræðuna en ég get ekki orða bundist vegna orða hæstv. viðskrh. áðan. Ég trúði varla mínum eigin eyrum, grímulaus framkoma með að flokka einstaklinga og fyrirtæki í landinu eftir stjórnmálaflokkum. Hæstv. ráðherra sagði að Vinstri grænir ættu ekki fólk í viðskiptalífinu, það ættu Framsfl. og Sjálfstfl. Ég held, virðulegi forseti, að í öllum öðrum löndum væri þetta talin mjög alvarleg framsetning af ráðherra að vera.

Og það er því alvarlegra að hæstv. iðnrh. grípur gjarnan til þess að við verðum að vera á svipuðum nótum pólitískt séð hvað varðar efnahagslega stjórn eins og nágrannalöndin. Ef menn stæðu frammi fyrir því að menn úttöluðu sig í hæstu stöðum ríkisins í öðrum löndum, nágrannalöndum, grímulaust að skipta upp viðskiptalífinu á milli tveggja flokka af fimm sem eru á hina háa Alþingi Íslendinga, þá væru nú menn víðast hvar í vondum málum. Er það ekki? Ég held að það sé augljóst.

Hvað mega önnur fyrirtæki í landinu þá hugsa? Fyrirtæki sem eru utan við þær púllíur sem verið er að mynda. Verða þau að hugsa sinn gang á hvorn hestinn þau ætla að veðja, hvort þau ætla að nudda sér utan í Framsfl. eða Sjálfstfl.? Hvað ætla menn að ganga langt í þeirri hugsun? Átökin í viðskiptalífinu eru gríðarleg og hæstv. viðskrh. segir gjarnan að menn séu að gera þessa hluti allt í kringum okkur. En við skulum gá að því á hvaða grunni menn eru að breyta efnahagskerfi sínu.

Það er gjörbreytt dæmi hvort við erum að tala um Bretland, Svíþjóð eða t.d. Rússland, þar sem Rússland hafði gríðarlega miklar ríkiseignir og náttúrlega öll austantjaldslöndin. Hamagangurinn við svokallaða einakvæðingu í öllum þeim löndum sem byggðu mikið á félagslegum rekstri eins og við, miklum ríkisrekstri og miklum samvinnurekstri, hefur nú ekki gengið par vel fyrir sig og er nú aldeilis víti til varnaðar vegna þess að sala ríkiseigna í öllum þessum löndum hefur haft hrikalegar hliðarverkanir. Ég vil helst ekki taka mér í munn hvað verður úr slíku, en ætla þó að gera það. Mafían í Rússlandi er mjög sterk og í öllum þeim löndum þar sem menn hafa komist með forréttindum yfir ríkiseignir á algjöru tombóluverði.

Staða Íslands, þó að hún sé ekki sambærileg, er miklu hliðstæðari því sem við vorum með fyrir 10-20 árum, með okkar sterku samvinnuhreyfingu og kaupfélög og síðan mikinn ríkisrekstur, hlutfallslega miklu meiri en í öðrum löndum. Og um þetta snúast átökin, hvernig verið er að fara með ríkiseignir og hvernig verið er og búið er að fara með samvinnurekstur. Það er allt annar grunnur að vera með samvinnuhlutafélag eða samvinnufélag sem er búið að breyta í „háeff" eða að vera með samvinnufélag. Ég þekki það ósköp vel vegna þess að ég hef verið meðlimur í Kaupfélagi Eyfirðinga frá því ég fæddist held ég, kannski eins eða tveggja ára var ég settur inn í það félag og hef ævinlega verið þar innan borðs.

En breytingar á þessum félögum í hlutafélög hafa náttúrlega leitt af sér gríðarlegar, óheillavænlegar breytingar. Og það kemur ekki bara við samvinnumennina sem slíka því að samvinnufélögin höfðu þó innan borðs ekki bara framsóknarmenn heldur alþýðu landsins, bændur og sjómenn, og þurftu þeir ekkert að vera félagsbundnir í Framsfl. til þess að geta munstrað sig inn í samvinnufélög. En það er þessi breyting frá samvinnufélögum og yfirtaka eigna yfir í hlutafélög sem menn eru að tala um og hvernig menn með baktryggingu í þeim eignum eru að koma sér upp nýju veldi. Þetta er öllum himinljóst.

Eins og ég segi, bakhliðarnar eru nú ekkert frýnilegar að horfa á, eins og t.d. samþjöppun í afurðastöðvamálum, ef við tökum bara mjólkursamlögin, fækkun og stækkun þeirra, og síðan á seinni stigum í krafti hlutafélagavæðingar er verið að selja bændum aftur hlut sinn í mjólkursamlögunum. Hvar endar þetta ráðslag? Auðvitað endar það hvergi annars staðar en á borði neytenda. Hér er sýknt og heilagt verið að tala um að hið stóra vandamál landbúnaðarframleiðslunnar í landinu sé hátt vöruverð hvað varðar framleiðslu af því tagi, mjólk og kjöt. Nákvæmlega það sama átti sér stað með róteringu

á kjötmarkaði og kjötvinnslumarkaði með afleiðingum fyrir landbúnaðinn sem menn eru ekkert búnir að bíta úr nálinni með, vegna þess að sennilega gerði Goða-ævintýrið það að verkum að menn standa frammi fyrir minnkandi sölu á lambakjöti.

Þetta er því gríðarlega stórt móralskt dæmi sem hér er verið að tala um og á ekki að gera lítið úr því, og náttúrlega alls ekki að leyfa sér að halda það að einhverjir flokksmenn tveggja flokka hafi einhver forréttindi til að stunda verslun og viðskipti í landinu. Hvílík firra. Og hvílík skilaboð til verslunarinnar og viðskiptalífsins í landinu ef það er hugsun manna sem stjórna hér ferðinni, og þar með hæstv. iðnrh. í broddi fylkingar, að þarna verði bara menn að vera innan borðs ef þeir eiga að vera gjaldtækir inn á þennan markað. Þetta er vont fyrir landið, það gefur alveg augaleið, að halda því blátt áfram fram að svona þurfi hlutirnir að ganga fyrir sig til að menn geti vasast í þeim eignum sem verið er að setja á markað.

Það er vandasamt að selja og breyta um kerfi. Það er ekkert launungarmál að Vinstri hreyfingin – grænt framboð er á móti því, við höfum viljað halda í þessi stoðkerfi, eins og bankana og heilbrigðiskerfið, það er öllum ljóst. Við höfum viljað styðja við bakið á samvinnuhreyfingu og samvinnurekstri, það er líka ljóst. Það að fara með því offorsi sem hér er farið fram með í sölu og umbreytingu á ríkiseignum yfir í hlutafélög er ekki gott þegar upp verður staðið. Það er í raun og veru alveg merkilegt að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki hafa litið til þeirra landa sem hafa staðið í þessu af miklu kappi kannski í svipaðan árafjölda og við höfum verið að gera, eins og Rússar og allt austantjaldsbatteríið, með hrikalegum hliðarverkunum sem menn eru ekkert búnir að bíta úr nálinni með.

Virðulegi forseti. Ég vildi að þetta kæmi fram. Í öllum öðrum löndum, sem hæstv. iðnrh. vill svo gjarnan bera sig saman við væri framsetning af þessu tagi talin pólitískt séð mjög alvarleg frá ráðherra í ríkisstjórn.

[17:00]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er verra ef ég hef gengið algerlega fram af hv. þm. Vinstri grænna enda eru þeir orðvarir menn. En þeir hafa verið með útúrsnúninga og það heldur betur. Þeir segja að ég hafi sagt að fólkið í atvinnulífinu væri bundið tveimur flokkum og flokka ætti einstaklinga og fyrirtæki inn í Sjálfstfl. og Framsfl. Þeir segja að ég hafi sagt að það eigi að skipta viðskiptalífinu upp í tvo flokka. Allt eru þetta ósannindi.

Það sem ég sagði hins vegar var að á síðustu árum og áratugum hefði atvinnulífið verið mjög tengt tveimur flokkum, þ.e. Sjálfstfl. og Framsfl. Ég sagði jafnframt að þetta hefði verið að breytast og mætti alveg breytast hraðar vegna þess að mér fyndist þetta ekkert sérstaklega æskilegt. En svona hefur þetta verið. *Ég var sem sagt að fara yfir söguna.* Hv. þm. hafa þannig heldur betur snúið út úr orðum mínum.

Svo kemur hv. þm. inn á að óheillavænlegar breytingar hafi orðið í samvinnufélögum með því að samvinnufélög hafi breytt rekstri sínum í hlutafélagaform. Þar með er hann að tala á móti fyrirtæki á Akureyri sem heitir Kaldbakur. Það var eitt af þeim fyrirtækjum sem vissulega kom til greina sem kaupandi að Búnaðarbankanum. Flokksbróðir hans í gær, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, hafði hins vegar uppi orð í þá átt að það hefði verið nær að selja þeim. Nú er eitthvað um að vera hjá Vinstri grænum. Annaðhvort hafa þeir ekki áttað sig á því að Kaldbakur er eitt af þessum „vondu" félögum, miðað við orð hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar, sem hefur verið breytt í hlutafélag. Það er a.m.k. ekki venjulega gamla samvinnufélagið sem hv. þm. virðist vilja að eigi framtíð fyrir sér og eigi rétt umfram hlutafélögin.

[17:02]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér fulla grein fyrir því að Kaupfélag Eyfirðinga er inni í Kaldbak. Mér er ljóst að það á stóran hlut þar og að útgerðarfyrirtæki þess gekk inn í það púkk og m.a. fyrirtæki á Dalvík, Snæfell. Það er ekki það sem ég er að tala um. Ég er að tala um aðrar hliðarverkanir, t.d. að þessi breyting og þessi áherslubreyting hefur t.d. orðið til þess að út úr Mjólkursamlagi KEA er verið að draga nokkur hundruð millj. Ég tel það afar óheppilegt. Í fyrsta lagi tel ég að til lengri tíma litið sé það óheppilegt fyrir neytendur en líka afar óheppilegt fyrir bændur sem ég tel að eigi þetta samlag ásamt neytendum. Hið sama á við á kjötmarkaði og úrvinnslumarkaði. Þar hafa orðið óheppilegar hliðarráðstafanir vegna þessara kerfisbreytinga. Ég held að við séum ekki búin að bíta úr nálinni með það.

Ég gat ekki skilið orð hæstv. iðnrh. öðruvísi en að henni fyndist sjálfsagt að sjálfstæðismenn og framsóknarmenn væru prímusmótorar í viðskiptalífinu (**JB:** Og skiptu á milli sín völdum.) — já, skiptu á milli sín völdum og aðrir flokkar væru þar síður málsmetandi.

[17:03]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. talar um áherslubreytingu. Hann talaði í fyrri ræðu sinni um að þetta ráðslag, að breyta í hlutafélög og annað slíkt, mundi allt enda á borði neytenda. Ég minnist þess að hv. þingmenn Vinstri grænna skrifuðu grein í Morgunblaðið fyrir alllöngu, sennilega fyrir ári eða svo. Þá var talað fyrir sláturhúsi í hverri vík því að það væri svo ósköp huggulegt, veitti atvinnu og þar fram eftir götunum því að sameining sláturhúsa og þetta sameiningarferli væri almennt mjög slæmt.

Hv. þm. sagði áðan að þetta ráðslag endaði allt á borði neytenda en hvernig skyldi fara þegar greiða þarf laun í öllum þessum sláturhúsum, sem væru óarðbær? Það skyldi ekki vera að annaðhvort væru erfiðleikar með að greiða þar há laun eða þá að verðið á afurðunum yrði það hátt að það kæmi niður á neytendum? Hlutirnir verða einhvern veginn að ganga upp í málflutningi hv. þingmanna Vinstri grænna sem og hjá öðrum.

[17:05]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú svo að sumt af þeim hugmyndum sem hafa verið settar í framkvæmd eru afleiðingar af bylgju sem er sett af stað og er þá gjarnan pólitísk, að sameina og hagræða. Það er eins og kunnugt er enginn vandi að hagræða sig í hel. Ég tel t.d. að það hafi verið lán þeirra hjá Fjallalambi á Kópaskeri að ríða ekki á þessari hagræðingarbylgju. Ég tel að það sé mikið happ fyrir þetta svæði að hafa sláturhúsið þar á sínum vegum. Það er útúrsnúningur að halda því fram að Vinstri grænir séu með tillögur um að byggja sláturhús í hverri vík. Það er alls ekki svo.

En það á eftir að sannast að hagræðingarbylgjan sem gengið hefur yfir landið mun ekki gefa þann ávinning sem menn vonuðust eftir af henni. Ég vil að það komi fram.

En varðandi slátrun og heimaafurðir þá getur það vel komið til greina og sennilega verður framtíðin að einhverju leyti þannig að menn geti framleitt heima fyrir í smærri einingum og fylgt vörum sínum frá túni og inn á markað. Það eru mörg dæmi um að framleiddar séu sérvörur á minni bújörðum í nágrannalöndum okkar. Það er framleiðsla sem gefst ákaflega vel. Ég vísa öllu þessu með smáu sláturhúsin og launakostnaðinn til föðurhúsanna. Það er þröngsýni að gera sér ekki grein fyrir því að aðrir möguleikar séu í stöðunni. Smáar einingar geta átt fullan rétt á sér og hefur sýnt sig í samkeppninni að þær standa sig mjög vel, t.d. Fjallalamb á Kópaskeri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, frh. fyrri umr.

Þáltill. KLM o.fl., 18. mál. — Þskj. 18.

[17:09]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um vöruverð og rekstrar- og samkeppnisskilyrði atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni. Þessari umræðu var frestað fyrir nokkuð löngu síðan og hafði þá staðið um nokkurt skeið og margt áhugavert komið fram í umræðunni, m.a. í þessu máli. Það hefur m.a. verið bent á að nota mætti skattkerfið til að stuðla að jöfnun lífskjara á landsbyggðinni. Það er auðvitað þekkt aðferð hjá öðrum þjóðum, að nota skattkerfið.

Mig langar, með leyfi forseta, að lesa fylgiskjal III. sem er stefnumörkun Sambands ísl. sveitarfélaga í byggðamálum en þar segir, með leyfi forseta:

„62. fundur fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur til að unnið verði að framgangi byggðamála með það að markmiði að búsetuskilyrði í landinu verði sem fjölbreytilegust og standist á hverjum tíma samkeppni um fólk við nálæg lönd og að byggð dreifist sem víðast um landið. Í samræmi við þá stefnumörkun samþykkir fundurinn eftirfarandi tillögur og greinargerð um byggðamál:

Í 12. lið þessarar samþykktar segir:

Ýmsar þjóðir hafa beitt þeirri aðferð að lækka skatta í dreifðum byggðum og á jaðarsvæðum í þeim tilgangi að draga úr fólksflutningum frá þeim til stærri borga. Hér gæti verið um að ræða ýmsa skatta ríkisins, svo sem tekjuskatt, eignarskatt og þungaskatt, sem hefur t.d. áhrif á vöruverð og þjónustu, sem kemur niður á atvinnurekstri og einstaklingum. Endurgreiðslu námslána er jafnframt rétt að taka til athugunar í sama tilgangi. Eðlilegt væri að ríkið hefði frumkvæði að því, í samráði við sveitarfélögin, að láta kanna og leggja fram tillögur um hvernig unnt væri að beita skattkerfi ríkisins til að jafna aðstöðu fólks í þéttbýli og dreifbýli og draga úr fólksflutningum úr dreifbýli. Við þá athugun verði kannað hvort og hvernig slíkum aðgerðum hefur verið beitt í nálægum löndum, t.d. ívilnunum í skattamálum til fyrirtækja sem flytjast á svæði sem eiga í vök að verjast vegna brottflutnings íbúa."

Ég tel að þessi samþykkt Sambands ísl. sveitarfélaga sé afar merkileg. Raunar eru nokkur nýmæli hjá samtökunum að taka málið upp með þessum hætti og benda á að ekkert sé óeðlilegt við að nota skattkerfið í þeim tilgangi að stuðla að þróun í byggðamálum. Núverandi útfærsla á skattkerfinu stuðlar vissulega að misjafnri stöðu út um landið og það hefur greinilega verið dregið fram fyrr í þessari umræðu. Fjallað hefur verið um flutningskostnað, útfærsluna á þungaskattinum. Það kemur m.a. fram í fskj. IV með þessari till. til þál. hvernig mismunandi krónutala er greidd fyrir flutning kílós af vöru eftir því hvert á landið er flutt. Það er mjög skilmerkilega gerð grein fyrir því með gjaldskrá flutningaþjónustu Flytjanda.

Það er dýrast að flytja vörur til þeirra svæða sem lengst liggja frá höfuðborgarsvæðinu eða eru með erfiðustu vegina. Þangað er flutningurinn dýrastur, samanber Vestfirði, Norðausturland og Austfirði. Skattkerfið íþyngir þannig íbúum landsbyggðarinnar og þess vegna vil ég spyrja hæstv. viðsk.- og iðnrh., sem byggðamálin heyra undir, hvort sú samþykkt sem samtök sveitarfélaganna samþykktu og ég las upp áðan, verði tekin til greina. Þar er því m.a. beint til ríkisstjórnarinnar að sett verði af stað vinna í að skoða hvernig nota megi tekjuskatt, eignarskatt, þungaskatt og endurgreiðslu námslána til að stuðla að jafnvægi í byggð landins og helst að snúa byggðaþróunini við. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvað hafi verið unnið í þessum málum eða hvort einhver vinna sé farin í gang við að skoða hvernig nota megi skattkerfið til að hafa áhrif á byggðaþróun.

Auðvitað hafa fjöldamörg önnur atriði áhrif á byggðaþróun í landinu, t.d. atvinnustefnan yfirleitt, hvort sem er í landbúnaði eða sjávarútvegi. Það er umræða sem hægt væri að eyða löngum tíma í að fara í gegnum en verður ekki gert á þeim tíma sem ég hef til umráða. Það er alveg ljóst að staða byggðanna hefur veikst mjög við útfærsluna á okkar sérstaka framseljanlega kvótakerfi á Íslandi. Það mætti hafa veruleg áhrif á þróun og búsetu fólks í mörgum sjávarútvegsbyggðum með annarri útfærslu. Einkum held ég að útfærslan varðandi strandveiðiflotann, smábátaflotann og dagróðraflotann þurfi að vera öðruvísi en er í dag eigi á annað borð að viðhalda byggð í landinu.

Vissulega þarf að taka á fjöldamörgum atriðum en ég vil sérstaklega endurtaka spurningu mína til hæstv. ráðherra: Með hvaða hætti hyggst ráðherrann stuðla að því að sú skynsamlega tillaga sem Samband ísl. sveitarfélaga samþykkti í þessum málum verði tekin til úrvinnslu? Ef úrvinnslan er hafin, hvað liggur þá fyrir í þeim efnum? Hvernig hyggst ráðherrann yfirleitt skoða tillöguna sem ég hef gert að umræðuefni? Ég tel hana mjög markverða og margt í henni sem taka þyrfti tillit til.

Ég vil að lokum víkja í örstuttu máli að auknum kostnaði fyrirtækja á landsbyggðinni sem þurfa aðföng, m.a. gegnum stærsta markaðssvæði landsins við Faxaflóann. Þar er auðvitað ekki saman að jafna fyrirtækjum sem starfa úti á landsbyggðinni, sem greiða hærri flutningsgjöld vegna aðfanga og síðan fyrir að flytja vöruna aftur á svæðið, og fyrirtækjum sem hér starfa.

[17:17]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum áfram þar sem frá var horfið um till. til þál. um vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni. Tillagan er á þá leið að Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að

skipa nefnd sem hafi það hlutverk að kanna þróun vöruverðs og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni síðastliðin tíu ár og bera saman við þróunina á höfuðborgarsvæðinu á sama tímabili. Nefndin kanni jafnframt hvaða þættir hafa helst áhrif á vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni annars vegar og á höfuðborgarsvæðinu hins vegar og hvar skilur á milli.

Ég vil bara segja, virðulegi forseti, að ég styð þá tillögu að við förum í slíka nefndarskipun. Ég held að það sé mjög mikilvægt. Svona nefndarskipun getur unnið á grunni nýsamþykktrar byggðaáætlunar því að við gerum okkur öll grein fyrir því að það þarf að taka landsbyggðarmálin og vandann þar föstum tökum. Þetta er einn liðurinn í rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækjanna á landsbyggðinni en eins og kunnugt er eru þar aðrir stórir póstar sem taka þarf til umfjöllunar, svo sem sjávarútvegsstefnan sem er margbúið að ræða um sem grundvallarþátt í stöðu dreifbýlissveitarfélaganna við sjávarsíðuna. Ég nefni til sögunnar samgöngur almennt og samgöngumöguleika, jafnframt fjarskipti og möguleika á fjarskiptum í nútímasamfélagi, póstþjónustu, þjónustu banka og fjármálastofnana o.s.frv.

Virðulegi forseti. Ég fjallaði í fyrri ræðu minni um þetta mál almennt og ætla ekki að lengja það neitt sérstaklega. Ég vil þó benda á að ég tel að málið sé í heild sinni gott innlegg í þá vinnu sem þarf að fara fram varðandi stöðu landsbyggðarinnar og til þess að rétta hag hennar. Það er stór liður þarna inni sem flm. leggur mikla áherslu á og hefur krufið til mergjar, þ.e. þungaskatturinn. Hann er áhyggjuefni allra sem stunda atvinnurekstur úti á landi, það er nákvæmlega sama hvert maður kemur, og hefur óánægja með verð á þessari þjónustu aukist eftir því sem stærri hluti flutninganna hefur flust upp á vegina og færri eru í samkeppninni um að veita þessa þjónustu. Það er alveg sama hvort um er að ræða fyrirtæki í framleiðslu sem þurfa hráefnisaðföng og síðan að senda frá sér vöruna eða menn sem vinna úr hráefnum á staðnum og þurfa að senda vöruna inn á markað hér. Allir kvarta undan því að þetta sé orðinn óheyrilega stór kostnaðarliður í rekstri þeirra, þ.e. flutningsgjöldin, og þungaskatturinn stigmagnast og leggst með auknum þunga á vörur eftir því sem þær eru fluttar lengra frá aðalinnflutningshöfn okkar á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er réttlætismál sem verður að taka á og gera heildstæðar tillögur um þannig að menn geti sæmilega vel við unað.

Ég vona, virðulegi forseti, að tillagan fái góða umfjöllun í nefnd og mun gera mitt til að vinna að framgangi þeirra tillagna og þeirrar hugsunar sem kemur fram í tillögunni.

[17:21]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mig langar að segja nokkur orð í tengslum við þá þáltill. sem hér er til umfjöllunar. Eins og hv. þm. vita og þekkja er tekið á þessum málum og þessum þáttum í byggðaáætlun sem samþykkt var á hv. Alþingi í vor.

Í fyrsta lagi í sambandi við búsetuskilyrði fólks í landinu og einnig starfsskilyrði atvinnuveganna var ákveðið að athuga sérstaklega þessa þætti, og sú vinna er þegar langt komin. Hagfræðideild Háskóla Íslands og Byggðarannsóknastofnun Háskólans á Akureyri voru fengnar til að vinna að þessum verkefnum. Byrjað var á verkinu í sumar og áætlað er að skýrsla komi út um næstu áramót.

Það má taka fram að sérstaklega er verið að skoða vöruverð og flutningskostnað í þessu sambandi og leitað hefur verið eftir upplýsingum um allt land. Til þess að skýra hvers vegna farið er í þessa athugun á búsetuskilyrðum fólks segir í byggðaáætluninni, með leyfi forseta:

„Að fá fram vandaða rannsókn á því hver raunverulegur mismunur sé á búsetuskilyrðum á landinu. Jafnframt er mikilvægt að rannsökuð verði áhrif þeirra opinberu aðgerða sem þegar hefur verið beitt, m.a. til niðurgreiðslu á húshitun, námskostnaði, jöfnun raforkuverðs og framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þá er mikilvægt að kanna möguleika á skattalegum aðgerðum, svo sem að kostnaður við atvinnusókn um lengri veg, t.d. meira en 20 km, verði frádráttarbær frá skatti."

Þetta er í byggðaáætluninni sem samþykkt var í vor en flm. þessarar tillögu studdu ekki þá tillögu.

Síðan segir í sambandi við starfsskilyrði atvinnuveganna:

„Að fá niðurstöðu um það hver sé raunverulegur mismunur á starfsskilyrðum fyrirtækja og sjálfstætt starfandi atvinnurekenda eftir landshlutum, svo sem um áhrif flutningskostnaðar og reglna um þungaskatt og áhrif tryggingagjalds og virðisaukaskatts. Jafnframt verði rannsökuð áhrif þeirra opinberu aðgerða sem þegar hefur verið beitt í þessu skyni."

Þessi vinna er sem sagt langt komin og ég er mjög ánægð með það. Ég vil samt bæta því við að í heilt ár hefur starfað nefnd undir forustu samgrh. sem fer yfir flutningskostnað almennt í landinu, og sú vinna sem þar fór fram er að sjálfsögðu til þess að flýta fyrir vinnunni sem tengist byggðaáætlun. Allt er þetta í sjálfu sér sami grauturinn í sömu skálinni. En ég hef ekki farið í launkofa með það að mér finnst flutningskostnaður vera eitt af stóru vandamálunum sem þarf að taka á fyrir atvinnulífið á landsbyggðinni og líka fyrir íbúa landsbyggðarinnar þar sem þetta kemur að sjálfsögðu fram í vöruverði og er þeim þannig í óhag.

Af því að hv. þm. sem hér talaði áðan minntist á skattkerfið og samþykktir sveitarfélaga í sambandi við það að beita skattkerfinu til ívilnunar fyrir landsbyggðina vil ég segja að það hefur ekki verið stefna fjmrh. að gera það. Ég tek undir með honum hvað það varðar að það væri mjög flókið mál í framkvæmt. Af því að þungaskatturinn var nefndur í þessu sambandi er það mál sem lengi hefur verið til umfjöllunar. Þingið tók á því fyrir nokkrum árum en engu að síður er það fjarri því að vera ásættanlegt og því hefur fjmrh. unnið áfram að tillögugerð í sambandi við þungaskattinn. Hvort og þá hvernig tekið verður á því máli í vetur skal ég ekkert um segja en auðvitað tengist það líka flutningskostnaði. Þarna erum við að tala um mikilvægt mál og ég veit að það er hugur þeirra sem flytja þessa tillögu að taka á málinu. Ég vil þá að það komi jafnframt fram að það er þegar komið í vinnslu og komið allnokkuð áleiðis.

[17:26]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrir það fyrsta þakka hæstv. iðn.- og viðskrh., ráðherra byggðamála, fyrir að vera viðstödd lokaumræðu eða framhaldsumræðu um það þingmál sem við erum hér að ræða. Ég mun koma að því betur í seinni ræðu minni á eftir.

Hæstv. ráðherra tók sem dæmi að flutningskostnaðurinn væri stóra vandamálið í rekstrar- og samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni andspænis höfuðborgarsvæðinu og sem líka sér stað í vöruverðinu.

Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að hér kemur ráðherra nokkuð borubrött og segir: Málið er allt í gangi. Ég spyr: Hvers vegna hefur ekkert verið gert fyrr? Breyting sem gerð var á þungaskatti hefur haft þær afleiðingar í för með sér að þungaskattur á flutningabíl með tengivagn sem ekur 100 þús. km á ári hefur hækkað um 40% við þær breytingar sem núv. hæstv. ríkisstjórn lét gera á þungaskattskerfinu á sínum tíma. Hvert fór þessi þungaskattshækkun? Auðvitað þráðbeint út í verðlagið. Það eru líka staðreyndir sem ég kem betur að á eftir að mjög líklega er helmingur af tekjum flutningsfyrirtækja beinir og óbeinir skattar til ríkisins. Þegar flutningabíll keyrir norður í land með flutningstekjur upp á kannski 200 þús. kr. í farminum renna tæplega 100 þús. kr. til ríkisins. Þess vegna spyr ég hæstv. iðn.- og viðskrh., ráðherra byggðamála, núna: Hvers vegna í ósköpunum hefur ekkert verið gert fyrr í þessu máli úr því að ráðherra viðurkennir að þetta sé stærsta vandamálið í byggðamálum í dag, þ.e. þungaskatturinn og flutningskostnaðurinn? Hér hef ég tekið dæmi af þungaskattinum sem er verk núv. ríkisstjórnarflokka. Hvers vegna hefur ekkert verið gert fyrr?

[17:28]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek það fram að ég fer ekki með skattamál og er þess vegna ekki sá ráðherra sem ber ábyrgð á þungaskattinum. Hv. þm. hlýtur að vita það og muna að það var vegna athugasemda samkeppnisyfirvalda sem þungaskattinum var breytt og afnumið það afsláttarfyrirkomulag sem var í gildi og skipti miklu máli en var sem sagt ekki í samræmi við samkeppnislög. Þess vegna þurfti að fara í breytingar. Hv. þm. og flokksfélagar hans hafa oft haft stór orð uppi um mikilvægi samkeppnisyfirvalda og Samkeppnisstofnunar og allt það, og er ég í sjálfu sér ekki að finna að því, en menn verða að hafa eitthvert samræmi í málflutningi sínum. Hv. þm. spyr: Hvers vegna var ekkert gert fyrr? Byggðaáætlun var samþykkt í vor og strax var sett í gang þessi vinna af hálfu iðnrn. Og eins og ég sagði áðan hefur vinna farið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar undir forustu samgrh. sem tengist flutningskostnaði í landinu í ár, og miklar upplýsingar liggja fyrir. Þó að þetta hefði sjálfsagt mátt gerast löngu fyrr er ég þó ekki búin að sitja mjög lengi í ríkisstjórn, og ég tel að ef við náum að taka á þessu máli í framhaldi af þeirri vinnu sem núna er í gangi getum við bara öll verið nokkuð hamingjusöm með það.

[17:30]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að hæstv. iðn.- og viðskrh. fer ekki með skattamál, fer ekki með þungaskattinn. Því má draga þá ályktun að þetta sé allt fjmrh. að kenna. Það er líka rétt sem ráðherra sagði að þungaskattskerfið var kært af vörubílstjórum og afsláttarkerfið afnumið. Samkeppnislög sögðu það.

Einnig má snúa spurningunni við og spyrja hvort það sé ekki brot á samkeppnislögum að aðilar þurfi að greiða stigmagnandi þungaskatt og stigmagnandi virðisaukaskatt eftir því sem lengra er ekið með vörur frá höfuðborgarsvæðinu. Ég held að það sé svo.

Mér finnst það líka frekar hjákátlegt, herra forseti, að iðn.- og viðskrh. skýli sér á bak við það að byggðaáætlun hæstv. ráðherra hafi verið samþykkt í vor. Herra forseti. Hefur byggðaáætlun ekki verið í gildi í landinu? Tók hæstv. ráðherra ekki við þeirri byggðaáætlun sem var í gildi fram að þessu? Var kannski ekkert fjallað um það atriði sem ég og hæstv. ráðherra erum sannarlega sammála um að er eitt stærsta byggðamálið sem þarf að taka á sem allra fyrst? Var byggðaáætlun hæstv. forsrh. þá gagnslaust plagg sem ekki var hægt að fara eftir og taka á þessum málum? Mér finnst, herra forseti, frekar hjákátlegt að skýla sér á bak við það.

En ég ætla sannarlega að taka undir það og segja: Ef það er svo að verið er að vinna þetta núna og þetta verði ekki eins og kosningaplagg sem einhver önnur ríkisstjórn á að taka og framkvæma, þá er það sannarlega gott að svo sé. En mér finnst það frekar billega sloppið að ætla að skýla sér á bak við það að vera nýtekin við byggðamálum og byggðaáætlun sé bara samþykkt frá í vor. Þetta var áður. Þessi vandi hefur verið öllum kunnugur allan þennan tíma og ég minni á að það er ekki verið að flytja þetta mál af okkur þingmönnum jafnaðarmanna í Samfylkingunni í fyrsta skiptið. Þetta er í annað eða þriðja skiptið sem við flytjum þetta mál.

[17:32]

Halldór Blöndal *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Meðan ég sat í forsetastóli áðan þá skildist mér að flutningsmaður, hv. 3. þm. Norðurl. v., Kristján L. Möller, óskaði eftir því að taka síðastur til máls um þessa tillögu og setti mig þess vegna fram fyrir hann en ég bið hæstv. forseta að leiðrétta þessi mistök. (**KLM:** Þetta er rétt.)

(**Forseti** (ÍGP): Það kemur fram í frammíkalli hv. 3. þm. Norðurl. v. að þetta sé hárrétt hjá hv. þm. sem var í forsetastóli fyrir fáeinum mínútum þannig að til máls tekur hv. 1. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal.)

[17:33]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þau mál sem hér eru til umræðu eru gamalkunnug, hafa verið rædd á Alþingi svo áratugum skiptir, spurningin um hvernig hægt sé að lækka flutningskostnað út á land. Auðvitað hefur umræðan nokkuð farið eftir því hversu langt vegagerð hefur komist áleiðis til viðkomandi staða, hversu góðir vegir hafa verið, strandsiglingar og annað þar fram eftir götunum.

Mér þykir nokkuð merkilegt um þá till. til þál. sem hér liggur fyrir og ber yfirskriftina: Um vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, að þar er ekki minnst einu einasta orði á vegakerfið sem sýnir ljóslega að tillagan er ekki hugsuð til enda því að auðvitað skiptir það grundvallarmáli í sambandi við flutningskostnað og samgöngur almennt hvernig ástand veganna er.

Segja má til gamans að það kom Akureyringum mjög í opna skjöldu á sunnudaginn að ekki skyldi flogið eins og vant er. Menn eru farnir að ganga út frá því sem gefnu að þeir geti komist leiðar sinnar hvort sem er í flugi eða akandi þó komið sé fram í nóvember.

En kjarni málsins er vitaskuld sá að ekki er hægt að lækka flutningskostnað til frambúðar nema með betri vegum eða þá með því að kostnaður við flutningana sjálfa með öðrum hætti lækki. Flutningatækninni fleygir fram. Auðvitað hefur það verið svo síðustu áratugi að flutningatækninni hefur fleygt fram og vegir hafa batnað og af þeim sökum er flutningskostnaðurinn nú minna hlutfall af framleiðslukostnaði en áður var af því að þetta hvort tveggja hefur gerst. Auðvelt er að benda á fyrirtæki fyrir norðan sem óhugsandi væri að reka miðað við þá flutningsgetu sem var ef við förum 20–30 ár aftur í tímann. Þetta veit ég að hv. flutningsmaður skilur

og veit ofurvel þó hann hafi ekki séð ástæðu til að gefa því gaum í þessari tillögu.

Ég segi þetta vegna þess að ég lít svo á að eina leiðin til að lækka flutningskostnað til Eyjafjarðarsvæðisins verulega er að leggja nýjan veg norðan jökla um Kaldadal og Mosfellsheiði til Reykjavíkur. Með þeim hætti er hægt að stytta leiðina um 25% og auðvitað mundi það þýða verulega lækkun á flutningskostnaði, kannski 20%, erfitt er að segja um það. Þetta mundi t.d. valda því að bílar gætu kannski komist fram og til baka sama daginn án þess að það rækist á hin nýju vökulög um bílstjóra og mundi þannig með margvíslegum hætti bæta samkeppnisstöðu iðnaðarins fyrir norðan. En það er einmitt það sem menn eru að tala um þegar þeir eru að tala um iðnaðinn fyrir norðan, um möguleika samkeppnisiðnaðar þar, þá eru þeir auðvitað að tala um spurninguna um það hvernig hægt sé að koma vörunni með góðu móti á markað. Þess vegna segi ég þegar verið er að fjalla sérstaklega um samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, mér þykir mjög undarlegt að hv. þm. skuli ekki gera það að aðalefni ræðu sinnar hvernig við getum bætt vegina þannig að tryggt sé að um hagræðingu til frambúðar sé að ræða. Þetta veit hv. þm. Ef hv. þm. er kunnugur þá veit hann líka að ýmsir sem standa fyrir rekstri hafa áhuga fyrir því að þessu máli verði ýtt áfram vegna þess að þeir gera sér auðvitað betur grein fyrir því en allir aðrir hvað er í húfi.

Ef við förum lengra ofan í þetta mál er sjálfsagt að rifja það upp að vegurinn eins og hann liggur núna, hringvegurinn, er víða ófullburða, þröngur og beinlínis hættulegur. Það vita allir þeir sem aka norður og mæta röð flutningabíla, löngum lestum, þurfa ýmist að mæta þeim eða kjósa að fara fram úr þeim vegna þess að flutningabílarnir aka ekki á sama hraða. Hvergi nokkurs staðar eru hætturnar meiri en á þessari leið, Akureyri–Reykjavík, hvergi leynast þær víðar og hvergi aka menn með meiri gát en einmitt á þessari leið. Þess vegna er það í senn öryggisatriði að hinn nýi vegur komi fyrir utan þá miklu hagræðingu sem því fylgir.

Ég vil, herra forseti, láta í ljós undrun mína aftur á því að hv. þm. skuli ekki gera það að aðalatriði í ræðu sinni hvernig hægt sé að tryggja samgöngurnar með þessum hætti. Hitt sem hann talar um, að skattleggja vörur mismunandi eftir því hvar menn búa á landinu, er gömul hugmynd. Ég man eftir því t.d. að gamlir þingmenn eins og Matthías Bjarnason, Sverrir Hermannsson og ýmsir aðrir sem hér voru á 8. áratugnum voru að velta þessu fyrir sér og fundu ekki lausn á málinu.

Ég hef setið í ríkisstjórn með þingmönnum Samfylkingarinnar. Ég man ekki eftir því að meðan þeir hv. þingmenn voru í ríkisstjórn hafi þeir haft áhuga á því að menn ættu að geiða tvenns konar virðisaukaskatt eftir því hvar þeir byggju á landinu. (**Gripið fram í:** Þeir gera það í dag.) Ég verð að segja, herra forseti, að það er óheppilegt að formaður Samfylkingarinnar skuli ekki geta verið við þessa umræðu. Ég vil óska eftir því að umræðunni verði frestað, það hefur verið gert áður, til þess að formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, geti lýst því yfir úr þessum ræðustól að hann vilji leggja það til og setja það sem skilyrði fyrir setu í næstu ríkisstjórn, ef hann á kost á því, að það skuli vera mismunandi hár virðisaukaskattur eftir því hvar menn búa á landinu þannig að menn finni að það er alvara á bak við þetta hjá hv. þm. þegar hann heldur því fram að flokkur hans vilji hafa mismunandi háan virðisaukaskatt, að það komi fram að full alvara sé á bak við það. Mér finnst það undarlegt ef Samfylkingin leggur svona mikið upp úr þessu. *Hvers vegna eru þá ekki hér í þingsalnum þeir þingmenn* Samfylkingarinnar sem eru talsmenn hennar í efnahags- og skattamálum? Þessi hv. þm. er að spyrja ráðherra? Af hverju hefur hann ekki sína menn hér til að staðfesta þetta? Það væri fróðlegt að fá að sjá þá. Það væri fróðlegt að heyra hvernig þeir flytja mál sitt og fróðlegt væri að vita hvernig þessi hv. þm. vill skilgreina það nákvæmlega, — hann á eftir að tala hér — eftir landsvæðum hvernig hann vill hafa mismunandi háan virðisaukaskatt eftir því hvar menn búa á landinu.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Forseti vill láta þess getið að verið er að kanna hvar hv. þm. Össur Skarphéðinsson er í augnablikinu. Hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur bæði óskað að veita andsvar við ræðu hv. þm. og um störf þingsins (**Gripið fram í:** Nokkuð fleira?) sem er í raun og veru (Gripið fram í.) um fundarstjórn forseta því að undir liðnum um störf þingsins gerir maður athugasemd í upphafi þingfundar. Hv. þm. gerir því athugasemd við fundarstjórn forseta.)

[17:42]

Flm. (Kristján L. Möller) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég tel alveg sjálfsagt að verða við beiðni hv. þm. Halldórs Blöndals um að fresta þessari umræðu til þess að fleiri komi og taki þátt í henni vegna þess að það er ákaflega brýnt. Um leið vil ég þakka hv. þm. Halldóri Blöndal fyrir að koma og ræða þessi mál. Það má kannski segja sem svo að hv. þm. Halldór Blöndal sé fyrsti fulltrúi Sjálfstfl. og sá eini sem hefur tekið þátt í umræðunni.

Herra forseti. Ég er 1. flm. að því þingmáli sem verið er að ræða og hv. þm. Halldór Blöndal óskaði eftir því að umræðunni yrði frestað til þess að kalla á aðra menn inn í umræðuna. Mér finnst alveg sjálfsagt, herra forseti, að það sé gert. Sem 1. flm. segi ég bara, það er hið besta mál ef það yrði þá jafnframt til þess að *ýmsir ráðherrar úr ríkisstjórn* kæmu sem ekki hafa setið undir þeirri umræðu sem hefur verið nema hæstv. iðn.- og viðskrh. í dag. Ég tek skýrt fram að stjórnarliðar hafa ekki séð ástæðu til þess að koma og ræða þetta mál fyrir utan það að hv. þm. Halldór Blöndal kemur hér nú sem fyrsti ræðumaður Sjálfstfl. um þetta þýðingarmikla mál að ég tali ekki um framsóknarmenn sem hafa ekki látið sjá sig hér.

[17:43]

Halldór Blöndal *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að vekja athygli á því svo það sjáist skýrlega í þingtíðindum að hv. þm. kvaddi sér hljóðs um fundarstjórn forseta.

[17:44]

Flm. (Kristján L. Möller) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Bara rétt til að bæta við vegna þess að ég gleymdi því áðan og til að það sé alveg skýrt þá vil ég geta þess að formaður Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson, hefur mætt í umræðuna. Hann tók til máls um þetta þingmál og flutti ræðu sem ég er viss um að hv. þm. Halldór Blöndal hefði haft mjög gott af að hlusta á á sínum tíma og væri hann þá ekki með fleipur í garð fjarverandi þingmanns um það.

[17:44]

Halldór Blöndal *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v., Kristján L. Möller, hafði kvatt sér hljóðs til þess að veita andsvar við því sem ég sagði sem venja er að gefa þingmanni kost á þegar í stað áður en hann kveður sér hljóðs um fundarstjórn forseta að ég hygg, sami maður. Ég óska eftir því að farið sé að

þingsköpum og hv. þm. veiti andsvar við ræðu minni eins og þingsköp segja til um.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Þetta er hárrétt. Hv. 3. þm. Norðurl. v. hafði kvatt sér hljóðs um fundarstjórn forseta en það komu líka fram óskir frá hv. 1. þm. Norðurl. e. og hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur fallist á að fresta þessari umræðu, en áður en til þess kemur veitir hv. 3. þm. Norðurl. v. andsvar við ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e.)

[17:45]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil koma með stutt andsvar við ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals. Ég ítreka þakkir mínar til hans fyrir að hafa tekið þátt í þessari umræðu og lagt lóð sitt á vogarskálina þó að ég sé honum ekki sammála. Hv. þm. telur að eini möguleikinn á að lækka flutningskostnað til landsbyggðarinnar, sem er eins og fram hefur komið í ræðu hæstv. iðn.- og viðskrh. eitt mesta vandamálið í sambandi við fyrirtækjarekstur á landsbyggðinni og vöruverð, sé að stytta vegalengdir, að aðalatriðið sé að leggja veg yfir hálendið til Eyjafjarðar.

Herra forseti. Það hefur áður komið fram að hv. þm. Halldór Blöndal hefur sagt að flutningskostnaður hafi lækkað í landinu. Ég mótmæli því. Hann hefur ekki lækkað. Þetta er sama vitleysan og kom fram hjá hæstv. forsrh. í stefnuræðu hans á hinu háa Alþingi, að flutningskostnaður hefði lækkað á undanförnum árum. Ég mótmæli þessu og bið hv. þm. að sýna okkur fram á hvernig flutningskostnaður hefur lækkað. Hið rétta í þessu er að hann hefur stórhækkað. Nýlega bættist við 7% hækkun á flutningsgjöld með flutningabílum og auk þess 4% þjónustugjald. Það er ekki langt síðan þetta gerðist.

Hafi hv. þm. lesið þingmálið hefur hann séð hver flutningskostnaðurinn er, hvað það kostar að flytja hvert kíló, t.d. á norðausturhorn landsins.

Ég segi stutt og laggott, herra forseti: Ástandið þolir ekki þá bið að gera þær ráðstafanir sem hægt er að gera til að lækka flutningskostnað, bíða eftir því að nýir vegir verði lagðir eða vegalengdir styttar. Það gengur ekki. Þetta er aðgerð, eins og ég held að hafi komið fram í ræðu hæstv. iðn.- og viðskrh., sem þolir ekki nokkra bið. Það eru til aðrar leiðir til að lækka flutningsgjald, herra forseti, en að leggja nýja vegi þó að það sé gott mál.

[17:48]

Halldór Blöndal *(andsvar)***:**

Herra forseti. Maður áttar sig ekki á því hvar maður er staddur þegar hér kemur upp þingmaður sem er kunnugur úti á landi og heldur því fram að samgöngur skipti ekki máli í sambandi við flutning á vörum. Hann segir að betri vegir skipti ekki máli við að lækka flutningskostnað. Hvers konar útúrsnúningur (Gripið fram í.) er þetta hjá hv. þm.? Hann segist ekki vera sammála mér um það að betri vegir lækki flutningskostnað. Hann segist ekki vera sammála mér um það að bætt flutningatækni lækki flutningskostnað. Hvers konar útúrsnúningar eru þetta?

Ég held að hv. þm. ætti að reyna að kynna sér þetta stóra kjördæmi þar sem hann ætlar að bjóða sig fram, ætti að reyna að fara til Austurlands og spyrja þá sem þar búa hvort flutningskostaðurinn hafi ekki lækkað á milli Norður- og Austurlands eftir að vegurinn batnaði. Þessi hv. þm. þarf raunar ekki að fara nema til Akureyrar og spyrja þá sem þar eru hvort flutningskostnaðurinn frá Austurlandi til Akureyrar hafi ekki lækkað eftir að vegirnir bötnuðu?

Það er erfitt að eiga viðræður við þingmenn sem tala með þessum hætti. Þeir leggja áherslu á einhvern einn þátt mála og eru með útúrsnúninga þegar reynt er að ræða málin í heild. Auðvitað er kjarni málsins sá að lækkun á kostnaði lækkar vöru. Auðvitað er það rétt og auðvelt að sýna fram á að bætt flutningatækni lækki flutningskostnað.

Hitt getur svo verið, að þessi hv. þm. Samfylkingarinnar, eins og aðrir þingmenn Samfylkingarinnar, einn af fulltrúum Samkeppnisstofnunar hér á Alþingi, víki því til hliðar þegar Samkeppnisstofnun úrskurðaði að þungaskatturinn skyldi hækkaður. Vildi þessi hv. þm. ganga gegn úrskurði Samkeppnisstofnunar? Nei. Það heyrðist ekki eitt einasta orð úr hans barka um það.

[17:50]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ef hæstv. þáverandi ríkisstjórn, sem ég hygg að hv. þm. Halldór Blöndal hafi setið í, hefði haft minnsta áhuga á að taka á því máli hefði verið hægt að breyta þungaskattslögum þannig að flutningskostnaður með flutningabifreiðum væri niðurgreiddur eða hefði ekki á sér svo háa skatta sem hv. þm. hefur tekið þátt í að leggja á flutningastarfsemi í landinu. Það er grundvallaratriði. Það er gott til þess að vita að hv. þm., 1. þm. Norðurl. e., telur að flutningsgjöld hafi lækkað milli höfuðborgarinnar og landsbyggðarinnar. Ég veit ekki í hvaða fílabeinsturni hv. þm. situr og veit ekki við hvaða rekstraraðila atvinnufyrirtækja í hinu nýja Norðausturkjördæmi hann hefur rætt ef hann hefur komist að þeirri niðurstöðu að flutningsgjöld hafi lækkað. Þvílík öfugmæli.

Aðalumkvörtunarefni þeirra sem talað er við, hvort heldur eru forsvarsmenn atvinnufyrirtækja eða íbúar á landsbyggðinni sem þurfa að lifa við þetta himinháa vöruverð, eins og kemur fram í þáltill. minni, kvarta yfir flutningskostnaði. Svo kemur hv. þm. Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e., og ætlar að halda því fram að flutningsgjöld hafi lækkað. Það er sannarlega rétt að flutningstækni lækkar kannski flutningskostnað. Ég veit ekki hvar flutningskostnaðurinn væri í dag ef engin tækniþróun hefði átt sér stað. Það er alveg hárrétt. En útúrsnúningar hv. þm. eru hans í þessu máli.

Ég ítreka, herra forseti, að það er ljóst að þungaskatturinn hefur stórhækkað undanfarið. Þungaskattshækkunin hefur farið þráðbeint út í verðlag flutningafyrirtækja og endað sem hærra vöruverð fyrir íbúa landsbyggðarinnar. Það er líka ljóst, herra forseti, og ótal dæmi um það, að skattar af flutningastarfsemi eru um helmingur af tekjum þeirra, skattar til ríkisins.

Herra forseti. Ungir sjálfstæðismenn sögðu einu sinni: Báknið burt, niður með skattana. Við heyrum unga sjálfstæðismenn í Reykjavík tala um skattalækkun. Hv. þm. Halldór Blöndal mætti ræða um skattalækkun af flutningsstarfsemi.

[17:52]

Halldór Blöndal *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég hef hér með fyrir framan mig ræðu formanns Samfylkingarinnar, hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Þessi ræða er flutt 17. október sl. Þar segir formaður Samfylkingarinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta væri hægt að gera á Íslandi með þeim hætti að þungaskattur yrði minni eftir því sem fjær dregur frá höfuðborgarsvæðinu.“ — Svo mörg voru þau orð.

Nú óska ég eftir því að hv. þm. beiti sér fyrir því í Samfylkingunni að lögð verði fram tillaga á Alþingi um hvernig

þetta verði gert til þess að aðrir þingmenn geti tekið afstöðu til þess. Ef Samfylkingin vill ekki gera það eftir þau stóru orð sem þessi hv. þm. hefur hér sagt er ekki nokkur leið að taka mark á honum, ekki nokkur leið.

Hér talar formaður Samfylkingarinnar beinlínis um að þungaskatturinn eigi að vera lægri eftir því sem fjær dregur höfuðborginni. Nú er búið að fallast á að fresta þessari umræðu. Þá hefur þessi hv. þm. tíma til þess að átta sig á því hvað hann vill leggja til grundvallar í því, hvar mörkin skuli vera og þar fram eftir götunum.

Hér talar einnig formaður Samfylkingarinnar um að smella fingri og einnig um að taka verði á þeirri mismunun sem í því felst að virðisaukaskattur skuli vera mismunandi vegna þess að landsbyggðarbúi greiði 8% meira til ríkisins en höfuðborgarbúinn.

Nú vil ég líka óska eftir því að formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, skýri hvað fyrir honum vakir. Það er ekki hægt að taka mark á þessu nema það komi fram, það er hægt að æpa hér í stólnum og hægt að ferðast um landið. Samfylkingin vill vera stór flokkur og þess vegna verður formaðurinn að sýna hvað hann meinar, með tölum og með tillöguflutningi á Alþingi en ekki með tómum beljanda.

Umræðu frestað.

Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 30. mál. — Þskj. 30.

[17:55]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Sú tillaga sem hér liggur fyrir til þingsályktunar fjallar um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og hefur verið flutt áður af þeirri sem hér stendur. Mér er bæði ljúft og skylt að flytja þessa tillögu á Alþingi Íslendinga eina ferðina enn og sérstaklega ljúft núna þegar átökin um Þjórsárverin eru jafnmögnuð og raun ber vitni þessa dagana.

Innihald þáltill. er að Alþingi álykti að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að mörkum friðlandsins í Þjórsárverum verði breytt og það stækkað þannig að sem mest af gróðurlendi svæðisins lendi innan friðlýsingarmarkanna. Einnig að áætlun verði gerð um friðun Þjórsár frá mörkum friðlandsins í Þjórsárverum til suðurs að Sultartangalóni.

Eins og alþjóð veit njóta Þjórsárver nú ákveðinnar verndar samkvæmt auglýsingu um friðland í Þjórsárverum sem birtist í Stjórnartíðindum 1987 og er nr. 507. Þessi friðlýsing er alls ekki þannig hugsuð að náttúrulegt vistkerfi Þjórsárvera falli allt innan friðlandsins, því fer fjarri. Á þeim tíma sem friðlýsingin var gerð stóðu þá þegar talsverðar deilur um Þjórsárverin og virkjanaglaðir einstaklingar, stjórnmálamenn þar á meðal, höfðu lýst yfir miklum áhuga á að setja niður uppistöðulón og það svo stórt á tímabili að hugmyndin var hreinlega í fyrstunni að sökkva verunum öllum.

Á þeim tíma sem friðlýsingin er gerð, í upphafi 1981, er þegar um ákveðna málamiðlun að ræða. Í friðlýsingarskilmálunum var tekið fram að Náttúruvernd ríkisins, þáverandi Náttúruverndarráð, mundi fyrir sitt leyti veita Landsvirkjun undanþágu frá friðlýsingunni til að gera uppistöðulón með stíflu við Norðlingaöldu í allt að 581 metra yfir sjávarmáli en þessi heimild er í friðlýsingunni skilyrt með mjög svo afgerandi hætti, herra forseti. Skilyrðingin er sú að rannsóknir sýni að lónmyndun á þessu svæði sé framkvæmanleg án þess að náttúruverndargildi veranna rýrni óhæfilega að mati Náttúruverndar ríkisins.

Nú standa mál þannig, herra forseti, að Landsvirkjun hefur látið meta umhverfisáhrif lóns við Norðlingaöldu. Hugmynd Landsvirkjunar var samkvæmt matsskýrslu sú að lónið ætti að fara í 575 metra yfir sjávarmál. Skipulagsstofnun felldi umdeildan úrskurð í ágúst sl. þar sem fram kemur að Skipulagsstofnun fallist á framkvæmdina þar sem lón yrði heimilað í allt að 578 metra yfir sjávarmál, þ.e. hærra yfir sjávarmáli en Landsvirkjun fór fram á í matsskýrslunni.

Þessi úrskurður Skipulagsstofnunar hefur verið afar umdeildur, herra forseti. Menn hafa jafnvel haft á orði að hann sé svo undarlegur að við liggi að dr. Jekyll og Mr. Hyde hafi skrifað hann. Allt meginmál úrskurðarins gengur út á að leiða fram rök og fram í dagsljósið öll þau óhæfilegu umhverfisáhrif sem af framkvæmdunum yrðu. Þeirra er getið og þau tíunduð í löngu máli. Jafnvel þó að ákveðnum þáttum sé þar sleppt, þá er engu að síður meginmál úrskurðarins þess eðlis að mikið er gert úr þeirri óhæfilegu röskun sem yrði á náttúrufari veranna. Síðan er eins og úrskurðarritari hafi umturnast þegar að niðurlagsorðunum kom. Þau eru með því móti að þau eru í hróplegu ósamræmi við allt meginmálið í sjálfum úrskurðinum. Þess vegna hefur úrskurðurinn orðið jafnumdeildur og raun ber vitni og ekki bara umdeildur því að hann liggur nú á borði hæstv. setts umhvrh., Jóns Kristjánssonar. Úrskurðurinn hefur fengið einar 11 kærur, ef ég man rétt, sem settur umhvrh. hefur nú til meðferðar.

Þetta var í stuttu máli, herra forseti, yfirlit yfir þær deilur og þann styrr sem stendur um Þjórsárverin í dag, árið 2002, 20 árum eftir friðlýsinguna. Og í þessu þingmáli, þessari till. til þál., er eðlilegt að spurt sé: Hvers virði er friðlýsing ef hún nægir ekki til að bægja frá virkjunarsinnum, Landsvirkjun eða stjórnvöldum, sem með flýtimeðferð vilja veita stóriðjufyrirtækjum ódýra raforku og rökstyðja mál sitt fyrst og fremst á þann hátt að Norðlingaölduveita sé svo hagkvæmur kostur, hún sé í raun og veru eini mögulegi kosturinn til þess að veita Norðuráli skjóta afgreiðslu, þ.e. innan þess tímafrests sem Norðurál setur? Rök þessi, herra forseti, eru að mínu mati hláleg því að friðlýsingin í Þjórsárverum hlýtur í hugum allra Íslendinga að skipta meira máli en eitthvert óðagot í Norðuráli og Landsvirkjun og kapphlaup eftir ódýrum virkjunarkosti.

Til þess að slá skjaldborg um verin, Þjórsárverin, sem eru ein dýrmætasta náttúruperla okkar Íslendinga er þetta mál hér flutt. Skjaldborgin yrði með þeim hætti að ekki einasta yrði staðfest sú friðlýsing sem nú ríkir á verunum heldur yrði gengið lengra og friðlýsingin stækkuð. Það yrði farið með friðlýsingarmörkin algerlega út að hinum náttúrulegu mörkum Þjórsárvera og þá nyti verndar allt hið eiginlega landsvæði sem má segja að út frá náttúrufræðilegum og landfræðilegum sjónarmiðum heyri Þjórsárverunum til. Þegar þessi umrædda friðlýsing var gerð, árið 1981, voru friðlýsingarmörkin eingöngu dregin sem beinar línur á milli ákveðinna landfræðilegra punkta. Vistfræðileg nálgun var alls ekki til staðar þannig að ég tel að núna, 20 árum síðar, ættu Íslendingar að sjá sóma sinn í að draga þessi friðlýsingarmörk upp á nýtt og láta þau þá fylgja hinum vistfræðilegu eiginleikum Þjórsárvera.

Herra forseti. Það eru ekki bara virkjunarsinnar í ríkisstjórninni því að satt að segja hefur það vakið furðu margra að ráðherrar í ríkisstjórn Íslands hafa talað tveimur tungum

í þessum málum. Í því sambandi má nefna ummæli Guðna Ágústssonar, hæstv. landbrh., ummæli Sivjar Friðleifsdóttur, hæstv. umhvrh., og ummæli Halldórs Ásgrímssonar, hæstv. utanrrh., sem öll hafa lýst yfir afgerandi stuðningi við náttúruverndarsjónarmiðin þegar Þjórsárver hafa verið annars vegar.

Mig langar að vitna hérna til orða Guðna Ágústssonar, hæstv. landbrh., sem í viðtali við Ríkisútvarpið þann 8. febrúar 2001 sagði eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ég vil sjá að það sé ákveðið af pólitíkinni að sumir staðir eru staðir sem aldrei kemur til greina til dæmis að sökkva undir vatn. Ég nefni hér sem dæmi kannski Þjórsárverin, þau eru mér heilög. Ekki fermetri af þeim undir vatn."

Herra forseti. Ég yrði ekki hissa þó að hæstv. landbrh. engdist af og til undir þeim umræðum sem eiga sér stað núna í fjölmiðlum þegar verið er að tala um þessar virkjunarframkvæmdir sem ganga guðlasti næst í hans huga þar sem Þjórsárverin eru heilög. Og ég spyr í þeirri von að hæstv. landbrh. heyri orð mín: Hvar er nú málflutningur hans til varnar Þjórsárverum? Það er beðið eftir því að þeir sem vilja af alvöru vernda þessi ver geri eitthvað róttækt og marktækt *í þeim málum en haldi ekki áfram að vera í felum inni í skáp* og styðja stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar með ráðum og dáð en láta svo eins og þeir séu heilagir náttúruverndarsinnar þegar þannig liggur á þeim.

Sömuleiðis hefur Siv Friðleifsdóttir látið hafa eftir sér ummæli um Þjórsárver. Hún sagði í fréttum Ríkisútvarpsins þann 3. febrúar árið 2001 eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Það er alveg ljóst að Þjórsárverin hafa gífurlegt náttúruverndargildi og það er ákveðið svæði í Þjórsárverum sem er friðað og ég tel að við eigum ekki að skerða hið friðaða svæði. Svæðið er aðalvarpstöð heiðargæsa og gífurlega frjósamt gróðurfarslega séð. Ég skoðaði það í sumar með fulltrúum Náttúruverndar ríkisins og Þjórsárveranefnd og ég tel að við eigum að halda hinu friðaða svæði óskertu og eigum ekki að minnka náttúruverndargildi þess með nokkrum hætti."

Ég tek undir þessi orð hæstv. umhvrh. Sivjar Friðleifsdóttur. Ég segi það líka að náttúruverndargildi veranna má ekki skerða. Það hefur sýnt sig í tilraunamati verkefnisstjórnar rammaáætlunarinnar að Þjórsárverin eru ein allra verðmætasta perlan sem við eigum á hálendi Íslands út frá náttúruverndarsjónarmiðum. Það er ekkert sem gæti réttlætt það, herra forseti, í mínum huga að þessari perlu yrði fórnað fyrir skammvinnan ávinning á stóriðjubáli stjórnvalda sem þau kynda undir af oddi og egg. Og ég lýsi yfir vantrausti og vantrú á ráðherra á borð við Siv Friðleifsdóttur hæstv. umhvrh. og Guðna Ágústsson hæstv. landbrh. sem tala eins og þau hafa gert opinberlega, lýsa yfir stuðningi á annað borðið meðan þau róa að því öllum árum að stóriðjustefnan nái fram að ganga á hitt borðið.

Varðandi náttúruverndargildi veranna, herra forseti, rakti ég það hér fyrr í máli mínu að Náttúruvernd ríkisins er sá lögformlegi aðili sem á að meta náttúruverndargildi veranna. Náttúruvernd ríkisins með Þjórsárveranefnd sem sinn ráðgjafa hefur sannarlega talað. Hún hefur sagt það svo óyggjandi sé í öllum umsögnum með þessu máli til Skipulagsstofnunar og til hæstv. starfandi umhvrh. núna að náttúruverndargildi veranna mundi rýrna óhæfilega yrði af þessari framkvæmd. Og þar sem Náttúruvernd ríkisins er leyfisveitandi samkvæmt náttúruverndarlögum á friðuðum svæðum er það Náttúruverndar ríkisins að segja já eða nei í þessum efnum. Náttúruvernd ríkisins hefur sagt nei. Skilyrðið fyrir virkjuninni fæst sem sagt ekki uppfyllt af því að Náttúruvernd ríkisins gefur ekki leyfi sitt.

Hvernig ætlar nú hæstv. ríkisstjórn Íslands að fara í kringum það? Flogið hefur fyrir, herra forseti, að ríkisstjórnin ætli sér að breyta friðlandsmörkunum. Það hefur heyrst að Landsvirkjun hafi óskað eftir því formlega við ríkisstjórnina eða ráðherra í ríkisstjórninni að friðlandsmörkunum verði breytt með ákvörðun ráðherra — og hvað mundi það þýða? Jú, það mundi þýða að lónsstæðið yrði látið falla utan friðlýsingarlínu, línan yrði hreinlega færð til sem næmi lóninu. Og ég lýsi því yfir, herra forseti, að beiðni af þessu tagi af hálfu Landsvirkjunar er siðleysi en enn meira siðleysi yrði það ef einhver hæstv. ráðherra leyfði sér að leggja það til, að beiðni Landsvirkjunar, að friðlýsingarmörkin yrðu færð til á þann hátt að lónið yrði logið inn í verin. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn Íslands að hugsa þetta mál frá grunni á nýjan leik. Ég skora á alla þá sem að þessu máli koma í hv. umhvn. að skoða það til hlítar, skoða það með opnum augum og fullri meðvitund og reka nú á brott þessa blindu sem stjórnarflokkar og þingmenn stjórnarflokkanna hafa verið haldnir varðandi Þjórsárverin.

Þjóðin hefur talað einu máli. Þann 4. nóvember sl. var haldinn baráttufundur í Austurbæjarbíói til varnar Þjórsárverum. Hvers vegna? Vegna þess að þjóðinni finnst Þjórsárver vera þjóðargersemi og þjóðin er tilbúin að slá skjaldborg um Þjórsárver. Þegar þingmenn stjórnarflokkanna fara að gera hosur sínar grænar fyrir kjósendum á næstu vikum og mánuðum er eins gott að þeir hafi svör á reiðum höndum varðandi Þjórsárver. Það er eins gott að þeir tali þá ekki tungum tveim, það er eins gott að þeir leggi lóð sitt á vogarskálarnar til að bjarga þessari þjóðargersemi frá eilífri glötun en það er ekki í neitt annað sem stefnir ef stóriðjustefnan og Landsvirkjun verða látin ráða örlögum veranna.

Herra forseti. Ég hef nú lokið því að mæla fyrir þessari þáltill. um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum í annað sinn, og satt að segja hefði ég óskað þess að fleiri þingmenn væru staddir í salnum heldur en raun ber vitni. Ég hef fulla löngun til að halda hér seinni ræðu, af nógu efni er að taka, en ef engin frekari umræða verður um þessa þáltill. óska ég eftir að í lok þessarar framsögu minnar verði tillögunni vísað til síðari umr. og hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjálfbær atvinnustefna, fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 33. mál. — Þskj. 33.

[18:10]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Till. til þál. um sjálfbæra atvinnustefnu er hér flutt í þriðja sinn. Hún er hluti af stefnumörkun og stefnuyfirlýsingu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Tillagan felur það í sér að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að móta, í samráði við sveitarfélög, samtök atvinnurekenda og launafólks og opinber ráð og rannsóknastofnanir rammaáætlun um sjálfbæra atvinnuþróun á Íslandi með hliðsjón af Dagskrá 21 og Staðardagskrá 21 og vinna að framgangi hennar stig af stigi.

Slík stefnumótun miði meðal annars að því:

að atvinnuvegir landsmanna lúti lögmálum sjálfbærrar þróunar og miðist við hrein framleiðsluferli og sjálfbæra nýtingu auðlinda,

að skapa nýjum atvinnugreinum á sviði þekkingar og tækni í umhverfismálum hagstæð vaxtarskilyrði og efla þannig atvinnulíf og auka fjölbreytni þess,

að beislun innlendra orkulinda hafi að markmiði að vistvæn orka komi í stað innflutts jarðefnaeldsneytis samhliða því sem komið verði í veg fyrir orkusóun,

að fylgt verði alþjóðlegum skuldbindingum um losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við markmið rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kyoto-bókunina,

að móta umhverfisstefnu með „grænu bókhaldi" í stofnunum og fyrirtækjum og þróa og birta „græna þjóðhagsreikninga",

að taka upp „græna skatta" stig af stigi og draga í staðinn úr núverandi skattheimtu og leggja á umhverfisgjöld til að ýta undir sjálfbær framleiðsluferli og örva endurnýtingu,

að draga úr sorpmyndun með því að flokka og endurnýta sorp og lífrænan úrgang,

að tryggja að skipulag og landnotkun lúti langsæjum markmiðum um sjálfbæra landnýtingu, náttúruvernd og verndun menningar- og búsetuminja,

að stuðla að rannsóknum og menntun þannig að ætíð sé til haldgóð þekking aðgengileg fyrir almenning og vel menntað starfsfólk til að stuðla að sjálfbærri atvinnuþróun,

að styrkja byggðir landsins með fjölgun starfa og fjölbreyttari atvinnutækifærum á sviði umhverfis- og náttúruverndar.

Rammaáætlunin um sjálfbæra atvinnuþróun verði kynnt á Alþingi eigi síðar en á haustþingi 2004.

Herra forseti. Ég hef nú lokið við að lesa sjálfa tillögugreinina en tillögunni fylgir síðan greinargerð þar sem fjallað er um umhverfis- og náttúruvernd sem óaðskiljanlegan hluta farsællar samfélagsþróunar á þessari nýju öld og litið á hana sem skilyrði þess að mannkynið haldi velli. Umhverfis- og náttúruvernd mun einnig skipta sköpum í baráttunni fyrir því að viðunandi jöfnuður náist með einstaklingum og þjóðum. Og það er kannski ekki hvað síst þessi staðhæfing sem gerir það að verkum að þetta er hluti af inntaki stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem rekur pólitík sem gengur út frá vinstri gildum, gildum jafnaðar og umhverfisstefnu, og með því að beita sér fyrir umhverfisstefnu af þessu tagi teljum við okkur hafa afar trúverðuga stefnu fram að bjóða í atvinnumálum. Það er því harla ómaklegt, herra forseti, þegar Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hefur verið núið því um nasir hér í þessum sal, oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, að aldrei hafi komið neinar raunhæfar tillögur frá flokknum varðandi atvinnustefnu. Eins og ég sagði í upphafi máls míns, herra forseti, er ég að tala fyrir þessari þáltill. í þriðja sinn og í greinargerð með henni er fjallað á ítarlegan hátt um þá þætti atvinnusköpunar sem við höfum í huga og liggur að baki þessum tillöguflutningi okkar.

Þar er fjallað um tækni, menntun, það að nauðsynlegt sé að ryðja braut nýjum starfsgreinum á sviði umhverfisfræða og það að fjölga menntunartækifærum í umhverfistækni og umhverfisstjórnun. Einnig teljum við að tengja beri þekkingariðnað þessum greinum og efla hann með samræmdum aðgerðum. Við tölum um að leggja þurfi sérstaka áherslu á hvers konar rannsóknarstarf og að það þurfi að sjá til þess að hluti opinberra fjárveitinga til rannsóknarstarfa verði merktur rannsóknum á sviði umhverfismála, svo sem umhverfistækni og umhverfisstjórnunar.

Herra forseti. Ég fullyrði að ríkisstjórn Íslands hefur ekki þessi sömu sjónarmið að leiðarljósi. Það sést best á málum þeim sem hér voru flutt í gær þar sem verið var að tala um nýskipan í opinberum stuðningi við rannsóknir, rannsóknastarfsemi og vísindi en þar kemur náttúrlega í ljós að rannsóknir sem ekki eru beint hagnýtar og ekki er hægt að heimfæra beina leið sem hagnýta fyrir atvinnulífið kæmu að öllum líkindum til með að eiga undir högg að sækja í hinu nýja kerfi.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill sem sagt efla rannsóknir á sviði umhverfismála, umhverfistækni og umhverfisstjórnun sérstaklega. Við berum fyrir brjósti hugvísindi og félagsvísindi sem ekki eru ævinlega þau arðbærustu í beinhörðum peningum þegar skammt er skoðað. En til lengri tíma litið teljum við þetta vera fjárfestingu til framtíðar sem komi til með að skipta sköpum fyrir farsælt líf í þessu landi.

Herra forseti. II. kafli í greinargerðinni fjallar um orkumál. Þó þetta sé ekki orkumálastefna í sjálfu sér þá teljum við eðlilegt eða mikilvægt, þar sem við höfum talsverða atvinnu af því að vera orkunýtingarþjóð, að taka upp sjálfbæra orkustefnu sem við höfum flutt sem sérstakt mál. Ég boða það hér, herra forseti, að við komum trúlega til með að endurflytja hana á þessu þingi. En markmið með sjálfbærri orkustefnu er að endurnýjanlegir orkugjafar okkar leysi jarðefnaeldsneyti algerlega af hólmi og það verði dregið úr orkusóun og losun gróðurhúsalofttegunda. Við teljum að taka verði tillit til umhverfis- og náttúruverndar í áætlunum um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og að fresta beri öllum stóriðjuframkvæmdum uns lokið er gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Það er algert lykilatriði, herra forseti, í þessum atvinnumálum okkar að við séum ekki að sóa þessum dýrmætu náttúruauðlindum okkar á altari stóriðjunnar án þess að skoða hlutina af víðsýni og með langtímasjónarmið í huga. Óðagotið og flýtirinn sem hefur verið á því máli öllu saman hjá ríkisstjórninni er ekki til þess fallið að auka traust fólks á störfum þessarar ríkisstjórnar. Það er til skammar hvernig ríkisstjórnin hefur í raun gjaldfellt sína eigin rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, því um leið og hún er sett á sem einhvers konar dúsa upp í náttúruverndarsinna að því er virðist þá er vaðið áfram í blindni með stóriðjustefnuna og hoggið í þá staði á hálendi Íslands sem samkvæmt þeirri niðurstöðu sem rammaáætlunin og verkefnisstjórn hennar hafa verið að komast að núna á síðustu missirum eru viðkvæmustu staðirnir og dýrmætustu út frá náttúruverndarsjónarmiðum.

Herra forseti. Við teljum að taka þurfi á í rannsóknum á vistvænum orkugjöfum á borð við vindorku, sólarorku, virkjun sjávarfallanna eða úthafsstraumanna og gerum grein fyrir því í þessum kafla greinargerðarinnar hvernig við sjáum það vera atvinnuskapandi.

Endurvinnsla og endurnýting er síðan einn sérstakur kafli í greinargerðinni. Það má svo sem segja að hæstv. ríkisstjórn sé komin með mál af þessum sama toga hingað fyrir Alþingi, þ.e. frv. hæstv. umhvrh. um meðhöndlun úrgangs. En það frv. er byggt á svokallaðri úrgangstilskipun eða urðunartilskipun Evrópusambandsins. Við höfðum svo sem þau sjónarmið í huga þegar við sömdum þennan kafla greinargerðarinnar um endurvinnslu og endurnýtingu. Við teljum algert lykilatriði að samfélagið allt taki höndum saman með stjórnvöld í broddi fylkingar og dragi úr sorpmyndun og fari að flokka

sorp í auknum mæli, jafnt frá heimilum og atvinnustarfsemi, og ekki hvað síst auki alla endurnýtingu sem mögulegt er að viðhafa hér á okkar fagra landi, því auðvitað er ekki gott til afspurnar, þ.e. ekki umhverfisvænt til afspurnar að við séum að flytja sorp yfir úthöfin með tilheyrandi mengun. Þó það gæti fyrst í stað kostað einhvern aur þá er auðvitað miklu vænlegra að búa til hringrás í okkar eigin landi þar sem við mundum sjá til þess að plast t.d. yrði endurnýtt, steypt upp á nýtt og notað í alls kyns nytjahluti. Gúmmí mætti endurvinna og nælon og fleiri slík efni sem brotna annars hægt niður í náttúrunni.

Herra forseti. Nauðsynlegt er að endurskipuleggja allt fráveitukerfi landsmanna. Þá viljum við leggja áherslu á vistvæna hreinsiferla. Síðan ætti að endurnýta allan lífrænan úrgang til jarðgerðar og framleiðslu á lífrænum áburði og auka verðmætasköpun úr hvers kyns öðrum endurunnum úrgangi.

Herra forseti. Ég vil meina að í örfoka landi, landi þar sem gróðureyðing er viðlíka og á Íslandi, hljótum við að hafa fulla þörf fyrir jarðgerð, fyrir moltuframleiðslu, í öllu samfélagi okkar, hvar sem er, til sjávar og sveita, í borgum og í þéttbýli jafnt sem dreifbýli. Ég held að ef vilji er fyrir hendi hjá stjórnvöldum þá hljóti að vera hér atvinnutækifæri jafnframt því sem við værum að styrkja gróður og jarðveg landsins og þar með náttúruvernd í þessari vin sem við eigum hér norður í ballarhafi.

Sjávarútvegurinn heyrir líka undir þessa tillögu okkar um sjálfbæra atvinnustefnu. Þar höfum við talið að leggja þurfi áherslu á notkun vistvænna veiðarfæra og umhverfisvænna vinnsluaðferða, það þurfi að vinna markvisst að því að draga úr orkunotkun á aflaeiningu og hvetja til varkárni í umgengni við auðlindina og allt lífríki sjávar. Það er líka nauðsynlegt að marka stefnu sem miðar við að fullvinna afla og finna leiðir til að nýta allan lífrænan úrgang sem fellur til í sjávarútvegi, jafnt í landvinnslu sem á hafi úti.

Í því sambandi er gaman, herra forseti, að benda á þingmál, þ.e. fyrirspurn og svar sem birtist seint á síðasta löggjafarþingi. Þar bar hv. þm. Kristján Pálsson fram þá fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. hvort ekki mætti huga betur að nýtingu afla fullvinnsluskipa og annarra skipa sem vinna aflann um borð.

Herra forseti. Ég vísa í máli mínu til afar merkilegs svars hæstv. sjútvrh. á þskj. 732 í 411. máli frá síðasta löggjafarþingi. Þar kemur auðvitað fram að gífurleg verðmæti eru fólgin í þeim úrgangi sem fullvinnsluskip og reyndar önnur fiskiskip nýta ekki í dag og kasta jafnvel í sjóinn. Jafnvel er talið að verðmætin geti verið svo mikil að milljörðum skipti. Það kemur fram í þessu þingskjali að brottkast hafi lengi verið vandamál og að útgerðin hafi borið því við að ekki sé fjárhagslegur hagur af því að færa undirmálsfisk og úrgang að landi og því fari hvort tveggja allt of oft í sjóinn. Svo segir í þessu þingskjali sem ég var að minnast á áðan frá Kristjáni Pálssyni og hæstv. sjútvrh. að fullvinnsluskip hendi árlega í sjóinn um 60.000 tonnum. Það er þá úrgangur sem mætti vinna úr afurðir að verðmæti 1,5 milljarðar, þ.e. 1.500 millj. kr.

Herra forseti. Auðvitað verður að leita leiða til þess að nýta allan þann afla sem kemur úr sjó og allt sem með honum kemur, hætta að búa til þennan úrgang og tryggja þannig breytta umgengni við hafið.

Herra forseti. Síðan má nefna kafla í greinargerðinni um ferðaþjónustu sem er atvinnugrein sem færir okkur gífurlega miklar tekjur í þjóðarbúið. Sú atvinnugrein er í sem örustum vexti á Íslandi. Hún skipar annað sæti þeirra atvinnugreina sem skapa hvað mestar þjóðartekjur hér á landi. Hún situr þar í öðru sæti á eftir sjávarútveginum. Það er skoðun okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að ferðaþjónusta og náttúruvernd eigi vel saman og það eigi að flétta saman ferðaþjónustu og náttúruvernd, enda er náttúran sjálf sú auðlind sem ferðaþjónustan byggist á.

Það er afar mikilvægt, herra forseti, að efla þessa ungu atvinnugrein, ferðaþjónustuna. Það verður ekki hvað síst gert með því að efla náttúruvernd. Sannleikurinn er nú sá, herra forseti, að með þeirri stóriðjustefnu sem keyrð er hér af hæstv. ríkisstjórn, má segja að verið sé að skaða ferðaþjónustuna. Náttúruverndin er fyrir borð borin. Hún er orðin einskis virði í þessu landi. Það má ráðast á hvað sem er. Sannleikurinn er sá að með þeirri stefnu sem ríkisstjórnin rekur er verið að höggva að rótum ferðaþjónustunnar sem nýtir náttúruna sem sína auðlind.

Það þarf að gera sérstakt atvinnuátak í uppbyggingu þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða. Það er atvinnuskapandi því landverðir og leiðsögumenn hafa atvinnu af því að sinna slíkum svæðum. Það verður að styrkja stöðu þeirra eins og nauðsynlegt er. Ég minni á að þessir aðilar hafa gífurlega veigamiklu fræðsluhlutverki að gegna hver í sínu samfélagi og það er að mínu mati vannýting á landvörðum og þjóðgarðsvörðum að þeir skuli ekki hafa fleiri verkefni á sviði náttúruverndar eða fræðslu yfir vetrartímann.

Þar sem tími minn er brátt á þrotum, herra forseti, vil ég aðeins nefna að í greinargerð með þessari tillögu er fjallað sérstaklega um landbúnað, gróðurvernd, landgræðslu og skógrækt. Þá er sérstakur kafli um menningu og listir, sérstakur kafli um iðnað, vistvæn samfélög, meginreglur umhverfisréttar, alþjóðlegar skuldbindingar okkar og fleira.

Niðurlagsorð greinargerðarinnar eru tilvitnun til orða John C. Sawhill, fyrrverandi framkvæmdastjóra Nature Conservancy í Bandaríkjunum. Þau eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þegar fram líða stundir verður samfélag okkar ekki bara dæmt af þeim mannvirkjum sem okkur tókst að reisa, heldur öllu fremur af þeim mikilvægu náttúrufyrirbærum sem við neituðum að spilla."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 39. mál (kynlífsþjónusta, klám). — Þskj. 39.

[18:26]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Það er meira endurtekið efni hjá mér í dag. Hér er ég komin með frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum sem varða kynferðisbrotakafla laganna. Þetta er mál sem ég hef flutt áður úr þessum stóli. Ég er nú kannski orðin þrjósk hvað þetta mál varðar. Ég heiti því að flytja það svo lengi sem ég kemst í þennan stól, uns yfir lýkur, því ég tel afar brýnt að þetta mál verði að lögum.

Þetta mál varðar tvær lagagreinar í almennum hegningarlögum, þ.e. 206. gr. og 210. gr., og fjallar um kynlífsþjónustu ef svo ósmekklegt orð í raun á heima í lagatexta. Ég satt að

segja efast um að kynlífsþjónusta eigi að heita þessu orði. En satt að segja hefur enginn getað bent mér á neitt betra. Hér er líka fjallað um vændi og klám. Það er best að ég fari í fljótheitum yfir þetta. Frv. sjálft er þrjár greinar. 1. gr. frv. á við 26. gr. laganna. Það er lagt til að greinin hljóði svo, með leyfi forseta:

„Hver sem greiðir fyrir kynlífsþjónustu af einhverju tagi skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Hver sem hefur tekjur af milligöngu um vændi annarra skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða barn, yngra en 18 ára, til þess að stunda vændi eða aðra kynlífsþjónustu.

Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að því að fólk sé flutt úr landi eða til landsins í því skyni að það taki þátt í hvers kyns klám- eða kynlífsiðnaði, hvort sem viðkomandi er kunnugt um þennan tilgang fararinnar eða ekki og hvort sem samþykki viðkomandi liggur fyrir eða ekki.

Hver sem stuðlar að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða hefur tekjur af kynlífsþjónustu sem aðrir veita, svo sem með útleigu húsnæðis eða á annan hátt, skal sæta fangelsi allt að 4 árum en sektum eða fangelsi allt að 1 ári ef málsbætur eru.

Hver sem býður upp á kynferðislegar nektarsýningar og hefur þar með nekt annarra sér að féþúfu og til sölu skal sæta allt að 4 ára fangelsi. Sömu refsingu varðar það að skipuleggja og reka kerfisbundna klámþjónustu gegnum síma eða tölvur."

2. gr. frv. á svo við 1. og 2. mgr. 210. gr. laganna, með leyfi forseta:

„Ef klám birtist á prenti, myndbandsspólum eða geisladiskum skal sá sem ábyrgð ber á birtingu þess sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

Sömu refsingu varðar það þann sem er ábyrgur fyrir að auglýsa í fjölmiðlum eða á opinberum vettvangi aðgang að klámi í hvaða mynd sem það er fram borið."

Þriðja greinin er síðan gildistökugrein, með leyfi forseta:

„Lög þessi öðlast þegar gildi."

Herra forseti. Eins og kemur fram í þessum lesti mínum þá er hér gert ráð fyrir ákveðnum breytingum á refsiábyrgð vegna vændis. Gert er ráð fyrir því að refsing þeirra sem hafa milligöngu um vændi annarra verði þyngd. Gert er ráð fyrir því að orðalagi í gildandi lögum verði breytt, þ.e. að í stað þess sem segir í gildandi lögum, „hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra", verði notað orðalagið „hefur tekjur af milligöngu um vændi annarra".

Það er mat þeirrar sem hér stendur að orðið lauslæti sé löngu úrelt og hefur reyndar verið gerð athugasemd við það af nefnd sem dómsmrh. setti á laggirnar og var falið að gera samanburð á lagaumhverfi á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum varðandi löggjöf og eftirlit með klámi og vændi. Í skýrslu þeirrar nefndar sem birtist á þskj. 625, 15. janúar 2001, á 126. löggjafarþingi, segir um hugtakið lauslæti, með leyfi forseta:

„Í 2.–5. mgr. 206. gr. íslensku hegningarlaganna er ávallt notað orðið lauslæti. Í 1. mgr. er aftur á móti notað orðið vændi. Orð sambærileg við lauslæti voru framan af notuð í lagatexta nágrannaríkjanna en hafa nú að mestu leyti vikið fyrir orðinu „prostitution" (vændi) sem þykir mun nútímalegra orðfæri. Ástæða er til þess að hafa þetta í huga ef íslensku lögin verða endurskoðuð."

Herra forseti. Ég las nú tilvitnun í skýrslu þessarar nefndar en þó má auðvitað finna því stað í þingræðum að hæstv. dómsmrh. hefur gefið okkur vonir um að allur kynferðisbrotakaflinn í hegningarlögunum sé til endurskoðunar. En ég verð að segja að mér hefur fundist biðin eftir þeirri endurskoðun ívið of löng, sérstaklega þegar við opnum augu okkar fyrir því hvers konar veruleiki blasir við okkur á Íslandi nú þessa dagana. Við horfum framan í veruleika mansals og aukinnar vændissölu. Það er svo alvarlegt mál, herra forseti, að láta þetta ganga hér áfram óátalið án þess að lögunum sé breytt, án þess að tekið sé á þessu beint í lögunum, að ég tel það algerlega til vansa fyrir hæstv. dómsmrh. að ekki skuli vera löngu komin fram endurskoðun eða tillaga til breytinga, þar sem hún hefur sagt okkur fyrir löngu síðan að endurskoðunar sé að vænta.

Gert er ráð fyrir að breytt verði fleiri atriðum samkvæmt þessu frv. mínu. Þar er lagt til að orðinu lauslæti verði breytt í vændi og orðinu ungmenni í gildandi lögum verði breytt í barn, og er það til samræmis við önnur lög sem fjalla um málefni barna.

Gert er ráð fyrir að ákvæði 4. mgr. 206. gr. verði breytt þannig að aldursmörkin hverfi út úr greininni og þar er gert ráð fyrir að athæfi það sem greinin fjallar um verði refsivert, hvort sem viðkomandi er kunnugt um tilgang fararinnar eða ekki og hvort sem samþykki viðkomandi liggur fyrir eða ekki.

Eins og greinin er í gildandi lögum þá virðist refsing einungis liggja við athæfinu, þ.e. því að flytja fólk nauðugt á milli landa til vændissölu, ef sá sem fluttur er á milli landa er undir 21 árs aldri og ekki kunnugt um tilgang fararinnar. Þetta tel ég í hæsta máta óeðlilegt, herra forseti, og löngu tímabært er að breyta þessu.

Þá er einnig lagt til í þessari grein að orðalagið „hafa viðurværi sitt af lauslæti" breytist til samræmis við það sem áður sagði í það að „taka þátt í hvers kyns klám- eða kynlífsiðnaði".

Í 5. mgr. 206. gr. er gert ráð fyrir því að orðalagið „gerir sér lauslæti annarra að tekjulind" breytist og þar er talað aftur um kynlífsþjónustu. Svo er ný málsgrein í lok greinarinnar þar sem gert er ráð fyrir því að refsivert verði að bjóða upp á kynferðislegar nektarsýningar og hafa þar með nekt annarra sér að féþúfu og til sölu, sömuleiðis að refsivert verði að reka kerfisbundna klámþjónustu í gegnum síma eða tölvur.

Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að nú hefur horft örlítið til betri vegar í þessum nektarklúbbsmálum okkar á Íslandi á síðustu missirum, en það er komið til af því að gerðar hafa verið ákveðnar breytingar á atvinnuleyfisumsóknum sem lúta að því að stúlkur frá austantjaldslöndunum eða utan Evrópusambandsins verða að sækja um atvinnuleyfi og orðið er þrengra um það að þær stúlkur fái atvinnuleyfi á Íslandi til þessara starfa. Og eitthvað virðist hafa harðnað á dalnum hvað varðar það að fá stúlkur frá Evrópska efnahagssvæðinu til að koma hingað og dansa á nektarklúbbunum þannig að það virðist vera einhver samdráttur. Svo hefur það gert útslagið í raun varðandi þetta að Reykjavíkurborg hefur breytt lögreglusamþykkt sinni. Hún er nú þannig að einkadansinn, sem var það subbulegasta fyrirbæri sem fram fór á veitingastöðum á Íslandi, hefur nú verið bannaður í lögregluglugerð Reykjavíkur. Fleiri sveitarfélög hafa fylgt í kjölfarið. Það er sannarlega til fyrirmyndar að byrjað sé að taka á þessum málum og auðvitað vonar maður að það sé

bara byrjunin á því að menn fari að taka alvarlega til. Þetta mál hér er til þess fallið að halda áfram á þeirri braut.

Lykilatriðið í þessu máli er það sem ég las hér upp úr fyrstu málsgreininni, þ.e. að gert er ráð fyrir því í frv. að hver sá sem greiðir fyrir kynlífsþjónustu af einhverju tagi skuli sæta fangelsi allt að fjórum árum. En jafnframt er gert ráð fyrir því að refsinæmi vændisins verði fellt niður, þ.e. að þeir sem stunda vændi, hvort sem það er til framfærslu, eina kvöldstund eða í lengri tíma, séu ekki samkvæmt lögum að fremja refsivert athæfi, enda er almennt litið svo á að þeir sem leiðast út í vændi séu fórnarlömb og þá fórnarlömb einhvers ástands sem hefur skapast, mögulega í þeirra æsku, þetta fólk komi iðulega frá brotnum fjölskyldum, eigi sér bakgrunn, við skulum segja, í eiturlyfjaneyslu eða vímuefnaneyslu. Mjög algengt er að þetta fólk eigi sér sögu um kynferðislega misnotkun þannig að í öllu falli hefur verið litið á það víðast hvar um heiminn að hér sé um fórnarlömb að ræða en ekki fólk sem fer í alvöru af fúsum og frjálsum vilja út á þessa braut.

Með því að leggja niður eða fella brott refsinæmi vændisins þá verður að koma eitthvað í staðinn. Til þess að við séum ekki að lögleiða vændið og gera það hreinlega bara að atvinnugrein sem hér yrði viðurkennd og fengi að grassera eða ganga hér ljósum logum þá er aðeins eitt ráð. Það er skynsamlegt ráð og það er að gera kaupin á kynlífsþjónustunni refsiverð.

Þetta er leið sem hefur verið farin í Svíþjóð og hefur verið kölluð sænska leiðin og er henni lýst ítarlega og reynslunni af henni reyndar í greinargerð með því frv. sem hér liggur fyrir.

Sannleikurinn er sá að hæstv. dómsmrh. hefur verið innt eftir því á Alþingi hvort hún hyggist fara þessa sænsku leið, nú síðast í utandagskrárumræðu fyrir tíu dögum eða tæpum tveimur vikum. Þar fjallaði hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir um vændi og þessa sænsku leið bar á góma. Þá sagði hæstv. dómsmrh. það sem hún hefur reyndar áður sagt úr þessum stóli, að hún telji ekki næga reynslu komna á sænsku leiðina eða þessa leið Svíanna til að vit sé í því að lögleiða hana hér.

Nú vil ég hrekja þessi ummæli hæstv. dómsmrh. og halda því fram að reynslan af sænsku lögunum eða sænsku aðferðinni sé orðin svo góð og það yfirgripsmikil og það vel skráð að við eigum vel að geta þess vegna tekið þessa reglu upp í okkar lög. Sannleikurinn er sá að í Svíþjóð, eftir að þessi lagagrein var tekin upp, hefur tilviljanakennt götuvændi nánast lagst af. Segja má að götuvændi það sem þekktist víða í Svíþjóð sjáist nánast ekki lengur.

Þetta er ótvíræður kostur. Ég held að enginn geti annað en skrifað undir það. Á hinn bóginn má segja að hin dökka hlið málsins sé auðvitað sú að það vændi sem þó þrífst og sú kynlífsþjónusta sem þó fyrirfinnst sé sú svartasta eða kannski skuggalegasta af þeirri þjónustu sem áður þekktist, þ.e. sú sem var hvað lengst undir yfirborðinu. Hana hefur ekki tekist að uppræta með hinni sænsku aðferð. Þó er það mat þeirra sem hafa komið að þessu máli að það þurfi þá bara að beita öðrum aðferðum til að uppræta þann þátt kynlífsiðnaðarins sem fólginn er neðan jarðar og sænska aðferðin eða sænsku lögin ná ekki til.

Herra forseti. Ég tel að það sé hálfgerð uppgjöf að segja að þessi sænska leið sé lítt reynd því það hafa verið gefnar út skýrslur í Svíþjóð. Þetta hefur verið reynt þar síðan 1999 og þessar skýrslur sem hafa komið út um hina sænsku leið sýna að gífurlegur árangur er af þessari lagasetningu.

Auðvitað mega menn ekki gleyma því, herra forseti, að hlutverk laga er ekki einungis að búa til einhvern refsiramma eða sjá til þess að allir séu sé meðvitaðir um að þeir séu að fremja refsivert athæfi hér og hvar. Það er ekki síður mikilvægt, herra forseti, að menn hugsi til þess að lög eru almenn skilaboð út í samfélagið, almenn skilaboð um hegðun og siðferði. Með því að leiða í lög hina sænsku leið værum við að gefa þau skilaboð út í samfélagið að líkamar kvenna og karla eigi ekki að vera til sölu. Það eru skilaboð sem eru þess virði að koma út í samfélagið og þeim skilaboðum verður ekki nægilega vel komið á framfæri nema þessi sænska leið verði farin, nema sú regla verði leidd í lög að refsivert sé að kaupa kynlífsþjónustu.

Nú verður að segjast eins og er, herra forseti, að ekki er bjart fram undan því hæstv. dómsmrh. hefur, eins og ég hef farið hér í gegnum, fjallað um þessi mál opinberlega og er lítt hrifin af þessari aðferð. Ég get lítið gert hér annað en hvetja hana til þess að endurskoða þá afstöðu sína.

Á sama hátt get ég sagt að starfshópur sá sem vann fyrir dómsmrh. skýrslu um úrbætur eða tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis gerir í skýrslu sinni, sem dóms- og kirkjumrn. gaf út þann 16. apríl 2002, grein fyrir hinni sænsku aðferð eða sænsku leið og tekur undir með dómsmrh. eða segir svipað og hæstv. dómsmrh. að ekki sé komin nægilega mikil reynsla á sænsku leiðina til þess að þau telji hana vænlega fyrir okkur á Íslandi. Ég gagnrýni þennan starfshóp fyrir að hafa ekki viljað taka hraustlegar á málum en raun ber vitni og kemur fram í þessari skýrslu sem ég nú hef nefnt.

Haldnar hafa verið fjöldamargar ráðstefnur og fundir um mansal og hina alþjóðlegu skipulögðu glæpastarfsemi sem því fylgir. Ég sótti eina slíka ráðstefnu í október sl. sem haldin var að frumkvæði Marianne Eriksson. Hún er þingmaður Svía á Evrópuþinginu og situr fyrir vinstri flokkinn á þessu Evrópuþingi. Þetta var afar fróðlegur fundur sem við áttum þarna úti í Brussel og allt það sem þar kom fram styður það sem kemur fram í greinargerð með frv. sem ég hér tala fyrir. Við heyrðum reynslusögur af mansali frá Ítalíu, Rúmeníu, Ungverjalandi, Rússlandi, Finnmörku og víðar að. Allir sem töluðu á þessu þingi eða ráðstefnu luku upp einum munni um að þjóðir heimsins ættu að sameinast um að innleiða hina sænsku leið því engin önnur aðferð sé vænlegri til árangurs við að uppræta þá skipulögðu glæpastarfsemi sem mansalið felur í sér, þ.e. þessa nútímaþrælasölu, en einmitt sú að gera kaup á kynlífsþjónustu refsiverð.

Ég vil því flytja hér skilaboð frá kollegum okkar, þingmönnum á Evrópuþinginu, sem reyna eins og kraftur þeirra leyfir að berjast fyrir sams konar lagabreytingum á Evrópulöggjöfinni. Sömuleiðis er hægt að flytja hingað boð frá finnskum þingmönnum, en jafnréttismálaráðherra Finna hefur einmitt sagt að hún vilji berjast fyrir því að innleiða þessa reglu í lög í Finnlandi. Heyrst hafa raddir frá Danska þjóðþinginu, reyndar frá stjórnarandstöðunni, um að þar sé í uppsiglingu mál af þessu sama tagi. Ég tel því, herra forseti, að Íslendingar gætu verið stoltir af því að ganga fram fyrir skjöldu og vera fyrstir manna, fyrstir þjóða, til að fylgja í kjölfar Svía með því að innleiða þetta í lög.

Svo ég fari nú að ljúka máli mínu, herra forseti, þá varðar 2. gr. frv. klám og aukið refsinæmi við brotum á klámi. Ég er algjörlega ósammála niðurstöðu nefndarinnar sem falið var að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis. Hún ætlar að flokka klám í hart klám og milt klám. Ég vil bara lýsa því hér yfir, herra forseti, að klám er eitt og hið sama. Þó svo

að segja megi að einhverjar útgáfur þess séu mildari en aðrar þá er það sama fólkið sem lendir í klámiðnaðinum, hvort sem það fer í grófa iðnaðinn eða blíða iðnaðinn, milda iðnaðinn. Það er sama fólkið sem lendir í klónum á vændissölunum. Þetta er allt einn og sami heimurinn undir yfirborðinu þegar að er gáð. Þess vegna geri ég engan greinarmun á klámi, hvort það er gróft eða ekki gróft. Þetta er allt einn og sami grauturinn og við getum ekki upprætt grófa klámið nema uppræta hitt líka.

Ég legg áherslu á að menn kynni sér í greinargerðinni með frv. að hér er ekki neinn tepruskapur á ferðinni. Við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og hv. þm. Þuríður Backman sem flytjum þetta frv. höfum ekki sýnt neinn tepruskap í þeim efnum. Við erum alveg tilbúin til að skilgreina hugtakið klám þannig að það verði ekki nein vandræði fyrir lögregluyfirvöld að fara eftir lögum af þessu tagi. En eins og fólk veit þá hafa lögregluyfirvöld beitt fyrir sig einhverjum erfiðleikum eða fundist eitthvað erfitt að fara eftir þeirri löggjöf sem nú gildir af því það vanti svo skilgreininguna á klámi í lögin.

Svo fjallar 2. gr. frv. um auglýsingar um aðgang að klámi í fjölmiðlum, á netmiðlum og öðrum opinberum vettvangi. Ég verð að segja, herra forseti, að þessi klámvæðing sem tröllríður nú húsum í öllum hinum vestræna heimi verður ekki upprætt nema með vilja löggjafarsamkomanna eða samkundnanna í þessum löndum. Ég tel Íslendinga geta riðið á vaðið og sett afgerandi löggjöf í þessum efnum og það komi til með að styrkja okkur hér á löggjafarsamkundunni, það komi til með að styrkja samfélag okkar og það komi til með að veita ríkulegt aðhald og verði sterk sögn út í samfélagið sem komi á endanum til með að skila okkur betra samfélagi fyrir börnin okkar og fyrir þegnana okkar að búa í.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 12. og 14. mál.

Fundi slitið kl. 18:47.

---

33. FUNDUR

miðvikudaginn 20. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Ábyrgðir vegna lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála, stjfrv., 356. mál, þskj. 393. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 371. mál, þskj. 417. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Staðgreiðsla opinberra gjalda, stjfrv., 372. mál, þskj. 418. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 355. mál, þskj. 392. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 322. mál, þskj. 350. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 359. mál, þskj. 399. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, þáltill., 30. mál, þskj. 30. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Sjálfbær atvinnustefna, þáltill., 33. mál, þskj. 33. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Almenn hegningarlög, frv., 39. mál, þskj. 39. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Jónas Hallgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Magnús Stefánsson, 2. þm. Vesturl.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

[13:30]

Útbýting þingskjala:

Flutningur opinberra starfa og stofnana, 279. mál, svar fjmrh., þskj. 425.

Flutningur opinberra starfa og stofnana, 281. mál, svar iðnrh., þskj. 422.

Samgöngur til og frá Vestmannaeyjum, 305. mál, svar samgrh., þskj. 421.

Samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna til að stemma stigu við glæpastarfsemi, 317. mál, svar dómsmrh., þskj. 437.

Ábyrgðir vegna lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 356. mál. — Þskj. 393.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 371. mál (viðurlög, skilaskylda). — Þskj. 417.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 372. mál (innheimta, skuldajöfnun o.fl.). — Þskj. 418.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lífeyrissjóður sjómanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 355. mál (elli- og makalífeyrir). — Þskj. 392.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 1. umr.

Stjfrv., 322. mál (ýmsar gjaldtökuheimildir). — Þskj. 350.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GÁ, GunnB, HH, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JónK, KVM, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PHB, SI, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.
25 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BH, DO, EKG, EOK, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HBl, JHall, JBjart, KF, MS, ÓÖH, PP, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 359. mál (gjaldaheimildir). — Þskj. 399.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 30. mál. — Þskj. 30.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Sjálfbær atvinnustefna, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 33. mál. — Þskj. 33.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 39. mál (kynlífsþjónusta, klám). — Þskj. 39.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:37.

---

34. FUNDUR

miðvikudaginn 20. nóv.,
að loknum 33. fundi.

Dagskrá:

Til viðskiptaráðherra:

1. Sparisjóðir og bankaþjónusta, fsp. JB og ÁSJ, 291. mál, þskj. 313.

Til landbúnaðarráðherra:

2. Erfðabreyttar lífverur, fsp. KolH, 301. mál, þskj. 325.

Til menntamálaráðherra:

3. Eftirlit með iðn- og starfsnámi, fsp. DSn, 335. mál, þskj. 365.

4. Könnun á læsi fullorðinna, fsp. SvanJ, 362. mál, þskj. 402.

Til heilbrigðisráðherra:

5. Lyfjagjöf til of feitra barna, fsp. SI, 223. mál, þskj. 226.

6. Kostnaður af heilsugæslu, fsp. MF, 329. mál, þskj. 359.

7. Heilsugæsla í Kópavogi, fsp. GunnB, 342. mál, þskj. 378.

Til fjármálaráðherra:

8. Virðisaukaskattur á tæki og búnað til háskóla og rannsóknastofa, fsp. HjÁ, 272. mál, þskj. 290.

9. Framkvæmd þjóðlendulaganna, fsp. JB, 299. mál, þskj. 323.

Sparisjóðir og bankaþjónusta.

Fsp. JB og ÁSJ, 291. mál. — Þskj. 313.

[13:38]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Bankaþjónusta er hluti af almannaþjónustukerfinu. Aðgengi að slíkri þjónustu skiptir máli fyrir samkeppnishæfni, búsetu og atvinnurekstur. Það getur virst einfalt að loka bankaútibúi rekstrarlega séð en fyrir fólkið sem býr í nágrenninu og byggir búsetu sína á þeirri þjónustu getur það verið alvarlegt mál.

Þessa dagana er verið að selja báða ríkisbankana, Landsbankann og Búnaðarbankann, sem hafa verið þjónustustofnanir í eigu þjóðarinnar um áratuga skeið og verið liður í að byggja upp það búsetusamfélag og atvinnusamfélag sem við höfum búið við síðustu áratugina. Það hlýtur því að vera spurning þess fólks sem býr úti á landi, spurning til hæstv. viðskrh. sem ég leyfi mér að bera fram:

Hvernig hyggst ráðherra tryggja örugga og góða nærþjónustu í bankastarfsemi í dreifbýli sem þéttbýli eftir að ríkið hefur selt meiri hluta sinn bæði í Landsbanka og Búnaðarbanka? Það trúir því enginn að fyrirhyggjan sé svo lítil að þessar þjónustustofnanir séu seldar skilmálalaust.

Í öðru lagi, herra forseti, leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðherra: Mun ráðherra beita sér fyrir því að skylda Búnaðarbankann eða Landsbankann til að hafa skilgreint net útibúa vítt og breitt um landið með tiltekinni lágmarksþjónustu?

Og í þriðja lagi, herra forseti: Mun ráðherra beita sér fyrir því að láta kanna réttarstöðu þeirra sparisjóða sem fólu útibúum ríkisbankanna verkefni sín og eignir en sjá nú á bak þeim bótalaust við sölu ríkisbankanna? Við þekkjum það, herra forseti, að sparisjóðirnir, sem að vissu leyti er samstaða um að þeir sem eftir eru fái að njóta stöðu sinnar, runnu inn í næsta viðskiptabanka í þeirri trú að hann yrði áfram ríkisbanki.

Í síðasta lagi spyr ég, herra forseti: Mun ráðherra styðja baráttu þeirra sem nú vilja treysta aftur bankaþjónustu í heimabyggð og endurheimta sparisjóði sína ásamt þeim eignum og fjármálaumsvifum sem heimamenn fólu bankaútibúi í trausti þess að bankarnir yrðu áfram þjóðareign?

[13:41]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Sem svar við fyrstu fyrirspurn hv. þm. sem er á þskj. 313 vil ég segja þetta: Landsbanki og Búnaðarbanki voru gerðir að hlutafélögum árið 1998. Nýir eigendur komu að rekstrinum með ríkinu sama ár og bankarnir voru jafnframt skráðir í kauphöll. Þetta var meginbreyting á rekstrarformi bankanna. Með breytingunni var klippt á afskipti ráðherra af daglegum rekstri bankanna og bankarnir lúta aga markaðarins. Þessi breyting var í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að ríkið eigi almennt ekki að sinna atvinnustarfsemi sem einkaaðilar geta stundað með eðlilegum hætti. Er þetta jafnframt í samræmi við viðtekin sjónarmið í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við.

Ríkisviðskiptabankarnir áttu rætur sínar að rekja til þess tíma þegar takmarkað framboð var á fjármagni og því talið nauðsynlegt að ríkið hlutaðist til um þessa starfsemi og tæki jafnframt áhættuna af henni. Nú er sú staða ekki lengur fyrir hendi. Spurning fyrirspyrjanda ber ekki vott um djúpan skilning á gangverki atvinnulífsins í markaðshagkerfi.

Með aðhaldi og aðild markaðarins er tryggð eins góð þjónusta á eins góðum kjörum og möguleiki er á. Það er hlutverk stjórnvalda að sjá til þess að bankakerfinu verði skapaðar aðstæður til að dafna til hagsbóta fyrir neytendur og fyrirtæki í þéttbýli og dreifbýli.

Önnur spurning hv. þm. var þessi, með leyfi forseta: „Mun ráðherra beita sér fyrir því að skylda Búnaðarbankann eða Landsbankann til að hafa skilgreint net útibúa vítt og breitt um landið með tiltekinni lágmarksþjónustu?“

Nei, það mun ég ekki gera. Það væri fullkomlega óeðlilegt að skylda tvö fyrirtæki á markaði umfram önnur til að sinna tiltekinni þjónustu. Við Íslendingar búum við tæknilega mjög gott bankakerfi og bankaþjónusta hefur verið að breytast mjög með tilkomu netsins. Ekki er ósennilegt að bankaútibúum fækki á næstu árum. Þróunin hefur verið í þá átt á síðustu árum, ekki síst hér á höfuðborgarsvæðinu. Þar með er ekki sagt að þjónusta bankanna versni heldur verður hún í öðru formi og væntanlega einnig á betra verði. Ástæða er til að nefna að þessi þróun mun verða óháð því hvort ríkið eigi hlut í bönkum.

Þriðja spurningin var, með leyfi forseta: „Mun ráðherra beita sér fyrir því að láta kanna réttarstöðu þeirra sparisjóða sem fólu útibúum ríkisbankanna verkefni sín og eignir en sjá nú á bak þeim bótalaust við sölu ríkisbankanna?“

Svarið er eftirfarandi: Þetta hefur þegar verið gert. Hlutafélagabankarnir, Landsbanki og Búnaðarbanki, tóku við öllum skuldbindingum gömlu ríkisviðskiptabankanna. 19. gr. laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands á að taka af allan vafa í þeim efnum, en 2. mgr. þeirrar greinar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Landsbanki Íslands hf. tekur við öllum réttindum og skuldbindingum Landsbanka Íslands og Búnaðarbanki Íslands hf. tekur við öllum réttindum og skuldbindingum Búnaðarbanka Íslands vegna yfirtöku ríkisviðskiptabankanna á sparisjóðum.“

Þetta þýðir að skuldbindingar og réttindi bankanna af samningum við sparisjóði flytjast yfir til hlutafélagabankanna og að formbreytingin hefur ekki áhrif á framkvæmd þeirra.

Fjórða spurning, með leyfi forseta: „Mun ráðherra styðja baráttu þeirra sem nú vilja treysta aftur bankaþjónustu í heimabyggð og endurheimta sparisjóði sína ásamt þeim eignum og fjármálaumsvifum sem heimamenn fólu bankaútibúi í trausti þess að bankarnir yrðu áfram þjóðareign?“

Svarið er eftirfarandi: Ég mun ekki þurfa að styðja baráttu þeirra með einum eða öðrum hætti. Alþingi hefur nú þegar tekið á þessu máli með fullnægjandi hætti og vísa ég þar í áðurnefnda 2. mgr. 19. gr. laga nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

[13:45]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskrh. telur sig greinilega umfram aðra hafa djúpan skilning á þeim málum sem hér eru til umfjöllunar, en það er alveg ljóst af svarinu að ráðherrann hefur enga framtíðarsýn varðandi afleiðingar þeirra kerfisbreytinga sem hæstv. ráðherra stendur fyrir. Það er augljóst að þjónusta við landsbyggðina mun fara versnandi þegar hinir einkavæddu bankar munu fara í hagræðingu í rekstri sínum og telja sig ekki þurfa að þjónusta fólk annars staðar en þeim sjálfum þóknast. Þetta er orðið áhyggjuefni nú þegar í viðskiptalífinu úti á landsbyggðinni þar sem menn hafa

kvartað undan því að fá ekki sömu þjónustu og annars staðar er veitt, jafnvel fyrir einkavæðingu eða fyrir sölu bankanna. Maður hefði því ætlast til þess að hæstv. ráðherra hefði einhverja framtíðarsýn hvernig fjármálalegri starfsemi úti á landsbyggðinni yrði háttað í framtíðinni.

[13:47]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir þær spurningar sem hann bar fram til hæstv. ráðherra um leið og ég lýsi því yfir að svör ráðherra ollu mér miklum vonbrigðum. Þau voru þess eðlis að ég sá í sjálfu sér engan tilgang með því fyrir hana að sitja í þessum ráðherrastól. Hæstv. ráðherra hefði allt eins getað látið einhverja tæknimenn úr ráðuneytinu svara þessu.

Svarið var þess eðlis að það bar ekki vott um neinn skilning á því sem er að gerast. Hv. þm. Jón Bjarnason var að spyrja hvernig menn hygðust bregðast við vegna þeirra öru og miklu samfélagsbreytinga sem eiga sér stað úti á landi og hvað öll svona kerfisbreyting getur haft veigamikil áhrif. Það var í raun og veru eðli þeirra spurninga sem hv. þm. bar fram. Svar hæstv. ráðherra við spurningunum var það að viðkomandi þingmaður hefði lítinn skilning á því sem hann væri að spyrja um. Ég held því miður að hæstv. ráðherra hafi hér afhjúpað það að hún hefur lítinn sem engan skilning á því sem á sér stað á landsbyggðinni.

[13:48]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Mér fannst mjög dapurlegt að hlusta á hæstv. viðskrh. vísa frá sér allri samfélagslegri ábyrgð á þjónustustarfsemi bankakerfisins hér á landi. Spurt var hvernig ráðherrann hygðist tryggja örugga og góða nærþjónustu í bankastarfsemi í dreifbýli eftir einkavæðingu bankakerfisins. Ráðherrann kvaðst enga slíka ábyrgð bera, það væri búið að markaðsvæða þessa þjónustustarfsemi og við ættum að haga okkur líkt og menn gera í útlöndum.

Spurt var hvort tryggja ætti þjónustunet á landsbyggðinni. Ráðherrann sagði: Ég mun ekki styðja slíkt. Og varðandi tilraunir til að efla bankaþjónustu í heimabyggð og endurheimta sparisjóði sína sagði ráðherrann: Ég mun ekki styðja baráttu þessa með einum eða neinum hætti. Þetta voru svörin.

En hvað var svona dapurlegt við þessi svör þar sem við þekkjum þau úr annarra manna munni? Við þekkjum þau úr munni peningafrjálshyggjunnar. Nú koma þau úr munni ráðherra Framsfl.

[13:49]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Í svari hæstv. ráðherra kom fram að eftir söluna mundu bankarnir lúta aga markaðarins. Ég vil segja, herra forseti, að ég hef ýmsar efasemdir um að agavald markaðarins sé með þeim hætti sem ætlað er. Mér finnst vaxtastig í landinu vera það hátt að maður spyr sig: Er einhver raunveruleg samkeppni milli bankanna um viðskiptavinina? Og kröfur um tryggingar eru með þeim hætti að viðskipti ýmissa fyrirtækja á landsbyggðinni eru torvelduð í þessum fjármálastofnunum.

Ég held, herra forseti, að við þurfum að hafa alvarlegar áhyggjur af þróuninni á fjármálasviðinu, sérstaklega í ljósi þess að svo virðist vera að samkeppnin leiki ekki um fjármálaumhverfið sem skyldi. Agavald markaðarins er ekki virkt eins og ætla mætti. Það held ég að sé stærsta áhyggjuefnið um þessar mundir á fjármálamarkaði, herra forseti.

[13:51]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka þessa umræðu um leið og ég harma dapurlegar undirtektir hæstv. ráðherra. Það er greinilegt að hæstv. ráðherra hefur lítinn skilning á þeim verkum sem þarna eru að gerast.

Ég vil vitna, herra forseti, til eins samnings, samnings sem Sparsjóður Dalasýslu gerði við Búnaðarbankann á sínum tíma þegar þeir voru sameinaðir. Í þann samning var sett skilyrði því í 10. gr. samningsins stendur, með leyfi forseta:

„Ef útibú bankans verður lagt niður, skal það sameinast Sparisjóði Dalasýslu, ef það verður þá ósk forráðamanna sjóðsins og fer þá fram yfirtaka á starfsemi útibúsins, eignum þess og skuldum með svipuðum hætti og hér er gert af hálfu Búnaðarbankans."

Þetta var ein veigamesta greinin í þeim samningi sem Sparisjóður Dalasýslu gerði við Búnaðarbankann á þeim tíma og hefur þessi krafa verið ítrekuð af þáverandi sparisjóðsstjóra og formanni bankaráðs Búnaðarbankans og alþingismanni og ráðherra, Friðjóni Þórðarsyni, sem gerði þessa samninga báðum höndum.

Mér finnst það dapurlegt, herra forseti, ef viðskrh. telur sig þess umkomna hér á Alþingi að segja að ekki þurfi að standa við gerða samninga, bankarnir hafi verið seldir og það sé bara bankans á markaðnum að ákveða það hvernig staðið er við það. Mér finnst þessi sýn hæstv. ráðherra dapurleg og sýna lítinn skilning (Gripið fram í.) á verkefnum úti um land. Og meira að segja hæstv. landbrh. sem hér talar fram í ætti frekar að beita afli sínu hér en vera að ganga um eins og leikari í sölum Alþingis og víðar.

Herra forseti. Ég tel mjög mikilvægt að unnið sé að því, þó svo það gerist ekki í tíð þessa hæstv. ráðherra, að þjónusta bankanna og bankaþjónusta úti um land verði tryggð.

[13:53]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tel að menn séu óþarflega æstir í þessari umræðu því að við þessu er í sjálfu sér ósköp einfalt svar og það lét ég koma fram í máli mínu áðan. Það er ekki hægt að gera sérstakar kröfur á þessar tvær bankastofnanir, þessa tvo banka umfram aðra banka. Þannig er það á hinum frjálsa markaði. Og þegar hv. þm. koma hér upp og halda því fram að ég hafi ekki skilning á aðstæðum á landsbyggðinni, þá finnst mér það mjög ósanngjarnt vegna þess að ég hef búið á landsbyggðinni alla mína tíð. Mér finnst að hv. þm. ættu að nota einhver önnur rök til að niðurlægja mig ef þeir hafa sérstakan áhuga á því.

En það er þetta hvernig ég geti tryggt þjónustu. Ég get ekki tryggt þjónustu en mér þykir það gott að þeir sem hafa keypt bankana eða stóran hlut í bönkunum upp á síðkastið hafa haldið því fram að þeir ætli ekki að fara í neina grundvallarbreytingu á rekstri þessara banka. Það finnst mér mjög mikilvægt.

Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson sagði áðan að bankarnir hefðu jafnvel staðið sig illa fyrir sölu þeirra þannig að það er ekki eins og þetta hafi allt saman verið slétt og fellt á þeim tíma sem ríkið átti bankana. En höfum það líka í huga að á þeim tíma þurfti ríkissjóður að setja milljarða inn í Landsbankann vegna þess að eigið fé skorti. Sá tími er liðinn. Nú höfum við selt bankana. Við erum með 25 milljarða kr. sem ríkissjóður getur notað í önnur verkefni sem eru mikilvægari því að í þessu tilfelli geta einkaaðilar, einstaklingar, rekið

banka. Þannig er það úti um allan heim og það hlýtur að vera hér á Íslandi líka.

Erfðabreyttar lífverur.

Fsp. KolH, 301. mál. — Þskj. 325.

[13:55]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég hef beint þremur spurningum til hæstv. landbrh. um erfðabreyttar lífverur. Á svipuðum tíma og þessi fyrirspurn var lögð fram og henni dreift í þinginu lagði ég raunar líka fyrir hæstv. umhvrh. nokkrar fyrirspurnir um erfðabreytt matvæli og erfðabreyttar lífverur. Við þeim fyrirspurnum óskaði ég skriflegra svara þar sem kannski væri um eilítið flóknari hluti að ræða, enda heyra þessi mál um erfðabreytingar strangt tekið undir umhvrh. og reglugerðir þær sem eru í gildi á þessu sviði hafa verið gefnar út af umhvrn. í samræmi við lög um erfðabreyttar lífverur. Engu að síður koma þessi mál inn á borð landbrn. því að hér er auðvitað um að ræða hráefni í matvæli. Það er kunnara en frá þurfi að segja að í tvo áratugi eða meira hefur mikið verið um það rætt og jafnvel um það deilt hvort erfðabreytingar séu böl eða búbót fyrir okkur og víða í nágrannalöndum okkar geysa mjög miklar deilur um erfðabreytingar. Nágrannaþjóðir okkar hafa velflestar ef ekki allar sett lög um merkingar á erfðabreyttum matvælum en Íslendingar hafa reyndar ekki enn þá sett þær reglur sem nauðsynlegar eru til þess að slíkt gangi í gildi hér á landi og er sannarlega þörf á því að við höldum vöku okkar í þeim efnum og að stjórnvöld fái það aðhald sem nauðsynlegt er til þess að neytendur á Íslandi fái að búa við sambærilegar reglur og sambærilegt umhverfi og neytendur í nágrannalöndum okkar.

Í landbúnaðarframleiðslu eru sömuleiðis notaðar vörur sem gætu mögulega innihaldið erfðabreyttar afurðir og þess vegna tel ég nauðsynlegt að hæstv. landbrh. svari okkur því hversu mikið sé um það að dýrafóður, sáðvara og önnur aðföng landbúnaðarins innihaldi erfðabreyttar lífverur eða afurðir framleiddar úr erfðabreyttum lífverum og hvernig þá sé háttað auðkenningu og merkingu slíkra aðfanga.

Í öðru lagi tel ég eðlilegt að hæstv. landbrh. svari því hvort þess sé að vænta að sérstakar aðgerðir verði hér uppi hafðar til að tryggja stöðu lífrænnar ræktunar hér á landi með tilliti til erfðabreyttra lífvera þar sem alþjóðlegt bann er í gildi við notkun þeirra við lífræna landbúnaðarframleiðslu.

Í þriðja og síðasta lagi spyr ég hvort uppi séu áform í landbrn. um sértækar aðgerðir til að koma í veg fyrir hugsanlega erfðamengun á lífríki Íslands af völdum erfðabreyttra lífvera.

Allar eru þessar spurningar í raun og veru sprottnar af stefnumörkun um sjálfbæra þróun en eins og við þekkjum hefur ríkisstjórnin gefið út skýrslu um velferð til framtíðar þar sem þess er getið að öryggis í þessum málum hljóti að verða að gæta.

[13:58]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Svar við fyrstu spurningu er á þá leið að áfangaeftirlitið hefur eftirlit með innflutningi á öllu fóðri og sáðvöru sem flutt er til landsins, samanber lög nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, og reglugerðum sem settar hafa verið samkvæmt þeim.

Faglegt skjalaeftirlit er haft með öllum innflutningi á sáðvörum. Óheimilt er að flytja til landsins, framleiða eða pakka hér á landi fræi nema tilkynna það fyrst og láta skrá það hjá aðfangaeftirlitinu. Ef fram kemur við innflutning að um erfðabreytta sáðvöru sé að ræða eða grunur vaknar um að svo sé er sú vinnuregla viðhöfð að aðfangaeftirlitið tilkynnir Hollustuvernd ríkisins um málið og innflutningur er ekki heimilaður þar til ákvörðun hefur verið tekin um framgang málsins. Hollustuvernd ríkisins sér um framkvæmd reglna um erfðabreytta sáðvöru og leyfisveitingar í því sambandi samkvæmt lögum um erfðabreyttar lífverur og reglugerð um sleppingu eða dreifingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera við þau lög. Þessar reglur eru settar með hliðsjón af EES-samningnum.

Engin erfðabreytt sáðvara hefur verið flutt til landsins svo vitað sé enda innflutningur að mestu bundinn við fræ grasa til fóðurgerðar og fræ af káltegundum, bæði til matjurtaræktunar og fóðurframleiðslu á tegundum sem ekki hefur verið erfðabreytt. Þetta hefur ekki verið sannprófað með greiningu á sýnum, enda ekki reglur í gildi sem kveða á um það. Fæstar þeirra tegunda þar sem erfðaefni hefur verið breytt vaxa hér á landi nema í gróðurhúsum og hafa ekki verið fluttar inn sem fræ.

Ekkert fræ af erfðabreyttum plöntum er ræktað hér á landi. Ekkert lífrænt fræ hefur verið flutt til landsins. Fylgst er með þessu hjá aðfangaeftirlitinu. Fyrir liggur að endurskoða reglur um sáðvörueftirlit í ljósi endurskoðaðra reglna Evrópusambandsins um eftirlit á þessu sviði sem verið er að taka inn í EES-samninginn. Í framhaldi af ofangreindum breytingum þarf að endurskrifa reglugerð um eftirlit með sáðvörum. Í þeirri vinnu verður væntanlega tekið mið af og sett inn ákvæði um eftirlit með erfðabreyttri sáðvöru.

Hvað fóðrið varðar eru engar reglur í gildi um innflutning á erfðabreyttu fóðri til landsins. Óheimilt er að flytja til landsins, framleiða eða pakka hér á landi fóðri nema tilkynna það fyrst og láta skrá það hjá aðfangaeftirlitinu. Aðfangaeftirlitið hefur faglegt skjalaeftirlit með öllum innflutningi á fóðri eins og með sáðvöru. Þess hefur ekki verið krafist að upp sé gefið hvort um erfðabreytt fóður sé að ræða eða ekki. Fóður sem flutt er til landsins, t.d. frá Bandaríkjunum, svo sem maís- og sojamjöl, er meira og minna erfðabreytt. Ekki hefur verið fylgst með þessu með greiningu á sýnum, enda ekki kveðið á um það í reglum. Það má því reikna með að í flestöllum fóðurblöndum sem notaðar eru hér á landi séu að einhverju leyti erfðabreyttar afurðir.

Ekkert lífrænt fóður hefur verið flutt til landsins svo vitað sé samkvæmt upplýsingum aðfangaeftirlitsins. Aðfangaeftirlitið hefur tekið þátt í starfi norrænnar nefndar um sýnatöku og greiningar á erfðabreyttu fóðri og sáðvörum. Sýni vegna þessa samstarfs staðfestir að maís sem fluttur er til landsins frá Bandaríkjunum er erfðabreyttur. Eingöngu er um erfðaefni að ræða sem leyft er á EES-svæðinu.

Hjá Evrópusambandinu er verið að setja reglur um erfðabreytt fóður eða fóður úr efnum úr erfðabreyttum lífverum og rekjanleika á merkingu þess. Einnig er verið að setja þar almennar reglur um erfðabreytt fóður. Þessar reglur verða ef að líkum lætur teknar upp í EES-samninginn og inn í íslenska löggjöf á næsta ári. Samkvæmt ofanskráðu er verið að vinna í þessum málum og reglur um eftirlit, rekjanleika og merkingar á fóðri taka væntanlega gildi hér á næsta ári.

Ekki eru áformaðar sértækar aðgerðir til að tryggja stöðu lífrænnar ræktunar hvað varðar erfðabreyttar lífverur um-

fram það sem reglugerð kveður á um. Reglugerðin leggur bann við notkun erfðabreyttra lífvera í líffrænni framleiðslu en bent er á að bann þetta tekur einnig til efna sem framleidd eru úr eða framleidd af erfðabreyttum lífverum.

Síðasta spurningin er hvort uppi séu áform í landbrn. um sértækar aðgerðir til að koma í veg fyrir hugsanlega erfðamengun í lífríki Íslands af völdum erfðabreyttra lífvera. Ég verð að segja að í dag er ekki í gangi nein stefnumörkun um aðgerðir í landbrn. (Forseti hringir.), aðrar en þær sem ég hef rakið hér að framan, til að koma í veg fyrir hugsanlega erfðamengun í lífríki Íslands.

Hæstv. forseti. Tíminn er liðinn.

[14:04]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að koma með þessa fyrirspurn um erfðabreyttar lífverur.

Það er ljóst að við erum langt á eftir hvað varðar löggjöf og reglugerðir um notkun á erfðabreyttum lífverum, hvort heldur það er í dýrafóður, sáðvörur eða til manneldis. Því tel ég að við þurfum að leggja kröftuga vinnu í þessa undirstöðulöggjöf okkar varðandi erfðabreyttar lífverur. Nú eru miklar sviptingar í gangi. Það er mikil framleiðsla á þessu sviði og á að vera lágmarkskrafa að við a.m.k. vitum hvort sú vara sem við notum er erfðabreytt eða ekki.

[14:05]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. svörin. Þau voru afar upplýsandi. Ég verð að segja að það er gott til þess að vita að unnið skuli að setningu þessara reglna, sérstaklega er varðar fóðrið. Ég held að það sé ljóst að íslenskir neytendur eru farnir að verða meðvitaðri um þessa hluti nú en var fyrir tíu árum eða svo. Til marks um það er grein í nýjasta tímariti Neytendasamtakanna þar sem fjallað er sérstaklega um erfðabreytt matvæli. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að erfðabreytingar í hráefninu sem notað er til matvælaframleiðslu verður að taka til sömu skoðunar og matvælin sjálf.

Ég vil líka minna á, herra forseti, að samkvæmt skyldum okkar í norrænni samvinnu ber okkur að fara eftir þeim markmiðum sem Norðurlandaþjóðirnar hafa sett sér í stefnu fyrir Norðurlöndin um sjálfbæra þróun. Í skýrslu sem um þá stefnu fjallar segir, með leyfi forseta:

„Markmiðið á að vera að fram fari nákvæmt mat á grundvelli varúðarreglunnar á áhættu fyrir heilsu og umhverfi hvað varðar erfðabreyttar lífverur. Samræma skal allar rannsóknir á þessu sviði. Merkingar á vörum eiga að gefa til kynna með fullnægjandi hætti hvort erfðabreyttar lífverur hafi verið notaðar við framleiðslu þeirra, þannig að neytendur hafi raunverulega valmöguleika."

Undir þessa skyldu eru íslensk stjórnvöld sett. Þau hefðu að sjálfsögðu átt að byrja á því löngu fyrr að setja sér reglur og sjá til að hér væri sama öryggis gætt og á Norðurlöndunum. Það hefur ekki verið gert í sama mæli hér og þar en það er sannarlega ekki vanþörf á að vel sé tekið til hendinni. Mér virðist á svari hæstv. landbrh. að hann sé meðvitaður um þetta og aðfangaeftirlitið sömuleiðis og unnið sé af heilindum í þessu máli í landbrn. Ég fagna því en lýsi því jafnframt yfir að ég hygg að alþingismenn þurfi að veita stjórnvöldum það aðhald sem nauðsynlegt er í þessu efni. Hér er um flókið og vandmeðfarið mál að ræða sem skiptir okkur öll máli.

[14:07]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hygg að það sé rétt hjá hv. þm. að hér er um flókið mál að ræða. Samt mikilvægt að fjalla um það og fara yfir.

Það kom fram í fyrri ræðu hv. þm. að menn deildu um erfðabreyttar lífverur, hvort þær væru böl eða búbót. Ég hygg að það sé líka rétt. En mikilvægast er auðvitað að við höldum vöku okkar og sérstöðu og fylgjum eftir ýmsu því sem aðrir gera og ekkert síður að við náum að sýna frumkvæði á þessu sviði.

Ég vil þó segja við hv. þm. Þuríði Backman að við erum ekki alls staðar langt á eftir, hvorki í þessu efni né öðrum. Sums staðar eru Íslendingar eitthvað á eftir en annars staðar eru þeir langt á undan. Af hverju þarf alltaf að tíunda það þegar við erum langt á eftir? Við erum á mörgum sviðum öfundsverðir af okkar stöðu, bæði búfjárstofninum, hreinleika náttúrunnar og hvernig við höfum staðið að löggjöf og reglum.

Ég ætla hins vegar ekki að fara að tíunda það hér í lokaræðu minni. Ég þakka aftur á móti þessa umræðu. Ég tek undir með hv. þm. að það er mjög mikilvægt fyrir Alþingi Íslendinga að halda vöku sinni í þessu efni, fylgja eftir með löggjöf og fylgjast með að þeir sem með framkvæmdarvaldið fara á hverjum tíma fylgi alþjóðlegum samþykktum og séu leiðandi í umræðunni fyrir íslenska þjóð.

Eftirlit með iðn- og starfsnámi.

Fsp. DSn, 335. mál. — Þskj. 365.

[14:09]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég flyt hér fyrirspurn frá hv. þm. Drífu Snædal sem setið hefur sem varamaður minn sl. tvær vikur. Ekki reyndist unnt að setja fyrirspurnina á dagskrá meðan hún sat á þingi þannig að nú fylgi ég fyrirspurninni úr hlaði fyrir hennar hönd.

Hv. þm. spyr hver sé stefna stefna menntmrh. varðandi einkarekna starfsnámsskóla og hvernig eftirliti með starfsemi þeirra sé háttað.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Hyggst ráðherra beita sér gegn því að meistarar nýti nema sem launalaust vinnuafl í þeim stéttum þar sem erfitt er að komast á námssamning og ef svo er, á hvern hátt verður það gert?

Það sem að baki þessum fyrirspurnum liggur, herra forseti, er að í einu fagi sérstaklega í iðngreinum, þ.e. í snyrtifræði, hefur borið á því að deild sem starfrækt er á því sviði sé langt frá því að anna eftirspurn eftir þessu námi. Sú deild er rekin við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Það mun vera allt að tveggja ára biðlisti í þetta nám. Vegna þessara aðstæðna hafa sprottið upp einkareknir snyrtiskólar. Mér vitanlega eru þeir tveir nú um stundir, annar á öðru starfsári sínu og hinn að byrja sitt fyrsta ár.

Spurningin er um hvort þessir einkaskólar lúti sömu lögmálum og brautin sem starfrækt er við Fjölbrautaskólann í Breiðholti og hvort fylgst sé með því að kennslan sem nemendur í þessum einkaskólum fá sé sambærileg við það sem nemendur fá í hinum ríkisrekna skóla.

Eins er spurning hvort menntmrn. hafi gripið til einhverra aðgerða eða skoðað sérstaklega sl. vor þegar ljóst var að

nemendur sem tóku sveinspróf frá öðrum af þessum einkaskólum áttu erfiðara með að ná prófi en raun bar vitni í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.

Hér er um að ræða fjögurra anna nám og 12 mánaða starfsþjálfunartíma. Auðvitað er full þörf á því að eftirlits sé gætt með einkaskólunum til jafns við hið opinbera nám.

Síðari spurningin lýtur í raun og veru að vinnustaðanámi. Það er t.d. uppi í ljósmyndun að mjög fáir nemar komast á samninga. Nú er farið að bera á því að nemar sætti sig jafnvel við að að fá lítil sem engin laun ef meistarar eru tilbúnir að taka þá á einhvers konar samning. Spurningin er hvort menntmrn. hafi fylgst með þessari þróun og því hversu erfitt reynist fyrir nema í sumum greinum að komast á starfsnámssamninga.

[14:13]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Sem svar við fyrri spurningunni er rétt að benda á að í lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, er að finna ákvæði um að einkaaðilar eða samtök geti stofnað og rekið skóla á framhaldsskólastigi. Hér getur verið bæði um bóknáms- og starfsnámsskóla að ræða og menntmrh. getur veitt viðurkenningu fyrir rekstri slíkra einkaskóla á grundvelli laga og reglugerða er varða framhaldsskóla og rekstur þeirra.

Skólarnir verða að uppfylla skilyrði sem er að finna í reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi, nr. 180/1999. Einkaskólar eiga ekki kröfu til styrks af almannafé. Ákveði Alþingi hins vegar að veita slíkum skólum fjárframlög skal lögum samkvæmt gerður verksamningur milli menntmrn. og skólans um fjárveitinguna, um rekstur skólans, stjórnun hans og eigur og um reglur um eftirlit með starfseminni.

Viðurkenning á einkaskólum sem ekki fá fé úr ríkissjóði felur fyrst og fremst í sér staðfestingu menntmrn. á því að starfsemi skólans uppfylli almenn skilyrði framhaldsskólalaga. Ríkissjóður ber enga ábyrgð, hvorki fjárhagslega né rekstrarlega á starfsemi þeirra.

Viðurkenning á einkaskólum getur bæði tekið til skóla sem starfrækja nám samkvæmt opinberri námskrá og skóla sem starfrækja alfarið nám samkvæmt eigin námskrá. Í báðum tilvikum þurfa þeir sem sækja um viðurkenningu að uppfylla skilyrði sem er að finna í reglugerðum um viðurkenningu á einkaskólum á framhaldsskólastigi. Þau skilyrði sem þurfa að vera fullnægjandi lúta að námskránni, að stjórn, fjárhagslegri ábyrgð, starfsaðstöðu, upplýsingaskyldu, inntökuskilyrðum, réttindum og skyldum nemenda og að námið sé a.m.k. einnar annar heildstætt nám. Viðurkenning er alltaf veitt til takmarkaðs tíma og þessi skilyrði viðurkenningar yfirfarin áður en hún er framlengd.

Þeir einkaskólar sem hljóta viðurkenningu og bjóða upp á nám sem er að finna í opinberri námskrá þurfa auk ofangreindra skilyrða að uppfylla kröfur laga um embættisgengi kennara og skólastjórnenda á framhaldsskólastigi. Þeir þurfa því að sækja um undanþágu fyrir þá kennara sem ekki hafa réttindi framhaldsskólakennara.

Fastur þáttur í eftirliti ráðuneytisins með starfsemi einkaskóla er að þeim ber að senda ráðuneytinu skýrslur árlega um starfsemina og að auki að veita allar umbeðnar upplýsingar um rekstur og starfsemi skólans þegar óskað er. Þá er ráðuneytinu heimilt, að höfðu samráði við ábyrgðaraðila, að gera úttekt á starfsemi skólans. Þessu ákvæði hefur verið beitt og slíkar úttektir á starfsemi einkaskóla hafa verið gerðar.

Sem svar við annarri spurningunni er bent á að í lögum um framhaldsskóla frá árinu 1996 segir að um vinnustaðanám skuli gera sérstakan námssamning milli nema og vinnuveitanda. Skal námssamningur undirritaður við upphaf vinnustaðanáms og staðfestur innan eins mánaðar af fulltrúa menntmrh. sem hefur verið falið að annast umsýslu og eftirlit með gerð og framkvæmd námssamninga í löggiltum iðngreinum. Ákvæði um laun og önnur starfskjör skulu vera í samræmi við gildandi kjarasamninga að því er varðar nema í viðkomandi starfsnámi. Þetta kemur skýrt fram í lögunum og ákvæði þessa efnis er að finna á eyðublöðum þeim sem notuð eru til að gera námssamninga milli iðnnema og meistara. Menntmrn. hefur ekki eftirlit með framkvæmd kjarasamninga iðnnema, enda ekki aðili að þeim. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um tilvik þess né að til standi að gerðir séu námssamningar milli nemenda og meistara þar sem nema er ætlað að vinna kauplaust.

Ekki er fyrirhuguð nein breyting á þeim ákvæðum sem um þetta mál er að finna í lögum um framhaldsskóla. Iðnmeistara ber að greiða samningsbundnum nemum laun í samræmi við gildandi kjarasamninga og sé það ekki gert getur fulltrúi menntmrh. slitið samningi að undangenginni rannsókn.

[14:17]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er gott að þessum fyrirspurnum frá hv. þm. Drífu Snædal skuli nú vera svarað. Hæstv. menntmrh. hefur gert okkur grein fyrir því hvernig verksamningar eru gerðir við einkaskóla, um einstaka þætti námsins og hvernig eftirliti menntmrn. er síðan háttað. Það verður að viðurkennast að í spurningunni fólst ekki nein sérstök áhersla á hvers konar einkaskóla væri um að ræða en ég vék að því í ræðu minni að þetta er þekkt fyrirbæri í snyrtináminu þar sem gífurlega mikil aðsókn er en fá pláss fyrir nemendur til að setjast í. Í því sambandi væri auðvitað eftirsóknarvert að fá hæstv. menntmrh. til þess að upplýsa okkur um það hvort í bígerð sé að opna fleiri námsbrautir eða að fleiri skólar fái að opna námsbraut í snyrtifræðum heldur en nú er. Mér hefur borist það til eyrna að Verkmenntaskólinn á Akureyri hafi þegar sótt um heimild til að fá að opna kennslu í snyrtifræðum hjá sér, í öllu falli er vitað af mjög miklum áhuga í því ranni.

Það hlýtur að vera alveg ljóst að nemendur á Íslandi sem sækjast eftir vinsælu námi ættu auðvitað að fá mögulega úrlausn hjá hinu opinbera, það ætti ekki að þvinga fólk í einkaskóla sem taka gífurlega há skólagjöld og gífurlega há efnisgjöld eins og í þessu tilfelli er gert.

Fyrir síðara svar hæstv. ráðherra ber einnig að þakka. Það þarf auðvitað að hafa augun opin fyrir því að nemendur sem fara í vinnustaðanám eigi aðgang að meisturum sem geta með góðu móti tekið þá á samning. Það þýðir illa að koma upp námi í greinum sem gera ekki ráð fyrir því að til séu meistarar í landinu sem séu fúsir til eða hafi möguleika á að taka að sér nema. Hér er því um atriði að ræða sem þarf að hafa vakandi auga með.

[14:19]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég hef ekki á reiðum höndum upplýsingar um það hvaða skólar hafi sótt um snyrtifræðinám. Það er hins vegar fullkomlega eðlilegt þegar eftirspurn er svona mikil að skólarnir leitist við að bjóða upp á slíkt nám.

Það er rétt að geta þess að menntmrn. hefur gengist fyrir úttekt á einkaskólum, þar á meðal á Viðskipta- og tölvuskólanum í september 2000 og Snyrtiskóla Íslands verið 2002.

Að því er varðar námssamninga er rétt að árétta hér að aðilar þeirra geta lögum samkvæmt slitið samningnum ef á honum eru vanefndir. Eins og kom enn fremur fram í máli mínu áðan geta að sjálfsögðu báðir aðilar málsins, þ.e. iðnneminn og meistarinn, slitið samningi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Jafnframt er það svo að ef t.d. iðnnemi vanrækir nám sitt ellegar að meistarinn eða iðnfyrirtæki brýtur samningsskyldur sínar getur menntmrn. hlutast til um, eftir að hafa rannsakað málið, að slíta námssamningi. En annars er það fyrst og fremst í höndum aðila málsins.

Könnun á læsi fullorðinna.

Fsp. SvanJ, 362. mál. — Þskj. 402.

[14:21]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Vorið 2000 ályktaði Alþingi að fela menntmrh. að láta fara fram könnun á læsi Íslendinga. Könnunina átti að gera á árunum 2000 og 2001 og átti hún að taka til aldurshópanna 18–67 ára, þ.e. fólks á vinnumarkaði, enda átti við undirbúning og framkvæmd að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins.

Mér var það ljóst sl. haust að hæstv. menntmrh. hafði ekki gengið til þess verks sem honum var falið, heldur leitað leiða til að komast hjá því með ákveðnum hætti. Hins vegar hefur nú verið skipt um einstakling í stóli ráðherra og spurning er hvort sá sem nú gegnir því embætti hefur ákveðið að verða við því sem Alþingi ályktaði.

Þess vegna spyr ég, herra forseti: Hvað líður þeirri könnun á læsi fullorðinna Íslendinga sem Alþingi samþykkti vorið 2000 að fela menntmrh. að láta gera?

Þessa könnun á að gera, herra forseti. Í rannsókn á duldu ólæsi meðal Dana á þessum aldri, 18–67 ára, frá árinu 1995 kom m.a. fram að um 12% þeirra sem læsi var kannað hjá áttu í umtalsverðum lestrarerfiðleikum. Það er ekki vitað hve margir fullorðnir hérlendis stríða við þennan vanda en honum má jafna við alvarlega fötlun í nútímasamfélagi. Miðað við þær kannanir sem eru til um stöðu barna og ungmenna má þó gera ráð fyrir að niðurstöður úr sambærilegri könnun hér á landi gætu gefið sambærilegar niðurstöður, þ.e. þær að þúsundir Íslendinga á aldrinum 18–67 ára gætu átt í umtalsverðum lestrarerfiðleikum.

Í inngangi að skýrslu um læsi íslenskra barna frá 1993 er tekið fram að engar rannsóknir séu til á læsi fullorðinna hér á landi. Sú rannsókn sem skýrslan greinir frá leiddi hins vegar í ljós að 5–10% 14 ára unglinga eiga í verulegum erfiðleikum með að skilja fræðsluefni sem þeir lesa.

Upplýsingar sem Lestrarmiðstöðin sáluga aflaði með prófum á nemendum í 9. bekk grunnskóla benda til þess að um 15% nemenda geti verið í áhættu með tilliti til dyslexíu. Flm. þeirrar tillögu sem Alþingi samþykkti vorið 2000 lögðu áherslu á að læsi fullorðinna Íslendinga yrði kannað svo traust vitneskja lægi fyrir um umfang þessa vanda hérlendis. Í greinargerð með tillögunni var vísað til könnunar Dana og talið að þá könnun mætti nota sem fyrirmynd.

Spurningin er sem sagt, herra forseti: Hvað líður þeirri könnun á læsi fullorðinna Íslendinga sem Alþingi fól menntmrh. að láta gera?

[14:25]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Menntmrn. skipaði starfshóp þann 8. mars 2002. Verkefni starfshópsins var eftirfarandi:

1. Að benda á leiðir til þess að ná til fullorðins fólks sem á við lestrar- og skriftarörðugleika að etja.

2. Að gera áætlun um hvernig koma megi þessum aðilum til aðstoðar við að vinna bug á ólæsinu.

3. Að skilgreina hvaða aðilar það eru sem koma þurfa að þessu átaki.

4. Að meta kostnað við átak gegn ólæsi fullorðinna.

Starfshópur þessi skilaði skýrslu ásamt tillögum til ráðherra þann 31. október sl. og tillögurnar eru nú til athugunar innan ráðuneytisins.

Í raun og veru er þessi tilhögun mála byggð á þeirri sannfæringu að hér á landi sé mjög svipað ástatt og annars staðar, þ.e. að álíka stór hópur Íslendinga eigi við læsisvanda að etja. Það má gera ráð fyrir því, m.a. með tilliti til svonefndrar Pisa-könnunar þar sem læsi er skipt niður í sex mismunandi þrep ef ég man rétt, að 8% landsmanna, þ.e. rúmlega 15.000 Íslendingar á aldrinum 15–65 ára, eigi við mjög mikla eða umtalsverða lestrarörðugleika að stríða.

Í þessari skýrslu, sem nú er til athugunar innan ráðuneytisins, er gert ráð fyrir því að þetta eigi við um Íslendinga einnig og í skýrslunni er gert ráð fyrir því að lítil lestrarfærni hái nálægt 35.000 einstaklingum á aldrinum 15–65 ára.

Nokkuð alþjóðlegar niðurstöður eru í þeim rannsóknum sem eru lagðar til grundvallar í starfi þess starfshóps sem nýlega skilaði tillögum sínum sem, eins og ég tók fram áður, eru til athugunar í ráðuneytinu.

[14:27]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það ber að fagna því að starfshópur um aukna lestrarfærni fullorðinna hafi skilað af sér til ráðuneytisins. Eins og skilja mátti af máli hæstv. ráðherra munu vera tillögur í þessari skýrslu sem lúta að einhvers konar aðgerðum. Eftir því sem hæstv. ráðherra segir metur þessi starfshópur það svo að um 35.000 Íslendingar hafi ónóga lestrarfærni. Þá liggur beint við að spyrja: Telur hæstv. ráðherra að spara megi sér könnunina ef starfshópurinn hefur komist að einhverri óyggjandi niðurstöðu og fara beint út í aðgerðaráætlun? Í beinu framhaldi má spyrja: Er þá hugmyndin hjá hæstv. ráðherra að aðgerðaráætlun sé næsta skrefið og hlaupa megi yfir könnunina?

[14:28]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi, Svanfríður Jónasdóttir, vekur hér máls á mjög alvarlegu vandamáli. Við erum með fullt af sérfræðingum alla daga í því að finna réttlátt skatta- og bótakerfi. Þeir gera kerfin sífellt flóknari og flóknari til þess að mæta öllum þörfum, en um leið verða þau ófélagsleg vegna þess að það fólk sem kerfið á að vernda kann ekki á það, kann ekki á skattkerfið, veit ekki hvar það á bætur, telur ekki fram, lendir í álögum og kostnaði og þar fram eftir götunum. Ég vil að við bætum úr ólæsinu en einföldum jafnframt skatt- og bótakerfið og að skatturinn hjálpi fólki í staðinn fyrir að refsa því.

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Mér var ljóst að þessi starfshópur hafði verið skipaður. Það er virðingarvert að skipa starfshóp en það er hins vegar verra að í rauninni er það að leggja niður Lestrarmiðstöðina það eina sem hæstv. ráðherra hefur sýnt í verki. Því miður er það ekki uppörvandi sem þegar hefur gerst í þessu máli.

Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvernig þingmenn eiga að bregðast við og hvernig þingið á að bregðast við því þegar ráðherra gerir ekki það sem þingið felur honum að gera. Um þetta var þverpólitísk samstaða og menn voru nokkuð sammála um að til þess að örugglega yrði um aðgerðir að ræða og að til þeirra fengjust nauðsynlegir fjármunir þyrfti að staðreyna hinn íslenska veruleika.

Mér er það mjög vel kunnugt, eftir að hafa í tvígang flutt þessa tillögu og talað fyrir henni mjög víða, að þeir eru býsna margir sem trúa því ekki að það geti verið um svo víðtækt ólæsi að ræða meðal Íslendinga. Við erum jú bókaþjóð, við erum læs, og þannig er sjálfsmynd Íslendinga. Þess vegna er það líka enn þá erfiðara fyrir þá sem stríða við ólæsi að þurfa að horfast í augu við vanda sinn og þess vegna er það, herra forseti, að býsna stór hluti þessa hóps er ekki einu sinni á vinnumarkaði. Hann hefur flæmst af honum vegna síaukinna krafna hafi hann komist þangað yfirleitt. Staða þessa hóps er að mörgu leyti mjög sérstök og mjög erfið. Og það er kannski til marks um það hve lítill skilningurinn er að það er verið að auglýsa námskeið fyrir þetta fólk, 12 skipti á 25.000 kr., ef það vill koma og fá þjónustu til að bæta sér upp það sem skólakerfið ekki gat veitt því.

Herra forseti. Þetta sýnir grátlega lítinn skilning á stöðunni og ég skora á hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því að þessi könnun verði gerð. Ég held að við þurfum svo sannarlega á því að halda.

[14:31]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég láta það koma skýrt fram að ráðist hefur verið í viðamikla athugun á því að minni tilhlutan hvernig lestrarröskun og lesblinda er greind hér á landi. Það kom fram í þeirri athugun að það er mjög misjafnlega að þessu staðið og íbúar landsins búa við mjög misjöfn kjör að þessu leyti. Hluti af þessari mismunun milli aðila var einmitt starfsemi Lestrarmiðstöðvarinnar sem stóð íbúum á höfuðborgarsvæðinu til boða en ekki annars staðar. Þetta verður tekið allt saman fyrir í heild og það var fullkomin ástæða til þess að fara yfir þetta mál frá upphafi til enda.

Ég vil einnig taka fram að sérfræðingarnir sem ráðuneytið leitaði til út af læsi fullorðinna töldu að þær upplýsingar sem koma fram í alþjóðlegum könnunum um þetta hafi gildi fyrir Ísland. Talið er að þær hafi gildi fyrir Ísland og að þessu leyti sé því ekki ástæða til þess að ráðast í yfirgripsmikla og dýra könnun til þess að kanna hvernig þessi mál standa hjá okkur. Vinnuhópurinn sem vann að þessu á vegum ráðuneytisins taldi sig geta byggt á þessum könnunum til að koma með tillögur um úrræði. Það er með öðrum orðum afstaða ráðuneytisins að brýnna sé að finna úrræði og grípa til aðgerða en að ráðast í könnun.

Að því er varðar Lestrarmiðstöðina þá var orðið tímabært að taka það mál til umfjöllunar. Þess vegna var ráðist í þessa almennu könnun á því hvaða úrræði mönnum stæði til boða og sú könnun leiddi í ljós að bæði úrræðin og skimunin og könnunin voru afar misjafnlega framkvæmd eftir því hvar það var á landinu. Þetta þarf að samræma og finna lausnir sem eru viðunandi og bæta kerfið.

Lyfjagjöf til of feitra barna.

Fsp. SI, 223. mál. — Þskj. 226.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Ingvarsdóttir):

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í fréttum hefur offita og ofþyngd orðið mun algengari síðustu áratugi bæði meðal barna og fullorðinna á Íslandi rétt eins og víðast hvar á Vesturlöndum. Ef fram heldur sem horfir verður offita einn umfangsmesti og kostnaðarsamasti heilbrigðisvandi næstu áratuga að mati Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Offita á unga aldri er ekki síst áhyggjuefni því hún segir til um það sem koma skal, þ.e. aukna offitu og offitutengda sjúkdóma síðar á ævinni, svo sem kransæðasjúkdóma, sykursýki, háa blóðfitu og háþrýsting svo fátt eitt sé nefnt, að ógleymdum félagslegum vandamálum og lélegri sjálfsmynd. Þessi mál hafa áður verið rædd við hæstv. heilbrrh. í fyrirspurnatímum á Alþingi. Í máli hans þá varðandi leiðir til að hjálpa vaxandi hópi of þungra og of feitra barna og ungmenna kom fram að fyrsta úrræðið væri á sviði grunnþjónustunnar í heilsugæslunni. Oftast er það með almennum ráðleggingum til foreldra um mataræði. Einnig gæti verið um þau frávik að ræða að vísa þyrfti börnum til sérfræðinga svo sem barnalækna, en vandinn væri margþættur og ekki nema að hluta tengdur heilbrigðiskerfinu. Það er vissulega rétt því hann snýr einnig að almennum lífsháttum, lífsstíl, mataræði og almennri hreyfingu.

Ég vil spyrja hæstv. heilbrrh.: Hversu mörg börn eru á lyfjum við fylgikvillum offitu og hvaða úrræði önnur en lyfjagjöf eru tiltæk fyrir þessi börn?

Um 350 einstaklingar hér á landi eru að jafnaði á lyfjum vegna offitu og vil ég gjarnan fá að vita hvort einhverjir þeirra séu börn eða unglingar. Ég tel lyfjagjöf ekki réttu leiðina til að taka á þessu alvarlega vandamáli hjá börnum. Lyfjagjöf við offitu getur m.a. stuðlað að útskilnaði fitu með tilheyrandi aukaverkunum. Önnur úrræði þurfa að vera fyrir hendi fyrir þennan því miður ört vaxandi hóp einstaklinga og hvers konar forvarnir eru afar mikilvægar í baráttunni við þetta vandamál. Orsaka aukinnar offitu meðal barna og unglinga er t.d. að leita í röngu mataræði, óreglu á matmálstímum og minni daglegri hreyfingu. Eins og málum er háttað nú er t.d. aðeins boðið upp á skólamáltíðir í fáum grunnskólum og framhaldsskólum. Góður og hollur matur í skóla hefur heilsufarslegt gildi umfram augljós næringaráhrif og betri líðan. Sá matur sem borinn er fyrir stóran hóp barna getur beinlínis sett mark sitt á holdarfar þjóðarinnar, ekki aðeins í nútíð heldur einnig ef horft er til framtíðar. Þar við bætist að góður og fjölbreyttur matur í skóla hefur fræðslu- og uppeldisgildi þar sem börnin læra af því sem fyrir þau er borið.

[14:37]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. v., Sigríður Ingvarsdóttir, hefur beint til mín fyrirspurn um lyfjagjöf til of feitra barna, hversu mörg börn séu á lyfjum við fylgikvillum offitu og hvaða úrræði önnur en lyfjagjöf séu tiltæk fyrir þessi börn.

Það er ljóst að of feitum og of þungum börnum hefur farið fjölgandi undanfarin ár og hefur nýlega mátt heyra um niðurstöður könnunar sem gerð var í nokkrum skólum á höfuðborgarsvæðinu sem styðja þessar fullyrðingar. Einnig hefur mátt heyra uggvænlegar niðurstöður úr erlendum rannsóknum frá Vesturlöndum, einkum Bandaríkjunum, um aukinn fjölda of feitra barna og ungmenna.

Samkvæmt upplýsingum landlæknisembættisins mun lyfjameðferð ekki vera notuð gegn fylgikvillum offitu hjá börnum. Lyfjameðferð til að meðhöndla offitu hjá börnum hefur ekki reynst gagnleg og er því ekki notuð. Hins vegar er á ýmsan hátt verið að sinna börnum sem eru of feit, bæði í heilsugæslunni og í sérhæfðri þjónustu. Einnig hafa einkaaðilar boðið meðferðarúrræði fyrir of feit börn. Fullorðnir eru hins vegar settir á lyfjameðferð vegna offitu og fylgikvilla hennar og má oft rekja þann vanda til æskuára viðkomandi.

Á vegum landlæknisembættisins er starfandi vinnuhópur sem vinnur að gerð leiðbeininga um meðferð vegna offitu barna og byggir hann störf sín á vísindalega staðfestum rannsóknum. Niðurstaðna vinnuhópsins er að vænta fyrir árslok.

Ofþyngd og offita barna er vandamál sem hv. þm. vekur réttilega athygli á með fyrirspurn sinni. Mikilvægt er að leita allra leiða til að fyrirbyggja ofþyngd og offitu barna, bæði vegna almennrar líðanar þeirra, heilsufars og félagslegrar stöðu, en börn þessi verða oft fyrir stríðni eða einelti. Einnig þarf að huga að þessu vegna hættu á offitu seinna á lífsleiðinni með tilheyrandi alvarlegum fylgikvillum. Sem betur fer eru margir áhugasamir um að leita þessara leiða, bæði innan heilbrigðisþjónustunnar og utan hennar. Vandamálið er stórt og virðist vaxandi. Aðferðir sem gagnast í þessari baráttu eru sífellt í þróun. Mikilvægt er því að allir leggist á eitt. Ábyrgð foreldra er afgerandi í því samfélagslega átaki sem nauðsynlegt er til að árangur náist.

Herra forseti. Ég vona að ég hafi hér með svarað fyrirspurn hv. þm.

[14:40]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Ingvarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. svörin og fagna því að lyfjagjöf er ekki notuð fyrir börn sem þjást af offitu því ég tel forvarnir, fræðslu, hreyfingu og almennt heilbrigðari lífshætti mun vænlegri til árangurs. En það þarf að taka þetta vandamál mjög alvarlega.

Það var fagnaðarefni þegar nýlega birtist grein í Morgunblaðinu um að óhollustan væri þyngri í pyngju en hollustan. Þetta hefur breyst á undanförnum árum. En mörg börn þurfa að sjá um sig sjálf stóran hluta dags og margt bendir til að heimilismáltíðir skipi ekki þann sess sem áður var. Mataræði er því óreglulegt og því fylgir bæði hætta á ofeldi fyrir þá sem eru mikið fyrir sætindi og mat en jafnframt hugsanlegt vaneldi fyrir önnur börn. Því er mikið í húfi að börn fái gott atlæti í skóla og að skólamaturinn sé saðsamur án þess að ala á offitu.

Í þingsályktun um manneldis- og neyslustefnu frá 1989 segir að nemendur í grunn- og framhaldsskóla skuli eiga kost á hollu fæði í skólum. Hollustan miðast þar við að fæðið sé í samræmi við manneldismarkmið. Eins segir í grunnskólalögum frá 1995 að nemendur skuli eiga kost á málsverði á skólatíma. Þetta tel ég afar brýnt að uppfylla.

[14:42]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi sagði að forvarnir, fræðsla og hreyfing skiptu máli í þessu sambandi. Ég er mjög sammála því. Þetta mál kemur inn á hið stóra svið forvarna. Það er mikil nauðsyn á því að samræma kraftana í þeim efnum þannig að sjálfar forvarnirnar, fræðslumál, þ.e. að þessir þættir séu bundnir saman. Þetta er eitt af verkefnum hinnar svokölluðu lýðheilsumiðstöðar sem ég flutti frv. um á fyrra þingi og mun vonandi flytja á þessu þingi, en það frv. er aftur til meðferðar í stjórnarflokkunum núna. Ég tel mikla nauðsyn á að heildarskipulag sé á þessum málum án þess að stigið sé á tærnar á áhugasömu fólki sem vill taka þátt í og hrinda af stað forvarnaverkefnum. Manneldisstefnan er náttúrlega einn stór þáttur í þessu. En ég held að hinn almenni andi í samfélaginu hafi mikið að segja um þetta, þ.e. að það sé hluti af hinu daglega lífi að hreyfa sig og forðast þar með offitu og þá kvilla sem henni fylgja.

Kostnaður af heilsugæslu.

Fsp. MF, 329. mál. — Þskj. 359.

[14:44]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Í lögum um heilbrigðisþjónustu segir að allir landsmenn skuli eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita. Heilsugæslan er mikilvægasti hlekkur heilbrigðisþjónustunnar og gegnir fjölþættu hlutverki. Hvað sem líður öllu valfrelsi í heilbrigðisþjónustunni er ljóst að heilsugæslan er og verður sá hornsteinn sem gott heilbrigðiskerfi hvílir á. Það er sú persónulega nærþjónusta sem hver einstaklingur vill hafa og því var á sínum tíma lögð áhersla á að skipta landinu upp í heilsugæslusvæði til að tryggja þessa nærþjónustu.

Síðustu þrjár vikur hefur heilsugæslan á Suðurnesjum verið án starfandi lækna nema þá í bráðatilfellum. Á svæði sem telur um 16 þúsund íbúa segir sig sjálft að daglegar komur til læknis á heilsugæslustöð eru býsna margar. Það er því algerlega óviðunandi ástand að ekki sé fullnægjandi heilsugæsluþjónusta á svæðinu. Verst bitnar þetta auðvitað á þeim sjúklingum sem þurfa á reglubundinni læknishjálp að halda og búa við erfiða langvarandi sjúkdóma en einnig á barnafjölskyldum sem þurfa oft að leita til heilsugæslunnar. Íbúar á Reykjanesi þurfa nú að sækja þessa þjónustu langt frá heimabyggð sem veldur óþægindum en hefur einnig aukakostnað í för með sér, fyrir utan það sem skiptir ekki hvað minnstu máli að hið persónulega samband sem myndast milli heimaheilsugæslulæknis og sjúklings er ekki til staðar.

Helga Valdimarsdóttir, ein þeirra sem býr við langvarandi erfið veikindi, hefur mótmælt þessu ástandi með setuverkfalli á heilsugæslustöðinni sinni. Hún þarf að fara til læknis síns tvisvar til fjórum sinnum í mánuði. Hún hefur ítrekað rétt sinn á þjónustu í heimabyggð og bent á að sá aukakostnaður sem hlýst af því að sækja þjónustuna annað sé þungur baggi fyrir fjárhag öryrkja. Opinberir starfsmenn sem ferðast á eigin bíl vegna vinnu fá greiddar 53 kr. á hvern kílómetra. Ef miðað er við sömu greiðslur til þeirra sjúklinga sem sækja heilsugæslu frá Reykjanesi í Kópavog eða Reykjavík þá ætti að greiða þeim um 5 þús. kr. fyrir hverja ferð. Þetta er réttlát krafa þar sem íbúar þessa svæðis eru sviptir sjálfsagðri heilbrigðisþjónustu í heimabyggð vegna deilna sem þeir eiga

enga aðild að. Það verður að taka sérstakt tillit til aðstæðna þessara íbúa, ekki síst þegar um er að ræða þá sem hafa lágar tekjur, þ.e. aldraðra og öryrkja en einnig barnafjölskyldna. Ég beini því eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. heilbr.- og trmrh.:

Mun ráðherra beita sér fyrir því að íbúar á heilsugæslusvæðum þar sem heimilislæknar eru eða verða ekki að störfum fái endurgreiddan þann aukakostnað, þar með talinn ferðakostnað, sem það hefur í för með sér að sækja þjónustuna annað? Ef ekki, hvernig hyggst ráðherra bæta þá mismunun sem íbúar þessara svæða búa við hvað varðar erfiðara aðgengi og aukinn kostnað þeirra sem þurfa á læknishjálp að halda?

[14:47]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur beint til mín fyrirspurn um kostnað af heilsugæslu, einkum um kostnað íbúa á heilsugæslusvæðum þar sem heimilislæknar eru ekki við störf. Eins og hv. Alþingi er kunnugt hefur ríkt það ástand á Suðurnesjum að allir heilsugæslulæknar sögðu samtímis upp störfum og gengu út af vinnustað sínum um síðustu mánaðamót. Ég ætla ekki að rekja hér frekar ástæður þessa máls enda hafa þær verið til umfjöllunar í fjölmiðlum síðustu daga og þarf ekki að rifja þær upp.

Þegar ljóst var að í þetta ástand stefndi var brugðist við á þann hátt að styrkja bráðamóttöku sjúkrahússins í Keflavík svo öllum neyðartilvikum yrði sinnt. Hefur Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mætt þessu álagi eftir bestu getu og ber að þakka það.

Þær kringumstæður geta komið upp og hafa komið upp hér og þar um landið að læknishéruð hafa orðið læknislaus um tíma, t.d. vegna veikinda, mönnunarvanda eða annarra illviðráðanlegra orsaka. Af hálfu stjórnenda stofnana og ráðuneytisins hefur verið lögð mikil vinna í að leysa úr þvílíkum vanda hverju sinni. Sama hefur gerst vegna þessa ástands á Suðurnesjum og ég hef einlæga von um að því linni hið fyrsta. Þegar er kominn læknir til starfa á heilsugæslunni auk þeirrar aðstoðar sem sjúkrahúsið veitir.

Ég hef lagt mig fram um að leysa þetta mál. Ég mætti m.a. á borgarafund á Suðurnesjum nýlega til að upplýsa íbúana þar um stöðu mála og skiptast á skoðunum. Ég vænti þess að þetta mál leysist hið fyrsta. Ég tel því ekki þörf á að breyta reglum um sjúklingagjöld að svo stöddu þó að mér sé ljóst að þetta ástand hefur valdið mörgum íbúum óþægindum.

[14:49]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin en vil benda á að þessi deila um réttindi og kjör heilsugæslulækna hefur staðið í þrjár vikur. Á þessum þremur vikum er mér kunnugt um t.d. eina fjölskyldu sem hefur þurft að fara fjórar ferðir í Kópavog og til Reykjavíkur til þess að sækja heilsugæsluþjónustu. Kostnaður vegna þessa er ómældur og ekki síst kemur hann niður á þeim sem eru með börn sem þurfa á læknisþjónustu að halda eða öldruðum og öryrkjum sem eru kannski stærsti hópurinn sem þarf reglubundna þjónustu heilsugæslulæknis. Það er því alveg ljóst að stór hluti íbúanna á þessu svæði sem þarf á reglubundinni læknisaðstoð að halda hefur nú þegar borið verulegan kostnað vegna ástandsins.

Ég beini því nú til hæstv. ráðherra að hvort sem um er að ræða reglugerðarbreytingu eða annað taki hann tillit til þess að þarna hefur verið læknislaust í þrjár vikur núna og þó að einn heilsugæslulæknir hafi verið ráðinn til starfa leysir það ekki vandann. Það kom mjög skýrt fram á þessum borgarafundi sem hæstv. ráðherra mætti á í Reykjanesbæ að einn heilsugæslulæknir leysir ekki vandann. Það er skref í rétta átt en samt sem áður er vandinn til staðar og það sér ekki enn, því miður, fyrir endann á deilunni sem snýst fyrst og fremst um réttindi heilsugæslulækna. Í fyrirspurninni er ég eingöngu að ræða um réttindi þeirra sjúklinga sem hlut eiga að máli, um jafnan rétt þeirra til heilsugæsluþjónustu og að þeir þurfi ekki að greiða fyrir hana mun hærra verð en aðrir íbúar þessa lands. Ég beini því enn og aftur til hæstv. ráðherra að hann svari fyrirspurninni: Mun hann beita sér fyrir því að þessi aukakostnaður verði greiddur?

[14:51]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég tel mig hafa svarað því skýrt í svari mínu við fyrirspurn hv. þm. að ég hyggst ekki beita mér fyrir breytingu á sjúklingagjöldum að svo stöddu. Við höfum reynt að búa svo um hnútana að bráðaþjónusta sé fyrir hendi á Suðurnesjum, og ég endurtek það að ég hef trú á og vona fastlega að þessi deila leysist og að úr þessum vandræðum rakni.

Heilsugæsla í Kópavogi.

Fsp. GunnB, 342. mál. — Þskj. 378.

[14:52]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég er með þrjár spurningar til hæstv. heilbrrh. Í Kópavogi búa í dag yfir 25.000 manns. Því er fyrsta spurning mín eftirfarandi: Hve margir heilsugæslulæknar eru starfandi í Kópavogi? Þar eru einungis tvær heilsugæslustöðvar starfandi, þ.e. miðbæjarstöðin í Fannborg og önnur sem er niðri í Smára.

Önnur spurning er: Hvenær á að taka í notkun nýja heilsugæslustöð í Salahverfi og hve margir læknar eiga að starfa við hana? Í Salahverfinu, Lindum og Sölum, þ.e. austan Reykjanesbrautar, búa nú þegar yfir 5.000 manns, verða á næsta ári yfir 6.000 og þar er enn engin stöð komin. Þar er einungis einkarekin stöð tveggja lækna. Það er vitað að búið er að ganga frá leigusamningum um húsnæði fyrir þessa stöð. Það var gert í vor en nú er kominn nóvember, og jól eru á næsta leiti svo ég spyr hæstv. ráðherra meðan húsnæðið stendur autt án lækna: Hve lengi á það ástand að vara?

Í þriðja lagi spyr ég: Eru einhver áform um að endurnýja á næstunni núverandi heilsugæslustöð í Fannborg? Í miðbæjarstöðinni í Fannborg, sem er elsta stöðin okkar í Kópavogi, er húsnæðið orðið afar dapurt, vægt til orða tekið, og er næsti bær við heilsuspillandi húsnæði. Ég veit að erindi hafa gengið til heilbrrn. og fjmrn. frá verktökum um að kaupa þessa stöð og útvega annars staðar nýrra og betra húsnæði sem er í byggingu. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort menn hafi kíkt eitthvað á það í ráðuneytinu og ef erindi hafa borist þangað bið ég hann að svara þeim þá mögulega. Almennt er uggur í brjósti hjá okkur í Kópavogi varðandi heilsugæslumálin en vonandi kemur hæstv. ráðherra með góð svör hér á eftir.

[14:55]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykn., Gunnar Birgisson, beinir til mín spurningum er varða heilsugæslu í Kópavogi. Spurt er: „Hve margir heilsugæslulæknar eru starfandi í Kópavogi?"

Því er til að svara að hjá heilsugæslunni í Fannborg starfa fimm fastráðnir læknar og auk þess starfar einn læknir tímabundið í 40% starfshlutfalli. Alls eru þetta því 5,4 stöðugildi lækna. Í heilsugæslunni í Hvammi starfa fimm fastráðnir heilsugæslulæknar, auk þess er þar einn læknir í afleysingastöðu og einn kandídat fram að áramótum. Alls eru það því sex stöðugildi lækna ásamt einum kandídat.

Eins og fram kom hefur verið tekið á leigu 900 fermetra húsnæði undir starfsemi nýrrar heilsugæslustöðvar í Kópavogi á Salavegi 2. Það var ákveðið að bjóða rekstur stöðvarinnar út og er undirbúningur útboðslýsingarinnar á lokastigi. Þjónustusvæði heilsugæslustöðvarinnar nær til Linda- og Salahverfis ásamt Vatnsendahverfum en um 4.200 manns búa á svæðinu í dag. Auk áðurnefndra hverfa er gert ráð fyrir að til heilsugæslustöðvarinnar leiti fólk sem búsett er í nágrannabyggðum hennar.

Þess er vænst að stöðin geti tekið til starfa í vor eða snemma sumars. Stærð húsnæðisins er miðuð við að þar geti starfað sex læknar en í upphafi verði þeir tveir til þrír. Auk lækna mundu hjúkrunarfræðingar og annað starfsfólk starfa við heilsugæslustöðina þannig að íbúum á fullbyggðu þjónustusvæði stöðvarinnar verði veitt fullnægjandi heilsugæsluþjónusta.

Hv. þm. spyr að síðustu hvort áform séu um að endurnýja núverandi heilsugæslustöð í Fannborg á næstunni. Því er til að svara að heilsugæslan hefur óskað eftir því að tekið verði á leigu nýtt húsnæði fyrir heilsugæslustöðina í Fannborg. Ljóst er að nauðsynlegt er að endurnýja húsnæði stöðvarinnar en það er að mörgu leyti ekki heppilegt fyrir starfsemina. Þetta mál er til umfjöllunar í ráðuneytinu þó að ákvarðanir hafi enn ekki verið teknar um hvort þessi leið verði farin og málið leyst þannig. Ýmsar hugmyndir hafa verið kynntar í ráðuneytinu og það virðist ekki skortur á góðu húsnæði á svæðinu.

Herra forseti. Mjög mikil uppbygging hefur átt sér stað undanfarin ár í heilsugæslunni í Kópavogi þar sem tvær nýjar og glæsilegar stöðvar hafa komið í gagnið á fáum árum. Þó er enn eftir að leysa húsnæðisvanda heilsugæslunnar í Fannborg og það hefur ekki verið ágreiningur um að ljúka sem fyrst framkvæmdum í Salahverfinu. Fannborg er því næsta viðfangsefni þar og ég treysti því að það mál leysist farsællega.

[14:58]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka þetta upp hér vegna þess að þetta er auðvitað hluti af miklu stærra máli. Það hefur komið fram á undanförnum vikum að það er flótti úr stétt heilsugæslulækna og heimilislækna vegna réttindamála þeirra sem eru í klúðri og ekki hefur náðst sátt við heilbrrn. Mjög margir hafa horfið frá störfum á undanförnum árum þannig að erfitt verður að manna heilsugæsluna um land allt. Við höfum ekki menntaða heimilislækna, menn velja ekki þá sérgrein vegna þeirrar deilu um réttindamál sem hefur átt sér stað. Ég vil líka, virðulegi forseti, ítreka það að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur nokkrum sinnum tekið þessi mál upp hvað varðar Kópavog og stöðu heilsugæslunnar þar. Það er alveg ljóst að þar blasir við verulegur vandi sem verður þrautin þyngri að leysa fyrir hæstv. ráðherra ef ekki leysist úr deilu milli heimilislækna og hæstv. ráðherra.

[14:59]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans sem mér þóttu sum hver allgóð en önnur kannski lakari.

Hann segir að stöðugildi lækna í Kópavogi séu 11 og að reiknað sé með að hver læknir geti annað 1.500 manns, þ.e. ríflega 16.000 manns samtals. Ég vil minna hæstv. ráðherra á að við Kópavogsbúar erum nú yfir 25.000 þannig að samkvæmt þessu eru 8–9.000 manns án heilsugæslulæknis í Kópavogi í dag.

Ég fagna yfirlýsingunni varðandi Salahverfið. Mér þykir þó heldur seint að hún komi ekki í notkun fyrr en næsta vor, vorið 2003. Þá erum við búin að hafa húsnæði þarna á leigu í heilt ár. Ef útboðslýsingar varðandi rekstur þessarar stöðvar eru klárar spyr ég: Er ekki hægt að koma þessu strax af stað og taka það í notkun hið fyrsta þó að enn eigi eftir að innrétta húsnæðið, a.m.k. svo að hægt væri að koma einum eða tveimur læknum í gang?

Varðandi síðan miðbæjarstöðina í Fannborg held ég að það sé afar mikilvægt að endurnýja þá stöð. Ég fagna yfirlýsingum hæstv. ráðherra um það mál. Ég vænti þess að ákvörðun liggi fljótlega fyrir í því enda geta bæði Kópavogsbær og ríkið nýtt sér það húsnæði sem íbúðir fyrir öryrkja og eldri borgara.

En ég þakka enn og aftur hæstv. ráðherra fyrir svör hans.

[15:01]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég endurtek að við stefnum að því að útboð stöðvarinnar fari af stað eins fljótt og auðið er og það er á lokastigi. Útboðið sem slíkt er þáttur í því að fjölga úrræðum í heilsugæslunni, fjölga rekstrarformum, gefa læknum tækifæri til að vinna undir öðrum formerkjum en vera ríkisstarfsmenn eins og oft hefur komið fram í þessari umræðu sem hefur verið um heimilislækningarnar.

Það er rétt að viðmiðunin um komur til læknis er um 1.500. Það er nú svona heldur í lægri mörkunum að vísu. En ég er þar með ekki að segja að skortur sé á læknum í Kópavogi, enda höfum við tekið það svæði í forgang um úrbætur. Fleiri bíða eftir úrbótum í þessum málum og uppbyggingu heilsugæslustöðva.

Auðvitað þurfum við að leysa deiluna við heimilislækna. Það er mjög bagalegt að sú deila skuli standa því þetta er mikilvæg þjónusta. Við þurfum nýliðun í þessari stétt. Ég hef trú á því og veit það reyndar að læknar vilja vinna í þessari grein lækninga. Ég er því vongóður um að okkur takist að leysa þessi mál þannig að við getum undirbyggt þessa nauðsynlegu þjónustu í Kópavogi og annars staðar.

Virðisaukaskattur á tæki og búnað til háskóla og rannsóknastofa.

Fsp. HjÁ, 272. mál. — Þskj. 290.

[15:03]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Enginn velkist í vafa um að rannsókna- og vísindastarf er undirstaða velferðar og framfara hverrar þjóðar. Eitt af meginmarkmiðum efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar er að auka fjölbreytni í íslensku atvinnulífi og draga þannig úr sveiflum í efnahagslífi okkar. Helsta leiðin að þessu markmiði er að efla vísinda- og þróunarstarf á sem flestum sviðum. Þess vegna er rökrétt, herra forseti, að efla með tiltækum ráðum vísindasamfélagið, skapa því þann grunn sem nýsköpun fær dafnað í.

Nú skortir ávallt fé til frekari rannsókna. Þrátt fyrir þá staðreynd að meiri fjármunum hafi verið varið til þessara þátta á liðnum árum má sannarlega gera betur ef duga skal.

Svo einkennilega sem það hljómar þá hefur ríkissjóður beinar tekjur af vísinda- og þróunarstarfinu sjálfu. Birtist það á því formi að vísindastofnanir, hvort heldur það eru háskólar eða aðrir rannsóknaraðilar, greiða opinber gjöld af aðföngum sínum. Á ég þar við að þessum aðilum er gert að greiða bæði aðflutningsgjöld og virðisaukaskatt af vörum sem beinlínis eru notaðar í rannsóknarskyni.

Herra forseti. Ég tel þetta ekki vera mjög skynsamlega aðferð í ljósi þess sem hér að framan var sagt. Í raun má segja að skattumhverfið þrengi að þessu leyti að vísinda- og þróunarstarfi í stað þess að vera hvetjandi.

Því beini ég þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvort hann telji koma til greina að fella niður álögur hins opinbera af vörum eða búnaði til vísinda- og þróunarstarfs.

Það er sannfæring mín að þó ríkissjóður yrði með því móti af einhverjum tekjum til skemmri tíma þá skilaði það sér margfalt til baka þegar nýsköpunin færi að blómstra og er reyndar í fullu samræmi við þau efnahagsmarkmið sem ég lýsti hér að framan.

[15:06]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég tel ekki að þetta mál snúist um það hugsanlega tekjutap sem ríkissjóður kynni að verða fyrir eins og hv. þm. gerði að umtalsefni. Málið snýst um það hvort við viljum gera fleiri sértækar undanþágur frá meginreglum laganna um virðisaukaskatt. Afstaða mín til þess er alveg skýr. Ég er andvígur því. Ég tel ekki skynsamlegt að ná tilteknum markmiðum, eins og t.d. þeim að hlúa að ákveðnum greinum eða ákveðinni starfsemi, með þeirri leið að undanþiggja viðkomandi starfsemi virðisaukaskatti. Hann á að vera almennur. Hann á að vera víðtækur. Ein undanþága kallar á aðra. Ef sú leið sem hér er rædd yrði farin má búast við því að þegar í stað sprytti upp á öðrum vettvangi eitthvert annað gott mál sem eðlilegt þætti að styrkja með þessum hætti.

Þannig háttar til á Íslandi að rannsóknastarfsemi í háskólum, fyrst og fremst innan Háskóla Íslands, er rekin fyrir opinbert fé að stærstum hluta, fé sem veitt er á Alþingi á fjárlögum. Því er miklu skynsamlegri leið, ef menn vilja hlúa frekar að því sem þar er gert, að beita sér fyrir auknum fjárveitingum en því sem hér er lagt til.

Þó má þess geta, herra forseti, að í virðisaukaskattslögunum er ákvæði um að endurgreiða skuli virðisaukaskatt af rannsóknartækjum sem óskattskyldir rannsóknaraðilar kaupa fyrir styrkfé eða fá að gjöf. Þar er um að ræða undanþágu sem er annars eðlis en það sem hér er verið að tala um. Hún var sett í þessi lög að mínu frumkvæði fyrr á þessu ári.

Hins vegar var á árunum 1999 og 2000 unnið ítarlega að endurskoðun virðisaukaskattskerfisins og nefndarálit gefið út um það efni í mars árið 2000 þar sem farið var yfir tíu ára reynslu af skattkerfinu og framkvæmd þess. Þar var ekki talið koma til athugunar neitt sérstaklega það mál sem hv. þm. gerir hér að umtalsefni. En þau eru auðvitað óteljandi hin góðu mál sem undanþiggja mætti virðisaukaskatti ef menn á annað borð færu út í þá sálma.

[15:08]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Aldrei þessu vant er ég hjartanlega sammála hæstv. fjmrh. Ég tel það afar vanráðið ef menn fara að taka meira en hefur verið út úr virðisaukaskattskerfinu og gera það götóttara en það er. Hv. þm. Hjálmar Árnason nefnir hér ágætis málefni sem verður þá að mæta með öðrum hætti. Fyrir stuttu var hér tillaga frá samflokksmanni hans um að fella niður virðisaukaskatt af barnafötum sem var styrkt með heilsíðuauglýsingu frá Hagkaup.

Ég held að rétt sé að skoða virðisaukaskattskerfið í þá veru að lækka þá virðisaukaskattinn almennt, hafa hann algildan en lækka hann almennt, því það muni skila betri innheimtu. Svo verður að hafa götin eins fá og mögulegt er, undanþágurnar eins fáar og mögulegt er, ef nokkrar.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin sem og hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir þau orð sem hún lagði í belg þó ekki séum við að öllu leyti sammála.

Að sjálfsögðu skil ég þau sjónarmið sem hæstv. fjmrh. kynnti um að óæskilegt sé að flækja skattkerfið. En nú höfum við í rauninni gert það með ýmsum undanþágum. Því hljótum við að spyrja: Hvers vegna voru slíkar undanþágur veittar? Væntanlega er svarið við þeirri spurningu að menn telja þau markmið, sem þau göt eða þær undanþágur þjóna, vera þess virði, vegna þess að þau þjóni göfugum tilgangi.

Eins held ég að sömu rök megi færa fyrir því að innleiða nýsköpun með þeim hætti, þ.e. skapa hvetjandi skattalegt umhverfi fyrir vísinda- og þróunarstarf vegna þess að í því felast framfarir þjóðarinnar.

Það er líka vert að vekja athygli á því að ef við berum okkur saman við nágrannalöndin þá telur vísindaheimurinn hér sig að mörgu leyti standa verr að vígi einmitt hvað þetta atriði varðar. Það hefur m.a. verið bent á það að þessi ákvæði leiði til ákveðinna vandræða með ýmsa þá styrki sem við höfum fengið úr þróunar- og vísindasjóðum Evrópusambandsins, sem eru mjög miklir og hafa skilað miklu til okkar vísindaheims, sem er illa séð í Brussel.

Við hljótum að vera sammála um að fátt sé jafnmikilvægt fyrir þróun efnahagslífsins og viðhald velferðarkerfisins en að skapa vísindasamfélaginu sem best umhverfi vegna þess að í nýsköpuninni felast þau verðmæti sem hæstv. fjmrh. mun örugglega seilast í þegar nýsköpunin og verðmætaaukningin fer að blómstra.

[15:12]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég er sammála markmiðum þingmannsins um að efla nýsköpun, rannsóknir, vísindastarfsemi og þjóðar-

auð til framtíðar, að sjálfsögðu. Ég hygg að allur þingheimur sé sammála því markmiði.

En ég er ekki sammála leiðinni sem hann leggur til, sem sagt þeirri að bora göt á virðisaukaskattskerfið.

Framkvæmd þjóðlendulaganna.

Fsp. JB, 299. mál. — Þskj. 323.

[15:12]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Í dag er verið að þingfesta í Héraðsdómi Suðurlands a.m.k. sex mál vegna úrskurðar óbyggðanefndar frá því í mars sl. um þjóðlendur í uppsveitum Árnessýslu. Hér er um prófmál að ræða. Ríkisvaldið er að kæra úrskurð óbyggðanefndar fyrir dómstólum og hyggst fara með úrskurð óbyggðanefndar fyrir bæði lægra og æðra dómstig.

Öll framkvæmd þjóðlendulaganna er í sjálfu sér alvarlegt mál. Markmið þjóðlendulaganna var að skilgreina svæði á hálendi Íslands og umhverfis hálendi Íslands sem þætti rétt að væri þjóðlenda, þ.e. í almannaeign, eins konar almenningar og fá það viðurkennt þannig.

Hins vegar hefur framkvæmdin orðið sú að af hálfu ríkisvaldsins hefur verið farið í að lögsækja landeigendur. Þeir hafa verið krafðir um að sanna eignarrétt sinn, landamerki og annan eignarrétt sinn á jörðinni. Þetta vinnulag gengur, að mínu viti, þvert á ímynd þjóðlendulaganna. Mun nær hefði verið að skilgreina fyrst það svæði sem menn hefðu viljað að væri skilgreint sem þjóðlenda og síðan ná samningum um það, eins og stendur líka í 15. gr. laga um þjóðlendur. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Óbyggðanefnd leitar sátta með aðilum nema telja verði að sáttatilraun verði árangurslaus."

Það á að vera fyrsta skrefið.

Hér hefur hins vegar verið valin sú leið að fara í allan þennan málaflokk með málaferlum. Flestallir bændur á Suður- og Suðausturlandi hafa verið upptekni af því síðustu missirin með ærnum lögfræðikostnaði að reyna að sanna eignarrétt sinn á landi sem þeir töldu að hefði verið eign þeirra um aldir. Í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt þó að um það geti verið ágreiningsmál. En þessi aðferð er að mínu viti kolröng.

Engu að síður hefur hæstv. fjmrh. valið þessa leið. Þessi leið átti að fara að kostnaðarlausu fyrir landeigendur og einnig fyrir sveitarfélög að því er lögin gera ráð fyrir.

Nú leyfi ég mér að spyrja hæstv. fjmrh. í fyrsta lagi:

Hvers vegna er ekki nú þegar hætt kröfugerð af hálfu ríkisins og beðið úrskurðar dómstóla um þetta mál úr því að sú leið er farin?

Hvernig hyggst ríkisvaldið tryggja fjármuni til þess að sveitarfélög og einstaklingar verði fjárhagslega skaðlaus vegna þeirrar vinnu (Forseti hringir.) og málareksturs sem þau hafa þurft og þurfa að kosta til?

Herra forseti. Aðrar spurningar eru svo á þessu blaði sem hæstv. fjmrh. hefur fengið.

[15:16]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ætli ég verði ekki að lesa spurningarnar sjálfur fyrir þingmanninn sem lá svo mikið á hjarta að hann kom ekki spurningum sínum að hér í fyrirspurnatíma en það er nýmæli eftir því sem ég best veit.

Þingmaðurinn spyr: „Hvernig hyggst ríkisvaldið tryggja fjármuni til þess að sveitarfélög og einstaklingar verði fjárhagslega skaðlaus vegna þeirrar vinnu og málareksturs sem þau hafa þurft og þurfa að kosta til í framhaldi af lagasetningu Alþingis um þjóðlendur?"

Þessi spurning er villandi og segir ekki alla söguna.

Samkvæmt ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, eins og þeim var breytt með 7. gr. laga nr. 65/2000, skal nauðsynlegur kostnaður vegna hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd greiddur úr ríkissjóði. Óbyggðanefnd skal sjálf úrskurða um kröfur aðila af þessu tilefni.

Í athugasemdum við 7. gr. er þetta skýrt nánar. Bendi ég þingmanninum á þær skýringar.

Við mat á því hvort um nauðsynlegan kostnað hafi verið að ræða, er nefndinni samkvæmt framangreindu heimilt að líta til þess hvort aðstoð lögmanna og annarra sérfræðinga hafi verið samnýtt af aðilum með svipaða og samrýmanlega hagsmuni. Nefndinni er jafnframt skylt að líta til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í viðkomandi máli. Þannig er í lögunum kveðið á um að óbyggðanefndin leggi með tilteknum hætti mat á málskostnað og hún samþykki þess vegna ekki sjálfkrafa hvern þann málskostnaðarreikning sem farið kann að vera fram á.

Ákvörðun um málskostnað kemur fram í úrskurði óbyggðanefndar. Sé úrskurðaður lægri málskostnaður en málsaðili hefur verið krafinn um vegna vinnu lögmanns eða annarra við málið verður að sjálfsögðu til einhver mismunur. Og á því geta verið tilteknar skýringar sem ástæðulaust er að rekja hér, en það er þó fyrst og fremst vegna þess að ekki er um nauðsynlegan kostnað að ræða samkvæmt mati nefndarinnar, eða þá að hann er umfram það sem nefndin telur sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í málinu. Ber þá að hafa í huga að í nefndinni eru reyndir dómarar og lögfræðingar sem þekkja til þess frá dómstólum hvernig mat er lagt á slíkan kostað.

Í öðru lagi spurði þingmaðurinn: „Hve mikið hefur verið greitt til einstaklinga og sveitarfélaga vegna málarekstrar sem þau hafa orðið að standa í á grundvelli þjóðlendulaganna?"

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað frá óbyggðanefnd var úrskurðaður málskostnaður ásamt greiddum útlögðum kostnaði í Árnessýslu samtals rétt tæplega 10,5 millj. kr. Til samanburðar má geta þess að greiddur kostnaður vegna hagsmunagæslu ríkisins á árunum 1999–2002 vegna kröfulýsingar í Árnessýslu, Austur- og Vestur-Skaftafellssýslum og Rangárvallasýslu, auk málflutnings í Árnessýslu og hluta Vestur-Skaftafellssýslu, var samtals rúmar 11,7 millj. kr.

Síðan spyr þingmaðurinn í þriðja lagi: „Hvers vegna ákvað ráðherra að kæra úrskurð óbyggðanefndar sem hann hafði áður lýst fyllsta trausti á?"

Þetta er það sem hann eyddi tíma sínum í hér í upphafi ræðutíma síns. Reyndar er þetta nú ekki nákvæmlega orðað frekar en fyrri hluti fyrirspurnarinnar.

Ég ákvað það sem sá ráðherra sem ber ábyrgð á þessu máli að hagnýta mér ákvæði þjóðlendulaganna um að fara með álitaefni fyrir dómstóla. Það hafa reyndar fjögur sveitarfélög líka gert og höfðu ákveðið áður en niðurstaða ríkisstjórnar í því máli lá fyrir. En sú ákvörðun að bera úrskurð óbyggðanefndar undir dómstóla, eða að áfrýja dómi héraðsdóms til Hæstaréttar, hefur ekkert með það að gera hvort menn bera traust til viðkomandi stofnana. Menn áfrýja t.d. ekki dómi héraðsdóms til Hæstaréttar á þeirri forsendu að menn treysti

ekki héraðsdómstólum. Meginástæðan er sú að nauðsynlegt er að dómstólar taki strax afstöðu til álitamála sem voru til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd til að skapa fordæmi.

Það eru mikilsverðir opinberir hagsmunir því samfara að dómstólar verði strax í upphafi látnir skera úr um helstu lögfræðileg álitaefni. Þá yrðu niðurstöður dómstóla bindandi fordæmi fyrir óbyggðanefnd í síðari málum fyrir nefndinni. Með því yrði einnig komið í veg fyrir hugsanlegt misræmi milli úrskurðar óbyggðanefndar og dóma Hæstaréttar sem seinna kynnu að verða kveðnir upp vegna sambærilegra álitaefna.

Þess vegna var það álit ráðuneytisins sem byggðist m.a. á mati ríkislögmanns að í máli því er tók til Biskupstungnaafréttar og efstu landa í Biskupstungnahreppi reyni á nánast öll þau lögfræðilegu álitamál er upp hafa komið sem líkleg eru til að hafa fordæmisgildi í síðari málum fyrir óbyggðanefnd. Þess vegna var ákveðið að fara í þennan málarekstur eins og þingmanninum er auðvitað vel kunnugt um.

Ég vil hins vegar benda honum á það að í Morgunblaðinu í morgun á baksíðu segir formaður óbyggðanefndar sjálfur eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Kristján segir það mikilvægt að láta reyna á meginsjónarmið í úrskurðum nefndarinnar fyrir dómstólum."

Hann virðist ekki hafa þá meira traust, samkvæmt túlkun þingmannsins, á sínum eigin vinnubrögðum, sínum eigin úrskurðum en það að hann vill sjálfur að þeir fari fyrir dómstóla. Ég held að þetta hljóti nú aðeins að skýra málið, hv. þm.

[15:21]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að í umræðum um þessi mál hér fyrir ári og áður en úrskurðir óbyggðanefndar lágu fyrir var einmitt af hálfu hæstv. ráðherra og annarra ráðherra lögð áhersla á að menn skyldu treysta óbyggðanefnd.

Ég vil líka benda á, herra forseti, hver staða óbyggðanefndar er orðin. Hún er ekki aðeins að kveða upp þá úrskurði sem nú er verið að kæra, heldur er henni einnig ætlað að úrskurða um málskostnað gagnaðilans sem er að mínu viti alveg fullkomlega óeðlilegt, enda er ágreiningur um það hver kostnaður gagnaðilans er, þ.e. bænda og sveitarfélaga sem sækja þennan rétt. Þannig fær óbyggðanefnd líka úrskurðarvald í því. Það leiðir til þess að ekki aðeins núna eru málaferli í gangi vegna úrskurðar úrskurðarnefndar eða óbyggðanefndar varðandi landið sjálft, heldur eru einnig komin æ fleiri mál sem eru höfðuð vegna úrskurðar óbyggðanefndar um málskostnað sem er þó lofað að verði tekið þátt í eða greiddur samkvæmt lögunum. Þetta er því að verða ein allsherjarmálssóknarflækja sem getur ekki verið ríkinu til sóma í sjálfu sér að vera upphafsmaður og kyndill að.

Þess vegna leyfi ég mér að ítreka þá spurningu til hæstv. fjmrh.: Úr því að farið var í gang með að fara með þetta alveg á síðasta dómstig, hvers vegna er þá ekki núna stoppað þannig að menn þurfi ekki að vera að eyða í kostnað bæði fyrir kröfugerðarnefnd og síðan fyrir óbyggðanefnd meðan þessir úrskurðir eru að ganga í gegn svo menn séu ekki stöðugt að efna til málaferla og kostnaðar sem kannski gæti reynst þá óþarft ef þessi prinsippúrskurður fengist? Það fyndist mér a.m.k. vera það lágmark í skynseminni í framkvæmd málsins.

En herra forseti. Ég ítreka það að ég tel að hér sé farið fram af frekar miklu offorsi.

[15:23]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Látum það nú vera þó að skiptar skoðanir séu um það hvort rétt hafi verið að fara með þessi mál fyrir dómstóla. Ég tel að það hafi verið óhjákvæmilegt til að fá lögfræðilega rétta niðurstöðu samkvæmt úrskurði æðsta dómstóls landsins. Menn geta haft sínar skoðanir á því. Gott og vel.

Að því er varðar kostnaðinn, þá liggur alveg fyrir hvernig þeim málum er háttað. Það liggur alveg skýrt fyrir annars vegar varðandi málskostnað fyrir óbyggðanefnd, sem ég ræddi hér áðan, og hins vegar málskostnað fyrir dómstólum þar sem koma til álita gjafsóknarákvæði einkamálalaga og svo bara venjuleg málsmeðferð fyrir dómstólum þar sem þeir úrskurða sjálfir um málskostnað.

Hins vegar að því er varðar vinnubrögð og vinnuferli óbyggðanefndar núna á meðan beðið er niðurstöðu dómstóla, þá verð ég að segja að ég er að mörgu leyti alveg sammála því hjá hv. þm. að það væri kannski æskilegast að óbyggðanefnd héldi að sér höndum og biði þeirra úrskurða. Það þýðir hins vegar ekkert að tala um það úr þessum sal vegna þess að um er að ræða sjálfstæða stjórnsýslunefnd sem ég hef ekki umboð og vald til að segja fyrir verkum. Hún hefur ákveðna vinnuáætlun sem hún ætlar greinilega að standa við, það kemur líka fram hjá formanni nefndarinnar í Morgunblaðinu í morgun. Ég hefði talið að hyggilegt væri að doka við meðan beðið væri niðurstöðu dómstóla til að flækja ekki málið, til að kalla ekki fram nýjan kostnað og til að fá meginlínu í verkið frá dómstólum, bæði að því er varðar verkefni nefndarinnar sjálfrar og sömuleiðis þá kröfugerð sem óhjákvæmilega verður að hafa til hliðsjónar og taka til endurskoðunar eftir atvikum eftir að komin er niðurstaða frá æðsta dómstóli þjóðarinnar.

[15:25]

Útbýting þingskjala:

Brot einstaklinga í atvinnurekstri, 386. mál, fsp. JóhS, þskj. 443.

Búfjáreftirlit, 383. mál, fsp. HH, þskj. 440.

Flutningur opinberra starfa og stofnana, 276. mál, svar forsrh., þskj. 430.

Flutningur opinberra starfa og stofnana, 277. mál, svar dómsmrh., þskj. 438.

Fósturbörn í sveitum, 384. mál, fsp. HH, þskj. 441.

Framkvæmdir við viðhaldsverkefni, 387. mál, fsp. JóhS, þskj. 444.

Framlög til Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna, 385. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 442.

Löggæslukostnaður, 97. mál, svar dómsmrh., þskj. 439.

Þróun verðlags barnavara, 388. mál, fsp. BH, þskj. 445.

Fundi slitið kl. 15:27.

35. FUNDUR

mánudaginn 25. nóv.,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Fjarvistarleyfi:
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:08]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):
Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv., er erlendis á vegum Alþingis og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 2. varamaður á lista Sjálfstfl. í Reykjavík, Stefanía Óskarsdóttir, taki sæti hennar á meðan en 1. varamaður, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi, er forfallaður.

Virðingarfyllst,
Sigríður A. Þórðardóttir,
formaður þingflokks sjálfstæðismanna."

Stefanía Óskarsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[13:09]

Útbýting þingskjala:
Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn, 395. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 456.

Breyting á XV. viðauka við EES-samninginn, 394. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 455.

Fjáraukalög 2002, 66. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 449; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 450.

Flutningur opinberra starfa og stofnana, 283. mál, svar menntmrh., þskj. 447.

Húsnæðissamvinnufélög, 396. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 457.

Kosningar til Alþingis, 391. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 452.

Lífskjarakönnun eftir landshlutum, 389. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 448.

Safnalög, 393. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 454.

Úrskurður vegna jarðarsölu í Skorradal, 304. mál, svar landbrh., þskj. 446.

Vaktstöð siglinga, 392. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 453.

Vinnutími sjómanna, 390. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 451.

Fundi slitið kl. 13:10.

---

36. FUNDUR

þriðjudaginn 26. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:
1. Fjáraukalög 2002, stjfrv., 66. mál, þskj. 66, nál. 449, 466 og 467, brtt. 450. — 2. umr.
2. Húsnæðismál, stjfrv., 370. mál, þskj. 416. — 1. umr.
3. Þjóðminjalög, stjfrv., 382. mál, þskj. 435. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

[13:32]

Útbýting þingskjala:
Afskrifaðar skattskuldir, 172. mál, svar fjmrh., þskj. 436.

Bann við notkun á nónýlfenól-etoxýlötum (NFE) í hreinsiefnum, 294. mál, svar umhvrh., þskj. 459.

Erfðabreytt matvæli, 300. mál, svar umhvrh., þskj. 460.

Fjáraukalög 2002, 66. mál, nál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 466; nál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 467.

Fjárlög 2003, 1. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 464; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 465.

Rekstrartap fyrirtækja, 173. mál, svar fjmrh., þskj. 461.

Veiðieftirlitsgjald, 246. mál, nál. sjútvn., þskj. 468.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, 248. mál, nál. menntmn., þskj. 458.

Örnefnastofnun Íslands, 358. mál, nál. menntmn., þskj. 463.

Athugasemdir um störf þingsins.

Heimsþing Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

[13:34]

Kolbrún Halldórsdóttir:
Herra forseti. Heimsþing Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun var haldið í Jóhannesarborg í Suður-Afríku 26. ágúst til 4. september sl. Á þinginu var samþykkt yfirlýsing, svokölluð Jóhannesarborgaryfirlýsing, um aðgerðir þjóða heimsins á næstu árum til að ná markmiðum sjálfbærrar þróunar. Þátttaka Íslands á þinginu var nokkuð góð og verður ekki annað sagt en að virk þátttaka okkar hafi vakið athygli.

Hæstv. forsrh. sótti þingið auk hæstv. umhvrh. og fjögurra hv. þm. Strax og þing kom saman, þ.e. í byrjun október, hóf ég undirbúning að því að fá umræðu um heimsþingið utan dagskrár hér á Alþingi og snerist þá undirbúningur minn um að freista þess að fá lengda umræðu um málið. Þannig leitaði ég stuðnings þeirra þingmanna sem sóttu heimsþingið og um miðjan október lá fyrir stuðningur þeirra og þingflokksformanna Samfylkingarinnar og Sjálfstfl. um að þeir mundu ekki leggjast gegn því að ég óskaði eftir lengdri umræðu um málið. Þegar þetta lá fyrir skrifaði ég hæstv. forsrh. bréf hinn 15. október og óskaði eftir því að hann yrði til andsvara við slíka umræðu. Jafnframt fór ég þess á leit við hann að hann samþykkti að umræðan yrði af lengra taginu. Síðan eru

liðnar, herra forseti, sex vikur og enn hef ég ekki fengið svar frá hæstv. forsrh.

Nú hefur það borið við að búið er að dreifa á borð þingmanna skýrslu hæstv. umhvrh. um heimsþingið og um leið og ég gagnrýni hæstv. forsrh. fyrir að hunsa beiðni mína á þann hátt sem hann hefur gert vil ég bjóða hæstv. forseta að ég dragi til baka beiðni mína um umræðu utan dagskrár að því gefnu að skýrsla hæstv. umhvrh. verði tekin til dagskrár hið fyrsta og þá til efnislegrar umræðu hér á þinginu.

(**Forseti** (HBl): Ég vil minna hv. þingmenn á að Jóhannesarborgarráðstefnan heyrir undir hæstv. umhvrh.)

[13:36]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég vildi minna hv. þingmenn á að það var hæstv. forsrh. sem fór fyrir sendinefnd Íslands í Jóhannesarborg en að sjálfsögðu var hæstv. umhvrh. líka á svæðinu. Ég tek undir óskir hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um að skýrsla umhvrn. um niðurstöður leiðtogafundarins í Jóhannesarborg verði tekin til umræðu á hinu háa Alþingi. Það er til lítils að senda sendinefndir yfir hálfan hnöttinn til þess að ræða um eins brýn mál og þar voru rædd ef síðan er engin eftirfylgni hér heima og engin úrvinnsla. Það hlýtur að vera orðið tímabært að skýrslan og þessi málefni verði rædd á hinu háa Alþingi.

[13:37]

Forseti (Halldór Blöndal):

Af þessu tilefni vil ég taka fram að það hefur ekki borist ósk til mín um að flýta umræðum um þessa skýrslu fyrr en nú sem ég heyri það hér í þingsalnum.

[13:37]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er rétt að ég hafi ekki beðið um það fyrr en nú að umræðu um skýrslu umhvrh. verði flýtt. En ég er fyrst og fremst að kvarta undan því að hæstv. forsrh. skuli ekki hafa sinnt beiðni minni sem legið hefur fyrir á skrifstofu hæstv. forseta í sex vikur. Nú er ég að bjóðast til að draga þá beiðni til baka gegn því að skýrsla umhvrh. fari á dagskrá hið allra fyrsta. Ég vona að hæstv. forseti hafi heyrt þá ósk mína og svari henni hið fyrsta því að þetta mál er búið að bíða hér síðan þing var sett. Þingmenn þyrstir að fá að ræða þetta við hæstv. ráðherra og það er ekki rétt hjá hæstv. forseta að málið heyri frekar undir umhvrh. en forsrh. vegna þess að þátttaka okkar á þinginu í Jóhannesarborg var á forræði forsrn. Og það var hæstv. forsrh. sem fór fyrir sendinefnd Íslands þó að hæstv. umhvrh. hafi að sjálfsögðu átt þar mjög virkan þátt og hlutdeild að sendinefndinni.

Herra forseti. Ég óska eftir því hér og nú að fram fari umræða um skýrslu hæstv. umhvrh. og að því gefnu að slík umræða fari fram dreg ég til baka umræðubeiðni mína við hæstv. forsrh. og ég ætla að leitast við að fyrirgefa honum að hafa hunsað mig í sex vikur.

[13:38]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil ítreka það sem ég sagði, þessi skýrsla er lögð fram af hæstv. umhvrh. Ég vil jafnframt minna hv. þingmann á að hægt er að leggja fram fyrirspurnir með þinglegum hætti.

Fjáraukalög 2002, 2. umr.

Stjfrv., 66. mál. — Þskj. 66, nál. 449, 466 og 467, brtt. 450.

[13:39]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta fjárln. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjmrn. og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir.

Meiri hluti fjárln. gerir 47 brtt. við frv. sem samtals nema 3.269 millj. kr. til hækkunar. Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

Nokkur atriði standa þó út af og munu verða tekin til frekari skoðunar hjá fjárln. fyrir 3. umr. Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar hafa verið fram í þingskjölum og gerir það að tillögu sinni að þær tillögur fái framgang og að fjáraukalagafrv. verði samþykkt með framkomnum breytingartillögum meiri hlutans.

[13:41]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti 1. minni hluta fjárln.

Í frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002 er lagt til að útgjöld ríkissjóðs verði aukin um tæplega 7,3 milljarða kr. Nú við 2. umr. koma fram tillögur frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárln. um að auka enn útgjöldin um tæplega 3,3 milljarða kr. Samtals er því útgjaldaaukningin tæpir 11 milljarðar kr. Fyrsti minni hluti fjárln. hefur á undanförnum árum bent á fjölmörg atriði varðandi fjáraukalög sem ekki hafa staðist ákvæði fjárreiðulaga. Nokkuð hefur áunnist þótt enn séu fjölmargir liðir í fjáraukalagafrv. og í tillögum meiri hlutans sem eiga heima í fjárlögum næsta árs.

Þegar fjáraukalagafrv. og tillögur meiri hlutans eru skoðaðar kemur í ljós að í raun eiga aðeins heima í fjáraukalögum tillögur upp á innan við 3 milljarða kr. af tæplega 11 milljarða kr. útgjaldaaukningu. Í fjáraukalögum eiga m.a. heima tillögur er lúta að kjarasamningum og breyttum efnahagsforsendum, t.d. vegna aukins atvinnuleysis, aukinna gjaldþrota fyrirtækja og hærra framlags í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Ýmsir aðrir liðir eiga ekki heima í fjáraukalagafrv. ef farið er í einu og öllu eftir ákvæðum fjárreiðulaga. Dæmi um það er þegar einstökum stofnunum er bættur uppsafnaður vandi og heimildarlausar ákvarðanir um útgjöld.

Þetta eru aðeins dæmi sem sýna hve lítið aðhald er í fjármálastjórn ríkisins. Þrátt fyrir að unnið sé með rammafjárlög halda rammarnir ekki nema fram að framlagningu fjárlagafrv. hvers árs. Þegar kemur að fjáraukalögum eru allir rammar horfnir. Þannig virðast allir ráðherrar hafa sín eigin fjárlög og afleiðingin er einfaldlega sú að hæstv. fjmrh. stendur oft og tíðum frammi fyrir orðnum hlut og getur lítið rökstutt umframkeyrslu einstakra ráðuneyta og stofnana. Það ríkir því aðhaldsleysi í fjármálum ríkisins og agaleysi meðal þeirra sem taka ákvarðanir um útgjöld.

Í skýrslu sem Ríkisendurskoðun gaf út í apríl 2001 um fjárlagaferlið kemur m.a. fram sú skoðun að fjárheimild veitt eftir á feli í sér raunverulegt framsal fjárveitingavaldsins til ríkisstjórnarinnar enda þótt formlega sé fjárveitingavaldið áfram hjá Alþingi. Í sömu skýrslu er einnig fjallað um reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta sem fjmrn. gaf út í byrjun árs

2001. Þar er rætt um ábyrgð fjmrn. og annarra ráðuneyta á framkvæmd fjárlaga og segir m.a. að fjmrn. skuli hafa eftirlit með því hvernig önnur ráðuneyti haga eftirliti með fjárreiðum stofnana sem undir þau heyra. Í 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar segir, með leyfi forseta:

„Ráðuneyti skal reglubundið bera saman áætlun fjárlaga við útgjöld, ekki sjaldnar en annan hvern mánuð. Komi í ljós eftir könnun ráðuneytis á útgjöldum stofnunar, eða að fengnum upplýsingum forstöðumanns, að útgjöld stofnunar eru meira en 4% umfram áætlun hennar skal ráðuneytið hafa frumkvæði að því að leita skýringa og beita sér fyrir nauðsynlegum aðgerðum til að færa útgjöld að heimildum."

Ef eftir þessari reglugerð væri farið er ljóst að fjáraukalagafrv. liti öðruvísi út.

Fjárln. hefur því miður ekki þá yfirsýn yfir ríkisfjármálin sem nauðsynleg er. Má í því sambandi minna á að í nál. meiri hluta fjárln. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1999 kom fram að gerð yrði krafa um „að upplýsingar um rekstur stofnana miðað við fjárheimildir liggi fyrir mánaðarlega og að nauðsynlegt talnaefni úr launabókhaldi berist reglulega". Herra forseti. Nú er komið undir lok ársins 2002 og ekki hefur þessari þriggja ára gömlu kröfu enn verið fylgt eftir.

Í áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjárlagaferlið er því haldið fram að hið nýja skipulag fjárlagagerðar, rammaskipulagið, hafi almennt gefist vel og eflt mjög stefnumótunarhlutverk ríkisstjórnarinnar. Hins vegar er bent á að þetta skipulag nái ekki til afgreiðslu Alþingis á fjárlögum.

Orðrétt segir, með leyfi forseta:

„Sú heildarsýn og sá agi sem felst í skipulaginu fer því forgörðum eftir að fjárlagafrumvarp hefur verið lagt fyrir þing. Stór hluti þeirrar útgjaldaaukningar sem jafnan verður í meðförum þingsins á rætur að rekja til tillagna frá ríkisstjórn." Ríkisstjórnin sjálf hefur ekki þann aga sem skipulagið krefst og eftir höfðinu dansa limirnir.

Þetta agaleysi heldur síðan áfram eftir samþykkt fjárlaga. Þrátt fyrir að kerfið sé vel skipulagt og agað til að halda utan um útgjöld ríkisins nær það ekki til ákvarðana sem ríkisstjórnin og einstakir ráðherrar taka. Eins og áður hefur komið fram telur 1. minni hluti verulega bresti vera í fjármálastjórn ríkisins. Þetta má einnig lesa út úr áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjárlagaferlið. Margar stofnanir eyða umfram heimildir ár eftir ár án þess að gripið sé til aðgerða. Þá eru teknar ákvarðanir um veruleg útgjöld án þess að heimildir séu til staðar.

Agaleysið birtist í ótal myndum og gengur jafnvel svo langt að í fjáraukalögum sem samþykkt eru í desember liggja ekki fyrir betri upplýsingar eða áætlanir um ákveðna liði en svo að örfáum vikum síðar er jafnvel hundruð milljóna króna munur á áætlun og raunveruleika. Dæmi um slíkt er t.d. úr fjáraukalögum síðasta árs en þá var samþykkt 300 millj. kr. aukafjárveiting til einkavæðingarnefndar. Engar skýringar fengust á þessari viðbótarfjárþörf nefndarinnar enda kemur í ljós þegar útkoma ársins er skoðuð að líklega hafa engar skýringar verið til staðar. Þegar skoðað er hvernig þessi fjárheimild hefur verið nýtt sést að meginhluti fjárheimildarinnar hefur verið notaður á árinu 2002 en ekki á árinu 2001. Þannig voru um 170 millj. kr. af 300 millj. kr. fjárheimildinni ónotaðar um síðustu áramót. Í umræðum um fjáraukalagafrv. fyrir árið 2001 var margoft á það bent að þessi fjárheimild ætti heima í fjárlögum ársins 2002.

Til að fjárln. hafi þá yfirsýn sem nauðsynleg er verður að tryggja að við afgreiðslu fjáraukalaga liggi ávallt fyrir áætluð fjárhagsstaða stofnana við lok þess árs sem til umfjöllunar er í fjáraukalögum hverju sinni. Þetta á ekki síður við um afgreiðslu fjárlaga því að það eru óvönduð vinnubrögð að samþykkja fjárveitingu til rekstrar stofnunar á næsta ári án þess að taka tillit til stöðu hennar um áramót. Taka þarf á vanda stofnana strax og hann kemur fram því tilgangslaust er að flytja skuldir stofnana yfir áramót ef ekki liggja fyrir raunhæfar áætlanir um að stofnanirnar geti ráðið við vandann. Sama gildir um inneignir einstakra stofnana því ekki er sjálfgefið að þær flytjist milli ára án athugunar. Nauðsynlegt er að við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga liggi fyrir áætluð útkoma stofnana miðað við fjárheimildir þannig að því sé ekki frestað að taka á vandamálum og þess beðið að í óefni sé komið.

Í áðurnefndri reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta kemur fram að markmið reglugerðarinnar er að stuðla að skilvirkum rekstri ráðuneyta og stofnana þannig að hann verði innan fjárheimilda. Í 11. gr. reglugerðarinnar er fjallað um ófyrirséða greiðsluskyldu ráðuneyta og stofnana. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Falli greiðsluskylda á ríkissjóð samkvæmt þessari grein leitar fjármálaráðherra heimildar Alþingis til greiðslu útgjaldanna í samræmi við nánari fyrirmæli 33. gr., 34. gr. og 44. gr. laga nr. 88/1997." Í 33. gr. þeirra laga, þ.e. fjárreiðulaganna, er kveðið á um að hæstv. fjmrh. sé skylt að gera fjárln. grein fyrir ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frv. til fjáraukalaga. Ljóst er að í flestum tilvikum hefur ekki verið farið eftir þessu lagaákvæði.

Herra forseti. Í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2001 er sérstaklega fjallað um þessi vandamál. Í skýrslunni kemur fram að 105 af 511 fjárlagaliðum, þ.e. um 20%, fóru fram úr þeim 4% mörkum sem ákveðin eru í reglugerðinni um framkvæmd fjárlaga. Þessum stofnunum hefur hvorki verið gert að draga úr rekstri né þeim tryggðar auknar fjárheimildir og hefur ákvæðum reglugerðarinnar því ekki verið framfylgt að þessu leyti.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um fjárhagsvandann í heilbrigðiskerfinu. Enda þótt rekstur heilbrigðisstofnana hafi verið núllstilltur fyrir fáum árum virðist allt komið í sama farið aftur. Alþingi hefur í engu verið gerð grein fyrir hvað fór úrskeiðis, hvorki af hálfu hæstv. fjmrh. né hæstv. heilbrrh. Í árslok 2001 var rekstur 22 heilbrigðisstofnana umfram fjárheimildir og nam samanlagður vandi þeirra 1,6 milljörðum kr. Enn hefur sigið á ógæfuhliðina á árinu 2002. Rekstrarvandi Landspítala – háskólasjúkrahúss nam 858 millj. kr. í árslok 2001 en áætlað er að hallinn verði um 2.660 milljarðar kr. í árslok ef ekkert verður að gert.

Fyrsti minni hluti fjárln. hefur hvað eftir annað bent á að mikill vandi sé óleystur í menntakerfinu. Í áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2001 kemur fram að rekstur 22 menntastofnana sé umfram fjárheimildir í árslok 2001 og nemur fjárþörf þeirra samtals 906 millj. kr. Sem dæmi má taka Menntaskólann í Kópavogi en fjárþörf hans nemur rúmum 160 millj. kr. í árslok sem er helmingur þeirrar fjárhæðar sem skólanum var ætluð til rekstrar samkvæmt fjárlögum ársins 2001. Á yfirstandandi ári hefur ekkert verið gert af hálfu menntmrn. til að bæta þessa stöðu skólans þannig að í árslok má gera ráð fyrir að vandi skólans verði enn meiri. Benda má á að í árslok

2001 var inneign á safnliðum vegna framhaldsskóla um 550 millj. kr. Ljóst er að rekstrargrundvöllur margra framhaldsskóla er brostinn ef ekkert verður að gert. Menntmrn. virðist ekki vilja horfast í augu við staðreyndir og heldur mörgum framhaldsskólum í gíslingu án þess að þeir hafi möguleika á að rétta hlut sinn.

Herra forseti. Eftir að Þjóðhagsstofnun var lögð niður hefur Alþingi ekki greiðan aðgang að óháðum sérfræðingum til að leggja mat á efnahagsforsendur frv. til fjárlaga og fjáraukalaga. Nýverið birti Seðlabankinn fyrstu þjóðhagsspá sína sem byggist að mestu á sömu forsendum og spá fjmrn. Spárnar eru um flest keimlíkar en Seðlabankinn bendir m.a. á að ekki eru öll kurl komin til grafar varðandi eftirköst ofþenslutímabilsins sem var afleiðing af lausatökum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Hluti afleiðinganna er m.a. ótraustur fjárhagur heimila og margra fyrirtækja. Þetta kemur t.d. fram í vaxandi atvinnuleysi, mikilli fjölgun gjaldþrota hjá fyrirtækjum og árangurslausu fjárnámi hjá einstaklingum. Tillögur um stóraukin framlög í Ábyrgðasjóð launa og Atvinnuleysistryggingasjóð, bæði í frv. til fjáraukalaga og í tillögum meiri hlutans nú við 2. umr. benda til þess að vandi vegna gjaldþrota og atvinnuleysis fari því miður enn vaxandi.

Herra forseti. Mörg atriði frv. bíða 3. umr. þar sem ríkisstjórn og meiri hluti fjárln. eiga margt óunnið varðandi lokafrágang frv. Ég hef því lokið við að gera grein fyrir áliti 1. minni hluta fjárln. sem hv. þm. Gísli S. Einarsson og Margrét Frímannsdóttir skrifa undir auk mín.

[13:53]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ítarlega og greinargóða ræðu þar sem hann gerði okkur grein fyrir því hver staða mála væri, og gerði það með allt öðrum hætti en framsögumaður meiri hlutans sem kom, að minni hyggju, fram við þingheim af algjörum dónaskap. Og ég vildi spyrja ...

(**Forseti** (HBl): Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á að hann kvaddi sér hljóðs til að veita andsvar við ræðu hv. þm.)

Herra forseti. Undirritaður er að því, ef hann fær tækifæri til þess. Mig langaði þess vegna í beinu framhaldi til að spyrja hv. þm. Einar Má Sigurðarson hvort hann meti það svo — hann gat þess í ræðu sinni að fjölmargt væri óafgreitt milli 2. og 3. umr. — að skýringin geti verið sú að talsmenn meiri hlutans á hinu háa Alþingi hafi ekki tiltæk svör á þessari stundu og það sé jafnframt skýringin á því að engin ræða var haldin þegar gerð var hér grein fyrir ...

(**Forseti** (HBl): Ég vil minna hv. þingmann á að hann kvaddi sér hljóðs til að veita andsvar við ræðu hv. þingmanns, og ég hygg að hv. þingmaður þekki þingsköp.)

Það er nákvæmlega það sem undirritaður er að gera, fái hann til þess frið. Ég vil árétta spurningu mína til hv. þingmanns um hvort túlka beri ummæli hans á þann veg að svo margt sé óafgreitt milli 2. og 3. umr. að það skýri þögn meiri hlutans við þessa umræðu.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti.

[13:55]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljúft og skylt að svara andsvari hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar. Ég held að það sé augljóst mál að framsaga hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar, formanns fjárln., beri það að sjálfsögðu með sér að einhver er vandi meiri hlutans við þessa umræðu. Ég tel að hann sé margvíslegur. Hann er í fyrsta lagi sá að ekkert hefur áunnist í því að bæta vinnubrögðin við fjáraukalögin eins og ég benti á í ræðu minni. Í öðru lagi er gert upp á milli stofnana í þeirri leið sem meiri hlutinn velur í því að taka á uppsöfnuðum vanda. Ég get nefnt það sem dæmi að verið er að taka á uppsöfnuðum vanda Landspítala – háskólasjúkrahúss á meðan Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er látið algjörlega liggja á milli hluta. Það er ekki snert við margvíslegum vanda framhaldsskólanna þrátt fyrir að við blasi og fyrir liggi upplýsingar um þann vanda og því ekkert því til fyrirtöðu að taka á honum.

Mér sýnist það því vera augljóst mál, hv. þingmaður, að ansi margt bíður vinnu í fjárln. á milli 2. og 3. umr. Auðvitað er alveg spurning hvort það plagg sem hér liggur fyrir sé þingtækt og ég tel að framsaga formanns fjárln. hafi borið keim af þeirri staðreynd.

[13:57]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil minna hv. þingmenn á að samkvæmt þingsköpum er gefið tækifæri til þess að veita andsvar við ræðum hv. þingmanna en ekki er ætlast til þess að þingmenn úr sama þingflokki noti þetta ákvæði þingskapa til að gefa annað í skyn.

Hv. 6. þm. Reykn., hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, veitir andsvar öðru sinni. Ég vil minna hv. þingmann á að hann kvaddi sér hljóðs til þess að veita andsvar við ræðu hv. þingmanns.

[13:57]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að svara hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni, og umfram allt þakka honum fyrir veittar upplýsingar. Það var nákvæmlega þetta sem mig grunaði. Hann gerði skilmerkilega grein fyrir því hvað hann átti við í ræðu sinni og eftir því var ég að falast.

Vegna orða hæstv. forseta hér um fyrirkomulag andsvara minnist ég þess ekki að það standi sérstaklega í þingsköpum að menn þurfi að vera ósammála um öll atriði þegar þeir eiga hér orðaskipti í andsvarastíl. Með öðrum orðum vildi ég fá nánari útskýringar á tilteknum þáttum, fékk þær og þakka fyrir það.

[13:58]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil enn ítreka það sem ég áður sagði, fyrir flestum þingmönnum er skiljanlegt hvað felst í orðinu „andsvar“. (**SJS:** En meðsvar?)

[13:58]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lauk ekki alveg svörum mínum í fyrra andsvari við fyrirspurnum hv. þingmanns. Ég sagði að það væri augljóslega ansi margt í þessu fjárauakalagafrv. sem ætti hreinlega ekki heima í því og vildi leyfa mér, með leyfi forseta, að nefna örfá dæmi þar um til frekari útskýringar.

Hér er í fyrsta lagi þáttur sem snýr að æðstu stjórn ríkisins sem ég held að allt í lagi sé að benda örlítið á af þeirri einföldu ástæðu að þegar meiri hluti fjárln. afgreiddi fjárlagafrv. frá sér í fyrra, fyrir þetta ár, var m.a. dregið úr þeim fjárhæðum sem settar voru í byggingu Skálans hér við Alþingishúsið. Nú eru þessar upphæðir komnar aftur inn í fjáraukalagafrv. Það er alveg augljóst mál að þetta var ekki ófyrirséð. Það var einmitt fyrirséð þegar við afgreiddum fjárlög hér í fyrra hvað

þetta mundi kosta. Þessar upphæðir eiga alls ekki heima í fjáraukalögum.

Það er hægt að halda áfram. Við getum farið til forsrn. og velt því fyrir okkur hvernig á því standi, (Forseti hringir.) því ekki höfum við fengið á því skýringar, herra forseti, að það er verið að greiða fjölmennu fylgdarliði forsætisráðherra ... (Forseti hringir.) Herra forseti. Má ég ekki svara hv. þm.?

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á 2. mgr. 56. gr. þingskapa:

„Forseti getur leyft þingmönnum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Skal þá sá er vill svara bera fram ósk um það við forseta. Andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki öðru andsvari. Hvert andsvar má ekki taka lengri tíma en tvær mínútur og skal ræðumanni heimilt að svara því á tveimur mínútum. ..."

Hér er talað um andsvör en ekki að menn taki upp ný efnisatriði sem ekki hafa áður komið til. Mig rekur ekki minni til að hv. þingmenn hafi áður reynt að nota andsvör til tvítals af þessu tagi. Ég vil biðja hv. þm. að veita andsvar við ræðu hv. þm.)

Herra forseti. Það er einmitt það sem ég er að gera. Ég er að leggja frekari áherslu á nokkur ákvæði í ræðu minni sem hv. þm. var að spyrja mig út úr. Ég er bara að fylla upp í þau svör sem ég var ekki búinn að ljúka í fyrra andsvari mínu. (Gripið fram í.) Ég tel því að ég sé algjörlega að svara og að svör mín falli algerlega að þingsköpum, herra forseti. Þess vegna vil ég halda áfram þar sem frá var horfið.

Ég var að nefna það að forsrn. er hér að sækja um fjármuni til þess að greiða uppihaldskostnað vegna fjölmenns fylgdarliðs forsætisráðherra Víetnams sem hingað kom í heimsókn. Ég spyr og velti því fyrir mér hvernig á því standi að ekki er hægt að gera áætlanir um þessar heimsóknir. Er það þannig að svo háttvirtir gestir vorir komi hingað bara ofan úr skýjunum án þess að nokkur maður viti af?

Eitt dæmi er til viðbótar, herra forseti, og ég mun enda á því. Það er fjárveiting til Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi sem verið er að sækja hér um vegna sýningar sem búið er að setja upp í Þjóðmenningarhúsi. Rétt er að vekja athygli á því að þetta ákvæði er í fjárlagafrv. næsta árs. En nú er talin ástæða til þess að færa þetta yfir í fjáraukalög af þeirri einföldu ástæðu að búið er að opna sýninguna. Ég spyr, herra forseti: Hvaða vinnubrögð eru þetta? Hvar eru ákvarðanir teknar og hvenær eru þær teknar? Hví eru þær ekki í samræmi við fjárlög viðkomandi árs?

[14:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil benda hv. þm. á að honum var gefið orðið til að veita andsvar. Ég vil vekja athygli hans á því að betur hefði farið á því að sumt það sem hann sagði hér hefði komið fram í ræðu hans þegar hann mælti fyrir nál. 1. minni hluta fjárln.

Ég vil einnig taka það skýrt fram að okkur sem hér erum ber að fara að þingsköpum Alþingis en sniðganga ekki bein ákvæði þingskapa.

[14:03]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég held að það sé augljóst að hér er einhver misskilningur á ferðinni. Annaðhvort lesa menn hér rangt úr þingsköpum ellegar þeir hafa ekki fylgst með þeim orðræðum sem hér áttu sér stað. Ég bað um andsvar við ræðu hv. 4. þm. Austurl. og beindi til hans tilteknum spurningum. Þær snerust um það hvort hann gæti gefið okkur dæmi um það, vegna fullyrðinga sem komu fram í framsöguræðu hans að tillögur meiri hluta fjárln. væru ófullkomnar, af hverju hann væri með fullyrðingar í þá veru að hér væri ekki allt sem sýndist. Hv. þm. gerði það með ágætum að tína til dæmi í þá veru. Þess vegna skil ég ekki ólund hæstv. forseta og athugasemdir hans í þá veru. Þær eiga ekki við hér. (Forseti hringir.) Þær eiga alls ekki við hér, herra forseti og það er þess vegna sem ég hlýt að gera alvarlegar ...

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil biðja hv. þm. að tala með háttvísi til forseta Alþingis.)

Ég bið forseta afsökunar ef ég hef farið yfir strikið í þeim efnum. (**Gripið fram í:** Hann ætti að kunna það.) Ég vil hins vegar nefna það, herra forseti, að einhvers misskilnigs gætir í þessu sambandi og ég skil ekki ítekaðar athugasemdir forseta í þessa veru því að hér hefur nákvæmlega verið farið að þingsköpum í einu og öllu. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir forsn. að ræða þessi mál nánar í betra tómi.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég er sammála þessu síðasta hjá hv. þm.)

[14:05]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 2. minni hluta fjárln. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002. Áður en ég vík beint að nál., herra forseti, er óhjákvæmilegt annað en víkja að ræðu og frammistöðu hv. formanns fjárln. þegar hann mælti fyrir brtt. meiri hluta fjárln., fulltrúa ríkisvaldsins, meiri hlutans á Alþingi, þar sem mælt var fyrir viðbót á fjáraukalögum upp á 3,2 milljarða kr. Ræða hv. formanns fjárln. og ítarlegar skýringar hans, ef skýringar skyldi kalla, tóku einungis um tvær mínútur eða, virðulegi forseti, hv. formaður fjárln. mælti fyrir 1,5 milljörðum á mínútu. Það voru 1,5 milljarðar á mínútu hjá hv. (Gripið fram í.) formanni fjárln. og ég tók eftir því, virðulegi forseti, að honum meira að segja svelgdist ekki einu sinni á. (**Gripið fram í:** Ertu ekki feginn?) (**Gripið fram í:** Fáir gert betur.) Það er svo sem gott að vera röggsamur þegar manni er trúað til þess.

Hv. formanni fjárln. er líka falið að stýra verki og vinnu fjárln. Til fjárln. koma mörg erindi sem lúta að fjáraukalögum. Farið er yfir fjáraukalagafrv. ríkisstjórnarinnar. Aðilar eru kallaðir til bæði frá ráðuneytum og einstökum stofnunum til þess að skýra þau mál sem þar eru borin fram og þau mál líka sem síðan ekki hljóta náð hjá meiri hluta fjárln. Því verður, herra forseti, ekki komist hjá því að nefna það að hv. formaður fjárln., Ólafur Örn Haraldsson, sýndi ekki starfi fjárln. og þeim mörgu aðilum sem komið hafa og rekið mál sín fyrir nefndinni, meiri virðingu en svo að geta þess að engu í framsögu sinni í hverju þessar breytingar væru fólgnar og hvaða rök lágu að baki þeim ákvörðunum sem þar eru lagðar til og sömuleiðis hvers vegna ýmis önnur erindi og brýn fengu ekki afgreiðslu.

Herra forseti. Ég tel að þessi frammistaða formanns fjárln. sé nefndinni og trúnaðarstarfi hans þar ekki til sóma, þ.e. að gera ekki grein fyrir erindunum betur. Hitt má vera að formaðurinn hafi valið að vera stuttorður því að auðvitað er fjárlagasýsla ríkisins fjarri því að vera í viðunandi lagi. Nú við 2. umr. fjáraukalaga erum við að leggja til hækkun upp á samtals 11 milljarða kr. sem að stærstum hluta fer til verkefna sem voru jú brýn, voru fyrirsjáanleg en hefðu undir öllu venjulegu vinnulagi og ábyrgð átt að vera á fjárlögum þessa árs, hefðu átt að koma inn á fjárlög ársins þegar við afgreiddum þau fyrir ári síðan. En þá var valið að fresta því. Öllum var ljóst að þarna þurfti að hækka ákveðna liði, herra

forseti. En meiri hluti fjárln. og ríkisvaldið ákvað að fresta þeim og reyna heldur að draga þau í land í fjáraukalögum.

Herra forseti. Ég tel því að ég þurfi að fara svolítið ítarlega í þær breytingar sem hér er verið að leggja til á fjáraukalögum til þess að bæta nokkuð úr bágri framsögu hv. formanns fjárln.

Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2002 er lagt til að útgjöld ríkissjóðs verði aukin um tæpa 7,3 milljarða kr. Enn fremur hafa komið fram tillögur frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar við 2. umræðu um að auka útgjöldin um rúma 3,2 milljarða kr. Samtals liggja því fyrir tillögur í fjáraukalögum um 10,5 milljarða kr.

Vert er að vekja athygli á því að í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, segir í 41. gr. að ekkert gjald megi greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Í lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, segir í 43. gr. að ef þörf krefji skuli í frumvarpi til fjáraukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir. Engin skilyrðislaus skylda hvílir á ríkisstjórn að leggja fjáraukalagafrumvarp fyrir hvert reglulegt þing heldur fer það eftir nauðsyn á aukafjárveitingum hverju sinni. Í reynd er aukafjárveitinga þörf á hverju ári enda getur ýmislegt breyst í tekjuöflun eða útgjöldum ríkisins og stofnana þess á heilu ári. En hvenær er heimilt að greiða úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum? Um það er kveðið á í 44. gr. laga um fjárreiður ríkisins. Þar segir að valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf, því að grípa þurfi til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skuli leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga.

Megnið af þeim fjárútlátum sem fjáraukalagafrumvarpið kveður á og við fjöllum um hér í dag voru fyrirsjáanleg við gerð fjárlaga fyrir ári og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs bentu á það við fjárlagaumræðuna. Þetta á við t.d. um fjárvöntun heilbrigðiskerfisins og öldrunarstofnananna, skuld Tækniskólans og fjárvöntun í framhaldsskólakerfinu. Allt þetta lá fyrir við afgreiðslu fjárlaga sl. árs í desember fyrir tæpu ári síðan.

Sum þeirra verkefna sem veitt er fjármagn til í þessu frumvarpi ættu jafnvel frekar heima í næstu fjárlögum ef þau eru réttlætanleg á annað borð. Sem dæmi má nefna tillögu um 18 millj. kr. til iðnaðarráðuneytisins vegna innleiðingar nýrra raforkulaga og breytts fyrirkomulags í raforkumálum af þeirra sökum. Ég vil vekja athygli virðulegs forseta á því að frv. um þessi raforkulög hefur ekki enn komið fram á haustþinginu hvað þá að það hafi verið samþykkt. En samt erum við að samþykkja á fjáraukalögum fjármagn til framkvæmda vegna þessara laga.

Í því frumvarpi til fjáraukalaga sem hér liggur fyrir er í langflestum tilvikum um að ræða útgjöld sem hafa þegar verið innt af hendi eða framkvæmdarvaldið hefur skuldbundið sig til að greiða. Það er því nánast formsatriði hjá Alþingi að afgreiða aukin útgjöld í fjáraukalögum. Það vinnulag að stofna til útgjalda fyrst og leita svo heimilda eftir á gengur þvert á anda laganna um fjárreiður ríkisins, enda oftast um að ræða útgjöld sem í raun á ekki að afgreiða í fjáraukalögum þar sem ekki er um að ræða ófyrirséð atvik, kjarasamninga eða nýja löggjöf sem hefur kostnað í för með sér eins og kveðið er á um í fjárreiðulögum.

Til þess að bæta úr þessu vinnulagi og tryggja að farið sé að lögum lagði undirritaður fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins sem kveður á um að þegar svo ber undir skuli fjármálaráðherra leggja fram frumvarp til fjáraukalaga fyrir Alþingi. Það skuli gerast að vori og aftur að hausti. Þingið samþykkir lög fyrri hluta árs sem geta haft í för með sér fjárskuldbindingar innan sama árs sem þarf að taka afstöðu til. Ýmsar forsendur geta einnig breyst eins og dæmin sanna. Bregðast þarf við þeim. Það hlýtur því að liggja beint við að fjárlaganefnd taki þau mál til meðferðar og leggi fram fjáraukalagafrumvarp sem verði afgreitt fyrir þinglok að vori. Önnur fjáraukalög geta verið afgreidd í byrjun október og síðan koma lokafjárlög. Með þessum hætti, virðulegi forseti, getur Alþingi fylgt eftir ábyrgð sinni, stýrt útgjöldum og brugðist við breyttum forsendum. Þannig yrði einnig komið í veg fyrir að efnt sé til útgjalda án heimildar Alþingis nema í algjörum undantekningar- og neyðartilvikum eins og lög um fjárreiður ríkisins kveða á um.

Fjárlaganefnd er kunnugt um fjárhagsvanda margra stofnana sem þó fá ekki úrlausn sinna mála samkvæmt þessu frumvarpi. Sérstaklega má þar nefna marga framhaldsskóla sem sitja uppi með skuldir frá fyrri árum og eiga í miklum fjárhagserfiðleikum. Ljóst er að framkvæmdarvaldið hefur verið uppteknara við að einkavæða skólakerfið og fella rekstur framhaldsskólanna inn í miðstýrð reiknilíkön en að efla og þróa skólastarfið sjálft, ákvarða stöðu þess og markmið og þá menntun sem skólarnir eiga að veita. Skólastjórnendur og Félag framhaldsskólakennara hafa bent á grundvallarskekkjur í þeirri reiknireglu sem beitt er við skiptingu fjármagns á skólana og birtist í því að fjármagn er skert sérstaklega til skóla með verknáms- og starfsnámsbrautir og skóla sem reka heimavistir. Vinstri hreyfingin – grænt framboð bendir á að fjárhagsvanda einstakra framhaldsskóla verður að leysa þegar í stað.

Ríkisútvarpið hefur á undanförnum árum átt við mikinn fjárhagsvanda að stríða og má rekja þann vanda að talsverðum hluta til þess að stjórnarflokkarnir hafa þráast við að veita stofnuninni heimild til hækkunar afnotagjalda í takt við þróun verðlags og launa í landinu. Jafnframt hefur stofnuninni verið gert að taka á sig umtalsverðan kostnað vegna lífeyrisskuldbindinga auk þess sem kostnaður við rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefur aukist mjög á síðustu árum.

Í upphafi þessa árs fékk Ríkisútvarpið loks heimild fyrir 7% hækkun afnotagjalda sem hefði dregið verulega úr viðvarandi taprekstri. Heimildin var þó dregin til baka aðeins mánuði síðar gegn loforði um að stofnuninni yrði bætt tapið og er það gert með 140 millj. kr. framlagi í þessu frumvarpi. Ljóst er að það dugir engan veginn til að leysa fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins sem að óbreyttu mun leiða til þess að eigið fé stofnunarinnar verður uppurið innan örfárra ára. 2. minni hluti telur óhjákvæmilegt að taka á fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins með markvissum hætti á næstu árum. Ríkisútvarpið er ein mikilvægasta menningarstofnun þjóðarinnar og er ekki sæmandi að kreppa svo að henni fjárhagslega að hún geti ekki sómasamlega gegnt hlutverki sínu. Vandi Ríkisútvarpsins er augljós, ástæður hans liggja fyrir, en stjórnarflokkana skortir vilja til að leysa vandann.

Virðulegi forseti. Nefna má fleiri dæmi, fleiri stofnanir sem fá ekki lausn sinna mála. Náttúrufræðistofnun Íslands er dæmi um stofnun sem hefur fengið aukin lögbundin verkefni án þess að komi til aukin fjárveiting. Má þar nefna rannsóknarvinnu vegna rammaáætlunar um vatnsaflsvirkjanir og framkvæmd náttúruverndaráætlunar. Í minnisblaði

sem stofnunin sendi fjárlaganefnd kemur m.a. eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Náttúrufræðistofnun Íslands á við fjárhagsvanda að glíma á þessu ári. Nú blasir við að heildarrekstrargjöld stofnunarinnar verði um 310 millj. kr. árið 2002 ... og tekjur ... um 290 millj. kr. ... Á árabilinu 1999–2001 var um 30 millj. kr. halla (uppsafnaður árin 1997/98) náð niður með ýmiss konar aðhalds- og hagræðingaraðgerðum og auknum sértekjum. Nú stefnir hins vegar í að stofnunin verði með 15–20 millj. kr. halla um næstu áramót verði ekki gripið til einhverra ráðstafana.

Framlag ríkissjóðs til Náttúrufræðistofnunar var nær óbreytt að raungildi á milli áranna 2001 og 2002 og ekki fékkst nein viðbót til að mæta margvíslegum uppsöfnuðum vanda vegna lögboðinna verkefna. Aðhaldi og ýmiss konar hagræðingu var beitt á árinu 2002 til að mæta þeirri kostnaðaraukningu sem óhjákvæmilega fylgdi verðlagshækkunum og kjarasamningum við starfsfólk sem höfðu í för með sér nokkra hækkun á launakostnaði."

Í minnisblaðinu eru enn fremur raktar helstu ástæður fyrir þeim halla sem við blasir. Ljóst er að hvorki í þessu frumvarpi né í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003 er tekið á þessum vanda Náttúrufræðistofnunar. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur þetta dæmi um léleg vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar. Sífellt fleiri verkefnum er hlaðið á stofnunina án þess að fjárframlög komi á móti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur þetta dæmigert fyrir þann litla áhuga sem ríkisstjórnin hefur á umhverfismálum.

Fjárhagsvandi heilbrigðiskerfisins er mikill. Í lok árs 2001 var rekstur 22 heilbrigðisstofnana umfram fjárheimildir og var samanlagður vandi þeirra um 1,6 milljarðar kr. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreikningsins kemur enn fremur fram að rekstrarhalli Landspítala – háskólasjúkrahúss hafi verið 858 millj. kr. en samkvæmt frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2002 og tillögum ríkisstjórnarinnar til fjárlaganefndar við 2. umr. fjáraukalaga nemur fjárhagsvandi hans um 2,3 milljörðum kr.

Herra forseti. Þessar upphæðir eru nú bættar hér í fjáraukalögum. En það vekur furðu í þeim vinnubrögðum að einungis skuli tekið á fjárhagsvanda Landspítala – háskólasjúkrahúss. Ekki er t.d. tekið á fjárhagsvanda Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og fjölmargra annarra sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana sem líka eru með verulegan halla frá fyrri árum og auk þess með erfiðan rekstur á þessu ári. Það hefði verið eðlilegt ef hv. formaður fjárln. hefði gert grein fyrir því í framsögu sinni hér hvers vegna meiri hlutinn valdi að taka einungis eina heilbrigðisstofnun út, Landspítala – háskólasjúkrahús, og greiða þar úr uppsöfnuðum fjárhagsvanda þeirrar stofnunar en láta aðrar stofnanir gjörsamlega lönd og leið. Vera má, herra forseti, að ætlunin sé að taka þetta mál inn milli 2. og 3. umr. og að sjálfsögðu mun ég sem á sæti í fjárln. beita mér fyrir því að svo verði. En ég held, virðulegi forseti, að hv. formaður fjárln. verði að koma með skýringu á því hvers vegna verið sé við 2. umr. fjáraukalaga að mismuna með þessum hætti heilbrigðisstofnunum í landinu sem flestallar búa við fjárhagsvanda, mismikinn. En hver sem hann er, ef hann er fyrir hendi, þá er hann til trafala og veldur erfiðleikum fyrir rekstur og viðfangsefni þessara stofnana.

Það er nú svo, herra forseti, að hinar opinberu heilbrigðisstofnanir verða eðlilega að halda kostnaði innan fjárlagaramma síns. Þegar rekstrarkostnaður eykst er eina ráðið sem þær hafa að vísa verkefnunum út af heilsugæslustöðvunum og sjúkrahúsunum. Þar taka við sérfræðingar á einkareknum stofum sem geta sent reikninga sína nánast sjálfvirkt á Tryggingastofnun. Þannig byggist upp tvöfalt heilbrigðiskerfi um sömu grunnþættina sem gerir þróun heilbrigðiskerfisins handahófskennda og ómarkvissa og veldur því að kostnaðarhlutdeild sjúklinganna hækkar.

Af framangreindu má ljóst vera að bregðast þarf hart við og leiðrétta þarf stefnuna í þróun heilbrigðismála. Meðal brýnustu verkefna er að auka hjúkrun í heimahúsum og fjölga hjúkrunarrýmum og þjónustuúrræðum til að hjúkrunarsjúklingar þurfi ekki að liggja inni á dýrum bráðasjúkrahúsum. Snúa þarf einkavæðingunni í heilbrigðisþjónustunni til baka, gera mörk opinberrar heilbrigðisþjónustu skýr og fylgja markaðri stefnu út í hörgul. Það má ekki gerast hér að rekið verði tvöfalt heilbrigðiskerfi, annars vegar fyrir ríka en hins vegar fyrir fátæka.

Ef litið er á stöðu byggðamála í þessari umræðu til fjáraukalaga verður að lýsa vonbrigðum með hana. Það er ætlan ríkisstjórnarinnar að 200 millj. kr. framlag vegna þátttöku í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni verði millifært yfir á byggðaáætlun. Ljóst er af þessum aðgerðum að stjórnvöld hafa gefist upp á að koma að stofnun eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni. Þær reglur sem gilda um stofnun eignarhaldsfélaga hafa líka verið þannig að erfitt hefur verið fyrir heimamenn að uppfylla þær kröfur sem þar voru settar. Sérstaklega á það við um sveitarfélög og einstaklinga sem ekki standa vel fjárhagslega. Nær hefði verið að breyta reglunum og haga framkvæmdinni þannig að þetta framlag kæmi að raunverulegum notum milliliðalaust til atvinnusköpunar heldur en að gefast svona fullkomlega upp og fella fjárveitinguna niður og inn í almenna starfsemi Byggðastofnunar.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fluttu breytingartillögur við bæði tekju- og gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2002 þegar það var til umræðu og meðferðar í þinginu fyrir tæpu ári síðan. Þær tillögur miðuðu að auknum jöfnuði í samfélaginu, eflingu atvinnulífs og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlindanna til lands og sjávar. Því miður náðu þessar tillögur ekki fram að ganga og því fer sem fer.

Á undanförnum árum hefur ríkisstjórnin blásið upp „góðæri" með einkavæðingu þjónustustofnana, skertri almannaþjónustu, miklum viðskiptahalla og skuldasöfnun erlendis. Mikil byggðaröskun, stöðugir fólksflutningar á höfuðborgarsvæðið og sá mikli viðskiptahalli sem við höfum búið við síðustu ár hlaut að leiða til þess að viðskipta- og þjónustugeirinn, einkum á suðvesturhorninu, þendist út á mjög veikum grunni. Þjóðarframleiðslan hefur nánast staðið í stað þrátt fyrir svokallað góðæri. Í skjóli rangrar efnahagsstefnu stjórnvalda hefur á undanförnum árum þróast hagkerfi, efnahags- og atvinnulíf sem hefur nærst á viðskiptahallanum og orðið háð honum. Nú þegar jöfnuður kemst á erlend viðskipti án þess að útflutningur aukist sem því nemur hlýtur það að valda samdrætti í þeim atvinnugreinum sem nærðust á viðskiptahallanum. Í stað þess að styrkja innviði atvinnulífsins, byggð og búsetu í landinu öllu hefur ranglát fiskveiðistjórn, tillitslaus krafa um hagræðingu, háar arðsemiskröfur fjármagnseigenda og ofurtrú á hagkvæmni stærðarinnar villt stjórnvöldum sýn og leitt atvinnulífið inn á villigötur sem þjóðin öll sýpur nú seyðið af.

Hér verður að breyta um stefnu. Stöðva þarf einkavæðingu almannaþjónustunnar. Búa þarf atvinnulífinu þá umgjörð að

fólk og fjármagn leiti aftur til þeirra atvinnugreina sem stuðla að raunverulegri verðmætaaukningu og þar með raunhagvexti. Beina þarf athyglinni að litlum og meðalstórum fyrirtækjum þar sem hugvit og framtak einstaklingsins fær notið sín í atvinnurekstri sem er í takt við íslenskar aðstæður og íslenskan veruleika og byggist á sjálfbærri nýtingu náttúrauðlindanna. Breyta þarf fiskveiðistjórnarstefnunni þannig að byggðarlögin með ströndum landsins hafi forgangsrétt á nýtingu veiðanna á grunnslóð. Það er jafnframt grunnur þess að auka verðmæti aflans. Verði farið að þessum ráðum mun byggjast upp blómlegt atvinnulíf á raunsönnum grunni um land allt.

Herra forseti. Annar minni hluti vísar allri ábyrgð á hendur stjórnarmeirihlutanum vegna óvandaðrar vinnu við fjárlagagerðina á síðasta ári og rangrar forgangsröðunar sem þetta frumvarp til fjáraukalaga endurspeglar. Einstakir ráðherrar beita sér fyrir gæluverkefnum sínum í sjálfri fjárlagagerðinni og síðan reynist nauðsynlegt að draga að landi í fjáraukalögum mikilvæga málaflokka eins og heilbrigðismálin og menntamálin.

Virðulegi forseti. Þegar hafa verið teknar skuldbindandi ákvarðanir um meginhluta þess sem lagt er til í þessu frumvarpi. Breyta þarf lögum um fjárreiður ríkisins þannig að þingið ákveði fjárveitingarnar fyrir fram en standi ekki frammi fyrir því æ ofan í æ að stimpla ákvarðanir framkvæmdarvaldsins eftir á.

Virðulegi forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu á þessu stigi ekki bera fram neinar brtt. við fjáraukalagafrv. hér við 2. umr. Við lítum svo á að hér sé í höfuðdráttum verið að staðfesta gerða hluti. Ríkisstjórnin og meiri hluti þingsins bera ábyrgð á því. En að sjálfsögðu draga vinnubrögðin dám af stefnu stjórnvalda í peningamálum almennt. Það verður að segja, herra forseti, að þar mætti virkilega margt betur fara.

Ég mun í seinni ræðu minni koma nánar inn á einstök atriði í þessu fjárlagafrv., þessum brtt. meiri hlutans.

[14:30]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég má til með að standa upp vegna orða hv. 5. þm. Norðurl. v. þó ekki væri nema til að verja félaga minn formann fjárln. sem hefur staðið sig á allan hátt með miklum ágætum. Það hefur hugsanlega farið fram hjá þingmanninum að hér erum við með öll gögn prentuð og auðvitað væri hægt að lesa þau frá orði til orðs til að komast að því um hvað þau fjalla o.s.frv. Þetta liggur á borðum þingmanna. Ég minnist þessa líka frá því í fyrra þegar við ræddum fjárlögin. En hæstv. forseti hefur kannski tekið eftir því að hv. þm. rokkaði dálítið á milli fjárlaga og fjáraukalaga þannig að maður áttaði sig ekki alltaf á því hvorum megin á truntunni hann var hverju sinni.

Hv. þm. hefur kannski ekki heldur áttað sig á því að það getur jafnvel verið betra að halda stuttar ræður um afmarkað ákveðið efni, þ.e. fjáraukalögin, en fara vítt og breitt um völlinn eins og hann gerði í ræðu sinni áðan. Hann talaði m.a. mikið um að útflutningur þyrfti að aukast á Íslandi. Ég hef ekki orðið var við að Vinstri hreyfingn – grænt framboð hafi komið með margar tillögur þar að lútandi, heldur að þeir hafi beitt sér gegn því að menn auki útflutning frá Íslandi. En það er í raun aukaatriði þessa máls. Ég vil benda hv. þingmanni á að gögnin eru öll hérna. Við erum að fjalla um fjáraukalög en við erum ekki að fjalla um aðrá hluti.

[14:32]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er dapurlegt að hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason skuli ekki átta sig betur á því um hvað málið fjallar. Málið fjallar um fjáraukalög. Það fjallar um það sem skortir á varðandi fjárlög sem sett voru fyrir ári síðan til að standa við þær skuldbindingar sem nauðsynlegt hefur verið talið að takast á við á þessu ári. Þess vegna er eðlilegt að fjallað sé um fjárlög sl. árs eða yfirstandandi árs og fjáraukalögin samtímis með þeim hætti sem ég gerði. Ef staðið hefði verið betur og af meiri ábyrgð að fjárlagagerðinni fyrir ári síðan væri meiri hlutinn ekki nú að leggja fram tillögur til jafnvel svo brýnna verkefna sem heilbrigðismála í fjáraukalögum. Þetta átti heima á fjárlögum yfirstandandi árs þegar þau voru samþykkt fyrir ári síðan. Þetta var vitað.

Ég gagnrýndi ekki vinnu hv. formanns fjárln. í fjárln. Ég gagnrýndi það hins vegar að hv. formaður fjárln. skyldi ekki gera betri grein úr ræðustól Alþingis fyrir þeim brtt. sem hér er verið að leggja til við 2. umr. Ég bendi hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni á að ekki eiga allir þess kost á að fá þessar brtt. til sín sendar eða skýringar á þeim, hvorki þær stofnanir sem hlut eiga að máli né einstaklingar sem vilja fylgjast með. Því hefði það verið sjálfsögð kurteisi og eðlileg vinnubrögð ef hv. formaður fjárln. hefði gert betur og skilmerkilegar grein fyrir þeim, ef hann telur sig þá ekki hafa haft eitthvað að fela og hafi því þess vegna þurft að bregðast í þeim efnum.

[14:34]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gleður mig að hv. þm. sé að ræða um fjáraukalög en ekki einhverja aðra hluti því þegar ég hlustaði á ræðu hv. þm. áðan þá talaði hann fyrst um gríðarlega mikil útgjöld í fjáraukalögum. Síðan taldi hann upp langan langan lista af því sem vantaði inn í fjáraukalögin. Mér fannst þetta mjög sérkennileg ræða og stundum áttaði ég mig ekki á því hvort hann væri að fjalla um fjárlög eða fjáraukalög.

Hv. þm. sagði að menn hefðu ekki haft tækifæri til þess að kynna sér þau gögn sem hér eru lögð fram. Það vill nú þannig til að hér var sérstakur fundur í gær þar sem þessum þingskjölum var dreift þannig að þingmenn hafa haft talsvert góðan tíma til þess að kynna sér þessi mál. Ég er alveg viss um að bæði hv. þingmaður og aðrir þingmenn hafa skoðað þessi skjöl og lesið. Þau liggja öll frammi. Ég tel alveg óþarfa að lesa hvert einasta orð sem stendur í þessum þingskjölum, m.a. vegna þess að þau liggja á borðum þingmanna.

[14:35]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason kom einmitt inn á þau atriði sem formaður fjárln. hefði átt að koma inn á, þ.e. að skýra hvers vegna veitt er á fjáraukalögum fé til ákveðinna liða en annarra ekki.

Ég nefndi t.d. að í fjáraukalagafrv. er framlag til Landspítala – háskólasjúkrahúss. Þar er hins vegar hvorki framlag til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga né Heilbrigðisstofnunar Austurlands svo áfram sé talið, sem allar búa líka við verulegar uppsafnaðar skuldir og greiðsluvanda. Honum hefði verið í lófa lagið að greina frá því hvers vegna gert var upp á milli þeirra stofnana í þessu tilviki.

Eitt af því sem minnst er á í þessu fjáraukalagafrv. er hækkun til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ríkisstjórnin hefur nú setið að völdum í hartnær átta ár. Erfiðleikarnir við uppbyggingu atvinnulífsins hér hafa fyrst og fremst tengst efnahagsóstjórninni, viðskiptahallanum. Í skjóli hins mikla viðskiptahalla hefur þróast atvinnulíf sem ekki hefur staðið á raunsönnum grunni. Þessu viljum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði breyta. Við viljum byggja upp atvinnulíf á raunsönnum grunni þannig að atvinnuleysi þurfi ekki að stóraukast þó greiðslujöfnuðurinn við útlönd komist í jafnvægi.

Virðulegi forseti. Ég held að ástæða sé til að skerpa heldur betur á vinnubrögðum við gerð fjárlaga á hinu háa Alþingi.

[14:38]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Fjáraukalögin verða nú að líkindum með 10,5–11 milljarða kr. viðbót við fjárlög fyrir árið 2002. Niðurstaða fjárlagaársins 2002 er því miklu verri en gert var ráð fyrir við afgreiðsu fjárlaga í desember. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að útgjöld stofnana geta breyst á heilu ári sem og tekjuöflun og útgjöld ríkisins.

Hin afar stutta ræða hv. formanns fjárln., þar sem afgreiddur var 1,5 milljarður á mínútu, bendir hins vegar til þess að margt eigi eftir að breytast milli 2. og 3. umr. og eigi hafi tekið því að hans mati að eyða mörgum orðum eða skýringum á málið sem við erum nú að ræða. Við sem hins vegar vitum ekki um það sem e.t.v. kann að vera í pípunum að þessu leyti hljótum því að ræða málið út frá þeim gögnum og upplýsingum sem við höfum í fjáraukalagafrv. og brtt. meiri hlutans, ásamt þeim öðrum álitum sem hér hefur verið gerð grein fyrir af hálfu minni hlutans.

Umframútgjöld þessa árs virðast að stórum hluta stafa af miklum kostnaði á sjúkrahúsum og í sjúkratryggingum. Í þessu frv. til fjáraukalaga er lögð til viðbót upp á 1.200 millj. kr. vegna Landspítala – háskólasjúkrahúss og í viðbótartillögum meiri hlutans er gerð tillaga um rúman milljarð til viðbótar, alls um 2,3 milljarða. Þessi vandi Landspítala – háskólasjúkrahúss er reyndar til staðar ár eftir ár. Að sjálfsögðu má af ýmsum skiljanlegum ástæðum gera ráð fyrir að kostnaður við þjónustu við sjúklinga fari vaxandi milli ára. Fjöldi aðgerða fer vaxandi og ný og betri tækni kostar mikið fé. Þjóðin eldist og hærri aldri fylgir oft meiri þjónusta. Þetta vitum við sjálfsagt öll. Við vitum hins vegar ekki hvernig kostnaður skiptist eða í hvaða aðgerðum hann er flokkaður niður. Ef þessi vandi á ekki að koma okkur aftur og ítrekað á óvart verður sem fyrst að taka upp kostnaðargreiningu á tæknivæddustu sjúkrahúsum okkar. Þess vegna vaknar spurning um hvar við séum á vegi stödd með þessi mál.

Ég mælist til þess við hæstv. fjmrh. eða heilbrrh. að gera í stuttu máli grein fyrir því hvernig kortleggja eigi þennan vanda á næstu árum, en hann virðist vera viðvarandi og koma upp við hverja fjárlagagerðina á fætur annarri.

Til viðbótar þessu fer um 1 milljarður kr. í sjúkratryggingar. Alls hljóða því viðbótartillögur meiri hlutans upp á 3,2 milljarða kr. Útgjöld til Atvinnuleysistryggingasjóðs munu þurfa að aukast vegna þess að atvinnuleysi fer vaxandi og er vaxandi vandamál víða. Kostnaður vegna fæðingarorlofs mun enn fara vaxandi og fjárhagsvandi framhaldsskólanna er víða mikill. Um hann segir m.a. svo í áliti 2. minni hluta, með leyfi forseta:

„Fjárlaganefnd er kunnugt um fjárhagsvanda margra stofnana sem þó fá ekki úrlausn sinna mála samkvæmt þessu frumvarpi. Sérstaklega má þar nefna marga framhaldsskóla sem sitja uppi með skuldir frá fyrri árum og eiga í miklum fjárhagserfiðleikum. Ljóst er að framkvæmdarvaldið hefur verið upptekinara við að einkavæða skólakerfið og fella rekstur framhaldsskólanna inn í miðstýrð reiknilíkön en að efla og þróa skólastarfið sjálft, ákvarða stöðu þess og markmið og þá menntun sem skólarnir eiga að veita. Skólastjórnendur og Félag framhaldsskólakennara hafa bent á grundvallarskekkjur í þeirri reiknireglu sem beitt er við skiptingu fjármagns á skólana ...“

Síðar segir í nefndaráliti 2. minni hluta, með leyfi forseta:

„Í lok ársins 2001 var rekstur 22 menntastofnana umfram fjárheimildir og var samanlagður vandi þeirra um 900 millj. kr. Þegar skoðaðir eru einstakir framhaldsskólar má sjá að fjárhagsvandi margra þeirra er mikill. Uppsafnaður fjárhagsvandi Menntaskólans í Kópavogi var í árslok 2001 162,7 millj. kr., Fjölbrautaskólans í Breiðholti 74,7 millj. kr., Fjölbrautaskólans í Ármúla 69,2 millj. kr., Fjölbrautaskóla Vesturlands 60,3 millj. kr. ...“

Vandi framhaldsskólana er því vel þekktur en á honum er ekki tekið í þessu fjáraukalagafrv.

Við í Frjálslynda flokknum tökum einnig undir áhyggjur um að ekki skuli tekið á fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins. Í áliti 2. minni hluta segir m.a., með leyfi forseta:

„Annar minni hluti telur óhjákvæmilegt að taka á fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins með markvissum hætti á næstu árum. Ríkisútvarpið er ein mikilvægasta menningarstofnun þjóðarinnar og er ekki sæmandi að kreppa svo að henni fjárhagslega að hún geti ekki sómasamlega gegnt hlutverki sínu.“

Þarna held ég að sé vikið að mjög mikilvægu máli. Ég vil vekja athygli á því að við í Frjálslynda flokknum höfum m.a. flutt mál um hvernig við teljum að taka eigi á vanda Ríkisútvarpsins.

Herra forseti. Við umræðuna um fjárlög fyrr í haust og reyndar síðar við umræðu um fjáraukalögin beindi ég nokkrum spurningum til hæstv. fjmrh. (**Gripið fram í:** Hann er að hugsa enn þá.) Já, vera kann, hv. þm., að fjmrh. sé enn þá að hugsa.

Ég fékk mjög skýr svör frá hæstv. fjmrh. þegar ég ítrekaði þessar spurningar mínar við umræðu um fjáraukalagafrv. En vegna þess að við ræðum fjárlögin á morgun vil ég vekja athygli hæstv. fjmrh. á því að þrátt fyrir að hann hafi svarað skilmerkilega þessum spurningum mínum sem sneru að erlendum skuldum ríkisins og hvernig þær hefðu breyst m.a. vegna gengisþróunar eða vaxtareiknings á erlendum lánum og vegna annarra aðstæðna sem breyst hafa okkur í vil, þá spyr ég hvað sé mikilla skýringa þar að vænta á þeim 30 milljörðum sem komu fram í fylgiriti með fjárlagafrv. og hvað heildarskuldir ríkisins hafi lækkað.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að þrátt fyrir að hæstv. fjmrh. hafi tekið þessum spurningum vel og lofað að koma á framfæri upplýsingum um málið hafa þær ekki enn borist mér. Þær hafa heldur ekki borist fjárln., ég hef kannað það og þar kannast enginn við að þessi svör hafi borist. Ég vek því athygli hæstv. fjmrh. á þessum spurningum og óska eftir því að svör við þeim liggi fyrir áður en við förum í fjárlagaumræðuna á morgun.

Stefna ríkisstjórnarinnar í byggðamálum hefur valdið og mun að óbreyttu áfram valda frekari byggðaröskun, og senni-

lega vaxandi atvinnuleysi. Enn þá er fólk sem sagt að flytja af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Stjórnarflokkarnir hafa í þessari umræðu og fyrr í haust oft og tíðum talað um að hér ríkti góðæri og menn stæðu að því að halda hér stöðugri og góðri atvinnu og tryggja góða framtíð. Ég hygg að kannski megi draga þá ályktun af því að fólk er enn þá að flytja af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins að það telji að hér hljóti góðærið að vera. Hér standa menn í því að skiptast á hlutabréfum og veifa pappírum hver framan í annan, eignast hlut í þessu fyrirtækinu einn daginn og hinu næsta dag og skipta síðan upp á milli sín þeim eignum sem ríkið er að selja. Það er svo sem ekki óeðlilegt að fólk dragi þá ályktun úti á landsbyggðinni, þar sem vegið hefur verið að undirstöðu byggða, að hér ríki góðæri. Það sem vegið hefur að undirstöðu byggðanna og væri hægt að ræða um í löngu máli er m.a. sölukerfi kvótans, það mikla ranglæti sem því fylgir sem stefnir atvinnuöryggi fólks og eignastöðu í hættu.

Herra forseti, ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri að þessu sinni en vonast til þess að þegar upp verði staðið næsta vor þurfi þessi ríkisstjórn ekki að mæla fyrir fleiri fjárlagafrv.

[14:49]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að taka undir síðustu orð hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar um að vonandi verði þetta síðustu fjárlögin sem þessi hæstv. ríkisstjórn flytur á Alþingi.

Virðulegur forseti. Þessi fjáraukalög sem nú eru til 2. umr. má kalla staðfestingu á því sem aflaga hefur farið við framkvæmd fjárlaga. Á það var bent við afgreiðslu fjárlaga fyrir núverandi fjárlagaár að líklega væri um vanáætlanir að ræða sem næmu allt að 2,5 milljörðum og að mestu sneri vandinn að stóru sjúkrahúsunum, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Landspítala – háskólasjúkrahúsi og öldrunarstofnunum. Þetta margsögðum við samfylkingarmenn og aðrir stjórnarandstæðingar.

Niðurstaðan sem liggur fyrir nú við 2. umr. er að gerð er tillaga um 3.269 millj. kr. útgjaldaaukningu með þeim tillögum sem fram eru lagðar af hv. meiri hluta fjárln. En, herra forseti, ekki eru öll kurl komin til grafar og er nú ástæða til þess að óska eftir því að hv. formaður fjárln. sé til staðar því að ég mun beina til hans í minni stuttu ræðu örfáum spurningum sem lúta að framhaldsvinnunni við fjáraukalög. Ég bið virðulegan forseta um að gera ráðstafanir til að svo verði.

Þau atriði sem ég ræði um og tel rétt að beina spurningum um til formanns fjárln. lúta að framhaldsskólum, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, St. Fransiskusspítala í Stykkishólmi og síðan að Tryggingastofnun ríkisins.

Ég þakka fyrir að hv. formaður fjárln. er mættur í salinn. Ég ítreka að ég ætla ekki að vera með langa ræðu að þessu sinni en hef fjórar spurningar til að leggja fyrir hann.

Í fyrsta lagi vegna vanda framhaldsskólanna spyr ég: Er væntanleg tillaga varðandi það efni milli 2. og 3. umr.?

Ástæðan fyrir því að ég spyr er sú að eftir að ríkisreikningur fyrir árið 2001 hefur verið endurskoðaður kemur í ljós 670 millj. kr. skuld framhaldsskólanna en á sama tíma er til staðar 550 millj. kr. inneign á safnlið menntmrn. Því spyr ég hv. formann hvort hann sé sammála mér í því að raunverulega sé verið að framkvæma lagabrot með áframhaldandi rekstri skólanna með slíkum halla sem hér hefur verið nefndur upp á allt að 130 millj. hjá einstaka skóla? Því spyr ég um brtt. varðandi þetta efni. Það er alveg ótvírætt í mínum huga að verið er að brjóta fjárreiðulög.

Í öðru lagi spyr ég um Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Fyrir liggur beiðni frá því sem nemur, ef allt er til talið, 1,3 milljörðum en þá er ég að tala um fjárlög og fjáraukalög. Á fjáraukalögum vantar a.m.k. 175 millj. bara vegna reksturs. Því spyr ég: Er að vænta tillagna vegna reksturs þessa húss?

Ef ég tek til Fransiskusspítalann í Stykkishólmi, heilsugæslu og sjúkrahús, er þar beðið um aðeins 4,7 millj. vegna vanda sem ekki er um deilt að er til staðar vegna samningsbundinna launabreytinga. Því spyr ég: Er að vænta tillagna til að mæta þessum halla sem raunverulega er til staðar?

Í fjórða lagi spyr ég vegna Tryggingastofnunar ríkisins þar sem fyrir liggur að uppsafnaður halli frá fyrri árum er 117,8 millj. kr.: Er að vænta tillagna til að mæta þessum halla milli 2. og 3. umr. um fjáraukalög?

Virðulegur forseti. Það er ekki ástæða til að orðlengja þetta mál en grundvallaratriðin eru það sem út af stendur. Ætlum við að lagfæra eða ætlum við að halda áfram og þar með í rauninni að brjóta fjárreiðulögin?

[14:55]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Gísla Einarssyni fyrir þær spurningar sem hann lagði hér fram og ábendingar sem spurningunum fylgdu. Hér í andsvari gefst ekki tækifæri til að svara spurningum hans í smáatriðum en almennt get ég nefnt í svari mínu við spurningum hans að milli 2. og 3. umr. verður að sjálfsögðu metið hvaða nýjar tillögur koma til greina fyrir 3. umr. Þær tillögur eða hugmyndir liggja ekki fyrir enn þá.

Hins vegar get ég tekið undir það með hv. þingmanni að sá vandi sem hann getur um í fjórum liðum er vissulega fyrir hendi og ef hann verður ekki leystur að þessu sinni fyrir fjárauka- eða fjárlög bíður sú úrlausn betri tíma.

Varðandi fjárhagsvanda framhaldsskólanna vil ég láta sérstaklega koma fram að þær tillögur sem hér liggja fyrir eru fyrst og fremst vegna ófyrirséðrar fjölgunar nemenda en aðrar tillögur verða að bíða. Það er hins vegar á það að líta að í fjárlagafrv. eru tillögur um verulegar úrbætur fyrir framhaldsskólana. Tengist það m.a. hinu margnefnda líkani sem skólarnir starfa eftir.

Heilbrigðisstofnanir eiga margar við fjárhagsvanda að glíma. Það hefur verið komið til móts við margar þeirra í fjáraukalögunum og verður gert í fjárlögunum. Það tekst ekki að koma til móts við þær allar, og þar á meðal er Fransiskusspítali.

Varðandi Tryggingastofnunina get ég ekki svarað því hvort tillögur koma þar fram um að bregðast við fjárhagsvanda sem þar er milli 2. og 3. umr., en ábending hv. þm. verður tekin þar til umfjöllunar og skoðunar.

[14:58]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka svör hv. formanns fjárln. Þó að ég viti að við erum sammála um ákveðin atriði er það ákaflega dapurlegt fyrir okkur ef við þurfum að búa við það að í rauninni sé verið að brjóta lög, brjóta fjárreiðulög með þeim framgangi sem verið hefur varðandi framhaldsskólana og það er það sem ég var að reyna að varpa ljósi á. Það er í rauninni verið að tyfta framhaldsskólana til að fara að vilja ráðuneytisins með því að ekki er gerður við þá samningur

— svoleiðis les ég málin — um lausn á vanda þeirra fyrr en skólarnir hegða sér eins og ráðuneytið ætlast til svo ég segi ekki hæstv. menntmrh.

Það er ástæðulaust að spyrja frekar að sinni. Ég mun, virðulegur forseti, fylgja þessum spurningum eftir mjög fast í 3. umr. fjáraukalaga, og ég mun að sjálfsögðu fylgja þessum málefnum mjög fast eftir á morgun við umræðu um fjárlög.

[14:59]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mun að sjálfsögðu taka þátt í þeirri umræðu sem hér verður á morgun um fjárlögin. Eins mun ég boða fjárln. til fundar milli 2. og 3. umr. og þá gefst tækifæri til að ræða þessi mál.

Það er rétt sem hv. þm. segir að þær ábendingar hafa komið til fjárln. sem hníga í þá átt að framhaldsskólarnir séu komnir, margir hverjir, í slíkan vanda að þeir þurfi að athuga heimildir sem þeir hafa til rekstursins. Ég hef tekið fullt mark á þeim ábendingum sem nefndinni hafa borist og tel að nefndin eigi að ræða þau atriði.

Hvað varðar heilbrigðismálin vil ég vekja athygli hv. þingmanns á því að enginn málaflokkur fær jafnmikla úrlausn og heilbrigðismálin í þessu frv. til fjáraukalaga. Þar hefði verið æskilegt að ganga lengra og tek ég undir að margar heilbrigðisstofnanir víða um land þurfa á auknu fjármagni að halda eða þá breytingum á rekstrarfyrirkomulagi. Ég tel m.a. að sameina megi á nokkrum stöðum, a.m.k. einum eða tveimur, heilsugæslustöðvar en hér urðum við að gæta þess að ganga ekki lengra en við þó höfum gert í fjáraukalagafrv. og þeirri umfjöllun sem var í nefndinni. Ég vek athygli á því að það var einmitt í heilbrigðismálunum sem mest úrlausnin var og við gengum þar til verks sem brýnast var, þ.e. á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

[15:01]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aðeins örstutt. Mér láðist að geta þess að ég fagna því sem vel er gert í brtt. meiri hluta fjárln. Þar er m.a. tekið nokkuð vel á málefnum Landspítala – háskólasjúkrahúss. Þó eru skildar eftir 400 millj. sem eru í rauninni vanskil eða það sem spítalanum er ætlað að draga með sér. Ef menn skoða málið opið er vandi Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri í rauninni meiri. Það er þess vegna sem ég vænti þess alveg eindregið að tillögur komi til úrlausnar milli 2. og 3. umr. um fjáraukalög.

Ég þarf ekki að segja meira um þetta, virðulegi forseti, en ég vil bara undirstrika að menn átti sig á því að þó að stærðirnar séu miklu minni er hlutfallslega meiri vandi á ferðinni á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

[15:03]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um frv. til fjáraukalaga. Ég vil aðeins leggja örfá orð í belg og lýsa óánægju minni með ósamstillt vinnubrögð hv. fjárln. hvað varðar þessi fjáraukalög, og gera sérstaklega að umtalsefni þann stóra póst í fjáraukalögunum sem er heilbrigðiskerfið. Hér erum við komin með fjáraukalög sem lúta að því að Landspítali – háskólasjúkrahús fær 2,3 milljarða aukalega. Ég vildi aðeins nefna í því sambandi að það er beinlínis stórhættulegt, virðulegi forseti, að taka einn þátt í þessu kerfi út fyrir sviga og leysa mál Landspítala – háskólasjúkrahúss hér um bil með þessum 2,3 milljörðum.

Hv. þm. Gísli S. Einarsson benti á í andsvari áðan að fjárhagsvandi Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri er tilsvarandi, sýnist manni á tölunum, við fjárhagsvanda Landspítala – háskólasjúkrahúss. Í frv. fær hins vegar Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri einungis leiðréttingu upp á 108 millj. og engar tillögur um frekari framlög. Þess vegna langar mig til að spyrja hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson, formann fjárln., hvort hann telji ekki að vinnubrögð af þessu tagi séu beinlínis stórháskaleg fyrir heilbrigðiskerfið.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur sett fram mjög greinargóða skýrslu um fjárhagsstöðu sína. Þrátt fyrir þær 108 millj. sem eru í frv. glímir sjúkrahúsið áfram við brýnan vanda upp á 175 millj. kr. sem ætti að vera í fjáraukalögunum. Hér er útlistað mjög gaumgæfilega hvað þetta er. Þetta eru í rauninni umsamin laun, launatengd gjöld, stofnanasamningar og þess háttar sem er að langmestu leyti búið að semja um.

Ef ekki verður tekið heildstætt á þessum málum — ég tek Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sem dæmi eiginlega fyrir landsbyggðarsjúkrahúsin — hlýtur það að enda með því að þessi svokallaða endastöð sem Landspítalinn – háskólasjúkrahús sannarlega er eigi við stöðugt meiri vanda að etja vegna ásóknar annars staðar frá inn á það svæði. Þessi hugsun við uppsetningu og lausn á vanda í sjúkrahúsakerfinu er í grundvallaratriðum alröng. Það á að styrkja stofnanir eins og Fjórðungssjúkrahúsð á Akureyri, ekki síst til að sporna við þannig að straumurinn sé ekki allur inn á þessa svokölluðu endastöð hér, Landspítala – háskólasjúkrahús.

Nú skilst mér að meira fjármagn þyrfti, 400–500 millj., ef leysa ætti vanda Landspítala – háskólasjúkrahúss eins og beðið er um. Samt er augljóst að vandi Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri er gríðarlegur. Ef maður setur þetta svo einfalt upp að hlutfallslegur vandi Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri sé um það bil 10% af Landspítala – háskólasjúkrahúsi er alveg augljóst að verulegar upphæðir vantar til að dekka það dæmi þar.

Uppsafnaður vandi sem þyrfti að vera í fjáraukalögum varðandi t.d. sjúkrahúsið á Húsavík er um 80 millj. kr. og heildarfjárvöntun þar er 105 millj. kr. svo eitthvað sé nefnt.

Virðulegi forseti. Það að leysa ekki hlutina í samhengi eins og ég var að tala um hér er mjög hættuleg stefna. Það leiðir til þess sem menn eru þegar farnir að finna fyrir, að menn missa t.d. starfsfólk vegna þess að betur er gert við það annars staðar í kerfinu. Það er röng og háskaleg stefna, sérstaklega gagnvart landsbyggðarsjúkrahúsunum. Það hefur sýnt sig að sjúkrahúsið á Akureyri hefur ástundað mjög vönduð vinnubrögð hvað rekstur varðar. Þar var t.d. Evróputilskipunin um vinnutíma ekki sett í gang fyrr en fyrirséð var að fjármunir fengjust til að standa straum af þeim útgjöldum sem þar var stofnað til. Ég vil bara fá þetta inn í umræðuna, ég gæti farið út um víðan völl og farið inn í skólakerfið o.s.frv. en þetta er í grundvallaratriðum vinnulag nefndarinnar. Ég kalla eftir því við hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson, formann fjárln., að þessi vinna sé unnin á heildstæðan hátt með mörg markmið að leiðarljósi. Að taka einn þáttinn út fyrir sviga leiðir til gríðarlegra vandamála annars staðar sem síðan leiða til aukinna vandamála þar sem er verið að taka á málinu, þ.e. á stóru sjúkrahúsunum. Hér erum við að tala um heilbrigðispólitík í víðum skilningi og hún er framkvæmd með peningalegum aðgerðum af hálfu ríkisins. Ef þetta verður framkvæmt á þennan hátt og ef við drögum niður starfsemi, t.d. á þessu hátæknisjúkrahúsi, Fjórðungssjúkrahúsinu

á Akureyri og það verður alltaf á eftir, koma vandamálin að Landspítala – háskólasjúkrahúsi eins og menn vita. Hv. þm. hafa kvartað undan því vegna aukinnar fjárþarfar þar að það sé út af því að þetta sjúkrahús er endastöð. Það þyrfti ekki að vera endastöð í þeim mæli sem það er ef málin væru leyst út í hörgul annars staðar í landinu og það með eðlilegum framlögum, a.m.k. hlutfallslega til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri svo dæmi sé tekið.

[15:09]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ábendingar hans og þær spurningar sem hér voru lagðar fram. Það skal tekið undir tvennt varðandi sjúkrahúsið á Akureyri. Það er afar mikilvægt hátæknisjúkrahús sem við verðum að byggja upp til þess að þjóna því svæði sem því er ætlað en ekki síður til þess að við höfum hér í landi annan valkost, annað hátæknisjúkrahús til viðbótar við Landspítala – háskólasjúkrahús. Þetta var annað.

Hitt er það að sjúkrahúsið á Akureyri hefur einmitt staðið sig mjög vel hvað varðar rekstur og að halda sig innan fjárheimilda. Þetta skal viðurkennt og því fagnað við þessa umræðu.

Hins vegar er mér alveg ljóst að vandi þeirra er töluverður. Þrátt fyrir aðhald hefur ekki tekist að leysa þar margvísleg viðfangsefni. Þar er bæði um að ræða rekstrarleg viðfangsefni og sömuleiðis stofnkostnað, svo sem húsbyggingar og fleira. Enn fremur vil ég nefna að verulega hefur verið kallað eftir segulómtæki á sjúkrahúsið. Öll þessi viðfangsefni eru fjárln. vel kunnug og voru til umfjöllunar við afgreiðslu í nefndinni. Hins vegar verðum við að sætta okkur við það að þurfa að raða í forgang þeim takmörkuðu fjármunum sem við höfum. (**Gripið fram í:** ... nóg.) Það var talið eðlilegt og farsælast við þessa afgreiðslu að einbeita sér að því að koma rekstri Landspítala – háskólasjúkrahúss á réttan kjöl. Annað verður síðan að bíða betri tíma, hvort heldur það tekst hér á næstu dögum eða við annað tækifæri.

[15:12]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni fyrir góðar undirtektir. Við erum í sjálfu sér ekkert ósammála og ég heyri að hann hefur kynnt sér málið vel. En ég er ósammála því að hv. fjárln. taki einn þátt út fyrir sviga af þeim ástæðum sem ég nefndi áðan, einfaldlega vegna þess að þá koma vandamálin fram annars staðar. Það er svo augljóst.

Miðað við hlutfall ætti Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri að vera með í þessu plaggi u.þ.b. 230–240 millj. en er með 108. Ef stöðugt er haldið áfram á þennan hátt og bara reynt að leysa málin í endanum erum við bara ekki á réttri leið með öll þessi mál. Það verður að veita þjónustuna heima fyrir eftir því sem hægt er. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur alla burði til þess að gera það og er landinu í heild mjög mikilvægt. Þess vegna trúi ég því ekki fyrr en ég tek á því að menn ætli ekki að taka þannig á málum að það sé hægt að vera með eðlilega og hlutfallslega starfsemi þar eins og á Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem þó er ekki ofalið af þeim framlögum. Mér skilst að 400–500 millj. vanti. Það er þetta sem ég vil koma á framfæri. Og það er engin stjórnsýsla, ekki nokkur, að haga málum þannig að mál séu leyst á þann hátt sem augljóslega leiðir til skriðu, bæði fagfólks og sjúklinga, inn á tilteknar stofnanir. Það er ekki hægt og á ekki að gera þannig. Það er virkilega andstætt öllum sjónarmiðum hvað varðar byggðastefnu. Þarna er allt hægt að gera ef menn fá hlutfallslega möguleika á við það sem gert er annars staðar á landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðismál, 1. umr.

Stjfrv., 370. mál (niðurfelling skulda). — Þskj. 416.

[15:14]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir litlu frv. þar sem lagt er til að stjórn Íbúðalánasjóðs verði veitt heimild til að afskrifa hluta af skuldum félags eða félagasamtaka við Íbúðalánasjóð. Sl. vor setti ríkisstjórnin starfshóp á laggirnar til að leita lausna á alvarlegum greiðsluvanda tiltekinna námsmannasamtaka, þ.e. Iðnnemasambandsins, vegna reksturs þeirra á leiguíbúðum ætluðum námsmönnum.

Niðurstaða starfshópsins var að rétt væri að afla lagaheimildar til handa Íbúðalánasjóði til að sjóðurinn gæti ásamt öðrum lánardrottnum brugðist við erfiðum greiðsluvanda samtakanna. Núgildandi heimild skv. 47. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, til niðurfellingar á kröfum Íbúðalánasjóðs er bundin annars vegar við kröfur á hendur einstaklingum og hins vegar sveitarfélögum.

Því er hér lagt til að í 47. gr. laganna verði bætt við ákvæði sem heimili stjórn Íbúðalánasjóðs að afskrifa hluta af lánum Íbúðalánasjóðs til félags eða félagasamtaka að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Með lögum nr. 155/2001, sem breyttu lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, var sett inn heimild fyrir stjórn Íbúðalánasjóðs til afskrifta á hluta af lánum sveitarfélaga að fengnum tillögum eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Við frumvarpsgerð þessa var horft til núgildandi 4. mgr. 47. gr. laganna sem kveður á um heimildir Íbúðalánasjóðs til afskrifta hluta af skuldum sveitarfélaga.

Lagt er til að félög eða félagasamtök beini ósk um afskriftir til stjórnar Íbúðalánasjóðs. Stjórn sjóðsins taki síðan afstöðu til þess hvort hún leggur til að orðið sé við umsókninni eða henni synjað. Við mat á því þarf stjórn Íbúðalánasjóðs, m.a. með hliðsjón af tilgangi laganna skv. 1. gr. þeirra, að huga að því hvort hagsmunum sjóðsins verði betur borgið með slíkum samningi. Tillaga stjórnar Íbúðalánasjóðs er síðan send til umsagnar félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar. Sett er sem skilyrði að gerðar verði upp eftirstöðvar vanskila og að samningar um niðurfellingu skulda skuli gerðir í tengslum við heildarendurskipulagningu á fjármálum viðkomandi félags eða félagasamtaka. Heimildin til niðurfellingar á skuldum félags eða félagasamtaka er síðan bundin því skilyrði að félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og Ríkisendurskoðun fallist á tillöguna.

Afskriftaheimild þessi tæki þannig t.d. til hinna ýmsu félaga- og rekstrarforma, svo sem hlutafélags, einkahlutafélags, sjálfseignarstofnunar og húsnæðissamvinnufélags. Tenging afskrifta við uppgjör á vanskilum og greiðslum og endurskipulagningu á fjármálum skuldara getur verið greiðsluhvetjandi. Með lögfestingu á slíkri heimild er því í raun verið að tryggja hagsmuni Íbúðalánasjóðs eins og

kostur er við slíkar aðstæður. Með slíkri niðurfellingu og skuldaskilum má líta svo á að hagsmunir Íbúðalánasjóðs séu betur tryggðir.

Það er ljóst að ekki er gert ráð fyrir að þessari heimild verði beitt nema í undantekningartilvikum en nauðsynlegt þykir að setja nokkuð ströng skilyrði fyrir afskriftum, enda slíkt til samræmis við aðrar afskriftaheimildir Íbúðalánasjóðs skv. 47. gr. laganna.

Herra forseti. Ég legg til að frv. þessu verði vísað til hv. félmn. til athugunar.

[15:18]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hæstv. félmrh. hefur mælt hér fyrir frv. um breytingu á lögum um húsnæðismál. Það gengur fyrst og fremst út á að opna fyrir að félag eða félagasamtök geti fengið niðurfellingu á hluta af skuldum við sjóðinn.

Þetta frv. er eitt af þeim málum sem hafa verið kynnt í hv. félmn. Hér er verið að stoppa í þau göt sem hafa komið í ljós á lögunum. Það beinir athyglinni að því að þegar um mjög stór lagafrumvörp er að ræða, eins og um Íbúðalánasjóð, og við getum líka tekið barnaverndarmál, barnalög o.s.frv., væri kannski æskilegt að gera ráð fyrir endurskoðun á lögunum eftir tvö til þrjú ár til að sjá úr hverju þarf að bæta þegar á lögin reynir.

Ég hef ekki miklar athugasemdir við frv. Aðalatriðið er að fyrirbyggja að upp komi miklir vankantar. Það er kannski enn brýnna núna þar sem ýmis fyrirtæki eru farin að byggja leiguíbúðir og því mikilvægt að tryggja að fjárhagsáætlanir og annað sem lán er tekið út á hjá sjóðnum standist, þannig að það þurfi ekki að koma til þessa.

Við þekkjum líka, eins og hæstv. félmrh. nefndi, vandræði vegna námsmannaíbúða. Það er hins vegar afar brýnt að bygging þeirra haldi áfram af enn meiri krafti en hingað til. Það þarf að huga að því hvernig hægt er að tryggja að slíkt geti haldið áfram.

Hér er ekki verið að opna fyrir neina krana. Það er talsvert mikið af fyrirvörum og nauðsynlegt fyrir stjórn Íbúðalánasjóðs að leita umsagna vegna þessara mála. Þetta er í raun algjörlega sambærilegt við sveitarfélögin þegar þau þurfa að leita eftir sínum niðurfellingum. Þannig verður svipað á komið með þessum tveimur aðilum. Þetta verður rætt í hv. félmn. og að sjálfsögðu verður leitað umsagna um málið. Við munum þá eflaust skoða hvernig málið hefur gengið fyrir sig frá upphafi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðminjalög, 1. umr.

Stjfrv., 382. mál (verkaskipting, minjaverðir o.fl.). — Þskj. 435.

[15:21]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á þjóðminjalögum, nr. 107/2001.

Eftir að þjóðminjalög tóku gildi á síðasta ári hefur í framkvæmd komið í ljós þörf á því að gera nokkrar breytingar á lögunum.

Í fyrsta lagi er mikilvægt að skerpa betur á verkaskiptingu milli Þjóðminjasafns Íslands og Fornleifaverndar ríkisins en gert er í gildandi lögum. Fornleifavernd ríkisins er fyrst og fremst stjórnsýslustofnun sem veitir leyfi og hefur eftirlit með fornleifarannsóknum, en Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði minjavörslu í landinu. Mikilvægt er að skilin milli þessara stofnana séu skýr og er breytingum þeim sem lagðar eru til í 3. og 10.–14. gr. frv. ætlað að tryggja það betur en nú er.

Í öðru lagi hefur komið fram óánægja á landsbyggðinni með stöðu minjavarða samkvæmt gildandi lögum. Bent hefur verið á að hlutverk þeirra sé óljóst og að starfssvið þeirra hafi þrengst til muna frá því sem áður var. Áður höfðu minjaverðir eftirlit með gömlum húsum fyrir Þjóðminjasafnið og húsafriðunarnefnd og ráðgjöf fyrir byggðasöfnin, m.a. um varðveislu nýfundinna forngripa o.fl., auk þess að hafa eftirlit með fornminjum. Til að auka hlutverk og breikka starfssvið minjavarða á landsbyggðinni er lagt til í 4. gr. frv. þessa að þeir heyri undir Þjóðminjasafn Íslands þar sem starfsemi safnsins er mun víðtækari en annarra stofnana þjóðminjavörslunnar, sem eru Fornleifavernd ríkisins og húsafriðunarnefnd ríkisins. Lagt er til að sérstaklega verði kveðið á um að minjaverðir skuli sinna verkefnum er varða þjóðminjavörsluna í heild, þar með talið fornminjum og húsafriðun. Um störf þeirra verði fjallað nánar í reglugerð sem ætlað er að taka mið af fjölþættu hlutverki þeirra.

Í þriðja lagi er lagt til að ákvæði um neyðarrannsóknir verði gert skýrara en er samkvæmt gildandi lögum, en þar er ekki að finna skilgreiningu á neyðarrannsóknum. Í 7. gr. frv., sem breytir 13. gr. gildandi laga, er sérstaklega tekið fram að rannsóknir samkvæmt ákvæðinu séu neyðarrannsóknir. Með breytingunni er gerður skýr greinarmunur á slíkum rannsóknum sem varða óskráðar og óþekktar fornminjar og þeim fornleifarannsóknum sem fjallað er um í 14. gr. laganna og varða skráðar og þekktar fornminjar. Þegar óskráðar og óþekktar fornminjar finnast, hvort heldur er vegna framkvæmda eða af öðrum ástæðum, er samkvæmt 7. gr. frv. lagt til að Fornleifavernd rannsaki fundinn og að kostnaður af því verði borinn af stofnuninni. Annað gildir þegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar og vitað er um fornminjar á viðkomandi stað í fornleifaskrám eða öðru rituðu efni. Þá ber framkvæmdaraðili kostnað af þeim eins og kveðið er á um í 14. gr. laganna.

Eins og fram kemur í athugasemdum frv. við 7. gr. er mikilvægt að í reglugerð verði sett nánari ákvæði um samráð við menntmrn. um umfang neyðarrannsókna, einkum þegar fornminjar finnast á stöðum þar sem engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

Í fjórða lagi er lögð til breyting á 12. gr. gildandi laga, í 6. gr. frv., þannig að samráð verði haft við Umhverfisstofnun, sem áður var Náttúruvernd ríkisins, þegar fornleifar liggja undir skemmdum en þó einungis í þeim tilvikum þegar um er að ræða bæði fornminjar og náttúruminjar.

Að lokum eru lagðar til orðalagsbreytingar á gildandi lögum í 1., 2., 5., 8. og 9. gr. frv. sem ég tel að skýri sig sjálfar og um er fjallað í athugasemdum við viðkomandi greinar. Tel ég ekki ástæðu til að fjalla um þær sérstaklega en vísa til athugasemdanna í frv. sjálfu.

Herra forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. menntmn. og 2. umr.

[15:25]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því að fram sé komið frv. sem tekur á þeim atriðum sem þetta frv. gerir. Það er ekki langt síðan Alþingi Íslendinga endurskoðaði þjóðminjalögin í heild sinni. Það var veturinn 2000–2001 að menntmn. varði miklum tíma í að vinna við þá nýju löggjöf. Eins og þingmenn muna eflaust var frv. sem lagt var fyrir Alþingi þess eðlis að gert var ráð fyrir því að Þjóðminjasafnið hefði áfram yfirumsjón með fornleifum, eins og hafði verið fram að þeim tíma. En í meðförum nefndarinnar urðu þau tíðindi að ákveðið var að stokka upp málaflokkinn og búa til Fornleifavernd ríkisins. Á lokaspretti þeirrar afgreiðslu verður að viðurkenna að okkur skrikaði fótur.

Ég tel að nefndin hafi unnið þetta mál afar vandvirknislega og farið mjög vel í saumana á því. Ég vil meina að þessi aðgerð hafi verið gerð að mjög yfirveguðu ráði en engu að síður urðu þarna, eins og kemur fram í þessu frv., nokkrir lapsusar undir lokin, enda kannski ekki við öðru að búast þegar um stórmál á borð við þetta var að ræða. Ég fagna því að hér skuli leiðrétt það sem fór úrskeiðis í þeirri afgreiðslu. Sérstaklega vil ég nefna meðferð kirkjugripa í því sambandi. Það var auðvitað bara vitleysa hjá okkur í menntmn. á þeim tíma að setja kirkjugripi undir Fornleifavernd ríkisins. Ég sé því ekki betur en að verið sé að taka til í þessum lagabálki, sem er flókinn og viðamikill. Eftir stuttan yfirlestur á þessu frv. sé ég ekki að hér þurfi að gera miklar athugasemdir.

Þó langar mig til að segja, kannski sérstaklega vegna þess að nú eru þingmenn í önnum við fjárlagaafgreiðslu, að það er auðvitað sorglegt að Fornleifavernd ríkisins skyldi stofnuð á þann hátt sem gert var, þ.e. fjárhagslega. Hún var nánast skorin innan úr Þjóðminjasafninu með því að flytja til örfá stöðugildi, tvö eða þrjú stöðugildi úr Þjóðminajsafninu og setja þau undir hatt Fornleifaverndar ríkisins.

Við sem hér störfum verðum auðvitað að gera okkur grein fyrir því að stofnun á borð við Fornleifavernd ríkisins, sem á að hafa það mikilvæga hlutverk sem hún hefur, verður auðvitað að fá þá fjármuni og svigrúm sem eðlilegt getur talist til þess að geta starfað af metnaði og reisn. Auðvitað á það sama við Þjóðminjasafn Íslands. Maður fær alltaf pínulítinn kinnroða þegar sú eðla stofnun er nefnd í þessum sal. Það er auðvitað þyngra en tárum taki að við skulum ekki hafa átt þess kost að fara í Þjóðminjasafnið og skoða þá muni sem þar eru varðveittir síðustu fimm ár, eða hvað þau eru orðin mörg frá því að húsinu var lokað vegna viðgerða.

Ég vil brýna alþingismenn, nú meðan fjárlagaumræðan er í gangi, að taka málefni Þjóðminjasafnsins og Fornleifaverndar ríkisins upp á sína arma og sjá til að þannig verði staðið að málum að þessar stofnanir geti starfað af þeirri reisn sem þeim ber, sem ég er sannfærð um að þjóðþingið ætlar þeim og hefur alla tíð ætlað þeim.

Varðandi frv. sem hér er ítreka ég einungis að það er gott að það skuli komið fram. Ég held að það geri þá lagabálka sem hér um ræðir betri en okkur tókst að afgreiða frá menntmn. á sínum tíma. Ég lýsi því yfir að ég mun fylgja þessu máli eftir af áhuga í menntmn.

[15:30]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði í ræðu sinni að lítils háttar mistök urðu á við vinnslu þessa máls sem að öðru leyti tók mikinn tíma og kostaði mikla yfirlegu í menntmn. á sínum tíma. Þar var unnið í málinu af mikilli eljusemi en um er að ræða flókið og yfirgripsmikið mál. Í því tilefni sem hér um ræðir, þ.e. frv. sem liggur fyrir, er verið að sníða af nokkra vankanta sem komið hafa í ljós á málinu og það er gott að vita til þess að hér í sölum Alþingis ríkir skilningur á því að það hafi verið nauðsynlegt.

Ég vil einnig taka fram að hlutverk fornleifanefndar ríkisins breytist með þessu og þar af leiðandi mun sú fjárþörf sem stofnunin fann fyrir breytast að sama skapi.

Ég vil að lokum taka fram að verið er að vinna að miklu endurnýjunarstarfi fyrir Þjóðminjasafnið. Það var orðið löngu tímabært. Það er hins vegar mjög kostnaðarsöm og viðamikil aðgerð. Við sjáum nú fyrir endann á þeirri aðgerð til allrar lukku og full ástæða er til að hlakka til þess þegar Þjóðminjasafnið verður opnað á ný.

[15:32]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil einungis fagna því sem hæstv. ráðherra segir að nú sjái fyrir endann á endurbyggingarmálum eða viðhaldsmálum Þjóðminjasafnsins og lýsi mig fullkomlega reiðubúna til þess að taka þátt í þeim lokahnykk sem þarf til að setja á það mál. Ég verð að lýsa því yfir að ég hlakka mikið til að fá að heyra það úr munni hæstv. ráðherra hvenær Þjóðminjasafnið verður opnað.

[15:32]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ástæða er til að fagna því að þetta frv. hefur verið lagt fram. Ég tek undir þau orð og fullyrði að menntmn. mun að sjálfsögðu hraða mjög störfum við að koma frv. í gegnum þingið því þetta eru ákveðnar lagfæringar á þeirri vinnu sem fram fór hér árið 2001 þegar allir þessir miklu bálkar voru til meðferðar og ákveðnir gallar hafa komið fram á. Hér er augljóslega verið að taka á þeim og ég held að nefndin þurfi ekki mjög langan tíma til að fara yfir málið.

Hins vegar vakti það athygli mína þegar hæstv. ráðherra var í andsvari áðan að hann tiltók, sem rétt er auðvitað, að nú fari fram mikið endurnýjunarstarf í Þjóðminjasafninu og vissulega var tími til þess kominn, og jafnframt sagði hæstv. ráðherra að nú sæjum við fyrir endann á þeim framkvæmdum. Því er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. ráðherra hvort búið sé að gera nýja áætlun um það hvenær Þjóðminjasafnið verði opnað. Gerðar hafa verið nokkrar áætlanir og jafnvel verið nefndar nokkrar dagsetningar. Ég held ég muni það rétt að í skýringartexta við fjárlög ársins í ár hafi verið gert ráð fyrir að Þjóðminjasafnið yrði opnað árið 2002.

Ég tel því óhjákvæmilegt við þessar aðstæður að spyrja hæstv. menntmrh. hvort fyrir liggi nýjar áætlanir og hvenær áætlað sé að Þjóðminjasafnið opni.

[15:34]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ljóst er að það sér fyrir endann á byggingarframkvæmdum við Þjóðminjasafnið. Síðan þarf að koma þar upp sýningu og sýningaraðstöðu og mér sýnist líklegt að við getum farið að eygja þann möguleika, án þess að ég vilji fullyrða um það, að við gætum hugsanlega opnað safnið á árinu 2004. Þetta er ég þó ekki að fullyrða því það fer eftir fjárveitingum en ég bind vonir við að það verði hægt og við sjáum síðan hvað setur.

[15:35]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er augljóst að hæstv. menntmrh. vill ekki fullyrða of mikið, enda hafa ýmsir brennt sig á því áður

að fullyrða meira en hægt var að standa við varðandi opnun Þjóðminjasafnsins. En vegna þeirra varfærnislegu orða sem hæstv. ráðherra hafði um væntanlega opnun Þjóðminjasafnsins og nefnir árið 2004 sem er nú býsna langt í, ég tala nú ekki um ef við lítum á þann tíma sem búinn er að fara í allar þessar framkvæmdir, þá er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. ráðherra hvort fyrir liggi framkvæmda- og fjárhagsáætlanir um þetta verk, þannig að hugsanlega verði hægt að taka þetta upp áður en við afgreiðum fjárlög fyrir árið 2003 svo hægt verði a.m.k. að leggja drög að því að staðið verði við þau varfærnislegu orð hæstv. ráðherra um að Þjóðminjasafnið verði opnað árið 2004.

[15:36]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því hér eiga í hlut tveir virtir þingmenn sem eru kunnir fyrir íslenskukunnáttu sína báðir tveir, þá vil ég leggja áherslu á það sem ég sagði að ég bind vonir við að hægt verði að opna Þjóðminjasafnið á árinu 2004, annað sagði ég ekki. Þar sem hv. þm. er talaði hér síðast á sjálfur sæti í fjárln., þá gerir hann sér grein fyrir því að þar eru útgjöldin ákveðin. Og þar sem fyrir liggur annars vegar að ljúka byggingarframkvæmdum, setja upp sýningaraðstöðu og síðan að hanna sýninguna og það er ýmsum fjármögnunarmöguleikum háð fleirum en fjárlögum á Alþingi því safnið á sér styrktaraðila og sækir fé til þeirra til að setja upp sýningar, *þá vil ég ekki gefa neinar yfirlýsingar aðrar en þær* sem hér hafa komið fram. Við þær yfirlýsingar verður hv. þm. að una og ég veit, af því hann vinnur í fjárln., að hann skilur hversu varfærnislegt orðalagið er.

[15:37]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég endurtek að hæstv. ráðherra er mjög varfærnislegur í yfirlýsingum sínum og ég skil það mætavel að af ýmsum ástæðum er eðlilegt að svo sé.

Ég vil aðeins nota seinna andsvar mitt til þess að hvetja hæstv. ráðherra til að nýta aðstöðu sína til að reyna að undirbúa þetta mál sem allra best þannig að möguleiki verði á að fjárln. geti skoðað málin nú fyrir lokagerð fjárlaga, vegna þess að ekki er mikill tími til stefnu ef reyna á að verða við, eigum við að segja þeirri ósk eða von hæstv. ráðherra að safnið geti opnað 2004, því við erum þá auðvitað að tala um að megintíminn sem fer í þá vinnu hlýtur að vera árið 2003. Við þurfum þess vegna að geta markað stefnuna raunverulega við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2003.

Ég vil því nota tækifærið og hvetja hæstv. ráðherra til að hotta vel á sitt fólk þannig að sem allra gleggstar upplýsingar liggi fyrir áður en við afgreiðum fjárlög. Þá á ég ekki síst við að allar fjárhagsáætlanir liggi fyrir og einnig áætlanir um það hvernig menn ætla sér að skipta þeim kostnaði sem hlýst við að láta þennan draum svo margra rætast sem allra fyrst.

[15:39]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem orðið hafa um frv. og í ljósi þeirra umræðna geri ég mér vonir um að það muni eiga að greiða leið í gegnum hæstv. menntmn. Ég held að öll efni standi til þess og mér heyrist viðbrögðin hafa verið í þeim dúr.

[15:39]

Útbýting þingskjala:

Breytt hlutföll aldurshópa eftir árið 2010, 397. mál, þáltill. ÍGP o.fl., þskj. 470.

Erfðafjárskattur, 398. mál, frv. GunnB o.fl., þskj. 471.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 15:40.

---

37. FUNDUR

miðvikudaginn 27. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 2002, stjfrv., 66. mál, þskj. 66, nál. 449, 466 og 467, brtt. 450. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Húsnæðismál, stjfrv., 370. mál, þskj. 416. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Þjóðminjalög, stjfrv., 382. mál, þskj. 435. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Fjárlög 2003, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 464, 473 og 474, brtt. 465. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

[10:30]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2003, 1. mál, nál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 473; nál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 474.

Verðmæti íbúðarhúsnæðis árin 1991 og 2000, 261. mál, svar félmrh., þskj. 472.

Tilhögun þingfundar.

[10:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Þess er að geta að samkomulag er um það milli forseta og formanna þingflokka að þingflokksfundir verði með styttra móti í dag, standi frá kl. hálffimm til hálfsex, eða í klukkustund. Stefnt er að því að ljúka 2. umr. um fjárlög á þessum þingdegi svo að til kvöldfundar getur komið. Ekki er þó gert ráð fyrir kvöldverðarhléi á fundinum. Atkvæðagreiðsla um fjárlög er fyrirhuguð á morgun kl. tvö.

Atkvæðagreiðslur verða á þessum fundi kl. hálftvö, að loknu hádegishléi, um 1.–3. dagskrármál, þar á meðal um fjáraukalög. Jafnframt verður að minna þingmenn á að atkvæðagreiðslur geta orðið síðdegis um afbrigði svo sem títt er við fjárlagaafgreiðslu.

Fjárlög 2003, 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 464, 473 og 474, brtt. 465. [10:32]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Það sem einkum mótar þróun efnahagsmála á þessu ári er jöfn og ör þróun í átt til jafnvægis í hagkerfinu. Til marks um það er þróun verðlags og utanríkisviðskipta. Verðbólga er nú komin niður á viðunandi stig og horfur um verðlagsþróun á næstu missirum eru hagstæðar. Allar líkur eru á að verðbólgumarkmið Seðlabankans náist og verðbólga verði um eða við markmiðin. Síðustu tólf mánuði hækkaði vísitala neysluverðs um 2,4% og vísitala neysluverðs án húsnæðis um 1,7%. Til samanburðar er verðbólgumarkmið Seðlabankans 2,5% eins og kunnugt er. Viðskiptahallinn er einnig á hröðu undanhaldi og reyndar stefnir í að jafnvægi náist í viðskiptum við útlönd á þessu ári. Þróun útflutnings og innflutnings það sem af er árs bendir til að þetta verði raunin og þeir sem gefa sig út fyrir að spá um efnahagsmál eru á einu máli um hvernig horfir í þessu efni.

Þetta er auðvitað mikill árangur á skömmum tíma og lýsir í raun einu áberandi einkenni á íslenskum þjóðarbúskap. Hér er ég að vísa til þess að viðbragðssnerpa í hagkerfinu og hjá þjóðinni er gríðarlega mikil. Reynslan sýnir að Íslendingar eru fljótir að laga sig að nýjum aðstæðum, fljótir að koma sér út úr vandræðum þegar á reynir. Í þessu sambandi nægir að bera saman þann litla og þann stóra í samfélagi þjóða sem náð hafa langt á efnahagssviðinu. Þegar til að mynda er litið til meginþátta hefur hagsveiflan í Bandaríkjunum og á Íslandi verið svipuð. Bæði ríkin bjuggu við mikinn uppgang fram til ársins 2000 og í framhaldi fór hagvöxturinn niður undir núll í báðum ríkjunum, fyrst í Bandaríkjunum árið 2001 og síðan á Íslandi árið 2002. Reiknað er með að hagvöxturinn glæðist í Bandaríkjunum á þessu ári og á Íslandi á því næsta svona í nokkuð svipuðum takti.

En hver er munurinn? Í Bandaríkjunum er enn við mikil misvægisvandamál að etja sem birtast m.a. í halla á viðskiptum við önnur lönd og halla á ríkissjóði. Spáð er yfir 5% viðskiptahalla á árinu 2003 og hreinni lánsfjárþörf hins opinbera sem svarar til 3% af landsframleiðslu. Fyrir vikið ríkir óvissa í hagkerfinu sem heldur aftur af batanum m.a. vegna þess að gengi dollarans gæti fallið í ljósi viðskiptahallans. Til samanburðar er, eins og áður sagði, jafnvægi í utanríkisviðskiptum hér á landi og afkoma ríkissjóðs er einnig í jafnvægi. Þetta sýnir að við erum komin mun lengra, komin með fastara land undir fætur í þessari hagsveiflu en Bandaríkjamenn þótt lægðin hafi byrjað ári eða svo seinna hér á landi eins og ég gat um áðan. Flestir telja leiðina fram undan tiltölulega greiða á Íslandi en að brekka geti verið fram undan í Bandaríkjunum.

Af þessum ástæðum stöndum við betur um þessar mundir en flestar þjóðir sem við berum okkur saman við. Tiltrúin á efnahagslífið er meiri, einfaldlega vegna þess að erfiðasti hjallinn er talinn vera að baki og það stafar af því að misvægið í hagkerfinu er ekki lengur til staðar. Þessu til stuðnings má til að mynda benda á þróun hlutabréfaverðs. Hér á landi hefur hlutabréfaverð hækkað um 12% frá áramótum en hins vegar hefur það lækkað um 20–40% í flestum öðrum efnuðum ríkjum. Í þessari þróun birtist mat almennra fjárfesta á horfunum með skýrum og einföldum hætti. Þótt hér hafi verið litið til Bandaríkjanna um samanburð má segja svipaða sögu með því að horfa til Evrópu. Reyndar hefur sveiflan þar ekki verið jafnmikil. Ekki ganga hlutirnir hraðar fyrir sig þar á bæ.

Þessum mismun milli eiginleika íslenska hagkerfisins og nálægra hagkerfa hefur stundum verið lýst með myndrænum hætti með því að bera saman hraðbát og stórt flutningaskip. Hraðbáturinn getur tekið snöggar beygjur og farið hratt og hægt og eftir aðstæðum hverju sinni. Flutningaskipið er eðli málsins samkvæmt miklu svifaseinna. Hraðbáturinn og flutningaskipið hafa vissulega hvort um sig sína styrkleika og veikleika. En það er sannleikskorn í þessum samanburði og við eigum auðvitað að nýta okkur sem best kosti snerpunnar. Þannig náum við mestum árangri í samkeppni við aðrar þjóðir.

Þegar á allt er litið hefur náðst nokkuð gott jafnvægi í efnahagslífinu. Enginn vafi er á því að aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum og peningamálum lék mikilvægt hlutverk á þessari leið efnahagslífsins til betra jafnvægis. Gengisfall krónunnar og tímabundin verðbólga léku hér jafnframt veigamikil hlutverk. Viðbrögð almennings og fyrirtækja hafa einnig verið undraskjót. Til marks um það er mikill samdráttur í einkaneyslu og fjárfestingu. Við bætist að ytri aðstæður hafa verið hagfelldar bæði að því er tekur til útflutnings og viðskiptakjara. Þetta hefur gert aðlögunina í þjóðarbúskapnum auðveldari en oft áður þegar niðursveifla hefur átt sér stað.

Samhliða þessari öflugu jafnvægisleitni í þjóðarbúskapnum á þessu ári hafa stýrivextir Seðlabankans farið lækkandi og jafnframt hefur bankinn nýlega greint frá því að hann telji forsendur til frekari lækkana þegar lengra kemur fram á þetta ár eða hið næsta. Á nokkrum mánuðum hafa stýrivextir lækkað um 2,2% og eru nú 6,3%. Aðrir vextir hafa einnig farið lækkandi, bæði verðtryggðir og óverðtryggðir vextir. Jafnframt hefur dregið úr vexti útlána lánakerfisins. Ekki kæmi mér á óvart að frekari skref yrðu fljótlega stigin til frekari vaxtalækkana í ljósi atvinnuþróunar að undanförnu og hagstæðrar verðlagsþróunar.

Hér ber því allt að sama brunni. Betra jafnvægi hefur verið að komast á í peningamálum. Að öllu athuguðu hefur því vel tekist til við stjórn peningamála á árinu. Taumhaldið hefur slaknað eftir því sem spennan í efnahagslífinu hefur minnkað. Þetta hefur gerst án þess að teflt væri á tvær hættur um verðbólgu og án þess að aukið væri á óhjákvæmilegan samdrátt í þjóðarútgjöldum.

Ríkisfjármálin hafa lagst á sömu sveif og þróun þeirra því stuðlað að mjúkri lendingu í efnahagslífinu. Í ljósi erfiðra aðstæðna hefur heldur slaknað á afkomu ríkissjóðs. En hún er þó vel viðunandi á árinu. Meiri hluti fjárlaganefndar gerir tillögur um 4,3 milljarða viðbótarútgjöld á þessu ári og rennur ríflega helmingur þessarar fjárhæðar til heilbrigðismála svo sem kunnugt er. Það er vissulega umhugsunarefni hvernig útgjöldin hafa ávallt tilhneigingu til að fara fram úr áætlunum. Einnig er umhugsunarefni hversu mikið af verðmætasköpun þjóðarinnar fer til opinberra útgjalda. Í þessum efnum þurfum við stöðugt að vera á varðbergi. Þegar framvinda ríkisfjármála á líðandi ári er hins vegar metin út frá hagstjórnarsjónarmiðum verður vart komist að annarri niðurstöðu en að hún hafi verið í eðlilegu samhengi við hagsveifluna. Af þessu má sjá að vel hefur tekist til við stjórn ríkisfjármála og peningamála að undanförnu.

Enginn vafi leikur á því að umrædd viðbrögð í þjóðarbúskapnum hafa búið í haginn fyrir nýtt hagvaxtarskeið hér á landi. Nýleg spá OECD frá því í síðustu viku gerir ráð fyrir

núllvexti hér á þessu ári og 1,7% hagvexti á komandi ári. Þessi spá er nánast samhljóða spám innlendra aðila, þeirra aðila sem spá út frá sínum eigin forsendum og hafa komið fram á mismunandi tímum frá því í september. Spár þeirra hafa verið mjög keimlíkar. Í framhaldi spáir OECD 3,7% hagvexti á árinu 2004 sem er einnig svipað og sjá má í spám annarra aðila ef gefin er sú forsenda að ráðist verði í nýjar álframkvæmdir eins og OECD gerir. Annars yrði hagvöxturinn sennilega á bilinu 2–3% á því ári. Hagvaxtarspámenn virðast vera sammála um þessa megindrætti. Miðað við þetta verður hægfara bati í efnahagslífinu á næsta ári þar til fullum bata verður náð undir lok árs eða í byrjun ársins 2004. Eðlilegt er að hagvöxtur sé að jafnaði ekki minni en 3% á ári því það er sá hagvöxtur sem tryggir stöðu Íslands í samanburði við önnur lönd að því er lífskjör varðar. Að þessu hagvaxtarmarkmiði verður því að stefna.

Erfitt er að henda reiður á horfum fyrir næsta ár. Auk hefðbundinna óvissuþátta svo sem varðandi fiskafla, viðskiptakjör og þróun efnahagsmála á alþjóðavettvangi, er sú óvenjulega staða að á næstu vikum verður að taka ákvarðanir um stórfelldar fjárfestingar í áliðnaði. Ef ráðist verður í umdeildar og umræddar fjárfestingar gjörbreytist útlitið í þjóðarbúskapnum. Án þessara fjárfestinga eru horfurnar fremur sviplitlar, hægfara bati með von um að á tveimur árum nái hagvöxturinn 3% og þeim markmiðum í hagvexti sem lýst var hér á undan. Þessi framtíðarmynd fæli í sér að ríkisfjármálin og peningamálin þyrftu að styðja við efnahagsstarfssemina til að koma í veg fyrir framleiðslusamdrátt og atvinnuleysi. Með álframkvæmdum yrði hagstjórnarviðfangsefnið hins vegar að koma í veg fyrir þenslu og verðbólgu. Fyrir vikið þyrfti að gæta mikils aðhalds í ríkisfjármálum og peningamálum.

Til þessa hafa stjórnvöld réttilega valið þá leið að byggja hagstjórnarstefnuna á horfum án þess að reikna með umræddum framkvæmdum enda liggja ekki fyrir endanlegar ákvarðanir í þeim efnum. Reynslan sýnir að ekki er skynsamlegt að taka slíkar framkvæmdir með í reikninginn fyrr en lokaákvörðun hefur verið tekin og nákvæmar tímasetningar liggja fyrir. Hér að baki liggur að hætt er við framleiðslutapi og atvinnuleysi ef fylgt er of aðhaldssamri stefnu og síðan yrði framkvæmdum slegið á frest eða jafnvel alveg hætt við þær. Fyrir vikið hefur peningastefnan og ríkisfjármálastefnan ekki enn tekið mið af þeim álframkvæmdum sem eru í deiglunni.

Eins og gefur að skilja veldur þetta vanda við mótun efnahagsstefnunnar fyrir næsta ár. Ef af framkvæmdum verður geta allar forsendur breyst. Þessi vandi er að mörgu leyti flóknari fyrir ríkisfjármálin því peningayfirvöld hafa svigrúm til að bregðast skjótt við nýjum aðstæðum eins og Seðlabankinn bendir á í yfirliti sínu um peningamál frá því í byrjun nóvember. Ákvarðanir í ríkisfjármálum verða hins vegar ekki teknar með sama hætti. Þeim eru settar þrengri skorður í tíma og rúmi. Engu að síður er fjárlagafrumvarpið byggt á sömu forsendum um þjóðhagshorfur og af sömu ástæðum og peningastefnan. Of mikið aðhald gæti skaðað framleiðslustarfsemina og aukið atvinnuleysi umfram það sem annars yrði. Það væri alvarlegt mál að stefna stöðunni á vinnumarkaði í tvísýnu við núverandi aðstæður þegar atvinnuástand er brothættara en það hefur verið um langt bil.

Af þessum ástæðum tel ég nægjanlegt að það verði nokkurn veginn jafnvægi í ríkisfjármálum á komandi ári. Samkvæmt tillögum meiri hluta fjárlaganefndar aukast útgjöldin frá frumvarpi um 4,3 milljarða króna. Við bætast 1,8 milljarðar vegna nýlegs samkomulags um að bæta kjör aldraða. Ljóst er að þessar ráðstafanir taka dágóðan hluta af afganginum sem lagt var upp með í fjárlagafrumvarpinu, þótt reyndar sé ekki búið að endurskoða tekjuhlið frumvarpsins og því nákvæm afkomutala ekki ljós að svo stöddu. Að öllu samanlögðu stefnir þó í að afkoman verði í járnum ef ekki verður gripið til sérstakra ráðstafana til að auka tekjurnar.

Eins og horfurnar eru nú metnar bendir ekkert til annars en að jafnvægi verði í niðurstöðu í ríkisfjármálum og jafnvægi verði milli tekna og gjalda. Slík niðurstaða hefur heldur ekki áhrif til hins verra fyrir þróun peningamála. Þvert á móti má ætla að ef fyrirhugaðar álframkvæmdir frestast af einhverjum óvæntum ástæðum verði nauðsynlegt að grípa til frekari ráðstafana til að auka umsvif í þjóðarbúskapnum. Við slíkar aðstæður tel ég næsta víst að óhjákvæmilegt verði að lækka stýrivexti hér á landi verulega eins og reyndar má segja að felist í umfjöllun Seðlabankans í áðurnefndu peningayfirliti frá því í þessum mánuði og jafnvel grípa til örvandi aðgerða á sviði ríkisfjármála þótt slíkt geti valdið halla hjá ríkissjóði. Ef hvorki er hætta á verðbólgu né alvarlegum viðskiptahalla er sjálfgefið að beita þarf ríkisfjármálunum eftir því sem við verður komið til að tryggja viðunandi ástand á vinnumarkaði.

Þetta geri ég hér að umtalsefni vegna þess að atvinnuástand hefur versnað verulega að undanförnu og ástæða er til að fylgjast grannt með þróuninni á því sviði. Fátt er einstaklingum og fjölskyldum mikilvægara en að hafa atvinnu. Þegar atvinna minnkar getur myndast vítahringur vegna samspils skulda, neyslu og afkomu fyrirtækja. Atvinnuleysi er nú nær tvöfalt meira en á sama tíma í fyrra og að óbreyttu stefnir í vaxandi atvinnuleysi á næstu mánuðum. Áhersla hagstjórnar á því að mínu viti að liggja þeim megin, þ.e. að koma í veg fyrir atvinnuleysi fremur en að einblína einhliða á hættuna á verðbólgu. Líkur á því að verðbólgan færist í aukana eins og nú stendur eru ekki miklar. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir þessari grundvallarbreytingu sem hefur orðið á stöðu og horfum í efnahagslífinu.

Eins og þessar vangaveltur bera með sér ríkir allnokkur óvissa um margar veigamiklar forsendur fjárlagafrumvarpsins, þótt að öllu samanlögðu megi telja að horfurnar séu hagfelldar og mörg tækifæri til að sækja fram. Á þeim grundvelli byggir fjárlagafrumvarpið. Engu að síður er ljóst að fram undan er varnarbarátta ef virkjunar- og álframkvæmdir hefjast ekki í samræmi við áform á næsta ári. Við slíkar aðstæður má vera að huga þurfi að frekari slaka í ríkisfjármálum en frumvarpið gerir nú ráð fyrir, einkum ef atvinnuástand heldur áfram að versna. Eins getur verið nauðsynlegt að herða aðhald ef stórframkvæmdir fara af stað af miklum krafti til að koma í veg fyrir að vextir hækki óhóflega mikið.

Virðulegi forseti. Erindi sem berast til fjárlaganefndar eru gríðarlega mörg og ástæða væri til að fara nokkrum orðum um þau en slíkt er að sjálfsögðu ómögulegt í þingræðu. Þó vil ég gera nokkur atriði að umræðuefni hér við þetta tækifæri og enn fremur fara nokkrum orðum um vinnubrögð nefndarinnar.

Stærsti hluti í afgreiðslum nefndarinnar eru erindi frá einstökum ráðuneytum og eru þau unnin í nánu samstarfi við þau og þá ekki síst fjármálaráðuneytið. Minni hluti afgreiðslna hvað varðar fjárhæðir en ekki endilega fjölda varðar umsóknir og erindi frá félagasamtökum, félögum, sveitarstjórnum og fleirum. Þar er um að ræða mörg góð

framfaramál sem vitna um þann mikla áhuga sem er meðal landsmanna á margvíslegum framfaramálum. Um þau má segja almennt að verst er að geta ekki orðið við flestum þessara beiðna um stuðning og er nefndinni þar sannarlega nokkur vandi á höndum.

Meðal málaflokka sem nefndin hefur reynt að leggja áherslu á eru menningartengd ferðaþjónusta, sögu- og minjasöfn, skógræktarverkefni, fjarvinnsla og fjarnám, menningarverkefni, líknarstarf og barátta við fíkniefnavandann.

Sem dæmi um það síðastnefnda vil ég nefna að fjárlaganefnd vill bregðast við þeirri staðreynd að nú er alllangur biðlisti á meðferðarheimilum fyrir fíkniefnaneytendur. Allnokkur hópur fólks 18 ára og eldri, svo sérstaklega sé horft til þeirra, er á vergangi og dregur fram lífið á götum og í skúmaskotum og fjármagnar neyslu sína með innbrotum, vændi og öðrum slíkum aðferðum. Undir umsjá félagsmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis er unnið umfangsmikið starf til þess að bregðast við þeim vanda. Fjárlaganefndin vill þar að auki styðja þetta starf sérstaklega og hefur því lagt til að stutt verði við bakið á nokkrum meðferðarheimilum. Væri vert að telja þau upp en ég vil sérstaklega nefna sem dæmi að Krýsuvíkursamtökin fá nú 15 millj. kr. til þess að taka til sín 8–10 manns eldri en 18 ára. Fjárveitingarnar eru tvískiptar, annars vegar 7,5 milljónir á fjáraukalögum og hins vegar 7,5 milljónir á fjárlögum til næsta árs. Fleiri slík dæmi mætti nefna.

En um leið og við verðum að reyna að koma þeim til hjálpar sem hrasað hafa þurfum við að leggja enn meiri áherslu á að efla fjölþætt æskulýðsstarf og sér þess vel merki í fjárlagatillögum varðandi íþróttahreyfingu, æskulýðssamtök og félagsstarf fyrir ungt fólk. Reynsla og rannsóknir sína að heilbrigð og fjölþætt tækifæri sem bjóðast börnum og unglingum er ein besta forvörnin gegn vágesti vímuefna að ógleymdum traustum heimilum landsins.

Almenningur á Íslandi leggur fram óhemjumikið sjálfboðastarf og sjálfsaflafé til þjóðþrifamála svo sem líknarmála, menningarmála og annarrar uppbyggingar sem leiðir til góðs samfélags. Ég er sannfærður um að hver króna sem ríkissjóður leggur til slíkra áhugamannasamtaka margfaldast í höndum félagasamtakanna því að þau leggja þar margar krónur og góð handtök á móti hverri krónu ríkisvaldsins.

Á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu og safnamála er nefndinni nokkur vandi á höndum og tel ég bráðnauðsynlegt að fjárlaganefnd endurskoði vinnuaðferðir við mat og afgreiðslu á því sviði. Í þeirri endurskoðun þarf að eiga náið samráð við fagfólk, ráðuneyti, félagasamtök, heimamenn í byggðum landsins og fleiri. Þar þurfa að koma til fagsjónarmið varðandi fornminjar, gildi sögu og menningar, byggðasjónarmið og verkaskipting milli embættismanna, sjóðstjórna og alþingismanna.

Virðulegi forseti. Miklar umbætur hafa orðið í vinnubrögðum fjárlaganefndar bæði á sviði mats á umsóknum og eftirliti með því hvernig fjárveitingum er varið og er þar ómetanlegt framlag einstakra ráðuneyta ríkisvaldsins. En á ýmsum sviðum tel ég að Alþingi geti bætt fjárlagagerð sína og vil ég hvetja til þess að ákveðnir þættir í vinnuferlinu verði endurskoðaðir á næstunni. Ég nefni aðeins verkaskiptingu fjárlaganefndar og einstakra fagnefnda sem taka að sér afgreiðslu svokallaðra safnliða en það er tilraun sem gerð hefur verið til þess að auka þátttöku fagnefndanna og nýta þá sérþekkingu sem þar er á hverju málasviði. Ég tel að sú tilraun hafi að mestu leyti misheppnast og tel að reyna verði nýjar aðferðir í þessari tilraun áður en horfið verði til fyrra vinnulags þ.e. að allar afgreiðslur og fjárveitingar fari fram í fjárlaganefndinni sjálfri.

Vil ég, hæstv. forseti, láta þess getið að umræður um þessi efni hafa farið fram innan fjárlaganefndar og munu gera það nú í upphafi nýs árs og nefndin vill þar með sýna forgöngu á þessu sviði. Óskar nefndin eftir góðu samstarfi við alþingismenn hvað þetta varðar.

Þá vil ég enn fremur leggja áherslu á eftirlitshlutverk Alþingis með embættisfærslu af ýmsum toga og tel að styrkja þurfi betur vinnuaðferðir og verkfæri þingsins til slíks eftirlits. Ríkisendurskoðun gegnir lykilhlutverki hvað þetta varðar og hefur hún unnið ómetanlegt starf að undanförnu í samvinnu við ráðuneyti og ríkisstofnanir. Er sérstök ástæða til að þakka það. En fjárlaganefnd og Alþingi þarf líka að hafa svigrúm og ég vil segja kjark til þess að fylgja málum eftir og rækja þannig að fullu eftirlitshlutverk sitt.

Störf nefndarinnar við afgreiðslu frumvarpsins hafa verið nokkuð hefðbundin eins og undanfarin ár. Nefndin hóf störf 23. september sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana.

Þá vil ég einnig geta þess að nefndin fer árlega ferð í hvert kjördæmi, svo talað sé um kjördæmaskipanina eins og hún er nú fyrir breytingar, og átti hún ánægjulega og árangursríka för í Norðurland eystra. Ég vil þakka sérstaklega heimamönnum þar þær góðu móttökur sem nefndin naut í þeirri heimsókn. Slíkt samráð og slíkar heimsóknir eru nefndinni ómetanlegur styrkur við afgreiðslu mála.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Gat ég nokkuð um þau vinnubrögð hér áðan. Með bréfi, dagsettu 8. október sl., óskaði nefndin eftir álitum fastanefnda þingsins um frumvarp til fjárlaga, þ.e. þá þætti er varða málefnasvið einstakra nefnda. Nefndirnar hafa skilað álitum og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu eins og fyrir er mælt í þingsköpum. Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 30 fundi og átt viðtöl við fjölmarga aðila.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust, svo sem skiptingu fjárfestingarliða. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 2. umr. nema samtals 4.341 millj. kr. til hækkunar á sundurliðun 2. Tillögur um aukin útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála eru að fjárhæð 1.572 millj. kr. rúmar en þar vega þyngst tillögur um hækkun vegna Landspítala – háskólasjúkrahúss að fjárhæð 700 millj. kr. til að styrkja rekstrargrunn sjúkrahússins og til sjúkratrygginga vegna aukins lyfjakostnaðar, 570 millj. kr., sem er í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs. Tillögur um aukin útgjöld til menntamála eru 1.177 millj. kr. og er um helmingur upphæðarinnar ætlaður til framhaldsskóla. Gerð er tillaga um hækkun á liðnum Launa- og verðlagsmál að fjárhæð 563 millj. kr. Annars vegar er lögð til 300 millj. kr. hækkun til að mæta áhrifum af úrskurði kjaranefndar um kjör heilsugæslulækna á útgjöld heilbrigðisstofnana og hins vegar 263 millj. kr. hækkun vegna úthlutunar á framlögum til stofnana í samræmi við bókun með kjarasamningi við Starfsmannafélag ríkisstofnana sem er ætluð til að bæta kjör þeirra sem eru á lægstu töxtunum og til að draga úr hárri starfsmannaveltu.

Virðulegi forseti. Ég vek athygli þingmanna á því að ég

les ekki hárnákvæmar tölur enda liggja þær fyrir í skjölum hér í þinginu.

Lagt er til að fjárheimild félmrn. verði aukin um 428,2 millj. kr. og er gert ráð fyrir 300 millj. kr. hækkun á framlagi til Atvinnuleysistryggingasjóðs frá því sem gert er ráð fyrir í frv. í samræmi við spár um atvinnuleysi á árinu 2003 en gert er ráð fyrir rúmlega 2,5% atvinnuleysi samkvæmt spá fjmrn. en í frv. var reiknað með 2,2% atvinnuleysi.

Gerð er tillaga um 182,8 millj. kr. hækkun til landbúnaðarmála. Þar vegur mest hækkun til landshlutabundinnar skógræktar að fjárhæð 83,9 millj. kr. og greiðslna vegna mjólkurframleiðslu að fjárhæð 63,4 millj. kr.

Aðrir málaflokkar sem ekki hafa verið nefndir hér að framan, samanber liðir er heyra undir æðstu stjórn ríkisins, forsrn., utanrrn., sjútvrn., dóms- og kirkjumrn., samgrn., viðsk.- og iðnrn., umhvrn. og Hagstofu Íslands, innihalda tillögur að fjárhæð 845,6 millj. kr. til hækkunar útgjalda. Skýringar við einstakar brtt. er að finna í nál. meiri hluta fjárln.

Meiri hluti fjárln., virðulegi forseti, þakkar fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni fyrir mjög gott samstarf. Þá hefur nefndin notið aðstoðar Ríkisendurskoðunar og fjmrn. Einnig hafa einstök ráðuneyti veitt nefndinni upplýsingar og aðstoð.

Eins og venja er bíða 3. umr. afgreiðsla á tekjuhlið frv., B-hluti og heimildir skv. 7. gr. Auk þess bíða 3. umr. ýmis viðfangsefni sem nefndin hefur enn til umfjöllunar.

[11:02]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér hefur hv. formaður fjárln. gert grein fyrir tillögum meiri hlutans sem nema á sjöunda milljarð kr., 4,3 milljörðum sem liggja fyrir núna á blöðum og síðan væntanlegum 1,8–2 milljörðum kr. Þá vil ég bara spyrja hv. formann: Telur hann að með þessu séu öll kurl komin til grafar eða hvað telur hv. formaður að við eigum von á mörgum hundruðum millj. eða mörgum milljörðum til viðbótar? Mér er kunnugt um að í pípunum liggi a.m.k. nokkur hundruð millj. Ég vildi gjarnan fá það fram þannig að það liggi ljóst fyrir hvað hv. formaður telji að eigi eftir að hækka fjárlagatillögur mikið milli 2. og 3. umr.

Síðan má ég til með að spyrja hv. formann hvort ég heyrði rétt. Telur hann að grípa þurfi til sérstakra aðgerða, jafnvel að hleypa þenslu af stað til þess að bregðast við atvinnuástandinu? Það horfir nú til þess að atvinnuleysi stefni í allt að 4% á einstökum stöðum, jafnvel hér í þéttbýlinu. Til hvers konar aðgerða telur hv. formaður fjárln. að grípa þurfi til þess að mæta þeirri vá sem virðist vera fyrir dyrum í öllu jafnvæginu og allri velmeguninni hjá hæstv. ríkisstjórn?

[11:04]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þær hækkanir sem ég gerði grein fyrir og hv. þm. gerði að umræðuefni eru skýrðar í tillögum meiri hlutans. Ég þykist vita að hann sé sammála mér um að flest þeirra útgjalda komi í góðar þarfir á þeim sviðum sem um er að ræða.

Hvað varðar kurlin sem ekki eru komin til grafar gat ég um það að milli 2. og 3. umr. muni koma fram tillögur um bæði útgjöld og tekjur en á þessu stigi hef ég þær upplýsingar ekki tiltækar þannig að óyggjandi sé en vil láta þann tíma tala því máli þegar það birtist.

Um aðstæður í atvinnulífi og aðgerðir ríkisvaldsins hvað það varðar vitna ég til ræðu minnar sem ég flutti áðan. Meginatriði máls míns var það að ég tel að við þær aðstæður sem nú eru uppi sé eðlilegt að ríkisvaldið haldi uppi starfsemi sinni og bregðist ekki við með því að draga saman útgjöldin nema mjög hóflega á einstökum sviðum en leggi hins vegar sitt af mörkum til þess að efla atvinnuástandið.

Eins og ég gat um mun þetta breytast verulega eftir því hvernig til tekst um framkvæmdir við stóriðju á næsta ári.

[11:06]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Heyrði ég það virkilega rétt að hv. formaður fjárln. væri að undirrita það hér að efnahagsstjórn á undanförnum árum hefði verið mjög slæleg? Ég bendi hv. þingmönnum á að hér hefur verið allt að 70 milljarða kr. viðskiptahalli á undanförnum árum. Það næst í jafnvægi, hvað fylgir með? Atvinnuleysi í stórum stíl. Og hvað fylgir með? Það sem ég nefndi áðan og er upp á hundruð millj. Hvar eru 300 millj. sem búið er að semja um að nota til flutninga á stríðstímum? Hvar er það í fjárlagafrv. sem á að nota fyrir íslensku flugfélögin til að flytja einhvern varning, ótilgreindan? Hvar eru tillögurnar sem varða Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri? Þær vantar líka inn.

[11:07]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bið um að hv. þingmaður slíti ekki orð eða setningar í máli mínu úr samhengi. Það er með engum hætti hægt að skilja orð mín eða skoðanir á þann veg að hér sé vá fyrir dyrum eða að slælega hafi verið haldið á málum. Þvert á móti kom það fram í framsöguræðu minni að hér er traust efnahagsstjórn og engin vá fyrir dyrum. Það er hins vegar eðlilegt að ríkisvaldið bregðist við einhverjum breytingum sem verða á borð við það sem ég nefndi áðan. Íslenska hagkerfið er mjög fljótt í viðbrögðum sínum og ég tel að við eigum að sýna það hvað ríkisútgjöldin varðar á þessu sviði. Ég vil hugga hv. þingmann með því að það er engin vá fyrir dyrum og það má m.a. þakka styrkri efnahagsstjórn á síðustu árum.

[11:08]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að í þessari 2. umr. fjárlaga er gert ráð fyrir því að fjalla að mestu um gjaldahlið frv. Tekjuhlið frv. bíður 3. umr. en þá kemur endurskoðuð tekjuáætlun frá ríkisstjórninni. Tekjuáætlun verður síðan endurskoðuð í heild í fjárln. þannig að tekjuhlið fjárlaga kemur þá til umræðu sem og efnahagsstjórn og efnahagsáætlun næsta árs.

Það sem vekur athygli varðandi gjaldahliðina sem hér er lögð fram og þær tillögur sem meiri hlutinn leggur fram er hve slælega er tekið á afar mikilvægum málaflokkum sem ljóst er að taka verður á. Ég nefni þar heilbrigðiskerfið og heilbrigðisstofnanirnar. Það er gott og eðlilegt að taka þurfi á rekstrarvanda Landspítala – háskólasjúkrahúss í Reykjavík þó að við vildum að það hefði gengið betur og þyrfti ekki að koma með viðbætur hér við 2. umr.

En ég vil vekja athygli á því að fjöldamörg önnur sjúkrahús og heilsugæslustöðvar úti um land búa líka við verulegan

fjárskort, skort á rekstrarfé til þess að standa undir starfsemi sinni. Þeim eru ekki gerð nein viðhlítandi skil. Ég spyr því hv. formann fjárln.: Er það ætlunin að láta það standa svo eða mun þetta mál, mál sjúkrahúsanna, verða tekið aftur upp í fjárln. milli 2. og 3. umr.?

Ég vil einnig nefna framhaldsskólana. Það liggja fyrir upplýsingar um miklar skuldir þeirra sem þeir hafa borið með sér milli ára um nokkurt skeið. Auk þess sárvantar þá rekstrarfé en á því er ekki tekið í þessu frv. Er þess að vænta milli 2. og 3. umr.?

[11:11]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason gerir útgjöld til heilbrigðismála að umræðuefni. Ég tel að það hafi komið skýrt fram í framsögu og eins í þeim tillögum sem liggja hér fyrir frá meiri hluta nefndarinnar að hvergi er tekið jafnhraustlega á eins og hvað varðar tillögur til heilbrigðismála. Þess mátti einnig sjá stað í þeim tillögum sem lágu fyrir í gær varðandi fjáraukalagafrv.

Tillögur til aukinna útgjalda í heilbrigðis- og tryggingamálum eru að fjárhæð rúmlega 1,5 milljarðar sem gerðar eru tillögur um. Það er alveg rétt að það er Landspítali – háskólasjúkrahús sem fær þar 700 millj., langmest. Það *skal líka viðurkennt að betur má gera víða um land*, bæði hvað varðar einstakar heilsugæslustofnanir og hvað varðar sjúkrahúsið á Akureyri. Það hefur hins vegar verið metið svo að brýnast sé að bregðast við þessum vanda sem er á Landspítala – háskólasjúkrahúsi en vissulega er verið að skoða til hvaða úrræða megi grípa hvað varðar sjúkrahúsið á Akureyri.

[11:12]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka að ég tel að fjárln. og hv. Alþingi eigi ekki að mismuna svo í rekstri og skipulagi verkefna sjúkrahúsa á landinu sem hér er gert. Með því að mismuna fjárhag og rekstrargrunni sjúkrahúsa eftir því hvar þau eru staðsett hafa menn pólitísk áhrif á breytingar á stefnuna í heilsugæslu- og sjúkrahúsmálum. Verið er að færa hana í auknum mæli af landsbyggðinni og til höfuðborgarsvæðisins. Það á að styrkja heilsugæsluna um allt land og ég harma það ef þetta eiga að vera endanlegar tillögur af hálfu meiri hluta Alþingis varðandi fjárhagsvanda og rekstur sjúkrahúsanna *úti um land*.

Ég vil líka ítreka spurningu mína, virðulegi forseti, um framhaldsskólana.

[11:13]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins spyrja hv. formann fjárln., Ólaf Örn Haraldsson, út í ræðu hans þar sem hann fjallaði um stöðu efnahagsmála og tók samlíkingu af okkur Íslendingum sem værum á hraðbáti og Bandaríkjamönnum og Evrópubúum sem mundu silast um á stóru fragtskipi sem er bæði lengi verið að ná á skrið og lengi verið að ná niður.

Hv. þm. ræddi viðbrögð almennings, viðbrögð fyrirtækja og samdráttinn í þjóðfélaginu, að dregið hefði úr þenslu sem sannarlega er rétt. Það er auðvitað ein afleiðing af því vaxtaokri sem verið hefur hér á landi og þeirri efnahagsstefnu sem hefur verið um það að draga úr ímyndaðri þenslu landsbyggðarinnar með háum vöxtum sem landsbyggðarfólk hefur þurft að búa við.

Hann ræddi líka þann mikla samdrátt sem orðið hefur í innflutningi og neyslu, samdrátt sem sumir telja jafnvel of mikinn. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hluti af þessum samdrætti sé ekki vegna skuldsettra fyrirtækja, vegna óðaverðbólgu undanfarinna ára og okurvaxta og hvort það sé ekki vegna þess að almenningur er svo skuldsettur sem raun ber vitni að rekstrarskilyrði bæði almennings og atvinnufyrirtækja eru nánast engin.

Ég spyr sem sagt hv. þm. um sýn hans til ársins 2003 sem rætt hefur verið um hér varðandi fjárlög næsta árs, *hvort rekstrarerfiðleikar fyrirtækja muni minnka* eða aukast að hans mati, hvort atvinnuleysi muni aukast eða minnka miðað við það sem við erum að tala um og hvort gjaldþrot einstaklinga og fyrirtækja haldi áfram að aukast eða hvort sýn hans sé til þess að þetta fari minnkandi.

[11:16]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir vænt um að hv. þm. skyldi nema samlíkingu mína um hraðbátinn og hið stóra flutningaskip. En mér þykir leitt að hann skyldi snúa út úr orðum mínum. Ég var ekki að tala um einstaklinga. Ég var að tala um tvö hagkerfi, annars vegar hið bandaríska og hins vegar hið íslenska. Ég tel að bæði hagkerfin hafi styrkleika og veikleika og við eigum svo sannarlega að nýta okkur þá styrkleika sem við höfum, sem lýsa sér í snörpum viðbrögðum eins og farsæl efnahagsstjórn hefur einmitt sýnt hér á undanförnum missirum.

Varðandi þær spurningar sem hv. þm. lagði fram vil ég segja að við megum ekki búast við auknum rekstrarerfiðleikum fyrirtækja. Ríkisstjórnin hefur með margvíslegum hætti greitt fyrir bættum rekstri hjá fyrirtækjum landsins. Ég tel hins vegar, eins og kom fram í máli mínu og lagði í því sambandi fram tölur og hugleiðingar, að atvinnuleysi muni eitthvað vaxa en á engan hátt þannig að hér sé vá fyrir dyrum. Þetta kom fram í máli mínu þegar ég svaraði hv. þm. Gísla S. Einarssyni. Ég tel, eftir því lauslega mati sem ég hef í mínum kolli, að gjaldþrotum muni linna á næstunni. Ég skal þó viðurkenna að þar hef ég ekki tiltæk efnahagsleg rök eða *tölur heldur eingöngu almennt* viðhorf sem ég hef heyrt á atvinnumarkaði.

[11:17]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég samþykki ekki að ég hafi verið að snúa út úr fyrir hv. þingmanni og ágætri samlíkingu við hraðbát og stórt skip. Það var alls ekki tilgangurinn.

Í seinna andsvari mínu vil ég spyrja hv. þm. út í það sem hann fjallaði um í ræðu sinni, um stýrivexti og vaxtamun. Fram hefur komið að stýrivextir hafa verið að lækka, það er sannarlega rétt en vaxtamunur er samt sem áður óeðlilega mikill og í raun allt of mikill.

Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hann telji að vaxtamunur í landinu sé eðlilegur nú. Ef svo er ekki, hvað telur hv. þm. eðlilegan og ásættanlegan vaxtamun miðað við efnahagskerfi okkar á Íslandi?

[11:18]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi vexti og vaxtakostnað vil ég minna á að nú er að verða mjög víðtæk breyting á rekstri bankanna. Ég tel að hún muni leiða til aukinnar hagkvæmni í rekstri þeirra og þess mun sjá stað í vaxandi samkeppni

og lækkandi vöxtum. Ég tel að Íslendingar eigi að stefna að sambærilegum vaxtamun og í nálægum löndum, þ.e. Evrópulöndum og Bandaríkjunum, sérstaklega svipað og í Evrópu. Ég tel að það sé sú viðmiðun sem við eigum að hafa í huga enda keppum við við Evrópulöndin um fyrirtæki, vinnuafl og fjármagn.

[11:20]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eðlilegt að spyrja hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson, formann fjárln., út í nokkur atriði í ræðu hans. Í fyrsta lagi vaknar spurningin um það hvað réð vali meiri hluta fjárln. þegar ákveðið var að bæta stöðu einstakra stofnana. Nú er nýútkomin endurskoðuð skýrsla frá Ríkisendurskoðun um ríkisreikning 2001. Þar kemur m.a. í ljós að um 20% stofnana ríkisins hafi farið út fyrir fjárheimildir á árinu 2001. Það er augljóst að það er ekki tekið á vanda allra þessara stofnana. Ég er þá ekki að segja að eingöngu eigi að taka á vanda stofnana með því að láta fjármuni renna sjálfvirkt til þeirra heldur eigi að fara yfir stöðuna og meta hvort grípa þurfi til einhverra aðgerða.

Ég minni á þetta af þeirri einföldu ástæðu að það eru ekki mörg ár síðan lagður var grunnur að því í nál. meiri hluta fjárln. árið 1999 að koma á ákveðnum vinnubrögðum við það að fylgjast með stöðu stofnana og taka á vanda þeirra. Það eru liðin þrjú ár frá því að þetta nál. var lagt fram og ekki höfum við sem störfum í fjárln., en höfum því miður of lítil áhrif þar sem við sitjum í minni hluta, orðið vör við að vinnubrögð hafi á nokkurn skapaðan hátt breyst.

Það er líka eðlilegt að spyrja hv. þm. út í ummæli hans varðandi það hvað hafi brugðist í fjárlagaferlinu, þ.e. samskipti fjárln. og annarra nefnda þingsins. Hv. þm. kom örlítið inn á það í ræðu sinni. Ég held að það sé eðlilegt að hann útskýri betur fyrir þingheimi hvað hann á við með þeim orðum. Er hann er að taka undir þá gagnrýni sem við í minni hlutanum höfum margoft lagt fram og lagt áherslu á, að því miður, um leið og fjárlög eru lögð fram hér á þingi, séu allir rammar horfnir samstundis.

[11:22]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka ábendingar og svör hv. þingmanns og reyndar annarra sem hafa með mjög málefnalegum hætti gert einstök atriði að umræðuefni.

Hvað varðar stöðu einstakra ríkisstofnana vil ég benda sérstaklega á þá skýrslu sem hv. þm. hafði hér í höndum og þá miklu vinnu sem Ríkisendurskoðun hefur sinnt á síðustu missirum með ráðuneytunum. Ég er sannfærður um og veit af þeim skýrslum og umræðum sem hafa orðið í fjárln. að það er unnið mjög kappsamlega í ríkisstofnununum og einstökum ráðuneytum að bættum rekstri ríkisstofnana. Ég tel að þar séum við á réttri leið og að óhjákvæmilegt sé að sætta sig við að það taki nokkurn tíma að ná fullum tökum á þessu. Enn fremur veit hv. þm., eins og sá sem hér stendur, að oft þarf að bregðast við aðsteðjandi vanda og breyttum aðstæðum hjá einstökum ríkisstofnunum. Við ræddum um það í gær og höfum fjallað um það í dag.

Hvað varðar samskipti fjárln. við aðrar fagnefndir og ríkisstjórn er mér efst í huga að skoða hlutverk fagnefndanna og hvernig þær geti, með þeim hætti sem ég veit að þær geta, komið inn í fjárlagaferlið. Ég gerði hér ekki að umræðuefni þann ramma sem settur er um fjárlögin sem hv. þm. hafði óbeinar meiningar um að brysti þegar inn í þingið væri komið.

[11:24]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna síðustu orða hv. þm. er eðlilegt að spyrja hv. formann fjárln. hvort hann sé ósammála þeirri fullyrðingu að rammarnir bresti um leið og fjárlagafrv. hefur verið lagt fram á Alþingi. Það liggja fyrir því skýr rök, m.a. í nokkuð vandaðri skýrslu frá Ríkisendurskoðun. Þar eru einmitt mörg dæmi sýnd um að rammarnir bresta. Þess vegna var ég, herra forseti, að vona að hv. þm. ætti við að það þyrfti að halda betur utan um rammana og að rammarnir væru settir með það fyrir augum að þeir héldu allt til loka.

Það er aðeins eitt atriði til viðbótar, herra forseti, sem mig langar að spyrja hv. þm. um, þ.e. varðandi það þegar hann fjallar um afleiðingar lausatakanna á efnahagsmálum undanfarinna ára. Málið snýst um hið vaxandi atvinnuleysi og hinn mikla samdrátt í samfélaginu. Hv. þm. fullyrti að ekki væri vá fyrir dyrum í þeim efnum. Vissulega vonum við að rétt sé en hins vegar er óhjákvæmilegt að spyrja hv. þm. hvað hann eigi við með vá. Hvaða prósentutala er í atvinnuleysi þegar vá telst fyrir dyrum að því leyti?

[11:25]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ríkisendurskoðun hefur komið með margvíslegar ábendingar til fjárln. Ég rakti þær í framsöguræðu minni. Ég tel að þær séu allar þess efnis að við eigum að ræða þær. Ég undanskil þá ekki þær ábendingar sem hafa komið fram um fjárlögin. Ég átti hins vegar ekki við þessi atriði þegar ég nefndi hér samstarf fjárln. og fagnefnda. Ég get því miður ekki á þeirri einu mínútu sem ég hef hér til ráðstöfunar gert grein fyrir þeim orðum mínum en ég er tilbúinn að skýra það nánar í ræðu minni síðar við umræðuna.

Hvað vá varðar vil ég endurtaka að ég nefndi áðan nokkrar tölur um breytt atvinnuástand og hvers mætti vænta. Ég tel að þessar breytingar á atvinnuástandi séu ekki miklar en að við eigum strax að bregðast við með þeim hætti sem ég gerði að umtalsefni áðan.

[11:26]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson):

Virðulegur forseti. Í upphafi máls geri ég grein fyrir því að breytingatillögur 1. minni hluta munu koma fram síðar í dag á sérstöku þingskjali.

Í nál. 1. minni hluta um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 var sett fram hörð gagnrýni á efnahagsstjórn stjórnarmeirihlutans. Þar kom fram að óðagot, ráðleysi og pat einkenndi öll vinnubrögð ríkisstjórnarinnar varðandi mat á stöðu efnahagsmála og afgreiðslu fjárlaga. Var því haldið fram að vinnubrögð af þessu tagi væru hvorki til þess fallin að treysta virðingu þingsins né efla trú landsmanna á getu ríkisstjórnarinnar til að vinna bug á þeim efnahagsvanda sem nú steðjar að, eins og þar stóð. Margir gagnrýndu þessi orð og töluðu um ábyrgðarleysi af hálfu stjórnarandstöðunnar. Reyndin varð sú að nokkrum vikum eftir að fjárlög voru samþykkt tók ASÍ við stjórn efnahagsmála í landinu. Að frumkvæði verkalýðshreyfingarinnar var komið í veg fyrir algeran glundroða í efnahagsmálum á fyrstu mánuðum ársins 2002.

Fleiri atriði sýna veikleika í stjórn ríkisfjármála. Þrátt fyrir núllstillingu heilbrigðiskerfisins fyrir fáum árum er

flest komið í sama farið í þeim málaflokki. Þá hefur ekki enn verið tekið á vanda í menntakerfinu, sérstaklega hjá framhaldsskólum. Víðar er rekstrargrundvöllur stofnana og embætta ríkisins brostinn. Þetta eru hins vegar vandamál sem ríkisstjórnin vill fela og komast þannig hjá málefnalegri umræðu um þann vanda sem blasir við. Nánar verður vikið að þessum atriðum síðar í þessu áliti.

Hver eru markmið ríkisstjórnarinnar? Þegar fylgirit frv. til fjárlaga fyrir árið 2003, Stefna og horfur, er skoðað kemur í ljós að það er erfitt að átta sig á því hver eru markmið ríkisstjórnarinnar með þessu frv. Það eina sem hún boðar er aðhaldssöm og ábyrg stefna í ríkisfjármálum sem einkum miðar að því að halda útgjaldaaukningu innan hóflegra marka og stuðla þannig að stöðugleika í efnahagsmálum. Þetta eru hins vegar atriði sem ríkisstjórnin hefur hvorki getu né vilja til að takast á við. Það er fullyrt að miklar endurbætur hafi verið gerðar í ríkisrekstri og leitast við að tryggja að saman fari fjárhagsleg og stjórnunarleg ábyrgð. Ef þetta væri raunin mætti ætla að á starfatorgi.is væri í raun fullt af auglýsingum um lausar stöður forstöðumanna ríkisins. En svo er ekki. Fjárhagsleg og stjórnunarleg ábyrgð fer nefnilega ekki saman hjá hinu opinbera.

Þegar ríkisstjórnin talar um aðhaldssama stefnu í ríkisfjármálum miðar hún fyrst og fremst við þann tekjuafgang sem náðst hefur á undanförnum árum. Ytri aðstæður hafa aukið tekjur ríkissjóðs verulega en sú aukning hefur ekki bæst við áætlaðan tekjuafgang heldur hefur henni verið eytt nánast jafnóðum. Samþykkt fjáraukalaga undanfarin ár staðfestir þetta.

Markmið ríkisstjórnarinnar undanfarin ár hafa einungis verið tvö, annars vegar að selja arðbærar eignir ríkisins til fylgismanna og velunnara og hins vegar að búa í haginn fyrir stóriðju.

Virðulegur forseti. Ræðum efnahagsforsendurnar.

Eftir að Þjóðhagsstofnun var lögð niður hefur Alþingi ekki greiðan aðgang að óháðum sérfræðingum til að leggja mat á efnahagsforsendur frv. til fjárlaga. Nýverið birti Seðlabankinn fyrstu þjóðhagsspá sína sem byggist í stórum dráttum á sömu forsendum og spá fjmrn. Spárnar eru því um margt keimlíkar. Hins vegar er ekki reiknað með stóriðjuframkvæmdum í spánni og getur hún því breyst í veigamiklum atriðum ef af þeim verður. Bent hefur verið á að í forsendum frv. sé einungis gert ráð fyrir 1% raunaukningu samneysluútgjalda sem hljóti að teljast bjartsýnisleg forsenda í ljósi þess að meðalraunaukning samneysluútgjalda síðustu 10 árin er um 2,5% á ári að meðaltali.

Seðlabankinn bendir líka á að ekki eru öll kurl komin til grafar varðandi eftirköst ofþensluskeiðsins og er fjárhagur heimila og margra fyrirtækja þaninn. Þetta endurspeglast í mikilli fjölgun gjaldþrota hjá fyrirtækjum, árangurslausu fjárnámi hjá einstaklingum og vaxandi atvinnuleysi. Þá er ljóst að sparnaður margra heimila sem bundinn var í hlutabréfum er uppurinn í þeim hrunadansi sem verið hefur á hlutabréfamarkaði að undanförnu. Það vakna óhjákvæmilega spurningar um hvort fjármálafyrirtæki hafi haft rangt við þegar hlutabréfum í einstökum fyrirtækjum var otað að kaupendum. Í Bandaríkjunum eru komin af stað málaferli á hendur stórum fjármálafyrirtækjum sem eru sökuð um vísvitandi blekkingar til að halda uppi verði á hlutabréfum til að auðvelda sölu þeirra. Í ljósi aðstæðna á hlutabréfamarkaði hér á landi er full ástæða til að Fjármálaeftirlitið kanni þessi mál og upplýsi hvort eðlilega hafi verið staðið að verðmati og sölu hlutabréfa til almennings.

Er ég þá, virðulegur forseti, kominn að skattamálum.

ASÍ, fjölmiðlar og fleiri aðilar hafa beint sjónum að skattstefnu ríkisstjórnarinnar og er niðurstaða athugana þessara aðila sú að óháð því hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar hafa skattar lág- og meðaltekjufólks hækkað verulega í tíð þessarar ríkisstjórnar. Vitað er að afnám verðlagsviðmiðunar persónuafsláttar á sínum tíma er að verða ein mesta kjaraskerðing sem alþýða þessa lands hefur upplifað. Þessu til stuðnings má benda á að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga hafa mörg undanfarin ár hækkað mun meira en nemur hækkun launavísitölu.

Miðstjórn ASÍ hefur margoft mótmælt og varað við þeim breytingum á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem samþykktar voru á Alþingi í desember 2001. Í samþykkt miðstjórnar frá 16. október 2002 kom m.a. fram:

„Miðstjórn ASÍ gagnrýnir harðlega það óréttlæti og þá auknu misskiptingu sem einkennir tekjuhlið fjárlagafrumvarps ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2003. Á meðan skattar á almennt launafólk eru hækkaðir og vegið er að undirstöðum velferðarkerfisins eru skattar á hátekju- og stóreignafólk og fyrirtæki lækkaðir sem nemur mörgum milljörðum króna. Miðstjórn ASÍ telur mikilvægt að pólitísk umræða næstu mánaða komi til með að snúast um stefnu stjórnvalda í skattamálum og velferðarmálum."

Það er svona sem ríkisstjórnin launar ASÍ greiðann frá því í byrjun ársins þegar samtökin gripu inn í efnahagsstjórnina þegar allt stefndi í hrun. ASÍ hefur einnig vakið athygli á því að ríkisstjórnin hefur ekki staðið við yfirlýsingar sínar frá 10. mars 2000, í tengslum við gerð kjarasamninga, um að beita sér fyrir því að persónuafsláttur og skattleysismörk breytist í takt við umsamdar launahækkanir á samningstímabilinu. Því verður fróðlegt að fylgjast með því þegar kemur að 3. umr. um fjárlög fyrir árið 2003 hvernig ríkisstjórnin hyggst bregðast við þessari gagnrýni ASÍ.

Ríkisstjórnin hefur hrósað sér af því að hafa á undanförnum árum beitt sér fyrir ýmsum breytingum á almannatryggingakerfinu sem miða að því að bæta kjör aldraða og öryrkja. Eitthvað hafa þessar kjarabætur verið naumt skammtaðar því að samkvæmt úttekt Félags eldri borgara hefur ellilífeyrir rýrnað um rúmar 206 þús. kr. á ári frá því að ákveðið var 1995 að láta ellilífeyri fylgja þróun verðlags en ekki launa. Nýtt samkomulag Félags eldri borgara og ríkisins felur í sér nokkrar úrbætur en ekki verður hægt að taka endanlega afstöðu til þess fyrr en við 3. umr. þegar útfært samkomulag liggur fyrir.

Tillögur ríkisstjórnar og meiri hluta fjárln. gera ráð fyrir að útgjöld aukist um 4,3 milljarða kr. Um 1,5 milljarðar kr. eru ætlaðir til að bæta ástandið í heilbrigðismálum, þar af eru 700 millj. kr. ætlaðar til að styrkja rekstrargrunn Landspítala – háskólasjúkrahúss. Í skýringum kemur m.a. fram að kostnaður við lyf og lækninga- og hjúkrunarvörur hefur aukist mun meira en hægt er að skýra með verðlags- og tæknibreytingum. Hér er í raun verið að gefa í skyn að vanda stofnunarinnar sé frekar að leita í stjórn hennar en ytri aðstæðum án þess að tekið sé á þeim vanda, haldið sé áfram að auka framlög án eðlilegs rökstuðnings.

Um 560 millj. kr. er ætlað að mæta áhrifum ýmissa kjarasamninga, þar með talið kostnaði við samninga við heilsugæslulækna. Þá er framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs aukið um 300 millj. kr. vegna endurskoðunar á áætlun

um atvinnuleysi. Ekki er gert ráð fyrir að laga rekstrargrundvöll fjölmargra stofnana í menntakerfinu og er full ástæða til að vara við því ástandi sem skapast á næsta ári ef ekkert verður að gert.

Ljóst er að fyrirliggjandi frv. leysir ekki úr fjárhagsvanda fjölmargra stofnana ríkisins. Í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2001 er sérstaklega fjallað um þessi vandamál og að hluta endurspeglast þau í frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002. Fjmrn. gaf í febrúar 2001 út reglugerð nr. 116/2001, um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta. Markmið hennar var að stuðla að skilvirkum rekstri ráðuneyta og stofnana þannig að hann yrði innan heimilda fjárlaga og að forsvarsmenn bæru ábyrgð í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í reglugerðinni eru ákvæði þess efnis að stefni útgjöld í að fara fram úr 4% á árinu eigi að grípa til ráðstafana, annaðhvort að draga saman útgjöld það sem eftir er ársins eða tryggja stofnun auknar fjárheimildir.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar vegna ársins 2001 kemur fram að 105 af 511 fjárlagaliðum, þ.e. um 20%, fóru fram úr þeim 4%-mörkum sem ákveðin eru í reglugerðinni. Þessum stofnunum hefur hvorki verið gert að draga úr kostnaði né þeim tryggðar auknar fjárheimildir og hefur ákvæðum reglugerðarinnar því ekki verið framfylgt að þessu leyti.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um fjárhagsvandann í heilbrigðiskerfinu. Enda þótt rekstur heilbrigðisstofnana hafi verið núllstilltur fyrir fáum árum virðist allt komið í sama farið aftur. Hæstv. fjmrh. hefur hvergi gert Alþingi grein fyrir því hvað fór úrskeiðis. Fjármálastjórnin í heilbrigðiskerfinu hefur oftar en einu sinni fengið falleinkunn en enginn er dreginn til ábyrgðar og þar vísar hver á annan.

Í árslok 2001 var rekstur 22 heilbrigðisstofnana umfram fjárheimildir og nam samanlagður vandi þeirra 1,6 milljörðum kr. Enn hefur sigið á ógæfuhliðina á árinu 2002. Rekstrarvandi Landspítalans – háskólasjúkrahúss nam 858 millj. kr. í árslok 2001 en samkvæmt frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002 nemur fjárhagsvandi hans 1.200 millj. kr. Ekki er verið að tala um neinar smáfjárhæðir. Þetta er hærri fjárhæð en áætlað er að rekstur forsrn. kosti á árinu 2003. Í tillögum ríkisstjórnarinnar sem nú liggja fyrir er ekki tekið nema að hluta á þeim vanda sem við blasir þegar ljóst er að mun meira fé þarf til að treysta rekstrargrundvöll stofnana í heilbrigðiskerfinu.

Fyrsti minni hluti hefur hvað eftir annað bent á að mikill vandi sé óleystur í menntakerfinu. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að rekstur 22 menntastofnana sé umfram fjárheimildir í árslok 2001 og nemur fjárþörf þeirra samtals 906 millj. kr. Sem dæmi má taka Menntaskólann í Kópavogi en fjárþörf hans nemur rúmum 160 millj. kr. í árslok sem er helmingur þeirrar fjárhæðar sem skólanum var ætluð til rekstrar samkvæmt fjárlögum ársins 2001. Spyrja má hvað eigi að gera. Á að loka skólunum? Líklegt er að ráðuneytið eigi einhvern hlut að máli og sé því tregt til að grípa til aðgerða. Benda má á að á sama tíma er inneign á safnliðum vegna framhaldsskóla um 550 millj. kr. Ljóst er að rekstrargrundvöllur margra skóla er brostinn og virðist sem menntmrn. vilji ekki horfast í augu við staðreyndir og haldi skólum í gíslingu án þess að þeir hafi möguleika á að rétta hlut sinn.

Það er, virðulegur forseti, tímabært að hæstv. fjmrh. leggi spilin á borðið og upplýsi Alþingi um raunverulega fjárhagsstöðu stofnana ríkisins ásamt tillögum að lausn vanda þeirra. Ljóst er að fjárlög næsta árs verða marklaust plagg ef ekki verður gengist við vandanum og tekist á við hann. Alþingi á ekki að sætta sig við það að fá ekki tækifæri til að leggja heildstætt mat á trúverðugleika væntanlegra fjárlaga.

Er ég þá, virðulegur forseti, kominn að lokaorðum nál. 1. minni hluta.

Ljóst er að fjölmörg mál sem varða útgjöld ríkisins bíða 3. umræðu fjárlaga. 1. minni hluti er þeirrar skoðunar að takmarka þurfi heimild hæstv. fjármálaráðherra til að flytja inneignir og skuldir stofnana á milli ára við tiltekið hlutfall. Það hlutfall miðist við möguleika stofnunar á að hagræða það mikið í rekstri að hún geti gert upp skuld sína. Þetta hefur þann kost að tekið verður strax á fjárhagsvanda þeirra stofnana sem verst eru settar, annað er léleg fjármálastjórn. Einnig þarf að hafa í huga að nánast öllum stofnunum ríkisins er ætlað að veita skattborgurum þjónustu á sem hagkvæmastan hátt. Það er ekki einkamál framkvæmdarvaldsins hvaða þjónustu það kýs að skerða vegna lélegrar stjórnunar eða áætlunargerðar. Slíkt á að endurspeglast í vel upplýstum ákvörðunum Alþingis.

Virðulegur forseti. Ég hef gert grein fyrir nál. frá 1. minni hluta fjárln. Auk mín undirrita nál. hv. þingmenn Einar Már Sigurðarson og Margrét Frímannsdóttir.

Ég held hér áfram lítillega með ræðu og ætla að koma þar að stefnu eða að ástandi og horfum. Ekki er hægt að sleppa þessari fyrstu umferð án þess að líta aðeins á ástand og horfur.

Það sem er að gerast núna í dag er að við höfum búið við vaxandi atvinnuleysi á síðustu missirum. Atvinnuleysið er að nálgast 4% á mörgum stöðum á landinu og er að meðaltali að nálgast 3% í heildina. Þetta er skelfileg staðreynd þegar atvinnuleysisbætur eru í lægri kantinum. Atvinnuleysisbætur eru í lægri kantinum hjá okkur í hinum vestræna heimi. Aðstæður á vinnumarkaði hafa einnig verið þannig að margir þeirra sem hafa verið að missa vinnuna hafa verið verktakaráðnir sem kallað er og eru því án bótaréttar nema þeir hafi gengið á sérstakan máta frá sínum málum. Þekkt dæmi eru um fólk sem hefur misst vinnuna, fólk sem hefur verið með há verktökulaun og háan lifistandard, það horfir nú á þá staðreynd að verða að selja híbýli sín, bílinn og annað sem fólk gat staðið undir með 400–600 þús. kr. launum. Í þeim tilvikum þar sem fólk fjárfesti í bíl með gylliboðskjörum hafa einstaklingar mátt þakka fyrir að losna við bílinn með því að borga með bílnum við sölu frá 100 þús. kr. til allt að milljón kr. í meðgjöf vegna þeirra samninga sem tíðkast við bílakaup í dag. En líklegt má teljast að hæstv. fjmrh. segi við þessu: „Ja, þetta er nú Ísland í dag.“

Þetta er auðvitað það sem við erum að glíma við, að Ísland í dag er svona. Stór hluti íbúa er búinn að setja sig á bestu tímunum í lifistandard sem hann stendur ekki undir þegar herðir að.

Afleiðingar eru fátækt. Afleiðingar af því sem er að gerast hér er fátækt. Í öllu því velmektartali sem hæstv. ríkisstjórn leyfir sér að hafa uppi þá er að skella yfir landsmenn þvílík holskefla nauðungaruppboða, gjaldþrota og árangurslausra fjárnáma að sennilega er það met í efnahagssögu Íslands. Virðulegur forseti. Ég endurtek. Sennilega er það met í efnahagssögu Íslands það sem er að gerast í dag í formi gjaldþrota, nauðungaruppboða og árangurslausra fjárnáma.

Ég veit ekki hvaða hæstv. landbrh. mundi segja um þessi orð, en hann er að verða frægur fyrir samlíkingar sínar eins

og þá: Þar sem tvö tré koma saman, þar er skógur. Ég veit ekki hvaða samlíkingu hann mundi hafa um þessi gjaldþrot. Líklega vildi hann ekki hafa neina samlíkingu. En þar sem slíkar ófarir eiga sér stað er um algjört hrun að ræða.

Á Íslandi hefur fátækt fest rætur. Á Íslandi stendur fjöldi manns í biðröðum eftir matargjöfum. Á Íslandi hampar hæstv. ríkisstjórn gróðafjárlögum en á Íslandi er fólk sem hímir hnípið í fátækt í kjallaraholum og þaðan af verri aðstæðum, svo vitnað sé í orð hv. formanns fjárln. í ræðu hans rétt áðan.

Virðulegur forseti. Fólki finnst e.t.v. hart að heyra slík orð en eina ráðið til að komast hjá svona yrðingum er að bæta úr volæðinu. Til þess eru nægir fjármunir. Það er aðeins eitt sem þarf. Það er vilji. Gunnar heitinn Thoroddsen notaði það máltæki: Vilji er allt sem þarf. (Gripið fram í.) Nú ætti virðulegt Alþingi að grípa til sinna ráða og fara eftir þessu kjörorði og þvo smánarblettinn af samfélaginu sem er fátæktin.

[11:52]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Í framsögu hv. þm. Gísla S. Einarssonar, sem er framsögumaður 1. minni hluta fjárln., hefur honum verið tíðrætt um frammistöðu forstöðumanna ríkisstofnana. Af þeim orðum má ráða að hv. þingmenn Samfylkingar telji að reka eigi forstöðumenn ríkisstofnana í stórum stíl, eins og t.d. tilvísunin í greinargerðinni bendir til þar sem þeir segja að ætla mætti: „að á starfatorgi.is væri fullt af auglýsingum um lausar stöður forstöðumanna ríkisstofnana." Það kemur einnig fram í nál. að í 105 af 511 fjárlagaliðum fara ríkisstofnanir fram úr 4%-mörkum.

Því spyr ég: Hvaða forstöðumenn ríkisstofnana vilja hv. þingmenn Samfylkingar reka? Er það sú aðferð sem samfylkingarmenn vilja beita til þess að halda fjárlögum í skefjum?

[11:54]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fjárreiðulögin sem Alþingi ber að fara eftir, fjárreiðulögin sem eru samþykkt á Alþingi bera það með sér að viðkomandi einstaklingar bera ábyrgð á því sem er að gerast hjá þeim og þeir eiga að sæta ákveðinni ábyrgð. En ef þeir hlutir eru gerðir svona með aðkomu ríkisstjórnarinnar þá er það að sjálfsögðu ríkisstjórnin sem ber ábyrgð.

Heldur hv. þm. Ásta Möller að hér sé maður sem tali um að víkja eigi skólameistara Menntaskólans í Kópavogi burt? Alls ekki. Það er bara verið að sýna nákvæmlega fram á við hvaða skilyrði sá forstöðumaður þarf að vinna. Þeir sem bera ábyrgðina eru þeir sem ættu að vera hér, hv. þm., við umræðu um fjárlög. Það er ekki einn einasti hæstv. ráðherra sitjandi hér í stól, aðeins einn hæstv. ráðherra í salnum, hæstv. fjmrh., og hann hefur ekki kvatt sér hljóðs um eitt eða neitt þó að hér hafi verið ítrekað spurt nákvæmlega um þau atriði sem hv. þm. Ásta Möller spurði út í, þ.e. hvernig ætti að bregðast við.

Ef hv. þm. hefur kynnt sér sæmilega það nál. sem fyrir liggur þá eru þar einmitt spurningar til hæstv. fjmrh. um til hvaða ráðstafana eigi að grípa. Það er eðlilegt að við bendum á auglýsingastofu ríkisstjórnarinnar um laus störf, Starfatorg, að ef menn ætla að fara í hagræðingar eftir því sem fjárlögin stefna, yrði sennilega þar fjöldi manns á atvinnuskrá.

[11:56]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef þaulkynnt mér nál. 1. minni hluta fjárln. og það sem ber hæst þar er akkúrat þessi þáttur, sá refsivöndur sem Samfylkingin vill beita til að halda fjárlögunum í skefjum, þ.e. að benda á að draga þurfi forstöðumenn ríkisstofnana til ábyrgðar. Ég bendi á að úrræði ríkisstjórnarinnar og meiri hluta á Alþingi hefur verið m.a. að bæta í fjáraukalögin, að bæta í fjárlögin. En það sætir gagnrýni í dag, verulegri gagnrýni frá þingmönnum minni hluta Alþingis.

Ég vil benda á að ríkisstjórnin hefur í gegnum tíðina í fyrsta lagi endurskoðað fjárveitingar, hún beitir aðhaldi, hún notar reiknilíkan til að sjá til þess að jafnræði sé beitt milli sambærilegra stofnana. Og síðast en ekki síst hefur hún fært ríkisrekstur yfir til einkaaðila og því ætti að beita í miklu meiri mæli heldur en gert er hingað til.

[11:57]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef ekki heyrt eina ræðu hér í dag, hvorki í andsvari né í ræðu, að það hafi verið gagnrýnt sem leiðrétt hefur verið í vanda ríkisstofnana. Hins vegar hefur það verið gagnrýnt sem ekki er leiðrétt.

Í nál. 1. minni hluta fjárln. stendur, með leyfi forseta:

„Tímabært er að fjármálaráðherra leggi spilin á borðið og upplýsi Alþingi um raunverulega fjárhagsstöðu stofnana ríkisins ásamt tillögum að lausn vanda þeirra."

Það er nákvæmlega, hv. þm., búið að gera grein fyrir því að 20% fjárlagaliða fara umfram 4% sem er viðmiðunin varðandi lögin um fjárreiður ríkisins. Og samkvæmt lögum ber að fara að þessum málum, það ber samkvæmt lögum að ganga í þetta. Þess vegna er sett svona alvarleg gagnrýni fram á framkvæmd fjárlaga vegna þess að verið er að brjóta lög, hv. þm. Ef þingmaðurinn telur að ég sé að fara með rangt mál þá væri gott að hún staðfesti það í ræðu sinni á eftir, ef hv. þm. telur að ég sé að fara með rangt mál um að verið sé að brjóta lög.

[11:59]

Útbýting þingskjala:

Breytingar á skattbyrði árin 1995–2000, 263. mál, svar fjmrh., þskj. 462.

Fjárlög 2003, 1. mál, brtt. ÁSJ, þskj. 477; brtt. ÁSJ og GAK, þskj. 478; brtt. KolH og SJS, þskj. 479; brtt. 2. minni hluta fjárln., þskj. 480.

Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, 399. mál, frv. HjÁ o.fl., þskj. 475.

[12:00]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. 2. minni hluta fjárln. við 2. umr. um fjárlög ríkisins fyrir árið 2003. Formaður fjárln., hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, gerði að umtalsefni í ræðu sinni áðan stefnu ríkisstjórnarinnar í tekjumálum, með hvaða hætti ríkisstjórnin aflar tekna og hvaða stefnu hún hefur í útgjaldamálum sínum.

Vert er að hafa það í huga að fjárlagaumræðan fer í gegnum þrjár umferðir á þinginu. 1. umr. er í upphafi þings þegar hæstv. fjmrh. mælir fyrir fjárlagafrv. og gerir grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar hvað varðar tekjur og einnig hvað varðar gjöld. Þegar útgjöld fjárlagafrv. hafa verið yfirfarin er endurskoðuð útgáfa þeirra lögð fram við 2. umr. Við 3. umr. kemur endurskoðuð tekjuáætlun frá ríkisstjórn sem fer til meðhöndlunar í fjárln. og sömuleiðis í efh.- og viðskn.

Þriðja umræðan er því að meginstofni um efnahagsmálin, tekjuáætlunina, efnahagshorfur og forsendur fyrir efnahagsstjórninni árið á eftir. Við 2. umr. ræðum við því fyrst og fremst gjöldin. Við komumst samt ekki hjá því að tala aðeins um stefnu ríkisstjórnarinnar í tekna- og gjaldamálum og hversu frábrugðin sú stefna er þeirri sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur í tekjuöflun ríkisins og líka varðandi það hvernig útgjöldum er ráðstafað.

Í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar og brtt. meiri hluta fjárln. kemur skýrt fram stefna ríkisstjórnarinnar í þeim málaflokkum sem ríkisvaldið ber ábyrgð á. Fram kemur hvernig ríkisstjórnin ætlar að afla tekna og tillögur hennar um það hvernig þeim skuli ráðstafað á einstaka málaflokka og verkefni. Þegar fjárlagafrumvarpið er skoðað í heild sinni má greina þann mun sem er á áherslum núverandi meiri hluta annars vegar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hins vegar.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á velferð og jöfnun lífskjara. Skattkerfinu á að beita til að afla hinu opinbera nægjanlegra tekna til að standa undir samneyslu þjóðfélagsins og öflugu velferðarkerfi. Skattstefnan á að fela í sér tekjujöfnun og að byrðunum sé dreift með sanngjörnum hætti. Til að ná slíku fram hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagt áherslu á fjögur eftirfarandi atriði:

1. Að skattleysismörk fylgi launaþróun þannig að lágtekjufólki og lífeyrisþegum verði hlíft við óhóflegri skattheimtu.

2. Teknir verði upp stighækkandi skattar af launatekjum án þess að það feli í sér að heildarskattbyrði launafólks aukist.

3. Að fjármagnstekjur, þar með taldar arðgreiðslur og söluhagnaður af hlutabréfum, umfram vexti af hóflegu sparifé verði skattlagðar til jafns við aðrar tekjur.

4. Að skattlagning á hreinum hagnaði fyrirtækja taki mið af skattlagningu launatekna.

Í skattstefnu ríkisstjórnarinnar er allt aðrar áherslur að finna. Þær birtast á skýran hátt í skattbreytingum síðasta árs þar sem skattar á fyrirtæki og hátekjufólk voru lækkaðir en tekjuskattur á almenna launþega ekki. Í þessu sambandi má enn fremur nefna að í tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 2002 var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs yrðu 257,9 milljarðar kr. en nú er talið að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2002 verði 263,6 milljarðar kr., þ.e. 5,7 milljörðum kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Hlutur einstaklinga í þessari tekjuaukningu ríkisins er 4 milljarðar kr., rúm 70% af heildarhækkun tekna.

Skattbreytingar ríkisstjórnarinnar síðasta vetur höfðu það sérstaklega að markmiði að ívilna fjármagnseigendum, hátekjufólki og stórfyrirtækjum. Tekjuskattur fyrirtækja var lækkaður úr 30% í 18%. Árið 2000 var tekjuskattur á hagnað fyrirtækja 9.679 millj. kr. eða 4,8% af heildarskatttekjum ríkissjóðs. Árið 2003 er hann áætlaður einungis 5.250 millj. kr. eða um 2% af heildarskatttekjum. Hlutur þessa skatta á hagnað fyrirtækja lækkar um 3 milljarða kr. milli ára vegna skattbreytinga sem meiri hlutinn beitti sér fyrir á Alþingi. Skattur á arðgreiðslur og fjármagnstekjur er einungis 10% og nema tekjur ríkissjóðs af honum um 5 milljörðum kr. en hann hefur staðið í stað sl. þrjú ár. Enn fremur var sérstakur hátekjuskattur einstaklinga lækkaður úr 7% í 5%.

Virðulegi forseti. Hér þarf að snúa algjörlega við blaði og koma á gerbreyttri skattstefnu sem hafi að markmiði að jafna aðstæður og lífskjör í landinu. Þúsundir einstaklinga og fjölskyldna eru fastar í fátæktargildru sem aðallega orsakast af lágum dagvinnulaunum, veikleikum og götum í velferðarkerfinu og ranglátri skattstefnu. Slíkt á ekki að líðast í þjóðfélagi sem kennir sig við velferð. Ljóst er að til að koma á umbótum í þessu efni þarf nýja ríkisstjórn með aðrar áherslur en sú sem nú situr. Það þarf ríkisstjórn sem sterkri aðild Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Ef litið er á gjaldahliðina, virðulegi forseti, taka heilbrigðismálin þar mest rúm. Fjárhagsvandi heilbrigðiskerfisins er mikill og vaxandi þrátt fyrir þá staðreynd að reynt hafi verið að koma jafnvægi á rekstur heilbrigðisstofnana fyrir nokkrum árum. Í lok ársins 2001 hafði rekstur 22 heilbrigðisstofnana farið umfram fjárheimildir og var samanlagður vandi þeirra um 1,6 milljarðar kr. Ekkert hefur komið fram hjá ríkisstjórninni um hvernig fjárhagsvandi spítalanna, sem stöðugt eykst, verði kerfisbundið leystur.

Það er ljóst að vandi heilbrigðisþjónustunnar er mikill og að endurskoða þarf heilbrigðisþjónustuna í heild sinni. Það hefur komið fram að komum til sérfræðilækna sem fá greitt í gegnum Tryggingastofnun ríkisins fjölgar mikið, t.d. komu 291 þúsund sjúklingar til 342 sérfræðilækna í tæplega 460 þúsund skipti á árinu 2001. Lög um heilbrigðisþjónustu endurspegla ekki þessa miklu starfsemi sjálfstætt starfandi sérfræðilækna heldur er þar kveðið á um að fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni skuli vera á heilsugæslustöðvunum, en hlutur þeirra fer að sama skapi minnkandi.

Það er ljóst að verulega sér á íslenska velferðarkerfinu eftir nær 12 ára ríkisstjórnarforustu Sjálfstæðisflokksins, fyrst með Alþýðuflokknum og síðan með Framsóknarflokknum. Brýnt er að hverfa af braut sífelldra kostnaðarhækkana sem bitna á almenningi og felast í komugjöldum, háu lyfjaverði og sjúklingasköttum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð varar enn fremur við allri einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu og telur að leggja beri höfuðáherslu á öfluga undirstöðuþjónustu, þ.e. heilsugæslu og forvarnir og betri aðbúnað langveikra og aldraða. Forðast ber að heilbrigðisþjónustan þróist í átt að tvöföldu kerfi með tilheyrandi mismunun og óheyrilegum kostnaði fyrir einstaklinga og þjóðarbúið.

Virðulegi forseti. Sé litið á tillögur meiri hlutans við fjárlögin við 2. umr. sést að þar er um umtalsverða hækkun að ræða. Sú hækkun var hins vegar fyrirsjáanleg. Í heilbrigðiskerfið er innbyggður verulegur fjárskortur að óbreyttu. Það sem er hins vegar alvarlegra í þeirri ráðstöfun sem meiri hlutinn leggur til hér er að hann mismunar bæði heilsugæslunni og sjúkrahúsunum í landinu.

Öllum er ljóst að leiðrétta þurfti rekstrargrunn Landspítala – háskólasjúkrahúss. Sömuleiðis hefði þurft að bæta enn úr rekstrarvanda Tryggingastofnunar ríkisins sem áfram situr uppi með verulegan rekstrarvanda og getur ekki endurnýjað tækjakost sinn og þannig staðið undir verkefnum sínum eins og þörf er á. Hitt er alvarlegra að sjúkrahúsin úti á landi, heilsugæslustöðvar og sjúkrahús, fá ekki tilsvarandi leiðréttingu á rekstrargrunni sínum eins og t.d. er gert á rekstrargrunni Landspítala – háskólasjúkrahúss, þó að það sé brýnt. Þetta eru mjög alvarleg skilaboð inn í heilbrigðiskerfið. Þetta eru skilaboð um það að við ætlum okkur í auknum mæli að miðstýra allri sjúkrahúss- og heilbrigðisþjónustu héðan frá höfuðborgarsvæðinu. Það eru alvarleg boð út í samfélagið. Ég vek athygli virðulegs varaformanns fjárln. sem hér gekk í sal, og fulltrúa Sjálfstfl. í fjármálastjórn ríkisins, á því. Það er ánægjulegt að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson skuli loksins hafa tíma til þess að vera við fjárlagaumræðuna.

Þessi mismunun sem á sér stað í heilbrigðiskerfinu er alvarleg. Á henni verður að taka. Ég á sæti í hv. fjárln. og *mun beita mér fyrir því að þessi mál verði tekin aftur upp í* nefndinni ef meiri hlutinn hefur ekki frumkvæði að því.

Virðulegi forseti. Annar mikilvægur málaflokkur er menntamálin. Fátt er afdrifaríkara fyrir okkur, aukinn hagvöxt, vöxt og viðgang í almennum lífskjörum, og gott framboð og menntun í landinu. Í fjárlagafrumvarpinu er ekki tekið á vanda framhaldsskólanna sem var þegar í árslok 2001 orðinn mikill, eins og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar og hér hefur verið gerð ítarleg grein fyrir í umræðunum í gær og í dag. Það er ekki tekið á þessum rekstrarvanda. Hins vegar höfum við skýrslur sem sýna að í framhaldsskólakerfinu er greinilega pottur brotinn. Sú staðreynd að innan við helmingur af því unga fólki sem hefur framhaldsskólanám lýkur ekki framhaldsskólanum, fellur brott á tímabilinu, segir okkur að þarna er eitthvað verulega alvarlegt að. Það hefur líka komið fram að þeir landshlutar sem hafa ekki framhaldsskóla í heimabyggð sinni eru verr settir gagnvart því að unga fólkið þeirra ljúki framhaldsskólanámi. Á þessu verður að taka.

Framtíð okkar og samkeppnisstaða atvinnulífsins byggist á öflugri menntun. Þegar við sjáum slíkar brotalamir sem hér eru á ferð varðandi framhaldsskólann verðum við að taka á honum. Það er því dapurlegt að skilaboð ríkisstjórnarinnar og meiri hluta fjárln. skuli vera að ástæða sé til þess að láta framhaldsskólana bera skuldirnar árum saman án þess að tekið sé á þeim vanda og hann leystur. Áfram er rekstrargrunnur þeirra skilinn eftir í óvissu. Þetta bitnar jafnframt harðast á skólum þar sem verknám, starfsnám og tækninám eru meginhluti skólastarfsins og sömuleiðis á þeim skólum sem reka heimavistir. Þeir skólar, sérstaklega úti á landi, eru viðkvæmir fyrir því að eðlilegri fjárþörf þeirra til reksturs er ekki mætt.

Skólastjórnendur hafa gagnrýnt það reiknilíkan sem notað er til að ákvarða fjárveitingar til skólanna. Gagnrýnin hefur beinst að því að reiknilíkanið sé ekki nógu vel aðlagað mismunandi starfsemi þeirra. Reiknilíkanið hefur fyrst og fremst verið til þess að skipta peningum en tekur ekki tillit til þess starfs sem þar er unnið. Framhaldsskólar á landsbyggðinni hafa kvartað undan því að ekki sé tekið nægjanlegt tillit til aukins kostnaðar vegna fjarlægðar skólanna frá höfuðborginni. Það er nú svo að þjónustuna verða margir hverjir að sækja þangað. Þá hafa verkmenntaskólar gagnrýnt að búnaður tölvu- og verknámsdeilda sé stórlega vanmetinn.

Félag framhaldsskólakennara hefur einnig í ályktun gagnrýnt fjárlagafrumvarpið og fjárveitingar til framhaldsskólans. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Fjárveitingum til framhaldsskólanna samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2003 er dreift eftir nýju reiknilíkani þannig að til þess að bæta fjárveitingar til einstakra framhaldsskóla þar sem þess er talin þörf er skorið fé af fjárveitingum til annarra framhaldsskóla sem þó eru alls ekki aflögufærir. Meginvandinn er því sá að ekki er aukið við heildarfjárveitingu til framhaldsskólastigsins sem nemur kostnaði af breyttu reiknilíkani né heldur er aukið við fé til að styrkja starfsemi framhaldsskólanna almennt og til að auka þjónustu þeirra við nemendur.“ — Ljóst má vera að það leysir ekki málið að færa vanda einstakra skóla yfir á hina.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt áherslu á að auknum fjármunum verði varið til menntamála. Með því að fjárfesta í menntun erum við að fjárfesta í framtíðinni. Sá sofandaháttur sem ríkisstjórnin hefur viðhaft í málefnum framhaldsskólanna er ekki til eftirbreytni. Ekki er tekið nógu mikið tillit til framhaldsskóla á landsbyggðinni né heldur skóla sem sinna verknámi en það nám er mun kostnaðarsamara en venjulegt bóknám. Þróun menntamála undanfarin ár hefur orðið til að stefna æ fleiri nemendum til bóknáms þegar komið er á framhaldsskólastig, jafnvel svo að ástæða er til að óttast um framtíð verkmenntunar í landinu. Sem dæmi má nefna að í Iðnskólanum í Reykjavík, stærsta iðnskóla landsins, hefur fjölgun nemenda í skólanum í heild fyrst og fremst orðið á bóknámsbrautum, svo sem í almennu námi, fornámi og á tölvufræðibraut. Á þeirri braut eru nemendur þrisvar sinnum fleiri nú en þeir voru í upphafi tíunda áratugarins. Nemendum hefur hins vegar fækkað á nær öllum iðnnámsbrautum. Þetta eru alvarleg tíðindi þegar hugsað er til iðn- og verkmenntunar í landinu. Mikilvægt er að grípa í taumana og styrkja sérstaklega verknáms- og iðnnámsbrautir og gera slíkar *námsbrautir fýsilegar fyrir góða námsmenn.*

Herra forseti. Ekki verður undan því vikist að minnast á rekstrarvanda Ríkisútvarpsins en Ríkisútvarpið hefur átt við mikinn rekstrarvanda að etja á undanförnum árum og hefur verið rekið með tapi allan síðasta áratug að undanskildu einu ári. Það hefur því gengið verulega á eigið fé stofnunarinnar. Verði ekki myndarlega við brugðist er þess skammt að bíða að Ríkisútvarpið verði orðið eignalaust með öllu.

Ríkisútvarpið hefur orðið að bregðast við fjárhagsvandanum með samdrætti og sparnaði á flestum sviðum og afleiðingarnar eru óhjákvæmilega minni þjónusta. Í greinargerð stofnunarinnar með fjárlagatillögum hennar fyrir árið 2003 segir m.a, með leyfi forseta:

„Að undanförnu hefur verið dregið úr rekstrarkostnaði og þjónustu Ríkisútvarpsins. Dagskrárgerð og fréttaþjónusta hefur minnkað. Á safnadeild hefur skráning uppsafnaðs dagskrárefnis frá fyrri tíð vart undan. Endurvinnslu á efni sem liggur undir skemmdum, svo sem af eldri hljómplötum, hljóðböndum og kvikmyndum, hefur að mestu verið hætt. Viðhald á húsnæði er í lágmarki, áætlun um endurnýjun á sendum í dreifikerfi hefur nú verið frestað um tvö ár. Forgangsverkefni í fjárfestingum er endurnýjun á stjórn- og tæknibúnaði útvarpsins og er sú vinna hafin en áfangar augljóslega ekki nógu stórir.“

Það er alveg ljóst, herra forseti, að forsvarsmenn Ríkisútvarpsins hafa komið skilaboðum sínum til fjárln. og Alþingis. Hins vegar virðist það vera stefna meiri hlutans að skella skollaeyrum við nauðsynlegum kröfum og óskum Ríkisútvarpsins, miðils sem öll þjóðin vill að standi sem best undir nafni.

Byggðamálin eru einnig þáttur sem skiptir miklu máli. Því miður er hann þó heldur rýr í því frv. sem hér er lagt fram. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur í stefnu sinni lagt áherslu á að styrkja stöðu landsbyggðarinnar með róttækum kerfisbreytingum og valddreifingu til að treysta byggð. Afar brýnt er að bregðast við fólksflótta frá landsbyggðinni, fyrst af öllu með því að leiðrétta þann fjárhagslega mismun sem landsbyggðarfólk býr við í námskostnaði, húshitun og vöruverði. Fjölbreytt atvinnulíf og öflug menningarstarfsemi ásamt traustri samfélagsþjónustu og góðum skólum eru undirstaða lífvænlegrar byggðar. Slíku verður ekki náð fram með einkavæðingu og einkarekstri í undirstöðuþáttum velferðarkerfisins þar sem afleiðingarnar bitna harðast á dreifðum byggðum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð gagnrýnir harðlega að í fjárlagafrumvarpinu skuli ekki gert ráð fyrir stofnun framhaldsskóla á norðanverðu Snæfellsnesi. Menntamálaráðherra sagði í fyrirspurnartíma á Alþingi að síðastliðið vor hefðu legið fyrir allar upplýsingar og tillögur um stofnun framhaldsskóla Snæfellinga. Fram kom í máli ráðherrans að heimamenn hefðu undirbúið málið vel og það væri komið á ákvörðunarstig.

Virðulegi forseti. Stofnun framhaldsskóla á Snæfellsnesi er eitt brýnasta hagsmunamál Snæfellinga. Þessu nefndaráliti fylgir einmitt greinargerð frá formanni undirbúningsnefndar um framhaldsskóla Snæfellinga á Snæfellsnesi, bæjarstjóra Grundarfjarðarbæjar, Björgu Ágústsdóttur, þar sem staða þessara mála er skýrð og rakin af hálfu heimamanna.

Skólamál eru einn mikilvægasti þátturinn í lífi fólks hvar sem það býr og jafnt aðgengi til náms er hluti af lífskjörum hvers og eins og samkeppnishæfni, bæði búsetu og atvinnulífs, hvílir á menntun ungs fólks og möguleikum til símenntunar og endurmenntunar í heimabyggð.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ávallt lagt mikla áherslu á ferðaþjónustu og umhverfismál. Ferðaþjónusta og náttúruvernd geta farið vel saman, enda náttúran sú auðlind sem ferðaþjónustan byggist fyrst og fremst á. Mikilvægt er að efla þessa ungu atvinnugrein. Það verður m.a. gert með því að efla náttúruvernd og tryggja sem besta umgengni um þessa dýrmætu auðlind sem er ein undirstaða blómlegrar ferðaþjónustu. Gera þarf sérstakt átak í atvinnuuppbyggingu í tengslum við þjóðgarða og önnur friðlýst svæði. Landvörðum og leiðsögumönnum þarf að fjölga og styrkja þarf stöðu þeirra. Nauðsynlegt er að efla menntun í ferðaþjónustu og auka fjölbreytni hennar. Koma þarf á fót tilraunaverkefnum um sjálfbær samfélög undir merkjum vistmenningar og styrkja slík samfélög sem þegar eru til. Vinstri hreyfingin – grænt framboð gagnrýnir það metnaðarleysi ríkisstjórnarinnar í þessum efnum sem fram kemur í fjárlagafrumvarpinu og telur að leggja ætti meiri fjármuni til slíkra verkefna.

Ferðaþjónustan er ung atvinnugrein með afar lítið eigið fé, sérstaklega á landsbyggðinni. Markaðstarf greinarinnar er á frumstigi og þar sárvantar svokallað þolinmótt áhættufé til langs tíma með lágum vöxtum. Það eru fyrst og fremst kappsfullir og hugmyndaríkir einstaklingar sem bera uppi þróun og nýsköpun í ferðaþjónustu, sérstaklega í fjölbreyttum afþreyingariðnaði. Lánveitendur krefjast veðs í fasteignum en höfuðstóll ferðaþjónustunnar er fyrst og fremst fólginn í viðskiptavild, ímynd og krafti einstaklinganna og er þess vegna ekki veðhæfur. Þarna getur ríkisvaldið komið á móti með öfluga stoðþjónustu, svo sem aukinn stuðning við rannsóknir og markaðsstarf og rekstur öflugra upplýsingamiðstöðva ferðamála um allt land.

Virðulegi forseti. Ljóst er að í ferðaþjónustu eru fjölmörg vannýtt sóknarfæri sem skilað gætu verulegum arði í þjóðarbúið. Slík sóknarfæri er víða að finna, bæði í nýsköpun í atvinnurekstri og innan hefðbundinna atvinnugreina. Alþjóðlegar kannanir og reynsla nágrannaþjóða sýna að í smáum og meðalstórum fyrirtækjum sé að finna mikilvæga vaxtarsprota og þar verði hlutfallslega til mun fleiri störf en væntа megi í stóriðju og öðrum stórfyrirtækjum. Skapa þarf hagstæð skilyrði til nýsköpunar í atvinnumálum til að koma á fót og starfrækja ný fyrirtæki og tryggja þeim greiðan aðgang að fjármagni. Ekki er síst mikilvægt að huga að starfsskilyrðum atvinnulífs og nýsköpun í atvinnumálum á landsbyggðinni.

Virðulegi forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur til að stærri hluta af fjárútlátum ríkisins verði varið til menntunar og rannsókna jafnframt því sem stefna í atvinnumálum taki fullt mið af sjálfbærri nýtingu náttúruauðlindanna.

Virðulegi forseti. Það eru mörg verkefnin að fást við og sem skipta máli. Ég vil gera að umtalsefni Sementsverksmiðjuna á Akranesi. Sementsverksmiðjan á Akranesi á nú í miklum rekstrarvanda svo að tvísýnt er um framtíðarrekstur hennar. Ástæða þess er m.a. sú að hafinn er innflutningur frá Danmörku á sementi sem selt er hér á mun lægra verði en Sementsverksmiðjan getur keppt við. Því hefur verið haldið fram að hér sé um undirboð að ræða frá hinum erlenda innflytjanda og markmiðið sé að knésetja Sementsverksmiðjuna, ná undir sig markaðnum og geta síðan ráðið sementsverðinu. Sementsverksmiðjan hf. er í eigu ríkisins. Mikilvægt er að staðið sé á bak við verksmiðjuna meðan þetta stríð stendur yfir og samkeppnismál skýrast. Því er flutt tillaga um heimild til handa ríkissjóði að auka hlutafé Sementsverksmiðjunnar.

Virðulegi forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu við þessa umræðu flytja nokkrar breytingartillögur sem undirstrika áherslur flokksins þar sem sérstakra leiðréttinga er þörf. Þær eru einkum á sviði byggðamála, velferðar-, heilbrigðis-, mennta-, menningar- og umhverfismála. Þingmennirnir munu gera grein fyrir tillögunum hér við 2. umr. fjárlaga.

Enn fremur vek ég athygli á þeim fjölmörgu verkefnum sem enn er ólokið í vinnu fjárlaganefndar, svo sem varðandi framlög vegna nýgerðs samnings ríkisstjórnarinnar við Landssamband eldri borgara og umfjöllun um ýmsar heilbrigðisstofnanir og sjúkrahús, sérstaklega á landsbyggðinni, sem skortir tilfinnanlega rekstrafé. Framlög til byggðaaðgerða eru mun rýrari en nýsamþykkt byggðaáætlun gerir ráð fyrir. Þá er sérstök ástæða til að vekja athygli á því að hvorki er í gildi sundurliðuð vegáætlun né flugmálaáætlun. Sú sundurliðun á viðfangsefni vegáætlunar sem kynnt er í fjárlagafrumvarpinu er marklítil enda er boðað að hún muni breytast í allmörgum liðum. Beðið er samræmdrar samgönguáætlunar sem átti að liggja fyrir á haustdögum en hefur ekki enn verið lögð fram. Ég vil vekja athygli á því, virðulegi forseti, að ekki er hægt að afgreiða fjárlagafrumvarpið endanlega fyrr en samgönguáætlun liggur fyrir og þar með einnig skipting og ráðstöfun fjár til samgöngumála.

Ljóst er að ekki er hægt að fjalla á tæmandi hátt um gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins fyrir næsta ár. Það bíður 3. umr., svo og tekjuhlið frumvarpsins. Einstakar breytingartillögur þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við tekjuhlið frv. til fjárlaga munu því einnig bíða 3. umr.

Virðulegi forseti. Með þessu nefndaráliti eru nokkur fylgiskjöl sem ég vil gera örstutta grein fyrir.

Ég hef áður nefnt ályktanir Félags framhaldsskólakennara um nauðsyn þess að rétta af fjárhag framhaldsskólanna og leiðrétta reiknilíkan sem deilir fénu út til framhaldsskólanna á ranglátan hátt, tekur ekki tillit til sérþarfa einstakra skóla og þeirra verkefna sem þeir standa fyrir.

Hér er einnig ályktun frá stjórn Kennarasambands Íslands um fjárveitingar til framhaldsskólanna samkvæmt fjárlagafrv. 2003 sem víkur einnig að sömu atriðum, þ.e. að ekki skuli tekið á fjárhags- og rekstrarvanda framhaldsskólanna og tekið mið af þeim áherslum sem hver og einn skóli hefur í störfum sínum.

Hér er einnig fylgiskjal sem ber heitið Staða framhaldsmenntunar á Vesturlandi, erindi sem Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri í Grundarfirði, formaður undirbúningsnefndar um framhaldsskóla Snæfellinga, flutti. Þar rekur hún ítarlega rök þeirra og forsendur fyrir því að stofnaður verði framhaldsskóli á Snæfellsnesi.

Hér er og ályktun bæjarráðs Akraness þar sem bæjarráðið lýsir áhyggjum sínum yfir stöðu Sementsverksmiðjunnar, rekstrarvanda hennar og samkeppnisstöðu gagnvart innflutningi á sementi þar sem jafnframt er talið að um undirboð sé að ræða. Bæjarstjórnin lýsir yfir þungum áhyggjum yfir þessari stöðu og þeirri ályktun lýkur svo, með leyfi forseta:

„Skorar bæjarráð á þessa aðila [þ.e. á ríkisvaldið og Alþingi] að grípa nú þegar til nauðsynlegra aðgerða og gera hinum danska sementsframleiðanda ljóst að tilraunum hans til yfirtöku á sementsmarkaðnum á Íslandi verði mætt af fullri hörku á meðan hann stundar óeðlilegt undirboð."

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um áðan þá munu einstakir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mæla fyrir einstökum brtt. Ég mun þó mæla fyrir brtt. sem lúta í fyrsta lagi að Landgræðslu ríkisins hvað varðar fyrirhleðslur. Á fjárlagalið sem kallast Fyrirhleðslur er fjármagn veitt til þess að verjast landbroti vegna vatnavaxta og vatnságangs frá ám og fljótum. Nú hefur á þessu ári verið óvenju mikið um landbrot af þessum sökum. Landgræðsla ríkisins sem fer með þennan málaflokk hefur því óskað mjög eindregið eftir því að þessi liður á fjárlögum verði hækkaður um 15 millj. kr. til þess að hægt sé að mæta því brýnasta sem hefur komið upp, sérstaklega á Suður- og Suðausturlandi en einnig líka á Norðurlandi. Það er mjög brýnt að þessi fjárveiting fáist, þ.e. 15 millj. kr. hækkun á þessum lið, til þess að hægt sé að verja mikilvæg verðmæti og verðmætt land landbroti og einnig mannvirki sem eru þar í stórhættu.

Ég vil vitna aðeins í röksemdir landgræðslustjóra, með leyfi forseta:

„Hin mikla úrkoma í fyrri hluta október leiddi til óvenju mikilla flóða í nær öllum vatnaföllum frá Rangárvallasýslu og austur í Lón. Sem dæmi má nefna að vatnsmagnið í Skaftá varð meira en í Skaftárhlaupinu í júlí sl. Afleiðingar þessara flóða voru m.a. miklar skemmdir á fyrirhleðslugörðum og mannvirkjum til varnar landbroti ásamt gróðurskemmdum. Hiklaust má líkja þessum atburðum við náttúruhamfarir.

Mestu skemmdirnar urðu við Svaðbælisá, Kaldaklifsá undir Eyjafjöllum, við Skaftá, Steinavöð, Kotá, Kolgrímu, Hólmsá og Hofsá í Álftafirði."

Einnig eru taldir upp fleiri staðir eins og Héraðsvötn í Skagafirði og Jökulsá í Lóni.

Virðulegi forseti. Ég vil leggja áherslu á þessa brtt. hér, þ.e. að Landgræðsla ríkisins fái aukna fjárveitingu upp á 15 millj. kr. til þess að bregðast þarna við afar brýnum og óvæntum viðfangsefnum, að verjast landbroti.

Virðulegi forseti. Í beinu framhaldi geri ég hér grein fyrir því að leggja ber áherslu á ferðaþjónustu í landinu og að ríkisvaldið getur komið þar að málum til þess að styrkja og efla ferðaþjónustuna með almennri stoð- og grunnþjónustu, t.d. með rekstri á upplýsingamiðstöðvum ferðamála vítt og breitt um landið. Þær upplýsingamiðstöðvar sem hefur verið komið á fót, þó af vanefnum sé, hafa þegar skilað miklum árangri en mikilvægt er að þessar upplýsingamiðstöðvar geti starfað helst allt árið með föstu starfsfólki þannig að þar sé komið upp bæði góðri þekkingu og reynslu í slíku starfi. Því er hér lagt til að fjárveitingar til reksturs upplýsingamiðstöðva á landsbyggðinni verði auknar sérstaklega um 30 millj. kr. Það er svo sem ekki ofrausn. En þó þetta sé ekki hærri upphæð þá mundi hún geta verið til mikillar styrktar fyrir það þýðingarmikla starf að styrkja ferðaþjónustu í landinu.

Virðulegi forseti. Ég hef þá lokið að mæla fyrir nál. 2. minni hluta fjárln. Ég mun síðar í dag einnig mæla fyrir tillögu sem kveður á um stofnun framhaldsskóla á Snæfellsnesi, þ.e. byrjunarfjárveitingu upp á 80 millj. kr. Hún er byggð á erindi sem sveitarstjórnir á Snæfellsnesi hafa sameinast um og er unnið á grundvelli vinnu sem þar hefur verið lögð fram í samráði og samvinnu við menntmrn. Til þess að unnt sé að hefja byrjunar- og undirbúningsvinnu, taka ákvörðun um skólann og hefja undirbúningsvinnu þannig að nám geti hafist þar haustið 2003 hafa þessir aðilar lagt fram beiðni um 80 millj. kr. Það er eitt hið mikilvægasta mál fyrir Snæfellinga að fá þennan framhaldsskóla sem þeir hafa sameinast um að óska eftir.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu að sinni.

[12:35]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2003, 1. mál, brtt. ÞBack, þskj. 482; brtt. ÞBack og ÁSJ, þskj. 483; brtt. ÞBack, þskj. 484; brtt. ÁSJ og JB, þskj. 485; brtt. GAK og JB, þskj. 486.

Flutningur opinberra starfa og stofnana, 282. mál, svar landbrh., þskj. 469.

[12:35]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Sem kunnugt er á Frjálslyndi flokkurinn ekki aðild að fjárln. Fyrir því er það að þingmönnum hans hefur ekki gefist kostur á að kynna sér grandgæfilega innihald frv. eins og það nú lítur út og verður því þar af leiðandi kannski lausari tökum tekið á málaferslu minni en ella.

Ég minnist þess að við 1. umr. fjárlaga hafi formaður fjárln. getið þess sérstaklega að örðugleikar hefðu orðið eða öllu heldur erfiðara hefði orðið fyrir fjárln. að starfa vegna þess að Þjóðhagsstofnun var ekki lengur á lífi. Hann kvaðst sakna hennar alveg sérstaklega og ég vænti þess að hæstv. forsrh. hafi lagt við hlustir. Það kemur víðar fram í skjölum að menn telja það hæng á málinu að þessi stofnun er ekki lengur til staðar og að mestu verður að styðjast við sjálft ráðuneytið af þeim sökum.

Það skortir einnig á að mér þyki nægar upplýsingar liggja fyrir um þessi þýðingarmiklu mál og til að mynda, svo dæmi sé tekið, var nú frekar lítið á framsögu formanns fjárln. að græða sem hann flutti hér við frv. til laga um fjáraukalög. En hann bætti dálítið um betur í dag í framsögu sinni um fjárlagafrv. Hann minntist þar á viðbragðssnerpu hins íslenska fjármálakerfis. Snerpan var nú ekki meiri en sú í aðventunauðum í verðþróunarmálum að stjórn Alþýðusambands Íslands varð æ ofan í æ að draga hæstv. ríkisstjórn að samningaborði til að stemma stigu við þeirri þróun sem þar var á ferðinni.

Hann gat þess að við Íslendingar hefðum yfirburði í peningamálum og fjármálum ef miðað væri við Bandaríkin og einnig Evrópuþjóðir. Það hlýtur auðvitað að hressa mann ákaflega ef svo er komið. Ég ætla heldur ekki að fara frekar út í þá sálma nema mér þótti auðvitað fróðleg þessi samlíking um flutningadallana og hraðbátana. En hann hefði getað aukið við þetta og sagt okkur frá stýrikúnstum á kafbáti

því að í slíku farartæki hafa þeir nú verið, formenn stjórnarflokkanna, þegar þeir ákváðu að hefja hernaðaraðgerðir, vopnaskak, sem við eigum síðar eftir að taka til umræðu hér þegar þeir koma með tillögur í fjárln. um fjárveitingar til stríðsreksturs.

Formaðurinn gat þess að hæstv. ríkisstjórnin hefði haft uppi aðhaldssama stefnu í fjármálum. Í næstu andrá gat hann þess að framúraksturinn á fjárlögum væri mikið umhugsunarefni. Og er það að furða ef við lítum á málaflokka eins og heilbrigðismálin, svo eitthvað sé nefnt, og fjölda annarra mála. Þetta er nú hin aðhaldssama stefna eða hitt þó heldur. Formaðurinn gat þess að vel hefði til tekist og í sömu andrá að mikils aðhalds þyrfti að gæta. Ég er honum sammála í því efni. En allt er talið út og inn um gluggann jafnharðan.

Hann gat þess að atvinnuástand væri brothættara nú en áður. Ekki er að undra þótt það veki athygli þar sem við búum nú við meira atvinnuleysi en áður. Það er versta fyrirbrigði sem getur hent í nokkru þjóðfélagi að þurfa að búa við atvinnuleysi, að menn geti ekki selt vinnu sína.

Hann gat þess að jafnvægi væri milli tekna og útgjalda eins og dæmið lítur út í dag. Þar eru ekki öll kurl komin til grafar vafalaust en við sjáum hvað setur við 3. umr. fjárlaga þegar tekjuáætlun liggur fyrir. En verði jafnvægi við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga þá er spurningin: Hversu mikið verður ekið fram úr á fjárlagaárinu? Verða það 11, 12 milljarðar eins og nú eða verða það 20 milljarðar? Við því fáum við ekki svör nú en mjög mikils óraunsæis gætir við afgreiðslu fjárlaga. Því er svo til viðbótar að menn gera það auðvitað með opnum augum og til að mynda eru þessar tilfærslur milli fjáraukalaga og fjárlaga svona heldur ómerkilegur blekkingarleikur þar sem verið er með fjáraukalögunum að draga úr enn meiri halla en ella hefði orðið á fjárlögunum sjálfum. Þetta eru fimleikar sem engu máli skipta um hina raunverulegu niðurstöðu.

Formaðurinn minntist þess að til þess að vinna bug á atvinnuleysi þá kynni svo til að bera að menn vildu hætta á verðbólgu. Ég skil satt að segja ekki röksemdina fyrir þessu. Ef verðbólga fer af stað þá er það verra en allt annað sem við getum búið við. Ef verðbólga nær skriði er næstum því allt annað unnið fyrir gýg í fjármálum og peningamálum. Af þessu höfum við hina margföldu reynslu.

Hv. formaður gat þess enn að mikil óvissa ríkti um mjög marga þætti fjárlagafrv. Ég tók rétt eftir þessu og skráði þetta hjá mér. Það er vonandi að þeim óvissuþáttum verði eytt áður en við göngum endanlega frá þessu frv.

Ég hefi lagt á það áherslu í umræðum og afgreiðslu fjárlaga síðustu ára að mér hefur þótt menn skjóta yfir markið. Hækkun útgjaldaliða fjárlaga hefur verið meiri en verðlagsþróun hvert einasta ár og það má mikið vera ef svo verður ekki nú. Hækkun hefur verið milli ára á þessum árum, t.d. tveimur hinum fyrri þegar veruleg verðbólguhætta var á ferðinni, þensluhætta, og ég minnti á að ráð ríkisstjórnar til þess að hamla gegn þenslu eru þau að draga úr útgjöldum og allra helst að auka þau ekki, til að mynda eins og gert var langt umfram verðlagsþróun.

Auðvitað er aðhaldsemin mjög nauðsynleg. Ég er haldinn þeirri trú og skoðun að sú óspilunarsemi sem gætt hefur við tilbúning fjárlaganna og framkvæmd eigi rætur sínar flestar að rekja til annarra en hæstv. fjmrh. Ég hefi rökstuddan grun um að lausatök séu víða í ráðuneytum og hjá þeim sem hafa virkilega úrslitaáhrif á framkvæmdina og eyðsluna. Við því þarf að bregðast.

Verðbólga er á réttri leið sem betur fer. Það hefur mikið áunnist í þeim sökum. Viðskiptahallinn er allt annar en hann var. Hann var háskasamlegt fyrirbrigði og ótrúlegt að menn skyldu horfa á hann aðgerðalitlir um langa hríð. Fjármagn var flutt til landsins í stríðum straumum. Einn af forustumönnum iðnaðarsamtakanna í landinu orðaði það svo að góðærið væri knúið áfram með erlendri skuldasöfnun.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um erlenda skuldasöfnun. Viðskiptahallinn verður vonandi enginn eða hverfandi lítill á næsta fjárlagaári en það þarf að hafa varann á vegna þeirrar reynslu sem við höfum nýlega öðlast. En erlendar skuldir Íslendinga eru ógnarlegar orðnar. Þar er ég ekki að tala um ríkissjóðinn sjálfan heldur hinar ógnvænlegu erlendu heildarskuldir Íslendinga sem hafa hækkað stjarnfræðilega á síðustu árum. Það verður ekki gert hér og nú að telja upp einstaka liði þeirrar óráðsíu en á það minnt að sjávarútvegurinn hefur t.d. rokið upp fyrir 200 milljarða í skuldum á örskömmum tíma, erlendum skuldum sem flestar má rekja til hins magnaða brasks sem þar viðgengst í þessum höfuðatvinnuvegi okkar.

Eins hefur gengið verið okkur hagstætt þótt aðgæslu þurfi að sýna. Eins og stefndi um gengið þá horfði það verulega alvarlega, svo ekki sé meira sagt. En það er eitt af því sem snúist hefur til betri vegar. Mikillar aðgæslu er þörf hvar sem borið er niður í ríkisbúskap okkar, þeim mun meiri þar sem við búum í sveiflukenndara þjóðfélagi en aðrar þjóðir, líklega sveiflukenndara en nokkur önnur þjóð vegna hins svikula sjávarafla, svo ég nefni það sem dæmi. Þó gætir meira jafnvægis og ekki eins stórra sveiflna nú og var á sínum tíma.

Mér sýnist, þrátt fyrir tillögur í sambandi við fjáraukalög, að enn skorti nokkuð á að horft sé blákalt á staðreyndir í sambandi við stöðu hinna ýmsu mikilvægustu greina, t.d. heilbrigðismálanna. Framhaldsskólarnir hafa sýnt fram á hið sama, að menn ætli enn einu sinni að afgreiða fjárlög með fyrirsjáanlegum stórhalla vegna þess að þeir hafi ekki þrek og kjark til að taka inn í sjálf fjárlögin fyrirsjáanleg útgjöld. Þetta hefur viðgengist árum saman í sambandi við heilbrigðiskerfið.

Ég hef frá því að ég kom aftur til þings hlustað á skeleggar ræður um nauðsyn þess að ná föstum tökum á heilbrigðismálunum. Þar hefur gengið á undan, með að vísu engu eftirdæmi, varaformaður fjárln., Einar Oddur Kristjánsson. Ég hef verið hjartanlega sammála viðhorfum hans. En það hefur ekki verið gert neitt með þau. Það var að mig minnir á liðnu hausti, við 1. umr. fjárlaga, að hann gat þess að hafin væri kostnaðargreining. Eftir öll þessi ár eru menn núna að hefja kostnaðargreiningu. Auðvitað er það mikilvægt og nauðsynlegt, en að árin liðu með slíkri óráðsíu í stjórn þessara mála eins og dæmin sanna án þess að sá hluti sé einu sinni unninn er með ódæmum.

Heilbrigðismálin og heilbrigðiskerfið eru risavaxið vandamál sem við getum ekki frestað lengur að taka nýjum tökum. Með því er ég ekki að segja að við eigum ekki að veita þá þjónustu eins og best verður á kosið, betur en við höfum gert. Ég legg hins vegar áherslu á að svona búskapur getur ekki gengið. Menn geta ímyndað sér hvernig færi fyrir heimili sem svo væri statt. Í raun og veru má líkja ríkisbúskapnum við stórt heimili, nákvæmlega sömu lögmál sem gilda um tekjur og gjöld á því heimili eins og venjulegu heimili. Hvernig færi ef augunum væri lokað fyrir slíkum rekstri sem við höfum hér fyrir augum?

Ég hef fitjað upp á því að við þyrftum að gera heilbrigðisstéttirnar ábyrgari fyrir þeim ráðum og úrlausnum sem við verðum að finna, blátt áfram að kallað yrði saman stéttarþing þeirra og ráðum ráðið. Það væri þó ekki þannig að þeir réðu ferðinni. Við þyrftum að ráða til þess sérfræðinga í rekstri fyrirtækja og svo kæmi auðvitað ríkisvaldið til skjalanna. Það getur ekki gengið að hver stéttin eða hver hópurinn innan heilbrigðisstéttarinnar oti sínum tota stöðugt og endalaust og brjóti jafnharðan þær viðjar sem við þurfum að hafa um þessi mál. Eins og menn þekkja verður viðmiðunin alltaf með þeim hætti að þetta verður rúlletta, stórhættuleg rúlletta. Það er fullreynt að heilbrrn. er ófært um að eiga þar nokkurn skynsamlegan hlut að máli. Það hefur sannað sig áratugum saman. Starfsmenn þess ráða ekkert við þetta. Það er ekki heldur hægt að ætlast til þess að stjórnmálamaður, sem kemur tímabundið óforvarandis að þessum málum hafi einhverjar töfralausnir í höndum eða geti veifað töfrasprota.

Allt hefur verið látið reka á reiðanum í þessum sökum. Hvers vegna? Vegna vanstjórnar hefur kostnaðurinn verið margfaldur á borð við það sem hann hefði þurft að vera þótt þjónustan væri jafngóð eða betri. Menn geta svo sem sagt: Hvar eru þínar tillögur? Og því er aðeins til að svara: Því miður. Leikmaður eins og hér stendur hefur engin tök á því að leggja neitt af viti til í þessum efnum. Þarna þarf úttektar og rannsóknar við, þeirra sem til þess eru hæfir og fá aðstöðu til þess.

Það er rétt að ýmislegt horfir til betri vegar. En ekki er allt sem sýnist. Ef við víkjum að skattamálum þá fer lítið fyrir efndum á þeim loforðum sem gefin hafa verið af þeim sem forustuna hafa með höndum um úrbætur í skattamálunum. Ég ætla nú ekki að tala um það sem snýr að eldri borgurum.

Ég vil, með leyfi forseta, minnast hér á ályktanir frá síðasta landsfundi Sjálfstfl. fyrir rúmu ári, þar sem segir:

„Landsfundur leggur áherslu á að afnema skuli tekjutengingu lífeyrisgreiðslna almannatrygginga til þeirra sem náð hafa 67 ára aldri. Í stað grunnlífeyris, tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar eigi sérhver einstaklingur rétt á tilteknum eftirlaunum á mánuði, sem ekki verða skert með neinum hætti. Eftirlaun samsvari a.m.k. framangreindum greiðslum óskertum og taki árlega breytingum í samræmi við verðlagsbreytingar."

Í þessum samþykktum er fleira en ekkert af þeim hefur gengið eftir. Þeir voru t.d. fullvissaðir um það, eldri borgarar, að nýtt eignamat mundi ekki hafa áhrif á skatta þeirra. Það reynist rangt, það eru orðin tóm.

Það er ekki ástæða til að fara ræki legar út í þessa sálma. En hvað um þessa nýju samninga við félagsskap eldri borgara sem gerðir hafa verið? Mér skilst að kostnaðaráætlun vegna þeirra komi fram við 3. umr. fjárlaga. En þeir sem gerst þekkja telja þetta afar magurt, rýrt í roðinu, sem að þeim hafi verið rétt. Hvað um skattleysismörkin, sem er meginmál í hagsmunabaráttu þessara manna, þessa fólks? Hvað um þau? Þau eru óbreytt með öllu. Ég hef áður minnst á að hátekjuskattleysismörk þess sem hér stendur voru hækkuð. Um skattana má benda á þá staðreynd að þar hafa engar úrbætur orðið nema hjá fyrirtækjum, úr 30% niður í 18%. Allt og sumt. Skattpíningin heldur óhikað áfram alls staðar.

En öryrkjar og sjúklingar mega fara að hlakka til því að nú hafa ungir menn í röðum sjálfstæðismanna unnið fræga prófkjörssigra. Þeir hafa mótað stefnu sem sjúklingar þyrftu sérstaklega að veita athygli. Þessir menn munu á næsta þingi taka til óspilltra málanna. Undir stjórn þess manns sem náði held ég 7. sætinu á Reykjavíkurlistanum, Sigurðar Kára Kristjánssonar, var sett saman stefnumótun austur á Hellu og formaður flokksins tók við henni fegins hendi. Þar er náttúrlega ýmislegt athyglisvert. Þeir vilja leggja niður embætti forseta Íslands, fækka ráðherrum, sameina ráðuneyti, leggja niður Samkeppnisstofnun, Byggðastofnun og Fjármálaeftirlitið. Þeir vilja færa almannatryggingakerfið á frjálsan tryggingamarkað og aðskilja rekstur og fjármögnun heilbrigðiskerfisins.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann muni ljúka ræðu sinni innan fimm mínútna.)

Ég skal reyna að verða við ósk forseta. Þó að einhverjum mínútum skipti vona ég nú að menn nái samt mat sínum.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti býður hv. þm. einnig að gera hlé á ræðu sinni þegar vel stendur á.)

Já, ég ætla að sjá til hvernig mér vegnar, hvort ég kemst frá ræðunni.

Ég vil tæpa á hluta þessarar samþykktar Sambands ungra sjálfstæðismanna sem gerð var á Hellu en þar kemur fram að SUS leggur áherslu á að Sjálfstæðisflokkur taki við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og að sjúklingar sem liggja á sjúkrahúsum greiði fyrir fæðið að fullu og lyf upp að vissu marki. Rekstur stoð- og þjónustudeilda ríkisrekinna sjúkrastofnana verði boðinn út og heilsugæslulæknum veitt frelsi til að starfa sjálfstætt. Hámarksgreiðslur fyrir læknisþjónustu og heilsugæslu verði hækkaðar.

Þar hafa menn það. Þó hafa lyf stórhækkað til sjúklinga. Samt sem áður er gífurleg aukning á útgjöldum ríkisins vegna lyfjakostnaðar. Þar gengur áreiðanlega eitthvað úrskeiðis.

Eins og ég sagði er ekki allt sem sýnist. Hér hefur verið minnt á atvinnuleysið og stóraukin framlög í Atvinnuleysistryggingasjóð sem hið opinbera neyðist til að inna af hendi. Það hefur verið minnst á gjaldþrotin, sem stóraukist hafa og sannast m.a. á því að hundruðum milljóna þarf að bæta við í ábyrgðasjóð launa.

Það er ýmislegt sem upplýsingar þyrfti að biðja um, t.d. hvað varð af kosningaloforði Framsfl. um 1 milljarð sem ráðstafað yrði í baráttunni við eituref ni. Það verður væntanlega upplýst af fyrirsvarsmönnum í fjárlagamálum.

Ég minni á það hversu hrakað hefur starfi löggæslunnar í landinu. Það má reyndar líka minna á Landhelgisgæsluna, og sá ráðherra sem hefur yfirstjórn með þessu virðist sjálf vera hinn mesti papparáðherra. Úr löggæslunni á vegum úti hefur verið stórlega dregið og ofsaakstur hefur stórvaxið.

Sá sem hér stendur ferðast mikið um landið. Enginn, alls enginn, ekur á 90 km hraða nema hann, og hann er alltaf fyrir. Hann er fyrir hér í Ártúnsbrekkunni þegar hann ætlar að halda löglegum hraða þar. Þeir komast ekki einu sinni fyrir fjárskorti upp í Ártúnsbrekku, lögregluþjónarnir. Ég ók til Staðar í Hrútafirði á föstudagseftirmiðdegi — það tekur bara einn og hálfan tíma á 90 km hraða — og 114 bílar fóru fram úr mér á þessum tíma og vegalengd, og sumir á kappakstursbraða enda höfum við hörmulegar afleiðingar fyrir augum.

En það eru til peningar þegar á þarf að halda eins og í ný hermálaútgjöld og það eru til peningar þegar veita þarf ábyrgð gjaldþrota fyrirtæki í Bandaríkjunum, deCODE. Þá er hægt að reiða fram 20 þús. millj. kr. eins og að drekka vatn. Það er auðvitað ekki mikið sem þeir hæstv. ráðherrar Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson ætla að verja í hernaðinn, aðeins 300 millj. til að byrja með. Það er lítið á borð við það sem þeir ætla að rétta deCODE til að hressa það við.

Ég verð við tilmælum hæstv. forseta um að stytta mál mitt en ég tek það fram að Frjálslyndi flokkurinn á enga aðild að málatilbúnaði fjárlagafrv. sem að líkum lætur. Þingmenn hans munu sitja hjá við lokaafgreiðslu þess og raunar fjáraukalaganna einnig en flytja tillögur og fylgja þeim ef þingmönnum þykir betur á því fara.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

[13:03]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2003, 1. mál, brtt. JB o.fl., þskj. 487; brtt. SJS og KolH, þskj. 488.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:03]

Fjáraukalög 2002, frh. 2. umr.

Stjfrv., 66. mál. — Þskj. 66, nál. 449, 466 og 467, brtt. 450.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:32]

Einar Már Sigurðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í umræðum um þær tillögur sem hér liggja fyrir er það álit okkar, fulltrúa Samfylkingarinnar í fjárln., að margar þeirra eigi ekki heima í fjáraukalögum, séu brot á fjárreiðulögum o.s.frv. Hér eru óvönduð vinnubrögð á ferðinni, það er eðlilegt að meiri hluti þingsins beri ábyrgð á tillögunum og þess vegna mun þingflokkur Samfylkingarinnar sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

[13:33]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér er verið að ganga til atkvæðagreiðslu um breytingar á frv. til fjáraukalaga þessa árs. Meginhluti þeirra breytinga sem hér eru lagðar til er til kominn annars vegar vegna vöntunar á fjármagni sem var svo sem fyrirsjáanlegt við gerð fjárlaga á sl. ári og hins vegar vegna ákvarðana sem framkvæmdarvaldið hefur þegar tekið um fjárútlát á þessu ári. Það er því ljóst að hér er fyrst og fremst verið að bæta úr af hálfu framkvæmdarvaldsins fyrir það sem á hefur skort við fjárlagagerð af hálfu meiri hlutans og framkvæmd fjárlaga. Það er því eðlilegt að ríkisstjórnin og meiri hluti hennar á Alþingi beri ábyrgð á þeirri afgreiðslu sem hér er því að þetta er að sönnu hluti af framkvæmdinni á fjárlögunum.

Því er samt ekki að leyna að ég hefði viljað sjá ríkja meiri jöfnuð á milli einstakra liða sem þarna er verið að leggja til, svo sem um sjúkrahús á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Margar af þeim tillögum sem hér er verið að greiða atkvæði um eru til bóta og ágætar en með vísan til þess að hér er fyrst og fremst verið að ljúka framkvæmd fjárlaga á ábyrgð meiri hluta ríkisstjórnarinnar situr þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

[13:35]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við afgreiðslu á fjáraukalögum og brtt. meiri hlutans nú við lok 2. umr. munu þingmenn Frjálslynda flokksins sitja hjá við afgreiðslu á tillögum meiri hlutans og fjáraukanum í heild. Þau verk hljóta öll af efni máls að verða eingöngu á ábyrgð stjórnarflokkanna.

Sundurliðun 1 (tekjur A-hluta) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KÓ, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE.

15 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRJ, GÁS, JÁ, KVM, KHG, KPál, LMR, MF, SP, SJS, SvanJ, SvH, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 450 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KÓ, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE.

15 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁRJ, EOK, GÁS, JÁ, KVM, KHG, KPál, LMR, MF, SP, SJS, SvanJ, SvH, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Sundurliðun 2 (fjármál ríkisaðila í A-hluta), svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KÓ, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE.

14 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JóhS, JB, KolH, KLM, RG, SJóh, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, EOK, GÁS, JÁ, KVM, KHG, KPál, LMR, LB, MF, SP, SJS, SvanJ, SvH, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. (rekstraryfirlit ríkissjóðs), svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KÓ, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE.

16 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRJ, EOK, JÁ, KVM, KHG, KPál, LMR, MF, SP, SJS, SvanJ, SvH, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2.–4. gr., svo breyttar, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KÓ, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE.

16 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRJ, EOK, JÁ, KVM, KHG, KPál, LMR, MF, SP, SJS, SvanJ, SvH, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, JBjart, KÓ, KolH, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack.

7 þm. (BH, GAK, GÁS, GÖ, JóhS, RG, SJóh) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁRJ, JÁ, KVM, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, SP, SJS, SvanJ, SvH, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Húsnæðismál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 370. mál (niðurfelling skulda). — Þskj. 416.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, JBjart, KÓ, KolH, KLM, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SvH, TIO, VE, ÞSveinb, ÞBack.

1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁRJ, JÁ, KVM, KHG, KPál, LMR, MF, SP, SJS, SvanJ, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Þjóðminjalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 382. mál (verkaskipting, minjaverðir o.fl.). — Þskj. 435.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 477–480 og 482–488. — Afbrigði samþ. með 49 shlj. atkv.

Fjárlög 2003, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 464, 473 og 474, brtt. 465, 477, 478, 479, 480, 482, 483, 484, 485, 486, 487 og 488.

[13:41]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Hér eru til umræðu fjárlög ársins 2003. Það á öllum að vera kunnugt og vita það allir að það er fátt nauðsynlegra einni þjóð en að passa upp á ríkisútgjöldin sín. Það hefur alltaf legið fyrir og sagan hefur alltaf sýnt að þær þjóðir sem misst hafa tökin á opinberum fjármunum sínum hafa misst tökin á flestöllum hlutum þar á eftir þannig að umræðan um ríkisfjármálin er mjög alvarlegur hlutur. Það ber að taka þau alvarlega. Það er líka einmitt ábyrgðarhluti stjórnarandstöðunnar að ræða um ríkisfjármálin og koma þar með jákvæða, eðlilega og hlutlæga gagnrýni.

Mér finnst það þess vegna dálítið áhyggjuefni hvað mér gengur illa að átta mig á því hvað það er sem stjórnarandstaðan gagnrýnir helst. Mér gengur það mjög illa en það er nauðsynlegt að fá það fram og mjög nauðsynlegt að menn átti sig á því hvar ágreiningurinn sé. Hvernig viljum við standa að þessum málum? Hvað er það sem helst er að og hvernig getum við gert betur?

Ég hef velt töluvert mikið fyrir mér þeirri miklu gagnrýni sem hefur komið fram á undanförnum missirum og árum á skattamál. Umræðan hefur verið langháværust þegar hún hefur snúist um viðhorfin til skattanna, hverjir eigi að borga þá og hver viðmiðunin eigi að vera. Skattleysismörkin verða þá alltaf helsta umræðuefnið og helsti ásteytingarsteinninn. Hver eiga skattleysismörkin að vera?

Gagnrýni hefur komið fram, mjög mikil og mjög sterk frá ýmsum hagsmunaaðilum og frá öllum stjórnarandstöðuflokkunum. Menn hafa gert það að umræðuefni að ríkisvaldið sé að taka til sín meiri tekjur með því að hækka ekki meira skattleysismörkin. Það er ástæða, herra forseti, til að staldra við og fara yfir þessa hluti. Það er alveg ljóst að á tímum sem okkar, eins og við höfum lifað undanfarin sjö, átta ár þegar efnahagslífið hefur verið að stækka, hefur aldrei staðið annað til en að ríkisvaldið mundi hlutfallslega auka sinn hlut jafnt. Annað hefur aldrei staðið til. Það hefur aldrei verið gefin út nein yfirlýsing um annað, aldrei, og ástæðurnar eru mjög augljósar. Í fyrsta lagi að skuldir ríkisins eru gríðarlegar frá óreiðuárunum þannig að nóg er til að borga niður. Það hefur verið gert. Það má gagnrýna að ekki hafi verið gert meira af því. Ég get alveg tekið undir þá gagnrýni. Það væri æskilegt að við hefðum á umliðnum árum getað borgað meira niður af skuldum ríkisins en gert hefur verið. Það er alveg rétt. Í öðru lagi er ástæða sú að það hefur aldrei verið pólitískur vilji þeirrar ríkisstjórnar sem situr hér að draga á nokkurn hátt úr velferðarkerfinu á Íslandi. Það hefur verið aukið. Jafnframt því sem þjóðarbúið vex höfum við aukið velferðarkerfið, og íslenska velferðarkerfið er eitt það besta og fremsta í heiminum. Það er það að allra dómi. Auðvitað og eðlilega geta menn gagnrýnt það og sagt að það ætti að vera meira, það ætti að vera betra, það ætti vera hærra, stærra o.s.frv. Það er alltaf hægt að segja það og má alltaf segja það og má alltaf finna fyrir því rök. Staðreyndirnar eru þó þær að kjör allra Íslendinga hafa verið að batna í átta ár og er þar enginn undanskilinn, enginn.

Stóra spurningin til þeirra sem gagnrýna skattleysismörkin og það að ríkið hefur núna aukið hlut sinn er þessi: Ef við eigum ekki að hafa þessa viðmiðun þegar hagvöxturinn er í gangi í landinu, þegar þjóðarbúið er að stækka, þegar kaupmáttur launanna er að vaxa svo mikið sem raun ber vitni, hvað ætlum við þá að gera þegar hagvöxturinn verður í mínus, þegar þjóðarbúinu hrakar, þegar hagsveiflan gengur niður? Í öllum tilfellum og á öllum tímum vitum við að þetta gengur í bylgjum. Það er enginn sá tími og rennur aldrei upp að hagvöxturinn sé stöðugur upp á við. Einhvern tíma kemur að því að þjóðarbúið fari niður. Við höfum alltaf lent í slíkum

sveiflum. Og spurningin er þessi: Við hvað ætla menn þá að miða þegar kaupmátturinn minnkar? Ætla menn þá að miða við verðlagið eða við launavísitöluna? Við þessu fæst aldrei svar frá stjórnarandstöðunni en hún verður að svara þessu. Það er ekki nóg að segja: Við ætlum að draga úr sköttunum þegar vel gengur en við vitum ekki hvað við ætlum að gera þegar það snýst við. Þetta er grundvallaratriði.

Þegar hagvöxtur er mikill, herra forseti, þegar kaupmáttur eykst eykur ríkið sinn hlut hlutfallslega vegna þess að þegar kaupmátturinn minnkar, þegar hagsveiflan fer niður, verður ríkið að vera í stakk búið til þess að minnka sinn hlut, til að verja kaupmátt einstaklinganna, til að verja samkeppnisstöðu fyrirtækjanna. Þetta er grundvallaratriði sem menn verða að skilja og verða að vita hvernig virkar. Það er hlutverk ríkissjóðs að taka á sig þessa sveiflu. Ríkisstjórnin verður að vera tilbúin til þess að verja kaupmáttinn þegar hann fer niður, ekki öfugt.

Ég sé að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, sá frækni skipstjóri, situr hér og hlustar á mig. Ég hef áður notað í samlíkingunni um sveiflujöfnun ríkissjóðs að það er ekki ósvipað veltitönkum á togara. Kerfið tekur inn í sig þegar það fer upp og ýtir sér út til að halda sér í jafnvægi. Þetta er hlutverk ríkissjóðs og þetta er hlutverk sem ríkið hefur umfram sveitarfélög. Sveitarfélögin eru bara bein útgjöld og beinar fjárfestingar, taka ekkert á sig þessar sveiflur. Þess vegna er eðlilegt að ríkið hafi á undanförnum árum aukið hlut sinn.

Í þessum fjárlagaumræðum hef ég stundum og yfirleitt alltaf reynt að fara yfir stöðu ríkissjóðs og bent á það sem ég hef talið vera veikleikamerki ríkissjóðs. Það sem mér hefur fundist hvað einkennilegast er að ég hef aldrei heyrt stjórnarandstöðuna taka undir þessa gagnrýni fyrr en þá kannski áðan þegar hv. þm. Sverrir Hermannsson lýsti því yfir að hann væri mér mjög sammála í umræðunni um heilbrigðismál, og þakka ég fyrir það.

Í mörg ár hef ég alltaf gert að umræðuefni launamál ríkisins. Ég tel þau mesta veikleikann í ríkisrekstrinum og hafa verið allt frá árinu 1997. Ég ætla að segja það hér og nú að það er einn þarfasti hluturinn sem við getum gert í framtíðinni, og verðum að gera svo fljótt sem við getum, að breyta þessu aftur. Hinir ágætu forstjórar ríkisfyrirtækjanna geta ekki staðið að þessum samningagerðum eins og um hnútana er búið. Það verður í mjög mörgum, ef ekki flestum, tilfellum ríkisrekstrarins að miðstýra launum. Það verður að gera það. Hækkun ríkisstarfsmanna umfram aðra má ekki vera. Ríkisstarfsmenn eru jafnháðir afkomu atvinnuveganna og framleiðslugetunni eins og allir aðrir starfsmenn á Íslandi. Þetta verða menn að hafa í huga. Þar að auki vil ég benda á að ríki og sveitarfélög verða að taka saman höndum og starfa saman í samningagerð þannig að við horfum ekki upp á þennan leik ár eftir ár þegar þeir semja hver í sínu lagi, ríkið, síðan sveitarfélögin, svo ríkið og svo aftur sveitarfélögin og þannig koll af kolli. Menn er alltaf að búa til nýjar viðmiðanir og nýtt réttlæti eða óréttlæti eftir því hvernig menn horfa á það.

Það er alveg rétt að á ýmsum sviðum hefur okkur ekki tekist að halda utan um útgjöld ríkisins eins og við hefðum viljað. Það er alveg hárrétt og engin ástæða til að þræta neitt fyrir það, alls engin. Heilbrigðismál hafa komið til umræðu þó nokkuð í þetta skiptið eins og svo oft áður við umræðuna um ríkisfjármálin. Þau eru gríðarlega stór hluti af útgjöldum ríkisins og ef við náum ekki tökum á þeim er hætt við að við náum ekki tökum á ríkisútgjöldunum í heild. Ég, herra forseti, er alveg sannfærður um að við verðum — og eigum engra kosta völ í því — að breyta rekstrarformi heilbrigðisstofnananna, mjög margra félagsmálastofnana og helst framhaldsskólanna og háskólanna líka. Það er mjög þarft. Við eigum að leita leiða til þess að ná sem hagkvæmustum rekstri í hvaða einingu sem er. Það er alveg ástæðulaust að láta slík ummæli valda nokkurri tortryggni. Það er algjör pólitísk samstaða um það á Íslandi, svo og að ég ætla í allri Vestur-Evrópu, að standa áfram að samhjálpinni í því formi sem við höfum gert. Við þurfum ekki á nokkurn hátt að yfirgefa samhjálpina þó að við breytum rekstrarforminu, langt í frá. Við verjum núna rúmum 8% af vergri landsframleiðslu til heilbrigðismála. Það er mjög hátt hlutfall. Hins vegar eru Íslendingar, einstaklingarnir sjálfir, að borga heldur lægri hlut en í öllum öðrum Evrópuríkjum. Í Evrópuríkjunum öllum borga einstaklingarnir í kringum 2% af vergri landsframleiðslu, á Íslandi er þetta hlutfall 1,3–1,4%. Við borgum því í heildina til heilbrigðismála 9,4% af vergri landsframleiðslu sem er gríðarlega hátt hlutfall. Eigi að síður er það staðreynd að sjúkrahúsin vantar peninga. Með þessu frv. og með fjáraukalagafrv. er verið að mæta þeirri þörf. Það eru gríðarlega miklir peningar og ekkert skrýtið þó að marga svimi þegar þeir horfa á hvað þessar tölur eru ofsalega háar. Við verðum að sjálfsögðu að verða við þessu vegna þess að við getum ekki látið slíkar grundvallarstofnanir sem Landspítala – háskólasjúkrahús vera í algjöru fjársvelti, það getum við ekki. En við verðum að horfa til þess að ef þær aðgerðir sem við höfum notað á umliðnum árum duga ekki er ekkert eðlilegra en að leita nýrra leiða. Það er ekkert að því að viðurkenna það. Aðferðin til að útdeila peningum er bara eins og hver önnur föt. Þau eru ágæt til að byrja með. Síðan slitna þau og verða ónothæf og ónýt og þá á að henda þeim og fá sér ný. Þannig eigum við að gera það með úthlutun. Þannig eigum við að gera það alltaf og viðurkenna ef eitthvað tekst ekki. Okkur tekst ekki í dag að halda utan um þessa peninga eins og við vildum gera, eins og við höfum margsinnis stigið á stokk og strengt þess heit að nú skyldi þetta standa, það er alveg rétt. Við höfum margsinnis gert það en það hefur ekki gengið eftir. Ég tel það ekki sök forráðamanna heilbrigðisþjónustunnar. Ég tel það ekki sök forstjóra Landspítalans að þetta hefur ekki tekist. Ég er alveg viss um að það góða fólk hefur lagt sig allt fram og unnið mikið þrekvirki við að reka þessar stofnanir. (Gripið fram í.)

Eflaust eru mjög góðir og hæfir einstaklingar í allflestum ríkisstofnunum þó að undantekningar séu og þurfi að horfa á það gagnrýnum augum á hverjum tíma. Enginn þarf að óttast að líta undan gagnvart því.

Ríkisstjórnin hefur á undanförnum árum haft það að meginmarkmiði að einkavæða fyrirtækin í samkeppnisgreinunum. Blessunarlega er þátttöku ríkisins í rekstri banka að verða lokið. Það er stórkostlegur áfangi í sögu Íslands þegar við losnum undan því. Við eigum eftir að losa okkur við fleiri fyrirtæki. Í megindráttum hefur þetta þó gengið, að vísu með nokkrum brösum, en þó hefur það gengið og er nú að vera lokið. Viðfangsefni framtíðarinnar fyrir ríkissjóð er að breyta rekstrarformi ríkisfyrirtækjanna, skólanna, heilbrigðisstofnananna, stofnana á vegum félmrn. o.s.frv., ekki hvað síst hinna opinberu vísindastofnana. Það er skelfilegt að ríkið skuli reka vísindastofnanir, það hefur ekkert með slíkan rekstur að gera, bara ekki neitt. Hins vegar er sjálfsagt

mál að leggja gríðarlegt fé í vísindarannsóknir. Við eigum ekki að minnka það, við eigum að auka það ef við getum.

Ég get ekki minnst á þessar stofnanir án þess að minnast á stofnun sem heitir Hafrannsóknastofnun Íslands sem núna fær 1,6–1,7 milljarða á fjárlögum til starfsemi sinnar. Þessi stofnun er orðin hreint meinvarp í íslensku efnahagslífi og fátt er brýnna en að leysa hana hreinlega upp. Við getum ekki í byrjun 21. aldar lifað við að það sé ríkiseinokun á vísindum þeirrar náttúru sem fæðir okkur og klæðir, hafinu í kringum landið. Það er lífsnauðsyn fyrir okkur að frjálsar rannsóknir fái að fara fram og ríkið styðji einstaklingana til þess ekki minna en það gerir í dag. Við erum algjörlega bundin þessari einu stofnun sem með kreddum sínum í 30 ár gagnvart þorskveiðunum er á góðri leið með að draga öll sjávarþorp Íslands niður, öll, engin undantekning þar á. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Er hann að tala um Hafrannsóknastofnun?) (**Gripið fram í:** Kemur ... ýmislegt fleira.) Og þótt það væri fleira, herra forseti, gengur það ekki að við höfum í 30 ár verið að þykjast friða smáfisk með þeim árangri að við veiðum í dag minna en helminginn af því sem við veiddum síðustu 70 ár áður en þessi ósköp byrjuðu. Og á hverju byggist þetta? Þetta byggist ekki á neinu. Síðan komu þessir menn fyrir tveimur árum og þóttust hafa týnt 600 þús. tonnum af þorski. Það er mesta fjárvöntun í Íslandssögunni — það hefur aldrei gerst áður. Vita menn hvaða upphæð þetta er? Þetta eru svo gríðarlegar fjárhæðir að aldrei í Íslandssögunni hafa slíkir fjármunir horfir. Menn ætla að sitja uppi með þetta og láta þessa menn komast upp með það þó að mjög færir vísindamenn hafi bent á það svo að óyggjandi sé að auðvitað gerðist ekkert annað en að dánartíðnin jókst, fiskurinn dó í stað þess að koma að landi og verða Íslandi og íslensku efnahagslífi til blessunar. Þetta er mesta efnahagsvandamál sem við eigum við að stríða og þetta er meginorsökin fyrir því hve höllum fæti landsbyggðin stendur í dag.

Ég ætla aðeins að minnast á annan hlut varðandi innheimtu ríkisins á tekjum. Við höfum fjallað mjög um að æskilegt væri að við minnkuðum skatta á Íslandi. Ég hef mjög tekið undir það. Kærir vinir mínir í forustu ungra sjálfstæðismanna hafa sett þetta mjög á oddinn. (**Gripið fram í:** Og kosnir út á það.) Eiga vonandi eftir að vera hér á þingi sjálfum sér og þjóð sinni til mikils sóma. En ég hef gagnrýnt einn hlut í þessu. Við eigum að byrja á því að minnka ríkisútgjöldin því að þá getum við lækkað skattana, ekki öfugt. (**Gripið fram í:** Er þetta þá vitleysa ... ?) Ísland er núna í því æskilega jafnvægi sem allar þjóðir heimsins óska sér að vera. Hér ríkir jafnvægi í gerð efnahagslífsins. Hér er stöðug atvinna og jafnvægi í viðskiptum við útlönd. Hér er næstum engin verðbólga, miklu minna atvinnuleysi en í nágrannaríkjunum o.s.frv. Ríkissjóður hefur verið rekinn með afgangi og verður það áfram. Það mun koma í ljós við 3. umr. þessa fjárlagafrv.

Á einu sviði þjóðlífsins ríkir mikið ójafnvægi — mjög mikið ójafnvægi sem er þjóðfélaginu hættulegt — það er ójafnvægi í byggðum landsins. Það er það ójafnvægi sem ógnar okkur og mun valda þjóðfélaginu óbærilegum skaða ef við fáum ekkert að gert.

Einn hlutur skiptir að mínu mati höfuðmáli gagnvart byggðum landsins, samkeppnishæfni atvinnulífsins úti á landi. Hún hefur á undanförnum árum orðið fyrir verulegum hnekki vegna tæknibreytinga. Við höfum lagt af strandsiglingar og tekið upp landflutninga í staðinn. Þetta hefur aukið flutningskostnað á Íslandi gríðarlega á undanförnum árum. Og þessi staða veldur því að samkeppnishæfnin er að minnka.

Eins og það er sjálfsagt að ríkisvaldið hafi með höndum þá sveiflujöfnun sem þarf í efnahagslífið verða menn líka að átta sig á því að ef ríkisvaldið getur á það að fórna tekjum sínum fyrir atvinnulífið. Miskunnarlaust, til að tryggja áframhaldandi hagvöxt því þá mun ríkisvaldið fá aftur þá peninga, margfalda, til baka.

Vonandi kemur sú tíð að við getum lækkað skatta á Íslandi. Þá er einn skattur sem er höfuðnauðsyn að gangi fyrir um lækkun, þungaskatturinn. Hann er landsbyggðinni gríðarlega dýr og erfiður. Menn segja: Hvað ætlið þið þá að gera við vegina? Ég segi: Tekjur af umferðinni eru miklu meiri en sem nemur því sem við leggjum í vegagerð. Við skiptum þessum tekjustofnum sem eru teknir af Vegagerðinni í sex hluta. Við köllum suma þeirra markaða tekjustofna sem fara til Vegagerðarinnar, aðrir skattar af umferðinni eru ekki markaðir og fara beint í ríkissjóð. Það er mjög nauðsynlegt að menn átti sig á því að það er langvænlegast til að bæta stöðu landsbyggðarinanr að bæta samkeppnisstöðu fyrirtækjanna.

Gamla aðferðin sem menn hanga í enn þá, að búa til byggðasjóði, er hin úrelta aðferð. Hún var búin til í gamla daga þegar vextir voru neikvæðir á Íslandi, þá þótti það vera byggðunum til styrktar að geta verið með lánsfé sem var lánað með neikvæðum vöxtum. Þannig var það hugsað í upphafi. Nú er fyrir löngu komin önnur tíð. Það er aðalatriðið að hugsa til stöðu atvinnulífsins, það skiptir öllu máli ef við ætlum að styrkja landsbyggðina og það er lífsnauðsyn fyrir okkur að styrkja hana. Við gætum ekki borið það að hún hryndi saman og við yrðum að einu litlu borgríki. Það yrði slíkt ofboðslegt efnahagstjón, tala nú ekki um það að nógar eru sorgir Íslendinga og mæða út af velferð sinni, þó að ekki bætti við þá upplausn sem af því yrði ef við yrðum að einu borgríki. Hér er um gríðarlega hagsmuni fyrir ríkisvaldið að tefla, að geta gert það á raunhæfan hátt að setja stoðir undir atvinnulífið úti á landi.

Þessi tvö atriði sem ég nefndi held ég að séu nauðsynlegust og við gætum hrint þeim í framkvæmd strax. Auðvitað getur ríkissjóður gert það strax, það eru hagfræðileg rök fyrir því. Í þeirri stöðu sem við erum í núna, með bara núll í hagvexti, er alveg hægt að réttlæta það að setja ríkissjóð í heilmikinn mínus ef það er til þess að auka framleiðsluna í landinu, bæta stöðu samkeppnisaflanna. Auðvitað er það alveg hægt. Við ætlum ekki að gera það núna. Við ætlum að afgreiða þessi frv. með dálitlum afgangi, ekki miklum enda er þess engin þörf. Í þjóðfélagi þar sem er enginn hagvöxtur er alls engin þörf á því. Við skulum samt minnast þess að við erum gæfuþjóð.

Íslensk ríkisfjármál standa mjög vel. Hættumörkin sem eru notuð erlendis og höfð til viðmiðunar, hjá OECD, Evrópusambandinu og víðar, eru yfirleitt þau — og þá hringja bjöllurnar, þá blikka ljósin — þegar halli ríkissjóðs, rekstrarhalli, nær þremur prósentum af vergri þjóðarframleiðslu þessara landa. Þannig er það mjög víða í dag í Evrópu. Þannig er það í Þýskalandi, Frakklandi og víðar. Það samsvaraði því að við afgreiddum hér fjárlög fyrir árið 2003 með 24 þús. millj. kr. halla ef við værum á sama stað stödd og Þjóðverjar og Frakkar. Tuttugu og og fjögurra milljarða halla. (**Gripið fram í:** Áttu við Hafró?) Þetta er staðan í Evrópu. Svona er hún. Við þetta þurfa þeir að glíma en við erum þeir hamingjumenn að hér hefur ríkt mjög farsæl efnahagsstjórn á

annan áratug, svo farsæl að við höfum getað státað okkur af því að minnka þessar skuldir okkar sem söfnuðust upp áður fyrr, svo farsæl að við erum með afgang af ríkissjóðnum, svo farsæl að við sjáum fram á eitt árið í viðbót þar sem kjör fólks batna og kaupmáttur mun aukast, sannarlega kaup og kjör allra, þar með talinna öryrkja og aldraðra.

Það væri mjög æskilegt, herra forseti, eins og ég minntist á í upphafi ræðu minnar, að við gætum áttað okkur hver á afstöðu annars. Ég átta mig ekki nákvæmlega á því hvað stjórnarandstaðan vill gera öðruvísi en við erum að gera. Ég skil ekki alveg hver afstaða hennar er til skattamálanna. Ég veit ekki hvort hún vill hækka þá eða lækka. Ég veit ekki hvort hún vill reka ríkissjóð með meiri afgangi eða minni. Ég veit ekki hvort þau telja það hneykslanlegt að við höfum ekki meiri útgjöld núna en við erum með. Ég veit það ekki, ég geri mér ekki grein fyrir því.

Þetta er alvarleg umræða og við skulum vera viðbúin því og vonast til þess að við getum haldið áfram á þeirri farsældarbraut sem við erum sannarlega á núna, að næstu ár verði í nákvæmlega sama farinu. Þá skiptir ekki máli hvaða ríkisstjórn er, heldur að það sé þverpólitísk samstaða um að reka ríkissjóð af gætni og ábyrgð eins og hefur verið gert á umliðnum árum og þá mun okkur farnast vel á öðrum sviðum.

[14:07]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson telur greinilega að hann sé sloppinn úr prófkjörsbaráttunni á Norðurlandi vestra. Hann sagði að hérna hefði verið jákvæður ríkisbúskapur. Hvernig hefur hann fengist? Með sölu eigna. Með sölu arðbærra eigna sem hafa staðið undir þjónustu, á Vestfjörðum og um allt land, með sölu banka og sparisjóða sem gengu inn í bankana. Með herkjum tókst að stöðva sölu Landssímans. Ég er ekki viss um, herra forseti, að Vestfirðingar mundu gefa mikið fyrir þennan boðskap ellegar þegar hann fer að skjóta að Hafrannsóknastofnun hér fyrir rangláta stefnu í fiskveiðistjórn sem flokkur hans ber ábyrgð á.

Virðulegur forseti. Ætlar hv. þm. að bera sama mál á borð fyrir vestfirska kjósendur? Ætlar hann líka að bera á borð þann mismun í fjárlagafrv. varðandi rekstrarkostnað sjúkrahúsa þar sem gengið er freklega á sjúkrahúsin á landsbyggðinni? Ætlar þessi hv. þm. að bera það á borð Vestfirðinga?

[14:09]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einfaldlega rangt hjá hv. þingmanni að sala ríkiseigna standi undir afgangi ríkissjóðs á umliðnum árum. Afgangur ríkissjóðs hefur verið miklu meiri en svo.

Í öðru lagi, herra forseti, hef ég margsinnis haldið þessa sömu ræðu á Vestfjörðum og um allt Norðvesturlandið þannig að hún á ekki að koma neinum þar á óvart.

Sú stefna og ríkiseinokun sem er í gangi varðandi þorskveiðarnar er að sliga þessar byggðir. Og þetta eru ekki ný ummæli frá minni hendi heldur hef ég haldið slíkar ræður um allt þetta nýja kjördæmi og Vestfirði alla. Þingmaðurinn skal alveg gera sér grein fyrir því að það hefur engum komið á óvart, ekki vestfirsku fólki né öðrum íbúum Norðvesturkjördæmisins, sem ég sagði hér áðan.

[14:10]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir dapurlegt ef kjósendur hv. þingmanns taka ekkert mark á honum. Hann er búinn að sitja í ríkisstjórn í a.m.k. 12 ár og hefði getað haft áhrif á stefnu ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum, í fiskveiðistjórnarmálum, ef hann hefði haft dug til. En kannski er hv. þm. einungis með þennan málflutning á Vestfjörðum og svo annan málflutning hér þegar kemur inn í ríkisstjórnarflokkana.

Halda þingmenn virkilega, eins og hv. þm. gat hér um, að einkavæðing sjúkrahúsa, skóla og vísindastofnana sé það brýnasta sem brennur á hagsmunum Vestfirðinga og annarra landsbyggðarbúa? Ég mótmæli því. Ég tel einmitt að einkavæðingarstefnan í almannaþjónustunni sé eitt það hættulegasta sem í gangi er gagnvart dreifbýlinu. Og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, fjármálasérfræðingur Sjálfstfl., ætti að beita áhrifum sínum innan Sjálfstfl. og innan þessarar ríkisstjórnar því það er hún og stefna hennar sem er mesti bölvaldur fyrir þá neikvæðu búsetuþróun og atvinnulíf á landsbyggðinni sem við búum við.

[14:11]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef verið sakaður um ýmislegt um dagana en þetta er í fyrsta skipti sem ég heyri það frá nokkrum manni að ég sé huglaus. Ég hef verið sakaður um allt milli himins og jarðar, allt annað en það.

Ég vil líka benda honum á að hagsmunir Vestfirðinga, svo og Snæfellinga, Akurnesinga, Skagfirðinga og allra þar á milli, eru nákvæmlega þeir sömu og allra annarra Íslendinga. Við eigum að gæta hagkvæmni, við eigum að leita hagkvæmustu leiða í rekstri ríkisins vegna þess að okkur ber að fara eins vel með fjármuni ríkisins og skattborgaranna og við getum helst gert. Það er mjög brýnt fyrir alla að við gerum það á eins ódýran hátt og góðan og við helst þekkjum. Þess vegna fara hagsmunir allra saman. Skiptir ekki máli frá hvaða kjördæmi menn koma eða hvað þeir heita.

[14:12]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var flott ræða en hún var ekki í miklu samhengi við fjárlögin sem verið er að ræða hér. Satt best að segja er hægt að segja það sem um þessi fjárlög er að segja í einni setningu. Það felst ekki í þeim nokkur stefnumörkun og hefur aldrei verið í nokkrum fjárlögum þessarar ríkisstjórnar. Þetta eru plástrar og bætur. Ríkisstjórnin fleytir sér áfram yfir hvern vanda og tekur aldrei almennilega á.

Ég spyr, virðulegi forseti: Hvar er stuðningur við litlu þekkingar- og sprotafyrirtækin? Hvar eru barnakort Framsóknarflokksins? Hvar er fjölskyldupólitík ríkisstjórnarinnar sem var bara orðin tóm í þáltill.? Það er ekkert að finna hér sem skiptir máli. Barnafólkið er með skattbyrðina. Það sem þessi ríkisstjórn kemur sér saman um er einkavæðingin og gæluverkefni, smápeningar svo sem í hverjum fjárlögum en stinga samt í augun. Þetta er það sem einkennir fjárlögin, virðulegi forseti, og þetta er ekki það sem hv. þm. var að tala um enda er ræða hans í engum tengslum við fjárlögin.

[14:13]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki alveg viss um í hverju þetta andsvar var fólgið. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að hæla mér og segja að þetta hafi verið flott ræða, það er alltaf

gaman þegar manni er klappað aðeins á kollinn, það verður að viðurkennast og ég þakka henni fyrir það.

Ég reyndi samt í þessari ræðu, herra forseti, að fara yfir ríkisfjármál Íslands. Ég reyndi að tala um skattamálin og ég reyndi að segja frá því á hverju þau byggðust, hvers vegna við innheimtum tekjur til ríkisins. Við gerum það til að búa okkur undir það að geta látið ríkissjóð fórna sér fyrir kaupmátt almennings, fyrir rekstrarhæfni fyrirtækja, þegar illa gengur. Það er meginstefnan og að þessu erum við að vinna. Þetta er sú pólitík sem við rekum. Ég reyndi að leggja mig allan fram við að skýra það og sýna.

[14:14]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlustaði af athygli og hef hlustað á allar ræður þingmannsins í allri fjárlagaumræðu.

Virðulegi forseti. Hvað vitum við um þróunina þegar verður af því stærsta verkefni sem ríkisstjórnin er með og er ekki nefnd í þessum fjárlögum, Kárahnjúkavirkjun og framkvæmdirnar? Hvað vitum við þá um vexti? Hvað vitum við þá um þenslu? Hvað vitum við þá í raun og veru um þennan hagvöxt og viðbrögðin við honum?

Hv. þm. talaði svo fjálglega um það að fækka ríkisverkefnunum og að það væri það sem þessi ríkisstjórn stefndi að, eins og ég benti sjálf á. Ég spyr hv. þm. hvort hann geti bent mér á eitthvert dæmi um það að þjónusta eða útgjöld hafi minnkað við einkavæðingu? Vill hann benda mér á það? Nei, kostnaðurinn flyst frá ríkinu og til þess sem notar, nýtir eða þarf á að halda. Það er staðreyndin.

Auðvitað höfum við búið vel. Við höfum búið við góðan afla. Við höfum búið við mikilvæga markaði. Við höfum sjálf búið í haginn, og ég hef tekið þátt í því, en það er ekki haldið vel á. Það er mismunur á þessu tvennu.

[14:15]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Bæði í fyrra og hittiðfyrra gaf Alþjóðabankinn, sem annast verðlaunaúthlutun og stigagjafir í heilbrigðismálum, Frakklandi 1. einkunn fyrir að hafa náð bestum árangri og bestum tökum á fjármunum til heilbrigðismála. Þeir hafa gengið hvað lengst fram í einkavæðingu á heilbrigðissviði undir forustu þess ágæta krata sem þar hafði völd, Jospins. Jospin, þessi vinstri krati, stóð fyrir gríðarlegri einkavæðingu á heilbrigðiskerfi Frakklands og Frakkar hafa verið margrómaðir fyrir hinn gríðarlega árgangur sem Frakkland hefur náð í þeim efnum, svo ég minni hv. þm. á þau verðlaun sem kratar hafa fengið, einmitt fyrir einkavæðinguna í Evrópu.

[14:16]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki tekið undir að það hafi verið sérstök ástæða til að verðlauna þá ræðu sem hv. þm. flutti, enda held ég að hún hafi í heildina verið eitthvað það samhengislausasta sem hér hefur verið sett fram í nokkuð langan tíma.

Í fyrsta lagi talaði hv. þm. um að draga saman seglin eins og hægt væri. Síðan færðist áherslan til þess að dreifa peningum eins og hægt væri út um hvippinn og hvappinn. Ríkissjóður átti að taka stóran þátt í aukningu á hagvextinum en um leið átti að skera niður á öllum sviðum. Á heildina litið var ræðan því mestan part samhengislaus.

Það eru þó nokkur atriði, virðulegur forseti, sem mig langar að spyrja hv. þm. um. Í fyrsta lagi liggur fyrir að menn hafa gefist upp á að verja kvótakerfið og ætla að kenna Hafró um það sem miður hefur farið. Pilsfaldakapítalismi skal síðan verða lausnin á þeim vanda sem ríkir í heilbrigðiskerfinu. En það er samt sem áður ein spurning, virðulegur forseti, sem ég vil beina til hv. þm. Hún er þessi:

Hver er eðlilegur hlutur ríkissjóðs í vextinum í hagkerfinu? Hv. þm. sagði í ræðu sinni eitthvað á þá leið að það væri eðlilegt að ríkissjóður tæki tiltekinn hlut af hagvextinum og mundi þannig auka tekjur sínar eftir því sem hagvöxturinn ykist. Hver er eðlilegur hlutur, virðulegi forseti?

[14:18]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hlýtur að vera vandamál hv. þm. en ekki mitt að hann hafi ekki séð samhengi í ræðu minni. Þegar hún prentast út eftir nokkra daga skal ég koma henni til hans og við skulum sitja saman og lesa hana. Þá skal ég skýra það út sem hefur farið úrskeiðis hjá honum.

Að sjálfsögðu er ekki til neitt eðlilegt hlutfall. Það er ekki hægt að tala um neitt eðlilegt hlutfall sem ríkið ætti að taka til sín undir tilteknum kringumstæðum. Ég var hins vegar að reyna að skýra út að þegar þjóðarbúskapurinn ykist væri að sjálfsögðu ekkert athugavert við að ríkið tæki hluta af því, sérstaklega með tilliti til þess að við erum með gríðarlegar skuldir frá fyrri tímum og ekki nema eðlilegt að við borgum þær þegar vel gengur í efnahagslífinu. Ekki borgum við þær niður þegar illa gengur. Auðvitað gerum við það ekki. Við eigum að borga niður skuldirnar þegar vel gengur vegna þess að við erum ekki fær um það þegar verr stendur á.

[14:19]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér verður bæði ljúft og skylt að fara yfir ræðu hv. þm. þegar fram líða stundir og hún kemur út úr prentvélinni.

Ég vildi bara vekja athygli hv. þm. á því að hann hefur stutt þá ríkisstjórn sem nú situr, þá flokka sem nú hafa stjórnað á áttunda ár. Frá því að fyrstu fjárlög þessarar ríkisstjórnar komu fram árið 1996, þ.e. heilu fjárlögin, hafa ríkisútgjöld undir forustu þessarar ríkisstjórnar vaxið um 130% í krónum. Frá því að fjárlög voru lögð fram á árinu 1996 hefur þessi þróun átt sér stað. Það er því ekki nema von að menn spyrji hvert sé eðlilegt hlutfall ríkissjóðs í auknum hagvexti og þjóðarbúskap? Það er ekki nema von að spurt sé. Ég skil vel að hv. þm. treysti sér ekki til að svara þessari spurningu en kannski gerir hann tilraun til þess í öðru andsvari, virðulegi forseti.

[14:20]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ríkissjóður er í mjög miklu jafnvægi á Íslandi. Hann er í jafnvægi sem allar þjóðir Evrópu vildu státa af. Ég var að benda á að við erum gæfumenn að því leyti. Sannarlega höfum við aukið útgjöldin en telur stjórnarandstaðan það af hinu góða eða af hinu vonda? Telur hún að við hefðum ekki átt að auka útgjöldin? Telur hún að við hefðum átt að auka útgjöldin enn meira?

Við höfum verið að hækka laun ríkisstarfsmanna. Við höfum verið að bæta lífeyriskjör þeirra. Við höfum verið að auka við velferðarkerfið. Við höfum aldrei farið í meiri framkvæmdir í vegagerð o.s.frv. Ég veit ekki hvort stjórnarandstaðan telur þetta óheppilegt eða heppilegt. Ég geri mér bara ekki grein fyrir því.

Ég hefði heldur, herra forseti, talið æskilegra fyrir minn smekk að við hefðum ekki aukið útgjöldin eins mikið og við gerðum. Við stæðum enn betur í dag.

[14:21]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eini gallinn við ræðu hv. þm. Einars Odds er sá að þetta er í fjórða skiptið sem ég hlusta á hana óbreytta. Ég er farinn að kunna hana utan að og það er nú ekki skemmtilegt álag.

Hann minntist á skattleysismörk. Ég gerði gys að þeirri lagasetningu er ákveðið var að hækka hátekjuskattsleysismörkin á þeim sem hér stendur. Ég minni hins vegar á að eldri borgarar hafa verið sviknir um hækkun á skattleysismörkum. Það er þessi mismunun sem talað er um að skilji eftir þá sem erfiðast eiga.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að Hafrannsóknastofnun er æxli á þeirri kerfisófreskju sem við búum við í sjávarútvegsmálum. Hann ber fullkomna ábyrgð á því eins og aðrir stjórnarliðar.

[14:22]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona nú að hin mikla næmni hv. þm. valdi honum ekki andvökum, úr því að hann er með ræðurnar mínar allar í kollinum. (**SvH:** Jú.) Ég var einmitt að vona að svo væri ekki, en ég samhryggist honum með það. Það hlýtur að vera mjög erfitt fyrir hv. þm. að vera með ræðurnar mínar allar í kollinum. Ég get ekkert að þessu gert nema benda honum á að hlusta ekki, það er eina ráðið úr því hann lærir þetta allt utan að. En ég ætla ekki að hætta að tala. Ég ætla ekki að hætta að halda þessar ræður. Ég ætla ekki að hætta því þó að menn eigi við þessi vandræði að búa að læra þær utan að. Það er nauðsynlegt að brýna fyrir mönnum sýknt og heilagt að jafnvægi í búskap ríkisins og ábyrg fjármálapólitík er grundvöllur alls annars í þjóðfélaginu.

[14:23]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. ætlar ekki að hætta að halda ræður sínar. Þess vegna verð ég að grípa m.a. til þess ráðs að hætta sjálfur hér á þingi.

Hann minntist á að velferðin væri að aukast hjá öllum. Hún er ekki að aukast hjá eldri borgurum og öryrkjum. Meira að segja þegar öryrkjum voru dæmdar bætur greip ríkisstjórnin til þess að setja lög og skerða þær aftur.

Það er líka hægt að rifja það upp að því var lýst yfir að nýtt fasteignamat mundi ekki hafa áhrif á eignarskatta. Þetta er rangt. Þetta reyndust ósannindi. Þeir sem erfiðast eiga, aldraðir borgarar, kannski með dýrar eignir, finna sárlega fyrir þessu.

[14:24]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur fyrir í öllum opinberum gögnum og öllum gögnum frá Hagstofu Íslands, frá Þjóðhagsstofnun Íslands og öllum þeim gögnum sem við þekkjum, að kaupmáttur eldri borgara rýrnaði frá 1987 til 1992. Hann hefur vaxið frá árinu 1994. Hann hefur vaxið jafnt og þétt. Allt annað er ósannindi. Hrein ósannindi. Hann hefði kannski átt að vaxa enn þá meira, það getur vel verið rétt, en hann hefur vaxið öll þessi ár. Hann rýrnaði á árunum 1987 til 1992. En núna er sett í lög, núna höfum við lögfest, að komi til slíkrar niðursveiflu eins og þá var í efnahagslífinu skuli eldri borgarar og öryrkjar ekki verða fyrir skerðingu. Þetta er munurinn á þeirri löggjöf sem núna er og þeirri löggjöf sem var 1987. Þetta er það sem við getum bent á. Þetta eru staðreyndir og yfir þessu skulum við vera stolt.

[14:26]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér við 2. umr. fjárlaga hafa menn dregið það fram að vöxtur hefur verið í velferðarkerfinu hjá okkur Íslendingum á undanförnum árum. Við viljum hafa Ísland velferðarríki og við ætlum að hafa það þannig. Við eigum jafnframt að vera gagnrýnin á þau rekstrarform sem notast er við í velferðarkerfinu. Við eigum að spyrja hvernig skattpeningar borgaranna nýtist sem best og hvernig þeim sé best varið til að veita sem besta þjónustu. Við eigum að nýta okkur kosti einkareksturins þar sem það hentar og þeirra spurninga verðum við að spyrja við hverja einustu fjárlagagerð.

Það eru margar spurningar sem við í fjárln. þurfum að leita svara við þegar við förum yfir fjárlagafrv. Í yfirferð ráðuneytanna eru dregin fram þau vandamál og þau verkefni sem ríkiskerfið stendur frammi fyrir. Víða eru þau nokkuð stór en þegar á allt er litið eru heilsugæslukerfi okkar, sjúkrahúskerfið og velferðarkerfi okkar varðandi málefni fatlaðra, á býsna góðri leið. Við eigum hins vegar eftir að skoða betur kosti þess að færa meira af þeim fjármunum þeim sem við leggjum til þessara verkefna í einkarekstur. Ég held að það verði viðvarandi verkefni hjá okkur sem við verðum að skoða á næstu árum.

Ég vildi aðeins fara yfir það sem við skoðuðum í félmn. varðandi málefni fatlaðra. Þar höfum við staðið frammi fyrir verkefnum varðandi vistunarmál á höfuðborgarsvæðinu. Við skoðuðum það fyrir síðustu fjárlagagerð og erum að skoða það núna. Það kom fram í vinnu nefndarinnar að starfshópur skilaði skýrslu um styttingu biðlista eftir þjónustu svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á árinu 2000 og eftir þeirri skýrslu hefur verið farið.

Vistunarvandinn hefur verið sérstaklega mikill í Reykjavík og Reykjanesi. Tillögur nefndarinnar voru að rýmum í sambýlum yrði fjölgað um alls 80. Það svarar til 15–16 sambýla. Í öðru lagi var gert ráð fyrir að árlega yrði 5,2 milljónum varið til að eyða biðlistum eftir frekari liðveislu hér á höfuðborgarsvæðinu og að rýmum í dagþjónustu í Reykjavík og Reykjanesi yrði fjölgað um alls 40.

Í frv. til fjárlaga núna árið 2003 nemur heildarframlag til málefna fatlaðra 5,2 milljörðum. Það framlag hækkar um 393 milljónir frá fjárlögum ársins 2002. Að einhverju leyti má rekja þetta til þess að verið er að færa 83 milljónir frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi vegna flutnings íbúa á Kópavogshæli í sambýli á höfuðborgarsvæðinu. En þar er einmitt áformað að taka á leigu hús til að sinna þessari þjónustu, sambýli og dagvistun.

Í minnisblaði sem við í nefndinni fengum frá félmrn. um aðgerðir ráðuneytisins til samræmis við skýrsluna kemur fram að 53 ný rými í Reykjavík og á Reykjanesi hafa bæst við frá því skýrslan var lögð fram og gert er ráð fyrir 15 nýjum rýmum á næsta ári.

Það er augljóst og það kom fram að nefndin er ánægð með það að gripið hefur verið til þess ráðs að vinna eftir þessari skýrslu og eyða biðlistum eftir tillögum hennar. En það kemur jafnframt fram og er augljóst að á hverjum tíma verður að leggja söðugt mat á húsnæðis- og þjónustuþörf fatlaðra. Það eru sífellt breytingar á þörfinni. Menn hafa nýjar áherslur í þessum málaflokki sem nauðsynlegt er að meta á hverjum tíma og leggja fyrir tillögur samkvæmt því.

Við skoðuðum annað sérstaklega í félmn. og það var málefni Íslenskrar ættleiðingar. Nú hefur Íslensk ættleiðing fengið löggildingu frá dómsmrn. Það var því mat nefndarinnar að ástæða væri til að færa fjárveitingar frá félmrn. til dómsmrn. þannig að hægt væri að gera þjónustusamning við Íslenska ættleiðingu.

Við skoðuðum einnig mál Geðhjálpar og Blindrafélagsins þar sem fram kemur að bæði þessi samtök fá fjárveitingar bæði frá félmrn. og heilbrrn. Það er ástæða til þess að skoða og samræma sérstaklega hvernig fjárveitingum er varið til þessara málaflokka í velferðarkerfinu hjá okkur.

Þetta á einnig við sumardvöl fatlaðra, bæði varðandi Foreldrafélag Öskjuhlíðarskóla og Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra sem rekur sumardvöl í Reykjadal. Þar eru málefni sem þarf að fara sérstaklega í og við bendum þessum ráðuneytum, félmrn. og heilbr.- og trmrn., að fara ofan í málefni dagvistunar fyrir fatlaða.

Hæstv. forseti. Það sem jafnan brennur á og skiptir hvað mestu máli fyrir þá sem á landsbyggðinni búa er hvernig fé er veitt til byggðamála. Það verður að segjast eins og er að þegar litið er til byggðamála hefur margt verið gert á undanförnum árum sem unnið hefur verið samkvæmt þeirri byggðaáætlun sem verið hefur í gildi og nú er nýtekin við. Á undanförnum árum hefur símkostnaður verið jafnaður. Tekið hefur verið á húshitunarkostnaði og námskostnaði framhaldsskólanema.

Það verður að vinna áfram á þeirri braut að jafna búsetuskilyrðin í landinu og þau verkefni sem við höfum til þess að kljást við. Þessi stefna sem hefur fært okkur þó þetta mikið fram á veginn hefur verið stefna ríkisstjórnarinnar og það kemur fram í fjárlagafrv. að að þessum málum er unnið áfram.

Aðrir hlutir til þess að styrkja búsetu á landsbyggðinni eru þau styrktarkerfi sem snúa að atvinnulífinu. Við horfum sem mest til nýsköpunarverkefna þar sem við treystum því að með nýsköpunarverkefnum verði sá kraftur sem býr í landsbyggðarfólkinu til þess að auka fjölbreytni í atvinnulífinu á landsbyggðinni.

Þegar frumkvöðlar fara af stað með verkefni sem þeir ætla sér að koma áfram á landsbyggðinni til þess að auka fjölbreytnina þá eru komin upp býsna góð styrktarkerfi sem menn geta leitað til. Þar á ég við atvinnuþróunarfélögin sem styðja menn til að þróa verkefni sín til þess að þeim verði síðan sinnt í lánastofnunum. Oft og tíðum hefur þessi starfsemi atvinnuþróunarfélaganna leitt af sér ný og góð verkefni sem hafa haft mikil áhrif.

Við höfum litið til fleiri verkefna til þess að styrkja búsetu. Þá vil ég nefna símenntunarmiðstöðvarnar sem eru ákaflega sterkur þáttur. Það hefur sýnt sig að þær skila mjög miklu til þeirra sem búa á landsbyggðinni varðandi menntunarmál. Símenntunarmiðstöðvarnar hafa komið á háskólamenntun með stuðningi og vilja þeirra háskóla sem helst hafa sinnt landsbyggðinni. Ég vil sérstaklega nefna Háskólann á Akureyri sem er dæmigerð stofnun sem hefur haft gífurlega mikil byggðaáhrif. Háskólinn á Akureyri hefur sinnt fjarkennslu bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum. Fjöldi fólks stundar nú háskólanám í gegnum símenntunarmiðstöðvarnar frá Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands og er þar vert að nefna bæði hjúkrunarnám og leikskólakennaranám sem hefur sýnt sig að skila mjög miklu inn á svæðin í menntunarlegu tilliti.

Þetta eru þau mestu byggðamál og styrking við búsetu á landsbyggðinni sem hægt er að hugsa sér núna vegna þess að menntun er auðvitað það sem við viljum koma til landsmanna. Ef hægt er að gera það með þessum hætti þannig að fólk geti haldið áfram að búa úti á landi en stunda jafnframt háskólanám þá erum við á góðri leið.

Við tókum núna sérstaklega fyrir í fjárln. landshlutabundin skógræktarverkefni. Yfir það var farið hvernig hægt væri að festa þau frekar í sessi því það hefur sýnt sig að þessi verkefni hafa skilað mjög miklu út um sveitir landsins. Þar eru bændur að rækta skóg. Við verðum að líta til þess að þarna er um langtímaverkefni að ræða sem skilar sér á mjög löngum tíma, en mun ótvírætt hafa þau áhrif að styrkja byggðirnar út um sveitir. Það hefur sýnt sig að þar sem skógræktarverkefni eru komin í gang á bújörðum hefur verð jarða hækkað og byggð styrkst.

Við höfum einnig litið til ýmiss konar menningarverkefna og styrkingar íþrótta- og æskulýðsstarfsemi. Nú stendur fyrir dyrum landsmót Ungmennafélags Íslands á Sauðárkróki og þess má sjá merki í brtt. meiri hluta nefndarinnar að þar eru framlög til þess ætluð að menn geti sett þetta landsmót og sinnt því á fullnægjandi hátt. Þetta á við um íþrótta- og æskulýðsstarfsemina almennt. Auðvitað hafa veikari sveitarfélög minni getu en þau sem sterkari eru og fjölmennari til þess að byggja upp íþróttaleikvanga og það að Ungmennafélag Íslands hefur flutt landsmót sín á milli staða hefur orðið til þess að menn hafa sett sérstakan kraft í að styrkja íþróttaleikvanga.

Í fjölmiðlum hefur nú þegar komið fram nokkuð mikil gagnrýni á að fjárln. hefur verið að styrkja ýmis menningarverkefni úti um land. Ég vil segja að sem betur fer er enn þá sá kraftur í íbúum þessa lands að menn hafa sýnt að þeir geta stundað ýmiss konar menningarstarfsemi sem auðvitað er vert að styrkja. Þær þjóðmenningarstofnanir sem við höfum byggt upp hér á landi hafa ekki haft kraft til þess að flytja starfsemi eða sinna menningarverkefnum úti um landið eins og vera ber. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að þeir einkaaðilar sem hafa í sér kraft og dug til þess að sinna ýmsum slíkum verkefnum komi að því. Það á bæði við um menningaruppákomur ýmiss konar og eins björgun menningarverðmæta. Þá er ég að tala um húsnæði sem hefur einhverra hluta vegna ekki verið sinnt í gegnum tíðina. En nú er mikil nauðsyn á að bjarga menningarverðmætum. Verkefni eru út um allt land þar sem menn eru að taka í gagnið menningarverðmæti til þess (Gripið fram í.) að sinna sérstaklega menningartengdri ferðaþjónustu. Það á sem betur fer við um marga landshluta. Ég veit að hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason mun sérstaklega fara yfir þau verkefni sem hann hefur sinnt á Suðurlandi, af því að hann kallar hér fram í ræðu mína.

Ég vil nefna það vegna þessarar gagnrýni sem hefur komið á það að ekki sé nægilega faglega unnið að þessum verkefnum í fjárln., að flestir þeir sem taka sér fyrir hendur þessi verkefni leggja í gífurlega mikla vinnu, undirbúningsvinnu og skipulagsvinnu, áður en þeir sækja um til fjárln. Fólk hefur lagt á sig mikla sjálfboðavinnu og lagt fram fjármagn, bæði sveitarfélög og einstaklingar, til þess að koma þessum verkefnum af stað. Þó ríkisvaldið komi með stuðning af þessu tagi til þess að verkefnin geti haldi áfram þá er það hluti af þeirri menningarstefnu sem við rekum í þessu landi að einkaframtakið í þessum málaflokki geti blómstrað.

Gerður hefur verið menningarsamningur við sveitarfélög á Austurlandi. Ég tel að það sé mjög jákvætt skref. Þar er sérstakur menningarsjóður sem sinnir menningaruppákom-

um í landshlutanum og þar með sækja þeir aðilar sem standa fyrir slíku t.d. ekki um til ráðuneyta og fjárln. vegna verkefna sinna eins og aðrir landshlutar auðvitað gera. Síðan eru menningarmiðstöðvar reknar í landshlutanum og hefur verið veittur til þeirra stofnstyrkur samkvæmt þessum menningarsamningi. Þarna er komið fram módel sem ég held að aðrir landshlutar muni horfa mjög til og fylgja eftir.

Hæstv. forseti. Ég vil að síðustu nefna það að auðvitað er ánægjulegt að nú hefur nokkuð gengið í því að selja ríkisfyrirtæki sem er okkur afar nauðsynlegt. Það er ekki eðlilegt að ríkið sé með bundið fé í samkeppnisrekstri. Það er algjörlega nauðsynlegt að þessi fyrirtæki verði seld og þeim komið á einkamarkaðinn þannig að féð sem í þeim er bundið geti nýst til annarra mála. Þá erum við sérstaklega að líta til þess að styrkja innviði þjóðfélagsins. Við erum þá að tala um samgöngumál sérstaklega og þar með talið upplýsingaveitukerfi um allt land. Ef þetta land á allt að haldast í byggð verðum við auðvitað að fylgja þeirri þróun sem alls staðar er, þ.e. kröfu um að menn hafi óheftan aðgang og góðan aðgang að upplýsingaveitukerfum samkvæmt því sem gerist nú á tímum.

Hæstv. forseti. Ég vil ljúka þessum orðum með því að segja að það er von mín og ósk að við getum komið sem flestum fyrirtækjum okkar í samkeppnisrekstri á einkamarkað og nýtt féð sem losnar til betri hluta, til að styrkja innviði samfélagsins.

[14:46]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Ríkisfjármálin hafa mikilvægi á marga lund. Það skiptir okkur máli í hverju kjördæmi hvernig til tekst um útvegun fjár og raunar áætlun kostnaðar við rekstur stofnana sem mjög miklu skipta eins og í heilbrigðisþjónustunni, rekstri löggæslunnar og framhaldsskólanna. Þá verður að geta þess, herra forseti, að í því kjördæmi sem ég starfa fyrir eru nokkrar stofnanir af þessu tagi, þ.e. um þær á það við að stjórnendur telja að fjárveitingar séu á stundum þröngar, svo ég nefni heilbrigðisþjónustuna á Suðurnesjum og á Suðurlandi.

Það skiptir síðan miklu máli að í gegnum fjárlög hafa, sérstaklega á undanförnum árum, verið veigamiklar fjárveitingar til nýrra safna og varðveislu minja og raunar fleiri þátta sem falla að menningartengdri ferðaþjónustu sem er vaxandi grein. Það skiptir líka máli í þessu efni að okkur takist að útvega eðlilegt fjármagn til rannsókna og þróunar og öflugs háskólastarfs.

Að þessu mæltu er eðlilegt að við gætum þess og horfum á að afar mikilvægt er til að okkur takist þetta að aðhald verði haft í ríkisfjármálum. Annars vegar sökum mikilla áhrifa þeirra í hagkerfinu, og er þess vegna rétt að reyna að forðast sveiflur. Hins vegar sökum mikilvægis þess að minnka þann hlut þjóðartekna, eða verðmætasköpunar Íslendinga, sem fer í skatta og í opinber útgjöld og reynist ekki hafa mjög hvetjandi áhrif á aukna verðmætasköpun.

Einungis með því að beita aðhaldi í ríkisfjármálum, ná að minnka þann hlut sem fer um opinbera fjármálaþræði, einungis þannig munum við ná að lækka skatta í framtíðinni eða hafa betri stjórn á ríkisútgjöldum.

Um þessar mundir er hagkerfið komið út úr vaxtarskeiði, hámarksumsvifum er lokið og samdráttur hafinn þó hægur sé. Skattstofnar eru enn að skila tiltölulega góðum tekjum í ríkissjóð, en þess verður líka að geta að vegna þess samdráttar sem gætir verða skatttekjur hlutfallslega þyngri, einkum ef borið er saman við hagvaxtarskeið þegar vaxandi umsvif báru skatta eftir samdrátt eða minni umsvif.

Það skiptir þó líka miklu í þessu efni að meðan hagvaxtarskeið ríkti tókst okkur að nýta það til þess að efla innviði hagkerfisins til að leggja grunn að skattalækkunum og til að efla nýsköpunarstarf. Allt þetta skiptir máli til að takast á við samdrátt og nú virðist nokkuð ljóst að ef ekki verður af stóriðjuframkvæmdum á næstu missirum, þá er fram undan efnahagslægð, samdráttur sem við gætum átt í vanda með að takast á við.

Herra forseti. Ég hef ekki um langt árabil komið að störfum fjárln. og er því ekki í færum til þess að fjalla um einstaka liði í frv. eða brtt. og hyggst því gera það nánast eingöngu út frá almennu sjónarhorni.

Að mínu viti skipta almenn sjónarmið talsverðu máli, einkum þar sem þau eru byggð á tilraun til að fá yfirsýn um viðfangsefnið í heild og án þess að skoða einstakar greinar ríkisfjármála, en sú aðferð virðist oft geta leitt til þess að menn leggja mismunandi áherslur.

Í því ljósi er athyglisvert að rekja brtt. meiri hluta hv. fjárln. við frv. Þar má einkum sjá liði sem hafa birst nokkuð reglulega undanfarin ár, sumir hafa raunar horfið úr fjárlagafrumvörpum, en komið inn með þeim hætti að nefndin endurvekur. Virðist jafnvel svo að ráðuneyti treysti á það að þó þau nái römmum sínum í fjárlagafrv. með því að skera út liði, þá bjargi þingmenn með því að auka rammann með þessum hætti. Þá verður að segjast eins og er að mér virðist að eftirlit og aðhald eigi erfiðar um vik að halda stjórn á útgjöldum og raunar sennilega ljóst að tómt mál er að tala um að halda útgjaldaramma þegar þannig er að málum staðið, að sparnaðartillögur ráðuneyta eru gerðar með þeim hætti að ekki er ætlunin að standa við þær.

Annar þáttur brtt. er einnig með þeim hætti að þær birtast aftur og aftur, en smávægileg fjölgun verkefna er á milli ára. Þetta eru einkum tillögur um fjárveitingar á sviði menningarmála eða menningartengdrar ferðaþjónustu, fjárveitingar til uppbyggingar safna, nýrra safna, og fleira af því tagi, allt saman góð og gild mál sem eðlilegt er að þingmenn beiti sér fyrir. Ekki er það svo að þingmenn í fjárln. séu einir um að gera það þó að sumir þeirra virðist álíta svo. Samt hafa á þessu sviði verið stofnsettir á undanförnum árum sjóðir og sjóðstjórnir sem starfa eftir löggjöf sem krefst faglegrar umfjöllunar um umsóknir af þessu tagi, en ég hef ekki séð að slík ákvæði gildi um tillögugerð frá nefndum þingsins eða hv. fjárln.

Ég tel þess vegna eðlilegt að fólk spyrji á stundum hvort sú umfjöllun nái til allra umsókna og allra verkefna, hvort alltaf séu lagðir sömu mælikvarðar á niðurstöðuna. Og einmitt vegna slíkra spurninga tel ég farsælla að leggja grunn að því að faglegar forsendur einar leiði til úthlutunar fjár og bjóði þá heim minni hættu á mismunun eða spurningu um mismunun. Ég tel að frekar ætti að efla þá sjóði sem hafa verið stofnsettir í þessum tilgangi, þannig að þeir geti þá mætt þessum útgjaldaþörfum, enda gera þeir það ef þeir fá féð á fjárlögum.

Ég tel að meira sé um vert fyrir okkur þegar við lítum yfir heildarumfang ríkisfjármála að ná aðhaldi heldur en að reyna að skjóta einstökum áhugamálum þingmanna undan aðhaldi, enda er alveg ljóst að þegar það er gert þá springa megingjarðir, þannig að aðhaldið verður ekki árangursríkt.

Það er svolítið einkennilegt líka, herra forseti, að veita því athygli að verkaskipti fjárln. og annarra þingnefnda, svo-

kallaðra fagnefnda, eru ekki mjög skilmerkileg. Fagnefndir fjalla um tiltekinn hluta af fjárlagafrv., en önnur mál virðast síðan koma beint til fjárln. án umfjöllunar fagnefnda og jafnvel verða stærri í brtt. Ég er alveg viss um að það vekur upp einhverjar spurningar og er satt að segja spurning hvort hér eru starfandi einhverjar míníútgáfur af ráðuneytum inni í þinginu. Ég efast um að þetta leiði til farsællar niðurstöðu um umfang þingstarfa, um umfang starfa fjárln., nema því aðeins að ætlunin hafi verið að draga úr aðhaldi.

Herra forseti. Á sviði heilbrigðisþjónustunnar hafa verið uppi miklar umræður um fjárhagslega hlið málanna og það virðist nokkuð ljóst ef við lítum yfir þróun útgjalda samanborið við áætlanir, þó svo áætlunum hafi verið breytt til að mæta endurmetnum þörfum eða nýjum þörfum, þó svo að fjárveitingum hafi verið bætt við til að mæta því sem menn kalla stundum „vanáætlað" eða kannski „ófullnægjandi aðhald", þá er alveg ljóst þegar við lítum yfir þessi mál öll að ekki verður undan því vikist að hefja umfjöllun um rekstrarform heilbrigðisþjónustunnar allrar, hvernig við getum náð fram nægjanlegu aðhaldi á útgjöld, eftirliti og stjórnunarlega ábyrgð til þess að ná stjórn á útgjöldum. Náum við því ekki, þá er hin hliðin á ríkisfjármálum örugglega það næsta sem hækkar, þ.e. skattheimtur. Þá er líka alveg ljóst að ef við náum ekki því marki höfum við engin tök til þess að lækka skatta sem við höfum þó oft talað um að þurfi að gera.

Ég er þeirrar skoðunar að við komumst ekki undan þessu verkefni, til þess standa einfaldlega þau rök að slíkur hraði er á útgjaldaaukningu í heilbrigðisþjónustunni, þó svo að hún sé nauðsynleg, að ef við ekki náum stjórn á þeirri aukningu, þá vaða skattahækkanir fram til þess að mæta niðurstöðu á ríkissjóði.

Ég held að við hljótum í því ljósi, herra forseti, að taka upp alvarlega umræðu um verkaskipti þingnefnda við umfjöllun um fjárlagafrv., verkaskipti þingnefnda og þeirra sem eiga að gæta aðhalds, eftirlitsstofnana eða eftirlitsembætta sem starfa á vegum þingsins. Ég held við hljótum að ræða hvort við þurfum að efla þær og hvort við getum komið að fleiri aðgerðum til aðhalds heldur en í gildi eru í dag. Má vera að við þurfum að breyta lögum um ríkisútgjöld, um framkvæmd ríkisfjármála, um framkvæmd fjárlaga. Má líka vera að við þurfum að breyta okkar eigin aðferðum við að móta fjárlög.

[14:56]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Í dag fer fram 2. umr. um fjárlög ríkisins, en fjárln. hefur fjallað um frv. til fjárlaga á milli umræðna frá því í október, farið yfir helstu forsendur fjárlagagerðarinnar, farið yfir stofnanir ríkisins og allt það sem tilheyrir fjárlagagerðinni.

Helstu efnahagsforsendur fjárlagafrv. er jafnvægi í hagkerfinu. Það er til þess að gera lág verðbólga í landinu og ber að þakka stjórnvöldum og forsvarsmönnum ASÍ fyrir mjög samstillt átak í þeim efnum. Lítið atvinnuleysi er til þess að gera á Íslandi og segja má að jafnvægi sé í efnahagslífinu. Viðskiptahalli er á undanhaldi, en hann hefur verið viðvarandi um margra ára skeið á Íslandi og þetta eru atriði sem skipta mjög miklu máli. Hagvöxtur kemur til með að aukast og menn eru að spá. Til dæmis spáir OECD nýju hagvaxtarskeiði á Íslandi og þá skiptir auðvitað mjög miklu máli hvernig við stöndum að málum varðandi framkvæmdir, stóriðju og ýmislegt fleira. Það skiptir máli þegar fjallað er um hagvöxt. Verðbólga er á viðráðanlegu stigi á Íslandi, en hún er einn sá draugur sem lengi hefur fylgt okkur í þessum efnum.

Störf fjárln. eru auðvitað mjög fjölbreytt. Þau eru fróðleg fyrir okkur sem sitjum í fjárln. og þau eru um margt mjög skemmtileg. Hér er um gríðarlega mikla vinnu að ræða. Jafnvel er talað um að um 70% af nefndarstarfi þingsins fari einmitt fram í fjárln.

Mjög gott samstarf er með nefndarmönnum og má í raun og veru segja hvar í flokki sem þeir standa og fyrir það ber að þakka. Auðvitað greinir okkur oft á um ákveðin efni, en þegar við horfum á þetta í breiðu ljósi, þá má segja að samkomulag og samstarf í nefndinni sé gott.

Ég vil einnig benda á að starfsmenn Alþingis vinna í raun-inni oft og tíðum þrekvirki í þessum efnum. Tækninni fleygir fram. Upplýsingakerfið verður fullkomnara og fullkomnara sem flýtir mjög fyrir störfum nefndarinnar. Á þessu hefur í raun orðið geysileg breyting á síðustu árum sem leiðir til tímasparnaðar, enda höldum við nánast ár eftir ár tímaáætlun hvað þetta varðar, en það er einmitt gert ráð fyrir að 3. og síðasta umræða um fjárlögin fari fram 6. des. nk.

Líkja má starfi fjárln. við að koma saman flóknu púsluspili, sem er jafnvel hægt að púsla á fleiri en einn veg.

Ég velti því líka oft fyrir mér í störfum okkar í fjárln. hvernig Íslendingar hugsa. Við erum í raun mjög eyðslusöm þjóð. Ég velti því einnig fyrir mér hvort við gætum kennt fólki meðferð peninga, kannski strax í leikskóla og haldið síðan áfram í grunnskóla og síðar í framhaldsskólum. Við getum velt því fyrir okkur hvernig peningar verða til, hvernig verðmætasköpun verður til, hvað það þýðir að taka lán o.s.frv. Það kerfi sem við búum við á Íslandi er í raun eyðslukerfi og það er mjög sorglegt þegar ungt fólk sem er að taka sín fyrstu skref út í lífið verður strax gjaldþrota vegna þess að það kann ekki að fara með það frelsi sem felst í notkun greiðslukorta, felst í því að taka bílalán, felst í því að nýta sér léttgreiðslur og hvað þetta heitir nú allt saman. Mjög margt ungt fólk tekur einnig námslán þegar það er að búa sig undir lífið og er í skóla.

Ég er mjög hlynntur frelsi. En frelsinu fylgir ábyrgð. Ábyrgð banka og lánastofnana í þessum efnum er gríðarlega mikil. Í sumum tilfellum er eins og bankarnir verði ábyrgðarlausir ef hægt er að skaffa ábyrgð þriðja aðila. Þess finnast mjög mörg sorgleg dæmi að ungt fólk hafi fengið foreldra eða jafnvel afa og ömmu til þess að skrifa upp á víxla og lán en geti síðan ekki staðið í skilum og þá lendir ábyrgðin á þessum þriðja aðila.

En hvað brennur helst á fólki á Íslandi í dag? Auðvitað er það allt sem tengist heilsu og þjónustu og velferð einstaklinganna. Hvernig stöndum við okkur í þeim efnum? Ef við skoðum það á breiðum grundvelli er óhætt að segja að á Íslandi sé eitt besta heilbrigðiskerfi í heiminum. Ef við veltum fyrir okkur atvinnu og framfærslu þá stöndum við vel að því leytinu til að kaupmáttur hefur aukist á undanförnum árum. Ef við veltum fyrir okkur mennta- og menningarmálum þá stöndum við mjög framarlega í þeim efnum. Hér er mjög mikil fjölbreytni til náms, hvort heldur er til framhaldsnáms eða háskólanáms, og við höfum borið gæfu til þess að færa háskólanámið út á landsbyggðina. Ég nefni sem dæmi Háskólann á Akureyri sem hefur skipt Norðurland gríðarlega miklu máli. Á morgun er verið að taka í notkun nýtt og afar glæsilegt húsnæði við Viðskiptaháskólann á Bifröst. Sá skóli er í mikilli sókn. Háskóli Íslands er auðvitað kjölfestan í háskólanámi á Íslandi. Kennaraháskóli Íslands sem starfar

í höfuðborginni og reyndar á Laugarvatni líka vinnur gott starf. Fleiri háskólastofnanir mætti nefna. Því er óhætt að segja að við stöndum vel hvað menntunarframboð áhrærir.

Þegar við landsbyggðarþingmenn förum af stað og höldum fundi er oft mjög mikið talað um samgöngumál. Það á sjálfsagt bæði við um Suðurland og Austurland. Orðið hefur gríðarleg bylting í samgöngumálum þjóðarinnar á síðustu árum. Ef við horfum bara 30 ár aftur í tímann þá má segja að orðið hafi algjör bylting að þessu leytinu til. Menn velta mjög fyrir sér skiptingu vegafjár og komið er að því að nauðsynlegt er að stokka upp á nýtt. Ef við tökum Suðurland sem dæmi þá eru um 25% af tengivegakerfi landsins einmitt í gamla Suðurlandskjördæminu. Því er mjög nauðsynlegt að skoða þessi mál upp á nýtt og stokka spilin á nýjan leik vegna þess að hringvegurinn er kominn og nú ber að bæta tengivegakerfi á Íslandi.

Ef við skoðum þessi mál öll af sanngirni þá stöndum við í stórum dráttum mjög vel þó að við vitum að við getum auðvitað alltaf gert enn betur. Það hafa orðið stórstígar framfarir á Íslandi á því kjörtímabili sem Framsfl. og Sjálfstfl. hafa verið í ríkisstjórn, bæði á þessu kjörtímabili og einnig því síðasta.

Ef við skoðum fjárlagafrv. sem við fjöllum hér um þá kemur í ljós að við erum nú á milli umræðna að auka útgjöld um 5 milljarða. Það eru auðvitað talsverðir peningar. En hvernig erum við að verja þessum peningum? Stór hluti þessarar upphæðar fer til heilbrigðismála eða tæplega 2 milljarðar. Við verjum af þessum peningum til menntamála u.þ.b. 1 milljarði. Við veitum til félmrn., til Atvinnuleysistryggingasjóðs og fleiri þátta um 450 milljónir. Við verjum einnig til sérstakra verkefna í landbrn., svokallaðra landshlutabundinna skógræktarverkefna, um 84 milljónum.

Á milli umræðna er vinna fjárln. með þeim hætti að til okkar koma forsvarsmenn stofnana, forsvarsmenn sveitarfélaga og ræða við okkur um þau mál sem heitast brenna á þeim hverju sinni. Menn hafa mjög gjarnan rætt t.d. um halla varðandi dagvistarstofnanir og sérstök dagvistargjöld. Milli umræðna höfum við tekið á þeim málum, ekki þó kannski alveg til fullnustu. Þó erum við að vinna að málum í rétta átt, getum við sagt. Menn hafa líka rætt mikið um löggæslu og löggæslukostnað. Við erum að auka útgjöld til þeirra þátta milli umræðna. Menn hafa líka rætt mjög oft við okkur um málefni framhaldsskólanna en það er mál sem brennur mjög á sveitarstjórnarmönnum og við erum einmitt að taka á þeim verkefnum í fjárln. á milli umræðna.

Þegar talað er neikvætt um störf fjárln. er stundum talað um gæluverkefni fjárln. Þetta er óskaplega leiðinlegt orð, segi ég. Ég hef sjálfur lent í umræðum við málsmetandi menn hér í þinginu, ráðherra og jafnvel fyrrverandi ráðherra þegar þeir tala um gæluverkefni og að við vinnum ekki faglega að þessu leytinu til. Auðvitað getum við alltaf deilt um hvort fjárln. Alþingis vinnur faglega eða ekki. En mér er til efs að ráðuneytin vinni nokkuð faglegar að þessu leytinu til en við. Það er í raun fáránlegt að nota orð eins og gæluverkefni. Er t.d. menningartengd ferðaþjónusta eitthvert gæluverkefni? Ferðaþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein á Íslandi og oft heyrist í þessum þingsölum að við þurfum að gera eitthvað annað, að við þurfum endilega að gera eitthvað annað og að ríkisstjórnin sé ekki að gera neitt annað. En þegar kemur að því að menn skoða fjárlögin og í hvað við erum að verja peningunum þá eru þetta svo sannarlega einhver önnur verkefni. Þessar fjárveitingar hafa skipt mjög miklu máli fyrir sérstök verkefni úti á landsbyggðinni. Við dreifum þessu vítt og breitt um landsbyggðina. Þó þetta séu til þess að gera litlar fjárhæðir þá hefur þetta haft gríðarlega mikil áhrif á ýmiss konar verkefni sem unnið er að. Ég ætla ekkert að vera að tilgreina nein sérstök verkefni. En þegar við ferðumst um landið þá skynjum við að þetta er eitthvað sem skiptir máli. Það skiptir líka miklu máli að varðveita gamlar byggingar sem skipta t.d. byggðarlögin miklu því að hvert byggðarlag á sína sögu. Fjárln. Alþingis hefur einmitt varið peningum til þess að endurbyggja hús vítt og breitt um landið sem hafa mjög mikið gildi fyrir viðkomandi byggðarlög.

Við höfum líka aðstoðað þá sem berjast gegn fíkniefnavá, en oft hefur verið talað um að mesta vá þessarar nýju aldar sé einmitt fíkniefni. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál að þjóðfélag okkar skuli vera með þeim hætti að eiturlyfin séu mesta vá þessarar aldar. Það eru ekki hryðjuverkin. Það eru ekki stríðsglæpir eða eitthvað slíkt. Það eru eiturlyfin. Nú er svo komið að talað er um að nýjasti markhópurinn í þessum efnum séu einmitt grunnskólabörn. Við verðum því að vera mjög vel á verði, þ.e. þingmenn, foreldrar og allir, því að þetta er hræðileg ógn. Fjárln. Alþingis hefur einmitt varið peningum t.d. til Krýsuvíkursamtakanna. Ég heimsótti nýlega Krýsuvíkurskóla, sem var nú lengi í byggingu og stóð síðan auður. En þar er fólk sem er að ná tökum á þessum vandamálum. Allt þetta skiptir máli.

Auðvitað get ég nefnt mörg fleiri dæmi. Ég sá mjög merkilega kvikmynd ekki alls fyrir löngu sem heitir „Hættu áður en þú byrjar". Maríta heita þau samtök sem standa að henni, þ.e. Samhjálp hvítasunnumanna, Lögreglan í Reykjavík og fleiri aðilar. Þetta var mjög sláandi mynd og eins og ég segi þá hefur fjárln. Alþingis einmitt styrkt verkefni, að vísu ekki þetta Maríta-verkefni en mjög mörg verkefni sem þessu tengjast.

Ég nefndi áðan landshlutabundnu skógræktarverkefnin. Þar erum við að taka þátt í umhverfismálum sem skipta landið mjög miklu máli. Við sem sagt bætum við þær upphæðir sem í fjárlagafrv. voru tæplega 84 milljónum sem skiptast á milli landshlutabundinna skógræktarverkefna á Vesturlandi, á Vestfjörðum, — það verkefni heitir Skjólskógar — á Norðurlandi, Héraðsskóga, Austurlandsskóga og einnig Suðurlandsskóga. Hér er um framtíðarverkefni að ræða sem skipta okkur miklu máli.

Við verjum líka miklum peningum til æskulýðsstarfs. Ég var áðan að ræða um fíkniefnavandamálið, en kannski er besta forvörnin af öllum forvörnum gott og traust æskulýðsstarf. Við verjum peningum til íþróttahreyfingarinnar, ungmennafélagshreyfingarinnar og annarra aðila, og ég er stoltur af því að við getum verið að styrkja verkefni sem þessi. Þess vegna vísa ég algjörlega á bug einhverri umræðu um að fjárln. Alþingis sé að vinna í einhverjum sérstökum gæluverkefnum.

Heilbrigðismál eru ávallt þau mál sem mjög langan tíma fá í umræðu okkar í fjárln. Stundum finnst mér þegar við ræðum t.d. um málefni Landspítalans – háskólasjúkrahúss að við séum að ræða um það á þeim grunni að það sé einungis sjúkrahús fyrir Reykvíkinga. En að sjálfsögðu er Landspítalinn – háskólasjúkrahús sjúkrahús allra landsmanna og þar njóta allir landsmenn þeirrar gríðarlega góðu þjónustu sem þar fer fram. Þegar við erum í þessari umræðu og ræðum um höfuðborgina annars vegar og dreifbýlið hins vegar þá eigum við að tala um þessa þætti á jákvæðan hátt því að þetta eru engir pólar. Það er hagur okkar sem í dreifbýlinu búum að

vel gangi í höfuðborginni. Á sama hátt eiga höfuðborgarbúar að gleðjast yfir því þegar vel gengur á landsbyggðinni. Við megum aldrei stilla þessari umræðu upp þannig að hér sé um andstæða póla að ræða. Við erum ein þjóð í einu landi.

Ég hef í þáltill. bent á hve nauðsynlegt er að horfa til framtíðar þegar við veltum fyrir okkur breytingum sem eru að verða á aldurshópum á Íslandi, þ.e. þjóðin er sífellt að eldast. Margar aðrar þjóðir hafa undirbúið hagkerfi sitt með tilliti til þess. Frá árinu 1970 til 1995 fjölgaði Íslendingum frá 65 ára og eldri úr 5,9% þjóðarinnar í 11,3%. Í spá sem gerð var um hlutfall þessara aldurshópa til ársins 2030 kemur fram að veruleg fjölgun verður frá árinu 2010 og árið 2030 verður þetta hlutfall orðið um 19% þjóðarinnar. Þessi fjölgun hefur auðvitað mjög miklar þjóðfélagsbreytingar í för með sér og ætla má að kostnaður heilbrigðiskerfisins aukist verulega og útgjöld vegna eftirlauna og lífeyris hækki umtalsvert.

Þá fækkar mjög í hópi vinnandi fólks og nú er svo komið, t.d. víða á Vesturlöndum, að það eru einungis tveir vinnandi menn fyrir hvern eftirlaunaþega. Þetta er mál sem við verðum að skoða og við verðum að gefa gaum. Eins og ég sagði fyrr þá hef ég ásamt félögum mínum, Ólafi Erni Haraldssyni, Hjálmari Árnasyni og Magnúsi Stefánssyni, einmitt lagt fram þáltill. í þessum efnum.

Herra forseti. Það hefur komið fram að um 8% af vergri landsframleiðslu fari til heilbrigðisþjónustu. Menn spyrja sig hvort þessum peningum sé vel eða illa varið. Ég er sannfærður um að þessum peningum er mjög vel varið. Þegar menn ræða um einkavæðingu heilbrigðiskerfisins þá hef ég ekki séð fyrir mér þá kosti sem í því felast. Við getum líka velt því fyrir okkur, líkt og sumar vestrænar þjóðir hafa gert, að takmarka aðgang fólks að heilbrigðisþjónustu. Þegar fólk kemst á vissan aldur fær það t.d. ekki að gangast undir ýmsar aðgerðir sem gerðar eru hér á landi. Það eru engar aldurstakmarkanir hér. Ég gleðst yfir því að við getum haldið úti slíku kerfi. Ég kæri mig heldur ekki um eitthvert kerfi í heilbrigðisþjónustu þar sem annars vegar er kerfi fyrir ríka og hins vegar kerfi fyrir fátæka.

En þegar á heildina er litið, herra forseti, getum við verið ánægð með að búa á Íslandi. Ég vísa algjörlega á bug öllum fullyrðingum um að fjárln. Alþingis vinni ekki faglega eða *að við séum að hygla einhverjum séstökum landsvæðum* o.s.frv. Við erum þingmenn allra landsmanna og ég gleðst yfir því og ég er stoltur af því að leggja fram þær tillögur sem hér eru.

[15:17]

Útbýting þingskjala:

Erfðabreyttar lífverur, 302. mál, svar umhvrh., þskj. 481.
Fjárlög 2003, 1. mál, brtt. 1. minni hluta fjárln., þskj. 489.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:19]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 489. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

[15:22]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í ræðu hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar kom fram að gott samstarf væri í fjárln. Ekki ætla ég að neita því. Ég tel að það sé með ágætum. En þó er það svo að það hefði nú mátt vera betri viðvera á þessu framboðskosningahausti þingmanna í hv. nefnd. Ég verð að segja það þó að fólki líki það illa.

En ég vil spyrja hv. þm. Ísólf Gylfa Pálmason hvort hann sé sáttur við framkvæmdina á fjárlagagerðinni, hvort hún sé í lagi þegar hlutirnir ganga þannig fyrir sig að það sem fjárln. setur inn vegna stofnana sem er grunnþáttur rekstrar þá sé ár eftir ár af hálfu ráðuneytanna klippt af og ætlast til þess að fjárln. sinni þeim verkefnum. Ég get nefnt málefni fatlaðra í því sambandi. Þar er hver fjárveitingin eða hver fjárlagatillagan á fætur annarri klippt af í tillögugerð ríkisstjórnar, síðan verður fjárln. að setja það inn. Og það er eitt af því sem menn jafnvel eru að kalla því leiða nafni gæluverkefni. Það eru slíkir hlutir m.a. sem mér líka ekki í fjárlagavinnunni.

Hv. þm. kom víða við í ræðu sinni eða spjalli — þetta var nánast spjall á notalegum nótum um hvernig þessi mál fara fram í fjárln. — og nefndi m.a. kennslu í meðferð fjármuna. Sá sem hér stendur hefur flutt þáltill. um að það verði tekið upp sem sérþáttur en það er reyndar komið inn í kennslugreinar í grunnskóla og heitir „lífsleikni". Það sem ég held að vanti þar á er sérkennsla til þeirra sem stunda þá kennslu, *til kennara, til að koma þessu máli virkilega vel til skila.*

Í þriðja lagi varðandi atvinnumál þá erum við að upplifa viðsjárverða tíma, þ.e. atvinnuleysi er að aukast á næstu mánuðum og er orðið yfir 4% í sumum byggðarlögum. Hvaða ráð sér hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason helst til að bæta þar úr og hvernig ættum við að mæta þeirri hörmung sem er að skella yfir okkur í formi gjaldþrota sem eru að gerast hjá fjölskyldum sem eru að missa atvinnu?

[15:23]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. kom víða við í andsvari *sínu og ég þakka honum fyrir að koma hér upp í andsvari.* Það er svolítið óþægilegt þegar forseti stýrir fundi með þeim hætti að klippt sé á andsvörin þannig að maður þarf að koma sér í gang á nýjan leik eftir ræðuna. En þetta voru mjög þarfar og á margan hátt athyglisverðar ábendingar sem hv. 5. þm. Vesturl. kom með áðan.

Hann spurði hvort ég væri sáttur við allt sem færi fram varðandi fjárlagagerð hjá okkur. Auðvitað er það þannig, eins og ég sagði, að alltaf má gera betur og það eru ýmsir hlutir sem ég er alls ekki sáttur við. Ég er alls ekki sáttur við það t.d. þegar ráðherrar gera samninga um ákveðna hluti og *síðan þegar við fáum fjárlögin til umfjöllunar og meðferðar* þá fylgja ekki fjárveitingar þeim samningum. Ég er ákaflega ósáttur við það og þess vegna segi ég að það er mun nær að gera þá ekki þessa samninga vegna þess að samningunum fylgja ákveðnar vonir og væntingar og ef fjármagn vantar, og það kemur fyrir trekk í trekk, það er ekki í einu ráðuneyti heldur er þetta svona í fjölmörgum ráðuneytum, að þegar fjárveitingarnar vantar inn í slíka samninga, þá er það auðvitað mjög slæmt. Margir fulltrúar, t.d. úr ríkiskerfinu, hafa kvartað yfir því að þegar laun hafa hækkað þá hafa fjárveitingar til viðkomandi stofnana ekki hækkað til samræmis og ég er auðvitað ekki sáttur við það.

Áðan kom hv. þm. inn á viðveru manna í fjárln. Auðvitað er það eins og gengur og gerist mismunandi og menn ganga í gegnum ákveðna kosningabaráttu á þessum tíma. Hv. þm. er svo heppinn að í kjördæmi hans er uppstillingarnefnd þannig að hann hefur getað mætt manna best á fundi fjárln. og ber að þakka það.

[15:25]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Vegna orða hv. 5. þm. Suðurl. um að forseti hefði slitið í sundur meginumræðu og andsvör þá er það hárétt. En forseti

gerði það í trausti þess að um langminnuga þingmenn er að ræða sem hér eiga í hlut.

[15:26]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég gleymdi ekki meginþáttum í ræðu hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar. Ég held ég hafi komið að nokkrum þáttum en meiningin var nú ekki að kryfja spjall hans eða ræðu til mergjar.

En ég ætla að taka undir með hv. þm. þegar hann nefnir samninga, og þá á ég helst við það — og væri nú gott fyrir hæstv. fjmrh. að hlusta — að þegar búið er að gera kjarasamninga og fjárveitingar fylgja ekki með í samræmi við þá, það eru slæmu málin. Hins vegar er, virðulegur forseti, búið að vekja upp væntingar, og það var það sem hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason kom hér inn á áðan, það er búið að vekja upp væntingar með ádrætti um samkomulag. Það er hægt að nefna skóla, það er hægt að nefna heilsugæslu og ýmsa þjónustu sem ráðuneytin eru að leggja inn gott orð fyrir. Það eru slæmu hlutirnir og það eru slíkar væntingar sem á ekki að gefa. Það á ekki að lofa því eða gefa von um að heilsugæslan fari í lag með því að það megi byggja o.s.frv. eða væntingar um að byggja upp skóla. Það eru slíkir hlutir sem eru nánast óþolandi.

Þetta erum við sammála um, ég og hv. þm., en ég vil taka undir með honum þakkir til þeirra starfsmanna sem með okkur hafa unnið. Það er allt af mestu kostgæfni leyst af hendi.

[15:27]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta hrósið. Ég heyrði ekki alveg þegar hann talaði um hvort viðkomandi þingmaður væri langminnugur hvort hann talaði í eintölu eða fleirtölu. (Gripið fram í.) Hann talaði í fleirtölu og þá þakka ég auðvitað fyrir hönd okkar allra.

Hv. þm. Gísli S. Einarsson minntist á samninga sem gerðir hafa verið á sama hátt og ég tók fram í ræðu minni áðan. En við megum heldur ekki gleyma því, herra forseti, að í mörgum tilfellum halda þessir samningar og þeir eiga að halda og það skiptir máli. Um leið og búið er að gera samningana þá eiga þeir að halda og í mörgum tilfellum gerist það. En, eins og hv. þingmanni, finnst mér alveg óþolandi þegar þeir samningar halda ekki, og þá kemur það einmitt mjög oft til kasta okkar í fjárln. Alþingis að grípa inn í þetta ferli. Það hefur gerst varðandi menningarmál, landbúnaðarmál, félagsmál o.s.frv. Þegar slíkir samningar eru gerðir þá eiga þeir að halda.

[15:29]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það hefur á margan hátt verið fróðlegt að fylgjast með umræðunum, 2. umr. um fjárlög fyrir árið 2003. Menn hafa víða komið við og tekið almenna umræðu jafnt um efnahagsmál sem þær tillögur sem fyrir liggja. Einnig hefur nokkuð verið til umræðu sú vinna sem lögð er í fjárlagafrv. í fjárln. og fagnefndum Alþingis og ég held að það sé ómaksins vert að bæta nokkrum orðum í þá umræðu.

Á undanförnum árum hefur það verið markmið fjárln. að bæta vinnubrögðin. Það hefur einnig verið markmið að því er sagt hefur verið ríkisstjórnar og ekki síst fjmrh. að bæta öll vinnubrögð. Ég rifjaði það upp í stuttu andsvari í morgun við ræðu hv. formanns fjárln. að það hefði verið árið 1999 sem fjárln. lagði sérstaka áherslu á að það þyrfti að breyta öllum vinnubrögðum. Það ár var mikill vandi fyrir í heilbrigðiskerfi landsmanna. Yfir þau mál var farið nokkuð nákvæmlega og eins og kallað var, kerfið núllstillt. Menn töldu ástæðu til þess að bæta vinnubrögð m.a. til að koma í veg fyrir að það sem þá gerðist endurtæki sig. Það var ekki niðurstaða manna að það væri endilega vegna slælegrar fjármálastjórnunar einstakra stofnana að sá vandi væri upp kominn. Þess vegna vildu menn bæta mjög allt upplýsingastreymi og öll vinnubrögð og það var m.a. í nefndaráliti meiri hluta fjárln. með fjáraukalagafrv. ársins 1999 sem afskaplega skilmerkilega var komist að orði um það hvernig menn vildu standa að verki. Í því nefndaráliti sagði m.a., með leyfi forseta:

„... að upplýsingar um rekstur stofnana miðað við fjárheimildir liggi fyrir mánaðarlega og að nauðsynlegt talnaefni úr launabókhaldi berist reglulega".

Þetta var í áliti meiri hluta fjárln., ekki í áliti minni hluta nefndarinnar. Það var meiri hlutinn sem lagði þessa áherslu á málið. Því hefði mátt vænta að þessu hefði verið fylgt eftir og þannig hefði vinnubrögðum verið hagað frá og með framlagningu þessa nefndarálits. Að vísu var verið að undirbúa þetta og menn hafa lagt vinnu í að reyna að framkvæma þetta en því miður verður að segja alveg nákvæmlega eins og það er að þessu hefur ekki verið fylgt eftir og þetta hefur ekki átt sér stað síðan.

Nú eru liðin þrjú ár og hv. formaður fjárln. sagði það í svari fyrr í dag að langan tíma tæki að koma þessum málum í lag. Ég held, herra forseti, að óhjákvæmilegt sé að spyrja hv. þm. að því hvað hann telji langan tíma eða nauðsynlegan tíma til að kippa þessu í liðinn því að eins og ég sagði áðan eru liðin þrjú ár frá því að þessi orð voru lögð fram, þrjú ár og ég hefði talið að það hefði ekki einu sinni þurft þrjú ár, hvað þá heldur að eftir þrjú ár skuli ekkert hafa áunnist í þessum efnum. Hver er afleiðingin? Hún er ósköp einfaldlega sú að því miður er t.d. í heilbrigðiskerfinu staðan orðin sú að þessi mál eru komin á sama stað og þau voru fyrir þremur árum og það er þannig víðar í kerfinu. Við sjáum það t.d. þegar skoðuð er sú ágæta bók Endurskoðun ríkiseiknings fyrir árið 2001, sem nýlega er komin út hjá Ríkisendurskoðun, að það eru 20% fjárlagaliða sem eru umfram fjárheimildir, þ.e. sem eru yfir 4% markið sem sett var í reglugerð sem fjmrn. gaf út til viðmiðunar um það hvernig ætti að standa að málum og hvenær ætti sérstaklega að grípa til ákveðinna ráðstafana, afla sér upplýsinga og gera tillögur um úrbætur. Það er þessi fjöldi fjárlagaliða sem er umfram það viðmið. Það er einnig fjöldi stofnana sem er langt fram yfir það viðmið. Jafnvel eru dæmi um að liðir séu um 700, tæplega 800% fram úr. Það eru liðir sem eru um 200% fram úr og það er fjöldi liða sem fer á bilinu frá 20–100% fram úr. Manni er því spurn: Hvernig er hægt að ætlast til þess að þeir sem stýra og stjórna þessum liðum geti við brugðist þegar hvorki af hálfu ríkisstjórnar, fjmrn., einstakra ráðuneyta né meiri hluta fjárln. er við brugðist?

Nýjasta dæmið, herra forseti, sem komið er upp og hefur verið vakin athygli á nú að undanförnu er staða framhaldsskólanna í landinu. Ég minnist þess að minnst hefur verið á stöðu framhaldsskólanna a.m.k. þrjú sl. ár vegna þess að sá vandi sem er nú meira áberandi kominn upp á yfirborðið hefur í raun verið til staðar allan þann tíma og allan þennan tíma hefur hann vaxið. Hann hefur vaxið jafnt og þétt og staðan var síðan þannig um síðustu áramót að 22 menntastofnanir voru fram úr fjárheimildum í árslok 2001 og samtals voru það um 906 millj. kr. Það er gjarnan tekið dæmi af ákveðnum

framhaldsskóla vegna þess að það er líklega hvað stærsta dæmið í þessu sambandi, þ.e. Menntaskólinn í Kópavogi sem var um síðustu áramót um 160 millj. kr. fram úr fjárheimildum, þ.e. um 50% af fjárheimild ársins voru þeir fram yfir þannig að það liggur alveg ljóst fyrir að viðkomandi stofnun hefur enga möguleika á því að vera innan fjárheimilda ársins, ekki nokkra. Það er skilgreint nákvæmlega í þeirri reglugerð sem fjmrn. gaf út um framkvæmd fjárlaga hvernig á að taka á svona hlutum. Því er það algerlega óskiljanlegt hvernig á því stendur að menntmrn. hafi ekki brugðist við og í raun og veru jafnóskiljanlegt að fjmrn. skuli þá ekki hafa brugðist við gagnvart menntmrn. um það hvernig eigi að bregðast við þessum hlutum.

Það er auðvitað hægt að fara ofan í það, og allt í lagi að nota Menntaskólann í Kópavogi sem dæmi, hvernig á því standi að ekki er hægt eins og m.a. var gert ráð fyrir að bregðast við með því jafnvel að vara forstöðumenn við eða segja þeim upp við svona aðstæður. Málið er ósköp einfalt, lögð hafa verið fram gögn í því að ekki er hægt að ásaka forstöðumann í þessu tilliti. Skólinn hefur gjörbreyst frá því að fjárheimildir voru í grunninn ákveðnar og síðan hafa þær verið framreiknaðar eftir ákveðnum reiknikúnstum sem ekki hafa tekið mið af því að skólinn er gjörbreyttur frá því sem áður var, frá því að hafa verið fyrst og fremst bóknámsskóli yfir í það að vera að stórum hluta til verknámsskóli. Þess vegna m.a. hefur sigið á ógæfuhliðina og það er ljóst að á ógæfuhlið fór ekki að síga fyrr en skólinn breyttist að þessu leytinu til.

Einnig hefur allan þennan tíma verið bent á að það reiknilíkan sem hefur verið notað til að reikna út fjárframlög til einstakra skóla hefur ekki þróast í takt við breytingar í skólunum. Það eru ýmsir þættir sem ekki voru til staðar í þeirri mynd sem þeir eru í dag þegar reiknilíkanið var ákveðið forðum daga.

Við þekkjum öll hinar gífurlegu breytingar í tölvumálum skólanna, í tölvumálum samfélagsins. Þessu hefur ekki verið mætt. Kostnaði við tæki og tól almennt hefur ekki verið mætt og þess vegna m.a. hafa verknámsskólar farið verr út úr þeirri þróun vegna þess að þeir þurfa miklu meira á slíkum tækjum og tólum að halda.

Síðan gerist það í fyrrahaust að boðaðar eru breytingar á reiknilíkani. Þá var nýbúið að setja niður starfshóp nr. 2 í endurskoðun reiknilíkans. Sá fyrri hafði verið leystur upp án tilkynningar um að hann væri ekki lengur starfandi. Þessi seinni hópur vann býsna lengi, komst að niðurstöðu og skilaði skýrslu, og í fjárlögum fyrir árið í ár var stigið fyrsta litla skrefið í því að koma til móts við tillögur þeirra. Nú í haust þegar fjárlagafrv. var lagt fram fyrir árið 2003 var boðuð meiri breyting í samræmi við niðurstöður þessa starfshóps.

Síðan gerist það þegar fulltrúar frá Félagi framhaldsskóla koma á fund fjárln. að einn þeirra sem sat í þessum starfshópi kannast ekkert við að verið sé að fara eftir tillögum starfshópsins nema að örlitlu leyti. Og ekki nóg með það heldur kemur fram að þessi seinni starfshópur hefur gufað upp á svipaðan hátt og sá fyrri, þ.e. honum hefur aldrei verið tilkynnt að hann hafi látið af störfum og það hefur aldrei verið formlega gengið frá endanlegum tillögum hópsins. Þær tillögur sem verið var að framkvæma kannaðist þessi fulltrúi úr starfshópnum ekki við að væru sameiginlegar tillögur starfshópsins þannig að það samráð sem haft var við stjórnendur framhaldsskólanna hafði gufað upp í annað sinn. Ráðuneytið hafði tekið endanlegar ákvarðanir sem út af fyrir sig er að sjálfsögðu ekki óeðlilegt en það var fyllilega gefið í skyn við okkur þegar fulltrúar menntmrn. komu á fund nefndarinnar að þetta væru tillögur sem væru í samræmi við sameiginlegar niðurstöður starfshópsins. Því miður reyndist svo ekki vera. Það rifjar auðvitað upp þá stöðu sem er nú um áramótin, hver áramótin á eftir öðrum gagnvart framhaldsskólunum, að þeir eru að stórum hluta til í mínus á fjárlögum gagnvart fjárheimildum, en á meðan er stór safnliður í ráðuneytinu sem stöðugt vex og enn eru gerðar tillögur um að láta hann vaxa, bæði í tillögum um breytingar á fjáraukalögum og enn á ný nú í tillögum meiri hlutans um breytingar á fjárlögum. Þessi liður sem var upp á 550 millj. kr. um síðustu áramót þegar halli framhaldsskólanna var eins og ég nefndi hér áður, er auðvitað að hluta til upp í þennan halla en ráðuneytið virðist nýta þennan safnlið til þess eins og sumir hafa nefnt að halda skólunum í gíslingu, þ.e. ráðuneytið virðist ekki deila út úr þessum safnlið eins og eðlilegt getur talist og á meðan er nær ógerlegt fyrir skólana að standa undir því nafni að þeir séu fjárhagslega sjálfstæðir. Í rauninni hefur þessi þróun því miður verið þannig að frá því að boðað var fjárhagslegt sjálfstæði þessara skóla að miðstýringin hefur aukist ef eitthvað er og þessi safnliður er m.a. notaður til að auka þá miðstýringu.

Það kom m.a. fram sem er býsna alvarlegur hlutur frá Félagi íslenskra framhaldsskóla þegar þeir komu á fund til fjárln. að því miður væri staðan þannig vegna viðvarandi og uppsafnaðs rekstrarhalla að skólarnir gætu ekki framkvæmt kjarasamning. Þetta er auðvitað þeim mun alvarlegra þegar haft er í huga að þessi kjarasamningur er ekki gerður af þeim aðilum sem þurfa að huga að þessu dagsdaglega. Þessi kjarasamningur er gerður miðstýrt, hann er gerður af fulltrúum fjmrn. þannig að fjmrn. ber að sjálfsögðu fulla ábyrgð á gerð þessara kjarasamninga og síðan er vísað út í stofnanirnar svokölluðum stofnanasamningum en þegar þangað er komið þá er ekkert fjármagn til til að verða við því sem þó er ákveðið í kjarasamningi að gera skuli. Þetta minnir okkur á það að stór hluti af þeim vanda sem í raun og veru er við að etja í stofnunum er kominn til vegna kjarasamninga sem flestir eru gerðir miðlægt, þ.e. yfirráðuneytið, fjmrn. í þessu tilfelli, gerir þessa samninga, ber ábyrgð á þeim en það skilar sér síðan ekki út í fjármagni til viðkomandi stofnana. Þess vegna tel ég, herra forseti, m.a. að menn hafi ekki framfylgt þeirri reglugerð sem sett var sem m.a. gerði ráð fyrir að forstöðumennirnir bæru ábyrgð á fjárhagsstöðu sinna stofnana. Þannig þarf það auðvitað að vera. Það er í raun og veru enginn annar sem getur borið ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar en forstöðumaðurinn. En umhverfið verður þá að gera forstöðumanninum kleift að bera þá ábyrgð og það er ekki gert með þeim hætti sem við höfum horft upp á nú um býsna langt skeið m.a. í framhaldsskólum landsins en það á líka við í mun fleiri stofnunum.

Herra forseti. Ég minntist áðan á að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson hefði í ræðu sinni komið örlítið inn á þá vinnu sem unnin er í fjárln. og í öðrum nefndum þingsins. Það var rétt hjá hv. þm. að sá tími sem gafst til í örstuttu andsvari sem við áttum í morgun gaf ekki tilefni til þess að svara því ítarlega en hv. þm. gaf ýmislegt í skyn sem mátti skilja á ýmsan hátt og ég held að óhjákvæmilegt sé að óska eftir því við hv. þm. að hann komi aftur upp í ræðustól og fari nánar yfir þá þætti. Égýjaði að því og hafði tvær óskir í raun og veru frammi, að skilningur minn á þeim orðum sem hv.

þm. lét falla væri sá að hv. þm. væri að taka undir með mér og fleiri þingmönnum og Ríkisendurskoðun um það að því miður virtist rammafjárlagakerfið ekki duga lengur en fram að því að fjárlög eru lögð fram fyrir hvert ár. Þegar þau eru lögð fram í þinginu hefur manni sýnst að rammarnir væru úr sögunni. Nú geta auðvitað ýmsar skýringar verið á því af hverju rammarnir hverfa þegar fjárlagafrv. hefur verið lagt fram. Skýringin getur m.a. verið sú að stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um rammana sé í raun allt of þröng, þ.e. að ekki sé möguleiki að halda sig innan þeirra. Þá þarf það auðvitað að upplýsast. Þá er það auðvitað ógerningur fyrir fjárln. og þær nefndir þingsins sem koma að málinu að halda sig innan rammanna. Þá er líka alveg ljóst hvar sökin liggur og ég freistast til þess að áætla að a.m.k. hluti málsins liggi þar. Ég hef í annarri ræðu reynt að færa rök fyrir því að í raun og veru sé það ríkisstjórnin sjálf sem brjóti þessa ramma niður með vinnubrögðum sínum og það er auðvitað ekki hægt að ætlast til þess ef ríkisstjórnin sjálf fer ekki eftir stefnumótun sinni í fjárlagagerðinni að fjárln. eða ýmsir aðrir geri það því að ábyrgðin er hjá ríkisstjórninni. Hún leggur og ákveður þessa ramma og það er auðvitað hennar að halda þá út alla leið.

Þetta hefur óhjákvæmilega þær afleiðingar í för með sér að það skortir um leið allan aga í þetta kerfi. Og meðan slíkt agaleysi er munum við sitja uppi með svipaðan vanda og við sjáum í endurskoðuðum ríkisreikningi fyrir árið 2001, þ.e. uppsafnaðan vanda á víð og dreif í kerfinu, uppsafnaðan vanda sem því miður virðist ekki vera tekið á. Af hvaða ástæðu þori ég ekki að fullyrða en því miður held ég að það hljóti að vera merki um ákveðið getuleysi að ár eftir ár skuli ekki vera tekið á þessum vanda. Ár eftir ár, þrátt fyrir að hingað í ræðustól komi ýmsir þingmenn úr meiri hluta fjárln. og jafnvel ýmsir hæstv. ráðherrar og telji að nú þurfi að gera bragarbót á.

Ég heyrði að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson boðaði enn á ný, og gaf um það loforð að því er mátti skilja, að nú yrði heldur betur tekið til hendinni eftir áramót. Nú skyldi lagður grunnur að því að það yrðu gjörbreytt vinnubrögð. En, herra forseti, ef minni mitt er ekki þeim mun verra þá man ég ekki betur en hv. þm. hafi látið nokkur orð í svipaða átt falla fyrir um ári, þ.e. að eftir áramótin 2001–2002 ætti að gera slíkt hið sama. Nú er liðið ár frá því að þau orð féllu og enn falla orð í svipaða átt og vonum við að nú verði við þau staðið. Ég efa það ekki að ekki skortir áhuga hv. þm. til að breyta þessum vinnubrögðum en því miður held ég að þann áhuga skorti þá einhvers staðar annars staðar því að ekkert hefur orðið úr efndunum. Ég vil skora á hv. þm. að útskýra það fyrir þingheimi hvernig á því standi að ekkert hafi orðið úr hinum fögru fyrirheitum sem gefin voru fyrir ári.

Herra forseti. Það er fleira sem komið hefur fram hér í dag og kom fram hjá hv. formanni fjárln. Það er þó aðeins eitt atriði til viðbótar úr ræðu hans sem ég vildi nefna. Hv. þm. talaði um að jafnvægi yrði í ríkisrekstrinum á næsta ári miðað við þær tillögur sem fyrir lægju. Fyrir liggur að þær brtt. sem nú hafa komið fram munu orsaka það að halli upp á u.þ.b. 2 milljarða verður af reglulegum rekstri ríkissjóðs, þegar við tökum út fyrir sviga sölu ríkiseigna. Þess vegna hlýtur það að felast í orðum hv. þm. að von sé á einhverjum tillögum um auknar tekjur ríkissjóðs eða sparnaðartillögur við 3. umr.

Nú er staðan hins vegar þannig í samfélaginu að því miður er samdráttur, það er slaki í efnahagslífinu eftir hina miklu ofþenslu sem skapaðist hér af ástæðum sem menn hafa nokkuð rætt á undanförnum árum og ætti að vera óþarfi að rifja upp. En afleiðingarnar eru að koma fram, m.a. í þessum slaka, og þess vegna er ekkert sem bendir til þess að tekjur ættu að fara að aukast nú á síðustu mánuðunum. Ég velti því þess vegna fyrir mér, og fróðlegt væri ef hv. þm. gæti útskýrt það fyrir okkur, hvað það er sem bendir til þess að nást eigi jafnvægi í þessum hlutum þegar málið kemur til 3. umr.

Þetta kallar auðvitað á það, þegar maður ræðir um samdráttinn, að rifja upp þá skelfilegustu hlið sem við virðumst því miður vera að sigla æ hraðar inn í, þ.e. aukið atvinnuleysi, sem er auðvitað afleiðing af þessum samdrætti. Og það er eitt af því sem við tökum eftir þegar við skoðum þær áætlanir sem liggja fyrir um þróun næsta árs, að þar er helst munur á áætlunum. Það munar, ef ég man rétt, um 1% á spá fjmrn. og Seðlabankans, þ.e. Seðlabankinn óttast að atvinnuleysi verði um 1% meira heldur en fjmrn. gerir ráð fyrir. Við skulum vona að báðum stofnunum skjátlist í þeim efnum og atvinnuleysi verði enn minna en spáð er. En því miður eru þetta horfurnar ef ekkert verður að gert og ég endurtek því spurningu mína til hv. þm.: Hvað er það í huga hans sem bendir til þess að tekjur ríkissjóðs eigi að aukast fram að áramótum frá því sem áður var gert ráð fyrir?

Herra forseti. Ég mun í lok ræðu minnar að þessu sinni fara yfir þær brtt. sem við í 1. minni hluta fjárln. leggjum fram við 2. umr. Áður en ég fer í að útskýra einstakar tillögur er hins vegar rétt að láta það koma fram að við munum að sjálfsögðu við 3. umr. koma með tekju- og sparnaðartillögur á móti öllum þeim útgjöldum sem við gerum hér tillögur um. Þetta höfum við gert sl. þrjú ár og munum halda því áfram. Það er ekki síst það að þetta eru táknrænar tillögur um hvað við viljum leggja sérstaka áherslu á en gerum okkur fyllilega grein fyrir að það er auðvitað ekki hægt í einu vetfangi að bæta allan þann vanda sem bæta þyrfti í hinu opinbera kerfi.

Við teljum líka að það sé skylda okkar að skila slíkum tillögum í jafnvægi vegna þess að við teljum að ekki eigi að auka halla ríkissjóðs þó svo að vissulega geti það árferði orðið á næsta ári að það gæti verið réttlætanlegt vegna þess að við viljum auðvitað gera allt til þess að vinna gegn þeim samdrætti sem því miður blasir við. En eins og kom fram í ræðu hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar þá er sem betur fer gert ráð fyrir að ýmsar framkvæmdir muni fara í gang á næsta ári sem væntanlega mun keyra okkur algjörlega út úr því ástandi sem við því miður stefnum hraðbyr í ef ekki verður af. Vonandi tekst það sem allra best og við náum þannig að snúa við því ástandi sem við okkur blasir og síðan verði sá tími sem þær aðgerðir skapa okkur nýttur til þess að við lendum ekki í svipuðum aðstæðum og við gætum lent í ef þær framkvæmdir fara ekki í gang.

Þetta var, herra forseti, nauðsynlegur inngangur að þeim brtt. sem ég ætla nú að fara yfir. Þetta eru eingöngu breytingar á sundurliðun 2.

Fyrsta brtt. gengur út á það að hér við þessa ágætu stofnun okkar verði komið upp deild sem við höfum leyft okkur í tillögu okkar að kalla hagdeild, þ.e. komið verði á fót hagdeild Alþingis. Ástæðan fyrir því að við teljum nauðsynlegt að koma þessari deild á er sú, eins og oft hefur komið fram í umræðum, að Þjóðhagsstofnun var lögð niður á þessu ári og síðan hefur verið miklum mun erfiðara fyrir einstaka nefndarmenn, t.d. í fjárln. og efh.- og viðskn., að sækja eftir hlutlausum úttektum á ýmsum hlutum, og þetta teljum við að mundi bæta mjög slíka upplýsingaleit.

Í þessu samhengi má auðvitað minna á að þegar umræðan átti sér stað um að leggja niður Þjóðhagsstofnun var það rætt nokkuð að hugsanlegt væri að tryggja á annan hátt aðgang t.d. þingmanna að slíkri vinnu og gefið undir fótinn með að hugsanlegt væri að gera það á þann hátt að Alþingi fengi til þess einhverja fjármuni.

Það verður eiginlega að líta á þessa tillögu okkar, sem gerir ráð fyrir að settar verði í þetta 10 milljónir, í samhengi við tillögu sem er á þskj. merkt tölulið 2, sem er þá liðurinn 01-190, Ýmis verkefni, undir forsrn. þar sem einn liðurinn, 1.19., heitir Efnahagsrannsóknir. Við gerum sem sagt tillögu um að sá liður, sem er samkvæmt fjárlögunum upp á 40 millj. kr., verði skorinn niður um 10 milljónir og verði 30 milljónir. Þetta er raunverulega tilfærsla þar sem við gerum ráð fyrir að þær 10 milljónir sem forsrn. hefur ætlað sér til efnahagsrannsókna verði færðar til Alþingis.

Þetta kom örlítið til umræðu við 1. umr. um fjárlög og hæstv. fjmrh. orðaði það einhvern veginn á þá leið að það væri vissulega til skoðunar hvernig þessum fjármunum eða slíkri þjónustu yrði fyrir komið. Og hér er bent á leið til þess að koma þessu þannig fyrir að þingmenn hafi að þessu eðlilegan aðgang.

Þær 30 milljónir sem eru þarna eftir eru hins vegar skilgreindar sem framlag frá forsrn. til Alþýðusambands Íslands til þessara þátta og það látum við ósnert en gerum tillögu um að 10 milljónir verði þarna færðar á milli.

Þriðja tillaga okkar fjallar um framhaldsskóla. Ég gerði það nokkuð að umræðuefni í ræðu minni fyrr að staða þeirra væri orðin vægast sagt mjög ískyggileg og nauðsynlegt væri að grípa þar til aðgerða. Því miður er það þannig, m.a. vegna þess að við sem sitjum í minni hluta fjárln. höfum ekki sama aðgang að upplýsingum og ýmsir aðrir, ég veit ekki hvort meiri hluti fjárln. hefur þær upplýsingar heldur, en við höfum auðvitað upplýsingarnar sem koma fram um stöðu þessara mála í lok árs 2001, og síðan með því að glugga í tölur og þær upplýsingar sem við höfum haft aðgang að, þá sýnist okkur að þær 800 milljónir sem við gerum ráð fyrir að verði bætt inn á framhaldsskólana eigi að duga til þess að rétta við þann halla sem þar er til staðar. Þess vegna hljóðar tillaga okkar varðandi framhaldsskóla óskipt upp á það að þar verði bætt inn 800 milljónum og það verði sérstaklega eyrnamerkt til að yfir þessi mál verði farið og framhaldsskólunum verði komið á réttan kjöl.

Herra forseti. Það er síðan önnur tillaga undir 3. tölulið sem fjallar um sérstakan framhaldsskóla á Snæfellsnesi. Þar gerum við tillögu um 8 millj. kr. til undirbúnings þess verkefnis. Ljóst er að sá undirbúningur er kominn nokkuð á veg og einnig er ljóst að þetta er væntanlega næsti framhaldsskóli á landinu. Það hefði verið hægt að gera tillögu þarna um mun hærri upphæð og gera ráð fyrir því að sá skóli hefji störf strax næsta haust. Að okkar mati er það því miður óraunhæft á þessu stigi málsins af þeirri einföldu ástæðu að ráðuneytið virðist ekki vera í stakk búið til þess að stíga það skref sem nauðsynlegt er til að slíkt geti orðið. Þess vegna þurfum við að undirbúa málið betur því að það er augljóst mál að undirbúningurinn m.a. í ráðuneytinu er ekki til staðar. Og þess vegna er tillaga okkar sú að veittar verði 8 millj. kr. til að tryggja það að þessi undirbúningur eigi sér stað.

Næst er þá 4. tölul. sem er Ýmis verkefni undir liðnum 06-190, og hann höfum við nefnt Efling almennrar löggæslu, en gífurlegur fjöldi erinda hefur komið fram varðandi það að efla almenna löggæslu mjög víða um land, jafnt á höfuðborgarsvæðinu sem úti um land. Þetta er sú leið sem við höfum valið til þess að vekja athygli á því að þarna er nauðsynlegt að gert verði ákveðið átak. Þar gerum við tillögu um 150 millj. kr.

Síðan erum við þá í 5. tölulið komin að liðnum 07-205 Leiguíbúðir, en þar er tillaga okkar um sérstakt átak í uppbyggingu leiguíbúða og þar gerum við ráð fyrir að 150 milljónir þurfi til að mæta þeirri þörf sem sannarlega er fyrir hendi því að nú liggur fyrir biðlisti upp á um tvö þúsund íbúðir. Það er að vísu í gangi ákveðið átak á vegum ráðuneytisins í þeim efnum en þar er því miður lítil hreyfing. Þetta er áætlun um 400 íbúðir á ári og lánin verða á 3,5% vöxtum. En svo virðist sem það henti ekki þeim hópum sem þetta er hugsað fyrir og því viljum við ganga örlítið lengra og breyta þessum 400 íbúðum í 600 og lækka vextina úr 3,5% í 1% þannig að við gerum þá ráð fyrir að á fjórum árum, sem þýddu þá 2.400 íbúðir, væri hægt að mæta þessari þörf að fullu og þar með leysa þann mikla vanda sem ýmsir hópar sem þarna eiga í hlut eiga við að etja. Um leið mundi að sjálfsögðu komast jafnvægi á leigumarkaðinn og leiga yrði um leið mun viðráðanlegri fyrir alla þá sem þurfa að nýta sér þann kostinn.

Þá erum við komin að 6. tölulið í brtt. okkar og er það 07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður. Þar gerum við tillögu um hækkun atvinnuleysisbóta til samræmis við launavísitölu og samkomulag Landssambands eldri borgara og ríkisstjórnar, þ.e. að atvinnuleysisbætur verði hækkaðar til samræmis við launavísitölu og samkomulag Landssambands eldri borgara og ríkisstjórnarinnar. Þetta hefur verið reiknað að kosti um 190 millj. kr.

Undir 7. tölulið er brtt. við liðinn 08-204 Lífeyristryggingar, og það er að hluta til til samræmis við það sem ég ræddi um varðandi atvinnuleysisbæturnar, þ.e. hækkun lífeyrisgreiðslna og félagslegra bóta í samræmi við launavísitölu þannig að tryggt sé að þeir sem njóta þessara bóta fái sömu hækkun og almennt hefur orðið á launum. Þá er ekki verið að tala um sérstakt launaskrið eða hækkun ákveðinna hópa umfram aðra heldur eingöngu hina almennu launavísitölu. Reiknað hefur verið út að þetta muni kosta um 300 millj. kr. og tillaga okkar hljóðar upp á þá upphæð.

8. tölul. er breyting við 08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Þar gerum við tillögu um 360 millj. kr. hækkun til sjúkrahússins. Þessi liður er táknrænn fyrir það að við teljum ótækt að gert sé upp á milli hinna svokölluðu stóru sjúkrahúsa. Þarna hefði að vísu verið hægt að fara í mun fleiri stofnanir en við teljum nauðsynlegt að vekja athygli á því á táknrænan hátt að það hefur verið komið til móts við Landspítala – háskólasjúkrahús en Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, sem á margan hátt er hliðstæð stofnun þó ekki sé að öllu leyti, hefur verið skilið eftir. Við teljum að koma eigi til móts við þá stöðu sem þar er.

Þá er ég kominn að 9. tölulið, breytingu við liðinn 08-501 Sjúkraflutningar. Þar gerum við tillögu um 15 millj. kr. framlag. Það skýrist af því að á um sex stöðum á landinu, miðað við okkar upplýsingar, er sú staða uppi að í sjúkraflutningum er aðeins einn maður tiltækur, þ.e. sá sem bílnum ekur sem verður að sjá um alla þætti sjúkraflutninganna. Þetta er að sjálfsögðu algerlega óviðunandi. Í sumum tilfellum þarf viðkomandi að sækja aðstoð til þeirra manna sem til næst á staðnum eða taka með sér lækni, t.d. á heilsugæslustöð, til að sækja sjúklinginn og það þýðir þá að stöðin er læknislaus á

meðan. Þetta eru eins og ég sagði áðan algerlega óviðunandi aðstæður. Við gerum hér tillögu um að úr þessu verði bætt.

Í 10. tölul. er síðan breyting við liðinn 09-250 Innheimtukostnaður, 1.21 Hert skatteftirlit. Þarna leggjum við til að 100 millj. kr. verði lagðar í hert skatteftirlit. Við gerum auðvitað ráð fyrir því að það muni koma fram, og við komum með tillögur um það við 3. umr., hversu miklum tekjum það muni skila til baka. Það hefur margoft verið reiknað út að það að efla skatteftirlit á ýmsum sviðum skili sér margfalt í auknum tekjum með betri skilum þeirra skatta sem eftirlitið er haft með.

Þá er komið að 11. tölul., breytingu við liðinn 09-811 Barnabætur. Við gerum tillögu um að sá liður, 1.11 Barnabætur, verði hækkaður um 1 milljarð og 386 millj. kr., þ.e. að þarna verði sú breyting gerð að barnabætur verði ótekjutengdar frá 7–16 ára einnig, ekki bara upp að 7 ára aldri. Þannig yrði ekki gerður greinarmunur á aldri barna í þessu tilliti.

Herra forseti. Ég er kominn að síðasta töluliðnum, 12. tölul., breytingum við liðinn 10-211 Vegagerðin, 5.12 Öryggisaðgerðir. Þar leggjum við til að 100 millj. kr. verði settar í sérstakar aðgerðir. Nú er að vísu ákveðin upphæð í þessa veru hjá Vegagerðinni, þ.e. til að bæta öryggi á vegum. Þessu er ætlað að flýta framkvæmd þeirrar áætlunar sem til er hjá Vegagerðinni um að gera úrbætur á svokölluðum svörtum blettum, þ.e. þeim stöðum á þjóðvegum okkar þar sem slys eru tíðust. Þessi áætlun er til í Vegagerðinni og það hefur margoft verið sýnt fram á að þeir peningar sem fara til þessara þátta skila sér margfalt í auknum sparnaði og minni slysatíðni.

Herra forseti. Ég hef þá lokið að gera grein fyrir brtt. 1. minni hluta fjárln. sem í eru auk mín hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og Gísli S. Einarsson.

[16:05]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni fyrir ágæta og málefnalega ræðu. Vert væri að eyða nokkrum orðum til að svara ýmsum spurningum, hugleiðingum og ábendingum sem frá honum komu. Svo kann að fara að slíkt tækifæri gefist þó að það verði ekki í þessu andsvari, þeim tíma sem hér gefst. Ég vildi þó nefna örfá atriði.

Varðandi hið veigamikla atriði sem hv. þm. nefndi, um rammafjárlögin, þá er það rétt. Þær ábendingar hafa komið mjög ákveðið frá Ríkisendurskoðun. Ég tel afar mikilvægt að þingið og þá sérstaklega fjárln. eigi náið samstarf við ráðherra, ráðuneyti og ríkisstjórn, um þau vinnubrögð sem menn kjósa að hafa til framtíðar. Öll slík festa í vinnubrögðum hlýtur að auðvelda þingi og ríkisstjórn að halda utan um fjárlagagerðina. Mér finnst það góð ábending hjá hv. þm.

Þetta leiðir hugann að fjárlagaferlinu hér í þinginu, hvenær þingið eigi að koma að fjárlagagerðinni. Á þingið að gera það strax að vori og taka þátt í fjárlagagerðinni eins og tíðkast í sumum nágrannalöndum okkar eða á þingið ekki að koma að þessu fyrr en í október þegar ríkisstjórnin hefur lagt slíkt fram. Ég tel að vel megi skoða það.

Ég mun síðan við annað tækifæri fjalla um þriðja þáttinn sem snýr að vinnubrögðunum, þ.e. samstarfi fjárln. og fagnefndanna sem ég gerði að umræðuefni. Ég tel að þær tilraunir sem við höfum gert á því sviði hafi mistekist og sú tilraun hafi aldrei náð nema til hálfs því markmiði sem ætlunin var að ná. Ég mun koma að þessu í öðru andsvari eða ræðu við annað tækifæri við þessa umræðu.

[16:07]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir jákvæðar undirtektir varðandi ýmislegt sem fram kom í ræðu minni. Ég vil aðeins ræða, varðandi rammafjárlögin, þau orð hans að taka þyrfti upp náið samstarf við ráðherra og ráðuneyti. Hann fjallaði og um tenginguna við fjárlagaferlið og hvenær fjárln. sem slík ætti að koma að gerð fjárlagafrv.

Ég vil taka undir það að ég held að óhjákvæmilegt sé að þetta sé gert með þeim hætti sem hv. þm. nefnir, þ.e. í nánu samstarfi og eðlilegt væri að fjárln. kæmi fyrr að ferlinu. Í fljótu bragði tel ég ekkert óeðlilegt að vorið gæti verið hentugur tímapunktur í því sambandi. Ég freistast hins vegar til að draga þá ályktun af orðum hv. þm. að eitthvað hafi skort á þetta nána samstarf. Ég vil því spyrja hv. þm. hvort það sé rétt ályktun af minni hálfu um ástæðuna fyrir því að fylgja ekki þessu vinnulagi. Ekki er að heyra annað en hv. þm. hafi gífurlegan áhuga á að taka upp slíkt vinnulag og hann nefnir það sérstaklega í þessu sambandi að það verði ekki gert öðruvísi en með nánu samstarfi við ráðherra og ráðuneyti. Ég spyr því hv. þm.: Skortir áhuga á þessu nána samstarfi í ráðuneytinu eða skortir frumkvæði af hálfu meiri hluta nefndarinnar til að koma þessu fyrirkomulagi á?

[16:09]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Undirtektir mínar við málflutning hv. þm. lutu sérstaklega að almennum þáttum sem fram komu í máli hans. Ég var ekki að taka undir að fjárln. eða þingið ætti að koma að málunum fyrr. Mér finnst sjálfsagt að velta því fyrir sér en þykir ekki slæmur bragur á þessu, að fjárlagagerðin sé alfarið á höndum ríkisstjórnarinnar, hún leggi síðan fram tillögur sínar á sína ábyrgð og síðan komi fjárln. og þingið að þessu eins og við gerum núna.

Ég var hins vegar að taka undir það sérstaklega, þau sjónarmið, að það sé eðlilegt að römmunum sé áfram haldið í samstarfi fjárln. og ríkisstjórnar eftir að fjárlagafrv. er komið fram. Ég tel að það mundi hjálpa bæði ríkisstjórn og ráðherrum. Varðandi þátttöku þingsins á fyrri stigum fjárlagagerðarinnar hef ég hins vegar efasemdir.

Ég tel að önnur mál sem hv. þm. kom að, umræður um tekjuöflun milli 2. og 3. umr. og um hagdeild þingsins, séu athyglisverðar hugmyndir. Ég vil segja það í þessu stutta andsvari að ég er ekki þeirrar skoðunar að það sé lausn á vinnuaðstöðu okkar hvað varðar fjármálalegar upplýsingar að koma okkur upp hagdeild. Þingmaðurinn kom auk þess inn á framhaldsskóla og sjúkraflutninga. Allt eru þetta mikilsverð mál sem ég vil fá tækifæri til að koma að síðar.

[16:11]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað rétt hjá hv. þm. að í ræðu minni kom ég víða við og erfitt að fjalla um allt það svið í stuttu andsvari.

Varðandi rammana og ábyrgð ríkisstjórnarinnar vil ég segja að það er hárrétt hjá hv. þm., að sú ábyrgð verður aldrei af ríkisstjórninni tekin. Ríkisstjórnin ber ábyrgð á fjárlagafrv. og síðan er frv. sem slíku komið í hendur þingsins og eftir það er það þingsins að fjalla um það. Hins vegar skildi ég

þetta svo að hv. þm. væri að benda á að ekki væri óeðlilegt að bæta upplýsingastreymi á milli aðila við gerð fjárlagafrv. Þar eru auðvitað ýmsar upplýsingar nýttar um stöðu stofnana og horfur sem gæti verið gott að fjárln. kæmi að.

Nú er eðlilega meira samstarf fulltrúa meiri hlutans við ráðuneytið í fjárlagagerðinni en nokkurn tíma við minni hlutann. Það er auðvitað spurning hvort breyta ætti þeim vinnubrögðum þannig að hugsanlega kæmi einhver undirnefnd nefndarinnar að þessu og ekki eingöngu fulltrúar frá meiri hlutanum sem þar sætu. Það er vissulega mikill aðstöðumunur milli fjárlaganefndarmanna eftir því hvort þeir eru í meiri hluta eða minni hluta. Upplýsingastreymið gæti þróast út í að við gætum fylgst betur með eins og meiri hluti fjárln. lagði til árið 1999. Ég held að það væri býsna mikilvægt að farið yrði í þá vinnu að velta fyrir sér hvort fjárln. og fjmrn. gætu ekki komi sér saman um vinnulag í þessu sambandi. Þessar upplýsingar gengju þannig mun betur á milli.

Hv. þm. kom reyndar örlítið inn á það sem hann hafði ekki tíma til þess að fjalla um, þ.e. samstarf við aðrar nefndir. Hann sagði hins vegar að það hefði mistekist. Í því sambandi vil ég aðeins segja að það getur ekki annað en mistekist þegar ekki er betur staðið að þeim hugmyndum sem við vinnum eftir, þá á ég við rammafjárlögin sem slík.

[16:13]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við lifum á viðsjárverðum tímum. Stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar ríður húsum og fyrrverandi áhugamaður um umhverfisvernd, hv. formaður fjárln., lemur hælum og heldur því fram í ræðu sinni að allar forsendur efnahagslífs þjóðarinnar muni breytast verði af áætluðum stóriðjuframkvæmdum fyrir austan, fyrir vestan, fyrir sunnan og mögulega fyrir norðan.

Herra forseti. Ég vil vekja athygli þingheims á því að stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar er óskrifað blað. Verði af henni eins og áform eru um vitum við ekkert út í hvaða efnahagsástand við stefnum. Það kom skýrt fram í ræðu hv. formanns fjárln. Það liggur ekkert arðsemismat fyrir varðandi stóriðjuframkvæmdirnar. Það liggur ekkert plan fyrir um efnahagslegar mótvægisaðgerðir. Það kom líka fram í ræðu hv. þm. Margt annað er óljóst. Það eru engar kröfur um auðlindagjald eða skaðabætur vegna skaða á náttúru Íslands og heldur engar upplýsingar um áhættu af verkefninu, hvorki út frá náttúrufarslegum sjónarmiðum eða efnahagslegum sjónarmiðum.

Það að ríkisstjórnin skuli halda þjóðinni í helgreipum þessarar stefnu örfáum dögum fyrir afgreiðslu fjárlaga og það að hún getur ekkert sagt þjóðinni eða þingheimi um hvað verður hér, hvernig efnahagsástand verður hér ef af öllum þessum plönum verður, er auðvitað til háborinnar skammar. Þessu er ekki hægt að líkja við nokkurn skapaðan hlut annan en rússneska rúllettu og það er skömm að því að hv. formaður fjárln. skuli leyfa sér að opinbera í ræðu sinni áðan alla fáviskuna og heimskuna sem að baki þessu liggur.

Hér er búið að ræða vítt og breitt, herra forseti, um einstaka liði í fjárlagafrv. ásamt með því að farið hefur verið vítt og breitt yfir sviðið og fjallað um vinnulag og heildræna stefnu. Það er aldrei of oft farið yfir það hvernig vinnulagið í þessum málum er, og gagnrýni á vinnulagið hefur verið afar hávær í þessum sal síðustu ár. Nú upplýsir hv. formaður fjárln. okkur um það að hann ætli að beita sér fyrir því, bara strax eftir áramótin eftir því sem manni skildist, að teknar verði upp viðræður um það hvort ekki megi skoða vinnulagið og færa t.d. úthlutanir til ýmissa smærri verkefna, sem undanfarið hafa verið bornar undir fagnefndirnar, til betri vegar og kannski faglegri umfjöllunar en verið hefur. Þetta mátti skilja af orðum hv. þingmanns.

Og ég fagna því. Ég hef verið ein þeirra sem hafa talað fyrir öflugu menningarstarfi á vegum hins opinbera. En ég hef líka verið ein þeirra sem tala fyrir því að fjármögnun á því starfi sé fagleg, og að öll úthlutun, hvort sem hún er til safna-, mennta- eða menningarmála eða lista eða hvers sem vera skal, sé á faglegum grunni. Ég tel okkur eiga í kerfi okkar módel sem við getum fylgt í þeim efnum og mér hefur fundist fjárln. brjóta það módel með því að vera með þessar tilviljanakenndu úthlutanir sem hún hefur verið hávært gagnrýnd fyrir, bæði í þessum sal og annars staðar. Jafnvel í Farskóla safnmanna sem haldinn var á Höfn í Hornafirði í haust var ríkisstjórnin gagnrýnd afar harkalega fyrir þessa tilviljanakenndu úthlutunarstefnu fjárln., og skyldi maður ætla að safnamenn hefðu mestan skilning allra á því að söfn þyrftu á auknum fjármunum að halda. En safnamenn gera þá kröfu, samkvæmt umræðum Farskóla safnmanna, að úthlutun til safna sé fagleg. Gagnrýnin frá safnamönnum gengur fyrst og fremst út á það að með breytingunum á þjóðminjalögunum, þegar safnasjóður var stofnaður, vilji safnamenn fá úthlutanir til safnanna í gegnum safnasjóðinn, ekki í gegnum einhvern tilviljanakenndan sjóð fjárln.

Þess vegna spyr ég hv. formann fjárln.: Hvers vegna setur fjárln. ekki aukna fjármuni í safnasjóðinn og af hverju fara allar þessar litlu úthlutanir fjárln. ekki í safnasjóðinn og fá að heyra undir hina sömu faglegu úthlutun eins og þeir sem sækja um í safnasjóðinn þurfa að lúta? Hvers vegna þessi framhjákeyrsla?

Þetta er fullkomlega í ósamræmi við yfirlýsingu hv. formanns fjárln. sem hann gaf í ræðu sinni hér áðan, og ég krefst þess að hv. formaður nefndarinnar skýri þessa stefnu sem lýsir sér í brtt. nefndarinnar og síðan hvernig hún stangast á við þá yfirlýsingu sem hann gaf áðan.

Var hv. formaður nefndarinnar stoltur af því að heyra hádegisfréttirnar? Var hv. formaður stoltur af því að hlusta á fréttamann Ríkisútvarpsins benda fólki á það í fyrstu frétt dagsins að hv. formaður nefndarinnar væri frá Laugarvatni og að eini framhaldsskólinn sem fengi fjármunum úthlutað í gegnum fjárln. á móti stofnkostnaði væri Menntaskólinn á Laugarvatni? Er hv. formaður nefndarinnar stoltur af því að þurfa að hlusta á svona fréttir? Eða getur hann með hreinni samvisku borið af sér að hér sé um nokkur hagsmunatengsl að ræða? Og geta þá aðrir í fjárln. borið það af sér að þeir séu að hygla eða sinna sínum eigin kjördæmum fram hjá öllum faglegum vinnubrögðum?

Ég ítreka, herra forseti, að hér stendur manneskja sem er því hlynnt að miklir fjármunir fari úr ríkiskassanum til lista og menningar en hér stendur líka manneskja sem vill beygja sig undir það faglega úthlutunarkerfi sem við höfum verið að reyna að koma á með samstöðu allra úti í geiranum í safnamálum og meðal listamanna, og það er fjárln. Alþingis sem er að brjóta niður tilraunir okkar til að vera fagleg í þessum efnum. Og það er virkilega ástæða til að gagnrýna það harkalega.

Reyndar virðist svo eins og framsóknarmennirnir séu ekki alveg sammála því að Ísólfur Gylfi Pálmason, hv. þm. Sunnlendinga, vísaði hér algerlega á bug þeirri ásökun að fjárlaganefndarmenn væru að dreifa sporslum til kjördæma

sinna. Það verður að segjast eins og er að þegar brtt. fjárln. eru skoðaðar eru þær nokkuð jafndreifðar yfir kjördæmin, og það má líka benda á það að níu af ellefu þingmönnum sem sitja í fjárln. eru landsbyggðarþingmenn og þeir gæta að sínum málum vegna þess að það hefur viðgengist að fjárlaganefndarmennirnir fái sjálfir að annast úthlutanir, og lái þeim hver sem vill. Meðan þetta viðgengst standa þeir auðvitað vörð um sín kjördæmi. En þetta eru ekki vinnubrögð sem á að líða öllu lengur.

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárln., hefur gert á ákaflega greinargóðan hátt grein fyrir nál. 2. minni hluta fjárln. Svo vil ég einnig geta þess að á borð þingmanna hefur verið dreift nokkrum þingskjölum með brtt. frá hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Í þeim brtt. kennir nokkurra grasa en eðli málsins samkvæmt kem ég til með að einbeita mér að tillögum sem heyra undir mennta- og menningarmál og umhverfismálin enda starfa ég á vettvangi umhvn. Alþingis og menntmn. Á þskj. 479 sem dreift hefur verið eru brtt. við fjárlagafrv. frá mér og hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Ég kem til með að gera grein fyrir þeim í ræðu minni ásamt með tillögum sem finna má á þskj. 488 sem varðar Þróunarsamvinnustofnun Íslands, þróunarmál og alþjóðlega hjálparstarfsemi, og þessar brtt. koma til með að verða inntak ræðu minnar.

Vil ég þá byrja, herra forseti, á Þjóðminjasafni Íslands. Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu og starfar á landsvísu. Það má því segja að Þjóðminjasafnið sé algjör grundvöllur og undirstöðusafn fyrir allt safnastarf á landinu. Við vitum öll sem í þessum sal sitjum að Þjóðminjasafn Íslands hefur ekki getað borið höfuðið hátt síðustu árin þar sem húsnæði safnsins hefur verið í endurbyggingu og hefur allur tímarammi þeirrar endurbyggingar riðlast. Það var upplýst hér í þessum sal í gær af hæstv. menntmrh. að sennilega yrði ekki opnað endurbyggt Þjóðminjasafn fyrr en árið 2004.

Það eru auðvitað gífurleg vonbrigði, herra forseti, að við skulum þurfa að upplifa það, þessi litla þjóð sem á jafnmikið og raun ber vitni undir ferðaþjónustu, að við höfum í fimm ár — og þegar öll kurl verða komin til grafar í sjö ár — ekki getað boðið erlendum ferðamönnum sem hingað koma inn í Þjóðminjasafn Íslendinga. Það ber auðvitað vott um lítinn metnað stjórnvalda að hafa ekki gert fjárhagsáætlun um þessar endurbætur sem gat staðist. Upphaflega ætluðu menn sér ekki að loka safninu nema í hæsta lagi í tvö ár. Hvað skýrir það að við leyfum okkur að fara fimm ár fram úr þeirri áætlun sem við upphaflega reyndum að setja okkur? Það er fyrir minn smekk, herra forseti, allt of mikið. Við höfum í raun og veru snúið baki við Þjóðminjasafninu þessi ár sem við höfum haldið því lokuðu.

Nú er komið að því að við horfum fram á bjartari daga og við sjáum fram á að Þjóðminjasafnið verði opnað árið 2004. Eins og venjulega skulum við bara fara í Pollýönnuleikinn, brosa og vera full tilhlökkunar að fá innan tveggja ára að njóta Þjóðminjasafnsins í nýjum og bættum húsakynnum. Herra forseti. Ég vakti athygli á því við fjárlagaumræðu á síðasta ári, gott ef ekki árinu þar áður líka, að Þjóðminjasafnið verður ekki opnað með neinni veglegri sýningu nema við setjum fjármuni í hana. Nú hefur það verið upplýst enn eina ferðina af forsvarsmönnum Þjóðminjasafnsins, sem heimsótt hafa bæði fjárln. og menntmn., að hv. fjárln. ætlar ekki að standa þannig við bakið á Þjóðminjasafninu að það geti sagst hafa fjármagn í grunnsýningu fyrir safnið.

Sannleikurinn er sá að í brtt. meiri hluta fjárln. er lagt til að Þjóðminjasafnið fái aukna fjármuni inn á sinn fjárlagalið sem nemur 15 millj. kr. Það er útskýrt á þskj. 464 hvernig eigi að verja þessum peningum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Lögð er til 9 millj. kr. hækkun á fjárveitingum til fjarvinnsluverkefna á vegum safnsins. Jafnframt er lögð til 6 millj. kr. tímabundin fjárveiting til að vinna að fornleifarannsóknum í Reykholti sem áætlað er að ljúki árið 2003."

Ég vil upplýsa það hér, herra forseti, að fornleifarannsóknin í Reykholti þarf 8 millj. til þess að hægt sé að ljúka henni. Hún er á lokaspretti og henni verður lokið á næsta ári ef til þess koma fjármunir. Auðvitað áttu að koma fjármunir til þess í frv., og það mun vera viðurkennt að þessi liður hafi dottið út fyrir mistök í fjárlagafrv. Hér er því einungis verið að leiðrétta mistök sem hafa átt sér stað í vinnslu frv. með því að láta 6 millj. kr. í tímabundna fjárveitingu til fornleifarannsóknanna í Reykholti — en samt á ekki að láta nægilega mikinn pening til þess að hægt verði að klára rannsóknina. Rannsókn sem er á lokastigi fær samt ekki nægilega mikið fé til þess að hægt sé að ljúka henni, jafnvel þó að það sé fullur og yfirlýstur vilji frá hv. fjárln. um að svo skuli gert. Ég vil fá skýringu á því, herra forseti. Hvers vegna á Þjóðminjasafnið að láta sér það lynda að fá 2 millj. kr. of lítið til þess að ljúka rannsóknunum í Reykholti? Það hlýtur að vera einhver pólitísk, eða fagleg, ástæða á bak við það. (**ÞBack:** Hvar var ...?) Og við skulum þá bara fá þá faglegu ástæðu fram frá hv. þm. sem sitja í fjárln.

Það er gott og blessað að leggja fram aukna fjármuni til fjarvinnsluverkefna á vegum safnsins en það er ekki hægt að una við það, herra forseti, að safnið skuli ekki fá fjármuni til þess að setja í grunnsýninguna sem á að vera stolt okkar í húsinu þegar það opnar. Þjóðminjasafnið sækir um 64,6 millj. kr. í þessa grunnsýningu. Svo þarf húsið, þ.e. byggingin sjálf, á 51,4 millj. að halda til þess að það verði boðlegt hvað varðar innréttingar og annað, þ.e. í heildina er sótt um til safnsins 116 millj. fyrir árið 2003 til þess að hægt verði að opna það. Við þessu á ekki að verða nema að afar litlu leyti, herra forseti. Og það hlýtur að vera ámælisvert að fjárln. skuli ekki ætla sér að sýna meiri reisn þetta árið. Allar fjárhagsáætlanir varðandi þessa sýningu og opnun hússins eru uppi á borðinu og eru mjög vel sundurliðaðar í öllum gögnun nefndarinnar. Ég vil fá að heyra það frá nefndinni: Hvers vegna hefur ekki verið ákveðið að taka betur á í þessum málum en raun ber vitni í brtt. meiri hlutans? Ætlar meiri hlutinn kannski að láta það undir höfuð leggjast að Þjóðminjasafnið geti gefið út veglega sýningarskrá með sýningunni sem mögulega verður opnuð? Eða ætlar fjárln. ekkert að umbuna Þjóðminjasafninu fyrir það að hafa á síðasta ári tekið 40 millj. kr. út úr rekstri sínum til að geta forvarið þá muni sem eiga að fara á sýninguna? Eða ætlar fjárln. ekki að láta gera safnabúðina þannig úr garði að hægt verði að selja erlendum ferðamönnum það sem eðlilegt getur talist að sé selt af minjagripum og slíku í Þjóðminjasafninu? Eða ætlar fjárln. ekki að láta opna Þjóðminjasafnið með sýningarstjóra? Á ekki að vera sýningastjóri yfir sýningunni að mati fjárln.? Ég krefst þess, herra forseti, að við fáum upp faglegar umræður frá nefndinni um hvað það er sem Þjóðminjasafnið á að skera niður af þessari væntanlegu sýningu. Hvernig mundi fjárln. hanna þessa sýningu fyrir 36 millj. sem safninu eru ætlaðar í verkefnið þegar fjárhagsáætlunin liggur fyrir og hljóðar upp á 116 millj. kr.?

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur það til að safninu verði ...

(**Forseti** (GÁS): Forseti biður hv. þingmann afsökunar en nú er sú stund upprunnin sem frátekin var fyrir fundi þingflokka. Forseti veltir því fyrir sér hvort þetta séu heppileg kaflaskil í ræðu hv. þm.)

Herra forseti. Já, já, hvaða staður sem er væri heppilegur til þess að gera hlé fyrir þingflokksfund. Ég pakka saman í bili en kem að loknum þingflokksfundunum til að klára ræðu mína.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 16:32]

[17:34]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2003, 1. mál, brtt. ÓÖH, þskj. 492.

Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Singapúr, 400. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 491.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:34]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 492. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Fjárlög 2003, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 464, 473 og 474, brtt. 465, 477, 478, 479, 480, 482, 483, 484, 485, 486, 487, 488, 489 og 492.

[17:35]

Kolbrún Halldórsdóttir (frh.):

Virðulegi forseti. Ég tek þá til við ræðu mína að nýju þar sem frá var horfið. Ég var að fjalla um safnamálin og ræða um fjárveitingar til Þjóðminjasafnsins og nauðsyn þess að við í þessum þingsal stöndum af myndarskap að baki þeirri grunnsýningu sem kemur til með að verða opnuð með safninu að öllum líkindum 2004, vonandi að vori til, því það er sannarlega margt sem þar vantar á og ekki hefur nándar nærri verið farið að óskum safnsins varðandi fjármuni.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um Þjóðminjasafnið eða grunnsýningu þess. Ég tel mig hafa gert nægilega vel grein fyrir því atriði en sný mér þá að safnasjóði. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gerum tillögu á þskj. 479 um að safnasjóðurinn fái auknar fjárveitingar frá hinu opinbera, þ.e. að nú leggjum við til hans samtals 90 millj. kr. en ekki 58 millj. eins og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Við leggjum til 32 millj. kr. hækkun.

Rökstuðningur okkar er sá að með nýju safnalögunum hafi fjölgað þeim söfnum sem möguleika eiga á að sækja um styrki í safnasjóðinn og, herra forseti, þau söfn eiga ekki möguleika á að sækja neitt annað. Þeim söfnum er lögum samkvæmt beint í safnasjóðinn. Það er auðvitað ekki eðlilegt, herra forseti, að með nýju lögunum verði engar breytingar á framlögum ríkisins til safnasjóðs. Það er algerlega nauðsynlegt að breyting verði þarna á því að með nýju safnalögunum er t.d. náttúrugripasöfnum og listasöfnum heimilað að sækja um framlög í sjóðinn. Þar að auki hefur orðið talsverð fjölgun á byggða- og minjasöfnum sem falla undir reglur sjóðsins um styrki.

Þegar kakan er jafnlítil og raun ber vitni verður hver styrkur sem veittur er hlutfallslega miklu minni en hann var fyrir þess vegna bara þremur árum síðan þannig að það gefur augaleið að hér er um gífurlega skerðingu að ræða á framlögum ríkisins til safna. Hér er því sannarlega þörf á að gera bragarbót því að safnasjóðurinn sem lýtur lagalegri forsjá og faglegri úthlutunarstjórn þarf að geta staðið undir nafni samkvæmt þessum nýju og ég vil meina metnaðarfullu lögum. Það er algerlega forkastanlegt ef við á hinu háa Alþingi ætlum á árdögum þessara nýju laga að kippa rekstrargrundvelli undan minjasöfnunum vítt og breitt um landið. Það er sannarlega ekki í samræmi við markmið laganna.

Herra forseti. Það má geta þess að fyrir liggja umsóknir vegna næsta árs í safnasjóðinn frá 40 söfnum sem hafa rétt á styrkjum úr safnasjóði. Þar að auki eru beiðnir um 75 verkefnastyrki. Í heildina má segja að upphæðirnar sem sótt er um séu hátt á annað hundrað millj. kr. Það er upphæðin sem verið er að sækja um í þennan sjóð sem samkvæmt fjárlögum er einungis 58 millj. Það sér hvert mannsbarn að þessi kaka er allt of lítil og gerir ekkert nálægt því að sinna þeim þörfum sem þarna eru til staðar jafnvel þó svo úthlutunarnefnd Alþingis hafi verið ötul í að veita styrki fram hjá safnasjóðnum eins og við höfum gagnrýnt í þessum sal í dag.

Þess má geta, herra forseti, að safnafólk hefur sýnt mikla samstöðu og einingu varðandi safnasjóðinn og það fyrirkomulag sem hefur verið komið á. Nauðsynlegt er að við í þessum sal sjáum til þess að viðurkennd söfn um allt land fái óskerta styrki þrátt fyrir að fleiri söfn sæki um en verið hefur. Það má því biðja hv. formann fjárln., af því að ég var með spurningar til hans áðan, um rökstuðning fyrir því hvers vegna hér er ekki betur tekið á en raun ber vitni. Ætlar hv. formaður nefndarinnar að standa fyrir því að rekstrarmöguleikar safna vítt og breitt um landið verði rýrðir, eða hvað? Er ekki rétt að við skoðum þetta milli 2. og 3. umr. því að ég held að hér sé mjög alvarlegt mál á ferðinni sem auðvelt verði að gera bragarbót á.

Þá er ég komin að 3. tölul. í þessari brtt. sem ég nú fjalla um. Hann lýtur sömuleiðis að menningararfi okkar. Sú brtt. á við lið 02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Hér er um að ræða Endurbótasjóð menningarstofnana og sá liður þessa háa fjárlagaliðar sem ég vil gera brtt. við lýtur að húsasafni Þjóðminjasafnsins. Húsasafn Þjóðminjasafnsins er eitt af þessum merkilegu söfnum okkar Íslendinga. Í því eru 44 eða 45 hús sem eru, má segja, merkilegustu minjar okkar á því sviði, á sviði húsa og húsagerðarlistar. Það er nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir því að safnið hefur t.d. innan sinna vébanda alla hina ómetanlegu torfbæi vítt og breitt um landið sem þurfa gífurlega mikið viðhald. Þessu viðhaldi er sinnt af fólki vítt og breitt um landið í heimabyggð. Þarna er um það að ræða að styðja við varðveislu gamals handverks og því minna sem húsasafnið fær til sín því minni möguleikar eru á því að handverksmenn í héraði hafi vinnu við að endurgera torfbæina yfir sumartímann. Við verðum að átta okkur á því að meðan við skerðum fjármuni til húsasafnsins þá erum við um leið að skerða möguleika fólks á að búa úti á landsbyggðinni, skerða möguleika þeirra sem hafa unnið við gamalt handverk og hafa af mikilli natni

og fyrirhyggju varðveitt gamalt handverk. Við erum að koma í veg fyrir að þetta fólk geti nýtt krafta sína og sömuleiðis að koma í veg fyrir að þetta fólk geti látið sína kunnáttu ganga áfram til niðja landsins. Hér er líka, herra forseti, að mínu mati um afskaplega vandmeðfarið mál að ræða. Margt hangir á spýtunni og alveg nauðsynlegt er að við gerum okkur grein fyrir því hvað við erum að skerða með því að láta ekki meiri fjármuni til húsasafnsins en raun ber vitni.

Húsasafnið fékk árið 2001 á fjárlögum 65 millj. kr. Það var skert í fyrra, þ.e. á yfirstandandi ári, um 15 millj. þannig að húsasafnið fær á yfirstandandi ári eingöngu 50 millj. Skerðingin gengur ekki til baka samkvæmt fjárlagafrv. ársins í ár. Einungis 5 millj. er bætt við þessar 50. En til þess að húsin komist bara á viðhaldsstig þarf að gera ákveðið átak og það átak stendur yfir. Þetta átak er fólgið í því að húsin eyðist ekki hraðar en fólki tekst að halda þeim við. Um 30 millj. kr. vantar til þessa átaks þannig að við leggjum til í þessari brtt., herra forseti, að húsasafn Þjóðminjasafnsins fái 85 millj. kr. í heildina á fjárlögum næsta árs.

Þá er komið að 4. tölul. brtt. sem fjallar um Ríkisútvarpið. Hv. þm. Jón Bjarnason, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárln, gerði í stórum dráttum grein í nefndaráliti sínu fyrir afstöðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í þessum málum. Þar er sérstakur kafli, herra forseti, um Ríkisútvarpið. Ég vil fá að vitna til greinargerðarinnar, en eins og kom fram í máli hv. þm. hefur Ríkisútvarpið átt við mjög mikinn rekstrarvanda að etja á undanförnum árum og hefur verið rekið með tapi allan síðasta áratug að undanskildu einu ári. Það er ljóst að gengið hefur verið gífurlega mikið á eigið fé stofnunarinnar á þessum árum. Árið 1994 var eigið fé Ríkisútvarpsins 2.705 millj. kr. En í lok síðasta árs stendur eigið fé í 584 millj. Þetta er allt of mikil rýrnun, herra forseti, til að við getum látið þar við sitja. Ég verð að segja, herra forseti, að ég sé ekki annað en stefna ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna beggja, Sjálfstfl. og Framsfl., sé beinlínis til þess ætluð að koma Ríkisútvarpinu á kné. Auðvitað hvarflar að manni sú hugsun að þetta sé liður í einkavæðingarmaníu stjórnarflokkanna og að verið sé að knésetja Ríkisútvarpið til þess að auðveldara verði að þvinga það inn í eitthvert annað rekstrarform. Þá er ég að tala um hlutafélagaformið. Og þegar sú breyting eða sú þvingun verður afstaðin, herra forseti, þá er eftirleikurinn auðveldur fyrir Sjálfstfl., þ.e. að selja góssið. Ég lýsi því yfir fyrir hönd þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að við munum aldrei láta slíkt yfir okkur ganga þegjandi og hljóðalaust. Við munum standa hér sólarhringunum saman í ræðustóli og verja Ríkisútvarpið og sú vörn er þegar hafin.

Við höfum áður flutt tillögur af þessu tagi en leggjum núna til að Ríkisútvarpið fái greitt úr ríkissjóði og, herra forseti, ég legg áherslu á að það verði greitt beint úr ríkissjóði en ekki gert með hækkun afnotagjalda. Það verði greitt til eflingar innlendri dagskrárgerð hjá Ríkisútvarpinu bæði sjónvarpi og útvarpi 140 millj. kr. og við höfum þá hugmynd, herra forseti, að baki þeirri tölu að 100 millj. yrðu látnar renna óskiptar til dagskrárgerðarinnar, innlendrar dagskrárgerðar sem hefur virkilega átt undir högg að sækja á undanförnum árum og 40 millj. verði síðan settar í að gera átak í því að texta innlent sjónvarpsefni fyrir heyrnardaufa. Það er til skammar, herra forseti, hvernig hefur verið tekið í óskir heyrnarlausra og heyrnarskertra í þeim efnum. Hæstv. menntmrh. sagði fyrir skemmstu, gaf þá yfirlýsingu í fjölmiðlum að það væru nægir fjármunir hjá Ríkisútvarpinu til þess að annast þetta átak og texta sjónvarpsefni fyrir heyrnarlausa, og ef ég man rétt, herra forseti, þá bauðst hann til þess að hjálpa útvarpsstjóra, Markúsi Erni Antonssyni, til að finna þá peninga, taka þá frá rekstri og setja þá í textun innlends sjónvarpsefnis.

Herra forseti. Mér finnst það ekki til fyrirmyndar að hæstv. ráðherra gefi yfirlýsingar af þessu tagi. Hann veit vel að Ríkisútvarpið á í alvarlegum rekstrarerfiðleikum. Ef hæstv. ráðherra og flokkurinn sem styður hann vill í alvöru láta texta sjónvarpsefni fyrir heyrnarlausa, þá á sá ríkisstjórnarflokkur og ráðherrann í broddi fylkingar auðvitað að leggja það til í fjárlögum að veitt verði sérstakt fé til þessa verkefnis. Ég treysti mér til að fullyrða að slík tillaga fengi stuðning hvers einasta manns í þessum sal. En að óbreyttu hjá Ríkisútvarpinu er ekki til það fé sem þarf.

Þá leggjum við til, herra forseti, í b-lið 4. tölul. að settar verði 70 milljónir í að styrkja dreifikerfið. Það vita allir sem í þessum sal sitja að dreifikerfi Ríkisútvarpsins er ekki fullkomið, það er langt frá því að vera fullkomið. Enn þá eru um 80 sveitabæir vítt og breitt um landið sem ekki ná útsendingum sjónvarps og þurfa að búa við skertar útsendingar Ríkisútvarpsins. Auðvitað er þetta forkastanlegt, herra forseti. Það er forkastanlegt að á fjárlögum ríkisins sem við fjöllum hér um skuli ekki vera nægir fjármunir. Ár eftir ár vantar okkur fjármuni til að bæta dreifikerfið þannig að öll þjóðin geti notið útsendinga Ríkisútvarpsins. Það er ekki mikið sem á vantar, herra forseti, kannski er það fyrst og fremst viljinn og þess vegna hvet ég hv. þm. til að huga vel að því hvort ekki mætti fara einhverja leið á borð við þá sem hér er lögð til, að styrkja beint úr ríkissjóði innlenda dagskrárgerð og dreifikerfi Ríkisútvarpsins. Ég er sannfærð um að við gætum öll vel við unað ef sú leið yrði farin.

Herra forseti. Þá kem ég að 5. tölul. brtt. á þskj. 479. Sú tillaga fjallar um umferðaröryggi. Þar leggjum við til, herra forseti, að á fjárlagaliðinn 06-190 Ýmis verkefni, undir dómsmrn., verði settur sérstakur nýr fjárlagaliður 1.74 og hann heiti Umferðaröryggisáætlun.

Herra forseti. Í vor afgreiddum við frá Alþingi Íslendinga þál. um stefnumótun um aukið umferðaröryggi. Ég átti sæti í alþjóðanefnd sem varamaður hv. þm. Ögmundar Jónassonar þegar fjallað var um umferðaröryggisáætlunina og þessa þáltill. í nefndinni. Það var afar fróðlegt og skemmtilegt starf og nefndin vann það vel. Mikill einhugur ríkti í nefndinni við afgreiðslu þess máls, herra forseti, og þann einhug má lesa glöggt út úr nál. nefndarinnar sem finna má á þskj. 1229 frá því í vor, á síðasta löggjafarþingi, og ég vil fá að vitna í þetta nál., með leyfi forseta. Þar segir:

„Nefndin gerir sér grein fyrir að tillagan um umferðaröryggisáætlun 2002–2012 felur í sér viðamiklar aðgerðir sem munu kalla á aukið fjármagn til umferðarmála. Nefndin telur þó að þær muni leiða til verulegs sparnaðar með fækkun umferðarslysa og leggur því áherslu á nauðsyn þess að fjármagn verði tryggt til framkvæmdar áætlunarinnar. Jafnframt telur nefndin brýnt að gert verði hið fyrsta kostnaðarmat fyrir áætlunina sem lögð verði fyrir allsherjarnefnd strax á næsta þingi."

Af þessu sést, herra forseti, að það var einlægur vilji samhentrar allshn. síðasta vor að núna í þessari fjárlagagerð yrði sett aukið fé til umferðaröryggisáætlunarinnar. Hún á að gilda árin 2002–2012. Byrjunin í þessari vinnu er sú að gert sé kostnaðarmat fyrir áætlunina. Það eru ekki einu sinni peningar í fjárlagafrv. til að gera kostnaðarmatið. Þetta

er auðvitað til háborinnar skammar og ég spyr: Hvar er stuðningur þeirra stjórnarþingmanna sem sátu í allshn. þegar þetta nál. var skrifað? Hvers vegna er ekki gert ráð fyrir fjármunum í umferðaröryggisáætlun í fjárlagafrv.? Gleymdist það bara? Gott og vel. Ef það er raunin, þá hafa hv. þm. stjórnarflokkanna tækifæri til þess að gera bragarbót og greiða þessari brtt. atkvæði til þess að við getum sýnt í verki vilja okkar sem við létum í ljós í nál. allshn. sl. vor.

Nýafstaðið er umferðaröryggisþing, herra forseti, og þar var samþykkt ályktun, harðorð ályktun sem er nánast samhljóða ályktuninni sem samþykkt var á umferðarþingi fyrir tveimur árum. Hvert ætli sé inntakið í þessum ályktunum, herra forseti? Jú, einmitt að það sem helst skortir til að auka á öryggi fólks í umferðinni og til að markmiðið í umferðaröryggismálum geti náð fram að ganga, eru fjármunir. Í ályktun umferðaröryggisþings 1. desember árið 2000, sem ég er með hjá mér, herra forseti, og er nánast orðrétt eins og sú sem samþykkt var á umferðarþinginu fyrir nokkrum dögum, þá segir, með leyfi forseta:

„Umferðarþing lýsir vonbrigðum sínum yfir því að í fjárlögum fyrir árið 2001“ — sem þá var, en það stendur vonandi 2003 í þeirri sem nú var samþykkt — „verður nánast ekkert vart við aukna fjármuni til þessarar baráttu. Umferðarþing skorar því á ríkisstjórn og Alþingi að lýsa því nú þegar yfir, að væntanleg 12 ára áætlun muni uppfylla framangreind skilyrði.“ — Þ.e. um að innihalda fjárhags- og framkvæmdaáætlun.

Herra forseti. Það var umferðarþing, sem er mjög fjölskipað þing, sem samþykkti þessa áætlun fyrir nokkrum dögum sem er samhljóða þeirri sem ég vitnaði hér til.

Herra forseti. Þá er komið að umhverfismálunum í brtt. á þskj. 479. Í 6. tölul. leggjum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs til að aukið verði við styrki til fráveitna sveitarfélaganna. Sannleikurinn um þau mál, herra forseti, er sá að allt of litlum fjármunum hefur verið varið til þessara nauðsynlegu og lögboðnu verkefna að okkar mati á síðustu árum. Sveitarfélögin hafa mörg hver tjáð sig við fjárln. og látið vita af því að þau hafi ekki bolmagn til að fara út í nauðsynlegar bragarbætur í þessum efnum. Þess vegna er alveg með ólíkindum að þingmenn stjórnarflokkanna og jafnvel ráðherrarnir líka skuli segja það upp í opið geðið á okkur hinum, sem erum að reyna að malda eitthvað í móinn, að það séu engin sveitarfélög að sækja um styrki til hins opinbera til að gera úrbætur í frárennslismálum. Sannleikurinn er sá að sveitarfélögin hafa hvað eftir annað látið vita af því að þau hafi ekki bolmagn til að greiða sinn hlut og þess vegna sæki þau ekki um þann lögbundna fjárstuðning sem þau eiga rétt á til ríkisins. Grunnurinn í þessu liggur í því að fráveituframkvæmdir eru gífurlega dýrar og sveitarfélögin hafa ekki bolmagn til þess að greiða sinn hlut. Þess vegna koma ekki umsóknir um stuðning til ríkisins.

Upphæðin sem við leggjum til, herra forseti, gerir svo sem ekki mikið og má segja að hún sé kannski táknræn fremur en nokkuð annað og segi fyrst og fremst það eða lýsi því viðhorfi okkar sem að tillögunni stöndum að hér þurfi að taka málið til umfjöllunar, taka það á dagskrá og skoða það ofan í kjölinn af alvöru en ekki ýta því á undan sér eins og gert hefur verið undir forustu hæstv. umhvrh., vil ég meina.

Þá er komið að 7. og síðasta tölulið á þessu þingskjali, sem varðar fjárlagalið 14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands. Þannig er mál með vexti, herra forseti, að Náttúrufræðistofnun Íslands á í miklum fjárhagserfiðleikum. Fulltrúar frá stofnuninni komu í heimsókn bæði til fjárln. og umhvn. og nefndunum var sent erindi sem greinir frá þeim vanda sem við er að etja innan stofnunarinnar. Segja má að þetta sé afar greinargott erindi sem lýsir því nákvæmlega hvað það er sem gert hefur það að verkum að stofnunin hefur þurft að grípa til mikils niðurskurðar og jafnvel að fara fram úr fjárlögum eins og gerst hefur nú á síðustu árum. Þar ber hæst vinnu Náttúrufræðistofnunar Íslands við náttúruverndaráætlun, en eins og kunnugt er, herra forseti, á samkvæmt náttúruverndarlögum að leggja náttúruverndaráætlun fyrir það löggjafarþing sem nú situr og ekki bara það því samkvæmt lögum á að leggja hana fram fyrir áramót á þessu þingi.

Gífurlega mikil vinna hefur verið unnin bæði hjá Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands við að útbúa þessa náttúruverndaráætlun. Náttúruvernd ríkisins hefur fengið einhverja fjármuni til þess en Náttúrufræðistofnun Íslands nánast enga. En grunnurinn á bak við vinnu Náttúruverndar ríkisins liggur auðvitað í hlutum eins og kortum, rannsóknarniðurstöðum og öðru sem Náttúrufræðistofnun Íslands lætur í té þannig að eðlilegt er að Náttúrufræðistofnun Íslands fái aukna fjármuni vegna vinnunnar við náttúruverndaráætlunina. Ég vil lýsa því yfir hér, herra forseti, að ríkisstjórnin hafi staðið slælega að málum við gerð náttúruverndaráætlunar og mér sýnist vinnubrögðin hér í þessu tilliti lýsa viljanum og afstöðu ríkisstjórnarinnar til náttúruverndaráætlunarinnar. Það er eins og stjórnvöld hafi alls ekki viljað að hún sé gerð með þeim metnaði sem þessar stofnanir vilja að hún sé gerð með. Þær leggja allan sinn metnað í hana en hafa ekki haft árangur sem erfiði að fá þá fjármuni sem nauðsynlegir eru frá hinu opinbera og er bara gert að taka þá út úr öðrum rekstri. Þetta er ekki forsvaranlegt, herra forseti.

Önnur vinna sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt mikið af mörkum við er rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Þar er annað verkefni á ferðinni sem maður skyldi ætla að þyrfti að vinna af miklum metnaði og mikilli alúð en þar er nákvæmlega sama uppi á teningnum, ríkisstjórnin hefur ekki lagt meira í það verkefni en náttúruverndaráætlunina þannig að stofnanirnar hafa verið að leggja fram sinn þátt með því að taka fjármunina frá rekstri. Það er alls ekki forsvaranlegt.

Gerðar hafa verið gífurlega mikilvægar náttúrufarsrannsóknir á hálendinu vegna rammaáætlunarinnar um vatnsaflsvirkjanir og það vita auðvitað allir í þessum sal og ráðherrarnir ekki hvað síst að okkur hefur einmitt skort grunnrannsóknir. Grunnrannsóknir á náttúru Íslands er það sem okkur skortir til að geta gert allar áætlanir um framkvæmdir og allt sem heiti hefur, allt þetta rask uppi á hálendinu. Það er ekki hægt að skýla sér á bak við það lengur að fara megi í þessa hluti án þess að rannsóknir séu til staðar. Þær þurfa að vera til staðar og þær verða ekki til nema settir séu í þær fjármunir. Á vegum Náttúrufræðistofnunar er búið að vinna að mjög umfangsmiklum rannsóknum á náttúrufari virkjunarsvæða og samanburðarsvæða á hálendinu og góð orð hafa verið um að fjármunir kæmu í þetta en þegar til kastanna kemur virðast þeir ekki vera til staðar. Það er spurning hvort hér lýsi sér líka eiginlegur vilji ríkisstjórnarinnar varðandi rammaáætlunina. Vill ríkisstjórnin ekki að vel sé staðið að málum? Vill ríkisstjórnin ekki að þetta verði áætlun sem mark er á takandi eða hvað? Hvers vegna eru ekki látnir fjármunir í þessa áætlun?

Enn má nefna, herra forseti, vinnu Náttúrufræðistofnunar við samvinnuverkefni um áhrif skógræktar á lífríki landsins,

svokallaða skógvist. Ég eftirlæt hv. þm. Þuríði Backman að tala fyrir því enda er á brtt. hennar á þskj. 484 gerð tillaga um fjármuni í skógvistarverkefni Náttúrufræðistofnunar.

Sömuleiðis má nefna verkefni sem Náttúrufræðistofnun hefur unnið tengt ofanflóðasjóði. Þegar öllu er á botninn hvolft er fjárhagsstaða stofnunarinnar mjög erfið og nauðsynlegt að nefna í lokin að stofnunin stendur að rekstri sýningarsafns í Reykjavík og ýmiss konar annarri fræðslustarfsemi. Það er lögbundið verkefni stofnunarinnar, og eitt af nokkrum sem virðast ekki fá fjárframlög þrátt fyrir að aðrar stofnanir og aðrir aðilar, sem hafa jafnvel ekki slíka skyldu samkvæmt lögum, fái fjármagn til fræðslu- og safnastarfsemi úr þessum sömu sjóðum. Því leggjum við til, herra forseti, samkvæmt tillögu í 7. tölulið að Náttúrufræðistofnun Íslands fái hækkun á fjárlagaliðnum 14-401 1.02 Setur í Reykjavík, þar verði hækkun upp á 32,8 millj. kr., og sömuleiðis á töluliðnum 6.01 Tæki og búnaður, þar gerum við ráð fyrir 3 millj. kr. hækkun til stofnunarinnar.

Herra forseti. Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir tillögum á þskj. 479 og ætla þá bara í örfáum orðum að gera grein fyrir tillögum okkar sömu þingmanna, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og mín, á brtt. við fjárlagafrv. sem lýtur að Þróunarsamvinnustofnun Íslands, þróunarmálum og alþjóðlegri hjálparstarfsemi.

Herra forseti. Í umræðum síðustu daga um hernað og hernaðarhyggju koma þessir hlutir upp í hugann, þ.e. þróunarsamvinnan okkar og það hversu skammarlega lítið Íslendingar hafa lagt af mörkum til þróunarsamvinnu á undanförnum árum. Það er langt undir því marki sem menn hafa sett sér í samvinnu vestrænna þjóða sem hafa sett sér það markmið að efla þróunarsamvinnu og auka fjármuni sem til þróunarsamvinnunnar eru ætluð. Öll þau lönd sem eru í kringum okkur hafa verið að reyna að taka sig á í þessum efnum en sleifarlagið hér er þvílíkt, herra forseti, að það er skömm að því.

Nú hefur á síðustu dögum verið talað um það að ríkisstjórnin hafi gert samning um 300 millj. kr. framlag til flugfélaganna íslensku til þess að flytja — ja, sagan segir hergögn og hermenn á stríðstímum. Þetta er eitt af þessum stóru málum sem þjóðin deilir nú um. Auðvitað bregður þjóðinni, hinni herlausu þjóð, þegar ráðamenn hennar eru farnir að draga hana inn í styrjaldarátök á þann hátt sem nú virðist vera raunin, þ.e. að það eigi að fara að nota borgaralegar flugvélar til þess að flytja hergögn á stríðstímum. Fyrir hvern? Við vitum það ekki. Þess vegna viljum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sýna andúð okkar á þessum áformum ríkisstjórnarinnar í verki með því að leggja til þá brtt. við fjárlagafrv. að Þróunarsamvinnustofnun Íslands fái 200 millj. kr. aukið fjárframlag til þróunaraðstoðar og að þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi, þá sérstaklega mannúðarmál og neyðaraðstoð, fái 100 millj. kr. aukið fjárframlag frá íslensku þjóðinni. Hér teljum við vera um mjög öfluga tillögu að ræða, við erum stolt af því að geta lagt hana fram. Við viljum standa vörð um frið í veröldinni og við teljum að þróunarsamvinnan og allt það sem við leggjum af mörkum til mannúðarmála sé til þess ætlað að styrkja frið í heiminum. Við komum aldrei til með að leggja því lið að Íslendingar fari með ófriði gegn öðrum þjóðum, við munum aldrei styðja það að Íslendingar fari í stríð gegn friði. Við teljum þessa brtt. vera af þeim toga að hún geti eflt friðinn í veröldinni.

Herra forseti. Í blaðabunka mínum er bara eitt mál eftir sem mig langaði til að nefna. Mér finnst leiðinlegt til þess að vita, sem ég starfa í menntmn. og hef tekið á móti fulltrúum frá Kvennasögusafni Íslands oftar en einu sinni, að konurnar frá Kvennasögusafninu komi iðulega og óski eftir smánarlega lágum upphæðum til að geta staðið við bakið á Kvennasögusafninu þannig að það þurfi ekki hreinlega að leggja upp laupana. Herra forseti, við sjáum í gögnum frá Kvennasögusafninu sem hlýtur stuðning á hverju ári frá Landsbókasafni Íslands, sem fjármagnar laun og launatengd gjöld forstöðumanns Kvennasögusafnsins, að sú upphæð sem safnið hefur fengið frá Landsbókasafninu hefur hækkað árlega í samræmi við almenna hækkun á fjárlögum en alls ekki í samræmi við breytingar á launum og launatengdum gjöldum forstöðumanns. Og nú er svo komið, herra forseti, að Kvennasögusafnið vantar rúmlega 1 millj. upp á að það geti með fjárveitingunni sem það fær frá Landsbókasafninu greitt laun forstöðumannsins. Þá er ekki verið að tala um öll verkefnin sem Kvennasögusafnið hefur síðan verið að reyna að vinna með þennan forstöðumann í broddi fylkingar.

Stjórn Kvennasögusafnsins hefur undangengin ár sótt um og fengið árlega styrk að upphæð 600 þús. kr. frá fjárln. Alþingis. Sá styrkur hefur verið notaður til að fjármagna hluta af sérverkefnum safnsins en hin síðari ár hefur safnið orðið að nota þessa fjármuni, sem eru veittir til sérverkefna, í það að brúa bilið í launum forstöðumanns. Herra forseti. Mér finnst það smánarblettur á okkur hér á Alþingi ef við getum ekki látið Kvennasögusafnið hafa þá fjármuni sem nauðsynlegir eru til að standa að þessum smáa en gjöfula rekstri. Þetta er rekstur þar sem hagsýnin er látin ráða ríkjum, þetta er lítið safn en bráðnauðsynlegt fyrir okkur, og mér hefði fundist rausn og reisn yfir því ef við hefðum getað afgreitt hærri styrk en brtt. meiri hluta fjárln. gera ráð fyrir. Í þeim má nefnilega lesa að Kvennasögusafninu séu ætlaðar núna, ekki 600 þús. kr. eins og það hefur fengið á undanförnum árum, nei, það er lækkað niður í 500 þús. kr. Ég verð að segja, herra forseti, að mér brá nokkuð við að sjá þessa tillögu og mér líður ekki vel yfir því að þurfa að afgreiða fjárlagafrv. frá Alþingi með þeirri tölu óbreyttri.

Ég hef farið í gegnum þann hluta brtt. frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem lúta fyrst og fremst að umhverfismálum og mennta- og menningarmálum. Hv. þm. Jón Bjarnason, fulltrúi okkar í fjárln., var búinn að gera góða grein fyrir tillögum okkar um framhaldsskólana en það er auðvitað mál sem þarf líka að taka til skoðunar við 2. umr., og þá mögulega milli 2. og 3. umr. Með því lýk ég máli mínu.

[18:09]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var löng og um margt ágæt ræða sem hv. þm. flutti. Það vildi þannig til að við tókum hlé í miðri ræðu hv. þingmanns þannig að það verður að rifja upp ýmislegt sem sagt var. Meðal annars var komið inn á Farskóla safnmanna á Höfn. Það vill þannig til að ég var einmitt staddur á þeirri samkomu og fylgdist með, og það voru deildar meiningar um það hvort við værum að gera rétta hluti í fjárln. eða ekki — eins og um allt sem við erum að gera.

Það gætir ákveðinnar miðstýringaráráttu í ræðu hv. þm. en við því er ekkert að gera, það er hluti af því að vera í þessari ágætu hreyfingu sem flokkurinn er. Miðstýringaráráttan er mikil. En þveröfugt við hv. þingmann gleðst ég yfir því að Menntaskólinn á Laugarvatni skuli fá fé til þess að bæta t.d.

tölvukerfi og annað slíkt. Mér finnst það mjög sérkennilegt, og sömuleiðis fréttaflutningur Ríkisútvarpsins sem er mér mjög kært, að benda á það að hv. formaður fjárln. skuli vera frá Laugarvatni. Ég veit ekki betur en að það séu 35 ár síðan hv. þm. flutti þaðan. Og að vera að tengja þetta saman er út í bláinn. Við styðjum og styrkjum fjölmörg verkefni vítt og breitt um landið, ekki bara á Laugarvatni heldur alls staðar annars staðar líka.

Mér finnst jafnframt mjög sérkennilegt að stilla því þannig upp að það séu níu landsbyggðarþingmenn í fjárln. og tveir Reykjavíkurþingmenn. Ég tala fyrir því að við eigum að tengja saman dreifbýli og þéttbýli, og það er engin andstaða við þetta.

Mig langar til að spyrja hv. þm.: Hefur þingmaðurinn tekið saman þær brtt. sem hún leggur fram? Hver er heildarútgjaldaaukinn þegar hún leggur þessar tillögur allar saman, sem eru um margt ágætar? Hver verður þá heildarútgjaldaaukinn?

[18:11]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki með töluna um heildarútgjaldaaukann fyrir hv. þingmann en hins vegar get ég frætt hann um það að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ævinlega sagt að í skattstefnu ríkisstjórnarinnar sé þannig haldið á málum að það sé vísvitandi verið að taka of litla skatta í okkar sameiginlegu samneyslu. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur þorað að leggja fram tillögur þess efnis að þeir sem eiga meira undir sér heldur en aðrir eigi að greiða hærri skatta en þeir sem hafa minna umleikis. Við vitum alveg hvernig við ætlum að fjármagna þær tillögur sem við erum með.

En bara til þess að forðast allan misskilning, herra forseti, var ég ekki í ræðu minni að gera orð fréttamanns Ríkisútvarpsins að mínum. Í upphafi ræðu minnar gat ég um frétt sem flutt var í Ríkisútvarpinu í hádeginu í dag og spurði hvernig hv. formanni fjárln. liði undir því að heyra frétt af þessu tagi, (**Gripið fram í:** Hann er stoltur af því.) hvort hann væri stoltur af því, þar sem verið væri að ásaka fjárln. um að vera með kjördæmapot og að menn væru að hygla sínum kjördæmum umfram önnur. (Gripið fram í.) Þetta var því ekki mín skoðun, herra forseti, sem ég var að tala fyrir í þessum hluta ræðu minnar. Ég vitnaði í frétt Ríkisútvarpsins og í henni er líka getið um það, í nákvæmlega þessu sama samhengi, að í fjárln. séu níu landsbyggðarþingmenn en tveir frá Reykjavíkurborg. Ég vil því einungis segja: Ég sagði ekkert um mína skoðun um þetta tiltekna atriði. Þetta var tilvitnun í frétt Ríkisútvarpsins frá því í hádeginu í dag.

[18:13]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mér á óvart að hv. þm. skuli ekki gera sér grein fyrir því hversu mikill útgjaldaauki það væri fyrir ríkissjóð ef við færum að öllum þessum tillögum. Það kemur í ljós í lauslegri samantekt að hér er um 3,3 milljarða að ræða ef farið væri eftir þessum tillögum. Þetta er auðvitað lausleg samantekt en miðað við það sem við höfum verið að taka hér saman er þetta um 3,3 milljarðar og þá þarf nú tekjur til, það þarf aldeilis tekjur til.

Mér finnst ákveðinn tvískinnungur í því að þegar verið er að tala um tilviljanakenndar fjárveitingar fjárln. spyr hv. þm. líka hvort fjárln. sé tilbúin að hanna sýningu fyrir Þjóðminjasafnið. Fyrst er sagt: Þið eruð óhæft fólk til þess að verja peningum í ákveðna hluti. Svo erum við spurð: Eruð þið tilbúin að hanna sýningu fyrir Þjóðminjasafnið? Að sjálfsögðu erum við ekki tilbúin til þess að hanna sýningu fyrir Þjóðminjasafnið. Ég bendi líka á að það er margt hárrétt sem hv. þm. sagði um Þjóðminjasafnið. Við eigum auðvitað að leggja metnað okkar í það en Þjóðminjasafnið starfar víðar en á höfuðborgarsvæðinu, t.d. á Skógum undir Eyjafjöllum og þangað koma 35.000 gestir á ári hverju. Og þangað hefur fjárln. á tilviljanakenndan hátt ætlað t.d. 7 millj. í ár til Samgöngusafns Íslands. Á þennan stað, eins og ég sagði áðan, koma 35.000 manns árlega. Heldur hv. þm. að þetta skipti ekki svæði eins og Rangárvallasýslu og menningartengda ferðaþjónustu miklu máli, gríðarlega miklu máli? Sem betur fer er Þjóðminjasafnið í gríðarlega góðu samstarfi við t.d. safnið á Skógum.

Við megum passa okkur á að stilla ekki hlutunum svona upp, við eigum að gleðjast yfir því sem vel er gert. Og mig langar til þess að spyrja hv. þingmann um það hvernig hún ætlar að ná í þessa 3,3 milljarða sem tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gera ráð fyrir. Hvernig ætlið þið að ná í tekjurnar?

[18:15]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. rangtúlkar orð mín vísvitandi. Ég hóf mál mitt á því að segja að ekkert væri athugavert við það setja mikla fjármuni til safnastarfsemi á Íslandi og ég tók mjög vel utan um það. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að standa myndarlega við bakið á söfnunum okkar úti um allt land. Ég geri mér fulla grein fyrir að Þjóðminjasafnið á í mjög góðu samstarfi við söfn víða um landið og ég ber hag allra þessara safna mjög fyrir brjósti, þannig að hv. þm. má ekki gera mér upp skoðanir í þessum efnum.

Ég krefst þess hins vegar að úthlutunin til safna sé á faglegum grunni. Og meðan safnamenn óska eftir auknum fjármunum í safnasjóðinn, sem er hinn löglegi farvegur fyrir fjárveitingar til safnamála, og þær fjárveitingar sem safnamenn eru að biðja um í safnasjóðinn fást ekki, eru fjárlaganefndarmenn á sama tíma að úthluta tugum og jafnvel hundruðum milljóna til safnamála fram hjá hinni faglegu úthlutun sem við þó höfum í nýjum safnalögum sameinast um að eigi að vera í gildi í landinu. Hv. þm. er því að fara með rangt mál og gera mér upp skoðanir í andsvari sínu og ég mótmæli því. Við deilum áhuga varðandi söfnin en ég vil að staðið sé faglega að málum og að tilviljanakennd úthlutunarstefna fjárln. verði þess vegna aflögð. (**Gripið fram í:** Hvað um 3,3 milljarðana?)

[18:17]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, ég held að það væri mjög áhugavert að fá að heyra aðeins um 3,3 milljarðana.

En hv. þm. gerði orð fréttamanns Ríkisútvarpsins að sínum í ræðu sinni hér og tekur fram að níu af ellefu nefndarmönnum í fjárln. séu af landsbyggðinni og að verið sé að dreifa fjárveitingum út í kjördæmin. Það er þá væntanlega ekki verið að dreifa út í kjördæmin fjárveitingum sem fara til Reykjavíkur. Það er væntanlega ekki þannig. Reykjavík telst þá ekki kjördæmi í því samhengi.

Hv. þm. hefur talað afar mikið og oft um safnasjóðinn og að verkefni eigi að vera þar. En þá verður væntanlega að fara yfir þann lagaramma sem gildir um safnasjóðinn þannig að þessi verkefni muni eiga heima innan þess lagaramma. Ég get verið alveg fullkomlega sátt við það ef menn fara í þá

vinnu, en það breytir því ekki að fara þarf yfir lagarammann í kringum safnasjóðinn og ekki fullyrða hér að öll þessi verkefni eigi þar heima. Það er bara ekki svo. Þannig að það léttir nú töluvert á vinnu okkar í fjárln. þegar svo er komið.

Og að tala um fagleg vinnubrögð, þingmaðurinn talar um að þetta séu mjög ófagleg vinnubrögð í fjárln. Ætlar hv. þm. að halda því fram að sú vinna sem lögð hefur verið í áætlanagerð fyrir Síldarminjasafnið á Siglufirði, Galdrasýninguna á Ströndum, Sögusetrið á Hvolsvelli, Samgönguminjasafnið á Skógum og Kjarvalsstofu í Borgarfirði eystra, sé ófaglega unnin? Ég skal lána hv. þm. skýrslurnar sem liggja að baki þeirri vinnu og þeim undirbúningi sem þar er fyrir hendi.

[18:19]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. fellur í sömu gildru og sá sem var í andsvari hér á undan, þ.e. að gera mér upp skoðanir. Ég hef aldrei sagt að söfnin sem um ræðir séu ekki rekin á faglegum grunni. Ég er að gagnrýna nefndarmenn í fjárln. fyrir að fara ekki að hinum löglegu leiðum sem við höfum samþykkt.

Hv. þm. veit mætavel að vorið 2001 samþykktum við ný lög um safnamál. Þá var farið ofan í lagarammann svo um munaði á mjög vandvirkan hátt af menntmn. Og menntmn. var hjartanlega sammála í afgreiðslu á málinu.

Ég ætla að benda hv. þm. á að hæstv. fyrrv. menntmrh., Björn Bjarnason, deilir skoðunum mínum í þessu efni. Það kom fram í ræðu hans í fjárlagaumræðunni á síðasta þingi. Það kom líka fram í kröftugri ræðu hv. þm. Björns Bjarnasonar í Farskóla safnmanna á Höfn í Hornafirði í haust. Hér talaði áðan Árni Ragnar Árnason, hv. þm. Sjálfstfl. Hann deilir þessum sjónarmiðum mínum og Björns Bjarnasonar.

Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir rangtúlkar því orð mín og misskilur mig vísvitandi þegar hún ætlar að fá mig til að munnhöggvast við sig um einstök söfn. Ég er ekki að fjalla um einstök söfn. Öll þau söfn sem hv. þm. nefndi eru sannarlega góðra gjalda verð og örugglega öll þau söfn sem fjárln. er að úthluta til.

En hver segir að þau söfn hefðu ekki fengið fjármuni í gegnum safnasjóðinn ef hann hefði fjármuni til að veita til þessara safna? Ég hef sjálf staðið í bréfaskiptum við safnamenn vítt og breitt um landið og ég veit að það sem ég tala fyrir hér á gífurlega mikinn hljómgrunn meðal safnamanna.

[18:21]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef átt tal við bæði núv. menntmrh. og embættismenn í menntmrn. og þeir eru mér algjörlega sammála um að lagaramminn um safnasjóð er ekki nægilega góður vegna þess að hann dekkar ekki þau verkefni sem við erum að tala um hér. (**KolH:** Ha?) Þannig að yfir þetta verður að fara.

Ég hvet hv. þm. til að kynna sér þá vinnu sem liggur að baki einstökum verkefnum sem við förum ofan í í fjárln. eftir umsóknum þegar menn eru búnir að leggja mikla vinnu, mikla undirbúningsvinnu í einstök verkefni.

Ég tók sem dæmi Tækniminjasafn Austurlands. Hér liggja fyrir þrjár skýrslur um það verkefni. Það er safnastefna, safnmunastefna, sýningarstefna, það er vinna Sögusmiðjunnar og fleiri skýrslur sem liggja hér að baki. Og í þeim vinnuhópi sem undirbjó þetta eiga sæti Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, Guðný Zoëga, minjavörður Austurlands, Óðinn Gunnar Óðinsson, Þróunarstofu Austurlands, Aðalheiður Borgþórsdóttir, ferða- og menningarfulltrúi Seyðisfjarðarkaupstaðar, og Pétur Kristjánsson þjóðfræðingur, forstöðumaður Tækniminjasafnsins. Þarna vil ég fullyrða að faglega sé unnið með þessu góða fólki sem kemur m.a. af Þjóðminjasafninu, þjóðminjavörður sjálfur í þessa undirbúningsvinnu og sækir um þetta fjármagn.

Ég vil líka nefna skýrslu eftir Pál Baldursson um gamla kaupfélagshúsið á Breiðdalsvík. Þar á að stofna Stofu dr. Stefáns Einarssonar. Þarna er mjög vel unnið og mjög faglega unnið. Og fjárln. tekur þessi erindi, eins og önnur erindi til umfjöllunar.

[18:23]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn vil ég halda því fram að hv. þm. sé að misskilja orð mín. Öll þau verkefni sem fjárln. hefur fjallað um eru örugglega svo faglega unnin og með svo ábyrgu og góðu fólki á bak við að sómi er að. (**ArnbS:** Nú?) Ég fullyrði það og um það deilum við ekki, alls ekki.

Ég er hins vegar að gagnrýna það — setjum dæmið upp þannig að fjárln. Alþingis tæki að sér að úthluta styrkjum til leiksýninga. Eitt árið yrði það bara fjárln. sem ákvæði það hvort Vesturport fengi að setja upp Rómeó og Júlíu eða leikhópurinn Á senunni Hinn fullkomna jafningja eða Hafnarfjarðarleikhúsið Gretti eða Möguleikhúsið Söguna um Mókoll. Þá fullyrði ég, herra forseti, þó að allar umsóknir frá þessum leikhópum séu faglega unnar, allar fjárhagsáætlanir fullkomnar, að þá efast ég um hæfni fjárln. til að meta þau verkefni. Ég treysti hins vegar leiklistarráði fullkomlega sem menntmrh. og ráðuneytið treystir fyrir þessari úthlutun, ég treysti leiklistarráði fullkomlega til að úthluta fjármunum til leiksýninganna.

Það eru þessir hlutir sem ég er að gagnrýna. Við skulum hafa úthlutanirnar á faglegum grunni en ekki tilviljanakenndum grunni fjárln. Ég fullyrði líka, herra forseti, af því að ég hef farið í gegnum þessi verkefni á vegum menntmn., við höfum fengið fjöldann allan af umsóknum til okkar í menntmn., við höfum farið yfir þær og þetta eru gífurlega metnaðarfullar umsóknir. Við höfum síðan metið þær eftir okkar faglega „competence" svo ég leyfi mér að nota útlent orð, herra forseti, og við höfum síðan skilað einhverjum tillögum til fjárln. Hún hefur kannski farið að einhverju leyti eftir því sem menntmn. hefur lagt til og virt þannig hina faglegu umsögn menntmn. En hvað gerist síðan í fjárln.? Hún stækkar allt í einu pottinn. Og þá fær menntmn. ekkert að vera með í úthlutuninni. Þá er það bara fjárln. sem má sitja með stækkaðan pott og úthluta til þeirra verkefna sem fjárln. hentar.

[18:25]

Ásta Möller:

Herra forseti. Hér er fjárlagafrv. til 2. umr. á hinu háa Alþingi. Þar sem ég tók sæti í fjárln. síðasta vor tek ég nú í fyrsta sinn þátt í störfum nefndarinnar og það hefur verið mjög lærdómsríkt.

Herra forseti. Í gærkvöldi leit ég yfir umræðu sem fór hér fram við 2. umr. fjárlagafrv. fyrir réttu ári. Þar hafði framsögu fyrir 1. minni hluta fjárln. hv. þm. Einar Már Sigurðarson sem talaði hér fyrr í dag. Í tvennum skilningi er áhugavert að fara yfir ræðu hv. þm. Annars vegar til að sjá þá jákvæðu þróun sem hefur orðið í efnahagsmálum á þessu ári og að hún hafi í öllu fylgt spám forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar og hins vegar að ræðan sýnir hve Samfylkingin er hörmulega

spámannlega vaxin í efnahagsmálum. Það eitt og sér hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir kjósendur ætli þeir sér að veita flokknum brautargengi í kosningunum næsta vor.

Með leyfi forseta langar mig að drepa á nokkur atriði í ræðu hv. þm. um stöðu efnahagsmála eins og hann skynjaði hana fyrir réttu ári. Ég vil reyndar minna á að við vorum þá að glíma við eftirleik árásanna á New York og Washington og við vorum rétt að byrja að rétta úr kútnum eftir stutta niðursveiflu í hagkerfinu. Hv. 4. þm. Austurlands segir m.a., með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin virðist nú hafa misst tök á stjórn efnahagsmála. Þetta birtist í miklu gengisfalli íslensku krónunnar undanfarin missiri, hárri og vaxandi verðbólgu, svimháum vöxtum sem leggjast þungt á fyrirtæki og fjölskyldur, gríðarlegum erlendum skuldum þjóðarbúsins og viðskiptahalla sem erfitt er að ná niður. Yfirlýsingar hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar um stöðu mála eru misvísandi og ótrúverðugar." Sagði hv. þm. og síðan lýsir hann viðbrögðum ríkisstjórnarinnar sem óðagoti, ráðleysi og pati.

En hvernig er staðan núna ári síðar? Hv. þm. hlýtur að vera miður sín yfir hve illa rangt hann hafði fyrir sér fyrir ári um tök ríkisstjórnarinnar á efnahagsmálum. Staðreynd málsins er sú að staða efnahagsmála er í meira jafnvægi nú um stundir en verið hefur um langt árabil. Verðbólgan er 2,4% í stað um 8% fyrir um ári síðan. Er nú verðbólgan nálægt verðbólgumarkmiðum Seðlabankans. Kaupmáttur heimilanna, sem er besti mælikvarði á stöðu heimilanna í landinu, hefur aukist um nær þriðjung á síðustu átta árum. Heimilin í landinu hafa sem sagt þriðjungi hærri upphæð milli handanna til ráðstöfunar en fyrir átta árum.

Síðar í ræðu sinni segir hv. 4. þm. Austfirðinga um *viðskiptahallann*:

„Gríðarlegur viðskiptahalli er undirrót gengisfalls krónunnar og þar með vaxandi verðbólgu og svimhárra vaxta. Ríkisstjórnin hefur ítrekað vakið vonir um að viðskiptahallinn minnkaði hratt á næstu árum. Samfylkingin" — segir hv. þm. Austurl. — „hefur hins vegar bent á að gríðarleg skuldasöfnun þjóðarbúsins erlendis vegna þenslu af völdum ríkisstjórnarinnar vinni gegn hraðri minnkun viðskiptahallans. Af því tilefni er rétt að rifja upp að Þjóðhagsstofnun hefur einmitt bent á að sífellt auknar vaxtagreiðslur af erlendum skuldum leiddu til að halli á jöfnuði þátttekna ykist umtalsvert. Þar af leiðandi yrði mun erfiðara að minnka viðskiptahallann en ella. Þetta virðist nú vera að rætast" sagði hv. þm.

Hrakspár 4. þm. Austurl. um viðskiptahallann hafa ekki ræst og viðskiptahallinn er þvert á móti á hraðri niðurleið. Hann hefur verið samfelldur frá 1995 en hverfur nú á yfirstandandi ári. Stafar það ekki síst af auknum útflutningstekjum, m.a. af lyfjaframleiðslu og lækningatækjum sem hafa margfaldast á stuttum tíma. Einnig er minnkuðum innflutningi að þakka sem rekja má til aukins aðhalds í fjármálum fyrirtækja og heimila. Viðsnúningur hefur orðið í rekstri heimila og fyrirtækja sem hafa verulega dregið saman útgjöldin og eru að greiða niður skuldir sínar. Jafnframt hefur ríkissjóður lagt mikla áherslu á að greiða niður skuldir sínar í útlöndum. Til marks um það má nefna að vaxtagjöld ríkisins umfram vaxtatekjur hafa lækkað um 4,4 milljarða kr. á síðustu fjórum til fimm árum.

Herra forseti. Hv. þm. talaði einnig um að stýrivextir væru háir, væru um 10,1%, og bætti við, með leyfi forseta:

„Fátt bendir hins vegar til þess að ríkisstjórninni takist með fjárlögum fyrir árið 2002 að skapa þær aðstæður að Seðlabankinn treysti sér til að lækka vexti."

En hver er staðan nú? Þrátt fyrir að Seðlabankinn hafi sýnt ýtrustu íhaldssemi í lækkun vaxta hefur bankinn lækkað vexti hratt og örugglega á síðustu mánuðum og voru þeir lækkaðir í 6,3% fyrr í þessum mánuði og spáð er frekari lækkun. Það er alveg ljóst að svartsýnisspár sem Samfylkingin hélt að landsmönnum fyrir réttu ári voru alrangar. Spár forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar um bætt efnahagsástand hafa hins vegar gengið eftir. Því endurtek ég það sem ég sagði við 1. umr. um fjárlögin að hlutskipti stjórnarandstöðunnar er ekki öfundsvert þegar hún er í þeirri stöðu að þurfa að finna einhverja veikleika á stöðu efnahagsmála.

Herra forseti. Í nýlegri spá OECD um þróun efnahagsmála í aðildarlöndunum fyrir árin 2002–2004 kemur fram að stofnunin er sammála mati fjmrn. í meginatriðum að teknu tilliti til þess að fjmrn. gerir ekki ráð fyrir virkjana- og álversframkvæmdum í spám sínum. Þannig spáir OECD tæplega 1,75% hagvexti á næsta ári og síðan tæplega 4% hagvexti árið 2004. Þá hefur stofnunin spáð um 2,8% verðbólgu á næstu tveimur árum sem er ívið hærra en fjmrn. hefur gert enda gera forsendur fjmrn. ekki ráð fyrir virkjana- og álversframkvæmdum í spám sínum, eins og ég sagði. Þá spáir stofnunin því að vextir muni lækka á næsta ári.

Þessi spá lofar góðu enda er haldið styrkum höndum utan um efnahagsmálin og þeim stýrt með næmni og innsæi eins og dæmin sanna. Allt sem forsrh. og fjmrh. hafa sagt um þróun efnahagsmála á þessu ári og á síðasta ári hefur gengið eftir þvert ofan í hrakspár stjórnarandstöðunnar.

Í nýlegu yfirliti sem birtist í bresku blaði kemur fram að af löndum ESB muni einungis Svíþjóð, Danmörk og Finnland skila tekjuafgangi af ríkissjóði á yfirstandandi og næsta ári. Öll önnur lönd ESB eru í mínus frá -1% til -3,5% og spáin fyrir allt evrusvæðið er rúmlega -2%. Nú eigum við eftir að sjá niðurstöðutölur fjárlaga fyrir næsta ár sem verða ljósar við 3. umr. um fjárlagafrv. En allt stefnir í að við verðum réttu megin við strikið og í hópi þjóða sem sýna bestan árangur, og það er ekki slæmur árangur.

Einn mælikvarði á sviði efnahagsmála er viðhorf og mat stjórnenda fyrirtækja til framtíðarþróunar efnahagsmála enda ræður samspil ráðstafana stjórnvalda og trú markaðarins á slíkum ráðstöfunum töluverðu um stöðuna og þróun á hverjum tíma.

Í nýlegu vefriti fjmrn. er birt könnun þess á stöðumati og væntingum stjórnenda 400 veltuhæstu fyrirtækja landsins. Tæplega 70% þeirra töldu að efnahagsástandið yrði betra eftir 12 mánuði en í dag, og 25% til viðbótar töldu að ástandið yrði óbreytt. Einungis tæplega 7% stjórnenda töldu að aðstæður í efnahagslífinu yrðu verri að 12 mánuðum liðnum. Yfir 75% fyrirtækja töldu að hagnaður fyrirtækisins yrði meiri eða svipaður og á yfirstandandi ári en á síðasta ári, og það skapar strax möguleika til launahækkana starfsmanna. Þetta segir sína sögu um stöðu efnahagsmála í landinu og trú stjórnenda stærstu fyrirtækja á áframhaldandi framþróun.

Herra forseti. Varðandi einstaka liði í tillögum meiri hluta fjárln. við 2. umr. fjárlagafrv. vil ég segja eftirfarandi: Ég hlýt að fagna þeirri hækkun sem Landspítali – háskólasjúkrahús hefur fengið, bæði á fjáraukalögum sem voru til umræðu á hinu háa Alþingi í gær og hækkun á grunni um 700 millj. sem koma fram í fjárlagafrv. við 2. umr. Stjórnendur sjúkrahússins hafa lagt sig fram við að útskýra nákvæmlega

í hverju aukinn halli sjúkrahússins liggur. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að gera verður róttækar breytingar á skipulagi heilbrigðiskerfisins, m.a. til að beina þeim sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda á rétt þjónustustig. Það er óviðunandi að Landspítala – háskólasjúkrahúsi sé gert að taka á sig alla vankanta í þjónustu á öðrum þjónustustigum. Þá þarf að fara fram gagnger endurskoðun á rekstrarfyrirkomulagi í heilbrigðisþjónustu og gera samkomulag við einkaaðila um rekstur einstakra þátta.

Það gleður mig að Samfylkingin sé að breyta stefnu í þessum málum en Samfylkingin hefur hingað til þvertekið fyrir allar hugmyndir um breytt rekstrarform, úr ríkisrekstri í einkarekstur í heilbrigðisþjónustu. Sérstaklega fagna ég einnig stefnubreytingu Alþýðusambands Íslands í þessa veru.

Herra forseti. Ég hlýt einnig að fagna því að tekið er á vanda öldrunarstofnana en ljóst er að fara þarf nánar ofan í rekstur þeirra. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að ábyrgð á rekstri öldrunarstofnana eigi að fara á hendur sveitarfélaga enda hefur reynslan sýnt, t.d. í reynslusveitarfélaginu Akureyri sem hefur sameinað félagsþjónustu, öldrunarþjónustu og heilsugæsluþjónustu, að slíkt leiðir til betri nýtingar á fjármagni, betri samhæfingar þjónustu og bættrar þjónustu við aldraða.

Herra forseti. Að lokum bendi ég á að í tillögum meiri hluta fjárln. eru tillögur um að styrkja margvísleg félagasamtök úr ríkissjóði til ýmissar starfsemi og verkefna. Meginstarf flestra þessara samtaka byggist á sjálfboðaliðastarfi og er styrkurinn því mikilvægur stuðningur við tiltekna starfsemi meðal ákveðinna hópa, t.d. sjúklingahópa eða aldurshópa svo sem unglinga og eldra fólks, starfsemi sem ríkið hefur ekki staðið að og í mörgum tilvikum eðlilegt og æskilegt að sé í höndum frjálsra félagasamtaka.

Því hefur verið haldið fram að fyrir hverja krónu sem ríkið setur í slíka starfsemi komi það fjármagn áttfalt til tífalt til baka með sjálfboðaliðastarfi og/eða eigin fjármögnun. Ég tek þetta fram til að benda á mikilvægi stuðnings ríkisins við þessa starfsemi og viðurkenningu á því.

Herra forseti. Ég læt hér staðar numið.

[18:36]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sínum augum lítur hver á silfrið. Hv. þm. sem talaði hér á undan var afskaplega ánægð með efnahagsstjórn sinna manna í ríkisstjórn. Hún talaði t.d. um að Seðlabankinn hefði lækkað vexti hægt og örugglega í landinu. Það er auðvitað rétt að á liðnu ári hafa vextir frá Seðlabanka lækkað nokkuð. En hún minntist ekki á það að bankarnir hafa ekki lækkað sína vexti nema aðeins nákvæmlega um sömu tölu og Seðlabankinn er að lækka. Mismunurinn milli vaxta Seðlabankans og útlánavaxta bankanna hefur sem sagt ekkert minnkað.

Staðreyndin er sú að þó að það kunni að vera rétt sem hv. þm. sagði hér, að kaupmáttur hefði aukist um þriðjung á undanförnum átta árum í landinu, er sú tala áreiðanlega fengin áður en fólk er farið að borga af lánum. Hvert einasta heimili sem ég þekki er þvílíkt hart keyrt að það kemur ekki til mála að fólk geti, jafnvel þótt það vildi, tekið þátt í neinum sérstökum innkaupum eða skuldasöfnun. Það gerir bara ekki meira en að borga af lánum og búið.

[18:38]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði að Seðlabankinn hefði sýnt ýtrustu íhaldssemi í lækkun vaxta en bankinn hefur lækkað vexti hratt og örugglega á síðustu mánuðum og eru þeir komnir núna í 6,3%. Það segir sig sjálft að almennir bankavextir lækka í kjölfarið. Það segir sig sjálft. Ég hef hins vegar ekki gert neina sérstaka úttekt á því hver staðan er núna. Ég hef bara ekki skoðað það.

Hins vegar tek ég undir það með hv. þingmanni að vextir eru allt of háir hér á landi. Þeir hafa verið of háir. Þeir eru of háir og þá þarf að lækka. Þá þarf að lækka hraðar en gert hefur verið.

Varðandi kaupmátt ráðstöfunartekna er það óumdeilt að þær hafa aukist um þriðjung á síðustu átta árum. Fólk hefur þriðjungi meira á milli handanna. Það er rétt að margir eru skuldsettir en þá er það vegna þess að fólk hefur tekið ákvarðanir um kaup á ákveðinni vöru eða húsnæði, eitthvað slíkt, og ekki gert sér grein fyrir því um leið og það tekur lán að það þarf að borga það til baka og það með vöxtum.

Ég held að ein mesta kjarabót hér á landi yrði lækkun vaxta. En ég held líka að við eigum að halda áfram þeirri stefnu að auka kaupmátt launa og það hefur verið gert ríkulega á síðustu árum.

[18:40]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er þá komið á daginn að við hv. þm. Ásta Möller erum sammála um að lækkun vaxta sé einhver besta kjarabót sem hægt væri að fá á Íslandi. En því hefur svo sannarlega ekki verið til að dreifa. Það var búið að hækka vexti algjörlega út yfir öll skynsamleg mörk í fyrra. Þegar Seðlabankinn hefur svo lækkað sína vexti smám saman, um hálft prósent í hvert sinn, hafa bankarnir lækkað hjá sér um sömu upphæð. Það hefur ekki verið tekið á því sem þarna ber á milli. Fyrir þetta líða fjölskyldur í landinu. Fjöldamargir tóku jú ákvarðanir á röngum grunni. Það er alveg rétt.

Það hefur auðvitað haft áhrif að atvinnuleysi hefur tvöfaldast eða meir frá sl. ári, og þó sérstaklega hefur stórlega dregið úr yfirborgunum sem áður tíðkuðust hér fyrir tveim, þrem árum. Fjöldamargir gerðu framtíðaráætlanir út frá röngum grunni og eru nú að súpa seyðið af því. Það er gríðarleg hrota núna af nauðungarsölum og það er afleiðing af þessu. Það ber ekki merki um neitt sérstakt góðæri í þjóðfélaginu að mínum dómi þegar annar hver maður er með húsið sitt á uppboði.

[18:42]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem skiptir náttúrlega máli í þessu sambandi er að vextir eru að lækka. Það er meginatriðið. Síðan er annað sem ég vildi líka koma inn í þessa umræðu og það er að næsta verkefni okkar er skattalækkanir. Við hljótum að skoða það að lækka tekjuskatt á fólki, við hljótum að skoða það, til þess að auka kaupmátt þess. Við hljótum líka að skoða það að taka endanlega út eignarskatt af fasteignum, af íbúðarhúsnæði. Hann lækkar úr 1,2% í 0,6% um áramótin þannig að fólk mun finna verulega fyrir því á næsta ári.

Ég hitti mann í gær sem sagði mér að hann borgaði 250 þús. kr. í ár í eignarskatt af eigin húsnæði sem hann býr í. Þetta er maður kominn á eftirlaun. Ætli hann muni ekki um það þegar skatturinn fer niður í 125 þús. á næsta ári? Ég ætla rétt að vona að hann finni fyrir því. Ef við tökum síðan næsta skref og tökum algerlega út eignarskatt af íbúðarhúsnæði er hann 125 þús. kr. enn þá betur staddur.

Þjóðfélagið er bara þannig samansett á Íslandi að fólk leggur áherslu á að eiga sitt eigið húsnæði. Mig minnir að það sé í kringum 90%, jafnvel 95%, af þeim sem eru komnir

á fullorðinsaldur sem eiga húsnæði sitt, og stór hluti aldraðra. Aldraðir treysta sér jafnvel ekki til að búa í eigin húsnæði, einmitt vegna þess að eignarskattarnir eru að sliga þá. Ég held að við þurfum einnig að horfa á þessa þætti.

[18:43]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við erum nú hér í 2. umr. um fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2003. Hér hefur margt áhugavert komið fram og athyglisvert. Sem betur fer hefur þjóðarskútan náð að sigla nokkuð vel út úr þeim brimgörðum sem fram undan voru fyrir tveim, þrem árum og allt farið í raun og veru á betri veg. En ég er hrædd um að ef farið yrði í saumana á hverjum lið gæti hæstv. ríkisstjórn ekki eignað sér alla þá þætti sem vel hafa farið. Margir utanaðkomandi þættir hafa haft áhrif á að svo vel hefur farið og án afskipta hæstv. ríkisstjórnar.

Auðvitað ber okkur öllum að fagna því að staðan er þó svo góð sem hún er í dag. Hún er samt sem áður mjög óljós og ótrygg. Fjárlagafrv. tekur ekki mið af stóriðjuframkvæmdum sem væntingar ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans á Alþingi standa til að fari í gang hið fyrsta á nýju ári, þ.e. stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi og virkjanaframkvæmdir.

Í máli hv. þm., formanns fjárln., Ólafs Arnar Haraldssonar, kom fram að í raun væri sama hvort stóriðjuframkvæmdirnar færu í gang eða ekki, þær mundu alltaf hafa mikil áhrif á fjárlög og ríkisrekstur næsta árs. Ef ekkert yrði af þessum framkvæmdum þyrfti sannarlega eitthvað annað að koma til og það hefur hæstv. ríkisstjórn ekki undirbúið. Hún hefur ekkert annað uppi í erminni til að koma nýju lífi í atvinnulífið. Það er engin varaáætlun í gangi, verði ekki af þessum stórframkvæmdum. Svo miklar heitstrengingar hafa verið hafðar á lofti um að koma þessum framkvæmdum í gang að áætlun B hefur ekki verið sett upp. Verði ekki af þessum framkvæmdum þarf því sannarlega að glæða efnahagslífið, koma nýrri innspýtingu í atvinnulífið strax á næsta ári.

Verði hins vegar af þessum framkvæmdum þarf líka að bretta upp ermarnar. Þá þarf aftur að hækka vexti og enn að endurskoða allar framkvæmdaáætlanir og forsendur fjárlagafrv. sem við fjöllum um núna. Þá þarf að draga úr opinberum framkvæmdum. Það bara liggur þannig. Þess vegna er fjárlagafrv. sem við erum að fjalla um núna mjög valt. Eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir benti á er auk þess eftir að vinna heilmikla vinnu ef af þessum framkvæmdum verður. Það hefur t.d. ekki verið gert neitt áhættumat. Staðan er mjög óljós að því leyti.

En nú liggja fyrir breytingar á fjárlagafrv. eins og það var kynnt sem langflestar eru til hækkunar. Hækkunin er upp á rúma 6 milljarða með þeim aðgerðum sem kynntar hafa verið í sambandi við samkomulag ríkisstjórnarinnar og samtaka aldraðra. Þetta eru hækkanir sem meiri hluti fjárln. hefur lagt fram í verkefni sem öll eru meira og minna góð og gegn. En það verður að segjast um fjáraukalagafrv. sem við ræddum í gær og afgreiddum til 3. umr. í morgun, að Vinstri hreyfingin – grænt framboð og aðrir þingfulltrúar minni hlutans vöruðu við þessu við umræðu um fjárlagafrv. í fyrra. Þá var fjallað um nær alla þessa liði, að fjármagn til rekstrar margra stofnana væri vanáætlað á þessu ári. Þá var varað við að vænáætluð fjárlög væu mjög nálægt þeim upphæðum sem eru í fjáraukalagafrv. sem hér var verið að samþykkja. Varnaðarorð okkar voru orð í tíma töluð en því miður var ekki hlustað á þau.

Hið sama mun eiga við um þær tillögur sem við þingmenn VG leggjum hér fram. Þær eru margar hverjar komnar til vegna þess að við sjáum að rekstur þeirra stofnana sem við erum að leggja til að fái hærri framlög muni sigla í strand, sé þegar kominn í óefni og þær muni verða að draga úr starfsemi sinni. Það á við um heilbrigðisstofnanir líka, einkum úti á landi. Þetta mun verða ef framlög bæði á fjáraukalögunum og sérstaklega í þessu frv. til fjárlaga 2003 verða ekki hækkuð.

Herra forseti. Fjárlagafrumvörp endurspegla áherslur og pólitíska stefnu hverrar ríkisstjórnar. Núverandi meiri hluti hefur haft góðan tíma til að festa í sessi ójöfnuð í kjörum fólks og milli landshluta, dreifbýlis og höfuðborgarsvæðis. Bilið milli ríkra og fátækra breikkar stöðugt. Þeir ríku verða ríkari og æ fleiri festast í fátæktargildru eða lifa við kröpp kjör. Skattstefna hæstv. ríkisstjórnar hefur undirstrikað vilja meiri hlutans og eins þær áherslur sem birtast í fjárlagafrv., þ.e. áherslur sem draga úr jöfnuði hér á landi.

Sem dæmi má nefna aldraða og öryrkja sem nýlega hafa fengið nokkra leiðréttingu á sínum kjörum. Því ber að fagna að hæstv. ríkisstjórn hefur viðurkennt að á þeirra rétt hafi verið gengið. En þrátt fyrir þessar leiðréttingar þá stendur eftir að ráðast að rót vandans, þ.e. hækka grunnlífeyri bæði öryrkja og eldri borgara. Grunnlífeyririnn hefur auk þess ekki hækkað í samræmi við launavísitölu.

Skattleysismörkin eru of lág. Það verður að hækka þau svo að þeir sem fá eingöngu lífeyri til framfærslu greiði ekki skatt af lífeyri, sem er í dag langt undir framfærslumörkum. Breytingar eins og hækkun á skattleysismörkum koma ekki fram í fjárlagafrv.

Annað dæmi má nefna. Hinar dreifðu byggðir eða landsbyggðin öll fer varhluta af metnaðarfullri byggðaáætlun. Það er langt í land með að jöfnuður ríki á milli landsbyggðar og þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Það kemur fram í frv. að atvinnuþróunarfélögin eru áfram svelt. Þeirra bíða mörg og mikilvæg verkefni. Það er staðreynd, herra forseti, og hefur sýnt sig í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við, að líklegast er að menn nái árangri við að styrkja byggðirnar með því að virkja félög eins og atvinnuþróunarfélögin, styrkja menntun á svæðinu og styðja íbúana til að nýta þekkingu sína og krafta til að vinna úr þeim gæðum sem verða til á viðkomandi svæðum.

Það vantar einnig stuðning við ný og smá fyrirtæki og skilning á því að til þess að efla og glæða atvinnulíf úti um allt land þá þurfa stór og smá fyrirtæki að komast í lánsfjármagn á viðhlítandi kjörum, með hagstæðum vöxtum og til langs tíma. Þetta á sérstaklega við um smá og meðalstór fyrirtæki og nýsprotafyrirtæki.

Því hefur verið lýst hér í ræðum hv. þingmanna að framhaldsskólarnir eru sveltir. Þeir eiga í miklum rekstrarvanda í dag. Það þýðir ekki að tala um að menntun sé undirstaða velferðar í landinu ef staðið er þannig að framhaldsskólunum að þeir eigi í erfiðleikum í rekstri og verði að kenna námsgreinar á ódýrum námsbrautum. Þannig verður menntun í landinu einhæf, þ.e. ef þeir velja sér þær greinar sem eru skólunum ódýrar og hlífa sér við því að taka inn listgreinar eða að efla iðnmenntun sem er á allan hátt dýrari.

Að lokum má nefna að heilbrigðisstofnanir um allt land eiga í miklum vanda. Þessar stofnanir reyna að halda í horfinu. Þær reyna að takmarka sumarlokanir og halda uppi þeirri þjónustu sem veitt er í dag. En því miður er ekki útlit fyrir að það muni ganga lengi enn. Gripið hefur verið til þess ráðs að loka deildum og takmarka þjónustuna yfir sumartímann.

Fæðingarþjónustan er meira og minna að færast frá hinum dreifðu heilbrigðisstofnunum og inn á hinar stærri þjónustustofnanir, t.d. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og flestar konur fara svo hingað suður. Þetta er þvert á eðlilega þjónustu og í raun heilbrigða skynsemi ef um eðlilegar fæðingar er að ræða.

Herra forseti. Auk þessa má nefna að vegna hins mikla álags sem er á heilbrigðisstarfsfólki, ekki síst á heilbrigðisstofnunum úti um land, einkum læknum sem verða að taka á sig mikla vaktaþjónustu og álög vegna hvíldarálaga, er það farið að lýjast undan álaginu. Það líður örugglega ekki á löngu þar til fara þarf í verulegt átak til að endurreisa heilsugæsluna um allt land, eins og hún var þó burðug á sínum tíma. Við gátum verið stolt af því áður hvernig staðið var að uppbyggingu hennar.

Herra forseti. Það er svo sem hægt að berja sér á brjóst og bera sig vel yfir fjárlögum sem byggja að hluta til á sölu ríkisstofnana. En hver stofnun verður ekki seld nema einu sinni. Ef hæstv. ríkisstjórn verður áfram við lýði má, með þeim hraða sem hefur verið á sölu og einkavæðingu ríkisstofnana, varla búast við að nokkur ríkisrekin stofnun verði óskert eftir, sama hversu mikilvæg hún kann að vera þeirri grunnþjónustu sem við treystum á í dag.

Stofnanir eins og Landspítalinn – háskólasjúkrahús eru ekki einu sinni óhultar. Þar er horft til einstakra rekstrarliða og eininga sem hugsanlega væri hægt að koma yfir í einkarekstur eins og hv. þm. Ásta Möller nefndi fyrir skömmu í viðtali. Hún sagði að hún teldi rétt að koma glasafrjóvgunardeild Landspítalans yfir í einkarekstur. Ætli megi þá ekki tína fleiri deildir til?

Hvað varðar stöðu ríkissjóðs má minna á stöðu heimilanna. Þau eru skuldsett og eiga í erfiðleikum, mörg hver, og fjölskyldur reyna að láta enda ná saman um hver mánaðamót. Það gengur ekki hjá öllum. Þó að fólk og fjölskyldur leiti ekki eftir fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna bregða margar fjölskyldur á það ráð að mennta ekki börnin sín, senda þau ekki í framhaldsskóla, draga úr neyslu, fara ekki út að skemmta sér heldur herða bara sultarólina fastar. Það er margt sem kemur á undan sem hefur meiri forgang en að létta sér lund og fara út að skemmta sér. Það eru margar fjölskyldur sem verða hreinlega að neita sér um allt nema brýnustu nauðsynjar.

Herra forseti. Ég ætla að tala hér fyrir nokkrum brtt. sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðu fram. Ég ætla þá fyrst að taka fyrir brtt. á þskj. 483 sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson leggur hér fram með mér. Á þeirri brtt. eru framlög til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, Heilbrigðisstofnunar Austurlands og Byggðastofnunar. Áður en ég geri grein fyrir hvers vegna við tökum út þessar stofnanir mun ég byrja á því að vitna í álit hv. heilbr.- og trn., álit sem hún sendi fjárln. sem vísbendingu um álit sitt á vinnubrögðunum vegna komandi fjárlagagerðar.

Hér segir á einum stað, með leyfi forseta:

„Nefndin vill leggja áherslu á að sýnt verði aðhald í rekstri heilbrigðiskerfisins og minnir á mikilvægi þess að heilsugæslan í landinu sé öflug og hæf til að sinna þörfum sjúklinga."

Herra forseti. Því miður, eins og hér hefur verið margtekið fram, er þetta ekki þannig í dag og þetta á sérstaklega við um heilsugæsluna í Reykjavík. Rík áhersla er lögð á að staðið verði myndarlega að uppbyggingu heilsugæslunnar í Reykjavík, aukið þar við stöðugildum og framlagi til heilsugæslunnar og að unnið verði samkvæmt heilbrigðisáætlun sem gildir til ársins 2010.

Ég ætla að fá að grípa hér aftur niður í nál., með leyfi forseta:

„Nefndin ræddi mál geðfatlaðra sem hafa gerst brotlegir við lög og skort á úrræðum í málefnum þeirra. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að tekið verði á þessum vanda þar sem ekki er gert ráð fyrir sérstökum fjárveitingum til málsins. Nefndin telur mikilvægt að raunveruleg úrræði finnist fyrir þessa einstaklinga og bendir á nauðsyn þess að efla starfsemi réttargeðdeildarinnar að Sogni þannig að henni sé gert kleift að taka á móti sakhæfum jafnt sem ósakhæfum einstaklingum."

Við þessari beiðni eða ábendingu nefndarinnar hefur ekki verið orðið. Ég vísa því áfram þessum ábendingum nefndarinnar um að taka þetta til afgreiðslu við 3. umr. Það er mikil þörf á því að gera sakhæfum sakborningum kleift að fá viðhlítandi meðferð ekki síður en ósakhæfum á annan hátt en að sitja í fangelsi.

Enn fremur segir hér:

„Nefndin ítrekar nauðsyn þess að nægt rekstrarfé fáist til þess að Landspítali – háskólasjúkrahús geti sinnt mikilvægu hlutverki sínu. Þá telur nefndin að endurskoða verði rekstrargrunn sjúkrahúsa og leiðrétta hann. Telur nefndin jafnframt að ekki sé í frumvarpinu tekið tillit til breyttra forsendna frá gerð fjárlagafrumvarpsins, t.d. nýrra kjarasamninga, stofnanasamninga og vinnutímatilskipunar. Að mati nefndarinnar verður að mæta aukinni fjárþörf sem þetta skapar. Einnig styður nefndin uppbyggingu göngudeilda á sjúkrahúsunum í takt við nýja starfsmannastefnu Landspítala – háskólasjúkrahúss."

Herra forseti. Vissulega hefur verið tekið tillit til þarfa Landspítala – háskólasjúkrahúss í frv. og eins í fjáraukalagafrv. en það er ekki nóg. Landspítali – háskólasjúkrahús er okkur öllum mjög mikilvæg stofnun, vissulega fjárfrek, sérstaklega undanfarið vegna þeirra miklu skipulagsbreytinga sem þar hafa gengið yfir og er ekki lokið. Það verður að taka á rekstrargrunni allra heilbrigðisstofnana, sama hvort um er að ræða heilsugæslu, rekna með eða án sjúkrahúss, dvalarheimili, hjúkrunarheimili eða hvaða rekstrarform sem er á rekstri heilbrigðisstofnana. Þetta stendur upp úr öllum þeim sem reka slíkar stofnanir og það fæst aldrei leiðrétting, það er ekki hægt að setja á neinn núllpunkt, eins og talið var að hefði verið gert fyrir fáum árum, nema með því að endurskoða forsendur grunnsins.

Einnig leggur heilbr.- og trn. til, herra forseti, að fjárveitingar til hjúkrunarrýma verði auknar og hafist verði handa um að leysa hjúkrunarvanda aldraðra á höfuðborgarsvæðinu. Þetta á við um hjúkrunarvanda aldraðra um allt land þó að höfuðborgarsvæðið sé það sem brennur heitast núna.

Að lokum, herra forseti, er það sem ekki hefur verið tekið tillit til. Hér segir, með leyfi forseta:

„Þá telur nefndin að leiðrétta verði greiðslur til lífeyrisþega þannig að þær fylgi launaþróun."

Þetta kemur ekki fram. Ég vísa því þá einnig til vinnu fyrir 3. umr. og til meiri hluta hér á Alþingi, stjórnarliða, að taka upp breytt vinnubrögð og laga og leiðrétta grunnlífeyrisgreiðslurnar til lífeyrisþega, hvort heldur það eru öryrkjar eða ellilífeyrisþegar.

Þá ætla ég að gera grein fyrir brtt. á þskj. 483. Það er liður 08-358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Þar er áætlað

í almennan rekstur í fjárlagafrv. núna 2.770 millj. en við leggjum til að sá liður verði hækkaður um 369,7 millj., liðurinn Tæki og búnaður hækki um 142,3 millj. og liðurinn Nýbygging um 90 millj. Ástæðan fyrir þessu, herra forseti, er einfaldlega sú að í fjáraukalögunum, eins og þau líta út núna, hefur ekki verið tekið tillit til vanda Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Þar stendur út af, þegar búið er að fara yfir launagjöld og launatengd gjöld, vaktaálag o.s.frv., S-merkt lyf, sem eru krabbameinslyf, og önnur þau lyf sem sjúkrahúsið eitt má afgreiða, ferliverk og sértekjur og myndgreiningar, að inn í rekstur þessa árs vantar 175 millj. Þegar farið er yfir fjárlögin og miðað við fjárlagafrv. vantar eftir sem áður 142,3 millj. Þetta eru þær tölur sem koma inn í reksturinn en auk þess þarf að halda áfram að standa að nýbyggingum við Fjórðungssjúkrahúsið til þess hreinlega að geta boðið upp á þá þjónustu sem þegar er til staðar og eins varðandi þá uppbyggingu sem til stendur að verði á sjúkrahúsinu. Í frv. er gert ráð fyrir 10 millj. kr. en innréttingu 3. hæðar í suðurálmu er enn ólokið og það samkomulag sem gert var við Íslenska erfðagreiningu um fjármögnun framkvæmda mun að öllum líkindum ekki ganga eftir. Það er til þess að klára 3. hæð og áætlaður kostnaður við það eru 115 millj.

Fyrir liggur ósk um að kaupa segulómtæki fyrir næsta ár fyrir tæplega 126 millj. kr. Auðvitað er þetta há tala en staðreyndin er sú að ef stofnanir ætla hreinlega að teljast með og vera gjaldgengar sem heilbrigðisstofnanir, eins og Fjórðungssjúkrahúsið sem sérgreinasjúkrahús, þýðir ekkert annað en að það geti haft þann tækjakost sem til þarf til þess að standa undir nafni. Annars erum við í raun og veru að byggja upp hjúkrunarrými og takmarkaða þjónustu því að þeir sjúklingar sem þurfa á segulómun að halda eru í dag sendir suður með öllum þeim aukakostnaði sem það hefur í för með sér. Notkun segulómtækja hefur valdið byltingu í greiningum margra sjúkdóma. Má þar helst nefna krabbamein, brjósklos og sjúkdóma í stoðkerfi. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er sérgreinasjúkrahús sem meðhöndlar sjúklinga með þessa sjúkdóma og það er óþolandi að þurfa að senda þá í greiningu annað. Ef við ætlum að hugsa til þess að dreifa álaginu, minnka álagið á Landspítala – háskólasjúkrahús og nýta þá krafta sem við höfum úti á landi eigum við auðvitað að byggja upp slíka þjónustu.

Unnið er að því að koma upp móttökudeild fyrir sykursjúka. Sykursýki af tegund 2 er sjúkdómur sem hefur nú náð athygli fólks, lætur lítið yfir sér en er alvarlegur sjúkdómur og kemur yfirleitt fram eftir því sem árin færast yfir okkur. Því er nauðsynlegt að styrkja þessar rannsóknir og móttöku. Fjárþörf vegna þessarar starfsemi er 9,2 millj. Sjúkraflutningamiðstöð í tengslum við Fjórðungssjúkrahúsið hefur verið byggð upp og það þarf að halda áfram að byggja upp þar. Neyðarmóttaka og áfallahjálp er hluti af því að bæta þessa þjónustu og þar eru 7,2 millj.

Ég tíndi hér upp nokkra liði og gerði grein fyrir hvers vegna þær tölur væru komnar upp í þessar upphæðir. Fyrir árið í ár eru þær til þess að halda í horfinu. Fyrir næsta ár er það til þess að halda áfram að byggja upp þá þjónustu svo að Fjórðungssjúkrahúsið í tengslum við háskólann geti verið sú stoð sem við væntum.

Það sama gildir um Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og Heilbrigðisstofnun Austurlands sem eru liður 08-761 og 08-777, að þar vantar í reksturinn á þessu ári og sannarlega í reksturinn á næsta ári. Þær fjárhæðir sem þarna eru á blaði eru eingöngu til þess að halda í horfinu eins og þetta er í dag. Í dag er búið að skera niður og spara eins og hægt er. Það er ekki hægt að spara meira öðruvísi en að draga úr starfsemi. Þessar fjárhæðir miða eingöngu við lágmarksstarfsemi eins og er í dag. Það er engin uppbygging, engin ný starfsemi, ekkert miðað við þær hugmyndir sem þeir metnaðarfullu starfsmenn sem eru á þessum stofnunum hafa um t.d. endurhæfingu og ný svið þar sem væri hægt að efla starfsemina. Það er ekkert slíkt inni í þessu.

Hægt væri að hafa hér langar ræður og vitna í svar hæstv. heilbrrh. vegna fyrirspurnar sem ég lagði fram fyrr á þessu þingi um aukna heilsugæsluþjónustu, því að í svarinu er vísað til þess að áhugi sé fyrir því að bæta heilsugæsluna, auka starfsemina, fá fleiri lækna og hjúkrunarfræðinga. En þess gætir ekki í fjárlagafrv. nema þá á höfuðborgarsvæðinu þar sem á að efla starfsemi sem betur fer.

4. liður brtt. er 11-411 Byggðastofnun. Við leggjum til að atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni sem er einn pottur í fjárlögum — það eru átta atvinnuþróunarfélög eða miðstöðvar starfandi — fái 100 milljónir til viðbótar þeirri 101 milljón sem er. Þetta er algjör lágmarksviðbót þó við séum þarna að tvöfalda framlagið því atvinnuþróunarfélögin hafa að raungildi fengið minni framlög núna frá ári til árs heldur en lagt var upp með því framlögin hafa ekki fylgt vísitölu-hækkunum og hafa því að raungildi verið að dragast saman. Á undanförnum árum eru þetta samanlagt að raungildi um 50 milljónir sem dregist hefur saman.

Beiðnum til atvinnuþróunarfélaganna, beiðnum frá íbúum svæðanna og fyrirtækjum um aðstoð og stuðning til þess að koma á nýjum fyrirtækjum, nýrri atvinnustarfsemi eða vinna úr hugmyndum, fjölgar stöðugt og hlutfallslega færri beiðnum er hægt að sinna. Þetta er langöflugasta leiðin til þess að koma á öflugra atvinnulífi og glæða þrótt í byggðum landsins, enda fá atvinnuþróunarfélögin og atvinnuþróunarfulltrúar góðan stuðning frá sveitarfélögunum. Mig langar til að vitna, herra forseti, í svohljóðandi bréf frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, sem ritað er fjárln., með leyfi forseta:

„Samband sveitarfélaga á Austurlandi vill koma á framfæri við fjárlaganefnd Alþingis mikilvægi atvinnuþróunarstarfsemi á landsbyggðinni. Samband sveitarfélaga á Austurlandi hefur ávallt lagt áherslu á þessi mál og komið á framfæri mikilvægi starfseminnar við Byggðastofnun og mikilvægi þess að framhald verði á stuðningi og samningar gerðir til lengri tíma."

Svo fylgir ályktun sambandsins:

„Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 22. og 23. ágúst 2002 fagnar þeim árangri sem náðst hefur með samstarfi SSA og Þróunarstofu Austurlands. Það er skýr vilji aðalfundar að samstarfið haldi áfram og verði eflt."

En til þess þarf fjármagn, herra forseti, og miðað við hvað félögin hafa að raungildi fengið minna fjármagn, því miður segi ég því að ósk mín hefði verið að við hefðum geta hækkað framlögin enn meira að sinni. En þetta er viðleitni.

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. á þskj. 482 og þskj. 484 sem eru af sama meiði, þ.e. styrking skógvistarverkefnis sem Skógrækt ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands vinna að. Þetta er samstarfsverkefni og í tillögunum kemur fram að hvor stofnun fái 10 millj. kr. til að fara í þetta verkefni. Ástæðan fyrir því að þessi breyting er lögð fram er sú að við höfum gerst aðilar að hinni svokölluðu Kyoto-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðarinnar um loftslagsbreytingar. Í stefnumörkun ríkisstjórnar Íslands um ráðstafanir

til að standa við skuldbindingar loftslagssamningsins og Kyoto-bókunarinnar segir m.a., með leyfi forseta:

„Þær skógræktar- og landgræðsluaðgerðir sem ráðist verður í á næstu árum verði skipulagðar og framkvæmdar með þeim hætti að nettóbinding kolefnis sem af þeim leiðir verði sem mest að teknu tilliti til annarra markmiða svo sem verndar líffræðilegs fjölbreytileika ...“

Við höfum sem sé undirgengist þetta og til að geta unnið það verk var á þessu ári hafið rannsóknarverkefnið Skógvist. Skógrækt ríkisins á Mógilsá vinnur það í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands. Niðurstöður þessa verkefnis á að nýta til þess að ákvarða hvernig best megi ná því tvíþætta markmiði sem fram kemur í ofangreindri tillögu.

Þetta verkefni er einnig brýnt vegna þeirrar umræðu sem verið hefur um áhrif skógræktar á lífríkið. Í skýrslu frá sendinefnd Bernarsamningsins sem heimsótti Ísland í sumar var hvatt til þess að stjórnvöld stuðli að rannsóknum í anda skógvistarverkefnisins.

Þetta er algjör forsenda þess að fara í þá vinnu sem Skógrækt ríkisins og stöðin í Mógilsá fyrir hennar hönd og Náttúrufræðistofnun Íslands vinnur að til að hægt sé að uppfylla þau skilyrði sem við höfum undirgengist varðandi Kyoto-bókunina um kolefnisbindinguna.

Sú tillaga sem ég mæli fyrir hér að lokum er átaksverkefni í grisjun á Héraði, sem er á þskj. 484 og liðurinn er 04-331 Héraðsskógar, 1.11 Átaksverkefni í grisjun á Héraði. Áætlaðar eru í það 15 millj. kr. Þetta er sérstakt átaksverkefni í grisjun. Það er ekki nóg, herra forseti, að planta skógi og gera það myndarlega og standa að skógræktarátaki út um allt land. Það verður einnig að grisja skóginn. Á Héraði hafa fjölmargir bændur farið í skógræktarverkefni. Það hefur skapað umtalsverða atvinnu. Grisjunin gerir það líka. Á Héraði háttar svo til að búskapur, eins og víða annars staðar, hefur frekar verið að veikjast, þ.e. hinn hefðbundni búskapur, sauðfjárbúskapur þó sérstaklega, þannig að þar sem landið fellur vel að skógrækt hefur öll vinna samfara skógræktinni, bæði plöntunin og umhirðan og síðan grisjunin, verið mikilvægur þáttur í að halda uppi atvinnu á Héraði. Þetta er mikilvæg tekjulind. Það er samdóma álit allra þeirra sem hafa skoðað atvinnuástand, búsetuþróun og kjör bænda, að skógræktarverkefnin og vinnan við skógræktina hafi leitt til þess að bændur hafa getað búið áfram á búum sínum og haft þetta sem tekjulind með hefðbundnum búskap.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir þeim brtt. sem ég hef staðið að ásamt hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni. En mig langar til að varpa fram nokkrum spurningum og ábendingum til hv. fjárln. að hún skoði og vinni úr fyrir 3. umr. Þetta vegur nú misþungt í fjárlagagerðinni. En ég vil spyrjast fyrir um fjarvinnsluverkefni, þ.e. fjarvinnslu gagna sem er unnin á Stöðvarfirði hjá SMS efh. vegna skráningar fornrita sem þessu fyrirtæki, SMS ehf., hefur verið lofað. Hvernig standa þau mál? Það skiptir máli í hinum fámennu byggðarlögum að halda þeim fjarvinnslustöðvum sem komið var á laggirnar og efla þær frekar heldur en hitt. Þetta fyrirtæki fór af stað eins og mörg önnur með loforð upp á vasann. Minna hefur síðan orðið um efndir því svo virðist að sérstaklega ríkisfyrirtækin haldi fast í sitt.

Hvað varðar landbúnaðinn og landbrn. vil ég spyrjast fyrir um þær 45 milljónir sem fengust fyrir sölu jarðarinnar Straums sem Skógrækt ríkisins hafði verið gefin. Þetta var gjafabréf á sínum tíma og jörðin var seld fyrir 45 milljónir. Tíu milljónir fóru á síðasta ári til Garðyrkjuskólans. Ég tel að það hafi verið sérstakt framlag því að Skógrækt ríkisins rekur ekki Garðyrkjuskólann og því spyr ég um þær 45 milljónir sem Skógræktin fékk fyrir sölu Straums.

Eins vil ég spyrja um verkefni Héraðsskóga. Á árinu 1999 var samþykkt á Alþingi stækkun Héraðsskógasvæðisins til norðurs. Ég vil spyrjast fyrir um hvernig eigi að standa að fjármögnun tíu skógarjarða á Norður-Héraði en áætlaður kostnaður við þær er 5,5 milljónir á ári. En auk þessa vantar, til að koma þessu verkefni á, um 3 milljónir til rannsóknarvinnu svo hægt sé að koma verkefninu á. Því vantar samtals á næsta ári 8,5 millj. kr. Þetta er loforð, þetta er samþykkt héðan frá Alþingi. Sú samþykkt vakti upp væntingar. Farið er að undirbúa þessa stækkun en fjármagn vantar til að koma þessu í framkvæmd og því spyr ég: Hvað verður um efndir?

Hvað varðar ábendingar heilbr.- og trn. þingsins og eins háværa kröfu allra öryrkja og sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum tekið undir spyr ég: Hvernig á að vinna að hækkun grunnlífeyris ellilífeyrisþega og öryrkja til að ná raunhækkun og fylgja hækkun launavísitölu eins og samið hefur verið um varðandi tekjutrygginguna?

Eins vil ég spyrja um fjárframlög til heilbrrn., um hvernig því verkefni miði að koma á menntun heimilislækna á Vestfjörðum, Austurlandi og Norðurlandi. Þetta er verkefni sem þegar er farið í gang og einn læknir er þegar í námi. Uppi eru miklar væntingar um að þetta verði raunhæf leið og muni skila sér til að fjölga heimilislæknum sem sárvantar, þ.e. að koma á menntun heimilislækna hér á landi. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Heilbrigðisstofnunin á Ísafirði, Heilbrigðisstofnunin á Sauðárkróki og Heilsugæslustöðin á Akureyri eru ásamt Háskólanum á Akureyri tilbúin til að standa að slíku námi og því spyr ég: Hvað með undirbúning þessa náms og fjármagn til þess? Áætlunin hefur þegar verið lögð fram og fjárhagsáætlun vegna námsins líka. Áætlaður heildarkostnaður miðað við þrjá nemendur er fyrsta árið rúmar 25 millj. kr. og miðað við fimm nemendur 34 millj. kr.

Þetta mundi örugglega verða ein hagstæðasta leiðin til að leysa hinn mikla vanda við að fá heimilislækna til starfa núna eða til að ráða heimilislækna, fyrir utan auðvitað það að leysa þarf þá kjaradeilu sem er uppi milli sumra heimilislækna og ráðuneytisins.

Herra forseti. Það eru hér tvö mál í viðbót. Mig langar til að spyrjast fyrir um Tryggingastofnun ríkisins, hvort ekki eigi að bæta úr rekstrarumhverfi stofnunarinnar. Það er viðurkennt að bæta verður tölvukerfið til að ráða við þær breytingar og umfang sem Tryggingastofnun er ætlað að sinna. Eins þarf stofnunin að geta ráðið sérfræðinga, lækna, til eftirlitsstarfa. Það eitt og sér, að fá fjármagn til að ráða sérfræðinga til að sinna eftirliti varðandi greiðslur fyrir unnin verk, því að það geta engir nema læknar tekið að sér, mundi örugglega skila ríkissjóði til baka margfalt launum þeirra sérfræðinga sem ynnu hjá Tryggingastofnun. Við erum því í úlfakreppu. Tryggingastofnun hefur ekki svigrúm til þess eða bolmagn að ráða þá sérfræðinga sem Ríkisendurskoðun hefur gert ábendingu um að þurfi að vinna við stofnunina.

Eins finnst mér það skipta máli að í því samkomulagi sem gert var við eldri borgara er heitið umtalsvert meiri þjónustu í heimahúsum. Það á bæði við hjúkrun og félagsþjónustu en þess gætir ekki í fjárlagafrv. að sveitarfélögin eigi að fá viðbótarfjármagn til að taka á sig aukna félagsþjónustu vegna þessa samkomulags. Ég vænti þess að það komi fram

fyrir 3. umr., allt sem laut að samkomulagi eldri borgara við ráðuneytin.

Ekki þarf að minna á að Landhelgisgæslan, útvörður okkar, á í miklum rekstrarvanda, ekki síst vegna rekstrar þyrlunnar. Það er mál sem þarf að skoða mjög gaumgæfilega, að Landhelgisgæslan sé ekki fjársvelt svo að hún geti ekki með góðu móti sinnt störfum sínum og verið okkur öllum til sóma.

Herra forseti. Ég hef þá að hluta gert grein fyrir brtt. frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

[19:39]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar að byrja ræðu mína á að spyrja hæstv. forseta hvort skollið sé á hér á landi eitthvað sem líkja megi við þjóðarvá. Ég sé ekki annað en að þinghúsið hafi verið yfirgefið. Hér stendur yfir umræða, 2. umr. fjárlaga. Ég hef beðið hér í tvo eða þrjá klukkutíma eftir að fá að halda ræðu mína og nú er svo komið að ekki einn einasti fjárlaganefndarmaður er í salnum og raunar enginn. Hér eru tómir stólar. Hefur húsið verið yfirgefið af einhverri sérstakri ástæðu? Hverju sætir þetta, herra forseti?

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill upplýsa hv. þm. um að töluvert margir þingmenn eru í húsinu, en mun láta athuga með viðveru fjárlaganefndarmanna.)

Ég þakka hæstv. forseta.

Ég hafði ætlað að tala hér við 2. umr. fjárlaga um menntmrn. eða aðallega um mál sem heyra undir það. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 2003 eru áætlaðar 31.683,9 millj. kr. á rekstrargrunni í heildarútgjöldin, en frá þeim dragast sértekjur að upphæð 1.727 milljónir. Þær nema um 5,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 29.956,6 millj. kr. Og af þeirri fjárhæð eru 26.520 millj. kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 3.436 millj. kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins, að frádregnum sértekjum, eru áætluð 18.746 millj. kr. og hækka um 1,2 milljarða frá fárlögum þessa árs. Auk launa og verðlagshækkana munar þar mest um 414 millj. kr. vegna fjölgunar háskólanemenda; 80 millj. kr. til húsleigu framhaldsskóla, sem gengur til viðhalds skólahúsnæðis; 64 millj. kr. til reksturs, búnaðar og sérkennslu í framhaldsskólum; 50 milljónir tímabundið framlag til að efla rannsóknir og 36 millj. kr. til reksturs Þjóðminjasafns í endurbyggðu Þjóðminjasafnshúsi — við þurfum ekki lengur að hafa áhyggjur af þeim útgjaldalið ef síðustu fréttir eru réttar að safnið verði ekki opnað fyrr en í fyrsta lagi 2004 — 30 millj. kr. vegna nýrra laga um skylduskil til safna og nýrra kvikmyndalaga og 25 millj. kr. vegna kostnaðar við aðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum hjá Landsbókasafni Íslands – háskólabókasafni.

Á móti kemur að tímabundin útgjöld að fjárhæð 59 millj. kr. falla niður og þar vegur þyngst 40 millj. kr. framlag til smíði upplýsingakerfis fyrir framhaldsskólana. Ég er hrædd um að nú við 2. umr. sé það kerfi komið inn með einhverjum hætti aftur, þar sem er gert ráð fyrir að lagt sé fram 35 millj. kr. tímabundið framlag í fjögur ár til uppbyggingar á háhraðaneti fyrir framhaldsskóla, símenntunarstöðvar og útibú þeirra.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 258 millj. kr. og verður 8.573 millj. kr. Vegur þar þyngst 426 millj. kr. aukið framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Ég verð að segja að oft hefur mér nú sárnað við núverandi hæstv. ríkisstjórn en sjaldan eins mikið og fyrir það metnaðarleysi sem þeir sýna í málefnum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Ég vil minna á að hér hefur verið lagt fram á Alþingi frv. til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Ég er 1. flm. þess frv. Þetta frv. er því miður ekki komið til umræðu enn, það bíður umræðu, en nokkrir hv. þingmenn Samfylkingarinnar flytja frv. með mér. Í því eru mjög merk nýmæli. Þar er lagt til að Lánasjóður íslenskra námsmanna verði færður meira til samræmis við það hvernig slíkir sjóðir starfa annars staðar á Norðurlöndunum, þannig að hluti af þeim framlögum sem hver námsmaður fær breytist í styrk, óendurkræfan styrk, að námi loknu.

Ég tel þetta mjög mikilvægt atriði og einnig það sem hefur verið þrjóskast við að lagfæra, þ.e. að breyta þessu uppáskriftarkerfi, þessu ábyrgðarmannakerfi sem lánasjóðurinn gengur fyrir. Það getur ekkert ungmenni á Íslandi farið til náms nema einhverjir vel stæðir ættingjar gangi í ábyrgð fyrir þeim lánum sem það tekur. Ég tel að það eigi að hafa þetta þannig eins og er í öðrum löndum, að námsmaðurinn sjálfur sé ábyrgur fyrir greiðslu á sínum námslánum, ekki aðrir. (**Gripið fram í:** En hvernig verður styrkurinn?) Styrkurinn er 33% af þeim námslánum sem eru veitt og þessi breyting á 33% yfir í styrk gerist eftir að námi er lokið. Ef fólk hættir í miðju námi eða er bara eitt ár eða tvö ár þá verður það að standa skil af öllum sínum námslánum. Þetta er bundið því að fólk ljúki námi.

Margar aðrar merkilegar breytingar eru líka lagðar til í þessu frv. og ég vonast til að það komist sem fyrst til umræðu á hinu háa Alþingi því ég held að tímabært sé að ræða málefni ungs fólks, málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna, á öðrum nótum en þeim að vera að tína til svona einhverja smámuni árlega til að auka við framlög til sjóðsins, sem vissulega er undirstaða þess að við getum breytt þjóðfélagi okkar yfir í þjóðfélag sem hefur hátt menntastig. Sú er því miður ekki staðan í dag.

Hér er líka gert ráð fyrir 25 millj. til styrkja Kvikmyndasjóðs til stutt- og fræðslumyndagerðar og 46 millj. framlagi vegna þess að gerður hefur verið samningur um rekstur Íslensku óperunnar. Ég verð að segja að ég er auðvitað mjög ánægð með t.d. þessi tvö atriði sem ég taldi upp hérna síðast, eins og fjöldamargt í þessu frv. þó að ýmsu geti ég fundið.

Auðvitað er undirrótin þess að hér er verið að skera alls konar nauðsynlega hluti við nögl sú að hér hafa verið lækkaðir skattar t.d. á hálaunafólki langt umfram það sem skynsamlegt er þannig að þeir fjármunir eru ekki til ráðstöfunar sem þyrftu að vera. Ég mótmælti hástöfum síðustu skattalækkunum sem komu aðallega hálaunafólki til góða. Ég held að það hafi verið mjög nauðsynlegt að lækka skatta á þeim sem allra minnst hafa. En ég held að það hafi verið mjög slæmt að fara þá leið að lækka skatta á hálaunafólki fyrst og fremst og standa svo hér uppi og verða að skera við nögl alls konar nauðsynleg framlög til þjóðþrifamála, en það er akkúrat það sem við stöndum frammi fyrir hér.

Viðhalds- og stofnkostnaður hjá menntmrn. er áætlaður 2,6 milljarðar rúmlega og er það 171 millj. kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 370 millj. aukin útgjöld til framkvæmda við Náttúrufræðihús Háskóla Íslands og er nú tími til kominn að við stefnum að því að slá smiðshöggið í þeirri ágætu byggingu. Það hefur náttúrlega verið til vansa hvernig þetta hefur dregist úr hömlu. Húsið hefur staðið þarna eins og draugabygging úti í Vatnsmýri meðan hús Íslenskrar erfðagreiningar spratt upp eins og gorkúla við hliðina á því. Ég verð að segja að ég fagna því að áætlanir

virðast vera uppi um að ljúka þessari byggingu á næsta og þarnæsta ári ef ég hef skilið það rétt.

Hér eru líka tilteknar 196 millj. til nýframkvæmda framhaldsskóla. Ég fagna því að verið er að leggja eitthvað til þó ég hefði viljað sjá hærri og rausnarlegri fjárhæðir. En hér stendur: „Á móti kemur í fyrsta lagi að 140 millj. tímabundin framlög, einkum til menningarmála, falla niður.“ Það var nú mjög áríðandi þegar verið var að smíða þetta frv. að það væri sýnt með réttum tölum og plús og mínus og allt í réttum hlutföllum (Gripið fram í.) Ég er ansi hrædd um að einhver af þessum menningarmálum séu búin að skila sér í hús aftur og guði sé lof og dýrð fyrir það, hv. formaður fjárln. (**Gripið fram í:** Og formanninum.) Ég fagna mjög komu þinni hér til fundar.

En svo falla í öðru lagi 33 millj. niður vegna upplýsingatæknimála. Já, það skyldi þó aldrei vera að þær 35 millj. sem áætlaðar eru við 2. umr. núna til að koma upp háhraðaneti í framhaldsskólum séu komnar inn í staðinn fyrir þetta og hafi skilað sér þarna þrátt fyrir allt, þrátt fyrir góð sparnaðaráform. Ég verð nú að segja að það er vel ef allt er með eðlilegum hætti.

Hér er eitt sem veldur mér áhyggjum og það er í liðnum Háskólar og rannsóknir. Nú höfum við alveg nýlega verið að afgreiða hér svokölluð vísindafrumvörp í gegn þar sem gert er ráð fyrir algjörum skipulagsbreytingum á öllu umhverfi úthlutunar vísindastyrkja á Íslandi. Maður hefði haldið að kannski stæði til að efla rannsóknir í landinu og ég tala nú ekki um háskólanám. En sú er ekki raunin. Þetta er algjört smáræði. Hér er talað um að 9 milljarðar 636 millj. séu áætlaðir til háskóla og í rannsóknir fyrir 2003, 9 milljarðar 641 millj. fyrir 2004, 9 milljarðar 727 millj. fyrir 2005 og 9 milljarðar 893 millj. fyrir árið 2006. Hvers vegna er verið að hræra með þessum ógurlegu stílbrögðum í þessum potti ef það er ekki meiningin að setja meira í þetta? Þarna eiga vísindapeningarnir að vera. Ég vona að það eigi ekki að fara að draga úr fjárveitingum til háskóla.

Ég ætla næst að koma að Háskóla Íslands. Heildargjöld til Háskóla Íslands og stofnana hans eru áætluð í fjárlagafrv. 6 milljarðar 247 millj. kr. og hækka um 788,3 millj. frá fjárlögum. Þar af eru 53,3 millj. vegna kjaranefndarúrskurða sem kveðnir voru upp á árinu 2001.

Gjöld umfram sértekjur eru áætluð 5,1 milljarður og eru þau fjármögnuð með 4,2 milljörðum kr. af ríkisframlagi, 764 millj. kr. tekjum sem eru hagnaður af Happdrætti Háskóla Íslands, 131,2 millj. sem eru tekjur af innritunargjöldum og 1,7 millj. kr. sem eru tekjur af almanaksgjaldi. En kennsla hjá Háskóla Íslands ein á að hækka um 95,5 millj. kr. vegna fjölgunar nemenda.

Í breytingartillögum sem hér eru lagðar fram við 2. umr. er lagt til að gerð verði 50 millj. kr. hækkun á fjárheimild til háskóla og útskýringin er þessi, með leyfi forseta:

„Þegar reiknilíkan fyrir kennslu í háskólum tók gildi í ársbyrjun 2000 var skorið á tengsl milli framlaga til kennslu og framlaga til rannsókna í skólunum. Síðan þá hefur nemendum fjölgað og útgjöld til kennslu því hækkað.“

Þetta á sem sagt ekki bara við Háskóla Íslands, heldur alla háskóla.

Til að bera smyrsl á þessi sár ætlar ríkisstjórnin af örlæti sínu að veita 50 millj. kr. aukafjárheimild við 2. umr. En svo kemur þessi skelfilega játning hér á eftir, með leyfi forseta:

„Eigi að síður hafa skólarnir sjálfir ýmist ákveðið eða samið um í stofnanasamningum að halda óbreyttri skiptingu vinnutímans milli kennslu og rannsókna.“

Þó að allur væri nú viljinn góður hjá ríkisvaldinu til að skera á þessi tengsl eins og hér hefur verið lýst, skera á tengsl milli framlaga til kennslu og framlaga til rannsókna, þá verður samt sem áður að koma með aukafjárveitingu inn til rannsókna í háskólunum. Ég veit ekki hversu langt þær 50 millj. sem þarna er verið að tala um ná í því skyni eins og ástandið er og ég hef heyrt lýst.

Ég ætla næst að koma að framhaldsskólum. Heildarfjárveiting til málaflokksins er 9,8 milljarðar eða 9,876 milljarðar kr. og hækkar um 434 millj. kr. frá gildandi fjárlögum, en aðeins um 171 millj. þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Rekstrarframlag hækkar um 144 millj. kr., þar af eru 80 millj. vegna kostnaðar við leigu og ganga til viðhalds á skólahúsnæði eftir því furðulega fyrirkomulagi sem var fundið hér upp fyrir tveimur árum að framhaldsskólar borga sérstaka leigu þannig að þeir kosti sjálfir viðhald á sínum skólum með þessum leigupeningum. 30 millj. eru til að mæta óvissri samsetningu og fjölda nemenda og 20 millj. til sérkennslu. Það eru 20 millj. til sérkennslu og það er nýbúið að tala um það — svo ég taki bara á einum þætti — að við stöndum í þeim sporum að útlendingunum okkar, nýbúunum sem hér eru búsettir með foreldrum sínum, vegnar hvorki vel í háskólum né framskólum á Íslandi, sérstaklega ekki í framhaldsskólunum vegna þess að sú hjálp sem þeim stendur til boða er algjörlega ófullnægjandi. Þetta liggur fyrir og úr þessu á að bæta með því að setja 20 millj. kr. aukalega til sérkennslu. Þar að auki á að skipta milli skóla 14 millj. til að koma á móts við verklegt nám. Fyrir liggur að skólar eru í stórum mínus. Ég nefni t.d. verknámsskóla eins og Menntaskólann í Kópavogi. Þar eru hátt á annað hundrað milljónir með öfugum formerkjum á rekstrarreikningi. Ég er hrædd um að þetta sem á að koma þar til móts við kostnað við verklegt nám, jafnvel þó að hann fengi það allt, mundi nú ekki gera stórt til að bæta hag þess skóla. Ég veit eiginlega ekki hvað verið er að hugsa með þessum framhaldsskólatillögum í fjárlagafrv.

Hér er þó gert ráð fyrir 35 millj. kr. tímabundnu framlagi í fjögur ár til uppbyggingar á háhraðaneti fyrir framhaldsskóla, símenntunarstöðvar og útibú þeirra. Nú skyldi maður fagna, og ég verð að segja að ég bara lyftist öll upp þegar ég sá þó þetta. Háhraðanetið mun sem betur fer bæði auka flutningsgetu símkerfisins og opna nýjar fjarskiptaleiðir fyrir fámennar byggðir en því næst segir, með leyfi forseta:

„Miðað er við að kostnaður þátttakenda í netinu verði óháður staðsetningu á landinu og að samið verði um fast verð fyrir efni sem sótt er af internetinu erlendis frá. Áformað er að fara fram á 45 millj. kr. á ári til að jafna kostnað þátttakenda í netinu á árunum 2004–2006.“

Það er sem sagt meiningin að nemendurnir standi undir þessari tækni sjálfir, þessari fartölvutækni sem er verið að koma inn í framhaldsskólana. Þeir eiga algjörlega að borga þetta úr eigin vasa og á aðeins að koma á móti 45 millj. kr. framlag á ári til að jafna kostnað úti um landið. Ég skil þetta þannig. Ég bið hv. formann fjárln. eða aðra þá sem um hafa vélað að útskýra það fyrir mér ef þarna er um misskilning að ræða. Er með þessari hátæknivæðingu, fartölvuvæðingu eða hvað það nú er, verið að koma á skólagjöldum með lævíslegum hætti þannig að hver einasti nemandi þurfi að borga stórfé fyrir utan það að leggja til sinn tölvukost sjálfur?

Hér í brtt. meiri hlutans við 2. umr. er lögð til 200 millj.

kr. hækkun á fjárveitingu til framhaldsskóla af tveimur tilefnum. Í fyrra lagi er lögð til 100 millj. kr. hækkun vegna nemendafjölgunar sem ekki varð séð fyrir við gerð frv. Ég fagna því sérstaklega að ríkisstjórnin skuli hafa tekið eftir því að ungmenni landsins brugðust þannig við auknu atvinnuleysi og erfiðleikum á vinnumarkaði í haust að þau fóru í skóla. Vonandi skilar þetta sér til framtíðar. Ég þakka bara sérstaklega fyrir að hv. fjárln. skuli hafa tekið eftir þessu og hafi hér 100 millj. í handraðanum til að leggja fram sérstaklega til að styrkja skólana vegna þessarar fjölgunar þó að ég hafi einhvern grun um að það kunni að duga skammt. Við verðum þó að taka viljann fyrir verkið, peningarnir eru bara ekki meiri en þetta.

Í seinna lagi er um að ræða endurskoðun á reiknilíkani framhaldsskóla um skiptingu fjárveitinga milli skóla sem veldur því að framlög til sumra skóla lækka en hækka til annarra miðað við líkanið. Þetta veldur skólum vanda og er lögð til 100 millj. kr. hækkun svo að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum líkansins. Ég verð bara að segja, og vona að það nái a.m.k. eyrum hv. formanns nefndarinnar, að ég held að þessar 100 millj. dugi skammt. Það verður að lagfæra, með betra móti en þegar hefur verið gert, rekstrargrundvöll vissra framhaldsskóla. Og það virðist, sérstaklega núna, sem stórir framhaldsskólar sem eru með mikið verknám standi mjög illa, séu í mjög alvarlegum mínus. Þetta eru samt sem áður, vildi ég segja, mjög vel reknar stofnanir þar sem mikið af ungmennum er við nám sér og þjóðinni til gagns. Þessir skólar standa svo frammi fyrir því að vera úthrópaðir fyrir að vera með stórar summur í mínus ár eftir ár á reikningum skólans.

Mig langar til að vitna til bréfs frá Félagi framhaldsskólakennara þar sem þeir gagnrýndu fjárlagafrv. og fjárveitingar til framhaldsskólans en þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Fjárveitingu til framhaldsskólanna samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2003 er dreift eftir nýju reiknilíkani þannig að til þess að bæta fjárveitingar til einstakra framhaldsskóla þar sem þess er talin þörf er skorið fé af fjárveitingum annarra framhaldsskóla sem þó eru alls ekki aflögufærir. Meginvandinn er því sá að ekki er aukið við heildarfjárveitingu til framhaldsskólastigsins sem nemur kostnaði af breyttu reiknilíkani né heldur er aukið við fé til að styrkja starfsemi framhaldsskólanna almennt og til að auka þjónustu þeirra við nemendur."

Þar minni ég sérstaklega á framlög til sérkennslu í framhaldsskólum sem eru auðvitað allt of lág því að þar höfum við, til viðbótar við önnur tímafrek, erfið og fjárfrek verkefni, nýtt verkefni sem við verðum að fara inn í af auknum þrótti, þ.e. að styðja betur við nýbúa. Það er ekki hægt að líða það að þeir séu stoppaðir þarna og að börn þeirra komist ekki lengra.

Félag framhaldsskólakennara segir jafnframt:

„Ljóst má vera að það leysir ekki málið að færa vanda einstakra framhaldsskóla yfir á aðra framhaldsskóla."

Það kom líka til okkar þingmanna, a.m.k. í menntmn., ályktun frá Kennarasambandi Íslands þar sem stjórn þess lýsir áhyggjum af þróun fjárveitinga til framhaldsskóla í fyrirliggjandi fjárlagafrv. og telur fyrirhuguð framlög til kennslu- og rekstrarkostnaðar framhaldsskólanna í landinu ávísun á verri þjónustu við nemendur og vaxandi rekstrarhalla. Stjórnin bendir á að árum saman hafi verið margra hundruða milljóna króna mismunur á fjárveitingum og raunverulegum rekstrarkostnaði skólanna. Menntmrn. hefur m.a. sjálft dregið upp yfirlit yfir þessa stöðu fyrir árin 1992–2001. Mér er það álit mjög kunnugt og hygg að það hafi líka verið kynnt í hv. fjárln. Ráðuneytið telur enn fremur, í mati á útgjaldahorfum framhaldsskólastigsins fyrir árið 2003, að framlög til framhaldsskólanna þurfi að aukast um 400–600 millj. Fjárveitingum til framhaldsskólanna samkvæmt fjárlagafrv. 2003 er dreift eftir nýju reiknilíkani en sá galli er á gjöf Njarðar að þegar fjárveitingar eru auknar til einstakra framhaldsskóla þar sem þess er talin þörf eru þær skornar niður til annarra framhaldsskóla sem eru þó alls ekki aflögufærir. Meginvandinn er því sá að hvorki er aukið við heildarfjárveitingu til framhaldsskólastigsins, sem nemur kostnaði af breyttu reiknilíkani, né aukið fé til að styrkja starfsemi framhaldsskólanna almennt og til að auka þjónustu þeirra við nemendur.

Að lokum segir í ályktun stjórnar Félags framhaldsskólakennara:

„Fjárlagafrumvarpið sem nú liggur fyrir er áfall fyrir starfsemi framhaldsskólanna og ávísun á kreppu og stöðnun í skólastarfinu."

Auk þessa stefna ónógar fjárveitingar árangri kjarasamninga framhaldsskólans í hættu og draga úr samkeppnishæfni skólanna um vel menntaða starfsmenn.

Mig langaði aðeins að minnast á Fornleifavernd ríkisins. Það er ekki langt síðan við afgreiddum nokkuð metnaðarfull frv., að okkur fannst, um meðferð og vernd fornleifa á Íslandi. Þar var m.a. kveðið á um Fornleifavernd ríkisins. Í lögum um hana var einnig kveðið á um fornleifasjóð. Í hann áttu fornleifafræðingar og aðrir að geta sótt um styrki, t.d. til fornleifarannsókna eða fornleifauppgraftar. Ég hafði hugsað mér að þetta væri svolítið myndarlegur sjóður. Á síðasta ári voru settar úthlutunarreglur fyrir sjóðinn og þar stendur að stjórn hans skuli úthluta styrkjum til rannsókna og varðveislu fornminja auk annarra verkefna. Af rausn sinni hefur hæstv. ríkisstjórn ákveðið í fjárlagafrv. að setja 5 millj. kr. í þennan fornleifasjóð. Ég get ekki séð að það muni duga fyrir miklu meira en stjórnarlaununum. Það er jú komin stjórn fyrir sjóðinn. Það verða varla gerðar miklar fornleifarannsóknir eða veittir miklir styrkir af þessu fé.

Svo kemur hins vegar ein furðuráðstöfun í brtt. meiri hlutans til 2. umr. Þar er lagt til að þessar 5 millj. verði teknar frá Fornleifavernd ríkisins og færðar yfir á fjárlagalið 02-999 Ýmislegt, 1. 51 Fornleifasjóður sem er nýr liður, að því er sagt er. Undir liðnum Ýmislegt eru svona ýmis mál eins og Hrossamiðstöð Íslands og ágæt verkefni, Skriðuklaustur, Snorrastofa og forvarnastarf í skólum. Þarna á að vista þessar 5 millj., væntanlega til að þær séu ekki undir Fornleifavernd ríkisins. Ég veit ekki hvernig þeim hefur dottið í hug að gera þetta. Þarna kemur engin frekari skýring. Sjóðurinn er til samkvæmt lögum og um rekstur hans og alla starfsemi og úthlutanir hafa verið settar reglur. Það er búið að skipa stjórn fyrir sjóðinn, ekki vantar það, en peningarnir — ja, þeir eru bara eitthvert smáhringl í sparibauk ef það verður þá eitthvað þarna undir Hrossamiðstöðinni. Mér finnst eitthvað hafa orðið minna úr þessu en gefið var tilefni til að álíta þegar þessi mál voru til umræðu á sínum tíma.

Svo er náttúrlega þessi hörmungarsaga með Þjóðminjasafn Íslands. Áætluð útgjöld safnsins eru 219 millj. í fjárlagafrv. og við 2. umr. er bætt við 9 millj. vegna fjarvinnsluverkefna á vegum safnsins. Ég held að þetta dugi mjög skammt í þær framkvæmdir sem við vitum að liggja fyrir

hjá Þjóðminjasafni Íslands. Ég held að það hljóti að verða að fara ofan í allt þetta mál.

Auðvitað er ég sammála mörgum þeim fjárveitingum sem hafa verið gerðar af óskiptum liðum milli umræðna, framlög til ýmissa safna, m.a. merkilegra byggðasafna. Ég verð þó að taka undir það sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði fyrr í dag, það er miklu nær að þessi úthlutun sé í höndum fagnefnda sem fara nákvæmlega yfir forsendur hverrar úthlutunar en að þær séu í höndum manna sem eru fyrst og fremst með það í huga að gagnast byggðarlagi sínu, eins og því miður eru mörg dæmi um. Það þýðir ekki að neita því hér á hinu háa Alþingi.

Að lokum langaði mig að koma aðeins inn á Ríkisútvarpið. Eins og vænta mátti er auðvitað gert ráð fyrir því hér að það sé rekið áfram á horriminni. Mig langar líka að nefna hér sérstaklega sjóð sem því miður var illu heilli lagður niður. Það er Menningarsjóður útvarpsstöðva. Ég tel að þess sjái heilmikil merki, t.d. þegar við lítum á umsóknir til fjárln. Fólk sækir þangað um styrki sem það ella hefði sótt um til Menningarsjóðs útvarpsstöðva. Þess hefur líka gætt þegar við höfum úthlutað styrkjum í Norðurlandaráði. Fólk er að reyna að gera þætti, það langar til að koma til skila ýmsum fróðleik sem það er búið að viða að sér, langar til að gera góða sjónvarps- eða útvarpsþætti, en það eru ekki nokkur tök á að fá styrki til slíks nú í dag, ekki eftir neinum eðlilegum leiðum. Ríkisútvarpið, svo fjársvelt sem það er, getur einungis borgað smáaura fyrir þætti sem fólk er búið að leggja kannski mánaðarvinnu í að afla sér heimilda fyrir.

Ég held að það hafi verið óheillaskref sem við tókum á sínum tíma þegar Menningarsjóður var lagður niður. Það kemur líka á daginn að uppistaða Menningarsjóðs var sérstakt auglýsingagjald sem skilað var til ríkisins. Áfram innheimta allir aðrir fjölmiðlar en Ríkisútvarpið þetta auglýsingagjald. Það verður hins vegar að nota sinn skerf til að borga niður rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Af einhverjum ástæðum fór Menningarsjóður útvarpsstöðva í taugarnar á fólki en ég held að það geti ekki farið fram hjá neinum að það vantar einhverja leið til að styrkja fólk sem vill gera gott sjónvarps- og útvarpsefni. Ef ekki má kalla sjóðinn Menningarsjóð útvarpsstöðva verður bara að kalla hann eitthvað annað en það á að koma upp einhverjum vel reknum sjóði þar sem fagaðilar úthluta fólki sem gerir gott sjónvarps- og útvarpsefni góðum styrkjum til slíkra hluta. Það yrði okkur öllum til mikillar sæmdar.

[20:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil byrja á að gera orð síðasta ræðumanns að mínum. Meðferð hæstv. ríkisstjórnar á Ríkisútvarpinu gegnum tíðina er auðvitað búin að vera til háborinnar skammar. Ég hef sagt það áður úr þessum ræðustól og endurtek það með gleði að Sjálfstfl. hefur í raun og veru lagt Ríkisútvarpið í einelti — það er hárrétt hugtakanotkun — og með margvíslegum hætti, ekki bara fjárhagslegu svelti, heldur líka stjórnunarlega og hvað varðar starfsskilyrði og allt andrúmsloft í kringum þessa stofnun. Í raun og veru er nánast verið að kyrkja hana í greip sinni enda er ástandið þar, eins og allir vita, bullandi fjárhagserfiðleikar, stofnunin rekin á yfirdrætti og ábyggilega ekki starfsandi eins og hann gæti bestur orðið enda varla von á því við slíkar aðstæður.

Það er orðið nokkuð framorðið í þessari umræðu, herra forseti, og ég ætla ekki að lengja hana mikið. Félagar mínir hafa hér á undan mér gert mjög rækilega grein fyrir viðhorfum okkar, fyrst og fremst auðvitað framsögumaður okkar og nefndarmaður í fjárln., hv. þm. Jón Bjarnason, og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir ræddi einnig það sem hér bar á góma áðan, þ.e. Ríkisútvarpið og stöðu þess.

Mitt erindi hingað er fyrst og fremst að mæla fyrir brtt. minni um þróunarsamvinnu og hjálparstarfsemi þar sem ég sting upp á því við hv. Alþingi að menn geri betur en meiri hluti ríkisstjórnarinnar leggur til í frv. sínu.

Ég vil aðeins nefna áður að það kemur mér þannig fyrir sjónir, herra forseti, að vinnubrögð séu um margt jafnvel óskipulegri en þau hafa stundum áður verið við fjárlagagerð og undirbúning meiri háttar ríkisráðstafana, framkvæmda og útgjalda á komandi árum. Þetta er auðvitað þvert á það sem menn hafa ætlað sér með endurskoðun laga, með setningu löggjafar um fjárreiður ríkisins og ýmsum ráðstöfunum sem kannski sérstaklega á undanförnum 10–15 árum hafa átt að miða að því að ná betri tökum á ríkisfjármálum, koma afgreiðslu fjáraukalaga í fastar skorður, afnema aukafjárveitingar í raun nema sem hreint neyðarúrræði og þar fram eftir götunum. Svo blasir það við hverjum manni að þrátt fyrir meint góðæri og góðan ríkisbúskap, sem stjórnarliðar guma nú ekki svo lítið af, eru skekkjurnar í fjárlagagerðinni jafnvel meiri en oft áður þegar óstöðugleiki í efnahagsmálum og óvissa var miklu meiri, og jafnvel verðbólga miklu meiri skekkjuvaldur en nú er. Það þarf ekki að nefna nema dæmið um heilbrigðiskerfið til að sanna þetta. Er það ekki dálítið svakalegt að það skuli þurfa á þriðja milljarð króna inn í Landspítala – háskólasjúkrahús til að rétta það fyrirbæri af? Og hvers vegna er svo unnið að þessu þannig af meiri hluta fjárln. að allt í einu birtast hér við 2. umr. fjárlagaúrræði gagnvart sumum heilbrigðisstofnunum en öðrum ekki? Ég man ekki eftir þessu nýmæli áður í fjárlagavinnu. Og ég spyr reynda menn sem hafa setið í fjárln.: Muna þeir eftir því áður að málaflokkur eins og um stærstu heilbrigðisstofnanirnar sé tekinn og klofinn þannig upp að það komi hér tillögur um eina stofnun en ekki aðrar? (**GE:** Nei.) Það er óvenjulegt.

Það er margt fleira þarna sem mætti nefna. Framhaldsskólinn hefur ýtt á undan sér skuldaklafa, vaxandi skuldasöfnun í einstökum stofnunum ár eftir ár. Þetta vita allir. Af hverju er ekki tekið á því? Hvers vegna er skólastjórnendum haldið upp við vegg ár eftir ár með vaxandi skuldahala? Er það gert í pólitískum tilgangi til að hafa meiri tök á þessum rekstri? Ja, það er von að spurt sé.

Ég vil einnig, herra forseti, gagnrýna þá meðferð sem samgöngumál og byggðamál fá við þessa fjárlagaafgreiðslu; samgöngumálin vegna þess að hæstv. samgrh. hefur ekki komið því í verk sem hann lofaði, að leggja fyrir þingið í haust tillögu að endurskoðaðri heildstæðri samgönguáætlun. Það var ekki blásið í svo litla lúðra þegar nál. var fyrst kynnt um nýja vinnu í þessum málum, nú skyldi brotið í blað, það átti að vinna þetta heildstætt. Ein heildstæð samgönguáætlun, var sagt. Hvar er hún, formaður fjárln.? Af hverju liggur hún ekki hér fyrir þegar farið er að fjalla um fjárveitingar til samgöngumála á næsta ári? Það er allt bara skrifað í skýin.

Byggðamálin, ég var að reyna að fara aðeins yfir þau. Hvar sér hinnar nýju byggðaáætlunar stað? Hvar eru fjárveitingarnar til að uppfylla þau loforð og standa undir þeim væntingum sem þar voru gefnar? Ég finn þær ekki í fjárlagafrv. Meðferðin á t.d. atvinnuþróunarfélögum landshlutanna er neðan við allar hellur, og þau hafa hangið í lausu lofti án samninga um fjármál sín og grundvöll núna á þriðja ár

líklega. Svo þykjast þessir menn eiga upp á dekk í byggðamálum. Skárri eru það nú ósköpin. (**GE:** Ósjóhræddir?)

Ég man t.d. ekki eftir því að menn hafi staðið áður frammi fyrir því að það væru að koma jól og vegamálin væru í jafnfullkominni óvissu og nú er, engin fyrirliggjandi vegáætlun sem verður í gildi eftir áramót. (**GE:** Það á að koma sæstrengur.) Hvernig á þá að loka fjármálunum?

Staðreyndin er auðvitað sú, herra forseti, þótt ég ætli ekki að fara að eyða í það löngu máli hér tímans vegna, að ég hef miklar áhyggjur af stöðu ríkisfjármálanna og þjóðarbúskaparins, og ég tel að full tilefni séu til. Ég veit að þetta er eins og einhver rödd hrópanda í eyðimörkinni vegna þess að það er svo ofboðslegt góðæri og allt gengur svo vel. Ég verð nú að játa það hreinlega að stundum eru ekki meiri vísindi fyrir skoðunum manns eða viðhorfum en eiginlega tilfinning og *hún hefur iðulega ekki reynst verri en hvað annað*. Og ég verð því miður að segja að ég hef að mörgu leyti þá tilfinningu að ástandið núna sé óskaplega brothætt. Það er vegna þess að þjóðarbúið var látið vaða hér á súðum, gríðarlegum skuldum var safnað í útlöndum og í þjóðfélaginu eru skuldsettir aðilar sem eru í raun og veru sjálfar undirstöður samfélagsins; fjölskyldurnar, atvinnulífið og sveitarfélögin. Við erum með á herðunum, hvað sem hver segir, yfir 200 milljarða uppsafnaðan viðskiptahalla frá síðustu árum, og hann tekur í. Hann þarf að borga. Og ekki bara hann, heldur vextina af honum á meðan verið er að borga hann niður.

Árangurinn í ríkisbúskapnum er þrátt fyrir allt ekki glæsilegri en svo að það er svona rétt að það sleppi að ríkissjóður sé núna þrjú ár í röð rekinn á núlli þegar við drögum eignasöluna frá. Það er allt og sumt. Og það er gamalkunnug aðferð sem þjóðin veit alveg hvernig fer fram, að éta upp eignir sínar. Það er hægt að hafa það ágætt á meðan menn éta upp eignir sínar. Ég þekki einn rithöfund sem át upp íbúðina sína og skrifaði á meðan. Hann lifði af því í nokkur ár en svo var hann náttúrlega búinn með íbúðina, og þá var engin íbúð.

Þetta er vandinn, hv. þm., formaður fjárln., þetta er vandinn við að lifa á eignum sínum, sami hluturinn verður ekki seldur nema einu sinni, svona yfirleitt ekki í viðskiptum þó að menn hafi stundum reynt annað.

Herra forseti. Svo að utanríkismálunum, sem ég ætlaði að gera að umtalsefni í lokin, og útgjöldum til utanríkismála af því að þetta er fjárlagaumræða. Það er nefnilega þannig, herra forseti, að ekkert eitt ráðuneyti hefur þanist jafnmikið út á undanförnum árum og utanrrn. Ég hygg að það sé rétt jafnvel þó að heilbrrn. sé tekið með og menn tali um að þar hafi útgjöld aukist. Það hafa þau auðvitað gert enda gerist það alls staðar í heiminum þar sem menn eru að taka inn nýjungar í læknisfræðum, tækjum, lyfjum og öðru slíku. En utanrrn. íslenska hefur þanist mjög út. Og menn eins og hv. þm. Pétur Blöndal hafa stutt þetta með ráðum og dáð og greitt því atkvæði sitt hér á hverju ári að undanförnu. Það eru á þessu sumpart gildar skýringar sem ég deili ekki um. Ég hef t.d. verið stuðningsmaður þess að við efldum utanríkisþjónustu okkar á vissum sviðum, viðskiptaþættinum, jafnvel opnuðum ný sendiráð þó að sum þeirra hafi reynst hrikalega dýr. Maður fékk hálfgerðan móral yfir því að hafa einhvern tíma talað jákvætt um að opna sendiráð í Japan þegar reikningurinn kom.

En svo hefur annað gerst í utanrrn. sem ég er ekki jafnhrifinn af, og það er að það sem síst skyldi hefur mætt afgangi. Ég væri mjög stoltur ef framlög Íslands til þróunarsamvinnu hefðu aukist að raungildi hlutfallslega eins og önnur útgjöld ráðuneytisins en það hafa þau ekki gert. Þau eiga að standa í stað fjórða árið í röð þvert á gefin loforð um hið gagnstæða. Ísland ætlar að vera áfram í skammarkróknum með því þróaða landi innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem gerir verst í þessum efnum, þ.e. Bandaríkjunum, og verja þriðja, ef ekki fjórða, árið í röð um 0,1% af vergri landsframleiðslu til þróunarsamvinnu. (**Gripið fram í:** Aftast á merinni.) Ef við förum yfir allan málaflokkinn, Þróunarsamvinnustofnun, neyðaraðstoð og undirstofnanir Sameinuðu þjóðanna samkvæmt ákveðnum skilgreiningum, og drögum út úr það sem uppfyllir skilyrðin um að teljast þróunaraðstoð eru það um 0,1%, sennilega um 800 millj. af 800 milljarða landsframleiðslu. Og það er aðeins ein þjóð sem er á sambærilegu lífsgæða- eða tekjustigi og Ísland í heiminum sem leggur svona lítið af mörkum, Bandaríki Norður-Ameríku sem eru slóðinn í þessum efnum, og sem þau liggja auðvitað undir ámæli fyrir.

Þetta er mjög dapurlegt, herra forseti, á sama tíma og menn hafa peninga í gæluverkefni eins og Schengen. Ég afla aði upplýsinga í utanrmn. um hvað það gæluverkefni kostar. Það eru tugir milljóna sem embættin í Keflavík ein og sér fá í aukinn rekstrarkostnað núna milli ára vegna Schengen. Þá eru til peningar. Og þegar þarf að halda NATO-fund eru til 300–500 millj. Og þegar menn þurfa nesti á borðið með sér í Prag er hægt að lofa mörgum hundruðum milljóna án þess að hafa nokkurs staðar borið það upp í íslenska stjórnkerfinu, án þess að hafa rætt það við utanrmn. Ég spyr: Var það kynnt í stjórnarflokkunum? Lá meiri hlutinn fyrir þegar ávísunin var skrifuð úti í Prag? Ég er ekki viss um það. Og svo eru samningarnir sem þetta á að byggja á þannig að það eru jafnmargar túlkanir á innihaldi þeirra eins og mennirnir sem hafa talað um þá; forsrh. og utanrrh. eru ósammála, Flugleiðir eru ósammála þeim og svo kom fjórða sjónarmiðið fram hjá ráðuneytisstjóra utanrrn. á þessum samningi sem reyndar enginn maður hefur séð og ekkert liggur fyrir um á hvaða formi er eða hvort yfir höfuð hefur litið dagsins ljós, undirritaður sem slíkur.

Ég, herra forseti, hef leyft mér að leggja það til í breytingartillögu að við rekum af okkur slyðruorðið, svona pínulítið, og hækkum framlög Íslands til þróunarsamvinnu og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi um sömu upphæð og höfðingjarnir lofuðu í Prag, 300 millj. kr. Við gætum t.d. gert það þannig að Þróunarsamvinnustofnun fengi 200 millj. kr. aukna fjárveitingu á næsta ári. Í liðinn Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi á að leggja heilar 18,5 millj. samkvæmt fjárlagafrv., það er það sem ríkisstjórnin hugsar sér að hafa á fjárlögum næsta árs, hv. formaður fjárln., til að eiga upp á að hlaupa í alþjóðlegri hjálparstarfsemi og þróunarmálum. Það er minna en Rauði krossinn safnaði á einu kvöldi. Ég held að vandamálið sé ekki viðhorf almennings á Íslandi til að betur sé gert í þessum efnum.

Vita þeir það, höfðingjarnir sem leggja þetta fyrir þjóðina, að 800–1.200 millj. manna svelta upp á hvern einasta dag í heiminum, 800–1.200 millj. manna búa að staðaldri við vannæringu. Svona er nú ástandið en ein mesta velmegunarþjóð heimsins, Íslendingar, sem eru í 4.–6. sæti hvað varðar þjóðartekjur á mann, telur sér sæma að hreyfa ekki þennan lið árum saman. Ár eftir ár er hann frosinn fastur og hækkar ekki neitt þrátt fyrir gefin loforð.

Þessi tillaga mín, herra forseti, á þskj. 488, gengur sem sagt út á þetta, að liðurinn Þróunarsamvinnustofnun Íslands

hækki úr 433,1 millj. í 644,1 og liðurinn Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi, Mannúðarmál og neyðaraðstoð, hækki úr 18,5 millj. í 118,5.

Haldi einhver því fram að vandamál sé að koma þessum peningum í lóg þá segi ég hann fara með rangt mál. Þróunarsamvinnustofnun getur í samstafi við aðrar stofnanir ráðstafað þessu fé þó að hún sé kannski ekki tilbúin með verkefni til þess sjálf að öllu leyti á næsta ári. Það er ekkert vandamál að ráðstafa þessum fjármunum og miklu meira í gegnum viðurkenndar alþjóðastofnanir, þess vegna í gegnum Rauða krossinn eða aðra slíka aðila. Ég vona að enginn beri það hér á borð að það sé ekki hægt að hækka þessa fjármuni vegna þess að svo mikinn undirbúning þurfi til að koma þeim í lóg. Ég hef stundum heyrt þær viðbárur þegar menn í vandræðum sínum eru að reyna að afsaka þessa skammarlegu frammistöðu sem ég verð að segja að mér hefur sviðið ákaflega þau tæplega 20 ár sem ég hef verið á Alþingi.

Ég hef á hverju einasta ári reynt að hreyfa því að þetta væri lagfært. Þó er það sérstaklega þegar maður kemur út fyrir landsteinana sem maður skammast sín vegna þess að systurþjóðir okkar á hinum Norðurlöndunum njóta álits um allan heim vegna þess að þær eru yfirleitt, kannski fyrir utan Hollendinga, þær einu sem uppfylla skuldbindingar Sameinuðu þjóðanna í þessum efnum að fullu og sumar þeirra hafa reyndar gert betur. Bæði Danir og Norðmenn hafa þegar best lætur lagt meira af mörkum en hin umsömdu viðmið Sameinuðu þjóðanna ganga út frá. Það halda margir, því miður, að Íslendingar sem eitt Norðurlandaríkið geri þetta líka. Síðast fyrir nokkrum dögum, úti í Póllandi, neyddumst við í utanríkismálanefnd Alþingis til að leiðrétta þann misskilning, því miður væri það ekki svo, Ísland gerði miklu lakar en hin Norðurlöndin sem hrósað var fyrir góða frammistöðu í þessum efnum.

[20:34]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að gera að umræðuefni orð sem féllu hér í dag, fyrst hjá hv. formanni fjárln. og síðan aftur hjá hv. þm. Ástu Möller, þegar rætt var um vexti.

Hér var rætt um að vextir hefðu lækkað og Seðlabankinn hefði lækkað stýrivexti. Allt er það rétt og ekki fór hv. formaður fjárln. með neitt rangt í því. Mér fannst hins vegar framsetning hv. þm. Ástu Möller nokkuð snúin, a.m.k. miðað við hvernig ég hef skilið þær upplýsingar sem hér hafa legið fyrir. Það vill svo til að hér liggur frammi þingskjal, svar við fyrirspurn hv. þm. Hjálmars Árnasonar um stýrivexti og vexti bankanna, þskj. 426. Þegar það er skoðað grannt og hvernig vaxtapólitíkin í þessu landi hefur verið kemur í ljós að stýrivextir Seðlabankans hafa lækkað. Þeir eru 1. nóv. komnir niður í 6,8%. Þá skyldi maður auðvitað ætla að bankakerfið sem hér hefur verið svo mikið til umræðu á undanförnum árum og missirum vegna þess að menn vildu selja það eða skipta því upp og finna því trygga og réttlita kaupendur, hefði fylgt Seðlabankanum eftir. En því er ekki að heilsa, því miður. Hæstu vextir bankanna á óverðtryggðum skuldabréfum eru enn þá yfir 15%, þessir venjulegu vextir sem venjulegur maður þarf að borga.

Bankarnir láta bíða eftir sér þó að stýrivextir Seðlabankans séu komnir niður í 6,8% og hafi lækkað verulega á undanförnum mánuðum. Þeir voru þegar hæst var 11,4% og hafa sem sagt lækkað um 7,20%. Þeim breytingum hefur ekki verið fylgt eftir í vaxtakjörum bankanna. Auk þessa eykst vaxtamunurinn. Ef maður ber saman tvö tímabil sést að vaxtamunur bankanna er verulegur. Ef við förum fjögur ár aftur í tímann og berum saman 1. janúar 1999 og 1. nóvember sl. hafa bankarnir á þessu tímabili aukið vaxtamun sinn á kjörvöxtum um frá 1,95%, Íslandsbanki; 2,40%, Búnaðarbanki og 2,35%, Landsbanki. Þannig hafa bankarnir aukið inntekt sína í prósentuvís af fjármunum sem þeir hafa lánað út. (**GE:** Það er gróði hjá þeim.)

Það er sem sagt ekki nóg að Seðlabankinn lækki stýrivexti þegar bankarnir sjá sér hag í að fylgja ekki á eftir, heldur auka inntekt sína af vöxtunum. Hið sama á við um hæstu vexti. Þar er Íslandsbanki lægstur, vaxtabil hans hefur aukist um 1,95%, en vaxtabil Búnaðarbankans um 2,40% og Landsbankans um 2,35.

Staðan er einfaldlega sú að þrátt fyrir vaxtalækkun Seðlabankans og að vissulega hafi orðið vaxtalækkun nokkur hjá bönkunum, því í apríl 2001 voru hæstu vextir bankanna um 19% og hafa sem sagt lækkað frá þeim tíma um 4%, hafa þeir tekið meira til sín að meðaltali, rúm 2% til viðbótar í vaxtamun. Þannig skil ég a.m.k. þessar upplýsingar.

Umræðan sem fór fram í dag um að hér nyti fólk betri kjara vegna lækkandi vaxta hljómaði því hálfundarlega. Það hefur vissulega átt sér stað vaxtalækkun, en bankarnir eru samt að taka til sín meira, því miður.

Maður veltir auðvitað fyrir sér hlutafélagavæðingu bankanna þegar svo er komið að bankarnir fylgja ekki eftir þeim vaxtakjörum sem þeir geta fengið heldur velta þeim áfram að hluta til yfir á þá sem taka hjá þeim lánin og taka meira til sín. Það hefur mikið verið talað um að með hlutafélagavæðingu bankanna mundu bankarnir fara í samkeppni, standa sig betur, veita betri kjör og keppa um viðskiptavinina. Þessi keppni hjá bönkunum snýst sýnist mér fyrst og fremst um hagnað þeirra sjálfra. Ég get ekki lesið annað út úr þessu, herra forseti.

Ég vildi draga þetta inn í umræðuna vegna þeirrar umræðu sem fram fór í dag um vexti og vaxtakjör og hve giftudrjúg stýring hefði verið á fjármálum þessa lands. Talað var um að Seðlabankinn hefði verið passlega íhaldssamur. Það kann að vera rétt. Ég dreg ekki í efa að Seðlabankinn hafi verið passlega íhaldssamur varðandi stýrivextina. Mér finnst hins vegar skrýtið að bankarnir hafi ekki fylgt á eftir með betri vaxtakjörum.

Ég vil líka koma örlítið inn á umræðu sem fram fór um að 20% stofnana fylgdu ekki fjárheimildum. Þar var vitnað þar til úttektar á ríkisreikningi. Það á auðvitað ekki að ganga þannig fyrir sig og eðlilegt að fjárln. taki það til sérstakrar skoðunar.

Hér hefur verið rætt um Landspítala – háskólasjúkrahús og þá miklu fjármuni sem fara í þann málaflokk. Ég ræddi það örlítið þegar við vorum að ræða um fjáraukalögin og ætla ekki að endurtaka það. Ég vil þó segja að ekki verður hjá því komist að útgjöld á hátæknisjúkrahúsum munu fara vaxandi. Þar er veitt betri þjónusta. Þar eru dýrari tæki og aðgerðum fjölgar, samanlagt mun þetta kosta meira.

Hvað sem því líður er mjög æskilegt að halda uppi virku aðhaldi varðandi meðferð fjármuna í heilbrigðiskerfinu. Okkur ber auðvitað skylda til að reyna að nýta allt okkar fjármagn sem best, jafnt í heilbrigðiskerfinu sem annars staðar.

Herra forseti. Ég er 1. flm. að brtt. á þskj. 486 og ásamt mér stendur hv. þm. Jón Bjarnason tillögunni. Breytingartillagan er á þskj. 486 og er við fjárlagalið 07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum. Við leggjum til að í málaflokk fatlaðra

á Vestfjörðum verði bætt 7 millj. kr. og að málaflokkurinn hækki úr 115,8 millj. í 122,8 millj. Hvers vegna skyldum við vera að leggja þetta til, herra forseti? Það er vegna þess að mér hafa borist spurnir um að það standi til að skera niður þjónustu við fatlaða á Vestfjörðum. Það tel ég í raun og veru alveg gjörsamlega óásættanlegt.

Það er verið að auka við þjónustuna við fatlaða sums staðar á landinu og það er vel, m.a. með samningum við Akureyrarkaupstað og samningum við Norðurland vestra, svo eitthvað sé nefnt, og víða á suðvesturhorni landsins. Þetta má allt lesa um í fjárlögum. Það er jákvætt en á sama tíma finnst mér óásættanlegt, herra forseti, að skera eigi niður þjónustuna á Vestfjörðum. Þess vegna er tillagan lögð fram. Ég hef haft spurnir af því að ef niðurskurðurinn gangi eftir, þ.e. fáist ekki þessir viðbótarfjármunir sem við höfum lagt til, geti farið svo að þjónustan sem veitt er á Hólmavík verði lögð af í einu lagi. Þar eru tvö stöðugildi sem þjónað hafa tveimur til þremur fötluðum einstaklingum.

Við hv. þingmenn erum hér með bréf sem barst til nefndasviðs frá sveitarstjórn Hólmavíkur um uppbyggingu á þjónustu fyrir fatlaða í Strandasýslu. Í því tjá þeir þá skoðun sína að þeir sækist eftir styrk og fjármunum til þess að auka þar þjónustu og byggja upp sambýli. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að mér finnst þessi afgreiðsla fjárln. stinga mjög í stúf að því er þetta varðar á Vestfjörðum. Ég get ekki fallist á þetta. Þess vegna legg ég það til ásamt hv. þm. Jóni Bjarnasyni að þarna verði aukið í um 7 millj. kr. Það mundi þýða ef eftir yrði farið — ég geri mér nú fyllilega von um að menn séu svo sanngjarnir að vilja a.m.k. halda þjónustunni á sama þjónustustigi og hún er. Tillagan gengur ekki lengra en það — að það gangi þá eftir hér í hv. Alþingi að menn geti fallist á að samþykkja þessa brtt. sem gæti orðið til þess að ástandið yrði óbreytt og þjónustan yrði áfram veitt.

Herra forseti. Ég held ég fari rétt með það að ýmsir þeir samningar sem gerðir hafa verið um þjónustu við fatlaða að undanförnu hafa verið að hækka um 10–18%. En á sama tíma held ég að ég fari rétt með það að verið sé að hækka framlög til þjónustunnar á Vestfjörðum um 3,3%. Mér finnst mörg rök hníga að því að gera þetta og átta mig ekki alveg á því hvernig stendur á því að hv. fulltrúar í fjárln. tóku ekki þetta erindi til greina um málefni fatlaðra á Vestfjörðum.

Herra forseti. Ég vil aðeins víkja að því að hér var minnst á fjármuni sem renna til vegamála. Ég held að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi minnst á það fyrr í dag. Hann ræddi þá vítt og breitt um hagi lands og lýðs. Ég get svo sem verið honum sammála um ýmislegt (**Gripið fram í:** Um Hafró.) sem hann sagði. Ég hef t.d. hallast að því á undanförnum missirum að það sé mjög óeðlilegt að einhver vísindastofnun hafi einkarétt á því að rannsaka hafið. Ég er honum algjörlega sammála um það sjónarmið og er búinn að setja það fram lengi.

Svona rétt til að rifja það upp þá sendi ég nú þessari virðulegu stofnun, Hafrannsóknastofnun, sérstakan pappír snemmvetrar 1999 um hvaða árangursleysi hefði verið af uppbyggingu fiskstofna hér við land og hvernig tillögurnar hafi farið út og suður um það hvenær menn ættu von á uppbyggingu stofna og hvenær ekki. Ég þóttist sýna þar fram á það, með því að taka fyrir hverja fisktegundina á fætur annarri, að ekki stæði steinn yfir steini í þeim tillöguflutningi. Þetta skjal er til og liggur bæði uppi á Hafrannsóknastofnun og eins hjá hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála. Vel getur verið að ég birti það einhvern tíma. Ég féllst hins vegar á það á þeim tíma þegar ég lagði það fram að birta það ekki vegna þess að menn þóttust þurfa að líta á það og skoða. Þeir sögðu að margt væri í því sem þeir vildu taka til gaumgæfilegrar athugunar og jafnvel fara eftir. Það hefur nú orðið ansi lítið úr því. Í framhaldinu tókst mönnum svo að týna 600 þús. tonnum af þorski á tveimur árum. Ég ætla ekki að rekja þá sögu hérna núna en auðvitað er fullt tilefni til þess að ræða það sérstakalega.

En hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson vék að vegamálunum. Hann minnti réttilega á að fjármagn til vegamála, sem er að mestu leyti tekið af innflutningi bifreiða, þungaskatti eða öðrum gjöldum sem tengjast ökutækjum, þ.e. að þeir fjármunir væru ekki allir notaðir til vegamála. Það er alveg rétt. Vörugjöld af ökutækjum eru um 3,2 milljarðar og vörugjald af bensíni um 7,4 milljarðar. Um 10,50 kr. á hvern lítra renna til ríkissjóðs af þessum 7,4 milljörðum. Það eru þá um 2 milljarðar. Bifreiðagjöldin gefa 3 milljarða og þungaskatturinn gefur 5 milljarða. Samanlagt gefur þetta milli 18 og 19 milljarða í tekjur.

Samkvæmt fjárlagafrv. er áætlað að verja til vegamála um 12,5–12,8 milljörðum. Því er alveg hárrétt að þarna ganga af nokkrir milljarðar, sennilega um 6 milljarðar, sem renna til ríkisins af því fé sem tengist ökutækjum með einhverjum hætti og er innheimt af ríkissjóði. Það má auðvitað finna fyrir því rök að hægt sé að nota meiri fjármuni til vegamála. Ég er sammála þeim mönnum sem hafa haldið því fram að við gerum fátt betra en að bæta samgöngur hér á landi. Ég hef sagt það nokkrum sinnum í þessum ræðustól og flutt um það tillögur að það sem ég kalla almennilega og varanlega vegagerð er að hætta fjallaklifrinu og fara undir fjöllin og yfir firðina þar sem það á við og taka almennilega á í að stytta vegalengdir. Það er mjög auðvelt tæknilega. Það er sennilega tæknilega hægt að stytta t.d. vegalengdina frá Ísafirði úr þeim 436 km sem hún er í dag þegar keyrt er yfir Þorskafjarðarheiði — hún er hins vegar 480–490 km þegar eknar eru Strandir — sennilega niður í 380 km gæti ég trúað. Mér kæmi það ekki á óvart ef rétt væri staðið að málum.

Það væri m.a. hægt að gera með því að hætta þeim fíflaskap að reyna að byggja upp t.d. Súðavíkurhlíðina og endurtaka Óshlíðarævintýrið heldur fara þar í gegn og losa sig þar við nokkra tugi kílómetra, sennilega um eina 20–23 km. Þannig væri hægt að halda áfram. Það er líka hægt að þvera firði eins og sýnt hefur sig í Dýrafirði og Gilsfirði, sem er einhver besta vegabót sem gerð hefur verið fyrir Vesturland og Vestfirði, að ég minnist nú ekki á Vestfjarðagöng og Hvalfjarðargöng sem hvor tveggja eru merkileg mannvirki. Það hefur sýnt sig, þó að margir hefðu litla trú á Hvalfjarðargöngunum, að sennilega hefur engin framkvæmd í samgöngulegu tilliti þjónað landsmönnum eins vel og einmitt gerð Hvalfjarðarganganna.

Eftir því sem vegalengdir styttast og vegirnir batna þá færast auðvitað flutningar yfir á vegina. Það þýðir auknar tekjur af ökutækjum. Fjármunir til vegagerðar ættu þá að geta aukist. En það þýðir líka að önnur flutningatækni víkur, t.d. flutningar með skipum. Flutningar með flugvélum munu líka gefa eftir þegar vegalengdir styttast. Þetta vitum við. Það hefur ekki þurft lagaboð til að leggja niður t.d. flugvöllinn á Blönduósi sem farþegaflugvöll eða flugvöllinn í Stykkishólmi. Það gerðist einfaldlega með bættu vegakerfi. Fólkið tók þá ákvörðun sjálft.

Herra forseti. Ég er einnig meðflutningsmaður tillögu um að stofna til framhaldsskóla á Snæfellsnesi. Ég tel að það sé mjög brýnt mál. Ekki er hægt að ætlast til þess að fólk sendi unglinga um langveg til þess að stunda nám fjarri heimili sínu árum saman. Margar hættur eru á vegi ungmenna nú til dags og kem ég aðeins að því hér á eftir þegar ég vík að fíkniefnamálum. Ég tel að þeir 350 unglingar sem núna eru á svæðinu Snæfellsbær, Grundarfjörður, Helgafellssveit, Stykkishólmur og foreldrar þeirra eigi rétt á því að þar verði stofnað til framhaldsskóla. Það verður ekki undan því vikist. Þá er ég ekkert að gera lítið úr því að framhaldsskóli er á Akranesi. En fólk gerir einfaldlega kröfu til þess að hafa framhaldsskóla sem næst sínum byggðakjörnum og það er hægt með bættum og batnandi samgöngum og styttingu vegalengda á norðanverðu Snæfellsnesi. Þá er auðvitað hægt að hafa þar einn framhaldsskóla sem nýtist svæðinu. Ég tel að menn eigi að fara að vinna vel að því og þess vegna er ég meðflutningsmaður tillögu um að lagt verði fé í að hefja undirbúning að gerð og stofnun framhaldsskóla á Snæfellsnesi.

Ég tel það óviðunandi framtíð fyrir fjölskyldur og ungmenni á norðanverðu Snæfellsnesi að þurfa enn að una því að þar rísi ekki framhaldsskóli. Ég spái því draga muni til þess að menn sjái það og þingmenn margir ábyggilega, fleiri en þeir sem þessa tillögu flytja. Ég held að ég hafi séð í tillögum Samfylkingarinnar sams konar tillögu um undirbúning að stofnun framhaldsskóla á nesinu. Ég vonast því vissulega til þess að menn séu tilbúnir að vinna að því.

Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson er 1. flutningsmaður að tillögu um kræklingaeldi sem ég er meðflutningsmaður að. Ég tel að sú tillaga sé meira en tímabær. Við leggjum til að lagðar verði 10 milljónir í þróun kræklingaeldis. Í dag eru tveir til þrír aðilar hér á landi komnir nokkuð vel af stað með kræklingaeldið. En hins vegar vantar herslumuninn í að nýta skelina þegar hún er vaxin, þ.e. koma henni fyrst í sérstaka poka til þess að halda henni í eldinu áfram, nýta hana síðan, vinna úr henni og selja hana sem vöru úr landi.

Þeir sem að þessu eldi hafa staðið eru ekki einhverjir þeirra gríðarstóra aðila sem hafa staðið hér fyrir samþjöppun í sjávarútvegi á undanförnum árum heldur eru þetta einstaklingar og minni fyrirtæki. Ég tel að það sé mjög gott að það skuli þróast þannig og vil eindregið ýta undir þá þróun að hægt sé að vera með þetta í minni einingum þannig þetta verði búskapur eða ræktun sem nýtist vítt og breitt um landið því að eldið á að geta það eðlis síns vegna. Þetta er eldi sem þarf ekki að bera neina fæðu í. Það þarf eingöngu að finna heppileg skilyrði fyrir skelina til að vaxa.

Þetta hefur verið stundað, eins og ég segi, m.a. í Arnarfirði og við Hrísey. Vöxturinn er í lagi en það vantar hersluátakið til að koma þessu á framleiðslustig. Við leggjum þess vegna til að í þetta verkefni verði settar 10 milljónir og veittir styrkir til þeirra aðila sem núna eru komnir þetta langt og þeim gert kleift að komast yfir á framleiðslustigið þannig að þeir fari að sjá í þessu fjármuni. Þeir fjármunir munu í framtíðinni örugglega skila sér fyllilega til baka til ríkisins.

Vonandi geta fleiri farið í þetta eldi því eins og ég sagði áðan þá háttar örugglega víða svo til að stunda má kræklingaeldi með góðum árangri án þess að um neinn stórrekstur sé að ræða. En þá verða menn auðvitað að hafa einhverjar stöðvar þangað sem þeir geta sent kræklinginn til að hægt sé að koma honum áfram, vinna hann og selja hann á erlendum markaði. Markaðarnir eru mest í nágrannalöndum okkar. Þó að við Íslendingar flytjum nokkuð inn af kræklingi þá er íslenski markaðurinn ekki stór og ekki verður byggt á honum einum. Þess vegna er þetta nú lagt til, herra forseti.

Ég sagði áðan að ég ætlaði að víkja í örstuttu máli að fíkniefnavandanum. Mig langar að gera hann í lokin að örstuttu umræðuefni. Í fyrsta lagi hefur komið í ljós á undanförnum missirum, því miður, að fíkniefnavandinn er að teygja sig til æ yngri ungmenna landsins. Þess vegna held ég að nauðsynlegt sé að fræða jafnvel ung börn um skaðsemi fíkniefna. Það taldi maður nú fyrir nokkrum árum að væri ekki nauðsynlegt. En ég held að það sé orðið mjög nauðsynlegt í dag og að það eigi að byrja meðan börnin eru tiltölulega ung, sex, sjö ára gömul, að fræða þau um fíkniefni og halda þeirri fræðslu áfram upp í gegnum skólann. Ég tel að þannig sé skynsamlega að verki staðið. Það á að reyna að fá börnin til að skilja að betra er að byrja aldrei.

Ég hef kynnst örlítið verkefni sem gefið hefur verið það einkennilega nafn „Ég er húsið mitt" og er til þess að kynna þessa vá fyrir börnum og ungmennum. Ég hefði talið það verðugt verkefni fyrir fjárln. að styrkja nokkuð vel. Ég held að ég hafi séð í fjárlagatillögum meiri hlutans að til þessa verkefnis hafi verið veitt 500 þús. kr. og það er auðvitað góður vísir en það hefði örugglega mátt gera betur í þeim efnum.

Síðan er annar endi á þessu fíkniefnamáli sem ég vil ræða, vandinn þegar kemur að því að taka á þessum hörðu neytendum, þeim sem eru komnir á kaf í fíkniefni, orðnir brotamenn í þjóðfélaginu og gera nánast allt til þess að ná sér í þá nautn og það eitur sem þeir hafa svo mikla þörf fyrir. Það er auðvitað svo að nokkrir aðilar hér á landi og nokkur samtök eru að berjast með þessum einstaklingum í því að reyna að rétta þá við. Við þekkjum til Krýsuvíkursamtakanna. En mig langar að gera önnur samtök að umræðuefni, eða sambýli eða hvað á að kalla það, og það er Byrgið. Ég tel að þar sé verið að takast á við vanda fólks sem oft og tíðum er mjög illa fyrir komið varðandi eiturlyf og önnur fíkniefni. Það er einnig oft og tíðum fólk sem getur illa gengið laust í þjóðfélaginu og þarf sérhæfða aðstoð. Ég hef trú á því að það sem menn hafa verið að gera í Byrginu vestur á Miðnesheiði sé þjóðfélagi okkar mjög verðmætt. Það er verðmætt að geta látið einstaklingana vera þar sem þeir fá einhverja umsýslu og þjónustu og þar sem haldið er að þeim þeim skoðunum að þeir eigi enga leið til baka aðra en að hætta, hin leiðin leiði bara til dauðans. Þarna er fólk sem er svo illa fyrir komið að það verður ekki betur tekið á því annars staðar en verið er að gera með þessari starfsemi.

Þess vegna er ég dálítið undrandi á þessari skammsýni. Ég beini því til hæstv. fjmrh. og fjárln. að málið verði skoðað upp á nýtt því ég hef ekki fundið neina fjárveitingu til þessara samtaka í fjárlagafrv. og heldur ekki í brtt. meiri hlutans. Ég vonast til þess að þeir sem ráða fjármálum og pólitík í þessu landi, sem er auðvitað ríkisstjórnin, skynji alvarleikann sem felst í fíkniefnavanda fólks sem er komið í harða neyslu og afbrot. Ég hvet því til þess að áður en menn koma hingað aftur til að afgreiða þetta frv. endanlega við 3. umr. verði tekið af fullri einurð á því að fjármagna eða styrkja þau samtök sem hafa sýnt sig geta leyst vanda fólks sem er komið í mikinn og alvarlegan vanda. Ég held að við getum ekki farið miklu betur með fjármuni okkar en svo.

Ég leyfi mér að treysta því að skynsamir og réttsýnir þingmenn sem starfa í fjárln. skoði þetta mál af mikilli kostgæfni,

hvernig megi betrumbæta og styðja við þessa viðleitni sem ég hef hér gert að umræðuefni.

Síðan vil ég, herra forseti, í lokin endurtaka spurningar mínar til hæstv. fjmrh. Hann lofaði mér þegar ég spurði hann að því hér síðast að upplýsa mig. Ég er hér með ræðu hans sem ég ætla ekki að lesa. Ég veit, eins og forseti orðaði það í dag, að þingmenn eru langminnugir og þá treysti ég því að ráðherrar séu það líka.

Spurningarnar voru svona, herra forseti:

Hversu mikil er lækkunin á milli áranna 2001 og 2002? Hversu mikið af henni má rekja til gengisbreytinga skuldarinnar? Skuldirnar lækka um 30 milljarða frá árinu 2001 til áætlunar 2002. Hversu mikið af þessum 30 milljörðum er gengisbreyting?

Í annan stað langaði mig líka til að vita hversu mikill hluti af þessari breytingu gæti t.d. tengst vaxtalækkunum á dollara í Bandaríkjunum. Mér þætti gott að fá svar ef hægt er að svara því, það byggist auðvitað á samsetningu skulda okkar.

Í þriðja lagi langar mig til að spyrja — ég hef ekki fundið svarið en það kann að vera ókunnugleiki minn — hvort fjmrh. hafi upplýsingar um hvaða meðalvextir eru af heildarlánum ríkissjóðs.

Þessar voru spurningarnar sem ég beindi til fjmrh. fyrst við 1. umr. fjárlaga og síðan vakti ég athygli á þeim í umræðunni um fjáraukalögin. Eins og ég sagði áðan veit ég að ráðherra man að hann lofaði mér að finna þessi svör og ég óska hér með eftir því að þau svör liggi fyrir áður en við förum í gegnum rökræðuna sem mun fylgja málinu við 3. umr. Ég þykist auðvitað vita að þá muni menn halda því fram að skuldir ríkissjóðs hafi lækkað sérstaklega fyrir tilverknað stjórnarflokkanna. Þá vil ég að þessar tölur séu á hreinu þannig að við séum ekki að rífast um staðreyndir, herra forseti. Það er alveg óþarfi, við höfum nóg að rífast um samt.

[21:07]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kann þessar spurningar sem hv. þm. nefndi og hafði reyndar talið að þeim hefði verið svarað í fjárln. en fyrst svo er ekki er mér ljúft að reyna að bregða einhverri birtu á þetta mál. Samkvæmt þeirri áætlun sem fyrir liggur er ljóst að styrking krónunnar á þessu ári, 2002, gæti verið rúmlega 8%, 8,3% samkvæmt fyrirliggjandi áætlun. Miðað við skuldastöðu ríkissjóðs í lok árs 2001 yrði lækkun erlendra skulda af þessum sökum nálægt 16 milljörðum kr., sem er um 2% af vergri landsframleiðslu. Það er lægri tala en séð verður í þessari töflu þannig að mismunurinn er þá hrein afborgun, lækkun.

Hvað varðar þróun erlendra vaxta lækkuðu þeir, eins og allir vita, nokkuð á árinu 2001 en hafa haldist svipað á árinu 2002, *miðað við árslok 2001. Á þessu ári hefur ríkissjóður* að stærstum hluta tekið lán erlendis með föstum vöxtum og þar með nýtt sér það að vextir á alþjóðamarkaði hafa lækkað og fengið þá festa til lengri tíma. Eigi að síður er hlutfall erlendra lána með breytilegum vöxtum núna 62% en aðeins 38% með föstum vöxtum. Vegna þess hversu hátt hlutfall heildarskulda erlendis er með breytilegum vöxtum er ekki unnt að gefa upp fast meðaltal þeirra vaxta. Þeir eru breytilegir.

Miðað við hver staða lána er áætluð í árslok 2002, reiknað út frá árslokum 2001, má ætla að lækkun vaxta á erlendum lánum nemi u.þ.b. 1,5 milljörðum kr.

[21:09]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fjmrh. kærlega fyrir svörin. Ég vona að hann eigi þau á minnisblaði þannig að við fáum að sjá þau sem gagn í málinu ellegar getum við náttúrlega auðveldlega fundið þau í ræðu hans. Þetta segir þá að u.þ.b. helmingurinn af þeim 30 milljörðum sem erlendar skuldir lækka hafi verið lækkun vegna gengishreyfinga, ef ég skil svarið rétt.

[21:10]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Því er við fyrra svar mitt að bæta að á árinu 2001 veiktist krónan mjög mikið eins og kunnugt er og af þeim sökum hækkuðu erlendu skuldirnar verulega. 20% veiking varð á gengi krónunnar og erlendar skuldir hækkuðu þar af leiðandi í krónum talið um á að giska 28 milljarða kr. Það verður að hafa það líka með í reikningnum þegar verið er að fara yfir þetta, það gengur ekki að taka bara eitt ár, það þarf að taka alla sveifluna upp og niður.

Ef maður skoðar þetta í samhengi við þjóðarframleiðsluna hækkuðu skuldirnar vegna veikingar krónunnar um 3,8% en gengu til baka um 2% eins og ég sagði áðan vegna styrkingar krónunnar. Eigi að síður, ef litið er á þetta mál í heild, hafa heildarskuldir, innlendar og erlendar brúttó, lækkað úr 34,5% af landsframleiðslu í 33,6%. Samt hækkuðu nettóskuldirnar vegna gengisbreytinganna á árunum tveimur sem við erum að tala um. Lækkun skuldanna er því ekki hægt að rekja til gengisbreytinga, þvert á móti, heldur til niðurgreiðslna á skuldum, sérstaklega á þessu ári þegar landsframleiðslan, nefnarinn í jöfnunni, er óbreytt að raungildi.

Ég má til með að koma hér að öðru máli, herra forseti, úr því að þingmaðurinn nefndi það. Ég tel að það sé afar villandi að tína til öll gjöld sem innheimt eru af bifreiðum og bílaeigendum í landinu og segja sem svo: Þessir peningar ættu allir að renna til vegamála. Það er ekkert þannig samkvæmt lögum. Það eru ákveðnir markaðir tekjustofnar, þungaskattur og sérstakt bensíngjald, sérstakt vörugjald á bensínið, sem eiga að renna til vegamála. Hin gjöldin eru bara almenn skattheimta til þess að fjármagna m.a. ýmislegt af því sem hv. þm. ber fyrir brjósti og var að tala um. Og staðreyndin er sú að mörkuðu tekjustofnarnir hafa ekki nægt fyrir þeim útgjöldum sem við höfum ákveðið til vegamála og við höfum þurft að bæta við 1.200 millj. af almennum skatttekjum á næsta ári samkvæmt fjárlagafrv.

[21:12]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég dró fram þessar umræður af tvennu, annars vegar vék hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson að vegamálum í dag og hins vegar er ljóst að með aukningu samgangna á bifreiðum hér á landi munu tekjur ríkisins auðvitað vaxa. Eftir því sem við bætum vegakerfið meira munu sennilega meiri flutningar og meiri notkun þjóðveganna færa ríkinu auknar tekjur. Mér er alveg ljóst að hluti af tekjunum er markaður beint til ríkisins. Svoleiðis eru lögin. En ég tel það ekki breyta því að eftir því sem þjóðvegirnir batna og notkun þeirra verður meiri munu tekjur ríkisins af þessum pósti aukast.

[21:13]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson):

Virðulegur forseti. Þetta voru fróðleg skoðanaskipti um gengisbreytingar milli hæstv. fjmrh. og hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar.

En ég vil byrja mál mitt á því að taka undir með hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni um að varanleg vegagerð sé einhver besta fjárfesting og framkvæmd, hagrænt á landsvísu. Um vegagerð ríkir mest sátt milli manna í landinu.

Aðeins til að koma að málefni sem ég kom ekki að í fyrri ræðu minni, það var varðandi málefni fatlaðra á Vesturlandi. Það er rétt að það er tekið töluvert á málefnum fatlaðra í Reykjavík og yfirleitt á suðursvæðinu en málefni fatlaðra á landsbyggðinni eru því miður látin sitja á hakanum, og þau 3,3% sem talað er um að bæta þeim til rekstrar duga ekki einu sinni fyrir samningum. Og þetta er einmitt það, virðulegur forseti, sem við höfum verið að ræða í dag, gera ágreining um og gagnrýna, að þeim raunhækkunum sé ekki mætt sem þó hafa orðið vegna samninga sem ríkið hefur sjálft staðið að.

Þau málefni sem ég vildi benda á og eru frá Svæðisskrifstofu Vesturlands sýna að í heildina er fjárþörfin 23,3 milljónir sem er gífurlega há fjárhæð fyrir svo litla stofnun. En 2,5 milljónir af þeirri upphæð hefur fjárln. nú þegar sett inn. Vegna hvers? Vegna þess að 2,5 milljónir eru klipptar af á hverju einasta ári og þá þarf fjárln. að setja þær inn til að standa undir rekstri Fjöliðjunnar. Til þess að geta sinnt ráðgjafarþjónustu vantar 11 milljónir á árinu 2003. Og til að geta sinnt þeirri skammtímavistun sem þarf á Gufuskálum vantar 4,1 milljón. Þetta eru bara staðreyndir.

Staðreyndirnar eru þær að fjölgað hefur um tíu fatlaða einstaklinga á örfáum árum og því hefur ekki verið mætt. Og hverjir þurfa að sinna því? Sveitarfélögin. Það er hlutverk ríkisins að sinna þessu og þess vegna geri ég þetta mál að umtalsefni. Ég er ekki úrkula vonar um að þetta náist fram á milli 2. og 3. umr. og ég mun leggja mig mikið fram um að reyna að ná þessu í gegn og þá ekki bara gagnvart Svæðisskrifstofu Vesturlands, heldur varðandi málefni fatlaðra þar sem ekki hefur verið komið á móti grunnþörfinni. Grunnþörfin er sú rekstrarhækkun sem hefur orðið vegna kostnaðar af samningum.

Virðulegur forseti. Enn sem fyrr beinist gagnrýni mín að óraunhæfum tillögum ríkisstjórnarinnar við fjárlagagerð. Það er fyrst til að taka að stofnunum ríkisins er gert að starfa í rauninni án lagalegs grundvallar með því að þær eru reknar með skuld við ríkissjóð svo hundruðum milljóna skiptir.

Svo ég taki sem dæmi var í ríkisreikningi árið 2001 skuld framhaldsskólanna 679 eða tæpar 680 millj. kr. Sú framkvæmd er gagnrýniverð að vegna rekstrar framhaldsskólanna hafi í upphafi árs 2001 verið ráðstafað 287 millj. kr. umfram heimildir. Þetta er gert með vitund mennta- og fjármálaráðuneyta og ég tel að þetta sé óásættanlegt vegna þess að fjárvöntunin var fyrirsjáanleg. Sama ástand er enn ríkjandi varðandi fjárlög árið 2003, nema enn hallar á ógæfuhliðina. Rekstur hjúkrunarheimila, heilbrigðisstofnana, er í ólestri. Þó er verið að reyna að taka þar á málum en ekki er búið að skilgreina hvernig á að taka á þeim.

Ég hef áður í ræðum mínum talað um bjargvætt ríkisstjórnarinnar. Ég tel að ef ASÍ hefði ekki komið til og haft forgöngu um aðgerðir og krafið í rauninni ríki og sveitarfélög um lækkun áformaðra hækkana eða að falla frá áætluðum hækkunum, ef það hefði ekki gerst, þá væri hér allt í mjög slæmu ástandi og verðhjöðnun hefði ekki orðið sem raun ber vitni. ASÍ gerði kröfu til verslunar og alls atvinnulífs í landinu um að taka á sig kostnaðarhækkanir án þess að hleypa þeim út í verðlagið. Þetta eiga menn að muna og ég er ekki að segja að hæstv. ríkisstjórn hafi gleymt að þakka fyrir það, en það hefur ekkert borið mikið á því, því að menn berja sér á brjóst og segja: Við gerðum það.

Málið var að ríkisstjórnin var knúin til aðgerða og breytingar hafa ekki látið á sér standa. Það var eins og lýst var hér í dag að litlu efnahagskerfi má líkja því við þegar hraðskreiður bátur sem er auðvelt að stjórna tekur snöggar beygjur og er fljótur til aðgerða. Það er öðruvísi en með stóru skipin, nágrannalöndin.

En ég vil segja að ríkisstjórnin bar ein ábyrgð á neikvæðri þróun sem var orðin og ég vil meina að ASÍ hafi í rauninni verið bjargvættur ríkisstjórnarinnar. Það hefur verið að skila árangri í formi verðhjöðnunar og verðstöðvunar og lækkaðs fjármagnskostnaðar allt í einu.

Í fyrirliggjandi frv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar eru markmiðin sögð vera að kaupmáttur aukist um 2%. Gert er ráð fyrir að verðbólga verði 2% og hagvöxtur 1,5%. Stefnt er að því að viðskiptahallinn verði innan við 1% og þjóðhagslegur sparnaður verði 10%.

Það er gott ef allt þetta gengur eftir en ég óttast að það ástand sé núna að skapast að þetta gangi ekki eftir. En vonandi helst verðbólgan innan marka.

Rekstur heimilis getur verið í lagi meðan unnt er að selja eignir. Hinir þungu hlutir eru að langtímaskuldir ríkissjóðs jukust stöðugt um 70 milljarða ef ég man rétt á síðasta ári. En vissulega er rétt að gerðar voru ýmsar hliðarráðstafanir. Skuldir heimilanna innan lands eru um 170% af ráðstöfunartekjum. Skuldir sjávarútvegsins eru yfir 200 milljarðar erlendis.

Í allri umræðunni um að allt sé í lagi þá er drungi yfir mörgum þáttum í rekstrarumhverfi því sem fyrirtækin og heimilin búa við.

Ég má til með að nefna í örstuttu máli skattstefnu ríkisstjórnarinnar.

Virðulegur forseti. Nýverið kom fram í fréttum að fjármagnstekjur sem nema 11,2 milljörðum kr. koma í hlut innan við 100 manna á Íslandi. Það speglar þá þróun að örfáir eru að eignast Ísland. Fjármagnstekjur samkvæmt framtölum eru 21,2 milljarðar, af þeim tekjum fá 96 einstaklingar í sinn hlut 116 milljónir hver. Þetta segir okkur, ágætu áheyrendur og áhorfendur, að einstaklingar e.t.v. innan við 3.000 manns vita ekki aura sinna tal meðan 10.000–15.000 manns verða að komast af með minna en 90.000 kr. á mánuði. Þetta sýnir okkur ótvírætt að stefna ríkisstjórnarinnar er að gera hina ríku ríkari.

Komið hefur í ljós að hvert einasta orð sem við í Samfylkingunni sögðum varðandi fjárlagafrv. í 1. umr. stenst. Verið er að auka útgjöld meir en nokkurn gat grunað. Frumvarpið í sinni mynd eins og ég sýndi fram á í upphafi var sýndarplagg í villandi umbúðum. Við gagnrýndum gæluverkefni ríkisstjórnarinnar á mörgum sviðum, bentum sérstaklega á embætti ríkislögreglustjóra og þar er stoppað fjármagni í hverja matarholuna á fætur annarri. Og nú er enn bætt í vegna flutnings Almannavarna og fjarskiptastöðvar í Skógarhlíðina, eins og kemur fram í texta, með leyfi forseta, að kostnaður vegna flutnings Almannavarna frá Seljavegi og stjórnstöð Almannavarna frá lögreglustöðunni við Hverfisgötu og uppsetning skrifstofu og stjórnstöðvar í Skógarhlíðinni nemi 42,2 millj. kr. Við fjarskiptamiðstöð lögreglunnar nemur kostnaðurinn 23,6 millj. kr. Samtals 65,8 milljónir.

Svo segjast þessir kónar, með fullri virðingu, vera að hagræða og spara. En þar sem þessum háu herrum, hæstv. ráðherrum, þóknast að sulla út peningum, þá gera þeir það

ótæpilega. Ef talað er um að bæta hag grunnþátta samfélagsins, skólamála, bóta eða lágmarkslauna, þá þarf að snúa út hverja krónu eins og kofu úr hálsliðnum.

Virðulegur forseti. Ég fer ekki fögrum orðum um gjörðir hæstv. ríkisstjórnar, enda á hún það ekki skilið. Það er vonandi komið að lokum hjá hæstv. ríkisstjórn. Það er komið að því að moka flórinn. Komið er að því að hreinsa út þá spillingu sem hefur tekið sér bólfestu í skjóli ríkjandi pólitískra afla.

Eitt á ég eftir enn, virðulegur forseti, það er samkomulag sem gert var við aldraða 19. nóvember sl. og er nú svifrykið byrjað að setjast eftir „glamúrið" sem úr því var gert. Það sem ég virði er að það náðist að draga hæstv. ríkisstjórn að samningaborði og viðurkenna að bæta þyrfti úr misgjörðum.

Með vísun til umsagnar Garðars Sverrissonar um samkomulagið segir í fyrirsögn í Fréttablaðinu 21. nóvember sl., með leyfi forseta:

„Framlag ríkisins eru tölur á blaði. Og þrátt fyrir að þetta skref sé í rétta átt, þá skila þessir peningar sér ekki til fólksins vegna lækkunar skattleysismarka."

Vonandi eru þessar aðgerðir þannig að þeir sem njóta eigi finni fyrir því í heimilisbuddu sinni. En þessi gjörð fellur að mestu leyti í hlut komandi ríkisstjórnar, því $^{2}/_{3}$ samkomulagsins falla á næsta kjörtímabil.

En einhvern veginn, virðulegur forseti, sitja þessi mál þannig í mér að auðkýfingar Íslands, sem ég nefndi fyrr í ræðu minni, tækju ekki einu sinni eftir því þó að árstekjur einstaklings á bótum sem hér á í hlut bættust við fjármagnstekjur þeirra daglega.

[21:26]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Það er orðið áliðið kvölds þannig að ég ætla ekki lengja umræðuna neitt sérstaklega mikið en vil samt nota tækifærið og lýsa ánægju minni með að hæstv. fjmrh. skuli vera viðstaddur umræðuna, ég tel það mjög mikilvægt.

Félagar mínir í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hafa í ræðum í dag greint frá áhersluatriðum okkar og talað fyrir brtt. sem við höfum gert við fjárlagafrv. fyrir árið 2003. Ég vil nota tækifærið þar sem hæstv. fjmrh. er á staðnum og taka fyrir málefni sjúkrahúsanna, en ég og hv. þm. Þuríður Backman höfum flutt brtt. sem varðar málefni sjúkrastofnana á landsvæði okkar, þ.e. Norðurlandi eystra.

Það olli gríðarlegum vonbrigðum núna við samþykkt fjáraukalaga að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri fékk aðeins 108 millj. kr. leiðréttingu, en hafði á sannfærandi hátt farið fram á og fært rök fyrir því að þörf sjúkrahússins var 175 millj. að auki við þær 108 millj. sem voru settar fram. Ég tel að hér sé um að ræða svo alvarleg skilaboð að ræða þurfi það á pólitískum nótum, sérstaklega vegna þess að á sama tíma er Landspítali – háskólasjúkrahús réttur af um 2,3 milljarða í fjáraukalögum.

Við höfum þess vegna sett fram brtt. hvað varðar sjúkrahúsið á Akureyri og höfum tekið inn í þá fjárvöntun sem var upp á 175 millj. kr. og sett fram í tillögu á þskj. 483, til þess að rétta af Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri á svipuðum nótum og talað hefur verið um og gert hefur verið varðandi Landspítala – háskólasjúkrahús, þannig að almennur rekstur fái 369,7 milljónir aukalega, tæki og búnaður 142,3 milljónir og nýbygging 90 milljónir. Á sama hátt höfum við tekið Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og Heilbrigðisstofnun Austurlands inn í þetta dæmi.

Það eru mjög erfið skilaboð fyrir Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri að það skuli ekki fá sömu leiðréttingar og eiga sér stað við Landspítala – háskólasjúkrahús. Ef Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefði verið sett undir sömu mælistiku hvað varðar leiðréttingar, þá má segja að hlutfallslega hefði leiðrétting Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri verið í kringum 230 milljónir í staðinn fyrir 108 milljónir.

Við verðum að horfast í augu við það og ég trúi ekki öðru en tekið verði á þessum málum, vegna þess að á höfuðborgarsvæðinu eru sannarlega þessi hátæknisjúkrahús okkar. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur sannarlega líka þá sérstöðu að vera hátæknisjúkrahús og vera varasjúkrahús fyrir allt landið ef einhverja vá ber að höndum í öðrum landshlutum og þá kannski sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að þetta verði ekki leiðrétt á milli umræðna. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. hvert hugur hans stefni í þessum efnum. Vegna þess líka að þrátt fyrir að hafa lúslesið fjárlagafrv. sé ég engin skýr merki um það neins staðar, nema þá þvert á móti eins og í tilfelli Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, að menn ætli að fylgja eftir áformum ríkisstjórnarinnar í nýsamþykktri byggðaáætlun um styrkingu Eyjafjarðarsvæðis.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur ævinlega staðið sig með prýði hvað varðar rekstur. En það hefur alltaf verið erfiðleikum bundið fyrir Fjórðungssjúkrahúsið að sækja peninga til leiðréttingar miðað við hvað tilsvarandi stofnanir hér á þessu svæði fá. Með þessum aðgerðum í fjáraukalagafrv. og fjárlagafrv. finnst mér fyrst kasta tólfunum hvað misræmi varðar. Auðvitað eru sömu vandamál í öllum heilbrigðisstofnunum meira og minna í kringum landið. En Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri verður að teljast hafa mjög mikla sérstöðu þar sem það er hátæknisjúkrahús og gegnir því lykilhlutverki í heilbrigðiskerfi landsins. Það á að mínu mati að standa fyllilega jafnfætis tilsvarandi stofnunum á höfuðborgarsvæðinu.

Virðulegi forseti. Þess vegna mæli ég fyrir þessari brtt. um aukin framlög til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri sem hv. þm. Þuríður Backman hefur að vísu farið mjög vel yfir. Inn í þetta tökum við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga til leiðréttingar og Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Á lið 11-411 í sama þskj. setjum við fram tillögu um aukaframlög til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni. Atvinnuþróunarfélögin hafa fært sannfærandi rök fyrir því að þau hafi á undanförnum árum dregist mjög aftur úr hvað framlög varðar. Í gögnum þeirra má sannarlega segja að miðað við verðbreytingar sé sú fjárhæð um 20 millj. kr. að lágmarki. Við teljum það lykilatriði að nota atvinnuráðgjafana á landsbyggðinni til þess að hefja framþróun í atvinnuuppbyggingu og teljum að þessari starfsemi hafi verið gert allt of lágt undir höfði og viljum stuðla að því að betur verði gert við þessa aðila.

Virðulegi forseti. Ég mæli einnig í þessu sambandi fyrir brtt. sem er á þskj. 485 sem varðar Sementsverksmiðjuna hf. á Akranesi. Við hv. þm. Jón Bjarnason leggjum til að við 7. gr. bætist nýr liður, liður 7.11 um að auka hlutafé í Sementsverksmiðjunni hf. á Akranesi um allt að 500 millj. kr.

Vegna samkeppni á sementsmarkaði, þar sem því hefur verið haldið fram að innflytjandi hafi beitt undirboðum sl. tvö ár, hefur Sementsverksmiðjan hf. átt í verulegum rekstrarerfiðleikum. Tap verksmiðjunnar árið 2001 var 228,4 millj. kr. og er talið að tap á þessu ári gæti orðið annað eins. Í þeim

tilgangi að vinna tíma til þess að gera áætlun um framtíðarstöðu verksmiðjunnar leggja flutningsmenn til að hlutafé verði aukið í verksmiðjunni og fjármálaráðherra heimilað að nota allt að 500 millj. kr. í því skyni.

Málefni Sementsverksmiðjunnar hafa verið mjög til umræðu núna á opinberum vettvangi upp á síðkastið. Það er mat margra að hér sé beitt undirboðum í þeim tilgangi einum að knésetja framleiðsluna eða verksmiðjuna á Akranesi til þess að ná algjörum yfirráðum á markaðnum á Íslandi. Raunar hefur forstjóri þess fyrirtækis úti í Danmörku sem flytur inn á Íslandsmarkað, lýst því yfir að hann og fyrirtæki hans telji að Ísland sé heimamarkaður Danmerkur. Hann lýsir sem sagt áformum sínum um að auka hlutdeild sína á markaðnum og komast í raun og veru yfir hann.

Hlutverk Sementsverksmiðju ríkisins má auka gríðarlega eins og fram hefur komið í umræðu í fjölmiðlum. Lagðar hafa verið fram þáltill. af þeim sem hér stendur og hv. þm. Jóni Bjarnasyni um að athuga möguleika Sementsverksmiðjunnar í því framtíðarhlutverki að farga orkuríkum úrgangsefnum svo þúsundum tonna skiptir. Þær verksmiðjur sem starfræktar eru á meginlandi Evrópu hafa farið inn á þá braut. Verksmiðjan notar kol sem orkugjafa í augnablikinu en gæti notað til dæmis afgangs og ónýta hjólbarða eða plast af ýmsu tagi. Brennsla þeirra efna er minna mengandi og krefst minni hreinsunar en t.d. brennsla kolanna og er auk þess förgun á efnum sem við stöndum frammi fyrir að þurfa að farga á einn eða annan hátt með byggingu verksmiðja eða förgunarstaða með gríðarlegum tilkostnaði bara á allra næstu missirum.

Hv. þm. Jón Bjarnason hefur mælt fyrir brtt. sem ég flyt ásamt honum og Guðjóni A. Kristjánssyni um Framhaldsskóla Snæfellinga. Snæfellingar leggja mikla áherslu á að framhaldsskóli verði starfræktur á þeirra landsvæði og það er í fullu samræmi við stefnu Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs varðandi grunnnám í heimabyggð. Þetta mál viljum við styrkja alveg sérstaklega og lagt er til að undirbúningur að rekstri skóla kosti sem sagt 80 millj. kr. og það er fengið úr þeim gögnum sem menn hafa lagt fram í því efni.

Virðulegi forseti. Þá vil ég koma að einu máli sem ég undra mig mjög á að skuli ekki hafa komist inn í fjárlagavinnuna. Það var einhuga og einróma samþykkt í sjútvn. um að varið skyldi upphæð til þess að styrkja kræklingaeldi í landinu og koma því á laggirnar. Fyrir nokkrum missirum hóf töluverður fjöldi manna tilraunaeldi á kræklingi. En vegna fjárskorts má segja að aðeins þrír aðilar séu eftir. Það eru menn sem stunda þessa atvinnugrein í Arnarfirði. Þessi atvinnugrein er stunduð af Hríseyingum á Eyjafirði og þessi atvinnugrein er stunduð í Mjóafirði.

Allt sem sagt hefur verið og liggur á borðum um þessa atvinnugrein lofar mjög góðu. Þetta lítur út framar björtustu vonum manna. En jafnframt er ljóst að þeir sem hafa stundað þetta og enst í greininni hafa átt mjög erfitt uppdráttar hvað varðar að fá fé til þess að fjármagna þessa tilraunastarfsemi. Þeir segja sínar farir ekki sléttar.

Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að milli umræðna kristallist einróma einhugur nefndarmanna í sjútvn. um að þessi atvinnugrein skuli styrkt. Guðjón A. Kristjánsson talaði fyrir þessari breytingartillögu líka hér áðan. Við höfum lagt fram hreina og klára tillögu á þskj. 478, þar sem við leggjum til að 10 millj. kr. verði bætt við á liðinn 05-190 Ýmis verkefni, þ.e. Þróun kræklingaeldis. Ég ítreka, virðulegi forseti, að það er einróma samþykkt í hæstv. sjútvn. að fara þannig með þetta mál.

Virðulegi forseti. Að síðustu flyt ég brtt. á þskj. 477 sem varðar orkumál á orkuveitusvæðum Rariks og stofnframlög til hitaveitna í dreifbýli. Þetta er undir iðnrn. á þskj. 477 og þar legg ég til að breytingar á sundurliðun við lið 11-399 Ýmis orkumál. Þar legg ég sem sagt til 100 millj. kr. aukningu vegna styrkingar dreifikerfis í sveitum.

Á hinu háa Alþingi hefur verið haft langt mál um það að allur rekstur í dreifbýlinu eigi í mjög miklum erfiðleikum vegna þess að á mörgum svæðum er ekki þriggja fasa rafmagn. Það er alveg nauðsynlegt að kortleggja þessi svæði og gera Rarik kleift eins og hægt er að koma þriggja fasa rafmagni inn á þau svæði þar sem atvinnustarfsemi sem krefst mikils rafmagns er stunduð.

Þetta varðar gríðarlegar upphæðir sem eru settar á menn sem ekki hafa þriggja fasa rafmagn, t.d. bara í verslunarrekstri eða veitingahúsarekstri, en tæki sem ekki geta notað þriggja fasa rafmagn eru miklu dýrari en öll önnur tæki, öll kælitæki og öll rafmagnstæki hvað þetta varðar.

Á brtt. á þskj. 477 legg ég síðan til eins og á undanförnum árum að bætt verði við lið 11-399 Ýmis orkumál, þ.e. staflið b, liðnum 1.20 Framlag til Rariks vegna dreifbýlisveitna. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. af því hann er staddur í salnum: Hinn félagslegi þáttur í dreifikerfi Rariks er talinn þurfa framlag með einum eða öðrum hætti upp á 500 millj. kr. á ári. Það er hræðilegt misrétti að þéttbýlissveitarfélögin á orkuveitusvæði Rariks skuli þurfa að greiða miklu hærri orkugjöld og standa í raun að verulegum hluta undir kostnaðinum við þetta félagslega dreifikerfi. En þetta dreifikerfi er náttúrlega í mesta strjálbýlinu.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa reiknað út að þessi liður sé um 500 millj. kr. á ári. Nú hafa menn í umfölluninni um ný orkulög komist að því að til þess að fjármagna þann hluta dreifikerfisins sem er ekki óarðbær sé hægt að gera — það hefur ekki verið ákveðið endanlega — það sem nágrannalöndin hafa gert, þ.e. annaðhvort að fikta í skattlagningu, virðisaukaskatti eða gera annað í þeim dúr til þess að framkalla þessa jöfnun eða veita bein framlög úr ríkissjóði eins og sumir gera, t.d. Skotar. Einnig má skattleggja framleidda orkueiningu í landinu öllu til þess að afla tekna fyrir þessari jöfnun. En jöfnunin samkvæmt útreikningum er sannarlega 500 milljónir og eins og ég segi og hef margoft sagt á hinu háa Alþingi þá er hróplega ósanngjarnt að bestu dreifisvæði Rafmagnsveitna ríkisins á landsbyggðinni skuli skattlögð til þess að standa straum af þessum hluta dreifikerfisins en ekki önnur sveitarfélög í landinu.

Þetta kom berlega í ljós t.d. þegar Rafmagnsveitur ríkisins, Rarik, yfirtóku Rafveitu Sauðárkróks. Þar í bænum voru iðnfyrirtæki sem nota mikla orku. Þau stóðu frammi fyrir 16–52% hækkun á orkuverði með tilkomu Rafmagnsveitna ríkisins sem afhendingaraðila inn á það svæði. Ég tel þetta svo stórt mál að það verði að fjalla um það á hinu háa Alþingi og hef reyndar á hverju ári lagt fram tillögu um að þannig yrði staðið að málum.

Ég hef líka lagt til á brtt. á þskj. 477 að við bætist nýr liður, þ.e. staflið c. Það er liður 6.10 Stofnframlög til hitaveitna í dreifbýli. Þetta er mál sem mikið hefur verið rætt um en engir peningar hafa verið settir í. Svona liður eða svona möguleiki er sérstaklega ætlaður til þess að vera eins konar þróunarframlag þar sem menn geta hugsað sér framtíðaratvinnuuppbyggingu, t.d. sumarbústaðahverfi eða

þjónustu fyrir ferðamenn. Miðað við núverandi aðstæður mun stofnlögn hitaveitu ekki borga sig og þarf því að líta á þetta sem sérstaka aðgerð til þess að styrkja byggð.

Mörg sveitarfélög gætu notfært sér þetta. Vil ég bara nefna sem dæmi að frá hitaveitu Öxarfjarðarhrepps væri hægt að leggja hitaveitu með svona framlagi inn í þjóðgarðinn í Ásbyrgi og styrkja þar verulega alla starfsemi fyrir 30 millj. kr. Síðan gæti reksturinn borgað sig á grunni þeirrar hitaveitu sem er. Ég gæti farið yfir landið og sýnt fram á að þetta væri hægt að gera á mörgum stöðum.

Virðulegi forseti. Ég hef nú farið yfir þær breytingartillögur sem voru sérstaklega á mínum vegum, en eins og ég segi þá hafa félagar mínir í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði talað fyrir þeim breytingartillögum sem við höfum lagt fram. Ég þarf ekki í sjálfu sér að lengja mál mitt frekar hvað þetta varðar enda er orðið áliðið kvölds. Ég læt máli mínu því lokið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 21:46.

38. FUNDUR

fimmtudaginn 28. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Til utanríkisráðherra:

1. Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, fsp. SJS, 91. mál, þskj. 91.
2. Alþjóðasakamáladómstóllinn, fsp. ÞSveinb, 179. mál, þskj. 180.

Til félagsmálaráðherra:

3. Útskriftir fatlaðra af Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Kópavogi, fsp. RG, 68. mál, þskj. 68.
4. Úrbætur í jafnréttismálum, fsp. MF, 129. mál, þskj. 129.
5. Einelti á vinnustað, fsp. MF, 139. mál, þskj. 139.
6. Atvinnuleysisbætur, fsp. JóhS, 231. mál, þskj. 234.
7. Atvinnu- og dvalarleyfi útlendinga, fsp. ÞKG, 262. mál, þskj. 278.
8. Fósturbörn í sveitum, fsp. HH, 384. mál, þskj. 441.

Til samgönguráðherra:

9. Samningur Vegagerðarinnar og Samskipa um rekstur Herjólfs, fsp. LB, 292. mál, þskj. 314.

Til landbúnaðarráðherra:

10. Rannsóknir á sumarexemi, fsp. JHall og KHG, 318. mál, þskj. 345.

Til fjármálaráðherra:

11. Barnabætur, fsp. SJóh, 145. mál, þskj. 145.

Til umhverfisráðherra:

12. Stuðningur við kvikmyndagerð, fsp. KolH, 293. mál, þskj. 315.

Til heilbrigðisráðherra:

13. Kostnaðarþátttaka Tryggingastofnunar við meðferð psoriasissjúklinga, fsp. ÁRÁ, 368. mál, þskj. 408.

Útskriftir fatlaðra af Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Kópavogi.

Fsp. RG, 68. mál. — Þskj. 68.

[10:30]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. félmrh. er um hvað líði útskriftum fatlaðra af Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Kópavogi, áður Kópavogshæli, hvenær fyrirhugað sé að ljúka verkefninu og hvernig verði hagað búsetu þeirra sem ekki geta flutt af sambýli en eiga lögheimili á Landspítala. Þá má segja um þessa fyrirspurn að hún sé gamall kunningi, við höfum rætt þetta nokkrum sinnum á liðnum árum, ég og hæstv. félmrh.

Nú er meira en áratugur síðan ný lög um málefni fatlaðra voru samþykkt á Alþingi. Með þeim var gerð grundvallarbreyting á lögunum og sköpuð ný úrræði. Segja má að með þessum lögum hafi orðið bylting í öllu umhverfi málaflokksins. Það var þá þegar alveg ljóst að íbúar þáverandi Kópavogshælis — íbúar en ekki þeir sem eru skilgreindir sjúklingar — mundu að óbreyttu ekki njóta þeirrar þjónustu laganna sem nýbreytnin náði til. Í nál. þegar málið var afgreitt úr félmn. benti páv. meiri hluti nefndarinnar sem í voru fulltrúar allra flokka á að það væri mikilvægt vegna óskýrðrar réttarstöðu íbúa Kópavogshælis að heilbr.- og trmrh. beitti sér fyrir skipan fimm manna nefndar sem gerði tillögur um framtíðarhlutverk og skipan Kópavogshælis. Það verður að segjast eins og er að það hefur tekið ákaflega langan tíma að skipa þessum málum enda um stórt verkefni að ræða.

Nú hefur það gerst að 20 íbúar sem búa í blokkinni svokölluðu hafa verið færðir undir svæðisskrifstofu og þar með félmrn. og heyra þá ekki undir sjúkrahúsið. Mér skilst að búið sé að kaupa tvö hús en fimm þurfi til að ljúka útskriftum úr blokkinni. Þegar ég spurðist fyrir um þetta mál síðast, haustið 2000, var verið að ganga frá samningum við hússjóð Öryrkjabandalags Íslands um að þeir byggðu eða keyptu en ráðuneytið leigði. Þá voru uppi áform um þrjú sambýli á Reykjanesi vorið 2001, og tvö á vorinu 2002. Þá voru alls 209 á biðlista á Reykjanesinu öllu. Enn þá skilst mér að 12–15 af þeim 27 sem dvelja á sjúkrahúsinu, ekki í blokkinni, ættu að flytjast þaðan samkvæmt skilgreiningu og að ekki sé ljóst hvað verði um þá. Því er þessi spurning borin fram um hvert hlutverk deildarinnar í Kópavogi verði þegar útskriftum lýkur varðandi þessa sem eru í starfsmannablokkinni.

[10:33]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Í fyrra var lokið við útskrift 42 vistmanna af Kópavogshæli í sambýli. Þá var þessum fyrsta áfanga lokið. Hinn 24. janúar sl. var skrifað undir samkomulag milli félmrh. og heilbr.- og trmrh. um flutning reksturs og þjónustu við íbúa í húsi 15 á lóð Landspítala – háskólasjúkrahúss í Kópavogi til Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi. Þjónustan við umrædda heimilismenn og ábyrgð á henni fluttist þá öll til Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi 1. júní 2001. Framkvæmd samningsins sem er í 11 greinum hefur haft margar breytingar í för með sér, bæði fyrir heimilismenn og starfsmenn. Í samningnum er kveðið á um þætti sem snúa m.a. að einstaklingsmálum,

starfsmannamálum og samráði við aðstandendur. Samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir að ákvæði hans verði komin til framkvæmda 15. maí 2003. Til að standa sem best að framkvæmdinni var ráðinn sérstakur verkefnisstjóri. Gert er ráð fyrir að 20 íbúar í húsi 15 á lóð Landspítalans flytjist í þessum áfanga og eftir þennan flutning mun ekki lengur boðið upp á búsetu fyrir fatlaða í þessu húsi. Félmrn. hefur í samvinnu við Öryrkjabandalagið leitað að heppilegu húsnæði til starfrækslu á fimm heimilum fyrir væntanlega íbúa. Á vormánuðum 2002 voru keyptar tvær fasteignir, önnur við Skagasel í Reykjavík og hin við Svöluhraun í Hafnarfirði. Þangað eru fluttir níu einstaklingar. Heimilið við Svöluhaun varð fyrst til að hefja starfsemi í þessum útskriftaráfanga og var það opnað formlega 17. október sl.

Þá hefur verið opnað sambýli við Skagasel í Reykjavík og keypt hafa verið hús við Miðskóga á Álftanesi og Erluás í Hafnarfirði. Þess er að vænta að þessi tvö heimili taki til starfa á vordögum 2003. Eftir er að finna húsnæði fyrir eitt heimili í Reykjavík en erfiðlega hefur gengið að finna hentugt húsnæði. Það er þó unnið ósleitilega að því og þá er búið að koma þeim fyrir, þessum 20 sem samkomulagið gerði ráð fyrir.

Í 10. gr. samkomulagsins milli félmrh. og heilbr.- og trmrh. sem undirritað var 24. janúar segir:

„Stefnt verði að samkomulagi milli félagsmálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um búsetu og þjónustu við þá 15–17 fötluðu einstaklinga sem þá verða eftir í húsnæði Landspítala í Kópavogi og talið rétt að flytja þaðan.“

Hér sagði 15–17 en þessi tala mun vera lægri. Það mun vera rétt sem hv. fyrirspyrjandi fór með, þ.e. 12–15 geta hugsanlega flutt á sambýli eða hafa getu til þess að það henti þeim að vera þar.

Félmrn. lítur svo á að nauðsynlegt sé að meta framvindu núverandi samkomulags í lok tímabilsins og fara síðan í skoðun á því hvernig staðið verði að því að finna þeim sem þá verða eftir í húsnæði Landspítalans búsetu við hæfi. Við í ráðuneytinu erum þeirrar skoðunar að það hafi tekist mjög vel til með allan undirbúning og framkvæmd þessa samkomulags, bæði að því er varðar íbúa, foreldra þeirra og aðra aðstandendur, starfsmenn og þá sem að samkomulaginu hafa komið.

[10:38]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þessi svör. Þau staðfesta það sem ég hafði nokkurn veginn verið búin að átta mig á miðað við þær upplýsingar sem ég hef verið að kalla eftir hér og þar.

Ég tek undir hversu mikilvægt það er fyrir fatlaða einstaklinga, fjölskyldur þeirra og foreldra að vel takist til með flutning í tilfelli eins og þessu þegar verið er að útskrifa af gamla Kópavogshælinu. Það olli oft miklum erfiðleikum og áhyggjum þessara einstaklinga þegar einhverjar fréttir bárust af breytingum á Kópavogshæli og fólk vissi ekki hvað um það yrði. En við skulum gera okkur grein fyrir því að það voru um 100 íbúar á þessum stað þegar byrjað var að vinna þetta verkefni og á þessum áratug hefur liðlega helmingurinn verið fluttur. Þetta hefur tekið langan tíma. Mig langar að spyrja ráðherrann hvort þessi áform um vorið 2003 standist, að þá verði allir búnir að fá nýjan samastað sem nú búa í húsi 15, þ.e. blokkinni. Ráðherrann upplýsir að verið sé að reyna að gera samkomulag á milli heilbrrh. og félmrh. um þá sem eftir standa. Mér finnst mjög mikilvægt að við reynum að átta okkur á því hvert hlutverk heildarinnar verði, þ.e. þar sem þeir fötluðu sjúku dvelja nú og þurfa að vera í sérstöku umhverfi áfram, og hvað hæstv. ráðherra sjái fyrir sér með hina sem geta flust út og sem hann sagði að þyrfti að gera samkomulag um. Hvaða áform hefur ráðherrann um þá sem enn geta flust út, 12–15 manns, og hvað með þessa fötluðu sjúku sem eru á deildinni? Hver verður framtíð deildarinnar?

[10:40]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan verða 20 væntanlega komnir í sambýlið næsta vor. Það verður metið hvernig þeim vegnar. Ákvarðanir hafa ekki verið teknar um hvernig staðið verður að flutningi þessara 12–15 sem eftir verða þá. En ég vil gjarnan nota þetta tækifæri til þess að telja upp þá áfanga sem við höfum náð í búsetumálum fatlaðra á þessu ári, og bind mig bara við árið 2002.

Hafin er bygging sambýlis við Jöklasel og áformað að það verði tilbúið næsta sumar. Þroskahjálp er að undirbúa byggingu sambýlis við Þverholt í Mosfellsbæ og við höfum tekið í notkun sambýli við Blikaás í Hafnarfirði, Barðastaði, Hólmasund og Sólheima í Reykjavík. Síðan eru sambýlin vegna útskrifta af Kópavogshæli, Svöluhraun og Skagasel, og búið er að kaupa hús við Erluás og Miðskóga eins og ég sagði áðan, og eitt verður keypt til viðbótar í Reykjavík. Þá verður Sæbrautin gerð að sambýli og tekið hefur verið í notkun endurbyggt sambýli á Hvammstanga.

Við Holtaveg er komin skammtímavistun sem er með sex eða sjö pláss sem gætu nýst 10–15 hluta úr degi, og hæfingin í Kópavogi er með 20 heilsdags- eða 40 hálfsdagspláss. Á þessari upptalningu má sjá að aldrei hafa á einu ári verið tekin stærri skref í búsetumálum fatlaðra eða vistunarúrræðum. Ég hef hér talið upp 15 staði sem allir bæta stórlega lífsaðstöðu þeirra sem þangað koma. (Gripið fram í.) Það á eftir að taka ákvörðun um hvernig þeirra málum verður háttað.

Úrbætur í jafnréttismálum.

Fsp. MF, 129. mál. — Þskj. 129.

[10:42]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrr á þessu ári skilaði eftirlitsnefnd Sameinuðu þjóðanna, sem fjallar um réttindi kvenna, skýrslu sem byggði á upplýsingum frá 1997 um ýmislegt varðandi stöðu kvenna á Íslandi. Þessi sérfræðinganefnd Mannréttindastofnunar Sameinuðu þjóðanna á að fjalla um leiðir til að afnema hvers konar mismunun gegn konum. Í niðurstöðum skýrslunnar þar sem fjallað var um Ísland er æðimargt sem nefndin telur gagnrýnivert hér á landi. Hún talar m.a. um að vaxandi áhyggjuefni sé sá fjöldi erlendra kvenna sem komi ólöglega til Íslands og telur að það tengist vændi sem hugsanlega geti tengst nektardansstöðum, þ.e. svonefndum súlustöðum.

Eftirlitsnefndin gerði ýmsar aðrar athugasemdir eins og þá að óþolandi væri að á Íslandi skuli vera við lýði jafnmikill kynbundinn launamunur og raun ber vitni. Hún gerði einnig

athugasemdir við að dómar í mjög mörgum kynferðisafbrotamálum væru óeðlilega vægir. Þá gagnrýndi þessi eftirlitsnefnd að niðurstöður kærunefndar jafnréttismála væru ekki bindandi, m.a. ekki þegar stjórnvöld sjálf ættu í hlut.

Valgerður Bjarnadóttir forstöðumaður Jafnréttisstofu hefur tekið undir allar þær ábendingar sem komu fram í þessari skýrslu og að úrbóta sé þörf í öllum þeim atriðum sem lúta að stöðu okkar varðandi jafnréttismálin. Hún hefur m.a. bent á í fjölmiðlum að það þyrfti að byggja upp svokallaða jafnréttisumbótaskrifstofu eins og er í nágrannalöndum okkar því að það sé mjög flókið fyrir Jafnréttisstofu að fylgja eftir álitum þegar kærunefnd hefur kveðið upp úrskurð í kærumáli, og það sé sérstaklega erfitt hvað varðar íslensk stjórnvöld.

Nú er þessi niðurstaða byggð á gögnum frá 1997 eins og ég sagði áðan. Engu að síður virðist lítið hafa þokast í átt til betri vegar í öllum þeim atriðum sem koma fram í skýrslunni. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvað hafi verið gert til að framfylgja niðurstöðum um réttindi kvenna hér á landi sem fram komu í skýrslu sérfræðinganefndar Mannréttindastofnunar Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegn konum.

[10:45]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Niðurstöður nefndarinnar sem starfar á vegum samningsins um afnám allrar mismununar gegn konum vegna þriðju og fjórðu skýrslu íslenskra stjórnvalda um framkvæmd samningsins lágu fyrir í febrúar sl. Ég kynnti meginefni þeirra í ræðu á Alþingi þann 8. mars á alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Í niðurstöðu nefndarinnar var íslenskum stjórnvöldum hrósað fyrir hvað margt hefði áunnist í jafnréttisátt frá árinu 1996 þegar fulltrúar íslenskra stjórnvalda kynntu fyrstu og aðra skýrslu Íslands. Nýjum jafnréttislögum var fagnað sérstaklega auk þeirra verkefna og rannsókna sem hafa verið gerðar hér á landi á sviði jafnréttismála sl. ár.

Enn fremur vakti athygli nefndarinnar sú áhersla sem lögð hefur verið á að karlar taki þátt í aðgerðum sem eru til þess fallnar að auka jafnrétti kynjanna. Sérstaklega er vísað til jafnra réttinda til fæðingarorlofs sem er til þess fallið að hvetja til jafnari foreldraábyrgðar.

Nefndin gagnrýndi að álit kærunefndar jafnréttismála væri ekki bindandi fyrir aðila máls. Í þessu sambandi ber að minnast þess að ég lagði fram frv. til nýrra jafnréttislaga á 123. löggjafarþingi þar sem gert var ráð fyrir úrskurðarnefnd jafnréttismála sem kveða átti upp bindandi úrskurði. Frv. hlaut ekki afgreiðslu á þinginu. Að teknu tilliti til þeirra umræðna sem þá áttu sér stað í þinginu þótti ástæða til þess að hverfa aftur til fyrra horfs á skipulagi kærunefndarinnar við endurskoðun frv. Niðurstaða þingsins varð sú að í nýjum jafnréttislögum er áfram álitsgefandi kærunefnd.

Nefndin vakti athygli á kynbundnum launamun sem reynst hefur mjög erfiður viðureignar þrátt fyrir áralanga baráttu stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins auk annarra aðila. Á því er engin launung að það er markmið stjórnvalda að koma í veg fyrir kynbundinn launamun. Eins og fram kom í ræðu minni í mars sl. er það ósk mín að Jafnréttisráð leggi í starfi sínu megináherslu á að finna leiðir til að hraða megi þróun í átt að launajafnrétti. Það er stefna ráðsins að fylgjast mjög vel með þróun mála á vinnumarkaði á næstu árum. Ráðið var þátttakandi í Evrópuverkefni sem nefnist Towards a Closing of the Gender Pay Gap en því lýkur núna í nóvember.

Það má heldur ekki gleyma því að við bindum miklar vonir við að fæðingar- og foreldraorlofslög dragi úr kynbundnum launamun. Væntanlega þarf fólk að sýna þolinmæði enn um sinn eftir að merkja megi áhrif þeirra enda eru þau að komast til fullra framkvæmda um næstu áramót.

Hið háa hlutfall kvenna í hlutastörfum hér á landi vakti athygli nefndarinnar. Hún telur margt benda til að konur axli meiri ábyrgð á fjölskyldunni en karlmenn. Það má vel vera að í þessari staðhæfingu megi finna einhver sannleikskorn en það má ekki líta fram hjá þeirri staðreynd að hugsanlegt er að þar sé einnig um að ræða val kvennanna á íslenskum vinnumarkaði þegar litið er til þess að næg störf hafa verið í boði á undanförnum árum og sveitarfélögin hafa staðið sig ágætlega í dagvistarmálum. Þá hafa tilskipanir um hlutastörf og tímabundna ráðningarsamninga verið teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og það er markmið þeirra að koma í veg fyrir mismunun gagnvart fólki í þessum störfum.

Eins og við vitum öll er ofbeldi gegn konum því miður staðreynd í öllum samfélögum. Þar er um að ræða margþætt vandamál sem á sér djúpar rætur í samsetningu þeirra. Nefndin hvatti íslensk stjórnvöld til að halda áfram baráttunni gegn þessu vandamáli, m.a. með því að styrkja innlenda löggjöf til að tryggja réttarúrræði og vernd fyrir konur sem hafa verið beittar ofbeldi. Hún vildi enn fremur vekja athygli stjórnvalda á vægum refsingum hér á landi fyrir glæpi er fela í sér kynferðislegt ofbeldi, þá sér í lagi í nauðgunarmálum. Þegar refsirammar ákvæða almennra hegningarlaga vegna kynferðislegs ofbeldis eru skoðaðir kemur í ljós að refsingar í dómum slíkra mála eru vel innan efri marka þeirra. Það þarf því fleira að koma til en breytingar á refsirammanum til að það sé mat sérfræðinga að refsingar í þessum málum séu of vægar. Að öðru leyti vísa ég um þennan þátt til hæstv. dómsmrh.

Afleiðingar ofbeldis gegn konum eru mjög kostnaðarsamar fyrir samfélagið og værum við betur sett með að verja þeim fjármunum í forvarnir og annað uppbyggingarstarf konum til handa.

[10:51]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Eins og fram kom í máli hans er þessi skýrsla síðan í febrúar. En ég vil beina þessari spurningu aftur til hæstv. ráðherra: Er ráðherra tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að niðurstöður kærunefndar jafnréttismála verði bindandi? Er það vilji hæstv. ráðherra að þannig verði gengið frá málum á þessu þingi? Ég minni á að fyrir þinginu liggur mál frá Samfylkingunni og er alveg ljóst hver vilji okkar er í þessum efnum. Mun ráðherra styðja það að niðurstöður kærunefndar jafnréttismálanna verði bindandi?

Eins varðandi kynbundinn launamun: Hvaða öðrum úrræðum en þeim sem ráðherrann taldi upp hér áðan er ráðuneytið að beita sér fyrir? Nýlegar skýrslur sýna að enn er verulegur kynbundinn launamunur og þarf að grípa þar til enn róttækari aðgerða en gert hefur verið.

Varðandi þá dóma sem nefndir eru í þessari skýrslu út af kynferðisafbrotamálum virðist lítið hafa þokast í þeim efnum. Refsiramminn er til staðar en ég minni á að 20. nóvember sl. var greint frá tveimur málum í sama fréttatíma, annars vegar manns sem hafði framið kynferðisafbrot gegn þremur ungum stúlkum og fékk þriggja mánaða fangelsi en 15 mánuði skilorðsbundna til viðbótar, hins vegar manns

sem var dæmdur fyrir að stela kjöti og bíl. Hann fékk eins árs óskilorðsbundinn fangelsisdóm. Þarna vantar verulega á að gripið sé inn í og þetta er auðvitað hluti af þeirri skýrslu sem birt er frá eftirlitsnefndinni og heyrir undir hæstv. ráðherra.

[10:53]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég hef ekki áform uppi um að breyta jafnréttislögum og þori ekki að heita stuðningi við þingmál hv. fyrirspyrjanda.

Hér er kynbundinn launamunur, það er staðreynd. Það dregur sem betur fer úr honum og skýrslur sýna að hjá sumum stéttum er hann nánast horfinn. Annars staðar í þjóðfélaginu viðgengst hann.

Hvað varðar dóma Hæstaréttar og gagnrýni á að þeir séu of vægir, og dómar yfirleitt í kynferðisafbrotamálum, er það á málasviði hæstv. dómsmrh. og eðlilegt að beina til hennar ummælum um það efni.

Ég gat ekki um það í fyrri ræðu minni að starfandi er vinnuhópur á vegum norrænu ráðherranefndarinnar og Eystrasaltsríkjanna um upplýsingaherferð um mansal til kynlífsþrælkunar. Ísland er þátttakandi í þessu verkefni, og eins og kunnugt er er markmið verkefnisins að auka þekkingu og vitund almennings um vandamál sem geta tengst mansali. Sérstakur ráðgjafarhópur er að störfum hér á landi og ráðgert er að halda sérstaka ráðstefnu um efnið á fyrri hluta næsta árs.

Einelti á vinnustað.

Fsp. MF, 139. mál. — Þskj. 139.

[10:55]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Að undanförnu hefur átt sér stað heilmikil umræða um einelti og þá kannski fyrst og fremst einelti í skólum landsins. Þegar börn verða fyrir slíku getur það haft alvarlegar afleiðingar fyrir líf þeirra það sem eftir er. Þessi umræða er sannarlega af hinu góða og löngu orðið tímabært að tekið sé á málinu eins og gert hefur verið að undanförnu þó að þar sé fyrst og fremst um að ræða framtak einstaklings sem við njótum góðs af. Það hefur verið þörf á að taka umræðuna um einelti í skólum upp fyrir löngu síðan og þau skref sem hafa verið stigin að undanförnu eru sannarlega til góðs.

Við höfum, virðulegi forseti, annað vandamál sem stundum hefur verið kallað ósýnilega vandamálið. Það er einelti á vinnustað sem er alvarlegt þjóðfélagslegt vandamál sem fæstir vilja tala um opinberlega. Einelti á vinnustað er oft erfitt viðureignar vegna þess að þegar það á sér stað eru oft og tíðum aðeins til staðar gerandi og þolandi, og þolandinn segir ekki frá. Þolendur eineltis á vinnustað telja margoft að enginn muni trúa þeim ef þeir segi frá. Jafnframt telja þeir að það sé merki um að þeir séu lítilsigldir í vinnu. Ef rætt er um það opinberlega að þeir hafi orðið fyrir einelti hljóti þeir að hafa skapað einhverjar aðstæður til þess.

Þetta er samt sem áður stórt þjóðfélagslegt vandamál. Það hafa verið gerðar á þessu kannanir annars staðar, og niðurstöður þeirra kannana og rannsókna sem hafa verið gerðar í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Bretlandi hafa leitt í ljós að allt frá 3,5%–16% vinnuafls hafa orðið fyrir einelti. Rannsóknir í Evrópu sýna að u.þ.b. 45% tilkynninga um einelti á vinnustað eru vegna yfirmanns eða stjórnanda og hlutfall milli kynja er jafnt, hvort sem um er að ræða þolendur eða gerendur.

Það er engin ástæða til að ætla að þetta sé með öðrum hætti hér á landi og sannarlega er kominn tími til að við tökum sérstaklega á þessu vandamáli. Ég hef orðið vör við að þeir sem telja sig hafa orðið fyrir einelti á vinnustað og jafnvel verið hraktir úr vinnu telji að þeir hafi litla sem enga möguleika á að sækja mál sitt. Því spyr ég hæstv. félmrh.:

1. Hefur farið fram ítarleg könnun á því hversu víðtækt einelti er á vinnustöðum hér á landi? Ef svo er, hverjar voru helstu niðurstöður? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að slík athugun verði gerð?

2. Eru fyrirhugaðar einhverjar lagabreytingar sem tryggja betur en nú er rétt þeirra sem verða fyrir einelti á vinnustað og þá hverjar?

[10:58]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Rannsókna- og heilbrigðisdeild Vinnueftirlitsins hefur gert athuganir á vinnuumhverfi og líðan starfsmanna í nokkrum starfsgreinum. Vorið 2002 var lagður spurningalisti fyrir starfsmenn í öllum útibúum banka og sparisjóða á landinu þar sem spurt var sérstaklega um einelti á vinnustað. Í ljós kom að 15% starfsmanna höfðu orðið fyrir áreiti af ýmsu tagi í tengslum við starfið. 8% starfsmanna höfðu orðið fyrir einelti, 5% fyrir hótunum, 2% fyrir kynferðislegri áreitni og um 0,5% fyrir líkamlegu ofbeldi.

Í nóvember 2000 var spurningalisti lagður fyrir starfsfólk á öldrunarstofnunum. Það var ekki sérstaklega spurt um einelti, heldur hvort starfsmenn hefðu orðið fyrir áreitni, ofbeldi eða hótunum í vinnunni. Um 12% starfsmanna svöruðu því játandi. Í þessari rannsókn kom einnig fram að einvörðungu 5% starfsmanna þekktu til skriflegra leiðbeininga á þessu sviði.

Sambærileg spurning var lögð fyrir starfsfólk í leikskólum í Reykjavík í maí árið 2000. Var þá spurt um áreitni, árásir og hótanir. Um 14% starfsfólksins töldu sig hafa orðið fyrir slíku áreiti í vinnunni. Í öllum þessum tilfellum kom í ljós að eineltið eða áreitnin hafði í för með sér margvísleg neikvæð áhrif á líðan þessara starfsmanna, t.d. voru þeir líklegri en aðrir starfsmenn til að finna til líkamlegra óþæginda, t.d. verkja í mjóbaki, herðum og öxlum auk þess sem þeir voru óánægðari í starfi og upplifðu minni glaðværð og samstöðu í starfshópnum. Þeir voru óánægðir með samskipti við samstarfsfólk og yfirmenn. Sem fyrstu viðbrögð við þessum niðurstöðum hefur Vinnueftirlitið gefið út upplýsingarit um einelti á vinnustöðum og það má t.d. finna á heimasíðu þess.

Að því er varðar seinni spurningu hv. þm. vil ég geta þess að í endurskoðaðri gerð félagsmálasáttmála Evrópu sem samþykktur var árið 1996 var tekið upp ákvæði um skyldu aðildarríkja sáttmálans til að fyrirbyggja neikvæðar og móðgandi athafnir sem beinast að einstökum starfsmönnum á vinnustað. Í félmrn. fer fram athugun á fullgildingu þessa ákvæðis sem og öðrum nýmælum sem er að finna í þessari endurskoðuðu gerð sáttmálans. Það má enn fremur geta þess að á allra síðustu árum hafa ýmis ríki sett lög til að tryggja rétt þeirra sem verða fyrir einelti á vinnustað. Í þeim hópi eru m.a. Finnar og Svíar.

Eins og þingheimi er kunnugt hefur á síðustu tveimur þingum verið lagt fram frv. um breytingar á lögum um að-

búnað og hollustuhætti á vinnustöðum sem ekki hefur náð fram að ganga. Ég mun endurflytja þetta frv. og í þeirri endurskoðuðu gerð eru ákvæði um einelti á vinnustað.

Ég vil líka fara viðurkenningarorðum um frábært starf Stefáns Karls Stefánssonar leikara sem hefur haft frumkvæði að herferð gegn einelti. Við í félmrn. fögnum því mjög og viljum styrkja hann í því starfi. Ég vil líka geta þess að norræni Lýðheilsuháskólinn í Gautaborg veitti sl. sumar viðurkenningu sænskum prófessor sem vinnur í Bergen og hefur gert rannsóknir á einelti og sett upp sérstakt plan sem þykir hafa gefist framúrskarandi vel. Ég tel ástæðu fyrir okkur Íslendinga að kynna okkur mjög vel starf þessa merka prófessors og reyna e.t.v. að útfæra það hér heima.

[11:03]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Það fór eins og mig grunaði að þær athuganir sem þegar hafa verið gerðar sýna að niðurstöðurnar eru mjög svipaðar og þegar gerðar hafa verið heildarúttektir á vinnustöðum annars staðar á Norðurlöndunum enda í sjálfu sér engin ástæða til að ætla annað.

Það þarf fyrir það fyrsta að gera heildarúttekt á einelti á vinnustöðum. Það þarf að gera könnun þannig að tölur liggi fyrir svo að hægt sé að taka á og leita leiða til úrbóta. Eins og hæstv. ráðherra nefndi áðan þarf að nota leiðir eins og þá sem hefur verið farin í Noregi, sem er sérstaklega til fyrirmyndar, leita sambærilegra leiða hér á landi, og einnig að koma upplýsingum á vinnustað til starfsmanna um það hverjir möguleikar þeirra séu. Komið hefur í ljós, t.d. hjá VR sem gerði könnun á þessu og hefur verið með töluvert gott upplýsingastreymi til starfsmanna, að mjög fáir vita hver réttur þeirra er og hvernig þeir geta fylgt því eftir ef þeir verða fyrir áreitni eða einelti á vinnustað. En vissulega ber þeim sem stýra hverjum vinnustað að sjá til þess að starfsumhverfið sé í lagi.

Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi trú á því að aukin samkeppni meðal þeirra sem vinna á sama stað geti leitt af sér einelti og hvort skoðun hans sé sú að þær breytingar sem gerðar voru á kjarasamningum BSRB þegar þeir voru færðir meira inn í stofnanasamninga og umbunargreiðslur teknar upp geti hugsanlega hafa orðið til þess að einelti á vinnustöðum hafi aukist.

[11:05]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég tel að rannsóknir Vinnueftirlitsins sýni að einelti er með svipuðum hætti hér og annars staðar á Norðurlöndum. Vandamálið er sem sagt til staðar. Ég held að út af fyrir sig sé meira virði að reyna að koma í veg fyrir einelti heldur en að mæla hvort það sé prósentinu meira eða minna. Ég held að við þurfum að reyna að efla forvarnir og fræðslu í þessu efni til að reyna að koma í veg fyrir að eineltið líðist.

Varðandi umbunargreiðslur og vinnustaðasamninga hef ég ekki hugleitt hvort það væri rót eineltis. Mér þykir það frekar langsótt. Umbunargreiðslur eða akkorðsgreiðslur hafa tíðkast lengi, t.d. bónusgreiðslur í frystihúsum. Ég hef ekki trú á því að á þeim vinnustöðum sé einelti algengara en annars staðar. En auðvitað getur mikil samkeppni út af fyrir sig e.t.v. aukið hættuna á einelti.

Atvinnuleysisbætur.

Fsp. JóhS, 231. mál. — Þskj. 234.

[11:07]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Eitt af því sem verst hefur komið niður á kjörum lágtekjufólks í tíð þessarar ríkisstjórnar var þegar viðmið lífeyrisgreiðslna og atvinnuleysisbóta við launatengingar voru aftengd fyrir nokkrum árum, t.d. varðandi atvinnuleysisbætur frá 1997. Þá var lögunum breytt og hætt að miða atvinnuleysisbætur við taxta almenns fiskvinnslufólks. Þess í stað voru teknar upp nokkurs konar geðþóttaákvarðanir af hálfu ríkisstjórnarinnar og ákveðið að miða bæturnar við almenna launaþróun eða verðlag sem ákveðið er nú á hverju ári við fjárlagagerðina.

Ljóst er af þróun undanfarinna ára að ríkisstjórnin hefur ávallt miðað við það sem lægst hefur gefið þessum lágtekjuhópum. Þrátt fyrir ítrekaðar kröfur, t.d. samtaka öryrkja og aldraða og verkalýðshreyfingar, hefur það ávallt verið hunsað að miða lífeyri og atvinnuleysisbætur við launavísitölu. Með því að hætta að miða lífeyrinn við launavísitölu hafa verið hafðar af þessum lágtekjuhópum um 7 þús. kr. á mánuði, þ.e. nálægt 90 þús. kr. á ári, sem aðeins hefur verið dregið í land með í nýju samkomulagi Landssambands aldraðra við stjórnvöld þó að ekki liggi enn fyrir hvort stjórnvöld ætli að láta þá hækkun ganga til atvinnulausra.

Ef miðað væri við að lágmarkslaunin — lífeyrisgreiðslur og atvinnuleysisbætur — héldu í við lágmarkslaun fram til 1995 þá munar um 20 þús. kr. á mánuði á lágmarkslaununum og lífeyrisgreiðslunum. Þessu til viðbótar hefur ríkisstjórnin svo ráðist í það að skattleggja sérstaklega kjör lágtekjuhópa og skert m.a. svo skattleysismörkin að stór hópur lágtekjufólks, lífeyrisþega og atvinnulausra greiðir skatt af þeim litla framfærslueyri sem ríkisvaldið skammtar honum en svo er komið að stór lágtekjuhópur greiðir sem samsvarar eins mánaðar lífeyrisgreiðslum í skatt á ári. Ég er sannfærð um að sú alvarlega þróun sem orðið hefur á kjörum þessa fólks, þar sem framfærslan er orðin miklu þyngri og erfiðari en fyrir nokkrum árum, er m.a. orsök þess að fjárhagsvandi sveitarfélaga hefur aukist verulega, að ekki sé talað um þá vaxandi fátækt sem við aftur og aftur verðum vör við í umfjöllun fjölmiðla þar sem biðraðir eftir aðstoð mæðrastyrksnefndar lengjast stöðugt sem og til annarra hjálparstofnana.

Af þessu tilefni hef ég lagt nokkrar fyrirspurnir um atvinnuleysisbætur fyrir ráðherra en þar erum við að fjalla um kjör þeirra sem hvað verst hafa það í þjóðfélaginu. Sérstaklega legg ég áherslu á að ráðherra svari því hvort hann sé reiðubúinn að hækka atvinnuleysisbæturnar og breyta viðmiði þeirra, t.d. að þær hækki í samræmi við launavísitölu og hætt verði að skattleggja þær. Ekki síður nefni ég það sem ekki er í þessari fyrirspurn en fram hefur komið eftir að hún var lögð fram, þ.e. lítils háttar hækkun á lífeyrisgreiðslum sem samið var um við samtök aldraðra, og hvort ekki sé hugmynd ríkisstjórnarinnar við þessa fjárlagaafgreiðslu að hækka atvinnuleysisbæturnar til samræmis við það samkomulag.

[11:10]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Spurt var hve háar atvinnuleysisbætur yrðu á mánuði miðað við 100% bótarétt ef greiðslur væru miðaðar

við taxta fiskvinnslufólks (starfsaldursþrep eftir sjö ár) eins og gert var fram til ársins 1997.

Í lögum um atvinnuleysistryggingar voru atvinnuleysisbætur miðaðar við átta klukkustunda dagvinnu í almennri fiskvinnu. Þessum viðmiðunum var breytt í 26. gr. laga nr. 144/1995. Atvinnuleysisbætur frá þeim tíma hafa tekið mið af almennri launaþróun í landinu. Ef eldra viðmið væri notað væru atvinnuleysisbætur 88.351 kr. á mánuði sem er gildandi taxti almenns fiskvinnslufólks eftir sjö ára starf samkvæmt kauptaxta Starfsgreinasambandsins.

Síðan var spurt hverjar væru heildargreiðslur á ári til atvinnulausra miðað við 100% bótarétt annars vegar ef miðað væri við það viðmið sem gilti fyrir árið 1997 (taxta fiskvinnslufólks, starfsaldursþrep eftir sjö ár) og hins vegar ef miðað væri við hámarksbætur samkvæmt gildandi ákvæði 7. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

Svarið er: Ef bótaupphæð væri samkvæmt gildandi taxta almenns fiskvinnslufólks eftir sjö ár væri greiðsla á ári 1 millj. 60 þús. 212 kr. Hins vegar eru gildandi bætur í 12 mánuði samkvæmt gildandi kerfi 885.180 kr.

Þriðja spurningin var hverjar væru heildargreiðslur á mánuði ef atvinnuleysisbætur miðað við 100% bótarétt hefðu tekið mið af breytingu á launavísitölu frá 1997.

Launavísitala 1997 var 148,8 og í september sl. var hún 227,2. Hækkunin var sem sagt 52,7%. Atvinnuleysisbætur í janúar 1997 voru 53.785. Ef atvinnuleysisbæturnar hefðu hækkað samkvæmt launavísitölu hefðu 100% bætur verið 82.123 í september.

Síðan spurði hv. þm. hvort ég væri reiðubúinn að beita mér fyrir því að hækka atvinnuleysisbæturnar og breyta viðmiði þeirra, t.d. að þær hækkuðu í samræmi við launavísitölu, og að hætt yrði að skattleggja þær?

Upphæð atvinnuleysisbóta verður endurskoðuð um næstu áramót eins og venjulega og hækkaðar a.m.k. um meðaltalslaunahækkun í landinu, eða ríflega það.

Hvað varðar skattamálin ætla ég ekki að svara þeirri spurningu því að ég tel að henni ætti að beina til fjmrh.

[11:13]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það er rétt að minnast þess að bak við svona bætur er fólk sem þarf að lifa af þeim. Ég verð að segja, og ég held að ég geti talað fyrir munn okkar allra sem sitjum í þessum sal, að við gætum ekki lifað af núverandi atvinnuleysisbótum.

Atvinnuleysi hefur mjög færst í vöxt, atvinnuleysi t.d. fólks sem hefur ágæta menntun og hefur verið á ágætum launum, hefur bundið sína bagga í samræmi við það og gert sínar skuldbindingar. Það er alveg útilokað að geta samræmt það því að fá núverandi atvinnuleysisbætur. Annars staðar á Norðurlöndunum fær fólk 80% af meðallaunum síðustu 12 mánaða í atvinnuleysisbætur. Væri ekki athugandi að koma upp slíku kerfi hér á Íslandi? Hefur það aldrei verið reynt?

[11:15]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Eftir svörum ráðherra að dæma hafa atvinnulausir verið hlunnfarnir um 15 þús. kr. á mánuði, eða um 180 þús. kr. á ári sé gengið út frá þeim viðmiðunum sem voru í gildi á árinu 1996. Það liggur líka fyrir að hæstv. ráðherra hefur enga skoðun á því hvort hætta eigi að skattleggja lágtekjuhópa. Ég er að spyrja um skoðun hans á því. Ég veit að málið er í höndum fjmrh. mest en hæstv. félmrh. getur haft skoðun á því og ég er að spyrja hann um hana.

Það eina sem hæstv. ráðherra hefur að segja við atvinnulausa er að hann muni hugsanlega beita sér fyrir hækkun á bótum til þeirra sem nemur meðaltalslaunahækkun nú um áramótin.

Ég spurði um launavísitöluna, hvort hæstv. ráðherra væri tilbúinn að beita sér í því. Hann vill ekkert segja um það. Hæstv. ráðherra kemst ekki hjá því að svara því hér í ræðustól hvort hann sé tilbúinn að beita sér fyrir því að atvinnulausir fái hækkun til samræmis við það samkomulag sem gert var við aldraða, þ.e. um 5 þús. kr. hækkun um næstu áramót. Það er auðvitað ekki forsvaranlegt af þessari ríkisstjórn að skilja atvinnulausa algerlega eftir úti í kuldanum nú þegar lítils háttar hækkun hefur orðið til lífeyrisþega. Við sjáum fram á aukið atvinnuleysi.

Tæplega fimm þúsund manns eru atvinnulausar. Atvinnuleysi hefur aukist hér á höfuðborgarsvæðinu, nærri tvöfaldast. Mest hefur fjölgað af ungu fólki í þeim hópi, þ.e. á aldrinum 25–30 ára. Hæstv. ráðherra hefur lítið að segja við þetta atvinnulausa fólk sem bíður eftir að fá kjör sín bætt. Við sjáum að biðraðirnar hjá mæðrastyrksnefnd eru að lengjast. 150 manns biðu í biðröð um daginn eftir því að fá mat hjá mæðrastyrksnefnd til að geta fætt fjölskylduna. Við sjáum að hjá sveitarfélögunum hefur kostnaður vegna þessa aukist um 40% á nokkrum mánuðum. Sveitarfélögin eru þannig að greiða fyrir ríkisvaldið framfærslu til atvinnulausra og atvinnulausir eiga heimtingu á að hæstv. ráðherra tali skýrar til þeirra en hann hefur gert úr ræðustól í dag.

[11:17]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Vinnumálastofnun hefur reiknað út að hvert prósent í atvinnuleysi á ársvísu kosti í kringum 1 milljarð kr. Atvinnuleysisbætur hafa undanfarin ár hækkað til jafns við meðaltalshækkun lífeyris almannatrygginga. Hefur sú ákvörðun miðast við áramót.

Atvinnuleysisbætur eiga að vera eitthvað lægri en fiskvinnslutaxtinn vegna þess að það þarf að vera hvati til þess að taka vinnu, þ.e. menn eiga að fá launalega umbun, einhverja umbun fyrir að taka vinnu. Það hefur engin ákvörðun verið tekin enn um hækkunarprósentuna á atvinnuleysisbótunum. Hún bíður áramótanna.

Sem betur fer er atvinnuleysi sem við höfum átt við að glíma tímabundið og tiltölulega lítill hópur sem er búinn að vera lengi atvinnulaus, sem betur fer. Við verðum að vona að það dragi úr aukningu atvinnuleysis, sem hefur verið nokkur á undanförnum mánuðum. Atvinnuleysið var næstum því ekkert þannig að öll aukning virkar nokkuð mikil en ég legg áherslu á að von er á hækkun atvinnuleysisbótanna um næstu áramót þó að ég sé ekki tilbúinn að greina nákvæmlega frá því hver hún verður í prósentum.

[11:19]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Svör hæstv. ráðherra eru svo rýr og svo til skammar, miðað við þá tekjuhópa sem við erum hér að tala um, að ég tel fulla ástæðu til að efna til umræðu utan dagskrár um stöðu lágtekjuhópanna í þjóðfélaginu. Ég kem því hér með á framfæri og ósk til hæstv. ráðherra um að taka þátt í þeirri umræðu.

Atvinnu- og dvalarleyfi útlendinga.

Fsp. ÞKG, 262. mál. — Þskj. 278.

[11:20]

Fyrirspyrjandi (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Á undanförnum tveimur þingum, hinu síðasta og þinginu þar áður, fjallaði hv. allshn. um frv. til laga um útlendinga sem lögfest var sl. vor og kemur til með að taka gildi nú um áramótin. Á tveimur þingum gaf meiri hluti allshn. frá sér nefndarálit. Þar var bent á atriði sem minni hluti nefndarinnar fetti raunar ekki fingur út í heldur. Það var almenn samstaða um það í nefndinni, m.a. eftir að gestir höfðu komið á fund nefndarinnar út af málefnum útlendinga, að útgáfa dvalarleyfa og atvinnuleyfa ætti eðli málsins samkvæmt að heyra undir einn og sama aðilann. Það er í fyrsta lagi til hagsbóta fyrir útlendinginn sjálfan og ekki síður til hagsbóta fyrir atvinnulífið sjálft.

Þeir gestir okkar sem við ræddum við tóku í raun ekki afstöðu til þess undir hvern þetta ætti að heyra. Nefndarmenn tóku raunar ekki afstöðu til þess heldur. En ég vil benda á, með leyfi forseta, það sem stendur í nefndarálitum þeim sem ég gat um áðan. Þar segir:

„Loks telur meiri hlutinn rétt að sett verði heildstæð löggjöf um öll málefni er varða dvalar- og atvinnuréttindi útlendinga og þau látin heyra undir eitt og sama ráðuneyti. Bendir meiri hlutinn á að hagræði af slíku er augljóst fyrir útlendinga, atvinnurekendur, sveitarfélög og stofnanir."

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að þegar verið er að endurskipuleggja jafnumfangsmikinn lagabálk og lög um útlendinga, sérstaklega þau gömlu lög frá 1965 sem enn eru í gildi og setja ný lög sem taka við nú um áramótin, þá þarf að huga að mörgu. Slík löggjöf hefur mikla vinnu í för með sér. Því ríður á að gott samstarf sé milli þeirra ráðuneyta sem þessi málefni heyra undir. Ég veit af eigin reynslu að það samstarf er til fyrirmyndar. Til að mynda er samstarf Vinnumálastofnunar og Útlendingaeftirlitsins mjög gott hvað varðar samráð um útgáfu dvalarleyfa og atvinnuleyfa. Engu að síður er ástæðan fyrir því að ég legg fram þessa fyrirspurn sú að það er greinilegur vilji meðal þingmanna til að a.m.k. ráðherrar þessara mála hugi að því að hafa þessi mál á einni hendi.

[11:23]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ný lög um atvinnuréttindi útlendinga og ný útlendingalöggjöf taka gildi um næstu áramót. Við samningu frumvarpa til þessara nýju laga var um það rætt að veiting atvinnu- og dvalarleyfa yrði á einni hendi. Af hálfu félmrn. var lögð rík áhersla á að varðveita tengslin milli veitingar atvinnuleyfa og stöðu og þróunar á vinnumarkaðnum, þ.e. að tryggt yrði að útlendingur sem fengi atvinnuleyfi hefði atvinnu. Fyrri löggjöf um atvinnuréttindi útlendinga hefur byggst á þessu grundvallarsjónarmiði. Það má segja að þetta fyrirkomulag hafi verið gæfa okkar og án efa stuðlað að því að vandamál sem önnur ríki hafa þurft að glíma við á þessu sviði hafa reynst minni í sniðum hér á landi en ella hefði getað orðið. Það var því sjónarmið félmrn. að færa ætti veitingu atvinnu- og dvalarleyfa á einn stað og ef það ætti að gerast yrði sá staður að vera í félmrn. Þetta er leið sem ýmis önnur ríki hafa valið, t.d. Norðmenn. Þar hafa þessi málefni verið sameinuð undir einni stjórn innanríkisráðuneytisins og félmrn. kemst næst því að gegna hliðstæðu hlutverki hér á landi. Það má því segja að sú skipan væri mjög hentug hér á landi þar sem félmrn. er enn fremur vinnumarkaðsráðuneyti.

Það má geta þess að ráðuneytið hefur við ýmis tækifæri, m.a. í nefndum um málefni útlendinga, vakið athygli á að nauðsynlegt sé að samræma löggjöf um útlendinga. Um þetta náðist hins vegar ekki samstaða á sínum tíma og fram komu tvö frumvörp, annað samið í félmrn. um atvinnuleyfin og hitt í dómsmrn. um útlendinga. Af því leiddi að allshn. fjallaði um frv. um útlendinga en félmn. um frv. um atvinnuréttindi útlendinga. Þannig má e.t.v. segja að næstbesti kosturinn hafi verið valinn.

Í framhaldi af gildistöku laganna um atvinnuleyfi útlendinga í árslok 1994 tók félmrn. frumkvæði að því að stofna til reglulegs samráðs við útlendingaeftirlitið um veitingu atvinnu- og dvalarleyfa. Þetta reglubundna samráð er nú lögfest með ákvæðum í V. kafla nýju laganna um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002. Þar er kveðið á um að Vinnumálastofnun sem fer með framkvæmd laganna í umboði félmrh. og Útlendingastofnun skuli koma á fót sérstakri samráðsnefnd. Ég vil geta þess að nefnd félmrn. sem samdi frv. til laga um atvinnuréttindi útlendinga og nefnd dómsmrn. sem samdi frv. til útlendingalaga áttu með sér náið samráð í því skyni að tryggja sem best samræmi á milli þessara lagabálka. Ég mun leggja fyrir starfsmenn félmrn. að hafa samvinnu við starfsmenn dómsmrn. og Útlendingastofnunar þegar kemur að því að semja reglugerð með lögunum um atvinnuréttindi útlendinga.

Málefni útlendinga hafa orðið sífellt veigameiri þáttur í starfi félmrn. Á vegum ráðuneytisins er starfandi flóttamannaráð sem hefur það hlutverk að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um móttöku flóttamanna. Ráðið hefur einnig skipulagt móttöku flóttamanna. Ráðuneytið hefur haft umsjón með framkvæmd þál. um fjölmenningarsetur á Vestfjörðum. Þar er gert ráð fyrir því að þetta setur verði rekið sem tilraunaverkefni til ársins 2003. Ég á von á því að fá innan tíðar í hendur skýrslu frá ráðgjafarhópi sem er framkvæmdastjóra til stuðnings í starfi og stefnumótun setursins. Og mér finnst tímabært að hyggja að næstu skrefum varðandi fjölmenningarsetrið þegar sú skýrsla liggur fyrir. En í stuttu máli sagt hefur sú tilraun sem gerð er á Ísafirði tekist mjög vel.

[11:27]

Fyrirspyrjandi (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin sem voru að mínu mati mjög greinargóð og skýr. Það var ágætt að fá fram álit hæstv. félmrh. á því hvar þessi málaflokkur eigi heima. Ég ætla ekki að karpa um það við hann hvernig nákvæmlega eigi að setja þessi mál niður.

Ég vil hins vegar benda á það sem m.a. kom fram á fundi Lögfræðingafélagsins í Svartsengi ekki alls fyrir löngu, þá kom skýrt fram að dvalarleyfin eru fleiri. Það eru gefin út fleiri dvalarleyfi en atvinnuleyfi. Það hlutfall er að aukast. Eins hefur verið bent á hitt, að við útgáfu dvalarleyfa skipta tengsl útlendingaeftirlitsins við Schengen-svæði afar miklu máli, að þeir sem gefa út dvalarleyfi og atvinnuleyfi geri sér grein fyrir mikilvægi Schengen-svæðisins eins og þeir sem koma inn á það svæði.

Ég vil undirstrika að það er gott samráð á milli Útlendingaeftirlitsins og Vinnumálastofnunar. Engu að síður ítreka ég að mikil krafa er um það á meðal þeirra sem að þessum málum koma að þessi málefni fari undir einn og sama hattinn. Eins og ég sagði áðan ætla ég ekki að segja nákvæmlega

hvar það á að vera. Ég vonast hins vegar til að þeir ráðherrar sem eiga hér hlut að máli setjist niður og ræði hvernig því fyrirkomulagi yrði best háttað.

[11:28]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég er sammála hv. síðasta ræðumanni um að besti kosturinn sé að sameina þetta verkefni undir einu ráðuneyti. Eins og ég sagði áðan lít ég svo á að rétt væri að hafa það undir hatti félmrn. En við höfum valið næstbesta kostinn sem gengur út af fyrir sig ágætlega og hefur ekki skapast neitt vandræðaástand.

Sá farvegur sem við höfum valið við veitingu atvinnuleyfa hefur nýst vel, þ.e. það eru ekki nema sumir sem þurfa atvinnuleyfi hér, sem sagt borgarar sem eru utan Evrópska efnahagssvæðisins. Erlendir íbúar Evrópska efnahagssvæðisins hafa sama rétt á Íslandi og við sjálf og geta hvenær sem þeim sýnist komið hingað og leitað sér að vinnu. Hins vegar eru þeir sem eru utan Evrópska efnahagssvæðisins skyldugir að fá atvinnuleyfi áður en þeir hefja störf, þ.e. atvinnurekandinn fær leyfið en ekki starfsmaðurinn. Ég tel að það sé mjög mikilvægt því að annars væri hætta á því að starfsmaðurinn lenti í reiðuleysi og hugsanlega atvinnuleysi.

Fósturbörn í sveitum.

Fsp. HH, 384. mál. — Þskj. 441.

[11:30]

Fyrirspyrjandi (Helga Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Það hefur orðið æ algengara að börn séu vistuð hjá fósturforeldrum í sveitum. Landssamtök vistforeldra í sveitum eru samtök bænda sem taka börn í sveit í lengri eða skemmri tíma. Oftast er um börn að ræða sem eiga í erfiðleikum heima fyrir og þurfa að fara í fóstur um lengri eða skemmri tíma á vegum Barnaverndarstofu eða félagsmálayfirvalda.

Landssamtök vistforeldra í sveitum voru stofnuð 1998 og samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Bændasamtaka Íslands voru félagar í landssamtökunum 80 talsins. Landssamtökin starfa í nánu samráði við Barnaverndarstofu og félagsmálayfirvöld sem gefa út starfsleyfi til handa þeim bændum sem taka börn í fóstur. Þá hafa Bændasamtökin og Landssamtök vistforeldra í sveitum stuðlað að því að bændur geti aflað sér aukinnar menntunar á þessu sviði. Enginn vafi er um það í mínum huga að þessi starfsemi er jákvæð á flestan hátt. Enginn efast um að dvöl í sveit er börnum dýrmæt og gefandi og fósturforeldrar í sveitum geta með þessu treyst búsetu sína.

Herra forseti. Það eru fleiri hliðar á þessum málum. Fósturbörn í sveitum sem eru á skólaskyldualdri þurfa á skólagöngu að halda. Töluvert hefur borið á því að til skóla berist eingöngu tilkynning með skömmum fyrirvara um að væntanlegt sé barn í skólann og litlar sem engar aðrar upplýsingar fylgja. Ég þekki dæmi þessa og tel að hér þurfi að lagfæra ýmsa hluti.

Herra forseti. Ég er með afrit af bréfi sem sent var frá skólastjórum níu sveitaskóla á Vesturlandi til skóla- og félagsmálayfirvalda á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ nú í vor þar sem skólastjórarnir biðja um að til þeirra sé leitað fyrr í ferlinu og þeir fái þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru áður en tekin er ákvörðun um vistun barna. Skólinn þarf að hafa aðbúnað og starfsmenn til að geta sinnt fyrirvaralausum og oft sértækum þörfum barna sem vistuð eru. Það hefur hann ekki með stuttum eða engum fyrirvara.

Skólinn er menntastofnun og uppeldislega séð mjög mikilvægur í lífi barns. Skólastjórnendur eru allir af vilja gerðir að standa undir skyldum sínum. Um það snýst ekki málið. Hins vegar þarf að gæta þess að skólinn fái allar upplýsingar frá félagsmálayfirvöldum tímanlega.

Reglur um framfærslu og annan kostnað vegna barns í fóstri eru nokkuð skýrar. Óskýrar reglur og eftirfylgni þeirra um aðkomu skóla auka óbeinan kostnað þess sveitarfélags sem barnið er vistað í og verður auk þess til að vandræði geta skapast við skólagönguna. Til að draga fram skýrar upplýsingar um fjölda barna sem vistuð eru með þessum hætti og eru á skólaskyldualdri eru spurningar mínar til hæstv. félmrh. eftirfarandi:

1. Hversu mörg börn á vegum Barnaverndarstofu eða barnaverndarnefnda voru vistuð hjá fósturforeldrum í sveitum árið 2001? Hversu mörg þessara barna voru á skólaskyldualdri?

2. Hvernig skiptist kostnaður við vistun barna á milli lögheimilissveitarfélags og þess sveitarfélags sem barnið var vistað í?

3. Hver var endurgreiðsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna fósturbarna í sveitum?

[11:34]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. „Hversu mörg börn á vegum Barnaverndarstofu eða barnaverndarnefnda voru vistuð hjá fósturforeldrum í sveitum árið 2001? Hversu mörg þessara barna voru á skólaskyldualdri?“

Þessa spurningu skil ég þannig að spurt sé um börn í tímabundnu fóstri því að börn í varanlegu fóstri alast upp sem börn fósturforeldra sinna og lögheimili þeirra er fært til fósturforeldranna. Á árinu 2001 voru 85 börn í tímabundnu fóstri á landinu. Af þessum 85 börnum voru rúmlega 90% úti á landi og þó aðallega í sveitum. Flest barnanna eru á skólaskyldualdri eða 71. 14 börn voru innan við skólaskyldu og meðalaldur þessara barna í tímabundnu fóstri var 14 ár. Það voru ekki alveg öll skólaskyldu börnin í skóla heldur njóta þrjú eða fjögur börn heimakennslu, þ.e. samið er sérstaklega við kennara um að annast kennslu þeirra.

Spurt var: „Hvernig skiptist kostnaður við vistun barna á milli lögheimilissveitarfélags og þess sveitarfélags sem barnið var vistað í?“

Barnaverndarstofa hefur ekki nákvæmar upplýsingar um þetta atriði og ekki ráðuneytið heldur þar sem sveitarfélögin sjá um samninga varðandi kostnað sem hlýst af fósturráðstöfuninni. Venjan er að það sveitarfélag sem sér um fósturráðstöfunina greiði allan kostnað, þ.e. það sveitarfélag þar sem barnið á lögheimili. Þar er aðallega um að ræða kostnað vegna skólagöngu barnanna og semja fræðsluyfirvöld sín á milli ef barn býr í öðru sveitarfélagi en lögheimilissveitarfélagi. Samband ísl. sveitarfélaga hefur samið viðmiðunarreglur um þetta og annar kostnaður getur verið skólaakstur og mötuneyti sem greiddur er af félagsþjónustu þess sveitarfélags sem ráðstafaði barninu í fóstur, þ.e. lögheimilissveitarfélaginu.

Þá er spurt: „Hver var endurgreiðsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna fósturbarna í sveitum?“

Jöfnunarsjóðurinn kemur ekki beinlínis að greiðslu vegna fósturbarna. Jöfnunarsjóðurinn kemur einungis að slíkum málum með greiðslum til sveitarfélaga sem hafa færri en 2.000 íbúa vegna aksturs nemenda úr dreifbýli í skóla á grundvelli 10. gr. reglugerðar nr. 44/1999, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Ekki er gerð krafa um að viðkomandi grunnskólanemandi eigi lögheimili í sveitarfélaginu og eru fósturbörn á grunnskólaaldri sem ekki eiga lögheimili í sveitarfélaginu tekin með í útreikninga framlagsins eins og hver önnur börn sem í dreifbýlinu búa og þurfa á skólaakstri að halda.

Á grundvelli ákvæðis 10. gr. er einnig heimilt að greiða framlag vegna aksturs sveitarfélaga sem hafa fleiri en 2.000 íbúa ef um sameiningu hefur verið að ræða og íþyngjandi kostnað við akstur. Fjárhæð framlagsins tekur mið af fjarlægð frá vistunarstað nemenda í skóla og er greitt á grundvelli fjögurra viðmiðunarflokka. 1. flokkurinn er 3–4,9 km og þá er það 2.351 kr. á viku á nemanda. 2. flokkur er 5–14,9 km og þá er greiðslan 3.858 kr. á viku á nemanda. 3. flokkurinn er 15–29,9 km og þá er greiðslan 5.876 kr. á viku á nemanda og síðan er 4. flokkurinn yfir 30 km og er greiðslan þá 8.080 kr. á viku á nemanda og framlagið er greitt á starfstíma skólanna. Rétt er að taka fram að framlagið á einnig að koma til móts við sveitarfélög vegna gæslu þessara barna í biðtíma og launakostnaður vegna þeirra í mötuneyti o.fl. en aksturinn vegur þó þyngst í þessu framlagi.

[11:38]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn og hvað hv. þm. Helga Halldórsdóttir hefur vakið mikla athygli á því mikilvæga starfi sem fer fram hjá fósturforeldrum í sveit. Athyglisvert var að heyra svarið frá hæstv. ráðherra, að 71 barn á skólaskyldualdri dvelji í sveitum landsins. Ég tek undir hvað það er mikilvægt að allar upplýsingar og allt upplýsingaflæði sé gott á milli heimilanna, skólanna og þeirra stofnana sem koma börnunum fyrir.

[11:39]

Fyrirspyrjandi (Helga Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svör hans. Eins og ég kom inn á í máli mínu áðan eru nokkuð skýrar reglur um kostnaðarskiptingu þess sveitarfélags sem vistar barnið. En mig langar að spyrja hæstv. félmrh. hvort honum finnist ekki að í barnaverndarlögunum nýju hafi gleymst að gera ráð fyrir aðkomu skólans. Með leyfi forseta, langar mig að vitna í 72. gr. í lögunum sem er undirbúningur barns og fósturforeldra fyrir fóstur. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Barnaverndarnefnd ber að undirbúa barn undir viðskilnað frá kynforeldrum og fyrir væntanlegt fóstur. Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur ber á sama hátt, áður en fóstur hefst, að undirbúa fósturforeldra fyrir hlutverk þeirra, svo sem með upplýsingagjöf, viðtölum og öðru því sem að gagni má koma."

Þarna finnst mér að hefði átt að taka meira tillit til skólanna og jafnvel að bæta þarna inn í. Mér finnst því ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé sama sinnis því að ferlið á í rauninni að vera þannig að í staðinn fyrir að skólinn fái að vita með stuttum fyrirvara að barnið sé á leiðinni, þá þarf að leita allra upplýsinga hvort skólinn sé í stakk búinn til að taka við barninu. Skólinn hlýtur að eiga að vera hluti af úrræðinu. Ég treysti því raunar að hæstv. félmrh. taki þessi mál til skoðunar og geri þær lagfæringar á þessu sem þarf. Ég er ekki að segja að þessi samskipti séu á allan hátt slæm. Þau eru alls ekki slæm en þau þurfa lengri aðlögun.

Mér finnst, herra forseti, að gleymst hafi að gera ráð fyrir skólagöngu fósturbarna í sveitum í nýju barnaverndarlögunum.

[11:41]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég tel að hér sé um mjög mikilvægt úrræði að ræða og mikil ástæða sé til að efla það. Þetta er tiltölulega ódýr leið til að losa börn úr vanda og ég held að mjög mikilvægt sé að reyna að efla þessi úrræði.

Ég hef áhuga á því að við gefum út handbók fyrir fósturforeldra þar sem þau geta undirbúið sig undir það verkefni að taka við fósturbarni og ég held að það sé mjög mikilvægt. Ég tel að barnaverndarnefnd hljóti eðli málsins samkvæmt ævinlega að kanna það og fullvissa sig um að skóli sé fullnægjandi eða úrræði til skólagöngu séu fyrir hendi áður en barni er ráðstafað í fóstur. Ég hef ekki hugleitt það að bera fram breytingu á barnaverndarlögum varðandi þetta atriði, en það getur vel verið, ég útiloka ekki að það kunni að þurfa að gera ef misbrestur er á en mér er ekki kunnugt um það eða okkur í ráðuneytinu að svo sé.

Samningur Vegagerðarinnar og Samskipa um rekstur Herjólfs.

Fsp. LB, 292. mál. — Þskj. 314.

[11:43]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. samgrh. um samning Vegagerðarinnar og Samskipa um rekstur Herjólfs, þ.e. breytingar sem gerðar voru á upphaflegum samningi og viðbót við hann. Samningur þessi kveður m.a. á um fleiri ferðir milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar og fyrir það ber að þakka því að þetta er meginsamgönguæð Vestmanneyinga og skiptir því miklu máli að þeir hlutir séu í góðu lagi. En það skiptir líka miklu máli að bæjarstjórn Vestmannaeyja og fleiri aðilar hafi aðgang að þessum samningi og geti komið að honum. Þess vegna hefur vakið sérstaka athygli mína og fleiri sem að þessu hafa komið hvílík leynd hvílir yfir þeim samningi og ekki síst í ljósi þess að í viðbótarsamningi, viðaukasamningi um rekstur Herjólfs sem gerður var 8. febr. 2002 kemur fram að samningi um Herjólf sem þá var í gildi verði ekki breytt nema aflað sé samþykkis bæjarstjórnar. Þrátt fyrir þetta ákvæði hefur ekki tekist að fá þennan samning til skoðunar og þrátt fyrir að bæjarstjórn Vestmannaeyja hafi fjallað um að fá samninginn hefur ekki tekist að fá hann. Bæjarráð hefur fjallað um hann og eins hefur bæjarstjóra verið falið að afla samningsins en það hefur ekki tekist. Margvísleg mál eru í samningnum, ekki bara um fjölda ferða, sem bæjarstjórn hefði viljað koma að fyrst og fremst vegna þess að þetta er meginsamgönguæð Vestmanneyinga. Það sem skiptir miklu máli er til að mynda hvernig nýting á bílaþilfari er. Samskipsmenn geta nú nýtt 50% af því plássi sem þarna er undir vöruflutninga og það þætti mörgum örugglega mjög sérstætt ef það væri t.d. þannig með Reykjanesbrautina að menn gætu ekki keyrt um hana sökum þess að svo miklir vöruflutningar væru í dag. En þannig hefur það oft og tíðum verið með þá sem

vilja fara með bíla til og frá Eyjum að þeir hafa ekki komist vegna vöruflutninga. Þess vegna skiptir þetta miklu máli.

Fleiri atriði eru þarna inni eins og nýting á skipinu. Einnig er kveðið á um afslátt á hafnargjöldum. Þess vegna eru margvísleg atriði sem lúta að bæjarstjórn Vestmannaeyja. Því beini ég eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. ráðherra:

Hver er aðild bæjarstjórnar Vestmannaeyja að samningi Vegagerðarinnar og Samskipa um rekstur farþega-, bíla- og vöruflutningaferjunnar Herjólfs?

Það er einfaldlega þannig að fyrir samfélag eins og Vestmannaeyjar þá getur það aldrei nokkurn tíma afsalað sér þeim rétti að geta skipt sér af hvernig meginsamgönguæð þeirra er háttað og hvernig henni er stjórnað. Því beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. samgrh. hvernig hann telji að aðild bæjarstjórnar Vestmannaeyja verði best komið í þessum efnum.

[11:46]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson spyr: „Hver er aðild bæjarstjórnar Vestmannaeyja að samningi Vegagerðarinnar og Samskipa um rekstur farþega-, bíla- og vöruflutningaferjunnar Herjólfs?"

Svar mitt er þetta: Þegar unnið var að gerð útboðsgagna vegna reksturs Herjólfs á árinu 2000 fékk bæjarstjórn Vestmannaeyja gögnin til umsagnar en var að öðru leyti ekki aðili að útboðs- eða samningsferlinu. Í þjónustusamningnum við Samskip hf. er hins vegar í fjórum tilvikum tilgreint að bæjarstjórn Vestmannaeyja skuli koma að málum varðandi samninginn, þ.e. ef breyta á tímaáætlun eða gjaldskrá, fjölga ferðum og varðandi það hvernig leysa skuli fjarveru Herjólfs vegna slipptöku. En engin ákvæði eru í samningnum þess efnis að hann skuli borinn undir bæjarstjórn Vestmannaeyja til staðfestingar eða samþykktar.

Á öllum framangreindum atriðum var tekið í þríhliða samningi milli bæjarstjórnar Vestmannaeyja, Vegagerðar og Samskipa sem undirritaður var 8. febrúar 2002 og var í framhaldi af þeim samningi gerður viðauki við þjónustusamninginn milli Vegagerðar og Samskipa.

Í vor sem leið skipaði ég starfshóp til þess að fjalla um samgöngur til Vestmannaeyja með þarfir fólks og atvinnulífs í huga. Í hópnum eru m.a. tveir bæjarfulltrúar frá Vestmannaeyjum, auk þess fulltrúi Samtaka atvinnulífsins og fleiri.

Í áfangaskýrslu sem starfshópurinn skilaði mér 12. ágúst sl. gerði hópurinn m.a. tillögur um að fjölga ferðum í vetraráætlun Herjólfs um þrjár á viku. Ég ákvað að fara eftir þessum tillögum og var í framhaldi af því gerður viðaukasamningur milli Vegagerðar og Samskipa um fjölgun ferða í samræmi við tillögur starfshópsins. Þessi breyting á ferðatíðni var borin formlega undir bæjarstjórn Vestmannaeyja og fleiri aðila með bréfi ráðuneytisins, dags. 20. ágúst 2002. Mjög var knúið á um af hálfu Vestmanneyinga að frá þessum málum yrði gengið sem fyrst og hv. þingmenn þekkja það mætavel að um þetta urðu heilmiklar umræður. En forsenda þess m.a. að hægt var að gera þessar breytingar og stórauka þjónustuna var útboðið á Herjólfi sem leiddi til lægri kostnaðar og skapaði okkur það svigrúm sem við höfum nýtt síðan til þess að auka þjónustu við Vestmanneyinga og aðra sem þurfa á flutningum á milli lands og Eyja að halda.

Þetta vildi ég að kæmi fram í svari mínu. En aðalatriði málsins er að samningurinn og aðdragandi hans gerir ráð fyrir tilteknum samráðsferlum við forsvarsmenn Vestmannaeyjabæjar og það hef ég skýrt í svari mínu.

[11:49]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ferjan Herjólfur er mikilvægasta samgöngutæki Vestmanneyinga og raunar framlenging á þjóðvegi 1 út til Eyja. Þess vegna verður aldrei nógu vel gert. Mér finnst mjög mikilvægt að allt sem gert er sé í fullkomnu samráði við heimamenn.

Ég fagna því vissulega að ferðum til Vestmannaeyja hafi verið fjölgað. En ég get ekki skilið hvers vegna þessi leynd þarf að hvíla yfir þessum samningi. Mér finnst það ekki hafa komið fullkomlega fram í svari hæstv. samgrh., alla vega ekki í þessu fyrra svari hans. Ég hvet til þess að haft verði fullt samráð við bæjarstjórn Vestmannaeyja um þessi mál. Þá meina ég bæjarstjórnina í heild.

Hér hefur komið fram að tveir menn sitji í nefnd sem hæstv. ráðherra hefur skipað. Mér finnst það ekki fullnægjandi. Auðvitað þarf bæjarstjórnin öll að koma að þessu máli.

[11:51]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Lítið var á svörum hæstv. ráðherra að græða. Þó kom fram hjá honum að nokkur atriði ber að bera undir bæjarstjórn. En það var ekki gert í þessu tilviki. Til viðbótar er hægt að greina frá því að enginn hefur viljað gangast við því að haft hafi verið við hann samráð sem forsvarsmann bæjarstjórnar Vestmannaeyja í tengslum við þetta tiltekna mál, ekki nokkur einasti maður. Það segist ekki nokkur einasti maður hafa séð þennan samning eða vita hvert efni hans er. Þess vegna er náttúrlega með hreinum ólíkindum að bæjarstjórn og forsvarsmönnum Vestmannaeyjabæjar skuli haldið frá því þegar fjallað er um helsta samgöngutæki Eyjanna og skiptir það þó gríðarlegu máli fyrir búsetu þar. Vestmanneyingar geta aldrei nokkurn tíma afsalað sér rétti til að hafa aðgang að því hvernig ferðatíðni, tímaáætlun, fjölda ferða og fargjöldum er ráðstafað. Þetta mál er með hreinum ólíkindum. Bæjarstjórn í heild sinni, bæjarráð í heild sinni og bæjarstjóri, allir þessir aðilar hafa leitað eftir þessum samningi en aldrei hefur verið hægt að kalla hann fram.

Ég held því að hæstv. ráðherra verði að gera miklu betri grein fyrir þessu. Þar fyrir utan er þarna verið að ráðstafa almannafé. Það er verið að ráðstafa fjármagni úr ríkissjóði. Hæstv. ráðherra hlýtur að þurfa að gera grein fyrir því hvernig því fé er varið. Þetta mál er því enn allt með hreinum ólíkindum. Enginn kannast við að hafa komið að þessu. Ekki er nokkur leið að nálgast þennan samning og breytir þá engu hvort alþingismenn spyrjast fyrir um samninginn eða hvort einstakir bæjarfulltrúar spyrjast fyrir um hann. Þetta er slíkt leyniplagg að engu tali tekur. Síðan er bætt gráu ofan á svart því að í samningnum er kveðið á um sérstakan afslátt af hafnargjöldum í Vestmannaeyjum þannig að Vegagerðin og Samskip hafa samið um framlengingu á afslætti á hafnargjöldum til Vestmannaeyja. Ekki veit ég hvaðan umboð þeirra kemur til þess.

[11:53]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er alveg auðséð að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson er kominn í sitt gamla far í þingsölum. En ég tel afar óeðlilegt að færa einhverjar umræður úr bæjarstjórn Vestmannaeyja hingað í þingsali. Það vantar auðvitað sárlega (**LB:** Situr þú í bæjarstjórn? Situr samgrh. í bæjarstjórn

...?) fulltrúa úr bæjarstjórn Vestmannaeyja til þess að takast á við hv. þm. um þau málefni sem mér sýnist að hann sé að reyna að færa inn í þingsali.

Staðreynd málsins er sú sem kom fram í svari mínu að við buðum út þjónustu Herjólfs. Við fengum tilboð sem leiddu síðan til þess að hægt var að auka þjónustuna þegar litið var til þess að sú krafa var uppi eftir að nefnd sem ég skipaði hafði skilað áliti. Hún komst að þeirri niðurstöðu að eðlilegt væri að fjölga ferðum og það var gert. Það var gert með nýjum samningi. Sá samningur er að sjálfsögðu byggður á því útboði sem fór fram á sínum tíma og það er í alla staði óeðlilegt og engin ástæða til þess fyrir hv. þingmann að gera það tortryggilegt.

Aðalmálið er að þjónustan hefur verið aukin og það er rangt hjá hv. þm. að reyna að gera þetta tortryggilegt ... (**LB:** Af hverju sýnirðu þá ekki samninginn ...?) (Forseti hringir.) að reyna að gera það tortryggilegt hver ráðstöfun þessara fjármuna er. Ráðstöfunin gengur út á að fjölga ferðum og hvaða athugasemdir gerir hv. þm. við það? Þetta er eitt af ótal mörgum málum sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson notar til þess að reyna að gera hluti tortryggilega.

Ég er þess hins vegar fullviss að hann ber hag Eyjamanna fyrir brjósti og það er af hinu góða. Hann leggur áherslu á að auka þessa þjónustu og út á það gengur samningurinn, þ.e. að bæta þjónustuna. Ég vona svo sannarlega að í lokaskýrslu starfshópsins, sem ég hef gert grein fyrir að var skipaður, verði lagðar fram leiðir um enn (Forseti hringir.) bætta og betri þjónustu í samgöngumálum Eyjamanna.

Rannsóknir á sumarexemi.

Fsp. JHall og KHG, 318. mál. — Þskj. 345.

[11:56]

Fyrirspyrjandi (Jónas Hallgrímsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 345 getur að líta fyrirspurn til hæstv. landbrh. um rannsókn á svonefndu sumarexemi í íslenskum hrossum. Líklega hefur engin stétt í landinu þurft að þola meiri breytingar á högum sínum undanfarna áratugi en bændastéttin. Margir hlýddu kalli tímans, breyttu búháttum og hófu mótvægisaðgerðir til að tryggja afkomu og búsetu. M.a. var hafin markviss ræktun, uppeldi og sala hins einstaka íslenska hrossastofns og að þessu sinni var hlutskipti hans annað og betra en púl og erfiði í erlendum kolanámum. Telja verður að í seinni tíð hafi engin ein aðgerð til landkynningar virkað skjótar, betur og víðar en íslenski gæðingurinn. Sú ákvörðun og áhætta að leggja í kostnað og markaðsátak íslenska reiðhestsins erlendis orkar heldur ekki tvímælis, enda talið að hagur bænda og annarra sem kom málið mest við hafi batnað, a.m.k. fyrst í stað.

Adam var þó ekki lengi í paradís því að brátt mátti heyra háværar viðvaranir um mikla vá. Íslenski hesturinn, sem um aldir hafði verið í einangrun heimahaga, stóð nú allt í einu berskjaldaður gegn ofnæmi vegna mýflugna af ættkvíslinni culicoides með tilheyrandi óþægindum og sársauka fyrir menn og hesta. Afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa. Gífurlegur samdráttur hefur orðið í útflutningi og birtist hann m.a. í svari hæstv. landbrh. á þskj. 243 við fyrirspurn hv. þm. Gísla S. Einarssonar um útflutning hrossa. Með leyfi forseta kemur þar fram að flest urðu útflutt hross á árinu 1996. Þá voru þau 2.480 en hefur síðan farið hríðfækkandi. Þau voru í fyrra 1.765 og það sem af er þessu ári hafa 1.418 hross verið flutt út. Þau gætu hugsanlega farið í 1.500. Þetta er hin nöturlega staðreynd.

Kunnugir fullyrða að ástæðan sé hið illvíga sumarexem í íslenskfæddum hrossum sem jafnframt er óverulegt vandamál í sama hrossastofni þegar hrossin eru fædd og upp alin á erlendri grundu.

Virðulegur forseti. Öllum sem til þekkja er ljós áhugi og röggsamleg framganga hæstv. landbrh. í þessu máli. Þess vegna er spurt:

1. Hvernig miðar vinnu samstarfshóps innlendra og erlendra vísindamanna sem settur var á stofn til að vinna að rannsóknum og lækningu á sumarexemi í íslenskum hestum?

2. Hve miklu fé hefur verið varið til þessara rannsókna? Svar óskast sundurliðað eftir löndum.

3. Hvaða líkur telja vísindamenn á að bólusetning við sjúkdómnum eða lækning finnist?

4. Hvenær má vænta þess að endanlegar niðurstöður starfshópsins liggi fyrir?

[11:59]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Já, ég vil taka undir það að ýmislegt hefur valdið því að hrossaútflytjendur hafa orðið fyrir ákveðnu áfalli. Þó vil ég segja hér að ég hygg að þetta sé allt á faglegri leið og að gæðakröfur séu miklar. Svarið við spurningunni um hvað menn hafa út úr þessu felst ekki í því hve margir hestar eru fluttir út. Aðalatriðið er að flytja út góð hross sem ganga vel á markaðnum og fá hátt verð fyrir þau. Það skiptir máli að vanda sig á þessum viðkvæma markaði.

Hv. þm. hefur lagt fyrir mig nokkrar spurningar. Við fyrstu spurningunni er svarið það að sumarexem í hrossum er ofnæmi gegn biti culicoides-mýflugna, en þær eru af ættkvísl mýflugna sem lifir ekki á Íslandi. Allir hestastofnar geta fengið sumarexem, 3–7%, en íslenskir hestar sem fluttir eru út eru mun næmari, í einstaka tilfellum meira en kannski 20%.

Árið 2000 var hrundið af stað rannsóknarverkefni í því skyni að skilgreina nánar orðið sumarexem og leita leiða til varnar sjúkdómnum. Markmið verkefnisins er eftirfarandi: Að skilgreina betur eðli þeirra ónæmissvara sem stuðla að sumarexeminu, skilgreina ofnæmisvakana í mýflugunum og gen þeirra, og þróa aðferðir til bólusetningar gegn ofnæminu.

Um er að ræða þriggja ára verkefni sem teygir sig yfir árin 2000–2003. Um er að ræða samvinnuverkefni Rannsóknastofnunarinnar á Keldum og háskólans í Bern í Sviss. Fyrir liggur skýrsla um framvindu verkefnisins á fyrsta ári og skýrsla um framvindu þess á öðru ári er væntanleg fyrir árslok.

Hvað 2. spurninguna varðar þá er það svo að á árinu 2001 var varið 25 millj. 717 þús. kr. til verkefnisins. Framleiðnisjóður landbúnaðarins lagði fram 10 milljónir, Rannsóknastofnunin á Keldum 9 millj., Rannís 2,4 millj., svissneskir samstarfsaðilar 4 millj. 257 þúsund. Samkvæmt áætlun fyrir árið 2002 er framlag Framleiðnisjóðs landbúnaðarins 10 millj. kr., framlag Keldna 9 millj., framlag samstarfsaðila í Bern í Sviss 5,7 og framlag Rannís 1 millj. kr., eða samtals 25 millj. 760 þúsund.

Hv. þm. spyr: „Hvaða líkur telja vísindamenn á að bólusetning við sjúkdómnum eða lækning finnist?“

Ekki er mögulegt að gefa fyrir fram marktækt svar um niðurstöðu af þessari rannsókn fremur en öðrum hliðstæðum rannsóknum.

Hv. þm. spyr einnig: „Hvenær má vænta þess að endanlegar niðurstöður starfshópsins liggi fyrir?"

Sú rannsóknaráætlun sem nú er unnið eftir nær til þriggja ára og tryggt hefur verið fé til verkefnisins þann tíma. Ég vil hér út af þeim tveimur verkefnum sem auðvitað komu til greina og var hér sótt um segja að í upphafi árs 2000 samþykkti stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins að leggja fram allt að 30 millj. kr. til rannsókna á sumarexemi í hrossum. Tvær umsóknir um fjármagn til slíkra rannsókna lágu þá fyrir. Var önnur frá Wolfgang Leibold, prófessor við dýralækningaháskólann í Hannover í Þýskalandi, í samvinnu við Björn Steinbjörnsson dýralækni. Hin umsóknin var frá dr. Sigurbjörgu Þorsteinsdóttur, ónæmisfræðingi við Rannsóknastofnunina að Keldum, og Eliane Marti við Háskólann í Bern í Sviss.

Stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins fékk dr. Ingileif Jónsdóttur, ónæmisfræðing við Landspítalann – háskólasjúkrahús, til þess að leggja mat á umsóknirnar. Niðurstaða hennar var að umsókn Sigurbjargar Þorsteinsdóttur, sem miðar að því í samstarfi við aðila í Sviss að þróa DNA-bóluefni gegn sumarexemi, sé mjög metnaðarfull og áhugaverð og allar líkur séu til að mikilvægasta markmiðinu verði náð, þ.e. að skilgreina og einangra ofnæmisvaka fyrir sumarexem.

Varðandi umsókn prófessors Leibolds um styrk til að þróa próf til að mæla næmi hrossa á Íslandi til þess að fá sumarexem var það álit dr. Ingileifar að umsóknin uppfyllti ekki þær kröfur sem sjóðurinn gerði um styrkhæfni.

Það varð því niðurstaðan að þessum íslensku aðilum í samstarfi við aðila í Sviss var falið þetta verkefni og þeir eru með það í ferli. Ég get sagt hér að ég vænti þess auðvitað að árangur náist. En svona eru vísindin. Allt hefur sinn tíma. Það mundi auðvitað styrkja hér mjög markaðinn í kringum hrossin ef þessi árangur næðist. En við þurfum að huga að okkar málum á mörgum fleiri sviðum, t.d. að meðferð hrossanna þegar þau koma út og við verðum að leggja áherslu á þekkingu í þeim efnum o.s.frv.

[12:04]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn og vil segja frá því að til hv. landbn. komu á dögunum þau Sigurbjörg Þorsteinsdóttir og Vilhjálmur Svansson og fóru yfir þetta verkefni sem þau eru að vinna að á Keldum, og sem ég tel að sé mjög mikilvægt að fái að halda áfram. Ég minni á að upp kom hrossapest á Íslandi fyrir nokkrum árum. Það var töluvert afdrifaríkt því að þá var lagt bann við öllum útflutningi á hrossum.

Það kom fram hjá þeim Sigurbjörgu og Vilhjálmi að allt þeirra starf gæti tekið mjög langan tíma og það er ekkert víst að komin verði niðurstaða fyrr en eftir 10–20 ár. En það er mjög mikilvægt að allt þetta rannsóknarstarf fái að vinnast áfram og þau fái þann stuðning sem þarf til þess að það sé hægt.

[12:05]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek undir mikilvægi þess verkefnis sem verið er að vinna á Keldum þar sem reynt er að vinna að bóluefni gegn hrossaexemi sem hefur valdið gríðarlegum skaða í útflutningi á íslenskum hrossum. Ef tekst að finna bóluefni væri náttúrlega komin varanleg lausn á þessu vandamáli.

En ég verð að segja að komist hefur á kreik orðrómur um eða mér hefur alla vega verið sagt að hægt væri að gera næmipróf á hrossum þannig að hægt væri að finna út hvaða hross væru sérstaklega næm fyrir þessum sjúkdómi og að einn íslenskur dýralæknir, í samstarfi við þennan prófessor Leibold gæti komið á slíku næmiprófi. Mér finnst mjög mikilvægt að leita þá samstarfs líka við þessa aðila og nota þetta næmipróf þangað til fullnægjandi lausn er fundin.

[12:07]

Fyrirspyrjandi (Jónas Hallgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. landbrh. og öðrum sem hafa tekið þátt í umræðum um þessa fyrirspurn.

Það kom fram í meginmáli hæstv. ráðherra að spurningin sé ekki hversu mörg hross eru flutt út heldur hversu góð þau eru. Það er út af fyrir sig alveg rétt. Hins vegar segir helmingsfækkun á ekki fleiri árum sína sögu. Það kom líka hér fram að í gangi hefði verið hrossainflúensa. Kunnugir telja að fyrir löngu sé gróið yfir það. Það þýðir heldur ekki að ímynda sér að þessi fækkun stafi af ætluðum skatt- eða tollsvikum í Þýskalandi eins og heyrst hefur og allra síst af markaðssetningu hrossanna því að þar hafa menn staðið sig frábærlega vel.

Mér finnst 25 eða 26 millj. kr. ekki miklir peningar til rannsókna í þessu efni. Ég er ekki að fjargviðrast út af því. Það dettur mér ekki í hug. Hitt er svo verra, finnst mér, ef það kæmi nú í ljós sem kom fram í máli hv. þm. Drífu Hjartardóttur, að þetta tæki 10–20 ár. Það gengur ekki upp í mínum kolli, engan veginn. Það má ekki gerast.

Eins og fram kom þá eru til aðrar aðferðir til þess að koma í veg fyrir að þessi hross séu flutt úr landinu að stórum hluta. Það hlýtur þá að vera leið B að marka sér einhverja slíka möguleika og ég mæli eindregið með því sem kom hér fram í máli hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur.

Það er afar mikilvægt að hér verði snúist hratt til varnar, ekki síst vegna þess að fyrir liggur að erlend tryggingafélög eru nú þegar byrjuð að greiða út hross sem fara í slátrun af þessum völdum. Þá geta menn séð á hvaða leið við erum verði ekki spornað við.

[12:09]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Í sjálfu sér er lítið um þetta mál frekar að segja. Íslenskir vísindamenn hafa þetta verkefni með höndum og 25–30 milljónir eru auðvitað miklir peningar eigi að síður. Það var valið á milli tveggja verkefna. Hvað næmniprófið varðar, hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir, þá gengur ekkert orðrómur um það. Til eru menn sem halda þessu fram. En vísindamenn greinir auðvitað á um allt. Ef unnt verður að þróa svo næmt próf að greina megi þá hesta sem muni fá sumarexem þá má búast við að það taki nokkur ár áður en hægt verður að taka það í almenna notkun, segja vísindamenn mér. Næmnipróf á ofnæmisviðbrögðum gefa nær aldrei 100% líkur segja þeir jafnframt.

En ég vil bara segja fyrir mig að þetta var mjög erfitt mál á mínu borði. Dr. Leibold kom hingað og átti hér fundi með mönnum. Hann hafnaði samstarfi á þeim grundvelli sem þetta var lagt upp þá. Þegar ég síðan lét fara yfir þetta hér, eins og komið hefur fram í mínu máli, af doktor við háskólann, dr. Ingileif Jónsdóttur, þá kom það í hennar hlut að fara yfir þetta sem vísindamaður. Hún taldi engan vafa á því, eins og ég rakti áðan, að mjög áhugavert væri að reyna þá leið að finna lyf sem væri vörn gegn sumarexemi. Það varð niðurstaða mín að fallast á þau sjónarmið sem hún af

hlutleysi fór yfir fyrir mína hönd. Þetta var erfitt val. En þetta mál er í farvegi og er mikilvægt fyrir hrossabændur.

Reyndar sögðu margir að það væri mjög mikilvægt að rannsaka þetta í landinu, þ.e. á Íslandi, sem á hestinn. Við þurfum að hafa forgöngu (Forseti hringir.) og forustu í málefnum hestsins á öllum sviðum. Ég teysti því fólki sem nú fæst við þetta mál (Forseti hringir.) og trúi því að það muni ná vísindalegri niðurstöðu. Það er gott, hæstv. forseti, að hafa smátrú.

(**Forseti** (ÍGP): Ég minni hæstv. ráðherra á að virða tímamörk.)

Barnabætur.

Fsp. SJóh, 145. mál. — Þskj. 145.

[12:12]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Eitt af því sem skilur Ísland frá Norðurlöndum hvað félagslegan stuðning snertir er lítill stuðningur við fjölskyldur og þá sérstaklega barnafólk. Manni hnykkir við þegar maður kynnist kjörum ungs barnafólks sem leggur mikið á sig í vinnu til að geta staðið undir afborgunum bæði af námslánum og húsnæði auk þess að borga mjög há vistunargjöld fyrir börnin sín þar sem yfirleitt ekkert tillit er tekið til fjölskyldutekna.

Að sumu leyti er staðan mun verri en þegar mín kynslóð var að ala upp börn. Þegar staðgreiðslukerfi skatta var tekið upp var landsmönnum sagt að við álagningu yrði ekki tekið tillit til framfærslu barna en í stað þess yrði barnafólki greiddar bætur sem kæmu þá í stað skattfrádráttar vegna barna. En einhvern veginn hefur farið svo að þessar barnabætur hafa stöðugt verið undir hnífnum og er nú svo komið að óskertar barnabætur sem hjón hafa með einu barni eru 9.750 kr. á mánuði og með hverju barni fram yfir það 11.500 kr. á mánuði. Þetta eru, nota bene, óskertar bætur sem greiðast til fjölskyldna með undir 1.350 þús. kr. í árstekjur.

Vegna hærri tekna kemur hins vegar skerðing og hún engin smásmíði þannig að ef hjón með tvö börn, fimm og tíu ára, hafa samanlagt 2,3 millj. í árslaun, sem verða nú að teljast mjög lágar tekjur fyrir fólk með slíka framfærslu, er skerðingin strax orðin 3.750 kr. á mánuði.

Það væri fróðlegt að frétta af því nú þegar ríkisstjórnin hefur fengið það margstaðfest að fjöldi barnafólks með lág laun er í miklum greiðsluerfiðleikum, hvort hún ætli ekki að breyta þessum barnabótum til hagsbóta fyrir barnafólk. Það er líka ótrúlegt að barnabætur skuli ekki vera greiddar til fólks, jafnvel þótt það eignist þríbura fyrri hluta ársins, fyrr en árið eftir, þ.e. frá febrúar, og að fyrsta árið sem er foreldrunum mjög kostnaðarsamt að öllu jöfnu skuli liggja óbætt hjá garði. Þetta fyrirkomulag var tekið upp fyrir þremur árum að mér er tjáð og því vil ég beina eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. ráðherra:

1. Hvers vegna eru barnabætur ekki greiddar út strax eftir fæðingu barna?

2. Er ráðherra reiðubúinn til að beita sér fyrir breyttu fyrirkomulagi barnabótagreiðslna?

[12:15]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mun ekki elta ólar við það sem fram kom í inngangi hv. þm. í fyrirspurn hennar. Þar tel ég að hafi mjög verið hallað réttu máli að því er varðar stöðu ungs fólks á Íslandi almennt talað, hvort sem er til húsnæðisöflunar, fjármögnunar lána, náms eða annarra þátta sem þar komu við sögu. En ég ætla að svara spurningunum.

„Hvers vegna eru barnabætur ekki greiddar út strax eftir fæðingu barna?"

Það er vegna þess að samkvæmt lögum eru barnabætur ákveðnar við álagningu skatts sem fer fram 1. ágúst ár hvert. Barnabætur eru enn fremur tekjutengdar að stórum hluta og því er ekki vitað fyrr en í árslok hvað viðkomandi forráðamaður hefur haft í tekjur. Af þessum sökum er ekki hægt að greiða þær út fyrr en þær upplýsingar liggja fyrir, sem er þá á gjaldárinu eftir að teknanna er aflað.

Hins vegar er þetta kannski ekki aðalatriðið. Alls staðar þar sem einhver tímamörk eru, hvort sem það er við skólaár eða annars staðar þar sem miða þarf við mörk í tíma koma skil. Kjarni málsins er náttúrlega sá að allir sem eiga rétt á barnabótum fá þær í full 16 ár hvort sem barnið fæðist undir lok árs og greiðslur byrja að berast í febrúar eða hvort barnið fæðist snemma árs og greiðslur berast í febrúar ári síðar. Hvernig sem því háttar til þá fá allir þessar greiðslur í full 16 ár. Þannig er það t.d. núna. Á árinu 2002 eru greiddar bætur með börnum sem fædd eru á tímabilinu 1986–2001 og á næsta ári, frá 1987–2002. Það er aðalatriðið. Það fá allir þetta í 16 ár. En það er ekki hægt að koma framkvæmdinni þannig fyrir, meðan barnabætur eru að einhverju leyti tekjutengdar, öðruvísi en að bíða eftir því að það liggi fyrir með skattframtali hverjar tekjur viðkomandi forráðamanna eru.

Þetta er svarið, herra forseti, og með vísan til þessara upplýsinga liggur í hlutarins eðli að það er ekki mögulegt að haga útgreiðslu og ákvörðun öðruvísi en nú er gert. Þar með er seinni hluta spurningarinnar svarað, þ.e. hvort ég sé tilbúinn að beita mér fyrir breyttu fyrirkomulagi á þessum greiðslum. Ég tel að það sé ekki hægt.

[12:18]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Mér finnst hæstv. fjmrh. ekki mjög djarfur í þessum málum. Ég verð að segja að í mörgum tilfellum, t.d. við greiðslu fæðingarorlofs, er miðað við tekjur ársins á undan. Ég hef ekki orðið vör við að bíða verði með það fram yfir það, meðan fólkið er í fæðingarorlofi, að hægt sé að ákveða því tekjur vegna þess að ekki liggi fyrir tekjur yfirstandandi árs. Það hlýtur að vera hægt að finna aðrar viðmiðanir. Það hefur verið gert, meira að segja fyrir meira en þremur árum, áður en þessi regla var tekin upp í sambandi við barnabætur.

Það mætti t.d. greiða út ótekjutengda hlutann og greiða síðan tekjutengda hlutann þegar skattframtal liggur fyrir, sé nauðsyn á að fara svo varlega. Ég vil benda á að ég þekki til fólks sem eignaðist fjölbura fyrr á árinu og lenti í miklum fjárhagsvandræðum. Þetta var ekki beinlínis pantað. Þau fá engar barnabætur fyrr en í febrúar.

Ég man að í september birtist í Morgunblaðinu mynd af fólki. Það voru tvenn hjón sem höfðu eignast þríbura í sömu vikunni og tvenn hjón sem höfðu eignast tvíbura. Mér datt fyrst í hug þegar ég leit á myndina, aumingja fólkið. Það fær ekki barnabætur fyrr en í febrúar. Þetta er heilmikið fjárhagslegt vandamál fyrir fólk, að lenda t.d. í að eiga þríbura og þurfa að borga allan kostnað sem því fylgir. Ef börnin fæðast t.d. í mars er þetta algerlega óbætt þangað til í febrúar. Það

eru bara ekki allir sem í þessu lenda jafn vel stæðir.

[12:20]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er sjálfsagt hægt að nefna alls kyns dæmi þess að þetta sé óþægilegt. Ég geri þó ráð fyrir því að á 16. ári þessara barna muni það þykja nokkuð ánægjulegt að eiga þessar bætur inni.

Hitt er annað mál, að því er varðar þríbura, að við beittum okkur í þinginu fyrir nokkrum árum, m.a. ég, fyrir því að bæta sérstaklega aðstöðu þess fólks sem eignast þríbura í gegnum tryggingakerfið. Það hefur verið gert en það er auðvitað annað mál. Það er ekki það sem þessi spurning snýst um í raun og veru. Hún snýst um ákveðna framkvæmd, hvernig hægt er að koma ákveðnum greiðslum samkvæmt ákveðnum reglum út úr skattkerfinu til þeirra sem eiga rétt á þeim greiðslum. Þessi framkvæmd hefur verið höfð á vegna þess að það er talið ómögulegt að gera þetta öðruvísi. Sé einhver önnur leið til skal ég ekki hafa á móti því.

Stuðningur við kvikmyndagerð.

Fsp. KolH, 293. mál. — Þskj. 315.

[12:21]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Hæstv. umhvrh. hefur ákveðið að styrkja gerð kvikmyndar eftir Hrafn Gunnlaugsson með 9 millj. kr. framlagi. Ákvörðun um þessa styrkveitingu hefur vakið talsverða athygli. Það er óhætt að fullyrða að hún sé umdeild, ekki síst í ljósi þess að við eigum opinbera stofnun sem lögum samkvæmt annast styrkumsóknir um kvikmyndir af öllu tagi og hefur sú kvikmynd sem hér er til umfjöllunar einmitt fengið 7 millj. kr. styrk úr stutt- og heimildamyndadeild Kvikmyndasjóðs.

Ein af ástæðum þess að styrkveiting til þessarar myndar Hrafns Gunnlaugssonar er umdeild hlýtur að vera sú staðeynd að hér virðist um áróðursmynd að ræða sem reka á áróður fyrir virkjanastefnu ríkisstjórnarinnar. Til marks um það er 5 millj. kr. framleiðslustyrkur Landsvirkjunar til myndarinnar en eins og alþjóð veit rekur Landsvirkjun nú hatramma áróðursherferð fyrir virkjanastefnu stjórnvalda. Hæstv. umhvrh. hefur sjálf sagt eina af ástæðum þess að hún ákvað að veita myndinni „Ísland í öðru ljósi" þennan stuðning vera þá að mynd Hrafns um skipulagsmál í Reykjavík, „Reykjavík í öðru ljósi", hafi vakið mikla athygli. En man hæstv. ráðherra ekki hver boðskapur þeirrar myndar var? Hann var af áróðurslegum toga og lýsti mjög afgerandi stuðningi við það að Reykjavíkurflugvöllur hyrfi á brott úr Vatnsmýrinni og sömuleiðis lýsti hún stuðningi við sjónarmið þeirra sem aðhyllast háhýsi og þéttingu byggðar. Í ljósi þessa má ætla að eitthvað svipað verði upp á teningnum þegar Hrafn Gunnlaugsson ákveður að gera mynd um skipulagsmál hálendis Íslands.

Það er ekki óeðlilegt að ætla að kvikmyndagerðarmenn hafi sótt um stuðning til umhvrn. í kjölfar styrkveitingarinnar til Hrafns og örugglega líka mörg undangengin ár. Í íslenskri kvikmyndagerð hafa menn jú verið ötulir við að framleiða náttúrulífsmyndir af ýmsu tagi. Maður skyldi þá líka ætla að það stæði hæstv. umhvrh., sem á að vera málsvari umhverfis- og náttúruverndar, nær að styrkja myndir af því tagi. Leikur mér því forvitni á að vita, herra forseti, hversu margar umsóknir um fjárstuðning við kvikmyndagerð hafi borist til umhvrn. á kjörtímabilinu, hverjir hafi átt þar hlut að máli og hvernig afgreiðslu þessar umsóknir hafi hlotið.

Í öðru lagi spyr ég hæstv. umhvrh. um megininntak myndarinnar sem hlýtur 9 milljónirnar og um það hvort hún fjalli á einhvern hátt um mannvirkjagerð á hálendi Íslands. Með öðrum orðum: Er umhvrh. að fjármagna virkjana- og stóriðjuáróður?

[12:24]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er í fyrsta lagi spurt: „Hversu margar umsóknir um fjárstuðning við kvikmyndagerð hafa borist til umhverfisráðuneytisins á kjörtímabilinu, hverjir hafa átt þar hlut að máli og hvernig afgreiðslu hafa þessar umsóknir hlotið?"

Því er til að svara að frá miðju ári 1999 til 1. nóvember 2002 hafa alls borist 20 umsóknir um styrkveitingar vegna kvikmyndagerðar til ráðuneytisins. Hér er líka spurt hverjir hafi þar átt hlut að máli og hvernig afgreiðslu þessar umsóknir hafi hlotið. Ég ætla að gera grein fyrir því hverjir hafa átt þar hlut að máli og mun lesa upp fyrst þá aðila sem hafa fengið styrk. Tíu hafa fengið styrk: fjallvinafélagið Kári, Ísland ehf., Hrafn Gunnlaugsson, Hugsjón ehf., Hvítafjallið – Niflungar ehf., Af hverju ehf., Landmark – kvikmyndagerð ehf. hefur fengið tvo styrki, Köfunarskólinn ehf. og Friðrik Weisshappel.

Þá ætla ég að lesa upp þá sem hefur verið hafnað en það eru sjö aðilar: Það eru Marodd Film ehf., Kvikmynd/Þorsteinn Jónsson, Draumasmiðjan ehf., Steinn Kárason, Köfunarskólinn ehf., Lífshættir íslenskra ferskvatnsfiska, Sagafilm ehf., Köfunarskólinn ehf.

Þrjár umsóknir eru í skoðun í ráðuneytinu. Þær eru frá Kvik ehf., Seylunni ehf. og Astma- og ofnæmisfélaginu.

Í öðru lagi er spurt: „Fjallar kvikmynd sú sem ráðherra hefur ákveðið að styrkja, „Ísland í öðru ljósi", á einhvern hátt um mannvirkjagerð á hálendi Íslands eða hvert er megininntak myndarinnar?"

Það er rétt sem hér kom fram að ég hef áður sagt og segi hér enn að kvikmyndin Ísland í öðru ljósi er gerð í framhaldi af kvikmyndinni Reykjavík í öðru ljósi, sem Reykjavík sem menningarborg styrkti. Sú mynd vakti verðskuldaða athygli vegna þess hve skemmtileg og ögrandi hún var og hvernig hún fjallaði um skipulagsmál í Reykjavík, m.a. með tæknibrellum. Hún vakti mjög mikla umræðu um skipulagsmál.

Ég hef verið að furða mig á því að við höfum fjallað um skipulagsmál á Íslandi í frekar þröngum skilningi. Þess vegna fannst mér mjög áhugavert þegar þetta var kynnt fyrir mér, að meiningin væri að gera aðra mynd, ef til þess fengjust styrkir, Ísland í öðru ljósi, sem mundi fjalla um umhverfis- og skipulagsmál. Í þeirri mynd er meiningin að tvinna saman nýjustu kvikmynda-, myndbands- og tölvutækni til að skapa nýja sýn á fortíð, nútíð og framtíð. Í myndinni má nota ímyndunaraflið til að sviðsetja framtíðina með tæknibrellum og áhorfendum gefst tækifæri til að kynnast nýjum hugmyndum og horfa fram á við á nýrri öld. Myndin á að fjalla um hvernig við skipuleggjum landið og nýtum þannig að fólk vilji búa hér í framtíðinni og það verði öðrum löndum fyrirmynd hvað mannlíf og lífsgæði snertir.

Nákvæmlega um hvað myndin fjallar í smáatriðum er mér ekki kunnugt, enda hefur viðkomandi kvikmyndagerð-

armaður nokkurt frelsi um það hvernig hann tekur á þessu viðfangsverkefni. Það kemur ekki bein skipun úr umhvrn. varðandi það í smáatriðum. Okkur þótti þetta það spennandi að við ákváðum að styrkja þessa mynd um þessa upphæð.

Það sem ég veit helst um þetta mál er að verið er að vinna við þessa kvikmynd. Mér er tjáð að Hrafn Gunnlaugsson hafi m.a. farið upp á hálendið, m.a. með Ómari Ragnarssyni skilst mér, eða flogið yfir og verið sé að vinna úr þeim tökum. Hugsanlega er þar fjallað um virkjanamál. Ég veit það ekki nákvæmlega á þessari stundu, hve mikið er fjallað um það og í hvaða samhengi.

Hér er ekki um áróðursmynd að ræða eins og mér heyrðist hv. fyrirspyrjandiýja að heldur er þetta mynd þar sem ímyndunaraflinu hefur verið gefinn laus taumurinn og settar eru fram ýmsar hugmyndir um hvernig skipuleggja megi Ísland í framtíðinni og hvernig við höfum skipulagt það hingað til. Eins er velt upp spurningum um hvað hefði gerst ef við hefðum skipulagt það öðruvísi.

Ég lít björgum augum fram á að fá að sjá þessa mynd. Ég vona að hún verði góð og við hljótum sóma af. En það er meiningin að ríkissjónvarpið eigi að sýna hana einhvern tíma í byrjun næsta árs. Ég vona að það standist. Mér skilst að ríkissjónvarpið hafi keypt sýningarréttinn þó að ég hafi ekki kannað það sérstaklega.

[12:29]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. svörin og get staðfest það sem kom fram í lokin á máli hæstv. umhvrh., að sjónvarpið hefur ákveðið að kaupa sýningarrétt myndarinnar, hefur þegar gert það. Samkvæmt upplýsingum sem fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í útvarpsráði, Kristín Halldórsdóttir, hefur fengið, eru samningar við framleiðandann trúnaðarmál en jafnframt lýsti Rúnar Gunnarsson dagskrárstjóri innlendrar dagskrárdeildar því yfir í bréfi sem svaraði fyrirspurn Kristínar að greiðslur sjónvarpsins næmu iðulega 10–20% af framleiðslukostnaði mynda.

Þannig má áætla, herra forseti, að mynd Hrafns Gunnlaugssonar, Ísland í öðru ljósi, fái á bilinu 2,5–5 millj. frá Ríkisútvarpinu. Við höfum fréttir af því að hún hafi fengið 5 millj. frá Landsvirkjun, 9 millj. frá ríkisstjórninni og 7 millj. úr Kvikmyndasjóði. Við erum að tala um mynd sem hefur fengið úr opinberum sjóðum 23,5–25 millj. kr. Ég verð að segja það, herra forseti, að ég held að hvaða kvikmyndaframleiðandi sem er gæti verið vel sæmdur af upphæð af þessu tagi til að gera heimildarmynd um skipulagsmál.

Ég vil aðeins brýna hæstv. umhvrh. til að veita þeim sem vilja í framtíðinni gera myndir um framtíð Íslands, framtíð skipulagsmála, framtíð byggðar á Íslandi og framtíð hálendisins, svipað brautargengi og hún hefur veitt Hrafni Gunnlaugssyni. Það er auðvitað ljóst á svari hæstv. umhvrh. að sýn Hrafns Gunnlaugssonar til framtíðar kemur til með að verða túlkuð sem sýn umhvrh. og ríkisstjórnarinnar til framtíðar. Við vitum hver sú sýn er varðandi virkjanamál og stóriðjumálin.

Við vitum að heimamenn í Gnúpverja- og Skeiðahreppi berjast nú með hatrammri baráttu gegn áformum um virkjun í Þjórsárverum. Hvað ætlar Hrafn Gunnlaugsson að leggja til í sinni mynd varðandi sýn til framtíðar um Norðlingaölduveitu? Ætlar hann að vera þar á bandi ríkisstjórnarinnar eða á bandi þeirra sem deila á þau áform?

Ég ítreka að þetta eru viðkvæm mál og mér finnst ámælisvert að hæstv. umhvrh. skuli leggja sitt þunga lóð á vogarskálarnar á þennan hátt.

[12:32]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég get ekki sagt annað en að maður er rasandi hissa á þeim orðum sem hér falla. Það er algert rugl að halda því fram að þær myndir sem styrktar eru verði sjálfkrafa sýn viðkomandi styrktaraðila. Það er bara alls ekki þannig. Þó að við styrkjum mynd Hrafns Gunnlaugssonar um skipulagsmál er ekki þar með sagt að sýn okkar á skipulagsmál komi fram þar.

Við ritskoðum ekki þessar myndir, alls ekki. Við fáum upplýsingar um hvað höfundurinn hefur áhuga á að gera en það er ekki ritskoðað. Við förum ekki yfir nein handrit eða neitt slíkt þannig að það er alveg fráleitt að halda því fram að myndin verði einhver sérstök sýn umhvrh. eða sýn ríkisstjórnarinnar komi þar fram. Ég frábið mér málflutning af þessu tagi.

Það verður að segjast að maður er hálfhissa á að hér skuli koma upp þingmaður og segja að það sé ámælisvert að við styrkjum kvikmynd af þessu tagi. Var það ámælisvert að Reykjavík, sem menningarborg, styrkti myndina Reykjavík í öðru ljósi? Ég tel að það hafi ekki verið ámælisvert. Ég held að það hafi verið mjög snjallt og þarft verkefni. Ég tel einnig að hér sé um mjög gott verkefni að ræða sem við erum að styrkja. Ég átta mig alls ekki á þessum málflutningi. E.t.v. er hann á þeim nótum sem manni hefur fundist hingað til, að ef Hrafn Gunnlaugsson er styrktur sé það afar slæmt mál og rétt að leggja hann í einelti af ákveðnum hópum í samfélaginu. Ég tel að það sé ekki rétt.

Hrafn Gunnlaugsson hefur gert margar ágætar kvikmyndir þannig að ég tel rétt að við styrkjum þessa mynd. Hann er að gera mynd um skipulagsmál. Það er ekki vanþörf á því. Það má vel vera að þar komi fram eitthvað sem mönnum líkar ekki, hugsanlega eitthvað sem mér líkar ekki eða einhverjum öðrum hv. þm., ég skal ekki segja um það. Hér er hins vegar um ágætt verkefni að ræða sem er þess virði að styrkja en það er engin ritskoðun á myndinni.

Kostnaðarþátttaka Tryggingastofnunar við meðferð psoriasissjúklinga.

Fsp. ÁRÁ, 368. mál. — Þskj. 408.

[12:34]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Psoriasis er sjúkdómur af því tagi að læknar vita að eftir að hann kemur upp hjá sjúklingum verður hann ekki læknaður að fullu heldur er einungis hægt að halda sjúkdómnum niðri með sérstökum meðferðum sem að vísu eru til fleiri en ein. Rétt er að geta þess að áhrif þessa sjúkdóms geta verið allalvarleg á starfsgetu sjúklinganna og meðferð er oft með þeim hætti að hún er kostnaðarsöm, tímafrek og kostar fjarvistir frá vinnu og heimili meðan á henni stendur.

Tölum ber ekki saman um fjölda psoriasis-sjúklinga á Íslandi en nokkuð er ljóst að fjöldi þeirra sem hafa sjúkdóminn á alvarlegu stigi er um sex þúsund Íslendingar og álitið er að um það bil þrjú þúsund Íslendingar til viðbótar hafi þennan sjúkdóm á vægari stigum en þarfnist samt réttra viðbragða. Það skiptir miklu, þegar litið er til fyrirhafnar og hversu kostnaðarsamt er fyrir þetta fólk að fá meðferð sem þessi sjúkdómur krefst, að kostnaðarþátttaka Tryggingastofnunar

ríkisins, almannatrygginga sem við öll berum sameiginlega, sé með þeim hætti að sjúklingar fari jafnir frá kostnaði af sjúkdómnum og meðferð við honum. Þess vegna legg ég fram fyrirspurn til heilbrrh. um kostnaðarþátttöku Tryggingarstofnunar ríkisins við meðferð psoriasis-sjúklinga með þessari spurningu:

Hver er þátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði sjúklinga, að dagpeningum meðtöldum, í meðferð við psoriasis, og er tryggt að kostnaður umfram þátttöku stofnunarinnar sé jafn hvar sem þeir fá slíka meðferð?

Ég tel, herra forseti, að rétt sé að geta þess sérstaklega varðandi síðasta lið spurningarinnar að þær þrjár meðferðir sem hér þekkjast eru ólíkar, fara fram á ólíkum stöðum, ein þeirra erlendis og hinar tvær á gjörólíkum innlendum stofnunum.

[12:37]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykn. spyr um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði sjúklinga við psoriasismeðferð.

Greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar í meðferð psoriasissjúklinga getur verið með margvíslegum hætti og tekur mið af þeirri þjónustu sem veitt er hverju sinni í samræmi við lög, reglugerðir og reglur þar um. Hvað varðar heimsóknir til sérfræðilækna, þá greiða psoriasis-sjúklingar sama gjald og aðrir sjúkratryggðir fyrir heimsóknir til sérfræðilækna, samanber reglugerð nr. 218/2002, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum. Fyrir viðtal hjá húðlækni þarf almennur sjúklingur sem ekki hefur náð afsláttarkorti að greiða 2.124 kr.

Hvað lyfjakostnað varðar greiða psoriasis-sjúklingar fyrir lyf á sama hátt og aðrir sjúkratryggir, samanber reglugerð nr. 9/148 frá 2000, um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði, með síðari breytingum. Um greiðslur fyrir ljósaböð gildir reglugerð nr. 660/1998, um greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum, samanber reglugerð 137/2002. Um er að ræða tvenns konar meðferðaraðila. Í fyrsta lagi sérstakar göngudeildir fyrir meðferð húðsjúkdóma undir eftirliti lækna og er þá meðferðin greidd að fullu af Tryggingastofnun ríkisins. Í öðru lagi sérstakar göngudeildir sem hlotið hafa viðurkenningu heilbr.- og trrn. á því að meðferð sé veitt undir sérstöku eftirliti sérfræðinga í húðsjúkdómum þar sem einungis ljóstækjum með stillanlegu geislamagni er beitt. Slík meðferð er greidd af Tryggingastofnun ríkisins en þó er heimilt að innheimta gjald af sjúklingi fyrir hverja meðferð, 200 kr. fyrir B- og A-geisla með eða án smyrsla og 300 kr. fyrir PUVA meðferð.

Um greiðsluþátttöku vegna meðferðar í Bláa lóninu gilda reglur nr. 305/1998, um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í meðferð psoriasis- og exemsjúklinga. Samkvæmt reglunum er meðferð greidd að fullu en sjúklingar bera sjálfir kostnað við ferðir vegna meðferðarinnar. Möguleiki er á dvöl á sjúkrahóteli en þar þurfa sjúklingar að greiða fæðisgjald, sem nú er 700 kr. á dag.

Í gildandi samningi heilbrigðisyfirvalda við Bláa lónið er gert ráð fyrir 222 sjúklingum á ári þar sem fjöldi meðferðarskipta er 23 að meðaltali hjá hverjum sjúklingi.

Að síðustu er rétt að benda á að beri meðferð hér á landi ekki árangur og sjúklingi því brýn nauðsyn á að vistast á erlendu sjúkrahúsi eða meðferðarstofnun er unnt að sækja um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna slíkrar meðferðar, skv. 35. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993. Í þeim tilvikum er greiðsluþátttaka sjúkratrygginga hin sama og vegna annarra sjúklinga sem þurfa að leita sér læknismeðferðar erlendis þegar ekki er hægt að veita nauðsynlega hjálp hér á landi, þ.e. kostnaður við sjúkrahúsdvöl, læknishjálp, lyf og ferðir er greiddur að fullu auk dagpeninga fyrir þann tíma sem sjúklingur er ekki inniliggjandi á sjúkrahúsi, samanber reglugerð nr. 827/2002, reglugerð um ferðastyrki Tryggingastofnunar ríkisins vegna brýnnar sjúkdómsmeðferðar erlendis.

Þess má geta að það sem af er árinu hefur utanfararnefnd Tryggingastofnunar, í daglegu tali kölluð siglinganefnd, samþykkt svokallaða loftslagsmeðferð erlendis fyrir sjö sjúklinga. Eins og ég gat um í upphafi bjóðast psoriasissjúklingum fjölbreytileg meðferðarúrræði og er það vel. Að sama skapi er þátttaka ríkisins í meðferðarkostnaði sjúklinga mismunandi eftir því um hvaða þjónustu er að ræða.

Í upphafi þessa árs skipaði ég nefnd sem falið var að fara yfir ýmislegt er varðar sérstakar aðstæður psoriasis- og exemsjúklinga. Nefndin er skipuð að frumkvæði Spoex, samtaka þeirra sem hafa þessa sjúkdóma. Í nefndinni eiga sæti fulltrúi Spoex, landlæknisembættisins, Tryggingastofnunar ríkisins og Félags íslenskra húðlækna. Nefndin hefur farið yfir margvísleg mál sem varða sérstöðu þessa sjúklingahóps og hyggst skila mér tillögum sínum innan fárra vikna. Þegar ég hef fengið þær í hendur verða teknar ákvarðanir um hvort bæta megi aðstæður þessa hóps.

[12:41]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. þau svör sem hann hefur veitt við fyrirspurninni. Ég nefni sérstaklega það sem síðast kom fram, að á hans vegum er að störfum nefnd þar sem samtök psoriasis-sjúklinga, Spoex, eiga fulltrúa. Sú nefnd er að fjalla um hvað betur megi fara í þessu efni.

Ég vil þó taka sérstaklega fram að mér heyrðist koma fram í upplýsingum hæstv. heilbrrh. að sjúklingar sem nytu meðferðar í Bláa lóninu bæru skarðan hlut frá borði varðandi kostnaðarþátttöku Tryggingastofnunar, samanborið við þá sem koma til innlagnar á spítalann á Vífilsstöðum, í framtíðinni á Landspítalann í Fossvogi, og raunar líka þegar borið er saman við kostnaðarhlutfall við meðferð erlendis sem gjarnan er kölluð loftslagsmeðferð.

Það er rétt að geta þess að þessi meðferðarúrræði eru ólík og að sjálfsögðu komið undir athugunum og niðurstöðu læknis, sérfræðings í húðsjúkdómum, hvaða meðferð telst eiga við. Eitt af því sem samtök psoriasis-sjúklinga hafa bent á — væntanlega mun það koma fram í störfum nefndarinnar sem hæstv. ráðherra greindi frá — er að þau telja nauðsynlegt að sjúklingar eigi jafnari aðgang en nú er að öllum þessum þremur meðferðarúrræðum og jafnvel á þeim grundvelli að ekki þurfi að koma til úrskurðar sérfræðings hverju sinni en úrskurður geti gilt í lengri tíma en nú tíðkast eftir því sem fram hefur komið. Ég hvet til þess að það náist fram að þessir sjúklingar njóti jafnræðis í kostnaðarþátttöku.

[12:43]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrirspurnina. Sjónarmið hans verða tekin til greina í þeirri umræðu sem ég gat um og fer fram á okkar vegum. Ég efast ekki um að samtök psoriasis-sjúklinga muni koma sjónarmiðum sínum að í þeirri vinnu sem stendur yfir.

Ég vil aðeins geta þess að ég tel mikla möguleikar í Bláa lóninu fyrir meðferð psoriasis-sjúklinga. Þar höfum við verið að skoða með þeim aðilum mjög metnaðarfull áform um stækkun göngudeildar. Við erum vel meðvituð um það í ráðuneytinu hvaða möguleikar er þar fyrir hendi og hvernig starfsemin þar hefur þróast. Ég held að það sé einn af möguleikunum í íslenskri heilbrigðisþjónustu, að efla þá starfsemi. Vonandi getum við komið málum þannig fyrir.

Að öðru leyti skírskota ég til þess starfs sem er í gangi. Ég á von á tillögum nefndarinnar og mun þá fara nánar yfir þetta mál.

Út af dagskrá voru tekin 1.–2. mál.

Fundi slitið kl. 12:46.

---

39. FUNDUR

fimmtudaginn 28. nóv.,
kl. 2 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjárlög 2003, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 464, 473 og 474, brtt. 465, 477, 478, 479, 480, 482, 483, 484, 485, 486, 487, 488, 489 og 492. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 246. mál, þskj. 250, nál. 468. — 2. umr.
3. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 248. mál, þskj. 252, nál. 458. — 2. umr.
4. Örnefnastofnun Íslands, stjfrv., 358. mál, þskj. 398, nál. 463. — 2. umr.
5. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 376. mál, þskj. 428. — 1. umr.
6. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 377. mál, þskj. 429. — 1. umr.
7. Húsnæðissamvinnufélög, stjfrv., 396. mál, þskj. 457. — 1. umr.
8. Safnalög, stjfrv., 393. mál, þskj. 454. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Fjárlög 2003, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 464, 473 og 474, brtt. 465, 477, 478, 479, 480, 482, 483, 484, 485, 486, 487, 488, 489 og 492.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:04]

Bryndís Hlöðversdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þetta frv. ber skýran vott um að það eru kosningar að vori. Ríkisstjórnin tekur ekki á raunhæfan og heildstæðan hátt á fjárhagsstöðu ýmissa grunnstofnana samfélagsins eins og í heilbrigðis- og menntakerfinu þar sem tillögur ríkisstjórnarinnar eru því miður handahófskenndar og árlegar jólagjafir til gæluverkefna eru óvenjuríkulegar.

Samfylkingin hefur lagt fram tillögur til breytinga á frv. og þar koma fram helstu áhersluatriði okkar í einstökum málum sem miða einkum að því að bæta hag þeirra sem verst hafa farið út úr stjórnartíð núv. ríkisstjórnar. Þetta frv. er alfarið á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og því mun þingflokkur Samfylkingarinnar sitja hjá við einstakar tillögur meiri hluta fjárln.

[14:05]

Ólafur Örn Haraldsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Nú við upphaf atkvæðagreiðslunnar vil ég nefna að fjárlagafrv. sem hér verða greidd atkvæði um ber með sér ábyrga stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Eftir skammvinna og grunna lægð í efnahagslífinu horfum við nú fram á betri tíma með auknum hagvexti og stöðugleika sem mun bæta kjör almennings í landinu. Ég vek sérstaka athygli á þeim miklu framlögum sem nú eru til menntamála og velferðarmála og þar eru framlögin hvað mest til heilbrigðismála, málefna aldraða og fatlaðra. Með þessu kemur glögglega fram stefna ríkisstjórnarinnar í velferðarmálum jafnframt því að gefa atvinnulífinu frelsi til athafna og eflingar.

Þá vil ég, virðulegi forseti, sérstaklega benda hv. þingmönnum á glettni fjárln. sem kemur fram á bls. 21 en þar segir: „Framlög samkvæmt kjarasamningum til að bæta kjör þeirra sem lakast eru settir.“ Þar kemur síðan langur listi og efst er embætti forseta Íslands.

[14:06]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Nú er fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar að koma til atkvæðagreiðslu við 2. umr. Við afgreiðsluna í dag er fyrst og fremst verið að greiða atkvæði um gjaldahlið frv. og tekjuhliðina eins og hún var lögð fram í upphafi en eins og allir vita verða við 3. umr. greidd atkvæði um teknahliðina í heild sinni og fjárlagafrv. í heild.

Meiri hlutinn í fjárln. hefur lagt fram allnokkrar brtt. við frv. til fjárlaga og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munum styðja þær einstöku tillögur sem okkur þykir horfa til bóta og vera til jöfnunar og auka þátt þeirra sem við viljum styrkja í samfélaginu.

Við munum einnig sitja hjá við þær tillögur sem við viljum vísa algerlega á ábyrgð og hendur ríkisstjórnarinnar og munum við greiða atkvæði gegn þeim tillögum sem hér eru lagðar til sem ganga þvert gegn stefnumiðum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa flutt allnokkrar brtt. við frv. sem er ætlað að taka á allra veik-

ustu þáttum í því sem meiri hlutinn leggur fram. Við vonumst til að þær breytingar fái gott brautargengi. Einstakar tillögur geta þó verið kallaðar til baka til 3. umr. eftir atvikum.

Ljóst er, virðulegi forseti, að enn þá vantar veigamikla liði inn í gjaldahlið frv. Eftir er að færa þar inn niðurstöðutölur og útfærslur á samningi við Landssamband eldri borgara. Einnig eru liðir sem lúta að ákveðnum þáttum í heilbrigðisþjónustu og fleiru sem við vonumst til að tekið verði formlega á fyrir 3. umr.

Virðulegi forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munum sitja hjá við lokaafgreiðslu fjárlagafrv. við 2. umr. og vísa ábyrgð á því í heild sinni á meiri hluta Alþingis, þess sem hefur staðið og ráðið ferð við fjárlagagerðina.

[14:09]

Gísli S. Einarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Eins og fram hefur komið í máli hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur munum við sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu en ég vil vekja sérstaka athygli hv. Alþingis á sérstökum tillögum sem við ætlum að draga til 3. umr., m.a. tillögu á bls. 14 þar sem um er að ræða að atvinnuleysisbætur verði hækkaðar til samræmis við launavísitölu og samkomulag Landssambands eldri borgara og ríkisstjórnarinnar. Þetta þýðir rúmlega 5 þús. kr. hækkun atvinnuleysisbóta fyrir hvern einstakling sem er á atvinnuleysisbótum um næstu áramót. En í raun þyrfti að hækka atvinnuleysisbætur um 10–15 þús. kr. fyrir hvern einstakling frá árinu 1997, pr. mánuð. Það er vegna þeirrar skerðingar sem það fólk hefur orðið fyrir. Þess vegna vek ég sérstaklega athygli á þessari tillögu og beini því til hæstv. ríkisstjórnar að skoða þetta mál rækilega og beina því til fjárln. að taka á málinu fyrir 3. umr.

Sundurliðun 1 (liður 5, 1.2.20) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

16 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JB, KolH, KLM, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRJ, EOK, GAK, GÖ, GunnB, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, LB, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Sundurliðun 1 (tekjur A-hluta) að öðru leyti samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

17 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, EOK, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 465,1.a–b samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

11 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁRJ, EOK, GuðjG, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KolH, KHG, LMR, MF, SP, SJS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 489,1 kölluð aftur.

Brtt. 465,1.c–f og 2–3 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG.

12 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRJ, EOK, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 489,2 kölluð aftur.

Brtt. 465,4–12.a og sérstök yfirlit IV, 1–2 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

11 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EOK, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 489,3.a felld með 33:15 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, BH, GE, GÁS, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

2 þm. (EMS, SvH) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, EOK, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:14]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér eru greidd atkvæði um tillögu sem 1. minni hluti fjárln. hefur lagt fram til þess að reyna að bæta fjárhagsstöðu framhaldsskóla landsins en á undanförnum árum hefur þróun þeirra mála verið með þeim hætti að fjöldi skóla er nú í úlfakreppu í fjárhagslegu tilliti. Það er augljóst mál að ekki er vilji fyrir því í menntmrn. né af hálfu meiri hluta fjárln. að taka á þeim vanda og því stefnir í óefni í framhaldsskólum landsins. Þessi tillaga gerir ráð fyrir að bæta úr þeirri brýnustu þörf sem í þessum stofnunum er.

Brtt. 465,12.b samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

10 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JB, JHall, KVM, KHG, KLM, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 489,3.b kölluð aftur.

Brtt. 487 felld með 34:5 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

12 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:16]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um tillögu um fjárframlag til þess að stofna framhaldsskóla Snæfellinga upp á 80 millj. kr. Það er sú upphæð sem nefnd á vegum sveitarfélaganna á Snæfellsnesi hefur staðið einhuga að að væri nauðsynleg byrjunarfjárveiting til að stofna þann skóla með þeim hætti að hann gæti tekið til starfa haustið 2003.

Virðulegi forseti. Sveitarfélögin á norðanverðu Snæfellsnesi standa einhuga að þessari áætlun og hún hefur verið unnin í samvinnu við menntrn. Ég tel að þetta sé eitt brýnasta mál fyrir Snæfellinga að fá þennan framhaldsskóla staðfestan og veitt fjármagn til hans með þeim hætti að hann geti tekið til starfa haustið 2003.

[14:17]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég hef ákveðið að leggja til fjármuni af ráðstöfunarfé menntmrn. til undirbúnings framhaldsskóla á Snæfellsnesi og ég hygg að heimamenn séu sáttir við þá lausn mála.

Brtt. 465,13–15 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

12 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 479,1 felld með 34:5 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

12 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:18]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er um að ræða brtt. frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs sem lýtur að Þjóðminjasafninu og grunnsýningu þess. Hæstv. menntmrh. hefur gefið yfirlýsingu um það í þessum sal að að öllum líkindum verði Þjóðminjasafnið opnað að nýju árið 2004. Það standa auðvitað vonir til þess að það verði fyrri hluta árs. Það þýðir að við erum að falla á tíma með að fjármagna grunnsýningu safnsins, fjármagna þá nauðsynlegu framkvæmdarliði sem safnið sjálft þarf að standa straum af kostnaði við.

Safnið hefur gert áætlun upp á 116 millj. Við höfum lagt til 36 millj. í viðbót við það sem gert er ráð fyrir í frv. Ég tel því að hér sé um að ræða brtt. sem geti gert það að verkum að grunnsýning safnsins þegar að opnun kemur verði hin glæsilegasta.

Brtt. 465,16–17 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

11 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 479,2 felld með 33:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, VE, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, ÞKG.

12 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 465,18.a–c samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

9 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 492 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

12 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 465,18.d–p og sérstök yfirlit IV, 3–4, svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

12 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 479,3 felld með 33:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÍGP*, JB, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

11 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, LB, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í þessari brtt. leyfum við okkur allra náðarsamlegast að leggja það til við hið háa Alþingi að framlög *til húsafriðunarsjóðs* verði hækkuð um 30 millj. kr. Þar er á ferðinni þjóðþrifastarfsemi sem hefur verið sárlega svelt þannig að menningarverðmæti liggja undir skemmdum úti um allt land svo tugum skiptir. Ein 45 hús á skrá Þjóðminjasafnsins fá alls engar fjárveitingar eins og fjármunum safnsins er háttað og brýn þörf er á því, herra forseti, að leggja meiri fjármuni til þessa verkefnis. Fátt er þarfara en að halda slíkum verðmætum við og forða þeim frá glötun. Nær alfarið er um launakostnað að ræða þegar ráðist er í viðhaldsverkefnin þannig að þarna er fjármunum varið til þarfra hluta í margföldum skilningi, bæði til varðveislu menningarverðmæta og til að greiða laun þeirra sem við þá varðveislu starfa.

Brtt. 465,19 og sérstök yfirlit IV,5 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

11 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRJ, EOK, GAK, GHall, GÖ, JÁ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 479,4 kölluð aftur.

[14:26]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það er auðvitað gott að það gangi undan okkur við þessa vinnu. En ég hafði ekki hugmyndaflug til að láta mér detta í hug að framkvæmd atkvæðagreiðslunnar yrði með þeim hætti að settir yrðu saman í einni atkvæðagreiðslu liðir sem heyra undir mismunandi ráðuneyti eins og hér gerðist áðan. Ég hafði hugsað mér að biðja um sératkvæðagreiðslu — eða reiknaði satt best að segja með því að þegar lyki atkvæðagreiðslum um liði sem heyra undir menntmrn. þá yrðu sjálfkrafa gerð þar skil og síðan hafist handa við afgreiðslu á málefnum sem heyra undir utanrrn. Þá hefði sjálfkrafa hafist ný atkvæðagreiðsla við tölulið 26 í þessu breytingartillöguskjali. Þess vegna hefði ég gjarnan viljað fá sérstaka atkvæðagreiðslu um þá tölulið því að þar ætluðum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að *sitja hjá en reyndar má svo sem koma þeim upplýsingum á* framfæri hér.

En þar sem ekki er hafin ný atkvæðagreiðsla á eftir atkvæðagreiðslu um brtt. okkar og meðan athugasemdir fóru fram þá lokaði forseti þeirri atkvæðagreiðslu, þá óska ég eftir því að hún verði endurtekin þannig að ég geti a.m.k. greitt minni eigin brtt. atkvæði.

(**Forseti** (HBl): Hv. þm. hefur gert svo skýra grein fyrir máli sínu að ég ætla að verða við beiðni hans um að endurtaka báðar atkvæðagreiðslurnar.)

Brtt. 465,20–25 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

12 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 465,26–28 og sérstök yfirlit IV, 6–11 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

17 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 488 felld með 34:5 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

11 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, LB, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:29]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Tillagan felur í sér að tveir liðir sem báðir flokkast undir framlög Íslands til þróunaraðstoðar eða þróunarsamvinnu verði hækkaðir um samtals 300 millj. kr. Það er annars vegar liðurinn Þróunaraðstoð undir verkefnum Þróunarsamvinnustofnunar um 200 millj. og hins vegar liðurinn

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi, undirliður 1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð verði hækkaður úr þeim heilu og rausnarlegu 18,5 millj. kr. sem ríkisstjórn Íslands og meiri hluti hennar leggur til í 118,5 millj. kr. Það þarf ekki að minna hv. þingmenn á hversu skammarlegt framlag Íslands er til friðsamlegrar, borgaralegrar og uppbyggilegrar þróunarsamvinnu í heiminum en þar vermir Ísland skammarkrókinn ásamt með Bandaríkjunum og leggur lægsta hlutfall þjóðartekna af öllum velmegunarríkjum innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar, eða rétt liðlega 0,1% af landsframleiðslu til þessara verkefna og er tæpast hægt að verða stoltur af. Þetta mundi því örlítið, herra forseti, laga þá hörmulegu frammistöðu Íslands ef samþykkt yrði.

Brtt. 465,29 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

12 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 465,30 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

17 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:31]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um hvort landbrn. eigi að auka störf sín hjá Evrópusambandinu. Hliðstæð tillaga er einnig uppi hjá iðnrn. um að auka þar hlutverk og verkefni. Þar er verið að sækja um auknar starfshlutdeildir. Ég tel að landbrn. hafi öðrum mikilvægari hnöppum að hneppa en að efla starfsemi sína í Brussel. En við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munum þó ekki leggjast gegn tillögunni.

[14:32]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil gera grein fyrir þessum 7 millj. Það er auðvitað fyrst og fremst mikilvægt að halda vaktina í Evrópu. (Gripið fram í.) Við þurfum á mörgum sviðum að fylgjast með þeim samningum sem við höfum gert til þess að standa vörð um íslenskan landbúnað. Ef heimóttar... — ég má nú ekki segja svona ljótt orð, hæstv. forseti. En mér finnst það uppgjöf ef menn gera sér ekki grein fyrir því að við fórum í og erum í flóknum samningum, í GATT-viðræðum, WTO-samningum og í EES-samningum. Það ber að halda uppi rétti og stöðu Íslands. (**SJS:** Það er minnst af þessu í Brussel.) (**JB:** Þetta er í Genf.) (**SJS:** Þetta er í Genf.) Þessi maður vinnur mikið verk fyrir landbúnaðinn í heiminum öllum (**Gripið fram í:** Já!) þannig að það er mikilvægt í stöðunni að halda fram rétti íslensks landbúnaðar og varnarstöðu. (Forseti hringir.) Þið þekkið það nú, hv. þingmenn, að hér hefur margt gerst sem snýr bæði að innflutningi og öðru þar sem vissara er að standa vaktina til varnar (Forseti hringir.) íslenskum landbúnaði. (**Gripið fram í:** Góð verk skal vinna.)

(**Forseti** (HBl)**:** Þá er það upplýst hvar heimurinn allur er.)

Brtt. 465,31–32 og sérstök yfirlit IV, 12 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

11 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRJ, EKG, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, LB, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 480,1 kölluð aftur.

Brtt. 465, sérstök yfirlit IV, 13 og 33 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

12 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 484 kölluð aftur.

Brtt. 465,34–36 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack.

11 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MS, MF, SP, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 478 kölluð aftur.

Brtt. 465,37–38.a samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

11 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, LB, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 489,4 felld með 34:17 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.
12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:36]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Hér er á ferðinni tillaga um að bæta almenna löggæslu í landinu. Til fjárln. komu fulltrúar fjölmargra sveitarfélaga sem kvörtuðu mjög yfir skorti á almennri löggæslu í sveitarfélögunum. Áberandi umræða hefur verið um vöntun á almennri löggæslu í Reykjavík. Við vekjum athygli á þessu alvarlega máli því að almenn löggæsla hefur dregist saman um sem nemur 30% á undanförnum árum. Dregið hefur verið úr framlögum um 30%. Þess vegna bendum við á þessa tillögu og vísum sérstaklega til þeirrar beiðni sem liggur fyrir frá sveitarfélögunum.

Brtt. 479,5 kölluð aftur.

Brtt. 465,38.b–c og 39–46 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.
11 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, SvanJ, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 489,5 kölluð aftur.

Brtt. 465,47–50 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.
11 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 486 kölluð aftur.

Brtt. 465,51–53.a samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.
10 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SJóh, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 489,6 kölluð aftur.

Brtt. 465,53.b–d og 54 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack.
9 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁRJ, EOK, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, LB, MF, RG, SP, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 465,55–57 og sérstök yfirlit IV, 14 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ*, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB*, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, ÞKG.
15 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 489,7 kölluð aftur.

Brtt. 465,58–59 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.
12 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRJ, GuðjG, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 483,1 kölluð aftur.
Brtt. 489,8 kölluð aftur.

Brtt. 465,60–67, sérstök yfirlit IV, 15–16 og sérstök yfirlit I samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.
11 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:42]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um auknar fjárheimildir til margra góðra verka eins og t.d. til Landspítala – háskólasjúkrahúss og sjúkrahúsa óskipt og annarra á sviði heilbrigðismála. Þetta er allt mjög gott svo langt sem það nær.

Ég vil vekja athygli á því að enn hafa allmörg sjúkrahús, einkum á landsbyggðinni, ekki fengið viðhlítandi úrlausn á fjárhagsvanda sínum og rekstrarvanda. Ég legg áherslu á að það verði skoðað á milli 2. og 3. umr. Að sjálfsögðu styðjum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs það sem hér er verið að leggja til en viljum að hinir liðirnir, sjúkrahúsin úti um land séu einnig skoðuð.

Brtt. 489,9 kölluð aftur.

Brtt. 465,68 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

12 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 483,2–3 kölluð aftur.

Brtt. 465,69 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

12 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, ÍGP, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 489,10 kölluð aftur.

Brtt. 465,70 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG.

16 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, EKG, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 489,11 felld með 34:15 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, SvanJ, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:45]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér er lögð fram tillaga um að hækka aldursmörk vegna ótekjutengdra barnabóta og má segja að hér sé verið að gefa Framsfl. möguleika til þess að ljúka kosningaloforðum sínum á þessu sviði sem hann gaf í kosningabaráttu sinni árið 1999 því að nú fer í hönd síðasta ár þessa kjörtímabils og því eðlilegt að látið sé á það reyna hver merking hv. þingmanna Framsfl. var í þeirri kosningabaráttu. Við leggjum til að aldursmörkin verði hækkuð úr sjö ára í 16 ár. Ég segi já.

Brtt. 465,71–73 og sérstök yfirlit II, III og IV, 17–20 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

12 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 489,12 kölluð aftur.

Brtt. 465, sérstök yfirlit IV, 21–23 og 74 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

13 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 480,2 kölluð aftur.

Brtt. 465,75 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

17 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:48]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil aftur vekja athygli á því hvar áherslurnar liggja. Ég benti áðan á að landbrn. er að auka starfsvettvang sinn í Brussel. Hér er verið að leggja til hliðstætt við iðnrn., þ.e. að iðnrn. fái 7 millj. kr. á fjárlögum næsta árs til þess að auka við verkefni sín í Brussel.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs getum ekki séð að áherslur íslenskra hagsmuna eigi að liggja þar fyrst og fremst. Við leggjumst ekki gegn þessu ákvæði en viljum benda á þetta og sitjum hjá.

[14:49]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og öllum er kunnugt erum við aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði sem þýðir að við þurfum

að innleiða tilskipanir sambandsins að verulegu leyti. Iðn.- og viðskrn. á drjúgan hluta af þessum tilskipunum, líklega gæti það verið hátt í einn þriðji. Því er rík ástæða til þess að við eigum starfsmann í Brussel. Með þessari brtt. er lagt til að við eigum ekki hálfan starfsmann á móti landbrn., eins og hefur verið fram að þessu, heldur starfsmann í fullu starfi. Ég tel að þessum fjármunum sé ákaflega vel varið.

Brtt. 465,76 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

11 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 477 felld með 34:5 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

12 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:50]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Í þessari tillögu er lagt til að aukið verði framlag til dreifikerfis í sveitum, einkum til þess að bjóða fólki í sveitum upp á þriggja fasa rafmagn. Einnig er lagt til að framlag til Rariks vegna dreifbýlisveitna verði 500 millj. kr. en það er sú upphæð sem fyrirtækið telur að hið svokallaða félagslega kerfi veitnanna kosti. Fram að þessu hafa þéttbýlissveitarfélögin á landsbyggðinni kostað þetta í gegnum notkun sína á rafmagni frá Rafmagnsveitum ríkisins.

Einnig er lagður til nýr liður, Stofnframlög til hitaveitna í dreifbýli, 50 millj. kr. Ég segi já.

Brtt. 483,4 kölluð aftur.

Brtt. 465,77–79 og sérstök yfirlit IV, 24 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

12 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, KPál, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 479,6 felld með 34:5 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

12 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við leggjum til að heimilt verði að ríkið verji 100 millj. kr. meira til fráveitna til að styrkja framkvæmdir vegna fráveitna sveitarfélaga. Þau mál eru langt frá því að vera í nógu góðu horfi og sveitarfélögin ráða mörg hver ekki við það af sínum tekjum að ráðast í framkvæmdir og greiða sinn hluta kostnaðarins þannig að þau geta ekki einu sinni nýtt sér þá styrki sem að nafninu til eiga að heita í boði af hálfu ríkisins. Því er aldeilis óhjákvæmilegt, herra forseti, að endurskoða þessa framkvæmd og að ríkið leggi þarna meira af mörkum ellegar mun engra úrbóta að vænta í þessum efnum, a.m.k. ekki hjá þeim hluta sveitarfélaganna sem býr við erfiðastan fjárhag um þessar mundir, en þau eru mörg og einmitt gjarnan þau sveitarfélög sem hafa með öllu frestað þessum framkvæmdum eða ekki getað ráðist í þær. Við leyfum okkur því að leggja til að þessi fjárhæð verði hækkuð um 100 millj. kr.

[14:54]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Sú upphæð sem er til ráðstöfunar, án þeirrar hækkunar sem hér er lögð til, mun duga miðað við þær framkvæmdir sem hafa verið í ár. Yfirstandandi er úttekt á því hvort gera þurfi einhverjar sérstakar breytingar til að koma til móts við önnur sveitarfélög. En fjölmörg sveitarfélög eru búin með þessar framkvæmdir og ég hygg að um 70% landsmanna búi í sveitarfélögum sem hafa forgangsraðað þannig að þetta verkefni er búið hjá þeim. Einstök sveitarfélög búa við mjög ankannalegar aðstæður landfræðilega séð vegna þessara mála og við munum sjá þegar úttektin kemur til okkar, trúlega á næsta ári, hvort það þurfi að skoða þetta eitthvað frekar. En þessi mál eru í ágætisfarvegi.

[14:55]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er hálfundarlegt að ráðherrar séu í andsvörum við atkvæðaskýringar stjórnarandstöðuþingmanna í gríð og erg. Sannleikurinn er auðvitað sá varðandi það atriði sem hér er um rætt að fráveituverkefni sveitarfélaganna eru gífurlega fjárfrek. Sveitarstjórnir hafa verið að koma til fjárln. og óska eftir því við hana að hlutur ríkisins í ákveðnum verkefnum verði aukinn. Ástæðan fyrir því að þau sækja ekki um stuðning ríkisins er sú að þau hafa ekki bolmagn til að leggja fram þann hluta sem þau sjálf þyrftu að leggja til. Það er alveg forkastanlegt að hæstv. umhvrh. skuli ekki hlusta á raddir sveitarfélaga sem búa við sérstakar aðstæður. Hér þarf að taka verulega á og tillagan sem hér er til umfjöllunar mundi gera það. (**Gripið fram í:** Það þarf að gera úttekt.)

Brtt. 479,7 felld með 34:5 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH,

HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

12 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:56]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Sú tillaga sem hér er verið að greiða atkvæði um fjallar um vanda sem Náttúrufræðistofnun Íslands á við að glíma. Erfiðleikar Náttúrufræðistofnunar Íslands hafa að hluta komið til vegna þess að stofnunin er að leggja gjörva hönd á plóg við að útbúa náttúruverndaráætlun sem hæstv. umhvrh. hefur lofað að verði lögð fyrir það þing sem nú stendur yfir, enda er það lögbundið samkvæmt náttúruverndarlögum. Raunar á það að gerast á árinu 2002.

Ekki hafa komið til sérstakar fjárveitingar til Náttúrufræðistofnunar vegna þessa verkefnis. Sömuleiðis hefur Náttúrufræðistofnun Íslands unnið að gerð rammaáætlunar ríkisstjórnarinnar og hefur þar gífurlega mikið verk verið unnið. Eins má segja, hæstv. forseti, að Náttúrufræðistofnunin hefur ekki fengið nein sérframlög vegna þeirrar vinnu sinnar. Þessi tillaga mundi bæta þarna úr.

Brtt. 482 kölluð aftur.

Brtt. 465,80–82 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

11 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Sundurliðun 2 (fjármál ríkisaðila í A-hluta), svo breytt, samþ. með 33:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ.

16 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Sundurliðun 3–4 (fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta, fjármál lánastofnana í C-hluta) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

17 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. (rekstraryfirlit ríkissjóðs), svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

16 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GÁS, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, BH, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. (sjóðsstreymi ríkissjóðs), svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

13 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GÁS, JÁ, KolH, KLM, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁRJ, BH, GAK, GÖ, JóhS, JB, JHall, KVM, KHG, LMR, LB, MF, SP, SJS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

3.–6. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

16 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JB, KolH, KLM, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, LB, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 485 kölluð aftur.

7. gr. (liðir 1.1–6.23) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

16 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GÁS, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, BH, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

7. gr. (liður 6.24) samþ. með 34:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

12 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:01]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við erum að sjálfsögðu ekki andvíg því að gerðar verði úrbætur í fangelsismálum. Ef vantar fleiri tugthússpláss þá ber að bæta úr því. En við teljum að það sé hlutverk ríkisins að byggja, eiga og reka slíkt húsnæði og standa fyrir slíkri starfsemi og erum alfarið andvíg því að haldið sé út á braut einhvers konar einkafjármögnunar, einkarekstrar eða einkavæðingar tugthússmála í landinu. Slíkt hefur verið gert sums staðar annars staðar með hörmulegum afleiðingum og þarf ekki sögur af því að segja.

Við teljum þar af leiðandi að ekki eigi að standa að málum með þessum hætti. Þar á ofan er um opna heimildargrein að ræða sem engar upplýsingar liggja fyrir um hvernig nýtt yrði. Við teljum því eðlilegast að ríkisstjórnin undirbúi málin betur og leggi þá fyrir Alþingi tillögur um byggingu fangelsis eftir því sem ástæða verður talin til. Við munum greiða atkvæði gegn þessum lið.

7. gr. (liðir 6.25–7.10) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

16 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JB, KolH, KLM, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, LB, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

14 þm. (ÁRJ, EOK, GAK, GÖ, JóhS, JHall, KVM, KHG, LMR, LB, MF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að þetta fjárlagafrv. muni ekki teljast sæta miklum tíðindum né heldur árangur hæstv. ríkisstjórnar í ríkisfjármálum þegar þeir hlutir verða skoðaðir. Satt best að segja er hann ekki annar og merkilegri en sá að heita má að rekstur ríkisins sé í járnum og þó tæplega það ef frá er dregin eignasala. Þetta, herra forseti, get ég ekki talið merkilegan árangur. Við sjáum hins vegar ekki ástæðu til þess að leggjast gegn því að þetta frv. gangi milli umræðna. Það mun vera það sem nú eru greidd atkvæði um og ég get stutt það.

[Fundarhlé. — 15:04]

Veiðieftirlitsgjald, 2. umr.

Stjfrv., 246. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 250, nál. 468.

[15:30]

Frsm. sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 33 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

Í þessu frv. var lögð til hækkun á gjaldi fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni og gjaldi á úthlutaðar veiðiheimildir eða landaðan afla metinn í þorskígildistonnum. Enn fremur var verið að rýmka greiðsluskyldu vegna veiðieftirlitsmanna þannig að hún nái einnig til útgerða skipa sem vinna fisk um borð þótt ekki sé um fullvinnslu að ræða.

Nefndin telur að síðastnefnda breytingin þarfnist meiri skoðunar, samhliða frv. til breytinga á lögum nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, með síðari breytingum.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með þeirri breytingu að 3. gr. falli brott.

Undir þetta álit rita eftirtaldir hv. þm.: Einar K. Guðfinnsson, formaður og framsögumaður, Árni Ragnar Árnason, Guðjón A. Kristjánsson, Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Jóhann Ársælsson, Svanfríður Jónasdóttir og Vilhjálmur Egilsson. Árni Steinar Jóhannsson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, sat fund hennar og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, 2. umr.

Stjfrv., 248. mál (EES-reglur). — Þskj. 252, nál. 458.

[15:32]

Frsm. menntmn. (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með síðari breytingum.

Tilgangur frv. er að koma í framkvæmd hér á landi tilskipun Evrópusambandsins nr. 2001/19/EB sem lýtur að einföldun á gildandi reglum um gagnkvæma viðurkenningu á menntun og prófskírteinum sem m.a. koma fram í tilskipunum Evrópusambandsins nr. 89/48/EBE og 92/51/EBE. Með innleiðingu tilskipunarinnar er jafnframt verið að samræma ákvæði á þessu sviði og skýra frekar atriði sem hafa þótt óljós.

Tilgangur þessara tilskipana er að auðvelda frjálsan flutning ríkisborgara innan Evrópska efnahagssvæðisins sem óska eftir því að stunda starf sitt í öðru landi en því sem þeir hlutu menntun sína og starfsþjálfun í. Framkvæmd framangreindra tilskipana hefur þannig auðveldað íslenskum ríkisborgurum að fá heimild til að starfa í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. rita Gunnar Birgisson, formaður og framsögumaður, Ólafur Örn Haraldsson, Sigríður Ingvarsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Örnefnastofnun Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 358. mál (afnám stjórnar). — Þskj. 398, nál. 463.

[15:34]

Frsm. menntmn. (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 14/1998, um Örnefnastofnun Íslands.

Með frv. er lagt til að stjórn Örnefnastofnunar verði lögð niður jafnframt því sem valdsvið og hlutverk forstöðumanns verður gert skýrara en í gildandi lögum.

Ástæður þessara breytinga má rekja til nál. nefndar á vegum fjmrn. um ábyrgð, valdsvið og stjórnunarumboð forstöðumanna frá október 2000. Þar kom fram að stjórnsýsluleg staða, hlutverk stjórna og staða forstöðumanna væri oft óskýr og af því leiddi að óljóst væri hver bæri ábyrgð á rekstri viðkomandi stofnunar. Því var lagt til í nál. að stjórnum ríkisstofnana yrði fækkað og þær aðeins nýttar þar sem sérstök ástæða væri til að gera stjórn stofnunar sjálfstæðari en almennar reglur ríkisrekstrarins gæfu tilefni til.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. rita Gunnar Birgisson, formaður og framsögumaður, Ólafur Örn Haraldsson, Sigríður Ingvarsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Safnalög, 1. umr.

Stjfrv., 393. mál (safnaráð, verkefni höfuðsafna o.fl.). — Þskj. 454.

[15:35]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á safnalögum, nr. 106/2001.

Í fyrsta lagi er lagt til í 1. gr. frv. að orðin „söfnum í eigu ríkisins og“ í 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. safnalaga falli brott.

Í upphaflegu frv. menntmrh. til safnalaga, sem varð að lögum nr. 106/2001, var gert ráð fyrir því í 2. mgr. 2. gr. að í safnaráði sætu fulltrúar sem ekki hefðu nein tengsl við höfuðsöfn eða söfn í eigu ríkisins. Því safnaráði var m.a. ætlað að hafa eftirlit með söfnum í eigu ríkisins. Áður en frv. var samþykkt sem lög frá Alþingi var gerð sú breyting að forstöðumenn höfuðsafna fengu sæti í safnaráði. Eftirlitshlutverki safnaráðs var ekki breytt til samræmis við þessa breytingu en skv. 3. gr. safnalaga hefur ráðið m.a. eftirlit með söfnum í eigu ríkisins. Hér er lögð til sú breyting á 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna að orðin „söfnum í eigu ríkisins og“ falli brott. Ástæðan er sú að forstöðumenn höfuðsafna, sem öll eru í eigu ríkisins, bera ábyrgð á starfsemi safna sinna gagnvart ráðherra í samræmi við lög sem um söfnin gilda og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Því er það í andstöðu við þá skipan að fela safnaráði sérstakt eftirlitshlutverk gagnvart höfuðsöfnunum.

Í öðru lagi eru í 2. gr. frv. þessa lagðar til orðalagsbreytingar í 2. málsl. 4. mgr. og 2. málsl. 5. mgr. 5. gr. safnalaga þar sem í þeim er ekki samræmi milli höfuðsafna hvað verkefni og verksvið snertir. Samkvæmt lögunum er Þjóðminjasafn Íslands höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu, Listasafn Íslands höfuðsafn á sviði myndlistar og Náttúruminjasafn Íslands höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Með breytingunni er tekið mið af skilgreiningunni á söfnum samkvæmt 4. gr. laganna og er nauðsynlegt að hún endurspeglist einnig í upptalningu á verkefnum höfuðsafnanna. Um hlutverk Listasafns Íslands er kveðið á í lögum nr. 58/1988 og miðast brtt. einnig við efni þeirra. Rannsóknarþátturinn skv. 4. gr. safnalaga er þó ekki í upptalningu á hlutverki Náttúruminjasafns Íslands til að hlutverk þess rekist ekki á við hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þá nær breytingin einungis til gripa sem eru í eigu Náttúruminjasafns Íslands en ekki til vísindasafna Náttúrufræðistofnunar Íslands eða starfsemi sem tengist þeim söfnum.

Að lokum er lagt til í 3. gr. frv. að heimild verði sett í lögin til að greiða útgjöld vegna starfsemi safnaráðs úr safnasjóði. Greiða þarf nefndarlaun, fargjöld fyrir ráðsmenn sem búa utan höfuðborgarsvæðis, þóknun vegna umsýslu og fleira.

Herra forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. menntmn. og til 2. umr.

[15:39]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er lagt fram frv. til laga um breyting á safnalögum sem voru samþykkt árið 2001. Við yfirferð á þessu frv. og athugasemdum við það finnst mér vera um að ræða sjálfsagðar breytingar sem ég lít svo á að nefndin muni samþykkja innan tíðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðissamvinnufélög, 1. umr.

Stjfrv., 396. mál (heildarlög). — Þskj. 457.

[15:40]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Frv. þetta er samið af nefnd sem ég skipaði 3. maí 2001. Verkefni nefndarinnar samkvæmt skipunarbréfi var að vinna að heildarendurskoðun laga um húsnæðissamvinnufélög. Í nefndina voru skipaðir Einar Jónsson, lögfræðingur hjá Íbúðalánasjóði, Gunnar Jónatansson, framkvæmdastjóri Búseta, Sævar Sigurgeirsson endurskoðandi, sem jafnframt er stjórnarmaður hjá Búmönnum, Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, lögfræðingur í félmrn., og Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri, sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Fyrstu lög um húsnæðissamvinnufélög hér landi voru lög nr. 24/1991 en þá var lagarammi um starfsemi húsnæðissamvinnufélaga í VII. kafla laga um Húsnæðisstofnun ríkisins undir heitinu „Húsnæðissamvinnufélög og búseturéttur“. Þegar Húsnæðisstofnun ríkisins var lögð niður og Íbúðalánasjóður settur á laggirnar með lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, voru lög um húsnæðissamvinnufélög aðskilin frá heildarlöggjöf um húsnæðismál og fundinn staður í sérstökum lögum um húsnæðissamvinnufélög. Mjög litlar breytingar urðu á þeim tíma á lögunum en þó var tekið út ákvæði um verðtryggingu á endurgreiðslu búseturéttar.

Núna eru nokkur húsnæðissamvinnufélög á landinu. Tvö þeirra eru langstærst, Búseti hsf. Reykjavík og Búmenn. Búseti hsf. Reykjavík var stofnað 15. október árið 1983 og voru fyrstu búsetuíbúðirnar teknar í notkun árið 1988. Í dag eru um 550 búsetuíbúðir í eigu og rekstri á vegum búsetafélaga, flestar á höfuðborgarsvæðinu. Á Akureyri eru yfir

60 íbúðir en síðan eru 5–15 íbúðir á Akranesi, á Húsavík, í Neskaupstað og á Egilsstöðum. Félagsmenn þessara félaga eru samtals um 2.800. Í lok síðasta árs stofnaði Búseti hsf. á höfuðborgarsvæðinu sérstakt félag til að annast rekstur leiguíbúða fyrir almennan markað. Búseti hsf. tekur jafnframt þátt í átaki sem sett var af stað að frumkvæði félmrn. til þess að fjölga leiguíbúðum í landinu. Félag Búseta hsf. hefur hafið byggingu á fyrstu leiguíbúðunum sem verða alls 300 í þessu sérstaka átaki.

Húsnæðissamvinnufélagið Búmenn var stofnað 1998. Félagssvæðið er allt landið og hafa verið stofnaðar átta félagsdeildir innan þess. Búmenn voru í upphafi deild innan Búseta í Reykjavík sem síðan þróaðist í sjálfstætt landsfélag. Meginmunur milli Búseta og Búmanna er aldursskilyrði í síðarnefnda félaginu en félagsmenn þurfa að hafa náð 50 ára aldri til að hafa rétt til búseturéttarkaupa. Íbúðir Búmanna eru með góðu aðgengi og m.a. þannig lögð áhersla á að íbúarnir geti búið í þeim eins lengi og kostur er. Búmenn hafa tekið 134 íbúðir í notkun í átta sveitarfélögum og hafa gefið út 2.600 félagsnúmer. Sveitarfélögin sem hér um ræðir eru Akureyri, Bessastaðahreppur, Garður, Grindavík, Höfn, Kópavogur, Reykjavík og Sandgerði.

Húsnæðissamvinnufélagsformið er víða þekkt og þá sérstaklega á Norðurlöndum. Það sameinar að mörgu leyti eignar- og leigurétt. Félagsmenn kaupa sér svokallaðan búseturétt fyrir ákveðna upphæð sem í upphafi er mismunur á áhvílandi langtímaláni og byggingarkostnaði, 10 eða 15% af andvirði íbúðarinnar, og 10 eða 30% í tilfelli Búmanna. Síðan er greiddur mánaðarlegur kostnaður er kallast búsetugjald.

Reynsla undanfarinna ára hefur verið höfð til fyrirmyndar við frumvarpsvinnuna. Markmiðin með frv. eru að gera lögin skýrari í framsetningu og setja traustari grunn undir ábyrgðarskiptingu milli húsnæðissamvinnufélaga og félagsmanna. Reglur um réttindi og skyldur félagsmanna eru gerðar skýrari jafnframt því að tryggja öruggari forsendur fyrir nauðsynlegu viðhaldi og rekstri þegar horft er til framtíðar. Einnig er verið að rýmka lögin og færa ákvörðunarvald um starfshætti í meira mæli til húsnæðissamvinnufélaganna sjálfra.

Í nefndarstarfinu hefur verið leitast við að hafa samráð við forsvarsmenn húsnæðissamvinnufélaga. Framkvæmdastjóri Búseta sem og löggiltur endurskoðandi Búmanna hafa setið í nefndinni. Þegar drög að frumvarpstexta lágu fyrir á sumarmánuðum 2002 voru drögin send til umsagnar hjá Landssambandi húsnæðissamvinnufélaga og til Búmanna. Stjórn Búseta á Akureyri og í Reykjavík gerðu engar athugasemdir við drögin en stjórn Búmanna kom með ýmsar athugasemdir sem hafðar voru til hliðsjónar við lokafrágang frv.

Helstu nýmæli frv. eru þau að innlausnarskylda húsnæðissamvinnufélaga á búseturétti er afnumin, endursala búseturéttar er gefin frjáls, ákveði um númeraröð færð í samþykktir félaganna og tillaga er gerð um að viðhaldssjóður verði einn sameiginlegur sjóður.

Í núgildandi lögum um húsnæðissamvinnufélög, nr. 161/1998, skal húsnæðissamvinnufélagið annast innlausn og endursölu búseturéttar. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því að húsnæðissamvinnufélagið ákveði á aðalfundi og setji í samþykktir sínar með hvaða hætti endursala fari fram. Meðal annars er fallið frá kaupskyldu húsnæðissamvinnufélaga en áfram ber félagsmaður aðeins ábyrgð á greiðslu búsetugjalds á meðan hann býr í íbúðinni, þar með talið út uppsagnarfrestinn. Eftir þann tíma er húsnæðissamvinnufélagi heimilt að leigja íbúðina hafi ekki tekist að selja búseturéttinn.

Í núgildandi lögum er heimild, en ekki skylda eins og áður, til að binda endursöluverð við vísitölu neysluverðs en því var breytt með lögum nr. 161/1998, eins og áður var vikið að. Í kjölfarið setti Búseti hsf. Reykjavík í samþykktir sínar reglur til að ákvarða endursöluverð búseturéttar með tvennum hætti. Annars vegar er lágmarksverð sem nemur upphaflegu verði búseturéttarins og kemur til greiðslu 12 mánuðum eftir uppsögn ef ekki tekst að selja búseturéttinn. Hins vegar er hámarksverð sem miðast við framreiknað upphaflegt verð búseturéttarins samkvæmt vísitölu neysluverðs. Endursöluverð getur því verið hvaða verð sem er þar á milli og fer eftir framboði og eftirspurn hverju sinni.

Frv. gerir ráð fyrir að húsnæðissamvinnufélögin ákveði sjálf hvernig endursöluverð skuli ákveðið. Með því er endursala og verðlagning gefin frjáls ef félögin ákveða svo. Í þessu samhengi má vísa til nýsamþykktra laga um heimild til að víkja frá kaupskylduákvæðum vegna félagslegra eignaríbúða sem hafa gefist afar vel. Þróun á Norðurlöndum hefur verið á þann veg að verð búseturéttar ákvarðast af markaðsverði fremur en fyrir fram gefnum forsendum.

Í lögum um húsnæðissamvinnufélög er kveðið á um að félagsmenn öðlist rétt til að fá keyptan búseturétt í þeirri röð sem þeir ganga í félagið. Í frv. er gert ráð fyrir að aðalfundur félagsins taki ákvörðun og setji um það reglur.

Í frv. er ákvæði um viðhaldssjóð þannig að hann sé einn og alfarið á hendi húsnæðissamvinnufélagsins sem varðveitir viðhaldssjóðinn og ráðstafar fé úr honum í samráði við viðhaldsráð. Lagt er til að aðalfundur húsnæðissamvinnufélags setji nánari reglur um viðhaldssjóðinn, svo og reglur um viðhaldsráð. Framlag í viðhaldssjóð er hluti búsetugjalds. Með einum öflugum viðhaldssjóði húsnæðissamvinnufélags er ætlunin að ná betri ávöxtun, betri nýtingu fjármagns, aukinni samræmingu og ekki síst að tryggt verði enn frekar en áður að allar fasteignir húsnæðissamvinnufélagsins fái eðlilegt viðhald. Viðhaldsráð gegnir þarna veigamiklu hlutverki en gert er ráð fyrir kosningu þess á aðalfundum. Gerður er skýrari greinarmunur en áður á hvað er viðhald og hvað er endurnýjun sem og hvað viðhaldssjóðir eiga að greiða og hvaða viðhaldi íbúar sinna beint á eigin kostnað.

Sú breyting sem mesta umræðu hefur fengið er meðhöndlun viðhaldssjóða sem þegar eru til. Minna hefur farið fyrir umræðu um hvað beri að gera við viðhaldssjóði sem eru í skuld. Lagt er til að sjóðir sem nú eru í vörslu búsetufélaganna renni þegar í sameiginlegan viðhaldssjóð húsnæðissamvinnufélaganna enda er um að ræða fjármagn sem er sannanlega í eigu búsetufélaganna sem síðan er eign húsnæðissamvinnufélagsins. Félagið ber jafna ábyrgð á öllum fasteignum sínum óháð núverandi ástandi á húseignunum og fjárhagsstöðu einstakra viðhaldssjóða. Því er nauðsynlegt að koma viðhaldsmálum strax í það horf sem nefndin telur heillavænlegast fyrir húsnæðissamvinnufélögin í heild sinni.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði máli þessu vísað til hv. félmn. til athugunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 1. umr.

Stjfrv., 376. mál (tryggingardeild útflutnings). — Þskj. 428.

[15:50]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, sem er 376. mál þingisins á þskj. 428.

Tryggingardeild útflutningslána starfar nú samkvæmt II. kafla laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997. Í 11. gr. þeirra laga er kveðið á um hlutverk deildarinnar í fimm töluliðum. Hins vegar hefur á síðustu missirum komið í ljós að þær lagareglur sem gilda um tryggingardeild útflutningslána eru þröngar. Hefur það leitt til þess að stjórnarnefnd tryggingardeildarinnar hefur séð sig knúna til að synja um veitingu trygginga og ábyrgða jafnvel þótt ljóst sé að slíkt hefði stuðlað að íslenskum útflutningi á vörum eða þjónustu. Þá hefur komið í ljós að sambærilegar tryggingardeildir á Norðurlöndunum búa við rýmri lagareglur en sú íslenska. Frv. þetta miðar að því að útvíkka starfsheimildir núverandi tryggingardeildar útflutningslána til þess að deildinni verði unnt að stuðla frekar að íslenskum útflutningi vöru og þjónustu og treysta þannig samkeppnisstöðu íslensks útflutnings. Er frv. unnið í samræmi við þær samningsskuldbindingar íslenskra stjórnvalda sem koma fram í leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA um skammtímaútflutningslánatryggingar.

Á árinu 2000 féll ábyrgð á tryggingardeild útflutningslána sem varð til þess að varasjóður deildarinnar varð að engu. Í kjölfarið fól ríkisstjórnin stjórnarnefnd tryggingardeildar útflutningslána að gera úttekt á þörf fyrir áframhaldandi starfsemi deildarinnar og gera tillögur um framtíðarhlutverk hennar, fjármögnun og rekstrarform ef niðurstaðan yrði sú að deildin mundi starfa áfram.

Stjórnarnefndin skoðaði í kjölfarið ítarlega hvaða kostir væru í stöðunni. Niðurstaða skoðunarinnar var að þörf væri fyrir áframhaldandi starfsemi tryggingardeildar útflutningslána og að styrkja þyrfti starfsemi deildarinnar. Ákveðið var að stofna til samstarfsverkefnis vegna tryggingardeildar útflutningslána til þriggja ára. Þátttakendur í því voru iðn.- og viðskrn., Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, vöruþróunar- og markaðsdeild Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins. Samningur um samstarfsverkefnið tók gildi hinn 15. apríl 2002 og mun renna út hinn 15. janúar 2005. Í samstarfsverkefninu felst að ráðist verður í sérstakt kynningarstarf um starfrækslu tryggingardeildar útflutningslána, gerðir verða samningar við utanaðkomandi aðila um greiningu á umsóknum til tryggingardeildar útflutningslána og ráðinn starfsmaður til að sinna málefnum deildarinnar eingöngu. Meðalkostnaður við samstarfsverkefnið er áætlaður 8 millj. kr. á ári. Þátttakendur samþykktu að leggja 2 millj. kr. hver á ári til samstarfsverkefnisins. Stærsti kostnaðarliðurinn er vegna ráðningar starfsmanns. Samstarfsverkefnið miðar að því að fá úr því skorið á næstu þremur árum hvort mögulegt væri að skjóta nægilega traustum stoðum undir starfsemi tryggingardeildar útflutningslána.

Í samstarfsverkefninu felst einnig að komið var á fót verkefnastjórn sem skipuð er einum fulltrúa frá iðnrn., einum frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins og vöruþróunar- og markaðsdeild Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins sameiginlega og einum frá Samtökum iðnaðarins, auk þess sem starfsmaður tryggingardeildarinnar situr fundi verkefnastjórnar. Verkefnastjórnin gerir tillögur að markaðs- og fjárhagsáætlunum til stjórnarnefndar tryggingardeildar útflutningslána, ásamt tillögum að kynningarfundum um starfsemi tryggingardeildar útflutningslána. Tillögur verkefnastjórnar eru háðar samþykki stjórnarnefndar tryggingardeildar útflutningslána.

Ég vonast því til að bjartari tímar séu í vændum hjá tryggingardeildinni og þar með hjá íslenskum útflutningi.

Eins og áður sagði er í frv. þessu gert ráð fyrir útvíkkun á starfsheimildum tryggingardeildarinnar frá því sem nú er til þess að deildinni verði unnt að stuðla frekar að íslenskum útflutningi vöru og þjónustu og treysta þannig samkeppnisstöðu íslensks útflutnings. Enn er þó gert ráð fyrir að tryggingardeild útflutningslána veiti ábyrgðir og tryggingar vegna viðskiptalegrar áhættu annars vegar og stjórnmálalegrar áhættu hins vegar. Með viðskiptalegri áhættu er m.a. átt við gjaldþrot skuldara en með stjórnmálalegri áhættu er m.a. átt við áhættu í tengslum við styrjaldir eða óstöðugt stjórnarfar sem getur m.a. birst í formi eignarnáms. Ætlunin er að þjónusta við íslenskan útflutning og íslenska útflutningshagsmuni verði sambærileg við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndunum.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vátryggingastarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 377. mál (EES-reglur, gjaldþol). — Þskj. 429.

[15:55]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, sem er 377. mál þingsins á þskj. 429.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frv. er um að ræða breytingar á ákvæðum laganna er varða gjaldþrot vátryggingafélaga og byggjast á tilskipun nr. 2002/12/EB um lágmarksgjaldþol líftryggingafélaga, og tilskipun nr. 2002/13/EB um lágmarksgjaldþol skaðatryggingafélaga.

Með gjaldþoli vátryggingafélags er átt við eign þess að frádregnum fyrirsjáanlegum skuldum og skuldbindingum, þar á meðal vátryggingaskuld og er gjaldþol þannig mælikvarði á fjárhagslegan styrk vátryggingafélags. Öll vátryggingafélög hafa skuldbindingar gagnvart vátryggingatökum og vátryggðum. Til þess að mæta slíkum skuldbindingum setja vátryggingafélög fé til hliðar, svokallaða vátryggingaskuld. Þar sem vátryggingastarfsemi er áhættustarfsemi geta ófyrirséðir hlutir gerst. Bótakröfur geta reynst hærri en gert er ráð fyrir eða fjárfestingar verið óarðbærar. Þetta getur leitt til þess að vátryggingaskuld vátryggingafélags nægi ekki fyrir bótakröfum. Gjaldþoli er þannig ætlað að tryggja aukið fjármagn til að mæta ófyrirséðum atvikum og vernda þannig réttindi þeirra sem eiga kröfur á hendur félaginu.

Ákvæði um gjaldþol eru í 29.–33. gr. laga um vátryggingastarfsemi. Ákvæði um eftirlit með gjaldþoli eru í 54. gr. laganna og ákvæði um ráðstafanir vegna ófullnægjandi gjaldþols eru í 90. gr. Í frv. þessu eru lagðar til breytingar á framantöldum greinum. Breytingarnar eru til þess að lögfesta ákvæði hinna nýju tilskipana. Einnig er lagt til að tekin verði

upp í lögin fáein ákvæði reglugerðar nr. 494/1997, um eignir sem telja má til gjaldþols vátryggingafélaga. Jafnframt eru gerðar nokkrar breytingar á þeim ákvæðum í samræmi við ákvæði tilskipana.

Mun ég nú, herra forseti, víkja að frv. sjálfu.

Í 1. gr. er lagt til að ný grein komi í stað 29. gr. laganna en í þeirri grein er gjaldþol skilgreint ásamt aðlöguðu gjaldþoli. Eins og fyrr segir er gjaldþol mælikvarði á fjárhagslegan styrk vátryggingafélags. Gjaldþol getur verið hið sama og eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi en kveðið er á um ákveðin frávik, sum til lækkunar en önnur sem geta valdið því að gjaldþol verði hærra en eigið fé. Endanlegt mat á gjaldþoli er á hendi Fjármálaeftirlitsins sem hefur heimild til að víkja frá mati félagsins sjálfs eins og það er sýnt í ársreikningi.

Útreikningur á gjaldþoli byggist á 12 liðum sem taldir eru upp í greininni.

Í 2. gr. frv. er lögð til ný 30. gr. þar sem er fjallað um lágmarksgjaldþol skaðatryggingafélaga. Lágmarksgjaldþol ræðst af hinum hærri af tveimur liðum sem reiknaðir eru hvor fyrir sig, annar út frá iðgjöldum en hinn út frá tjónum. Gerðar verði meiri kröfur en áður vegna ábyrgðartrygginga, með þeim hætti að iðgjöld og tjón í tilteknum greinaflokki eru hækkuð um 50% þegar lágmarksgjaldþol er reiknað. Þetta á þó ekki við um iðgjöld og tjón í ábyrgðartryggingum ökutækja.

Lækki lágmarksgjaldþol á milli ára skal lækkunin ekki vera meiri en sem nemur lækkun eigin tjónaskuldar. Breyting þessi verður til þess að lágmarksgjaldþol lækkar ekki jafnhratt og iðgjöld þegar dregur úr starfsemi vátryggingafélags.

Ákvæði um lágmarksgjaldþol vegna sjúkratrygginga sem reknar eru samkvæmt tæknilegum reiknigrundvelli hefur verið í reglugerð en lagt er til að það verði tekið óbreytt inn í lögin.

Í 3. gr. er lögð til ný 31. gr. sem fjallar um lágmarksgjaldþol líftryggingafélaga. Það er reiknað fyrir hvern greinaflokk líftrygginga fyrir sig og síðan lagt saman.

Í 4. gr. frv. er lagt til að 32. gr. laganna verði felld brott en ákvæði hennar flutt í 90. gr., sbr. 7. gr. frv. en ákvæðin eiga betur heima í þeirri grein.

Í 5. gr. er lagt til að tekin verði upp ný 33. gr. þar sem kveðið verði á um lágmarksfjárhæð gjaldþols. Lágmarksfjárhæðirnar eiga við óháð því hvað kemur út úr útreikningum skv. 30. og 31. gr. Þannig kveður greinin í reynd á um lágmarksstærð vátryggingafélaga hvað fjárhagsstyrk varðar. Helsta breytingin er að fjárhæðir eru hækkaðar verulega og er meginástæðan sú að fjárhæðir hafa ekki verið hækkaðar frá því að tilskipanirnar tóku fyrst gildi upp úr 1970. Lagt er til að fjárhæðir þessar taki árlegum breytingum eftir samræmdri vísitölu neysluverðs í aðildarríkjum EES og að nánari ákvæði verði sett um það í reglugerð.

Í 6. gr. frv. er lögð til breyting á 1. mgr. 54. gr. laganna þar sem kveðið er á um að Fjármálaeftirlitið skuli kanna gjaldþol vátryggingafélaga. Tekin verði inn í lögin bein heimild eftirlitsstjórnvalda til að lækka mat gjaldþolsliða frá mati félagsins sjálfs. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið krefjist áætlunar um fjárhagslega endurreisn vátryggingafélags telji eftirlitið rétti vátryggingartaka stefnt í hættu, jafnvel þótt gjaldþol sé ekki komið niður fyrir lágmark, skv. 30. og 31. gr. laganna. Þá er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti dregið úr því vægi sem endurtryggingarvernd hefur til lækkunar á lágmarksgjaldþoli.

Breytingar á tilskipunum sem lagt er til að lögfestar verði innihalda ítarlegri ákvæði en áður um þetta mat eftirlitsstjórnvalda.

Í 7. gr. er lagt til að tekin verði upp ný 90. gr. sem innihaldi m.a. ákvæði sem flutt eru úr 32. gr. sem fellur brott samkvæmt frv.

Nýmæli eru ákvæði um sérstaka áætlun þegar gjaldþol starfandi vátryggingafélags verður ófullnægjandi og efni slíkrar áætlunar. Einnig er lagt til að innleiddar verði takmarkanir á starfsemi vátryggingafélags sem starfar eftir slíkri áætlun.

Lagt er til nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem veittur verði aðlögunartími vegna hertra ákvæða 33. gr. þar sem gert verði ráð fyrir að einn liður nýrrar 29. gr. falli brott að tilteknum tíma liðnum.

Nokkur íslensk vátryggingafélög eru undir hinum nýju mörkum 33. gr. laganna miðað við eigið fé þeirra við árslok 2001. Trygging hf., Vörður – vátryggingafélag og Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta þurfa að nýta aðlögunartímann til þess að auka eigið fé sitt eða til þess að leita leiða til sameiningar við önnur félög ef þau hyggjast starfa áfram eftir að aðlögunartími laganna er liðinn. Fimm önnur vátryggingafélög hafa það lítil umsvif að lágmarksgjaldþol þeirra gæti ráðist af nýjum ákvæðum 33. gr. en þau eiga nægilegt eigið fé til þess að uppfylla þær kröfur. Lagabreyting þessi mun ekki hafa mikil áhrif á stóru almennu vátryggingafélögin þrjú, Sjóvá – Almennar tryggingar hf., Tryggingamiðstöðina hf. og Vátryggingafélag Íslands hf. þótt gjaldþolshlutfall þeirra muni breytast, væntanlega til lækkunar. Ákvæði um lágmarksgjaldþol verða strangari en áður.

Herra forseti. Ég mælist til þess að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 16:04]

[17:01]

Útbýting þingskjala:

Gjald af áfengi og tóbaki, 402. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 496.

Skattamál, 115. mál, svar fjmrh., þskj. 476.

Skráning ökutækja, 401. mál, fsp. JÁ, þskj. 494.

Veiðieftirlitsgjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 246. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 250, nál. 468.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:01]

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 468 (3. gr. falli brott) samþ. með 43 shlj. atkv.

4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 248. mál (EES-reglur). — Þskj. 252, nál. 458.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:03]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Örnefnastofnun Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 358. mál (afnám stjórnar). — Þskj. 398, nál. 463.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:04]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 376. mál (tryggingardeild útflutnings). — Þskj. 428.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Vátryggingastarfsemi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 377. mál (EES-reglur, gjaldþol). — Þskj. 429.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Húsnæðissamvinnufélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 396. mál (heildarlög). — Þskj. 457.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Safnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 393. mál (safnaráð, verkefni höfuðsafna o.fl.). — Þskj. 454.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 17:06.

---

40. FUNDUR

fimmtudaginn 28. nóv.,
að loknum 39. fundi.

Dagskrá:

1. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 246. mál, þskj. 250 (með áorðn. breyt. á þskj. 468). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 248. mál, þskj. 252. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Örnefnastofnun Íslands, stjfrv., 358. mál, þskj. 398. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 402. mál, þskj. 496. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:07]
Of skammt var liðið frá 2. umr. 1.–3. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KPál, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

2 þm. (GÁS, SJóh) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, GAK, JóhS, JHall, KolH, KHG, KLM, LMR, MF, SP, SvH, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

[17:08]

Bryndís Hlöðversdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um hvort taka eigi frv. til laga um hækkun á áfengis- og tóbaksgjaldi til sérstakrar hraðmeðferðar á Alþingi. Þingflokkur Samfylkingarinnar telur eðlilegt að málið hljóti þinglega meðferð, fari í gegn á eðlilegum hraða og þingmenn geti kynnt sér efni þess og velt fyrir sér áhrifum þess, m.a. á neysluvísitölu og öðrum afleiðingum af hækkuninni.

Með þessari afstöðu til málsmeðferðarinnar erum við ekki, herra forseti, að lýsa afstöðu til málsins sem slíks efnislega. Við leggjum eingöngu á það áherslu með afstöðu okkar að málið fái eðlilega og þinglega meðferð og verði tekið til

umræðu undir eðlilegum gangi mála. Við munum því segja nei við því að málið fái sérstaka hraðmeðferð.

Of skammt var liðið frá útbýtingu 4. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 38:12 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

nei: BH, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KVM, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

13 þm. (ÁRJ, EMS, GAK, JóhS, JHall, KolH, KHG, LMR, MF, SP, SvH, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Veiðieftirlitsgjald, 3. umr.

Stjfrv., 246. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 498.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:10]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KLM, KPál, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

15 þm. (ÁRJ, BBj, EMS, GAK, JóhS, JHall, KolH, KHG, LMR, MF, SP, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 501).

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, 3. umr.

Stjfrv., 248. mál (EES-reglur). — Þskj. 252.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:10]

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KLM, KPál, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

14 þm. (ÁRJ, EMS, GAK, JóhS, JHall, KolH, KHG, LMR, MF, SP, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 502).

Örnefnastofnun Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 358. mál (afnám stjórnar). — Þskj. 398.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:10]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KLM, KPál, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

15 þm. (ÁRJ, EMS, GAK, GÁS, JóhS, JHall, KolH, KHG, LMR, MF, SP, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 503).

Gjald af áfengi og tóbaki, 1. umr.

Stjfrv., 402. mál (hækkun gjalda). — Þskj. 496.

[17:11]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum. Ég vil byrja á að þakka þingheimi fyrir að samþykkja að veita þessu máli hraðafgreiðslu, ef svo mætti segja, taka það á dagskrá jafnskjótt og því er útbýtt. Það er nauðsynlegt vegna eðlis þessa máls að það fái hraða afgreiðslu eins og allir vita sem þekkja til efnis frv.

Í þessu frv. er lagt til að annars vegar áfengisgjald og hins vegar tóbaksgjald hækki með tilteknum hætti. Lagt er til að áfengisgjald á sterku áfengi hækki um 15% sem leiða mun til á að giska 10% hækkunar í smásölu á sterku áfengi. Rétt er að undirstrika að ekki er lögð til hækkun á léttum vínum eða bjór.

Í öðru lagi er hins vegar lagt til að tóbaksgjald hækki um 27,7% en jafnframt er gert ráð fyrir að álagning ÁTVR lækki á móti úr 17% í liðlega 11%. Þessi hækkun mun þýða að tóbaksverð hækkar að jafnaði um 12%.

Gera má ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs vegna þessara breytinga geti aukist um um það bil 1.100 millj. kr. á heilu ári en að áhrif breytinganna á vísitölu neysluverðs verði innan við 0,3% og mun slík breyting ekki hagga þeim verðbólgumarkmiðum sem ríkisstjórnin hefur sett sér.

Rétt er að taka það fram, herra forseti, að það er langt um liðið síðan áfengisgjald og tóbaksgjald hafa hækkað. Þannig er að áfengisgjald var sett í núverandi búning, í þeim lögum sem hér er lagt til að breytt verði, á árinu 1995. Hefur því gjaldi í grunninn ekki verið breytt síðan þó um hafi verið að ræða lítils háttar hækkun á gjaldi á sterkum vínum árið 1998 í tengslum við samræmingu á gjaldtökunni og breytingu á skipulagi hennar. Þess vegna hefur í raun lítil sem engin hækkun orðið á þessu gjaldi allt frá árinu 1995.

Ef talin eru með þau áhrif sem urðu 1998 og þeim bætt við 15% hækkun núna má segja að í heild hafi frá 1995 áfengisgjald á sterkum vínum hækkað um 19% á sama tíma og vísitala neysluverðs hefur hækkað um 30%. Að því er varðar

tóbaksgjaldið þá er það þannig, eins og margir muna frá síðasta þingi, að fyrir jól í fyrra var sett í lög að tóbaksgjaldi yrði aðeins breytt með lögum. Áður fyrr hafði það verið gert með sérstökum ákvörðunum í fjmrn. eins og reyndar var einnig um áfengisgjald. Slík gjaldtaka, skattlagning á vegum framkvæmdarvaldsins, stenst að sjálfsögðu ekki þær kröfur sem stjórnarskrá Íslands gerir nú orðið. Þess vegna var breytt um form á þessu, fyrst með áfengisgjaldinu og nú síðar með tóbaksgjaldinu. Eigi að síður hefur tóbaksgjald eða skattlagning í þessu formi á tóbaki verið óbreytt í mörg ár. Það er þess vegna tími til kominn að gera þar á nokkrar breytingar eins og hér eru lagðar til.

Segja má að tilgangurinn með frv. sé tvíþættur. Annars vegar einfaldlega að afla tekna í ríkissjóð, m.a. vegna ýmissa útgjalda sem hafa verið að falla til á síðustu dögum og vikum í tengslum við fjárlagagerð en einnig til að ganga úr skugga um að þessi gjaldtaka af áfengi og tóbaki sé ekki úr takti við það sem verið hefur á umliðnum árum, hún haldi nokkurn veginn í við verðlagsþróunina, þó það sé reyndar ekki raunin með þessari hækkun, eða dragist ekki aftur úr ef orða mætti það svo um gjaldtöku af þessu tagi.

Ég held, herra forseti, að ekki sé ástæða til að hafa um þetta lengra mál. Ég legg áherslu á að málið fái hér skjóta afgreiðslu. Ég kynnti efni þess fyrir þingflokksformönnum á þriðjudaginn var og gerði grein fyrir því að af minni hálfu væri óskað eftir því að málið yrði afgreitt hratt og örugglega í Alþingi. Mér þætti vænt um að það tækist að ljúka því á þessum sólarhring.

Að svo mæltu, herra forseti, vil ég leyfa mér að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[17:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram að mál þetta ber brátt að. Það má kannski segja að það liggi í eðli aðgerða af þessu tagi að þær verði að bera þannig að. Þegar þær hafa litið dagsins ljós er a.m.k. ekki heppilegt að það standi lengi yfir að gera þær breytingar sem í þeim eru fólgnar, eigi þær að verða á annað borð.

Á þessu höfum við fullan skilning, enda oft og iðulega staðið frammi fyrir sambærilegum málum. Skiptir þá í sjálfu sér ekki öllu máli kannski hvort viðkomandi breytingar eru til hækkunar eða lækkunar á gjaldtöku, vörugjöldum eða sköttum eða fjáröflunartollum af þessu tagi. Í öðru tilvikinu getur skapast mikil örtröð ef boðuð hækkun er lengi í farvatninu en í hinu tilvikinu stöðvast öll viðskipti og menn bíða eftir því að vörurnar lækki. Hvort heldur sem er er í raun óhjákvæmilegt að gera slíkar breytingar snöggt eigi þær ekki að hafa truflandi áhrif á þau viðskipti sem í gangi eru. Þetta réð því, herra forseti, að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfðum fullan skilning á því að úr því að hæstv. ríkisstjórn ætlaði að gera þessar breytingar þá yrði það að ganga hratt fyrir sig. Við greiddum því atkvæði að málið yrði tekið á dagskrá með afbrigðum enda meiri hluti fyrir því sem stjfrv. og ætlunin að það næði fram að ganga.

Það er að sjálfsögðu alltaf gott að menn geti skoðað mál ofan í kjölinn og ég treysti því að hv. efh.- og viðskn. muni reyna það eins og hún getur á næstu klukkutímum. Á hinn bóginn má segja að þetta mál sé ekki neitt óskaplega flókið. Þetta snýst um upphæðir tiltekinna gjalda sem mönnum eru vel kunn, tóbaksgjalds og áfengisgjalds og um leið og reikningslegar forsendur málsins og fjárhagsleg áhrif liggja fyrir er í sjálfu sér ekki flókið að taka afstöðu til þess.

Hitt er annað mál að það er svolítið kauðsk röð á hlutunum að hæstv. ríkisstjórn var að fá afgreidd eftir 2. umr. fjárlagafrumvörp sín og þetta eru auðvitað mál með fjárhagsleg áhrif sem eru inn í samhengi fjárlagafrv. Það hefði kannski verið eðlilegt að hafa röðina hinsegin, að þetta frv. væri tekið í gegn fyrir 2. umr. og afgreiðslu fjárlaga eða þá samhliða tekjuöflunargrein fjárlagafrv. við 3. umr. Ræðuhöld stjórnarliða hér um hinn trausta ríkisbúskap eru strax komin í svolítið annað ljós þegar röksemdafærsla frv. er tekin hér upp. Eins og lesa má í greinargerð og kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. verður þetta til að treysta stöðu ríkissjóðs þannig að hún veikist ekki um of og þannig sé grafið undan efnahagslegum stöðugleika. Þetta eru nokkuð sterk orð í ljósi þess að hér er þó ekki meira en milljarður á ferðinni. Þá má velta fyrir sér hvort ástandið sé mun alvarlegra hvað stöðugleikann snerir en ætla hefur mátt af sjálfshólsræðum hæstv. fjmrh., formanns fjárln. og fleiri kappa að undanförnu. Er hæstv. fjmrh. í alvöru þeirrar skoðunar sem hér stendur, að hinum efnahagslega stöðugleika sé jafnvel ógnað ef hann fái ekki þennan viðbótarmilljarð í kassann?

Um hin efnislegu áhrif aðgerðarinnar, herra forseti, að hækka þarna gjald á áfengi og tóbaki, vil ég segja það fyrir hönd þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að við erum ekki andvíg því og heldur í raun og veru fylgjandi því að aðgerðir í þessa veru séu gerðar. Ég hygg að það megi rökstyðja að þetta sé hvort tveggja í samræmi við gildandi heilbrigðisáætlun í landinu og í samræmi við markmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og fleiri aðila sem hvetja stjórnvöld til stýringar af þessu tagi, að leggja umtalsverð gjöld á tóbak og sterkt áfengi sérstaklega og reyna þannig að hamla gegn óhóflegri notkun þessara skaðlegu efna eða vímugjafa.

Það er líka ámælisvert, herra forseti, í þessu sambandi sem hæstv. fjmrh. var að fjalla um áðan, að þessi gjöld skuli ekki látin fylgja verðlagi og taka breytingum á hverju ári svo ekki komi til stökka af því tagi sem hér er á ferðinni, sem aftur gera það nauðsynlegt að hraða breytingunum meira en ella væri ástæða til ef um minni breytingu eða verðlagsuppfærslu á hverju ári væri að ræða. Ég held að menn eigi að reyna að ganga frá því um það bil hvar þessi gjöld eigi að liggja, hve há þau eigi að vera. Það er fagleg ákvörðun eða pólitísk og síðan séu þau látin taka verðlagsbreytingum í samræmi við þróun verðlags á hverjum tíma en hækka þetta ekki í slumpum af þessu tagi, kannski með 5–7 ára millibili og þá verði hækkunin eins og hér, kannski ein 15–20%, eða hver hækkunin er á sjálfum gjöldunum sem aftur veldur 10–12% hækkun útsöluverðs.

Herra forseti. Það kemur hér fram að þetta muni hafa 0,3% áhrif til hækkunar á vísitölu neysluverðs. Það er auðvitað lakara, það er miður og vekur athygli á máli sem oft hefur verið hreyft á Alþingi og hv. þm. Þuríður Backman hefur endurtekið flutt frumvörp um, að tóbak verði tekið út úr neyslugrunninum þannig að stýriaðgerðir af því tagi sem fólgnar eru í ákvörðun tóbaksgjalds hafi ekki vísitöluáhrif með þessum hætti og skrúfi í framhaldinu upp eða þess vegna niður skuldir heimilanna, svo að dæmi sé tekið. Það er hið neikvæða við þetta. Það hefur örugglega haldið aftur af mönnum á undanförnum árum að hækka þetta gjald eins og hefði átt að gera, hefði átt að fylgja verðlagsþróun frá því fyrir 10–12 árum síðan þegar gjaldið að raungildi komst í

þær hæðir og jafnvel meiri en verður með þessari hækkun. Ég tel, herra forseti, skaða að þessar breytingar skuli ekki hafa verið gerðar, að taka t.d. tóbakið og jafnvel þetta hvort tveggja út úr grunni vísitölu neysluverðs. Þessi stýring á að sjálfsögðu miklu fremur að vera hollustuaðgerð heldur en spurning um hreina og klára fjáröflun í ríkissjóð.

Herra forseti. Að lokum vil ég segja að við sjáum ekki ástæðu til að leggja stein í götu þessa máls, eins og ég hef áður sagt. Þvert á móti erum við í aðalatriðum efnislega sammála þessum aðgerðum. Það má gagnrýna hvernig þetta ber að og gagnrýna að þetta skuli ekki hafa verið gert með jöfnum og reglubundnum hætti. Hitt er svo annað mál að hér er á ferðinni hluti af ríkisfjármálapakka hæstv. ríkisstjórnar og þar höfum við miklar athugasemdir fram að færa. Ég reikna með því að við leyfum hæstv. ríkisstjórn og meiri hluta hennar að bera ábyrgð á afgreiðslu þessa máls, enda svo sem ekki um annað beðið eða ætlast til þess sérstaklega.

[17:24]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það verður að segja eins og er, að það er dálítið sérstætt eftir að hafa í gær hlýtt á ræður hæstv. fjmrh., frá fulltrúum í meiri hluta fjárln. og fleiri stjórnarliðum, sem hafa lýst á hendur sér slíkri fjármálasnilld að leitun er að öðru eins. Það er dálítið sérstætt að daginn eftir að menn hafa óumbeðið lýst þessum afrekum á hendur sér skuli hæstv. fjmrh. koma inn í þingið og óska eftir, þar sem efnahagslegur stöðugleiki sé í uppnámi, annars væri greinargerðin ekki orðuð á þann hátt sem er, nýjum 1.100 millj. kr. Röksemdafærslan er sú að það sé svo langt síðan gjaldið hafi hækkað, hafi lítið sem ekkert hækkað síðan 1995 og það sé algerlega nauðsynlegt að gjaldið í takt við aðrar verðhækkanir í landinu.

Kannski er þetta enn sérstæðara eftir að hafa hlýtt á ræður gærdagsins og velt fyrir sér niðurstöðu prófkjörs sjálfstæðismanna í Reykjavík fyrir nokkrum dögum. Þar fengu allir þeir sem voru á móti sköttum og gjöldum þessa fínu kosningu og flugu upp lista. En prófkjörinu er ekki fyrr lokið en hæstv. fjmrh. segir að sterkt vín og tóbak hafi ekki hækkað svo lengi að nú sé algerlega nauðsynlegt að ná í 1.100 millj. í ríkissjóð því að ella mundi efnahagslegur stöðugleiki í landinu vera í hættu.

Virðulegi forseti. Þegar þetta mál kom fyrir áðan greiddi þingflokkur Samfylkingarinnar atkvæði gegn því að frv. yrði tekið fyrir með því hraði sem hér um ræðir. Það er ekki að ástæðulausu því að það kemur líka fram í greinargerð að þessi 0,3% hækkun á neysluvísitölunni hafi miklu meiri áhrif heldur en hér er gerð grein fyrir. Ef við gefum okkur að skuldir heimilanna séu 500 milljarðar eða svo er ekki ólíklegt að þessi breyting hækki þær skuldir um 1,5 milljarða. Það er ekkert lítið. Það er ekkert óeðlilegt þó að menn vilji gefa sér tíma til að fara yfir hugmyndir af þessum toga þegar þær eru settar fram með þeim hætti sem raun ber vitni. Af þessum ástæðum og ýmsum öðrum lögðumst við gegn því að málið færi í gegn með slíku hraði.

Ég verð að segja að ég held að það hefði verið miklu skynsamlegra að skoða þetta mun betur og gefa þingmönnum á hinu háa Alþingi betra tækifæri til að fara yfir þessi mál og jafnvel, virðulegi forseti, þó að það mundi leiða af sér örlitla örtröð í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins í einn eða tvo daga. Ég held að það væri alveg verið þess virði ef útreikningar mínir eru réttir þó ég hafi ekki haft mikinn tíma til að fara yfir málið. Ef þessar hækkanir koma til með að þýða 1,5 milljarða hækkun á skuldum einstaklinga eða skuldum heimilanna þá er þetta alvarlegra mál en hæstv. fjmrh. vildi vera láta í ræðu sinni.

Líta þarf til fleiri þátta í þessum efnum. Vitaskuld fáum við tækifæri til að ræða þetta mun betur við 2. umr. Þá verður kannski búið að kalla til fólk og sérfræðinga sem geta útskýrt þetta betur fyrir okkur. Eitt af því sem ég held að við verðum líka að hafa í huga er t.d. að það sem ferðaþjónustan hefur líklega gagnrýnt hvað mest er hátt verð á áfengi og oft og tíðum talið að það hafi orðið til þess að ekki hafi verið hægt að fá hingað ráðstefnur. Einnig hefur verið á það bent að þetta sé eitthvað það neikvæðasta sem ferðamenn sjá við landið, þ.e. hið háa verð á áfengi. Auðvitað er það dálítið broslegt í þessu samhengi að þeir sem ruddust fyrir 20 árum til áhrifa og valda, núverandi formaður og varaformaður Sjálfstfl., auk þess mætti til að mynda nefna forstjóra Landsvirkjunar, undir kjörorðinu Báknið burt. En nú þarf að hækka þessi gjöld með hraði sökum þess að þau hafa ekki hækkað svo lengi. Það er með hreinum ólíkindum hvernig menn geta teflt fram misjöfnum málflutningi eftir því hvernig það á við.

Virðulegi forseti. Ég hef sjaldan eða aldrei séð jafnauma röksemdafærslu fyrir nokkrum breytingum og þá sem fylgir í þessari greinargerð og finnst hún í raun ekki hafa verið í neinum takti við það sem sá flokkur hefur boðað sem hæstv. fjmrh. tilheyrir.

Eins og ég sagði áðan þá mun okkur gefast færi á að fara vandlega yfir þessi mál í efh.- og viðskn. Síðan munum við taka góða umræðu um þetta við 2. umr. Við höfum þá kannski náð að afla okkur frekari upplýsinga um þetta mál, hvaða afleiðingar það kann að hafa í för með sér o.s.frv. En það verður að segjast eins og er, virðulegi forseti, að það kemur mér mjög á óvart að það muni grafa undan efnahagslegum stöðugleika ríkissjóðs fari þetta mál ekki í gegn með hraði eins og ráða mátti af orðum hæstv. fjmrh. áðan, þá ekki síst þegar það er sett í samhengi við þær miklu sjálfshólsræður og þá umræðu sem hér fór fram í gær.

Virðulegi forseti. Þetta mál þarf miklu betri skoðunar við.

[17:32]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Í fyrstu málsmeðferð hef ég ekki heyrt haldbær og viðhlítandi rök fyrir því að þetta mál sérstaklega þurfi einhverja sérmeðferð í hinu háa Alþingi sökum kringumstæðna og aðstæðna. Með slíkri nálgun máls er einfaldlega verið að halda því fram að Íslendingar færu út í Áfengisverslun ríkisins og hömstruðu áfengi vegna þess að hækkun væri yfirvofandi. Ég held að sá tími sé löngu liðinn, herra forseti, að kringumstæður í samfélagi okkar séu með þeim hætti.

Auðvitað eru fjöldamargar aðrar hliðstæður þar sem verið er að breyta álögum og gjöldum af ýmsum toga án þess að þjóðin fari á annan endann og reyni að hamstra, hvort heldur það er olíur eða bensín eða hvaðeina sem við erum að gera hér frá einum tíma til annars. Það eru því engin efnisleg rök sem standa til þess, herra forseti, að þetta mál þurfi að koma hér inn með þeim hætti sem það gerði, með afbrigðum, og að því þurfi að ljúka í skjóli nætur núna á þessu síðkvöldi eða á þessari nóttu. Ég sé engin efni standa til þess og geng út frá því að efh.- og viðskn. fari rækilega og gaumgæfilega yfir þetta mál eins og önnur skattamál, því að hér er auðvitað

fyrst og síðast um að ræða tekjuöflun ríkissjóðs, um nýja og hækkaða skatta.

Ég vek athygli á því og vil rifja það upp fyrir hæstv. fjmrh. að tæpir tveir mánuðir eru síðan hann dreifði þessu riti hér, frv. til fjárlaga, í þessum sal hinn 1. október. Mig rekur ekki minni til þess, herra forseti, að sérstaklega hafi verið áætlað að hækka skyldi þetta tiltekna gjald til að endar næðu saman vegna fjárlaga komandi árs. Mér þætti vænt um ef hæstv. fjmrh. gæti þá leitt mig í annan sannleika, ef hann er til, og bent mér á hvar það er að finna í forsendum fjárlaga. Það er ekki.

Hér er með öðrum orðum um glænýja ákvörðun að ræða og ákvörðun sem ætla má af rýrum, innihaldslausum og litlum texta í athugasemdum við frv. á rætur að rekja til þess að ríkisstjórnin hafi gripið til ýmissa ráðstafana að undanförnu sem leitt hafa til aukinna útgjalda m.a. til málefna aldraðra. Með öðrum orðum eru hæstv. ráðherra og stjórnarliðar hér í þessum sal að segja að það eigi að greiða hækkunina til aldraðra með því að hækka brennivínið. Litlu verður Vöggur feginn.

Ekki er mikil reisn yfir þessu, herra forseti. Ekki ganga menn hnarreistir til þessara verka, þegar örfáum dögum eftir að ritað hefur verið undir viljayfirlýsingu með samtökum aldraða er komið í þennan sal að kvöldi dags og brennivínið hækkað til að eiga fyrir þeim hækkunum sem voru nú ekki neitt stórkostlegar þrátt fyrir allt.

Nei, herra forseti, þetta mál er afskaplega aumkunarvert, bæði hvernig það er lagt fram og ekki síður innihald þess. Auðvitað eigum við að fjalla um þetta mál í víðtækara samhengi því að hér er um einfalda skatta að ræða, eins og ég gat um, sem er að finna í tekjuforsendum fjárlaga, og ég vænti þess að í pípunum séu tillögur frá hæstv. fjmrh. af ýmsum toga sem lúta að ýmsum sköttum og gjöldum núna milli 2. og 3. umr. í útgjaldahlið fjárlaganna. Hefði ekki verið eðlilegast, herra forseti, að hæstv. ráðherra hefði komið með þennan þátt máls inn með öllum hinum þannig að þingheimi gæfist kostur á því að gaumgæfa þessi mál í samhengi og að menn áttuðu sig á því hver heildaráhrif yrðu vegna skattbreytinga á þessum síðustu dögum þingsins fyrir jólaleyfi, en menn væru ekki að skáskjóta sér með þeim hætti sem gert er?

Það er hárrétt sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði áðan að þetta skiptir auðvitað máli fyrir kjör fólks í landinu. Það er nú einn angi þessa máls sem auðvitað er nauðsynlegt að fara mjög rækilega yfir. 0,3% eru ekkert lítil upphæð og hafa veruleg áhrif á skuldsettar fjölskyldur og skipta máli um allt efnahagsumhverfið. Það eru því engin efni til þess, og ég undirstrika það enn og aftur, herra forseti, að þetta mál verði tekið með einhverjum silkihönskum og með hraðferð hér í gegn í rökkrinu.

Ég vil líka rifja það upp í þessu samhengi, herra forseti, af því að ég nefndi fjárlögin, að gert er ráð fyrir í forsendum hæstv. fjmrh. sem hann birti þingheimi í byrjun þings, 1. október sl., að það er ekki eins og engir fjármunir komi inn af sölu áfengis og tóbaks. Á komandi ári er gert ráð fyrir að áfengisgjald skili ríkissjóði 6,6 milljörðum kr. og rúmlega það, og tóbaksgjald á að skila 3,2 milljörðum kr. Þetta leggur sig samtals á tæplega 10 milljarða kr., og til viðbótar þessu er hagnaður af einkasölu ÁTVR umtalsverður og reiknað með að hann skili 3,2 milljörðum á næsta ári. Hér eru engar smátölur á ferðinni, það er rétt að gaumgæfa það, og þessi hækkun kemur þarna væntanlega ofan á upp á 1,1 milljarð kr.

Nú er það alltaf álitamál hversu mikið á að sækja í þennan rann og vissulega hafa þau sjónarmið heyrst stundum að eðlilegt sé að sækja þangað mikla fjármuni og jafnvel enn meiri en gert hefur verið og vísað þá til heilbrigðissjónarmiða. Og þau eiga rétt á sér að vissu leyti. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. af þessu gefna tilefni, herra forseti, hvort í frv. sé ekki síður um heilbrigðispólitík að ræða en tekjuöflun fyrir ríkissjóð, því að í rýrum athugasemdum við frv. kemur fram orðrétt, með leyfi forseta:

„Af ýmsum ástæðum er þó talið heppilegra að halda áfengisgjaldi léttra vína og bjórs óbreyttu."

Af hvaða ástæðum er það talið heppilegra? Er heilbrigðispólitík þarna að baki eða hvaða hugmyndir liggja að baki? Hvaða ýmsu ástæður gera það að verkum að ekki er hreyft við léttum vínum og bjór? Ég óska eftir svörum við því. Og einnig hinu hvort legið hafi fyrir þegar ákvörðun ríkisstjórnarinnar um málefni aldraðra var tekin að aflað yrði fjár með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir, með öðrum orðum að hækka áfengis- og tóbaksgjald. Var fulltrúum aldraðra gerð grein fyrir því að þessi leið yrði farin og vísitalan hækkuð um 0,3% í leiðinni? Orsakasamhengið er algerlega kýrskýrt og stendur hér í athugasemdum.

Herra forseti. Það er ekki mikil reisn yfir þessu, það er satt að segja engin reisn yfir þessu. En ég vil treysta því, af því að hv. formaður efh.- og viðskn. er hér fyrir framan mig að hann fari gaumgæfilega yfir þetta mál eins og önnur skattamál og fái til þess góða hjálp frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni. Ég treysti þeim vel fyrir því og vænti þess að þau taki sér þann tíma í málið sem þarf.

[17:42]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er tekið til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, þar sem verið er að leggja til að gjald af áfengi muni hækka. Þetta er eitt af því, herra forseti, sem ræður því hversu skuldir heimilanna eru miklar því að mjög mörg heimili eru skuldsett og þurfa að búa við það að lánin sem fólk hefur tekið er undir svokölluðum verðbótum. Verðbæturnar hækka þegar vísitalan hækkar og þá hækka skuldirnar hjá fólkinu í landinu. Þegar brennivínið hækkar þá hækka skuldirnar hjá fólkinu í landinu.

Ég hélt að ástandið væri svo gott hjá ríkisstjórninni og í ríkisbúskapnum að ekki þyrfti að hækka gjöldin. En nefnd eru tvenn rök fyrir því að hækka eigi þessi gjöld. Önnur rökin eru þau að í fyrsta lagi hafi álögur af áfengi og tóbaki verið óbreyttar og þess vegna þurfi að hækka. Verður það endilega að vera þannig að ef verð hefur verið óbreytt þá verði að hækka það? Ef verð á kaffi hefur verið það sama mjög lengi þá verði að hækka það? Mér finnst þetta ekki vera nein rök, herra forseti.

Hin rökin eru þau að stjórnvöld hafi gripið til ýmissa ráðstafana að undanförnu sem hafi leitt til aukinna útgjalda, m.a. til málefna aldraðra, sem kalli á sérstök viðbrögð til að veikja ekki stöðu ríkissjóðs um of. Þýðir þetta að ríkissjóður sé í einhverjum vanda og einhverjum vandræðum? Orðalag athugasemdanna bera það með sér. Er einhver vá fyrir dyrum í efnahagsmálum? Ég spyr hæstv. fjmrh. um það fyrst þetta er skrifað á það blað sem ég er með hér fyrir framan mig.

Það er dálítið merkilegt að það skuli þurfa að koma með svona eftir á. Það er búið að tilkynna að auka eigi fjármagn til málefna aldraðra og greinilegt er að ekki hefur verið til

innstæða fyrir því. Þess vegna þarf að sækja þá peninga eitthvert annað og nú er það gert í áfengisgjaldið.

Einnig má spyrja um annað, herra forseti, með tilliti til þeirrar umræðu sem fram hefur farið í sambandi við vímuefnaneyslu ungmenna, hvernig áhrif svona lagað gæti haft á að vímuefnaneysla aukist, þegar verðlag á brennivíni hækkar í sambandi við allan þennan ljóta markað, vímuefnamarkaðinn í heild. Þetta getur skipt máli. Sumir halda því fram að eiturlyf eins og hass sé „það ódýrt" að ungmenni séu farin að nota það meira. Ég vona hins vegar að sú staðhæfing sé ekki rétt.

Ég ítreka það sem ég sagði um skuldir heimilanna. Hefur fjmrn. reiknað út hvað skuldir heimilanna muni hækka við þetta mál?

Þetta vekur okkur alltaf til umhugsunar um verðbæturnar. Hvaða vit er í því að vera með verðbætur á lánum? Er ekki hægt að hafa bara venjulega vexti í landi þar sem allt drýpur í smjöri og rjóma, eins og sagt er stundum? Hér drýpur smjör af hverju strái. Þurfum við þá að hafa verðbætur á lánunum? Þetta tel ég vera umhugsunarefni í þessari umræðu. Síðan þarf að hækka gjaldskrá ríkisins á næsta ári og þá hækkar það skuldirnar hjá þeim sem eru með verðbætt lán. Af hverju ekki bara að afnema verðbæturnar? Það er sú hugsun sem hvarflar að mér, herra forseti.

Það hefði verið skiljanlegra í mínum huga ef sagt hefði verið: Í ljósi þeirra staðreynda að vímuefnavandinn hefur farið vaxandi hérna og að áfengisneysla, alkóhólneysla, hefur aukist, skulum við nota þessa peninga í forvarnir. Þá erum við komin með 1,1 milljarð í forvarnir, svart á hvítu.

Því hefur verið haldið fram að búið sé að setja 1 milljarð í forvarnir á þessu kjörtímabili en ég hef aldrei séð það neitt skilgreint nánar, náið og niðursett.

Þetta vildi ég segja í umræðunni, herra forseti.

[17:48]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Það sem ég ætla að ræða lítillega um er þetta frv. sem hér er verið að leggja fram, ekki önnur mál þó að þau séu sannarlega tímamótamál og skráist líka á spjöld sögunnar á þessum ágæta þingdegi hér í dag.

Jafnframt er það svo að það frv. sem nú á að fara að keyra í gegnum þingið – þ.e. til að breyta lögum um gjald af áfengi og tóbaki sem verður þá gert í dag eða í kvöld, og eins og hvíslað hefur verið hér á göngum – er nauðsynlegt að klára í kvöld til að landsmenn geti ekki fjölmennt í þær áfengisverslanir sem enn eru opnar og farið að hamstra sterk vín og tóbak.

Nú veit ég ekki hvort það er svo en ég hygg að það sé þannig að áfengisverslanir séu opnar eitthvað örlítið lengur heldur en við þekkjum sem erum úti á landi þar sem áfengisverslunum er yfirleitt lokað klukkan sex, og sumum kannski fyrr. Ég hygg að það sé aðeins lengur opið hér. Svo ég sé ekkert að mæla með því að menn fari að hamstra áfengi, þá vita menn hvort sem þeir nota það í óhófi eða hófi, að það kostar töluvert mikið og mikill kostnaður er við það og sá kostnaður á að aukast. Ég ætla svo sem ekkert að fara að tjá mig um það hér og nú hvort það sé rétt eða rangt en auðvitað er rétt að halda því til haga að margir hafa sagt og halda því fram að eftir því sem þessi vímuefni skulum við segja eru dýrari, þeim mun minna verður af þeim notað. Það má kannski segja sem svo líka að vegna þeirrar verðmyndunar sem er á áfengi, þ.e. munurinn og sterkum vínum og léttum vínum, hafi neysla sterkra vína minnkað og er það að sjálfsögðu af hinu góða.

En það eru, herra forseti, þau rök og þær athugasemdir sem koma fram með lagafrv. sem ég vil gera athugasemdir við. Við vitum það jú eins og kemur fram í fyrri athugasemdinni, *málsbótunum fyrir þessu ef svo má að orði komast*, að álögur á áfengi og tóbak hafa að mestu leyti staðið óbreyttar í krónum talið um langt skeið, ekki kemur fram hvað það er langt, sem auðvitað felur í sér raunlækkun og að þetta sé leið til að leiðrétta það misgengi.

En það sem kemur á eftir í öðru lagi vil ég gera athugasemdir við. Mér finnst ákaflega ógeðfellt að hæstv. ríkisstjórn skuli setja það fram hér sem rök fyrir hækkun á áfengi og tóbaki og það er sá liður sem ég ætla að lesa nú, með leyfi forseta. Í athugasemdunum stendur:

„Í öðru lagi hafa stjórnvöld gripið til ýmissa ráðstafana að undanförnu sem hafa leitt til aukinna útgjalda, m.a. til málefna aldraðra, sem kalla á sérstök viðbrögð til þess að veikja ekki stöðu ríkissjóðs um of og grafa þannig undan efnahagslegum stöðugleika."

Ég vildi óska að þessi grein hefði aldrei farið inn í frv. Það er frekar ógeðfellt að spyrða hér saman þær breytingar sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að beita sér fyrir á kjörum aldraðra og öryrkja, ekki seinna vænna og við eigum eftir að fjalla betur um það þegar málið kemur fram, en vil aðeins segja í því efni að það er ekki allt gull sem glóir. Ég hygg að þegar aldraðir og öryrkjar fái seðla sína og bætur 1. janúar verði það ekki eins mikið, a.m.k. ekki eins og Morgunblaðið gumaði af daginn eftir hinn fræga blaðamannafund þar sem þetta var kynnt, sem reyndar hefur svo töluvert verið tekið til baka af.

Herra forseti. Ég vil segja það alveg skýrt og taka fram að það er ógeðfellt hvernig þetta er sett hér fram, að segja að vegna þess að loksins eigi að leiðrétta örlítið kjör aldraðra og öryrkja þurfi að afla tekna með því að hækka brennivín og tóbak. Þetta minnir reyndar á umræðu sem hefur átt sér stað á hinu háa Alþingi um kjör aldraðra og öryrkja, það sem einn þingmaður stjórnarliðsins, hv. þm. Pétur Blöndal, sem hefur alltaf skoðanir á öllum málum, lét hafa eftir sér, bæði í sjónvarpsþætti og hér á hinu háa Alþingi, að ein af ástæðum fyrir erfiðleikum aldraðra og öryrkja væri óregla. Ákaflega óheppileg og niðrandi ummæli um þá þjóðfélagshópa.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. spurningar sem hann getur svarað hér á eftir þegar 1. umr. lýkur. Hér kemur fyrsti pakki að mínu mati um auknar tekjur ríkissjóðs upp á 1.100 millj. kr. á næsta ári til að mæta þeim útgjaldaauka sem stjórnarliðar hafa verið að samþykkja. Ég hef grun um að þegar tekjuhliðin verður skoðuð við 3. umr. fjárlaga líti það þannig út nú að tekjur af tekjuskatti, bæði einstaklinga og lögaðila, og af virðisaukaskatti, muni ekki aukast, að þær tekjur muni ekki koma inn eins og gerst hefur á undanförnum árum í jólamánuðinum þar sem hæstv. ríkisstjórn hefur getað komið fram með tölur um að ríkissjóður fái meiri tekjur af þessum tekjustofnum sínum heldur en gert hefði verið ráð fyrir í fjárlagafrv. þegar það var lagt fram í upphafi.

Þess vegna vil ég spyrja, herra forseti, hvort þetta sé rétt mat. Þá liggur það í augum uppi að ríkissjóður þarf að afla tekna á annan hátt og þá býður mér í grun að hér sé aðeins fyrsti áfangi á þeirri leið. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Hvað er annað í pípunum, hvaða hækkanir aðrar? Ég geri þó sennilega ráð fyrir að því verði ekki hægt að svara

hér, e.t.v. til að skapa ekki einhvern óróa meðal landans. Menn gætu kannski ætlað að fara í það að hækka álögur á bensín og olíur, eldsneyti, og það má ekki segja frá því nú vegna þess að þá gæti landinn farið að hamstra bensín, það gætu myndast biðraðir við bensínstöðvar til að hamstra bensín og olíur. (Gripið fram í.) En mér kæmi ekki á óvart, herra forseti, að það væri einn liður í tekjuöflun ríkissjóðs.

Að lokum vil ég spyrja um það sama og aðrir hv. þm. hafa hér gert. Þó að talið sé hér að áætluð áhrif á vísitölu neysluverðs verði innan við 0,3% kann ég ekki að reikna út í hvelli hvaða áhrif það hefur. Fróðlegt væri að fá að heyra það hjá hæstv. fjmrh. ef hann hefur þau svör á reiðum höndum á eftir, a.m.k. eftir að efh.- og viðskn. hefur farið yfir málið, hvað þessi 0,3% hækkun vísitölu neysluverðs hefur á skuldir heimilanna.

Vil ég þá halda því til haga og minna á að þegar síðustu fjárlög voru samþykkt í desember voru settar inn ýmsar hækkanir sem hæstv. ríkisstjórn þurfti svo að draga til baka í janúar eftir að Alþýðusamband Íslands tók að sér að stjórna efnahagsmálum um tíma til þess að verja hið fræga rauða strik.

Það er ákaflega mikilvægt, herra forseti, að fá það inn hérna núna. Ég vil líka hafa sagt það hér að til eru þeir aðilar sem halda því fram að verðmyndun og verðlagning á áfengi og tóbaki eigi ekki að vera inni í vísitölu neysluverðs. Það er rétt að hafa það í huga og halda því til haga og segja að það er sannarlega þannig að margir hafa haft þá skoðun til langs tíma, með öðrum orðum að ríkissjóður eigi að geta hagað skattheimtu á þetta án þess að það fari út í verðbólgukyndingu eins og má að orði komast.

Herra forseti. Ég hef lagt fyrir hæstv. fjmrh. nokkrar spurningar sem ég vænti að verði svarað á eftir.

[17:58]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég átti reyndar von á því að hæstv. fjmrh. hefði komið hér í ræðustól og svarað einhverju ... (**Fjmrh.:** Ég hef nú ennþá málfrelsi, hvers lags rugl er þetta?) Ég átti von á því að hæstv. ráðherra kæmi hér í andsvör og svaraði þeim spurningum sem (**Fjmrh.:** Ræð ég ekki hvort ég svara? Ég hef rétt til þess að tala þegar mér sýnist hér.)

Virðulegi forseti, er ég með málið eða orðið ...?

(**Forseti** (HBl): Mér heyrist hv. þm. hafa málið, já.)

Ég þakka fyrir.

Þá er best að ég ítreki það sem ég sagði — ég vænti þess hér í umræðunni að hæstv. ráðherra hefði komið og svarað þeim fyrirspurnum sem fyrir hann hafa verið lagðar en hann hefur greinilega tekið þá ákvörðun að gera það ekki, a.m.k. ekki hingað til.

En ég held að hæstv. ráðherra verði að svara því, og svara því skýrt og ég vænti þess að fjmrn. og starfsmenn þess hafi reiknað út hvaða áhrif þetta muni hafa á skuldir landsmanna. Það hlýtur að vera. Mönnum hefur varla orðið svo brátt í brók að koma þessu hérna fyrir að þeir hafi ekki farið yfir þau áhrif sem þetta mun hafa. Þessu verður hæstv. ráðherra að svara.

Hæstv. ráðherra verður líka að svara því hvort athugasemdirnar megi lesa þannig að kröfugerð aldraðra hafi verið svo mikil og stór að hún hafi grafið undan efnahagslegum stöðugleika, þ.e. að sá samningur sem vitnað er til í athugasemdum, eins og nokkrir hv. þm. hafa vitnað til, þar á meðal hv. þm. Kristján Möller, hvort kröfugerðin hafi verið svo mikil að hæstv. ríkisstjórn hafi tekið um það ákvörðun að gera samning sem í raun og veru hafi falið það í sér að verið væri að grafa undan efnahagslegum stöðugleika. Þessu verður hæstv. ráðherra að svara. Og auðvitað er ekki stórmannlegt að gera slíka samninga og ætla síðan að borga þá með brennivíni, eins og hér virðist liggja undir, þ.e. að hækka álögur á áfengi sem selt er í verslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Virðulegi forseti. Ég held að áður en þessari umræðu lýkur verði hæstv. ráðherra að svara þeim spurningum sem hér hefur verið beint til hans, nema hann vilji nýta sér málfrelsið til að svara ekki spurningum. Það getur vel verið að það sé sú leið sem hæstv. ráðherra vill fara og í sjálfu sér kannski ekkert óeðlilegt í þeirri stöðu sem hæstv. ráðherra er í. Það verður að segjast líka að ég sé að lítið er af þingmönnum Sjálfstfl. í salnum, en það er með ólíkindum hvað þeir láta bjóða sér í þessum efnum án þess að segja múkk og ætla að taka þátt í því að keyra þetta í gegnum þingið á mettíma í skjóli myrkurs.

Virðulegi forseti. Ég reikna fastlega með því að í lok umræðunnar komi að hæstv. ráðherra og svari þeim spurningum sem beint hefur verið til hans, jafnvel þó að hæstv. ráðherra hafi málfrelsi hér eins og aðrir.

[18:02]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér á þessum ágæta degi dregur ríkisstjórnin upp úr pússi sínu frv. sem hefur það að markmiði að auka tekjur ríkissjóðs um 1.100 millj. ef ég skil málið rétt. Nú var svo ástatt fyrir mér á þessum degi að ég gat því miður ekki verið viðstödd framsöguræðu ráðherrans og ber að skoða mál mitt í ljósi þess. Það gæti verið að ég kæmi með einhverjar spurningar eða annað sem þegar hefur komið fram í máli hæstv. ráðherra.

Maður hlýtur auðvitað fyrst af öllu að gagnrýna meðferð þessa máls, hvað þinginu er eina ferðina enn boðið upp á. Hér á að keyra í gegn tekjuöflunarfrv. fyrir ríkissjóð á örfáum klukkustundum og ætlast til þess að þingmenn í önnum dagsins hafi svigrúm til þess að mæta á nefndarfundi, kynna sér málið til hlítar og afgreiða það á örfáum klukkustundum. Enn eina ferðina, herra forseti, upplifum við það hér, hv. þm., hvernig ríkisstjórnin misbýður þinginu. Það er það fyrsta sem má segja um þetta mál og eðlilegt að ekki séu samþykkt afbrigði fyrir því, þótt ekki sé nema bara vegna vinnubragðanna, herra forseti.

Það má kannski líka bæta því við varðandi þetta mál, þegar við komum að efni þess, að það er auðvitað líka staðfesting á því að ríkisstjórnin hefur engin tök á efnahagsmálunum. Ég held að það sé alveg ljóst, herra forseti, það er eðlilegt að draga þá ályktun þegar hún þarf að fara þá leið að draga upp úr pússi sínu tekjuöflunarfrv. til að bæta stöðu ríkissjóðs. Enda sjáum við jólabögglana hrynja hér inn eftir meðferð hv. fjárln. á fjárlagafrv. þar sem verið er að auka verulega útgjöld ríkissjóðs, eins og þessi ríkisstjórn gerir ævinlega rétt fyrir kosningar.

Það sem maður hlýtur að gagnrýna í þessu líka er það að ríkisstjórnin hengir þennan milljarð eða 1.100 millj. sem hún telur sig eiga að fá út úr hækkuninni á það að hún hafi verið að bæta kjör aldraðra. Hvers vegna í ósköpunum er það tengt bættum kjörum aldraðra að hækka þurfi áfengis- og tóbaksgjaldið, hvaða skoðanir sem menn hafa svo sem á því? Af hverju er verið að hengja það við það að verið sé að bæta lítillega kjör aldraðra, færa öldruðum og öryrkjum

lítillega til baka af því sem ríkisstjórnin hefur verið að hafa af þeim á undanförnum árum? Það væri auðvitað hægt að hafa langt mál um það.

Hvers vegna í ósköpunum dregur hæstv. fjmrh. það ekki fram að hann þurfi jú kannski að auka svigrúm ríkissjóðs, miðað við útgjöld og tekjur á næsta ári, vegna þess að hann hefur farið of geyst í að lækka skatta á stórfyrirtækin í landinu, lækka skatta á fjármagnseigendur? Og hann er enn iðinn við kolann, hæstv. ráðherra, vegna þess að enn liggur fyrir hv. efh.- og viðskn. frv. sem mun hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs á næsta ári þar sem hæstv. ráðherra er að auka á það ónýtta, yfirfæranlega tap sem fyrirtækin geta nýtt sér með því að færa það úr átta árum í tíu. Þegar á næsta ári mun það hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs upp á sennilega um 200 millj., bara það eina mál. Fyrir utan að það að lækka skatta á fyrirtæki, eins og hæstv. ráðherra er að gera, mun hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs þegar á næsta ári upp á 4 milljarða kr., t.d. að færa skatthlutfallið úr 30% niður í 18%. Þar gengu ráðherrann og ríkisstjórnin miklu lengra en þurfti til þess að fyrirtæki á Íslandi hefðu engu að síður skattalegt forskot á aðrar þjóðir. Það þurfti ekki að ganga nema upp að 25% í að lækka skatta á fyrirtækin, úr 30% í 25% til þess að Ísland héldi sínu skattalega forskoti. En það að fara niður í 18% kostaði ríkissjóð 1.700 millj. meira á næsta ári.

Af hverju í ósköpunum er verið að hengja þennan böggul, þennan tekjuauka sem ríkissjóður er að ná sér í, á það að verið sé að bæta lítillega kjör aldraðra og öryrkja? Mér finnst það bara ósvífni, herra forseti. Ég vil allt eins hengja þetta saman við þau útgjöld sem ríkissjóður og ríkisstjórnin hafa staðið fyrir, útgjöld vegna skattaívilnana og skattalækkana á fyrirtæki sem ganga lengra en góðu hófi gegnir, ekki síst þar sem ríkisstjórnin telur sig aldrei hafa svigrúm til þess að lækka skatta á fólk með lágar og meðaltekjur, ég tala nú ekki um lífeyrisþegana sem skila verulegum hluta til baka af þeirri hækkun á lífeyri sem þeir eiga að fá á næsta ári.

Herra forseti. Ef við komum svo að frv. sem hér er til umræðu — ég á sæti í efh.- og viðskn. og vil mótmæla því að okkur sé gert það að keyra þetta mál í gegn á örfáum klukkutímum. Það vakna auðvitað ýmsar spurningar að því er þetta mál varðar efnislega fyrir utan þá umgjörð sem þessu máli er búin sem ég drap lítillega á hér fyrr í máli mínu.

Eðlilega stoppa menn við útreikninga á vísitölunni, hvaða áhrif þetta muni hafa á vísitöluna. Hér er borið á borð fyrir okkur í þessu frv., sem ekki lætur mikið yfir sér og ekki er löng greinargerð með, að um sé að ræða innan við 0,3% áætluð áhrif á vísitölu neysluverðs. Þingmenn hafa haft tök á því og höfðu þá eðlilegu vinnuaðstöðu hér þar til á síðasta þingi að geta leitað til hlutlausra aðila eins og Þjóðhagsstofnunar til þess að meta sannleikann í því sem hér er verið að færa á borð. Við eigum að trúa fjmrh. sem er að reyna að keyra þetta mál í gegn og fjárlagaskrifstofu hans að þetta hafi ekki meiri áhrif en 0,3%. Ég minnist þess á síðasta þingi að hart var deilt þegar við ræddum vísitöluáhrif vegna ýmissa aðgerða sem ríkisstjórnin stóð fyrir á sama tíma í fyrra. Þá var hart deilt um það að Þjóðhagsstofnun lagði mismunandi mat á ýmsar aðgerðir sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir í heilbrigðiskerfinu og með námsmenn, ef ég man rétt. Annars vegar var deilt um áhrifin og matið sem Þjóðhagsstofnun lagði fram og hins vegar matið sem fjárlagaskrifstofan lagði fram. Þar gátum við tekist á með faglegum rökum um mat á því sem menn töldu að hefði áhrif á það sem ríkisstjórnin var að gera. En nú er okkur boðið upp á það að þiggja hrátt frá fjárlagaskrifstofunni áhrifin af þessu.

Þetta er auðvitað óþolandi aðstaða, herra forseti, fyrir þingmenn og það á svona stuttum tíma að vera boðið upp á slík vinnubrögð. Ef við hefðum haft eðlilegt svigrúm til þess að fjalla um málið hefðum við getað með öðrum hætti nálgast það að reyna á sannleiksgildi þeirra áhrifa sem hér eru upp talin.

Við hljótum t.d. að kalla eftir því í efh.- og viðskn. að ASÍ, sem hefur nú mikilla hagsmuna að gæta í þessu sambandi að því er varðar áhrifin á vísitöluna, leggi sjálfstætt mat á það hvaða áhrif þetta hefur á vísitöluna og þeir fái þá svigrúm til þess að gera það. Og ég spyr um það t.d. hjá hæstv. ráðherra: Hefur hagdeild ASÍ, sem fékk fjárráð með niðurlagningu Þjóðhagsstofnunar til að efla hagdeild sína, lagt mat á þessi vísitöluáhrif og er hagdeild ASÍ sammála því sem fram kemur hjá fjárlagaskrifstofunni að hér sé um að ræða innan við 0,3% áhrif?

Við hljótum líka að skoða hvaða vísitöluáhrif þetta hefur á skuldastöðu heimilanna, á lán einstaklinga, lán fyrirtækja. Við hljótum að biðja um útreikninga á því. Við erum að tala um gífurlegar skuldir hjá heimilunum sem eru sennilega, ef ég man rétt, einhvers staðar um 700 milljarðar. Sem hlutfall af ráðstöfunartekjum heimilanna eru skuldirnar sennilega að nálgast 180%. Við þurfum að fá einstök dæmi um það í efh.- og viðskn. hvaða áhrif þetta hefur til hækkunar ef við tölum um meðalskuldastöðu fjölskyldna í landinu. Við þurfum að fá það útreiknað miðað við mismunandi forsendur. Það er nefnilega ekki allt sem sýnist í þessu sem verið er að leggja á borð fyrir okkur.

Ég býst við að hæstv. fjmrh. hafi reynt að halda því fram áðan að þetta væri innan þess ramma sem menn sömdu um á sínum tíma varðandi rauðu strikin. Maður hlýtur að fara mjög grannt ofan í það í efh.- og viðskn. hvaða afstöðu verkalýðshreyfingin hefur til þessa og hvaða áhrif þetta hefur á vísitöluna og það hljóta að verða kallaðir fyrir nefndina, ekki bara fulltrúar ASÍ heldur einnig BSRB. Ég er að draga hér upp, herra forseti, hve þröngt svigrúm við þingmenn höfum hér, og ég tala nú ekki um efh.- og viðskn., til þess að geta fjallað faglega og efnislega um þessi mál.

Hér hafa nokkrir þingmenn, heyrði ég, aðeins farið yfir áhrifin af þessari breytingu, til hvers hún muni leiða. Mun þetta draga saman verulega í sölu á sterkum vínum og þar með kannski auka eitthvað sölu léttvíns? Hvað er lagt til grundvallar þessum 1.100 millj.? Við þurfum eiginlega að skoða, herra forseti, hvaða forsendur eru á bak við þessar 1.100 millj. Reiknar hæstv. ráðherra og þeir sem mat leggja á þessar 1.100 millj. með að sala á sterkum vínum standi í stað? Hún hefur dregist saman. Samkvæmt því sem fram kom í Morgunblaðinu í dag seljast sterk vín minna en áður. Reiknar hæstv. ráðherra í útreikningum sínum upp á 1.100 millj. með því að sala á sterkum vínum dragist enn meira saman við þetta? Reiknar þá hæstv. ráðherrann út að salan á léttum vínum muni aukast og hvað mikið? Við þurfum að skoða innbyrðis vægið á þeim forsendum sem ráðherrann setur hér fram. Það þýðir ekkert að slengja fram fyrir okkur tölum upp á 1.100 millj. nema við getum skyggnst á bak við þær forsendur sem lagðar eru í þessum útreikningum upp á 1.100 millj.

Nú er þetta svo sannarlega rétt stefna út af fyrir sig, sem ég hygg að flestir geti talað fyrir, að beita ákveðinni verðstýringu til að reyna að hafa áhrif á áfengisneyslu. Það hefur verið reynt að gera það, að lækka verð á léttvínum og

halda sterkum vínum í dýrari kantinum. Ég hygg að það sé rétt stefna sem fæstir mótmæla.

Það er annar hlutur, herra forseti, sem við þurfum líka að fara ofan í í efh.- og viðskn. Ég dreg þetta allt upp, herra forseti, til þess að sýna að okkur er ekki gerður mjög léttur leikurinn í því litla tímasvigrúmi sem við höfum til að afgreiða málið. Við hljótum að fara ofan í stöðuna, hvaða áhrif þetta muni hafa að því er varðar vímuefnavarnir þegar verið er að breyta hér verulega verðstýringu á áfengi. Er ekki t.d. æskilegt, herra forseti, að skoða hvort við eigum að nota einhvern hluta af því fjármagni sem hér er verið að hala inn á sterkum vínum til að efla vímuefnavarnir, setja meiri pening til forvarna í vímuefnamálum, í baráttunni gegn áfengis- og vímuefnaneyslu? Þetta þarf auðvitað nefnd að hafa eðlilegt svigrúm til að fjalla um en ekki að ana fram með frv. sem hefur þessi tekjuáhrif. Maður veit ekkert hvað raunverulega er á bak við þessar tölur sem hér eru settar fram eða hvaða áhrif þetta hefur á neysluna og hvaða áhrif þetta hefur á áfengisvarnir sem við hljótum öll að sameinast um að við viljum efla.

Ég spyr t.d. hæstv. ráðherra: Telur hann ekki eðlilegt, þegar verið er að taka svona mikið fjármagn inn á sölu áfengis, að við skoðum hvort það eigi ekki að láta ákveðinn hluta af þessu nú, við afgreiðslu fjárlaga, í forvarnir eða áfengisvarnir? Hefur það verið skoðað af hæstv. ráðherra, hefur hann eitthvað leitt hugann að því að þetta þurfi?

Ég er að reyna að draga það fram að hæstv. ráðherra tali svolítið skýrar að því er varðar vímuefnavarnirnar sem menn hafa komið hér inn á. Mér finnst að við í efh.- og viðskn. ættum að skoða hvernig einstakir ráðherrar, bæði heilbrrh. og dómsmrh., hafa verið að guma af því að á undanförnum árum hafi verulegir fjármunir verið settir í hvers konar vímuefnavarnir. Menn tala um milljarð í því sambandi. Ég vil leyfa mér að draga í efa að það sé rétt. Það hefði verið rétt og eðlilegt að við fulltrúar efh.- og viðskn., við þessar aðstæður sem við erum hér að ræða um, þegar verið er að keyra þetta mál í gegn, hefðum fengið sundurliðun frá dómsmrn. og heilbr.- og trmrn. á því sem varið hefur verið til vímuefnavarna á undanförnum, ja, segjum fjórum árum.

Ég spyr ráðherra og ég biðst afsökunar ef ráðherrann er þá að endurtaka eitthvað af því sem hann sagði áðan: Hefur hæstv. ráðherrann skoðað grannt áhrifin á skuldir heimilanna, hvað þetta hækkar t.d. mánaðarlegar afborganir? Mér finnst við þurfa að fara ofan í það. Það er mjög hart í ári hjá mörgum heimilum nú um stundir, ekki síst hjá tekjulægstu heimilunum sem ríkisstjórnin, með allri virðingu fyrir henni, hefur ekki farið mjög vel með á undanförnum árum. Hún hefur t.d. skert verulega skattleysismörkin, eins og við höfum farið í gegnum, tekið skatt af tekjulægstu hópunum og enn er haldið áfram á þeirri braut. Mér skilst að í því samkomulagi sem var gert við Landssamband aldraðra, um þá litlu hækkun sem lífeyrisþegar fá um næstu áramót, hafi því umsvifalaust verið hent út af borðinu þegar fulltrúar aldraðra vildu ræða það að afnema skattinn á lífeyrisgreiðslurnar.

Margir tekjulágir eru því miður með mjög þunga skuldabyrði og erfið lán. Ég þekki það mjög vel. Á borði mínu eru mörg mál þar sem fólk hefur komið til mín, mjög tekjulágt fólk með mjög erfiða skuldastöðu og vanskil. Þó að þetta sé óskylt mál hjálpar það ekki þessum heimilum ef skuldirnar og þar með afborganir hjá þessum fjölskyldum hækka verulega við þessa breytingu.

Herra forseti. Það er í mörg horn að líta varðandi þetta mál. Það er ekki eins einfalt og menn vilja vera láta. Menn geta bara ekki afgreitt það með þeim hætti að það eigi ekkert að vefjast fyrir þingmönnum að samþykkja þetta mál.

Ég ítreka líka spurningu mína — því að ég sé að tíma mínum er að ljúka — til hæstv. fjmrh.: Hvað stendur á bak við þessar 1.100 millj. miðað við sölu, annars vegar á léttum vínum og hins vegar á sterkum vínum? Hvernig er innbyrðis dreifing á sölunni áætluð, svo að við tölum nú bara um fyrir næsta ár? Ég held að það sé mikilvægt að fá það fram. Ég vænti þess að ef hæstv. ráðherra hefur ekki svör við því á reiðum höndum við þessa umræðu sjái hann til þess að embættismenn hans í ráðuneytinu útvegi efh.- og viðskn. þetta fyrir kvöldið ásamt því að við fáum þá útreikninga sem að baki liggja varðandi lánin og að hæstv. ráðherra beiti sér einnig fyrir því, af því að hæstv. heilbrrh. og dómsmrh. eru ekki hér, að það verði þá tekið saman í hans ráðuneyti eða hinum hverju hefur verið varið til vímuefnavarna á undanförnum fjórum árum, sundurliðað eftir ráðuneytum. Loks, herra forseti, vænti ég að við fáum, áður en við hefjum vinnu í efh.- og viðskn., að heyra í hæstv. ráðherra um hvort hann geti fallist á að einhverjum hluta af þeim tekjum sem hér á að afla í ríkissjóð verði varið til vímuefnavarna.

Svo spyr ég hæstv. ráðherra í lokin hvort honum finnist það smekklegt að bendla aldraða og lífeyrisþega við þessa hækkun, eins og hér er gert í greinargerð, og þess vegna þurfi að fara þessa leið. Af hverju tíundaði hann ekki alveg eins önnur útgjöld sem þarf að fara í á næsta ári, t.d. þau skattalegu hlunnindi og ívilnanir sem ráðherrann hæstv. beitir sér fyrir á næsta ári fyrir stórfyrirtækin og auðmenn í þessu landi?

[18:22]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ýmislegt hefur komið fram í þessari umræðu, m.a. að það er auðvelt að taka mál sem er tiltölulega einfalt og reyna að drepa því á dreif með því að blanda inn í það umræðum um allt mögulegt. Ég tel að hér sé á ferðinni tiltölulega einfalt mál, mál sem gengur aðallega út á að hækka gjaldtöku á áfengi og tóbaki. Margir þingmenn, m.a. í Samfylkingunni blessaðri sem hér hefur haft sig mikið í frammi, hafa á undanförnum árum ekki bara lagt til heldur krafist þess að þessi gjöld yrðu hækkuð, ekki síst á tóbakinu, og nefnt þar ýmislegt til sögunnar. Þessi gjöld hafa hins vegar verið óbreytt í mörg ár af ýmsum ástæðum.

Nú er staðan hins vegar sú að það er nauðsynlegt að afla ríkissjóði nokkurra tekna. Þá er þessi einfalda leið valin. Af hverju er nauðsynlegt að afla ríkissjóði tekna? Það er vegna þess að að undanförnu, m.a. hér á Alþingi og í ríkisstjórn, höfum við verið að taka ýmsar ákvarðanir um aukin útgjöld. Hér er í dæmaskyni nefnt eitt mál sem menn hafa síðan verið að gera að einhverju aðalatriði í þessari umræðu. Þetta er nefnt sem dæmi, það hefði mátt nefna mörg önnur dæmi — það er rétt hjá hv. þm. sem hér talaði síðast. Það er nefnt dæmi hér um samkomulagið við aldraða. En það þarf að afla ríkissjóði tekna til að veikja ekki stöðu hans um of, eins og stendur í greinargerðinni. Það er hættulegt að veikja stöðu hans um of. Það getur haft hættulegar efnahagslegar afleiðingar sem þarf ekki að rekja hérna fyrir fólki.

Hins vegar má auðvitað segja, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem talaði hér í upphafi sagði í sinni málefnalegu ræðu um þetta mál, að e.t.v. væri eðlilegast að láta hækkanir á áfengis- og tóbaksgjaldi vera örari þannig að þær drægjust ekki aftur úr almennri verðlagsþróun. Það

vill fólk ekki. Það er engin sérstök ástæða til þess að tóbak lækki með árunum í verði og hækki ekki í takt við almenna verðlagsþróun. Margir hafa lagt til, ekki síst úr stjórnarandstöðuflokkunum, að tóbakið hækki miklu meira til þess að reyna að draga úr notkun þess. Það er auðvitað annað sjónarmið og það snertir auðvitað heilbrigðispólitíkina í þessu sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson nefndi hér. Það er komið til móts við það sjónarmið í leiðinni með þessu frv. þó að það sé ekki tilefni þess.

Ástæðan fyrir því að beðið er um að þetta sé gert með þeim hætti í þinginu sem ég hef beðið um kom líka mjög skýrt fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar hér í upphafi. Hann flutti rökin fyrir því mjög vel. Verslun með þessar vörur er þess eðlis að það er nauðsynlegt að ákvarðanir liggi hratt fyrir eigi á annað borð að gera breytingar á gjaldtöku í þessu, hvort sem um er að ræða hækkanir eða lækkanir. Og það þarf ekkert að útskýra þetta fyrir fólki, þetta vita auðvitað allir.

Breytingin frá því sem áður var, t.d. þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sat í ríkisstjórn og fjmrh. í þeirri ríkisstjórn hringdi bara í forstjóra ÁTVR og sagði honum: Nú hefur ríkisstjórnin ákveðið að hækka vínið og tóbakið, er sú að nú er þetta gert með lögum. Þess vegna verðum við, þegar svona aðstæða kemur upp, að hafa hraðar hendur í þinginu. Og eins og fram kom hjá mér áður ræddi ég þetta mál við formenn þingflokka sl. þriðjudag og óskaði eftir því að þetta mál yrði tekið fyrir á morgun, föstudag. (**JóhS:** Síðastliðinn þriðjudag?) Síðastliðinn þriðjudag, já, eins og ég sagði í upphafsræðu minni ræddi ég þetta við þingflokksformenn og óskaði eftir því að þetta mál yrði rætt hér á morgun en það þótti óheppilegt af öðrum ástæðum. Þess vegna var ákveðið að reyna að gera þetta í dag en hugmynd mín var sú að þessar breytingar kæmu til framkvæmda fyrir mánaðamótin. 1. desember er sem kunnugt er næsti sunnudagur.

Auðvitað óskaði ég eftir trúnaði um þetta mál til að sú staða skapaðist ekki í verslunum og með viðskipti með þessar vörur sem ég lýsti áðan og við viljum koma í veg fyrir, hamstur og annað þess háttar.

Að því er varðar hins vegar vísitöluáhrifin hafa margir orðið til að nefna þau. Það er auðvitað eðlilegt því að vissulega ber að skoða vísitöluáhrif af svona breytingum mjög gaumgæfilega. En það er reyndar mjög einfalt mál að skoða þau. Tóbakið vegur u.þ.b. 1,9% í vísitölunni. Það þýðir að 10% tóbakshækkun hækkar vísitöluna um 0,19%. Áfengi vegur u.þ.b. 1,1% í vísitölunni, ef ég man þetta rétt, sem þýðir að 10% hækkun á öllu áfengi hækkar vísitöluna um 0,11%. Hér er verið að leggja til 12% hækkun á tóbakinu og 10% hækkun á sterku áfengi, sem er miklu minni hluti áfengissölunnar en létta áfengið og bjórinn. Þannig getur fólk séð þetta í hendi sér og reiknað aftan á umslagi hvað þetta er nokkurn veginn mikið. Þetta er innan við 0,3% samkvæmt nákvæmum útreikningum sem gerðir hafa verið í þessu máli. Auðvitað er hægt að fá það allt saman lagt niður fyrir sér í efh.- og viðskn.

Þrátt fyrir þetta — 0,3% hækkun á vísitölu, sem vonandi mælist þá eftir helgina í vísitölumælingunni ásamt öðrum breytingum sem þá verða, lækkun bensíns væntanlega og fleiri þátta — bendir allt til þess að hækkun vísitölu neysluverðs á þessu ári verði innan við 2%, um 1,9% mundi ég kannski giska á þó að ég viti það auðvitað ekki á þessari stundu. Launin í landinu hækka hins vegar umtalsvert meira sem betur fer, sem þýðir að kaupmátturinn vex á þessu ári, hann vex stórlega miðað við það sem menn geta vænst við þær aðstæður þegar hagvöxtur er enginn eins og nú á þessu ári.

Þetta er lykilatriðið í þessu frekar en það sem Samfylkingin kýs alltaf að leggja áherslu á, skuldir heimilanna. Þær munu sem sagt hækka um innan við 2% á þessu ári vegna vísitölubreytinga. Og það er auðvitað stórfelldur árangur að það skuli vera búið að koma verðbólgunni niður á það stig núna.

Ef ég man tölurnar rétt er í þessari tekjuöflun, 1.100 millj. kr. tekjuöflun á heilu ári, gert ráð fyrir því að tóbakshækkunin skili u.þ.b. 800 millj. og áfengið 300 millj. En inni í tóbaksverðhækkuninni hefur verið gert ráð fyrir samdrætti af völdum hækkunarinnar um u.þ.b. 3%. Hvort neysla sterkra áfengisdrykkja minnki umfram það sem ella hefði verið vegna þessa er erfitt að fullyrða. Ég tel líklegt að svo verði, já. Ég tel líklegt að það verði breyting á neyslu almennings, úr sterku yfir í létt vín og bjór. Mér finnst það ekkert óeðlileg breyting. Ég fagna henni í sjálfu sér. Ég tel að það sé hollara að drekka léttara vín og bjór en sterkt áfengi þótt við flest hér á okkar aldri höfum alist upp við hitt. (**Landbrh.:** Hvað veist þú um það?) Ég þekki nú kauða. (**Gripið fram í:** Guðni sterki.)

En það sem aftur á móti er önnur spurning, og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson beindi til mín, varðar það sem hér segir: „Af ýmsum ástæðum er þó talið heppilegra að halda áfengisgjaldi léttra vína og bjórs óbreyttu."

Hann spurði: Hvað er átt við með þessu? Það sem er náttúrlega átt við með þessu er það að við höfum talið æskilegt að breyta verðhlutfallinu milli sterkra drykkja og léttra til að stýra neyslunni frekar inn í léttari drykki. Það er það sem býr á bak við þetta. Og ég get bætt því við að mér finnst sjálfum að við eigum við hentugt tækifæri að lækka áfengisgjaldið á léttum vínum og bjór, ekki bara til þess að við getum öll drukkið meira af því, heldur líka vegna þess sem einhverjir nefndu í umræðunni að það skipti máli varðandi ferðaþjónustuna. Verðlagning á þeim vörum er því miður úr algjörum takti við það sem er í nálægum löndum. Þetta getum við gert bara með lagabreytingu eins og við erum að meðhöndla núna, þegar við teljum okkur hafa peningalegt svigrúm til þess og þurfum ekkert að bíða eftir neinni tilskipun frá Evrópusambandinu, eins og sumir virðast halda að þurfi að gerast í þessu máli.

Ég tel að það hefði verið mjög óheppilegt að hækka léttu vínin og bjórinn um það sama og sterku vínin núna, jafnvel þótt við séum í tekjuöflun með þessu frv. Það má því líta á þetta sem skref í þeirri viðleitni að auka bilið á milli verðs sterkra drykkja og léttra, þó að eflaust séu einhver mörk um hversu langt er hægt að ganga í því efni.

Ég held því að þingmenn í sjálfu sér, alveg eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon benti á, þurfi ekki langan tíma til að átta sig á efni frv. Beðið er um að því verði hraðað vegna eðlis málsins. Til að trufla ekki viðskipti með þær vörur og til að leiða ekki til óeðlilegra viðskiptaviðbragða, þá er beðið um að málinu verði hraðað. Auðvitað er eðlilegt að allir reyni að átta sig á efni málsins, efnið er alveg skýrt. Við erum að reyna að afla ríkissjóði u.þ.b. 1.100 millj. kr. til að styrkja stöðu hans vegna ýmissa þátta sem búið er að ákveða á undanförnum dögum og vikum, bæði í ríkisstjórninni og svo hér á hinu háa Alþingi. Þetta er bara hrein tekjuöflun. En hún hefur að vísu önnur áhrif eins og t.d. varðandi tóbakið sem margir hafa kallað eftir og tengja það heilbrigðisstefnu

og svo varðandi verðhlutfallið á milli sterkra og veikra áfengisdrykkja. Ekki sakar að rifja það upp, sem ég gerði í upphafsræðu minni, að þrátt fyrir þessar hækkanir hefur áfengis- og tóbaksgjaldið hækkað mun minna í allmörg ár en almenna neysluvísitalan. Viljum við hafa það þannig? Er það það sem Samfylkingin vill? Ég held reyndar að hún vilji það ekki, enda hefur hún margkallað eftir slíkum breytingum, en af einhverjum ástæðum hentar ekki að samþykkja þetta mál eins og það er nú lagt fyrir eða hraða því. Ég skal ekki segja hver endanleg afstaða manna verður, það hefur ekki komið hér fram.

Menn hafa verið að spyrja spurninga um allt mögulegt sem þessu tengist beint eða óbeint. Ég tel ekki að það sé eðlileg stefna að við látum þessi gjöld dragast aftur úr almennri verðþróun vegna eðlis þess varnings sem hér er um að tefla. Og ég held að ekki séu margir formælendur fyrir því, enda man ég ekki betur en hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hafi í fyrra lagt til hækkun á tóbaksgjaldi í stað annarra breytinga sem þá voru í uppsiglingu.

Síðan vildi ég bæta því við vegna þess að um það var spurt hvort gert hafi verið gert ráð fyrir gjaldtöku þessari í fjárlagafrv. næsta árs. Það var nú reyndar ekki í frv. eins og það er núna, hins vegar er í fjárlögum ársins 2002 gert ráð fyrir að áfengisgjaldið verði hækkað á þessu ári og að af því fáist tekjur upp á 400 millj. kr. Þetta veit ég að einhverjir þingmenn muna frá því í fyrra þegar verið var að ljúka afgreiðslu fjárlaganna, en það hefur hins vegar ekki verið gert. Áfengisgjaldið hefur ekki verið hækkað á þessu ári til samræmis við það sem fjárlögin gerðu ráð fyrir. Það má því segja að að hluta til sé verið að gera það sama hér og þá var talað um, þótt þetta sé aðeins hækkun upp á 300 milljónir en ekki 400 á ársgrundvelli og komi þetta seint á árinu.

Ég held, herra forseti, að ég hafi svarað þeim spurningum sem til mín hefur verið beint.

[18:36]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hæstv. fjmrh. að þetta mál er í sjálfu sér mjög einfalt. Það er einfaldlega þannig að ríkisstjórnin hefur misst tökin á útgjöldunum, á útgjöldum ríkissjóðs og þess vegna þarf að afla nýrra tekna. Því er farin sú leið að hækka áfengisgjaldið til þess að ná inn 1.100 milljónum. Þetta skildu allir. Það var enginn í vandræðum með að átta sig á þessum þætti málsins. Hins vegar eins og kom fram í umræðunni veltu menn upp þeim áhrifum sem þetta kynni að hafa og í raun og veru þeirri stóru fullyrðingu sem fram kemur í frekar stuttum athugasemdum að verið sé að grafa undan efnahagslegum stöðugleika ef ríkissjóður fær ekki auknar tekjur. Það er ekkert óeðlilegt, virðulegi forseti, að menn velti þessu upp í ljósi þeirrar umræðu sem hér fór fram í gær um þann árangur sem menn vildu hreykja sér af í ríkisfjármálunum.

Það sem vakti líka sérstaka athygli mína í ræðu hæstv. ráðherra var að hann var sí og æ að benda á að aðrir hefðu verið að hugsa um eitthvað svipað eða sambærilegt einhvern tímann í umræðunni. Ekki það að hæstv. ráðherra bæri ábyrgð á því að ríkissjóð vantaði fjármuni. Ekki að hæstv. ráðherra bæri ábyrgð á því að menn hefðu eytt um efni fram. Nei, verið er að benda á að hv. þm. úr hinum og þessum flokkum hafi eitt sinn lagt eitthvað til og því sé ekkert að marka málflutning þeirra. Þetta finnst mér ekki vera málinu til framdráttar.

En ég bar fram eina spurningu til hæstv. ráðherra sérstaklega, sem hann svaraði ekki áðan, og hún er þessi: Hvað mun þessi hækkun, þ.e. tæplega 0,3% eins og kemur fram í athugasemdum, hafa mikil áhrif í krónum á skuldir heimilanna? Ég held að það hljóti að hafa legið fyrir þegar hæstv. ráðherra lagði frv. fram.

[18:38]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef við missum tökin á fjármálum ríkisins þá grefur það undan efnahagslegum stöðugleika. Við erum að tryggja það m.a. með þessu frv., og ýmsu öðru sem hér er verið að gera, að við höfum full tök á ríkisfjármálunum. Það höfum við að sjálfsögðu. Þess vegna er á þetta minnt í athugasemdum. Það er alveg ástæðulaust fyrir hv. þm. eða einhvern annan að vera eitthvað að snúa út úr því, gera það að einhverju stórmáli í frv. sem annars er tiltölulega einfalt og auðskilið.

Ég hef ekki reiknað út sérstaklega hver áhrif þessa verða á skuldir heimilanna, vegna þess að það sem skiptir máli varðandi þær er að sjálfsögðu hver heildarþróun vísitölunnar er á árinu en ekki hvernig einstakir liðir innan hennar þróast. Ég gat þess áðan að líkur eru á því að vísitalan muni innan ársins 2002 einungis hækka um 1,9%, langt undir því sem kauplagsþróunin er eða launaþróunin í landinu. Ég hygg að laun almennt í landinu muni hækka um yfir 4% þannig að þarna er um að ræða meira en 2% ávinning í kaupmætti fyrir allan almenning. Það er auðvitað það sem skiptir máli fyrir allan almenning eins og ég hef margoft verið að reyna að segja hér úr þessum ræðustól á undanförnum dögum og vikum.

[18:40]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst það nú vera dálítið stór orð hjá hæstv. fjmrh. sem segir að ef ekki verði aflað nýrra tekna fyrir ríkissjóð þá verði grafið undan efnahagslegum stöðugleika, því annars sé ríkissjóður í vanda. Það segir okkur það að menn hafa einfaldlega eytt um efni fram og ekkert annað. Það er dálítið sérstakt að hæstv. ráðherra skuli viðurkenna það í andsvari að ef ekki verði aflað þessara tekna muni það grafa undan efnahagslegum stöðugleika.

Ég skil hæstv. ráðherra líka mætavel að hann vilji ekki draga fram einstök áhrif þessarar tilteknu hækkunar, en þess í stað reyna að fjalla um heildaráhrifin. Við erum nú aðeins að fjalla um þetta einfalda mál hér eins og hæstv. ráðherra komst að orði og við erum að reyna að átta okkur á því hvaða áhrif afgreiðsla þess einfalda máls hefur. Það er verkefnið okkar núna og við í Samfylkingunni greiddum atkvæði gegn því að málið yrði tekið fyrir á þann hátt sem raun ber vitni, þ.e. með afbrigðum, vegna þess að við viljum átta okkur á afleiðingunum, átta okkur á hvaða áhrif þetta kann að hafa í för með sér. Það er kannski kjarninn í þessu öllu saman.

Ég vil líka mótmæla því að við höfum reynt að dreifa þessari umræðu um of frá kjarna málsins, vegna þess að ég gat ekki betur heyrt í síðari ræðu hæstv. ráðherra sem um margt var ágæt, en að þar hafi hann einmitt fjallað um þá sömu hluti og við höfum verið að ræða í umræðunni í dag. Ég vil mótmæla því harðlega að menn hafi verið að reyna að snúa út úr málinu á einhvern hátt eins og hæstv. ráðherra lét í veðri vaka í ræðu sinni.

[18:42]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hæstv. fjmrh. viðurkenna að óþarfi hefði verið að blanda lítilli lífeyrishækkun til lífeyrisþega í þetta mál og ég fagna því. Hæstv. ráðherra taldi að þetta hefði ekki áhrif á vísitöluna á þessu ári sem yrði sennilega innan við 2%, eða 1,9% eins og hæstv. ráðherra nefndi.

Þá er spurningin um vísitöluna á næsta ári þegar verðlagsáhrifin af þessu koma að fullu til framkvæmda. Hefur þetta einhver áhrif á verðlagsáhrifin í fjárlagafrv. svo dæmi sé nefnt, ef við tökum næsta ár fyrir? Þetta þurfum við að skoða.

Hæstv. ráðherra svaraði ekki alveg öllum spurningum sem til hans var beint. Ég spurði hvort hann væri reiðubúinn til einhvers samkomulags um það að einhverjum hluta af þessu, þótt ekki væri stór, yrði varið til vímuefnavarna sem ég held að hljóti að koma til skoðunar í efh.- og viðskn. — Er ég ekki í andsvari, hæstv. forseti?

(**Forseti** (HBl): Hv. þm. bað um orðið.)

Nei, ég bað ekki um orðið, þetta er andsvar.

(**Forseti** (HBl): Hv. þm. veitir andsvar við ræðu hæstv. ráðherra.)

Já, ég spurði um vímuefnavarnir, hvort hæstv. ráðherra væri reiðubúinn til þess að skoða það að veita hluta af þessu í það mikilvæga verkefni allra ríkisstjórna sem eru vímuefnavarnir.

Hæstv. ráðherra nefndi að ég hefði krafist hækkunar á tóbaki á síðasta ári. Það var nú í staðinn fyrir það að hækka skólagjöld og efniskostnað á námsmenn, þannig að við erum að tala þar um ósambærilega hluti í því efni sem ekki er hægt að blanda saman eins og hæstv. ráðherra gerði.

Auðvitað þurfum við að fá miklu betri upplýsingar en hér hafa komið fram um skuldir heimilanna. Mér fannst hæstv. ráðherra heldur ekki nefna áhrifin á söluna hvernig þessar 300 milljónir ættu að dreifast milli sterks víns og léttvíns.

[18:44]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessu síðasta er nú auðsvarað. 300 milljónirnar koma allar af sterka víninu vegna þess að það er engin hækkun á létta víninu. Gert er ráð fyrir hækkun á áfengisgjaldi á sterk vín einungis en auðvitað vitum við ekki nákvæmlega hvernig þróunin í þessu verður. Það er ekki hægt að hafa uppi annað en einhverjar getsakir um það en líklegt er, eins og ég sagði áðan, að tilflutningur verði frá sterku víni yfir í létt og ég tel það bara í sjálfu sér æskilegt.

Hvað varðar hins vegar spurningu þingmannsins um áhrifin af vísitölubreytingunum, þá koma þau fram við mælinguna núna í byrjun desember. Þá eru þau komin inn í grunninn og hafa ekki áhrif á næsta ári.

Að því er varðar síðan það hvort nota eigi hluta af þessu fjármagni til að efla vímuefnavarnir þá sé ég enga sérstaka ástæðu til þess af tilefni þessarar hækkunar. Það er margt vel gert í þeim efnum og veitt er ákveðið fjármagn eins og allir vita til þeirra mála. Auðvitað má alltaf segja sem svo að gera megi betur í þeim efnum en þá er það sjálfstætt mál til skoðunar. Ég tel ekki að það eigi að tengjast þessu máli sérstaklega eða þeirri tekjuöflun sem hér er á ferð, það er þá bara nýtt mál ef menn vilja taka það upp.

En ég vil bæta því við varðandi það sem menn hafa verið að segja um skuldir heimilanna og það allt saman, að því má heldur ekki gleyma í umræðu um það mál og kaupmáttaraukann á þessu ári og fleira, hversu mikið vextir hafa verið að lækka. Það er auðvitað mjög mikilvægt í því dæmi og verður að vera með í útreikningum ef menn vilja fara að skoða sérstaklega skuldir heimilanna, því þá er það skuldabyrðin sem er kannski aðalatriðið, hvað menn þurfa að greiða af tekjum sínum upp í skuldir og svo auðvitað hvernig tekjurnar hafa verið að þróast. Sú þróun er mjög jákvæð á þessu ári.

[18:46]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi það sem hæstv. ráðherra ætlar sér að taka inn af áfenginu, þá liggur það ekki í augum uppi að það skili sér allt í ríkiskassann og að salan á sterka víninu verði algjörlega óbreytt eftir þessa hækkun. Þannig að ef það eru útreikningarnir og forsendurnar á bak við þetta þá er auðvitað ekkert í hendi að ekkert dragist saman í kaupum á sterku víni. Það er alls ekki í hendi og þarf að skoða þetta betur. Auðvitað getur þetta eins komið fram í aukningu á neyslu léttra vína, það er erfitt að átta sig á því, en það liggur þá fyrir ef þetta er það sem ráðherrann segir um forsendurnar á bak við þessa tölu að hann ætlar sér að fá það inn a.m.k. þá í óbreyttri sölu á sterku víni, en bara með þessari hækkun.

Auðvitað veit hæstv. ráðherra það þegar við erum að ræða um vímuefnavarnir að eðlilegt er að slík spurning komi fram í tengslum við hækkun á áfengi og tóbaki. Það hefur iðulega gerst í gegnum árin þegar verið er að hækka áfengi og tóbak að menn hafa viljað skoða hvort ekki sé eðlilegt að verja hluta af þeirri hækkun í vímuefnavarnir. Það er ekkert annað sem kemur upp á borðið núna, þegar við erum að ræða svona mikla hækkun, menn vilja setja eitthvað til vímuefnavarna að því er þann þátt varðar og það hljótum við, herra forseti, að skoða þegar við ræðum þetta mál í efh.- og viðskn. Og þá finnst mér hæstv. ráðherra skauta ansi léttilega í gegnum það hvaða áhrif þetta hefur á skuldastöðu heimilanna, en það hljótum við að fara ítarlega í gegnum í hæstv. efh.- og viðskn.

[18:48]

Útbýting þingskjala:

Íslenskt táknmál, 403. mál, fsp. KolH, þskj. 497.

Verkefni Umhverfisstofnunar, 405. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 500.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 404. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 499.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:50]

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

7 þm. (GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, RG, SJóh) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GHall, GÁS, GÁ, JHall, KolH, KHG, KPál, LMR, LB, MF, SP, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

[Fundarhlé. — 18:51]

[19:59]

Útbýting þingskjala:

Búseta á jörðum, 406. mál, fsp. HH, þskj. 504.

Samningur við sveitarfélög á Vesturlandi um menningarmál, 407. mál, fsp. HH, þskj. 505.

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vesturlandi, 409. mál, fsp. HH, þskj. 507.

Varaeintakasafn Landsbókasafns – Háskólabókasafns í Reykholti, 408. mál, fsp. HH, þskj. 506.

Veiðieftirlitsgjald, 246. mál, þskj. 498.

[Fundarhlé. — 20:00]

[20:29]

Útbýting þingskjals:

Gjald af áfengi og tóbaki, 402. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 508.

Fundi slitið kl. 20:40.

---

41. FUNDUR

fimmtudaginn 28. nóv.,
að loknum 40. fundi.

Dagskrá:

Gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 402. mál, þskj. 496, nál. 508. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:41]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 508. — Afbrigði samþ. með 34:3 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: GÖ, JÁ, SJóh.

26 þm. (ÁRJ, BH, DO, EMS, GE, GAK, GÁS, GunnB, JóhS, JHall, KVM, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG, SP, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

[Fundarhlé. — 20:43]

Gjald af áfengi og tóbaki, 2. umr.

Stjfrv., 402. mál (hækkun gjalda). — Þskj. 496, nál. 508.

[22:06]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. vegna þessa frv. til laga um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Nefndin fjallaði um þetta mál á fundi um kvöldmatarleytið og afgreiddi það. Ég er nefndarmönnum þakklátur fyrir röskleg vinnubrögð í málinu. Þetta mál er þannig vaxið að það þarf að afgreiðast fljótt og vel.

Í nál. er getið um við hverja var rætt til að leita álits þeirra á frv. En í stuttu máli leggur meiri hlutinn til að frv. verði samþykkt óbreytt.

[22:07]

Útbýting þingskjals:

Gjald af áfengi og tóbaki, 402. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 509.

[22:07]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn. — hann skipar ræðumaður og ekki aðrir — í þessu þjóðþrifamáli sem heldur þinginu uppteknu fram á nótt, sem felur í sér hækkun á áfengis- og tóbaksgjaldi. Ef marka má greinargerð frv. er það hvorki meira né minna en forsenda þess að efnahagslegur stöðugleiki verði varðveittur í landinu að mál þetta nái fram að ganga og munar nú um minna.

Ég tel að það sé gagnrýnivert hvernig ríkisstjórnin stendur að framlagningu þessa frv. *Til að mynda fylgdu málinu* afar litlar upplýsingar. Það þurfti að draga þær út úr gestum efh.- og viðskn. því að þær er ekki að finna í greinargerð sem er stutt og fátækleg af upplýsingum. Þar eru t.d. engar upplýsingar veittar um þróun áfengis- og tóbaksgjalds sl. ár, hvernig þær upphæðir hafa þróast miðað við verðlag eða annað í þeim dúr.

Þá kom fram á fundum nefndarinnar að ekkert samráð hefði verið haft við einn eða neinn um undirbúning þessa *máls, ekki við samtök launafólks eða aðila innan heilbrigðis*kerfisins. Reyndar náðist alls ekki í neina slíka til að ráðfæra sig við um málið á þeim skamma tíma sem nefndin hafði til starfa.

Á hinn bóginn er ljóst, herra forseti, og má nefna mörg dæmi því til staðfestu, að menn hafa skilning á því að þegar svona mál eru einu sinni komin fram að æskilegt er að hraða afgreiðslu þeirra. Sagðar voru þær skemmtisögur af hinum reynda forstjóra Áfengis- og tóbakseinkasölunnar að einhvern tímann hefði það lekið út á hinni öldinni að til stæði að hækka brennivínið snemma í desembermánuði og þá tókst þannig til að öll jóla- og áramótasalan fór fram á næstu tveimur sólarhringum og hækkunin kom fyrir lítið þegar hún loksins var prentuð og birt.

Þannig má ætla að ef Alþingi hefði haft þetta frv. til umfjöllunar í nokkra sólarhringa hefði orðið líflegt í áfengisútsölunum næstu daga. Sama hefði þá auðvitað átt við ef boðuð hefði verið lækkun á þessu gjaldi, t.d. 20. desember. Þá hefðu sennilega ekki margir verslað fram að þeim tíma — (Gripið fram í.) og þó. Þannig að það fer auðvitað eftir því hversu þörfin er brýn eftir því sem hæstv. fjmrh. segir.

Þannig er það, herra forseti, að við þm. Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboðs gerum ekki sérstakar athugasemdir *við að málið fái hér skjóta meðferð úr því að ríkisstjórnin* og meiri hluti hennar er búin að ákveða þessa skattahækkun. Hún hefði þá birst mönnum fyrr eða síðar.

Það kemur fram í forsendum málsins, og er út af fyrir sig virðingarvert, að það er ekki reynt að draga dul á að hér er fyrst og fremst um tekjuöflun í ríkissjóð að ræða. Þetta er sem sagt skattahækkunarfrumvarp. Þetta er svona einhvers

konar vöggugjöf til ungu drengjanna í Sjálfstæðisflokknum sem streymdu inn í efstu sæti á væntanlegum framboðslistum hér í Reykjavík undir kjörorðinu Lækkum skatta. Við óskum þeim auðvitað innilega til hamingju með þessa vöggugjöf.

Ekki bólar á neinum mótvægisaðgerðum sem auðvitað hefði mátt gera ef menn hefðu viljað tryggja að af þessum breytingum yrðu ekki umtalsverð verðlagsáhrif og þau yrðu ekki til íþyngingar í útgjöldum heimilanna að meðaltali að sjálfsögðu. Neyslan á þessum varningi er misjöfn og þar með auðvitað fyrst og fremst um íþyngjandi aðgerð að ræða og má ætla að verðlagsáhrifin, sem eru metin upp á 0,3% í vísitölu neysluverðs, komi fram að fullu.

Á hitt ber að líta að áfengis- og tóbaksgjöld hafa ýmist lítið hækkað, ekki neitt, jafnvel lækkað síðan 1995 þegar núgildandi lög voru sett. Eftir þá hækkun sem frv. felur í sér mun jafnvel vanta nokkuð upp á að gjöldin hafi fylgt verðlagi að fullu. Um þetta fengust upplýsingar í efh.- og viðskn. Eins og áður sagði, herra forseti, var þær ekki að hafa í greinargerð með frv. né heldur nema að mjög takmörkuðu leyti í framsöguræðu ráðherra. Þar kom sem sagt fram að vísitala neysluverðs hefði hækkað um u.þ.b. 30% frá 1995 til og með dagsins í dag, en áfengis- og tóbaksgjöld um 20–25%, þ.e. á tóbaki og sterku áfengi. Á bjór hefur áfengisgjaldið ekkert hækkað frá 1995. Það hefur staðið í stað í krónutölu og á léttum vínum beinlínis lækkað. Árið 1998 þegar gerðar voru breytingar á þessu fyrirkomulagi var áfengisgjald á léttum vínum eða borðvíni lækkað. Þar vantar á bilinu 30–40% upp á að áfengisgjöldin hafi fylgt verðlagsþróun frá árinu 1995 og ég hygg að þessar staðreyndir, herra forseti, eigi erindi inn í umræðuna hvað sem menn segja um þessa aðgerð að sínu leyti.

Ef maður lítur á málið frá hollustu- og heilbrigðissjónarmiðum, og það er nú væntanlega leyfilegt að gera, er ekki hægt að segja að þessi aðgerð sé óeðlileg sem slík, þ.e. ef menn telja að gjöldin hafi verið einhvers staðar nálægt réttu róli að raungildi eins og þau voru 1995 og miðað við daginn í dag.

Hitt er alveg ljóst að það er afar óæskilegt og gagnrýnivert að svona gjaldtaka sé ekki látin fylgja verðlaginu jafnt og þétt og hækkuð jafnóðum á ári hverju eins og aðrar breytur af þessu tagi. Satt best að segja skil ég ekki hvers vegna þetta hefur gengið svona til, að þessi mikli slaki hafi komið í þetta úr því að í ljós kemur eftir allt saman að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er síður en svo andvíg því að hækka þessi gjöld eins og þessi aðgerð ber með sér. Þá má náttúrlega spyrja: Hvers vegna var það ekki gert í jöfnum áföngum á þessu árabili, eða var þetta bara sleifarlag, gleymska eða eitthvað annað?

Auðvitað er enn óheppilegra, herra forseti, að taka stór stökk af þessu tagi þegar aðstæður kunna að vera þannig að verðlagsmál séu viðkvæm. Það hafa þær sannarlega verið að undanförnu. Menn minnast aðgerða sem gripið var til fyrir ekki löngu síðan til þess að reyna að ná verðlagsþróun inn fyrir rauð strik. Menn hættu við hækkun á afnotagjöldum Ríkisútvarps og einhverja fyrirhugaða brennivínshækkun sem boðuð var á þessu ári, einmitt til þess að hemja verðlagið innan rauðra strika.

Þess vegna finnst mönnum kannski að nú sé ríkisstjórnin að koma aftan að þeim og sæta færis með lúalegu lagi, að gera þetta núna sisvona óforvarandis og næstum að segja í skjóli myrkurs, vantar ekkert nema rafmagnið fari af aftur hérna, herra forseti, til að hægt væri að segja þetta hrein myrkraverk.

Ekki meira um það, herra forseti. Þetta frv. er hluti af aðgerðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og auðvitað nátengt afgreiðslu fjárlagafrv. sem við höfum gert margvíslegar athugasemdir við, lagst gegn í vissum greinum og flutt við brtt. í öðrum.

Það er því niðurstaða okkar, þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að það sé ríkisstjórnarinnar að bera ábyrgð á afgreiðslu málsins og verði henni að góðu.

[22:18]

Útbýting þingskjala:

Gjald af áfengi og tóbaki, 402. mál, nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 510; brtt. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 511.

[Fundarhlé. — 22:20]

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:26]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 511. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

[22:26]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn. sem ég flyt ásamt hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni.

Við 1. umr. málsins gagnrýndum við í þessum minni hluta alla málsmeðferð við það og vinnubrögð og ég held, herra forseti, að það hafi verið staðfest nú við umfjöllun efh.- og viðskn. um málið að sú gagnrýni var réttmæt.

Á fundi í efh.- og viðskn. gagnrýndu m.a. fulltrúar ASÍ sem mættu á fundinn vinnubrögðin við málið, ásamt þeirri skattahækkun sem í frv. felst vegna þess, herra forseti, að hér er auðvitað á ferðinni ekkert annað en einfalt skattahækkunarfrv.

Mér fannst satt að segja ótrúlegt í meðferð málsins í efh.- og viðskn. þar sem fram kom hjá fulltrúa ASÍ að ekkert samráð hafði verið haft við ASÍ um þessa hækkun þrátt fyrir sameiginlega yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og ASÍ fyrr á árinu um aukið samstarf við að ná verðbólgunni niður og halda henni innan tilskilinna marka. Þetta taldi ASÍ einmitt alvarlegt í ljósi þess að fallið var frá svipaðri hækkun fyrr á árinu vegna óæskilegra áhrifa hennar á verðbólgumarkmið í tengslum við kjarasamninga.

ASÍ hafði sem sagt ekkert tækifæri haft eða svigrúm til þess að skoða málið, hvað þá að skoða verðlags-, verðbólgu- og vísitöluáhrifin af þeirri skattahækkun sem hér er á ferðinni og gefst greinilega ekki svigrúm til þess miðað við þann hraða sem er á því að koma málinu í gegnum þingið.

Sömuleiðis hafði Hagstofa Íslands ekki haft tækifæri til þess að skoða vísitöluáhrifin, en taldi þó miðað við þá skoðun sem þeir höfðu meðan málið var til meðferðar í efh.- og viðskn. að sú tala sem nefnd er í frv. gæti nokkurn veginn staðist. Fulltrúi Seðlabankans sem mætti á fundinn taldi að verðbólgan eins og henni var spáð á þessu ári gæti hugsanlega haldist eins og hæstv. fjmrh. nefndi og verðbólgan yrði öðru hvorum megin við 2% á árinu.

Það er alveg ljóst að áhrif frv. eru nokkur auk verðbólguáhrifanna. Áhrifa frv. mun gæta að því er varðar skuldir heimilanna sem munu hækka um 2 milljarða kr.

Skuldir heimilanna eru nú um 700 milljarðar kr. og eru 175% af ráðstöfunartekjum heimilanna. Það hlutfall mun hækka um 0,5% samkvæmt upplýsingum fulltrúa Seðlabankans, auk þess sem skammtímaáhrifin af þessari skattahækkun eru um 2 milljarðar kr. Þetta getur haft áhrif a.m.k. til skamms tíma á verðtryggð lán og sem dæmi var nefnt í nefndinni að 10 millj. kr. verðtryggt lán gæti hækkað um 30.000 kr. og greiðsla af láni sem er til sjö ára hækkar um 4.000 kr. á ári og greiðslur vegna 25 ára húsbréfa hækka um 1–2 þús. kr. á ári.

Í frv. er þess getið að sem ein af meginástæðum fyrir flutningi þessa frv. hafi álögur á áfengi og tóbaki að mestu leyti staðið óbreyttar í krónum talið um skeið. Samkvæmt upplýsingum sem ég aflaði mér hjá Hagstofunni eftir að fundi lauk, þá hefur orðið nokkur hækkun á áfengi þó að áfengisgjaldið sem slíkt hafi ekki breyst mikið, en hækkunin á áfengi frá mars 1997 til nóvember 2002, áfengisliðurinn hefur hækkað um 16,1%, þar af sterkt vín um 13,4%, léttvín um 15,2%, bjór um 19,9%, sem er heldur minna en hækkun á neysluverðsvísitölu á þessu tímabili sem er 25,3%, en tóbak hefur hækkað verulega, eða um 55,1%.

Það vakti líka athygli sem fram kom í nefndinni að þegar hækkun á áfengi á árinu er skoðuð kemur í ljós að krónan hefur styrkst um hátt í 20% á árinu, sem við eðlilegar aðstæður hefði átt að hafa verðlækkun á áfengi í för með sér.

Nokkuð var rætt um það í nefndinni hvaða forsendur væru á bak við þær 1.100 milljónir sem fjmrh. áætlar að þessi skattahækkun muni skila í ríkissjóð. 800 millj. kr. eru vegna hækkunar á tóbaki og 300 millj. kr. er vegna hækkunar á áfengi. Ég held að varlegt sé að áætla að þessar 300 millj. skili sér í ríkissjóð, en forsendurnar á bak við 300 millj. eru þær að það verði óbreytt sala á áfengi á sterku víni sem skila á 300 millj. kr. og ég held að varlegt sé að áætla það þegar verið er að fara út í slíka hækkun að það skili sér í óbreyttri sölu á áfengi.

Ég held út af fyrir sig, herra forseti, að ekki sé ástæða til að ræða þetta mál mikið lengur. Ríkisstjórnin er ákveðin í því að knýja málið í gegn. Þetta hefur nokkur áhrif eins og ég nefndi, bæði varðandi hækkun á vísitölu og hækkun á skuldum heimilanna, og alveg ljóst að vinnubrögðin við framgang málsins eru mjög ámælisverð, sérstaklega að ekki skuli hafa verið haft samráð við fulltrúa ASÍ um þessa hækkun.

ASÍ taldi ástæðu til að nefna það sérstaklega, eða fulltrúar ASÍ í nefndinni, að þessi skattahækkun sem ríkisstjórnin beitir sér hér fyrir, gæti verið fordæmi fyrir aðra sem eru að huga að einhvers konar hækkun á tekjum sínum eins og sveitarfélögin eða tryggingafélögin og þau gætu notað þetta tilefni sem ríkisstjórnin er hér með um skattahækkun til þess að rökstyðja hækkun á tekjum sínum.

Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni flutt brtt. um það að í tengslum við þetta mál, þar sem verið er að leggja til hækkun á áfengi og tóbaki, þá verði um leið hækkaðar upphæðir sem fara í vímuefnavarnir og reyndum við að ná um það samstöðu í efh.- og viðskn. að hækka framlög í Forvarnasjóð. Samkvæmt ákvæðum laga fer núna í Forvarnasjóð af innheimtu áfengisgjaldi um 1%. Það gefur núna tæplega 67 millj. kr. af 6.700 millj. kr. áfengisgjaldi. Áfengisgjaldið mun hækka miðað við þetta eða gefa tekjur um 7 milljarða kr.

Við teljum eðlilegt að þegar verið er að hækka áfengi og tóbak verði um leið hugað að því að auka við tekjur Forvarnasjóðs, þannig að hægt sé að efla vímuefnavarnir og leggjum því til að gjald í Forvarnasjóð verði hækkað úr 1% í 1,5% sem gefur þá í auknar tekjur á ársgrundvelli um 33 millj. sem þýddi að í Forvarnasjóð kæmu þá um 100 millj. kr.

Herra forseti. Ég vænti þess að þingmenn velti fyrir sér hvort ekki sé ástæða til að styðja slíka brtt. Þetta er aðeins lítill hluti af þeim auknu tekjum sem hér er verið að innheimta af áfengi og tóbaki, en gæti skilað sér margfalt aftur í öflugri vímuefnavörnum og forvörnum heldur en við höfum nú.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að mæla frekar fyrir þessari brtt. eða frv. í heild, en við í 2. minni hluta vísum allri ábyrgð á þessari skattahækkun á ríkisstjórnina.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:37]

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

10 þm. (ÁSJ, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, RG, SJS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁRJ, BH, DO, EMS, GE, GAK, JHall, JBjart, KVM, KolH, KHG, LMR, MF, SJóh, SP, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

2.–3. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

10 þm. (ÁSJ, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, RG, SJS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁRJ, BH, DO, EMS, GE, GAK, JHall, JBjart, KVM, KolH, KHG, LMR, MF, SJóh, SP, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 511 felld með 32:10 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, RG, SJS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

21 þm. (ÁRJ, BH, DO, EMS, GE, GAK, JHall, JBjart, KVM, KolH, KHG, LMR, MF, SJóh, SP, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

4. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

9 þm. (ÁSJ, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, SJS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁRJ, BH, DO, EMS, GE, GAK, JHall, JBjart, KVM, KolH, KHG, LMR, MF, SJóh, SP, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG.

6 þm. (GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EMS, GE, GAK, JHall, JBjart, KVM, KolH, KHG, LMR, MF, SJóh, SP, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fundi slitið kl. 22:40.

---

42. FUNDUR

fimmtudaginn 28. nóv.,
að loknum 41. fundi.

Dagskrá:

Gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 402. mál, þskj. 496. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:41]

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG.

7 þm. (GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, RG) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁRJ, BH, DO, EMS, GE, GAK, JHall, JBjart, KVM, KolH, KHG, LMR, MF, SJóh, SP, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Gjald af áfengi og tóbaki, 3. umr.

Stjfrv., 402. mál (hækkun gjalda). — Þskj. 496.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:42]

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HH, HjÁ, ÍGP, JónK, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, TIO, VS, VE, ÞKG.

10 þm. (ÁSJ, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, RG, SJS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁRJ, BH, DO, EMS, GE, GAK, JHall, JBjart, KVM, KolH, KHG, LMR, MF, SJóh, SP, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 512).

Fundi slitið kl. 22:43.

---

43. FUNDUR

mánudaginn 2. des.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, stjfrv., 375. mál, þskj. 427. — 1. umr.
3. Kosningar til Alþingis, stjfrv., 391. mál, þskj. 452. — 1. umr.
4. Eftirlit með skipum, stjfrv., 360. mál, þskj. 400. — 1. umr.
5. Vinnutími sjómanna, stjfrv., 390. mál, þskj. 451. — 1. umr.
6. Vaktstöð siglinga, stjfrv., 392. mál, þskj. 453. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðni Ágústsson landbrh.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.

Lagt fram á lestrarsal:

Samþykkt stjórnarfundar í Verkalýðsfélaginu Hlíf.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 2002, 66. mál, þskj. 490.
Fjárlög 2003, 1. mál, þskj. 493.
Framlög til Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna, 385. mál, svar utanrrh., þskj. 516.
Tilnefning dómara í alþjóðasakamáladómstólinn, 230. mál, svar utanrrh., þskj. 515.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Sala ríkisbankanna.

[15:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. forsrh. sem yfirmanns einkavæðingarnefndar, þ.e. hann fer með þau mál, vegna eftirleiksins við sölu á hlut ríkisins í bönkunum og ákvörðunar einkavæðingarnefndar um að ganga til viðræðna og selja tilteknum aðilum ráðandi hlut, fyrst í Landsbanka og síðan Búnaðarbanka.

Nú er staðan sú í þessu máli að Búnaðarbankinn er enn á athugunarlista Kauphallar Íslands og hefur verið þar, líklega í hálfan mánuð eða meira. Hvað þýðir það? Það þýðir að í málefnum fyrirtækisins er óvissa sem Kauphöll Íslands telur ástæðu til að vara almenna hluthafa og markaðinn við. Þessa óvissu tengir Kauphöllin m.a. við að ekki liggur fyrir hver erlendi væntanlegi meðeigandi innlendu kaupendanna verður og heldur ekki hvernig innbyrðis hlutföll þeirra koma til með að líta út.

Þetta, herra forseti, getur varla talist mjög heppilegt ástand. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvað hann segi um þessa stöðu.

Varðandi Landsbankann þá er litlu betra ástand þar. Í morgun kom tilkynning í Kauphöllinni um að undirritun kaupsamnings mundi dragast. Búið var að gefa það út að samningar yrðu undirritaðir nú fyrir síðustu mánaðamót. En í morgun, samkvæmt tilkynningu sem kom fram í Kauphöllinni, er talað um að það geti vonandi orðið fyrir árslok. Þar er að verða mikill dráttur á. Hvort það er vegna þess að áreiðanleikakönnun taki lengri tíma eða hvað það er, skal ósagt látið.

Með öðrum orðum, herra forseti, hefur undirbúningurinn ekki verið vandaðri en svo að þessi mál eru í verulegri óvissu og dragast. Það hlýtur að teljast mjög alvarlegur, a.m.k. óheppilegur, framgangsmáti þegar í hlut eiga mikilvæg fyrirtæki í kauphöllinni. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh. hvað þetta segi okkur um vinnubrögð einkavæðingarnefndar.

[15:05]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tel að þessi vinnubrögð séu nákvæmlega í samræmi við það sem menn gátu ætlað. Það var ekki hægt að ákveða nákvæmlega hvaða tíma áreiðanleikakönnun af þessu tagi og annað uppgjör mundi taka. Ég tel að viðbrögð Kauphallarinnar séu hárrétt. Það er varfærnissjónarmið sem þeir eiga að fylgja og vekja athygli á. Það má segja að það sé einnig gert af formsástæðum að halda þessu uppi til að mynda gagnvart þeim sem sem erlendis eru og þekkja ekki til markaða hér heima. Ég hygg að hvorki ég né hv. þm. sem fyrirspurnina reisti hér þurfi að hafa áhyggjur af því þótt það dragist um örfáa daga eða vikur að ganga frá þessum miklu samningum. Þeir voru gerðir með fyrirvara um áreiðanleikakannanir og öðrum slíkum fyrirvörum sem menn þekkja. Ég á ekki von á öðru en að á endanum gangi þetta fram með þeim hætti sem til var stofnað.

[15:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það kemur svo sem ekki á óvart að hæstv. forsrh. reyni að bera í bætifláka fyrir sína menn. Ég verð hins vegar að segja að mér fundust þetta ekki sannfærandi útskýringar. Ég tel að það vanti frekari rök til að halda því fram að þetta sé heppilegt ástand og sé það sem til hafi verið ætlast. Þegar það fréttist að þessir aðilar ættu eitthvað lítið af peningum á lausu og mundu ekkert borga í bankanum fyrr en einhvern tíma á næsta ári fannst manni það eitt og sér alveg nóg þótt ekki bætist við að upp sé komin viðvarandi óvissa um stöðu þessara mikilvægu fyrirtækja og að annað þeirra verði áfram á athugunarlista Kauphallarinnar.

Ég vildi einnig spyrja hæstv. forsrh. hvort það hafi verið skoðað að hinir nýju eigendur Búnaðarbankans muni e.t.v þurfa að gera öðrum eigendum yfirtökutilboð. Var það inni í viðræðunum um söluna að sá möguleiki kynni að koma upp þegar svo stór hlutur er seldur, þ.e. 45%, sem samkvæmt samkeppnisreglum víðast hvar í nágrannalöndunum mundi sjálfkrafa þýða að eigendurnir yrðu að gera öðrum aðilum yfirtökutilboð?

[15:07]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Út af þessu síðasta þá er það ekki krafa sem reist er á íslenskum lögum, að yfirtökutilboð þurfi að gera vegna þessara kaupa til þeirra sem þar áttu hlut að.

Ég vil einnig undirstrika og árétta í annað sinn að það hefur ekki orðið neinn greiðsludráttur af hálfu kaupenda sem rekja mætti til þess að þeir hafi ekki þá fjármuni sem þeir

hafa gefið til kynna að þeir hafi. Enginn slíkur dráttur hefur átt sér stað. Málið fer í réttan farveg, áreiðanleikakönnun. Aðilar koma að bönkunum hvor með sínum hættinum og fá að fara yfir alla þessa þætti sem eðlilegt er. Þeir eru ekki krafnir um greiðslu og þeir fá engin hlutabréf fyrr en þessi þáttur er frágenginn. Við eigum ekki að láta að því liggja að eitthvað óeðlilegt sé í gangi hjá kaupendunum. Það hefur ekkert slíkt komið fram og ekkert sem gefur tilefni til að draga slíkar ályktanir.

[15:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef aldrei notað orðið óeðlilegt í þessu sambandi. Ég ræði bara þær staðreyndir sem fyrir liggja. Það kom í ljós, eftir að búið var að velja þennan aðila úr hópi þeirra sem til greina komu, að hann mundi ekki greiða neitt fyrir bankann fyrr en á næsta ári og ekki að fullu fyrr en undir lok næsta árs. Menn stóðu í þeirri meiningu að ríkið ætlaði að selja þessi fyrirtæki og fá fyrir þau peninga. Undir venjulegum kringumstæðum í slíkum viðskiptum borga menn a.m.k. eitthvað strax. Það er svona venjan. Þetta vakti því auðvitað mikla athygli og undrun.

Í öðru lagi, varðandi yfirtökutilboð, herra forseti, veit ég ekki betur en verið sé að selja kjölfestufjárfesti 45% í Búnaðarbankanum og að á bak við kunni að liggja samningar um kaup hans á stærri hlut. Þá erum við mjög að nálgast þau 50% sem gera það, jafnvel að íslenskum lögum, skylt að gera yfirtökutilboð. Í nágrannalöndunum eru þessi hlutföll yfirleitt mun lægri, 40 eða jafnvel 33%. Í undirbúningi er evrópsk tilskipun sem við munum verða bundin af þar sem líklegt er að þessi hlutföll lækki. Það vekur mikla undrun ef einkavæðingarnefnd og ríkisstjórnin hafa ekki einu sinni velt þeim möguleika fyrir sér að til þessa kynni að koma og jafnvel haft áskilnað um að þessir aðilar, ef þeir fengju svona stóra hlut, byðu upp á yfirtöku.

[15:10]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég get ekki séð að það hljóti að vekja athygli eða undrun hér að íslenska einkavæðinganefndin ákveði að fara að lögum. Hún fer nákvæmlega að íslenskum lögum. Það vekur ekki undrun hjá neinum nema þá hv. þm.

Ég vek athygli á því í annað sinn að greiðslutilhögun þessara aðila, hvort sem það varðar Landsbankann eða Búnaðarbankann, og á því er enginn munur, er algerlega í samræmi við það sem ákveðið hefur verið á milli aðilanna. Það er óþarfi að sá einhverri tortryggni út af þeim efnum. Menn munu reiða fram sitt kaupverð þegar öll áreiðanleikakönnun hefur átt sér stað og frá öllu hefur verið gengið. Þá fá þeir afhent hlutabréf sín og fyrr ekki. Þetta eru eðlileg viðskipti — hönd réttir hendi.

Lækkun tekjustofna sveitarfélaga.

[15:11]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Í þessari viku er áætlað að halda árlegan samráðsfund ríkis og sveitarfélaga og ræða málefni sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu og einkum þá fjárhagsleg samskipti. Ég spyr hæstv. félmrh. út í eitt atriði í þessum samskiptum, þ.e. fjölgun einkahlutafélaga í kjölfar rýmkaðra heimilda til stofnunar einkahlutafélaga. Ég er ekki að andmæla þeim breytingum eða gagnrýna en spyr um þær breytingar sem verða á tekjustofnum sveitarfélaga í leiðinni.

Ég spyr því hæstv. félmrh. hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að bæta sveitarfélögunum það mikla tekjutap sem verður vegna þessara kerfisbreytinga. Eins og fram hefur komið í blaðaviðtölum við formann Sambands íslenskra sveitarfélaga nemur tekjumissir þeirra allt að einum milljarði á næsta ári.

Það hefur jafnframt komið fram, herra forseti, að þetta muni bitna mjög illa á minni sveitarfélögum vítt og breitt um landið vegna þess að þar hafi verið margir einyrkjar sem breyta starfsemi sinni yfir í einkahlutafélög.

Spurning mín til hæstv. félmrh. er: Hvað á að koma í staðinn fyrir milljarðinn sem sveitarfélögin verða af í tekjum á næsta ári?

[15:13]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég held að í fyrsta lagi sé það ekki staðreynd eða búið að sanna að breytingin skerði tekjur sveitarfélaganna um milljarð þó hún skerði þær eitthvað. Haldinn verður samráðsfundur ríkis og sveitarfélaga á miðvikudagsmorgun. Þetta vandamál verður væntanlega rætt á þeim fundi en það er ekki tekið á því í því samkomulagi sem búið er að gera og náðst hefur milli ríkis og sveitarfélaga um fjármálaleg samskipti á þessu ári.

[15:13]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svarið þótt ég sé ekki ánægður með það. Hér kemur fram að hann líti á þetta sem vandamál. Það er sannarlega alveg rétt og um það hefur áður verið rætt þegar frv. kom fram um að rýmka heimildir til stofnunar einkahlutafélaga, að þetta mundi stórskerða tekjustofna sveitarfélaga.

Hæstv. félmrh. vitnar í samkomulag sem gert hefur verið og bendir á að samráðsnefndin hittist núna í vikunni. Þá spyr ég: Á virkilega ekki að taka á þessu? Hæstv. félmrh. dregur líka í efa að þetta sé jafnstórt vandamál og formaður sambandsins hefur gefið til kynna. Ég held að vandinn sé mikill og krefst þess að fá að vita hjá hæstv. félmrh., þar sem hæstv. ríkisstjórn er oft að gagnrýna sveitarfélögin fyrir að keyra fram úr í fjárhagsáætlunum, hvernig eigi að bæta sveitarfélögunum þennan tekjumissi.

[15:14]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég hef engu að bæta við það sem ég sagði áðan. Þetta mál verður væntanlega rætt á fundi okkar á miðvikudaginn kemur. Ég veit ekki hver niðurstaðan af þeim umræðum verður.

[15:15]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Ég vil bæta öðru atriði við þessa fyrirspurn nú í síðustu lotu. Það er um hækkun tryggingagjalds og hvernig það kemur líka við sveitarfélögin. Í svari hæstv. félmrh. til mín í vor kom fram að fyrirhuguð hækkun tryggingagjalds mundi hafa það í för með sér að tryggingagjaldsgreiðsla 25 stærstu sveitarfélaga á landinu yrði rúmar 250 millj. við þær breytingar sem gerðar voru á skattkerfi fyrirtækja og sveitarfélaga á síðasta þingi.

Ég vil því bæta við þeirri spurningu hvort þetta atriði verði tekið inn á þann fund sem væntanlegur er á miðvikudag, ef ég hef heyrt rétt, og hvernig hæstv. ríkisstjórn ætli að bæta sveitarfélögunum þau auknu útgjöld sem hún er að leggja á sveitarfélögin í landinu með stórhækkun tryggingagjalds.

[15:16]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það ríkir ágætt samstarf með ríkisstjórninni og forráðamönnum sveitarfélaganna um fjármálaleg samskipti. Ég veit ekki betur en að þar hafi náðst samkomulag sem báðir telja sig geta vel við unað. Alltaf eru einhver mál óleyst og það er þá framtíðarinnar að leysa þau.

Kræklingarækt.

[15:16]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að ræða málefni kræklingaræktenda. Skipuleg ræktun kræklings í atvinnuskyni á sér mörg hundruð ára sögu en hérlendis hefur tæpast verið um mikla rækt að ræða fyrr en á síðustu árum. Þó var gerð tilraun á árunum 1985–1987 í Hvalfirði.

Umfang markaðar fyrir krækling er um 600 þús. tonn á ári. Síðustu ár hafa allmargir fengist við tilraunir til ræktunar kræklings hér við land. Mjög erfiðlega hefur gengið að fá stuðning til starfsins hjá opinberum aðilum og nauðsynlegt tilrauna- og þróunarstarf hefur því liðið fyrir fjárskort. Til þess að ræktun af þessu tagi geti gengið þarf að þróa aðferðir og búnað eftir þeim aðstæðum sem ríkja á hverjum stað. Í öllu frumkvöðlastarfi má búast við afföllum og áföllum.

Nú er svo komið að flestir þeir sem hófu þessar tilraunir hafa gefist upp. Við blasir sú hætta að þeir fáu sem eftir eru fari sömu leiðina og þá muni tapast sú þekking sem þeir hafa aflað. Við þessu þarf að bregðast og eðlilegast væri að þeir þrír eða fjórir sem eftir eru fái stuðning til þess að halda starfinu áfram. Þannig mundi nýtast sú reynsla sem þeir hafa þegar aflað. Allir sem unnið hafa að þessu hafa gert það fyrir eigið fé.

Mikið hefur verið rætt um nauðsyn þess að hlúa að frumkvöðlastarfi og nýjum atvinnugreinum, einkum á landsbyggðinni. Með það að leiðarljósi hafa ræktendur sótt víða um stuðning, m.a. hjá Byggðastofnun, Nýsköpunarsjóði og sjútvrn., en yfirleitt talað fyrir daufum eyrum. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Vill ráðherrann beita sér fyrir því að möguleikar til kræklingaræktar hér við land verði kannaðir í framhaldi af reynslu síðustu ára? Telur hann ekki eðlilegt að tilraunir af þessum toga verði skilgreindar sem frumkvöðlastarf og studdar samkvæmt því? Vill ráðherrann beita sér fyrir því að styrkir verði veittir þegar á næstu fjárlögum til þeirra aðila sem nú stunda kræklingarækt? Og að lokum: Verður kræklingaræktinni fundinn farvegur innan sjútvrn. eða verður hún áfram á vettvangi Veiðimálastofnunar?

[15:19]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Kræklingarækt hefur fengið nokkurn styrk á liðnum árum. Ég fór reyndar yfir það í fyrirspurn á síðasta þingi. Sá stuðningur hefur aðallega verið í formi rannsókna á lífríki og umhverfi og til undirbúnings útgáfu á heilbrigðisvottorðum. Lítið hefur verið veitt til fjárfestinga ef nokkuð. Fjárfestingar í kræklingarækt eru ekki mjög miklar samanborið við eldi á öðrum sjávardýrum og rekstrarkostnaður þangað til kemur að því að uppskera er ekki mjög mikill miðað við eldi á öðrum sjávardýrum.

Hitastig hér er þess eðlis í sjónum í kringum landið samanborið við önnur lönd þar sem kræklingur er ræktaður, að vaxtartíminn er mun lengri. Þar af leiðandi er samkeppnisstaðan mun erfiðari þegar kemur að því að koma afurðunum á markað. Við erum líka talsvert langt frá markaðnum og eins og menn gera sér auðvitað grein fyrir þá er skelin mikil að umfangi miðað við það magn matvæla sem inni í henni felst. Þar af leiðandi er ekki líklegt að við munum keppa á markaði með ferskum kræklingi við afurðir erlendis frá. Við þyrftum þá að vinna frekar úr afurðinni og það mundi kalla á mjög mikið þróunarstarf.

Nágrannar okkar í Noregi hafa lagt talsvert mikla fjármuni í ræktun á skel, þó aðallega í gegnum fyrirtækið Norshell sem mjög nýlega þurfti að ganga í gegnum endurfjármögnun vegna þess hversu illa það hefur gengið. Ég sé því ekki á þessari stundu að þeim fjármunum sem við höfum til ráðstöfunar í eldi á sjávardýrum sé best komið í eldi eða ræktun á krækling. Ég tel miklu vænlegra að veita þá peninga annað, sérstaklega til þorskeldis þar sem hagsmunir okkar Íslendinga eru mjög ríkir.

[15:21]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Frekar er ég ósáttur við þessi svör. Það er einfaldlega svo að við höfum stutt mjög rækilega við þorskeldið, m.a. hefur sjútvrn. beitt sér fyrir því að á Alþingi hafa verið sett lög og tillaga ráðuneytisins var samþykkt í þá veru að úthluta 500 tonnum á ári, fimm ár í röð, til þeirra sem eru í þorskeldi. Þetta er auðvitað, ef á það er litið, beinn fjárhagslegur styrkur.

Ég verð að lýsa undrun minni á því ef hæstv. ráðherra sér ekki sérstaka ástæðu til þess að leggja þessu máli lið. Hér er ekki um mikla fjármuni að ræða, 10 millj. mundu sjálfsagt duga vel í þetta verkefni til þess að koma því áfram.

[15:22]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er mjög ánægjulegt að heyra það hjá hv. þm. að hann telur að við höfum stutt rækilega við þorskeldið. En ég vil gjarnan gera betur í þeim efnum. Fjármunirnir eru takmarkaðir og ég tel þess vegna að fjármununum sé betur varið í að styrkja þorskeldið en kræklingaræktina. Ef við hefðum hins vegar óendanlega fjármuni til þessara hluta þá má auðvitað segja að frá náttúrufræðilegu sjónarmiði sé kræklingarækt áhugaverð líka. En ég held að hún skapi okkur miklu minni möguleika en eldi á öðrum sjávardýrum. Það er bara svo í henni veröld að maður verður að velja og hafna, eins og í þessum tilfellum. Við þurfum að nota peningana þar sem þeir nýtast okkur best.

[15:22]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég verð enn á ný að lýsa miklum vonbrigðum með afstöðu hæstv. sjútvrh. Ég hefði talið að það væri virkilega þess virði að styðja við það frumkvöðlastarf sem nokkrir einstaklingar hafa unnið í kræklingarækt.

Það er svolítið undarlegt að mínu viti ef alltaf þarf að vera um einhverja stórrekstraraðila í sjávarútvegi að ræða svo að hæstv. ráðherra sjái einhverja ástæðu til þess að styrkja það verkefni.

[15:23]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er kannski ekkert óeðlilegt þótt hv. þm. sé ósáttur ef hann hefur aðra skoðun á málinu en ég. Þetta er einfaldlega mín skoðun eftir að hafa rannsakað þessi mál mjög gaumgæfilega. Þetta snýst ekkert endilega um

stórrekstur. Þetta snýst einfaldlega um það að við verðum að forgangsraða og nota fjármunina sem við höfum til fiskeldis þar sem við teljum að þeir skili okkur mestu.

Vegaframkvæmdir í Reykjavík.

[15:24]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Að gefnu tilefni leyfi ég mér að beina spurningu til hæstv. samgrh. Í fyrsta lagi: Eftir því sem ég kemst næst liggur væntanlega fyrir skýrsla um mat á umhverfisáhrifum staðsetningar Sundabrautar. Er þetta mat á fjórum af fimm leiðum sem munu koma til greina. Þar sem mikill kostnaðarmunur er á hugmyndum meiri hluta borgarstjórnar og Vegagerðarinnar væri gott að fá svar frá hæstv. samgrh. um hver staða þessa máls er í ljósi þess líka að mjög mikil umferð er um Ártúnsbrekku og er nú orðið svo á álagstímum að menn sjá hversu afar brýnt þetta mál er orðið.

Í annan stað vildi ég spyrja hæstv. samgrh.: Hvað líður undirbúningsvinnu mislægra gatnamóta Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar? Þar má líka sjá að á álagstímum er umferðin orðin slík að til mikilla vandræða horfir, enda fara um þessi gatnamót um 80 þúsund bílar á dag.

[15:25]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Eins og hv. þingmenn þekkja er unnið að undirbúningi vegna samgönguáætlunar. Bæði þau verk sem hv. þm. nefndi verða til umfjöllunar í þeirri áætlun. Það liggur fyrir, eins og kom fram hjá þingmanninum, að unnið er að áætlanagerð vegna Sundabrautar sérstaklega. Þar eru margir valkostir uppi á borði og þarf að skoða þá mjög vandlega. Þetta eru mjög misdýrir kostir. Þar er um að ræða veg á fyllingu, veg um brú eða botngöng eða jarðgöng. Það er ekki komið að ákvarðanatöku hvað varðar þær framkvæmdir en er unnið að undirbúningi og ég geri ráð fyrir því að á næstunni verði hægt að fjalla um það mál nánar. Ég get ekki sagt meira um þetta á þessu stigi, en endanlegt umhverfismat verður unnið þegar fyrir liggur tillaga ásamt valkosti á móti þeirri megintillögu. Umhverfismatið mun þá fjalla um þá kosti.

Hvað varðar mislæg gatnamót eða gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar þá hefur svo verið til skamms tíma að ekki hefur verið gert ráð fyrir mislægum gatnamótum í skipulagi. Verið er að vinna að aðalskipulagi fyrir borgina. Væntanlega liggur það fyrir innan tíðar og verður þá tekin afstaða til þeirrar leiðar sem þarf að finna og fara við að bæta aðstöðuna á þessum gatnamótum. En það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. að þar er að sjálfsögðu heilmikil umferð — það þekkja allir — og á því þarf að taka á næstu missirum og árum.

[15:27]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég þakka samgrh. fyrir svör við spurningum mínum. Hins vegar vakna aðrar spurningar þegar málið er rætt, þ.e. í fyrsta lagi hver sé afstaða meiri hluta Reykjavíkurborgar til þessara tveggja mála.

Nú hefur þetta mál verið í umræðunni um nokkurra ára skeið. Varðandi mislæg gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar þá sjá náttúrlega allir sem koma til borgarinnar á álagstímum eða fara þessa leið úr borginni í hvað stefnir. Það stefnir í algert óefni ef þessu máli verður ekki hraðað svo fljótt sem mögulegt er. Sama á við Ártúnsbrekkuna. Þar er geysilegt umferðarálag og þar er sama sagan. Því væri gott að fá svar frá hæstv. samgrh. Hver er afstaða borgarinnar og hversu mikinn metnað leggur borgin eða núverandi meiri hluti stjórnar Reykjavíkurborgar í að reyna að klára þetta mál sem hefur verið í umræðunni hér í mörg ár?

[15:28]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég get ekki svarað hér fyrir stjórnendur Reykjavíkurborgar. En það liggur hins vegar ekki endanlega fyrir hvaða tillögur verða gerðar hvað varðar Sundabrautina inn í umhverfismatið. Þó er alveg ljóst að kostirnir eru margir og misdýrir. Ég á von á því að reynt verði að ná samkomulagi milli Vegagerðarinnar og borgaryfirvalda um þá leið sem þarna verður valin. En ef ágreiningur verður þá þarf auðvitað að taka á því. Við þurfum að velja hagstæða kosti en engu að síður kosti sem uppfylla þær kröfur sem við gerum fyrir umferðina.

Ég vil undirstrika það sérstaklega að sem betur fer eru ekki stórkostleg vandamál í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu miðað við það sem þekkist í stærri borgum og bæjum í nágrannalöndunum. Það er ekki neitt neyðarástand. Við höfum því enn nokkurn tíma til þess að undirbúa Sundabrautina.

[15:30]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég þakka samgrh. enn fyrir þessi svör en það sem ég er að leggja áherslu á er að málið er grafalvarlegt hvað snýr að Ártúnsbrekku og Miklubraut/Kringlumýrarbraut því að við Reykvíkingar sem förum þessar leiðir verðum varir við vaxandi þunga umferðar og það er vaxandi hætta á umferðarslysum í þessu ástandi eins og það er.

Ég spurði hvernig samstarf væri milli samgrn. og meiri hluta borgarstjórnar Reykjavíkurborgar í því efni vegna þess að Reykvíkingum finnst að þetta mál hafi tekið allt of langan tíma. Það hlýtur að stafa af einhverju öðru en því að verið sé að vinna í málinu af miklum krafti. Eins og fram hefur komið er deilt um staðsetningu Sundabrautar, hvar brú eigi að liggja yfir og það hefur líka verið til langs tíma deilt um mislæg gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Það höfum við séð í umræðum í borgarstjórn þannig að hér er afar brýnt mál sem þingmenn Reykjavíkur hljóta allir að leggjast á eitt um að hrinda í framkvæmd sem fyrst.

Um fundarstjórn.

Fyrirkomulag í óundirbúnum fyrirspurnum.

[15:32]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Það fyrirspurnaform sem hér er uppi haft er að mínum skilningi til þess að ræða þau málefni sem efst eru á baugi á líðandi stundu. Ég mótmæli því að fá ekki að koma að fyrirspurn sem varðar Sementsverksmiðju ríkisins. Ég setti inn fyrirspurn kl. 10.45 í morgun og þetta er ekki í fyrsta skipti sem virðulegur forseti misbeitir valdi sínu gagnvart þeim sem hér stendur, bæði í málflutningi og í ræðum. Ég mótmæli að þessu fari svo fram þegar um mikilsverð málefni er að ræða sem nauðsynlegt er að fá fram svar við. Það gafst nægilegt tækifæri til þess að ræða málefni sem hér voru rædd áðan milli hv. formanns samgn. og samgrh. án þess að draga það hér fram.

Hitt málið sem ég nefndi er málefni líðandi stundar sem er gífurlega mikilvægt gagnvart þeim sem í hlut eiga.

Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, 1. umr.

Stjfrv., 375. mál. — Þskj. 427.

[15:33]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn. Frumvarpið er samið af nefnd sem dóms- og kirkjumrn. skipaði. Frumvarpið fjallar um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn sem starfa innan viðurkenndra heildarsamtaka björgunarsveita, hlutverk þeirra, réttindi og skyldur. Gert er ráð fyrir að orðin björgunarsveit, björgunarsveitarmaður, björgun, leit, gæsla og stjórnvöld þau sem fari með stjórn björgunarmála verði skilgreind í lögunum.

Þá er gert ráð fyrir að hlutverk þeirra og þátttaka við björgun, leit og gæslu verði á ábyrgð stjórnvalda og í samvinnu við þau og að ósk stjórnvalda verði björgunarsveitum skylt að hefja björgun, leit og gæslu.

Það sem fyrst og fremst er átt við þarna, herra forseti, er að þessi störf verði í samvinnu við stjórnvöld. Einnig er gert ráð fyrir að stjórnvöld skuli í samráði við heildarsamtök björgunarsveita gera samkomulag um samskipti og samstarf björgunaraðila þar sem kveðið sé á um skipulag björgunarmála, upplýsingaskyldu, útköll og boðskipti. Gert er ráð fyrir að björgunarsveitarmönnum sé skylt að gæta þagmælsku um mál sem þeir fá vitneskju um við björgunarstörf og að leynt skuli fara samkvæmt fyrirmælum stjórnvalda og eðli málsins.

Enn fremur er gert ráð fyrir að björgunarsveitum sé gert skylt að kaupa slysatryggingar fyrir félagsmenn sína og einnig ábyrgðartryggingar vegna tjóns sem björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn kunna að valda við störf sín.

Nú eru starfandi ein viðurkennd heildarsamtök björgunarsveita, Slysavarnafélagið Landsbjörg sem hefur innan sinna vébanda fimm þúsund björgunarsveitarmenn. Björgunarsveitarmenn innan samtakanna starfa í yfir 100 björgunarsveitum um land allt. Björgunarsveitirnar eru misstórar og -öflugar eftir stærð og gerð þeirra byggðarlaga sem þær starfa í. Innan björgunarsveita starfa einnig sérhæfðir hópar á ýmsum sviðum, svo sem í sjóbjörgun, rústabjörgun, fjallabjörgun, fyrstu hjálp og köfun. Má öllum vera ljós sú mikla vinna og hætta sem björgunarsveitarmenn leggja sig í við leit að fólki og björgun mannslífa.

Í íslenskum lögum er ekki að finna ákvæði um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn. Hefur réttarstaða björgunarsveita og björgunarsveitarmanna því verið mjög óljós. Markmiðið með frv. þessu er að treysta réttarstöðu þeirra sem með sjálfboðaliðastarfi vinna óeigingjörn björgunarstörf í þágu almannaheilla.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[15:37]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég kem eingöngu í þennan ræðustól til þess að lýsa yfir stuðningi við frv. Ég held að það sé mjög þarft að marka björgunarsveitastarfseminni lög, ábyrgðir og skyldur og tryggja að ákveðnar tryggingar og önnur atriði sem snúa að starfi björgunarsveitanna sé til staðar. Eins og gerð er grein fyrir í athugasemdum með frv. hefur skort slíka löggjöf og ég mæli eindregið með því að þetta mál fái skjóta og góða afgreiðslu.

[15:38]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég kem hingað til að lýsa stuðningi við frv. til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn. Ég tek undir orð síðasta ræðumanns með að tímabært er orðið að setja löggjöf um það mikilsverða starf sem björgunarsveitirnar og björgunarsveitarmenn inna af hendi, og þá sérstaklega hvað varðar tryggingar, réttindi og skyldur björgunarsveita og björgunarsveitarmanna. Ég trúi því að málið fái skjóta og góða afgreiðslu á þinginu.

[15:38]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir að gott er að þetta frv. er komið fram. Ég held að það sé hið besta mál og vona að það gangi hratt fyrir sig í nefnd og skili sér aftur til afgreiðslu hér.

Ég vil minna á að ég ásamt nokkrum öðrum hv. þm. hef flutt till. til þál. um úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála. Sú tillaga er reyndar nr. 63 en hefur ekki komið til umræðu í þinginu. Þetta frv. ber þingskjalsnúmer 427 og mér hefði fundist að það hefði kannski verið betra skipulag á hlutunum hér ef mætti ræða mál saman sem væru af svipuðu tagi. Ég tel reyndar að full ástæða sé til að fara yfir ýmis mál hvað varðar aðstæður og aðstöðu björgunarsveita og starfsemi þeirra yfirleitt. Ég vona, og beini því til hæstv. forseta, að þessi þáltill. sem við þingmenn, auk þess sem hér stendur, hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, Gísli S. Einarsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Karl V. Matthíasson og Lúðvík Bergvinsson fluttum fái að koma til umræðu og í hendur nefndarinnar þannig að menn geti skoðað þau sjónarmið sem þar koma fram í samhengi við það sem verið er að gera hér.

[15:40]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil nota tækifærið til að þakka hv. þingmönnum sem hafa tjáð sig um frv. Ég fagna því hversu vel því er tekið á hinu háa Alþingi og treysti því að það fái skjóta afgreiðslu. Ég heyri að við erum öll sammála um hversu mikilvægu hlutverki björgunarsveitirnar hafa að gegna í okkar litla samfélagi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Stjfrv., 391. mál (talning atkvæða, kjörseðlar o.fl.). — Þskj. 452.

[15:41]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um kosningar til Alþingis. Frumvarpið er lagt fram vegna nýrrar kjördæmaskipunar og er megintilgangur þess að heimila talningu atkvæða á fleiri en einum stað í hverju kjördæmi. Í þessu skyni er lagt til að yfirkjörstjórn verði heimilt

að kjósa umdæmiskjörstjórn sem þá framkvæmi talningu annars staðar í kjördæminu en á aðsetri yfirkjörstjórnar. Þykir þetta nauðsynlegt, einkum í stóru kjördæmunum þar sem vegalengdir eru miklar og gæti hugsanlega tafið fyrir talningu atkvæða.

Heimildin til að kjósa umdæmiskjörstjórn er þannig fyrst og fremst hugsuð fyrir stóru kjördæmin þrjú, þ.e. Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi. Lagt er til að í umdæmiskjörstjórn eigi sæti þrír menn og jafnmargir til vara samanber 2. gr. frv. Ekki er lagt til ákveðið tímamark í þessu sambandi en það leiðir af hlutarins eðli að umboð umdæmiskjörstjórnar er jafnlangt umboði þeirrar yfirkjörstjórnar sem kaus hana.

Umdæmiskjörstjórn er ætlað að vinna sama verk og yfirkjörstjórn við talningu atkvæða og er fjallað nánar um það í athugasemdum við einstakar greinar frv. Gert er ráð fyrir að yfirkjörstjórn mæli nánar fyrir um störf umdæmiskjörstjórnar eftir því sem þörf þykir.

Aðrar efnisbreytingar í frv. eru eftirtaldar: Í fyrsta lagi er lögð til lagfæring á upptalningu á sveitarfélögum í 6. gr. laganna í samræmi við breytingar sem orðið hafa á heiti þeirra vegna sameiningar eða af öðrum ástæðum, samanber 1. gr. frv.

Í öðru lagi er lagt til að á kjörseðla komi ferningur eða ferningslaga reitur fyrir framan listabókstafina þar sem kjósendur setja kross samanber 6. gr. frv. Notkun fernings af þessu tagi þykir vera til almenns hagræðis við talningu auk þess sem reynslan hefur sýnt að núverandi fyrirkomulag er ekki nógu skýrt. Er vonast til að með þessari breytingu verði óvissu kjósenda eytt um það hvar á kjörseðlinum hann á að merkja með krossi og til að draga úr hættu á að atkvæði verði talið til vafaatkvæða. Er síðarnefnda atriðið mjög mikilvægt. Þó skal tekið fram að taka skal gilt atkvæði þótt merkt sé utan fernings, svo lengi sem ljóst er við hvaða listabókstaf er átt samanber athugasemdir við 14. gr. frv. Er þar að auki tekið fram að brýnt sé að vafaatkvæði verði skýrð með hliðsjón af vilja kjósandans.

Loks eru lagðar til breytingar á 7. gr. frv. sem miða að því að auðvelda kjósendum sem eiga erfitt með að komast á sinn rétta kjörstað eða greiða atkvæði þar, t.d. vegna fötlunar, að afsala sér kosningarrétti í sinni kjördeild og að fá atkvæði í annarri kjördeild.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með skipum, 1. umr.

Stjfrv., 360. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 400. [15:45]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um eftirlit með skipum.

Tilgangur frv. er þríþættur. Í fyrsta lagi að samræma ákvæði íslenskra laga tilskipunum EES-samningsins um skoðun og eftirlit með skipum og alþjóðasamningi um öryggi mannslífa á hafinu. Í öðru lagi er tilgangur frv. að breyta ákvæðum laga um gjaldtöku vegna þjónustu og eftirlitshlutverks Siglingastofnunar með skipum í framhaldi af áliti nefndar fjmrn. og álits umboðsmanns Alþingis. Í þriðja lagi er veitt heimild til Siglingastofnunar til að fela öðrum að framkvæma skoðun og gefa út starfsleyfi þeim til handa.

Frv. er ætlað að leysa af hólmi ákvæði laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum. Tímabært er orðið að endurskoða þau lög, einkum til að gæta samræmis við ákvæði alþjóðasamþykkta og EES-tilskipana hvað varðar tíðni skoðana og eftirlits með skipum. Í 11. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir að öll skip skuli skoðuð aðalskoðun einu sinni á ári en á undanförnum árum hafa verið fullgiltir alþjóðasamningar og innleiddar EES-tilskipanir sem að sumu leyti ganga á skjön við það ákvæði. Í því sambandi má nefna þjú atriði:

Alþjóðasamning um öryggi mannslífa á hafinu, svokallaðan SOLAS-samning, sem tekur til farþegaskipa og flutningaskipa. Þar er miðað við lengri skoðunartímabil en í gildandi lögum. Í því felst að öll ný skip eiga að sæta upphafsskoðun, aðalskoðun, á fimm ára fresti, milliskoðunum á tveggja til þriggja ára fresti, árlegum skoðunum þar sem við á og botnskoðunum á a.m.k. þriggja ára fresti. Samningurinn miðar við að farþegaskip sæti upphafsskoðun og aðalskoðun á tólf mánaða fresti.

Í EES-tilskipun frá 11. des. 1997, um að setja samræmdar reglur um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd og lengri, er kveðið á um að hvert nýtt fiskiskip skuli sæta upphafsskoðun, reglubundinni aðalskoðun, með fjögurra ára millibili hvað varðar bol- og vélbúnað með heimild til eins árs framlengingar en með tveggja ára millibili skuli skoða búnað skips og árlega fjarskiptabúnað. Milliskoðanir skulu vera á tveggja ára fresti en fiskiskip úr tré skulu skoðuð árlega. Skoðunin skal einnig tryggja að breytingar sem geta rýrt öryggi skipsins eða áhafna þess hafi ekki verið gerðar.

Í tilskipun ráðsins 98/18/EB frá 17. mars 1998, um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip, er kveðið á um að öll farþegaskip skuli skoðuð áður en þau eru tekin í notkun og síðan reglubundinni aðalskoðun á tólf mánaða fresti og viðbótarskoðunum eftir því sem ástæða er til.

Helstu áhrif þessara breytinga eru að lengri tími mun líða milli þess sem skoðanir fara fram á skipum, þ.e. eins og áður sagði verður aðalskoðun á fimm ára fresti og milliskoðanir á tveggja ára fresti í stað árlegrar aðalskoðunar. Aðalskoðunum mun því fækka með tilliti til skoðunar á bol skips og vélbúnaði. Ég vil hins vegar leggja áherslu á að þótt skoðunartímabil lengist getur Siglingastofnun hvenær sem er beitt skyndiskoðunum á skipum og þannig fylgst vel með ástandi skipa og búnaði þeirra. Jafnframt vil ég árétta að frv. og reglugerðardrög sem birt eru sem fylgiskjal með frv. byggja á því að skoðun á öryggisbúnaði skipa fari ætíð fram árlega. Það er því á engan hátt verið að slaka á kröfum um öryggi skipa og áhafna þeirra með frv.

Eins og ég gat um áðan er annar megintilgangur frv. að breyta fyrirkomulagi á gjaldtöku fyrir skoðun og eftirlit með skipum. Hingað til hafa skipaeigendur greitt skipagjald einu sinni á ári. Innifalið í því hefur m.a. verið skoðun skips. Með frv. er lagt til að gjaldinu verði skipt í tvennt. Annars vegar fast gjald sem rennur í ríkissjóð, þ.e. hið eiginlega skipagjald sem leggst jafnt á alla skipaeigendur miðað við stærð skipa þeirra. Hins vegar þjónustugjald sem innheimt verður af Siglingastofnun Íslands fyrir þá þjónustu sem hún lætur í té. Er gert ráð fyrir að þeir sem þjónustunnar njóta greiði kostnað samkvæmt gjaldskrá sem samgrh. setur upp að tillögu Siglingastofnunar. Gjaldskráin skal aldrei nema hærri upphæð en sannanlegum kostnaði stofnunarinnar af

því að veita þjónustuna, svo sem tímagjaldi skoðunarmanna, prentun skírteina o.fl.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja efni einstakra greina frv. og vísa til ítarlegrar greinargerðar með því. Ég vil þó vekja athygli á ákvæðum 10. gr. frv. þar sem opnuð er heimild til að viðurkenndum skoðunarstofum verði auk flokkunarfélaga gert kleift að sinna einstökum þáttum skoðunar á skipum eða skoðuninni í heild sinni að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Samkvæmt ákvæðum gefur Siglingastofnun út starfsleyfi þeim til handa. Ég tel að slíkt fyrirkomulag geti bæði leitt til einföldunar og sparnaðar.

Ég vil að lokum leggja til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[15:51]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sit í samgn. þingsins og mun því fá ágætt tækifæri til að fara yfir frv. sem við ræðum hér.

Ástæða þess að ég kem upp í andsvar, virðulegi forseti, er fyrst og fremst sú að í frv. er verið að leggja til nýja aðferð við að innheimta gjöld af skipum. Mér leikur forvitni á að vita, það kom ekki nægilega skýrt fram hjá hæstv. ráðherra, hversu háa fjárhæð ríkissjóður ætlar sér að innheimta með gjöldum á þessi skip en eins og fram kemur í athugasemdum fjmrn. eru það um 36 millj., minnir mig, sem á að innheimta með föstum gjöldum og 28 millj. með svokölluðum þjónustugjöldum.

Það sem mig langaði að vita, virðulegi forseti, er hversu mikil þessi gjaldtaka er í dag og hversu mikið hún breytist við þá leið sem fyrirhugað er að fara í samkvæmt frv.

[15:52]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessar tölur hef ég ekki á reiðum höndum við umræðuna en það er ljóst að hér er verið að gera grundvallarbreytingu, þ.e. eins og fram kom í framsöguræðu minni, sem byggist á því að hluti gjaldsins verður skattur sem fer eftir stærð viðkomandi skips og síðan er gert ráð fyrir því að þjónustugjald standi undir breytilegum kostnaði sem fylgi þessari skoðun. En skatturinn á að standa undir kostnaði stofnunarinnar, m.a. við sameiginlega þjónustu.

Hér er ekki gert ráð fyrir, sem er grundvallaratriði, að auka skattheimtu eða gjaldtöku í heild sinni hjá stofnuninni. Markmiðið er að aðlaga þessa breytingu þeim kröfum sem fram hafa komið sem ég gerði grein fyrir, bæði frá nefnd á vegum fjmrn. sem fór yfir alla gjaldtöku og skattlagningu á vegum opinberra aðila. Umboðsmaður Alþingis gerði einnig athugasemdir við þessa gjaldtöku og taldi hana ekki styðjast við lög.

[15:54]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er dálítið erfitt að fjalla um málið á þessum nótum. Við getum ekki fengið upplýsingar um það í umræðunni hversu mikil gjaldtakan verður. Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. ráðherra er gjaldtakan eitt af þremur meginatriðunum sem verið er að breyta með þessu frv.

Það er mikilvægt að við áttum okkur á því hvað þetta hefur í för með sér, ekki aðeins að forminu til, þ.e. hvort verið er að innheimta skatta eða þjónustugjöld, heldur fyrst og fremst hvað þetta þýðir fyrir þá sem eiga að greiða þessi gjöld. Hversu miklar tekjur á að taka inn í gegnum þessa gjaldtöku? Eitt af því sem stöðugt verður meira áberandi í umræðunni á hinu háa Alþingi undanfarna daga er hin sérstæða árátta hv. ríkisstjórnar, að leita allra leiða til þess að auka tekjur sínar. Síðast var það með sérstæðu áfengisgjaldi sem keyrt var í gegn í skjóli nætur í síðustu viku.

Ég harma að hæstv. ráðherra skuli ekki hafa á takteinum hversu háar fjárhæðir ætlunin er að innheimta með þessum gjöldum, kannski einkum og sér í lagi með tilliti til þess hver sú fjárhæð verður. Það er mikilvægt að átta sig á hversu miklar breytingar er um að ræða í þessum efnum.

[15:55]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er á ferðinni heildarlöggjöf um skoðanir og eftirlit með skipum og gott að það skuli vera hér til meðferðar og endurnýjunar.

Við snöggan lestur á þessu frv. rak ég augun í málsgrein í 11. gr. sem ég fann enga sérstakar skýringar við í texta frv. nema mér hafi yfirsést það. Þessi málsgrein er svohljóðandi:

„Samgönguráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða að skip sem ekki eru notuð í atvinnuskyni skuli skoðuð af Siglingastofnun Íslands með reglulegu millibili."

Mig langaði einfaldlega að vita hvaða hugsun er þarna á bak við. Er t.d. verið að segja að það megi taka upp þá reglu að skip sem ekki eru notuð í atvinnuskyni séu ekki skoðuð árlega heldur, t.d. á tveggja eða þriggja ára fresti? Eru menn þarna að hugsa um að það fari að einhverju leyti eftir notkun skipanna, notkunartíma? Við vitum að til er þó nokkur fjöldi skipa sem ekki eru notuð í atvinnurekstri en sumir nota skipin mikið og aðrir lítið og aðrir ferðast eingöngu innan fjarða og flóa o.s.frv. Mönnum hefur á undanförnum árum stundum fundist að eftirlit með þessum skipum væri nokkuð dýrt og umfangsmikið. Þess vegna langar mig að fá nánari skýringu á þessum texta og því hvernig þessi skoðun er hugsuð.

[15:58]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. vekur athygli á því sem kemur fram í 2. mgr. 11. gr. um skoðun skipa. Eins og fram kom í framsöguræðu minni er lögð mikil áhersla á að eftirlit með skipum, þ.e. skoðun skipa sé regluleg en þó þannig að þar séu frávik. Aðallega snýst þetta um þau skip sem nýtt eru í atvinnuskyni. Hins vegar er ljóst að skip sem ekki eru nýtt í atvinnuskyni eru á floti og í notkun. Það er talið nauðsynlegt að hafa möguleika á að skoða slík skip reglulega. Út á það gengur þetta ákvæði og er gert ráð fyrir því að um það sé nánar fjallað í reglugerð sem gefin verði út.

Ég tel að ætlunin sé ekki að standa fyrir því að hamla notkun slíkra skipa heldur fyrst og fremst að skapa heimild til að sinna eftirliti með þeim skipum sem ekki eru notuð í atvinnuskyni. Ég vil undirstrika það.

[16:00]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Í 1. gr. þessa lagafrv. segir, með leyfi forseta:

„Markmið þessara laga er að tryggja öryggi íslenskra skipa, áhafna þeirra og farþega og efla varnir gegn mengun sjávar. Þessu markmiði skal náð með því að gera tilteknar kröfur um gerð og búnað skipa, skoðun skipa og eftirlit með þeim."

Mér sýnist í fljótu bragði, og ég bið nefndarmenn að gæta vel að því þegar þeir fara að fjalla um þetta mál, að frv. gangi út á tvennt, þ.e. í fyrsta lagi að draga verulega úr því að

skoða íslensk skip, líklega sleppa út heilum flokki skipa, þ.e. skipum sem ekki eru notuð í atvinnuskyni. Það geta verið skemmtibátar og aðrir slíkir. Ég hef ekki farið nægilega vel yfir frv. til að vita það nákvæmlega. En ég sé ástæðu til þess að menn skoði gaumgæfilega hvort þörf sé á því.

Í öðru lagi virðist mér frv. ganga út á það að fækka mjög skoðunum á skipum sem nýtt eru í atvinnuskyni, þ.e. að aðalskoðun fari ekki fram nema á fimm ára fresti. Það vekur athygli mína að einungis er talað um það í frv. að þetta gæti hugsanlega sparað Siglingastofnun 7 millj. á ári sem er í raun einskis virði hvað fjármuni varðar þegar það er haft í huga hvort verið er að veikja eftirlit með skipum. Ég bið þess vegna nefndarmenn að fara varlega yfir þetta og skoða vegna þess að eins og er er krafan sú að skip fái haffæriskírteini á hverju ári, þ.e. að einu sinni á ári fari menn í gegnum aðalskoðun með skip sín. Það kann vel að vera að samsetning þeirra skoðunarforma sem verið er að tala hér um tryggi að eftirlitið sé í raun allt að því sambærilegt því sem nú er. Þó held ég að það geti varla verið vegna þess að mér sýnist að það verði a.m.k. tvö ár á milli skoðana nema menn beiti skyndiskoðunum. Ég skil reyndar ekki það sem stendur í frv. um aðalskoðun á fimm ára fresti og síðan milliskoðun á tveggja ára fresti. Ég hefði talið að það hefði þurft að hafa annan hátt á ártölunum ef menn ætluðu sér að skipta sér af skipunum annað hvert ár.

Þetta vil ég gjarnan biðja hæstv. ráðherra að útskýra betur. Ég tel aðalatriði þessa máls að menn veiki ekki eftirlit með skipum. Ég hef fram að þessu staðið í þeirri trú, og það hefur verið stefna Siglingastofnunar Íslands, að gera ætti meiri kröfur um öryggi skipa hér en gerðar eru í löndunum í kringum okkur og fyrir því hafa verið sterk rök. Hér sækja menn sjó í miklu verra veðri en yfirleitt annars staðar. Ef við skoðum skip af ýmsu tagi sem eru flutt hingað til landsins annars staðar frá kemur ævinlega í ljós að menn vilja gera breytingar til að bæta skipin þegar þau koma til Íslands. Menn vilja betri aðstæður og meira öryggi í skipum á Íslandi. Það er engin spurning að það þarf að gá að sér hvað varðar þetta mál.

Síðan vil ég vekja athygli á öðru hér og bið hæstv. ráðherra að fara betur yfir það með okkur, þ.e. 10. gr. frv. Í henni er heimild til Siglingastofnunar um að fela alla skoðun skipa og eftirlit öðrum aðilum. Þetta þýðir að hægt er að taka ákvörðun um að einkavæða algjörlega eftirlit með skipum. Nú getur vel verið að menn hafi þá skoðun og stefnu og þá er líka eins gott að það komi fram. Ég tel að það sé a.m.k. lágmarkið að menn hafi aðra stefnuna uppi en ekki báðar. Ef menn ætla sér að veikja Siglingastofnun Íslands með því að taka í burtu hluta af núverandi starfsemi hennar þá er alveg eins gott að menn gangi alla leið og geri Siglingastofnun að eftirlitsstofnun. Ég er ekki að mæla með því hér. Ég tel að eftirlit með skipum á Íslandi sé ekki það mikið starf að ástæða sé til að skipta því upp og dreifa því í hendur skoðunarstofa eða eftirlitsaðila með þeim hætti. Við höfum aldeilis dæmi um spor sem hræða í þessu efni þegar menn fundu upp á því að leggja niður eftirlit í sjávarútveginum með framleiðslu á fiski og því sem þar var unnið. Áður fylgdist ein eftirlitsstofnun á vegum ríkisins með þessu. En þær urðu átta þegar búið var að koma á skoðunarstofunum og mörg ár tók að minnka fækka þeim aftur í einhverja skynsemi. Menn keyrðu hver á eftir öðrum allt í kringum landið til þess að skoða skip, fiskvinnslustöðvar og annað slíkt.

Ég tel ekki hollt fyrir öryggi íslenska skipastólsins að hluta Siglingastofnun niður og dreifa verkefnum hennar tvist og bast. Það er ekki það stórt verkefni að fylgjast með þessu og mjög nauðsynlegt er að hafa heildaryfirsýn og faglega stjórn á þessu eftirliti í heilu lagi. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég hef fullar efasemdir um þessi tvö mál sem ég hef aðallega rætt. Annars vegar er þessi breyting á eftirlitinu sem ég sé ekki að sé hægt að rökstyðja með neinum hætti með tilvísun til reglna sem gilda annars staðar. Okkur er algjörlega fært að halda uppi betra eftirliti hjá okkur ef við kjósum að gera svo vegna aðstæðna hér. Við þurfum ekki að láta reglur á EES-svæðinu skammta okkur eitthvað minna öryggi en við höfum kosið sjálf að þróa. Ég held því ekki fram að ekki megi breyta eftirliti skipa í neinu og að megi ekki fara yfir málið. En ég vil vekja athygli á þessu og tel fulla ástæðu til að koma þessum skilaboðum til nefndarinnar og biðja hana um að kalla til þá sem best þekkja til frá Siglingastofnun og aðra aðila, útgerðarmenn og fleiri, til ráðslags um hvort það sé allt saman mjög skynsamlegt sem í frv. er. Ég skal svo sem ekki útiloka að ýmislegt skynsamlegt geti verið í frv. En mér finnst við fyrsta yfirlestur að ástæða sé til að skoða það vandlega.

[16:08]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir yfirferð hans og varnaðarorð vegna þessa máls en vil þó undirstrika að ég legg að sjálfsögðu ríka áherslu á að allt eftirlit með íslenskum skipum og sú löggjöf sem varðar eftirlit með skipum þarf að vera þannig úr garði gerð að við tryggjum öryggi sjófarenda. Það er mikið atriði.

Hins vegar þarf jafnframt að gæta þess, og stundum er nú rætt um það, að eftirlitsiðnaðurinn ofgeri ekki en tryggi engu að síður þessa öryggishagsmuni sem eru mjög miklir.

Í frv. er lögð rík áhersla á það að þó að föstum skoðunum sé fækkað eða dregið úr þeim þá eru skyndiskoðanir afar mikilvægar og Siglingastofnun beitir þeim og heldur uppi góðu eftirliti með góðum, öguðum og skipulögðum vinnubrögðum hvað það varðar. Ég vil sérstaklega undirstrika það.

Hvað varðar 10. gr. sem hv. þm. gerði að umtalsefni þar sem veitt er heimild til þess að Siglingastofnun geti falið öðrum hæfum aðilum að framkvæma einstaka þætti skoðunarinnar þá er ekki verið að leggja á ráðin um allsherjareinkavæðingu þess eftirlits sem Siglingastofnun sinnir heldur vilja menn hafa skýrar heimildir til þess að fela þær einstökum aðilum, samanber t.d. það sem segir í 10. gr. frv., með leyfi forseta:

„Ákvæðið tekur einnig til þess þegar sérstakar skoðunarstofur annast skoðun á einstaka búnaði skips, t.d. gúmmíbjörgunarbátum, sleppibúnaði björgunarbáta og slökkvitækjum."

Þarna er verið að opna leið til þess að einstakar skoðunarstofur geti veitt þessa þjónustu. Til þess að svo geti verið þarf Siglingastofnun að viðurkenna viðkomandi skoðunarstofu þannig að tryggt sé að hún uppfylli þær kröfur sem lög og reglur kveða á um og að viðkomandi skoðunarstofur hafi á að skipa starfsmönnum sem séu til þess bærir og færir að sinna þessu. Þetta vildi ég að kæmi hér skýrt fram.

Ég held að út af fyrir sig sé ekki á vísan að róa með það að við getum endilega tryggt ódýrari þjónustu með því að fela þetta öðrum en Siglingastofnun. Hins vegar þarf auðvitað að hafa möguleika á þessari skipan mála, ekki síst, eins og ég nefndi, þar sem um er að ræða mikla sérhæfingu varðandi

einstaka búnað sem skipum fylgir. Ég vildi bara að þetta kæmi fram, herra forseti, við lok þessarar umræðu.

[16:12]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra nefndi það að eftirlitsiðnaðurinn gæti verið eitthvað hættulegur og að hann ekki mætti ofgera viðkomandi atvinnugreinum. Kannski er það skoðun hæstv. ráðherra að þannig hafi það verið í skipaeftirlitinu. Það getur vel verið að það sé skoðun hæstv. ráðherra og að hann sé þess vegna að fá þessu breytt, og að skyndiskoðanir séu jafngóðar og reglulegar skoðanir. Ég er reyndar ósammála því. Ég tel að reglulegt eftirlit sé mjög nauðsynlegt. En það getur vel verið að það þurfi á því að halda að hafa skyndiskoðanir. Mér finnst hins vegar að hæstv. ráðherra hefði mátt svara því sem ég spurði um, þ.e. hvernig bæri að skilja þessi ákvæði um fimm ár milli aðalskoðana og að tvö ár væru á milli þeirra skoðana sem fara þar fram á milli, þ.e. þessara aukaskoðana.

Ég tel að það sé mikið umhugsunarefni ef þetta sparar ekki nema 7 millj. í rekstri stofnunarinnar frá því að vera með aðalskoðun á hverju einasta ári. Í hverju liggja þá þessir fjármunir? Það er ástæða til þess að skoða það.

Í sambandi við 10. gr. finnst mér að hæstv. ráðherra ætti að svara því hvers vegna hann telur ástæðu til þess að setja þar opna heimild um að koma öllu skipaeftirliti í hendur á skoðunarstofum ef hann meinar ekkert með því. Hver er eiginlega stefna hæstv. ráðherra í málinu? Hvað ætlar hann sér? Hvers vegna setur hann þessa heimild í 10. gr. ef hann ætlar ekki að nota hana? Fram að þessu hafa verið til sérstakar skoðunarstofur sem skoða gúmmíbáta og annað slíkt og í 10. gr. var alveg hægt að hafa upptalningu á þeim.

[16:14]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo að það liggi alveg ljóst fyrir hver stefna ráðherra er þá er hún ekki sú að leggja af skoðunarsvið Siglingastofnunar heldur tel ég afar mikilvægt að því sé sinnt. Með þessari heimild í 10. gr. er sá möguleiki fyrir hendi að gefa skoðunarstofum færi á að sinna þessari þjónustu með tilteknum skýrum og klárum kröfum til slíkra stofa.

Ég tel ekki, eins og fram kom hjá hv. þingmanni, að um ofskoðun hafi verið að ræða. Ég kannast a.m.k. ekki við það. Engu að síður var það niðurstaða höfunda frv. að draga þarna úr og leggja áherslu eftir sem áður á skyndiskoðanir. Aðalskoðanir á fimm ára fresti og síðan milliskoðanir á tveggja ára fresti þýða náttúrlega að ef skoðað er á fimm ára fresti þá liggur það auðvitað fyrir. En með skyndiskoðunum er hægt að hafa skoðun árlega, í það minnsta á tveggja ára fresti, þannig að ég held að framkvæmdin á þessu verði að sjálfsögðu í ljósi þessara ákvæða og síðan ákvæða og áherslu á skyndiskoðanir. Í þeim felst mikilvægt eftirlit og áhersla sem eigendur skipanna verða að taka tillit til.

Hvar liggja fjármunirnir ef dregið er úr skoðun? Það er alveg ljóst að skyndiskoðanir kosta töluverða fjármuni einnig. Ef dregur úr þessari vinnu verður kostnaðurinn ekki innheimtur vegna þess að annars vegar er um að ræða fastagjald fyrir hvert skip eftir stærð en síðan er innheimt gjald sem felur í sér það vinnuframlag sem viðkomandi skoðunarstofa eða Siglingastofnun innir af hendi og þarf að innheimta fyrir. Það er því ekki verið að safna upp þarna tekjum sem sparast síðan vegna þess að dregið sé úr eftirlitinu.

[16:17]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil ekki enn þá þetta með árin. Tvö ár á milli milliskoðana og tvisvar tveir eru fjórir hjá mér en það eru fimm ár á milli aðalskoðana. Ég átta mig ekki alveg á hvernig menn ætla að útfæra þetta. En það er kannski einhver partur sem leysist í nefndinni.

Ég ætla að segja það í lokin sem skoðun mína, hæstv. forseti, að hér eru menn að leggja út á braut sem er varhugaverð. Ef það er meining hæstv. ráðherra að fara að draga hluta af starfsemi Siglingastofnunar út úr henni og afhenda þá starfsemi á skipaflokkum, heilum skipaflokkum þess vegna, einhverjum öðrum aðilum, þá er starfsemi Siglingstofnunar í verulegri hættu og einnig sú samhæfða yfirstjórn og eftirlit með skipum sem við höfum haft. Hér hafa menn fylgt því mjög vel eftir, þrátt fyrir allt, að skip væru þokkalega haffær. Reyndar hefur komið upp eins og allir þekkja þegar á reynir að stundum eru skip á Íslandi ekki nógu vel útbúin. Og við munum ekki verða ánægð með það hér á hv. Alþingi ef það ætti nú eftir að koma í ljós að við værum að draga úr öryggi skipa með breytingum á þeim reglum sem hafa gilt. Þess vegna hef ég tekið til máls og beðið nefndina að skoða vandlega það frv. sem hér er verið að leggja fram.

[16:19]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. um eftirlit með skipum sem hæstv. samgrh. hefur mælt fyrir. Ég vil taka undir áhyggjur hv. þm. Jóhanns Ársælssonar varðandi 10. gr. þar sem greinilega er verið að undirbúa að einkavæða og framselja verkefni Siglingastofnunar við skoðun á skipum. Það getur varla verið gert út í bláinn. Ég vil því inna hæstv. samgrh. eftir því hver ætlunin sé. Hvaða aðilar eru hafðir í huga þegar slíkt vald og eftirlit er framselt? Annars væri ekki verið að setja þetta inn.

Einnig er verið að festa í lög ákveðna skattheimtu, beinlínis skattheimtu á þessari þjónustu og með því að framselja hana síðan til þriðja aðila, einkavæða hana, þá er í rauninni verið að einkavæða heimild til þess að senda reikning á ríkissjóð.

Þá vil ég spyrja um 15. gr., um skyndiskoðun skipa. Þeirri grein lýkur þannig, með leyfi forseta:

„Siglingastofnun Íslands getur falið Landhelgisgæslu Íslands eða öðrum aðila framkvæmd eftirlits á hafi úti."

Fyrir hverju erum við að opna, virðulegi forseti? „Öðrum aðilum" verði ótiltekið falið að annast þetta mikilvæga eftirlit, eftirlit sem skiptir miklu máli hvað varðar öryggi sjómanna og einnig tryggingamál, bæði sjómanna og skipa.

[16:21]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst vil ég nefna vegna þessa andsvars og athugasemdar um 15. gr., að ég vil vísa til þess sem segir í skýringum við 15. gr., en þar segir, með leyfi forseta:

„Með 3. mgr. er Siglingastofnun Íslands veitt heimild til þess að fela Landhelgisgæslu Íslands eða öðrum aðila framkvæmd skyndiskoðunar á hafi úti. Er þetta í samræmi við gildandi lög og framkvæmdina undanfarin ár og hefur verið gott samstarf milli þessara tveggja ríkisstofnana í þessu efni og sérstakur samstarfssamningur í gildi."

Hvað varðar það ákvæði að óhætt sé að fela öðrum aðila en Landhelgisgæslunni, þá er ekki neinn sérstakur aðili þarna

sem miðað er við, heldur opnað fyrir það að ef um er að ræða samstarfssamninga við aðra aðila sem geta sinnt þessu, þá sé það heimilt.

Að öðru leyti tel ég að ég hafi verið búinn að svara því sem fram kom hjá hv. þm. í andsvarinu þegar ég svaraði hv. þm. Jóhanni Ársælssyni.

[16:23]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hæstv. samgrh. fara í kringum þetta svolítið eins og heitan graut. Það er náttúrlega alveg deginum ljósara að markmiðið er að einkavæða þá þjónustu, ef á að skilja þau orð sem hreina íslensku sem þarna eru sögð.

Ef það er ekki ætlunin, þá gæti staðið í þessum texta, virðulegi forseti: Að geta falið Landhelgisgæslu Íslands eða öðrum opinberum aðila o.s.frv. Það er afar eðlilegt að Siglingastofnun geri samning við Landhelgisgæsluna sem er hluti af þessu sama stjórnsýsluapparati og/eða einhverjum öðrum opinberum aðila sem gæti verið þarna ef hann er fyrir hendi. En með því að hafa þetta svona fullkomlega opið, þá er náttúrlega verið að sækja heimild til þess að geta einkavætt þetta og framselt óviðkomandi aðilum og þá jafnframt líka framselt valdið og réttinn til þess að senda reikning fyrir þessa þjónustu, einkavæddu þjónustu, á ríkissjóð.

Okkur þarf svo sem ekki að koma á óvart sú stefna sem hér er kynnt. Þetta er í takt við það sem hefur verið að gerast í tíð ríkisstjórnarinnar, þ.e. að einkavæða lögboðna nauðsynlega opinbera þjónustu, öryggismál, og síðan að gefa heimild til þess að senda reikninginn á annars vegar viðkomandi aðila og hins vegar að geta innheimt hann hjá ríkinu. Þeir sem fá þjónustuna verða að borga hana upp í topp, en reikningurinn er innheimtur hjá ríkinu.

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því sem er að gerast, þeirri einkavæðingarstefnu sem hér er verið að opna fyrir varðandi eftirlit á skipum.

[16:25]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það verður að segjast eins og er að annars vegar er mikill misskilningur á ferðinni hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni og hins vegar tilraun hans til að gera þetta mikilsverða mál tortryggilegt. Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar er þeirrar gerðar að verið er að ganga tryggilega frá heimildum í lögum til gjaldtöku annars vegar hvað varðar skattlagningu og svo hins vegar hvernig á að standa að innheimtu þjónustugjalda vegna eftirlits með skipum. Það er afar mikilvægt að það liggi fyrir.

Á hinn bóginn er verið að reyna að búa til ramma, og það mun hv. samgn. þurfa að skoða mjög vandlega, utan um þetta eftirlitskerfi þannig að það tryggi öryggi annars vegar og hins vegar að það verði ekki dýrara, hvorki fyrir notendur, þ.e. eigendur skipa, né ríkið, en þarf að vera. Út á það gengur allt málið.

Mér finnst að við Íslendingar þurfum að leita leiða til þess að gera eftirlitskerfið hagkvæmt.

Við gerum ekki ráð fyrir í þessari löggjöf að leggja niður eftirlit Siglingastofnunar, fjarri því, en við opnum hins vegar fyrir þann möguleika að skoðunarstofur geti sinnt þessari þjónustu. Vegna hvers? Jú, til þess að útvegsmenn og þeir sem þurfa að kaupa slíkt eftirlit geti leitað hagkvæmra leiða, en eftir sem áður sé fyllsta öryggis gætt. Það er aðalatriði málsins.

[16:27]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 413. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 519.

Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, 183. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 521.

Málefni aldraðra, 412. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 518.

Tryggingagjald, 181. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 520.

[16:27]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið, en það hefur ýmislegt komið fram sem augljóslega þarf að skoða betur.

Ég held að það sé kannski ágætt að reyna að átta sig á einu atriði af því mér sýnist gæta örlítils misræmis í því sem fram kemur í 28. gr. frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Eigandi skips skal greiða árlega í ríkissjóð sérstakt gjald, skipagjald, af hverju skipi sem skráð er á aðalskipaskrá eins og hér segir:“

Þetta verður ekki skilið öðruvísi en svo að eigendur skipa séu skattlagðir um tiltekna fjárhæð og sú fjárhæð renni í ríkissjóð. Ég held að ekki sé hægt að skilja þetta öðruvísi. Er það ekki rétt skilið hjá mér? Ég sé að ráðherra kinkar kolli og ég skil þetta þá þannig.

Þá leyfi ég mér að vísa í athugasemdir fjmrn. Þar segir, með leyfi forseta, ef ég les þetta í heild sinni:

„Samkvæmt 28. gr. frumvarpsins verður breyting á skipagjaldi, en gjaldið hefur að hluta staðið undir kostnaði Siglingastofnunar Íslands við árlega aðalskoðun skipa. Skipagjaldið er áætlað 63,9 millj. kr. í frumvarpi til fjárlaga 2003.“

Síðan segir áfram, með leyfi forseta:

„Nú er lagt til að hluti skipagjaldsins verði greiddur árlega í ríkissjóð af eigendum skipa á aðalskipaskrá eða u.þ.b. 36 millj. kr., en 28 millj. kr. verði áfram innheimtar til að standa undir kostnaði við skoðun skipanna.“

Ég skil frv. þannig að öll þau skipagjöld sem eru innheimt samkvæmt 28. gr. frv. renni í ríkissjóð, en þegar maður les þessa umsögn getur maður skilið það á þann veg að eitthvert misræmi sé.

Ég hef tækifæri til þess að fara betur yfir þetta í samgn., en þetta er atriði, virðulegi forseti, sem ég held að sé mikilvægt að liggi mjög skýrt fyrir. Ef á að fara að innheimta hærri skatta og hærri gjöld, þá er það dálítið sérstakt í því ljósi því ætlunin er að draga úr umfangi skipaskoðunar á sama tíma. Ég held að þetta þurfi að liggja fyrir svo menn séu ekki þannig lagað að koma aftan að eigendum skipa á þann hátt að auka gjaldtöku og skatta en um leið að draga úr skoðunum. Ég held að þetta sé hlutur sem við þurfum að fara mjög vandlega yfir.

Þá vil ég taka undir með þeim sem hafa vakið sérstaka athygli á 10. gr. frv., en eins og hún liggur fyrir er Siglingastofnun sjálfri eiginlega falið að úthluta eigin verkefnum til annarra aðila, þ.e. stofnuninni sem slíkri. Því hér segir, með leyfi forseta, í 2. mgr.:

„Siglingastofnun Íslands hefur heimild til að fela öðrum að framkvæma skoðun og gefur út starfsleyfi þeim til handa. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi viðurkenndra skoðunaraðila.“

Með öðrum orðum virðist Siglingastofnun geta gert samninga við tiltekna aðila um að taka að sér tiltekna skoðun og í kjölfarið þá væntanlega gefið út starfsleyfi þeim til handa til að framkvæma þessa ákveðnu skoðun.

Ég held að við þurfum að fara mjög varlega í því, virðulegi forseti, að einkavæða eftirlit með öryggi sjómanna. Ég legg á það ríka áherslu að við förum mjög varlega í þeim efnum því slíkt eftirlit þarf að vera öflugt og það þarf að vera skýrt og klárt hver ber ábyrgðina á slíku eftirliti.

Eins og þetta er sett fram, virðulegi forseti, vil ég leyfa mér að setja talsvert stórt spurningarmerki við þá útfærslu. Ég held að miklu eðlilegra væri, ef menn vilja fara út í þessa aðferðafræði, að hæstv. ráðherra útdeildi þeim verkefnum og gerði þessa samninga, en ekki að stofnunin sem slík sé að færa verkefni frá sjálfri sér.

Þetta verður kannski örlítið ruglingslegra í því ljósi hvort sem skipagjöldin renna nú öll eða að hluta til í ríkissjóð og að hluta til til Siglingastofnunar, ég er ekki alveg klár á því eins og þetta kemur fyrir, þá hljótum við að þurfa að skoða það líka ef Siglingastofnun getur fært verkefni frá sjálfri sér, en haldið áfram þeim tekjuminni sem ætlunin er að innheimta.

Ég held því að fara þurfi mjög vandlega yfir margt í frv., virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tjá mig um skoðun mína á þessu máli hér og nú, en það er alveg augljóst af því sem hér hefur verið vakin athygli á að þetta þarf að skoða. Ef stærðfræðin bregst mér ekki í þessum efnum, þá sýnist mér að á tíu ára tímabili fari fram svokölluð milliskoðun eins og það er orðað í frv. á tveggja ára fresti en aðalskoðun fari fram fimmta hvert ár, ef stærðfræðin bregst mér ekki. Það fer þá fram væntanlega ein skoðun eftir fimm ár, önnur eftir tíu ár, en á fjórða ári fer fram milliskoðun, á sjötta ári fer væntanlega fram milliskoðun, aðalskoðun þarna á milli og síðan á tíunda árinu bæði milliskoðun og aðalskoðun á sama ári. Mér sýnist því augljóslega að við þurfum að fara vandlega yfir þessa hluti a.m.k. eins og þetta er lagt upp.

En ég ítreka líka, virðulegi forseti, að við eigum eftir að fá góðan tíma til að fara yfir þetta og ég sé að formaður samgn. kinkar kolli í þeim efnum, þannig að ég held að við munum gefa okkur góðan tíma til að fara yfir frv.

Ég vildi bara vekja athygli á þessu, virðulegi forseti.

[16:35]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki frekar en síðasti ræðumaður að lengja umræðuna, en þó er rétt að taka fram nokkur atriði vegna ummæla hv. þm. Jóns Bjarnasonar.

Í sambandi við 10. gr. og hvernig hv. þm. tengir hana við einkavæðingu þá kemur skýrt fram í skýringu með 10. gr. hvað verið er að tala um. Eins og verið hefur á umliðnum árum hefur Siglingastofnun leitað til aðila með sérþekkingu t.d. varðandi gúmmíbjörgunarbáta og sleppibúnað björgunarbáta, slökkvitæki og fleira sem mætti upp telja.

Auk þess má nefna þegar verið er að tala um skoðanir að Ísland er aðili að svokölluðu Port State Control sem segir að 25% þeirra erlendu skipa sem koma í íslenskar hafnir verða skoðuð af íslenskum aðilum sem sjá um slíkar skipaskoðanir.

Ég tek eftir því að í frv. er talað um að ráðherra geti sett reglugerð varðandi skoðun skemmtibáta en mjög algengt er erlendis, t.d. annars staðar á Norðurlöndunum, að ekki er sett nein reglugerð um skoðun skemmtibáta af hálfu ríkisins, heldur eru það viðkomandi klúbbar sem skemmtibátar tilheyra sem sjá um að skemmtibátarnir séu í lagi og má segja að það sé einkavæðing og er ekkert óeðlilegt í sjálfu sér.

Ef talað er við starfsmenn Siglingastofnunar, þá segja þeir: Af hverju förum við ekki með skoðunarkerfi okkar í sama farveg og Bifreiðaskoðun ríkisins gerði með það kerfi sem við þekkjum varðandi eftirlit með bifreiðum hér á landi? Það hefur reynst ágætlega og ég heyri ekki betur en almenningur sé almennt ánægður með þá breytingu sem var gerð á því fyrirtæki.

En allt um það. Eins og hér hefur komið fram höfum við í samgn. náttúrlega tíma til að skoða og fara yfir þetta. Ég held að við ættum ekki að eyða meiri tíma hér úr ræðustóli Alþingis til að fjalla um þetta mál, svo ítarlega og vel sem við munum gera það í samgn.

En frv. er þarft og nauðsynlegt að taka það til yfirferðar með tilliti til þess umhverfis sem við lifum og hrærumst í og svo mjög breyttra tíma hvað áhrærir skipaskoðanir og almennt eftirlit með skipum. Við munum því skoða þetta í nefndinni, herra forseti.

[16:38]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sit í samgn. og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson er formaður samgn. og við munum taka þetta mál rækilega fyrir þar.

Það sem hvatti mig aðeins til að koma í andsvar var þegar hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson vísaði til góðrar reynslu varðandi bifreiðaskoðanir á undanförnum árum. Ég hef það einhvern veginn á tilfinningunni að fátt eigi sér nú dapurlegri feril en einkavæðingin á bifreiðaskoðununum. Meðan þetta var opinber skoðun var hún víða um land og góð þjónusta, en eftir að hún var einkavædd, fyrst hálfeinkavædd og svo einkavædd, þá fór þjónustan heldur að daprast og varð æ meiri fyrirhöfn fyrir neytendur að fá þá þjónustu. Ég hef það á tilfinningunni og mig minnir að nú sé verið að draga þetta aftur inn til ríkisins, þannig að ríkið taki aftur til sín stóran hluta af ábyrgð á bifreiðaskoðun. Við erum því að einhverju leyti búin að fara þar í hring.

En ég vona að við séum ekki að sigla skipaskoðunum í sama dapurlega farveginn og við erum búin að upplifa á bifreiðaskoðununum á undanförnum árum, virðulegi forseti, ég vona það svo sannarlega.

[16:39]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason talar um depurð vegna Bifreiðaskoðunar Íslands. Ef þingmaðurinn kaupir sér nýja bifreið þá þarf hann ekki að koma með hana í skoðun fyrr en eftir þrjú ár. Er það dapurt? En áður, þ.e. þegar Bifreiðaskoðun ríkisins var til, þurfti hann að koma með bifreiðina í skoðun árlega. Fleiri þætti mætti telja.

Það getur vel verið að þjónusta bifreiðaskoðunarinnar skarist eitthvað á við hina dreifðu byggð miðað við það sem áður var. En a.m.k. heyri ég að almennt séð er þjónustan nokkuð vel látin og það er það sem skiptir máli. Hitt er kannski eðlilegt og rétt að vera ekki að taka þetta í neinu samhengi, þ.e. skoðun skipa og bifreiða, svo gjörólíkt sem þetta er og skiptir auðvitað máli að öryggis sé gætt og það sé eins og best verður á kosið á hverjum tíma varðandi skipin, eins og þarf að gera í sambandi við bifreiðarnar líka, auðvitað skiptir máli að eftirlit með þessu sé gott.

En það sem mér finnst hins vegar bera dálítið á er að það er ætlast til of mikils af löggjafanum varðandi þetta öryggiseftirlit. Mér finnst að setja þurfi meira á herðar

skipstjórnarmannanna sjálfra. Og þá er náttúrlega vafasamt þegar menn koma og segja: Ja, það gengur ekki að setja þessa ábyrgð, öryggisábyrgð með eftirlitinu sjálfu á herðar skipstjórnarmanna vegna þess að útgerðarmenn geta haldið þannig um taumana að þeir hlýði ekki skipstjórnarmönnum þegar kall kemur um bættan búnað eða útskiptingu blakka, togvíra eða á vindum, krönum og öðru því um líku. Ég trúi því ekki að það sé svo að menn hafi ekki hug á að halda slíkum búnaði í lagi. Kannski vantar bara að setja inn í þessi ákvæði háar fjársektir ef menn standa sig ekki í stykkinu og á það þá við útgerðina sjálfa.

[16:42]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg tekið undir það með hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að mjög mikilvægt er að skipstjórnarmenn og áhöfnin öll og útgerð hvers skip sé rækilega meðvituð um öryggismál sín og hafi þau í lagi, þannig að skoðunin eigi ekki að vera sá vöndur sem knýr menn til að hafa alla hluti í lagi. Ég get alveg tekið undir það, þó það sé jafnframt nauðsynlegt að vera með eftirlit.

Ég vil árétta það að einkavæðingu á eftirliti og öryggismálum í skipum og hjá sjófarendum ber að varast. Þetta verður að vera í öruggu og góðu lagi og við þurfum að hafa þar hönd á.

Að öðru leyti förum við í gegnum frv. í samgn. en með þeim einkavæðingartón og skattheimtutón sem frv. ber með sér tel ég að við séum á rangri leið.

[16:43]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Aðeins út af þeim umræðum sem hér hafa orðið. Mér finnst að við þurfum að gæta allrar varkárni við að færa eftirlit með skipum frá Siglingastofnun. Ég held að á undanförnum árum hafi ríkt nokkuð góð sátt um hvernig staðið hefur verið að eftirliti með skipum og að starfsmenn stofnunarinnar vítt og breitt um landið hafi annast þau störf af samviskusemi og kostgæfni.

Ég tel reyndar að ekki verði saman jafnað skoðun á bíl og skipi eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sagði í andsvari áðan. Það er náttúrlega einfaldlega þannig að við keyrum bílana á einhverja ákveðna skoðunarstofu, en skipin eru skoðuð vítt og breitt í höfnum, enda tiltók hv. þm. það áðan að því væri auðvitað ekki saman að jafna.

Fjöldamörg ákvæði eru í frv. sem segja fyrir um hversu miklar kröfur eru gerðar til öryggis. Það má t.d. leggja farbann á skip beinlínis út frá öryggissjónarmiði. Ýmsir aðilar geta átt rétt á því að krefjast farbanns.

Síðan eru mjög skýr fyrirmæli um upplýsingaskyldu, þ.e. löggæslumenn, hafnaryfirvöld, leiðsögumenn, hafnsögumenn, tollgæslumenn, trúnaðarmenn skipverja, starfsmenn tryggingarfélaga, lögskráningarstjórar sem fá vitneskju um ef lögin eða reglur settar samkvæmt þeim eru brotin eða telja að ástæða sé til að ætla að skip sé ekki haffært o.s.frv.

Eftirlit með skipum er mikið öryggismál og ég vil eindregið hvetja til þess. Ég veit að frv. verður skoðað mjög gaumgæfilega í hv. samgn. og að við förum varlega í að stíga einhver skref sem gætu síðar orðið til þess að menn segðu sem svo að vegna breytinga á lagaumhverfinu hefði ekki gætt nægilegs öryggis.

Þetta er eiginlega það sem ég vildi sagt hafa. Málið á eftir að fá góða umfjöllun í hv. nefnd og á eftir að koma hér aftur til 2. umr. og síðan vonandi 3. En að meginstofni til held ég að það frv. sem hér er verið að leggja fram sé vel unnið, en hvet til þess að ýmis þau atriði sem hér hafa komið fram í umræðunni verði gaumgæfilega skoðuð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vinnutími sjómanna, 1. umr.

Stjfrv., 390. mál (EES-reglur). — Þskj. 451.

[16:47]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða vinnutíma sjómanna.

Með frv. er lagt til að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á sjómannalögum, nr. 35/1985, og lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, vegna innleiðingar tiltekinna EES-gerða sem varða vinnutíma sjómanna. Tilgangur frv. er því að leiða í lög ákvæði tilskipana samkvæmt EES-samningnum sem fjalla annars vegar um vinnutíma sjómanna á farþega- og flutningaskipum sem skráð eru í EES-ríkjum og skipa sem sækja hafnir í EES-ríkjum og hins vegar um vinnutíma sjómanna á fiskiskipum.

Helstu breytingar sem í frv. felast eru að lagt er til að ekki megi hafa yngri mann en 16 ára við vinnu á skipum. Í gildandi ákvæðum sjómannalaga er miðað við 15 ára aldur í þessu efni. Þessi breyting tekur til allra skipa sem notuð eru í atvinnuskyni.

Meginreglan varðandi vinnutíma sjómanna á fiskiskipum er sú, samkvæmt frv., að sérhver skipverji skuli eiga rétt á nægjanlegri hvíld og að vinnuvika hans sé að hámarki 48 klukkustundir að meðaltali, reiknað yfir viðmiðunartímabil sem ekki er lengra en 12 mánuðir. Með vinnutíma er átt við þann tíma sem skipverji er við störf, til taks fyrir atvinnurekanda og innir af hendir störf sín og skyldur.

Í meginatriðum gilda sömu reglur fyrir fiskiskip annars vegar og farþegaskip og flutningaskip hins vegar. Þó er kveðið á um að óheimilt sé að halda sjómönnum yngri en 18 ára við vinnu á farþega- og flutningaskipum að næturlagi nema í sérstökum undantekningartilfellum.

Jafnframt er gert ráð fyrir að sömu reglur gildi um vinnu- og hvíldartíma skipverja á erlendum farþega- og flutningaskipum sem sækja hafnir á EES-svæðinu. Ástæður þess eru fyrst og fremst samkeppnissjónarmið. Lagt er til að Siglingastofnun verði heimilt að framkvæma skoðun um borð í erlendum skipum sem fara um íslenskar hafnir til að ganga úr skugga um fyrirkomulag vinnu- og hvíldartíma og skipulag vakta um borð. Framkvæmd skoðana fer eftir ákvæðum laga og reglna um hafnarríkiseftirlit.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja efni einstakra greina frv. og vísa til greinargerðar með því. Ég hef sem samgrh., frá því að ljóst var að Evrópusambandið var með í undirbúningi að setja reglur um vinnutíma sjómanna, lagt áherslu á að allir hagsmunaaðilar kæmu að undirbúningi þessa máls enda varðar það mikilvæga íslenska hagsmuni.

Í maí 1999 skipaði samgrh. samráðshóp hagsmunaaðila, Siglingastofnunar og samgrn. Hópnum var ætlað að upplýsa Evrópusambandið um stöðu og mikilvægi þessa máls fyrir íslenskt atvinnulíf, fylgjast með efni tillagna ESB og móta og koma á framfæri sjónarmiðum og athugasemdum Íslands. Samráðshópurinn lauk starfi sínu 22. október 2001 með því að skila skýrslu til samgrh. sem einhugur var um

innan hópsins. Það var mat samráðshópsins að upptaka tilskipana Evrópusambandsins í íslenskar reglur ættu ekki að skapa vandamál fyrir íslenskan sjávarútveg og að ákvæði þeirra mundu rúmast innan ákvæða gildandi kjarasamninga útgerða og stéttarfélaga sjómanna, hvort sem litið væri til hámarksvinnutíma eða lágmarkshvíldartíma. Við undirbúning frv. hefur jafnframt verið haft samráð við hagsmunaaðila og leyfi ég mér að vona að um þetta frv. sé full sátt þeirra á meðal.

Ég vil að lokum leggja til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[16:51]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði sem mér finnst þurfa athugunar við. Það varðar aldurstakmarkið. Hér segir í athugasemdum við 1. gr.:

„Hér er lagt til að ekki megi hafa yngri mann en 16 ára við vinnu á skipum, en í gildandi lögum er miðað við 15 ára aldur í þessu efni. Þessi breyting tekur til allra skipa sem notuð eru í atvinnuskyni og er í samræmi við ákvæði í 6. gr. Evrópusamnings um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum."

Sjálfsagt er ekkert við það að athuga að við förum að því sem við höfum undirgengist. En síðan segir:

„Jafnframt er lagt til að miðað verði við 16 ár hvað varðar önnur skip sem notuð eru í atvinnuskyni, þar með talin fiskiskip."

Ég verð að segja að mér finnst þetta nokkur afturför að sumu leyti, þ.e. af því að við gerum engan greinarmun í lagatextanum eða túlkun hans varðandi hlutverk skipa, eingöngu að þetta séu fiskiskip og notuð í því skyni.

Ég hef jafnan talið að hægt væri að gera ákveðinn greinarmun á skipum eftir veiðiaðferðum. Ég hef t.d. ævinlega talið óþolandi og óverjandi að einn maður væri á skipi við togveiðar, eins og hefur einstaka sinnum komið fyrir, t.d. við rækjuveiðar, þar sem miklir vélkraftar eru notaðir við vinnuna uppi á dekki. Mér finnst hins vegar snúið, herra forseti, að vita til þess að 15 ára stráklingur megi ekki fara á grásleppu með einhverjum gömlum manni.

[16:53]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er tímanna tákn eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson benti á að aðgangur stráklinga að fiskveiðum sé takmarkaður, að þeir megi ekki fara til sjós. En um þetta er víðtækt samkomulag allra aðila, sjómannasamtaka og útvegsmanna, að láta þessar reglur yfir okkur ganga. Ég flyt þær hér í frumvarpsformi inn í þingið en undirstrika það eitt að um þetta er víðtækt samkomulag allra aðila sem málið varðar mest.

[16:54]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svolítið skondið og hálfdapurlegt að verða hér að hlusta á mælt fyrir lögum þar sem kveðið er á um að 14 og 15 ára unglingar megi ekki fara á sjó, þó ekki væri nema til grásleppu úti fyrir löndum sínum. Þetta hljómar framandi fyrir okkur sem erum uppalin við þetta sem hluta af hinu daglega lífi, að fara á sjó á grunnslóð. Ég tel að það ætti að skoða þetta mál örlítið betur.

Enginn hér mælir gegn því að einhverjar takmarkanir séu á því að unglingar undir 18 ára aldri megi vera á sjó. En það er spurning hvort ekki megi finna leið, t.d. við ákveðnar veiðar og í ákveðinni fjarlægð frá ströndum landsins, til þess að þeir mættu vera á sjó.

Þetta er hluti af því að ala upp sjómannastétt. Ég hugsa að flestir sem nú eru í sjómannastétt landsins eigi sér þennan bakgrunn. Ég hygg að ef þessi lög verða innleidd óbreytt verði æ erfiðara að manna flotann. Ég býst við að skilgreining á skólaskipum eða æfingaskipum sé það þröng að það mætti ekki tengja það þarna inn.

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að þarna ætti að huga að því hvort ekki mætti hafa ákveðnar undanþágur eftir veiðiaðferðum, eftir staðsetningu, til að við getum haldið hér nokkurn veginn eðlilegu íslensku samfélagi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vaktstöð siglinga, 1. umr.

Stjfrv., 392. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 453.

[16:57]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Þann 4. júlí árið 2000 voru undirritaðir samningar við Landssíma Íslands hf. og Slysavarnafélagið Landsbjörgu um rekstur strandstöðva. Við það tækifæri lýsti ég vilja mínum til þess að láta hefja undirbúning að því að bjóða þessa þjónustu út og er m.a. það frv. sem ég mæli hér fyrir árangur þeirrar vinnu.

Með frv. þessu er lagt til að setja á fót eina vaktstöð siglinga hér á landi. Samgönguráðherra fer, samkvæmt auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 96/1969, með málefni vita, hafna, siglinga og skipulag samgangna á landi, lofti og sjó, en vegna stigskiptingar framkvæmdarvaldsins er eðlilegt að Siglingastofnun Íslands annist framkvæmd laganna sem frv. gerir ráð fyrir. Kæruleið vegna stjórnvaldsákvarðana stofnunarinnar er síðan að sjálfsögðu til ráðuneytisins samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttar.

Markmiðið er að gefa einni strandstöð aukið hlutverk sem byggist á því að vera vaktstöð siglinga í íslenskri efnahagslögsögu. Hlutverk slíkrar vaktstöðvar er að vera miðstöð skipaumferðar og tryggja enn betur öryggi sæfarenda en nú er. Jafnframt er með frv. komið til móts við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á þessu sviði.

Gufunes er langstærsta strandstöð landsins með fjölda sérhæfðra starfsmanna og hefur yfir miklum tækjabúnaði að ráða. Það liggur því beinast við að hún verði vaktstöð siglinga og taki að sér nauðsynleg verkefni á þessu sviði. Í Gufunesi er nú starfrækt alþjóðleg neyðar- og öryggisþjónusta, GMDSS, fyrir skip og báta sem byggir á vöktun og hlustun á neyðarskeytum frá sjófarendum, sendingum tilkynninga og aðvarana til skipa og báta. Um er að ræða alþjóðlegt kerfi byggt á ályktunum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

Gufunes sinnir einnig vöktun á alþjóðlegum neyðarfjarskiptarásum og sér um stjórn neyðarfjarskipta. Auk þess sinnir strandstöðin símtalsþjónustu við skip og báta, svokallaðri NAVTEX-þjónustu fyrir skip, dreifingu á skeytum úr COSPAS/SARSAT-gervihnattakerfinu og þjónustu við INMARSAT-gervihnattakerfið. Þá sér stöðin um að hljóðrita og vinna skýrslur vegna slysa sem verða og senda út siglingaaðvaranir og veðurspár. Í frv. er lagt til að öll þessi verkefni verði unnin af vaktstöð siglinga.

Eins og fram kom hér á undan ráku Landssíminn og Slysavarnafélagið Landsbjörg sjálfvirka tilkynningakerfið fyrir öll íslensk skip sem eru sex metrar eða lengri. Sú starfsemi sem rekin er í Gufunesi, svo og allt þetta sem að framan er talið, er nú á einum og sama stað.

Ef hugmyndir um eina sameiginlega stjórnstöð leitar og björgunar ná fram að ganga mun hlutverk vaktstöðvarinnar verða að miðla neyðartilkynningum þangað. Sjóbjörgunarbátturinn verður þá væntanlega í stjórnstöð leitar og björgunar. Vaktstöðin gerir henni viðvart og er síðan strax á ný tilbúin til vöktunar.

Með frv. er gert ráð fyrir að verkefnum fjölgi og er í því sambandi fyrst að telja nýtt upplýsingakerfi sem ber að taka í notkun í samræmi við skuldbindingar Íslands gagnvart EES-samningnum. Um er að ræða upplýsinga- og eftirlitskerfi vegna umferðar á sjó. Það snýr m.a. að tilkynningarskyldu skipa um að þau hafi hættulegan farm um borð þegar þau sigla inn í lögsögu annarra ríkja og/eða inn á hafnarsvæði. Ljóst er að fara verður í uppbyggingu þessa kerfis á næstu árum.

Önnur verkefni sem nefna má eru skráningar skipa sem falla undir hafnarríkiseftirlit, móttaka tilkynninga og miðlun upplýsinga um bilanir og farartálma á sjó og vöktun kerfis um veður og sjólag. Enn fremur er reiknað með því að vaktstöð geti tekið við og hrint í framkvæmd ýmsum alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á þessu sviði sem ekki hefur tekist að ljúka á undanförnum árum, eins og uppbyggingu NAVTEX-kerfisins svo eitthvað sé nefnt.

Hæstv. forseti. Eins og ég gat um áðan er í gildi samningur við Landssímann og Slysavarnafélagið Landsbjörgu um rekstur strandstöðvanna, en sá samningur rennur út 1. janúar nk. Fyrirhugað er að framlengja þann samning til þess tíma að hægt verður að hefja starfrækslu vaktstöðvar þeirrar sem frv. gerir ráð fyrir. Við samþykkt frv. mundu falla úr gildi lög um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977, með síðari breytingum, og lög um leiðsögu skipa, nr. 34/1993, með síðari breytingum.

Ég vil leggja til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn. að lokinni þessari umræðu.

[17:03]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta frv. sem hæstv. samgrh. hefur mælt fyrir um vaktstöð siglinga tekur á eftirlitskerfi, öryggismálum og löggæsluhlutverki varðandi siglingar kringum landið og til fleiri þátta.

Herra forseti. Hér vekur athygli það sem kemur fram í umsögn fjmrn. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Með frumvarpinu er lagt til að komið verði á fót vaktstöð siglinga skipa um íslenska efnahagslögsögu. Verði frumvarpið að lögum mun Siglingastofnun Íslands annast framkvæmd laganna en gert er ráð fyrir að rekstur vaktstöðvarinnar, ásamt tilkynningarskyldu íslenskra skipa, verði boðinn út og lög nr. 40/1977, um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, og lög nr. 34/1993, um leiðsögu skipa, falli úr gildi.“

Hérna er enn á ný verið að flytja frv. sem beinlínis hafa það að markmiði að bjóða út, einkavæða öryggismál við strendur Íslands. Einnig kemur fram í umsögn fjmrn. að gert er ráð fyrir aukninni kostnaðarhlutdeild, auknum kostnaði, að þetta verði sem sagt innheimt með þjónustugjöldum. Enn er verið að opna á það að lögboðin eftirlitsskylda sé boðin út og að viðkomandi einkaaðili eða sá sem fær það geti síðan sent reikninginn á ríkið.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. samgrh.: Er búið að ákveða hverjir eiga að fá þessa vakstöð siglinga eða hvernig verður háttað einkavæðingarferli þess sem hér er verið að leggja til?

[17:05]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. er því til að svara að í dag sér Landssíminn um þessa þjónustu. Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur haft með að gera og sinnir algjörlega í húsnæði Landssímans uppi í Gufunesi því sem snýr að tilkynningarskyldu skipa. Það sem hér er um að ræða er að verið er að skapa lagaramma um þessa starfsemi sem Landssíminn sér um fyrir okkur í dag samkvæmt sérstökum samningi. Síðan eru þau gjöld innheimt. En við gerum ráð fyrir því að í framtíðinni verði þessi þjónusta boðin út eins og fram kemur í athugasemdum með frv. Ástæðan er sú að þetta er þjónustusamningur af þvílíkri stærðargráðu að allar okkar reglur á hinu Evrópska efnahagssvæði gera kröfu til þess að slík þjónusta sé boðin út þannig að ekki sé hægt að færa hana einum aðila. Landssíminn er hlutafélag í eigu ríkisins og nokkurra annarra aðila og það er ekki hægt að gera ráð fyrir því að slíkur samningur sé færður einu félagi án útboðs þó að við höfum gert það vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem hér er um að tefla.

[17:07]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo sem virðingarvert að hæstv. samgrh. viðurkennir að markmiðið með þessu frv. sé í megindráttum það að setja þessi mál í þann umbúnað að hægt sé að einkavæða þetta og bjóða það út.

Ég vek athygli á því að hérna er um snaran þátt í öryggismálum að ræða, t.d. móttöku og miðlun neyðarkalla, tilkynningar um óhöpp og slys á sjó, flutning á hættulegum efnum, mengandi varningi og fleira.

Ég vara við slíkri þróun, þessari stefnu sem hefur einkennt þessa ríkisstjórn, þ.e. að einkavæða alla þá opinberu þjónustu sem hægt er. Sérstaklega mótmæli ég því að nú sé verið að undirbúa einkavæðingu öryggismála sjómanna og öryggismála meðfram ströndum landsins og gera þau að öðru leyti síðan að skattstofni.

Virðulegi forseti. Þessi mál koma aftur fyrir í samgn. og þar sit ég. Þar verður farið ítarlega í gegnum þetta mál. En þau frv. sem hæstv. samgrh. hefur verið hér að mæla fyrir lúta fyrst og fremst að því hvernig megi einkavæða og framselja þessa þjónustu til einkaaðila.

[17:08]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það gerist nú rétt eina ferðina enn að hv. þm. Jón Bjarnason gerir sér það að leik að misskilja málin gjörsamlega og gerir það að aðalatriði að hér sé verið að einkavæða. Staðreyndin er sú í dag að hlutafélagið Landssími Íslands sér um þessa þjónustu fyrir íslenska ríkið (Gripið fram í.) með sérstökum samningi og í þeim samningi er gengið tryggilega frá því hver þessi þjónusta á að vera sem nærri 200 millj. eru greiddar fyrir á ári. 200 millj. á ári hefur verið mjög nærri lagi.

Hv. þm. á eftir að fá glöggar upplýsingar um það í hv. samgn. hvernig þetta er nákvæmlega. Það er ekki verið að efna til neinnar einkavæðingar eins og hv. þm. lætur að liggja. Þessi þjónusta er í mjög traustum farvegi. En við gerum ráð fyrir því í framtíðinni að það verði ekki hægt að færa það einum aðila að sinna þessari þjónustu án útboðs. Aðalatriðið

er að þjónustan sé vel skilgreind. Þetta er öryggisþjónusta bæði vegna flugs og siglinga sem veitt er í Gufunesi. Frv. um vaktstöð siglinga sem verið er að fjalla hér um á að ramma þessa þjónustu tryggilega inn.

[17:10]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég fagna því að þetta frv. er komið til umræðu og að hér sé verið að taka heildstætt á ýmsum málum sem varða öryggi og eftirlit með siglingum hér við land. Einkum finnst mér til mikilla bóta að tekið skuli sérstaklega á því að þegar skip koma hér að landi með hættulegan farm eða þegar svo ber undir að ætla megi að vegna aðstæðna geti olíufarmur t.d. mengað strendur eða við strönd eða annað slíkt, þ.e. ef skip væri illa ferðafært af einhverjum orsökum, hvort sem það væri vegna vélarbilunar, veðurs eða annarra orsaka.

Þetta mál er búið að vera lengi til umræðu. Ég minnist þess að fyrir meira en áratug var það tekið upp af sjómannasamtökunum, m.a. Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, þar sem rætt var um siglingaleiðir skipa, sérstaklega olíuskipa, hér að landinu og meðfram ströndum þess og reyndar einnig í dag annarra skipa sem flytja oft hættulegan farm eða hættuleg efni í gámum að landinu. Ég tel því að þetta mál sem hér er flutt inn og það virka eftirlit sem hér er ætlað að taka upp sé til mikilla bóta og vonast vissulega til þess að frv. fái góða og vandaða afgreiðslu á hv. þingi og í samgn.

Það hefur oft verið mönnum mikið áhyggjuefni hvað gæti gerst á miðunum við landið og hvaða áhrif gætu orðið á lífríki sjávar ef svo illa vildi til að t.d. olíuflutningaskip lenti í sjávarháska við suðurströnd landsins og hér yrði mengunarslys á borð við það sem við höfum t.d. frétt af vestur af Spáni á undanförnum vikum. Við höfum svo sem séð fréttir af mörgum fleiri slysum af vítt og breitt um veröldina, einmitt tengdum olíuskipum. Einnig þurfa ákvæði frv. auðvitað að taka til annarra hættulegra efna.

Ég tel að hér sé verið að setja form á gott mál. Vissulega var og er í gildi ákveðin reglugerð um tilkynningarskyldu. Þegar skip leggja úr höfn erlendis og ætla að sigla til Íslands með það sem skilgreint hefur verið hættulegur eða mengandi varningur hefur samkvæmt ákveðinni reglugerð orðið að tilkynna sérstaklega um fyrirhugaða siglingu skipsins og til hvaða hafnar það hygðist leita á Íslandi o.s.frv.

Hér sýnist mér að verið sé að setja þessi mál í heildstæðan eftirlitsbúning og það er ekki neitt nema gott um það að segja að því er mér finnst.

En af því að hér er talað um „Digital Selective Calling", þ.e. stafrænt valkall, vil ég spyrja hæstv. samgrh. hvort hér séu nú komin upp á strandstöðvum við Ísland móttökutæki til þess að taka við stafrænu valkalli á VHF-bylgjunum. Þessi tækni gerir það að verkum að ekki þarf sérstaklega að hlusta eftir henni heldur eiga þessi tæki að ræsa sérstakan móttakara þannig að þegar menn grípa til þess að nota stafrænt valkall eiga þeir að komast í gegn með sín áríðandi skilaboð.

Ég vil þess vegna ítreka þá spurningu hvort þessi móttökutæki séu almennt komin upp í íslenskum strandstöðvum.

Að öðru leyti tel ég að hér sé verið að hreyfa ágætismáli sem menn hafa haft áhyggjur af lengi og talið í raun í mörg ár að nauðsynlegt væri að koma í ákveðið form og ákveðið skipulag, einkum með tilliti til flutnings hættulegra efna að og frá landinu og þess að ákveða siglingar skipa hingað að landinu með tilliti til veðuraðstæðna.

Ég vil líka spyrja hvar það sé á vegi statt að fyrir liggi að t.d. siglingum olíuflutningaskipa megi ekki haga nema með ákveðnum hætti miðað við veðuraðstæður þannig að sem minnst hætta geti orðið af því að þessi skip taka hér land með mengandi farm sinn.

[17:17]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni fyrir góðar undirtektir við það frv. sem hér er til meðferðar. Það fer ekki á milli mála, og það undirstrikaði ég í framsöguræðu minni, að þetta frv. er afar mikilvægt skref til að bæta skipulagið varðandi eftirlit með siglingum við landið og afar mikilvægt skref samhliða því að sett verði á laggirnar ein leitar- og björgunarstöð. Frv. gerir ráð fyrir því skipulagi sem væntanlega verður komið á innan skamms. Það frv. sem hér er til meðferðar er liður í því að auka öryggi vegna siglinga við strendur landsins og á hafsvæði umhverfis það.

Hv. þm. spurðist fyrir um það hvort búið væri að koma upp móttökubúnaði með stafrænum tæknibúnaði. Ég get því miður ekki svarað því og væri eðlilegt að fá tækifæri til þess að fara nánar yfir það í hv. samgn. hvernig sá búnaður er sem boðið er upp á. Ég verð að vísa til þess.

Hvað varðar spurningu hv. þingmanns um eftirlit með siglingum olíuflutningaskipa við landið var starfandi hópur á vegum samgrn. sem gerði m.a. tillögur um siglingaleiðir við strendur landsins. Um það hefur verið mikið deilt. Menn eru ekki á eitt sáttir um hvort setja eigi á leiðsöguskyldu og gera kröfur um ákveðnar siglingaleiðir flutningaskipa. Ég vona að áður en langt um líður geti orðið samkomulag sem allir aðilar geti fallist á en það eru deildar meiningar milli annars vegar skipafélaganna og hins vegar annarra aðila sem að þessu hafa komið um það hvort eigi að skylda skipstjórnarmenn til að fara tilteknar siglingaleiðir við strendur landsins þegar um er að ræða flutninga á hættulegu efni. Deildar meiningar eru um það hvort sjólag er betra á einu svæði en öðru. Ég tel engu að síður að það þurfi að hafa miklar og góðar gætur á því þegar skip sigla við landið með hættuleg efni, og vaktstöð siglinga á að hafa eftirlit með því. Þetta liggur ekki fyrir á þessu stigi en þarf að huga að því engu að síður.

Ég vil að lokum þakka fyrir málefnalega umfjöllun um frv. og ágætar undirtektir hv. þingmanns.

[17:21]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aðeins út af mörkun siglingaleiða eða ekki mörkun siglingaleiða fyrir skip sem flytja hættulegan farm. Ein siglingaleið verður auðvitað ekki ákveðin fyrir þessi skip, burt séð frá öllum veðuraðstæðum. Auðvitað þarf að taka tillit til þess hvort við erum að tala hér um sterkan álandsvind, storm eða rok, og þar af leiðandi mætti mjög lítið út af bera ef skip væru nálægt ströndinni og vindur stæði á land á siglingaleiðinni, eða hvort við erum að tala um siglingu sunnan við land í t.d. norðanátt, þótt hvöss sé. Þá hagar náttúrlega öðruvísi til ef eitthvað ber við á leið skipins, það verður fyrir vélarbilun eða einhverri annarri truflun sem leiðir þá ekki til neinnar hættu vegna veðuraðstæðna. Ég hefði talið, herra forseti, að það væri eðlilegt að slíkar siglingaleiðir væru skilgreindar en það þarf vissulega að skilgreina þær miðað við ákveðið ástand á siglingartímanum. Ég þykist vera alveg viss um að það megi finna hóp manna sem getur skilgreint slíkt með nokkurri skynsemi án þess að

það sé svo rígbundið niður að ekki sé hægt að taka tillit til eðlilegra aðstæðna eins og breytilegs veðurfars.

[17:23]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Þessar ágætu umræður hafa spunnist út af því merkilega máli sem hæstv. samgrh. lagði fram í sambandi við vaktstöð siglinga. Allur sá hópur sem kemur með einum eða öðrum hætti að björgunarmálum á Íslandi kom á fund samgn. þar sem við fórum yfir þessi mál. Það var að gefnu tilefni, vegna sjóslyss þar sem mistök höfðu orðið og átt sér stað vegna þessara tilkynninga á milli margra aðila sem fást við björgunarmál. Samgn. var heils hugar um að þetta væri það sem gera þyrfti, þ.e. að taka upp eina vaktstöð siglinga hér á Íslandi. Þess vegna fagna ég þessu máli eins og allir hafa gert sem hafa komið í ræðustól. En af þessu hafa þó spunnist nokkar umræður sem snúa að afmörkuðum siglingaleiðum skipa.

Ég flutti einmitt fyrir nokkrum árum þáltill. í þessu sambandi. Hún var samþykkt og í framhaldinu var skipuð nefnd sem settist á rökstóla til að fara yfir þetta mál. Menn voru mjög tvíátta um það hvort þetta ætti rétt á sér eða ekki. Ég benti m.a. í greinargerð minni á þá alvarlegu staðreynd að skip sigla t.d. fram hjá Selvogsbankanum með hættuleg efni. Þar eru uppeldisstöðvar þorsks. Ég benti enn fremur á hversu háð við erum náttúrlega fiskveiðum, Íslendingar, og ef illa til tækist værum við í miklum vanda stödd.

Ég er á því að auðvitað eigi að taka upp afmarkaðar siglingaleiðir og við þurfum ekki annað en að horfa til norðurstrandar Spánar þar sem alvarlegt mengunarslys hefur orðið vegna sjóskaða á olíuskipi.

Ég velti líka vöngum yfir því hér hversu nauðsynlegt það er að taka þetta upp ef við horfum bara hérna á næsta nágrenni við okkur, Hvalfjörðinn, þegar stór olíuflutningaskip fara upp í Hvalfjörð í myrkri og öllum veðrum vegna þess að það eru engin ákvæði um það hvernig skuli með fara. Dæmi eru meira að segja um það að hafnsögumenn í Reykjavík neituðu að fara með olíuflutningaskip upp í Hvalfjörð því veður var válynt og skyggni slæmt. En þá var annar hafnsögumaður í næsta bæjarfélagi sem var tilbúinn til þess að fara með skipið í mikilli tvísýnu. Þetta er grafalvarlegt mál sem auðvitað verður að taka á og er full ástæða til. Það er einmitt full ástæða til þess að skip tilkynni sig og það séu einhverjar afmarkaðar siglingaleiðir sem þau verða að fara. Tökum líka tankskipin. Lítum á hvernig strandflutningum á olíu er háttað í dag. Erlent skip með erlendri áhöfn sér um dreifingu á olíu hér með ströndum fram. Ég tel að það sé umhugsunarefni sem auðvitað á að taka á eins og Norðmenn gera. Þeir hafa það skýrt í sínum lögum að innan skerjagarða skuli skip sem þar sigla, ef þau eru í reglulegum strandsiglingum, vera með norskri áhöfn.

Ef hér verður eitthvert millibilsástand á milli þess að einhver olíuskip verði íslensk, sem eru í smíðum erlendis og koma væntanlega hingað, á auðvitað að setja það skilyrði að það sé íslenskur skipstjórnarmaður um borð í erlendu olíuflutningaskipi sem annast strandflutninga við Ísland.

Vaktstöð siglinga, afmarkaðar siglingaleiðir skipa og annað hlýtur að koma inn í þessa mynd. Ég trúi ekki öðru en að hæstv. samgrh. taki á þessu máli og setji nú skýrar reglur um það hvernig skuli með fara. Ég held að það sé full ástæða til þess í ljósi þeirra skaða sem orðið hafa í nágrannalöndunum vegna olíumengunar þá skip hafa sokkið, og með tilliti til þess hve háð við erum fiskveiðum. Það er því full ástæða til þess að taka þetta mál til alvarlegrar og rækilegrar skoðunar og auðvitað að setja sams konar ákvæði og nágrannaþjóðir okkar telja sjálfsagt og eðlilegt.

[17:27]

Útbýting þingskjala:

Fjarskipti á landsbyggðinni, 303. mál, svar samgrh., þskj. 495.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, 414. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 523.

Stytting þjóðvegar 1 milli Akureyrar og Reykjavíkur, 260. mál, svar samgrh., þskj. 517.

Tóbaksvarnir, 415. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 524.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:29.

---

44. FUNDUR

þriðjudaginn 3. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, stjfrv., 375. mál, þskj. 427. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Kosningar til Alþingis, stjfrv., 391. mál, þskj. 452. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Eftirlit með skipum, stjfrv., 360. mál, þskj. 400. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Vinnutími sjómanna, stjfrv., 390. mál, þskj. 451. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Vaktstöð siglinga, stjfrv., 392. mál, þskj. 453. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Breyting á XV. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 394. mál, þskj. 455. — Fyrri umr.
7. Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 395. mál, þskj. 456. — Fyrri umr.
8. Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Singapúr, stjtill., 400. mál, þskj. 491. — Fyrri umr.
9. Verkefni Umhverfisstofnunar, stjfrv., 405. mál, þskj. 500. — 1. umr.
10. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 404. mál, þskj. 499. — 1. umr.
11. Réttindi sjúklinga, frv., 42. mál, þskj. 42. — 1. umr.
12. Húsaleigubætur, frv., 43. mál, þskj. 43. — 1. umr.
13. Vatnalög, frv., 45. mál, þskj. 45. — 1. umr.
14. Breiðbandsvæðing landsins, þáltill., 46. mál, þskj. 46. — Fyrri umr.
15. Strandsiglingar, þáltill., 47. mál, þskj. 47. — Fyrri umr.
16. Samgöngur milli lands og Vestmannaeyja, þáltill., 48. mál, þskj. 48. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Páll Pétursson félmrh.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:30]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Samfylkingarinnar í Reykjaneskjördæmi, Ágúst Einarsson prófessor, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,

Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn."

Ágúst Einarsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Að lokinni atkvæðagreiðslu um fyrstu fimm dagskrármálin fer fram umræða utan dagskrár um leiðtogafundinn í Prag og þátttöku Íslands í hernaðarstarfsemi á vegum NATO. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hæstv. utanrrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Forseti vill geta þess að kl. þrjú er von á forsætisráðherra Rúmeníu í Alþingishúsið.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Eftirlit með vöruinnflutningi í gámum, 332. mál, svar fjmrh., þskj. 522.

Hlutafélög, 410. mál, frv. GÁS o.fl., þskj. 513.

Lýðheilsustöð, 421. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 530.

Þingsköp Alþingis, 411. mál, frv. GÁS o.fl., þskj. 514.

Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, frh. 1. umr.

Stjfrv., 375. mál. — Þskj. 427.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Kosningar til Alþingis, frh. 1. umr.

Stjfrv., 391. mál (talning atkvæða, kjörseðlar o.fl.). — Þskj. 452.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Eftirlit með skipum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 360. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 400.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Vinnutími sjómanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 390. mál (EES-reglur). — Þskj. 451.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Vaktstöð siglinga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 392. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 453.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Leiðtogafundurinn í Prag og þátttaka Íslands í hernaðarstarfsemi á vegum NATO.

[13:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að ræða niðurstöður leiðtogafundar NATO-ríkjanna í Prag á dögunum. Ég tel mikilvægt að hvort tveggja verði rætt, þær ákvarðanir og sú stefnumótun sem fór fram á vettvangi NATO sem slíks, t.d. um stofnun hraðliðs og úttekt á geimvarnarkerfi fyrir allt NATO-svæðið og einnig yfirlýsingar eða skuldbindingar sem forsrh. og utanrrh. gáfu fyrir Íslands hönd á fundinum, um aukin fjárútlát og aukna þátttöku Íslands í hernaðarlegri eða hernaðartengdri starfsemi.

Fyrst er óhjákvæmilegt að gagnrýna að ekki var haft neitt samráð við utanrmn. Alþingis um þetta mál, sem þó er skylt samkvæmt lögum, hvað þá að málið, hvort sem heldur stefnumótandi ákvarðanir eða fjárskuldbindingar, væri rætt fyrst á hinu háa Alþingi. Fréttir um þá stefnubreytingu sem þarna var boðuð af Íslands hálfu komu utanrmn., sem reyndar var stödd í Póllandi í opinberum erindagjörðum sömu daga og fundurinn stóð í Prag, jafnmikið í opna skjöldu og öðrum.

Ef fyrst eru teknar helstu niðurstöður fundarins í Prag hvað NATO sjálft varðar, þ.e. ákvörðun um stækkun eða sjö nýjar aðildarþjóðir, þá er auðvelt að skilja áhuga viðkomandi þjóða á að ganga í NATO, Evrópusambandið eða að tengja sig Vesturlöndum á allan mögulegan máta í ljósi sögu þeirra. En það fylgir reikningur. Þessi lönd undirgangast kröfur NATO, sem Bandaríkin hafa aðallega mótað, um stóraukin útgjöld til vígbúnaðar á næstu árum, til kaupa á hergögnum

og væntanlega fyrst og fremst frá Bandaríkjunum, Frakklandi eða Bretlandi.

Það var einnig ákveðið í Prag að stofna hraðlið og gera athugun á mögulegu eldflaugavarnarkerfi eða skildi, eins konar stjörnustríðskerfi fyrir allt NATO-svæðið. Það er ástæða til að spyrja hvort Ísland hafi gert einhverja fyrirvara við það. Hamrað var á þörfinni fyrir aukið fjármagn og segja má að þróun NATO frá varnarbandalagi á tilteknu svæði yfir í aðila sem getur látið til sín taka hvar sem er í heiminum, hvenær sem er samkvæmt eigin ákvörðun, hafi verið fullkomnuð. Yfir vötnum svífa hugmyndir Bandaríkjamanna um fyrirbyggjandi stríð.

Þá að framlagi Íslands. Jú, það á að efla íslensku friðargæsluna sem gæti frá og með árinu 2006 kostað um 520 millj kr. Svo var gefið loforð um að leggja allt að 300 millj. til að standa straum af flutningum sem lið í hugsanlegum aðgerðum á vegum NATO sem íslensk flugfélög mundu annast samkvæmt samningi þar um við íslensk stjórnvöld. Það er ekki síst þessi hluti málsins sem valdið hefur miklum óróleika hér enda allur aðdragandi og kynning með endemum.

Í kvöldfréttatíma Ríkisútvarpsins 23. nóv. sl. sagði hæstv. forsrh. m.a. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„... en við hvern slíkan atburð sem upp kæmi að bandalagið færi sameiginlega í aðgerðir þá mundi Ísland leggja til allt að 300 milljónir við að flytja hernað og hermenn og gögn til átakasvæða. En það höfum við aðeins gert í sambandi við Afganistan, að vísu aðallega hjálpargögn, ekki hernaðargögn," o.s.frv.

Upplýsingafulltrúi Flugleiða bar þetta allt til baka í fréttum næstu daga og talaði um misskilning eða fjörugt ímyndunarafl. Gunnar Smári Gunnarsson, ráðuneytisstjóri í utanrrn., bregst þá við og segir að öllum ætti að vera fullljóst að bakgrunnur þessa samnings við flugfélögin sé aðild okkar að NATO. Hann tekur enn fremur fram að ekkert sé ákveðið í þessum efnum en möguleiki á flutningi hergagna og hermanna sé vissulega til staðar. Hann kveðst telja að flugfélögunum ætti að vera fullkunnugt um það. Utanrrh. kemur svo með fjórðu skoðunina á málinu 26. nóv. sl., þ.e. að umræðan sé ótímabær og menn komnir fram úr sjálfum sér.

Er nema von, þegar málið ber að með þessum hætti, að óvissa og óróleiki skapist og Spaugstofan telji sig þar hafa fundið upplagt efni. Vandinn er bara sá að um grafalvarlegt mál er að ræða.

Þegar þetta allt er sett í samhengi við þróun mála undanfarin missiri og aukna þátttöku Íslands í ýmiss konar hernaðartengdri starfsemi er von að spurt sé:

1. Er verið að hverfa í áföngum frá yfirlýstri stefnu Íslands um herleysi og vopnleysi sem þátttaka okkar í Sameinuðu þjóðunum og NATO var grundvölluð á?

2. Kom ekki til greina að bjóða fram aukin framlög eða stuðning af Íslands hálfu til þróunarsamvinnu eða eingöngu borgaralegra verkefna við aðstoð og uppbyggingu á hrjáðum svæðum í stað þess að tengjast inn í hugsanlegar hernaðaraðgerðir á vegum NATO?

3. Er það stefna núverandi ríkisstjórnar að halda áfram á sömu braut, þ.e. að Ísland tengist í vaxandi mæli inn í hernaðarlega starfsemi á vegum NATO og mörkin milli borgaralegrar þátttöku og hernaðarlegrar verði hvað okkur varðar sífellt óljósari?

[13:39]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Atlantshafsbandalagið var stofnað að lokinni síðari heimsstyrjöld af friðelskandi þjóðum sem höfðu farið mjög illa út úr heimsstyrjöldinni og strengdu þess heit að koma á friði í Evrópu. Þetta gerðu þjóðir í Evrópu og Norður-Ameríku. Þessum þjóðum hefur tekist ætíð síðan að varðveita friðinn á þessu svæði. Þeim tókst líka að brjóta niður múra þar sem áður voru þjóðir sem höfðu hvorki lýðræði né frelsi. Það tókst að koma þessum þjóðum til lýðræðis og frelsis og nú eru þessar þjóðir að ganga í Atlantshafsbandalagið. Þar á meðal eru Eystrasaltsríkin. Það er kannski til marks um það hversu mikilvægt þetta bandalag er til að varðveita öryggi og frið að þjóðir sem áður tilheyrðu Varsjárbandalaginu vilja allar ganga í Atlantshafsbandalagið.

Atlantshafsbandalaginu tókst líka að koma á friði í Bosníu-Hersegovínu. Atlantshafsbandalaginu tókst að koma á friði í Kosovo, varðveita friðinn í Makedóníu og nú er svo komið að jafnvel Serbía-Svartfjallaland, sem fyrir nokkru varð fyrir árásum af hendi Atlantshafsbandalagsríkjanna, vill ganga í þetta sama bandalag. Það er alveg ljóst að NATO hefur gegnt gríðarlegu hlutverki í að varðveita frið og frelsi á þessu svæði.

En aðstæður breytast. Nú er það hryðjuverkastarfsemin sem knýr dyra meðal þjóða heims. 11. september er mönnum í fersku minni. Flestar þjóðir heims tóku þá höndum saman við að berjast gegn hryðjuverkum í heiminum. Við fengum líka slíka beiðni. Okkar svar var að breyta ýmsu í löggjöf okkar og taka þátt í flutningum til Afganistans. Við höfum sett flugvélar í að flytja þangað gögn.

Atlantshafsbandalagið hefur síðan ákveðið að taka þátt í að berjast gegn hryðjuverkastarfsemi í heiminum og varðveita friðinn að þessu leyti. Þess var farið á leit við allar þjóðir, stórar og smáar, að taka þátt í þessu. Eigum við Íslendingar að standa utan við það? Ber okkur ekki eins og öðrum þjóðum að taka þátt í því? Okkar svar var að við værum tilbúnir að efla friðargæslu okkar og flýta því. Okkar svar var líka að við værum tilbúnir að láta flugvélar til áframhaldandi flutninga eins og við höfum gert í Afganistan og byggja á þeirri reynslu sem við höfum öðlast.

Það liggur engin beiðni fyrir um slíka flutninga í dag þó enn séum við hugsanlega að flytja gögn til Afganistans. Ef til þess kemur að gripið verði til aðgerða til að varðveita friðinn í heiminum þá stöndum við frammi fyrir spurningunni um hvað við eigum að gera í því sambandi. Við höfum skuldbundið okkur til að skaffa flugvélar fyrir allt að 300 millj. kr. Það er að sjálfsögðu undir flugfélögunum komið, þegar þar að kemur, hvort þau verða tilbúin að taka þau verkefni að sér en það er væntanlega verkefni sem öll flugfélög í heiminum mundu taka að sér. Það hlýtur að vera okkar hlutskipti að reyna að tryggja að íslensk flugfélög komi þar fyrst og fremst við sögu.

Engum manni dettur í hug að farið verði að setja farþegaflugvélar í áhættu. Það hefur aldrei komið til tals. Ég hef sagt að menn séu komnir undan sjálfum sér í þessu sambandi og farnir að blanda inn í málið hugsanlegum átökum í Írak. Það er ástæðulaust að gera það og ala á ótta og hræðslu gagnvart þessum mikilvægu félögum okkar. Það er hins vegar ljóst að við erum í Atlantshafsbandalaginu. Við höfum skuldbindingar gagnvart Atlantshafsbandalaginu til að taka þátt í að varðveita friðinn í heiminum. Með þessum yfirlýsingum

stöndum við Íslendingar undir sjálfsögðum skuldbindingum og þátttöku í þessari starfsemi.

[13:45]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég held að engum blandist hugur um að leiðtogafundurinn í Prag markaði tímamót. Þar gerðist það að sjö ný ríki sem höfðu lengi sóst eftir aðild voru tekin inn í Atlantshafsbandalagið. Ég fagna því og Samfylkingin fagnar því og við erum sérstaklega ánægð með það að Eystrasaltsríkin skuli nú vera orðin fullgildir þátttakendur í Atlantshafsbandalaginu. Þau höfðu lengi barist fyrir því og íslenskir jafnaðarmenn höfðu stutt þá baráttu heima og erlendis og ég tel að inntaka þeirra marki jákvæð kaflaskil í öryggismálum álfunnar.

Það vakti hins vegar athygli að forráðamenn Íslendinga töluðu ekki mjög skýrt um nýjar skuldbindingar Íslendinga eftir fundinn í Prag. Ummæli þeirra um 300 millj. kr. framlag til að flytja hergögn, jafnvel herlið, til ótilgreindra átakasvæða gáfu til kynna að búið væri að skuldbinda Íslendinga til beinnar þátttöku í hernaðaraðgerðum, t.d. í Írak. Samfylkingin hefur sterkar efasemdir um það.

Hæstv. utanrrh. hefur hins vegar borið þetta til baka í fjölmiðlum og hann hefur sagt að túlkun fjölmiðla í þessa veru sé á algjörum villigötum. Ég tek það auðvitað trúanlegt, herra forseti.

Við höfum ákveðna sérstöðu innan Atlantshafsbandalagsins. Sú sérstaða felst í því að við erum herlaus þjóð og það hefur verið grundvallarregla að við höfum ekki tekið þátt í beinum hernaðaraðgerðum. Þá grundvallarreglu á að heiðra.

Framlag okkar í vörnum hins vestræna heims hefur miðast við tvennt, annars vegar að leggja til svæði undir alþjóðlegan flugvöll sem hefur vegna landfræðilegrar sérstöðu Íslands skipt miklu máli. Hins vegar höfum við í vaxandi mæli tekið þátt í vel skilgreindum verkefnum við friðargæslu og uppbyggingu í tengslum við starfsemi NATO. Samfylkingin styður og hún mun styðja viðleitni til að treysta samstarf ríkja Atlantshafsbandalagsins til þess að verja þau gildi sem bandalagið er byggt í kringum. Og við höfum lagt ríka áherslu á að Íslendingar taki þátt í aðgerðum gegn hryðjuverkum á alþjóðlega vísu.

[13:47]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Íslendingar hafa með aðild að Atlantshafsbandalaginu frá stofnun þess 1949 og varnarsamningnum við Bandaríkin sinnt þeirri skyldu sinni að tryggja öryggi þjóðarinnar. Á leiðtogafundi NATO í Prag var ákveðið að sjö nýjum ríkjum yrði boðið að slást í hóp þeirra 19 sem fyrir eru. Stækkunin hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir lýðræði og frið í Evrópu. Einnig er vert að leggja áherslu á að mjög gott samstarf hefur einnig tekist milli Atlantshafsbandalagsins og Rússlands, sem allt hnígur í þá átt að styrkja enn frekar þessa þróun.

Herra forseti. Á síðustu vikum hefur farið fram undarleg umræða hér á landi um hlut Íslendinga í eigin öryggisgæslu og þátttöku okkar í sameiginlegum vörnum á alþjóðavettvangi. Hefur sú umræða einkennst af rangfærslum og því að gera tortryggileg þau áform íslenskra stjórnvalda að íslenskar flugvélar verði til taks á kostnað stjórnvalda ef hættuástand skapast.

Þessi ábyrgðarlausi málflutningur hefur gengið allt of langt og hefur þegar skaðað íslensku flugfélögin út á við. Það er ekkert tilefni til orðræðu af þessu tagi. Hún er algjörlega fráleit. Íslenskar flugvélar verða aldrei þátttakendur í beinum hernaðaraðgerðum. Þær eru ekki til þess búnar og flugmenn þeirra hafa ekki hlotið þjálfun til slíkra aðgerða.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hélt því fram í upphafi umræðunnar að um stefnubreytingu væri að ræða af hálfu ríkisstjórnar Íslands. Það er ekki um neitt slíkt að ræða. Íslendingar eru hins vegar ásamt öðrum þjóðum að sinna skyldum sínum í alþjóðlegu samstarfi innan NATO og Sameinuðu þjóðanna með því að taka þátt í friðargæslu og hjálparstarfi erlendis ásamt baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi sem er mesta vá sem nú blasir við heimsbyggðinni allri. Svo einfalt er það.

[13:49]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Með því að lofa að gangast undir og gegna herkvaðningu Bush Bandaríkjaforseta hafa forustumenn ríkisstjórnarflokkanna á Íslandi framið ótrúleg afglöp. Um aldir hefur verið óbifanleg samstaða á Íslandi um þá afstöðu að Íslendingar skyldu aldrei eiga aðild að neins konar hernaðaraðgerðum gegn neinum.

Á síðustu öld, vígaöld, lýsti landið þessu margsinnis yfir enda þótt Ísland lægi þá um vígaslóð þvera og ekki væri þá minna umleikis í hernaðaraðgerðum en nú vegna hermdarverka.

Nú hafa hins vegar íslenskir rembumenn lýst því yfir að þeir muni gangast undir herútboð stríðsmannsins vestra þegar honum þykir henta.

Við erum hér komin inn á mjög alvarlega braut og er ástæðulaust að þvarga og blanda inn í þetta aðild okkar að NATO. Við lýstum yfir stöðu okkar í þessum málum þegar við gengum í NATO og það var forsendan fyrir því að samþykkt var að ganga í NATO. Við lýstum því yfir þegar við gengum í Sameinuðu þjóðirnar og við lýstum því yfir þegar við gerðum varnarsamning á Reykjanesi.

Það verður að vísu af mörgu merku og mikilvægu að taka í komandi kosningum. En það verða líka greidd atkvæði um þessi málefni ásamt deCODE-vitfirringunni.

[13:51]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Prag gáfu oddvitar ríkisstjórnarinnar fyrirheit um að leggja allt að 300 millj. kr. í hernaðaraðgerðir á vegum NATO. Þetta var gert án samráðs við Alþingi og án þess að utanrmn. hefði af þessu nokkurt veður. Þessar 300 milljónir bætast við 78 millj. kr. sem við leggjum nú þegar til fastanefndar Íslands hjá NATO og aðrar 70 milljónir sem við leggjum til varnarmálaskrifstofu utanrrn. Samtals eru þetta 448 millj. kr.

Á sama tíma leggur ríkisstjórnin fram 433 milljónir í þróunaraðstoð. Það eru 0,17% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Það er yfirlýst stefna, herra forseti, hjá NATO að í framtíðinni verði aðildarríkin að skuldbinda sig til að eyða allt að 2% af heildarútgjöldum sínum til hermála. Miðað við fjárlög okkar í dag þýddi það 5,2 milljarða ísl. kr. Út á hvaða braut eru ráðherrar ríkisstjórnarinnar að draga íslensku þjóðina?

Herra forseti. Með samþykktum leiðtogafundar NATO eru Íslendingar orðnir þátttakendur í að leggja ótrúlegar byrðar á herðar fátækum Austur-Evrópuþjóðum sem eru að

gerast aðilar að NATO. Kröfur bandalagsins um gríðarlegan peningaaustur nýju aðildarlandanna í vígbúnað munu sýnilega seinka nauðsynlegri uppbyggingu á innviðum þessara samfélaga. Eða halda menn að Pólverjar eigi þá 350 milljarða kr. sem þeim er gert að fleygja í orrustuþotur til að fullnægja kröfum NATO?

Stuðningsmenn þessarar vígvæðingar tala um að viðkomandi ríki hefðu hvort eð er lagt í slíkar fjárfestingar til að tryggja varnir sínar. Þeir hinir sömu ganga út frá því að friður og öryggi verði best tryggt með vopnum. Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafnar slíkri hugmyndafræði.

[13:53]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Fagna ber þeirri niðurstöðu sem varð í Prag um stækkun NATO og við Íslendingar höfum lengi lagt áherslu á að sú niðurstaða næðist sem miðar að auknu öryggi og friði í Evrópu. Það er líka vert að vekja athygli á því góða samstarfi sem hefur náðst með NATO og Rússum, samanber samkomulag sem var undirritað í Róm fyrr á þessu ári um samstarfsvettvang þessara aðila. Þar er um sögulegt mál að ræða og var lagður grunnur að því í Reykjavík sl. vor.

En varðandi þátttöku Íslendinga í NATO er ljóst að við höfum skyldu til þátttöku og við höfum notið mikils af NATO. Ísland mun halda áfram því sem við höfum verið að gera og hefur komið fram m.a. í þessari umræðu varðandi uppbyggingarstarf og aðstoð í Afganistan og í verkum okkar við uppbyggingu og friðarstarf á Balkanskaga.

Herra forseti. Ýmsir hafa sungið falskan söng í fölskum kór um að Íslendingar séu að dragast inn í hernaðaraðgerðir, þátttöku í hernaðaraðgerðum á vegum NATO. Allt slíkt tal er úr lausu lofti gripið eins og fram hefur komið bæði í þessari umræðu og víðar. En ég vil segja að lokum að ég tel að við Íslendingar getum verið stolt af okkar verkum og þátttöku okkar í aðgerðum NATO sem miða m.a. að uppbyggingarstarfi og friðarstarfi víða í heiminum.

[13:55]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það hefur verið upplýst í þessari umræðu af hálfu talsmanna stjórnarliða með hæstv. utanrrh. í broddi fylkingar að fyrri yfirlýsingar hæstv. forsrh. og raunar hæstv. utanrrh. sömuleiðis hafa ekki staðist. Þeir hafa hér með dregið til baka fyrri yfirlýsingar þess efnis að margnefndum 300 millj. kr. ætti að verja til hugsanlegra flutninga á hermönnum og hergögnum með íslenskum flugfélögum. Í því var yfirlýsingin fólgin á sínum tíma.

Nú hefur það verið dregið til baka og það er sérstakt fagnaðarefni. Samfylkingin hafði um það efasemdir þegar þær yfirlýsingar voru gefnar og hefur enn. Hins vegar er Samfylkingin algerlega skýr á því að Ísland þurfi að axla ábyrgð sína í samstarfinu innan NATO eins og verið hefur með því að leggja til friðargæsluliða, hjúkrunarfólk og aðra hjálparstarfsmenn. Þá starfsemi ber að auka.

Hitt er brot á áratugalangri ríkjandi hefð, að Ísland gerist með beinum hætti þátttakandi í beinum hernaðaraðgerðum. Til þess hafa engin efni verið enda er Ísland herlaus þjóð. Til þess eru engin efni. Ísland er enn þá herlaus þjóð.

Ég vil hins vegar ítreka ánægju mína með að hér hafa verið tekin af öll tvímæli og að fyrri yfirlýsingar hafa verið dregnar til baka og það sé kýrskýrt að Ísland muni ekki dragast með beinum hætti inn í hugsanleg hernaðarátök sem koma vonandi aldrei til með að eiga sér stað.

[13:57]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Leiðtogafundur Atlantshafsbandalagsríkjanna í Prag fyrir skömmu var mikill áfangi í þeirri sögu sem við höfum séð nágranna okkar í austri ganga í gegnum, þegar sjö ný ríki fengu boð um aðild að Atlantshafsbandalaginu, þar á meðal þau þrjú ríki við Eystrasalt sem við höfum lagt mesta áherslu á að fái væntingar sínar uppfylltar, nái að ganga inn í samfélag vestrænna þjóða sem við töldum þær tilheyra áður, enda höfum við lengi litið á þær sem grannþjóðir okkar og nánast bræðraþjóðir.

Að öðru leyti voru teknar ákvarðanir sem skipta mjög miklu fyrir framtíð þeirra ríkja sem eru aðilar að bandalaginu, sérstaklega um aðferðir til þess að bregðast við hættuástandi ef upp kann að koma. Raunar er þetta lokaáfangi á umræðum og undirbúningi sem staðið hefur um árabil, allt frá lokum kalda stríðsins. Einmitt þá var vakin á því athygli að með lokum þess mundu vakna færi fyrir minni harðstjóra og hermdarverkamenn til að ráðast á Vesturlönd og önnur ríki stöðugleika og lýðræðis. Og það hefur einmitt gengið eftir nú síðustu ár. Sú aðvörun, þótt gömul sé, hefur því reynst sönn.

Dæmin eru einföld. Við þekkjum ástandið sem verið hefur í Júgóslavíu undanfarna mánuði og missiri og við þekkjum vel árásirnar á Bandaríkin fyrir rúmu ári síðan.

Það skiptir miklu máli, herra forseti, þegar við lítum á það sem verið er að ákveða innan Atlantshafsbandalagsins, að meðan Bandaríkin ákváðu fyrir nokkrum árum, nærri áratug, að einhenda sér í að breyta skipulagi varnarliðssveita sinna ákváðu flest Evrópuríkin að draga úr framlögum til varnarmála. Það er það sem í dag er kallað gjáin milli aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins. Ef grannt er skoðað kemur í ljós að þau Evrópuríki sem ákváðu þetta eru nánast öll innan Evrópusambandsins enda kom í ljós þegar hættuástand skapaðist í Júgóslavíu og Evrópusambandið ætlaði að bregðast við að það hafði enga burði til þess. Til þess þurfti önnur ríki Atlantshafsbandalagsins.

Það hefur líka komið í ljós, herra forseti, að það er einkum NATO sem Sameinuðu þjóðirnar treysta á þegar öryggisráðið eða aðrar samkundur Sameinuðu þjóðanna ákveða að reyna að stilla til friðar. Aðilar utan Atlantshafsbandalagsins hafa ekki burði til þess.

[13:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og svör hæstv. ráðherra. Það er að sjálfsögðu leitt ef okkar ágætu flugfélög hafa ómaklega orðið fyrir hremmingum í þessu máli. En það er þá a.m.k. algerlega ljóst við hvern er að sakast og hverjir eiga sök á því ef misskilningur hefur farið í loftið um eðli þessa máls. Það er ríkisstjórnin. Því miður er það ekki alveg jafnskýrt enn þá hvað í þessu kynni að reynast fólgið því að lengst gengur sú yfirlýsing hæstv. utanrrh. að ótímabært sé að ræða og að eftir eigi að skilgreina í hverju framlag okkar yrði fólgið og að ekkert sé hægt að útiloka fyrir fram í því sambandi, samanber hádegisfréttir Ríkisútvarpsins 26. október sl.

Hæstv. ráðherra spyr: Á Ísland ekki að taka þátt í nýjum verkefnum NATO? Spurningin er ekki hér aðeins um hvort heldur líka hvernig Ísland, sem leggur skammarlega lítið af mörkum til friðsamlegrar og uppbyggilegrar þróunarsamvinnu, eigi að bjóða fram frekari framlög til slíkra verkefna, eða segja að við munum takmarka þátttöku okkar og fjárframlög alfarið við ramma borgaralegrar starfsemi og halda okkur hér eftir sem hingað til utan við hernaðarlega þætti. Það er alveg ljóst að beinlínis sjálf innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið var með þeim skýra fyrirvara að við værum herlaus og vopnlaus þjóð og hygðumst vera svo áfram. Aðildarríkjunum er það vel ljóst og er einhver ástæða til að ætla annað en að því hefði verið vel tekið að tilboð af Íslands hálfu um þátttöku yrði hér eftir sem hingað til á slíkum grunni? Við gátum lagt fram sambærilega fjármuni og komið ekki síður að liði en án þess þó að flækja okkur með þessum hætti inn í hernaðarlega þætti starfseminnar hvað ég gagnrýni, og sérstaklega ef fyrirhugað er að halda áfram og lengra á þeirri braut.

Ég tel, herra forseti, að hæstv. ríkisstjórn hafi staðið illa að þessu máli. Ég gagnrýni hana fyrir að hafa ekki eðlilegt samráð við utanrmn. Alþingis og ég tel að það sé við hana að sakast hversu ólánlega hefur til tekist með þetta mál og umræður í því sambandi.

[14:02]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það hefur skipti eftir skipti verið notað hér hugtakið hernaðaraðgerðir. Við höfum tekið þátt í aðgerðum í Bosníu-Hersegóvínu á síðari stigum. (**Gripið fram í:** Við?) Við höfum tekið þátt í aðgerðum í Kosovo. (Gripið fram í.) Við höfum tekið þátt í aðgerðum í Afganistan. Allar þessar aðgerðir hafa að því stefnt að koma á friði. Hins vegar liggur alveg ljóst fyrir að enginn hefur beðið Íslendinga að koma að þessum aðgerðum á fyrstu stigum enda höfum við ekki til þess búnað og engan her. Það sem við höfum lagt af mörkum er með borgaralegum hætti. Það liggur alveg ljóst fyrir hvað varðar þær flugvélar sem hafa flutt gögn, vistir og annað af okkar hálfu, að það hefði verið hægt að fá hvaða flugfélag í heiminum til þess að gera það. En að útiloka að ekki geti verið einhver gögn sem viðkomandi hersveitir sem eru að gæta friðarins í þessum löndum þurfi á að halda er að sjálfsögðu ekki hægt að gera fyrir fram. Það kemur ekki til greina. Enda tekur hvaða flugfélag í heiminum sem er slíkt að sér.

Íslendingar eru á engan hátt að blanda sér inn í aðgerðir á fyrstu stigum. Það hefur engum dottið í hug og það eru engar líkur til þess að slíkar beiðnir komi til okkar. Eitt þarf líka að vera alveg ljóst, það er að sjálfsögðu viðkomandi flugfélags að taka ákvörðun um það hvort það er tilbúið til þess að taka að sér þá flutninga sem um er að ræða. Þar er það að lokum skipstjórinn, flugstjórinn sem ræður ferð en ekki íslenska ríkisstjórnin. Það liggur alveg ljóst fyrir að íslensk flugfélög eru ekki undir skipunarvaldi eins og um her væri að ræða. Hér er um frjáls félög að ræða sem taka að sér verkefni á eigin forsendum en hafa skuldbundið sig til þess að hjálpa til ef þau geta þá tekið það að sér þegar þar að kemur.

Breyting á XV. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 394. mál (aðstoð til menntunar, ríkisaðstoð til fyrirtækja). — Þskj. 455.

[14:05]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á XV. viðauka við EES-samninginn og fella inn í samninginn reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar nr. 68/2001 og jafnframt nr. 69 og 70 frá sama tíma sem fjalla um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar, lágmarksaðstoð og ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Gerð er grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni. Er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeim reglugerðum sem hér um ræðir. Þessi ákvörðun er tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu eins og lög og reglur gera ráð fyrir.

Sú málsmeðferð sem hér er viðhöfð, að leggja fram sérstaka þáltill., er í samræmi við þá tilhögun sem áður hefur verið gerð grein fyrir á hv. Alþingi og hefur tíðkast áður. Hvað varðar efnisatriði þeirrar ákvörðunar sem hér um ræðir nægir að meginstefnu að vísa til greinargerðar sem fylgir tillögunni auk gerðarinnar sjálfrar en reglugerðirnar eru settar á grundvelli eldri reglugerðar um beitingu ákvæða stofnsáttmála EB um svokallaða lárétta ríkisaðstoð. Efnislega eru reglugerðir þessar samhljóða núgildandi leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar. Þær fela í sér hópundanþágur frá almennum ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð á þeim sviðum sem þær taka til og heimila þannig ákveðna ríkisaðstoð í vissum tilvikum.

Talið var á sínum tíma nauðsynlegt að breyta lögum vegna innleiðingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 68/2001 og því var gerður stjórnskipulegur fyrirvari við töku ákvörðunarinnar í EES-nefndinni. Við nánari skoðun hefur komið í ljós að reglugerðin kallar ekki á lagabreytingu og er hægt að innleiða hana með almennri reglugerðarsetningu.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögu þessari vísað til hv. utanrmn.

[14:08]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Eins og hæstv. utanrrh. fór yfir í stuttri framsöguræðu er hér hreyft við ýmsum atriðum sem vekja a.m.k. mig til umhugsunar. Hér er um það að ræða að tilskilin ríkisaðstoð falli að EES-samningnum og þeim alþjóðaskuldbindingum sem við höfum undirgengist í samstarfi við ESB og lýtur að ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, lágmarksaðstoð og síðan aðstoð til menntunar.

Nú hefur gjarnan verið í almennri umræðu, stundum dálítið óskilgreindri hjá ýmsum stjórnmálamönnum og stjórnmálaflokkum, vilji til þess að menn skoði miklum mun nánar en verið hefur einmitt beina og óbeina aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þá hefur hugmyndin að baki verið sú að reyna að skjóta stoðum undir nýskipan ýmiss konar sprotafyrirtækja af ýmsum toga o.s.frv. Hér í viðauka með þessari þáltill. er einmitt að finna skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem stundum hefur vafist fyrir mönnum í orðræðu um þessi mál. Þessi litlu og meðalstóru

fyrirtæki eru, a.m.k. á íslenskan mælikvarða, býsna stór fyrirtæki í mörgum tilfellum, mega vera allt að 250 starfsmenn og ársveltan má vera allt að 40 millj. evra. Ég vænti þess þó að hér sé ekki í fljótu bragði neitt að finna á skjön við þær leikreglur sem við höfum búið við og teljum bestar og gerstar í atvinnulífi okkar. En mig langaði til að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann sæi þarna nýjan möguleika í íslensku atvinnulífi og hvort þessi tilskipun ein og sér breytti í raun í nokkru ríkjandi ástandi í íslensku atvinnulífi. Þá er ég auðvitað að vísa til byggðastjórnmála okkar, Byggðastofnunar — ég hygg að í fljótu bragði geti það ekki haft nein áhrif. Sér ráðherrann þarna einhver ný sóknarfæri, er hugsanlega uppi á borðum núv. ríkisstjórnar að skoða þessi mál undir þessum nýja hatti eða eru þarna á ferðinni opnanir sem gera okkur kleift að skjóta enn öflugri og sterkari stoðum undir okkar meðalstóru og litlu fyrirtæki sem ég hygg að sé brýn þörf á, ekki síst á tímum vaxandi atvinnuleysis? Enn fremur er þarna vikið að starfsmenntun í atvinnulífi sem einnig hefur verið mjög uppi á borðum stjórnmálamanna og okkar, þingmanna. Ég vildi almennt biðja hæstv. ráðherra að fara um það nokkrum orðum hvort hann sæi einhverjar breytingar yfirvofandi vegna þessarar tilskipunar, hvort í henni væru hugsanlega fólgin ný sóknarfæri á þeim vettvangi sem tilskipunin nær til.

[14:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það hefur stundum gerst þegar menn hafa verið að rúlla í gegn till. til þál. um staðfestingu á einhverjum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og eftir að sá háttur var tekinn upp að leggja fyrst fram þáltill. þar sem heimilað væri að falla frá svonefndum stjórnskipulegum fyrirvara að menn hafa ekki talið það skipta miklu máli að ræða þau mál efnislega. Auðvitað má nota svona nauðhyggjuröksemdir eða nálgun og segja sem svo að þetta sé bara eitthvað sem menn verði að taka eins og það kemur af skepnunni, eða ekki.

Ég held þó að það sé a.m.k. ástæða til þess að menn reyni jafnan að vita hvað er á ferðinni, og stundum kannski rúmlega það. Ég rifja upp að þegar farið var, fyrir rúmum tveimur árum, í gegnum þingið að vori með till. til þál. um að falla frá stjórnskipulegum fyrirvörum gagnvart einum 11 eða 15 ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar, og inni í þeim pakka var sjálf raforkutilskipunin sem sáralítil athygli og sáralítil umræða fékkst um hér. Nú hafa menn komið fram á völlinn síðar og iðrast þess eða spurt, hv. þm. Björn Bjarnason, Einar Oddur Kristjánsson og gott ef ekki fleiri: Hvað erum við að gera inn í þessa raforkuverðstilskipun, við, eyja úti í miðju Atlantshafi? Hefðum við ekki átt að fá undanþágu frá þessu? Það er fullseint í rassinn gripið þegar meira að segja svo er komið að við hefðum átt að vera búin að innleiða hana fyrir mörgum mánuðum síðan, 1. júlí sl. Það hefði verið efni til að fara í ræki lega umræðu um það, áður en stjórnskipulegum fyrirvara var aflétt, hvort við ætluðum að reyna að berjast fyrir því að fá undanþágu frá þessari ákvörðun. Ég tel að þær tilskipanir sem hér eru á ferðinni, herra forseti, svo að ég snúi mér að þeim, séu líka allrar athygli verðar. Ég er ekki að segja að við eigum að losna undan þeim. Það er þó þannig að í t.d. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um aðstoð til menntunar kann að vera að einhverju leyti um takmarkandi eða þrengjandi ákvæði að ræða hvað varðar svigrúm t.d. til að styrkja starfsmenntun og veita styrki eða reka sjóði til slíkra verkefna.

Hvað varðar seinni tilskipanirnar tvær, þ.e. um lágmarksaðstoð og hina um lítil og meðalstór fyrirtæki, kemur upp gamalkunnugt mál þegar það er skoðað. Það eru auðvitað stærðarhlutföllin sem við er að glíma þegar annars vegar evrópskar reglur og hins vegar veruleiki okkar á Íslandi rekast á. Það sem heitir upp á enskuna SME, „Small and Medium Sized Enterprises", þ.e. lítil og meðalstór fyrirtæki, eins og við þýðum, reynast í skilgreiningum þeirra vera fyrirtæki með allt að 250 starfsmenn og veltu upp á 3,5–4 milljarða íslenskra króna. Það eru þá býsna mörg fyrirtæki íslensk sem sleppa í þennan flokk, að teljast lítil eða meðalstór.

Ef menn vilja beinlínis skilgreina litlu fyrirtækin eru það fyrirtæki með færri en 50 starfsmenn og veltu sem ekki fer yfir 7 millj. evrur, þ.e. ríflega hálfan milljarð kr. Það er sömuleiðis býsna myndarlegur stabbi íslenskra fyrirtækja sem sleppur þar undir. Það er allrar athygli vert að í þessari tilskipun er gengið út frá þeirri stefnumótun Evrópusambandsins, sem hins vegar bólar ekkert á á Íslandi, að heimilt sé að styðja við bakið á litlum og meðalstórum fyrirtækjum sérstaklega til að ýta undir vöxt, fjölbreytni og grósku í þeim geira. Þetta kemur engum á óvart sem hefur kynnt sér meðferð þessara mála hjá Evrópusambandinu. Þar er í gildi sérstakur sáttmáli, sérstakur „charter" um málefni lítilla fyrirtækja. Sama hefur verið tekið upp í Norðurlandaráði. Nú á bara eftir að fullkomna þetta með því að við Íslendingar förum að taka á málum með þessum hætti, nýta okkur það svigrúm sem hinn evrópski samkeppnisréttur býður upp á til að styðja sérstaklega við slíka starfsemi og þá án tillits til staðsetningar. Hér þarf sem sagt ekki að vera um sérstaka byggðastyrki að ræða eða annað í þeim dúr heldur er þetta, ef ég skil rétt, stuðningur sem getur gengið til fyrirtækja af þessu tagi til að auðvelda vöxt þeirra og viðgang á fyrstu æviskeiðum.

Við höfum, herra forseti, á þskj. 16 flutt till. til þál. um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Þar er tæpt á fjölmörgum liðum sem ástæða er til að huga að og koma m.a. inn á efni þessarar tilskipunar, sérstaklega það sem lýtur að fjárhagslegum grundvelli slíkra fyrirtækja og þeim erfiðleikum sem þau mæta gjarnan á fyrstu æviskeiðum í gegnum uppbyggingu og þróun. Á þeim tímum hafa þau takmarkaða möguleika á að útvega fjármagn, lítil veð og annað í þeim dúr sem getur orðið þröskuldur í vegi atvinnurekstrarins. Þetta eru erfiðleikar sem ekki er til að dreifa þegar um stærri og rótgrónari fyrirtæki er að ræða.

Ég er nú, eins og oft áður, tiltölulega jákvæður og ánægður með þennan pakka frá Evrópusambandinu, (Gripið fram í.) sérstaklega ef hann verður til að við mönnum okkur upp í að fara að taka á málum í þessa veru. Það held ég að sé löngu tímabært. Þessi tilskipun er sem sagt ekki um að leysa atvinnuvandann með fáeinum risastórum fabrikkum sem stjórnvöld ákveða að setja hér eða þar heldur hið gagnstæða, að reyna að hlúa að gróskumiklum og fjölbreyttum nýgræðingi á akri atvinnulífsins enda sýna allar kannanir og rannsóknir sem gerðar hafa verið í þeim efnum að þau leggja til hrygglengjuna í hagvexti og nýjum störfum í hagkerfunum. (**GÁS:** Nú, er eitthvað gott í Brussel?) bæði austan hafs og vestan.

Nú heyri ég að gleðst óskaplega úti í salnum hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson. Það kann að vera að honum sé nýnæmi í því að ég tali svona hlýlega um hluti sem koma frá Brussel. Þá hefur hv. þm. skotist yfir það en sá er munurinn á mér og honum að ég skoða bæði kost og löst á

öllu sem þaðan kemur. Hv. þm. er hissa á að ég skuli hafa þessa afstöðu af því að honum er ekki tamt að horfa á nema aðra hlið mála þegar Evrópusambandið á í hlut. Þar er allt rósum baðað, bleikrauðum kratarósum baðað, í augum hv. þingmanns. Yfirleitt þarf hann aldrei að því að hyggja frekar en það gengur auðvitað ekki. Ýmislegt sem að okkur ber úr þessari átt er auðvitað bölvað rugl sem við höfum ekkert með að gera. Annað er hins vegar nýtilegt og þá er sjálfsagt að nota það, t.d. þetta.

Ég held að við þurfum ekki í sjálfu sér að hafa neinar áhyggjur af því að efni þessarar síðustu tilskipunar í pakkanum sé til annars en þá góðs að svo miklu leyti sem menn kjósa — og það er okkur í sjálfsvald sett — að gera eitthvað með það, nota okkur það svigrúm sem þarna er á ferðinni. Í raun er um ívilnandi breytingar að ræða í eðli sínu, frávik frá meginstefnu sem þarna er opnað fyrir. Það getur því í sjálfu sér aldrei orðið mönnum til tjóns að hafa slíkar heimildir í höndum.

[14:20]

Útbýting þingskjala:

Arðsemismat vegna Sundabrautar, 420. mál, fsp. BH, þskj. 529.

Áfengisgjald, 418. mál, fsp. EKG, þskj. 527.

Byggðamál, 416. mál, fsp. SvanJ, þskj. 525.

Sundabraut, 419. mál, fsp. BH, þskj. 528.

Uppbygging og rekstur meðferðarstofnana, 417. mál, fsp. EKG, þskj. 526.

[14:20]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það eru tvö atriði sem ég vil gera hér að umtalsefni í tengslum við þessa tillögu.

Í fyrra lagi vil ég nefna þá staðreynd að við höfum ekki mikið val í þessum efnum, eins og oft hefur komið fram í umræðu um löggjöf frá Evrópusambandinu. Við erum skuldbundin, eins og þingheimur veit, til að taka upp þessa löggjöf. Talið er að við séum skuldbundin til að taka að allt að 90% af löggjöf Evrópusambandsins upp í okkar löggjöf. Í reynd höfum við ekkert val um það þó að í samningum segi að formlega höfum við neitunarvald. Slík neitun mundi leiða til þess að öllum ákvæðum yrði frestað, ekki einungis gagnvart Íslendingum heldur öllum samningsaðilum. Það mundi hafa mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér enda hefur aldrei komið til þess að neitt aðildarríki að EES-samningnum hafi neitað um staðfestingu því það mundi setja EES-samninginn í uppnám.

Þetta segir okkur hins vegar að við erum komin í afskaplega erfiða stöðu, að þurfa jafnvel að taka upp mál sem við mundum gjarnan vilja útfæra á annan hátt en höfum ekki kost á. Það var minnst hér fyrr í umræðunni á raforkusamninginn sem við áttum ekki kost á að hafa áhrif á á sínum tíma. Við hefðum hugsanlega getað komið að ábendingum um aðra útfærslu gagnvart okkur ef við hefðum haft tök á því. Mér finnst, herra forseti, þetta lýsa þeim vandamálum sem við stöndum í gagnvart Evrópusambandinu og nauðsyn þess að taka málin upp með opnari huga eins og hæstv. utanrrh. hefur talað fyrir á undanförnum mánuðum. Reyndar hafa ýmsir af þeim þingflokkum sem hér eiga sæti einnig gert hið sama.

Það er óviðunandi fyrir okkur sem fullvalda þjóð að þurfa að búa við þau skilyrði að taka upp löggjöf með þessum hætti án þess að hafa á það nein áhrif. Það má vel vera að niðurstaða úr því verði að við þurfum að taka þessi mál öll til uppstokkunar, hvort sem þau leiða til aðildar eða ekki. Ég fullyrði ekki um það á þessu stigi málsins en vek athygli á að það er óbærilegt til lengdar fyrir okkur, sérstaklega eftir stækkun Evrópusambandsins, að búa við þennan einstreymisloka. Mín persónulega skoðun er að við eigum að skoða aðild með opnum huga.

Ég vil nota þetta tækifæri til að vekja athygli á þessu en málið hér er mjög athyglisvert vegna þess að það snertir, eins og kom fram í umræðunni, m.a. lítil og meðalstór fyrirtæki. Stefnumörkun Evrópusambandsins um hin skýru samkeppnisákvæði sem hér koma fram er athyglisverð, að hér séu veittar ákveðnar undanþágur sem séu annars vegar til stuðnings menntun og hins vegar til stuðnings lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Ég vil taka fram, varðandi lítil og meðalstór fyrirtæki, að þau eru af margvíslegri stærð. Þó að hér sé talað um 250 manns eru til margar skilgreiningar á þessu, 60 manna fyrirtæki eða 10–50 starfsmenn. Um þetta er sérstök fræðigrein, þ.e. hagfræði lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Tíminn endist ekki í þessari umræðu fyrir mig að úttala mig um það. En þetta er mjög merkilegt svið sem við höfum rætt á pólitískum vettvangi undanfarin ár og ættum að gera í meiri mæli. Þarna er sóknarmöguleikinn í íslensku atvinnulífi og full ástæða fyrir okkur að skoða bæði þessi atriði og önnur. Reyndar hefur núv. ríkisstjórn og aðrir flokkar jafnframt lagt þessum málum lið á undanförnum árum. Það er mjög mikilvægt að sjá fyrir sér sóknarfærin í þessu umhverfi, hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Menn eiga ekki að hrökklast frá þegar þeir sjá að gert sé ráð fyrir 250 starfsmönnum, eins og hér stendur. Það eru raunverulega miklu færri starfsmenn í þessu. Sérstaðan er mjög margvísleg. Opinberir aðilar geta gert margt, eins og kemur fram í þessu, til að styðja við sókn á þessu sviði án þess að raska grundvellinum, þ.e. frjálsri samkeppni og því sterka samkeppnisumhverfi sem er meginregla Evrópusambandsins.

Mér finnst, herra forseti, að við eigum að nota þetta tilefni sem snertir okkur með beinum hætti, kannski meira en margar tilskipanir, til að velta fyrir okkur þeirri alvarlegu stöðu sem við verðum í á næstu árum, að búa við það að taka upp ákvæði með þessum hætti án áhrifa. Það er ekki viðunandi fyrir okkur sem sjálfstæða þjóð að vera þiggjendur í þessum efnum. Mín bjargfasta skoðun er að við Íslendingar höfum mjög margt fram að færa á þessum vettvangi á sérsviðum okkar, þar sem við höfum bæði kunnáttu og vit. Við eigum að einhenda okkur í að koma þeim málstað að og halda á lofti málflutningi okkar á opinberum vettvangi. Það gæti orðið til gagns, ekki aðeins fyrir okkar þjóð heldur og fyrir nágrannaþjóðirnar.

[14:26]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þingmönnum að hér er um mjög merkilegt mál að ræða. Það varpar mjög góðu ljósi á hvers konar aðstoð er heimil í sambandi við fyrirtæki af þessari stærðargráðu. Hér er um fyrirtæki að ræða sem teljast stór á íslenskan mælikvarða en lítil og meðalstór fyrirtæki á alþjóðlegan mælikvarða. Það er ekki þar með sagt að við höfum fjármuni til að styðja þau fyrirtæki sem hér um ræðir með þeim hætti sem hér er heimilt. Ég veit ekki nein dæmi þess að við höfum gengið lengra í þeim efnum en hér um ræðir. Ég held að það sé öfugt, að á vettvangi Evrópusambandsins og í aðildarríkjum sé gengið miklu lengra en gengur og gerist hjá okkur.

Auðvitað eru þetta góðar viðmiðanir sem hér eru, fyrir þá sjóði sem starfa á þessum vettvangi, þ.e. fyrir Byggðastofnun og þróunarsjóði sem starfa að því að efla íslenskt atvinnulíf. Hér er m.a. sá mælikvarði sem uppbyggingarsjóðir Evrópusambandsins þurfa að starfa innan. En nú er verið að gera kröfur um að við greiðum verulegar fjárhæðir til þessara sjóða án þess að fá neitt á móti. Ef við berum saman þá aðstoð sem almennt er veitt til fyrirtækja af þessari stærðargráðu hjá okkur annars vegar og víða í Evrópu hins vegar tel ég ljóst að þar er oft mikill munur á. Stefnan er, í þeim atvinnugreinum sem eiga undir högg að sækja, t.d. í landbúnaði, í þeim ríkjum sem eru að ganga inn í Evrópusambandið, að heimila að fara út í margvíslegar stuðningsaðgerðir á öðrum sviðum til að skapa ný atvinnutækifæri fyrir þá aðila sem af einhverjum ástæðum eiga undir högg að sækja þegar atvinna er lögð niður vegna hinnar frjálsu samkeppni sem er innleidd.

Hér er almennt um að ræða reglur sem taldar eru heimilar á þeim grundvelli að um einsleitan sameiginlegan markað sé að ræða þar sem ekki er heimilt að styðja fyrirtæki nema með sambærilegum hætti. Ég held að fullyrða megi að við séum almennt langt innan þeirra marka, eins og skýrt kemur fram í því skjali sem hérna er. Að því leyti tel ég málið athyglisvert. Það ætti að vera til þess fallið að eyða þeim misskilningi að ríkisaðstoð sé með öllu aflögð í löndum Evrópu.

Eitt þeirra mála sem komið hefur sérstaklega til skoðunar af þessu tilefni eru málefni Íslenskrar erfðagreiningar, sem komu til umfjöllunar á síðasta þingi. Það er dæmi um mál sem spurningar vakna um, þ.e. um hvernig það falli undir ákvæði um ríkisaðstoð, þó að það falli, eftir því sem ég best veit, ekki undir skilgreininguna um lítil og meðalstór fyrirtæki því að þar er um stærra fyrirtæki að ræða. Ég tek undir það að hér er um mál að ræða sem þarfnast athygli og væri mikilvægt að þingmenn kynntu sér vel. Með því að fara yfir það sjá menn viðhorfin í Evrópu til stuðningsaðgerða við atvinnurekstur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 395. mál (lögmenn). — Þskj. 456.

[14:31]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á VII. viðauka við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 16. febrúar 1998, um að auðvelda lögmönnum að starfa til frambúðar í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu starfsmenntun sína og hæfi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu.

Hvað varðar efnisatriði þeirrar ákvörðunar sem hér um ræðir nægir að að vísa til greinargerðar sem fylgir þessari tillögu auk gerðarinnar sjálfrar. Tilskipuninni er ætlað að auðvelda lögmönnum á EES-svæðinu að starfa í öðru aðildarríki en þar sem þeir fengu starfsréttindi sín. Þeir munu þannig geta starfað undir starfsheiti heimalands síns og einnig er þeim auðveldað að fá starfsheiti gistiríkisins. Þessum lögmönnum er skylt að skrá sig í gistiríkinu og vera áfram skráðir í sínu heimalandi. Þeir skulu lúta lögum, siðareglum og viðurlögum sem í gistiríkinu gilda.

Vegna upptöku þessarar tilskipunar er unnið að því í dómsmrn. að gera breytingar á lögum um lögmenn, nr. 77/1998. Þær breytingar munu fyrst og fremst snúa að því að bæta ákvæði við lögin, um að þau taki einnig til þeirra lögmanna sem hér hafa rétt til að starfa á grundvelli tilskipana Evrópusambandsins og veita dómsmrh. heimild til að setja reglur um skráningu, skyldur, réttindi og störf þessara lögmanna. Hér er því augljóslega um mikilvægt réttindamál að ræða í frjálsri för starfsstétta milli landa. Það er á margan hátt athyglisvert að svo skuli jafnframt gilda um lögmenn. Það sýnir hversu miklar breytingar hafa orðið á löggjöf og þeirri staðreynd að lagareglur í hinum ýmsu Evrópuríkjum hafa verið samræmdar á afskaplega mörgum sviðum.

Ég vil, herra forseti, leggja til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Singapúr, fyrri umr.

Stjtill., 400. mál. — Þskj. 491.

[14:34]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um heimild til handa ríkisstjórninni til að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, og lýðveldisins Singapúr sem undirritaður var á Egilsstöðum 26. júní 2002. Þetta er fyrsti fríverslunarsamningur sem gerður er milli Evrópuríkja og ríkis í Austur-Asíu. Markar hann tímamót í samskiptum milli Evrópu og Asíu og getur rutt brautina fyrir samvinnu við önnur ríki í þessum heimshluta. Samningurinn er víðtækasti fríverslunarsamningur sem EFTA-ríkin hafa gert til þessa. Því var um mikil tímamót að ræða þegar þessi samningur var undirritaður hér á landi síðasta sumar.

Fríverslunarsamningurinn kveður á um tollfrjáls viðskipti með iðnaðarvörur, þar með talinn fisk og aðrar sjávarafurðir, frá og með gildistöku samningsins. Auk vöruviðskipta tekur samningurinn til þjónustuviðskipta, fjárfestinga, opinberra innkaupa, samkeppnismála og hugverkaréttinda. Er m.a. kveðið á um aðgang fjárfesta í EFTA-ríkjunum og í Singapúr að mörkuðum hvers annars og vernd fjárfestinga. Efnisþættir um vernd fjárfesta eru í samræmi við þá sem að jafnaði finnast í tvíhliða fjárfestingarsamningum milli ríkja sem eru mjög algengir.

Í samningnum eru gerðar miklar kröfur um vernd hugverkaréttar og veitir hann vernd umfram það sem gert er ráð fyrir í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkaréttindi í viðskiptum og öðrum alþjóðasáttmálum og samningum. Samhliða þessum fríverslunarsamningum gerðu EFTA-ríkin hvert og eitt tvíhliða landbúnaðarsamninga um

tollalækkanir á ýmsum óunnum landbúnaðarvörum eins og tíðkast hefur við gerð fríverslunarsamninga. Að samningnum við Singapúr meðtöldum hafa EFTA-ríkin gert fríverslunarsamninga við 19 ríki, þ.e. Búlgaríu, Eistland, Frelsissamtök Palestínu, Ísrael, Jórdaníu, Króatíu, Lettland, Litháen, Makedóníu, Marokkó, Mexíkó, Pólland, Rúmeníu, Slóvakíu, Slóveníu, Tékkland, Tyrkland og Ungverjaland. Samningaviðræður við Chile eru langt komnar og er ráðgert að þeim ljúki á næsta ári. Einnig standa yfir samningaviðræður við Egyptaland og Túnis og áætlað er að hefja samningaviðræður við Suður-Afríku á næsta ári. Auk þeirra landa sem hér eru talin hafa átt sér stað um nokkurt skeið samningaviðræður við Kanada sem við gerum okkur enn vonir um að geti lokið á næsta ári þó að við höfum vonast til að ná þeim samningum nokkurn tíma.

Ég vil, herra forseti, að lokinni þessari umræðu leggja til að tillögunni verði vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verkefni Umhverfisstofnunar, 1. umr.

Stjfrv., 405. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 500.

[14:38]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar. Með lögum um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002, var kveðið á um starfrækslu Umhverfisstofnunar sem tekur til starfa 1. janúar 2003. Stofnunin tekur yfir verkefni Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, veiðistjóraembættisins, dýraverndarráðs og stjórnsýsluhlutverk hreindýraráðs.

Starfshóp sem umhvrh. skipaði samkvæmt 2. lið ákvæðis til bráðabirgða í áðurnefndum lögum var m.a. falið að kanna hvort þörf væri á að gera frekari lagabreytingar en þegar höfðu verið gerðar varðandi þá starfsemi sem undir lögin falla. Byggir frv. þetta á tillögu starfshópsins.

Talið er nauðsynlegt að laga þá löggjöf sem Umhverfisstofnun er ætlað að annast framkvæmd á frekar að starfsemi stofnunarinnar. Einnig er talið rétt að ganga nokkuð lengra en gert er í lögum um Umhverfisstofnun í því að efla, einfalda og styrkja stjórnkerfi þessa málaflokks. Jafnframt er lagt til að samfara slíkum breytingum verði heiti Umhverfisstofnunar fært inn í þá löggjöf sem stofnuninni er ætlað að annast framkvæmd á.

Með lögum um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002, var dýraverndarráð, sem starfaði samkvæmt lögum um dýravernd, nr. 15/1994, lagt niður og var Umhverfisstofnun falin stjórn þessa málaflokks, enda talið tímabært að sérstakri stofnun yrði falin umsjón með dýravernd. Ekki er talin þörf á að starfandi verði sérstök nefnd Umhverfisstofnun til ráðgjafar hvað þann þátt varðar. Hins vegar er lagt til að skylt verði að hafa samráð við hlutaðeigandi aðila, hagmunaaðila og áhugasamtök um stefnumótandi mál.

Lagt er til að ráðgjafarnefnd um villt dýr verði lögð niður og verkefni hennar falið Umhverfisstofnun að því leyti sem um stjórnsýslu er að ræða og til Náttúrufræðistofnunar Íslands hvað varðar önnur verkefni. Í frv. þessu er skilið á milli stjórnsýsluverkefna annars vegar og rannsóknarverkefna hins vegar. Jafnframt er lagt til að skilið verði á milli ráðgjafar á vegum nefnda og stjórnsýslu. Hér er því um ákveðna lagasamræmingu að ræða. Þannig er lagt til að stjórnsýsla á vegum Breiðafjarðarnefndar sem starfar samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995, verði færð til Umhverfisstofnunar.

Hreindýraráð sem starfar samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, var lagt niður með lögum um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002. Lagt er til að ráðið starfi áfram sem ráðgefandi aðili en umhvn. Alþingis lagði áherslu á að ráðið yrði ekki lagt niður í áliti sínu sl. vor.

Að höfðu samráði við utanrrn. og dóms- og kirkjumrn. er lagt til að Umhverfisstofnun, í stað Hollustuverndar ríkisins nú, fari með eftirlit með framkvæmd laga um framkvæmd samnings um þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra, nr. 17/2000, og fari með framkvæmd samningsins. Innan hennar er þekking á málefninu að því er varðar eiturefni en ríkislögreglustjóri annast framkvæmd samningsins að því er varðar viðbúnað fyrir almenning. Jafnframt þykir rétt, þar sem Umhverfisstofnun heyrir undir umhvrn., að tekið sé fram að umhvrh. farið með yfirstjórn á framkvæmd hans í samstarfi við dómsmrh. og utanrrh.

Talið er æskilegt að breytingar þessar taki gildi frá og með 1. janúar 2003 þar sem hin nýja stofnun tekur þá til starfa.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið meginefni þessa frv. og legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhvn.

[14:42]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég gagnrýni hversu seint þetta frv. er fram komið. Öllum hefur verið það ljóst síðan á síðasta þingi að til þessa þyrfti að koma ef lögin um Umhverfisstofnun ættu að taka gildi 1. janúar 2003. Það er alveg ljóst að nú ætlar hæstv. umhvrh. þingnefndinni, hv. umhvn., að afgreiða þetta mál á örfáum dögum. Mér telst svo til að það séu tveir fundir eftir hjá hv. umhvn. þangað til þingið fer í jólafrí. Ég lýsi því yfir, herra forseti, að það er allsendis ónógur tími til að skoða þær viðamiklu breytingar sem gera á.

Hér er um að ræða breytingar á fjöldanum öllum af lögum, eins og fram kom í máli hæstv. umhvrh. Ég lýsi því yfir að ég tortryggi ákveðnar breytingar sem verið er að gera, t.d. breytingarnar á lögum um dýravernd. Ég er ekki sannfærð um það, með því að lesa í gegnum um þetta frv., að rétt sé að leggja niður dýraverndarráð. Ég er heldur ekki sannfærð um að stefnumótandi mál, sem hæstv. umhvrh. segir að eigi að leggja fyrir Búnaðarfélag Íslands, Dýralæknafélag Íslands og áhuga- og hagsmunasamtök á sviði dýraverndar, komi í stað dýraverndarráðs. Þetta er eitt dæmi sem ég vildi nefna, herra forseti.

Ég verð einnig að segja, varðandi stjórnsýsluna sem hefur heyrt undir Breiðafjarðarnefndina, að vera kann að þar þurfi líka að skoða vel í hv. nefnd hvernig breytingarnar á lögunum um vernd Breiðafjarðar koma heim og saman við markmið þeirrar nefndar.

Auk þessa eru viðamiklar breytingar lagðar til í frv., herra forseti, á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Þar er m.a. verið að bæta inn skilgreiningum, þ.e. nýrri orðskýringu í lögin. Þær viðamiklu breytingar þurfa að mínu mati góða skoðun í nefndinni. Ég ítreka það, herra forseti, að hér finnst mér flaustursleg að

verki staðið. Það er hins vegar algerlega í takt við það þegar lögin um Umhverfisstofnun fóru í gegn síðastliðið vor. Þar var flaustурslega unnið. Ég gagnrýni hæstv. umhvrh. og umhvrn. fyrir að leggja ekki þessar tillögur um breytingar fram fyrr. Okkur er búið að vera ljóst síðan í vor að þær yrðu að koma til.

[14:44]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Stjórnarandstaðan gagnrýndi á síðasta þingi að þetta mál hefði ekki verið betur undirbúið. Við bentum á að það þyrfti að breyta fjölmörgum lögum, sem verið er að gera tillögu um að verði gert núna. Það er hins vegar ljóst að það er ekki góð aðferð ef ekki á að gefa kost á að fara yfir þessar breytingar, hvað þá ef ekki á að senda þetta frv. út og fá umfjöllun um það í nefnd með venjubundnum hætti. Ég tel nauðsynlegt að taka sér til þess tíma. Ég sé ekki að neinn stórkostlegur skaði verði af því að þessi lög öðlist ekki gildi nú þegar.

Í frv. er ýmislegt sem er algjörlega sjálfsagt og verður örugglega enginn ágreiningur um. Hins vegar getur ýmislegt verið á ferðinni í frv. sem skoða þarf nánar.

Ég tek eftir því að sumt er nú tekið til baka sem menn ætluðu sér í fyrra. Það er t.d. búið að vekja upp hreindýraráð sem í fyrra var talið algerlega óþarft og ætti bara að leggja niður. Ég fagna því, ég tel að full ástæða sé til þess að hafa þá umfjöllun áfram sem þar hefur farið fram. Fleira er hér á ferðinni sem mætti eða þyrfti að skoða betur og ég trúi því að í nefndinni verði unnið að því. Ég nefni það t.d. að verið er að hækka veiðikort úr 1.900 kr. í 2.200 kr. Það er enn ein hækkunin þessa dagana sem bætist inn í verðskrúfuna sem virðist vera að fara af stað í þjóðfélaginu.

En ég kem upp fyrst og fremst til að lýsa óánægju minni með að frv. hafi ekki komið fram fyrr en þetta ef meiningin var allan tímann að það yrði afgreitt fyrir jólahlé. Ég tel einsýnt að það verði að senda það út nú þegar til þeirra aðila sem málið varðar og menn verði þá að skoða það hvort einhver möguleiki er á því að lögfesta það á síðustu dögum fyrir jól, enda óljóst hvenær þinghlé hefst. Þó að gert sé ráð fyrir á áætlun að þinghlé verði um miðjan mánuðinn hefur það æðioft dregist að hv. Alþingi færi heim. Ég hef því þennan fyrirvara við afgreiðslu málsins, að mönnum takist að ræða við helstu aðila sem þarna eiga hlut að máli, bæði áhugaaðila og bókstaflega hagsmunaaðila hvað varðar ýmsa lagasetningu sem hér er á ferðinni.

Það er ekki eins og verið sé að fást við neitt smámál. Verið er að stofna Umhverfisstofnun og þetta er sá lagagrunnur sem á að byggja á eftir mjög hraða afgreiðslu á frv. sem var mjög einfalt og hraðsoðið og fór hér í gegn á síðasta þingi, þá virðast menn ætla að taka sér enn þá minni tíma til að ganga frá heildarlöggjöfinni sem á að fjalla um þessa stofnun. Það er ekki til eftirbreytni og ég tel að full ástæða sé til að menn andi rólega og taki þetta mál með fyrirvara og gefi mönnum tækifæri til að spyrja þeirra spurninga sem þarf að spyrja og fara yfir þau atriði sem komin eru til viðbótar við það sem menn ræddu á síðasta þingvetri og að vanda verði til málanna með öllu móti.

[14:49]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið. Þeir hv. þm. sem hafa tekið til máls draga það fram að málið hafi komi mjög seint inn í þingið. Hins vegar er frv. að mínu mati ekki mjög flókið mál. Það eru talsvert margar greinar en þær eru í bandormsformi þannig að verið er að hreinsa upp ýmis lög og setja orðið „Umhverfisstofnun“ í staðinn fyrir orðin „Náttúruvernd ríkisins“, „Hollustuvernd ríkisins“ o.s.frv. Meginþunginn í frv. eru svona sjálfsagðir hlutir. Þó eru þarna atriði sem nefndin þarf að skoða að sjálfsögðu og ég tel eðlilegt að hún geri það, en að mínu mati eru það ekki flókin mál.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagðist tortryggja ákveðna hluti, t.d. það að leggja niður dýraverndarráð. En nú er búið að leggja niður dýraverndarráð, það var gert síðasta vor. Menn greiddu atkvæði um það og þingið ákvað að leggja dýraverndarráð niður, það er nokkuð sem er búið og gert.

Einnig var því haldið fram að málið hefði verið flaustурslega unnið í vor. Ég er ekki sammála því. Það var algjörlega meðvitað að reyna að vinna málið tiltölulega hratt vegna þess að það skapast alltaf óvissa hjá starfsmönnum ef svona sameining, eins og hér er um að ræða, á nokkrum stofnunum fer fram, að þá er ekki almennt talið æskilegt að slík sameining taki mjög langan tíma vegna þeirrar óvissu sem það skapar fyrir starfsmenn. Segja má að það sé almenn ánægja með stofnun Umhverfisstofnunar, að mér finnst, meðal starfsmanna og það er búið að vinna þar heilmikla vinnu. Búið er að útvega nýtt húsnæði sem stofnunin flytur inn í núna bráðlega á Suðurlandsbraut, mjög glæsilegt húsnæði, og búið er að leggja verulega fjármuni nýja inn til nýrrar Umhverfisstofnunar miðað við þá fjármuni sem fyrri stofnanir, sem Umhverfisstofnun hvílir á, höfðu til sinna verkefna, um 10% aukning er í fjárlagafrv., bæði til EES-tilskipana og til þjóðgarða, svo eitthvað sé nefnt. Ég tel því að þessi mál séu í afar góðum farvegi.

Hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni kom fram að sumt væri tekið til baka frá því að við ræddum þetta mál hér síðast í vor. Þegar við ræddum um þetta í þinginu í vor kom fram í umsögn og áliti frá umhvn. að hún teldi æskilegt að hreindýraráð starfaði áfram sem umsagnaraðili og við ákváðum að taka tillit til þessa í frv. því sem hér er flutt, og við gerum það. Það eru tillögur um, eins og hv. þm. geta lesið, að hreindýraráð muni starfa áfram sem ráðgefandi aðili.

Að mínu mati er æskilegt að þetta mál klárist fyrir jól þar sem Umhverfisstofnun tekur til starfa 1. janúar 2003. Ég tel að þingmenn geti skoðað þetta ágætlega á þeim tíma sem eftir er af þinghaldinu. Ef svo er ekki er svo sem ekkert mikið við því að segja, en að mínu mati er ekki um mjög flókið mál að ræða og ég tel að málið geti fengið eðlilega skoðun hjá umhvn. á þeim tíma sem eftir lifir til jóla og það náist að ræða við helstu hagsmunaaðila sem þessar breytingar snerta sem að mínu mati eru ekki mjög veigamiklar í frv.

[14:53]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að taka það fram til upprifjunar að ég, og ég held öll stjórnarandstaðan, lýsti því yfir í umræðum í fyrravetur að við værum sammála því að koma þessari stofnun á laggirnar, ég verð leiðréttur ef það er ekki rétt. Ég tel að þetta sé að mörgu leyti ágætt skref en full ástæða til að vanda til þess eins og mögulegt er. Það er alveg rétt að við nefndum það í þeirri umsögn sem kom frá umhvn. að rétt væri að viðhalda hreindýraráði og við því hefur verið orðið og ég fagna því.

Það eru ýmsir hlutir í frv. sem við höfum ekki séð áður og þurfum að velta fyrir okkur hvað felst í þeim. Sem dæmi er nefnt í 36. gr. að felld verði brott heimild til veiðistjóra

til að hafa með höndum rannsóknir. Í 42. gr. er sagt að Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands komi að ákvörðun um minkaveiðar „þar sem þær kunna að vera nauðsynlegar". Af orðanna hljóðan virðist mega lesa að það sé þá undantekningaratriði ef minkaveiðar eru nauðsynlegar. Auðvitað þarf að spyrja um það. Er þetta stefnumörkun um að útrýming eða það að halda í skefjum vargi af þessu tagi hafi breyst eitthvað, pólitíkin í því máli?

Það eru fleiri svipuð atriði sem ég sé ástæðu til að menn fái svör við við umfjöllun málsins og ég er ekkert að útiloka það, eins og ég sagði áðan, að það sé mögulegt að gera áður en kemur að þinghléi, en menn verða a.m.k. að gefa sér tíma til þess.

[14:56]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Já, tekið er fram að þetta sé ágætt skref að hafa stofnað Umhverfisstofnun og ég er svo sannarlega sammála því.

Hér var dregið fram að samkvæmt 36. gr. ætti veiðistjóri að hafa með höndum ákveðnar rannsóknir en samkvæmt þessu nýja skipulagi verður ekki starfandi neinn veiðistjóri. Umhverfisstofnun tekur yfir verkefni veiðistjóra og Náttúruverndar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins og hreindýraráðs og stjórnsýslu varðandi dýraverndarmál, þannig að það leiðir af sjálfu sér.

Varðandi minkinn þá felst engin ný stefnumörkun um minkaveiðar í frv., það er alveg ljóst. En hv. þm. dregur það fram hérna að eðlilegt væri að fá svör við þessum spurningum í þingnefndinni og ég tek undir þau sjónarmið. Að sjálfsögðu þarf þingnefndin að ræða við hagsmunaaðila til að fara yfir málið. Að mínu mati eru þetta ekki það umfangsmikil mál að ekki sé mögulegt að klára þau fyrir jól. Telji umhvn. að málið sé það flókið er lítið hægt að segja við því. En það væri mög æskilegt að klára það af því að stofnunin tekur til starfa 1. janúar. Hún mun taka til starfa óháð því hvort þetta mál næst í gegn fyrir þann tíma, en það væri mjög æskilegt.

[14:57]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mótmæli því sem hæstv. umhvrh. segir að málið sé ekki mjög viðamikið og að það sé ekki flóknara en svo að hún telji að þingnefnd eigi að geta klárað það fyrir jól. Sannleikurinn er auðvitað sá að það er búið að taka umhvrn. meira en hálft ár að klára málið í sínum herbúðum og það er ekkert óeðlilegt við það þó að umhvn. þurfi góðan tíma til að skoða málið.

En í tilefni orða hæstv. umhvrh. um dýraverndarmálin vil ég einungis árétta það hér, herra forseti, að dýraverndarráð er skipað aðilum ýmissa félagasamtaka núna og það hefur haft ákveðinn farveg. Þessi félög hafa haft ákveðinn farveg fyrir sinn vettvang sem er samráðsvettvangur og ég tel hættulegt að fella þennan formlega samráðsvettvang niður. Ég hefði haldið að það ætti að vera okkur til hagsbóta að hafa slíkan samráðsvettvang til staðar, jafnvel í umhverfi þessara nýju laga, og ég minni á ákvæðin í Ríó-sáttmálanum um aðkomu frjálsra félagasamtaka að málum máli mínu til stuðnings. Ég held að það sé mjög brýnt að hin nýja Umhverfisstofnun hafi ráðgjafarvettvang um dýravernd og velferð búfjár. Ég minni á að við búum nú í umhverfi þar sem verksmiðjubúskapur er að ryðja sér til rúms í auknum mæli og á slíkum tímum og við slíkar aðstæður tel ég gífurlega þörf á því að margir komi að málum og hef þess vegna uppi þau ummæli sem ég nú hef haft varðandi dýraverndarráð.

[14:59]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir mótmælir því að þetta sé ekki viðamikið frv., ég mótmæli því á móti, ég tel þetta ekki vera viðamikið frv. Frv. er hins vegar mjög margar greinar og það er ekkert óeðlilegt að nokkurn tíma taki að setja það í frumvarpsform fyrir umhvrn. Hins vegar er ekki um miklar efnislegar breytingar að ræða, alls ekki.

Varðandi það að hv. þm. telji það rangt að leggja niður dýraverndarráð vil ég bara ítreka það að þingið er búið að leggja það niður. Það var gert með atkvæðagreiðslu í vor þannig að þingið hefur úttalað sig um það og var sammála því að leggja niður dýraverndarráð. Um afleiðingar þess að það var lagt niður er það ekki þannig að menn verði ekki í samráði við þessi félagasamtök. Það kemur sérstaklega fram í 4. gr. að um stefnumótandi mál svo sem setningu reglugerða skal leita umsagnar Búnaðarfélags Íslands, Dýralæknafélags Íslands og áhuga- og hagsmunasamtaka á sviði dýraverndar. Það verður samráð við þessa aðila um stefnumótandi mál en þingið hefur ákveðið að leggja dýraverndarráð niður. Það er ekki eitthvað sem við erum að leggja til hér, hvorki að það verði endurreist né lagt niður. Það er búið að leggja það niður.

[15:01]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að Alþingi hafi ákveðið sl. vor, undir mikilli tímapressu og án þess að vera búið að ræða það til hlítar, að leggja niður dýraverndarráð er ekkert sem kæmi í veg fyrir að Alþingi gæti núna ákveðið að ákveðin ráðgjafarnefnd starfaði samkvæmt lögunum um Umhverfisstofnun og ætti að hafa svipuð málefni á sinni könnu og dýraverndarráð hefur haft hingað til. Ég bendi bara á ákvörðunina um hreindýraráð máli mínu til stuðnings. Ég hef haldið því fram í allri umræðu um þetta mál, herra forseti, að það sé afar illa undirbúið og ekki nægilega vel rökstutt eða undirbyggt af hálfu ráðuneytisins. Ég tel að ákvörðun af þessu tagi hefði átt að útheimta miklu meiri umræðu, við hefðum átt að skoða miklu fleiri stofnanir en hér er gert og ég hef lýst því yfir áður og geri það enn að frv. um Umhverfisstofnun sem varð að lögum sl. vor og á að ganga í gildi í janúar nk. er í mínum huga gengisfelling á náttúruverndarlögum.

[15:02]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alrangt að þetta mál sé illa unnið og það er líka alrangt að hér sé um að ræða einhverja gengisfellingu á náttúruvernd í landinu, alls ekki. Við stofnuðum með lögum frá Alþingi sl. vor nýja Umhverfisstofnun sem verður miklu betra og skilvirkara stjórnsýslutæki á umhverfissviðinu en við höfum séð áður. Þess vegna samþykkti Alþingi nýju lögin. Það er ríkur vilji Alþingis til þess að hafa þetta í þeim farvegi sem umhvrh. lagði til síðasta vor.

Varðandi dýraverndarráðið er það alveg rétt hjá hv. þingmanni að þingið getur endurreist dýraverndarráð, standi hugurinn til þess. En hugurinn stóð ekki til þess sl. vor og ég efast um að menn hafi algjörlega skipt um skoðun síðan þá. Þá mælti þingið með því að það yrði skoðað að viðhalda hreindýraráði sem umsagnaraðila, sem ráðgefandi aðila, og við tókum tillit til þess. Þess vegna höfum við það inni í þessu frv. að við leggjum til að hreindýraráð verði ekki algjörlega

lagt niður endanlega, heldur að það starfi áfram sem ráðgefandi aðili. En við leggjum ekki til að dýraverndarráð verði endurvakið enda komu engin slík álit frá þinginu sl. vor. Ég tel að það sé óþarfi að viðhalda dýraverndarráði vegna þess að við viljum hafa stjórnsýsluna skilvirka og einfalda og við munum vera í samráði við hagsmunaaðilana og þá aðila sem fjalla um dýramál varðandi stefnumótandi atriði. Þetta er allt í mjög eðlilegum farvegi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Breyting á XV. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 394. mál (aðstoð til menntunar, ríkisaðstoð til fyrirtækja). — Þskj. 455.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 395. mál (lögmenn). — Þskj. 456.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Singapúr, frh. fyrri umr.

Stjtill., 400. mál. — Þskj. 491.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 1. umr.

Stjfrv., 404. mál (sala á rjúpu o.fl.). — Þskj. 499. [15:08]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Frv. þetta er lagt fram í kjölfar skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um ástand rjúpnastofnsins frá 21. ágúst 2002. Að mati stofnunarinnr hefur rjúpum fækkað verulega á liðnum áratugum, stofnsveiflur eru að sléttast út og rjúpnastofninn er í lágmarki. Því er nauðsynlegt að grípa til ráðstafana til verndar stofninum og er hér um að ræða tillögur í fyrsta sinn um að gripið verði til aðgerða.

Þegar hefur verið ákveðið að frá og með næsta ári verði leyfilegur veiðitími styttur um þrjár vikur og svæði í nágrenni höfuðborgarsvæðisins þar sem rjúpnaveiðar eru alfarið bannaðar hefur verið stækkað verulega. Í frv. þessu er lagt til að gerðar verði tvenns konar breytingar á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum í því skyni að minnka veiðiálag á rjúpnastofninn. Annars vegar er lagt til að sala á rjúpum og rjúpnaafurðum verði bönnuð og hins vegar að kveðið verði á um það með skýrari hætti en fyrr að óheimilt verði að stunda veiðar á vélsleðum og fjórhjólum.

Samkvæmt veiðiskýrslum veiða um 10% veiðimanna um helming allra veiddra rjúpna. Ljóst er að bráð þessara manna er ekki nema að hluta til ætluð til eigin neyslu. Bann við sölu á rjúpu mundi því draga úr veiðum sem stundaðar eru í atvinnuskyni og þar með úr heildarfjölda veiddra rjúpna. Heimild fyrir slíku sölubanni er ekki fyrir hendi í núgildandi lögum. Lagt er til að bannið verði tímabundið til fimm ára til samræmis við aðrar verndaraðgerðir sem gripið verður til. Að loknu því tímabili ætti að liggja fyrir hvort aðgerðirnar hafi borið árangur og hvort ástæða sé til að halda þeim áfram.

Þar sem markmið frv. er að vernda íslenska rjúpnastofninn er ekki talin ástæða til að láta sölubann þetta ná einnig til innfluttra rjúpna. Til að koma í veg fyrir að íslenskar rjúpur verði seldar sem innfluttar er í frv. gerð krafa um að varan sé þannig merkt við innflutning og sölu að fram komi frá hvaða landi hún er upprunnin.

Samkvæmt núgildandi lögum er heimilt að nota vélknúin ökutæki, þar með talið vélsleða og fjórhjól, til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Erfitt getur verið fyrir veiðimenn að fara eftir þessum reglum þegar jörð er þakin snjó enda er akstur utan vega þá almennt heimill samkvæmt náttúruverndarlögum. Allt eftirlit með slíku er jafnframt miklum erfiðleikum háð. Markmið banns um notkun vélsleða og fjórhjóla við veiðar er því að gera aðgengi veiðimanns að veiðislóð erfiðara, minnka það svæði sem hann kemst yfir í einni veiðiferð og þar með leitast við að draga úr veiðiálagi.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið meginefni frv. og legg til að því verði vísað að lokinni 1. umr. til hv. umhvn.

Umræðu frestað.

Heimsókn forsætisráðherra Rúmeníu. [15:11]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil vekja athygli hv. alþingismanna á því að forsætisráðherra Rúmeníu, Adrian Nastase, er staddur á þingpöllum ásamt fylgdarliði. Forsætisráðherra Rúmeníu er hér á landi í opinberri heimsókn í boði forsrh., Davíðs Oddssonar.

Ég vil fyrir hönd Alþingis bjóða forsætisráðherra Rúmeníu velkominn í Alþingishúsið og ég vænti þess að heimsókn hans til Íslands verði til þess að styrkja þau tengsl sem eru á

milli landa okkar. Alþingi vottar forsætisráðherra Rúmeníu og rúmensku þjóðinni vináttu og virðingu.

Ég bið hv. alþingismenn að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum].

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 404. mál (sala á rjúpu o.fl.). — Þskj. 499.

[15:13]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í því frv. sem hér var mælt fyrir eru furðuleg ákvæði um það að fólki sé bannað að selja eigur sínar. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort fordæmi séu fyrir því á öðrum sviðum að fólki sé bannað að selja eigur sínar. Ég vil líka spyrja að því hvernig menn ætla að fara með það ef ég gef veiðimanni þúsund kr. eða 10 þús. kr., færi honum það í jólagjöf, og hann gefur mér tíu rjúpur í staðinn.

[15:13]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég rakti áðan í inngangsorðum mínum varðandi þetta frv. er um að ræða aðgerðir til að draga úr veiðum á rjúpu. Við fengum tillögur frá Náttúrufræðistofnun Íslands um ýmsar aðgerðir, höfum skoðað þær með hagsmunaaðilum og komumst að því að ein ágæt leið í þessu sambandi væri að banna sölu á rjúpum til þess að hindra magnveiðimennina. 10% veiðimanna veiða helming veiddra rjúpna þannig að almennt talið er það æskilegt, að mínu mati, að takmarka veiðarnar, m.a. með því að banna sölu á rjúpum til veitingastaða og í búðir. Þetta hefur m.a. verið gert í Bretlandi og í Bandaríkjunum með ágætisárangri þannig að ég tel að við Íslendingar getum líka gripið til þessara aðgerða, vonandi með sama ágæta árangri. Hér er um lagaheimild að ræða sem gilda mun í fimm ár, verði hún samþykkt, en við vonum að þessar heildstæðu tillögur sem hér eru fluttar um að takmarka rjúpnaveiðarnar muni hafa borið árangur á þessu tímabili. Þá falla lögin eðlilega úr gildi að því afloknu.

[15:15]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fékk ekki svar við því hvort það væri sambærilegt inngrip í frelsi einstaklinga til að selja eigur sínar á öðrum sviðum. Á það var bent að í Bandaríkjunum hefði þetta gefið góða raun. Ég geri ráð fyrir því að þetta hafi þá bara farið undir yfirborðið og menn skiptist á gjöfum í staðinn fyrir að selja.

Ég get ekki séð nokkra leið til þess að framfylgja þessu. Menn geta jú verslað hingað og þangað, úti um allt. Það sem gerist er að ekki verða lengur til sölu rjúpur í verslunum, heldur á torgum og strætum. Þar munu menn, til þess að hafa allt formlega í lagi, skiptast á jólagjöfum.

[15:16]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel ekki að hér sé um ræða bann við því að selja eigur sínar. Hér er um að ræða tillögu um það að banna sölu á rjúpu til þess að takmarka veiðarnar. Ég tel mögulegt að framfylgja þessu en ég heyri að hv. þm. gerir ráð fyrir mjög ríkum brotavilja hjá veiðimönnum til að selja rjúpu þrátt fyrir bannið. Ég ber þá von í brjósti að veiðimenn fari eftir þessum lögum, verði þau samþykkt, og takmarki veiðar sínar. Það er alvarlegt ástand í rjúpnastofninum núna, hann er í lágmarki og við leggjum hér til að það verði bannað að selja rjúpu og að það verði líka bannað að stunda veiðar af fjórhjólum og snjósleðum. Menn hafa samt freistast til þess að gera það, m.a. vegna þess að lögin hafa ekki verið nógu skýr og einstaka aðilar hafa lesið náttúruverndarlögin en þar stendur að menn megi fara um jörð sé hún snævi þakin, sem sagt hvar sem er. Það stendur ekki í svokölluðum villidýralögum þannig að við ætlum að kveða sterkar á um þessi atriði með frv.

[15:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil segja um þetta litla frv. að betra er seint en aldrei. Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. umhvrh. hefði gripið miklu fyrr til löngu tímabærra ráðstafana til að draga úr veiðiálagi á rjúpu og reyna að því leyti til að stuðla að uppbyggingu stofnsins á nýjan leik. Ég held að öllum hafi verið það ljóst undanfarin nokkur ár, a.m.k. tvö, þrjú sl. ár, að ástand stofnsins væri afar bágborið. Það hefur reyndar rignt yfir stjórnvöld undanfarin tvö, þrjú sumur og haust eindregnum tilmælum víða að um að aðhafast eitthvað í málinu. Það er hálfsnautlegt að loksins núna, korteri fyrir tólf rétt fyrir jól, á þessu síðasta kjörtímabili þessarar ríkisstjórnar um aldur og ævi, skuli þetta frv. birtast og það tekur til ráðstafana sem á að gera næsta haust, nokkrum mánuðum eftir að hæstv. umhvrh. mjög líklega hefur þá látið af því embætti.

Það er að vísu ágætt að móta stefnuna fyrir fram en miklu betra hefði verið ef hæstv. ráðherra hefði t.d. strax í fyrrahaust (**Umhvrh.:** ... núna.) og svo aftur í haust gert eitthvað. Ég tel að það sé ódýrt hjá hæstv. ráðherra að skjóta sér á bak við það að hún hafi ekki fyrr en í haust fengið tillögur frá Náttúruverndarstofnun. Hún fékk a.m.k. mjög eindregnar tillögur þá og ég held að umhvrn. beri jafnmikla ábyrgð á þessum málum eftir sem áður. Ég held að ráðherra hefði átt að leggja eyrun við þegar mönnum sem best til þekkja, þeim sem hafa um áratuga skeið fylgst með ástandi stofnsins á viðkomandi svæðum, ber meira og minna saman um það hve alvarlegt ástandið var orðið strax í hittiðfyrrahaust og fyrrahaust. Þá hefði t.d. verið handhægt að gera það sem ég hygg að flestir hafi verið sammála um að hefði átt að gera, og ég reyndar lagði til í till. til þál. nú á þessu hausti, að stytta tímann. Það er sú friðunaraðgerð sem ég veit að vísu að er inni í myndinni og er hluti af þeim aðgerðum sem fyrirhugaðar eru að komi til framkvæmda næsta haust. Það hefði verið hægt að gera þegar í fyrrahaust og aftur í haust og þarf ekki lagabreytingu til, eins og frægt er, og hv. þm. Össur Skarphéðinsson veit manna best því að hann greip til þeirrar ráðstöfunar einu sinni fyrir nokkrum árum.

Um hvað sé vænlegast að gera má auðvitað lengi ræða en eitt er víst og það er það að við höfum ekki margt annað í höndunum og í okkar valdi að gera en að reyna að draga úr veiðiálaginu. Það er bara ósköp einfaldlega þannig. Menn geta endalaust rætt um skýringar á því af hverju stofninn sveiflast, annars vegar þessar náttúrulegu sveiflur sem menn þekkja sem eru að vísu ekki, að því er virðist, eins reglulegar lengur og áður var, og svo hins vegar hægfara hnignun stofnsins sem er augljós þegar gögn yfir langan tíma eru skoðuð. Menn vita ekki af hverju þetta stafar og sjálfsagt má deila um það lengi því að erfitt er að sanna slíka hluti. Menn geta held ég ósköp einfaldlega nálgast málið frá hinni hliðinni og sagt: Hvað getum við gert til hjálpar stofninum?

Þá er það fyrst og fremst það að draga úr veiðiálaginu. Við höfum ekki annað í okkar höndum. Ef náttúrulegir þættir eru þarna á ferðinni sem eru utan okkar áhrifasviðs eins og sumir telja jafnvel, mögulega breytt veðurfar eða smitsjúkdómar, er það allt ént eitthvað sem ekki er auðvelt við að eiga en veiðiálaginu getum við stýrt. Þess vegna er ég eindreginn stuðningsmaður þess að það sé gert og ég er tilbúinn að reyna allar þessar leiðir sem hér eru taldar upp, þ.e. að setja sölubann á rjúpu, að stytta veiðitímann, að reyna að framfylgja því af meiri hörku en nú er gert að menn noti ekki allt of stórvirk drápstæki, margskota byssur og annað í þeim dúr. Og að sjálfsögðu á í þessu tilviki eins og öðrum að framfylgja mjög strangt reglum um bann við akstri utan vega á hvers kyns farartækjum sem valda þar tjóni.

Það er að vísu alveg ljóst að um það hversu auðveldar í framkvæmd þessar aðgerðir sumar hverjar eru má deila, t.d. það að setja sölubann á rjúpu eða þess vegna á alla villibráð, eins og stundum hefur verið rætt um. Það mun augljóslega hafa það í för með sér að opinberum viðskiptum með rjúpu lýkur og hún hættir að vera til sölu, skulum við ætla, í búðum og á veitingahúsum. Það er ekki þar með sagt að auðvelt verði að koma í veg fyrir öll viðskipti ef menn vilja stunda þau þótt ólögleg verði, þ.e. ef um sölu er að ræða eða endurgjald kemur fyrir. Hv. þm. Pétur Blöndal benti á það í andsvari, og er hann jafnan nokkuð iðinn við að skoða þær hliðar mála sem gætu skapað smugur fyrir þá sem vilja brjóta lögin, eins og við þekkjum sem setið höfum með hv. þingmanni á þingi í nokkur ár. Auðvitað er ekki hægt að horfa fram hjá því að eitthvað verður sjálfsagt um slík viðskipti bak við tjöldin.

Síðan er, að því ég best fæ séð og veit, ekki ætlunin að koma í veg fyrir að menn gefi þessa vöru, og menn geta áfram veitt sér til matar. Að sjálfsögðu er ekki meiningin að hindra það. Ef við lítum svo á að rjúpnaveiði sé fyrst og fremst og nær eingöngu nú orðið stunduð í landinu sem sportveiði held ég að það sé að mörgu leyti í góðu samræmi við það að ekki sé um viðskiptalega starfsemi að ræða, að rjúpan sé þá ekki hugsuð til sölu. Það mun væntanlega draga mjög úr mikilli veiði einstakra aðila og stofninum þannig hlíft.

Það má að vísu spyrja sig að því hvort það sé að öllu leyti sanngjarnt gagnvart t.d. landeigendum sem hafa haft það sem hluta af hlunnindanýtingu á jörðum sínum að veiða rjúpur. Ég viðurkenni fúslega að ég hef nokkra samúð með þeim tilvikum sem enn eru, hygg ég, til staðar en ekki kannski í mjög miklum mæli. Bændur eru oft uppteknir á þessum árstíma og hafa um nóg annað að hugsa. Ég hygg að margir af magnveiðimönnum undangenginna ára séu ekkert síður veiðimenn úr þéttbýli en landeigendur. Ég hef svo sem velt því fyrir mér hvort einhver leið væri að gera þarna greinarmun á en það yrði væntanlega mjög erfitt í framkvæmd. Reglan verður að vera almenn eigi að vera nokkur von til þess að eftir henni verði farið og henni fylgt. Í ljósi þess að um tímabundnar friðunaraðgerðir er að ræða, sem stjórnvöld hafa að sjálfsögðu alla möguleika á að mæla fyrir um, held ég að þetta verði svona að vera. Og þá er að sjá hvort þetta skilar tilætluðum árangri, að það dragi verulega úr veiðiálaginu og að stofninn nái sér upp, sem við skulum vona og er auðvitað tilgangurinn með þessum aðgerðum. Það væri mikið skarð fyrir skildi í íslenskri náttúru ef rjúpnastofninn hryndi eða yrði áframhaldandi í jafnhörmulegu ástandi og hann hefur verið, ekki bara rjúpnastofnsins vegna heldur er rjúpan auðvitað hluti af hinni villtu íslensku náttúru. Fálkastofninn á allt sitt undir viðgangi rjúpnastofnsins og þar fram eftir götunum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta frekar. Ég er stuðningsmaður þess að gripið sé til þessara aðgerða þó að auðvitað megi velta fyrir sér útfærslu á einstökum þáttum í þessu máli. Ég hefði helst mælt með því að menn styttu, ef eitthvað væri, í ríkari mæli veiðitímann en treystu í minna mæli á aðrar aðgerðir, einfaldlega vegna þess að ég er ekki viss um að þær reynist jafnárangursríkar og þessi.

[15:27]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég heyri að hv. þm. er í heildina þokkalega sáttur við þetta frv. En ég vil taka það fram vegna þeirra orða sem hér féllu í upphafi, að það væri betra seint en aldrei og það hefði fyrir löngu átt að vera búið að grípa þessara aðgerða, að það var ekki fyrr en í haust sem umhvrh. fékk tillögur um aðgerðir. Þær komu frá Náttúrufræðistofnun og voru sendar til ráðgjafarnefndarinnar um villt dýr sem kom með álit sitt — ráðherra á að leita álits hennar á slíkum málum — þann 13. september. Ég vil bara mótmæla því ef hér er verið að gefa í skyn að ráðherra hafi haft einhverjar sérstakar forsendur til þess að grípa til aðgerða fyrr. Ég fékk þessar tillögur í haust.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talar á þessum nótum. Í sérstakri þáltill. sem þingmaðurinn flutti núna á haustdögum er talað á þessum nótum. Þar er sagt að þetta hafi verið tekið til umræðu í þinginu á síðasta hausti og þá hefði það verið borið við af ráðherra að það væri of seint að aðhafast nokkuð á því hausti. En það voru engar tillögur uppi þá. Ég vil bara taka það fram út af þessum orðum, svo að það sé alveg skýrt, að ráðherra hefur ekki fengið tillögur um að það ætti að grípa til aðgerða til verndar rjúpnastofninum fyrr en í haust. Og þá tökum við að mínu mati með algjörlega eðlilegum hætti á því og leggjum hér til ágætisaðgerðir sem vonandi verða til þess að rjúpnastofninn rétti úr kútnum. Menn hafa talið að hér væri jafnvel um 30% takmörkun á veiðiálagi að ræða, það er auðvitað voðalega erfitt að meta það, en þetta eru þó a.m.k. víðtækar aðgerðir.

[15:29]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlustaði á þessar afsakanir ráðherra eins og aðrir þingmenn en ég stend við þau orð mín að mér finnst þetta kerfi hafa verið allt of svifaseint og lengi að taka við sér í þessum efnum. Það hefur þurft utanaðkomandi þrýsting til að koma þessum málum á hreyfingu, það bara liggur fyrir, og kerfið hefur verið mjög svifaseint, við hvern sem þar er aðallega að sakast. Ég tel að ábyrgðin hvíli fyrst og fremst á umhvrn. sem fer með þessi mál og það er náttúrlega ekki þannig að umhvrn. sé bara stikkfrí þangað til einhverjar tillögur berast úr einhverjum undirstofnunum þess um að eitthvað þurfi að gera. Ég veit ekki betur en að rignt hafi yfir umhvrn. óskum um það undanfarin tvö, þrjú ár. Fyrir einum þremur árum voru menn meira að segja farnir að tala um að það væri óumflýjanlegt að setja rjúpuna á válista. Það er þá fyrst í haust sem Náttúrufræðistofnun ákveður það og villidýranefnd afgreiðir þetta mál hjá sér.

Það verður auðvitað bara að segja hlutina eins og þeir eru. Það er vitað að það hefur verið ágreiningur þar sem t.d. veiðistjóri hefur fram undir það síðasta ekki verið talsmaður

þess að takmarka þyrfti veiðar, og menn hafa deilt um það hvernig ætti þá að gera það. Sumir segja að stytting veiðitímans framan af hafi lítið sem ekkert upp á sig því dánartíðnin sé svo há hjá rjúpunni á þeim tíma og þar fram eftir götunum. Þessi þræta hefur kyrrsett allt í kerfinu í ein tvö ár og það er það sem ég hef gagnrýnt, að ég tel með fullum rétti, og ég stend við hvert orð sem í greinargerð þáltill. minnar stendur.

[15:31]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skil svo sem að hv. þm. geti ekki viðurkennt það að hann hafi kannski farið út fyrir það sem eðlilegt gat talist í þingskjali sínu, en það er alveg ljóst að það var ekki hægt að bera því við að of lítill tími væri í fyrra, því ekki komu fram neinar tillögur.

Náttúrufræðingar hafa margir hverjir haft þá skoðun að veiðiafföllin væru ekki mikil, veiðarnar skiptu ekki miklu máli. En þeir hafa verið að skoða kenningar sínar upp á nýtt og núna fáum við sem sagt tillögur um að grípa til aðgerða. Og það er ekki þannig að þetta komi frá einhverjum undirstofnunum. Þessar tillögur koma frá þeirri fagstofnun sem er hjá umhvrn. og sinnir rannsóknum á rjúpnastofninum og að sjálfsögðu tökum við það til skoðunar þegar sú fagstofnun kemur með tillögur sínar, ekki í fyrra eða hittiðfyrra, heldur núna í haust.

Það er rétt að lengi hefur verið í umræðunni hvort grípa ætti til einhverra aðgerða hjá ákveðnum hópum í samfélaginu. Við þessa umræðu hefur rignt inn tillögum um að rjúpan yrði alfriðuð, það yrði bara bannað að veiða hana um aldur og ævi. Það eru margir sem hafa þá skoðun. En það eru engin stofnvistfræðileg rök til þess.

Við höfum því í samráði við undirstofnun okkar og ýmsa aðra hagsmunaaðila lagt til víðtækar aðgerðir. En þannig er að þetta mál kom ekki inn á borð til okkar fyrr en núna í haust. Ég vil taka það sérstaklega fram af því hérna er gefið í skyn að við höfum eitthvað legið á liði okkar og ekkert verið að sinna þessum málaflokki og ráðherrann sé bara að henda þessu fram núna og þetta verði ekkert komið til framkvæmda fyrr en ráðherrann verði hugsanlega farinn til einhverra annarra starfa. Ég vil mótmæla þessu.

Þegar hefur verið gripið til aðgerða. Búið er að stækka margfalt það svæði á suðausturhorninu sem er friðað fyrir veiðum og svo öflum við okkur hér heimilda til þess að banna söluna á rjúpunni og takmarka veiðarnar af fjórhjólum og snjósleðum og svo styttum við veiðitímann á næsta ári í næstu fimm ár.

[15:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hæstv. ráðherra óþarflega viðkvæm þó hér sé komið fram með gagnrýni af þessu tagi. Manni hlýtur að leyfast að hafa þá skoðun að þessar aðgerðir séu full seint á ferðinni og æskilegra hefði verið að menn hefðu unnið rösklegar að þessum málum, byrjað fyrr að hlusta á mjög vel undirbyggðar og rökstuddar skoðanir manna sem ég held að sé full ástæða til að taka mark á, landeigenda, gamalreyndra veiðimanna, sveitarstjórna á fleiri en einum stað og fleiri en tveimur stöðum á landinu o.s.frv. Síðastliðin tvö, þrjú ár hafa þessir aðilar einmitt á þeim svæðum þar sem helsta kjörland rjúpunnar liggur nú, á norðausturhorni landsins, á Vestfjörðum og víðar, verið með eindregnar óskir í þá veru að eitthvað yrði að gert. Og það gera menn ekki að ástæðulausu.

Fjöldi manna sem eiga beinlínis beinna hagsmuna að gæta af rjúpnaveiðum vegna þess að þeir stunda þær sjálfir, eru leiðsögumenn ferðamanna við rjúpnaveiðar eða aðkomumanna við rjúpnaveiðar eða selja gistingu og eiga þar af leiðandi beinna hagsmuna að gæta, þeir biðja sjálfir um einhverjar aðgerðir því þeir sjá sem er að ef svo heldur fram sem horfir þá verði grundvellinum kippt undan starfsemi þeirra að þessu leyti af því stofninn er í svo slæmu ástandi og á hraðri niðurleið.

Ég leyfi mér því ósköp einfaldlega, herra forseti, að halda til haga þessari gagnrýni um leið og ég í öllum aðalatriðum er sammála því að fara út í aðgerðir af því tagi sem ég hef lýst í máli mínu.

[15:35]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

Eins og fram kemur í grg. með frv. er það mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að rjúpum hafi fækkað verulega á liðnum áratugum, stofnsveiflur séu að sléttast út og rjúpnastofninn sé nú í sögulegu lágmarki. Og til að stemma stigu við þeirri fækkun lagði stofnunin til tvenns konar aðgerðir, þ.e. annars vegar að sala á rjúpum á almennum markaði yrði bönnuð og hins vegar að veiðitími rjúpu yrði styttur.

Hæstv. umhvrh. hefur fylgt ráðum stofnunarinnar í þessu frv. með því að kveða á um bann við því að bjóða til sölu eða selja rjúpur og rjúpnaafurðir og af því leiðir að bannað er að hafa rjúpur til sölu í verslunum sem og á matseðli veitingahúsa. En bannið nær þó ekki til innfluttra rjúpna eða rjúpnaafurða. Það má selja innfluttar rjúpur en íslenskir veiðimenn mega ekki selja þá bráð sem þeir veiða. Enn fremur er lagt bann við því að stunda veiðar á fjórhólum og vélsleðum.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að efast um gagnsemi sölubanns til verndar rjúpunni. Mun vitlegra hefði verið að takmarka veiðitímabilið á þann hátt að leyfa ekki veiðar á rjúpu fyrr en 1. nóvember í stað 15. október eins og nú er. Reyndar er kveðið á um það í frv. að frá og með árinu 2003 og næstu fjögur árin þar á eftir verði einungis heimilt að veiða rjúpu frá 25. október til 12. desember, en ég held að það hefði átt að færa þetta til 1. nóvember. Með því að seinka tímabilinu þá tel ég að verulega mundi draga úr veiðinni því langmest veiði fer fram á þessum tveimur vikum. Meðan tíð er góð, birtuskilyrði betri en þegar nær dregur jólum og oftast er snjólaust um miðjan október, svo að skjannahvítar rjúpurnar eru eins og endurskinsmerki á auðri jörðu.

Í annan stað ætti að taka það til alvarlegrar athugunar að banna hunda á rjúpnaveiðum. Góðir veiðihundar eiga afskaplega auðvelt með að finna rjúpurnar og geta auðveldlega þefað uppi allar rjúpur á tilteknum svæðum.

En ég fagna því samt að hæstv. umhvrh. hefur horfið frá þeirri hugmynd sem hún kynnti hér fyrir nokkru að leggja til breytingar á byssum með því að krumpa hólkana svo að þær taki færri skot.

En mönnum ber saman um að til aðgerða þurfi að grípa til verndar rjúpunni og ég hef rætt við marga veiðimenn, bæði fyrir norðan og austan, og ber flestum saman um að stytting veiðitímabilsins, sérstaklega með því að taka framan af því sem og banna hunda við veiðarnar, gæfi hvað bestan árangur.

[15:39]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Ég vil í upphafi taka undir það markmið frv. að vernda íslenska rjúpnastofninn og að gripið verði til aðgerða sem tryggi vöxt, viðgang og stöðu hans þannig að hann verði eðlilegur þáttur í íslenskri náttúru og að staðið sé rækilega vörð um hann. Ég tek undir þau meginmarkmið sem sett eru fram.

Enn fremur tek ég undir þau atriði sem eru í frv. sem lúta að því að takmarka notkun á vélknúnum farartækjum við að elta uppi rjúpuna. Það er hið forna hugtak „að ganga til rjúpna" sem ég tel að eigi að hafa í heiðri gagnvart rjúpnaveiðum, enda hefur þetta að hluta til verið atvinna, en að hluta til er þetta útivistarmál að mati þeirra sem hafa stundað rjúpnaveiði. Ég tel því að binda eigi þetta við hið forna hugtak, að ganga til rjúpna, en ekki að fara á vélknúnum farartækjum. Ég fagna þeim ákvæðum í frv. sem lúta að því að takmarka notkun vélknúinna ökutækja við rjúpnaveiðar.

Ég vil líka vekja athygli á að sagt er að lítið eftirlit sé með farartækjum inn á heiðar landsins og jafnvel akstri utan vega hvað varðar einmitt rjúpnaveiðar og þá sem þær veiðar stunda. Ég vil spyrja ráðherrann hvort einhverjar aðgerðir séu í gangi til að styrkja eftirlit með því að ekki sé ekið utan vega þegar ekki er snjóþekja yfir. Og einnig hvort eftirlit verði aukið með því að tryggja að komið verði í veg fyrir notkun vélknúinna ökutækja við rúpnaveiðar eins og frv. gerir ráð fyrir eða stílar upp á.

Ég held að mikilvægt sé að þarna haldist í hendur gott eftirlit árið um kring varðandi umgengni við íslenska náttúru, ekki bara við rjúpuna heldur almennt við að koma í veg fyrir akstur utan vega, og með því að ekki sé verið að nota vélknúin ökutæki til að keyra uppi rjúpur, gæsir eða önnur dýr sem verið er að veiða með þessu móti.

Þá vil ég líka spyrja hæstv. ráðherra hvað líði aðgerðum til að koma í veg fyrir að notuð séu blý í höglum við veiðar á rjúpu, gæs eða öðru sem verið er að veiða í íslenskri náttúru. Með því að dreifa blýhöglum um landið hlýst af veruleg blýmengun og hefur þegar verið bannað víða annars staðar.

Varðandi það ákvæði sem þarna er til að friða rjúpuna, að banna að rjúpa sé seld í verslunum eða manna á milli, þá held ég að það ákvæði sé dæmt til að mistakast. Svo lengi sem rjúpnaveiði er heimil verður held ég erfitt að koma í veg fyrir að menn versli með hana sín á milli eða í verslunum og þarna sé verið að bjóða heim einhverri óleyfilegri starfsemi sem alls ekki er þessu máli til framdráttar.

Ég held að þarna séu menn að stinga höfðinu í sandinn eða jafnvel að bjóða heim starfsemi sem óhjákvæmilega mun eiga sér stað svo lengi sem veiðar eru stundaðar og verið að gera menn að lögbrjótum og auka eftirlitsiðnaðinn. Áfram verður heimilt að flytja inn rjúpur og selja þær. Hvernig á að þekkja í sundur rjúpurnar sem eru í borðinu, hvort þær eru frá Grænlandi eða úr Þistilfirðinum?

Ég skora því á hv. umhvn. að skoða málið. Við verðum að halda okkur við skynsemina. Ég held að hægt sé að beita friðunaraðgerðum með styttingu á veiðitímanum. Það má líka binda veiðiréttinn meira við fólk sem býr úti á landi og þetta gæti orðið þá hluti af atvinnu þess eða hlunnindanýtingu og það geti nýtt hlunnindi til lands og sjávar svo lengi sem rjúpnaveiðar eru þá heimilaðar á annað borð.

Virðulegi forseti. Ég kom upp fyrst og fremst til að benda á að mér finnst sú nálgun að ætla að banna sölu á rjúpum vera lítið skynsamleg.

[15:45]

Útbýting þingskjala:

Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, 354. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 532.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 422. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 533.

[15:45]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek fyrst og fremst til máls til að fagna þessu frv. til laga um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Mér sem dýravini hefur í nokkur undanfarin ár liðið illa út af þessum gríðarlegu rjúpnaveiðum sem iðkaðar hafa verið og sérstaklega því hve margir eru farnir að stunda það að veiða rjúpur til að selja, sem er mjög ábatasamt, ég tala nú ekki um þegar menn hafa þeyst upp um heiðar og fjöll á vélknúnum ökutækjum. Jafnvel þótt það sé leyft á frosinni jörð á Íslandi þá hefur það verið mjög óhugnanlegt þegar þeyst hefur verið upp um fjöll og firnindi á eftir þessum litlu dýrum á vélknúnum ökutækjum, ég tala nú ekki um þegar hundar eru líka með í för sem hjálpa til við veiðarnar. Menn hafa því getað lagt alveg ótölulegan fjölda af rjúpu að velli á einum degi.

Ég fagna þess vegna sérstaklega að hér sé verið að banna að veiða rjúpu af vélknúnum ökutækjum. Ég verð að segja það að ég hef meiri trú á árangri af sölubanni en nokkrir þeir sem hafa talað hér á undan mér. Ég held að rjúpnastofninum stafi ekki hvað síst hætta af þessum stórtæku veiðimönnum sem veiða til að selja. Ef það legðist af, ég tala nú ekki um ef dragi stórlega úr því því það verður aldrei neitt stórkostlegt magn af rjúpu selt á svörtum markaði — það vantar að vísu inn í þessi lög einhver ákvæði um viðurlög við sölubanninu.

Auðvitað er erfitt að framfylgja þessu. Ég var t.d. að hugsa um veitingastaði þar sem bornar eru fram rjúpur. Hvernig á að vera hægt að sanna að að þær séu útlendar? Á að lita þær bláar eða hvernig á að vera hægt að sanna það? Þær eru nú ekki framreiddar nema þá bara bringurnar. Hvernig er hægt að sanna að ... (**Gripið fram í:** Vegabréf.) Já, það þarf kannski að vera með rjúpnavegabréf, samanber hestavegabréfin. Það er ágætishugmynd.

Ég fagna sem sagt þessu frv. sérstaklega. Ég hefði viljað að í því væri líka ákvæði um styttingu veiðitíma. Mér skilst að vísu að það standi til. Ég vil ekki ganga svo langt að leggja til að þær verði veiddar í myrkri eins og kom fram hér áður á fundinum. En ég held að það sé mjög vænlegt að stytta veiðitíma rjúpu til viðbótar við þessi ákvæði sem hér eru tekin fram. (**Gripið fram í:** Þá leggur þú fram breytingartillögu um það.) Mér skildist reyndar að von væri á slíkum tillögum frá ráðuneytinu. Mér skildist það á máli hæstv. ráðherra í ræðu hennar áðan.

Þetta er gott frv. Auðvitað má segja að sum okkar hefðu óskað þess að Náttúrufræðistofnun og þeir aðilar sem um þessi mál fjalla hefðu tekið við sér fyrr því mér finnst hafa blasað við um nokkurra ára skeið hvað var að gerast. En nú er þetta komið fram og ég lýsi fullum stuðningi við frv. eins og það liggur hér fyrir.

[15:50]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir þessar umræður. Mér heyrist að hv. þingmenn sem hér hafa talað séu svona

í stórum dráttum sáttir við frv. Þó hafa menn misjafnar skoðanir á einstökum atriðum.

Hér hafa komið fram athugasemdir við það að mega selja innfluttar rjúpur, þ.e. rjúpur t.d. frá Grænlandi. Sumir hafa efasemdir um að rétt sé að heimila það. En ég vil taka fram af því tilefni að þær aðgerðir sem við erum að grípa til hér eru til verndar íslenska rjúpnastofninum en ekki rjúpnastofni annarra landa þannig að það eru ákveðin rök með því að menn banni ekki innflutning á rjúpum frá öðrum löndum ef þetta er vara sem menn vilja kaupa á markaði, sem hún er.

Hins vegar skil ég það að auðvitað er ófært ef aðilar fara að selja hér íslenskar rjúpur sem grænlenskar. Því þarf að tryggja að hægt sé að rekja uppruna rjúpnanna. Það kemur fram í frv. að menn þurfa að geta sannað að rjúpurnar séu ekki íslenskar og að ekki sé verið að svindla á banninu á sölu á íslenskum rjúpum. Þetta er því eitthvað sem umhvn. þarf að sjálfsögðu að skoða.

Ef mikil brögð verða að því að menn svindli á þessu, sem ég hef svo sem enga ástæðu til að ætla, þá þarf að grípa til þess að banna líka innflutninginn. En við leggjum það ekki til í frv. af því að við teljum að hægt sé að tryggja eftirlitið með þeim hætti að hægt sé að komast að uppruna rjúpnanna, þ.e. þannig að ekki sé hægt að selja þær íslensku sem erlendar.

Í máli hv. þm. Sigríðar Ingvarsdóttur kom líka fram að hún telji að betra sé að stytta veiðitímann enn frekar. Hún hafði efasemdir um sölubannið og taldi að menn ættu að byrja að veiða 1. nóvember, sem sagt stytta veiðitímann að framan, byrja seinna.

Ýmsar kenningar eru til um veiðitímann. Sumir vilja stytta hann að framan. Aðrir vilja stytta hann að aftan. Þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson var umhvrh. stytti hann veiðitímann að aftan. Það mæltist reyndar afar illa fyrir í samfélaginu. Sú aðgerð var heldur ekki gerð í samráði við t.d. hagsmunasamtök eins og Skotvís. Við höfum reynt að vera í mjög góðu samráði við þá að þessu sinni um þetta mál. Ég hef lagt mikla áherslu á það.

Þeir sem telja að stytta eigi tímann að framan færa fram þau rök sem hv. þm. Sigríður Ingvarsdóttir flutti hér, þ.e. að þá sé rjúpan í hópum á láglendi, hún sjáist vel í umhverfinu o.s.frv., að hægt sé að ganga að henni og þetta sé nánast eins og hænsnaskytterí og ég veit ekki hvað og hvað menn draga fram í umræðunni. Hins vegar segja aðrir, sérstaklega ýmsir náttúrufræðingar, að náttúruleg afföll séu mjög mikil í upphafi hausts, þ.e. í upphafi veiðitímans, og þess vegna sé eðlilegt að þá sé skotið af því þær deyi hvort eð er út af náttúrulegum afföllum og því sé eðlilegt að menn skjóti í upphafi veiðitímans. Þetta kom m.a. fram á rjúpnaráðstefnunni sem Skotvís hélt í haust þar sem voru ýmsir fræðingar erlendis frá sem hafa mikið vit á rjúpu. Þeir voru ekki sammála því að stytta veiðitímann að framan vegna þess að þá væri veiðistofninn stærstur og mestar líkur á því að hann gæti bætt sér upp veiðiafföllin með því að draga úr náttúrulegum afföllum á móti. Það eru því misvísandi kenningar sem menn bera á borð. Aðrir segja að eðlilegt sé að stytta tímann að aftan. Rökin fyrir því eru að stofninn sem lifir seint á tímabilinu, þ.e. rétt fyrir jól eða í desember, sé sterkasti stofninn og þess vegna beri að hlífa honum og að ekki eigi að veiða úr honum. Á meðan segja aðrir að það sé svo erfitt að veiða á þessum tíma, dagurinn sé stuttur og að ekkert þurfi að hafa áhyggjur af því, menn séu nánast að skjóta í myrkri eins og hér var sagt.

Við ákváðum eftir að hafa skoðað þetta að stytta veiðitímann á hvorum enda, þ.e. við tökum tíu daga framan af og tíu daga aftan af. Eins og hér kom fram í ræðu hv. þm. Sigríðar Ingvarsdóttur þá er rétt að við höfum tilkynnt að við ætlum að gera það. Það þarf enga lagabreytingu til. Það er bara gert með reglugerð. Við munum stytta veiðitímann á næsta ári og gildir það í fimm ár. Menn vita þá alveg að hverju þeir ganga þannig að t.d. bændur sem selja veiðimönnum gistingu vita þá fyrir fram hvernig þessu verður háttað næstu árin. Þetta er fimm ára prógramm.

Það kom líka fram að hv. þm. Sigríður Ingvarsdóttir var ánægð vegna þess að ráðherra hefði ákveðið að sleppa því að „krumpa hólkana“ eins og það var orðað hérna. Það er rétt. Þessi hugmynd kom fyrst fram þar sem ég sá hana í áliti nefndar sem ég setti á laggirnar til að skoða til hvaða aðgerða við ættum að grípa ef við þyrftum að grípa til aðgerða vegna gæsaveiða og rjúpnaveiða. Þá kom fram í gæsakafla þess álits — Sigmar B. Hauksson var formaður í þeirri nefnd — sú hugmynd og tillaga um að „krumpa hólkana“, þ.e. gera varnanlegar breytingar á magasínunum þannig að ekki væri hægt að pumpa út mörgum skotum í röð úr fjölskotabyssum. Við skoðuðum þetta varðandi rjúpuna og ég hafði í hyggju fyrst að leggja þetta til. Síðan þegar við vorum búin að skoða þetta betur — við vorum í samráði við ýmsa aðila vegna þessa — ákvað ég að falla frá því að þessu sinni. Mér finnst samt að það komi til greina síðar. En ég féll frá því m.a. vegna þess að menn segja mér sem telja sig þekkja vel til þessara mála að þessi aðgerð hefði mun meiri áhrif á gæsaveiðarnar en rjúpnaveiðarnar. Það ætti því frekar að koma til skoðunar ef menn vilja grípa til takmörkunar á gæsaveiðum. Það tæki trúlega talsverðan tíma að gera þetta. Reyndar eru misvísandi upplýsingar um það. Sumir segja eitt ár. Aðrir segja tvö til fjögur ár. Að þessu öllu vegnu ákvað ég því að fara ekki fram með slíka breytingu, þ.e. varanlegar breytingar á byssum landsmanna vegna rjúpunnar. En ég vil ekki útiloka að það verði gert í framtíðinni. Þetta hefur verið gert í öðrum löndum þannig að það er ekki eins og menn séu að finna hér upp nýtt mál.

Hér var líka minnst á hundana. Það mál skoðuðum við líka. Sumir hafa talið að það mundi breyta miklu að banna alla hunda við veiðar. En þetta er kannski ekki alveg svona einfalt. Tvær tegundir af hundum eru notaðar við veiðar, þ.e. svokallaðir bendarar og svokallaðir sækjarar. Sækjararnir eru má segja æskilegir í veiðiskap og meira að segja er skylda á sumum svæðum í Noregi að nota sækjara af því að veiðin getur týnst ef hún er ekki sótt af hundum. Bendarar eru hins vegar ekki mjög æskilegir í veiðum af því að þeir benda veiðimanninum á bráðina. Hann fær því mjög mikla aðstoð með því og kemst yfir stærra svæði.

Eftir að hafa skoðað þetta teljum við að hér sé ekki um vandamál að ræða. Veiðimenn nota ekki mikið hunda. Samkvæmt upplýsingum frá veiðistjóra þá hefur hann skoðað hvað þessir svokölluðu hundaveiðimenn veiða miðað við aðra, en það er ekki munur þar á þannig að hundaveiðimennirnir eru ekki að veiða meira. Við ákváðum því að taka það ekki inn í frv. að banna hundana, m.a. vegna þess að um er að ræða tvær tegundir af hundum. Önnur er æskileg, hin ekki. Við teljum að þetta sé ekki það mikið vandamál að til sérstakra aðgerða þurfi að grípa vegna þessa.

Hv. þm. Jón Bjarnason flutti líka ræðu. Ég átta mig nú ekki alveg á sumu sem þar kom fram. Þingmaðurinn fann mjög mikið að sölubanninu. Ég átta mig ekki á því hvort

hann er mótfallinn sölubanninu. En það er alveg ljóst að Náttúrufræðistofnun Íslands og Skotvís styðja þetta sölubann og mun fleiri. Ég tel því að til þess beri að grípa.

Hv. þm. spurði líka um blý. Ég tel ekki útilokað að við grípum til einhverra aðgerða varðandi það í framtíðinni. En það eru engar tillögur um neitt slíkt á leiðinni og blý er ekki í sérstakri skoðun núna í ráðuneytinu.

Hér var komið inn á að styrkja þyrfti eftirlitið. Verði þetta frv. að lögum verður að mínu mati einfaldara að hafa eftirlit með skotveiðum af snjósleðum og fjórhjólum. Nú er það þannig sums staðar, er manni sagt, að talsvert er um að veiðimenn fari um á snjósleðum og fjórhjólum. Þessir menn komast um allt og það er jafnvel svo að veiðimenn ganga til rjúpna þegar fram hjá blússa snjósleðar eða fjórhjól með veiðimenn til að skjóta á svæðum sem aðrir ætla sér á en komast hægar yfir. Ég tel brýnt að taka þetta fastari tökum og eftirlitið verður einfaldara þegar þetta frv. hefur verið samþykkt.

Hér kom líka fram það sjónarmið hjá hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur sem tengist þessu, að vélsleðarnir komast um allt. Þetta er eitt af því sem okkur hefur verið bent á, að vegna þess að menn búa yfir meiri tækni komast menn á fleiri staði en áður og hraðar yfir. Þess vegna eru fá griðarsvæði eftir fyrir rjúpuna. Erlendis hefur verið gripið til þess ráðs að setja upp verndarsvæði, bara griðarsvæði, sem menn fara ekki inn á. Þau eru höfð á veiðislóð þannig að svæðið verður eins og mósaík, veiðisvæði með griðasvæði inni á milli þar sem ekki er veitt. Þar eru einhvers konar uppeldisstöðvar fyrir rjúpuna. Þetta hefur verið prófað í Noregi og kom m.a. fram á ráðstefnunni um rjúpnaveiðar og rjúpnarannsóknir sem Skotvís hélt á Grand Hóteli um daginn.

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þessar ágætu umræður. Ég vil draga sérstaklega fram að lokum eins og í upphafi, að við fengum tillögurnar í haust og að mínu mati höfum við farið vel yfir þær. Með þessu er í fyrsta sinn verið að grípa til víðtækra aðgerða til verndar rjúpnastofninum. Þetta eru víðtækar aðgerðir, ekki einhverjar skyndiaðgerðir sem eiga að standa í stuttan tíma og eru einangraðar við eitt atriði. Þetta eru víðtækar aðgerðir sem eiga að standa í fimm ár. Það er verið að tala um sölubannið, styttingu á veiðitíma og algjört bann við veiðum af snjósleðum og fjórhjólum þannig að einfaldara sé að hafa eftirlit. Það er verið að stækka mikið friðaða svæðið hér í nágrenni höfuðborgarinnar, þar sem menn fá ekki að veiða.

Að mínu mati hefur tekist mjög vel til. Það er almenn sátt um þetta frv. og engir hagsmunahópar að því er mér virðist sem eru afar reiðir yfir þeim aðgerðum sem við erum að grípa til. Ég er nokkuð ánægð með þessa niðurstöðu og tel að við stígum mjög mikið framfaraspor fyrir afkomu rjúpnastofnsins í framtíðinni. Það segja mér líka þeir fræðingar sem við höfum átt mjög gott samstarf við. Við höfum fengið mikla hjálp frá sérfræðingum Náttúrufræðistofnunar Íslands, bæði Ólafi Nielsen og Kristni Hauki Skarphéðinssyni. Hér er um víðtækar aðgerðir að ræða á fimm ára tímabili sem ættu að reisa rjúpnastofninn við. Að sjálfsögðu verður fylgst með rjúpnastofninum á þessu tímabili. Menn geta síðan endurskoðað aðgerðirnar að þeim tíma loknum.

[16:03]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Vissulega er ástand rjúpnastofnsins alvarlegt. Það rennur mér til rifja hvernig komið er fyrir þeim stofni. Ýmsar leiðir eru til að bjarga honum eins og menn hafa nefnt hér. Það hefur ekki verið minnst á, ekki svo ég hafi tekið eftir, að refur og minkur tekur náttúrlega sinn skammt. Kannski hafa minnkandi veiðar á þeim dýrum haft sín áhrif.

Ég held hins vegar að sölubannið gangi hreinlega ekki, herra forseti. Ég vil vísa því til hv. nefndar, sem fær málið til umsagnar, hvort það brjóti ekki gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Það er nefnilega þannig að það er ekki bannað að veiða. Menn mega veiða þess vegna 50 rjúpur. Þar með eru þeir orðnir eigendur þeirra rjúpna. En síðan mega þeir ekki selja þessar eigur sínar. Ég held að það fáist bara ekki staðist.

Ég vil að hv. nefnd skoði mjög ítarlega og varlega hvort þetta fáist staðist eiganrréttarákvæði stjórnarskrárinnar sem við þingmenn höfum svarið eið að og þurfum að gæta í hvívetna. Ég vil að menn standi mjög harðir á því að víkja hvergi frá stjórnarskránni, jafnvel ekki í því að selja nokkur stykki af rjúpum. Þessu vil ég beina til hv. nefndar sem fær frv. til umfjöllunar.

[16:05]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég tel ekki um það að ræða í þessu tilviki að brotið sé á réttindum manna, þ.e. eignarrétti þeirra. Ég vil líka benda á að ég tel að hv. þm. sé fastur í einhverjum „ismum" að þessu leyti. Sama ákvæði gildir t.d. um æðaregg. Það er bannað að selja æðaregg og hefur verið lengi í lögum. Ég hef ekki séð að þar hafi komið fram athugasemd um að brotið hafi verið á einhverjum sjálfsögðum réttindum þegna landsins. Ég get líka nefnt, þó það sé kannski ekki mjög skylt dæmi, að það er bannað að selja af heimaslátruðu. Ég veit ekki hvort hv. þm. telur að það sé brot á grundvallarréttindum manna.

Ég vil að það komi fram að ég tel að hér sé ekki verið að brjóta á neinum. Hins vegar töldum við að við hefðum ekki nægar lagaheimildir, samkvæmt núgildandi lögum, til að banna sölu á rjúpu. Þess vegna tökum við það inn í frv., til að þingið gefi þá heimild. Ég tel eðlilegt að menn skoði þetta í nefndinni en tek ekki undir með hv. þm. að hér sé lagt til að brjóta á einhverjum grundvallarréttindum manna.

[16:07]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú þekki ég ekki lögin um æðaregg. Ég reikna hins vegar með að það sé bannað að hirða æðaregg. Þar með mega menn aldrei verða eigendur að æðareggjum, ekki eins og menn geta orðið eigendur að rjúpu. Það er ekki bannað að veiða rjúpur.

Varðandi heimaslátrunina er náttúrlega spurning hvort hægt sé að banna mönnum sem slátruðu heima hjá sér undir fullkomnu eftirliti heilbrigðiseftirlits, á sambærilegan hátt og sláturhús, að selja þær afurðir. Þar er um heilbrigðissjónarmið að ræða og ef þeir fullnægja heilbrigðissjónarmiðum þá ættu þeir að mega selja sitt kjöt.

Ég held að þessi tvö dæmi sem hæstv. ráðherra nefndi séu þess eðlis að í öðru tilvikinu megi menn ekki eiga æðaregg og hins vegar, ef menn uppfylla heilbrigðissjónarmið, megi þeir selja afurðina.

Mönnum er ekki bannað að veiða rjúpuna. Þar af leiðandi mega þeir eiga hana og ef þeir eiga hana mega þeir líka selja hana.

[16:08]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Samkvæmt mínum upplýsingum mega æðarbændur nýta æðaregg. Það er ekki þannig að þeir megi ekki snerta þau eða neitt slíkt, eins og hv. þm. dró hér upp.

Varðandi heimaslátrun þá skil ég það þannig að menn megi ekki selja af heimaslátruðu. Hér er því haldið fram að einhver heilbrigðissjónarmið ráði því hvort þeir fá að selja af heimaslátruðu eftir skoðun, en það er ekki þannig. Þeir geta nýtt kjötið í eigin þágu en mega ekki selja af heimaslátruðu, eins og ég hef skilið málið.

Við erum að banna sölu á rjúpum vegna ákveðinna sjónarmiða. Það er ekki þannig að við gerum það okkur til skemmtunar. Það er vegna þeirra sjónarmiða að 10% veiðimanna veiða helming veiddra rjúpna. Við viljum gjarnan takmarka þessar veiðar. Þess vegna leggjum við til sölubann. Ég vona að það muni virka jafn vel hér og það hefur virkað í öðrum löndum. Mér skilst að það virki mjög vel í Bretlandi og í Bandaríkjunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttindi sjúklinga, 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 42. mál (biðtími). — Þskj. 42.

[16:09]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúlinga, nr. 74/1997, með síðari breytingum. Með þessu frv. leggjum við flutningsmenn til að lögfest verði hámarksbið sjúklinga eftir læknisaðgerð hér á landi.

Meðflutningsmenn mínir að þessu frv. eru hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Margrét Frímannsdóttir.

Í 1. gr. frv. er lagt til að 18. gr. laganna orðist sem hér segir:

„Þurfi sjúklingur að bíða eftir meðferð skal læknir sem hann leitar til gefa skýringar á biðinni ásamt upplýsingum um áætlaðan biðtíma og jafnframt gefa sjúklingi kost á bókun aðgerðar. Miða skal við að bið eftir aðgerð sé að jafnaði ekki lengri en þrír til sex mánuðir eftir eðli sjúkdóms."

2. gr. gerir ráð fyrir að lög þessi öðlist þegar gildi.

Þegar frv. sem varð að lögum um réttindi sjúklinga var hér til umfjöllunar í þinginu lögðum við, þingmenn sem að þessu máli stöndum, til breytingu á frv. sem sneri að þessu, að lögfesta hámarksbið eftir aðgerð, þrjá til sex mánuði. Brtt. okkar náði þá ekki samþykki hér. Við leggjum nú þessa brtt. fram í þriðja sinn, en við lögðum hana einnig fram á 126. þingi.

Ýmis rök mæla með því að kveðið sé á um það í lögum hvað skuli að öllu jöfnu teljast hámarksbiðtími eftir aðgerð. Engar reglur eru til um þetta aðrar en verklagsreglur sjúkrahúsa og annarra heilsustofnana. Á sumum sviðum eru alls engar reglur til. Þetta fyrirkomulag verður að teljast ófullnægjandi þegar svo mikilvægt málefni er annars vegar.

Langur biðtími eftir aðgerð hefur í för með sér mikil óþægindi fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra. Vanlíðan, streita, kvíði og óvissa er algeng hjá þeim sjúklingum sem þurfa að bíða lengi eftir aðgerð. Þá upplifir fólk langa bið sem virðingarleysi við líf sitt og heilsu.

Langur biðtími hefur ekki einungis slæm áhrif á tilfinningalegt og líkamlegt ástand sjúklings. Viðurkennt er að biðlistar eru kostnaðarsamir bæði fyrir sjúklingana sjálfa og þjóðfélagið í heild. Hér er fyrst að nefna að sjúklingar eru oft frá vinnu vegna veikinda sinna. Löng bið eftir aðgerð hefur þau áhrif að vinnutap verður meira en ella. Það hefur oft alvarleg áhrif á fjárhag sjúklinga og fjölskyldna þeirra. Við þekkjum ótal dæmi þess að löng bið eftir aðgerð hafi haft alvarlegar afleiðingar á fjárhag þeirra heimila. Vinnutapið leiðir síðan til minni skatttekna ríkissjóðs og lyfjakostnaður Tryggingastofnunar eykst í hlutfalli við lengd veikindanna.

Auk þessa má nefna aukinn kostnað ríkis og sveitarfélaga vegna heimaþjónustu, heimahjúkrunar og ýmislegrar annarrar þjónustu. Gera má ráð fyrir að aðgerð verði umfangsmeiri og erfiðari og þar með kostnaðarsamari eftir því sem hún dregst lengur. Loks má benda á að aukið álag og fjölgun innlagna á bráðadeildir sjúkrahúsanna má að hluta rekja til biðlistanna. Það er oft svo að fólk kemst ekki inn í aðgerð nema vegna bráðatilvika, sem bráðasjúklingur. Það er auðvitað afleitt fyrir alla, bæði þá sem þurfa að sinna þeim og þá sem í þessu lenda.

Af þessu má sjá að langur biðtími er þjóðhagslega og heilsuhagfræðilega óhagkvæmur. Flutningsmenn gera sér grein fyrir því að ekki er unnt að setja einhlítar reglur sem gilda skuli við allar aðstæður. Ýmsar ástæður geta valdið því að biðtími eftir aðgerð verði langur, svo sem skortur á læknum með næga sérþekkingu, skortur á nauðsynlegum áhöldum og tækjum o.fl. Við slíkar aðstæður getur langur biðtími oft reynst óhjákvæmilegur. Af þeim orsökum er aðeins gerð tillaga um viðmiðunarákvæði um hámarksbiðtíma að öllu jöfnu.

Að mati flutningsmanna getur fjárskortur ekki réttlætt langan biðtíma. Ljóst er að biðlistar spara enga peninga. Einungis er verið að kasta peningum á glæ með myndun þeirra.

Víða erlendis hafa verið settar reglur um hámarksbið eftir aðgerðum og heilbrigðisþjónustu. Í Svíþjóð og Noregi hefur verið lögfestur þriggja mánaða hámarksbiðtími eftir aðgerð. Í Danmörku er biðtíminn tveir mánuðir. Það var lögfest í júlí í sumar. Þar eiga sjúklingar rétt á að fara annað til að fá læknisaðgerð líti út fyrir að biðin verði lengri en hámarksbiðtíminn. Þá greiðir hið opinbera fyrir aðgerðina sömu upphæð, samkvæmt DRG-mælingu, og upprunalega sjúkrahúsið hefði fengið. Þessi regla gildir annars staðar á Norðurlöndum þar sem hámarksbið hefur verið lögfest.

Eins og menn sem kunnugir eru heilbrigðiskerfinu vita eru menn langt komnir í að kostnaðargreina aðgerðir á sjúkrahúsunum. Talið er að búið verði að kostnaðargreina öll verk í heilbrigðiskerfinu 2004. Þá ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að lögfesta hámarksbið enda kom það fram á fundi með þingmönnum nú í haust, með stjórnendum Landspítala – háskólasjúkrahúss, að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að lögfesta hámarksbið. Það hefur oft verið notað sem rök gegn því að lögfesta hámarksbið hér á landi að ekki sé búið að kostnaðargreina öll verk.

Ég vil geta þess, vegna þess að þegar þetta mál hefur komið til umræðu hafa menn talið erfiðara að gefa fólki hér á landi kost á að fara annað í aðgerðir, að það hefur verið reglan, t.d. í Danmörku, að vilji menn sækja læknisþjónustu til annarra landa, t.d. til Þýskalands eða nágrannalandanna, greiði sjúklingarnir sjálfir ferðakostnað en heilbrigðiskerfið

greiði fyrir aðgerðina þá upphæð sem upprunalega sjúkrahúsið hefði fengið fyrir hana.

Við flutningsmenn þessa frv. leggjum áherslu á að sett verði viðmiðunarregla, að biðin eftir aðgerð verði ekki lengri en þrír til sex mánuðir. Við teljum það mikilvægt til að skapa samræmi og eyða óvissu um meðferð mála. Auk þess eykur það hagkvæmni og tryggir réttindi sjúklinga enn frekar en lögin gera nú.

Þarna erum við einnig að auka rétt sjúklinga í samræmi við réttindi sjúklinga annars staðar á Norðurlöndunum þó við göngum ekki eins langt í þessu frv. og gert er hjá Norðurlandaþjóðunum, eins og ég hef getið um, þar sem er þriggja mánaða bið og í Danmörku þar sem er tveggja mánaða bið.

Herra forseti. Ég vil leggja til að að lokinni umræðu um þetta frv. verði það sent til hv. heilbr.- og trn. Ég legg áherslu á að menn taki þetta alvarlega og samþykki hámarksbið eftir aðgerð hér á landi eins og við höfum lagt til. Enda er því ekkert til fyrirstöðu ef marka má orð stjórnenda á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsaleigubætur, 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 43. mál (foreldrar með sameiginlega forsjá o.fl.). — Þskj. 43.

[16:18]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997. Flutningsmenn þessa frv. ásamt þeirri sem hér stendur eru hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Sú breyting sem við leggjum til á lögunum um húsaleigubætur er tvíþætt. Annars vegar snýr hún að foreldrum sem fara með sameiginlega forsjá barns eftir skilnað eða sambúðarslit og jafnan rétt þeirra beggja til húsaleigubóta. Hins vegar snýr breytingin að réttindum námsmanna sem dvelja utan stúdentagarða eða heimavista og leigja þar herbergi með sameiginlegri eldhús- og snyrtiaðstöðu.

1. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málsliður sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Foreldrar sem fara með sameiginlega forsjá barns eftir skilnað eða sambúðarslit eiga bæði rétt til bóta vegna barnsins óháð lögheimili þess.“

Í dag er réttur þess foreldris sem barnið á lögheimili hjá ríkari heldur en hins foreldrisins þó þeir sinni barninu ef til vill jafnmikið Hér er sem sagt lagt til að réttur foreldranna verði óháður lögheimili barnsins.

2. gr. frv. gerir ráð fyrir að 5. mgr. 7. gr. laganna orðist svo, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 1.–4. mgr. um íbúðarhúsnæði hafa eftirtaldir rétt til húsaleigubóta:

1. fatlaðir sem búa saman á sérstökum sambýlum fyrir fatlaða,

2. námsmenn sem eru í námi á framhalds- eða háskólastigi og leigja á heimavist eða á námsgörðum eða herbergi með sameiginlegri eldhús- og snyrtiaðstöðu.“

3. gr. er gildistökugrein, um að lög þessi öðlist þegar gildi.

Við erum sem sagt að leggja til tvenns konar breytingar á lögum um húsaleigubætur. Eins og ég sagði áðan snýr fyrri breytingin að foreldrum sem eftir skilnað eða sambúðarslit eru með sameiginlega forsjá barns eða barna sinna, en eins og lögin eru nú getur aðeins foreldrið sem barnið eða börnin eiga lögheimili hjá fengið viðbótarhúsaleigubætur. Foreldrið sem er einnig með forsjána en barnið býr ekki hjá þarf að geta sinnt börnum sínum til jafns við hitt foreldrið en fær þessa viðbót ekki. Reynslan hefur sýnt að þetta hefur gert foreldrum, sem barn er ekki með lögheimili hjá, erfitt fyrir að rækja þær skyldur sem felast í sameiginlegri forsjá. Til að jafna mun foreldra hvað þetta varðar er þessi breyting lögð til. Félagsmálayfirvöld í Reykjavík hafa bent á að þörf væri á breytingu í þessa veru og auk þess hafa einstæðir foreldrar, sem eru í þeirri aðstöðu að börn þeirra eru ekki með lögheimili hjá þeim, en þeir eru með sameiginlega forsjá, komið að máli við mig og bent mér á hvað aðstaða þeirra er að mörgu leyti verri, sérstaklega þeirra sem eru illa staddir fjárhagslega fyrir.

Hin breytingin snýr að námsmönnum, en með lagabreytingu frá 16. maí 2001 er nemendum í framhalds- og háskólum mismunað. Námsmenn á heimavist eða stúdentagörðum öðluðust rétt á húsaleigubótum þótt þeir byggju í herbergi með aðgangi að eldhúsi og baði. Nú er það svo að námsmenn hafa ekki allir kost á slíku húsnæði og verða þá að leigja sér sambærilegt húsnæði annars staðar, sem er almennt mun dýrara en garður eða heimavist, en þeir fá ekki húsaleigubætur samkvæmt núgildandi lögum. Samkvæmt upplýsingum sem ég fékk í dag frá stúdentaráði eru um 600 námsmenn á biðlista eftir húsnæði á stúdentagarði. Það er tala frá því í haust. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra leigi húsnæði á almennum markaði og þá einhverjir við svipaðar aðstæður og félagar þeirra sem eru á stúdentagarði, þ.e. þeir leigja herbergi og deila eldhúsi eða salernisaðstöðu með öðrum. En þeir nemendur sem leigja mun dýrara verði úti í bæ eiga ekki rétt á húsaleigubótum eins og félagar þeirra sem leigja ódýrar á stúdentagörðum.

Þarna er sem sagt verið að mismuna námsmönnum og telja flutningsmenn að nauðsynlegt sé að bæta úr þessu óréttlæti með þeim lagabreytingum sem við leggjum til í frumvarpi.

Þetta frumvarp var lagt fram á síðasta þingi en fékk þá ekki afgreiðslu.

Vissulega væri ástæða til þess að líta til fleiri hópa. En þarna er a.m.k. tveim hópum mjög mismunað í þessum undanþáguákvæðum í húsaleigubótunum, þ.e. námsmenn og síðan foreldrar með sameiginlega forsjá barns eða barna sinna eftir skilnað eða sambúðarslit og standa ekki jafnfætis öðrum gagnvart húsaleigubótunum.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu, en fer fram á það að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. félmn.

[16:25]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég sé sérstaka ástæðu til að taka undir efnisatriði þessa frv. sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir mælti fyrir. Þetta snertir ákveðin grundvallaratriði í stefnu okkar jafnaðarmanna sem eru þau að allir hafi jafnan aðgang að því velferðarkerfi sem við höfum sameiginlega byggt upp. Það kemur skýrt fram varðandi húsaleigubætur sem hér eru gerðar að umtalsefni að það er mismunun af hálfu almannavaldsins sem kemur m.a. fram í því að því foreldri

sem barnið er ekki með lögheimili hjá en þarf og á að annast barnið til jafns við það foreldri sem barnið hefur lögheimili hjá, eru ekki gefnir sömu möguleikar á húsaleigubótum og hinu foreldrinu. Þetta er sjálfsagt að leiðrétta og á að leiðrétta eins og hér er lagt til.

Hitt atriðið sem hv. þm. nefndi um námsmenn, þ.e. um þá sem leigja utan stúdentagarða og fá ekki aðgang að húsaleigubótum, er enn og aftur dæmi um mismunun gagnvart þegnum. Eitt aðalatriðið í allri velferðarstefnu er að búa svo um hnútana að við mismunum ekki einstaklingum eftir tilteknum aðstæðum eins og í þessu tilfelli, t.d. eftir því hvar barn er með lögheimili eða hvort námsmenn leigja á stúdentagarði eða utan hans. Þetta er nátengt því sem hv. þm. ræddi hér um áður, þ.e. biðlistum í heilbrigðisþjónustunni, en þeir snerta aftur þetta sama grundvallarhugtak að allir hafi jafnan aðgang að því velferðarkerfi sem við bjóðum upp á. Það er einmitt hægt að sýna fram á að skynsamlegt sé að útrýma biðlistum eða minnka þá verulega og það er þjóðhagslega hagkvæmt í mjög mörgum tilvikum. Það er einnig mjög veigamikið rannsóknarefni einnar sérgreinar vísinda sem kölluð er heilsuhagfræði og hún er einmitt viðfangsefni sem glímt er við t.d. innan Háskóla Íslands.

Sú mismunun sem þarna á sér stað, t.d. varðandi biðlista eða húsaleigubætur, kallar einmitt á kerfi sem leiðir til enn meiri mismununar eins og menn hafa séð innan heilbrigðiskerfisins þar sem forréttindi þeirra sem eiga peninga verða sífellt sterkari, þeirra sem vilja kaupa sér forgang á biðlistunum eins og við höfum séð gerast hér undanfarið eða þeirra sem hafa betri fjárhagslega stöðu til að geta stundað nám og leigt sér herbergi úti í bæ og njóta ekki þess stuðningskerfis sem almannavaldið vill á annað borð veita.

Herra forseti. Þau mál sem hv. þm. talaði hér fyrir lýsa mjög vel grundvallaratriðum í stefnu Samfylkingarinnar. Þau fjalla um það hvernig við viljum bæta velferðarkerfið, hvernig grunnatriði í velferðarkerfinu um jafnan aðgang fyrir alla verða að vera tryggð. Menn verða sífellt að reyna að skoða einstök atriði til að betrumbæta velferðarkerfið áður en það verður holað það mikið að það brestur og hér kemur upp kerfi mismunar og forgangs fjármagns eins og við höfum séð gerast á mjög mörgum sviðum velferðarmála. Við jafnaðarmenn viljum ekki slíkt samfélag.

[16:28]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ágústi Einarssyni fyrir innlegg hans í þessa umræðu. Hann hefur fært enn ríkari rök fyrir því að menn taki nú á sig rögg í þeim nefndum sem þessi mál fara til og samþykki þessar breytingar því þarna er ákveðin mismunun í gangi gagnvart þegnunum. Við jafnaðarmenn viljum jafnan rétt. Við viljum ekki mismuna fólki eftir fjárhagsstöðu eða öðrum þáttum. Menn eiga að hafa jafnan aðgang að velferðarþjónustunni og til þess eru einmitt þessi mál lögð fram. Þarna er sem sagt verið að bæta réttindi námsmanna annars vegar og einstæðra foreldra með börn hins vegar sem eru í leiguhúsnæði. Tel ég mjög ríka ástæðu til þess að menn leggi sig nú fram um að samþykkja þessi tvö litlu frv. með vorinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vatnalög, 1. umr.

Frv. SJS og KolH, 45. mál (vatnaflutningar). — Þskj. 45. [16:30]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923. Flutningsmaður ásamt mér er hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir. Hér er um að ræða endurflutt mál, sem áður hefur verið flutt á tveimur þingum, tveimur síðustu þingum, en var þá í hvorugt skiptið útrætt.

Breytingin er afar einföld, hún gengur út á tvennt. Annars vegar sé tekið inn í orðskýringargrein laganna orðið „vatnasvið" og það skýrt sem landsvæði þar sem vatn safnast af í sameiginlegan meginfarveg vatnsfalls, og þá er ekki átt við að um sjálfstætt vatnsfall alla leið til sjávar þurfi að vera að ræða heldur að um meginfarveg eða meginþverá sé að ræða.

Og síðan að við 1. mgr. 50. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðist svo, með leyfi forseta:

„Flutningur vatnsfalls með meira meðaltalsársrennsli en 4 rúmmetra á sekúndu úr fornum farvegi og yfir á annað vatnasvið er þó aldrei heimill nema að fengnu sérstöku samþykki Alþingis; sama gildir um vatnsmiðlun skv. 1. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 69. gr."

Þetta, herra forseti, þýðir þá að Alþingi þyrfti í hverju tilviki að samþykkja sérstaklega ef framkvæmdir fælu í sér vatnaflutninga af meiri stærðargráðu en þeirri sem hér um ræðir, þ.e. að til viðbótar öllum öðrum leyfum sem slíkum framkvæmdum eru yfirleitt samfara eða slíkar framkvæmdir fara eftir, eins og starfsleyfi og framkvæmdaleyfi, eða lagaheimildir ef um virkjanir er að ræða, þá kæmi einnig til sögunnar sérstakt samþykki Alþingis hvað varðar vatnaflutningana sjálfa.

Nú er kunnara en frá þurfi að segja að í bígerð eru mikil áform í þessum efnum hér á landi, áður óheyrð að stærðargráðu, og þar er að sjálfsögðu átt við fyrirhugaða Kárahnjúkavirkjun með tilheyrandi flutningi Jökulsár á Dal austur í Lagarfljót, og einnig fyrirhugaða Norðlingaöldumiðlun í Þjórsárverum sem mundi hafa í för með sér stórfellda röskun á náttúrulegu vatnafari og rennslisháttum á því svæði. Fyrri tíma tilfærslur á vatni eru smámunir einir í samanburði við það sem þarna er í bígerð, hvort heldur eru smábreytingar á rennsli áa vegna virkjana eða áveitna fyrr á tíð, eins og Flóaáveitan, þá er það allt harla smátt í samanburði við þessar hrikalegu framkvæmdir, að taka eitt stærsta og aurugasta jökulfljót landsins, Jökulsá á Dal, og færa hana milli héraða eða milli vatnasviða.

Hverjar sem lyktir þessara mála verða er eftir sem áður, herra forseti, brýn ástæða til að taka það til skoðunar og taka það fastari tökum en hingað til hefur verið gert ef taka á ákvarðanir um jafnstórfellda breytingu í náttúrunni og slíkir vatnaflutningar yfirleitt eru. Því hefur satt best að segja lítill gaumur verið gefinn á seinni árum og menn ekki alltaf áttað sig á þeirri sjálfstæðu tilveru sem vatnsföll sem slík lifa.

Vatnalögin frá 1923 eru að vísu hinn merkasti lagabálkur. Þrátt fyrir að þau séu komin nokkuð til ára sinna, að verða 80 ára gömul, þá halda flest ákvæði þeirra gildi sínu að fullu, þó að annað kannski skipti minna máli í dag eða reyni sjaldnar á það, eins og ákvæði um áveitur sem sett voru í þau lög af augljósum ástæðum á sínum tíma þar sem þá var talsvert um að menn væru að veita vatni á engi til aukinnar grassprettu og friðunar. Nú eru það fyrst og fremst virkjunarframkvæmdir sem líklegar eru til þess að valda sambærilegum hlutum, að

menn taki vatn úr náttúrulegum farvegi sínum og færi það annað.

Höfundar vatnalaganna á sínum tíma hafa greinilega verið sér mjög vel meðvitaðir um mikilvægi þess að mannvirkjagerð raskaði ekki meiru í náttúrunni en óhjákvæmilegt væri, hvort heldur væri um að ræða vatnstöku til neyslu eða til virkjana eða áveitna. Það kemur fram á mörgum stöðum í lögunum að hvers kyns breytingum og raski skuli haldið í algjöru lágmarki og vatnsfarvegum aldrei breytt meira en óhjákvæmilegt sé. Hin almenna regla er svo skýrt mótuð í 1. mgr. 7. gr. laganna, en þar segir: „Vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið." Síðan eru frávik frá þeirri meginreglu nánar útfærð í lögunum og þá fyrst og fremst það sem nauðsynlegt er talið vegna nýtingar vatnsorku eða vatnsmiðlunar. Þessi ákvæði er líka að finna í IV. kafla, um áveitur, að það sé eins lítið hróflað við náttúrulegum eða fornum rennslisháttum vatnsfalla og mögulegt er.

Nú er það næsta víst að menn hafi við setningu vatnalaganna 1923 ekki gert sér grein fyrir þeim hrikalegu áformum sem nú eru uppi, fyrst og fremst ef ráðist yrði í Kárahnjúkavirkjun, og reyndar eru á teikniborði í frumhugmyndum býsna stórkarlalegar hugmyndir um vatnaflutninga í tengslum við virkjanir nokkurra fleiri stórfljóta. Ég hef áður nefnt hina fráleitu framkvæmd, Norðlingaöldumiðlun í Þjórsárverum, þar sem taka á mestan hlutann af því vatni sem eftir er í náttúrulegum farvegi Þjórsár neðst í Þjórsárverum og flytja hann yfir í Kvíslaveitur, þó að sýnu alvarlegri en þeir vatnaflutningar séu í sjálfu sér þau miklu óafturkræfu og neikvæðu áhrif sem miðlunarlónið sjálft og síðan hækkandi vatnsborð Þjórsár þar fyrir ofan mundi hafa inn í framtíðina ef ráðist yrði í þessa fráleitu framkvæmd sem ég vona nú að verði ekki.

En menn hafa svo sem verið í ýmsum æfingum þarna áður. Kvíslaveitur eru í raun miklu meiri breyting á náttúrulegu rennslisfari á Þjórsárverasvæðinu að austan heldur en menn hafa kannski almennt viðurkennt. Landsvirkjun gerðist meira að segja svo stórhuga eða djörf að reyna að snúa við kvíslum úr Skjálfandafljóti uppi í Vonarskarði þannig að vatn félli suður af heiðum en ekki norður af. Það fór hljótt um þær tilraunir og ég man ekki til þess að þær hafi verið sérstaklega ræddar eða kynntar enda kannski fyrir daga mats á umhverfisáhrifum og nútímaviðhorfa í umhverfismálum sem þetta var reynt. En bara t.d. það er ákvörðun sem ég tel að ætti að yfirvega mjög vandlega og íhuga áður en menn færu út í slíkt, að reyna að snúa við vatnsföllum og færa þau hreinlega á milli landshluta eins og þar stóð til.

Það er þannig, herra forseti, að dálítil reynsla er af slíkum æfingum víða erlendis. Nefna má sem dæmi skelfilega hluti sem gerðir voru í Sovétríkjunum sálugu og einnig hafa menn í vissum tilvikum í Vesturheimi farið út í mikla hluti af þessu tagi og reynslan af slíku satt best að segja víða hörmuleg. Menn hafa með öllu vanmetið áhrifin af slíku og oft hefur orðið þar stórtjón í náttúrunni sem e.t.v. verður aldrei bætt.

Þetta frv. gerir sem sagt ráð fyrir ákveðnum öryggisventli getum við sagt í því sambandi að Alþingi sjálft komi þá sérstaklega að ákvörðunum í hverju einstöku tilviki sem meiri háttar vatnaflutningar væru fyrirhugaðir. Valin er hér sú viðmiðun, sem að sjálfsögðu má deila um, að miða við meðalársrennsli upp á 4 rúmmetra á sekúndu. Það er u.þ.b. meðalársrennsli Elliðaánna sem þarna er haft til viðmiðunar, að það séu vatnsföll af þeirri stærðargráðu eða stærri sem þetta taki til, einfaldlega vegna þess að ef um minni vatnsföll eða smákvíslar er að ræða er kannski varla ástæða til að hafa eins miklar áhyggjur af málum, umhverfisáhrifin væntanlega að sama skapi minni og þær framkvæmdir þá almennt séð eftir sem áður háðar mati á umhverfisáhrifum og skoðaðar sem slíkar. Þannig, herra forseti, yrði enginn slíkur flutningur leyfður nema með sérstöku samþykki Alþingis og vatnaflutningarnir sem slíkir fengju þá alltaf sérstaka skoðun og umfjöllun á Alþingi.

Þessu tengt er að sjálfsögðu og má nefna í sömu andrá vinna sú sem yfir stendur að gerð rammaáætlunar „Maður, nýting, náttúra", um forgangsröðun virkjunarkosta. Þeirri vinnu vonast ræðumaður a.m.k. til að komi til með að tengjast í sumum tilvikum ákvörðun í framhaldinu um friðun vatnsfalla eða vatnasviða sem ég held að þurfi að taka á dagskrá hér á landi af mikilli alvöru. Menn hafa kannski gefið þeim verðmætum lítinn gaum sem fólgin væru í ósnortnum náttúrulegum eiginleikum vatnsfalla, rennslisháttum og ásýnd þeirra allri, en þetta hefur verið gert fyrir löngu víða erlendis. Þannig luku Norðmenn fyrir einum 20 árum eða meira sambærilegri eða svipaðri vinnu og nú stendur yfir hér, þ.e. að kortleggja og forgangsraða virkjunarkostum, skoða þá út frá umhverfisáhrifum og auðvitað hagkvæmni og öðrum þáttum, og flokka þá þannig niður og hafa slíkar upplýsingar tiltækar í sambandi við frekari ákvarðanir um eftir atvikum nýtingu vatnsfallanna eða friðun. Hér hefur þetta helst borið á góma í tengslum við umræður um stofnun þjóðgarða eða málefni þjóðgarða, friðlýstra svæða eða verndarsvæða. Segja má að nokkur vatnsföll eða hluti þeirra a.m.k. sé friðaður undir þeim formerkjum að tilheyra þjóðgörðum. Ég geri ekki ráð fyrir að menn færu að láta sér detta í hug að hrófla mikið við Öxará á Þingvöllum eða þess vegna Jökulsá í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum. En þó er það nú ekki aldeilis þannig að Jökulsá á Fjöllum hafi fengist þar með viðurkennd sem friðað vatnsfall þó að hún renni að hluta til í þjóðgarði. Öðru nær, á teikniborðum hafa verið — kannski ekki alveg upp á síðkastið en ekki fyrir ýkja löngu — hugmyndir um stórfelldar virkjanir sem tengjast t.d. því vatnsfalli og reyndar virkjunum í efri hluta Hvítár þar sem Gullfoss er o.s.frv.

Taka má dæmi víðar að en frá Noregi um öðruvísi og skynsamlega vinnu í þessum efnum sem við Íslendingar gætum, þó seint sé, tekið okkur til eftirbreytni. Þannig er t.d. alllangt síðan að í Svíþjóð var ákveðið að hrófla ekki við þeim fáu, örfáu reyndar, stóru eða meiri háttar vatnsföllum eða fljótum sem þar eru eftir ómiðluð eða óröskuð hvað rennslishætti varðar. Svíar vöknuðu upp við vondan draum að þeir voru með ýmsum framkvæmdum, virkjunum, skipaskurðum og jafnvel mannvirkjum sem áður höfðu tengst fleytingu á timbri og öðru slíku, búnir að raska með einhverjum hætti að meira eða minna leyti rennslisháttum flestallra stærstu vatnsfalla í landinu. Ætli það láti ekki nærri að ein fjögur hafi verið eftir? Þá var tekin ákvörðun um að við þeim vatnasviðum yrði ekki hróflað. Það er í rauninni það sem ég held að þurfi að gera, að ákveða hvaða vatnasvið, vatnsföll frá upptökum til ósa með öllum sínum vatnasviðum, verði friðlýst sem slík hér á landi og þá burt séð frá því hvort þau falla síðan um þjóðgarða eða verndarsvæði eða ekki, heldur verði þau í sínum eigin rétti meðhöndluð með þeim hætti. Ég vil láta það koma hér fram, herra forseti, að ég tel t.d. að vatnsföll eins og Jökulsá á Fjöllum, með Kreppu og öðrum þverám, eigi að friðlýsa í heild sinni þannig að það hverfi út af borðinu að menn láti sér detta í hug að hrófla við

slíkum gersemum sem þar eru. Sama má að sjálfsögðu segja um Hvítá og kvíslar og þverár allt frá Hvítárvatni, Kjalvegi og Kerlingarfjöllum þar til hún sameinast Soginu og reyndar áfram niður úr. Ætli það sé ekki nóg að gert á því vatnasvæði líka.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Þetta frv. talar fyrir sig sjálft. Ég get svo sem ekki sagt að ég sé sérlega bjartsýnn á að það fáist samþykkt einfaldlega vegna þess að hæstv. ríkisstjórn, eins og alkunna er, vill hafa frjálsar hendur um það að ráðskast með náttúru landsins eins og henni býður við að horfa í stóriðjuhugleiðingum sínum og mundi sjálfsagt líta á það sem hindrun í vegi síns olnbogarýmis eða athafnafrelsis á þessu sviði að þetta yrði lögtekið. En ég minni þó á að hér er ekki verið að fara fram á annað og meira en það að Alþingi komi að slíkum ákvörðunum og samþykki þær þannig að ekki er verið að ætlast til þess að valdið sé tekið af ráðandi meiri hluta þingsins á hverjum tíma. Hann hefði sitt að sjálfsögðu fram, enda annað ekki lýðræðislegt, en þetta mundi tryggja að ákvörðunin sem slík yrði tekin hér og fyrir henni þyrfti að fá sérstakt samþykki Alþingis sem ég tel að öll efni standi til í ljósi þess hversu stórar og varanlegar og óafturkræfar svona ákvarðanir geta verið.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu, herra forseti, verði málinu vísað til hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breiðbandsvæðing landsins, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 46. mál. — Þskj. 46.

[16:47]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um breiðbandsvæðingu landsins. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að ljúka skuli uppbyggingu fjarskipta- og gagnaflutninganets landsins á næstu þremur árum þannig að fyrirtæki, stofnanir og heimili hvar sem er í landinu hafi aðgang að bestu fáanlegu fjarskipta- og gagnaflutningamöguleikum með breiðbandinu eða annarri jafngildri tækni. Landssímanum verði, einum sér eða eftir atvikum í samstarfi við aðra, falið að ráðast í nauðsynlegar fjárfestingar og endurbætur á grunnfjarskiptanetinu til að fyrrgreint markmið náist fram. Landssíminn verði undanþeginn arðgreiðslum til eigenda meðan á átakinu stendur."

Hér er um endurflutta tillögu að ræða, herra forseti. Hún var lögð fram síðla á síðasta þingi eftir að niðurstaða var fengin um sinn í málefni Landssímans. Tillagan varð þá ekki útrædd og hún er nú endurflutt óbreytt enda málið í nákvæmlega sömu stöðu og það var þá. Það er sem sagt ljóst að ekki verður af sölu Landssímans í bráð. Þau ósköp sem á gengu í málefnum þess fyrirtækis og hin hörmulegu vinnubrögð sem þjóðin varð vitni að í sambandi við meinta sölu Landssímans biðu að lokum algert skipbrot. Það mál hrundi í höndunum á hæstv. ríkisstjórn og hún sá þann kost vænstan að falla frá áður áformaðri einkavæðingu Landssímans og sölu á hlut ríkisins, leysa þáverandi framkvæmdastjóra og stjórn frá störfum eða endurnýja ekki umboð þeirra og skipa þar til verka nýja menn sem vonir eru að sjálfsögðu bundnar við að takist að endurheimta traust á þessu annars ágæta fyrirtæki sem Landssíminn, áður Póstur og sími, er. Þar af leiðandi hafa skapast aðstæður til þess að beita á nýjan leik afli þessa fyrirtækis sem opinbers þjónustufyrirtækis í eigu landsmanna, nánast algerlega. Ríkið hefur gert þeim sem áður höfðu keypt hlut í fyrirtækinu í örlitlum mæli mögulegt að innleysa þann hlut, ef mönnum býður svo við horfa, og er eign annarra aðila en ríkisins sem eftir stendur í Landssímanum væntanlega orðin mjög óveruleg. Þar með getur Landssíminn á nýjan leik sinnt hlutverki sínu sem auðvitað er og á að vera að tryggja öllum landsmönnum aðgang að 1. flokks fjarskipta- og gagnaflutningamöguleikum. Það sem tillagan í raun og veru gengur út á, herra forseti, er að gert sé átak til þess að Ísland verði, eða haldist, í fremstu röð á sviði fjarskipta og gagnaflutninga og að landsmenn sitji allir við sama borð í þeim efnum án tillits til þess hvar þeir búa á landinu.

Það má margt vel segja um það hvernig fyrirtækinu Pósti og síma tókst að gera hvort tveggja í senn, bjóða upp á sím-, fjarskipta- og gagnaflutningaþjónustu, sem að mörgu leyti hefur verið í fremstu röð, og jafnframt að bjóða þá þjónustu á tiltölulega viðunandi verði. Fyrirtækið var allvel í stakk búið til að sinna þessari þjónustu og gera það vel og rekstrarformið sem það sem hreint ríkisfyrirtæki hafði búið við um áratuga skeið gafst ekki verr en það.

Það er enginn vafi, herra forseti, að eftir sem áður og í fyrirsjáanlegri framtíð verður það hlutverk hins opinbera að tryggja fullnægjandi tækni- og flutningsgetu hvað varðar fjarskipti og gagnaflutninga og að tryggja að þessir möguleikar standi öllum til boða án tillits til búsetu í landinu. Enginn annar aðili en hið opinbera mun geta tryggt þetta. Það er niðurstaða allra sérfræðinga sem skoðað hafa þessa hluti. Það var niðurstaða vinnuhóps á vegum Norðurlandaráðs sem fjallaði ítarlega um upplýsingasamfélagið og skilaði um það skýrslu þar sem komið var m.a. inn á þessar skyldur stjórnvalda í málinu.

Það er einnig ljóst að það er ekki líklegt að gervihnattasambönd eða önnur tækni, þráðlaus tækni eða önnur, leysi ljósleiðara eða breiðband af hólmi á allra næstu árum hvað varðar almenn fjarskipti og gagnaflutninga í miklu magni. Þó að slík tækni geti rutt sér til rúms á afmörkuðum sviðum og leyst tiltekin mál er það sömuleiðis mat sérfræðinga að þegar um almenn umfangsmikil samskipti eða fjarskipti er að ræða og gagnaflutninga í miklu magni verði breiðbandið áfram undirstaða þeirrar starfsemi.

Á 126. löggjafarþingi lagði 1. flm. þessarar tillögu fram fyrirspurn um kostnað við ljósleiðaravæðingu landsins. Svar við þeirri fyrirspurn fylgir með sem fylgiskjal með þessari tillögu en reyndar er það því miður ófullkomið og frekar rýrt í roðinu þó að dregist hafi í marga mánuði að svara fyrirspurninni. Á því er ekki að græða beinar upplýsingar um kostnað í þessu sambandi þó að þar megi nálgast mat á þeim stærðum með ýmsum hætti, og ljóst er að allnokkurt átak þarf til að tryggja fullnægjandi tækni og gæði í þessum efnum. Í sumum tilvikum, herra forseti, liggja t.d. hjá Landssímanum og/eða Fjarskiptastofnun upplýsingar um úrbætur sem þyrfti að gera gagnvart einstökum landshlutum eða einstökum svæðum til þess að um fullnægjandi fjarskiptaþjónustu yrði þar að ræða. Þar eru oft ekki mjög háar tölur á ferð. Ég get sem dæmi nefnt að það er mat Landssímans að það kosti kannski 25–40 millj. kr. að leysa þessi

mál með fullnægjandi hætti á norðausturhorni landsins. Þeir þéttbýlisstaðir sem þar eru og liggja utan ljósleiðaranetsins, staðir eins og Kópasker og Raufarhöfn, kæmust þá í viðeigandi tengingu, annaðhvort með lagningu ljósleiðara eða með öflugri örbylgjusamböndum eða öðrum slíkum aðgerðum.

En það þarf, herra forseti, ekki aðeins að tryggja tæknilega möguleika og gæði um allt land, það þarf líka að tryggja að verð sé hið sama án tillits til þess hvar menn eru á landinu. Það er eina ásættanlega niðurstaðan í þessum efnum með nákvæmlega sama hætti og sömu rökum og þegar menn börðust fyrir því á sínum tíma að jafna símkostnaðinn. Það hafðist að lokum að gera allt landið að einu gjaldsvæði í símþjónustu, með nákvæmlega sömu rökum á að gera hið sama hvað varðar nútímafjarskipti og gagnaflutninga. Það er mikið jafnréttismál og það á ekki að skipta þjóðinni upp í hópa og mismuna mönnum í þeim efnum. Það að tryggja að þetta sé tæknilega og pólitískt mögulegt á hið opinbera að gera. Þegar þetta hefur svo verið gert, tæknin er til staðar, nægjanlegir möguleikar og gæðin fullnægjandi, verðið að fullu jafnt, er síðast en ekki síst eftir að kappkosta að sjálfsögðu að gera öllum sem mögulegt er kleift að nýta sér þessa tækni og hafa hana á valdi sínu. Það er mikilvægt atriði í nútímasamfélagi að menn geti verið fullgildir þátttakendur í upplýsingasamfélaginu og nýtt alla þá fjölmörgu möguleika sem það býður upp á til að afla sér upplýsinga, sækja sér menntun, stunda atvinnu sína með fjarvinnslu á alnetinu o.s.frv.

Það er enginn vafi á því, herra forseti, að fjárfestingu af þessu tagi má væntanlega reikna upp á einhverja milljarða kr. Það er í sjálfu sér ekki mikið, og ljóst að öflugt fyrirtæki eins og Landssíminn, sem gerir upp með margra milljarða hagnaði á ári hverju, er vel í stakk búið til að ráðast í þessa fjárfestingu og væntanlega hafa síðan af henni ágætisarð. Að sjálfsögðu er um það að ræða að þegar tæknin er komin til sögunnar verður hún notuð. Oftast hafa allar áætlanir verið skakkar í þá áttina að notkunin verður miklu meiri en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Hér yrði um afar arðsamar, skynsamlegar og framsæknar fjárfestingar að ræða og er ekkert því til fyrirstöðu að nota afl þessa fyrirtækis til að ganga í þessi verk.

Þetta grunnnet, þetta þjóðvegakerfi upplýsinga og gagna um landið, verður þá til staðar á komandi árum hvað sem líður öðrum breytingum á fjarskiptalöggjöf eða rekstrarumhverfi fyrirtækja á þessu sviði. Hvað sem líður samkeppni sem margir trúa á sem lausnarorðið í þessum efnum en hefur dálítið látið á sér standa getur aldrei orðið annað en stórkostlegt hagræði og gagn af því að hafa þessa undirstöðu, sjálft grunnnetið, uppbyggt og vel í stakk búið til að veita þá þjónustu sem þarf að vera til staðar.

Þessi málefni hafa verið skoðuð betur og lagt meira í þau á Norðurlöndunum en líklega nokkurs staðar annars staðar. Notkun alnetsins og ýmiss konar nútímafjarskiptatækni er einna útbreiddust í heiminum á Norðurlöndunum, og er það auðvitað vel og eins og það á að vera. Við ætlum okkur að vera í fremstu röð sem vel menntað og upplýst velmegunarsamfélag hér eftir sem hingað til. Þetta hefur þó líka haft það í för með sér að menn hafa horft svolítið á aðstæður út frá Norðurlöndunum í þessum efnum, skoðað hvað til þarf að koma til þess að ekki komi til mismununar milli íbúa landsins. Það á ekki síst við um Ísland sem fámennt land, við erum fámenn þjóð í stóru og strjálbýlu landi, og þess vegna þarf að nálgast þetta út frá grundvallarspurningum um jöfnuð, jafnrétti og jafnan aðgang manna að mikilvægum undirstöðugæðum í samfélagi nútímans. Með svona átaki í uppbyggingu fjarskipta- og gagnaflutninganetsins, breiðbandsins, yrði þessu að sjálfsögðu ekki lokið í eitt skipti fyrir öll því það verður að gera ráð fyrir áframhaldandi þróun, og flm. eru ekki svo barnalegir að þeir haldi að þetta sé eitthvað sem sé gert í eitt skipti fyrir öll. En það er enginn vafi á því samt að miðað við allar fyrirliggjandi upplýsingar væri um mjög mikilsverðan áfanga að ræða og í mörgum tilvikum og fjölmörgum dæmum sem ég veit að þingmenn þekkja vel af ferðum sínum um landið og samskiptum við einstaklinga, stofnanir, fyrirtæki og skóla er víða um að ræða mjög bagalega annmarka á núverandi kerfi hvað takmarkaða flutningsgetu eða takmörkuð gæði varðar. Menn hafa t.d. orðið að hverfa frá fjarkennsluverkefnum í ákveðnum byggðarlögum landsins vegna þess að sambönd eða tengingarnar voru ekki fullnægjandi. Síðan þarf að sjálfsögðu að halda áfram að fylgjast vel með og vera í fremstu röð hvað varðar áframhaldandi tækninýjungar og þróun á þessu sviði.

Það er þó rétt, herra forseti, að lokum kannski að minna menn á að mönnum hefur stundum orðið hált á að trúa bjartsýnustu spám um framþróun og tækniframfarir á þessu sviði. Það er ekki langt síðan menn stóðu á öndinni yfir því að þriðja kynslóð farsíma og slík gervihnattatækni væri að gera allt úrelt sem fyrir væri í þessum efnum. Það hefur heldur betur farið á annan veg eins og þeir menn þekkja sem fylgst hafa með. Þeir sem skrifað hafa miklar ritgerðir eða leiðara um hinn gríðarlega hagnað sem yrði af því að bjóða upp rásir fyrir þriðju kynslóð farsíma hafa lítið skrifað af slíkum pistlum upp á síðkastið vegna þess ósköp einfaldlega að þetta reyndist allt byggt á miklu meiri sandi og vera miklu óraunsærra hvað varðaði bæði viðskiptalega þætti og tæknilega en menn létu í veðri vaka fyrir tveim til fjórum árum. Nú er það aftur mat manna að þessi þróun verði að þessu leyti til hægari en þeir áður töldu og núverandi undirstöðutækni muni halda velli og halda gildi sínu í miklu ríkari mæli mörg næstu ár en menn töldu áður.

Þeim mun sjálfsagðara er það, herra forseti, að gera átak af því tagi sem tillagan gerir ráð fyrir. Það er enginn vafi á því að það væri í senn bæði róttæk og framsækin byggðaaðgerð. Þetta er líka jafnréttismál og í raun og veru mælir allt með því, að því einu tilskildu að menn vilji að hér í landinu búi ein þjóð við nokkuð sambærilegar aðstæður til þess að vera fullgildur þátttakandi í upplýsingasamfélagi samtímans.

[17:02]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég er meðflutningsmaður að þessari till. til þál. um breiðbandsvæðingu landsins sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytjum. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að ljúka skuli uppbyggingu fjarskipta- og gagnaflutninganets landsins á næstu þremur árum þannig að fyrirtæki, stofnanir og heimili hvar sem er í landinu hafi aðgang að bestu fáanlegu fjarskipta- og gagnaflutningamöguleikum með breiðbandinu eða annarri jafngildri tækni. Landssímanum verði, einum sér eða eftir atvikum í samstarfi við aðra, falið að ráðast í nauðsynlegar fjárfestingar og endurbætur á grunnfjarskiptanetinu til að fyrrgreint markmið náist fram. Landssíminn verði undanþeginn arðgreiðslum til eigenda meðan á átakinu stendur.“

Herra forseti. Fjarskipti og nýting þeirrar tækni sem er grundvöllur fyrir nútímagagnaflutningum er forsenda fyrir jafnri aðstöðu einstaklinga og fyrirtækja hvar sem er á landinu. Fjarskipti er grunnstoðþjónusta sem við eigum að kappkosta að sé til staðar hvar sem er í byggðum landsins en góð fjarskiptaþjónusta og fjarskiptamöguleikar styrkja samkeppnishæfni byggðarlaga og jafnframt líka búsetuskilyrði. Fjarskipti eru ein af grunnstoðum almannaþjónustu sem hið opinbera á að búa öllum landsmönnum hvar sem þeir búa og öllum atvinnurekstri óháð því hvar hann er rekinn. Þetta er forsenda fyrir því að við getum rekið virkt hagkerfi og sterkt þjóðfélag út um allt land, nýtt auðlindir þess og tryggt búsetu. Þetta tryggir líka hagvöxt og velferð alls staðar á landinu, ein af grunnstoðum þess að svo megi verða.

Virðulegi forseti. Landssíminn er í eigu ríkisins að langmestu leyti, ætli 90% séu ekki í eigu ríkisins, og ríkið á sem eigandi að beita því fyrirtæki sínu, beita styrk þess til að efla fjarskipti og fjarskiptaþjónustu um allt land og jafnframt að tryggja að sú þjónusta sé á jöfnu verði hvar sem hún er nýtt. Það eru fáar aðgerðir í byggða- og búsetumálum sem mundu koma sér betur en öflugt átak á þessu sviði.

Landssíminn skilar nú og hefur skilað á undanförnum árum tugum milljarða kr. í arðgreiðslur og tekjur til ríkisins. Þeim arði og þeim tekjum væri langbest varið til að byggja upp og tryggja öfluga og góða fjarskiptaþjónustu um allt land. Við eigum að nýta styrk Landssímans til þess að koma á öflugu fjarskiptaneti. Það er sú besta byggðaaðgerð, það er sú besta jöfnunaraðgerð sem við getum gripið til og jafnframt sú aðgerð sem mundi hafa eina stærstu þýðingu fyrir eflingu atvinnulífsins, styrkingu búsetu og hagvaxtaraukningu í landinu öllu.

Virðulegi forseti. Þessi till. til þál. af hálfu þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er ein öflugasta aðgerð ef af verður til þess að styrkja atvinnulíf og búsetu í landinu. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggjum áherslu á að styrkur Landssímans sé nýttur til þess að efla fjarskipti og fjarskiptatækni á landinu öllu og kostnaður við nýtingu þess sé óháður búsetu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Strandsiglingar, fyrri umr.

Þáltill. JB o.fl., 47. mál. — Þskj. 47.

[17:07]

Flm. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt hér till. til þál. um strandsiglingar en flutningsmenn auk mín eru þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman og Ögmundur Jónasson. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd, strandsiglinganefnd, er hafi það hlutverk að kanna þróun, stöðu og æskilega framtíðarhlutdeild strandsiglinga í vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins. Nefndin láti gera úttekt á þjóðhagslegu gildi þess að hér við land séu öflugar strandsiglingar með sérstakri hliðsjón af umhverfis- og byggðaáhrifum, umferðaröryggi og öðru sem máli skiptir. Strandsiglinganefnd skili niðurstöðum sínum til Alþingis fyrir 1. október 2003, ásamt tillögum um leiðir til að efla strandsiglingar eftir því sem niðurstöður nefndarinnar gefa tilefni til. Markmiðið sé að strandsiglingar verði raunhæfar og samkeppnisfærar borið saman við landflutninga, sérstaklega með tilliti til þungaflutninga."

Herra forseti. Þessi tillaga er afar tímabær. Nú er verið að vinna að samræmdri samgönguáætlun sem á að flétta saman og taka í eitt siglingar á sjó og flutninga á landi, bæði á vörum og fólki og einnig líka flutninga í lofti. Því er mikilvægt að strandsiglingarnar komi inn í slíka heildarumfjöllun um framtíðarskipulag samgöngu- og flutningamála í landinu.

Í grg. með þáltill. okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs segir, með leyfi forseta:

„Fullyrða má að sjóflutningar meðfram strandlengjunni séu verulega vannýttur samgöngukostur hér á landi. Þróunin í þessum málum hefur verið á þann veg að dregið hefur úr þessum flutningum ár frá ári og er nú svo komið að einungis eitt skip stundar reglulegar siglingar meðfram ströndum landsins.

Þessi þróun hefur orðið á sama tíma og menn hafa almennt verið sammála um margvíslega kosti sjóflutninga umfram landflutninga, svo sem minni mengun og minna slit á vegum. Þá hafa öryggismálin verið mjög til umræðu en því fer fjarri að vegakerfi landsins beri hina miklu þungaflutninga þannig að fyllsta öryggis sé gætt. Lýtur þetta bæði að ökumönnum og farmi flutningabílanna, sem og öryggi annarra vegfarenda. Það er álit flutningsmanna þessarar tillögu að verulega hafi skort á stefnumótun af hálfu stjórnvalda í þessum efnum."

Herra forseti. Ekki þarf að hafa mörg orð um það hvernig þessir miklu þungaflutningar hafa flust til af sjó og upp á land. Við sem ökum eftir þjóðvegum landsins reynum svo sannarlega að umferð stórra flutningabíla, langra dreka með mikla og langa aftanívagna, er orðin æ meiri á vegunum, þessum mjóu vegum sem eru nánast byggðir upp fyrst og fremst sem fólksbílavegir. Stór hluti vegakerfisins er auk þess ekki byggður upp til að þola burðarlega séð svo þunga flutninga, hvað þá að vegarbreiddin sé fær um að taka á móti þeim miklu flutningum.

Einnig má líta á umhverfisþættina en við Íslendingar höfum skuldbundið okkur til þess að draga úr koltvísýringsmengun eða losun gróðurhúsalofttegunda á næstu árum og meira að segja tímasettur ákveðinn árangur í þeim efnum. En í gegnum samgöngurnar er einn sá stærsti þáttur sem stuðlar að losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. Í skýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum frá í maí 2001 segir starfshópur á vegum samgrn. og Vegagerðarinnar eftirfarandi um strandsiglingar, með leyfi forseta:

„Í samanburði við flutninga á vegum eru flutningar á sjó taldir vænlegri kostur með tilliti til losunar gróðurhúsalofttegunda. Hér skiptir þó nýtingin mestu máli. Eðli skipaflutninga veldur því að miklu magni er safnað saman til flutninga í stórum flutningaeiningum. Þetta er einnig helsti veikleiki sjóflutninga því þeir eru mun seinvirkari en flutningar á vegum.

Árið 1990 komu um 7% losunar gróðurhúsalofttegunda frá innanlandssamgöngum frá strandsiglingum. Miðað við heildarlosun af völdum brennslu jarðefnaeldsneytis var hér um tæplega 3% að ræða. Í dag hefur mjög dregið úr losun frá þessum flutningum þar sem nú sinnir einungis eitt skip strandsiglingum og annað olíuflutningum við Ísland en flutningar sem áður voru á sjó hafa færst yfir á vegi. Fátt bendir til

þess að þetta breytist á næstunni við óbreytt kostnaðarhlutföll. Ýmsir hafa haldið því fram að minnka mætti verulega útstreymi CO_2 með því að snúa þessari þróun við. Það kann að vera rétt og er ástæða til að fjalla um það sérstaklega en umfang þessarar skýrslu leyfir það ekki."

Þannig er það, herra forseti, að í vinnu samgrn. hingað til hafa menn vikið sér undan því að taka á þessum málum, að reikna út hagkvæmni og möguleika strandsiglinganna inn í flutningakerfi landsmanna. Menn tæpa á því að þetta geti verið hagkvæmt út frá flutningasjónarmiðum, þetta geti verið gott út frá mengunarsjónarmiðum en menn heykjast síðan á því í samgrn. að taka á málinu til hlítar og reikna út hagkvæmni strandflutninganna. Því er þessi tillaga flutt til að ýta á að slík úttekt verði gerð og leiðir kannaðar til að taka upp og styrkja öfluga strandflutninga.

Flutningakerfið hefur margvísleg byggðaáhrif. Fram hjá því verður ekki horft að fjölmörg byggðarlög búa nú við erfiðari aðstæður hvað samgöngur snertir en meðan reglubundnar strandsiglingar með samræmdri gjaldskrá voru við lýði. Einkum hefur þróunin orðið sú að flutningskostnaður þungavöru til og frá þeim byggðarlögum sem fjærst liggja helstu innflutnings- og útflutningshöfnum hefur hækkað og þjónusta og áreiðanleiki er misjafnari en áður var eftir ástandi vegakerfisins, vegalengdum og öðrum aðstæðum. Svo rammt kveður að þessu að nú er beinlínis flúið með framleiðslustarfsemi af landsbyggðinni til suðvesturhornsins, eingöngu vegna stóraukins flutningskostnaðar að sögn forráðamanna. Gæði, öryggi og verðlagning flutningaþjónustu eru því allt þættir sem líta verður til þegar byggðaáhrif mismunandi flutningsaðferða eru metin.

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að flutningarnir og möguleikarnir á flutningum á miklu magni vöru ráða miklu um samkeppnishæfni fyrirtækja, sérstaklega úti um land. Ef allur útflutningur á að fara um Reykjavíkurhöfn eða hafnirnar á suðvesturhorninu og vörurnar fluttar með bílum af öðrum landshlutum þá hlýtur það að skerða mjög samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni. Tökum sem dæmi Sauðárkrók þar sem steinullarverksmiðjan er. Þar hefur verið framleidd steinull sem hefur verið flutt m.a. með skipum. Leggist siglingar þar af flyst sá flutningur algerlega upp á land á flutningabíla og má búast við að framleiðslan þar verði óhagkvæmari af þeim sökum vegna mikils flutningskostnaðar. Svona dæmi má nefna hringinn í kringum landið. Tökum dæmi um flutning fóðurs, áburðar og annars slíks varnings á Vestfirðina. Einstaklingar og fyrirtæki þar verða að taka á sig gríðarlegan kostnað vegna hás flutningskostnaðar með bílum.

Hið sama má segja um útflutning á vörum frá höfnunum. Ef flytja verður þetta á bílum langan veg þá eykur það óöryggið á löngum og erfðum vegum og auk þess skapast líka verulegur kostnaður. Ég tala nú ekki um þær hafnir sem byggðar hafa verið upp vítt og breitt um landið til að þjóna þessum flutningum. Þær missa þá líka verkefni þannig að þessi mannvirki og starfsemi nýtast ekki sem ella.

Í fréttabréfi Siglingastofnunar, Til sjávar, 4. tbl. 5. árg. nóvember 2001, segir frá ályktun sem samþykkt var á ársfundi Hafnasambands sveitarfélaga 5. og 6. október 2001. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á fundinum var lýst ánægju með vinnu að samræmdri samgönguáætlun. Um leið minntu fundarmenn á mikilvægi hafna í samgöngukerfi landsmanna og að sjóflutningar væru að hluta til vannýttir sem samgöngukostur. Í því sambandi var bent á þá staðreynd að fiskihafnir landsins væru mikilvæg uppspretta samgangna á landi og sjó vegna þeirra afurða sem þar koma á land.

Þá væru sjóflutningar þjóðhagslega hagkvæmir til lengri tíma litið vegna góðrar orkunýtingar á hvern tonn/km." — Þ.e. flutningskostnaður á tonn per kílómetra í vegalengdum. — „Að auki væru þeir umhverfisvænir og öruggari flutningsmáti en landflutningar.

Fulltrúar á ársfundinum skoruðu á stjórnvöld að láta fara fram endurskoðun á Flutningsjöfnunarsjóði og töldu óþolandi að landflutningar væru styrktir umfram sjóflutninga úr þeim sjóði. Var einkum bent á flutninga á olíu og sementi í því sambandi.

Þá skoruðu fundarmenn á samgönguráðherra að hafa vinnu Hagfræðistofnunar um samkeppnisstöðu sjóflutninga gagnvart landflutningum að leiðarljósi í vinnu að samræmdri samgönguáætlun."

Virðulegi forseti. Flutningsmenn þessarar tillögu, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, taka undir framangreind sjónarmið. Gert er ráð fyrir að strandsiglinganefndin sem yrði skipuð á grundvelli þessarar tillögu hér, skili tillögum sínum fyrir 1. október 2003.

Virðulegi forseti. Þetta er eitt mikilvægasta mál í samgöngumálum Íslendinga að taka á og endurskoða hlutverk strandsiglinga í landinu og virkilega að kanna hagkvæmni þeirra og finna leiðir til þess að strandsiglingar geti orðið samkeppnishæfur valkostur í flutningskerfi á vörum milli landshluta og einnig til útlanda frá einstökum höfnum á landinu.

Virðulegi forseti. Ég vona að þessi tillaga okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um strandsiglingar fái góða og trausta meðferð í þinginu og í hv. samgn. og komi sem fyrst fyrir þingið aftur til síðari umr. þannig að hún megi samþykkjast á þinginu og að hægt verði að fara að vinna sem allra fyrst að þessu merka máli um siglingar við strendur Íslands sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytjum hér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samgöngur milli lands og Vestmannaeyja, fyrri umr.

Þáltill. LB o.fl., 48. mál. — Þskj. 48.

[17:23]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um bættar samgöngur milli lands og Vestmannaeyja. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem ég mæli fyrir hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa þriggja manna nefnd í samráði við bæjarstjórn Vestmannaeyja og sveitarstjórn Ölfuss sem kanni möguleika á kaupum, smíði eða útvegun skips sem ekki er lengur í ferðum en eina til tvær klukkustundir milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja. Skipið uppfylli að öðru leyti allar kröfur sem gerðar eru til siglinga á þessari leið, beri ekki færri farþega en

núverandi skip og geti flutt fleiri bíla. Jafnframt skal nefndin skoða og meta þann möguleika að lengja og bæta núverandi ferju þannig að hún þjóni betur hlutverki sínu í samræmi við áðurnefnd markmið um hraða og flutningsgetu.

Nefndin skili tillögum sínum eigi síðar en 1. febrúar 2003."

Röksemdafærslan fyrir þessu er sú að Herjólfur, ferjan sem gengur á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, uppfyllir ekki lengur þær kröfur um hraða og flutningsgetu sem gerðar eru til samgangna nú í upphafi 21. aldarinnar. Ferjan er tíu ára gömul og því á margan hátt barn síns tíma. Þróun í smíði og hönnun hraðskreiðra ferja hefur verið ör frá þeim tíma sem Herjólfur var tekinn í notkun árið 1992.

Undanfarin ár hefur landsbyggðin átt undir högg að sækja, ef mælikvarði fólksfjölgunar er notaður sem viðmið um viðgang og vöxt byggða. Fólki hefur víðast hvar fækkað á landsbyggðinni en að sama skapi fjölgað á höfuðborgarsvæðinu. Þessa þróun má ekki síst rekja til þess að mun færri atvinnutækifæri eru á landsbyggðinni en áður var og skiptir stefna stjórnvalda í fiskveiðistjórn miklu í þeim efnum. Sú stefna hefur leitt af sér færri atvinnutækifæri á stöðum sem byggðust upp vegna nálægðar við auðlindina. Þeir staðir njóta ekki lengur þess forskots sem sú nálægð fól í sér með tilheyrandi afleiðingum. Lykilatriðið í því að þessar byggðir fái áfram vaxið og dafnað er að þeim verði sköpuð þannig umgjörð að þær geti keppt um fólk og atvinnutækifæri og þar skipta samgöngur meginmáli. Ljóst er að núverandi samgöngur við Vestmannaeyjar uppfylla ekki þessar kröfur og að staða Vestmannaeyja hefur því versnað til muna undanfarin ár. Flugfélögin hafa hætt reglulegu áætlunarflugi til Eyja og ferðaskrifstofur hafa ekki talið eyjarnar spennandi kost vegna þess tíma sem tekur að fara með Herjólfi. Því hefur dregið talsvert úr ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum frá því sem áður var. Það er því skoðun undirritaðs og þeirra sem að þessari tillögu standa að grípa þurfi til aðgerða nú þegar og því er þessi tillaga borin fram enda skiptir miklu að vilji Alþingis liggi fyrir í þessum efnum. Það flýtir mjög fyrir úrbótum takist að ná um þær pólitískri samstöðu.

Gert er ráð fyrir að nefndin, sem skipuð verði, skili tillögum sínum ásamt greinargerð um áætlaðan kostnað við hverja tillögu eigi síðar en 1. febrúar 2003. Þessi skammi tími endur speglar þörfina á úrbótum í þessu mikilvæga máli.

Virðulegi forseti. Ég hef núna í örfáum orðum rakið þau meginsjónarmið sem búa að baki því að nauðsynlegt er nú þegar að ráðast í kaup eða smíði á nýrri ferju sem gengur milli lands og Eyja. Ekki þarf að fara um það mörgum orðum og það er hverju barni kunnugt að ef landsbyggðin á að geta snúið vörn í sókn er eitt lykilatriði í því að samgöngur á landsbyggðinni verði bættar. Þessar byggðir sem urðu til og döfnuðu og uxu í skjóli þess að þær nutu nálægðar við náttúruauðlindina, við sjóinn, hafa ekki sömu tækifæri í dag og þær höfðu á árum fyrr. Ef menn ætla að byggja upp eitthvað sem gæti komið til móts við þann missi sem þessar byggðir hafa orðið fyrir er algerlega nauðsynlegt að tryggja bættar samgöngur og það er í raun forsenda þess að það takist að byggja upp atvinnuvegi sem geta þá tekið við því fólki sem ekki getur lengur snúið sér að því að vinna úr því sem hafið skilar.

Virðulegi forseti. Ég held að röksemdir fyrir þessu máli séu mjög skýrar og einfaldar. Núverandi skipan mála stenst ekki lengur kröfur tímans. Kröfurnar eru meiri og ríkari í þessum efnum. Því er mikilvægt að gripið verði til aðgerða svo skjótt sem auðið er. Nú veit ég að menn hafa farið utan til þess að skoða ferjur og hafa m.a. skoðað ferju sem ætti ekki að vera lengur í förum milli lands og Eyja en eina klukkustund í góðu veðri. Það held ég að sé valkostur sem eigi að skoða því að skilaboðin til landsbyggðarinnar verða að vera þau að almennur vilji sé á hinu háa Alþingi til þess að halda landinu í byggð. Þetta er því innlegg og tillaga í anda þess, virðulegi forseti.

[17:29]

Útbýting þingskjala:

Lyfjalög og læknalög, 423. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 538.

Söfnunarkassar og happdrættisvélar, 94. mál, svar dómsmrh., þskj. 534.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:30.

---

45. FUNDUR

miðvikudaginn 4. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 404. mál, þskj. 499. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Réttindi sjúklinga, frv., 42. mál, þskj. 42. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Húsaleigubætur, frv., 43. mál, þskj. 43. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Vatnalög, frv., 45. mál, þskj. 45. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Breiðbandsvæðing landsins, þáltill., 46. mál, þskj. 46. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

6. Strandsiglingar, þáltill., 47. mál, þskj. 47. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

7. Samgöngur milli lands og Vestmannaeyja, þáltill., 48. mál, þskj. 48. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

[13:30]

Útbýting þingskjala:

Breyting á IX. og XXII. viðauka við EES-samninginn, 425. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 551.

Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn, 424. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 550.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, 426. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 552.

Kostnaður við undirbúning álvers í Reyðarfirði, 84. mál, svar iðnrh., þskj. 536.

Athugasemdir um störf þingsins.

Samgönguáætlun og 3. umræða fjárlaga.

[13:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég sé mig tilknúinn að biðja um orðið undir liðnum um störf þingsins til að inna hæstv. ríkisstjórn eða forustu þingsins eftir því hvort það sé virkilega ætlunin að standa þannig að málum að 3. umr. og afgreiðslu fjárlaga ljúki án þess að nokkuð bóli á einum mikilvægasta verkefnaflokki ríkisins og ákvörðunum um hann fyrir næsta ár, þ.e. vegáætlun eða samræmdri samgönguáætlun sem búið var að lofa að kæmi fyrir þingið strax í haust.

Því var lofað að samgönguáætlunin mundi hljóta afgreiðslu fyrir áramót samhliða fjárlagafrv., eins og þessu var lýst fyrir okkur á vordögum. Þá var mikið um dýrðir, þegar hæstv. samgrh. og ríkisstjórnin var að kynna hina glæsilegu tillögu sína um samræmda samgönguáætlun. Okkur var heitið nýjum og betri vinnubrögðum í þessu máli, skilvirkum og markvissum þar sem allar samgöngur yrðu felldar saman, allir þættir þeirra felldir saman í eina heildstæða áætlun og allt saman afgreitt með pomp og prakt og á réttum tíma.

Nú er að vísu hæstv. samrh. ekki staddur, það ég best fæ séð, í salnum. En nóg er af oddvitum ríkisstjórnarinnar sem geta þá væntanlega upplýst eitthvað um málið. (**Gripið fram í:** Formaður samgn.) Og formaður samgn. En það er kannski varla við formann samgn. að sakast þó að ríkisstjórnin hafi ekki komið frá sér þeim tillögunum sem henni ber lögum samkvæmt.

Þessar framkvæmdir og allur undirbúningur þeirra á að fara samkvæmt ákveðnum lögum og það er skylda ríkisstjórnarinnar að leggja tillögur fyrir þingið um þessa framkvæmd. Nú er engin áætlun í gildi fram undan. Frá og með 1. janúar nk. hangir þetta allt saman í lausu lofti. Það er auðvitað afar bagalegt, herra forseti.

Við vitum einnig að þingið verður stutt eftir áramótin. Í þriðja lagi bólar ekkert á mikilvægum ákvörðunum sem þessum málum tengjast, t.d. útboði á hinum miklu jarðgangaframkvæmdum fyrir norðan og austan. Það er þess vegna óumflýjanlegt, herra forseti, að hæstv. ríkisstjórn upplýsi um stöðu þessara mála áður en 3. umr. fjárlaga hefst.

[13:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég veit ekki annað en þetta sé allt í góðu fari, að menn þurfi ekki að hafa áhyggjur af afgreiðslu fjárlaganna og gögnin sem hv. þm. leitar eftir verði kynnt í vikunni. Síðan sjáum við til hvernig fer með afgreiðslu þeirra. Þetta er því allt í hinum besta farvegi eftir því sem ég best veit.

[13:34]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar varðandi hina samræmdu samgönguáætlun. Koma hennar hefur verið boðuð allt þetta haust. Í vor voru samþykkt ákvæði þar sem mönnum sást að vísu yfir nokkur atriði, t.d. með flugráð sem hafði ekki umboð til að starfa og þurfti að keyra í gegnum þingið lagabreytingu til að koma á virku flugráði. Maður ímyndaði sér að það væri að nokkru leyti ástæðan fyrir bægslagangnum með þetta blessaða mál í samgrn.

Það gleður mig hins vegar að heyra að oddviti hæstv. ríkisstjórnar lýsi því úr ræðustóli að þessi samræmda mikla samgönguáætlun komi fyrir þingið í þessari viku. Það er þá vonum seinna að það gerist.

Það er auðvitað hárrétt sem hér hefur komið fram, að það er bagalegt að hafa ekki getað rætt málið og skoðað það. En það má kannski segja sem svo að ríkisstjórnarflokkarnir hafi ekki séð fyrir hversu mikið mál væri að setja þetta saman. En vonandi kemur samræmd samgönguáætlun sem eitthvert vit verður í þegar hún loks kemur nokkrum dögum fyrir jól.

[13:36]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Samkvæmt lögum skal liggja fyrir vegáætlun eða samgönguáætlun, sem tekur bæði til vegamála, flugmálaáætlunar og almenningssamgangna og fleira sem lýtur að samgöngumálum, áður en fjárlög eru afgreidd. Núna er ekki í gildi nein samgönguáætlun, hvorki vegáætlun né flugmálaáætlun. Engu að síður er í fjárlagafrv. sundurliðun á framlögum til vegamála á ýmsa aðalflokka. Það var þó upplýst í samgn. þar sem ég sit að þessi skipting væri bara til þess að leggja tölur á blað en mundi breytast.

Ég gerði athugasemdir við það í hv. samgn. að samgönguáætlun lægi þar ekki fyrir þegar samgn. fékk fjárlagafrv. til umsagnar. Ég tel að samgn. hefði getað þrýst á það enn frekar að fá samgönguáætlun inn. Einnig gerði ég athugasemd við það í fjárln. þegar gjaldahlið fjárlagafrv. var afgreidd án þess að vegáætlun eða tillögur um skiptingu vegafjár lægi fyrir.

Herra forseti. Einn stærsti og mikilvægasti málaflokkurinn sem Alþingi fæst við eru samgöngumál, vegamál, flugmál og almenningssamgöngur. Það er því algerlega óviðunandi að hér sé gengið á svig við lög varðandi afgreiðslu fjárlaga. Jafnframt er það óviðunandi að Alþingi og þingnefndir Alþingis geti ekki fjallað um forgangsröðun og forsendur vegaframkvæmda um leið og ákveðin eru fjárframlög til þeirra.

Herra forseti. Ég hef óskað eftir því að fjárlög verði ekki afgreidd fyrr en samgönguáætlun og vegáætlun liggi fyrir þannig að málin gangi fyrir sig með eðlilegum og lögformlegum hætti.

[13:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það var svo sem ekki von á öðru en hæstv. forsrh. væri ánægður með ríkisstjórnina sína og framgöngu hennar. Það er sama hvers konar sleifarlag er þar á ferðinni. Þetta jaðrar við að vera jafnfullkomið og vinnubrögð einkavæðingarnefndar, þegar forsrh. er að lýsa þeim.

Í staðinn fyrir að koma og biðja þingið afsökunar á því að ríkisstjórnin hafi ekki staðið við lögbundnar skyldur sínar um að leggja fyrir þingið till. til þál. um vegáætlun eða samræmda samgönguáætlun eins og það á að heita, er sagt að þetta sé allt í himnalagi, eiginlega bara alveg fullkomið vegna þess að henni verði sennilega dreift hérna í vikunni. Kannski á föstudaginn um svipað leyti eða rétt eftir að við greiðum atkvæði að lokinni 3. umr. um fjárlög. Þetta stenst ekki lagafyrirmæli og hefðir sem átti að skapa með skipulögðum vinnubrögðum að þessu leyti. Þetta hefur náttúrlega aldrei þótt góð latína.

Nú liggur fyrir og hefur verið boðað, eins og kom fram áðan hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni, t.d. inni í samgn., að þar kunni að vera í vændum verulegar breytingar á fjárhæðum til einstakra málaflokka innan samgöngugeirans og þar fram eftir götunum. Heyrst hafa sögusagnir um að hæstv. ríkisstjórn eða stjórnarliðar hafi jafnvel haft í höndunum

spurninguna um hvort staðið verði við hin stóru áform og eitt sameiginlegt útboð fyrir jarðgangaframkvæmdir fyrir norðan og austan. Maður hlýtur að spyrja: Hvað hefur dvalið orminn langa? Hvers vegna tekur þetta svona langan tíma? Er það mannaflaleysi í samgrn.? Er þetta sleifarlag, verkleysi eða ósamkomulag?

Eru einhverjar hindranir í vegi þess að ríkisstjórnin komi tillögunni frá sér? Sé svo á Alþingi auðvitað heimtingu á að vita hver staða málsins er þannig að það sé ekki afgreitt í fullkominni hengjandi óvissu um hvað kunni að vera í vændum ef skortur er á því að ríkisstjórnin komi þessu frá sér af pólitískum ástæðum. Ég hefði því gjarnan viljað að hæstv. forsrh. reyndi að tala aðeins skýrar í þessum efnum.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 404. mál (sala á rjúpu o.fl.). — Þskj. 499.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Réttindi sjúklinga, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 42. mál (biðtími). — Þskj. 42.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Húsaleigubætur, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 43. mál (foreldrar með sameiginlega forsjá o.fl.). — Þskj. 43.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Vatnalög, frh. 1. umr.

Frv. SJS og KolH, 45. mál (vatnaflutningar). — Þskj. 45.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Breiðbandsvæðing landsins, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 46. mál. — Þskj. 46.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Strandsiglingar, frh. fyrri umr.

Þáltill. JB o.fl., 47. mál. — Þskj. 47.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Samgöngur milli lands og Vestmannaeyja, frh. fyrri umr.

Þáltill. LB o.fl., 48. mál. — Þskj. 48.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:44.

---

46. FUNDUR

miðvikudaginn 4. des.,
að loknum 45. fundi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Endurreisn Þingvallaurriðans, fsp. ÖS, 165. mál, þskj. 165.

Til utanríkisráðherra:

2. Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, fsp. SJS, 91. mál, þskj. 91.

Til heilbrigðisráðherra:

3. Hjúkrunardeild fyrir aldraða í Árborg, fsp. SJóh, 144. mál, þskj. 144.
4. Öldrunarstofnanir, fsp. ÁMöl, 296. mál, þskj. 318.
5. Eyrnasuð, fsp. ÞBack, 363. mál, þskj. 403.
6. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, fsp. ÁRÁ, 366. mál, þskj. 406.
7. Krabbameinssjúkdómar í meltingarvegi, fsp. ÁRÁ, 367. mál, þskj. 407.

Til samgönguráðherra:

8. Safn- og tengivegir, fsp. JB, 290. mál, þskj. 312.
9. Hækkun póstburðargjalda, fsp. ÖJ, 327. mál, þskj. 357.

10. Umferðaröryggi á Gemlufallsheiði, fsp. JB, 343. mál, þskj. 379.

Til menntamálaráðherra:

11. Samkeppnisstaða háskóla, fsp. ÁRJ, 319. mál, þskj. 346.

Til sjávarútvegsráðherra:

12. Hvalveiðar, fsp. SvanJ, 330. mál, þskj. 360.

Til dómsmálaráðherra:

13. Réttarstaða bifreiðastjóra sem aka eftir vegöxlum, fsp. HjÁ, 340. mál, þskj. 376.

14. Ættleiðingar, fsp. ÍGP, 379. mál, þskj. 432.

Til umhverfisráðherra:

15. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála, fsp. GunnB, 341. mál, þskj. 377.

Til fjármálaráðherra:

16. Ummæli um evrópskan vinnumarkað, fsp. ÖJ, 364. mál, þskj. 404.

Til viðskiptaráðherra:

17. Rafmagnseftirlit, fsp. ÞBack, 378. mál, þskj. 431.

Endurreisn Þingvallaurriðans.

Fsp. ÖS, 165. mál. — Þskj. 165.

[13:45]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Það kemur fyrir að hér eru hin hinstu rök og eilífðarmálin rædd. Eitt af þeim málum liggur fyrir þinginu. Þingvallavatn og Þingvellir eru þessu þingi mjög kær. Hluti vatnsins og Þingvallasvæðið eru undir sérstakri helgi samkvæmt lögum sem þetta þing samþykkti árið 1928 og Alþingi fer með vernd þessa svæðis.

Þingvallavatn er einstakt í veröldinni, ekki síst fyrir sakir þeirra fiska sem þar synda í djúpunum. Þar eru fjórar bleikjugerðir og ekkert land á öllu jarðríki státar af slíku vatni. En þar er líka að finna fisk sem ég hef stundum kallað hátind sköpunarverksins, urriðann. Hann svamlaði hingað til Íslands fyrir 10 þúsund árum og átti löngum góða og greiða leið milli vatnsins og sjávarins og var þá sjóbirtingur. En þegar fargi jökulsins létti af landinu fyrir 9 þúsund árum birtust ókleifir fossar í Soginu og Þingvallaurriðinn varð innlyksa. Þess vegna er hann einstakur í heiminum. Í honum eru gen sem ekki er að finna annars staðar. Þau valda því að hann verður ákaflega seint kynþroska. Hann verður ákaflega stór og gamall og ég hef hvergi fundið dæmi um nokkurn annan stofn sem varð jafnstór og þessi urriði. Þess vegna er hann einstakur og það ber að varðveita hann og vernda eins og hægt er.

Hins vegar er það svo, herra forseti, að mannanna verk hafa leitt til þess að urriðinn í Þingvallavatni hefur verið í hættu. Hann komst hvað lengst niður fyrir tíu árum eða svo þegar afleiðingar virkjunarinnar við Efra-Sog komu hvað gleggst fram. Það má heita að urriðinn hafi verið við að deyja út.

Þá var gripið til umdeildra aðgerða sem m.a. fólu í sér sleppingar. Þær voru ákaflega umdeildar á sínum tíma. Ég tel að þær hafi heppnast vel og hafi leitt til þess að það er aftur komin urriðaglóð í vatnið. Það er t.d. ein af dásemdum íslenskrar náttúru að sjá urriðana stóru svamla á hrygningarstöðvunum í Öxará framan við kirkjuna núna á hverju hausti. Þangað fer ég, herra forseti, jafnan og fylgist með þessu. Það er stórkostlegt að sjá að þrátt fyrir allt er hann að koma upp aftur.

Hér urðu nokkrar umræður árið 1998 um hvernig vernda ætti urriðann og hvort það væri hægt. Það varð til þess að hér tókust menn pínulítið á um mismunandi aðferðir, vegna þess að það er hægt að draga í efa sumar þessara aðferða, m.a. þá sem ég nefndi hér. Niðurstaðan varð sú að hið háa Alþingi samþykkti ályktun um að stofna nefnd. Það var gert 3. mars 1998. Ég veit að hæstv. forsrh. deilir með mér áhuga og ástríki á Þingvallavatni og Þingvallaurriðanum og ég er þess vegna sannfærður um að þetta mál er vel á veg komið. Þess vegna hef ég beint til hans þessari fyrirspurn:

1. Hverjir voru skipaðir í nefnd sem gera átti tillögur um leiðir til að efla urriðastofna í Þingvallavatni, samkvæmt samþykkt Alþingis frá 3. mars 1998?

2. Hvernig hefur starfi nefndarinnar miðað?

3. Er að vænta tillagna frá nefndinni?

[13:48]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Eins og menn vita er nokkurt ójafnræði hér á milli spyrjandans og þess sem er til andsvara í máli þessu. Þó að það fái ekki kennslufræðileg fegurðarverðlaun verður samt eggið að reyna að kenna hænunni í þessu tilviki, er þá svarandinn í hlutverki eggsins og er það ekki öfundsvert.

Ég verð að svara því strax þannig að nefnd þessi var ekki skipuð, enda mun það vera svo að menn vildu hreyfa þessu máli og koma af stað og það hefur farið af stað með nokkrum ágætum. Í svari mínu byggi ég á upplýsingum frá Veiðimálastofnun sem Magnús Jóhannsson fiskifræðingur hefur tekið saman. Frá því að þetta mál var rætt á Alþingi hefur verið stofnað til tveggja rannsóknarverkefna sem tengjast aukinni þekkingu á hegðun og vistkerfi Þingvallaurriðans og möguleikum til að endurreisa stofninn.

Annað verkefnið hófst árið 1999 og miðar að því að kortleggja nánar umhverfi og atferli Þingvallaurriðans í Þingvallavatni og Öxará. Með merkingum á urriðanum hefur í fjögur ár verið fylgst með ferðum urriðans og ferli hans skráð að degi sem nóttu á öllum árstíðum. Þannig hafa náðst mikilvægar upplýsingar um hvar urriðinn heldur sig á hverjum tíma og hvað hann aðhefst. Jóhannes Sturluson, starfsmaður Veiðimálastofnunar, hefur unnið að og stjórnað verkefninu. Rannís og Þingvallanefnd hafa styrkt verkefnið.

Hitt verkefnið er að tilhlutan Landsvirkjunar í samvinnu við Veiðifélag Þingvallavatns. Það miðar að því að skapa á ný skilyrði til hrygningar og uppeldis fyrir urriða í útfalli Þingvallavatns. Hafa þær aðgerðir m.a. falið í sér að koma þar fyrir möl sem talin er henta til hrygningar fyrir urriða, hrognagreftri og sleppingum urriðaseiða. Markmiðið með þessum aðgerðum er að þar geti orðið sjálfbær urriðastofn. Veiðimálastofnun hefur komið að þessum aðgerðum og jafnframt stundað rannsóknir á árangri þeirra ásamt rannsóknum á fiskstofnum vatnsins. Þar er megináherslan lögð á vöktun fiskstofnanna með tilliti til sleppinga.

Þá hefur verið lögð áhersla á að auka almenna þekkingu á lífsháttum urriða í vatninu. Magnús Jóhannsson, fiskifræðingur hjá Veiðimálastofnun, hefur haft umsjón með þessum rannsóknum.

Rannsóknir hafa sýnt að allnokkur hrygning og uppeldi urriða er í Öxará, eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, sem er nú mestur sérfræðingur um efnið. Þar virðist vera aðalhrygningarstaður urriða í Þingvallavatni. Mjög lítið uppeldi er í Grafningsánum, Ölfusvatnsá og Villingavatnsá.

Vonast er til að með þeim aðgerðum sem hér hefur verið lýst og frekari aðgerðum skapist skilyrði fyrir sjálfbæran stofn sem hrygnir í útfalli vatnsins.

Til skoðunar er nú hjá Landsvirkjun í samráði við Veiðimálastofnun að gera varanlegt skarð í stíflu í útfalli Þingvallavatns þar sem tryggt yrði lágmarksrennsli og um leið sköpuð skilyrði til hrygningar ofan við skarðið. Ljóst er að sú vitneskja sem fengist hefur af þessum tveimur rannsóknarverkefnum, sem nefndinni að vísu var ætlað að gangast fyrir, mun gagnast mjög í framtíðinni. Auðvitað getur enn komið til álita að skipa nefnd af þessi tagi fýsi menn til þess.

[13:51]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Aldrei hefði ég lagt í það sem hæstv. forsrh. gerði sjálfur, að líkja sér við egg. Ég verð að segja það að miðað við það átak sem hann hefur gert í mataræði sínu mundi ég aldrei nota það orð um hann núna.

Hins vegar verð ég að segja að ég er bæði ánægður en þó líka vonsvikinn með svar hæstv. ráðherra. Ég get svo sem lifað við þá staðreynd að þessi nefnd hafi aldrei verið skipuð. En ég vil samt rifja það upp að skipan hennar átti einmitt að verða til að fá sérfræðinga til að skera úr um hvort í lagi væri að ráðast í tilteknar aðgerðir.

Það eru auðvitað tvenns konar aðgerðir sem ég legg áheslu á. Í fyrsta lagi að rofið verði skarð í stífluna sem er á milli vatnsins og niður Efra-Sogið. Nú þegar streymir mikið vatn þar og hvers vegna ekki að láta það streyma um farveg þar sem urriðinn getur þá leitað aftur niður á sín fornu óðul? Ég vil spyrja hæstv. forsrh., vegna þess að hann tók svo til orða að þetta væri í íhugun: Er hann ekki þeirrar skoðunar að það eigi að gera þetta?

Ég rifja það upp að einn af ráðherrum í fyrri ríkisstjórn hans, núverandi hæstv. forseti þingsins, Halldór Blöndal, tók undir að það ætti að gera slíkt. Ég er því eindregið fylgjandi og mundi fagna því væri það gert.

Í annan stað voru menn andstæðir þeirri skoðun sem ég og fleiri fylgdu, að sleppa ætti urriða, m.a. vegna þess að þeir töldu að erfitt væri að ná nógu mörgum hrygningarfiskum til að skapa nógu mikla erfðafræðilega fjölbreytni í ungviðinu. Mér sýnist, eins og urriðinn er að koma upp í vatninu í dag, að hægt væri að gera þetta. Eigi að síður lögðust aðilar hjá Náttúruvernd gegn þessu og einmitt þess vegna vildi ég fá þessa nefnd á laggir. En ég spyr hæstv. forsrh., vegna þess að hann tekur svo til orða að nýlega hafi þegar verið sleppt einhverjum urriðaseiðum í vatnið: Er það svo? Eru slíkar sleppingar byrjaðar? Og ef ekki, telur hann þá ekki rétt að koma á laggir nefnd til að ræða möguleikana á að gera það?

[13:53]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er sjálfsagt að gera það, enda til þess hvatt og sjálfsagt að hafa náið samráð við fyrirspyrjanda um það efni þar sem hann er sérstakur áhugamaður og hefur þekkingu á þessu efni. Við skulum þá stofna til þess hið fyrsta fyrst það hefur dregist með þessum hætti.

En í bréfi frá Magnúsi Jóhannssyni fiskifræðingi er gerð grein fyrir sleppingum, greftri urriðahrogna og öllum þessum aðgerðum sem þegar hefur verið gripið til. Hér segir m.a., með leyfi forseta:

„Samanburður á vexti urriða frá því fyrir virkjun bendir til að vöxtur sé meiri nú en var fyrr. Þetta gæti stafað af því að fyrr hafi verið meira um urriða í vatninu og því meiri samkeppni um fæðuna þó margt sé enn óljóst varðandi lífshætti urriða í Þingvallavatni." — Eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi.

En við skulum drífa í að skipa þessa nefnd og ég heiti því að hafa um það samráð við hv. fyrirspyrjanda.

Endurskoðun viðskiptabanns á Írak.

Fsp. SJS, 91. mál. — Þskj. 91.

[13:54]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. utanrrh. hvernig Ísland eða hann sem utanrrh. hafi framfylgt ályktun Alþingis frá því í maí 2001 um að Ísland beiti sér fyrir endurskoðun á viðskiptabanni á Írak og styðji frumkvæði Norðmanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í því sambandi.

Þetta mál á sér þá forsögu að alls sex sinnum flutti ræðumaður tillögu hér á þingi um að Íslendingar beittu sér fyrir slíkri endurskoðun viðskiptabannsins. Ástæðurnar eru að sjálfsögðu þær hörmungar og þjáningar sem sannanlega hafa gengið yfir almenning í Írak vegna þessa viðskiptabanns, hvað sem öðru líður, og hafa þær þjáningar og hörmungar bæst við þær sem írakskur almenningur hefur þolað vegna harðstjórnar og styrjaldarreksturs einræðisherrans Saddams Husseins. Leitun mun að þjóð sem hefur lifað jafndimma daga og íraksk þjóðin síðustu 10–20 ár. Var þar þó áður einna mest velmegun og einna þróaðast ríki í öllum löndum arabaheimsins.

Hjálparsamtök eins og Amnesty International, Rauði krossinn og ýmiss konar stofnanir og hópar hafa eindregið hvatt til endurmats á þessum aðgerðum um langt árabil og hvatt til að a.m.k. yrðu rýmkaðar reglur um almennar vörur, varahluti og annað sem staðið hefur Írak mjög fyrir þrifum að fá ekki til sín með frjálsum hætti til að unnt væri að endurreisa stoðkerfi samfélagsins, vatnsveitur, orkuveitur og annað því um líkt, sem sprengt var til grunna eða varð óstarfhæft í Flóabardaga. En mestu veldur þó sá skortur á matvælum og lyfjum sem er sjálfsagt meginorsök þessa mikla mannfalls sem orðið hefur í Írak á síðustu árum, en þar er talið að um 1,5 milljónir manna hafi látið lífið vegna beinna og óbeinna afleiðinga viðskiptabannsins frá því að Flóabardaga lauk, þar af a.m.k. þriðjungur eða yfir hálf milljón barna.

Ekki færri en þrír yfirmenn hjálparstarfs Sameinuðu þjóðanna í Írak hafa sagt af sér embætti í mótmælaskyni við ástandið í landinu og það sem þar fer fram að þessu leyti á ábyrgð alþjóðasamfélagsins vegna viðskiptabannsins. Þau Hans von Sponeck, Jutta Burghart og Denis Halliday, þrautreyndir starfsmenn Sameinuðu þjóðanna við sambærilegar aðstæður til áratuga, gengu öll þessa slóð.

Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. utanrrh. hvað hann geti frætt okkur um varðandi ályktun Alþingis frá 19. maí 2001, um endurskoðun viðskiptabanns á Írak, hvernig henni hafi verið fylgt eftir.

[13:58]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Fulltrúar Noregs voru sem kunnugt er kosnir til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna fyrir árin 2001–2002. Jafnframt hlaut fulltrúi Noregs kosningu

sem formaður viðskiptabannsnefndar öryggisráðsins gagnvart Írak.

Eftir að Norðmenn tóku sæti í öryggisráðinu beittu þeir sér fyrir endurskoðun viðskiptabannsins enda hafði gagnrýni á framkvæmd þess vaxið. Í framhaldi af því samþykkti öryggisráðið samhljóða hinn 14. maí sl. ályktun nr. 1409 þar sem gildandi viðskiptabanni var breytt. Breytingin þýðir að í reynd er allur innflutningur heimilaður að undanskildum hergögnum og vopnabúnaði sem og vörum sem hugsanlegt er að nýta í hernaðarlegum tilgangi. Íslensk stjórnvöld studdu þessa endurskoðun og fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum fylgdist eins náið og kostur er með þessu endurskoðunarstarfi.

Málefni Íraks hafa einnig verið til umfjöllunar á norrænum utanríkisráðherrafundum og hafa Norðmenn þá jafnan gert grein fyrir stöðu Íraksmálsins á hverjum tíma í öryggisráðinu. Ísland og önnur Norðurlönd hafa þar komið sjónarmiðum sínum að og veitt þann stuðning sem þau hafa getað við þá vinnu sem Norðmenn hafa innt af hendi í tengslum við endurskoðun viðskiptabannsins.

Eins og allir vita er Íraksmálið í mjög viðkvæmri stöðu sem stendur. Vopnaeftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna hafa nú loks getað hafið störf á nýjan leik í Írak í samræmi við nýja og afar ákveðna ályktun öryggisráðins nr. 1441, um vopnaeftirlit í Írak. Ef Írak fer að ályktuninni í hvívetna þannig að óyggjandi sé að landið búi ekki yfir gereyðingarvopnum og ætli sér ekki að þróa þau verður viðskiptabanninu væntanlega aflétt. Til þess að hægt sé að sannreyna slíkt þurfa vopnaeftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna að geta gengið tryggilega úr skugga um að Írakar hvorki hafi undir höndum né séu að þróa gereyðingarvopn. Fyrr er þess ekki að vænta að refsiaðgerðum Sameinuðu þjóðanna gegn Írak verði aflétt.

[14:00]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Það er vissulega fagnaðarefni að ákveðin framþróun varð í þessu máli sem þökkuð verður kannski ekki síst forustu Noregs. Að sjálfsögðu hefur á flestan hátt verið sómi að því hvernig Noregur hefur staðið að málum í setu sinni í öryggisráðinu og formennskutíð í viðskiptabannsnefndinni. Vitanlega er eðlilegt að Ísland fylgi Noregi að málum og styðji frumkvæði þess enda í samræmi við nefnda ályktun Alþingis.

Það sem ég vil til viðbótar nefna í þessu sambandi er að ég held að þessu máli þyrfti að fylgja eftir og Ísland ætti að leggja þar sitt lóð á vogarskálar. Lærdómnum af aðgerðunum gegn Írak ætti að fylgja eftir með endurmati á þessari aðferðafræði og þessum reglum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þannig að ef til þess kemur að menn vilja beita einhvers konar efnahagslegum þrýstiaðgerðum eða tækjum af því tagi séu þeir betur undir það búnir að gera það miðað við mismunandi aðstæður sem augljóslega þarf einnig að hafa í huga. Ég held að lærdómurinn af Írak, borið saman við Suður-Afríku og fleiri slík tilvik, sé sá að það eigi að sjálfsögðu að einbeita sér að viðskiptabanni með hergögn og vígbúnað, það eigi að beina banninu að þeim þáttum sem stjórnvöld eru viðkvæm fyrir ef þau eru sá aðili sem ætlunin er að refsa, t.d. með fjárfestingarbanni eða pólitískri einangrun en síður að viðskiptum með almennan varning. Það sýnir sig auðvitað að það er fyrst og fremst almenningur sem verður fyrir áhrifum af slíku banni og af þessu þyrftu menn auðvitað að læra. Að sjálfsögðu vona ég svo, eins og hæstv. utanrrh., að vopnaeftirlitið verði árangursríkt, að ekki verði reynt að bregða fyrir það fæti af hvorugum aðilanum, Írökum eða Bandaríkjamönnum, og þannig verði komist hjá átökum í landinu.

Hjúkrunardeild fyrir aldraða í Árborg.

Fsp. SJóh, 144. mál. — Þskj. 144.

[14:03]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Mjög alvarleg staða hefur verið um árabil hvað varðar hjúkrunarrými fyrir aldraða á Suðurlandi. Á Selfossi hefur um árabil verið nýtt sem hjúkrunarheimili gamalt og löngu úrelt sjúkrahús, Ljósheimar, sem margoft hefur verið sýnt fram á að er alls ófullnægjandi sem slíkt auk þess sem rýmið þar er mjög takmarkað. Árið 1998 kom fram á Alþingi að undirbúningur að nýbyggingu fyrir hjúkrunarheimili væri vel á veg kominn en því miður hefur málið tafist í kerfinu, og ekki hafa byggingarframkvæmdir enn verið hafnar þó að nokkrir fjármunir hafi legið fyrir, þ.e. um 70 millj. á þessu ári. Hæstv. heilbrrh. lýsti því yfir síðast í mars á þessu ári að hann áliti byggingu nýs hjúkrunarheimilis við Sjúkrahús Suðurlands vera forgangsverkefni, að framkvæmdir yrðu hafnar strax eftir næstu áramót og byggð yrði 1.100 fermetra bygging á tveimur hæðum með kjallara að hluta. Fagna ég sérstaklega þeim áformum.

Nú er það svo að við sem höfum tekið þátt í umræðum um nauðsyn þess að byggja nýtt hjúkrunarheimili í stað Ljósheima alveg frá 1998 eða lengur erum orðin nokkuð brennd af því að framkvæmdahraðinn standist ekki fyllstu væntingar, svo að ekki sé sterkar að orði komist, og óttumst að enn kunni að vera nokkuð langt í land með að hægt verði að koma hjúkrunarsjúklingum fyrir í þessari mjög svo þörfu byggingu.

Í þessu nýja kjördæmi eru líka talandi dæmi um sjúkrahús sem hafa risið og verið innréttuð en ekki verið hægt að taka í notkun vegna fjárskorts. Ég hef haft spurnir af því á síðustu mánuðum að aldrað fólk sem mjög var af dregið og hafði verið vistað á Sjúkrahúsi Suðurlands til lækninga hafi síðan verið sent heim þótt þar væri engin aðstaða til að sjá um það því ekki mátti teppa rúm á sjúkrahúsinu lengur. Ekki var hægt að vísa á neitt tiltækt hjúkrunarrými fyrir aldraða, ekki einu sinni á fyrrnefndum Ljósheimum, og ekki var heldur fyrir hendi rými í Hveragerði. Það er spurning þar sem vandinn er svo stór hvort ekki sé hægt að taka eitthvert rými á Sjúkrahúsi Suðurlands eða þá annars staðar undir hjúkrunarrými fyrir aldraða meðan beðið er eftir nýja hjúkrunarheimilinu. En ég hef lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. heilbrrh.:

1. Hver er núverandi staða áætlana um byggingu hjúkrunardeildar fyrir aldraða í Árborg?

2. Mun ráðherra við afgreiðslu fjárlaga beita sér fyrir að tryggja nægilegt fé til framkvæmdanna á næsta ári?

[14:06]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykn. spyr um núverandi stöðu áætlana um byggingu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða í Árborg og hvort ég muni beita mér fyrir því við afgreiðslu

fjárlaga að tryggja nægilegt fé til framkvæmdanna á næsta ári.

Eins og kunnugt er hefur ríkisstjórnin unnið að því að tryggja meira fé til uppbyggingar öldrunarþjónustu í landinu. Þetta hefur tekist og mun þess sjá stað víða um land. Þörfin fyrir ný rými er mest á höfuðborgarsvæðinu en einnig er nauðsynlegt að leysa vanda í nokkrum byggðarlögum á landsbyggðinni.

Í Árborg eru nokkrir einstaklingar á biðlista eftir vistun en samkvæmt tölum frá 18. október bíða nú 12 í byggðarlaginu „í mjög brýnni þörf" fyrir rými. Tveir eru „í þörf" fyrir slíkt en átta bíða eftir dvalarrými. 20 einstaklingar eru nú í hjúkrunarrými á Ljósheimum og eru 16 þeirra frá Árborg en aðrir úr nágrannabyggðarlögum. Undirbúningur að nýrri byggingu er tæki við af Ljósheimum hefur staðið nokkuð lengi en húsnæðið er sem kunnugt er ekki fullnægjandi fyrir starfsemina. Í svari við fyrirspurn svipaðs efnis frá því í mars greindi ég frá því að ákveðið hefði verið að byggja nýja álmu við sjúkrahúsið á Selfossi og mundi byggingin hýsa bæði heilsugæsluna og hjúkrunardeild. Um verður að ræða byggingu á tveimur hæðum, um 1.100 fermetrar að flatarmáli með um 500 fermetra kjallara. Með þessari ákvörðun er tryggt að stoðrými og stoðdeildir á stofnuninni verði nýtt til fullnustu, og rekstur á auk þess að vera hagkvæmari í stærri rekstrareiningu. Stefnt er að útboði fyrsta áfanga verksins eftir nk. áramót og er ákveðið að fyrsti áfangi verði að steypa upp allt húsið, ganga frá því að fullu að utan og innrétta hjúkrunardeildina. Með nýbyggingu er vonast til að komið verði til móts við þarfir fyrir hjúkrunarrými á svæðinu og þeim sem þurfa á slíkum rýmum að halda verði tryggðar þær aðstæður sem nútíminn krefst.

Hv. þm. spyr einnig um fjármagn til verksins á næsta ári. Samkvæmt áætlunum Framkvæmdasjóðs aldraðra er gert ráð fyrir að hefja framkvæmdir hjúkrunardeildar fyrir aldraða í Árborg á árinu 2003. Þegar henni er lokið verður gerð áætlun um fjármögnun verksins sem gerir mögulegt að ljúka framkvæmdum eins fljótt og mögulegt er og að því loknu verði hjúkrunarheimilið Ljósheimar lagt niður en því var komið upp fyrir 20 árum.

Vegna ástands gamla hjúkrunarheimilisins Ljósheima setti ég mál þess í forgang og lagði kapp á að tryggja hinni nýju hjúkrunardeild fé á fjárlögum sem og úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Gert er ráð fyrir að á fjárlögum 2003 verði um 60 millj. kr. varið til verksins og vonast er til að Framkvæmdasjóður aldraðra leggi til um 50 millj. kr. Rétt til að ítreka vil ég segja að hinni nýju hjúkrunardeild sem er með 26 rúmum hefur verið fundinn staður á 2. hæð í nýrri álmu við sjúkrahúsið þannig að verklok eru tengd stækkun heilsugæslunnar og fleiri þjónustuþáttum sem verða á 1. hæð hússins. Þannig skapast góðar aðstæður til umönnunar aldraðra á Árborgarsvæðinu.

Virðulegi forseti. Ég vil ljúka máli mínu líkt og ég lauk andsvari við fyrirspurn annars þingmanns í vor með því að þakka þingmönnum Suðurlands og Suðurkjördæmis hins nýja þann mikla áhuga sem þeir hafa sýnt málinu en þeir hafa verið óþreytandi að vinna að framgangi þess.

[14:10]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Auðvitað metum við þingmenn sem störfum í Suðurkjördæmi áhuga ráðherrans og að hann skuli meta áhuga okkar á þessu máli. Staðreyndin er hins vegar sú að aðstaða fyrir sjúka aldraða og hjúkrun þeirra í Ljósheimum er með slíkum eindæmum að við hljótum öll að hafa komist við sem því höfum kynnst. Það er ein sú lakasta aðstaða sem við höfum séð á landinu. Þess vegna viljum við ganga nánar eftir svörum ráðherrans ef hann gæti veitt okkur upplýsingar um hvenær hann telji líklegt að samningar takist um þá fyrirhuguðu nýbyggingu við sjúkrahúsið á Selfossi sem hann nefndi. Hvenær hann telji að byggingarframkvæmdir geti hafist. Við og umbjóðendur okkar þurfum vissu um fleira en að útboð hefjist eftir næstu áramót eða stefnt sé að því. Hvenær hann telji að ný deild geti tekið til starfa. Það eru meginatriði. Það er ekki nægjanlegt að stefna að útboði. Við þurfum að hafa meira í höndunum og fólkið sem býr við þessar aðstæður þarf betri svör.

[14:11]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þetta svar. Þetta mál hefur margoft verið til umræðu hér á Alþingi og í raun og veru óþarft að hafa mörg orð um aðstöðuna á þessum stað en ég gleðst mjög yfir að heyra að hæstv. ráðherra hafi ákveðið að strax eftir áramót fari fram útboð á því að byggja upp hjúkrunarheimili og viðbyggingu við sjúkrahúsið á Selfossi. Þetta skiptir afar miklu máli fyrir Suðurland og þetta skiptir auðvitað afar miklu máli fyrir öldrunarþjónustu á þessu svæði. Eins og fram hefur komið hjá hæstv. ráðherra er gert ráð fyrir því í fjárlögum að verja 60 millj. til þessa verkefnis á fjárlögum ársins 2003. Auk þess kemur nú fram að Framkvæmdasjóður aldraðra mun veita um 50 millj. í þetta verk. Hér er um brýnt verk að ræða og mjög kostnaðarsamt og það skiptir okkur líka miklu máli að því ljúki hratt og vel.

[14:12]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur, fyrir þá fyrirspurn sem hún hefur lagt hér fram. Jafnframt þakka ég svar hæstv. heilbrrh. og það efni sem fram kom í svari hans. Það er ljóst að þörfin er mjög brýn á þessu svæði. Það má ekki einskorða umræðuna alfarið við Árborg eða Selfoss vegna þess að Árborg eða reyndar Selfoss þjónar miklu stærra svæði en bara því svæði sem telst til sveitarfélagsins Árborgar. Þannig er tekið við íbúum af miklu stærra svæði en gamla Suðurlandskjördæmi og mjög nauðsynlegt að það sé haft í huga.

Það mætti, og því langar mig að beina til hæstv. ráðherra, með skömmum fyrirvara og á auðveldan hátt bæta úr þeirri dagvistun sem nú er við stofnunina á tiltölulega ódýran og einfaldan hátt.

[14:13]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég fagna, einungis sem þingmaður kjördæmisins, yfirlýsingu hæstv. heilbrrh. og á hvaða stig þetta mál er komið eftir mikla vinnu sem fram hefur farið síðustu árin. Ég held að ekki þurfi að efast um þetta mál lengur, þessa miklu framkvæmd sem er stærri en ætlað var í upphafi og snýr þá líka að heilsugæslu og framtíðaraðstöðu á þessu sjúkrahúsi. Fyrst og fremst er að sjá það í höfn að langlegudeild í stað Ljósheima tekur innan skamms til starfa og ég vil segja hér að ég trúi orðum hæstv. heilbrrh. og efast ekki um að málið sé komið í þann farveg að útboð fari fram eftir áramót, eigi síðar en í febrúar, og verkið verði auðvitað unnið í samfellu. Tíminn er fljótur að líða og innan skamms rís

ný aðstaða eða eigi síðar, að mínu viti, en 2004 en ráðherra þekkir það nú betur.

[14:14]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og hv. þingmanni fyrir að vekja máls á þörfinni fyrir öldrunarrými, hjúkrunardeild, í Árborg, og því hver staða mála er. Eins og við þekkjum öll eru Ljósheimar algjörlega óviðunandi húsnæði eins og við höfum vitað í nokkur ár og höfum þess vegna fylgt því eftir eins og hæstv. ráðherra kom hér inn á.

Þróunin hefur verið sú í Árborg, þá sérstaklega á Selfossi, að þar hefur öldruðum fjölgað mjög hratt, m.a. vegna þess að aldraðir úr nágrannabyggðarlögum flytja á Selfoss þar sem þjónustan er. Bæjarstjórn Árborgar hefur ályktað um að nú þegar sé þessi deild, sem áætlað er að þarna rísi, of lítil og það þurfi að fjölga plássum enn frekar til að fullnægja fyrirsjáanlegri þörf, reyndar einnig þeirri þörf sem er þegar til staðar. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort það hafi verið skoðað sérstaklega að taka í notkun stærra húsnæði því að þarna er aðeins um að ræða nægt húsnæði fyrir þá sem þegar eru á Ljósheimum.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin og hv. þm. sem hér hafa tekið til máls fyrir framlag þeirra til umræðunnar. Ég er náttúrlega mjög uppnumin yfir þeim áætlunum sem liggja fyrir, að hefja útboð eftir áramótin og byrja á þessari byggingu. Álíka kann að hafa heyrst áður í þessum sal en ég ætla að vona að það sé í höfn. Ég hef samt ekki heyrt hvenær þessi deild verður opnuð fyrir sjúklinga. Það skiptir miklu máli vegna þess að margt fólk líður fyrir að hafa ekki þennan möguleika.

Við þurfum að hugsa um þá sem bíða og hafa engin úrræði. Hvað á að gera fyrir þá? Það líður einhver tími frá útboði og þangað til hægt verður að leggja sjúklinga inn á þessa deild. Ég hef áhyggjur af því fólki sem ég veit að bíður og líður.

Ég kom með uppástungu í fyrri ræðu minni um að fundin yrðu einhver bráðabirgðaúrræði, t.d. að reynt yrði að finna eitthvert afdrep í Sjúkrahúsi Suðurlands sem hægt væri að nýta fyrir hjúkrunarsjúklinga fram að því að þessi deild opnar eða þá eitthvert annað rými. Ég vil jafnframt taka undir það sem hv. þm. Kjartan Ólafsson sagði, að það kynni að vera einhver lausn að bæta úrræði með dagvist. Þessu máli er þannig komið að eitthvað verður að gera strax.

[14:18]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram að hönnun þessa mannvirkis hefur verið í fullum gangi á yfirstandandi ári. Til þess voru lagðir verulegir fjármunir. Ef ég man rétt eru komnar 70 millj. inn á þetta verk á yfirstandandi ári án þess að ég hafi þá tölu undir höndum. Ég endurtek hins vegar að ég vonast til að í byrjun næsta árs getum við boðið þetta verk út og að það verði unnið í samfellu.

Ég endurtek að bygging öldrunarheimila er forgangsverkefni. Ég hef tvisvar skoðað Ljósheima rækilega á ferli mínum sem heilbrrh. og það þarf ekkert að lýsa fyrir mér aðstöðunni þar en hönnunin er miðuð við 26 rúm eins og kom fram í svari mínu.

Hér hefur verið nefnd dagvistun. Það er einmitt eitt af því sem felst í samkomulagi ríkisstjórnarinnar og aldraðra, að setja inn aukna peninga til dagvistunar. Í þeim tillögum sem meiri hluti fjárln. leggur fram fyrir 3. umr. eru auknir fjármunir til þeirra hluta. Ég tel mjög mjög áríðandi að efla slík úrræði og einnig eigi að horfa til heimaþjónustu í þessu sambandi. En þetta samkomulag felur líka í sér að auka fjármuni til þess. Það er þáttur í þeirri stefnu að gera fólki kleift, meðan mögulegt er, að búa í sínu umhverfi. Það er stefna ráðuneytisins að svo verði. Það er ekki takmark í sjálfu sér að komast inn á stofnanir þó að þær séu auðvitað bráðnauðsynlegar.

Öldrunarstofnanir.

Fsp. ÁMöl, 296. mál. — Þskj. 318.

[14:20]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Samkvæmt mannfjöldaspám mun þeim sem eru 67 ára og eldri fjölga verulega á næstu árum og áratugum. Í dag eru um 30 þúsund manns 67 ára og eldri. En þeim mun fjölga um helming og verða um 60 þúsund manns eftir um þrjá áratugi.

Meginmarkmið laga um málefni aldraðra er að stuðla að því að aldraðir geti búið við eðlilegt heimilislíf eins lengi og unnt er en þeim jafnframt tryggð stofnanaþjónusta þegar þörf er.

Íslendingar hafa lagt mikla áherslu á uppbyggingu öldrunarstofnana á síðustu áratugum. Nú er svo komið að einna hæst hlutfall aldraðra yfir 67 ára aldri er á stofnunum hér á landi í samanburði við aðrar Norðurlandaþjóðir. Þegar horft er til aldurshópsins yfir áttrætt þá eru um 35% þeirra á öldrunarstofnunum. Á hinum Norðurlöndunum er hlutfallið 20%, að Noregi undanskildu þar sem um 25% 80 ára og eldri eru á stofnunum.

Því hefur verið haldið fram að Íslendingar leggi of mikla áherslu á að byggja opinberar stofnanir til að mæta þörfum aldraðra en minni áherslu á að styðja þá til að búa sem lengst heima hjá sér. Samanburðartölur milli Norðurlanda benda til að nokkuð sé til í þeirri fullyrðingu. Sl. vor gaf heilbr.- og trmrn. út hefti sem innihélt áætlun um uppbyggingu öldrunarþjónustu árin 2002–2007. Þar kemur m.a. fram það mat ráðuneytisins að taka þurfi í notkun 400–450 ný hjúkrunarrými á næstu fimm árum til loka ársins 2000–2007, langflest á höfuðborgarsvæðinu. Þessi skortur á hjúkrunarrýmum á Stór-Reykjavíkursvæðinu er vel þekktur og brýnt að bæta úr honum. Það vekur athygli í skýrslu ráðuneytisins hve mikið misræmi er milli áætlunar um uppbyggingu öldrunarþjónustu annars vegar og heilbrigðisáætlunar hins vegar, sem samþykkt var fyrir réttu ári síðan. Í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 er miðað við að ekki dveljist hærra hlutfall en 25% 80 ára og eldri á öldrunarstofnunum. Miðað við þessi mörk eru hjúkrunarrými í landinu í dag nægilega mörg, þ.e. 200 umfram þörf, eins og kemur fram í skýrslu ráðuneytisins frá síðasta vori. Í sömu skýrslu segir hins vegar að samkvæmt mati á raunverulegri þörf fyrir hjúkrunarrými skorti um 300 rými til að mæta þörfum aldraðra fyrir hjúkrunarrými.

Óumdeilt er að mikil þörf er fyrir uppbyggingu hjúkrunarrýma hér á höfuðborgarsvæðinu og hefur svæðið greinilega orðið út undan í þessum efnum. Hins vegar virðist nokkurt jafnvægi á framboði og eftirspurn á landsbyggðinni. Má jafnvel velta fyrir sér hvort umframframboð sé á stöku stöðum úti á landi og sveitarfélög beini jafnvel öldruðum

einstaklingum á stofnanir sem ríkið fjármagnar og greiðir reksturinn fyrir til að spara sér kostnað vegna heimaþjónustu sem sveitarfélagið rekur og ber kostnað af.

Herra forseti. Nauðsynlegt er að átta sig á stöðu þessara mála um allt land. Því varpa ég fram fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. Í fyrsta lagi um hvert sé hlutfall aldraðra, annars vegar 80 ára og eldri og hins vegar 67 ára og eldri, á öldrunarstofnunum hér á landi, sundurliðað eftir núverandi kjördæmaskipan. Í öðru lagi: Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að fylgja eftir markaðri heilbrigðisáætlun til ársins 2010?

[14:24]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 19. þm. Reykv., Ásta Möller, hefur beint til mín fyrirspurn sem fjallar annars vegar um hlutfall aldraðra á öldrunarstofnunum hér á landi og hins vegar um hvað heilbrrn. ætli að gera til að ná markmiðum heilbrigðisáætlunar um að ekki dveljist hærra hlutfall en 25% 80 ára og eldri á stofnunum.

Meðfylgjandi upplýsingar falla ekki fyllilega að fyrirspurn hv. þm. þar sem aldursgreiningin tekur til aldraðra 65 ára og eldri en upplýsingarnar eru fengnar frá Hagstofu Íslands.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru árið 2000 samtals 3.082 einstaklingar 65 ára og eldri vistaðir á öldrunarstofnunum eða 9,4% sem hlutfall af aldurshópi. Í Reykjavík voru þeir 1.206 eða 6%, á Reykjanesi 515 eða 34,1%, á Vesturlandi 227 eða 13,4%, á Vestfjörðum 80 eða 8,9%, á Norðurlandi vestra 171 eða 13,2%, á Norðurlandi eystra 377 eða 11,6%, á Austurlandi 166 eða 11,5% og á Suðurlandi 340 eða 14,1%.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands voru árið 2000 samtals 2.149 einstaklingar 80 ára og eldri vistaðir á öldrunarstofnunum eða 27,8% sem hlutfall af aldurshópi. Í Reykjavík voru þeir 827 eða 17,6%. Á Reykjanesi 370 eða 132,3%. Þið takið eftir þessari tölu en hún á sér skýringar vegna þess að á Reykjanesi eru stórar stofnanir sem taka vistmenn frá öðrum svæðum. Þó að þetta stingi svolítið í augun eru til skýringar á þessu. Á Vesturlandi 153 eða 36,3%, á Vestfjörðum 60 eða 28,6%, á Norðurl. v. 131 eða 36,2%, á Norðurl. e. 294 eða 36,2%, á Austurlandi 108 eða 30,4% og á Suðurlandi 206 eða 34,6%.

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr einnig hvað heilbr.- og trmrn. ætli að gera til að ná markmiðum heilbrigðisáætlunar um að ekki dveljist hærra hlutfall en 25% 80 ára og eldri á stofnunum. Eins og fram kemur í svarinu er hlutfall einstaklinga 80 ára og eldri sem dveljast á öldrunarstofnunum 27,8%. Markmið heilbrigðisáætlunar til ársins 2010 eru að þetta hlutfall verði innan við 25%.

Ég hef áður sagt að það er sannfæring mín að enn megi ná árangri í þá átt að hjálpa öldruðum við að búa lengur á eigin heimili með aukinni þjónustu, dagvistarúrræðum, hvíldarinnlögnum, öflugri heimaþjónustu og heimahjúkrun. Að þessu er stefnt með eftirtöldum aðgerðum:

Áformað er að fjölga dagvistarrýmum um 130 á næstu 5–6 árum.

Í öðru lagi að fjölga rýmum til hvíldarinnlagna fyrir aldraða um 20 á næstu 12–15 mánuðum.

Í þriðja lagi að efla heimaþjónustu með áherslu á að samhæfa þjónustu sem er á vegum ríkisins annars vegar, heimahjúkrun, og sveitarfélaga, félagslega heimaþjónustu, hins vegar.

Í framhaldi af tillögum starfshóps um málefni aldraðra sem nýlega skilaði áliti sínu hefur verið ákveðið að verja 150 millj. kr. í þetta verkefni á næstu þremur árum.

Auk þeirra aðgerða sem hér hafa verið taldar styður heilbr.- og trmrn. ýmis verkefni sem miða að því að bæta aðstæður aldraðra. Í því sambandi má nefna að Framkvæmdasjóður aldraðra hefur stutt sveitarfélög til að koma sér upp bækistöðvum fyrir heimaþjónustu, oft í tengslum við félagsmiðstöðvar sem sjóðurinn hefur styrkt. Félög eldri borgara hafa verið studd til að koma sér upp félagsaðstöðu hér á höfuðborgarsvæðinu og víða um land. Þá má geta þess að ráðuneytið og Framkvæmdasjóður aldraðra hafa styrkt ýmis verkefni sem miða að því að efla þjónustu við aldraða, m.a. voru veittir styrkir í tengslum við stofnun miðstöðvar heimahjúkrunar í Reykjavík og einnig verkefni er lúta að svokölluðum heilsueflandi heimsóknum til aldraðra.

Til fróðleiks má geta þess að tilraun við heilsueflandi heimsóknir hófst á Akureyri fyrir nokkrum missirum. Í því felst að öldruðum er boðið upp á heimsókn fagfólks sem fært er um að veita leiðbeiningar og ráðleggingar um heilbrigði, réttindamál og margt fleira sem kemur öldruðum til góða. Jafnframt veitir þetta mikilvæga innsýn í aðstæður aldraðra og dregur úr hættu á að aldraðir einstaklingar einangrist eða verði af nauðsynlegri aðstoð eða þjónustu sem þeir eiga rétt á. Mér er kunnugt um að þetta verkefni hafi gefið mjög góða raun og tel æskilegt að þessi þjónusta verði í framtíðinni sjálfsagður hluti af heilbrigðis- og félagslegri þjónustu við aldraða.

[14:29]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég fagna sérstaklega þessari umræðu og bendi á að ég hef margoft rætt um þessi mál í þinginu, fyrst árið 1996 er ég lagði fram þáltill. um könnun á áhrifum breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010. Það er auðvitað mjög nauðsynlegt að styrkja hag þess fólks og undirbúa samfélagið með tilliti til þeirra breytinga sem eru að verða.

Á árabilinu frá 1970 voru 65 ára og eldri um 5,9% þjóðarinnar, 1995 voru þeir 11,3% og árið 2030 er gert ráð fyrir að um 19% þjóðarinnar verði komin á þennan aldur. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að skapa samfélag þar sem þessi mál eru vel undirbúin. Á Vesturlöndum er svo komið að um tveir vinnandi menn eru fyrir hvern eftirlaunaþega.

Þess vegna fagna ég sérstaklega þessari umræðu. Þegar ég lagði þetta fram í fyrsta skipti höfðu menn tilhneigingu til að snúa örlítið út úr tillögunni, eins og ég væri að berjast eitthvað gegn þessari þróun. Fyrst og fremst þurfum við að undirbúa samfélagið að þessu leyti, herra forseti.

[14:30]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Mig langar í umræðunni um þessa fyrirspurn að vekja athygli á þeirri sérstöðu hvað fólk er ungt hér, það eru ekki nema 11,6% þjóðarinnar hér yfir 65 ára aldri. Það eru um 15% í Danmörku, Noregi og í Finnlandi, yfir 17% í Svíþjóð og gert er ráð fyrir að hér á landi verði þetta hlutfall 22% innan 40 ára.

Þegar við tökum tillit til þess að við verjum miklu til heilbrigðismála hér á landi með svona unga þjóð þá er mjög brýnt að hugsa þessi mál öll upp á nýtt vegna þess að við okkur blasir að við erum að takast á við miklu meiri vanda en við teljum vera. Þess vegna tel ég mjög brýnt að ræða þau mál sem koma fram í fyrirspurninni og verður kannski tækifæri til að gera það betur síðar. En það er alveg ljóst

að við stefnum í allt öðruvísi þjóðfélag en er núna, breytt þjóðfélag, þar sem þarf líka m.a. að skoða vinnuþátttöku eldri kvenna, sem er alveg einstakt hér á landi í alþjóðlegum samanburði. En það stefnir í það að þjóðin eldist mjög hratt og til að vera í stakk búin til að taka á því hvað varðar heilbrigðisþjónustuna þarf nýjar leiðir í þeim efnum.

[14:32]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn sem beinir athygli okkar að því að ósamræmi er á milli heilbrigðisáætlunarinnar og þeirrar uppbyggingar sem er í dag á hjúkrunarheimilum. Ég tel að hér sé um fortíðarvanda að ræða því að þjónusta í heimahúsum hefur ekki verið eins markviss og skipulega upp byggð á Íslandi og í nágrannalöndum okkar og þar þurfum við verulega að bæta okkur.

Ég sé það sem framtíðarsýn að heimaþjónusta verði sú þjónusta sem við munum byggja á, þ.e. heimaþjónusta, félagsleg þjónusta og hjúkrun, en til þess þarf verulega að bæta fjármagni inn í rekstur heilsugæslustöðvanna og félagsþjónustunnar. Við sitjum því uppi að mínu mati með fortíðarvanda þar sem höfuðborgarsvæðið hefur setið eftir varðandi uppbyggingu á hjúkrunar- og dvalarheimilum.

[14:33]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og hv. þingmönnum umræðuna hér á undan. Það vekur athygli í svörum hæstv. ráðherra hve mikill munur er á hlutfalli aldraðra á stofnunum milli landshluta, þ.e. höfuðborgarsvæðið versus landsbyggðin. Það er nánast helmingsmunur á hlutfalli aldraðra sem eru á stofnunum í Reykjavík annars vegar og úti á landsbyggðinni hins vegar, hvort heldur litið er til þeirra sem eru 67 ára og eldri eða 80 ára og eldri.

Það staðfestist líka í tölum hæstv. ráðherra að mikill munur er þar á, mikill munur milli Íslands annars vegar og annarra Norðurlanda hins vegar. Ég kom hérna fram með tölur frá Norðurlöndum sem sýndu verulega lægri tölur. Reyndar eru tölur frá ráðherranum um að 27,8% þeirra sem eru 80 ára og eldri séu á öldrunarstofnunum ekki í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í heilbrigðisáætlun. Þar kom fram 35%. Það er því spurning hvað þar er skilgreint sem öldrunarstofnanir.

Á síðustu árum hefur orðið gjörbylting í húsnæðismálum aldraðra. Margir hafa keypt sér íbúðir t.d. í fjölbýlishúsum sem eru sérstaklega hannaðar með þarfir þeirra í huga. Flestir þeirra mundu kjósa að fá að vera heima hjá sér eins lengi og kostur er og fá til þess nauðsynlegan stuðning frá opinberum aðilum, bæði ríki og sveitarfélögum. Fyrir utan heilsufarsástæður er óöryggi og einmanaleiki ein meginástæða þess að fólk óskar eftir plássi á öldrunarstofnun. Því er engum blöðum um það að fletta að óskir eldri borgara um að vera heima hjá sér eins lengi og kostur er, og þá með nægilegum stuðningi, byggja jafnt á fjárhagslegum, félagslegum og heilsufarslegum sjónarmiðum.

Í fjárhagslegum skilningi er t.d. margfalt hagkvæmara að auka úrræði til að styðja við einstaklinginn og fjölskylduna til að njóta ævikvöldsins heima hjá sér, þ.e. ef heilsufarsástæður leyfa, heldur en að beina þeim á öldrunarstofnanir, sem þó þarf að gera þegar brýna nauðsyn ber til. Úrræði eins og aukin heimahjúkrun, heimaþjónusta, dagvistun og hvíldarinnlagnir eru til þess fallin að taka við áherslubreytingum.

[14:35]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka umræðuna sem hér hefur verið um þetta mál og það væri ástæða til þess í rauninni að Alþingi gæfi sér tíma til að ræða þessi mál þar sem það er ekki rætt í svona knöppu formi.

Hv. þm. Ágúst Einarsson kom inn á að hér mundi hlutfall aldraðra hækka á næstu árum. Þetta er auðvitað meginmálið. Þetta er alveg rétt og ég tek undir það að auðvitað þurfa aðgerðir í málefnum aldraðra að taka mið af því. Við höfum byggt upp stofnanir í ríkum mæli og tekið myndarlega á því á undanförnum árum þrátt fyrir vöntunina. Vöntunin er nú m.a. til komin af því að miklir mannflutningar hafa orðið til höfuðborgarsvæðisins á undanförnum árum sem hafa aukið þrýstinginn á slíka þjónustu hér. Margt eldra fólk hefur flutt hingað á þetta svæði. Það er alveg ljóst. Þess vegna m.a. er þessi vandi uppi.

Við þurfum að leita nýrra leiða. Ég held að það sé nokkuð samhljóma álit hér að heimaþjónusta sé leið til þess að bæta úr þeim vanda að einhverju leyti, þ.e. að efla hana, og vinna þarf að því skipulagslega að samræma kraftana í því. Félagsþjónusta sveitarfélaganna heyrir reyndar undir annað ráðuneyti. Hún heyrir undir félmrn. En mér finnst að það eigi ekki að útiloka skynsamlegar aðgerðir í þessum efnum, að það sé hlutverk ráðuneytanna að reyna að samræma kraftana í þeim efnum, samræma krafta heilsugæslunnar og krafta Félagsþjónustunnar og leita þá að nýjum leiðum til að efla þessa þjónustu, því að til eru margs konar úrræði.

Eyrnasuð.

Fsp. ÞBack, 363. mál. — Þskj. 403.

[14:38]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til heilbrrh. um eyrnasuð, en eyrnasuð eða tinnitus sem er hvimleiður kvilli sem tugir milljóna manna, karla og kvenna um allan heim þjást af. Um er að ræða suð fyrir öðru eða báðum eyrum sem dynur á sjúklingum allan sólarhringinn allt árið um kring, eyrnasuð sem erfitt er fyrir okkur sem þjáumst ekki af þessum kvilla að skilja, en hefur verið lýst sem suði, hvísli, klið eða óþolandi hávaða.

Eyrnasuð er ekki sjúkdómur heldur sjúkdómseinkenni og það er ekki vitað um nákvæma skýringu nema í einstaka tilfellum. Þetta er því einkenni sem hrjáir mjög marga. Við vitum að fjöldinn er mikill í öllum heiminum. Aftur á móti vitum við ekki hver fjöldinn er hér á Íslandi og hversu alvarleg áhrif eyrnasuð hefur á lífsgæði þeirra einstaklinga sem þjást af eyrnasuði.

Ekki er til nein góð lækning við eyrnasuði. En það eru mjög margar rannsóknir í gangi og verið er að reyna ýmiss konar meðferðir, t.d. lyfjameðferð, tækjameðferð og atferlismeðferð. Margt af þessu hjálpar. En til þess að það geti orðið þarf sérfræðiþekkingu til að veita viðkomandi úrlausn. Fá erindi berast eins oft til Heyrnarhjálpar og erindi frá einstaklingum sem hafa óþægindi af eyrnasuði. Þetta eru þau erindi sem berast oft. Hér á landi er engin markviss — í

raun og veru er engin aðstoð eða hjálp til. Við höfum ekki sérfræðiþekkingu. Það er í rauninni engin þjónusta í dag. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra:

1. Hve margir Íslendingar hafa greinst með eyrnasuð?
2. Hversu útbreitt má telja að eyrnasuð sé hér á landi?
3. Hvaða úrræði standa þessu fólki nú til boða?
4. Vinnur ráðherra að úrbótum fyrir fólk með eyrnasuð og ef svo er, hverjar eru þær?

[14:41]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Þuríður Backman hefur beint til mín fyrirspurn um tíðni og meðferð við eyrnasuði. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvað margir Íslendingar hafa eyrnasuð en talið er að u.þ.b. einn af hverjum 20 fullorðinna þjáist af þessu vandamáli og allt að 12% fólks á bilinu 65–74 ára samkvæmt erlendum rannsóknum. Vandamál fæstra þeirra einstaklinga er mjög alvarlegt, en áætlað er að sá hópur sem þurfi sérstakrar meðferðar við hér á landi geti verið um 20–30 manns.

Til að finna nákvæma tíðni eyrnasuðs meðal Íslendinga, annaðhvort í sjúkraskrám eða á annan hátt, þarf sérstakrar rannsóknar við. Með áframhaldandi þróun rafrænnar sjúkraskrár hins íslenska heilbrigðisnets og aukinni söfnun upplýsinga úr heilbrigðiskerfinu til embættis landlæknis ætti að vera hægt að svara spurningum af þessu tagi á auðveldari hátt en hingað til. Að þessum málum er verið að vinna.

Meðferð eyrnasuðs er mjög erfið. Ýmis lyf hafa verið reynd en engin með afgerandi árangri. Þungamiðja meðferðar beinist oft að atferlismeðferð þar sem aðferðum á borð við dáleiðslu, slökun og líffræðilegt endurkast, „bio-feedback", hefur verið beitt. Ráðgjöf sem beinist að því að kenna fólki að lifa með vandamálinu er mikilvægur hluti meðferðar. Tæki sem framleiða tiltekna tegund hljóðs eru einnig notuð til að breiða yfir eyrnasuðið eða draga úr óþægindum af því. Meðferð af þessu tagi kallar á þverfaglega nálgun lækna, heyrnarfræðinga, sálfræðinga og geðlækna sem menntun hafa í meðferð sállíkamlegra einkenna.

Á vegum landlæknis var settur á fót formlegur starfshópur fyrir um fjórum mánuðum og vinnur hann að tillögugerð um bætta meðferð fólks með eyrnasuð hér á landi. Hugmyndir hópsins eru ekki með öllu frágengnar en lúta einkum að því að sett verði á stofn þverfagleg göngudeild með þátttöku ofangreindra fagmanna. Virðist eðlilegt að henni sé fundinn staður hjá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands í samvinnu við Landspítalann – háskólasjúkrahús og e.t.v. fleiri stofnanir.

Herra forseti. Ég vona að með þessum upplýsingum hafi ég svarað fyrirspurn hv. þm.

[14:44]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum eyrnasuð og leiðir til bata við því.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra, vegna þess að nokkur hópur þeirra sem líður vegna eyrnasuðs hefur talið sig fá bót meina sinna með lyfjum sem hægt er að fá frá Ísrael, en þeim hefur gengið illa að fá þau lyf hingað til lands. Samkvæmt lögum er hægt að fá lyf flutt hingað inn ef undanþágubeiðni berst frá lækni. En það sem hefur hamlað er að ekki hefur verið búið nógu vel um þessi lyf eða efni og ég spyr hæstv. ráðherra:

Hefur hann beitt sér fyrir því að það fólk sem telur sig fá bót meina sinna með slíkum lyfjum eða efnum fái þau í réttum umbúðum? Ef hann hefur ekki gert það, mun hann beita sér fyrir því þannig að þeir sem telja sig fá bót af þessum lyfjum geti fengið meðölin frá Ísrael þannig að þau geti borist þessum hópi, en það virðist vera þar einhver hængur á?

[14:45]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Eyrnasuð er, eins og ég sagði, ekki sjúkdómur heldur einkenni og það eru mjög margir sem hafa þessi einkenni en leita ekki til læknis til að fá úrlausn þar sem vitað er að hún er ekki fyrir hendi í dag. Þverfaglegt teymi innan Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar væri mjög til bóta og raunar tel ég að eina raunhæfa leiðin sé að efla Heyrnar- og talmeinastöðina og veita þessa þjónustu þar. En þar fyrir utan þarf að veita meira fjármagn til Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar því það virðist vera að sigla í sama horf og áður, fjármagn til heyrnartækja fullnægir ekki þeirri þörf sem er fyrir heyrnartæki og þjónustu heyrnarskertra í dag, hvað þá ef við ætlum að bæta þessum hópi við því að svokölluð heyrnartæki eru meðal nothæfra úrlausna fyrir þetta fólk. Lyf gagnast sumum sem verst eru haldnir en það þarf sérfræðiþekkingu til að nota lyfjameðferð og velja úr. Þess vegna hvet ég ráðherra til að hraða vinnu nefndarinnar og koma á þverfaglega teymi þannig að það verði komið í gagnið á næsta ári.

[14:47]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 15. þm. Reykv. beindi til mín fyrirspurn um hvort ég muni beita mér fyrir því að lyfjainnflutningur frá Ísrael geti átt sér stað.

Ég kannast vel við þetta mál sem hér er um að ræða, það hefur komið inn borð til mín. Þarna er það ljón í veginum að erfitt hefur reynst að fá þennan lyfjainnflutning undir þær reglur sem gilda um lyfjainnflutning hér á landi vegna innihaldslýsinga. Ég hef reynt að gera mitt til að greiða fyrir þessu máli. Hins vegar er ljóst að ef lyf er flutt inn án þess að eftir þessum reglum sé farið er það vafasamt fordæmi og getur dregið nokkurn slóða á eftir sér sem ég held að menn mæli ekki með hér. Ég vil gera mitt til þess að greiða fyrir þessu en þessi innflutningur verður að sjálfsögðu að lúta þeim reglum sem gilda um lyfjainnflutning og sölu lyfja hér á landi. Ég mun halda áfram að fylgjast með þessu máli.

Að öðru leyti þakka ég umræðuna. Ég hef í rauninni engu við hana að bæta. Ég mun auðvitað fylgjast með því að starfshópurinn skili verki sínu um þetta mál og því verði svo fylgt eftir.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Fsp. ÁRÁ, 366. mál. — Þskj. 406.

[14:50]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Þannig er að íbúar á Suðurnesjum hafa haft ástæðu til þess að hafa nokkrar áhyggjur af framgangi mála á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja á þessu ári, sérstaklega þessu missiri sem er um það bil að ljúka. Af þeim sökum legg ég fram fyrirspurn í tveimur liðum til hæstv. heilbrrh.

Um fyrri liðinn verður að segja að nýleg úttekt á fjárhagsmálum stofnunarinnar virðist hafa leitt í ljós að stjórnendur hennar hafa talið sér nauðsyn að nýta fé af fjárveitingum sem ætlaðar voru til rekstrar og þjónustu til nýbyggingar

D-álmunnar þegar þeir stóðu frammi fyrir því að nauðsynlegir þættir í framkvæmdakostnaði við bygginguna hefðu fallið niður eða voru ekki tilteknir í framkvæmdasamningi við verktaka.

Um seinni liðinn vil ég segja að deilur heilsugæslulækna eða heimilislækna vegna réttinda til starfa á eigin vegum hafa orðið til þess að í svo harðan hnút hljóp deilan að þeir gengu út. Spurningarnar tvær sem ég legg fram í þessum tveimur liðum eru þannig:

1. Hvernig hyggst ráðherra tryggja að D-álma við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja komist í gagnið eins og miðað var við með fjárveitingum á þessu ári?

2. Hvernig hyggst ráðherra tryggja starfsemi heilsugæslustofnunarinnar eftir að heimilislæknar hafa horfið frá störfum við hana?

[14:51]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. spyr um fyrirætlanir varðandi rekstur D-álmu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja í ljósi þeirra fjárveitinga sem til starfseminnar eru ætlaðar á fjárlögum þessa árs. Því er til að svara að í frv. til fjárlaga fyrir árið 2003 er gert ráð fyrir 60 millj. kr. til reksturs 2. hæðar D-álmu. Sú fjárveiting er samkvæmt tillögu frá heilbrigðisstofnuninni en samkvæmt endurskoðaðri áætlun um rekstur sjúkradeildar á 2. hæð er ljóst að sú upphæð dugar engan veginn til að starfrækja deildina að fullu. Miðað við þessa fjárveitingu má gera ráð fyrir að á deildinni verði u.þ.b. tíu rúm fyrir aldraða, að hluta til í langlegu, áætluð sex rúm, og fjögur rúm eru ætluð til hvíldarinnlagna.

Hv. þm. spyr einnig um viðbrögð við þeim vanda sem skapast hefur vegna uppsagna heilsugæslulækna á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Eins og ítrekað hefur komið fram, bæði í þessum sal og í fjölmiðlum, hefur af hálfu ráðueytisins verið unnið ötullega að því að leysa þennan vanda. Fundir með talsmönnum heilsugæslulækna voru haldnir um málið og 27. nóvember sl. gaf ég út yfirlýsingu sem ég vonast til að leysi málið að því marki sem það er í mínum höndum.

Þar sem heilsugæslulæknar á Suðurnesjum höfðu þegar látið af störfum þegar yfirlýsingin var gefin út er ljóst að þeir munu þurfa að sækja um störf að nýju við stofnunina sem ég veit að þeir eru að gera þessa daga. Það er einlæg von mín að sú yfirlýsing sem ég gaf út í síðustu viku verði til þess að leysa þann vanda sem við hefur verið að glíma varðandi störf heilsugæslulækna og ég mun vissulega vinna ötullega að því áfram.

[14:53]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin við þessum spurningum en vil jafnframt geta þess að það skiptir okkur Suðurnesjamenn miklu máli að starfsemi heilbrigðisþjónustunnar og sérstaklega hjúkrun aldraðra sem fyrirhuguð er í D-álmunni komist sem fyrst á þann rekspöl sem ætlunin var. Barátta hefur staðið um langt árabil fyrir því að þessi bygging komist í gagnið og þess vegna eru sífellt vonbrigði fyrir íbúa á Suðurnesjum hvað vill verða mikill dráttur á því að þjónustan verði sett af stað.

Varðandi heilsugæsluna og heimilislækna vil ég sérstaklega nefna að menn fýsir að vita hvort ráðherra álíti að tillaga hans til lausnar verði til að tryggja þessa þjónustu til frambúðar. Auðvitað skiptir miklu máli að hann hefur lagt fram það sem hann gat en það skiptir líka máli fyrir íbúana að geta gert sér grein fyrir því hversu líklegt er að það leysi málið til frambúðar, ekki aðeins meðan versti hnúturinn gengur yfir.

[14:54]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Varðandi nýtingu D-álmunnar og nýtingu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja almennt vil ég leggja á það mikla áherslu að við klárum að gera áætlun um nýtingu sjúkrahússins en þar er ein hæð enn þá ónotuð eins og kunnugt er. Við þurfum að fara yfir það mál sérstaklega og fara þá yfir það með nýjum framkvæmdastjóra sem er að taka við starfi þessa dagana suður frá.

Varðandi það hvort viljayfirlýsing mín leysi heilsugæslulæknadeiluna til frambúðar vil ég segja að sú yfirlýsing var samin í samráði við stjórn heilsugæslulæknafélagsins og það var gott samkomulag um hana við þá. En það er verið að ræða þessa yfirlýsingu á fundum í heilsugæslulæknafélaginu einmitt þessa dagana. Ég vona að þær jákvæðu undirtektir sem hún hefur fengið verði til þess að þeir læknar sem höfðu sagt upp störfum endurskoði afstöðu sína, það eru teikn um það að yfirlýsingin hafi fallið í jákvæðan farveg. Ég vona svo sannarlega að hún verði til þess að tryggja rekstur heilsugæslunnar og tryggja gott andrúmsloft í heilsugæslunni til frambúðar því að þetta er grunnþjónusta. Þetta er nauðsynleg þjónusta. Mér er auðvitað ekki ljúft að þurfa að standa í endalausum deilum og viðræðum við heilsugæslulækna þannig að ég vonast svo sannarlega til að þetta samkomulag við stjórnina, þó að það væri einhliða yfirlýsing af minni hálfu, breyti andrúmsloftinu í þessum samskiptum.

[14:57]

Útbýting þingskjala:

Ársreikningar, 427. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 553.

Fjárlög 2003, 1. mál, brtt. ÁSJ og JB, þskj. 555.

Fjáröflun til vegagerðar, 428. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 554.

Krabbameinssjúkdómar í meltingarvegi.

Fsp. ÁRÁ, 367. mál. — Þskj. 407.

[14:58]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Fyrr á þessu ári, á síðasta þingi, var samþykkt á Alþingi ályktun um forvarnir og leit að krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi og öðrum sjúkdómum þeim tengdum. Um þetta er að segja til þessa að um þessar mundir á sér stað átak að frumkvæði áhugasamra manna og samstarfsaðila þeirra um aukna vitund fólks, bæði almennings og starfsfólks í heilbrigðisþjónustunni um einkenni slíkra sjúkdóma og rétt viðbrögð við þeim, bæði af hálfu einstaklinga og heilbrigðisþjónustunnar.

Mér virðist skipta miklu máli að þetta átak, vitundarvakning eins og hinir áhugasömu menn kalla það, verði nýtt til þess að koma á þeim forvörnum og þeirri leit að einkennum þessara sjúkdóma sem ályktuninin kvað á um.

Í annan stað vil ég geta þess að það skiptir miklu máli þegar þetta starf verður hafið að forvarnastarf og leitarstarf verði ekki til þess að teppa eða skerða aðgang sjúklinga sem þegar eru greindir með þessa sjúkdóma þannig að þeir fái áfram að njóta jafngóðrar og öruggrar þjónustu og þeir hafa notið til þessa. Hún hefur verið með ágætum en auðvitað

er hætt við því að ef sömu stofnanirnar eiga að sinna hvoru tveggja gæti annaðhvort orðið undir eða aðgengi yrði ekki eins greitt og áður.

Af framangreindum ástæðum legg ég fyrir hæstv. heilbrrh. fyrirspurn um þetta efni sem hljóðar svo:

Hvernig vindur fram undirbúningi að framkvæmd ályktunar Alþingis frá sl. vori um forvarnir og leit að krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi og hvenær telur ráðherra að reglulegt forvarnastarf á þessu sviði hefjist?

[15:00]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Hv. þm. Árni Ragnar Árnason hefur beint til mín fyrirspurn um forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi.

Á síðasta þingi samþykkti Alþingi þál. um forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi og öðrum sjúkdómum þeim tengdum og fól heilbrrh. í samráði við landlækni að gera tillögur um hvernig staðið skuli að forvarna- og leitarstarfi vegna krabbameins í meltingarvegi fyrir þá sem telja sig í áhættuhópi og undirbúa framkvæmd starfsins. Fyrirspurn hv. þm. beinist að framvindu varðandi framkvæmd áðurgreindrar ályktunar.

Í framhaldi af þáltill. var henni beint áfram til landlæknis og farið fram á það við hann að hann gerði umræddar tillögur. Ráðuneytinu var jafnframt kunnugt um að landlæknir hafði skipað starfshóp snemma á árinu 2000 til að vinna að slíkum leiðbeiningum um skimun fyrir krabbamein í ristli og endaþarmi.

Ráðuneytinu barst í september sl. bréf frá landlækni þar sem hann greindi frá störfum áðurnefnds starfshóps, sem unnið hafði að tillögum um skimun fyrir krabbamein í ristli og endaþarmi. Höfðu landlækni borist tillögur starfshópsins um hinar faglegu áherslur í skimuninni.

Sterk fagleg rök virðast hníga að því að tekin sé upp skimun fyrir þessum alvarlega sjúkdómi hér á landi. Að mati landlæknis voru næstu skref að finna skimuninni farveg og ákveða hvernig henni yrði best fyrir komið. Í því sambandi má geta þess að skimanir af þessu tagi eru hvergi framkvæmdar í nágrannalöndunum á landsvísu. Í tillögunni er gert ráð fyrir að fólki í meðaláhættu verði boðið upp á skimun með leit að blóði í saur og verði því síðan fylgt eftir með ristilspeglun sé talin ástæða til slíks.

Mjög mikilvægt er að skimun af þessu tagi sé vel skipulögð og niðurstöðurnar skráðar í miðlægum grunni. Í framhaldi af tillögu landlæknisembættisins hefur verið unnið að frumkostnaðaráætlun vegna skimunarinnar á vegum embættisins. Er þess vænst að hún liggi fljótlega fyrir og málið verði þá kynnt ráðherra frekar.

Herra forseti. Mikilvægi þessa máls er ljóst. Að meðaltali greinast um 112 einstaklingar hér á landi árlega með þessi krabbamein og um 40 sjúklingar deyja af þeirra völdum árlega og er þriðja algengasta dánarorsök af völdum krabbameina meðal Íslendinga. Nýgengi hefur aukist síðustu áratugi.

Hv. þm. hefur því vakið hér máls á mikilvægu máli. Á sama hátt er mikilvægt að vel verði vandað til allra verka. Ég hyggst því skoða málið nánar þegar endanlegar tillögur hafa borist frá landlæknisembættinu og tel rétt að bíða með frekari ákvarðanatöku þangað til þær liggja endanlega fyrir.

[15:03]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég sé sérstaka ástæðu til að þakka fyrir þessa fyrirspurn sem hér hefur verið borin fram. Hún byggir á þáltill. sem var flutt af hv. þm. Árna Ragnari Árnasyni sem þar hreyfði mjög merkilegu máli.

Ég vil sömuleiðis þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa framkvæmt þessa ályktun sem gerist nú ekki alltaf með þál. frá hinu háa Alþingi, en mér virðist að þetta sé í góðum farvegi og hér sé verið að taka á mjög alvarlegum vanda á faglegan og skynsamlegan hátt og alveg í samræmi við ályktun Alþingis um það efni.

Krabbamein er alvarlegur vágestur í samfélagi okkar. Þó hér sé talað um krabbamein í meltingarvegi, þá er þetta miklu stærra mál. Hér er verið að hreyfa máli og framkvæma gott eftirlit og byggja upp góðar forvarnir og það ber sérstaklega að þakka þeim þingmanni sem hefur haft frumkvæði í þessum efnum.

[15:04]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þær þakkir sem fram komu í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar um frumkvæðið sem hv. þm. Árni Ragnar Árnason hefur sýnt varðandi forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi. Eins þakka ég hæstv. ráðherra svörin, en spyr þó vegna þess að þál. var samþykkt síðasta vor eftir heilmiklar umræður og umfjöllun sem hún fékk í heilbr.- og trn. hvort gert sé ráð fyrir því annaðhvort hjá landlæknisembættinu eða í ráðuneytinu að menn geti mætt þeim kostnaði sem það hefur í för með sér og kom fram í álitum að mig minnir ýmissa umsagnaraðila varðandi tillöguna. Þá voru gerðar grófar kostnaðaráætalnir og nú líður að lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár og mig langar að spyrja hvort gert sé ráð fyrir því í fjárlögum að ráðuneytið mæti þeim kostnaði svo hefja megi þetta starf á næsta ári.

[15:05]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir greinargóð svör og vil láta í ljós það álit mitt að ég tel að viðfangsefnið sem ályktunin kvað á um sé nokkuð flókið og vandasamt og kemur m.a. fram í því atriði í svörum hæstv. ráðherra að skimun eða leit með þessum hætti hefur hvergi annars staðar farið fram á landsvísu. Þá verður að geta þess að við erum afskaplega fámenn þjóð, svo að verkefnið er ekki eins stórt og viðamikið eða flókið eins og það væri meðal fjölmennari þjóða á heilum meginlöndum. Ég tel samt sem áður að þetta sé ekki óvinnandi verk, síður en svo. Raunar er það svo að skimun eða leit hefur farið fram í öðrum löndum á fjölmennari hópum en okkur Íslendingum.

Rétt er að geta þess að þættir þessa stóra verkefnis eru fleiri en hæstv. ráðherra nefndi. Einn þeirra hefur komið fram í þingsölum áður eða raunar hjá hv. fjárln. Alþingis, þar sem voru erindi um fjárveitingar til svonefndrar kirtilæxlaskrár sem er eitt af grundvallaratriðum þess að hægt sé að ná árangri með þessari leit eða slíkum forvarnaviðbrögðum. Eftir því sem ég hef komist næst hefur ekki orðið úr fjárveitingum a.m.k. í allmörg ár sem læknar brydduðu upp á því máli. Ég vil þess vegna vænta þess að fá nú eða síðar upplýsingar um hvernig það atriði hefur gengið fram.

Það skiptir miklu máli, herra forseti, að við bregðumst til forvarnar við þeim sjúkdómum sem hægt er að verjast. Fram hefur komið að þó þessir sjúkdómar séu tiltölulega

tíðir og hafi fram að þessu reynst alvarlegir, liggur líka fyrir sú vitneskja í læknavísindum að þeim er hægt að verjast með réttum viðbrögðum því unnt er að finna frumstig þeirra áður en þeir verða að meinum. Þess vegna er mikilvægt að við bregðumst rétt við og látum ekki dragast að hefja forvarnastarf.

Mér finnst líka skipta gríðarlega miklu máli að nýta mjög virðingarvert og þakkarvert starf áhugasamra einstaklinga sem hafa hafið feiknarlega mikið fræðslustarf, bæði innan og utan heilbrigðisþjónustunnar, til að vekja athygli fólks og vitund um einkenni þessara sjúkdóma og hvernig fólk og heilbrigðisþjónustan getur brugðist við.

[15:07]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil endurtaka það sem ég hef áður sagt um mikilvægi þessa máls og þörfina á því að vanda þennan undirbúning vel. Ég tek undir að það er sjálfsagt að nýta áhuga þann sem er í samfélaginu á þessum málum og ég hef orðið var við hann og átt viðtöl við ýmsa aðila sem hafa sýnt þessu máli sérstakan áhuga.

Eins og kom fram í svari mínu við fyrirspurninni er landlæknir að semja tillögur í þessu efni, hvernig að þessu verður staðið, hvað yrði hratt farið og þær tillögur koma til mín til frekari ákvarðanatöku.

Af þeim ástæðum hefur ekki verið settur enn þá verðmiði á þetta mál. Verðmiði á málið mun fylgja þeim tillögum sem koma frá landlækni og ég verð þá að kynna það á þeim tíma sem það liggur fyrir. Ég verð að kynna það fjárveitingavaldinu og ríkisstjórn, en þessi verðmiði liggur ekki fyrir núna. Það eru því ekki fjárveitingar í fjárlagafrv. núna varðandi þetta verkefni, en þegar ákveðið er hvernig að þessu verður staðið og hve hratt farið verður í þetta, þá kemur í ljós hver fjárþörfin er. Ég endurtek að ég mun kynna þetta þegar það liggur fyrir.

[15:10]

Útbýting þingskjala:

Brot einstaklinga í atvinnurekstri, 386. mál, svar viðskrh., þskj. 535.

Útflutningsaðstoð, 429. mál, stjfrv. (utanrrh.), þskj. 556.

Safn- og tengivegir.

Fsp. JB, 290. mál. — Þskj. 312.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég beini spurningum mínum til hæstv. samgrh. varðandi safn- og tengivegi og styrkvegi á landinu.

Vegakerfi landsmanna er skipt upp í flokka. Því er skipt upp í stofnbrautir eða stofnvegi, tengivegi, landsvegi og safnvegi. Þetta er þjóðvegakerfið en svo eru aðrir vegaflokkar eins og styrkvegir sem njóta einungis framlaga af hálfu hins opinbera eftir því sem tök eru á.

Hlutur safn- og tengivega, þ.e. svokallaðra sveitavega, er afar mikilvægur í samgöngukerfi landsmanna. Þetta eru þeir vegir sem tengja einstök býli við aðalstofnvegina og þeir skipta orðið gríðarlega miklu máli, bæði fyrir það að margt fólk býr á jörðum og sækir atvinnu til næsta þéttbýlis, börnum er ekið í skóla um langan veg og auk þess eru þessir vegir mikilvægir til daglegra aðdrátta og í ferðamannaiðnaði. Það skiptir því miklu máli að hlutur þessara sveitavega, safn- og tengivega, sé sem mestur í heildarfjárveitingum til vegamála í landinu.

Til þess að fá upplýsingar um hvernig þeir hafa staðið sig í fjármögnuninni hef ég lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. samgrh.:

1. Hver er nú heildarlengd safnvega, tengivega og styrkvega á landinu?

2. Hvert hefur fjárframlag verið til þeirra sl. fimm ár og hver hefur verið hlutur þeirra miðað við heildarframlag til viðhalds- og stofnkostnaðar í vegamálum á landinu þessi ár að meðtöldum sérstökum fjárveitingum til stórverkefna?

3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að hlutur þessara vega, þ.e. sveitaveganna, verði aukinn í heildarfjárveitingum til viðhalds- og stofnkostnaðar í vegakerfi landsins?

4. Mun ráðherra beita sér fyrir endurskilgreiningu á heitum einstakra vegaflokka í vegalögum, svo sem styrkvega, með tilliti til breyttra aðstæðna?

Virðulegi forseti. Fátt er mikilvægara til að efla og styrkja búsetu í landinu öllu og tryggja þar jöfnuð og samkeppnishæfni en gott vegakerfi. Mikilvægi þessara vega, sveitaveganna, fer sívaxandi eins og sést af rökum sem ég nefndi áðan. Það er því afar mikilvægt að hlutur sveitaveganna í viðhaldi og endurbyggingu vegakerfis landsins sé heldur vaxandi en hitt sem hluti af heildarþjóðvegakerfi landsins. Því hef ég lagt þessar spurningar, virðulegi forseti, fyrir hæstv. samgrh.

[15:13]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda að gott samgöngukerfi skiptir mjög miklu máli.

En fyrirspurn hv. þm. er í fyrsta lagi:

„Hver er nú heildarlengd safnvega, tengivega og styrkvega á landinu?“

Heildarlengd þjóðvega miðað við síðustu áramót er 12.955 km. Þar af eru tengivegir 3.929 km og safnvegir 2.288 km. Styrkvegir eru eins og nafnið bendir til vegir í umsjá ýmissa aðila sem Vegagerðinni er heimilt að veita styrki til samkvæmt 16. gr. vegalaga. Þar eru þessir vegir skilgreindir og þar er jafnframt tekið fram að þeir sem styrkinn fá annist viðhald viðkomandi vegar. Ekki liggja fyrir neinar tæmandi upplýsingar um lengd þessara vega eða ástand þeirra.

Í öðru lagi spyr þingmaðurinn:

„Hvert hefur fjárframlag verið til þeirra sl. fimm ár og hver hefur verið hlutur þeirra miðað við heildarframlag til viðhalds- og stofnkostnaðar í vegamálum á landinu þessi ár að meðtöldum sérstökum fjárveitingum til stórverkefna?“

Árið 1998 voru fjárveitingar til þessara vega sem hér segir: Tengivegir 420 millj. kr., safnvegir 209 millj. kr. og styrkvegir 30 millj. kr. eða samtals 659 milljónir og er það um 12% það ár af fjárveitingum til viðhalds og stofnkostnaðar þjóðvega. Árið 1999 eru tölurnar þannig að tengivegir eru 449 millj. kr., safnvegir 224 millj. kr. og styrkvegir 30 millj. kr. eða samtals 703 milljónir og eru það 9% af viðhalds- og stofnkostnaði. Árið 2000 eru tölurnar þannig að tengivegir eru 485 millj. kr., safnvegir 248 millj. kr. og styrkvegir 36 millj. kr., alls 769 milljónir eða um 10% viðhaldsstofnkostnaðar. Árið 2001 fá tengivegir 496 millj. kr., safnvegir 290 millj. kr. og styrkvegir 57 millj. kr. sem hækkaði verulega. Samtals fá þessir vegir það ár 843 milljónir eða 10%. Á árinu 2002 er tölurnar sem hér segir: Tengivegir 477 millj. kr., safnvegir 272 millj. kr., styrkvegir 54 millj. kr. Þessir vegir fá

því alls 803 milljónir eða 10% stofnkostnaðar og viðhalds. Allar tölur eru á verðlagi 2002 og eru því sambærilegar. Fjárveitingar til umræddra vega hafa því hækkað á þessu tímabili úr 659 milljónum 1998 í 803 milljónir 2002 eða um 22% á föstu verðlagi. Lækkun hlutfallstölunnar á sama tíma stafar af tvennu, þ.e. nýbyggingar hafa farið mjög vaxandi á þessu tímabili og skilgreiningu viðhalds þjóðvega í þéttbýli var breytt á tímabilinu þannig að viðhald þjóðvega hækkaði verulega af þeim sökum.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: „Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að hlutur þessara vega, þ.e. sveitaveganna, verði aukinn í heildarfjárveitingum til viðhalds- og stofnkostnaðar í vegakerfi landsins?"

Eins og kom fram í svari við annarri spurningu hefur fjármagn aukist á undanförnum árum til umræddra vega. Hin mikla þörf stofnveganna fyrir fjármagn setur þó skorður við því hve miklum fjármunum er unnt að verja til þeirra vega sem hér um ræðir, svo og annarra vega með litla umferð. Nú er unnið að samgönguáætlun bæði til tólf ára og til fjögurra ára. Við þá vinnu er miðað við að halda áfram að auka við fjárveitingar til umræddra vega þó að fjárþörf aðalveganna setji því áfram skorður.

Í fjórða lagi er spurt: „Mun ráðherra beita sér fyrir endurskilgreiningu á heitum einstakra vegaflokka í vegalögum, svo sem styrkvega, með tilliti til breyttra aðstæðna?"

Skilgreining einstakra vegaflokka er í vegalögum. Flokkar þjóðvega eru fjórir: Stofnvegir, tengivegir, safnvegir og landsvegir. Styrkvegir eru svo í sérstökum flokki eins og áður kom fram. Skilgreining allra þessara flokka er óbreytt frá því að vegalög voru síðast endurskoðuð árið 1994. Ekki hafa komið fram sérstakar ábendingar um að breyta skilgreiningu svo nokkru nemi.

Í tillögum stýrihóps um samgönguáætlun sem sendar voru þingmönnum síðasta vetur komu þó fram hugmyndir sem gera það e.t.v. að verkum að fara eigi yfir flokkun þjóðveganna að nýju. Nægur tími er til þess að skoða það mál vegna þess að samgönguáætlun verður til meðferðar og afgreiðslu á þessum vetri eins og hv. þm. vita.

[15:18]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. hreyfir hér mjög athyglisverðu máli og er það í raun og veru í beinu framhaldi af þeirri byltingu sem hefur átt sér stað í samgöngukerfi þjóðarinnar á síðustu 30 árum, en bæði safn- og tengivegir eru mjög mikilvægir samgönguþættir í samgöngukerfinu okkar. Þess má geta að í Suðurlandskjördæminu hinu gamla, þ.e. Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, eru um 25% af tengivegakerfi landsins. Þess vegna finnst mér líka koma til greina hvort ekki þurfi, eins og kom fram í fyrirspurninni, að endurskilgreina þessa tengivegi og fylgjast vel með umferð á þeim og velta fyrir sér hvort ekki sé ástæða til að gera hluta af þeim að stofnbrautum vegna þess að það vantar gríðarlega mikið fjármagn inn í þennan málaflokk og ég held að það sé mjög brýnt þegar menn taka upp samgönguáætlunina að verja meira fjármagni einmitt til þessara vega en gert hefur verið.

[15:19]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir nauðsyn þess að bæta við fjármagni í safn- og tengivegi og að endurskoða þurfi þá skilgreiningu sem er á safn- og tengivegum í vegáætlun eða í vegalögum. Ég vil einnig beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort ekki verði við afgreiðslu samgönguáætlunar tekin upp ný skilgreining á því hvernig skipta beri fjármagni til vegagerðar vegna nýrrar kjördæmaskipunar þar sem ég held að mikil nauðsyn sé á að gera heildarúttekt á stöðu mála í hverju nýju kjördæmi og hugsa allar fjárveitingar til samgöngumála upp á nýtt út frá nýrri svæðaskiptingu. Það er þekkt að þingmannahópar taka heildarfjárveitingar og skipta og þar hafa verið árekstrar, ég nefni t.d. Suðurstrandarveginn þar sem þingmannahópar úr Reykjaneskjördæmi og Suðurlandskjördæmi gamla hefðu kannski mátt vera samstiga heldur fyrr. Nú er þetta allt innan sama kjördæmis. Ég tel því mikla nauðsyn á að skilgreina þessi svæði algerlega upp á nýtt.

[15:21]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. samgrh. hefur sú nefnd sem fjallar um samræmda samgönguáætlun komið inn á það mál sem hv. þm. Jón Bjarnason kemur hérna að og er eiginlega sjálfsagt og eðlilegt að samgn. taki til alvarlegrar skoðunar, þ.e. að breyta þessum hugtökum um safnvegi og þessum einstaka vegaflokkum, tengivegi o.s.frv. Ég held að full ástæða sé til að við aðlögum okkur að breyttum tímum. Það ætti ekki að hafa nein áhrif á fjárveitingar til þessara smærri vega en eðlilegt og sjálfsagt er að hafa þetta skilvirkara þannig að fólk skilji hvað er á ferðinni og við hvað er átt í öllum þessum vegaflokkum sem hér eru tilgreindir.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svörin og fagna þeim áherslum sem komu fram í máli hans varðandi safn- og tengivegi eða sveitavegina. Sömuleiðis þakka ég hv. þm. sem hér hafa lagt hvatningarorð inn í umræðuna.

Ég vil vekja athygli á skilgreiningu á styrkvegum sem mér finnst afar ósanngjörn, þ.e. að falli flugvöllur t.d. úr áætlunarflugi, þá fellur vegurinn að flugvellinum úr tölu þjóðvega í styrkveg, í einskismannsveg eða munaðarlausan veg en áfram er flugvöllurinn hluti af öryggis- og flutningakerfi landsins.

Sömuleiðis ef býli fer úr byggð um einhvern ákveðinn tíma þá fellur vegurinn þar um líka úr tölu þjóðvega og í styrkveg. Komi síðan veghaldari, einhver sem vill halda veginum við, þá verður hann allt í einu orðinn ábyrgur fyrir umferð á veginum. Þetta er algerlega úrelt.

Ég vil líka leggja áherslu á að í byggðaáætlun sem við samþykktum í vor og var talin af hæstv. ríkisstjórn og meiri hluta Alþingis mjög metnaðarfull, er lögð rík áhersla á eflingu samgangna og nauðsyn þess að gera stórátak í vegamálum einkum í dreifbýli og fátt yrði betri byggðaaðgerð en einmitt það. Ég tel því að brýnt sé að breyta þessum vegaflokkum og jafnframt að efnt verði til nokkurs konar stórframkvæmdar, stórátaks í að endurbæta og gera upp vegina, einmitt þessa sveitavegi, safn- og tengivegi sem er eiginlega orðin forsenda fyrir samkeppnishæfri búsetu víða um land.

[15:24]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er ánægjulegt að heyra hversu ríkur vilji er hjá þingmönnum til að leggja aukna fjármuni til samgöngubóta og þá sérstaklega uppbyggingar vegakerfisins en þegar til kastanna kemur er það fjárhagsramminn sem Alþingi setur okkur sem ræður þar för. Hversu ríkur sem

viljinn er til þess að hygla einum flokki vega umfram aðra þá erum við bundin af þeim fjárhagsramma sem við höfum.

Það er alveg ljóst að ef við viljum leggja aukna áherslu á uppbyggingu safnvega eða tengivega, ég tala nú ekki um styrkvega, þá verður það að gerast á kostnað annarra þátta í vegakerfinu. Þar er af ýmsu að taka. Það eru ekki bara nýbyggingar heldur líka viðhald, vetrarviðhald t.d. sem hefur verið að stóraukast og er afar mikilvægt að vetrarviðhaldi sé sinnt vel en það kostar mjög mikla fjármuni. Það liggur alveg fyrir.

Sama er að segja af fjárlögum og þeim þætti sem fjárlög leggja til vega- og samgöngumála. Við tökum styrki til ferja og flugs og sérleyfishafa, þannig að hvert sem litið er er fjárþörfin til staðar. Ég get alveg tekið undir að gera þarf heilmikið átak í uppbyggingu stofnvega og tengivega. Eins og fram kom hjá mér tel ég eðlilegt að við skoðum það í vetur hvort breyta eigi þessari flokkun en flokkunin er gerð til þess að leggja faglegt mat á vegakerfið út frá notkuninni, út frá byggðinni sem er nærliggjandi og þar með þörfinni fyrir öfluga vegi.

Hækkun póstburðargjalda.

Fsp. ÖJ, 327. mál. — Þskj. 357.

[15:26]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Í júlí sl. breyttist gjaldskrá Íslandspósts hf. þannig að felldur var niður sérstakur flokkur fyrir dreifingu á blöðum og tímaritum og slík dreifing felld undir almennan bréfapóst. Þetta þýðir að þegar þessi breyting er komin að fullu til framkvæmda hækkar dreifingarkostnaður útgefenda um allt að 200–300%, mismikið eftir því hversu stór hluti dreifingarinnar var innan svæðis og hversu stór hluti utan svæðis en með breytingunni er um eitt gjald að ræða bæði utan og innan svæðis. Íslandspóstur hf. hefur reyndar boðið útgefendum aðlögunartíma en þessi aðlögun er mjög misjöfn eftir því hver á í hlut.

Ljóst er að þetta getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir félagslega útgáfu í landinu og það má benda á ítarlega úttekt sem gerð var í BSRB-tíðindum sl. september. Þar kom fram að kostnaður félagasamtaka eins og Öryrkjabandalagsins hækkar úr 400 þús. kr. í 1,3 millj. kr. á hvert tölublað þegar breytingin verður komin fram að fullu en þessi blöð eru gefin út í um 20 þúsund eintökum. Sama á reyndar við um BSRB-tíðindin.

Í greinargerðinni eða þessari umfjöllun blaðsins er vitnað í ritstjóra landsbyggðarblaða. Sigurjón Sigurðsson hjá Bæjarins besta á Ísafirði sagði að þetta mundi hafa mjög alvarleg áhrif á útgáfu héraðsfréttablaða sem þjónuðu mikilvægu hlutverki á landsbyggðinni. Gísli Valtýsson hjá Fréttum í Vestmannaeyjum sagði að þessi hækkun þýddi um 950 þús. kr. kostnaðarhækkun við útgáfu blaðsins. Bjarni Harðarson hjá Sunnlenska fréttablaðinu sagði eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ég tel að þetta geti gengið að svona blaðaútgáfu dauðri. Hjá mér þýða þetta ný útgjöld upp á 2 millj. kr. á ári en reksturinn hefur staðið í járnum.“

Í ljósi allra þessara upplýsinga ritaði BSRB hæstv. samgrh. bréf í lok september og spurði hvað hann hygðist fyrir og var boðin fram aðstoð eða hlutdeild að nefndarskipan þar sem farið væri yfir þessi mál. Hæstv. ráðherra sagði að starfandi væri sérstakur starfshópur sem hefði þetta til skoðunar en síðan hefur ekkert heyrst frá þeim hópi. Því er spurt nú:

Til hvaða ráða verður gripið til að sporna gegn því að hækkun póstburðargjalda lami blaðaútgáfu á vegum félagasamtaka og aðra útgáfu, svo sem landsmálablöð sem hafa nýtt sér dreifikerfi póstsins?

[15:29]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þann áhuga sem hann sýnir þessu máli og mun svara þessari fyrirspurn á eftirfarandi hátt:

Skipta má aðgerðum sem gripið hefur verið til í tvennt. Annars vegar aðgerðir sem Íslandspóstur hefur ákveðið til að draga úr og milda áhrif hækkana á blöðum og tímaritum, þegar sérgjaldskrá fyrir blöð og tímarit var felld úr gildi 3. júlí sl., og hins vegar þær aðgerðir sem samgrn. hefur gripið til vegna þessara mála.

Aðgerðir Íslandspósts eru eftirfarandi:

Þegar umrædd gjaldskrá var felld úr gildi var þeim viðskiptavinum Íslandspósta hf. sem senda blöð og tímarit í áskrift boðinn aðlögunarsamningur í 18 mánuði til að dreifa hækkuninni á milli sérgjaldskrár fyrir blöð og tímarit og almennrar gjaldskrár fyrir bréf. Hækkunin til þessara aðila var að jafnaði 15% fyrir fyrstu sex mánuði aðlögunartímabilsins. Þá hefur Póst- og fjarskiptastofnun verið kynnt, sem hún samþykkti fyrir sitt leyti, lækkun áritaðra bréfa í 250 gramma þyngdarflokki úr 120 kr. í 95 kr. og 500 gramma þyngdarflokki úr 195 kr. í 140 kr. Þessari lækkun er ætlað að taka gildi 1. jan. 2003. Samkvæmt upplýsingum frá Íslandspósti hf. ættu ýmis tímarit og blöð félagasamtaka að njóta góðs af þessari lækkun.

Í annan stað eru aðgerðir ráðuneytisins. Í ágúst skipaði ég starfshóp um dreifingu blaða og tímarita. Í honum eiga sæti Björn Jósef Arnviðarson, stjórnarformaður Íslandspósts, Ísólfur Gylfi Pálmason, alþingismaður og stjórnarmaður í fyrirtækinu, Áskell Jónsson, framkvæmdastjóri Íslandspósts, Friðrik Pétursson, forstöðumaður hjá Póst- og fjarskiptastofnun, og Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóri í samgrn., sem jafnframt er formaður hópsins.

Starfshópurinn hefur unnið ötullega að þessu verkefni og kynnt sér ýmis gögn, svo sem þann kostnað sem blöð og tímarit hafa af dreifingu. Einnig kynnti starfshópurinn sér álit Samkeppnisráðs frá árinu 1995 varðandi kvörtun yfir mismun Póst- og símamálastofnunar við innritun blaða og tímarita. Ráðið tók til skoðunar ákvæði þágildandi reglugerðar um póstþjónustu með tilliti til markmiðs samkeppnislaga, einkum þau ákvæði sem fjalla um það skilyrði að það fari eftir efni blaðs eða tímarits hvort það verði innritað og njóti sérstakra kjara í formi póstburðar og hins vegar að auglýsingar taki eigi meira en helming af rými blaðs eða tímarits.

Ekki er hægt að greina ítarlega frá niðurstöðu Samkeppnisráðs hér. Það mun starfshópurinn gera í skýrslu sinni til mín. En þó er hægt að greina frá því að samkeppnisráð mælir eindregið gegn því að miða reglur við hverjir eigi að eiga rétt á niðurgreiðslum við efni blaða og tímarita þar sem slíkar reglur eru erfiðar í framkvæmd og bjóða heim hættu á mismunun. Niðurstaða samkeppnisyfirvalda var því sú að ef talið yrði rétt að niðurgreiða kostnað við dreifingu blaða

og tímarita þá ætti að gera það með beinum framlögum og byggja á kostnaðarlegum forsendum.

Starfshópurinn fékk m.a. það verkefni að kanna hvort önnur lönd greiddu niður póstburðargjöld vegna dreifingar blaða og tímarita. Í ljós kom að aðeins tvö Evrópuríki gerðu það, þ.e. Danmörk og Austurríki. Einn úr starfshópnum kynnti sér sérstaklega framkvæmd Dana við niðurgreiðslur á þessum gjöldum og er ítarlega greint frá henni í skýrslu hans til starfshópsins.

Í frumdrögum að skýrslu starfshópsins til mín koma fram eftirtaldar leiðir sem hugsanlega væri hægt að viðhafa yrði tekin sú ákvörðun að niðurgreiða dreifingarkostnað blaða og tímarita.

Fyrsti möguleikinn er að greiðslur fari beint til Íslandspósts hf. Kostirnir væru m.a. þeir að það er einfalt í framkvæmd, greiðslurnar færu til eins aðila, létt væri að halda utan um þær og stjórnsýslukostnaður yrði í lágmarki. Gallinn við þessa dreifingu er að í raun er engin samkeppni, með þeirri afleiðingu að Íslandspóstur hefði einokunaraðstöðu á dreifingu blaða og tímarita.

Annar möguleikinn er að öðrum dreifingaraðilum en þeim yrði gefinn kostur á greiðslum. Kosturinn við þessa leið er að með henni eru sköpuð skilyrði fyrir samkeppni á þessum markaði, en hún yrði dýrari vegna þess að greiðslurnar rynnu til fleiri en eins aðila með auknum kostnaði við eftirlit.

Þriðji möguleikinn er að greiðslur renni beint til þeirra sem rétt eiga á niðurgreiddum burðargjöldum. Hér er um einfalt kerfi að ræða. Útgefendur dagblaða og tímarita réðu því sjálfir við hverja þeir ættu viðskipti, án afskipta ríkisvaldsins, en væntanlega þyrfti að koma á fót eftirliti með því að greiðslurnar renni til þess sem ætlunin er að greiða, þ.e. greiða niður dreifingu blaða og tímarita.

Starfshópurinn er u.þ.b. að ljúka verkefni sínu. Ég á von á að alveg á næstunni muni það liggja fyrir. Ég tel ágætt að það verði haft til hliðsjónar þegar hv. samgn. fjallar um frv. til breytinga á póstlögunum sem hér er til meðferðar í þinginu. Þannig verður hægt að taka tillit til ábendinga sem m.a. koma fram í fyrirspurn hv. þm.

[15:35]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Hér hefur verið vakin athygli á máli sem hefur verið til umræðu um nokkurn tíma. Það kom einmitt fram í ræðu hæstv. samgrh. að sá sem hér stendur er einmitt í hópi þeirra sem velta þessum málum fyrir sér. Sú nefnd hefur skoðað marga möguleika og hefur m.a. komið fram að í nágrannalöndum okkar, t.d. Danmörku og reyndar Austurríki, er notast við sérstakt niðurgreiðslukerfi í þessu sambandi. Starfshópurinn mun skila niðurstöðum áður en langt um líður. Við erum langt komin með þessa vinnu. Mér sjálfum finnst koma mjög vel til greina að niðurgreiða þessa þjónustu vegna þess að það er auðvitað mjög brýnt að héraðsfréttablöð séu rekin vítt og breitt um landið. Á sama hátt er mjög nauðsynlegt fyrir félagasamtök að senda út efni til félaga sinna. Það er mín persónulega skoðun að mér finnst mjög vel koma til greina að niðurgreiða þessa þjónustu.

[15:36]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það að dreifing á blöðum og tímaritum sé orðin svo dýr að að óbreyttu verði sú starfsemi lögð niður er hrikaleg staða. Það er ógnun við lýðræðið og þau tjáskipti sem við viljum í landinu. Vandinn sem við eigum hér við að glíma er sá að það er farið að flokka póstþjónustuna sem atvinnurekstur í staðinn fyrir almannaþjónustu og þar liggur vandinn.

Það þýðir ekkert að skipa starfshóp nema honum séu send pólitísk skilaboð. Það sem skiptir máli er: Viljum við halda úti þessari þjónustu sem sameiginlegri þjónustu allra landsmanna, að landið allt, íbúar þess hvar sem þeir búa, eigi jafnan rétt til þessarar þjónustu? Viljum við komast hjá því að flokka landið í svæði og svo þjónustuna eftir því? Við erum ein þjóð í einu landi og það á að gilda líka varðandi póstþjónustuna.

[15:38]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir ágætt svar þótt niðurstöður þeirrar vinnu sem fram fer á vegum ráðuneytisins liggi ekki fyrir.

Hæstv. ráðherra sagði tvennt. Hann sagði að annars vegar væri um að ræða mildandi aðgerðir. Til þeirra hefði þegar verið gripið í samningum við félagslega útgáfu. Það kemur einnig fram í úttekt í BSRB-tíðindum að einstakir aðilar, fréttabréf á landsbyggðinni og samtök á borð við Öryrkjabandalagið, hafa gert samninga sem þau verða reyndar að fara með sem trúnaðarmál. Eftir sem áður er ljóst að þessi kostnaður mun aukast verulega. Sunnlenska fréttablaðið fær þannig afslátt núna sem nemur rúmlega 50%, fer síðan niður í 35% og þar á eftir í 25%. Þeir ætla að kostnaður þeirra muni aukast um tvær milljónir þegar þessum tíma sleppir.

Hæstv. ráðherra sagði einnig að gripið hefði verið til annarra aðgerða á vegum ráðuneytisins, með starfshópi sem unnið hefði mjög ötullega. Ég efast ekkert um það. En einnig komu fram þau vandkvæði sem hafa skapast með því að breyta Póstinum úr þjónustustarfsemi í bisness. Þar kemur til kasta samkeppnisráðs sem setur síðan hinu opinbera þröngar skorður. Ég hefði kosið að þessi starfshópur hefði verið skipaður fyrr.

Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason sagði að sér fyndist að það ætti að niðurgreiða þessa starfsemi. Það var gert með því að færa til hagnaðinn, gróðann af Símanum, sem skilaði 20 milljörðum kr. í ríkissjóð á einum áratug áður en hann var gerður að hlutafélagi. Nú er það liðin tíð. Það er ekki við Íslandspóst að sakast í þessu efni heldur skammsýni stjórnvalda. Ég heiti hins vegar ríkisstjórninni og hæstv. samgrh. stuðningi okkar við að finna lausn á þessu máli.

[15:40]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Þessi umræða sýnir kannski vandann sem við stöndum frammi fyrir, þó hann virðist óskaplega einfaldur í hugum þingmanna eins og hv. þm. Ögmundar Jónassonar sem telur eðlilegast að greiða þetta niður af Símanum. Hvernig mundum við gera það í dag? Jú, við yrðum að senda símnotendum Landssíma Íslands hf. reikning og væntanlega líka símnotendum hjá Íslandssíma, Tali o.s.frv. Það eru komin fleiri símafyrirtæki sem selja þessa símaþjónustu þannig að það væri ekki hægt að gera upp á milli viðskiptavina (**ÖJ:** Ætlar ráðherrann bara að nota tímann í útúrsnúninga?) Nei, það væri ekki hægt að gera upp á milli. Ég er að skýra hver vandinn er. (**ÖJ:** Ég var að tala um söguna, liðinn tíma.)

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hæstv. ráðherra hefur orðið.)

Við gætum ekki gert upp á milli símnotenda í þessu sambandi. Allir yrðu að greiða sömu hlutdeild þá í þessum kostnaði.

En við ætlum ekki að fara þá leið. Við förum aðra leið og Íslandspóstur hefur komið til móts við þessa aðila. Við höfum látið vinna að þessari útekt og væntanlegum tillögum í ráðuneytinu til að koma með eðlilegum hætti til móts við þau sjónarmið sem hv. þm. og fyrirspyrjandi, Ögmundur Jónasson, hefur haft í frammi, ásamt mörgum öðrum einstaklingum og aðilum sem hafa komið þessum ábendingum á framfæri.

Ég tel að málið sé í þeim farvegi sem eðlilegt er en alltaf er það spurning hvernig á að niðurgreiða. Ég hef tekið eftir því að tiltekið síðdegisblað hér á markaðnum hefur beitt sunnlensku fréttablöðunum, þ.e. héraðsfréttablöðunum, mjög fyrir sig í sókn eftir niðurgreiðslu og lækkun á þessum burðargjöldum.

Væri hægt að gera upp á milli héraðsfréttablaðanna og síðdegisblaðanna? Það gæti valdið okkur vandræðum. En þetta þarf að skoða.

Umferðaröryggi á Gemlufallsheiði.

Fsp. JB, 343. mál. — Þskj. 379.

[15:43]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég beini fsp. til hæstv. samgrh. um umferðaröryggi á Gemlufallsheiði. Gemlufallsheiði er heiðin milli Önundarfjarðar og Þingeyrar. Íbúar Þingeyrar þurfa að keyra um þessa heiði til að sækja þjónustu til Ísafjarðar. Þetta gildir bæði um verslun, skólagöngu framhaldsskólanema, um alla opinbera þjónustu og margt fleira, en Ísafjörður og Þingeyri voru jú sameinuð í eitt sveitarfélag.

Á þessari heiði hafa orðið alvarleg slys og óhöpp nú á undanförnum mánuðum og fólk er uggandi um ferðir yfir heiðina. Svo mikill er uggurinn, virðulegi forseti, að á haustdögum beittu Vestfirðingar sér fyrir undirskriftasöfnun um áskorun á Vegagerðina og samgönguyfirvöld um að bæta úr öryggismálum á Gemlufallsheiði með því að setja upp vegrið þar til styrktar og öryggis. Nærri 800 manns á Vestfjörðum skrifuðu á skömmum tíma undir áskorun um úrbætur.

Þessari stöðu er kannski best lýst í bréfi sem samgn. Alþingis barst frá Kristínu Theódóru Hreinsdóttur, sem er læknir á Ísafirði. Ég ætla hér að leyfa mér að lesa það, með leyfi forseta:

„Þingeyri, 28. okt., 2002.

Undirrituð starfar sem læknir við Heilbrigðisstofnunina í Ísafjarðarbæ. Innifalið í starfi mínu er að ég þarf að fara nokkrar ferðir milli Ísafjarðar og Þingeyrar í viku hverri. Mér, eins og mörgum öðrum, er því ljós nauðsyn þess að sett verði vegrið meðfram vegarkafla niður af Gemlufallsheiði, Önundarfjarðarmegin, ofan í Bjarnardal.

Efst á þessum vegarkafla er hátt og bratt fyrir kant auk þess sem á þessu svæði öllu er mjög sviptivindasamt. Í hálku og vetrarveðrum getur þetta svæði orðið mjög varasamt yfirferðar. Hafa orðið þarna alvarleg slys en oftar hefur litlu mátt muna að illa færi.

Undirrituð er ekki eini starfsmaður Heilbrigðisstofnunarinnar til að þurfa að aka þessa leið reglulega. Auk okkar eru að sjálfsögðu margir aðrir sem þurfa að fara þarna um, sumir daglega, bæði vinnu sinnar vegna og af öðrum orsökum. Í ljósi þessa skora ég á til þess bær yfirvöld að sett verði vegrið á umræddan vegarkafla áður en vetur skellur á af fullum þunga.“

Herra forseti. Ég leyfi mér að beina þessari spurningu til hæstv. samgrh.: Verður ekki brugðist snarlega við og öryggi bætt á Gemlufallsheiði nú í haust eða eins fljótt og nokkur kostur er þannig að vegfarendur njóti meira öryggis þar þegar á þessum vetri?

[15:46]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason spyr:

„Hvernig hyggst ráðherra bregðast við undirskriftum hátt í 800 íbúa á Vestfjörðum þar sem farið er fram á að þegar í stað verði sett upp vegrið á Gemlufallsheiði?“

Svar mitt er þetta: Víða í vegakerfinu háttar þannig til að full þörf væri á því að setja upp vegrið meðfram vegum til að auka umferðaröryggi. Á þetta ekki síst við á Vestfjörðum. Sá galli er hins vegar á vegriðum að þau eru tiltölulega dýr í uppsetningu og það sem erfiðara er við að eiga er að þau safna að sér snjó og eru til trafala þegar hreinsa þarf snjó af vegum. Engu að síður hefur verið unnið að því að undanförnu, og er afar mikilvægt að koma upp vegriðum þar sem brýn ástæða hefur þótt til þess. Hefur framkvæmdum þessum verið raðað af Vegagerðinni með tilliti til aðstæðna og umferðarmagns. Á því svæði sem hér um ræðir var á síðasta ári sett vegrið meðfram veginum í Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði, og í sumar var sett vegrið meðfram veginum um Óshlíð. Áætlað hefur verið að næst í þessari röð væri að setja vegrið meðfram þeim vegarkafla sem um ræðir og hefur verið miðað við að það verk yrði unnið næsta sumar samkvæmt áformum og áætlunum Vegagerðarinnar.

Hins vegar hafa verið kannaðir möguleikar á að flýta þessu verki, a.m.k. að hluta, en það liggur ekki ljóst fyrir. Var talið af hálfu Vegagerðarinnar ósennilegt að það tækist að koma því við nú á haustdögum. Engu að síður er að sjálfsögðu, af hálfu ráðuneytisins, ríkur vilji til þess að stuðla að því að Vegagerðin geti nýtt þá fjármuni sem til ráðstöfunar eru til endurbóta á vegakerfinu sem eru mikilvægar frá sjónarhorni umferðaröryggis.

Þetta er svar mitt og ég veit að það er vilji til þess af hálfu Vegagerðarinnar að reyna að hraða þessu eins og kostur er og aðstæður leyfa.

[15:49]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Auðvitað ber að fagna því sem vel hefur verið gert, og vissulega hefur tekist ágætlega til við að lagfæra veginn yfir Gemlufallsheiði. Það breytir hins vegar ekki því að eins og vegurinn liggur eru á honum mjög hættulegir staðir. Sérstaklega á það við þegar byrjað er að fara niður af heiðinni Önundarfjarðarmegin. Í þeirri hlíð hafa orðið alvarleg slys eins og dæmin sanna, því miður.

Þess vegna er mikið til vinnandi að vegrið verði sett þar upp sem allra fyrst. Það væri auðvitað æskilegt að það yrði gert núna og nýttist mönnum við vetrarakstur. Ég heyri hins vegar á hæstv. ráðherra að hann telur talsverð tormerki á því. Ekki hefur frostið eða tíðarfarið orðið til þess að tefja það verk í vetur. Sjálfsagt væri hægt að vinna það enn. Ég hvet til þess að það verði unnið en það má líka bæta umferðaröryggi með sandburði og góðu eftirliti.

[15:50]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir þessa fyrirspurn og tek undir þau hvatningarorð sem hann hefur

mælt hér og undir hvatningarorð annarra um að þessu vegriði verði komið upp. Það er ánægjulegt að heyra jafngóðan vilja samgrh. í þessu máli.

Meðan ekki er vegrið á þessum stað tel ég að það þurfi að vera mjög góð vöktun á hálku á heiðinni. Það skiptir náttúrlega mjög miklu máli meðan ekki er vegrið að heiðin sé sandborin í mikilli hálku. Við sem höfum ekið þessa heiði vitum að vindarnir koma stundum, miklir sviptivindar eins og sagt var frá, og þá verður ekki við neitt ráðið ef það er bara ís á veginum. Þess vegna hvet ég til að þessi vöktun verði aukin og betur verði hugsað um það.

[15:52]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þakkir til fyrirspyrjanda og þakka hæstv. samgrh. fyrir greinargóð svör við þessari fyrirspurn. Það er enginn vafi á því að þetta er eitt af mikilvægustu verkefnum okkar í sambandi við öryggismál á norðanverðum Vestfjörðum, að laga aðstæður á Gemlufallsheiðinni. Þó að vel hafi tekist til um uppbyggingu vegarins sjálfs um Gemlufallsheiði og hann hafi leyst mikinn vanda er öryggismálunum engu að síður áfátt og við vitum, eins og hér hefur komið fram, að þarna hafa orðið mjög alvarleg slys, m.a. banaslys nýlega.

Þess vegna hvet ég mjög til að reynt verði að hraða þessum framkvæmdum eins og kostur er. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. samgrh. að það sé ætlun Vegagerðarinnar að þetta verði næsta verkefni í sambandi við vegrið. Sé þess nokkur kostur tel ég mjög mikilvægt að reynt verði að gera það í vetur. Ég tel að um það sé algjör samstaða heimamanna og þingmanna, og ef til þess þarf að koma með einhverjum atbeina varðandi vegáætlun lýsi ég því yfir að ég mun a.m.k. beita mér fyrir því.

[15:53]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin og undirtektirnar. Sömuleiðis þakka ég hv. þm. sem hafa tekið þátt í umræðunni og hvatt mjög til að þegar verði ráðist í endurbætur á öryggi á Gemlufallsheiði.

Ég ítreka, herra forseti, að fólkinu sem hefur skrifað hér á lista, nærri 800 manns á Vestfjörðum sem hafa óskað eftir úrbótum þegar í stað í öryggismálum á Gemlufallsheiði, er að sjálfsögðu alvara í hug. Ég veit að okkur öllum sem hér fjöllum um þetta mál er líka alvara í hug.

Í ljósi orða hæstv. samgrh., þar sem hann segir að þetta verði eitt af næstu verkefnum í öryggismálum á Vestfjörðum, tel ég ljóst að það eigi að ráðast í þetta verk. Þá tek ég undir það sem hæstv. ráðherra sagði, það á að kanna hvort hægt sé að ráðast í a.m.k. ákveðna kafla á þessum vegi þegar í stað til að bæta öryggið. Best væri að þetta yrði gert nú, sé þess nokkur kostur, og að því ber að stefna. Að sjálfsögðu verður að tryggja öryggið eftir öðrum leiðum og reyna að bæta og styrkja öryggi um heiðina meðan þetta vegrið er ekki komið og jafnframt þótt það komi því ljóst er að þarna verður ávallt um erfiðan vegarkafla að ræða.

Virðulegi forseti. Ég ítreka það að hér eru undirskriftir nærri 800 Vestfirðinga, hvatning til aðgerða í öryggismálum á Gemlufallsheiði. Ég skora á samgönguyfirvöld að grípa þegar í stað til aðgerða til þess að tryggja öryggi vegfarenda á heiðinni.

Samkeppnisstaða háskóla.

Fsp. ÁRJ, 319. mál. — Þskj. 346.

[15:55]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur verið komið á fjármögnunarkerfi fyrir kennsluþátt háskólastigsins í landinu sem er óviðunandi fyrir ríkisháskólana og ávísun á verulegt forskot fyrir sjálfseignarskólana til lengri tíma. Allir háskólar fá sömu fjárhæð fyrir hvern nemanda frá ríkinu. Sjálfseignarskólarnir bæta síðan við skólagjöldum, t.d. Háskólinn í Reykjavík um 180 þús. kr. á ári sem eru um 50% af framlagi ríkisins á nemanda í laga- og viðskiptadeild.

Háskóla Íslands og öðrum ríkisháskólum er ekki heimilt að taka skólagjöld samkvæmt ákvörðun Alþingis. Fjölmennar deildir Háskóla Íslands, svo sem lagadeild og viðskiptadeild, þurfa einnig að greiða um þriðjung af ríkisframlagi sínu til fámennra kennslugreina sem ekki standa undir sér samkvæmt reiknilíkani menntmrn., svo sem vegna kennslu í erlendum tungumálum. Þessi samkeppni og aðstöðumunur milli háskólanna er óþolandi.

Skólagjaldaháskólarnir eru komnir í þá aðstöðu, vegna betri fjárhagsstöðu, að geta boðið í bestu kennarana og eru að gera það. Dæmi eru um að þeir bjóði tvöfalt hærri laun og mun minni kennsluskyldu. Háskólafundur í Háskóla Íslands hefur farið þess á leit við menntmrn. og fjmrn. að háskólanum verði gert kleift að mæta þessari samkeppni, svo sem í laga- og viðskiptadeild, á jafnréttisgrundvelli og hefur bent á að ef stjórnvöld vilji að áfram verði boðið upp á nám í ýmsum fámennum greinum við Háskóla Íslands sé eina leiðin að auka fjárveitingar til skólans.

Menntmrh. hefur nýverið heimilað Háskólanum á Akureyri að koma á laganámi. Þar er fyrir viðskipta- og tölvunarfræðinám sem á í mjög ójafnri samkeppni við einkaháskólana. Ég spyr: Ætlar hæstv. ráðherra Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands að keppa á þessum forsendum?

Kerfið sem komið hefur verið á í tíð þessarar ríkisstjórnar mismunar háskólum eftir rekstrarformi en slíkt þekkist hvergi annars staðar. Það kemur einmitt fram í grein eftir Pál Skúlason, rektor Háskóla íslands, í Morgunblaðinu í gær. Ég spyr því hæstv. menntmrh. hvort hann hyggist breyta fjármögnunarkerfi kennsluþáttar háskóla og jafna samkeppnisstöðu ríkisháskóla og annarra háskóla hér á landi.

[15:58]

Útbýting þingskjals:

Flutningur opinberra starfa og stofnana, 284. mál, svar samgrh., þskj. 531.

[15:58]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Á undanförnum árum hefur menntmrn. lagt vinnu í að skilgreina með hvaða hætti fjárveitingum til kennslu í háskólum skuli háttað. Þróað hefur verið reiknilíkan um fjármögnun til kennslu og hefur ráðuneytið gert samninga við alla háskóla á grundvelli þess. Það er sameiginleg niðurstaða háskólanna og ráðuneytisins að fjárframlag til kennslu skólanna skuli áfram byggjast á slíku reiknilíkani enda hefur það reynst vel. Það leiðir af eðli þessarar starfsemi að þróun þeirrar vinnu heldur áfram á næstu árum.

Fjárframlög til rannsókna í háskólunum eru mismunandi og ekki hefur verið úthlutað fjárframlögum til rannsókna á

grundvelli reiknilíkans eins og til kennslu. Framlög til rannsókna verður að skoða í ljósi þróunar heildarfjárveitinga til einstakra skóla.

Gera má ráð fyrir að rannsóknaþáttur háskólanna vaxi í takt við þróun þeirra á komandi árum. Mikilvægt er að athuga gaumgæfilega hvaða sjónarmið skuli lögð til grundvallar þegar ákveðið er hvernig rannsóknafé er skipt á milli háskólastofnananna. Hafa verður í huga eðli og umfang rannsókna, hvort sem um er að ræða grunn- eða hagnýtar rannsóknir eða slíkar rannsóknir í bland við tækniþróun og nýsköpun. Framlög til rannsókna í einstökum skólum taka óhjákvæmilega mið af sérhæfingu skólanna og hlutverki þeirra.

Undanfarinn áratug hefur orðið bylting á framboði náms á háskólastigi á Íslandi. Rannsóknir hafa einnig stöðugt sótt í sig veðrið og nú er svo komið að unnin ársverk í þessum geira þjóðlífsins skipta þúsundum, og miklum fjármunum er varið til málaflokksins.

Uppbyggingu á háskólastiginu hefur ekki verið miðstýrt af stjórnvöldum, heldur hafa háskólastofnanirnar orðið til og komið til móts við nýjar óskir og þarfir eftir því sem þær hafa haft frumkvæði og bolmagn til. Þessu fylgja bæði kostir og gallar. Kostirnir eru þeir að háskólastofnunum er sjálfum falin ábyrgð á að meta þörf fyrir námsframboð hverju sinni og jafnframt er þeim gert kleift að mæta þeim þörfum, sem eru síbreytilegar, að undangenginni athugun menntmrn. á óskum skólanna um framboð náms. Það má færa gild rök fyrir því að engum sé betur treystandi fyrir því mati en stofnununum sjálfum, að meta þessar þarfir og þjóna þeim.

Rannsóknir fara nú fram víða og háskólamenntun er veitt af fleirum en áður. Aukin samkeppni stofnana um fjármagn þýðir að nauðsynlegt er fyrir stjórnvöld að tryggja að ávallt sé fyrir hendi heildstætt yfirlit yfir fjárstreymi á háskólastiginu, hvort heldur sem er til kennslu eða rannsókna. Skipting fjár verður að vera gagnsæ enda er það grundvallarkrafa í opinberri stjórnsýslu að einfalt sé að rekja hvernig peningum skattborgaranna er varið.

Í menntmrn. er nú hafin vinna við að gera heildstæða úttekt á fjárstreymi til kennslu og rannsókna á háskólastigi. Fyrsta áfanga þeirrar vinnu er ætlað að leiða í ljós hvort ástæða sé til að endurskoða núverandi fyrirkomulag og skiptingu fjárveitinga til háskólastigsins.

Þegar spurt er hvort ráðherra hyggist jafna samkeppnisstöðu ríkisháskóla og einkaskóla er nauðsynlegt að svara því fyrst hvort menn hafa skýrar hugmyndir um á hvern er hallað í þeirri samkeppni. Í tilviki Háskóla Íslands er ljóst að uppbygging hans í bráðum heila öld hefur verið kostuð af ríkisvaldinu og sem stendur er hann eini háskólinn sem hefur markaðar fjárveitingar í sérstökum rannsóknasamningi til rannsókna sem aðrar háskólastofnanir hafa ekki haft. Aðrir ríkisháskólar, þ.e. Háskólinn á Akureyri, Kennaraháskóli Íslands og Tækniháskóli Íslands, hafa einnig byggst upp á kostnað ríkisins á undanförnum árum og áratugum þótt tiltölulega stutt sé síðan kennsla í tveimur þeim síðarnefndu var færð upp á háskólastig. Aðrir háskólar sem reknir eru sem sjálfseignarstofnanir, svo sem Háskólinn í Reykjavík og Viðskiptaháskólinn á Bifröst, hafa þurft að kosta uppbyggingu sína sjálfir að langmestu leyti og því hefur verið litið til þess að sértekjur þeirra nýtist m.a. til þeirrar uppbyggingar. Þá hafa þessir skólar nýtt umframfé til að standa undir rannsóknastarfsemi þar sem framlag ríkissjóðs til hennar hefur ekki verið umfangsmikið.

Samkeppni á háskólastiginu er jafnnauðsynleg og á öðrum sviðum samfélagsins. Óhætt er að segja að gæði og þjónusta á háskólastiginu hafi aukist hér á landi með vaxandi samkeppni. Á það sérstaklega við um rótgrónar stofnanir háskólastigsins. Þær hafa gott af því aðhaldi sem slík samkeppni veitir.

Allir ríkisháskólarnir starfa samkvæmt sömu reglu um gjaldtöku af nemendum. Reglurnar kveða á um hámark skráningargjalda. Sjálfseignarstofnanirnar setja sér hins vegar reglur um gjaldtöku af nemendum og umframtekjur þeirra af gjaldtöku sem renna ekki til almenns rekstrar nýtast þeim í nauðsynlegri uppbyggingu sem um leið eru til þess fallnar að jafna samkeppnisstöðu þeirra gagnvart ríkisháskólunum.

[16:03]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin.

Ég tel hins vegar ekki rétt að blanda saman kennslufé og rannsóknafé. Kennslusamningurinn og reiknilíkan hefur reynst vel eins og ráðherra nefndi, en ég vil geta þess að launastika er of lág, þ.e. miðað er við miklu lægri laun en raunin er. Þetta þyrfti að lagfæra. Það þarf líka að veita meira fé í háskólastigið vegna fjölgunar bæði háskóla og nemenda.

Sjálfseignarstofnanir hafa rétt til að taka skólagjöld meðan Háskóli Íslands hefur það ekki. Það er mikið matsatriði hvort Háskóli Íslands eigi að hafa það. Það þekkist hins vegar ekki að menn séu settir alveg með sambærilegar greiðslur frá opinberum aðilum með þessum hætti.

Ég treysti hins vegar, herra forseti, ráðherra vel til að taka á þessum málum því samkeppni er af hinu góða og er mjög þörf á háskólastigi eins og annars staðar. Hún þarf þó að vera á jafnréttisgrundvelli og þar eru atriði sem þurfa nánari skoðunar við til að allir sætti sig við þann eðlilega ramma sem ríkisvaldið setur þessum skólum.

[16:04]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur fyrir þessa fyrirspurn.

Ég er því mjög fylgjandi að efla ríkisháskólana sem kennslu- og ekki síður sem rannsóknastofnanir. Hæstv. menntmrh. sagði að uppbygging háskólastigsins á Íslandi hefði ekki verið miðstýrð. Það er svo að hægt er að miðstýra með ýmsum hætti. Háskólarnir hafa kvartað sáran yfir fjársvelti og spurningin er þá hvort verið sé að miðstýra þessum stofnunum í átt til gjaldtöku, skólagjalda.

Rektor Háskóla Íslands ritaði grein í Morgunblaðið í gær og beindi spurningu til þingsins. Ég tek undir þá spurningu og beini henni til ríkisstjórnarinnar: Hvað vill hún varðandi gjaldtöku, skólagjöld? Telur hún koma til álita að taka upp skólagjöld á háskólastigi? Sjálfur er ég því mjög andvígur og teldi það vera alvarlega ávísun á misrétti til náms.

[16:05]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en vil vekja athygli á því að fyrirspurnin snýst um jafna samkeppnisstöðu háskóla í kennsluþættinum. Ég spurði eingöngu um kennsluþáttinn og hélt rannsóknaþættinum þar fyrir utan því hann væri efni í aðra umræðu, sérstaka umræðu.

Stjórnvöld verða að gera upp við sig hvernig þau vilja hátta rekstrinum á háskólastiginu. Heyri ég á hæstv. ráðherra að hann sé að láta vinna það í ráðuneytinu. Ef áfram heldur

sem horfir í þeim rekstri eins og honum er háttað og ég lýsti í fyrri ræðu minni munu ríkisháskólarnir verða annars flokks skólar. Sjálfseignarstofnanirnar hafa sama fjármagn frá ríkinu á hvern nemanda plús skólagjöldin og geta því keypt bestu kennarana en ríkisskólarnir geta ekki keppt við þá. Auðvitað mun þetta leiða til mismununar milli nemenda, þ.e. nemendurnir sem eiga efnameiri foreldra geta leyft sér að fara í einkaskólana.

Það kemur mjög skýrt fram í grein háskólarektors í Morgunblaðinu í gær að til þess að koma í veg fyrir að ríkisskólarnir koðni niður þarf annað tveggja, að hækka fjárveitingar til ríkisskólanna sem nemur skólagjöldunum hjá einkaskólunum eða þá að heimila töku skólagjalda sem ég er alls ekki að mæla með.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað ætlar hann að gera í stöðunni? Mun hann beita sér fyrir réttlátari samkeppni? Hún er ekki til staðar í dag, það er alveg ljóst á því sem kom fram í ræðu minni á undan. Þetta er mjög alvarleg staða fyrir ríkisreknu háskólana og þeir munu koðna niður verði þetta ástand viðvarandi. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað ætlar hann að gera í málinu? Mun hann láta þetta viðgangast til lengdar?

[16:08]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég þakka þessar umræður sem ég held að séu gagnlegar en bendi á það sem fram kom í máli mínu áðan, að sú lýsing sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir gaf á samkeppnisstöðu skólanna er ekki einhlít. Þetta er mjög flókið mál í raun og veru. Það kallar á allvíðtækan samanburð á því hvernig t.d. skólagjaldafjármununum er varið til skólanna, hvernig þeir eru notaðir til kennslu, hvernig þeir eru notaðir til að efla rannsóknir og hvernig þeir eru notaðir til að byggja upp húsnæði skólanna. Það kallar einnig á samanburð á því hvernig farið er með fjármagn sem veitt er til þessara mismunandi þátta, þ.e. til kennslunnar, til rannsóknanna og til byggingarstarfsemi. Þetta er flókið dæmi og ekki hægt að draga upp þá einföldu mynd af þessu sem hv. þm. gerði áðan.

Þegar menn tala hins vegar um samkeppnisstöðu verða þeir að gera sér grein fyrir því hversu erfitt er að meta nákvæmlega hver hún er, þar sem annars vegar eru grónir skólar sem hafa lengi byggst upp og hins vegar skólar sem eru nýir af nálinni.

Ljóst er að þó að Háskóli Íslands líti svo á að hann fari halloka í þessari samkeppni, og sú er skoðun skólans að vissu leyti, er líka ljóst að Háskólinn í Reykjavík telur að hann fari ekki vel út úr þessari samkeppni. Það er óhjákvæmilegt að hlusta á rök beggja aðila í þessu máli (Gripið fram í.) til að reyna að átta sig á stöðunni. Nei, nei, það er margt fleira en rannsóknaþátturinn, eins og ég heyri fullyrt í frammíkalli.

Það sem mestu máli skiptir er að núna er unnið að því að gera heildstæða úttekt á fjárstreyminu. Tilgangurinn með því er að reyna að leggja raunhæfara mat á þetta. En við erum að tala um mjög mikilvæga hagsmuni fyrir háskólastigið í heild og mikilvægt að menn reyni að ná samstöðu um skilning á málinu.

[Fundarhlé. — 16:10]

[18:00]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 2002, 66. mál, frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 539; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 540, 541, 542.

Fjárlög 2003, 1. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 545, 546, 547, 548, 549; brtt. GunnB o.fl., þskj. 557; brtt. GAK og JB, þskj. 559; brtt. ÁSJ og GAK, þskj. 560; brtt. JB o.fl., þskj. 561.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 247. mál, nál. sjútvn., þskj. 558.

Ættleiðingar.

Fsp. ÍGP, 379. mál. — Þskj. 432.

[18:01]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. dómsmrh.

Það er því miður ekki öllu fólki gefið að halda góðri heilsu. Góð heilsa er ekki sjálfgefin og það er fólki mikið áfall að missa heilsuna. Þess vegna er það einnig mikið gleðiefni þegar fólk nær heilsu á ný eftir veikindi, og við kunnum oft ekki til fullnustu að meta þessa guðs gjöf fyrr en eitthvað bjátar á.

Á dögunum las ég athyglisvert viðtal við unga konu sem hafði fengið krabbamein. Eftir sérhæfða læknismeðferð hafði hún sigrast á þessum sjúkdómi, síðan varð hún ófrísk og eignaðist heilbrigt barn á eðlilegan hátt og var það henni og föður barnsins að sjálfsögðu mikið gleðiefni og lífsfylling.

Ég hef fylgst með annarri ungri konu sem einnig hefur veikst af krabbameini. Hún á heilbrigðan eiginmann og 11 ára gamalt barn. Þessi kona hefur einnig fengið góða og árangursríka meðferð vegna veikinda sinna. Hún og eiginmaður hennar eiga sér þann draum að eignast barn. Læknisfræðilega séð getur hún eignast barnið með eðlilegum hætti en til þess að svo gæti orðið yrði hún að hætta að taka lyfin sín. Í því felst mikil áhætta út frá meðferðinni. Henni er ráðlagt að taka ekki þá áhættu. Vegna þessa hafa þau hjónin reynt að fá ættleitt barn af íslenskum eða erlendum uppruna en rekið sig á marga veggi og ótrúlegar hindranir og nær alls staðar komið að luktum dyrum. Þau hafa ekki fengið svör sem þau sætta sig við, m.a. hefur verið gefið í skyn að þau hjónin geti ekki fengið ættleitt barn vegna þess að líkur séu á að konan látist eftir 15–20 ár. Hver veit hve lengi við lifum og hver ákveður það? Þessir þættir eru auðvitað ekki í mannlegu valdi.

Eiginmaður þessarar ágætu konu er heilbrigður eins og áður greinir. Samkvæmt mínum upplýsingum geta einstaklingar fengið að ættleiða börn og er það vel. Það fáum við væntanlega staðfest í svari hæstv. ráðherra á eftir. Þessi hjón hafa enn ekki fengið útgefið forsamþykki til ættleiðingar. Það mál er í höndum hæstv. dómsmrh. Eðlilegt er að hjónin séu sorgmædd yfir þessari meðferð enda önnur áföll ærin til þess að sigrast á þó að ekki þurfi að berjast við þetta óréttlæti sem hér á sér stað.

Þess vegna hef ég lagt fram fimm spurningar til hæstv. dómsmrh.:

1. Hvaða skilyrði þurfa foreldrar að uppfylla til þess að fá útgefið forsamþykki til ættleiðingar barna?

2. Geta einstaklingar fengið að ættleiða börn?

3. Geta hjón fengið að ættleiða börn ef annað þeirra hefur átt við veikindi að stríða en hitt er talið fullkomlega heilbrigt?

4. Gilda mismunandi reglur um ættleiðingu eftir því hvort barnið er íslenskt eða af erlendu bergi brotið?

5. Telur ráðherra að fullkomið jafnrétti ríki við ættleiðingu barna á Íslandi?

[18:05]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu viðfangsefni. Það er ljóst að mörg sjónarmið þarf að taka til skoðunar áður en ættleiðing fer fram. Er það flókið og þungt ferli en vitaskuld ekki að ástæðulausu. Fyrirspurnin er í fimm liðum og ég mun reyna að svara þeim eftir bestu getu.

Fyrsta spurningin er: „Hvaða skilyrði þurfa foreldrar að uppfylla til þess að fá útgefið forsamþykki til ættleiðingar barna?"

Umsækjendur um forsamþykki ráðuneytisins til að fá að ættleiða barn erlendis frá þurfa fyrst og fremst að uppfylla það almenna skilyrði 4. gr. ættleiðingarlaga að sýnt þyki að ættleiðingin sé barninu fyrir bestu enda sé ætlun ættleiðenda að annast og ala barnið upp. Auk þess þurfa þeir að uppfylla skilyrði 5. gr. laganna um lágmarksaldur en hið almenna viðmið er 25 ára aldur.

Í sambandi við það skilyrði að ættleiðing sé barni fyrir bestu bendi ég á þá reglu sem gildir í norrænum rétti og víðar að væntanlegir kjörforeldrar geti búið barni góðar og þroskavænlegar uppeldisaðstæður, bæði félagslegar og fjárhagslegar. Auk þess þarf geðræn og líkamleg heilsa þeirra að vera með þeim hætti að hún skerði ekki möguleika þeirra á því að veita barninu fullnægjandi aðhlynningu og umönnun. Að auki mega þeir ekki vera haldnir þeim líkamlegu sjúkdómum að þeir skapi hættu á því að þessu markmiði verði ekki náð og heldur ekki að þeir sjúkdómar skerði lífslíkur þeirra þannig að hætta sé á að þeir nái ekki þeim aldri að geta alið barnið upp til fullorðinsaldurs með fullnægjandi hætti.

Hér á landi hafa enn ekki verið mótaðar nákvæmar reglur um hvaða sjúkdómar skipti hér máli eins og gert er í öðrum norrænum ríkjum. Þau mál eru til skoðunar í ráðuneytinu og við ákvörðun um þau vandmeðförnu mál verður litið til hinna norrænu reglna eins og gert hefur verið í framkvæmd. Hér hafa þó ekki verið gerðar jafnstrangar kröfur til líkamlegs heilbrigðis umsækjenda eins og t.d. í Danmörku þar sem settar hafa verið reglur um fjölmarga sjúkdóma og annað þeim tengt, svo sem hjarta- og æðasjúkdóma, hækkaðan blóðþrýsting, lungna- og nýrnasjúkdóma, maga- og þarmasjúkdóma, sykursýki, offitu, krabbamein o.fl.

Samkvæmt lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, verður forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni ekki gefið út í ráðuneytinu nema að undangenginni könnun barnaverndarnefndar á aðstæðum væntanlegra kjörforeldra. Enn fremur er rétt að taka fram að í lögunum er ákvæði í 17. gr. um ættleiðingarnefnd sem veitir umsagnir í málum sem ráðuneytið leggur fyrir hana þegar vafi þykir leika á hvort veita skuli leyfi til ættleiðingar eða forsamþykkis til að ættleiða barn erlendis. Nefndin er skipuð lögfræðingi með mikla reynslu af ættleiðingarmálum, lækni sem einnig hefur slíka reynslu og sálfræðingi.

Önnur spurning: „Geta einstaklingar fengið að ættleiða börn?"

Samkvæmt 4. mgr. 2. gr. ættleiðingarlaga er heimilt að leyfa einhleypum manni að ættleiða barn ef sérstaklega stendur á og ættleiðing er ótvírætt talin barninu til hagsbóta. Frá gildistöku laganna hefur níu einhleypum einstaklingum, sem í öllum tilvikum eru konur, verið veitt forsamþykki til að ættleiða börn erlendis en umsóknir hafa ekki borist um ættleiðingar hér á landi.

Þriðja spurning: „Geta hjón fengið að ættleiða börn ef annað þeirra hefur átt við veikindi að stríða en hitt er talið fullkomlega heilbrigt?"

Í samræmi við norrænan rétt hefur það ekki verið talið barni fyrir bestu að heimila frávik frá þeim skilyrðum sem gerð eru samkvæmt því sem fram kemur í svari við fyrstu spurningu að því er annað hjóna varðar þótt hitt teljist heilbrigt. Þetta verða að telja eðlilegar kröfur þegar litið er til þess að ekki er metið þegar hjón sækja um forsamþykki eða ættleiðingu hvort skilyrðum 4. mgr. 2. gr. ættleiðingarlaga sé fullnægt.

Að auki bendi ég á hve mikið álag alvarleg veikindi eða jafnvel dauði annars kjörforeldris hefði í för með sér fyrir kjörbarn, til viðbótar því að aðlagast nýrri fjölskyldu. Slíkt áfall í fjölskyldu mundi einnig að sjálfsögðu draga úr þrótti og getu hins heilbrigða eða eftirlifandi maka til þess að annast barnið með fullnægjandi hætti.

Fjórða spurning: „Gilda mismunandi reglur um ættleiðingu eftir því hvort barnið er íslenskt eða af erlendu bergi brotið?"

Þessari spurningu er ekki unnt að svara með ítarlegum hætti fremur en hinum fyrri án langra fræðilegra útlistana. Ég vil þó segja að að jafnaði gilda sömu reglur um ættleiðingar hvort sem barn er af íslensku eða erlendu bergi brotið. Þó er það svo að sum af þeim ríkjum sem gefa börn sín til ættleiðingar til Íslands gera aðrar kröfur en gilda samkvæmt íslenskum lögum um aldursmörk umsækjenda, hjúskaparstöðu og fleira.

Fimmta og síðasta spurning: „Telur ráðherra að fullkomið jafnrétti ríki við ættleiðingu barna á Íslandi?

Ég tel að hér á landi ríki fullkomið jafnrétti við ættleiðingar barna. Þá á ég að sjálfsögðu við sambærilegar félagslegar, fjárhagslegar og heilsufarslegar aðstæður umsækjenda um ættleiðingar eða forsamþykki til að ættleiða barn erlendis.

[18:10]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég er þó ósammála þeim upplýsingum sem hæstv. ráðherra gefur um að fullkomið jafnrétti ríki í þessum efnum. Það er alveg ljóst að einstaklingar geta ættleitt barn, og er það vel. Í þessu tilfelli geta hjónin hins vegar ekki fengið að ættleiða barn þó að eiginmaðurinn sé fullkomlega heilbrigður en konan hafi átt við þessi veikindi að stríða sem hún þó hefur fengið viðhlítandi meðferð við. Það má segja að það sé í raun og veru ekki nema um tvo kosti að ræða fyrir þessi ágætu hjón, annaðhvort þann að konan hætti að taka lyf við þeim sjúkdómi sem hún hefur, verði þunguð og taki þannig áhættu á því að sjúkdómurinn taki sig upp eða að hjónin skilji, þ.e. einstaklingarnir í þessu tilfelli hafa í raun og veru meiri rétt en hjónin. Ég get alls ekki tekið undir að það sé fullkomið jafnrétti í þessum efnum.

Ég hvet hæstv. dómsmrh. sem ég veit að er mjög vel hugsandi manneskja — ég er alveg sammála um að við eigum að fara varlega í öllum þessum efnum, það er auðvitað alveg nauðsynlegt — ég veit að þetta mál er í höndum hæstv. dómsmrh., og það er hún sem getur veitt þetta svokallaða forsamþykki. Það er í hennar valdi og ég hvet hæstv. ráðherra til þess að gera þetta vegna þess að hér er alls ekki um jafnrétti að ræða.

[18:12]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég legg sérstaka áherslu á að í öllum málum þar sem stjórnvöld þurfa að taka ákvarðanir sem snerta börn skal, samkvæmt ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, láta það hafa forgang sem barni er fyrir bestu. Þetta er meginreglan. Mér er hins vegar fullljóst að hér er um viðkvæm mál að ræða og mér kemur það ekki á óvart að hv. þm. kunni að þykja fullmiklar skorður á heimildum til ættleiðinga með tilliti til þeirra barna sem búa við bág kjör í sínu heimalandi. Þá er hins vegar rétt að hafa í huga að eftirspurnin hér á landi eftir börnum til ættleiðingar er langt umfram það sem okkur stendur til boða, jafnvel þótt unnið hafi verið að því að auka möguleikana, svo sem með nýlegu samkomulagi við Kína um ættleiðingar.

Við höfum gerst aðilar að svokölluðum Haag-samningi um ættleiðingar eins og hv. þingmönnum er kunnugt um, og við höfum einnig leitast við að tryggja þessu sviði, eins og mörgum öðrum sviðum einkaréttarins, samræmi milli löggjafar okkar og nágrannaríkjanna. Uppbygging okkar réttar um ættleiðingar tekur því einnig að miklu leyti mið af þessari viðleitni og alþjóðlegum skuldbindingum á þessu sviði. Það er ekki hægt að ræða einstök mál án þess að hafa þetta í huga.

Ég þakka að lokum fyrir málefnalega umræðu um þetta viðkvæma viðfangsefni.

Ummæli um evrópskan vinnumarkað.

Fsp. ÖJ, 364. mál. — Þskj. 404.

[18:14]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Þessi fyrirspurn hefur velkst nokkuð lengi í kerfinu, ekki komist á dagskrá fyrr en nú, ýmist vegna fjarveru minnar frá þingi eða hæstv. ráðherra. Tilefnið er ummæli ráðherra á fundi fjárhagsnefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington í lok septembermánaðar. Þá var haldinn ársfundur Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en jafnframt fór fram fundur í fjárhagsnefnd sjóðsins. Í nefndinni sitja 24 fulltrúar, formenn kjördæmisráða innan þessara stofnana og seðlabankastjórar, en Gordon Brown, fjármálaráðherra Bretlands, er formaður þessarar nefndar. Hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde er nú talsmaður kjördæmisráðs Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna, og á þessum fundi hélt hann ræðu fyrir hönd þeirra. Hann kom inn á ýmsa þætti efnahagsmálanna, hvatti til þess að allar ákvarðanir í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum yrðu gerðar sem gagnsæjastar og aðgengilegastar fyrir almenning og það er margt sem fram kom í ræðu hans sem ég get tekið undir.

Tilefni fyrirspurnar minnar er ummæli hæstv. ráðherra varðandi vinnumarkaðinn í Evrópu. Þar hafa staðið miklar deilur um árabil um þau réttindakerfi sem eru við lýði í Evrópu. Atvinnurekendasamtök hafa barist fyrir því að dregið verði úr þessum réttindum og vinnumarkaðurinn gerður sveigjanlegri eins og það er kallað. Fyrirspurn mín til hæstv. ráðherra er eftirfarandi:

Hvaða hugmyndir liggja að baki ummælum ráðherra á nýafstöðnum fundi fjárhagsnefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans sem skilja má svo að nauðsynlegt sé að draga úr ósveigjanleika á evrópskum vinnumarkaði?

Er það ekki stílbrot að íslenskur fjmrh. skuli blanda sér í þær deilur sem fram fara á evrópskum vinnumarkaði með þessum hætti?

[18:17]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er ánægjulegt að einhver skuli gefa því gaum hér á Alþingi sem menn eru að bauka við á erlendri grundu í nafni lands og þjóðar, en í þessu tilfelli ekki eingöngu það, heldur í nafni átta ríkja eins og mér hefur verið trúað fyrir á vettvangi fjárhagsnefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og þingmaðurinn rakti hér ágætlega.

Það þýðir jafnframt það þegar svo mörg ríki eiga hlut að máli að búið er að undirbúa svona ræðu með mjög víðtæku samráði milli landanna og efnisatriði í henni eru engin þau sem allir þessir aðilar geta ekki skrifað upp á. Hér er því um að ræða óvenjuumfangsmikinn og vandaðan undirbúningsferil sem lyktar með því að þessi ræða er samin og lögð fram og hana er að finna á netinu, bæði hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og hjá okkur í fjmrn. og hefur reyndar birst enn víðar.

Það er fjarri því að það sé stílbrot að í ræðu sem þessari sé vikið að ýmsum vandamálum á efnahagssviðinu um heim allan. Það er þvert á móti verkefnið sem liggur fyrir að ræða á fundum fjárhagsnefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og það er það verkefni sem svona ræða á að fjalla um, enda er víða komið við í henni og vikið að ýmsum málum bæði innan og utan Evrópu.

En þetta tiltekna mál sem þingmaðurinn gerir að umtalsefni er þekkt vandamál. Það sem ég segi í ræðu minni við þetta tækifæri er eftirfarandi í lauslegri þýðingu, með leyfi forseta:

„Líklegt er að ósveigjanleikinn á evrópskum vinnumörkuðum hamli gegn efnahagsbatanum. Frekari umbóta er þörf á vinnumarkaði til að vinna bug á hinu viðvarandi skipulagsbundna atvinnuleysi."

Þarna er komið að kjarna málsins. Öll vitum við að atvinnuleysi í Evrópu er stórfellt vandamál og í nýjustu spám er gert ráð fyrir því að það sé u.þ.b. 8% að meðaltali í Evrópusambandsríkjunum, mun meira í sumum þeirra og enn meira á einstökum svæðum innan einstakra landa. Vel yfir 10% á mörgum stöðum því miður.

Ég tel og það telja mjög margir sem hafa kynnt sér þessi mál að ein af orsökunum fyrir þessu sé sá ósveigjanleiki sem einkennir vinnumarkaði landanna, þvert á það sem við þekkjum hérna á Íslandi, þar sem efnahagslíf okkar og vinnumarkaðir laga sig mjög hratt að breyttum aðstæðum, atvinnuþátttaka eykst eða minnkar o.s.frv. En atvinnuleysið á Íslandi hefur sem betur fer aldrei verið sambærilegt vandamál og það er í þessum ágætu nágrannalöndum okkar. Ein af ástæðunum er sú, leyfi ég mér að fullyrða, og það eru niðurstöður margra manna sem hafa rannsakað þetta mál, að vinnumarkaðurinn er ósveigjanlegur. Það felst í því t.d. að fyrirtæki veigra sér við að ráða fólk í vinnu vegna þess að reglurnar sem gilda um uppsagnir fólks eru oft og tíðum svo harkalegar og erfiðar að fyrirtækin, í stað þess að ráða nýtt fólk í vinnu, reyna þau að koma sér hjá því. Þetta er eitt af vandamálunum. Þetta er ein meginmeinsemdin í evrópsku efnahagslífi, það er þetta atvinnuleysi.

Menn verða að horfast í augu við að það getur verið nauðsynlegt að gera eðlilegar skipulagsbreytingar í rekstri, í hagræðingu, í sameiningu fyrirtækja og fleira, en reglurnar

sem um þetta gilda geta oft og tíðum verið þannig að þærýti beinlínis undir atvinnuleysið í stað þess að vinna bug á því.

Það geta verið reglur um það að einhverjir aðrir en stjórnendur fyrirtækjanna ráði því ef til uppsagna kemur hverjum er sagt upp. Það geta verið reglur sem ráða því að fólki á ákveðnum aldri megi ekki segja upp störfum. Og alls kyns slíkir hlutir sem við þekkjum ekki hér á Íslandi en sem eru til þess að torvelda það að fyrirtæki í þessum löndum ráði sér fólk til starfa. Þar með hafa þær reglur þveröfug áhrif miðað við það sem öll góðmennin sem beittu sér fyrir þeim á sínum tíma ætluðu. Þannig fer nú stundum með hinn besta ásetning manna.

[18:22]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég held að það sé ekki alveg rétt að við þekkjum ekki þessar reglur hér á landi, vegna þess að þegar allt kemur til alls þá býr íslenskt launafólk ekki við lakari réttindakerfi en gerist almennt á evrópskum vinnumarkaði nema síður sé og horfi ég þar til veikindaréttar, lífeyrisréttinda og margvíslegra annarra réttinda.

Íslenskur vinnumarkaður hefur verið sveigjanlegri en hinn evrópski að einu leyti, að launin hafa tekið meiri sveiflum. Þau hafa gert það og ekki höfum við alltaf verið sátt við það þegar kaupmátturinn hefur verið rýrður með gengisfellingum eins og tíðkaðist hér sérstaklega fyrr á tíð. Það hefur hins vegar með auknu jafnvægi í verðlagsþróun verið að skapast meiri staðfesta hvað þetta snertir.

En hæstv. ráðherra kom einmitt inn á þessa þætti sem gera vinnuaflið dýrt og er mörgum atvinnurekendum þyrnir í auga. Það er ráðningarfestan. Það er veikindaréttur, langt orlof og þannig mætti áfram telja. Menn hafa iðulega stillt upp tveimur valkostum, horft til tveggja átta. Annars vegar bandaríska kerfið þar sem þessi réttindi eru miklu rýrari en gerist í Evrópu og hins vegar hafa menn horft á hið evrópska kerfi. Ég held að það væri mjög illa ráðið að við færum að leggjast á sveif með þeim sem vilja brjóta niður þessi réttindakerfi og það leyfi ég mér að gagnrýna þótt ég taki hins vegar undir margt af því sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh., lýtur að gegnsæi, aðgengi almennings að upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans.

[18:24]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég ítreka að það er hvorki stílbrot né óviðeigandi að fjalla um þessi mál á þeim vettvangi þar sem þessi ummæli voru látin falla. Þvert á móti held ég að það hafi verið æskilegt að benda á þetta vandamál sem flestir viðurkenna að er fyrir hendi, enda var það gert ekki bara í nafni mínu eða ríkisstjórnar Íslands, heldur allra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna sömuleiðis.

En ég held að það sé rétt sem þingmaðurinn sagði að annars vegar er í Bandaríkjunum litið á þessi svokölluðu réttindi með allt öðrum hætti en gert er í Evrópu. En ég held að við hér á Íslandi höfum fundið ágætlega heppilega millileið sem hamlar því ekki að fyrirtækin geti hagrætt hjá sér, geti sameinast, geti gripið til þeirra ráðstafana í rekstri sem nauðsynlegar kunna að vera til að halda fyrirtækjunum og starfseminni gangandi. Halda þeim á lífi. Víða annars staðar er þetta því miður ekki svo. Það er sömuleiðis þannig í mörgum Evrópulöndum að fyrirtæki veigra sér beinlínis við því að taka fólk í vinnu vegna þess að það kann að verða svo erfitt að taka nýjar ákvarðanir eftir það.

Þetta ræða menn mjög opinskátt um alls staðar í Evrópu. Þetta ræða menn á fræðasviðinu, á vettvangi háskólanna að þarna þurfi að koma til umbætur, skipulagslegar umbætur í slíku umhverfi til þess að regluverkið stuðli ekki beinlínis að auknu atvinnuleysi, sem er jú markmið allra að draga úr. Frekar að hafa regluverkið þannig að það hjálpi til við að draga úr atvinnuleysinu. Um það snýst málið og ég held að umæða af þessu tagi, hvort sem hún fer fram á vettvangi gjaldeyrissjóðsins eða hér í þinginu, sé af hinu góða.

[18:26]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2003, 1. mál, brtt. SJS og KolH, þskj. 564; brtt. ÞBack og ÁSJ, þskj. 565; brtt. ÞBack, þskj. 566, 567; brtt. ÖJ o.fl., þskj. 568.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.

Fsp. GunnB, 341. mál. — Þskj. 377.

[18:27]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. umhvrh. sem varðar úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála, en eins og alkunna er er hún búin að vera starfandi núna í tæp fjögur ár.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hve mörg mál hefur úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála fengið til umfjöllunar frá gildistöku skipulags- og byggingarlaga 1. janúar 1998?

2. Hve mörg mál hefur úrskurðarnefndin afgreitt á sama tíma?

3. Hver er afgreiðslutími mála hjá úrskurðarnefndinni að meðaltali og hver á hann að vera samkvæmt lögum?

4. Hve margir starfa hjá nefndinni?

Fyrirspurnin ómar kannski af áhyggjum í sveitarfélögunum víðs vegar, þar sem hlutir hafa verið kærðir til úrskurðarnefndarinnar og úrskurðir borist e.t.v. seint og illa og framkvæmdir og annað hefur verið stopp eða ekki hægt að halda áfram hvorki með hönnun né framkvæmdir meðan á þessu stendur.

Þess vegna ætla ég að spyrja hæstv. ráðherra um þessi mál og vonandi gefur hún greinargóð svör.

[18:29]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er spurt í fyrsta lagi: „Hve mörg mál hefur úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála fengið til umfjöllunar frá gildistöku skipulags- og byggingarlaga 1. janúar 1998?“

Því er til að svara að úrskurðarnefndin hefur fengið samtals 310 mál til meðferðar sem skiptast þannig eftir árum:

Árið 1998 46 mál, 1999 60 mál, 2000 81 mál, 2001 61 mál og það sem af er yfirstandandi ári 62 mál. Þetta eru samtals 310 mál.

Í öðru lagi er spurt: „Hve mörg mál hefur úrskurðarnefndin afgreitt á sama tíma?“

Því er til að svara að nefndin hefur frá upphafi til dagsins í dag afgreitt 220 mál. 90 málum er því ólokið.

Í þriðja lagi er spurt: „Hver er afgreiðslutími mála hjá úrskurðarnefndinni að meðaltali og hver á hann að vera samkvæmt lögum?“

Því er til að svara að afgreiðslutími á hvert mál frá upphafi hefur að meðaltali verið 7,4 mánuðir. Samkvæmt 4. mgr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, skal úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála kveða upp úrskurð í málum sem skotið er til hennar svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að henni berst mál í hendur. Sé mál viðamikið og fyrirsjáanlegt að afgreiðsla taki lengri tíma skal nefndin tilkynna hlutaðeigandi það og tiltaka afgreiðslufrest sem aldrei skal þó vera lengri en þrír mánuðir. Hins vegar ber að hafa í huga að menn verða auðvitað að upplýsa mál að fullu samkvæmt stjórnsýslulögum áður en þeir fella úrskurði. Þetta eru því mjög vandasöm mál.

Á fyrsta starfsári nefndarinnar 1998 voru nær öll mál afgreidd innan tveggja mánaða eða þriggja ef heimild til að lengja afgreiðslutíma var nýtt. Þetta fyrsta ár var málafjöldi viðráðanlegur. Árið 1999 fóru mál að fara fram úr tímamörkum, þó ekki verulega. Það fór hins vegar að halla verulega á árinu 2000, enda málafjöldi það ár sá mesti hingað til. Flutningur seint á árinu truflaði starfsemina einnig um tíma. Má segja að vandi nefndarinnar hafi orðið til á því ári og verið viðvarandi síðan. Ráðuneytið hefur þegar brugðist við þessu með því að auka fjárveitingar til nefndarinnar í samræmi við fjárlög.

Á síðasta ári var fjárveiting til úrskurðarnefndarinnar 9,3 millj. kr. í fjárlögum þess árs en 2 millj. kr. í fjáraukalögum. Í ár er fjárveitingin 13 millj. kr. í fjárlögum og í frv. til fjáraukalaga er gert ráð fyrir 4 millj. kr. fjárveitingu. Ekki verður annað séð á þessari stundu en að heildarfjárveiting ársins í ár dugi til að mæta útgjöldum nefndarinnar. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 2003 er gert ráð fyrir 14,8 millj. kr. til nefndarinnar en ráðuneytið mun á næsta ári tryggja að fjárveitingar dugi til að mæta útgjöldum nefndarinnar miðað við að nýr lögfræðingur verði í fullu starfi hjá nefndinni til ársins 2004.

Í fjórða lagi er spurt: „Hve margir starfa hjá nefndinni?"

Því er til að svara að frá 1. janúar 1998 til 15. júní 2001 var löglærður framkvæmdastjóri eini starfsmaður nefndarinnar en þá var ráðinn ritari til starfa við skjalavörslu og fleira í 45% starf. En 1. mars 2002 var ráðinn lögfræðingur í fullt starf hjá nefndinni við úrvinnslu mála og til að aðstoða framkvæmdastjóra. Starfsliðið er því í dag tveir lögfræðingar í fullu starfi og ritari í 45% starfi.

Ég met það svo, virðulegi forseti, að í upphafi hafi menn vanáætlað hve umfangsmikil og mörg málin yrðu sem kæmu til úrskurðarnefndarinnar. Þrátt fyrir að menn hafi haldið mjög vel á spöðunum í nefndinni og staðið sig afburða vel hefur ekki tekist að afgreiða málin á þeim tíma sem æskilegt er en það mun vonandi batna núna þegar nýr lögfræðingur hefur tekið til starfa. Nefndin hefur vandað sig mikið við úrskurði sína og þeir úrskurðir sem farið hafa fyrir dómstóla hafa fallið nefndinni í vil, þ.e. hún hefur ekki verið talin fara út fyrir sitt svið eða úrskurða á rangan hátt.

[18:33]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör. Ástandið eins og það er í dag er skelfilegt. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra: Hvað ef búið er að samþykkja deiliskipulag í einhverju bæjarfélagi og það síðan kært til úrskurðarnefndarinnar af einhverjum aðilum? Hvaða möguleika hefur þá viðkomandi sveitarfélag þar til úrskurður úrskurðarnefndar í skipulags- og byggingarmálum fæst? Hvað er hægt að gera? Mun ráðherra skrifa upp á deiliskipulagið áður en úrskurðurinn fellur eða hvað?

Eins og hæstv. ráðherra gat um er miklum fjölda mála ólokið. Þá er kannski önnur spurning: Hvenær má reikna með, eftir að fjölgað hefur verið um þennan eina lögfræðing, að nefndin verði búin að ná vopnum sínum, þ.e. hreinsa borðið? Ég veit um tilfelli þar sem aðilar hafa farið í framkvæmdir áður en úrskurður hefur legið fyrir og þar sem úrskurðurinn féll þeim ekki í hag þarf að mölva niður þær framkvæmdir sem ráðist hefur verið í. Þetta er býsna alvarlegt mál og ég held að það þurfi að auka enn frekar afköstin, þó að ég sé ekki talsmaður þess að bæta í opinberan rekstur. Þegar slíkar nefndir eru skipaðar mega þær a.m.k. ekki vera til trafala í byggingarframkvæmdum og öðru víðs vegar um landið.

[18:35]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér komu fram tvær nýjar spurningar sem ekki var spurt í upphafi fyrirspurnarinnar. Hin fyrri var varðandi deiliskipulag, ef það væri kært og mikill dráttur á úrskurði, hvað geti þá ráðherrann gert, staðfest eða ekki. Ég treysti mér ekki til að kveða alveg upp úr um það án þess að skoða það mál betur. Ég mun koma svarinu á framfæri við hv. þm. kjósi hann svo án þess að það verði gert í þinginu. Einnig er hægt að leggja fram skriflega fyrirspurn varðandi þetta atriði sérstaklega.

Hér var einnig spurt hvenær búið yrði að ná niður halanum. Ég er ekki með nákvæmar upplýsingar um það hér en ég veit að úrskurðarnefndin hefur gert áætlun um hvernig hún ætli að ná niður halanum. En ég er ekki með upplýsingar um það á þessari stundu hvenær sú áætlun gerir ráð fyrir að halanum hafi verið eytt.

Það mikilvægasta í þessu máli, virðulegi forseti, er að það er búið að auka við starfslið úrskurðarnefndarinnar. Hún er því mun betur í stakk búin en áður til að ráða við þetta gífurlega stóra og viðkvæma verkefni sem hún hefur með höndum. Það er hins vegar hugsanlegt, ég get skotið því að, að starfsemi þessarar nefndar verði breytt í framtíðinni. Við erum að skoða það í tengslum við frv. um ný lög um mat á umhverfisáhrifum. Það er alveg hugsanlegt að menn endurskoði starfsemi úrskurðarnefndarinnar í tengslum við það og hugsanlega fær hún þá fleiri verkefni. Ef svo fer þyrfti að auka enn við starfsemi hennar, auka þar starfskraft. En ég er ekki með nákvæmar upplýsingar um þau atriði sem fram komu í seinni ræðu hv. þm.

[18:36]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 431. mál, frv. ÁE o.fl., þskj. 563.

Fjárlög 2003, 1. mál, frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 543; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 544; brtt. KolH og SJS, þskj. 572.

Tekjuskattur og eignarskattur, 430. mál, frv. ÁE o.fl., þskj. 562.

Rafmagnseftirlit.

Fsp. ÞBack, 378. mál. — Þskj. 431.

[18:37]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Sl. vetur lagði ég fram fyrirspurn um rafgirðingar og eftirlit með rekstri og uppsetningu þeirra. Í svari

hæstv. iðnrh. kom fram að Löggildingarstofan hafði hvorki látið fara fram heildarúttekt á uppsetningu rafgirðinga í landinu né á einstökum svæðum. En á haustdögum árið 2000 hóf Löggildingarstofan átaksverkefni sem fólst í að kanna ástand raflagna í sveitabýlum á landinu, svo sem raflagna á bæjum, útihúsum, hlöðum, ástand jarðskauta, rafgirðinga og fleira. Það er verið að vinna úr gagnagrunninum en þegar er ljóst að víða eru miklar og alvarlegar brotalamir á öllum þessum sviðum. Þetta hefur m.a. komið fram hjá Löggildingarstofu en samkvæmt könnun sem gerð var á rúmlega 100 hesthúsum vítt og breitt um landið var raflögnum og rafbúnaði mjög ábótavant eða í 97% tilvika. Þar var jafnvel hættulegt ástand.

Herra forseti. Það hefur ekki farið fram hjá nokkrum manni að eldsvoðar eru allt of tíðir og stórbrunar í íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði hafa verið óvenjumargir. Þó koma ekki fram í fjölmiðlum aðrir brunar en þeir þar sem kalla verður á slökkvilið og lögreglu. Löggildingarstofan skráir eingöngu þá bruna sem henni berast upplýsingar um en það er aðeins *lítill hluti allra* rafmagnsbruna sem verða.

Herra forseti. Ekki þarf að taka það fram að sem betur fer orsakast ekki allir brunar af rafmagni en allt of tíðir eru þeir eftir sem áður. Löggildingarstofan hefur markaða tekjustofna og það er ljóst að framlög til að reka stofuna hafa ekki dugað svo að hluti af eftirlitsgjaldi rafveitna sem á að nota til eftirlits og gjald af innfluttum rafföngum, sem á að nota til öryggismála, hefur verið nýtt til annarra hluta.

Herra forseti. Þetta er mjög alvarlegt mál og skýrir að *hluta hvers vegna eftirlit og öryggismál eru vanrækt. Einnig* er ljóst að eftirfylgni, þ.e. að fylgja málum eftir ef lagfæringa er þörf, er í algjöru lágmarki og ljóst er að öryggiseftirlit er veikast í gömlum húsum. Skoðunarstofur eru eingöngu hér á höfuðborgarsvæðinu og starfsmenn finnast ekki á landsbyggðinni. Eftirlitskerfið er því orðið mjög miðlægt og dýrt, svo lítið sem það er. Gagnrýnin beinist ekki að eftirlitsmönnunum heldur að vanmáttugu eftirlitskerfi.

Tryggingafélögin hafa boðað verulega hækkun á iðgjöldum vegna mikils fjárhagslegs tjóns þeirra af tíðum og stórum eldsvoðum. Því leyfi ég mér til að bera upp spurningar til hæstv. viðskrh.:

Mun ráðherra beita sér fyrir breytingum á lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga í ljósi þess hve bágborið rafmagnseftirlitið er í landinu?

[18:41]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Á þskj. 431 hefur hv. þm. Þuríður Backman beint til mín svohljóðandi fyrirspurn, með leyfi forseta:

„Mun ráðherra beita sér fyrir breytingum á lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga í ljósi þess hve bágborið rafmagnseftirlitið er í landinu?"

Hæstv. forseti. Ekki er hægt að taka undir það að rafmagnseftirlit sé bágborið hér á landi eins og fyrirspyrjandi fullyrðir í fyrirspurn sinni. Breytingar voru gerðar á skipulagi rafmagnseftirlitsmála hér á landi á árinu 1997. Með nýjum lögum um rafmagnsöryggi var aukin ábyrgð lögð á herðar fagmanna og fyrirtækja sem annast raflagnir og rekstur á rafveitum, m.a. með kröfu um skilgreint gæðakerfi. Löggildingarstofa tók við hlutverki Rafmagnseftirlits ríkisins og skilið var á milli stjórnsýslu og framkvæmdar við rafmagnseftirlit.

Á þessum tíma hefur verið byggt upp öflugt og skilvirkt fyrirkomulag í þeim tilgangi að auka rafmagnsöryggi. Umfram allt er samræmi milli hlutverka og ábyrgðar þeirra sem starfa við rafmagns- og neysluveitur. Teknar hafa verið upp úrtaksskoðanir í stað alskoðana með það að markmiði að ná hliðstæðum árangri en með minni tilkostnaði. Löggiltum rafverktökum og starfsmönnum rafveitna er treyst til að vinna verk sín af kostgæfni án óþarfa afskipta ríkisins. Með þessum breytingum var horfið frá eldra fyrirkomulagi sem fólst í því að eftirlitsmenn á vegum hins opinbera fóru yfir allar nýjar raflagnir í heimahúsum eða fyrirtækjum og skoðuðu ástand rafmagnsmála í eldri húsum. Þetta fyrirkomulag var dýrt í rekstri og slævði óneitanlega ábyrgðarkennd fagmanna.

Þremur árum eftir að Löggildingarstofa tók við þessum málaflokki var sérfræðinganefnd iðn.- og viðskrh. falið að gera úttekt á árangri af breyttu fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála. Nefndin skilaði skýrslu sinni vorið 1999. Helstu niðurstöður voru þær að annars vegar væri ástand rafmagnsöryggismála og rafmagnseftirlits gott og hins vegar að ný aðferða- og hugmyndafræði, með notkun úrtaksskoðana innri öryggisstjórnunar og faggildra skoðunarstofa myndaði *traustan grunn fyrir framtíðarskipan þessa málaflokks*. Breytingar á fyrirkomulagi rafmagnseftirlitsins hafa ekki komið niður á rafmagnsöryggi nema síður sé. Skýrslur um tjón og slys af völdum rafmagns gefa ekkert slíkt til kynna.

Ástæða er til að vekja athygli á því að um helmingur allra bruna af völdum rafmagns stafar af rangri notkun og aðgæsluleysi. Af þeirri ástæðu hefur rafmagnsöryggisdeild Löggildingarstofu lagt aukna áherslu á að miðla upplýsingum til almennings um þá hættu sem tengist rafmagnsnotkun og *hvernig hægt er að draga úr slysum*. Með því að breyta fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála og flytja áhersluna frá eftirliti yfir í eiginlegt öryggi minnkaði kostnaður vegna þessa málaflokks. Engu að síður er verulegum fjárhæðum varið til rafmagnseftirlits með þeim hætti sem fyrirspyrjandi virðist hafa í huga. Að jafnaði er árlega varið á fimmta tug milljóna í úrtaksskoðanir á neysluveitum og rafföngum um allt land.

Þá verður einnig að hafa í huga að rafveitur verja árlega nokkrum milljónum í skoðanir á öryggisstjórnunarkerfum sínum ásamt skoðunum á raforkuvirkjum og nota enn fremur til þess eigin skoðunarmenn sem og faggiltar skoðunarstofur. Gæðakerfi löggiltra rafverktaka hafa stuðlað að stórbættum vinnubrögðum og dregið úr þörfum fyrir úrtaksskoðanir á nýjum húsum í þeim mæli sem verið hefur. Af þessum sökum er unnt að auka fjölda úrtaksskoðana á eldri húsum. Jafnframt hefur Löggildingarstofa látið fara fram sérstaka úttekt á ástandi rafmagnsmála í tilteknum atvinnugreinum og ýmsum gerðum húsa þar sem grunur leikur á að úrbóta sé þörf. Að lokinni úttekt hafa allir hlutaðeigandi aðilar í viðkomandi atvinnugrein fengið upplýsingar um ástand raflagna og hvað ber að laga.

Á undanförnum árum hefur oft verið kvartað undan því sem kallað er vaxandi eftirlit iðnaðar hins opinbera. Það hlýtur því að vera fagnaðarefni þegar tekst að draga úr kostnaði atvinnulífisins vegna rafmagnseftirlits um leið og tekin eru upp skynsamleg og nútímaleg vinnubrögð til að auka rafmagnsöryggi í landinu. Fyrirspyrjandi gefur sér að rafmagnseftirlitið sé bágborið hér á landi. Ljóst er að enginn fótur er fyrir þessari ályktun og jafnljóst að ekki er fyrirhugað að gera tillögur að lagabreytingum.

[18:46]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég er í hópi þeirra sem telja að þær grundvallarbreytingar sem gerðar voru á rafmagnseftirliti í landinu

árið 1997 hafi verið vanhugsaðar og síður en svo nokkurt heillaspor eins og skilja má á hæstv. ráðherra. Á þeim tíma var horfið frá því fyrirkomulagi að allar íbúðir, öll fyrirtæki sættu skoðun en þess í stað tekin upp svokölluð úrtaksskoðun, aðeins hluti íbúða, hluti húsa, hluti fyrirtækja var skoðaður. Þetta hafði það í för með sér að rafmagnseftirlitið, hið eiginlega rafmagnseftirlit sem sett var í hendur svokallaðra skoðunarstofa var flutt af landsbyggðinni til Reykjavíkur því að þær 2–3 skoðunarstofur sem hafa sinnt þessu hlutverki eru allar á höfuðborgarsvæðinu. Og það er rangt sem fram kemur í máli hæstv. ráðherra að almenn ánægja sé með þetta fyrirkomulag. Vissulega er það umdeilt en það er hlutfallslega miklu dýrara og hefur sætt mikilli gagnrýni frá hendi þeirra sem sinna þeim verkefnum og gerst þekkja til þessara mála.

[18:47]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin þó að ég hafi ekki verið ánægð með þau. Auðvitað erum við ósammála hvað varðar rafmagnseftirlitið. Hæstv. ráðherra telur að það sé ekki bágborið en ég tel það vera bágborið miðað við þá möguleika sem Löggildingarstofan hefur til að veita fjármagn í eftirlit. Ég sagði áðan að ég staðhæfði að það eyrnamerkta fjármagn sem á að fara eða hefur átt að fara í rafmagnseftirlitið og í öryggismálin hafi verið nýtt í annan rekstur Löggildingarstofunnar til þess að láta enda ná saman. Það hlýtur þá að bitna á þeim möguleika sem stofan hefur til þess að fela skoðunarstofunum sem staðsettar eru í Reykjavík að senda menn út af örkinni í sitt eftirlit.

Mjög margir hafa áhyggjur af stöðu mála, t.d. eftirfylgni, ef eitthvað athugavert kemur fram og þarf að bæta, sá þáttur er alveg í skötulíki. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann ætli þá að bæta um betur og auka fjármagn til stofunnar úr því að hæstv. ráðherra hefur ekki áhuga á að breyta lögunum og breyta kerfinu. Hvort hann beiti sér fyrir meiri fjárveitingu til Löggildingarstofunnar. Og ég hvet hæstv. ráðherra til að fara vel í saumana á þessu máli, á starfsemi Löggildingarstofunnar, störfum hennar og hvernig fjármagnið er notað til að vera þá sannfærð í sinni skoðun.

[18:50]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef kannski ekki verið nægilega sannfærandi áðan í svari mínu miðað við það sem hv. fyrirspyrjandi sagði áðan. En eitt erum við áreiðanlega sammála um, ég og hv. fyrirspyrjandi, að við viljum að eldsvoðum fækki. Það er ekki nokkur spurning.

Eins og kom fram í máli mínu áðan hefur það sýnt sig að u.þ.b. helmingur af eldsvoðum er vegna rangrar notkunar á rafmagnstækjum. Það segir okkur að fólk er því miður ekki nógu meðvitað um þau rafmagnstæki sem það notar dagsdaglega og þá eru það sérstaklega eldavélarnar sem þarna eiga í hlut.

Ég held því fram að þetta fyrirkomulag hafi gefist ágætlega og þeir aðilar sem sinna rafmagnsmálum hér á landi hafa lýst yfir ánægju sinni með þessa þróun og breytingu. Þar á meðal má nefna samtök innflytjenda raffanga, Félag löggiltra rafverktaka og Samband ísl. rafveitna sem hafa lýst því yfir. Það er í sjálfu sér ekkert um það að segja að hv. þm. hafi efasemdir eins og þeir tveir þingmenn sem hér töluðu. En þetta er það sem við höfum og ég hvet hv. þm. að kynna sér þá skýrslu sem gefin var út í sambandi við úttekt á málinu eftir að því var breytt en skýrslan segir að sú breyting hafi ekki haft slæm áhrif í för með sér heldur miklu frekar hitt.

Þegar hv. þm. Ögmundur Jónasson talar um „hlutfallslega miklu dýrara“ þá veit ég ekki alveg hvað hann meinar með því. Ég tel að fjármununum sé betur varið með því fyrirkomulagi sem nú er viðhaft. Það er ákveðið traust sem þeim aðilum er sýnt sem vinna við raflagnir og bera ábyrgð á raflögnum og hins vegar er úrtak í sambandi við eftirlit.

Út af dagskrá voru tekin 12.–13. mál.

Fundi slitið kl. 18:53.

---

47. FUNDUR

fimmtudaginn 5. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 2002, stjfrv., 66. mál, þskj. 490, frhnál. 539, 573 og 576, brtt. 540, 541 og 542. — 3. umr.

2. Fjárlög 2003, stjfrv., 1. mál, þskj. 493, frhnál. 543, brtt. 544, 545, 546, 547, 548, 549, 555, 557, 559, 560, 561, 564, 565, 566, 567, 568 og 572. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi Tómasar Gunnarssonar lögfræðings.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 2002, 66. mál, frhnál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 573; frhnál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 576.

Póstþjónusta, 257. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 571.

Skipamælingar, 158. mál, nál. samgn., þskj. 570.

Viðbragðsáætlun vegna smitsjúkdóma í búfé, 432. mál, fsp. ÞBack, þskj. 569.

Fjáraukalög 2002, 3. umr.

Stjfrv., 66. mál. — Þskj. 490, frhnál. 539, 573 og 576, brtt. 540, 541 og 542.

[10:32]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frhnál. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002 og er það frá meiri hluta fjárln.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjmrn. og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir.

Meiri hluti fjárln. gerir brtt. við sundurliðun 1, tekjur A-hluta. Þá eru lagðar til sjö brtt. við sundurliðun 2 sem samtals nema 1.375 millj. kr. til hækkunar. Jafnframt eru

gerðar breytingar á 3. gr. frv., um lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.

Ég bendi hv. þingmönnum á að skýringar við einstakar brtt. eru í þingskjölum og að framsögumaður er tilbúinn til þess að svara hér spurningum sem kunna að koma fram í umræðunni, hvort sem er í andsvörum eða ræðum.

Ég þakka minni hluta nefndarinnar fyrir gott samstarf og vænti þess að frv. þetta með áorðnum breytingum verði samþykkt í hv. Alþingi.

[10:33]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var frekar stutt ræða hv. formanns fjárln. um fjáraukalögin en það er fyllsta ástæða, virðulegur forseti, til að spyrja hv. formann fjárln. um leið og honum er þakkað fyrir ágætt samstarf, það sem var, hvort hann telji að farið sé að lögum við framkvæmd þessa máls, fjáraukalagagerðarinnar. Ég hef lista yfir öll ráðuneyti íslensku ríkisstjórnarinnar, ég hef flokkað málin niður og sett já þar sem er raunverulegt eðlilegt tilefni, og ég hef sett nei þar sem fyrirsjáanleg tilefni voru við síðustu fjárlagagerð. Það er þannig, virðulegur forseti, að neiin eru miklu fleiri. Síðan eru nokkur atriði tekin fram sem hafa komið óvænt upp á, svo sem minningasafn um Halldór Laxness, greiðslur vegna grænmetisframleiðslu, Umferðarstofa og varasjóður húsnæðismála. Þetta eru atriði sem hafa kannski verið ófyrirsjáanleg en voru þó í umræðu. Það sem ég er að reyna að varpa ljósi á er að í rauninni er verið að brjóta fjárreiðulög, og ég spyr hv. formann fjárln. — góðan daginn, Jón hæstv. heilbrrh. — hvort hann telji að farið sé að lögum.

[10:35]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki þann lista undir höndum sem hv. þm. gerir að umtalsefni. Að sjálfsögðu hefur nefndin, bæði meiri hluti og formaður, farið yfir öll þau atriði sem hv. þm. hefur á þessum lista og reynt að meta hvort þar væri með réttu farið að fjárreiðulögum. Niðurstaða okkar í meiri hluta nefndarinnar er sú að fyllilega sé farið að fjárreiðulögum og geri ég ekki einstök atriði sem þingmaðurinn nefndi hér af handahófi að umræðuefni að svo komnu máli.

[10:36]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er með ólíkindum að hv. formaður fjárln. skuli varla kannast við þau efni sem farið hefur verið yfir. Það liggur fyrir og er hægt að taka fyrir á einfaldan máta frá síðustu fjárlagagerð, flest þessi tilefni til fjárveitinga lágu fyrir við síðustu fjárlagagerð. Það er þar sem hnífurinn stendur í kúnni og ég tel, virðulegur forseti, mikla ástæðu fyrir hv. fjárln. til að fara yfir vinnulag og vinnureglur. Annars vinnum við eftir fyrirskipun ráðherra en ekki í rauninni að lögum eins og við höfum sett sjálf á Alþingi, þ.e. fjárreiðulög og fjárlög. Þar stendur hnífurinn í kúnni og ég tel að við eigum að fara algjörlega að nýju yfir það hvernig verið er að vinna að fjárlagagerðinni.

[10:37]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Gísli S. Einarsson segir að sá sem hér stendur kannist ekki við þau atriði sem þingmaðurinn gerði að umræðuefni. Það er að sjálfsögðu engin leið í örstuttu svari hvorki að minnast á þau efnisatriði sem hann gat um né fara ofan í þann lista sem hv. þm. hefur hjá sér og ég hef ekki. Ég fullyrði eingöngu að við höfum skoðað einstaka fjárlagaliði hvað snertir óskir um fjárveitingar við fjáraukalögin og komist að þeirri niðurstöðu að við höldum okkur fyllilega innan lagarammans. Ég er hins vegar sammála hv. þingmanni um að á hverjum tíma er nauðsynlegt að fara yfir vinnulag og einstök atriði og tek undir þau almennu sjónarmið hans að það er full ástæða til að halda mjög þétt utan að því að fjáraukalög séu ekki nýtt til að bregðast við einhverju sem hefði átt að gerast í fjárlagagerð hvers árs.

[10:39]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hún var vandræðaleg, ræða hv. formanns fjárln., Ólafs Arnar Haraldssonar, enda kannski ástæða til. Ég spyr formann fjárln. hvort hann telji að sú upphæð sem sótt er um nú undir lið forsrn. til einkavæðingarnefndar, viðbót upp á 220 millj. kr., fjáraukalagabeiðni nú í árslok til einkavæðingarnefndar og einkavæðingar verkefna án þess að viðhlítandi skýringar berist um hvernig ætlunin er að ráðstafa þessari upphæð á þessu ári, sé eðlileg. Við skulum rifja upp lög um fjárreiður ríkisins sem kveða á um að í fjáraukalögum skuli einungis koma beiðnir og til framkvæmda afar brýn og ófyrirsjáanleg verkefni sem verður að bregðast við mjög hart. Annars eiga fjárveitingarnar að koma annaðhvort á fjárlögum þess árs þegar þau voru gerð eða á fjárlögum næsta árs.

Hvaða upplýsingar hefur hv. formaður um að þetta sé svo brýnt að taka verði 220 millj. kr. aukafjárveitingu í árslok til einkavæðingarnefndar vegna verkefna hennar í sölu hlutabréfa ríkisins?

Hvernig er þessi kostnaður til kominn, sundurliðað, og hver fær þennan pening?

Er þetta afar brýnn og ófyrirsjáanlegur kostnaður, nú þessa dagana?

[10:41]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka þær skoðanir sem ég hef sett fram fyrr í andsvari, þær fjárlagabeiðnir sem hér voru afgreiddar af meiri hluta fjárln. voru að okkar mati brýnar og nauðsynlegar fjárlagabeiðnir enda sést það af þeirri afgreiðslu sem kom hér fram.

Hvað varðar þá upphæð og þau efnisatriði sem hv. þm. gerði að umræðuefni má hv. þingmanninum vera það ljóst að mikil vinna hefur farið fram við einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Þar dugar ekki annað en að hafa skjót handtök til þess að koma þeim málum áleiðis sem þjóna best hagsmunum ríkisins við þessa sölu. Útgjöldin eru þess vegna aðkallandi og brýn og tel ég að augljóst hafi verið að bregðast hafi þurft við með því að koma upphæðinni að í fjáraukalögum.

[10:42]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég minnist umræðu fyrir ári þegar verið var að sækja um á fjáraukalögum vegna sölu Landssímans, m.a. átti það að dekka sölulaun við sölu Landssímans ef ég man rétt. Liggur ekki eitthvað ónotað af þeim peningum? Var Landssíminn nokkurn tíma seldur sem betur fór? Nei, hann var sko ekki seldur en þá hlýtur að liggja ónotað þarna

eitthvert fjármagn sem átti að renna m.a. í sölulaun vegna sölu Landssímans. Hefur hv. formaður fjárln. kannað það?

Í stuttaralegri skýringu frá forsrn. með þessari beiðni upp á 220 millj. kr. aukafjárveitingu vegna sölu bankanna er hún m.a. sögð vegna sölulauna. Mér vitanlega verða bankarnir í fyrsta lagi greiddir einhvern tíma á næsta ári og salan er alls ekki frágengin. Það er t.d. enn þá verið að kanna áreiðanleika kaupenda, og síðustu fréttir hermdu að undirskriftir samninga yrðu ekki fyrr en í árslok. Er ekki nokkuð snemmt að vera að taka sölulaunin strax á þessu ári áður en bankarnir eru seldir? Hefði ekki verið rétt að bíða til næsta árs með það?

[10:43]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má öllum vera ljóst, sem þekkja til sölu jafnumfangsmikilla eigna og hagsmuna og um er að ræða þar sem Landssíminn og bankarnir eru, að nauðsynlegt er að þar fari fram gríðarlega mikil og vönduð vinna. Sú vinna snýr að sjálfsögðu ekki eingöngu að einstökum fundahöldum og þvargi um verð yfir samningaborð. Þar þarf að sjálfsögðu að gæta að fjármögnun, arðsemi, tryggingum, það þarf að skoða margvíslega möguleika sem ekki skila árangri þannig að þarna er mjög margþætt og flókin vinna sem þurfti að vinna á þessu ári. Því var það óhjákvæmilegt að mínu mati að verða við þeim beiðnum sem hér koma fram um breytingu á fjáraukalögunum.

Hvað varðar ónotaða peninga vegna Landssímasölunnar sem ekki varð af hef ég ekki kannað sérstaklega en það segir sig sjálft að þar þurfti að nýta gríðarlega mikið fjármagn enda þótt ekki kæmi til sölunnar, þ.e. vegna undirbúnings sölunnar þótt henni hefði ekki verið lokið. Ég lít svo á að það fé muni nýtast þegar Landssíminn verður seldur í fyllingu tímans.

[10:45]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Menn gangast upp í ýmsu hér á Alþingi. Nú síðast virtist formaður fjárln. gangast sérstaklega upp í því að flytja ekki-ræður, ekki-framsöguræður um fjárlagafrv. eða fjáraukalagafrv. Ég gagnrýni þennan framgangsmáta. Ég tel að það sé lítilsvirðing við þingmenn sem eiga að greiða atkvæði um þessar tillögur á næsta sólarhring eða svo að nánast engar skýringar skuli veittar, hvorki í nál. né í þessari ekki-framsöguræðu formannsins, á mörg hundruð milljóna króna útgjöldum.

Gæluverkefnið hér er einkavæðingarnefndin sem kemur orðið árlega og pantar nokkur hundruð milljóna, óútskýrt meira og minna. Hefur jafnvel átt að halda því öllu leyndu, samanber deilurnar sem urðu hér síðast.

Hvað framhaldsskólana varðar liggur fyrir vandi sem sennilega mælist frekar í milljörðum en hundruðum milljóna. Það er ákaflega fátækleg útskýring á bak við þær 220 millj. sem þar eru lagðar fram.

Tökum Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sem menn hafa mikið gagnrýnt að fái ekki sambærilega meðferð og t.d. Landspítalinn – háskólasjúkrahús. Það eru miklar útskýringar gefnar á 50 millj. sem sletta á í Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri til að lina aðeins þjáningar þess. Hverjar eru útskýringarnar? Þar er sagt: 50 millj. kr. framlag vegna erfiðrar rekstrarstöðu á árinu.

Ætli við þingmenn hefðum nú ekki getað giskað á það hjálparlaust, að þar væru einhverjir erfiðleikar í rekstrinum úr því að veita þarf 50 milljónir. En hve mikill er vandinn? Hve langt gengur þetta upp í hann og af hverju stafar hann? Hvers konar frammistaða er þetta, herra forseti? Ég fer fram á að formaður fjárln. reyni að gera betur eða þá að einhver annar verði fenginn í djobbið.

[10:47]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og öllum þingmönnum er kunnugt liggja skýringarnar fyrir í gögnum sem þingmenn hafa hjá sér. Enn fremur liggja fyrir skýringar hjá öllum þeim sem í fjárln. vinna, bæði í þeim gögnum sem hafa komið í umsóknum og skýringum gesta og umsækjenda. Ég bendi sérstaklega á það vegna þess sem hér er sagt um FSA, að fjárln. heimsótti Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og fékk fulltrúa þaðan sömuleiðis, a.m.k. einu sinni ef ekki tvisvar, til viðræðna við sig. Ítarlegar skýringar hafa legið fyrir nefndarmönnum og flokkurinn sem síðasti hv. ræðumaður talar fyrir hefur haft aðgang að þessum skjölum og getur væntanlega tekið þátt í umræðunni með málefnalegum hætti.

Hvað framhaldsskólana varðar þá er það rétt að það er komið mjög myndarlega til móts við framhaldsskólana með 220 millj. kr. framlagi á fjáraukalögum og 20 milljónum í fjárlögunum. Ég vænti þess að það góða framlag verði til að bæta rekstrarstöðuna þar.

[10:48]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott að fjárln. sjálf telur sig vita nokkurn veginn hvað hún er að gera. En nefndin á að koma þeim upplýsingum út og tryggja að þær séu aðgengilegar öllum þingmönnum og í sjálfu sér þjóðinni einnig. Fundir Alþingis fara fram í heyranda hljóði nema annað sé sérstaklega ákveðið. Það er sent út gegnum Ríkissjónvarpið frá þessum fundi. Halda menn að áhorfendur séu miklu nær um lokaafgreiðslu fjáraukalaga af þessari ekki-framsöguræðu formannsins?

Ég stend við þau orð mín að þetta er engin frammistaða. Það er vísað hér í nál. Hvað er í því? Þetta nál. er upp á tvær og hálfa blaðsíðu í þingskjalastærð. Hér er t.d. hálf setning um Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Hvað segir hún?

Það er ekki þannig að það eigi að miðla þessum upplýsingum á bak við tjöldin milli manna. Þetta á að liggja fyrir, annaðhvort í ítarlegri og vandaðri framsöguræðu formanns sem hefur lögskýringargildi ef þarf að finna út úr því seinna hvað stóð á bak við fjárveitingarnar eða þá í ítarlegu þingskjali.

[10:50]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Umsóknir til fjárln. eru ekki gögn á bak við tjöldin heldur öllum aðgengileg. Þau hafa verið nýtt bæði af stjórnarandstöðu og meiri hluta við þá vinnu sem hér hefur farið fram. Enda þótt línurnar séu ekki margar um Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri í því þingskjali sem hv. þm. hefur í höndum þá vil ég fullvissa hann um að fulltrúi flokks hans hefur verið mjög ötull að kynna sér þetta. Hann er fullbúinn til að koma þeim upplýsingum hér á framfæri. Ég tel að umræðan sem fram fór um sjúkrahúsið á Akureyri við 2. umr. fjáraukalaga og fjárlaga hafi sömuleiðis upplýst þingmenn og því sé óþarft að hrópa hér á enn frekari umfjöllun um málið.

[10:51]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er augljóst að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson er kominn í keppni við sjálfan sig. Nú skal hvert metið slegið, ekki í því að bæta fjárhag ríkissjóðs heldur í að halda ætíð styttri og styttri ræður. Ég hef trú á því að tímamæling muni sýna fram á að hv. þm. hafi slegið metið sem hann setti hér fyrir viku síðan. (**SvH:** Þetta er skaðlaust.) Rétt, hv. þm. Það er skaðlaust að hv. þm. haldi hér stuttar ræður um þessi mál. Skýringin er einföld: Það eru sáralitlar skýringar á þessum málum.

Vegna orða hv. þm. verð ég að biðja hv. þm. að bregðast við, þ.e. hv. formann fjárln., því sem hann lét frá sér fara í andsvari áðan um að allar upplýsingar liggi fyrir í fjárln. Herra forseti, ég mótmæli því. Því miður hefur upplýsingastreymi til nefndarinnar stöðugt farið aftur. Þannig er það nú á þessu hausti að aldrei hefur það verið jafnslæmt. Því miður liggur fyrir fjöldi fyrirspurna í ráðuneytum sem ekki hefur verið svarað.

Herra forseti. Ég nefni eitt dæmi vegna þess að hv. formaður fjárln. nefndi framhaldsskólana áðan. Við óskuðum eftir því á haustdögum að fá reiknilíkan framhaldsskólanna þannig að við gætum yfirfarið fjárheimildir til þeirra. Því miður, herra forseti, hafa okkur ekki enn borist þær upplýsingar.

[10:52]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil láta koma fram við þessa umræðu að gagnrýni hv. þm., sem hér talaði á undan mér, á við nokkur rök að styðjast. Þó er ekki við öll ráðuneytin að sakast. Ég tek undir að það er ekki góður svipur á því að nefndinni hafa ekki borist öll þau gögn sem um var beðið. Ég tel hins vegar að þau gögn sem við höfum þó fengið séu það ítarleg varðandi hin mikilsverðustu mál að við getum fyllilega áttað okkur á viðfangsefninu og afgreitt þessi fjáraukalög með góðum brag.

[10:53]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að halda sig við framhaldsskólana. Það er afar athyglisvert að nú á vikutíma virðist ráðuneyti menntamála hafa fundið tæplega 500 nýja nemendur í framhaldsskólunum. Það væri fróðlegt að heyra frá hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni hvaða aðferðum var beitt við það. Fyrir viku vorum við í 2. umr. um fjáraukalög og þá var bætt við 80 nemendum, sem þá voru fundnir. Á þeirri viku sem liðin er hefur ráðuneytið fundið, eins og ég sagði áðan, tæplega 500 nemendur. Það er skýringin sem við fáum á þessum 220 millj. sem nú er verið að bæta við til framhaldsskólanna. Það er ekki gengið í að leiðrétta rekstrargrunninn heldur hafa þeir fundið tæplega 500 nemendur á þessari viku. Herra forseti, það er óhjákvæmilegt að fá upplýsingar frá hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni: Hvaða aðferð var beitt við það að finna þessa 500 nemendur sem ekki fundust fyrir viku?

[10:54]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að upplýsingarnar sem nefndin hefur fengið frá menntmrn. fullnægi fyllilega þeim óskum sem formaðurinn hefur sett fram. Ég treysti mér út frá þeim að bera fram þá tillögu sem er í fjáraukalagafrv. Hér kom fram að við verðum að bregðast við þessum vanda með 220 millj. kr. framlagi.

Útreikningsaðferðirnar á þeim tölum sem okkur berast kann ég hins vegar ekki að skýra. Ég treysti því að ráðuneytið segi okkur satt til um nemendafjöldann og að bregðast þurfi við með 220 millj. kr. fjárframlagi. (**SvH:** Er einhver sérstök ástæða til að trúa ráðuneytinu?)

[10:55]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson):

Virðulegur forseti. Áður en ég geri grein fyrir áliti 1. minni hluta fjárln. er ástæða til að ítreka það sem hér var rætt, að þau gögn sem hv. fjárln. hefur beðið um frá ráðuneytunum, ekki bara minni hlutinn heldur og einstakir fulltrúar meiri hlutans, hafa ekki borist. Menn hafa ekki staðið sig lakar í að skila erindum við fjárlagavinnuna sl. átta ár. Það er sérstök ástæða til að tala um framhaldsskólana og líkanið sem á að nota við úthlutun fjármuna vegna þess að strax á fyrsta fundi fjárln. var gert að umtalsefni að nauðsynlegt væri að fjárln. færi nákvæmlega yfir fjárveitingar til framhaldsskólanna. Strax í upphafi þurftum við að fá útskýringu á þessu líkani sem notað er til fjárlagagerðar vegna framhaldsskólanna. Hún hefur enn ekki borist. Það er að koma í ljós að mismununin milli framhaldsskólanna er slík að það er óþolandi.

Það hefur líka komið í ljós að verið er að veikja byggðirnar með þessum aðgerðum. Það er verið að klippa af nánast allt verknám úti á landi og þvinga þá sem vilja komast í verknámi til þess að fara til Reykjavíkur. Þetta er aðfinnslulvert og ég ætla ekki að hafa stærri orð um þau mál en ég vísa til nefndarálita 1. minni hluta fjárln. sl. þrjú ár þar sem þessi mál hafa verið rakin. Það er beinlínis ráðist gegn byggðunum með þessari skólastefnu.

Virðulegur forseti. Ég geri nú grein fyrir nál. 1. minni hluta fjárln. um fjáraukalög 2002:

Fjárlög yfirstandandi árs gerðu ráð fyrir að útgjöld næmu 239,4 milljörðum kr. og tekjur 257,9 milljörðum kr. Tekjujöfnuður var því áætlaður 18,5 milljarðar kr. Tekjujöfnuður stendur fyrir það sem til afgangs átti að verða. En nú liggur fyrir, eftir alla yfirferð fjárln. ásamt því sem hefur komið sem tillögur frá ráðuneytum, að útgjöld aukast um 11,9 milljarða kr. Það er ósköp eðlilegt að fólk velti fyrir sér: Bíðum nú við, hve há er þessi upphæð, 11,9 milljarðar? Það er ámóta og fyrir fimm skipum eins og Ingunni á Akranesi, svo ég taki eitthvert viðmið, nótaskip af fullkomnustu gerð. Útgjöld eru 11,9 milljarðar kr. umfram fjárlög og er áætlað að tekjurnar nemi 268,2 milljörðum kr., 10,3 milljörðum kr. hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir. Tekjujöfnuður er því áætlaður um 16,9 milljarðar kr.

Af þeim tekjujöfnuði er gert ráð fyrir að sala eigna skili 15,2 milljörðum. Óhætt er að hafa orð á því að þó að búið sé að selja báða ríkisbankana þá hefur enn ekki verið gengið formlega frá þeim málum. Því ríkir enn óvissa um niðurstöðu ársins.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2002 var áætlað að ríkissjóður tæki á árinu löng lán sem næmu 15 milljörðum kr. Nú er ljóst að lántökur verða mun meiri eða sem nemur 41,2 milljörðum kr. á móti 15 milljörðum sem áætlað var. Þessu til viðbótar er nú gert ráð fyrir að afborganir lána verði 6,6 milljörðum kr. lægri en áætlað var. Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir að hreinn lánsfjárjöfnuður yrði hagstæður um 38,3 milljarða kr. en nú er áætlað að hann verði einungis hagstæður um 3,2 milljarða kr.

Ástæða er til að ítreka þessar tölur vegna þess að þarna er svo gífurlegur mismunur á áætlun og niðurstöðu sem sýnir og staðfestir að það sem 1. minni hluti fjárln., fulltrúar Samfylkingarinnar, bentu ítrekað á við fjárlagagerðina á síðasta ári, var rétt en það sem hæstv. fjmrh. hélt fram var rangt. Það var einfaldlega rangt. Gert var ráð fyrir að hreinn lánsfjárjöfnuður yrði hagstæður um 38,3 milljarða kr. en niðurstaðan er sú að hann er hagstæður um 3,2 milljarða kr. Þá er gert ráð fyrir sölu hlutabréfa og eignarhluta fyrir 20,9 milljarða kr. en eins og áður segir ríkir nokkur óvissa um hver niðurstaðan verður varðandi þessa fyrirhuguðu sölu.

Enn er ástæða til að ræða um tilgang fjáraukalaga og fjármálastjórn ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. En samt skal á það minnt að í byrjun árs 2001 gaf fjmrn. út reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta. Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að skilvirkum rekstri ráðuneyta og stofnana þannig að hann verði innan fjárheimilda. Í 11. gr. reglugerðarinnar er fjallað um ófyrirséða greiðsluskyldu ráðuneyta og stofnana. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Falli greiðsluskylda á ríkissjóð samkvæmt þessari grein leitar fjármálaráðherra heimildar Alþingis til greiðslu útgjaldanna í samræmi við nánari fyrirmæli 33. gr., 34. gr. og 44. gr. laga nr. 88/1997."

Í 33. gr. fjárreiðulaganna er kveðið á um að fjármálaráðherra sé skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra í frumvarpi til fjáraukalaga. Ljóst er að góður ásetningur stjórnvalda um vandaða og skilvirka fjármálastjórn er meira í orði en á borði og í raun aðeins í orði en ekki á borði.

Við 3. umr. um frumvarpið leggur meiri hlutinn til útgjaldahækkanir að upphæð 1,3 milljarðar kr. Enn á ný skýtur upp kollinum einkavæðingarnefnd ríkisins sem nú vill fá 220 millj. kr. fyrir kostnað við sölu á hlutabréfum ríkisins. Mönnum er það sjálfsagt í fersku minni þegar óskað var eftir 300 millj. kr. aukafjárveitingu í fjáraukalögum fyrir árið 2001 fyrir svipaðan kostnað. Þá fengust engar skýringar á væntanlegum útgjöldum, ekki frekar en nú. Það er sérkennilegt að við gerð fjárlaga undanfarin ár hefur aldrei verið gert ráð fyrir neinum umtalsverðum kostnaði við sölu á hlutabréfum í eigu ríkisins þó svo að tekjur af sölunni hafi verið tíundaðar skilmerkilega á gjaldahlið. Þetta er glöggt dæmi um sérkennileg vinnubrögð við gerð fjárlaga og fjáraukalaga. Þetta eru ekki ófyrirséð útgjöld og eiga því ekki heima í fjáraukalögum.

Virðulegi forseti. Nú er einnig lagt til að liðurinn Framhaldsskólar, óskipt fái 220 millj. kr. vegna „ófyrirséðrar nemendafjölgunar í haust" eins og segir í skýringum með tillögunni. Kemur fram að gert er ráð fyrir að nemendur verði 15.768 í ár en áætlað var að þeir yrðu 15.224. Við 2. umr. um fjáraukalög fyrir hálfum mánuði var óskað eftir 40 millj. kr. aukafjárveitingu „vegna óvissu um fjölda nemenda í framhaldsskólum" eins og segir í skýringum. Var það talið samsvara 80 heilsársnemendum. Eftir endurtalningu eru þeir hins vegar 464 fleiri. Virðulegur forseti. Eru þetta trúverðug vinnubrögð? 1. minni hluti gerir ekki athugasemdir við að aukið fé skuli veitt til menntamála en ástæða er til að gera athugasemdir við stjórn menntamálaráðuneytisins á fjármálum skólanna. Ljóst er að rekstrarforsendur margra skóla eru brostnar og skiptir þá engu hverjum er um að kenna. Á sama tíma eru umtalsverðar fjárhæðir ónotaðar á safnliðum menntamálaráðuneytisins. Þetta varðar að því er ég best veit ónotaðar, uppsafnaðar fjárheimildir sem nema hundruðum millj. kr. á sama tíma og fjölmargir framhaldsskólar eru í greiðslustöðvun. Ráðuneytið getur ekki endalaust skýlt sér á bak við eitthvert reiknilíkan sem augljóslega hefur ekki skilað þeim árangri sem að var stefnt. Það er óþolandi að nemendum og starfsfólki einstakra skóla sé haldið í gíslingu vegna þessa. Má benda á að áðurnefnd reglugerð um framkvæmd fjárlaga var sett til að takast á við slík vandamál en augljóslega er ekki vilji til að beita henni í þessu sambandi.

Lagt er til 300 millj. kr. framlag vegna launa- og verðlagsmála til að mæta kostnaði við úrskurð kjaranefndar um laun heilsugæslulækna sem kveðið var á um 15. október sl. Fram kemur í skýringum að enn er töluverð óvissa um kostnaðaráhrif úrskurðarins þar sem útreikningar eru enn þá í vinnslu. Sérkennilegt er að ekki skuli enn vera búið að reikna út heildaráhrif þess úrskurðar, m.a. vegna þess að hann hefur einnig veruleg áhrif á fjárlög næsta árs. Eðlilegt er að spyrja hvort ráðuneytið sé ekki í stakk búið til að reikna út slíka samninga, eða er samningurinn of flókinn? Hvort sem svarið er þá er ljóst að þetta er óviðunandi ástand þegar kemur að afgreiðslu fjáraukalaga og fjárlaga.

Á tekjuhlið fjárlaga er gert ráð fyrir að tekjur aukist um 4,6 milljarða kr. Þar vegur þyngst hækkun á tekjuskatti lögaðila vegna endurmats í kjölfar álagningar í október. Það vantaði inn peninga og þá var ákveðið að áætla að þar kæmu 3 milljarðar til viðbótar. Aðrar veigamiklar breytingar eru hækkun vaxtatekna af skatttekjum um 1 milljarð kr. og 800 millj. kr. aukinn hagnaður vegna sölu eigna. Þessi 1 milljarður sem verið er að ræða um vegna vaxtatekna af skatttekjum, hvað er um að ræða þar, virðulegur forseti? Verið er að ræða um aukin vanskil og vegna aukinna vanskila eru vaxtatekjur ríkissjóðs að aukast um 1 milljarð.

Virðulegi forseti. Fyrsti minni hluti ítrekar þá skoðun sína, sem birst hefur í fyrri nefndarálitum um frumvarp til fjáraukalaga, að óþolandi sé að stjórnvöld fari ekki eftir þeim lögum sem Alþingi hefur sett um fjárreiður ríkisins og að þau skuli ekki heldur sjá sóma sinn í að fara eftir reglum sem þau hafa sjálf sett um framkvæmd fjárlaga.

Virðulegi forseti. Undir nál. rita ásamt mér hv. þm. Einar Már Sigurðarson og Margrét Frímannsdóttir.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir áliti 1. minni hluta fjárln. með litlum aukaskýringum um leið og ég flutti álitið. Um er að ræða álit Samfylkingarinnar á fjáraukalagafrv. fyrir árið 2002. Við höfum í höfuðatriðum fylgt þeirri línu sem við höfum unnið eftir, þ.e. að gagnrýna að Alþingi líði ráðuneytum að brjóta fjárreiðulög ár eftir ár. Þessi fullyrðing er ekki ný hjá mér. Ég hef sett hana fram áður, að Alþingi líður það að lög séu brotin. Rökstuðninginn fyrir orðum mínum má finna í endurteknum ábendingum Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning síðustu ára.

Virðulegi forseti. Þetta er ekki eitthvað sem undirritaður er að grípa úr lausu lofti. Þetta er tekið úr ábendingum Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning síðustu ára þar sem segir að verið sé að brjóta lög.

Sú mismunun sem er að finna í aðgerðum til að rétta af hallarekstur hinna mörgu stofnana ríkisins er einnig óþolandi. Einstaka stofnanir virðast ekki njóta náðar vegna fjárhagsvanda og engu líkara er en að menn séu að tyfta einhverja til hlýðni. Sumum er gert kleift að halda sig innan ramma fjárlaga en svo eru aðrar stofnanir ekki þóknanlegar. Þær eru tyftaðar og sitja jafnvel við það í dag, eins og fjöldi

framhaldsskóla, að vera í greiðslustöðvun. Þetta er glöggt dæmi eins og ég sagði áðan að sumir framhaldsskólanna eru sífellt neyddir til að skera meira og meira niður af námsframboði sem leiðir til veikari stöðu skólanna. Það veikir byggðirnar og er í raun aðgerð til að brjóta niður frumkvæði og atorku sem skapast af sérstöðu hvers kyns fagnáms í hinum mismunandi byggðum. Þetta hygg ég að menn hafi ekki skoðað.

Það er ákaflega mismunandi hvernig námið er framkvæmt og það dregur dám af því hvers konar starfsemi fer fram í hinum mismunandi byggðum. Nú á að sópa öllu saman á Reykjavíkursvæðið, einhæf og flöt kennsla sem er mjög ólík þeirri sem býðst í hinum dreifðari byggðum. Þar eru menn oft og tíðum mjög nærri vettvangi. Þar er farið með nemendur niður í skip, í frystihúsin og á vettvang á verkstæðin. Nemendur komast í starfskynningar í nánu sambandi við þau raunverulegu störf sem eru í gangi og það er á þann hátt sem sérstaða er mjög mikil varðandi framhaldskennslu eða framhaldsnám og iðngreinanám úti á landi.

Síðan má koma að öðru efni sem er takmörkun á heimavist fyrir nemendur úti á landi. Það er í raun liður í aðgerð til að veikja landsbyggðaskólana, að ekki er til húsnæði í heimavist fyrir nemendur sem sækja skólana. Nánast alls staðar er skortur á vistrými, heimavist fyrir nemendur sem leita síðan eftir leiguhúsnæði einhvers staðar í þeim bæjarfélögunum þar sem framhaldsskólarnir eru, en oft er það án árangurs.

Það má í rauninni segja það sama um sveltistefnuna gagnvart Háskóla Íslands. Þar er fjárvöntun ekki mætt vegna samninga ríkisins sjálfs, fjárvöntun sem ekki hefur verið deilt um og nemur 914 millj. kr. Þar af eru 176 millj. vegna fjölgunar nemenda en 740 millj. kr. rekstrarvandi. Það er verið að fresta vandanum til fjárlagagerðar næsta árs. Um leið er verið að þvinga skólann til að draga úr námsframboði og neyða fram tillögur um skólagjöld, nemendagjöld. Þetta er sú aðgerð sem í gangi er. Þetta er svo auðséð stefna og auðskilin að það skilur hana hvert einasta mannsbarn ef málið er skoðað.

Virðulegur forseti. Þetta er ekki falleg viðurkenning til handa fyrrv. menntmrh., núv. hv. þm. Birni Bjarnasyni, um viðskilnað. Það sem ég hef hér rakið er einkunn eða viðurkenning fyrir viðskilnaðinn í menntmrn. þegar hv. þm. Björn Bjarnason fór í borgarmálefnin.

Ég get dregið fram önnur dæmi, virðulegur forseti. Ef menn vilja líta á hvað verið er að gera gagnvart Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri er sú stofnun skilin eftir með óuppgerðan halla sem nemur 125 millj. kr. Hér er sannarlega verið að brjóta lög. Hér er um fyrirséða fjárvöntun að ræða og óumdeilda. Ég undirstrika, óumdeilda. Vandinn er viðurkenndur. En menn setja þessa upphæð sem skuld á stofnunina gagnvart ríkissjóði án skýringa og án tilraunar til að setja fram rök fyrir aðgerðinni.

Þær tillögur sem Samfylkingin hefur sett fram í þessum málum þrjú ár í röð eru bæði raunhæfar gagnvart tekjuhlið fjárlaga og standast að fullu fjárreiðulög. Það er í raun eins og að berja hausnum við steininn að reyna að fá hæstv. ríkisstjórn til að taka af raunsæi á þessum málum. Ég vona að landsmönnum skiljist að það er nauðsyn að losa hæstv. ríkisstjórn undan því verkefni sem hún getur ekki leyst, þ.e. að hafa stjórn á fjármálum og rekstri stofnana, hinna ýmsu ráðuneyta. Það ber því að setja núverandi ríkisstjórn af í komandi alþingiskosningum.

Virðulegur forseti. Það er enn ástæða til að rifja upp fyrir hv. alþingismönnum einkenni og grundvallarreglur íslenskrar stjórnskipunar, stjórnarskrána, lýðveldisformið, þrískiptingu ríkisvaldsins, þingræðið, lýðræðið, sjálfsákvörðunarrétt einstaklinganna og mannréttindaverndina. Þegar það er farið að skjóta rótum í huga manns, virðulegur forseti, að þessi grunnatriði séu ekki virt er nauðsyn að fara yfir þessa hluti. Þegar það er farið að skjóta rótum í huga manna að hér á Íslandi ríki frekar ráðherraræði en þingræði er orðin nauðsyn að spyrna við fótum. Það má einnig velta fyrir sér í þessu sambandi ráðherraábyrgð. Ráðherraábyrgð, hvað er það? Ég tel að margir hafi þá skoðun að hæstv. ráðherrar sæti ekki nokkurri einustu ábyrgð gagnvart gjörðum sínum, a.m.k. ef við lítum til annarra landa eftir samanburði. Evrópskir ráðherrar hafa orðið að sæta ábyrgð vegna misnotkunar á greiðslukorti embættisins við kaup á Toblerone-súkkulaði. Í Belgíu sögðu ráðherrar af sér eftir strok fanga og svo má áfram telja. Á Íslandi gegnir öðru máli. Hér á landi eru mörg dæmi sem unnt er að tilnefna sambærileg eða mun alvarlegri sem sýnir mismun á hugsunarhætti og viðhorfi til ábyrgðar.

Hvenær, virðulegur forseti, hefur verið skipuð þingmannanefnd til að rannsaka mikilvæg mál? Ekki sl. 47 ár. Ég tel t.d., virðulegur forseti, að það hefði verið ástæða til að skipa rannsóknarnefnd þingmanna í Landssímamálinu og í rauninni fleiri málum til að athuga hagsmunaárekstra, fjárfestingarmistök og í rauninni ýmislegt annað.

Ég hef í hverri ræðu minni um fjárlög síðastliðin ár rakið hvernig ég tel að fjárreiðulög og í raun fjárlög séu brotin. Ég ætla því aðeins að minna á það í þessari umfjöllun með því að vísa til þess að það er frekar orðin regla en undantekning að stofnanir fari fram úr fjárveitingum. Þannig tel ég að fjárlög séu misnotuð hér.

Virðulegur forseti. Við það mál sem ég hef gert að umtalsefni í lok ræðu minnar má mörgu bæta. Meðan ég er hér við störf mun ég sífellt minna á þau veigamiklu atriði að hafa stjórnarskrá og lög sem Alþingi sjálft hefur sett í huga með virðingu fyrir þeim.

Virðulegur forseti. Hv. formaður fjárln. virtist ekki vera með á þeim atriðum sem ég tíndi til varðandi já- og nei-svör mín um hvað á heima og hvað ekki í fjáraukalögum. Ég hef merkt þennan lista með já og nei og síðan athugasemdum um þau tilefni sem hæstv. ríkisstjórn hefur hentað að draga fram. Ég lýsi því hér með yfir að ég mun senda hv. formanni fjárln. í tölvupósti athugasemdir mínar um þá liði sem eru miklu fleiri í fjáraukalögum en eiga þar heima, þeir áttu heima við fjárlagagerðina á síðasta ári. Þannig lýk ég, virðulegur forseti, ræðu minni. Mér kom það undarlega fyrir sjónir að hv. formaður fjárln. hafði ekki velt þessu fyrir sér, þessu sama og við erum búnir að ræða um a.m.k. sl. 4 eða 5 ár, hvenær tilefni sé til að setja upphæðir inn í fjáraukalög og hvenær í fjárlög.

[11:23]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2003, 1. mál, frhnál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 574; frhnál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 575.

[11:23]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frhnál. 2. minni hluta fjárln. við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002. Flm. þessa nál. er sá sem hér stendur, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárln.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002 kemur nú til 3. umr. Vísað er til nál. 2. minni hluta við 2. umr. fjáraukalaga. Hér er ítrekað að megnið af þeim fjárútlátum sem fjáraukalagafrv. kveður á um mátti sjá fyrir við gerð fjárlaga fyrir ári, og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs bentu á það við fjárlagaumræðuna þá. Allmargar fjárveitingar eru í frv. þess eðlis að þær ættu frekar heima í næstu fjárlögum ef þær eru þá réttlætanlegar á annað borð. Sem dæmi má nefna tillögu á fjáraukalögum um 18 millj. kr. fjárveitingu til iðnrn. vegna innleiðingar nýrra raforkulaga og breytts fyrirkomulags í raforkumálum á grundvelli nýrra laga. Ég vek athygli hæstv. forseta og hv. þingheims á því að þetta frv. um breytingar á raforkulögum er ekki enn komið fram hér á haustþingi, hvað þá að það sé samþykkt. Engu að síður er verið að samþykkja á fjáraukalögum fjárframlög sem eiga að hrinda í framkvæmd ákvæðum raforkulaga á þessu ári sem alls ekki hafa komið fram og er því síður búið að samþykkja. Þetta er dæmi, virðulegi forseti, um hversu óvönduð vinnubrögð eru við fjárlagagerðina og hvað meiri hluti fjárln. tekur gagnrýnislaust við beiðnum og skipunum frá framkvæmdarvaldinu, frá ráðherrum og ráðuneytum.

Þá er og rétt að benda á að við 3. umr. fjáraukalaga kemur fram tillaga um 220 millj. kr. fjárheimild vegna einkavæðingarverkefna. Er þar tilgreind vinna við sölu Landsbankans og Búnaðarbankans. Bankarnir voru til sölu við afgreiðslu fjárlaga ársins 2002 fyrir ári og einkavæðingarnefnd hefur ákveðið fjármagn til ráðstöfunar á fjárlögum ársins, tæpar 17 millj. kr. Vinna við bankasöluna í ár getur alls ekki flokkast undir óvænt útgöld og fjárveiting vegna hennar á fjáraukalögum samrýmist því engan veginn lögum um fjárreiður ríkisins.

Þess var óskað í fjárln. að fá rökstuðning fyrir þessari beiðni upp á 220 millj. kr. fyrir nokkrum dögum og í morgun barst á tölvupósti fátæklegt svar frá forsrn. um ástæður þessarar beiðni. (**SJS:** Hvar er forsrh.? Eigum við ekki að fá hann?) Virðulegi forseti. Í tilefni frammíkalls hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um forsrh., hvar hann sé, geri ég ráð fyrir að forsrh. sé að reyna að deila út þessum 220 millj. kr. til vina sinna (**Gripið fram í:** Úthluta.) eða úthluta. Við vorum á síðasta ári með fjáraukalagabeiðni upp á 300 millj. kr. vegna sölu á Landssímanum sem var síðan ekki seldur. Þó virtust þessir peningar hafa verið greiddir út. Hluti þeirra fjárveitinga átti líka að renna til sölulauna Landssímans en Landssíminn var ekki seldur sem betur fer. Hvert fóru þeir peningar sem veittir voru á þeim fjáraukalögum? Og aftur nú er verið að biðja um 220 millj. kr. fjárveitingu á fjáraukalögum vegna sölu Búnaðarbankans og Landsbankans. Það hefur ekki verið gengið frá þeirri sölu og a.m.k. er ljóst að þeir fjármunir sem eiga að koma inn fyrir þá sölu koma ekki fyrr en á næsta ári. Þess vegna er óeðlilegt að greiða sölulaun vegna eigna sem ekki enn hafa verið seldar, og allra síst á fjáraukalögum. Það hefði verið skiljanlegt, virðulegi forseti, að þessi beiðni hefði komið inn á fjárlögum næsta árs því að það er öllum ljóst að kostnaður fylgir því að selja miklar eignir eins og Búnaðarbankann og Landsbankann og mikilvægt að vandað sé þar til verka. Það skal ekki dregið úr því.

Við ræðum hér um fjáraukalög og á fjáraukalögum eiga einungis að koma óvæntar og afar bráðar afgreiðslur sem ekki var hægt að taka tillit til eða sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga og ekki er hægt að geyma til næstu fjárlaga. Það er ekki hægt að flokka þessa greiðslu sem hér er verið að biðja um undir það.

Virðulegi forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja áherslu á hversu brýnt það er að taka upp betri vinnubrögð við fjárlagagerðina. Bent hefur verið á þær aðstæður að Alþingi hafi samþykkt lög t.d. á vorþingi sem krefjast útgjalda á því sama ári og geti því verið nauðsynlegt að bregðast strax við með samþykkt fjáraukalaga. Fjárreiðulögum er illa framfylgt nema til komi sú breytta tilhögun að Alþingi samþykki fjáraukalög í lok vorþings og svo aftur í upphafi haustþings ef nauðsyn krefur. Hér skiptir ekki máli hvort meiri hluti ríkisstjórnarinnar sé nægur til að tryggja ákvarðanir framkvæmdarvaldsins heldur er hitt aðalatriði að farið sé að lögum og ákvarðanir um aukin útgjöld teknar á þingræðislegan hátt.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 var gert ráð fyrir að rekstrartekjur ríkissjóðs á þessu ári yrðu 257,9 milljarðar kr. en samkvæmt þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs verði 268,2 milljarðar kr. Rekstrartekjur ríkissjóðs hafa því aukist um 10,3 milljarða kr. á árinu frá því sem gert var ráð fyrir á fjárlögum. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2002 var gert ráð fyrir að rekstrarútgjöld á árinu yrðu 239,3 milljarðar kr. en samkvæmt þeim tillögum sem nú liggja fyrir við 3. umr. fjáraukalaga eru þau áætluð rúmir 251,2 milljarðar kr. Rekstrargjöld ársins hafa því aukist um 11,8 milljarða kr. frá því að fjárlög voru samþykkt fyrir ári síðan. Þá var enn fremur gert ráð fyrir að rekstrarafgangur fjárlaga yrði rúmir 18,5 milljarðar kr. en samkvæmt því sem nú liggur fyrir við 3. umr. fjáraukalaga er gert ráð fyrir að hann verði 16,9 milljarðar kr.

Í fjárlögum fyrir árið 2002 var gert ráð fyrir sölu eigna upp á rúma 15,5 milljarða kr. en nú við 3. umr. fjáraukalaga er gert ráð fyrir að tekjur vegna sölu eigna verði 15,2 milljarðar kr. Meginhluti þessara meintu tekna er vegna sölu á hlutabréfum í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Samkvæmt upplýsingum sem gefnar voru í fjárlaganefnd nema sölutekjur eigna á þessu ári um 6 milljörðum kr. sem greiddar hafa verið eða liggja fyrir skuldbindandi greiðslur á á árinu. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur það mjög villandi og með öllu óviðunandi vinnubrögð af hálfu stjórnarmeirihlutans að tekjur af þessum eignasölum, ef þá af þeim verður, verði allar færðar til tekna á þessu ári. Einungis hafa verið undirritaðar ákveðnar viljayfirlýsingar um kaup á áðurnefndum hlutabréfum, en ekki liggur fyrir hvenær kaupsamningar verða endanlega frágengnir og undirritaðir og staðfestir þannig að gengið hafi verið frá öllum þeim atriðum sem verða að liggja fyrir áður en kaupin eru endanlega frágengin. Ekkert liggur fyrir um það hvenær það verður en ljóst er þó að greiðslur fyrir þá sölu sem nú er fyrirhuguð munu ekki koma inn í ríkissjóð fyrr en á næsta ári ef af sölu verður. Ef sala eigna upp á rúma 15,3 milljarða kr. sem ráð er fyrir gert í endurskoðaðri tekjuáætlun er ekki tekin með er lítið eftir af rekstrarafgangi fjárlaga eða einungis milli 1 og 2 milljarðar kr.

Fjárfesting á vegum ríkissjóðs dróst saman á milli áranna 2001 og 2002. Á árinu 2001 fjárfesti ríkissjóður fyrir rúma 17,3 milljarða kr. en á árinu 2002 er áætlað að ríkissjóður fjárfesti fyrir tæpa 16,9 milljarða kr.

Vakin er athygli á þessu, herra forseti, vegna þess að sala á eignum hefur verið rökstudd með því að hún eigi að ganga til fjárfestinga og nýframkvæmda á vegum ríkisins. En því miður, svo er alls ekki, heldur renna þessar tekjur af sölu ríkisfyrirtækja eingöngu beint inn í reksturinn. Og

þetta er kannski eitt af því alvarlegasta sem við sjáum í þessum fjárlögum, að sala á eignum rennur fyrst og fremst til almenns rekstrar ríkissjóðs. Og til viðbótar þessu, virðulegi forseti, hafa heildarskuldir ríkissjóðs aukist gríðarlega frá því að þessi ríkisstjórn tók við völdum árið 1995. Á árinu 1995 voru heildarskuldir hins opinbera tæpir 268 milljarðar kr. en voru komnar í rúman 351 milljarð kr. í lok ársins 2001. Tekjuafgangur undanfarinna ára hefur því ekki verið notaður til að greiða niður skuldir heldur hefur hann farið í að greiða og renna upp í ýmis rekstrarútgjöld.

Í tillögum ríkisstjórnar og meiri hluta fjárlaganefndar er lagt til að veitt verði 220 millj. kr. fjárveiting vegna kostnaðar við ráðgjöf og umsjón með sölu og frágangi skjala í tengslum við sölu á hlutabréfum ríkisins í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Vakin er enn athygli á því að þessi sala hefur ekki farið fram og að þessi verkefni ættu því að koma á næsta fjárlagaár ef nauðsyn ber til.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill árétta það sem fram kom í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga janúar til september 2001 og á jafnvel við í ár eins og í fyrra. Í þeirri skýrslu var gagnrýnd sú stefna að halda ríkisstofnunum í gíslingu með því að taka ekki á fjárhagsvanda þeirra, láta þær bera árum saman halla frá fyrri árum og halda þeim þannig í spennitreyju án þess þó að skipa þeim að loka eða leggja niður lögboðna þjónustu og verkefni sem þeim er gert að sinna við fullkomlega óviðunandi aðstæður. Þetta á m.a. við í menntakerfinu, eins og hér hefur ítarlega verið rakið í umræðum um bæði fjárlög og fjáraukalög í haust þar sem háttalag ríkisstjórnarinnar er að vinna illbætanlegt tjón á öllu menntakerfi landsmanna.

Virðulegi forseti. Þetta frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2002 ber fyrst og fremst vitni um óvönduð vinnubrögð við sjálfa fjárlagagerðina fyrir ári síðan og skeytingarleysi ríkisstjórnarinnar gagnvart lögum um fjárreiður ríkisins. Í stað þess að taka á raunhæfan hátt á fjárþörf einstakra málaflokka og stofnana í fjárlögum er látið reka á reiðanum stefnulítið og bara séð til hvað gerist. Stærstu vandamálin eru svo dregin að landi í fjáraukalögum.

Sama gildir með tekjuhlið frumvarpsins. Nú í árslok eru væntanlegar tekjur af sölu ríkisfyrirtækja látnar stemma af þá útkomu í mismun tekna og gjalda sem ríkisstjórnin vill sjá og geta kynnt. Raunveruleikinn er samt allt annar. Ljóst er að um 9 milljarðar kr. sem færðir eru á tekjur þessa árs og eiga að koma inn fyrir sölu ríkisbankanna munu ekki skila sér fyrr en á næsta ári ef af sölu verður. Það verður því að teljast afar hæpin bókhaldsaðgerð að loka fjárlögum ársins 2002 með þeim hætti sem lagt er til að gert verði með samþykkt þessa frumvarps til fjáraukalaga fyrir árið 2002.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið að gera grein fyrir nál. 2. minni hluta fjárln. og hef í sjálfu sér ekki miklu við það bæta. Það eru fáar tillögur varðandi verkefni sem koma hér fram af hálfu meiri hlutans en brýnt er að leysa úr mjög mörgum verkefnum. Ég nefni vanda framhaldsskólanna, ég nefni vanda háskólans, ég nefni fjárhagsvanda sjúkrahúsanna, sérstaklega á landsbyggðinni en svo virðist vera sem meiri hlutinn á Alþingi vilji kerfisbundið snúa við heilbrigðis- og sjúkrahúsþjónustu í landinu með þeim hætti að styrkja og efla fyrst og fremst sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu sem er jú vel og nauðsynlegt að gera, en það gerist jafnframt á þann veg að sjúkrahúsin á landsbyggðinni og heilsugæslustöðvarnar þar njóta ekki sama styrks eða sömu aukningar í fjárframlögum og þau sjúkrahús sem hér eru.

Ljóst er að heilbrigðiskerfið vantar fjármagn og betra skipulag. En við megum ekki með fjárveitingum á Alþingi snúa við heilbrigðiskerfinu eins og hér er verið að gera. Ég ítreka að nauðsynlegt er að leiðrétta rekstrarvanda stærstu sjúkrahúsanna hér en heilbrigðisþjónustan og sjúkrahúsin um land allt eru hluti af heildarheilbrigðis- og sjúkrahúsþjónustu landsins og rekstur þeirra á að leysa og taka á skipulega um allt land.

Virðulegi forseti. Ég læt framsögu minni lokið.

[11:39]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég ætla að koma á framfæri sjónarmiðum við fáein atriði frv. sem ég hafði hugsað mér að kæmu fram við 2. umr. málsins sem fram fór í síðustu viku, en þá var ég staddur erlendis á vegum Alþingis þannig að ég átti ekki kost á því og bæti þá úr því hér við 3. umr. málsins. Ég vænti þess, herra forseti, að bæði fjmrh. og formaður fjárln. séu hér innan seilingar og hlýði á umræðu sem fram fer um þetta þingmál.

Ég vil víkja að fjárveitingum undir liðnum Iðnaðarráðuneyti, sem er að finna á bls. 38 og 39 í frv. til fjáraukalaga. Þar er fyrst sem ég vil nefna að lagt er til að veita 107,1 millj. í átak til atvinnusköpunar, sem er samkvæmt skýringum þannig til komið að um er að ræða 50% af söluverðmæti á eignarhlut ríkisins í Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki, eða 105 millj. kr., og rennur helmingurinn í ríkissjóð, 105 millj., en hinn helmingurinn rennur til samgöngu- og atvinnubóta í sveitarfélögum í grennd við Sauðárkrók. Þetta er í samræmi við frv. sem hér var samþykkt á vorþingi og varð að lögum þannig að fyrir liggur að þingið hafi ákveðið að fara þá leið varðandi ráðstöfun á hluta af hagnaði ríkissjóðs af sölu þessara hlutabréfa.

Ég vil segja um þetta mál að þótt fordæmi séu fyrir því að ríkissjóður ákveði að verja hluta af hagnaði af sölu eigna sinna á tilteknum stað til framkvæmda á þeim stað — og þar á ég við í Mývatnssveit — þá tel ég ekki heppilegt að Alþingi fikri sig inn á þessa braut meira en orðið er. Ég vil segja, herra forseti, að mér finnst afar óheppilegt ef menn ætla að fikra sig lengra á þessu sviði. Það er auðvitað óeðlilegt sem almenn stefna að andvirði af sölu eigna ríkissjóðs sé varið sérstaklega til framkvæmda eða verkefna á þeim stað sem eignin stendur sem seld er. Ég er ekki að segja þetta vegna þess að ég telji að ekki hafi verið rétt að ráðast í einhverjar tilteknar samgönguframkvæmdir í Skagafirði. En ég tel það reyndar ekki rétt að tengja saman sölu hlutabréfa ríkissjóðs í steinullinni og samgönguframkvæmdir þar, ekkert fremur en ég tel það rétt að tengja saman hagnað af sölu Landsbankans í Reykjavík, sem hann fyrst og fremst er, og samgönguframkvæmdir í Reykjavík. Ég treysti mér ekki til að styðja það ef menn ætluðu sér að fá samstöðu um slíka tillögu, að andvirði af hagnaði af sölu ríkisbankanna yrði sérstaklega varið til tilgreindra verkefna á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna nefni ég þetta til að undirstrika það að þó að ég hafi stutt þetta mál á sínum tíma og standi við það þá set ég takmörk hvað ég er tilbúinn til að ganga langt í þessum efnum.

Í öðru lagi vil ég nefna lið sem er Byggðaáætlun. Þar er lagt til að verja 200 millj. kr. til byggðaáætlunar og í skýringum með frv. segir, með leyfi forseta:

„Farið er fram á að 200 millj. kr. framlag vegna þátttöku í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni verði millifært yfir á byggðaáætlun sem er nýr fjárlagaliður vegna byggðaáætlun-

ar er tók gildi í byrjun árs og gildir út árið 2005. Í hinni nýju áætlun er ekki gert ráð fyrir framlögum til eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni eins og var í fyrri áætlun."

Um þetta er allnokkuð að segja, herra forseti. Ég vil fyrst byrja á byggðaáætluninni sjálfri. Í textanum segir að þessi liður eigi að fara til þess að uppfylla nýja byggðaáætlun og reyndar er það skýrt nánar í fjárlagafrv. fyrir næsta ár, en þar segir að fjármununum verði varið til að sinna verkefnum sem eru tilgreind í þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005.

Þarna held ég að sé rétt að fara aðeins yfir málin þannig að ekki leiki neinn vafi á því hvað menn ætla að gera við þessa peninga. Sú byggðaáætlun sem samþykkt var hér á vordögum var einungis almenn stefnumarkmið í fimm atriðum. Tillögunni fylgdu tillögur um aðgerðir en þær voru ekki bornar upp og eru ekki samþykktar á Alþingi. Þess vegna er rétt að undirstrika það að ekki liggur fyrir af hálfu Alþingis nein samþykkt um tilgreind verkefni sem eigi að ráðast í samkvæmt byggðaáætlun, einungis almenn fimm stefnuatriði eða markmið sem menn settu sér.

Í öðru lagi liggur fyrir að þegar tillagan var afgreidd úr iðnn. þá kemur fram í áliti meiri hluta iðnn. að nefndin geri aðrar tillögur til viðbótar við þær sem ríkisstjórnin gerði og hún breytir sumum tillögum sem ríkisstjórnin gerir. Þar á ég einkum við tvær, annars vegar sem stöðu og hlutverk Byggðastofnunar og hins vegar um atvinnuþróunarfélög og eignarhaldsfélög.

Ég vil rifja það upp, herra forseti, að í nál. meiri hluta iðnn. segir, með leyfi forseta:

„Nefndin telur jafnframt mikilvægt að styrkja varanlega rekstur atvinnuþróunarfélaganna ásamt eignarhaldsfélögum og atvinnuþróunarsjóðum."

Það liggur því fyrir að niðurstaðan innan stjórnarliðsins um afgreiðslu á tillögum ríkisstjórnarinnar um stefnu í byggðamálum er alveg skýr þegar menn lesa álit meiri hluta iðnn. Og ég spyr: Er það eins og skilja má á textanum fyrir fjárlagafrv. 2003 einungis ætlunin að framfylgja þeim tillögum sem ríkisstjórnin gerði? (Gripið fram í.) Ja, það má skilja það, herra forseti, ég tek undir það frammíkall.

Þess vegna undirstrika ég að niðurstaða meiri hluta iðnn. var ekki algerlega sú. Það ber, ef menn ætla að taka þennan tillögupakka sem liggur fyrir eftir umfjöllun í iðnn., að taka með þær tillögur sem komu fram til viðbótar frá meiri hluta iðnn. og líka að taka mið af þeim tillögum sem var breytt í meðförum nefndarinnar.

Í þriðja lagi, herra forseti, segir í skýringum að ekki sé gert ráð fyrir framlögum til eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni í hinni nýju áætlun. Ég vil gera athugasemdir við það, herra forseti, því eins og ég las upp áðan var það niðurstaðan að menn vildu og náðu samkomulagi um það að styrkja varanlega eignarhaldsfélögin og framlög til þeirra. Þess vegna er ég ekki sammála því sem fram kemur í fjárlagafrv. að fella niður framlög til eignarhaldsfélaganna fyrir árið 2002. Ég tel að það sé ekki í samræmi við þá niðurstöðu sem málið fékk í meðförum Alþingis.

Ég hlýt að minna á þetta, herra forseti, vegna þess að það skiptir auðvitað máli að ríkisstjórnin framfylgi því sem stjórnarflokkarnir ná samkomulagi um en geri ekki á því kúvendingu þannig að það sem menn hafa samþykkt er framkvæmt á allt annan hátt. Það er hlutur sem ekki er gott að una við, herra forseti, og ekki ástæða til að láta liggja í láginni.

Í framhaldi af afgreiðslu Alþingis á hinum almennu stefnuatriðum í byggðaáætlun í samræmi við nál. sem ég las upp úr áðan, skrifaði hæstv. iðnrh. til Byggðastofnunar 10. júní sl. eftirfarandi bréf, með leyfi forseta:

„Eins og kunnugt er samþykkti Alþingi nýja byggðaáætlun á vorþingi. Í hinni nýju áætlun er ekki gert ráð fyrir framlögum til eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni eins og var í eldri áætlun. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 er tekið fram um framlög til Byggðastofnunar: „Framangreind framlög miðast við núverandi byggðaáætlun en unnið er að nýrri byggðaáætlun fyrir árin 2002–2005, sem lögð verður fyrir Alþingi á haustþingi komanda. Gert er ráð fyrir að framlög breytist miðað við breyttar áherslur áætlunarinnar."

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við fjármálaráðherra ákveðið að nýta þær 200 millj. kr. sem eru í fjárlögum yfirstandandi árs ætlaðar til þátttöku Byggðastofnunar í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni, til verkefna samkvæmt nýrri byggðaáætlun, sem nauðsynlegt er að ráðist verði í á þessu ári. Í fjáraukalögum fyrir árið 2002 verður því lagt til að framangreindir fjármunir verði færðir undir nýtt viðfangsefni í fjárlögum. Í ljósi þessarar ákvörðunar er þeim tilmælum beint til Byggðastofnunar að stofnunin skuldbindi ekki umræddar fjárveitingar svo þær geti orðið til ráðstöfunar í samræmi við hina nýja byggðaáætlun."

Ég spyr, herra forseti, sjálfan mig og bið hæstv. fjmrh. að skýra það hér fyrir þingheimi með hvaða rökum hann telur sig geta látið það vera að framfylgja fjárlögum eða jafnvel að gera breytingar á fjárlögum sem eru lög sem Alþingi hefur samþykkt. Ég held að nauðsynlegt sé að Alþingi fái rökstuðning ráðherra fyrir þessari breytingu. Með hvaða rökum getur hæstv. fjmrh. ákveðið að breyta fjárlögum þegar fyrir liggur að rökstuðningurinn, sem er að samþykkt hafi verið ný byggðaáætlun, felur ekki í sér það sem ætlað er? Þvert á móti liggur fyrir pólitískur vilji til þess að viðhalda framlögum til eignarhaldsfélaga.

Það er mjög bagalegt, herra forseti, því þessi framlög hafa runnið til allra svæða landsins til atvinnuuppbyggingar og það er verið að taka þessa peninga úr því verkefni. Það munar um það í atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni, sérstaklega á veikum svæðum landsins.

Það er líka hlutur sem mér finnst þurfa að fá skýringar við hvers vegna verkefnið er tekið af Byggðastofnun sem hafði það verkefni að útdeila þessu fé, finna samstarfsaðila til að útdeila þessu fé og setja á fót annan aðila hinum megin við Tröllaskaga til þess að vinna sams konar verkefni undir öðru nafni. Það er ekki í samræmi við það álit sem menn komust að í vor um stöðu Byggðastofnunar. Ég hlýt að spyrja: Hvernig stendur á því að ríkisstjórnin telur rétt að færa þetta verkefni frá Skagafirði yfir í Eyjafjörð? Ég kannast ekki við að það hafi verið borið undir mig eða aðra í þingflokknum hvort við samþykktum þær breytingar og vil þess vegna ekki að menn haldi að þær séu gerðar með mínum stuðningi, því að það eru þær ekki.

Ég hef ekkert á móti því að menn setji á fót stofnun í Eyjafirði til að vinna að tilteknum verkefnum en ég hef nokkuð við það að athuga ef menn framkvæma hlutina með þeim hætti að veikja Byggðastofnun, taka verkefnið af henni og færa það öðrum aðila. Þá vil ég fá skýringar á málinu áður en málið er útrætt.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að koma á framfæri þeim athugasemdum sem ég vildi gera þinginu grein fyrir um þessi atriði í frv.

[11:54]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli þingheims á því að hér talaði formaður þingflokks framsóknarmanna. Hér talaði einn af máttarstólpum þingflokks framsóknarmanna, hér talaði maður sem er að fara í framboð fyrir Framsfl., hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Hér talaði þingmaður og maður sem er að fara í framboð.

Ég vil vekja athygli á því sem hv. þm. minntist á með sölu Steinullarverksmiðjunnar og þau skilyrði sem þar fylgdu. Þar voru bara Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn á móti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson greiddi atkvæði með sölu Steinullarverksmiðjunnar illu heilli og þeim skilyrðum sem þar voru sett varðandi ráðstöfun fjárins. Ég er reyndar sammála honum í að það á ekki að skuldbinda slíkar fjárveitingar með þessu móti og það kom fram í máli mínu. En hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson greiddi þá, því að þá var enn langt til kosninga, atkvæði með þessu.

Ég hef reyndar spurt hæstv. iðnrh., ráðherra hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, að því hvernig þessu fjármagni hafi verið ráðstafað. Ég hef ekki fengið fullnægjandi svör. Það virðist vera á huldu. En ég er sammála hv. þm. í því að þarna var vitlaust að verki staðið en þingmaðurinn greiddi samt atkvæði með því í vor.

Sama er að segja um eignarhaldsfélögin. Sá málaflokkur heyrir einnig undir ráðherra Framsfl., hæstv. iðnrh. Ég gerði athugasemdir í nál. við 1. umr. bæði fjárlaga og fjáraukalaga um hvernig verið væri að fara með eignarhaldsfélögin og ráðstöfun á fjármagni Byggðastofnunar og greiddi atkvæði gegn því. En hv. þm. er núna fyrst að koma og greina frá þessari skoðun sinni hér, sem ég er að vísu sammála.

Herra forseti. Er þetta bara vegna þess að verið er að fara í kosningar? Hvers vegna kom þessi skoðun ekki fram á síðasta vetri þegar þessi mál voru virkilega til umræðu?

[11:56]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins vegna þess síðasta sem fram kom hjá hv. þm. að upplýsingar um breytingar á framlögum til eignarhaldsfélaga lágu ekki fyrir fyrr en í haust þegar fjáraukalagafrv. var lagt fram.

[11:57]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að vekja enn athygli á því að hv. þm. er formaður þingflokks framsóknarmanna og hefur ekkert verið settur af sem slíkur, eða ekki er mér kunnugt um það. Ráðherra iðnaðarmála, sem fer með byggðamál, er líka þingmaður framsóknarmanna þannig að hér er um alvarlegt innanhússmál hjá Framsfl. að ræða. Kemur okkur reyndar ekki á óvart. En ég skora á hv. þm. Kristin H. Gunnarsson og formann þingflokks framsóknarmanna að taka til í sínum eigin herbergjum, taka sinn eigin ráðherra og samþingmenn og tyfta þá til í vinnubrögðum ef þetta er satt sem hv. þm. heldur hér fram, að málin séu keyrð inn í Alþingi án þess að þingflokkurinn hafi nokkuð fjallað um þau. Svo veigamikil mál eins og að brjóta niður skipulag og verkefni Byggðastofnunar, eins og hv. þm. var hér að vekja athygli á og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gerðum fyrr í haust.

Ég skora á hv. þm., sitjandi formann þingflokks framsóknarmanna, að taka nú til í sínum eigin herbergjum.

[11:58]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. formaður þingflokks Framsfl. sagði okkur frá því að hann hefði ekki fengið tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um það að flytja verkefni sem tengjast framlögum til eignarhaldsfélaganna yfir Tröllaskagann.

Mér verður þá á að spyrja: Hefur hv. þm. þá fengið tækifæri til að taka þátt í þeim ákvörðunum sem liggja fyrir um mestu framkvæmdir sögunnar í Norðausturkjördæminu í orku- og iðnaðarmálum um þá stefnumörkun sem fólst í byggðaáætluninni, sem var samþykkt í vor, um að nota peningana sem fást fyrir að selja bankana í framkvæmdir á sömu slóðum án þess að til kæmi nokkuð sem hægt væri að kalla mótvægisaðgerðir annars staðar á landinu, svo sem í Norðvesturkjördæmi? Hefur hv. þm. ekki komið að þeirri stefnumörkun sem birtist í þessu öllu saman? Og ef hann hefur komið að því, með hvers konar meðvitund var hv. þm. eiginlega?

Það liggur auðvitað fyrir að það mun kalla á margs konar vandamál í öðrum hlutum landsbyggðarinnar að slík spenna komi upp án þess að menn grípi til nokkurra mótvægisaðgerða á þeim slóðum sem veikastar eru fyrir. Ég spyr: Hvar var hv. þm. og aðrir sem eiga hlut að máli og styðja þessa ríkisstjórn meðan öll þessi stefna var mótuð sem liggur núna fyrir?

[12:00]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í áliti meiri hluta iðnn. sem ég gat um áðan liggja fyrir tillögur og áherslur um byggðaaðgerðir um land allt. Ég vísa til þeirra. Þar er m.a. gerð sú breyting á tillögum ríkisstjórnarinnar að í stað þess að einblína á uppbyggingu á Akureyri eigi að byggja upp á fleiri stöðum á landinu, m.a. á Vestfjörðum og Austurlandi. Ég vísa til þeirra tillagna til að svara fyrirspurn hv. þm.

[12:01]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var kannski svolítið seint í rassinn gripið en verður þó að gefa mönnum prik fyrir viðleitnina. Hins vegar er það ekki að sýna sig að mikið gerist í framhaldi af þessu. Ég sé ekki að það bóli á stórkostlegum framlögum sem hægt væri að líta á sem mótvægisaðgerðir við þessu öllu saman. Ég tel að ríkisstjórnin þurfi aldeilis að taka sig á ef ekki á að koma upp ástand sem erfitt verður að búa við og veikir þessar byggðir enn frekar sem ekki njóta góðs af því sem ríkisstjórnin hefur verið að ákveða á undanförnum missirum.

Þessi stefna er bara í eina átt. Hún stefnir í austur. Það er engin stefna í vestur. Hv. þm. hlýtur eðlilega að hafa áhyggjur af því. Enda kemur það fram í kveini hans og kvörtunum við þessa umræðu.

[12:02]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara árétta það að menn náðu niðurstöðu um pólitískar áherslur í þessum efnum sl. vor. Þær birtast í áliti því sem meiri hluti iðnn. lagði fram í þingsölum til viðbótar við þær tillögur sem ríkisstjórnin hafði fram að færa. Vegna þess m.a. að skilja má frv. til fjárlaga næsta árs á þann veg að ríkisstjórnin hyggist bara hrinda í framkvæmd þeim tillögum sem er að finna í hennar plaggi þá gerði ég athugasemd við það í ræðu minni. Ég ætlast til að ríkisstjórnin hrindi í framkvæmd þeim áherslum sem menn náðu samkomulagi um.

[12:02]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nálgun hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar varðandi fjáraukalagafrv. sem hér er til meðhöndlunar er áhugaverð. Við urðum auðvitað vör við það í 1. umr. um þetta frv. Það voru misjafnar áherslur, sérstaklega varðandi þann lið sem heyrir undir Byggðastofnun og tengist eignarhaldsfélögunum.

Það er athyglisvert sem fram kemur hjá þingmanninum, að hann lítur svo á að álit meiri hluta iðnn. sé ígildi samþykktar á Alþingi. Væntanlega er það byggt á því að slíkt samkomulag hafi verið á milli ríkisstjórnarflokkanna. Það er hins vegar alveg augljóst mál að ríkisstjórnin lítur ekki þannig á hlutina. Þannig er ríkisstjórnin að taka undir varnaðarorð ýmissa í umræðunni um byggðaáætlunina, að því miður sé þetta plagg ekki með þeim hætti að það væri sami styrkur af og stundum áður þegar byggðaáætlanir hafa verið samþykktar. Þess vegna vil ég spyrja hv. þm. hvort það sé nú að koma á daginn að ekki hafi dugað að semja á bak við tjöldin eins og hv. þm. telur sig hafa gert. Eða telur hv. þm. að þar sé um að ræða svik einhvers hæstv. ráðherra? Þá tel ég eðlilegt, herra forseti, að hv. þm. upplýsi okkur um hvort hann telji sökina meiri hjá hæstv. fjmrh. eða hæstv. iðnrh.

[12:04]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held því ekki fram að þær tillögur sem lágu fyrir Alþingi, annars vegar frá ríkisstjórn og hins vegar frá meiri hluta iðnn., hafi verið samþykktar á Alþingi. Ég tók skýrt fram að þær voru það ekki. Þær hafa því ekki þá stöðu að vera samþykkt Alþingis. Það eina sem hefur þá stöðu er það sem Alþingi samþykkti, þ.e. fimm meginmarkmið byggðaáætlunar, annað ekki.

Hins vegar lágu þessar tillögur fyrir. Þær voru ræddar í þingflokkum stjórnarflokkanna og álit meiri hluta iðnn. var rætt í þingflokki Framsfl. og samþykkt þar. Um það er pólitískt samkomulag og þess vegna ætlast ég til að ríkisstjórnin, okkar fulltrúar að framkvæmdinni, vinni að framkvæmd þeirra tillagna ekki síður en þeirra sem ríkisstjórnin ein lagði fram.

[12:05]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Miðað við orðin sem hv. þm. lætur falla er það klárt, enda þekkir hann ekki annað, að þetta er samþykkt í þingflokki Framsfl. En það er auðvitað óhjákvæmilegt að spyrja hv. þm. að því hvort hann hafi ekki fréttir af því hvaða meðhöndlun þetta álit fékk í þingflokki Sjálfstfl. Var þessi samþykkt þingflokks Framsfl. í takt við samþykkt þingflokks Sjálfstfl.? Getum við þannig litið svo á að þetta hafi verið samþykkt af báðum stjórnarflokkunum eða eingöngu samþykkt Framsfl. og þess vegna séu átök stjórnarflokkanna að koma fram í þessu máli?

Herra forseti. Eitt að lokum. Það varðar eignarhaldsfélögin. Ég vil spyrja hv. þm. að því hvert álit hans sé á því hvernig störf eignarhaldsfélaganna hafi gengið í landshlutunum. Ég er þeirrar skoðunar að þar hafi býsna vel til tekis. En því miður er þetta dæmi um það að þegar eitthvað fer að ganga varðandi byggðamálin virðist þessi ríkisstjórn hlaupa frá verkinu, breyta til og gera einhverjar nýjar tilraunir en byggir ekki á því sem þó hefur vel tekist.

[12:06]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að svara fyrir þingflokk sjálfstæðismanna. Ég tel rétt að menn beini fyrirspurnum um þeirra mál til þeirra. Ég vek bara athygli á því að þetta nál. liggur fyrir undirritað af fulltrúum beggja stjórnarflokka.

Hvað varðar eignarhaldsfélögin má hafa um það langt mál, rekja sögu þeirra og leggja mat á framgang og árangur. En í stuttu máli má segja að þetta hafi farið hægt af stað. Menn settu sér mjög stíf skilyrði sem óþarflega erfitt var að uppfylla, sérstaklega í ljósi þess að hér var fyrst og fremst um að ræða áhættufé sem átti að nota til atvinnuuppbyggingar, með þeirri áhættu sem slíku fylgir. Ég tek sem dæmi til samanburðar það ef menn hefðu sett sér sömu kröfur og gert var í upphafi með eignarhaldsfélögin varðandi fjárfestingu ríkisbankanna þriggja í deCODE fyrir 6 milljarða kr. Kröfurnar voru þær að ekki væri nema 10% áhætta í fjárfestingunni. Hefðu menn sett sér þær kröfur þegar ríkisbankarnir þrír, Landsbanki, Búnaðarbanki og Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, keyptu hlutabréf í deCODE fyrir 6 milljarða, þá hefðu menn ekki keypt.

Menn verða auðvitað að hafa sambærilegar leikreglur í atvinnuuppbyggingu þó að menn hafi mismunandi form á að koma peningunum til skila, enda slökuðu menn á þessum kröfum sem óhjákvæmilegt var. En málið var þannig sl. sumar þegar ég hvarf frá þessum verkefnum að þetta var komið í tiltölulega góðan farveg. Ég tel að það hefði verið affarasælast að halda áfram á sömu braut.

[12:08]

Sverrir Hermannsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Sjálfsagt er það hlutverk framkvæmdarvaldsins í fyrsta falli að túlka þau lög sem það fær í hendur. Það hefði þess vegna átt að hafa afskipti af orðræðum hér nú og forseti hefði að sínu leyti getað sinnt því einnig.

En við túlkun laga er ekki einvörðungu farið eftir orðanna hljóðan í þeim afgreiðslum sem Alþingi gerir. Það er líka skyggnst um í umræðum um mál. Þar kunna að koma upp fleiri atriði sem skýra eðli málsins og útlistun, ég tali ekki um álit nefnda. Fyrir því er það að álit iðnn. sem hér var nefnt hlýtur að hafa afar sterk ef ekki afgerandi áhrif á túlkun afgreiðslunnar sem hér fór fram.

(**Forseti** (GÁS): Forseta er nú ekki alveg ljóst hvernig þetta innskot lýtur að fundarstjórn forseta.)

Hann ræður því.

[12:10]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Nú lýkur senn þessari umræðu um fjáraukalög og þingið tekur til við að ræða fjárlögin fyrir næsta ár. Ég ætla í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð um fjáraukalögin. Hv. þm. Jón Bjarnason, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárln., hefur farið ítarlega yfir afstöðu okkar til fjáraukalaganna en þó ætla ég að drepa á nokkur atriði.

Í fyrsta lagi ætla ég að vekja athygli á því, herra forseti, að hér hafa ráðherrar í ríkisstjórn orðið fyrir mikilli og harðri gagnrýni. Gagnrýni hefur verið beint að hæstv. forsrh. og hæstv. iðn.- og viðskrh. Hörð gagnrýni hefur komið fram á þessa tvo ráðherra og reyndar fleiri, þar á meðal frá formanni þingflokks Framsfl. Hvorugur þessara ráðherra lætur svo lítið að vera viðstaddur þessa umræðu og svara fyrir sig, svara þeirri gagnrýni sem fram kemur á þeirra störf. Ég vil að þetta komi fram án þess að ég geri kröfu um að þeir verði

kallaðir til umræðunnar. Ég geri ráð fyrir að þeir verði hér síðar í dag þegar þingið ræðir fjárlögin við 3. umr.

Það er fátt sem kemur á óvart við fjáraukalögin að þessu sinni. Þar eru fastir liðir eins og venjulega. Ríkisstjórnin vinnur störf sín með handarbakinu. Þetta eru sömu handarbakavinnubrögð og við höfum fengið að kynnast á undanförnum árum. Fyrsta atriðið sem ég ætla að víkja að eru einmitt vinnubrögðin.

Megnið af þeim fjárútlátum sem fjáraukalagafrv. kveður á um mátti sjá fyrir við gerð fjárlaga fyrir ári. Á þetta benti fulltrúi okkar, hv. þm. Jón Bjarnason, rækilega á þeim tíma. Hann áréttar það sjónarmið í framhaldsnál. sínu núna fyrir þessa umræðu. Þá bendir hann á að ákveðnar fjárveitingar í frv. séu þess eðlis að þær ættu frekar heima í næstu fjárlögum, séu þær réttlætanlegar á annað borð. Hann nefnir sem dæmi tillögu um 18 millj. kr. framlag til iðnrn. vegna innleiðingar nýrra raforkulaga og breytts fyrirkomulags í raforkumálum. Frv. um þessar breytingar hefur ekki enn komið fyrir þingið. Forveri þess frv. var kynntur á þingi sl. vor, fáeinum klukkustundum áður en þinginu var slitið. Þá fékk hæstv. iðnrh. því framgengt að mæla fyrir frv., kl. hálfsex að morgni en með því skilyrði að enginn annar fengi að taka til máls. Síðan höfum við orðið vör við að mikill ágreiningur er um það frv. innan ríkisstjórnarinnar. Fyrrv. hæstv. menntmrh., Björn Bjarnason, hefur ásakað ríkisstjórnina fyrir að hafa ekki leitað eftir því að Ísland yrði undanþegið reglugerðum Evrópusambandsins í raforkumálum. Þannig er greinilegur ágreiningur innan ríkisstjórnarinnar um frv., enda bólar ekki á því. Engu að síður er tillaga um 18 millj. kr. framlag (**JB:** Á fjáraukalögum?) á fjáraukalögum fyrir þetta ár (**LB:** Ertu að uppgötva það núna?) í tengslum við frv. sem er ekki komið fram á yfirstandandi þingi.

Varðandi vinnubrögðin höfum við einnig tekið undir ábendingar og gagnrýni sem fram hefur komið hjá Ríkisendurskoðun í minnihlutaáliti hv. þm. Jóns Bjarnasonar á þá leið að við viljum árétta það sem fram kom í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga janúar til september 2001, sem á jafn vel við í ár og í fyrra.

„Í þeirri skýrslu var gagnrýnd sú stefna að halda ríkisstofnunum í gíslingu með því að taka ekki á fjárhagsvanda þeirra, láta þær bera árum saman halla frá fyrri árum og halda þeim þannig í spennitreyju án þess þó að skipa þeim að loka eða leggja niður lögboðna þjónustu og verkefni sem þeim er gert að sinna við fullkomlega óviðunandi aðstæður."

Mér láðist að geta þess, herra forseti, að ég vitna hér í minnihlutaálit hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Ég held áfram tilvitnun minni, með leyfi forseta:

„Þetta á meðal annars við í menntakerfinu þar sem háttalag ríkisstjórnarinnar veldur illbætanlegu tjóni á öllu menntakerfi landsmanna."

Tilvitnun minni lýkur en hér er hv. þm. Jón Bjarnason að taka undir með gagnrýni sem fram hefur komið frá Ríkisendurskoðun á vinnubrögð ríkisstjórnarinnar.

Einna alvarlegast er þó að nú skuli verið að loka bókhaldi ríkisins með því að færa til tekna óseldar eignir. Í fjárlögum fyrir árið 2002 var gert ráð fyrir sölu eigna upp á rúma 15,5 milljarða kr. En nú við 3. umr. fjáraukalaga er gert ráð fyrir að tekjur vegna sölu eigna verði 15,2 milljarðar kr. á árinu 2002.

Meginhluti þessara tekna er fyrir sölu á hlutabréfum í Landsbanka Íslands hf. og í Búnaðarbankanum. Samkvæmt upplýsingum sem gefnar voru í fjárln. nema sölutekjur eigna á þessu ári aðeins 6 milljörðum kr.

Í minnihlutaáliti hv. þm. Jóns Bjarnasonar segir, með leyfi forseta:

„Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur með mjög villandi og með öllu óviðunandi vinnubrögð af hálfu stjórnar meiri hlutans að tekjur af þessum eignasölum, ef þá af þeim verður, verði færðar til tekna á þessu ári. Einungis hafa verið undirritaðar viljayfirlýsingar um kaup á áðurnefndum hlutabréfum. Ekki liggur fyrir hvenær kaupsamningar verða endanlega frágengnir og undirritaðir. En ljóst er að greiðslur fyrir þá sölu sem nú er fyrirhuguð munu ekki koma inn í ríkissjóð fyrr en á næsta ári ef af sölu verður." — Og hv. þm. heldur áfram, með leyfi forseta: „Ef sala eigna upp á rúma 15,3 milljarða kr. sem ráð er fyrir gert í endurskoðaðri tekjuáætlun er ekki tekin með er lítið eftir af rekstrarafgangi fjárlaga eða einungis 1,6 milljarðar kr."

En rekstrarafgangur eins og hann stendur núna við þessa umræðu samkvæmt reiknikúnstum ríkisstjórnarinnar er 16,9 milljarðar. Þetta eru blekkingar. Þetta eru bókhaldsbrellur sem hv. þm. Jón Bjarnason, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárln., hefur rækilega sýnt fram á. Þetta eru bókhaldsbrellur.

Herra forseti. Þetta var um vinnubrögðin, um handarbakavinnubrögðin á þessum fjáraukalögum.

Aðeins að nokkrum efnisþáttum. Hv. þm. Jón Bjarnason sagði, eins og ég vék að áðan, að mörgum opinberum stofnunum, mörgum undirstöðustofnunum í velferðarkerfi okkar, heilbrigðisstofnunum, menntastofnunum er haldið í gíslingu vegna fjársveltis. Það hefur einnig komið fram í gögnum frá honum á hvern hátt sá vandi birtist, t.d. vandi framhaldsskólanna. Þar hefur komið fram að þegar tekið hafði verið tillit til afkomu ársins höfðu framhaldsskólarnir ráðstafað liðlega 334,9 millj. kr. umfram heimildir. Uppsafnaður fjárhagsvandi Menntaskólans í Kópavogi var í árslok 2001 162,7 millj. kr., Fjölbrautaskólans í Breiðholti 74,7 millj. kr. og Fjölbrautaskólans í Ármúla 69,2 millj. kr., Fjölbrautaskóla Vesturlands 60,3 millj. kr. og Verkmenntaskólans á Akureyri 52,5 millj. kr. Það sýnir óábyrga fjárlagagerð af hálfu stjórnarmeirihlutans að ekki skuli vera tekið á vanda framhaldsskólanna. Á þetta hefur hv. þm. Jón Bjarnason ítarlega bent.

Hann hefur einnig farið rækilega yfir í gögnum sínum og máli hver vandi heilbrigðisstofnana er og vikið þar sérstaklega að vanda heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni, hve alvarlegur hann er. Ég ætla ekki að fara nánar út í tölur í því efni en ég ætla að benda á að komið er lítillega, örlítið, á þó mjög óviðunandi hátt til móts við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, þegar litið er á heilbrigðisstofnanir. Þar er um að ræða tillögu upp á 158 millj. kr. á þessu ári sem hefði þurft að vera sennilega helmingi hærri í þessum fjáraukalögum og er ég þá ekki að tala um fjárlög næsta árs. Hvað framhaldsskólana snertir er talað um 260 millj. kr. framlag fyrir þetta ár á fjáraukalögum. Þarna hefðu þurft að koma 300 milljónir til viðbótar. Vil ég í því sambandi minna á mjög alvarleg varnaðarorð sem hafa komið frá kennurum í framhaldsskólunum, en í ályktun sem þeir sendu frá sér 11. nóvember segir m.a., með leyfi forseta:

„Fjárlagafrumvarpið sem nú liggur fyrir er áfall fyrir starfsemi framhaldsskólanna og ávísun á kreppu og stöðnun í skólastarfinu. Félag framhaldsskólakennara heitir á ráðherra í ríkisstjórn, fjárlaganefnd og alla þingmenn að snúast

sameiginlega til varnar framhaldsskólanum og viðurkenna með því að hann skuli ekki vera hornreka í ríkisrekstrinum.“

Hér er vísað til fjárlaganna, til framtíðarinnar. En í þeim upplýsingum sem ég vék að áðan og er að finna í nál. hv. þm. Jóns Bjarnasonar er tekið á vanda sem er uppsafnaður og hefði þurft að mæta m.a. í fjáraukalögunum en er gert á óviðunandi hátt.

Er það vegna þess að peningar eru ekki til? Áðan kom fram í máli mínu að samkvæmt kokkabókum ríkisstjórnarinnar er rekstrarafgangur á þessu ári 16,9 milljarðar. Og jafnvel þegar við erum búin að draga frá brellurnar og hinar óheiðarlegu reiknikúnstir er eftir sem áður rekstrarafgangur upp á 1,6 milljarða kr. Hvers vegna er þessum fjármunum ekki ráðstafað í uppbyggilegu skyni? Getur verið að ekki séu til peningar eða er þetta spurning um forgangsröð?

Að sjálfsögðu er þetta spurning um forgangsröð því að í brtt. ríkisstjórnarinnar er ekki aðeins að finna þær brtt. varðandi framhaldsskóla og sjúkrahús, sem eru allt of litlar, heldur er einnig að finna framlag til annarra verkefna undir liðnum Ýmis verkefni. Hvaða verkefni skyldu það vera? Það eru útboðs- og einkavæðingarverkefni upp á 220 millj. kr. á fjáraukalögum.

Hvað er það sem ekki var fyrirséð og hefði af þeim sökum átt að vera í fjárlagafrv.? Þarna eru alltaf til nægir peningar, þarna er alltaf nóg til. Mér finnst það vera mjög alvarlegt að þegar óskað hefur verið eftir því í fjárln. — og ég spyr, herra forseti: Hvar er formaður fjárln.?

(**Forseti** (GÁS): Hann er í húsinu.)

Ég mun ekki halda áfram máli mínu fyrr en hann er kominn hingað í þingsalinn.

Hv. þm., formaður fjárln., gengur nú í þingsalinn, en ég hef gagnrýnt að hér skuli ekki vera til staðar við umræðuna þeir ráðherrar sem hafa þurft að sæta mjög harðri gagnrýni, hæstv. forsrh., hæstv. iðn.- og viðskrh., m.a. frá hendi formanns þingflokks Framsfl., en óviðunandi finnst mér með öllu að formaður fjárln. skuli ekki vera viðstaddur alla umræðuna.

Ég ætla að beina spurningu til hv. formanns fjárln. í tilefni af tillögu um aukið framlag til einkavæðingarnefndar, hvernig staðið hafi á því að ekki hafi fengist rökstuðningur fyrir því í fjárln. hvernig þessum 220 milljónum yrði varið og þær sundurliðaðar rækilega til að sýna fram á hvað með þá peninga er gert. Hvernig rökstyður hv. formaður fjárln. þessa þögn? Hvers vegna er ekki orðið við þeim eðlilegu óskum?

Ég skil það hins vegar út frá mannlegu sjónarmiði að menn vilji helst fara með þessa hluti í felur, því að alltaf þegar slíkar umræður eru dregnar fram í dagsljósið sjá menn að þar er á ferðinni spilling og sukk, óráðsía, spilling og sukk.

Við fengum t.d. að vita hvernig einkavæðingarnefndin vinnur. Það er ekki nóg með að hún fái nefndarlaun fyrir störf sín, það er ekki nóg með það. Þeir leita einnig ráðgjafar úti í bæ, þessir miklu sérfræðingar sem settir voru í einkavæðingarnefnd vegna þess að þeir eru svo miklir sérfræðingar. Nei, þeir þurfa á enn meiri sérfræðiþekkingu að halda utan úr bæ. Og til hverra skyldu þeir leita? Til hverra skyldu sérfræðingarnir í einkavæðingarnefnd leita? Til hverra skyldi Hreinn Loftsson hafa leitað? Hann leitar náttúrlega til manns sem hann treystir allra manna best. Hvað skyldi hann heita? Hann heitir Hreinn Loftsson og hann er lögfræðingur úti í bæ. Þannig leitaði formaður einkavæðingarnefndar til sjálfs sín um ráðgjöf. Það gerði Jón Sveinsson líka. Hann var í einkavæðingarnefnd. Hann treysti engum manni betur en lögfræðingnum Jóni Sveinssyni og auðvitað réð hann hann til starfa. Og þar er komin skýringin á því að framlagið til allra þessara einstaklinga er tvískipt. Það var mislangt hve þeir gengu í því efni. Annars vegar nefndarþóknun og hins vegar sérfræðistörf.

Finnst mönnum þetta vera eðlilegt? Eru þetta eðlileg vinnubrögð? Og er síðan hægt að bjóða þinginu upp á það þegar óskað er eftir því að gerð sé rækilega grein fyrir því hvernig þessum fjármunum er varið, að því sé hafnað? Hvernig rökstyðja menn það? Fyrir hvað er þessi vinna? Er það aðallega í tengslum við bankana? Ekki eru það sérfræðingar í listaverkum sem voru ráðnir til starfa því að það gleymdist nú við söluna að gera eignaskrá um eignir bankanna og þar á meðal listaverkin sem hanga þar og eru ómetanlegur hluti af listaarfi okkar. Þar er ég ekki að gagnrýna hv. formann fjárln. því hann tók undir þá gagnrýni og hafði að ýmsu leyti forgöngu um hana.

Við hefðum átt að hugsa það dæmi fyrr og minni ég á að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði vorum alla tíð andvíg því að þannig yrði farið með þessar eignir þjóðarinnar, bankana sem núna er verið að afhenda flokksgæðingum Sjálfstfl. og Framsfl. og held ég að Framsfl. sé verri í þessu efni, ég held það. Ég skil reyndar ekki frjálshyggjumennina og hægri mennina í Sjálfstfl. að hafa ekki gagnrýnt þessi vinnubrögð og heimtað að fyrst farið var að selja hlut í bönkunum á markaði að það yrði ekki gert raunverulega á markaði og hlutabréfin seld þar. Nei, nei, það þurfti að finna nýja formúlu til þess að veita flokksgæðingum Framsfl. aðgang að kjötkötlunum. Þess vegna var reglan búin til um kjölfestufjárfesta til að geta samið um skiptin. Við þekkjum hvernig þetta hefur gerst. VÍS tekið undan Landsbankanum, fært undir fyrrv. varaformann Framsfl. Síðan líða nokkrir dagar og það fyrirtæki er komið í hóp fyrirtækja sem lúta stjórn manna sem eru innarlega í Framsfl. og hæstv. viðskrh. hafði geð í sér til þess að skilgreina sem framsóknarfyrirtæki þannig að ekki leikur nokkur vafi á því hver liturinn er á þeim fyrirtækjum, þótt ég viti ekki lengur hver liturinn er á Framsfl. vegna þess að hann hefur hagað sér sem spillt hjálparhella við íhaldið og tekur núna þátt í að leyna þingið upplýsingum um hvernig þessum fjármunum er ráðstafað, neitar að koma með sundurliðaða skilgreiningu á því. Mér finnst það vera mjög alvarlegt og ég ætlast til þess að hv. formaður fjárln. geri þinginu grein fyrir hvernig á því stendur að þessu skuli vera hafnað. Ég vona að þessari umræðu ljúki ekki nema hann komi hér í pontu og geri rækilega grein fyrir þessu.

Það mætti hafa mörg orð og langt mál um pólitískt innihald þessa frv. og enn frekar um þau vinnubrögð sem hér eru uppi en eins og ég gat um í upphafi máls míns ætla ég ekki að verða til þess að lengja umræðuna. Hv. þm. Jón Bjarnason, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárln., hefur gert mjög rækilega og mjög málefnalega grein fyrir afstöðu okkar, bæði því sem lýtur að vinnubrögðum og einstökum tillögum sem er að finna í fjáraukalagafrv. og ég vil í öllum dráttum gera hans orð að mínum og taka undir þau.

[12:34]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við vinnu fjárln., bæði vegna fjáraukalaga og fjárlaga, óskar nefndin eftir margvíslegum upplýsingum, ekki síst frá ráðuneytum. Þessar upplýsingar berast nefndinni yfirleitt skriflega en einnig er um munnlegar upplýsingar að ræða sem berast nefndinni þegar gestir koma og heimsækja hana. Þetta er gríðarlegt magn upplýsinga sem hefur nýst nefndinni afar vel.

Það er rétt sem komið hefur fram hjá a.m.k. tveimur hv. þm., að nefndinni hefur þótt nokkuð skorta á að upplýsingar frá ráðuneytum — ég nefni þar ekki eitt ráðuneyti umfram annað — bærust til nefndarinnar. Upplýsingar þeirra hafa ekki verið eins ítarlegar og ekki borist jafnhratt og við hefðum viljað. Ég tel engu að síður að þessi skortur hafi ekki hamlað afgreiðslu mála og að nefndin hafi fyllilega yfirlit yfir þau atriði sem hér eru til umfjöllunar. Ég tel, hvað varðar þá gagnrýni sem hv. þm. setur hér fram, að fulldjúpt sé í árinni tekið og tel að hann ásamt öðrum hv. þm. geti tekið þátt í málefnalegri afgreiðslu.

[12:36]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Ég er að bisa við að taka, herra forseti, þátt í málefnalegri afgreiðslu á þessum málum. Ég tel að hún geti ekki átt sér stað án þess að menn fái þær upplýsingar sem um er beðið. Ég gagnrýni það að þinginu sé ætlað að samþykkja á fjáraukalögum framlag upp á 220 millj. kr. í tengslum við einkavæðingu ríkisstjórnarinnar án þess að sú upphæð sé rækilega sundurliðuð. Það var farið fram á skýringar í fjárln. og þær voru hér, í 10–15 línum.

Í þjóðfélaginu eru ýmsar stofnanir sem berjast í bökkum og fá framlög sem nemur nokkrum hundruðum þúsunda kr. eða fáeinum milljónum, ef þá svo gott er, eftir að hafa gert mjög rækilega grein fyrir fjárþörf sinni. En hv. formaður fjárln. er tilbúinn að stimpla kröfu um 220 millj. kr. fjárframlag með þessum rökstuðningi. Síðan er óskað eftir því, af fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárln., að fá þetta ítarlega sundurgreint. Því var hafnað. Ef hv. formanni fjárln. finnst þetta málefnalega og vel að verki staðið þá erum við einfaldlega afskaplega ósammála. Ég verð að segja að mér finnst slík vinnubrögð ekki þinginu sæmandi.

[12:38]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þau mál sem hv. þm. gerir að umræðuefni voru rædd í fjárln. við lokaafgreiðslu í gær. Þá kom fram ósk hjá fulltrúum stjórnarandstöðunnar um að formaður beitti sér fyrir því að fá þær upplýsingar sem mönnum þótti skorta — ég tilgreini þar ekki eitt málefni fremur en annað — til nefndarinnar áður en umræðan hæfist sem hér fer fram. Ég fól starfsliði nefndarinnar að óska eftir því og þykir miður ef þær upplýsingar hafa ekki náð að berast. Hins vegar hafa komið fram upplýsingar sem ég tel nægar til að afgreiða fjáraukalögin að þessu sinni.

[12:39]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einmitt þetta sem mér finnst svo alvarlegt, að hv. þm., formanni fjárln. finnist þær litlu upplýsingar sem fram voru kreistar eftir mikinn eftirrekstur af hálfu fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárln., bókanir og kröfur um að upplýsingar kæmu fram, nægja til að taka málefnalega afstöðu til þessara mála. Það finnst mér alvarlegt. Mér finnst það ills viti ef fjárln. er orðin afgreiðslustofnun, færibandaafgreiðslustofnun af þessu tagi. Hún á að sjálfsögðu að leggja sjálfstætt mat á þær kröfur og óskir sem koma frá framkvæmdarvaldinu. Það er grundvallarforsenda að hún hafi ítarlegar upplýsingar fyrir framan sig. Það var ekki að frumkvæði stjórnarmeirihlutans að kallað var eftir þessum upplýsingum. Stjórnarmeirihlutinn virtist reiðubúinn að afgreiða málið nánast umræðulaust.

Það var fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárln. sem krafðist þess að fá þessar upplýsingar. Eftir mikinn eftirrekstur frá hans hendi komu þessar 10–15 línur, sem er ekki sundurliðun af því tagi sem hann var að óska eftir. Mér finnst það áhyggjuefni ef stjórnarmeirihlutinn er reiðubúinn að afgreiða kröfur ríkisstjórnarinnar um fjáraustur í einkavæðingarbatteríið nánast án þess að hafa upplýsingar fyrir hendi en krefur hins vegar fulltrúa sjúkrastofnana, heilbrigðisstofnana og skóla um ítarleg rök fyrir þeirri beiðni sem þær stofnanir setja fram. Mér finnst eðlilegt að þær komi með slík rök en það eiga líka allir að gera.

[12:42]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það eru örfá atriði sem ég vildi bæta við í þessa umræðu þó auðvitað sé búið að fara ítarlega yfir þetta frv. til fjáraukalaga, bæði við 2. umr. og eins af frsm. okkar í 1. minni hluta fjárln., hv. þm. Gísla S. Einarssyni. Það eru þó örfá atriði sem ég vildi bæta við.

Áður en ég kem að því vil ég minnast á að það er afar ánægjulegt að heyra hv. þingmenn, t.d. hv. þm. Ögmund Jónasson, sem ekki situr í fjárln., lýsa fyrir okkur sem sitjum í fjárln. hvað gerist þar á fundum. Auðvitað veitir ekki af að minna okkur á ýmislegt sem við höfum greinilega misst af. Það er auðvitað ekki nema þakkarvert að við séum minntir á ýmsa hluti sem þar hafa greinilega átt sér stað (Gripið fram í.) en einhverjir okkar a.m.k. misst af. (Gripið fram í.) Ekki fleiri orð um það. (**ÖJ:** Jú, jú.) Ég ætla aðeins að koma inn á það sem hv. þm. var að ræða um varðandi einkavæðinguna.

(**Forseti** (GÁS): Það er hv. 4. þm. Austurl. sem hefur orðið.)

Ég þakka fyrir, herra forseti. Ég ætla að ræða örlítið um (Gripið fram í.) einkavæðingarnefnd. Hv. þm., eigum við að afgreiða þetta núna eða láta það bíða þar til á eftir? Það voru engar dylgjur um eitt eða neitt. Ég er að ræða um einkavæðingarnefnd. Þar sem hv. þm. sagði frá og gaf lýsingar á störfum fjárln. var ég einfaldlega að segja að ég kannaðist ekki við lýsinguna að öllu leyti, þannig að málið sé mjög skýrt. Það voru fleiri á þessum fundi en eingöngu flokksbróðir hv. þm. Hann veit væntanlega að í fjárln. sitja fleiri en hv. þm. Jón Bjarnason sem er að sjálfsögðu með duglegri þingmönnum í þeirri nefnd. Hins vegar eru fleiri í nefndinni heldur en hv. þm. (Gripið fram í.) Ljómandi.

Þá mun ég snúa mér að einkavæðingarnefnd. Það er mjög athyglisvert vegna þess að við stóðum í miklum slag í fyrra um það að fá upplýsingar um hvert 300 millj. áttu að fara sem einkavæðingarnefnd óskaði eftir á fjáraukalögum ársins 2001. Ekki tókst að fá neinar upplýsingar um til hvers ætti að nýta þessa fjármuni og ég held því fram, og hef gert það áður, að ástæðan fyrir því hafi verið sú að það var engin áætlun til um það hvernig ætti að nota þessa upphæð, heldur var þetta einhver tilfinning um að væntanlega þyrfti að nota

upphæð nálægt þessari stærðargráðu. Ég held því fram að þannig sé staðan enn í dag. Það er auðvitað mjög alvarlegt að það skuli ítrekað gerast á slíkan hátt. Ég vil færa rök fyrir þessari skoðun minni. Rökin eru þau að ég hef hér fyrir framan mig sundurliðað hvernig einkavæðingarnefnd nýtti þessa fjármuni. Það er ljóst að af þessum 300 millj. sem samþykktar voru á fjáraukalögum ársins 2001 var ekki nýttur nema minni hluti þeirrar upphæðar. Um áramót voru ónotaðar rétt tæpar 170 millj. af þessum 300 millj. Það er því augljóst mál — þarna var eingöngu um örfáar vikur að ræða — að hér hefur ekki verið um vönduð vinnubrögð að ræða.

Því miður kemur það manni mjög á óvart að sami aðili, sama nefnd, kemur enn og biður um nær því sömu upphæð ári síðar. Það er rétt hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að ansi er klént svarið sem barst um það hvernig ætti að nýta þessa fjármuni. Eingöngu eru taldir upp einstaka aðilar sem komið hafa að þessu máli og hefur væntanlega aldrei verið leyndarmál um en trúlega allir vitað hverjir voru og hvernig komu að málinu. Að sjálfsögðu var verið að biðja um hvernig þetta sundurliðaðist og hvernig áætlunin liti út gagnvart því að þurfa að nýta 220 millj. kr.

Bara örlítið svo að við áttum okkur á því hvaða upphæð er verið að tala um — þetta er ekki upphæð sem er bara notuð á örfáum dögum. Það er svo athyglisvert að í Morgunblaðinu í morgun er vitnað í svar sem iðnrh. gaf hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur um það hve miklir fjármunir hafi farið í allan þann mikla, og til fjölda ára, undirbúning fyrir álver í Reyðarfirði. Heildarkostnaður ríkissjóðs er tæplega 200 millj. kr., takið eftir, tæplega 200 millj. kr. Það eru því engir smáaurar sem verið er að láta í einkavæðingarnefnd sem á að nýta væntanlega á næstu dögum. Samkvæmt upplýsingum mínum, miðað við 1. október, liggur fyrir að nefndin á enn þá eftir ónotaðar 12 millj. kr.

Það hlýtur að vera eðlilegt að kallað sé eftir upplýsingum um hvað veldur því að nú, á síðustu dögum ársins, þurfi að láta 220 millj. í einkavæðingarnefnd. Óvissan er gífurleg, eins og allir vita, um hversu miklu af sölunni verður lokið á þessu ári og þess vegna hlýtur að vera eðlilegt líka í ljósi fjárreiðulaganna að velta því fyrir sér hvort þessi upphæð eigi ekki frekar heima, ef nota þarf hana á annað borð, í fjárlögum næsta árs, nákvæmlega eins og með þeim tölum sem ég sýndi áðan að fjáraukalagasamþykktin um 300 millj. í fyrra átti að sjálfsögðu heima á fjárlögum þessa árs.

Herra forseti. Ég er m.a. að rifja þetta upp vegna þeirra orða sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, formaður fjárln., lét falla hér fyrr í morgun, í fyrsta lagi að skýringar lægju fyrir í öllum málum þannig að hægt væri að afgreiða allar þær tillögur sem hér lægju fyrir. Þetta er eitt dæmið um að skýringar eru að mínu mati ekki fullnægjandi. Annað dæmi eru skýringar sem ég minntist örlítið á í andsvari fyrr í dag, þ.e. varðandi framhaldsskólana. Það er afar sérkennilegt að tæplega 500 nemendur skuli finnast í framhaldsskólum á einni viku. Maður hlýtur að velta fyrir sér ástæðu þess að þessir 500 nemendur koma allt í einu upp á borðið núna. Það er alveg augljóst mál að þeir hafa væntanlega verið skráðir í framhaldsskólana í haust, og kæmi mér ekki á óvart þó að hluti af þessari tölu væri jafnvel frá því á vorönn á þessu ári.

Það hlýtur að vera óhjákvæmilegt að spyrja: Hvar er eitthvað að? Er það í menntmrn. eða er það í tengslum menntmrn. við fjmrn.? Eru það e.t.v. tengsl þessara ráðuneyta við fjárln.? Og þá kem ég að þætti sem auðvitað væri hægt að hafa langt og mikið mál um, tengsl ráðuneytanna við fjárln. Það er alveg augljóst mál, eins og fleiri hv. þm. hafa komið inn á, að því miður hefur upplýsingastreymi frá ráðuneytunum til fjárln. frekar miðað aftur á bak en áfram. Þrátt fyrir að til séu lög, fjárreiðulög, og reglugerðir um framkvæmd fjárlaga o.s.frv. virðist því miður ekki vera eftir þeim farið. Þess vegna vakti það auðvitað sérstaka athygli mína þegar hv. formaður fjárln. sagði í morgun að fyllilega væri farið að fjárreiðulögum, og var hann þá að tala um allar þær tillögur og frv. til fjáraukalaga sem hér eru til meðhöndlunar.

Það hefði verið nær, hv. þingmaður, að orða það svo að því miður væri ekki fyllilega farið að fjárreiðulögum og síðan reynt að gefa einhverjar skýringar á því af hverju það væri ekki. Það er því óhjákvæmilegt að spyrja hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson hvort hann sé reiðubúinn til þess að endurtaka það hér og fullyrða þá að hver einasta tillaga sem er í frv. eða brtt. meiri hluta fjárln. falli undir þá skýringu að það sé allt ófyrirséð, það sé vegna lagabreytinga eða kjarasamninga, en þannig er gert ráð fyrir að frá fjáraukalögum sé gengið.

Ég fullyrði hins vegar, herra forseti, að þannig er þetta mál ekki. Ég vona því að hv. þm. leiðrétti orð sín og noti mildilegra orðalag um það að því miður sé ekki enn búið að ná þeim tökum á þessu ferli að fyllilega sé farið eftir fjárreiðulögum.

Herra forseti. Rétt að lokum varðandi framhaldsskólana. Það segir í skýringum við þær 220 millj. sem sagðar eru vera hér vegna ófyrirséðrar nemendafjölgunar í haust — það þýðir þá væntanlega í þeirri síðustu viku sem liðin er frá því að síðast voru gerðar tillögur um aukið fjármagn vegna nemendafjölgunar — með leyfi forseta:

„Einnig er stefnt að því að yfirfara reiknilíkan framhaldsskóla til að samræma betur framlag fyrir ársnemanda og kostnað við viðbótarnemanda umfram áætlun."

Það er óhjákvæmilegt, herra forseti, að spyrja hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson, formann fjárln., hvað þessi setning þýði. Rökstuðningur fyrir því að ég vil fá skýringar á því er m.a. það sem ég sagði fyrr í morgun, eitt af því sem við höfum beðið um í fjárln. er að fá reiknilíkanið, fá að yfirfara þetta reiknilíkan og fá að sjá þær umbreytingar sem hafa átt sér stað á því. Þá gætum við farið yfir þetta og áttað okkur betur á því þegar talsmenn framhaldsskólanna koma á fund fjárln. og óska eftir því að ýmislegt sé lagfært í rekstri skólanna. Þá væri auðvitað nauðsynlegt fyrir okkur að geta farið yfir reiknilíkanið til að átta okkur nákvæmlega á þessum hlutum. Hér er síðan gefin skýring og vísað í reiknilíkanið sem við höfum ekki undir höndum. Herra forseti. Ég ítreka beiðni mína til hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar, formanns fjárln., um að hann reyni að útskýra fyrir þingheimi þessa ágætu setningu.

[12:52]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og komið hefur fram í þessari umræðu í morgun fær fjárln. margvíslegar upplýsingar frá bæði ráðuneytum og öðrum aðilum sem varða afgreiðslu nefndarinnar. Þessar upplýsingar berast nefndinni með skriflegum hætti ef óskað er sérstaklega eftir því en vegna spurninga hv. þingmanns vil ég minna á að fulltrúar ráðuneytanna koma til nefndarinnar og gera grein fyrir margvíslegum tillögum sínum og óskum og svara síðan þeim spurningum sem koma fram hjá nefndarmönnum.

Oft eru þessi samskipti beint við ráðuneytin, og ráðuneytin eru tilbúin sömuleiðis til þess að koma hvenær sem við óskum eftir. Beint samband er jafnframt milli nefndarinnar og starfsmanna ráðuneytanna. Enn fremur hefur fjmrn. sérstakt hlutverk í þessu efni. Það hefur annast upplýsingaöflun fyrir nefndina þegar nefndin hefur óskað eftir slíku.

Ég tel að á fundum nefndarinnar, sem hv. þm. hefur setið ásamt öðrum sem hér hafa tekið til máls um upplýsingaöflunina, hafi fulltrúar ráðuneytisins gefið mjög ítarleg svör og ég hef ekki orðið var við annað en að allir nefndarmenn hafi fengið þau svör sem beðið hefur verið um þó að ég hafi tekið undir þær ábendingar sem komið hafa fram hjá hv. þingmönnum að okkur þyki í nefndinni, og þá tala ég almenns eðlis, að nokkuð hafi skort á að ráðuneytin gæfu okkur á réttum tíma þau atriði sem við óskum eftir. Hef ég beitt mér þar fyrir hönd nefndarinnar, hvort sem ég er þar í stjórn eða stjórnarandstöðu.

[12:54]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað eðlilegt að hv. þingmaður komist ekki yfir í fyrra andsvari sínu að svara öllum þeim spurningum sem ég lagði hér fram. En ég vek athygli á nákvæmlega því sem hv. þm. var að tala um, við höfum fengið gesti frá ráðuneytunum í heimsókn til okkar en það dugir ekki alltaf til. Af því að ég hef gert hér að umtalsefni reiknilíkan framhaldsskólanna vil ég segja að þegar fulltrúar úr menntmrn. voru í heimsókn hjá nefndinni spurði ég m.a. út í reiknilíkanið og óskaði eftir því að við fengjum það í hendur. Því var tekið afskaplega ljúfmannlega af fulltrúum ráðuneytisins en síðan, því miður, hefur reiknilíkanið ekki borist og þess vegna skortir okkur m.a. þær upplýsingar sem ég ræddi um áðan.

Eitt er það þó, herra forseti, sem ég vil spyrja hv. þingmann um til viðbótar og það er eiginlega grundvallaratriði varðandi það hvernig við göngum frá fjáraukalögum. Telur hann það viðunandi að við höfum ekki stöðu stofnana nú um stundir né áætlun um stöðu þessara stofnana um áramót? Við sjáum ekki hvernig þær standa, og ég á í raun og veru við þetta, bæði varðandi fjáraukalögin og fjárlögin. Þetta er auðvitað óviðunandi og þýðir að nefndin getur ekki sinnt því eftirlitshlutverki sem henni er ætlað. Eins og vinnubrögðin eru í nefndinni höfum við enga möguleika til að að sinna þessu eftirlitshlutverki með framkvæmdarvaldinu. Því miður virðist framkvæmdarvaldið þar að auki hafa þau tök á meiri hluta fjárln. sem framkvæmdarvaldið virðist óska hverju sinni.

[12:56]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil með almennum hætti taka undir meginatriðið í því sem hv. þm. segir um valdmörk og samskipti þings og framkvæmdarvalds. Ég tel það einnar messu virði að þau mál séu rædd í grundvallaratriðum en ekki endilega út frá einstökum málum sem hér eða við annað tækifæri hafa verið gerð að umræðuefni. Ég tel fulla ástæðu til að skoða slíkt.

Ég tek sömuleiðis undir það sem hv. þm. segir, við verðum stöðugt, með allri virðingu fyrir duglegu framkvæmdarvaldi, að vera vakandi fyrir því að hv. Alþingi, sem er fulltrúi þjóðarinnar, hafi bestu möguleika til þess að veita aðhald og eftirlit eins og því er ætlað. Þetta tel ég umræðu virði út frá almennum sjónarmiðum.

Ég kann ekki skýringar á því sem hv. þm. spyr hér um hvað varðar reiknilíkanið. Ég fullyrði að það er ekki vegna þess að reiknilíkanið sé eitthvert leyndarmál því að það er að sjálfsögðu líkan sem unnið er með í hverjum einasta framhaldsskóla. Það er svona eitt af því sem ég nefndi hér, með því að taka undir þá gagnrýni sem hefur komið fram, að mér hefur fundist nokkuð á skorta að hingað bærust þær upplýsingar. Ég kann enga skýringu á því hvers vegna reiknilíkanið hefur ekki borist. Það mega allir vita sem eitthvað véla um þessi mál að reiknilíkanið og staða framhaldsskólanna hafa verið okkur mjög hugleikin og hafa verið margrædd í fjárln. Fátt er það sem við höfum haft meiri áhyggjur af en einmitt stöðu framhaldsskólanna.

En úrbæturnar skila sér og sýna sig hér í fjáraukalögunum með 220 millj. kr. framlagi.

[12:58]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefði auðvitað verið miklu auðveldara fyrir okkur í fjárln. að yfirfara þessar 220 millj., eða við bæta, ef við hefðum haft allar þær forsendur sem við óskuðum eftir til þess að fara yfir stöðu framhaldsskólanna.

Mér finnst eðlilegt svona í lokin, þar sem við erum væntanlega að ljúka þessari umræðu, að þakka hv. þingmanni fyrir jákvæðar undirtektir við ýmislegt af þeirri gagnrýni sem ég hef komið á framfæri, og ég vonast til að það verði til þess að fjárln. taki þetta til gaumgæfilegrar skoðunar. Það er nokkuð ljóst að það fjáraukalagafrv. sem við erum hér að ljúka umræðu um og síðan það fjárlagafrv. sem við tökum til meðhöndlunar þegar líður á daginn verða síðustu frv. af þeirri gerð sem fjárln. nú mun um fjalla. Ég held hins vegar að það sé afar nauðsynlegt að fjárln. ljúki ekki þessu kjörtímabili án þess að fara vel yfir þessi mál og jafnvel ljúka þeirri vinnu með ákveðnum tillögum sem sú fjárln. sem tekur við á haustdögum næsta árs kæmi til með að taka tillit til og vonandi vinna eftir. Það er alveg augljóst mál að nefndin sem nú situr hefur auðvitað ákveðna reynslu og hefur fylgst með ákveðinni þróun sem ég hélt fram hér áðan. Ég endurtek að því miður hefur þróunin verið aftur á bak en ekki áfram að öllu leyti og við þurfum auðvitað að taka mjög vel til hendinni ef við ætlum að gera breytingar þar á. Ég held að nefndin sem nú situr, sem hefur þessa reynslu, hljóti að geta orðið að liðsinni við þær breytingar sem óhjákvæmilegar eru ef við ætlum að standa almennilega að því að ljúka vinnu við fjáraukalög og fjárlög hvers árs.

[13:00]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð í lokin. Ég var heldur seinn á mér að biðja um andsvar við hv. þm. Einar Má Sigurðarson og verð þess vegna að kveðja mér hljóðs í ræðu sem verður mjög stutt.

Ég vek athygli þingheims á því að nú er að ljúka umræðu um fjáraukalög með mjög hefðbundnu sniði. Menn hafa réttilega sakað ríkisstjórnina um slæleg vinnubrögð, um að vinna þetta frv. á handarbakinu eins og sagt er, og menn láta í ljósi þá ósk að svona verði þetta ekki að ári, að ríkisstjórnin lofi því eða sá stjórnarmeirihluti sem þá verður ríkjandi að gera það aldrei aftur, eins og krakkarnir segja. Það er vissulega ástæða til að taka undir þá gagnrýni sem fram hefur verið sett og óskir um að bætt verði úr þessum vinnubrögðum.

Ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs var sú lýsing hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar á orðum mínum áðan, að ég hefði verið að fjalla um atburði í fjárln. sem aldrei hefðu

átt sér stað þar eða væru ekki sannleikanum samkvæmir. Það eina sem ég sagði var að hv. þm. Jón Bjarnason, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hefði haft forgöngu um að óska eftir nánari sundurliðun á framlagi vegna einkavæðingar eða í tengslum við hana, 220 millj. kr. Ég efast ekki um og hef fengið það staðfest hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að undir þá kröfu hans hafi aðrir tekið og stutt dyggilega. Ef ég fer á einhvern hátt með rangt mál óska ég auðvitað eftir að það verði skýrt út hvað ég fer rangt með. Ég vitnaði í framgöngu ákveðins þingmanns í fjárln. sem hafði óskað eftir þessum upplýsingum. Ég efast ekkert um að hv. þm. Einar Már Sigurðarson hafi staðið sig prýðilega í starfi sínu og efast ekkert um að hann hafi tekið undir þessar tillögur og undir lokin hafi hv. formaður nefndarinnr einnig gert það og reynt að ganga eftir þessum upplýsingum. Það sem ég gagnrýni hins vegar er að fjárln. skuli láta bjóða sér þessi vinnubrögð yfirleitt af hálfu framkvæmdarvaldsins. Við erum að tala þarna um verulegar upphæðir og það er eðlilegt að framkvæmdarvaldið geri mjög rækilega grein fyrir því hvernig fjármununum er ráðstafað. Það er eðlilegt að fjallað sé á almennan hátt um fjárbeiðnir í tengslum við fjárlög en hér erum við að tala um fjáraukalög, þ.e. ráðstöfun fjármuna sem þegar hefur átt sér stað. Og þegar óskað er eftir því að gerð sé grein fyrir því með hvaða hætti hafi verið að verki staðið á að sjálfsögðu að gera það á ítarlegan og málefnalegan hátt. Það hefur ekki verið gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[13:04]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2003, 1. mál, brtt. KolH o.fl., þskj. 578; brtt. SJS o.fl., þskj. 583.

[Fundarhlé. — 13:04]

[13:35]

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 2003, 1. mál, brtt. 1. minni hluta fjárln., þskj. 584.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 578, 583 og 584. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Um fundarstjórn.

Viðvera ráðherra við lokaumræðu fjárlaga.

[13:36]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Að hefðbundnum sið við fjárlagaumræðu set ég fram þá kröfu að hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar séu hér allir viðstaddir, a.m.k. meðan umræða fer fram af hálfu talsmanns meiri hlutans og aðaltalsmanna minni hlutanna, og geti tekið við þeim spurningum sem settar eru fram og veitt svör við þeim. Það er gersamlega ólíðandi að ár eftir ár skuli ráðherrabekkurinn vera auður nánast að segja, aðeins tveir ráðherrar viðstaddir aðalumræðu um fjárlög, þ.e. 3. umr. Þetta hefur endurtekið sig æ ofan í æ, virðulegur forseti. Ég óska eftir því að gerð verði atlaga að því að fá hæstv. ráðherra til að vera viðstadda og ekki hefja umræðuna í raun fyrr en hæstv. ráðherrar eru staddir í salnum og hlýða á það sem við höfum fram að færa. Við höfum verið að ásaka ríkisstjórn um að brjóta lög, að hún fari ekki að fjárreiðulögum og fyllsta ástæða er til að þessir hæstv. ráðherrar sem ekki eru viðstaddir komi hér í sal og taki við þeirri gagnrýni sem við höfum fram að færa. Ég tel að hún sé nægilega rökstudd með því að vísa til álita Ríkisendurskoðunar ár eftir ár sl. fjögur ár.

[13:38]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti mun verða við beiðni hv. þm. og gera hæstv. ráðherrum, öllum sem einum, viðvart um að viðveru þeirra sé óskað við umræðuna.

[13:38]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég tek undir beiðni og athugasemdir hv. þm. Gísla S. Einarssonar og fagna undirtektum forseta um að kalla ráðherrana til. Í morgun hafa farið fram umræður um fjáraukalög án þess að ráðherrabekkurinn hafi verið skipaður. Hér hafa komið fram spurningar, fyrirspurnir og óskir um skýringar á ákveðnum liðum sem heyra undir fagráðherrana. Formaður þingflokks framsóknarmanna hefur beint mjög eindregnum athugasemdum og fyrirspurnum til hæstv. iðnrh. sem var ekki viðstödd. Ég tel því afar mikilvægt að hæstv. ráðherrar séu hér við lokaumræðu fjárlaga.

Vonandi er þessi lokaumræða fjárlaga, 3. umr., síðasta umræða sem þessi ríkisstjórn stendur fyrir. Ég vona að næsta ríkisstjórn verði ekki eins skipuð og sú sem er að leggja hér lokahönd á fjárlög sín. En engu að síður væri þó rétt og skylt af hæstv. ríkisstjórn að hafa þann myndugleika og þann trúnað við Alþingi að vera viðstödd lokaafgreiðslu fjárlaga sinna sem vonandi verður ekki endurtekning á.

[13:40]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegi forseti. Ástæða er til að ítreka enn beiðni mína. Ég vek athygli á því að hæstv. fjmrh. er ekki einu sinni viðstaddur. Það eru einungis tveir hæstv. ráðherrar viðstaddir, þ.e. hæstv. samgrh. og hæstv. menntmrh. Aðrir eru ekki í sal. Ég ítreka þá beiðni mína sem fram hefur komið hvert einasta ár sl. fjögur ár að ráðherrar séu viðstaddir og hlusti á helstu talsmenn fjárln. þó ekki væru fleiri en aðeins helstu talsmenn fjárln., þ.e. framsögumenn álitanna.

Þetta, herra forseti, ítreka ég og ég tel að ekki sé hægt og ekki fært að hefja umræðuna fyrr en a.m.k. forsvarsmaður fjárlaganna sem á að framkvæma þau, hæstv. fjmrh., og síðan hæstv. oddviti ríkisstjórnarinnar, Davíð Oddsson, eru komnir í sal. Ég tel að fresta verði umræðunni þar til þeir hæstv. ráðherrar eru komnir hér. Ég ítreka þá beiðni.

[13:41]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti hefur nú þegar látið gera öllum hæstv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar viðvart, enginn þeirra er með fjarvistarleyfi í dag, að þeirra sé óskað við þessa umræðu. Forseti mun einnig verða við þessari ósk hv. þm. — ef hv. þm. má vera að því að hlusta — og gefa hæstv. ráðherrum kost á því að koma hingað til fundarins. Ég fresta fundinum í 20 mínútur.

[Fundarhlé. — 13:42]

Fjárlög 2003, 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 493, frhnál. 543, 574 og 575, brtt. 544, 545, 546, 547, 548, 549, 555, 557, 559, 560, 561, 564, 565, 566, 567, 568, 572, 578, 583 og 584.

[13:59]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hluta fjárln.

Nefndin hefur haldið áfram umfjöllun sinni um frumvarpið frá því að 2. umr. fór fram 27. nóv. sl. Til viðræðna við nefndina komu forsvarsmenn Ríkisútvarpsins. Fulltrúar frá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins og horfur í þjóðarbúskapnum.

Í nefndarálitinu er fyrst gerð grein fyrir meginbreytingum sem varða tekjuhlið frumvarpsins. Þá er gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagt er til að verði gerðar á sundurliðunum 2–4. Að lokum er gerð grein fyrir breytingum sem lagt er til að verði gerðar á 5. gr. frumvarpsins.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að tekjur verði 271,6 milljarðar kr. sem er 7,6 milljarða kr. hækkun frá frumvarpinu.

Í framsöguræðu minni og svörum við 2. umr. komu fram margvíslegar ábendingar. Þar var fjallað um þjóðhagslegar stærðir og horfur í þjóðarbúskapnum. Ég bendi hv. þingmönnum á það sem framsögumaður meiri hlutans sagði á þeim tíma. Í ljósi þess að endurskoðuð þjóðhagsspá hefur ekki nein meiri háttar áhrif á fjárlagagerðina og horfur í ríkisbúskapnum tel ég ekki ástæðu til að endurtaka það sem þá var sagt um ríkisfjármálin og horfur á næsta ári.

Ég vil benda hv. þm. á þau þingskjöl sem hér liggja fyrir og önnur gögn sem nýta má til að átta sig á þeim brtt. sem hér hafa verið lagðar fram. Þar á meðal eru breytingar á því er varðar menntmrn., þ.e. að meiri hlutinn gerir tillögu um aukningu sem svarar til 70 millj. kr. til framhaldsskólanna, til þess að styrkja rekstur þeirra í samræmi við fjölgun nemenda.

Þá vil ég einnig benda hv. þm. á að hér kemur í formi breytingartillagna, sem vonandi verða samþykktar, sá sáttmáli sem gerður hefur verið við Samtök aldraða upp á 1,8 milljarða kr.

Aðrar tillögur sem hér eru skýra sig sjálfar á þingskjölum. Þá eru sömuleiðis nokkrar tillögur sem varða söfn, málefni fatlaðra og eina heilsugæslustöð á landinu. Þar vísa ég enn til þingskjala.

Rétt er að minna sérstaklega á Byrgið, dvalarstað á Miðnesheiði fyrir fólk í áfengis- og vímuefnavanda. Nauðsynlegt er að finna varanlega lausn á húsnæðismálum og rekstri Byrgisins þannig að fólk sem þar dvelur fái viðunandi aðbúnað. Húsnæðismál Byrgisins hafa verið kynnt ríkisstjórn og eru þar til meðferðar. Jafnframt lausn húsnæðisvandans er nauðsynlegt að leysa þann fjárhagsvanda sem nú steðjar að Byrginu og tryggja framtíðarlausn í samstarfi við ábyrgðaraðila þess. Fjárln. mun fylgjast með því að þessi mál komist í viðunandi horf.

Þá vil ég einnig láta þess getið hér í framsöguræðu minni að í brtt. við fjárlagafrv. er stuðningur við skóla landsins aukinn verulega og er bent sérstaklega á framhaldsskólana. Í náinni framtíð er nauðsynlegt að styrkja betur rekstur landbúnaðarskólanna, en farið hefur fram undirbúningsstarf hvað þetta varðar, svo sem í starfi skólanefnda og sérnefnda sem landbrh. skipaði um hvern skóla fyrir sig og munu skila áliti innan skamms.

Í brtt. er gert ráð fyrir að 3 millj. kr. fari til undirbúnings og skipulags í húsnæðismálum Garðyrkjuskólans en fyrir liggur að húsnæði skólans er verulega ábótavant.

Tillögur meiri hlutans er varða útgjöld A-hluta ríkissjóðs leiða til hækkunar útgjalda um 2.468,1 millj. kr. Skýringar á brtt. meiri hlutans eru í nál. Ég vil nýta þetta tækifæri til þess að þakka minni hluta fjárln. fyrir málefnalegt og ánægjulegt samstarf.

[14:05]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég sé ástæðu til að vekja sérstaklega athygli á því að í ræðu hv. formanns var ekki farið yfir þau málefni sem vandmeðförnust eru. Þá á ég m.a. við Háskóla Íslands þar sem út af standa 916 millj. kr., af þeirri fjárvöntun eru 740 millj. kr. vegna reksturs. Ég vek sérstaklega athygli á málefnum framhaldsskólanna, Menntaskólans í Kópavogi, Verkmenntaskólans á Akureyri, Fjölbrautaskóla Vesturlands o.s.frv. Um átta eða níu skólar eru í algjörum vandræðum og sumir í greiðslustöðvun.

Ég vil minna á vanda Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri þar sem út af standa 125 millj. kr. vegna reksturs sl. árs.

Ég fagna yfirlýsingu sem kom hér varðandi Byrgið. Það varð að ráði í umræðum í fjárln. að á þennan hátt skyldi gera grein fyrir þessu máli. Ég vil þakka hv. formanni fyrir að hafa gert grein fyrir því hér í ræðu. Ég vil þá um leið benda á að það sem hv. formaður fjárln. segir er nokkuð sem menn treysta á að gildi. Ég veit að svo verður.

Ég vil hins vegar benda á að fjölmargir aðilar eru sárreiðir yfir því að þeim hafi ekki verið sinnt. Þeir telja sig ekki njóta jafnræðis hjá fjárln. í fjárveitingum, án þess ég tilgreini sérstaklega um hverja er að ræða.

[14:07]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt að til fjárln. kom fulltrúi Háskóla Íslands og gerði nefndinni grein fyrir þeirri stöðu sem háskólinn er í. Þar var komið inn á kennsluþátt háskólans og ekki síður rannsóknaþáttinn. Fulltrúar Háskóla Íslands lögðu þar ríka áherslu á það hlutverk sem skólinn hefur í íslensku mennta- og atvinnulífi.

Mér er fullkunnugt um að þarna þarf að vinna vel að og ég vænti þess að hægt sé að verða við óskum þeirra þegar fram í sækir þó ekki sé hægt að gera betur en gert er samkvæmt brtt.

Varðandi framhaldsskólana minni ég hv. þm. á að nú hafa, samkvæmt tillögum okkar, verið lagðar 220 millj. í framhaldsskólana í fjáraukalögum og 70 millj. í fjárlagatillögum okkar.

Þá minni ég á að 50 millj. kr. eru núna ætlaðar til Sjúkrahússins á Akureyri. Ég tel að þar sé verulega komið til móts við sjúkrahúsið enda þótt betur mætti gera. Ég vil láta það koma fram sem ég hef áður sagt við þessa umræðu að Sjúkrahúsið á Akureyri hefur verið til fyrirmyndar hvað rekstur og aðhald varðar og að halda sér innan fjárlaga.

Varðandi fjórðu og síðustu spurningu þingmannsins þá átta ég mig ekki á því hvað lá þar að baki.

[14:09]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Til að ítreka það sem síðast var nefnt og hvað liggur að baki því. Það eru fjölmargir aðilar sem

hafa sótt til fjárln. og eru sárreiðir vegna þess að þeim finnst þeir ekki njóta jafnræðis. Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að nefna þá einstaklinga nafni. Við hv. formaður fjárln. vitum um hverja er að ræða.

Ég undirstrika það hér að tilefni til fjárlagagerðar, sem verða leyst og er ekki hægt að leysa öðruvísi héðan af nema með fjáraukalögum, liggja fyrir núna við þessa umræðu. Það liggja fyrir útgjaldatilefni sem varða Háskóla Íslands, framhaldsskólana og sjúkrahúsin á landsbyggðinni. Það eru til fjármunir til að leiðrétta stöðuna. Við erum ekki að fara að fjárreiðulögum og ekki að fylgja fjárlögum þegar svona er unnið. Ég verð að segja það við hv. formann fjárln. að ég skil ekki þetta vinnulag þegar tilefnin eru til staðar og möguleiki á að leiðrétta hallarekstur, að menn skuli ekki taka á því. Ég undirstrika þetta, virðulegur forseti, við þessa umræðu.

Ég sé að þeir eru í miklum og djúpum samræðum, hv. formaður fjárln. og hæstv. fjmrh., um þessi málefni og þeir geta auðvitað ekki leyst þau hér á augnabliki.

[14:10]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því miður er það ekki rétt hjá hv. þm., að til séu nægjanlegir fjármunir til að verða við hinum mörgu og merku tillögum og óskum sem komu fram á fundum fjárln. Ríkisstjórnin og meiri hluti fjárln. (Gripið fram í.) hefur sett sér það ákveðna markmið, sem við ætlum að standa við og munum standa við ef tillögur okkar ná fram, að afgreiða fjárlögin réttu megin við núllið. Eins og margsinnis hefur komið fram hér í þingsölum er það ekki meira en svo að það takist.

Ég hef bent á að það sé ábyrgt hjá ríkisstjórninni og fjárln. að auka nokkuð ríkisútgjöldin þegar atvinnuleysi hefur heldur aukist frá því sem búist var við þó enginn vá sé þar fyrir dyrum. Þetta tel ég að sé hin ábyrga afstaða, að bregðast við þeim breytingum sem eiga sér stað í þjóðfélaginu og efnahagslífinu, jafnhliða því að skila fjárlögum réttu megin. En það þýðir ekki það, þó svo ég viðurkenni að mörg séu málin og góð, að svigrúm sé til frekari fjárveitinga. Þingmaðurinn taldi að nú ætti að afgreiða inn á fjárlög ákveðin málefni og spáir að þau komi inn á fjáraukalög. Eftir að hafa skoðað þau mál, bæði hjá fjmrn. og hjá nefndinni, tel ég að þetta sé rétt afgreiðsla og taka verði afstöðu til þessarar nýju útgjalda á næsta ári, hvort sem það skilar sér síðan inn í fjáraukalög eða fjárlög fyrir 2004.

[14:12]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson kom nú ekki víða við í ræðu sinni frekar en hann hefur átt vanda til þegar hann mælir fyrir fjáraukalagabreytingum frá meiri hluta fjárln. eða breytingum við fjárlögin.

Það var þó eitt sem hv. þm. minntist á sem ég vil ræða örlítið frekar, þ.e. að hann taldi að nú væri komið verulega til móts við fjárþörf framhaldsskólans. Það er athyglisvert að hér er gerð tillaga um 70 millj. kr. til viðbótar við það sem áður hafði verið lagt til framhaldsskólanna, en það var rétt sem hv. þm. benti á, 220 millj. var bætt við fjáraukalagafrv.

Það vekur auðvitað sérstaka athygli að gert er ráð fyrir því að nemendum framhaldsskólanna fækki á næsta ári miðað við það sem áætlað er á þessu ári. Ég benti á það fyrr í morgun að menntmrn. virtist hafa fundið tæplega 500 nemendur á vikutíma, en nú virðist menntmrn. líka geta spáð fyrir um að nemendum í framhaldsskólum muni fækka.

Ég velti því fyrir mér hvort það sé ekki rétt að hv. form. fjárln. geri þingheimi grein fyrir því hvaða spár liggja þarna að baki, hvernig á því stendur að menn telja að nemendum muni fækka í framhaldsskólum landsins á árinu 2003. Eru þeir nemendur sem fundust í síðustu viku í framhaldsskólunum þar eingöngu tímabundið?

[14:14]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hv. þm. vilji hlýða á mál mitt og vilji að það sé sem lengst og ylji hér mönnum á allan hátt. Ég verð enn einu sinni að valda honum vonbrigðum. Ég kem hér fyrst og fremst að aðalatriðum þess máls og þeirrar afgreiðslu sem yfir stendur. Eins og ég sagði áðan hef ég þegar gert ítarlega grein fyrir því í ítarlegri ræðu við 2. umr., hverjar horfur eru í þjóðarbúskapnum. Það væri móðgun við hv. þm. að fara að lesa það yfir. Það hafa aðeins orðið örlitlar breytingar á veigamestu þjóðhagsstærðum, mest er það um hálft prósent.

Ég hef getið hér um lítils háttar breytingu á atvinnuleysistölum. Spáin er núna sú að atvinnuleysið verði 2,75% á næsta ári, sem er örlítil hækkun. Ég tel ekki ástæðu til að þreyta þingheim á löngum þulum um þetta.

Ég gat í framsögu minni um helstu stærðirnar sem varða framhaldsskólann og aldraða. Aðrar skýringar liggja mjög glöggt fyrir hér í þingskjölum. Hvað varðar framhaldsskólana þá tel ég að þetta sé hin besta ráðstöfun og efling við framhaldsskólana að láta þá hafa 70 millj. kr. núna. Ég tel að ráðuneytið hafi fyllilega gert okkur grein fyrir því hvaðan þessir nemendur eru komnir og hvert þeir muni fara.

[14:16]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mér ekki á óvart að hv. þm. treysti sér ekki til þess að svara þeirri einföldu spurningu sem ég lagði fyrir hann. Það er alveg í takt við það sem gerst hefur hér áður í morgun þegar spurt hefur verið út í þessi mál, og er að sjálfsögðu afleiðing þess að við í fjárln. höfum ekki haft nægar upplýsingar um ýmsa þætti við þá vinnu sem þar hefur verið unnin. Og það kemur í ljós með þessu að enginn greinarmunur er þar á gerður milli meiri og minni hluta. Það er augljóst mál að meiri hlutinn hefur engar frekari upplýsingar en við. Þar af leiðandi liggur alveg ljóst fyrir að meiri hlutinn hefur engar skýringar á þeim tölum sem hér eru lagðar fram frekar en við enda er það svo, eins og kom fram hér fyrr í morgun, að þrátt fyrir að við höfum óskað eftir því að fá reiknilíkan framhaldsskólanna hefur það ekki borist nefndinni. Þess vegna mun hv. þm. að sjálfsögðu ekki heldur geta svarað seinni spurningunni sem ég ætla að endurtaka frá því í morgun. Það er sama skýring hér í textanum varðandi fjárlögin eins og var í breytingum við fjáraukalagafrv. Herra forseti. Það er eftirfarandi setning sem ég vil biðja hv. þm. um að gera aðra tilraun til að útskýra fyrir okkur en hér stendur, með leyfi forseta:

„Einnig er stefnt að því að yfirfara reiknilíkan framhaldsskóla til að samræma betur framlag fyrir ársnemanda og kostnað við viðbótarnemanda umfram áætlun."

Herra forseti. Ég held að afar brýnt sé að hv. þingmaður geri enn einu sinni tilraun til að segja okkur hvað þessi setn-

ing þýðir og hvað átt er við með þessu og geri aðra tilraun til þess líka að upplýsa okkur um hvað veldur því að gert er ráð fyrir því að nemendum fækki í framhaldsskólum á næsta ári.

[14:17]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í andsvari hér áður, sem ég gat ekki svarað eins ítarlega og ég hefði viljað, kom hv. þm. Gísli S. Einarsson inn á vanda framhaldsskólanna og taldi þá upp nokkra skóla, svo sem á Vesturlandi og víðar. Víst er það að sá vandi hefur verið töluverður á undanförnum árum og menn rekja einmitt þennan vanda ekki síst til reiknilíkansins sem hér er gert að umræðuefni.

Það er hins vegar til mikillar fyrirmyndar að nú hefur þetta reiknilíkan verið tekið til endurskoðunar og lagfært verulega. Menntmrn. hefur haft veg og vanda af þessari endurskoðun í góðri sátt og samvinnu við fulltrúa framhaldsskólanna, og nú þegar horfir til breytinga á reiknilíkaninu tel ég að það sé til mikillar fyrirmyndar að við styðjum þessa endurskoðun með því að leggja fé til framhaldsskólanna, þær 70 millj. sem hér er gert ráð fyrir, og það verði þá hægt að nýta vegna nemendafjölgunar.

Hvað varðar fækkun nemenda vísa ég til menntmrn. um þá útreikninga sem þeir hafa á sinni könnu en ég hef ekki tiltæk gögn hér til þess að rekja einstaka breytingar á því sviði.

[14:19]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. formanns fjárln. var fremur stutt og ég tel að það hvíli nokkur skylda á formanni fjárln. að mæla betur fyrir tillögum meiri hlutans, sérstaklega ákveðnum stefnumarkandi tillögum í frv. Ræða formanns fjárln. er líka lögskýringargagn varðandi túlkun á málum þannig að hún hefði þurft að vera nokkuð ítarlegri.

Ég fagna þó þeirri yfirlýsingu sem hv. formaður fjárln. gaf varðandi bæði húsnæðisvanda og rekstrarvanda Byrgisins. Þetta var rætt í fjárln. eins og hv. formaður fjárln. kom inn á en var ekki afgreitt. Málin eru enn þá til afgreiðslu hjá ríkisstjórn. Ég viðurkenni að við hefðum kannski heldur viljað að afgreiðslan hefði farið fram nú þegar innan fjárln. en ég treysti því að hæstv. ríkisstjórn muni fylgja málum eftir og leysa húsnæðis- og rekstrarvanda Byrgisins því þar er afar mikilvægt starf unnið, og ég veit að það nýtur víðtæks stuðnings.

Annað sem ég vildi minnast hér á við hv. formann fjárln. er hvort hann geti skýrt frekar framlög til atvinnuþróunarfélaga. Samkvæmt samþykktri byggðaáætlun ber að styrkja atvinnuþróunarfélögin og sömuleiðis líka að efla eignarhaldsfélögin. Hv. þingflokksformaður Framsfl. kom inn á þetta í morgun. Ég er líka með útskrift af andsvari hæstv. iðnrh. frá því fyrr í haust þar sem hún lýsir því yfir að hún telji að það sé samkomulag í ríkisstjórninni um 20 millj. kr. í viðbót til atvinnuþróunarfélaganna sem sér þó hvergi stað.

[14:21]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að endurtaka þær yfirlýsingar sem ég hafði hér um Byrgið. Því fylgir fullur hugur allra þeirra sem að því máli koma.

Varðandi fé til atvinnuþróunarfélaganna urðu allnokkrar umræður í fjárln. um atvinnuþróunarfélög og atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni. Nefndinni bárust margvíslegar ábendingar um mikilvægi þessara atvinnuráðgjafa. Launamál og launabreytingar hvað þá varðar hafa raskað rekstrargrunni og rekstrarmöguleikum þeirra og þeirra starfi. Þar hlýtur að koma til kasta Byggðastofnunar og heimamanna sjálfra á því sviði. Taldi meiri hluti nefndarinnar sér ekki fært á þessu stigi að grípa inn í þau efni.

[14:23]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki viss um að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson átti sig á því hverju hann var að svara. Þannig er að í nál. frá meiri hluta iðnn. með samþykkt að byggðaáætlun eða stefnu í byggðamálum fyrir árið 2002 stendur á bls. 4:

„Nefndin telur jafnframt mikilvægt að styrkja varanlega rekstur atvinnuþróunarfélaganna ásamt eignarhaldsfélögum og atvinnuþróunarsjóðum."

Hvað er það sem gerist? Eignarhaldsfélögin eru lögð niður þvert ofan í samþykkt Alþingis. Og hvað er gert við atvinnuþróunarfélögin? Jú, það er ekki orðið við hækkun. Má ég, virðulegi forseti, vitna til orða hæstv. iðnrh. frá 5. nóv. sl.:

„Í sambandi við atvinnuþróunarfélögin þá hafa þau fengið fjármagn í gegnum Byggðastofnun. Það er rétt hjá hv. þm. að þau framlög hafa ekki hækkað í samræmi við verðlagshækkanir þó að það sé kannski ekki rétt að þau hafi lækkað, en engu að síður er þetta svona. Að hluta til er þetta vegna þess að í fjmrn. hefur ekki verið tekið tillit til þess, ekki verið nægilega góður skilningur á því að þarna hafi þurft að færa upphæðir í samræmi við verðlag. Ég tel að það hafi náðst ákveðið samkomulag milli ráðuneytanna um að tekið verði á þessu að þetta verði leiðrétt. Ég tel að þarna sé um 20 millj. að ræða sem í raun þyrftu að bætast við til að þetta verði viðunandi."

Þetta eru orð hæstv. iðnrh., með leyfi forseta.

Hér, bæði í nál. meiri hlutans með stefnu í byggðamálum og í orðum hæstv. ráðherra, er þess einmitt krafist og ákveðið að eignarhaldsfélögin skuli standa og að fjármagnið skuli aukið til atvinnuþróunarfélaganna. Hvað gerist? Það gerist nákvæmlega þveröfugt. Og það upplýstist hér hjá formanni þingflokks framsóknarmanna að það væri gegn vilja þingflokksins.

[14:25]

Guðjón A. Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Nú hefur formaður fjárln. tekið hér til máls og einnig í andsvörum fulltrúar í fjárln. Hér hefur verið vikið að einu ákveðnu máli sem ég átta mig ekki alveg á, herra forseti. Það er varðandi Byrgið. Það virðist ganga einhver yfirlýsing á milli manna sem ég veit ekki hver er og þess vegna spyr ég forseta: Út frá hvaða forsendum eigum við að ræða málin í framhaldinu?

[14:26]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti blandar sér ekki í efnisumræðu og væntir þess að hv. þingmaður geti leitað svara við þessu þegar hann ræðir þessi mál samkvæmt mælendaskrá.

[14:26]

Guðjón A. Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég er búinn að hlusta á þessar ræður hér og ég er engu nær um það hvaða yfirlýsingu menn hafa verið að gefa um það með hvaða hætti

tekið verður á málefnum Byrgisins. Þar sem forseti stjórnar þessum fundi átta ég mig heldur ekki á því með hvaða hætti við eigum að fara inn í þessi mál í framhaldinu.

[14:27]

Útbýting þingskjala:

Aukatekjur ríkissjóðs, 322. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 579.

Flutningskostnaður, 434. mál, fsp. EKG, þskj. 586.

Lífeyrissjóður bænda, 321. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 580.

Lífeyrissjóður sjómanna, 355. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 582.

Réttur þolenda kynferðisbrota, 433. mál, fsp. GE, þskj. 585.

Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, 344. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 581.

[14:28]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti 1. minni hluta fjárln.

Frv. sem hér er til umræðu ber með sér að ríkisstjórnin er orðin þreytt. Hún hefur enga stefnu, engin markmið og engan metnað. Henni hefur ekki tekist að greiða niður skuldir í samræmi við þann tekjuauka sem ríkissjóður hefur fengið á undanförnum árum, heldur hefur stór hluti hans verið notaður til að standa undir útgjöldum umfram forsendur fjárlaga sem er afleiðing lélegrar fjármálastjórnar undanfarin ár. Það er dapurlegt til þess að vita að þrátt fyrir allt góðæri undanfarin ár er ekki hægt að bæta kjör aldraða og öryrkja án þess að hækka skatta og valda þar með hækkun á neysluvísitölu sem aftur hækkar skuldir heimilanna. Þetta er ekki stórmannlegt.

Eins og fram kom í áliti 1. minni hluta við 2. umr. um frv. til fjárlaga fyrir árið 2003 er rekstrargrundvöllur stofnana og embætta víða brostinn. Nú við 3. umr. verður ekki séð að tekið hafi verið á þessum málum eins og nánar verður vikið að síðar í þessu nál.

Fjmrn. hefur nú endurskoðað þjóðhagsspána sem birt var í október. Ljóst er að efnahagsforsendur ráðuneytisins hafa breyst í veigamiklum atriðum frá því að frv. var lagt fram. Nú er talið að samneyslan aukist um 2,25% en í frv. var reiknað með 1% aukningu. Þá er reiknað með að atvinnuleysi muni heldur aukast á næsta ári og verða 2,75% í stað 2,5%.

Nýverið birti Seðlabankinn sína fyrstu þjóðhagsspá sem byggðist í meginatriðum á sömu forsendum og spá fjmrn. Seðlabankinn hefur ekki birt endurskoðaða spá þannig að ekki liggur fyrir álit annarra hlutlausra aðila á breyttri þjóðhagsspá fjmrn. Það er mjög alvarlegt mál, að mati 1. minni hluta, að Alþingi hafi ekki aðgang að óháðum aðilum til að meta efnahagsforsendur frv.

Herra forseti. Nauðsynlegt er í þessu samhengi að vekja athygli á bréfi sem efh.- og viðskn. sendi fjárln. af svipuðu tilefni. En í bréfi efh.- og viðskn. segir, með leyfi forseta:

„Hjá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur komið til umræðu nauðsyn þess að við nefndasvið Alþingis sé til staðar þekking á hagfræðilegum málefnum. Í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á verkaskiptingu opinberra aðila varðandi umfjöllun um hagfræðileg viðfangsefni telur nefndin brýnt að fjárlaganefnd taki þetta til skoðunar við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2003."

Herra forseti. Því miður fékkst meiri hluti fjárln. ekki til þess að fjalla efnislega um þetta bréf og því var það einungis lagt fyrir en síðan engin afgreiðsla á því. Hins vegar er ekki útilokað að meiri hluti fjárln. sjái að sér og velti þessu máli upp og að hugsanlega verði hægt að nálgast það með því að fara yfir fjárveitingar til Alþingis, en það er augljóst að meiri hluti fjárln. hefur ekki áhuga á því við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2003 að á þessu máli sé tekið.

Í meðfylgjandi áliti 1. minni hluta efh.- og viðskn. eru gerðar alvarlegar athugasemdir við verðlagsforsendur frv. og bent á að ekki er tekið inn í forsendurnar upplýsingar um hækkanir sem nú þegar liggja fyrir. Er þar m.a. bent á áform tryggingafélaga um hækkun iðgjalda og áhrif á boðuðum hækkunum sveitarfélaga t.d. á leikskólagjöldum.

Frv. til fjárlaga fyrir árið 2003 gerði ráð fyrir að útgjöld ríkisins næmu 253,3 milljörðum kr. Við 2. umr. voru útgjöldin hækkuð um 4,3 milljarða og nú við 3. umr. eru útgjöldin enn aukin um 2,5 milljarða kr. Lögð er til hækkun lífeyrisútgjalda og framlaga til hjúkrunarheimila um tæplega 1,7 milljarða kr. samkvæmt samkomulagi ríkisstjórnar og eldri borgara.

Loks hefur ríkisstjórnin séð sóma sinn í að bæta kjör þessa þjóðfélagshóps, en líta verður á þessar úrbætur eingöngu sem fyrsta skref í þá átt að bæta þá skerðingu sem sá hópur hefur mátt þola á undanförnum árum.

Herra forseti. Ekki er óeðlilegt þegar rætt er um útgjöld sem aukist hafa hér á milli umræðna að velta örlítið fyrir sér hvernig útgjöld ríkissjóðs hafa þróast á undanförnum árum. Við blasir þegar tölur eru skoðaðar að frá árinu 1998 til þess sem væntanlega verður í fjárlögum fyrir árið 2003 er útgjaldaaukning þegar frá eru taldar lífeyrisskuldbindingar um 50%. Á sama tíma hefur neysluverðsvísitala hækkað um 24%. Þarna er rúmlega 100% munur á.

Augljóst er að ef útgjöld ríkissjóðs hefðu hækkað eins og neysluverðsvísitala, þá ættum við eftir 50 milljarða. Það skeikar 50 milljörðum ef bornar eru saman tölur frá 1998 og þróun neysluverðsvísitölu til þeirra spáa sem fyrir liggja um árið 2003.

Herra forseti. Ég held áfram með nál. 1. minni hluta.

Hins vegar bendir 1. minni hluti á að nú við lokaafgreiðslu þessa frumvarps er ljóst að ríkisstjórnin ætlar ekki að taka á vandamálum í menntakerfinu. Áður hefur verið bent á þann mikla vanda sem framhaldsskólar eiga við að etja og nú bætast við skólar á háskólastigi. Sérstaklega má benda á vanda sem Háskóli Íslands stendur frammi fyrir. Í minnisblaði sem háskólarektor sendi fjárlaganefnd bendir hann á að menntamálaráðherra hafi verið gerð ítarleg grein fyrir alvarlegri fjárhagsstöðu Háskóla Íslands án þess að viðunandi lausn hafi fengist á henni. Þessa fjárhagsstöðu má m.a. rekja til þess að nemendum hefur fjölgað meira á undanförnum árum en gert var ráð fyrir og að sú launastika sem menntamálaráðuneytið notar til þess að ákveða nemendaframlög hafa ekki hækkað til samræmis við launahækkanir sem kjaranefnd hefur úrskurðað prófessorum og kjarasamninga sem fjármálaráðuneytið hefur gert við félög háskólastarfsmanna. Þetta gerist þrátt fyrir skýlaust ákvæði í samningum við menntamálaráðuneytið um að bæta skuli slíkar hækkanir. Alls er talið að fjárskortur háskólans nemi um 900 millj. kr.

Nauðsynlegt er, herra forseti, að vekja sérstaklega athygli á því að sú breyting sem hér um ræðir, þ.e. annars vegar kjaranefndarúrskurður og hins vegar kjarsamningur sem fjmrn. gerir, er af þeirri gerðinni að ekki er við stjórnendur viðkomandi stofnunar að sakast, heldur er hér í rauninni gerður hlutur sem þeir standa frammi fyrir og verða að bregðast við. Og þannig er það auðvitað mjög víða í ríkiskerfinu

að ekki er brugðist við þegar gerðir eru t.d. kjarasamningar þó svo að þeir séu gerðir miðlægt, af miðstjórninni, sem í fjmrn. situr.

En, herra forseti, það eru miklu fleiri stofnanir og væri hægt að hafa um þær langt mál. Við getum nefnt af handahófi t.d. Þjóðminjasafnið sem til fjölda ára hefur búið við óviðunandi aðstæður. Við getum nefnt stofnanir í B-hluta fjárlaga eins og Ríkisútvarpið og Sinfóníuhljómsveitina og kallar það þá á upprifjun á því að þegar á haustdögum var fjallað um málefni Sinfóníuhljómsveitarinnar var okkur tjáð að nefnd væri að störfum sem mundi ljúka verki sínu innan skamms tíma og örugglega áður en kæmi til afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2003.

Því miður, herra forseti, virðist saga þess starfshóps eða þeirrar nefndar vera söm og svo margra annarra að ekki er störfum lokið og við höfum ekki séð neinn afrakstur af þeirri vinnu. Og því mun staða Sinfóníuhljómsveitarinnar væntanlega því miður halda áfram á þeirri braut sem hefur verið nú um nokkurt skeið, eigið fé allt uppurið og eingöngu safnað skuldum. Því miður vegna þeirrar stofnunar sem ég nefndi einnig, Ríkisútvarpsins, virðist sú stofnun líka vera á svipaðri leið og ekki virðist vera brugðist við á nokkurn hátt.

Á þessu ári var ákveðið að hækka afnotagjöld Ríkisútvarpsins frá og með 1. jan. 2002. Það var ákveðið í samkomulagi við verkalýðshreyfinguna að draga það til baka og ákveðin var ein greiðsla til stofnunarinnar. Nú liggur ekkert fyrir um það hvað tekur við á næsta ári. Ekki hafa borist neinar fréttir af því hvort hækka eigi afnotagjöldin og ef á að hækka þau, hversu mikið á þá að hækka afnotagjöldin? Á þá að taka inn í þá hækkun sem tekin var til baka 1. janúar sl.? Eða hvernig er yfir höfuð verið að velta fyrir sér að bregðast við vanda þeirrar stofnunar?

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2003 gerði ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs næmu 264 milljörðum kr. Nú við 3. umr. eru þær hækkaðar um 7,6 milljarða kr. Gert er ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila skili um 3 milljörðum kr. hærri tekjum vegna endurmats ársins 2002 í kjölfar álagningar sem birt var í október. Má í þessu sambandi vekja athygli á að þessi skattur var einnig hækkaður um 4 milljarða kr. í fjáraukalögum fyrir árið 2002. Þetta þýðir að tekjuskattur lögaðila á árinu 2002 var vanáætlaður um 67% í fjárlögum þess árs.

Herra forseti. Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á þessu því þetta er enn eitt dæmið um hversu slaklega er unnið að áætlanagerð, því miður, og bætist enn í hóp þeirra mörgu atriða sem komið hafa fram um að því miður er ekki nægilega vel staðið að verki, hvorki við vinnslu fjárlaga né fjáraukalaga.

Þá er gert ráð fyrir að auknir skattar á áfengi og tóbak skili um 1,1 milljarði kr., en þessi hækkun hefur bein áhrif á neysluvísitölu og ein afleiðing þess er að skuldir heimilanna hækka um 2 milljarða kr. Þetta sýnir enn betur nauðsyn þess að endurskoða fyrirkomulag á verðtryggingu lána.

Herra forseti. Á undanförnum árum hafa breytingar á tekjuhlið frumvarpsins verið gagnrýndar af 1. minni hluta fjárlaganefndar. Oftar en ekki hefur tekjuhliðin verið notuð til að ná fram æskilegum afgangi og þar af leiðandi ekki verið trúverðug. Ákvörðun um tekjur ríkissjóðs byggist á ýmsum forsendum fyrir þróun efnahagslífs á næsta ári. Eins og fram kemur í meðfylgjandi áliti 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar eru þær forsendur sem tekjuhliðin byggist á afar hæpnar, svo ekki sé meira sagt.

Nú við 3. umr. leggur Samfylkingin fram breytingartillögur sem miða m.a. að því að bæta stöðu stofnana í mennta- og heilbrigðiskerfinu. Þá eru lagðar til ýmsar breytingar sem miða að því að bæta stöðu þeirra sem minna mega sín í þessu velferðarþjóðfélagi. Þá er einnig gerð krafa um hagræðingu hjá ráðuneytum og lækkun kostnaðar. Alls hækka tillögurnar útgjöld um 2,7 milljarða kr. en á móti koma tillögur um hækkun tekna um 800 millj. kr. og hagræðingar- og sparnaðarkröfur upp á 2,4 milljarða kr., eða samtals 3,2 milljarða kr. Nánar verður gerð grein fyrir þessum tillögum í ræðu hér á eftir af hv. þm. Gísla S. Einarssyni. Með þessum tillögum er reynt að bæta það sem brýnast er í þessu frumvarpi en það er langt frá því að með samþykkt þeirra væru öll vandamál úr sögunni. Ljóst er, herra forseti, að fastatök á ríkisfjármálunum bíða nýrrar ríkisstjórnar.

Með þessu frumvarpi er ekki leystur vandi margra ríkisstofnana sem standa höllum fæti. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2001 kemur fram að 101 fjárlagaliður af 511 fór fram úr þeim 4% mörkum sem ákveðin voru í reglugerð um framkvæmd fjárlaga og í sumum tilfellum var stofnað til útgjalda langt umfram þau mörk. Það er óraunhæft að flytja svo mikinn halla á milli ára nema ljóst sé að stofnanir geti hagrætt svo í rekstri að þær ráði við slíka skerðingu. Að sama skapi þarf þá að endurskoða rekstrargrunn þeirra stofnana sem safnað hafa upp fjárheimildum. Því er ljóst að endurskoða þarf reglur sem settar hafa verið um flutning fjárheimilda milli ára þannig að takmörk verði sett á heimilaðan flutning.

Alþingi samþykkir ár hvert fjölda lagabreytinga er varða stofnanir ríkisins. Eftirlitið með framkvæmd laganna er mikilvægur þáttur í allri stjórn á útgjöldum ríkisins til einstakra stofnana og verkefna. Við afgreiðslu síðustu fjárlaga urðu harðar deilur á milli Alþingis og framkvæmdarvaldsins um upplýsingaskyldu hins síðarnefnda. Var kveikjan að þessum deilum beiðni um 300 millj. kr. aukafjárveitingu til einkavæðingarnefndar ríkisins. Í vinnu fjárlaganefndar nú í haust hefur 1. minni hluti lagt fram fjölmargar beiðnir um upplýsingar frá framkvæmdarvaldinu sem ekki hafa borist. Dæmi um þetta er m.a. beiðni um upplýsingar varðandi reiknilíkan framhaldsskóla og beiðni um frekari skýringu á tillögu um 220 millj. kr. aukafjárveitingu til einkavæðingarnefndar. Hvorugri beiðninni hefur verið svarað. Þetta er að mati 1. minni hluta mjög alvarlegt mál.

Herra forseti. Frá því þetta nál. var ritað hefur okkur borist örlítil skýring ef svo má orða frá forsrn. varðandi beiðnina um 220 millj. kr. til einkavæðingarnefndar. Hins vegar er alveg augljóst mál við lestur þess svars að ekki er hægt að telja það til skýringa á þessum 220 millj. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Vegna þess að hv. þm. Sverrir Hermannsson óskar eftir að fá að heyra þetta stutta svar, þá held ég að rétt sé að verða við þeirri beiðni því það tekur ekki langa stund að lesa það. En það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Vísað er til fyrirspurnar fjárln. varðandi sundurliðun á fjárlagalið 01-190-115, útboðs- og einkavæðingarverkefni. Farið er fram á 220 millj. kr. aukafjárveitingu vegna þessara verkefna. Á þessu ári hefur verið unnið að sölu hlutabréfa ríkisins í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. í áföngum. Allur kostnaður við sölu hlutabréfanna færist á þennan fjárlagalið, þ.m.t. sölulaun. Gerðir hafa verið samningar við innlenda og erlenda ráðgjafa um aðstoð við framkvæmd sölunnar. Áætlaður kostnaður fellur að mestu leyti til eftirtalinna aðila: HSBC bankans í London, Landsbanka

Íslands hf., PWC á Íslandi hf., Logos lögmannaþjónustu og Búnaðarbanka Íslands hf., auk kostnaðar vegna þýðinga, skjalavinnslu og fleira."

Herra forseti. Ég held að það sé augljóst mál að þingheimur er miklu nær væntanlega um það hvernig þessar 220 millj. skipast og miklu nær um það hvers vegna um þær er beðið.

Herra forseti. 1. minni hluti ítrekar það álit sitt sem fram kom við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2002 að það sé hlutverk framkvæmdarvaldsins að sjá til þess að vilji Alþingis nái fram að ganga. Nauðsynlegt er að Alþingi sé á hverjum tíma vel upplýst um framkvæmd laga. Það verður síst gert með því að torvelda Alþingi aðgang að upplýsingum og jafnvel koma algerlega í veg fyrir að umbeðnar upplýsingar berist. Slík vinnubrögð eiga ekki að tíðkast í lýðræðisþjóðfélagi.

Herra forseti. Ég hef lokið að gera grein fyrir nál. 1. minni hluta fjárln., en í þeim minni hluta eru auk mín hv. þm. Gísli S. Einarsson og Margrét Frímannsdóttir.

[14:44]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vakti athygli mína að hv. síðasti ræðumaður gerði að umtalsefni innanhússpóst sem barst fjárln. frá efh.- og viðskn. Ég skildi nú aldrei hvað þetta bréf var að þvælast þarna milli nefnda og vissi aldrei til þess að fjárln. Alþingis hefði neitt með það að gera hver menntunin væri hjá starfsmönnum nefndasviðs. Ég held að þetta hafi verið algjör misskilningur og enn þá meiri misskilningur hjá hv. þm. að gera þetta að umræðuefni eins og hér væri eitthvað sem við ættum að tala saman um.

Í öðru lagi, herra forseti, langar mig mjög til að fræðast um þá nýju kenningu um hvað væri eðlileg hækkun á ríkisútgjöldum. Fram kom hjá hv. þm. að þarna vantaði 50 milljarða, vegna þess, eins og ég skildi það, að ríkisútgjöldin hefðu átt að hækka í takt við neysluvísitölu. Það er afar merkilegt ef þessi kenning er búin að sjá dagsins ljós og gaman þá að vita í hverju hún er fólgin ef við ættum að miða hækkun ríkisútgjalda við neysluvísitölu. Það var þá alveg óháð öllu öðru. Var það alveg óháð því hvort hagvöxtur væri í landinu, hvort hann væri mikill eða stór plús, eða hvort hann væri í mínus, hvort þjóðinni væri að fjölga eða hvort viðskiptakjörin væru að batna eða versna o.s.frv. Hvernig ætla menn að útfæra þessa nýju hagfræðikenningu um hækkun ríkisútgjalda?

[14:45]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er augljóst mál að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hlustar með sínum eyrum, og síðan tekur við kvörnin sem þar er fyrir innan og leiðréttir og breytir eftir því sem henta þykir. Það var enginn að tala um kenningu um eitt eða neitt, hv. þingmaður, heldur var eingöngu verið að benda á viðmið. Þingmaðurinn má svo sannarlega koma með önnur viðmið, og við skulum bera aukin útgjöld ríkissjóðs saman við hvaða viðmið sem koma skulu. Það sem ég var að benda á var að við hlytum að velta því fyrir okkur hvort útgjöld ríkissjóðs væru eðlileg eða hvort þau hefðu vaxið óeðlilega mikið. Þess vegna benti ég m.a. á þessa þróun og bar þetta saman. Við getum vissulega sótt fleiri vísitölur og ég er nokkuð viss um það, hv. þingmaður, að við komumst yfirleitt að þeirri niðurstöðu að ríkisútgjöldin hafi vaxið meira.

Hv. þm. byrjaði ræðu sína á því að hann skildi ekki ákveðið bréf sem borist hefði frá efh.- og viðskn. Það getur vel verið að það hafi farið algjörlega fram hjá hv. þingmanni en á þessu ári var Þjóðhagsstofnun lögð niður og í kjölfarið voru settar upp sérstakar deildir í fjmrn., hjá Hagstofu, einnig hjá forsrn. og enn fremur hjá Alþýðusambandi Íslands. Og nú er verið að bæta við hjá öðrum launþegahreyfingum í landinu, 10 millj. kr. er gerð tillaga um nú við þessa umræðu.

Þess vegna kom það upp í umræðunni þegar verið var að leggja niður Þjóðhagsstofnun hvort ekki væri eðlilegt að hluti af því sem þar var færi inn til þingsins. Ég man ekki betur en bæði hæstv. forsrh. og síðan hæstv. fjmrh. hafi tekið undir þau sjónarmið að vissulega kæmi vel til greina að athuga hvort ekki mætti gera slíkt. Og það bréf sem ég gerði að umræðuefni er einmitt árétting efh.- og viðskn., tel ég, á því að eðlilegt væri að skoða slíka hluti.

Málið er það, hv. þingmaður, að það er efh.- og viðskn. sem sendir þetta bréf. Það er undirritað af nefndarritara fyrir hönd formanns efh.- og viðskn. og ég veit ekki betur en að nefndin hafi verið samdóma um að senda þetta bréf.

[14:48]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst í fjárreiðulögunum að það er forsn. Alþingis sem tekur ákvörðun um það hver útgjöld Alþingis skuli vera og sendir þær beiðnir til fjárln. Þetta kemur alveg skýrt fram. Bréfaskriftir milli einstakra nefnda um það hvernig haga eigi útgjöldunum eða hvort eigi að auka þau eða ekki koma þessu máli ekkert við.

Í öðru lagi gleðst ég yfir því að sú hagfræðikenning sem ég hélt að væri í uppsiglingu er ekki til. Það er engin vísitala til sem segir neina sögu um hækkun ríkisútgjalda. Það er engin vísitala á því nema þá vísitala ríkisútgjalda ef við berum hana saman við sjálfa sig. Ríkisútgjöldin hækka vegna þeirrar pólitísku afstöðu sem stjórnarflokkarnir taka. Það eru tvær meginástæður fyrir því að við höfum hækkað ríkisútgjöld í krónutölu, ekki sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, í fyrsta lagi höfum við borgað niður skuldir í mjög stórum stíl og í öðru lagi höfum við verið að tryggja það á umliðnum tíu, tólf árum að Ísland héldi áfram að vera forusturíki sem velferðarríki í heiminum. Það hefur verið tryggt þennan tíma og til þess hafa peningarnir verið notaðir.

[14:49]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að útgjöldin hafa að sjálfsögðu verið ákveðin með pólitískum ákvörðunum stjórnarflokkanna. Um það efast ekki nokkur maður. En vegna þess að hv. þm. hefur á stundum verið talsmaður þess að það þyrfti að fara varlega í að auka útgjöld ríkisins taldi ég að hugsanlega væri hægt að fá örlítinn stuðning frá hv. þingmanni við það að við veltum fyrir okkur hvort öll þessi þróun væri eðlileg, þ.e. að ríkisútgjöldin virtust vaxa, mér liggur við að segja nær stjórnlaust, en hv. þm. hefur bent okkur á að því sé víðs fjarri. Hann og félagar hans í ríkisstjórnarflokkunum bera fulla ábyrgð á því.

Ég held samt, hv. þingmaður, að það væri fróðlegt að skoða mjög nákvæmlega hversu mikið hefur verið borgað niður af skuldum, hvernig skuldastaða ríkissjóðs hefur þróast og kanna hvort það sé algjörlega víst að menn hafi fyrst og fremst aukið útgjöldin vegna þess að skuldir hafi verið greiddar niður plús það að viðhalda auðvitað velferðarkerf-

inu. En spurningin er líka þessi: Getur ekki verið að einhver hluti af hinum auknu ríkisútgjöldum hafi farið til ýmissa annarra þátta en hv. þm. nefndi áðan? (**EOK:** Ég mun bera ...)

[14:50]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér hafa hv. þm. stjórnarandstöðunnar kvartað undan ræðum sem ég tel að komi fyrst og fremst að kjarna málsins en séu ekki endurtekning og margþulin tugga eins og mér fannst vera í málflutningi hv. þingmanns sem hér talaði áðan.

Þegar litið er yfir þau atriði sem hann gerði að umræðuefni má nefna lélega fjármálastjórn ríkisins, að fjárhagur stofnananna sé brostinn, atvinnuleysi hafi aukist um brot úr prósentu, þjóðhagsspáin hafi lítið breyst. Við þurfum óháða aðila í þjóðhagsspá, hærra band í menntakerfinu, og Þjóðminjasafnið, Sinfóníuhljómsveitin og RÚV eru í einhverjum vanda. Hafa menn heyrt þetta fyrr? Er verið að óska eftir því að formaður fjárln. eyði tíma hv. þingmanna í að lesa þetta upp eins og hv. þm. gerði hér háðan?

Ég tel að honum séu mjög mislagðar hendur. Hann eys hér útgjaldatillögum Samfylkingarinnar yfir okkur, hv. þingmenn, á sama tíma og það vantar algjörlega framtíðarsýn. Það kemur engin framtíðarsýn frá hv. þingmanni um tekjuöflun eða breytingar í þjóðfélaginu sem gætu staðið undir þessum skefjalausu tillögum um útgjöld. (Gripið fram í.)

Ég vil líka láta koma fram að Þjóðminjasafnið fær 15 millj. kr. núna á milli 2. og 3. umr. Vandi Sinfóníuhljómveitarinnar er fyrst og fremst vegna lífeyrissjóðsmála og vandi RÚV verður sérstaklega tekinn til bæna og athugunar hjá menntmrn. og þinginu þegar þar að kemur.

[14:52]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hægt að fagna því að það hefur lifnað örlítið yfir hv. þingmanni. Það er örlítið meiri mannsbragur á hv. þingmanni en verið hefur fram eftir degi, og það ber að fagna því alveg sérstaklega.

Það er hins vegar afar sérkennilegt hvernig hann hlustar. Ég gerði það að umræðuefni áðan hvernig hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hlustar. Ég heyri að samvinna þeirra í fjárln. hefur greinilega m.a. falist í því að þeir hafa vanið sig á það að hlusta afar sérkennilega. Hv. þm. fullyrðir að ég hafi eingöngu dembt yfir menn útgjaldatillögum Samfylkingarinnar. Það er augljóst að hann hefur ekki tekið eftir því að útgjaldatillögunum fylgja tillögur um auknar tekjur, þ.e. þegar þessar tillögur eru samanlagðar er aukinn afgangur í ríkissjóði. Ég ætla því að vona að hv. þingmaður fylgist grannt með þegar hv. þm. Gísli S. Einarsson fer nákvæmlega yfir þessar tillögur á eftir og sitji þá við og skrifi hjá sér tölur, leggi síðan saman og dragi frá. Þá ætti hann að komast að þeirri einföldu niðurstöðu.

Varðandi hins vegar framtíðarsýnina er það út af fyrir sig alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að í ræðu minni fór ég ekki nákvæmlega yfir það hvað gera þyrfti. Það var hins vegar ósköp einföld ein setning sem sagði það sem hv. þm. þarf að læra. Það er augljóst mál að þessi verkefni bíða nýrrar ríkisstjórnar. Hjá því verður ekki komist. Núv. ríkisstjórn er að sigla inn í sinn síðasta vetur. Það verður skipt um ríkisstjórn í vor og þá, hv. þingmaður, skal ég lofa þér að ekki verður skortur á framtíðarsýn.

[14:54]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að hlífa hv. þingmanni við því að rifjað sé upp hvað beið ríkisstjórnarinnar nýju 1995 þegar flokkur sem hann studdi á þeim tíma (**Gripið fram í:** Ha?) fór frá völdum og ég tel að á síðustu átta árum hafi tekist þannig til í ríkisfjármálum í samvinnu Sjálfstfl. og Framsfl. að það hafi orðið gjörbylting. Staða ríkissjóðs er öll önnur en áður. Afgangur hefur verið af fjárlögum. Stöðugleiki hefur verið tryggður jafnhliða því sem velferðarkerfið hefur verið styrkt. Allt er þetta árangur sem hefur náðst vegna fyrirhyggju, aðhalds og skynsamlegrar stefnu ríkisstjórnarinnar. Þetta tel ég að þingmaðurinn verði að hafa í huga þegar hann kemur hér með gagnrýnismál sín.

Að sjálfsögðu, hv. þingmenn, bíða alltaf nýrrar ríkisstjórnar ný verkefni. Það verður aldrei öðruvísi. Og að sjálfsögðu er ekki hægt að verða við öllum útgjaldabeiðnum. En ég tel að hv. þm., sem hefur óskað hér eftir löngum ræðum og gefið okkur sýnishorn af því hvernig hann telur að ræður eigi að vera, sem eru ekkert annað en endurtekning og löngu heyrðar tillögur sem hafa farið fram við 2. umr. og fjáraukalög, bjóði ekki upp á ræðumennsku sem hjálpi þinginu í að afgreiða vel þær tillögur sem hér eru fyrir okkur lagðar. Ég hvet hv. þingmann til þess að stytta mál sitt og komast yfirleitt að kjarna þess.

[14:56]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn kemur hv. þm. með skýringar á sínum sérstaka ræðustíl. Hv. þm. hefur sem sagt vanið sig á það að endurtaka aldrei eitt eða neitt af því sem hann hefur sagt áður eða yfir höfuð nokkuð sem annar maður hefur sagt áður. Nú skiljum við vel hvernig á því stendur að ræður hans hafa farið í þessa átt og styttast stöðugt og látlaust. Það mun væntanlega enda á því á vordögum að hv. þm. verður hættur að halda ræður.

Herra forseti. Það var sérkennilegt þetta stórskot á samstarfsflokkinn í ríkisstjórn þegar hv. þm. rifjaði upp hvernig ástand mála var 1995 þegar bjargvætturinn, Framsfl., kom upp að hliðinni á Sjálfstfl. og hefur greinilega náð því á þessum átta árum að leiða hann rétta leið. Það er augljóst mál að Sjálfstfl. hefur ekki kunnað eitt eða neitt til verka þegar Framsfl. hitti hann og myndaði með honum ríkisstjórn. Ég vona að hv. þingmenn Sjálfstfl. séu sammála þessu.

Hins vegar verð ég að segja hv. þingmanni það, og ekki til hróss vegna þess að það er augljóst mál að hv. þm. kann ekki mikið í sögu stjórnmálaflokka, að ég studdi hvorugan þann flokk sem var í ríkisstjórn frá 1991–1995. Og ég hef hvorugan ríkisstjórnarflokkinn stutt frá 1995 til þessa dags.

En, hv. þingmaður, ég vona svo sannarlega að ég verði í flokki sem myndar næstu ríkisstjórn.

[14:57]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frhnál. um frv. til fjárlaga fyrir árið 2003 hér við 3. umr. Í frv., með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á því við 2. umr. og brtt. meiri hlutans nú við 3. umr., er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs á næsta ári verði 271,6 milljarðar kr. Heildarútgjöld ríkissjóðs eru áætluð um 260 milljarðar kr. Tekjuafgangur ríkissjóðs er því áætlaður 11,5 milljarðar. Ef miðað er við fjárlög þessa árs hækkuðu rekstrargjöld ríkissjóðs um 5% frá því sem

samþykkt var á fjárlögum 2002 og því sem nú liggur fyrir við samþykkt fjáraukalaga. Ef miðað er við að það sama mundi gerast á þessu ári má gera ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs fari í tæpa 273 milljarða kr. á árinu 2003. Ljóst er því að ef gjöldin þróast eins og á síðasta ári þurfa að koma til auknar tekjur af hálfu ríkissjóðs ef hann á í raun að skila afgangi.

Ef tekjur af sölu ríkiseigna eru dregnar frá hverfur mesti glansinn af árangri ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Afkoma ríkissjóðs er þá í besta falli í járnum þau missiri sem hún hefur setið.

En víkjum aðeins að vinnu við fjárlagagerðina sjálfa. Ríkisstjórnin leggur fram frv. til fjárlaga í upphafi þings. Að því búnu fer það til fjárln. til frekari umfjöllunar. Sú hefð hefur skapast að við 2. umr. eru lagðar fram meginbreytingar þingsins á gjaldahlið frv. en við 3. umr. er lögð fram endurskoðuð tekjuáætlun fyrir næsta ár og jafnframt þær efnahagsforsendur sem ríkisfjármálin næsta ár byggjast á.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð bendir á að eðlilegra væri að við 2. umr. væri fjallað um tekjuáætlunina, efnahagsforsendur og stefnu í ríkisfjármálum. Við þá umræðu væri tekjuhlið frumvarpsins ákveðin en við 3. umr. væru útgjöldin endanlega ákveðin. Það er góður siður á heimilum að telja fyrst í buddunni og ákveða síðan útgjöldin. Þannig ætti það einnig að vera hjá Alþingi gagnvart ríkisfjármálunum.

Virðulegi forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð bendir enn fremur á nauðsyn þess að Alþingi hafi sjálfstæða ráðgjafa í efnahagsmálum. Í dag verður Alþingi að reiða sig á útskýringar sérfræðinga framkvæmdarvaldsins því nú er það fjármálaráðuneytið sem gefur út endurskoðaða þjóðhagsspá sem fjárlagafrumvarpið byggist á. Nauðsynlegt er að Alþingi hafi eigin stofnun sem starfar með Alþingi í efnahagsmálum og fjármálastjórn ríkisins. Í þessu sambandi má nefna að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fluttu tillögu til þingsályktunar á síðasta löggjafarþingi þess efnis að sett yrði á fót nefnd til að meta kosti þess að Þjóðhagsstofnun yrði færð undir Alþingi. Í greinargerð með þeirri tillögu kom fram að eitt meginhlutverk Þjóðhagsstofnunar væri að fylgjast með framvindu efnahagsmála, meta árangurinn af efnahagsstjórn ríkisstjórnar á hverjum tíma og líklegar afleiðingar ráðstafana í efnahagsmálum. Því gæti tæpast talist heppilegt að stofnunin heyrði beint undir forsætisráðuneytið eða annað ráðuneyti framkvæmdarvaldsins sem fer með yfirstjórn efnahagsmála. Frá því að þessi tillaga var lögð fram hefur Þjóðhagsstofnun verið lögð niður. Því hafa enn dofnað möguleikar Alþingis til að fá óvilhalla menn til að meta árangurinn af efnahagsstjórninni og horfur í efnahagsmálum. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja þunga áherslu á að úr þessu verði bætt og að komið á fót sérstakri efnahagsstofu á vegum Alþingis sem hafi það hlutverk að veita alþingismönnum ráð við meðferð og mat á efnahagsmálum, efnahagsforsendum og veita ráðgjöf í þeim efnum.

Herra forseti. Ef litið er á einstök atriði í fjárlagafrv. liggur ljóst fyrir að hinn gífurlegi fjárhagsvandi framhaldsskólanna er hvergi nærri fullleystur þó að nokkuð hafi þar verið úr bætt. Það hefur komið fram í umræðunni að skólastjórnendur hafa gagnrýnt það reiknilíkan sem notað er til að ákvarða fjárveitingar til skólanna. Gagnrýnin hefur beinst að því að reiknilíkanið sé ekki nógu vel aðlagað að mismunandi starfsemi þeirra. Framhaldsskólar á landsbyggðinni hafa kvartað undan því að ekki sé tekið nægjanlegt tillit til aukins kostnaðar, t.d. vegna fjarlægðar skólanna frá höfuðborginni, þaðan sem vörur og þjónusta er keypt og fundir haldnir. Þá hafa verkmenntaskólar gagnrýnt að búnaður verknámsdeilda og tölvumála sé stórlega vanmetinn. Félag framhaldsskólakennara hefur einnig í ályktun gagnrýnt fjárlagafrumvarpið og fjárveitingar til framhaldsskólanna.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa í málflutningi sínum lagt áherslu á menntamálin og að auknum fjármunum verði varið til þess málaflokks. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur þau vinnubrögð sem meiri hlutinn hefur stundað varðandi menntamálin séu alls ekki til eftirbreytni og þar þurfi gjörbyltingu á. Það verður að taka á rekstrarvanda framhaldsskólanna og skapa þeim lífvænleg rekstrarskilyrði þannig að þeir geti sinnt skyldu sinni og vaxandi kröfum.

Sé litið til heilbrigðiskerfisins, sem einnig hefur mikið verið til umræðu hér og stór hluti fjárlaganna beinist að, þá er fjárhagsvandi þess mikill. Í lok ársins 2001 var rekstur 22 heilbrigðisstofnana umfram fjárheimildir og var samanlagður vandi þeirra um 1,6 milljarðar kr. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings kemur enn fremur fram að rekstrarhalli Landspítala – háskólasjúkrahúss hafi verið 858 milljónir kr. en samkvæmt frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2002 og tillögum ríkisstjórnarinnar til fjárlaganefndar við 2. umr. nemur fjárhagsvandi hans um 2,3 milljörðum kr. Ljóst er, og það er góðra gjalda vert, að ríkisstjórnin er að einhverju leyti að taka á fjárhagsvanda Landsspítalans. Það hefur þó ekki komið nægilega skýrt fram hvað veldur því að sú stofnun fer stöðugt fram úr fjárlögum sínum. Nokkuð ljóst virðist þó vera að ástæðan sé sambland af skipulagsskekkjum í heilbrigðisþjónustunni á undanförnum árum og óraunhæfum fjárveitingum.

Þvert á opinbera stefnu í heilbrigðismálum hefur heilbrigðisþjónustan markvisst verið að þróast í tvöfalt kerfi, kerfi einkavæddrar sérfræðiþjónustu annars vegar og opinberrar heilsugæslu á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum hins vegar. Mikilvægt er að snúa af braut einkavæðingar í heilbrigðismálum sem núverandi ríkisstjórn hefur hleypt af stað og vaxið hefur hröðum skrefum á sl. átta árum. Af frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003 og fjáraukalagafrumvarpi fyrir árið 2002 má sjá að alltaf er verið að laga stöðu sjúkrastofnana hér í Reykjavík. Það er vel og nauðsynlegt. En heilbrigðisstofnunum úti um land er ætlað að halda kostnaði innan fjárlagaramma síns svo sem eðlilegt er.

Aukning á fjárheimildum til heilbrigðismála kemur þó aðallega fram hjá sjúkrastofnununum hérna í Reykjavík en ekki á landsbyggðinni. Með þeirri stefnu er verið að skekkja uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar í landinu. Virðist sem stefna stjórnvalda sé að reyna að stefna öllum til Reykjavíkur sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir þeirri stefnu og leggur áherslu á öfluga heilbrigðis- og sjúkraþjónustu um allt land svo að allir fái notið nauðsynlegrar þjónustu í heimabyggð.

Vandi menntakerfisins er kannski hve augljósastur þegar kemur að Háskóla Íslands. Öflugt menntakerfi með fjölbreyttu námsframboði er forsenda framfara og hagvaxtar. Jafnrétti til náms, óháð fjárhag og búsetu, skiptir miklu máli. Það er mikill áfellisdómur sem forsvarsmenn framhaldsskólanna hafa kveðið upp um framkvæmd menntastefnunnar sl. áratug og lýst hefur verið í ályktunum samtaka þeirra. Dapurlegt er að sama sinnuleysið hefur ríkt t.d. gagnvart Háskóla Íslands. Það er dagljóst að verið er að þvinga fram

einkavæðingu á einstökum deildum Háskóla Íslands eða á skólanum öllum. Er leynt og ljóst verið að krefjast þess að skólinn sæki æ stærri hluta rekstrar síns í vasa nemenda. Í fylgiskjali með nefndarálitinu er einmitt grein eftir Pál Skúlason háskólarektor sem birtist í Morgunblaðinu 3. des. sl. og ber yfirskriftina „Vill Alþingi skólagjöld?"

Virðulegi forseti. Ég get svarað því strax og fyrir hönd okkar flokks, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að við viljum ekki skólagjöld. Við viljum öflugt skólastarf, öfluga skóla þar sem allir eiga jafnt aðgengi, óháð efnahag. Þannig á Háskóli Íslands að eflast. En það er ljóst að Háskóla Íslands vantar fjármagn ef hann á ekki að lenda í rekstrarhalla á næsta ári. Áætlanir menntamálaráðuneytisins um fjárþörf Háskóla Íslands eru ekki í samræmi við fjárþörf hans. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur að bæta þurfi úr þeim rekstrarvanda sem Háskóli Íslands nú glímir við.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs benda á að gera þurfi Háskóla Íslands kleift að vaxa og dafna sómasamlega. Jafna þarf fjárhagsstöðu ríkisháskóla og einkarekinna háskóla. Það er ekki sanngjarnt og veikir samkeppnisstöðu ríkisháskóla að einkaháskólar geti innheimt skólagjöld af nemendum sínum, umfram það sem ríkisháskólum er heimilt að gera, þótt þeir fái sömu fjárframlög frá ríkinu og ríkisháskólarnir. Þetta er meðal annars í andstöðu við það sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum þar sem einkaskólar þurfa að velja um hvort þeir taki skólagjöld eða þiggi ríkisframlög til jafns við ríkisskóla. Virðulegi forseti, Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ávallt mótmælt innleiðingu skólagjalda enda er það í andstöðu við stefnu hennar í menntamálum.

Víkjum aðeins að fjáröflun ríkissjóðs. Yfirstandandi kjörtímabil þessarar ríkisstjórnar, sem nú er senn á enda, hefur einkennst af aukinni skattheimtu af tekjum þeirra sem eru með lágar tekjur eða miðlungstekjur. Hefur þetta einkum og sér í lagi gerst sökum þess að skattleysismörk hafa hvergi nærri fylgt launa- og verðlagsþróun. Þá hefur allt núverandi valdatímabil ríkisstjórna Sjálfstæðisflokksins, fyrst með Alþýðuflokknum og nú með Framsóknarflokknum, einkennst af stórhækkuðum notendagjöldum í heilbrigðiskerfinu, menntakerfinu og í atvinnulífinu öllu án þess að það hafi leitt til lækkunar beinna skatta á almenningi.

Nýjasta dæmið er fjármögnun á samningi ríkisstjórnarinnar við samtök aldraða. Þrátt fyrir góðæri undanfarinna ára verður að leggja á nýja skatta til að mæta þeim litlu leiðréttingum sem verið er að gera á kjörum aldraða.

Vert er að vekja athygli á að stimpilgjöld hafa verið mjög óréttlátur skattur. Gefið hafði verið loforð um að hann yrði lækkaður verulega eða felldur út. Nú er það afturkallað og talið tæknilega illviðráðanlegt þannig að sá skattur stendur að fullu áfram.

Skattar á hátekjufólk hafa verið lækkaðir og sömuleiðis tekjuskattur fyrirtækja. Áfram er fjármagnseigendum ívilnað í sköttum. Einkavæðing almannaþjónustu og sala á þjónustustofnunum hins opinbera hefur verið hornsteinn hugmyndafræði þessarar ríkisstjórnar. Söluandvirði þessara eigna er svo tekið inn í almennan rekstur ríkissjóðs. Öllum er ljóst að fjáröflun á þeim grunni getur ekki drifið ríkissjóð áfram til lengdar. Það er því miður staðreynd að ekki er hægt að selja sömu eignina tvisvar og það mun þessi ríkisstjórn reyna.

Að lokum segir í nál. 2. minni hluta að Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggi áherslu á að ríkisfjármálum sé beitt til að auka jöfnuð í samfélaginu. Mikilvægt er að létta af þeirri spennu sem hefur magnast á síðustu árum vegna aukins tekjumunar í þjóðfélaginu og kerfisbundinnar mismununar á lífskjörum fólks. Öllum þegnum þjóðfélagsins skulu tryggð mannsæmandi lífskjör. Það á að vera aðalsmerki hins samábyrga velferðarsamfélags að svo sé. Öll mismunun á lífskjörum leiðir til hættulegrar spennu og þenslu í þjóðfélaginu sem og til röskunar fjölskyldubanda, byggðar og atvinnulífs.

Gegn þessu ójafnvægi verður að berjast með öllum tiltækum ráðum. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja til að tekjum ríkisins verði í auknum mæli varið til menntunar og rannsókna, framlög til umhverfismála verði aukin og að tekið verði upp „grænt bókhald" þegar meta skal arðsemi í rekstri og framkvæmdum.

Mikil byggðaröskun, stöðugir fólksflutningar á höfuðborgarsvæðið og sá mikli viðskiptahalli sem við höfum búið við undanfarin ár sýndi ótvírætt að viðskipta- og þjónustugeirinn á suðvesturhorninu hafði vaxið langt umfram það sem aukning í þjóðarframleiðslu gaf tilefni til. Þessu verður að snúa við til að við náum eðlilegum hagvexti og jafnvægi í viðskiptum og greiðum niður skuldir þjóðarbúsins við útlönd.

Á síðustu árum hefur þróast hér hagkerfi, efnahags- og atvinnulíf sem hefur nærst á viðskiptahallanum og er orðið háð honum. Við munum reyna en það verður þrautin þyngri að snúa af þeirri braut. Krafa um hagræðingu sem tekur einungis tillit til tímabundinna arðsemiskrafna fjármagnseigenda og ofurtrú á hagkvæmni stærðarinnar hefur villt stjórnvöldum sýn og leitt atvinnulífið inn á villigötur sem þjóðin öll sýpur nú seyðið af.

Virðulegi forseti. Hér verður að breyta um stefnu. Það verður að stöðva einkavæðingu almannaþjónustunnar. Búa þarf atvinnulífinu þá umgjörð að fólk og fjármagn leiti aftur til þeirra atvinnugreina sem stuðla að varanlegri verðmætaaukningu í þjóðfélaginu og þar með raunhagvexti. Beina þarf athyglinni að litlum og meðalstórum fyrirtækjum þar sem hugvit og framtak sérhvers einstaklings fær notið sín og atvinnurekstri sem er í takt við íslenskar aðstæður, í takt við íslenskan veruleika og byggir á sjálfbærri nýtingu náttúrauðlindanna. Takist þetta, virðulegi forseti, þá mun byggjast upp blómlegt atvinnulíf á raunsönnum grunni um allt land.

Það er í þessum stóru málaflokkum sem Vinstri hreyfinguna – grænt framboð greinir á við stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar um forgangsröðun, áherslur og pólitíska sýn í efnahags- og fjármálastjórn ríkisins.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir nál. 2. minni hluta fjárln. Með nál. þessu eru fylgiskjöl, m.a. grein Páls Skúlasonar, sem ég minntist á áðan, í Morgunblaðinu 3. des. árið 2002, sem bar yfirskriftina „Vill Alþingi skólagjöld?" Háskólarektor bendir þar á að með óbreyttri stefnu í menntamálum, eins og þessi ríkisstjórn hefur rekið hana á undanförnum árum, er verið að þvinga Háskóla Íslands og menntakerfið allt inn í skólagjaldamenntakerfi þar sem nemendur verða krafnir um æ stærri hlut í rekstri skólanna. Þessari stefnu sem keyrð er áfram af hálfu ríkisvaldsins, af hálfu ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl., í beinni og óbeinni einkavæðingu skólakerfisins, er Vinstri hreyfingin – grænt framboð andvíg. Hún vill að jöfnuður ríki til náms og að ríkisvaldið standi af myndarskap að menntastofnunum sínum. Í því liggur framtíðarvöxtur og velferð þessa þjóðfélags.

Þá er í fylgiskjali með nál. umfjöllun um stöðu Sementsverksmiðjunnar á Akranesi. Mikil umræða hefur verið

um stöðu hennar á síðustu vikum og hafa þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs beitt sér fyrir tillöguflutningi hér á Alþingi til að efla og styrkja stöðu og verkefni Sementsverksmiðjunnar á Akranesi og sömuleiðis að styðja við bak hennar í erfiðri samkeppnisstöðu við erlent stórfyrirtæki sem flytur inn sement í samkeppni á meintu undirverði, að því er látið hefur verið í veðri vaka.

Það er afar mikilvægt að standa vörð um Sementsverksmiðjuna. Ég vil vekja athygli á því að í umfjöllun um fjárlögin í fjárln. var komin inn sú tillaga að selja skyldi Sementsverksmiðjuna alla, að hún skyldi öll sett á sölulista. En við lokaafgreiðslu fjárlaga úr nefndinni féllst meiri hlutinn sem betur fer á og beitti sér fyrir því að söluheimildin yrði tekin út þannig að eftir stæði einungis heimild til að selja 25% hlut. Áður hafði sá sem hér stendur mótmælt því í nefndinni að verksmiðjan yrði öll sett á sölulista.

Í nál. 2. minni hluta er einnig fylgiskjal, grein sem ber yfirskriftina „Á meðan ráðherrann sefur". Þetta er grein eftir okkur hv. þm. Árna Steinar Jóhannsson og birtist í Morgunblaðinu í dag þar sem verið er að að lýsa því hvernig stjórnvöld virðast sofa, að því er virðist svefninum langa, í stað þess að taka á með Sementsverksmiðjunni og styrkja hana. Það er vonandi að sú stefnubreyting sem varð við það að fella burtu söluheimildina á verksmiðjunni sé tákn um að nú ætli stjórnvöld að taka varanlega og myndarlega á með Sementsverksmiðjunni á Akranesi.

Virðulegi forseti. Það eru örfá atriði enn sem ég hefði viljað minnast á, m.a. að í þessu frv. til fjárlaga eru hvorki meira né minna en 80 jarðir eða jarðarhlutar settir á sölulista. Ég hef aldrei séð það fyrr. Þó að margar jarðir hafi komið inn á sölulista á undanförnum árum hefur fjöldinn aldrei verið sem nú. Áfram búum við við það að landbrn. eða ríkisvaldið hefur hvergi kynnt stefnu í meðferð á ríkisjörðum eða ríkiseignum. Þarna virðist bara af handahófi tekin ákvörðun um að setja bunka af ríkisjörðum á sölulista.

Það er mat okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að eðlilegt væri að selja bújarðir til ábúenda sem nýta þær og búa á þeim. Sömuleiðis má huga að því hvernig einstökum jörðum er ráðstafað til að styrkja byggð og búsetu á viðkomandi svæðum. En gjörsamlega skipulagslaus sala á jörðum, að því er manni virðist, finnst mér ekki sæmandi vinnubrögð. Landbrn. hefur ekki lagt fram neina stefnu eða skilgreiningu á því hvernig og hvers vegna þessar jarðir eru valdar og settar í sölu. Það hefur færst allt of mikið í vöxt að jarðir séu seldar hæstbjóðanda. Það geta verið eigendur sem koma og eiga þar engra annarra hagsmuna að gæta en að komast yfir þessar jarðeignir, gjarnan hlunnindaeignir. Eignarhald á þeim getur hins vegar rýrt búskap og búskaparmöguleika á jörðum sem nærliggjandi eru. Ég geri mjög alvarlegar athugasemdir við stefnu ríkisstjórnarinnar eins og hún birtist í þessu, að bunki jarða, nærri 80 jarðir og jarðarhlutar séu settir til sölu án þess að nokkur greinargerð fylgi um stefnu eða skipulag varðandi jarðeignir ríkisins eða hvernig mætti verja þessum jörðum til styrktar búsetu í nágrenni þeirra ef nauðsynlegt er talið að selja þær.

Þá vil ég og gera hér að umtalsefni, herra forseti, spurningar sem ekki hefur verið svarað. Hæstv. iðnrh. hefur ekki verið hér til staðar og vil ég þá beina spurningu minni til hæstv. fjmrh. ef hann gæti látið svo lítið að hlýða á þær, hann ber jú ábyrgð fyrir hönd framkvæmdarvaldsins á framlagningu fjárlagafrv. og því sem þar er.

Það kom fram í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, formanns þingflokks framsóknarmanna, í morgun að hann teldi að ekki væri unnið samkvæmt samþykktri byggðaáætlun frá því í vor. Hann vék að því að í nál. meiri hluta iðnn. við afgreiðslu á þáltill. um stefnu í byggðamálum hafi verið kveðið á um að það væri forgangsverkefni að styrkja varanlega rekstur atvinnuþróunarfélaganna ásamt eignarhaldsfélögum og atvinnuþróunarsjóðum. Þetta kemur fram í 7. lið í þessu nál. um stefnu í byggðamálum frá meiri hluta iðnn. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Nefndin telur jafnframt mikilvægt að styrkja varanlega rekstur atvinnuþróunarfélaganna ásamt eignarhaldsfélögum og atvinnuþróunarsjóðum."

Nú liggur fyrir að samkvæmt þessu fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að þessi eignarhaldsfélög séu lögð niður og fjármagni sem til þeirra hafi verið ætlað sé varið beint í byggðaáætlunina sjálfa, þ.e. til ákveðins sjóðs sem ætlunin er að setja upp á Akureyri.

Í máli hv. formanns þingflokks framsóknarmanna kom fram að þessi ákvörðun væri ekki aðeins í andstöðu við nál. á bak við samþykkt stefnunnar í byggðamálum í vor heldur hefði þessi ákvörðun, að fella niður eignarhaldsfélögin, heldur ekki verið borin undir þingflokk Framsfl. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Í hvers umboði er þessi breyting sett fram, að leggja niður eignarhaldsfélögin, taka af þeim það fjármagn sem þeim hefur verið ætlað og meiri hluti iðnn. sagði eina mikilvægustu forsendu samþykktar á stefnu í byggðamálum á sl. vori?

Ég tel persónulega að það sé röng ákvörðun að leggja niður eignarhaldsfélögin. Þau höfðu mikið hlutverk, hafa komið að góðum notum og styrkt og eflt einstök fyrirtæki. Vissulega þurfti að gera nokkrar breytingar á formi úthlutunarinnar þannig að hún kæmi enn betur að notum. Þessi ákvörðun er hins vegar ekki tekin á þeim grunni heldur virðist þetta einhliða aðgerð, alla vega ekki með samþykki þingflokks framsóknarmanna eins og þingflokksformaður þeirra nefndi. Ég krefst þess að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir því í hvers umboði þessi breyting, að leggja niður eignarhaldsfélögin, er komin inn í fjárlagafrv.

Sömuleiðis vil ég spyrja hæstv. fjmrh. um nokkuð sem eðlilegt væri að hæstv. iðnrh. svaraði en getur alveg eins líka heyrt undir hæstv. fjmrh. Það varðar framlög til atvinnuþróunarfélaganna. Það kom skýrt fram í erindum til fjárln. að atvinnuþróunarfélögin telja að þau lifi við fjárskort og hafi ekki fengið framlög miðað við eðlilega þróun, kröfur og væntingar. Þetta ber líka að skoða í ljósi þess að þetta er ein af forsendum samþykktar á stefnu í byggðamálum, að atvinnuþróunarfélögin verði styrkt.

Ég vísa til andsvars hæstv. iðnrh. hér á Alþingi við umræðu um byggðamál varðandi þetta efni. Þetta sagði hún 5. nóv. sl., í umræðu um till. til þál. um ójafnvægi í byggðamálum. Þá sagði hæstv. iðnrh. Valgerður Sverrisdóttir, með leyfi forseta:

„Í sambandi við atvinnuþróunarfélögin þá hafa þau fengið fjármagn í gegnum Byggðastofnun. Það er rétt hjá hv. þm. að þau framlög hafa ekki hækkað í samræmi við verðlagshækkanir þó að það sé kannski ekki rétt að þau hafi lækkað, en engu að síður er þetta svona. Að hluta til er þetta vegna þess að í fjmrn. hefur ekki verið tekið tillit til þess, ekki verið nægilega góður skilningur á því að þarna hafi þurft að færa upphæðir í samræmi við verðlag. Ég tel að það hafi náðst ákveðið samkomulag milli ráðuneytanna um að tekið verði á þessu að þetta verði leiðrétt. Ég tel að þarna sé um 20 millj.

að ræða sem í raun þyrftu að bætast við til að þetta verði viðunandi."

Virðulegi forseti. Þetta eru orð hæstv. iðnrh. hér úr ræðustól. Þessar 20 milljónir hafa hvergi komið inn í fjárlögin. Ekki bólar á þessu samkomulagi. Þessi vilji, skilningur eða skilningsleysi fjmrn. sem hæstv. iðnrh. ber fyrir sig virðist hafa ráðið því að þessar upphæðir koma ekki inn.

Því miður er hæstv. iðnrh. ekki hér til svara. Ég krefst þess að hæstv. fjmrh. svari því hvort þetta sé skilningsleysi í fjmrn. eða hvort þetta samkomulag sem iðnrh. var að vitna til hafi bara verið óskhyggja hæstv. iðnrh. Ég vona að hæstv. fjmrh. sé a.m.k. ekki andvígur því að standa við ályktanir Alþingis í byggðamálum, hvað varðar fjármagn til atvinnuþróunarfélaganna og vilja iðnrh. til að efla atvinnuþróunarfélögin. Ég vona að hann sé ekki svo andvígur því að styrkja og efla starfsemi atvinnuþróunarfélaga úti um land að ekki hafi orðið af þessari fjárveitingu.

Virðulegi forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs berum fram nokkrar brtt. við lokaafgreiðslu frv., bæði hvað varðar einstaka gjaldaliði og tekjur. Fyrir þeim verður mælt síðar í umræðunni.

[15:28]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að margoft hafi komið fram hér í þessum sal og sé raunverulega á allra manna vitorði sem fylgst hafa með þessum málum að gert var ráð fyrir að hin svokölluðu eignarhaldsfélög á landsbyggðinni yrðu tímabundið fyrirbæri, a.m.k. að því er varðar þátttöku ríkisins. Þeirri þátttöku átti að ljúka á árinu 2002. En vegna þess að þá lá ekki fyrir hvert framhald yrði á sambærilegri starfsemi og vegna þess að þá lá ekki fyrir ný byggðaáætlun var það mín ákvörðun, við afgreiðslu fjárlaga og undirbúning fjárlagafrv. í fyrra, að hafa óbreytta fjárveitingu inni til þessa verkefnis. Úr því varð þó að áður væri búið að ákveða að það skyldi niður falla.

Hver var ástæðan fyrir slíkri ákvörðun? Hún var auðvitað sú að þá hefðum við peninga til að grípa til, til að geta flutt á milli yfir í það sem tæki við. Það er nákvæmlega það sem nú er að gerast í fjáraukalagafrv. Fjárveitingin upp á 200 milljónir í eignarhaldsfélögin flyst yfir í byggðaáætlun. Þetta hefur alla tíð legið skýrt fyrir, í það minnsta af minni hálfu og þarf þess vegna engum manni að koma á óvart.

Ég sé hins vegar ekki ástæðu til að hafa nein orð um síðari fyrirspurn hv. þm. vegna þess að hún byggist á útúrsnúningum.

[15:30]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fyndist mennilegra af hæstv. fjmrh. að svara þessu skýrt og skorinort en vera ekki að snúa út úr eða vera með skæting. Ég spurði um ákveðin atriði sem hafa komið fram í umræðunni. Ég vil vitna til þess að þetta nál. um stefnu í byggðamálum var samþykkt á vordögum árið 2002. Það var ein af forsendum fyrir samþykkt á stefnu í byggðamálum. Sú ákvörðun sem hæstv. fjmrh. var að vitna til er þá tekin áður en þetta nál. er skrifað. Það eru enn furðulegri vinnubrögð. En hér í þessu nál. stendur að nefndin, meiri hluti iðnn. telji jafnframt mikilvægt að styrkja varanlega rekstur atvinnuþróunarfélaganna ásamt eignarhaldsfélögum og atvinnuþróunarsjóðum.

Er þessi niðurstaða iðnn. léttvæg og stefnan í byggðamálum bara marklaust plagg? Getur hæstv. fjmrh. síðan bara gert það sem honum sýnist? Mér finnst það ekki viðkunnanleg framkoma af hæstv. fjmrh. og fer nú að skilja þykkju formanns þingflokks framsóknarmanna í morgun, sem sagði að þetta mál hefði aldrei verið borið upp í þingflokki framsóknarmanna áður en fjmrh. kom með það hér í fjárlög.

Varðandi hina spurninguna sem ég bar fram og hæstv. fjmrh. var ekki þess umkominn að svara: Hvar stöðvuðust þessar 20 millj. kr. sem hafði þó verið pólitískur vilji til að kæmu inn í atvinnuþróunarfélögin, a.m.k. ef marka má yfirlýsingu hæstv. iðnrh.? Ég tel að hún hafi sagt það í fullri og góðri meiningu. Er það hæstv. fjmrh. sem liggur á stefnunni í byggðamálum? Það á að leysa fjárhagsvanda byggðamála og Byggðastofnunar með því bara að færa til peninga á milli herbergja. Það er heldur döpur frammistaða í byggðamálum, virðulegi forseti.

[15:32]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þær yfirlýsingar sem fram hafa komið í þinginu af hálfu meiri hluta Alþingis varðandi byggðaáætlunina eru auðvitað ekki marklausar. En málflutningur hv. þm. Jóns Bjarnasonar er marklaus.

[15:32]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ljóst að skinnið er mjög þunnt á hæstv. fjmrh. enda skil ég það. Jafndapurleg er framkoma hans hér gagnvart þessum stóra og mikilvæga málaflokki. Þetta eru skilaboð hæstv. fjmrh. til landsmanna allra um hvaða hug hann ber til fjármögnunar í byggðamálum. Hann skeytir ekki um samþykktir Alþingis eða samstarfsflokksins í ríkisstjórn eða vilja hæstv. iðnrh. Hann gerir bara það sem honum sýnist. Það skal ekki meira fjármagn í byggðamálin.

[15:33]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Áður en ég hef mál mitt vil ég fara þess á leit við virðulegan forseta að hann kveðji hv. þm. Einar Odd Kristjánsson til fundar, varaformann fjárln. Formaðurinn sjálfur virðist búinn að draga fyrir hjá sér þannig að ekki tekur því að eiga orðastað við hann. Ég bið því um varaformanninn sérstaklega vegna þess að með okkur skildi við 2. umr. fjárlaga þar sem hann hafði í frammi sérkennilegar fullyrðingar. Ég vildi gjarnan eiga orðastað við hann um þær. Hann er talsmaður flokks síns í þessu máli og hlýtur því að vera hér skammt undan.

(**Forseti** (GuðjG): Hv. þm. er í húsinu og forseti hefur sent honum boð um að nærveru hans sé óskað. Hann er þegar kominn í salinn.)

Ég fagna því sérstaklega.

Ég tók það fram við 2. umr. fjárlaga að Frjálslyndi flokkurinn ætti enga aðild að þeim málatilbúnaði þar sem hann á ekki sæti í nefndinni. Hann mun að öllu leyti verða óbundinn við afgreiðslu þeirra fjárlaga sem nú liggja fyrir og situr þess vegna hjá við lokaafgreiðslu en fylgir þeim tillögum sem þingmönnunum hugnast við afgreiðsluna ef svo ber undir.

Við 2. umr. fjárlaga kom fram að hv. formaður fjárln. kvartaði sáran undan því að undan fjárln. hefði verið kippt ráðgjafanum sem þeir þyrftu svo sárlega á að halda, Þjóðhagsstofnun. Þetta sagði hann skýrum stöfum. Hér var upplýst að efh.- og viðskn. hefði skrifað fjárln. sérstakt bréf þar sem þess var farið á leit að fjárln. veitti fyrirgreiðslu til

að ráðgjafarnefnd, óháðri ráðgjafarnefnd sérfærðinga, yrði komið á fót sem fjárln. gæti stuðst við í vinnu sinni. Hv. varaformaður gerði lítið úr þessari málafærslu. En að sjálfsögðu verður þeim í fjárln. bannað að gegna þessum tilmælum. Þjóðhagsstofnun var lögð niður til þess að hindra að óhlutdrægt álit yrði sett fram. Það álit sem fjárln. getur fengið hjá ráðuneytunum er auðvitað eins og menn þar á bæ vilja heyra hverju sinni. Þar með er komið í veg fyrir að einhverjir óábyrgir menn, eins og fyrrv. forstjóri Þjóðhagsstofnunar, fari að fjargviðrast um mál og hafa meiningar sem ekki henta háu herrunum.

Það var við lok 2. umr. um fjárlög sem hv. varaformaður, Einar Oddur Kristjánsson, höndlaði stóra hnossið. Hann fann sökudólginn, sökudólg sem hann nefndi meinvarp sem bæri ábyrgð á ógæfu okkar að svo miklu leyti sem ógæfa fyrirfinnst, eins og hvernig hallaðist á í byggðamálum o.s.frv. Þetta meinvarp var einnig rót vandans í fiskveiðistjórnarmálum. Þetta var hið mikla meinvarp. Það minnir mig dálítið á það sem segir í sögunni um Góða dátann Svejk. Maður nokkur hélt því fram að öll ógæfa heimsins stafaði af sólblettum. Þetta er alveg rétt, sagði Svejk. Einu sinni sást einn svoleiðis blettur og þá var ég lúbarinn á knæpu í Nusle.

Hv. varaformaður fjárln. telur sem sagt að öll ógæfa okkar stafi, í þessum frægu fiskveiðistjórnarmálum og byggðamálum svo ég gleymi því ekki, frá meinvarpinu mikla, Hafrannsóknastofnun. Að sjálfsögðu er hann þarna búinn að finna sér blóraböggul. Að sjálfsögðu liggur það alveg ljóst fyrir hvar sökin á því hvernig komið er fyrir okkur í fiskveiðistjórnarmálum liggur. Hún liggur m.a. hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni enda þótt hann fari stundum mikinn, eins og í þessu falli, til að reyna að vísa sök frá sér.

Ég fékk í hendur, eins og fleiri hv. þm. trúlega, samþykkt frá formannaráðstefnu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sem á erindi að sumu leyti inn í þingtíðindi og á erindi sérstaklega við hv. varaformann. Með leyfi forseta, leyfi ég mér að vitna til þessarar samþykktar Farmanna- og fiskimannasambandsins þar sem þeir segja að möguleikum til bættra samskipta milli ríkis og Farmanna- og fiskimannasambandsis hafi ríkisstjórnin fórnað í skiptum fyrir frv. sem er ávísun á áframhaldandi brask og óeðlilega viðskiptahætti:

„Mörg nýleg dæmi um alls kyns misferli kalla á viðbrögð af hálfu hins opinbera. Sá dráttur sem orðinn er á að uppfylla þau markmið sem kveðið var á um í gerðardómi varðandi verðmyndun helstu botnfisktegunda hefur leitt af sér tekjutap fyrir sjómenn sem nemur nálægt 500 millj. kr. sem í stað þess að nýtast sjómannafjölskyldum til framfærslu höfnuðu í fjárhirslum sægreifanna.

Ótækt er að einstaklingar og fyrirtæki í skjóli gallaðs kerfis geti leigt frá sér kvóta og skip fyrir hundruð milljóna átölulaust og viðhaldið þar með því ömurlega leiguliðakerfi sem er ein aðalmeinsemd sjávarútvegsins.“ — Varla verður þessi skipan mála rakin til Hafró. Áfram segir:

„Á því ári sem nú er langt liðið hefur mikið starf verið unnið til að þrengja að þeim sem gera út á leigukvóta. Þar blasir við sú staðreynd að allar rekstrarforsendur eru mjög hæpnar ef nokkrar. Jafnaugljóst er að ástæðan fyrir þessum útgerðarmáta er sú að alltaf finnst nóg af kvótaeigendum sem leigja vilja frá sér. Það eru síðan þessir sömu leigusalar sem sauma vilja að leigjendunum. Þessi lýsing sýnir í hnotskurn á hvers konar brauðfótum framsal aflaheimilda stendur.“

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Endalaus síbylja um hagræðingu og endurskipulagningu rekstrar, sem rök fyrir öllum hlutum, er komin á það stig að stjórnvöld verða að gera upp við sig hvar setja á mörkin. Spyrja þarf hvort arðsemiskrafa fyrirtækjanna eigi í það óendanlega að vera það eina sem einblínt er á burt séð frá öllum öðrum þáttum, svo sem velferð einstaklinga og byggðarlaga.

Ráðstefnufulltrúar hvetja stjórnvöld til þess að beita sér nú þegar fyrir fjárhagslegum aðskilnaði veiða og vinnslu og stuðla þannig að því að aðstæður skapist fyrir eðlilegri verðmyndun á sjávarafla í gegnum fiskmarkaði.

Með síendurteknum afskiptum sínum af kjaradeilum sjómanna og útvegsmanna bera stjórnvöld ótvírætt ábyrgð á því meingallaða kerfi sem nú er í gildi þar sem hluti sjómanna sem landar ferskum fiski er stórlega hlunnfarinn. Ráðstefnan telur að hvergi annars staðar fyrirfinnist kerfi þar sem stjórnvöld með beinum aðgerðum aðstoða vinnuveitendur við að hlunnfara launþega sína.“

Og að lokum, með leyfi forseta:

„Formannaráðstefnan skorar því á sjútvrh. og ríkisstjórn að endurskoða enn á ný lögin um stjórn fiskveiða með það að meginmarkmiði að starfsumhverfi greinarinnar verði í takt við almennar leikreglur lýðræðisins.“ — Og hana nú.

Ég veit ekki með hvaða hætti á að kalla Hafrannsóknastofnun til ábyrgðar vegna þeirrar skipunar mála sem hér er rakin. Í skálaræðum og á hátíðarfundum er það gjarnan haft uppi, hjá þeim flokki sem við einu sinni tilheyrðum báðir, ég og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, að einkaframtakið sé sú meginstoðin undir framförum og vísi okkur veginn til bættra kjara og hagsældar. Frjáls samkeppni á að lifa en í aðalatvinnuvegi okkar, höfuðatvinnuvegi, er samkeppni með öllu útilokuð. Greinin er lokuð.

Ef við lítum til þess að uppgangur þessa okkar þjóðfélags á síðustu öld byggðist nær allur á framtaki ungra framkvæmdamanna í sjávarútvegi þá sjáum við hvernig verður komið fyrir okkur innan tíðar, að skömmum tíma liðnum þegar svo skipast mál eins og nú blasir við.

Það er ekki langt síðan höfðingjarnir í sjávarútveginum fóru að spá því að sjávarútvegurinn mundi enda með því að eigendurnir væru þrír til fimm eða fimm til sjö. Þeir eru komnir ofan í svona þrjá, fjóra núna og við sjáum hvernig mál skipast. Þessa dagana er verið að ræða um að sameina SR-mjöl og Síldarvinnsluna í Neskaupstað og fá þar sennilega meirihlutaafl þess sem stundar uppsjávarfiskveiði. Það er verið að ræða um að sameina risana stóru, SÍF og SH. Þetta mun heldur en ekki efla samkeppni, frjálsa samkeppni og frjálsa verðmyndun, eins og það er nefnt, að ég minnist ekki á hið magnaða brottkast. Ekki verður það heldur rakið til Hafrannsóknastofnunarinnar, að það sé hennar sök.

Nei, það er auðvitað hin pólitíska forusta sem ber ábyrgð á því foraði sem skipan mála í sjávarútvegi er, og því miður Vestfirðingurinn og Flateyringurinn, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Það hélt ég satt að segja að ég ætti ekki eftir að upplifa af þeim kynnum sem ég hafði af þeim manni enda brýst hann um á hæl og hnakka, finnur sér blóraböggul, atast í honum og veður þar grundina í hné. (**KHG:** Það er annar Flateyringur sem ræður meira.) Hver er það? (**KHG:** Kristján Ragnarsson.) Já, ég tala nú ekki um en hann er svo löngu fluttur þaðan að ég hélt að maður þyrfti ekki að flokka hann sem Flateyring. Hann er hins vegar af Æðeyjarættinni við Ísafjarðardjúp en það er önnur saga.

Hv. varaformaður fjárln. fullyrti að kjör allra Íslendinga, hann sagði þetta orðrétt, hefðu verið að batna á undanförnum árum — á undanförnum átta árum, sagði hann, ég man það fyrir víst. Skyldi þetta vera rétt? Hvað ætli eldri borgarar segi við þessari fullyrðingu? Hvað ætli öryrkjar segi við þessari fullyrðingu? Sannleikurinn er sá að kjör þeirra sem verst eru settir hafa óumdeilanlega versnað. Það var verið að bæta smáræði úr þessu á dögunum með samningi ríkisstjórnar og Samtökum aldraða í Reykjavík. Það er ekki mikil bót. Það er mest sýndarmennska. Hvað varð um skattleysismörk og hækkun þeirra sem hefur verið svikin á eldri borgurum? Nei, staðreyndirnar tala allt öðru máli í þessum efnum en haldið er fram af stjórnarliðum.

Hvað ætli þeir segi sem eru í biðröðum hjá mæðrastyrksnefnd að bíða eftir úrlausn af því að þeir eiga ekki fyrir mat, að ég tali nú um fyrir klæðnaði? Nema þar séu mættir burgeisar pakksaddir að verða sér úti um ókeypis mat eins og formaður Sjálfstfl. hefur látið skína í. Það eru einhver makalausustu ummæli sem ég man eftir nokkru sinni að hafa hlýtt á fyrr eða síðar, að þar séu menn bara á sníkjum að spara sjálfum sér að kaupa sér mat.

Nei, það sem er aðallega að í okkar ágæta þjóðfélagi, hjá sjöundu ríkustu þjóð heims, er þetta vaxandi misrétti þar sem bilið breikkar milli eldri borgara, öryrkja, sjúkra og hinna sem verið er að mylja undir. Bilið breikkar hraðfara, með ógnarhraða, og haldi svo fram sem horfir verða eigendur þessa lands teljandi á fingrum beggja handa í besta falli, ef ekki annarrar.

Formaður fjárln., sem er búinn að draga fyrir hjá sér og horfinn af vettvangi, tók það fram við 2. umr. fjárlaga að framúrakstur fjárlaga væri afar varhugaverður og þótti engum ofmælt. Nú sjáum við dæmin um hvernig unnið er að fjárlagagerðinni. Hér vilja menn ekki standa fyrir framan blákalda staðreynd og setja saman fjárlög sem líkleg eru til þess að hæfa rekstri þjóðfélagsins. Augunum er lokað fyrir stórkostlegri útgjaldaþörf eins og í mennta- og heilbrigðismálunum. Þeim augum er lokað til þess að afgreiða fjárlögin í jafnvægi, a.m.k. á núllpunktinum og helst með einhverjum afgangi, en svo verður hinu sem á vantar skellt inn á fjáraukalög á næsta hausti og þar með réttur af kúrsinn af því að menn vilja væntanlega ekki koma til dyranna eins og þeir eru klæddir. Hann sagði þá, hv. formaður Ólafur Örn Haraldsson, að það þyrfti að gæta mikils aðhalds í útgjöldum ríkisins. Ég tek eftir því að hin nýju útgjöld vegna hernaðarumsvifa í þjóðfélaginu eru ekki með í þeim tillögum sem lagðar hafa verið fram hingað til við gerð fjárlaganna, þessar 300 millj. sem á að leigja flugvélar fyrir til að flytja hergögn fyrir Bush þegar hann fer að stríða við Íraka sem hann er ákveðinn í að gera, sem olíufurstarnir hafa ráðið hann til að gera enda er hann sjálfur í þeirra hópi. Hann talaði þá um það, hv. formaður fjárln., sem nú gerir ekki mikið úr atvinnuleysi að atvinnuástandið væri mjög brothætt um þær mundir. Þótt hækkað hafi í niðurstöðum þeirra sem hafa með rannsóknir á því að gera úr 2% í 2,75% var greinilega á honum að heyra að hann teldi það ekkert mál.

Og hvernig standa fyrirtækin í landinu mörg þótt búið sé að lækka á þeim tekjuskatta úr 30% niður í 18% þegar ekki hefur mátt hreyfa skattleysismörkin hjá fátækasta fólkinu? Hvernig standa ýmis fyrirtæki? Er það rétt eða er það ekki rétt að það sé stærri gjaldþrotahrina sem gengið hefur yfir þetta land á þessu ári en áður eru þekkt dæmi um og að menn sjái bara toppinn á ísjakanum, af því sem menn fullyrða?

Hvernig eru aðstæður heimilanna, hjá einstaklingunum í landinu hjá þessari sjöundu auðugustu þjóð heims? Skuldir hafa vaxið með risavöxnum hraða og ég óttast því miður að við sjáum ekki fyrir endann á þessu, að við lifum í blekkingum, og ég tala ekki um hæstv. ríkisstjórn og hennar nótar.

Ég hef áður rifjað það upp, og það hefur verið gert hér við þessa umræðu, hvernig heildarskuldir þjóðarinnar erlendis hafa vaxið með risavöxnum skrefum enda var fullyrt af einum framkvæmdastjóra í Samtökum iðnaðarins að hér væri góðæri knúið áfram með erlendri skuldasöfnun. Ja, það kann svo sem vel að vera að hæstv. ríkisstjórn ætli að greiða þetta niður með sölu ríkiseigna, og mér heyrist á öllu talinu um sölu ríkiseigna að þeir ætli að selja sömu eignirnar a.m.k. árlega til þess að hafa undan í greiðslu skulda. (Gripið fram í.) Þeir telja það gróða sinn þegar þeir selja eignir ríkisins, telja sér það til tekna. Það mundi ekki venjulegt fólk gera, að telja þær eignabreytingar til tekna þótt hægt sé að ráðstafa þessum fjármunum í bili. Auðvitað stendur þjóðin í stað með eigur sínar eftir sem áður.

Hér hafa menn, m.a. hv. varaformaður fjárln., gert að umtalsefni, og ekki verið að fíkjast mjög í, hækkanir á útgjaldalið fjárlaga árlega síðustu fimm ár. Sannleikurinn er sá að lengst af hafa útgjöld fjárlaga hækkað allt of mikið. Þá á ég sérstaklega við þau ár sem þensla var. Ein meginorsök þess að við misstum ríkisbúskapinn yfir í verðbólgu á næstliðnum árum var sú að menn gáðu ekki að sér við gerð fjárlaganna. Það er meginmál og það er eiginlega eina vopnið sem ríkisvald á hverjum tíma hefur til þess að fást við verðþenslu, samdráttur í ríkisútgjöldum. Um þetta var aldrei skeytt, það varð að viðhalda hinum miklum umsvifum og allt varð að heita blúndulagt eftir sem áður. Sannleikurinn er þó sá að sú verðþensla sem yfir okkur gekk var að þessu leyti heimatilbúin þótt erlendar ástæður ættu þar nokkurn hlut að.

Nei, ráðamenn ætla sér að bæta um betur við gerð næstu fjáraukalaga eins og við sjáum núna á þeim stóru fjárhæðum sem settar eru inn í fjáraukalög fyrir það ár sem er að líða. Þannig á sennilega að mæta þessum ógnarlegu skuldum sem eru t.d. fyrirsjáanlegar í rekstri heilbrigðiskerfisins. Af því sem ég veit að hv. varaformaður fjárln. ætlar sér að gera athugasemdir við mál mitt væri kannski rétt að hann upplýsti um þau ráð sem hann sér til að bæta stöðu heilbrigðiskerfisins. Hann upplýsti við 1. umr. fjárlaga að á þeim bæ væri hafin kostnaðargreining. Ég hef allt aðrar hugmyndir en þær að einhver einstakur maður geti dregið upp úr hatti sínum einhverjar töfralausnir. Ég held að við verðum að vinna allt öðruvísi að þessu. Og heilbrrh. sem kemur að þessum störfum hefur heldur ekki þennan töfrasprota í höndum.

Það er verið að reyna að mæta skuldastöðunni, t.d. hjá framhaldsskólum og sjúkrahúsunum og í fleiri atriðum menntamálanna. Það blasir þó við að hundruð milljóna verða skilin eftir, það blasir við. Það er miklast yfir því að sjúkrahúsið á Akureyri fái nú 50 millj. kr. aukafjárveitingu en þyrfti 125 millj. Það munar hundruðum milljóna á því sem þarf til framhaldsskólanna og því sem þeim er ætlað á þessum fjárlögum. Nei, menn ætla sem sagt að halda veislunni áfram með sölu ríkiseigna eins og það hefur nú gengið þokkalega fyrir sig. Ég hef ekki þrek til að rifja upp sölutilraunirnar með Landssímann og allt það sem af þeim leiddi. Það mun verða mönnum í fersku minni en ríkisstjórnarflokkarnir ætlast áreiðanlega til þess að menn verði búnir að gleyma þeim óförum öllum. Það er væntanlegt samt að þeir muni gefa upp

hvers vegna Steingrímur Ari Arason sem hafði frá upphafi setið í sölunefnd ríkiseigna sagði af sér svo að menn gætu fengið að vita ástæðuna fyrir því. Ég þykist hins vegar vita hana, að þau vinnubrögð sem voru höfð í frammi í sambandi við sölu Búnaðarbankans hafi gengið fram af honum enda taka þau engu einasta tali. Kaupendurnir sem að lokum skrifuðu undir, hvort sem sú undirskrift hefur eitthvað að segja í framtíðinni eða ekki, eiga enga peninga til að kaupa fyrir. Það er bara megingallinn á þessum samningi að þessi hópur fyrirtækja eða hvað það á að heita, undir S-hópi sem er illa farið með þann góða bókstaf, á ekki peninga til að kaupa fyrir. Það er auðvitað að sterkir aðilar standa að þessu, t.d. formaður Framsfl., sjávarútvegsfyrirtæki hans, margra milljarða fyrirtæki sem er beinn þátttakandi í þessum hópi svo að maður skyldi halda að gáturnar yrðu ráðnar þegar svo stendur á.

Það væri hægt að víkja að ýmsu í þessum málaflokki en ég dreg það við mig. Ég rifja það hins vegar upp enn á ný hvernig komið er fyrir Alþingi og valdsviði þess sem löggjafarsamkundu. Ég hef áður nefnt það að við búum ekki við þingbundna ríkisstjórn. Við búum við ríkisstjórnarbundið Alþingi. Þingræðið er að engu haft og fulltrúar, þingmenn stjórnarflokkanna, láta þetta yfir sig ganga í öllum efnum, hvort heldur um herútboð Bush er að tefla eða hvað annað sem á fjörur þeirra rekur. Allt mjálmar þetta undir í sömu falsettunni.

Eins og ég segi, margt fleira mætti um þessi mál segja en margt hefur líka lagast fyrir okkur eins og viðskiptahallinn. Hinn ógnarlegi viðskiptahalli var líka heimatilbúinn eingöngu. Það hefur náðst verulegur árangur í þeim efnum þótt við þurfum alltaf að gá vel að okkur. Verðbólgan hefur minnkað. Það er undirstöðuatriði vegna þess að ef okkur tekst ekki að hafa hemil á verðbólgunni er flest annað í ríkisbúskap okkar unnið fyrir gýg. Af því höfum við margfalda reynslu.

[16:01]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Alveg er mér óskiljanlegt hvernig stóð á því að hv. þm., síðasti ræðumaður, vildi kalla á mig hingað til að ég mætti hlusta á þessa merku ræðu hans. Hann las upp úr bréfi frá formannafundi Farmannasambandsins að mér skildist og alveg er mér það óskiljanlegt hvers vegna ég átti að hlusta á þetta tal nema svo sé komið fyrr hv. þm. að hann sé farinn að ruglast á mér og einhverjum allt öðrum manni.

Sú var tíðin 1983 og 1984 þegar kvótakerfið var samþykkt, þá sat í ríkisstjórn maður að nafni Sverrir Hermannsson, hv. alþm. Ég var lengi í flokki með honum og á öllum landsfundum, þar til hann varð fyrir því óláni að fara úr flokknum, stóð ég fyrir mótmælum gegn þeirri skipan fiskveiðistjórnar sem í gildi var. Aldrei, herra forseti, meðan við vorum flokksbræður var nokkur Sverrir þar, aldrei var hann þar. Ég stóð fyrir því á öllum landsfundum í Landssambandi ísl. útvegsmanna að vera á móti þeirri skipan í fiskveiðistjórn meðan ég átti þar sæti. Enginn Sverrir kom þar til að styðja mig, aldrei nokkurn tíma og var hann þó útgerðarmaður á þeim tíma. Ég held að hann hljóti að fara mannavillt, hann sé alveg búinn að gleyma því og höfðum við þó mikil og löng kynni áður. Því harma ég þetta en ég bið hann að rifja það upp að frá fyrstu stundu á öllum vettvangi til dagsins í dag hef ég notað hverja stund bæði í ræðu og riti til að efast um og benda á að við værum að fara aftur á bak en ekki áfram varðandi fiskveiðistjórnina.

[16:03]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig undrar ekki að hv. þm. Einar Odd skuli undra að hann eigi að hlusta á samtök sjómanna hérna. Hann segir að ég sé að fara mannavillt að biðja hann að hlýða á tilvitnun í ráðgjafarþing hjá Farmanna- og fiskimannasambandinu. Ég átti sæti í ríkisstjórn þegar núv. formaður Framsfl. var að busla í gegn þessum ólögum fyrir frumkvæði Kristjáns Ragnarssonar. Ég, ásamt Matthíasi Bjarnasyni og fleiri mönnum, reyndi að amla gegn þessu í okkar þingflokki. Við margreyndum að koma því að að það yrði tekið til endurskoðunar. Á meðan spilaði hv. þm. Einar Oddur plötur sínar á landsfundum og enginn gerði neitt með það sem hann sagði.

Ég náði ekki þeim breytingum fram eins og ég hefði kosið. Ég var líka of skyldur útgerð í landinu til þess að geta beitt mér af neinum þunga í þessum málum, það veit hv. þm. jafn vel og ég. En ég skal vara mig á því að vera ekki að lesa yfir honum einhverjar ályktanir frá sjómannasamtökum því það á ekki erindi við hann.

[16:05]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þm. Sverrir Hermannsson er búinn að rifja upp hver ég er. Það er gott. Ég skildi það þannig þegar þessi ályktun var lesin að ég væri maðurinn sem þyrfti sérstaklega að hlýða á hana og ekki var annað á hv. þm. að skilja en að ég þyrfti að heyra það því að ég væri ábyrgðarmaðurinn á því hvernig komið væri. Þannig talaði hann. Það er þá ágætt að hann er búinn að draga í land með það og rifja það upp að hann var ráðherra þegar þessi ólög voru sett.

En ég hélt hér líka ræðu fyrir nokkrum dögum og hv. þm. gerði það að umtalsefni lengi að ég hefði rætt um Hafrannsóknastofnun. Það gerði ég vegna þess að ég vildi benda mönnum á að við hefðum farið aftur á bak en ekki áfram allan tímann. Við hefðum alltaf í 30 ár látið leiða okkur áfram af sama hópnum, þeim hópi sem hefur einkaleyfi á að rannsaka hafið kringum Ísland og náttúruna þar, þeim hópi sem hefur einkaleyfi að vinna úr þeim gögnum, þeim hópi sem einn telur sig geta dæmt um þetta, þeim hópi sem hefur staðið fyrir því að allir þeir sem mótmælt hafa, allir þeir sem hafa efasemdir um það hafa verið annaðhvort kallaðir óábyrgir, dónar, fífl eða kverúlantar. Við höfum verið að fara þá leið ógæfunnar. En þar sem ég er næstur á mælendaskrá skal ég fara yfir þetta enn þá betur, þá verður tími minn nægur og ég vona að hv. þm. sitji og hlusti af sömu gaumgæfni og ég hef hlustað á hann tala.

[16:07]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér dettur ekki í hug að bera blak af Hafrannsóknastofnuninni. Ég hef verið stórlega óánægður og gagnrýninn á mörg verk hennar. En að ég geti samfylkt vini mínum hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni í aðför hans að þeirri stofnun er fráleitt, enda er það gersamlega út í hött hvernig hann hefur veist að þeirri stofnun.

Ég spyr hv. þm. — hann kemur þá að því í ræðu sinni af því að hann er búinn með andsvörin — ef þetta hefur gengið svona til í 30 ár og við erum að færast úr eldinum í öskuna með þessum ósköpum undir ráðstjórn Hafrannsóknastofnunar og honum verður ekkert ágengt nema bara með vængjabusli á landsfundum Sjálfstfl., því skilur hann ekki við þetta apparat og kemur með mér í sóknina?

[16:08]

Útbýting þingskjala:

Ábyrgðir vegna lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála, 356. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 590.

Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, 323. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 591.

Fjárlög 2003, 1. mál, brtt. ÖJ o.fl., þskj. 587; brtt. KolH o.fl., þskj. 588.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 359. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 592.

Starfsemi kauphalla og skipulegir tilboðsmarkaðir, 435. mál, frv. ÁE og VE, þskj. 589.

[16:09]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Þetta er 3. umr. fjárlaga og má segja sem svo að gagnvart útgjaldahlið frv. sé flest sagt sem þarf að segja. Menn hafa farið í gegnum þetta fram og til baka. Við sjálfstæðismenn höfum reynt að gera grein fyrir afstöðu okkar. Við höfum reynt að gera grein fyrir þeirri afstöðu okkar að sannarlega vantar mikið á að ríkisfjármálin séu undir þeim aga sem við vildum hafa þau. Við höfum gert grein fyrir þeirri afstöðu okkar að mjög brýnt væri á næstu árum að huga að því í mikilli alvöru að minnka ríkisreksturinn, koma sem flestum fyrirtækjum ríkisins í einkarekstur þar sem við gætum frekar tryggt að aðhalds væri gætt en reynslan sýnir um hinn opinbera rekstur.

Við höfum sagt þetta mjög skýrt og er engin ástæða til að misskilja okkur á nokkurn hátt vegna þess að það hefur alls staðar komið fram að með þessu væri alls ekki verið að hverfa á neinn hátt frá þeirri samhjálp sem pólitísk samstaða hefur verið um á Íslandi áratugum og aftur áratugum saman, gagnvart þeirri samhjálp sem pólitísk samstaða hefur verið um, bæði milli vinstri og hægri manna í allri Vestur-Evrópu og er ekki deilt um. Þess vegna var það leiðinlegt, herra forseti, að heyra að á miðstjórnarfundi Framsfl., okkar ágæta samstarfsflokks, kaus formaðurinn að misskilja þetta allt saman og hélt langa ræðu til varnar samhjálpinni sem var allt byggt á misskilningi. Við höfum aldrei talað neitt í þessa veru, ekki nokkurn skapaðan hlut. Sjálfstfl. hefur alltaf verið í forustu fyrir því að bæta hér samhjálp eins mikið og við höfum nokkur efni á. Þannig er saga hans öll.

Það er heldur hitt, herra forseti, að ég tel meiri líkur á að þarfara sé fyrir okkur í dag að horfa aðeins á tekjuhlið fjárlagafrv. og velta því nokkuð fyrir okkur hvernig við stöndum, hvar við erum og á hvaða leið. Við höfum verið á mikilli farsældarbraut lengi, mjög mikilli, meiri en flestar aðrar þjóðir heimsins, meiri en aðrar þjóðir Evrópu. Við höfum getað státað af því að hér hafa öll kjör allra batnað meira en annars staðar í Evrópu. Um það vitna allar skýrslur Þjóðhagsstofnunar jafnt sem Hagstofunnar svo og annarra sem fást við statistískar rannsóknir á Íslandi, allra. Ekkert er þar undanskilið. Breytir engu þótt menn komi hér upp og segi að þetta sé bara ekki rétt, það breytir engu. Ég hef ekki talið ástæðu til að ég væri hér í forsvari fyrir þessar opinberu stofnanir, hvorki Þjóðhagsstofnun, sem nú er búið að leggja niður og sumir harma svo mjög, né öðrum sem allar hafa sýnt fram á þetta sama. Það hefur verið stöðugur vöxtur hjá öllum aðilum á Íslandi.

Hins vegar eigum við í dag að horfa framan í það að á þessu ári samkvæmt nýjustu spá gera menn ráð fyrir 0,25% hagvexti. 0,25% er innan skekkjumarka. Það er sama sem núll og það er mjög hættulegt, það er mjög slæmt og við verðum að horfa á það í mikilli alvöru að það er alvarlegt fyrir eina þjóð að hafa stoppað í hagvextinum, það er mjög alvarlegt. Við verðum að horfa til þess hvernig það megi vera og hvaða leiðir við höfum út úr því. Við erum að vísu með spá um það að á næsta ári verði þetta örlítið betra, en ég vil segja það hér og nú, herra forseti, að það er alls ekki ásættanlegt á nokkurn hátt. Þessi þjóð, Íslendingar, með þeim kröfum sem hún gerir til sjálfrar sín, með þeim kröfum sem hún gerir til hins opinbera, mun aldrei sætta sig við minna en að við göngum út frá nálægt 3% hagvexti á ári. Þjóðin vill vera á þeirri ferð. Á þann hátt vill hún horfa upp á að kjör hennar batni og umhverfið allt batni. Við erum því í mjög alvarlegri stöðu.

Mér er því dálítið undrunarefni ýmislegt varðandi þetta núna, þegar við erum stopp með hagvöxtinn. Mér finnst menn ekki hafa nægar áhyggjur af því. Við gerðum t.d. lagabreytingar ekki alls fyrir löngu, vorum allir mjög stoltir af því þegar við gerðum þá lagabreytingu að Seðlabanki Íslands væri sjálfstæð stofnun og óháð í öllu framkvæmdarvaldinu. Milli framkvæmdarvaldsins og Seðlabankans er í dag bara einn samningur og hann liggur fyrir, það er sameiginlegt verðbólgumarkmið. Núna stöndum við þannig að á Íslandi eru um 2,5–3%, 250–300 punktar sem vextir standa hér hærra en eðlilegt mætti teljast og samt gerist ekki neitt. Seðlabankinn hefur jú verið að lækka vexti en hann hefur lækkað þá svo hægt að það hefur verið hægar en verðbólgan þannig að raunvextir hafa verið að hækka í landinu, landi með engan hagvöxt. Ég skil þetta ekki og mér líður hálfilla yfir þessu. Mér líður svona eins og manni sem er nýbúinn að kaupa sér fallegt barómet sem sýnir alltaf vont veður þó að logn og sólskin sé úti. Ég held að mín ágæta ríkisstjórn verði að fara að huga til þess hvort ekki séu einhver ráð gagnvart þeirri stofnun. Ég veit ekki hvort þar dugar eitthvert leiftursnöggt högg í höfuðið, hvort það mundi duga í þessu tilfelli en það verður þá að athuga það eða eitthvað annað því að við þetta verður ekki búið nema við ætlum viljandi að horfa upp á það að íslenskt atvinnulíf búi við svo skerta samkeppnisstöðu að það stefni í voða. Við verðum að horfa til þess að það gengur ekki lengur að láta því ómótmælt hvernig þessir menn geta lifað alveg sínu lífi og virðast algerlega einangraðir frá því efnahagslífi sem er á Íslandi.

Herra forseti. Ég er sannfærður um að mjög brýnt sé að taka þetta alvarlega og horfa til þess að við verðum að gera þær ráðstafanir sem tryggja okkur mikinn hagvöxt á Íslandi og ég fullyrði það hér og nú að við getum það. Við höfum það í valdi okkar. Við höfum tvær leiðir til þess. Önnur er að virkja og hin er að veiða. Það eru þessi tvö vöff sem skipta máli og við eigum að horfa til, þ.e. að veiða og virkja. Það höfum við í hendi okkar, það getum við gert og það eigum við að gera.

Ég gerði að umtalsefni við 2. umr. fjárlaga, herra forseti, nokkuð þá fiskveiðiráðgjöf sem við höfum notið nú í 30 ár. Í 30 ár höfum við notið sömu fiskveiðiráðgjafarinnar, þ.e. ráðgjafar sem gerir ráð fyrir því að hægt sé að byggja upp þorskstofninn, okkar aðalfiskstofn, með þeim ráðum að friða smáfisk, friða smáfisk, friða smáfisk og takmarka sóknina. Í 30 ár hefur ekkert gengið nema aftur á bak. Eftir þessum ráðum er líka farið í Evrópu, þ.e. Vestur-Evrópu, að vísu ekki í Miðjarðarhafinu. Eftir þessum ráðum hefur verið farið við Nýfundnaland og í bönkunum þar í kring og ekkert hefur gengið nema aftur á bak.

Það horfir dálítið öðruvísi við í Barentshafinu vegna þess að þar hafa Rússar og Norðmenn alls ekki komið sér saman um neina friðun og þeir hafa veitt allan tímann gríðarlega miklu meira en ráðgjöfin hefur gert ráð fyrir með þeim árangri að það er lífvænlegt í sjónum og þorskstofninn stendur þar mjög vel.

Og ein er sú hetjuþjóðin hér suðaustur í hafinu sem býr á litlum eyjaklasa og heitir Færeyingar sem lét ekki kúga sig af þessari endemis dellu. Þeir brutust undan veldi Alþjóðahafrannsóknastofnunarinnar, hvers páfi situr í Kaupmannahöfn. Þar er Vatíkanið. Þeir brutu sig út úr því, höfðu til þess kjark og þor. Sjávarútvegsráðherrann þar hefur nú ekki verið að skafa af hlutunum og gefið þessum mönnum sína réttu einkunn og sagt það sem hann meinti. (**GÁS:** Styður þingmaðurinn ríkisstjórnina? Hvernig er það eiginlega?) Þingmaðurinn skal koma að því að tala um ríkisstjórnina á eftir, herra fyrirspyrjandi. En svo eru sérstakar aðferðir til þess að gera fyrirspurnir, sem þú, einn af forsetum þingsins, gætir þá rifjað upp og farið yfir það hvernig menn gera það. (**GÁS:** Hver er spurður?)

Á baksíðu viðskiptablaðs Morgunblaðsins í dag er heilmikil grein þar sem segir frá fiskveiðum við Færeyjar. Þar er sagt frá því að þeir séu að veiða þar verulega miklu meira en þeim hafi verið ráðlagt með þeim eina árangri að afli á fiskveiðieiningu vex og stofnstærð fiskanna, hrygningarstofninn vex líka. Morgunblaðið segir hins vegar ekki frekar en aðrir fjölmiðlar á Íslandi frá því hvað hér búi að baki. Hér búa að baki gríðarleg pólitísk átök í Færeyjum, átök sem eru mjög athyglisverð, þ.e. átökin milli vals og vísinda.

Ég er hér með tölurnar fyrir síðasta ár og kannski er fróðlegt, herra forseti, að menn átti sig á því um hvað er að ræða.

Árið 2000 lagði fiskveiðistjórnarrannsóknarstofan í Færeyjum til að veidd yrðu 16 þús. tonn af þorski. Færeyska landstjórnin fór í engu eftir því og veiddi 21 þús. tonn. Eigi að síður gerði rannsóknarstofan tillögu um það árið eftir að áfram skyldu nú veidd 16 þús. tonn. Landstjórnin fór í engu eftir því og leyfði veiðar og nú veiddu þeir 27 þús. tonn. En hvað með stofnstærðina? Hún óx. Hún stækkaði. Hrygningarstofninn stækkaði.

Þriðja árið, þ.e. árið sem núna er rétt að líða, gerðu þeir nú samt ráð fyrir því, þrátt fyrir vöxtinn í stofnstærðinni, að þeir skyldu nú færa sig niður í 14 þús. tonn. Við höfum ekki endanlegar tölur. Úrslitin verða ekki alveg ráðin fyrr en eftir mánuð. Líklega verða þetta einhvers staðar í kringum þessi sömu 27–30 þús. tonn. En stofnmælingin liggur fyrir. Og á þessum tíma hefur hrygningarstofninn vaxið úr 40 þús. tonnum í 53 þús.

Það er gegn þessu ofbeldi og gegn þessari vitleysu sem færeyska landstjórnin hafði kjark, getu og vilja til að rísa. (**GE:** Tók þrjá mánuði.)

Ég get farið yfir ýsuna líka. Ég get farið yfir ufsann. (**LB:** En íslenskar?) Færeyski — það er kannski ljótt að hafa þetta eftir — en einn færeyski ráðherrann, skulum við segja, hafði orð yfir þessa menn: „Biologiske terrorister". Það voru orðin. (**Gripið fram í:** Þeir eru víða.) Það er nákvæmlega sama með ýsuna og það er nákvæmlega sama með ufsann. Afli á sóknareiningu vex vegna þess að verið er að búa til lífsrými fyrir þennan fisk.

Hvað er að gerast á Íslandi, á Íslandi þar sem ein stofnun má rannsaka og aðeins ein stofnun má vinna úr gögnunum? Háskóli Íslands hefur ekki aðgang að þeim. Bara ein stofnun fær aðgang, bara hún sjálf. Þetta er stofnun þar sem óleyfilegt er að nokkur maður sem vinnur þar hafi sjálfstæða skoðun. Það er bannað. Honum ber að hafa þá skoðun sem stofnunin hefur.

Það er nauðsynlegt að almenningur á Íslandi átti sig á því að svona fasismi viðgengst hér undir stjórn ríkisins. (**GE:** Hvar er hæstv. sjútvrh.?) Það er lífsnauðsynlegt að gera vísindin frjáls. Það er lífsnauðsynlegt að Háskóli Íslands og aðrar vísindastofnanir fái að vinna úr þessum rannsóknargögnum jafnt og Hafrannsóknastofnun. (Gripið fram í.) Það er lífsnauðsynlegt vegna þess að framtíð okkar byggist á því að fiskstofnarnir hér fái að vera eðlilegir. Við byggðum upp landsbyggðina, við byggðum upp þetta land miðað við eðlilegan afrakstur sem var 350–370 þús. tonn af þorski. Það er enginn, herra forseti, að halda því fram að nokkur leið sé að rétta hag landsbyggðarinnar á Íslandi öðruvísi en að við komum þessu í eðlilegt horf.

Það sem gerist á Íslandsmiðum liggur líka fyrir. Vaxtarhraðinn minnkar. Kynþroskinn fer fyrr af stað. Nú er allt að eins kílós fiskur við Norðurland að hrygna. Og hvað gerist? Hann deyr. Svo koma þessir menn og vanvirða sín eigin rannsóknargögn, vanvirða þau árum saman aftur í tímann, vanvirða þau og segja: „Fiskurinn sem allir vissu að var til, sem fyllti Halamiðin, gekk upp á grunnslóðina, fyllti alla firði, gekk upp í læki á Vestfjörðum þar sem að krakkarnir gátu leikið sér að þorskinum, hann var ekki til."

Herra forseti. Ég hef orðið þess var að á undanförnum mánuðum hefur Háskóli Íslands haft vaxandi áhuga á þeim bókmenntum sem fjalla um Barbapabba. Það er mjög fjallað um hann í háskólanum. Af því að ég sé nú að einn hv. þm. sem líka er prófessor við háskólann situr hérna þá vil ég minnast á þennan nýja áhuga háskólans á Barbapabba. Ég las þessar bækur áður fyrr þá börnin mín voru ung og smá og ég jafnt og þau hafði mikið gaman af ákveðnum hlutum í þessum bókmenntum, en það voru svokallaðar barbabrellur. Þær voru ákaflega athyglisverðar. Ég fullyrði, herra forseti, að í allri sögu lýðveldisins hefur aldrei átt sér stað önnur eins barbabrella og þegar Hafrannsóknastofnun datt í hug að segja að 600 þús. tonnin sem allir vissu að voru til, hefðu bara aldrei verið til, þetta væri bara misskilningur og enginn tekið eftir því. Þetta er stærsta barbabrella lýðveldissögunnar.

Menn eiga líka að átta sig á því að þetta hefur gengið svona í 30 ár og þær fjárhæðir sem hér eru í veði eru nú stærri en ég reikna með að flestir skilji. Við erum hér að fjalla um fjárlög ríkisins. Um hvað fjalla þau? 270 milljarða, 270 þúsund milljónir. Það eru smámunir miðað við þær tölur sem hér eru í húfi.

Því segi ég, herra forseti, að við verðum að koma hagvextinum upp á Íslandi. Það liggur alveg fyrir að við getum gert það með því að auka veiðar og það er líka lífsnauðsynlegt að auka þessar veiðar. Við verðum að gera það, eigum að gera það og getum gert það.

Fiskveiðistjórnin er nú þannig að enginn botnar í henni. Fyrstu dagana í nóvember var ég að keyra um þann ágæta fjörð Arnarfjörð. Bíðið við, hverjir voru þá staddir í firðinum? Það voru átta stórir nótabassar með dragnætur. Ég veit ekki hvort þingheimur, herra forseti, kann skil á þessum veiðarfærum en ég veit hvernig þau eru útbúin. Þetta er allt með bobbingum undir sér. Þeir eru uppi í kálgörðum að veiða og þetta er talið allt í lagi. Þarna er verið ryðjast á náttúruna.

Á sama tíma, herra forseti, og ég horfði á þessa átta pramma í Arnarfirði var gott fólk saman komið í einu bíóhúsi Reykjavíkur. Það söng Ísland ögrum skorið og einhver fleiri ljóð vegna þess að það var tárvott yfir því að einhver nástrá við Norðlingaöldu skyldu fara undir vatn. Þetta er gott fólk og blessað. En slíkt er náttúruleysi þessara náttúrusamtaka að enginn getur litið til þess að sú náttúra sem fæðir okkur og klæðir er undir yfirborðinu. Enginn hefur áhuga á henni, ekki nokkur maður.

Við þarna eigum gríðarlega möguleika og það liggur alveg fyrir og allir vita að Norðlingaalda er hagkvæmasta virkjunin. Stíflan þar sem er mjög lítið mannvirki mun að vísu setja í kaf 1,4% af gróðurlendinu þar, 1,4%. Þar eru níu tegundir af fuglum. Enginn þeirra er á neinum válista. Þeir geta allir flogið og flutt sig. Þar eru nokkur gæsahreiður líka. Þær geta bæði synt og flogið, gæsirnar. Sá stofn vex mjög, sérstaklega við það fallega fjallalón sem kallað hefur verið Blöndulón en heitir náttúrlega Blönduvatn.

Getið er um það í skýrslunni að þarna séu tvö tófugreni. Það er ekkert sagt um hagamýs. Þetta er nú málið. Þetta er hagkvæmasta virkjunin sem Ísland getur farið í og á kost á. Þessi virkjun sem við getum farið í orsakar það að vatnið streymir ekki niður Efri-Þjórsá heldur gegnum virkjanirnar allar fyrir ofan, þ.e. gegnum sex virkjanir. Þetta er mesta hamingja sem við getum fengið gagnvart því að efla hagvöxt og byggja hér upp öflugt atvinnulíf. Það liggur á borðinu og við höfum samninga um þetta líka. Við getum gert þetta hvort tveggja. Við getum ráðið því, við getum stjórnað því að hér verði mikill hagvöxtur á næstu árum. Við eigum að gera það. Okkur ber skylda til að gera það af því að við berum ábyrgð á velferð þessarar þjóðar. Við viljum halda áfram á þeirri farsældarbraut sem við erum og höfum verið á. Það fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir er traustur grundvöllur, mjög traustur grundvöllur til að byggja á. Við ætlum ekki að staldra við. Við ætlum að halda áfram á þeirri farsældarbraut. Við getum gert það og ég vona, herra forseti, að við berum gæfu til þess.

[16:30]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var furðuleg ræða. Hv. þm. byrjaði á því að tala um samhjálparviðhorfin hjá Sjálfstfl., taldi þau vera svo góð og merk og þá er hægt að spyrja: Hvað finnst honum um afstöðu og stöðu mæðrastyrksnefndar um þessi jól eða afstöðu Öryrkjabandalagsins á undanförnum missirum og samhjálparhuginn hjá Sjálfstfl. sem hann mærir svo mjög? Hann talar um góð fjárlög og góðan hagvöxt. Við erum með lægri hagvöxt en aðrar þjóðir og lægri hagvöxt á næsta ári. Hv. þm. fer hér með fleipur, talar um að virkja og veiða. Það er hægt að bæta við þriðja vaffinu sem er vitleysa. Hann veit ekkert, þingmaðurinn, hvað hann er að tala um þegar hann talar niður til Hafrannsóknastofnunar, talar niður til vísinda enda tekur enginn maður undir þessar fullyrðingar hans hér um að það eigi að veiða og veiða og veiða. Við höfum reynslu af því hér á landi að veiða umfram ráðgjöf. Þó að Hafrannsóknastofnun og vísindamennirnir þar viti ekki allt vita þeir mest hér og við eigum að vinna úr því en koma ekki hér með þvílíka fjarstæðu sem lýsti sér í málflutningi hv. þingmanns.

[16:31]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat þess einmitt að hagvöxturinn væri of lítill, hann væri nánast enginn. Ég sagði að það væri hættulegt að hafa svo lítinn hagvöxt, hann væri minni en í Evrópu og þess vegna þyrftum við að taka til okkar ráða.

Ég veit um það og það liggur alltaf fyrir gagnvart hinum samþykkta sannleika að þeir sem eru ósammála eru taldir óábyrgir. Þeir sem eru eitthvað að mótmæla því og hafa einhverjar athugasemdir eru alltaf taldir kverúlantar, fífl eða asnar. Það er hið almenna viðhorf. Þannig hefur það alltaf verið og ég gat þess líka sérstaklega að ég vissi allt um það. Óábyrgur dóni, ruddi, ég þekki þetta allt saman. Ég hef sagt það sem ég hef sagt um Hafrannsóknastofnun vegna þess að allt um þetta liggur fyrir skjalfest. Það hefur enginn vanvirt þá stofnun nema vísindamennirnir sjálfir þegar þeir tóku til baka margra ára rannsóknir sínar og gerðu ekkert úr þeim.

[16:32]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar hv. þm. gagnrýnir lítinn hagvöxt er hann að gagnrýna sína eigin ríkisstjórn. Það er hún sem ber ábyrgð á þessum litla hagvexti og ekki má gleyma á hverju það góðæri byggir sem við lifum. Það byggir fyrst og fremst á stóraukningu erlendra lána og ekki neinu öðru og á því sem vel hefur farið hér undanfarin ár eru tveir merkimiðar. Annar er EES-samningurinn og hinn er þjóðarsáttin sem hv. þm. þekkir mjög vel. Það er sorglegt að hann skuli ekki vera með þá efnahagsstefnu á tæru sem þá var lagt upp með, og hann ætti að þekkja tengsl milli vaxtar og þenslu. Það væri hægt að ræða evruna í því sambandi. Og varðandi vísindamennina og Hafrannsóknastofnun þolum við alla umræðu en við viljum að hún sé með rökum og það eru ekki rök sem hv. þm. hefur komið fram með í fiskiumræðunni. Hann kemur með fjarstæðu en á að koma með rök og þá er tekið á móti þeim rökum hér á málefnalegan hátt, bæði af mér og öðrum. Það er enginn sem ég þekki til sem tekur undir þennan málflutning. Það gerir ekki málflutning hans verri en það gerir það að verkum að hann ætti að hugleiða betur rökstuðninginn á bak við fullyrðingar sínar.

[16:33]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru mjög margir sem taka undir það. Ég fór yfir reynsluheiminn, hann liggur fyrir. Ég fór yfir reynsluheiminn í Færeyjum, hann liggur fyrir. Það eru þúsundir vísindamanna sem hafa gert athugasemdir við þetta. Það eru til gögn um það mjög víða og ég get ekki talið það upp á þessari einu mínútu. Ég hef bent á Seðlabankann, að það væri mjög undarlegt að þeir ættu aldrei nein ráð nema hávexti, og ég vara við því að við séum í mjög hættulegri stöðu. Hvernig stendur á því að við með svona lítinn hagvöxt eða nánast engan rekum þetta þjóðfélag með miklu hærri vöxtum en aðrir?

Ég bendi mönnum á að við höfum verið að bæta kjör Íslendinga allra, og samstarf aðila um það hefur alltaf verið til. Hver ætlar að halda því fram að það sé pólitískur skortur á vilja til að hjálpa fólki þó að við vitum að aukin neyð hefur orðið hér? Það á ekkert skylt við pólitík. Allar statistískar tölur benda til þess og sýna það óumdeilanlega að kjör fólks hafa farið batnandi alls staðar og alltaf. Ógæfa fólks á ekkert skylt við þetta. Menn eiga þá að sýna það í verki sjálfir en ekki kenna einhverri ríkisstjórn um það.

[16:35]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að þakka hv. þingmanni upphafsorð hans að hluta, þegar hann ræddi um skort á aga í ríkisfjármálum, þegar hann ræddi um að það skorti aðhald í útgjöldum ríkissjóðs. Ég verð að segja, herra forseti, að það gladdi mig mjög að hann tæki undir með því sem ég sagði áðan þrátt fyrir að hann hefði farið í andsvar við mig fyrr í dag út af sömu hlutum. (**Gripið fram í:** Fulltrúi Samfylkingarinnar.) Og það sem merkilegt er, herra forseti, er að það sem hann sagði er auðvitað að vegna þess að aðhaldið skorti taldi hann eðlilegt að einkavæða hér og þar og alls staðar. Hvers konar uppgjöf er þetta? Hvers konar eftirmæli eru þetta um ríkisstjórnina sem hv. þm. hefur stutt, nú til fjölda ára? Er ekki kominn tími til að hv. þm. komi alklæddur út úr skápnum og segi okkur hvort hann er stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar eða ekki? Það gengur ekki að eilífu að tala ætíð gegn meginstefnu ríkisstjórnarinnar en sitja svo ætíð hér á takkanum þegar á reynir. (**Gripið fram í:** Græni takkinn.)

[16:36]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur alltaf legið fyrir hjá öllum ríkisstjórnum allra tíma, bæði á Íslandi og alls staðar þar sem við þekkjum til og viljum bera okkur saman við, að það hefur gengið mjög illa að aga ríkisútgjöld. Það hefur gengið mjög illa. Þess vegna er það sem Evrópuþjóðirnar í stórum stíl, alls staðar, ekki síður undir forustu vinstri manna en hægri manna, hafa verið að færa reksturinn yfir í einkarekstur til þess að reyna að ná betri tökum á honum. Þetta eru staðreyndir sem allir eiga að þekkja og á ekkert skylt við það að hér hafi ekki verið rétt staðið að rekstrinum. Hér hafa menn staðið að ríkisútgjöldum eins og þeir geta. Það er fáránlegt að segja ekki af hreinskilni frá því hvar veikleikar eru í ríkisrekstrinum og hvar ekki. Hef ég ekki gert það, herra forseti, við allar umræður ár eftir ár vegna þess að við eigum að gera það af fullri hreinskilni? Stórkostleg breyting hefur þó átt sér stað á síðustu 10–12 árum frá þeirri óstjórn og frá þeirri vitleysu sem viðgekkst á Íslandi.

[16:37]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom líka að því að það væri áhyggjuefni hversu lítill hagvöxturinn væri hjá okkur. Það skyldi þó ekki vera að það væri hægt að rekja einhvern hluta af því til ríkisstjórnarinnar sem hv. þm. styður? Hvað gerði þessi ríkisstjórn hans á þenslutímum þegar öll rök mæltu með því að dregið yrði úr ríkisútgjöldum? Jú, ríkisstjórnin hélt áfram að þenja út útgjöldin og þau uxu stjórnlaust ár eftir ár eftir ár. Ég tók fyrir tímabil fyrr í dag sem hv. þm. var að rengja. Málið er að ég get farið yfir þessar tölur með honum og sýnt honum fram á að ríkisútgjöldin uxu margfalt á við öll þau viðmið sem við höfum, og ekki nóg með það, hv. þm., á sama tíma jukust einnig skuldir hins opinbera. Ríkisstjórnin ber fulla ábyrgð á því að hagvöxturinn er kominn niður í það sem hann er og það sem verra er, ríkisstjórnin ber líka fulla ábyrgð á því að því miður er vaxandi atvinnuleysi í landinu. Það er óhjákvæmileg afleiðing af ríkisstjórnarstefnunni.

[16:38]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hver hefur nokkurn tíma andmælt því að ríkisstjórn beri ábyrgð á hverjum tíma? Hefur nokkur verið að því? Ég kannast ekki við það. Ég hef hér í ræðustól hvað eftir annað, ár eftir ár, bent á það. Auðvitað ber ríkisstjórnin ábyrgð á því að það er alltaf fylgt þessari vonlausu fiskveiðistefnu þar sem við förum alltaf aftur á bak en ekki áfram. Auðvitað ber ríkisstjórnin ábyrgð á því. Mér þætti gaman að vita, herra forseti, hver stefna hv. þingmanns skyldi vera. Hvað vildi hann í þessum efnum? Fylgir hann þessari stefnu? Vill hann fylgja Hafrannsóknastofnun að málum? Vill hann elta þá eins og aðrir? Vill hann gera það? Telur hann mig óábyrgan mann sem eigi að henda í grjóti? Vill hann kannski brjótast út úr þessu að hætti Færeyinga og verða þjóð sinni að liði, verða byggðum landsins að liði, verða efnahagslífinu að liði? Ég hef aldrei heyrt manninn tjá sig nokkurn skapaðan hlut um það. Þá yrði hann líka ábyrgur ef það skyldi nú vera að hann hefði þá skoðun sem hann hefur alltaf sloppið við að segja. Hann virðist fylgja virkjunum ef þær eru austur á fjörðum gegn vinum sínum og félögum í flokknum. Mér þætti gaman að vita hvort það ætti við Norðlingaöldu líka.

[16:39]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvernig vogar hv. þm. sér án þess að blikna að halda því fram að Sjálfstfl. sé í forustu fyrir samhjálp? Er það að vera í forustu fyrir samhjálp að hér hefur fátækt aukist verulega í tíð þessarar ríkisstjórnar? Er það að vera í forustu fyrir samhjálp að 150 fjölskyldur þurfa á einum og sama deginum að standa í biðröð hjá mæðrastyrksnefnd eftir matargjöfum? Er það að vera í forustu fyrir samhjálp að ráðast alltaf á garðinn þar sem hann er lægstur og skerða kjör lífeyrisþega og aldraða þegar vantar pening til þess að lækka skatta á auðmönnum og stórfyrirtækjum? Er það að vera í forustu fyrir samhjálp að skattleggja láglaunafólk, lífeyristekjur og fólk sem er með tekjur innan 90 þús. kr. á mánuði? Er það að vera í forustu fyrir samhjálp að auka kostnaðarþátttöku láglaunafólks í heilbrigðiskerfinu þannig að öryrkjar þurfa að greiða sem samsvarar mánaðarlífeyrisgreiðslu í lyf á ári? Ég held að hv. þingmaður, herra forseti, ætti að skammast sín fyrir það að halda þessu fram úr ræðustóli Alþingis og horfa framan í þjóðina með þessi orð á vörum.

[16:40]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Staðreyndirnar liggja fyrir. Sjálfstfl. hefur í gegnum tíðina á öllum tímum haft forustu um að byggja upp velferðarkerfið á Íslandi. Það þarf ekkert að fara í grafgötur með sagnfræðina.

Hins vegar hefur verið gerð heilmikil breyting á því að við höfum samþykkt lög sem tryggja að öryrkjar og gamalmenni verða ekki fyrir tekjuskerðingu ef um snýst þannig að kjör þjóðarinnar versni. Það hefur verið gert núna og þess vegna getum við komið í veg fyrir að það sama gerist og gerðist á árunum 1988–1993 þegar kaupmáttur öryrkja og ellilífeyrisþega minnkaði stöðugt. Svo geta menn sem muna ekki neitt í sagnfræðinni rifjað upp hver var félmrh. þennan tíma og hver á að skammast sín. Og hver kemur hér og segir að ég tali án þess að blikna? Auðvitað blikna ég ekki neitt þegar ég fer yfir sagnfræðina, sýni fram á þetta, enda sýna allar hagtölur að það hefur verið vöxtur í kaupmætti allra þegna

þjóðfélagsins. Svo geta menn komið og sagt að Hagstofan sé að ljúga, að Þjóðhagsstofnun sé að ljúga. Hverjir eru að ljúga? Þetta stendur þarna og er rétt.

[16:42]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvernig skýrir hv. þm. hér vaxandi fátækt? Hv. þm. verður að gjöra svo vel að skýra fyrir þjóðinni hvers vegna fátækt fer vaxandi í þjóðfélaginu. Félagsmálastjórinn í Reykjavík hefur haldið því fram að almannatryggingakerfið sé orðið svo götótt af því að það hefur verið borað svo í það af þessari ríkisstjórn að það gagnist þeim verst sem helst þurfa á því að halda. Hvers vegna er því haldið fram, herra forseti, að það sé komin svo mikil brotalöm í velferðarkerfið að það þurfi að endurreisa það? Allt hefur þetta verið að gerast í tíð þessarar ríkisstjórnar. Og að tala hér um að hæstv. ríkisstjórn verji kjör lægst launuðu hópanna er bara grín, herra forseti. Það er grín og skammarlegt af hv. þingmanni að halda þessu fram. Kjör þessara hópa hafa verið skert, eins og lífeyrisþega og atvinnulausra, með því að miða ekki við launavísitölu eins og hefur verið gert hjá öðrum. Um 7 þús. kr. hefur verið stolið í hverjum einasta mánuði úr vasa lífeyrisþega og atvinnulausra og ekki á núna við fjárlagaafgreiðsluna að bæta atvinnulausum það upp sem hefur verið tekið af þeim, sem eru fleiri tugir þúsunda króna á heilu ári.

[16:43]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að hv. þingmaður átti sig á því sem ég veit að hún veit, að það sem hún sagði áðan eru ósannindi. Kjörin hafa ekki verið skert, þau hafa batnað. Það er ekki lygi sem segir í skýrslum Hagstofu Íslands, það er ekki lygi sem stendur í skýrslum Þjóðhagsstofnunar.

Hins vegar, herra forseti, er það mjög alvarlegt mál, sem við skulum þá ræða yfirvegað og leggja okkur fram um að reyna að skilja, hvernig í ósköpunum stendur á því að það er vaxandi fátækt og vaxandi neyð. Það er rétt. Það er mjög vaxandi neyð í allsnægtaþjóðfélagi okkar og við skulum reyna að horfast í augu við það. Við skulum reyna að finna út hvernig stendur á því. Er það ríkisstjórninni að kenna? Kannski er það henni að kenna. Kannski er eitthvað í fari okkar. Hvað er það í því nútímasamfélagi sem við erum að byggja upp, hvað er það í okkar lífsmunstri sem gerir það að sumum ógnar það svo mjög að þeir kikna undan því og geta ekki tekið þátt í lífskjarabaráttunni?

Það er gríðarlegur harmleikur þar í gangi. Ég ætla ekki að gera lítið úr því. En við bætum ekki kjör þeirra sem sárast standa og eiga við mesta óhamingju að stríða með þeim hamagangi sem hv. þm. sýndi áðan.

[16:44]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skaut því inn í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar hvort hann styddi ríkisstjórnina eður ei. Þingmanninum varð svarafátt, eðlilega. Hér fáum við enn og aftur að hlýða á jólamessu hv. þingmanns þar sem hann, eins og ku vera hjá kaþólikkum, gengur til skrifta og vill fá syndaaflausn hjá hv. þingmönnum. Sér eftir því að hafa hangið á græna takkanum í hverju málinu á fætur öðru þegar ríkisstjórnin kemur fram með mál sín og ber af sér sakir í hverju málinu á eftir öðru. Hann fer yfir í vaxtamálin, Seðlabankann sem hann segir vera í tómarúmi, sem hæstv. forsrh. elur önn fyrir og hefur forsjá með. Hann talar um Hafró þar sem fóstbróðir hans Árni Mathiesen fer með forsjá mála. Hann talar um hávexti, hann talar um það að fitan á ríkiskerfinu hafi aldrei verið meiri. Hv. þm. er varaformaður fjárln. og hefur borið ábyrgð á gangi mála í þeim efnum umliðin fjögur ár. Það er kominn tími til að hv. þingmaður komi út úr skápnum og segi okkur nákvæmlega hvorum megin hryggjar hann liggur. Þetta gengur ekki lengur, herra forseti.

[16:46]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg furðulegt að ég skuli upplifa það að menn efist um að ég sé einn af hinum góðu stríðsmönnum Sjálfstfl., hef alltaf verið það og aldrei hvikað frá barnsaldri og engin von til þess fyrir menn að ímynda sér, andstæðingana, að ég muni neitt bregðast þar.

Hins vegar hef ég alltaf barist á móti þessari fiskveiðistefnu, alltaf hreint. Það voru framsóknarmenn og sjálfstæðismenn sem byrjuðu. Síðan var það Alþfl. eða hvað þeir heita nú, þeir skipta alltaf um nöfn, kommúnistarnir eða Alþb. eða hvað þeir hétu, þeir mynduðu stjórn hér með einhverjum fjórum flokkum, þeir breyttu þessu ekkert, þeir hafa alltaf fest böndin. Síðan tók Alþfl. við og Sjálfstfl., síðan Sjálfstfl. og Framsfl.

Af hverju ætti ég að fara úr einum flokki í annan til þess að berjast á móti þessari fiskveiðistefnu? Hvaða flokkur hefur verið á móti henni sem hefur setið í ríkisstjórn? Varð það Alþb., var það Alþfl., var það Framsfl.? Nei. Allir stjórnmálaflokkar á Íslandi hafa allt frá því að þessi ósköp byrjuðu, 1984, tekið þátt í því að standa vörð um hana, alltaf hreint. Og ætti ég að koma út úr einhverjum skáp? Þið talið eins og talað er um homma, þeir ku allir hafa verið inni í einhverjum skápum.

Nei, ég hef alltaf verið í þessum flokki, herra forseti, og engin von til þess að ég fari neitt að breyta þar til um.

[16:47]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað á hv. þm. heima í Sjálfstfl. Hann smellur þar eins og flís við rass. Hann er í tilvistarkreppu og tækifærismennskan er allsráðandi. Sjálfstfl. leikur þetta leikrit gjarnan, að hafa svona eins og eitt, tvö stykki Einar Odd eða Pétur Blöndal, til að skapa sér fjarvistarsönnun frá vondum málum. Pétur Blöndal hefur auðvitað þagnað frá því í prófkjörinu, er kominn í ráðherrafötin. Enn þá leikur hins vegar lausum hala hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson til að skapa Sjálfstfl. fjarvistarsönnun þegar flokkurinn er skammaður fyrir of háa vexti, fyrir bruðl í ríkisrekstri, fyrir vonda fiskveiðistjórnarstefnu og svo mætti lengi telja. Hann er hér fjarvistarsönnunin frá hinum. En það gerir hann ekki stærri að leika þetta vonda leikrit. Þjóðin er löngu búin að sjá í gegnum þetta allt saman. Og guð forði okkur frá því, herra forseti, að fá slíka tækifærismennsku inn í flokk okkar jafnaðarmanna. Þangað fer hann ekki fet, þær dyr standa honum ekki opnar. Hann skal standa algjörlega klár gagnvart því.

[16:48]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeir sem hafa þekkt mig lengst og mest hafa oftast kvartað yfir því að ég geri lítið af því að skipta um skoðun. Að vera sakaður um tækifærismennsku finnst mér mjög undarlegt.

Ég hafði mjög miklar efasemdir strax 1983 um þessa fiskveiðistjórn. Ég hef alltaf undir öllum kringumstæðum alls staðar gert þær athugasemdir, alltaf. Þegar hér kemur

svo einhver hv. þm. og sakar mig um tækifærismennsku, þá er hann að fara mannavillt eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson gerði áðan. Það hefur aldrei nokkurn tíma verið nema einn málflutningur af minni hálfu.

Ég hef líka gegnum árin langa sögu á bak við það að efast um hávaxta- og hágengisstefnu Seðlabankans. Hér eru menn inni sem kunna þá sögu langt aftur í tímann þannig að það er ekki ný tækifærisstefna af minni hálfu, hún hefur alltaf verið til staðar. Ég vil heldur liggja undir einhverju öðru ámæli en því að ég sé tækifærissinnaður. Ég geri lítið af því að skipta um skoðun, tel það mér til gildis. (**GÁS:** ... er flokkurinn.) Ég fullyrði að menn megi treysta því að ég muni ekki skipta um skoðun í þessu máli frekar en öðrum.

[16:49]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Meginmarkmið ríkisstjórnarinnar er og hefur verið að draga úr verðbólgu og viðskiptahalla, treysta undirstöður atvinnulífsins og tryggja varanlegan stöðugleika. Þessi meginmarkmið hafa náðst með góðri stjórn efnahagsmála. Skattalegt umhverfi fyrirtækja hefur tekið miklum breytingum undanfarinn áratug og meginbreytingarnar hafa falist í lækkun skatthlutfalls tekjuskatts úr 51% árið 1990 í 18% frá og með tekjuárinu 2002. Jafnframt hefur ýmsum undanþágum verið fækkað og skattstofninn því breikkaður.

Stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt skattalækkanir á fyrirtæki en það eru veigamikil rök fyrir skattlækkunum jafnt á fyrirtæki sem einstaklinga og nú hefur ríkisstjórnin ákveðið umfangsmiklar breytingar í skattamálum.

Þegar ríkisstjórnin lækkaði skatta á fyrirtæki úr 51% í 30% á sínum tíma kom í ljós að sú lækkun skilaði meiri tekjum í ríkissjóð en áður höfðu komið inn, þvert á það sem ýmsir töldu. Lækkun skatthlutfalls hefur ekki leitt til minni tekna ríkissjóðs, þvert á móti hafa tekjurnar nær tvöfaldast á þessu tímabili. Skýringin er fyrst og fremst meira en tvöföldun skattgreiðenda úr 3.500 árið 1991 í tæplega 8.000 árið 2002. Þau markmið sem stefnt var að með breyttum skattareglum hafa náðst sem sést í eflingu atvinnulífsins sem hefur hvort tveggja leitt til hærri tekna ríkissjóðs og fleiri atvinnutækifæra.

Herra forseti. Stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt ríkisstjórnina vegna skattalækkana á fyrirtæki og á sama tíma komið fram með hugmyndir um aukin útgjöld. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum hafa gert ríkisstjórninni kleift að tryggja betur hag þjóðarinnar.

Ég hygg að það sé óumdeilt að meira jafnvægi ríki í efnahagsmálum um þessar mundir en um árabil. Verðbólgan er á hraðri niðurleið, viðskiptahallinn sömuleiðis, kaupmáttur heimilanna hefur aukist samfellt frá árinu 1994 og er nú meiri en nokkru sinni fyrr. Vextir lækka hratt og verulega hefur dregið úr skuldsetningu fyrirtækja og einstaklinga. Það bendir því flest til þess að íslenskt efnahagslíf sé að taka við sér á nýjan leik eftir skammvinna niðursveiflu og fram undan sé nýtt hagvaxtarskeið.

Fjármálaráðuneytið hefur nú endurskoðað þjóðhagsspá fyrir árin 2002 og 2003 sem er í meginatriðum samhljóða haustspá ráðuneytisins. Reiknað er með 0,25% hagvexti árið 2002 og 1,33% á næsta ári eða um fjórðungi prósentu meira hvort ár en í fyrri spá. Verðbólga er komin undir verðbólgumarkmið Seðlabankans og vextir hafa lækkað og krónan hefur verið stöðug síðustu mánuði.

Herra forseti. Stjórnendur fyrirtækja virðast einnig vera bjartsýnir á aðstæður í efnahagslífinu. Í nýlegri könnun sem Gallup gerði fyrir fjmrn. og Seðlabankann töldu 46% þær vera góðar en einungis 13% töldu þær lakar. Ef horft var fram í tímann ríkti enn meiri bjartsýni og eftir tólf mánuði töldu nær 70% að aðstæður yrðu betri en nú en einungis 7% að þær yrðu lakari. Þessi könnun var gerð, að ég tel, með viðhorfskönnun hjá forráðamönnum 400 veltuhæstu fyrirtækja landsins.

Herra forseti. Afli og aflaverðmæti hafa aukist frá fyrra ári en verð hefur þó lækkað í íslenskum krónum frá því á fyrra helmingi þessa árs í takt við styrkingu krónunnar.

Atvinnuleysi hefur því miður farið vaxandi að undanförnu en áfram er þó gert ráð fyrir að atvinnuleysi nemi að meðaltali um 2,5% þetta ár og að það muni aukast á næsta ári, en árið 2004 muni það minnka aftur með auknum hagvexti og meiri eftirspurn eftir vinnuafli. Hér á landi höfum við áhyggjur þegar atvinnuleysi er yfir 1,5% þegar aðrar þjóðir í Evrópu eru að kljást við atvinnuleysi um 10% eins og við heyrðum í fréttum í gær frá Þýskalandi.

Íslendingar eru vinnusöm þjóð og við eigum mjög erfitt með að þola það að fólk hafi ekki vinnu. Miklar áhyggjur eru t.d. í Vestmannaeyjum þar sem fiskvinnslufólk fær ekki vinnu í greininni og hefur ekki að neinu öðru að hverfa. Við því þarf að bregðast á einhvern hátt.

Herra forseti. Ég vil geta um nokkur mjög mikilvæg verkefni í fjárlagafrv. Lagt er til símenntunar og fjarkennslu 72 millj. á níu stöðum á landinu. Þar kom eitt nýtt verkefni í viðbót við þau átta sem fyrir voru og það verkefni er í Vestmannaeyjum.

Skógræktarverkefnin, fjárveitingar til landshlutabundinnar skógræktar eru 250 millj. kr. sem hefur mikla þýðingu fyrir dreifbýlið og þá breyttu stöðu sem er í landbúnaði í dag. Sérstaklega er þetta mikilvægt vegna þeirra verkefna sem ákveðið hefur verið að fara af stað með.

Þá hefur töluverðu verið bætt við til mæta vanda hjúkrunarheimila um allt land. Lagt er til að veitt verði 300 millj. kr. fjárheimild til að hefja rekstur hjúkrunarheimilisins á Vífilsstöðum og gert er ráð fyrir rekstri 50 hjúkrunarrýma þar og 19 rýma í „húsinu á hólnum". Lagt er til að í fjáraukalögum fyrir árið 2002 verði veitt 130 millj. kr. framlag til endurbóta á húsnæðinu og til kaupa á búnaði. Er það í samræmi við tillögur samráðsnefndar stjórnvalda og Landssambands eldri borgara um að efla þjónustu við aldraða og draga úr biðlistum. Þá er lagt til að framlag hækki um 90 millj. kr. til að fjölga hvíldarinnlögnum árið 2003. Er tillagan líka í samræmi við tillögur samráðsnefndar stjórnvalda og Landssambands eldri borgara um að fjölga hvíldarinnlagnarýmum um 20 á næsta ári. Loks er lagt til að 40 millj. kr. verði varið til að fjölga dagvistarrýmum á næsta ári í samræmi við niðurstöður samráðsnefndarinnar. Samkvæmt tillögunum er áformað að fjölga dagvistarrýmum um 100 á næstu árum og er framlagið miðað við að unnt verði að opna allt að 50 rými á næsta ári. Hækkun á þessum lið nemur alls um 440 millj. kr. og til hjúkrunarheimila verður þá þessi liður 642,3 millj. Þá er einnig lagt til að framlag í Framkvæmdasjóð aldraðra hækki um 98,1 millj. kr.

Herra forseti. Tillögur meiri hluta fjárln. fela í sér að tekjujöfnuður A-hluta ríkissjóðs verði um 11,5 milljarðar kr. Góð stjórn efnahagsmála núverandi ríkisstjórnar hefur leitt til þess að stoðir velferðarkerfisins eru tryggðar enn frekar. Þegar saman fer góð stefna annars vegar og styrk stjórn efnahagsmála hins vegar er hægt að leggja fram metnaðarfull fjárlög. Það hefur tekist fyrir árið 2003.

[16:58]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ólíkt var að hlýða á ræðu hv. þm. Drífu Hjartardóttur miðað við ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Hér talaði augljóslega fulltrúi flokksins sem mærði allt sem ríkisstjórnin hefur látið frá sér fara og telur að það sé forsenda góðra verka á nýju ári.

Í fyrsta lagi vegna ræðu hv. þm. og þess sem hún sagði um þá stöðu sem uppi er í Vestmannaeyjum er náttúrlega aðeins eitt um það að segja, að það atvinnuleysi sem þar hefur farið ört vaxandi er aðeins einu um að kenna og það er þeirri fiskveiðistjórn sem hér hefur ríkt um nokkuð langt skeið og þarf ekki að fara mörgum orðum um hana, enda ætla ég ekki að eyða frekari orðum að henni að sinni.

Megintilefni þess að ég óskaði eftir því að veita hv. þm. andsvar eru fullyrðingar hv. þm. um lækkun skatthlutfalls og lækkun skatttekna o.s.frv. sem er til þess fallin að efla íslenskt atvinnulíf. Af því tilefni langar mig að spyrja hv. þm. hvernig hún les úr því að heildartekjur ríkisins, þ.e. það sem ríkið er að taka af vergri landsframleiðslu hefur farið úr 36% árið 1996 í það að vera áætluð tæp 42% á árinu 2003. Með öðrum orðum, ríkið er að auka um 7% hlut sinn í vergri landsframleiðslu á þessu tímabili.

Því spyr ég hv. þm. vegna orða hennar hér áðan: Hvernig skýrir hún þetta aukna hlutfall tekna ríkissjóðs í vergri landsframleiðslu? Þá er ekki síður á það að benda að ríkissjóður tók 76 milljarða í skatta á tekjur og eignir árið 1996 en áætlar að taka 170 milljarða árið 2003. Þess vegna væri fróðlegt að hv. þm. útskýrði þetta fyrir okkur hér á hinu háa Alþingi.

[17:00]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það fyrsta sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson nefndi um fiskvinnsluna í Vestmannaeyjum þá held ég að alveg sé hægt að breyta því án þess að breyta fiskveiðikerfinu, m.a. með breyttum reglugerðum og með því að menn flytji ekki fiskinn óunninn úr landi. Ég held að það sé einfaldlega ákvörðun sem hver og einn getur tekið sem stendur í þeim viðskiptum.

Varðandi lækkun skatta á fyrirtæki þá sýndi það sig þegar skatturinn var lækkaður úr 51% í 30% að betri innheimta varð á skattinum og það er kannski vegna þess að fólk er þá ekki eins mikið að reyna að draga undan skatti þegar skattheimtan er hófleg en ekki of mikil. Ég held að það sé m.a. þess vegna.

Vegna aukinna tekna í ríkissjóð þá skulum við ekki gleyma því að miklar kauphækkanir hafa orðið í landinu og auðvitað skilar það skatti í ríkissjóð.

[17:01]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við getum nú tekist á í löngu og miklu máli um hverjar afleiðingar fiskveiðistjórnarkerfisins eru og hvort þar megi breyta einhverju sérstöku með tilflutningi, reglugerðarsetningu eða öðru þess háttar.

Ég veit ekki hvort kjarninn í spurningu minni hefur farið fram hjá hv. þm. Ég var að forvitnast um það hvernig hún liti á það að ríkissjóður er að auka hlutfall sitt í vergri landsframleiðslu um 7% frá árinu 1996. Það var fyrsta heila árið sem sú ríkisstjórn sem nú situr, sat til dagsins í dag. Með öðrum orðum: Ríkissjóður er að taka 7% stærri bita af kökunni, þ.e. landsframleiðslunni. Það er kannski þetta, virðulegi forseti, sem ég er að reyna að fá skýringar á.

Ég ætla nú að biðja hv. þingmann um að hlýða á mál mitt því að það er dálítið óþægilegt að vera í andsvari ef hv. þm. hefur ekki tíma til þess að hlýða á ... (**DrH:** Ég er að hlusta á þig. ... gert allt í einu.) Hv. þm. var að fá ráðleggingar frá hæstv. fjmrh.

Spurningin er kannski þessi: Af hverju telur hv. þm. að ríkið sé betur til þess fallið að fara með þetta fé en fyrirtæki og einstaklingar því að ríkið er að taka stærri bita af kökunni til sín? Það er mikilvægt að þetta liggi fyrir vegna þess að hv. þm. var í ræðu sinni áðan að dásama ríkisstjórnina fyrir að lækka skatthlutfallið.

Ég held að þetta sé mikilvægt. Hvers vegna er ríkissjóður að taka svona aukið hlutfall af kökunni til sín og af hverju dásamar hv. þm. það sérstaklega?

[17:03]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það hafi komið alveg skýrt fram í ræðu minni áðan að þetta er vegna aukinna tekna í landinu. Það er miklu meiri hagvöxtur í landinu. (Gripið fram í.) Þessu landi hefur aldrei verið betur stjórnað, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. (**LB:** 45% af meiru ... er miklu meira en 35% af ...) Er hv. þm. að tala við annan þingmann hér úti í sal? (**LB:** ... fá nein svör ...) Ég er að reyna að svara hv. þm.

Að öðru leyti tel ég, eins og ég sagði áðan, að með lækkun skatta á fyrirtæki séum við samt að innheimta meiri tekjur í ríkissjóð en verið hafa og það sýnir sig bara að ... (**LB:** Þetta eru tölur frá fjmrn.) Já, þetta eru tölur frá fjmrn. (Gripið fram í.) Hv. þm. ætti nú að reyna að hemja skap sitt þó rauðhærður sé. Ég bara endurtek aftur sem ég sagði að ástæðan fyrir þessu er að hér er bara miklu meiri hagvöxtur og miklu meira fjármagn í gangi í landinu og þess vegna innheimtir ríkissjóður meira fé.

[17:05]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég kem fyrst og fremst til þess að gera grein fyrir þeim breytingartillögum við fjárlögin sem við í 1. minni hluta fjárln., þ.e. sá sem hér stendur, hv. þm. Einar Már Sigurðarson og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, gerum ásamt félögum okkar úr Samfylkingunni.

En áður en ég kem að því að tala fyrir þessum tillögum og útskýra þær má ég til með, virðulegur forseti, að fylgja því eftir sem ég hef áður sagt hér í dag og áður sagt við fjárlagaumræðuna, sem er að fjárlögin séu virt að vettugi. Ég vitna þar, virðulegur forseti, í 41. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Á þessu tel ég að sé misbrestur og sýndi fram á það með lista sem ég hafði undir höndum í morgun.

Í 42. gr. stjórnarskrárinnar segir:

„Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld."

Vissulega er frv. lagt hér fram í upphafi þings. En þar í vantar ýmsar upplýsingar sem liggja fyrir á þeim tíma. Það fullyrði ég og hef sýnt fram á rök með því að vísa í skýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir liðin fjögur ár.

Herra forseti. Ég má einnig til með að gera nokkra grein fyrir því sem mér þykir hvað verst í fjármálaástandi á Íslandi. Nýlega kom fram í fréttum að fjármagnstekjur sem nema 11,2 milljörðum kr. koma í hlut innan við hundrað manna á

Íslandi. Það speglar þá þróun að örfáir eru að eignast Ísland. Fjármagnstekjur samkvæmt framtölum eru 21,2 milljarðar. Af þeim tekjum fá 96 einstaklingar í sinn hlut 116 milljónir hver. Þetta segir okkur, ágætu áhorfendur og hlustendur, að örfáir einstaklingar, e.t.v. innan við 3.000 manns, vita ekki aura sinna tal meðan 10–15 þúsund manns verða að komast af með minna en 90 þús. kr. á mánuði.

Þetta sýnir okkur ótvírætt að stefna ríkisstjórnarinnar er að gera hina ríku ríkari. Nú er komið í ljós að það stenst sem við í Samfylkingunni sögðum um fjárlagafrv. við 1. umr. Það er verið að auka útgjöld meira en nokkurn gat grunað. Frv. í sinni mynd eins og það var lagt fram var sýndarplagg í villandi umbúðum.

Virðulegur forseti. Það er ekki ástæða til að ræða um þetta plagg, fjárlagafrv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. En ég árétta að þar er ekkert gert til að sporna við fátækt. Veikir tilburðir eru til að bæta hag aldraða. Það er ekki tekið á því sem við samfylkingarmenn höfum margbent á, að virkasta aðgerðin sé líklega að hækka skattleysismörk.

Sá sem hér stendur hefur margflutt frumvarp um lögbindingu lágmarkslauna og ég held því enn áfram. Það hefur sýnt sig að vera gagnlegt hagstjórnartæki í meira en 33 þjóðlöndum. En hér fást hagfræðingar ekki til að skoða árangur annarra þjóða í þessu efni. Ég hef, virðulegur forseti, vitnað í heimsþekkta erlenda hagfræðinga sem mæla með lögbindingu lágmarkslauna. En hér er málið ekki einu sinni skoðað.

Virðulegur forseti. Ég kem nú að þeim breytingartillögum sem ég gat um í upphafi máls og geri grein fyrir þeim hér á eftir. Þær breytingartillögur eru við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003 og frá 1. minni hluta fjárln.

Fyrst koma breytingar á sundurliðun 1 við I Skatttekjur, þ.e. 1.1.1.1 Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla. Þar gerum við tillögu um hækkun skatttekna um 300 millj. þannig að skatttekjurnar verði 63.879,0 millj. kr. Þessu ætlum við að ná fram með 100 millj. útgjöldum í hert skatteftirlit. Við ætlum einnig að ná fram í b-lið undir þessum 1. lið auknum tekjum upp á 500 millj. með auknu og hertu eftirliti þannig að virðisaukaskattstekjur verða 80.200,0 millj. kr.

Síðan erum við með tillögu að breytingu á sundurliðun 2 við lið 00-201 Alþingi. Við leggjum til að stofnuð verði hagdeild við Alþingi og til þess verði varið 10 millj. og við leggjum til að þessar 10 millj. verði millifluttar af liðnum 1.19 sem heitir Efnahagsrannsóknir þar sem við gerum að tillögu okkar að sú upphæð, 10 millj., sem ætluð er í efnahagsrannsóknir flytjist frá þessari deild yfir til Alþingis, nýrrar hagdeildar Alþingis. Það eru engin útgjöld, heldur tilflutningur á verkefnum.

Í 4. lið gerum við tillögu um að ráðstöfunarfé samkvæmt ákvörðun ráðherra undir liðnum 02-199 verði lækkað úr 18 millj., um 8 millj. kr. og verði 10 millj. kr. Þessar 8 millj. sem við erum að leggja til eru aðeins staðfesting á því sem hæstv. menntmrh. sagði hér við 2. umr. að hann hefði gefið fyrirheit um að leggja fjármuni til undirbúnings framhaldsskóla á Snæfellsnesi og þar sem fyrir liggur að sú upphæð þarf að vera 8 millj. þá staðfestum við þá aðgerð með tölulegum staðreyndum.

Við leggjum til að við lið 02-201 Háskóli Íslands, 1.01 Kennsla, verði að fullu bætt sú fjárvöntun sem um er að ræða eða 740 milljónir þannig að þessi liður verði 3.134,1 millj. kr. þannig að heildartalan verður 4.434,3 millj. kr. sem falla í hlut háskólans.

Við gerum einnig tillögu um að auka fjárframlag til Háskólans á Akureyri í nákvæmlega sama hlutfalli og til Háskólans í Reykjavík, um u.þ.b. 30%, þ.e. það sem talið er að vanti vegna aukins kostnaðar, nemendafjölda og vanreiknaðra tekna til kennara. Þar til leggjum við til hækkun upp á 140 millj. úr ríkissjóði þannig að útlagt úr ríkissjóði verði um að ræða 708,1 millj.

Það sama gildir um næsta lið, Kennaraháskóla Íslands. Þar leggjum við til að greitt verði úr ríkissjóði 190 millj. kr. á sömu forsendum og áður hefur verið gerð grein fyrir varðandi Háskólann á Akureyri þannig að greitt verði úr ríkissjóði 1.099,1 millj. kr.

Við leggjum til að til framhaldsskólanna, óskipt, verði lagðar til viðbótar við þær tölur sem hér hafa verið ræddar í dag, 220 millj. og síðan 70 millj., 370 millj. til að bæta rekstrarstöðu þessara skóla. Út af stendur að það er til óskipt í sjóði á sjötta hundrað milljónir til viðbótar við þetta og þannig ætti að vera hægt að mæta þeirri sannanlegu og óumdeildu fjárþörf sem til staðar er.

Við leggjum til í níunda lagi að við lið 02-884, sem er jöfnun á námskostnaði, bætist hækkun upp á 58,1 millj. þannig að útgreiddar úr ríkissjóði verði 500 millj. Þær munu geta mætt hinu mikla álagi á nemendur sem þurfa að sækja nám langt að.

Í tíunda lagi leggjum við til að við lið 07-205, sem er leiguíbúðir, verði gert sérstakt átak í uppbyggingu leiguíbúða upp á 150 millj. kr. Þessi upphæð er beinlínis til þess að létta þá þörf sem er vegna skorts á leiguhúsnæði og þetta á við um Reykjavík og nokkra aðra staði.

Í ellefta lagi er liður 07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður. Þar gerum við tillögu um hækkun atvinnuleysisbóta til samræmis við launavísitölu og samkomulag Landssambands eldri borgara og ríkisstjórnarinnar upp á 190 millj. þannig að þessi liður verði 195 millj. útgreiddar úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Í tólfta lagi, virðulegur forseti, við liðinn 08-204 Lífeyristryggingar gerum við tillögur um hækkun lífeyrisgreiðslna og félagslegra bóta í samræmi við launavísitölu. Til þess að mæta því þarf að hækka þennan lið um 300 millj. kr. þannig að úr ríkissjóði verði greiddar 5.186 millj. í stað 4.886 millj.

Við gerum tillögu í þrettánda lagi um að undir liðnum 08-358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri verði greidd sú fjárvöntun sem til staðar er, þ.e. 310 millj. kr., og komið þar til móts við þann vanda sem uppi er. Það er til samræmis við þær aðgerðir sem gripið var til varðandi Landspítala – háskólasjúkrahús.

Við leggjum til í fjórtánda lagi að við lið 08-501 verði styrking sjúkraflutninga aukin með 15 millj. kr. framlagi. Það er beinlínis til þess að unnt sé að lágmarksmanna heilsugæslustöðvarnar í Borgarnesi, Búðardal, Ólafsvík, Hólmavík, Patreksfirði og Kirkjubæjarklaustri, með 2,5 millj. kr. framlagi á hverja þessara stöðva. Það er til þess að geta mætt lágmarksþörf varðandi sjúkraflutninga þar sem aðeins er einn maður til staðar. Um er að ræða að setja upp bakvakt þar sem hægt er að hafa annan aðila tiltækan til viðbótar.

Ég gerði áður, virðulegur forseti, grein fyrir 15. liðnum, þ.e. 09-150 Innheimtukostnaður. Við leggjum til að settar verði 100 millj. í hert skatteftirlit sem þýðir 790 millj. kr. tekjuauka. Við erum sannfærð um að þessi tekjuauki er að lágmarki, og er sannarlega í plús.

Fer þá að styttast listinn. Í sextánda lagi við lið 10-211 verði lagðar 100 millj. kr. í öryggisaðgerðir í vegakerfi

landsins, þ.e. til að eyða þeim svokölluðu hættublettum úr umferðarkerfinu sem sumir kalla „svarta bletti" umferðarkerfisins þar sem æ ofan í æ hafa orðið alvarleg slys. Við teljum að með þessari aðgerð muni peningurinn margskila sér til baka í almannasjóði. Við leggjum til að í stað þess að greiða úr ríkissjóði 1.332,4 millj., verði farið í 1.432,4 millj. kr.

Við leggjum til við 7. gr. fjárlaga, þ.e. heimildagreinina, að þar komi nýir liðir þar sem farið verði í hagræðingu hjá ráðuneytunum og þau spari 500 millj. kr., sem er, virðulegur forseti, mjög hógvær og lág upphæð og ætti að vera mjög þægilegt fyrir ráðuneytin að ná þessu framlagi. En við leggjum einnig til að fresta yfirfærslu ónotaðra heimilda ráðuneytanna frá fyrra ári um 500 millj. kr. Þetta er lág upphæð miðað við allt það sem menn ætla sér að flytja af heimildum á milli ára og þar teljum við að sé auðvelt að taka 500 millj. kr. Við leggjum jafnframt til að ráðuneytin taki nú á og skeri niður ferða- og risnukostnað um litlar 420 millj. kr.

Að lokum, virðulegur forseti, leggjum við til að lækkaður verði sérfræðikostnaður hjá A-hluta stofnunum um einn milljarð kr. Þessi sérfræðikostnaður er yfir þrír milljarðar kr., sérfræðiaðstoð sem er verið að kaupa. Við teljum að þarna sé ekki skynsamlega með farið og að þarna sé hægt að ná sem sagt einum milljarði kr.

Niðurstaða þessa er að við leggjum til tekjuauka upp á 3.220 millj. en við leggjum til útgjöld upp á 2.663 millj. þannig að um er að ræða tekjujöfnuð upp á 536 millj. kr. sem verða eftir. Þó að verði farið að þeim tillögum sem við erum með um útgjöld erum við með 536 millj. kr. umfram það sem við gerum tillögur um í útgjöldum.

Virðulegur forseti. Ég hef lokið að gera grein fyrir þessum brtt. og því sem ég vildi skjóta frekar inn í umræðuna um fjárlögin. Það er reyndar hægt að segja mjög margt um þau fjárlög sem hér eru á ferðinni. Það er hægt að ræða um gífurlega aukningu útgjalda ríkisins, reyndar um leið og tekjur hafa aukist, en útgjöldin hafa aukist enn meira en tekjurnar sem sést á því að það hefur sífellt orðið að selja meira og meira af eignum. Þrátt fyrir þetta allt saman er skuldaaukning ríkisins ótrúlega mikil á síðustu árum.

[17:24]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er frv. til fjárlaga tekið til 3. umr. en efh.- og viðskn. hefur að venju fjallað um tekjuhlið fjárlaganna. Ég held að alveg sé óhætt að segja, herra forseti, að við þá umfjöllun okkar kom í ljós að það eru afar ótraustar stoðir undir þeim tekjuauka sem fjmrh. byggir á breytingu á tekjuáætlun nú við 3. umr. fjárlaga.

Ég vil í upphafi máls míns segja að það gafst lítill tími í efh.- og viðskn. til að fjalla um málið og leita nauðsynlegra gagna og umsagna um einstaka þætti í endurskoðaðri þjóðhagsspá sem áhrif hafa á tekjuhlið fjárlaga. Ég tel að þau vinnubrögð séu til vansa, herra forseti, þar sem stutt og yfirborðsleg umfjöllun nefndarinnar um málið gefur ekki færi á að fjalla um einstaka þætti efnahagsmála eða þjóðhagsstærða eins og nauðsynlegt er.

Í stuttu máli má segja um tekjuhlið fjárlaga og þann tekjuauka sem hér er sýndur upp á 7,6 milljarða nú við 3. umr. að það er engu líkara en að þær tölur séu tíndar upp úr hatti með það að markmiði að láta þær ganga upp í aukin útgjöld sem stofnað hefur verið til við meðferð fjárlagafrv. á Alþingi. Ég tel að tekjuafgangurinn eins og hann er sýndur með tekjuhlið fjárlaga sé ekki til þess fallinn að veita öflugt viðnám við verðbólgu eða styðja við stöðugleika efnahagslífsins þegar í heild er skoðaður útgjalda- og tekjurammi þessa frv. Ég held, herra forseti, að það ríki líka mikil óvissa í verðlagsforsendum frv. sem byggir á 3,2% hækkun á næsta ári. Inn í þær er ekki tekið með ýmislegt sem má segja að sé í pípunum eins og áform tryggingafélaga um hækkun iðgjalda og áhrif af boðuðum hækkunum sveitarfélaga, m.a. vegna leikskólagjalda. Það hefur reyndar komið fram, herra forseti, að ASÍ hefur lýst áhyggjum af því að verðhækkunarskriða gæti verið fram undan og það hefur nýverið komið fram að ýmsir óttast skriðu verðhækkana í kjölfar hækkana á mjólkurvörum um 3% frá og með áramótum. Jafnframt má geta þess að ekki er enn komin fram 12% meðaltalshækkun á húsaleigu á leiguíbúðum sem mun gæta strax í næstu vísitölumælingu. Ég tel að þessir veikleikar sem ég hef hér lýst geti stefnt í hættu þeim verðbólguforsendum fyrir næsta ár og verðlagsmarkmiðum sem fjárlagafrv. byggir á.

Ég tek undir með ASÍ sem hefur áhyggjur af verðhækkunarskriðu sem gæti verið fram undan og vísa til þess sem kom fram í DV nýverið, til að mynda hjá forstjóra Hagkaupa sem vísar til hækkana á mjólkurvörum um áramótin. Hann segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þessi fyrirtæki sem ekki eru í neinni samkeppni ryðja veginn og það er ekki í fyrsta sinn sem það gerist. Þau eru í raun skjól fyrir marga aðra. Fyrst þessi fyrirtæki sjá sig tilneydd til hækkana á þessum viðkvæma tímapunkti er alveg ljóst að það verða sambærilegar hækkanir frá mörgum öðrum. Það er engan veginn ásættanlegt að fyrirtæki sem eiga ekki í neinni samkeppni og eru vernduð á alla vegu stýri vísitölu landsmanna."

Ég tel, herra forseti, fulla ástæðu til þess að vekja athygli á því sem er fram undan í verðlagsmálum og því sem hefur verið boðað sem áhrif getur haft á vísitöluna. Í þeim forsendum sem frv. byggir á er þetta ekki tekið með að því er ég best veit og ekki hafa komið fram neinar upplýsingar um það í efh.- og viðskn.

Ég tel líka ástæðu til þess að vekja athygli á því að fjmrn. og Seðlabankanum ber ekki saman um ýmsar stærðir í þjóðhagsspám fyrir næsta ár. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir 1,75% hagvexti, en Seðlabankinn 1,5%. Launabreytingar sem fjmrn. áætlar eru nokkuð öðruvísi en Seðlabankans. Það sem mér finnst þó skipta miklu máli og ég vil nefna hér, herra forseti, er að töluverður munur er á atvinnuleysisspá Seðlabankans og fjmrn. Seðlabankinn gerir ráð fyrir 3,25% atvinnuleysi en í forsendum ráðuneytisins er byggt á 2,75% atvinnuleysi. Þar munar náttúrlega nokkru þegar verið er að skoða útgjaldahliðina vegna þess að reynist spá Seðlabankans um 3,25% rétt þá vantar 500 millj. inn í forsendur fjárlaga til þess að eiga fyrir atvinnuleysisbótunum.

Það er margt sem bendir til þess að spár Seðlabankans séu nær atvinnuleysinu á næsta ári en hjá fjmrn. Því miður hefur atvinnuástandið versnað til mikilla muna á milli ára og fram hefur komið að atvinnuleysi hafi tvöfaldast á höfuðborgarsvæðinu svo dæmi sé tekið miðað við sama tíma í fyrra, og eins og fram hefur komið er það í flestöllum stéttum atvinnulífsins. Það sem veldur auðvitað miklum áhyggjum er að fram hefur komið að slík aukning á atvinnuleysinu bitnar helst á ungu fólki, 20–25 ára, þar sem aukningin er mjög mikil. Ég taldi, herra forseti, ástæðu til að vekja athygli á þessu.

Ég tel einnig ástæðu til að benda á að í forsendum fjárlaga fyrir næsta ár eða öðrum þjóðhagsstærðum er ekki gert ráð fyrir áformum af stóriðjuframkvæmdum sem þó er viðurkennt af til að mynda fulltrúum fjmrn. að gæti farið að gæta þegar á haustmánuðum á næsta ári og áhrifin af stóriðjuframkvæmdum gætu því raskað nokkuð þeim þjóðhagsstærðum sem nú er byggt á.

Það er einnig athyglisvert í þeim forsendum sem fram koma hjá fjmrn. og ef tekið er mið t.d. af hagspá Búnaðarbankans varðandi viðskiptahallann þá gerir Búnaðarbankinn eða hagspá Búnaðarbankans ráð fyrir 15 milljarða viðskiptahalla á næsta ári en í forsendum fjmrn. er gert ráð fyrir 4 milljarða viðskiptahalla árið 2003.

Ég held að óhætt sé að segja að við þessa fjárlagagerð og raunar það sem af er þessu þingi hafi það komið berlega í ljós að aðstaða þingmanna hefur versnað mjög til þess að leita sjálfstæðs álits á ýmsu að því er varðar hagfræðileg málefni eftir að Þjóðhagsstofnun var lögð niður. Ég verð að segja, herra forseti, að ég og fleiri fundum verulega fyrir því núna við fjárlagagerðina og skoðun okkar á þeim efnahagsramma sem fjmrn. setur fram. Það kemur mér því á óvart, svo ég haldi því til haga um leið og ég ræði þetta, að það fékk ekki undirtektir í fjárln. að veita fjármagn til þess að þingið gæti sjálft komið sér upp sjálfstæðum vísi að hagdeild, sem þó var stutt af efh.- og viðskn. sem beindi slíku erindi til fjmrn.

Ég vil nefna það hér, herra forseti, að þegar tekjuhlið fjárlaga var skoðuð í efh.- og viðskn. þá fannst mér margt mjög sérkennilegt koma þar fram. Mér finnst t.d. mjög sérkennilegt að allt í einu við 3. umr. hoppi upp úr hatti fjmrn. 3 milljarðar kr. með endurmati á tekjuskatti lögaðila upp á 3 milljarða þannig að tekjuskattur lögaðila hækki frá fjárlagafrv. úr 5,2 milljörðum upp í 8,2 milljarða. Þetta vanmat í fjárlagafrv. er með ólíkindum og ekki til þess fallið að vekja traust á forsendum fjárlagafrv. þegar tekjuskattur lögaðila getur tekið svona stórar sveiflur á stuttum tíma. Eins og fram kom í efh.- og viðskn. byggðist þetta endurmat á álagningu sem var birt í endurmati ársins 2002 í kjölfar álagningar sem var birt í október.

Álagning á lögaðila hefur verið um 9–10 milljarðar á ári og með 30% skatthlutfalli svarar þetta til þess að skattskyldur rekstrarhagnaður að frádregnu yfirfæranlegu tapi hefði verið um 30–33 milljarðar kr. á ári. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að tekjuskattur lögðila verði 5.250 milljónir, sem með 18% skatthlutfalli á lögaðila svarar til um 29 milljarða skattstofns. Hækkun skatttekna um 3 milljarða kr. svarar til 16,7 milljarða hækkunar á stofni sem yrði þá alls um 45 milljarðar kr. Það er einmitt athyglisvert að skoða þessa breytingu núna á skattstofninum í ljósi þeirra skattalagabreytinga sem gerðar voru hér fyrir liðlega ári síðan og áhrif hafa á næsta ári, að vegna lækkunar á skatthlutfalli úr 30 í 18% verða tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti lögaðila, miðað við breyttar forsendur nú við 3. umr. fjárlaganna, 8.250 milljónir, en miðað við 30% skatthlutfall hefðu tekjurnar orðið 13,8 milljarðar í staðinn fyrir 8,2. Þarna skeikar um 5 milljörðum kr. sem er auðvitað veruleg fjárhæð sem sýnir það, eins og ég hef margsagt, að skattstefna ríkisstjórnarinnar er röng. Gengið er allt of langt í að lækka tekjuskatt á fyrirtæki, m.a. með því að hækka tryggingagjaldið sem ég held að hafi verið arfavitlaus aðgerð.

Ég bendi á það í því áliti sem við höfum sett hér fram að ef farin hefði verið sú leið sem við í Samfylkingunni vildum, þ.e. að fara með skatthlutfallið úr 30% í 25% þá hefði það dugað engu að síður til að Ísland héldi skattalegu forskoti sínu miðað við aðrar þjóðir en það hefði líka á sama tíma þýtt 3,8 milljarða meiri tekjur í ríkissjóð á næsta ári sem gefið hefði svigrúm til verulegrar lækkunar á tryggingagjaldi sem gagnast vel litlum og meðalstórum fyrirtækjum og tekjuskattslækkun á einstaklinga og lífeyrisþega. En af þeirri hækkun sem hér er sett fram á tryggingagjaldinu milli ára, sem eru 3,8 milljarðar, þá má rekja 1,8 milljarða beinlínis til þeirra skattalagabreytinga sem ríkisstjórnin stóð fyrir á þessu og síðasta ári.

Það sem vekur athygli er að tekjuaukinn til að mæta þessum auknu útgjöldum nú er fenginn með því að hætta við þriðjungslækkun á stimpilgjaldi sem ríkisstjórnin boðaði fyrir ári að tæki gildi nú um næstu áramót. Ég held að allir viðurkenni að stimpilgjald er ekki réttlátur skattur, hann leggst þyngra á fólk í fjárhagsþröng en aðra í samfélaginu og þyngra á lítil fyrirtæki en stór. Samfylkingin lagði til að þegar á þessu ári, sem nú er senn á enda, yrði þeim áfanga náð að afnema stimpilgjöld þannig að stimpilgjöld yrðu lækkuð um þriðjung í janúar 2003.

Það er alveg ljóst að stimpilgjöldin eru mjög ósanngjarn skattur líka gagnvart einstaklingum, einkum þeim sem eru að koma sér upp húsnæði. Tekjur af stimpilgjaldi eiga að gefa á næsta ári 3,3 milljarða kr. Samkvæmt lauslegu áætluðu mati sem ég bað um á síðasta ári má gera ráð fyrir að einstaklingar greiði 35–40% af stimpilgjaldinu eða 1,2–1,3 milljarða en fyrirtæki 60–65% eða um 2,1 milljarð kr.

Mér sýnist, herra forseti, að nokkrar skattahækkanir felist í þeim tekjuauka sem hér er að koma fram. Í fyrsta lagi birtist hann í því sem ég var hér að nefna, þ.e. 900 millj. kr. hækkun á stimpilgjaldi sem áður var áformað að lækka. Það er ekki hægt að kalla það annað en skattahækkun vegna þess að ég býst við að ýmsir hafi treyst og trúað því loforði ríkisstjórnarinnar og gert ráð fyrir að stimpilgjaldið lækkaði nú um áramótin um 900 millj. kr.

Síðan er það 1.100 millj. kr. skattahækkun á áfengi og tóbaki sem við höfum farið í gegnum og það er ríkisstjórninni svo sannarlega ekki til hróss að tengja þá hækkun á áfengisgjaldi þeirri litlu hækkun á lífeyri sem lífeyrisþegar fá núna um áramótin og gera þannig lífeyrisþegana ábyrga fyrir þessari hækkun á áfengi og tóbaki.

Þessu til viðbótar kemur 1,8 milljarða hækkun á tryggingagjaldinu.

Mér finnst ansi sérkennilegt það sem fram kemur í þessum tekjuauka, þessum 7,6 milljörðum, að allt í einu áætlar ríkisstjórnin að í dráttarvexti fái hún 1 milljarði meira í tekjur á næsta ári heldur en frv. til fjárlaga gerði ráð fyrir, þannig að í stað 6 milljarða sem ríkið hafi í tekjur af dráttarvöxtum fái ríkisstjórnin 7 milljarða í tekjur á næsta ári. Og maður spyr: Hvað gerir það allt í einu að verkum að þrem mánuðum eftir að fjárlagafrv. er lagt fram skuli allt í einu vera endurmat á áætlunum á dráttarvöxtum, þ.e. tekjum af dráttarvöxtum, um heilan milljarð, sem er nú ansi mikil hækkun, úr 6 í 7 milljarða? Er það af því að ríkisstjórnin eða hæstv. fjmrh. er að gefa sér það að vanskil einstaklinga og fyrirtækja aukist og þar af leiðandi fái ríkissjóður meira í sinn hlut af dráttarvöxtum af sköttum og öðrum skuldum einstaklinga eða fyrirtækja við ríkissjóð?

Af þeirri sundurliðun sem ég hef á dráttarvöxtum af ríkissjóðstekjum sem einungis er fyrir árið 2000 og 2001, og ég get því ekki lagt mat á annað, eru verulegir dráttarvextir af þinggjöldum einstaklinga. Þeir voru á árinu 2001 tæpir 2

milljarðar kr. og höfðu aukist þá milli áranna 2000 og 2001 úr 1,2 milljörðum í 1,9 milljarða. Það er veruleg hækkun á dráttarvöxtum af þinggjöldum einstaklinga. Ég tek líka eftir og hefði nú þurft skýringa við, að hér kemur fram að dráttarvextir af virðisaukaskatti hafi milli áranna 2000 og 2001 hækkað úr 1,3 milljörðum í hvorki meira né minna en 3,9 milljarða. Það hefði auðvitað verið fróðlegt að fá fram við umræðuna síðar á þessum degi þegar fjmrh. tekur til máls, hvaða forsendur eru á bak við þennan tekjuauka af dráttarvöxtum.

Síðan er ástæða til að nefna það sem við höfum verið að ræða í efh.- og viðskn. og snertir reyndar annað frv. sem við erum enn með í umfjöllun hjá okkur og snertir breytingar á lögum um tekjuskatt, þar sem m.a. er verið að breyta eða lengja tímann sem fyrirtæki hafa til að nýta yfirfæranlegt rekstrartap úr átta í tíu ár.

Samkvæmt því sem fjmrn. lagði fram í nefndinni kemur fram að það áætlar að hægt sé að reikna með að niðurfellt tap eftir átta ár sé að jafnaði um 1–3 milljarðar kr. og nýting á því á móti hagnaði á níunda og tíunda ári sé allt að einum milljarði kr. Það má vel áætla að það geti þýtt allt að 200 millj. kr. tekjutap ríkissjóðs þegar á næsta ári sem ekki er hægt að sjá að sé gert ráð fyrir í tekjuhlið fjárlaga. Það er nú bara nálægt þeirri upphæð, herra forseti, sem þarf til þess að hækka atvinnuleysisbætur sem mér skilst að ríkisstjórnin ætli ekki að gera við afgreiðslu fjárlagafrv. Atvinnulausir standa því frammi fyrir því að fá ekki hækkun á bótum sínum til jafns við það sem á að færa lífeyrisþegum um næstu áramót en það kostar um 190 millj. Ríkisstjórnin segir nei við því en í stað þess eykur hún á skattahlunnindi fyrirtækja sem voru ærin fyrir. Það er alveg ljóst að það er nálægt 7 milljörðum á ári sem yfirfæranleg rekstrartöp hafa rýrt skatttekjur ríkissjóðs um á undanförnum árum. Manni finnst alveg nóg að gert þar og ef það eru til 200 millj. í viðbót á næsta ári til þess að auka enn í þessi rekstrartöp finnst manni að ríkisstjórnin hefði átt að verja þeim fjármunum frekar til þess að hækka atvinnuleysisbætur.

Þetta sýnir, herra forseti, þann forgang sem ríkisstjórnin hefur. Hún skilur atvinnulausa eftir úti í kuldanum en eykur á skattahlunnindi fyrirtækja þess í stað. Eftir að hætt var að miða hækkun atvinnuleysisbóta á árinu 1996 við ákveðinn taxta fiskvinnslufólks upplýsti hæstv. félmrh. í svari til mín hér um daginn að atvinnulausir fengju 15 þús. kr. minna á mánuði í sinn hlut, þ.e. 180 þús. kr. á ári, vegna þessarar skerðingar sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir.

Ég held, herra forseti, að það sé ástæðulaust að fara frekar yfir þetta mál þótt af ýmsu væri að taka að ræða hér fjárlagafrv. og tekjuhlið þess. Ég vil rétt undir lokin snúa mér að því að fara nokkrum orðum um þær brtt. sem fulltrúar Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn. hafa flutt við 3. umr. þessa máls.

Við 2. umr. voru felldar tillögur Samfylkingarinnar um að hækka barnabætur, með öðrum orðum að greiddar yrðu ótekjutengdar barnabætur með börnum frá 7 ára að 16 ára aldri. Það er full ástæða til að halda því til haga að hér var þó um að ræða tillögu sem var eitt helsta kosningamál annars stjórnarflokksins í síðustu kosningum, þ.e. þessi svokölluðu barnakort, en þá átti að greiða ótekjutengdar barnabætur með börnum að 16 ára aldri. Það hefur þó ekki verið farið lengra í því á þessu kjörtímabili en að greiða ótekjutengdar barnabætur með börnum að 7 ára aldri. Ástæða er líka til að minna á að á árinu 1995 voru greiddar ótekjutengdar barnabætur með börnum að 16 ára aldri.

Ég vil líka ræða um þá tillögu sem hér er sett fram um að auka fjármagn til leiguíbúða um 150 millj. kr. Ég býst við að allir þekki það að algjört neyðarástand ríkir hér á leigumarkaðnum og við höfum margoft farið í gegnum það. Það ástand skapast einkum vegna þess að skrúfað var fyrir félagslega aðstoð að mestu í húsnæðismálum fyrir nokkrum árum með þeim afleiðingum að vextir hafa hækkað verulega á leiguíbúðum og leiguverð fyrir þriggja herbergja íbúð er orðið 70–80 þús. kr. Ríkisstjórnin hefur hækkað vextina á leiguíbúðum upp í 3,5–4,9%. Það er alveg ljóst að þetta kemur sér verulega illa fyrir námsmenn, einstæða foreldra og atvinnulausa sem er stór hópur þeirra sem þurfa á leiguhúsnæði að halda. Nú hefur Reykjavíkurborg neyðst til þess að hækka leiguna vegna þessara vaxtahækkana á leiguíbúðum. Tillögur okkar miða að því að gera sérstakt átak í uppbyggingu leiguíbúða þannig að gert verði raunverulegt átak með niðurgreiddum vöxtum og að hér verði byggðar 2.400 íbúðir á næstu fjórum árum, þ.e. 600 íbúðir á ári. Það mundi þýða 150 millj. kr. til viðbótar á næsta ári og í heild á fjórum árum gæti þetta verið nálægt 400–500 millj. kr.

Það þýðir ekki hér, eins og hæstv. félmrh. gerir, að auka félagslegar íbúðir eða leiguíbúðir með svo háum vöxtum. Námsmannasamtökin eða samtök öryrkja, sem mikið hafa gert af því að byggja slíkar íbúðir, ráða ekki við það með þessum kjörum nema þá að setja hækkunina út í leiguverðið og þá komum við að því að þeir sem búa í þessum íbúðum, skjólstæðingarnir, námsmennirnir og öryrkjarnir, hafa ekki efni á þessum leigugreiðslum, m.a. af því að ríkisstjórnin hefur skert kjör þeirra. Það er reyndar komið svo, herra forseti, að sú skerðing sem hefur orðið á kjörum tekjulægstu hópanna hefur orðið til þess að fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum, einkum þó Reykjavíkurborg, hefur vaxið verulega. Skerðingin sem ríkisstjórnin stendur að á kjörum tekjulægstu hópanna blæs út í fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögum og þá auknum útgjöldum þeirra. Ég held, herra forseti, að það sé alveg ljóst að neyð þessara tekjulægstu hópa, þeirra sem þurfa á leiguhúsnæði að halda, sé orðin svo mikil að það er ekki forsvaranlegt, herra forseti, að bíða með það að gera raunverulegt átak að því er varðar leiguhúsnæði.

Hér er lagt til að Atvinnuleysistryggingasjóður fái 190 millj., eins og ég nefndi hér áðan, þannig að atvinnulausir muni fá þá sömu hækkun og áformuð er um næstu áramót, sem samsvarar bæði hækkun á tekjutryggingunni og tekjutryggingaraukanum, þ.e. um 5 þús. kr. á mánuði. Og ég ítreka að það er búið að skerða bætur atvinnulausra um 180 þús. kr. á ári og ríkisstjórnin ætlar ekki að færa þeim sömu hækkanir og aðrir fá. Ég skora nú á launþegahreyfinguna að taka upp hanskann fyrir þá atvinnulausu og setja það á dagskrá að knýja ríkisstjórnina til þess að færa atvinnulausum sömu hækkun og lífeyrisþegarnir eiga að fá. Og þó að lífeyrisþegarnir fái hækkun um næstu áramót sem Samtök aldraðra knúðu fram er ljóst að því er engan veginn skilað til baka sem af öldruðum og öryrkjum hefur verið tekið, einungis skilað litlum hluta af því og síðan fer verulegi hlutinn aftur í skattgreiðslu til ríkissjóðs. Það er auðvitað saga út af fyrir sig að tekjulægstu hóparnir skuli greiða skatta sem samsvara einum milljarði, þ.e. þeir hópar sem eru með undir 90 þús. kr. í tekjur.

Síðan gerum við ráð fyrir að bæði hjá atvinnulausum og

hjá lífeyrisþegum verði greiðslur, bætur og lífeyrir til þessara hópa miðaður við launavísitölu eins og gerð hefur verið krafa um, bæði af Samtökum aldraða og lífeyrisþegum. Ríkisstjórnin hefur umsvifalaust sett það út af borðinu í því samráði sem hún hefur haft við Samtök aldraða — hún hefur ekkert samráð haft við samtök fatlaðra — en það er helsta krafa Samtaka aldraðra að lífeyrir þeirra verði miðaður við launavísitölu.

Herra forseti. Það er ekki ástæða til að fjölyrða meira um þetta mál nema tilefni gefist til. Ég hef sýnt að fyrst og fremst á tekjuhlið fjárlaga er verið að laga tekjur að útgjöldum og sumar tölur eru teknar bara upp úr hatti og með mjög ótraustum forsendum að baki sér eins og við munum örugglega sjá fljótlega á næsta ári. Það er lítið gert í þessu fjárlagafrv. fyrir þá sem helst þurfa á því að halda og auðvitað til skammar fyrir þessa ríkisstjórn að hún skuli skilja tekjulægsta hópinn eftir, skilja hann eftir úti í kuldanum, eins og atvinnulausa, og hækka ekki kjör þeirra til samræmis við það sem aðrir fá.

Herra forseti. Það er alveg ljóst að þetta fjárlagafrv. endurspeglar ekki góða hagstjórn. Í hnotskurn endurspeglar tekjuhliðin veikleika við hagstjórnina, og útgjaldahliðin sýnir vel forgangsröðun ríkisstjórnarinnar. Hlutur þeirra sem helst þurfa á að halda er ekki einu sinni réttur af á síðasta ári þessarar ríkisstjórnar í lok kjörtímabilsins, og hafi hún skömm fyrir það.

[17:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil byrja á að spyrja eftir því hvar aðstandendur þessa máls eru, hvort þetta fjárlagafrv. sé hér við lokaafgreiðsluna algerlega munaðarlaust. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnast þær kempurnar, t.d. hæstv. fjmrh., svo að ég tali nú ekki um hv. þm. formann fjárln., Ólaf Örn Haraldsson, í raun og veru ekki sinna skyldum sínum með því að vera meira og minna fjarverandi undir þessari umræðu. Það er varla til of mikils mælst að t.d. formaður fjárln. haldist við í salnum þessa tvo daga á vetri sem hann hefur sérstökum skyldum að gegna.

(**Forseti** (HBl): Ég vil benda hv. þingmanni á að hæstv. fjmrh. er kominn í salinn.)

Já. Það er mjög virðingarvert.

(**Forseti** (HBl): Forseti mun gera ráðstafanir til að formaður fjárln. sé látinn vita að þess sé óskað að hann komi.)

Það þykir mér ákaflega vænt um og í raun og veru skiptir þá engu máli hvort ég ætla að beina máli mínu til hans sérstaklega eða ekki. Mér finnst að þessir aðstandendur málsins eigi að vera viðstaddir og það er auðvitað algert svartasta lágmark, herra forseti. Það er að mínu mati til mikillar skammar hvernig þetta hefur verið að þróast allra síðustu árin, að hæstv. ráðherrar virðast alls ekki telja sig hafa neinum skyldum að gegna við 2. og 3. umr. fjárlaga, eins og þeir geti algerlega skotið sér undan því að svara spurningum um málaflokka sína eða veita faglegar upplýsingar þegar um þær er beðið.

Það er að vísu virðingarvert að t.d. hæstv. félmrh. Páll Pétursson hefur verið hér í dag. Ég tek ofan fyrir því, er að vísu hattlaus en geri það samt. Og síðan er að sjálfsögðu eðlilegt að hæstv. fjmrh. sé hér við. Hitt gagnrýni ég, að ríkisstjórnin sé hérna meira og minna algerlega fjarverandi og eru þetta þó væntanlega og vonandi hennar síðustu fjárlög sem nú verða afgreidd í skammdeginu, þessari miklu rigningartíð sem gengur yfir landið.

Pólitíkina, herra forseti, í þessu fjárlagafrv. má lesa út úr því með ýmsum hætti. Ég hygg þó að t.d. áherslur ríkisstjórnarinnar í skattamálum segi alveg það sem segja þarf og þjóðin hefur líka áttað sig á því. Þetta er ríkisstjórn sem gumar annars vegar af góðæri en getur hins vegar ekki gert betur við þá sem standa höllustum fæti í samfélaginu en raun ber vitni, hróflar t.d. ekki við skattleysismörkum eða högum láglaunafólks, ellilífeyrisþega og aldraðra, nema það litla sem dregið er þar út með töngum, en sætir færis á sama tíma og lækkar sérstaklega skatta á hátekjufólki, gefur hátekjufólki landsins 300 millj. kr. jólagjöf, lækkar skatta á hagnaði fyrirtækja og hyglir fjármagnseigendum og eignafólki. Ja, þetta eru mjög skýrar og skilmerkilegar áherslur ríkisstjórnarinnar. Þær eru í algeru samræmi við hvernig áherslur sem þessar ríkisstjórnir Sjálfstfl., fyrst með krötunum í fjögur ár og síðan með Framsfl. í bráðum átta ár, hafa þróast.

Það er tvennt, herra forseti, sem ég held að sé mjög ámælisvert í því og alvarlegt til lengri framtíðar litið. Það er annars vegar sú tilfærsla á skattbyrði sem hefur orðið í landinu, sem er umtalsverð, og gerir það að verkum að Ísland er að sigla frá t.d. hinum Norðurlöndunum hvað varðar dreifingu skattbyrðarinnar að þessu leyti. En hitt er ekki síður alvarlegt, sem er auðvitað búin að vera meðvituð og markviss pólitík Sjálfstfl. og meðreiðarsveinarnir hafa látið sig hafa það að bakka það upp, að búið er að veikja umtalsvert tekjugrundvöll hins opinbera í landinu. Það sjáum við á því að þetta hlutfall lækkar hér hraðar en gerst hefur annars staðar á Norðurlöndunum og reyndar alls ekki, eins og t.d. í Svíþjóð, þar sem menn hafa horfið frá skattalækkunum og á síðari hluta síðasta kjörtímabils og í tengslum við þingkosningarnar í Svíþjóð núna þá var í raun og veru snúið vörn í sókn og þar unnust kosningar út á það, ekki að hörfa sífellt undan og þrengja að velferðarkerfinu heldur að hefja þar uppbyggingarskeið á nýjan leik. Og það var afar athyglisvert í ljósi þeirrar hægri bylgju sem lengi hefur svifið yfir vötnum að þar voru áherslurnar svona.

Það má reyndar að hluta til segja sama um þýsku kosningarnar, svo maður fari nú aðeins með þetta í stærra samhengi, herra forseti, að þar hrökkluðust menn til þess að lokum að hverfa til hefðbundinna áherslna á velferðarmál vegna þess að „blairisminn", dekrið við nýfrjálshyggjuna, reyndist ekki nógu góð söluvara. Það væri nú gaman að sjá slík veðrabrigði í pólitíkinni hér, en lítið bólar á þeim.

Hvað varðar árangur hæstv. ríkisstjórnar í ríkisfjármálum sem mikið hefur verið gumað af, þá er athyglisvert að fara yfir það að ef eignasala ríkisins er tekin burtu þá stendur eftir í besta falli að ríkissjóður sé rekinn í járnum síðustu tvö, þrjú ár og verði á næsta ári. Í reynd er nánast allur afgangurinn fenginn með því að selja eignir ríkisins, eignir sem hafa myndast á áratugum ef ekki næstum aldartíma, eins og eignir ríkisins í bönkunum og eignir ríkisins í fleiri fyrirtækjum sem hafa verið seldar á undanförnum missirum og árum. Þarna eru menn að innleysa eignamyndun hins opinbera yfir áratugabil og það er notað til þess að fegra útkomuna í bókhaldinu á tveggja, þriggja, fjögurra, fimm ára tímabili. Ef það er tekið burtu þá er staðan nú ekki glæsilegri en þessi á þeim veltiárum sem við höfum upplifað vegna hagstæðra skilyrða og góðs árferðis í þjóðarbúskap okkar. En það er auðvitað alveg ljóst að Ísland hefur notið mjög hagstæðra skilyrða, hér hafa verið hagstæð viðskiptakjör og tiltölulega gott árferði til sjávar, góður viðgangur í ýmsum nýjum greinum atvinnulífs, ferðaþjónustu og ýmsum iðngreinum og

munar þar ekki mest um stóriðjuna eins og ýmsir kunna að halda. Þvert á móti er vöxtur í lyfjaframleiðslu, hollustu- og heilsuvöruiðnaði, þjónustuiðnaði tengdum sjávarútvegi og ferðaþjónustunni sem hefur skilað mestu í vexti útflutningstekna og svo auðvitað eins og venjulega sjávarútvegurinn, sem hefur þarna skilað sínu.

Þrátt fyrir þessi tiltölulega hagstæðu skilyrði og þessi veltiár er útkoma ríkisbúskaparins ekki betri en þetta þegar eignasalan er dregin undan. Og sveitarfélögin hafa flest þessi ár og eru enn að safna skuldum, þannig að heildarútkoma hins opinbera, samneyslunnar í landinu, er ekki glæsileg. Hvað ætla þessir höfðingjar að gera þegar engar eignir verða eftir lengur til að selja? Það sneiðist nú um þá hluti sem eru auðseljanlegir með þeim hætti sem verið hefur, t.d. að selja hlutabréf í bönkum eða annað því um líkt. Ekki gekk Landssímasalan svo vel og kostaði þó sitt. Það væri gaman að heyra hæstv. fjmrh. fara yfir það hér, eða kannski á hæstv. forsrh. að gera það, hvernig útkoman var á því dæmi. Hvað kostuðu æfingarnar með Landssímann ríkissjóð, almenning, þegar upp er staðið, fyrir utan allar þær hörmungar og hremmingar sem það fyrirtæki gekk í gegnum? Ætli það séu ekki svo sem 300–400 millj. kr. eða hvað er það þegar allt er talið, þóknunin til einkavæðingarnefndar og þóknunin, ráðgjöfin sem þeir veittu sjálfum sér, og aðkeypt erlend ráðgjöf sem var nú ekki beinlínis ókeypis og útkoman varð eins og raun ber vitni?

Herra forseti. Ég vil aðeins nefna útkomu byggðamálanna sem mér sýnist harla dapurleg. Hvar er hæstv. byggðamálaráðherra? Er það rétt að hæstv. ráðherra hafi tekið það fram yfir umræðuna að fara austur á land og opna þar brú fyrir verktaka, eins og ég heyrði hér á göngum áðan? Er það mikilvægara að þjóna stóriðjudekrinu en að vera viðstödd umræðu um fjárlög? Ef þetta er misskilningur þætti mér vænt um að fá hann leiðréttan. En þessa skýringu heyrði ég gefna hér á göngum á því að hæstv. iðn.- og viðskrh. væri ekki viðstödd.

Hvernig er útkoma byggðamálanna hjá hæstv. ráðherra sem gumaði ekki svo lítið af nýrri byggðaáætlun í vor sem leið? Það eru engir nýir peningar. Það eru millifærslur, það eru æfingar, millifærsluæfingar í byggðamálaflokknum. Hæstv. fjmrh. sagðist hafa tekið þá ákvörðun sjálfur að leggja niður hlutafjársjóðinn eða eignarhaldssjóðinn og millifærðar eru 200 milljónir yfir í byggðaáætlun. Engir nýir peningar. Og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, formaður þingflokks Framsfl., upplýsir svo hér að þetta hafi aldrei verið rætt í þingflokknum, þetta sé bara einhver geðþóttaákvörðun fjmrh., kannski með vitund byggðamálaráðherra, við skulum ætla það. En það hefur farið fram hjá þessum þungavigtarmanni stjórnarliðsins, hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, sem lengi stýrði Byggðastofnun og væru af því ýmsar sögur ef þær væru sagðar allar saman.

Svona er nú þetta, herra forseti, og útkoman á þessu er nú glæsileg. Það kunna að vera þarna einhverjir aurar sem hæstv. ráðherra hefur sett í eitt tiltekið gæluverkefni sitt í byggðamálum, búið til sérstaka byggðaáætlun fyrir eitt svæði á landinu. En að því slepptu er þetta hörmuleg útkoma. Atvinnuþróunarfélög landshlutanna hanga í lausu lofti, fá sáralitla peninga og það er fyrst og fremst verið með millifærsluæfingar af þessu tagi.

Ég hefði líka gjarnan viljað að hæstv. landbrh. væri hér og færi yfir sinn málaflokk. Hvernig er útkoman t.d. á ýmsum stofnunum landbrn., skólunum? Ég hef grun um að það sé ekkert allt of gott, ekki sé allt of bjart þar yfir. Og hvernig standa málefni landbúnaðarins almennt? Ættum við kannski að ræða það, herra forseti, hvernig framkvæmd búvörusamninga, kjötsölumálin í landinu og afkoma bænda stendur um þessar mundir? Það er kannski í lagi að nefna það eins og einu sinni á ári hérna úr þessum ræðustól að þarna á í hlut einhver fátækasta stétt landsins sannanlega vegna þess að þær tölur, opinberu hagtölur sem við höfum, og tölur frá hagþjónustu landbúnaðarins úr búreikningum eru enginn skáldskapur. Þær birta því miður þann dapra veruleika að t.d. sauðfjárbændur eru meira og minna tekjulausir og verða að treysta á aðrar tekjur, hlunnindatekjur eða vinnu utan bús eða hreinlega eru að éta upp eignir sínar. Og sennilega er í mörgum tilvikum einhver sárasta fátækt sem fyrirfinnst í landinu hjá t.d. fjölskyldum sauðfjárbænda í afskekktum héruðum þegar kemur að því að reyna að koma börnum til náms og annað í þeim dúr.

Hvar er hetjan, hin vinsæla hetja, Guðni Ágústsson, hæstv. landbrh.? Vill hann ekki koma hérna og ræða aðeins við okkur um málefni sauðfjárbænda og spurninguna um það hvort Alþingi hefði kannski átt hérna fyrir jólin að gefa fleirum gjafir en hátekjufólkinu í landinu, einstaklingum með meira en 340 þús. kr. á mánuði, hjónum með 680 þús.? Það er hópurinn sem ríkisstjórnin, með stuðningi Framsfl., sér ástæðu til að gefa sérstakar gjafir, 300 millj. kr. jólagjöf til einstaklinga með meira en 340 þús. á mánuði, hjónafólks með meira en 680 þús. En sauðfjárbændur, það er ekkert hér til þeirra.

Það er ekkert verið að reyna að takast á við vanda í afurðasölukerfi landbúnaðarins, kjötfjallið sem er að vaxa upp í landinu, hörmulega afkomu í þessum greinum, sem eru meira og minna orðnar með neikvæðan höfuðstól, sennilega algerlega gjaldþrota ef þær væru gerðar upp á réttum bókhaldslegum grunni. Og þá náttúrlega, herra forseti, hljótum við að þurfa að muna eftir því og hafa það í samhengi við að ríkið ber mikla ábyrgð. Það er samningsbundið vegna þessara mála og það er í raun og veru þátttakandi í þessari opinberu stefnu, að framkvæma hana. Það er því ekki svo einfalt að ýta því frá sér og vera fjarstaddur þessa umræðu, herra forseti, vandinn gufar ekki upp við það.

Ég hefði líka áhuga á því að ræða við hæstv. landbrh. um annað mál. Það eru jarðasölumálin. Ég verð að segja alveg eins og er að ég var alveg gapandi þegar enn kom brtt. á þskj. 549 og þar bætt við, ætli það séu ekki einar 17, 18 jarðir í viðbót við þær rúmlega 50, milli 50 og 60 sem eru í frv. Sem sagt, það á að fá heimild til þess að selja hátt í 80 jarðir eða jarðarhluta á árinu. Það hljóta að vera ein 15–20% af þeim jörðum sem ríkið á enn þá, því að þeir hafa verið iðnir við kolann undanfarin ár og það er alllangt síðan, mig rekur minni til þess að jarðirnar hafi verið 800 sem ríkið átti samtals eða þar um bil.

Þetta er þeim mun undarlegra, herra forseti, sem ríkið fer fram um þessar mundir með miklu offorsi gagnvart jarðeigendum í landinu í svonefndu þjóðlendumáli, gengur þar fram af mikilli hörku með kröfugerð um að jafnvel þinglýst landamerki haldi ekki og ríkið neytir mikils aflsmunar að sækja kröfur sínar með lögfræðingaherskara á sínum vegum gegn í mörgum tilvikum fátækum bændum sem hafa litla möguleika á að gæta réttar síns og meiri og minni brigður allt saman sem lofað hefur verið um að standa á bak við þann kostnað sem landeigendur hefðu af því að gæta réttar

síns. Að minnsta kosti er engu slíku til að dreifa þegar til dómstólanna kemur.

Er það þá í góðu samræmi, herra forseti, við þetta að ríkið ætli að selja einar 80 jarðir á næsta ári, jarðir eða jarðarhluta? Nú ber að vísu að taka skýrt fram að það getur skipt miklu máli hverjum á að selja. Við gerum ekki athugasemdir við það, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þó að ábúendum á jörðum sem eiga sinn kauprétt, sé selt. Það er allt annar hlutur, enda sé þá um að ræða ábúendur eða afkomendur þeirra sem sitja viðkomandi jörð og hafi öðlast þann kauprétt. Ég geri heldur ekki athugasemdir við það ef ríkið er að selja sveitarfélögum því að ég tel að jarðnæði sé fullt eins vel komið í höndum sveitarfélaganna. En ég geri miklar athugasemdir við það ef ríkið er tugum eða hundruðum saman að selja jarðnæði í opinberri eigu og koma því í hendur einstaklinga sem ekki sitja viðkomandi jarðir eða hafa við þær nein slík tengsl. Það er ekki framför í skilningi þess að almenningur geti notið landsins, það veikir almannaréttinn en styrkir hann ekki. Það hindrar umgengni þjóðarinnar um landið en hjálpar ekki til í þeim efnum. Allir vita hvernig þetta er í hinum einstöku byggðarlögum ef jarðnæði af þessu tagi er selt eigendum úr fjarlægu þéttbýli, að það fyrsta sem gjarnan gerist er að það kemur keðja á veginn og neðan í henni hangir skilti og stendur: Einkavegur, öll umferð bönnuð. Og oftar en ekki missa bændur á nálægum jörðum afnotaréttindi sem þeir hafa áður haft á meðan landið var í eigu ríkisins, sveitarfélaga eða slíkra aðila.

Herra forseti. Mér væri skapi næst að lesa upp þessar jarðir og biðja um skýringar á hverri einni og einustu. Hverjum á að selja, hvaðan er beiðnin komin og hver eru rökin fyrir því að þetta land eigi að fara úr opinberri eigu, úr eigu almennings í landinu og í hendur einhverra einkaaðila.

Hverjum á að selja spildur úr landi Útskála í Kjalarnesprófastsdæmi? Eða jörðina Hólsland í Eyja- og Miklaholtshreppi? Eða jörðina Nýrækt í Skagafirði o.s.frv.? Hverjum á að selja Gufudal og Gufudal II í Ölfusi í Árnessýslu? Hverjum á að selja jarðnæði t.d. í eða við þéttbýli? Er það endilega svo að það sé skynsamlegt að slíkt land hverfi úr opinberri eigu?

Ja, ég verð að segja alveg eins og er — hverjum á að selja prestssetursjörðina Vatnsfjörð undan síra Baldri? Hver er hinn væntanlegi kaupandi? Einhver hefur beðið um heimildina. Hefur hv. formaður fjárln. upplýsingar á reiðum höndum um það? Ekki er hér hæstv. landbrh. til að svara fyrir þetta.

Ég hélt satt best að segja, herra forseti, að landbrh. hefði lært eitthvað af axarsköftunum fyrir tveim, þrem árum þegar hann ætlaði að fara að selja sumar af náttúruperlum landsins, t.d. verðmætar eyjar. Hann eða hæstv. samgrh. ætluðu að fá heimildir til að selja eyjar á Skagafirði og Breiðafirði, jafnvel jarðir hvar voru verðmætar náttúruperlur á ferðinni. En það virðist ekki vera svo. Hér rignir inn, til viðbótar því sem í frv. var, óskum til Alþingis um að ríkisstjórninni eða ráðaherra verði heimilað að ganga frá sölu á fjölmörgum jörðum í viðbót. Og ég hef mikinn fyrirvara á þessari stefnu, herra forseti. Ég held að farsælast sé að annaðhvort sé jarðnæðið í eigu þeirra eða ábúðarrétti sem sitja viðkomandi land, nýta það, þekkja það og hugsa vel um það í langflestum tilvikum, eða þá að það sé í höndum almennings í gegnum sveitarfélögin eða ríkið. Það getur út af fyrir sig farið prýðilega á því, herra forseti, að fela eða jafnvel selja fleiri aðilum eins og heildarsamtökum, félagasamtökum, jarðir eða að auðvelda þeim að halda þær. Að sjálfsögðu eru aðilar eins og Skógræktin og Landgræðslan, eða Landvernd eða aðrir slíkir prýðilegir umsjónaraðilar lands. Við erum komin út í allt aðra sálma, herra forseti, ef það á almennt að fara að færa yfir í einkaeigu þó það jarðnæði í landinu sem ríkið hefur farið með. Meira að segja jarðir sjálfra himnafeðganna fá ekki lengur að vera í friði. Kristfjárjarðirnar, sem menn gáfu til áluhjálpar sér á fyrri öldum og hefur verið litið svo á að enginn ætti, þær væru bara í umsjá löggjafarvaldsins fyrir hönd þeirra himnafeðga, er verið að selja, menn eru að þrælast við að reyna að selja þær.

Ég tel, herra forseti, að það sé alveg nóg að einkaaðilar geti keppt á markaði um það jarðnæði sem er í einkaeigu og gengur kaupum og sölum. Það er auðvitað ljóst að það er í gangi heilmikil þróun og hún er eiginlega öll á einn veg, að slíkt jarðnæði er að hverfa úr höndum bænda eða ábúenda í sveitum landsins og yfir í hendur einkaaðila, einfaldlega vegna þess að það er komið í tísku meðal auðmanna, bæði hérlendis og Íslendinga búsettra erlendis og jafnvel einstöku erlendra ríkisborgara, að kaupa sér hér jörð og jörð eða hálfan eða heilan dal. Þá er oft fjármagn á ferðinni sem einstakir bændur eða þess vegna sveitarfélögin ráða ekkert við að keppa við. Þar á ofan er svo forkaupsréttur sveitarfélaganna meira og minna forsmáður eins og framkvæmdin hefur þróast. Bæði framkvæmdarvaldið og dómsvaldið hafa lagst gegn honum og veikt hann með öllum ráðum í framkvæmd og dómum. Þróunin að þessu leyti, herra forseti, er að mínu mati mjög óhagstæð.

Besta fyrirkomulagið væri að sjálfsögðu að enginn ætti land, að land væri sameiginleg auðlind þeirrar þjóðar sem í því býr rétt svipað og fiskimiðin eða loftið sem við drögum að okkur. Það fyrirkomulag er til staðar, t.d. í nágrannaríkinu Grænlandi, þar er það inngróið í menningu manna að vitaskuld geti enginn átt land. Menn geta haft á því nytjarétt, menn geta leigt sér lóð undir sitt hús, og í þeirra menningu er það eðlilegt að allir hafi jafnan veiðirétt o.s.frv., en það getur enginn átt landið, það getur enginn átt veiðislóðina og lokað henni fyrir öðrum. Það held ég að væri farsælasta fyrirkomulagið.

Herra forseti. Það eru auðvitað ýmsir fleiri hlutar í þessu frv. sem ástæða væri til að staldra við og nefna. Ég ætla að minna bara á — til viðbótar því sem félagar mínir hafa gert, t.d. hv. þm. Jón Bjarnason þegar hann mælti fyrir nál. 2. minni hluta — þessa hörmulegu útreið framhaldsskólanna. Því miður er afgreiðslan á þeirra málum yfirklór, það er öllum ljóst, það er heldur aumlegt yfirklór. Framhaldsskólastigið er í gríðarlegum erfiðleikum, það má segja að það sé í hálfgerðu uppnámi, og þar er kannski útkoman á verknáminu verst. Það drabbast niður í landinu með hörmulegum afleiðingum, m.a. þeim að aðsókn í verknámið snarminnkar og það munu verða stórfelld göt í árgöngum iðnaðarmanna í fjölmörgum iðngreinum hér á komandi árum ef svo heldur sem horfir. Hvernig ætla menn þá að leysa þau mál, herra forseti?

Ég nefni málefni Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Ég tel að þar sé langt frá því að vera nógu myndarlega að verki staðið. Ég tel að þar sé einhver undarleg tregða á ferðinni sem mig grunar að eigi sér lögheimili í fjmrn. — ef hæstv. fjmrh. er enn hérna einhvers staðar á vappi. Það virðist eins og það gangi miklu verr að fá sömu hluti viðurkennda hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og fást þó viðurkenndir t.d. hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Ég nefni þar aðlögunarsamninga við lækna. Það virðist stranda

á því að fjmrn. — ég trúi því ekki að tregðuna sé að finna í heilbr.- og trrn. og varla hefur fjárln. verið að bregða fæti fyrir þetta — stimpist við að viðurkenna þær aðstæður sem tiltölulega lítið en þó deildaskipt sérgreinasjúkrahús býr við, eins og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Aðstæðurnar þar eru allt aðrar en á Landspítala – háskólasjúkrahúsi þar sem m.a. tveir stórir spítalar, eða reyndar þrír, hafa sameinast, deildirnar eru miklu stærri og aðlögunarsamningarnir eru miklu auðveldari. Þar eru fleiri til skiptanna þegar kemur að vöktum, bakvöktum og öðru slíku.

Þarna verða menn að viðurkenna veruleikann sem blasir við stjórnendum á litlu en þó deildaskiptu sérgreinasjúkrahúsi. Kannski er Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri eina raunverulega dæmið um slíkt í landinu. Og mikilvægt sem það er og hlutverk þess er þarna einhver furðuleg tregða á ferðinni. Ég hygg að það sé tilfinnanlegasti vandinn sem enn er óleystur hvað varðar málefni þeirrar stofnunar þó að vissulega mætti betur gera við hana í tækjakaupum og ýmsu fleiru. Ég veit að það hefur verið viðleitni af hálfu t.d. heilbr.- og trmrn. að gera betur.

Ég nefni einnig Háskólann á Akureyri. Ég tel að standa mætti myndarlegar að uppbyggingu þeirrar stofnunar sem hefur heldur betur sannað gildi sitt. Þar fer aðsóknin ört vaxandi, stofnunin er í fararbroddi við að byggja upp nám á háskólastigi vítt og breitt um landið og nýta til þess tækni fjarkennslu. Til viðbótar því er Háskólinn á Akureyri og nánasta umhverfi að verða heimskautamiðstöð Íslands með þátttöku sinni í heimskautasamstarfinu Háskólar norðurslóða og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Hún fær vel að merkja heldur ekki þann stuðning sem hún á skilinn að mínu mati. Það hefur sigið þar mjög ört á þá hlið að stofnunin fjármagnar sig meira og meira með sértekjum. Það er að vísu ánægjulegt að þeir duglegu menn sem þar starfa hafa verið öflugir í að afla stofnuninni stuðnings, rannsóknarstyrkja og verkefna, en það skapar óöryggi við slíkan rekstur ef hlutfall fastra fjárveitinga verður allt of lágt miðað við heildarveltu og mannafla stofnunarinnar. Auðvitað geta verið og verða alltaf sveiflur í því milli ára hversu háa rannsóknarstyrki eða mikinn stuðning til einstakra verkefna menn ná að sækja sér út á við.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og Háskólinn á Akureyri eru gríðarlega mikilvægar einingar í þessari vaxandi þátttöku okkar í heimskautasamstarfinu. Þar er Ísland að taka við forustu í heimskautaráðinu, sem er vissulega vel, og utanrrn. fær einhverja fjármuni til þess. En ég hefði talið að það hefði mátt líta til þess einnig og sérstaklega að styrkja stöðu Háskólans á Akureyri og Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar til að vera hinar faglegu stofnanir sem standa að baki þess samstarfs.

Herra forseti. Ég ætlaði svo að lokum aðeins að gera grein fyrir brtt. þar sem ég er 1. flm. Félagar mínir, aðrir hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, gera grein fyrir öðrum, þar á meðal þeim tekjuöflunartillögum sem við flytjum til að afla tekna á móti þeim útgjöldum sem við leggjum til þannig að það sé í grófum dráttum í jafnvægi. Það er rétt og skylt að sýna ekki bara vilja til að auka útgjöld, heldur þá líka vilja til að mæta þeim útgjöldum með tekjum. Okkur er ekkert að vanbúnaði í þeim efnum. Við, sem viljum standa vörð um öflugt, samábyrgt velferðarkerfi, erum ekki og höfum aldrei verið feimin við að sýna jafnframt í verki að við séum tilbúin til að afla því tekna.

Á þskj. 564 er endurflutt lítillega breytt brtt. með lægri upphæðum, sem gekk til atkvæða eftir 2. umr., um að Íslendingar auki framlög sín til þróunarsamvinnu, mannúðarmála og neyðaraðstoðar. Sú skammarlega lága upphæð, það lága hlutfall af landsframleiðslu, sem við Íslendingar verjum í þennan málaflokk komst í enn þá nöturlegra ljós á dögunum þegar ráðmenn okkar marseruðu til Prag og voru þá örlátir á fé til ýmissa verkefna sem tengjast hernaðarlegum umsvifum en það bólar ekkert á slíku örlæti þegar kemur að framlagi Íslands til uppbyggilegrar og friðsamlegrar þróunarsamvinnu eða mannúðarhjálpar og neyðaraðstoðar. Það situr kolfast í alveg ótrúlega smánarlega lágum upphæðum. Þannig er liðurinn 03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi, undirliður 1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð, upp á heilar 18,5 millj. kr. Þá upphæð ætlar íslenska ríkið að hafa í handraðanum til að mæta slíkum verkefnum á árinu 2003. Rauði krossinn safnaði þó á þriðja tug milljóna á einu kvöldi fyrir nokkrum vikum. En ríkið með veltu upp á 270–280 milljarða íslenskra kr. ætlar að eyða þarna heilum 18,5 millj.

Við leggjum til að þessi liður hækki um 90 millj. og Þróunarsamvinnustofnun Íslands fái 190 millj. í aukið ráðstöfunarfé.

Síðan vil ég mæla fyrir annarri brtt. á þskj. 583. Það er að við 7. gr. bætist nýr liður svohljóðandi: „Að verja allt að 150 millj. kr. til styrkingar almenningssamgöngum í samstarfi við sveitarfélög og heimaaðila á viðkomandi svæðum.“

Almenningssamgöngur í landinu eru alger hornreka. Þær mæta algerum afgangi, því miður ekki bara hjá ríkinu heldur líka hjá mörgum sveitarfélögum sem veita því að mínu mati allt of litla athygli að með öflugum almenningssamgöngum er hægt að slá margar flugur í einu höggi. Það er jákvætt frá umhverfislegu sjónarmiði, það er jafnréttismál til þess að þeir sem ekki hafa efni á því eða vilja eða geta rekið einkabíl hafi möguleika til að koma sér, eða sér og sínum, milli staða. Þar má t.d. nefna eldri borgara sem ekki treysta sér til að aka bílum í umferðaröngþveitinu á höfuðborgarsvæðinu eða þess vegna á fjallvegum eða löngum leiðum úti á landi. Þar má líka nefna hluti eins og atvinnu og skólasókn yfir stærri svæði heldur en mögulegt er ef ekki er til að dreifa skipulögðum og skilmerkilegum almenningssamgöngum.

Víða í byggðum er áhugi á því að gera slíkar tilraunir en það þarf fjármuni til. Það er alveg ljóst að almenningssamgöngur munu ekki hér frekar en annars staðar ganga án þess að þeim séu lagðir til einhverjir opinberir fjármunir. Það er nánast hvergi þannig að almenningssamgöngur séu látnar standa algerlega undir sér af fargjöldum og þá er þess varla að vænta að hér í okkar stóra og strjálbýla landi, fámenna landi, gangi slíkt. Menn hafa yfirleitt komist að því að það sé einfaldlega skynsamleg pólitík og rétt og skylt að hlúa að þessum samgöngum og leysa með því í leiðinni ýmis vandamál eins og ég hef hér farið yfir.

Við leyfum okkur að leggja til að þarna verði heimildargrein sem stjórnvöld geti síðan spilað úr gegn mótframlögum heimaaðila, sveitarfélaga og hugsanlega fleiri aðila. Sums staðar eru atvinnurekendur mjög áhugasamir um að þetta sé gert. Sums staðar er hægt að sameina flutninga vegna skólahalds, jafnvel atvinnusóknar hjá stórum vinnustöðum og síðan leysa þarfir almennings í leiðinni með því að koma slíku á. Ég hygg t.d. að á Akureyri og á Eyjafjarðarsvæðinu sé mikill áhugi á þessu, í Þingeyjarsýslum, á Árborgarsvæðinu og víðar hefur maður orðið var við að menn gætu hugsað sér að gera meira í þessum efnum en gert er í dag en það strandar á fjármununum.

Ég vildi sérstaklega gera grein fyrir þessum tveim tillögum, herra forseti, sem ég er 1. flm. að ásamt með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur í öðru tilvikinu og Kolbrúnu Halldórsdóttur og Árna Steinari Jóhannssyni í hinu tilvikinu, þ.e. um almenningssamgöngurnar.

Að öðru leyti, herra forseti, þarf ég ekki að segja meira um fjárlagafrv. og frammistöðu hæstv. ríkisstjórnar í þessum efnum en ég hef þegar gert við 1. og 2. umr. og áður í umræðunni. Ég held að þetta frv. muni ekki teljast tíðindafrv. þegar frá líður. Það blasir við hverjum manni hvernig verið er að rumpa saman fjárlögunum, meira að segja er staðið í bókhaldsæfingum til að lagfæra útkomuna milli ára með því að bókfæra meiri hlutann af söluhagnaði ríkisbankanna á þessu ári þó að varla verði borguð ein einasta króna fyrir þá fyrr en einhvern tíma á næsta ári. Og þetta er einfaldlega gert til þess að þetta líti aðeins betur út í bókhaldinu hjá hæstv. ríkisstjórn og hæstv. fjmrh.

En þegar upp er staðið er það þó sanngirnin eða öllu heldur skortur á henni í skiptahlutföllunum í þjóðfélaginu sem mestu máli skiptir. Það er kannski að lokum hin eiginlega pólitík hvernig við skiptum gæðunum og dreifum byrðunum í samfélaginu. Um það snýst pólitík að lokum þegar upp er staðið og í þeim efnum fær þessi ríkisstjórn ekki háa einkunn, það er algerlega morgunljóst hverjum manni. Hún hyglar aðilum sem eru vel aflögufærir, gefur þeim skattalækkanir í jólagjöf, eins og hátekjufólki í landinu, gróðafyrirtækjum, en sýnir lítinn lit á því að laga stöðu þeirra sem standa höllustum fæti. Slík eftirmæli mundi ég a.m.k. ekki vilja kjósa mér sem ráðamaður einnar ríkisstjórnar.

[18:33]

Útbýting þingskjala:

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, 438. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 599.

Búfjáreftirlit, 383. mál, svar landbrh., þskj. 577.

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, 245. mál, nál. sjútvn., þskj. 595.

Kynningarmál Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, 306. mál, svar iðnrh., þskj. 537.

Matvælaverð á Íslandi, 3. mál, nál. allshn., þskj. 597.

Stjórn fiskveiða, 244. mál, nál. sjútvn., þskj. 594.

Veiðieftirlitsgjald, 437. mál, frv. sjútvn., þskj. 596.

Veiting ríkisborgararéttar, 436. mál, frv. allshn., þskj. 593.

[18:34]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Við höfum hlýtt á 3. umr. fjárlaga í dag, síðasta fjárlagafrv. þessarar bráðum átta ára gömlu ríkisstjórnar. Almennt má segja um þetta fjárlagafrv. að verið er að halda sig við þá stefnu sem hefur gilt mestan part þennan tíma en þó er ríkisstjórnin svolítið að reyna að gefa fyrir sálu sinni svona undir lokin. Það sést á ýmsum tiltektum síðustu daga og kannski þó einna helst á samningnum við forráðamenn aldraða um daginn, en þá sá ríkisstjórnin sitt óvænna að koma að hluta til á móts við óánægju og kröfur aldraða sem hafa borið skarðan hlut frá borði allan líftíma ríkisstjórnarinnar og vantar mikið á að þar hafi verið um bætt sem skyldi.

Þetta er auðvitað ekki til að hrópa húrra fyrir. Greinilegt er að í ríkisstjórnarsamstarfinu hefur Sjálfstfl. ráðið nokkuð ferðinni, en hitt verð ég að draga í efa að Framsfl. hafi verið mjög óviljugur í taumi.

Mér fannst satt að segja hálf ankannalegt og spaugilegt þegar framsóknarmenn héldu flokksráðsfund fyrir fáeinum dögum að þá birti Framsókn mynd af sér með félagshyggjuyfirbragði. Formaðurinn lýsti því yfir að Framsfl. væri félagshyggjuflokkur og vildi taka á í félagsmálum. Þetta gerir sá flokkur þegar fer að líða á áttunda ár þeirrar ríkisstjórnar sem hann hefur verið þátttakandi í.

Ja, bragð er að þá barnið finnur þegar ríkisstjórnarflokkur er farinn að átta sig á því að gera þurfi átak í þeim málefnum sem hann vill kenna sig við — á áttunda ári ríkisstjórnarþátttökunnar.

Við samfylkingarmenn höfum verið að móta stefnuáherslur okkar þann tíma sem liðinn er af þessu kjörtímabili og í kosningabaráttunni þar á undan, sem næst fjögur ár. Samfylkingin hefur verið að birta þá mynd af sér smám saman út í þjóðfélagið og menn eru byrjaðir að átta sig á því núna hvers konar flokkur Samfylkingin er. Samfylkingin er flokkur jafnaðar en við höfum kosið að tala um atvinnu, velferð og menntun í samhengi til að leggja áherslu á það með hvaða hætti við viljum starfa að stjórn landsins. Við teljum að velferð eigi að vera almenningseign, hún eigi að byggjast á jafnræði og rétti þegnanna til þess að standa jafnir gagnvart öllu því sem hið opinbera hefur ráð á að stjórna.

Sú ríkisstjórn sem setið hefur hefur svo langt í frá litið á alla þegna sem jafna. Hún hefur þvert á móti lagt sig fram um að gera þá ríku ríkari á kostnað hinna sem minna mega sín, og meira að segja verið það ósvífin að í skattamálum hafa menn gengið fram með þeim hætti að þeir hafa verið að auka skattbyrðina á þeim sem hafa lægstar tekjur, en þeir sem hafa þær mestar hafa borgað minna og minna.

En þegar litið er á skattaálögur í heildina séð er mjög athyglisvert að sjá hvað hefur verið að gerast síðustu tvö árin. Skatttekjur ríkisins voru árið 2000 samkvæmt ríkisreikningi sléttir 200 milljarðar, 200.651 millj. kr. nákvæmlega. Samkvæmt þeirri áætlun sem liggur fyrir núna er gert ráð fyrir að þessar tekjur hækki um 37 milljarða frá því árið 2000 og þangað til á árinu 2003.

Þetta er auðvitað veruleg hækkun á tekjum ríkisins, en það sem er athyglisvert er að tekjuskattur einstaklinga, og sérstakur tekjuskattur einstaklinga samanlagt hækkar á þessu tímabili frá árinu 2000 til 2003 um 40 milljarða, sem sagt 3 milljörðum meira heldur en heildarhækkun skatttekna ríkisins. Öll er þessi hækkun á einstaklinga, á skatta einstaklinga, tekjuskatta og sérstaka tekjuskatta.

Til viðbótar við þetta má nefna eina tölu sem skiptir þarna verulegu máli, þ.e. tryggingagjöld sem eru lögð á atvinnureksturinn hækka á þessu tímabili frá árinu 2000 til 2003 samkvæmt áætluninni úr 19,7 milljörðum upp í 27,7 milljarða, um heila 8 milljarða.

Það vita auðvitað allir eftir umræður um tryggingagjaldið á undanförnum árum og hækkanirnar á því að hér er á ferðinni gífurleg hækkun á sköttum á þau fyrirtæki sem eru mannfrekust og þurfa mest á fólki að halda í veltu sinni og starfsemi. En þetta skiptir aftur á móti miklu minna máli fyrir alls konar fyrirtæki á viðskiptasviðinu sem velta miklum upphæðum en þurfa í sjálfu sér tiltölulega lítinn mannskap við starfsemi sína.

Þarna er á ferðinni hækkun í röð hækkana á tryggingagjaldi sem hefur verið að gerast núna á fáeinum árum. Áður en sú skriða byrjaði var tryggingagjaldið innheimt með nánast tveimur aðskildum hlutum þar sem annars vegar var um að ræða fyrirtæki í landinu sem greiddu hálft tryggingagjald

og hins vegar fyrirtæki sem greiddu fullt tryggingagjald. Nú er búið að jafna þetta út þannig að öll fyrirtæki greiða sama tryggingagjaldið og sem síðan er búið að hækka þannig að í dag er það margfalt á við það sem áður var.

Menn bitu svo höfuðið af skömminni með ákvörðuninni um hækkun tryggingagjaldsins á síðasta hausti þegar tengt var saman lækkun tekjuskatts á fyrirtæki og hækkun tryggingagjalds, þar sem annars vegar var verið að hækka í raun og veru skattaútlát fyrirtækja á landsbyggðinni og þeirra sem þurfa mest mannskap við sinn rekstur, og hins vegar var verið að lækka skattana á þeim fyrirtækjum sem eru mestu gróðafyrirtækin og þurfa kannski minnst á mannskap að halda. Það var mikið ólánsskref sem þarna var stigið.

Ég nefndi áðan að Samfylkingin hefur kosið að kenna sig við atvinnulífið, velferðina og menntunina í landinu til þess að kynna fólki aðalhugsunina á bak við þá stefnu sem rekin er. Þetta endurspeglast að sjálfsögðu í þeim tillögum sem hér liggja fyrir. Þar er verið að leggja áherslu á að taka þurfi á í menntmálunum og það er svo sannarlega ástæða til að gera það, vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekki staðið sig í þeim málum. Kannski er rétt að nefna alveg sérstaklega málefni framhaldsskólanna og menntaskólanna í landinu.

Ég verð að segja eins og er að mér finnst afar dapurlegt að sjá að ekkert skuli gerast sem um munar hvað varðar málefni þessara menntastofnana. Ég held að fundur í Skólameistarafélagi Íslands og Félagi íslenskra framhaldsskóla sem var haldinn 4. desember og sú einróma áskorun sem skólastjórarnir sendu til Alþingis segi sína sögu, þar sem skólastjórarnir fara fram á það að framhaldsskólunum verði bættar 250 millj. kr. vegna vantalinna nemenda og þar sem farið er fram á að gripið verði til aðgerða til að bæta upp uppsafnaðan rekstrarhalla upp á 300 millj. og fallið verði frá 370 millj. kr. flötum niðurskurði, eins og var í frv., og að nemendatölurnar í frv. verði leiðréttar, en þar vantaði 350 millj. kr. samkvæmt frv. Þar er engan veginn verið að koma til móts við þessa ályktun, enda hefur það verið þannig á undanförnum árum að ákveðnar greinar framhaldsmenntunar í landinu hafa farið halloka. Ég nefni sérstaklega til verkmenntaskólana í landinu sem hafa verið að berjast í þeirri von að barátta þeirra færi nú að bera árangur og menn færu að sjá ljósið í því að þjóðfélagið þyrfti virkilega á fólki að halda sem fengi menntun af þessu tagi.

Ég tók þátt í því þegar ég var í bæjarstjórn Akraness að stofna Fjölbrautaskólann á Akranesi, sem síðar hlaut nafnið Fjölbrautaskóli Vesturlands. Menn lögðu Iðnskólann á Akranesi inn í þennan skóla og þeirri stefnumörkun var fylgt strax frá upphafi, síðan einnig með öðrum sveitarstjórnarmönnum af öllu Vesturlandi, að skólinn ætti að leggja mikla áherslu á verkmenntun. Fram á þennan dag hafa menn barist í að reyna að halda þessa braut en stjórnvöld landsins hafa ekki sýnt skilning á þörfinni fyrir þann möguleika. Smám saman hafa þessir skólar og þeirra fyrirætlanir í þessum efnum verið að koðna niður. Menn hafa verið að leggja af hverja brautina á fætur annarri í þessum skólum. Við stöndum frammi fyrir því að raunveruleg úrræði og möguleika vantar til iðn- og verkmenntun í landinu.

Þetta sýnir í hnotskurn stefnu þeirra sem hafa ráðið ferðinni í menntamálum. Það þarf ekki að leita lengi að þeim sem ábyrgðina ber vegna þess að Sjálfstfl. hefur haft forustu í menntamálum í bráðum 12 ár. (Gripið fram í.) Ég tel að kannski megi segja að ályktanir og ábendingar skólamanna á undanförnum missirum og árum, og núna á þessu hausti, segi sína sögu um hve óskaplega mikið skortir á þann skilning sem ætti að vera fyrir hendi á þessari tegund menntunar.

Ég nefndi áðan að Framsfl. lýsti því yfir fyrir fáeinum dögum að hann væri félagshyggjuflokkur og gera skyldi átak í félagsmálum á næstunni. Það var ekki hægt að skilja það öðruvísi. Formaður flokksins lýsti þessu yfir á flokksstjórnarfundi og taldi sérstaka ástæðu til að gera það nú í lok þessa kjörtímabils. Framsókn, velferð, aldraðir — ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst svolítið vanta upp á það að Framsfl. geti kennt sig við þessa hluti í dag. Mér finnst ekki líklegt að kjósendur kaupi þann kött í sekknum á þessum vetri að Framsfl. standi fyrir félagslegar úrbætur. Ekki hefur hann staðið sig þannig í dansinum við Sjálfstfl. á undanförnum átta árum að það sé ástæða til að menn treysti á að hann hafi skipt um skoðun.

Í dag hélt ræðu hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, einn af fulltrúum Sjálfstfl. í fjárln., varaformaður nefndarinnar til margra ára. Það er svolítið merkilegt að hlusta á þennan hv. þm. Hann mætir hér til umræðna í hinum ýmsu málum, m.a. í fjárlagagerð, t.d. þegar verið er að ræða um sjávarútvegsmál og önnur slík. Hann fer þá mikinn og gagnrýnir og lýsir því yfir að menn hafi verið á rangri braut, hans eigin ríkisstjórn og hans eigin flokksmenn. Ekki varð undantekning á því í ræðu hans í dag. Hann lýsti því yfir að mikið vantaði á aga í fjármálum og þar þyrfti að taka á. Þó að hann hafi verið einn af aðalstjórnendum í fjármálunum á undanförnum árum er staðan þessi.

Ég verð að segja eins og er, að mér finnst eiginlega óviðeigandi að þeir sem styðja ríkisstjórn haldi ræður af þessu tagi, út og suður um að þeir séu á móti stefnu ríkisstjórnarinnar en styðja hana svo þegar á herðir í öllum málum. Ég veit ekki til að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi farið gegn ríkisstjórn sinni þegar á atkvæði hans hefur þurft að halda. Ég átta mig ekki á því. Ég sé ekki að hann hafi aðrar tillögur en þær sem hér liggja fyrir þótt hann telji mikið vanta upp á aga í fjármálastjórn ríkisins.

Það sem mér þykir verst við þetta fjárlagafrv. er það sem ekki stendur í því. Ég hefði talið að í þessu fjárlagafrv. hefðu þurft að vera fjármunir til byggðamála, sérstaklega vegna hinna miklu fyrirætlana ríkisstjórnarinnar og stefnumörkunar í byggðamálum sem ríkisstjórnin hefur gengist fyrir. Þar eru býsna alvarlegir hlutir á ferð. Ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun, hvort sem það gengur eftir eða ekki, um mestu framkvæmdir í sögu landsins í orku- og iðnaðarmálum á Austurlandi. Það er líka búið að taka ákvörðun um mestu framkvæmdir í vegamálum á þessu sama svæði.

Hér var samþykkt byggðaáætlun á sl. vori þar sem aðaláherslan var lögð á Eyjafjarðarsvæðið og Norðausturland. Hæstv. iðn- og viðskrh. sem nú er byggðamálaráðherra, hefur fylgt þeirri áætlun eftir með því að flytja verkefni frá Byggðastofnun yfir Tröllaskaga, norður í Eyjafjörð. Ég tek það fram enn einu sinni að ég er ekki á móti því að menn standi vel að byggðamálum á Norðausturlandi. En það er auðvitað ekki hægt að komast hjá því að benda á að fari sem horfir munu þessar ákvarðanir kosta það að önnur landsvæði fari halloka í samkeppni um fólk og möguleika í byggðum. Það er gjörsamlega ófært annað en að menn bregðist við með mótvægisaðgerðum á þeim svæðum sem veikast standa þegar svo horfir sem nú. Það bólar ekki aldeilis á því í þessu frv., að menn ætli að setja aukna fjármuni í byggðamál í öðrum landsvæðum til að vinna gegn þeim afleiðingum sem allir hljóta að sjá að muni verða af því að svo miklar

framkvæmdir fari af stað á einu landsvæði, eins og að er stefnt.

Ég hefði viljað sjá í þessu frv. fjárhæðir sem hefðu verið ætlaðar til að flýta framkvæmdum í vegamálum, í skóla- og menntamálum á landsbyggðinni og ýmsum málum sem hefur t.d. verið barist fyrir af forráðamönnum á þessum landsvæðum. Þar hafa menn verið að biðja um fjármuni í atvinnuþróunarfélög, í sérstakar byggðaáætlanir, t.d. fyrir Vestfirði, og fjölmarga hluti sem gætu komið að gagni til að styrkja byggðirnar.

Þessir fjármunir hafa ekki fengist að neinu marki í þessu fjárlagafrv. Ég verð að segja eins og er, að mér finnst það ömurlegt og það hlýtur að vera erfitt fyrir hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, formann þingflokks Framsfl., að sitja undir því, enda hefur hann farið hér í ræðustól til þess að kvarta yfir því, að byggðamálaráðherrann skuli hafa flutt verkefni frá Byggðastofnun úr Norðvesturkjördæmi og í Norðausturkjördæmið yfir Tröllaskaga. Þau tókust á um þessa hluti og hann varð undir. Hv. þingmenn og ráðherrar ríkisstjórnarinnar sem áttu að gæta byggðanna á norðvestursvæðinu hafa verið svo máttlausir og vesælir gagnvart skyldu sinni, sem er augljós, að þeir sitja eftir með að það stefnir í meira ójafnvægi í byggðamálum.

Ég fer ekki endilega fram á einhverja upphæð á fjárlögum vegna stöðunnar í atvinnumálum á Akranesi hvað varðar Sementsverksmiðjuna en úr því að ekki er talað um það mál hér á fjárlögum hefði mér fundist lágmark að fram kæmi af hálfu ríkisstjórnarinnar yfirlýsing um hvað hún ætlast fyrir. Auðvitað vita hv. þm. að einhvern tímann, í meðferð mála hér fyrir 3. umr., kom fram tillaga um að sett yrði inn í fjárlagafrv. að ríkisstjórnin hefði heimild til að selja Sementsverksmiðjuna í heilu lagi, allt hlutafé í henni. Þetta vita hv. þm. Þessi fyrirætlun er ekki til staðar. Þessari tillögu var kippt til baka.

Ég tel fulla ástæðu til þess að forustumenn ríkisstjórnarinnar upplýsi þingheim um hvað þeir ætlast fyrir. Hver var hugmyndin á bak við að setja þessa heimild inn í fjárlögin, sem aldrei varð þó af? Af því að menn hættu við þá heimild — varla þræta menn fyrir það að átt hafi að setja hana inn — hver var þá ástæðan fyrir því að menn hættu við það? Bendir ekki þessi ferill til þess að einhverjar ákvarðanir hafi verið teknar? Er ekki einhver stefna komin í málið? Er ekki full ástæða til að þingið og þjóðin fái að vita hvað er á ferðinni? Ég sé alla vega ekki neina ástæðu til þess að halda því leyndu sem menn ætla sér. Alltaf er best að ganga fram fyrir opnum tjöldum og taka á málum þannig að allir geti fengið tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri, styðja málið eða benda á betri leiðir.

Ég tel að það væri kannski ástæða til þess, vegna þess að hv. formaður iðnn. er kominn í salinn, að spyrja, hæstv. forseti, hvort ekki sé hægt að upplýsa þingheim um hvað gengur á, hvað ríkisstjórnin ætlar sér í málinu og hver ætlunin var með þessari heimild til að selja allan hlutinn í Sementsverksmiðjunni. Hvað ætlast ríkisstjórnin fyrir núna þegar hætt er við að biðja um heimildina? Það er vonandi eitthvað sem gæti gert mann rólegri yfir því sem er að gerast. Það er svo sannarlega málefni sem skiptir miklu máli fyrir Akurnesinga og reyndar miklu fleiri, hvernig fer fyrir þessu fyrirtæki sem rekið hefur verið í yfir 40 ár á Akranesi og framleitt sement fyrir landið.

Hæstv. forseti. Mér finnst þetta fjárlagafrv. ríkisstjórninni líkt að mörgu leyti, þótt hún hafi reynt gefa eitthvað fyrir sálu sinni í lokin með framlögum af ýmsu tagi. Áætlunin gerir ráð fyrir því að þetta fjárlagafrv. komi út á núlli. Það er puntað upp á það með sölu ríkiseigna. Þess vegna er tekjuafgangur af frv. En ef við lítum til þess hvernig farið hefur fyrir fjárlagafrumvörpum á undanförnum árum er hreint engin ástæða til að reikna með því að þetta standist. Ég veit ekki hvort menn hafa lagt á sig að reikna út meðaltalið á því hvað fjárlagafrumvörp hafi farið langt af leið áður en orðið hafa að ríkisreikningi á undanförnum árum. En það virðist æðistór tala sem bætist við útgjöldin og tekjurnar vaxa sjaldnast jafnmikið og útgjöldin á leiðinni frá fjárlögum til ríkisreiknings.

En sem betur fer erum við að ræða hér síðasta fjárlagafrv. þessarar ríkisstjórnar. Maður getur þó alla vega lokið þessari ræðu sinni á jákvæðum nótum og einhverju haft til að fagna.

[19:02]

Útbýting þingskjala:

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, 439. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 600.

Húsaleigubætur, 440. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 601.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 441. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 602.

[19:02]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Við ræðum sem betur fer síðasta frv. hæstv. ríkisstjórnar til fjárlaga. Það er kannski það merkilegasta við þessa umræðu og það ánægjulegasta jafnframt að komið skuli að lokum þessa kjörtímabils og að það fari að sjá fyrir endann á störfum hæstv. ríkisstjórnar og að við förum að komast til kosninga sem allra fyrst og þjóðin fái að segja álit sitt á stöðu þjóðmála eins og þau eru í dag. Þau eru sem betur fer á mörgum sviðum afar ánægjuleg og jákvæð. En á allt of mörgum sviðum eru þau neikvæð. Þau eru þannig að á allt of mörgum sviðum er vitlaust gefið í þjóðfélaginu. Það er smánarblettur á þessu þjóðfélagi hvernig við förum með aldraða og öryrkja og þá sem minna mega sín. Þegar frv. til fjárlaga er lesið og áhersluatriði þar skoðuð og maður skoðar það með hliðsjón af því hvað hægt væri að gera við ýmsar upphæðir og ýmis verkefni sem þar eru og hvað hægt væri að gera fyrir þessa okkar minnstu bræður og systur þá fyllist maður eiginlega gremju.

Með öðrum orðum er svo sárgrætilegt að ekki skuli vera tekið á þessu atriði sem ég hygg að mikill meiri hluti alþingismanna á hinu háa Alþingi sé sammála um að þurfi að taka á. En það er bara einfaldlega ekki gert og við það á ég, herra forseti, þegar ég segi að kolvitlaust sé gefið í þessu þjóðfélagi og þá sérstaklega hvað þetta varðar.

Ég óska þess í raun að kosningarnar væru búnar og að hér væri komin til valda ríkisstjórn sem mundi hafa það sem eitt af sínum fyrstu verkum að lagfæra kjör aldraðra og öryrkja. Þá ætla ég ekki hér og nú — til þess gefst tækifæri síðar — að ræða um þær breytingar sem hæstv. ríkisstjórn var að boða í samkomulagi við Samtök aldraðra. Ég held einfaldlega að um það frv. og þær breytingar megi segja, herra forseti, að ekki er allt gull sem glóir. Ég óttast að margir aldraðir og öryrkjar verði fyrir miklum vonbrigðum þegar þeir fá seðilinn sinn 1. janúar í nýársgjöf frá hæstv. ríkisstjórn.

Við 3. umr. ætla ég ekki að endurtaka það sem ég sagði um tekjuhlið frv. við 1. umr. Ýmislegt hefur breyst í meðförum fjárln. og hæstv. ríkisstjórnar. Ber þar hæst að tekjuhlið hefur verið hækkuð. Þar kemur hið margfræga brennivínsfrv.

fyrst fram, þar sem náð er í skatta af sölu á áfengi og tóbaki upp á 1.100 milljónir. Jafnframt eru á einhvern ævintýralegan hátt, óttast ég, eins og segir hér í nál., teknir upp úr töfrahatti 3 milljarðar í aukningu á tekjusköttum lögaðila, þannig að þeir hækka úr 5.250 milljónum í 8.250 milljónir. Áður hefur komið fram að í fjáraukalagafrv. þessa árs var tekjuskattur lögaðila líka hækkaður og það hefur komið fram að tekjuskattur lögaðila hefur verið vanreiknaður um, að mig minnir, 64% á þessu ári og því næsta. Það leiðir hugann, herra forseti, að þeim forsendum sem unnið er eftir í fjmrn. og annars staðar við að áætla tekjur. Allt of margt bendir til þess að hér sé verið að stoppa í gat, að verið sé að leita leiða til þess að láta fjárlögin líta betur út nú í aðdraga kosninga en annars ætti að vera. Auðvitað ber líka að harma það að hætt skuli vera við að lækka stimpilgjöld um 900 milljónir. Stimpilgjöld eru ákaflega ósanngjörn skattheimta sem rukkuð eru af t.d. ungu fólki sem er að kaupa sér íbúð í fyrsta skipti, fólki jafnvel í greiðsluerfiðleikum sem er að taka lán, litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem berjast í bökkum o.s.frv. Þetta er ákaflega ósanngjörn skattheimta. Þess vegna ber að harma að horfið skuli vera frá þessu.

Herra forseti. Fjárlagafrv. endurspeglar þær breytingar sem gerðar hafa verið á undanförnum árum, t.d. í skattamálum. Ég vil því eyða nokkrum tíma í að ræða þær breytingar sem gerðar voru á liðnu vori við að lækka tekjuskatt lögaðila úr 30% í 18%. Í sömu andrá var eignarskattur lækkaður, bæði á lögaðila og einstaklinga. Það er af því góða vegna þess að eignarskattur er ákaflega ósanngjarn skattur. En sá böggull fylgdi skammrifi að tryggingagjald var hækkað um leið til þess að ná í tekjur. Það er þetta atriði sem ég vil enn einu sinni gera að umtalsefni vegna þess hvað þetta mismunar atvinnurekstri og einstaklingum milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Enn einu sinni er haldið áfram að auka misréttið milli íbúa landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins. Ég ætla að byrja á skattkerfisbreytingu gagnvart lögaðilum, tekjuskattslækkuninni.

Herra forseti. Hér hefur áður komið fram að þessi skattkerfisbreyting muni gagnast fyrirtækjum í Reykjavík og í Reykjanesskattumdæmi um 2.700 millj. kr. á næsta ári, á meðan atvinnufyrirtæki í öllum öðrum skattumdæmum landsins koma út á núlli. Breytingin á eignarskatti er einnig þannig, herra forseti, að hún mismunar mjög íbúum þessa lands. Þar ætla ég að nefna svar hæstv. fjmrh. við fyrirspurn minni á þskj. 476 þar sem spurt var út í hverjar heildartekjur ríkissjóðs af eignarskatti annars vegar og fjármagnstekjuskatti hins vegar hafi verið sl. fimm ár skipt eftir sveitarfélögum og kjördæmum. Hvað skyldi þar koma í ljós, herra forseti? Jú, þetta svar er sennilega eitt besta svar sem komið hefur frá ríkisstjórn um þá byggðastefnu sem núv. hæstv. ríkisstjórn hefur haft í heiðri í starfstíð sinni, byggðastefnu sem hefur verið þannig að nánast er ekki hægt að tala um hana. Þetta er byggðastefna sem hefur haldið áfram að mismuna fólkinu í landinu, byggðastefna sem hefur gert eigur landsbyggðarbúa verðminni og verðminni. Það er það versta. Ég hygg að á spjöldum sögunnar seinna meir verði þessarar ríkisstjórnar og byggðastefnu hennar minnst sem ríkisstjórnarinnar sem gerði eigur fjölmargra Íslendinga á landsbyggðinni nánast upptækar. Þetta er eignaupptaka.

Skal ég nú nefna nokkur dæmi máli mínu til sönnunar. Í þessu svari er sagt að eignarskattar einstaklinga og lögaðila í Reykjavík hafi verið 2.200 milljónir árið 1998. Árið 2002 eru þeir komnir upp í rúma 3.200 milljarða kr. Þeir hafa hækkað um 46% á þessum fimm árum. Hvernig skyldi þetta vera á landsbyggðinni? Eigum við að taka Norðurl. v. sem dæmi þar sem eignarskattar einstaklinga og lögaðila voru 110 milljónir árið 1998, en árið 2002 114 milljónir? Þetta er aðeins hækkun um 3%. Hvað endurspeglast í þessu svari, herra forseti? Eignaupptaka, verðfall fasteigna og sú eyðibyggðastefna sem hæstv. ríkisstjórn hefur fylgt með aðgerðaleysi sínu oft og tíðum. Og það versta er að þegar þeir hafa gert eitthvað þá hafa þeir gert það frekar óhönduglega þannig að það hefur bitnað á íbúum landsbyggðarinnar.

Svo kemur fram frv. sem á að lækka eignarskatta fólks. Eignarskattar fólks voru lækkaðir úr 1,2% af skattstofni í 0,6% og við það áttu eignarskattar ríkissjóðs að lækka um 4,4 milljarða kr. Hver verður hagnaður íbúa Norðurl. v. af þessari skattkerfisbreytingu? Hann verður lítill sem enginn. Svona væri hægt að fara í gegnum hvert einasta kjördæmi og skoða þessi mál.

Ef við förum í fjármagnstekjuskatt einstaklinga þá má lesa nákvæmlega það sama út úr þessu svari. Í Reykjavík hefur fjármagnstekjuskattur einstaklinga sem var 664 milljónir árið 1998 farið upp í 1.865 milljónir árið 2002. Nákvæmlega sömu eða svipaðar tölur má lesa út úr fjármagnstekjuskattinum gagnvart öðrum kjördæmum samanber það sem ég vitnaði í áðan.

Þessi skattkerfisbreyting, eins og ég hef margoft sagt hér á hinu háa Alþingi, mismunar íbúum þessa lands. Hún gagnast íbúum höfuðborgarsvæðisins, hún gagnast ekki íbúum landsbyggðarinnar, þeir fá ekki að njóta ávaxtanna af þessari skattkerfisbreytingu sem ríkisstjórnin er sífellt að hæla sér af, þ.e. skattalækkun lögaðila, eða eignarskattsbreytingunni og eigum við örugglega eftir að ræða síðar um þau atriði.

Ég hugðist ræða hér ýmis mál sem í fjárlagafrv. eru og tengjast byggðamálum og málefnum landsbyggðarinnar, herra forseti, og ég ætla aðeins að segja það áður en lengra er haldið að mér finnst mjög eðlilegt að hæstv. ráðherra byggðamála skuli vera með fjarvist í dag. Það gerir það hins vegar, herra forseti ...

(**Forseti** (HBl)**:** Menn geta nú þurft að bregða sér frá.)

Já, og menn geta líka valið þá daga sem þeir vilja bregða sér frá. Ég hygg að þessi dagur sé sérstaklega ánægjulegur fyrir hæstv. iðnrh. að bregða sér frá og vera ekki viðstödd umræðu á Alþingi um frv. til fjárlaga fyrir árið 2003. Það gerir það auðvitað að verkum að hér er ekki hægt að spyrja ráðherrann fjarverandi út úr og spyrja um öll þau stóru orð þar sem verkin áttu að tala í byggðaáætlun, þessu litla plaggi sem samþykkt var hér í vor. Ég man ekki hvort það voru 21 eða 22 línur, skiptir sennilega ekki máli. Það er ómögulegt að ræða þau málefni, þau sviknu loforð og allar þær hugmyndir sem hæstv. ráðherra var með sem áttu að koma fram í fjárlagafrv. og sem sér ekki stað. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, og ítreka það sem ég sagði, ég skil ráðherrann vel. Ég sakna þess að geta ekki átt orðastað við hana og að geta ekki lagt fram þær spurningar sem ég hefði viljað bera upp um málefni landsbyggðar gagnvart fjárlagafrv. og öll þessi stóru og miklu áform sem hæstv. ráðherra hafði og sem áttu að koma fram í þessum fjárlögum en sér ekki stað.

Það er með öðrum orðum, herra forseti, ekkert nýtt í þessu frv. Ýmislegt er hér fært á milli, fært frá einum stað til annars til að láta líta betur út, t.d. með eignarhaldssjóðina. Ég minni á að hér í morgun var ansi merkileg umræða þegar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, formaður þingflokks

framsóknarmanna, kom með innlegg sitt í þessa umræðu og ræddi um það hvernig hlutir væru færðir á milli og hvernig þetta var greinilega gert án þess að nokkur vissi af.

Í þessu fjárlagafrv., herra forseti, eru nokkrar krónur til byggðamála. Hæstv. byggðamálaráðherra fær falleinkunn fyrir störf sín gagnvart fjárlögum og byggðamálum, og ég ítreka enn það sem ég sagði, það er eðlilegt að hæstv. ráðherra sé í burtu, hafi brugðið sér austur á land til að vera viðstödd það sem er jú kannski eina málið sem hægt er að hæla fyrir, að taka brú í notkun vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda á Austurlandi og það sem þar er í gangi.

Í þessu fjárlagafrv., eins og ég segi, herra forseti, er ekki orð um kannski mikilvægasta byggðamálið í dag, sem er að gera þær breytingar sem þarf að gera til að lækka flutningskostnað. Það er að mínu mati eitt mikilvægasta byggðamálið í dag. Flutningskostnaður hefur stórhækkað á undanförnum árum út af ýmsum aðgerðum og ákvörðunum hæstv. ríkisstjórnar, kostnaðarhækkunum sem hafa farið þráðbeint út í verðlag flutningsaðila og í raun og veru ekkert óeðlilegt við það. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu, herra forseti, í ræðum mínum um þetta mál að það sé tiltölulega auðvelt að lagfæra og ef ríkisstjórnin hefði haft áhuga á að gera eitthvað í því hefði þess átt að sjá stað í fjárlögum. En svo er ekki. Og þá er ég auðvitað að tala um það að afnema og lækka skatta af flutningafyrirtækjum og þungaskatt til þess að lækka flutningskostnað. Það tel ég vera skjótvirkustu leiðina.

Það hefur komið í ljós, herra forseti, í gögnum sem ég hef undir höndum og hef séð frá flutningafyrirtækjum að allt að helmingur af tekjum flutningafyrirtækja fer beint til ríkissjóðs í formi ýmiss konar skatta. Er eitthvað tekið á því hér? Nei. Sér þess einhvern stað í verkefnaskrá ríkisstjórnar? Nei, ekki heldur.

Í rúmlega eitt ár hefur starfað nefnd sem hefur fjallað um þetta en ekkert er komið fram. Það er svo með ýmislegt annað líka, herra forseti, hæstv. ríkisstjórnin gerir ekkert í þeim málum sem snúa að landsbyggðinni. Hæstv. félmrh. orðaði það á mjög virðingarverðan hátt þegar hann sagði að Framsfl. eða ríkisstjórnin hefði gleymt byggðamálum.

Eitt er það atriði í viðbót, herra forseti, sem rétt er að hafa í huga að breytist mjög á þessum síðustu tímum. Það snýr líka að málefnum landsbyggðarinnar, það snýr að málefnum fjarkennslu sem hæstv. ríkisstjórn hefur stundum gumað af og hælt sér af að væri í mikilli uppsveiflu, væri mikil aukning í o.s.frv. Á fundi, herra forseti, sem stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra átti með okkur þingmönnum Norðurlands vestra hér í dag var rætt um þessi málefni. Þá kom það fram, herra forseti, að kostnaður við sjúkraliðanám í Norðurl. v. í gegnum Fjölbrautaskóla Norðurl. v. á Sauðárkróki er orðinn slíkur að hann er að verða skólanum og sveitarfélögunum og þeim sem námið stunda fjárhagslega ofviða. Með öðrum orðum hefur ýmislegt verið gert á síðustu tímum, síðustu mánuðum, síðustu missirum sem ég kann ekki alveg að útskýra hvað er en það sem gert hefur verið hefur haft í för með sér að þessi kostnaður hefur stóraukist og var orðinn um 400 þús. kr. í septembermánuði, bara á þessum stað, bara í þessu kjördæmi. Þetta eru einhverjar tölur, einhver nýtilkomin tengigjöld sem fóru áður í gegnum byggðabrú en fara einhverja aðra leið núna þannig að kostnaðurinn samkvæmt samningi milli menntmrn. og Landssíma Íslands er 1.600 kr. á hverja klukkustund á hvern tengistað. Er þetta eitthvað í takt við það sem ríkisstjórnin hefur stundum sagt á hátíðisdögum, að hún væri að beita sér til þess að auðvelda fjarkennslu og þau mál á landsbyggðinni?

Á tyllidögum var þetta gert. Fjöldi manns hefur skráð sig í þetta nám og er í því. En svo er komið aftan að því fólki sem stundar námið með þessari óheyrilegu skattheimtu sem, eins og ég segi, herra forseti, ég get ekki skýrt betur út vegna þess að þetta mál er svo nýtt. Engu að síður vildi ég nefna það hér í þessari ræðu á þessum tímapunkti undir þessum lið vegna þess að við ættum auðvitað að sjá þess stað í fjárlögum að það væri tekið á þessum málum og það væri verið að vinna í þeim eins og hæstv. ráðherrar hæla sér stundum af að verið sé að gera.

Þetta er sem sagt, herra forseti, að fara á verri veg og ekkert bólar á jöfnun á leigulínuverði og öðru slíku sem lofað hefur verið, enn eitt atriðið gagnvart landsbyggðinni sem hefur verið svikið.

Herra forseti. Skýrt hefur verið frá samkomulagi ríkis og sveitarfélaga sem felst í því að ríkissjóður tekur að sér þau 15% sem áður hvíldu á sveitarfélögum við byggingu og viðhald sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Hæstv. félmrh. hefur sagt að samkvæmt áætlun muni það kosta 100 millj. á ári. Jafnframt var gerð þannig breyting á húsaleigubótum að áfram komi peningur til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga þannig að um 55% fari frá ríkinu. Þetta er góðra gjalda vert svo langt sem það nær. En ég vildi aðeins halda því til haga og nefna að hér er ekki tekið á þeim þætti sem snýr að sveitarfélögunum, og þá á ég auðvitað við annars vegar aukin gjöld sveitarfélaga vegna hækkunar tryggingagjalds, sem verður töluvert há upphæð, og hins vegar tekjutap sveitarfélaga þar sem útsvarsstofn minnkar vegna breytinga í einkahlutafélög.

Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, hefur sagt í blaðaviðtali að sambandið áætli að sveitarfélögin muni verða af einum milljarði kr. í útsvarstekjur vegna þessara skattkerfisbreytinga. Þetta hefur áður verið rætt hér og bent á þetta af þeim sem hér stendur gagnvart þeirri skattkerfisbreytingu og þeim breytingum sem gerðar voru á sl. vori í þessa veru. Á þessu er ekki tekið nú.

Á mánudaginn var spurði ég hæstv. félmrh. út í þetta mál og þá kom auðvitað í ljós að ekki væri tekið á því og það ekki rætt á samstarfsvettvangi þeim sem ég vitnaði til áðan. Með öðrum orðum, þetta er enn eitt atriðið sem bíður næstu ríkisstjórnar. Þessu er frestað, það er ekki tekið á því, sveitarfélögin verða af miklum tekjustofnum en þau þurfa áfram að sinna sinni þjónustu enda er frekar erfitt að draga úr henni. Sveitarfélögin munu svo vafalaust verða hundskömmuð af ríkisstjórnarflokkum og öðrum fyrir það að vera óábyrg í fjármálum en ég bendi á það jafnframt að sífellt er verið að skerða tekjustofna með ákvörðunum Alþingis, ákvörðunum ríkisstjórnar, sem gerir það að verkum að tekjustofnar sveitarfélaga eru orðnir mjög litlir. Auðvitað koma þessar breytingar allar mjög illa við hin litlu sveitarfélög úti um allt land sem berjast við það að ná endum saman, sem berjast við það að lágmarksþjónusta sem þau veita íbúunum kostar samt sem áður það mikið að hún tekur 90–98% eða jafnvel allar skatttekjur viðkomandi sveitarfélags. Og þegar það er á þann veg, herra forseti, að þessi litlu sveitarfélög, litlu byggðarlög, þurfa að fara að skera niður ýmsa þjónustu sem telst sjálfsögð í öðrum og stærri byggðarlögum vitum við að þetta verður ekki til þess að auka veg þessara sveitarfélaga og það verður ekki til að auka ánægju íbúa viðkomandi sveitarfélaga.

Herra forseti. Mig langar að taka fyrir nokkur atriði í brtt. þeim sem 1. minni hluti fjárln., félagar mínir úr flokki jafnaðarmanna, hv. þm. Gísli S. Einarsson, Einar Már Sigurðarson og Margrét Frímannsdóttir, flytja hér í brtt. sem hefur verið gerð grein fyrir. Kem ég þá fyrst að tillögu um jöfnun námskostnaðar. Í brtt. er gerð tillaga um að fjárveiting í þennan málaflokk aukist um 58,1 millj., þ.e. fari í 500 millj. kr. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 441,9 millj. kr. sem skiptast í jöfnun námskostnaðar og síðan í akstur. Hér er lagt til að þessi liður aukist og er það í takt við þær tillögur sem voru gerðar hér fyrir nokkuð mörgum árum, sem þó er eitt af þeim fáu atriðum — sem ég vil halda skýrt fram og hef áður sagt — þar sem hefur verið stigið í átt til þess að standa fullkomlega við þær tillögur sem svokölluð byggðanefnd forsrh. gerði, að bæta fé á þennan fjárlagalið um jöfnun námskostnaðar.

Ég tel hins vegar að hér vanti á endahnútinn. Það hefði þurft að bæta við 50–100 millj. í þennan fjárlagalið til að standa fullkomlega við þetta. Ég vil halda því til haga að vegna fjölgunar nemenda hefði þurft að hækka þetta meira. Þess vegna er þessi brtt. gerð. Við vitum að þetta vegur þungt hjá fólki á landsbyggðinni sem þarf að senda unglinga sína í önnur byggðarlög í framhaldsskóla, fólki sem býr ekki við framhaldsskóla í næsta nágrenni. Fólk gerir ekki kröfur um framhaldsskóla í sínu byggðarlagi en gerir kröfu um fullkomið jafnrétti milli íbúa þeirra byggðarlaga sem eru með framhaldsskóla í sínu byggðarlagi.

Þetta er ákaflega mikilvæg tillaga, herra forseti, um ákaflega mikilvægt mál. Hún sýnir að það er hægt að fara jöfnunarleiðir í fjárlögum og í gegnum skattkerfið til að jafna útgjöld fólks sem býr á landsbyggðinni gagnvart íbúum á öðrum stöðum þar sem framhaldsskólar eru, eins og ég hef tekið hér sem dæmi. Það er með öðrum orðum, herra forseti, óþolandi misrétti milli íbúa þeirra sveitarfélaga sem ekki hafa framhaldsskóla og þeirra sveitarfélaga þar sem unglingarnir, börnin manns, geta gengið yfir götuna í framhaldsskóla sem ríkið rekur og ríkið byggir, að íbúar smærri sveitarfélaga greiði á bilinu 350–450 þús. kr. fyrir að senda unglinginn sinn í framhaldsskóla.

Ég gæti trúað að í kringum 160 þús. kr. komi til baka til hvers nemanda í dag. Þá stendur þó enn allt of mikið út af. Þetta vildi ég nefna, herra forseti, vegna þess að þetta er eitt af þeim fáu atriðum þar sem ég get hælt núverandi ríkisstjórn fyrir aðgerðir í byggðamálum og fyrir að standa við þær tillögur sem ég hef vitnað til, sem svokölluð byggðanefnd forsrh. lagði til. Þegar verið var að troða kjördæmaskipuninni hér í gegnum þingið voru lagðar til tillögur af nefnd sem var skipuð fulltrúum allra þingflokka. Nefndin var sammála, þetta voru þverpólitískar tillögur, þær voru eins konar bráðatillögur sem áttu strax að komast í framkvæmd. Þetta er eitt af því fáa sem þar hefur verið gert. Samt sem áður vantar örlítið á. Þetta hef ég rætt í hvert skipti sem fjárlög hafa verið gerð. Það hefur þokast en örlítið vantar á og ég hygg að það vanti á bilinu 50–100 millj. kr. til að standa við þetta. Samt sem áður er ekki nógu langt gengið og bíður seinni tíma að fá þennan lið hækkaðan.

Herra forseti. Undir lok þessarar ræðu minnar um fjárlög við 3. umr. vil ég taka fram að í þessu fjárlagafrv. er, eins og áður hefur komið fram, ýmsu ýtt á undan. Menn koma sér hjá því að taka á málum sem bíða í ýmsum ríkisstofnunum, skólum, sjúkrahúsum, dvalarheimilum o.s.frv. Fjárvöntun mun áfram verða í mörgum þessara stofnana til að halda uppi eðlilegri starfsemi.

Eins vil ég segja, herra forseti, að mér virðist ekki tekið á vanda sjúkrahúsa á landsbyggðinni á sama hátt og tekið er á vanda Landspítala – háskólasjúkrahúss hér á höfuðborgarsvæðinu. Mér sýnist með öðrum orðum að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri verði áfram í miklu fjársvelti og þau gögn sem hv. fjárln. bárust frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri sýni að mikið vanti á að sjúkrahúsið geti haldið áfram eðlilegri starfsemi. Hér er ekki tekið á því fremur en ýmsum öðrum atriðum sem snerta sjúkrahúsarekstur á landsbyggðinni. Það er greinilegt, herra forseti, að hér hallar á. Það er ekki gert jafn vel við stofnanir á landsbyggðinni og stofnanir á höfuðborgarsvæðinu.

Herra forseti. Rétt í lokin vil ég ræða einn lið sem ég hef ákaflega oft rætt á hinu háa Alþingi, sem snýr að umferðaröryggismálum. Þegar umferðaröryggisáætlun var samþykkt í vor tók ég þátt í þeirri umræðu og átti orðastað við hæstv. dómsmrh. um þau mál. Umferðaröryggisáætlun var töluvert metnaðarfullt og fallegt og gott plagg en sá galli var á gjöf Njarðar að engir peningar fylgdu. Við þá umræðu bað hæstv. dómsmrh. menn að bíða og sjá til hvað mundi birtast í fjárlögum. Nú eru fjárlög komin fram og ekki sér þess stað í þeim að miklu fé verði varið til umferðaröryggismála.

Mér þykir rétt, herra forseti, að lesa í lokin samþykkt sem gerð var á umferðarþingi sem haldið var 21. og 22. nóv. síðastliðinn. Þar var samþykkt ályktun, af þeim mikla fjölda sem sat þetta umferðarþing. Því miður áttu margir þingmenn ekki kost á því að sitja þar vegna anna. Ég gat ekki verið þar nema annan daginn, reyndar ekki nema hluta af þeim degi, en ég var þar þegar hóparnir skiluðu af sér og mér þótti athyglisvert að ein ályktunin sem þarna var samþykkt var beinlínis áskorun til Alþingis um að veita meira fé til umferðaröryggismála.

Ályktunin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Umferðarþing haldið í Reykjavík 21. og 22. nóvember árið 2002 bendir á að fullnægjandi umferðaröryggisáætlun verður að innihalda fjárhags- og framkvæmdaáætlun og tryggja verður að til hennar renni nægt fé úr opinberum sjóðum. Umferðarþing lýsir vonbrigðum sínum yfir því að í fjárlögum fyrir árið 2003, sem nú er verið að afgreiða á Alþingi, verður nánast ekkert vart við aukna fjármuni til þessarar baráttu.

Umferðarþing skorar því á ríkisstjórn og Alþingi að lýsa því nú þegar yfir, að væntanleg áætlun um 40% fækkun umferðarslysa fyrir árið 2012 muni uppfylla framangreind skilyrði.“

Af þessum sökum flytur 1. minni hluti fjárln., hv. þm. Samfylkingarinnar, Gísli Einarsson, Einar Már Sigurðarson og Margrét Frímannsdóttir, brtt. um að 100 millj. kr. verði varið í öryggisaðgerðir í gegnum Vegagerðina sem ég hygg að fram hafi komið hjá flm. þessarar brtt. að séu hugsaðar til að auka það fé sem Vegagerðin hefur til að útrýma svörtum blettum á umferðaræðum okkar Íslendinga.

Þetta held ég, herra forseti, að hefði verið ákaflega mikilvægt vegna þess að því miður tekur umferðin enn þá allt of mörg mannslíf. Umferðaróhöpp og slys sem verða á köflum og svæðum sem vantar peninga til til að lagfæra. Ég vildi enda ræðu mína við 3. umr. fjárlaga á að ræða um þessi umferðaröryggismál og benda á þessa tillögu fulltrúa þingflokks jafnaðarmanna sem leggja til að bæta þetta mikilvæga atriði. Jafnframt harma ég að hæstv. dómsmrh., sem er ekki viðstödd, hafi ekki getað komið með fjármuni inn í umferðaröryggisáætlun í gegnum sitt ráðuneyti, til að vinna

að umferðaröryggismálum, málum sem kosta peninga. Í stað þess skýlir hún sér bak við að peningar séu hist og her í fjárlögum, hjá Vegagerð og annars staðar, til að vinna að umferðaröryggismálum.

[Fundarhlé. — 19:43]

[20:19]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Jón Bjarnason, fulltrúi flokksins í fjárln., og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, hafa farið yfir áhersluatriði Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í ræðum sínum fyrr í dag. Ég tek hér til við að mæla fyrir nokkrum af þeim brtt. sem ekki hefur verið mælt fyrir af hálfu hv. þingmanna flokksins enn þá, og er þá um að ræða þær brtt. sem ég er 1. flm. að. Þessar tillögur eru á þremur þingskjölum, herra forseti, þskj. 572, 578 og 588.

Eins og hv. þm. Jón Bjarnason, fulltrúi flokksins í fjárln., gat um í framsöguræðu sinni í morgun hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð beitt sér í umræðunni um menntamálin. Nefndi hv. þm. þar til sögunnar bæði Háskóla Íslands, og ekki síður framhaldsskólana.

Það er auðvitað þyngra en tárum taki, herra forseti, að við skulum þurfa að horfa upp á skólana okkar fá slíka afgreiðslu, þá meðferð sem hæstv. ríkisstjórn leyfir sér í þessari fjárlagavinnu og fjárlagagerð nú. Við erum með ákall bæði frá Háskóla Íslands og frá framhaldsskólunum sem greinilega á ekki að sinna. Þetta er auðvitað grafalvarlegt mál, sérstaklega í ljósi allra þeirra yfirlýsinga hv. þm. ríkisstjórnarinnar, stjórnarflokkanna, sem stöðugt hamra á því að þeir séu málsvarar menntafólks, málsvarar þess að menntun í landinu verði efld og aukin og vegur hennar verði gerður sem mestur. Sannleikurinn er auðvitað sá, herra forseti, að slíkar fullyrðingar hv. stjórnarþingmanna og hæstv. ríkisstjórnar eru öfugmæli þegar fjárlagafrv. er skoðað.

Hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa leyft sér að leggja fram brtt. við fjárlagafrv. fyrir árið 2003 á þskj. 578 sem lýtur að úrbótum vegna Háskóla Íslands. Ég vil fá að vitna, með leyfi forseta, í nál. 2. minni hluta fjárln. sem er að finna á þskj. 575 í þessu máli, en þar segir í kafla um fjárhagsvanda Háskóla Íslands:

„Rektor Háskóla Íslands hefur gert menntamálaráðherra ítarlega grein fyrir alvarlegri fjárhagsstöðu Háskóla Íslands en viðunandi lausn á henni hefur ekki fengist. Í minnisblaði frá háskólarektor til fjárlaganefndar Alþingis eru meginatriði fjárhagsvandans skýrð en þau eru:

1. Nemendum í Háskóla Íslands hefur fjölgað meira á undanförnum árum en gert var ráð fyrir. Í samningi háskólans við menntamálaráðuneyti um fjármögnum kennslu er hámarksfjöldi nemendaígilda 4.300. Síðastliðið skólaár voru nemendaígildi 4.699. Halli á rekstri háskólans á árinu 2002 verður um 200 millj. kr. fái háskólinn ekki í uppgjöri greitt fyrir raunverulegan fjölda nemendaígilda. Á árinu 2003 er gert ráð fyrir því að nemendaígildi verði 4.863 og er fjárveiting ársins vanáætluð um 176 millj. kr. af þeim sökum.

2. Á undanförnum árum hefur launastika sem ráðuneyti notar til þess að ákveða nemendaframlög ekki hækkað í samræmi við launahækkanir sem kjaranefnd hefur úrskurðað prófessorum og kjarasamninga sem fjármálaráðuneytið hefur gert við félög háskólastarfsmanna. Að mati háskólans vantar 165 millj. kr. til þess að nemendaframlög hafi hækkað í takt við hækkun launa.

3. Á undanförnum árum hefur fjárveiting til rannsókna hækkað minna en fjárveiting til kennslu. Fyrir fimm árum var fjárveiting til rannsókna 67% af fjárveitingu til kennslu en nú er hlutfallið 60%.

Ljóst er að Háskóla Íslands vantar fjármagn ef hann á ekki að skila rekstrarhalla á næsta ári. Áætlanir menntamálaráðuneytisins um fjárþörf Háskóla Íslands eru ekki í samræmi við fjárþörf hans. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur að bæta þurfi úr þeim rekstrarvanda Háskóla Íslands."

Tilvitnun í nál. 2. minni hluta fjárln. er hér lokið, herra forseti, og er þá komið að brtt. sjálfri, sem hljóðar upp á það að við fjárlagaliðinn 02-201 Háskóli Íslands, 1.01 Kennsla, bætist 341 millj. kr. Þetta yrði í samræmi við starfsemi sem Háskóli Íslands rekur og í samræmi við þann samning sem í gildi er milli Háskóla Íslands og menntmrn. Verði ekki gerð breyting af þessu tagi er verið að brjóta samning á Háskóla Íslands, sem er þjóðarskóli Íslands, þjóðarskóli okkar á háskólastigi.

Það er auðvitað grafalvarlegt mál, herra forseti, þegar háskólarektor hefur séð sig knúinn til að rita grein í Morgunblaðið, sem birtist síðasta þriðjudag, 3. desember, sem ber yfirskriftina „Vill Alþingi skólagjöld?" Grein þessi er mjög alvarleg lesning, herra forseti, og brýning til Alþingis um að það skoði nú hug sinn hvaða kröfur Alþingi í alvöru gerir á háskólann. Er verið að hrekja Háskóla Íslands út á braut skólagjalda eða ekki? Alþingi hefur talað skýrt í þessum málum. Alþingi vill ekki skólagjöld við Háskóla Ísland. Það eru lög í landinu sem Alþingi hefur samþykkt sem segja til um það. En hvers vegna er þessi mismunun þá í gangi milli Háskóla Íslands og svokallaðra einkarekinna háskóla sem hafa heimild til skólagjalda án þess að nokkuð sé skert það framlag sem ríkið veitir í þá skóla?

Herra forseti. Grein háskólarektors er mjög alvarleg. Hún er svo alvarleg að þingheimur getur ekki látið hana fram hjá sér fara hér og nú á ögurstund þegar verið er að loka fjárlögum fyrir næsta ár. Ég hvet því hv. þm. til að skoða þau mál með opnum huga og sjá til þess að Háskóli Íslands þurfi ekki að verða niðursetningur í flóru háskóla hér á landi.

Herra forseti. Þá kem ég að brtt. á þskj. 572. Þetta eru tillögur sem við kölluðum aftur til 3. umr. við atkvæðagreiðslu um fjárlagafrv. eftir 2. umr. Í fyrsta lagi er um að ræða brtt. við fjárlagalið 02-971 Ríkisútvarpið, en þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa ítrekað reynt að leggja fram tillögur um að efla Ríkisútvarpið sem hefur átt undir högg að sækja hvern einasta dag og hvert einasta ár sem ríkisstjórnin hefur starfað. Það er ekki bara Háskóli Íslands og Þjóðminjasafn Íslands sem eru niðursetningar í garði þeirrar ríkisstjórnar sem nú ríkir á Íslandi heldur er Ríkisútvarpið einn af niðursetningunum líka.

Það er algjörlega nauðsynlegt, herra forseti, ef við eigum að geta haldið utan um þessa öflugu menningarstofnun okkar, ef við eigum ekki að láta hana drabbast niður og enda í lágkúru lágmenningar, þá verðum við að taka til hendinni og gera Ríkisútvarpinu kleift að efla innlenda dagskrárgerð. Innlend dagskrárgerð Ríkisútvarpsins hefur algera sérstöðu og hefur haft og það er með vilja Alþingis. Lögin sem gilda um Ríkisútvarpið leggja því á herðar miklu ríkari skyldur en nokkurri annarri útvarpsstöð. Það er því óskiljanlegt með öllu að ríkisstjórnin skuli ekki sjá sóma sinn í því að gera Ríkisútvarpinu kleift að standa við sín lögboðnu hlutverk.

En við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggjum til að Ríkisútvarpinu verði veitt á fjárlögum

næsta árs fé til eflingar innlendri dagskrárgerð upp á 140 millj. kr. Og það væri ekki ofrausn, herra forseti, að láta Ríkisútvarpinu í té slíka upphæð. Það gæti verið góð búbót fyrir innlenda dagskrárgerð bæði útvarpsins og sjónvarpsins, en eins og alþjóð veit hefur innlend dagskrárgerð í sjónvarpi nánast lagst af fyrir utan viðtalsþætti sem hægt er að hafa í beinum útsendingum og innlend dagskrárgerð í Ríkisútvarpinu hefur verið skorin skelfilega mikið niður. Nú er svo komið að Ríkisútvarpið á Rás 1 þarf að láta sér lynda að vera með kynnta tónlistarþætti á tímum sem áður voru framleiddir metnaðarfullir innlendir þættir.

Í öðru lagi viljum við, herra forseti, að dreifikerfi Ríkisútvarpsins verði styrkt sérstaklega og við höfum vitnað til gagna sem komu frá Ríkisútvarpinu til fjárln. í þeim heimsóknum sem forsvarsmenn Ríkisútvarpsins áttu og þeim fundum sem þeir áttu með fjárln. Við höfum haft þau gögn til viðmiðunar þegar við leggjum það til að Ríkisútvarpið fái til styrkingar dreifikerfisins 70 millj. kr.

Við leggjum til að þessar upphæðir verði greiddar beint úr ríkissjóði en þær fari ekki inn á hækkun afnotagjalds. En það breytir því ekki að við ítrekum það að ríkisstjórnin á eftir að efna loforð um hækkun afnotagjaldsins við Ríkisútvarpið og við köllum eftir því að það loforð verði efnt.

Í öðru lagi, herra forseti, er á þskj. 572 í brtt. okkar tillaga um það að umferðaröryggisáætlun fái sérstaka eyrnamerkta fjárveitingu, en eins og kunnugt er hafa þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagt virka hönd á plóg í umræðum um umferðaröryggismál og flutt fleiri en eina tillögu í þeim efnum. Við höfum gagnrýnt það harðlega að umferðaröryggisáætlun sem samþykkt var frá Alþingi síðasta vor skuli ekki hafa fengið þá eyrnamerktu fjárveitingu sem henni þó var heitið í nál. meiri hluta allshn. frá síðasta þingi.

Herra forseti. Ég verð að minna á það að mikil eining var í allshn. þegar ný umferðaröryggisáætlun sem gilda á 2002–2012 var afgreidd frá nefndinni. Í nál. er þess getið að nefndin geri sér fulla grein fyrir því að umferðaröryggisáætlunin feli í sér viðamiklar aðgerðir sem muni kalla á aukið fjármagn til umferðarmála. Nefndin telur þess vegna, og segir frá því í nál. sínu, að fram þurfi að fara kostnaðarmat þeirra aðgerða. Hún telur brýnt að slíkt kostnaðarmat fari fram og að slíkt mat verði síðan lagt fyrir allshn. strax á næsta þingi. Nú er næsta þing u.þ.b. að verða hálfnað og enn bólar ekkert á þessu kostnaðarmati. Ég spyr því hæstv. ráðherra hér — það er nú ekki nema einn í salnum. Hæstv. fjmrh. situr hér og íhugar, hlustar á mál þingmanna. Ég vil bara fá að heyra hvað er að frétta af þessu kostnaðarmati og af þessari umferðaröryggisáætlun sem allshn. var einhuga um að þyrfti að fá aukið fjármagn núna þegar kæmi að því að afgreiða þau fjárlög sem við hér og nú erum að fara að loka.

Herra forseti. Það er allsendis ófært að ríkisstjórnin sé að skreyta sig með einhverjum fjöðrum sem falla síðan af örfáum vikum eftir að þing er búið að samþykkja að einhver verkefni skuli sett á laggirnar. Það er ekki forsvaranlegt að ríkisstjórnin leiki þá sem sinna umferðaröryggismálum svo grátt að þeim sé gert að sinna umferðaröryggismálunum og fylgja umferðaröryggisáætlun án þess að það sé svo mikið sem búið til kostnaðarmat eða settur eyrir í þær viðamiklu framkvæmdir sem nauðsynlegar eru til þess að auka umferðaröryggi. Ég minni á það, herra forseti, að hvert einasta mannslíf sem okkur tekst að spara í umferðinni veldur þjóðhagslegum sparnaði svo um munar.

Við höfum lagt til afskaplega hógværar tillögur hér, herra forseti. Við leggjum til að umferðaröryggisáætlun fái sérstakt eyrnamerkt framlag upp á 15 millj. kr. undir fjárlagalið 06-190 Ýmis verkefni hjá dómsmrn. Þetta er það minnsta sem hægt er að komast af með til að ýta þessu viðamikla starfi úr vör.

Í þriðja lagi er á þessu þskj., herra forseti, brtt. okkar við fjárlagalið 14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands. Þar leggjum við til að Setur í Reykjavík fái eilítið lægri upphæð en við lögðum til í brtt. við 2. umr., eða 29,8 milljónir, en Tæki og búnaður fái 3 milljónir eins og við lögðum til við 2. umr.

Herra forseti. Ástæða þessarar brtt. er margþætt. Það sem ég vil nefna er fyrst og fremst það að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt gjörva hönd á plóg við gerð áætlana á borð við náttúruverndaráætlun og rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Herra forseti. Nú vil ég fá að vitna í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar sjálfrar sem ber nafnið: „Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.“ Þar lofar ríkisstjórnin sér, þingheimi og þjóðinni að sjálfbær þróun skuli höfð að leiðarljósi við stjórn þessa þjóðfélags sem við byggjum. Eitt af því sem er frumskilyrði fyrir því að sjálfbær þróun geti náð fram að ganga er að búnar séu til stefnumarkandi áætlanir á afmörkuðum sviðum sem skýri vel einstök markmið og skýri nákvæmlega hvernig haga beri framkvæmdum.

Sem dæmi um áætlanir af þessu tagi má nefna samgönguáætlun, byggðaáætlun, landgræðsluáætlun, framkvæmdaáætlun um líffræðilega fjölbreytni, stefnumótun í loftslagsmálum og síðast en ekki síst þessar tvær áætlanir sem ég hef nefnt, þ.e. náttúruverndaráætlun og rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Herra forseti. Það kostar gífurlega fjármuni að búa til áætlanir af þessu tagi og það er ósanngjarnt af ríkisstjórninni að ætlast til þess að þær stofnanir ríkisins sem valist hafa til þess að gera slíkar áætlanir skuli eiginlega þurfa að taka fé frá rekstri, sínum almenna rekstri sem er þó í járnum iðulega. Þetta er því alger viðbót ofan á hið fasta starf þessara öflugu stofnana og það er sannarlega synd að sjá að ríkisstjórnin skuli ekki hafa neitt svigrúm til þess að láta fjármuni í þessa stefnumarkandi áætlanagerð.

Herra forseti. Það er algerlega lífsnauðsynlegt að þessar áætlanir fái litið dagsins ljós. Þá þurfa þær líka að vera unnar af vandvirkni og af fagfólki. Þessu fagfólki er til að dreifa hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Þar hefur verið unnið af miklu afli og alúð að þessum verkum og nánast upp á krít vegna þess að fólk hefur verið að vinna þetta samkvæmt tilskipun ríkisstjórnarinnar án þess þó að vera öruggt um að fjármunir komi til baka. Það hefur þess vegna þrengt sultarólina í öðrum rekstri. En engin umbun kemur í fjárlagafrv. til þessarar stofnunar sem hefur lagt mjög mikið af mörkum í þessum efnum.

Rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma er að verða hlægilegt plagg. Ríkisstjórnin veður áfram í stóriðjustefnu sinni með virkjanir uppi á hálendinu og vill helst byrja á þeim virkjunum sem rammaáætlunin sýnir að valdi mestum usla og mestum skemmdum á náttúruperlunum okkar. Það er sannarlega skammarlegt að ríkisstjórnin skuli ætla að láta þetta plagg daga uppi og fá nánast ekki neina viðurkenningu. Náttúrufræðistofnun fær ekki aura fyrir þá vinnu sem hún hefur lagt í það og það

virðist ekki eiga að fara eftir tilmælum þeim sem koma fram í plagginu, sem hefur verið kynnt að hluta því að búið er að kynna eða birta svokallað bráðabirgðamat eða tilraunamat.

Ég vil því meina, herra forseti, að ríkisstjórnin sé að ganga á bak orða sinna, sem má kynna sér í plagginu „Velferð til framtíðar", með því að láta ekki fjármuni í þessa rammaáætlun og ekki heldur í náttúruverndaráætlunina.

Herra forseti. Ég er þá komin að brtt. á þskj. 588. Mér sýnist nú hreinlega að það hafi átt sér stað einhver mistök við gerð fjárlaganna sem menn hafi komið auga á fullseint en þó ekki of seint þannig að ekki sé hægt að leiðrétta þau. Mín trú er sú að við getum leiðrétt þetta mál sem hér um ræðir. Það varðar Kvennaráðgjöfina. Kvennaráðgjöfin hefur hingað til fengið stuðning frá hinu opinbera á liðum félmrn., fjárlagalið 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi. En nú ber svo við í fjárlagafrv. fyrir árið 2003 að Kvennaráðgjafarinnar er í engu getið. Þegar forsvarsmenn Kvennaráðgjafarinnar áttuðu sig á þessu var ansi langt liðið á árið og það var ekki fyrr en 3. desember sem fjárln. fékk erindi frá Kvennaráðgjöfinni þar sem bent var á þetta og send var inn formleg beiðni um áframhaldandi fjárveitingu til Kvennaráðgjafarinnar vegna ársins 2003. Þar eru raktar ástæður þess að Kvennaráðgjöfin sótti ekki um fyrr, en það stafaði m.a. vegna veikinda starfsmanns. Það gefur augaleið að Kvennaráðgjöfin er ekki ofmönnuð. Mér segir svo hugur um að þar starfi einungis fastur framkvæmdastjóri og að öðru liði sé ekki til að dreifa á fastri skrifstofu Kvennaráðgjafarinnar.

Herra forseti. Ég vil geta þess hér að Kvennaráðgjöfin vinnur afskaplega mikilvægt starf og hefur ekki tekið til sín mikið fé á undanförnum árum. Þjónusta Kvennaráðgjafarinnar er fólgin í því að veita ókeypis lagalega og félagslega ráðgjöf til kvenna sem eiga einhverra hluta vegna í vandræðum sem lögfræðinga eða félagsráðgjafa þarf til þess að leysa.

Kvennaráðgjöfin hefur starfað frá árinu 1984. Hún hefur skrifstofu á höfuðborgarsvæðinu en þjónar landsbyggðinni með símaþjónustu. Málum sem Kvennaráðgjöfin fær á sitt borð hefur fjölgað. Ég vil ítreka, herra forseti, að hér er um að ræða ráðgjöf til kvenna sem hafa að öðru jöfnu ekki ráð á að leita sér faglegrar aðstoðar af þessu tagi á opnum markaði eða þar sem greiða þarf full þjónustugjöld fyrir. Kvennaráðgjöfin vísar á réttar leiðir fyrir konur í kerfinu til þess að fara, hafi þær t.d. lent í skilnaði eða öðrum áföllum, þannig að aðstoð félagsráðgjafanna og lögfræðinganna lýtur að því að beina konum á rétta braut til þess að þær geti fengið úrlausn sinna mála, til þess að þær geti sótt rétt sinn.

Lögfræðingar og félagsráðgjafar starfa við Kvennaráðgjöfina ásamt nemum í þessum greinum. Hún hefur því líka þann tvöfalda tilgang að nemar fá þarna ákveðna starfsþjálfun sem hefur reynst þeim afar dýrmæt.

Herra forseti. Sannleikurinn er auðvitað sá að oft þurfa konur að leita sér lagalegrar aðstoðar en eru kannski ekki öllum hnútum kunnugar þannig að þær viti hvert þær eiga að leita. En Kvennaráðgjöfin leysir þá úr vanda þeirra. Það er bara hjá þessari Kvennaráðgjöf þar sem félagslegu hliðinni er sinnt jafnhliða og hinni lagalegu og satt að segja kemur það oft í ljós að sá pakki getur verið bæði þungur að innihaldi og umfangi.

Herra forseti. Ég lýsi því hér yfir að það hlýtur að vera slys að Kvennaráðgjöfin hefur fallið út úr frv. og það hlýtur að vera hægt að leiðrétta það. Í því skyni höfum við lagt fram brtt. á þskj. 588 við fjárlagalið 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi. 1.31 Félagasamtök, styrkir, en þar leggjum við til að liðurinn verði hækkaður um 700 þús. kr. og að sú hækkun verði eyrnamerkt Kvennaráðgjöfinni í tölulið nr. 29 í yfirliti sem fylgir fjárlagaliðnum.

Herra forseti. Við umræðu fjárlaga fyrir tveimur árum gerði ég að sérstöku umtalsefni umhverfishlið fjárlagafrv. En þá bar svo við að ein síða af 534 í frv. var helguð umfjöllun um umhverfismál og ríkisfjármál. Ég kallaði þessa síðu þá, herra forseti, grænu síðuna og átti í þessari umræðu orðastað við hæstv. fjmrh. Geir Haarde sem upplýsti þingheim um að í fjmrn. væri starfandi starfshópur sem hefði fengið það verkefni að skoða núverandi skattkerfi með tilliti til umhverfismála. Í þeirri umræðu bar líka á góma þá staðreynd að innan Ríkisendurskoðunar helga a.m.k. tveir starfsmenn krafta sína umhverfisvænni endurskoðun.

Enga græna síðu, herra forseti, er að finna í fjárlagafrv. fyrir árið 2003 og stjfrv. um úrvinnslugjald, sem um þessar mundir er til umfjöllunar í umhvn. Alþingis, er satt að segja meingallað og verður greinilega erfitt að færa það í það horf að það komist hér í gegnum þingið. Þetta er nú frammistaða ríkisstjórnarinnar, herra forseti, núna tíu árum eftir að Ríó-yfirlýsingin var samþykkt, yfirlýsing sem kveður á um að ríki taki tillit til umhverfiskostnaðar og að hagrænum stjórntækjum sé beitt með hliðsjón af þeirri grundvallarreglu að mengunarvaldur skuli bera kostnað af menguninni sem hann veldur.

Herra forseti. Í ljósi þessa tel ég ekki úr vegi að spyrja hæstv. fjmrh. um skýrslu starfshóps þess sem okkur var sagt fyrir tveimur árum að væri starfandi innan ráðuneytisins og jafnframt um stefnumörkun á þessi sviði í áframhaldinu því að hægt er að lesa það út úr skýrslunni „Velferð til framtíðar" að hér búi eitthvað að baki, að ríkisstjórnin ætli að fara að taka þessa hluti til endurskoðunar og til ígrundunar og að hér sé breytinga að vænta. En í þessu fjárlagafrv. finnur þess ekki stað.

Herra forseti. Mig langaði satt að segja til að gera að umræðuefni orð hv. varaformanns fjárln., Einars Odds Kristjánssonar, sem var hér í pontu fyrr í dag. En segja má að mér sé runnin reiðin þannig að eiginlega nenni ég ekki að fjargviðrast, enda er hv. þm. fjarverandi. En af því að hann nefndi friðlandið í Þjórsárverum og Norðlingaölduveitu sem ríkisstjórnin hyggst vaða í þá vil ég bara segja, herra forseti, að stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar er stórhættuleg fyrir efnahagsástandið og mér sýnist þessi fleygiferð sem er á ríkisstjórninni varðandi þau mál vera vægast sagt undarleg í ljósi fjárlagafrv. því að enn bólar ekki á því að neinar efnahagslegar mótvægisaðgerðir séu kynntar fyrir þingheimi. Ef það á að fara út í þær stórframkvæmdir sem eru á teikniborðinu hjá Landsvirkjun núna bara á næsta ári þá erum við að tala um gífurlega breytingu á öllu fjárlagaumhverfi og öllu efnahagsumhverfi þjóðarinnar. Það er satt að segja sárgrætilegt að hv. varaformaður fjárln. skuli hreyta hér á jafngalgopalegan og ábyrgðarlausan hátt og hann gerði í ræðu sinni út úr sér orðum sem virkilega vekja mann til umhugsunar um stóriðjustefnuna. En síðan verður engin eftirfylgni og það er ekki hægt að finna þess neinn stað í þessum pappírum sem ríkisstjórnin hefur komið með til okkar að þeir séu í alvöru að hugsa um hinar efnahagslegu aðgerðir sem þarf að fara í ef stóriðjustefnan á að verða að veruleika. Mér sýnist þetta vera óráðsía frá upphafi til enda og bera keim af því sem ég gagnrýndi fyrr í máli mínu, þ.e. að ríkisstjórnin ani út í hvert fenið á fætur öðru, gefi yfirlýsingar til hægri og

vinstri en geri engar áætlanir og reyni aldrei að sjá hlutina í samhengi eða gera þjóðinni grein fyrir því hvernig eigi að aka þá braut sem hugmyndin er að aka.

Herra forseti. Að svo mæltu get ég lokið máli mínu með því að segja að þessi fjárlög eru vitnisburður um stjórnarstefnu sem hefur verið stjórnarstefna þeirra sem meira bera út býtum í samfélaginu en ekki þeirra sem lægri hafa tekjurnar. Ég geri ráð fyrir að þeir hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem eiga eftir að tala í þessari umræðu komi frekar inn á þær brtt. sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur til í þá veruna eða í þeim efnum.

[20:47]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við ræðum nú lokaafgreiðslu fjárlaga næsta árs og margt hefur komið fram í dag sem hefur verið áhugavert, margt af því höfum við heyrt áður en í 3. umr. koma mismunandi áherslur flokkanna skýrast fram og er í raun og veru tekist á um strauma og stefnur.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum með nál. fulltrúa okkar í fjárln., hv. þm. Jóni Bjarnasyni, gert grein fyrir áherslum okkar og það gerði hv. þm. hér vel í dag og fór yfir helstu þætti bæði í fjárlagafrv. og eins dró hann fram áherslur okkar og hvað skilur að stefnu ríkisstjórnarinnar og stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Herra forseti. Þó svo að ýmislegt sem var vanáætlað í fjárlagafrv. þegar það var lagt fram á fyrstu dögum þingsins, hafi verið lagað bæði með fjáraukalögunum og eins þeim breytingum við 2. umr. sem meiri hluti er hér fyrir og samþykktar hafa verið þá eru, eins og margoft hefur komið fram, fjáraukalögin orðinn hálfgerður skrípaleikur og bera merki um óraunhæfa fjármálastefnu. Lesa má ræður margra okkar þingmanna frá því á síðasta þingi þar sem við bentum á marga liði sem voru greinilega vanáætlaðir og upp á mjög háar upphæðir eins og hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem hlytu að koma hér inn á borð okkar aftur og það hefur reynst rétt.

Sumt hefur verið lagfært og annað ekki. Má kannski helst nefna vanda framhaldsskólanna sem enn er óuppgert mál og hagur þeirra mun ekki verða réttur á næsta ári að öllu óbreyttu. Eins má nefna rekstrarvanda þeirra heilbrigðisstofnana sem eru vítt og breitt um landið, hvort heldur það eru heilsugæslustöðvar eða heilbrigðisstofnanir þar sem heilsugæslustöðvar eru reknar með sjúkrastofnunum eða einstakar sjúkrastofnanir, dvalarheimili og hjúkrunarheimili. Allar þessar stofnanir eiga þegar í miklum vanda og sá vandi er ekki leystur, hvorki vandi þessa árs í fjáraukalagafrv. né fyrirsjáanlegur halli og vandamál í rekstri næsta árs.

Hæstu fjárhæðirnar eru hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, stofnun sem við viljum gjarnan efla verulega. Það er stofnun sem hefur alla burði til þess að vera mótvægi við þá miklu uppbyggingu sem er hér og létt á starfseminni sem er í höfuðborginni, þ.e. á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, og er eðlilegt að dreifa þar sem margir íbúar eiga kannski auðveldara með að sækja þjónustu til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri frekar en að koma hingað suður.

Í fjáraukalögunum eru 50 millj. lagðar fram í hallarekstur Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri á þessu ári en það er ekki nándar nærri nóg. Hvað varðar aðrar stofnanir hefur ekki borið á neinum leiðréttingum og það mun koma okkur öllum í koll því það er ekki nokkur leið að leggja upp í rekstur næsta árs með verulegan halla á þessu ári og hafa það óbætt og eiga að halda uppi óbreyttri starfsemi. Ég fullyrði, herra forseti, að það er ekki hægt. Þær stofnanir sem ég þekki til eru búnar að skera niður allt sem hægt er að skera niður, og meira er ekki hægt að gera öðruvísi en að draga úr rekstri og eftir því sem mér skilst er ekki ætlunin að stofnanirnar geri það. Þær eiga að halda óbreyttum rekstri og óbreyttri þjónustu en búa við þá skerðingu frá yfirstandandi ári og fara þannig inn í næsta ár með enn þá meiri vanda. Þetta þýðir að við erum að færa til þjónustuna enn frekar, við erum að brjóta niður það sem við höfum getað byggt upp. Við erum að vísa enn fleirum hingað inn á yfirfullan markaðinn á höfuðborgarsvæðinu og, herra forseti, þetta er röng stefna. Þetta er dýrara fyrir þjóðfélagið. Þetta veldur sjúklingum og aðstandendum miklum óþægindum og er algjörlega ástæðulaust. Ef við getum veitt góða þjónustu í heimabyggð eða í nálægum byggðum, þá eigum við að gera það og byggja hana þannig upp þar sem það er hagkvæmara og betra en að flytja fólk um langan veg á yfirfullan markað.

Því tala ég hér aftur fyrir brtt. á þskj. 565 við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003 sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs drógum til baka, en þar er ég flm. ásamt Árna Steinari Jóhannssyni. Þar er aftur lögð áhersla á það að bæta Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri upp það tap sem er á þessu ári umfram þessar 50 milljónir, og það ber að þakka, að þó svo að það komi ekki hér fram í tölum og í fjárlagafrv. þá höfum við loforð fyrir því að farið verði í að undirbúa kaup á ómtæki fyrir Fjórðungssjúkrahúsið sem verður mikil framför. En það þarf að halda áfram nýbyggingum og því standa þessar tölur enn þá.

Hvað varðar aðrar heilbrigðisstofnanir eins og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga þá hefur ekki komið króna þangað, hvorki til heilsugæsluviðs né sjúkrasviðs, þannig að við tökum tillit til halla þessa árs og áætlaðrar þarfar á næsta ári og leggjum því fram tillögu um hækkun, óbreytta frá því sem áður var. En þessar upphæðir miða eingöngu að því að halda algjörlega óbreyttum rekstri, en það er allt í járnum, allt sparað, engin uppbygging, engar framfarir og ekki gert ráð fyrir því að hægt verði að auka sjúkraþjálfun eða fara í þróunarverkefni á Heilbrigðsstofnun Þingeyinga á Húsavík, sem mikill metnaður liggur. Hvað varðar Heilbrigðisstofnun Austurlands þá gildir það sama, að við viljum bæta upp þann hallarekstur sem er á þessu ári og gera stofnuninni kleift að halda í horfinu á næsta ári. Við gerum ekki ráð fyrir neinum breytingum þarna. En mikill áhugi er á því að stórefla endurhæfingu við Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað og þar er mikill metnaður í gangi, aðstaðan er fyrir hendi en ekki króna til að byggja hana upp. Það mundi verða mikill þjóðhagslegur sparnaður í heilbrigðiskerfinu ef þetta yrði gert. Því leggjum við fram þessar tillögur aftur en tökum tillit til þess hvað varðar Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, að 50 milljónir koma inn á fjáraukalögin.

Á þessu sama þingskjali í lið 4 eru aukalega 100 millj. kr. til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni. Þetta er til uppbyggingar á atvinnuþróunarfélögunum til atvinnuráðgjafar. Ljóst er að ef við ætlum að byggja upp landið og stuðla að áframhaldandi búsetu í dreifðum byggðum og skapa þar grundvöll fyrir nýsköpun til að hlúa að þeim verkefnum sem eru sjálfsprottin á hverjum stað og íbúarnir á hverju svæði hafa áhuga á að koma á nýjum atvinnutækifærum eða þá að möguleikar eru til þess að efla þá atvinnustarfsemi sem fyrir er þá þýðir ekkert að halda áfram á þeirri braut sem nú er farin, þ.e. að veikja atvinnuþróunarfélögin og draga úr

sóknarmætti þeirra og allri starfsemi. Ef við viljum efla hér byggð þá eigum við að efla þessar stofur.

Á þskj. 567 leggjum við aftur fram brtt. um hækkun útgjalda til Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga. Framlag til Skógræktar ríkisins er vegna skógvistarverkefnis sem ég hef þegar gert grein fyrir. Því er á þskj. 566 einnig 10 millj. kr. framlag til Náttúrufræðistofnunar Íslands um þetta sama skógvistarverkefni. Það eru 10 millj. kr. til hvorrar stofnunar. Þetta skógvistarverkefni er algjör forsenda þess að hægt sé að vinna að þeim skuldbindingum sem við höfum undirgengist með hinni svokölluðu Kyoto-bókun og rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Nú er verið að vinna að skógræktar- og landgræðsluaðgerðum og á að ráðast í þær á næstu árum og skipuleggja og framkvæma þær með þeim hætti að nettóbinding kolefnis sem af þeim leiðir verði sem mest að teknu tilliti til annarra markmiða, svo sem verndar líffræðilegs fjölbreytileika. Þetta höfum við undirgengist, en til þess að hægt sé að fara í það verkefni verður fyrst að fara í skógvistarverkefnið og því leggjum við áherslu á að að því verði hlúð.

Á þskj. 567 er framlag til Héraðsskóga 15 millj. kr. Það er vegna átaksverkefnis í grisjun skóga á Héraði. Herra forseti, skógrækt er orðin mjög þýðingarmikil atvinnugrein víða um land og það háttar þannig til að á Héraði, Fljótsdalshéraði, eru mjög hagstæð skilyrði til skógræktar, enda hefur hún þar skotið þar verulegum rótum og mjög margir bændur hafa atvinnu af skógrækt og eru með í Héraðsskóga- og skógræktarverkefnunum. En það er ekki nóg að planta skógi, það þarf líka að grisja hann og hugsa um hann. Það væri mikilvægt til að styrkja veikar búgreinar að stuðla að frekari atvinnu á svæðinu og þetta er ein öruggasta leiðin til að treysta byggð í hinum dreifðu sveitum á Héraði.

[21:02]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2003, 1. mál, brtt. iðnrh., þskj. 598; brtt. DO o.fl., þskj. 604.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:05]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 587, 588, 598 og 604. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

[21:05]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að hafa broshýran og glaðlyndan þingsalinn fyrir framan sig þótt tilefnið gefi ekki ástæðu til mikilla hlátraskalla, það eru fjárlög ríkisstjórnarinnar og fjáraukalög, en hvort tveggja hefur verið til umræðu hér í dag. Framan af degi ræddum við fjáraukalögin og eftir hádegið fjárlögin. Fjáraukalögin voru sama markinu brennd og fjáraukalög undangenginna ára, að þau hafa verið afskaplega slælega unnin og hafa réttilega verið gagnrýnd harðlega af stjórnarandstöðunni fyrir ýmissa hluta sakir. Í fyrsta lagi var bent á það að í fjáraukalögum sem horfa aftur á bak til liðins árs var að finna ýmsa útgjaldaliði sem hefðu átt heima í fjárlögum síðasta árs. Þetta voru fyrirséð útgjöld. Og þá hlæja framsóknarmenn. Þeim finnst þetta allt saman vera bara grín.

Það er verið að gagnrýna hér slæleg vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og það er verið að benda á að í fjáraukalögum var að finna ýmsa útgjaldaliði sem áttu heima í fjárlögum síðasta árs. Þar er einnig að finna útgjaldaliði sem eiga sér enga stoð í veruleikanum. Þar er gert ráð fyrir 18 millj. kr. framlagi til iðnrn. í tengslum við breytingar á raforkulögum sem er ekki búið að leggja fram frv. um. Og það er ekki fyrirsjáanlegt að það verði afgreitt á þessu ári. Engu að síður er að finna 18 millj. kr. framlag til iðnrn. vegna þessara lagabreytinga.

En alvarlegast af öllu, herra forseti, eru þær alvarlegu blekkingar sem er að finna í fjáraukalagafrv. Þar eru færðar til bókar tekjur af óseldum eignum. Það er gert ráð fyrir því að ríkið selji eignir upp á 15,3 milljarða á árinu. Að uppistöðu til er þetta sala Landsbankans og Búnaðarbankans. Hvað kemur raunverulega inn á þessu ári? Það eru 6 milljarðar kr. Hitt verður ekki greitt. Hvernig stendur þá á því að gert er ráð fyrir þeim tekjum í fjáraukalögum? Hvernig stendur á þessu? Það er til að fegra bókhaldið. Það er gert ráð fyrir rekstrarafgangi upp á 16,9 milljarða kr. En þegar bókhaldsbrellurnar eru dregnar frá, ef sala eigna upp á rúma 15,3 milljarða kr. sem ráð er fyrir gert í endurskoðaðri tekjuáætlun er ekki tekin með, er rekstrarafgangurinn aðeins 1,6 milljarðar kr. Þetta er til að sýna ímyndaðan árangur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Þetta eru blekkingar. Þetta eru alvarlegar blekkingar.

Í greinargerð sem hv. þm. Jón Bjarnason fór í gegnum í dag lagði hann áherslu á þessi atriði sem ég hef nefnt hér en vísaði auk þess í gagnrýni sem fram hefur komið frá Ríkisendurskoðun um hvernig opinberar stofnanir eru sveltar og þeim í raun haldið í gíslingu vegna þessara vinnubragða ríkisstjórnarinnar. Hér var á það bent, t.d. í máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, að menn eru farnir að spyrja þeirra spurninga hvort það vaki fyrir stjórnvöldum, t.d. með því að svelta skólana, framhaldsskóla, Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, að þröngva þeim til þess að fara að taka skólagjöld, hvort þetta sé í rauninni pólitísk aðgerð en ekki einvörðungu slæleg vinnubrögð, handarbakavinnubrögð.

Síðan fóru menn að sjálfsögðu í gegnum innihald fjáraukalaganna og vöktu athygli á því að það er verið að skammta heilbrigðisstofnunum úr hnefa. Framhaldsskólar fá ekki það sem þeir hefðu þurft að fá, hefðu þurft að fá a.m.k. 300 millj. til viðbótar til þess að vega upp á móti uppsöfnuðu rekstrartapi, hallarekstri. Sama gildir um sjúkrahúsin, þau verða áfram svelt. En einkavæðingarnefnd fær 220 millj. Hún fær 220 millj. kr. og í þokkabót hefur komið fram að fjárln. fékk ekki upplýsingar um hvernig þessum fjármunum var varið. Hún fékk minnisblað í tölvupósti frá Stjórnarráðinu með einhvers konar skýringum sem átti að heita en þegar farið var að kanna þær stendur þar ekki steinn yfir steini.

Mér finnst það vera mjög alvarlegur hlutur, herra forseti, að Alþingi og fjárln. sé boðið upp á svona vinnubrögð. Velferðarstofnunum þessa þjóðfélags er gert, að sjálfsögðu — ég er ekki að gagnrýna það — að sýna fram á fjárþörf sína og hvernig þær hafa varið þeim fjármunum sem þeim er treyst fyrir, og það skulu þær gera mjög rækilega og ítarlega. En þegar kemur að einkavæðingarnefnd láta menn bjóða sér vinnubrögð af þessu tagi. Þetta finnst mér vera mjög ámælisvert. Þetta var um fjáraukalögin.

Reyndar vil ég geta þess að ýmsir væntu þess að fá framlag við afgreiðslu fjáraukalaga en fengu ekki. Ég vek athygli á því að í dag voru þingpallar þéttsetnir af fólki, starfsmönnum og vistmönnum í Byrginu, í Rockville sem svo er nefnt. Fólk kom af Suðurnesjum og sat hér á þingpöllunum í allan dag til að sýna fram á hver alvara er á ferðum á þeirra heimili. Byrgið hefur verið heimili á milli 76 og 89 manns, það hefur hlaupið á þessum fjölda á undanförnum

mánuðum, reyndar undanförnum árum. Byrgið hefur haft aðsetur í Rockville undanfarin fjögur ár og fengið samtals frá ríkinu rúmar 50 millj. kr., aflað með eigin framtaki um 40 millj., unnið mikla sjálfboðavinnu til að koma húsnæðinu þar í lag og hlotið mjög mikið lof fyrir frá öllum þeim sem koma að vímuefnavörnum. Í Byrginu er fjöldi fólks sem ella væri húsnæðislaus, væri í reiðileysi á götum bæja og borga, en fær þarna skjól. Og það sýndi fram á hver alvara því er í brjósti að tryggja framtíð síns heimilis.

Ég skal játa að ég þekki ekki málefni Byrgisins mjög rækilega. Ég geri það ekki. Að sjálfsögðu er það mikill ábyrgðarhluti þegar við erum að ráðstafa fjármunum ríkisins, að þeir fari í réttan farveg. En eitt fannst mér athyglisvert í máli fólksins sem ég hitti hér við þinghúsið. Það voru áhyggjur og öryggisleysi. Það vissi ekki hvað framtíðin bæri í skauti sér. (**Landbrh.:** Hver veit það?) Hver veit það? spyr hæstv. landbrh. Það ætti ríkisstjórnin að vita vegna þess að hún hefur verið að gefa þessu fólki ákveðin fyrirheit og vilyrði. Ýmsir í Stjórnarráðinu telja að Byrgið geti ekki orðið framtíðarbústaður þessa fólks. Þar eru þær staðhæfingar uppi. Aðrir telja að svo geti orðið. Það er mjög mikilvægt að fá úr þessu skorið. Ætla stjórnvöld að styðja við bakið á þessum aðilum til frambúðar á þessum stað eða er fyrirhuguð einhver breyting á því?

Hv. formaður fjárln. var með vísbendingar í máli sínu í dag um að tekið yrði á þessum málum af meiri festu. Ég ætla að leyfa mér að vona að það verði gert en öllu máli skiptir að þetta fólk, vistmenn í Byrginu og forráðamenn þar, hafi fast land undir fótum. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði munum styðja að svo verði gert og þeir kallaðir til sem gerst þekkja til þessara mála til að móta lausnir til frambúðar. Þetta vildi ég að kæmi fram en það vakti athygli mína af hve mikilli þolinmæði eða þrautseigju fólkið sat hér og hlustaði á misskemmtilegar ræður um fjáraukalög og fjárlög í dag.

Við höfum verið með fjárlagafrv. til umræðu og mig langar fyrst að víkja að tekjulið frv., þar sem ég á sæti í efh.- og viðskn. Það hefur verið nokkuð gagnrýnt, einkum af stjórnarandstöðunni, hve ranglátri skattstefnu ríkisstjórnin fylgdi. Það er alveg rétt. En það er ekki bara þessi ríkisstjórn. Allar götur síðan 1991, frá því Sjálfstfl. komst til valda á Íslandi, fyrst í samstarfi og með aðstoð Alþýðuflokksins, krata, jafnaðarmanna sem kalla sig svo, og síðan með Framsfl. frá 1995, hefur verið fylgt nákvæmlega sömu stefnu. Hún hefur gengið út á að létta skattbyrði af fyrirtækjum og færa hana yfir á launafólk. Jafnhliða þessu hafa álögur, margvísleg notendagjöld, sem svo eru nefnd, m.a. skólagjöld en þó sérstaklega gjöld í heilbrigðiskerfinu, verið að aukast. Mest varð þessi aukning á fyrri hluta 10. áratugarins. Hún varð mest í samstarfi Sjálfstfl. og Alþfl. Þá voru mestu byrðarnar settar á sjúklinga. Þá voru stærstu skrefin stigin í þessu efni.

BSRB lét gera könnun á hvað það kostaði sjúklinginn í krónum og aurum talið að leita lækninga við sjúkleika sínum og bar niður á þremur árum: 1990, 1996 og 2001. Sjö raunverulegum einstaklingum af holdi og blóði var fylgt eftir. Þeir gengu í gegnum nákvæmlega sömu meðferð, það var lungnaþemba, einstaklingur með fjölbreytt vandamál, kransæðasjúklingur, barn með eyrnabólgu, þunglyndissjúklingur, ofnæmissjúklingur og gigtarsjúklingur. Hlutfallslega jukust gjöldin hjá þessum einstaklingum, í mörgum tilvikum um mörg hundruð prósent. Í einu tilvikinu, lungnaþembunni, um 733% og hjá ofnæmissjúklingnum um 192%. Mest varð þessi hækkun, þessi kostnaðaraukning, á árabilinu 1990–1995, þá varð hún mest. (**Gripið fram í:** Í tölum eða prósentum?) Bæði í tölum og prósentum — bæði í tölum og prósentum. Kostnaður lungnaþembusjúklingsins fór úr 8.504 kr. í 36.927 kr. Síðan 2001 í 70.902 kr. Á fyrra árabilinu hækkaði kostnaður um 334% rúm, hið síðara um 92%.

Ég er bara að nefna þetta til þess að menn kannist svolítið við sín eigin verk. Við erum hér að tala um kerfisbreytingar undir forustu Sjálfstfl. allar götur frá árinu 1991. Hvernig skyldi þetta dæmi líta út í skattalegu tilliti? Mönnum er tíðrætt um það núna að verið sé að létta skattbyrðinni af fyrirtækjum. Þetta er engin ný saga. Árið 1990 var skattur á fyrirtæki, á hlutafélög, 50%. (**PHB:** Hvað gaf hann?) Hvað gaf hann? spyr hv. þm. Pétur H. Blöndal. Ég er að tala um hlutfallið sem lagt var á tekjur fyrirtækja. Síðan getur hv. þm. Pétur H. Blöndal komið hér í pontu og sett fram sjónarmið sín, sem við höfum reyndar fengið að kynnast og ganga fyrst og fremst út á að lækka tekjuskatta, afnema persónuafslátt og láta lágtekjufólk, þá sem hafa minnstar tekjur, niðurgreiða skattaívilnanir til hátekjumanna. Út á það ganga tillögur hv. þm. Péturs H. Blöndals. Það þekkjum við.

Tekjuskattur fyrirtækja árið 1990 var 50%. Síðan er farið að fikra sig niður. Það er gert fyrst á árinu 1991, þá er farið í 45%. Árið 1993 er farið í 39%. Árið 1994 var skatturinn kominn niður í 33%. En nú skulum við aðeins staldra við (**PHB:** Hvað gefur hann nú?) vegna þess að að sjálfsögðu var gert annað og meira. Aðstöðugjöldin voru felld niður. Munið þið það? Það kostaði 5 eða 6 þúsund millj. kr. sem ríkið tapaði. Hvernig var það innheimt? Það var innheimt, m.a. á krabbameinsdeildum spítalanna. Þar var kostnaðurinn látinn koma niður á sjúklingum. Þetta eru staðreyndir. Þetta er sú stefna sem hefur verið fylgt á Íslandi allar götur frá 1991, að færa skattbyrði af fyrirtækjum og hátekjufólki yfir á launafólk og yfir í margvísleg notendagjöld, sem svo eru kölluð hátíðlega en eru ekkert annað en sjúklingaskattar.

Síðan er haldið áfram að lækka þessa skatta í tíð samstarfs Sjálfstfl. og Framsfl. Árið 1999 niður í 30% og nú í byrjun þessa árs niður í 18%. (**PHB:** Þeir hafa aldrei gefið eins mikið.) Aldrei gefið eins mikið, segir hv. þm. Pétur H. Blöndal. Þetta er pólitísk afstaða, stefna og trú, að telja að skattstofninn breikki með því að lækka skattana. Þetta er afstaða hv. þm. og ekkert við því að segja. Ég hef ekki trú á því að þetta sé rétt hjá hv. þm. þó ég sé líka þeirrar skoðunar að skattprósentan geti orðið óhóflega há og ranglát fyrir vikið. Þarna þarf að finna milliveg en ég er engan veginn sammála þeim sjónarmiðum sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur sett fram.

Á sama tíma hefur skattbyrði einstaklinganna verið að aukast. Árið 1990 var skattur á einstaklinga 37,74%. Á fyrstu árum 10. áratugarins var hann hækkaður og 1994 er hann kominn í 41,34%. Núna hefur hann heldur verið lækkaður, 38,54% er tekjuskatturinn. En þetta segir aðeins hálfan sannleikann. Skattleysismörkin hafa ekki fylgt launaþróuninni sem skyldi og fyrir vikið hefur skattbyrðin þyngst hjá almennu launafólki.

Hvað er síðan að gerast núna? Jú, á sínum tíma var sett hátekjuskattþrep. Þetta var gert árið 1994. Þá var sett 5% hátekjuskattþrep sem árið 1999 var hækkað upp í 7%. Það sem er að gerast núna í tengslum við þessi fjárlög og tekjuskattsfrv. ríkisstjórnarinnar er að lækka hátekjuskattsþrepið um 2%, færa það í 5% úr 7%. Jafnframt eru skattleysismörk-

in við hátekjuskattsþrepið hækkuð, voru 273.063 kr. en fara í 340.787 kr.

Þetta er forgangsröðun þessarar ríkisstjórnar. Hún ívilnar þeim hluta skattgreiðenda sem er á þessu tekjubili, yfir 340.000, eða öllu heldur sem var yfir 273.000 þegar skattleysismörkin voru hækkuð til að hífa þá upp í þetta tekjumark, 340.000 kr. Þá kemur þetta efra skattþrep, þá er það lagt á en búið að lækka það um tvö prósentustig.

Það er þetta tvennt sem vegur kannski þyngst í skattapakka ríkisstjórnarinnar, þ.e. lækkun hátekjuskattsins og lækkun tekjuskatta fyrirtækja úr 30% niður í 18%. Þetta var ákveðið fyrir ári síðan en kemur til framkvæmda nú.

Annað sem breytist er tryggingagjaldið. Það er ekki hækkað eins og heimild hafði verið fyrir. Það er án efa vegna þrýstings frá ýmsum félagslegum aðilum, samtökum launafólks og stjórnarandstöðu sem bentu á að tryggingagjald væri vafasöm skattlagning, einkum fyrir smáfyrirtæki, þetta væri aukinn launaskattur og menn ættu að reyna að draga úr honum á tímum þegar hætta væri á auknu atvinnuleysi. Þetta er sem sagt hið pólitíska inntak þeirra tekjuskattsbreytinga sem ríkisstjórnin er að keyra í gegn með þessu frv.

Hér er búið að fara ræki lega í gegnum ýmsa liði fjárlagafrv. og ég ætla ekki að fara að endurtaka eða tíunda það sem komið hefur fram frá stjórnarandstöðunni og hefur verið gert ágætlega. Ég ætla aðeins að staðnæmast við einn þátt, þróunarmál og alþjóðastofnanir. Þar er að verða mjög uggvænleg breyting og hún tengist hernaðarbrölti og samtengingu Íslands inn í hernaðarmaskínur heimsins, og þá sérstaklega náttúrlega NATO.

Fyrir fáeinum dögum var haldinn leiðtogafundur NATO í Prag í Tékklandi. Þeir komu, eins og við munum, upplýómaðir af þeim fundi, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., og það var tekið mikið viðhafnarviðtal við hæstv. utanrrh. í Morgunblaðinu. Þar sagði hann að það væri illa séð af hálfu NATO ef menn færu ekki að auka framlag til varnarmála, hver þjóð ætti helst — og það væri markmið NATO — að verja 2% af landsframleiðslu til varnarmála, eins og þeir kalla það. Og við værum, góðu heilli hélt hæstv. utanrrh. fram, að feta okkur í átt að þessu. Og hvernig gerum við það? Jú, í fyrsta lagi værum við að gera það með því að lofa að verja allt að 300 millj. kr. á ári til aðstoðar hernaðarbandalaginu við flutninga á hermönnum. Ríkisstjórnin gerði samkomulag við Atlanta og Flugfélag Íslands um slíka flutninga. Ég hef ekki séð þetta samkomulag en frá því hefur verið greint að það hafi verið gert, þeir voru með það upp á vasann þegar þeir fóru til Prag. Þarna eru 300 millj. Síðan er fyrirsjáanlegt, sagði hæstv. utanrrh., að eftir fáein ár mundum við verja a.m.k. hálfum milljarði til friðargæslusveita. En hvað kemur það NATO við? Jú, það var það sem vakti athygli okkar margra. Það var á hvern hátt hæstv. utanrrh. tengdi starf íslenskra friðargæslusveita NATO.

Við höfum mörg hér á Alþingi stutt þá hugmynd að Íslendingar leggi sitt af mörkum til friðargæslustarfs og þróunarstarfs. Það vakti aldrei fyrir okkur að tengja þetta hernaðarbrölti NATO. Og það er athyglisvert að sjá í gögnum ríkisstjórnarinnar hvernig hún skilgreinir friðargæslu og þróunarstarf. Einn friðargæsluliðinn á Balkanskaga núna — er skilgreindur svo í opinberum gögnum ríkisstjórnarinnar — heitir Ingimar Ingimarsson. Ingimar Ingimarsson friðargæsluliði er blaðafulltrúi NATO. Hann er skilgreindur sem friðargæsluliði. Og öllu ægir þessu núna saman í málatilbúnaði ríkisstjórnarinnar. Hún er að reyna að sýna NATO fram á það að hún ætli að vera eins og stóru strákarnir og reyna að feta sig í áttina að langþráðum 2% af landsframleiðslu til varnarmála, og þar er skyndilega friðargæslan komin undir.

Ég leyfi mér að segja, herra forseti, að í stað þess að efla þetta starf sem menn eru að prýsta undir hatt NATO ættum við frekar að verja auknum fjármunum til þróunarstarfs. En hvað er að gerast þar samkvæmt fjárlagafrv.? Þróunarsamvinnustofnun Íslands fékk samkvæmt fjárlögum árið 2002 468,5 millj. kr. en fær hálfri milljón minna í þessu fjárlagafrv. Sama gegnir um þróunarmál og alþjóðlega hjálparstarfsemi sem var með 182,1 millj. samkvæmt fjárlögum árið 2002 en fær núna meira en milljón minna, 181 millj.

Þetta minnir okkur á það takmark sem Sameinuðu þjóðirnar hafa sett okkur að reyna að stefna að, að verja 0,7% af vergri landsframleiðslu til þróunarstarfs. Íslendingar verja núna 0,11–0,12% af vergri landsframleiðslu til þróunarmála. Með þessum breytingum erum við að færa okkur niður, sennilega úr 0,12% í 0,11%. Um leið erum við að auka framlög til hernaðarbandalagsins og hernaðarstarfa. Finnst okkur þetta vera rétt þróun? Mér finnst það ekki.

Ég gagnrýni einnig, herra forseti, þessa framsetningu á framlagi til þróunarmála og alþjóðastofnana eins og það kemur fram í frv. ríkisstjórnarinnar. Hér ægir öllu saman; Þróunarsamvinnustofnun Íslands, þróunarmálum, alþjóðlegri hjálparstarfsemi og síðan alþjóðastofnunum, og þetta er allt tekið saman undir einum lið. Þær alþjóðastofnanir sem eru settar þarna á bás með Þróunarsamvinnustofnuninni eru t.d. Alþjóðaviðskiptastofnunin WTO, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Alþjóðabankinn, Norðurskautsráðið og síðan þessi margfræga íslenska friðargæsla sem er nú ekki komin í lokatakmarkið, hálfan milljarð, sem þeir ætla að vera búnir að ná árið 2004 eða 2005, ég man ekki hvort var, en er samkvæmt fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar 245,4 millj. kr.

Þessu vildi ég vekja athygli á, herra forseti, og ætla núna að víkja að brtt. við frv. sem við stöndum fyrir hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Ég ætla ekki að taka á öllum þessum tillögum, það hefur þegar verið gerð grein fyrir flestum þeirra af öðrum þingmönum flokksins, en ég ætla að víkja sérstaklega að tveimur.

Þá er í fyrsta lagi framlag í Atvinnuleysistryggingasjóð upp á 115 millj. kr. til að standa straum af desemberuppbót til atvinnulausra upp á 36 þús. kr. (Gripið fram í.) á mánuði og erum við að tala þar um 115 millj. kr. framlag. Atvinnuleysi á Íslandi fer nú vaxandi. Síðustu sundurgreindar tölur sem ég sá voru um atvinnuleysi upp á 2,2% en það voru 3.178 einstaklingar og hafði þá fjölgað um 1.700 frá síðasta ári. Síðastliðið haust voru þeir 1.700 færri en þeir eru núna, sem er uggvænlegt.

Atvinnuleysisbætur eru mjög lágar, standa nú í 73.765 kr. Og það er ekki nóg með það, atvinnulaus maður þarf núna að borga skatta, skattleysismörkin liggja í rúmum 70 þús. kr., 70.279 kr. Það sem er þarna á milli, rúmar 3 þús. kr., kemur til skattlagningar og hinn atvinnulausi þarf að borga um þriðjunginn af því í skatta. Síðan þarf hann iðulega að borga til stéttarfélags og hann borgar til lífeyrissjóðs og þegar upp er staðið fær hinn atvinnulausi í vasann um 68 þús. kr. Það er iðulega mikið fall fyrir fólk sem missir vinnu sína að fara niður í þessar tekjur, ég tala nú ekki um ef fólk hefur verið á háum launum. Jafnvel fyrir þá sem hafa verið með lágar eða meðaltekjur en með talsverða yfirvinnu er þetta mikið fall fyrir utan það skipbrot sem fólk verður iðulega fyrir við atvinnumissinn. Við teljum að þarna eigi að koma greiðsla á

við það sem fólk í starfi fær í desember og gerum tillögu um viðbótarframlag í Atvinnuleysistryggingasjóð til að standa straum af þessu.

Hin brtt. sem ég vildi gera grein fyrir hér, herra forseti, er þríþætt og lýtur að sérstökum tekjuskatti. Þá erum við að vísa til hátekjuskattsþrepsins sem lækkað er úr 7% í 5% samkvæmt tekjuskattsfrv. ríkisstjórnarinnar en við leggjum til með okkar tillögu að við höldum okkur við 7%. Það gæfi ríkissjóði 300 millj. kr.

Við leggjum til hækkun á fjármagnstekjuskatti um 2% og teljum að það muni veita ríkissjóði milljarð. Varðandi álagningu á fjármagnstekjuskatti teljum við eðlilegt eða til athugunar að þarna verði komið á eins konar skattleysismarki þannig að smásparandi með litlar vaxtatekjur borgi minna í samræmi við það skattleysismark sem ákveðið yrði.

Síðan leggjum við til að tekjuskattur lögaðila verði ekki færður eins bratt niður og gert er. Við reisum kröfur okkar ekki hátt, einfaldlega vegna þess að við vitum hver viljinn er í Stjórnarráðinu og hér í Alþingi, við værum reiðubúin að styðja tillögur um miklu minni lækkun á tekjuskatti en við gerum tillögu um. Við gerum tillögu um að hann fari ekki í 18% heldur í 20% sem mundi gefa ríkissjóði 750 millj. kr. að okkar mati.

Þetta eru ekki þær óskatillögur sem við eigum um skattkerfisbreytingar. Þær taka einfaldlega mið af veruleikanum eins og hann blasir við. Á morgun verður gengið til atkvæða um fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar og þá fylgir óhjákvæmilega á eftir tekjuskattsfrv. sem er í vinnslu í efh.- og viðskn. og kemur til afgreiðslu þingsins eftir helgina. Ef út í þá sálma væri farið, hvernig við vildum sjá skattkerfið líta út, erum við einmitt á því máli að skoða þurfi skattkerfisbreytingarnar heildstætt og höfum tekið þar undir með ýmsum talsmönnum launafólks, eldri borgara og öryrkja sem hafa verið þess fýsandi að koma að slíku verki.

Ég minni á að árið 1995, skömmu eftir að ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. tók hér við völdum, var sett á laggirnar nefnd sem var allstór, fulltrúar víða að komu að henni og hún hafði það hlutverk að reyna að samræma breytingar á skattkerfi, almannatryggingum og lífeyrissjóðakerfi. Þetta ætti allt að taka mið hvert af öðru. Þessi nefnd kom saman til tveggja eða þriggja funda og síðan ekki söguna meir þar til, ég held að það hafi verið í fyrravor eða í byrjun þessa árs, að nefndarmönnum — ég var einn af þeim — barst virðulegt bréf úr Stjórnarráðinu um að nefndin hefði verið leyst frá störfum. Síðan ekki söguna meir. Við heyrðum frá eldri borgurum sem komu á fund efh.- og viðskn. þingsins að þegar til tals hefði komið að ræða skattkerfisbreytingar í tengslum við kjarapakkann til eldri borgara eða þeirra sem fá greiðslur úr almannatryggingum hefði því strax verið ýtt út af borðinu.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þetta meira. Það er búið að ræða ýmsa aðra þætti sem ég er mikill áhugamaður um, og við fyrri umræðu, ég held að það hafi verið við 1. umr., fór ég nokkuð ofan í saumana á ýmsum útgjaldaliðum, t.d. framlagi til heilbrigðisstofnana og dvalarheimila aldraðra, og þeirri mismunun sem þar viðgengst þar sem þeir fá meira í sinn hlut sem hafa verið einkavæddir og þurfa á fjármagni að halda til að fóðra eigendur sína sem heimta arð út úr heilbrigðisstofnunum og dvalarheimilum aldraðra. Þetta er miklu dýrara fyrirkomulag. Ég sé að hér er hv. þm. Ásta Möller, sem er mikill talsmaður einkavæðingar í heilbrigðiskerfinu (Gripið fram í.) og einkareksturs og einkavæðingar sem, þegar allt kemur til alls, er miklu kostnaðarsamara fyrirkomulag fyrir skattborgarana en almannarekin þjónusta.

Herra forseti. Ég læt hér lokið máli mínu.

[21:47]

Forseti (Halldór Blöndal):

Það er rétt að vekja athygli á því að útbýtt hefur verið í þingsalnum upprentaðri blaðsíðu úr þskj. 493, þ.e. fjárlögum fyrir árið 2003 eftir 2. umr., bls. 196. Þar hafði slæðst inn sú villa að einn töluliður í yfirliti, sem átti að falla niður eftir atkvæðagreiðslu við 2. umr., stóð enn inni í þingskjalinu. Það hefur nú verið leiðrétt með þessari upprentun. Það er töluliður 6, sem áður var Sjóminjasafn Íslands, viðgerð á bátnum Friðþjófi, 200 þús. kr. sem prentaðist fyrir misskilning.

[21:48]

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 2003, 1. mál, brtt. ÓÖH og EOK, þskj. 605.

[21:48]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Segja má að undanfarin ár hafi ýmislegt vel til tekist í ríkisfjármálum. Annað hefur ekki tekist sem skyldi og má þar nefna t.d. það atriði að núna í ár erum við með minni hagvöxt en t.d. ríki Evrópusambandsins. Og það er áhyggjuefni að hagvöxtur á næsta ári er mun minni en t.d. er hjá hinum nýju ríkjum sem ætla að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Við höfum verið að dragast aðeins aftur úr núna hvað hagvöxt varðar. Þess má geta að mótorinn í hagvexti hjá okkur hefur fyrst og fremst verið aukin einkaneysla meðan krafturinn á bak við hagvöxt víða hefur m.a. verið aukinn útflutningur. Það hefur lengi verið vandamál í hagkerfi okkar hve lítið hefur tekist að fá útflutninginn sem hærra hlutfall af landsframleiðslunni. Það er merkilegt, herra forseti, að hlutdeild útflutnings í landsframleiðslunni hefur staðið í stað í 130 ár eða frá 1870, þ.e. hlutdeild útflutnings í landsframleiðslunni hefur verið u.þ.b. 30% allan þennan tíma þegar hann er mun hærri annars staðar.

Þá má einnig geta þess að útflutningur af hátæknivörum er mjög lítill hér í samanburði við önnur lönd sem segir okkur að við erum ekki enn að uppskera það sem við þyrftum í tengslum við hið nýja upplýsinga- og þekkingarsamfélag.

Einnig kemur glöggt fram í fjárlagafrv., sem hefur reyndar verið veikleiki undanfarin ár en er hluti af stefnu núv. ríkisstjórnar, að fé vantar í menntamál og meiri forgang vantar í menntamálin í stefnu núv. ríkisstjórnar. Við sjáum í fjárlagafrv. fyrir næsta ár að skólamenn, bæði á framhaldsskólastigi og háskólastigi, kvarta mjög yfir því ónóga fjármagni sem þeir hafa úr að spila á næsta ári. Þetta er alvarlegt þegar við tökum tillit til þess að nemendafjöldi hefur aukist mikið og honum þarf að mæta með meiri sókn í menntamálum en verið hefur undanfarin missiri. Því miður er ekki að sjá að stefnubreyting sé í þeim efnum í því fjárlagafrv. sem við erum hér að ræða.

Sömuleiðis vantar stefnu af hálfu ríkisstjórnarinnar í öðrum málaflokki, þ.e. heilbrigðismálunum. Það er alveg ljóst, herra forseti, að við þurfum að taka öðruvísi á heilbrigðismálunum. Þau eru orðin stærra vandamál en við gerum okkur grein fyrir. Vandamálið er nefnilega ekki beint skortur á peningum vegna þess að við verjum mjög miklu til heilbrigðismála í samanburði við nágrannalöndin og meiru en flest nágrannalöndin satt best að segja. Þetta er eiginlega sá málaflokkur þar sem við erum með alveg sambærileg útgjöld af landsframleiðslu og önnur lönd meðan við erum

með lægra hlutfall t.d. í velferðarmálum og í menntamálum, ef borið er saman við næstu lönd. Því þarf að breyta skipulagi í heilbrigðismálum. Við höfum enn ekki borið gæfu til að finna hina réttu leið og einnig er greinilega uppi pólitískur ágreiningur í samfélaginu.

Í fjárlagafrv. kemur fram að gert er ráð fyrir vaxandi atvinnuleysi. Talað er um u.þ.b. 3% atvinnuleysi á næsta ári, þannig að atvinnuleysi er farið að verða hér aftur vandamál, sérstaklega hjá eldri borgurum eða eldra fólki sem missir vinnuna. Það er orðið mjög erfitt fyrir það að fá vinnu og hér endurspeglast enn og aftur andvaraleysi núv. ríkisstjórnar hvað þennan þátt varðar.

Einn helsti veikleikinn í hagkerfi okkar er lítill sparnaður. Hann hefur ekki verið nema 14–15% af landsframleiðslu undanfarin ár. Gert er ráð fyrir að hann fari í 19% en hann er samt töluvert undir nágrannalöndunum. Í Noregi t.d. er hann 36% og rúmlega 20% í Evrópusambandsríkjunum. Það er athyglisvert með sparnaðinn að hann var yfir 25% á árunum 1960–1980, en frá árunum 1990–2002 hefur hann legið í kringum 17%. Sparnaður í hagkerfinu stendur undir fjárfestingum og við höfum dregist aftur úr á því sviði að byggja betur fyrir framtíðina og það kemur einnig fram í öðrum liðum.

Nú er það svo, herra forseti, að opinber útgjöld eru ekki sérstaklega há hér á landi samanborið við aðrar þjóðir. Þau hafa verið innan við 40%, í kringum 38% núna hin síðari ár. Þess má geta að Evrópusambandið er með 44%, Norðurlöndin, sem við berum okkur oft saman við, eru með mun hærra hlutfall af landsframleiðslu sem opinber útgjöld enda með mun víðfeðmara velferðarkerfi en er hér á landi. Á margan hátt er okkar kerfi alls ekki sambærilegt við Norðurlöndin eins og við berum okkur oft saman við. Þar er einfaldlega ekki um réttlátan samanburð að ræða. Japan er með svipuð opinber útgjöld og við, en aðrar þjóðir — það eru nú eiginlega bara Bandaríkin sem eru verulega lægri.

Mikil opinber útgjöld eru því ekki vandamál í hagkerfi okkar og hafa ekki verið mjög lengi þannig að tal manna um að allt sé að sligast af opinberri forsjárhyggju er einfaldlega ekki rétt. Við mættum þess vegna auka opinber útgjöld, þó að ég sé ekki að tala neitt sérstaklega fyrir því, en það eru ýmsir þættir í opinberri þjónustu, velferðarmálum og menntamálum sem við mættum auka við án þess að skaða á nokkurn hátt efnahagskerfi okkar.

Hins vegar er athyglisvert að helsta vandamál í hagkerfi okkar, og það hefur ekki verið rætt í þessari umræðu að ég held, er skuldaaukningin. Skuldir heimilanna hafa aukist mjög mikið. 1994 voru þær 120% af ráðstöfunartekjum, þær eru komnar upp í 180%, hafa sem sagt aukist um 50% á þessum tíma. Ef við förum aftar voru skuldir heimilanna 1980, fyrir 20 árum, einungis 20% af ráðstöfunartekjum. Ef við segjum að ráðstöfunartekjur heimilis séu 5 milljónir á ári, þá skuldaði þetta heimili fyrir 20 árum 1 milljón og þótti sjálfsagt mikið fyrir 20 árum. Nú skuldar þetta heimili 9 milljónir. Og það er umhugsunarefni, herra forseti, hvað við höfum aukið skuldir í samfélagi okkar og sérstaklega einstaklingar og fyrirtæki. Að vísu er einn aðili sem hefur verið að minnka skuldir sínar á undanförnum árum og það er ríkisvaldið. Menn gleyma oft að tala um að ríkið er hluti af hagkerfinu. Ríkisvaldið hefur verið að minnka skuldir sínar en aðrir opinberir aðilar og sveitarfélög hafa ekki gert það, alls ekki í sama mæli og sum þeirra aukið skuldir sínar verulega. En skuldir hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga hafa lækkað. En það er samt athyglisvert að bera það saman að þessar opinberu skuldir núna eru þær sömu og árið 1990, þ.e. fyrir 12 árum, eða u.þ.b. 20% af vergri landsframleiðslu. Þær hækkaðu mjög mikið á fyrri hluta tímabilsins, sérstaklega hjá ríkisvaldinu, og síðan dró úr þeim aftur.

Það áhyggjuefni sem ber hæst í mínum huga er hvað erlendar skuldir þjóðarbúsins hafa aukist mikið. Þær voru árið 1997 eða fyrir fimm árum um 50% af vergri landsframleiðslu, landsframleiðslan er í kringum 800 milljarðar. Núna eru erlendu skuldirnar í kringum 100%, þ.e. í kringum 800 milljarðar. Þetta hlutfall hefur aukist, hefur tvöfaldast á einungis fimm árum. Hér er hæstv. fjmrh. ekki einn ábyrgur, alls ekki, það eru heimili, fyrirtæki, lánastofnanir og opinberir aðilar. Og vextir, herra forseti, til erlendra lánastofnana í fyrra voru hvorki meiri né minni en 42 milljarðar. Svo eru menn að koma hér í umræðunni og dæsa yfir kannski nokkrum tugum milljóna eða hundruðum milljóna. Bara vaxtagreiðslurnar til útlanda voru þessi upphæð. Menn geta rétt ímyndað sér það með svona miklar skuldir ef eitthvað gerist á erlendum mörkuðum hvað varðar vaxtakjör, þá hleypur þetta á milljörðum fyrir þjóðarbú okkar.

Nú má alls ekki sjá það fyrir sér að það sé alvont að skulda t.d. í útlöndum. Það er eðlilegt að taka lán til að fjármagna góðar fjárfestingar sem koma okkur til góða seinna, lífið byggist á því og hagkerfið. En það er greinilegt að mínu mati að við höfum farið býsna langt í því að taka erlend lán. Þetta er að vísu líka afleiðing af viðskiptahallanum sem var hér mjög mikill á árum áður, sem núna er að hverfa. Skuldastaða okkar er orðið efnahagslegt vandamál hjá okkur. Þó svo að eignir komi að hluta til á móti þá er fyllsta ástæða til að hafa gætur á þessu og vera varkár hvað þetta varðar því að allir Íslendingar þekkja það að skuldir geta verið mjög hættulegar.

Ef við tökum greiðslubyrði erlendra langtímaskulda sem prósentu af útflutningstekjum, þ.e. tekjunum sem við fáum inn fyrir útflutning, þá var greiðslubyrðin 48% árið 2001, eða í fyrra, en það hlutfall var ekki nema 11% fyrir 30 árum. Greiðslubyrðin hefur sem sagt aukist um fjórðung, og greiðslubyrðin segir okkur, eins og sagt var í gamla daga, hvað margir þorskar fara í afborganir af erlendum lánum. Vitaskuld segir þetta ekki alla söguna því auðvitað er hægt að dreifa greiðslubyrði. Við Íslendingar búum reyndar við það að við njótum mikils trausts í útlöndum og við njótum góðra vaxtakjara af hálfu opinberra og hálfopinberra lánastofnana erlendis og það er vitaskuld mikilvægt. En við þurfum samt — vegna þess að við höfum góða stöðu og fáum þar með góð vaxtakjör, sérstaklega ríkisvaldið hér sem hefur sterka stöðu miðað við ríkisvald í mörgum löndum, skuldastaða ríkisvaldsins er góð hvað það varðar — að gæta okkar á því hvað við erum komin með miklar skuldir utan hins opinbera geira í útlöndum. Það er ekki svo slæmt að skulda innan lands því vextirnir eru þá innan okkar hagkerfis, en það er verra þegar við erum að greiða af framleiðslu okkar í vexti til erlendra fjármagnseigenda.

Einnig bendi ég á það, herra forseti, að þegar ég sé svona fjárlagafrv. og þegar kemur að málum eins og utanríkismálum hefði ég viljað sjá — það er persónulegt áhugasvið mitt — miklu meiri sókn í sambandi við þróunarmál en þar höfum við Íslendingar staðið okkur vægast sagt mjög illa. Ég hefði líka viljað sjá í þessu frv. og í stefnu ríkisstjórnarinnar sókn til landa, núna hinna nýju landa í Evrópusambandinu sem við eigum góð og mikil tengsl við. Ég spyr: Af hverju

í ósköpunum setjum við ekki á laggirnar sendiráð í Póllandi sem við höfum haft mjög góð tengsl við, viðskiptaleg tengsl, í áraraðir? Við höfum byggt skip, flutt út fisk og mjöl með meiru. Mjög margir Pólverjar eru búsettir hér á landi. Þetta er að verða ein helsta vinaþjóð okkar. (Gripið fram í.) Með sendiráði þarna sem mundi líka gæta hagsmuna okkar í Eystrasaltsríkjunum værum við að efla þá bandamenn sem gætu komið okkur að hvað bestu gagni í framtíðinni í þeim samruna sem er að eiga sér stað í Evrópu. Allar þessar þjóðir eru núna orðnar eða verða á næstu tveimur árum aðilar í Evrópusambandinu og í mínum huga væri nær — þótt ég sé ekki mikið fyrir að stofna sendiráð — að hugsa á þessum nótum en að setja upp þessa rándýru vitleysu sem var sett upp í Japan á sínum tíma og kemur ekki til með að gagnast neitt í samanburði við það sem ég var hér að nefna.

Ég vildi að lokum, herra forseti, nefna nokkur atriði þar sem skortir algjörlega á umbætur af hálfu þessarar ríkisstjórnar. Það lýsir stöðnuninni hjá henni og hvað hún er ófær um að takast á við kerfisbreytingar. Hún hefur ekki gert neinar umbætur í landbúnaði. Við erum enn með sömu stöðuna í landbúnaði og við höfum haft undanfarin ár, þ.e. bændur, sérstaklega sauðfjárbændur, eru fátækasta stétt landsins, matarverð eitt það alhæsta í Evrópu og við höfum ekki náð að snúa þessari þróun við. Hér er gjaldþrotastefna ríkisstjórnar, hún getur ekki tekist á við þetta vegna hagsmuna sem liggja í flokkunum og er ekkert nýtt mál, hefur verið það um áratuga skeið, en þetta kerfi hefur hún ekki náð að stokka upp.

Alveg eins má rifja upp það sem ég nefndi um heilbrigðismálin. Þrátt fyrir nokkra umræðu, einmitt sérstaklega innan Sjálfstfl., um að menn reyni aðeins að stokka mál upp og taka til nýrra hluta í þeim efnum hefur sú umræða ekki farið á flot af neinni alvöru og endurspeglast ekki á nokkurn handa máta í þessu fjárlagafrv. Ég er ekki að tala fyrir því að menn eigi að einkavæða heilbrigðisþjónustuna, alls ekki. En það er algjörlega ljóst að þjóð sem stendur frammi fyrir því að vera yngsta þjóð í Evrópu með einungis 11% af íbúunum yfir 65 ára — þetta hlutfall verður 22% eftir örfáa áratugi — stendur frammi fyrir algjörlega nýju samfélagi hér á næstu árum. Þeim mun fyrr sem stjórnmálaflokkarnir reyna að ræða þessi mál, finna hvaða stefnu þeir geta lagt upp með til framtíðar, þeim mun betra. Ég undanskil minn flokk ekkert í þeim efnum, þar er skammt á veg komin umræðan í þessum málaflokki. Af því að málaflokkurinn er bæði mikilvægur og líka umfangsmikill, kostar mikla peninga, er þessi umræða nauðsynleg.

Eitt sviðið enn er hægt að benda á sem menn hafa ekki náð kerfisbreytingu eða samstöðu um með fólkinu í landinu. Það er í sjávarútvegsmálunum. Þeir hafa ekki náð að stíga þau skref sem við lögðum til hvað mest, að menn ættu að greiða sanngjarnt gjald fyrir afnot af veiðiheimildum. Þau litlu skref sem hafa verið stigin í þeim efnum hafa verið, að okkar mati, of lítil. Vitaskuld verður samt að hafa í huga að þar á var þó gerð breyting á síðasta kjörtímabili þótt ekki væri hún stór.

Það er svo merkilegt að málaflokkarnir sem mestu breytingarnar hafa orðið í, á viðskiptasviðinu, og sem að mörgu leyti hefur tekist að fylgja vel eftir eru til komnir vegna löggjafarinnar sem við urðum að taka upp í kjölfar EES-samningsins. Þar hafa orðið mestu kerfisbreytingarnar í samfélagi okkar, sennilega á síðustu 10 árum. Þetta fjárlagafrv. ber þess líka merki. Og þótt við getum örugglega sagt með sanni að ríkisstjórnin hafi kannski ekki spillt fyrir hlutum í neinum stórkostlegum mæli sl. 10 ár, hún er að ljúka öðru kjörtímabili sínu, eru tveir þættir sem hafa markað þessa efnahagslegu umgjörð meira en flest annað og hvorugt getur núv. ríkisstjórn þakkað sér. Annað er EES-samningurinn sem var á ábyrgð þáv. fráfarandi ríkisstjórnar og hitt er þjóðarsáttin sem reyndar enginn stjórnmálamaður getur þakkað sér, heldur var það framtak fyrst og fremst frá samtökum aðila vinnumarkaðarins.

Þetta var umgjörðin og þetta voru byltingarnar sem voru gerðar hér í hagkerfinu. Ríkisstjórnin hefði að mörgu leyti getað fylgt þessu eftir með þáttum sem gera það að verkum að við stöndum í sjálfu sér alls ekkert illa með okkar þjóðarbúskap í alþjóðlegum samanburði. Það blikka nokkur varnaðarljós og ég hef gert nokkur þeirra að umtalsefni, eins og það að atvinnuleysi er að aukast. Fyrst og fremst hef ég samt talað um skuldasöfnunina, skuldaaukninguna sem hefur einkum orðið erlendis, og líka hvað mér finnst ganga hægt að útflutningur nái hér meiri fótfestu til hagvaxtar en verið hefur.

Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin beitti sér á síðasta kjörtímabili fyrir verulegum skattalækkunum til fyrirtækja, og tók að ýmsu leyti forustu í Evrópu hvað varðar það svið. Ég tel að það hafi að mörgu leyti verið mjög skynsamleg stefna og ríkisstjórnin sé að uppskera nokkuð hvað það varðar í sterkri stöðu atvinnulífsins og fyrirtækja hér. Það er hægt að rökstyðja að ríkisstjórnin hafi kannski gengið of langt í þeim efnum, það getur alltaf verið mats- og útfærsluatriði. Það er kannski ekki höfuðefnið. Aðalmálið sem hér er eftir, verkefnið í skattamálum — skattamál skipta gífurlega miklu máli — er að lækka tekjuskattsprósentuna á einstaklingum. Það er komið að fólkinu í þessu landi ef menn hafa svigrúm til að lækka skatta og menn hafa það með t.d. upptöku auðlinda- eða umhverfisgjalda eins og við höfum margoft bent á, við jafnaðarmenn. Með breytingu á skattlagningu er hægt að lækka tekjuskattsprósentuna — ég er ekki að tala um að hækka skattleysismörkin, það tel ég alls ekki ráðlega skattalega aðgerð — sérstaklega á lægra tekjubilinu teldi ég mikið framfaraskref, alveg eins og það að reyna að búa til sértækar aðgerðir eins og er heimilt samkvæmt því frv. sem við munum afgreiða hér í sambandi við EES-samninginn, að gefa litlum og meðalstórum fyrirtækjum sóknarfæri. Við gætum gert það á næstu árum og þá mundu þessi fyrirtæki, eins og í flestum öðrum löndum, skila okkur vel fram á við.

Það er kominn tími til þess, herra forseti, að meiri gaumur verði gefinn að tveimur atriðum í samfélagi okkar, þ.e. einstaklingunum sjálfum og skattbyrði þeirra og líka litlum og meðalstórum fyrirtækjum þar sem sóknarfærin verða á næstu árum. Hvorugt þessara stefnumála er að finna í fjárlagafrv.

[22:08]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil vekja athygli þingmanna á því að þskj. 605 hefur verið prentað upp, brtt. við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003, frá Ólafi Erni Haraldssyni og Einari Oddi Kristjánssyni, og hefur hinu nýja þskj. verið útbýtt. Ég vek athygli hv. þingmanna á því.

[22:09]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst alltaf gaman að hlýða á hv. þm. Ágúst Einarsson. Hann flutti hér, nú sem endranær, fróðlega ræðu. En það er annað, hann er sjálfum sér samkvæmur. Hv. þm., talsmaður Samfylkingarinnar, studdi ríkisstjórn

Sjálfstfl. og Alþýðuflokks 1991 og rifjaði það upp að hún hefði þá tekið forustu í því að lækka skatta á fyrirtæki. Síðan þakkar hv. þm. ekki ríkisstjórninni eða stjórnvöldum efnahagsbata sem hann nefnir svo á undangengnum áratug, heldur öðrum aðstæðum, þjóðarsátt — ég get tekið undir það — og nefnir sérstaklega til EES-samkomulagið.

Þetta finnst mér sannast sagna oft vera staðhæfing sem menn setja fram án þess að nægileg innstæða sé að baki. Menn hafa t.d. fullyrt að EES-samningurinn hafi fært launafólki umtalsverðar félagslegar umbætur þegar staðreyndin er sú að stærstu framfaraskrefin sem við höfum stigið höfum við Íslendingar gert að eigin frumkvæði. Ég bendi þar á lífeyrismál, fæðingarorlof, margvísleg réttindamál, sem allt er sprottið upp úr íslenskum jarðvegi og hefur ekkert með EES að gera. Getur ekki verið að menn ofgeri túlkun sinni á ágæti EES-samningsins?

Spurningin sem brennur kannski heitast á mér gagnvart hv. þingmanni er hin hliðin á teningnum, sú kjaralega breyting, kjaralega staða, sem orðið hefur hjá millitekjuhópum og láglaunafólki á Íslandi, og ekki síst þeim sem eiga við erfiðleika að stríða, sjúkdóma, örorku, vegna þess að kjör þessara hópa hafa versnað verulega á undangengnum árum. Ég sakna þess að þegar hv. þm. talar um sókn inn í framtíðina og skilgreinir nútíðina leggur hann ekki nægilega áherslu að mínum dómi á þennan hluta samfélagsins.

[22:11]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson spurði hvort ég ofmæti ekki áhrif EES-samningsins. Ég tel svo ekki vera og er ekki einn um þá skoðun. EES-samningurinn skipti gífurlega miklu máli hér. Hann stokkaði raunverulega upp allt efnahagslífið, allt viðskiptaumhverfið, í átt til frjálsræðis sem við sjáum núna á raunverulega öllum sviðum nema á þeim sviðum sem við kusum að hafa sérstaklega okkar umgjörð á, sjávarútvegi og landbúnaði. Ég bendi líka á að hinn félagslegi styrkur EES-samningsins, þ.e. þess sem kemur frá Evrópusambandinu, er ein aðalástæða þess að launasamtök á Norðurlöndum eru hvað mestir hvataaðilar fyrir aðild að Evrópusambandi.

Það eru sömu sjónarmið uppi hjá Alþýðusambandi Íslands og hafa verið mjög sterk fyrir, einmitt ekki einungis því að styðja EES-samninginn heldur líka fyrir aðild að Evrópusambandinu, m.a. vegna þess að hin félagslega verndun launafólks er mjög sterk í Evrópu, miklu sterkari en nokkurn tíma hér á landi. Þessi hefð kemur m.a. mjög sterkt fram í þeim sáttmála sem við lögfestum hér og er innan Evrópusambandsins. Þetta er mjög mikilvægt atriði. Ég veit að hv. þm. er ekki beint stuðningsmaður Evrópusambandsins en félagsmenn hans erlendis eru flestir þeirrar skoðunar að einmitt þessi umgjörð sem EES-samningurinn, og reyndar Evrópusambandið, veitir sé launafólki mjög hagstæð og mikilvæg.

Ég hef hins vegar alltaf í mínum málflutningi lagt áherslu á að velferðarkerfið hefur ekki af hálfu þessarar ríkisstjórnar verið varið sem skyldi. Við verjum mun minni fjármunum til þess og við gætum ekki að því fólki sem hefur lent utan gátta í þessu frjálsræði sem ég vil hafa samt í hagkerfinu. Ég hef talað fyrir því að við viljum markaðshagkerfi. Við viljum ekki markaðssamfélag, við jafnaðarmenn. Hinn stóri munur sem við tölum hér um þegar við greinum á milli stefnu okkar jafnaðarmanna og stefnu hægri manna, hvort sem er hér á landi eða erlendis, er einmitt þessi setning: „Við viljum markaðshagkerfi en ekki markaðssamfélag.“

[22:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svolítið erfitt að greina þarna á milli. Þegar menn mæra markaðshyggjuna reynist okkur sumum erfitt að sjá línuna á milli markaðshagkerfis og markaðssamfélags.

Það er misskilningur hjá hv. þingmanni að hægt sé að alhæfa um launamannahreyfinguna á Norðurlöndum hvað varðar afstöðu til Evrópusambandsins. Þannig tók t.d. norska alþýðusambandið afstöðu gegn aðild Noregs að Evrópusambandinu og það eru mjög deildar meiningar innan hreyfingarinnar.

Þegar hins vegar litið er til helstu talsmanna innan stofnanaveldisins, forustumanna, hafa þeir verið á þessu máli. Þegar reynir á vilja almennra félagsmanna, hinnar raunverulegu hreyfingar fólksins, gengur ekki að alhæfa á þann hátt sem hv. þm. gerir.

Það sem ég hef gagnrýnt Evrópusamninginn um hið evrópska efnahagssamstarf fyrir er á hvern hátt það setur lýðræði okkar skorður. Það þröngvar okkur til ráðstafana sem við erum ekki inni á, t.d. í orkugeiranum núna. Við erum neydd til að endurskipuleggja Orkubú Vestfjarða á nákvæmlega sama hátt og orkubúskapinn í Frankfurt á meginlandi Evrópu þó að þarna sé ekki hægt að draga neitt samasemmerki á milli. Við göngum miklu lengra, Evrópubúar, í þessari miðstýringu en t.d. Bandaríkjamenn. Það er þessi skortur á lýðræðislegum vinnubrögðum og þessi árátta til þröngsýnnar miðstýringar sem veldur mér áhyggjum í Evrópusamstarfinu.

Þær breytingar í viðskiptalífinu sem hv. þm. vísar til taka til heimsins alls. Og ég hef varað við þessari einangrunarhyggju, þessari undarlegu einangrunarhyggju sem fram kemur ekki síst hjá krötum, að vilja einskorða sjóndeildarhringinn við Evrópu eina.

[22:16]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði um muninn á markaðshagkerfi og markaðssamfélagi. Til allrar hamingju er samfélagið ekki bara saman sett úr hagrænum þáttum. Við jafnaðarmenn viljum ekki að markaðslögmálin gildi á tilteknum sviðum, t.d. í menntamálum og heilbrigðismálum. Þar hefur hið opinbera mjög miklu hlutverki að gegna og það er að sumu leyti vaxandi verkefni. Hér skilur á milli jafnaðarmanna og annarra í Evrópu og að sumu leyti milli vinstri og hægri hér á Íslandi, þ.e. að hve miklu leyti menn vilja láta markaðslögmálin um þessa þætti. Við jafnaðarmenn erum opnir fyrir því að breyta rekstrarformum á einstökum þáttum í heilbrigðisþjónustu svo ég nefni dæmi. Það hefur ekkert með þessa grundvallarhugsun að gera. Menn verða að átta sig á því að um þetta snýst umræðan í Evrópu, þ.e. um þessi hugtök. Það er ekki ágreiningur um að við eigum að nota markaðshagkerfið til að ná sem allra mestu út framleiðsluþáttunum. Ágreiningurinn er um hvernig við skiptum þessari köku, að hve miklu leyti við látum hið opinbera sjá um tiltekna þætti, t.d. þætti sem eru okkur hv. síðasta ræðumanni kærir, m.a. velferðarmál sem er að mörgu leyti illa fyrir séð hér á landi. Þar höfum við á sumum sviðum dregist aftur úr, t.d. í menntamálum miðað við önnur lönd. Af þessum þáttum höfum við áhyggjur.

En þar er víglínan. Hún liggur ekki lengur á milli þess hvort menn vilji einkavæða ríkisfyrirtæki eða ekki. Við jafn-

aðarmenn, flestir hér á landi og allir í Evrópu, erum löngu hættir að tala um að fyrrum ríkisfyrirtæki eigi að vera áfram í ríkiseigu. Það er gamaldags umræða. Baráttan stendur um hvar menn ætli að láta markaðslögmálin gilda á þeim sviðum sem ég nefni, í heilbrigðismálum og menntamálum. Það er sú víglína sem á að tala um í þessari fjárlagaumræðu og í aðdraganda næstu kosninga.

[22:18]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ágústi Einarssyni fyrir spennandi ræðu að mínu mati. Ég er honum sammála um að mistekist hafi að skoða landbúnaðinn, sjávarútveginn og ekki síst heilbrigðiskerfið í heild til að marka framtíðarsýn í þeim málum hér á landi. Það er okkar stóra vandamál en ég vil spyrja hv. þm. hver hans sýn er á vandamálin í heilbrigðiskerfinu, þar sem við stöndum núorðið frammi fyrir milljarðagati á hverju missiri. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann sé sammála þeirri aðferðafræði að taka svo að segja innan úr skepnunni með einkarekstrartilburðum hér og þar í kerfinu.

Ég tel að vinnubrögðin í sambandi við einkarekstrarform innan stofnananna á ýmsum sviðum valdi þessari skekkju vegna þess að ríkisstjórnin þorir ekki að fylgja sannri einkarekstrar- og einkavæðingarstefnu þar sem þjóðin vill það ekki. Þá langar mig að spyrja þingmanninn hver hans sýn er á þetta mál. Getur hann verið sammála mér um að þessi aðferðafræði, einkareknar deildir og það að taka innan úr ríkisrekstrarfyrirtækjum, geti hugsanlega kostað okkur marga milljarða eða milljarðatugi meðan á þeirri vegferð stendur, sem getur kannski tekið átta til tíu ár, í átt að hinni einu sönnu einkavæðingu sem margir auðvitað aðhyllast.

Ég vil fá sýn þingmannsins, skoðun hans á því og hvernig hann lítur á fjármálahlið þessa ferils.

[22:20]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi áðan að vandamál okkar í heilbrigðiskerfinu einkenndust ekki af því að fjármagn vantaði í málaflokkinn. Skipulagningu á mjög mörgum þáttum í heilbrigðiskerfinu er ábótavant, t.d. erum við með spítala, sem er dýrasti þátturinn, á föstum fjárlögum. Þetta er úrelt kerfi sem eiginlega allar þjóðir hafa fikrað sig burt frá, þ.e. þau hafa blandað kerfi fastra fjárlaga og árangurstengdra greiðslna og þjónustusamninga. Við verðum að fara í slíkt kerfi.

Sömuleiðis er hægt að sýna fram á að legudagar á spítölum eru fleiri hér en annars staðar. Ýmislegt bendir til þess að stofnanaþátturinn hjá okkur, hvort sem það eru spítalar eða annað, sé dýrari en er annars staðar. Við þurfum að skoða þetta miklu opnar og bera saman við útlönd. Það að ríkið kaupi þjónustu í stað þess að sinna henni sjálft, þ.e. kaupi hana af tilteknum fyrirtækjum, svokallaður einkarekstur á tilteknum þáttum, er aðferð sem er alveg hægt að nota á tilteknum sviðum á afmörkuðum þáttum. Það leysir hins vegar ekki vandann í heilbrigðiskerfinu. Vandamálið er stærra en það. Menn verða að vera opnir fyrir öllu og mega ekki líta svo á að ef ríkið ætli að kaupa þjónustu af einhverju fyrirtæki, í stað þess að vera sjálft með fólk í vinnu, sé verið að tala um einkavæðingu á heilbrigðiskerfinu. Það er ekki rétt.

Ég er ekki að segja að þetta sé einhver allsherjarlausn, svo er ekki. En þetta getur hjálpað til og menn mega ekki einfalda umræðuna og segja að allt málið snúist um þetta. Þetta er stærra mál og verður sennilega eitt erfiðasta mál fyrir hvaða ríkisstjórn sem er, hvort sem við verðum í henni eða þeir flokkar sem núna eru, að takast á við á næstu tíu árum. Það er þessi umræða sem þarf að fara í gang, alveg eins og hv. þm. spyr hér um. Hún þarf bara að vera á miklu breiðari grunni en hún vill oft verða upp á síðkastið.

[22:22]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er óánægður með svarið vegna þess að ég held að þetta sé miklu flóknara mál en við gerum okkur almennt grein fyrir.

Ég hef sjálfur staðið í opinberum rekstri og það er mjög stór ákvörðun að taka, og ekki síður að framkvæma, að fara úr opinberum rekstri í einkarekstur eða einkavæðingu á hlutum stofnana. Ég held að það að þjóna tveimur herrum innan ríkisstofnana sé mjög stór hluti af því vandamáli sem við eigum við að stríða í heilbrigðiskerfinu peningalega séð.

Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann geti ekki verið sammála mér um að þetta sé aðferðafræði sem Sjálfstfl. og Framsfl. nota til að fikra sig í átt að því að einkavæða heilbrigðiskerfið, vitandi á þessum tímapunkti að þjóðin vill ekki einkavæðingu. Það er talað um einkarekstur í bili. Einkarekstur sem farið hefur fram á ýmsum deildum um visst skeið leiðir náttúrlega til einkavæðingar í framtíðinni. En það mun kosta gríðarlega peninga ef menn vilja ekki horfast í augu við þær breytingar sem gerðar hafa verið á opinberum rekstri. Þetta er skólabókardæmi.

Ég spyrja þingmanninn og hvort hann geti fabúlerað um það að einhverju leyti: Hvað kostar þessi vegferð í raun og veru? Hún kostar okkur gríðarlega peninga og að mínu mati er þetta ein af meginástæðunum fyrir milljörðunum sem út af standa hvert missiri.

[22:24]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spyr hvort einkarekstur sem núv. ríkisstjórn er að tala um sé í reynd skref í áttina til einkavæðingar. Ég hef í sjálfu sér enga ástæðu til að ætla það. Ég man ekki eftir að ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafi lýst einhverju slíku yfir. Ég veit hins vegar að innan Sjálfstfl. eru ungliðar sem tala mjög fyrir einkavæðingu í heilbrigðisþjónustu, en hvort það sé orðin opinber stefna þess flokks verða aðrir að svara fyrir. Ég get í sjálfu sér ekkert staðfest það.

Við jafnaðarmenn höfum snúist gegn einkavæðingu í heilbrigðisrekstri. Menn mega hins vegar ekki rugla saman einkarekstri og einkavæðingu. Mér finnst fyrirspyrjandi einfalda málið svolítið. Þetta er ekki stærsta málið í heilbrigðisrekstri heldur eitt af því sem við þurfum að ræða. Eitt sérstakt vandamál sem verið hefur í heilbrigðisþjónustu hér á landi eru hin hörðu átök við starfsmenn í heilbrigðisþjónustu um áratuga skeið, t.d. átök stjórnvalda við lækna. Þau hafa verið afskaplega erfið og vandamál hjá hverri ríkisstjórninni á fætur annarri. Í þeirri umræðu hafa menn enn ekki náð sáttum. Menn verða að gera það vegna þess að vandamálin sem við þarf að kljást á næstu árum, m.a. vegna þess að þjóðin mun eldast mjög hratt, verða afar mikil. Ef við náum ekki þjóðarsátt í þessum málaflokki fer illa fyrir okkur. Við erum með afskaplega mikla fjármuni bundna í þessum málaflokki.

Við erum hér að ræða um fjárlög. Okkur vantar peninga í menntamál, í samgöngumál og vantar peninga út og suður en menn vilja samt ekki auka umsvif ríkisins mikið. Þá er auðvitað eðlileg krafa, sem skattborgararnir munu gera í vaxandi mæli, að þessum fjármunum verði vel varið. Við verðum að takast á við talsmenn einkavæðingar. Við verðum

líka að takast á um hvers konar form menn vilja hafa á heilbrigðisrekstri, einkarekstur eða eitthvað annað. En menn verða að mæta umræðunni með opnum huga og með rökum. Ég er aðeins að reyna að draga það fram í umræðunni. Þetta er mjög stórt vandamál. Ég gagnrýni ríkisstjórnina fyrir að hafa ekki stefnu til að bregðast við. Sú stefna verður að koma fram á næstu árum.

[22:26]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vek athygli hv. þingmanna á því að útbýtt hefur verið frv. til laga um Styrktarsjóð námsmanna. Þetta er 58. mál á þskj. 58. Þingskjalið hefur verið prentað upp.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:28]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 605. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

[22:29]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við vorum fyrir hádegið að ræða fjáraukalögin þar sem við vorum að taka inn það sem mönnum fannst á skorta fyrir árið sem nú er að líða.

Í þeirri umræðu, þó ég ætli ekki að blanda henni mikið í þessa, var mikið vikið að því að þeir sem í fjárln. hafa starfað innan stjórnarandstöðunnar héldu því fram að hér væri unnið á skjön við fjárreiðulög og margt af því sem teldist ófyrirséð ætti auðvitað að vera fyrirséð, þ.e. hefði átt að vera í fjárlagafrv. eða að færast yfir í fjárlagafrv. næsta árs. Má að mörgu leyti taka undir þær ábendingar eða gagnrýni sem þar kom fram. Nóg um það.

Herra forseti. Það er ýmislegt sem mig langar að ræða. Ég held ég byrji aðeins á því að ræða hluti sem m.a. hafa áhrif á afkomu, á tekjur ríkissjóðs á hverju ári.

Flestar íslenskar fjölskyldur sem hugsa sæmilega fram í tímann, til jólanna t.d., byrja tímanlega að kaupa jólagjafir og beita þar af leiðandi þeirri skynsemi að gefa sér góðan tíma til þess að stunda innkaupin sér og sínum til hagsbóta. Þetta gera líka aðrir. Ég ætla að gera það hér að örlitlu umræðuefni vegna þess að það tengist tekjum ríkissjóðs. En það tengist líka öðru fyrirbæri sem við höfum oft rætt þótt ég ætli nú ekki að gera það hér að löngu umræðuefni, en það er stjórnkerfi fiskveiða. Ég ætla aðeins að gera einn þátt að umræðuefni hér sem tengist beinlínis fjármálum ríkisins, þ.e. leigu á aflaheimildum.

Ég gat um það áðan að þeir forsjálu byrjuðu snemma að kaupa jólagjafir. Það á líka við um íslenska útgerðarmenn. Þeir byrja snemma að kaupa sér jólagjafir. En jólagjafirnar eru hins vegar í því fólgnar varðandi stjórnkerfi fiskveiðanna að þegar líður að áramótum sem jafnframt eru skattaleg áramót flestra fyrirtækja þá byrja útgerðarmenn að leigja til sín aflaheimildir, safna þeim upp, sérstaklega þeir sem eru í sæmilegum rekstri eða hafa verið með hagnað í sínum rekstrardæmum. Leiga verður náttúrlega útlagður kostnaður og kemur þar af leiðandi inn í skattadæmi fyrirtækjanna um áramót.

Hins vegar bannar ekkert að eftir áramót leigi þessir sömu útgerðarmenn frá sér sömu heimildirnar og þeir leigðu fyrir áramót. Það er algjörlega heimilt. En með þessari innleigu og síðar útleigu, ef þeim þykir svo henta, hafa verið færðir til verulegir fjármunir sem ella kæmu til skatts hjá fyrirtækjunum, þ.e. skattstofn fyrirtækjanna. Þeir hafa sem sagt lagt í kostnað sem getur verið kostnaður sem þeir ætla sjálfir að nýta sér. En það getur líka verið kostnaður sem menn ákveða að leigja frá sér.

Þetta hefur orðið til þess að á undanförnum árum hefur leiguverð á aflaheimildum, herra forseti, ævinlega byrjað að rjúka upp þegar komið er fram í nóvembermánuð og stigið verulega til áramóta. Síðan hefur auðvitað komið upp sú krafa eftir áramót að menn sem leigðu til sín í vaxandi verði vilja svo leigja frá sér á enn hærra verði eftir áramót. Sumir hafa bæði af þessu skattalegt hagræði og fjárhagslegan arð þegar búið er að leigja til baka. Þess vegna má segja sem svo að forsjálir útgerðarmenn hafi þarna fundið leið til þess að laga skattalega stöðu sína og færa sjálfum sér og rekstri sínum ákveðna fyrirgreiðslu.

Þetta er auðvitað til viðbótar við aðrar fyrirgreiðslur í skattalögunum eins og t.d. yfirfæranlegt tap. Varðandi það kom nú svar hér við fyrirspurn frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Þar kom fram, ef ég man rétt, að yfirfæranlegt tap á milli ára hafi verið á bilinu 700–900 milljónir, þ.e. sem það virkaði til lækkunar tekjuskatts milli ára. Það er auðvitað ekkert einskorðað við útgerð eða fiskvinnslu. Það er auðvitað hin almenna regla í skattkerfinu.

Ég dreg þetta hins vegar fram vegna þess að þetta hefur allt áhrif á stöðu ríkissjóðs og dæmið sem ég nefndi hér um leiguframsal á óveiddum fiski blandast líka inn í skattgreiðslur til ríkisins og þar af leiðandi tekjur ríkisins.

Mig langar aðeins að víkja að öðru efni sem snýr að tekjum ríkisins og tengist sjávarútvegi þó það tengist ekki kvótakerfinu. Það er Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Þar er gert ráð fyrir að taka sérstök gjöld annars vegar af aflaheimildum sem er föst krónutala á hvert þorskígildiskíló og hins vegar gjald af bruttórúmlest skipa, þó með ákveðnu hámarki, þ.e. gjaldið getur ekki farið hærra á hvert skip en 387.000 kr. eða 388.000 kr. Þar stoppar það hversu stór sem skipin eru. Ef gjaldið væri hins vegar línulegt og héldi áfram að aukast miðað við stærð skipanna þá hefði það ekki verið 87 milljónir heldur aukist um 84 milljónir og hefði samanlagt orðið 171 millj. kr., þ.e. tekjur af þessu gjaldi.

Ég hef aldrei fundið nein sérstök rök fyrir því að leggja þetta gjald á stærð skipanna frá tveggja tonna trillunni og upp í eitthvert x þar sem það stoppaði þannig að enn stærri skip sem hefðu mörg hver aflað mikilla tekna greiddu bara eitthvað fast gjald, en allir aðrir línulegt gjald upp að hámarksgjaldinu. Ég verð því að segja alveg eins og er, herra forseti, að mér finnst þessi gjaldtaka svolítið skringilega útfærð. Þar með er ekki sagt að gjaldstofninn þyrfti endilega að hækka um þessar 84 millj. sem ég nefndi, þ.e. ef þetta væri látið fara alveg upp úr og væri ekki með þessu þaki. Hins vegar væri hægt að breyta gjaldinu þannig að menn tækju sömu krónutölu en stofninn breyttist innan flotans.

Ég held að það væri meira samræmi í því og meira réttlæti. Ég hef ekki fundið nein rök fyrir því að þetta skuli stoppa við þessa upphæð hversu stór sem skipin eru og hversu kraftmikil þau eru og hversu mikil verðmæti þau bera að landi. Þetta er því hvorki í samræmi við tekjurnar né afköstin, herra forseti. Þetta vildi ég sagt hafa um það mál. Þetta lýtur hvort tveggja að tekjum ríkisins.

Herra forseti. Mig langar til að víkja sérstaklega að einu máli sem ég gerði reyndar að umtalsefni við 2. umr. fjárlaga. Þar nefndi ég tvö dæmi, annars vegar um það hvernig mér fyndist að þyrfti að styðja við og styrkja fíkniefnavarnir, þ.e. um að kenna ungmennum að virða sjálf sig og líkama sinn og öðlast skilning á því sem börn að byrja aldrei að nota

fíkniefni. Hins vegar lét ég þess getið að mér fyndist frekar naumt skammtað í þá fjárveitingu sem var 500.000 kr.

Síðan ræddi ég um hinn þáttinn, þ.e. þann endann á málinu þegar fólk er búið að vera í mikilli neyslu og miklum erfiðleikum með sitt líf, hefur jafnvel lent í afbrotaferli og öðru slíku og tengdi það við Byrgið, aðstöðu sem komið hefur verið upp í Rockville, endurhæfingarsambýli á Miðnesheiði. Ég lýsti þeirri skoðun minni að standa þyrfti vel við bakið á þessari starfsemi, hún væri þjóðfélaginu til mikilla hagsbóta og ég hefði alla vegana í því sem ég hef verið að kynna mér í þessa veru ekki séð að menn stæðu betur að málum annars staðar varðandi fólk sem lent hefði í harðri fíkniefnaneyslu og afbrotum.

Í fjárlagafrv. hef ég fundið eina tölu sem ætluð er í þessa veru og hún er, ef ég man rétt, 12,7 millj. kr. undir liðnum 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Þar stendur að Byrgið, líknarfélag fái 12,7 millj. kr. fjárveitingu.

Herra forseti. Nú vill svo til að ég hef hér undir höndum nokkrar upplýsingar um starfsemi Byrgisins. Ég verð að segja alveg eins og er að þessi fjárveiting sem þarna er nefnd er ótrúlega lítil til þeirrar starfsemi sem á sér stað í Rockville, endurhæfingarsambýlinu á Miðnesheiði.

Herra forseti. Hér við í upphaf umræðunnar kynnti hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, formaður fjárln., í stuttri ræðu efnisatriði fjárlagafrv. eins og það lítur út núna. Þá gat hann þess að menn hefðu sammælst um, ef ég hef skilið málið rétt, að setja þessi mál í ákveðinn farveg og finna á þeim ákveðna lausn, varanlegri en tekið er fram í þessari fjárveitingu upp á 12,7 millj. kr.

Herra forseti. Ég heyrði að aðrir nefndarmenn í fjárln. stigu hér einnig í pontu og sögðu að þeir væru sömu skoðunar, þ.e. að búið væri að setja þetta mál í ákveðinn farveg. Mér var ekki kunnugt um það þá að svo væri. En ég hef orðið þess áskynja síðan að nú sé til staðar ákveðinn vilji til þess — þannig vil ég orða það — að taka myndarlega á varðandi starfsemi Byrgisins. Ég fagna því mjög ef það er réttur skilningur hjá mér og ég fæ ekki betur skilið en að svo sé.

Það breytir hins vegar ekki því, herra forseti, að ég tel mjög tímabært að fara hér aðeins yfir þær upplýsingar sem ég hef um starfsemi Byrgisins. Hér kemur fram í texta og skýringarmyndum sem ég hef fengið að starfsemin er mikil og hún hefur borið talsvert mikinn árangur. Ég vil leyfa mér að lesa örlítið hér úr þessari skýrslu. Hér er tekið saman sjö mánaða tímabil frá 1. 1. 2002 til 31. 7. 2002. Það segir, með leyfi forseta:

„Á þessu sjö mánaða tímabili hafa 178 skráningar verið gerðar. Sérstök móttöku- og aðhlynningardeild var tekin í notkun í Rockville þann 15. mars sl. Á deildinni rúmast tíu einstaklingar í einu. Þarna er tekið á móti þeim sem koma til meðferðar og veitt læknisþjónusta og lyfjameðferð eftir þörfum. Vakt er á deildinni allan sólarhringinn.

Meðferðarhópurinn frá 1. 1. 2002 til 31. 7. 2002 telur 148 einstaklinga. Alltaf er hvatt til endurhæfingar sem felur í sér að einstaklingurinn fær ákveðin verkefni í hendur. Markmiðið er að sem flestir fari í langtímaendurhæfingu, þ.e. 6–18 mánuði og fái starfsþjálfun við hæfi. Stefnt er að því að skjólstæðingarnir komist aftur á almennan vinnumarkað. Kannanir á meðferðarárangri sem gerðar hafa verið á undanförnum árum hafa sýnt að mestur árangur er hjá starfsþjálfunarhóp með reglubundinn vinnutíma þar sem hæfilegrar ábyrgðar er krafist.

Hluti skjólstæðinganna er í langtímadvöl án markvissrar starfsþjálfunar. Ástæður þess eru mestmegnis þær að þessir einstaklingar eru heimilisfastir á sambýlinu án þess að önnur húsnæðislausn sé í sjónmáli, enn fremur er um vanhæfni til flestra starfa að ræða vegna geðrænna vandamála og stundum líkamlegra kvilla. Þeir sem útskrifast fá undantekningarlítið aðgang að góðum stuðningi í Byrginu, svo sem viðtölum, samkomum og öðru prógrammi. Þeir sem taka þátt í 1–3 mánaða prógrammi teljast ekki til útskriftarhóps, enda óvíst um árangur þeirra, meðferð varir allt frá 3 vikum og upp í 2–3 mánuði. Hins vegar er hluti sem lýkur 3–5 mánaða meðferðarprógrammi með góðum árangri og tilheyrir útskriftarhóp.“

Síðan segir um könnun á félagslegum aðstæðum meðferðarhópsins:

„69% einstaklinganna koma frá sundruðum fjölskyldum þar sem neysla foreldra, skilnaður, ofbeldi og/eða misnotkun hafði viðgengist í uppeldi þeirra. 58% þeirra voru án framhaldsmenntunar og höfðu einungis grunnskólapróf. 13% höfðu ekki lokið við grunnskóla. 57% skjólstæðinganna voru einhleypir og 26% fráskildir. Aðeins 12% höfðu haft einhverja atvinnu áður en þeir komu í meðferð. Heimilislausir voru 86%. 88% höfðu verið atvinnulaus sl. sex mánuði eða lengur og voru öryrkjar eða fengu félagslega framfærslu við komu í Byrgið. 39% skjólstæðinganna eru með afbrotaferil, 43% eru með geðrænan vanda, t.d. geðklofa og/eða alvarleg kvíða- og þunglyndiseinkenni. Flestir höfðu byrjað neyslu mjög ungir, 11–13 aldur er algeng viðmiðun samkvæmt upplýsingaskráningu. 64% skjólstæðinganna höfðu neyslusögu sem nam 15–25 árum eða lengur. Fjölmennasti aldurshópurinn er þeir sem fæddir eru milli 1950 og 1970, eða 52%.“ — Fólk á aldrinum 32 til 52 ára.

„Hlutfall kvenna í meðferð í Byrginu hefur hækkað töluvert, frá 29% samkvæmt þessari skýrslu en var áður 20%. Á þessu ári hófst samvinna Byrgisins og Fangelsismálastofnunar ríkisins um meðferðarúrræði fanga sem afplána fangelsisdóma og þrír einstaklingar í meðferðarhópnum afplána nú eftirstöðvar dóma í Byrginu. Endurhæfingarsambýlið er einnig af og til nýtt sem vinnustaður fyrir samfélagsþjónustuþega, aðallega fyrir Suðurnesjasvæðið.

Þann 31. júlí sl. dvöldu 70 einstaklingar í endurhæfingarsambýli Byrgisins í Rockville. Stefnt er að því að 80–100 pláss verði á sambýlinu í vetur. Vímuefnameðferðarprógramm hefur stöðugt verið þróað og lagað að þörfum þess hóps sem meðferð Byrgisins tekur til. Áhersla er á andlega og líkamlega uppbyggingu þar sem aginn er í fyrirrúmi. Einstaklingurinn er hvattur áfram og aðstoðaður með daglega rútínu allt í átt til samfélagslegrar ábyrgðar og ábyrgðar á eigin lífi um leið.“

Hér er mikið af tölulegum upplýsingum sem ég ætla að fara sérstaklega í gegnum. En ég tel að sá stutti texti sem ég las skýri mjög vel hvaða hlutverki sambýlið í Rockville, starfsemi Byrgisins, gegnir. Ég verð að segja, herra forseti, að ég verð að leyfa mér að treysta því að þær upplýsingar sem menn hafa skipst á og það sem ég hef orðið áskynja í dag sé þess eðlis að fullur vilji sé, bæði hjá ríkisstjórn og örugglega hjá öðrum þingmönnum, eftir því sem menn hafa talað, t.d. aðrir hv. þm. úr fjárln., til að taka myndarlega á þessu máli.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að í þessu máli sé unnið að mjög þörfum hlutum og sú uppbygging og endurhæfing sem á sér stað í Byrginu sé þjóðfélaginu mjög dýrmæt

og láta megi mikla fjármuni til þessarar starfsemi án þess að nokkurn tíma verði hægt að færa rök fyrir því að þjóðfélagið tapi á því. Ég hygg að þjóðfélagið muni ævinlega hagnast á þeirri starfsemi sem þar er rekin og þeim markmiðum sem menn hyggjast ná með henni.

Við höfum auðvitað gert okkur grein fyrir því, allir Íslendingar, að fíkniefnavandinn fer vaxandi. Þess vegna held ég að við eigum að styðja myndarlega við starfsemi eins og þarna fer fram. Ég lýsi yfir því fyrir okkar hönd, í Frjálslynda flokknum, að við munum styðja slíka starfsemi af alhug. Ég er reyndar viss um að margir aðrir muni gera það. Ég vonast til að það sé réttur skilningur hjá mér, að það sé mikill vilji til að taka alvarlega og vel á þessu máli og því verði vandlega fylgt eftir. Í trausti þess hef ég ekki séð ástæðu til að flytja hér brtt. um fjárveitingar til starfsemi Byrgisins. Mér finnst þetta svo þarft þjóðfélagslegt mál að við hljótum að geta sameinast um það, hv. þingmenn, að leysa það myndarlega. Til þess hvet ég, herra forseti.

Ég vil láta þess getið, herra forseti, að ég er meðflm. að brtt. ásamt þingmönnum Vinstri grænna. Það eru auðvitað margar brtt. sem hér hafa verið fluttar, m.a. af Samfylkingunni og einnig af stjórnarliðum, sem við í Frjálslynda flokknum munum greiða atkvæði vegna þess að við teljum að þær horfi til bóta. Við í Frjálslynda flokknum höfum ævinlega lýst því yfir að við mundum styðja þær tillögur varðandi meðferð þingmála sem við teldum horfa til bóta í þjóðfélaginu, hver svo sem flytti þær.

Ég er 1. flm. að brtt. um málefni fatlaðra á Vestfjörðum. Þar er lagt til að veittar verði 7 millj. til viðbótar við þá fjárveitingu sem er til málaflokksins í fjárlagafrv. Ásamt mér flytur þessa tillögu hv. þm. Jón Bjarnason. Við teljum að þessi fjárveiting muni duga til að halda óbreyttri starfsemi og ekki þurfi að skera hana neitt niður ef þessi fjárveiting fæst á Vestfjörðum, eins og til stóð miðað við óbreytta fjárveitingu. Eðlilega mæli ég sérstaklega með því að þessi tillaga verði samþykkt.

Ég hef hins vegar séð í tillögum stjórnarliða að þeir eru búnir að setja inn 4 millj. kr. í þessu sambandi. Það er vissulega gott. Þar ber þá ekki nema 3 millj. kr. á milli. Í öllu því flóði tillagna sem hér hafa runnið inn, um að auka í þetta og auka í hitt, held ég að þær 3 milljónir sem þarna ber á milli geti varla talist sá ásteytingarsteinn að menn telji þurfa að skera það við nögl þannig að þrengt verði að starfsemi fyrir fatlaða á Vestfjörðum. Einkanlega held ég að þetta mundi snúa að aðstöðu fyrir fatlaða á Hólmavík. Ég hvet til þess að brtt. verði samþykkt.

Ég er hér meðflm. að annarri tillögu ásamt hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni, sem er 1. flm., að tillögu um þróun kræklingaeldis. Við höfum í því þingskjali lagt til að settar verði 10 millj. kr. í það verkefni. Það var þannig við 2. umr. um fjárlögin að ekki voru ætlaðir neinir fjármunir til að styðja við kræklingaeldið og þróun þess. Það eru enn þá þrír eða fjórir aðilar sem hafa haldið út við að rækta krækling hér á landi og við töldum mikilvægt að tryggt yrði að þeir kæmust á það stig að taka ræktunina til vinnslu í landi og gera að söluvöru. Það hefur hingað til skort á að það tækist, m.a. vegna fjárskorts. Þess vegna lögðum við þessa tillögu fram. Við teljum að í framtíðinni verði hún þjóðfélaginu til mikilla bóta.

Ég held að takist hjá þessum þremur, fjórum aðilum sem enn þá eru í kræklingarækt að komast yfir á framleiðslustigið sé björninn unninn í þessu máli og aðrir geti sótt í þá þekkingu sem núverandi ræktendur hafa aflað sér. Þetta er ræktun sem kallar a.m.k. í upphafi ekki á mikið fé. Í upphafi þarf að leggja út fyrir köðlum og festingum til ræktunarinnar. Menn þurfa auðvitað að taka tillit til veðuraðstæðna og annars slíks en að öðru leyti þarf ekki að fæða kræklinginn, hann fær fæðu sína úr sjónum. Þetta er eldi sem ég held að geti komið mörgum til góða og þurfi ekki endilega að vera bundið við stórrekstur. Hér ættu menn að geta verið í smárekstri en það kann hins vegar að vera hagkvæmt fyrir menn að sameinast um úrvinnsluþáttinn þó að ræktendur væru margir, sérstaklega þar sem aðstæður henta, t.d. í stórum og djúpum fjörðum fyrir vestan, í Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi; í Eyjafirði, við Hrísey þar sem verið er að rækta; í Mjóafirði og fjöldamörgum öðrum íslenskum fjörðum þar sem aðstæður eru góðar til kræklingaeldis.

Það hefur sýnt sig að áseta á útlögð tóg hefur verið mikil og mikill þéttleiki kræklingaskeljar, jafnvel svo mikill að menn hafa ekki áttað sig á því og misst hluta af því sem vaxið hefur niður af reipunum. En það má flokka undir byrjunarörðugleika, herra forseti. Hér er því um mjög þarft verkefni að ræða.

Ég er einnig meðflm. að tillögu sem snýr að framhaldsskóla Snæfellinga, ásamt hv. þm. Jóni Bjarnasyni, sem er 1. flm., og hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni. Þetta eru þær þrjár tillögur sem ég hef staðið að að flytja í hv. þingi. Ég hef auðvitað lýst því yfir í máli mínu að það eru fjöldamargar tillögur sem við hyggjumst styðja, hvaðan sem þær eru svo upprunnar, hvort sem þær eru frá Vinstri grænum, Samfylkingunni eða stjórnarliðum, við munum eingöngu líta á málin út frá því sem við teljum samfélaginu til hagsbóta, hvað við teljum rétt að leggja áherslu á. Menn verða auðvitað alltaf að velja og hafna í svona málum og sníða sér stakk eftir vexti. En það eru ýmsar brtt. sem við í Frjálslynda flokknum munum styðja. Ég geri ekki mikið ítarlegri grein fyrir því hér en get þó nefnt t.d. að það sem beinist að byggðamálum, Ríkisútvarpinu og heilbrigðisstofnunum, svo eitthvað sé nefnt, eru mál sem við munum styðja.

Ég tel sérstaka ástæðu til að huga vel að því að heilbrigðisstofnunum sé ekki mismunað eftir því hvar þær eru á landinu. Það kann ekki góðri lukku að stýra, herra forseti, að sumar stofnanir sem annast heilbrigðismál, þá kannski sérstaklega hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu, fái úrlausnir og góðar og miklar fjárveitingar en sjúkrahús annars staðar á landinu séu látin sitja eftir. Það getur, herra forseti, orðið til þess að fólk verði óöruggt í starfi þar sem vantar fjármuni og þarf mikið aðhald. Þar verður starfsmönnum haldið í óvissu um hvort starfsemin haldi áfram í óbreyttri mynd. Þetta verður til þess, herra forseti, að fólk sem á einhverra kosta völ við að fá störf vegna menntunar sinnar, þjálfunar og þekkingar, færir sig á milli landshluta, fer frá sjúkrahúsunum úti á landi til höfuðborgarsvæðisins. Við búum hér til sjálfvirkt vandamál. Það er algjör óþarfi og í raun skaðlegt fyrir okkur.

Þess vegna held ég að við þurfum að líta heildstætt á vanda sjúkrastofnana og vera með svipaðar úrlausnir, þannig að við séum ekki að mynda sífellt mismunandi vægi fyrir fólk sem starfar á þeim stofnunum, því það er jú fólkið og þekking þess sem er dýrmætust í starfsemi hvers sjúkrahúss, auðvitað ásamt þeim tækjum sem við erum þegar búin að setja fjármuni í. Þeir fjármunir sem við erum búin að festa í tækjakosti góðra sjúkrahúsa eru náttúrlega illa nýttir ef við reynum ekki að nýta þá af fremsta megni, nóg er þörfin hjá sjúklingunum.

Það er auðvitað hægt að hafa langt og mikið mál um fjárlagafrv., af nógu er að taka þar. Hægt er að ræða hvernig ASÍ, heildarsamtök launþega hér á landi, komu inn í það ferli að tryggja að hér færi ekki allt úr böndunum í verðbólgumálum. Við eigum öll þeim samtökum og forustu þeirra mikið að þakka í því hvernig þeir tóku á þeim málum og þá kannski ekki síst ríkisstjórninni sem m.a. fyrir atbeina þeirra þurfti að draga ýmsar hækkanir til baka sem hafa svo orðið til þess að við erum að sigla niður með verðbólguna og horfum fram á kannski nokkuð stöðuga tíma, en það eru þó mjög mikil hættumerki á lofti. Við horfum fram á vaxandi atvinnuleysi og það er auðvitað mikill vágestur í þjóðfélagi okkar.

Við höfum ævinlega verið þeirrar skoðunar, Íslendingar, hygg ég að atvinna væri eitthvað sem við ættum rétt á og allir ættu að eiga kost á þokkalegri atvinnu. Og við höfum líka flestir Íslendingar held ég verið á þeirri skoðun að allir ættu að eiga kost á eðlilegu tryggingakerfi, heilbrigðiskerfi og menntakerfi.

Að mörgu leyti er vaxandi misrétti á milli þegnanna í þjóðfélaginu. Það skapast kannski fyrst og fremst af því að annars vegar er þó nokkur fjöldi Íslendinga sem er að verða, hvað eigum við að segja, ofurríkir, milljarðamæringar, menn sem hafa miklar tekjur, t.d. fjármagnstekjur, og kom það fram í svari minnir mig við fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að 96 einstaklingar hér á landi fá 116 millj. hver í fjármagnstekjur. Við sjáum það að sumir hafa hagnast vel og hafa mikla fjármuni milli handa, en á sama tíma verðum við þess greinilega vör að einnig eru að verða til hópar í þjóðfélaginu sem standa mjög höllum fæti. Það virðist svo að þrátt fyrir ríkidæmi margra og góða afkomu flestra, þá er samt vaxandi hópur fólks sem hefur það mjög bágt og er undir fátæktarmörkum. Það er ekki þróun sem við eigum að sætta okkur við í okkar þjóðfélagi og við hljótum að horfa til þess að þar megi úr bæta.

Herra forseti. Það er mikils virði eins og ég kom að áðan fyrir Íslendinga að halda hér uppi fullri atvinnu. Til þess eigum við að stofna og stjórna. Nú hefur það verið svo á undanförnum árum því miður að við höfum verið með stefnu í landinu í ýmsum atriðum, t.d. í sjávarútvegsmálum, sem ég tel að hafi verið fjandsamleg atvinnu fólksins, fjandsamleg réttindum þess og fjandsamleg byggðunum. Sjávarútvegsstefnan með frjálsu framsali aflaheimildanna hefur orðið til þess að fólki finnst það óöruggt í sjávarbyggðunum, það veit ekki framtíð sína, það veit að atvinnurétturinn er til sölu og þeir sem eru handhafar hans geta selt hann og hafa til þess fullan rétt eins og lögin eru úr garði gerð.

Mikil samþjöppun er í sjávarútvegi. Þau pláss sem töldu sig kannski fyrir ári vel stödd og örugg, þar finnst fólki í dag að það sé ekkert öruggt með sína framtíð, enda er það ekki svo. Um það tala dæmin skýru máli. Útgerðarstaðir sem margir hverjir höfðu blómlega stöðu fyrir nokkrum árum eru svo til aflaheimildalausir í dag. Margir útgerðarstaðirnir sem misstu aflaheimildir fyrir fimm til sex árum eða þaðan af fyrr, hafa reynt að rétta stöðu sína eða það fólk sem þar býr með því að sjómennirnir sem misstu atvinnuna fóru yfir í hið svokallaða smábátakerfi og reyndu þar með að tryggja afkomu sína, afkomu fjölskyldna sinna og að byggja upp líf sitt á þeim stöðum þar sem það vill búa.

Það er mikill misskilningur, herra forseti, að fólk vilji ekki búa í sjávarbyggðunum. Það er fullt af fólki sem vill búa þar. Fólk vill hins vegar vera visst um að það hafi trygga atvinnu, trygga undirstöðu. Þess þarf fólk á öllum svæðum við, íbúarnir þurfa að vita að þeir búi við nokkuð trygga og örugga atvinnumöguleika.

Þess vegna, herra forseti, er það svo að útfærsla okkar á fiskveiðikerfinu er fjandsamleg atvinnurétti fólksins. Stefnan er í raun og veru bara í eina átt, í átt til samþjöppunar þeirra sem hafa eignast mikið í útgerð hér á landi og mikið af aflaheimildum. Ég tel að það sé ekki góð stefna, þetta sé ekki atvinnustefna fyrir fólkið. Þetta er hins vegar örugglega eignastefna fyrir þá sem heimildirnar hafa eignast. Og örugglega eignastefna fyrir þá sem hafa á undanförnum árum verið að hagnast í sjávarútvegi og hafa náð þar yfirburðarstöðu og geta haldið áfram að taka til sín meira og meira af atvinnuréttinum. Afleiðingar þess eru hins vegar óöryggi fyrir fólk í sjávarbyggðunum og algjörlega óásættanleg framtíð. Þetta er engin byggðastefna, herra forseti. Þetta er akkúrat engin byggðastefna. Ég tel að það sé svo í raun og veru, herra forseti, að mesta vandamálið varðandi sjávarbyggðir á Íslandi sé núverandi útfærsla fiskveiðistefnunnar og hana beri að endurskoða frá grunni. Þar hefur orðið mikil samþjöppun eins og ég sagði áðan og þeir stóru eru að sameinast og skiptast á bréfum.

Hver skyldi nú vera framtíðarsýn þeirra sem horfa til þess að þetta sé hin rétta stefna, sem ég er alveg andvígur? Jú, hún er sú m.a. sem kemur fram í leiðara Dagblaðsins, ég held í morgun eða hvort það var í gær, en þar skrifar Óli Björn Kárason leiðara um að að sjálfsögðu sé það sjálfgefið mál að inn í sjávarútveginn eigi að streyma peningar erlendis frá og það eigi að vera krafa Íslendinga að þannig sé það.

Ég vil segja, herra forseti, að það er ekki gæfuleg framtíð fyrir íslenska þjóð ef svo fer að erlendir aðilar eignast hér óveiddan fiskinn í sjónum. En það getur ekkert annað skeð ef erlendir aðilar fara að fjárfesta í sjávarútvegi eins og nú er í pottinn búið, því aflaheimildirnar eru til sölu, allar. Síðast var smábátasjómönnum nauðgað inn í þetta kerfi. Það eru allar aflaheimildirnar til sölu og þar af leiðandi er sú krafa sem hér birtist í leiðara Dagblaðsins um að að sjálfsögðu eigi hér að streyma inn erlent fé og menn eigi að gera kröfu til þess hér á landi að fá erlent fé inn í sjávarútveginn. Það er að mínu viti alveg stórhættulegt eins og kerfið er úr garði gert og alveg borin von finnst mér ef við erum að hugsa um framtíð Íslendinga, atvinnumöguleika og að halda byggð í landinu, að opna fyrir það að þeir stóreignamenn sem núna eru í sjávarútvegi geti farið að selja mönnum í Evrópusambandinu eða einhverjum öðrum grúppum óveiddan fiskinn í sjónum. Þá erum við aftur komin í hið gamla vistarband og í raun og veru undir eignarhæl annarra ríkja, herra forseti.

Það er því fjölmargt sem mér finnst þurfa að varast. Ég dreg þetta hérna fram vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að Ísland framtíðarinnar verði ákaflega lítils virði ef það er ekki í byggð. Við ætlum að selja Ísland framtíðarinnar sem ferðamannaland, þannig hef ég a.m.k. skilið áherslur manna í ferðaþjónustunni. Ég hygg að Ísland framtíðarinnar verði ekki selt sem ferðamannaland nema það sé í byggð, því við munum ekki endalaust selja aðgang að eyðibyggðum, enda held ég að við séum komnir þar á nokkur tímamót eins og t.d. varðandi Hornstrandir. Ég er á þeirri skoðun að við verðum að fara að taka meira fé af þeim ferðamönnum sem þar ferðast en ekki bara að selja þeim fargjöldin til að koma þeim á Strandir og taka við þeim aftur. Það þarf að auka þjónustuna þar á svæðinu. Það þarf helst að vera einhver byggð á svæðinu og einhver þjónusta fyrir ferðamenn.

Ég tel að taka eigi upp þá stefnu hér á landi að halda landinu sem allra mest í byggð, til þess eigi að stefna. Og þá á ég jafnt við um sjávarútvegsstefnuna og landbúnaðarstefnuna. Það á að reyna að tryggja að menn geti notað landkosti Íslands bæði til sjávar og sveita og í því felist mikil verðmæti fyrir íslenska framtíð og íslenska þjóð.

Það er auðvitað fjöldamargt sem kemur í hugann þegar farið er að ræða þá framtíð sem ég hef hér nefnt, m.a. ferðaþjónustuna, arðsemi samgöngubóta og fjöldamargt annað sem við þurfum að skoða í því sambandi.

Ég fagna því að ríkisstjórnin hefur nú á lokavaldadögum sínum gengið til þess verks að semja í nokkru við Landssamband eldri borgara og gera þar nokkra lagfæringu, þó þar sé skammt gengið og að mikill hluti af þeim lagfæringum sem þar eru gerðar muni koma til baka til ríkisins í skattgreiðslum. En þá fagna ég því samt sem þar er gert.

En það eru auðvitað ákveðin klókindi ríkisstjórnarinnar að halda mönnum í hálfgerðu svelti megnið af kjörtímabilinu, en semja svo rétt fyrir kosningar. Þetta er svipað og pottaburðurinn í sjávarútveginum þar sem menn eru að bera út hina góðu kosningapotta í smáskömmtum í kvótakerfinu. Þennan byggðapottinn og hinn byggðapottinn og steinbítspottinn og ýsupottinn og hvað þetta allt heitir. Menn gerðu auðvitað það sama í þessu. Menn rífast um afkomu sína eins og ellilífeyrisþegar og örorkulífeyrisþegar allt kjörtímabilið við þessa ríkisstjórn, fara jafnvel í málaferli og vinna þau. Niðurstöðum er svo snarbreytt í meðförum ríkisstjórnarinnar og þær breytingar lögfestar í Alþingi til þess að breyta þeim niðurstöðum sem menn töldu sig hafa unnið fyrir dómi. En í lok kjörtímabilsins er gengið til samninga, enda mikið undir að tryggja einhver atkvæði þegar að vordögum kemur. Það er auðvitað það sem ríkisstjórnin hefur verið að gera.

Ríkisstjórnin var líka að skrifa undir samkomulag við Samtök ísl. sveitarfélaga. Ég fagna því líka að það skuli hafa verið gert. En það er líka gert korteri fyrir kosningar. Allt eru þetta þau leiktjöld til að menn gleymi því nú hvernig það var að starfa og vinna í þjóðfélaginu undir þeim deilum sem hafa verið við lýði allt kjörtímabilið svo menn sérstaklega gleymi því þegar kemur fram á vordagana og muni eftir að setja krossinn á sama stað og þeir hafi alltaf gert áður svo að þeir fái nú sömu vandamálin og sömu stjórnina.

Herra forseti. Ég ætla rétt að vona að einhvern tíma öðlist Íslendingar þá visku og það minni að þeir muni á milli ára hvað hefur gerst.

[23:16]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um frv. til fjárlaga fyrir árið 2003. Það er nú orðið áliðið kvölds þannig að ég ætla ekki að setja á langa ræðu heldur vil ég fara í gegnum þær í brtt. sem ég og félagar mínir í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum ekki þegar fjallað um. Félagar mínir allir hafa farið yfir brtt. okkar hvað varðar fjárlögin nema það sem út af stendur og ég mun fylgja eftir.

Almennt séð, virðulegi forseti, valda þessi fjárlög mér mestum vonbrigðum vegna þess að þau gefa svo slæm skilaboð til landsbyggðarinnar sérstaklega. Í því sambandi hefur mikið verið talað um mál Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri sem er hátæknisjúkrahús, hið eina utan höfuðborgarsvæðis. Það hefur ekki setið við sama borð og sjúkrahús í Reykjavík hvað varðar fjáraukalög og síðan fjárlög næsta árs. Að vísu verður að viðurkennast að inn í fjáraukalögin hafa verið settar u.þ.b. 50 millj. til viðbótar við 108 millj. þannig að það má segja að reksturinn fyrir 2002 sé betur settur en menn áttu von á. Það skakkar 17 millj. En við hljótum að gera skýra kröfu til þess að stofnun eins og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, og auðvitað öll landsbyggðarsjúkrahúsin, fái sömu meðhöndlun, náttúrlega sérstaklega Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri þar sem lagt var upp með leiðréttingu á rekstri hjá hátæknisjúkrahúsunum.

Þetta er röng stefna og röng skilaboð hvað varðar landsbyggðina og þetta er líka rangt hvað varðar reksturinn. Hér eru menn sífellt að kljást við vandamál þess að vera endastöð í heilbrigðiskerfinu og þegar upp er staðið er þetta samfélagslega og efnahagslega ekki rétt pólitík og mjög andstæð landsbyggðinni.

Ég hef lúslesið þetta fjárlagafrv. og það veldur miklum vonbrigðum að mjög mikið af því sem að var stefnt í nýsamþykktri byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar er hvergi þar að finna. Menn hafa ekkert farið í þær samhæfingar sem þar var lofað og þar var stefnt að. Það er nú kaldhæðnislegast að ríkisstjórnin og þá sérstaklega byggðamálaráðherrann stærði sig mikið af því norður í Eyjafirði að nú ætti að gera sérstakt átak á Eyjafjarðarsvæðinu og stuðla að því að það yrði sérstakt vaxtarsvæði. Þegar maður les svo fjárlögin er bara talað þar um 20 millj. kr. sem eru notaðar í að stofna nefnd til þess að búa til nefndir. Þetta eru náttúrlega algjörlega ótæk vinnubrögð og vinna meira tjón en ef svona ásetningur væri alls ekki settur á blað eins og þarna var gert.

Ég lýsi líka mjög mikilli óánægju með að ekki skuli nú þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að létta á Rafmagnsveitum ríkisins vegna dreifbýlisveitna. Það er mjög ósanngjarnt og mjög röng skilaboð til landsbyggðarinnar, þéttbýlisstaða á landsbyggðinni, að þeim sé gert í gegnum notkun sína á þjónustu frá Rafmagnsveitum ríkisins að standa straum af hinni félagslegu þjónustu vítt og breitt um landið.

Við gerðum tillögur um það hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að inn í þennan félagslega þátt yrðu greiddar beint úr ríkissjóði 500 millj. kr. en það er u.þ.b. sú upphæð sem fyrirtækið sjálft hefur sagt að það þyrfti til að standa straum af hinni félagslegu þjónustu. Rafmagnsverð úti í dreifbýlinu á þéttbýlisstöðum er allt of hátt á orkuveitusvæði Rariks og íþyngir mjög öllum atvinnurekstri. Það er alveg makalaust að við skulum ekki á sameiginlegum grundvelli fyrir landið allt hafa tekið á þessum málum en lagt það einvörðungu á þéttbýlisstaðina að borga þennan brúsa í gegnum notendagjöld hjá Rarik.

Það er líka kaldhæðnislegt að í byggðaáætluninni var mikið rætt um og góð fyrirheit gefin um styrkingu atvinnuþróunarfélaganna. Þau voru komin með skekkju upp á 20 millj. kr. sem maður hélt að yrði lagfært en þess sér ekki stað. Þau fá rétt um 100 millj. kr. en þyrftu að fá 120 millj. miðað við verðlagshækkanir. Við höfum lagt á það mikla áherslu hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að atvinnuþróunarfélögin yrðu styrkt og vildum í tillöguflutningi okkar fara fram þar með 200 millj. kr. framlag.

Síðan eru önnur skilaboð eins og hækkun á póstþjónustunni sem kristallast í ríkisfjárlögunum vegna þess að félagasamtök vítt og breitt í samfélaginu finna fyrir hækkun póstburðargjalda um allt land og sækja um framlög til fjárln. sem grundvallast nær einvörðungu á því hvað póstburðargjöld hafa hækkað mikið.

Ég ætla að mæla hér að síðustu fyrir brtt. sem við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, Kolbrún Halldórsdóttir og sá sem hér stendur flytjum.

Tillagan hljóðar upp á að við 7. gr. komi nýr liður, með leyfi forseta:

„7.11 Að verja allt að 150 millj. kr. til styrkingar almenningssamgöngum í samstarfi við sveitarfélög og heimaaðila á viðkomandi svæðum."

Ég hef flutt þáltill. um almenningssamgöngur í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, það eru víða til skýrslur og úttektir á því hvernig megi haga nútímaalmenningssamgöngum sem fólk gæti sætt sig við og fyrir Eyjafjarðarsvæðið er búið að gera áætlun sem dekkar allt það svæði og líka fyrir Þingeyjarsýslur. Samkvæmt síðustu tölum var framlagsþörf t.d. til almenningssamgangna á Eyjafjarðarsvæði rétt um 35 millj. Það er tilsvarandi upphæð og Akureyrarbær setur í framlag til strætisvagnakerfis síns. Það er verið að vinna svona áætlanir víðar á landinu. Síðast en ekki síst er okkur mjög umhugað um að það verði stuðlað að því að vinna að breyttum og bættum almenningssamgöngum á Eyjafjarðarsvæði sem við teljum mjög mikilvægt.

Ég vil einnig hér í þessari ræðu mæla fyrir brtt. sem er flutt af þeim sem hér stendur og hv. þm. Jóni Bjarnasyni um að auka hlutafé í Sementsverksmiðjunni á Akranesi um allt að 500 millj. kr. Eins og allir vita hefur Sementsverksmiðjan hf. á Akranesi átt í gríðarlegri samkeppni við innflutningsaðila til landsins þar sem sement hefur verið flutt inn á því sem að margra mati er talið vera undirverð og jafnvel „dumping" sem sé til þess fallið að gera verksmiðjunni erfitt fyrir og jafnvel að knésetja hana. Við teljum mikilvægt að verksmiðjan eigi möguleika á því að standa þessa samkeppni af sér og við sjáum líka fyrir okkur, eins og við höfum sett fram í þáltill., möguleika fyrir verksmiðjuna á að skipa veglegan sess í framtíðarhlutverki við förgun orkuríkra úrgangsefna sem falla til í þúsunda tonna tali og mundu henta vel sem brennsluefni í verksmiðjuna en að öðrum kosti þyrftum við sjálf að byggja verksmiðjur hér á næstu árum til þess að standa að förgun þessara efna.

Að síðustu mæli ég fyrir og kynni hér brtt. frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni, þeim sem hér stendur og Guðjóni A. Kristjánssyni. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson kom inn á þetta mál reyndar í framsögu sinni áðan en það er varðandi framhaldsskóla Snæfellinga. Við teljum mjög mikilvægt að bjóða upp á grunnnám í heimabyggð. Það er stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og við teljum alveg upplagt að byrja þar sem menn eru komnir vel á veg með allan undirbúning eins og hjá framhaldsskóla Snæfellinga, og leggjum þess vegna fram tillögu um undirbúning að því að koma á framhaldsskóla þar. Það eru önnur sveitarfélög líka sem munu fylgja í kjölfarið og tileinka sér þessa stefnu, t.d. utanverður Eyjafjörður. Þar er mjög mikill áhugi, og víðar á landinu, og við teljum að það sé lykilatriði í menntastefnu landsins að ungmenni fái að nema í sinni heimabyggð eins lengi og kostur er og eiga a.m.k. kost á framhaldsnámi þar til 18 ára aldurs.

Þetta eru brtt. Ég gæti í sjálfu sér flutt hér langt mál um þessi fjárlög en ætla ekki að gera það núna. Það er búið, eins og ég sagði áðan, af kollegum mínum að mæla fyrir þeim málum sem við höfum sett fram og ég þarf ekki að endurtaka það enda orðið áliðið nætur, klukkan langt gengin tólf, og ég læt lokið máli mínu.

[23:26]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. til fjárlaga. Flm. eru sá sem hér stendur og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárln. Brtt. varðar fjárlagalið 02-982 Listir, framlög. Þar er gerð tillaga um 13 millj. kr. hækkun en sundurliðun á þeim 13 millj. er sú að gerð er tillaga um að 10 millj. fari inn á óskiptan lið til sundurliðunar og 3 millj. fari til undirbúnings Leikminjasafns Íslands.

Ég bendi hv. þingmönnum á að við atkvæðagreiðsluna verður dreginn til baka töluliður 7 á þskj. 544, Listir, framlög, til samræmis þeirri tillögu sem mælt var hér fyrir áðan, þ.e. um Leikminjasafn Íslands. Þær 3 millj. sem koma hér í brtt. verða dregnar til baka á viðeigandi þingskjali í atkvæðagreiðslu að lokinni umræðunni.

[23:28]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Nú er komið að lokum þessarar löngu umræðu, 3. umr. um fjárlagafrv. komandi árs. Eðlilega hefur margt borið á góma í dag í umræðunni því að það er rétt sem einhver þingmaður sagði fyrr í umræðunni að það er hægt að tala langt og mikið mál um fjárlagafrv. enda tengist það öllum þáttum þjóðlífsins og öllum þáttum hins opinbera rekstrar og þeirrar þjónustu og starfsemi sem ríkisvaldið stendur fyrir.

Ég ætla ekki að tala mikið um einstök atriði. Ég vil hins vegar fara nokkrum orðum um heildarmyndina sem nú blasir við þegar niðurstaða er fengin í umfjöllun Alþingis um það frv. sem fram kom af minni hálfu 1. október sl. Ég vil láta það koma fram að ég er býsna ánægður með þá niðurstöðu. Niðurstaðan er sú að afgangur í rekstri ríkisins, af rekstri ríkissjóðs, án tekna af sölu ríkiseigna er rúmlega 1.100 millj. kr. eða þar um bil. Að vísu er það nokkru minna en við gerðum ráð fyrir í upphafi þegar við ræddum um 2.200 millj. kr. á þennan mælikvarða en eigi að síður mjög viðunandi niðurstaða. Og því er við að bæta svo að því sé til haga haldið að 1.200 millj. til viðbótar eru sérstök fjármögnun sem renna á til jarðgangagerðar, fjármögnun af sölu ríkiseigna.

En þegar við tökum tillit til væntanlegs söluhagnaðar er ljóst að áætlaður tekjuafgangur á næsta ári er ríflega 11 milljarðar og verður það að teljast mjög ásættanleg niðurstaða. Enginn er að reyna að blekkja neinn með þessum tölum. Við gerum skýran greinarmun á því hver afgangurinn er með hagnaði af sölu eigna og hver hann er án þeirra tekna. En færslurnar í fjárlagafrv. eru að sjálfsögðu í samræmi við það sem lögin um fjárreiður ríkissjóðs gera ráð fyrir og allar sölutekjur umfram bókfært verðmæti eru færðar sem tekjur. Afgangurinn að frágengnum þessum tekjum hefur sem sagt minnkað og er núna u.þ.b. 1.100 millj. kr. eins og ég sagði.

Það má velta því fyrir sér hvort sú stærð sé viðunandi. Eins og ég sagði áðan þá tel ég að svo sé. Ég bendi á að ýmsir hafa haldið því fram að við þær aðstæður sem nú hafa skapast í þjóðarbúskap okkar þar sem nokkur slaki hefur myndast þá sé jafnvel réttlætanlegt, og meira að segja hafa sumir hvatt til þess, að afgreiða ekki ríkissjóð á þennan mælikvarða með afgangi heldur með einhverjum halla. Það mætti færa fyrir því rök að það væri eðlilegt að spýta pínulítið í, eins og menn segja, gefa aðeins út meira en gert er til þess að örva atvinnulífið, ráðast í meiri framkvæmdir af opinberri hálfu en ella o.s.frv. Um þetta má að sjálfsögðu deila og það hafa menn að sjálfsögðu gert. Það er athyglisvert að ýmsir sérfræðingar sem við höfum rætt við á vegum fjmrn. á

undanförnum mánuðum hafa velt því fyrir sér hvort það væri í raun nauðsynlegt að skila ríkissjóði núna með afgangi.

En við höfum hins vegar valið, ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn, að vera varkár, vera réttum megin við strikið og ríflega það og taka enga áhættu með hin opinberu fjármál. Svo koma menn hér og saka okkur um að við séum að sólunda eignum almennings, að við séum að blekkja og við séum að taka alls kyns rangar ákvarðanir.

Mig langar til þess að fara aðeins yfir það í stórum dráttum hvað er að gerast hér á árinu 2002 og 2003 að því er varðar heildarmyndina. Ég ætla ekki að fara yfir heildarþjóðhagsmyndina eins og hv. þm. Ágúst Einarsson gerði hér fyrr í kvöld og að mér fannst ágætlega heldur ætla ég að einskorða mig við það hvað verður um afgang ríkissjóðs og þeirra verðmæta sem hann hefur úr að moða á næsta ári til viðbótar því sem liggur fyrir varðandi þetta ár.

Sumir hafa sagt sem svo: „Það var gert ráð fyrir því í sjóðsyfirlitinu fyrir árið 2002 að hér yrði 38 milljarða lánsfjárafgangur. En hann verður ekki nema 3–4 milljarðar." Þetta er rétt. Þetta er vegna þess að ekkert varð af sölu Landssímans í árslok 2001, en reiknað var með því að það fjármagn kæmi inn í sjóðstreymið á árinu 2002. Og kaupverð af bönkunum verður ekki innt af hendi fyrr en á næsta ári þannig að þær koma ekki til greiðslu fyrr en þá. Þar munar því um u.þ.b. 36 milljarða sem er nokkurn veginn sú tala sem þarna skeikaði. Á þessu eru eðlilegar skýringar. En menn verða hins vegar að horfa á árin tvö saman, 2002 og 2003. Þá þarf líka að hafa auga á þeirri staðreynd að við tókum sérstakt 25 milljarða lán í fyrra sem að stærstum hluta hefur verið notað til þess að efla stöðu Seðlabankans, bæði eigið fé og gjaldeyrisstöðu hans.

Sú staðreynd að söluandvirði viðskiptabankanna færist nú yfir áramót veldur því að fjármunahreyfingar á næsta ári, þ.e. inngreiðslur, verða miklu meiri en annars og munar þar um 30 milljörðum og lánsfjárafgangur á næsta ári verður 23,7 milljarðar miðað við þá áætlun sem nú liggur fyrir. Ætlunin er að ráðstafa honum þannig að til greiðslu lána umfram ný lán sem tekin kunna að verða fari u.þ.b. 13,5 milljarðar. 7,5 milljarðar munu ganga til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins til þess að grynnka á skuldbindingum þar og 2,5–3 milljarðar fara til þess að bæta stöðu ríkissjóðs í Seðlabankanum. Þetta er nú það sem verið er að gera við þennan lánsfjárafgang. Það er verið að bæta stöðuna, bæta stöðu ríkissjóðs hvert sem litið er, greiða niður lán, borga upp í skuldbindingar sem ella koma í hausinn á okkur eftir nokkur ár og byggja upp eignir í Seðlabanka og annars staðar. Skuldirnar lækka um um það bil 6 milljarða á tveimur árum. Fyrirframgreiðslan í LSR verður 16,5 milljarðar á þessum tveimur árum og staða við Seðlabanka batnar um 4,5–5 milljarða.

Ef við síðan tökum til viðbótar þau stofnframlög sem við höfum innt af hendi til Seðlabankans á þessu ári, stofnfjárframlög til annarra fyrirtækja sem ráðgert er að ráðast í, eins og t.d. Farice-strenginn, það fjármagn sem varið var til að kaupa Orkubú Vestfjarða og fleira í þeim dúr, þá sjáum við að söluhagnaður eigna á þessum árum hefur allur farið í að styrkja stöðu ríkissjóðs, annaðhvort með því að lækka skuldir, með því að borga inn í LSR eða með því að byggja upp eignir annars staðar.

Þess vegna er alveg af og frá að gefa það í skyn eða orða það með einhverjum óljósum hætti að verið sé að taka þennan söluhagnað og sólunda honum á kostnað komandi kynslóða. Það stenst ekki og það geta allir séð sem kynna sér þessi mál.

Ég sagðist ekki ætla að fara út í þjóðhagsstærðirnar. Þó vil ég geta þess að sú mynd sem ég hef hér verið að draga upp og menn hafa keppst við í allan dag að gera lítið úr — þeir hafa keppst við að halda því fram að það mætti jú eyða meiru í þetta og það mætti eyða meiru í hitt og vissulega er það allt saman gott og gilt ef menn missa ekki sjónar á heildarmarkmiðunum — en þessi afkoma okkar hér og þessi niðurstaða varðandi ríkisfjármálin ásamt öðru því sem hér hefur verið að gerast í efnahagslífinu, þróuninni varðandi verðlag, þróuninni varðandi viðskiptajöfnuð, vaxtaþróuninni og því að hagvöxtur er fyrirsjáanlegur á nýjan leik strax á næsta ári, allt þetta hefur gert það að verkum að staða okkar Íslendinga sem lántakenda á erlendum mörkuðum hefur enn batnað frá því sem var.

Má ég benda mönnum á að íslenska ríkið er komið í sama gæðaflokk á erlendum lánamarkaði og bandaríska ríkið að mati annars af tveimur stærstu matsfyrirtækjum og lánshæfisfyrirtækjum í heiminum. Moody's sem er viðþekkt lánshæfisfyrirtæki hefur hækkað Íslendinga í efsta flokk og Standard & Poor's sem er annað svona fyrirtæki hefur líka bætt mat sitt á horfunum í íslensku efnahagslífi.

Af hverju skyldi þetta nú vera? Er þetta vegna þess að það er allt hér í kaldakoli eins og sumir halda fram? Auðvitað ekki. Það er vegna þess að það er einmitt ekki allt í kaldakoli og hér hefur verið haldið á spöðunum af skynsemi. Og ríkisfjármálapakkinn er að sjálfsögðu lykilatriði í því öllu saman.

Herra forseti. Hvað þýðir það þegar íslenska ríkið kemst í hæsta gæðaflokk með skuldbindingar sínar í útlöndum? Það þýðir m.a. að ríkið fær betri vaxtakjör. Það hefur þau áhrif að aðrir íslenskir lántakendur fá líka betri vaxtakjör í skjóli ríkisins vegna þess að ríkið setur grunninn. Það þýðir líka að ýmsir aðilar úti í heimi sem búa við ákveðnar reglur um hvaða skuldabréf þeir mega kaupa og mega ekki kaupa nema skuldabréf í efsta flokki, geta núna keypt skuldabréf íslenska ríkisins ef þau verða á boðstólum. Markaðurinn breikkar. Möguleikar okkar á þessu sviði aukast. Auðvitað skiptir þetta allt alveg gríðarlega miklu máli.

Þetta þýðir þó ekki að við eigum að vaða út í heim og fara að taka meiri lán í nafni ríkisins. En þetta þýðir að ef til þess kemur, sem auðvitað er alltaf í einhverjum mæli, þá fáum við nú enn betri kjör en áður. Ég vildi benda á þetta hér í umræðunni. Ég tel að þetta sé afar mikilvægt. Mörgum hefur yfirsést hversu mikilvæg ríkisfjármálaþróunin er í þessu dæmi öllu saman. Sú staðreynd að við erum að grynnka á skuldum okkar, að við erum að búa í haginn t.d. með því að draga úr skuldbindingum hjá LSR, að við erum að byggja upp eignir í Seðlabankanum og annars staðar, hefur gríðarlega mikla þýðingu.

Þetta vildi ég segja að lokum, herra forseti, um leið og ég þakka fyrir ágætar umræður hér þegar á heildina er litið. Auk þess vil ég sérstaklega þakka fjárlaganefndarmönnum og sömuleiðis öðrum þingmönnum, formanni og varaformanni fjárln. sérstaklega og forustumönnum stjórnarandstöðuflokkanna í fjárln. fyrir að hafa beitt sér fyrir því að nú getum við þriðja árið í röð afgreitt fjárlögin á Alþingi samkvæmt þeirri tímaáætlun sem lagt var upp með í upphafi.

Reyndar er 3. umr. fjárlaga degi fyrr en gert var ráð fyrir. Þetta er til mikillar fyrirmyndar. Þetta er öllum þeim sem hafa lagt þessu máli lið í fjárln. til mikils sóma fyrir

nú utan hvað þetta greiðir fyrir allri starfsemi ráðuneyta og ríkisstofnana sem þurfa að fara að skipuleggja starfsemi sína og gera fjárhagsáætlanir sínar á grundvelli nýrra fjárlaga.

[23:42]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú ljótt að eyðileggja þessa fögru mynd sem hæstv. fjmrh. er að reyna að draga upp. Hann telur að menn hafi farið með rangt mál þegar þeir sökuðu ríkisstjórnina um að beita bókhaldsbrellum og jafnvel blekkingum og vísuðu þar sérstaklega til fjáraukalaga og þeirrar staðreyndar að þar er verið að bókfæra til eignar söluandvirði fyrir eignir sem ekki hafa verið seldar, fjármuni sem ekki eru komnir inn. Vísa ég þar til sölu á bönkunum og þá sérstaklega Búnaðarbanka. Þetta var gagnrýnin sem hér var sett fram.

Síðan er svolítið vafasamt að setja dæmið upp á eins einfaldan hátt og hæstv. ráðherra gerir þegar hann talar um kaup og sölu á eignum ríkisins svona sem tilfærslu á milli kredit og debet. Staðreyndin er sú að ýmsar þær eignir, stofnanir sem ríkisstjórnin hefur verið að selja frá almenningi, hafa verið undirstöðuþjónustustofnanir í samfélagi okkar og munu þegar þær hafa verið frá okkur seldar eða markaðsvæddar eftir atvikum, leiða til ójöfnuðar og óhagræðis þegar fram líða stundir. Menn hafa t.d. verið að ræða afleiðingar þess að markaðsvæða póstþjónustuna sem hefur það í för með sér að Öryrkjabandalagið þarf að greiða 1.400 þús. kr. í stað 400 þús. kr. fyrir að dreifa félagsblaði til félagsmanna sinna. Þannig mætti áfram telja. Það mætti vísa til kerfisbreytinga í velferðarþjónustunni, í heilbrigðisþjónustunni. Nefna má dvalarheimili aldraða sem ríkisstjórnin hefur verið að feta sig með út á braut einkavæðingar sem er skattborgaranum dýrari og líkleg til að leiða til ójöfnuðar þegar fram líða stundir. Það eru þessar kerfisbreytingar sem við höfum verið að gagnrýna fyrst og fremst.

[23:44]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað ekkert við því að segja og það liggur fyrir að pólitískur ágreiningur er um mjög marga hluti hér í þessum sal, m.a. þau atriði sem þingmaðurinn vék að varðandi einkavæðingu ríkisfyrirtækja og fleira sem þeim málum tengist. Það þarf ekkert að rifja upp þann ágreining í stuttu andsvari. En því sem ég hafna er sú kenning sem hér hefur borið á í dag, að verið sé að falsa bókhaldið í reikningum ríkisins, að með óeðlilegum hætti sé þar verið að „beita bókhaldsbrellum“ — það var orðalagið sem var notað — til þess að færa tekjur á árið í ár sem ættu heima á árinu 2003. Ég segi nú bara fyrir mig, hv. þm., þ.e. ef hann má vera að því að hlusta á svarið við andsvarinu, að það skiptir auðvitað ekki í grunninn nokkru sköpuðu máli hvorum megin við áramót svona tekjur eru færðar. Það eina sem reynt er að gera hér er að færa þær í samræmi við lögin um fjárreiður ríkisins. Það sem hins vegar kemur á daginn er að í sjóðstreyminu, sem er auðvitað á greiðslugrunni, koma þessar tekjur ekki inn fyrr en á næsta ári. Þær koma inn í lánsfjárjöfnuð næsta árs. En hluti af þeim er færður til ársins í ár, til tekna ársins í ár, vegna þess að það ber að færa þær greiðslur eða þær tekjur á rekstrargrunni ársins í ár með tilliti til þess hvenær hinn skuldbindandi samningur verður til.

Reyndar er þetta mál þess eðlis að það eru álitamál í því hvoru árinu þetta tilheyrir. En ef maður tekur þessi tvö ár saman þá skiptir það auðvitað ekki nokkru einasta máli. Það verður að gera greinarmun á rekstrargrunninum og greiðslugrunninum. En það er alveg út í bláinn að saka menn um það að — ég heyri að þingmaðurinn má bara ekkert vera að því að hlusta á mig — það er algjör misskilningur og meinbægni að saka menn um að beita brögðum og brellum við þetta bókhald.

[23:47]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég má vera að því að hlusta á hæstv. ráðherra, ég var að leita ráða hjá mönnum sem eru ekki síður fróðir um þessi efni en ég en eftir því sem ég skil þetta mál vísa fjáraukalög til þessa árs. Og þar er verið að færa til bókar söluandvirði sem ekki kemur inn á þessu ári. (Gripið fram í.) Ég fæ ekki betur séð en að þetta sé gert til þess að fegra útkomu þessa árs. Það er verið að loka bókhaldinu með hliðsjón af greiðslum sem koma ekki inn á þessu ári. Ég er ósammála því að það skipti engu máli hvenær þetta raunverulega gerist. Það gerir það heldur betur og það held ég að þeir segi, hinir lukkulegu framsóknarmenn sem eru í forsvari fyrir þessi fyrirtæki sem eru að gleypa Búnaðarbankann, svona á helmingaskiptareglu ríkisstjórnarinnar. Þeir eru mjög ánægðir með þetta vegna þess að þeir munu aldrei koma til með að leggja út fyrir þessum eignum. Þeir munu slá lán grundvölluð á veði í þessum pakka sem verið er að færa þeim í hendur.

Varðandi ágreining um einkavæðinguna er hann af tvennum toga, annars vegar hugmyndafræðilegur sem snýr þá að því hver félagsleg áhrif af þessum breytingum verða og hins vegar er þetta bara spurning um krónur, aura og hagkvæmnissjónarmið.

Við höfum haldið því fram að þær kerfisbreytingar sem ríkisstjórnin hefur verið að gera, t.d. hjá dvalarheimilum aldraða sem ég get tekið dæmi um en hirði ekki um að nefna hér, séu miklu kostnaðarsamari fyrir ríkissjóð, fyrir skattborgarann, samkvæmt þeim formúlum sem ríkisstjórnin hefur lagt upp með. Við höfum gagnrýnt vinnubrögð hennar að þessu leyti, að hún haldi ekki nægilega vel á spöðunum fyrir hönd skattborgarans. Þarna beinist gagnrýni okkar bæði að félagslega þættinum en ekki síður að krónum, aurum og hagsmunum skattborgaranna.

[23:49]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nota tækifærið til þess að útskýra fyrra atriðið sem þingmaðurinn nefndi. Ég ætla ekki að tala við hann í kvöld meira um mismunandi skoðanir okkar á einkavæðingu. Ég ætla að fara yfir þetta með bókhaldið vegna þess að mér finnst illt að þurfa að sitja undir slíkum ásökunum hér. Það er nóg að takast á um raunverulegan ágreining þó að menn deili ekki um þetta.

Ég fór sjálfur yfir það hér áðan mjög nákvæmlega að lánsfjárafgangur þessa árs mun lækka úr u.þ.b. 38 milljörðum samkvæmt fjárlögum ársins niður í u.þ.b. 3–4 milljarða vegna þess að salan á Landssímanum varð ekki að veruleika og vegna þess að greiðslurnar vegna sölu bankanna koma ekki fyrr en á næsta ári. Greiðslurnar eru að sjálfsögðu á greiðslugrunni. En það má ekki gleyma því að fjárlög og fjáraukalög eru gerð upp á rekstrargrunni og þá fer það eftir því hvenær skuldbindingin verður til hvenær viðkomandi færsla er færð. Eins og við vitum eru lífeyrisgreiðslur ríkissjóðs færðar á hverju einasta ári, stórkostlegir fjármunir vegna lífeyrisskuldbindinga sem verða til á því ári þó að greiðslurnar falli ekki til fyrr en löngu seinna. En við færum

þetta sem greiðslur til þess að vera búin að gera ráð fyrir því, vita af því. Sama er með skatttekjur sem eru lagðar á. Þær eru bókfærðar við álagningu þó að maður viti ekkert um það þá hvenær þær koma til greiðslu eða hvort þær innheimtist allar. Þetta er auðvitað alþekktur munur á kerfunum. Í þessu dæmi vaknaði sú spurning hvernig rétt væri að færa þetta þannig að það væri í sem bestu samræmi við lögin um fjárreiður ríkisins. Niðurstaðan í því máli er hér, hluti af því kemur í fjáraukalögum, hluti af því kemur í fjárlögum, en allar greiðslurnar koma inn í lánsfjárjöfnuðinn á næsta ári og sjóðstreymi þess árs, ekki núna á þessu ári.

[23:51]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ekki laust við það að hæstv. fjmrh. drægi hér upp nokkuð bjarta og glæsilega mynd af ástandinu í ríkisfjármálum og almennt litið til framtíðar. Vonandi er auðvitað að hæstv. ráðherra verði spádómlegur í spádómi sínum um hvað tekur við á næsta ári. Því miður held ég þó að hæstv. ráðherra hafi dregið upp heldur bjarta mynd, það séu því miður ýmsir þættir sem við þurfum að hafa áhyggjur af. Það er auðvitað ljóst að hin mikla útgjaldaaukning sem verið hefur á undanförnum árum í ríkisfjármálunum hefur verið gagnrýnd í umræðunum. Lýst hefur verið yfir áhyggjum vegna þess að hagvöxtur er alveg við núllið. Lýst hefur verið yfir áhyggjum af auknu atvinnuleysi sem auðvitað er hægt að færa rök fyrir að hægt sé að kenna slakri hagstjórn um á undanförnum árum. En það er ekki síst sú gagnrýni sem fram hefur komið um upplýsingastreymi til fjárln. sem ég held að sé alvarleg litið til framtíðar vegna þess að nú á haustdögum hefur upplýsingastreymi til nefndarinnar því miður verið verra en oft áður og það er áhyggjuefni. Það er ljóst að nefndin getur ekki á þann hátt sinnt eftirlitshlutverki sínu, okkur skortir upplýsingar til þess. Og ég spyr hæstv. fjmrh. hvort hann telji ekki nauðsynlegt fyrir fjárln. að fá fyrir lokaafgreiðslu fjárlaga áætlaða stöðu ríkisstofnana um næstu áramót þannig að nefndin viti hvað hún er að áætla hverri stofnun fyrir komandi ár.

[23:53]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir þessar ábendingar. Ég vil bara taka það fram sömuleiðis að ef það er einhver pottur brotinn í upplýsingagjöf fjmrn. eða annarra ráðuneyta til fjárln. þarf að sjálfsögðu að kippa því í liðinn. Ég leyfi mér hins vegar að draga í efa að þetta geti verið vandamál vegna þess að ég veit að fjárln. gengur hart eftir upplýsingum og það er skylda ráðuneytanna að veita þær.

Að því er varðar spurninguna um áætlaða stöðu ríkisstofnana um næstu áramót kann vel að vera að það væri æskilegt og heppilegt að hafa þær upplýsingar fyrir hendi og í einhverjum tilfellum er það náttúrlega hægt. Uppgjörið frá Fjársýslu ríkisins er því miður alltaf eitthvað á eftir eins og í öllum rekstri þannig að það er hæpið að hægt sé að vera með alveg endanlegar upplýsingar. En ég er sammála þingmanninum um að því nýrri sem tölurnar eru á þeim mun fastari grunni eru menn með þær áætlanir sem fjárlögin byggjast auðvitað á.

[23:54]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða hæstv. ráðherra er rétt að taka fram að ég held að athugasemdirnar um upplýsingastreymið eigi einna síst við um fjmrn. Það eru önnur ráðuneyti, því miður, sem ekki hafa staðið sig sem skyldi og ég þakka undirtektir hæstv. ráðherra varðandi þann hluta.

Þetta verður síðasta innkoma mín í þessa umræðu og þess vegna vildi ég nota tækifærið hér að lokum til að þakka samstarfið í fjárln. Það hefur auðvitað á stundum hvesst á milli meiri og minni hluta en það er eðli þeirra starfa sem fram fara í nefndinni. Á heildina litið hefur þetta samstarf verið með ágætum. Ég vil einnig nota tækifærið og þakka hæstv. fjmrh. fyrir innkomu hans í þessa umræðu og þær upplýsingar sem hann hefur gefið og vona að áfram megi vera farsælt samstarf milli aðila í þessum efnum.

[23:55]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég vil við lok þessarar umræðu taka undir mörg af þeim orðum sem hér hafa fallið, bæði hjá stjórnarandstöðu en ekki síst taka undir orð hæstv. fjmrh. sem rakti hér með margvíslegum hætti og góðum rökum þann mikla árangur sem náðst hefur í ríkisfjármálum á undanförnum árum, ekki síst því ári sem við erum núna að ljúka ef við getum talað um að árinu, sem er að hefjast samkvæmt almanaksári, sé að ljúka. Það má skilja það í því samhengi sem fjárln. vinnur, þ.e. fram til eins árs í senn.

Ég ætla ekki að endurtaka það sem hæstv. fjmrh. sagði hér. Við sjáum ekki aðeins vitnisburð um trausta fjármálastjórn hér á landi í því aukna trausti sem við njótum á fjármálamarkaði og í lánshæfi, heldur sjáum við vitnisburðinn ekki síður í þeim viðbrögðum sem landsmenn sýna með ákvörðunum sínum og viðbrögðum við ákvörðun ríkisvaldsins í fjármálum. Ég nefni þar markaðinn og fjármálakerfið, atvinnulífið, en ekki síst traust almennings á því að hér ríki stöðugleiki og traust fjármálastjórn.

Það er eðlilegt að við þessar umræður gagnrýni stjórnarandstaðan meiri hluta fjárln. og ríkisstjórnina, það er hennar hlutverk. Vissulega hefur stjórnarandstaðan nefnt marga þá hluti sem við sem í meiri hlutanum erum eigum að hugsa um og taka til vandlegrar skoðunar.

Ég leyfi mér að þakka nefndarmönnum í fjárln. fyrir ánægjulegt samstarf, bæði meirihlutafólki og sömuleiðis stjórnarandstöðu. Ég tel að starf okkar hafi skilað árangri og tek undir orð hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar um að auðvitað höfum við tekist á en að baki hafa alltaf búið heilindi og málefnalegur flutningur þó að til nokkurrar rimmu hafi komið af og til.

Sérstaklega vil ég þó þakka fjmrh. fyrir samstarfið og segja það hér við þessa umræðu ef hún má ná út til almennings að menn gera sér e.t.v. ekki grein fyrir því að vinnan við frv. til fjárlaga stendur allt árið, hefst af mikilli alvöru á vordögum og lýkur síðan með því að frv. kemur hér inn. Hæstv. fjmrh. þarf þá bæði að glíma við margvíslegar útgjaldabeiðnir á því stigi málsins og síðan þegar inn í þingið kemur. Allt þetta hefur verið leyst farsællega í góðu samstarfi. Ég ítreka þakkir mínar til ráðherrans um leið og ég óska honum líka til hamingju með það frv. sem hér er lagt fram með þeim brtt. sem ég vona að færi bæði þingi og þjóð heillavænlegan árangur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 00:00.

48. FUNDUR

föstudaginn 6. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 2002, stjfrv., 66. mál, þskj. 490, frhnál. 539, 573 og 576, brtt. 540, 541 og 542. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Fjárlög 2003, stjfrv., 1. mál, þskj. 493, frhnál. 543, 574 og 575, brtt. 544, 545, 546, 547, 548, 549, 555, 557, 559, 560, 561, 564, 565, 566, 567, 568, 572, 578, 583, 584, 587, 588, 598, 604 og 605. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Útflutningsaðstoð, stjfrv., 429. mál, þskj. 556. — 1. umr.
4. Ársreikningar, stjfrv., 427. mál, þskj. 553. — 1. umr.
5. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 428. mál, þskj. 554. — 1. umr.
6. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 441. mál, þskj. 602. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
7. Húsaleigubætur, stjfrv., 440. mál, þskj. 601. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
8. Málefni aldraðra, stjfrv., 412. mál, þskj. 518. — 1. umr.
9. Almannatryggingar, stjfrv., 413. mál, þskj. 519. — 1. umr.
10. Skyldutrygging lífeyrisréttinda, frv., 414. mál, þskj. 523. — 1. umr.
11. Tryggingagjald, stjfrv., 181. mál, þskj. 182, nál. 520. — 2. umr.
12. Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, stjfrv., 183. mál, þskj. 184, nál. 521. — 2. umr.
13. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 321. mál, þskj. 349, nál. 580. — 2. umr.
14. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 322. mál, þskj. 350, nál. 579. — 2. umr.
15. Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, stjfrv., 323. mál, þskj. 351, nál. 591. — 2. umr.
16. Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, stjfrv., 344. mál, þskj. 380, nál. 581. — 2. umr.
17. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 355. mál, þskj. 392, nál. 582. — 2. umr.
18. Ábyrgðir vegna lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála, stjfrv., 356. mál, þskj. 393, nál. 590. — 2. umr.
19. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 359. mál, þskj. 399, nál. 592. — 2. umr.
20. Skipamælingar, stjfrv., 158. mál, þskj. 158, nál. 570. — 2. umr.
21. Póstþjónusta, stjfrv., 257. mál, þskj. 268, nál. 571. — 2. umr.
22. Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, stjfrv., 354. mál, þskj. 391, nál. 532. — 2. umr.
23. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 244. mál, þskj. 248, nál. 594. — 2. umr.
24. Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, stjfrv., 245. mál, þskj. 249, nál. 595. — 2. umr.
25. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 247. mál, þskj. 251, nál. 558. — 2. umr.
26. Matvælaverð á Íslandi, þáltill., 3. mál, þskj. 3, nál. 597. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að lokinni atkvæðagreiðslu um tvö fyrstu dagskrármálin fer fram umræða utan dagskrár um ástandið á kjötmarkaðnum. Málshefjandi er hv. þm. Þuríður Backman. Hæstv. landbrh. Guðni Ágústsson verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:33]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 6. og 7. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 49 shlj. atkv.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla efh.- og viðskn. á frumvarpi um tekjuskatt og eignarskatt.

[10:33]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég stend upp til þess að mótmæla því að það á að keyra í gegnum efh.- og viðskn. á þessum degi breytingu á skattalöggjöfinni sem er algjörlega vanbúin til afgreiðslu úr nefndinni. Það er ágreiningur um hátekjuskattinn sem felst í þessu frv. Það er ágreiningur um fyrirkomulag skattmats og skatteftirlits, ekki bara milli stjórnar og stjórnarandstöðu heldur milli ráðuneytisins og ríkisskattstjóraembættisins. Það er ágreiningur um fyrningargrunn og afskriftareglur og meðferð á ónýttu rekstrartapi og m.a. hefur brtt. verið sett inn í nefndina eftir 1. umr. um málið, sem felur raunverulega í sér nýtt mál sem hefði átt að taka strax til 1. umr. Þessum vinnubrögðum mótmæli ég. Það vantar öll gögn varðandi þessar breytingar á fyrningargrunni og afskriftareglum sem sýnir okkur hvert skattalegt tap ríkissjóðs er vegna þessara breytinga sem áætla má eftir fyrstu skoðun að gæti skipt hundruð millj. kr. Við bíðum eftir gögnum frá ríkisskattstjóraembættinu sem ekki verða tilbúin fyrr en á þriðjudag eða miðvikudag í næstu viku. Það er ótækt, herra forseti, undir þessum kringumstæðum að ætla okkur í stjórnarandstöðunni að taka þátt í að afgreiða málið úr nefndinni við þessar kringumstæður. Við erum að fjalla um breytingu á tekjuskattslögunum sem getur haft veruleg áhrif á tekjur ríkissjóðs og veruleg skattaleg áhrif. Ég beini því til hæstv. forseta að við höfum stuðning forsetaembættisins í því að þetta mál verði ekki tekið út með þessum hætti. Þetta eru engin vinnubrögð og til vansa fyrir þingið ef það á að gerast.

Ég veit ekki betur en að enn sé eftir ein vinnuvika af starfi þingsins fyrir jól og ég óska eftir því og krefst þess að þetta mál verði ekki afgreitt út á þessum degi.

[10:35]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Efh.- og viðskn. þingsins hefur fundað stíft að undanförnu enda liggja mörg þingmál fyrir nefndinni. Um sum þessara mála er ágætt samkomulag og almennt á það við um vinnubrögð í efh.- og viðskn. að sátt er um vinnubrögðin.

Öðru máli gegnir um tekjuskattsfrv. ríkisstjórnarinnar. Um það er bullandi ágreiningur, ekki aðeins á milli stjórnar og stjórnarandstöðu heldur hefur einnig komið fram ágreiningur innan stjórnarliðsins.

Í ofanálag liggur fyrir að ýmsar upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir þingmenn til að móta sér afstöðu liggja ekki fyrir og eru ekki væntanlegar fyrr en upp úr helgi. Nú hefur því verið lýst yfir að á skyndifundi sem boðaður hefur verið í efh.- og viðskn. í hádeginu í dag eigi að beita meirihlutavaldi til þess að rífa þetta mál út úr þingnefndinni. Ég tek undir þau mótmæli sem hér hafa verið höfð í frammi um að málið verði afgreitt frá efh.- og viðskn. á fundi í dag.

[10:37]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Það er ekkert nýtt að það þurfi að halda mönnum að verki í efh.- og viðskn. Ég vil vekja athygli á því að nefndin er að fjalla um mörg mál og á dagskrá fundarins í dag eru líklega ein tíu mál sem hafa verið afgreidd úr nefndinni á undanförnum dögum. Það er heldur ekkert nýtt að sum af þeim málum sem til nefndarinnar koma eru ágreiningsmál enda eru mörg þeirra stórmál og ekkert nýtt að þau séu þá afgreidd út í ágreiningi þar sem ýmsir telja sig ekki hafa fengið nægar upplýsingar.

Ég vil þó fullyrða að í þessu máli hefur allra þeirra upplýsinga sem óskað hefur verið eftir ýmist verið aflað eða gerðar ráðstafanir til þess að hægt verði að afla þeirra. Það er líka oft þannig að efh.- og viðskn. þarf að vinna mál undir mikilli tímapressu og menn þurfa að innbyrða mikið magn af upplýsingum á skömmum tíma.

Varðandi þau tilteknu mál sem þarna eiga í hlut í tekjuskatti og eignarskatti þá eru þau ekkert flókin í sjálfu sér. Varðandi þá brtt. sem var verið að ræða áðan um breyttar fyrningarreglur þá er í sjálfu sér verið að tala um tvö jafngild fyrningarkerfi. Það er einungis spurning um hvort það hefur einhver tímabundin áhrif á tekjur ríkissjóðs til eða frá í tvö, þrjú ár. En eftir að þeim árum er lokið þá eru tekjurnar jafngildar þannig. Því er ekki eins og verið sé að taka þarna ákvörðun um einhver stórmál til langrar framtíðar.

Varðandi önnur atriði í skattafrv. þá eru þar vel þekkt ágreiningsmál svo sem eins og um hátekjuskatt og slíka þætti sem ekki þarf í sjálfu sér neitt nýtt að koma fram um.

[10:39]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hv. þm. og formaður efh.- og viðskn. segir að þetta sé ekki flókið mál. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að það er ekkert flókið við það að hlýða fyrirmælum úr Stjórnarráðinu um að afgreiða mál af þessu tagi með hraði í gegnum nefndina. Það er ekkert flókið. En ef menn ætla að afgreiða þetta þingmál málefnalega þá þurfa að vera til staðar nauðsynlegar upplýsingar. Þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa óskað eftir ýmsum upplýsingum sem við fáum ekki í hendur fyrr en í byrjun næstu viku. Við erum að fara fram á það og óska eftir því að málið verði ekki afgreitt úr nefnd fyrr en þessar upplýsingar liggja fyrir. Þetta eru málefnaleg rök og þetta eru sanngjörn rök og þetta er sanngjörn beiðni og við væntum þess að á fundi efh.- og viðskn. í hádeginu í dag verði fallið frá þessari kröfu sem væntanlega er komin úr Stjórnarráðinu um að málið sé afgreitt nánast í blindni út úr nefndinni í dag.

[10:40]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þrátt fyrir hörð mótmæli get ég ekki séð að nokkur bilbugur sé á hv. formanni efh.- og viðskn. um að knýja málið út úr efh.- og viðskn. í dag þrátt fyrir mótmæli okkar. Þetta eru forkastanleg vinnubrögð. Við höfum verið á löngum og stífum fundum, ekki bara einu sinni á dag heldur tvisvar á dag mestalla þessa viku þannig að það vantar ekki að við höfum verið að vinna okkar vinnu í þessari nefnd. Þar eru bara mörg mál og flókin. Ég vil nefna vegna þessa sérstaka máls að það er ágreiningur milli stjórnarflokkanna um það. Það er ágreiningur milli ráðuneytisins og ríkisskattstjóraembættisins um það. Þetta er nýtt mál sem er sett inn í nefndina þegar málið hefur verið afgreitt við 1. umr., algerlega nýtt mál varðandi fyrningargrunninn og afskriftareglur. Það er ótækt og engin vinnubrögð þegar við fáum ekki að vita hvaða skattaleg áhrif þetta hefur í tekjutap, sem menn telja að geti skipt hundruðum milljóna, þ.e. að það eigi að afgreiða málið út úr nefndinni áður en við fáum slíkar upplýsingar.

Ég hlýt að mótmæla því, herra forseti, að þetta sé gert með þessum hætti og að í önnum þessa dags sé verið að skjóta inn einhverum hálftíma fundi, málamyndafundi til þess að reyna að afgreiða þetta mál út. Ég fer eindregið fram á það við formann efh.- og viðskn. að málið verði ekki afgreitt fyrr en með eðlilegum hætti eftir helgi þegar við höfum fengið umbeðin gögn frá ríkisskattstjóraembættinu. Það er algjört lágmark fyrir utan önnur atriði frv. sem þarf að ræða frekar. Það er ekki boðlegt, herra forseti, að það þurfi að flýta málinu svo af því að einhver hluti af efh.- og viðskn. er að fara utan í næstu viku. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum.

[10:42]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Það eina sem er nýtt í þessu máli er að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur áhyggjur af því hvort það sé ágreiningur innan stjórnarliðsins um málið. (**ÖS:** Ert þú að fara utan?) Ég hélt að það væri ekki sérstakt áhyggjuefni hjá henni.

Varðandi frammíkall hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar skal ég alveg upplýsa það að við tveir ásamt fleiri nefndarmönnum úr efh.- og viðskn. erum í þingmannanefnd EFTA og samkvæmt þingskyldum okkar eigum við að sækja þar fundi sem búið er að setja á í næstu viku. Það skiptir svo sem ekki höfuðmáli. Aðalmálið í þessu er að þær upplýsingar sem hv. nefndarmenn óska eftir geta legið fyrir áður en málið verður tekið fyrir. Þótt málið sé afgreitt í dag þá skiptir það ekki máli að því leyti til að hv. nefndarmenn geta algjörlega fengið þessar upplýsingar áður en málið kemur hingað til umræðu og áður en þeir þurfa að leggja fram nefndarálit sín þannig að það stoppar þá í sjálfu sér ekki neitt. Hvað mig sjálfan varðar þá hef ég fengið allar þær upplýsingar sem ég þarf um þetta mál. Þetta mál er afar einfalt að því leyti til að þetta hefur þegar til lengri tíma er litið engin áhrif á tekjur ríkissjóðs til eða frá varðandi tekjuskatt fyrirtækja. Hugsanlega gætu 100 eða 200 millj. til eða frá haft einhver áhrif á tekjur ríkissjóðs í eitt eða tvö ár. En til lengri tíma

litið hefur það engin áhrif. Málið er því ekki eins flókið og hv. þingmenn vilja vera láta. Síðan hefur það alltaf verið svo í störfum efh.- og viðskn. að ef nefndarmenn óska eftir því að taka upp mál milli 2. og 3. umr. til að koma að einhverjum upplýsingum eða fá þau rædd þá hefur það alltaf verið velkomið af minni hálfu.

Fjáraukalög 2002, frh. 3. umr.

Stjfrv., 66. mál. — Þskj. 490, frhnál. 539, 573 og 576, brtt. 540, 541 og 542.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:45]

Gísli S. Einarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Við stöndum að mestu frammi fyrir orðnum hlut varðandi fjárráðstöfun vegna ársins 2002. Ég vek athygli á að hér er ekki um lokauppgjör að ræða. Það er ekki fyrr en lokafjárlög vegna ársins 2002 liggja fyrir að það er klárt. Einnig þarf að liggja fyrir álit Ríkisendurskoðunar á reikningi ársins áður en raunverulega er hægt að loka málinu. Af framangreindum ástæðum situr þingflokkur Samfylkingarinnar hjá við afgreiðslu fjáraukalaga.

[10:46]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði við 3. umr. um fjáraukalög fyrir árið 2002. Meginhluta þess sem hér er verið að greiða atkvæði um hefur framkvæmdarvaldið þegar skuldbundið sig til að framkvæma og láta ganga eftir þannig að að hluta til er bara um staðfestingu þingsins að ræða sem ég tel reyndar að hefði átt að bera að með öðrum hætti. Flestar þessar fjárheimildir eiga að koma inn í fjárlög þessa árs eða þess næsta.

Það er því ljóst að þessi fjáraukalög eru algjörlega á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og meiri hluta hennar. Hins vegar eru við 3. umr. bornar inn nokkrar brtt. við frv., og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu sitja hjá við þann hluta frv. sem lýtur að tekjuhlið en munu óska eftir sératkvæðagreiðslu um einstaka liði á þeim brtt. á gjaldahliðinni sem hérna eru lagðir inn til 3. umr.

Brtt. 541 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖS.

19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁMM, JBjart, KVM, LB, MF, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 540,1 samþ. með 36:8 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KLM, LB, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁMM, JóhS, JBjart, KVM, MF, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:49]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs greiða atkvæði gegn þessum útgjaldaliðum, 220 millj. kr. framlagi í tengslum við einkavæðingu ríkisstjórnarinnar á árinu. Það gerum við á þeirri forsendu að viðhlítandi skýringar hafa ekki verið gefnar í þinginu um sundurgreiningu fjárins eða hvernig því er ráðstafað. Stofnunum ríkisins er eðlilega gert að skýra og skilgreina rækilega hvernig skattfé er ráðstafað en þegar kemur að einkavæðingunni opnar ríkisstjórnin allar fjárhirslur almennings fyrir sjálftöku meintra sérfræðinga í einkavæðingu. Við mótmælum þessum vinnubrögðum harðlega og greiðum atkvæði gegn þessum útgjaldalið.

Brtt. 540,2–5 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, KÓ, KolH, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁSJ, ÁMM, JBjart, KVM, LMR, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 540,6–7 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, SvH) greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÁMM, JBjart, KVM, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 542 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, JÁ, JóhS, JBjart, KVM, LB, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

22 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÁMM, JBjart, KVM, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:51]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að hér er verið að loka fjárlögum ársins 2002. Að vísu eiga eftir að koma lokafjárlög sem verða eins konar uppgjörsfjárlög. Ég vek athygli á því að inn á tekjuhlið þessa frv. eru færðar tekjur af óseldum eignum. Það eru færðar inn tekjur á þetta ár, andvirði af sölu Búnaðarbankans og Landsbankans sem liggur alveg ljóst fyrir að mun ekki koma inn fyrr en á næsta ári ef samningar verða endanlega gerðir.

Ég tel óeðlilegt, herra forseti, að færa til tekna á þessu ári tekjur af óseldum eignum til þess að bæta útkomu á niðurstöðutölunni.

[10:52]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil gera grein fyrir atkvæði mínu. Ég styð þetta frv. í heild sinni en tek það fram til áréttingar á skoðun minni sem ég kynnti í þinginu í gær að ég er andvígur einum lið í frv. sem er niðurfelling fjármagns til þátttöku í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni. Ég tel að sú breyting í frv. sé ekki í samræmi við afgreiðslu þingsins á tillögu ríkisstjórnarinnar um stefnu í byggðamálum. Í þingskjalinu segir svo, með leyfi forseta, í áliti meiri hluta iðnn.:

„Nefndin telur jafnframt mikilvægt að styrkja varanlega rekstur atvinnuþróunarfélaganna ásamt eignarhaldsfélögum og atvinnuþróunarsjóðum.“ Það er því alveg ljóst, herra forseti, að vilji þingsins er sá að halda áfram að styðja við starfsemi eignarhaldsfélaga.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 607).

Fjárlög 2003, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 493, frhnál. 543, 574 og 575, brtt. 544, 545, 546, 547, 548, 549, 555, 557, 559, 560, 561, 564, 565, 566, 567, 568, 572, 578, 583, 584, 587, 588, 598, 604 og 605.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:54]

Bryndís Hlöðversdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Einkenni efnahagsstjórnarinnar birtist ljóslifandi í þessu frv. og afleiðingar ríkisstjórnarstefnu Sjálfstfl. og Framsfl. má sjá hvarvetna í samfélaginu. Hér á landi er minni hagvöxtur en í nágrannaríkjunum og svo verður áfram á næsta ári. Þetta fer saman við vaxandi atvinnuleysi og stóraukna skuldasöfnun einstaklinga og fyrirtækja. Og erlendar skuldir þjóðarbúsins hafa aldrei verið meiri en nú.

Ríkisstjórnin hefur auk þess fallið í þá freistni að úthluta ótæpilega jólagjöfum í ár sem er síst til að bæta stöðuna. Samfylkingin vill snúa af þessari braut og hafnar alfarið þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur rekið. Við lýsum því allri ábyrgð á þessum fjárlögum á hendur ríkisstjórninni og munum sitja hjá við tillögur meiri hlutans og þingmanna annarra þingflokka en okkar eigin.

[10:55]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Fjárlög fyrir árið 2003 eru að koma til lokaafgreiðslu. Hér hefur verið mælt fyrir allmörgum brtt., bæði frá meiri hluta fjárln. og ýmsum öðrum, og koma þær nú til afgreiðslu. Það er ljóst að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mundu vilja leggja upp aðrar áherslur í þessu fjárlagafrv. en engu að síður munu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styðja þær tillögur sem hér eru til bóta og lúta að þeim málefnum í jákvæða átt sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill styðja. Gildir þar einu hvort það eru tillögur frá meiri hluta fjárln. eða öðrum þingflokkum. Við munum meta þær málefnalega, hverja og eina.

Við munum sitja hjá við þær tillögur sem við teljum að lúti beint að framkvæmd og ábyrgð ríkisstjórnarmeirihlutans og eins þær tillögur sem okkur finnst ekki vert að styðja. Við munum greiða atkvæði gegn þeim tillögum sem ganga þvert á stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Ég vil þó vekja athygli á einu. Við erum að afgreiða fjárlög fyrir árið 2003 án þess að nein vegáætlun eða flugmálaáætlun sé í gildi. Það liggur ekki fyrir samræmd samgönguáætlun sem ætti að taka á skiptingu fjár til samgöngumála. Það er skylt að fyrir liggi vegáætlun, áætlun um skiptingu vega- og samgöngufjár á meginliði, við afgreiðslu fjárlaga. Svo er ekki og ég mótmæli því að við afgreiðum fjárlög með slíka opna heimild. Það hefði verið afar nauðsynlegt að vegáætlun lægi fyrir við afgreiðslu fjárlaga eins og lög kveða á um.

[10:58]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Eins og ég gerði grein fyrir í ræðu í gærkvöldi við lokaumræðu um fjárlagafrv. munu þingmenn Frjálslynda flokksins greiða tillögum atkvæði eftir efni þeirra. Við munum styðja tillögur jafnt frá stjórnarandstöðu og stjórnarflokkunum eftir því sem okkur finnst um málefnið, líkt og við höfum ávallt gert, og vonumst við auðvitað til þess að sumar af þeim tillögum sem m.a. við flytjum og styðjum sérstaklega verði afgreiddar jákvætt. Að öðru leyti mun auðvitað afgreiðsla fjárlaganna í heild vera á ábyrgð ríkisstjórnarinnar.

Brtt. 584,1 felld með 35:14 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁMM, JBjart, KVM, ÓÖH, SvanJ, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:59]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég bið menn að doka aðeins við með að taka ákvörðun um að vera á móti. Hér er um að ræða tillögu sem ég vísa til á bls. 18 undir liðnum „Hert skatteftirlit“. Þar leggjum við til að setja 100 millj. kr. í það að herða

skatteftirlitið og ná með því eins og stendur í tillögunni 800 millj. kr. tekjum. Þetta er raunhæf tillaga. Þess vegna hvet ég stjórnarliða eindregið til að styðja hana. Hún er til að efla ríkissjóð og við eigum að hugsa um hann.

Brtt. 587 felld með 36:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, SvH, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (ÁMM, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:01]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Tillögur okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í skattamálum í tengslum við þessi fjárlög byggja fyrst og fremst á því að afla fjár til að standa straum af kostnaði við þær útgjaldatillögur sem við gerum. Við leggjum til að fallið verði frá því að lækka hátekjuþrepið um 2% en með því móti færum við ríkissjóði 300 millj. kr. Við leggjum til 2% hækkun á fjármagnstekjuskatti en í því sambandi leggjum við áherslu á að gilda þurfi frítekjumark til að hlífa smásparendum. Þá leggjum við til hækkun á tekjuskatti fyrirtækja sem afli ríkissjóði 750 millj. kr.

VG hefur við þessa umræðu um fjárlögin beitt sér fyrir því að snúið verði af þeirri braut sem farin hefur verið í skattamálum allar götur frá árinu 1991, fyrst í samstarfi Sjálfstfl. og Alþýðuflokks, síðan í samstarfi Sjálfstfl. og Framsfl. en á öllu þessu tímabili hafa tillögurnar gengið út á að færa skattbyrði af fyrirtækjum yfir á launafólk með slæmum félagslegum afleiðingum.

Brtt. 545 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

23 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (ÁMM, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:02]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Í þessari sundurliðun í tölul. 4.4.1 er um að ræða hækkun á stimpilgjöldum en með þeirri tillögu er fallið frá því að stíga fyrsta áfanga í að lækka stimpilgjöld sem hefðu skilað sér mjög vel, sérstaklega til einstaklinga og lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þetta er ranglátur skattur sem leggst þungt á fólk í fjárhagsþröng og þyngra á lítil fyrirtæki en stór og veikir samkeppnisstöðu fyrirtækja gagnvart erlendum fyrirtækjum. Skatturinn er líka ósanngjarn gagnvart þeim sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið.

Samfylkingin vísar allri ábyrgð á þessari skattahækkun á ríkisstjórnina.

Brtt. 604,1 samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 584,2 felld með 36:23 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

4 þm. (ÁMM, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:05]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér er gerð tillaga um það að Alþingi fái 10 millj. kr. til þess að sinna hagrannsóknum. Allt frá því að Þjóðhagsstofnun var aflögð hefur það verið í umræðu að eðlilegt mætti telja að Alþingi hefði aðgang að hlutlausum aðila til að yfirfara m.a. þjóðhagsspá. Því miður hefur það ekki verið. Hins vegar hafa verið settar á laggirnar ýmsar deildir, m.a. í fjmrn. og á Hagstofunni og síðan hjá Alþýðusambandi Íslands og nú er bætt við fleiri launþegahreyfingum til að sinna þessum málum en Alþingi er látið sitja hjá á meðan fjármagn fer víða.

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að samþykkja þessa tillögu þannig að við sitjum við það borð að við getum haft aðgang að hlutlausum aðilum til að yfirfara ýmsar spár og hagstærðir.

[11:06]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil bara rifja það upp að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. lýstu því báðir yfir í fyrra að það yrði með einhverju móti gripið til ráðstafana til þess að gera þingmönnum kleift að eiga kost á því að fá sérfræðilega ráðgjöf. Ekki hefur verið staðið við þetta. Það hefur komið fram í umræðum í þinginu, ekki síst af hálfu okkar sem sitjum í efh.- og viðskn. og fjárln., að það er miklu verra fyrir okkur að fá upplýsingar sem við þurfum til þess að geta sinnt störfum okkar heldur en áður. Ég lýsi því yfir, herra forseti, að ég mótmæli því að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. hafi ekki staðið við þær yfirlýsingar sem þeir gáfu í þessum efnum í fyrra.

Brtt. 584,3 felld með 36:12 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, LB, MF, SJóh, SvanJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

10 þm. (ÁSJ, GAK, GÖ, JB, KolH, KLM, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÁMM, JBjart, KVM, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 544,1 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JB, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁMM, GÖ, JóhS, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 584,4 felld með 36:17 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, SvH, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ÁMM, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:07]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Hér er um að ræða tillögu um að bæta Háskóla Íslands upp þá fjárvöntun sem ekki er deilt um. Það er ekki deilt um að þessa fjármuni vanti. Í rauninni gildir það sama um brtt. efst á bls. 9 varðandi Háskólann á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands. (Forseti hringir.) Þess vegna ...

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á að það er tölul. 4 sem nú er verið að greiða atkvæði um, ráðstöfunarfé.)

Það er rétt, virðulegur forseti. — Ráðstöfunarfé, fyrirgefið. Þá doka ég við þangað til kemur að 5. tölul.

Brtt. 584,5 felld með 36:22 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
5 þm. (ÁMM, GE, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:09]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Það er um að ræða þessa tillögu um að styðja við háskólann með 740 millj. kr. fjárframlagi sem er óumdeild upphæð varðandi vöntun á fjármunum þannig að við leggjum það þá til. En út af stendur reyndar 176 millj. kr. fjárvöntun vegna nemendafjölgunar og það sama gildir í rauninni um tvær næstu tillögur sem varða Háskólann á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands. Þar er hlutfallslega nákvæmlega sama tillaga á ferðinni. Það er óumdeild fjárvöntun í öllum tilvikum, virðulegur forseti, sem um er að ræða. Þess vegna gerir Samfylkingin þessa tillögu.

Brtt. 578 felld með 36:8 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ÁMM, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:10]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er engu líkara en að ríkisstjórnin og ríkisstjórnarflokkarnir hafi það á stefnuskrá sinni að gera Háskóla Íslands að niðursetningi í háskólaflóru landsmanna. Tillögur meiri hluta fjárln. til úrbóta eru fyrir neðan allar hellur og breyta engu um það samningsbrot sem verið er að fremja á Háskóla Íslands, bæði samningi háskólans við menntmrn. og kjarasamningum við fjmrn. Það er alger nauðsyn að þessi leiðrétting nái fram að ganga hjá Háskóla Íslands ef það á að forða Háskóla Íslands frá því að verða niðursetningur í háskólaflórunni. Ég segi já.

Brtt. 584,6–7 felld með 35:22 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
6 þm. (ÁMM, HjÁ, JBjart, KVM, SJóh, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 544,2.a samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
11 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, MF, SJóh) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, GAK, JBjart, KVM, KLM, LB, SvanJ, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 584,8.a felld með 36:23 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
4 þm. (ÁMM, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:12]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Enn er gerð tilraun til þess að bæta fjárhagsstöðu framhaldsskóla. Við 2. umr. fjárlaga var felld frá okkur tillaga um mun hærri upphæð. Hér er gerð tillaga um að tekin verði af framhaldsskólunum sú kvöð að fara í flatan niðurskurð um 370 millj. kr. Það er augljóst að framhaldsskólarnir hafa átt við fjárhagsörðugleika að etja nú um langt skeið og því miður hefur ekki verið vilji til þess að taka á þeim vanda, t.d. er gert ráð fyrir því miðað við tillögur sem hér liggja fyrir frá meiri hluta fjárln. og ríkisstjórn að nemendur í framhaldsskólum verði færri á næsta ári en á þessu ári og trúi því hver sem trúa vill.

Herra forseti. Hér er stigið skref í átt að því að bæta fjárhag framhaldsskólanna en miðað við atkvæðagreiðslutöfluna lítur ekki út fyrir að það sé vilji í þessum sal til þess að bæta stöðu þeirra.

Brtt. 544,2.b samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, KÓ, KolH, KPál, LMR, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖJ.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁMM, JBjart, KVM, KHG, MS, ÓÖH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 584,8.b felld með 36:15 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (ÁMM, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:14]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Í umræðum um fjárlög kom það fram í skýringum í ræðu hjá hæstv. menntmrh. að hann ætlaði að setja fjármuni til þessa verkefnis af ráðstöfunarfé ráðherra. Í gögnum sem fjárln. hefur undir höndum er talið að lágmarksupphæðin sé um 8 millj., það þurfi 8 millj. til að framkvæma þetta, og þess vegna leggjum við þessa tillögu til og þess vegna var einnig til staðfestingar lagt til að lækka ráðstöfunarfé ráðherrans sem þessu nemur.

[11:14]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um tillögu um framlag upp á 8 millj. kr. til að stofna framhaldsskóla á Snæfellsnesi. Næst á dagskrá er tillaga sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytjum ásamt þingmönnum Frjálslynda flokksins um stofnun framhaldsskóla á Snæfellsnesi upp á 15 millj. kr. Við teljum að það sé lágmarksupphæð til þess að þetta geti farið með eðlilegum hætti í gang og ákvörðun verði tekin og því sitjum við hjá við atkvæðagreiðagreiðslu um þessa tillögu. Næsta tillaga okkar, um 15 millj. í þetta verkefni, kemur hins vegar til atkvæða á eftir.

[11:15]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Af því tilefni að þessi brtt. er flutt er rétt að upplýsa það sem fram hefur komið á öðrum vettvangi að unnið er að því innan stjórnarliðsins að koma á fót framhaldsskóla á Snæfellsnesi og því er þessi tillaga óþörf.

Brtt. 561 felld með 36:8 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (ÁMM, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:16]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Framboð á menntun leggur grunn að samkeppnishæfni atvinnulífs og búsetu á hverjum stað. Þessu gera Snæfellingar sér grein fyrir og því hafa þeir eindregið sótt eftir því að fá að stofna eigin framhaldsskóla. Það er fullkomin samstaða meðal sveitarfélaga á Snæfellsnesi um stofnun framhaldsskóla þar. Þetta mál hefur verið unnið vel heima fyrir og í samráði við menntmrn.

Menntmrh. gaf yfirlýsingu við atkvæðagreiðslu við 2. umr. fjárlaga um að ráðherra væri reiðubúinn að leggja til fjármuni af ráðstöfunarfé ráðuneytisins til undirbúnings framhaldsskóla. Ég tel, virðulegi forseti, að það eigi að taka ákvörðun um stofnun framhaldsskólans og það eigi að vera sérmerkt á fjárlögum. Það mun fleyta málinu með mun meira öryggi áfram. Það er það sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur til með þingmönnum Frjálslynda flokksins.

Brtt. 584,9 felld með 36:22 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

5 þm. (ÁMM, JBjart, KVM, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:18]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Fjárlög ársins 2003 eru ákaflega rýr hvað varðar fjárveitingar til byggðamála eins og kom fram í umræðum í gær. Hér eru hins vegar greidd atkvæði um brtt. fulltrúa Samfylkingarinnar í fjárln. um að auka fjárframlög til jöfnunar námskostnaðar um 58 millj. kr. Þetta er tillaga um að auka jafnrétti milli íbúa landsins til þess að senda unglinga sína til náms í framhaldsskóla og ég hvet þingmenn til að greiða þessu byggðamáli atkvæði sitt.

Brtt. 544,3–5 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, KÓ, KolH, KHG, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, SvH, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁSJ, ÁMM, JBjart, KVM, KPál, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 572,1 felld með 35:8 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÁMM, ÁMöl, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 544,6 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ÁMM, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 557,1–2 samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 605 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
14 þm. (ÁE, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ÁMM, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 544,7 kölluð aftur.

Brtt. 544,8–9 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, LB*, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh*, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, MF, SvanJ, SvH, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ÁMM, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.
[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 544,10 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
23 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÁMM, GHall, ÍGP, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 564 felld með 35:6 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, SvH, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (ÁMM, GHall, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Enn skal látið á það reyna hvort vilji finnist hér á Alþingi til þess að rétta lítillega hraksmánarlegan hlut íslenska ríkisins hvað varðar framlög til þróunarsamvinnu, mannúðarmála og neyðaraðstoðar. Nú liggur fyrir að ef engar breytingar verða á gerðar mun þetta hlutfall fara lækkandi á næsta ári á nýjan leik. Er það heldur dapurlegt og fjarri þeim áformum sem hæstv. ríkisstjórn boðaði fyrir 3–4 árum um að nú stæði til að gera bragarbót og láta þetta hlutfall fara hækkandi í áföngum á næstu árum. Það hefur ekki gengið eftir, þvert á móti lækkar framlag okkar til þróunarsamvinnu, mannúðarmála og neyðaraðstoðar sem hlutfall af landsframleiðslu í einu mesta góðæri Íslandssögunnar. Það er dapurlegt þannig að við leggjum til að þetta verði hækkað um 280 millj. kr. — en ég sé að vísu á jólaljósunum, bæði þeim rauðu og líka þeim gulu, að ekki er líklegt að þetta nái fram að ganga, svo dapurlegt sem það nú er.

Brtt. 544,11 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JB, JónK, JHall, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
13 þm. (ÁE, ÁRJ, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, MF, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, BH, GHall, ÍGP, JBjart, KVM, LB, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 567 felld með 34:8 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁMM, BH, GHall, ÍGP, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.

[11:24]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við flytjum þessa brtt., ég og hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, um fjármögnun á kræklingaeldi. Tillagan var flutt þegar engar fjárveitingar voru í umræðunni í 2. umr. en kölluð aftur til 3. umr. Nú er hins vegar komin fram tillaga frá meiri hlutanum um 5 millj. Það verður að taka þann vilja fyrir verkið og vonandi verður hún samþykkt.

[11:25]

Árni Steinar Jóhannsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni var þessi tillaga flutt vegna þess að ekki voru settar inn fjárheimildir samkvæmt eindregnum vilja allra nefndarmanna í sjútvn. um stuðning við kræklingaeldi. Nefndin var sammála um að kræklingaeldi skyldi stutt um 5 millj. kr. Það hefur verið lagfært á milli umræðna og þess vegna leyfum við okkur að afturkalla tillöguna.

Brtt. 560 kölluð aftur.

Brtt. 544,12 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JB, JónK, JHall, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁMM, GHall, ÍGP, JBjart, KVM, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 544,13–14 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, SvH, TIO, VS, VE.
21 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
7 þm. (ÁMM, GHall, GÁ, JBjart, KVM, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 572,2 felld með 35:8 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (ÁMM, GHall, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 544,15 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, MF, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÁMM, GHall, JBjart, KVM, LB, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 584,10 felld með 35:23 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
5 þm. (ÁMM, GHall, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:28]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þessi tillaga felur það í sér að gert verði sérstakt átak í uppbyggingu leiguíbúða en eins og allir þekkja ríkir neyðarástand nú á leigumarkaðnum, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu en þar eru yfir 2.000 manns á biðlista. Þessi tillaga felur það í sér að komið verði á fót 600 leiguíbúðum á ári næstu fjögur árin, þ.e. 2.400 íbúðum, með 1% vöxtum en það er grundvallarmunur á lánskjörum frá því sem nú er. Ríkisstjórnin býður félagasamtökum, námsmönnum, Öryrkjabandalaginu og sveitarfélögum upp á vaxtakjör sem eru 3,5–4,5% sem eru óviðráðanleg, bæði fyrir félagasamtök og sveitarfélög, og því er lítið byggt af leiguíbúðum. Þessi tillaga mun lækka leigu á meðalleiguíbúð, þriggja herbergja íbúð, um 10–15 þús. kr. á mánuði.

Brtt. 559 felld með 35:8 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (ÁMM, GHall, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:30]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um tillögu sem ætlað er að koma í veg fyrir að dragast þurfi saman þjónusta við fatlaða á Vestfjörðum. Sérstaklega snýr þessi tillaga að verkefnum sem hafa verið unnin á Hólmavík og þjónustu við fatlaða þar. Í tillögum frá meiri hlutanum sem hér verða greidd atkvæði um á eftir er komin fram tillaga um 4 millj. í þetta verkefni. Við flutningsmenn teljum að það dugi ekki til og þess vegna væri þinginu fyrir bestu og fólki á Vestfjörðum fyrir bestu að þessi tillaga okkar yrði samþykkt.

Brtt. 544,16–19 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÁMM, GAK, GHall, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 568 felld með 35:8 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÁMM, GHall, JBjart, KVM, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Atvinnulaus maður fær um 73 þús. kr. á mánuði í atvinnuleysisbætur. Skattleysismörkin eru nú sem kunnugt er liðlega 70 þús. kr. og koma þá rúmlega 3 þús. kr. til skattlagningar. Síðan koma stéttarfélagsgjöld, iðgjöld í lífeyrissjóð o.fl. En þegar upp er staðið fær hinn atvinnulausi einstaklingur um 68 þús. kr. í sinn hlut. Af þeim peningum lifir ekki nokkur maður.

Við erum að leggja til 115 millj. kr. framlag í Atvinnuleysistryggingasjóð svo að unnt sé að greiða atvinnulausu fólki desemberuppbót á við það sem launafólk fær í vasann upp á tæpar 40 þús. kr.

Brtt. 584,11 felld með 35:23 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
5 þm. (ÁMM, GHall, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti Þegar ríkisstjórnin gerði samkomulagið við aldraða um leiðréttingu á bótum til þeirra þá var hvorki tekið samhliða á atvinnuleysisbótunum, vasapeningum til vistmanna á stofnunum né ýmsum öðrum greiðslum úr velferðarkerfinu. Atvinnuleysi fer vaxandi og eins og kom fram áðan eru atvinnuleysisbætur rúmar 73 þús. kr. á mánuði. Ef atvinnuleysisbætur hefðu fylgt launavísitölu þá væru greiðslurnar 15 þús. kr. hærri á mánuði. Við leggjum til hækkun atvinnuleysisbóta til samræmis við launavísitölu og samkomulag Landssambands eldri borgara og ríkisstjórnarinnar í þessum lið. Ég segi já.

Brtt. 544,20–21 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
21 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddi ekki atkv.
6 þm. (ÁMM, GHall, JBjart, KVM, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 588 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
6 þm. (ÁMM, GHall, JBjart, KVM, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:35]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það lítur einna helst út fyrir að mistök hafi orðið þess valdandi að Kvennaráðgjöfin féll út úr fjárlagafrv. sem við nú fjöllum um, en af óviðráðanlegum orsökum barst fjárln. ekki umsókn um fjárframlagið frá Kvennaráðgjöfinni fyrr en 3. des. Hún hefur þó átt sinn fasta sess á fjárlögum mörg undanfarin ár. Kvennaráðgjöfin var stofnuð árið 1984 og er meginmarkmið hennar að veita konum ókeypis lagalega og félagslega ráðgjöf, konum sem þurfa leiðsögn til að finna réttar leiðir í kerfinu til að fá úrlausn sinna mála. Hér er um að ræða konur sem ekki hafa ráð á öðrum úrræðum og væri það mikið slys ef þessi ráðgjöf félli niður.

Í þeirri tillögu sem við greiðum nú atkvæði um er lagt til að 700 þús. kr. verði settar til Kvennaráðgjafarinnar á næsta ári og ég treysti því að hv. alþm. sjái alvöru málsins og styðji tillöguna.

Brtt. 544,22–24 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, MF, SJóh, SvanJ, SvH) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁMM, GHall, JBjart, KVM, LB, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 584,12 felld með 35:23 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
5 þm. (ÁMM, GHall, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:36]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ríkisstjórnin hefur haft 7 þús. kr. á mánuði af lífeyrisþegum með aftengingu lífeyrisgreiðslna við launavísitölu á árinu 1996. Hluta af því sem með þessum hætti var tekið úr vösum lífeyrisþega knúði Landssamband eldri borgara ríkisstjórnina til að skila aftur nú um áramótin. Ríkisstjórnin hefur ýtt út af borðinu óskum lífeyrisþega um að miða lífeyrisgreiðslur við launavísitölu. Þessi tillaga gengur út á það að hækkun lífeyrisgreiðslna og félagslegra bóta verði í samræmi við launavísitölu sem er krafa bæði Öryrkjabandalagsins og Landssambands eldri borgara.

Brtt. 565,1 felld með 35:8 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÁMM, GHall, JBjart, KVM, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:37]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það hafa verið miklir erfiðleikar í rekstri heilbrigðisstofnana á undanförnum árum og þá sérstaklega í rekstri Landspítala – háskólasjúkrahúss. Það hefur verið bætt. En eftir stendur að styrkja rekstur Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Það á bæði við taprekstur á þessu ári og eins fyrirsjáanlegan mikinn halla á næsta ári. Því er hér lagt til að sjúkrahúsið verði styrkt þannig að það geti veitt þá þjónustu sem við ætlumst til af þessari stofnun.

Brtt. 584,13 felld með 35:23 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

5 þm. (ÁMM, GHall, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:39]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Lengi hefur verið nokkur fjárhagslegur vandi í Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri ásamt fleiri sjúkrastofnunum. Nú hefur verið tekið á vanda Landspítala – háskólasjúkrahúss. Því er óskiljanlegt að ekki skuli hið sama gilda um Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Hér er tillaga um að gengið verði í þá átt að bæta fjárhagsstöðu sjúkrahússins. Það er sérkennilegt að þrátt fyrir að tekið hafi verið á vandanum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi þá hafa engar skýringar fengist á því hvernig á því standi að ekki gildi hið sama um Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Brtt. 544,25–30 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, MF, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, GHall, GÁ, JBjart, KVM, LB, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 584,14 felld með 34:23 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KHG, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

6 þm. (ÁMM, GHall, JBjart, KVM, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:40]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Hér er í rauninni um neyðartillögu að ræða vegna þess að það ríkir neyðarástand varðandi sjúkraflutninga á þeim sex stöðum sem verið er að tala um að skipta þessari peningaupphæð á, 2,5 millj. kr. á hvern stað, vegna þess að ekki er um að ræða nema einn sjúkraflutningamann á hverjum þessara staða, m.a. Borgarnesi, Ólafsvík, Búðardal, Hólmavík, Patreksfirði og fleiri stöðum. Það ríkir í rauninni neyðarástand. Ég vek athygli hv. þingmanna meiri hlutans á því að þeir eru að fella tillögu um að koma í veg fyrir neyðarástand sem ríkir í þessum málum.

Brtt. 544,31 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÁMM, GHall, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 565,2–3 felld með 35:8 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, MF, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁMM, GHall, JBjart, KVM, LB, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 544,32 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, MF, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁE, ÁMM, GHall, JBjart, KVM, LB, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 584,15 felld með 35:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

2 þm. (ÁRJ, LB) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁMM, GHall, JóhS, JBjart, KVM, KLM, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 544,33–34 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, GHall, JóhS, JBjart, KVM, LB, ÓÖH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 604,2 samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 584,16 felld með 35:22 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

6 þm. (ÁMM, GHall, JóhS, JBjart, KVM, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:43]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Við greiðum nú atkvæði um tillögu frá 1. minni hluta fjárln. um að veita 100 millj. kr. í öryggisaðgerðir hjá Vegagerðinni. Liðið vor var samþykkt nokkuð metnaðarfull umferðaröryggisáætlun. En sá galli var á henni að engir peningar fylgdu með. Það var hins vegar boðað hér í umræðu um umferðaröryggisáætlun, en sennilega hefur það bara gleymst við fjárlagagerð hjá hæstv. ríkisstjórn. Þess vegna gefst hæstv. ríkisstjórn og stjórnarsinnum nú kærkomið tækifæri til að greiða þessari tillögu atkvæði og standa þá við gefin loforð og veita 100 millj. kr. til Vegagerðarinnar til að útrýma og ganga hraðar fram í að útrýma slysasvæðum í vegakerfi okkar Íslendinga.

Brtt. 565,4 felld með 33:7 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KHG, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, GHall, JóhS, JBjart, KVM, KolH, MS, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:45]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Í fjárlögum fyrir árið 2003 er lítið um framlög til byggðamála. Það hefur komið hér skýrt fram. Það er til lítils að setja sér metnaðarfulla byggðaáætlun ef ekki á að fylgja henni eftir. Byggðaáætlun er meira en pappír. Það þarf fjármagn til þess að vinna eftir henni. Í umræðum í tengslum við gerð byggðaáætlunar og aðgerðir í byggðamálum hefur því verið hampað að atvinnuþróunarfélögin séu mikilvægur liður í að vinna að þessari byggðaáætlun og einnig mikilvægi þess að efla byggð og atvinnulíf á landsbyggðinni. Það er ekki nægilegt að viðhafa stór og fögur orð. Það þarf að fylgja þessu eftir. 20 millj. kr. eru algert lágmark til að fylgja eftir vísitöluhækkunum og í raun raunhækkunum, þ.e. að raungildi til atvinnuþróunarfélaganna. En við leggjum til 100 millj. kr. því að við viljum stórefla þessar stofnanir.

Brtt. 544,35 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KLM, LB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, GHall, JóhS, JBjart, KVM, KolH, MF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 572,3 felld með 34:7 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KLM, LB, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, GHall, JóhS, JBjart, KVM, KÓ, KolH, MF, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 566 felld með 33:7 atkv.
Brtt. 544,36 samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 544,37 samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 546 samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 547 samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 548 samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 549,1–5 samþ. með 35 shlj. atkv.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er ríkisstjórnin að fara fram á að fá heimild til að selja jarðir eða hluta af jörðum í einum 16–18 tilvikum í viðbót við þau milli 50–60 sem lögð voru fram í fjárlagafrv. í haust þannig að samtals er þá ríkisstjórnin með í höndum heimildir til að selja upp undir 80 jarðir eða jarðarhluta. Ég gagnrýni það að engar eða afar takmarkaðar upplýsingar fylgja með um það í hvaða tilgangi viðkomandi heimildar sé aflað, hverjum sé ætlunin að selja. Það er ljóst að meðferð ríkisstjórnarinnar á málefnum ríkisjarða og lands í opinberri eigu er afar handahófskennd. Á sama tíma og ríkið gengur fram af mikilli hörku í samskiptum við landeigendur í svonefndu þjóðlendumáli þá selur ríkið jarðnæði úr sinni eigu, oft til einkaaðila sem ekki sitja á viðkomandi jörðum, og veldur það því að aðgangur almennings að þessu landi verður enn takmarkaðri en ella. Þessa framkvæmd þessara mála, herra forseti, gagnrýnum við mjög harðlega en sitjum hjá þar sem í einstökum tilvikum getur verið um eðlilegar heimildir að ræða.

Brtt. 598 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 549,6 samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 555 felld með 35:7 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

13 þm. (ÁE, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, ÁRJ, GHall, JóhS, JBjart, KVM, KolH, ÞSveinb) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:57]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi tillaga sem við hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson flytjum hér saman fjallar um að styrkja stöðu Sementsverksmiðjunnar hf. á Akranesi, þ.e. að veita ríkissjóði heimild til þess að auka hlutafé í verksmiðjunni fyrir allt að 500 millj. kr. Ég minni líka á að fyrir þinginu liggja tvær þáltill. frá okkur hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni um framtíðarhlutverk Sementsverksmiðjunnar og hvernig styrkja megi stöðu hennar til að brenna og eyða orkuríkum úrgangsefnum. Fjárhagsvandi verksmiðjunnar er mikill og til kominn m.a. vegna þess að verksmiðjan á í samkeppni við meintan eða að því talið er niðurgreiddan innflutning á sementi frá Danmörku. Það er ljóst að verði ekki gripið nú þegar til aðgerða til þess að styrkja stöðu verksmiðjunnar og gefa henni möguleika á að styrkja stöðu sína og takast á við

ný verkefni þá getur hallað hratt undan fæti. Því leggjum við til að samþykkt verði að ríkið veiti heimild til að hækka hlutafé sitt um allt að 500 millj. kr. til þess að efla og styrkja stöðu verksmiðjunnar.

[11:58]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Vandi Sementsverksmiðjunnar er mikill. Sementssala hefur dregist gríðarlega saman á undanförnum missirum auk þess sem innflutningur hefur hafist á dönsku sementi sem er selt hér á undirverði. Þetta tvennt hefur leitt til þess að fyrirtækið hefur verið rekið með miklu tapi árin 2001 og 2002. Stjórn Sementsverksmiðjunnar hefur á undanförnum mánuðum átt í viðræðum við iðnrh. og fjmrh. um aðgerðir til að tryggja rekstur fyrirtækisins. Það er mín skoðun að vandi Sementsverksmiðjunnar verði ekki leystur með nýju hlutafé til að halda áfram taprekstri. Þar þurfa að koma til önnur ráð sem væntanlega líta dagsins ljós á næstunni. Þess vegna styð ég ekki þessa tillögu.

Brtt. 583 felld með 34:7 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

11 þm. (ÁE, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, KLM, MF, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, ÁRJ, GHall, GÁS, JóhS, JBjart, KVM, KÓ, KolH, LB, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:00]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við leggjum til að inn á heimildargrein fjárlagafrv. komi heimild til handa stjórnvöldum um að verja allt að 150 millj. kr. til að styrkja almenningssamgöngur í landinu í samstarfi við sveitarfélög og heimaaðila á viðkomandi svæðum. Almenningssamgöngur eru hornreka hjá okkur Íslendingum og vanþróaðar miðað við það sem víðast hvar þekkist í öðrum löndum. Það er bæði jafnréttismál og byggðamál og ekki síst þó umhverfismál að standa þar betur að málum. Það er ljóst að stækka má atvinnusvæði og skólasóknarsvæði og ná margvíslegum félagslegum og byggðapólitískum árangri með því að efla almenningssamgöngur en til þess þarf opinberan stuðning. Víða í byggðarlögum er áhugi á að gera slíkar tilraunir en það strandar á áhugaleysi stjórnvalda sem ekki leggja að heitið getur neina opinbera fjármuni til þessara verkefna. Hér gefst kostur á að bæta úr því.

Brtt. 584,17 felld með 36:12 atkv. og sögðu

já: ÁE, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KLM, MF, SJóh, SvanJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

7 þm. (GAK, JB, LB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, ÁRJ, GHall, JóhS, JBjart, KVM, KolH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 549,7 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

22 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KHG, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁMM, GHall, JBjart, KVM, KolH, LB, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:02]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Í lið 7.12 er lagt til að ríkið taki þátt í hlutafjáraukningu í fiskeldi Eyjafjarðar fyrir allt að 102 millj. kr. Þetta er fremur óvenjuleg málsmeðferð og satt að segja nokkurs konar öfug einkavæðing. Venjan er sú að beina slíkum erindum til stofnana ríkisins sem fara með mál af þessu tagi eins og Byggðastofnunar eða Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Í öðru lagi vil ég benda á að í tölulið 5.5. hér á undan er búið að heimila fjmrh. að selja hlutafé Hafrannsóknastofnunar í fiskeldi Eyjafjarðar og láta andvirðið renna í sjóð í vörslu sjútvrn. og skal því varið til eldis sjávardýra og hafrannsókna. Ég átta mig ekki alveg á þessari tillögu og treysti mér ekki til að styðja hana.

Frv., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

21 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

7 þm. (ÁMM, GHall, JóhS, JBjart, KVM, KolH, ÞSveinb) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:03]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Vel hefur verið að verki staðið undanfarnar vikur hér í Alþingi við að afgreiða fjárlagafrv. Það verður meira að segja afgreitt í dag, degi áður en starfsáætlun gerði ráð fyrir. En það sem er aðalmálið er hins vegar hver niðurstaðan er. Hún er sú að þrátt fyrir meiri slaka í efnahagsmálum en menn sáu fyrir í haust er frv. afgreitt með mjög sómasamlegum afgangi hvort heldur litið er á niðurstöðutölurnar með eignasölu eða án. Við erum með afgang þegar búið er að taka tillit til eignasölunnar upp á 11,5 milljarða en um það bil 1,5 án hennar. Þetta þýðir að við erum á næsta ári með stórfelldan lánsfjárafgang, við erum að greiða niður lán upp á um það bil 13,5 milljarða, styrkja stöðuna við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins um 7,5 milljarða og bæta okkar eigin stöðu í Seðlabankanum upp á tæpa 3 milljarða. Það er sama hvað stjórnarandstaðan segir. Þetta er mjög frambærilegur og mjög ánægjulegur árangur. Ríkissjóður er á næstu árum vel undir það búinn að takast á við ný stórátök hvort sem það er í formi skattalækkana eða ýmissa brýnna verkefna á sviði framkvæmda eða rekstrar.

[12:05]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þrátt fyrir skjall hæstv. fjmrh. um sjálfan sig og sína ríkisstjórn þá birtir þetta fjárlagafrv. nauðsyn

þess að skipta sem allra fyrst um ríkisstjórn. Það birtir þann mikla mun sem er á efnahagsstefnu Samfylkingarinnar og ríkisstjórnarinnar. Í frv. koma fram allir verstu gallar efnahagsstefnu núv. ríkisstjórnar, stórauknar skuldir einstaklinga og fyrirtækja, gríðarlegar erlendar skuldir þjóðarbúsins, lítill hagvöxtur og miklu minni en spáð er t.d. í löndum ESB.

Frumvarpið sýnir vaxandi þreytu ríkisstjórnarinnar, það sýnir ríkisstjórn sem hefur óljósa stefnu, óljós markmið, lítinn metnað og metnaðarleysið kemur ekki síst fram í menntamálum sem eru að koðna niður undir núv. ríkisstjórn. Við sjáum það á vanda framhaldsskólanna, vanda háskólanna og það er ekkert gert.

Herra forseti. Ríkisstjórnin verður sjálf að bera ábyrgð á þessu frv. en hún hefur sýnt þjóðinni fram á nauðsyn þess að skipta um ríkisstjórn.

[12:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það á að heita svo að þetta fjárlagafrv. sé afgreitt með 11,5 milljarða kr. afgangi en þegar sala eigna er dregin frá er sá afgangur nær allur gufaður upp og í besta falli hægt að segja að afkoma ríkissjóðs sé í járnum. Ef ekki kæmi til sérstök tekjuöflun nú í lokin hefði ríkissjóður verið gerður upp með halla að frádreginni eignasölu.

Pólitíkin í frv. birtist skýrust í skattstefnu ríkisstjórnarinnar þar sem hátekjufólki og gróðafyrirtækjum eru færðar sérstakar jólagjafir. Einstaklingar með yfir 340 þús. kr. á mánuði og hjón með 680 þús. kr., þessum hópum með tekjum þar fyrir ofan er færð 300 millj. kr. jólagjöf á sama tíma og láglaunafólk, öryrkjar og aldraðir bera skarðan hlut frá borði. Velferðarkerfið er svelt, einkanlega heilbrigðis- og menntakerfið.

Núverandi ríkisstjórn, herra forseti er ekki ríkisstjórn almennings í landinu. Þetta er ekki velferðarstjórn. Þetta er ríkisstjórn hátekjufólks og fjármagnseigenda og því fer betur að hér er nú komið að því að hún afgreiði sín síðustu fjárlög.

[12:07]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Málefni Byrgisins í Rockville á Miðnesheiði fá ekki afgreiðslu á vandamálum sínum í þessum fjárlögum þrátt fyrir augljósa þörf. Ég vil við lokaafgreiðslu skora á ríkisstjórnina að ganga í að tryggja starfsemi Byrgisins fyrir næstu jól. Þar eiga athvarf 60–80 vistmenn sem eiga hvergi annars staðar höfði sínu að halla. Hér er ekki um stórt fjárhagslegt vandamál að ræða heldur vantar ákvörðun.

Ég treysti því, herra forseti, að ríkisstjórnin taki málið upp og leysi það og í því trausti greiði ég frv. atkvæði mitt.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 608).

[Fundarhlé. — 12:09]

Umræður utan dagskrár.

Ástandið á kjötmarkaðnum.

[12:22]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það hefur vart farið fram hjá nokkrum manni að verðstríð geisar á kjötmarkaðnum. Óvægið verðstríð milli kjötframleiðenda og afurðastöðva í hinum mismunandi greinum, innbyrðis milli framleiðenda og síðast en ekki síst á milli verslunarkeðja. Sú mikla verðlækkun sem verið hefur á nær öllum kjöttegundum hefur verið vel þegin af almenningi. Fólk hefur getað leyft sér meiri almenna kjötneyslu og sér í lagi þegar verð á hvíta kjötinu, þ.e. kjúklingum og svínum er borið saman við verð á fiskafurðum. Verðlækkun til framleiðenda hefur verið umtalsverð en ekki er þó sjálfgefið að sú verðlækkun skili sér alfarið til neytenda og hafa verður í huga að óvægið verðstríð getur komið niður á gæðum vörunnar. Almenningur hefur því fram til þessa notið góðs af offramleiðslunni þar sem flestar vörutegundir hafa verið til sölu á verði sem er nú langt undir framleiðsluverði.

Herra forseti. Því miður hefur tilboðsverð jólasteikarinnar sínar alvarlegu hliðar. Kjötmarkaðurinn er flókinn, framleiðsluferlið er mjög ólíkt og kostnaður því mismunandi eftir tegundum. Það ástand sem nú hefur skapast á sér langan aðdraganda og of flókið er að gera málinu viðhlítandi skil í stuttri utandagskrárumræðu. En þó er rétt að reyna að draga fram alvarleika málsins, þ.e. þá hlið sem snýr að stöðu bænda og einstakra búgreina.

Íslenskir kjötframleiðendur hafa búið við mikla óvissu þrátt fyrir hagræðingu í framleiðslu og vinnslu. Rekstrarerfiðleikar sláturleyfishafa hafa verið miklir og viðvarandi rekstrarhalli hjá mörgum þeirra. Gjaldþrot Goða, síðar Kjötumboðsins, hefur valdið mörgum nautgripa- og sauðfjárbændum stórtjóni og veikt samkeppnisstöðu þeirra gagnvart öðrum búgreinum. Fyrir utan beint fjárhagslegt tjón sauðfjárbænda hefur það kjötmagn sem átti að fara í útflutning en fór inn á innanlandsmarkað á síðasta ári skert sölu á nýju kjöti nú í haust og skaðar greinina ári eftir gjaldþrotið.

Herra forseti. Það er einkennilegt að á þessu útflutningssvindli ber enginn ábyrgð.

Um mánaðamótin ágúst/september sl. voru 1.000 tonn af lambakjöti til í landinu en talið er að um 400 tonna birgðir séu nægjanlegar við upphaf sláturtíðar. Þessi staða þrýstir því á kröfu um aukið útflutningshlutfall dilkakjöts og samþykkti hæstv. landbrh. hækkun úr 21% hlutfalli í 25% útflutningshlutfall á þessu ári. Bændur eru því skuldbundnir til að flytja út 25% framleiðslunnar en verðið sem fæst fyrir hana er lægra en það sem bændur fá á innanlandsmarkaði. Ljóst er að það er engum til góðs að hér hlaðist upp kjötfjall og á þeirri forsendu óskuðu Bændasamtökin eftir því að útflutningshlutfallið yrði hækkað upp í 28%.

Um langan aldur hefur dilkakjötið verið aðalkjöttegundin á borðum landsmanna. En á síðustu áratugum hefur orðið mikil breyting á mataræði okkar og í kjölfarið komið breyttar áherslur í kjötframleiðslunni. Dilkakjötið á nú í harðri samkeppni við hvíta kjötið og til að gera samkeppnisstöðuna enn veikari er vaxandi óvissa í markaðssetningu dilkakjötsins og þar af leiðandi í afkomuþróun sauðfjárbænda.

Nautakjötsframleiðendur eru einnig í vörn og hafa sjaldan haft þrengri stöðu þrátt fyrir að markaðurinn hafi haldist nokkuð stöðugur. Í ljósi þessa hefðu sláturleyfishafar átt að sjá ástæðu til að leiðrétta verð á nautakjöti til framleiðenda nú í haust en ljóst er að dragist framleiðslan saman verður stutt í þrýsting á innflutning og/eða yfirtöku annarra kjöttegunda.

Svína- og kjúklingakjöt hefur í sívaxandi mæli komist á matseðil landans og verið notað í skyndibita og það er sama þróun og við sjáum hvarvetna í hinum vestræna heimi. Við þeirri þróun þarf markvisst að bregðast en ekki láta málin þróast stjórnlaust.

Herra forseti. Ljóst er að nú er gríðarlegt offramboð á svína- og kjúklingakjöti. Þetta er slíkt kjötmagn að það hefur sett allan kjötmarkaðinn í uppnám. Hin hraða aukning í svínakjötinu hefur þrýst verði á því undir framleiðslukostnað þannig að einhverjir framleiðendur munu heltast úr lestinni eða bankarnir taka við rekstrinum. Svína- og kjúklingarækt hefur þróast í hreinan verksmiðjubúskap og færst yfir á fá stórbú sem kallað hafa á mikla fjárfestingu og fyrirgreiðslu bankakerfisins sem erfitt er að standa undir. Því er víða um flóknar rekstrarfléttur banka og framleiðenda að ræða til að halda öllu gangandi.

En er pólitískur vilji til að snúa slíkri þróun við eða á hinn svokallaði markaður að ráða ferð og er það svo að allir sitji við sama borð í hörðum heimi samkeppninnar? Hvað kosta fleiri gjaldþrot þjóðina og hvernig standa framleiðendur eftir í kjölfar þeirra? Hverjir tapa á 100 millj. kr. afskriftum í þessum búgreinum? Hafa bankarnir ofmetið stöðu kjúklinga- og svínaframleiðslunnar og lánað til afurðastöðvanna og stóru verksmiðjubúanna umfram arðsemisgetu þeirra? Eigum við að láta það viðgangast að bankakerfi reki hér í raun gjaldþrota afurðastöðvar og verksmiðjubú og stuðli að undirboði á kjötmarkaðnum í ákveðnum greinum? Og hvað með samkeppnisstöðu annarra framleiðenda?

Herra forseti. Allar búgreinar eru að tapa á kjötframleiðslunni og því getur þetta ekki gengið til lengdar. Í stuttu sjónvarpsviðtali við Ara Teitsson, formann Bændasamtaka Íslands, sagði hann fyrir stuttu að algert hrun blasti við kjötframleiðslu í landinu vegna mikillar offramleiðslu. Þetta þýddi að bændur fengju engin laun fyrir jólasteikina í ár. Hann gagnrýndi hlut bankakerfisins í rekstri á kjötmarkaðnum, t.d. varðandi framleiðslu og slátrun á kjúklingum og sagði að í einhverjum tilfellum hefðu bankarnir lánað meira en skynsamlegt hefði verið og þegar bankarnir séu með of miklar bindingar þá lendi á þeim að taka yfir með nokkrum hætti rekstur fyrirtækja. Þetta sé mjög slæmt og hafi samkeppnisyfirvöld víða gert athugasemdir við slíkt og reyni bankarnir almennt að losa sig út úr slíku.

Herra forseti. Þar sem klukkan er búin að vera að þjóta hérna fram og aftur í einhverri óreiðu og ég hef ekki alveg getað fylgst með tímanum, þá óska ég eftir að fá að leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. ráðherra:

1. Hvernig telur ráðherra að bregðast eigi við offramleiðslu á kjötmarkaðnum?

2. Hve lengi telur ráðherra að sala á kjöti undir framleiðsluverði geti gengið án þess að framleiðendur fari í gjaldþrot?

3. Telur ráðherra að sala á lambakjöti innan lands sé í samræmi við ákvörðun ráðherra um að heimila 25% útflutningshlutfall kindakjöts á þessu ári?

4. Hver er ábyrgð bankanna varðandi fjárfestingu stórbúa eða afurðastöðva í svína- og kjúklingarækt?

[12:28]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Mikið framboð af kjöti hefur í för með sér að neytendur verða þess varir í miklu framboði og lægra verði á matvælum og gleggst sést það nú á jólasteikinni sem ýmsir segja að sé á 30% lægra verði en í fyrra. Framboðið kallar enn fremur á nýja þróun, nýja rétti o.s.frv. því að enn sannast hið fornkveðna að neyðin kennir naktri konu að spinna og lötum manni að vinna. Fyrirtækin reyna allt til að þjóna neytendum og þetta þýðir jafnvel að kjötneyslan mun aukast þó að ég ætli ekki að gera lítið úr þeirri alvarlegu stöðu sem er á markaðnum. Allir sem standa frammi fyrir slíkri stöðu sem nú ríkir á kjötmarkaði verða að líta í eigin barm. Hér ríkir frelsi til athafna og viðskiptafrelsi. Offramboð er ekki á ábyrgð landbrh. Sprengjan nú á markaði liggur eins og kom fram hjá hv. þm. í svínakjöts- og kjúklingaframleiðslu. Það hefur mikil áhrif innan þessara greina og á markaðinn í heild. Engar birgðir eru til að ráði af nautakjöti og er það ákjósanleg staða fyrir bændur dagsins að þeir telja sjálfir.

Spurt er: Hvernig telur ráðherra að bregðast eigi við offramleiðslu á kjötmarkaði? Framleiðsla í öllum greinum kjöts er frjáls og lýtur ekki takmörkunum á neinn hátt. Í lögum sem heyra undir landbrh. eru engin lagaákvæði er heimila honum að grípa inn í ákvarðanir bænda um framleiðslumagn. Hlutverk afurðastöðva er stórt í þessu máli því flestir þeir framleiðendur sem hafa verið að auka framleiðslu sína hafa samninga við þær um afsetningu afurðanna og í sumum tilvikum eru bændurnir eigendur þessara afurðastöðva.

Hv. þm. spyr einnig: Hve lengi telur ráðherra að sala á kjöti undir framleiðsluverði geti gengið án þess að framleiðendur fari í gjaldþrot? Ég vil ekki ræða þetta á þessum nótum. Allir þeir sem stunda framleiðslu eiga að vera það heiðarlegir við sjálfa sig og markaðinn að bjóða ekki vöru sína undir framleiðslukostnaðarverði. Ef slíkt er gert leiðir það til gjaldþrota einstaklinga og fyrirtækja. Ég veit að allir þeir aðilar sem á þessum markaði eru vinna í sínum málum og fara yfir stöðu sína til þess að þurfa ekki að fara út í slíkar aðgerðir þar sem auga fyrir auga og tönn fyrir tönn tekur við sem lögmálið. Í sumum löndum er slíkt athæfi hreint lögbrot. Alþingi getur auðvitað hugleitt hvort það vill setja löggjöf í þessu efni.

Í þessu samhengi er rétt að minna á að það tekur tvær mínútur að lækka verðið á afurðunum en það getur tekið mánuði og ár að hækka það á nýjan leik.

Hv. þm. spyr: Telur ráðherra að sala á lambakjöti innan lands sé í samræmi við ákvörðun ráðherra um að heimila 25% útflutningshlutfall kindakjöts á þessu ári? Í fyrsta lagi er rétt að taka fram að ég var ekki að heimila útflutning. Hann er öllum frjáls og í því magni sem menn telja skynsamlegt. Landbrh. ákveður í samræmi við 29. gr. búvörulaga það hlutfall kindakjötsframleiðslu sem sauðfjárbændur ábyrgjast sameiginlega útflutning á. Ég ákvað að fara ekki alfarið eftir tillögum Bændasamtaka Íslands en hækkaði hlutfallið úr 21% í 25% og það hefur aldrei verið hærra. Ég taldi ekki sjálfgefið að kindakjötið gæfi ein kjöttegunda stöðugt eftir á kjötmarkaði og vildi með þessu hvetja afurðastöðvar og bændur til að vinna vel og ötullega að sölumálum. Það liggur fyrir að afurðastöðvarnar hafa stundum haft lambakjötið sem sína öruggu vöru sem selst en lagt meiri áherslu á sprengimarkaðinn með öðrum kjöttegundum. Sölutímabil nýrrar framleiðslu er auðvitað rétt hafið og því getur margt breyst fram að næsta hausti. Fyrstu tölur gefa ekki tilefni til bjartsýni en ástandið á kjötmarkaðnum er auðvitað mjög óvenjulegt og getur ekki gengið svo til frambúðar. Kjötframleiðendur verða að laga framboð sitt að markaðnum og gæta þess að verðið endurspegli framleiðslukostnað.

Hver er svo ábyrgð bankanna? spyr hv. þm. Bankarnir eru frjálsar og sjálfstæðar stofnanir, hlutafélög, og meta sjálfir hvert þeir lána. Ég hef engin tök á því að fara ofan í það. Þar ríkir frelsi og ég segi nú sem betur fer þannig að landbrh. kemur ekki að þeim potti. Hins vegar er það rétt og athyglisvert að leiða hugann að því að það eru margir nýir aðilar að koma inn sem ráða þessum sprengjum sem

nú eru að gerast, þess vegna fyrirtæki í sjávarútvegi, þess vegna afurðastöðvar bænda í hefðbundnum búgreinum sem hafa eignast stóru fyrirtækin sem ég tel ekki góða þróun til framtíðar horft. Ekki síst, hæstv. forseti, eiga stór, sterk og öflug verktakafyrirtæki á markaði líka sinn þátt í þessari þróun.

[12:34]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Neytendum jafnt og bændum er mikilvægt að jafnvægi ríki á kjötmarkaði og verð sé hóflegt þannig að neytendur geti keypt það kjöt sem þeir gjarnan vilja setja á sinn disk. Því miður hefur það verið áberandi að undanförnu hversu gríðarlega hátt verð er á kjötvöru í borðum verslana og í hróplegu ósamræmi við það sem venjulegir kaupendur geta veitt sér. Það er heldur ekki í neinu samræmi við það lága verð sem bændur fá fyrir framleiðslu sína. Það er grátlegt að vita til þess að íslenskt lambakjöt, sem er einhver sú besta og hollasta matvara sem við Íslendingar getum veitt okkur, skuli hafa verið verðlagt bókstaflega út af markaðnum með þeim hætti sem hér hefur tíðkast.

Það sama má segja um nautakjöt en á því hefur framleiðsluverð til bænda verið með þeim hætti að engan veginn dugar fyrir framleiðslukostnaði auk þess sem ógerlægt er fyrir kaupendur að vita hvað er verið að bjóða í kjötborðum verslana, fyrsta flokks nautakjöt eða kýrkjöt, af ungu eða gömlu, allt er selt á sama verðinu sem 1. flokks kjöt. Einhvers staðar í ferlinu verður eftir sá gríðarlegi mismunur sem er á verði til framleiðenda og neytenda. Hver græðir?

Stundum virðist mér af umræðunni sem allir séu að tapa. Á undangengnum missirum hefur aukist gríðarlega framleiðsla á svínakjöti og kjúklingum og á þessum vörum hefur verið mikið offramboð sem hefur leitt til undirboða á markaðnum. Neytendur hagnast á því tímabundið en nú ku vera útlit fyrir mörg gjaldþrot hjá framleiðendum þessa kjöts og ekki hagnast neytendur á því er til lengdar lætur. Gríðarlegar fjárfestingar í þessum geira hafa vakið undrun og spurt er: Hvaðan kom allt það fé sem var lagt í þessa augljósu offjárfestingu?

[12:36]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti Sauðfjárræktin ásamt mjólkurframleiðslu tryggir heils árs byggð í sveitum landsins. Hefðbundinn landbúnaður, fjár- og kúabú, er forsenda dreifðrar byggðar víða um land. Því miður hafa kjör sauðfjárbænda versnað til muna síðustu ár og afkomutölur sýna að það er illmögulegt að lifa af hreinu sauðfjárbúi nema sem hliðarbúgrein. Afkoma þessara búa er algjörlega óviðunandi eins og staðan er í dag. Innanlandssala hefur aldrei verið minni, birgðaaukning mikil, ásetningur allt of mikill miðað við stöðu þessara mála enda hefur sá samningur sem bændur hafa búið við frá 1995 verið framleiðsluhvetjandi. Útflutningur jókst í haust og vonandi eigum við eftir að sjá þann markað stækka til muna en þar er samt ekkert fast í hendi.

Mikil aukning í kjúklingaframleiðslu hefur mikil áhrif á kjötmarkaðinn í heild, t.d. hefur einn kjúklingaframleiðandi aukið framleiðslu sína á skömmum tíma úr þúsund tonnum í 3 þús. tonn. Þá er einnig of mikið framleitt af svínakjöti og því miður hefur framleiðslan þar verið rekin með miklu tapi. Smærri bændur í svínarækt hafa brugðið búi og svínaræktin er að færast á færri hendur og má búast við að það gerist einnig að nokkru leyti í kindakjötsframleiðslunni. Nautgripabændur fá ekki upp í framleiðslukostnað fyrir sitt kjöt og því miður lítur út fyrir að í öllum kjötgreinum sé staðan mjög slæm. Þessi offramleiðsla leiðir aðeins til tapreksturs því að það er ekki hægt til lengdar að greiða með framleiðslunni á markað þannig að verð á einstökum kjöttegundum nægi fyrir breytilegum kostnaði sem veldur öllum kjötframleiðendum stórtjóni. Samkeppnin á kjötmarkaðnum leiðir til þess að þegar upp verður staðið tapa allir nema e.t.v. er skammtímaágóði til neytenda.

[12:38]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Vandi hefðbundinna kjötframleiðenda fer vaxandi. Bankastofnanir virðast nú orðið reka beint eða óbeint sum svína- og kjúklingabú. Þannig er haldið uppi óeðlilegri samkeppni við nautgripaframleiðendur og sauðfjárbændur. Gjaldþrot Goða hefur komið mjög illa við marga bændur sem framleiða dilka- og nautgripakjöt.

Það óeðlilega samkeppnisumhverfi sem sauðfjárbændur og nautgripaframleiðendur búa nú við verður auðvitað að lagfæra, og til framtíðar þarf að móta stefnu um hefðbundnar búgreinar sem taka eigi við. Þá stefumótun þarf að vinna, tryggja þarf að sveitir landsins haldist í byggð og gæði landsins verði nýtt.

[12:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Öll teikn eru því miður á lofti um að hlutir séu enn eina ferðina að fara algjörlega úr böndunum á kjötmarkaði hér á landi. Offramleiðsla með tilheyrandi verðstríði og undirboðum veldur því að allt sem hægt er að kalla jafnvægi, ef yfirleitt er hægt að tala um slíkt, hefur raskast og þó að neytendur uni hag sínum vel, tímabundið, er gallinn sá af slíku ástandi, og það sýnir reynslan, að þeir fá með einum eða öðrum hætti beint eða óbeint reikninginn í hausinn að lokum í formi hærra vöruverðs síðar, í gegnum afskriftir í bankakerfinu eða yfir skattseðilinn sinn ef ekki vill betur til.

Það sérkennilega við ástandið núna og sem er nokkuð nýtt í stöðunni er að herkostnaður þessarar offramleiðslu og undirboða er að verulegu leyti borinn beint af bankakerfinu í landinu, ekki aðeins í gegnum útlán, mjög rífleg útlán til nýrra fjárfestinga í greinum þar sem fyrir er offramleiðsla, heldur líka með beinni eignaraðild banka að framleiðslu- og vinnslufyrirtækjum. Sérstaklega er ástæða til að hafa þungar áhyggjur af enn versnandi stöðu sauðfjárbænda og reyndar nautakjötsframleiðenda einnig í þessu sambandi.

Það hefur lítið orðið vart við hæstv. landbrh. í þessu máli enn þá. E.t.v. er hæstv. ráðherra svo upptekinn af vinsældum sínum að hann má ekki vera að því að gera neitt. Ég leyfi mér að spyrja: Er ætlunin að láta þetta þróast algjörlega stjórnlaust hér á landi, t.d. stóraukna framleiðslu eða offramleiðslu í hreinum verksmiðjubúum? Danir verða tæpast sakaðir um að reka óhagkvæman landbúnað en þeir stjórna stærð búa í svína- og kjúklingarækt í gegnum skilmála um að menn þurfi að hafa land á móti til að afsetja áburðinn og annað í þeim dúr. (**Landbrh.:** Hvað eru búin stór þar?) Það er engum til góðs — þau taka mið af því landi sem viðkomandi framleiðandi hefur til ráðstöfunar, herra forseti. Ég held að hæstv. landbrh. ætti heldur að reyna að nota ræðutíma sinn til að svara einhverju hér en að vera að trufla aðra með frammíköllum. (**Landbrh.:** Ég er að nýta tímann.) Lítið var á ræðu hans hér að græða fyrir utan spakmælin fornu sem hann hefur jafnan á reiðum höndum.

[12:42]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Austurl. fyrir að vekja máls á þessu máli og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Hér er um að ræða mjög alvarlegt mál, þ.e. offramleiðslu á kjötvörum á íslenskum mörkuðum. Það er alveg ljóst að ákveðnir framleiðendur hafa verið að kaupa ákveðin pláss í kjötborðum eða kæliborðum og þess háttar í verslunum þannig að hefðbundin vara hefur oft og tíðum jafnvel þurft að víkja.

Ég velti oft fyrir mér markaðssetningu varðandi t.d. lambakjöt. Ég hef margoft bent á það í þessum þingsal og reyndar víða annars staðar að það eru ákveðnar iðngreinar hér sem í eru mjög frambærilegir menn til að kynna þessa vöru, þ.e. bæði kjötiðnaðarmenn og íslenskir matreiðslumeistarar. Nú fer í hönd sá tími þegar menn kaupa mikið af hangikjöti og það er dálítið skemmtilegt að velta því fyrir sér á hvern hátt hangikjöt er markaðssett á Íslandi. Menn keppast við að smakka hangikjöt frá ýmsum framleiðendum, svo sem KEA-hangikjöt, SS-hangikjöt, Kópaskershangikjöt, Húsavíkurhangikjöt o.s.frv. Þarna er einmitt dæmi um það hvað hægt er að gera varðandi kjötframleiðslu á Íslandi, þ.e. þegar kemur að markaðssetningunni. Neytendur vilja gjarnan vita hvaðan varan kemur og það dæmi sem ég nefndi um hangikjötið er lýsandi um hvað hægt er að gera.

Menn hafa mikið yndi af því að smakka þetta kjöt. Síðan velta þeir fyrir sér hvert er besta kjötið á markaðnum fyrir jólin. Þetta er nákvæmlega það sama og gert er hvað varðar rauðvín, þegar menn eru að velta gæðum þess fyrir sér. Þarna er einn þáttur sem er nauðsynlegt að benda á og ég tel að t.d. þeir sem framleiða bæði lambakjöt og nautakjöt geti nýtt sér þessa markaðsaðferð.

[12:44]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ef ódýrir kjúklingar eða svín eru á boðstólum er það gott mál. Ef aðrir kveinka sér er það ekki almannavaldsins að grípa þar inn í, ekkert frekar en á vídeóleigumarkaði. Grunnatriði í atvinnulífi okkar er og á að vera samkeppni á jafnréttisgrunni. Samkeppnin er alltaf til góðs og jafnréttið felst m.a. í því að ekki sé um óeðlilega fjármögnun að ræða. Ef svo er varðar það við önnur lög, samkeppnislög.

Varðandi útflutning á landbúnaðarafurðum finnur hann sér leið sjálfur. Ég bendi á að menn geta kynnt sér t.d. nýja meistararitgerð frá Háskóla Íslands, viðskipta- og hagfræðideild, þar sem vísindamaður komst að þeirri niðurstöðu að við eigum ýmsa möguleika í Frakklandi en ekki í Bandaríkjunum til að mynda. Hann sagði að þetta væru hlutir sem menn gætu betur kynnt sér. Hins vegar leiðir þessi umræða svolítið hugann að ógöngum landbúnaðarstefnunnar. Bændur eru fátækasta stétt landsins. Við erum með matarverð sem er með því hæsta í Evrópu, tugum prósenta hærra en í næstu löndum. Stuðningur við landbúnað hér á landi er mjög mikill, þ.e. 1,6% af landsframleiðslu, um 13 milljarðar, mun hærra en er innan OECD. Vægi landbúnaðar sem hlutfall af verðmætasköpuninni hefur minnkað síðustu ár.

Það sem er grátlegast í þessu, herra forseti, er að botnfrosið kerfi er ekki stokkað upp, og umbætur síðustu ára hafa alls ekki verið nægjanlegar.

Herra forseti. Fátæktin er fylgikona bænda, sérstaklega sauðfjárbænda, en ríkisstjórninni er sama. Hagsmunasamtökin eru fjármögnuð af skattpeningunum og þar ríkir sama stöðnunin og í ráðuneytinu. Ég skora á hæstv. ráðherra að brjótast út úr þessu gamla kerfi hagsmunagæslu Framsfl. og Sjálfstfl. og hugsa um hag neytenda og bænda því að þá verður hann sá alþýðuleiðtogi sem hann hefur alla burði til.

[12:46]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Vandi kjötframleiðenda er mikill eins og hér hefur komið fram. Því miður hygg ég að hann eigi eftir að aukast. Ástæður þess eru gríðarleg offramleiðsla og lækkandi verð á einingu í þeim greinum sem eru frjálsar, þ.e. frjálsu greinarnar höfum við nefnt hvíta kjötið, svína- og kjúklingaframleiðslu. Þar hafa menn verið að ná meiri og betri tökum á framleiðslunni og með því getað lækkað verð á einingu. Ég held að það muni halda áfram.

Nautakjöt og hrossakjöt teljast jafnframt til frjálsra greina. Þar hefur hrossabændum tekist að flytja út og afsetja offramleiðslu sína á útflutningsmarkaði. Það hefur ekki skilað miklu en gerir þeim gagn.

Lambakjötsframleiðslan er undir ákveðinni stjórn ríkisins eins og við þekkjum þar sem beingreiðslur koma til. Þeirri framleiðslugrein hefur verið stjórnað í áratugi. Leikreglurnar sem þar hafa verið í gildi eru svokölluð útflutningsskylda, sem landbrn. getur ákveðið á ári hverju. Það hefur komið hér fram í umræðunni að sú skylda er 25%.

Ég vil spyrja hæstv. landbrh. hvort ekki sé rétt að fella niður útflutningsskyldu sauðfjárbænda og láta afurðir þeirra keppa á markaðnum rétt eins og aðrar kjötafurðir og láta bændurna skapa sér það rými sem þeir þurfa á þessum markaði en hopa ekki endalaust með útflutningsskyldunni. Ég tel að hún muni gera út af við þessa starfsgrein til lengri tíma litið.

Þá langar mig að koma inn á annan þátt, þ.e. lánamálin. Gerð hefur verið grein fyrir því hverjir standa fyrir fjármögnun hinnar miklu offramleiðslu. En Lánasjóður landbúnaðarins er sjóður þar sem allar greinar borga ákveðið gjald af veltu. (Forseti hringir.) Þar hafa sauðfjárbændur greitt gjöld sem aðrar greinar hafa notið í formi niðurgreiddra lána. Ég held að það þurfi að skoða þessa fjármögnunarmöguleika.

[12:49]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hv. þm. Þuríður Backman hefur vakið athygli á mjög sérstæðri stöðu á kjötmarkaði hér á landi. Hún vakti athygli á því að á markaðnum væri boðið kjöt sem selt er undir kostnaðarverði. Hún vakti líka athygli á því og beindi spurningum til hæstv. landbrh. um hvort eðlilegt samkeppnisumhverfi væri fyrir hendi. Hv. þm. Þuríður Backman velti fyrir sér hvort eðlilegt væri að fjármálastofnanir væru orðnar stór rekstraraðili í markaðssetningu, slátrun, kjötiðnaði og framleiðslu, grunnframleiðslunni. Hún spyr hvort þarna sé ekki hætta á að um óeðlileg viðskiptatengsl sé að ræða.

Það var líka minnst á að bankastofnanir og fjármálastofnanir rækju til lengri tíma fyrirtæki sem þegar væru orðin gjaldþrota. Viðkomandi stofnanir ættu svo stóran hlut í fyrirtækjunum og vildu þess vegna draga úr tapi sínu. En með þessum aðgerðum er verið að skekkja alla samkeppnisstöðu á markaðnum. Allir vilja fá ódýrt kjöt og ódýra matvöru á raunsönnum grunni.

Sú kveðja sem hæstv. landbrh. sendi sauðfjárbændum eða nautakjötsbændum varðandi þá erfiðu stöðu sem þeir eru í var: Neyðin kennir lötum mönnum að vinna. Það var kveðja hæstv. ráðherra.

Virðulegi forseti. Ég tel að hæstv. ráðherra ætti að líta svolítið í eigin barm og kanna hvort í hans ranni sé ekki þörf á að kenna mönnum að vinna.

[12:51]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég lagði fram nokkrar spurningar til hæstv. ráðherra sem hann svaraði. Hann vísaði til markaðsábyrgðar landbúnaðarins, að markaðurinn ætti að ráða og það væri ekki á valdi ráðuneytisins að koma þar nærri. Hann gat ekki svarað, sem eðlilegt er, til um hversu lengi þetta ástand geti varað án þess að stór gjaldþrot verði. Hann taldi aftur á móti að enginn heiðvirður bóndi ætti að selja undir framleiðsluverði. En nú er það gert og hefur verið gert síðan í haust. Hvernig á að bregðast við því? Hvernig á að leysa vanda mismunandi búgreina?

Hæstv. ráðherra færði rök fyrir því að hækka ekki útflutningshlutfallið meira en hvernig var því þá fylgt eftir að auka hlut lambakjöts á íslenska markaðnum? Hvaða möguleikar eru til að koma lambakjötinu í sölu? Það má eiginlega segja að dilkakjötið sé munaðarlaus framleiðsla. Bændur, sauðfjárbændur, hafa fæstir aðgang að afurðastöðvunum eða markaðnum. Markaðurinn er einkennilegt fyrirbrigði hvað varðar sölu á kjöti.

Ábyrgð bankanna er mikil, herra forseti, og það er óeðlilegt að mínu mati að þeir geti verið svo samofnir rekstri stóru verksmiðjubúanna og afurðastöðvanna og lánað svo mikið til þessarar framleiðslu að í raun og veru sé ekki nokkur leið að láta þetta rúlla.

[12:53]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka málefnalega umræðu. Ég vil þó segja við hv. þm. Jón Bjarnason: Menn geta verið ómerkilegir í málflutningi, tekið orð og snúið út úr þeim. Það er lýðskrum og ómerkilegheit að snúa svona út úr orðum mínum. Ég var að tala um þróun afurðastöðva, að þessu ástandi fylgdi ný þróun, menn vöknuðu til vitundar um að þeir yrðu að berjast á markaðnum, búa til nýja vöru. Menn eru t.d. sannfærðir um að kjúklingarnir hafi áhrif á fisksölu, að kjúklingakjöt hafi áhrif á þann markað. Hv. þm. Jón Bjarnason getur ekki með þessum ómerkilega hætti og lýðskrumi og, ég vil segja, herra forseti, hálfgerðum fíflaskap, talað með þessum hætti. Ég hef gjarnan sagt að íslenskir bændur væru duglegasta fólk þessa lands og að auki það skemmtilegasta. Þannig að ég verð ekki vændur um svona setningar. Þær eru ómerkilegar.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon man fífil sinn fegri. Nú gasprar hann úr stjórnarandstöðunni og hefur ráð á hverjum fingri. Hvaða reglur setti hann sem hafði tækifæri til að setja reglur á sínum tíma? Hverjar voru þær? Setti hann stærðarmörk í svínarækt? Setti hann stærðarmörk í kjúklingarækt? (Gripið fram í.) Hverjar eru reglurnar í Danmörku ef við ætlum að fara þangað? Stærsta svínabúið á Íslandi er með 550 gyltur. Í Danmörku eru nokkur þúsund gyltna á búi. Í mjólkurframleiðslunni erum við með 25 kýr að meðaltali. Þeir eru með 70 og fleiri hundruð kýr á búunum. Ef við ætlum að taka Dani til fyrirmyndar, hv. þm., erum við nú ekki á réttri leið. Þetta er vandasamt.

Hér hafa flestir talað um þetta málefnalega. Ég vil segja við hv. þm. Ágúst Einarsson að landbúnaðarvörurnar eru hér hlutfallslega ekkert dýrari en annað. Hverjir baka brauðið? Hverjir blanda kókið? Hverjir kenna í háskólanum? Allt er þetta dýrara en í Evrópu. Landbúnaðurinn sker sig ekkert úr hvað það varðar. Ég bið þennan hv. þm. og háskólaprófessor að fara aftur út í háskóla og reikna. (Forseti hringir.) En, ágætu þingmenn (Forseti hringir.) og hæstv. forseti: Ég vil að lokum þakka hér fyrir ágæta umræðu. Ég segi að það getur alveg komið til greina hvað varðar útflutningsskyldu á lambakjöti að hún verði felld í burt. En bændasamtök og aðrir verða að koma að því hvað skynsamlegast er í þessu.

[Fundarhlé. — 12:56]

Útflutningsaðstoð, 1. umr.

Stjfrv., 429. mál (heildarlög). — Þskj. 556.

[13:30]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þessu frv. sem starfandi utanrrh., frv. til laga um útflutningsaðstoð sem lagt hefur verið fram hér á þskj. 556.

Í frv., sem byggt er á lögum um Útflutningsráð Íslands, nr. 14/1990, með síðari breytingum, er bætt við þáttum er snúa að samstarfi opinberra aðila og einkaaðila að útflutningsaðstoð. Frumvarpið er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í maí 1999 þar sem lýst var því markmiði að áfram verði unnið að markaðssókn fyrir íslenskar vörur og þjónustu á erlendum mörkuðum og hvatt til fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi. Í þessu skyni gerir frv. ráð fyrir að sett verði á fót sérstök samráðsnefnd atvinnulífs og stjórnvalda sem stuðli að aukinni samleið í kynningu á íslenskum afurðum og þjónustu á erlendri grundu. Innan samráðsnefndarinnar verður formlegur farvegur fyrir einstakar stofnanir og hagsmunasamtök að leita fulltingis annarra aðila við markaðsstarf sitt erlendis og skipuleggja álitsverkefni og áhersluatriði í því skyni.

Helstu breytingar í frv. varðandi Útflutningsráð lúta að því að markaðsgjaldið, hinn lögbundni tekjustofn ráðsins, er framlengt um fimm ár. Þá hefur náðst samkomulag milli stjórnar Útflutningsráðs og utanrrn. um eflingu samstarfsráðsins og viðskiptaþjónustu utanrrn. með margvíslegum aðgerðum sem m.a. fela í sér að settur verður á fót sérstakur stýrihópur er afmarki verksvið og komi í veg fyrir tvíverknað þeirra á milli.

Samhliða þessu verður hlutverk stjórnar Útflutningsráðs eflt og veitt ráðgefandi hlutverk fyrir utanrrh. varðandi rekstur viðskiptaþjónustu utanrrn. og um áherslur á sviði utanríkisviðskipta.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. Við samningu þessa frv. var haft viðtækt samráð við heildarsamtök atvinnulífs og stjórn Útflutningsráðs. Er full samstaða með þessum aðilum um efni þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Búnaðargjald, 442. mál, frv. landbn., þskj. 603.

Lífeyrissjóður sjómanna, 355. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 606.

Ársreikningar, 1. umr.

Stjfrv., 427. mál (EES-reglur). — Þskj. 553.

[13:32]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, með síðari breytingum, sem er að finna á þskj. 553. Í frv. þessu eru lagðar til breytingar, annars vegar vegna athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA um tiltekin atriði í lögunum sem talin eru fara í bága við ákvæði í 4. og 7. tilskipun ESB, en hins vegar vegna athugasemda Eftirlitsstofnunarinnar um að tiltekin ákvæði 4. og 7. tilskipunar hafi ekki verið lögfest hér á landi. Jafnframt eru af þessu tilefni lagðar til smávægilegar breytingar sem ástæða þykir til að gera.

Vegna athugasemda frá Eftirlitsstofnuninni, ESA, varðandi reglur um samstæðureikningsskil þótti rétt að endursemja VI. kafla laganna um samstæðureikninga en jafnframt að flytja í VI. kaflann ákvæði 4.–7. gr. laganna sem fjalla um heimild móðurfélaga til að falla frá samningu samstæðureikninga eða að fella tiltekin dótturfélög út úr samstæðureikningum.

Enn fremur er lagt til að flutt verði í kaflann ákvæði sem eru í IV. kafla reglugerðar nr. 696/1996, um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, og hafa þannig öll ákvæði um samstæðureikningsskil í einum kafla laganna.

Í frv. er m.a. lagt til að lögfestar verði tvær aðferðir við að semja samstæðureikninga, kaupaðferð og samlegðaraðferð, þar sem kaupaðferðin verði meginreglan en samlegðaraðferðin verði notuð í undantekningartilvikum.

Dæmi um notkun samlegðaraðferðarinnar er þegar ekki eru fyrir hendi almennar markaðsaðstæður við stofnun samstæðu og sami hagsmunaaðilinn hefur ráðandi stöðu í félögunum. Við samstæðureikningsskil er gagnkvæmum viðskiptum félaganna eytt eða með öðrum orðum ekki látin hafa áhrif á umfang samstæðunnar og má líkja þessu við deildaskipt félag þar sem hver deild er sjálfstæð rekstrareining gagnvart öðrum deildum félagsins. Yfirráð yfir félögum geta komið fram í öðru formi en í meiri hluta hlutafjár og er tekið tillit til þess í tillögunum í frumvarpinu með því að gera skilgreiningu á móðurfélagi sem semja skal samstæðureikning nákvæmari.

Þá eru gerðar tillögur um framsetningu félaga á eignarhluta þeirra í félögum sem þau eiga meira en 20% í en minna en 50% hlut í. Teljast þau þá hafa ráðandi hlut í þeim og hafa varanleg tengsl í þágu tekjuöflunar sinnar. Slík félög kallast hlutdeildarfélög. Þá eru einnig ákvæði um reikningsskil þegar félög eru sameinuð með því að eitt eða fleiri félög eru lögð niður og sameinuð í einu félagi eða nýtt félag er stofnað á grunni þeirra sem eru lögð niður. Sama máli gegnir þegar félagi er skipt í tvö eða fleiri félög.

Eins og fram hefur komið eru helstu breytingarnar sem lagðar eru til í frv. til komnar vegna athugasemda frá ESA og er nauðsynlegt að þær nái fram að ganga vegna samningsskuldbindinga Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Yfirlit yfir þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði í frv. aðrar en vegna athugasemda frá ESA eru eftirfarandi:

Í 3. gr. er lagt til að lögbinda að nota skuli sjóðstreymisyfirlit eingöngu en ekki velja á milli þess og fjármagnsstreymisyfirlits. Er það í samræmi við reglur reikningsskilaráðs nr. 3.

Í 11. gr. er gert ráð fyrir að takmarka heimildir félaga til að færa á rekstrarreikning ársins til leiðréttingar á tekjum og gjöldum sem ekki hafa komið fram á réttu reikningsári. Slíkar fjárhæðir skulu færast beint á eigið fé en ekki hafa áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins.

Í 14. gr. er lagt til að betur verði skilgreindur afskriftastofn eigna þegar sérstakt endurmat á raunvirði fastafjármuna er notað.

Í 15. gr. er verið að leggja til að birgðir séu metnar á kostnaðarverði eða dagverði en möguleiki á öðrum aðferðum afnuminn.

Í 16. gr. er lagt til að færa afskriftatíma óefnislegra eigna að hámarki í 20 ár í stað fimm ára áður.

Í 17. gr. er lögð til sú breyting að heimildarákvæði um að færa eignarhlut í dótturfélagi samkvæmt hlutdeildaraðferð í stað kostnaðaraðferðar verði lögfest. Er það gert að skylduákvæði sem er í samræmi við samstæðureikningsskil.

Í 20. gr. eru lagðar til breytingar á tekjufærslu langtímaverkefna sem miða við að áætla hagnað af langtímaverkefnum hlutfallslega eftir því sem verkefnunum miðar áfram.

Í 21. gr. er lagt til að upplýsa skuli um frestaða skattskuldbindingu í efnahagsreikningi en það var áður nægjanlegt að gera í skýringum.

Í 36. gr. er lagt til að gert verði að ótvíræðri skyldu félaga að leggja fram hjá ársreikningaskrá bæði ársreikning sinn og samstæðureikning fyrir það og dótturfélög þess.

Í 43. gr. er lagt til að heimild félaga til að beita verðleiðréttum reikningsskilum í tvö ár verði stytt í eitt ár, þ.e. aðeins yfirstandandi reikningsár. Þessi breyting er til komin eins og margir muna vegna þess að þegar verðbólgureikningsskil voru afnumin fyrir ári síðan þótti eðlilegt að gefa þeim aðilum tveggja ára aðlögunartíma sem það kysu, vegna þess að þá var verðbólgan mun meiri en hún er núna. Í ljósi þess hversu verðbólguþróun hefur verið hagstæð á þessu ári er talið ónauðsynlegt og óæskilegt að framlengja þennan aðlögunartíma um meira en eitt ár, þ.e. yfirstandandi ár og því er lagt til að sú undanþága falli niður nú um áramót. Er þetta í samræmi við ábendingar frá m.a. Kauphöll Íslands, en einnig fleiri aðilum.

Ég legg síðan til, herra forseti, að máli þessu verði að umræðunni lokinni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[13:38]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um breyting á lögum um ársreikninga. Ég vil koma inn á sérstakt vandamál sem er að knýja dyra hér á Íslandi, sem er eignarhluti fyrirtækja hvert í öðru og eignarhluti fyrirtækja sem fer í hring, þ.e. félag A á í B, B á í C, C á í D og D á í A. Þetta er fyrirbæri sem er víst orðið nokkuð algengt í Japan og er orðið ákveðið helsi á atvinnulífið þar og þarf að bregðast við.

Við getum hugsað okkur tvö fyrirtæki sem eru með 10 milljóna hlutafé og þau auki hlutafé hvort um sig í um 90 milljónir og kaupi hvort í öðru á genginu einn. Þá gerist ekki neitt fjármálalega því þau borga hvort um sig 90 milljónir hvort til annars og það fer enginn peningur á milli. En það sem gerist er að stjórn A ræður B og stjórn B ræður A og hluthafarnir sem upphaflega áttu 20 milljónir í báðum félögunum samanlagt ráða engu, eða 10% í hvoru félagi.

Það sem gerist er að það myndast sjálfvirkt vald stjórnanna. Þetta ber að forðast. Að sjálfsögðu getur þetta einfalda dæmi verið miklu flóknara með því að menn eiga í dótturfyrirtækjunum og dótturfyrirtækin aftur í fyrirtækjunum og svo fara peningarnir í hring. En það sem þarf að gera, og ég skora á hv. nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar að leiða hugann að, er að skoða það hvernig hægt er að koma í veg fyrir það að fyrirtæki eigi þannig í sjálfum sér og fari með atkvæðismagn sem þau eiga í sjálfum sér, þannig að stjórnin fari að kjósa sjálfa sig.

Þetta dæmi sem ég nefndi áðan hefur líka þau áhrif að eigið fé beggja fyrirtækjanna sýnist vaxa um 90 milljónir þó það að sjálfsögðu vaxi ekki neitt. Og það er vegna þess að þau eiga hlut í eigin fé sjálfra sín í gegnum fyrirtæki sem þau eiga stóran hlut í. Þetta þarf líka að skoða í sambandi við ársreikninga, þ.e. að reyna að koma í veg fyrir að það myndist eign sem er í raun í félaginu sjálfu og er þar af leiðandi engin eign, ekki frekar en ef fyrirtæki á hlutabréf í sjálfu sér, sem er alls staðar kveðið á um að eigi ekki að mynda eign eða atkvæðismagn.

Ég held að þetta sé orðið dálítið brýnt. Það hafa núna á síðustu mánuðum komið upp dæmi. Ég nefni Meið hf. sem á í Kaupþingi og Kaupþing á í Meiði. Þau eignatengsl hafa myndast vegna þess hluta sem SPRON átti í Kaupþingi. Síðan nefni ég Haukþing sem á í Skeljungi og Skeljungur á í Haukþingi. Þetta var reyndar líka þekkt hér áður fyrr því Sjóvá átti í Eimskipi og Eimskip átti Sjóvá. Til eru mörg slík dæmi. En þetta fer vaxandi og það er tilhneiging í þessa átt til að verjast utanaðkomandi áhrifum. En þetta er mjög skaðleg þróun. Ég held að það sé rétt að fara að huga strax að því að koma í veg fyrir að þetta verði helsi á atvinnulífinu eins og það er orðið í Japan og mér er sagt að svo hafi líka verið í Bandaríkjunum í sambandi við Enron hneykslið eða hluta af því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáröflun til vegagerðar, 1. umr.

Stjfrv., 428. mál (afsláttur af þungaskatti). — Þskj. 554.
[13:42]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, með síðari breytingum. Hér er um að ræða einfalt frv. sem gengur út á það að framlengja tímabundna heimild til undanþágu frá greiðslu þungaskatts fyrir bifreiðar, sem í tilraunaskyni nota annan orkugjafa en bensín, dísilolíu eða annað eldsneyti unnið úr olíu.

Þannig háttar til að sú undanþága sem sá sem hér stendur beitti sér fyrir á sínum tíma rennur úr gildi um næstkomandi áramót. Í frv. er lagt til að þessi undanþága verði framlengd um tvö ár og er það gert með hliðsjón af því að enn eru tilraunir með aðra orkugjafa en þá sem unnir eru úr olíu skammt á veg komnar og með því að hér fer fram á Íslandi tiltekin starfsemi sem miðar að því að þróa slíka orkugjafa þá er eðlilegt að veita áframhaldandi undanþágu með þeim hætti sem hér er lagt til. En til samræmis þarf að sjálfsögðu einnig að veita slíka undanþágu gagnvart orkugjöfum sem framleiddir kunna að vera erlendis með sambærilegum hætti og það sem ég áður gat um og fluttir til landsins.

Ég legg til, herra forseti, að þessu máli verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 441. mál (Jöfnunarsjóður). — Þskj. 602.
[13:44]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á miðvikudaginn var undirritaður samningur milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um fjármálaleg samskipti þessara aðila. Þetta var mjög merkilegt samkomulag og þetta frv., og reyndar annað frv. sem ég mun mæla fyrir á eftir, byggjast að hluta til á þessu samkomulagi og fullnusta það.

Í öðru lagi byggist þetta frv. á tillögum nefndar sem ég skipaði 14. febrúar 2001 til að endurskoða III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, en sá kafli fjallar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Enn fremur fékk nefndin það hlutverk að endurskoða reglugerðir sem byggðar eru á ákvæðum þessa kafla tekjustofnalaganna.

Í nefndinni voru Arnbjörg Sveinsdóttir alþingismaður, Gísli S. Einarsson alþingismaður, Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri, Jóhann Sigurjónsson bæjarstjóri, Valgarður Hilmarsson oddviti og Jón Kristjánsson alþingismaður sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. En þegar hann tók við embætti heilbrigðisráðherra tók Magnús Stefánsson alþingismaður við formennsku í nefndinni. Starfsmenn nefndarinnar voru skipuð þau Elín Pálsdóttir og Hermann Sæmundsson, deildarstjórar í félagsmálaráðuneytinu, og Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga. Jafnframt störfuðu Jóhannes Á. Jóhannesson, starfsmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Guðni Geir Einarsson, starfsmaður jöfnunarsjóðs, með nefndinni.

Skýrsla nefndarinnar er dagsett 24. september 2002. Þar eru tilgreind þau markmið sem nefndin hafði að leiðarljósi við endurskoðun á starfsemi jöfnunarsjóðs. Þau voru einkum eftirfarandi: Í fyrsta lagi að gera aðferðir við útreikning og úthlutun framlaga almennari en nú er og takmarka sértækar aðgerðir. Í öðru lagi að stilla framlögum sjóðsins upp á nýjan og aðgengilegri hátt þannig að betri yfirsýn skapist yfir hlutverk og framlög sjóðsins. Í þriðja lagi að gera nauðsynlegar breytingar á tilteknum reglum sjóðsins til þess að mæta breyttum forsendum. Meðal breytinga sem orðið hafa má nefna að sveitarfélögum hefur fækkað og þau hafa stækkað, auk þess sem verkefni þeirra og tekjustofnar hafa breyst. Í fjórða lagi að tryggja réttláta jöfnun meðal sveitarfélaga.

Nefndin skilaði áfangaskýrslu til mín í mars 2002 um endurskoðun framlaga við yfirfærslu grunnskólans. Í þeirri skýrslu voru lagðar til breytingar á reglugerð um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, nr. 653/1997, með síðari breytingum, en í henni er fjallað um framlög sjóðsins við yfirfærslu grunnskólans. Með þeirri tillögu leit nefndin svo á að endurskoðunarvinnu væri lokið og líta bæri áfram á hlutverk jöfnunarsjóðs í málefnum grunnskóla sem sérstakt verkefni. Ég gaf síðan út reglugerð á grundvelli tillagna nefndarinnar og í samráði við Samband

íslenskra sveitarfélaga um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, nr. 351/2002.

Í stuttu máli má segja að áhrifin af tillögum nefndarinnar séu þau að stöðva greiðslur til lítilla og tekjuhárra sveitarfélaga og í öðru lagi eru þarna gildar gulrætur til þess að hvetja sveitarfélög til sameiningar, sérstök framlög til þess, og það er mikil freisting í þessu frv. fyrir sveitarfélög til að sameinast.

Í samkomulaginu um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga eru á hinn bóginn lagðar til eftirfarandi breytingar sem frumvarpið felur í sér:

1. Framlög til jöfnunar tekjutaps einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna skv. e-lið 8. gr. hækki frá 1. janúar 2003 úr 0,64% í 0,72% af beinum og óbeinum sköttum sem innheimtir eru í ríkissjóð. Framlagið verður sameinað framlagi ríkisins skv. a-lið 8. gr. sem nú er 1,4% af sama stofni og fellur því e-liður 8. gr. niður. Hækkunin leiðir til þess að árleg framlög ríkissjóðs hækka um rúmlega 160 millj. kr. miðað við tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 2003. Þá er gert ráð fyrir 260 millj. kr. sérstöku aukaframlagi af þessu tilefni í fjáraukalögunum 2002 sem við vorum að samþykkja áðan.

2. Í framangreindu samkomulagi er einnig gert ráð fyrir að framkvæmd húsaleigubótakerfisins verði áfram verkefni sveitarfélaga. Því er lagt til að niður falli ákvæði 3. gr. laga um húsaleigubætur, nr. 138/1997, um framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, eins og ég kem að þegar næsta mál kemur á dagskrá.

Í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um breytingar á fjárhagslegum samskiptum er enn fremur gert ráð fyrir að ríkið taki yfir 15% hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði og meiri háttar viðhaldi og tækjakaupum heilsugæslustöðva, sæðissjúkrahúsa, deildasjúkrahúsa og almennra sjúkrahúsa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990. Aðilar eru jafnframt sammála um að áætlaður árlegur kostnaður sveitarfélaga sem ríkið yfirtekur samkvæmt samkomulaginu nemi að meðaltali 100 millj. kr. á ári og að framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sbr. a-lið 8. gr., lækki til samræmis við það. Jafngildir það 0,05% af beinum og óbeinum sköttum innheimtum í ríkissjóð. Samkvæmt samkomulaginu skal framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga skv. a-lið 8. gr. laganna, að teknu tilliti til breytinga sem samkomulagið hefur í för með sér, vera 2,12% frá og með 1. janúar 2003.

Með þeim breytingum sem í samkomulaginu felast koma til sveitarfélaganna í fjáraukalögum ársins í ár og fjárlögum næsta árs 800–870 millj. kr. sem færast til tekna hjá sveitarfélögunum.

Ég vil taka fram að mikil ánægja er með þetta samkomulag, bæði hjá ríki og eins hjá sveitarfélögunum. Þetta gerir verkaskiptinguna skýrari og hér eru leyst til frambúðar ágreiningsefni eða núningsefni sem hafa verið á milli þessara aðila að undanförnu.

Að lokinni umræðu í dag legg ég til að málið fari til hv. félmn. til athugunar. Hæstv. heilbrrh. mun flytja sérstakt frv. um þann þátt sem að heilbrrn. snýr, þ.e. færslu á kostnaði við yfirtöku ríkisins á kostnaði við sjúkrastofnanir.

[13:53]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra örfárra spurninga vegna þessa máls.

Nú er það svo að sveitarfélögin telja sig verða af um 1 milljarði vegna fjölgunar á einkahlutafélögum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort það muni verða brugðist við því.

Síðan eru nokkur atriði sem varða verkefnaflutninginn, t.d. í sambandi við framhaldsskólana, hvort hæstv. ráðherra geti upplýst okkur um það hvenær gengið verði frá því.

Síðan vildi ég spyrja hæstv. ráðherra: Er gert ráð fyrir að reglum um úthlutun úr jöfnunarsjóðnum verði að einhverju leyti breytt í kjölfar þessa frv.? Og munu einhverjar greiðslur koma úr jöfnunarsjóðnum vegna húsaleigubóta?

Í síðasta lagi vildi ég spyrja hæstv. ráðherra hvort öll sveitarfélög muni verða jafnsett eftir þessa breytingu.

[13:54]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég svara seinustu spurningunni fyrst, þá er það eðli jöfnunarsjóðsins að vera jöfnunarsjóður og þar með verða sveitarfélögin ekki jafnsett, það er ekki sama upphæð á hvern haus í sveitarfélögunum, heldur er verið að reyna að færa þarna peninga á milli eða útdeila peningum til sveitarfélaganna eftir því hvað þörfin er brýn í hverju sveitarfélagi. Það er skrúfað fyrir fjárstreymi til tekjuhæstu sveitarfélaganna, þ.e. þeirra sem eru tekjuhæst á íbúa, en reynt að greiða fyrir þeim sem þurfa að standa undir mikilli þjónustu en hafa ekki tekjur til þess.

Varðandi einkahlutafélögin. Þó að notuð hafi verið þessi tala eða menn hafi verið að kasta á milli sín þessari tölu, 1 milljarði, sem sveitarfélögin gætu orðið af við fjölgun einkahlutafélaga, þá er ekki hægt að fullyrða neitt um að svo sé, því ekki er hægt að finna það reikningslega fyrr en eftir álagningu næsta árs, í ágústmánuði á næsta ári hver upphæðin gæti nákvæmlega verið.

Einkahlutafélögin geta líka verið til þess að styrkja sveitarfélögin og atvinnulíf í sveitarfélögunum og aukið þannig tekjur þeirra auk þess sem breytt er reglunum um reiknað endurgjald sem menn verði að reikna sér. Úthlutunarreglum verður breytt á grundvelli frv. En það er seinni tíma verkefni, það er verkefni næsta árs eða við næstu fjárlagagerð að ræða aftur um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga og þá verður þetta einkahlutafélagadæmi væntanlega tekið til upp.

[13:57]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. En það var ein spurning sem ég spurði sem ég fékk ekki svör við og það er í sambandi við verkefnatilflutninginn og það sem ekki var upp gert varðandi hann í þessu samkomulagi, og sérstaklega kannski það sem snýr að framhaldsskólunum. Getur hæstv. ráðherra upplýst okkur um það hvenær gengið verði frá því?

Ég held að ég hafi fengið svör við öðrum spurningum. Reyndar var það sem ég spurði um áðan um sveitarfélögin, hvort þau væru jafnsett, þá átti ég nú við hvort þau væru jafnsett eins og þau voru fyrir þetta samkomulag. En það skiptir svo sem ekki máli, ég mun vonandi fá svar við því í nefndinni.

[13:57]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í stuttu máli má segja að aðstaða lítilla tekjuhárra sveitarfélaga versni, þ.e. þau hafa fengið lítils háttar framlög úr jöfnunarsjóði t.d. til aksturs skólabarna sem ekki verður lengur.

Varðandi verkefnaflutninginn þá var bara tekið þarna á sjúkrastofnunum. Það er enn þá óleyst mál með framhaldsskólann. Það er seinni tíma verkefni að ræða það og reyndar tónlistarskóla líka.

En eins og ég sagði áðan er þetta samkomulag gert í mjög góðu og sveitarstjórnarmenn eru mjög ánægðir með það.

[13:58]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt. Ég vil ekki láta hjá líða að fagna því frv. sem hér er til umræðu. Ég tel að þetta sé eitt af því jákvæðasta sem hefur komið fram á þessu hausti og að bærileg sátt skuli vera milli stjórnvalda og fulltrúa frá sveitarfélögunum um þessa hluti skiptir afar miklu máli.

Mér finnst samt að þessu hefði þurft að fylgja eitthvað meira til að hvetja menn til dáða í sambandi við stækkun sveitarfélaganna, þó að ég ætli ekki að gera lítið úr því sem hér er inni því það er greinilega jákvætt. Það er hins vegar ekki auðlesið út úr frv. hvað þetta skiptir fjárhagslega miklu máli fyrir sveitarfélögin og þess vegna sér maður ekki hvaða áhrif verða af þessu. Það er ýmislegt í frv. sem mér finnst vera til bóta eins og það að ríkið skuli yfirtaka 15% hlutdeildina í stofnkostnaði í sambandi við meiri háttar viðhald og tækjakaup í heilsugæslustöðvar, svæðissjúkrahúsin og deildasjúkrahúsin. Á móti er framlag skert um 100 milljónir í jöfnunarsjóðinn þannig að það er bara metið út og inn hvað þetta kostar.

En þetta hefur það í för með sér að frumkvæði sveitarfélaganna til framkvæmda varðandi þessar stofnanir minnkar örugglega. Við vitum að í gegnum tíðina hafa sveitarfélögin lagt peninga í framkvæmdir og oft átt inni verulegar fjárhæðir hjá ríkinu í sambandi við framkvæmdir á svona stofnunum og hafa notað þá aðferð til þess að knýja fram lagfæringar, breytingar og framkvæmdir við þær stofnanir. Menn verða því að nota aðrar leiðir til þess að ýta á sveitarfélögin um þarfar framkvæmdir af þessu tagi. Ég er ekki á móti þessari breytingu en ég bendi á að þetta getur orðið til þess að menn hafi ekki sama möguleika og frumkvæði og þeir hafa haft fram að þessu.

Það er auðvitað margt sem væri gaman að spjalla um í tengslum við þetta mál og við fáum auðvitað tækifæri til þess við 2. umr. Það stendur sérstaklega á þannig hjá mér að ég hef ekki möguleika á því að halda hér langa ræðu en ég vildi láta það koma fram að mér finnst það mjög jákvætt sem þó er í frv. og verulega til bóta hvað varðar möguleika til þess að hafa jákvæð áhrif á stækkun sveitarfélaganna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsaleigubætur, 1. umr.

Stjfrv., 440. mál (greiðsluþátttaka ríkissjóðs o.fl.). — Þskj. 601.

[14:01]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Segja má að þetta frv. sé nokkurs konar fylgifrv. þess frv. sem hér var síðast á dagskrá. Framkvæmd húsaleigubóta hefur verið verkefni sveitarfélaga og fjármagnað af þeim og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Byggist þetta á lagabreytingum sem tóku gildi 1. janúar 1998, en þeim til grundvallar lá samkomulag milli ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 7. desember 1997. Þá var samið um og lögfest að ríkissjóður skyldi árlega greiða 280 millj. kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem renna skyldu til greiðslu húsaleigubóta. Fjárhæð þessi átti að breytast árlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Nú er það sannast mála að húsaleigubætur hafa hækkað mjög mikið. Greiðslurnar hafa verið rýmkaðar, þ.e. nýir aðilar fengið rétt til húsaleigubóta. Þar nefni ég námsmenn á stúdentagörðum og fatlaða. Slakað hefur verið á skilyrðum og að auki tekið tillit til fjölskyldustærðar þannig að fjárhæðin hefur vaxið mjög að undanförnu. Skattfrelsi húsaleigubóta hefur væntanlega líka haft einhver áhrif þannig að í ár fara í þetta verkefni um 900 millj. kr.

Það eru um 10 þúsund leiguíbúðir í notkun í landinu en um 2.800 leigusamningar í gildi, þinglýstir leigusamningar sem húsaleigubætur eru greiddar út á, þ.e. það eru ekki nema um 30% af leiguhúsnæðinu og tæplega þó. Sveitarfélögin voru óánægð með að fá þessa föstu fjárhæð. Hún dugði ekki til að bera upp þann 55% hlut sem ríkið hafði greitt í húsaleigubótunum. Nú varð að samkomulagi að bæta heldur tekjustofn sveitarfélaganna. Þau fá núna að hækka tekjustofninn. Nú fá þau 2,12% af innheimtum tekjum af beinum og óbeinum sköttum í ríkissjóð. Reyndar er grunninum breytt þannig að sveitarfélögin fá aukalega fjárhæð, 60–70 millj. út af þessari breytingu á grunninum.

Í þessu samkomulagi er gert ráð fyrir að framlag ríkisins til húsaleigubóta hækki frá ársbyrjun 2003 um 220 millj. og verði samtals 550 millj. auk sérstaks 150 millj. kr. framlags sem við samþykktum í fjáraukalögum fyrr í morgun. Í samræmi við samkomulagið er lagt til að fjárhæðin verði umreiknuð sem hlutfall af skatttekjum innheimtum í ríkissjóð og bætist við framlög ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem eru reiknuð af þeim tekjustofni.

Ég geri tillögu um að hv. félmn. fái þetta frv. til athugunar að lokinni umræðunni í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 1. umr.

Stjfrv., 412. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 518.

[14:06]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum. Í frv. er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað úr 4.826 kr. í 5.440 kr. eða um 614 kr.

Úr Framkvæmdasjóði aldraðra eru m.a. veittir styrkir til byggingar öldrunarstofnana. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra stjórnar sjóðnum og gerir árlega tillögu til heilbr.- og trmrh. um úthlutun úr sjóðnum til verkefna. Framkvæmdasjóður aldraðra fær tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þeir sem greiða gjaldið eru einstaklingar á aldrinum 16–69 ára. Undanþegin gjaldinu eru börn innan 16 ára aldurs og þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs. Einnig eru þeir undanþegnir gjaldinu sem hafa tekjuskattsstofn er nemur 809.611 kr. eða lægri á tekjuárinu 2002. Jafnframt skulu skattstjórar fella gjaldið niður á þeim elli- og

örorkulífeyrisþegum undir 70 ára aldri sem dveljast á dvalar- eða hjúkrunarheimilum.

Gjaldið í Framkvæmdasjóð aldraðra er með frv. hækkað um 12,73% og er gert ráð fyrir að það aukna fjármagn sem kemur í Framkvæmdasjóðinn vegna hækkunarinnar renni óskipt til uppbyggingar öldrunarstofnana en fari ekki til reksturs stofnananna. Er það í samræmi við tillögur starfshóps sem var skipaður af ríkisstjórninni vegna aðgerða stjórnvalda til að bæta aðstæður og lífskjör aldraðra næstu tvö til þrjú árin.

Ég tel brýnt að þetta frv. hljóti afgreiðslu á haustþingi þannig að það fylgi fjárlagafrv. og leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 413. mál (skerðingarhlutfall tekjutryggingarauka). — Þskj. 519.

[14:08]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er samið í heilbr.- og trmrn. í framhaldi af tillögum starfshóps sem skipaður var af ríkisstjórninni vegna aðgerða stjórnvalda til að bæta aðstæður og lífskjör aldraðra næstu tvö til þrjú árin. Starfshópurinn var skipaður í lok september sl. og skilaði tillögum til ríkisstjórnarinnar 19. nóv. sl. Gerði starfshópurinn tillögur um hækkun á tekjutryggingu og tekjutryggingarauka frá Tryggingastofnun ríkisins umfram árlega hækkun þessara bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Jafnframt var gerð tillaga um að lækka skerðingarprósentu tekjutryggingaraukans úr 67% í 45%. Hækkun tekjutryggingar og tekjutryggingarauka kemur til framkvæmda með reglugerð heilbr.- og trmrh. sem hefur stoð í lögum um almannatryggingar. Frumvarpi þessu er ætlað að hrinda í framkvæmd breytingu á skerðingarhlutfalli tekjutryggingaraukans í 9. og 10. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar þannig að skerðingarhlutfallið verði 45%. Starfshópurinn gerði einnig ýmsar tillögur er lúta að heima- og stoðþjónustu við aldraða og að uppbyggingu og rekstri hjúkrunarheimila.

Tillögur starfshópsins um áherslur í málefnum aldraðra fylgja frumvarpi þessu til skýringar.

Frv. gerir ráð fyrir að hið breytta tekjutengingarhlutfall tekjutryggingaraukans taki gildi 1. janúar 2003. Gildir það jafnt um tekjutryggingarauka til aldraðra og öryrkja. Áætlaður kostnaður við frv. er 250 millj. kr. á næsta ári.

Herra forseti. Sú jákvæða þróun á sér nú stað að eldra fólk er oft og tíðum heilsuhraustara en áður var. Gildir það jafnt um líkamlegt og andlegt heilbrigði. Það er skiljanlegt að þetta sama fólk vilji nýta krafta sína sem lengst, sér og samfélaginu til hagsbóta. Á undanförnum missirum hefur allnokkur umræða átt sér stað um rétt þeirra sem eru komnir á hinn hefðbundna eftirlaunaaldur til að afla sér tekna og áhrif þess á bætur almannatrygginga sem þessi hópur nýtur. Tekjur fólks, hvort heldur vinnutekjur eða uppsöfnuð réttindi úr lífeyrissjóði, hafa haft þó nokkur áhrif til skerðingar bóta. Því hefur verið haldið fram að skerðingarákvæðin séu beinlínis vinnuletjandi og vinni gegn hagsmunum einstaklinganna og samfélagsins.

Það er eðli okkar Íslendinga að vilja sjá okkur farborða sjálf. Við lítum á okkar ágæta almannatryggingakerfi sem samfélagsnet sem eigi að grípa inn í þegar einstaklingurinn sjálfur er ekki fær um að afla sér tekna til framfærslu. Í þessu ljósi er lagt til að skerðingarhlutfall tekjutryggingaraukans verði lækkað. Lækkunin kemur ekki aðeins eftirlaunaþegum til góða heldur ekki síður öryrkjum. Öryrkjum sem öðrum er mikilvægt að stunda vinnu ef það er mögulegt fyrir þá, afla tekna og auka möguleika sína til betri lífskjara. Lækkun á skerðingarhlutfalli mun styrkja öryrkja á vinnumarkaði, bæði efnalega og vonandi ekki síður persónulega.

Sú lækkun sem hér er mælt fyrir að verði á skerðingarhlutfalli tekjutryggingaraukans er mikil réttarbót fyrir bótaþega almannatrygginga. Hún kemur til móts við þau grundvallarsjónarmið að menn njóti vinnu sinnar í aukinni velferð. Ég leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

[14:12]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Með þessu frv. er stigið lítið skref í átt til kjarabóta fyrir lífeyrisþega með því að minnka tekjutengingarnar á tekjuttryggingaraukann. Hins vegar var ekki farin sú leið sem lífeyrisþegar kröfðust, þ.e. að greiðslur fylgi launavísitölu. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra, þegar hann er að lækka tekjutengingarnar á tekjutryggingaraukanum, 67% sem þeir settu á þennan bótaflokk með öryrkjadómnum: Er ekki full ástæða til að minnka einnig skerðingarprósentuna á vasapeningum þeirra vistmanna sem eru á stofnunum? Þar viðgengst mjög há skerðingarprósenta.

Vasapeningar þeirra sem eru á stofnunum eru ekki nema rúmar 19 þús. kr., innan við 20 þús. kr. Þar er skerðingarprósentan 65% og eftir að vistmaðurinn fær um 4 þús. kr. í greiðslur fara vasapeningarnir að skerðast um 65%. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er ekki tímabært að leiðrétta þessa skerðingu sem er á vasapeningunum? Þetta er fyrir það fyrsta allt of lág upphæð og í öðru lagi mikil skerðing. Ég tel að hæstv. ráðherra geti gert þetta með reglugerð, það þurfi ekki lagabreytingu til, og kalla þess vegna eftir því hjá hæstv. ráðherra hvort hann muni ekki samfara þessu breyta skerðingarprósentunni á vasapeningana.

[14:13]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Frv. sem hér er flutt er í beinu framhaldi af samkomulagi sem náðist við samstarfsnefnd aldraðra og tekur á þeim atriðum sem það samkomulag náði til. Við höfum verið með vasapeningamálið til athugunar í ráðuneytinu. Ég hef ekki niðurstöðu þess á þessari stundu en við höfum gert ráðstafanir til að líta á samhengið í þeim málum og að því mun unnið á næstunni.

[14:14]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég minni á að vasapeningarnir komu ekki til umræðu í þessu samkomulagi milli ráðherranna og aldraðra. Það kemur ekki hækkun á vasapeningana, a.m.k. ekki miðað við þær upplýsingar sem við höfum fengið um þetta samkomulag. Það er algerlega í hendi hæstv. ráðherra að hækka vasapeningana í takt við aðra hækkun bóta.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki sammála mér um að 65% skerðingarhlutfall eftir 4.000 kr. á innan við 20.000 kr. vasapeningum vistmanna á stofnunum sé allhastarleg skerðing og hvort hann muni ekki taka það upp þó að það hafi ekki verið með í samkomulaginu við aldraða. Ég veit að hæstv. ráðherra er góðhjartaður maður og nú fer að líða að jólum. Ég veit að það er mjög algengt að vistmenn á stofnunum tekur mjög sárt að geta ekki veitt sér nokkuð og varla gefið sínum nánustu jólagjafir fyrir jólin. Er ekki tímabært að minnka þessa skerðingarprósentu og hækka þessa vasapeninga í takt við aðrar bætur almannatrygginga?

[14:16]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég endurtek að þetta frv. er í beinu framhaldi af gerðu samkomulagi. Við erum með þetta vasapeningamál til skoðunar og þrátt fyrir meint gott hjartalag ráðherra er ég, eins og aðrir, bundinn af fjárlögum og þeim ramma sem ég hef. Eigi að síður mun þetta verða skoðað. Ég vil geta þess að auðvitað hefur þróunin verið sú að lækka þetta skerðingarhlutfall. Það er ekki langt síðan bætur voru skertar króna á móti krónu en hlutfallið var lækkað ofan í 67% á síðasta ári og ofan í 45% núna þannig að þessi hefur verið þróunin. Við munum líta á vasapeningamálið í framhaldi af þessu en ég hef ekki niðurstöðu af því núna. (**ÁRJ**: Með jákvæðum augum.)

[14:17]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér fjöllum við um frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, með síðari breytingum, og eins og kynnt hefur verið er það hluti af samkomulagi heilbrrn. og annarra ráðuneyta sem skipuðu starfshóp með öldruðum. Ég fagna því í fyrsta lagi að slíkum starfshópi skuli hafa verið komið á og ég vona að hann verði virkur áfram og það náist gott samstarf á milli Félags aldraðra og ráðuneytanna í þessum starfshópi og að sömuleiðis verði tekinn upp sams konar eða svipaður starfshópur sem væri þá skipaður fulltrúum öryrkja. Ég tel það mikilsvert að stjórnsýslan nýti sér þá þekkingu og krafta sem eru innan þessara samtaka aldraðra og öryrkja, að samstarfshópur standi undir nafni og að sameiginlega verði reynt að finna sem bestar úrlausnir á málefnum þessara hópa. Það er kominn tími til að mynda samstöðu í staðinn fyrir að stilla sér upp í andstæðar fylkingar eins og oft og tíðum virðist hafa verið. Innan hópanna býr mikil sérþekking, mikill kraftur, og ég tel að það yrði til blessunar fyrir okkur öll ef við gætum nýtt okkur þessa krafta.

Hvað varðar frv. sjálft fagna ég þessu samkomulagi sem er í raun stórt spor í rétta átt og er kannski langt umfram það sem maður þorði að vona að kæmi út úr fyrstu niðurstöðum þessa samstarfshóps. Varðandi almannatryggingalöggjöfina var að vísu tekið lítið skref, þó fer það eftir því hver metur það, hvort það er ríkissjóður eða aldraðir. Í þetta skipti var gerð hækkun á tekjutryggingu og tekjutryggingarauka og skerðingarprósenta þessara liða var lækkuð en ekki stigið það skref að hækka grunnlífeyrinn og láta hann a.m.k. fylgja vísitöluhækkunum. Það verður vonandi næsta skref.

En hér er ákveðin þróun á ferð, sú að lækka skerðingarprósentuna. Hún var áður, eins og hér hefur komið fram, króna á móti krónu, var búin að vera 67% frá því að öryrkjadómurinn féll og er núna komin niður í 45%. Auðvitað eigum við að nota öll þau ráð sem við höfum til þess að stuðla að því að þeir aldraðir sem búa við góða heilsu og hafa löngun og kraft til að vera á vinnumarkaðnum geti það. Við eigum frekar að stuðla að því en að vera með eitthvað í almannatryggingalögum okkar sem dregur úr þátttöku eldri borgara og ellilífeyrisþega í atvinnulífinu.

Sem fylgiskjal með frv. er skýrsla samráðshópsins um málefni eldri borgara og þá þætti sem eru þessum hópi til framdráttar núna. Þar eru talin mörg atriði sem öll kosta peninga og við erum búin að leggja fjármagn til með afgreiðslu fjárlaga sem voru afgreidd fyrr í dag. Eins og ég segi eru þetta allt skref í rétta átt. Ég hefði viljað sjá myndarlegar tekið á á sumum sviðum en við skulum taka viljann fyrir verkið og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að standa að þessu samkomulagi.

[14:22]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. ræddi í máli sínu sambandið við Samtök aldraðra og Öryrkjabandalagið. Ég vil láta það koma fram að ég tel auðvitað einboðið að halda þessu samstarfi áfram. Þessi tilraun, ef svo má segja, sem við gerðum í haust gafst vel. Aldraðir kvörtuðu undan því í sambandi við sína samstarfsnefnd að það væri nokkurs konar tilkynningarskylda hjá okkur til þeirra um það sem við hefðum þegar gert. Við vildum breyta því og tókum upp þetta samráð þess vegna. Reynslan af því hefur verið þannig að það er einboðið að halda því áfram.

Ég tel líka einboðið að styrkja samráð við Öryrkjabandalagið. Ég hef reyndar komið þeim skilaboðum áleiðis að ég væri tilbúinn að ræða leiðir að slíku. Ég tel að samráð sé af hinu góða og geti ekki annað en leitt gott af sér. Þetta vildi ég að kæmi fram við þessa umræðu.

[14:23]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra sérstaklega fyrir þær upplýsingar sem hann gefur hér. Eins og ég sagði áðan tel ég mikilsvert að hafa gott samstarf við eldri borgara og öryrkja. Þetta samráð og samráðshópurinn hefur gefið góða raun. Þarna eru góðir kraftar, hópur sem býr yfir mikilli þekkingu og það gleður mig innilega að heyra að það eigi að koma á samráðsnefnd við öryrkja eins og við aldraða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 414. mál (viðmiðun lífeyris). — Þskj. 523.

[14:24]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga frá efh.- og viðskn. um breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Frv. þetta felur í sér að það verði rýmkuð heimild til þess að nýta vísitölur í þeim tilvikum þar sem fólk hefur samið um að taka lífeyri á grundvelli eftirmannsreglu. Í ákveðnum tilvikum er sú regla sem er í löggjöfinni of þröng. Þetta er til komið vegna þess að starfsmenn Íslandsbanka sem eru með sérstakan lífeyrissjóð, viðbótarlífeyrissjóð, hafa orðið fyrir því að það er mjög óhægt um vik í mörgum tilvikum að nýta eftirmannsreglu vegna mikilla breytinga sem eiga sér stað í bönkunum þessa

dagana. Þess vegna mundi það henta þeim, bæði starfsmönnunum og bankanum, að það væri meira frelsi til að finna vísitölu sem hentaði til að endurspegla eftirmannsregluna rétt.

Virðulegi forseti. Þess vegna er þetta frv. flutt og ég hygg að það yrði til bóta, ekki bara í þessu tilviki heldur fyrir ýmis önnur sem upp kunna að koma.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þessu máli verði vísað til 2. umr. en ekki til nefndar þar sem þetta er flutt af nefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, 2. umr.

Stjfrv., 183. mál (tryggingatími). — Þskj. 184, nál. 521.

[14:26]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Þetta frv. er fyrst og fremst tæknilegs eðlis og snýst um að trygging haldist óbreytt meðan lokunarferli stendur yfir hjá fjármálastofnunum. Nefndin gerir tillögu um að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður bænda, 2. umr.

Stjfrv., 321. mál (skylduaðild maka, skipting iðgjalda). — Þskj. 349, nál. 580.

[14:27]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda.

Frv. þetta gengur út á að felld er niður skylduaðild þeirra maka bænda sem ekki starfa að búrekstri. Enn fremur er sagt að iðgjöld bónda skuli skiptast milli maka hans og sambúðaraðila í þeim hlutföllum sem hann hefur óskað eftir skriflega enda gangi hlutur makans til myndunar sjálfstæðra lífeyrisréttinda hans.

Virðulegi forseti. Þetta frv. nýtur mikils fylgis allra hlutaðeigandi aðila og þess vegna leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, 2. umr.

Stjfrv., 323. mál (vextir). — Þskj. 351, nál. 591.

[14:29]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda. Frv. þetta snýst um vaxtaviðmiðun og það er til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru á lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Fyrst og fremst er þetta spurning um hvaða skilgreiningar eru notaðar við vaxtaviðmiðanir.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, 2. umr.

Stjfrv., 344. mál (verslunarlánasjóður). — Þskj. 380, nál. 581.

[14:30]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um brottfall laga um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóð).

Virðulegi forseti. Þessara laga er ekki saknað af neinum og engin ástæða til annars en að fella þau úr gildi og nefndin leggur til að það verði gert snarlega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ábyrgðir vegna lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála, 2. umr.

Stjfrv., 356. mál. — Þskj. 393, nál. 590.

[14:30]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um auknar ábyrgðir vegna lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

Mál þetta hefur verið sent til umsagnar aðila sem getið er um í nál. Þetta er mikið framfaramál fyrir þá aðila sem í hlut eiga og nauðsynlegt að Norræni fjárfestingarbankinn hafi getu til að lána til umhverfismála með þeim hætti sem gert er ráð fyrir.

Nefndin leggur því til að mál þetta verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningsaðstoð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 429. mál (heildarlög). — Þskj. 556.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:35]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Ársreikningar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 427. mál (EES-reglur). — Þskj. 553.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fjáröflun til vegagerðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 428. mál (afsláttur af þungaskatti). — Þskj. 554.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 441. mál (Jöfnunarsjóður). — Þskj. 602.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Húsaleigubætur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 440. mál (greiðsluþátttaka ríkissjóðs o.fl.). — Þskj. 601.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Málefni aldraðra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 412. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 518.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 413. mál (skerðingarhlutfall tekjutryggingarauka). — Þskj. 519.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, frh. 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 414. mál (viðmiðun lífeyris). — Þskj. 523.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 11., 14., 17. og 19.–26. mál.

Fundi slitið kl. 14:41.

49. FUNDUR

mánudaginn 9. des.,
kl. 4.30 síðdegis.

Dagskrá:
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Fjarvistarleyfi:
Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[16:30]

Útbýting þingskjala:

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 443. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 615.

Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn, 395. mál, nál. utanrmn., þskj. 627.

Breyting á XV. viðauka við EES-samninginn, 394. mál, nál. utanrmn., þskj. 626.

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, 445. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 625.

Daggjöld hjúkrunarheimila og fjöldi hjúkrunarrýma, 210. mál, svar heilbrrh., þskj. 609.

Félagamerki, 346. mál, nál. iðnn., þskj. 623.

Fjármálafyrirtæki, 215. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 617; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 630.

Fjáröflun til vegagerðar, 428. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 631.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 444. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 624.

Námsstyrkir, 446. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 629.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 376. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 633.

Safnalög, 393. mál, nál. iðnn., þskj. 622.

Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Singapúr, 400. mál, nál. utanrmn., þskj. 628.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 372. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 618.

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 371. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 616.

Tekjuskattur og eignarskattur, 324. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 619; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 620; brtt. VE o.fl., þskj. 621.

Útflutningsaðstoð, 429. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 632.

Vitamál, 258. mál, nál. samgn., þskj. 634.

Fundi slitið kl. 16:33.

---

50. FUNDUR

þriðjudaginn 10. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, stjfrv., 183. mál, þskj. 184, nál. 521. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 321. mál, þskj. 349, nál. 580. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, stjfrv., 323. mál, þskj. 351, nál. 591. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, stjfrv., 344. mál, þskj. 380, nál. 581. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Ábyrgðir vegna lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála, stjfrv., 356. mál, þskj. 393, nál. 590. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 324. mál, þskj. 352, nál. 619 og 637, brtt. 620 og 621. — 2. umr.

7. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 215. mál, þskj. 218, nál. 617 og 635, brtt. 630. — 2. umr.

8. Tryggingagjald, stjfrv., 181. mál, þskj. 182, nál. 520. — 2. umr.

9. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 322. mál, þskj. 350, nál. 579. — 2. umr.

10. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 355. mál, þskj. 392, nál. 582 og 606. — 2. umr.

11. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 359. mál, þskj. 399, nál. 592. — 2. umr.

12. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 371. mál, þskj. 417, nál. 616. — 2. umr.

13. Staðgreiðsla opinberra gjalda, stjfrv., 372. mál, þskj. 418, nál. 618. — 2. umr.

14. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 428. mál, þskj. 554, nál. 631. — 2. umr.

15. Útflutningsaðstoð, stjfrv., 429. mál, þskj. 556, nál. 632. — 2. umr.

16. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 376. mál, þskj. 428, nál. 633. — 2. umr.

17. Skyldutrygging lífeyrisréttinda, frv., 414. mál, þskj. 523. — 2. umr.

18. Matvælaverð á Íslandi, þáltill., 3. mál, þskj. 3, nál. 597. — Síðari umr.

19. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 436. mál, þskj. 593. — 1. umr.

20. Skipamælingar, stjfrv., 158. mál, þskj. 158, nál. 570. — 2. umr.

21. Póstþjónusta, stjfrv., 257. mál, þskj. 268, nál. 571. — 2. umr.

22. Vitamál, stjfrv., 258. mál, þskj. 269, nál. 634. — 2. umr.

23. Veiðieftirlitsgjald, frv., 437. mál, þskj. 596. — 1. umr.

24. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 244. mál, þskj. 248, nál. 594. — 2. umr.

25. Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, stjfrv., 245. mál, þskj. 249, nál. 595. — 2. umr.

26. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 247. mál, þskj. 251, nál. 558. — 2. umr.

27. Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, stjfrv., 354. mál, þskj. 391, nál. 532. — 2. umr.

28. Félagamerki, stjfrv., 346. mál, þskj. 382, nál. 623. — 2. umr.

29. Safnalög, stjfrv., 393. mál, þskj. 454, nál. 622. — 2. umr.

30. Búnaðargjald, frv., 442. mál, þskj. 603. — 1. umr.

31. Breyting á XV. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 394. mál, þskj. 455, nál. 626. — Síðari umr.

32. Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 395. mál, þskj. 456, nál. 627. — Síðari umr.

33. Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Singapúr, stjtill., 400. mál, þskj. 491, nál. 628. — Síðari umr.

34. Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 424. mál, þskj. 550. — Fyrri umr.

35. Breyting á IX. og XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 425. mál, þskj. 551. — Fyrri umr.

36. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 426. mál, þskj. 552. — Fyrri umr.

37. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 438. mál, þskj. 599. — Fyrri umr.

38. Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 439. mál, þskj. 600. — Fyrri umr.

39. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 443. mál, þskj. 615. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

40. Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 445. mál, þskj. 625. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.

Tilkynning um dagskrá.

[13:30]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Að lokinni atkvæðagreiðslu um fyrstu fimm dagskrármálin fer fram umræða utan dagskrár um stöðu lágtekjuhópa. Málshefjandi er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Hæstv. félmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:30]

Útbýting þingskjala:

Fjármálafyrirtæki, 215. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 635.

Ofvirk börn, 224. mál, svar heilbrrh., þskj. 610.

Skipulag ferðamála, 447. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 638.

Tekjuskattur og eignarskattur, 324. mál, nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 637.

Athugasemdir um störf þingsins.

Framganga stjórnarformanns Landsvirkjunar.

[13:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna framgöngu stjórnarformanns Landsvirkjunar, Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, að undanförnu. Landsvirkjun er opinbert fyrirtæki, sameignarfyrirtæki ríkisins og tveggja sveitarfélaga, og það er ekki hægt að horfa fram hjá því að stjórnarformaður Landsvirkjunar fer með opinbert sýslunarhlutverk, hann situr þar á ábyrgð hæstv. iðnrh. og í krafti eignar ríkisins. Framganga hans er því mál sem varðar Alþingi.

Undanfarna daga hefur nefndur einstaklingur nánast farið hamförum. Hann hefur veist að nafngreindum vísindamönnum, prófessorum við Háskóla Íslands, og haft um þau þau ummæli að þar séu menn nánast tilbúnir að fórna starfsheiðri sínum til þess að koma í veg fyrir tilteknar framkvæmdir eða í pólitísku skyni.

Í útvarpsviðtali í morgun gekk Jóhannes Geir Sigurgeirsson, formaður stjórnar Landsvirkjunar, enn lengra og reifaði þau sjónarmið sín að það gengi nánast gegn lýðræði í landinu að umhverfisverndarsamtök og umhverfisverndarsinnað fólk héldi fram skoðunum sínum eftir að Alþingi hefði gert það sem það hefur gert, veitt heimild til tiltekinna framkvæmda. Hann taldi að náttúruverndarsamtök væru í framgöngu sinni afar tortryggileg og jaðraði við að hann sakaði menn þar um óþjóðhollustu með því að halda sínum sjónarmiðum fram eins og þar hefði verið gert. Sérstaklega ámælisvert var, að mati stjórnarformannsins, að upplýsa um mál hér í landi gagnvart útlendingum, rétt eins og meðhöndla ætti deilur um þessar framkvæmdir sem ríkisleyndarmál. Síðast en ekki síst reyndi nefndur Jóhannes Geir Sigurgeirsson að gera náttúruverndarsamtök tortryggileg með því að víkja að fjármálum þeirra og spyrja hvaðan þau hefðu fjármuni til starfsemi sinnar, talandi úr stóli stjórnarformanns Landsvirkjunar með allt silfrið sitt sem sáldrar tugum milljóna út um þjóðfélagið eins og kunnugt er.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra: Nýtur stjórnarformaður Landsvirkjunar stuðnings ráðherra í þessari framgöngu sinni? Hefur ráðherra hugleitt að leysa stjórnarformann Landsvirkjunar frá störfum?

[13:33]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Já, formaður Landsvirkjunar nýtur stuðnings sem formaður Landsvirkjunar. Hann er skipaður af mér og ég hef í sjálfu sér ekkert fleira um það að segja. Hins vegar legg ég honum ekki orð í munn og þess vegna verður hv. þm. að beina spurningum sínum til réttra aðila. Hann getur ekki ætlast til þess að ég beri ábyrgð á orðum þeirra sem ég hef kosið til trúnaðarstarfa.

Það geta verið uppi mismunandi skoðanir á málefnum og jafnvel á mönnum, og hv. þm. Vinstri grænna hafa nú oft tekið nokkuð upp í sig hvað varðar skoðanir, ýmist á mönnum eða málefnum. Ég get sagt það út af því sem hv. þm. kom inn á og tengist því að náttúruverndarsinnar svokallaðir — ég vil nú kalla mig náttúruverndarsinna og skammast mín ekki fyrir það — hafa í ýmsum tilfellum beitt sér mjög öfluglega gagnvart erlendum aðilum til þess að reyna að hafa áhrif á framkvæmdir á Íslandi. Ég tel að þetta orki mjög tvímælis. Ekki síst tel ég að hv. þm. Vinstri grænna ættu að vera á varðbergi gagnvart slíkum málum og aðgerðum vegna þess

að þeir hafa í mörgum tilfellum talað um óæskilegt, yfirþjóðlegt, erlent vald. Það hlýtur að vekja upp spurningar í þeirra huga þegar Íslendingar beita sér á grimmilegan hátt gegn framkvæmdum á Íslandi og gera það gagnvart erlendum aðilum, sennilega vegna þess að þeir telja að þeir hafi gefist upp gagnvart íslenskum stjórnvöldum. Þetta eru staðreyndir sem liggja fyrir og ég tel að það sé fyrst og fremst það sem formaður Landsvirkjunar hafði í huga.

[13:36]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er hluti af lýðræðinu að halda uppi gagnrýni og aðhaldi jafnvel þó að það sé óvægið á köflum. Ég er þeirrar skoðunar að stjórnarformaður Landsvirkjunar sé í sínum fulla rétti þegar hann gagnrýnir náttúruverndarsamtök. Það er allt í lagi. Þau geta vel staðið undir því. Ég hygg hins vegar að stjórnarformaður Landsvirkjunar sé kominn langt út fyrir öll eðlileg mörk þegar hann nafngreinir einstaklinga eins og þau þrjú sem hafa orðið skotspónn gagnrýni hans og vegur mjög grimmilega að þeim. Ég get ekki annað en fordæmt fortakslaust þau ummæli stjórnarformannsins. Ég tel að þau hafi orðið Landsvirkjun til vansa og ég tel að þau hafi verið mjög óheppileg fyrir framgang málsins.

Ég kem hingað, herra forseti, sem stjórnmálamaður sem styður Kárahnjúkavirkjun eindregið. Ég og minn flokkur erum þeirrar skoðunar að það eigi að ráðast í þá virkjun og það eigi að byggja álver við Reyðarfjörð. Ég er hins vegar ekki að biðja um það að náttúruverndarsamtök undanskilji mig einhverri gagnrýni. Ég stend hérna sem stjórnmálamaður sem hefur verið sérstakur skotspónn Náttúruverndarsamtaka Íslands sem hafa farið í herferð og beðið félagsmenn sína um að senda mér póstkort til þess að benda mér á að mig hafi borið af leið. Ég tel að samtökin séu í sínum fulla rétti til þess að gera það. Ég bið menn ekki um að hætta að gagnrýna mig. Ég tel að Landsvirkjun geti ekki reynt með þessum hætti að ómerkja gagnrýni náttúruverndarsinna. Þau eru í sínum fulla rétti.

Ég ítreka, herra forseti, að ég tel að ráðherra ætti að hlutast til um að stjórnarformaðurinn biðjist afsökunar á ummælum sínum og dragi þau til baka. En ég vil að það komi alveg skýrt fram að ég er ekki í hópi þeirra sem heimta að menn segi af sér vegna þess að þeim verði á mistök af þessu tagi. Ég tel að honum hafi orðið á mistök en það er mannlegt.

[13:38]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Stjórnarformaður Landsvirkjunar tjáir sig um málefni Landsvirkjunar í skjóli hæstv. iðnrh. Það er alveg ljóst og mér heyrðist hæstv. ráðherra í ræðu sinni áðan nánast taka undir orð stjórnarformannsins og það verð ég að segja að er afar hæpið af hæstv. ráðherra. Sannleikurinn er auðvitað sá að Landsvirkjun hefur í baráttunni sem staðið hefur núna árum saman um stórvirkjanir á hálendi Íslands haft yfirburðastöðu hvað varðar fjármagn í sinn áróður. Landsvirkjun rekur ríkisstyrktan áróður gegn náttúruverndarsinnum í þeim efnum. Og ég ætla að biðja hæstv. iðnrh. að rifja upp svar sem hún sjálf gaf mér á þingskjali sl. vor og reyndar aftur núna í haust um hvað það er búið að kosta þjóðina, þetta áróðursstríð Landsvirkjunar. Það eru ekki tugir milljóna eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gat um í ræðu sinni áðan. Það er farið að skipta hundruðum.

Sannleikurinn er sá að Landsvirkjun eyðir í beinan áróður vegna stóriðjuframkvæmda á hálendinu um 50–60 millj. á hverju einasta ári. Það fer að koma að því, herra forseti, að við spyrjum hæstv. iðnrh. hvort Landsvirkjun sé þar með farin að fara út fyrir hlutverk sitt og farin að láta almenna notendur raforku greiða niður stóriðjuæði Landsvirkjunar og ríkisstjórnarinnar. Það er aðvitað algert lágmark að hæstv. iðnrh. biðji þennan stjórnarformann, sem situr í hennar skjóli og talar í hennar skjóli, að biðja fólk afsökunar, fólk sem hann hefur meitt og nítt niður opinberlega á þann hátt sem stjórnarformaðurinn hefur gert. Auðvitað er rétt að hæstv. iðnrh. hugleiði það að kannski þurfi stjórnarformaðurinn að víkja.

[13:40]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Deilan um þessa virkjun hefur verið mjög hatrömm í þjóðfélaginu, því miður, en vonandi fer henni að linna. Það sem mér finnst fyrst og fremst vera athugavert við þann málflutning sem komið hefur fram að undanförnu eru afskipti alþjóðasamtaka eins og World Wildlife Fund. Við samþykktum á sínum tíma að þessi samtök yrðu áheyrnaraðilar að Norðurskautsráðinu og gerðum það með trega vegna þess að þau höfðu beitt sér gegn þorskveiðum í Norður-Atlantshafi. Þau samþykktu að falla frá því. Ég sé ekki betur en að þessi samtök hafi beitt sér gegn málinu mjög hatrammlega í samvinnu við aðila hér á Íslandi með röngum upplýsingum, m.a. gegn verktökum sem ætluðu sér að bjóða í þetta verk. Sennilega hafa einhverjir þeirra fallið frá því vegna þess að þessi alþjóðasamtök, sem eru tiltölulega vel virt, hafa komið á framfæri röngum upplýsingum sem þau hafa fengið á Íslandi. Auðvitað er þetta skemmdarstarf og menn ganga mjög langt í þessari andstöðu með þessum hætti. En aðalatriðið er að ákveðið hefur verið að byggja þessa virkjun. Það hefur verið ákveðið af Landsvirkjun, það hefur verið ákveðið af ríkisstjórn Íslands og fyrir því er mikill meiri hluti á Alþingi. Er ekki kominn tími til að leggja þetta mál til hliðar í umræðum á Alþingi og snúa sér að því að koma því í framkvæmd og að minni hlutinn hér á Alþingi sætti sig stundum við það að vera minni hluti og snúi sér að öðrum verkefnum sem ekki hafa verið ákveðin?

[13:42]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Stjórnarandstaðan sættir sig alveg við það að vera í minni hluta. Það gerir stjórnarandstaðan á hverjum tíma. En stjórnarmeirihlutinn verður líka að hafa bein til að þola lýðræðislega umræðu og gagnrýni sem er á rökum reist, og það virðist ráðherralið Framsfl. ekki hafa. Ef þessi ræðustóll væri í postulínsbúð væri hér allt brotið og bramlað. Þannig er framganga ráðherra Framsfl. í þessu máli.

Vissulega situr stjórnarformaður Landsvirkjunar í skjóli iðnrh. og Framsfl. Það er engin önnur ástæða fyrir setu þess manns þar og auðvitað ber hæstv. iðnrh. pólitíska ábyrgð á þeirri skipan og því sem sá maður segir í krafti þess embættis sem hún veitti honum. Þannig er staðan ósköp einfaldlega og það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðherra að kveinka sér undan henni.

Vissulega var hér veitt heimild til virkjunar. Ég var í hópi þeirra þingmanna sem greiddu atkvæði gegn þeirri heimild, og það að meiri hlutinn hafi fengið að ráða þar hefur ekkert breytt minni afstöðu, herra forseti. Ég er enn þá jafnmikið á móti þeirri virkjunarheimild núna og ég var í febrúar sl. og það mun ekki breyta því hvernig ég ræði um þessi mál,

hvorki úti í samfélaginu né úr ræðustóli hins háa Alþingis. Það sama á við um alla aðra í lýðræðissamfélagi.

En lægst lúta þó þessir hæstv. ráðherrar þegar þeir bregða á það ráð að brigsla fólki um landráð. Er þá vakinn upp gamall draugur í íslenskum stjórnmálum, að nú séu menn orðnir vondir og í kompaníi við útlendinga sem eru í þokkabót náttúruverndarsinnar.

[13:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ekki veit ég í hvaða heimi eða á hvaða öld framsóknarmenn lifa, a.m.k. ekki á þeirri tuttugustu og fyrstu ef þeir hafa ekki áttað sig á því að alþjóðleg umhverfisverndarsamtök, rétt eins og alþjóðleg mannréttindasamtök, láta sig viðfangsefni sín vítt og breitt um heiminn varða.

Í öðru lagi er það væntanlega rangt hjá hæstv. utanrrh. að búið sé að ákveða að byggja þessa virkjun. Eða hvað? Er ekkert að marka yfirlýsingar forstjóra Landsvirkjunar og ráðamanna þar á bæ, að það eigi eftir að meta arðsemina þegar allir samningar liggja fyrir og þá fyrst verði ákvörðunin tekin? Er hæstv. utanrrh. e.t.v. að upplýsa hið sanna í málinu, að í Stjórnarráðinu sé búið að ákveða þetta hvað sem allri hagkvæmni muni líða?

Í þriðja lagi, herra forseti, er stjórnarformaður Landsvirkjunar stjórnarformaður Landsvirkjunar og talar sem slíkur í þessu máli, ekki sem einstaklingur úti í bæ. Hann er skipaður af ráðherra og hann starfar í umboði ráðherra þannig að ráðherra verður að gjöra svo vel, ef hún ætlar að vera í embættinu, að taka ábyrgð á þessum fulltrúa sínum.

Herra forseti. Það kemur mér ekki á óvart að hæstv. iðnrh. beri blak af framsóknarmanninum Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni. Það eru vissulega vonbrigði en í ljósi þess að það var auðvitað hæstv. ráðherra sjálf sem reið á vaðið og gaf veiðileyfi á vísindamennina er ekki hægt að segja að það komi á óvart. Að sjálfsögðu eiga náttúruverndarsamtök að þola gagnrýni en að reyna að þagga niðri í þeim með þessum hætti, eins og þau hafi ekki rétt til að halda fram sínum skoðunum í hvaða stöðu sem málið er, er með hreinum ólíkindum í lýðræðissamfélagi á upplýstri öld. Undarlegast er þó að heyra Landsvirkjun, ríkisstjórnina, ráðuneytin og ráðherrana væla eins og þeir séu litli maðurinn í málinu, þeir séu Davíð, að náttúruverndarsamtök og fólk með berar hendurnar séu Golíat, og að allur sá aflsmunur sem felst í ríkisvaldinu, meiri hlutanum og peningunum skipti þarna engu máli.

[13:47]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Til að forðast misskilning þá mega náttúruverndarsamtök að sjálfsögðu halda fram málstað sínum, ég hef ekkert við það að athuga frekar en aðrir í samfélaginu. Ég tel það hins vegar ekki rétt, hvorki af slíkum samtökum né öðrum, að beita sér með röngum upplýsingum gagnvart verktökum og þeim sem hafa hugsað sér að taka að sér verk í slíku máli. Eða telur hv. þm. að það sé eðlilegt eða heimilt að beita sér með hvaða hætti sem er gagnvart tiltekinni framkvæmd í landinu? (**SJS:** Hvar eru sannanirnar fyrir röngum upplýsingum?) Telur hv. þm. að slíkt sé eðlilegt?

Það er hins vegar rétt hjá hv. þm. að það hefur verið ákveðið að fara í þessa virkjun, reynist hún arðbær. Ég hélt að hv. þm. gerði sér grein fyrir því. Það eru allar líkur til þess, eins og tilboð standa til núna, að hún sé mjög arðbær sem betur fer. Og ef hún yrði ekki byggð þá yrði hagvöxtur hér á landi væntanlega mjög lítill á næstu árum og þá yrði ekki svigrúm til allra þeirra góðu verka sem hv. þm. leggja áherslu á m.a. í afgreiðslu fjárlaga. Þetta er spurningin um það að við getum staðið undir því velferðarkerfi sem við ætlum okkur og þá þarf yfirleitt að fórna einhverju til.

Í forsendum öllum er gengið út frá því að þetta geti orðið að veruleika. Við skulum vona að guð gefi að svo verði og það er ekkert sem bendir til annars, sem betur fer. Og það er mikilvægt fyrir hv. þm. að fara að átta sig á því, ekki síst sem fulltrúa þessa svæðis sem hann mun nú ganga væntanlega til. (**SJS:** Þú ert nú farinn þaðan.) Já, og ég held að það verði dálítið vond skipti.

[13:49]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég kem hér í annað sinn í tilefni orða hæstv. utanrrh. Hann talaði áðan um náttúruverndarsasmtökin World Wildlife Fund og hann heldur því fram í tvígang hér í ræðustóli að þessi samtök séu að reka baráttu sína á grundvelli rangra upplýsinga.

Hvaða röngu upplýsingar eru það, herra forseti, sem hæstv. utanrrh. telur að þessi samtök séu að reka baráttu sína á? Það fólk sem rekur þessa baráttu hér heima og í útlöndum gagnrýnir íslensk stjórnvöld, og fyrir hvað? Fyrir það að ekki skuli hafa farið fram skilyrt verðmætamat á landinu sem um ræðir, sem á að fórna undir hina gífurlegu virkjun. Fyrir það að aðrir kostir hafi ekki verið metnir faglega. Fyrir það að aldrei hafi verið reiknað út hverju við erum að tapa með því að stofna ekki þjóðgarð á svæðinu sem um ræðir. Fyrir það að umhverfiskostnaður skuli ekki vera reiknaður með inn í dæmið. Og ekki bara það að umhverfiskostnaðurinn skuli ekki vera reiknaður með heldur er ekkert reiknað því að arðsemismat hefur enn ekki verið kynnt eða lagt fram.

Sömuleiðis hefur þetta fólk talað um það að mat á umhverfisáhrifum hafi verið falsað. Það eru líka réttar upplýsingar, þær eru ekki rangar. Úrskurði Skipulagsstofnunar var snúið við með pólitísku handafli framsóknarráðherrans Sivjar Friðleifsdóttur. Þetta eru líka upplýsingar sem þetta fólk hefur, og efnahagslegar mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa enn ekki verið lagðar fram. Þetta eru nú upplýsingarnar sem náttúruverndarsamtökin World Wildlife Fund byggja málflutning sinn á.

Eru þetta rangar upplýsingar? Nei, herra forseti, þær eru allar réttar.

[13:51]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það hefur ekki verið meiningin af hálfu ríkisstjórnarinnar að þagga niður í neinum í sambandi við þessa umræðu. Ég segi fyrir mig að ég hef bara virkilega gaman af því að tala við hv. þingmenn Vinstri grænna og aðra andstæðinga þessarar virkjunar vegna þess að ég er mjög stolt af því sem við höfum verið að gera og ég trúi því reyndar núna að við sjáum fyrir endann á því að undirbúa verkið og það verði af þessum framkvæmdum.

En af því að það hefur verið eitt af því sem hefur verið gagnrýnt að stjórnarformaður Landsvirkjunar talaði um það að náttúruverndarsamtök hér væru studd af erlendum náttúruverndarsamtökum og þannig gætu þau beitt þeim áróðri sem þau hafa gert, þá er ég hér með bréf undir höndum frá Árna Finnssyni þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Það gefur augaleið að Náttúruverndarsamtök Íslands hefðu aldrei náð þeim árangri og styrk sem þau hafa náð ef þau hefðu ekki átt kost á að halda starfsmann með tilstyrk World Wildlife Fund Arctic Program.“

Þannig að þetta er þá alla vega á hreinu. (Gripið fram í.) Það hefur ekki alltaf verið þannig að menn hafi viljað kannast við þetta. (**Gripið fram í:** Jú, alltaf.)

Og af því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson talar um, og ég er ánægð með að hann styður Kárahnjúkavirkjun og segir að flokkur hans geri það eindregið, þá heyrist mér það nú ekki vera því að hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir studdu þetta ekki. (**Gripið fram í:** ... atkvæðisrétt.) En ég vil þakka það að hann styður málið. (**Gripið fram í:** Skoða þetta ... í okkar flokki.) (**Gripið fram í:** Þá verður að rökstyðja hvernig ...) Hvaða ósköp, er ekki allt í lagi? Ég segi það. (**Gripið fram í:** Nei.)

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti biður um hljóð í salnum meðan hæstv. ráðherra talar.)

En þegar talað er um pólitískt handafl af hálfu hæstv. umhvrh. í sambandi við Kárahnjúkavirkjun þá er það nú samkvæmt lögum að ráðherra hefur síðasta orðið. Mat á umhverfisáhrifum frá Skipulagsstofnun er ekki síðasta orðið. Og ef það væri þá væri a.m.k. öðruvísi komið með framkvæmdir vegna Norðlingaölduveitu því að þá værum við ekki að ræða það mál, þá væri það búið. Þannig að það stendur ekki steinn yfir steini í því sem hv. þingmenn halda fram.

[13:53]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Fleiri hv. þm. hafa óskað eftir að taka til máls en sá tími sem ætlaður er til að ræða störf þingsins er liðinn.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 39. og 40. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, frh. 2. umr.

Stjfrv., 183. mál (tryggingatími). — Þskj. 184, nál. 521.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 321. mál (skylduaðild maka, skipting iðgjalda). — Þskj. 349, nál. 580.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 323. mál (vextir). — Þskj. 351, nál. 591.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, frh. 2. umr.

Stjfrv., 344. mál (verslunarlánasjóður). — Þskj. 380, nál. 581.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Ábyrgðir vegna lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 356. mál. — Þskj. 393, nál. 590.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Staða lágtekjuhópa.

[13:59]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Fyrir sex árum kom fram í rannsókn að 10% Íslendinga að lágmarki væru undir skilgreindum fátæktarmörkum. Síðan þá hefur fátækt orðið æ meira áberandi, misskipting vaxið og stéttaskipting er orðin staðreynd í íslensku samfélagi.

Á sama tíma og fátækt verður sýnilegri hefur átt sér stað gífurleg tekjutilfærsla í þjóðfélaginu og samþjöppun valds og auðs fer vaxandi. Staðreyndin er líka sú að verulegar brotalamir hafa komið fram á velferðarkerfinu og félagsmálastjórinn í Reykjavík sagði nýverið að velferðarkerfið gagnist verst þeim sem mest þurfa á því að halda. Kerfið væri götótt og fólk lenti í fátæktargildrum.

Stjórnvaldsaðgerðir hafa átt veigamikinn þátt í þessu. Má þar nefna frystingu skattleysismarka, skerðingu á barnabótum, lífeyrisgreiðslum og atvinnuleysisbótum. Einnig mikil hækkun á lyfja- og lækniskostnaði og gífurleg hækkun á húsnæðiskostnaði, ekki síst á leigumarkaðnum, m.a. vegna vaxtahækkana ríkisstjórnarinnar. Þessar aðgerðir hafa komið mjög illa við aldraða, öryrkja, einstæða foreldra, atvinnulausa, námsmenn og tekjulægstu barnafjölskyldurnar.

Biðraðir mæðrastyrksnefndar segja raunar allt sem segja þarf um fátæktina á Íslandi. Hjá einni ríkustu þjóð heims er átakanlegt að þurfa að sjá einstæðar mæður með börn á handlegg í biðröð eftir matargjöfum. Það er sorglegt að í góðærinu skuli veruleikinn sá á Íslandi að 160 fjölskyldur standi í biðröð eftir mat á einum og sama deginum til þess hreinlega að svelta ekki. Formaður mæðrastyrksnefndar segir að 700 fjölskyldur á höfuðborgarsvæðinu séu í sárri neyð en 1.580 umsóknir hafi verið afgreiddar á sex mánuðum. Ætla má að á bak við þær séu 4.500 manns.

Nú þegar lífeyrisþegar knýja á um litla leiðréttingu á kjörum sínum er einungis hluta af því skilað til baka af því sem ríkisstjórnin hefur hlunnfarið þá um á síðustu árum. Atvinnulausir virðast algerlega úti í kuldanum en ríkisstjórnin hefur snuðað þá um 15 þús. kr. á mánuði á undanförnum árum, samkvæmt upplýsingum félmrh. við fyrirspurn minni á Alþingi. Ekkert á að gera fyrir atvinnulausa í fjárlögum næsta árs fyrir utan verðlagsuppfærslu á bótum en atvinnuleysi fer vaxandi, ekki síst hjá ungu fólki. Það hefur tvöfaldast hér á höfuðborgarsvæðinu á stuttum tíma. Þessu til viðbótar hefur ríkisstjórnin ráðist í að skattleggja sérstaklega kjör lágtekjuhópa og m.a. skert skattleysismörkin svo að stór hópur lágtekjufólks, lífeyrisþega og atvinnulausra greiðir sem svarar mánaðarframfærslueyri sínum í skatt á ári.

Ríkisvaldið hefur velt vandanum yfir á sveitarfélögin en vegna skerðingar ríkisvaldsins á kjörum þeirra tekjulægstu hefur fjárhagsaðstoð sveitarfélaga blásið út, einkum hér í Reykjavík. Fjárhagsaðstoð borgarinnar hefur vaxið um 48% milli ára. Stöðu einstakra hópa þarf að taka til sérstakrar skoðunar, ekki síst einstæðra foreldra og forsjárlausra feðra, en þeir eru stór hópur þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar ásamt lífeyrisþegum og atvinnulausum.

Brýnt er, herra forseti, að taka með skipulögðum hætti á fátækt á Íslandi. Mikilvægt er að láta fara fram úttekt á umfangi, orsökum og afleiðingum fátæktar, bæði félagslegum og fjárhagslegum, og leggja fram tillögur til úrbóta sem treysti öryggisnet velferðarkerfisins. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé reiðubúinn að styðja tillögu sem liggur fyrir Alþingi um það efni. Auk þess spyr ég hvort ráðherrann telji eðlilegt að tekjulægstu hóparnir, með innan við lágmarkslaun sér til framfærslu, greiði tekjuskatt af þeirri hungurlús og að greiddur sé skattur af fjárhagsaðstoð sveitarfélaga til fátækra. Staðreyndin er sú að ríkisvaldið veltir vandanum æ meira yfir á sveitarfélögin. Þar hafa eins og ég nefndi áður bæði fjárhagsaðstoðin og húsaleigubætur blásið út.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hver sé skýringin á því að atvinnulausir fá ekki sömu hækkun og lífeyrisþegar um nk. áramót. Það er reginhneyksli að samkomulagið sem Samtök aldraðra gerðu við ríkisvaldið skuli ekki líka ganga til þeirra sem verst eru settir og hafa 73 þús. kr. á mánuði. Það hefði kostað um 190 millj. kr., hið sama og ríkisvaldið áætlar á næsta ári að ívilna fyrirtækjum með.

Loks spyr ég, herra forseti: Er hæstv. ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að málefni fátækra sem líða skort og þurfa að sækja sér mataraðstoð hjá hjálparstofnunum verði þegar í stað tekin upp í ríkisstjórn með það að markmiði að leita úrbóta til að bæta kjör þeirra?

[14:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mun ekki samþykkja þá tillögu sem hv. ræðumaður minntist á en félmrn. fylgist að sjálfsögðu með þróun efnahagsmála og þróun félagsaðstoðar sveitarfélaga. Við bætum öryggisnetið eftir því sem við teljum þurfa og samstaða næst um.

Ég minni í fyrsta lagi á nýlega kjarabót fyrir aldraða og öryrkja upp á 5 milljarða á tveimur árum sem hv. fyrirspyrjandi gerði lítið úr hér áðan.

Ég minni á að í 12. gr. félagsþjónustulaganna stendur:

„Sveitarfélag skal sjá um að veita íbúum þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum og jafnframt tryggja að þeir geti séð fyrir sér og sínum.

Aðstoð og þjónusta skal jöfnum höndum vera til þess fallin að bæta úr vanda og koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf.“

Skattamál heyra undir hæstv. fjmrh. Hann svarar fyrir skattstefnu ríkisstjórnarinnar. Ég á sæti í ríkisstjórninni og uni því skattkerfi sem er í landinu en er hins vegar fús að styðja breytingar til bóta ef samstaða verður um þær í ríkisstjórn.

Hækkun atvinnuleysisbóta kemur til framkvæmda um áramót. Hve mikil hækkunin verður hefur ekki verið ákveðið en venjulega hefur hækkunin fylgt launaþróun í landinu. Það er eðlilegt að hækkanir atvinnuleysisbóta taki mið af kjarasamningum. Ég mun ekki beita mér fyrir þeirri lagabreytingu sem á var minnst.

Ef í ljós kemur að sár fátækt aukist marktækt og fjölskyldur og einstaklingar líði skort verður það að sjálfsögðu rætt í ríkisstjórninni og leitað leiða til úrbóta. Við eigum ekki að þola að samborgarar okkar líði skort. Hins vegar er fátækt nokkuð afstætt hugtak. Venjulega er miðað við að þeir séu fátækir sem hafa undir hálfum meðaltekjum í landinu. Svo er t.d. háttað um verulegan hluta sauðfjárbænda, þ.e. 40% þeirra fyrir tveimur árum. En þar með er ekki sagt að þeir líði allir skort þó að kjör þeirra séu krappari.

Hægt er að fá ágætar vísbendingar um efnahag manna hjá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna sem hóf starfsemi sína í febrúar 1996. Frá þeim tíma og til 1. desember sl. hafa 4.134 fjölskyldur notið aðstoðar Ráðgjafarstofunnar við að leysa greiðsluvanda sinn. Í fyrra fengu 660 fjölskyldur ráðgjöf ásamt tillögugerð og í byrjun desember hafa 762 fjölskyldur fengið ráðgjöf á yfirstandandi ári. Unnið er að því að efla þjónustu Ráðgjafarstofunnar á landsbyggðinni. Eftir sumarleyfi var eftirspurn ívið minni en í fyrra. En á síðustu vikum hefur orðið vart við vaxandi eftirspurn eftir ráðgjöf hjá Ráðgjafarstofunni. Á samráðsfundi með lánastofnunum nýlega komu fram svipaðar upplýsingar. Í því sambandi er bent á uppsagnir hjá stórum fyrirtækjum og einnig aukna skuldsetningu yngra fólks.

Samkvæmt athugun sem gerð var í fyrra eða hittiðfyrra hjá skjólstæðingum Ráðgjafarstofu töldu 64% þeirra sig hafa náð tökum á fjármálum sínum í kjölfar ráðgjafarinnar. Að ýmsu leyti virðist bjartara fram undan. Spenna á leigumarkaði er að minnka. Leiga er að lækka, samkvæmt

upplýsingum leigumiðlana. Vextir fara lækkandi og vanskil við íbúðalánasjóð eru í sögulegu lágmarki eða 0,52%.

Varðandi fullyrðingar um Félagsþjónustuna í Reykjavík þá er ég með upplýsingar um aðstoð þá sem hún veitir. Hún var í lágmarki á árinu 2000 en þá fengu 2.680 heimili aðstoð. Á árinu 2001 fengu 2.980 heimili aðstoð og árið í ár er fjöldinn orðinn 3.222. Hámarkið var hins vegar á árinu 1995 þegar heimilin voru 3.800.

[14:09]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það er sárt til þess að vita að nú í sjálfum jólamánuðinum skuli fjöldi manns varla hafa til hnífs og skeiðar og verði að leita á náðir góðgerðarstofnana til að fá í jólamatinn og fatnað á börnin. Það er staðreynd að mæðrastyrksnefnd og fleiri góðgerðarfélög ná vart að sinna síaukinni eftirspurn. Því hlýtur að vera grundvallarskekkja í uppbyggingu og úrræðum samfélagsins sem veldur því að fólk lifir í sárri fátækt nú í byrjun 21. aldar á Íslandi. Hinir ríku verða stöðugt ríkari á meðan æ fleiri festast í fátæktargildru. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna vex með ári hverju þó vitað sé að ekki nærri allir leita eftir rétti sínum til framfærslu frá sveitarfélagi sínu.

Þeir sem líklegastir eru til að lifa við fátækt eru örorku- og ellilífeyrisþegar, einstæðir foreldrar, atvinnulausir, lágtekjufólk og barnmargar fjölskyldur. Það er ljóst að lægstu laun og lífeyrir almannatrygginga duga ekki fyrir skilgreindum lágmarksframfærslukostnaði og þessu fólki er kerfisbundið haldið í fátækt, fátækt sem er þjóðfélaginu mun dýrari en að hækka lífeyri, létta skattbyrði þessara einstaklinga og draga úr jaðaráhrifum skatta.

[14:10]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir að hefja máls á stöðu lágtekjuhópa. Að mörgu er að hyggja í því sambandi. Þó er ekki við því að búast að nokkur niðurstaða fáist hér í hálftímaumræðu, enda hefur málshefjandi tæpast ætlast til þess.

Við Íslendingar höfum þróað víðtækt velferðarkerfi og framfærslukerfi fyrir þá sem á þurfa að halda. Nægir þar að nefna lífeyrissjóði, almannatryggingakerfi, félagsþjónustukerfi, húsaleigubætur, sjúkrasjóði, vaxtabætur, barnabætur og aðrar jöfnunaraðgerðir í gegnum skattkerfið auk margs annars.

Nýlega gerði ríkið samkomulag við aldraða og öryrkja sem skilaði verulegu til lágtekjuhópa, meðal aldraðra og öryrkja og er það vel. Ég vil líka nefna að meðal bænda eru lágtekjuhópar. Kannski er sárasti vandinn þar. Ég ætla hins vegar að fjalla um félagsþjónustu sveitarfélaga og fjárhagsaðstoð þeirra.

Hæstv. forseti. Að undanförnu hefur átt sér stað töluverð skipulagsbreyting innan félagsþjónustunnar. Þar er veitt aukin ráðgjöf, bæði á sviði fjármálaráðgjafar og félagslegrar ráðgjafar. Sjálfsákvörðunarréttur notenda hefur verið aukinn og forsjárhyggja er minni. Aðgengi að þjónustunni, bæði ráðgjöf og fjárhagsaðstoð, hefur aukist. Vel menntað fagfólk starfar við félagsþjónustuna og sinnir verkefnum sínum af bestu getu.

Síðast en ekki síst vil ég nefna að hér er um réttindi að ræða en ekki ölmusu. Þetta er mikilvægt að hafa í huga. Félagsþjónustan er síðasta öryggisnetið og jafnframt það virkasta.

Hins vegar er það svo að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er mismunandi eftir sveitarfélögum. Á ráðstefnu sem haldin var sl. mars, um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, kom fram hjá Annýju Ingimarsdóttur að í rannsókn sem hún gerði kom berlega í ljós að mismunur á milli sveitarfélaga, þó um sams konar fjölskyldur væri að ræða, var allt of mikill. Þetta er umhugsunarefni, hæstv. forseti, sem við ættum að skoða í samráði við sveitarfélögin.

[14:13]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt á að þakka málshefjanda, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrir að taka þetta mál, stöðu fátækra og lágtekjufólks, til umræðu utan dagskrár í hv. Alþingi.

Uggvænleg tíðindi sem berast úr könnunum frá þjóðarpúlsi Gallups um að yfir 40 þús. Íslendingar telji sig ekki eiga fyrir þeim kostnaði sem fylgir jólahaldi í ár, þ.e. 15% þjóðarinnar. Hætt er við að jólahaldið verði þeim erfitt sem ekki eiga fyrir þeim aukna kostnaði sem jólunum fylgir.

Starfsfólk Hjálparstarfs kirkjunnar og mæðrastyrksnefndar hefur margoft lýst því yfir í haust að sífellt fleiri neyðist til að leita aðstoðar hjá þeim. Hjá Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar hefur orðið 42% aukning í fjárhagslegri aðstoð milli ára, fyrst og fremst vegna þess að fólk nær ekki að lifa af lífeyri sínum. Því er nauðsynlegt að endurmeta framfærslukostnað einstaklinga og fjölskyldna. Við búum ekki lengur í stéttlausu þjóðfélagi þar sem aðstæður fólks eru svipaðar heldur er að myndast gjá milli þjóðfélagshópa þar sem sumir fá þjóðarauðlindina gefins á meðan aðrir eiga vart til hnífs og skeiðar. Bilið milli ríkra og fátækra eykst stöðugt hér á landi, því miður.

Ekki einungis þeir sem háðir eru lífeyri til framfærslu eiga erfitt uppdráttar. Margt venjulegt fólk er á svo lágum launum að ekkert má út af bera til að það sligist undan fjárhagnum. Aukinn kostnaður við jól og áramót rúmast ekki innan tekjuramma þessa fólks þrátt fyrir desemberuppbót.

Húsnæðisverð hefur hækkað mikið á liðnum árum. Um 60–70% rauntekna lágtekjufólks fer eingöngu í að koma sér þaki yfir höfuðið. Matarverð hér á landi er of hátt eins og nýlegur samanburður á matarverði við nágrannalöndin hefur sýnt okkur. Nú er boðað að ýmsir kostnaðarliðir hækki á næstunni, t.d. iðgjöld tryggingafélaga. Því ber brýna nauðsyn til að ríkisstjórnin komi að málum fátækra með því hugarfari að minnka þann mikla vanda sem lágtekjufólk býr við.

[14:15]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er fátækt fólk á Íslandi. Um það verður ekki deilt. Starf margra hjálparstofnana sannar að ástandið er hörmulegt og ekki forríku samfélagi sæmandi. Þess vegna er nauðsynlegt að sú úttekt fari fram sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði hæstv. ráðherra um áðan. Svar ráðherrans var nei. Það á ekki að fara fram slík úttekt.

Landsmenn hafa á valdaárum ríkisstjórnarinnar fylgst með stöðugum yfirlýsingum talsmanna hennar um góðæri og margvísleg efnahagsleg afrek foringjanna sem þeir hafa unnið. Þeir hafa enda verið að deila út gæðum til þeirra sem þeim eru þóknanlegir. Þetta hefur oftast komið fram í skattalækkunum til þeirra sem betur mega sín, sama hvort um er að ræða fólk eða fyrirtæki. Láglaunafólk, aldraðir og öryrkjar hafa hins mátt þola það að vera settir hjá. Þetta er stefna ríkisstjórnarinnar. Raunlækkun skattleysismarka og stórauk-

in skattgreiðsla láglaunafólks og bótaþega sannar þetta. Hér var í raun spurt: Ætlar ríkisstjórnin að breyta stefnunni?

Svarið var í rauninni nei. Hæstv. ráðherra benti á fjmrh. Hann ræður þessu. Hæstv. ráðherra sættir sig við niðurstöðuna. Hann er í ríkisstjórninni. Skýringin sem hæstv. ráðherra gaf á því að atvinnulausir fá ekki hækkanir í samræmi við aðra var engin. Ætlar hann að gera eitthvað í því? Nei. Hér bíður bjargarlaust fólk við dyr félagsstofnana, hjá sveitarfélögum, mæðrastyrksnefnd, Hjálparstarfi kirkjunnar og Hjálpræðishernum og þess vegna er verið að spyrja hvort ríkisstjórnin ætli að gera eitthvað í málinu núna. Svarið er nei. Þessi ríkisstjórn ætlar ekki að breyta stefnu sinni. Það þarf að breyta um ríkisstjórn.

[14:17]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Árlega fer fram umræða á þessum tíma um fátækt á Íslandi og alltaf virðist það koma mönnum jafnmikið á óvart að fátækt skuli vera orðin jafnalvarlegt þjóðfélagsmein hér á landi og raun ber vitni. En þegar saman fer að fjármunir sem hinir tekjuminnstu hafa til ráðstöfunar aukast ekki í samræmi við útgjöld þeirra þá liggur í augum uppi að þeir hafa minna handa á milli og nú er svo komið að þeir sem hafa minnstu tekjurnar hafa minna en ekkert.

Atvinnulaus einstaklingur sem fær útborgað einu sinni í mánuði um 70 þús. kr. getur ekki framfleytt sér ef hann þarf að greiða húsaleigu, hvað þá ef hann á við heilsuleysi að stríða. Hann þarf að næra sig og klæða. Um annað er ekki að ræða. Slíkum einstaklingi er hins vegar algerlega fyrirmunað að taka þátt í nokkurs konar menningarlífi eða veita sér nokkurn skapaðan hlut. Hann hefur ekki efni á brýnustu nauðþurftum og þess vegna eru það ekki orðin tóm að tala um fátækt fólk.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur aftur og ítrekað lagt fram tillögur um hækkun á greiðslum almannatrygginga til að bæta kjör þeirra sem hafa minnstu tekjurnar og nú við afgreiðslu fjárlaga flutti þingflokkurinn tillögu um 115 millj. kr. framlag til þess að greiða atvinnulausum desemberuppbót eins og launafólk fær nú í jólamánuðinum. Þetta er upphæð sem nemur 36 þús. kr. á mánuði. Þessi tillaga var felld.

Hvers vegna er fátækt að aukast á Íslandi? spyrja menn. Það er vegna þess að við búum við ríkisstjórn sem ívilnar stöðugt auðmönnum, tekjuhæsta hluta samfélagsins, en þyngir róðurinn hjá hinum tekjulægri. Hv. þm. Sjálfstfl. Arnbjörg Sveinsdóttir vék að ýmsum þáttum velferðarþjónustunnar og millifærslukerfisins. Staðreyndin er sú að stjórn Sjálfstfl., fyrst í samvinnu við Alþfl. frá 1991 og síðar í samvinnu við Framsfl., hefur markvisst veikt undirstöður velferðarþjónustunnar á Íslandi. Þess vegna er kominn tími til að mynda nýja ríkisstjórn með nýjum áherslum. Það er þess vegna sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð talar um nauðsyn þess að mynda velferðarstjórn á Íslandi.

[14:20]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Því miður er alltaf einhver hópur manna í þjóðfélaginu sem býr við lök kjör og þarf því sérstök úrræði fyrir þá hópa af hálfu hins opinbera. Þessi umræða er væntanlega hugsuð til þess að skýra stöðu þessa hóps. Tekjulágir eru þó ekki endilega í þessum hópi því margur tekjulágur maðurinn nýtir peninganna vel meðan tekjuhár eyðir þeim hratt þannig að ekki þarf endilega að vera samasemmerki þar á milli.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur þó á undanförnum árum undir stjórn hæstv. félmrh. verið mjög margt gert fyrir þessa hópa og vil ég leyfa mér að taka nokkur dæmi frá stofnun sem heitir Íbúðalánasjóður. Á vegum Íbúðalánasjóðs eru veitt lán til tekjulágra í formi viðbótarlána sem eru 90% af kaupverði eigna, hverjir sem á því þurfa að halda. Á næstu fjórum árum verður á vegum Íbúðalánasjóðs lánað til byggingar 2.200 leiguíbúða á niðurgreiddum vöxtum. Fyrir þá sem eru í greiðsluerfiðleikum eru ýmis úrræði í dag sem hafa verið að þróast, m.a. eru erfiðleikalán veitt til 15 ára. Veitt er frysting á vanskil til þriggja ára og einnig er hægt að fá lengingar á lánum um 15 ár. Þarna hefur því margt verið gert á síðustu árum með breytingu á húsnæðiskerfinu sem ég álít að hafi orðið til góðs og létt því fólki róðurinn sem við erum einmitt að ræða hér um í dag. Svo er aftur annar hópur sem þarf sérstök úrræði af hálfu sveitarfélaganna og hafa þau verið rædd hér af öðrum.

[14:22]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er vel við hæfi nú þegar jólin nálgast og ríkisstjórnin er búin að úthluta á fjárlögum til þeirra sem hún telur mest þurfa á að halda að ræða stöðu tekjulægstu hópanna sem ekki eru fyrirferðarmiklir á fjárlögunum. Þeir eru ófáir sem kvíða jólunum nú vegna fátæktar. Um 45 þúsund Íslendingar, 15% þjóðarinnar, telja sig ekki eiga fyrir því að halda jólin samkvæmt þjóðarpúlsi Gallups. Stöðugt fjölgar þeim sem þurfa aðstoð hjá líknarfélögum og hjálparstofnunum. Hjá Hjálparstarfi kirkjunnar er fjórðungsaukning milli ára hjá þeim sem þurfa aðstoð og um 800 fjölskyldur eru á skrá hjá mæðrastyrksnefnd þó hún sinni ekki nema hluta landsins. Fjöldi fjölskyldna mun nú halda jól í skugga atvinnuuppsagna sem hafa verið meiri undanfarið en í langan tíma.

Ríkisstjórnin mun bæta kjör verst stöddu lífeyrisþeganna nú um áramótin en skilar þeim þó ekki að fullu því sem tekið hefur verið af þeim í stjórnartíð hennar. Atvinnuleysisbætur hækka ekki í samræmi við tryggingabætur, en þær eru nú um 73 þús. kr. á mánuði, þ.e. atvinnuleysisbæturnar. Verst settu lífeyrisþegarnir, aldraðir og fatlaðir á stofnunum sem eru á vasapeningum, eru þó algjörlega gleymdir. Þeir fá undir 20 þús. á mánuði í vasapeninga sem eru svo hastarlega tekjutengdir að 65% skerðast eftir 4 þús. kr. tekjur. Það er alls ekki tekið á málum þessa hóps. Þetta fólk mun ekki geta vikið neinu að sínum nánustu þessi jól frekar en fyrri daginn, hvað þá leyft sér brýnustu nauðsynjar. Það sjá allir. Æ stærri hópur barnafólks getur ekki veitt börnum sínum það sem almennt þykir sjálfsagt í skólastarfi hér á landi. Um það vitna kennarar og félagsráðgjafar hjálparstofnana. Fólk er að greiða skatta af tekjum undir lágmarkslaunum. Þessir hópar kvíða jólunum, enda búa þeir við algjörlega óviðunandi fjárhagsaðstæður. Öryggisnet velferðarkerfisins heldur illa og stundum ekki eftir valdatíð þessarar ríkisstjórnar. Mörgum þess verður að styrkja fyrir þá sem verst eru staddir fjárhagslega.

Svör ráðherrans sýna að nú þarf nýjar áherslur og nýtt fólk í stjórn landsmanna. Það sjá allir sem vilja sjá.

[14:24]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Svar hæstv. ráðherra áðan var ótrúlegt. Raunar var það þyngra en tárum taki. Þetta var blaut tuska

framan í fátækt fólk á Íslandi. Þetta var köld kveðja til fátækra nú í aðdraganda jólanna.

Hvað var hæstv. ráðherra raunverulega að segja við fátækt fólk? Í hnotskurn má lýsa því þannig að hæstv. félmrh. hafi verið að segja við fátækt fólk að það geti bara étið það sem úti frýs. Hæstv. ráðherra hefur ekkert að segja við atvinnulausa og hann hefur enga skýringu á því af hverju atvinnulausir fá ekki sömu hækkun og lífeyrisþegar um næstkomandi áramót. Og hvað sagði hæstv. ráðherra við fátækt fólk? Hann sagði: „Það verður kannski skoðað ef sár fátækt eykst marktækt." Hvað meinar hæstv. ráðherra? Þarf að tvöfaldast í röðum hjá hjálparstofnunum og hjá mæðrastyrksnefnd þannig að fátækt sé marktæk á Íslandi? Þarf að þrefaldast í henni? Hæstv. ráðherra tekur ekki einu sinni undir það að skoða skipulega umfang, orsakir og afleiðingar fátæktar og leggja fram tillögur til úrbóta.

Hæstv. ráðherra segir: „Við í félmrn. bætum öryggisnetið eftir því sem við teljum þurfa." Hæstv. ráðherra og ríkisstjórn telur greinilega að ekkert þurfi að bæta hér kjör hjá fátæku fólki. Þeir sjá ekki. Þeir lifa í slíkum fílabeinsturni að þeir sjá ekki fátæktina sem er að verða sýnilegri og sýnilegri í þjóðfélaginu. Og hæstv. ráðherra er ekki tilbúinn að taka málið upp í ríkisstjórn vegna þess að hann telur málið ekki það brýnt. Þetta er auðvitað til skammar, herra forseti. Hæstv. ráðherra hefur enga skoðun á því af hverju fátækt fólk er að greiða skatta á Íslandi. Auðvitað getur hann tekið málið upp í ríkisstjórn og stofnað til pólitískrar nefndar milli stjórnarflokkanna um að leysa þetta mál og leita úrræða. En hæstv. ráðherra sér ekki fátæktina. Hann sér ekki fátæktina. Þetta er köld kveðja til fátæks fólks nú í aðdraganda jólanna.

[14:27]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þær staðreyndir sem fyrir liggja benda ekki til þess að ástandið sé verra en nokkru sinni áður. Tölur Félagsþjónustunnar í Reykjavík segja okkur að 3.200 höfðu leitað til Félagsþjónustunnar um fjárhagsaðstoð í nóvemberlok á þessu ári. En á árinu 1995 leituðu 3.800 eftir fjárhagsaðstoð. Það er nærtækast að leita til sveitarfélagsins fyrir þá sem ekki geta séð fyrir sér sjálfir því að sveitarfélagið hefur skyldu til þess að aðstoða þá. Og leiðbeiningarnar sem sveitarfélögin fara eftir eru að stofni til frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, þ.e. frá því að hún var félmrh. Mig minnir að þær hafi verið gefnar út 1992.

Fjárhagsaðstoðin á landsvísu var í lágmarki árið 2000 en þá fengu 2.680 heimili aðstoð. Á árinu 2001 fengu 2.980 heimili aðstoð en í nóvember var fjöldinn á landsvísu orðinn 3.224. Hámarkið var sem sagt árið 1995 þegar heimilin voru 3.800.

Á síðustu missirum hafa verið framkvæmdar nokkrar úttektir sem fjalla um fátækt og tekjuskiptingu. Nefna má vinnuhópinn sem endurskoðaði almannatryggingarnar og skilaði af sér í maí í fyrra. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands rannsakaði allítarlega tekjuskiptingu á Íslandi í haustskýrslu sinni 2001 og samkvæmt rannsókn Hagfræðistofnunar háskólans um tekjuskiptingu á Íslandi sem birt var árið 2001, kemur fram að ójöfnuður var mældur í 94 löndum og var Ísland í öðru sæti með jöfnuð.

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Hv. 5. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[14:29]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra vitnar til þess að þær leiðbeiningarreglur sem farið er eftir varðandi framfærsluaðstoð til fátækra á Íslandi séu frá 1992 þegar ég var félmrh. Því vil ég leyfa mér að minna hæstv. ráðherra á að Harpa Njálsdóttir sem hefur skoðað fátækramálin á Íslandi mjög vel segir að það vanti 40 þús. kr. á mánuði upp á kjör lífeyrisþega og fátæks fólks til þess að þau standist þær viðmiðunarreglur sem félmrn. hefur.

[14:30]

Útbýting þingskjala:

Fjármálafyrirtæki, 215. mál, brtt. JóhS og GÁS, þskj. 640; brtt. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 641.

Tekjuskattur og eignarskattur, 324. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 636; brtt. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 639; brtt. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 642.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:31]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 639–642. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 324. mál (sérstakur tekjuskattur, rekstrartap, vextir o.fl.). — Þskj. 352, nál. 619, 636 og 637, brtt. 620, 621, 639 og 642.

[14:32]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. við frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem eru orðnar allmargar í tímans rás.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið fjölmargar umsagnir og einnig fengið á sinn fund fulltrúa ýmissa aðila sem getið er um á þingskjalinu.

Nefndir gerir á þessu stigi tillögu um breytingar á frv. í þremur liðum. Í 1. lið brtt. frá meiri hluta nefndarinnar er gert ráð fyrir því að 3. efnismálsliður 1. gr. falli niður, þ.e. sá málsliður sem hljóðar svo að óheimilt sé að auglýsa skattfrelsi vinninga nema fyrir liggi staðfesting ríkisskattstjóra á því að skilyrðum skattfrelsis samkvæmt þessum tölulið sé fullnægt. Þetta er ákvæði sem erfitt er að framkvæma.

Síðan er í 2. lið brtt. gert ráð fyrir því að á eftir 4. gr. frv. komi ný grein þar sem persónuafsláttur hækki örlítið meira en fyrirhugað var. Þar munar 0,4%.

Í 3. lið þessara brtt. frá meiri hluta nefndarinnar er síðan aðeins breyting á 14. gr. þannig að gildistökuákvæðinu er fylgt og lagt til að lögin skuli gefin út upp á nýtt svo breytt með samfelldri greinatölu, kaflanúmerum o.s.frv. þannig að hægt sé að lesa lögin með heildstæðum hætti. Þetta er nauðsynlegt vegna þess hve mörgum breytingum lögin hafa tekið og hve mörg smáatriði og hliðaratriði eru komin inn í lagatextann sjálfan.

Síðan, hæstv. forseti, er hér brtt., undirrituð af fjórum nefndarmönnum, sem ég mæli einnig fyrir. Hún á við 13. gr. frv. sem fjallar um yfirfæranleika rekstrartapa. Þetta á reyndar við um það að sett verði inn nýtt ákvæði til bráðabirgða og miðað við að lengingin á svokölluðum tapsfrádrætti, sem nú er yfirfæranlegur í átta ár og er fyrirhugað að verði tíu ár, gerist í áföngum þannig að fyrst verði tapsfrádrátturinn lengdur í níu ár og síðan í tíu. Þetta er nauðsynlegt vegna þess að tölvukerfi og tölvuskil á framtölum eru orðin þannig að kerfin mundu illa ráða við það ef breytingin yrði úr átta árum í tíu. Það mundi hafa í för með sér heilmikinn aukakostnað bara út af einu ári og vegna þess að efnislega skiptir þetta ekki höfuðmáli er gert ráð fyrir því að þetta verði þrepað upp.

Hæstv. forseti. Það eru ýmsar breytingar í þessu frv. til laga sem hafa verið ræddar í nefndinni. Sú mikilvægasta hygg ég að sé að fjmrh. mun í framtíðinni gefa út svokallað skattmat á hlunnindum, sbr. 7. gr., á öðrum tekjum og frádrætti sem meta þarf til verðs samkvæmt lögum þessum. Þetta er í 12. gr. frv. Einnig er í 4. gr. gert ráð fyrir að fjmrh. gefi út umreiknað endurgjald. Þetta er afar mikilvægt atriði, ekki síst vegna þess skattmats sem gefið var út í upphafi árs 2002 þar sem heilmörgum atriðum í rekstrarforsendum ferðaþjónustu á landsbyggðinni var hreinlega snúið við með því að gefið var t.d. út í skattmati ríkisskattstjóra að árshátíðir mættu ekki kosta fyrirtæki meira en sem nemur 10 þús. á starfsmann eða ef hjón færu bæði á árshátíð og fyrirtækið greiddi væru það 5 þús. kr. á mann. Það liggur fyrir að fyrir fyrirtæki í Reykjavík sem ætlar sér að halda árshátíð og bjóða starfsmönnum og mökum eru 5 þús. kr. á mann ekki há tala og dugir varla fyrir öðru en hálfu kvöldi í 101 Reykjavík. Slík tala mundi ekki hrökkva fyrir því að haldin yrði árshátíð utan höfuðborgarsvæðisins, eins og algengt er, hvorki í Hveragerði, Selfossi svo maður tali ekki um á stöðum eins og Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði eða Borgarnesi. Ef árshátíð er haldin sem fyrirtækið greiðir mundi sá kostnaður teljast að fullu til skattskyldra tekna nema þessu verði breytt. Þess vegna held ég að breyta þurfi þessum hlutum þannig að það sé ráðherra sjálfur sem ber hina pólitísku ábyrgð á því hvernig þessi hlunnindi eru metin. Það gengur alls ekki upp að ríkisskattstjóri eða einhver annar embættismaður geti með einhverri reglugerðarsetningu gert ferðaþjónustu á landsbyggðinni verulega skráveifu með því að taka allt í einu upp einhvers konar hlunnindamat sem felst þá í því að eftirspurn eftir þjónustu í þessari atvinnugrein snarminnkar. Það er þess vegna afar þýðingarmikið að fjmrh. fái það hlutverk að gefa út þetta hlunnindamat og að hann geti þá snúið við og tekið til baka það hlunnindamat sem gefið var út í ársbyrjun 2002 þannig að ferðaþjónustan á landsbyggðinni fái að starfa óáreitt fyrir þessu inngripi í rekstrarforsendur hennar.

[14:40]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil vekja athygli hv. þingmanna á því að fyrir liggja nál. við frv. frá 1. minni hluta efh.- og viðskn. á þskj. 636 og frá 2. minni hluta efh.- og viðskn. á þskj. 637, og jafnframt liggja fyrir brtt. á þskj. 640 og 641.

[14:41]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti 1. minni hluta efh.- og viðskn. en hann skipar ásamt mér hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hér er tekið til 2. umr. frv. um tekjuskatt og eignarskatt. Það má segja um þetta frv. að það sé eins og bland í poka, það fjallar um ýmsa þætti skattamála. Hér er hrært saman ýmsu varðandi skattalagabreytingar, hátekjuskatt, rekstrartöp og breytingar á eftirliti og framkvæmd skattalaga. Um nokkur þessara atriða var tekist á í efh.- og viðskn. og fram komu veigamiklar athugasemdir við nokkur ákvæði þessa frv. sem ég mun nú fara yfir í mínu máli, herra forseti.

Það má segja að meginefni frv. sé tvíþætt. Í fyrsta lagi er verið að framlengja hátekjuskattinn um leið og verið er að lækka hann og hækka nokkuð tekjumörkin. Í annan stað er verið að víkka út heimildir fyrirtækja til að draga ónýtt rekstrartöp frá tekjum í atvinnurekstri, þ.e. að gildistími slíkrar frádráttarbærni á töpum sé ekki einungis átta ár heldur gildi þau í tíu ár.

Síðan er einnig um lítils háttar hækkun að ræða á persónuafslætti, þ.e. um 107 kr., sem verkalýðshreyfingin samdi um í desember á sl. ári. Þannig má segja í hnotskurn, eins og ég hef lýst því hér, að stjórnarflokkarnir haldi sig við sama heygarðshornið, að lækka fyrst og fremst skatta á þeim betur settu og fyrirtækjunum en láta þá sem minna hafa milli handanna bera byrðarnar með því að láta skattleysismörk ekki halda í við almennar launabreytingar svo eitt veigamikið og stórt atriði því til sönnunar sé tekið.

Aðrar breytingar eru minni háttar má segja þó að þær skipti út af fyrir sig töluverðu máli, eins og breytingar á skipulagi vegna skatteftirlits og minni háttar breytingar varðandi framkvæmd skattalaga. Það voru deildar meiningar um ýmis þessara ákvæða og við í 1. minni hlutanum gerum ýmsar athugasemdir þar að lútandi.

Ég vil fyrst taka fyrir, herra forseti, nýtingu á rekstrartöpum sem er annað tveggja meginatriða þessa frv. að mínu viti en margir umsagnaraðilar benda einmitt á þá staðreynd að verulegar skattatilfærslur hafa orðið frá fjármagnseigendum og stórfyrirtækjum yfir á laun og lífeyri. Þessir umsagnaraðilar setja þetta í samhengi við það að enn séu auknir möguleikar fyrirtækja til að komast hjá greiðslu tekjuskatts, eins og gert er í þessu frv. með því að heimila að nýta rekstrartöpin í tíu ár í stað átta. Þar má t.d. nefna einstök stéttarfélög sem leggjast hart gegn þessari breytingu, ASÍ, BSRB, Öryrkjabandalagið, Landssamband eldri borgara og fleiri aðila. Allt er þetta sett í samhengi við það að átt hafa sér stað þessar miklu skattatilfærslur frá fjármagnseigendum og stórfyrirtækjum yfir á laun og lífeyri, og er skemmst að minnast þess að mikil lækkun varð á tekjuskattsgreiðslum fyrirtækja sem koma til framkvæmda á næsta ári vegna lækkunar á skatthlutfalli þeirra úr 30% í 18%. Áætlaðar tekjuskattsgreiðslur verða 8.250 millj. kr. hjá fyrirtækjum en hefðu orðið 13,8 milljarðar miðað við óbreytt skatthlutfall.

Herra forseti. Tekjuskattur á lögaðila hefur á síðustu árum farið lækkandi að raungildi þrátt fyrir fjölgun fyrirtækja, góðæri og góða afkomu þeirra. Einnig eru tekjuskattar sem fyrirtæki greiða hér á landi lægri en í nokkrum öðrum þróuðum ríkjum hvort sem miðað er við hlutfall af landsframleiðslu eða hlutfall af skatttekjum og þessir skattar munu lækka enn frekar eins og ég nefndi þegar áhrifa af lægra skatthlutfalli tekur að gæta á næsta ári. Ástæður óeðlilega lágs tekjuskatts fyrirtækja hér á landi eru m.a. nokkuð frjálslegar reglur sem gilda um gjaldfærslu á gengistapi lána og verðbótaþátta verðtryggðra lána, svo og verulega rúmar afskriftaheimildir, þar á meðal flýtifyrningar á móti söluhagnaði.

Við í Samfylkingunni leggjum áherslu á gott skattumhverfi fyrirtækja en við teljum það ekki skynsamlega leið eins og farin var á sl. ári að fara með skatthlutfallið niður í 18% sem kostaði það að lítil og meðalstór fyrirtæki þurftu að taka á sig um 2 milljarða í auknu tryggingagjaldi. Það höfum við gagnrýnt mjög og lögðum til þá, þegar sú breyting gekk fram, að fallið yrði frá þessari hækkun tryggingagjalda á fyrirtæki.

Við teljum líka að ásamt því að hækka ekki tryggingagjaldið hefði lækkun eða afnám stimpilgjalda haft verulega þýðingu fyrir fyrirtæki, ekki síst fyrir meðalstór og lítil fyrirtæki um leið og það hefði gagnast heimilunum mjög vel, ekki síst skuldugum heimilum. Þetta hefði verið skynsamlegri leið að fara til þess að styrkja rekstrarumhverfi allra fyrirtækja í landinu en hlúa ekki sérstaklega að stórfyrirtækjum sem núv. ríkisstjórn hefur sérstakan áhuga á að lækka skatta hjá. Þetta vildi ég setja, herra forseti, í samhengi við þær athugasemdir sem ég geri varðandi rýmkaðar heimildir um að nýta rekstrartöpin því að verið er að auka heimildir fyrirtækja með þessu til skattahagræðinga og það kostar nokkra peninga eins og ég mun fara yfir á eftir.

Við í 1. minni hlutanum styðjum það vissulega að fyrirtæki hafi heimild til að nýta rekstrartöp með eðlilegum hætti en við teljum rétt að samhliða verulegri tekjuskattslækkun fyrirtækja á næsta ári sé nauðsynlegt og eðlilegt að gera ráðstafanir til þess að skattstofn tekjuskatts fyrirtækja sé sem réttastur og gefi eðlilega mynd af raunverulegum tekjum fyrirtækja. Ríkisskattstjóri bendir á í umsögn sinni að yfirfæranleg rekstrartöp hafi farið mjög hækkandi á síðustu árum þrátt fyrir að afkoma og rekstrarskilyrði hafi ekki farið versnandi að sama skapi. En orðrétt segir ríkisskattstjóri í umsögn sinni:

„Má gera ráð fyrir að hækkun rekstrartapa á síðustu tveimur árum skýrist að verulegu leyti af hækkun erlendra skulda vegna gengisbreytinga og að einhverju leyti af hækkun innlendra verðtryggðra skulda. Um hvort tveggja gildir að hækkun skuldanna er að fullu gjaldfærð þegar í stað. Getur þetta valdið miklum sveiflum á bókhaldslegu tapi og frestað skattlagningu mjög. Setja má spurningu við réttmæti þessara reglna einkum eftir að verðbólgureikningsskil hafa verið afnumin."

Herra forseti. Með þessu er verið að vekja athygli á að þegar verðbólgureikningsskilin voru afnumin var ekki hreyft við ákvæði um gjald- eða tekjufærslu á gengismun eða verðbótum sem geta haft meiri áhrif á skattalega rekstrarafkomu, yfirfæranlegt tap og fleira. Full ástæða er til í tengslum við þetta mál að vekja athygli á nýlegu svari fjmrh. á Alþingi um rekstrartöp fyrirtækja en þar kemur fram að þrátt fyrir 100 milljarða kr. rekstrarhagnað 4.400 fyrirtækja á árabilinu 1998–2001 greiddu þau samtals aðeins 3–4 milljarða kr. í skatt í stað 25–30 milljarða vegna nýtingar á yfirfæranlegu rekstrartapi. Af þessum 4.400 fyrirtækjum greiddu um 2.200 engan skatt þrátt fyrir 70 milljarða kr. hagnað á fjögurra ára tímabili vegna skattalegra áhrifa af nýtingu tapsins. Það er svo að skattaleg áhrif af nýtingu tapsins eru þau að það eru upp undir 7 milljarðar á hverju einasta ári undanfarin fjögur ár sem ríkissjóður hefur haft minni tekjur vegna áhrifa af þessum rekstrartöpum og virðist svo sem þau fari hækkandi.

Á árunum 1998–2000 eða þriggja ára tímabili þurftu skattgreiðendur að standa undir 18 milljarða skattalækkun til fyrirtækja vegna nýtingar á rekstrartapi og það er álíka mikið fjármagn, og er ágætt að setja það líka í það samhengi, og fer samtals til greiðslu vaxta- og barnabóta og til að reka alla framhaldsskóla landsins á næsta ári. Uppsafnað yfirfæranlegt rekstrartap fyrirtækja hækkaði frá ársbyrjun 2000 til ársloka 2001 úr 90 milljörðum í 173 milljarða kr. og nær tvöfaldaðist.

Í svari fjmrn. kemur einnig fram að yfirfæranleg rekstrartöp nærri tvöfölduðust milli áranna 2000–2001 eða úr 6,5 milljörðum í rúma 11,6 milljarða. Fyrirtækjum sem fá skattalækkun vegna yfirfæranlegs rekstrartaps samkvæmt álagningu 2001 fjölgar úr 3.500 í 4.400 eða um tæplega 1.000 milli ára. Fjmrn. gefur þá skýringu í svarinu að þessir 11,6 milljarðar fyrir árið 2001 eigi eftir að lækka talsvert við kærur og endurákvarðanir á áætlunum á næstu mánuðum en engu að síður er ljóst að um verulega aukningu virðist vera að ræða á yfirfæranlegu rekstrartapi milli ára en áætlaður skattskyldur hagnaður sem gefinn er upp vegna álagningar 2001 eru tæpir 48 milljarðar kr. en áætlaðar skattgreiðslur að frádregnu yfirfæranlegu tapi eru tæpir 2,8 milljarðar kr.

Fjmrn. hefur gefið efh.- og viðskn. þær upplýsingar að miðað við fyrirliggjandi tölur sé hægt að reikna með að niðurfellt tap eftir átta ár sé að jafnaði um 1–3 milljarðar kr. Nýting á því á móti hagnaði á 9. og 10. ári segir ráðuneytið varla meira en 0,5–1 milljarð kr. Ég tel, herra forseti, að hér sé mjög varlega áætlað og í reynd muni vera um hærri tölur að ræða. Ég tel að þær muni fela í sér enn frekari lækkun á skattgreiðslum fyrirtækja og gæti þar verið um nálægt 200 millj. kr. að ræða á næsta ári sem yrði tekjutap ríkissjóðs sem beinlínis má rekja til þeirrar lagabreytingar sem við fjöllum hér um. Það er full ástæða til að benda á að slíkt tekjutap er ámóta og kostað hefði að hækka bætur atvinnulausra sem ekki fá sömu hækkanir nú um áramótin og lífeyrisþegar knúðu í gegn nýverið. En stjórnarflokkarnir felldu tillögu um hækkun á bótum atvinnulausra nú við fjárlagagerðina.

Við meðferð málsins í efh.- og viðskn. kom fram brtt. við frv. frá fjmrn. sem felur í sér mikla breytingu á fyrningargrunni og afskriftareglum vegna nýtingar á rekstrartöpum. Um er að ræða stiglækkandi fyrningar í stað línulegra fyrninga þannig að fjárhæð fyrninga er hæst fyrstu árin og fer síðan lækkandi. Lítill tími hefur gefist til að ræða þessa brtt. enda er hún enn óafgreidd í efh.- og viðskn. Þess vegna er lítið hægt að leggja mat á það hvort og að hve miklu leyti slíkar breytingar á fyrningargrunni og afskriftareglum eru til bóta eða að leggja mat á það hvað þær kosta ríkissjóð en það er auðvitað forsenda þess, herra forseti, þegar verið er að leggja fram svona brtt. að fyrir liggi kostnaðarmat frá fjmrn. Málsmeðferðin á þessu mjög óeðlileg, að þegar málið er búið í 1. umr. á þinginu, þá komi fram svo stór og viðamikil breyting á framkvæmdinni á fyrningargrunninum og afskriftareglunum að þær séu sendar beint inn í efh.- og viðskn. sem hefur þar málið til meðferðar. Mér finnst að Alþingi sé hreinlega misboðið með þessu háttalagi af hálfu framkvæmdarvaldsins vegna þess að hér var raunverulega á ferðinni nýtt mál sem hefði átt að taka frá grunni til 1. umr.

Eins og heyra má, herra forseti, á máli mínu er nokkur ágreiningur um 2. gr. frv. og þegar maður les nál. meiri hluta efh.- og viðskn. kemur þar fram einnig, herra forseti, að ekki er samstaða milli stjórnarflokkanna um þessa breytingu. Kemur þar fram að einn nefndarmanna hefur fyrirvara varðandi 2. gr. frv. og reyndar tvær aðrar greinar frv. sem ég ætla ekki að ræða á þessu stigi vegna þess að hv. þm. hlýtur að gera grein fyrir skoðun sinni á þessu máli og mun þá frekar ræða það eftir að hann hefur skýrt sjónarmið sín,

en það sýnir kannski vel að deildar meiningar eru um það frv. sem við ræðum.

Ég vil næst, herra forseti, víkja að öðru meginatriði frv. sem er lækkun á hátekjuskatti. Þar alveg eins og í rekstrartöpunum kom fram mjög hörð gagnrýni frá sömu aðilum, þ.e. stéttarfélögum og félagasamtökum sem gagnrýna lækkun hátekjuskattsins. Þeir nefna sérstaklega ástæðu þess að almennt launafólk og lífeyrisþegar séu á sama tíma að greiða sífellt stærri hluta tekna sinna í tekjuskatt. Það er full ástæða til að nefna þetta vegna þess að það virðast aldrei vera til peningar í ríkissjóði til að lækka skatta á fólki með meðaltekjur eða fólki með lægstu launin, lágtekjuhópana sem við vorum að ræða um áðan eins og lífeyrisþega, atvinnulausa og fólk með tekjur innan við lágmarkslaunin, þeim er gert að greiða eins og á síðasta ári 1 milljarð í tekjuskatt.

Ástæða er til að skoða aðeins áhrifin af þessari breytingu á hátekjuskattinum sem hér er verið að ræða en samkvæmt upplýsingum sem ég leitaði eftir hjá fjmrn. kemur fram að skattleysismörkin í almennum tekjuskatti hafa hækkað á tíu ára tímabili eða frá 1993–2003 úr 57.477 kr. á mánuði í 69.603 eða um 21% sem er langt undir því sem verðlag hefur hækkað um á þessu sama tímabili. En tekjumörkin í hátekjuskatti hafa hins vegar hækkað úr 203.340 kr. á mánuði í 340.788 kr. eða um 68% þannig að það eru sífellt færri sem greiða hátekjuskatt. Á þessu tímabili hefur vísitala neysluverðs hækkað um 33,5% en launavísitalan um 72% þannig að ef við lítum á skattleysismörkin þá hefur hún ekki einu sinni haldið í við vísitölu neysluverðs, töluvert frá því, að ekki sé talað um launavísitöluna sem hefur hækkað eða rúmlega þrisvar sinnum meira en skattleysismörkin á þessu tíu ára tímabili.

Samkvæmt upplýsingum sem fjmrn. lét í té greiða 13.300 einstaklingar fyrirframgreiðslu upp í hátekjuskatt vegna tekna ársins 2002. Þar af eru liðlega 5.300 einhleypir einstaklingar. Sú breyting sem ríkisstjórnin er hér að gera varðandi lækkun á hátekjuskatti kostar í tekjutapi hjá ríkissjóði um 300 millj. milli ára. Einnig er athyglisvert, herra forseti, að skoða hvaða áhrif lækkun á hátekjuskatti hefur á skattbyrði þeirra sem greiddu hátekjuskatt á þessu ári en greiða hann ekki á næsta ári vegna þeirra breytinga sem hér er verið að gera og skoða síðan til samanburðar hvað skattbyrði tekjulægstu hópanna lækkar mikið út af lækkun á skattleysismörkunum um þessi 0,4% extra umfram þau 2,25% sem fjárlagfrv. gerði ráð fyrir í upphafi.

Þessi breyting, þ.e. lækkun á hátekjuskattinum, hefur þau áhrif að einstaklingur með 500 þús. kr. í mánaðartekjur á þessu ári greiðir í hátekjuskatt 11.200 kr. á mánuði. En sá sem hefur sömu tekjur, miðað við meðallaunabreytingar, eða um 521 þús. á næsta ári greiðir 8.580 kr. á mánuði í hátekjuskatt, þ.e. 2.620 kr. minna á mánuði. Aukalækkun á persónuafslættinum er um 107 kr. Með hækkun persónuafsláttar um 107 kr., með þeirri skattalækkun sem ég nefndi áðan og persónuafslættinum sem hann fær eins og aðrir er skattalækkun hans tæpar 2.800 kr. á mánuði. Þetta sýnir auðvitað breytingarnar í hnotskurn. Lágtekjuhóparnir fá þessar 107 kr. í lækkun á skattbyrði á mánuði á næsta ári, atvinnuleysingarnir, lífeyrisþegarnir, lágtekjufjölskyldurnar fá 107 kr. extra í jólagjöf frá þessari ríkisstjórn, herra forseti, 107 kr. á mánuði í lækkun á skattbyrði meðan hátekjuhóparnir fá 2.800 kr. skattalækkun á mánuði. Á þessu er auðvitað verulegur munur, 2.800 kr. skattalækkun til hátekjuhópanna en 107 kr. til lágtekjuhópanna.

Við í 1. minni hlutanum leggjum til lítillega hækkun á persónuafslættinum. Ég minni á, herra forseti, að við fjárlagaafgreiðsluna við 3. umr. lögðum við til að bæði lífeyrisgreiðslur og atvinnuleysisbætur hækkuðu ekki bara í samræmi við verðlag eða meðallaunaþróun á næsta ári — forsendur fjárlaga gera ráð fyrir 3,2% hækkun — heldur gerðum við ráð fyrir að lífeyrisgreiðslur þessara hópa og bætur mundu hækka sem nemur hækkun á launavísitölunni. Þær tillögur voru felldar við fjárlagaafgreiðsluna.

Við viljum freista þess að leggja til að persónuafslátturinn hækki einnig á næsta ári í samræmi við hækkun á launavísitölu. Gert er ráð fyrir að persónuafslátturinn hækki um 3,15% en svo er ekki í okkar brtt. sem ég ætla, herra forseti, að kynna hér jafnóðum. Ég fer yfir efnisatriði hennar og geri grein fyrir þeim. Við gerum ráð fyrir að persónuafslátturinn hækki í samræmi við áætlaða þróun launavísitölu á næsta ári, sem þýddi það að persónuafslátturinn hækkaði um 376 kr. á mánuði í stað 107 kr. eins og ríkisstjórnin áformar með þessari 0,4% hækkun. Þá tek ég fram að ég hef ekki tekið tillit til 2,25% hækkunar á persónuafslætti sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir.

Herra forseti. Samfylkingin er ekki á móti því að lækka hátekjuskatt en hún telur það ekki forgangsverkefni meðan ekki er hægt að lækka skatta hjá hópum sem hafa lægri tekjur og meiri skattbyrði. Við erum hér að tala um 340 þús. kr. á mánuði hjá einstaklingi og tvöfalt meiri tekjur hjá hjónum. Nú hef ég ekki haft tíma til að skoða hver meðallaunin í landinu eru en samkvæmt því sem ég skoðaði í fyrra þegar við vorum að ræða skattalagabreytingarnar voru meðalatvinnutekjur á árinu 2000, samkvæmt upplýsingum kjararannsóknarnefndar, hjá einstæðu foreldri um 136 þús. kr. en meðalatvinnutekjur hjóna og sambýlisfólks 380 þús. kr. Gróft má áætla að tekjumörkin í hátekjuskatti séu fast að því helmingi hærri en meðaltekjurnar miðað við þessar upplýsingar kjararannsóknarnefndar.

Það gilda sömu sjónarmið nú og fyrir ári síðan hjá Samfylkingunni. Við teljum ekki rétt að gera breytingar á hátekjuskattinum miðað við þá stöðu sem ég nefndi. Við minnum á að fyrir Alþingi liggur þáltill. Samfylkingarinnar um að reynt verði að ná samstöðu um að lækka eða afnema skatta af lágtekjufólki með tekjur undir lágmarkslaunum, sem greiðir nú á bilinu 8–12 þús. kr. í skatt á mánuði. Meðan sú tillaga fær ekki undirtektir telur Samfylkingin ekki forsendur fyrir því að lækka hátekjuskattinn. Forgangsverkefnið er að lækka tekjuskatt á launafólki og tekjulágum hópum.

Herra forseti. Ég hef farið í þau tvö atriði sem við teljum veigamest í þessu frv. Við teljum rétt að 2. gr. frv. falli brott. — Herra forseti. Ég sé strax að það hafa orðið mistök varðandi þessa brtt. Hér stendur í 1. tölul. að við leggjum til að 1. og 2. gr. falli brott en það er einungis 2. gr. sem við leggjum til að falli brott. Þarna hafa einhver mistök orðið í vinnslu málsins þannig að ég óska eftir því að skjalið verði leiðrétt að þessu leyti.

En varðandi hátekjuskattinn þá munum við sitja hjá við breytinguna sem þar er lögð til.

Nú vil ég aðeins víkja að skipulagi skatteftirlits og og framkvæmd skattalaga. Ég vil fyrst fara í 1. gr. frv., sem ranglega segir í brtt. að við í 1. minni hluta viljum fella brott. Það er ekki rétt. Við munum ekki greiða þeirri grein atkvæði.

Tillagan gerir ráð fyrir að skattfrelsi happdrættisvinninga gildi um öll happdrætti á Evrópska efnahagssvæðinu óháð

því hvaða stjórnvald innan þess hefur gefið út leyfi til starfrækslu á happdrættinu. 1. minni hluti styður það en telur þó ástæðu til að gefa athugasemd ríkisskattstjóra gaum. Hann telur æskilegt að fresta breytingunni í heild. Ríkisskattstjóri telur að skoða þurfi málið frekar, m.a. vegna þess að ekki sé nægilega afmarkað hvað í þessu ákvæði felst, einkum með tilliti til happdrætta í öðrum ríkjum EES sem kunna að vera skattfrjáls samkvæmt lögum án þess að ágóðanum sé varið til þeirra málaflokka sem tilgreindir eru, en dæmi munu um að happdrætti séu rekin til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð viðkomandi lands. Ríkisskattstjóri hefur bent á að nú fái erlend happdrætti sömu skattalegu meðferð og innlend happdrætti ef um er að ræða happdrætti þar sem hagnaður rennur til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi.

1. minni hluti telur þessa athugasemd þess eðlis að rétt sé að taka undir hana og telur að meiri tíma hefði þurft í efh.- og viðskn. til að skoða þessa ábendingu frá ríkisskattstjóra sem því miður var ekki hægt. Við teljum að framkvæmdarvaldið hefði þurft að skoða þetta aðeins nánar áður en þetta ákvæði verður lögfest. Það er hraði á þessum málum, herra forseti, eins og mörgum öðrum málum hér á hv. þingi. Við teljum því rétt að sitja hjá við 1. gr. frv. þó að vissulega styðji 1. minni hluti að skattfrelsi happdrættisvinninga gildi um öll happdrætti á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem hagnaður á að renna til menningarmála, mannúðarmála eða annarrar slíkrar starfsemi sem um er getið í skattalögum.

Herra forseti. Ég vil næst víkja að tveimur greinum frv. sem hér er verið að breyta og nokkuð var tekist á um í nefndinni. Hv. frsm. meiri hlutans kom aðeins inn á þær. Það eru breytingar sem verið er að gera á 4. og 12. gr. frv. Þar er fjármálaráðherra falið að setja við upphaf tekjuárs reglur um reiknað endurgjald og reglur um hlunnindamat og aðrar tekjur og frádrátt sem meta þarf til verðs að fengnum tillögum ríkisskattstjóra. Hér er um grundvallarbreytingu, herra forseti, að ræða á skattastjórnsýslu. Með þessu yrði snúið af þeim vegi sem fylgt hefur verið langa hríð líkt og á hinum Norðurlöndunum, þ.e. að ríkisskattstjóri setji reglur um reiknað endurgjald og reglur um hlunnindamat.

Það er grundvallarágreiningur milli ríkisskattstjóraembættisins og fjmrn. um þetta atriði. Eftir því sem manni skilst er ágreiningurinn sprottinn af því þegar ríkisskattstjóri setti reglur um hlunnindamat fyrir ári eða svo. Hv. frsm. meiri hluta og formaður efh.- og viðskn. kom inn á það áðan. Þá var tekist á um hlunnindi og frádrátt varðandi það sem hann nefndi vegna árshátíða. Ég er ekki kannski nægjanlega vel inni í því málin en ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst ekki rétt að snúa stjórnsýslunni á hvolf út af þessu atriði. Ég hefði viljað skoða aðrar leiðir sem meiri sátt gæti ríkt um og taka tillit til þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið, bæði hjá einstaka nefndarmönnum í efh.- og viðskn. og fjmrn. Hjá ríkisskattstjóra kom fram að verið væri að gera grundvallarbreytingu á skattastjórnsýslunni sem gengi í þveröfuga átt við það sem er á hinum Norðurlöndunum.

Við getum að mörgu leyti tekið undir gagnrýni ríkisskattstjóra og teljum að hægt hefði verið að finna ásættanlega lausn á málinu í efh.- og viðskn. Til þess gafst ekki tími frekar en með 1. gr. frv., sem hefði þurft að skoða nánar. Við leggjum til brtt. við þessa grein, þess efnis að ríkisskattstjóri gefi áfram út reglur um mat á hlunnindum og setji við upphaf tekjuárs reglur um reiknað endurgjald en það verði gert samkvæmt nánari ákvæðum um meginreglur og viðmiðanir í reglugerð sem ráðherra setur skv. 119. gr. skattalaga. Í nefndinni kom fram gagnrýni á að lagaákvæðið sem ríkisskattstjóri vinnur nú eftir sé mjög rúmt og gefi ekki leiðbeinandi fyrirmæli um framkvæmdina. Við teljum að úr þessu megi bæta með því að framkvæmdin verði óbreytt í höndum ríkisskattstjóra, eins og áður hefur verið, en það verði gert samkvæmt nánari ákvæðum um meginreglur og viðmiðanir í reglugerð sem ráðherra setur samkvæmt 119. gr. skattalaga.

Herra forseti. Ég tel ástæðu til, bæði út af 4. gr. og 12. gr. frv., að fara aðeins í umsögn ríkisskattstjóra varðandi þetta atriði. Ríkisskattstjóri segir, með leyfi forseta:

„Með samþykkt ákvæða frumvarpsins yrðu skattalegar ákvarðanir, sem verið hafa í höndum ríkisskattstjóra sem samræmingaraðila innan skattastjórnsýslunnar, í tveimur tilvikum færðar til fjármálaráðuneytisins. Við þetta er óhjákvæmilegt að gera nokkrar athugasemdir en tekið skal fram að þessar fyrirhuguðu breytingar voru ekki kynntar ríkisskattstjóra fyrr en með framlagningu frumvarpsins og gafst því ekki kostur á að ræða þær áður en frumvarpið kom fram."

Það eru auðvitað afleit vinnubrögð, herra forseti, að svo mikil breyting á skattaframkvæmdinni skuli ekki rædd við ríkisskattstjóra heldur þurfi hann bara að lesa um þetta í frv. í stað þess að setjast yfir málið og gagnrýnina af hálfu fjmrn. Það hefði mátt leysa þetta mál í góðu samkomulagi við embætti ríkisskattstjóra.

Ég ætla að halda áfram með umsögnina, herra forseti. Ríkisskattstjóri segir:

„Samkvæmt tekjuskattslögunum og öðrum skattalögum er stjórnsýslu í skattamálum skipað með þeim hætti að stjórnsýsluákvarðanir, sem lúta að ákvörðun skattstofna og álagningu skatta og gjalda, eru í höndum skattstjóra og ríkisskattstjóra. Þær ákvarðanir eru kæranlegar til yfirskattanefndar og síðan dómstóla. Fjármálaráðuneytið sem handhafi hins pólitíska valds á þannig ekki beina eða óbeina aðild að ákvörðunum um skattstofna, skatta og gjöld þótt það fari með stjórnsýslu í skattamálum að öðru leyti. Þessi háttur á skipan stjórnsýslu í skattamálum er á öllu Norðurlöndunum og í mörgum öðrum ríkjum á Vesturlöndum enda rök fyrir honum augljós. Með breytingum samkvæmt frumvarpinu yrði í þeim tilvikum sem það tekur til gengið gegn þessari grundvallarreglu sem um þau hefur gilt frá upphafi án þess að sérstök rök til þess séu sjáanleg til breytinga þar á.

Skipan stjórnsýslu í skattamálum er í meginatriðum hin sama hér á landi og á hinum Norðurlöndunum og eru reglur um skattmat í þeim löndum ekki settar af ráðuneytum en af embættum sem eru hliðstæð embætti ríkisskattstjóra ... Ekki er vitað til að tilefni hafi þótt til breytinga þar á í þessum löndum né þeim fjölmörgu öðrum löndum sem hafa sama hátt á framangreindu grundvallaratriði skattastjórnsýslu. Þá má geta þess að reynt hefur á setningu reglna um skattmat fyrir dómstólum og þær verið staðfestar þar, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 10. febrúar 2000 í máli nr. 356/1999, sem snerist um skattmat bifreiðahlunninda."

Herra forseti. Síðan fer ríkisskattstjóri hér yfir rökstuðning fyrir dómsorðinu. Ég tel ekki ástæðu til að eyða tíma þingsins í að fara yfir það þó að vera megi að ástæða sé til miðað við það hvernig verið er að snúa stjórnsýslunni við.

En loks segir ríkisskattstjóri, með leyfi forseta:

„Reglur um skattmat og reglur um reiknað endurgjald fela ekki í sér ákvörðun um skattskyldu eða skattfrelsi tekna. Ákvæði skattalaganna eru afgerandi þar um og skilgreina til hvaða tekna skattskylda nær. Lögin setja enn fremur

þær meginreglur sem skattmatið og reiknað endurgjald skal byggja á en þær eru í stuttu máli að miða skuli við gangverð eða markaðsverð við mat á hlunnindum og endurgjaldi fyrir vinnu. Tilgangur með skattmati og reglum um reiknað endurgjald er því sá einn að leggja hlutlægt mat á fyrirliggjandi upplýsingar og setja reglur í samræmi við það. Verður matið að vera unnið á málefnalegan hátt og byggt á rökstuddum forsendum og ítarlegum upplýsingum sem aflað er. Á hliðstæðar matskenndar ákvarðanir skattstjóra reynir oft í skattframkvæmd svo sem við mat á viðskiptum milli tengdra aðila og ákvörðun ívilnana skv. 66. gr. tekjuskattslaganna sem og við ákvörðun skattverðs samkvæmt ýmsum ákvæðum virðisaukaskattslaganna og reglugerða við þau."

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara nánar út í umsögn ríkisskattstjóra þó að hann fjalli í ítarlegra máli um þetta en ég hef hér gert grein fyrir. Ástæður þess að hann leggst gegn þessari breytingu tel ég að séu rökstuddar. Maður veltir fyrir sér af hverju fleiri ívilnanir sem ríkisskattstjóri ákveður séu þá ekki teknar frá embættinu og fluttar til ráðuneytisins eins og ívilnanir samkvæmt 66. gr. tekjuskattslaganna og ákörðun um skattverð samkvæmt ýmsum ákvæðum virðisaukaskattslaganna og fleiri þáttum.

Herra forseti. Ég tel að sú tillaga sem við höfum hér komið fram með komi til móts við þá gagnrýni sem fram hefur komið.

Herra forseti. Þá fer ég í brtt. sem við flytjum við þá grein frv. sem fjallar um að þegar um samsköttuð félög sé að ræða skuli skattlagningarstaður þeirra vera í því umdæmi þar sem móðurfélag hefur aðsetur. Við tökum undir þær athugasemdir sem fram koma hjá ríkisskattstjóra. Þetta er um 6. gr. frv. Í umsögn ríkisskattstjóra segir, með leyfi forseta:

„Ríkisskattstjóri telur breytingar þessar vera til bóta en telur að lengra eigi að ganga í þessu efni að því leyti að heimild til að víkja frá meginreglu laganna um skattlagningarstað eigi einnig að taka til þess þegar einkahlutafélag eða sameignarfélag og aðaleigandi þess eru ekki í sama skattumdæmi. Má í því sambandi benda á að sé reiknuðu endurgjaldi eiganda félags sem starfar hjá því breytt af skattstjóra við álagningu skatta leiðir af því að breyta verður álagningu á félagið. Ef vel á að vera þurfa þessar ákvarðanir að vera á hendi eins og sama skattstjóra."

Við flytjum því breytingu, herra forseti, þess efnis að þegar sameignarfélag eða einkahlutafélag er að fullu í eigu annars skattaðila eða hann er ráðandi eignaraðili í því getur ríkisskattstjóri vikið frá ákvæðum 1.–4. mgr. um framtals- og skattlagningarstað.

Herra forseti. Næst vil ég víkja að 8. gr. frv. sem við gerum að vísu ekki breytingartillögu við en skattstjórar á landinu fjölluðu nokkuð um í umsögnum sínum. Það kemur fram í frv., í þessari grein, að fjmrh. geti ákveðið að sami skattstjóri fari með skatteftirlit í fleiri en einu umdæmi og eftir atvikum skattbreytingu ef skatteftirlit leiðir til endurákvörðunar opinberra gjalda. Með þeirri breytingu sem lögð er til í frv. er gert ráð fyrir að heimilt verði að færa landsbyggðarskatteftirlitið frá ríkisskattstjóra til ákveðinna skattumdæma og að sami skattstjóri fari með skatteftirlit í fleiri en einu skattumdæmi. Tilgangurinn er sagður vera að stuðla að auknum sveigjanleika í skatteftirliti, en frá árinu 1996 hefur ríkisskattstjóri annast að mestu leyti skatteftirlit utan Reykjavíkur og Reykjanesumdæmis. Ástæða þess er sögð vera sú að ekki hafi tekist að byggja upp skatteftirlit á minni skattstofunum, m.a. vegna örðugleika við að ráða starfsfólk.

Það eru gerðar athugasemdir við það, herra forseti, hjá flestum skattstjórum sem tjáðu sig um þetta mál að ef ekki fylgi fjármagn með svona breytingum á skipulagi skatteftirlitsins, en þær séu einungis fólgnar í tilfærslu starfa milli stofnana og skattkerfisins, þá muni þær í engu bæta skatteftirlit. Ríkisskattstjóri vekur m.a. athygli á því að ef herða eigi skatteftirlit þurfi verulega viðbót af mannafla og að lágmarki þannig að í almennu skatteftirliti verði a.m.k. jafnmargir og voru í því þegar flest var. Hann bendir á að fjöldi stöðugilda í sérgreindu skatteftirliti hjá ríkisskattstjóra hafi verið tólf manns árið 1996 en frá þeim tíma hafi fjárheimildir lækkað að raungildi ár frá ári og eru nú 8–10% lægri en þær voru árið 1996 þrátt fyrir aukin verkefni sem ríkisskattstjóri tiltekur. Í fjárlögum fyrir næsta ár, herra forseti, er ekki gert ráð fyrir neinni aukningu á mannafla og felld var tillaga þingmanna Samfylkingarinnar um það efni nú við 3. umr. fjárlaga. Það er skoðun 1. minni hluta að þessari breytingu verði að fylgja fjármagn ef hún á að skila árangri og styrkja skatteftirlit á landsbyggðinni. Meðan svona er er þessi tillaga sýndarmennskan ein. Við styðjum 8. gr. um að þessi heimild sé til staðar en við vekjum rækilega eftirtekt á því að ekki er gert ráð fyrir auknu fjármagni til þess að hægt sé að fylgja því eftir að flytja skatteftirlitið í einhverjum tilvikum út á landsbyggðina og teljum að það gangi ekki að gera það með einhverjum tilfærslum á mannskap frá skattstjóraembættinu.

Herra forseti. Ég fer nú brátt að ljúka máli mínu en vildi að síðustu vekja athygli á tillögu sem við í 1. minni hlutanum tökum upp og ríkisskattstjóri bendir á. Við teljum hana mjög þarfa og brýna og brýnt að ná samstöðu um hana. Ég mun leyfa mér að óska eftir því að þessar brtt. verði dregnar til baka til 3. umr. þannig að efh.- og viðskn. geti fjallað um þær við lokaafgreiðslu máls ef vera mætti að einhver samstaða næðist um þær, en um þær var ekkert fjallað, herra forseti, í efh.- og viðskn. Til þess gafst ekki tími fyrir 2. umr. málsins.

Þá kem ég að efni þessara tillagna. Ríkisskattstjóri vekur athygli á þessu í umsögn sinni þar sem hann er að ræða um raunverulega þörf á breytingum á skatteftirliti og hvernig til þess þurfi verulega aukningu á mannafla. Þá segir hann, með leyfi forseta:

„Til raunverulegra breytinga á skatteftirliti þarf verulega aukningu mannafla og að lágmarki þannig að í almennu skatteftirliti verði a.m.k. jafnmargir og voru í því þegar flest var í því, auk þess sem skipulagi þess yrði breytt á þann veg að skatteftirliti RSK verði fengið það verkefni að hafa eftirlit með stórfyrirtækjum og fjölþjóðasamskiptum og mannað í samræmi við það. Slíkt skref hefur þegar verið stigið fyrir löngu á hinum Norðurlöndunum þar sem einingar skattkerfisins eru þó langtum stærri en hér á landi."

Á því vekjum við athygli í nál. okkar að rétt væri að breyta skipulagningunni á þann veg að skatteftirliti ríkisskattstjóra verði fengið það verkefni að hafa eftirlit með stórfyrirtækjum og fjölþjóðasamskiptum og að skatteftirlit verði mannað í samræmi við það. Við bendum á og tökum undir að þetta skref hafi verið stigið fyrir löngu á hinum Norðurlöndunum og hafi skilað verulegum árangri. 1. minni hluti leggur því til breytingar í þessa veru með þeim rökum, herra forseti, að fjármálastarfsemi og fjármagnsflutningar milli landa eru sífellt að aukast og eignatengsl fyrirtækja og fyrirtækjasamsteypa liggja í mörgum tilvikum í fleiri en einu skattumdæmi. Eignatengsl eru oft margþætt og öll

fjármálaumsýsla og bókhaldskerfi í slíkum tilvikum orðin afar umfangsmikil og flókin og ekki á færi t.d. smærri skattstofa að ráða við svo vel sé að halda uppi nauðsynlegu skatteftirliti. Mikilvægt er því að svo sé um hnúta búið í skatteftirlitinu að hægt sé að byggja upp á einum stað sérþekkingu og nauðsynlegan tækjabúnað sem ræður við að halda uppi skatteftirliti með stórfyrirtækjum og fjölþjóðasamskiptum, þar sem eignatengsl liggja milli landa og skattumdæma. Veita þarf ríkisskattstjóra og skatteftirlitinu nauðsynlegar heimildir og svigrúm til að takast á við þessi verkefni í samræmi við þá þróun sem orðið hefur. 1. minni hluti flytur breytingartillögu sem felur í sér að ríkisskattstjóri geti árlega ákveðið, að höfðu samráði við skattstjóra, að tilteknir lögaðilar, svo sem stórfyrirtæki, félög með eignatengsl milli landa eða skattumdæma, svo og aðrir skattaðilar sem skattstjórar tilnefna skuli skila framtölum til ríkisskattstjóra og vera skattlagðir af honum. En þessar tvær brtt. sem við hér flytjum og leggjum til og tengjast þessari efnisbreytingu eru sóttar í dönsk skattalög.

Herra forseti. Ég get farið að ljúka máli mínu. Samandregið má segja að við í 1. minni hlutanum leggjumst gegn því að auka frekar heimildir til að nýta eftirstöðvar rekstrartapa í tíu ár í stað átta ára áður. 1. minni hluti mun ekki styðja lækkun á hátekjuskatti á sama tíma og ríkisstjórnin telur sig ekki hafa svigrúm til að lækka skatta á fólk með lágar eða meðaltekjur, en mun flytja brtt. um að persónuafsláttur hækki í samræmi við launavísitölu á næsta ári.

Síðan flytjum við, eins og ég hef hér lýst, nokkrar brtt. sem eru til þess fallnar að styrkja skatteftirlitið og auka skilvirkni og framkvæmd skattalaga.

[15:27]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ekki hafa fullan skilning á rekstri fyrirtækja. Hún áttar sig ekki á því að sum fyrirtæki græða en önnur tapa og þegar fyrirtæki er stofnað þá liggur það ekkert fyrir hvort það græði eða tapi. Í því liggur einmitt áhættan.

Ég vil spyrja hv. þm. hvort hún hafi einhvern tíma stofnað eða rekið fyrirtæki, hvort hún hafi einhvern tíma kynnst rekstri fyrirtækis. Ef svarið er já, hvort hún skilji þá ekki að það er alltaf hætta á tapi hjá fyrirtæki, bæði vegna samkeppni, vegna málaferla og ýmissa hluta.

Ef hv. þm. skilur að fyrirtæki geti tapað um árabil, sem oft er reyndin þegar fyrirtæki eru stofnuð því yfirleitt eru fyrstu tvö, þrjú, fjögur árin tapár, þá vil ég vita hvort henni finnist eðlilegt að hagnaðurinn sé skattlagður strax og hann kemur inn þegar hann er í rauninni notaður til þess að greiða lántöku vegna taps, áralangs taps jafnvel.

Þá langar mig til að spyrja hv. þm. hvort hún viti ekki til þess að margir þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu eru einstaklingar sem tóku áhættu í atvinnulífi en töpuðu, urðu gjaldþrota, og sitja þeir margir hverjir uppi með miklar skuldir sem þeir verða að borga en engar eignir á móti. Sumt af þessu fólki gætti þess jafnvel ekki að borga í lífeyrissjóð þannig að það á ekki rétt úr lífeyrissjóði þó að það hafi reyndar átt að borga í lífeyrissjóð, þó að það hafi veitt fjölda manns vinnu í fjölda ára og borgað fyrir þá í lífeyrissjóð, og þó að starfsmennirnir séu allir með góð lífeyrisréttindi.

[15:29]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó það hafi nú ekki orðið hlutskipti mitt að reka fyrirtæki þá tel ég mig hafa sýnt það í tillögum sem ég hef flutt hér að ég hef skilning á því að skattumhverfi fyrirtækja sé hér eðlilegt og gott. Við í Samfylkingunni höfum stuðlað að breytingum á því til þess að svo yrði.

Ég minni t.d. á að við studdum ekki þá tillögu sem ég tel að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi stutt, þ.e. að hækka tryggingagjald á fyrirtæki til þess að lækka enn meira skatta á stórfyrirtæki en ástæða væri til. Sjálfstæðismenn vildu fara með skatthlutfallið úr 30% niður í 18% en það var nægjanlegt að fara með skatthlutfallið í 25% til þess að fyrirtæki hér á landi héldu skattalegu forskoti á aðrar þjóðir. En svo mikið lá við að fara alveg niður í 18% að það þurfti að hækka tryggingagjald, sem kom sér sérstaklega illa fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, og á því hafði Sjálfstfl. greinilega engan skilning. Hann hefur ekki meiri skilning á stöðu lítilla og meðalstórra fyrirtækja en svo að hann hverfur frá því að taka fyrsta áfangann í því að lækka stimpilgjöld á fyrirtæki sem hefði komið sér sérstaklega vel fyrir fyrirtækin og skuldug heimili. Þetta eru tillögur sem við í Samfylkingunni og ég sem fulltrúi Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn. höfum lagt sérstaka áherslu á.

Ég hef fullan skilning á því að eðlilegt sé að það sé heimilt að nýta rekstrartöp fyrirtækja í ákveðinn tíma. En afskriftareglur og fyrningargrunnur og annað er hér óeðlilega rúmt. Það er ástæða til þess að skoða það sérstaklega og auka þetta ekki enn frekar en gera á með því að færa heimildina úr átta árum í tíu ár með því skattalega tapi sem því fylgir. En svo sannarlega er eðlilegt að það sé hægt að nýta þessi töp. En það er hægt að ganga of langt í því, eins og Sjálfstfl. hefur oft áður gert. Hann hugar ekki að heildinni og hann býr ekki vel að litlum og meðalstórum fyrirtækjum eins og ég hef sagt.

[15:32]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. svaraði ekki spurningunni um það hvort hún teldi eðlilegt að menn gætu dregið tap frá. Hún segir að það megi gera um eitthvert árabil. En hvað skyldi gerast ef tapið væri orðið mjög gamalt og menn hefðu stofnað til skulda fyrir 10, 15 árum til þess að reka fyrirtækið? Það hefur kannski lafað frá þeim tíma og svo fer það að skila hagnaði núna, er ekki eðlilegt að menn geti dregið tapið frá? Er eðlilegt að menn eigi bara að standa eftir með tapið og borga skatt af hagnaðinum?

Þetta var spurning mín til hv. þingmanns og hún svaraði henni ekki.

[15:32]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mig hafa farið töluvert yfir þessi rekstrartöp og á hverju þau eru byggð og þær reglur sem þau byggja á. Það er niðurstaða mín, herra forseti, að það þurfi að fara í heildarendurskoðun á þeim reglum sem gilda um þetta í tekjuskattslögunum, bæði fyrningar- og afskriftareglurnar og samsetninguna á þessum rekstrartöpum.

Ástæður óeðlilega lágs tekjuskatts fyrirtækja hér á landi eru m.a. þær frjálslegu reglur sem gilda um gjaldfærslu á gengistapi lána og verðbótaþáttar verðtryggðra lána, eins og ég hef nefnt í máli mínu, svo og verulega rúmar afskrifta-

heimildir. Þá er ég að tala um t.d. flýtifyrningar á móti söluhagnaði. Það er skoðun mín að fara eigi yfir þetta allt í heild og breidd en ekki fara þá leið sem ríkisstjórnin gerir hér sem þýðir enn meira skattalegt tap fyrir ríkissjóð. Mér finnst að ekki megi vera að kroppa svona í það að ríkissjóður geti haft sínar tekjur, ekki síst þegar hann hefur ekki efni á því að lækka skatta hjá fólki sem er með lægstu tekjurnar eins og fólki sem er með lægri tekjur en lágmarkslaun.

Það er þetta sem ég hef gert athugasemdir við, að það virðist alltaf vera svigrúm til þess að auka í skattaívilnanir hjá fyrirtækjum en það er aldrei til fjármagn til þess að létta á skattbyrði þeirra sem nauðsynlega þurfa á því að halda.

[15:34]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Það væri freistandi að halda áfram þessari umræðu um fyrningar og tilflutning á tapi á milli ára. Við ræddum fyrr í dag um stöðu fátæks fólks og við þá umræðu kom fram að tekjur þeirra sem minnst hafa handa á milli í þjóðfélaginu eru svo litlar orðnar að það er óhætt að segja að þau heimili séu rekin með tapi. Atvinnulaus maður hefur innan við 70 þús. kr. útborgaðar, um 68 þús. þegar hann hefur greitt skatta og iðgjöld í lífeyrissjóð, og þar er ekkert afgangs. Sá maður fær hins vegar engin töp í sínu bókhaldi færð á milli ára.

Gagnvart þeim sem hafa meira handa á milli er hins vegar ríkur skilningur hjá þessari ríkisstjórn. Í því frv. sem við erum að ræða núna og lýtur að tekjustreymi ríkissjóðs á komandi ári eru uppi svipaðar áherslur og verið hafa um langa hríð.

Í frv. er lagt til að hátekjuskattur einstaklinga verði lækkaður um 2 prósentustig, að hann verði lækkaður úr 7% í 5%, hátekjumörk einstaklinga hækkuð um 2,75%, þ.e. úr 331.666 kr. í 340.787 kr., lengdur er sá tími sem fyrirtæki geta nýtt eftirstöðvar rekstrartapa úr átta árum í tíu og lagðar eru til heimildir til stiglækkandi afskrifta á lausafé. Allt eru þetta breytingar sem ívilna verulega fyrirtækjum og hátekjufólki. Þessar breytingar eru harðlega gagnrýndar af hálfu samtaka launafólks, ASÍ, BSRB, Öryrkjabandalagsins og samtaka eldri borgara en eru aftur á móti mærðar af samtökum atvinnurekenda og öðrum aðilum sem tala máli stórfyrirtækja og efnameiri hluta samfélagsins. Hækkun á persónuafslætti um 0,4% er tilkomin við þrýsting frá samtökum launafólks og reyndar einnig héðan úr sölum Alþingis því að stjórnarandstaðan hefur haldið uppi málafylgju í þessa veru. Sá sem hér stendur og mælir fyrir áliti 2. minni hluta gagnrýnir framangreindar skattkerfisbreytingar en samanlagt rýra þær tekjur ríkissjóðs verulega.

Við upphaf þessarar umræðu, 2. umr. um frv., liggja enn ekki fyrir útreikningar frá embætti ríkisskattstjóra um áætlað tekjutap ríkissjóðs vegna stiglækkandi afskrifta og er í hæsta máta gagnrýnisvert að ríkisstjórnin leggi fram frv. um umfangsmiklar skattkerfisbreytingar án þess að ítarlegir útreikningar séu fyrir hendi. Í minnispunktum frá 4. desember sem efh.- og viðskn. fékk í hendur frá fjmrn. um stiglækkandi afskriftir er gert ráð fyrir að breytt fyrirkomulag leiði til 100–150 millj. kr. tekjutaps fyrir ríkissjóð en „árétta þarf að þessi áætlun er mikilli óvissu háð í báðar áttir", eins og segir orðrétt, með leyfi forseta, í álitsgerð eða minnispunktum fjmrn. frá 4. desember. Þar segir að auki, með leyfi forseta:

„Mjög erfitt er að meta af einhverri nákvæmni áhrif þessara breytinga á tekjuskatt fyrirtækja. Þó má reikna með að þær lækki tekjuskattsstofninn lítillega að öðru óbreyttu, eða um hálfan til einn milljarð kr. Það þýðir að álagður tekjuskattur kann að lækka um 100–150 millj. kr. á árinu 2004 verði þessi tillaga samþykkt. Árétta þarf að þessi áætlun er mikilli óvissu háð í báðar áttir."

Síðan komu ábendingar og líkindareikningur frá embætti ríkisskattstjóra sem var í allt aðra veru, gerði ráð fyrir miklu meira tekjutapi fyrir ríkissjóð.

Varðandi væntanlegt tekjutap ríkisins á komandi ári er rétt að minna á að vegna fyrri lagabreytinga sem koma til framkvæmda um næstu áramót er að finna enn frekari skattalækkanir í þágu fyrirtækja. Þannig kemur nú til framkvæmda lækkun tekjuskatts fyrirtækja úr 30% í 18%, sérstakur eignarskattur fyrirtækja fellur niður, eignarskattur fyrirtækja lækkar úr 1,2% í 0,6% og eignarskattur einstaklinga sömuleiðis. Á móti þessum skattalækkunum hefur síðan áfengis- og tóbaksgjald verið hækkað og gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra einnig. Í nál. frá 2. minni hluta er að finna samantekt sem byggir á upplýsingum frá fjmrn. þar sem gert er ráð fyrir því að þessar skattbreytingar komi til með að rýra tekjur ríkissjóðs um 1.830 millj. kr. á árinu. En það skal tekið fram að hér er um nettóáhrif að ræða, þ.e. að teknu tilliti til áætlaðra veltubreytinga og fleira.

Þetta eru áætlanir, menn deila um stærðargráðuna í þessu efni og eins og ég segi eru ýmsir sem bera brigður á þetta og telja þetta vanáætlað tekjutap.

Allar götur frá því að Sjálfstfl. fékk lyklavöldin í Stjórnarráði Íslands, fyrst með stuðningi Alþýðuflokksins frá 1991 til 1995 og síðan Framsfl. frá árinu 1995 og fram á þennan dag, hefur verið fylgt þeirri stefnu í skattamálum að flytja skattbyrðar af stöndugum fyrirtækjum og efnafólki yfir á launafólk. Sú stefna sem við verðum vitni að núna er ekki ný af nálinni. Þetta er stefna sem markvisst og staðfastlega hefur verið fylgt í rúman áratug. Jafnframt hafa margvísleg þjónustugjöld verið aukin og eru þar alvarlegastar álögur á sjúklinga, bæði vegna stóraukins lyfjakostnaðar og beinnar þátttöku þeirra við læknisverk.

Menn sem hafa svolítið minni, ekki bara pólitískt minni en svolítið minni, minnast þess eflaust frá fyrri hluta tíunda áratugarins þegar þáv. heilbrrh. fór mikinn um mikilvægi þess að efla kostnaðarvitund sjúklinga. Það var mikilvægt að efla kostnaðarvitundina og hraða fólk frá því að neyta dýrra lyfja eða óska eftir lækningum sem voru kostnaðarsamar fyrir samfélagið. Svo langt gekk reyndar ríkisstjórnin — ég held að það hafi verið á fyrstu árum eða fyrstu mánuðum samstarfs Sjálfstfl. og Framsfl. — að það voru birt svokölluð vasafjárlög. Ég veit ekki hvort hv. þm. muna eftir vasafjárlögum Sjálfstfl. og Framsfl. þar sem það var tíundað hvað fatlað fólk kostaði samfélagið. Það þurfti fulltrúa frá Sameinuðu þjóðunum, einn helsta talsmann fatlaðra á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, til að benda mönnum á að þannig væri rangt að setja málin upp, heldur ætti að horfa á það á hinn veginn og frá hinum endanum hvað það kostaði eitt samfélag að teljast mannréttindasamfélag. Þannig vildi sá maður stilla þessu dæmi upp. Ég hef ekki séð þetta núna um nokkurt skeið, slík vasafjárlög þar sem ráðist var að fötluðu fólki á þennan forneskjulega hátt, og þakka ég það baráttu samtaka fatlaðra, Öryrkjabandalaginu, sem háð hefur einarða baráttu, og umræðum hér á Alþingi.

Skattbreytingar ríkisstjórnarinnar að þessu sinni eru mjög

í anda þessarar stefnu, tekjuskattar fyrirtækja lækka en þær skattaívilnanir sem fram koma í þágu launafólks eru óverulegar og hafa verið knúnar fram með félagslegum þrýstingi. Það er ástæða til að minna á að það er ekki óskastefna Sjálfstfl. að hafa slíkar áherslur uppi.

Það er mjög fróðleg lesning að skoða þær breytingar sem orðið hafa í skattkerfi landsmanna frá því í byrjun tíunda áratugarins. Þær eru verulegar. Í upphafi þess áratugar greiddu fyrirtæki 50% skatt af tekjum sínum en eins og ég gat um áðan verður við næstu áramót farið að innheimta 18% skatt. Þetta var gert í áföngum, að lækka tekjuskatt fyrirtækjanna, fyrst farið niður í 45%, síðar 33%, 30% og að lokum núna niður í 18%.

Er þetta gott fyrir fyrirtækin? Að sjálfsögðu. Að sjálfsögðu er það gott fyrir fyrirtæki. Að sjálfsögðu er það líka gott fyrir einstaklinga að komast hjá því að greiða þunga skatta. Að sjálfsögðu bætir það þeirra hag, það gefur augaleið. Spurningin snýst hins vegar um samhengi hlutanna og hvar við viljum bera niður til að innheimta skatta á móti. Valkostirnir eru tveir, að skera niður útgjöld hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, eða að innheimta peninga með öðrum hætti. Menn verða að tala opinskátt um hvað þeir vilja í því efni.

Það var athyglisvert að allir gestir efh.- og viðskn. í tengslum við frv. sem voru í forsvari fyrir samtök launafólks, öryrkja og eldri borgara, mótmæltu skattstefnu ríkisstjórnarinnar harðlega og sögðu að um hana mundi ekki ríkja neinn friður í samfélaginu. Engan þarf að undra hörð viðbrögð við skattstefnu ríkisstjórnarinnar. Menn gera sér að sjálfsögðu grein fyrir því að ríkisstjórnir, undir forsæti Sjálfstfl. frá 1991, hafa stefnt að því leynt og ljóst að færa fjármögnun velferðarþjónustunnar að verulegu marki út úr hinu eiginlega skattkerfi og yfir í beinar álögur á notendur þjónustunnar.

Í skýrslu sem fjmrn. gaf út árið 1998, um einkaframkvæmd innan velferðarþjónustunnar, var lögð áhersla á að sem stærstur hluti tekna rekstraraðila yrði fenginn með notendagjöldum. Þar var augljóslega verið að boða skólagjöld og sjúklingaskatta sem valda félagslegri mismunun.

Þegar líða tók á tíunda áratuginn varð ljóst að aukin misskipting var farin að valda alvarlegri félagslegri mismunun á Íslandi. Í skýrslu sem landlæknisembættið gaf út í apríl 1997 undir heitinu Heilbrigðisþjónustan, árangur og skipulag í nútíð og framtíð segir m.a., með leyfi forseta: „Gjalda ber varhug við frekari hækkun gjalda eða verulegum þjónustugjöldum, því að í óbirtri rannsókn landlæknisembættisins kemur í ljós að meðal barnafólks, sem hefur lægstar ráðstöfunartekjur á mánuði, er allstór hópur sem hefur frestað eða hætt við að leita læknismeðferðar og taka út lyf vegna fjárskorts.“ Í skýrslunni kemur fram að það er einkum á sviði tannlækninga sem fólk veigrar sér við að leita lækninga. Og ég vitna aftur í skýrsluna, með leyfi forseta: „Hér hefur orðið grundvallarbreyting á, því að fyrri rannsóknir benda ekki til misræmis í aðgengi fólks eftir stéttum og efnum.“

Hvers vegna er verið að vitna í þetta núna? Hvers vegna verja menn tíma sínum við umræður um tekjuskattsfrv. ríkisstjórnarinnar í að rifja þetta upp? Jú, vegna þess að þarna er beint samhengi á milli. Ég var að vekja athygli á því að samkvæmt mjög varfærnislegum og íhaldssömum útreikningum fjmrn. er gert ráð fyrir því að vegna skattkerfisbreytinga ríkisstjórnarinnar á þessu ári muni draga úr tekjum ríkissjóðs um tæpa 2 milljarða kr., um rúmar 1.800 milljónir. Þetta eru mjög varfærnislegir útreikningar.

Hvað á þá að gera? Á að skera niður? Við vitum að sú ríkisstjórn sem hér situr mun ekki skera þar sem fitan er mest. Hún mun halda áfram að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur, beita þar niðurskurði, og reyna að innheimta það sem á vantar með svokölluðum notendagjöldum, auknum álögum á sjúklinga og skólafólk.

Þegar aðstöðugjöld fyrirtækja voru lækkuð á fyrri hluta tíunda áratugarins fylgdu rýrnandi kjör innan velferðarþjónustunnar jafnframt því sem álögur á sjúklinga jukust mjög. Í heilbrigðisþjónustunni hefur þetta leitt til stóraukinna útgjalda fyrir sjúklinga. Í árslok 2001 birti BSRB könnun sem unnin var í samráði við lækna um kostnaðarhlutdeild sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Tekin voru dæmi af sjö sjúklingum sem áttu við mismunandi veikindi að stríða og lagðir fram útreikningar á þróun kostnaðar þeirra á tímabilinu 1990–2001. Öllum þessum sjúklingum var fylgt í gegnum ráðlagða læknismeðferð í eitt ár og haldið til haga kostnaði þeirra yfir árið. Sama eða sambærileg meðferð var skoðuð á fimm ára fresti: 1990, 1996 og 2001. Niðurstaðan var mjög afgerandi. Í öllum tilvikum hafði kostnaður sjúklingsins stóraukist, í sumum hafði hann margfaldast. Samanburður af þessu tagi er alltaf erfiður. Það á t.d. við varðandi lungnabembu. Á það ber einnig að líta að í sumum tilfellum er kostnaðarhlutdeild sjúklinga meiri en í þeim dæmum sem notuð voru í könnuninni og í öðrum tilfellum minni.

Þarna voru einstaklingar sem þjáðust af ofnæmissjúkdómum, þunglyndi, kransæðasjúkdómi og börn með eyrnabólgu, svo eitthvað sé nefnt. Hækkun á kostnaðarhlutdeild þessa fólks í baráttunni við sjúkdóm sinn jókst margfalt, um mörg hundruð prósent. Mest varð kostnaðaraukningin á fyrri hluta tíunda áratugarins. Þá var kostnaðarsprengingin mest, í tíð Sjálfstfl. og Alþfl.

Í stöku tilviki, t.d. varðandi þunglyndissjúklinga, hefur tekist að tefja, ekki aðeins að hægja á þróuninni heldur snúa henni aðeins við. Kostnaður þunglyndissjúklings jókst á árabilinu 1990–1996 um 177,83%, en minnkaði 1996–2001 um 2,9% en það er ekki dæmigert. Í flestum tilvikum heldur kostnaðurinn áfram að aukast allan tíunda áratuginn þó að heldur hægi á. Hvers vegna hægir á? Jú, vegna þess að stjórnarandstaða, samtök sjúklinga, öryrkja og verkalýðshreyfing beita sér gegn þessari þróun. Það er mikil ástæða til þess við umræður um skattkerfisbreytingar að minna á þetta samhengi hlutanna.

Þegar við lækkum skatttekjur ríkissjóðs eða sveitarfélaga er aðeins um tvennt að velja. Annar kosturinn er að draga úr útgjöldum. Ég væri þess vegna tilbúinn að leita leiða til að gera það á ýmsum sviðum, t.d. í utanríkisþjónustunni, í framlögum til NATO og til rándýrra sendiráða víða um heim, þar sem menn fylgja að mínum dómi úreltri stefnu. Þar stöndum við í of dýrum fjárfestingum og þar er stillt upp valkostunum sendiráð eða ekki sendiráð. Enginn lætur sér koma til hugar að það sé hægt að verja minni fjármunum til þessarar þjónustu.

Við erum til viðtals um að leita leiða til sparnaðar en það er ekki þarna sem skorið er niður. Það er ekki á þessum sviðum. Það er skorið niður við þá sem minnstar hafa tekjurnar. Þetta er bara staðreynd. Hvað gerist ef stjórnvöld eru ekki reiðubúin að spara og skera niður þegar á heildina er litið? Jú, kjör þessa fólks rýrna vegna þess að dregið er úr millifærslum úr kerfinu og á móti kemur aukin kostnaðarþátttaka. Þetta er samhengi hlutanna, hið pólitíska samhengi þessa frv. sem hér um ræðir.

Í frv. er gert ráð fyrir ýmsu sem lýtur að sjálfri skattaframkvæmdinni. T.d. fór fram talsverð umræða um það í efh.- og viðskn. hver ætti að setja reglur um reiknað endurgjald. Á það að vera á hendi embættis ríkisskattstjóra eða á hendi fjmrn.? Ríkisskattstjóri sagði í umsögnum sínum til efh.- og viðskn. að á Norðurlöndunum væri þetta alls staðar þannig — ef ég man rétt, ég held ég fari rétt með það — að embætti ríkisskattstjóra eða samsvarandi embætti hefði þetta verk með höndum. Svo var að skilja á ríkisskattstjóra að ef þetta væri flutt til fjmrn., því að í 4. gr. er gert ráð fyrir að fjmrh. eigi að staðfesta reglur sem komi frá embætti ríkisskattstjóra, þá yrði um tvíverknað að ræða vegna þess að báðir aðilar hlytu að byggja á sömu forsendum.

Ekki voru allir sannfærðir um að svo væri. Þegar farið var að grandskoða lögin kom fram að þar er ekki að finna mjög traustar lagastoðir fyrir þessari reglusmíð. Þá er spurningin þessi: Hvernig á að tengja þetta pólitískri, lýðræðislegri ábyrgð? Hvernig á að tengja pólitíska þræði þarna inn og gera þetta að lýðræðislegum ákvörðunum?

Mín skoðun er í fyrsta lagi að mér finnst eðlilegt að reyna að treysta lagarammann sem slíkar reglur byggja á og hafa þær í eins ríkum mæli og unnt er staðfestar með lögum. Að einhverju leyti er þetta eflaust erfitt en mér finnst eðlilegt að þetta sé á ábyrgð fjmrh., að hann komi á einhvern hátt við sögu þannig að við getum komið á framfæri gagnrýni utan úr þjóðfélaginu á þessa framkvæmd.

Einnig var rætt um hvort menn ættu að hafa rétt til málskots til yfirnefndar sem hefði eitthvert úrskurðarvald í þessu efni. Ég kemst ekki að annarri niðurstöðu en þeirri að einnig það byggðist á lokuðu kerfi. Úrskurðarnefnd yrði væntanlega að byggja á sömu lagastoð og við erum að kvarta yfir að sé ekki nægilega skýr. Þegar þetta allt kemur saman er það mín skoðun að þessi breyting geti ekki talist til ills.

Síðan var talsvert rætt um 8. gr. frv. Þar ætla ég að vitna, með leyfi forseta, í minnihlutaálit mitt. Hér segir, með leyfi forseta:

„Ljóst er af umsögnum ríkisskattstjóra að æskilegt hefði verið að vinna breytingartillögurnar sem lúta að skattaframkvæmdinni betur og má í því sambandi vísa til umsagnar hans um 8. gr. frumvarpsins sem veitir skattstjóra heimild til að fara með skatteftirlit í fleiri en einu skattumdæmi. Embætti ríkisskattstjóra leggst ekki gegn þessari lagabreytingu en segir engu síður að ekki sé ástæða „til að gera hana eina út af fyrir sig og ekki fyrr en gerðar eru aðrar nauðsynlegar breytingar á skipulagi skatteftirlits og það fé lagt í skatteftirlit sem það þarf til að það geti orðið með viðunandi hætti.““

Ég vek athygli á því sem þarna kemur fram hjá ríkisskattstjóra, að honum finnst að þurft hefði að koma til gagnger endurskoðun á skatteftirlitinu í landinu og ekki æskilegt að taka einstaka þætti út úr með þessum hætti.

Hins vegar kom fram að þessar tillögur sem hér hafa ratað inn í nokkrar greinar lagafrv. og lúta að skattframkvæmdinni byggja á starfi nefndar — sem að vísu klofnaði — en tillögusmíðin byggir á meiri hluta þessarar nefndar sem fjmrn. fékk til að fara í saumana á skattframkvæmdinni. En ég vek athygli á þessum varnaðarorðum ríkisskattstjóra, að eðlilegra og æskilegra hefði verið að gera heildstæðari breytingu á lögunum hvað þetta varðar.

Með nál. 2. minni hluta fylgja fylgigögn sem eru mjög athyglisverð fyrir þær sakir hve samhljóma þau eru. Í þeim öllum er sami tónninn sleginn en þau koma frá Öryrkjabandalaginu, samtökum eldri borgara, Alþýðusambandi Íslands og BSRB.

Ég ætla hér í lokaorðum mínum að víkja í örfáum orðum að helstu atriðum sem þar koma fram en í umsögn Landssambands eldri borgara (LEB) segir, með leyfi forseta:

„Tvö meginefnisatriði frumvarpsins vill LEB gera athugasemdir við, þ.e. breytingar skv. 2. grein þess á 8. lið 31. greinar laganna, um tveggja ára lengingu heimilda til þess að nýta fyrra rekstrartap til skattafrádráttar.

Hitt efnisatriðið er skv. 13. grein frumvarpsins um framlengingu svokallaðs sérstaks tekjuskatts, en jafnframt um lækkun álagsprósentunnar úr 7 í 5%.

Landssamband eldri borgara telur, að því er varðar þessi tvö efnisatriði um lækkun álagsprósentunnar og framlengingu frestsins til að nýta fyrri töp til skattalækkunar, að þar sé farið alrangt að ef líta eigi til jafnræðissjónarmiða.

Skattar á rekstraraðilum eru stórlega að lækka um þessar mundir vegna annarra skattalagabreytinga og einnig hafa skattar á lægstu tekjur sífellt verið að hækka að undanförnu vegna lækkandi hlutfalls skattleysismarka miðað við tekjur.

LEB sýnist því farið alrangt að með þessar tvær meginefnisbreytingar sem frumvarpið felur í sér.“

Þetta er úr umsögn Landssambands eldri borgara þar sem áherslur ríkisstjórnarinnar í skattamálum eru gagnrýndar.

Umsögn Öryrkjabandalags Íslands er hér einnig að finna en áður en ég vík að henni ætla ég aðeins að taka undir það atriði sem fram kom í umsögn Landssambands eldri borgara, að á sama tíma og létt er skattbyrði af fyrirtækjum, skattleysismörk hátekjufólksins hækkuð og skattprósentan hjá þeim lækkuð gerist það að allra tekjulægsta fólkið er farið að greiða skatta. Atvinnulaus maður með rúmlega 73 þús. kr. greiðir þriðjunginn af því sem er yfir skattleysismörkunum, sem eru rúmar 70 þús. kr. nú um stundir.

Í umsögn Öryrkjabandalags Íslands segir m.a., með leyfi forseta:

„Öryrkjabandalag Íslands mótmælir því harðlega að ráðgert skuli að ganga enn lengra í því að auka skattbyrði á öryrkja og nýta þá tekjulind til að létta sköttum af ráðamönnum og öðrum þeim sem hæstar hafa tekjurnar. Þess vegna leggst Öryrkjabandalagið eindregið gegn því að framangreint frumvarp verði samþykkt og varar þingmenn mjög við þeirri freistingu sem í því er fólgin.

Athygli vekur að í frumvarpinu er ekki einungis lagt til að hinn sérstaki hátekjuskattur verði lækkaður úr 7% í 5%, heldur einnig að tekjumörkin gagnvart þessu skattþrepi verði enn einu sinni hækkuð hlutfallslega mun meira en skattleysismörk lífeyrisþega, svo mjög að nú lætur nærri að þau hafi náð þingfararkaupi.“

Þegar þingmenn eru varaðir við að falla í þá freistingu að samþykkja þetta frv. er Öryrkjabandalagið væntanlega að vísa til þess að einhver hagsmunatengsl kunni að vera hjá þeim tekjuhópi sem er að finna í þessum sal. En áfram segir, með leyfi forseta:

„Hafa ber í huga að frá 1992 til 2003 hafa skattleysismörk lífeyrisþega hækkað úr kr. 60.144 í kr. 69.603 á mánuði, eða um 15,7%, sem nær ekki helmingi þess sem verðlag hefur hækkað á sama tíma og er órafjarri almennri launaþróun. Á hinn bóginn er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að hækka tekjumörk hátekjuskatts í rúmar 340 þúsund krónur á mánuði. Samþykki þingmenn þessi áform hafa þeir á umliðnum áratug, frá 1993 til 2003, hækkað þessi tekjumörk úr kr. 203.340 á mánuði í kr. 340.788, eða um 68%, langt umfram

þróun verðlags á þessu tímabili og margfalt á við þróun skattleysismarka öryrkja.

Öryrkjabandalag Íslands skorar á alþingismenn að sýna þá siðferðisábyrgð að létta álögum af öryrkjum áður en þeir lagfæra enn frekar sín eigin kjör."

Er það ekki umhugsunarefni sem hér kemur fram? Er það ekki umhugsunarefni þegar borin er saman hækkun á skattleysismörkum öryrkjans — sem hæstv. félmrh. vísaði á bug að yrðu leiðrétt, það kæmi ekki einu sinni til skoðunar eða athugunar í ríkisstjórn — og þróun skattleysismarka hátekjumannsins? Þar er ekki saman að jafna. Það er alltaf verið að hækka skattleysismörk hátekjumannsins, núna upp í rúmar 340 þús. kr., á meðan hinir hafa hækkað miklu minna og eru í kringum 70 þús. kr., hafa hækkað um 15,7% samkvæmt útreikningum Öryrkjabandalagsins á þessu árabili frá 1992–2003 á sama tíma og skattleysismörk hátekjumannsins hafa hækkað um 68%. Þetta eru útreikningar Öryrkjabandalagsins og við eigum að taka þá alvarlega. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er að reyna að koma einhverjum boðum til mín, ég skil ekki alveg hver þau eru en ég geri fastlega ráð fyrir að hún sé að taka undir það sem hér er sagt. (**JóhS:** Það er rétt.) Það er rétt, segir hv. þm.

Í umsögnum Alþýðusambands Íslands og BSRB kveður mjög svo við sama tón. Alþýðusambandið rifjar upp fyrri ályktanir, m.a. frá 7. nóvember 2001. Þar sagði, með leyfi forseta:

„Alþýðusambandið hefur sett fram alvarlega gagnrýni á fyrirhugaðar skattbreytingar ríkisstjórnarinnar og telur að með þeim sé vegið að kjörum almenns launafólks. Kjarni þeirrar gagnrýni sem Alþýðusambandið hefur sett fram er í raun þríþættur en snýst í grundvallaratriðum um að verði þessar tillögur að lögum, sé verið að færa skattbyrðina yfir á laun og vinnu, af eignum og fjármagni."

Hér var væntanlega að hluta til verið að vísa í hækkun tryggingagjaldsins sem var þá heldur meiri en hún verður þó við þær breytingar sem menn eru að gera núna vegna þrýstings frá samtökum launafólks og að hluta til frá atvinnulífinu. Þetta var talið koma illa þeim fyrirtækjum sem væru með fjölda starfsmanna á sínum vegum og gæti stuðlað að því að þau reyndu að draga saman seglin, það væri heppilegra að hafa skattlagninguna í öðru formi.

Ég ætla ekki að lesa upp þessar ályktanir Alþýðusambandsins eða BSRB. Það er mjög svipaður tónn í þeim og rímar algerlega við það sem kemur frá Öryrkjabandalaginu og samtökum eldri borgara. Í álitsgerð sem kom fram frá BSRB á svipuðum tíma og sú sem ég vitnaði í frá Alþýðusambandi Íslands í byrjun nóvember í fyrra voru uppi nákvæmlega sömu varnaðarorð og síðan hafa náttúrlega öll gengið eftir.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra. Ég mæli fyrir brtt., annars vegar um að greinin sem kveður á um lengingu á afskriftatíma falli niður og að fallið verði frá hugmyndum um að lækka hátekjuskatt um 2% og að við höldum okkur við 7% á háar tekjur í stað 5%. Í rauninni þyrfti að lagfæra margt annað í þessu skattafrv. og ég mun horfa til þess sem kemur frá öðrum stjórnarandstöðuþingmönnum í því efni. Því miður er ekki að vænta mikillar hjálpar innan úr stjórnarliðinu, alltént er þar fylgt allt annarri stefnu, allt öðrum áherslum, en við höfum haft uppi í stjórnarandstöðunni þótt í seinni tíð finnist á því heiðarlegar undantekningar, og horfi ég þar á hv. þm. Kristin H. Gunnarsson.

[16:12]

Útbýting þingskjala:

Póstþjónusta, 257. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 648.

Starfatorg.is, 450. mál, fsp. BH, þskj. 645.

[16:12]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka framsögumönnum fyrir mjög svo greinargott yfirlit yfir málið, bæði formanni nefndarinnar og ekki hvað síst framsögumönnum 1. minni hluta og 2. minni hluta.

Ég get hins vegar ekki stillt mig um það, herra forseti, að nefna að mér finnst umgjörðin í kringum þessa umræðu vera afskaplega dapurleg. Ég sat á þingi fyrir tæpum fjórum árum og var í þessari ágætu nefnd sem hér er verið að gera að umtalsefni, þ.e. efh.- og viðskn. Ég kom hingað inn sem varaþm. í síðustu viku, og verð væntanlega út þessa viku, og ég man ekki eftir svona lítilli pólitískri spennu í þingsölum eins og er núna. Það er kannski ekki hægt að kvarta yfir því, það ræðst af aðstæðum, en ég man heldur ekki eftir jafnáhugalausri umræðu burt séð frá pólitískum ágreiningi milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Hér í þingsal eru sárafáir, og einungis nokkrir af nefndarmönnum. Þetta er ekki sérstaklega tengt þessari umræðu heldur líka annarri sem hefur verið hér sl. daga. Ég hef fylgst nokkuð vel með því og þetta hefur allt það einkenni að áhugaleysi þingmanna á þátttöku í umræðunum finnst mér vera miklum mun meira en var t.d. á síðasta kjörtímabili. Ég vildi, herra forseti, einfaldlega koma þessum áhyggjum mínum á framfæri við hæstv. forseta og biðja hann um að íhuga það og ræða jafnvel í forsn. hvað veldur. Þingmenn hér segja mér að þetta hafi einkennt vinnubrögðin í haust og kannski lengri tíma af kjörtímabilinu. Það er alvarlegt fyrir þingið ef það nær ekki sjálft að kveikja áhugaverðar umræður og skoðanaskipti og þá blasir við að fólkið úti í samfélaginu hafi tæpast mikinn áhuga á því sem hér er verið að ræða. Ég dreg ekki í dilka stjórn eða stjórnarandstöðu. Ég er að tala um þetta sem maður sem ann þessu starfi sem hér fer fram, þ.e. þinginu og virðingu þess, og mér sýnist hér vera pottur brotinn.

Margt er að athuga við það frv. sem hér er verið að ræða. Það er eiginlega fyrst og fremst það að í því kemur fram grundvallarafstaða, og ég kann alltaf best við stjórnmál þegar þau lýsa grundvallarafstöðu. Ríkisstjórnin leggur fram frv. til breytinga á tekju- og eignarskatti sem er helsta löggjöfin í stjórn sérhverrar ríkisstjórnar. Breytingarnar sem hér er verið að gera eru ekki stórvægilegar en þær fara í sömu átt. Annars vegar er verið að lengja fyrningartíma skattataps úr átta í tíu ár og að lækka síðan svokallaðan hátekjuskatt úr 7% niður í 5%.

Hér er enn og aftur verið að breyta lögum til hagsbóta fyrir fyrirtæki og fyrir þá sem betur mega sín. Þetta hefur verið rauði þráðurinn í nær öllum skattalagabreytingum núv. ríkisstjórnar allt kjörtímabilið og kemur í sjálfu sér ekki á óvart. Ég kalla enn og aftur eftir skýrum línum.

Eins og hv. frsm. 1. minni hluta, Jóhanna Sigurðardóttir, gerði hér ágætlega grein fyrir, þ.e. stefnu Samfylkingarinnar, þá teljum við að þessi stefna sé í grundvallaratriðum röng. Það ber að stokka upp skattamálin þannig að létta skattbyrði á einstaklingum.

Tekjuskattur einstaklinga sem tekjustofn fyrir ríkisvaldið hefur verið að aukast á undanförnum árum. Þetta hefur farið

saman við mikla aukningu skulda heimilanna og það er mjög sláandi, herra forseti, að skuldir heimilanna voru fyrir 22 árum eða árið 1980 20% af ráðstöfunartekjum en þetta hlutfall er núna 180%. Skuldir heimilanna hafa nífaldast á þessum 20 árum. Ef heimilistekjur voru fyrir 20 árum 5 milljónir þá skuldaði einstaklingur eða fjölskyldan 1 milljón. Þessi sama fjölskylda skuldar núna 9 milljónir. Menn geta rétt ímyndað sér hvað það er erfiðara að standa skil af því nú en þá.

Einnig er athyglisvert að bera það saman að ekki einungis hefur skuldastaða heimilanna vaxið verulega heldur hefur atvinnuleysi líka vaxið. Við erum núna að tala um tæplega 3% atvinnuleysi, talað er um 3% á næsta ári og fregnir berast um það, herra forseti, hafðar eftir embættismönnum úr Seðlabankanum, að nýjar tölur sýni miklu meiri skuldasöfnun heimilanna en áður var getið um og líka að atvinnuleysið stefni í hærri tölu. Ég vil spyrja hv. formann efh.- og viðskn. hvort hann geti staðfest þær upplýsingar, þ.e. að til séu nýjar tölur um skuldasöfnun heimilanna sem eru væntanlega mun hærri en þær sem ég er hér að vitna til, sem mér finnst nú alveg nóg um, og hitt líka, sem er enn alvarlegra, það mat að atvinnuleysi stefni í 5% á næsta ári. Ég held að það væri mjög athyglisvert ef hér eru uppi slíkir spádómar sem raktir eru til ábyrgra hagstofnana.

Ef borinn er saman tekjuskattur einstaklinga hér og í öðrum löndum, þá skilar tekjuskattur einstaklinga hér á landi 30% hærri hlutdeild í tekjum ríkisvaldsins en er að meðaltali innan OECD og Evrópusambandsins, þ.e. tekjukattur einstaklinga er miklum mun stærra hlutfall af tekjum ríkisvaldsins hér á landi en í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Gott og vel, en hvað með tekjuskatt fyrirtækja? Jú, það eru líka til tölur um það. Tekjuskattar fyrirtækja skila helmingi þess sem er að meðaltali innan OECD og Evrópusambandsins. Og hér sjáum við, herra forseti, glöggt hvar áherslur núv. ríkisstjórnar liggja. Þær liggja í því að skattbyrði var létt stórlega af fyrirtækjum, m.a. tekjuskatti, og hún er komin langt undir það sem er algengast í nágrannalöndunum, á sama tíma og einstaklingarnir eru látnir bera sífellt stærri byrðar.

Þetta er ekki góð aðferðafræði. Yfirleitt eiga menn í skattamálum að skoða hvað verið er að gera í næstu löndum því að fátt er nú eins lítið markvisst og að reyna að finna upp hjólið í skattamálum eða á öðrum sviðum. Virðisaukaskattur sem er helsti tekjustofn ríkisvaldsins skilar mun hærri hlut skatttekna en erlendis. Hér skilar virðisaukaskatturinn um 45% en innan OECD og Evrópusambandsins eru svipaðar tölur, þ.e. hlutdeild um 30%. Við erum með hæsta hlutfall virðisaukaskatts sem tekjuöflun fyrir ríkisvaldið, við erum hæst af öllum ríkjum OECD, þessum tæpu 30 ríkjum, fyrir utan Mexíkó, það er eina ríkið þar sem virðisaukaskattur skilar meiri hluta af tekjunum.

Herra forseti. Hér hef ég nefnt þrjá þætti sem skera sig úr og ég tel að sé að ýmsu leyti ekki góð þróun. Í fyrsta lagi hvað virðisaukaskatturinn er orðinn hátt hlutfall, enda er hann hár hér á landi miðað við það sem gengur og gerist í nágrannalöndunum. Í öðru lagi hvað mikill munur er á tekjuskatti fyrirtækja hér og erlendis og hvað hann er mun minni tekjustofn hér. Og í þriðja lagi hvað tekjuskattur einstaklinga er stærri hlutdeild hér á landi miðað við næstu lönd. Sum gjöld hér eru lægri en annars staðar eins og t.d. launatengd gjöld. Þessi skattastrúktúr eða skattauppbygging er í grundvallaratriðum röng.

Það er vitaskuld gott að hafa lága skatta á fyrirtæki og þær breytingar sem ríkisstjórnin hefur gert á undanförnum árum hafa alls ekki verið alslæmar. Hins vegar má alveg færa rök fyrir því að of langt hafi verið gengið og nær væri í sambandi við skatta á fyrirtæki að lækka núna skatta með sértækum hætti gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Skattbyrði hér er orðin mikil sem hlutfall af landsframleiðslu. Hún hefur aukist á undanförnum árum, hún er farin að nálgast 40% og þar sem við vorum á árum áður með mun lægri opinber umsvif en nágrannalöndin, þá gildir það alls ekki í þeim sama mæli og var hér áður fyrr. Og það er e.t.v. þeim mun alvarlegra líka, þegar við lítum til þess að ýmislegt hjá okkur er með veikara móti en annars staðar, t.d. á Norðurlöndunum, og má nefna sérstaklega velferðarmál og menntamál þar sem við stöndum þessum þjóðum töluvert að baki.

Ég tel vera mjög brýnt að lækka skatta á launafólki með lægri tekjuskattsprósentu. Hægt er að útfæra það á ýmiss konar máta, t.d. með tveimur þrepum, því að við erum nú með tveggja þrepa kerfi þar sem hátekjuskatturinn er sérstakt þrep. Hægt er að benda á lönd eins og Danmörku þar sem slíkt kerfi er til staðar. Einnig má nefna lönd eins og Þýskaland þar sem þrepin eru reyndar óendanlega mörg þar sem unnið er eftir stærðfræðijöfnu. Það er ekkert sem kallar á það að við þurfum endilega að hafa eina skattprósentu á tekjur einstaklinga, enda höfum við ekki farið þá leið.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, varðandi skattleysismörkin sem menn hafa oft rætt um og oft hefur verið talað um að skynsamlegt væri að hækka þau, að ég tel það ekki skynsamlegt einfaldlega vegna þess að skattleysismörkin hafa komið út sem fátæktargildra fyrir launafólk í landinu. Það hefur reynst þannig að skattleysismörkin hafa virkað sem hindrun í launasamningum til að fara yfir, m.a. vegna jaðarskattaáhrifa þegar menn fara í tiltölulega hátt skattþrep. Því að vandamálið hjá launafólki með lágar tekjur er ekki skattkerfið í sjálfu sér heldur of lág laun.

Lægstu launin hér, sem vitaskuld á að semja um í kjarasamningum, hafa ekki náð því marki sem algengast er í nágrannalöndunum. Þeir sem greiða engan tekjuskatt núna, og þeir eru býsna margir í okkar umhverfi, það er ekki í gegnum skattkerfið sem við eigum að gera endurbætur, heldur með styrkara velferðarkerfi, sérstaklega gagnvart þeim sem verst eru settir.

Það er alveg ný staða, herra forseti, í samfélagi okkar að vinnandi fólk, fullfrískt vinnandi fólk sem vinnur venjulegan vinnudag, hefur ekki í sig og á. Það er fátækt. Við þekkjum vel mörg dæmi þess að fólk nær ekki endum saman og hefur ekki náð endum saman í lífsbaráttunni og þá hefur oft verið sjúkdómum um að kenna, jafnvel óreglu eða ýmsum öðrum þáttum sem fólk þekkir alveg ágætlega. En það er nýtt í samfélagi okkar að fólk sem vinnur fullan vinnudag sé með verulegar efnahagslegar áhyggjur. Og það er alvarlegt þegar við hugsum til þess að verst staddi hópurinn sem svo er ástatt um eru lítt menntaðar, einstæðar mæður sem eiga afskaplega litla möguleika í samfélaginu hvað varðar launakjör. Það er eitthvað að í samfélagi okkar sem hefur alltaf einkennst af því að þeir sem vinna fullan vinnudag hafa getað leyft sér það sem fólk sættir sig við í nútímaþjóðfélagi. Þetta er liðin tíð og svo sjáum við afleiðingarnar hjá þeim sem verst eru settir, hvernig starf samtaka eins og mæðrastyrksnefndar og fleiri slíkra hefur stóraukist á síðustu missirum.

Það er greinilegt, herra forseti, að þjóðfélagið er að breytast og það er ekki að breytast til batnaðar. Það er augsýnilegt

að náungakærleikur er minni í samfélaginu en var áður. Og það er vert umhugsunar þegar jólin nálgast að svo skuli vera komið fyrir okkur.

Við þekkjum líka nýjar afleiðingar af þessu breytta samfélagi að það fólk sem missir vinnuna og er komið t.d. um sextugt eða yfir sextugt fær ekki vinnu og það gengur um atvinnulaust eða sækir um, sendir tugi eða hundruð umsókna og fær engin svör við þeim. Þetta er líka nýtt í samfélagi okkar og þetta er ekki samfélag sem við jafnaðarmenn viljum.

Við höfum þvert á móti lagt áherslu á að skattkerfinu þurfi að breyta í þá átt að fjármögnun á lækkun tekjuskatts einstaklinga sé til að mynda í gegnum auðlindagjöld, gegnum mengunargjöld, og það má líka velta fyrir sér varðandi tekjuskatt einstaklinga hvort við eigum að fara þá leið sem Danir hafa gert, að eyrnamerkja tekjur sem skattstofn sveitarfélaga. Nú er tekjuskattur einstaklinga að langmestu leyti tekjustofn sveitarfélaga og það mætti alveg hugsa sér róttæka uppstokkun á þessu kerfi og heimila sveitarfélögum þennan skattstofn ásamt færslu frekari verkefna til þess stjórnsýslustigs. Mér finnst, herra forseti, það koma vel til greina.

Ljóst er að við stöndum að mörgu leyti á nokkrum tímamótum. Við erum að ljúka kjörtímabili núv. ríkisstjórnar sem hefur verið að hrósa sér af mjög mörgu í efnahagslífinu. En sé hagvöxtur borinn saman við hagvöxt innan OECD þá hefur hann að meðaltali síðustu tíu ár verið um 2,8% sem er nákvæmlega það sama og er innan OECD. Hann hefur ekkert verið meiri og hann hefur ekkert verið minni og núna í ár er hann minni en í nágrannalöndunum og gert er ráð fyrir að á næsta ári verði hann enn minni. Þetta eru hlutir sem full ástæða er til að hafa áhyggjur af.

Frumvarp það sem hér er til umræðu markar mjög skýrt stefnu og forgangsröðun ríkisstjórnarinnar. Við í Samfylkingunni höfum lagt til aðrar leiðir í sambandi við skattamál þar sem við viljum að þessum byrðum verði réttlátlega skipt og að loksins verði fólk látið vera í fyrirrúmi og þannig verði reynt að vinna úr þeim þrengingum sem eru að nokkru leyti í þjóðarbúinu en ekki hvað síst hjá einstaklingum vegna skuldasöfnunar og lágra tekna. Það eru þeir hópar sem við í Samfylkingunni berum hvað mest fyrir brjósti.

[16:31]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir yfirgripsmikla og góða ræðu. Hann gat um að hann væri þeirrar skoðunar að há frítekjumörk leiddu oft til fátæktargildru. Ég vildi gjarnan fá nánari útlistun á því vegna þess að ég hef flutt frv. um flatan tekjuskatt, þ.e. engin frítekjumörk, og lækkun skattprósentu sem því nemur og hef töluverðan áhuga á að heyra hvernig þetta lítur út fræðilega séð.

[16:31]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Pétri Blöndal, að ég gat um þá skoðun mína að ég liti svo á að skattleysismörkin hafi virkað sem fátæktargildra, þ.e. þau hafa verið hemill á hækkun launa. Þegar menn fara yfir skattleysismörkin greiða þeir strax tiltölulega háan skatt. Þannig er því ekki farið í flestum nágrannalöndunum. Þar greiða menn lægri skatta af lægri tekjum. Um það hef ég verið að ræða. Ég hef ekki talað í anda hv. þm. sem hefur lagt til ákveðna prósentutölu á allar tekjur. Ég hef frekar talað fyrir lægri skattþrepum á lægstu tekjununum hjá þeim sem nú greiða tekjuskatt. Ég hef ekki lagt til að breyta skattfrelsismörkunum eða hækka þau. Það er mjög kostnaðarsamt fyrir ríkissjóð. Ég mundi frekar láta það standa en að hækka mörkin þarna. Ég er fullviss um að það mundi líka knýja á um hærri laun í kjarasamningum en nú er krafist.

Ég hef áhyggjur af þessum þröskuldi skattleysismarka með tiltölulega háu tekjuskattsþrepi. Ég hef áhyggjur af því að það hamli skynsamlegri niðurstöðu í kjarasamningum og að laun hækki. Það er ekki hemja hjá okkur að fullfrískur og vinnandi maður skuli ekki ná endum saman á launum sem samið er um í kjarasamningum. Það er eitthvað að því kerfi sem þannig er ástatt um.

[16:33]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hv. þm. hvort líta megi á há skattleysismörk og háa prósentu þar fyrir ofan sem einhvers konar niðurgreiðslu á lágum launum af hendi ríkisins, jafnframt að með því að skattleggja háar tekjur mjög hátt sé í raun verið að bola burt háum tekjum úr landinu þannig að þetta hafi þau áhrif að draga til landsins lágtekjustörf og fæla frá hátekjustörf.

Þá vildi ég gjarnan hafa orð á því, og þykir ánægjulegt að heyra það, að hv. þm. lítur ekki á lág laun sem persónueinkenni, eins og sumir þingmenn hér í salnum virðast gera. Þeir tala iðulega um fátækt fólk og bláeygt í sömu andránni en virðast ekki gera sér grein fyrir því að fólki er í lófa lagið að breyta tekjum sínum, annaðhvort með því að mennta sig, með því að sækja um aðra vinnu, sýna snilli, dugnað eða nýta reynslu sína.

Ég er sammála hv. þm. um að lág laun eru engin einkenni á einum einstaklingi. Það er ekki hægt að tala um hóp fólks sem láglaunafólk sem verði það um alla framtíð. Ég er mjög ánægður með að heyra að hv. þm. geri ráð fyrir því að einstaklingurinn hafi heilmikið um það að segja hvaða tekjur hann hefur.

[16:35]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. tekst að misskilja eða vill misskilja orð mín eins og hann hefur áður gert. Ég lít ekki svo á að þetta kerfi sé niðurgreiðslukerfi, boli frá hálaunafólki eða laði sérstaklega láglaunafólk til landsins. Ég held að málið snúist ekki um það. Ég held hins vegar að skattleysismörkin hindri hærri laun. Lág laun eru blettur á samfélagi okkar. Það er fjarstæða sem hv. þm. heldur hér fram, að fólk ráði launum sínum með því að fara bara í annað starf eða vinna meira. Þetta er bara fjarstæða. Fólk á ekki þessa möguleika í samfélagi okkar. Bæði erum við með samningsbundið fyrirkomulag á launamarkaði. Það er samið um þessi laun og skömmin er beggja ef svo má segja, bæði verkalýðsfélaga og vinnuveitenda, að semja um laun sem duga ekki til framfærslu. En það að segja að hægt sé að skipta um vinnu eða fara annað og bæta sér þannig upp tekjur er út í hött. Hv. þm. veit greinilega ekkert í hvers konar samfélagi hann lifir.

Málið snýst um að lágu launin eru of lág hér á landi. Ég er að tala um þetta nýja samfélag. Við jafnaðarmenn viljum ekki að fullfrískt vinnandi fólk hafi ekki í sig og á. Þar er fátæktin sem við erum hér að glíma við. Að hv. þm. skuli koma hér upp og segja að það sé bara hægt að skipta um vinnu og fá hærri laun einhvers staðar annars staðar sýnir í hnotskurn muninn á milli stefnu okkar jafnaðarmanna og talsmanna Sjálfstfl. í þessari umræðu.

[16:36]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ágúst Einarsson ræddi áðan um spurninguna um hvort atvinnuleysi og skuldasöfnun heimila hefði verið vanmetin og var með nýjar upplýsingar sem hann var að vitna til. Ég verð að segja að ég kannast ekki við að líkur séu á miklu meira atvinnuleysi en áður hefur verið gert ráð fyrir. Þvert á móti hefði ég talið að sá gangur sem nú er í samningaviðræðum um Kárahnjúkavirkjun og álverið fyrir austan mundi valda því að atvinnuleysið yrði miklu minna en menn hafa verið að reikna með.

Varðandi skuldasöfnun heimilanna hefur það einkennt efnahagslífið á þessu ári að heimilin hafa haldið að sér höndum og minnkað skuldir sínar eftir föngum. Það kæmi mér mjög á óvart ef það væri að koma upp úr kafinu að skuldasöfnun heimilanna væri á einhverri fleygiferð upp á við.

Hv. þm. ræddi líka mikið um skattkerfið. Ég verð að segja að það kemur á óvart ef tekjuskattur einstaklinga er mjög hár í alþjóðlegum samanburði. Það hafa hins vegar verið einkenni á skattkerfi okkar að beinir skattar hafa verið tiltölulega lágir en óbeinir tiltölulega háir. Það hefur háð okkur að mörgu leyti vegna þess að verslun hefur haft tilhneigingu til að flytjast úr landinu. Á því hefur orðið töluverð breyting á undanförnum árum. Við höfum reynt að draga sem mest úr verstu ágöllunum á óbeinu sköttunum þannig að verslunin komi inn í landið á nýjan leik. Hins vegar er það athyglisvert að tryggingagjaldið eða skattar á laun eru mun lægri hér á landi en í flestum þeim löndum sem ég kannast við. Ég held að það sé ágætt mál fyrir okkur.

[16:39]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mun koma í ljós hvort fréttir sem ég hef fengið um nýjar tölur um aukna skuldasöfnun heimila og spádómar um meira atvinnuleysi reynast sannir. Ég er sammála hv. þm. um að auðvitað ræðst mjög mikið af þeim framkvæmdum sem núna eru á döfinni fyrir austan. En þessar upplýsingar komu flatt upp á mig og þess vegna vildi ég vita hvort hv. þm. væri kunnugt um þær. En sá hluti kemur þá skýrar fram í umræðunni síðar.

Hvað tekjuskatt einstaklinga varðar þá er það þannig að tekjuskattur einstaklinga sem hlutfall af tekjum ríkisvalds er með allra allra hæsta móti, eins og reyndar virðisaukaskatturinn. Á móti kemur aftur það sem hv. þm. nefndi og ég nefndi líka, að launatengd gjöld sem skattstofn, tryggingagjöld eða hvað við köllum það, eru mun lægri hér en annars staðar. Nú vitum við báðir, ég og hv. fyrirspyrjandi, að það er svo með launaskatt, að hann getur verið á einstaklingum og á fyrirtækjunum. Það er ekki sá sem greiðir skattinn sem endilega ber hann.

Málið sem ég var að reyna að draga hér fram var hins vegar að við ættum að reyna að færa skattkerfið okkar meira í átt til þess sem verið er að gera í nágrannalöndunum. Það er að mörgu leyti ekki gert hér. Við erum með meiri hlutdeild tekjuskatts einstaklinga. Við erum komin algerlega upp í toppinn með virðisaukaskattinn. Ég held að það sé mjög skynsamlegt í þessum efnum, eins og reyndar á fleiri sviðum, að við reynum að laga okkar kerfi að því sem algengast er erlendis. Það á ekki síst við um skattamál.

[16:41]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. þm. um að við þurfum að haga okkar skattkerfi þannig að það sé í einhverju samhengi við það sem er í kringum okkur og öll eru skattkerfin í samkeppni hvert við annað með einum eða öðrum hætti. Við getum ekki verið með mjög mismunandi hlutfall beinna eða óbeinna skatta í samanburði við helstu nágrannalönd okkar.

Það sem ég vildi vekja sérstaka athygli á líka er að þær skattbreytingar sem orðið hafa varðandi fyrirtækin hafa skilað sér býsna vel. Ég vek athygli á því að við lokameðferð fjárlagafrv. í þinginu kom fram að tekjuskattur á fyrirtæki hefur skilað 3 milljörðum meira í tekjur fyrir ríkissjóð á þessu ári en menn höfðu reiknað með. Sú tala flyst yfir á næsta ár og þegar upp er staðið virðist sem allar þær skattbreytingar sem menn hafa verið að gera á atvinnulífinu komi til með að skila ríkissjóði hærri tekjum.

Einn skatt höfum við verið að taka upp á undanförnum árum sem var ekki hér áður og skiptir máli í þessum samanburði, þ.e. fjármagnstekjuskattinn. Þegar hann var tekinn upp kom hann inn að verulegu leyti sem skattur á tekjur einstaklinga. Það hefur að sjálfsögðu mikla þýðingu í öllum þessum samanburði.

[16:42]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson getum vafalítið fundið ýmislegt í skattstefnunni sem við erum sammála um. Ég gagnrýni skattstefnu ríkisstjórnarinnar gagnvart fyrirtækjum, að þar hafi líklega verið gengið aðeins of langt. Ég hef ekki á móti því að þessi skref væru stigin. Þau hefðu mátt vera ívið styttri — ég kveð ekki fastar að orði.

Það sem mér finnst hins vegar alveg vanta í skattbreytingar síðustu ára eru ívilnanir gagnvart einstaklingum og gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Það er líka hægt að sjá fyrir sér ívilnanir gagnvart eldri borgurum. Þau rök eru t.d. mjög sterk að láta lífeyrissjóðsgreiðslur skattleggjast í fjármagnstekjuskattsþrepi.

Varðandi fjármagnstekjuskattinn sem hv. þm. nefndi má einmitt benda á að upp er kominn galli á því kerfi sem við bentum á á sínum tíma, að vera með tvöfalt kerfi fyrir tekjur, þ.e. greiða mismunandi skatt eftir því hvort menn eru með launatekjur eða fjármagnstekjur. Þetta leiðir til þess að fjölmargir taka frekar tekjur sínar inn sem fjármagnstekjur í stað launatekna, þeir sem það geta. Þetta er vandamál sem við bentum á á sínum tíma. Útfærsla fjármagnstekjuskattsins var ekki góð. Hins vegar var það samþykkt af þáverandi meiri hluta.

Auðvitað leiðir lágur tekjuskattur fyrirtækja til þess að smátt og smátt aukast skatttekjur ríkisins á því sviði. Það eru fyrst og fremst einstaklingarnir, fólkið í landinu, sem við í Samfylkingunni erum að tala fyrir í tengslum við nauðsynlegar breytingar í skattamálum.

[16:44]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það eru býsna mörg atriði í þessu frv. til umræðu. Ég vil fjalla um þrjú þeirra sem ég tel rétt að gera að umtalsefni og skýra afstöðu mína til. Ég staldra fyrst við brtt. í frv. um það að heimila yfirfæranleg rekstrartöp í tíu ár í stað átta. Ég vek athygli á því að á undanförnum

áratug hafa verið gerðar miklar breytingar á umhverfi fyrirtækja, sérstaklega hvað varðar skattaumhverfi. Tekjuskattur fyrirtækja hefur verið lækkaður úr 50% niður í 18% og yfirfæranleg rekstrartöp hafa verið framlengd upp í átta ár úr því sem áður var, mig minnir sex árum eða kannski fimm. Ég hef staðið að þessum breytingum í gegnum árin og talið þær skynsamlegar.

Það er nauðsynlegt fyrir framgang í efnahagslífi að atvinnufyrirtæki hafi góðan grundvöll til að starfa á og að skattalöggjöfin stuðli að því að fyrirtækin sæki fram og geti eflst í starfi sínu og rekstri. Mér finnst það því skynsamlegt að mörgu leyti sem menn hafa staðið að á undanförnum árum og hef stutt það dyggilega. Hins vegar eru auðvitað takmörk fyrir öllu og rétt að íhuga hlutina þegar haldið er áfram á sömu braut. Það er ekki sjálfgefið að á þessu sé enginn endir, menn þurfa auðvitað að velta hlutunum fyrir sér í ákveðnu samhengi.

Lítum aðeins á hvernig afstaðan er í atvinnulífinu um þessar mundir, m.a. vegna þeirra breytinga sem ég rakti að hefðu verið gerðar á undanförnum árum. Afkoma fyrirtækja hefur verið mjög góð, bæði á þessu ári og reyndar til lengri tíma. Það er ekki hægt að segja annað en að staðan í atvinnulífinu hafi verið mjög sterk, eins og kemur fram í því að atvinnustig er mjög hátt. Það er mikið framboð af störfum sem fólki standa til boða og atvinnuleysi er lítið. Það er m.a. vegna þess að atvinnufyrirtækin hafa verið öflug. Við þessar aðstæður, þegar staðan er sterk og afkoman góð er fyrirsjáanlegur mikill hagnaður í atvinnulífinu. Nýlega birtust fréttir um að í sjávarútvegi sé því spáð að á þessu ári verði hagnaðurinn um 20% af tekjum í þeirri grein. Það gæti þýtt um 25–30 milljarða kr. ef þær spár ganga eftir. Við sjáum líka ef við skoðum áætlaða afkomu fyrirtækja á Verðbréfaþingi að þar koma svipaðar tölur fram. Menn sjá fram á mjög góða afkomu í atvinnustarfsemi og verulegan hagnað og þá er auðvitað eðlilegt að menn borgi til samfélagsins í sköttum af hagnaði þannig að fyrirtækin leggi sitt af mörkum líka til þess að standa undir velferðarþjóðfélaginu sem við rekum hér á landi. Þetta finnst mér ákaflega eðlilegt sjónarmið og vil koma því hér að að mér finnst að það megi halda því meira á lofti þegar vel gengur og m.a. vegna þess að stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar hafa rekið skynsamlega atvinnustefnu, sem leiðir til góðrar afkomu í atvinnulífinu, sé eðlilegt að það skili sér að lokum í því að fyrirtækin greiði skatta af hagnaði sínum til samfélagsins.

Mér finnst vera komið að þeim tímapunkti að menn þurfi aðeins að velta þessu fyrir sér áður en lengra er haldið í þessum efnum. Þar staldra ég m.a. við upplýsingar sem hafa komið fram í þinginu um að tekjuskattar lögaðila hér á landi eru verulega lægri en tekjuskattar lögaðila í ríkjum innan OECD, eins og minnst var á fyrr í þessari umræðu. Það kemur fram í þingskjali 462 sem hér hefur verið útbýtt að tekjuskattar lögaðila í ríkjum OECD eru taldir vera um 3,6% af vergri landsframleiðslu árið 2000. Á Íslandi er þetta hlutfall árið 2000 talið vera 1,2%, þ.e. aðeins u.þ.b. $^1/_3$ af því sem tekjuskattur lögaðila innan OECD skilar að meðaltali í ríkissjóð viðkomandi ríkja. Og maður veltir fyrir sér: Eigum við að hafa þessa hluti svona? Getur það verið eðlilegt til lengri tíma að lögaðilar hér á landi greiði aðeins um $^1/_3$ í tekjuskatt af hagnaði sínum miðað við það sem gerist að meðaltali innan OECD?

Ég held að svarið við því sé að ekki er sjálfgefið að það eigi að vera svona. Ég held því að menn eigi að velta þessum hlutum fyrir sér og fara ofan í þá því við sjáum auðvitað hina hliðina á því sem kemur fram í þessu sama þingskjali, að tekjuskattar einstaklinga hér á landi eru hærri en þeir eru að meðaltali innan ríkja OECD, nokkurn veginn jafnmiklu hærri og tekjuskattar fyrirtækja eru lægri. Miðað við þær upplýsingar sem ég vitnaði til eru tekjuskattar einstaklinga í ríkjum innan OECD um 10% af vergri landsframleiðslu árið 2000 en hér á landi um 12,8%. Ef við leggjum þetta saman má segja að einstaklingar og lögaðilar skili í tekjuskatt svipaðri fjárhæð, mælda sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, hér á landi og í ríkjum innan OECD. Heildin er svipuð því sem gerist annars staðar en skiptingin er frábrugðin.

Þetta bendir til þess að ef við ákveðum að tekjuskattar lögaðila verði lægri leiðir af því að tekjuskattar einstaklinga verða að vera hærri til að ná inn tekjum. Íslenska ríkið þarf væntanlega svipaðar tekjur og ríkissjóðir annarra landa til að halda uppi svipaðri starfsemi og sams konar velferðarþjóðfélagi og við erum með í dag.

Mér finnast þessar upplýsingar umhugsunarefni og hvetja til þess að maður staldri við áður en lengra er haldið á þeirri braut að festa í sessi breytingar sem gætu stuðlað að því að tekjuskattar lögaðila lækkuðu enn frekar en verið hefur.

Í öðru lagi hafa líka komið fram upplýsingar um yfirfæranleg rekstrartöp sem mér finnast vera mikið umhugsunarefni. Ég ítreka að ég hef stutt það til þessa að heimila yfirfærslu á rekstrartöpum á milli ára því ég tel það skynsamlegt út frá sjónarmiðum atvinnurekstrar. Í upplýsingum frá fjmrn. sem lagðar voru fyrir efh.- og viðskn. kemur fram að á síðasta ári, sem var ekki slæmt ár í sjálfu sér í atvinnurekstri, hafi hrein aukning á yfirfæranlegu rekstrartapi verið um 57 milljarðar kr. og samtala yfirfæranlegs taps hafi hækkað úr 113 milljörðum í 161 milljarð á milli ára. Þetta er náttúrlega gríðarleg hækkun á yfirfæranlegum rekstrartöpum sem síðar mun auðvitað leiða til minni skattgreiðslna af eðlilegum ástæðum og mér finnst ástæða til að staldra við og velta fyrir sér hvernig á því standi að þetta er svona mikil aukning í tiltölulega góðu árferði í atvinnurekstri. Getur verið að þær reglur sem við styðjumst við heimili að einhverju leyti svo mikla gjaldfærslu á kostnaði að það leiði til slíkrar niðurstöðu þótt aðstæður séu góðar?

Ég velti fyrir mér þeim reglum sem gilda um gjaldfærslu á fjármagnskostnaði í tengslum við breytingar á gengi og slíku. Það eru auðvitað ansi háar fjárhæðir sem einstök skuldug fyrirtæki geta fært til gjalda við það eitt að miklar breytingar verði á gengi þó að skuldbindingar fyrirtækisins innan ársins breytist ekki nema brot af þeirri fjárhæð sem færð er til gjalda. Verið er nefnilega að færa til gjalda á einu ári áætlaðan kostnað yfir langt tímabil fram í tímann. Mér finnst spurning hvort ekki eigi að endurskoða þetta og skoða hvort ástæða sé til að afmarka gjaldfærsluna við árið en ekki lánstímann.

Mér finnast þessar tölur stefna þannig að fyllsta ástæða sé fyrir yfirvöld til að skoða þær í fullri alvöru, ekki endilega í þeim tilgangi að smíða reglur sem eru harðari fyrir atvinnurekstrinn heldur til að koma í veg fyrir að reglurnar geti í raun og veru búið til kostnaðarliði sem ekki er ástæða til að færa til gjalda eins og gerist með fjármagnskostnaðinn.

Það er líka annað sem hefur komið upp og gerir það að verkum að við ættum kannski að skoða hvaða reglur við höfum við heimild til þess að færa töp á milli ára og milli fyrirtækja. Fyrirtæki sem eru ákaflega vel stöndug og skila góðum hagnaði eru jafnvel skattlaus árum saman vegna þess

að þau hafa tryggt sér töp úr öðrum atvinnurekstri, úr öðrum fyrirtækjum. Það er álitamál hvort eðlilegt sé að heimila reglurnar með svo rúmum hætti eins og verið hefur hér á landi þó að þær hafi verið þrengdar í gegnum árin eins og kunnugt er.

Mér fannst þetta mjög eðlilegur hlutur á síðasta áratug, t.d. eftir stöðuna sem var komin upp í sjávarútvegi á árunum 1988–1999 þar sem söfnuðust feiknarlega miklar skuldbindingar sem fyrirtækin urðu auðvitað að reyna að axla. Þá var m.a. heimilað að lengja yfirfæranleg töp, láta þau ná yfir fleiri ár en áður var til þess að gefa fyrirtækjum ráðrúm til að borga niður þessar skuldir. Mér fannst það mjög eðlilegt en nú erum við komin það langt frá þessum tíma og mörg fyrirtæki, sem í dag eru öflugustu fyrirtækin í sjávarútvegi og reyndar mörgum öðrum atvinnugreinum, eiga ekki þá fortíð sem rökstuddi þessar breytingar.

Mér finnst því, herra forseti, full ástæða til að taka þessi mál til athugunar og bera saman þær reglur sem gilda að þessu leyti í ýmsum öðrum ríkjum Evrópu sem við berum okkur saman við áður en við höldum miklu lengra á þessari braut. Þess vegna hef ég sett fyrirvara við stuðning minn við það að lengja yfirfærslu rekstrartapa upp í tíu ár. Mér finnst að mörgu leyti ekki eðlilegt í feiknarlegu góðu árferði eins og nú er að rýmka svona um fyrir möguleikum fyrirtækja sem ganga mjög vel og geta borið sín gjöld og eiga að sjálfsögðu að leggja sitt af mörkum í sameiginlegan sjóð landsmanna.

Á hinn bóginn er rétt að undirstrika að þessi breyting snertir ekki stærstu tölurnar í þessum þætti, þ.e. rekstrartöpin. Það eru auðvitað fyrstu árin, fyrstu þrjú árin, sem eru langstærst og mér finnst vera alvarlegast eða mesta umhugsunarefnið sú mikla fjárhæð sem myndaðist á síðasta ári, um 57 milljarðar kr. Aðstæður í atvinnulífinu voru auðvitað ekki slíkar að unnt sé að færa fullnægjandi rök fyrir því að þetta sé eðlileg spegilmynd af þeirri stöðu sem fyrirtækin voru í á síðasta ári.

Herra forseti. Í öðru lagi er um að ræða breytingar í 8. gr. frv. sem ég hef líka sett fyrirvara við. Eins og gildandi lög kveða á um er hlutverk skattstjóra að annast skatteftirlit og vísast þar til 102. gr. laganna en þar segir, með leyfi forseta:

„Skattstjórar annast skatteftirlit, hver í sínu umdæmi. Þá hefur ríkisskattstjóri á hendi yfirstjórn skatteftirlits og skatteftirlit á landinu öllu. Skatteftirlitið nær til eftirlits samkvæmt lögum þessum og lögum um aðra skatta og gjöld sem á eru lögð af skattstjórum eða þeim falin framkvæmd á.“

Í frv. er lagt til að bæta því við að fjmrh. geti ákveðið að sami skattstjóri fari með skatteftirlit í fleiri en einu skattumdæmi. Breytingin er skýrð með því að ætlunin sé að færa starfsemi sem í dag er hjá ríkisskattstjóra til tveggja skattumdæma á landsbyggðinni, þ.e. á Akranesi og Akureyri þannig að skattstjórinn á Vesturlandi og skattstjórinn á Norðurl. e. fái verkefni sem í dag eru unnin hjá ríkisskattstjóra og að þeir fái heimild samkvæmt lögum eða geti fengið heimild samkvæmt ákvörðun fjmrh. til þess að annast skatteftirlit í öðrum skattumdæmum en sínu eigin, þ.e. að skattstjórinn á Vesturlandi fái þá heimild til að annast skatteftirlit á Suðurlandi, Vestfjörðum og Norðurl. v. og skattstjórinn á Norðurl. e. fái hemild til þess að annast skatteftirlit í umdæmi skattstjórans á Austurlandi. Þetta er mjög umdeilanleg breyting. En það sem ég tel jákvætt í henni er að það er verið að reyna að færa störf frá höfuðborgarsvæðinu til embætta á landsbyggðinni. Ég dreg enga dul á að ég tel það góða viðleitni að reyna að færa þessa starfsemi og styrkja þar með atvinnu á þeim stöðum þangað sem þessi starfsemi fer.

Hins vegar bendi ég á að þessa breytingu væri hægt að gera án þessara lagabreytinga. Starfsmenn ríkisskattstjóra geta auðvitað starfað annars staðar en hjá embætti skattstjórans í Reykjavík. Þeir gætu þess vegna starfað á Vesturlandi og Norðurl. e. Í öðru lagi gætu þeir, þó þeir yrðu starfsmenn skattstjórans á Vesturlandi og Norðurl. e., afmarkað starfsemi sína við þau umdæmi en ekki hin fjögur. Það er ljóst af umsögnum sem fyrir liggja um þessa tillögu að skattstjórar þessara fjögurra embætta, á Vestfjörðum, Norðurl. v., Austurlandi og Suðurlandi, eru andvígir þessari breytingu. Þeir vilja frekar hafa skatteftirlitið áfram hjá ríkisskattstjóra en þessa breytingu, enda er að mörgu leyti óeðlilegt að í einhverju tilteknu skattumdæmi geti verið tveir skattstjórar. Þetta þýðir að í þessum fjórum umdæmum sem ég nefndi er sú staða uppi eða getur verið uppi í mörgum málum að þar séu tveir skattstjórar og fari þá eftir því hvaða mál er um að ræða hvor er skattstjórinn. Þetta held ég að sé ástand sem ekki er skynsamlegt og hef því allan fyrirvara á um stuðning við þessa breytingu.

Ég óttast satt að segja, herra forseti, þó að það komi hvergi fram í þessum gögnum, að þessi breyting sé fyrsta skrefið í því að leggja niður þessi fjögur skattumdæmi og hafa á landsbyggðinni einungis tvær skattstofur, þ.e. á Akranesi og Akureyri. Ég óttast það. Ég er ekki alveg tilbúinn til að stíga skref af þessu tagi fyrr en menn hafa þá með rökum eytt þeim grunsemdum sem uppi eru um þetta. Ég held að það sé ekki til góðs að breyta þessu kerfi skattumdæma á þann veg að það verði bara tvö skattumdæmi á landsbyggðinni í staðinn fyrir sex ef það leiðir til þess að þau störf sem eru í þessum fjórum umdæmum leggist niður og færist til þeirra tveggja staða sem mundu annast þessi verkefni. Ég vil hafa alveg fulla vissu fyrir því, herra forseti, að það sé ekki verið að fikra sig inn á þá braut sem getur leitt þetta af sér. Þess vegna hef ég allan fyrirvara á stuðningi við þessa tillögu sem felst í 8. gr. frv.

Í þriðja lagi er að finna í frv. breytingar sem ég á dálítið erfitt með að átta mig á. Breyting í 12. gr. frv. kveður á um að það verði fjmrh. en ekki ríkisskattstjóri sem gefi út reglur um mat á hlunnindum. Reyndar er í 4. gr. frv. breyting sem færir verkefni ríkisskattstjóra, sem sé það að setja reglur um reiknað endurgjald, frá ríkisskattstjóra til fjmrh. Ég velti því fyrir mér til hvers verið er að gera lagabreytingar um að færa verkefni ríkisskattstjóra úr höndum hans í hendur fjmrh. Í skýringum með frv. er tiltekið að meiningin sé að fleiri en eitt stjórnvald komi að ákvörðuninni. Mér finnst það léttvæg skýring satt að segja, herra forseti. Þetta fyrirkomulag hefur verið svona til þessa og ekki verið að því fundið að það sé svona.

Í öðru lagi er þetta fyrirkomulag með þessum hætti í öðrum ríkjum á Norðurlöndunum, þ.e. að embætti ríkisskattstjóra gefur út þessar ákvarðanir en ekki ráðherra. Mér finnst þurfa sérstakan rökstuðning fyrir því að taka upp fyrirkomulag sem er frábrugðið því sem gerist erlendis og því sem hefur verið hér á landi áður en ég sannfærist um að rétt sé að stíga skref af þessu tagi. Mér finnst satt að segja dálítið óþægilegt að ræða þessar tillögur í efh.- og viðskn. án þess að hafa handbærar skýringar á því hvers vegna þessar tillögur eru lagðar til. Eins og fram kom í máli hv. formanns efh.- og viðskn. virðist hafa risið upp ágreiningur um mat ríkisskattstjóra á hlunnindum hvað varðar möguleika fyrirtækja til að

bjóða starfsmönnum sínum út í veislu eða árshátíð. Það var upplýst í nefndinni að fyrirtækin hefðu fulla heimild til að gjaldfæra þann kostnað í sínum bókum. En hins vegar þyddu reglur ríkisskattstjóra það að það yrði að tekjufæra á einstaklingana sem hlunnindi þær fjárhæðir sem yrðu umfram tilgreindar fjárhæðir.

Það var líka upplýst að embætti ríkisskattstjóra hefði sent þessar reglur til fjmrh. eða fjmrn. sem hafi gert athugasemdir við það sem embætti ríkisskattstjóra hafi orðið við. Því er ljóst að fjmrn. gat komið að sínum athugasemdum og það var tekið fullt mark á þeim. Þá finnst mér vanta alveg ástæðuna fyrir því hvers vegna verið er að gera þessa breytingu. Ef einhverjir samstarfsörðugleikar eru á milli embætta ríkisskattstjóra og fjmrn. þá á að leysa úr þeim öðruvísi en með lagasetningu sem færir verkefni frá ríkisskattstjóra yfir til fjmrh. Það er alveg ljóst t.d. að embætti ríkisskattstjóra hefur það verkefni og hefur haft það að leggja mat á ákveðna hluti eins og þarna er tilgreint. Það er ekki hægt að benda á að hann hafi farið út fyrir lagarammann í þeim ákvörðuum sínum. Ef mönnum finnst ákvarðanir vera of þröngar þá er eðlilegt að menn fari ofan í lagasetninguna og breyti henni þannig að hún endurspegli það sem menn ætlast til að fá út úr þeim ákvæðum fremur en að gera breytingar á því hver tekur ákvörðun um þessa hluti eins og lagt er til í frv. Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að mér finnst ekki skynsamlegt að gera þessa breytingu. Mér finnst hún ekki leysa þau vandamál sem menn hafa gefið upp að séu ástæða þessara tillagna. Þær eru í algerri andstöðu við það fyrirkomulag sem við höfum haft og það fyrirkomulag sem gildir annars staðar. Ég er hræddur um að menn skapi bara vandamál sem verður að taka á síðar ef þessar breytingar ná fram að ganga.

Herra forseti. Ég hef þá gert grein fyrir þeim athugasemdum sem ég hef við þetta mál og taldi rétt að hreyfa hér í umræðu þannig að menn veltu þeim hlutum fyrir sér. En ég legg áherslu á að ég tel að það skipti auðvitað ákaflega miklu máli sem menn hafa verið að gera á undanförnum árum, þ.e. að búa atvinnulífinu það umhverfi skattalega séð að það stuðli að þróttmiklu atvinnulífi sem það hefur gert eins og við getum sannfærst um þegar við skoðum tölur um atvinnu og tölur um afkomu. Mér finnst að þegar stjórnvöld skapa svona góð skilyrði fyrir atvinnu þá eigi það að skila sér í því að atvinnureksturinn greiði í ríkissjóð af hagnaði sínum eðlilegan hlut og að atvinnurekendur séu stoltir af því.

[17:10]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir yfirferð hans yfir þetta mál, þ.e. að skýra þá þrjá fyrirvara sem hann hefur á þessu máli. Það er ákaflega athyglisvert. Þess vegna langar mig að spyrja hv. þm. hvort fleiri framsóknarmenn hafi efasemdir um þetta eins og hér hefur komið fram og styðji ekki þetta frv. eins og það er hér og nál. meiri hlutans. Í öðru lagi: Ef svo er ekki, þ.e. að ekki efist fleiri framsóknarmenn, hvers vegna er þá hv. þm. einn með þessar skoðanir sem ganga í átt að stefnu okkar jafnaðarmanna? Hv. þm. er svona einn og yfirgefinn í þingflokki framsóknarmanna hvað þetta varðar.

[17:12]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fór yfir málið og ég verð að segja eins og er að ég var honum sammála í flestu af því sem hann talaði um. Það sem vakti athygli mína var að hv. þm. lét það ekki koma fram hvort hann væri að tala sem formaður þingflokks Framsfl. eða bara fyrir sína hönd. Mér finnst það dálítið óþægilegt einfaldlega vegna þess að hlutverk þingflokksformanna er yfirleitt að endurspegla skoðanir þingflokka og tala fyrir hönd þeirra. Ég tel að full ástæða sé til þess að spyrja hv. þm. að því hvort hann sé að tala fyrir hönd þingflokksins og hvort það sé þá verulegur ágreiningur milli ríkisstjórnarflokkanna í þessu máli því að ég tel víst að stjórnarandstaðan í heild sinni sé nokkurn veginn sammála því sem hv. þm. var að segja áðan um rekstrartöpin t.d. Þess vegna er full ástæða til þess að spyrja eftir þessu sem ég er hér að tala um.

Mér finnst þetta ganga langt fram yfir það sem eðlilegt er, þ.e. að geyma tíu ár í rekstrartöpum. Allir vita að ný fyrirtæki sem eru stofnuð t.d. lifa mörg hver ekki nema tvö, þrjú, fjögur ár. Kannski lifa 25–40% af fyrirtækjum lengur. Rekstrartöp fyrirtækja sem ekki ganga upp og hafa verið rekin með tapi í einhvern tíma eru orðin að gjaldmiðli og ganga á markaðnum. Ætla stjórnvöld að gera þetta að verslunarvöru og taka á sig alla áhættuna með tapi á skattfé?

[17:14]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fer auðvitað eftir því hvernig gengið er frá reglum um yfirfærslu rekstrartapa og færslu þeirra á milli fyrirtækja hvað telja má eðlilegt í þeim efnum eða ekki. Ef því fylgir t.d. að fyrirtæki tekur að sér að greiða skuldbindingar annars fyrirtækis og ábyrgjast þær og fær í staðinn ónotuð rekstrargjöld þá getur verið ávinningur að því, sérstaklega fyrir þá sem eiga þær skuldir og geta gengið að því með einhverri vissu að þær verði greiddar. Ef hins vegar um það er að ræða að menn færi bara töpin á milli án þess að skuldbindingarnar eða þær skuldir sem að baki liggja og hafa orsakað þetta tap fylgi með eða séu betur tryggðar, þá er fullkomið vafamál hvort eðlilegt sé að heimila slíkt.

[17:15]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að sá langi tími sem hægt er að geyma umrædd töp geri fyrirtækjum kleift að búa til úr þeim fjármuni sem hægt er að versla með milli fyrirtækja. Ég tel að stjórnvöld séu komin á mjög vafasama braut með því að lengja þann tíma sem nota má til að afskrifa töp. Ég tel reyndar að átta ár séu of langur tími. Mér hefði ekki fundist óeðlilegt að um væri að ræða fimm ár eða eitthvað slíkt. Það er mjög algengt að afskrifa hluti á fimm árum í fyrirtækjum, ýmsar fjárfestingar fyrirtækja.

Átta ár í sögu fyrirtækja er langur tími. Það að afskrifa töp er ekkert óeðlilegt fyrir þann rekstur sem hlut á að máli en það að geta verslað við önnur fyrirtæki með rekstrartöp, sameina fyrirtæki í þeim eina tilgangi að ná sér í tap til að sleppa við skatta, er bein leið í ríkiskassann. Ég sé ekki annað en menn séu að galopna ríkiskassann með þessum hætti. Ég tek undir það með hv. þm. að auðvitað er það meira en lítið vafasamt.

En ég ítreka spurningu mína: Er hv. þm. að tala fyrir persónulegri skoðun sinni eða er ágreiningur í ríkisstjórnarflokkunum um málið?

[17:17]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að koma upp í andsvar, ekki til að mótmæla hv. þm. heldur til að þakka honum fyrir ræðu hans sem var mjög málefnaleg og vel rökstudd. Hann setti fram fyrirvara sína við frv. sem við ræðum hér. Það er alls ekki oft sem maður heyrir svona skynsemisrödd úr þessum ræðustól frá framsóknarmönnum. Það var auðvitað mjög gott, í umfjöllun efh.- og viðskn. um málið, að einn stjórnarliðanna talaði af sæmilegri skynsemi varðandi þá þætti sem hv. þm. gagnrýndi.

Það er rétt sem hv. þm. nefndi, þegar við erum að tala um skattalagabreytingar og hvernig sköttum hefur verið létt af fyrirtækjum, að auðvitað eru takmörk fyrir öllu. Þar er komið að ákveðnum punkti þar sem menn hljóta að stoppa við, sérstaklega með þeim rökum sem hv. þm. setti fram varðandi nýtingu á yfirfæranlegum rekstrartöpum.

Mér fannst kannski vanta botninn í ræðu hv. þm., afstöðu hans til þeirra atriða sem hv. þm. nefndi. Ég er að velta fyrir mér hvort ég hafi stuðning hv. þm. við þær brtt. sem ég flyt að því er varðar fyrrkomulag við mat á hlunnindum, svo að ég nefni eitthvað sem dæmi. Eins mætti nefna útreikninga á reiknuðu endurgjaldi sem ég legg til að verði áfram í höndum ríkisskattstjóra en að fjmrh. setji reglur, nánari ákvæði um meginreglur og viðmiðanir. Ef svo væri mundum við auðvitað reyna í sameiningu að ná fram samstöðu í nefndinni sem á eftir að fjalla um málið milli 2. og 3. umr.

Síðan vildi ég loks spyrja hv. þm. hvort skilja megi mál hans svo að hann muni greiða atkvæði gegn því að auka þessar heimildir, úr átta í tíu ár að því er varðar nýtingu á rekstrartöpum.

[17:19]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef hugsað mér það að styðja ekki þá lagabreytingu sem hér er lögð til, að lengja tímann úr átta árum í tíu.

[17:20]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því auðvitað, enda var ekki annað að skilja á málflutningi hv. þm. en hann ætlaði ekki að styðja hana. Spurningin er um hvort hann greiði atkvæði gegn henni. Það finnst mér skipta máli og málflutningur þingmannsins gekk í raun út á að það væri ekki nema ein afstaða í málinu, þ.e. að greiða atkvæði gegn þessari grein.

Hv. þm. svaraði því ekki hvort ég mætti vænta stuðnings hans við þær breytingar sem ég legg til varðandi hlunnindamatið og reiknaða endurgjaldið. Þar kem ég til móts við þá gagnrýni sem hefur verið sett fram. Ég tel að þar gæti verið um málamiðlun að ræða og það væri verulegur fengur í að fá hv. þm. í lið með mér nú milli 2. og 3. umr. þegar við fjöllum um þetta mál áfram í efh.- og viðskn. Ég leyfi mér því, herra forseti, með hliðsjón af málflutningi hv. þm., að spyrja hann hvort þetta væri leið sem hann gæti fallist á og að fylgja brtt. sem ég flyt við þetta mál.

[17:21]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum hér, þ.e. frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, hefur skapað mikla umræðu, eins og hér hefur komið fram. Frv. þessu má skipta niður í nokkuð marga kafla. Aðalatriði þess er náttúrlega annars vegar að framlengja og lækka hátekjuskattinn, um leið og tekjumörk eru hækkuð og hins vegar, eins og segir í nál. 1. minni hluta flokkssystkina minna úr Samfylkingu, að auka skattaívilnanir til fyrirtækja með því að heimila þeim að draga ónýtt rekstrartöp frá tekjum í atvinnurekstri, að það gildi í tíu ár í stað átta ára eins og nú er. Að ekki sé talað um lítils háttar hækkun á persónuafslætti, eða 107 kr., sem verkalýðshreyfingin knúði fram á þeim tíma er hún tók að sér stjórn efnahagsmála á Íslandi og bjargaði því sem hægt var að bjarga þegar ríkisstjórnin hafði gefist upp.

Það er rétt að fara yfir þá kafla sem hér hefur mest verið rætt um, þ.e. varðandi auknar skattaívilnanir til fyrirtækja með breytingu á lögunum varðandi rekstrartap, þ.e. heimild til nýtingar þess í tíu ár í stað átta ára. Hér hefur verið farið mjög vel yfir þetta. Það hefur komið fram, sem auðvitað er hárrétt, að mörg skref hafa verið stigin til að létta sköttum af fyrirtækjum, af lögaðilum á Íslandi. Það hefur að sama skapi ekki verið gert fyrir almennt launafólk, barnafjölskyldur, námsmenn, lífeyrisþega og atvinnulaust fólk, eins og kemur fram í nefndaráliti 1. minni hluta.

Frysting skattleysismarka og mikil skerðing barnabóta til þessara hópa hefur verið nýtt til að kosta miklar skattalækkanir stórfyrirtækja og auðmanna. Mikil lækkun verður á tekjuskattsgreiðslum fyrirtækja á næsta ári vegna lækkunar á skatthlutfalli þeirra úr 30% í 18%. Áætlaðar tekjuskattsgreiðslur þeirra verða 8.250 millj. kr. Ég segi aðeins 8.250 millj. kr. vegna þess, eins og fram hefur komið hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni sem fór mjög vel yfir þetta dæmi og bar saman við önnur ríki OECD, að þetta eru náttúrlega smáaurar sem lögaðilar greiða í tekjuskatt á Íslandi miðað við það sem einstaklingar borga, að maður tali nú ekki um önnur dæmi sem hægt er að taka af skattkerfi okkar Íslendinga. Að óbreyttu hefðu tekjurnar orðið 13.800 millj. kr. miðað við óbreytt skatthlutfall eins og hér kemur fram.

Menn hæla sér af því og eru ánægðir með að lækka enn skatta af fyrirtækjarekstri. Þess vegna hefði maður haldið að nóg væri komið í þessa áttina. Hins vegar á enn að bæta í, auk þess að breyta hlutfallinu úr 30% í 18%, og taka tekjur frá ríkissjóði með því að búa til þessa breytingu varðandi skattatap, að skattaívilnun vegna taps nái til tíu ára í stað átta áður. Þetta er sýnu verra þegar haft er í huga það sem fram hefur komið á fundum hv. efh.- og viðskn. í gögnum frá ríkisskattstjóra. Þar er sérstaklega vitnað í það sem hér kemur fram. Ríkisskattstjóri fjallar þar um síðustu eitt til tvö ár, þar sem tap hefur verið orðið mikið, svo að ég grípi aðeins niður í nál. 1. minni hluta með leyfi forseta:

„Ríkisskattstjóri bendir á í umsögn sinni að yfirfæranleg rekstrartöp hafi farið mjög hækkandi á síðustu árum þrátt fyrir að afkoma og rekstrarskilyrði hafi ekki farið versnandi að sama skapi."

Orðrétt segir ríkisskattstjóri:

„Má gera ráð fyrir að hækkun rekstrartapa á síðustu tveimur árum skýrist að verulegu leyti af hækkun erlendra skulda vegna gengisbreytinga og að einhverju leyti af hækkun innlendra verðtryggðra skulda. Um hvort tveggja gildir að hækkun skuldanna er að fullu gjaldfærð þegar í stað. Getur þetta valdið miklum sveiflum á bókhaldslegu tapi og frestað skattlagningu mjög. Setja má spurningu við réttmæti þessara reglna, einkum eftir að verðbólgureikningsskil hafa verið afnumin."

Hér er vakin athygli á afnámi verðbólgureikningsskila og því að ekki var hreyft við ákvæðum gjalda eða tekjufærslu á gengismun eða verðbótum sem geta haft meiri áhrif á skattalega rekstrarafkomu, yfirfæranlegt tap o.s.frv.

Herra forseti. Þetta er vert að hafa í huga og miðað við breytingar og það tap sem myndast hefur hjá fyrirtækjum á síðasta ári vegna þessa sem hér hefur komið fram, vegna gengisfellinga og annarra þátta þá skulum við hafa í huga að þeir sem halda um ríkissjóð eftir 2010, árin 2011 og 2012, munu, miðað við það sem hér kemur fram, missa töluvert af tekjum vegna þess vitleysisgangs sem átti sér stað í efnahagskerfi landsmanna árið 2002. Þetta er rétt að hafa í huga nú. Á þessum tíma ríkti vaxtaokur og óðaverðbólga. Afleiðingar þess erum við að sjá nú, atvinnuleysi og síðast en ekki síst, það sem er kannski allra verst, samdrátt. Þetta er rétt að hafa í huga, herra forseti, við þessa umræðu vegna þess að hér er verið að gera þessar breytingar, þ.e. varðandi afskriftir á tapi.

Herra forseti. Ég hlustaði á hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, formann þingflokks framsóknarmanna, lýsa fyrirvara sínum í þessu máli þar sem hann fór í söguskýringu á breytingu á tekjuskatti lögaðila úr 50% ofan í 18% og breytinguna á þessum árum sem hægt hefur verið að nýta sér tap fyrri ára, sem hann hélt að hefðu verið fimm til sex ár. Ég minntist þess er reglur voru rýmri hvað varðar tap fyrirtækja og skuldir fyrirtækja gengu kaupum og sölum. Þá kom upp í huga minn að Framsfl. fór á sínum tíma í þann bisniss að selja rekstrartap blaðs sem Framsfl. gaf út á árum áður. Mig minnir að það hafi heitið Nútíminn. Við vitum ekki hvernig flokkurinn stendur í þessu máli. Það kemur ekki fram hvort hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er þar einn og yfirgefinn eins og oft í sérmálum þar sem hann gengur gegn flokki sínum eða hvort fleiri framsóknarmenn fylgja með. Það verður að bíða atkvæðagreiðslu vegna þess að ekki fékkst svar við því nú.

Ég held, herra forseti, að hv. þm. standi einn í þessu máli með þá fyrirvara sem hann hefur lýst og þeir séu ekki fleiri framsóknarmennirnir sem taki þá sjálfstæðu afstöðu sem hann gerir. Aðrir hv. þm. Framsfl. láta Sjálfstfl., sem sumir kalla eignarhaldsfélag Framsfl., teyma sig áfram í þessu máli. En þá verður þetta náttúrlega hjáróma rödd sem lítið verður gert með og lítið hlustað á, standi hann þar einn, að maður tali ekki um ef hv. þm. ætlar að vera fjarverandi eða sitja hjá. Þá leggst lítið fyrir kappann.

Herra forseti. Það verður líka að hafa í huga þegar verið er að tala um skattgreiðslur fyrirtækja og þær breytingar sem hafa verið gerðar og stjórnarsinnar hæla sér mjög af, þ.e. þessum breytingum, þá skulum við enn einu sinni rifja upp hvernig hæstv. ríkisstjórn og stjórnarmeirihlutinn fara í skattkerfisbreytingar sem gagnast stórlega fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. í Reykjavík og á Reykjanesi, en fyrirtæki í öllum öðrum skattumdæmum landsins tapa á. Það var margfarið yfir það hér þegar við vorum að ræða þetta mál í vor að skattalegur ávinningur fyrirtækja í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi var áætlaður 2.700 millj. kr., þ.e. vegna breytinga á tekjuskattinum úr 30% í 18%, vegna þeirra breytinga á eignarskatti sem var verið að gera, en fyrirtæki í öllum öðrum skattumdæmum tapa á þessari breytingu.

Þá kemur auðvitað í ljós enn einu sinni hvernig ríkisstjórnin ræðst í raun og veru að landsbyggðinni með Framsfl. innan borðs, sem oft og tíðum hefur á tyllidögum, sunnudögum, hælt sér af því að vera flokkur landsbyggðar. Þarna kemur bersýnilega í ljós, herra forseti, hvernig Framsfl. hefur algjörlega farið frá því að reyna að verja landsbyggðarfólk eða atvinnurekstur á landsbyggðinni. Þessi skattkerfisbreyting er gott dæmi um það. Ég ætla ekki enn einu sinni að rifja upp þau orð sem hæstv. félmrh. hafði um sinn flokk, hvernig hann hefði gleymt landsbyggðinni í markaðssetningu sinni á malbikinu á höfuðborgarsvæðinu.

Það er sorglegt, herra forseti, að fyrirtækjarekstur á landsbyggðinni sem á mjög í vök að verjast, m.a. líka út af samdrætti og öðrum sköttum sem ríkisstjórnin hefur verið að leggja á, fær ekki að sitja við sama borð og atvinnurekstur á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna heldur áfram að kvarnast úr og draga úr þrótti fyrirtækja á landsbyggðinni til að sækja fram og nýta sér þá möguleika sem eru. Þau fyrirtæki eru að borga allt aðra skatta til ríkisins. Skulum við þá bara taka dæmi af flutningastarfsemi, hvernig flutningafyrirtæki greiða ótal skatta til ríkissjóðs og eru búin að borga þá í öðrum sköttum sem bera annað nafn en tekjuskatt og eiga þess vegna ekkert eftir, engan hagnað, til að njóta ávaxtanna af tekjuskattslækkuninni sem gerð var á síðasta vori. Þetta er ákaflega mikilvægt, herra forseti, að hafa í huga.

Ég nefndi áðan ræðu hv. þm. Ágústs Einarssonar sem var ákaflega yfirgripsmikil. Hann fór yfir það á mjög faglegan hátt, eins og hans er von og vísa, hvernig t.d. skuldir heimilanna hafa hækkað svo mikið, að nú eru þær um 180% af ráðstöfunartekjum. Þetta er hin hliðin á málinu, herra forseti, hvernig einstaklingar, almenningur og fjölskyldufólk hefur verið látið sitja eftir í að fá skattalegan ávinning en skattar á þeim aðilum, barnafólki sem öðrum, hafa verið að hækka eins og fram hefur komið, bæði í fjölmiðlum og frá fulltrúum Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn.

Það er þannig núna, herra forseti, að fjölmargir, almenningur í landinu, ungt fólk sem er að hefja búskap, barnafólk og fólk á miðjum aldri nær varla endum saman þrátt fyrir vinnu myrkranna á milli, þrátt fyrir að bæði hjón vinni úti nær þetta ekki saman. Rétt er að rifja þetta hér upp í tíð velmektarríkisstjórnar atvinnufyrirtækjanna sem við ræðum um.

Og hvernig hv. þm. Ágúst Einarsson dró það fram hér sem er svo sem ekki nýtt, en er nýtt í umræðunni og hefur ekki komið hér fram, hvernig skattar einstaklinga eru miklu hærra hlutfall hér en í öðrum OECD-löndum og að fyrirtæki borgi aðeins helming að meðaltali. Fram kemur, sem reyndar allir vissu, að einstaklingar borga hér miklu meira í tekjuskatt til ríkissjóðs en góðu hófi gegnir, að maður tali nú ekki um veltuskattinn, virðisaukaskattinn, sem ég man ekki nákvæmlega hvaða tala er en mig minnir að það séu einar 80 millj. sem ríkissjóður innheimtir í formi virðisaukaskatts.

Þetta ásamt þeirri skattkerfisbreytingu sem ég hef farið hér yfir gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum, gagnvart atvinnurekstri á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðið annars vegar, sýnir það og sannar að ríkisstjórnin er á kolvitlausri leið. Ekki er tekið tillit til þessara þátta og þess vegna er auðvitað ekki hægt að leggjast í það að samþykkja ýmsar tillögur sem fram hafa komið, m.a. vegna þess að ekki er tekið á sköttum almennings í landinu.

Það ánægjulegasta kannski við þetta allt saman er þegar maður lítur á dagatalið að þá er hægt að fara að telja niður dagana þar til við losnum vonandi við þá ríkisstjórn sem nú situr í landinu.

Herra forseti. Það þjóðfélag sem við byggjum nú og það skattkerfi sem er svo vitlaust gefið í, eins og hér hefur komið

fram, á ekkert skylt við þau þjóðfélög sem við erum oft að bera okkur saman við, enda er það kannski stærsta atriðið sem hefur komið fram að þetta er ekki þjóðfélag sem jafnaðarmenn hafa tekið eins mikinn þátt í að byggja upp og í nágrannaþjóðfélögum sem við berum okkur saman við, þ.e. í Skandinavíu.

Þess vegna er ákaflega mikilvægt að hér komist að völdum ríkisstjórn sem hefur meiri jöfnuð í heiðri, sem vill útrýma því misrétti sem er milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis og vill ganga í það að jafna lífskjör í landinu, vill ganga í það að lagfæra skatta almennings og segir að komið sé nóg í skattafslætti til lögaðila.

Einnig er rétt að hafa í huga, herra forseti, að við samþykkt fjárlaga fyrir nokkrum dögum féll ríkisstjórnin frá því að lækka stimpilgjöld um 900 millj. kr. Stimpilgjöld eru mjög ósanngjarn skattur, sama hvort það er á einstaklinga eða lögaðila. Því var sleppt, herra forseti, að þessu sinni til að klambra saman fjárlögum og einnig er rétt að hafa í huga, herra forseti, þegar hv. formaður efh.- og viðskn., Vilhjálmur Egilsson, talaði um það að þessi skattkerfisbreyting skilaði sér ákaflega vel, eða býsna vel eins og hv. þm. sagði, þ.e. hann var að vitna í þá 3 milljarða sem fjmrh. dró upp úr töfrahatti sínum á síðustu mínútum áður en fjárlagafrv. var sett saman til að setja örlítið betri niðurstöðutölu á heldur en raun hefði annars orðið. Það á eftir að koma í ljós hvort það gangi eftir. Vonandi er það svo.

[17:39]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Ég vil aðeins koma inn í umræðuna og ræða almennt um skattstefnu ríkisstjórnarinnar og hvaða skilaboð núv. ríkisstjórn sendir frá sér með þeim breytingum sem staðið hefur verið fyrir, bæði í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna og svo núna þegar á að fara að afgreiða frv. um breytingar á tekju- og eignarskattslögum.

Það er alveg ljóst að verið er að lækka verulega tekjuskatta á fyrirtækjum og þó að ég sé almennt ekki andvígur því að fyrirtækjum í landinu sé búinn góður starfsgrundvöllur, þá tel ég að sú tekjuskattslækkun sem við stöndum fyrir, úr 30% í 18%, sé um of, það hafi ekki verið rétt af okkur að fara í þetta í svona stórum skrefum, ekki síst þegar við lítum til þess hvað við erum að gera að öðru leyti.

Það er auðvitað ekkert launungarmál og hefur margkomið fram í umræðum manna í dag að við höfum smátt og smátt verið hlutfallslega að auka skattbyrði á lágtekjufólki með því að láta persónuafsláttinn ekki halda sama vægi miðað við tekjur eins og æskilegt væri og ekki fylgja í raun og veru þeim loforðum sem sett voru upp þegar þetta staðgreiðslukerfi okkar um skatta var búið til.

Almennt vil ég bæta því við að ef við hins vegar veltum því fyrir okkur hvernig almenningur í landinu borgar skatta, a.m.k. hef ég ekki komist að annarri niðurstöðu í vangaveltum mínum en þeim að ef annars vegar er borið saman fólk sem hefur yfir 300 þús. kr. tekjur á mánuði og hins vegar fólk sem hefur um 100 þús. kr. í tekjur á mánuði, þegar upp er staðið og tekið tillit til þess hvernig virðisaukaskatturinn kemur inn í vöruverð og á ýmsar nauðsynjar sé það í raun og veru lágtekjufólkið sem borgar tiltölulega mun hærri skatta. Það liggur í því að lágtekjufólkið þarf að nota allar sínar tekjur í að komast af í eyðslu og þetta er í langflestum tilfellum, ég vil segja í öllum tilfellum, nauðsynleg eyðsla því tekjurnar eru ekki það háar og tekjurnar eru allar notaðar til þess að framfleyta sér og sínum.

Það liggur alveg í hlutarins eðli þegar við lítum til þess að virðisaukaskatturinn er á ýmsum vörum, að vísu mismunandi hár eftir því hvort við erum að tala um matvæli eða aðra vöru, þá er fólk auðvitað að eyða öllum sínum tekjum í það að framfleyta sér. Það borgar náttúrlega hlutfallslega mikið af tekjum sínum í virðisaukaskatt. Ef við gerum ráð fyrir að þeir sem hafa yfir 300 þús. kr. í tekjur geti á annað borð lagt eitthvað fyrir og eyði ekki öllum sínum tekjum og ef borið er saman hvernig eyðslan kemur út annars vegar hjá lágtekjufólkinu og hins vegar þeim sem hærri hafa tekjurnar hugsa ég að hægt sé að færa fyrir því rök þegar búið er að taka tillit til þess í hvað tekjunum var eytt, að í raun og veru sé sá sem lægri tekjurnar hafði að borga hlutfallslega mun hærri skatta. Hann eyðir öllum sínum tekjum í að halda sér og sínum á floti, hvort sem það telst eðlilegt framfæri eða ekki. Ég dreg mjög í efa að 100 þús. kr. nægi til þess að fólk geti haft hér eðlilegt framfæri.

Ég vil segja það t.d. varðandi þá tillögu sem hér er gerð, að lækka hátekjuskattinn úr 7% í 5% — á sama tíma er reyndar verið að hækka þar tekjuviðmiðunina um 2,75% — ég tel að þarna séum við að fara alranga leið og ekki sé verjandi að fara þá leið að lækka skatt á hátekjufólki á sama tíma og við erum að halda uppi mikilli skattheimtu á lágtekjufólki.

Eins og hér hefur komið fram í sambandi við fjárlagafrv. var hætt við að lækka stimpilgjaldið og þar teknar 900 millj. til viðbótar inn á tekjuhliðina. Og svo, eins og allir vita, voru samþykkt lög á hv. Alþingi um að hækka álögur á áfengi og tóbak. Þó að þar sé ekki um neinar sérstakar hollustuvörur að ræða er samt alveg ljóst, því miður, að margt fólk notar þessar vörur og þar af leiðandi má segja að það greiði stóran hluta af t.d. umsaminni lagfæringu ríkisstjórnarinnar til handa eldri borgurum. Við getum auðvitað spurt okkur hvort sú aðferð hafi verið skynsamleg. Ég ætla ekki að mæla því sérstaklega bót að við höfum hér lágt tóbaksverð en ég set ákveðið spurningarmerki við þá leið að láta einn hóp, sem að vísu notar heilsuspillandi vöru, borga ákveðnar aðgerðir.

Herra forseti. Við öll sem störfum á Alþingi höfum auðvitað velt því fyrir okkur fram og til baka hvaða áherslur menn ættu að setja í útfærslu á skattamálum. Ég hef t.d., og við í mínum flokki, horft á það hvernig laga mætti stöðu þeirra sem í raun og veru lifa á lágum bótum almannatrygginga, ellilífeyrisþega og öryrkja. Við höfum flutt um það tillögu að hægt væri að laga stöðu þessara hópa, m.a. með því að koma í veg fyrir það sem oft hefur verið kallað jaðarskattaáhrif, þ.e. að fái einstaklingur lágmarksgreiðslur úr lífeyrissjóði sínum, t.d. 10 þús. kr. svo dæmi sé tekið, tapist ekki strax á móti 6 eða 7 þús. kr. í jaðarskattaáhrifum. Það liggur í því að lífeyristekjurnar skerða strax þær bætur sem viðkomandi á rétt á, og í þessu tilfelli væri um sérstaka tekjutryggingu að ræða sem skertist fyrst. Síðan er þetta kerfi okkar allt þannig uppbyggt að eftir því sem menn eiga meiri rétt í lífeyrissjóði skerðast bæturnar meira.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér hefur fundist allt of bratt farið í þetta í upphafi, þ.e. að tiltölulega lítill lífeyrisréttur fólks skerti bæturnar allt of skart. Þess vegna höfum við lagt fram hugmynd í þingsályktunarformi fyrir hv. Alþingi um að bætur undir 40 þús. kr. á mánuði skertu ekki sérstaka tekjutryggingu og tekjutryggingu þeirra hópa sem þyrftu á þeim bótum að halda eða nytu þeirra, ellilífeyrisþega annars vegar og örorkuþega hins vegar. Ég held

að þetta sé mikið réttlætismál vegna þess að þó að gert hafi verið samkomulag um að lagfæra bæturnar aðeins er varla hægt að halda því fram að fólki takist að lifa af þeim einum saman. Þess vegna finnst manni það ákveðið réttlætismál að þegar fólk fær rétt úr lífeyrissjóði bitni það ekki beint með jaðarskattaáhrifum á bótum fólksins og síðan þegar búið er að skerða bótaréttinn komi tekjuskatturinn ofan á það sem eftir er þannig að af tiltölulega litlum lífeyrisréttindum verða fáar krónur eftir. Og því miður eiga allt of margir enn þá lítinn rétt í lífeyrissjóði þótt það fari vonandi batnandi á næstu 10, 15 eða 20 árum. Það er alveg hægt að sýna fram á það með tölum að einstaklingur sem á réttindi upp á 30 þús. kr. úr lífeyrissjóði tapar kannski helmingnum á móti vegna jarðarskattaáhrifa, þ.e. bæturnar lækka þá um 15 þús. kr. Þetta fer auðvitað stiglækkandi en er skarpast fyrst á hinni sérstöku tekjutryggingu.

Þetta er tillaga sem við höfum lagt fram hér í þinginu og reyndar tel ég að að hluta til hafi verið komið til móts við þetta sjónarmið í samkomulagi ríkisstjórnarinnar og eldri borgara þar sem skerðingarviðmiðunum var aðeins breytt ellilífeyris- og örorkuþegum í hag, og er það auðvitað vel. Ég hefði samt talið að þarna hefðu menn átt að ganga alla leið og miða við einhvern lágmarkslífeyri sem ekki hefði áhrif á bótarétt fólks þannig að í raun og veru værum við með slíkum aðgerðum að tryggja rauntekjur fólks og hækka þær um 10–15 þús. kr. eftir því á hvaða skala menn væru að taka út lífeyri sinn eða hvaða rétt þeir ættu.

Herra forseti. Ég hefði talið að þetta væri mikið réttlætismál og vek athygli á því í þessari umræðu almennt um tekjuskatt og eignarskatt. Ég vil svo að lokum bara ítreka að ég tel að sú stefna sem ríkisstjórnin hefur tekið í þessum málum, að lækka tekjuskatt fyrirtækja svona mikið eins og hér er gert ráð fyrir í stað þess að gera það í skrefum á nokkrum árum, sé röng og það sé of langt gengið í þeim efnum. Ég er líka andvígur því að 7% hátekjuskatturinn sé lækkaður í 5% eins og verið er að gera, sérstaklega með tilliti til þess að það er ekki verið að létta skattbyrði á tekjulægstu hópunum. Það hefði ég talið að væri nánast forgangsverkefni að takast á við, að létta þá skattbyrði og tryggja að lágtekjufólkið hefði úr meiri rauntekjum að spila.

Ég held að ég muni það rétt að ég hafi séð alveg nýverið ályktun í þessa veru frá samtökum launþega þar sem þeir lögðu það til að sett væri sérstakt tekjuskattsþrep á tekjur undir 120 þús. kr. á mánuði þannig að þar væri lægri prósenta en notuð er núna, hin almenna tekjuskattsprósenta og útvarsprósenta.

Þetta vildi ég sagt hafa almennt um þetta mál, herra forseti, og tel, eins og hér hefur komið fram í máli mínu, að við gætum farið betur í þetta mál fyrir fólk með lægri tekjur í þessu þjóðfélagi en hér er gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:54]

Útbýting þingskjala:

Félagsþjónusta, öldrunarþjónusta og heilsugæsla, 448. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 643.

Heilsugæsla, félagsþjónusta og öldrunarþjónusta, 449. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 644.

Fjármálafyrirtæki, 2. umr.

Stjfrv., 215. mál (heildarlög). — Þskj. 218, nál. 617 og 635, brtt. 630, 640 og 641.

[17:54]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um fjármálafyrirtæki. Þetta er eitt af stærri málum haustþingsins og fjallar um uppstokkun á löggjöf um fjármálamarkaðinn.

Samhliða þessu frv. er annað frv. sem fjallar um verðbréfaviðskipti, og saman munu þessi tvö frv. ásamt frv. til laga um verðbréfasjóði mynda nýja heildarumgjörð utan um starfsemi fyrirtækja á fjármálamarkaðnum og um leikreglur á þessum markaði almennt séð.

Nefndin hefur fjallað um málið á allmörgum fundum og farið ítarlega ofan í það. Þeir aðilar sem fengu málið til umsagnar eru tíundaðir á nál., og eins kemur þar fram hverjir komu á fund nefndarinnar.

Þetta mál er það viðamikið að nauðsynlegt er að fara mjög vel ofan í hverja einstaka grein og velta fyrir sér hvernig hún er orðuð. Allmargar tillögur komu fram til breytinga á frv. þrátt fyrir að það væri mjög vel unnið eins og það var lagt fram. Vonandi verður niðurstaðan sú að hér sitji eftir vönduð löggjöf sem getur dugað í einhver ár.

Þessi markaður er annars á mjög mikilli ferð. Það er margt að gerast og miklar breytingar, bæði erlendis á vettvangi Evrópusambandsins sem annars staðar. Við verðum fyrir miklum áhrifum af þessum breytingum erlendis frá og þær endurspeglast yfirleitt fyrr eða síðar í löggjöf hjá okkur. Engu að síður er ýmislegt sérístenskt í okkar löggjöf og ýmislegt sem við þurfum að huga að til þess að sinna þörfum okkar fjármálamarkaðar.

Virðulegi forseti. Vonandi hefur tekist að koma öllu þessu til skila í frv. og brtt. sem hér liggja fyrir af hálfu meiri hluta efh.- og viðskn. Um málið hefur verið allgóð samstaða í sjálfu sér í nefndinni þó að ekki sé sameiginlegt nál. Ég hygg að þau atriði sem menn kann að greina á um eða hv. stjórnarandstæðingar vilja hafa öðruvísi varði mjög afmörkuð svið löggjafarinnar, og kannski fyrst og fremst sparisjóði, en það mun að sjálfsögðu koma fram í nál. og framsögum hv. fulltrúa stjórnarandstöðunnar hér.

Ég mun nú gera grein fyrir þeim brtt. sem meiri hluti efh.- og viðskn. hefur orðið ásáttur um að flytja. Þessar brtt. eru í einum 33 liðum.

Í 1. lið brtt. er fjallað um viðbót við 3. gr. frv. en í henni er fjallað um hvaða starfsemi er starfsleyfisskyld. Viðbæturnar ganga út á að telja upp þá aðila sem geta sinnt starfsemi án starfsleyfis og allt eru þetta eðlilegar upptalningar og ekki breyting í sjálfu sér frá núgildandi skipan mála.

Í 2. lið brtt. er gerð tillaga til breytinga á 4. gr., 5. gr. og 53. gr. og það er tilvísunarbreyting sem leiðir af þeirri breytingu sem verið er að gera á 3. gr.

Í 3. lið brtt. er gerð brtt. við 6. gr. og er það orðalagsbreyting.

Í 4. lið brtt. er gerð brtt. við 7. gr. þar sem líka er verið að breyta um orðalag en hefur ekki efnislega þýðingu.

Í 5. lið brtt. er gerð tillaga til breytinga á 14. gr. þar sem verið er að skýra út hugtakið „viðmiðunargengi“ annars vegar og hins vegar að taka það fram að ekki er ætlunin að setja þak á hvað hlutafé í rekstrarfélagi verðbréfasjóðs getur

verið hátt, heldur einungis að ekki er gerð krafa um nema ákveðið hámark þar.

Í 6. lið brtt. er brtt. við 20. gr. frv. og er það orðalagsbreyting.

Í 7. lið brtt. er sömuleiðis orðalagsbreyting. Þar er gerð brtt. við 24. gr.

Í 8. lið brtt. er tillaga við 26. gr. frv. um breytingu þar sem notað er hugtakið „hlutafé“ í staðinn fyrir stofnfé, sem er eðlilegt.

Í 9. lið brtt. er orðalagsbreyting.

Í 10. lið brtt. er gerð brtt. við 28. gr. sem er einungis umorðun á því sem stendur í 1. málslið 28. gr.

Í 11. lið brtt. er verið að gera tillögur um orðalagsbreytingu á 34. gr.

Í 12. lið brtt. er gerð brtt. við 36. gr. en þar er verið að skjóta því inn að það þurfi fyrir fram að tilkynna um stofnun útibús.

Í 13. lið brtt. er sams konar breyting gerð á 37. gr. en vegna þjónustu án stofnunar útibús.

Í 14. lið brtt. er gerð tillaga til breytinga á 40. gr. þar sem bætt er inn orðinu „stofnfé“ í því skyni að ná yfir sparisjóðina líka en í 40. gr. er fjallað um samþykki Fjármálaeftirlitsins vegna kaupa á virkum eignarhlut. Síðan er hnykkt á því að þessi grein eigi við um sparisjóði með því að ný málsgrein bætist við sem segi að ákvæði kaflans gildi um sparisjóði eftir því sem við getur átt.

Í 15. lið brtt. er gerð brtt. við 41. gr. sem er fyrst og fremst umorðun á því sem þar stendur í frv. en hefur ekki efnislega þýðingu.

Í 16. lið brtt. er greinarheiti breytt.

Í 17. lið brtt. er tillaga um breytingu á 47. gr. þar sem tekin er út tilvísun í ákveðin hlutföll en sams konar merkingar settar inn með tilvísun í aðra grein þar sem þessi hlutföll koma fram.

Í 18. lið brtt. er gerð brtt. um 52. gr. frv. þar sem verið er að breyta orðalagi.

Síðan í 19. lið brtt. er því skotið inn að í starfsreglum stjórnar skuli fjallað um heimildir hennar til að taka ákvörðun um einstök viðskipti.

Í 20. lið brtt. er gerð tillaga um breytingu á 69. gr. Í henni er Sparisjóðabanki Íslands hf. nefndur á nafn sem er óheppilegt í lögum af þessum toga. Í brtt. nefndarinnar er gert ráð fyrir því að það sé skautað fram hjá því án þess að efnislega sé verið að breyta því sem þar kemur fram en þetta fjallar um að sparisjóðirnir geti falið sameiginlegum aðila á sínum vegum að leggja fyrir þá leiðbeinandi tillögur um vexti og þjónustugjöld enda gert ráð fyrir því að slíkt brjóti heldur ekki í bága við ákvæði samkeppnislaga.

Í 21. lið brtt. er gerð tillaga til breytinga á 70. gr. Annars vegar er það tilvísunarbreyting og hins vegar er því skotið inn að samþykki Fjármálaeftirlitsins þurfi til þess að samþykkja framsal.

Í 22. lið brtt. er gerð tillaga til breytinga á 73. gr. sem fjallar um breytingu á sparisjóði í hlutafélag. Þar er gert ráð fyrir því að ekki þurfi samþykki ráðherra heldur einungis Fjármálaeftirlitsins sem er í stíl við aðra uppbyggingu á löggjöfinni samkvæmt frv. Síðan er líka hnykkt á því að sé sparisjóði breytt í hlutafélag skuli í stað þeirra ákvæða sem eru í 61.–68. gr. og 70.–72. gr. gilda ákvæði VII. kafla þessara laga og laga um hlutafélag enda ekki öðruvísi mælt um í þessari grein. Þetta fjallar um þegar sparisjóði er breytt í hlutafélag, þetta er endurorðun á síðustu málsgreininni og hefur ekki efnislega þýðingu.

Í 23. lið brtt. er gerð tillaga til breytinga á 74. gr. Þar er verið að gera töluverðar efnisbreytingar. Eins og greinin stendur í dag gildir það að þegar sparisjóði er breytt í hlutafélag er það alveg klárt að samanlagt hlutafé sem stofnfjáreigendur fá í sparisjóðum skal nema sama hlutfalli af hlutafé hans eftir breytinguna og stofnféð nemur samkvæmt áætluðu markaðsvirði sparisjóðsins, þ.e. þegar sparisjóði er breytt í hlutafé samkvæmt núgildandi lögum, og frv. er einungis heimilað að miða við nafnvirði stofnfjárins eins og það stendur. Það á ekki að taka tillit til neins annars en þess. Í brtt. er gert ráð fyrir því að við mat á því hvað stofnfé á að fá mikið hlutafé eða hve mikið hlutafé á að koma í stað stofnfjár í sparisjóði sem verður að hlutafélagi megi líka hafa til hliðsjónar arðsvon stofnfjárhluta annars vegar og arðsvon á áhættu hlutabréfa í sparisjóði hins vegar. Þessi tillaga er gerð fyrst og fremst í því skyni að tryggja það sem best má verða að stofnfjáreigendur verði jafnsettir fyrir og eftir breytingu í hlutafélag. Meginmarkmiðið með þessu er að tryggja að sparisjóður sem vill breytast í hlutafélag lendi ekki í því að stofnfjáreigendum finnist þeir vera verr settir við þá breytingu og fái ekki jafngilda eign í hlutafé í staðinn fyrir það stofnfé sem þeir ráða yfir. Þetta þýðir þá væntanlega að það verður greiðara um vik að stofna hlutafélög um sparisjóði eins og ætlunin var alltaf með því að heimila slíkar breytingar.

Þessi breyting gengur ekki út á það að stofnfjáreigendur eigi að eiga eitthvað meira en þeir í sjálfu sér eiga samkvæmt gildandi lögum eða eitthvað meira heldur en þeir eiga sem stofnfé í sparisjóði heldur einungis að eignin sem þeir fá sé jafngild þeirri sem þeir láta af hendi.

Síðan er í 24. lið gerð brtt. við 76. gr. þar sem kveðið er á um að Fjármálaeftirlitið skuli staðfesta samþykktir sjálfseignarstofnunar þegar sparisjóði er breytt í hlutafélag og síðan er orðalagsbreyting líka í 76. gr.

Í 25. lið brtt. er fjallað um 81. gr. Þar er gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið setji reglur í stað þess að viðskrh. setji reglugerð. Þessi grein fjallar um takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja og það er í stíl við uppbyggingu löggjafarinnar samkvæmt frv. að Fjármálaeftirlitið setji þá þessar reglur.

Síðan er í 26. lið brtt. fjallað um 84. gr. Þar er einungis verið að breyta um orðalag og tilvísanir.

Í 27. lið brtt. er fjallað um 85. gr. Þar eru enn fremur tilvísunarbreytingar.

Í 28. lið brtt. er fjallað um 86. gr. Þar er fjallað um að bæta inn nýjum málslið. Þetta er einungis tilflutningur á efnismálsliðnum milli málsgreina og skiptir ekki máli efnislega.

Síðan er í 29. lið brtt. gerð tillaga til breytingar á 101. grein sem fjallar um samruna fyrirtækja. Þar er umorðun á 1. málslið 1. mgr. en ekki efnisbreyting.

Síðan er í 30. lið brtt. gert ráð fyrir því að innlánsreikningar, fjárvörslureikningar og geymsluhólf skuli skráð á kennitölu ásamt nafni og heimilisfangi. Samkvæmt frv. átti krafa um kennitöluskráningu að falla niður en brtt. gerir ráð fyrir því að kennitalan komi inn aftur.

Í 31. lið brtt. er gert ráð fyrir því að hnykkja betur á hver hafi undanþágu. Fyrst og fremst er hérna fjallað um að opinberir fjárfestingarlánasjóðir sem eru starfandi fyrir gild-

istöku laganna þurfi ekki að vera starfræktir sem hlutafélög. Hér er átti við sjóði eins og Lánasjóð landbúnaðarins.

Í 32. lið brtt. er gert ráð fyrir tillögu til breytinga á 113. gr. Þar er skilgreiningarmál og tillagan er til komin vegna hins nýja hugtaks „fjármálagerningur". Það hefur verið nokkuð á reiki hvað fjármálagerningar væru. Í eldri löggjöf er fjallað um „verðbréf" sem heildarhugtak en hið nýja heildarhugtak sem rætt er um í þessum lögum er fjármálagerningur.

Í 33. lið brtt., sem er síðasti liður þeirra, er gerð tillaga sem fjallar um að koma því þannig fyrir að þessi lög geti tekið gildi um áramótin án þess að fylgifrv., sem fjallar um verðbréfaviðskipti, verði jafnframt að lögum. Lagatæknilega væri æskilegast að þessi frv. tækju gildi sem lög á sama tíma en þar sem ekki hefur unnist tími til að fara yfir frv. um verðbréfaviðskipti í nefndinni er þetta lagt til til þess að það sé engin réttaróvissa eftir áramótin um stöðu fjármálafyrirtækjanna sem slíkra.

Virðulegi forseti. Nú hef ég gert grein fyrir þeim brtt. sem meiri hluti efh.- og viðskn. gerir tillögur um vegna þessa frv. til laga um fjármálafyrirtæki. Ég vil aðeins að lokum þakka öllum nefndarmönnum fyrir mikið starf að þessu frv. Þetta hefur verið mikil vinna og nefndarmenn hafa lagt mikið á sig í málefnalegri umfjöllun um þetta mál.

[18:16]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins spyrja hv. þm. Vilhjálm Egilsson út í örfá atriði. Virtur lögmaður hér í bæ var fenginn til að gefa álit á því hvort friðhelgi eignarréttarins væri rofin og bryti í bága við 72. gr. stjórnarskrárinnar ef takmarkað væri með lögum framsal stofnfjárhluta á yfirverði samkvæmt þessum hugmyndum. Lögmaður þessi gaf álit á málinu sem fylgir einu nefndarálitinu. Hann kemst að því að það sé brot á stjórnarskránni að hefta framsal stofnfjárhluta á yfirverði samkvæmt því sem hér er verið að gera. Ég veit ekki hvort ég misskil þetta eða hvað. Ég trúi því varla að hv. nefnd sé að leggja til stjórnarskrárbrot. Þess vegna vil ég fá að heyra það frá formanni nefndarinnar hvort þetta sé misskilningur hjá mér eða hvort leitað hafi verið til annarra sérfræðinga til þess að hrekja álit Páls Hreinssonar í þessu máli hans.

Mig langar einnig til að heyra eitthvað um það frá formanni nefndarinnar hvað honum finnist um það að sjálfseignarstofnun geti verið með 90% hlut í einum sparisjóði meðan stofnfjáraðili getur aldrei átt meira en 5% til þess að fara með sinn hlut í.

[18:18]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í nefndinni varð lærð umræða um takmarkanir á framsali og möguleikum löggjafarvaldsins til að takmarka framsal án þess að ganga á friðhelgi eignarréttarins. Meginniðurstaðan úr þeirri umræðu var að ekki væri heimilt að ganga beint á eignir manna og rýra þær. Hins vegar væri heimilt að setja almennar takmarkanir á meðferð eigna sem í sjálfu sér gætu leitt til breytinga á verðmati þeirra en það væri hlutur sem væri gerður í margvíslegri löggjöf í þinginu. Við þingmenn setjum hinar ýmsu reglur um allt mögulegt sem hefur áhrif á verðmæti eigna en það er ekki talið hafa í för með sér að verið sé að ganga á friðhelgi eignarréttarins. Segja má að þær reglur sem hér eru teknar upp í frv. miðist við þessi grundvallaratriði.

Varðandi hlutdeild sjálfseignarstofnunar í hlutafé hlutafélaga sem sparisjóða þá finnst mér í sjálfu sér ekkert óeðlilegt að sjálfseignarstofnun eignist hlut í sparisjóðnum í samræmi við eignarhlut sinn.

[18:20]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þá spyrja á móti: Hvers vegna má þá ekki stofnfjáreigandi í sparisjóði eiga sinn hlut? Ef stofnfjáraðili á 10% í sparisjóði í dag, af hverju má hann ekki eiga það áfram? Af hverju má hann ekki greiða atkvæði samkvæmt því? Eru einhver önnur lög um stofnfjáraðila eða fyrirbæri inni í sparisjóði sem er í rauninni mjög óljóst eignarhald á?

Ég er dálítið hissa á því, herra forseti, að ekki skuli hafa verið gengið betur frá því í nefndinni að ekki væri um stjórnarskrárbrot að ræða. Hv. þm. segir að það megi ekki ganga beint á eignir manna. Það stendur hér, með leyfi forseta, í áliti Páls Hreinssonar:

„Ekki er vafa undirorpið að stofnfjárhlutur í sparisjóði telst eign í skilningi 72. gr. stjórnarskrárinnar, með síðari breytingum. Það hefur ekki verið talin forsenda, svo um eignarnám sé talið að ræða, að samsvarandi eignarréttur stofnist handa öðrum. Þannig hefur veruleg skerðing eða eyðilegging eigna verið talin nægjanleg."

Ég hef ekki tíma til að lesa meira upp úr þessari álitsgerð en eftir því sem ég les hana betur, þá sýnist mér að mat lögmannsins sé einfaldlega það að verið sé að brjóta stjórnarskrána. Og mér finnst það mjög alvarlegt ef það er álit lögmannsins. Þess vegna spyr ég enn, herra forseti, hvort leitað hafi verið eftir áliti annarra lögmanna í þessu efni til að ganga úr skugga um að ekki væri verið að brjóta stjórnarskrána. Hv. þm. sagði að hann tryði því að verið væri að setja hérna löggjöf sem væri vönduð löggjöf, eins og hann orðaði það, og ég ætla að vona að þetta sé vönduð löggjöf.

[18:22]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var hópur af löglærðum mönnum sem aðstoðuðu nefndina með umsögnum sínum og viðtölum til að komast að þessari niðurstöðu. Hv. þm. ruglar saman þaki á atkvæðavægi í sparisjóði annars vegar og eignarhlut hins vegar. Í sparisjóði getur verið að einhver tiltekinn einstaklingur eigi stærri eignarhlut en 5%, þ.e. eignarhlutdeild af stofnfé, en það er hins vegar þannig að það má ekki fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni.

Þetta er vel þekkt í fyrirtækjalöggjöf að takmarkanir geta verið á atkvæðisrétti þó ekki séu takmarkanir á eignarhlutum. Í hlutafélagalöggjöf til að mynda er hægt að gefa út mismunandi flokka af hlutabréfum þar sem hverjum hlut fylgir mismunandi atkvæðisréttur eða þyngd í atkvæðisrétti þótt eignarhluturinn sem slíkur sé annar. Þetta er ekki mjög mikið notað hér á landi, að menn séu með mismunandi flokka af hlutabréfum hvað þetta snertir, en þetta er vel þekkt víða erlendis að menn eru með mismunandi vigtir af hlutabréfaflokkum hvað snertir atkvæðisrétt. Í sparisjóðnum er það svo. Þeir eru fyrirbæri sem byggja á dreifðri ábyrgð eða dreifðum atkvæðisrétti og þess vegna verður að haga löggjöfinni með hliðsjón af því hvers lags fyrirbæri sparisjóðirnir eru.

[18:25]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég vil aðeins taka upp þráðinn þar sem hv. þm. Kristján Pálsson sleppti honum varðandi þá spurningu

sem hann setti fram og er mjög eðlileg, þ.e. hvort ekki hafi verið leitað til annarra lögfræðinga en Páls Hreinssonar um álitsgerð á því sem snertir stjórnarskrána. Vegna þess að það er staðreynd að nánast allir sem koma að þessu frv. byggðu afstöðu sína á þessu eina áliti sem ég tel reyndar vera mjög vafasamt. Ég er mjög ósammála því sem þar kemur fram eins og ég mun koma að síðar.

Þetta frv. um fjármálafyrirtæki spannar mjög yfirgripsmikið svið, enda eru sameinaðir í einni heildarlöggjöf fjórir lagabálkar, lög um viðskiptabanka og sparisjóði, lög um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, lög um rafeyrisfyrirtæki og ákvæði um stofnun og starfsemi verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana í lögum um verðbréfaviðskipti. Jafnframt eru ákvæði um ríkisviðskiptabanka í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði felld niður. Það er því tekið á löggjöfinni heildstætt með þessum lagabálki enda kennir hér margra grasa.

Ég vil byrja á að leggja áherslu á að margt í frv. er mjög ásættanlegt, enda byggist það á langri og rækilegri undirbúningsvinnu. Meginástæða þess að minni hlutinn getur ekki stutt frv. að öllu leyti er sú að með því er ekki staðið við fyrirheit sem gefin voru í sumar um að lögfest yrði bann við braski með stofnfjárhluti sparisjóða. Gengið er enn lengra og stuðlað að hlutafjárvæðingu sparisjóðanna og þar staldraði hv. frsm. stjórnarmeirihlutans sérstaklega við brtt. sem liggja fyrir, brtt. við b-lið 74. gr. þar sem hann sagði að reynt væri að búa svo um hnúta að stofnfjáreigendur yrðu í engu lakar settir eftir breytingu í hlutafélag en fyrir, þannig að hugsunin að baki lagasmíðinni var að reyna að stuðla að því að sparisjóðum yrði breytt í hlutafélög. Þetta er nokkuð sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum sett spurningarmerki við, teljum að nú ætti í ljósi atburða síðasta sumars að staldra við og íhuga hvert við hyggjumst ganga í þessum efnum.

Ég vil vekja athygli á því að með frv. er verið að banna með lögum að reka ríkisbanka á Íslandi. Í 13. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Fjármálafyrirtæki skal starfa sem hlutafélag. Um rekstrarform sparisjóða gilda ákvæði VIII. kafla."

Með öðrum orðum, sparisjóðirnir eru undanþegnir þessari lagakvöð sem er ótvíræð að fjármálafyrirtæki sem eru skilgreind annars staðar í frv. og undir þá skilgreiningu heyra bankarnir, þeir skulu starfa sem hlutafélög. Með þessari lagasetningu verður bannað að reka ríkisbanka á Íslandi. Það verður bannað með lögum að reka ríkisbanka á Íslandi. Finnst mönnum það vera mjög skynsamlegt að setja ákvæði af þessu tagi í landslög? Okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði finnst það ekki.

Á fyrstu dögum þingsins lagði þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fram frv. þar sem kveðið var á um bann við því að selja stofnfjárhluti í sparisjóðum nema á verðbættu nafnverði. Við lögðum jafnan áherslu á að staðinn yrði vörður um hag stofnfjáreigenda en þeir ættu hins vegar ekki að eiga kost á því að braska með þennan hlut. Þá var frv. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ætlað að afnema heimild um að breyta sparisjóðum í hlutafélög og var lagt til að menn gæfu sér tíma til að skoða málið frá grunni, eins og ég vék að áðan.

Í greinargerð með frv. sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagði fram sagði m.a., með leyfi forseta:

„Síðastliðið sumar varð þjóðin vitni að því að stofnfjáreigendum í SPRON voru gerð tilboð um kaup á stofnfjárhlutum á margföldu yfirverði. Ljóst er að þetta var í andstöðu við vilja löggjafans eins og fram kom í umfjöllun um málið á Alþingi og í margítrekuðum yfirlýsingum ráðherra og þingmanna úr stjórn og stjórnarandstöðu í kjölfarið. Eðlilegt er að eignarhlutur stofnfjáreigenda sé varinn og að þeir eigi kost á því að selja hann á verðbættu nafnverði. Raunávöxtun stofnfjárbréfa hefur í reynd verið tryggð þar sem arður af stofnfé hefur verið reiknaður af verðbættu nafnverði og hafa stofnfjáreigendur þannig notið arðs sem hefur að jafnaði verið meiri en almennt gengur um hlutabréf.

Hlutverk sparisjóðanna hefur verið mjög þýðingarmikið í íslensku atvinnulífi og mörgum byggðarlögum mikilvæg lyftistöng enda voru þeir settir á laggirnar með félagslegu átaki. Í greinargerð með frumvarpi viðskiptaráðherra á 126. löggjafarþingi segir m.a.: „Sparisjóðir á Íslandi, líkt og annars staðar í Evrópu, eru fyrst og fremst staðbundin fjármálafyrirtæki með sterk tengsl við starfssvæði sitt og nána samvinnu sín á milli. Sparisjóðirnir hafa verið reknir með hag sparifjáreigenda og almennings fyrir augum en ekki til hámarksarðs fyrir stofnfjáreigendur. Markmiðið með rekstrinum var því að stuðla að almannahag." Brýnt er að þetta markmið glatist ekki."

Enn fremur segir í greinargerð með frv. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs frá því í haust, með leyfi forseta:

„Þær lagabreytingar sem þetta frumvarp felur í sér varðandi meðferð stofnfjárhluta eru í samræmi við vilja Sambands íslenskra sparisjóða.

Þá leggur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til að numin verði úr gildi heimild til að breyta sparisjóðum í hlutafélög. Augljóst er að heimildarákvæði laganna um að breyta sparisjóðum í hlutafélög hafa þegar valdið uppnámi og tefla tilverugrundvelli sparisjóðanna í tvísýnu. Óhjákvæmilegt er að endurskoða málið allt frá grunni í ljósi atburða sumarsins og er lagt til að þar til sú endurskoðun hafi farið fram verði óheimilt að breyta sparisjóðum í hlutafélög."

Hér lýkur tilvitnun í greinargerð sem fylgdi frv. þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í haust.

Í álitsgerð Sambands íslenskra sparisjóða og reyndar einnig í álitsgerðum einstakra sparisjóða, svo sem Sparisjóðsins í Keflavík, er tekið undir meginsjónarmið þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Sambandið studdi tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að lagabreytingum en taldi ekki rétt að afnema heimildir til að breyta sparisjóðunum í hlutafélög. Í álitsgerð sambandsins frá 20. nóvember sl. segir þó, með leyfi forseta:

„Samband ísl. sparisjóða telur að hyggja þurfi að tilteknum breytingum á nokkrum ákvæðum laga er varða hlutafjárvæðingu sparisjóða. Hins vegar sé nauðsynlegt að vanda undirbúning slíkra breytinga og tími til þess nú fyrir áramót of stuttur."

Hér var vitnað í greinargerð sem efh.- og viðskn. Alþingis barst frá Sambandi íslenskra sparisjóða 20. nóvember sl., fyrir um 20 dögum síðan. Þá er sambandið að vara við því að við flýtum okkur um of í þessu efni og telur að það þurfi að vanda undirbúning lagabreytinganna betur ef vel eigi að vera að verki staðið.

Athyglisvert er að svo virðist sem greinargerð Páls Hreinssonar lagaprófessors, sem hér var vitnað til áðan,

hafi riðið baggamuninn í afstöðu manna til lagabreytinga varðandi sparisjóðina og þá sérstaklega sölu á stofnfjárhlutum. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið skýrir stefnubreytingu sína varðandi þetta atriði með hliðsjón af greinargerð Páls, samanber bréf ráðuneytisins frá 13. nóvember sl. Í umsögn frá 19. nóvember lagði Seðlabanki Íslands áherslu á að „áður en lengra yrði haldið" þyrfti að skoða hvort lagabreytingar sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagði til gengju — og hér vitna ég í álitsgerð Seðlabankans, með leyfi forseta: „gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar". Um þetta efni fjallar greinargerð Páls Hreinssonar. Í umsögn Sambands íslenskra sparisjóða um framangreint frumvarp er vísað í greinargerð Páls þar sem fram kemur að samkvæmt henni séu líkur á því — og hér vitna ég beint, með leyfi forseta: „að lögfesting beinnar verðákvörðunar nú feli í sér hættu á að lagaákvæði þar að lútandi yrðu talin andstæð eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar."

Hvað er ég að segja með þessu? Ég er að vitna hér í bréf frá ráðuneytinu. Ég er að vitna í umsögn frá Seðlabankanum. Ég er að vitna í álitsgerð Sambands íslenskra sparisjóða sem í fyrsta lagi telur að málin þurfi að skoða nánar. En allir þessir aðilar virðast síðan byggja álit sitt á því sem fram kemur í greinargerð lagaprófessorsins Páls Hreinssonar.

Samkvæmt framansögðu má augljóst vera að mikið veltur á áreiðanleika álitsgerðar Páls Hreinssonar. Sjálfur reifar hann viðfangsefni sitt en segir svar við þeim spurningum sem að honum er beint, með leyfi forseta: „vera háð nokkurri óvissu". Hann segir að niðurstaða sín hljóti að vera byggð á nokkurri óvissu. Hann rekur þær lagabreytingar sem gerðar hafi verið og segir greinilegt — og hér vitna ég í greinargerðina, með leyfi forseta: „að lögunum sé ætlað að fylgja því meginstefnumiði allra laga, sem sett hafa verið um sparisjóði, að sparisjóði eigi að reka með hag sparifjáreigenda og almennings fyrir augum en ekki til arðs fyrir stofnendur þeirra, enda séu ákvæði í lögum, sem eiga að sjá um, að arður þeirra geti ekki orðið nema hverfandi ..."

Þetta er tilvitnun í álitsgerð Páls. Páll segir hins vegar að skýr lagaákvæði séu um viðskipti stofnfjárhafa og sparisjóðs og að þetta snúi þá sérstaklega að sparisjóðunum, öðru máli gegni um þriðja aðila, þar séu ákvæði óljósari. Hins vegar væri ljóst að ekki hefði verið „stefnt að almennum viðskiptum með þau eins og um kvaðalaus hlutabréf eða önnur viðskiptabréf væri að ræða" — og hér vitnaði ég, með leyfi forseta, að hluta til í álitsgerð Páls. Smám saman hafi verið rýmkað um kvaðirnar með lagabreytingum, en Páll bætti við, með leyfi forseta: „... vart er þó við því að búast að þingmenn hafi mátt sjá fyrir að með þeim breytingum sem gerðar voru með lögum nr. 71/2001 teldu menn forsendur til að bjóða meira en fimmfalt verð stofnfjárhluta í SPRON."

Það gerðist nú samt og þar með telur Páll að til hafi orðið markaðsverð og slíkar væntingar skapast að hvorki meira né minna en stjórnarskrárvarinn eignarréttur hafi orðið til. Og Páll segir, með leyfi forseta: „Ólíklegt sé að að markaðurinn muni meta stofnfjárhluti nokkurra lítilla sparisjóða, að gildandi lögum ..." eins hátt og hjá SPRON en einmitt þess vegna telur hann að ekki megi setja með lögum takmarkandi ákvæði. Þá sé verið að mismuna með sértækri lagasetningu. Þetta þýðir með öðrum orðum að gróðafíknin sem vakin var með tilboði til stofnfjáreigenda SPRON sl. sumar hafi stofnað til stjórnarskrárvarins eignarréttar og komi í veg fyrir að löggjafinn geti nú farið sínu fram í þágu almannaheilla. Þetta er það sem mér virðist Páll Hreinsson vera að segja. Og vegna þess að ekki sköpuðust slíkar aðstæður hjá sparisjóðum annars staðar á landinu væri samkvæmt Páli um eignaupptöku að ræða hjá stofnfjáreigendum SPRON ef sett væru almenn ákvæði í lög til að skýra betur ákvæði sem almenn samstaða væri um að hefðu alla tíð verið grundvallarforsenda laga um sparisjóði, þ.e. að ekki væri hægt að braska með stofnfjárhluti.

Það var sem sagt vilji löggjafans allar götur frá því að sparisjóðir voru settir á laggirnar hér á landi að sparisjóðirnir ættu ekki að vera til óeðlilegs ávinnings fyrir stofnfjáreigendur, þeir ættu að starfa í þágu almannaheilla. Þetta segir Páll að hafi verið rauði þráðurinn í öllum lagabreytingum og öllum lögum sem gilt hafi um sparisjóði fram á þennan dag. Hins vegar hafi menn smám saman verið að slaka á ákvæðum sem hömluðu gegn eigendaskiptum stofnfjárhluta. Og hann segir að í lögunum séu skýr ákvæði um viðskipti milli sparisjóðsins og stofnfjáreigandans en það sé óljóst hvað gerist gagnvart þriðja aðila. Þar eru engin skýr hamlandi ákvæði, segir hann. Og þegar það gerist að boðið er fimmfalt verð í stofnfjárhluti hjá SPRON þá skapast væntingar. Þá verður til markaðsverð og það skapast væntingar. Og þá verður til einhver nýr veruleiki sem heitir eignarréttur og sem byggir aðeins á væntingum og gróðafíkn þeirra sem halda um stofnfjárhlutinn.

En hvers vegna skapast þessi eignarréttur og hvers vegna má ekki taka á honum? Jú, vegna þess að samsvarandi eignarréttur, samsvarandi væntingar, samsvarandi tilboð bárust ekki í stofnfjárhluti annars staðar í landinu. Þess vegna væri með almennri löggjöf verið að ráðast sérstaklega á stofnfjáreigendur hjá SPRON en ekki annars staðar. Í því felst mismunun sem lagaprófessorinn segir ekki standast stjórnarskrá því að með þessu móti sé verið að skerða stjórnarskrárvarinn eignarrétt.

Þegar kemur hins vegar að því að skerpa á meginreglunni um dreifða eignaraðild þá getur hún að mati Páls falið í sér, með leyfi forseta: „almennar takmarkanir á ráðstöfunarrétti stofnfjárhlutar, sem leggst á alla stofnfjáreigendur sparisjóða." Þetta leggst jafnt á alla. Síðar segir, með leyfi forseta:

„Enda þótt færa megi að því rök að ákvæðið feli í sér takmarkanir á eignarréttinum, felur breytingin frá gildandi rétti þó ekki í sér umfangsmikla skerðingu. Þar sem þessi skerðing mun leiða beint af lögum og koma jafnt niður á öllum hluthöfum sparisjóða og hefur ekki verulegt fjárhagstjón í för með sér, verður að telja að um almennar takmarkanir á eignarrétti sé að ræða."

Það sem heitir á einum stað nánast heilagur stjórnarskrárvarinn eignarréttur má sæta skerðingu ef eitt gengur yfir alla. Engu að síður verður ekki annað séð en að þau réttindi sem sæta skerðingu séu misverðmæt og ætti sama röksemdafærsla því að gilda, auk þess sem það hljómar óneitanlega undarlega að skilgreina mannréttindi sem þó megi skerða ef það er ekki gert í verulegum mæli.

Páll segir enn fremur, með leyfi forseta, að „við skýringu á mörkunum á milli eignarnáms annars vegar og almennra takmarkana á eignarréttindum hins vegar er einnig viðurkennt að mjög verði að styðjast við jafnréttis- og réttlætissjónarmið."

Takið eftir þessu. Við túlkun á lögunum þar sem þau eru óljós þurfum við að styðjast við jafnréttis- og réttlætissjónarmið. Ég get ekki fallist á að jafnréttissjónarmiða sé gætt og hef ég vikið nokkuð að því í máli mínu. Og varðandi

réttlætissjónarmiðin fæ ég ekki séð að þau komi hér nokkurs staðar nærri.

Herra forseti. Ég ætla ekki að tíunda einstakar brtt. frá meiri hlutanum eða öðrum þingmönnum en tala fyrir þeirri tillögu sem ég er skrifaður fyrir. Hún gengur einfaldlega út á það að sala eða annað framsal stofnfjárhlutar í sparisjóði verði óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar, sé endurgjald innt af hendi skuli um það fara samkvæmt reglu 66. gr. og að veðsetning stofnfjárhlutar í sparisjóði verði óheimil. Síðan er lagt til að 73.–76. gr. verði felldar niður en þær fjalla um breytingar á sparisjóðunum yfir í hlutafélög. Eins og ég rakti hér fyrr erum við því andvíg.

Innan fjármálalífsins eru nokkuð skiptar skoðanir um þetta frv. Menn skiptast í tvær meginfylkingar, annars vegar eru bankarnir og ýmsir á fjármálamarkaði sem telja of skammt gengið í átt til þeirra sjónarmiða og hins vegar eru það sparisjóðirnir sem hafa verið að láta telja sig inn á þessar breytingar, fyrst og fremst á grundvelli þess að ekki sé hægt að hrófla við lögunum vegna þess að það hefði í för með sér brot á stjórnarskránni. Og þar byggja menn á þessari röksemdafærslu Páls Hreinssonar.

Það er ýmislegt, eins og gerist, í þessum umsögnum umhugsunarvert og sumt jafnvel svolítið skondið. Þannig rita þrír bankastjórar stærstu bankanna, Árni Tómasson, Valur Valsson og Halldór J. Kristjánsson, undir greinargerð þar sem þeir dásama þær breytingar sem orðið hafa á íslenskum fjármálamarkaði á síðustu árum. Hér segir, með leyfi forseta:

„Íslenskur fjármálamarkaður hefur tekið stórstígum framförum á liðnum áratug og er það ekki síst að þakka því aukna frjálsræði sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir í löggjöf á þeim markaði.“

Ég held að það skrifi ekki allir upp á þessar lýsingar, allra síst í seinni tíð þar sem þjóðin er að braska með þessar eignir Íslendinga, ríkisbankana. Við þekkjum öll þá hörmungarsögu. Það er nánast verið að braska, segi ég, og gera það í skilningnum „pólitískt brask“. Menn færa pólitískum vildarvinum sínum Búnaðarbankann þessa dagana nánast á silfurfati. Hreinn arður eftir skatta af Búnaðarbankanum er 2.000 millj., tveir milljarðar, á þessu ári. Þeir sem fá hann í sinn hlut þurfa ekki að borga neitt út í hönd og munu væntanlega slá lán hjá sjálfum sér og skrifa upp á það með veði í eigninni sem þeir eru að festa kaup á. Þetta er það sem er að gerast. Þetta eru hinar stórstígu framfarir og svo tala menn með þessum hætti.

Hins vegar kemur manni ekkert á óvart úr þessum herbúðum. Ég hef áður gert að umræðuefni yfirlýsingar sem hafa komið frá bankastjórum ríkisbankanna og ég hef stundum furðað mig á því andvaraleysi og ábyrgðarleysi sem ríkir í viðskrn. gagnvart ríkisbönkunum. Mig rak t.d. í rogastans þegar bankastjóri Landsbankans hreykti sér í byrjun árs 2000 af útrás bankans á skattaparadísareyjar eins og Guernsey á Ermarsundi. Bankastjórinn skýrði hvers vegna Landsbankinn væri að fara út á Ermarsundið á þessi skattleysissvæði og sagði, með leyfi forseta:

„Bankaleyndin er mikilvæg af mörgum ástæðum. Hún er til dæmis mikilvæg þeim sem vilja halda fjárfestingum sínum og öðrum ákvörðunum fyrir sjálfa sig. Við þekkjum það á Íslandi að margir einstaklingar vilja ekki að aðrir viti eitt eða neitt um þeirra stærri mál, af eðlilegum ástæðum.

Sumir spyrja sig hvort aflandsþjónusta sé á einhvern hátt tengd því sem ekki þolir dagsljósið. Það er fjarri því, þannig starfsemi mundi Landsbankinn aldrei stunda og yfirvöld í Guernsey eru mjög ströng hvað þetta varðar. ... Bankaleyndin“ — segir hann síðan — „nær því ekki til ólögmætra hluta.“

En það er altalað í fjármálaheiminum og hinum pólitíska heimi að þessar bankaparadísir svokölluðu grafi undan velferðarsamfélögum okkar vegna þess að í gegnum bankakerfin á þessum stöðum komist menn undan því að greiða skatta sína og skyldur til samfélagsins. Þetta eru bara staðreyndir. Ýmsir af umsvifamestu aðilunum á fjármálamarkaði á Íslandi eru með heimilisfesti á Gíbraltar, t.d. einstaklingur sem hefur verið að fjárfesta hér í elliheimilum undir handarjaðri ríkisstjórnarinnar og segir að það sé hægt að græða vel á slíkri starfsemi. Hverju skyldi það sæta?

Annar stór fjármálamaður flutti til London. Hann sagðist vilja mennta börnin sín í skóla þar. (**Gripið fram í:** Eru ekki elliheimili orðin fjármálastofnanir?) Elliheimilin eru að verða ... jú, þetta er allt komið inn á slíkan vettvang. Hvers vegna vildi þessi maður fara til London? Jú, skólarnir væru betri þar. Hann borgaði það sem einhvern tíma var kallað vinnukonuútsvar á Íslandi. Menn eru sem sagt orðnir svo blindir að það sætir furðu að helstu forsvarsmenn í fjármálalífi þjóðarinnar skuli leyfa sér í álitsgerð til Alþingis að mæra þetta ástand og telja að þau skref sem stigin hafa verið undir handarjaðri ríkisstjórnarinnar á liðnum árum hafi verið til framfara. Auðvitað er margt til góðs sem gert hefur verið, ekki ætla ég að halda öðru fram, en þegar á heildina er litið hefur svo ekki verið.

Ég vil að lokum árétta það sem ég sagði í upphafi míns máls, það er mjög margt í þessu frv. sem stefnir fram á við og sem hægt er að styðja. Ég ítreka að ég tel að þetta frv. sé að mörgu leyti mjög vel unnið, ekki síst af hálfu þeirra starfsmanna viðskrn. sem að því hafa komið. Það ber að þakka þeirra mikla starf. Hin pólitíska aðkoma er hins vegar ekki eins góð. Hún er gagnrýnisverð. Sérstaklega finnst mér ámælisvert að hæstv. viðskrh. hafi snúið við blaðinu eftir að komið var inn á þing í haust. Hún er núna tilbúin til að hlaupa frá öllum fyrri yfirlýsingum frá í sumar um lagabreytingar. Ég rek þetta fyrst og fremst til álitsgerðar eins lögfræðiprófessors og ég gagnrýni að ekki skuli hafa verið leitað víðar fanga en hjá einum manni.

[18:55]

Útbýting þingskjala:

Forvarnasjóður, 349. mál, svar heilbrrh., þskj. 613.

Heilbrigðisþjónusta, 453. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 656.

Húsaleigubætur, 440. mál, nál. félmn., þskj. 651; brtt. ÁRJ og GÖ, þskj. 652.

Húsnæðismál, 370. mál, nál. félmn., þskj. 650.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, 414. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 653.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 18:56]

[20:00]

Útbýting þingskjala:

Kynferðisbrot, 451. mál, fsp. SI, þskj. 654.

Siglingar olíuskipa við Ísland, 452. mál, fsp. ÁE og KLM, þskj. 655.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 441. mál, nál. félmn., þskj. 649.

Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 424. mál (viðurkenning á prófskírteinum). — Þskj. 550.

[20:00]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á VII. viðauka við EES-samninginn sem fjallar um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19, um breytingu á eldri tilskipunum um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum og eldri tilskipunum varðandi starfsgreinar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, arkitekta, lyfjafræðinga og lækna. Gerð er grein fyrir efni þessarar ákvörðunar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri gerð sem hér um ræðir.

Hvað varðar formsatriði málsins er það hið sama og hefur verið um mál af þessu tagi en hvað varðar efnisatriði þeirrar ákvörðunar sem hér um ræðir nægir að meginstefnu til að vísa til þeirrar greinargerðar sem fylgir þessari tillögu, auk gerðarinnar sjálfrar. Þessari tilskipun er ætlað að einfalda framkvæmd tilskipunar um þetta efni samkvæmt ákvæði um sömu efnisþætti sem voru settir fram með mismunandi hætti í ólíkum tilskipunum og skýra frekar atriði sem þóttu óljós áður.

Þessi tilskipun er hluti af ferli sem Evrópusambandið hefur unnið að undanfarin ár og snýr að einföldun og samræmingu löggjafar á sviðum sem varða réttindi einstaklinga og fyrirtækja.

Herra forseti. Menntmrn. og iðn.- og viðskrn. hafa unnið að tillögum að lagabreytingum vegna upptöku tilskipunarinnar. Þær eru þegar komnar til meðferðar Alþingis og eru hér til umfjöllunar en sá háttur hefur verið á að mál af þessu tagi fara jafnframt til hv. utanrmn. til umfjöllunar enda mikilvægt að hv. utanrmn. fylgist með öllum þeim málum sem varða þessi samskipti.

Ég legg því til að málinu verði vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á IX. og XXII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 425. mál (matsreglur um ársreikninga og samstæðureikninga). — Þskj. 551.

[20:04]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir hönd Íslands þá ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar er varðar breytingar á IX. viðauka sem fjallar um fjármálaþjónustu og XXII. viðauka sem fjallar um félagarétt við EES-samninginn og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65, um breytingu á eldri tilskipunum að því er varðar matsreglur um ársreikninga og samstæðureikninga fyrirtækja af tiltekinni gerð sem og banka og annarra fjármálastofnana.

Hvað varðar efnisatriði þessarar ákvörðunar sem hér um ræðir nægir að meginstefnu að vísa til greinargerðar sem fylgir tillögunni svo og gerðarinnar sjálfrar en þessari tilskipun er ætlað að samræma fjármálaupplýsingar innan bandalagsins og á innri markaðnum með því að tekin verði upp svokölluð gangverðsreikningsskil fyrir tiltekin fjármálaskjöl. Ríki geta þannig heimilað fyrirtækjum eða flokkum fyrirtækja að taka upp slík reikningsskil. Þetta er gert til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla og einnig til þess að auðvelda samanburð reikningsskila á alþjóðavettvangi en með mikilli alþjóðavæðingu atvinnurekstrar er mikilvægt að allar slíkar reglur séu samræmdar, ekki aðeins í Evrópu heldur um allan heim.

Ég legg því til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 426. mál (vinnutími). — Þskj. 552.

[20:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á XVIII. viðauka EES-samningsins og fella inn í hann tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/34 og einnig um breytingu á tilskipun ráðsins 93/104, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma, þannig að hún taki til þeirra geira og þeirrar starfsemi sem fellur utan gildissviðs þeirrar tilskipunar.

Hvað varðar efnisatriði þessarar ákvörðunar vil ég eins og áður vísa til greinargerðarinnar sem fylgir tillögunni og gerðarinnar sjálfrar en það er ætlað með þessum ákvörðunum að fella nokkrar fleiri starfsstéttir undir gildissvið svokallaðrar vinnutímatilskipunar. Þannig mun ákvæði hennar taka t.d. til lækna í starfsnámi, þeirra sem starfa við flutninga á vegum ásamt þeim sem vinna á sjó og í flugi.

Í tilskipuninni er þó gert ráð fyrir að margvíslegar undanþáguheimildir frá reglum vinnutímatilskipunarinnar gildi enn varðandi þessa hópa. Einnig er veittur sérstakur frestur á innleiðingu ákvæða varðandi unglækna, allt að átta árum.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

[20:08]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég mun fagna því sérstaklega ef til stendur að fella fleiri stéttir undir vinnutímatilskipunina, og hæstv. utanrrh. vísaði þar sérstaklega til unglækna, þ.e. lækna í starfsnámi. Þetta hefur verið deiluefni hér á landi og krafa af hálfu unglækna að þeir falli undir vinnutímatilskipunina. Ég skal játa að ég hef ekki kynnt mér efni þessarar þáltill. en vek athygli þingsins á því hve mikilvægt það er að við gerum einmitt það. Þessi þáltill. vísar til samninga sem lúta að öryggi, hollustuháttum á vinnustöðum, vinnurétti o.s.frv. Hér hefur komið fyrir Alþingi frv. um þetta efni, um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum, sem hefur valdið nokkrum deilum milli Samtaka atvinnurekenda annars vegar og samtaka launafólks hins vegar. Því miður gerðist það á síðasta

þingi að fjmrn. tók sömu afstöðu og Samtök atvinnurekenda höfðu tekið til þess frv. með tilheyrandi skerðingum sem varð til þess síðan að samtök launafólks lögðust gegn frv.

En ástæðan fyrir því að ég hef þennan formála er þessi: Hér fáum við í hendur þáltill. sem vísa inn í reglugerðaverk Evrópusambandsins og þá hættir okkur til að samþykkja þær athugunarlaust en tökum síðan upp íslenska löggjöf og skoðum hana í þaula. Ég er ekki að gagnrýna þessa þáltill., ég hef ekki forsendur til að meta hana, heldur hvet til þess að við séum á varðbergi gagnvart því sem við erum að samþykkja.

[20:10]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að það er afskaplega mikilvægt að farið sé yfir þessi mál og að Alþingi sé mjög vel ljóst hvað er að gerast, hvað verið er að samþykkja og í hverju verið er að vinna á vegum utanrrn. á vettvangi Evrópusambandsins. Ég held að það hafi verið til mikilla bóta á sínum tíma að kynna mál og leggja þau fyrir Alþingi í formi þáltill. til þess að betur sé haldið utan um málin og að Alþingi taki þau fyrr til meðferðar en áður var gert. Það er svo annað mál að það er jafnframt nauðsynlegt að Alþingi hafi sem bestar aðstæður til þess að fylgjast með málum á undirbúningsstigi, áður en þau eru flutt í formi þáltill. Það höfum við oft rætt hér og það er mjög mikilvægt að það sé gert. Utanrrn. hefur hvatt til þess því það er mikilvægt að þegar mál koma til endanlegs samþykkis komi þau mönnum ekki gjörsamlega í opna skjöldu þannig að menn standi nánast upp við vegg og hafi engin áhrif á það sem er að gerast.

Þetta er vissulega hætta sem við höfum svo sem oft upplifað og því er mikilvægt að þingið hafi tækifæri til að fylgjast sem best með málum. Ég tek því undir það með hv. þm.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 438. mál (aðild starfsmanna að málum Evrópufélaga). — Þskj. 599.

[20:12]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XVIII. viðauka, sem varðar öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum, vinnurétt og jafnrétti kynjanna, og fella þessa ákvörðun inn í samninginn um viðbætur við samþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna.

Hvað varðar efnisatriði þessarar ákvörðunar sem hér um ræðir vil ég eins og áður vísa til greinargerðarinnar og gerðarinnar sjálfrar en þessari tilskipun er ætlað að tryggja að reglur um aðild starfsmanna í svokölluðum þátttökufélögum í stofnun Evrópufélags gildi áfram eftir þá breytingu.

Þar sem misjafnar reglur gilda um slíkt samráð var talin þörf á að hafa samræmdar reglur um þessa gerð félaga sem leggi þá skyldu á aðildarríkin að þau tryggi fasta málsmeðferð um upplýsingamiðlun og samráð á fjölþjóðlegum grundvelli í öllum tilvikum þegar Evrópufélag er stofnað.

Eins og áður legg ég til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn. til umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 439. mál (samþykktir fyrir Evrópufélög). — Þskj. 600.

[20:15]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2002, um breytingu á XXII. viðauka, sem fjallar um félagarétt við EES-samninginn og fella inn í samninginn reglugerð ráðsins frá 2001, um samþykktir fyrir Evrópufélög.

Hvað varðar efnisatriði þessarar ákvörðunar vísa ég eins og áður til greinargerðar og gerðarinnar sjálfrar en reglugerðinni er ætlað að gefa félögum er starfa í fleiri en einu ríki á svæðinu þann valkost að stofna eitt félag samkvæmt ákveðnum reglum þannig að það geti starfað á grundvelli einna reglna um stjórn o.fl. í stað þess að þurfa að starfa á grundvelli reglna í mismunandi löndum þar sem félögin hafa útibú. Þetta leiðir til minni stjórnunarkostnaðar og skriffinnsku og eykur samkeppnishæfi félaganna á innri markaðnum. Setja má Evrópufélag á stofn með samruna félaga, sameiginlegu útibúi, eignarhaldsfélagi eða breytingu á félagi sem stofnað hefur verið á grundvelli landslaga.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni umræðu verði þessari tillögu eins og hinum vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 443. mál (rekstrarfélög o.fl.). — Þskj. 615.

[20:17]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2002, um breytingu á IX. viðauka, sem fjallar um fjármálaþjónustu við EES-samninginn, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/107, um breytingu á eldri tilskipun um verðbréfasjóði, með áherslu á samræmingu reglna um rekstrarfélög og einfaldar útboðslýsingar og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/108, um breytingu á eldri tilskipun um verðbréfasjóði, með áherslu á fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða.

Gerð er grein fyrir efni ákvörðunar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri gerð sem hér um ræðir.

Hvað varðar efnistatriði þessarar ákvörðunar vil ég eins og áður vísa til greinargerðarinnar og gerðarinnar sjálfrar. Tilskipuninni er annars ætlað að að bæta við heimild

verðbréfasjóða til fjárfestinga í nokkrum öðrum eignum en framseljanlegum verðbréfum, t.d. hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða, bankainnstæðum o.fl.

Einnig er víkkað gildissvið eldri tilskipunar um verðbréfasjóði. Hins vegar eru gerðar nokkrar breytingar á skipulagi rekstrar verðbréfasjóða þannig að auknar heimildir eru til rekstrar annars konar sjóða og stoðþjónustu, auk þess sem heimild er gefin til starfrækslu og markaðssetningar á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og útboðslýsingar sjóða einfaldaðar.

Ég vil, herra forseti, leggja til að að lokinni umræðu verði tillöguni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 445. mál (mat á umhverfisáhrifum). — Þskj. 625. [20:19]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2002, um breytingar á XX. viðauka sem fjallar um umhverfismál og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/42, um mat á umhverfisáhrifum, tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana.

Eins og með fyrri mál sem ég hef hér gert grein fyrir vísa ég til greinargerðar og gerðarinnar sjálfrar en þessari tilskipun er ætlað að tryggja að umhverfisáhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana séu metin áður en áætlanirnar hljóta endanlega afgreiðslu. Umhverfismat samkvæmt tilskipuninni felur í sér gerð umhverfisskýrslu og kynningu hennar fyrir stofnunum og almenningi þar sem þeim er gefinn kostur á að gera athugasemdir. Áætlanir sem eru unnar af stjórnvöldum eða undirbúnar af þeim til samþykktar á löggjafarþingi, svo og þær sem krafist er samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum, falla undir þessa tilskipun.

Ákvæði þessarar tilskipunar er að hluta þegar uppfyllt hér á landi en kröfur hennar til umhverfismatsáætlana eru nokkru ítarlegri en núverandi reglur í skipulags- og byggingarlögum og skipulagsreglugerð. Mun því umhvrn. vinna að tillögum að lagabreytingum í samráði við önnur ráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Herra forseti. Þetta er síðasta tillagan af þeim sem hér hafa verið á dagskrá. Ég vil, eins og með fyrri tillögur, leggja til að henni verði vísað til hv. utanrmn. og vænti þess að þessi málsmeðferð auki innsýn nefndarinnar í þessi mál og tryggi það að þau komi tímanlega til umfjöllunar á Alþingi. Eins og fram hefur komið þurfa að sjálfsögðu lagabreytingar sem þessu fylgja að koma hér jafnframt til umfjöllunar og er þá vísað til þeirra nefnda sem fjalla um slíkar breytingar á lögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Safnalög, 2. umr.

Stjfrv., 393. mál (safnaráð, verkefni höfuðsafna o.fl.). — Þskj. 454, nál. 622. [20:22]

Frsm. menntmn. (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um breyting á safnalögum, nr. 106/2001.

Með frv. eru lagðar til þrjár breytingar á safnalögum. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á eftirlitshlutverki safnaráðs með hliðsjón af setu forstöðumanna svokallaðra höfuðsafna í ráðinu, þ.e. að safnaráð hafi ekki lengur eftirlit með söfnum í eigu ríkisins. Ástæðan er sú að forstöðumenn höfuðsafna, sem öll eru í eigu ríkisins, bera ábyrgð á starfsemi safna sinna gagnvart ráðherra í samræmi við lög sem um söfnin gilda og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Það er því í andstöðu við þá skipan að fela safnaráði sérstakt eftirlitshlutverk gagnvart höfuðsöfnum. Í öðru lagi er lagt til að samræmi milli verkefna og verksviða höfuðsafna verði aukið og loks er lagt til að lögfest verði lagaheimild til þess að greiða kostnað af starfsemi safnaráðs.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu, þ.e. að við 3. gr. frv. og 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

„Kostnaður af starfsemi safnaráðs greiðist úr safnasjóði."

Undir nál. skrifa hv. þm. Gunnar Birgisson, formaður og frsm., Sigríður Jóhannesdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Sigríður Ingvarsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir og Kjartan Ólafsson.

Ég legg til að frv. verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjármálafyrirtæki, frh. 2. umr.

Stjfrv., 215. mál (heildarlög). — Þskj. 218, nál. 617 og 635, brtt. 630, 640 og 641. [20:24]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er tekið til 3. umr. frv. til laga um fjármálafyrirtæki — (**JB:** Ekki þriðju, annarrar.) til 2. umr. Þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir að leiðrétta mig — sem við höfum fjallað um í efh.- og viðskn. Ég hef skrifað undir nál. meiri hluta efh.- og viðskn. með fyrirvara. Ég styð meginefni frv. en hef fyrirvara um einstakar brtt. meiri hlutans og hef einnig flutt sérstakar brtt. við frv. sem miða m.a. að því að styrkja stöðu sparisjóðanna í landinu.

Hér er á ferðinni löggjöf sem vissulega er í framfaraátt og þó að ekki sé að finna hér veigamiklar efnisbreytingar frá gildandi mörgum lagabálkum sem um fjármálamarkaðinn fjalla er hér verið að færa þá lagabálka í ein heildarlög um fjármálafyrirtæki sem er til framfara. Það er til mikilla bóta að einfalda löggjöfina með slíkum hætti, bæði fyrir fjármálafyrirtækin og fyrir þá sem þjónustunnar njóta sem um leið að tryggja réttarstöðu þeirra og auka alla skilvirkni í fjármálaþjónustu.

Frv. um verðbréfafyrirtæki sem nátengt er þessari lagasmíð liggur einnig fyrir efh.- og viðskn. Æskilegt hefði verið að gildistaka þessara lagabálka um fjármálamarkaðinn tækju gildi samtímis en það verður auðvitað að hafa sinn gang því mikilvægt er að efh.- og viðskn. gefi sér þann tíma sem þarf

til að fjalla ítarlega um frv. um verðbréfafyrirtæki sem hefur að geyma almennar hegðunarreglur á verðbréfamarkaði og réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja í verðbréfaviðskiptum.

Þetta frv. aftur á móti um fjármálafyrirtæki sem við ræðum nú hefur að geyma allar heimildir fjármálafyrirtækja til starfsemi, svo sem starfsleyfi, ákvæði um eiginfjárhlutfall og verkaskiptingu milli viðskrn. og Fjármálaeftirlitsins, t.d. um ytra og innra starfsumhverfi fjármálstofnana sem ég tel afar mikilvægt að séu skýrar, gegnsæjar og skilvirkar.

Fjármálamarkaðurinn hér vex hratt sem og fjármagnsflæði milli landa. Með aukinni alþjóðavæðingu er afar þýðingarmikið að búa að traustri og skilvirkri fjármálalöggjöf sem veitir fjármálafyrirtækjunum nauðsynlegt aðhald í almannaþágu.

Fjármálalöggjöfin og eftirlitsstofnanir með fjármála- og verðbréfamarkaðnum verða að veita ríkt aðhald með markaðnum og skapa traust og trúverðugleika á fjármálalífi þjóðarinnar. Jafnframt þarf að veita nauðsynlegt og eðlilegt svigrúm til að fjármagnsflæði milli landa geti gengið eðlilega fyrir sig, m.a. þarf löggjöfin að aðlaga sig að þeirri staðreynd að starfsemi fyrirtækja eða dótturfélaga þeirra er að færast í auknum mæli milli landa og gæta þarf að því að virtar séu allar aðhaldsreglur og eðlilegar leikreglur fjármálalífsins við slíkar aðstæður en frv. tekur m.a. til starfsemi erlendra fyrirtækja hér á landi. Veikleikar í fjármálakerfinu, að ekki sé talað um veikleika í reglum á þeim markaði, eru alvarleg ógn við stöðugleika fjármálamarkaðarins og alla almannahagsmuni.

Í heild tel ég að vel hafi tekist til varðandi samningu þessarar löggjafar og ástæða til að fagna því framtaki. Við í Samfylkingunni styðjum megininntak þessara laga þótt ýmsar athugasemdir sé hægt að gera um einstaka þætti hennar og hefði ég m.a. viljað sjá styrkari ákvæði um eiginfjárstöðu fjármálafyrirtækja og ákvæði um meiri takmarkanir á atkvæðarétti og eignarhlut í fjármálafyrirtækjum.

Stigið er skref í átt til þess að herða á eiginfjárákvæðum fjármálafyrirtækja og að auka heimildir eftirlitsaðila í því sambandi eins og Fjármálaeftirlitið hefur margkallað eftir.

Með frv. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ákvarða hærra eiginfjárhlutfall en 8% fyrir þau fjármálafyrirtæki sem talin eru hafa ófullnægjandi fjárhagsstöðu með hliðsjón af áhættustigi. Einnig er sett skýrari verkaskipting milli Fjármálaeftirlitsins og viðskrn. að því er varðar setningu reglna á fjármálamarkaði. Ýmis ákvæði í frv. eru þar til verulegra bóta eins og að Fjármálaeftirlitið veiti og afturkalli starfsleyfi í stað viðskrh.

Mestur tími nefndarinnar fór í að ræða þau ákvæði frv. sem treysta eiga yfirtökuvarnir sparisjóðanna. Þegar frv. um að breyta sparisjóðum í hlutafélag var hér á Alþingi á 126. þingi studdum við í Samfylkingunni þá breytingu að sparisjóðum væri veitt heimild til að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag og töldum mikilvægt að sparisjóðirnir hefðu þennan möguleika.

Eftir þær hræringar sem orðið hafa með SPRON í sumar kom sú skoðun mjög afdráttarlaust fram í efh.- og viðskn. um meðferð þessa frv. sem hér er til umræðu að forsvarsmenn sparisjóðanna töldu ólíklegt að sparisjóðir gætu breytt rekstrarformi sínu og að mikilvægt væri að sparisjóðirnir hefðu þennan möguleika samfara miklum breytingum sem orðið hefðu á fjármálamarkaðnum en með því hefðu þeir betri möguleika til þess að auka eiginfjárstöðu sína.

Við, fulltrúar Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn. á 126. löggjafarþingi, fluttum brtt. við frv. þá. Mér sýnist ekki minni þörf á því nú ef raunin verður sú að sparisjóðirnir breyti ekki rekstrarformi sínu á næstunni. Breytingin fól í sér hvata til að fjölga stofnfjáreigendum. Við gagnrýndum þá að út frá viðskiptalegu sjónarmiði og almannahagsmunum hefðu stofnfjáreigendur mikil völd í krafti tiltölulega lítils eignarhluta. Má nefna sem dæmi að í árslok 1999 voru framlög stofnfjáreigenda um 1.500 millj. kr., af samanlögðu 10,6 milljarða eigin fé sparisjóðanna, eða um 14%. Heildarmarkaðsvirði sparisjóðanna var þá tvöfalt meira. Ég veit ekki nákvæmlega hvað það er í dag en hlutfall stofnfjáreigenda í nokkrum sparisjóðunum var þá innan við 1%, en á milli 20 og 30% í nokkrum öðrum.

Það hefur verið gagnrýnt hvernig stofnfjáreigendur eru valdir. Þó það sé mjög misjafnt eftir sparisjóðum eru dæmi um mjög fjölmennan hóp stofnfjáreigenda þar sem stofnfé er ekki nema örlítið brot af eigin fé sparisjóðs. Ég held að það sé ekki hollt eðlilegri starfsemi fjármálaeigenda að stofnfjáreigendur myndi lokaðan klúbb þar sem fámennur hópur fólks ræður hverjir geta gerst stofnfjáreigendur. Það gengur gegn þeim vilja sem almennt ríkir hér í þjóðfélaginu um opið og lýðræðislegt þjóðfélag, þar sem jafnræði ríkir í leikreglum.

Svo ágætir sem sparisjóðirnir eru er á allan máta eðlilegra fyrir framgang og vöxt þeirra að starfsemi þeirra og aðgangur fólks að þeim sé sem opnastur. Það er bæði eðlilegt og æskilegt að sem flestir séu stofnfjáreigendur sparisjóðanna, burt séð frá rekstrarformi þeirra, og ekki séu óeðlilegar hindranir eða girðingar þar í vegi. Það styrkir viðgang og vöxt þeirra og treystir eiginfjárstöðu þeirra ef allir sem svo kjósa geta orðið stofnfjáreigendur með það að markmiði að ávaxta vel sitt pund um leið og þeir treysta þær stoðir og hagsmuni sem sparisjóðirnir eru reistir á.

Ein af þeim brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni lýtur einmitt að því að fjölga stofnfjáreigendum. Það er ástæða til að halda því til haga. Í brtt. sem nefndin fékk frá stjórn Sparisjóðs Kópavogs er farið fram á heimild til veðsetningar á stofnfjárhlut, sem er annar þáttur málsins, kom fram að dæmi eru um að sparisjóðir hafi á síðustu árum aukið eigið fé sitt verulega með sölu á stofnfé til almennings.

Í Sparisjóði Kópavogs var stofnfjáreigendum fjölgað um helming með þessum hætti. Þar eru stofnfjáreigendur 570 talsins, sem er auðvitað allt önnur og betri mynd af sparisjóði en í Hafnarfirði þar sem stofnfjáreigendur eru nokkrir tugir. Það er hálflokaður klúbbur þar sem örfáir stofnfjáreigendur hafa völd yfir miklu fjármagni úr öllu samhengi við stofnfjárhluta þeirra. Ef ég man rétt er stofnfé 6 milljónir í Sparisjóði Hafnarfjarðar en eigið fé 2,5 milljarðar. Stofnféð er þannig vel innan við 1% af eigin fé.

Stofnfjáreigendur fara með æðsta vald í málefnum sparisjóðanna og koma fram sem eigendur þeirra í krafti stofnfjárins. Það er auðvitað ljóst að það telst mun lýðræðislegra fyrirkomulag að opna fyrir almenning eins og lagt er til í brtt. okkar, að fólk geti með eðlilegum hætti gerst stofnfjáreigendur ef það svo kýs.

Tvær aðrar brtt. flyt ég ásamt hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni. Í frv. er kveðið á um að tengdir stofnfjáreigendur geti ekki farið með yfir 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Í umsögn frá Sambandi íslenskra sparisjóða er lögð til sú breyting á 70. gr. frv., varðandi atkvæðisrétt

stofnfjáreigenda, að einstökum stofnfjáreigendum verði ekki heimilað að fara með meira en 5% af atkvæðamagni á fundi stofnfjáreigenda í stað þess að miða við heildaratkvæðamagn í sjóði. Ljóst er að vægi atkvæða samkvæmt núgildandi reglu ræðst mikið af mætingu á fund stofnfjáreigenda. Af því leiðir að vægi 5% atkvæða miðað við heildaratkvæðamagn getur verið talsvert ef mæting er dræm af einhverjum ástæðum.

Við tökum því upp þá tillögu sem Samband sparisjóða lagði fram í efh.- og viðskn., að ekki verði heimilað að fara með meira en 5% af því atkvæðamagni sem farið er með atkvæði fyrir á fundi.

Sömuleiðis lagði Samband íslenskra sparisjóða til breytingu að því er varðar hámarkshlut einstakra stofnfjáreigenda. Þeir lögðu til að tekin yrði upp sérregla í 40. gr. frv. varðandi skilgreiningu á virkum eignarhlut í sparisjóði og að miðað yrði við 5% nú þegar virki eignarhluti sparisjóðanna að því er atkvæðisrétt varðar er takmarkaður við 5% eins og ég nefndi. En í rökum sínum segir Samband íslenskra sparisjóða:

„Ekki verður séð að rök séu fyrir því að hafa mismunandi viðmiðun varðandi atkvæðisrétt stofnfjáreigenda annars vegar og viðmiðun virks eignarhlutar hins vegar, enda er atkvæðisréttur sá þáttur sem vegur þyngst þegar virkni eignarhluta er metin."

Þetta er í samræmi við það sjónarmið sem við í Samfylkingunni höfum talað fyrir, að leikreglur á fjármálamarkaðnum eigi að vera með þeim hætti að tryggja sem best dreifða eignaraðild til að koma í veg fyrir samþjöppun og fákeppni.

Samband sparisjóða leggur áherslu á að hámarkshlutur einstakra stofnfjáreigenda verði í samræmi við atkvæðisrétt og telur 10% viðmiðin í 40. gr. óeðlilega. Segja þeir að 10% eignarhlutur geti gert stöðu tiltölulega fárra aðila óhæfilega sterka innan sparisjóða. Í samræmi við þetta álit, umsögn Sambands íslenskra sparisjóða og í samræmi við afstöðu Samfylkingarinnar um nauðsyn dreifðrar eignaraðildar eru þessar tillögur fluttar.

Loks vil ég nefna tvær brtt. sem eru fluttar í samræmi við ábendingar Neytendasamtakanna. Við leggjum til breytingu á 19. og 25. gr. en Neytendasamtökin telja að vísun í 19. gr. til góðrar viðskiptavenju sé skírskotun til einhvers sem er afar lítið mótað, enda eru venjur á fjármálamarkaði hér á landi takmarkaðar. Um er að ræða leiðbeinandi reglur sem fjármálafyrirtækjum ber að starfa eftir. Neytendasamtökin leggja til að Fjármálaeftirlitið gefi út leiðbeinandi reglur og að það verði lögbundið í 19. gr. með eftirfarandi hætti, herra forseti:

„Fjármálafyrirtæki skal starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Sömuleiðis skal fjármálafyrirtæki starfa í samræmi við leiðbeiningarreglur Fjármálaeftirlitsins um hvað teljist góðir viðskiptahættir fjármálafyrirtækis á hverjum tíma."

Í þessu sambandi má nefna, herra forseti, að Fjármálaeftirlitið segir í umsögn sinni að ekki sé tekið á öllum ábendingum Alþjóðagjalderyissjóðsins í frv. Þó var við samningu frv. höfð hliðsjón af úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á íslenska fjármálamarkaðnum sem gerð var í lok þessa árs. Þar er einmitt bent á að það þurfi að styrkja þá þætti sem brtt. okkar fulltrúa Samfylkingarinnar lúta að og Neytendasamtökin hafa hvatt til að laga.

Sama má segja um 21. gr. Í 2. mgr. 21. gr. er horfið frá því að gera samþykki Fjármálaeftirlitsins að skilyrði fyrir því að fjármálafyrirtæki taki upp hliðarstarfsemi og farin sú leið að fjármálafyrirtæki beri að tilkynna um slíkt til Fjármálaeftirlitsins sem er vissulega veikleiki en ekki til að styrkja eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið hefur svo einn mánuð til að gera athugasemdir. Berist þær ekki innan mánaðar frá því tilkynning berst má fjármálafyrirtæki líta svo á að heimilt sé að hefja starfsemina.

Neytendasamtökin vilja halda óbreyttu fyrirkomulagi, þ.e. að samþykki Fjármálaeftirlitsins þurfi til að fjármálafyrirtæki sé heimilt að taka upp hliðarstarfsemi. Tillaga frumvarpsins, eins og þeir orða það hjá Neytendasamtökunum, býður þeirri hættu heim að starfsemi sem að mati Fjármálaeftirlitsins er ekki í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu fyrirtækis verði engu að síður hleypt af stokkunum líði mánaðarfresturinn fyrir mistök án þess að gerðar séu athugasemdir.

Við teljum þetta réttmætar athugasemdir, til þess fallnar að styrkja Fjármálaeftirlitið og í samræmi við það sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerði ábendingar um fyrir einu eða tveimur árum og teljum rétt og eðlilegt að fella þetta inn í frumvarpið.

Ég vil í þessu sambandi líka minna á að í umsögn Fjármálaeftirlitsins kemur fram að frv. gerir ekki ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið fái jafnvíðtækar heimildir til reglusetningar og mælst er til í alþjóðlegum grunnreglum. Þetta kemur fram í umsögn Fjármálaeftirlitsins. Ljóst er að Fjármálaeftirlitið hefur einnig heimild og möguleika á að setja almenn leiðbeinandi fyrirmæli um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Ég tel rétt að styrkja þær heimildir. Þess vegna eru þessar brtt. fluttar sem ég hef hér lýst, herra forseti.

Ég tel mjög mikilvægt að meiri hluti efh.- og viðskn. skyldi taka upp ákvæði í samræmi við álit ríkisskattstjóra. Það átti að fella út úr, að mig minnir, 110. eða 111. gr. frv., afnám á skráningu kennitölu við innlánsreikninga. Hér segir í áliti meiri hlutans:

„Í sjötta lagi bendir meiri hlutinn á að afnám skráningar kennitölu við innlánsreikninga, fjárvörslureikninga og geymsluhólf geti torveldað starfsemi fjármálafyrirtækja og opinberra aðila, svo sem skatteftirlit. Talið var að áskilnaður um kennitölu væri til óhagræðis fyrir erlenda viðskiptamenn íslenskra fjármálafyrirtækja sem hygðust opna innlánsreikninga. Í núverandi framkvæmd er þeim hins vegar úthlutað auðkennistölu af hálfu fyrirtækjaskrár Hagstofu Íslands og er ekki ástæða til að breyta þeirri framkvæmd." — Afnám skráningar kennitölu mundi ekki breyta neinu þar um enda ekki gert ráð fyrir breytingu í þeirri framkvæmd.

Ég tel afar mikilvægt að halda inni þessari kennitölu sem auðveldar auðvitað allt skatteftirlit. Ég tel mikilvægt að efh.- og viðskn., meiri hlutinn, hafi tekið þetta inn í frv. á nýjan leik. Það er í samræmi við ábendingar skattstjóra.

Í öðru lagi er í nál., sem ég tel líka mikilvægt, tekið fram að hugmyndin með ákvæðum frv. sé ekki að taka á því sem ríkisskattstjóri hefur lagt megináherslu á að það er ekki verið að draga úr skyldum banka til þess að veita skatteftirlitinu upplýsingar samkvæmt lögum. Þannig er t.d. ekki ætlunin að þrengja heimildir skattyfirvalda, enda eru þær í sérlögum að því er varðar bankaleynd. Ég tel afar mikilvægt að þetta komi fram í nál. meiri hlutans. Hugmyndin er sem sagt ekki að þrengja heimildir skattyfirvalda til að fá upplýsingar hjá bankastofnunum og því er ekki verið að breyta neinu um aðgengi skattyfirvalda að upplýsingum.

Herra forseti. Brtt. meiri hlutans eru mikið tæknilegs eðlis og fela ekki í sér neinar veigamiklar efnisbreytingar,

ef undan er skilin 74. gr. frv. Í nokkrum ákvæðum er þó hert á eftirlitsskyldu Fjármálaeftirlitsins, t.d. að þegar það metur fjárhagsstöðu umsækjanda sem hyggst eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki og kauptilboð hans virðist ekki eiga sér viðskiptalegar forsendur, hafi Fjármálaeftirlitið í einstaka tilvikum, eins og í 5. gr. frv., heimild til að krefja umsækjendur um starfsleyfi og aðrar upplýsingar en almennt er krafist í framkvæmd. Talin er þörf á slíkri heimild vegna þeirrar rannsóknarskyldu sem hvílir á Fjármálaeftirlitinu.

Ég vil vekja athygli á 27. gr. frv. Þar er kveðið á um að rekstrarfélög verðbréfasjóða skuli hafa með höndum rekstur verðbréfasjóða. Samkvæmt upplýsingum frá viðskrn. er hér verið að styrkja neytendavernd varðandi verðbréfasjóði, t.d. varðandi eignastýringu, treysta betur lagalegan aðskilnað milli rekstrar vegna eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og vörslu- og stjórnun fjármálagjörninga. Í þessu sambandi bendi ég á að ég tel að iðulega hafi ekki verið nægileg vörn í svokölluðum kínamúrum. Ég tel að mikil umsýsla verðbréfafyrirtækja sem sjálf eru með mikla eignaumsýslu fyrir eigin reikning geti leitt til hagsmunaárekstra þegar þeir sýsla jafnframt með eignasöfn viðskiptavina sinna.

Meginbreyting efh.- og viðskn. er við 74. gr., sem ég hef nokkrar efasemdir um. Þar er sett fram nokkurs konar dúsa til stofnfjáreigenda, sett eru fram matskennd ákvæði um aukna arðsvon af stofnfjárhluta við breytingu á sparisjóði í hlutafélag.

Hugmyndin með þessu eins og ákvæðið er sett fram er að eigandi stofnfjárhlutar sé jafnsettur fyrir og eftir hlutafélagavæðingu þannig að ákvæðið er hugsað sem hvati til að sparisjóður breyti sér í hlutafélag. Reynt var að tryggja þetta með lögunum frá í fyrra um sparisjóði þar sem m.a. var kveðið á um hlutafé sem stofnfjáreigendur fá sem gagngjald fyrir stofnfjárhluti sína við hlutafélagavæðingu sparisjóðs. Þar var kveðið á um að samanlagt hlutafé sem stofnfjáreigendur fá í sparisjóðum skuli nema sama hlutfalli af hlutafé hans eftir breytinguna og endurmetið stofnfé nemur samtals af áætluðu markaðsvirði sparisjóðsins. Þetta ákvæði átti að tryggja að áætlað verðmæti hlutafjár stofnfjáreigenda væri hið sama og endurmetið stofnfé fyrir hlutafélagavæðingu sparisjóðsins.

Þetta vilja menn nú reyna að tryggja betur með því að setja inn ákvæði um að markaðsvirði sparisjóðsins sem og gagngjald fyrir stofnfjárhluti skuli metið af óháðum aðila og miðast við sama tímamark og breytingin á rekstrarformi sparisjóðsins.

Nýtt ákvæði sem meiri hluti efh.- og viðskn. leggur til er að við mat á hlut stofnfjár skuli hafa til hliðsjónar arðsvon og áhættu stofnfjárhluta samkvæmt 68. gr. annars vegar og arðsvon og áhættu hlutabréfa í sparisjóði hins vegar. Með þessu er verið að reyna að tryggja að stofnfjáreigendur séu jafnsettir fyrir og eftir hlutafélagavæðingu en leggja á til grundvallar, eins og það var orðað í skýringum með þessari breytingu, „vænt verðmæti hlutabréfa annars vegar og þekkt gildi stofnfjár hins vegar". Hér er á ferðinni afar sérstætt ákvæði svo ekki sé meira sagt. Það er ekki bara matskennt og opið, heldur má segja að það gangi gegn þeim grunngildum sem sparisjóðalöggjöfin hefur byggt á um verðgildi stofnfjárhluta sem er nafnverð stofnfjár og breytist í samræmi við vísitölu neysluverðs.

Varðandi verðgildi stofnfjárhlutar er ástæða til að rifja upp nokkur atriði í álitsgerð Páls Hreinssonar sem unnin var fyrir viðskrn. í september sl. um takmarkanir á eignarréttindum stofnfjáreigenda í sparisjóði. Þar kemur einmitt fram, herra forseti, að í 3. gr. laga um sparisjóði, nr. 44/1915, var tekið fram að stofnendur sparisjóða eða ábyrgðarmenn eða aðrir þeir er kynnu að hafa lagt fram fé til starfrækslu sparisjóða, hvort heldur er stofnfé eða greitt ábyrgðarfé, mættu ekki fá hærri arð eða vexti af slíku fé en 6 af hundraði á ári.

Í almennum athugasemdum frumvarps þess er varð að lögum nr. 69/1941, um sparisjóði, er tekið fram að sparisjóð eigi að reka með hag sparifjáreigenda og almennings fyrir augum, en ekki til arðs fyrir stofnendur þeirra, enda séu ákvæði í lögum sem eiga að sjá um að arður þeirra geti ekki orðið nema hverfandi.[...]

Í athugasemdum við 4. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 69/1941, um sparisjóði, er tekið fram að réttara virðist að miða vexti af stofnfé og greiddu ábyrgðarfé við það að þeir séu ákveðnir hærri en vextir af innlánsfé. Var því lagt til að þeir mættu aldrei vera meira en 1% hærri en innlánsvextir."

Síðan segir enn fremur í álitsgerð Páls Hreinssonar:

„Þegar öllu er til skila haldið virðast lög nr. 44/1915 og lög nr. 69/1941, um sparisjóði, hafa byggt á þeim meginreglum að hagnaður skyldi ekki greiddur til þeirra sem lagt hefðu stofnfé til sparisjóðs heldur skyldi hann ganga til innri uppbyggingar sjóðsins.

Sett voru ný lög um sparisjóði árið 1985, þ.e. lög nr. 87/1985, um sparisjóði. Í 4. mgr. 1. gr. laganna er tekið fram að sparisjóðsaðilar hafi ekki rétt til ágóða af rekstrarafgangi sparisjóðs umfram það sem mælt sé fyrir um í lögunum. Enn fremur sé eignarréttur stofnfjáreigenda á stofnfé háður þeim takmörkunum sem lögin kveði á um."

Ég vísa til þessa, herra forseti, í álitsgerð Páls Hreinssonar sem staðfestir það sem ég segi, að það gangi gegn þeim grunngildum sem sparisjóðalöggjöfin hefur byggt á um verðgildi stofnfjárhluta sem er nafnverð stofnfjár og breytist í samræmi við vísitölu neysluverðs. Með vísan til þess, herra forseti, sem ég hef sagt um þessa breytingu, þar sem með afar matskenndum hætti er reynt að auka verðgildi stofnfjárhluta við breytingu á sparisjóði í hlutafé og gengið á svig við þau grunngildi sem sparisjóðalöggjöfin hefur byggt á um verðgildi stofnfjárhluta, tel ég að þetta ákvæði hefði þurft miklu meiri skoðunar við en auðið var á þeim tíma sem nefndin hafði til að fjalla um málið.

Svo má alveg halda því til haga, herra forseti, hvort þeir þingmenn sem kynnu að eiga stofnfjárhlut í sparisjóði séu til þess bærir að greiða atkvæði um þetta ákvæði sem á að auka verðgildi stofnfjárhluta, a.m.k. gengi það ekki í þeim þjóðþingum sem sett hafa þingmönnum almennar siðareglur sem svona ákvæði mundi tvímælalaust falla undir.

Hér eru engar siðareglur til, herra forseti, á hv. Alþingi þannig að ég geri ráð fyrir að þeir þingmenn sem líka eiga stofnfjárhluta greiði hér atkvæði og taki þátt í atkvæðagreiðslu um það að auka verðgildi stofnfjárhluta sem ég tel afar óeðlilegt.

Herra forseti. Ég hef lýst þeim brtt. sem ég hef flutt, þeim athugasemdum sem ég geri við þetta frv. og læt máli mínu lokið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingagjald, 2. umr.

Stjfrv., 181. mál (lækkun gjalds o.fl.). — Þskj. 182, nál. 520.

[20:52]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum. Nefndin sendi þetta mál til umsagnar og fékk nokkrar slíkar um málið sem getið er um á nál.

Meginefni frv. er að lækka tryggingagjald um áramótin um 0,27%. Verið er að taka til baka áður ákveðna hækkun upp á 0,27% í samræmi við samkomulag sem var gert milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar á síðasta þingi, þ.e. 13. desember 2001.

Það sem málið snýst enn fremur um er að breyta gjaldflokkum og eins er þetta spurning um að samræma reglur vegna aðfarar ef tryggingagjald hefur ekki verið greitt.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt og undir þetta rita þeir nefndarmenn sem voru á fundi. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ritaði þó með fyrirvara sem hún gerir væntanlega grein fyrir.

[20:54]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. frá efh.- og viðskn. skrifa ég undir það með fyrirvara. Ástæðan er að meginhluta til sú að ég vil halda til haga í þessari umræðu þegar verið er að lækka tryggingagjaldið að kröfu aðila vinnumarkaðarins eins og formaður nefndarinnar nefndi, hver tilurð þessarar hækkunar á tryggingagjaldið var. Hún kom fram þegar ríkisstjórnin beitti sér fyrir stóru skattalagabreytingunni sem fyrst og fremst gagnaðist fjármagnseigendum, auðmönnum og stórfyrirtækjum, og það var gert á kostnað lítilla og meðalstórra fyrirtækja með því að hækka verulega tryggingagjald, að mig minnir um 2,7 milljarða, til þess að geta gengið óeðlilega langt í lækkun á tekjuskatti á stórfyrirtæki eins og við höfum reyndar farið í gegnum þegar í dag í tengslum við breytingar ríkisstjórnarinnar á tekjuskattsfrv. Þetta er liður í þeirri röngu skattstefnu þessarar ríkisstjórnar að leggja álögur á lítil og meðalstór fyrirtæki, sprotafyrirtæki, en þarf að fórna kostnaðinum til þess að geta farið með tekjuskattshlutfallið úr 30% í 18%.

Hér er verið að snúa aðeins til baka af þessari röngu braut. Það er gert í tengslum við kjarasamninga og samkomulagið við aðila vinnumarkaðarins þar sem tryggingagjaldið er lækkað um 0,27%. Í staðinn fyrir 2,7 milljarða sem lagðir eru á þessi fyrirtæki eru álögurnar sem fyrirtækin fá á sig á næsta ári um 2 milljarðar kr.

Ég tel það óeðlilega og ranga stefnu að þær miklu skattalækkanir sem m.a. koma fram í tekjuskatti fyrirtækja á næsta ári bitni á þeim fyrirtækjum sem fá á sig þessar álögur. Við höfum séð það, t.d. í tekjuáætlun fjárlaga, að tekjuskattar á stórfyrirtæki gefa um 8,2 milljarða á næsta ári í stað þess að þeir hefðu gefið 13,8 milljarða ef tekjuskattshlutfallinu hefði ekki verið breytt. Ef farið hefði verið í 25% tekjuskatt sem við í Samfylkingunni lögðum til hefði ekki þurft að leggja þennan skatt á lítil og meðalstór fyrirtæki með hækkun tryggingagjalds en engu að síður hefðum við á næsta ári haft í tekjuskatt um 11 milljarða kr. í stað 8 milljarða sem tekjuskattur á fyrirtæki mun gefa í ríkissjóð á næsta ári.

Það er óþarfi, herra forseti, að endurtaka þá umræðu sem fram fór í dag. Við erum að fjalla um frv. sem endurspeglar ranga skattstefnu ríkisstjórnarinnar sem er í því fólgin að færa skatta af stórfyrirtækjum og fjármagni yfir á lífeyrissjóði og fólk með lágar og meðaltekjur. Þeirri skattstefnu mótmæli ég og á því er fyrirvari minn reistur.

[20:57]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég held að ekki geri sér allir grein fyrir því hve umfangsmiklar skattbreytingar munu eiga sér stað um þessi áramót þótt sumar þeirra séu þegar lögfestar. Aðeins hluti þeirra verður núna lögfestur, hluti þeirra var lögfestur fyrir ári. Nú kemur til framkvæmda breyting á tekjuskatti fyrirtækja úr 30% í 18% sem mun verða þess valdandi að ríkissjóður verður af 1.700 millj. kr. tekjum á komandi ári.

Til að vega upp á móti þessu að hluta til er tryggingagjaldið hækkað. Það er að vísu ekki hækkað eins mikið og lagaheimild stóð til. Það var heimild fyrir því að hækka það um 0,75% en verður einvörðungu hækkað um 0,5% og það er til komið vegna þrýstings frá samtökum launafólks og reyndar sennilega að einhverju leyti Samtökum atvinnurekenda því talsmenn fyrirtækja, sérstaklega lítilla og meðalstórra, hafa varað við því að þetta muni íþyngja fyrirtækjum og koma sérstaklega niður á þeim fyrirtækjum sem hafa mikið mannahald.

Ég sagði að miklar skattkerfisbreytingar gengju nú í garð. Þar vegur tekjuskattur fyrirtækja þyngst. Sérstakur eignarskattur fyrirtækja fellur niður við árslokin og þar verður ríkissjóður af 300 millj. Eignarskattur fyrirtækja lækkar úr 1,2% í 0,6% við árslok og þar verður ríkissjóður af 700 millj. kr. Sérstakur eignarskattur einstaklinga fellur niður miðað við árslok 2002. Þar verður ríkissjóður af 300 millj. kr. Og eignarskattur einstaklinga lækkar úr 1,2% í 0,6% við árslok. Þar verður ríkissjóður af 1.300 millj. kr.

Persónuafsláttur inn hækkar um 0,4%, þar verður ríkissjóður af 230 millj. kr. Sérstakur tekjuskattur lækkar úr 7% í 5%, þ.e. hátekjuskatturinn, þar verður ríkissjóður af 300 millj. kr., en á móti kemur síðan hækkun á áfengis- og tóbaksgjaldi og gjöldum í Framkvæmdasjóð aldraðra. Þegar dæmið er gert upp er tap ríkissjóðs um 1.830 millj. kr. og er þar um að ræða nettóáhrif framangreindra kerfisbreytinga að teknu tilliti til áætlaðra veltubreytinga o.fl. samkvæmt útreikningum fjmrn.

Það er alltaf matsatriði hvar eigi að ná í skattana. Ég er því svo sannarlega fylgjandi að við fjármögnum velferðarþjónustuna með almennri skattlagningu en ekki með svokölluðum notendagjöldum, sjúklingagjöldum og skólagjöldum. En ég tel mjög mikilvægt að við höfum skattlagninguna á þann veg að hún sé til þess fallin að stuðla að atvinnuþátttöku en ekki draga úr henni. Þess vegna var varað við því á sínum tíma þegar tekjuskattslækkun fyrirtækja um 1.700 millj. kr. á ári skyldi fjármögnuð með hækkun tryggingagjaldsins, menn töldu að þetta mundi verða til þess að auka á atvinnuleysið. Þetta væri óskynsamleg skattlagning að því leyti.

Á þeirri forsendu hins vegar að fallið er frá því að nýta heimildarákvæðið um 0,75% hækkun tryggingagjaldsins að fullu og lækka þetta hlutfall niður í 0,5%, þá mun ég og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði styðja þetta frv.

[21:02]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. sem felur í sér að lækka hámarksheimild á töku tryggingagjalds, sem var samþykkt á Alþingi í fyrra, er í sjálfu sér góðra gjalda vert hvað það varðar, að þessi heimild skuli lækkuð. En hitt er mikilvægt að missa ekki sjónar af því hver skattstefna ríkisstjórnarinnar er, sem einmitt kemur í ljós í sambandi við ákvörðun á tryggingagjaldinu en það hækkar um næstu áramót en ekki eins mikið og hámarksheimild var lögð til á síðasta ári. Það hækkar um 0,5% frá og með næstu áramótum og er liður í skattstefnu ríkisstjórnarinnar að færa skatta sem mest yfir á laun og launatengda þætti.

Vert er að leiða hugann að því í þessu sambandi að nú er talað um vaxandi óöryggi á atvinnumarkaðnum og ætti þá að vera hvatning af hálfu stjórnvalda að stuðla að aukinni atvinnu og að fyrirtæki mundu frekar hugsa um að halda uppi atvinnu, en að þeim væri ekki íþyngt með sköttum við það að vera með fólk í vinnu.

Verið er að gera þá breytingu núna að lækka tekjuskatt hjá fyrirtækjum, skatta á arð og fjármagnstekjur, verið er að lækka skattana á þessum þáttum en hækka á þeim sem tengjast launum. Ég tel þetta alranga skattstefnu. Þessi skattstefna bitnar á atvinnurekstri þar sem launahlutfall er hátt, hún bitnar á atvinnurekstri þar sem verið er að vinna frumkvöðlastarf og atvinnurekstri sem byggir á hugviti og vinnuafli.

Tryggingagjaldið hækkar um næstu áramót en aðeins minna en ráð var fyrir gert. Það skulu menn hafa í huga og ekki síst í ljósi þess atvinnuástands sem við kannski horfum fram á, eða nokkuð minnkandi atvinnu, þá ætti frekar að lækka tryggingagjaldið og hvetja til þess að stærri hluti af fjármagninu sem kemur úr atvinnurekstrinum renni til launa og launafólks, í stað þess að verðlauna þá sem hirða fjármagn út úr atvinnurekstrinum í formi aukinna arðgreiðslna.

Við vorum einmitt að ræða áðan um fjármálafyrirtæki og sparisjóðina þar sem í einni grein er verið að heimila þeim að hækka arðsemiskröfur sínar til þess fjármagns sem sparisjóðirnir hafa verið með til ráðstöfunar og ávaxtað. Þar er verið að færa áherslurnar frá starfseminni og yfir á arðsemiskröfurnar. Næsta skref er að skattleggja allt sem tengist vinnu, og hlutdeild launafólks í skattheimtu ríkisins vex sem er að mati Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs algjörlega röng skattstefna.

Virðulegi forseti. Ég vildi halda þessu til haga. Verið er að hækka tryggingagjaldið en þó ekki eins mikið og heimild var til, heimildin er lækkuð en tryggingagjaldið hækkar samt og munar nokkrum milljörðum kr. sem atvinnulífið í landinu verður að greiða í skatta til ríkisins og það eru fyrst og fremst laun og launatengd gjöld sem hækka, lendir harðast á fyrirtækjum í frumvinnslunni, landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði, ferðaþjónustu og nýsköpunarstarfsemi. Þar að auki lendir þessi hækkun á tryggingagjaldi líka harðast á atvinnustarfsemi á landsbyggðinni þar sem fyrirtækin eru í þeirri stöðu að þau geta ekki notið skattfríðindanna sem tekjuskattslækkunin gefur, heldur verða þau fyrst og fremst að hugsa um að reka starfsemi sína og greiða laun.

Virðulegi forseti. Þó að þessi lækkun sé til bóta, þá er hún samt liður í þeirri röngu skattstefnu sem núv. ríkisstjórn stendur fyrir.

[21:08]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Fyrir ári síðan fór fram mikil umræða um hækkun á tryggingagjaldi, en þar var ríkisstjórnin að ná sér í tekjur til að geta lækkað skatta á fyrirtækjum sem eru með mikinn hagnað. Ég ætla ekki að rifja upp þá umræðu nú, vil bara minna á hana. Ég tel að hér sé á ferðinni röng stefna. Sú áhersla á að leggja gjöld á fyrirtæki á grundvelli þess hve margir vinna hjá fyrirtækjunum er ekki skynsamleg. Hún minnir svolítið á þá stefnu sem var uppi á sínum tíma þegar aðstöðugjöld voru lögð á fyrirtæki sem voru í engu samræmi við afkomu þeirra og tryggingagjaldið er svo sannarlega ekki í neinu samræmi við afkomu fyrirtækjanna. Það leggst á fyrirtækin eftir því hvað þau bera mikil útgjöld vegna starfsmanna og það var í sjálfu sér ankannalegt og ömurlegt að sjá að menn skyldu nýta sér þann tekjustofn til þess að fjármagna það að geta lækkað skattinn hjá þeim sem gera það gott, hafa mikinn hagnað af rekstri sínum, að það skyldi vera fjármagnað með þeim hætti.

Þó svo að hér hafi orðið lítils háttar lagfæring, það er kannski ekki rétt að nota orðið lítils háttar, um er að ræða töluverða breytingu frá því sem áætlað var til lækkunar á gjaldinu frá því sem menn ætluðu sér að hækka það í og sú lækkun á fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar sem hér hefur birst var knúin fram með samningum af hálfu verkalýðshreyfingarinnar. Það er því búið að slíta undan nöglum ríkisstjórnarinnar hluta af þeirri hækkun sem hún ætlaði sér að framkvæma með hækkun tryggingagjaldsins.

Út af fyrir sig er hægt að fagna því að því leyti sem það gengur í áttina til baka. En ég er sannfærður um að fyrirtæki á landsbyggðinni og fjölmörg fyrirtæki sem þurfa mikinn mannskap vegna starfsemi sinnar munu eiga eftir að lenda í verulegum útgjöldum vegna þessa og það er ekki skynsamlegt að auka útgjöld með þeim hætti sem hér er gert af hinu opinbera.

Ég er alveg sannfærður um að menn gengu lengra í fyrra en góðu hófu gegndi og það er ekki skynsamlegt sem hér hefur gerst, að lækka tekjuskatt fyrirtækja niður í 18%, meðan tekjuskattur einstaklinga er enn þá í 38% og að fjármagna það með því að færa gjöldin yfir á þau fyrirtæki sem borga tryggingagjaldið.

Ég vildi bara minna á þá umræðu í þessu sambandi og ætla ekki að segja meira um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, 2. umr.

Stjfrv., 322. mál (ýmsar gjaldtökuheimildir). — Þskj. 350, nál. 579.

[21:12]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir hönd allrar efh.- og viðskn. fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Nefndin fjallaði um málið og sendi það til umsagnar. Umsagnanna er getið á þingskjalinu. Nefndin gerir tillögu um smávægilega breytingu sem er vegna tilvísanavillu í frv. en að öðru leyti leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Nefndin vill þó geta þess að fjallað var um gjald vegna friðlýsingar æðarvarpa og nefndin telur rétt að taka fram að ætlunin er eingöngu að taka gjald þegar óskað er eftir friðlýsingu í fyrsta sinn.

[21:13]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ekki eru hér á ferðinni miklar ákvarðanir. Verið er setja gjöld á fáeina liði og ekkert í sjálfu sér óeðlilegt við það. Þetta eru leyfisveitingar og annað slíkt. En ég vil í þessu sambandi minna á tillögu sem var samþykkt árið 1992, um endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana. Þó svo að ég viti að fjmrn. hafi unnið að einhverju leyti á þeim tíu árum að því að lagfæra þá gjaldheimtu sem liggur að baki þessum lögum, þá er ég viss um að menn hafa ekki enn þá náð því marki sem í raun og veru var stefnt að með samþykkt tillögunnar árið 1992. En þessi þál. um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana gekk út á það að ekki mætti setja nein gjöld á nema þau samrýmdust fullkomlega þeirri þjónustu sem ríkið væri að leggja til.

Ég held að tími sé kominn til að menn fari yfir þetta mál og skoði það nákvæmlega upp á nýtt. Mér finnst að hafa megi orð á mörgum atriðum sem voru í umræðunni þegar sú þál. var samþykkt sem ég var að minna á, atriðum sem eigi að ræða í þessu sambandi. Meðal annars var þá tölurvert rætt um þau gjöld sem lögð eru á vegna lántöku, sem eru náttúrlega hróplegur skattur, þinglýsingargjöldin. Það er náttúrlega skattur á sérgreindan hóp.

Það er alveg furðulegt að sjá að þessir miklu afreksmenn sem hafa setið að völdum á undanförnum árum í skattamálum og hafa verið að hringla í skattakerfinu fram og til baka, skuli ekki enn búnir að átta sig á því og taka á því að verið er að mismuna fólki herfilega með því að nota það sem gjaldstofn ef það þarf á lántökum að halda. Þetta er fólkið sem er að byggja yfir sig hús, unga fólkið. Þetta eru skuldug fyrirtæki sem eru kannski að reyna að koma undir sig fótunum í rekstri.

Rökin fyrir slíkri skattheimtu frá hendi ríkisins hafa aldrei komið fram. Í umræðunni 1992, þegar sú þáltill. var samþykkt sem ég er að rifja upp, komu aldrei fram nein rök fyrir því hvers vegna menn ættu að borga skatt fremur en aðrir ef þeir skulduðu og þyrftu á lántökum að halda. Ég auglýsi eftir því hjá hv. þingmönnum hvaða rök séu á bak við það að ríkið noti þetta sem gjaldstofn á þegnana, fyrirtæki eða fólk.

Það er auðvitað gjörsamlega ófært að menn skuli halda þeirri skattheimtu áfram. Ég skora satt að segja á hv. þingmenn að taka á þessu máli og koma þessari skattheimtu sem hefur verið stunduð fram á þennan dag í eitthvert annað form.

Ég vildi nú minna á þetta í tengslum við umræðuna um aukatekjur ríkissjóðs vegna þeirrar þáltill. sem var samþykkt fyrir tíu árum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, 2. umr.

Stjfrv., 355. mál (elli- og makalífeyrir). — Þskj. 392, nál. 582 og 606.

[21:18]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna, fyrir hönd meiri hluta efh.- og viðskn. Frumvarp þetta er flutt að ósk stjórnar lífeyrissjóðsins. Ástæðan er sú að sjóðurinn stendur ekki lengur undir skuldbindingunum og samkvæmt lögum um lífeyrissjóði þarf að taka á því máli.

Stjórn sjóðsins hefur fjallað um þetta mál allrækilega og ákveðið að bregðast við því með tilteknum hætti og óskar eftir því að Alþingi staðfesti þann vilja sem fram kemur í ákvörðun stjórnar sjóðsins. Ég hygg að þegar litið er á hvernig stjórn sjóðsins hyggst bregðast við séu þau viðbrögð í alla staði eðlileg.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt þótt vissulega sé það ekki með glöðu geði sem menn standa að slíkri samþykkt, þar sem réttindi fólks sem tekur greiðslur úr lífeyrissjóðum eru skert. Það er þó engu að síður nauðsynlegt. Því leggur meiri hluti nefndarinnar til að frv. verði samþykkt óbreytt.

[21:19]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta efh.- og viðskn. í þessu máli. Í áliti mínu kemur fram að ég mun ekki standa gegn málinu en þó veita því brautargengi með mjög eindregnum fyrirvara og tilvísun í sjónarmið sem margoft hefur verið vakið máls á í umræðum á Alþingi á undanförnum árum. Ástæða þess að undirritaður mun ekki ganga gegn lagabreytingunum er sú að stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna á ekki annarra kosta völ lögum samkvæmt en að grípa til ráðstafana til að bæta fjárhagsstöðu sjóðsins.

Ljóst er að rúmlega 7,5 milljarða kr. vantar upp á að Lífeyrissjóður sjómanna geti staðið undir skuldbindingum sínum samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt í lok ársins 2001. Heildarskuldbindingar sjóðsins eru um 8,8% meiri en eignir hans og hefur staðan versnað frá því sem var í árslok 2000 þegar mismunurinn var tæp 6%.

Samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða má heildarstaða lífeyrissjóðs aldrei vera verri en 10% af heildarskuldbindingu. Reyndar ekki heldur betri samkvæmt ákvæðum í lögunum. Jafnframt má staðan ekki vera verri en 5% samfellt í fimm ár. Staða Lífeyrissjóðs sjómanna er að sönnu innan þess ramma sem lögin setja þar sem heildarstaðan er innan 10%-markanna og hún var innan 5%-markanna fyrir tveimur árum. Í skýrslu Talnakönnunar kemur hins vegar fram að það sé nokkuð ljóst að staðan muni fara niður fyrir þessi mörk á næsta ári. Þá væri sjóðurinn hættur að starfa í samræmi við lögin.

Lífeyrisréttindi sjómanna hafa ítrekað verið skert með lögum á undanförnum árum en réttindin voru skert um 11,5% árið 1999 og aftur um 12% árið 2001. Eðlilegt er að spyrja hvers vegna komið sé fyrir Lífeyrissjóði sjómanna eins og raun ber vitni. Ekki er einvörðungu til ávöxtunar á fjármunum sjóðsins að líta heldur ber að beina sjónum að ábyrgð útgerðarmanna og þá ekki síður ríkisvaldsins.

Á undanförnum þingum hefur hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson flutt tillögur um að bæta stöðu Lífeyrissjóðs sjómanna og hefur hann kallað til ábyrgðar bæði útgerðarmenn til að greiða hærra iðgjald í sjóðinn og ríkisvald til að veita fjármuni inn í sjóðinn vegna vanefnda frá fyrri tíð. Ég hef ætíð stutt þennan málflutning hv. þm. líkt og aðrir þingmenn sem hafa látið sig málið varða, t.d. hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson.

Fyrst að ábyrgð útgerðarinnar. Ljóst er að Lífeyrissjóður sjómanna þarf öllum öðrum lífeyrissjóðum fremur að axla byrðar vegna örorkugreiðslna. Slysatíðni og ekki síður álag á stoðkerfi líkamans veldur því að sjómenn fara hlutfallslega fleiri á örorku en aðrar stéttir. Margir höfðu talið að þetta væri fyrst og fremst vegna mikillar slysatíðni í stéttinni. Sundurgreining á örorkunni hefur hins vegar leitt í ljós að það er annað sem þarna kemur til, þ.e. fyrst og fremst mikið álag á stoðkerfi líkamans. Óeðlilegt er að sjómenn þurfi á fullorðinsaldri að axla einir þennan kostnað sem hlýst af álagi í atvinnugreininni. Eins og fram kemur í samanburðartöflu í fylgiskjali sem fengin er frá Lífeyrissjóði sjómanna nema greiðslur vegna örorku 43% af öllum greiðslum úr þessum sjóði samanborið við 20–25% úr öðrum stórum lífeyrissjóðum. Af þessu sést að Lífeyrissjóður sjómanna virkar eins og tryggingasjóður fyrir útgerðina. Af þeim sökum er sanngjarnt að atvinnurekendur, í þessu tilfelli útgerðarfyrirtækin, leggi meira af mörkum til lífeyrissjóðsins vegna mikilla útgjalda sem stafa að stórum hluta beinlínis af vinnuaðstæðum sjómanna.

Ábyrgð ríkisvaldsins í þessum efnum er einnig mikil. Árið 1981 var gert um það sérstakt samkomulag að sjómenn afsöluðu sér tilteknum hlut í fiskverði (2–3%) gegn því að ríkissjóð ur stæði straum af þeim kostnaði sem hlytist af því að sjómenn gætu látið af störfum við 60 ára aldur. Við þetta samkomulag hefur ríkissjóður ekki staðið. Ítrekað hefur verið gefinn ádráttur um að til greina kæmi stuðningur úr ríkissjóði. Núverandi fjármálaráðherra hefur hins vegar vísað öllu slíku á bug. Það eru eindregin tilmæli þess sem hér talar að sú afstaða verði endurskoðuð.

Þær breytingar sem frumvarpið felur í sér nú á réttindum sjóðfélaga munu ekki leiða til skerðingar á réttindum þeirra sem hafa hafið töku lífeyris og þær breytingar sem gerðar eru á makalífeyri til frambúðar eru aldurstengdar, þannig að þær bitna ekki á þeim sem fæddir eru fyrir 1945, auk þess sem maki mun búa við óskertan lífeyri svo lengi sem hann hefur barn á framfæri yngra en 19 ára eða er 50% öryrki. Þá eru lagðar til breytingar á aldursmörkum við töku lífeyris með hlutfallslegri hækkun eða lækkun á lífeyri eftir því hvenær taka lífeyris hefst. Ljóst er að stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna reynir að fara eins mildilegar leiðir til að bæta stöðu lífeyrissjóðsins og unnt er. Með hliðsjón af þessu og að bæði samtök sjómanna og stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna styðja frumvarpið mun minni hlutinn greiða frumvarpinu atkvæði en hvetur jafnframt til þess að málefni þessa lífeyrissjóðs verði skoðuð frá grunni.

Herra forseti. Það er mjög athyglisvert að bera saman skiptingu lífeyris eftir tegundum hjá Lífeyrissjóði sjómanna annars vegar og öðrum lífeyrissjóðum hins vegar. Ellilífeyrir í Lífeyrissjóði sjómanna nemur 42% af útborguðu fé á móti 62% hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna. Þarna munar 20%. Lífeyrissjóðurinn Framsýn greiðir 61%, Sameinaði lífeyrissjóðurinn 64% og þannig mætti áfram telja, Samvinnulífeyrissjóðurinn 68%, Lífeyrissjóður lækna 79% og margir yfir og þar um bil. En allir lífeyrissjóðir samtals um 66% á móti 42% hjá Lífeyrissjóði sjómanna, þegar litið er á greiðslur til eiginlegs ellilífeyris.

Sé hins vegar borinn saman örorkulífeyrir úr sjóðnum er hlutfallið langhæst hjá Lífeyrissjóði sjómanna. Reyndar er Lífeyrissjóður Austurlands með mjög hátt hlutfall líka, 45%, og sama gildir um Lífeyrissjóð Vestmannaeyja. Best gæti ég trúað því að í þeim lífeyrissjóðum séu einnig margir sjómenn og fólk sem stundar erfið störf þar sem mikið reynir á líkamann.

Síðan eru þarna aðrar samanburðartölur sem ég ætla ekki að nefna.

Eins og ég sagði eru þær breytingar sem lagðar eru til á réttindakerfi sjómanna mildilegar að mínum dómi og skynsamlegar. Þær skerða ekki réttindi þeirra sem þegar eru komnir á lífeyri og aðrar breytingar eru mjög í takt við það sem aðrir lífeyrissjóðir hafa verið að gera. Þannig hefur það verið að gerast að makalífeyri er breytt á þann veg að tengja hann fjölskylduaðstæðum í ríkari mæli en verið hefur. Í tilviki Lífeyrissjóðs sjómanna verður hann óskertur svo lengi sem eftirlifandi maki hefur á framfæri sínu barn yngra en 19 ára að aldri eða er 50% öryrki. Eins og áðan var getið um eru breytingarnar á aldursmörkum við töku lífeyris með hlutfallslegri hækkun eða lækkun á lífeyri eftir því hvenær taka lífeyris hefst. Þetta er regla sem er í samræmi við það sem aðrir lífeyrissjóðir hafa verið að gera.

Nú er það svo að lífeyrissjóðirnir hafa almennt verið að gera breytingar á reglugerðum sínum með breytingu á réttindum sjóðfélaga án þess að það komi fyrir sjónir þingsins. Ástæðan er sú að Lífeyrissjóður sjómanna starfar samkvæmt lögum og þess vegna þarf lagabreytingu jafnan til. Hins vegar, eins og ég hef rakið, hefur Lífeyrissjóður sjómanna sérstöðu. Ríkisvaldið hefur komið að þessum sjóði og hefur gerst sekt um alvarlegar vanefndir sem eiga rót að rekja til ársins 1981. Því var þá heitið að koma inn með fjármagn úr ríkissjóði í lífeyrissjóðinn þegar sjómenn afsöluðu sér hlutdeild í fiskverði. Á hitt ber að líta að hve miklu leyti Lífeyrissjóður sjómanna er eins konar viðlagasjóður útgerðarinnar og býr við erfið kjör vegna erfiðra vinnuaðstæðna sjómanna. Allt þetta veldur því að útgerðinni og ríkisvaldinu ber að sameinast um að bæta stöðu þessa sjóðs.

Ég mun styðja þetta frv. en þetta eru fyrirvararnir að baki stuðningi mínum.

[21:32]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég skrifa undir álit meiri hluta efh.- og viðskn. með fyrirvara og geri grein fyrir honum hér og nú.

Þetta mál um Lífeyrissjóð sjómanna er nokkuð sem er vel þekkt innan þingsins og því miður er stutt síðan við fjölluðum um það hér þar sem þurfti að taka á því að það var halli miðað við heildarskuldbindingar sjóðsins á þeim tíma, 1999, og enn erum við að taka á vandamálum þessa sjóðs. Það er auðvitað mikilvægt í huga okkar sem þurfum að taka afstöðu til þessa máls að það hefur verið þrautskoðað af Lífeyrissjóði sjómanna og sjómannafélögunum, og það er ljóst að þetta frv. er lagt fram að beiðni stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna. Það miðar að því að bæta stöðu sjóðsins þannig að hann standi undir skuldbindingum sínum í samræmi við tryggingafræðilega úttekt og lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Í mínum huga er það afar mikilvægt að sú leið sem hér er farin skerði ekki réttindi þeirra sem þegar eru komin á lífeyri.

Hér er um töluvert mikla skerðingu á réttindum að ræða. Hún á að skila bata á stöðu sjóðsins um 6,2 milljarða kr., að vísu á löngum tíma, og miðað er við að heildarskuldbindingarnar lækki úr 8,8% í 1,6%.

Ég horfi mjög til umsagnar sem nefndin fékk frá Lífeyrissjóði sjómanna þar sem þessi saga er nokkuð rakin og farið yfir það hvaða leiðir voru í stöðunni. Þar kemur fram að það hafi verið samstaða innan stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna um framkomnar tillögur til breytinga á lögum sjóðsins. Aðrar leiðir en breytingar á makalífeyri hafa verið ræddar, leiðir sem lagðar eru til samkvæmt tillögu tryggingafræðings sjóðsins, sérstaklega þar sem makalífeyrisréttindi í Lífeyrissjóði sjómanna eru betri en þekkist í almennum lífeyrissjóðum, eins og segir í þessari umsögn.

Síðan er það nefnt að slíkar breytingar þyki sanngjarnari en flöt skerðing á réttindum og áhersla er lögð á að það skerði ekki réttindi þeirra sem hafa áunnið sér rétt til lífeyris.

Síðan nefna þeir að um sé að ræða svokallað sólarlagsákvæði sem þýðir að breytingarnar gerast á löngum tíma en áhrif þeirra á heildarskuldbindingar sjóðsins reiknast strax í tryggingafræðilegri úttekt. Þannig næst fram bati um rúma 6 milljarða kr. því að áhrif breytinganna eru reiknuð mjög langt fram í tímann.

Maður veltir auðvitað fyrir sér hvort hér sé um einhverja skammtímaaðgerð að ræða sem við munum fá á okkar borð innan ekki margra ára. Þegar forustumenn sjóðsins sem mættu á fund nefndarinnar voru spurðir þeirrar spurningar var svar þeirra nei, að ekki þyrfti að búast við því. Ástæða þess að svo hallaði undan fæti hjá sjóðnum, þrátt fyrir þær breytingar sem voru gerðar á árinu 1999 — en þá var um að ræða að öll réttindi voru lækkuð um 11,5% — var, að því er sagt er í þessari umsögn, að ávöxtun ársins 1999 hefði verið góð, 12,5% hjá Lífeyrissjóði sjómanna, en hefði verið neikvæð síðan, um 0,3% árið 2000 og 1,6% árið 2001. Þeir nefna jafnframt að ávöxtun ársins 2002 muni ekki verða góð. Og það eru greinilega meginástæður þess að hallinn sem sjóðurinn stendur frammi fyrir núna er svo mikill.

Það þarf auðvitað ekki að fjölyrða mikið um að það er erfið leið að þurfa að skerða réttindi í Lífeyrissjóði sjómanna eina ferðina enn en þær leiðir sem valdar hafa verið eru þær sem hafa kannski mildilegust áhrif. Við spurðum, í vinnu efh.- og viðskn. um þetta mál, hvað þyrfti að hækka iðgjald til lífeyrissjóðsins mikið til þess að ekki þyrftu að koma til skerðingar á réttindum og réttindin yrðu óbreytt. Þá kom fram að hækka þyrfti 10% iðgjald í 13% til að rétta stöðu sjóðsins af ef réttindin ættu að vera óbreytt. Það væri þá um 570 millj. kostnaður á útgerðina að því er nefnt var á fundi nefndarinnar.

Við viljum auðvitað horfa á allar færar leiðir til að rétta stöðu sjóðsins. Þessi leið liggur á borðinu og það verður ekki hjá því komist að styðja hana. En maður veltir fyrir sér því sem margoft hefur verið rætt í þingsölum, var rætt líka í nefndinni og hv. 4. þm. Vestf. hefur mjög rætt, t.d. úr þessum ræðustól, þeirri þungu byrði sem hvílir á sjóðnum vegna örorkulífeyris. Við fengum yfirlit yfir hann í nefndinni og þar komu fram mjög sláandi tölur sem hv. 4. þm. Vestf. reyndar nefndi úr þessum ræðustól þegar málið var hér til 1. umr. Það er enn meira sláandi að fá þetta hér á blaði. Eins og þá var nefnt er hlutfallið varðandi örorkuna þannig að um 43% af gjöldum sjóðsins fara í greiðslu örorkubóta. Það er ekki eins hátt hlutfall hjá neinum öðrum sjóði og hér er tekið meðaltal af 54 lífeyrissjóðum samtals. Það sem fer til greiðslu örorkubóta er að meðaltali um 16% þegar allir sjóðirnir eru teknir saman en við erum að tala um að hjá Lífeyrissjóði sjómanna fari 43% til greiðslu örorkubóta.

Mér finnst, herra forseti, að það þurfi að skoða þessa þungu byrði sem er á sjóðnum eina og sér og reyna að finna á henni einhverja lausn. Það er alveg ljóst, miðað við það sem fram hefur komið og þá þungu byrði sem er á sjóðnum varðandi örorkulífeyri, að það verður að taka á þessu sérstaklega og einangrað. Það eru miklu fleiri sem fara á örorku í hópi sjómanna en hjá öðrum stéttum og það kallar auðvitað á það, herra forseti, að það mál sé skoðað alveg sérstaklega. Ég hvet til þess að það verði gert í samráði við samtök sjómanna og Lífeyrissjóð sjómanna.

[21:40]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér erum við eina ferðina enn að ræða um stöðuna í lífeyrismálum sjómanna. Því miður er sú staða uppi enn á ný að við þurfum að takast á við það að skerða réttindi í þeim lífeyrissjóði, réttindi lífeyrisþeganna, til þess að uppfyllt verði þau ákvæði laga frá 1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, sem lögð eru á hverja stjórn lífeyrissjóðs, að sjá til þess að lífeyrissjóðir eigi fyrir framtíðarskuldbindingum sínum.

Þegar kemur að því að menn þurfa að horfast í augu við slíkt eru aðeins tvær leiðir til. Leiðin sem stjórnir lífeyrissjóðanna standa oftast frammi fyrir er einfaldlega sú að menn neyðast til að skerða einhver réttindi, draga úr þeim réttindum sem sjóðir hafa verið að bjóða upp á og minnka þannig útgreiðslu sjóðsins til einhverra ára með það að markmiði að rétta stöðu hans.

Hin leiðin, sem er auðvitað fær, er sú að meira verði greitt inn í sjóðinn. Þá þarf að finna því farveg og finna fyrir því rök hvers vegna svo ætti að gera.

Það vill svo til varðandi Lífeyrissjóð sjómanna að það má finna fyrir því ýmis rök að meira yrði greitt inn í sjóðinn, m.a. af hendi atvinnurekenda. Reyndar fékk Lífeyrissjóður sjómanna á sig nokkra skuldbindingu vegna lagasetningar frá Alþingi árið 1981 sem var dæmd á sjóðinn. Þegar hinn svokallaði félagsmálapakki var samþykktur samróma hér í hv. Alþingi árið 1981 um að sjómenn ættu rétt á því eftir langa starfsævi að hefja töku lífeyris frá 60 ára aldri stóðu þeir í þeirri meiningu að sú lagasetning yrði fjármögnuð. Sá skilningur þeirra á því lá auðvitað til þess að samhliða setningu þessara laga hér í Alþingi hafði verið samið um sérstaka eftirgjöf í fiskverði upp á 2–3% til að leysa ákveðnar verðlags- og launadeilur sem voru þá í gangi. Í staðinn var litið svo á að lögfesting 60 ára reglunnar, eftir langan starfsaldur til sjós, væri nokkurs konar félagsmálapakki. Félagsmálapakkar höfðu þá tíðkast með ýmsum aðferðum, eins og sumir muna vafalaust, í formi ýmissa fyrirgreiðslna eins og orlofsíbúða og annars slíks.

Niðurstaðan varð þessi hér á hv. Alþingi árið 1981. Alla tíð síðan hafa sjómannasamtök, saman eða hvert í sínu lagi, reynt fá því framgengt að lífeyrissjóðnum yrðu markaðar einhverjar tekjur á móti þessari reglu. Því miður tókst það aldrei. Þó má kannski segja að ríkissjóður hafi viðurkennt einhvers konar greiðsluábyrgð á þessu loforði með því að ráðstafa nokkrum sinnum, tvisvar, þrisvar sinnum hygg ég, fjármunum úr svokölluðum gengismunarsjóði inn í Lífeyrissjóð sjómanna. Sjómenn litu svo á að nokkur vilji væri til að greiða úr þeim vanda sem fylgdi því og var lagður á aðra sjóðfélaga í sjóðnum. Ekki var gert ráð fyrir því í

stigainnvinnslunni og síðar útgreiðslunni að sjómenn sem færu á lífeyri 60 ára tækju hann skertan, eins og nú er og komið var á með með lögum árið 1999. Núna er upprðunin á því nokkuð breytt, og reglan í raun gerð algjörlega almenn. Samkvæmt því frv. sem hér er um að ræða eiga allir sjómenn rétt á að hefja töku lífeyris frá 60 ára aldri. En miðað við tryggingafræðilegar forsendur og útreikninga eiga sjómenn, miðað við lífslíkur til 80 ára aldurs, að vera nokkuð jafnsettir, þ.e. þeir sem hæfu töku lífeyris 65 ára annars vegar og 60 ára hins vegar ættu að vera búnir að taka svipaða upphæð út úr sjóðnum um áttrætt.

Þeir sem hefja töku lífeyris 60 ára taka samkvæmt þessu á sig ákveðna skerðingu. Hún er formuð hér eftir ákveðnum reglum. Síðan er búið að forma reglu um að ef menn fresta töku lífeyris fram yfir 65 ára aldur þá vinni þeir sér inn hlutfallslega meiri greiðslu á hverju ári fram til 70 ára aldurs. Þessa reglu er búið að útfæra þannig að hún er algjörlega á ábyrgð sjóðsins. Eftir stendur sá uppsafnaði vandi sem hlaust af þessum rétti sem veittur var með lögum. Menn töldu að hann yrði fjármagnaður af ríkinu en það var ekki gert. Samanlagður vandi sjóðsins af þessum sökum er um 1.4 milljarðar kr. Sá pakki hefur allur verið tekinn af lífeyrisþegum í sjóðnum, aðrir gátu ekki borgað það. Þær skuldbindingar voru teknar úr sjóðum lífeyrissjóðsins.

Svo langt gekk þessi trú sjómanna á að þeir ættu þennan rétt að þeir fóru í mál við ríkið til að ná honum en töpuðu því miður málinu fyrir Hæstarétti. Ég verð að segja að ég er afar ósáttur með að þannig skyldi fara. Ég taldi og hef ævinlega talið að miðað við forsögu þessa máls hefði Alþingi bakað sér nokkra ábyrgð og lagt ákveðnar skyldur á herðar ríkisins með einróma samþykkt sinni árið 1981. Hvað um það? Þetta er eitt af þeim vandamálum sem lagst hafa á sjóðinn og hefur ekki létt byrði hans á undanförnum árum.

Menn stóðu frammi fyrir því árið 1999 að þurfa að skerða réttindi í Lífeyrissjóði sjómanna. Þá urðu um það miklar deilur, að taka þyrfti á vandamálinu með þeim hætti. Ég minnist þess að í þeirri umræðu var iðulega sagt að ef menn gengju þessa leið, menn þóttust auðvitað hafa tölfræði, tryggingafræðinga og stærðfræðinga fyrir því, þó erfið væri og ylli miklum deilum innan sjómannasamtakanna, mundi varla þurfa að höggva aftur í sama knérunn og skerða réttindin frekar. Ef ég man rétt var samið um það sérstaklega að 0,5% af þeirri 12% skerðingu sem þá var sett í lög kæmi ekki öll til framkvæmda. Hálft prósent af þessari skerðingu kom til framkvæmda nokkru síðar, að mig minnir á árinu 2000. Þar að auki var skerðingin látin taka gildi í ákveðnum þrepum. Það var auðvitað stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna sem ákvað að standa þannig að verki.

Nú stöndum við hins vegar frammi fyrir því vegna lélegrar ávöxtunar Lífeyrissjóðs sjómanna að hann á ekki fyrir skuldbindingum sínum, halli sjóðsins er 8,8%. Ljóst er að rúmlega 7,5 milljarða vantar upp á að Lífeyrissjóður sjómanna geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt í lok ársins 2001. Enn á ný standa menn frammi fyrir því að þurfa að takast á við skerðingu. Þetta frv. gengur út á það.

Því miður eiga sjómannasamtökin enga aðra möguleika í þessu máli né fulltrúar þeirra í stjórn lífeyrissjóðanna en þá að mæla með því að þessi leið verði farin. Ég hygg að miðað við að það þurfti að skerða þessi kjör hafi menn kannski valið að fara þá leið sem taldist ásættanlegust af þeim leiðum sem menn töldu kost á að fara. Þó að hér sé verið að breyta bótaréttindum er samt verið að breyta þeim með því að fara í svipað far og í nokkrum öðrum lífeyrissjóðum sem sjómenn eru tryggðir í, t.d. Lífeyrissjóði Vestfirðinga og fleiri lífeyrissjóðum. Þeir sjóðir hafa sambærileg ákvæði og við erum hér að lögfesta.

Til að minna á þann rétt sem ég vék að áðan varðandi 60 ára regluna þá er það þannig að lífeyrir manns sem hefur töku lífeyris við 60 ára aldur skerðist um 33%. Ef hann frestar því til 61 árs bætast við réttindi hans 5,4%. Fresti hann því til 62 ára bætast enn við réttindi hans 6%. Fresti hann því til 63 ára bætast enn við réttindi hans 6,6%, og fresti hann því til 65 ára aldurs bætast við réttindin 7,2%.

Eigi menn síðan kost á að fresta töku lífeyris fram yfir 65 ára aldur vinna þeir sér inn prósentur umfram viðmiðunarréttindin, miðuð við 65 ár. Þá hækkar lífeyririnn í þrepum, fyrst um 9% milli 65 og 66, síðan um 9,6 frá 66 upp í 67 ára, um 10,2% frá 68 og upp í 69 og loks um 10,8%. Þetta er sá skali sem menn hafa búið til til að jafnvirða 60 ára regluna og gefa öllum sjómönnum kost á að hefja töku lífeyris við 60 ára aldur.

En hvers vegna skyldu menn hafa barist fyrir því að sjómenn hæfu töku lífeyris við 60 ára aldur? Jú, það var vegna þess að menn töldu starfið erfitt. Það reyndi mikið á sjómenn og það er reyndar staðfest í þeim tölum sem við höfum varðandi örorkuþáttinn. Það eru aðallega tveir þættir sem valda því að sjómenn lenda í að verða öryrkjar, þ.e. eru ekki lengur starfshæfir. Í fyrsta lagi þegar stoðkerfið bregst, þ.e. liðir, leggir, hendur og fætur. Bakið getur gefið sig og það er auðvitað vegna álagsins úti á sjó. Menn á aldrinum 50–60 ára sem stundað hafa sjómennsku frá unga aldri hafa jafnvel fundið til þessara einkenna. Í öðru lagi fylgir auðvitað slysahætta sjómannsstarfinu. Þetta eru tvær meginástæður þess að sjómenn verða svo oft öryrkjar. Þess vegna er byrði Lífeyrissjóðs sjómanna svo mikil sem raun ber vitni, þ.e. 43% greiðsluskylda út á örorkuþáttinn einan og sér meðan meðaltal sjóðanna, þ.e. 54 sjóða, er 16%.

Það er því alveg ljóst hvernig Lífeyrissjóður sjómanna vinnur að þessu leyti. Hann virkar eins og tryggingafélag fyrir útgerðina. Það er ekki hægt að draga neina aðra ályktun. Við vitum að þessir annmarkar fylgja sjómannsstarfinu, annars vegar mikið álag á stoðkerfi líkamans og hins vegar mikil slysahætta. Hvor tveggja þessara ástæðna er stór þáttur í því að örorkan tekur svo drjúgan skerf úr Lífeyrissjóði sjómanna. Hið sama má reyndar segja um nokkra aðra lífeyrissjóði sem hafa sjómenn innan sinna vébanda, m.a. Lífeyrissjóð Austurlands, Lífeyrissjóð Vestmanneyja, Lífeyrissjóð Bolungarvíkur með 40% og Lífeyrissjóð Vestfirðinga með 37%, svo eitthvað sé nefnt. Þannig er alveg ljóst hvernig vandamálið liggur.

Ég hef, herra forseti, í nokkur skipti flutt frv. um að útgerðarmenn tækju á sig nokkurn hluta af umbótum í Lífeyrissjóði sjómanna, þ.e. að útgerðarmenn greiddu um 2% ofan á framlög sín í lífeyrissjóðinn en sú inngreiðsla myndaði ekki réttindi fyrir viðkomandi launþega. Þetta væri framlag útgerðarmanna inn í lífeyrissjóðinn, markað með þessum hætti sem hlutfall af þeim launatekjum sem þeir greiða. Það vill svo til að launatekjur útgerðarinnar eru hlutfall af heildartekjum hennar. Sjómennirnir eru almennt á hlutaskiptum og þar af leiðandi yrðu þessi 2% hlutfall af tekjum útgerðarinnar í heild. Ég veit ekki hvernig menn ættu að dreifa þessari byrði öðruvísi en sem hlutfalli af tekjum. Aflabrögð mynda jú tekjugrunninn og aflabrögð mynda vinnuna og

vinnuálagið. Ég held að það hljóti að vera rétt. Eigi að fá útgerðarmenn til að greiða inn í lífeyrissjóðina, m.a. til að létta á örorkubyrðinni og skuldbindingum sjómanna þannig að við séum ekki alltaf á tveggja og þriggja ára fresti með frumvörp til að skerða réttindi þeirra, þá væri það hægt með þessum hætti.

Ég hef heyrt þá hugmynd nefnda að rétt væri að taka hluta af því sem á vantaði í Lífeyrissjóð sjómanna í gegnum svokallað auðlindagjald eða gjaldtöku af útgerðarmönnum fyrir að nýta auðlindina. Ég sé í raun engan mun á milli þeirrar leiðar og minnar. Þar væru menn að greiða af þeim aflaheimildum sem þeir nota og það vill svo til að aflaheimildirnar eru yfirleitt í hlutfalli við tekjurnar sem menn afla. Ég hygg að það mundi koma nokkuð svipað niður gagnvart útgerðunum.

Ég hefði talið, herra forseti, einfaldast að útfæra þetta þannig að ákveðin inngreiðsla, ákveðin prósenta, sem ég hef lagt til að væru 2%, kæmi ofan á greiðslutillag útgerðarmanna. Sú inngreiðsla myndaði ekki réttindi hjá lífeyrisþegunum heldur væri þetta eingöngu til að styrkja sjóðsmyndunina sem síðar gæti þá orðið til að koma í veg fyrir að stöðugt þurfi að skerða réttindi sjóðfélaga vegna takmarkaðrar eignamyndunar í sjóðnum. Þetta væri jafnframt viðurkenning útgerðarmanna á því að vegna áhættu og líkamsálags við sjómannsstarfið bæru þeir nokkra ábyrgð. Þetta væri viðurkenning þeirra á því að tryggingaþátturinn, örorkan sé þeim ekki alveg óviðkomandi.

Ég tel að ef þetta á að vera með því lagi sem við höfum staðið frammi fyrir í tvígang, að skerða réttindin með fárra ára millibili, þá verði ekki undan því vikist fyrir sjómannasamtökin að krefja útgerðina með einhverju móti um annars konar tryggingar út af örorkuþættinum. Þá eru menn komnir með þá kröfu inn í kjarasamninginn eða til hliðar við hann og ég veit ekki hvort nokkuð er betra að leysa það þar heldur en að leysa það bara hreinlega með inngreiðslu í lífeyrissjóðinn.

En það er alveg ljóst að mínu viti að samtök sjómanna sætta sig ekki við það í framtíðinni að svona mikil kvöð liggi á lífeyrissjóðnum varðandi örorkuþáttinn, sem má rekja til starfsins og er starfstengd áhætta. Þeir hljóta að gera kröfu til þess í framtíðinni að þetta verði með einhverjum hætti borið meira uppi af útgerðinni og að Lífeyrissjóður sjómanna að þessu leyti beri ekki meiri áhættu varðandi örorkuþáttinn en aðrir lífeyrissjóðir að meðaltali, kannski 16–20%. Ég held að það hljóti að koma upp.

Það sem við erum að gera nú með því að lögfesta það sem stjórn lífeyrissjóðsins biður um og á ekki annarra kosta völ í þeirri stöðu sem hún er í, einfaldlega vegna þess að ekki eru nema tvær leiðir til að laga stöðu sjóðsins. Önnur er að skerða réttindin, og það er það sem stjórn lífeyrissjóðsins hefur vald á og sjómannasamtökin sem standa að stjórn lífeyrissjóðsins, og hin er að auka tekjurnar. Þar stoppar málið á fulltrúum útgerðarmanna. Þeir eiga líka aðild að sjóðstjórninni en taka ekki undir það að útgerðin eigi að auka greiðslurnar inn og samtök útgerðarmanna hafa heldur ekki tekið undir það. Menn segja því sem svo: Við komumst hjá því að taka á okkur þessa ábyrgð svo lengi sem hún verður ekki annað hvort dæmd á okkur eða sett á okkur með lögum.

Nema svo mundi vilja til að samtök útgerðarmanna sæju nú sanngirnina og réttlætið í því að Lífeyrissjóður sjómanna beri ekki þennan þátt örorkunnar með þeim hætti sem verið hefur á undanförnum árum og kysu þá leið að semja um þetta.

Ég hef hins vegar talið að það frv. sem ég hef lagt hérna fram um tímabundna inngreiðslu útgerðarmanna, sem mundi vara a.m.k. í fimm ár og félli þá síðan niður ef menn ekki semdu um annað fyrirkomulag, væri áfangi í því að taka á þeim vanda sem við nú stöndum frammi fyrir um það að alþingismenn setji hér sérstök lög um skert réttindi lífeyrisþega í Lífeyrissjóði sjómanna.

Auðvitað má segja sem svo að ef Lífeyrissjóður sjómanna hefði verið með sérstaklega góða ávöxtun á sínu fé, verulega góða ávöxtun umfram svokallaða nafnvexti, þ.e. að verið væri að auka rauneign sjóðsins hreinlega með ávöxtun eins og reyndar hefur gerst í Lífeyrissjóði sjómanna, að stundum hefur tekist vel til að ávaxta það fé þó að það hafi tekist illa síðustu tvö, þrjú árin, þá hefði sjálfsagt verið hægt að horfa til þess með langtíma góðri ávöxtun að menn hefðu ekki þurft að grípa til skerðingarákvæðanna. En það er bara engin trygging fyrir því að menn eigi til þess von að langtímaávöxtun á fjármunum beri uppi þá kvöð sem lögð er á Lífeyrissjóð sjómanna, m.a. með örorkunni, ég held að það sé alveg borin von að ætlast til þess.

Enda má líka spyrja á móti: Eiga menn þá ekki að njóta þeirra ávaxta ef þeir eru svo heppnir að lífeyrissjóðir ávaxta fé sitt mjög vel, alveg eins og menn þurfa að bera þann skaða þegar illa tekst til við ávöxtun sjóðanna? Ég held að þannig eigi það að vera, menn verða að taka því að bera skaða af lélegri ávöxtun eins og að bera ávinning af góðri ávöxtun og það eigi ekki beinlínis að treysta á þann þátt málsins til að fjármagna sérstaklega afbrigðileg dæmi eins og örorkuþáttinn í Lífeyrissjóði sjómanna.

Þess vegna, herra forseti, er hægt að segja það í stuttu máli í lokin að ég sé bara enga aðra leið, ef menn ætla á annað borð að komast hjá því í framtíðinni að vera áfram í því að skerða af og til lífeyrisréttindi sjómanna en að tekið sé á þessum örorkuþætti. Það verður að gerast, herra forseti. Ef menn vilja ekki fallast á að gera það eftir þeirri aðferð sem ég hef lagt til, að útgerðarmenn greiði 2% af greiðslu launagreiðanda sem renni til lífeyrissjóðsins og efli þar eignastöðu sjóðsins, þá eiga menn ekki aðra aðferð en að sækja sérstaklega á varðandi þá sérstöðu sem sjómenn eru í með lífeyrismál sín varðandi örorkuþáttinn. Þá eru menn komnir að starfsáhættunni og starfsálaginu við sjómannsstarfið og það verður auðvitað ekki þannig að það verði borið uppi af sjómannastéttinni einni. Allir atvinnurekendur þurfa að tryggja starfsmenn sína og ef eitt starf er með þeim hætti að það valdi mönnum meiri skaða en önnur störf svo að verulega munar, eins og í þessum tryggingapakka hvað varðar örorkuna, þá hljóta menn auðvitað að segja sem svo: Við hljótum að sækja þann tryggingaauka til atvinnurekenda, a.m.k. að hluta til, en ekki að hafa þetta eins og er í dag að Lífeyrissjóður sjómanna sem er sameignarsjóður þeirra sem í sjóðinn greiða, sameignarsjóður á fé sjómanna, beri uppi þennan starfstengda og áhættutengda kostnað. Menn hljóta að horfa á það með þeim hætti, herra forseti. Ég mundi leggja það til að frekar yrði sest við það að reyna að leysa þetta með samkomulagi og lagasetningu í kjölfarið við útgerðarmenn heldur en að bíða þess að um þetta verði stórkostleg átök og deilur því að til þess hlýtur að draga í framtíðinni. Menn munu ekki sætta sig við að þetta gangi svona.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mikið lengra mál að þessu sinni um stöðu í lífeyrismálum sjómanna. Það er leitt að þurfa að gera það sem við hv. þingmenn stöndum frammi fyrir að þurfa að gera, þ.e. að skerða réttindin en ég

tel hins vegar að stjórn lífeyrissjóðsins hafi valið þá aðferð sem mildilegust getur verið í þessu efni og þess vegna mun ég, eins og árið 1999, styðja það að fara þessa leið, hversu umdeild sem hún er og hvernig svo sem menn líta á það. En ég mun auðvitað, eins og ég hef lýst yfir í máli mínu, einnig styðja það mjög fast og sækjast eftir því m.a. að menn sameinist um að taka á þeim vanda sem ég hef hér verið að lýsa og aðrir hafa reyndar komið inn á í máli sínu. Ég held að það sé mikil nauðsyn, herra forseti, og það sem meira er, ég held að okkur alþingismönnum væri sómi að því að gera það, að standa fyrir því að leysa þetta mál. Og ég held að íslenskum útgerðarmönnum væri líka sómi að því að koma að slíkri lausn í stað þess að neita ævinlega að taka þátt í eðlilegri lausn mála eins og mér finnst vera full rök fyrir í þessu máli.

[22:09]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég tek undir með þeim sem hér hafa talað í þessu máli. Öllum þykir það miður að svo skuli vera komið með Lífeyrissjóð sjómanna að hann þurfi að skerða réttindi sjóðfélaga með þessum hætti sem hér er gert, þótt það hafi líka komið fram í máli hv. þm. sem hér hafa talað að farið er að tillögu stjórnar sjóðsins og eins mildilega á þessu máli tekið sem frekast er unnt.

En af því að ég kom nokkuð við sögu þessa máls á sínum tíma og hef rætt um það oft áður úr þessum ræðustól þá ætla ég aðeins að hlaupa á nokkrum þáttum málsins, ekki að hafa langa ræðu um það, svo ljóst sem það liggur fyrir nú eftir ræður þingmanna. Ég get þó ekki látið hjá líða að skerpa á því sem gerðist í upphafi og ég tók þátt í og átti þar fundi með ráðherrum til lausnar þeirri fiskveiðideilu sem þá stóð yfir og sem gekk m.a. út á það þá að öll verkalýðshreyfingin hafði fengið svokallaða félagsmálapakka sem byggðust á ýmist hækkunum í orlofssjóð, sjúkrasjóði eða öðru sem ég man ekki nákvæmlega hvernig var leyst en væri vissulega full ástæða til að taka upp og skoða hvernig farið var með.

En á sama tíma og enn í dag eru fiskimenn eða stéttarfélög fiskimanna að fá greidda í sjúkrasjóði fasta krónutölu á meðan öll önnur verkalýðsfélög í landinu hafa greiðslur í sjúkrasjóði sem prósentuhlutfall af launum.

Þegar þetta var á sínum tíma rætt, eins og kom fram hjá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni, þá voru gefin eftir 3% í fiskverði af hálfu fiskimanna og menn féllu líka frá 3% hækkun kauptryggingar. Þetta var því engin smáinngreiðsla sem sjómenn lögðu inn á móti þeirri hugsanlegu breytingu sem þarna var í umræðunni um að sjómenn gætu hafið töku lífeyris við 60 ára aldur, eftir 25 ára starf, að meðaltali 180 daga á ári.

En þegar kom síðan að framkvæmd þessa máls þá var það nú svo að ríkissjóður taldi sig ekki bera neinar byrðar eða skuldbindingar í sambandi við þetta mál og hefur hér verið rakin sagan um málaferli o.s.frv. hvernig málinu lyktaði öllu.

En það er eins og fram hefur komið varðandi örorkuna og oft hefur verið talað um hér, að athyglisvert er að sjá að í skiptingu lífeyris er Lífeyrissjóður sjómanna að borga 42% í ellilífeyri en 43% í örorkulífeyri. Og það eru fleiri sjóðir sem eru svona settir.

Ég bendi t.d. á Lífeyrissjóð Austurlands sem borgaði í ellilífeyri 43% af heildarútborgun en 45% í örorkulífeyri. Sama á við um Lífeyrissjóð Vestmannaeyja sem er að borga 40% í ellilífeyri en 45% í örorkulífeyri. Þetta staðfestir það sem fram hefur komið áður og liggur náttúrlega ljóst fyrir hjá Tryggingastofnun ríkisins að slysatíðni er hvergi nokkurs staðar jafnmikil í neinni starfsgrein og hjá sjómannastéttinni. Aukinheldur er það annað sem kallar á og liggur ljóst fyrir að sjómenn eyða 25% meiri orku við það að stíga öldu og starfa um borð í skipi heldur en þeir sem hafa fast land undir fótum. Allt þetta hjálpast að sem veldur því að örorkan er ekki kannski eingöngu vegna slysa heldur vegna þess að mikið álag er á sjómenn þegar þeir eru við störf sín um borð í skipi. Og ekki hefur það minnkað með komu frystitogaranna, það er alveg ljóst.

Það er annað í þessu líka sem fram hefur komið, að menn hafa látið þau orð falla að líklega sé Lífeyrissjóður sjómanna eitt stærsta tryggingafélag, sem styður — ja léttir á skyldugreiðslum útgerðar ef tryggingar væru með öðrum hætti en raun ber vitni. Ég er ekki frá því að þetta sé rétt, að hér þurfi virkilega að taka á málum og skoða og eins og hv. síðasti ræðumaður kom inn á í sambandi við lausn þessara mála. Ég held að full ástæða sé til þess að þetta mál sé alvarlega skoðað og farið ofan í kjölinn á því hvort ekki sé rétt að finna annan flöt á málinu þannig að ekki þurfi nú að koma til aftur eða oftar skerðing greiðslna úr Lífeyrissjóði sjómanna.

Ég veit ekki hvernig er farið með það þegar sjómenn sækja staðgengilslaun sín til útgerðar eða Tryggingastofnunar ríkisins, hvernig sú sjóðsmyndun verður til í Tryggingastofnuninni, hvort sú upphæð er tekin af óskiptum afla sem þar lendir inni til greiðslu staðgengilslauna fiskimanna, en það er mál sem ásamt öðru þarf auðvitað að skoða og sjá hvernig hægt er að finna lausn á, eins og nefnt var áðan, þannig að skerðingar þurfi ekki að vera á þann veg eins og verið hefur.

Herra forseti. Ég hef áður á mörgum þingum þegar málefni Lífeyrissjóðs sjómanna hafa komið til umræðu farið yfir þennan flöt frá upphafi þess að félagsmálapakkar voru framreiddir, ef svo má segja, af hálfu stjórnvalda 1980 ef ég man rétt og hvernig sjómenn lentu þá á skjön við það sem gerðist annars staðar í verkalýðshreyfingunni. Þar af leiðandi tel ég mig ekki hafa ástæðu til að eyða tíma Alþingis lengur vegna þessa máls, en mun styðja það frv. sem hér liggur fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[22:16]

Útbýting þingskjala:

Mænuskaðaverkefni, 380. mál, svar heilbrrh., þskj. 614.
Óútskýrðir áverkar, 251. mál, svar heilbrrh., þskj. 612.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 2. umr.

Stjfrv., 359. mál (gjaldaheimildir). — Þskj. 399, nál. 592.

[22:17]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Virðulegi forseti. Mál þetta hefur verið sent til umsagnaraðila sem getið er um í nál. Nefndin fékk á sinn fund fulltrúa samráðsnefndar og fulltrúa Samtaka fjárfesta, auk fulltrúa Fjármálaeftirlitsins, viðskrn. og Seðlabanka Íslands.

Þetta mál er vel þekkt hér í þinginu og hefur komið fyrir árlega. Má segja að mörgu leyti að til fyrirmyndar sé hvernig staðið er að því að ákvarða þessi gjöld. Þeir aðilar sem þurfa við þau að búa eru hafðir með í ráðum um fjárhæð gjaldanna, samsetningu þeirra og eins um fjárhagsáætlanir Fjármálaeftirlitsins.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt lítt breytt. Nefndin vill beina því til viðskrn. að það fari yfir kostnað eftirlitsins vegna aukinna verkefna, vegna vinnu fyrir opinbera aðila og þátttöku í samstarfi í fjármálaeftirliti í Evrópu vegna undirbúnings að setningu nýrra reglna og laga á Evrópuvettvangi, enn fremur að það verði skoðað hvernig greitt er fyrir fjármálaeftirlit í nágrannalöndunum.

Virðulegi forseti. Nefndin leggur til að ráðuneytið beiti sér fyrir þessu og vinni að þessu máli áður en næsta frv. af þessum toga verður undirbúið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 2. umr.

Stjfrv., 371. mál (viðurlög, skilaskylda). — Þskj. 417, nál. 616.

[22:19]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. vegna staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum. Nál. er frá efh.- og viðskn. Alþingis. Málið var sent til umsagnar. Málið er einfalt og leggur nefndin til að það verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 2. umr.

Stjfrv., 372. mál (innheimta, skuldajöfnun o.fl.). — Þskj. 418, nál. 618.

[22:20]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Mál þetta var sent til umsagnar og var fjallað um það í nefndinni.

Virðulegi forseti. Nefndin gerir tillögu um smábreytingu á frv. sem kemur fram í nál. Breytingin snýst um tilvísun. Að öðru leyti leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt.

[22:21]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. framsögumanni fyrir greinargott yfirlit um þetta mál. Ástæðan fyrir því að ég kveð mér hljóðs er sú að ég hef ritað undir þetta nál. með fyrirvara, og hann stafar einfaldlega af því að ég vildi leyfa mér í þessu sambandi að vekja athygli á því að með frv. er ríkisvaldið enn einu sinni að setja sjálft sig í aðra og betri stöðu en aðrir lánardrottnar hafa. Þannig er einfaldlega mál með vexti að með frv. er hið opinbera að tryggja sér stöðu umfram aðra í sömu stöðu. Þetta er auðvitað ekki eina dæmið þar sem ríkisvaldið er á undan. Þarna er gengið mjög langt í því að herða alla skilmála sem gerir það að verkum að þeir sem standa frammi fyrir því að skulda munu auðvitað greiða þessar skuldir fyrst og fremst til ríkisins vegna þess að þar eru viðurlögin harðari og meiri. Það mun auðvitað hafa það í för með sér að ef menn eru á annað borð í vanskilum og geta ekki greitt munu þeir einfaldlega láta hjá líða að greiða aðrar skuldir. Ríkið kemur sér í aðra og betri stöðu en aðrir lánardrottnar geta skammtað sér.

Virðulegur forseti. Þetta tel ég óeðlilegt í þessu sambandi. Þetta er hins vegar mál sem kallar á meiri athugun en hægt er að koma við við afgreiðslu þessa frv. hér sérstaklega, og þess vegna taldi ég ekki ástæðu til að leggjast bókstaflega gegn því.

Ég vildi hins vegar leyfa mér, virðulegur forseti, af þessu tilefni að vekja athygli á þessu máli og þessari stöðu. Ég hef áður vakið athygli á því að ríkisvaldið getur skapað sér aðstöðu varðandi lögveð og annað þess háttar umfram aðra lánardrottna. Það tel ég einfaldlega óeðlilegt og vil þess vegna, virðulegi forseti, nota tækifærið til þess að vekja athygli á þessu máli ef það gæti orðið til þess að menn gætu í eðlilegu samhengi og svona almennt þegar verið væri að fjalla um mál eins og þetta tekið það upp með öðrum hætti og skoðað það í samhengi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáröflun til vegagerðar, 2. umr.

Stjfrv., 428. mál (afsláttur af þungaskatti). — Þskj. 554, nál. 631.

[22:23]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, með síðari breytingum.

Virðulegi forseti. Með frv. þessu er lagt til að tímabundin heimild til undanþágu frá greiðslu þungaskatts fyrir bifreiðar sem nota óhefðbundna orkugjafa verði framlengd til 31. desember 2004. Efh.- og viðskn. leggur til að þetta mál verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningsaðstoð, 2. umr.

Stjfrv., 429. mál (heildarlög). — Þskj. 556, nál. 632.

[22:24]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. fyrir hönd efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um útflutningsaðstoð. Mál þetta snýst fyrst og fremst um að framlengja gjaldstofn Útflutningsráðs, markaðsgjaldið, um fimm ár, frá 1. janúar 2003 til 1. janúar 2008, en lagaheimild fyrir þessari gjaldtöku rennur út um næstu áramót.

Enn fremur eru í þessu frv. gerðar nokkrar breytingar á starfsháttum Útflutningsráðs, þó fyrst og fremst í því skyni að samhæfa betur starfsemi Útflutningsráðs og Viðskiptaþjónustu utanrrn. Þá er enn fremur í frv. gert ráð fyrir sérstöku samstarfi við þá aðila er vinna að markaðssetningu á Íslandi

fyrir erlenda fjárfesta, og á að ráðstafa 14% af markaðsgjaldi til þessarar starfsemi.

Virðulegi forseti. Þetta mál hefur verið rætt á vettvangi Útflutningsráðs og þeirra aðila sem að því standa, þeirra aðila sem nýta sér þjónustu ráðsins. Enn fremur hefur málið að sjálfsögðu verið rætt við Viðskiptaþjónustu utanrrn. Um þetta mál er allgott samkomulag. Efh.- og viðskn. gerir því það að tillögu sinni að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 2. umr.

Stjfrv., 376. mál (tryggingardeild útflutnings). — Þskj. 428, nál. 633.

[22:26]

Frsm. efh.- og viðskn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Það er svo sem óvenjulegt því hér hefur mjög röskur formaður efh.- og viðskn. staðið lungann úr kvöldinu og mælt fyrir nál. frá þeirri nefnd.

Það er rétt að skýra það, herra forseti, að þau mistök urðu við 1. umr. að þessu máli um breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins var vísað til iðnn. enda snertir málið að miklu leyti íslenskan iðnað. Við nánari athugun kom í ljós, og rétt er, að þetta mál heyrir undir efh.- og viðskn. enda snertir það Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Þetta uppgötvaðist ekki fyrr en síðla dags á föstudag þegar búið var að boða til fundar í iðnn. og búið að boða gesti sem þetta mál snertir. Að höfðu samráði við embættismenn þingsins og hv. formann efh.- og viðskn. var ákveðið að iðnn. afgreiddi málið og sendi síðan sitt nál. til efh.- og viðskn.

Iðnn. fjallaði ítarlega um málið og fékk ýmsa gesti á sinn fund og umsagnir eins og getið er um í fylgiskjalinu á þskj. 633 en þetta er í rauninni afskaplega einfalt frv. Það lýtur að því að víkka út starfsheimildir tryggingardeildar útflutnings innan Nýsköpunarsjóðs frá því sem verið hefur. Það hefur komið í ljós að sambærilegar tryggingardeildir á Norðurlöndum búa við rýmri lagareglur en hér tíðkast og er verið með þessu að reyna að bæta þar úr. Markmið frv. er að treysta samkeppnisstöðu íslensks útflutnings.

Það hefur, herra forseti, komið í ljós að þær þröngu reglur sem eru um tryggingardeild Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hafa gert það að verkum að ýmis mjög ágæt verkefni, svo sem í skipaiðnaði, hafa ekki getað fengið svokallaðar verkábyrgðir og hefur það í rauninni ógnað mjög ágætum verkum sem íslenskur skipaiðnaður og aðrir hafa leitað eftir. Slíkar reglur eins og hér hefur verið nefnt eru mun rýmri í samkeppnislöndum okkar í nágrenninu og því er eðlilegt að efla samkeppnisstöðu útflutningsgreina og okkar sem þjóðar með því að rýmka þennan þátt innan Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Það er þó rétt að taka fram að þetta stenst, svo fremi sem ekki er verið að fara í samkeppni við einkamarkaðinn, reglur Evrópusambandsins og EFTA. Á það er lögð áhersla í nál. frá meiri hluta iðnn. að með þessari lagasetningu, ef af verður, verði þess gætt við framkvæmd laganna að ekki verði farið inn á starfssvið fjármálafyrirtækja heldur er hér einungis verið að fjalla um þau verkefni sem fjármálafyrirtækin af ýmsum ástæðum ekki vilja eða geta sinnt.

Herra forseti. Iðnn. sendi þetta álit sitt til hv. efh.- og viðskn. þar sem málið fékk einnig stutta umfjöllun og síðan afgreitt. Undir nál. efh.- og viðskn. rita hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, Hjálmar Árnason, Einar Guðfinnsson, Gunnar Birgisson, Össur Skarphéðinsson og Ögmundur Jónasson, sem þó setur fyrirvara.

Undir álit meiri hluta iðnn. setja nöfn sín hv. þm. Hjálmar Árnason, Guðjón Guðmundsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kjartan Ólafsson og Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara, sem og Árni Steinar Jóhannsson, með fyrirvara.

Svo mörg voru þau orð, herra forseti.

[22:31]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hér hefur verið gerð grein fyrir meðferð þessa máls, bæði í efh.- og viðskn. og eins í hv. iðnn. þar sem ég á sæti. Ég vildi einungis greina frá því hvers vegna ég skrifa með fyrirvara undir álit iðnn. um þetta annars ágæta frv. Ástæðan er sú að ekki er tekið fram hvaða fjármuni eigi að veita í þetta verkefni sem ég hefði þó talið eðlilegra að gera. Ég hefði viljað sjá í frv. að það væri áætlað að einhverju leyti hvað við værum að tala um miklar fjárhæðir. Það er það eina sem ég geri fyrirvara um í þessu frv. en styð það annars að öllu leyti eins og fulltrúi okkar samfylkingarmanna í efh.- og viðskn., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, gerir og er þar af leiðandi sammála málinu efnislega á allan hátt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, 2. umr.

Stjfrv., 354. mál (tölvunarfræðingar o.fl.). — Þskj. 391, nál. 532.

[22:33]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 81/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

Nefndin fékk umsagnir um þetta mál og gesti og fjallaði nokkuð ítarlega um það.

Þetta er einfalt frv. Með því er lagt til að starfsheitið „tölvunarfræðingur" verði löggilt. Jafnframt eru gerðar smávægilegar breytingar varðandi starfsheiti húsgagna- og innanhússarkitekta.

Samkvæmt 2. gr. laganna þarf leyfi ráðherra til að nota þau starfsheiti sem löggilt eru. Í frv. er gerð undantekning frá þessu hvað varðar tölvunarfræðinga sem lokið hafa BS-prófi eða meistaranámi í tölvunarfræði frá viðurkenndum íslenskum háskóla. Leyfisveitingar ráðherra í tilvikum sem þessum eru hreint formsatriði. Gera má ráð fyrir að hið breytta fyrirkomulag spari tíma og fyrirhöfn, bæði hjá stjórnvöldum og leyfisbeiðendum.

Herra forseti. Eftir að hafa fjallað nokkuð ítarlega um málið í iðnn. var samþykkt að mæla með þessari breytingu með örlítilli breytingu á sjálfu frv. Það er ekki efnisleg breyting, frekar orðalagsbreyting.

Undir nál. rita hv. þm. Hjálmar Árnason, Guðjón Guðmundsson, Árni Ragnar Árnason, Kjartan Ólafsson, Bryndís Hlöðversdóttir og Svanfríður Jónasdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagamerki, 2. umr.

Stjfrv., 346. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 382, nál. 623.

[22:35]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um félagamerki.

Verði frv. samþykkt leysir það af hólmi lög um almenn gæðamerki sem eru allt frá árinu 1935. Því var talið nauðsynlegt að endurskoða réttarreglur á þessu sviði í heild sinni, m.a. með tilliti til lagasamræmingar sem hefur átt sér stað í Evrópusambandinu.

Eftir að hafa farið yfir umsagnir og hlýtt á gesti komst nefndin að þeirri niðurstöðu að rétt væri að mæla með samþykkt frv., þó með örlítilli breytingu. Nefndin leggur til að tilvísun 2. gr. frv. til refsiákvæða í lögum um vörumerki verði felld niður en þess í stað verði tekið upp sérstakt refsiákvæði í frv. Þetta er gert til að tryggja skýrleika refsiheimildarinnar og refsinæmi.

Nefndin leggur því til að frv. verði samþykkt með breytingum um þetta eins og getið er um á þskj. 623.

Undir nál. rita hv. þm. Hjálmar Árnason, Guðjón Guðmundsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Pétur Blöndal, Kjartan Ólafsson, Bryndís Hlöðversdóttir og Árni Steinar Jóhannsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Búnaðargjald, 1. umr.

Frv. landbn., 442. mál (skipting tekna). — Þskj. 603.

[22:36]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um búnaðargjald, nr. 84 frá 26. maí 1997, með síðari breytingum, frá landbn. Það er 442. mál þingsins á þskj. 603.

1. gr. frv. hljóðar svo:

Á eftir 4. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Að lokinni álagningu ár hvert skal ríkisskattstjóri láta Bændasamtökum Íslands í té skrá um greiðendur búnaðargjalds eftir sveitarfélögum þar sem fram komi af hvaða búgreinum hver og einn hefur greitt. Skrána er samtökunum aðeins heimilt að nota til að sinna lögbundnum verkefnum sínum og þjónustu við bændur. Óheimilt er að veita öðrum aðgang að skránni. Einstakir greiðendur gjaldsins geta andmælt því við ríkisskattstjóra að nöfn þeirra verði birt í skránni enda liggi til þess lögmætar ástæður eða sérstakar aðstæður að mati ríkisskattstjóra.

Í 2. gr. er tafla í viðauka og í henni er sýnd hlutfallsleg skipting tekna af búnaðargjaldi.

Á 127. löggjafarþingi var lagt fyrir Alþingi frv. til laga um breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum. Frv. var lagt fram í þeim tilgangi að tryggja að búnaðargjald greiddist eingöngu af framleiðslu en ekki öðrum þáttum, t.d. heildsöluverði, og enn fremur að búnaðargjald reiknaðist aðeins einu sinni af sömu framleiðslu. Meðan frv. var til umfjöllunar í landbn. Alþingis samþykkti búnaðarþing að óska eftir lækkun gjaldsins úr 2,55% í 2,00% og jafnframt að skipting þess milli gjaldþega breyttist. Erindi þetta var sent landbn. Við skoðun á breytingalögunum kemur í ljós að skiptingunni, sem kveðið er á um í viðauka með lögunum, hefur ekki verið breytt. Því er ekki lengur samræmi á milli gjaldprósentu og skiptingar þar sem skiptingin miðast enn við 2,55% gjald þótt álagningin verði nú 2,00%. Tilgangur frv. er að leiðrétta þetta misræmi.

Þá var athygli nefndarinnar vakin á því að til að tryggja að skipting gjalds milli búgreina væri rétt væri nauðsynlegt að veita Bændasamtökum Íslands aðgang að upplýsingum um greiðendur búnaðargjalds og af hvaða búgreinum væri greitt.

Á fund nefndarinnar kom Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökunum. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá ríkisskattstjóra og Persónuvernd og haft var samráð við landbrn.

Fram til 1. janúar 1998 hafði Framleiðsluráð landbúnaðarins með höndum innheimtu svonefndra sjóðagjalda, þar með talið gjalda til Búnaðarmálasjóðs, Bjargráðasjóðs, framleiðsluráðsgjalda og neytenda- og jöfnunargjalda, en innheimtumenn ríkissjóðs eftir þann tíma og skipta þeir gjaldinu skv. 6. gr. laga um búnaðargjald milli Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda, búgreinasamtaka og Bjargráðasjóðs. Við þessa tilfærslu innheimtunnar hafa hagsmunasamtökin ekki lengur aðgang að upplýsingum um hverjir greiða búnaðargjaldið með sama hætti og fyrr. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar til tölfræðilegrar úrvinnslu á fjölda þeirra sem stunda mismunandi búgreinar eftir landsvæðum og hver þróunin er. Þá er Bændasamtökum Íslands nauðsynlegt að halda skrá yfir greiðendur gjaldsins svo að þeir geti notið réttinda hjá samtökunum umfram þá sem ekki stunda búnaðargjaldsskylda starfsemi, svo sem fengið sendar upplýsingar og notið lögfræðiráðgjafar. Þá eru viss réttindi tengd greiðslu búnaðargjalds, t.d. greiðsla úr Bjargráðasjóði.

Í 1. gr. er lagt til að ríkisskattstjóri skuli láta Bændasamtökum Íslands í té upplýsingar um greiðendur búnaðargjalds og af hvaða búgreinum sé greitt. Skrána er samtökunum aðeins heimilt að nota til að sinna lögbundnum verkefnum sínum og þjónustu við bændur og er samtökunum óheimilt að nota upplýsingarnar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi sem og að veita öðrum aðgang að þeim. Þá er gert ráð fyrir því að einstakir greiðendur geti andmælt því við ríkisskattstjóra að nöfn þeirra verði birt í skránni ef til þess liggja lögmætar ástæður eða sérstakar aðstæður að mati ríkisskattstjóra.

Í 2. gr. er tafla með hlutfallslegri skiptingu tekna af búnaðargjaldi og í 3. gr. er kveðið á um gildistöku greinanna en taflan í viðaukanum þarf að taka gildi á sama tíma og lækkunin á búnaðargjaldinu, sbr. 1. gr. laga nr. 84 26. maí 1997, um búnaðargjald.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Matvælaverð á Íslandi, síðari umr.

Þáltill. RG o.fl., 3. mál. — Þskj. 3, nál. 597.

[22:42]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um till. til þál. um athugun á orsökum fyrir háu matvælaverði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins.

Ég vil byrja á því að þakka öllum nefndarmönnum og líka gestum sem komu á fund nefndarinnar fyrir góð störf. Þess má geta að allir voru mjög samhentir í þeirri vinnu að reyna að vinna sem best að því að þessi þáltill. yrði sem best úr garði gerð.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að leita orsaka fyrir mismunandi matvælaverði á Norðurlöndum og í ríkjum Evrópusambandsins. Í þessu skyni fari fram nákvæmur samanburður á matvöruframleiðslu og verslunarháttum á framangreindum stöðum og könnuð þau skilyrði sem matvælaframleiðslu og matvöruverslun eru búin í hverju landi fyrir sig. Jafnframt verði sérstaklega leitt í ljós hvort ólík tenging Norðurlanda við Evrópusambandið hafi áhrif á mismunandi þróun matvælaverðs í löndunum. Að lokum er lagt til að niðurstöðum þessarar athugunar skuli skilað til Alþingis innan sex mánaða frá samþykkt tillögunnar.

Nefndin telur að markmið tillögunnar um að fram fari nákvæmur samanburður á matvöruframleiðslu og verslunarháttum á tilgreindum stöðum sé of umfangsmikið og kostnaðarsamt og jafnframt óraunhæft miðað við þann skamma frest sem gefinn sé til skýrslugjafar í málinu, þ.e. sex mánuði. Þess má geta að nokkrir gestir nefndarinnar töluðu um að það væru margir pyttir sem hugsanlega væri hægt að falla í varðandi verðkannanir, þær væru oft erfiðar og menn yrðu að átta sig á því nákvæmlega hvaða þætti ætti að skoða. Það má velta því fyrir sér hvort það hafi upphaflega verið tilgangurinn að skoða til að mynda landbúnaðarframleiðslu og landbúnaðarstefnu hvers einasta Evrópusambandsríkis, og ef svo hefði átt að vera væru sex mánuðir einfaldlega of skammur tími og þetta yrði þá allt of umfangsmikið. Nefndin telur því eðlilegra að í stað þess að leita orsaka fyrir mismunandi matvælaverði á tilgreindum stöðum með nánar tilgreindum hætti verði í upphafi kannað matvælaverð á þessum stöðum. Jafnframt verði reynt að gera grein fyrir hugsanlegum ástæðum mismunandi matvælaverðs, svo sem ólíkum verslunar- og framleiðsluháttum og mismunandi tengingu Norðurlandanna við Evrópusambandið. Þá leggur nefndin áherslu á að hagsmunaaðilar geti hér komið sjónarmiðum sínum á framfæri við þá sem koma til með að rannsaka.

Hugsunin með þessu er að þó að við getum leitt líkur að því að matvælaverð sé hærra hér en víða í nágrannalöndunum er ég ekki bara að tala um í Evrópusambandinu heldur á Norðurlöndunum og í Bandaríkjunum sem mér finnst að eigi ekki að útiloka frá þessari umræðu. Ég held að okkur sé nauðsynlegt að fá aðeins innlit í ameríska markaðinn líka því við höfum jú fleiri vörur hér á boðstólum frá Bandaríkjunum til að mynda en önnur ríki í Evrópusambandinu. Við vitum að matarúrval hér er meira en á mörgum öðrum stöðum í Evrópu. Við vildum ekki endilega gefa okkur þær forsendur að matvælaverð væri hátt en við áttum okkur þó á því að það er mjög líklegt að þessi rannsókn leiði í ljós að mætvælaverðið sé of hátt hér á landi, og þá viljum við fá að vita af hverju. Og þá viljum við ekki segja þeim sem eiga að rannsaka þetta nákvæmlega hvernig þeir eigi að gera það, heldur eiga þeir að koma með þessar tillögur til okkar og segja okkur af hverju matvælaverðið er of hátt. Og það eru margar ástæður fyrir því.

Það komu margar mjög gagnlegar ábendingar til okkar sem stóðum að þessu nál. í allshn., samhljóða nál., herra forseti, sem ég tel að þeim sem eiga að rannsaka þetta beri að skoða. Þess vegna teljum við mikilvægt að hagsmunaaðilar, þ.e. þeir sem eiga þarna hlut að máli, eins og verslunarmenn, Bændasamtökin og það má nefna flutningsaðila o.fl., geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri og þeim röksemdum sem þeim finnst skipta máli við svona könnun.

Herra forseti. Hér væri hægt að tína margt til af því sem kom fram á fundi nefndarinnar, til að mynda spurningu um hvort við búum við strangari reglur en gengur og gerist almennt í Evrópusambandsríkjum með tilliti til þeirra reglna sem EES segir okkur til um. Þar á meðal eru þær merkingar sem Hollustuvernd ríkisins gerir víst kröfu um. Við flytjum t.d. frá Bandaríkjunum, eins og við þekkjum, margar góðar kryddtegundir og súkkulaðivörur. Eitt og annað fáum við frá Bandaríkjunum en okkur dugar ekki að sjá það í skömmtum, þ.e. hver er kaloríueining á skammt, heldur verðum við að merkja það 100 g, hve margar kaloríur eru í 100 g. Þessar merkingar, að sögn þeirra sem komu á fund nefndarinnar, geta kostað neytendur allt að því 200 millj. kr. Það er engin smáupphæð. Það er að mörgu að hyggja þegar verið er að skoða svona. Ég ítreka það, án þess þó að við í allshn. viljum segja þeim sem eru að fara að rannsaka hvað þeir eigi að skoða nákvæmlega, að þá komu mörg athyglisverð sjónarmið fram á fundi nefndarinnar sem athygli nefndarmanna var vakin á.

Herra forseti. Það kom fram í máli gesta og umsagnaraðila að þeir styðja velflestir tillöguna og benda jafnframt á nauðsyn þess að heildstæð umræða fari fram á þessum vettvangi þar sem allir fletir málsins verði skoðaðir með það að markmiði að ná fram lækkun matvælaverðs hér á landi. Það er auðvitað það sem við viljum öll gera sem stöndum að þessu. Því leggur nefndin til að þessi tillaga verði samþykkt með eftirfarandi breytingu, með leyfi forseta:

„Tillögugreinin hljóði svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna matvælaverð á Íslandi í samanburði við helstu nágrannalönd. Jafnframt verði reynt að gera grein fyrir hugsanlegum ástæðum mismunandi matvælaverðs, svo sem ólíkum verslunar- og framleiðsluháttum.

Niðurstöðum þessarar athugunar skal skila til Alþingis innan sex mánaða frá samþykkt tillögunnar.“

Svo mörg voru þau orð, herra forseti.

[22:49]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hv. formaður allshn., Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, hefur mælt fyrir nefndaráliti allshn. vegna þáltill. um athugun á orsökum fyrir háu matvælaverði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins. Þetta er tillaga sem hv. þingmenn Samfylkingarinnar, Rannveig Guðmundsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir og Össur Skarphéðinsson fluttu og hlaut hún mikla umræðu og fjölmiðlaumfjöllun þegar hún var flutt í upphafi þings. Eins og sjá má þá var þetta 3. mál þingsins.

Það var afar skemmtilegt í vinnu allshn. að heyra álit allra þeirra gesta sem þar komu og þennan eindregna stuðning í raun við það að slík skoðun færi fram. Það kom líka í ljós að mjög mikið af þessum fyrirtækjum, þessum stóru fyrirtækjum, búa yfir gríðarlega miklum upplýsingum sem þau hafa verið að safna fyrir sig sjálf sem gætu nýst í svona vinnu. Það er bæði hjá fyrirtækjum og auðvitað stéttarfélögunum. Það er nokkuð sem er afar mikilvægt að þeir sem taka sæti í þessari nefnd safni saman upplýsingum um.

Einnig hefur komið í ljós að matvælaverð er eitt af því almikilvægasta sem snertir hag heimilanna fyrir utan kannski kostnað við íbúðarhúsnæði þannig að hér eru miklir hagsmunir í húfi. Við í Samfylkingunni höfum talið að þetta væri eitt brýnasta hagsmunamál heimilanna þannig að við gætum náð því að sitja við sama borð og aðrir.

Herra forseti. Þó við séum ekki mörg í salnum finnst mér fullmikill kliður.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti er sammála hv. þm. og biður hv. þingmenn um að hafa hljóð í salnum.)

Þakka þér fyrir þetta, herra forseti.

Eins og ég segi og ítreka er þetta eitt brýnasta hagsmunamál heimilanna og það væri mjög ánægjulegt ef fjölskyldur hér á landi gætu setið við sama borð og fjölskyldur annarra þjóða.

Annað var líka áhugavert að heyra, þ.e. það sem hv. formaður allshn. nefndi áðan varðandi innflutning á matvöru frá Bandaríkjunum. Það kom líka í ljós að þar eru ýmsar tæknilegar hindranir, bæði vegna merkinga á vöru og annað. Það fannst mér afar áhugavert að skoða. Það verður eflaust einn vinkillinn enn fyrir þessa nefnd að skoða.

Einnig var óhjákvæmilegt að ræða tengslin við Evrópusambandið og af hverju matvælaverð er miklu hærra bæði hér og í Noregi, þ.e. í þeim löndum sem eru utan þess sambands. Það verður því auðvitað eitt af því sem líka verður skoðað.

Gerð var breyting á tillögugreininni sem slíkri og ætti það í raun kannski að auðvelda vinnu nefndarinnar um margt því að annars gæti verkið orðið of yfirgripsmikið og tæki of langan tíma. Hún gefur okkur líka möguleika á framhaldsrannsókn eða skoðun á málinu þegar við fáum það álit sem hér liggur fyrir. Hins vegar kemur auðvitað allt fram í nefndarálitinu sem fram kemur í þáltill. sjálfri, svo ég bendi hv. þingmönnum á það. Það sem er í þáltill. sjálfri er því í nefndaráliti nefndarinnar þó að tillögugreinin sé örlítið breytt.

Ég vil bara lýsa ánægju minni með meðferð allshn. á tillögunni og því að við skulum ná þessu máli núna út úr nefnd enda eru hagsmunir fólksins í landinu í fyrirrúmi núna.

[22:53]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Hér hefur hv. formaður allshn. flutt nefndarálit allrar nefndarinnar um þá þáltill. sem flokkssystir mín, Rannveig Guðmundsdóttir, er 1. flm. að. Það er 3. mál þessa þings núna og var eitt af aðalmálum Samfylkingarinnar í upphafi þings. Ég kem til þess að lýsa ánægju minni með störf allshn. og hve fljótt og vel hefur verið unnið að þessu máli. Fjölmargir hafa komið til skrafs og ráðagerða með nefndinni, t.d. frá Kaupási, Samkaupum, Baugi og öðrum, frá flutningsaðilunum, Eimskip, Samskipum og Flugleiðum og fleirum sem komu til nefndarinnar að ræða þetta mikilvæga mál.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, var þetta eitt af aðalmálum þingflokks jafnaðarmanna í upphafi þings og það er ánægjulegt hvað það fær hér góðar viðtökur. Það að nefndin öll skuli koma fram með lítils háttar breytingu á tillögugerðinni er smáatriði. Aðalatriðið er að allir nefndarmenn hafa fallist á og séð að þetta þarf að skoða.

Það er sannarlega rétt. Ég tók þátt í umræðu um þetta mál þegar það var lagt fram og fór í gegnum það svona eins og það lá fyrir mér. Þess vegna fagna ég því að það eigi að skipa nefnd sem fari yfir þetta. Ég þykist sjá og vita að flutningskostnaður mun vega mjög þungt í þessu máli.

Herra forseti. Það leiðir hugann að öðru máli sem við jafnaðarmenn fluttum í upphafi þings, þ.e. 18. máli á dagskrá, sem er um vöruverð og samkeppnisaðstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu og hátt vöruverð á landsbyggðinni. Ég verð hins vegar að segja því miður, herra forseti, að það mál hefur ekki fengið eins góða afgreiðslu og góða tiltekt í þinginu og þessi tillaga. Ég vildi óska þess að mér hefði tekist að koma því máli til allshn. Þá hefði það kannski fengið jafnfljóta og góða afgreiðslu og þetta mál.

Tillaga mín sem er 18. mál þessa þings hefur tvisvar verið tekin á dagskrá þingsins. En umræðu er ekki lokið. Síðast var umræðu frestað að beiðni hv. 1. þm. Norðurl. e. Halldórs Blöndals sem vildi ræða þetta mál þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, væri viðstaddur og tæki þátt í þeirri umræðu.

Ég get aðeins sagt, herra forseti, að við þingmenn Samfylkingarinnar bíðum spennt eftir því að fá að klára þetta mál á Alþingi og vil ég biðja hæstv. forseta um að beita áhrifum sínum næst þegar forsn. kemur saman til að athuga það mál sem er till. til þál. um vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, það mál er hér í einhverjum óskiljanlegum frestunum. Það hefur ekki komist á dagskrá. Ég vil óska eftir því að hv. forsn. tæki það fyrir að koma því á dagskrá sem allra fyrst.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Eins og hv. þm. benti á í ræðu sinni þá var umræðu um nefnt mál frestað á sínum tíma og kemur til dagskrár á seinni stigum. Þannig standa þau mál.)

Já, ég þykist nú vita það og vissi það nú reyndar að málið mundi einhvern tíma koma á dagskrá. En það sem ég er að biðja um, hæstv. forseti, er að þetta mál verði tekið fyrir í forsn. og að hæstv. forseti sem situr hér og stýrir þessum fundi, taki það upp í hv. forsn. og beiti áhrifum sínum til að málið komist á dagskrá, en verði ekki látið bíða fram í janúar eða febrúar. Þá er fulllangt beðið. Þessari ósk er hér með komið á framfæri.

Ég vildi bara rétt segja um þetta nefndarálit og breytingartillögu sem hv. allshn. flytur að ég lýsi ánægju minni með störf allshn., þ.e. að málið skuli fá svo fljóta meðferð og vera komið hér þannig að það verður samþykkt. Það er sannarlega ekki vanþörf á að skoða þetta.

Herra forseti. Ég verð að segja að þegar ég leit yfir hópinn sem situr í allshn. þá kom mér í raun ekki á óvart að þetta skuli fá svo fljóta og góða afgreiðslu. Mér sýnist nefndin vera mjög vel skipuð jafnaðarmönnum úr hinum ýmsu stjórnmálaflokkum þessa lands.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Frv. allshn., 436. mál. — Þskj. 593.

[22:59]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar á þskj. 593. Það er 436. mál.

Allsherjarnefnd bárust að þessu sinni 20 umsóknir um ríkisborgararétt en skv. 6. gr. laga um ríkisborgararétt veitir Alþingi ríkisborgararétt með lögum.

Nefndin leggur til að 11 einstaklingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur að þessu sinni og er nafna þeirra getið á umræddu þingskjali.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipamælingar, 2. umr.

Stjfrv., 158. mál (heildarlög). — Þskj. 158, nál. 570.

[23:00]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um skipamælingar.

Ljóst er að nokkurt ósamræmi hefur verið í gjaldskrárákvæðum laga um mælingu skipa um tíma. Þannig er t.d. fjallað um gjald fyrir mælingar bæði í lögum um skráningu skipa og lögum um skipamælingar. Í lögum um skipamælingar er tekið fram að gjald skuli miðast við brúttórúmlestir. Sú mælieining hefur verið minna notuð og í stað hennar eru skip nú mæld í brúttótonnum í auknum mæli. Markvisst er unnið að því að leggja niður mælingu sem miðast við brúttórúmlestir og miða við brúttótonn þess í stað.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið fjölmarga aðila á sinn fund.

Nefndin er öll sammála og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. rita auk mín hv. þm. Hjálmar Árnason, Arnbjörg Sveinsdóttir, Magnús Stefánsson, Sigríður Ingvarsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Jón Bjarnason og Kristján L. Möller.

Að þessari umræðu lokinni, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Póstþjónusta, 2. umr.

Stjfrv., 257. mál (EES-reglur). — Þskj. 268, nál. 571 og 648.

[23:02]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta samgn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 19/2002, um póstþjónustu.

Með frumvarpinu er m.a. lagt til að þyngdarmörk og verðmörk bréfa sem falla undir einkarétt ríkisins verði lækkuð í tveimur þrepum. Lagt er til að 1. janúar 2003 lækki þyngdarmörkin úr 250 g í 100 g og verðmörkin úr fimm sinnum lægsta burðargjald í þrisvar sinnum lægsta burðargjald. Þann 1. janúar 2006 er síðan lagt til að þyngdarmörkin lækki í 50 g og verðmörkin í 2,5 sinnum lægsta burðargjald. Þessar breytingar eru í samræmi við þá þróun sem nú á sér stað innan Evrópusambandsins og miðar að opnun póstmarkaðarins.

Meiri hlutinn styður framangreindar breytingar sem og aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Meiri hlutinn leggur til tvær breytingar á frumvarpinu. Þær eru lagatækilegs eðlis og hafa ekki efnislega breytingu í för með sér.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum breytingum:

1. Við bætist ný grein er verði 6. gr. og orðist svo:

Í stað orðanna „46. gr.“ í 1. mgr. 47. gr. laganna, er verður 48. gr., kemur: 47. gr.

2. 2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Frá 1. janúar 2006 skulu þyngdarmörk 7. gr. laganna breytast úr 100 g í 50 g og verðmörk úr þrisvar sinnum lægsta burðargjald í 2,5 sinnum lægsta burðargjald.

Magnús Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita auk mín hv. þm. Hjálmar Árnason, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sigríður Ingvarsdóttir, Kristján L. Möller og Lúðvík Bergvinsson.

Herra forseti. Að lokinni 2. umr. um þetta frv. legg ég til að því verði vísað til 3. umr.

[23:05]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Hér er frv. til laga um breytingu á lögum um póstþjónustu komið til 2. umr. Hv. formaður samgn. hefur mælt fyrir meirihlutaáliti um það en sá sem hér stendur skipar minni hluta í afgreiðslu nefndarinnar á frv.

Eins og kom fram í máli formanns samgn. er hér verið að skerða einkarétt á póstþjónustu og opna fyrir aukna einkavæðingu þannig að þyngdarmörk bréfa, sem áður voru bundin einkarétti og þar með á ábyrgð ríkisins og Íslandspósts að dreifa, eru lækkuð úr 250 g niður í 100 g. Þetta er eins og að láta einhverjum blæða út smátt og smátt, stinga smásár hér og þar og láta blæða til að lama starfsemina. Þannig gengur það gagnvart þessari samfélagsþjónustu sem póstþjónustan er.

Þótt það sé ekki sagt berum orðum í frv. er ljóst að markmiðið er að einkavæða og losa Íslandspóst, þ.e. hina opinberu póstþjónustu, við allar skyldur. Það er markmiðið. Um leið og póstþjónustan er brotin niður, kvarnað úr henni og teknir þeir bitar sem hægt er að bjóða út, þ.e. póstþjónusta hér á stórþéttbýlissvæðinu, verður náttúrlega örðugra að halda úti hinni almennu póstþjónustu fyrir allt landið. Ég hef því skilað minnihlutaáliti um þetta frv. sem ég ætla að leyfa mér að fara yfir, virðulegi forseti.

Eins og komið hefur fram fjallar þetta frv. um að takmarka og skerða einkarétt og samábyrgð í póstþjónustu og færa hana út þannig að bjóða megi hana út í pörtum.

Minni hlutinn gagnrýnir þá stefnu ríkisstjórnarinnar, sem fram kemur í frumvarpinu, að fella niður í þrepum einkarétt og þar með ábyrgð ríkisins á póstþjónustu í landinu. Póstþjónusta er samfélagsþjónusta sem ríkinu ber að sjá um og tryggja. Ljóst er að gangi áætlanir ríkisstjórnarinnar um einka- og samkeppnisvæðingu póstþjónustunnar eftir mun þjónustan í dreifðum byggðum landsins dragast enn meira saman en orðið er.

Þótt frumvarpið láti lítið yfir sér er þar tekið enn eitt skref í einkavæðingu póstþjónustunnar og jafnframt dregið úr þeirri samábyrgð sem þjónustan grundvallast á.

Eins og gerð hefur verið grein fyrir er verið að skerða og rýra ábyrgð hinnar opinberu póstþjónustu og bjóða upp á útboð. *Útboð á póstþjónustunni mun alltaf leiða til þess að* boðið verður í arðbærustu hlutana þannig að hin opinbera póstþjónusta stendur eftir með hina óhagkvæmari þætti. Með þessu er brotin niður sú hugsun, tilfinning og sýn að við séum ein þjóð í einu landi þar sem ákveðna þjónustu má veita um land allt og það sé ekki hagkvæmara á einum stað en öðrum. Þannig styður þjónustan á einum stað þjónustuna á öðrum stað. Þessa hugsun er kerfisbundið verið að brjóta niður, þ.e. að við eigum að bera sameiginlega ábyrgð á ákveðinni grunnþjónustu, m.a. póstinum.

Það hefði verið fróðlegt og nauðsynlegt að taka aftur opinbera umræðu um það hvernig póstþjónustu menn vilja. Núna á haustdögum er verið er að skera niður þjónustu, t.d. að fá að greiða gíróseðla á pósthúsum. Það er verið að loka pósthúsum, hverju á eftir öðru, enda er það eðlilegt þegar búið er að hagræða alla þjónustuna burt.

Þessi þjónusta snertir líka blaðasendingar. Það hefur verið upplýst á Alþingi og eins í hv. samgn. að nefnd sé að störfum við að finna út hvernig megi styrkja eða standa að því að blöð og tímarit sem hingað til hefur verið dreift í gegnum póstþjónustuna megi vera þar áfram. Ekki hafa enn komið neinar tillögur um hvernig gera eigi mögulegt að blaðadreifing gangi með eðlilegum hætti hér á landi þannig að sú starfsemi leggist ekki af.

Virðulegi forseti. Það er svo sem ekki ástæða til að hafa um þetta mjög langt mál. Stefna þessarar ríkisstjórnar birtist hér í hnotskurn í þessu eina skrefi sem tekið er í átt að því að einkavæða almannaþjónustu í landinu. Eins og í ýmsu öðru veit enginn hvað átt hefur fyrr en misst hefur í þessum efnum.

Ég tel þetta skref aftur á bak, einhverjar aldir aftur á bak, ef ekki árþúsund aftur á bak. Það var þó borinn út póstur hér fyrr á öldum. Menn lögðu á sig hættulegar ferðir. Það var talin sterk samfélagsskylda að bera út póst, koma pósti á leiðarenda. Það var gert af þar til bærum stjórnvöldum sem öxluðu þá ábyrgð. Þegar við komum á skipulagðri póstþjónustu seint á 18. öld þótti það mikið framfaraskref. Íslenska þjóðin hefur verið stolt af því hvernig hún tók á póstþjónustumálum sínum. En ríkisstjórnin sem við búum við skellir skollaeyrum við, lokar bæði eyrum og augum fyrir ábyrgð á þessari samfélagsþjónustu. Hún telur það sitt æðsta hlutverk að einkavæða þessa þjónustu burt, hún skuli bara í boði þar sem hún er hugsanlega arðbær en ekki annars staðar.

Virðulegi forseti. Ég ítreka að þetta fv. um að skerða ábyrgð ríkisins á póstþjónustu í landinu er spor langt aftur á bak og ætti að vera þessari þjóð gríðarlegt áhyggjuefni. Það er *þessari ríkisstjórn til einskis sóma.*

[23:15]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég tek undir málflutning hv. þm. Jóns Bjarnasonar sem er eini fulltrúi í samgn. sem hefur uppi gagnrýni á frv. Hv. þm. Jón Bjarnason er ekki einn á báti. Hann talar sama rómi og Póstmannafélag Íslands. Hann talar sama rómi og samtök starfsfólks í almannaþjónustu. Hann er með uppi sömu varnaðarorð og koma frá fulltrúum dreifbýlisblaða um allt Ísland. Hann er með uppi sömu varnaðarorð og heyrast frá samtökum launafólks, frá Öryrkjabandalaginu og öðrum þeim sem nú þurfa að súpa seyðið af markaðsvæðingu póstþjónustunnar með þeim afleiðingum að þau samtök sem þurfa að dreifa málgögnum sínum til þúsunda félagsmanna rísa vart lengur undir þeim kostnaði. Kostnaðaraukinn hjá fjölmennum samtökum við að koma einu eintaki til allra sinna félagsmanna hleypur á mörg hundruð þúsundum króna. Þarf Öryrkjabandalagið þegar gjaldskráin sem samþykkt var 1. júlí sl. er að fullu komin til framkvæmda að borga um 1 millj. kr. meira til að koma málgagni sínu á framfæri.

Og hver verða viðbrögðin? Viðbrögðin verða að sjálfsögðu þau að dregið verður úr útgáfunni. Fulltrúar einkum landsbyggðarblaða hafa þungar áhyggjur af því að sú útgáfa kunni að leggjast af.

Þess vegna fóru samtök starfsfólks í almannaþjónustu með BSRB í broddi fylkingar þess á leit við samgrh. síðsumars að sest yrði yfir málið af hálfu samtaka launafólks og annarra hagsmunaaðila og reynt að finna lausn á þessu. Allir gera sér grein fyrir að ekki er við Íslandspóst að sakast í þessu efni heldur er það vegna þeirra kerfisbreytinga sem tengjast markaðsvæðingu póstþjónustunnar og ábyrgð ríkisstjórnarinnar þar sem sökin liggur.

Hæstv. samgrh. hefur verið inntur eftir þessu hér á Alþingi. Ég gerði það síðast fyrir viku eða svo, rúmri viku, og þá kom á daginn að frá nefnd sem hæstv. ráðherra hafði skipað, og hafði unnið ötullega, sagði hann, voru engar tillögur komnar.

Allir eru reiðubúnir að setjast yfir málin en menn skortir einfaldlega hugmyndir vegna þess að staðan er mjög þröng, m.a. vegna lagabreytinga sem hér er verið að boða, vegna þess lagaramma sem póstinum er gert að starfa samkvæmt, að markaðsvæðast.

Hvers vegna skyldu menn vera að þessu? Hvernig skyldi standa á því að fulltrúar allra flokka annarra en Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í samgn. styðja frv.? Skyldi það vera vegna þess að málið byggist að hluta til á tilskipun frá Evrópusambandinu? Þá gerist það nefnilega sem við höfum allt of mörg dæmi um að hv. íslenskir alþingismenn hætta að hugsa. Þeir líta á þetta sem einhvers konar nauðhyggju, nokkuð sem ekki verði vikist undan.

Við ræddum í kvöld þáltill. sem fjalla um viðauka við EES-samninginn og fela það í sér að Alþingi leggur blessun sína yfir ákveðnar kerfisbreytingar sem síðan verða keyrðar í gegn með lögum. Á sínum tíma afgreiddum við á vorin þáltill. af þessu tagi sem höfðu að geyma tilvísun til margra tuga mála. Eitt þessara mála eitt vorið var raforkutilskipun Evrópusambandsins. Einu þingmennirnir sem eitthvað höfðu um málið að segja voru þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Hvað gerist síðar? Jú, það er ekki fyrr en nú að hv. þm. Björn Bjarnason vekur máls á því í fjölmiðlum að hugsanlega kunni það að vera ráð að reyna að leita undanþágu frá þeirri tilskipun. En hvers vegna þessi þögn þegar málið kom fyrir Alþingi á sínum tíma?

Mér fannst það sláandi hér í kvöld þegar við ræddum þáltill. sem byggðust á tilskipunum frá EES að salurinn var tómur og nánast enginn áhugi á málunum. Ég geri mér grein fyrir að málið fær síðan efnislega og málefnalega umfjöllun í utanrmn. þingsins en mér finnst það koma öllu þinginu við að fylgjast með því sem er að gerast á þessum bæjum.

Hvers vegna vík ég að þessu? Jú, hér er ein tilskipunin enn og engin tilraun hefur verið gerð til að meta hvort það væri ráð fyrir Íslendinga að leita undanþágu frá þessari tilskipun. Það hefði vel getað gengið eftir að mínum dómi einfaldlega

vegna þess að við stöndum utan þessa stóra markaðar hvað póstþjónustuna snertir að verulegu leyti.

Hvað er það sem þetta frv. boðar? Frumvarpið boðar að þyngdarmörk og verðmörk bréfa sem falla undir einkarétt ríkisins verði lækkuð í tveimur þrepum. 1. jan. 2003 lækki þyngdarmörkin úr 250 g í 100 g og síðan komi frekari breytingar í þá veru síðar. Með öðrum orðum, verið er að minnka umfang póstþjónustunnar sem heyrt hefur undir einkarétt Póstsins, Íslandspósts. Það er smám saman verið að þrengja að póstþjónustunni með þessum hætti.

Mér finnst þetta ekki vera ráðlegt og mér finnst mjög undarlegt að þingmenn skuli vera eins reiðubúnir að ljá þessu máli stuðning og raun ber vitni í ljósi þess að okkur tekst ekki að finna lausn á þeim vanda sem ég lýsti áðan og er að leiða til þess að félagsleg blaðaútgáfa er að leggjast af í landinu. Er ekki kominn tími til að staldra ögn við og spyrja hvort við séum á réttri leið og kanna hvort það kunni að vera ráð að leita undanþágu frá EES-reglum hvað Póstinn snertir? Er ekki rétt að ræða þetta, er ekki rétt að kanna það? Var þetta rætt í samgn. þingsins? Var þessi möguleiki kannaður?

Ég þekki þetta af öðrum vettvangi í EFTA-nefnd þingsins. Við hittum reglulega aðila sem véla um EES-málin í Brussel og Genf og þar bar þetta mál m.a. á góma. Það sem okkar annars ágætu fulltrúar í stjórnsýslukerfi EFTA vöktu athygli okkar á í upphafi voru tímasetningar, hvenær tilskipunin ætti að koma til framkvæmda. En um innihaldið þurfti að þrýsta verulega á að við tækjum málefnalega umræðu um það hvort þetta væri í samræmi við hagsmuni okkar.

Herra forseti. Það er á þeim forsendum sem ég lýsi andstöðu við þetta frv. Ég vísa í álitsgerð Póstmannafélags Íslands, ég vísa í álitsgerð BSRB, ég vísa í varnaðarorð sem komið hafa frá öðrum samtökum launafólks, frá Öryrkjabandalagi Íslands og frá fulltrúum blaða vítt og breitt um landið, að sú stefna sem mörkuð var með markaðsvæðingu Íslandspósts og er rekin hér áfram leiði okkur út í ógöngur.

[23:26]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt um þetta mál. Hv. þm. Ögmundur Jónasson ræddi um gjaldskrá á blöð og það sem breytt gjaldskrá Íslandspósts hefur haft í för með sér í því. Ég get sagt að ég er alveg sammála hv. þm. hvað þetta varðar. Það er ófært að gjaldskrá Íslandspósts sé komin á það stig að félagasamtök, stjórnmálasamtök eða önnur, þurfi að fá á sig þann mikla kostnað sem er við að bera út blöð og þá miklu hækkun sem orðið hefur.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að útburður á slíku prentuðu máli frá stjórnmálasamtökum, félagasamtökum og öðrum eigi hreinlega að vera niðurgreidd samfélagsþjónusta og það eigi að koma inn í það dæmi sem verið er að ræða hvað varðar Íslandspóst og þegar menn eru að gera ákveðnar arðsemiskröfur til Íslandspósts.

Ég veit ekki hvort ég á að binda miklar vonir við þá nefnd sem skipuð hefur verið til að fara í gegnum þetta. Það kom fram á fundi samgn. hverjir eru í henni. Þar eru m.a. menn sem eru að vinna hjá Póstinum að mig minnir, eru í stjórn Íslandspósts, svo ég veit ekki endilega hvað út úr því kemur.

Ég hef áður gagnrýnt verðhækkanir Íslandspósts sem áttu sér stað sl. haust eða sumar, og hef bent á atriði þar sem sést hefur allt að 100% hækkun, þ.e. á pósti og pökkum undir 2 kg. En frv. snýst ekki bara um það sem við erum að ræða um hérna. Þetta frv. snýst um einkarétt og það sem þar hefur komið fram, þetta snýst ekki um þær breytingar á pósthúsum sem gerðar hafa verið víðs vegar á landinu þar sem pósthúsum hefur verið lokað, á sumum stöðum hafa þau verið færð inn í banka eða sparisjóði þar sem tilflutningurinn hefur tekist þokkalega, en á öðrum stöðum hefur hann tekist miður.

Ég hef sagt það líka í þingræðu að mér finnst stjórn Íslandspósts hafa staðið sig frekar illa við það að sækja, finna eða láta sér detta í hug önnur verkefni sem færa hefði mátt inn á pósthúsin strax eftir að skilið var á milli Íslandspósts og Símans. Þá þegar fór að halla undan fæti hjá pósthúsunum víða á hinum smærri stöðum á landsbyggðinni.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta langt. Það er aðeins í sambandi við 2. gr., þá nýju málsgrein sem kemur þar, þar sem fjallað er um að rekstrarleyfishafa sé heimilt að setja sérstaka gjaldskrá fyrir þá sem afhenda mikið magn póstsendinga. Ég nefndi hér við 1. umr., og spurði hæstv. samgrh. út í það atriði, þær áhyggjur sem ég hafði af því að fyrirtæki og þeir sem láta prenta mikið magn af blöðum úti á landi, sitji ekki við sama borð og hinir sem láta prenta jafnmikið af blöðum á höfuðborgarsvæðinu, til þess að leggja inn í væntanlegt söfnunarfyrirtæki póstsendinga. Ég tók það skýrt fram og spurði líka um þetta atriði í samgn. og hef fengið þær skýringar, bæði frá hæstv. samgrh. og frá þeim sem komu fyrir nefndina, að ekki þyrfti að hafa áhyggjur af þessu. Með öðrum orðum til að reyna að orða þetta skýrt, að aðili sem lætur prenta blöð, við skulum segja á Akureyri til að dreifa í Norðausturkjördæmi, 15–16 þúsund eintök, á að geta skilað þeim inn á pósthúsið á Akureyri og fengið nákvæmlega sama afslátt og notið þeirra afslátta sem hið stóra söfnunarfyrirtæki fengi ef það fyrirtæki sem væntanlega yrði á höfuðborgarsvæðinu tæki jafnmikið magn frá einum aðila og legði það inn til póstdreifingar í Reykjavík. Það kom fram bæði hjá samgrh. og hjá þeim sem komu til nefndarinnar að þeir litu svo á að þetta mundi verða þannig. Og að því leytinu til hef ég ekki gert athugasemdir eða brtt. við 2. gr. vegna þess að ég tel það fullgilt að fram hafi komið, bæði hér á hinu háa Alþingi og eins í nefnd að menn muni sitja við sama borð án tillits til hvar viðkomandi miðill er prentaður.

[23:30]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið þó að full ástæða væri til þess. Ég veit hins vegar að það tjóar lítt úr þessu þótt ég og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði munum ekki gefast upp við að halda sjónarmiðum okkar fram. Nú er að koma á daginn að sitthvað sem við vöruðum við þegar kerfisbreytingar voru gerðar á Pósti og síma á sínum tíma reyndist rétt.

Ég er ekki alveg sammála hv. þm. Kristjáni Möller um að þetta sé ekki hluti af sömu heild. Ef við tökum það sem hefur verið að gerast hjá Íslandspósti í seinni tíð er það svo að fyrirtækinu er gert að rísa sjálft undir tilkostnaði við þjónustuna. Þá er ráðist í breytingar á póstburðargjöldum. Þau eru stöðugt færð upp og ég lýsti afleiðingum þessa fyrir félagslega útgáfu.

Hvað gerist þá? Hver er líkleg afleiðing þessa? Jú, líklega munu viðkomandi félög draga úr útgáfu eða reyna að fá aðra aðila, íþróttafélög eða aðra, til að annast þessa dreifingu, alla vega að hluta til þar sem því verður komið við. Hitt mun þá hugsanlega, í strjálbýlli héruðum, vera á hendi á Póstsins, þess sem er dýrara. Þegar til lengri tíma er litið

mun þetta grafa undan rekstrarskilyrðum Póstsins. Þannig er smám saman þrengt að þessari stofnun.

Ég er sammála hv. þingmanni um að félagsleg útgáfa þarf að fá samfélagslegan stuðning. Það fékk hún. Eða eru menn búnir að gleyma því að Póstur og sími voru í nánu sambýli á Íslandi? Síminn, eins og við þekkjum, greiddi í ríkissjóð frá um 1990 fram til aldamóta um 20 milljarða kr. Þessir peningar voru hreinn arður af Símanum. Þeir voru afgangs eftir að fjármagn hafði verið tekið til uppbyggingar og til að niðurgreiða póstþjónustuna í landinu. Pósturinn hefur alltaf átt undir högg að sækja og naut þess að vera í hinu nána sambýli við Símann.

Menn töldu á sínum tíma að þetta væri úrelt fyrirkomulag, Pósturinn væri að þróast í eina átt og Síminn í aðra. Nú er að koma á daginn að þetta sambýli tilheyrir framtíðinni. Skilin á milli Póstsins og Símans eru stöðugt að verða ógleggri. Þessar stofnanir eru á nýjan leik að færast saman. Allt þetta var nokkuð sem við bentum á á sínum tíma.

Það sem hér er að gerast er einfaldlega áframhaldandi þróun í þessa átt, í markaðsvæðingarátt. Það mun leiða til þess að enn mun fjara undan þessari stofnun. Hún mun eiga undir högg að sækja. Hvers vegna? Vegna þess að markaðsvæðingin gengur út á að önnur fyrirtæki sæki inn á þennan vettvang. Að sjálfsögðu sækja þau þar inn á vettvanginn sem einhverja arðsemi er að fá. Þeirri arðsemi verður Pósturinn síðan af þannig að þar komast menn í vítahring.

Við hvetjum til þess að menn staldri við til að stöðva þessa þróun. Hvernig gerum við það? Við erum vissulega skuldbundin af ákvæðum EES-samningsins, það er rétt. Fyrsta skrefið væri að kanna á hvern hátt við gætum fengið undanþágu frá þessum tilskipunum. Það er fyrsta skrefið sem á að stíga, að skoða það. Láta einhverjir aðrir en við sér detta í hug að slíkt geti reynst hyggilegt? Þetta höfum við bent á vegna þess að síðan endum við með þá niðurstöðu að enginn hefur efni á að nýta sér þessa þjónustu sem þó verður að vera til staðar í þjóðfélaginu. Þá verður kallað á ríkisstyrk. Það er það sem gerist. Við erum búin að taka mjólkurkúna, sem Síminn var, sem niðurgreiddu þessa þjónustu. Samfélagið borgaði aldrei til Símans, ekki eina einustu krónu. Mjólkurkýrin er afhent út á markaðinn þar sem arðurinn streymir út en við sitjum uppi, skattborgarinn, með hinar þungu byrðar.

Nú er þetta að gerast með bankana eins og við þekkjum. Búnaðarbankinn og Landsbankinn hafa ekki fengið eina einustu krónu frá ríkissjóði um áratugi nema í formi lána. Þegar Landsbankinn fékk fyrir fáeinum árum fjármagn úr ríkissjóði var það allt greitt til baka. Búnaðarbankinn skilar á þessu ári 2.000 millj., tveimur milljörðum, eftir skatta. Allar þessar mjólkurkýr eru settar frá okkur og síðan reyna menn að að stoppa í götin með þeirri þjónustu sem eftir er, með því að skapa heimildarákvæði fyrir samfélagið til að fá leyfi, undanþágur frá markaðnum, til að styrkja ýmsa félagslega þjónustu og dreifbýlið.

Finnast mönnum þetta hyggilegir búsiðir? Mér finnst það ekki, okkur finnst það ekki. Við nálgumst þetta einfaldlega út frá hreinum búhyggindum. Einhvern tíma fyrr á tíð voru vinstri menn sakaðir um að vera mjög háðir hugmyndafræði, að þeir létu stjórnast af hugmyndafræði. Nú er þessu snúið við. Nú er það hægri vængurinn sem lætur stjórnast af hugmyndafræði um hvernig eigi að skipuleggja samfélagið. Það skal markaðsvætt alveg óháð því hvort það reynist borga sig eða ekki.

Við teljum þær kerfisbreytingar sem verið er að leggja til einfaldlega óhyggilegar gagnvart þjónustunni og gagnvart skattborgaranum í landinu. Þess vegna hvetjum við til þess að menn endurskoði vinnubrögðin. Hyggilegast væri að draga þetta frv. til baka, setjast yfir málið að nýju og spyrja spurninganna: Getur það verið að við eigum að kanna hvort þetta eigi ekki að heyra til undantekninga? Er þarna ekki efni til að fá undanþágu frá EES-tilskipuninni? Alla vega væri rétt að taka málið til umræðu í samgn. og síðan í þinginu.

[23:38]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt sem hv. þm. kom inn á áðan, að Pósturinn naut sambýlisins við Símann. Þessi starfsemi var í einu lagi og þar af leiðandi tókst að halda uppi góðum rekstri þar sem póstburðargjöldin báru ekki allan kostnað póstsins.

En það er annað atriði sem ég vil víkja að varðandi samstarf Pósts og síma. Sum réttindi starfsfólksins hjá póstinum voru, þ.e. hluti af þeim, svokölluð starfstengd uppbót. Meðal annars fengu þeir sem lengi höfðu starfað hjá póstinum sérstakan afslátt á símagjöldum í formi afnotagjalda símans.

Ég sá alveg nýverið, bara fyrir tilviljun, að þegar verið var að tala um að hlutafélagavæða þetta var þáv. samgrh. Halldór Blöndal, núv. forseti þingsins, að svara fyrirspurnum, m.a. um þessi réttindi. Hann var spurður hvað yrði um þau réttindi fólksins sem það hefði áunnið sér á löngum starfsaldri, að fá að njóta frís afnotagjalds. Í þessu blaði var haft eftir honum að að sjálfsögðu yrði þess gætt að öll réttindi starfsfólksins héldu sér.

Ég hef upplýsingar um, herra forseti, að svo hafi ekki verið. Það hefur ekki að öllu leyti verið staðið við þetta, m.a. hafa þau starfstengdu réttindi sem menn fengu með fríum afnotagjöldum af síma eftir að hafa unnið hjá póstþjónustunni í fjölda ára hafa ekki haldið. Það væri fróðlegt að vita í hvaða réttarstöðu það fólk var.

[23:40]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt sem fram kom í ræðu hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar. Það var margt sagt og mörgu lofað í tengslum við hlutafélagavæðingu Símans. Þáv. samgrh., Halldór Blöndal, sagði t.d. að í sínum huga kæmi ekki til greina að Síminn yrði seldur, hann yrði að vera að öllu leyti í eigu ríkisins. Það var náttúrlega ekki staðið við þessi fyrirheit. Þetta var svikið.

Hið sama gildir um réttindi starfsfólks. Þau voru látin fjara út og Íslandspóstur var ekki reiðubúinn að nýta sér þær kerfisbreytingar sem gerðar voru á Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna, sem póstmennirnir voru í, til að veita þeim þar aðgang. Það var því ekki staðið við að réttindin héldust óbreytt.

Varðandi afnotagjöldin þá þekki ég ekki svo gerla til þeirra. Hitt veit ég, að kerfið sem við bjuggum almennt við í samfélaginu byggði m.a. á því að samfélagslegar stofnanir sýndu ábyrgð, Síminn t.d. með því að veita ellilífeyrisþegum og öryrkjum, að því er ég best veit, afslátt af símakostnaði. Nú á að hætta öllu slíku.

Það er þessi þróun sem íslenskt samfélag hefur verið að færast í áttina til á undanförnum árum. Markaðsvæðingartakturinn hefur verið sleginn mjög hart af ráðherrastólunum. Þetta hefur leitt til aukinnar mismununar og hennar hefur gætt innan veggja þessara ágætu stofnana einnig, því miður.

[23:43]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að það sé alveg rétt að ýmislegt sem sneri að félagslegum réttindum fólks, t.d. aldurstengdum réttindum svo sem afsláttur af símagjöldum, hefur horfið með hlutafélagavæðingunni. Í raun og veru eru réttindi fólksins lakari en þau voru meðan þetta var í eigu ríkisins og meðan þetta var samrekið. Það er auðvitað hin kalda stefna einkavæðingarinnar. Réttindi sem menn hafa búið til, félagsleg réttindi, falla yfirleitt dauð með einkavæðingu.

[23:43]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það að alls staðar þar sem fyrirtækjum eða opinberum stofnunum hefur verið breytt í hlutafélög hefur hið sama verið uppi á teningnum. Réttindi starfsfólks hafa verið skert og nýir stjórnendur þessara fyrirtækja hafa ekki verið reiðubúnir að nýta þau réttindakerfi sem starfsfólki hafa staðið opin.

Ég ítreka að gerðar voru breytingar á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, rétt áður en pósturinn og síminn voru hlutafélagavædd, sem opnuðu á þann möguleika að starfsfólkið gæti fengið þar aðild. Yfirstjórnir bæði Landssíma hf. og Íslandspósts hf. meinuðu starfsfólkinu um þetta.

[23:45]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég vildi aðeins geta þess að mér varð aðeins á. Hér hefur orðið smáprentvilla í nál. meiri hluta samgn. þar sem ártal brenglaðist í prentun. Ég vildi geta þess sérstaklega að í stað 1. janúar 2001 á auðvitað að standa 1. janúar 2003. Þá mundi setningin hljóða svo:

„Með frumvarpinu er m.a. lagt til að þyngdarmörk og verðmörk bréfa sem falla undir einkarétt ríkisins verði lækkuð í tveimur þrepum. Lagt er til að 1. janúar 2003 lækki þyngdarmörkin úr 250 g í 100 g og verðmörkin úr fimm sinnum lægsta burðargjald í þrisvar sinnum lægsta burðargjald."

Ég vildi bara taka þetta fram að gefnu tilefni, herra forseti.

[23:46]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Virðulegi forseti. Hv. þm. og formaður samgn. var einmitt að benda á villu í nál. meiri hlutans þar sem stendur að lagt sé til að 1. janúar 2001 lækki þyngdarmörkin úr 250 í 100 gr. Árið 2001 er löngu liðið þannig að það var svo sem ágætisábending.

Ég kom annars upp til að bregðast við því sem hv. þm. Ögmundur Jónasson ræddi, þ.e. um hver forsendan væri eða hvers vegna væri verið að flytja þetta frv. eða standa að þessum breytingum sem skerða og draga úr ábyrgð ríkisins á póstþjónustu.

Það er hárrétt sem hv. þm. sagði. Þarna er vitnað til reglna frá Evrópusambandinu um Evrópska efnahagssvæðið sem við erum aðilar að. Þetta kom einmitt til umræðu í samgn. á þeim forsendum. Fulltrúar samgrn. sögðu það berum orðum, eins og kemur reyndar fram í nál. og í frv., að hér væri fyrst og fremst verið að uppfylla tilskipun frá Evrópusambandinu. Ég spurði í samgn. hvort menn væru alveg hættir að leggja skynsemismat á hlutina, hvort nefndarmenn í samgn., starfsmenn ráðuneytisins og ráðherra væru alveg hættir að leggja skynsemismat á hlutina þegar fram kæmi að uppfylla þyrfti einhverja tilskipun frá Evrópusambandinu.

Svarið sem kom við því, virðulegi forseti, var reyndar bara: Já. Menn sögðu að það væri ekkert verið að leggja neitt skynsemismat á hlutina ef það kæmi frá Evrópusambandinu. Ég taldi að bæði nefndin og ráðuneytið ættu að kanna málið sjálfstætt, hvort breytingarnar sem verið væri að gera væru landi og þjóð til heilla. Ég taldi að nefndin ætti að kanna það sjálfstætt og einnig hvort ekki væri hægt að komast hjá því að fara eftir þessum tilskipunum. Til þess virtist hins vegar enginn vilji, hvorki hjá samgn. né hjá ráðuneytinu, þetta væru bara reglur frá EES og þeim þyrftu ekki að fylgja nein skynsemisrök. Ég minnist þess að þessi orðaskipti urðu.

Það er ekki boðlegt á hinu háa Alþingi að við skulum vera búin að ofurselja okkur yfirþjóðlegu valdi þannig að við þurfum ekki lengur að beita eigin skynsemi við meðferð mála. Ég minnist þess þó að hæstv. forsrh. hefur sagt hér í þingsal að það sé ekki sjálfgefið að við eigum og þurfum að fara eftir þeim tilskipunum sem Evrópusambandið setur. Hann segir það okkar ákvörðun. Það sé okkar að staðfesta það ef við viljum gera það. Hjá hæstv. forsrh. hefur þó a.m.k. af og til örlað á því að stundum mætti beita skynsemi að skaðlausu.

Hér er skynseminni því miður kastað fyrir róða. Annars vegar er verið að uppfylla tilskipanir frá EES, gjörsamlega gagnrýnislaust. Hins vegar falla þær kannski líka að stefnu ríkisstjórnarinnar að því að einkavæða póstþjónustuna. Það er einkavæðing sem leiðir til þess að þessi samfélagsþjónusta mun hverfa af borðinu í stórum dráttum.

Hér hefur verið minnst á að póstþjónustan og póstafgreiðslan sé að færast inn í bankaútibúin. Ætli það sé ekki verið skammgóður vermir? Sú hefur orðið raunin að bankaútibúum fækkar og skert póstþjónusta sem nú er eftir mun ekki hefta þá þróun verði vilji ríkisstjórnarinnar keyrður fram.

Virðulegi forseti. Ég vildi vekja athygli á því að við meðferð þessa máls kom til umræðu í samgn. hvort ekki ætti að beita á þetta mál skynsemi eða skynsemisrökum, velta málinu fyrir sér út frá því hvort það væri landi og þjóð til farsældar. Af hálfu samgn. og fulltrúa samgrn. var því svarað að svo væri ekki gert í þessu tilviki heldur væri verið að uppfylla tilskipanir frá EES. Við það var látið sitja.

Ég harma þau svör sem fengist hafa og þá stefnu sem rekin er í þessu frv., að einkavæða almannaþjónustuna, einkavæða póstþjónustuna frá hinum almenna neytenda í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vitamál, 2. umr.

Stjfrv., 258. mál (vitagjald, sæstrengir). — Þskj. 269, nál. 634.

[23:52]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um vitamál, nr. 132/1999, frá samgn.

Með frumvarpinu er lögð til 14% hækkun á vitagjaldi og jafnframt hækkun á lágmarksgjaldi samkvæmt lögunum. Hækkunin er í samræmi við hækkun vísitölu neysluverðs og þá stefnu að notendur greiði kostnað af veittri þjónustu. Þjónusta við sjófarendur hefur aukist mikið á undanförnum árum. Til að mynda hefur öldumælingaduflum og veðurstöðvum

fjölgað í tengslum við uppbyggingu á upplýsingakerfi Siglingastofnunar um veður og sjólag.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að aflað verði samþykkis Siglingastofnunar Íslands áður en sæstrengir eða neðansjávarleiðslur eru lagðar og jafnframt að leitað skuli umsagnar stofnunarinnar um legu og merkingu hvers kyns fljótandi mannvirkja á sjó. Varfærni við lagningu sæstrengja og annarra neðansjávarleiðslna er mikilvæg af ýmsum ástæðum, ekki síst með tilliti til fiskveiða. Neðansjávarleiðslur geta og hafa leitt til röskunar á fiskveiðum. Af þessum sökum telur nefndin mikilvægt að tryggja að ávallt sé leitað álits hagsmunaaðila í sjávarútvegi áður en hafist er handa við lagningu sæstrengja og annarra neðansjávarleiðslna.

Nefndin vekur athygli á að lokasetning í athugasemdum við 1. gr. frumvarpins, þar sem segir að skip undir 10 brúttótonnum séu undanþegin vitagjaldi samkvæmt gildandi reglum, á ekki við rök að styðjast. Hið rétta er að öll skip greiða vitagjald.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri breytingu:

„Við 1. efnismgr. 2. gr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Áður en samþykki er veitt skal stofnunin leita álits hagsmunaaðila í sjávarútvegi.“

Undir nál. rita auk mín hv. þm. Hjálmar Árnason, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Magnús Stefánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Sigríður Ingvarsdóttir.

Herra forseti. Að lokinni 2. umr. legg ég til að málinu verði vísað til 3. umr.

[23:55]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er að mörgu leyti um eðlilegar lagfæringar að ræða með breytingu á vitagjaldi. Ég vil þó vekja athygli á að við þingmenn höfum á borðum okkar tvö mál sem snúa að gjaldtöku miðað við brúttórúmlestir, eða stærð skipa. Hér er talað um brúttótonn og reyndar er líka talað um brúttótonn í frv. um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Það sem ég vil hins vegar vekja athygli á, herra forseti, er að í þessu frv. um vitamálin er sett lágmarksupphæð á gjaldið, þ.e. það getur ekki orðið lægra en 3.500 kr. samkvæmt frv. Það var áður 3.000 kr. Almennt leggjast 78,20 kr. á hvert brúttótonn en gjaldið fer þó ekki lægra en 3.500 kr. Auðvitað má segja að ekki neitt óeðlilegt við að menn greiði eitthvert lágmarksgjald fyrir að njóta þeirrar þjónustu sem Siglingastofnun veitir varðandi vitana. Þá er rétt að vekja athygli á því að á undanförnum árum hefur Siglingastofnun bætt mikið upplýsingaþjónustu við sjófarendur, fiskimenn sérstaklega, með því að koma sér upp upplýsingaduflum, sjóduflum sem mæla veður og sjólag. Þar er síðan hægt að nálgast upplýsingar, einfaldlega með því að hringja í viðkomandi símanúmer og ná svo sambandi við viðkomandi dufl til að fá upp bæði ölduhæð, vindhraða og líka sveiflutíma á milli aldna. Þetta er mikið öryggisatriði varðandi sjósókn, sérstaklega fyrir minni fiskiskip. Með þessum upplýsingum má hreinlega meta hvort sjólag er vaxandi eða að ganga niður.

Ég tel að margt sem Siglingastofnun hefur verið að gera að þessu leyti sé til mikillar fyrirmyndar. Ég tel að þær upplýsingar sem menn eiga kost á núna við að stunda fiskveiðar og sjósókn hafi verið til mikilla bóta á undanförnum árum.

Hins vegar verður að halda við landvitunum, þ.e. vitum sem eru útverðir á hornum landsins, ef hægt er að segja svo, á Látrabjargi, Hornbjargi, Reykjanesi, Snæfellsnesi, Langanesi og fleiri vitum sem eru staðsettir á annesjum eða skerjum. Þessum vitum og byggingum þarf eðlilega að halda við. Ég vek athygli á því að tryggja þarf að þeim vitabyggingum, t.d. á Hornbjargi, sé haldið við. Það er mikilvægt að hinar miklu byggingar við Hornbjargsvita séu ekki látnar grotna niður heldur veitt fé til viðhalds á þeim. Þetta er auðvitað áfangastaður og í raun hluti af öryggisneti ferðamanna, t.d. yfir sumartímann ef eitthvað bjátar á í veðri eða öðru slíku. Þarna þarf að vera athvarf ef á þarf að halda. Ég teldi mikinn skaða ef þessi húsakynni yrðu látin drabbast niður. Ég vildi þess vegna vekja athygli á því við þessa umræðu. Það þarf að tryggja með einhverjum hætti að þessar fasteignir haldi gildi sínu og verðmætin séu þar af leiðandi nýtanleg þegar á þarf að halda.

Ég vil minna á frv. um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Við erum með lágmarksgjald í vitamálunum, þ.e. allir verða að borga eitthvert lágmarksgjald fyrir þessa notkun. En því er öfugt farið í þróunarsjóðsgjöldum. Þar erum við með hámarksgjald, þ.e. við leggjum þar gjald á hvert brúttótonn stærðar skips. En þegar skip eru komin upp í ákveðinn brúttótonnafjölda, sem gaf í eldri lögum 387 þús. og fer í 410 þús., stöðvast það þar þó að skipin séu miklu stærri og hafi tekjur langt umfram mörg önnur skip. Það vill nú þannig til að mörg af okkar stærstu og öflugustu skipum hafa jafnframt mestar tekjurnar.

Ég vek athygli á þessu, herra forseti, vegna þess að mér finnst gæta mjög mikils ósamræmis í þessari útfærslu. Mér finnst eðlilegt að þar sé lágmarksgjald líkt og í vitamálunum. Það nota allir þessa þjónustu og þar greiða menn lágmarksgjald, gjald sem er einhvað að lágmarki. Með sama hætti hefði ég talið að í þróunarsjóðsgjaldinu væri ekkert hámark en lágmark þannig að allir greiddu ákveðna upphæð í sjóðinn. Þar er gjaldtakan alveg öfug, herra forseti. Ég kem raunar í ræðustól til að vekja athygli á því að það er ákaflega lítið samræmi í útfærslu ríkisins á gjaldtöku í þessum málum. Þótt bæði gjöldin sé miðuð við brúttótonn, stærð skipa, og ætluð til ákveðinna verkefna, annað í viðhald vita, hitt í eftirlit með fiskveiðum, er útfærslan sitt á hvað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 17., 23.–26. og 31.–33. mál.

Fundi slitið kl. 00:03.

---

51. FUNDUR

miðvikudaginn 11. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 324. mál, þskj. 352, nál. 619, 636 og 637, brtt. 620, 621, 639 og 642. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 215. mál, þskj. 218, nál. 617 og 635, brtt. 630, 640 og 641. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Tryggingagjald, stjfrv., 181. mál, þskj. 182, nál. 520. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 322. mál, þskj. 350, nál. 579. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 355. mál, þskj. 392, nál. 582 og 606. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 359. mál, þskj. 399, nál. 592. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 371. mál, þskj. 417, nál. 616. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Staðgreiðsla opinberra gjalda, stjfrv., 372. mál, þskj. 418, nál. 618. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

9. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 428. mál, þskj. 554, nál. 631. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

10. Útflutningsaðstoð, stjfrv., 429. mál, þskj. 556, nál. 632. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

11. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 376. mál, þskj. 428, nál. 633. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

12. Matvælaverð á Íslandi, þáltill., 3. mál, þskj. 3, nál. 597. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

13. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 436. mál, þskj. 593. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

14. Skipamælingar, stjfrv., 158. mál, þskj. 158, nál. 570. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

15. Póstþjónusta, stjfrv., 257. mál, þskj. 268, nál. 571 og 648. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

16. Vitamál, stjfrv., 258. mál, þskj. 269, nál. 634. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

17. Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, stjfrv., 354. mál, þskj. 391, nál. 532. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

18. Félagamerki, stjfrv., 346. mál, þskj. 382, nál. 623. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

19. Safnalög, stjfrv., 393. mál, þskj. 454, nál. 622. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

20. Búnaðargjald, frv., 442. mál, þskj. 603. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

21. Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 424. mál, þskj. 550. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

22. Breyting á IX. og XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 425. mál, þskj. 551. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

23. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 426. mál, þskj. 552. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

24. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 438. mál, þskj. 599. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

25. Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 439. mál, þskj. 600. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

26. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 443. mál, þskj. 615. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

27. Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 445. mál, þskj. 625. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

28. Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, stjfrv., 183. mál, þskj. 184. — 3. umr.

29. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 321. mál, þskj. 349. — 3. umr.

30. Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, stjfrv., 323. mál, þskj. 351. — 3. umr.

31. Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, stjfrv., 344. mál, þskj. 380. — 3. umr.

32. Ábyrgðir vegna lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála, stjfrv., 356. mál, þskj. 393. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Karl V. Matthíasson, 2. þm. Vestf.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.,
Vilhjálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

[13:31]

Útbýting þingskjala:
Birting laga og stjórnvaldaerinda, 352. mál, nál. allshn., þskj. 657.

Framkvæmdir við viðhaldsverkefni, 387. mál, svar fjmrh., þskj. 647.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 324. mál (sérstakur tekjuskattur, rekstrartap, vextir o.fl.). — Þskj. 352, nál. 619, 636 og 637, brtt. 620, 621, 639 og 642.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:33]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Meginefni þessa frv. er framlenging og lækkun á hátekjuskatti og sérstakar viðbótarskattaívilnanir til fyrirtækja. Þingmenn Samfylkingarinnar leggjast gegn því að auka frekari heimildir til að nýta rekstrartöp í tíu ár í stað átta. Jafnframt munum við ekki styðja lækkun á hátekjuskattinum fyrst ríkisstjórnin telur sig ekki hafa svigrúm til að lækka skatta fólks með lágar og meðaltekjur en flytjum brtt. um að persónuafsláttur hækki í samræmi við launavísitölu á næsta ári.

Stjórnarflokkarnir sýna ljóslega með lækkun á hátekjuskattinum og frekari ívilnunum til fyrirtækja að þeir eru enn við sama heygarðshornið, að lækka fyrst og fremst skatta á þeim betur settu en láta þá sem minna hafa milli handanna bera byrðarnar. Því mótmælum við í Samfylkingunni. Við flytjum einnig brtt. í því skyni að styrkja skatteftirlit og auka skilvirkni í framkvæmd skattalaga. Þær brtt. munum við kalla flestar aftur til 3. umr. til að ráðrúm gefist til að ræða þær nánar áður en þær koma til atkvæðagreiðslu.

[13:34]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þetta frv. leiðir berlega í ljós pólitískar áherslur ríkisstjórnarinnar. Það er hluti af umfangsmeiri skattbreytingum sem koma til framkvæmda við þessi áramót og munu hafa í för með sér um 2 milljarða kr. tekjurýrnun fyrir ríkissjóð á komandi ári samkvæmt mati fjmrn.

Að uppistöðu til koma skattbreytingarnar fyrirtækjum og hátekjufólki fyrst og fremst til góða en eru á kostnað

smárra fyrirtækja. Þannig lækkar tekjuskattur fyrirtækja við áramótin um 1.700 millj. en á móti eru sóttar 1.800 millj. með hækkun tryggingagjalds sem einkum kemur mannmörgum fyrirtækjum í koll. Þá eru skattleysismörk hátekjufólks hækkuð og skattprósentan hjá því fólki að sama skapi. Við höfum séð stærri jólagjafir í ár, kann einhver að segja, minnugur þess að hreinn gróði Búnaðarbankans eftir skatta er á þessu ári um 2 milljarðar kr. Nokkuð kann að vera til í því að þiggjendur Búnaðarbankans megi þakka sínum sæla en minnumst þess að þetta eru skattkerfisbreytingar sem ætlað er að standa til framtíðar og þannig er frá þessum breytingum gengið að öll verkalýðshreyfingin, samtök eldri borgara og Öryrkjabandalag Íslands eru þeim andvíg og tala gegn þeim einum rómi.

Brtt. 620,1 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, TIO, VS.

17 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, StB, SvanJ, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, TIO, VS.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁMM, EOK, GÁS, GunnB, ÍGP, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, StB, SvanJ, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 639,1 felld með 28:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, KPál, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, TIO, VS.

15 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, StB, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 642,1 kom ekki til atkv.

2. gr. samþ. með 29:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, TIO, VS.

nei: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ.

1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, StB, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:37]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Tap fyrirtækja er tap og ekkert annað. Því er óeðlilegt og sýnir vanþekkingu á eðli atvinnurekstrar að skattleggja hagnað sem fer til að greiða tap fyrri ára nema fólk reikni með því að tapið sé ekki rétt metið sem er allt annað vandamál. Ég segi já við þessu skrefi í átt að sanngjarnara skattkerfi fyrir atvinnulífið.

3. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 639,2 kölluð aftur til 3. umr.

4. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GunnB, KVM, KHG, KPál, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:38]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við umræðu í efh.- og viðskn. og einnig hér í þingsal þótti mér ríkja einhugur um hvaða markmiði ætti að ná með breytingu á 59. og 116. gr. gildandi tekjuskattslaga. Menn vildu tryggja að reglur sem ríkisskattstjóraembættið setti um reiknað endurgjald og mat á hlunnindum ætti sér skýra lagastoð og að því marki sem nauðsynlegt var að byggja á reglugerð yrði að tryggja að lýðræðislega kjörinn aðili kæmi að reglusmíðinni. Tillögur stjórnarmeirihlutans gengu út á þetta og hugðist ég samþykkja þessa lagabreytingu en með brtt. sem nú hefur verið dregin til baka kom fram betra og ásættanlegra orðalag og hugsun og í samræmi við þann vilja sem mér fannst koma fram í efh.- og viðskn.

Í þeirri von að málið fái jákvæða endurskoðun fyrir 3. umr. mun ég sitja hjá við atkvæðagreiðsluna um þessa grein.

Brtt. 639,3 felld með 28:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS.

17 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GunnB, ÍGP, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvanJ, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:40]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er lagt til að persónuafsláttur hækki til samræmis við launavísitölu. Í tillögu frá meiri hlutanum sem greidd verða atkvæði um á eftir þessari hækkar persónuafsláttur inn aðeins um 107 kr. á mánuði. Á sama tíma beita stjórnarflokkarnir sér fyrir því að lækka um 2.700 kr. á mánuði skattbyrði einstaklinga sem hafa 500 þús. kr. og greiða hátekjuskatt. Þetta er enn ein staðfestingin á því hvernig þessi ríkisstjórn hyglir sérstaklega þeim betur settu í þjóðfélaginu.

Brtt. 620,2 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.

5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.

15 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:41]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég er andvígur sjómannaafslættinum eins og öllum öðrum skattalegum forréttindum einstakra hópa. Hér er hins vegar um eðlilega leiðréttingu að ræða og að gefnum sjómannaafslætti sem slíkum segi ég já.

Brtt. 639,4 kölluð aftur til 3. umr.

6. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, PP, SF, SvH, VE, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

7. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 639,5 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 639,6 kölluð aftur til 3. umr.

8. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 639,7 kölluð aftur til 3. umr.

9. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.

10.–11. gr. (verða 11.–12. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 639,8 kölluð aftur til 3. umr.

12. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SI, SF, SvH, VE, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 642,2 felld með 30:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, MF, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:45]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Með því að samþykkja þessa brtt. yrði ríkissjóði aflað 300 millj. kr. á komandi ári. Um er að ræða svokallaðan hátekjuskatt sem ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hér á Alþingi er að lækka um 2 prósentustig jafnframt því sem skattleysismörk hátekjuþrepsins eru hækkuð upp í rúmar 340 þús. kr. fyrir hvern einstakling. Þetta er síðan innheimt með því að stíga á bremsuna gagnvart því fólki sem býr við lökustu kjörin. Vel innan við helmingur af þeirri upphæð sem ríkisstjórnin er núna að gefa hátekjufólki í jólagjöf hefði nægt til að fjármagna tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um desemberuppbót upp á 36 þús. kr. fyrir atvinnulaust fólk. Þessi atkvæðagreiðsla gefur okkur innsýn í forgangsröð þingsins.

Brtt. 621 samþ. með 30:14 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS.

nei: ÁE, ÁSJ, BH, GE, GÖ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ.

4 þm. (EMS, GAK, JÁ*, SJóh) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁRJ, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

13. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 29:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS.

nei: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÖJ.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, MF, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:46]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég er andvígur hátekjuskattinum og tel að hann íþyngi barnmörgum fjölskyldum og hamli gegn frumkvæði, dugnaði og vinnusemi. En ég styð ríkisstjórnina sem verður að taka tillit til sjónarmiða beggja flokka og fagna því þessu litla skrefi úr 7% í 5%. Ég segi já með semingi.

Brtt. 620,3 (ný grein, verður 14. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Fjármálafyrirtæki, frh. 2. umr.

Stjfrv., 215. mál (heildarlög). — Þskj. 218, nál. 617 og 635, brtt. 630, 640 og 641.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:48]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Samfylkingin styður megininntak þessa frv. þar sem verið er að steypa mörgum lagabálkum um fjármálamarkaðinn í ein heildarlög um fjármálafyrirtæki. Við gerum þó ýmsar athugasemdir við einstök ákvæði frv. sem fram komu við 2. umr. málsins. Við höfum m.a. viljað sjá meira aðhald og styrkari ákvæði í neytendavernd um ýmsa þætti í umgjörð fjármálalífsins og eftirliti með fjármálafyrirtækjum ásamt því að Fjármálaeftirlitið fengi víðtækari heimildir til að geta betur sinnt hlutverki sínu. Við flytjum brtt. m.a. um það efni og ákvæði er lúta að því að styrkja frekar starfsemi sparisjóðanna, m.a. með ákvæðum um dreifða eignaraðild. Sömuleiðis flytjum við brtt. sem fela í sér lýðræðislegra fyrirkomulag vegna fjölgunar stofnfjáreigenda hjá sparisjóðunum þannig að ekki séu óeðlilegar hindranir í vegi fyrir því að þeir sem svo kjósa geti orðið stofnfjáreigendur.

Loks vil ég nefna að við munum ekki styðja brtt. meiri hlutans við 74. gr. sem er nokkurs konar dúsa til stofnfjáreigenda þar sem sett eru fram matskennd ákvæði um að auka arðsvon stofnfjárhluta við breytingu á sparisjóði í hlutafélag sem ég tel að gangi gegn þeim grunngildum sem sparisjóðalöggjöfin hefur byggt á um verðgildi stofnfjárhluta og færi vel á því að þeir sem eiga stofnfé í sparisjóðum tækju ekki þátt í þeirri atkvæðagreiðslu.

[13:50]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Með þessu lagafrv. eru sameinaðir í eitt fjórir lagabálkar og byggir frv. á mikilli vinnu í langan tíma. Í frv. er margt sem horfir til hagræðingar og framfara og á það reyndar við um frv. að mestu leyti. Hins vegar eru þættir í því sem eru mjög ámælisverðir og bera vott um mjög afturhaldssama og ólýðræðislega hugsun. Þannig er núna ætlunin að festa í lög bann við því að reka ríkisbanka. Við vitum að verið er að gefa vildarvinum ríkisstjórnarinnar ríkisbankana á grundvelli helmingaskiptareglunnar sem allir þekkja, en hvers vegna þarf að binda í lög bann við því að þjóðin eigi og reki banka án þess að hann sé rekinn sem hlutafélag?

Annað er að með þessu lagafrv. höfðu margir vænst þess að hæstv. viðskrh. stæði við yfirlýsingar sínar frá í sumar um að svo yrði búið um hnúta að skýr lagaákvæði reistu skorður við braski með stofnfé á sparisjóðum. Ekki var staðið við þessi fyrirheit og skýlir ríkisstjórnin sér á bak við lagalega álitsgerð, eina álitsgerð sem að mínu mati er vafasöm og a.m.k. umdeilanleg. Brtt. sem fram kom eftir 1. umr. er beinlínis hugsuð sem hvati til þess að umbylta sparisjóðunum í hlutafélög og vísa ég þar til brtt. við 74. gr. frv. Þessu erum við andvíg. Við munum greiða atkvæði með því sem við teljum horfa til framfara en Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur einnig lagt fram brtt. til þess að styrkja sparisjóði landsins.

1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.

14 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:52]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég styð frv. í heild sinni sem nauðsynlega og gagnlega breytingu á lögum um fjármálamarkaðinn og aðlögun hans að Evrópska efnahagssvæðinu. Hins vegar hlýt ég að vera á móti þeim sérkennilegu ákvæðum sem ætlað er að grípa inn í deilumál vegna gildandi laga þar sem sú framkvæmd að dæma með lagasetningu fer í bága við þrískiptingu valdsins. Ákvæðum frv. er ætlað að breyta réttaráhrifum gildra samninga milli manna með afturvirkum hætti. Á ég þar við svokallaðar yfirtökuvarnir sparisjóða í 2. mgr. 70. gr. Það er dómstóla að dæma um réttarágreining.

Herra forseti. Þessi framkvæmd minnir á tilskipanir einræðisherra fyrri tíðar. Enn fremur er eignarrétturinn skertur með þessu frv. sem ekki fær staðist stjórnarskrána að mínu mati. Ég segi já við frv. í heild sinni en mun gera grein fyrir afstöðu minni í þeim greinum sem ég er andvígur.

[13:53]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða sem ég er ánægð með að skuli vera komið til atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. Það sem ekki síst er mikilvægt við málið er að með svokölluðum yfirtökuvörnum sem frv. kveður á um er komið í veg fyrir að sparisjóðakerfið í landinu verði eyðilagt á einni nóttu eins og hefði ella getað orðið.

2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 630,1 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS.

19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, GE, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 630,2 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.

1 þm. (GÖ) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, EKG, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 630,3 samþ. með 49 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 630,4 samþ. með 48 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

8.–12. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

13. gr. samþ. með 31:4 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS.

nei: ÁSJ, JB, SJS, ÖJ.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, JÁ, JóhS, KolH, MF, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 630,5 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÖJ.

16 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS.

4 þm. (ÁSJ, JB, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, GÖ, GunnB, KVM, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MF, ÓÖH, SF, SJS, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddur.

15.–18. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 640,1 felld með 30:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS.

14 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

19. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 630,6 samþ. með 49 shlj. atkv.

20. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 640,2 felld með 30:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS.

15 þm. (ÁSJ, ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

21. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, StB, TIO, VS.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JóhS, JB, KolH, KLM, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, EOK, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SJS, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

22. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, EMS, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

23. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 630,7 samþ. með 49 shlj. atkv.

24. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.

25. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 630,8 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, MF, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

26. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SJS, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 630,9 samþ. með 49 shlj. atkv.

27. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 630,10 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS.

19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

28. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS.

19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

29.–33. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 630,11 samþ. með 48 shlj. atkv.

34. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

35. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 630,12 samþ. með 48 shlj. atkv.

36. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 630,13 samþ. með 45 shlj. atkv.

37. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.

38.–39. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 640,3 felld með 29:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ*, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS.

14 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 630,14 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.

10 þm. (ÁE, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, MF, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

40. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS.

16 þm. (ÁE, ÁSJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, GAK, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 630,15 samþ. með 47 shlj. atkv.

41. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.

42. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 630,16 samþ. með 49 shlj. atkv.

43. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.

44.–46. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 630,17 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, ÖJ.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

47. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, MF, ÓÖH, SF, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

48. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

49. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

50. gr. samþ. með 42:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ.
1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

51. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 630,18 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖJ.
1 þm. (GuðjG*) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

52. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
53. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 630,19 samþ. með 48 shlj. atkv.
54. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
55.–57. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

58. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞSveinb.
11 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, JóhS, JB, MF, SJS, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, JÁ, KVM, KolH, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

59.–60. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
61. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
62. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

63. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, ÖJ.
11 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JóhS, MF, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, JÁ, JB, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 641,1 felld með 29:7 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GE, JB, KolH, SJóh, SJS, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO.
11 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, MF, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

64. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO.
17 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SJóh, SF, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

65. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO.
18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 640,4 felld með 30:17 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO.
16 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

66. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO.
18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

67.–68. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb.
5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 630,20 (ný 69. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS.

17 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 630,21 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb.

5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 640,5 felld með 30:13 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, MF, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS.

5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

70. gr., svo breytt, samþ. með 41:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, MS, MF, PP, SI, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb.

nei: PHB.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, KPál, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:12]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er verið að takmarka eignarrétt stofnfjáreigenda frá gildandi lögum og er það liður í svokölluðum yfirtökuvörnum sparisjóða. Stjórn sparisjóðs er bannað að samþykkja framsal virks eignarhluta nema, eins og segir orðrétt í frv., með leyfi herra forseta: „að um sé að ræða lið í nauðsynlegri fjárhagslegri endurskipulagningu viðkomandi sparisjóðs og ...“

Í greinargerð með frv. segir um 70. gr., með leyfi herra forseta:

„Með ákvæðum 2. mgr. eru treystar varnir sparisjóðanna gegn slíkum yfirtökuboðum með því að skerpa á meginreglunni um dreifða eignaraðild.“ — Átt er við yfirtökuboð í SPRON í sumar.

Þetta ákvæði minnir á tilskipanir einræðisherra fyrri tíma þegar honum líkaði ekki eða óttaðist niðurstöður dómstóla.

Herra forseti. Fyrir utan það að alltaf má telja að aðgerðir falli undir þetta ákvæði er samt um takmörkun á eignarrétti stofnfjáreiganda að ræða og með vísan til stjórnarskrárinnar segi ég nei.

[14:13]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Vegna þess sem fram kom í umræðunum fyrr um að óskað var eftir því að þeir sem ættu stofnfjárhluti í sparisjóði mundu ekki taka þátt í atkvæðagreiðslum um þessi atriði vil ég taka til máls. Ég á stofnfjáreign í Sparisjóði Reykjavíkur, ég vil taka það fram, en jafnframt vil ég ítreka að ég tel að svona ósk sé á þeim reginmisskilningi byggð að um vanhæfisskilyrði þingmanna sé að ræða. Þingmenn verða almennt ekki vanhæfir, til að mynda getur hv. þm. Ögmundur Jónasson talað hér og greitt atkvæði um BSRB eins og hann vill, hann hefur sjálfsagt lofast til þess áður en hann fór til þings. Formenn stjórnmálaflokkanna geta greitt atkvæði með tillögum um fjárframlög til stjórnmálaflokka. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir getur greitt atkvæði með launafólki að eigin mati þó að hún hafi lofað að gera það fyrir kosningar. Þingmenn verða almennt ekki vanhæfir en það er ágætt að við vitum nákvæmlega hvar þeir standa. Það er algjör misskilningur að krefjast þess að þingmenn sýni einhverja vanhæfni af einu eða öðru tilefni hér. Það er enginn þingmaður vanhæfur við afgreiðslu mála í þinginu.

71.–72. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS.

17 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, KVM, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 641,2 felld með 27:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJóh, SJS, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS.

10 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, KPál, MF, SvanJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁMM, EOK, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 640,6 felld með 29:12 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS.

4 þm. (ÁSJ, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, JB, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, MS, MF, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 630,22 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl,

HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, StB, TIO, VS.

7 þm. (ÁSJ, EMS, JB, KolH, SJS, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GunnB, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

73. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb.

7 þm. (ÁSJ, EMS, GE, JóhS, JB, KolH, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁMM, ÁMöl, BBj, GHall, GÁS, GunnB, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, SF, SJS, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 630,23 samþ. með 29:3 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS.

nei: ÁSJ, JB, ÖJ.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, JÁ, JóhS, KolH, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GunnB, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, SF, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

74. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, TIO, VS.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GunnB, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, SF, StB, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

75. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, PP, SI, SAÞ, SF, SP, TIO, VS.

20 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KPál, MF, PHB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GunnB, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, StB, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:17]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. 2. mgr. 75. gr. hljóðar svo, með leyfi herra forseta:

„Í samþykktum er þó heimilt að kveða á um að sjálfseignarstofnun skv. 76. gr. geti farið með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Á stofnfundi skal sjálfseignarstofnunin fara með atkvæði í samræmi við hlutafjáreign sína.“

Hvað skyldi nú sjálfseignarstofnun ákveða á stofnfjárfundi? Að sjálfsögðu ákveður hún að ráða. Í þessu felst að völdin eru í því göfuga fé sem enginn á. Þessi stofnun fer með 90% af atkvæðamagni hjá SPRON ef þeim sparisjóði yrði breytt í hlutafélag. Það er öll dreifingin á eignaraðild.

Undanfarnir mánuðir hafa verið tímar mikilla anna hjá stjórn SPRON. Menn selja og kaupa banka án nokkurs samráðs við kóng eða prest, hvað þá stofnfjáreigendur. Mér segir svo hugur að mat stjórnarinnar á kaupverði Frjálsa fjárfestingarbankans gæti verið 1.000 millj. of hátt, +/- 300 millj. Það er verið að meta þetta núna. Þannig er verið að flytja göfugt fé frá sparisjóði til hlutafélags sem seldi honum viðkomandi banka. Þetta er hið göfuga fé sem við erum að ræða um. Þar sem um óbreytt ákvæði er að ræða sit ég hjá.

Brtt. 630,24 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KPál, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvanJ, TIO, ÞSveinb.

4 þm. (ÁSJ, JB, KolH, ÖJ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁMM, BBj, EMS, GuðjG, GÁS, GunnB, JÁ, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, MS, MF, ÓÖH, PHB, SJS, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

76. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvanJ, TIO, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, KPál, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, GunnB, JÁ, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

77. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvanJ, ÞSveinb.

5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GÁ, GunnB, JÁ, KVM, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddur.

78.–80. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 630,25 samþ. með 47 shlj. atkv.

81. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.

82.–83. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 630,26 samþ. með 46 shlj. atkv.

84. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 630,27 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖJ.

2 þm. (EMS, JóhS) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GunnB, KVM, KÓ, KHG, LMR, LB, MF, ÓÖH, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

85. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 630,28 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO.
19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GunnB, KVM, KÓ, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

86. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO.
16 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GunnB, ÍGP, KVM, KÓ, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

87.–100. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 630,29 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, MF, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖJ.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

101. gr., svo breytt, samþ. með 40:2 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KLM, MS, MF, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb.
nei: KPál, PHB.
6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:23]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er enn verið að takmarka sameiningu sparisjóðs og banka sem leyfð hefur verið hingað til. Þó að hér sé um eðlilega ráðstöfun að ræða má þetta ákvæði ekki virka afturvirkt fyrir starfandi sparisjóði því að það takmarkar möguleika á sölu stofnfjár, samanber sölu stofnfjár tveggja sparisjóða á Vestfjörðum til Kaupþings banka hf. annars vegar og SPRON hins vegar fyrir ári síðan, sennilega á yfirverði þó að upplýsingar liggi ekki fyrir um það og fáist ekki. Þetta ákvæði brýtur sennilega í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar um takmörkun á eignarrétti og ég segi nei.

102.–107. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 630,30 samþ. með 48 shlj. atkv.
108. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
109.–110. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 630,31 samþ. með 46 shlj. atkv.
111. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
112. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 630,32 samþ. með 47 shlj. atkv.

113. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KLM, MS, MF, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb.
7 þm. (ÁSJ, JB, KolH, KPál, PHB, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:26]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er lagt til að gildistaka þessa frv. verði 1. janúar nk., þ.e. eftir 21 dag. Það er ljóst að stofnfjáreigendur og aðrir aðilar sem gert hafa samninga á grundvelli gildandi laga þurfa að hafa hraðar hendur til að bjarga eignum sínum undan þeirri skerðingu á eignarrétti sem þetta frv. hefur í för með sér. Þetta undirstrikar enn frekar þann tilskipunarblæ sem er á þessu frv.

Þar sem ég má ekki fallast á skerðingu eignarréttar sem í frv. felst en styð þó frv. að öðru leyti sit ég hjá.

114. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 630,33 (ný grein, verður 115. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

Ákvæði til brb. I–III samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb.
5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Tryggingagjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 181. mál (lækkun gjalds o.fl.). — Þskj. 182, nál. 520.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:28]
1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖJ.
1 þm. (GÖ) greiddi ekki atkv.
20 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GAK, GÁS, GunnB, JÁ, JHall, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 2. umr.

Stjfrv., 322. mál (ýmsar gjaldtökuheimildir). — Þskj. 350, nál. 579.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:29]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 579 (ný 2. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.
3.–5. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður sjómanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 355. mál (elli- og makalífeyrir). — Þskj. 392, nál. 582 og 606.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:31]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ.
19 þm. (ÁE, ÁMM, BBj, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, MS, ÓÖH, SJS, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[14:30]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér erum við að greiða atkvæði um það að skerða ákveðin réttindi í Lífeyrissjóði sjómanna. Því miður er ljóst að Lífeyrissjóð sjómanna vantar 7,5 milljarða upp á að eiga fyrir skuldbindingum sínum. Því verður ekki undan því vikist að taka á vanda hans. Ég hef lagt fram frv. um það að útgerðarmenn komi að því að leysa m.a. vanda Lífeyrissjóðs sjómanna sem þeir hafa ekki viljað samþykkja heldur barist gegn. Ég tel að þessi vandi sé ekki sjómanna einna og að útgerðarmenn eigi af heiðarleika að koma að því að leysa hann með sjómönnum. Ég vísa til nál. minni hlutans varðandi þetta mál. Ég mun greiða því atkvæði vegna þess að það er ekki önnur staða uppi varðandi það að láta sjóðinn eiga fyrir skuldbindingum sínum.

2.–3. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 359. mál (gjaldaheimildir). — Þskj. 399, nál. 592.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:32]
Brtt. í nál. 592 samþ. með 44 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 371. mál (viðurlög, skilaskylda). — Þskj. 417, nál. 616.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:33]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 372. mál (innheimta, skuldajöfnun o.fl.). — Þskj. 418, nál. 618.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:34]
1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 618 samþ. með 43 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
4.–5. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 428. mál (afsláttur af þungaskatti). — Þskj. 554, nál. 631.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:35]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Útflutningsaðstoð, frh. 2. umr.

Stjfrv., 429. mál (heildarlög). — Þskj. 556, nál. 632.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:35]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KPál, MS, MF, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖJ.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
19 þm. (ÁMM, BBj, EMS, GÁS, GunnB, JóhS, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2.–8. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, MF, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖJ.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, BBj, EMS, GÁS, GunnB, JóhS, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 376. mál (tryggingardeild útflutnings). — Þskj. 428, nál. 633.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:36]
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, MF, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖJ.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
21 þm. (ÁMM, BBj, EOK, EMS, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, JóhS, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddur.

2.–4. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, MF, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖJ.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
20 þm. (ÁMM, BBj, EMS, GHall, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Matvælaverð á Íslandi, frh. síðari umr.

Þáltill. RG o.fl., 3. mál. — Þskj. 3, nál. 597.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:37]
Brtt. í nál. 597 (ný tillgr.) samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖJ.
17 þm. (ÁMM, BBj, EMS, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 664).

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 1. umr.

Frv. allshn., 436. mál. — Þskj. 593.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.

Skipamælingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 158. mál (heildarlög). — Þskj. 158, nál. 570.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:38]
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
2.–11. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Póstþjónusta, frh. 2. umr.

Stjfrv., 257. mál (EES-reglur). — Þskj. 268, nál. 571 og 648.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:39]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Með þessum breytingum á lögum um póstþjónustu er gengið enn lengra en áður í að markaðsvæða póstþjónustuna í landinu með þeim fyrirsjáanlegu afleiðingum að rekstrarforsendur Íslandspósts hf. munu veikjast og póstburðargjöld hækka. Mest mun þetta bitna á landsbyggðinni og félagasamtökum. Ég vek athygli á því að þessum lagabreytingum hefur verið harðlega mótmælt af samtökum póstmanna og andmæli hafa borist víðar að úr þjóðfélaginu.

En hvers vegna er þetta gert? Það er gert vegna þess að þetta byggir á tilskipun frá Evrópusambandinu. Við umræðu um þetta frv. hafa þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hreyft þeirri hugmynd að við leituðum undanþágu frá þessari tilskipun en það er með þetta mál eins og annað sem kemur frá Evrópusambandinu að þar fljóta menn áfram í meðvitundarleysi og taka boðskapinn frá Brussel nánast eins og heilaga ritningu. Ég harma þetta andvaraleysi og vara við þeim lagabreytingum sem hér á að ganga til atkvæða um.

1. gr. samþ. með 37:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb.

nei: ÁSJ, GAK, JB, KolH, ÖJ.

21 þm. (ÁMM, BBj, DO, EMS, GÁS, GÁ, GunnB, JÁ, JóhS, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddur.

2.–5. gr. samþ. með 36:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb.

nei: ÁSJ, GAK, JB, KolH, ÖJ.

22 þm. (ÁMM, BBj, DO, EMS, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SJóh, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 571,1 (ný grein, verður 6. gr.) samþ. með 38:4 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb.

nei: ÁSJ, GAK, JB, ÖJ.

21 þm. (ÁMM, BBj, DO, EMS, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, KVM, KolH, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. í nál. 571,2 samþ. með 39:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JHall, JBjart, KF, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb.

nei: ÁSJ, GAK, JB, KolH, ÖJ.

19 þm. (ÁMM, BBj, EMS, GÁS, GunnB, JóhS, KVM, KÓ, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

6. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 39:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb.

nei: ÁSJ, GAK, JB, KolH, ÖJ.

19 þm. (ÁMM, BBj, EMS, GÁS, GÁ, GunnB, JóhS, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb.

1 þm. (KolH*) greiddi ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁMM, BBj, EMS, GÁS, GÁ, GunnB, JóhS, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Vitamál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 258. mál (vitagjald, sæstrengir). — Þskj. 269, nál. 634.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:42]

1. gr. samþ. með 36:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KPál, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, ÖJ.

nei: GE.

9 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÖ, JóhS, KLM, MF, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, BBj, EMS, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 634 samþ. með 38:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÖJ.

nei: GE.
4 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, MF) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁMM, BBj, EMS, GAK, GÁS, GunnB, JÁ, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 41:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖJ.
nei: GE.
21 þm. (ÁMM, BBj, EKG, EMS, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, KVM, KHG, LMR, LB, MF, ÓÖH, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddur.

3. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 354. mál (tölvunarfræðingar o.fl.). — Þskj. 391, nál. 532.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:44]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, MF, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖJ.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
19 þm. (ÁMM, BBj, DO, EMS, GÁS, GunnB, JóhS, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 532 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, MF, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖJ.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, BBj, DO, EMS, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, MF, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖJ.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, BBj, DO, EMS, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, MF, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
20 þm. (ÁMM, BBj, DO, EMS, GHall, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SJS, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Félagamerki, frh. 2. umr.

Stjfrv., 346. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 382, nál. 623.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:45]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 623,1 samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.

3.–9. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖJ.
1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.
20 þm. (ÁMM, BBj, DO, EMS, GHall, GÁS, GunnB, ÍGP, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 623,2 (ný grein, verður 10. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
10. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Safnalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 393. mál (safnaráð, verkefni höfuðsafna o.fl.). — Þskj. 454, nál. 622.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:46]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 622 (ný 3. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
4.–5. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Búnaðargjald, frh. 1. umr.

Frv. landbn., 442. mál (skipting tekna). — Þskj. 603.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.

Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 424. mál (viðurkenning á prófskírteinum). — Þskj. 550.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:48]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á IX. og XXII. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 425. mál (matsreglur um ársreikninga og samstæðureikninga). — Þskj. 551.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 426. mál (vinnutími). — Þskj. 552.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 438. mál (aðild starfsmanna að málum Evrópufélaga). — Þskj. 599.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:50]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 439. mál (samþykktir fyrir Evrópufélög). — Þskj. 600.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:50]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 443. mál (rekstrarfélög o.fl.). — Þskj. 615.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:51]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 445. mál (mat á umhverfisáhrifum). — Þskj. 625.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:51]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, 3. umr.

Stjfrv., 183. mál (tryggingatími). — Þskj. 184.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:52]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖJ.
17 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GunnB, KVM, KÓ, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 670).

Lífeyrissjóður bænda, 3. umr.

Stjfrv., 321. mál (skylduaðild maka, skipting iðgjalda). — Þskj. 349.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:52]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖJ.
1 þm. (GÖ) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GunnB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SP, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 671).

Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, 3. umr.

Stjfrv., 323. mál (vextir). — Þskj. 351.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:52]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖJ.
19 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GunnB, ÍGP, JB, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SP, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 672).

Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, 3. umr.

Stjfrv., 344. mál (verslunarlánasjóður). — Þskj. 380.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:53]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖJ.
19 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, KVM, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SP, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 673).

Ábyrgðir vegna lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála, 3. umr.

Stjfrv., 356. mál. — Þskj. 393.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:53]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖJ.
19 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GunnB, ÍGP, KVM, KF, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SP, SJS, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 674).

Fundi slitið kl. 14:54.

---

52. FUNDUR

miðvikudaginn 11. des.,
að loknum 51. fundi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Vatnsréttindi á Þjórsársvæðinu, fsp. SvanJ, 147. mál, þskj. 147.
2. Skipan matvælaeftirlits, fsp. ÞSveinb, 229. mál, þskj. 232.

Til dómsmálaráðherra:

3. Meðferð opinberra mála, fsp. ÖJ, 328. mál, þskj. 358.
4. Réttarstaða bifreiðastjóra sem aka eftir vegöxlum, fsp. HjÁ, 340. mál, þskj. 376.
5. Umferðarslys í Reykjavík, fsp. KF, 365. mál, þskj. 405.

Til samgönguráðherra:

6. Flugvallarskattar á Keflavíkurflugvelli, fsp. KPál, 275. mál, þskj. 293.

Til menntamálaráðherra:

7. Íslenskt táknmál, fsp. KolH, 403. mál, þskj. 497.

Til iðnaðarráðherra:

8. Byggðamál, fsp. SvanJ, 416. mál, þskj. 525.

[15:00]

Útbýting þingskjals:

Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, 454. mál, frv. GHall o.fl., þskj. 658.

Vatnsréttindi á Þjórsársvæðinu.

Fsp. SvanJ, 147. mál. — Þskj. 147.

[15:01]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Óbyggðanefnd úrskurðaði 21. mars sl. að Landsvirkjun væri ekki eigandi vatnsréttinda í afréttum Árnessýslu, vatnsréttindin frá Búrfelli og upp úr, þ.e. í Sigöldu, Hrauneyjafossvirkjun, Sultartanga, Búðarhálsvirkjun og Vatnsfellsvirkjun, væru þjóðareign en ekki Landsvirkjunar eins og talið var. Reyndar hafði ríkt ákveðin óvissa um það hver ætti þessi vatnsréttindi eftir að dómar féllu um Landmannaafrétt og afrétti í Rangárvallasýslu árin 1955 og 1981.

Herra forseti. Í dag munu vatnsréttindi fyrir ofan Búrfell og Tungnaá metin á um 550 millj. kr. í bókum Landsvirkjunar en menn geta spáð í hvort það yrði söluvirði þeirra ef þau væru á markaði.

Tilefni fyrirspurnar minnar um stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi meðferð vatnsréttindanna á Þjórsársvæðinu er frétt í Morgunblaðinu 3. ágúst sl. þess efnis að viðræður eigenda Landsvirkjunar standi fyrir dyrum, eins og segir í fyrirsögn, og að viðræður hefjist með haustinu. Einnig kemur fram í þessari grein að bréfaskipti hafi þá þegar farið fram milli ráðuneytis og Reykjavíkurborgar.

Nú á ríkið auðvitað nokkra kosti í málinu. Ætlar það að láta fyrirtækið greiða fyrir nýtingu réttindanna eða ekki? Ef niðurstaðan er sú að láta fyrirtækið borga, í hvaða formi yrðu þær greiðslur? Það er líklega hægt, a.m.k. um einhvern tíma, að láta kyrrt liggja og leyfa Landsvirkjun að nýta þessi réttindi án endurgjalds ef það væri vilji stjórnvalda því að það mættu þau raunar samkvæmt þjóðlendulögum. Spurningin er hins vegar, ef samkomulag næst um að skapa ramma fyrir samkeppni á raforkumarkaði, hvort stætt er á að leyfa fyrirtækinu að nýta svo verðmæt réttindi án endurgjalds. Hvað með önnur fyrirtæki, innlend eða erlend, sem vildu fá að nýta vatnsréttindi í þjóðlendum? Hér þarf, herra forseti, að marka stefnu til framtíðar.

Í leiðara Morgunblaðsins í dag er vikið að þeim breytingum sem að líkindum eru fram undan á raforkumarkaðnum. Þar er bæði vikið að áhuga sem vart hefur orðið innan borgarstjórnar Reykjavíkur á sölu á hlut borgarinnar í Landsvirkjun en það er einnig minnt á að í skýrslu auðlindanefndar var fjallað um auðlindagjald vegna nýtingar auðlinda í vatnsföllum og í iðrum jarðar, og jafnframt minnt á að tímabært sé að umræður um þennan þátt málsins hefjist fyrir alvöru í tengslum við þær umbreytingar sem fram undan eru á sviði orkumála.

Herra forseti. Það sem við ræðum hér er í rauninni spurning um rétt eiganda auðlinda, þ.e. þjóðarinnar, til að fá réttlátar greiðslur fyrir auðlindir í þjóðareign. Þetta er líka spurning um jafnræði á milli atvinnugreina og að síðustu, herra forseti, getur þetta verið spurning um jafnræði á milli fyrirtækja. Það er þess vegna mikilvægt að stefna ríkisstjórnarinnar varðandi meðferð vatnsréttinda á Þjórsársvæðinu liggi fyrir, og um það spyr ég hæstv. forsrh.

[15:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Til svars við þessari fyrirspurn er í fyrsta lagi mikilvægt að það sé áréttað strax í upphafi að meðferð þeirra réttinda sem hv. fyrirspyrjandi vísar til hefur frá stofnun Landsvirkjunar verið lögákveðin í þágu fyrirtækisins, fyrst samkvæmt lögum nr. 59/1965 og síðar samkvæmt lögum nr. 42/1983, og er ekkert í úrskurði óbyggðanefndar sem breytir neinu um það.

Í öðru lagi skal það tekið fram að ríkisstjórnin hefur engin áform um að beita sér fyrir breytingum á meðferð þessara réttinda í höndum fyrirtækisins. Á hinn bóginn er til þess að líta að eignarhald ríkisins í fyrirtækinu hefur ásamt öðru byggst á framsali þessara réttinda til fyrirtækisins samkvæmt sameignarsamningi ríkisins og Reykjavíkurborgar frá 1. júlí 1965. Þessi réttindi eru á svæði sem eftir gildistöku þjóðlendulaga og að úrskurði óbyggðanefndar gengnum telst þjóðlenda í eigu ríkisins og hefur samkvæmt því verið eigendalaust þegar samningurinn var gerður. Þess vegna er eðlilegt að spurt sé hvort breytt réttarskipan á svæðinu raski á einhvern hátt réttarstöðu fyrirtækisins þar og þá þeim réttindum sem eigendaframlag ríkisins hefur með öðru miðast við.

Af hálfu ríkisins hafa verið færð fyrir því rök að svo þurfi ekki að vera ef litið er svo til að í samningnum hafi eingöngu falist framsal á hagnýtingar- og afnotarétti þeirra lands- og vatnsréttinda sem hér er um að ræða. Ríkinu hafi verið heimilt að framselja óbein eignarréttindi að þeim, á grundvelli allsherjarréttarlegra valdheimilda sinna á svæðum utan eignarlanda, og fyrir þau hafi að fullu verið greitt með eignarhlut ríkisins í fyrirtækinu. Eftir setningu þjóðlendulaga býr forsrh. að sams konar valdheimildum að því er varðar ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna og ákvörðun endurgjalds fyrir þau, og ég hef fyrir mitt leyti lýst mig reiðubúinn til að lýsa því yfir á grundvelli þeirra heimilda að réttindi Landsvirkjunar skuli standa óhögguð að þessu leyti.

Meðeigendur ríkisins að fyrirtækinu, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, hafa á hinn bóginn lagt á það áherslu að óbreytt réttarstaða fyrirtækisins verði að gengnum úrskurði óbyggðanefndar ekki að fullu tryggð nema ríkinu verði með lögum heimilað að framselja Landsvirkjun þau réttindi sem samningurinn frá 1965 tók til enda hafi framsal þeirra, í ljósi niðurstöðu óbyggðanefndar, byggst á vanheimild sem ekki verði bætt úr á annan hátt. Hafa bæði borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórinn á Akureyri staðfest þá afstöðu bréflega og beint því til ríkisstjórnarinnar að hún beiti sér fyrir lagasetningu í þessa veru.

Í ljósi þessarar afstöðu meðeigendanna hef ég látið hefja undirbúning að gerð frv. þar að lútandi enda get ég út af fyrir sig tekið undir að það sé nauðsynlegt ef lagt er til grundvallar að í samningnum frá 1965 hafi átt að felast bein eignayfirfærsla þessara réttinda í hefðbundnum einkaeignarréttarlegum skilningi.

Aðalatriði þessa máls — og um það hygg ég að allir eigendur fyrirtækisins geti verið einhuga — er vitaskuld það að fyrirtækið bíði ekki skaða af þeirri niðurstöðu sem fengin er með úrskurði óbyggðanefndar og verði í ljósi hennar gert eins sett og til var stofnað með umræddum sameignarsamningi frá 1965. Ég vonast því til að geta lagt frv. þess efnis fyrir þingið um leið og það kemur saman aftur að loknu jólahléi.

[15:08]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að koma með þetta mál inn í þingsali og sömuleiðis hæstv. forsrh. fyrir svörin. Það er laukrétt sem sagt er að með þessum úrskurði hefur skapast viss réttaróvissa miðað við þá samninga sem áður voru í gildi. Hæstv. forsrh. upplýsti um að

það væri verið að vinna að frumvörpum til að taka af öll tvímæli um þann samning sem var gerður fyrr á árum. Ég held að það sé rétt stefna að taka á þessu máli en það þarf samt, herra forseti, og ég vil vekja athygli á því, að ræða betur málefni Landsvirkjunar, m.a. í ljósi umræðna um hugsanlega sölu Reykjavíkurborgar og umræðu í tengslum við Kárahnjúkavirkjun. Það er orðin óvissa mjög víða í sambandi við Landsvirkjun þessa dagana og ég tel því brýnt, þó að það verði ekki gert í þessum fyrirspurnatíma, að Alþingi gefist ráðrúm til að fara betur yfir þau mál sem tengjast Landsvirkjun, ekki endilega í kjölfar þessa dóms heldur með heildstæðari hætti eins og hér er opnað á.

[15:09]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Það er gott að við eigum von á því að fá frumvörp inn í þingið þar sem tekið verður á þessum málum, og gefast þá færi á að ræða þau frekar en í stuttum fyrirspurnatíma. Umhverfið er hins vegar að breytast svo mikið að ég held að það séu fullkomnir draumórar ef ríkisstjórnin heldur að hún geti haldið óbreyttu ástandi gagnvart þessu fyrirtæki.

Í fyrsta lagi er umhverfi raforkumála væntanlega mjög að breytast. Hér á að efna til samkeppni á raforkumarkaði og það hlýtur að verða spurt hvort það geti staðist eftir þennan úrskurð að ríkið afhendi einu fyrirtæki þessi mikilvægu réttindi án endurgjalds. Ég tek það ekki gilt að eignarhlutur ríkisins í fyrirtækinu jafngildi því að fyrirtækið hafi greitt fyrir réttindin. Sá eignarhlutur kann líka að breytast, herra forseti, vegna þess að ef svo fer fram sem horfir hygg ég að við munum horfa framan í það að Landsvirkjun verði breytt í hlutafélag í fyllingu tímans og auðvitað mun Landsvirkjun þurfa að taka þátt í starfsemi á markaði eins og önnur orkufyrirtæki.

Það er óvissa um ýmsa þætti, herra forseti, og ég vil undirstrika að lokum að ríkisstjórn Íslands, hver sem hún er á hvaða tíma, mun ekki komast upp með að mismuna atvinnugreinum, hvað þá fyrirtækjum, hvað það varðar að greitt verði fyrir nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar. Ef sumar atvinnugreinar eru látnar greiða auðlindagjald eða hvað menn kalla það, greiða fyrir nýtinguna, mun ávallt standa á ríkisstjórnina sú krafa að aðrar atvinnugreinar geri slíkt hið sama ef þær nýta einnig auðlindir í sameiginlegri eigu þjóðarinnar.

[15:11]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tel það alveg ótvírætt að þar sem eignarhlutur ríkisins jókst í fyrirtækinu vegna afhendingar á landréttindum þarna hafi gjald komið fyrir. Það liggur fyrir í mínum huga og eyða þarf óvissu þannig að ríkið standi við það að láta sitt á móti því gjaldi sem það hefur þegar fengið með eignarhlut í þessu fyrirtæki.

Varðandi það sem hv. þm. Ágúst Einarsson nefndi, um það sem snýr að Landsvirkjun og óróleika hjá borgaryfirvöldum í Reykjavík, veit ég ekki annað en að það sé góður meiri hluti fyrir réttri niðurstöðu þar þó að sá meiri hluti sé ekki heföbundinn.

Skipan matvælaeftirlits.

Fsp. ÞSveinb, 229. mál. — Þskj. 232.

[15:12]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Um nokkurt skeið hefur staða matvælaeftirlits hér á landi verið til umfjöllunar hjá stjórnvöldum. Segja má að óvissa ríki um framtíðarskipan þessara mála en að margra mati er brýnt að marka stefnuna fram á við. Í lok síðasta árs skilaði nefnd forsrn. um opinbera eftirlitsstarfsemi skýrslu til hæstv. forsrh. og í stuttu máli sagt var niðurstaða nefndarinnar að núverandi fyrirkomulag matvælaeftirlits hér á landi væri óviðunandi. Það er ekki nógu skilvirkt, ekki nógu hagkvæmt og tekur ekki fullt tillit til þeirrar þróunar sem orðið hefur í framleiðslu matvæla. Eins og kunnugt er eru auknar kröfur gerðar til matvælaframleiðenda af hálfu yfirvalda og ekki síður neytenda.

Nefndin lagði til að sameina stjórnsýslueftirlit með matvælum innan eins ráðuneytis og einnar matvælaeftirlitsstofnunar. Í ljósi álits skýrsluhöfunda langar mig að spyrja hæstv. forsrh. hvað líði undirbúningi þess að sett verði á fót ein stofnun hér á landi sem hafi yfirumsjón með matvælaeftirliti. Í þessu sambandi er vert að minna á að hæstv. forsrh. sagði í svari við fyrirspurn hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur fyrir rúmu ári að hann ætti von á að ríkisstjórnin mundi ljúka þessu verkefni fyrir áramót, þ.e. síðustu áramót.

Herra forseti. Á þessu máli eru ýmsar hliðar. Ein snýr að heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og því spyr ég hæstv. forsrh. einnig um hugsanlegar breytingar á hlutverki sveitarfélaganna við matvælaeftirlit ef slíkri stofnun, sem matvælaeftirlitsstofnun yrði, yrði komið á fót. Í mínum huga er ljóst að stefnumörkun ríkis og sveitarfélaga á sviði matvælaeftirlits þarf að nálgast með heildstæðum og þverfaglegum hætti. Á það er t.d. lögð rík áhersla í hvítbók Evrópusambandsins um fæðuöryggi frá árinu 2000. En þótt margt mæli með því að matvælaeftirlit hér á landi verði einfaldað og bætt verður að gæta þess að nýtt fyrirkomulag leiði ekki til tvíverknaðar eða dragi úr hagkvæmni og skilvirkni þess eftirlits sem nú fer fram á vegum sveitarfélaganna.

Allt eru þetta atriði sem skoðast þurfa vel í þessu samhengi, herra forseti. Heilbrigðis- og matvælaeftirlit sveitarfélaganna er gott dæmi um eftirlitshlutverk þeirra og nærþjónustu sem í fljótu bragði verður ekki séð að eigi betur heima hjá ríkinu. Hugmyndafræði heildstæðs matvælaeftirlits, sem stundum er nefnt frá haga til maga eða frá hafi til maga, þarf ekki endilega að stofnanabinda í einni ríkisstofnun. Hins vegar má vel vera að stjórnsýslu þurfi að bæta á þessu sviði, herra forseti.

[15:15]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. þm. spyr: „Hvað líður undirbúningi þess að sett verði á fót ein stofnun hér á landi sem hafi yfirumsjón með matvælaeftirliti?“ Og í annan stað: „Hvaða breytingar gætu orðið á hlutverki sveitarfélaganna við matvælaeftirlit ef slíkri stofnun verður komið á fót?“

Í mars 2001 var kynnt í ríkisstjórn skýrsla ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur um framtíðarskipan matvælaeftirlits. Það var meginniðurstaða nefndarinnar að núverandi fyrirkomulag matvælaeftirlits sé óviðunandi. Það samræmist ekki kröfum sem gera verður um skilvirka og hagkvæma stjórnsýslu til að tryggja mikilvæga hagsmuni þjóðarinnar. Matvælaeftirlit hér á landi tekur ekki að fullu tillit til þeirrar

þróunar sem orðið hefur á undanförnum árum í tækniþróun við framleiðslu matvæla, auknar kröfur neytenda um gæði matvæla og stöðu Íslands sem matvælaframleiðslulands á alþjóðamarkaði. Tillaga nefndarinnar var að sameina stjórnsýslueftirlit með matvælum innan eins ráðuneytis og einnar matvælaeftirlitsstofnunar sem undir það ráðuneyti fellur. Með því móti verði brugðist við þeim göllum sem eru á núverandi kerfi. Jafnframt er stjórnsýsla málaflokksins færð á eitt stjórnsýslustig.

Í framhaldinu var unnið í forsrn. að gerð frv. sem byggir á þeim tillögum sem ráðgjafarnefndin lagði til í skýrslu sinni. Markmiðið er að tryggja virkt og heildstætt eftirlit með matvælum og heilbrigði dýra í þágu neytendaverndar, hagkvæmni, bætts starfsumhverfis og útflutningshagsmuna á þessu sviði. Drögin gera ráð fyrir því að landinu verði skipt upp í eftirlitssvæði og að matvælastofnun hafi starfsstöð, svæðisskrifstofu innan hvers svæðis. Gert er ráð fyrir að allir starfsmenn sem nú vinna að þessum verkefnum innan málaflokksins færist til matvælastofnunar og að skipulag á landsbyggðinni verði þannig að fyrst um sinn haldi núverandi starfsmenn sama starfsstað. Reiknað er með að heildarfjöldi starfsmanna matvælastofnunar verði sambærilegur við það sem er í dag hjá þeim stofnunum sem vinna við matvælaeftirlit. Má því ætla að kostnaður verði svipaður því sem hann er nú.

Á ríkisstjórnarfundi í mars 2002 voru kynnt drög að frv. um eftirlit með matvælum og heilbrigði dýra. Frumvarpsdrögin gerðu ráð fyrir breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, kveða á um samráð ríkis og sveitarfélaga áður en kemur til breytinga á verkaskiptingu á fjármálalegum samskiptum. Ríkisstjórnin samþykkti því að fela fulltrúum forsrh., félmrh., fjmrh. og umhvrh. að kynna Sambandi íslenskra sveitarfélaga áformaðar breytingar og hafa um þær lögboðið samráð.

Að samráðinu loknu skiluðu fulltrúar ríkis og sveitarfélaga í nóvember 2002 eða í síðasta mánuði, hvor sínu álitinu. Þar kom fram að samstaða var með þeim um sum atriði en skiptar skoðanir um önnur. Niðurstaða fulltrúa sveitarfélaga var sú að ekki eru gerðar neinar athugasemdir við að ríkisvaldið sameini yfirstjórn matvælaeftirlits undir eina stofnun og eitt ráðuneyti. Hins vegar eru gerðar athugasemdir við það verklag sem ríkisvaldið hefur viðhaft í þessu máli jafnframt því sem lagst er gegn tillögum um að slíta hluta heilbrigðiseftirlits frá sveitarfélögum.

Frumvarpsdrögin voru nýlögð fyrir ríkisstjórn um miðjan nóvember ásamt fram komnum álitum, bæði fulltrúa ríkisins og fulltrúa sveitarfélaganna og hafa tvívegis verið rædd í ríkisstjórn síðan án þess að fá lokaafgreiðslu. Ég vænti þess þó að lokaafgreiðsla málsins geti orðið fljótlega en eins og hv. þm. nefndi hef ég svo sem sagt það áður.

[15:19]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svörin. Jú, það er rétt sem kom fram í máli hæstv. forsrh. að sagt hefur verið hér áður að þetta sé allt á leiðinni en kannski er það þannig að góðir hlutir gerast hægt. Hins vegar verð ég að lýsa því, herra forseti, að ég hef nokkrar áhyggjur af athugasemdum eða því sem hæstv. forsrh. sagði um athugasemdir sveitarfélaganna, Sambands ísl. sveitarfélaga. Nú kemur í ljós að í þessu samráðsferli hafi verið skilað tveimur álitum, einu frá sveitarfélögum og öðru frá ríki, og það hafi síðan verið rætt í hæstv. ríkisstjórn. Ég mundi mjög gjarnan vilja inna hæstv. forsrh. eftir því hver sé í raun og veru lendingin í málinu. Ef sveitarfélögin eru að gera miklar athugasemdir við verklag, ekki við yfirstjórnina en við verklagið og við það að færa heilbrigðiseftirlitið frá sveitarfélögum sem eins og ég sagði er mjög mikilvægur hluti af þeirri þjónustu og því starfi sem þar fer fram, þá þætti mér gott að vita, herra forseti, hvernig eigi að leysa það mál þannig að allir vel við uni, bæði sveitarfélög og ríkisvald, því ljóst er að samræma þarf yfirstjórn með einhverjum hætti en það er hins vegar spurning hvernig hin nánari útfærsla og verklagið verður í framhaldinu.

Eitt að lokum. Ef hér á að setja á fót nýja matvælastofnun bráðlega þá kemur það auðvitað til kasta Umhverfisstofnunar, þ.e. matvælasviðs Hollustuverndar ríkisins núverandi að vera stærstur hluti hinnar nýju matvælastofnunar. Því langar mig að bæta einni spurningu við til hæstv. forsrh. og spyrja hann hvaða samráð hafi verið haft við starfsfólk þeirrar stofnunar, þ.e. Hollustuverndar ríkisins sem mun breytast í Umhverfisstofnun um áramót.

[15:21]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég gerði grein fyrir því að komið hefðu að máli þessu fulltrúar fjögurra ráðuneyta, forsrh., félmrh., fjmrh. og umhvrh., og við slíkar aðstæður er gert ráð fyrir að hver ráðherra meti það hvaða samstarf hann þarf að hafa innan síns ráðuneytis og stofnana sinna við meðferð málsins.

Að öðru leyti gerði ég grein fyrir helstu ágreiningsatriðum sem komu fram varðandi samskipti við sveitarfélögin vegna þess að sérstaklega var um það beðið, en mér er hins vegar hvorki skylt né er heldur rétt að greina frá því hvernig málið er statt nákvæmlega á ríkisstjórnarvettvangi meðan málið er þar í lokameðferð. En ég vænti þess að sú meðferð skýrist fljótlega þannig að þingið sem nú situr fái örugglega málið til meðferðar og vonandi til afgreiðslu á þessu þingi.

Íslenskt táknmál.

Fsp. KolH, 403. mál. — Þskj. 497.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Í rúman áratug hefur Félag heyrnarlausra unnið að bættri réttarstöðu heyrnarlausra og hefur félagið lagt aðaláherslu á viðurkenningu á táknmáli og lögbundinn rétt heyrnarlausra til túlkaþjónustu. Á þessum áratug hefur ýmislegt gerst. Fyrst ber að nefna að vorið 1999 var á Alþingi Íslendinga samþykkt þál. um að íslenska táknmálið yrði viðurkennt móðurmál heyrnarlausra. Með leyfi forseta, hljóðar þál. svo:

„Alþingi ályktar að menntamálaráðherra verði falið að láta gera athugun á réttarstöðu heyrnarlausra hér á landi í samanburði við réttarstöðu heyrnarlausra í nágrannalöndunum með það að markmiði að tryggja sem best stöðu íslenska táknmálsins."

Allan þann tíma sem liðinn er síðan þetta var, herra forseti, hafa málefni heyrnarlausra verið til umfjöllunar í hinu opinbera kerfi. Starfshópar hafa verið stofnaðir og skýrslur hafa verið skrifaðar. Má þar nefna starfshóp sem stofnaður var á vordögum 1997 og var ætlað að gera úttekt á og skilgreina hvaða stofnanir og verkefni á sviði heilbr.- og trmrn.

væru í raun félagsleg verkefni sem eðlilegra væri að heyrði undir félmrn. Einnig var þeim starfshópi falið að fjalla um verkaskiptingu ráðuneyta í þágu fatlaðra.

Þá var stofnuð nefnd vorið 2000 sem fékk það hlutverk að gera tillögur um lögbundinn rétt heyrnarlausra til túlkaþjónustu. Ekki er nóg, herra forseti, að þær nefndir hafi starfað og þó að skýrslur hafi verið skrifaðar, það er eins og málefni heyrnarlausra hafi orðið stjórnkerfinu of þung í vöfum því að á hverju ári skrifar Félag heyrnarlausra bréf til stjórnvalda þar sem óskað er svara og úrbóta í málefnum heyrnarlausra, bæði hvað varðar lögleiðingu íslenska táknmálsins sem móðurmáls og sömuleiðis hvað varðar túlkaþjónustuna. Í ljósi alls þessa leyfi ég mér, herra forseti, að leggja fjórar spurningar fyrir hæstv. menntmrh. en þær eru svohljóðandi:

1. Hvað hefur verið gert til að tryggja stöðu íslenska táknmálsins síðan Alþingi ályktaði að slíkt skyldi gert 11. mars 1999?

2. Hefur verið gerður samanburður á réttarstöðu heyrnarlausra hér á landi og í nágrannalöndum okkar?

3. Hvernig er háttað rétti heyrnarlausra til túlkaþjónustu og hvað er gert af hálfu ríkisins til að tryggja þennan rétt?

4. Eru uppi áform um að setja sérlög um málefni heyrnarlausra?

[15:25]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Hinn 11. mars 1999 var samþykkt ályktun á Alþingi um að menntmrh. yrði falið að gera athugun á réttarstöðu heyrnarlausra hér á landi í samanburði við réttarstöðu heyrnarlausra í nágrannalöndunum með það að markmiði að tryggja sem best stöðu íslenska táknmálsins. Í nál. menntmn. sem fylgdi tillögu hennar til framangreindrar þál. kom m.a. fram að gera yrði athugun á því hvort rétt væri að festa það í lög að táknmálið yrði móðurmál heyrnarlausra eða hvort hægt væri að tryggja réttarstöðu heyrnarlausra á annan hátt. Í samræmi við orðalag ályktunar Alþingis og athugasemda menntmn. sem henni fylgdu leit menntmrn. svo á að verkefni þess væri að taka saman yfirlit yfir réttarstöðu heyrnarlausra hér á landi eins og hún væri í dag og afla síðan upplýsinga um núverandi réttarstöðu heyrnarlausra annars staðar á Norðurlöndum. Jafnframt yrði réttarstaða heyrnarlausra í þessum löndum borin saman og að endingu yrði bent á leiðir sem mögulegar væru til að tryggja sem best stöðu íslenska táknmálsins. Menntmrn. gerði síðan athugun sem var kynnt í ríkisstjórn í mars 2000 og hún leiddi í ljós að staða táknmálsins er að mörgu leyti sterk hér á landi, sérstaklega í skólakerfinu, auk þess sem ýmis lög og lagaákvæði snerta eða taka á rétti heyrnarlausra til túlkaþjónustu.

Í framhaldi af þessari athugun var skipuð nefnd með fulltrúum menntmrn., félmrn. og heilbrrn. sem skyldi gera tillögu um lögbundinn rétt heyrnarlausra til túlkaþjónustu. Lauk nefndin störfum í lok septembermánaðar 2001 og skilaði af sér drögum að frv. um táknmálsþjónustu þar sem m.a. var lagður til lögbundinn réttur heyrnarlausra til túlkaþjónustu í atvinnulífinu og í daglegu lífi. Nokkur álitamál tengd mögulegri lagasetningu til að styrkja stöðu táknmálsins eru þó enn uppi. Finna þarf lausn þessara álitamála áður en ákvörðun verður tekin um hvort og með hvaða hætti sé mögulegt að auka táknmálsþjónustu og hver skuli standa straum af þeim kostnaði sem slíkri þjónustu fylgir. Um er að ræða álitamál sem tengjast stöðu þessa málaflokks milli ráðuneyta og einnig aðkomu sveitarfélaga að þessari þjónustu. Ég mun beita mér fyrir því á vettvangi ríkisstjórnarinnar að farið verði í þá vinnu því að hún skiptir miklu máli fyrir framhald og framgang þessa mikilvæga máls.

Þegar spurt er: „Hefur verið gerður samanburður á réttarstöðu heyrnarlausra hér á landi og í nágrannalöndum okkar?“ er svarið að í þeirri athugun menntmrn. sem ég minntist á áðan var gerður samanburður á réttarstöðunni hér á landi og á hinum Norðurlöndunum. Niðurstöður liggja fyrir en því miður er tæplega ráðrúm til þess að tíunda þær hér. Hins vegar má nálgast athugunina í heild á vef menntmrn.

Spurt er: „Hvernig er háttað rétti heyrnarlausra til túlkaþjónustu og hvað er gert af hálfu ríkisins til að tryggja þennan rétt?“ Eins og ég nefndi hér á undan er í athugun ráðuneytisins fjallað um ýmis lög og lagagákvæði sem snerta eða taka á rétti heyrnarlausra til túlkaþjónustu. Sem dæmi get ég nefnt lög um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra, lög um málefni fatlaðra, lög um réttindi sjúklinga, lög um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar auk ákvæða í lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Á Íslandi hefur á sviði menntamála verið tekið mikilvægt skref í þá átt að efla stöðu táknmáls heyrnarlausra innan skólakerfisins og efla þannig félagslega stöðu þeirra í samfélaginu. Í aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla er heyrnarlausum tryggður réttur til að öðlast menntun í táknmáli heyrnarlausra. Tekið er tillit til sérþarfa þeirra í því sambandi og með því hefur verið lagður grunnur að því að tryggja heyrnarlausum möguleika á að nota það tjáningarform sem þeir þurfa á að halda til að geta tekið þátt í samfélaginu á sem flestum sviðum. Til að þessi grunnur geti nýst heyrnarlausum sem best er nauðsynlegt að fjölga sérfræðingum sem hafa kunnáttu til að kenna táknmál til að þjónusta slíkra sérfræðinga geti verið sem víðast í skólakerfinu og í sem flestum landshlutum. Í því sambandi hefur að nýju verið tekin upp kennsla í táknmálstúlkun við Háskóla Íslands.

Að lokum er spurt hvort uppi séu áform um að setja sérlög um málefni heyrnarlausra. Þar er svarið — ég sé að tími minn er búinn svo ég verð að nýta mér tækifærið til að koma aftur inn á þetta í frekari svörum.

[15:31]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn. Staðreyndin er sú, herra forseti, að á Íslandi eru töluð fleiri en eitt og fleiri en tvö tungumál. Eitt þessara tungumála er íslenska táknmálið og það er næstum því óskiljanlegt að það skuli ekki hafa verið fest í lög að íslenska táknmálið sé jafnrétthátt öðrum tungumálum sem hér eru töluð. Fjölmargir Íslendingar eiga táknmálið að sínu móðurmáli. Fjölmörg börn á leikskólanum Sólborg í Reykjavík ræða við leikskólakennarana sína á íslenska táknmálinu. Ég trúi því hreinlega ekki, herra forseti, að það sem standi í veginum sé álitamálið um það hver eigi að standa straum af þeim kostnaði sem samfélagið þarf að bera við þessa lögleiðingu. Þetta er auðvitað sameiginlegur samfélagskostnaður og það hlýtur að segja sig sjálft að ríkið beri þann kostnað.

[15:32]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda þessa fyrirspurn alveg sérstaklega og hæstv. menntmrh. fyrir svörin og ég fagna því að hann skuli hafa lýst því hér yfir að hann ætli að styrkja stöðu táknmálsins því að ég held að það sé mjög nauðsynlegt og tímabært.

Í síðasta mánuði sótti ég á vegum Norðurlandaráðs ráðstefnu, svokallaða Nordmål-ráðstefnu í Drammen þar sem rædd var staða móðurmála minnihlutahópa á Norðurlöndum. Þar fór einmitt fram mikil umræða um stöðu táknmálsins. Það kom í ljós að það hefur verið lögleitt eða að það er í þann veginn verið að lögleiða það sem móðurmál heyrnarlausra á hinum Norðurlöndunum. Ég held að það mundi leysa mörg af þeim vandamálum sem við erum að tala um ef það yrði gert því að þá kæmi túlkaþjónustan sjálfkrafa vegna þess samkomulags sem við höfum gert innan norrænu ríkjanna sem kallað er „sprogkonventionen" sem tryggir túlkun fyrir minnihlutahópa.

[15:33]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég fagna þessari umræðu og auðvitað ber að fagna því sem vel er gert. Hins vegar er alveg ljóst að réttarstöðu heyrnarlausra þarf að skerpa í samfélagi okkar. En þetta snýst ekki einungis um réttarstöðu heldur einnig um þjónustustig og þar hallar sannarlega á okkur í samanburði við nágrannalöndin. Um það ber líka vott stefnumörkun Alþingis sem hér hefur verið vitnað til.

Ég fagna sömuleiðis yfirlýsingu hæstv. ráðherra og treysti honum til þess að fylgja þessu máli eftir. Það er auðvitað orðið tímabært að heyrnarlausir í okkar landi njóti þeirrar þjónustu sem bætir stöðu þeirra og aðgengi í samfélaginu þannig að þeir fái notið sín sem þegnar og geti m.a. nýtt tungumál sitt til þess eins og aðrir í samfélagi okkar.

[15:34]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég fagna því að þetta mál er nú hingað komið á Alþingi. Ég tel mjög tímabært að vekja athygli á þessu. Ég átti þess kost í fyrra að sækja fund hjá fólki sem á við þetta vandamál að stríða. Þar var m.a. til umræðu að bara það eitt að komast að stefnu stjórnmálaflokka væri örðugt og hversu erfitt væri að ná í efni sem lýtur að upplýsingum um störf stjórnmálaflokka. Einnig var rædd textun á stjórnmálaumræðu í sjónvarpi.

Ég spurði Ríkisútvarpið hvað ylli því að textun væri ekki meiri en raun ber vitni og þar var borið við fjármagnsskorti. Það er alls staðar sama sagan. Skortur á fjármagni kemur í veg fyrir að hægt sé að gera það sem allir eru sammála um að verði að gera.

Herra forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðherra að hann muni taka þetta mál til gagngerrar skoðunar.

[15:35]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur orðið um þetta mikilvæga mál. Hún er auðvitað lýsandi fyrir þann velvilja sem málefni heyrnarlausra eiga á Alþingi og úti í samfélaginu. Stjórnmálaflokkarnir hafa ályktað um málefni heyrnarlausra og við viljum öll standa saman um að mannréttindi heyrnarlausra séu tryggð. Til marks um það eru líka orð hæstv. menntmrh. sem talaði hér áðan. En það verður samt að segja það eins og er, herra forseti, að það er ekki hægt að láta mannréttindi heyrnarlausra stranda á svona fáránlegum hlutum eins og því að deila um það í tíu ár hver eigi að greiða kostnaðinn af túlkaþjónustunni. Við getum ekki látið mannréttindi heyrnarlausra vera fyrir borð borin í kerfinu með því að láta hlutina stranda á slíkum hlutum.

Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna eiga mannréttindi heyrnarlausra að vera tryggð eins og mannréttindi annarra þegna samfélagsins, sömuleiðis í stjórnarskrá okkar Íslendinga. Við verðum að fara að láta verkin tala. Við þurfum ekki fleiri nefndir. Við þurfum ekki fleiri skýrslur. Við þurfum bara aðgerðir. Heyrnarlausir hafa talað við hvern menntmrh. á fætur öðrum sem allir hafa tekið málum þeirra afar vel og ætlað að gera eitthvað í málunum, ætlað að beita sér. Nú skora ég, herra forseti, á hæstv. menntmrh. Tómas Inga Olrich að láta verkin tala og það fljótt því að sá dráttur og seinagangur sem orðið hefur á því að leysa þessi mál er orðinn okkur til skammar. Ég treysti því að hæstv. menntmrh. láti verkin tala hratt.

[15:37]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Vegna tímatakmarkana held ég að svar mitt við fjórðu spurningunni þar sem spurt er hvort áform séu um að setja sérlög um málefni heyrnarlausra verði nokkuð snubbótt. En almennt get ég sagt að mér er hvorki kunnugt um að áform séu uppi um að setja sérlög um málefni heyrnarlausra né til að mynda um málefni blindra svo að dæmi sé tekið. Ákvörðun um slíkt væri þá væntanlega á forræði félmrh. þar sem félmrn. fer með málefni fatlaðra.

Ég tel hins vegar mikilvægt að tryggja fötluðum nauðsynlega félagslega þjónustu með sem víðtækustum hætti. Ég tel jafnframt eðlilegt að það sé gert frekar með almennum hætti í lögunum t.d. um málefni fatlaðra. Ég vil hins vegar taka það fram hér að vegna hefðar sem skapast hefur í íslenska stjórnkerfinu skapa samstarfssvið milli ráðuneyta stundum grá svæði sem okkur hefur ekki tekist að taka nógu vel á og því er nauðsynlegt að leiða þá umræðu til lykta og það fljótt. Ég mun sjálfur beita mér fyrir því að gera það.

Ég vil aðeins nefna eitt sérstaklega af því að það var nefnt hér í umræðunni sem mér finnst mjög góð. Mér finnst þessi umræða mjög góð. Nefnt var vandamálið með textun á sjónvarpi. Ég get upplýst þingið um að ég hef einsett mér að beita mér fyrir þessu líka. Fyrsti fundur sem við höldum með Ríkisútvarpinu um þetta verður á morgun þannig að verið er að taka á því máli líka.

Ég fagna þessari umræðu og þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina. Ég hygg að við munum ná árangri í þessu máli.

Umferðarslys í Reykjavík.

Fsp. KF, 365. mál. — Þskj. 405.

[15:39]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Margir hafa lagt hönd á plóg og höfuð í bleyti til að draga úr banaslysum í umferðinni og hefur víða nokkuð áunnist, einkum þó í Reykjavík eftir því sem best verður séð. Alla vega er það svo síðustu missirin að þegar fréttir berast af alvarlegum slysum og banaslysum, virðast þau fyrst og fremst eiga sér stað í dreifbýli en síður í Reykjavík. Ekki blasir við hvort þetta sé vegna þess að slysum hafi fjölgað úti á landi eða hvort markvissar aðgerðir gegn hraðakstri og slysum í höfuðborginni séu að bera árangur.

Í Reykjavík hafa borgaryfirvöld svo árum skiptir gripið til aðgerða á þeim stöðum sem hættulegir reynast. Því er fróðlegt að velta fyrir sér þróun banaslysa og alvarlegra slysa í umferðinni hér síðustu árin og hvert hlutfall umferðarslysa

í Reykjavík sé miðað við landsmeðaltal og umferðarþunga. Við sem erum þingmenn Reykvíkinga viljum að þeir sem hér búa og gestir okkar geti ferðast um sér að skaðlausu.

Hvað er það þá sem gerir umferð örugga? Þar kemur margt til, en löghlýðni og árvekni vel þjálfaðra ökumanna, gott borgarskipulag, áhrifarík löggæsla og viðeigandi hámarkshraði hljóta að skipa háan sess.

Ég átti frumkvæði að því að komið var á 30 km hámarkshraða á nokkrum svæðum í borginni. Ljóst virðist vera að lækkun hámarkshraða svo og hraðahindranir í íbúðahverfum hafa skilað árangri. Líf og heilsa er mikils virði, ekki einungis í peningum heldur einnig í ómælanlegum gildum. Heilbrigðisáætlun til ársins 2010 gerir ráð fyrir að dregið verði úr dánartíðni og örorku af völdum umferðarslysa um fjórðung, en kostnaður vegna umferðarslysa er nú talinn nema um 14–18 milljörðum kr. á ári hverju. Því spyr ég hæstv. dómsmrh.:

1. Hver hefur þróun banaslysa og alvarlegra slysa í umferðinni í Reykjavík verið sl. tíu ár? Hvert er hlutfall umferðarslysa í Reykjavík miðað við landsmeðaltal á þessu árabili?

2. Hversu margir bílar eru í umferðinni í Reykjavík að meðaltali á degi hverjum?

3. Hvaða aðgerðir eru taldar hafa haft áhrif í þá átt að fækka banaslysum og alvarlegum slysum í borginni?

[15:42]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. fyrir þessa fyrirspurn sem snýr sérstaklega að Reykjavík. Ég veit líka að hún er mikil áhugamanneskja um bætta umferðarmenningu.

Svör mín eru byggð á upplýsingum frá Umferðarstofu. Því miður eru tölur fyrir árið 2001 ekki tiltækar þar sem slysaskráningin er nokkuð á eftir. Hins vegar er hægt að upplýsa að búið er að fjölga starfsfólki hjá Umferðarstofu í slysaskráningu og vonandi liggja nýjar tölur fyrir áður en langt um líður.

Fyrsta spurningin er: „Hver hefur þróun banaslysa og alvarlegra slysa í umferðinni í Reykjavík verið sl. tíu ár? Hvert er hlutfall umferðarslysa í Reykjavík miðað við landsmeðaltal á þessu árabili?"

Þegar þróun banaslysa og alvarlegra slysa í umferðinni í Reykjavík er skoðuð árin 1991–2000 sést að fjöldi banaslysa og alvarlegra slysa milli ára hefur verið nokkuð breytilegur. Hlutfall banaslysa er áttu sér stað í Reykjavík á þessu tímabili er að meðaltali um 21% og hlutfall alvarlegra slasaðra er um 30% af fjölda alvarlegra slysa á landinu. Tölur um fjölda banaslysa og alvarlegra slysa milli einstakra ára og hlutfall þeirra í Reykjavík miðað við landsmeðaltal væri of langt mál að lesa úr ræðustól og mun ég því ekki fjalla nánar um þennan lið fyrirspurnarinnar heldur afhenda hv. fyrirspyrjanda skriflegar upplýsingar þar um sem ég hef hér. Ég vil þó láta þess getið að ef við lítum t.d. á árin 1999 og 2000 þá virðist vera talsverð fækkun á umferðarslysum milli ára. Ef við lítum á prósentutölur og hlutfall af fjölda alvarlegra slasaðra og látinna á hverju ári í Reykjavík fyrir árið 2000 þá eru slys 414 talsins. Þar sem orðið hafa mikil meiðsli er talan 52 eða 31%. Lítil meiðsli 538 og látnir fimm eða 15,6%. Þegar litið er á landið allt fyrir sama ár eru alvarlega slasaðir 169 og látnir 32.

Í öðru lagi er spurt: „Hversu margir bílar eru í umferðinni í Reykjavík að meðaltali á degi hverjum?"

Mjög erfitt er að áætla hversu margir bílar eru í umferðinni í Reykjavík á degi hverjum. Fyrir liggur að um 80 þúsund bílar fara um gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar á degi hverjum. Ekki er óvarlegt að áætlað að 60–70 þúsund bílar séu í höfuðborgarumferðinni á degi hverjum.

Í þriðja lagi er spurt: „Hvaða aðgerðir eru taldar hafa haft áhrif í þá átt að fækka banaslysum og alvarlegum slysum í borginni?"

Í umferðaröryggisáætlun sem samþykkt var á Alþingi hinn 29. apríl 2002 eru settar fram ýmsar tillögur í því skyni að auka umferðaröryggi. Eiga þær við um þéttbýli jafnt sem dreifbýli. Ég mun ekki fjalla nánar um þessar tillögur hér en vísa til ítarlegrar umfjöllunar í skýrslu starfshóps um umferðaráætlunina en henni hefur þegar verið dreift á Alþingi og einnig má nálgast hana í dómsmrn.

Vegna fyrirspurnar hv. þm. vil ég þó sérstaklega nefna að eitt af því sem leitt hefur til fækkunar banaslysa og alvarlegra slysa í Reykjavík er sú stefna að lækka hámarkshraða í íbúðahverfum, svokölluð 30 km svæði. Þau hafa verið vel afmörkuð. Settar hafa verið hraðahindranir þar sem ástæða hefur verið talin til og það hefur haft umtalsverð áhrif á slysahættu, en hv. fyrirspyrjandi nefndi einmitt þessi atriði. Áberandi er að á allra síðustu árum hafa þau banaslys sem skráð eru í Reykjavík átt sér stað á þjóðvegum í þéttbýli eða í jaðri þess þar sem leyfður hámarkshraði er á bilinu frá 60–90 km á klukkustund. Þá má einnig nefna tæknivædda löggæslu eins og t.d. löggæslumyndavélar við ljósastýrð gatnamót í borginni. Brýnt er að sífellt sé haldið uppi öflugu og skilvirku eftirliti lögreglu m.a. til þess að sporna við óhóflegum ökuhraða, ölvunarakstri og vanhöldum á bílbeltanotkun.

Að lokum vil ég nefna að gerðar hafa verið talsverðar lagfæringar á gatnakerfinu samanber mislæg gatnamót á Höfðabakka og einnig á Réttarholtsvegi. Fleiri atriði væri ástæða til að nefna hér en ég sé að tími minn er búinn. En þetta eru svo sannarlega verkefni sem við þurfum að halda vel utan um.

[15:47]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég þakka dómsmrh. þessi svör en ástæða fyrirspurnarinnar er kannski ekki síst sú, af minni hálfu, að draga fram í dagsljósið að umferðin í Reykjavík er ekki eins hættuleg og menn gætu ímyndað sér. Hér er mestöll umferðin og flest fólkið. Af heildarfjölda slysa í slysaskrá teljast umferðarslys vera um 13% en íþróttaslys um 11%. Munurinn er þó sá að fæst íþróttaslys eru alvarlegs eðlis en mörg umferðarslys eru það. Til þess að hægt sé að mæta markmiði heilbrigðisáætlunar um 25% fækkun banaslysa og örorku vegna umferðarslysa á næstu átta árum þarf verulega að taka til hendinni og ríki og borg verða að stilla saman strengi sína.

Ég tel miklu skipta að þingmenn Reykjavíkurkjördæmis séu með í ráðum þegar vegafé er skipt og að stórframkvæmdir í vegamálum hér eigi að hafa forgang fram yfir flest annað því að hér er fólkið flest. Ég fagna auðvitað áhuga dómsmrh. á þessum málaflokki og veit að hún mun fylgja þessu máli eftir.

Á höfuðborgarsvæðinu eru margar stofnbrautir þar sem óhappa- og slysatíðni er allt of há og óviðunandi. Það er því full þörf á því að ríkið sinni skyldum sínum gagnvart höfuðborginni í vegamálum. Á forræði dómsmrh. eru hins vegar þættir sem lúta að umferðarmálum í víðum skilningi

og augljóslega þarf að standa vel í ístaðinu ef takast á að fækka umferðarslysum. Einnig þar þurfa þingmenn að láta sig málið varða og ráðherra að leggja sig fram um að hafa samráð við þá því að markmiðinu um fækkun banaslysa í umferðinni verðum við að ná í sameiningu.

[15:49]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda og vil minna á að sérstök framkvæmdastjórn hefur verið skipuð til að fylgjast með framkvæmd umferðaröryggisáætlunar og það verður að sjálfsögðu haft samráð við hv. þingmenn. Þá vil ég líka minnast þess að margvíslegar lagabreytingar hafa verið gerðar á undanförnum árum sem munu hafa mikil áhrif að mínu mati á bætt umferðaröryggi.

Varðandi höfuðborgina sérstaklega er ástæða til að nefna margvíslegar aðgerðir sem lögreglan í Reykjavík hefur gripið til. Nú stendur t.d. yfir átak gegn ölvunarakstri sem skilað hefur ótvíræðum árangri en ölvunarakstursmálum hefur fækkað um helming milli áranna 2001 og 2002 vegna aukins eftirlits.

Ég vil jafnframt nefna átaksverkefnið „Slysalausi dagurinn" sem haldið er árlega og hefur heppnast afar vel. Lögreglan hefur lagt mikla áherslu á að auka umferðarlöggæslu í höfuðborginni og hefur málum sem rekja má til frumkvæðisvinnu lögreglumanna farið fjölgandi. Ég hef trú á því að aukið umferðareftirlit eigi þátt í því að ekki er hægt að greina aukningu umferðarslysa í höfuðborginni á síðustu árum. Þeim virðist heldur fækka þrátt fyrir gífurlega fjölgun bifreiða og fólksfjölgun sem auðvitað hefur stuðlað að aukinni umferð. En við þurfum að halda áfram á sömu braut því að umferðarslysin taka allt of dýrmætan toll af samfélagi okkar.

Réttarstaða bifreiðastjóra sem aka eftir vegöxlum.

Fsp. HjÁ, 340. mál. — Þskj. 376.

[15:51]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Á undanförnum missirum hefur verið gripið til ýmissa aðgerða til að auka öryggi á Reykjanesbraut. Ég vil nefna þar í fyrsta lagi ákvörðun um að tvöfalda brautina. Í gær var einmitt skrifað undir samning við verktaka um 1. áfanga og er það vissulega mikið öryggisatriði til framtíðar litið.

Í annan stað nefni ég mjög jákvætt framtak þriggja sýslumannsembætta um samstarf með mjög aukinni og sýnilegri löggæslu í eftirliti á Reykjanesbrautinni. Samkvæmt upplýsingum mínum benda fyrstu kannanir til þess að þær hafi skilað jákvæðum árangri enda er eftirlit lögreglunnar á Reykjanesbrautinni afskaplega sýnilegt.

Í þriðja lagi nefni ég aðgerðir Vegagerðarinnar, svonefndar vegaxlir sem felast í því að Vegagerðin hefur látið bera varanlegt slitlag á vegaxlir meðfram Reykjanesbrautinni og afmarkað þær með brotinni línu frá meginakbrautinni. Þetta er gert í því skyni að beina þeim bílstjórum sem kjósa að aka hægar yfir á þessar vegaxlir og hleypa með þeim hætti þeim fram úr sem kjósa að aka hraðar. Tilgangurinn er augljós, að reyna að koma í veg fyrir hinn hættulega framúrakstur sem hefur valdið svo sorglega mörgum slysum.

Þetta eru allt afskaplega jákvæðar aðgerðir en ég dreg sérstaklega fram þá síðastnefndu, þessar vegaxlir sem ég lýsti áðan. Ég tel að þær skili sér, og ökumenn sem oft aka eftir Reykjanesbrautinni eru að læra á að nýta sér þær og eru farnir að tileinka sér að hleypa hraðskreiðari bílum fram úr með því að víkja sér út á vegaxlir.

Nú hafa kviknað ýmsar spurningar í tengslum við þetta, þ.e. um réttarstöðu þeirra bílstjóra sem víkja út á vegaxlirnar. Í rauninni má segja að vegaxlirnar séu ekki vegur en samt notaðar eins og venjulegur vegur, settar þannig upp og til þess ætlast að menn noti þær í rauninni eins og hálfveg. Því er eðlilegt að spyrja: Hver er réttarstaða þeirra bílstjóra sem nýta sér þessar axlir hvað varðar tryggingaþátt og ekki síst gagnvart umferðarlögum? Það er mjög mikilvægt að hafa réttarstöðu ökumanna á þessum vegöxlum alveg á hreinu vegna þess að opinber stjórnsýsla beinir í rauninni umferð inn á þessar brautir. Spurningin snýst kannski um hvort litið sé á öxlina sem veg eða hvort menn aki utan vegar og hver hin eiginlega réttarstaða sé hjá þeim bílstjórum sem þarna fara. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. dómsmrh.

[15:54]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Spurningin sem hv. þm. leggur fram er nokkuð víðtæk en ég mun leitast við að útskýra réttarstöðuna samkvæmt ákvæðum umferðarlaganna og mun því ekki fara út í mögulega túlkun tryggingafélaga vegna tjónsuppgjörs. Mig langar til að nota þetta tækifæri og taka undir með hv. þingmanni um hversu vel hefur tekist í átaki margra aðila að bæta og efla umferðaröryggi á Reykjanesbrautinni.

Hér verður að hafa í huga skilgreiningar umferðarlaga og reglugerða sem settar eru samkvæmt lögunum. Rétt er að nefna að hugtakið vegöxl eða vegaröxl er sem slíkt ekki skilgreint í skilgreiningarákvæði 2. gr. umferðarlaga eða í reglugerðum settum samkvæmt umferðarlögum. Þó má finna þá skýringu á hugtakinu í 11. gr. umferðarlaga að hér sé um að ræða þann hluta vegar sem liggur utan akbrautar. Hugtakið „akbraut" er aftur á móti skilgreint í 2. gr. laganna en þar er um að ræða þann hluta vegar sem ætlaður er fyrir umferð ökutækja. Hugtakið vegur er skilgreint í 2. gr. sem vegur, gata, götuslóði, stígur, húsasund, brú, torg, bifreiðastæði eða þess háttar sem notað er til almennrar umferðar en eins og ég nefndi áðan er vegöxl sá hluti vegar sem liggur utan akbrautar og skilgreinist sem slík.

Af skilgreiningum sem ég rakti má ráða að sá ökumaður sem fer út af akbraut og út á vegöxl ber ríkari varúðarskyldu þegar hann svo færir ökutæki sitt aftur af vegöxl og inn á akbrautina. Þetta má leiða af ýmsum meginreglum umferðarlaga um umferðarreglur fyrir ökumenn. Ákvæði 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga mælir m.a. fyrir um það að ef ökumaður ætlar að aka út á veg af vegöxl skal hann veita umferð í veg fyrir leið hans forgang. Er því ljóst samkvæmt meginreglum umferðarlaga að ökumaður sem ekur eftir vegöxl ber annars vegar ríka varúðarskyldu og ábyrgð vegna umferðar gangandi vegfarenda sem og ríka ábyrgð og varúðarskyldu gagnvart þeirri umferð sem fram hjá fer á akbraut. Ökumaður sem fer fram úr bifreið á akbraut eftir að bifreiðinni sem farið er fram úr er vikið til hliðar út í vegöxlina ber vitaskuld einnig ábyrgð samkvæmt almennri varúðarreglu umferðarlaga sem og meginreglum þeim sem gilda um framúrakstur. Gangandi vegfarandi á vegöxl ber einnig ábyrgð samkvæmt 2. mgr. 11. gr. umferðarlaga.

Af skilgreiningum umferðarlaga er ljóst að vegöxl er fyrst og fremst skilgreind sem öryggissvæði fyrir ökutæki sem þarf að stöðva, t.d. vegna bilunar, en vegöxl er ekki akstursvæði sem ætlað er til aksturs langtímum saman líkt og er með akbraut. Vegöxl er ekki akstursvæði þar sem ökumaður á að eiga von á komandi umferð aftan frá. Vegöxl er einnig skilgreind sem svæði fyrir gangandi vegfarendur og er samkvæmt skilgreiningum umferðarlaganna m.a. skipað á bekk með gangstígum, götuslóðum, vistgötum og bifreiðastæðum svo eitthvað sé nefnt. Um nánari réttarstöðu bifreiðastjóra sem ekur eftir vegöxl er mikilvægt að hafa í huga tilhlítandi yfirborðsmerkingar á vegi samkvæmt reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra.

Í 25. gr. reglugerðarinnar er fjallað um kantlínur akbrautar. Í ákvæðinu er tekið fram að ef um óbrotna kantlínu er að ræða er óheimilt að aka yfir slíka línu nema nauðsyn beri til og skal þá gætt ýtrustu varúðar. Ef um brotna kantlínu er að ræða er heimilt að aka yfir slíka kantlínu enda sé gætt fyllstu varúðar.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér munu merkingar á Reykjanesbrautinni sem afmarkar brún akbrautar og vegaxlar vera í formi brotinnar kantlínu. Vegöxl er samkvæmt því sem ég hef nefnt ekki ætluð til aksturs langtímum saman og getur í undantekningartilfellum eingöngu verið akstursvæði í mjög stuttan tíma í senn, þ.e. í þeim tilfellum þegar ætlunin er að hliðra til og greiða fyrir umferð á akbraut. Það er ákvörðun viðkomandi bifreiðastjóra sem ekur eftir akbraut hvort hann sýnir þá tillitssemi að víkja út á vegöxl og hleypa næsta ökutæki fram úr sér. Ef bifreiðastjóri sýnir þá tillitssemi og víkur út á vegöxl til að hleypa umferð á akbraut fram úr sér ber ökumaðurinn víðtæka varúðarskyldu, bæði gagnvart ökutæki sem stöðvað hefur verið á vegöxlinni sem og gagnvart gangandi vegfarendum. Mætti fleira um þetta segja en ég sé að tími minn er búinn.

[15:59]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Við sem keyrum Reykjanesbrautina á hverjum degi höfum oft velt þeirri spurningu fyrir okkur hver sé réttur þess sem víkur út á vegöxlina og í hvaða stöðu viðkomandi farþegar og eignir séu ef slys hendir, t.d. keyrt á kyrrstæðan bíl. Ég hef sjálfur lent í því að vera kominn alveg að kyrrstæðum bíl þegar ég áttaði mig á því að ég þurfti að fara til baka. Þá getur það verið erfitt og þegar að er komið verða menn jafnvel að nauðhemla. Sem betur fer styttist í að Reykjanesbrautin verði tvöfölduð en það tekur samt einhver ár og ég hygg að það sé mjög gott verk að upplýsa fólk um hver ábyrgð þess er þegar það keyrir á vegöxlum.

[16:01]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek undir að það var mjög mikilvæg umferðarbót þegar þessar vegaxlir voru gerðar svona úr garði eins og þær eru núna, að það er hægt að keyra viðstöðulaust út á þær.

En ég vildi vekja athygli á einu sem hefur a.m.k. tvisvar sinnum komið fyrir mig. Allt í einu þegar maður er að keyra á 90–100 km hraða á brautinni kemur einhver fram úr manni eins og snæljós hægra megin og hverfur út í buskann þannig að sjokkeraður bílstjóri hefur ekki ráðrúm til að taka eftir númeri. Ég veit að það eru margir fleiri sem hafa lent í þessu en ég og það virðast vera ákveðnir aðilar sem stunda þetta á brautinni. Hver er réttarstaða þess bílstjóra sem missir t.d. vald á bíl sínum við þessar aðstæður og hvað er hægt að gera í þessu máli? Hefur þetta verið rætt í ráðuneytinu?

[16:02]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég vil í byrjun þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og þeim hv. þm. sem hér lögðu orð í belg. Ég held að það sé alveg ljóst af svörum hæstv. ráðherra sem ég þakka enn og aftur að réttarstaða bílstjóra á vegöxlunum umræddu er mjög óskýr. Það er augljóst að umferðarlög taka mið af vegöxlum í gamalli merkingu, hefðbundinni merkingu, þar sem þær eru ekki notaðar sem akbrautir en taka ekki heldur mið af þeirri notkun sem Vegagerðin hefur beitt sér fyrir og ég vil enn árétta að það er með mjög jákvæðum árangri og áhrifum. Það er því ljóst að miðað við þau svör sem hér koma fram og eins og ákvæði laga eru er réttarstaða bílstjóra á þessum öxlum nokkuð óljós. Það er alveg ljóst að þetta er, má segja, nokkur nýjung og því er mjög mikilvægt að efla fræðslu um það með hvaða hætti eigi að nota þessar vegaxlir, þar á meðal bann við framúrakstri sem er auðvitað vítavert, en ekki síst er mjög mikilvægt að skerpa réttarstöðu þeirra sem vilja nota vegaxlirnar. Lög sem ekki hafa tekið mið af þessari þróun í umferðarmenningu, sem þetta sannarlega er, skapa þessa réttaróvissu og þau mega ekki verða til þess að menn fari að veigra sér við að nota þetta öryggistæki sem vegaxlirnar sannarlega eru. Aðgerðin sjálf má sem sagt ekki spillast vegna ákvæða laganna. Ég hvet því hæstv. ráðherra til að beita sér fyrir því að á þessari réttarstöðu verði skerpt þannig að ökumenn geti áfram notað vegaxlirnar í því skyni sem þær voru reistar til og eru afskaplega mikilvægar fyrir öryggið.

[16:04]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég tek undir þakkir hv. þingmanna til hv. fyrirspyrjanda. Ég held að það hafi verið þarft að ræða þetta mál hér. Ég er hins vegar ekki sammála því að réttaróvissa sé á ferðinni. Það er ekki talin þörf á því að skilgreina með ítarlegri hætti hugtakið vegöxl né réttarstöðu þess sem þar ekur. Það eru gildandi ákvæði umferðarlaga og reglugerðar um umferðarmerki sem veita fullnægjandi svör við vangaveltum um réttarstöðu samkvæmt lögunum. Ekki má rugla saman annars vegar lagalegri réttarstöðu samkvæmt gildandi umferðarlöggjöf og svo hins vegar mati tryggingafélaga og túlkun þeirra á einstökum ákvæðum vegna tjónsuppgjörs.

Ég vil bara ítreka það hér út af þessari umræðu að aðalatriðið í þessu máli er að vegöxl getur einungis mögulega verið akstursvæði í þeim tilfellum þegar ætlað er að hliðra til, greiða fyrir umferð og auðvelda framúrakstur. Vegöxl er ekki ætluð til aksturs langtímum saman líkt og er með akstur á akbraut. Ég hygg að hv. þm. séu mér alveg sammála um það. Það má hins vegar taka undir það og velta fyrir sér hvort ekki sé ástæða til að kynna betur fyrir vegfarendum hvernig á að nýta þetta úrræði. Ég get tekið undir með hv. fyrirspyrjanda hvað það varðar. Það er a.m.k. alveg ljóst að það er mjög mikilvægt að það sé engin óvissa á þessu sviði.

Ég hafði kannski ekki alveg lokið við að svara í minni fyrri ræðu þar sem ég ætlaði að bæta einu við varðandi þá varúðarskyldu sem ökumaðurinn ber gagnvart ökutæki sem hefur verið stöðvað á vegöxlinni. Ökumanni ber að sjálfsögðu að sýna ýtrustu varkárni er hann svo færir ökutæki sitt af vegöxlinni og aftur inn á akbraut vegna þess að umferð á

akbraut nýtur að sjálfsögðu forgangs. Ég vona að þetta hafi eitthvað skýrt málið.

Meðferð opinberra mála.

Fsp. ÖJ, 328. mál. — Þskj. 358.

[16:07]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég beini spurningu til hæstv. dómsmrh. Hún snýr að störfum nefndar sem endurskoðar lög um meðferð opinberra mála. Venjulega eru tvö dómstig í dómsmálum hér á landi, héraðsdómur og Hæstiréttur, en frá þessu eru þó undantekningar. Er þar um að ræða einkamál þar sem fjárhagslegir hagsmunir eru ekki mjög miklir og opinber mál þar sem refsingar eru ekki þungar. Í slíkum málum þarf leyfi Hæstaréttar til að unnt sé að áfrýja niðurstöðum héraðsdóms. En þótt refsingar séu ekki þungar borið saman við ýmis önnur mál er ekki þar með sagt að þær geti ekki verið þungbærar. Mér er kunnugt um mál þar sem dómur hefur fallið í héraðsdómi en hinum dæmda meinað að sækja mál sitt í Hæstarétti. Viðkomandi hafði verið dæmdur til þess að greiða sekt sem hljóp á tugum þúsunda, ella sæta fangelsisvist. Hann segir sig vera saklausan og í sínum huga vegi þyngra æran en samanlögð sektin og hugsanleg fangelsisvist.

Í þessu umrædda máli réðist niðurstaðan af framburði vitna og var að sjálfsögðu nauðsynlegt fyrir héraðsdóm að vega og meta ýmis álitaefni. Í héraðsdómi sat að þessu sinni aðeins einn dómari og ef að líkum lætur er dómsorð hans endanlegur úrskurður nema Hæstiréttur breyti fyrri ákvörðun sinni og heimili einstaklingnum að áfrýja máli sínu.

Þetta hlýtur að orka tvímælis. Að mínu mati er fráleitt annað en að unnt sé að vísa slíkum úrskurði til Hæstaréttar. Í frv. sem ég lagði fyrir 127. löggjafarsamkunduna er lagt til að þegar um er að ræða mál sem ráðast af sönnunargildi framburðar vitna verði lögbundið að dómurinn sé fjölskipaður. Það gefur augaleið að með þeim hætti yrði stuðlað að traustara réttaröryggi en þar með er réttaröryggi þó ekki nægilega tryggt. Áfrýjunarrétturinn þarf að vera mun rýmri en hann er nú.

Í fyrrgreindu frv. er lagt til að felldar verði niður takmarkanir við því að maður sem hefur verið sakfelldur í opinberu máli geti áfrýjað niðurstöðunni til Hæstaréttar. Það mál fékk ágæta umfjöllun í allshn. þingsins og varð niðurstaðan sú að nefndin stóð einhuga að baki því að vísa málinu til dómsmrn. og vekja athygli á því að lög um meðferð opinberra mála sættu nú heildarendurskoðun af hálfu ráðuneytisins, og var fallist á það af minni hálfu. Nú hefur ekkert heyrst frá þessari nefnd, störfum hennar eða hvernig henni vegni og spurning mín til hæstv. dómsmrh. er þessi:

„Hvernig miðar störfum réttarfarsnefndar við endurskoðun laga um meðferð opinberra mála og hvenær er að vænta tillagna frá nefndinni?“

[16:10]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Eins og fram kemur í fyrirspurninni hef ég vikið að því að fram fari heildarendurskoðun laga um meðferð opinberra mála. Hefur réttarfarsnefnd það verkefni með höndum. Tilefni endurskoðunar er í fyrsta lagi að lögin hafa tekið miklum breytingum frá því að þau voru sett árið 1991. Er raunar hægt að fullyrða að engin önnur réttarfarslög hafi tekið jafnmiklum breytingum.

Í öðru lagi er þróunin mjög ör og ný úrræði að líta dagsins ljós. Í þessu sambandi verður að fylgjast grannt með hvað er að gerast erlendis og þá sérstaklega á Norðurlöndum. Í ljósi þessa er verið að fara yfir lögin í heild og til að komast hjá því að þau verði stagbætt um of. Fyrir liggur að hér er um viðamikið verkefni að ræða og verður því ekki lokið í einni hendingu. Vil ég benda á nokkur atriði í því sambandi.

Vanda verður til verksins og hafa ríkulegt samráð við þá aðila sem að framkvæmdinni koma. Er slíkt mjög tafsamt þótt kostirnir við slíkt samráð séu augljósir.

Þá verður að hafa í huga að undanfarin ár hafa verið gerðar viðamiklar breytingar á lögunum. Nefna má endurskoðun á ákvæðum um ákæruvald árið 1996. Þá voru gerðar viðamiklar breytingar á lögunum árið 1999 þegar staða brotaþola var styrkt til muna og aðrar lagfæringar gerðar sem ekki þoldu bið. Árið 2000 voru síðan sett í lögin ákvæði um nálgunarbann og var það mikil réttarbót fyrir þá sem sæta ofsóknum eða ógnunum. Þannig hafa lög um meðferð opinberra mála tekið breytingum í samræmi við þarfirnar á hverjum tíma. Er því alls ekki hægt að segja að þau séu úrelt á nokkurn hátt. Markmið endurskoðunar er því að fara yfir lögin og gefa þeim heildstæða mynd. Þó geri ég þann fyrirvara að vissulega gæti verið þörf á breytingum bráðlega til samræmis við þróun hér á landi og annars staðar.

Ný vandamál hafa knúið dyra og þau kalla á ný úrræði. Nefni ég þörfina á vitnavernd í því sambandi. Nauðsynlegt er að bjóða vitnum þá vernd sem þau þarfnast og tel ég brýnt að sett verði í lögin ný úrræði á þessu sviði, t.d. hvað varðar nafnleynd. Af hálfu ráðuneytisins hefur náið verið fylgst með þessum málum á norrænum vettvangi og legg ég ríka áherslu á að við getum verið samstiga grönnum okkar í þessu sambandi. Þetta eru hins vegar atriði sem réttarfarsnefnd er einnig að íhuga og vænti ég þess að hún leggi fram tillögur um þetta atriði þegar þar að kemur.

Mér þótti rétt að fara nokkuð yfir þau atriði sem réttarfarsnefnd er að skoða í þessari heildarendurskoðun en auðvitað er það þannig að nefndin hefur á síðustu missirum fjallað um þennan lagabálk. Í því sambandi hefur hún fengið í veganesti mál sem komið hafa upp í umræðum á Alþingi þótt ég hafi ekki tilbúinn lista þar að lútandi. En þau mál sem hv. fyrirspyrjandi ræðir um hér í tengslum við þessa fyrirspurn eru að sjálfsögðu þar til skoðunar að sama skapi.

Það er úrvalslið sem skipar réttarfarsnefndina. Því er ekki að neita að ég hef mikinn áhuga á að sjá tillögur frá þeim sem fyrst. Ég get að vísu ekki fullyrt um það núna hvenær þessari vinnu lýkur en ég vænti þess að það verði innan tíðar og vonast svo sannarlega til þess.

[16:14]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þessi svör. Ég efast ekkert um að þarna er á ferðinni úrvalslið í þessari nefnd og ég efast heldur ekki um að það þurfi mikið og rækilegt starf til að fara yfir allan lagabálkinn og gera á honum nauðsynlegar endurbætur. Það sem ég er að fjalla um tel ég vera mannréttindi, og það er hæg leið að gera breytingar á lögunum til að leiðrétta það sem aflaga hefur farið á mjög einfaldan hátt. Ég féllst hins vegar á það að málinu yrði vísað til réttarfarsnefndar eða þessarar endurskoðunarnefndar í trausti þess að hún skilaði fljótlega af sér. Ég tel að þetta mál þoli enga bið.

Ákvörðun handhafa ríkisvaldsins um að ákæra einstakling fyrir refsiverðan verknað er að sjálfstöðu stór ákvörðun. Leiði ákæran til sakfellingar getur slíkt verið mikið áfall fyrir þann sem fyrir verður og að mínum dómi eru þau rök ekki til og þeir þjóðfélagslegu hagsmunir ekki heldur sem réttlæta lagareglu sem takmarkar rétt sakfellds manns til þess að bera sakfellinguna undir dómara á æðra dómstigi. Að mínu mati eru rökin fyrir óheftum áfrýjunarrétti sakfelldra manna í opinberum málum svo sterk að önnur rök verða að víkja. En ég ítreka að Hæstiréttur getur meinað einstaklingi að áfrýja til réttarins ef tilteknum skilyrðum er ekki fullnægt, t.d. ef sektin er undir 400 þús. kr. 400.680 kr. stendur það í núna. Mér finnst hreinlega ekki ganga að það sé nánast háð duttlungavaldi Hæstaréttar hvort ég fæ að áfrýja máli til réttarins. Þetta stenst ekki jafnræðisreglu og ekki mannréttindi að mínum dómi þótt þetta sé fast bundið í landslög. Ég hvet hæstv. ráðherra til að skoða tvo kosti, annars vegar að taka þessi tilteknu lagaákvæði og koma með þau fyrir þingið eða sjá til þess að réttarfarsnefnd skili af sér á næstu vikum þannig að við getum gert lagabreytingar á þessu þingi.

Flugvallarskattar á Keflavíkurflugvelli.

Fsp. KPál, 275. mál. — Þskj. 293.

[16:16]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ferðaþjónustan og koma ferðamanna til landsins er órjúfanlega tengd Keflavíkurflugvelli þar sem langflestir ferðamenn stíga sín fyrstu skref á íslenskri grundu eftir flug til landsins.

Ellefti september 2001 var mikið áfall fyrir allt flug í heiminum og ferðaþjónustuna um leið og hefur ekki enn verið bitið úr nálinni með þau ósköp. Af hálfu stjórnvalda hér á landi var gripið til ýmissa aðgerða til að mæta þessu áfalli, m.a. með 200 millj. kr. kynningarátaki sem hæstv. samgrh. stóð fyrir. Að mínu áliti var þetta mjög góð aðgerð sem skilaði miklum árangri. Sá hluti hennar sem ég þekki sérstaklega og lýtur að kynningu innan lands hefur gefið ferðaþjónustunni tækifæri til að auglýsa starfsemi sína fyrir landsmönnum. Ferðamálasamtök höfðu þar forustu með höndum ásamt Ferðamálaráði og samgrn. Þessi kynning kom sér afskaplega vel og ég held að hún hafi orðið til þess að ferðir landans innan lands urðu meiri og markvissari en oft áður. Það bætti upp það tap sem varð vegna komu færri erlendra ferðamanna. Kynning erlendis hefur einnig skilað sér eftir því sem ég heyri á ferðaþjónustufólki víðs vegar um landið.

Eitt af því sem hefur áhrif á komu ferðamanna til landsins er kostnaður. Kostnaður við komu flugvéla, m.a. flugvallarskattar, hefur áhrif þar á eins og dæmin sanna. Þessir skattar er t.d. mjög háir hér á landi ef við miðum við flugvallarskatta á samkeppnisflugvöllum okkar eins og í Kaupmannahöfn, í Frankfurt og í París svo að einhverjir sé nefndir. Því er að mínu áliti full ástæða til að skoða hvort skattlagningin hér sé ekki farin að skaða ferðamannastrauminn til landsins og jafnvel ýta frá okkur möguleikum sem felast í því að fá önnur félög, fá lággjaldaflugfélög eða önnur flugfélög til þess að landa hér með ferðamenn, sérstaklega í leiguflugi eða í beinu áætlunarflugi. Af þeim ástæðum, herra forseti, hef ég lagt fyrir hæstv. samgrh. eftirfarandi fyrirspurn sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Telur ráðherra að háir flugvallarskattar á Keflavíkurflugvelli dragi úr komu ferðamanna til landsins?

2. Hvernig telur ráðherra best að bregðast við fækkun ferðamanna til landsins?

3. Hefur auglýsingaherferð ráðuneytisins og Ferðamálaráðs utan lands og innan skilað tilætluðum árangri?“

[16:20]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Spurt er í fyrsta lagi hvort ráðherra telji að háir flugvallarskattar á Keflavíkurflugvelli dragi úr komu ferðamanna til landsins

Mitt svar er þetta: Flugvallarskattar á Keflavíkurflugvelli eru satt að segja ekki sérstaklega háir í samanburði við nágrannalöndin. Ég hef undir höndum nýlega töflu frá Flugmálastjórn sem sýnir samanburð á gjöldum sem innheimt eru á nokkrum flugvöllum við komu Boeing 757-200 vélar með 180 farþega. Gjald af slíku flugi sem leggst á flugvélina sjálfa er lægst á Keflavíkurflugvelli, 79.236 kr. en hæst í Frankfurt, 132.730 kr. Gjöld sem miðast við fjölda farþega eru lægst í Kaupmannahöfn — þar er vopnaleitargjald ekki innheimt — og hæst í Frankfurt. Þessar upplýsingar sýna að lendingar- og farþegagjöld á Íslandi eru sambærileg miðað við það sem gerist í nágrannalöndum. Sennilega er ekki hægt að mæla hve mikil áhrif einstök atriði eins og t.d. flugvallarskattar hafa almennt á komu ferðamanna til landsins. Undanfarinn áratug hefur ferðamönnum fjölgað um 9% að meðaltali árlega þannig að ekki verður séð að flugvallarskattar hafi sérstaklega hamlað komu erlendra ferðamanna. Sé litið til ársins í ár verður heldur ekki séð að ferðamönnum hafi fækkað. Þó virðist ljóst að transit-farþegum hefur fækkað, en þeir greiða engan flugvallarskatt.

Í öðru lagi er spurt hvernig ráðherra telur best að bregðast við fækkun ferðamanna til landsins.

Svar mitt er þetta: Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um fjölda erlendra ferðamanna til landsins á þessu ári eða á árinu 2001. Ferðamálaráð hefur í samráði við sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli staðið að talningu farþega eftir þjóðerni við brottför í Leifsstöð frá því mars. Þá liggja fyrir tölur Flugmálastjórnar um heildarfjölda farþega til landsins en ekki er þar gerður greinarmunur á innlendum og erlendum farþegum. Samkvæmt upplýsingum Flugleiða hefur erlendum farþegum þeirra til Íslands fjölgað undanfarna mánuði miðað við fyrra ár. Ef allar þessar tölur eru bornar saman má draga þá ályktun að erlendum ferðafarþegum sem hingað koma hafi fækkað um nálægt 6% það sem af er þessu ári miðað við sama tíma árið 2000 sem var metár í fjölda erlendra ferðamanna. Gera má ráð fyrir að fækkun sé hlutfallslega mest í hópi svonefndra viðdvalarfarþega sem hér dvelja í einn til þrjá daga á leið sinni milli Bandaríkjanna og Evrópu en minni í hópi þeirra sem hingað koma í heföbundnum Íslandsferðum. Svonefndum transit-farþegum hefur fækkað í samræmi við samdrátt í framboði flugs yfir Norður-Atlantshafið en þeir farþegar hafa ekki verið taldir sem ferðamenn til landsins, enda dvöl þeirra hér að meðaltali um ein klukkustund í Leifsstöð.

Ég brást við haustið 2001 í kjölfar hryðjuverkanna 11. september það ár og þess samdráttar í framboði ferða til landsins sem varð í kjölfarið og beitti mér fyrir því að á

fjárlögum þess árs voru 150 millj. kr. til viðbótar því sem áður var áætlað til markaðssetningar í ferðaþjónustunni. Þetta var gert í þeim tilgangi að freista þess með auknum markaðsaðgerðum að verja þá stöðu sem íslensk ferðaþjónusta hafði náð sérstaklega á erlendum mörkuðum. Til að spyrna enn fastar við fótum og snúa vörn enn frekar í sókn þá er í fjárlagafrv. fyrir árið 2003 gert ráð fyrir að veittar verði 300 millj. kr. til markaðssetningar í íslenskri ferðaþjónustu á næsta ári eða tvöfalt meira en á yfirstandandi ári og sexfalt það sem var á vegum ráðuneytisins árið 2001. Áfram verður því unnið að stórauknu markaðs- og kynningarstarfi á okkar helstu mörkuðum á hliðstæðan hátt og gert hefur verið nú í ár.

Í þriðja lagi er spurt hvort auglýsingaherferð ráðuneytisins og Ferðamálaráðs utan lands og innan hafi skilað tilætluðum árangri.

Svarið er að það er samdóma álit þeirra sem best þekkja til á erlendum mörkuðum að hinir auknu fjármunir stjórnvalda á þessu ári hafi skipt sköpum við að verja okkar stöðu. Erfitt er að meta árangur nákvæmlega í tölum á þessari stundu þar sem ýmsar upplýsingar skortir um umfang greinarinnar. Samkvæmt upplýsingum frá bandarískum yfirvöldum hefur farþegum frá Bandaríkjunum til Evrópu fækkað um rúmlega 20% á fyrstu sjö mánuðum þessa árs miðað við fyrra ár. Farþegum til Norðurlandanna frá Bandaríkjunum hefur fækkað um 11% á sama tíma. En farþegum til Íslands frá Bandaríkjunum hefur eftir því sem næst verður komist fækkað milli áranna 2000 og 2002 um 6–7%. Sú fækkun virðist þó vera fyrst og fremst í svonefndum viðdvalarfarþegum sem hér dvelja mjög stutt. Miðað við þessar upplýsingar virðist sem okkur hafi tekist mun betur en ýmsum öðrum að verja okkar stöðu á Bandaríkjamarkaði sem hér er tekinn sem dæmi.

Erfitt er að meta árangur á innlenda þætti kynningarinnar fyrr en upplýsingar liggja fyrir frá Hagstofu um heildarfjölda gistinátta í landinu í ár miðað við fyrra ár. Þó hefur verið ákveðið að halda innlendri kynningu áfram í vetur og hefur fjöldi fyrirtækja og annarra hagsmunaaðila nú gengið til samstarfs við Ferðamálaráð í þeim tilgangi að efla þetta kynningarstarf enn frekar og ná áfram góðum árangri.

[16:25]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu mikilvæga máli. Það er alveg ljóst að það er dýrara að fljúga til Íslands frá meginlandi Evrópu en milli staða á meginlandnu. Bara af þeirri ástæðu, þessari landfræðilegu ástæðu, er það vitað að flugfélög hafa hætt við að fljúga hingað. Má þar nefna flugfélagið Go sem dæmi. Það hlýtur því að vera rökrétt að spyrja hvort ekki sé eðlilegt að reyna að draga úr öllu sem heitir opinberar álögur ef við viljum auka flæði ferðamanna hingað til landsins.

Fyrir liggur að af opinberum álögum á venjulega flugvél sem lendir eru um 43% flugvallarskattur, en önnur afgreiðslugjöld eru samkeppnisfær eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra. Þess vegna er rökrétt að spyrja sig að því hvort ekki sé eðlilegt, a.m.k. yfir vetrartímann þegar við þurfum mest á ferðamönnum að halda, að hið opinbera felli niður þessa skatta í því skyni að gera Ísland fýsilegra fyrir erlenda ferðamenn og erlend flugfélög. Tekjutap ríkissjóðs er borgað upp strax á fyrsta sólarhring hvers nýs ferðamanns sem hingað kemur í formi neysluskatta.

[16:26]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það fer ekkert á milli mála að okkur tókst mjög vel til eftir áfallið sem varð í ferðaþjónustunni á liðnu ári í þeirri markaðssókn sem fram fór á liðnum vetri og hefur verið að skila sér í því sem hæstv. samgrh. rakti í ræðu sinni. Engu að síður er ljóst að við þurfum að halda áfram á þeirri braut og þess vegna er mikið fagnaðarefni að ákveðið var við fjárlagaafgreiðslu af Alþingi að hækka mjög verulega fjármagn til markaðsstarfsemi í ferðaþjónustu. Það á örugglega eftir að skila sér.

Ég er þeirrar skoðunar að vel komi til greina að lækka skatt á flug utan háannatímans. Ég hreyfði þessu reyndar í Ferðamálaráði fyrr á þessu ári. Þar var samþykkt að leita eftir viðræðum við hlutaðeigandi aðila um það hvort þetta gæti komið til greina. Ég nefndi þetta líka á ferðamálaráðstefnu Ferðamálaráðs sem haldin var í Stykkishólmi 17. og 18. október sl. Þarna er hins vegar að mörgu að hyggja. Þessi gjöld standa undir tilteknum hlutum sem við þurfum auðvitað að standa skil á og þess vegna þarf að undirbúa þetta mál vel. En þetta sýnist manni hins vegar geta verið rökrétt framlag í þeim efnum að reyna að lengja ferðamannatímann sem að mínu mati er eitt stærsta viðfangsefnið sem við er að glíma í ferðaþjónustunni um þessar mundir.

[16:28]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans og þeim þingmönnum sem hafa tekið þátt í þessari umræðu. Mér finnst innlegg þeirra hafa verið mjög gott og er ég mjög ánægður með að heyra að formaður Ferðamálaráðs, hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, skuli hafa tekið undir það að lækka skatta og eins hv. þm. Hjálmar Árnason sem viðraði þá hugmynd að það væri hægt að gera utan háannatímans.

Auðvitað eru það einmitt þessi mál sem við erum að ræða. Skattarnir, flugvallarskatturinn, er ekki lagður á á sumum flugvöllum. Við vitum náttúrlega til hvers flugvallarskatturinn er notaður hér eins og hér hefur komið fram. Hann er nýttur til þess að halda uppi öðrum flugvöllum á landinu. En samt gæti farið svo ef menn næðu að auka umferðina vegna lægri skattlagningar, að tekjurnar gætu samt sem áður orðið þær sömu og það er akkúrat það sem skiptir máli. Þess vegna skora ég á hæstv. ráðherra að skoða þetta mál mjög vandlega. Það er alveg augljóst að þær aðgerðir sem hæstv. ráðherra greip til til að reyna að örva ferðamannastrauminn náðu tilætluðum árangri. Út af fyrir sig var það góð aðgerð. En þarna er kjörið tækifæri. Þarna er gríðarlega stór og mikill vinnustaður. Það skiptir miklu máli fyrir Suðurnesin að þessi starfsemi haldist í þeim vexti sem hún hefur verið og fyrir ferðamennskuna í heild sinni er náttúrlega lífsspursmál að hægt sé að lengja ferðamannatímann og gera mönnum kleift að nýta þá dýru fjárfestingu út um allt land sem í dag er því miður vannýtt á flestum stöðum.

[16:30]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem hér fer fram og þeirri miklu umhyggju sem ég heyri að hv. þingmenn bera fyrir íslenskri ferðaþjónustu og því að hún eflist, enda er ferðaþjónustan orðin næststærsti atvinnuvegur þjóðarinnar við hliðina á stóriðjunni þegar mælt er á þann mælikvarða sem gjaldeyristekjurnar eru.

Ég get alveg fallist á að auðvitað væri æskilegt ef hægt væri að lækka gjöld á flugfélögin sem flytja hingað til lands-

ins ferðamenn. En eins og kom fram í ræðu minni bendir fátt til þess að við skerum okkur svo úr hvað varðar lendingargjöld og farþegaskatta að þau geti virkað hamlandi á flugfélög. Engu að síður reyna flugfélög eins og öll önnur fyrirtæki að draga úr kostnaði og hljóta að fagna lækkun á kostnaði við lendingar þannig að það er liður í því auðvitað að gera þetta aðgengilegra. Að sjálfsögðu er ég reiðubúinn til þess og hef verið að vinna að því að leita leiða til að lækka þessi gjöld.

En vandi okkar liggur í því að við þurfum tekjur. Við þurfum tekjur til þess að halda úti Keflavíkurflugvelli og flugstöðinni og við þurfum að hafa fjármuni til þess að halda úti flugmálaáætlun okkar, uppbyggingu flugvalla í landinu og rekstri þeirra. Málið snýst því um það að ef ætti að lækka þessi gjöld þá væri verið að niðurgreiða þetta úr ríkissjóði. Það liggur nokkuð ljóst fyrir og um það þurfum við að fjalla hvort við eigum að taka úr ríkissjóði fjármuni til þess að halda úti rekstri flugvallanna í stað þess að þeir sem nota þá greiði fyrir það gjald.

Byggðamál.

Fsp. SvanJ, 416. mál. — Þskj. 525.

[16:32]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Á síðasta vori samþykkti Alþingi till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005. Þessi tillaga er býsna snaggaraleg. Hún kemst fyrir á einu A-4 blaði og er fyrst og fremst almenn viljayfirlýsing um byggðamál eða almenn viljayfirlýsing um að aðstoða byggðarlög, treysta búsetuskilyrði o.s.frv. Fátt er þar um útfærslur og lítið um hugmyndir.

Hins vegar vísa ýmsir til byggðaáætlunar og í þeim hópi er hæstv. iðnrh., vísa til byggðaáætlunar ríkisstjórnarinnar þegar verið er að fylgja málum eftir. Satt best að segja er mér ekki alveg ljóst hvað menn eru þá að tala um, í hvað verið er að vísa vegna þess að ekki er það þessi tillaga sem Alþingi samþykkti. Það er mér ljóst.

Í athugasemdum við það plagg sem upphaflega var lagt fram hér voru hugmyndir reifaðar, þ.e. í svokölluðum athugasemdum. Í meirihlutaáliti iðnn. voru líka reifaðar ýmsar hugmyndir. Á sínum tíma birtist það okkur í stjórnarandstöðunni þannig að menn hefðu lent hér í ákveðnum vandræðagangi með málið vegna þess að m.a. þingmenn úr öðrum stjórnarflokknum voru óánægðir og lýstu yfir mikilli andstöðu með þær hugmyndir sem fyrir lágu í plagginu. Eigi að síður, herra forseti, virðist einhvers staðar vera til einhver byggðaáætlun eða eitthvað sem ráðherra getur sótt í þegar verið er að fjalla um þessi mál. Mér leikur þess vegna hugur á að vita, og ég veit að ég er ekki ein um það, hvaða áætlanir eru til og hvaða vinna hefur farið fram á grundvelli þessarar þál. um stefnu í byggðamálum sem Alþingi samþykkti í vor. Eitthvað hlýtur að vera til einhvers staðar. Það væri áhugavert fyrir okkur og fyrir þingheim að vita hvaða áætlanir eru til, hvaða vinna hafi farið fram og hvert hugmyndir eru þá sóttar. Koma þær úr athugasemdum við upphaflega frv., úr meirihlutaáliti iðnn. eða hvaðan eru þær runnar?

[16:36]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Tillögur um aðgerðir í þál. um byggðamál voru settar fram í 22 liðum. Flest ráðuneyti komu að framkvæmd áætlunarinnar og er ábyrgð einstakra liða dreift milli ráðuneyta og Byggðastofnunar. Til að tryggja sem best framgang samþykktrar byggðaáætlunar var tillaga um að skipuð yrði verkefnisstjórn sem hefði yfirumsjón með framkvæmd hennar, verkefnisstjórnin yrði skipuð fulltrúum allra þeirra ráðuneyta sem áætlunin snertir en formaður hennar yrði skipaður af iðnrh. Viðkomandi ráðuneyti hafa nú tilnefnt fulltrúa sína í verkefnisstjórnina og mun hún hefja störf á næstu dögum.

Mig langar til að koma inn á nokkur atriði sem varða iðn.- og viðskrn. Ég get ekki svarað fyrir önnur ráðuneyti. Ég nefni fyrst nýsköpunarmiðstöð á Akureyri. Síðastliðinn föstudag var formlega opnuð nýsköpunarmiðstöð á Akureyri með þremur starfsmönnum. Nýsköpunarmiðstöðin er hluti af Impru og er meginmarkmið hennar að efla nýsköpun í atvinnulífi á landsbyggðinni og hafa frumkvæði að þróun viðskiptahugmynda. Á næsta ári er áætlað að tveir starfsmenn verði ráðnir til viðbótar. Ljóst er að það er mikill styrkur fyrir nýsköpunarmiðstöðina á Akureyri að tengja Impru beint og tryggja þar með milliliðalausan tilflutning á þeirri dýrmætu reynslu sem Impra býr yfir. Segja má að hornsteinn byggðaáætlunarinnar sé stofnun nýsköpunarmiðstöðvarinnar sem á að þjóna allri landsbyggðinni.

Ég nefni aukna samvinnu opinberra sjóða sem vinna að eflingu atvinnulífs. Um er að ræða að auka samvinnu opinberra sjóða sem veita lán eða fjárhagslegan stuðning til nýsköpunar og uppbyggingar atvinnulífsins. Sú vinna hefur þegar verið sett í gang. Haldinn hefur verið einn fundur og er annar fundur áætlaður á næstu dögum.

Ég nefni athugun á búsetuskilyrðum fólks og athugun á starfsskilyrðum atvinnuveganna. Þessir tveir þættir hafa verið sameinaðir enda nátengdir. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands ásamt Byggðarannsóknastofnun hefur verið falið það í sameiningu að vinna að þessu verkefni. Búið er að leggja mikla vinnu í verkið frá því í sumar og er áætlað að skýrsla liggi fyrir í málinu nú fyrir jólin.

Ég nefni byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð. Búið er að skipa fimm manna verkefnisstjórn um málið undir forustu Sigmundar Ernis Rúnarssonar ritstjóra og hefur stjórnin þegar hafið störf. Verkefnisstjórnin mun skila greinargerð um framvindu verksins til ráðherra tvisvar á ári. Að öðru leyti verði miðað við að verkefninu ljúki eigi síðar en við lok ársins 2004.

Ég nefni rafrænt samfélag. Unnið hefur verið ötullega að málinu en það felst í því að bjóða tveimur til þremur framsæknum byggðarlögum framlag úr ríkissjóði á móti eigin framlagi til að hrinda í framkvæmd metnaðarfullum aðgerðum sem hafa að markmiði að auka nýsköpun í atvinnulífi og bæta afkomu íbúanna, auka menntun og menningarstarfsemi, bæta heilsugæslu og félagslegar aðstæður og efla lýðræði. Undirbúningsfasanum er nær lokið og kynning fyrir sveitarfélögum stendur yfir. Gert er ráð fyrir að val á byggðarlögum fari fram fljótlega á næsta ári.

Ég nefni alþjóðlegt samstarf í byggðamálum. Ísland er nú orðinn fullgildur þátttakandi í Northern Periphery verkefninu og hefur ráðuneytið skipað tvo fulltrúa Íslands í framkvæmdanefnd verkefnisins.

Þá hefur ráðuneytið í undirbúningi að vinna að hugmyndum um samstarfsverkefni með öðrum ráðuneytum sem varða byggðamál og byggðaþróun. Fleira mætti nefna. Í ræðu sinni áðan fannst mér hv. þm. vera óþarflega neikvæð í málflutningi sínum og vildi lítið gera úr þessari byggðaáætlun að mér fannst. Það finnst mér alveg óþarfi því að þarna eru einmitt margar hugmyndir — hún sagði að lítið væri um hugmyndir — sem vissulega hafa ekki lagagildi. En þær eru á blaði og þær eru hluti af byggðaáætlun Alþingis og ríkisstjórnar og það skiptir verulega miklu máli. Þegar hv. þm. áttar sig ekki á því í hvað sé verið að vísa þegar talað er um byggðaáætlunina þá er það rétt sem kemur fram hjá henni að sú ályktun sem í raun var samþykkt hér á hv. Alþingi er ekki í mörgum orðum eða mjög flókin. Hins vegar liggur mjög margt þar til grundvallar sem gerir það að verkum að ég er stolt yfir þessu verki.

[16:41]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur að það er sannarlega tilefni til þess að hafa áhyggjur af nýsamþykktri byggðaáætlun. Ég vil lýsa yfir áhyggjum mínum út af fjárlögum fyrir 2003. Þar er rauði þráðurinn í raun aukin miðstýring og lítill viðurgjörningur við stofnanir og rekstur ríkisins úti á landi. Nægir þar að nefna að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er gjörsamlega skilið eftir í samanburði við hátæknisjúkrahúsin á höfðborgarsvæði. Nægir þar að nefna það sem allir voru sammála um að vantaði í atvinnuþróunarfélögin, verðbætur upp á 20 milljónir. Þess sér hvergi stað. Svona má fara í gegnum þál. lið fyrir lið. Þetta er vissulega áhyggjuefni þrátt fyrir að eitt og eitt verkefni sé í gangi eins og hæstv. ráðherra kom inn á. Ég vildi að þetta kæmi fram í umræðunni, virðulegi forseti.

[16:42]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra var með fögur orð um framkvæmd byggðaáætlunar sinnar og var stolt yfir henni. Staðreyndin er sú að ekkert nýtt fé kemur inn í byggðaáætlun. Meira að segja brýtur hæstv. ráðherra þá ályktun sem meiri hluti Alþingis gerði við samþykkt byggðaáætlunar varðandi eignarhaldsfélögin. Formaður þingflokks framsóknarmanna hefur upplýst að það hafi ekki einu sinni verið borið undir þingflokkinn að leggja eignarhaldsfélögin niður. Í samþykktinni sem gerð var við síðustu byggðaáætlun stendur, með leyfi forseta:

„Nefndin [þ.e. meiri hluti iðnn.] telur jafnframt mikilvægt að styrkja varanlega rekstur atvinnuþróunarfélaganna ásamt eignarhaldsfélaga og atvinnuþróunarsjóða."

Hvað hefur verið gert? Eignarhaldsfélögin voru lögð niður og atvinnuþróunarfélögin fá skert fjármagn þrátt fyrir óbeint vilyrði hæstv. ráðherra. En ekkert stendur eftir.

[16:43]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ef það er neikvæðni að vilja skilja á hvaða vegferð hæstv. iðnrh. er með byggðamálin þá er ég neikvæð, já. Ég sit í iðnn. Ég tók þátt í umfjöllun og afgreiðslu þessa máls á liðnu vori en ég skil hreint og klárlega ekki hvernig málið getur haft þann framgang sem mér heyrist hæstv. iðnrh. láta það hafa. Hún segir í upphafi ræðu sinnar áðan eða vitnar þar í þáltill. sem Alþingi samþykkti, byggðaáætlun sem Alþingi samþykkti. Alþingi samþykkti enga byggðaáætlun. Alþingi samþykkti þetta plagg hér, fimm liði með almennum yfirlýsingum. Þar eru engar hugmyndir, engar áætlanir, ekkert sem bitastætt er. Þess vegna hljótum við sem tókum þátt í því að vinna málið í nefndinni og fylgdumst síðan með því hver yrðu afdrif þess í meðförum stjórnarflokkanna, að óska eftir því að það komi fram hvaðan þær hugmyndir eru teknar sem verið er að vinna með og eru núna kallaðar byggðaáætlun ríkisstjórnar eða Alþingis.

Ég vil taka undir með síðasta hv. ræðumanni sem vitnaði í orð hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar í fjárlagaumræðunni sem saknar þess að ekkert virðist gert með meirihlutaálit iðnn. Við erum ekki að biðja um að tekið sé tillit til álits minni hlutans. Það er ekki venjan hér. En það er ekkert mark tekið heldur á meiri hlutanum. Spurningin er líka þessi: Er Sjálfstfl. sáttur við að hæstv. ráðherra velji það út úr pakkanum, út úr athugasemdunum sem ráðherranum hentar eða hvaðan eru hugmyndirnar runnar? Í rauninni, herra forseti: Hverra byggðaáætlun er þetta? Að minnsta kosti virðist hæstv. iðnrh. velta af sér ábyrgðinni því að nú virðist sem svo að hvert ráðuneyti eða hver ráðherra sé orðinn byggðaráðherra því hún varpar ábyrgð á ákveðnum þáttum yfir á aðra ráðherra og önnur ráðuneyti. Hvaða þættir eru það, herra forseti?

[16:45]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það var eins gott að hv. þm. kom fram með þessa fyrirspurn því að þarna er algjör grundvallarmisskilningur uppi. Að sjálfsögðu blanda ég mér ekki inn í mál sem heyra undir önnur ráðuneyti. (**Gripið fram í:** Jú.) Nei, það er bara ekki þannig í stjórnsýslunni að ég geri það ekki. Ég hef þau mál sem heyra undir iðn.- og viðskrn. og ég ber ábyrgð á þeim en ég ber ekki ábyrgð á öðrum ráðuneytum. Hins vegar er nefnd ráðuneyta starfandi eins og ég gat um í mínu svari áðan þannig að þetta er, held ég, aðalatriðið.

Það sem ég vil líka koma hér að er að það er aðalatriðið að ná árangri. Það er hægt að hafa mörg orð um það hvernig byggðaáætlun er sett upp og hvort átti að setja hana einhvern veginn öðruvísi upp. (Gripið fram í.) Hins vegar er aðalatriðið að ná árangri og það er fjallað um aðerðir í 22 liðum í þessari byggðaáætlun og þó að ályktunin sjálf sé ekki útskýrð í þaula byggist hún á greinargerðinni og greinargerðin skiptir þess vegna svo miklu máli.

Hvað varðar það sem hv. þm. sagði um eignarhaldsfélög er ekki getið um eignarhaldsfélög í byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir þessi fjögur ár. Hins vegar er rétt að það kom fram í nál. að þau skyldu vera áfram í rekstri. Ég skal þó viðurkenna að ég áttaði mig ekki á því fyrr en löngu seinna að þetta orð kæmi fyrir í þessu nál. Það var löngu ákveðið að eignarhaldsfélög, sem var ágætisverkefni út af fyrir sig, væru tímabundið sett á laggirnar. Það er ekki lengur til staðar. Hins vegar verður varið milljarði króna í nýsköpun atvinnulífs á landsbyggðinni og það er mikilvægara að mínu mati vegna þess að eignarhaldsfélögin hafa ekki nýst veikustu byggðunum nægilega vel, eins og fyrir vestan.

Ég segi það aftur að ég tel að þessi byggðaáætlun sé mikils virði. Hún er gagn sem ríkisstjórnin byggir starf sitt á og hún er þegar farin að skila árangri.

Fundi slitið kl. 16:48.

53. FUNDUR

miðvikudaginn 11. des.,
kl. 6 síðdegis.

Dagskrá:

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 444. mál, þskj. 624. — 1. umr.

[18:01]

Útbýting þingskjala:

Aukatekjur ríkissjóðs, 322. mál, þskj. 661; brtt. VE o.fl., þskj. 676.

Áfengisgjald, 418. mál, svar fjmrh., þskj. 646.

Fjármálafyrirtæki, 215. mál, brtt. VE o.fl., þskj. 675.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 359. mál, þskj. 662.

Lífeyrissjóður sjómanna, 355. mál, brtt. PHB, þskj. 680.

Styrkir til útrásar íslenskrar dægurtónlistar, 455. mál, fsp. MS, þskj. 678.

Styrkir til útrásar íslenskrar dægurtónlistar, 456. mál, fsp. MS, þskj. 679.

Tekjuskattur og eignarskattur, 324. mál, brtt. VE o.fl., þskj. 677.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 1. umr.

Stjfrv., 444. mál (sauðfjárframleiðsla, beingreiðslur). — Þskj. 624.

[18:03]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, sem er 444. mál þingsins á þskj. 624.

Frv. þetta er lagt fram í þeim tilgangi að lögfesta ákvæði um breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Um er að ræða breytingar sem eiga rætur að rekja til breytinga á samningi um sauðfjárframleiðslu sem undirritaður var 11. mars 2000 á grundvelli 30. gr. laga nr. 99/1993 milli landbrh. fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands. Á síðasta löggjafarþingi Alþingis 2001–2002 voru lögfestar nokkrar breytingar á lögum nr. 99/1993 sem byggðar voru á *áðurnefndum samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.* M.a. voru þar lögfest ákvæði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu og álagsgreiðslur sem greiðast fyrir slíka framleiðslu frá og með 1. janúar 2004. Einnig voru með þessum sömu lögum lögfest ákvæði um að beingreiðslur til sauðfjárframleiðenda skyldu lækka um nánar tilgreind hlutföll árlega á árunum 2003–2007. Þá voru í lögunum nr. 101/2002 ákvæði um að álagsgreiðslur fyrir gæðastýrða sauðfjárframleiðslu skyldu m.a. greiðast af þeim fjármunum sem beingreiðslur lækka um.

Í frv. til laga nr. 101/2002, eins og það var lagt fyrir Alþingi, var gert ráð fyrir að gæðastýrð sauðfjárframleiðsla og álagsgreiðslur fyrir slíka framleiðslu yrðu teknar upp 1. janúar 2003. Við meðferð frv. á Alþingi var ákveðið að fresta gildistöku ákvæða um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu um eitt ár, þ.e. til 1. janúar 2004. Beingreiðslur skyldu þó lækka um áður ákveðin hlutföll þegar 1. janúar 2003 en þeim fjármunum sem beingreiðslur lækkuðu um skyldi varið til að greiða álag á allt framleitt dilkakjöt.

Þá var sú ákvörðun tekin í meðförum Alþingis á frv. að samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000 skyldi tekinn til endurskoðunar árið 2002. Þeirri endurskoðun er nú lokið og hefur viðauki við fyrrgreindan samning um framleiðslu sauðfjárafurða sem hefur að geyma breytingar frá fyrri samningi með sama efni og greinir í frv. þessu þegar verið undirritaður.

Þær breytingar sem gerðar voru á lögum nr. 99/1993 með áðurnefndum lögum nr. 101/2002 voru í fullri sátt og með stuðningi Bændasamtaka Íslands og Landssambands sauðfjárbænda. Á aðalfundi Landssamtaka sauðfjárbænda síðastliðið sumar var hins vegar samþykkt ályktun um að nauðsynlegt væri að gera nánar tilgreindar breytingar á samningnum um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000. Við þá endurskoðun á samningnum sem frv. þetta byggir á hefur verið tekið fullt tillit til þessarar ályktunar Landssamtaka sauðfjárbænda. Í frv. eru því lagðar til eftirfarandi breytingar:

Ákvæði 29. gr. laganna er breytt á þann veg að sauðfjárframleiðendur geti einungis komist hjá útflutningsskyldu með því að fækka fé en ekki með því að kaupa sér greiðslumark. Öllum sauðfjárframleiðendum, eða öllu heldur sláturleyfishöfum sem kaupa kjöt af framleiðendum, er skylt að taka þátt í útflutningi eða sæta útflutningsuppgjöri fyrir sama hlutfall af framleiðslu sinni að undanskildu því magni sem framleiðandinn tekur til eigin nota samkvæmt heimild í reglugerð. Þegar ákvæðið um undanþágur frá útflutningsskyldu varð fyrst til á árinu 1995 var megintilgangur þeirra sá að stuðla að því að bændur fækkuðu fé. Í framkvæmd hafa einstakir bændur hins vegar farið þá leið að kaupa sér greiðslumark án þess að fækka fé til þess að ná þessu hlutfalli, þ.e. 0,7 kindur á hvert ærgildi greiðslumarks. Í frv. þessu er miðað við að undanþegnir útflutningi geti einungis verið þeir sem hafa 0,7 vetrarfóðraðar ær eða kindur eða minna á hvert ærgildi greiðslumarks.

Við 29. gr. laganna bætist *ný málsgrein sem felur í sér* að útflutningsuppgjör eða útflutningsgjald, sem sláturleyfishöfum ber að greiða ef þeir flytja ekki út lögboðinn hluta afurða sinna eða semja ekki við aðra sláturleyfishafa um að flytja út þann hluta, verður tryggt með lögveði í framleiðslunni sem ásamt dráttarvöxtum gengur í tvö ár frá gjalddaga á undan öðrum skuldbindingum framleiðandans. Að tveimur árum liðnum fellur lögveðið niður. Ákvæði þetta er nauðsynlegt til að tryggja að unnt verði að innheimta útflutningsgjaldið, t.d. ef sláturleyfishafi verður gjaldþrota, vegna þess að ef það er ekki gert leiðir það til þess að útflutningsskyldan kemur þá með meiri þunga niður á öðrum aðilum sem háðir eru henni.

Breytt er ákvæði 39. gr. laganna og gert ráð fyrir að beingreiðslur lækki ekki fyrr en í janúar 2004 en samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að beingreiðslur lækki í janúar 2003. Einnig er gert ráð fyrir í frv. að beingreiðslur lækki minna en áður hefur verið ákveðið samkvæmt gildandi lögum. Jafnframt er gert ráð fyrir samkvæmt gildandi lögum að þeir fjármunir sem beingreiðslur lækka um á árinu 2003 renni til álags á framleitt dilkakjöt samanber S-lið ákvæðis til bráðabirgða í lögunum en þar sem frv. gerir ráð fyrir að beingreiðslur lækki ekkert á árinu 2004 er miðað við það

í frv. að ekki verði um að ræða álagsgreiðslur á framleitt dilkakjöt. Beingreiðslur munu áfram greiðast greiðslumarkshöfum með óbreyttum hætti til ársloka 2003.

Á fylgiskjali með frv. þessu er að finna kostnaðarumsögn fjmrn. um frv. og læt ég nægja að vísa þangað. Ég vil að öðru leyti leyfa mér að vísa til greinargerðar þeirrar er fylgir frv. og athugasemda með því.

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða frv. til laga um breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara, sem miðar að því að koma til móts við eindreginn vilja Bændasamtaka Íslands og Landssambands sauðfjárbænda. Einnig er frv. ætlað að stuðla að því að framkvæmd laganna verði í samræmi við tilgang þeirra. Ég tel að ef þetta frv. verður að lögum muni það leiða til réttlátari niðurstöðu fyrir alla hlutaðeigandi aðila en sú framkvæmd sem gildandi lög gera ráð fyrir. Það er því von mín og trú að frv. þetta muni hafa jákvæð áhrif og verða til góðs fyrir sauðfjárframleiðsluna hér á landi.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[18:11]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það er alveg með eindæmum að á hinu háa Alþingi skuli nokkrum dögum fyrir jól vera lagt fram frv. sem gengur út á það að breyta hlutum um næstu áramót. Þetta er sérstaklega dapurt vegna þess að búið er að hafa þó nokkuð langan tíma varðandi það mál sem hér er verið að ræða um. Hér eru nokkur atriði sem tengjast ekki áramótunum og hér er eina ferðina enn brugðið á þann leik gagnvart hinu háa Alþingi að fella inn í frv. ýmiss konar efni sem á ekki þar heima en er látið fljóta með og þingheimi sagt að það verði að afgreiða þessi mál fyrir áramót, annars skapist hér vond staða.

Frv. sem um ræðir snýr að útflutningsskyldu, þ.e. að tryggja þann anda laganna sem settur var á sínum tíma að menn geti ekki keypt sig frá útflutningsskyldum með því að kaupa greiðslumark. Ég er að mörgu leyti sammála því sem þar kemur fram. Ég held að þar hafi ekki tekist alveg til eins og ætlunin var. Hins vegar er spurning hvort afgreiða þyrfti þetta mál með þessum hraða því það sem ég mótmæli hér eru vinnubrögðin. Það er ekkert að því að landbrh. komi fram með frv. og það fái hina eðlilegu þingmeðferð en það er greinilegt á þessu að það verður að afgreiða þetta mál á tveimur sólarhringum. Ég skil ráðherra svo að það sé stefna ríkisstjórnarinnar. Er það ekki rétt, herra forseti, að frv. sé lagt fram með því fororði af hálfu hæstv. ráðherra að stefna að afgreiðslu fyrir þinghlé?

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti hefur skilið hæstv. ráðherra þannig.)

Það er gott, hæstv. forseti, að það komi fram. Við vitum að slíkir hlutir geta gerst, að það komi fram efni sem menn hafa ekki alveg áttað sig á og stjórnarandstaðan hefur oft og tíðum líka greitt götu slíkra mál ef ekki er um að ræða sérstakan pólitískan ágreining. Auðvitað er frv. og uppbygging þess náttúrlega ekkert annað en að hér er verið að plástra þetta ónýta landbúnaðarkerfi sem hefur svo sem verið gert að umræðuefni áður en ég ætla ekki sérstaklega að fjalla um hér.

Það er annað atriði í þessu frv. sem tekið er á í 1. gr., það að útflutningsuppgjör skal tryggja með lögveði í framleiðslu framleiðenda. Rökin fyrir þessu eru að komið hefur fyrir að sláturleyfishafar hafa orðið gjaldþrota og þeir hafi ekki getað staðið skil á þessum greiðslum sem hefur leitt til þess að kjötinu hafi verið dembt á innanlandsmarkað öllum til tjóns. Það má vel vera að þetta sé hlutur sem þarf að skoða betur. Hins vegar er engin brýn nauðsyn til að afgreiða þetta í því frv. sem hér um ræðir.

Meginefni frv., það sem þarf að ræða um, er sú stefna sem var afgreidd í maí í vor með lögum nr. 101/2002, lögum um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Það er öll hugmyndafræðin á bak við gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Nú man ég ekki hvað hæstv. landbrh. sagði í vor en ég efast ekki um að hann hafi farið fjálgum orðum um það hvílíkt framfaraskref það væri að taka hér upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Ég hugsa að ég þurfi ekki að fletta upp í þingtíðindum til að fara nokkuð nærri ummælum hæstv. ráðherra.

Því næst var framkvæmd þessa máls frestað. Beiðni Bændasamtakanna var að í stað þess að lækka beingreiðslurnar um 2,5%, sem áttu að renna sérstaklega til þessara mála, þ.e. dilkakjöts í hinni gæðastýrðu framleiðslu sem var meginhugmyndafræðin á bak við það frv., yrði tilfærsla. Það átti ekki að lækka greiðsluupphæðina heldur átti að verða tilfærsla. Það átti að lækka beingreiðslurnar um 2,5% núna um næstu áramót og verja því sem sparaðist til að styrkja gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.

Nú er það svo, herra forseti, að það má vel vera að við eigum einfaldlega að fallast á að við séum of sein með þetta allt og úr því að menn hafi ekki komið þessu á laggirnar í ár sé rétt að reyna að greiða götu þessa máls á hinu háa Alþingi, annars muni beingreiðslurnar lækka um næstu mánaðamót og fjármagn ganga til gæðastýringarkerfis sem uppbætur á verk sem ekki er búið að hrinda í framkvæmd. Ég vil alls ekkert fullyrða um hvort það yrði ekki hv. landbn. til framdráttar að skoða málið út frá því og greiða veg málsins þannig að menn lendi ekki í vandræðum um næstu mánaðamót.

Það sem maður furðar sig á er að jafnvel þó að frestað sé ákvæðum sem taka áttu gildi um þessi áramót þykist ég vita að þessu verði öllu hrint í framkvæmd. Það er gert ráð fyrir að hætta við lækkun beingreiðslnanna á næstu árum. Það er sem sagt ekki bara verið að tala um þessi áramót heldur er hugsað fram í tímann, tekin áramótin 2004/2005. Á öllum þessum árum átti þetta innbyrðis hlutfall að breytast um 2,5%. Ég vil taka fram að í sjálfu sér er ekki um breytta greiðslu ríkisins til bænda að ræða heldur tilfærslu innan landbúnaðarkerfisins og samnings ríkisvaldsins við Bændasamtökin.

Mér finnst miður, herra forseti, að málið skuli bera að með þessum hætti. Það hefði verið miklu farsælla ef landbrh. hefði haft þá stjórn á ráðuneyti sínu og hugsunum að geta lagt málið fyrr fyrir þingið. Við hefðum þannig bæði getað tekið efnislega umræðu og ákvarðanir um alla þá þætti sem hér eru. Það gæti verið ágreiningur um eitthvað af þessum þáttum. Ég er ekki alveg viss að allir bændur verði til að mynda ánægðir með þessa breytingu á útflutningsskyldunni, þ.e. 0,7% ærgilda mörk. Ég gæti vel trúað því að einhverjum finnist að sér höggvið með því. Hins vegar er það alveg rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að hugsunin var sú að menn keyptu sig frá, ef svo má að orði komast, útflutningsskyldunni með því að selja frá sér eða fækka fé.

Ég mundi, herra forseti, leggja til að reynt yrði að koma til móts við hæstv. landbrh. í þessum efnum og nefndin reyndi að taka þetta mál til hraðrar afgreiðslu. Það er ljóst, af því að hér er um að ræða landbúnaðarmál, að það er ekki nóg að koma bara með frv. og segja að það sé lagt fram eftir pöntun

Bændasamtakanna. Við höfum séð of mikið af því af hálfu ríkisstjórna þeirra flokka sem mynda núv. ríkisstjórn. Það er sjálfsagt að reyna að kalla eftir umsögnum eins og hægt er á þessum skamma tíma og ég vil benda á að bæði Neytendasamtökin, Samtök atvinnulífsins og Alþýðusambandið hafa sterkar skoðanir á landbúnaðarmálum. Svo hefur alltaf verið. Þetta mál er reyndar ekki eitt af stóru málunum, ef svo má að orði komast. Hér er fyrst og fremst verið að plástra útfærsluna á núverandi samningi.

Þrátt fyrir það, herra forseti, sé ég í sjálfu sér ekki ástæðu til að hið háa Alþingi reyni að afgreiða núna fyrir jól annað úr þessu frv. en það sem beinlínis ber brýna nauðsyn til. Ég mundi leggja til, herra forseti, að ráðherra sætti sig við þá málsmeðferð í hv. landbn. að skoðað yrði hvaða þætti frv. brýnt er að lögfesta núna fyrir áramót. Menn gæfu sér síðan betri tíma eftir áramót til að fara yfir aðra þætti frv. og jafnvel fleira eins og oft vill nú verða þegar menn opna löggjöf af þessum toga. Þetta er náttúrlega mjög óvanalegt sem hér er gert. Löggjöfin sem verið er að breyta var sett sl. maí. Hér er ekki um að ræða gamalt mál. Það er verið að taka upp nýsett lög með þessum hætti. Ég tel ekki ástæðu til að kveða fastar á um það en svo að ákveða hvernig háttað verði beingreiðslum, þ.e. að þær verði þá ekki lækkaðar á næsta ári. Menn geta síðan skoðað hvernig þeir vilji haga þessari hugmyndafræði í kjölfarið.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til að lengja málið í sjálfu sér. Ég ætla ekki að fara út í almenna landbúnaðarumræðu. Hins vegar get ég vitaskuld ekki stillt mig um að benda á að það eru ekki góð vinnubrögð að leggja málið fram með þessum hætti. Þetta sýnir okkur kannski enn frekar í hvers konar ógöngum kerfið er. Það getur ekki unnið betur og skilvirkar. Ég hef bent á það nokkuð oft að vandamál landbúnaðarins hafi síður en svo verið leyst af hálfu núv. ríkisstjórnar, eins og menn sjá á staðreyndum um matarverð hér á landi í samanburði við matarverð í öðrum löndum. Á Íslandi er verð á matvælum hærra en í flestum öðrum löndum. Þó er hér einn mesti stuðningur ríkisvaldsins við landbúnað, með beinum eða óbeinum hætti, í heiminum. Samt eru bændur hér ein fátækasta stétt af öllum stéttum. Ég hef oft sagt að kerfinu sé um að kenna. Bændunum er ekki um að kenna. Stjórnmálamönnunum er um að kenna vegna þessa kerfis sem þeir geta ekki brotist út úr.

Ég hef enga sérstaka trú á að núv. landbrh. og ríkisstjórnin geri einhverjar breytingar á þessum þáttum eftir áramót. Sennilega verður nú að koma til ný ríkisstjórn til að þessi mál verði stokkuð upp í heild sinni. Samt er ekki ástæða til annars en að menn reyni að greiða götu þessa tiltekna máls þótt seint fram komi. Ráðherrann verður að taka þeirri gagnrýni að þetta eru ekki góð vinnubrögð gagnvart hinu háa Alþingi.

[18:23]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hinn gamli kratasöngur er kominn í þennan sal þegar hv. þm. kemur hér inn. Söngurinn sá er auðvitað undirliggjandi í Samfylkingunni, sá gamli áróður eykst, þ.e. að taka matarverðið út. Í eftirminnilegri snerru okkar á milli bað ég hv. þm., prófessorinn, að fara upp í háskóla og reikna. Nú veit ég ekkert hvað hann hefur gert um helgina, hvort hann er farinn að reikna. En það verður að segja satt í öllum málum. Það er mikilvægt að segja satt, vera ekki að plata fólk og taka ekki eina atvinnugrein út úr í umræðunni.

Það liggur fyrir að matarverð hér sker sig ekkert frá öðrum hlutum eins og ég fór yfir fyrir helgina. Landbúnaðarafurðir eru hér ekkert dýrari hlutfallslega en svo margt annað á Íslandi. Ég spurði þá: Hver blandar kókið? Hver bakar brauðið? Þannig væri hægt að halda áfram. Ég ætla ekki að eyða tíma mínum í þá umræðu hér og nú.

Hv. þm. er eins og Kató gamli. Hann á lokasprett í hverri ræðu sem er þessi áróður sem hæfir ekki svo mætum prófessor sem hefur alla burði til að leggja þessa heildarútreikninga fram. Ég mundi treysta honum til þess ef hann tæki pólitíkina út úr hinni hliðinni á sér. Hv. þm. verður að byrja á því.

Svo get ég tekið undir það með honum að það er vont að koma með mál svona seint og gera kröfu um að þau séu afgreidd. Það var í vor að ósk kom frá bændunum um að endurskoða samninginn. Landbn. tók undir það. Þetta kemur seint á mitt borð og þess vegna kem ég allt of seint með þetta fyrir þingið. Ég tek undir það.

Ég segi: Landbn. metur auðvitað stöðuna. Hún þarf þess vegna ekkert að afgreiða málið í heild sinni (Forseti hringir.) og getur skoðað, hæstv. forseti, (Forseti hringir.) hvort fara eigi rólega í það.

[18:26]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo um hæstv. landbrh. að sannleikanum verður hann sárreiðastur. Hann á afskaplega erfitt með að taka þessari gagnrýni á landbúnaðarstefnuna, þeim staðreyndum sem ég hef hér dregið upp: fátækt bænda, sérstaklega sauðfjárbænda; hið verndaða landbúnaðarkerfi á Íslandi og hið háa matarverð hér á landi miðað við önnur lönd. Það eru margar ástæður fyrir háu matarverði. Það veit hæstv. ráðherra nákvæmlega jafn vel og ég.

Hann ver hér gjaldþrota kerfi eina ferðina enn. Mér finnst hins vegar miður að þegar ég ræði efni þessa frv. í meginatriðum og reyni að leggja til leiðir til skynsamlegrar afgreiðslu mála þá skuli hann ekki taka undir þær og fara í efnislega umræðu um það sem lagt er til. Hvað á það að þýða að setja hér fram frv. með þáttum sem þarf ekki að lögfesta fyrir áramót? Ég hefði gjarnan viljað fá skoðun hæstv. ráðherra á þeirri gagnrýni sem ég kom fram með en hann kýs að festa sig í gömlum varnarræðum fyrir þetta sorglega kerfi.

Mér finnst grátlegt að horfa til þess að landbúnaður á Íslandi skilar 1,6% til verðmætasköpunar hér á landi. Afraksturinn hefur lækkað verulega og er upp á prósentu hið sama og stuðningur hins opinbera, beinn og óbeinn stuðningur til atvinnugreinarinnar. Það er illa komið fyrir þessari merku atvinnugrein sem er svo mikilvæg, sérstaklega í sveitum landsins. Það er sorglegt hvernig komið er fyrir þeirri verðmætasköpun, hve lítil verðmæti eru sköpuð þar og við þurfum að komast út úr þeim vítahring.

Ég hef reynt að benda á þetta (Forseti hringir.) m.a. með alþjóðlegum samanburði en það er afskaplega erfitt að ræða þessi mál við hæstv. ráðherra.

[18:28]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hendir þennan hv. þm. að kalla rangfærslur sínar yfirleitt staðreyndir. Við vitum að hann fer ekki hér með staðreyndir. Hann er fyrst og fremst í pólitík.

Það var nú Alþýðuflokkurinn sálugi — eða er hann ekki sáluður? — sem kom á matarskattinum, barðist fyrir honum með kjafti og klóm og fór í þann mikla leiðangur sem hafði auðvitað áhrif á matarverðið.

Landbúnaðurinn skapar mikil verðmæti. Í kringum landbúnaðinn vinnur auðvitað gríðarlega margt fólk bæði beint,

ég tala ekki um þá sem koma að honum óbeint. Hann er náttúrlega grunnur að miklum nýjum atvinnuvegum, eins og ferðaþjónustunni o.s.frv. Bændur eru sterkur þáttur í verðmætasköpun og þjóðartekjum landsins.

Ég ætla nú ekki að deila við hv. þm. um þessi atriði enda heyrir hv. þm. ekki allt sem maður segir. Ég sagði að ég mundi auðvitað treysta landbn. til að afgreiða það sem hún treystir sér til og teldi mikilvægast fyrir áramótin. Ég sagði að hún gæti þess vegna tekið hluta þessa máls og skoðað betur ef hún teldi þörf á því. Það liggur alveg skýrt fyrir af minni hálfu.

Eins og ég gat um áðan var endurskoðuninni flýtt. Hún tók samt langan tíma og ég tek undir það með hv. þm. að málið kemur of seint fram og hefði þurft að leggja það fyrr fram á þessu haustþingi.

[18:30]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna ummælum hæstv. ráðherra og þeim skilaboðum til nefndarinnar að skoða þessa aðferðafræði sem ég nefndi með afgreiðslu málsins, að menn tækju út úr sem gera þyrfti fyrir áramót og reyndu þá e.t.v. að skoða hitt í betra tómi.

Ég hef hins vegar sömu áhyggjur af stöðu landbúnaðar og hafa oft komið fram hjá hæstv. ráðherra. Ég hef einmitt lagt mikið upp úr alþjóðlegum samanburði því að margar þjóðir hafa glímt við þennan vanda, það er ekkert nýtt. Þær breytingar sem við höfum verið að gera á landbúnaðarstefnu undanfarin ár hafa verið of litlar og of hægar að mínu mati. Það er hins vegar pólitískur ágreiningur um það efni.

Ég lít svo á að fjölmörg tækifæri séu í íslenskum landbúnaði, ekki síst í landi sem er eins stórt og okkar og sem hefur að mörgu leyti sérstöðu. Ég tel að núv. landbúnaðarstefna ríkisstjórnarinnar sé hemill á þær framfarir sem hægt væri að ná í landbúnaði, m.a. í tengdum greinum sem við vitum hverjar eru. Staðreyndir málsins eru þær að efnahagsleg umgjörð um landbúnað hefur minnkað gífurlega mikið á undanförnum árum og áratugum og það að snúa þessum málum í sókn fyrir þessa atvinnugrein hefur ekki gerst. Öll orka bæði núv. landbrh. og síðustu landbrh. hefur farið í að verja þetta kerfi sem ég bendi á, herra forseti, að hefur ekki skilað sauðfjárbændum góðri afkomu á undanförnum árum. Og það er kannski það sorglega í allri þessari umræðu að staða mannanna sem á að verja, þ.e. sauðfjárbændanna, hefur sjaldan verið lakari en einmitt í tíð núv. ríkisstjórnar.

[18:32]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að láta í ljósi þá skoðun mína að það er afar óheppilegt að þurfa að taka við þessu máli með svona stuttum fyrirvara, sérstaklega þar sem komið hefur fram að það sé talið æskilegt að það verði afgreitt áður en haustþingi lýkur en samkvæmt starfsskrá þingsins á því að ljúka eftir u.þ.b. tvo daga, á föstudaginn, ef ég er með það rétt í kollinum. Tíminn til að fjalla um þetta mál er því ekki langur í hv. Alþingi og er náttúrlega ekki hægt annað en átelja það að málið skuli berast svo seint hingað inn að menn séu í hálfgerðu tímahraki við að komast í gegnum málið og afgreiða það.

Ég heyrði á máli hæstv. landbrh. áðan að landbn. yrði auðvitað að meta það hvort allt málið færi í gegn eða hvaða tillögur hún gerði í því efni. Það vill svo til að ég hef áheyrnaraðild í hv. landbn. þannig að ég fæ þá nánari tækifæri til að fjalla um þetta mál. Ég vil þó aðeins víkja hér að nokkrum atriðum, skal reyna að stytta mál mitt og koma bara að þeim aðalatriðum í málinu sem mér finnst þurfa sérstakrar athugunar við.

Í fyrsta lagi vil ég segja að alveg burt séð frá því hvaða tilgangi menn ætla að ná með þessum lögum get ég ekki séð að það sé með nokkrum hætti hægt að finna sanngirni í því að láta hluta laganna vera afturvirkan, þ.e. að þeir sem hafa unnið eftir landbúnaðarkerfinu, keypt greiðslumark eða keypt til sín ærgildi, hafi þar af leiðandi náð til sín greiðslumarki miðað við það jafnvel að komast undir þau 0,7% sem gert er ráð fyrir í þessu frv. varðandi útflutningsskylduna. Ef ég man rétt er talað um 0,68% sem er í gildi á þessu ári en í frv. er talað um 0,7%. Það er þó kannski bitamunur en ekki fjár. En að ætlast til þess að lögin virki aftur fyrir sig, þ.e. að ef einhverjir hafa unnið eftir lögunum á þessu ári, frá 1. janúar árið 2002 til þess tíma er lögin taka gildi, geti þeir ekki treyst því að það standi sem þeir hafa aðhafst á grundvelli þeirra laga sem í gildi hafa verið í þjóðfélaginu um þennan málaflokk held ég að sé bara algjörlega óásættanlegt. Hvaða skoðun sem við höfum að öðru leyti á þeirri breytingu sem hér er verið að gera finnst mér þetta gjörsamlega óásættanlegt.

Ég hef ekki verið talsmaður hinna frægu kvótakerfa, hvorki í landbúnaði né sjávarútvegi, en ég hef þó ævinlega gert mér grein fyrir því að ekki er hægt að refsa mönnum afturvirkt fyrir það sem þeir hafa aðhafst á grundvelli laga og á það jafnt við hvort heldur menn hafa verið að selja eða kaupa í sjávarútvegskerfinu eða í landbúnaðarkerfinu. Það sem menn hafa gert á grundvelli laga er a.m.k. ekki hægt að refsa fyrir afturvirkt. Hins vegar eiga þeir ekkert öryggi í hvorugu kerfinu, að því verði ekki breytt til framtíðar, hæstv. landbrh. Ég tel að þetta ákvæði um að miða skerðinguna við 1. janúar 2002 sé alveg óásættanlegt. Ég mun alveg hiklaust greiða atkvæði á móti þessu frv. ef það ákvæði á að vera inni, einfaldlega af þessum prinsippástæðum.

Auðvitað má hafa langt mál um það að ef menn lækka greiðslumarkið eigi þeir að njóta viðmiðs en ef menn hafa keypt til sín greiðslumark eigi þeir ekki að njóta viðmiðs. En hluti af því leysist auðvitað með því að breyta dagsetningunni fram til t.d. 1. janúar 2003 sem væri miklu nær. Við erum þá a.m.k. að setja lögin fram í tímann. Það er nú kominn 11. desember þannig að það verður sennilega komið fram undir miðjan desember þegar frv. verður að lögum hvernig svo sem það verður afgreitt þannig að ég hefði talið eðlilegt að við færum fram fyrir okkur í lagasetningunni, þá fram til 1. janúar 2003.

Síðan er hér miðað við 7 þús. tonna framleiðslu. Mér er það ekki alveg ljóst, herra forseti, hvort 7 þús. tonna framleiðslan er það sem við höfum miðað við í þessum viðmiðunartölum á undanförnum árum eða hvort við erum að lækka hana eða hækka. Ég er bara ekki með þær upplýsingar við höndina og spyr þess vegna ráðherra hvort það sé talan sem við miðuðum við í fyrra eða hvort hér sé verið að breyta tölunni að einhverju leyti. Mig langar síðan einnig að fá upplýst hjá hæstv. landbrh. hvernig þeim undanþágum hefur verið hagað sem fengist hafa vegna slátrunar á sauðfé utan haustsláturtíðar. Þar hefur útflutningsskyldan í sumum tilfellum verið afnumin eða henni að mjög litlu leyti beitt. Ég hefði gjarnan viljað heyra frá hæstv. ráðherra hvernig því hefur verið háttað, t.d. á þessu hausti, og hvernig hann sér það þá fyrir sér til framtíðar miðað við þá breytingu sem hér er lögð til.

Við afgreiddum á vordögum lög um gæðastýrða framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, lög nr. 101. Þar lögðum við náttúrlega upp með það að hægt væri að þróa framleiðsluna í sauðfjárrækt yfir í gæðastýrt kerfi og færa hluta af greiðslunum þar yfir í það kerfi. Nú hefur hins vegar verið ákveðið að það taki ekki gildi fyrr en 2004 en síðan er 2. gr. þessa frv. um það að lækka þetta hlutfall, fara með það niður um 2,5% á hverju stigi greiðslunnar eins og kemur hér fram í 2. gr. skýrt og skilmerkilega.

Ég hefði viljað spyrja hvort menn meti það svo að með þessari breytingu sé verið að draga eitthvað úr áhuga manna á að fara inn í gæðastýringarkerfið eða hvort þetta sé vísir að því að byrja á að hverfa alveg frá þeirri stefnumörkun sem lögð var upp með gæðastýringarkerfinu og hvort við megum e.t.v. eiga von á því síðar. Hafa þau viðhorf verið að koma sterkt fram hjá bændum í þá veru? Ég spyr hæstv. landbrh. að því. Hann hefur góðan kontakt við samþykktir sauðfjárbændanna að þessu leyti og hér er m.a. verið að fara að beiðni sauðfjárbænda í samþykkt sem þeir gerðu og mér sýnist að lögin byggi að stórum hluta á því.

Ef ég geri mér rétta grein fyrir vandanum sem varðar kindakjötsframleiðsluna og sölumál afurða þar sýnist mér að það sem aðhafast þurfi varðandi kindakjötsframleiðsluna sé að í raun og veru þurfi að stuðla að því að flutt verði úr landi 400–500 tonn af dilkakjöti til viðbótar við það sem gert er ráð fyrir að við munum flytja út á þessu ári. Ég held að ég muni rétt að það eru 1.700–1.800 tonn eða eitthvað svoleiðis.

Sem betur fer hefur útflutningur kindakjöts aukist á undanförnum árum. Hann var rúm 800 tonn 1999, rúm 1.300 tonn árið 2000 og rúm 1.500 tonn árið 2001 og er eins og áður sagði stefnt að því að hann geti orðið 1.700–1.800 tonn á þessu ári. En miðað við hvernig markaðsstaðan er á kjötmarkaðnum, hvernig mikil framleiðsla svínabænda og kjúklingabænda hefur komið inn í markaðinn og valdið m.a. verðlækkun á þeim afurðum sem hefur þá lent í samkeppni við kindakjötsframleiðsluna, eru allar horfur á því að við sitjum uppi með meira af kjöti en æskilegt væri.

Þess vegna spyr ég hæstv. landbrh. hvort ekki sé rétt að horfa til framtíðar, horfa til næsta hausts og gera sér grein fyrir því að vandinn sem upp kemur næsta haust getur orðið mikill. Hann getur orðið mikill gagnvart bændunum og einnig gagnvart birgðastöðunni í landinu og ekki síður gagnvart sláturleyfishöfum. Er ekki tímabært að fara að hugleiða það að ráðherrann skoði það í alvöru þegar þing kemur saman eftir áramótin og þeirri tillögu verði velt upp eða að það verði a.m.k. skoðað mjög gaumgæfilega hvort ekki sé hægt að leysa þann vanda sem fyrirsjáanlegur er, m.a. með því að stuðla að útflutningi á meira kjöti því ella safnast þetta hér upp í birgðum? Það kann að þurfa til þess einhverja fjármuni en ég held að við verðum bara að horfast í augu við það að vandinn er til staðar og það sé rétt að leysa hann áður en hann verður stærri.

[18:42]

Útbýting þingskjala:

Félagamerki, 346. mál, þskj. 668.

Vitamál, 258. mál, þskj. 666.

[18:43]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég verð að taka undir það sem þeir hv. þm. hafa sagt sem hafa talað hér á undan mér að það er furðulegt að fá þetta frv. hingað á síðustu dögum þingsins með þeim skilaboðum að það verði að samþykkja fyrir þinghlé. Öllum reglulegum fundum í landbn. var lokið þegar frv. barst okkur í hendur og ég verð að segja að ef ég les þetta frv. rétt sé ég ekki nokkrar forsendur fyrir því að samþykkja nema þá einhvern örlítinn hluta af því sem hér stendur. Hitt má bíða og þarf auðvitað að kanna miklu betur.

Það er líka annað sem mig langar að minnast á hérna. Hæstv. landbrh. viðhafði hér fleyg orð í síðustu viku sem komust í sjónvarpið, hvorki meira né minna: Hver bakar brauðið og hver blandar ölið o.s.frv.? Svo var þriðja tilvitnunin þessi: Hver kennir í háskólanum? Ég vil minna á að þetta er mjög óheppileg samlíking því að háskólakennslan á Íslandi er mun ódýrari en í flestum öðrum nálægum löndum svo að þar varð *hæstv. ráðherra svolítið á í messunni* þegar hann fór að ... (**Landbrh.:** Ég sagði: Hver reiknar í háskólanum?) taka þá samlíkingu. (**Landbrh.:** Hver reiknar í háskólanum? Ég tók ekki að kenna, heldur reikna.) Eru það einhverjir sérstakir sem reikna aðrir en þeir sem kenna, hæstv. landbrh.? Mér er ekki kunnugt um það. Ég held að ágætir háskólakennarar á Íslandi séu náttúrlega alltaf meira og minna að reikna. Allir, þótt þeir kenni málfræði.

Frv. gerir m.a. ráð fyrir því að 29. gr. gildandi laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum verði breytt á þann veg að sauðfjárframleiðendur geti einungis komist hjá útflutningsskyldu með því að fækka fé, en ekki með því að kaupa greiðslumark og miða á við það að undanþegnir útflutningi geti einungis verið þeir sem hafi 0,7 vetrarfóðraðar kindur eða minna á hvert ærgildi greiðslumarks, eins og það er skráð í greiðslumarksskrá 1. janúar 2002. Ég las frv. fram og aftur vegna þess að ég ætlaði ekki að trúa mínum eigin augum, ég hélt þetta væri prentvilla.

Ég tek undir með öðrum þeim hv. þm. sem hér hafa talað að þetta hlýtur að vera ef ekki prentvilla þá einhver hugsanavilla því ég held að svona lagað sé ekki hægt. Auðvitað hafa íslenskir bændur, sem eru náttúrlega af veikum mætti að reyna að bjarga sér í þeirri afar erfiðu stöðu sem þeir eru í, a.m.k. hluti af þessum 190 sem eru í þessu 0,7% kerfi, reynt að kaupa sig frá útflutningsskyldunni með því að bæta við *ærgildum. Þeir hafa gert það auðvitað allt þetta ár meira og* minna, vegna þess að hver átti von á þessu?

Ég get náttúrlega engan veginn stutt þetta mál nema þessari dagsetningu verði fyrst, helst áður en þetta kemur í nefnd, breytt. (**Gripið fram í:** Annars breytum við því í nefndinni.) Já, annars breytum við því í nefndinni en það kemur ekki til greina að samþykkja þetta óbreytt.

Ég verð samt að harma að þessi regla skuli vera á undanhaldi því mér fannst hún skynsamleg og mér hefði einkum og sér í lagi fundist hún skynsamleg núna þegar við stöndum frammi fyrir kjötfjallinu og við vitum að það er ekkert einfalt mál að flytja út kjöt frá Íslandi í stórum stíl á því verði sem við teljum okkur þurfa að fá. Því miður hefur það ekki reynst vera svo og ég tel ekki útlit fyrir að það breytist mikið á yfirstandandi ári, þó að eitthvað hafi kannski smávegis rofað til, þá held ég að það sé ekkert sem máli skiptir.

Við munum taka þetta til nákvæmrar skoðunar í nefndinni og það kemur náttúrlega ekki til mála að afgreiða þetta, hvorki fyrr né síðar, nema þessari dagsetningu verði breytt.

Hér er einnig talað um að: „Við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein sem felur í sér að útflutningsuppgjör eða útflutningsgjald, sem sláturleyfishöfum ber að greiða ef þeir flytja ekki út lögboðinn hluta afurða sinna eða semja ekki við aðra sláturleyfishafa um að flytja út þann hluta, verður

tryggt með lögveði í framleiðslunni sem ásamt dráttarvöxtum gengur í tvö ár frá gjalddaga á undan öðrum skuldbindingum framleiðandans."

Þetta eru auðvitað ágætisviðbót inn í lögin. Ég verð að segja það. Goða-dæmið frá því í fyrra sýndi okkur náttúrlega í hversu vandræðalegri stöðu við vorum og hversu varnarlaust kerfið var gagnvart þeim bolabrögðum sem Goði beitti á markaðnum þegar hann tók útflutningskjötið og beindi því inn á markaðinn. Sumir segja að það hafi verið boðið á of lágu verði. Ég er nú kannski ekki alveg viss um að það hafi verið boðið á svo lágu verði, en markaðurinn var fylltur af því og sjálfsagt hefur það verið á lægra verði til kaupmanna en nýtt kjöt. Þetta varð náttúrlega upphafið að þeim vanda sem við stöndum í núna varðandi lambakjötsbirgðir í landinu, þó auðvitað komi fleira til sem hefur bæst við eins og við ræddum hér um daginn með kjúklingana og svínin og það hefur náttúrlega ekki bætt úr.

Ég held samt að eitt það alversta sem hefur riðið yfir íslenska kjötmarkaðinn að undanförnu, bæði bændur og búalið og ekki síður ríkisvaldið og yfirmenn, t.d. stjórn Bændasamtakanna, sé þetta Goða-mál, því það var einhvern veginn eins og allir stæðu varnarlausir og ekkert væri hægt að gera. En nú er alla vega verið að reyna að setja undir þennan leka og ég fagna því, þó mér finnist ekki að afgreiða þurfi það korteri fyrir jól, við gætum athugað þetta betur.

Svo kemur rúsínan í pylsuendanum. Í fyrravor vorum við í miklu stressi við að afgreiða ný lög um hagræðingu eða gæðastýringu í landbúnaði. Það er alveg rétt sem hv. þm. Ágúst Einarsson sagði að haldnar voru margar ræður um hversu bráðnauðsynlegt þetta væri fyrir sauðfjárræktina í landinu, að samþykkja þær lagabreytingar. Það voru nú ýmsir efins. Þó að samtök sauðfjárbænda styddu þetta, þá voru miklar efasemdir hjá sauðfjárbændum víða á landinu og mikill mótþrói.

Ég hugsa að það hafi aldrei nokkurn tímann verið haft jafnmikið samband við þingmenn út af nokkru máli og þessu. Að minnsta kosti hef ég ekki upplifað það síðan ég kom á þing. Og eitt af töfrabrögðunum í þessu var að lækka beingreiðslurnar og þeir fjármunir sem þannig spöruðust áttu að renna til greiðslu sérstaks álags á framleitt dilkakjöt á sama hátt og uppkaupaálag samkvæmt 4. mgr. 38. gr. Þetta fannst mörgum, sem komu t.d. til að tala við okkur í landbn. og ég tala nú ekki um þeim sem hringdu í okkur heim jafnvel, að væri síst til þess fallið að draga úr offramleiðslu á kindakjöti. Það var blásið á þau rök hérna í fyrra en eitthvað virðast menn hafa áttað sig því nú á að stinga þessu hér inn tveim dögum fyrir þinglok og samþykkja að beingreiðslur verði óbreyttar á árinu 2003 og kemur því ekki til greiðslu sérstaks álags á framleitt kindakjöt, en S-liður ákvæðis til bráðabirgða fellur brott. Og eru menn þá komnir algjörlega heim aftur.

Einhvern veginn finnst mér af því hérna er vísað í að bændur hafi kannski ekki alveg skilið anda laganna í 0,7-reglunni, að e.t.v. hafi einhverjir, jafnvel einhverjir í hæstv. landbrn., ekki skilið alveg anda laganna þegar við vorum að afgreiða þetta mál. Kannski það hafi runnið upp fyrir þeim núna þegar allt var komið í eindaga að ekki hafi verið mjög skynsamlegt að lækka beingreiðslur með þessum hætti til að borga svo út á allt framleitt kindakjöt í landinu. Mér finnst það svífa yfir vötnunum að kannski verður þetta nú bara óbreytt til frambúðar. Það skyldi þó aldrei lukka til.

En ég treysti á að við náum samstöðu um það í landbn. að tína út úr frv. það sem nauðsynlega þarf að lögfesta fyrir áramót, geyma hitt til betri yfirferðar seinna og í trausti þess ætla ég ekki að segja meira um þetta mál að sinni.

[18:55]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, er eins og fram hefur komið og verið gagnrýnt, seint fram komið hér rétt fyrir jól. Það er þó rétt að vekja athygli á nokkrum atriðum sem mikilvægt er að séu könnuð í hv. landbn. því ekki kom hæstv. landbrh. mikið inn á það í framsöguræðu sinni.

Hver er staðan í sauðfjárræktinni í dag? Hvernig er birgðastaðan? Hvernig hefur gengið með sölu á dilkakjöti í ár miðað við þær forsendur sem voru uppgefnar? Hvernig er sú staða?

Þá þarf líka að velta fyrir sér hver teknastaðan er. Hvernig er tekjustaða bænda og rekstrarstaða búanna?

Þetta þarf allt að skoða áður en við förum að taka einhverja skyndiákvörðun um framleiðslustjórnun og breytingu á framleiðslustjórnun á örfáum klukkutímum. Staða mála er miklu alvarlegri en svo að það sé Alþingi sæmandi.

Ég vil fá nákvæma útlistun á því hver staðan á markaðnum er. Hvernig er með útflutningsmálin? Hver verður líkleg útflutningsskylda í ár?

Hæstv. landbrh. breytti með pennastriki útflutningsskyldunni sem skyldi reikna með við slátrun í haust. Ég efast um að hann hafi haft neinar forsendur fyrir þeirri breytingu í sjálfu sér, bara óskhyggjuna eina. Að minnsta kosti er nauðsynlegt að fara í gegnum það. Hver yrði þá útflutningsskyldan á næsta ári að óbreyttu kerfi og óbreyttri stöðu? Þetta þarf allt að fara mjög vandlega í gegnum.

Þá þarf líka að skoða vandlega hvers konar framleiðslustýringarkerfi samræmist best þeim markmiðum sem samningurinn um sauðfjárframleiðslu kvað einmitt á um, það var að halda jafnvægi á milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða. Hvaða framleiðslukerfi eða stýringarkerfi hentar þar best? Bændur segja mér að þessi 0,7-regla sem hér hefur verið rædd og talað er um að afnema helst aftur fyrir sig, sé kannski það kerfi sem nú sé þó í gangi sem helst virki til þess að draga úr framleiðslu, en jafnframt að efla hagkvæmni í búskapnum með þeirri aðferð. Mér finnst mjög athyglisvert og hlusta á það.

Að minnsta kosti er ljóst að við förum ekki á nokkrum síðustu klukkutímum þings fyrir jól að grípa til einhverra stýringaraðgerða út í bláinn án þess að það sé vel grundað og mönnum ljóst hver þróunin er, hver staðan er og hverjar framtíðarhorfur eru varðandi atvinnugreinina, framleiðslu hennar og markaðsmál og tekjur fyrir þá sem hana stunda.

Það er vilji Alþingis að mínu mati að Ísland sé byggt, að búseta sé sem víðast um landið og gegnir sauðfjárræktin lykilhlutverki einmitt hvað búsetu varðar og vörslu og meðferð á landi og auðlegð þess á margan hátt, en ekki bara hvað lýtur að framleiðslu sauðfjárafurðanna. Hér má því ekki hrapa að með neinum óþarfa hraða.

Ég vil líka spyrja t.d. hæstv. ráðherra hvað líður úthlutun á því greiðslumarki sem ætlunin var að úthluta í byggðastyrkjandi aðgerðir og Byggðastofnun átti að úthluta. Ég held að komið sé á annað ár eða meira, farið að styttast í tvö ár, síðan þessi úthlutun átti að liggja fyrir en ekkert gerist enn.

Virðulegi forseti. Ég tel því að frv. þurfi mjög vandaða meðferð í hv. landbn. Þetta er miklu stærra mál en svo, a.m.k.

1. gr., að nokkurt vit sé í eða samboðið Alþingi að hrapa að afgreiðslu þess. Þær upplýsingar sem ég hef nefnt um stöðu búgreinarinnar, um markaðsstöðuna, um tekjur bænda og framtíðarsýn, þurfa allar að liggja fyrir og Alþingi að meta áður en það grípur núna inn í með skyndiákvörðunum í framleiðslustýringuna. En þetta verður nánar farið í gegnum í hv. landbn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

[19:01]

Útbýting þingskjals:
Safnalög, 393. mál, þskj. 669.

Fundi slitið kl. 19:02.

---

54. FUNDUR

fimmtudaginn 12. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Leiðtogafundur um sjálfbæra þróun, skýrsla, 381. mál, þskj. 434. — Ein umr.
2. Skipulag ferðamála, stjfrv., 447. mál, þskj. 638. — 1. umr.
3. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 453. mál, þskj. 656. — 1. umr.
4. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 324. mál, þskj. 659, brtt. 639,2 og 4–8 og 677. — 3. umr.
5. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 215. mál, þskj. 660, brtt. 675. — 3. umr.
6. Tryggingagjald, stjfrv., 181. mál, þskj. 182. — 3. umr.
7. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 322. mál, þskj. 661, brtt. 676. — 3. umr.
8. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 355. mál, þskj. 392, brtt. 680. — 3. umr.
9. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 359. mál, þskj. 662. — 3. umr.
10. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 371. mál, þskj. 417. — 3. umr.
11. Staðgreiðsla opinberra gjalda, stjfrv., 372. mál, þskj. 663. — 3. umr.
12. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 376. mál, þskj. 428. — 3. umr.
13. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 428. mál, þskj. 554. — 3. umr.
14. Útflutningsaðstoð, stjfrv., 429. mál, þskj. 556. — 3. umr.
15. Skipamælingar, stjfrv., 158. mál, þskj. 158. — 3. umr.
16. Póstþjónusta, stjfrv., 257. mál, þskj. 665. — 3. umr.
17. Vitamál, stjfrv., 258. mál, þskj. 666. — 3. umr.
18. Félagamerki, stjfrv., 346. mál, þskj. 668. — 3. umr.
19. Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, stjfrv., 354. mál, þskj. 667. — 3. umr.
20. Safnalög, stjfrv., 393. mál, þskj. 669. — 3. umr.
21. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 441. mál, þskj. 602, nál. 649. — 2. umr.
22. Húsaleigubætur, stjfrv., 440. mál, þskj. 601, nál. 651, brtt. 652. — 2. umr.
23. Húsnæðismál, stjfrv., 370. mál, þskj. 416, nál. 650. — 2. umr.
24. Skyldutrygging lífeyrisréttinda, frv., 414. mál, þskj. 523, nál. 653. — 2. umr.
25. Veiðieftirlitsgjald, frv., 437. mál, þskj. 596. — 1. umr.
26. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 244. mál, þskj. 248, nál. 594. — 2. umr.
27. Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, stjfrv., 245. mál, þskj. 249, nál. 595. — 2. umr.
28. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 247. mál, þskj. 251, nál. 558. — 2. umr.
29. Birting laga og stjórnvaldaerinda, stjfrv., 352. mál, þskj. 389, nál. 657. — 2. umr.
30. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 436. mál, þskj. 593. — 2. umr.
31. Búnaðargjald, frv., 442. mál, þskj. 603. — 2. umr.
32. Breyting á XV. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 394. mál, þskj. 455, nál. 626. — Síðari umr.
33. Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 395. mál, þskj. 456, nál. 627. — Síðari umr.
34. Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Singapúr, stjtill., 400. mál, þskj. 491, nál. 628. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Karl V. Matthíasson, 2. þm. Vestf.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Vilhjálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Um klukkan fjögur síðdegis fer fram umræða utan dagskrár um stöðuna í samningaviðræðum um Kárahnjúkavirkjun. Málshefjandi er hv. þm. Ögmundur Jónasson. Hæstv. iðnrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, 354. mál, þskj. 667.

Póstþjónusta, 257. mál, þskj. 665.

Sértekjur glasafrjóvgunardeildar, 188. mál, svar heilbrrh., þskj. 682.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 372. mál, þskj. 663.

Stofnun hlutafélags um Norðurorku, 457. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 685.

Tannheilsa barna og unglinga, 237. mál, svar heilbrrh., þskj. 611.

Umræður utan dagskrár.

Samræming réttinda opinberra starfsmanna og félaga innan ASÍ sem vinna hjá ríkinu.

[10:32]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Áður en gengið er til dagskrár fer fram umræða utan dagskrár um samræmingu réttinda opinberra starfsmanna og félaga innan ASÍ sem vinna hjá ríkinu. Málshefjandi er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. Hæstv. fjmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:32]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir ári síðan var gert heildarsamkomulag við aðila vinnumarkaðarins um frestun endurskoðunarákvæða kjarasamninga. Í tengslum við gerð þessa heildarsamkomulags lagði hæstv. fjmrh. fram yfirlýsingu þess efnis að kjör starfsmanna hins opinbera yrðu jöfnuð þannig að þeir starfsmenn sem eru í aðildarfélögum ASÍ nytu sömu réttinda og þeir starfsmenn sem eru í stéttarfélögum opinberra starfsmanna en þar er verulegur munur á, t.d. hvað varðar veikindarétt, slysatryggingar, orlofsrétt en ekki hvað síst lífeyrisréttindi þar sem munurinn er mjög mikill og getur numið allt að 55% á verðmæti lífeyrisréttinda milli þessara hópa þótt báðir vinni hjá ríkinu, auk ríkisábyrgðar. 10% eru greidd í lífeyrissjóði félagsmanna innan ASÍ sem starfa hjá ríkinu, starfsmaðurinn greiðir 4% en vinnuveitandinn 6%. 15,5% eru hins vegar greidd af launum opinberra starfsmanna í A-deild lífeyrissjóða. Þar af greiðir starfsmaðurinn 4% en ríki og sveitarfélag 11,5%.

Allt frá því að lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins tóku gildi hafa starfsmenn ríkisins sem eru félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ verið ríkisstarfsmenn þar sem lögin ná jafnt til þeirra sem og þeirra starfsmanna sem eru í opinbera geiranum eða í félögum opinberra starfsmanna. Þessari breytingu fylgdu viðbótarskyldur fyrir þá starfsmenn sem eru í aðildarfélögum ASÍ en starfa hjá ríkinu. Skyldurnar eru þær sömu fyrir ríkisstarfsmanninn hvort sem hann er aðildarfélagi að ASÍ eða í stéttarfélögum opinberra starfsmanna. Því átti að sjálfsögðu að fylgja að þau réttindi sem lögin fela í sér giltu jafnt fyrir þessa starfsmenn, og að ríkinu sem atvinnurekanda yrði gert að virða ákvæði stjórnsýslulaga og gæta jafnræðis gagnvart starfsmönnum sínum. Það gekk hins vegar ekki eftir. Því lögðu fulltrúar ASÍ áherslu á það í viðræðum aðila vinnumarkaðarins fyrir ári síðan um frestun endurskoðunarákvæða kjarasamninga að frá því yrði gengið að kjör starfsmanna ríkisins væru jöfn hvort sem viðkomandi væri í stéttarfélagi innan ASÍ eða í félögum opinberra starfsmanna. Hæstv. fjmrh. gaf út yfirlýsingu þess efnis sem átti stóran þátt í því að samkomulag náðist.

Á morgun er heilt ár frá því að hæstv. ráðherra gaf þessi fyrirheit og ekkert bólar á efndum. Þrátt fyrir fjölda funda fulltrúa ASÍ með embættismönnum og ráðherrum þar sem ASÍ hefur lagt fram ítarlegar tillögur um málsmeðferð hefur ekkert gerst. Þeir embættismenn sem á fundina mæta af hálfu ríkisvaldsins mæta þar umboðslausir eins og fram kemur í leiðara í fréttablaði stéttarfélagsins Eflingar í nóvember sl. En félagsfundur Eflingar haldinn í október sendi hæstv. fjmrh. eftirfarandi áskorun, með leyfi forseta:

„Við gerð samkomulags aðila vinnumarkaðarins 13. desember 2001 var lögð fram yfirlýsing af hálfu fjármálaráðherra, Geirs H. Haarde, þar sem fjallað er um jöfnun réttinda launafólks innan ASÍ við kjör félagsmanna í stéttarfélögum opinberra starfsmanna. Þrátt fyrir að upp undir ár sé frá því að fjármálaráðherra gaf út yfirlýsinguna hefur ekkert gerst í málinu. Þrátt fyrir fjölda funda ASÍ með embættismönnum og ráðherrum er málið enn þá á byrjunarreit.

Geir H. Haarde fjármálaráðherra var fullkomlega ljóst hvað sú yfirlýsingin þýddi. Hún var ákveðið fyrirheit um jöfnun réttinda. Enn fremur er skýrt að yfirlýsingin var gefin í tengslum við heildarsamkomulag aðila vinnumarkaðarins um frestun endurskoðunarákvæða kjarasamninga. Launafólkið hefur staðið við sinn hluta af yfirlýsingunni. Það stendur upp á ráðherra að framfylgja því loforði sem hann gaf. Þær tillögur sem lagðar hafa verið fram af hálfu ríkisins á fundum með ASÍ eru í engu samræmi við fyrirheitin sem gefin voru. Geir H. Haarde gaf loforð um framtíðarlausn en embættismenn hafa síðan mætt umboðslausir á fundi með samningamönnum ASÍ. Við þetta verður ekki unað.

Félagsfundur Eflingar skorar á fjármálaráðherra að standa við yfirlýsinguna frá 13. desember 2001. Ráðherra í ríkisstjórn Íslands verður að standa við yfirlýsingar sem hann gefur samtökum á vinnumarkaði. Hann ber ábyrgð á því að niðurstaða verði í málinu."

Virðulegi forseti. Ég tek undir þessa áskorun og spyr hæstv. ráðherra: Telur ráðherra það verjandi að starfsmenn hins opinbera búi við mismunandi réttindi eftir því hvort þeir eru í stéttarfélögum opinberra starfsmanna eða aðildarfélögum ASÍ, t.d. hvað varðar veikindarétt og lífeyrissjóð, þannig að allt að 55% munur getur orðið á verðmæti lífeyrisréttinda þessara starfsmanna, auk ríkisábyrgðar? 13. desember 2001 gaf fjmrh. út yfirlýsingu um jöfnun þessara réttinda starfsmanna ríkisins sem eru innan ASÍ við kjör félagsmanna í stéttarfélögum opinberra starfsmanna. Hvað hefur verið gert af hálfu fjmrh. til að standa við þessi fyrirheit og hvenær má þess vænta að staðið verði við gefin loforð?

[10:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það mál sem hv. þm. fitjar hér upp á er að sjálfsögðu ekki nýtt. Auðvitað hefur það verið svo og legið fyrir í mörg ár og áratugi að það hafa byggst upp mismunandi réttindakerfi á vettvangi opinberra starfsmanna annars vegar og hins vegar almenna vinnumarkaðarins.

Eitt stærsta misréttið eða misræmið í þeim efnum til skamms tíma var mismunandi fæðingarorlofsréttur sem núverandi ríkisstjórn breytti, ekki síst að mínu undirlagi, fyrir tveimur árum og jafnaði réttindi, ekki bara á milli karla og kvenna heldur einnig milli opinberra starfsmanna og annarra. Þetta réttindakerfi sem menn búa við hefur verið að þróast í tímans rás og það hefur þróast ýmist með samningum eða löggjöf.

Það sem þingmaðurinn vitnar til og gerir að aðalefni ræðu sinnar er sú yfirlýsing sem ég gaf fyrir ári síðan í tengslum við samkomulag Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Ég ætla að leyfa mér að lesa þessa yfirlýsingu því að það var helst að heyra á þingmanninum, og reyndar sumum þeirra sem hafa verið að álykta um þetta mál úti um borg og bí, að þeir hafi alls ekki lesið yfirlýsinguna. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Að undanförnu hafa farið fram viðræður milli fulltrúa ASÍ og fjármálaráðuneytisins vegna tiltekinna vandamála sem tengjast mismunandi kjörum starfsmanna í stéttarfélögum ríkisstarfsmanna og aðildarfélaga ASÍ. Af hálfu ráðuneytisins er fullur vilji til þess að halda þessum viðræðum

áfram og freista þess að ná ásættanlegri niðurstöðu. Í ljósi fyrirhugaðrar endurskoðunar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna er mikilvægt að ná frambúðarlausn í þessum málum í samráði við Alþýðusamband Íslands."

Þetta er yfirlýsingin, herra forseti. Í henni er ekki loforð um tiltekna niðurstöðu eins og þingmaðurinn hélt fram og eins og ýmis verkalýðsfélög hafa haldið fram og sent mér yfirlýsingar, fordæmingar og formælingar út af. Í henni er fyrirheit um að halda viðræðum áfram og freista þess að ná ásættanlegri niðurstöðu. Fyrir hverja? Fyrir báða aðila, að sjálfsögðu. Og ég hafna því algjörlega og vísa því á bug þegar mér er brigslað um svik og að hafa ekki staðið við gefin loforð. Það er af og frá. Fjmrn. hefur í þessum viðræðum lýst því yfir að það sé fullur vilji til þess og einfalt mál að samræma t.d. veikinda- og slysaréttindi og taka þá jafnframt til athugunar mismunandi fyrirkomulag um sjúkrasjóði hjá þessum aðilum. En stóra málið af hálfu Alþýðusambandsins hefur verið að það ætti skilyrðislaust að fallast á að greitt yrði með sama hætti í lífeyrissjóði félaga Alþýðusambandsins sem vinna hjá ríkinu og gert er gagnvart opinberum starfsmönnum. Á þetta hefur ekki verið fallist. Þar stendur hnífurinn í kúnni, í þessu eina máli sem er að vísu mjög stórt, fyrirferðarmikið og dýrt. En ekki nóg með það. Ég hygg að þetta mál sé þess eðlis að það sé ekki hægt að leysa það með því einu að fulltrúar ríkisins og Alþýðusambandsins reyni að koma sér saman um breytt fyrirkomulag vegna þess að þetta hefur víðtæk áhrif út um allan hinn almenna vinnumarkað og þyrfti þá að gerast í miklu stærra samhengi en bara hvað varðar þá tiltölulega fáu starfsmenn sem eru innan almennu verkalýðsfélaganna og vinna hjá ríkinu. Þetta bið ég menn um að hafa í huga. Hér er ekkert smámál á ferðinni en hins vegar verða menn líka að hafa í huga varðandi þetta atriði að lífeyrissjóðakerfið á almenna markaðnum er allt öðruvísi uppbyggt en hjá hinu opinbera. Þetta eru tvö ólík kerfi sem geta hins vegar, þegar til lengri tíma er litið, leitt til sömu niðurstöðu þar sem á endanum verða sams konar réttindi. Það er því ekkert hægt að koma hingað og halda því fram að hér sé um að ræða einhver svik af minni hálfu vegna þessarar yfirlýsingar og ég ráðlegg þeim sem því halda fram að lesa efni yfirlýsingarinnar og kynna sér bakgrunninn í þessum málum.

Menn gera sér grein fyrir því að það hafa verið landamæraerjur milli stéttarfélaga um það hvort tilteknir starfsmenn ættu að vera í almennum verkalýðsfélögunum eða hinum. Ég tel að starfsmenn eigi sjálfir að ráða því og það er hin almenna stefna. Stundum hafa menn viljað vera í opinberu félögunum, stundum úti á almenna markaðnum. Það hefur verið á víxl eftir atvikum og í gegnum tíðina, m.a. með tilliti til mismunandi réttinda. Það er alls ekki svo að það hafi eingöngu verið flótti úr almennu verkalýðsfélögunum yfir til opinberra starfsmanna.

[10:42]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég er fylgjandi því að jafna kjörin í þjóðfélaginu, og þá verði einnig horft til þeirra launamanna sem standa innan vébanda samtaka opinberra starfsmanna og annarra. Þá þarf allt að vera undir, laun, kjör, réttindi, öll starfsréttindi. Eina grundvallarforsendu þarf að hafa í huga, þegar kjörin eru jöfnuð verði jafnað upp á við en ekki niður á við.

Hvers vegna segi ég þetta? Ég segi þetta af fenginni reynslu og ég fullyrði að innan opinbera geirans hafa stéttarfélögin aftur og ítrekað staðið frammi fyrir þeirri kröfu að réttindi þeirra yrðu rýrð en ekki bætt og þau hafa þurft að hafa verulega fyrir því í kjarabaráttu sinni að standa vörð um réttindi og kjör. Þar vísa ég til lífeyrisbaráttunnar. Þar háðu samtök opinberra starfsmanna áralanga varnarbaráttu og að lokum sóknarbaráttu sem allt þjóðfélagið hefur hagnast á og á eftir að hagnast á þegar fram líða stundir. En það verður að segjast eins og er að þessi barátta fékk ekki alltaf mikinn stuðning í þjóðfélaginu almennt og þar vísa ég til annarra samtaka launafólks. Við eigum að tala um þessi mál af fullum heiðarleika.

Það minnti líka á þessa gömlu kröfu um að jafna kjörin niður á við þegar krafa um hækkun á orlofsuppbót var slegin út af borðinu í síðustu kjarasamningum á þeirri forsendu að rétt væri að jafna kjörin niður á við en ekki upp á við. Það sem ég vildi segja er þetta: Við skulum jafna kjörin en við skulum alltaf sækja fram á við, aldrei aftur á bak og aldrei niður á við í viðleitni okkar til að bæta og jafna kjörin í landinu.

[10:44]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er heilt ár síðan hæstv. fjmrh. lýsti því yfir að jafna bæri réttindi og kjör starfsmanna í stéttarfélögum ríkisstarfsmanna og aðildarfélaga ASÍ. Það er heilt ár á morgun. Yfirlýsinguna gaf hann við gerð samkomulags við aðila vinnumarkaðarins um frestun endurskoðunarákvæða kjarasamninga og þessa yfirlýsingu hefur hæstv. ráðherra nú lesið upp í ræðustóli.

Hvað hefur gerst síðan? Það er ekkert óeðlilegt að menn séu orðnir óþreyjufullir þegar heilt ár er liðið frá því að ráðherra gefur yfirlýsingu eins og þá sem hann las hér upp. Embættismenn hans hafa fundað stíft með fulltrúum ASÍ og ekkert gerist. Tillögur af hálfu ríkisins eru ekki í samræmi við yfirlýsingu ráðherra um framtíðarlausn að mati ASÍ. Þessi framkoma er lítilsvirðing við allt það fólk sem starfar í þágu hins opinbera við hlið annarra ríkisstarfsmanna á sömu launum en með mun lakari kjör.

Það þarf auðvitað að leiðrétta kjör þessa fólks. Bæði er það veikindaréttur inn, lífeyrissjóðsréttindin og ýmis önnur réttindi sem þessir starfsmenn hafa lakari en þeir sem vinna við hlið þeirra. Og eins og komið hefur fram munar allt að 55% á verðmæti á lífeyrisréttindum þessara hópa auk ríkisábyrgðarinnar. Aðildarfélagar ASÍ hafa staðið við sinn hluta samkomulagsins. Þeir tóku á sig auknar skyldur við að verða ríkisstarfsmenn þegar lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna var breytt og þeir tóku á sig m.a. trúnaðarskyldu, yfirvinnuskyldu og ýmsar aðrar skyldur. Nú er mikilvægt að ráðherra nái ásættanlegri niðurstöðu við fulltrúa ASÍ og standi við það að aðildarfélagar ASÍ fái sambærileg réttindi og nú, ári seinna, er auðvitað orðið tímabært að hann standi við það. Og það er hæstv. ráðherra sem ber ábyrgð á því að niðurstaða náist í þessu máli.

[10:46]

Ásta Möller:

Herra forseti. Hér er til umræðu samræming á réttindum starfsmanna sem eiga aðild að ólíkum heildarsamtökum, annars vegar félagsmenn í samtökum opinberra starfsmanna og hins vegar félagsmenn innan ASÍ sem vinna hjá ríkinu og sækja fyrirmynd í kjör þeirra sem starfa á almennum markaði. Þessir tveir hópar launamanna hafa í gegnum tíðina haft ólíkar áherslur í samningum við viðsemjendur sína.

Þannig hefur t.d. verkfallsréttur, veikindaréttur, sjúkrasjóðsmál, slysaréttur, lífeyrisréttur og önnur réttindamál þróast á mismunandi máta. Stundum er rétturinn betri hjá opinberum starfsmönnum og stundum liggur ávinningurinn hjá þeim sem eru innan ASÍ.

Réttindi launamanna eru yfirleitt niðurstaða kjarasamninga eða samráðs og viðræðna um ákveðna þætti. Þau eru síðan oft staðfest með lögum. Á síðustu árum hafa stéttarfélög opinberra starfsmanna og stéttarfélög launafólks á almenna markaðnum lagt aukna áherslu á samræmingu á réttindum þessara tveggja hópa launamanna enda eru mörk milli starfsemi ríkisins og hins almenna markaðar ekki eins skýr og áður.

Við sem höfum fylgst með þessari þróun höfum orðið vitni að stórstígum framförum í þessa átt á síðustu árum. Hér nefni ég t.d. rétt til fæðingarorlofs sem var stórt skref í jafnræðisátt milli þessara tveggja hópa. Einnig nefni ég þær breytingar sem urðu á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna þar sem myndun lífeyrisréttar nýrra starfsmanna var færð til samræmis við réttindakerfi á almenna markaðnum. Þá hafa vinnutímaákvæði verið samræmd svo og launakerfi þar sem launaákvarðanir eru í auknum mæli dreifistýrðar.

Herra forseti. Fjármálaráðherra lýsti því yfir fyrir réttu ári að hann stefndi að því að ná ásættanlegri niðurstöðu á samræmingu á réttindum þessara tveggja hópa. Þegar um svo flókin mál er að ræða þarf oft langan tíma til að ná niðurstöðu. Þetta eru samningar milli aðila og þá á að leysa við samningaborðið og hvergi annars staðar. Þeir verða alla vega ekki leystir með umræðu í þinginu, hvorki nú, fyrr né hér eftir.

[10:48]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur nauðsynlega umræðu. Það er með ólíkindum að þessi umræða þurfi að fara fram. Allt er það vegna einstaks sleifarlags í tengslum við þetta mál.

Eins og fram hefur komið gaf hæstv. fjmrh. út yfirlýsingu 13. des. 2001 um að færa réttindi launafólks í ASÍ til jafns við félagsmenn í stéttarfélögum opinberra starfsmanna. Það vantar dag upp á að ár sé liðið frá þessari yfirlýsingu og auðvitað eðlilegt að ganga eftir því hver staðan er í málinu. Ætlar hæstv. ráðherra fjármála að standa við yfirlýsingu um að jafna réttindin eða er yfirlýsingin eitthvert prump?

Launamenn hafa staðið við sinn hluta samkomulagsins en ekki ríkið. Ég segi að jafnræðisreglan sé þar með brotin. Það er ekki nóg með að hæstv. ráðherra hafi ekki staðið við yfirlýsingar um málið heldur ber hann einnig ábyrgð á því að engin niðurstaða liggur fyrir um jöfnun umræddra réttinda.

Virðulegur forseti. Í þessu máli sem ýmsum öðrum er umvöndunar þörf. Hana á að veita með því að slá núv. ríkisstjórn af í komandi kosningum. Hæstv. fjmrh. talar um að fæðingarorlofið sé hluti af þessu máli. Það er mál er liðin tíð og var komin til áður en yfirlýsingin var gefin.

Hæstv. ráðherra telur í svari sínu að menn séu ekki læsir á yfirlýsingar. Ég get ekki betur heyrt, virðulegur forseti, en að hæstv. ráðherra skilji ekki eigin yfirlýsingar eða þau fyrirheit sem hann hefur gefið í samkomulagi við þá sem hæstv. ráðherra á í deilum við.

[10:50]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Samræming réttinda þeirra sem starfa hjá ríkinu er vissulega nokkuð sem stefna ber að. Samt ber að minnast þess að stéttarfélögin hafa sjálfstæðan samningsrétt. Það er ekki hægt með nokkru móti að ganga yfir þann rétt stéttarfélaganna. Það er ekki heldur hægt að ganga á rétt starfsmanna til að velja sér stéttarfélag. Þar hafa menn frelsi.

Eins og staðan er nú hafa félög innan ASÍ náð betri réttindum á nokkrum sviðum, t.d. varðandi sjúkrasjóðina. Opinberir starfsmenn hafa hins vegar náð fram réttindum á öðrum sviðum. Almennt má segja að á seinni árum hafi færst saman með þessum hópum. Þar vil ég sérstaklega nefna, þrátt fyrir orð hv. þm. Gísla Einarssonar, að í lögum um fæðingar- og foreldraorlof hefur náðst mikil samræming. Þar er um mikla réttarbót að ræða. Þar er jöfnun á milli karla og kvenna og jöfnun á milli almenna vinnumarkaðarins og opinberra starfsmanna.

Á Íslandi höfum við sveigjanlegan vinnumarkað og það er mikilvægt að atvinnulífið viðhaldi þeim sveigjanleika og forðist þau höft og þann reglugerðafrumskóg sem einkennir vinnumarkað í ríkjum Evrópusambandsins. Á Íslandi höfum við byggt upp mikið og gott lífeyrissjóðakerfi sem mun til framtíðar skila starfsmönnum, bæði hjá hinu opinbera og á almennum vinnumarkaði, miklum réttindum.

Eins og fram kom hjá hæstv. fjmrh. er hér um viljayfirlýsingu að ræða frá því fyrir ári síðan. Það er alveg fráleitt að tala í þingsölum um að um vanefndir sé að ræða þegar viðræður standa yfir og menn ætla sér á endanum að ná niðurstöðu.

[10:52]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að jafna beri kjör á vinnumarkaði á sem allra flestum sviðum. En ég minni líka á að hvert stéttarfélag hefur sjálfstæðan rétt þegar kemur til viðræðna um kaup og kjör. Í samningaviðræðum er aldrei hægt að varpa sökinni eingöngu á annan aðilann. Ábyrgðin er auðvitað beggja.

Mér finnst á margan hátt að ASÍ hafi verið að breyta um stefnu. Stefna þeirra í kjarabaráttu og samfélagsbaráttu er á margan hátt mun ábyrgari heldur en hún var í eina tíð. ASÍ hefur líka náð mjög farsælum árangri hvað þetta varðar. Ég minni á mjög farsælt samstarf ríkisstjórnarinnar og forustu ASÍ þegar menn voru að velta fyrir sér rauðu strikunum. Það var mjög athyglisverð samvinna og þá náðist mjög farsæll árangur. Mér finnst stefna ASÍ-manna að þessu leyti góð og tel að þeir hafi sýnt mikið meiri ábyrgð en mörg önnur stéttarfélög hvað þetta varðar.

En enn og aftur, þegar um viðræður stéttarfélaga er að ræða við atvinnurekendur þá getum við ekki varpað ábyrgðinni einungis á annan aðilann.

[10:54]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Sem endranær snýst umræðan um að hæstv. fjmrh. sé ljóti kallinn sem vilji ekki borga (**ÁRJ:** Það er ekki rétt.) og aumingja verkalýðurinn líði (**ÖJ:** Þeir eru ekkert aumingjar.) fyrir það.

Að sjálfsögðu er hæstv. fjmrh. hér í umboði skattgreiðenda. Þetta verður allt saman greitt af þjóðinni í heild sinni. Ég vil nefna það að lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna hafa vaxið um 120 milljarða á síðustu sex árum, sem eru 5 millj. kr. á hvern einasta ríkisstarfsmann. Þetta er greitt af skattgreiðendum, greitt af 80% þjóðarinnar sem ekki eru opinberir starfsmenn. Þetta er ekkert einfalt dæmi sem við erum að tala um hér.

Ég vil að réttindi manna séu uppi á borðinu, að reiknað sé út hvað hver maður á af réttindum og hversu mikið menn meta t.d. lífeyrisréttindin. Við erum með opinbera starfsmenn í tveimur hópum. Annar hópurinn er í A-deildinni og hinn hópurinn er í B-deildinni. Það er munur á milli þessara hópa, herra forseti. B-deildarfólkið er mikið betur sett, eftir þær launahækkanir orðið hafa undanfarið, en A-deildarfólkið. Síðan er mismunur á milli opinberra starfsmanna í BSRB og hinna sem eru í ASÍ. Það er líka mismunur þar á milli. Að síðustu er líka mismunur á þeim sem eru á almennum markaði og ekki hjá opinberu sjóðunum vegna þess að fólk í almennu sjóðunum býr ekki við ríkisábyrgð á réttindunum eins og opinberir starfsmenn. Ef illa gengur með ávöxtun lífeyrissjóðanna verður að skerða réttindin hjá almennu sjóðunum en ekki hjá hinu opinbera, þá hækkaði iðgjald ríkisins, þ.e. skattgreiðenda, upp í himininn.

[10:56]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim sem hér tóku þátt í umræðum. Ég tel að hæstv. ráðherra hafi fyrst og fremst tekið þátt í umræðunni því að hann svaraði ekki þeim spurningum sem ég beindi til hans. Hann fór þess í staða að ræða um viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eins og fleiri hv. þm. hafa gert hér og gert býsna lítið úr. Niðurstaða mín er sú að þessi viljayfirlýsing sé, að mati þeirra sem styðja þessa ríkisstjórn, einskis virði.

Hér hefur verið talað um að þetta sé samningamál. Það er nefnilega nákvæmlega það sem gerðist. Það var við samningaborðið að þessi yfirlýsing ráðherra var gefin. Hún er hluti af stærri heild, (Gripið fram í.) hluti af samningum. Hún er meira að segja stór hluti af því að samningar náðust fyrir ári síðan. Við erum hér að tala um það sem búið er að ræða. Það sem búið er að semja um.

Hæstv. ráðherra segir: Ég hef ekki svikið nein loforð, viljayfirlýsingin var ekki neitt neitt í raun og veru. Ég hef undir höndum greinargerð frá fulltrúum ASÍ af þessum samningafundum þar sem m.a. hæstv. ráðherra mætti á fyrsta fundinn. Skilningur forseta ASÍ, varaforseta ASÍ og hæstv. fjmrh. á því hvað yfirlýsingin þýddi var þá hinn sami og hvaða vægi hún hefði í því að samningar náðust fyrir ári. Af þessu virðist algjörlega sameiginlegur skilningur.

En er það þannig að þessi túlkun hafi breyst og að orð forseta ASÍ, framkvæmdastjóra ASÍ, varaforseta ASÍ, formanns Eflingar og formanna stéttarfélaga vítt og breitt um landið, séu marklaus? Eru þeir að skrökva? Er hæstv. ráðherra að segja að þessir aðilar, sem hafa farið með þessa viljayfirlýsingu inn í félög sín og kynnt hana, séu bara að segja ósatt?

[10:58]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Þessi endalausu svikabrigsl finnast mér afskaplega óviðeigandi í umræðum um þessi mál. Þau eiga ekki heima hér í þingsölum.

Ég las upp yfirlýsinguna áðan. Ég skal lesa eina setningu úr henni aftur hafi farið fram hjá einhverjum hér hvað þarna stendur, með leyfi forseta:

„Af hálfu ráðuneytisins er fullur vilji til þess að halda þessum viðræðum áfram og freista þess að ná ásættanlegri niðurstöðu."

Þýðir þetta að það eigi skilyrðislaust að fallast á allar kröfur frá ASÍ? Þýðir þetta að ef ASÍ er með ófrávíkjanlega kröfu um eitt mál að þá eigi að fallast á hana „omgående", eins og danskurinn segir? Auðvitað ekki. Það þýðir ekki það og það er alveg sama hvað hv. þm. les upp úr mörgum yfirlýsingum verkalýðsfélaga. Þetta er ekki mál sem var fyrir fram búið að fallast á. Það er bara rangt. Þess vegna hafa engin loforð verið svikin og öll þau brigsl ekki við hæfi.

Hins vegar liggur það fyrir áfram, eins og verið hefur, að það skortir ekkert upp á það af hálfu fjmrh., ríkisstjórnarinnar eða starfsmanna ráðuneytisins að vinna áfram í þessu máli. Það liggur alveg fyrir að það er tiltölulega einfalt mál að samræma þarna tiltekin réttindi varðandi veikindarétt, slysarétt og sjúkrasjóð.

Hins vegar liggur það líka fyrir og er nefnt í þessari yfirlýsingu að það stendur til að endurskoða lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Undirbúningur að því er þegar hafinn. Þar eru ýmis atriði sem snerta samræmi á milli aðila sem þarf að sjálfsögðu að líta á. En ég hafna þeim einföldunum sem menn hafa komið hér upp með og haldið fram. Það er ekkert hægt að bera svoleiðis á borð fyrir þingið eða almenning.

Leiðtogafundur um sjálfbæra þróun, ein umr.

Skýrsla umhvrh., 381. mál. — Þskj. 434.

[11:01]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Sú skýrsla sem hér liggur frammi fjallar um leiðtogafund Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg, samþykktir fundarins og þýðingu fyrir heimsbyggðina og Ísland. Það kom í minn hlut sem umhvrh. að taka þátt í samningaviðræðum ráðherra í Jóhannesarborg. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson var formaður sendinefndarinnar og flutti ávarp á leiðtogafundinum fyrir Íslands hönd og er ræðu hans að finna í viðauka við skýrsluna.

Samþykktir fundarins voru mjög viðamiklar og engin leið að gera þeim fullnægjandi skil í stuttri framsögu. Stefnumótandi stórfundir af þessu tagi eru einnig þess eðlis að langan tíma tekur að hrinda samþykktum þeirra í framkvæmd og mörg ár getur tekið að meta hver áhrif þeirra voru í rauninni. Ég mun hér stikla á stóru og einblína á nokkur þau atriði sem ég tel að standi upp úr.

Það er mitt mat að fundurinn hafi skilað miklu og árangur hans jafnvel orðið meiri en margir bjuggust við þegar undirbúningur hans hófst fyrir tæpum tveimur árum. Fundurinn kemur í kjölfar áratugar mikillar eflingar alþjóðasamvinnu á sviði umhverfisverndar og annarra sviða sem snerta sjálfbæra þróun. Á heimsráðstefnunni í Ríó árið 1992 og fjölmörgum fundum og ráðstefnum í kjölfar hennar hefur verið lagður grunnur að samvinnu ríkja heims til þess að bregðast við mörgum af mest aðkallandi viðfangsefnum mannkyns.

Samþykktir fundarins í Jóhannesarborg draga saman á heildstæðan hátt samþykktir síðustu tíu ára á sviði umhverfisverndar, efnahagssamvinnu og félags- og velferðarmála. Um leið er vísað fram á veginn og bent á nokkur forgangsmál í baráttunni gegn fátækt og umhverfisvá á næstu árum.

Margir hafa gagnrýnt að samþykktir leiðtogafundarins í Jóhannesarborg hafi ekki gengið enn lengra í skuldbindingum um nýjar aðgerðir, sérstaklega hafi ekki verið nóg um tímasett markmið. Á móti er bent að það er enginn skortur

á skuldbindingum eða áður samþykktum tímasettum markmiðum. Við verðum einnig að gæta þess að samþykktir af þessu tagi eru afrakstur málamiðlunar. Öll ríki heims verða að standa að samkomulaginu og enginn nær öllum sínum áherslum og baráttumálum fram.

Á síðasta áratug hafa ríki heims komið sér saman um fjölmarga alþjóðasamninga og önnur tæki til þess að stuðla að sjálfbærri þróun. Á umhverfissviðinu mætti t.d. nefna loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna og Kyoto-bókunina, samninginn um líffræðilega fjölbreytni og Stokkhólmssamninginn gegn þrávirkum lífrænum efnum og aðrar samþykktir gegn mengun hafsins.

Það sem á vantar er aukin áhersla á beina framkvæmd vel skilgreindra verkefna. Þar tel ég að Jóhannesarborgarfundurinn hafi skilað árangri með því að hvetja til samstarfsverkefna um framkvæmd forgangsmála. Ég vil nefna örfá dæmi.

Samþykkt fundarins um átak á sviði fráveitu- og hreinlætismála gæti þýtt gjörbreytingu á lífskjörum hundruð milljóna manna sem búa við óviðunandi ástand á þessu sviði. Aukin áhersla á bæði aðgengi að orku og mikilvægi endurnýjanlegrar orku er einnig mikilvæg. Nú eru um tveir milljarðar manna án aðgangs að rafmagni þannig að aðgangur að orku er mikilvæg forsenda framfara en ef orkan kemur eingöngu frá bruna jarðefnaeldsneytis mun það hafa afdrifarík áhrif á loftslag jarðar. Það er því ánægjuefni að loksins hafi tekist að fá ríki heims til að viðurkenna að aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa sé brýnt forgangsmál mannkyns en eins og kunnugt er lögðust mörg olíu- og kolaframleiðsluríki gegn slíku orðalagi.

Ísland var í hópi þeirra ríkja sem börðust fyrir framsæknu orðalagi varðandi endurnýjanlega orku og tel ég okkur hafa haft þar erindi sem erfiði og náð árangri.

Ísland lagði líka áherslu á málefni hafsins í samningaviðræðum í Jóhannesaborg en við höfum lengi sett metnað okkar í að vera í fararbroddi á alþjóðavettvangi í baráttu gegn mengun og fyrir sjálfbærri nýtingu lifandi auðlinda sjávar. Í samþykktum Jóhannesarborgarfundarins er m.a. kveðið á um að byggja eigi upp fiskstofna þannig að þeir skili hámarksafrakstri eigi síðar en árið 2015. Grípa á til aðgerða gegn mengun hafs frá landi í samræmi við Washington-áætlunina fyrir árið 2004. Það ár á einnig að hefjast regluleg úttekt á vegum Sameinuðu þjóðanna á ástandi heimshafanna. Sú samþykkt er til komin að tillögu Íslands og verður vonandi bæði til þess að auka þekkingu okkar á heimshöfunum og til þess að beina sjónum manna í auknum mæli að lausn á þeim vanda sem felst í mengun hafsins.

Það væri hægt að halda lengi áfram að fara yfir samþykktir leiðtogafundarins í Jóhannesarborg enda má telja víst að aldrei hafi þjóðir heims samið um jafnyfirgripsmikil málefni á nokkrum fundum. Það sem skiptir þó mestu máli er ekki orðalagið heldur framkvæmdin. Í Jóhannesarborg var reynt að tryggja eftir megni að efndir mundu fylgja orðum. Þar má nefna að í fyrsta sinn á slíkum fundi voru ýmis framkvæmdarverkefni hluti af formlegri samþykkt fundarins, flest á þeim sviðum þar sem talið var að fundurinn gæti náð mestum árangri, svo sem í orkumálum, bættu aðgengi að ferskvatni og heilbrigðismálum.

Starf nefnda Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem á að fylgja eftir samþykktum í Ríó og Jóhannesarborg verður eflt. Það er þó einkum undir ríkjum heims komið að framkvæma samþykktir fundarins í samvinnu og hvert í sínu lagi. Ríkisstjórnin samþykkti fyrir fundinn nýja stefnumörkun um sjálfbæra þróun, „Velferð til framtíðar", sem verður endurskoðuð reglulega og árangur mældur á tölulegan hátt eftir því sem hægt er.

Við hyggjumst taka þátt í nýjum þróunarverkefnum á sviði sjávarútvegs og endurnýjanlegrar orku þar sem Íslendingar hafa miklu að miðla eins og sést í öflugu starfi Jarðhitaskóla og Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna hér á landi. Við höfum verið að efla þróunaraðstoð okkar á síðustu árum og verður hún efld enn frekar í framtíðinni.

Ég tel að niðurstaða Jóhannesarborgarfundarins sýni að við séum á réttri leið. Þróunaraðstoð Íslands nýtist mjög vel og miðar beint að því að auðlindir þróunarríkja verði nýttar á sjálfbæran hátt til þess að draga úr fátækt og bæta lífskjör.

Ég vil hér einnig, virðulegur forseti, þakka gott samstarf við alla þá sem tóku þátt í starfi íslensku sendinefndarinnar á fundinum í Jóhannesarborg. Fyrir utan ráðherra og embættismenn voru í henni fjórir alþingismenn auk fulltrúa frjálsra félagasamtaka og Reykjavíkurborgar. Ég tel mikilvægt að þingmenn og aðrir fái tækifæri til að kynna sér þau málefni sem rædd eru á fundum sem þessum. Við héldum nokkra fundi með sendinefndinni til að halda henni upplýstri um gang mála í samningaviðræðunum og afstöðu Íslands en nefndarmenn nýttu tækifærið í Jóhannesarborg líka til þess að taka þátt í og hlýða á einhverja hinna mörg hundruð hliðarfunda og annarra viðburða sem í boði voru á fundinum og í tengslum við hann.

Leiðtogafundurinn í Jóhannesarborg og viðburðir tengdir honum er fjölmennasta samkoma sem haldin hefur verið á vegum Sameinuðu þjóðanna. Það eitt og sér sýnir hve mikill áhugi er á þeim málefnum sem þar voru rædd. Það er trú mín að við höfum stigið mikilvægt skref fram á við í Jóhannesarborg sem þarf að fylgja eftir hér á landi og á heimsvísu. Sjálfbær þróun hefur sýnt sig að vera gagnleg nálgun í þeirri viðleitni að berjast gegn fátækt og bæta lífskjör án þess að valda óbætanlegum skaða á umhverfinu.

Fyrir utan þær miklu samþykktir sem gerðar voru í Jóhannesarborg skiptir miklu máli að málefnin sem snúa að framtíð mannkyns á jörðinni fái þá athygli og umfjöllun sem fundur af þessu tagi getur veitt. Það er því niðurstaða mín, virðulegur forseti, að fundurinn í Jóhannesarborg hafi í heildina tekist mjög vel og muni fleyta okkur fram á við í framtíðinni varðandi sjálfbæra þróun.

[11:09]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Nú eru tveir mánuðir liðnir síðan ég óskaði eftir umræðu utan dagskrár um niðurstöður heimsþings í Jóhannesarborg um sjálfbæra þróun og ég tel rétt að það komi fram hér, við upphaf umræðunnar, að hæstv. forsrh. sem fór fyrir sendinefnd Íslands á þinginu hefur ekki látið svo lítið að svara þeirri beiðni.

En nú er komin fram skýrsla frá hæstv. umhvrh. og hefur hæstv. forseti séð til þess að hún komi formlega hér á dagskrá og ber að þakka það þó að ekki sé verið að ofskammta tímann í umræðunni.

Þessi viðhorf ráðherra og stjórnar þingsins segja kannski meira en mörg orð um raunverulegan áhuga stjórnarherranna á málefninu sem er að finna raunhæfar leiðir til sjálfbærrar þróunar í heiminum. Það má líka nefna rýra skýrslu umhvrh. um heimsþingið og ekki síður slagorðakennda stefnumótun ríkisstjórnarinnar, „Velferð til framtíðar", sem út kom dagana fyrir þingið.

Verkefnið sem fyrir liggur í þessu tilliti er auðvitað það að endurmóta vinnubrögð í öllu stjórnkerfinu þar sem flétt-aðir verða saman grundvallarþættir sjálfbærrar þróunar, hinn efnahagslegi, sá félagslegi og sá vistfræðilegi. Ríkisstjórn Íslands mætti sannarlega líta til nágranna okkar, Norðmanna, sem hafa þegar sett niður nefnd háttsettra embættismanna sem fengið hefur það verkefni að fylgja eftir niðurstöðum heimsþingsins í Jóhannesarborg og móta framtíðarstefnuna og mun sú nefnd vera komin vel áleiðis í vinnu sinni.

Og um hvað þarf að móta stefnu, herra forseti? Í fyrsta lagi þarf að skilgreina markmiðin og taka ákvörðun um að ganga þann veg sem sjálfbær þróun krefur okkur um en ekki að gefa út fleiri skýrslur sem virðast hafa það hlutverk eitt að skreyta ríkisstjórnina með grænum fjöðrum. Svo hefur ríkisstjórnin vanrækt algjörlega alla fræðslu til almennings og skóla um sjálfbæra þróun og alþjóðlegt samhengi í þeim efnum. Auk þess er öllum viðteknum skilgreiningum steypt á stél í stefnumörkunarskýrslu ríkisstjórnarinnar. Þar er því t.d. haldið fram að sjálfbær þróun leitist við að hámarka efnahagslega og félagslega velferð án þess að gengið sé á umhverfið eða það beri skaða af.

Hvernig eiga menn sem halda slíku fram að leiða þá sem minna vita á spor sjálfbærrar þróunar?

Ég leyfi mér, herra forseti, að gagnrýna ríkisstjórnina fyrir handahófskennd vinnubrögð og skilningsleysi í þessum efn-um. Hún verður að átta sig á því að sjálfbær þróun snýst um leikreglur sem samþætta umhverfisvernd, efnahagsstefnu og félagsmálastefnu, leikreglur, sem tryggja að umhverfisgildin fái þann forgang sem þeim ber. Ég verð að segja að það gætir nokkurrar tilhlökkunar í brjósti mínu að sjá núv. ríkisstjórn hverfa frá völdum.

Herra forseti. Ég nefndi áðan rýra skýrslu umhvrh. og ég vil gagnrýna það að ekki skuli hafa verið lagt í að þýða meira af skjölum heimsþingsins á íslensku, og rétt er að spyrja hæstv. umhvrh. hvort ekki sé að vænta úrbóta í þeim efnum.

Þá vil ég nefna frammistöðu Íslands hvað varðar þró-unaraðstoð og þróunarsamvinnu sem var eitt þeirra mála sem fékk mjög mikla athygli á þinginu í Jóhannesarborg, enda var fátæktin í heiminum og jöfnun lífsgæðanna kannski þungamiðja þingsins. Við Íslendingar höfum verið að damla þetta í kringum 0,1% af vergri þjóðarframleiðslu en erum í raun í hópi þeirra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna sem hafa gert það að yfirlýstu markmiði sínu að verja 0,7% til þróun-araðstoðar. Í ljósi þess hversu mikið pláss þróunarsamvinna og þróunaraðstoð tóku á heimsþinginu í Jóhannesarborg tel ég rétt að Íslendingar einsetji sér það að ná 0,7%-markinu á næsta kjörtímabili. Ég get fullyrt, herra forseti, að Vinstri hreyfingin – grænt framboð mundi leggja áherslu á að slíkt yrði gert í þeirri ríkisstjórn sem hreyfingin tæki þátt í að mynda.

Eitt er það atriði sem fékk nokkra athygli á heimsþinginu og íslensk stjórnvöld eiga eftir að skýra fyrir almenningi en það eru þættir sem lúta að yfirstandandi samningaferli Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og stöðu umhverfissáttmála gagnvart reglum stofnunarinnar. Stofnunin þurfti að þola harða gagnrýni frá frjálsum félagasamtökum á heimsþinginu og á síðustu dögum þingsins stóð stríð á ráðherravettvangi um orðalag einnar greinar framkvæmdaáætlunarinnar sem laut að því að innihald sáttmála á umhverfissviði skuli vera í samræmi við reglur Alþjóðaviðskiptastofnunarinn-ar. Afgreiðsla texta framkvæmdaáætlunarinnar beið í raun eftir að niðurstaða fengist um þessa togsteitu. Noregur og Sviss kröfðust staðfastlega niðurfellingar á þessari tengingu á umhverfissáttmálanum við reglur Alþjóðaviðskiptastofn-unarinnar og úti fyrir fundarsal ráðherranna stóð hópur frá frjálsum félagasamtökum með mótmælaspjöld og krafðist þess hins sama.

Voru þessi tvö ríki, Noregur og Sviss, lengi vel ein á báti í þessari baráttu. Á endanum fór það þó svo að sjónarmið þeirra urðu ofan á. Og nú væri gaman að vita, herra forseti, hver afstaða íslenskra stjórnvalda var í þeirri deilu því að það er nokkuð merkilegt að í svona málum hafa Evrópulönd, sem standa utan ESB, sjálfstæða rödd á meðan Evrópusam-bandslöndin hafa einungis einn sameiginlegan talsmann.

Þá langar mig líka að spyrja hæstv. ráðherra hvort íslensk stjórnvöld hafi mótað stefnu um afstöðu Íslands í komandi samningaferli Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar þar sem mjög alvarlegir hlutir geta verið fram undan í samningaferli um stöðu alþjóðasáttmála á umhverfissviði, svo sem varðandi höfundaréttarákvæði er snerta einkaleyfi á lífverum og alls kyns atriði er lúta að erfðabreytingum og fleiru.

Málefni verslunar og viðskipta ríku landanna við fátæku ríkin voru í brennidepli heimsþingsins og sömuleiðis aðkoma stórfyrirtækja í viðskiptasamningum við fátæku ríkin. Og eitt af því sem frjálsu félagasamtökin gagnrýndu hvað harðast var það hvernig Bandaríkjastjórn var sögð ganga erinda stór-fyrirtækjanna sem ryddust iðulega inn í þróunarríkin með offorsi og stuðningi Alþjóðabankans og brytu niður inn-viði samfélaganna og högnuðust svo á því að einkavæða grunnþjónustu eins og vatnsveitur.

[11:15]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir að hafa beðið um þessa umræðu. Það hefði að sjálf-sögðu verið betra ef hún hefði farið fram fyrr. Vegna anna tókst það ekki en hér er hún hafin.

Fundurinn í Jóhannesarborg var um margt mjög athyglis-verður og að flestra mati náðist þar verulegur árangur í þeim málum sem efst voru á baugi á þessari ráðstefnu. Kofi Ann-an, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, lagði áherslu á að niðurstaða fengist í fimm málaflokkum, svokölluð-um WEHAB-málum, þ.e. að bæta aðgengi að hreinu vatni, bættri heilbrigðisþjónustu, nýrri aðkomu fátækra ríkja að markaði fyrir landbúnað í heiminum, stefnu í orkumálum og varðveislu og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni.

Vegna staðsetningar ráðstefnunnar snerist umræðan mik-ið um málefni Afríku en eins og allir vita er fátæktin þar og örbirgðin eitt alvarlegasta vandamál heimsins. Þau megin-mál sem Kofi Annan beindi sjónum sínum að voru því mjög tengd vandamálum Afríku.

Umræðan um hreint vatn fyrir alla er auðvitað öll háð þeim fjárveitingum sem fást til þessa málaflokks en um tveir og hálfur milljarður jarðarbúa hefur ekki aðgang að full-nægjandi vatni og hreinlætisaðstöðu. Af hálfu iðnríkjanna voru gefnar verulegar fjárhagslegar skuldbindingar til að ná einhverjum árangri á þessu sviði. Samþykkt þingsins var að helminga þann fjölda fólks til ársins 2015 sem ekki hefur aðgang að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu. Má þar nefna að Bandaríkjamenn skuldbundu sig til að fjárfesta fyrir 970 millj. bandaríkjadollara í þessum málaflokki á næstu þremur árum. Evrópusambandið hét því að beita sér í þessum mála-flokki í Afríku og Asíu. Þróunarbanki Asíu hét því einnig að lána 500 millj. bandaríkjadollara í þessu skyni.

Umræðan um landbúnaðarmál var á þá leið að auðvelda þróunarríkjunum að markaðssetja landbúnaðarvörur sínar á mörkuðum iðnríkjanna. Það hefur valdið mörgum vonbrigðum að iðnríkin hafa ekki dregið úr styrkjum til landbúnaðarins í löndum sínum. Samkeppnishæfni innfluttra landbúnaðarvara er því engin í þessum löngum þrátt fyrir lægri innflutningskostnað.

Í Jóhannesarborg var samþykkt yfirlýsing þar sem viðurkennd er sú staðreynd að aðgangur að mörkuðum iðnríkjanna sé lykilatriði og jafnframt að niðurgreiðslum verði hætt á útflutningi landbúnaðarvara frá iðnríkjum.

Orkumálin voru talin einn erfiðasti kaflinn að ná samkomulagi um í Jóhannesarborg enda miklir fjárhagslegir hagsmunir þar í húfi. Um tveir og hálfur milljarður manna hefur ekki aðgang að rafmagni og þarf að treysta á mó og hrís og slíka orkugjafa. OPEC-ríkin hafa hagsmuni af því að draga aðgerðir sem flýta yfirtöku orkugjafa eins og sólar, vinds og sjávarfalla. Tæknilega er hægt að leysa allan orkuvanda heimsins með þessum orkugjöfum en fjárhagslega er það óframkvæmanlegt nema á ógnarlöngum tíma.

Samþykkt var að styðja áætlun NEPAD um að 35% Afríkubúa verði tryggður aðgangur að orku innan 20 ára. Helstu raforkufyrirtæki heimsins í E7-löndunum, Evrópusambandinu, Bandaríkjunum, Suður-Afríku og fleirum, tilkynntu um fjárfestingar eða samstarf um tæknivinnu í verkefnum sem lúta að nýtingu og þróun sjálfbærrar orkugjafar í vanþróuðum ríkjum. Tölur voru um einn milljarð bandaríkjadollara á næstu árum til slíkra verkefna auk tækniráðgjafar o.s.frv. Auðvitað eru þetta ekki háar tölur þegar litið er til þess að Bandaríkin ein fjárfestu eða ábyrgðust fjárfestingar í olíuiðnaði fyrir 23,2 billjónir dollara á árunum 1992–1998 í vanþróuðum ríkjum.

Af hálfu GLOBE-samtakanna sem eru alþjóðleg þingmannasamtök sem starfa að umhverfismálum hefur einmitt verið bent á þessa staðreynd, að með því að skilyrða bara 10% af þessum ábyrgðum og lánum iðnríkjanna til þróunar og uppbyggingar endurnýjanlegra orkugjafa næðist árangur sem mundi stytta þennan tíma verulega. Að áliti GLOBE var gerð alþjóðleg skuldbinding í þessa veru í Ríó fyrir tíu árum og OECD átti að hrinda þeirri áætlun í framkvæmd. Ekki hefur orðið af því og GLOBE-samtökin hafa því gert kröfu um að sérstök nefnd verði sett á laggirnar til að þessari samþykkt sem gerð var í Ríó verði fylgt eftir.

„Aid or Trade" er boðskapur Alþjóðabankans en Doha-þróunaráætlunin er sett upp fyrir fátækustu ríki heimsins. Þótt þróunaraðstoð geti verið góð telja margir að árangurinn af henni láti mikið á sér standa. Þolinmæði margra eftir því að fátækustu ríkin verði sjálfbær með þessari aðferð er á þrotum og má þar benda á þá staðreynd að Danir eru hættir þróunaraðstoð við Malaví, eitt fátækasta ríki heimsins. Það er því markmið margra að vestrænni hugsun um lýðræði og frjálsræði í viðskiptum verði náð til að þessi ríki nái að þróast áfram. Uppbygging stofnana og infrastrúktúr eru því lykilatriði. Að draga úr innflutningshöftum iðnríkja er einnig hluti af því.

Starf Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Malaví hefur verið einstaklega árangursríkt og tel ég ástæðu til að minnast sérstaklega á það en allt uppbyggingarstarf á vegum þeirrar stofnunar í Malaví sem Danir hafa yfirgefið hefur verið með allt öðrum hætti. Ég held að það sé mjög til fyrirmyndar sem Íslendingar hafa gert og ástæða til að ræða sérstaklega hér á eftir.

[11:21]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að þakka það að skýrsla hæstv. umhvrh. skuli vera tekin hér til umfjöllunar þó að nokkuð sé um liðið síðan sendinefnd Íslands kom heim frá leiðtogafundinum um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg. Það kannski gerir ekki svo mikið til vegna þess að auðvitað erum við að tala um langtímaverkefni og langtímamarkmið. Það er til lítils að fara yfir hálfan hnöttinn á stóran fund eða stóra ráðstefnu sem þessa og koma svo heim aftur og gera lítið við niðurstöðurnar eða vinna ekki þá vinnu sem niðurstöðurnar krefja okkur um.

Ég vil í máli mínu beina athyglinni sérstaklega að framhaldinu, þ.e. hvað þessar samþykktir þýða sem hér liggja fyrir og íslensk stjórnvöld hafa undirritað og samþykkt, hvort heldur er framkvæmdaáætlun og yfirlýsing Jóhannesarborgarfundarins eða þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem ríma alveg saman við það sem verið var að ræða í Jóhannesarborg, og eru auðvitað þessi yfirmarkmið sem öll þjóðfélög verða að setja sér, rík og fátæk, öll þjóðfélög ætla að setja sér og hafa sett sér. Þessi markmið eru í raun og veru grundvöllur þeirrar stefnu um sjálfbæra þróun sem við ætlum að byggja á, hvort sem það varðar umhverfið sérstaklega, baráttuna gegn fátækt eða baráttuna fyrir fullum mannréttindum allra manna því að þetta þrennt hangir auðvitað saman í umfjölluninni um sjálfbæra þróun og það er í raun ekki hægt að tala um eitt án hinna.

Það sem kom svo berlega í ljós í Jóhannesarborg, og ég veit að hv. þm. sem þar voru staddir taka undir það með mér, var að baráttan gegn fátækt, baráttan fyrir því að þeir tveir milljarðar manna sem þurfa að skrimta á 150 kr. á dag — flestir hafa ekki aðgang að hreinu drykkjarvatni eða hreinlætisaðstöðu og langflestir mjög lítinn aðgang að menntun — er miskunnarlaus. Það er til mjög lítils að ætlast til þess að þetta fólk fái enga aðstoð við að koma lífi sínu á réttan kjöl, ef ég má orða það svo, þannig að það hafi einhver tækifæri til að lifa mannsæmandi lífi og við þau lágmarkskjör sem við hér teljum fullkomlega eðlileg. Við á Íslandi höfum eytt síðustu öld í að byggja upp sterkt og gott velferðarsamfélag og það er kannski það sem er stundum svolítið heillandi í samanburðinum milli eins af ríkustu löndum heims, sem er Ísland, og þeirra síðan sem eru fátækust, eins og t.d. Mósambík, að það er mjög stutt síðan Íslendingar voru staddir þar sem þessi fátækustu lönd heims eru stödd núna. Það eitt ætti að gera það að verkum að við hefðum meiri skilning og meiri áhuga á að vinna með þessum þjóðum en aðrir. Það er a.m.k. mín einlæga skoðun í þessu efni.

En það sem hefur auðvitað breyst á síðustu 100 árum er að menn hafa gert sér grein fyrir því að það er ekki hægt að komast til efnahagslegrar velferðar með sama hætti og iðnríkin gerðu. Sú aðferð er einfaldlega úrelt. Þess vegna hefur aðferð hinnar sjálfbæru þróunar tekið við og það er auðvitað skylda okkar, siðferðileg skylda okkar, að aðstoða aðra við að komast þangað sem við erum komin og að horfa í eigin barm um neysluna og þann lífsstíl sem Vesturlandabúar, sérstaklega þeir, hafa tileinkað sér. Sá lífsstíll er svo sannarlega ekki sjálfbær. Við vitum öll hvort sem við viljum viðurkenna það eða ekki að hann er ekki sjálfbær.

Framhaldið, hæstv. forseti, skiptir því mjög miklu máli. Hvar ætla íslensk stjórnvöld að beita sér? Við erum og höfum verið málsvarar hafsins, ef svo má að orði komast, og notkunar endurnýjanlegrar orku og auðvitað er það gott og vel

og mjög skiljanlegt miðað við þá hagsmuni sem við höfum að verja. En mér finnst að það sé kominn tími til að víkka út þessa skilgreiningu og víkka út þau verkefni sem Ísland er að fást við á alþjóðlegum vettvangi. Til þess að svo verði þarf að endurskilgreina og setja ný markmið í utanríkisstefnunni, markmið sem byggja á sjálfbærri þróun og virðingu fyrir mannréttindum og umhverfinu af því að með því að gera það þannig lægi t.d. algjörlega ljóst fyrir hvernig íslensk stjórnvöld beittu sér í Doha-lotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að hún skiptir grundvallarmáli um framhaldið í þessum efnum. Og það skiptir mjög miklu máli að við séum t.d. málsvarar frjálsrar verslunar og opinna markaða fyrir fátæk ríki. Við vitum að án þess að opna markaði og gefa öllum kost á að stunda frjálsa verslun og flytja út þær vörur sem þeir framleiða er til mjög lítils að tala um að bæta kjörin. Kjörin verða ekki endalaust bætt með neyðaraðstoð og þróunarhjálp enda á það ekki að vera þannig. Það á að bæta kjörin með því að hjálpa fólki til að hjálpa sér sjálft. Það er m.a. gert með því að efla frjálsa verslun. Mér finnst skipta mjög miklu máli að það komi skýrt fram hvaða skref verða tekin af hálfu Íslands í því.

Rétt að lokum af því að ég sé að tími minn er á þrotum, herra forseti. Önnur stoð í þessu máli er réttindi kvenna. Hafi ég einhvern tíma verið sannfærð um að þau væru forsenda þess að hægt væri að rífa heilu þjóðirnar upp úr eymd og fátækt var ég það þegar ég kom heim frá Jóhannesarborg. Þau verða að vera forgangsverkefni íslenskra stjórnvalda.

[11:28]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Umhvrh. hefur lagt fram skýrslu um helstu niðurstöður leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem haldinn var í Jóhannesarborg í haust.

Það er ljóst að ráðstefna á borð við þessa er afar mikilvægur vettvangur fyrir fjölþjóðlega umræðu um umhverfismál og mikilvægt að við Íslendingar séum þar virkir þátttakendur, eins og raunin hefur verið. Það er einnig jákvætt og mikilvægt að frjáls félagasamtök hafa átt þarna vettvang til að koma baráttumálum sínum og viðhorfum á framfæri við leiðtoga þjóða.

Af skýrslunni má ráða að Íslendingar hafa gengist undir margvíslegar skuldbindingar á sviði umhverfis- og þróunarmála. Framkvæmd þeirra skuldbindinga fer að mestu fram í gegnum alþjóðlegar stofnanir og samninga en þó verðum við ávallt að hafa til hliðsjónar stefnumörkun innan lands. Þá ber að fagna því sem segir í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Mikill hluti af þeim samþykktum sem felast í Jóhannesarborgaráætluninni er nú þegar í skýrum farvegi á Íslandi, í nýlegri stefnumörkun stjórnvalda um sjálfbæra þróun, í norrænni áætlun um sjálfbæra þróun og í ýmsum alþjóðasamningum og annarri alþjóðasamvinnu á sviði umhverfismála, viðskipta o.fl."

Það kemur fram í skýrslunni að fulltrúar ýmissa félagasamtaka hafi talið samkomulagið rýrt því ekki hafi verið gerð tímasett markmið né hafi auknum fjárframlögum verið lofað til umhverfismála. Hins vegar verður árangur ráðstefnu á borð við þessa ekki metinn fyrr en að nokkrum árum liðnum þegar ljóst er hverjar efndirnar hafa orðið. Verði stefnumótun fundarins og leiðarlýsingu fylgt fram af fullri alvöru og festu gæti Jóhannesarborgarfundurinn fengið þann dóm að hann væri mjög árangursríkur fyrir betri framtíð þjóða heims.

Varðandi áherslu Íslands á umhverfisráðstefnunni vil ég vekja sérstaka athygli á eftirfarandi klausu í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Einnig var samþykkt á Balí, m.a. fyrir tilstilli Íslands, orðalag um afnám ríkisstyrkja í sjávarútvegi, sem er mun sterkara en niðurstaðan á fundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Doha árið 2001 og tilmæli um að alþjóðlegar fjármálastofnanir á sviði þróunaraðstoðar komi meira að aðstoð við uppbyggingu sjálfbærs sjávarútvegs í þróunarlöndunum. Í Jóhannesarborg var samþykkt að stefna skyldi að því að byggja upp fiskstofna, þannig að nytjastofnar næðu hámarksafrakstri ekki seinna en 2015."

Við höfum sem sagt 14 ár, með okkar kvótakerfi, til þess að ná þessum hámarksafrakstri. Ég hef ekki trú á, herra forseti, að það gangi eftir með óbreyttri stefnu. Frjálslyndi flokkurinn átti enga fulltrúa á þessari ráðstefnu, enda erum við lítill og tiltölulega fjárlítill flokkur. Vonandi stækkum við í framtíðinni en það er annað mál.

Herra forseti. Svo virðist sem ráðamenn okkar beri úti í heimi, á fundum eða ráðstefnum og í viðtölum í fjölmiðlum, á borð fullyrðingar um að hér á Íslandsmiðum sé allt í fína lagi og við séum í markvissu og viðvarandi uppbyggingarstarfi við nýtingu á helstu fiskstofnum okkar. Ég held að ég taki ekki of stórt upp í mig þó ég haldi því fram að ráðherrar okkar fari vísvitandi með ósannindi um mikinn árangur okkar í fiskveiðistjórnun og uppbyggingu á helstu fiskstofnum okkar.

Í ávarpi hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar á leiðtogafundinum um sjálfbæra þróun — ég vil taka það fram að þá ræðu hafði ég ekki lesið í heild sinni fyrr en í þessari skýrslu — segir, með leyfi forseta:

„Við Íslendingar munum halda áfram að leggja áherslu á aðstoð við aðrar þjóðir með því að veita þjálfun og miðla af þekkingu okkar á sjálfbærri stjórnun lifandi auðlinda hafsins og beislun endurnýjanlegra orkulinda."

Þannig komst hæstv. forsrh. að orði. Í ræðunni er einnig minnt á Reykjavíkuryfirlýsinguna um ábyrgar fiskveiðar í vistkerfi hafsins. Síðan virðist hæstv. forsrh. fá bakþanka. Undir lok ræðunnar segir, með leyfi forseta, á öðrum stað:

„Við skulum hins vegar ekki gleyma því að fyrsta skrefið í átt til sjálfbærrar þróunar er tiltekt í eigin ranni."

Herra forseti. Svo virðist sem hæstv. forsrh. gefi sér í ræðu sinni að það sé ekki allt í lagi hér heima. En í fréttum CNN í gærkvöldi fullyrti hæstv. sjútvrh. að við værum með allt í fínu lagi hér og mikið uppbyggingarstarf unnið með okkar sérstaka kvótakerfi, sem væri reyndar á hraðri ferð í átt að einkaeignarréttarkerfi. Það sem meira var var að hann lýsti því yfir í fréttinni, ef ég hef tekið rétt eftir, að stefna stjórnvalda nyti fulls stuðnings samtaka sjómanna á Íslandi.

Þarf virkilega, herra forseti, að lesa úr nýlegum yfirlýsingum samtaka sjómanna til að sýna fram á hvaða skoðun samtök sjómanna hafa á stefnu Íslands í stjórn fiskveiða?

[11:34]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Umdeildustu og erfiðustu mál leiðtogafundarins í Jóhannesarborg vörðuðu m.a. vatnsöflun, fráveitur og hreinlætismál, auk orkumála, sem ekki varð samkomulag um fyrr en á síðasta degi fundarins. Ísland lagði einkum áherslu á tvö atriði í samningaviðræðum fyrir fundinn í Jóhannesarborg: málefni hafsins og orkumál.

Orkumálin voru eitt erfiðasta deilumálið við gerð framkvæmdaráætlunarinnar og voru það síðasta sem samkomulag náðist um. Einkum var deilt um hvort setja ætti töluleg markmið varðandi aukið hlutfall endurnýjanlegrar orku. Andstaða var meðal voldugustu ríkja heims og þróunarríkjanna við að setja tímasett og töluleg markmið inn í ályktunina. Í lokin náðist fram sátt um að falla frá kröfum um tímasett markmið. Í staðinn var í textanum lögð aukin áhersla á mikilvægi þess að auka vægi endurnýjanlegrar orku. Það orðalag sem samstaða náðist um er það framsæknasta á alþjóðavettvangi fram til þessa.

Ein meginniðurstaða Jóhannesarborgarfundarins var listi yfir samstarfsverkefni ríkja alþjóðastofnana, fyrirtækja og félagasamtaka. Ísland tekur þátt í einu samstarfsverkefnanna um endurnýjanlega orku og orkunýtni, sem er leitt af Bretum, en meðal annarra samstarfsaðila má nefna Brasilíu og Ítalíu.

Í kynningu á verkefninu á sérstökum fundi kom fram að Ísland hygðist leggja fram þekkingu sína í nýtingu á endurnýjanlegum orkulindum, svo sem jarðvarma og vatnsorku, sem möguleg samstarfsverkefni í þróunarríkjum og er nú unnið að undirbúningi þeirra verkefna.

Mat manna á árangri leiðtogafundarins hefur verið mismunandi. Enginn vafi er þó á því að fundurinn var árangursríkari en leit út fyrir í upphafi hans, að mati flestra þeirra er tóku þátt í undirbúningsfundum fyrir Jóhannesarborgarfundinn.

[11:36]

Jóhann Ársælsson:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. fór ásamt hæstv. umhvrh. og sendinefnd Íslands til Jóhannesarborgar í ágúst í sumar. Það er dálítið undarlegt að bjóða hæstv. umhvrh. velkominn heim núna á miðri jólaföstu. Það er undarlegt að hæstv. umhvrh. hafi ekki haft frumkvæði að umræðu um þessa för hér á Alþingi fyrr en nú. Það er undarlegt vegna þess að í allri umfjöllun um þessa ráðstefnu hefur komið fram að ferðalangarnir, forustumenn þessarar þjóðar, eru sannfærðir um mikilvægi þessa alþjóðasamstarfs sem þarna var undirstrikað öllu fremur.

Mikilvægi alþjóðasamstarfsins felst í að þjóðir heims viðurkenni og taki þátt í umræðu á sameiginlegum vettvangi, hlusti á rök, meti þau og séu trúar þeirri kvöð, þeirri lýðræðislegu kvöð umræðunnar, að virða skynsamlegustu og bestu rökin. Í þessu felst vilji til að þróa lýðræðisleg samskipti þjóða á jarðkúlunni, samfélag sem sameiginlega tekur ábyrgð á því að skapa öllum jarðarbúum rétt til mannsæmandi lífs en tekur jafnframt á sig þá ábyrgð gagnvart afkomendum okkar að ganga ekki á lífsskilyrði þeirra. Í alþjóðahyggju af þessu tagi er fólgin von um betra og gjöfulla samfélag fátækra þjóða og komandi kynslóða.

Frá því á Ríó-ráðstefnunni forðum hefur samstarf af þessu tagi fært okkur fram á veginn. Hugsunarháttur þjóðarinnar hefur breyst. Það eru gerðar meiri kröfur um sjálfbæra þróun á Íslandi. Sveitarfélögin hafa verið önnum kafin við Staðardagskrá 21. Bæjarfélög hafa tekið stakkaskiptum. Sveitir landsins hafa tekið stakkaskiptum. Við vitum líka, vegna umræðunnar, betur hvar skórinn kreppir í sorpmálum, í skolpmálum, í mengun vegna stóriðju og annarri röskun á umhverfi vegna framkvæmda.

Við vitum að við höfum staðið okkur hörmulega í stuðningi við samfélög í þróunarlöndunum. Það segir okkur að Íslendingar þurfi líka að hlusta á góðu rökin sem sett eru fram á lýðræðislegum vettvangi þjóðanna.

[11:39]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Það var mjög áhugavert fyrir mig sem þingmann að sækja þessa ráðstefnu í Jóhannesarborg. Þar bar auðvitað hæst umræðuna um fátækt í heiminum, ónothæft drykkjarvatn og skort á hreinlætisaðstöðu, ásamt þeim atriðum sem nefnd hafa verið í umræðunni hér í dag. Íslenskar áherslur hafa einkum lotið að mengun hafsins og orkumálum. Þau ríki sem mest framleiða af olíu og kolum eru ekki sátt við æ háværari kröfur umhverfissinna um að skipta yfir í endurnýjanlega orku, svo sem vatnsorku, jarðvarma, vindorku og sólarorku.

Eins og margir vita eru stórar vatnsaflsvirkjanir víða ekki taldar með í sjálfbærri þróun vegna áhrifa sinna á umhverfið og deildar meiningar eru um það á alþjóðavettvangi hvað teljast vera stórar virkjanir og hvað ekki. Áherslur Afríkuríkja á aðgang að drykkjarvatni og hreinlætisaðstöðu eru skiljanlegar öllum, líka okkur Íslendingum sem höfum tekið ómenguðu drykkjarvatni sem sjálfsögðum hlut.

Það er talið að 2,4 milljarðar manna í heiminum búi við óviðunandi hreinlætisaðstöðu og að 505 milljónir búi í löndum þar sem vatnsskorts gætir. Um þetta var rætt á ráðstefnunni.

Rifjum aðeins upp viðbröð við ráðstefnu í Ríó fyrir tíu árum. Að henni lokinni sögðu margir að ekki hefði náðst neinn árangur og ekki hefði náðst fram það sem menn hefðu vænst. En okkur má flestum vera ljóst að áhrifa þeirrar ráðstefnu hefur gætt. Hún hefur haft mikil áhrif á afstöðu manna til umhverfismála í heiminum á þeim tíu árum sem liðin eru og ég efast ekki um að ráðstefnan í Jóhannesarborg mun á sama hátt skilja eftir sig varanleg merki til góðs.

[11:41]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Leiðtogafundurinn í Jóhannesarborg er liður í mikilvægu ferli þar sem þjóðir heims taka höndum saman um að vinna að sjálfbærri þróun. Þetta er auðvitað mikilvægt verkefni til framtíðar sem miðar m.a. að því að búa jarðarbúum framtíðarinnar ekki lakari lífsskilyrði en við búum við í nútímanum. Það miðar einnig að því að tryggja að gæði jarðar verði ekki síðri en í dag, t.d. varðandi auðlindir lands og sjávar og hreinleika loftsins. Hér er því um mikilvæga framtíðarhagsmuni að tefla. Núlifandi og ráðandi kynslóðir bera mikla ábyrgð varðandi framtíðarhagsmuni komandi kynslóða og við berum miklar skyldur hvað það varðar.

Á leiðtogafundinum starfaði fjölmenn íslensk sendinefnd. En, herra forseti, ég get ekki látið hjá líða að gagnrýna að Alþingi Íslendinga sá sér ekki fært að senda sína fulltrúa til þessa fundar. Umhverfisnefnd Alþingis leitaði ítrekað eftir því að fulltrúar nefndarinnar sæktu fundinn á vegum Alþingis og sem fulltrúar Alþingis. Nokkrir alþingismenn sóttu fundinn. Flestir gerðu það á eigin vegum og einn fór sem fulltrúi á vegum alþjóðlegra umhverfissamtaka lýðræðiskjörinna þingmanna. En allir voru þeir hluti af íslensku sendinefndinni, sem mér fannst sjálfsagt.

Ég vil nota þetta tækifæri og harma að Alþingi Íslendinga hafi ekki haft burði til að senda fulltrúa sína á svo mikilvægan fund sem þennan. Alþingi getur ekki sætt sig við að einungis fulltrúar framkvæmdarvaldsins taki þátt í svo mikilvægu starfi sem þessu.

Í þessu ferli höfum við Íslendingar látið mjög til okkar taka og er það ánægjulegt. Við þessa umræðu hefur verið farið yfir ýmis verkefni sem við höfum tekið þatt í og ýmsar

áherslur okkar í þessu starfi. Í þessum málum eigum við að láta mjög til okkar taka. Við höfum margt fram að færa. Við getum látið gott af okkur leiða og það skulum við gera.

[11:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tek undir orð formanns umhvn. Það er hneyksli að Alþingi Íslendinga skyldi ekki eiga þarna fulltrúa sem það sjálft kostaði og taka þannig þátt í þessum stóra heimsviðburði með fullri reisn. Það var athyglisvert að a.m.k. einn fjölmiðill hér á landi sá ástæðu til að slá upp kostnaðinum af sendinefnd Íslands og hneykslast, ekki á því að alþingismenn sem þarna voru skyldu greiða kostnaðinn sjálfir heldur á kostnaði hinna sem þarna voru.

Það er með nokkuð blendnum hug, herra forseti, sem maður metur niðurstöður þessarar Jóhannesarborgarráðstefnu. Um margt eru niðurstaðan eða stöðumatið má segja sem þar fór fram, 10 árum eftir Ríó og enn þá fleiri árum eftir fyrstu ráðstefnuna í Stokkhólmi, vonbrigði vegna þess að miklu minna hefur gerst en ætlast var til eftir þessa stóru heimsviðburði á fyrri tíð.

Sama gildir að verulegu leyti um Monterrey-ráðstefnuna, um þróunarsamvinnu, um árþúsundaráðstefnuna og stóru heimsráðstefnurnar um fátækt. Því miður hafa aðgerðir látið á sér standa, efndir orðið litlar, t.d. á skuldbindingum auðugustu ríkja heims um framlög til þróunarsamvinnu og slíkra verkefna. Ástandið er þannig í dag að 800–1.200 milljónir manna búa að staðaldri við vannæringu. Mikill fjöldi fólks hefur ekki einu sinni aðgang að vatni og öðrum slíkum grundvallargæðum.

Samt blasir það verkefni við okkur að brauðfæða í viðbót við þá 6–6,5 milljarða manna sem búa á jörðinni í dag 3 milljarða í viðbót um eða upp úr miðri þessari öld. Hin stóru hnattrænu vandamál, herra forseti, banka æ fastar á dyrnar. Þó að vissulega sé jákvætt að menn komi saman og ræði málin eins og gert var í Jóhannesarborg þá verður ekki fram hjá því litið að í allt of litlum mæli er hægt að festa hönd á því sem raunverulega stendur til að gera til að maður geti sagt að maður sé bjartsýnn á framhaldið.

[11:45]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Stuðningur okkar Íslendinga við fátækar þjóðir gæti auðvitað verið meiri en hann er en einkum held ég að við gætum miðlað þeim af þekkingu okkar. Við getum miðlað þjóðum af þekkingu okkar varðandi orkunýtingu, bæði varðandi rafvirkjanir og jarðhitaorkunotkun, og við getum einnig miðlað þjóðum af þekkingu okkar á veiðitækni. Ég tel hins vegar illa farið ef við erum alltaf í því hlutverki, herra forseti, að vera að miðla öðrum þjóðum af þekkingu okkar á stjórn fiskveiða. Ég tel hana alls ekki til neinnar fyrirmyndar.

Ég vék aðeins að því í ræðu minni áðan að íslenskir ráðamenn gerðu sér sérstakt far um að tala ævinlega um fiskveiðistjórn okkar eins og hún væri í einhverjum sérstökum farvegi til framtíðarnotkunar og -nýtingar á fiskstofnunum miðað við að við værum að viðhalda þeim í vistkerfi hafsins og nýta þá rétt. Ég tel svo alls ekki vera eins og málum er komið, því miður, herra forseti, og þess vegna finnst mér dapurlegt að þurfa að vekja athygli á því hvernig þessum málum er haldið fram af ráðherrum okkar á erlendum vettvangi. Og það er auðvitað dapurlegt að þurfa ævinlega að vera að lesa yfirlýsingar, m.a. sjómannasamtakanna um það hvaða afstöðu þau hafa til núverandi fiskveiðistjórnarkerfis. Mér finnst að hallað sé svolítið réttu máli, herra forseti, og þess vegna vek ég athygli á þessu.

Ég vil einnig segja að þó að í skýrslunni standi að menn eigi að auka vægi endurnýjanlegrar orku veitir það okkur ekki sjálfkrafa rétt til þess að gera það með hvaða aðferðum eða hvers konar landnýtingu sem okkur dettur í hug þannig að það er að mörgu að hyggja hjá okkur sjálfum en vissulega hafa Íslendingar alla burði, tæknilega og fjárhagslega, til þess að styðja betur við þróunarmál í heiminum.

[11:48]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Það verður að segjast eins og er að auðvitað hefði ég kosið að geta fengið meiri tíma til að ræða þessi mál og ég held að við ættum að reyna að koma því þannig fyrir í samvinnu við hæstv. umhvrh. að hægt sé að ræða hér um sjálfbæra þróun og stefnumótun íslenskra stjórnvalda, bæði hér heima og í samstarfi við önnur ríki á heildstæðari hátt en við getum á þeim stutta tíma sem við höfum hér. Hins vegar er þessi umræða auðvitað miklu betri en engin og ber að þakka fyrir hana svo langt sem hún nær. Og það hvarflar að mér að það væri verðugt verkefni fyrir hið háa Alþingi að setja á fót sérstaka starfsnefnd fulltrúa allra flokka um þessi mál af því að ég heyri ekki betur, herra forseti, en að hér sé full þverpólitísk samstaða um gildi sjálfbærrar þróunar og það hvernig við eigum að vinna með hana að leiðarljósi í umhverfismálum, bæði hér heima og í samstarfi við önnur ríki. Og það eitt skiptir auðvitað mjög miklu máli fyrir framhaldið.

Sjálfbær þróun er, eins og ég hef sagt áður, herra forseti, auðvitað í eðli sínu jafnaðarstefna og snýst ekki bara um jöfnuð á milli manna heldur jöfnuð á milli landa, jöfnuð á heimsvísu. Það er mjög gleðilegt að finna að hér skuli fulltrúar allra stjórnmálaflokka á hinu háa Alþingi taka undir þessi grundvallarsjónarmið. Auðvitað munum við kljást um útfærslu og annað en það skiptir mjög miklu máli að þessi samhljómur sé hér þannig að hægt sé að fylgja orðunum eftir með framkvæmdaáætlun og efndum til framtíðar sem skipta ekki bara máli á Íslandi heldur skipta líka fólk í öðrum löndum máli, það fólk sem við ætlum að vinna með og aðstoða við að koma undir sig fótunum svo að fleiri en Íslendingar geti lifað mannsæmandi lífi á jörðinni.

[11:50]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Þessi umræða hefur verið ánægjuleg að mínu áliti og gagnleg. Það hefur komið fram að staða okkar Íslendinga að þessu leyti er sennilega með því besta í heiminum og sjálfbær stefna okkar í orkumálum hefur náð hvað lengst. Sjálfbær stefna okkar í verndun líffræðilegrar fjölbreytni er líka góð og sjálfbær stefna okkar í fiskveiðimálum hefur verið á réttri leið.

Það verður samt að segjast eins og er að fáar stefnur eru gallalausar og mesti galli fiskveiðistefnu okkar er ofurvald útgerðarmanna yfir byggðum landsins og hvernig þeir beita sumir valdi sínu til skoðanakúgunar. Þetta ofurvald gæti orðið hættulegt lýðræðinu ef svo heldur fram sem horfir og að því leyti til get ég tekið undir áhyggjur manna út af því hvert stefnir að þessu leyti.

Ég vil í lokin, herra forseti, þakka hæstv. umhvrh. og hæstv. forsrh. fyrir það hvernig þau tóku á aðkomu samtaka á ráðstefnunni og hvernig þau heimiluðu svokölluðum óháðum félagasamtökum aðkomu að opinberu sendinefndinni.

Það var eftir því tekið annars staðar hversu lýðræðislega var tekið á þessu af okkar hálfu og höfðu Svíar t.d. orð á því að fulltrúar þeirra, t.d. í sveitarstjórnum, hefðu ekki þann aðgang sem okkar fulltrúar höfðu að opinberu sendinefndinni. Það er mjög vel við hæfi að Íslendingar sem lýðræðiselskandi þjóð komi fram við félagasamtök með þessum hætti.

[11:52]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það má sannarlega taka undir margt sem hér hefur komið fram, t.d. það að eflaust hefðu allir ræðumenn óskað sér lengri tíma í þessa umræðu en hér er gefinn. Ég vil sérstaklega þakka hv. formanni umhvn. fyrir það sem hann lagði inn í umræðuna varðandi hlut Alþingis, þ.e. skort á þátttöku Alþingis í því að senda lýðræðislega kjörna þingmenn til þessarar mikilvægu ráðstefnu.

Ég tek undir með hv. 12. þm. Reykn. varðandi þá hugmynd sem hér kom fram um þverpólitíska samstarfsnefnd allra flokka í málefnum sjálfbærrar þróunar. Ég tel það afar góða hugmynd sem er virkilega vert að skoða og það gæti komið þessari umræðu í einhvern farveg sem hættir að vera kýtur eða þrætur, við gætum komið umræðunni í þann farveg að við förum að búa til alvörutækifæri fyrir okkur til að feta þessa vegferð sjálfbærrar þróunar.

Hv. þm. Katrín Fjeldsted kom inn á deilurnar um sjálfbærni í vatnsaflsvirkjunum og það var auðvitað eitt af því athyglisverða fyrir okkur Íslendinga að fylgjast með í umræðunum í Jóhannesarborg. Það er full ástæða til að draga það hér fram í dagsljósið að stórar vatnsaflsvirkjanir eru á þessum vettvangi ekki taldar vera sjálfbærar og síst af öllu ef um er að ræða virkjun á jökulvatni. En, herra forseti, eftir að hafa setið þetta heimsþing komast menn auðvitað ekki hjá því að sjá að efnahags- og lífsmynstur Vesturlandabúa getur ekki dugað sem fyrirmynd fyrir heimsbyggðina til framtíðar. Ef okkur á að takast að snúa vörn í sókn í þessum efnum er okkur, ríku þjóðunum, nauðsynlegur einn kostur. Hann er sá að hverfa frá þeirri sóunar- og mengunarstefnu sem við ástundum og höfum ástundað í eigingirni okkar, græðgi og þröngsýni allt of lengi.

[11:54]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þær ágætu umræður sem hér hafa orðið. Hér hefur verið spurt m.a. út í það af hverju við höfum ekki meiri tíma en það er þingið sem ákvað þennan tímaramma. Ég hefði sjálf alveg getað hugsað mér að hafa hann lengri. Þessi skýrsla hefur legið á borðum þingmanna um nokkurt skeið þannig að það hefur ekki staðið á umhvrh. að fara í þessa umræðu.

Varðandi það að fylgja fundinum eftir hefur þeirri samráðsnefnd innan Stjórnarráðsins sem samdi stefnumótun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun til framtíðar verið falið að fylgja Jóhannesarborgarfundinum eftir þannig að það er komið í eðlilegan farveg.

Það er líka hafið samráð við þau ríki sem stóðu að yfirlýsingunni um endurnýjanlega orku, að menn ættu að auka hlutfall hennar. Það samráð hófst í Delí þannig að það er líka komið í farveg og jafnframt er hafið samráðið varðandi svokallað Type 2 verkefni. Það er verkefnið sem við erum í ásamt Bretum og fleirum varðandi endurnýjanlega orku þannig að allt er þetta að hefjast.

Varðandi það að hér verði þýdd fleiri skjöl er það ekki í bígerð. Við höfum ekki hugsað okkur það. Enn fremur var spurt um samningaviðræðurnar varðandi áherslu Noregs og Sviss sem tengdust Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Við mátum stöðuna öðruvísi en Noregur og Sviss úti í Jóhannesarborg og teljum að þær breytingar sem Noregur og Sviss náðu fram hafi ekki haft veruleg áhrif.

Það var eitt sem kom fram sem ég tel alveg óhjákvæmilegt að leiðrétta. Það kom fram hjá hv. þm. Katrínu Fjeldsted og Kolbrúnu Halldórsdóttur að endurnýjanleg orka á þessum vettvangi væri ekki vatnsorka. Þvert á móti var einmitt ítrekað í lokaplagginu að endurnýjanleg orka væri líka vatnsorka, „including hydro", þannig að það var sérstaklega tekið fram svo að þetta væri algerlega skýrt. Það var því rangt sem kom fram hérna áðan. En ég held að hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir hafi hitt naglann á höfuðið þegar hún sagði að þverpólitísk samstaða væri um að standa vel að sjálfbærri þróun meðal pólitískra afla á Íslandi og það er svo sannarlega það sem bæði ríkisstjórnin hefur ætlað sér og aðrir stjórnmálaflokkar einnig, heyri ég.

[11:57]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 413. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 687.

Málefni aldraðra, 412. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 686.

Notkun Vífilsstaðaspítala fyrir aldraða hjúkrunarsjúklinga, 331. mál, svar heilbrrh., þskj. 681.

Opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, 345. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 689.

Vísinda- og tækniráð, 336. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 688.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 453. mál (stofnkostnaður, stjórnir stofnana o.fl.). — Þskj. 656.

[11:57]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990.

Frv. þetta er samið í heilbr.- og trmrn. í framhaldi af samkomulagi ríkisins við Samband íslenskra sveitarfélaga um breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem undirritað var 4. desember 2002. Samkomulagið var undirritað í framhaldi af viðræðum um ýmis samskiptamál ríkis og sveitarfélaga á grundvelli yfirlýsingar þessara aðila frá 28. desember 2001. Í 3. tölulið samkomulagsins kemur fram að aðilar séu sammála um að ríkið yfirtaki 15% hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði og meiri háttar viðhaldi og tækjakaupum heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa. Sveitarfélög skulu þó áfram láta í té lóðir undir framangreindar sjúkrahúsbyggingar ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda í samræmi við núgildandi ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu. Samkomulagið gerir ráð fyrir að sveitarfélögin verði áfram eigendur núverandi eignarhluta sinna í heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum en taki ekki þátt í viðhaldskostnaði þeirra eða nýframkvæmdum við þau. Sveitarfélögin geta ekki krafist innlausnar á 15% eignarhluta sínum nema afnotum umræddra fasteigna í þágu heilbrigðisþjónustu ljúki.

Ákvæði laganna um hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði og meiri háttar viðhaldi og tækjakaupum hjúkrunarheimila, endurhæfingarstofnana, sjúkrasambýla og vinnu- og

dvalaraheimila haldast óbreytt. Fari fram blönduð starfsemi á sjúkrahúsi skal kostnaðarhlutdeild ríkis og sveitarfélaga ráðast af umfangi hverrar starfsemi. Skal þá höfð til hliðsjónar stærð húsnæðis og áætlaður fjöldi rýma undir hverja starfsemi um sig.

Samhliða niðurfellingu á 15% stofnframlagi sveitarfélaga kveður samkomulagið á um að núverandi aðild sveitarfélaga að stjórnum heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa falli brott.

Í samkomulaginu kemur fram að áætlaður árlegur kostnaður sveitarfélaganna sem ríkið yfirtekur nemi að meðaltali 100 millj. kr. Jafngildi það 0,05% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum. Lækkar framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til samræmis við það.

Samkomulagið gerir ráð fyrir að breytingarnar gildi frá 1. janúar 2003.

Þar sem kveðið er á um hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva og aðild þeirra að stjórnum í lögum um heilbrigðisþjónustu er nauðsynlegt að breyta lögunum til að hrinda samkomulaginu í framkvæmd. Í samræmi við fyrrgreint samkomulag er því lagt til að ákveði um að sveitarfélög greiði 15% kostnaðar við byggingu og búnað heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa falli brott.

Samkvæmt núgildandi lögum um heilbrigðisþjónustu skipar ráðherra fimm manna stjórnir heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa og eru þrír fulltrúar tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarstjórn, einn af starfsmönnum viðkomandi stofnunar og einn án tilnefningar. Í samræmi við framangreint samkomulag milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga er gert ráð fyrir að stjórnir framangreindra stofnana verði lagðar niður. Þetta á þó ekki við um stjórnarnefnd Landspítala – háskólasjúkrahúss enda tekur Reykjavíkurborg ekki þátt í stofnkostnaði og tilnefnir ekki fulltrúa í stjórnarnefnd sjúkrahússins. Ekki er því gerð tillaga um aðrar breytingar á ákvæðum um stjórnarnefnd Landspítala – háskólasjúkrahúss en þær sem leiðir af sameiningu Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur á sínum tíma.

Niðurlagning stjórna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa styðst einnig við þær breytingar sem urðu við setningu laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, en með því var valdsvið og ábyrgð forstöðumanna ríkisstofnana aukið og vald og ábyrgð stjórnar ríkisstofnana að sama skapi skert. Skv. 38. gr. starfsmannalaganna ber forstöðumaður ábyrgð á að stofnun sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf, og að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög. Getur hann þurft að sæta áminningu eða lausn frá störfum ef út af bregður. Skv. 5. gr. starfsmannalaganna skipar ráðherra forstöðumann ríkisstofnana en forstöðumaður ræður aðra starfsmenn. Þá taka forstöðumenn ákvörðun um uppsögn starfsmanna og veitingu áminningar samkvæmt starfsmannalögum og þeir bera jafnframt ábyrgð á þeim ákvörðunum.

Einnig er vísað til álits nefndar sem fjmrh. skipaði í byrjun mars árið 2000 til að gera úttekt á ákvæðum laga um ábyrgð, valdsvið og stjórnunarumboð forstöðumanna ríkisstofnana. Meginniðurstaða nefndarinnar var sú að hvað varðar ábyrgð, valdsvið og stjórnunarábyrgð forstöðumanna sé verulegt misræmi milli ákvæða almennra laga, einkum starfsmannalaganna og laga um fjárreiður ríkisins, og þeirra fjölmörgu sérlaga sem fjalla um stjórnun stofnana, stjórnsýslustaða stofnana, hlutverk stjórna og staða forstöðumanna séu oft óljós og það sé því oft óljóst hver ber ábyrgð á rekstri stofnunar. Í tillögum nefndarinnar er því m.a. lagt til að ríkisstofnanir hafi ekki eiginlegar stjórnir.

Með frv. er lagt til að ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu verði breytt í samræmi við framangreint samkomulag ríkis og sveitarfélaga. Þannig er lagt til, eins og áður segir, að ríkið yfirtaki 15% hlutdeild sveitarfélaganna í stofnkostnaði sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva og að stjórnir heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa annarra en Landspítala – háskólasjúkrahúss verði lagðar niður.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu skal nefnd skipuð fulltrúum ráðuneytisins og Félags forstöðumanna sjúkrahúsa og fulltrúar viðkomandi stjórnar meta umsækjendur um stöður framkvæmdastjóra. Í frv. er lagt til að fulltrúi viðkomandi sveitarstjórnar komi í stað fulltrúa stjórnar í matsnefndinni.

Herra forseti. Ég hef nú rakið helstu breytingar sem felast í frv. en eins og fram hefur komið er um að ræða breytingar sem nauðsynlegar eru til að hrinda í framkvæmd samkomulagi ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga sem var undirritað 4. desember sl. og koma á til framkvæmda 1. janúar nk.

Ég leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

[12:05]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum. Eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra er þetta frv. samið í framhaldi af samkomulagi ríkisins við Samband ísl. sveitarfélaga um breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Þetta samkomulag var undirritað 4. des. sl.

Í samkomulaginu og frv. þessu er verið að leggja til að aðild sveitarfélaga að stjórnum heilbrigðsstofnana falli niður, þ.e. að stjórnir, fimm manna stjórnir heilsugæslustöðva, sveðissjúkrahúsa, deildasjúkrahúsa og almennra sjúkrahúsa verði lagðar niður.

Ég verð að segja að við fyrstu athugun á þessu máli, þó að þetta sé samkomulagsmál, þá er ákveðin tilhneiging til miðstýringar með slíkum breytingum. Öll afskipti af stjórnun þessara stofnana koma frá ráðuneytinu og heimamenn eiga ekki aðkomu að málum þessara stofnana þó svo að þeir eigi fulltrúa í matsnefndinni sem hæstv. ráðherra nefndi, þá er þarna verið að taka af ákveðna aðkomu heimamanna að stjórnun slíkra stofnana.

Það má kannski segja að stjórnirnar hafi verið orðnar allvaldalitlar eftir breytingar á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, en engu að síður er þetta nokkuð sem þarf að velta fyrir sér í sambandi við þessar breytingar.

Ef frv. verður að lögum óbreytt, þá verður það forstöðumaður sem ræður og rekur starfsmenn og það eru engir aðrir sem koma að því. En, herra forseti, þar sem ég á sæti í hv. heilbrn.- og trn. og mun geta komið að þessu máli þar og skoðað það betur, þá mun ég ekki hafa lengra mál um frv. Þetta eru einu efasemdirnar sem ég hef í fljótu bragði við þessa breytingu, að verið sé að vísa öllum ákvörðunum til heilbrrn. og ákvarðanir komi þá héðan frá Reykjavík til þeirra stofnana sem eru úti á landi. Þetta er ákveðin miðstýringartilhneiging. En ég mun auðvitað skoða málið opnum huga og hef ekki fleiri orð um það að sinni.

[12:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta mál er í mínum huga algjörlega tvíþætt. Það varðar annars vegar samkomulag milli stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga og ríkisvaldsins um fjármálaleg samskipti þeirra aðila á sviði heilbrigðismála og hins vegar þær kerfisbreytingar sem á að gera varðandi stjórn stofnana á þessu sviði. Ég sé ekki að nein sérstök ástæða sé til að tengja þetta tvennt endilega saman með þeim hætti sem frv. gerir. Satt best að segja undrast ég það orðalag ef rétt er að þeir aðilar telji sig hafa gengið frá því og gert um það samkomulag að þessar lagabreytingar sem slíkar, þ.e. óháð hinum fjármálalegu samskiptum, þurfi að ganga fram. Ég átta mig ekki á því að það væri þá búið að framselja að þessu leyti í raun og veru valdið til stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga að ráða grundvallarskipulagi heilbrigðismála í landinu.

Að sjálfsögðu eru hin fjármálalegu samskipti og það sem snýr að kostnaðarþátttöku sveitarfélaganna í þessum málaflokki sem verið hefur til staðar í gegnum greiðslu á 15% stofnkostnaðar samnings- og samskiptamál þessra aðila en það hvernig háttað er skipulagi heilbrigðsþjónustunnar, heilsugæslunnar og stjórn stofnana á því sviði er allt annað mál. Ég leyfi mér að spyrja: Hvernig hefur verið háttað kynningu á þessum breytingum og samskiptum við t.d. sveitarstjórnir í landinu almennt? Ég hef ekki orðið var við að það hafi verið rætt og þvert á móti orðið þess var að þær breytingar sem hér eru allt í einu boðaðar mjög skyndilega koma vítt og breitt í sveitarfélögum landsins í opna skjöldu.

Í sjálfu sér, herra forseti, er kannski að mörgu leyti til einföldunar að sveitarfélögin hætti að greiða þau 15% af stofnkostnaði heilbrigðisstofnana eða þeirra sem hér falla undir, þ.e. sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og slíkrar starfsemi og ríkið taki það að sér alfarið. Menn hafa verið mjög hallir undir þá skoðun að þessi verkaskipting ríkis og sveitarfélaga ætti að vera hrein og það liggur við að segja megi að samstarfsverkefni þessara aðila hafi verið hálfgildings bannfærð í umræðunni. Það tel ég að vísu vera mjög vitlaust. Ég hef aldrei verið sérstakur stuðningsmaður þeirrar línu að þessi stjórnsýslustig geti ekki leyst tiltekna málaflokka með samstarfi og átt bæði aðild að þeim. Ég er alveg viss um að Ísland verður ef svo heldur sem horfir með þessa hreintrúarstefnu algerlega einstakt í heiminum hvað þetta varðar því strax í löndunum í kringum okkur eru samstarfsverkefni mismunadi stjórnsýslustiga alvenjuleg, ekki bara tvö heldur mjög víða þrjú stjórnsýslustig starfa saman að framkvæmd ákveðinna málaflokka annars staðar á Norðurlöndunum. Það er alls ekki óalgengt að bæði ríki, fylki eða ömt og sveitarstjórnir standi sameiginlega að ákveðnum verkefnum og þá er það ósköp einfaldlega talið praktískt hentugt að hafa hlutina þannig.

Ég hef ekki verið sérstakur talsmaður þess t.d. að ríkið þyrfti endilega að hverfa alfarið út úr framkvæmd málaflokka þó að sveitarfélögin önnuðust þá. Eftir stendur ríkið með sitt Alþingi, og framkvæmdarvald með sitt löggjafarvald og framkvæmdarvald og stefnumótun í málaflokkunum en veröldin er ekki svo enföld og verður aldrei svo einföld að hægt sé að aðskilja þetta 100%. Og að tala um einhverja hreina verkaskiptingu af þessu tagi er þar af leiðandi ekki að mínu mati í rauninni í takt við veruleikann eins og hann kemur til með að blasa við okkur. Þetta þýðir ekki að menn geti ekki haft hreinar reglur um fjármálaleg samskipti og fjármálalega ábyrgð. Hún getur að sjálfsögðu verið á sínum stað.

Ég hef miklar efasemdir, herra forseti, um það fyrirkomulag sem hér er lagt til í frv. að henda út öllum stjórnum heilbrigðisstofnana. Ég sé ekki að færð verði sannfærandi rök fyrir því að núverandi kerfi hafi haft einhverja þá ágalla í för með sér sem réttlæti að slá þessar stjórnir af vegna þeirra ókosta sem það hefur. Ég held að menn ættu ekki að tala eins og það hafi ekki haft neina kosti í för með sér að hafa stjórnir yfir þessum stofnunum, skipaðar af hverjum? Af heimamönnum, starfsmönnum og fulltrúa viðkomandi ráðuneytis eða ráðherra. Hefur það gefist illa að starfsmenn þessara stofnana ættu aðild að stjórn þeirra? Hafa þeir heimamenn sem hafa tengt viðkomandi stofnun við byggðarlagið verið vil vandræða? Nei, það held ég ekki. Hvað hefur þá verið til vandræða? Hafa það verið fulltrúar ráðherranna? Tæpast vilja ráðherrarnir viðurkenna að þeir hafi unnvörpum skipað óhæfa menn í þetta. Þá spyr ég: Hvert er vandamálið? Að vísa til þess að lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og einhver úttekt um stöðu forstöðumanna geri það að verkum að það verði að slá stjórnirnar af tel ég ekki standast. Það kann vel að vera að þörf hafi verið á að fara yfir og skýra hlutverk stjórnanna annars vegar og verksvið og ábyrgð forstöðumannanna hins vegar og þá á að gera það. En ekki nota það sem tylliástæðu, vil ég leyfa mér að segja, til að slá þessar stjórnir af. Ég hef miklar efasemdir um það.

Herra forseti. Ísland sker sig nokkuð úr hvað varðar mjög veika stöðu atvinnulýðræðis. Atvinnulýðræði á Íslandi er veikara en í velflestum ef ekki öllum nálægum löndum. Hér eru t.d. ekki ákvæði í lögum sem tryggja aðgang starfsmanna almennt að stjórnun þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir vinna hjá. Að þessu leyti er íslensk löggjöf miklu veikari en t.d. í nágrannalöndum eins og Svíþjóð og Þýskalandi þar sem starfsmönnum er almennt tryggð aðkoma að stjórnum viðkomandi fyrirtækja gegnum hlutafélagalög og gegnum lög um opinberar stofnanir og starfsemi þeirra, a.m.k. áheyrnaraðild í stjórnum slíkra fyrirtækja og stofnana. Hér er ekki slíku til að dreifa. Hér eru reyndar frekar veik ákvæði í vinnumarkaðslöggjöf um trúnaðarmenn og annað í þeim dúr. Manni finnst því dálítið dapurt, herra forseti, að sjá afturför boðaða að þessu leyti á ákveðnum sviðum því að auðvitað er það afturför í þessu tilliti séð frá sjónarhóli atvinnulýðræðis að starfsmenn hætti núna að eiga sína fulltrúa í stjórnum allra mikilvægustu heilbrigðisstofnana í landinu, en um það er þetta frv. m.a., þ.e. að henda út fulltrúa starfsmanna sem þarna hefur setið, einum fulltrúa tilnefndum sameiginlega af starfsmönnum viðkomandi stofnunar. Ég get því ekki sagt, herra forseti, að þetta finnist mér vera sérstaklega fýsileg breyting. Ég hefði kosið að þessu frv. væri þá skipt upp þannig að eingöngu fjárhagslegi þátturinn, það sem lýtur að því að fella brott skyldur sveitarfélaganna til greiðslu á 15%, yrði tekinn í gegn núna en stjórnkerfisþátturinn yrði skilinn eftir og athugaður nánar því að það er ekki samningsmál milli ríkisstjórnar og stjórnar eða framkvæmdastjóra og stjórnarformanns Sambands ísl. sveitarfélaga að ákveða hvernig skipulag heilbrigðisþjónustunnar í landinu og stjórnkerfi heilbrigðisþjónustunnar í landinu sé byggt upp að þessu leyti. Það getur ómögulega verið þannig. Þeir geta samið um þessi fjármálalegu samskipti og að sjálfsögðu er slíkt samkomulag einnig með fyrirvara um samþykki Alþingis. Öðruvísi nær það ekki fram að ganga. Menn gera auðvitað mikið með það að þessir aðilar hafi náð

þarna saman. En hitt verður að vera algjörlega ljóst, herra forseti, að ég a.m.k. tel mig algjörlega óbundinn af því sem lýtur að þessum lagalegu og stjórnkerfislegu þáttum.

Herra forseti. Ég bendi líka á að fleira glatast þarna en það samráð, sú þátttaka heimamanna og starfsmanna í stjórnun þessara stofnana sem stjórnirnar sjálfar hafa falið með sér. Í 2. gr. frv. á að fella út samráðsskylduna við heimamenn, viðkomandi sveitarfélög og Samband ísl. sveitarfélaga um fjölda og flokkun heilsugæslustöðva á starfssvæði þeirra því einnig þar hefur verið byggt á lýðræðislegu samráði milli heimamanna, sveitarfélaganna, sambands þeirra og ríkisvaldsins. Er ástæða til að henda þessari samráðsskyldu út líka? Er hún fyrir einhverjum? Er það óeðlilegt að heimamenn geti haft hönd í bagga með slíkt? Ég nefni sem dæmi svæði þar sem margar heilsugæslustöðvar og jafnvel sjúkrahús hafa sameinast í eina heilbrigðisstofnun sem tekur orðið yfir mjög stórt svæði. Þá hafa menn talið mikilvægt að eiga aðkomu að því hvernig þetta verður útfært hvað varðar flokkun og starfssvið viðkomandi stofnana af því að þeir hafa auðvitað ekki lengur sömu stöðu og sama aðgang að málinu og þeir höfðu áður meðan um sjálfstæðar stofnanir með sjálfstæðri stjórn og aðild heimamanna var að ræða. Ég held því að nokkur eftirsjá sé í samráðsákvæðunum sem þarna á að taka út samkvæmt 2. gr. þessa frv. og kannski þeim mun meiri í ljósi þróunarinnar eins og hún hefur verið.

Síðan er óhjákvæmilegt að nefna, herra forseti, að það er nokkurt umhugsunarefni í hvað er að stefna með vaxandi miðstýringu í þessum málaflokki. Hún er því miður tvímælalaust vaxandi. Fyrir ári síðan voru felld niður lög um héraðslækna. Embætti héraðslækna komu til, ef ég man rétt, með lögunum 1974 eða hvað það nú var þegar lögin um heilbrigðisþjónustu voru sett á sinni tíð fyrir einhverjum þremur áratugum síðan eða hartnær það. Þá var gagngert verið að reyna að fara í hina áttina. Það var verið að reyna að auka stjórnunarlega ábyrgð manna í landshlutunum, úti í héruðunum og í því skyni m.a. voru stofnuð embætti héraðslækna sem urðu að fullgildum embættum bæði í Reykjavík og á Akureyri og hlutastörfum í öðrum kjördæmum.

Hver var viðleitnin í þessu? Jú, hún var að reyna að láta heimamenn á viðkomandi svæðum hafa meiri áhrif á uppbyggingu og stefnumótun í heilbrigðismálum, þessum gríðarlega mikilvæga málaflokki. Ef við tökum heilbrigðismálin að þessu leyti og berum þau saman við ýmislegt annað þá er stjórnkerfi heilbrigðismálanna til mikilla muna miðstýrðara en ýmsir aðrir málaflokkar og verður enn með þeim breytingum að leggja niður embætti héraðslæknanna og núna með því að slá af allar stjórnir mikilvægustu heilbrigðisstofnana út um landið. Þetta vald og þessi starfsemi færist þá undir ráðuneytið í Reykjavík og/eða kannski embætti landlæknis í einhverjum mæli það sem áður var hlutverk héraðslæknanna. Hvar er þetta starfandi? Í Reykjavík. Landlæknisembættið hefur t.d. ekki, ef það á að yfirtaka viðameira hlutverk sem hefur bæði kosti og galla vegna þess eftirlitshlutverks sem landlæknisembættið hefur líka, byggt sig þannig upp að það dreifði sinni starfsemi um landið og væri með útibú eða starfsmenn t.d. á stöðum eins og Akureyri. Ég veit ekki til þess að þar sé nokkur starfsemi á vegum þess embættis svo að dæmi sé tekið. Er það eðlilegt? Ég segi nei. Ég kann ekki nákvæmar tölur. En svo mikið veit ég að það er langt um liðið frá því að landlæknir starfaði einn og hafði skrifstofu í sinni skjalatösku. Ég held að þetta sé orðið allmikið embætti með aðstoðarlandlæknum og talsverðu starfsfólki. En það hefur alfarið byggst upp hér.

Vegna eðlis þessarar starfsemi, herra forseti, af því að hún snýst um þjónustu við fólk þar sem það er og býr og þarf á henni að halda, þá held ég að þessi mikla miðstýring sé ekki heppilegt. Ég leyfi mér, herra forseti, einnig af þessum ástæðum að hafa mikla fyrirvara á um þennan þátt málsins.

Herra forseti. Að síðustu vil ég nefna það að nú stendur akkúrat þannig á að hæstv. heilbrrh. hlýtur að vera í þann veginn að skipa nefnd um heildarendurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu. Ég innti hæstv. ráðherra eftir þessu hér fyrir nokkru síðan og ráðherra svaraði mér því til, og mér til mikillar ánægju að sjálfsögðu, að staðið yrði þannig að þessari boðuðu heildarendurskoðun á lögum um heilbrigðisþjónustu að kallaðir yrðu til fulltrúar allra stjórnmálaflokka eða þingflokka til þess að vinna að því verki og það finnst mér að sjálfsögðu vera hinn eini rétti framgangsmáti og ber vissulega að þakka, ekki síst í ljósi þess að slíkt gerist æ sjaldgæfara nú um stundir að ríkisstjórn og þær sem farið hafa með völdin undanfarið telji sig nokkuð upp á það komnar að leita eftir þverpólitísku samstarfi um vinnu af því tagi. En þar á, er meiningin ef ég hef tekið rétt eftir, að gera eina ánægjulega undantekningu og það er í þessu tilviki því hæstv. heilbrrh. hefur boðað heildarendurskoðun þessarar mikilvægu löggjafar sem auðvitað hlýtur að teygja anga sína í raun út um allt heilbrigðismálasviðið því að upp að vissu marki er allt undir þegar þessi grundvallarlöggjöf er til skoðunar. Þess vegna spyr ég: Er nú ekki hyggilegra að fresta þessum breytingum og setja þær inn í starf endurskoðunarnefndarinnar og leyfa nefndinni að glíma við það hvernig eigi að endurskipuleggja málin m.a. að þessu leyti? Og er hyggilegt að taka svona stór skref hvert á fætur öðru í átt til aukinnar miðstýringar og minni valddreifingar, minna samráðs, minni þátttöku heimamanna, minni áhrifa frá viðkomandi svæðum, sveitarfélögum eða landshlutum inn í málaflokkinn? Ég held ekki. Ég held að það sé afturför. Það er afturför í atvinnulýðræðislegu tilliti og ég held að það sé ekki vel til þess fallið að reyna að tryggja það andrúmsloft í kringum starfsemi þessara mikilvægu stofnana sem er ákaflega mikilvægt að varðveita. Ég held að ríkið sé ekki í betri stöðu til þess að ná mjög góðu samstarfi um þessi mál, halda frið við starfsmenn og við heimamenn með því að þeir hverfi frá allri þátttöku í stjórn og rekstri þessara stofnana hverri á fætur annarri. Ég hef því, herra forseti, verulegar efasemdir um þennan þátt málsins og ég tel að í raun sé varla boðlegt að ætla mönnum að afgreiða þetta sisona á örfáum klukkutímum. Ég skil og veit af hverju frv. er svona seint fram komið hvað varðar þennan fjármálalega þátt. Það er vegna þess að þetta samkomulag hefur nýlega litið dagsins ljós og menn vilja lögtaka þá þætti þess sem leysa sveitarfélögin undan greiðsluskyldunum. Það er vel. Að vísu eru þar líka álitamál og hefði ekkert verið að því að hafa aðeins meiri tíma til að skoða þau, t.d. uppgjör á fortíðinni. Deilur standa um það hvort sum sveitarfélög hafi lagt þar meira af mörkum í vissum tilvikum en lögbundin skylda þeirra kvað á um og þau síðan ekki fengið það uppgert með sama hætti og önnur. Það er kunnugt að Reykjavíkurborg fékk sinn hlut uppgerðan þegar Borgarspítali var sameinaður Landspítala, það sem borgin hafði lagt af mörkum umfram ígildi 15% í því dæmi öllu saman. En önnur sveitarfélög sem hafa verið með kröfur um sambærilegt uppgjör og talið sig hafa rök fyrir sér í þeim efnum, t.d. Akureyri vegna FSA, hafa ekki fengið það. En það er afmarkaður þáttur málsins og snýr

að þessum fjármálalegu samskiptum. Út af fyrir sig er hægt að halda slíkum kröfum áfram til haga og sækja á um þær. Mér er það ljóst. Þó að þetta frv. verði að lögum þá stoppar það ekki. En ég sé enga sérstaka ástæðu til þess að hraða þessari kerfisbreytingu svona í gegn og held að ærin rök séu fyrir því að gefa sér meiri tíma til að skoða hana, án þess að ég hafi svo sem endanlega myndað mér að öllu leyti skoðun um þann þátt málsins. Þó vel geti komið til greina að gera þar á breytingar hef ég miklar efasemdir um þessa stefnu sem slíka, að slá af allar þessar stjórnir, þetta samráð við heimamenn og auka verulega miðstýringuna í þessum málaflokki. Það held ég að sé skref í öfuga átt.

[12:28]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í andsvari koma að tveimur atriðum, þ.e. tilhneigingu til miðstýringar og minnkandi samráði við heimamenn og starfsmenn.

Það er ekki stefna ráðuneytisins að auka miðstýringu í málaflokknum. Hún hefur ekkert haldist í hendur við stjórnir í heilsugæslustöðvum. Ég hef reynslu af því að þar sem heilbrigðisstofnanir hafa sameinast í stærri og sterkari heildir undir styrkri forustu að þeirra mál hafa ekki verið inni á borðinu í ráðuneytinu. Þannig viljum við að þróunin verði, þ.e. að stofnanir séu öflugar og hafi samstarf út um landsbyggðina og annars staðar, hafi öfluga stjórn og öfluga forustu, öfluga framkvæmdastjóra.

Svo er annað mál með starfsmannaþáttinn. Með þessari skipan missa starfsmenn fulltrúa út stjórnum. Ég hef af því vissar áhyggjur og mun beina því til forstöðumanna stofnana að koma upp föstu og skipulegu samráði við starfsfólk eftir ákveðnum reglum sem við munum finna upp í sameiningu. Ég vil koma þessu að um starfsmannaþáttinn. En breytingin er til komin auðvitað vegna þess að fulltrúar sveitarfélaganna fara eðli máls samkvæmt út úr stjórnunum þegar ríkið tekur þennan málaflokk algjörlega yfir, bæði fjárfestingu og rekstur.

[12:30]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er út af fyrir sig alls ekkert að bera það upp á hæstv. heilbrrh. að hann sé sérstakur miðstýringarsinni og þetta sé eitthvert keppikefli hans sem slíks. Það sem ég er ósköp einfaldlega að benda á er að þetta er að gerast. Og væntanlega væri þetta ekki flutt hér sem stjórnarfrv. ef það væri hæstv. heilbrrh. þvert um geð a.m.k. En þetta er sem sagt það sem er að gerast hér í hverju skrefinu á fætur öðru.

Með því að leggja niður embætti héraðslæknanna og því miður kannski hafði staða þeirra veikst vegna þess að að mínu mati hafði alls ekki verið að þeim búið og þeim sköpuð skilyrði og færð verkefni eins og rétt hefði verið og skylt, þá var tekinn í burtu út úr landshlutunum helsti votturinn af stjórnsýslu á sviði heilbrigðismála á viðkomandi svæðum. Það var viðleitni til þess að færa stjórnunarlegt vald eða færa stjórnsýslu út í landshlutana í málaflokknum. Og með því að eða ef stjórnir þessara mikilvægu heilbrigðisstofnana, sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva o.s.frv. verða slegnar af, þá tapast einnig sá þáttur burtu sem þar var á ferðinni og þar á meðal hlutdeild starfsmanna eða möguleikar starfsmanna til þess að hafa áhrif á sínum vinnustað.

Hæstv. ráðherra talar um að beina því þá til forstöðumanna að hafa samráð við starfsmenn. Ef það væri þá vísir að einhverju slíku í frv., t.d. einhver lögvernduð eða lögbundin skylda til slíks samráðs, en það er ekki. Málið er mjög hrátt að þessu leyti. Það á bara að henda þessu út, fulltrúum starfsmannanna út úr stjórnum og ekkert annað er hér í lagatextanum eða frumvarpstextanum sem á að koma í staðinn.

Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðherra: Á þá ekki að athuga þetta aðeins betur og útbúa slík ákvæði a.m.k. áður en menn gera breytinguna?

[12:32]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka það fram að ég er að sjálfsögðu fylgjandi frv. svo enginn misskilningur sé í því sambandi.

En varðandi starfsmennina sem mér finnst áríðandi atriði í frv., þá finnst mér skipta máli að gefa yfirlýsingar um hvernig við hyggjumst vinna að því máli í framhaldinu. Ég hyggst vinna þannig að því að semja einhverjar leiðbeinandi reglur, sem við getum auðvitað gert grein fyrir, um það hvernig samráð starfsmanna yrði við forstöðumenn stofnana. Ég tel að það þurfi að vera, það þurfi að viðhalda því og ég tel þá að yfirlýsingar mínar um það séu einhvers virði við þessa umræðu.

Hvað varðar embætti héraðslæknanna þá voru þau embætti barn síns tíma og verkefni þeirra höfðu farið meira og minna yfir til heilsugæslunnar og þessi lagabreyting var í framhaldi af því.

En ég endurtek að mér finnst miklu máli skipta að auka samvinnu stofnana og e.t.v. samruna þar sem hagar þannig til úti á landsbyggðinni, mynda sterkari stofnanir sem geta tekið á sínum málum og þá þarf ekki að hafa áhyggjur af miðstýringu heilbrrn. í þessum málaflokki. Það er ekki keppikefli að ráðuneytið þurfi að standa í daglegri stjórnun á slíkum stofnunum og það er alls ekki æskilegt.

[12:34]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er að mörgu leyti sammála hæstv. heilbrrh. um það að ég held að sameining heilsugæslustöðva á ákveðnum svæðum í öflugar heilbrigðisstofnanir hafi verið góð þróun og ég held að þar sem það hefur vel tekist og þar sem er svona eðlilega landfræðilega afmörkuð samstarfsheild þá sé það hið besta fyrirkomulag.

Það þarf hins vegar ekki á nokkurn hátt að þýða að heimamenn geti ekki áfram verið fullgildir þátttakendur í stjórnun þeirra stofnana, t.d. í gegnum héraðsnefndir eða fjórðungssambönd eða hvað það nú er, þannig að það á að halda því algerlega aðskildu.

Hæstv. ráðherra svaraði að vísu ekki spurningu minni um það og ég fæ þá vonandi svar við því síðar undir lok umræðunnar hvers vegna ekki má fresta þessu máli og skjóta því inn í heildarendurskoðun laganna sem boðuð er. Ég teldi miklu heppilegra að vera ekki að hræra í þessu núna heldur drífa þessa nefnd af stað sem á að fara í heildarendurskoðun á lögum um heilbrigðisþjónustu og fela henni m.a. að fara rækilega yfir þessa þætti: Hvernig á að endurskipuleggja stjórnsýsluna í málaflokknum, hver á að vera aðild heimamanna, hvernig á að tryggja samráð við þá, hvernig á að tryggja samráð við starfsmenn og að þeir hafi möguleika til að koma sínum sjónarmiðum að?

Þarna er verið að hverfa frá slíku á sama tíma og enn þá eiga að halda sér t.d. lögin um Landspítala – háskólasjúkrahús og ekki á að hrófla við stjórn þeirrar stofnunar. Þar eiga starfsmenn aðild, þannig var það a.m.k. á minni tíð þegar ég sat þar í stjórnarnefnd.

Ég endurtek svo að lokum: Ég held að heilbrigðisþjónustan, stjórnkerfi hennar og yfirstjórn sé allt of miðstýrð. Ég held að stefna eigi að því að færa miklu meira af stjórnunarlegu valdi en líka starfseminni út á svæðin. Það eru hundruð starfa í þeirri stjórnsýslu á höfuðborgarsvæðinu sem mætti dreifa í miklu ríkari mæli úti um landið. Ef við berum saman t.d. vegamál og heilbrigðismál þá byggir Vegagerðin starfsemi sína þannig upp að stærstur hluti þeirra verkefna er unninn úti í umdæmunum. Það er ekki eitt risastórt vegagerðarbatterí á höfuðborgarsvæðinu. Nei, það er öflug starfsemi vítt og breitt um landið og þannig gæti það líka verið í heilbrigðismálunum.

En þá verða menn einhvers staðar að spyrna við fæti og það má ekki horfa á hverja breytinguna á fætur annarri teikna til síaukinnar miðstýringar í þessum efnum, en það er auðvitað það sem er að gerast.

[12:37]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil nálgast þetta mál á jákvæðum nótum, frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, sem varðar í rauninni yfirtöku ríkisins á 15% hlut í heilsugæslustöðvum. Ég lít svo á að það skref sem verið er að stíga geti orðið til einföldunar.

En ég vil þó spyrja hæstv. heilbrrh. hvort hann hafi myndað sér skoðun á því á hvern hátt hann hyggist haga stjórn eða skipan stjórna þeirra stofnana sem hér eiga í hlut. Ég er á þeirri skoðun að við þurfum að beita okkur fyrir einföldun og skilvirkni í samskiptum sveitarfélaga og ríkis en þá verður líka að vera ljóst að menn séu að ganga götuna til góðs.

Ég vil minna á það að víða á landsbyggðinni og ugglaust líka á þéttbýlissvæðunum suðvestan lands eru uppi ákveðin vandamál tengd heilsugæslustöðvum. Ég nefni vandamál sem uppi eru t.d. á Skagaströnd, þar er heilsugæslan á 2. hæð og það er vandamál fyrir sjúklinga að komast til þeirrar þjónustu sem þó er lögbundið að veita. Ég hygg að heimamenn sem þar hafa setið í stjórn hafi vakið eins hraustlega máls á þessu og hægt er og ég hef auðvitað áhyggjur af því hvernig þróunin verður þar. Ég nefni stað eins og Raufarhöfn þar sem ekki er eining um hvernig eigi að leysa þau mál sem þar eru fram undan.

Ég vil leyfa mér að benda hæstv. heilbrrh. á að það getur verið nauðsynlegt að hafa staðarkunnuga aðila í stjórn og ég tel að það sé af hinu góða, en þó er ég ekki að halda því fram að ekki megi einfalda eða fækka í stjórnum. Ég tel að það gæti orðið miklu skilvirkara mjög víða í kerfinu, ekki bara í heilbrigðiskerfinu heldur beri mjög víða í kerfinu að einfalda stjórnkerfið og vera ekki með fleiri en þrjá menn í stjórnum. Ég get mjög vel fallist á að það sé ein stjórn yfir töluvert stóru svæði þó svo að fleiri stofnanir komi inn á þann vettvang. Ég tel að það gæti orðið til jafnræðis og skilvirkni ef þannig er unnið.

Ég velti auðvitað fyrir mér því sem sagt er í athugasemdum við lagafrv. að samhliða þessum breytingum falli brott aðild sveitarfélaganna. Það er auðvitað verið að gera samkomulag um það með því að ríkið yfirtaki hlut sveitarfélaganna. En samt sem áður vil ég benda á það sem ég nefndi í upphafi að nauðsynlegt sé að hafa mjög staðarkunnuga aðila í stjórn. Ég sé í rauninni ekkert á móti þó að stjórn væri skipuð á þann máta að hæstv. heilbrrh. í þessu tilviki skipaði formann og að tilnefndur væri fulltrúi starfsmanna og síðan væri fundinn fulltrúi úr sveitarfélaginu á viðkomandi stað sem gæti flokkast sem staðarkunnugur aðili. Formaður frá ráðuneytum getur verið betur í stakk búinn til að meta aðstæður á ýmsan máta með því að hafa slíkan fulltrúa eins og ég tilnefndi í svona stjórnum.

Ég er í rauninni að lýsa því yfir að ég styð þær breytingar sem verið er að gera og ekki er ástæða til að fresta aðgerðum. Í stjórnkerfi heilbrigðismála þarf mikla einföldun og þá ekki síst hvað varðar tryggingamál og ég tel að það eigi að taka á því. En ég bið hæstv. heilbrrh. að hafa í huga þau atriði sem ég er að nefna varðandi stjórnskipun.

[12:42]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu sem fjallar að mestu leyti um stjórnun þessa mikla og mikilvæga þáttar ríkisstarfseminnar.

Góð og styrk stjórnun er verðmæti. Hún er verðmæti fyrir starfsmennina, það er mikill munur að starfa í vel reknu og vel stjórnuðu fyrirtæki. Hún er verðmæti fyrir viðskiptavinina, sjúklingana, og er þar af leiðandi þáttur í því að byggja upp gott velferðarkerfi í þessu dæmi og hún er verðmæti fyrir eigendurna, þ.e. ríkissjóð. Og hún er verðmæti fyrir þjóðfélagið í heild sinni. Þess vegna er mjög mikilvægt að hafa góða og styrka stjórn.

Aðalsmerki góðrar stjórnunar er klárt skipurit, þ.e. að það sé alveg á hreinu hver ræður yfir hverjum og hver ber ábyrgð á starfseminni á sínu sviði. Það er merki um góða stjórnun þegar ákvarðanir eru teknar fljótt og vel og vel ígrundaðar, að ekki sé verið að bíða með ákvarðanir lon og don og að ekki sé stöðugt verið að krefjast nýrra og nýrra upplýsinga til þess að tefja ákvarðanir af því að menn þori ekki að taka þær, heldur séu þær snöggar og ígrundaðar. Það er vinna að stunda stjórnun, það er mikil vinna að stjórna. Talið er eðlilegt að hver maður, stjórnandi, ráði við allt að sjö undirmenn. Sú regla er mjög oft brotin.

Sú regla sem ég gat um að væri aðalsmerki góðrar stjórnunar, þ.e. klárt skipurit, er gróflega brotin hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi og það versnar enn í þeim hugmyndum sem hér er talað um og kem ég inn á það á eftir.

Það er gjarnan eftirsótt að komast í stjórnunarstöðu. Margir vilja vera stjórnendur en það eru mjög fáir sem vilja stjórna. Það fer eftir starfi fyrirtækis og því hve flókinn reksturinn er hvernig menn byggja upp stjórnun. Í litlu fyrirtæki, svona 10, 20 eða jafnvel 40 manna fyrirtæki er oft nægilegt að hafa einn stjórnanda sem ber ábyrgð gagnvart eigandanum. Ekki er þörf á að hafa sérstaka stjórn þegar um er að ræða einhæfa og fastmótaða starfsemi eins og rekstur sjúkrahúsa. Þau starfa samkvæmt lögum. Þess vegna er ég fylgjandi því sem hér er lagt til, að leggja niður stjórnir yfir litlum einingum. Hins vegar, ef fyrirtæki er komið yfir 50 manns, fer að verða nauðsynlegt að hafa stjórn sem ræður forstjóra og rekur hann. Það er mjög mikilvægt svo hann beri ábyrgð gagnvart stjórn.

Ég mundi vilja að hv. nefnd sem fær frv. til skoðunar skoði þetta og fái til sín menn sem kunna almennt til stjórnunarfræða til að meta þetta.

Stjórnir yfir litlum fyrirtækjum, 200–300 manna fyrirtækjum, mega gjarnan vera þriggja manna. Litlar stjórnir eru miklu fljótvirkari, þ.e. þær eru sneggri að taka ákvarðanir.

Þegar fyrirtæki stækka, í þessu tilfelli Landspítali – háskólasjúkrahús sem er eftir því sem ég síðast vissi með 5 þúsund manns í vinnu, veitir ekki af stórri stjórn, allt að níu manna stjórn, sem hefði kannski þriggja manna framkvæmdaráð sem starfaði vikulega. Framkvæmdaráðið og

stjórnin, þessi níu manna, mundi ráða framkvæmdastjóra og reka hann ef hann ekki stæði sig. Þá er á hreinu hver ber ábyrgð og hver ræður.

Það er mjög mikilvægt að hafa bæði ábyrgð og aga í fjármálum, alveg sérstaklega í ríkisfjármálum. Við sjáum því miður alltaf aftur og aftur að þrátt fyrir þær tilraunir sem gerðar hafa verið undanfarið með fjárreiðulögunum og með því að koma á mjög skilvirku ríkisbókhaldi — ég vil bara þakka fyrir það í framhjáhlaupi hvað fjárlög, fjáraukalög og ríkisbókhald koma fljótt á borð þingsins — að enn þá vantar aga. Menn fara langt fram úr fjárlögum og það ætti í raun að reka þó nokkuð marga forstöðumenn þegar þeir ekki standa við fjárlög, sem eru lög landsins og fjárreiðulögin taka á því.

Herra forseti. Mig langar til að tala um 8. gr. þar sem fjallað er um fyrirbærið Landspítala – háskólasjúkrahús. Þar er verið að fara inn á ótrúlegar brautir. Þar eru reyndar ótrúlegar brautir í dag. Við erum með forstjóra sem er skipaður af ráðherra en stjórnunarnefnd sem er skipuð af Alþingi að mestu leyti. Og stjórnunarnefndin, af því hún heitir stjórnunarnefnd, heldur vitanlega að hún eigi að stjórna einhverju. Forstjórinn, sem heitir jú forstjóri, heldur líka að hann eigi að stjórna einhverju. Þarna eru sem sagt tveir aðilar að stýra bílnum og afleiðingin er ábyrgðarleysi. Hvor um sig getur alltaf vísað á hinn eða þá að ákvarðanir eru ekki teknar.

Nú er hins vegar lagt til enn verra fyrirbæri sem, með leyfi herra forseta, ég ætla að lesa hérna upp:

„Landspítali – háskólasjúkrahús skal vera undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, en stjórn spítalans öðru leyti falin 7 manna stjórnarnefnd.“— Þetta þýðir að ráðherra á að stjórna spítalanum en að öðru leyti skal stjórnunarnefndin stýra. Hér segir aðeins að „að öðru leyti“ sé stjórnin falin nefndinni. Það eru sem sagt óljós mörk á milli ráðuneytis og stjórnunarnefndar.

Hér stendur jafnframt, með leyfi herra forseta:

„Forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss skal skipaður af ráðherra ...“ — Forstjórinn er sem sagt skipaður af ráðherra en ekki af stjórnarnefndinni sem skipuð er af Alþingi. Allt á þetta batterí að stýra þessu fyrirtæki.

Síðan segir:

„Ráðherra ræður meðlimi framkvæmdastjórnar spítalans samkvæmt stjórnskipulagi Landspítala – háskólasjúkrahúss.“ — Þar er sem sagt komin framkvæmdastjórn til viðbótar. Ráðherrann ræður hana, fram hjá stjórnarnefndinni og fram hjá forstjóranum. Hver er yfir hverjum, herra forseti? Hver ræður? Hvað gerist ef framkvæmdastjórnin ákveður eitthvað, stjórnarnefndin annað, forstjórinn það þriðja og ráðuneytið hið fjórða? Hvaða tæki verður keypt? Verða þau öll keypt? Hver ber ábyrgð? Þetta er ekki nógu sniðugt, herra forseti.

Ég vil að hv. nefnd sem fær þetta til skoðunar fái til sín sérfræðinga í stjórnun til að athuga hvernig þessu verði best fyrir komið. Ég held að því yrði best fyrir komið þannig að ráðherra, sem situr í umboði Alþingis — takið eftir því — og ber ábyrgð gagnvart Alþingi, herra forseti, skipi stjórnina, sjö eða níu manna stjórn mín vegna. Síðan velji stjórnin, þessi níu manna stjórn, úr sínum hóp þriggja manna framkvæmdastjórn sem starfar og hittist vikulega, tekur ákvarðanir vikulega. Það yrði mikið starf. Stjórnin, þessi níu manna stjórn, réði svo forstjóra. Hann gæti ráðið framkvæmdanefnd, fimm, sex eða sjö manna framkvæmdanefnd sem stýra mundi einstökum deildum sjúkrahússins eða einstökum þáttum sjúkrahússins. Þar með erum við komin með algjörlega rökrétt skipurit. Þar er alveg á hreinu hver ræður yfir hverjum og einnig alveg á hreinu hver ber ábyrgð ef illa fer. Þá hætta kannski að gusast út hundruð milljóna á hverju einasta ári umfram áætlanir og umfram fjárlög.

Ég held að hin mikla óráðsía í rekstri Landspítalans – háskólasjúkrahúss sé vegna galla í uppbyggingu stjórnunar. Ég vil að hv. nefnd sem fær málið til skoðunar skoði þetta dæmi, hvort við fáum ekki miklu betri rekstur og verðmætari fyrir starfsmenn, viðskiptamenn, eigendur og þjóðfélagið.

[12:52]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu fjallar fyrst og fremst um að fella burt úr lögum um heilbrigðisþjónustu öll hugtök sem lúta að því að stjórn fari með mál sjúkrahúsa eða heilsugæslustöðva.

Sagt hefur verið að þetta sé hluti af viðræðum sem farið hafa fram milli ríkisins og sveitarfélaganna um ákveðin fjármálaleg samskipti sem verið hafa í deiglunni á undanförnum árum og er fjarri því að búið sé að leysa. Í dag eða í gær var vitnað í ummæli bæjarstjórans á Ísafirði, Halldórs Halldórssonar, um að enn skorti nokkra milljarða króna inn í þetta dæmi, sveitarfélögin hefðu fengið verkefni frá ríkinu án þess að þeim fylgdu tekjustofnar og þar munaði milljörðum króna sem enn væri deilt um. Það samkomulag sem hér er verið að kynna verður því að skoðast sem ákveðið afgreiðslusamkomulag. Þetta er fjarri því að vera fullnaðarsamkomulag hvað varðar þessi fjármálalegu samskipti.

Ég held að rétt sé að hafa í huga að hér er verið að afgreiða að hluta samkomulag um ákveðin atriði í fjármálasamskiptum ríkis og sveitarfélaga. Því fer fjarri að þetta sé endanlegt samkomulag um þau atriði sem deilt er um. Það hefur skýrt komið fram, m.a. hjá Halldóri Halldórssyni, bæjarstjóra á Ísafirði í Fréttablaðinu nýlega.

Þá velti maður því líka fyrir sér hvaða umboð stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga eða einhver nefnd á þeirra vegum hefur til að gera grundvallarbreytingar á lagalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Ég velti einnig fyrir mér þessari setningu hér sem sett er inn í þetta samkomulag, með leyfi forseta:

„Í samkomulaginu kemur fram að samhliða fyrrgreindum breytingum falli brott núverandi aðild sveitarfélaga að stjórnum heilsugæslustöðva og umræddra flokka sjúkrahúsa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.“

Mér er spurn: Hefur einhver hópur á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga, hvort sem er stjórn eða aðrir, umboð til þess að gera svona samþykkt? Mér vitanlega hefur þetta mál, stjórnskipulegt mál, ekkert verið rætt á fulltrúafundi Sambands íslenskra sveitarfélaga eða á aðalfundi. Að vitna í það hér að verið sé að uppfylla eitthvert samkomulag sem öll sveitarfélögin á landinu standi að er ekki rétt. Það er bara ósatt.

Mér finnst að kanna eigi lagalegan rétt stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga til að gera samning eða yfirlýsingu sem þessa, að þetta sé hluti af einhverju samkomulagi um ákveðið fjármálauppgjör sem alls ekki er þó tæmandi eða sátt um milli ríkis og sveitarfélaga. Ég vil bara draga þetta fram. Ég tel að hérna sé verið að skjóta sér á bak við samþykktir sem eigi sér hvorki lagalega né siðferðilega stoð.

Það að taka út þetta ákvæði um stjórnir sjúkrahúsa er í sjálfu sér alvarlegt mál. Áfram eru sveitarfélögin þátt-

takendur í rekstri og stofnkostnaði heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa. Ég vil vitna , með leyfi forseta:

„Í 3. tölul. samkomulagsins kemur fram að aðilar séu sammála um að ríkið yfirtaki 15% hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði og meiri háttar viðhaldi og tækjakaupum heilsugæslustöðva, svæðissjúkrahúsa, deildasjúkrahúsa og almennra sjúkrahúsa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990.“ — Og takið svo eftir:

„Sveitarfélög skulu þó áfram láta í té lóðir undir framangreindar sjúkrahúsbyggingar ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda í samræmi við núgildandi ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu.“

Sveitarfélögin verða þannig áfram stór aðili að þessu. Sveitarfélögin verða áfram eigendur núverandi eignarhluta í heilsugæslustöðvum og framangreindum flokkum sjúkrahúsa, en taka ekki þátt í viðhaldskostnaði þeirra eða nýframkvæmdum við þær. Sveitarfélögin eru áfram eigendur að sínum 15%. Þau leggja til lóðir og gefa eftir gatnagerðargjöld og sjá um þá hlið rekstursins.

Það sem kannski er alvarlegast í þessu, virðulegi forseti, er að í lögum sem á að fella niður, 15. gr. laganna, stendur, með leyfi forseta:

„Kveðið skal á um skiptingu landsins í heilsugæsluumdæmi í reglugerð. Þar skal einnig kveðið á um fjölda og flokkun heilsugæslustöðva og starfssvæði þeirra, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga.“

„Að höfðu samráði við sveitarfélögin“ er fellt burt þannig að heilsugæsluþjónusta um land allt verður án tengsla við íbúa á svæðinu um skipan hennar.

Ég hef verið hér á Alþingi og setið í fjárln. Ég þekki einmitt vel að eitt af áherslumálum hjá sveitarstjórnum og sjúkrahússtjórnum um allt land hefur verið að standa vörð um heilsugæsluna. Þeim hefur fundist ríkisvaldið sem aðaleigandi og fjármögnunaraðili vilja stöðugt halda að sér höndum og draga úr þjónustunni, sérstaklega úti á landi. Þau hafa þar verið virkir aðilar í að standa vörð um þessa þjónustu. Þessi tengsl á að rjúfa. Kannski hafa þau reynst einhverjum óþægileg. Kannski er það þess vegna sem ekki tókst að fá stofnkostnað til heilsugæslustöðvar á Skagaströnd merktan inn á fjárlög. Það er þægilegra, eftir að öll ákvarðanataka og öll tengsl við heimamenn eru horfin, að ráðskast með þessi mál.

Ég veit að eitt aðalbaráttumálið heima í Skagafirði hefur verið að heilsugæsluþjónusta yrði líka starfrækt á Hofsósi. Það má vel vera að hún sé ekki fjárhagslega hagkvæm en hún er nauðsynleg þjónusta í heildarsamfélaginu þar. Það hafa einmitt verið heimamenn, í gegnum tengsl sín við stjórn og aðkomu að heilsugæslustöð og sjúkrahúsi á Sauðárkróki, sem hafa barist fyrir því að hún yrði áfram.

Með þessum breytingum er verið að rjúfa öll þessi tengsl um starfssvæði, flokkun og þjónustu sjúkrahúsanna við heimamenn í héruðum. Og það tel ég mikla afturför. Þetta er kannski í rauninni meint til þess að ríkið hafi miðstýringarvald til að skammta gæði og flokkun á þessari þjónustu út um land. Kannski er það tilgangurinn sem í þessu er fólginn því að að öðru leyti geta þessar stjórnir ekkert verið til vandræða. Ekki hafa þær ákvörðunarvald. Þær eru fyrst og fremst ráðgefandi. Framkvæmdastjórinn ræður og ber hina embættislegu ábyrgð. Stjórnirnar hafa ekki borið hana en þær hafa verið nauðsynlegur tengiliður yfir í það samfélag sem þarna var verið að þjóna og staðið vörð um það.

Ég þekki þetta t.d. úr starfsumhverfi mínu. Sem skólastjóri á Hólum, sem er algjör ríkisstofnun, bar ég í umboði ráðherra alla fjárhagslega og framkvæmdalega ábyrgð á því sem þar fer fram. En við skólann er starfandi ráðgefandi búfræðslunefnd, skólanefnd. Hún hefur ekkert framkvæmdarvald. Ekki neitt. En hún hefur gríðarlega mikið vald í gegnum það að geta komið að málum, stutt við málin, skýrt þau, gefið þeim meiri vídd og þannig verið stofnun sinni til stuðnings og þeim verkefnum sem henni er ætlað að þjóna. Væri beitt sömu rökfærslu á þá stofnun eins og hér er gert ætti að strika skólanefnd Hólaskóla út. Ég teldi það afar vanhugsað en það væri eðlilegt í ljósi þeirra röksemda sem hér eru lagðar fram fyrir því að þurrka út þessar sjúkrahússtjórnir. Skólanefndin þar er afar mikilvægur tengiliður, tengir út í umhverfi sitt og styður stofnunina og verkefni sem henni eru falin samkvæmt lögum. En hún hefur ekkert framkvæmdarvald og enginn er að setja út á það. Hún er afar mikilvæg engu að síður.

Virðulegi forseti. Ég tel þess vegna að mörg rök mæli gegn þessum tillöguflutningi sem hér er verið að ræða. Í fyrsta lagi hefur Samband íslenskra sveitarfélaga ekkert lagalegt umboð til þess að ganga frá samkomulagi um að fella niður sjúkrahússtjórnir eins og hér er gert. Þetta hefur hvergi verið tekið fyrir á fulltrúaráðsfundum eða landssambandsfundum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þess vegna er sú yfirlýsing í sjálfu sér marklaus að mínu viti og rangt að draga hana hingað inn, það væri a.m.k. þá eðlilegt að stjórnin aflaði sér formlegrar heimildar því þarna er verið að breyta lögum og stjórnskipan.

Í öðru lagi hafa sjúkrahússtjórnirnar verið mikilvægar til að tengja þessa mikilvægu þjónustu við umhverfi sitt, neytendur og samfélag. Það býður þeirri hættu heim að verði þær látnar hætta, víkja eins og hér er lagt til, settar út, verður auðveldara fyrir miðstýringarvaldið í Reykjavík að ganga að stofnunum og stýra þar þjónustustiginu eins og því sýnist, átölulítið eða án aðkomu heimamanna. Það tel ég líka alranga stefnu. Þessar stjórnir hafa ekkert þvælst fyrir, hér ætti annars a.m.k. að koma fram yfirlýsing um að þær hefðu þvælst fyrir og verið þessari starfsemi til erfiðleika. Það hefur enginn minnst á það. En ég þekki það úr starfi mínu hér á Alþingi að þessar stjórnir hafa verið gríðarlegur stuðningur við starfsemina og borið raddir samfélagsins, borið raddir heimamanna, til þingnefndanna. En þetta á að skrúfa fyrir með þeirri tillögu sem hér liggur fyrir.

Virðulegi forseti. Ég tel að ég hafi hér komið þeim sjónarmiðum alveg afdráttarlaust á framfæri að tillögur um að fella burt úr lögum að hér séu sjúkrahússtjórnir eða sjúkrahússráð sem tengiliðir við neytendurna og við samfélagið eru vondar. Ég tel líka rangt að fella það niður að hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga geti komið að ákvörðun á þjónustustigi, flokkun heilsugæslustöðva og starfssvæði þeirra vítt og breitt um landið. Það er verið að skera hér á mikilvæg tengsl sem hafa verið hornsteinn okkar við heilbrigðisþjónustu.

[13:05]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. ræðumaður taka nokkuð mikið upp í sig um umboð formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í rauninni er ekki mitt að svara fyrir það, hitt finnst mér verra að hér er borið upp á mig að ég fari fram með ósannindi í greinargerð fyrir þessu frv. Það er alveg ljóst að þessi ákvörðun um kostnaðarskiptinguna var rædd

á fundum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þetta er tillaga sameiginlegrar nefndar ríkis og sveitarfélaga sem starfaði og skilaði áliti. Ég vil að það komi fram hér og ég kann illa við það að vera vændur um að bera ósannindi fram í frv. eða greinargerð með því.

Það er alveg ljóst að það er verið að mála þann skratta á vegginn, ef svo má að orði komast, að ríkisvaldið hafi einhvern áhuga fyrir því að draga saman heilsugæsluna úti um land. Það hefur ekkert verið dregið saman í henni. Það er stefnan að hafa heilsugæsluna nærþjónustu úti um allt land og það er engin breyting á þeirri stefnu. Þetta frv. hefur ekki í för með sér neina breytingu á því.

Ég get sagt það einnig að það eru sveitarstjórnir á hinum einstöku stöðum sem bera fram málefni heilsugæslunnar og heilbrigðisþjónustunnar á stöðunum. Þær eru óþreytandi við það. Við þekkjum það báðir úr fjárln., ég og hv. þm., hverjir hafa komið til að reka erindi heilbrigðisþjónustunnar hér um land. Það eru sveitarstjórnir sem gera það. Það eru sveitarstjórnir sem töluðu um Skagaströnd og þar er búið að ákveða að setja heilsugæsluna af stað, setja þá byggingu af stað, og það eru sveitarstjórnir sem töluðu um Raufarhöfn og þar er líka búið að ákveða í hvaða farveg það mál á að fara, samkvæmt óskum heimamanna.

[13:08]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég minnist þess ekki að ég hafi sagt að hæstv. heilbrrh. færi með ósannindi, hins vegar sagði ég að þar sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefði samþykkt að fella niður þessar sjúkrahússtjórnir bæri þeim að fara eftir því. Ég dreg í efa að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hafi umboð til að gera svona skipulagsbreytingar þótt hún hafi umboð til að gera samninga við ríkið um ákveðin fjárhagsleg samskipti sem, eins og hefur komið fram, eru ekki einu sinni tæmandi varðandi þá liði sem hér er verið að fjalla um heldur er bara verið að ljúka einhverju dæmi.

Hitt er alveg hárrétt hjá hæstv. heilbrrh. að sveitarstjórnir hafa verið mjög virkar í að styðja við bakið á heilbrigðisþjónustu í sínu sveitarfélagi. En hvað á að gera í þessu lagafrv.? Það á að fella aðkomu þeirra burt. Í þessu ákvæði sem ég las upp áðan, virðulegi forseti, eins og það stendur núna í lögunum skal einnig kveðið á um fjölda og flokkun heilsugæslustöðva og starfssvæði þeirra að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga. Þetta er fellt burt.

Hvað liggur þá beinna við að túlka af því annað en að ríkið vilji hafa einhliða ákvörðunarvald í þessum málum? Það vill ekki einu sinni nýta sér þá samskipta- og samstarfsmöguleika sem eru þó í lögunum núna, heldur vill fella þau burt. Ákvörðunarvaldið mundi hvort sem er endanlega vera hjá ríkinu.

Ég tel að þetta sé röng nálgun á málinu, það leiðir til aukinnar miðstýringar og veikir tengslin við heilsugæsluþjónustuna vítt og breitt um landið.

[Fundarhlé. — 13:11]

[13:31]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Aðeins örstutt um þetta. En fyrst áður en lengra er haldið hafði ég hugsað mér að beina fyrirspurnum til hæstv. heilbrrh.

(**Forseti** (ÍGP): Hæstv. heilbrrh. er hér í húsi, veit ég, og er á leiðinni.)

„Alltaf á leiðinni", eins og þar stendur.

Herra forseti. Ég get nú byrjað að ræða um þetta frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum. Fyrir það fyrsta, eins og kemur fram í athugasemdum við frv., þá er þetta frv. lagt fram í framhaldi af samkomulagi sem gert var milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisvaldsins um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga sem undirritað var 4. desember sl. Þetta samkomulag hefur verið rætt hér áður og má segja sem svo að það sé frekar lítið og smátt sem kemur fram í því. Ég hef áður gagnrýnt það hér að ríkisvaldið og Alþingi setur ýmis lög, setur ýmsar reglur og tekur ýmsar ákvarðanir sem íþyngja mjög sveitarfélögunum í landinu. Ég hef gert hér að umtalsefni m.a. það nýjasta, þ.e. heimild, sem ég hef ekki gagnrýnt, til að stofna einkahlutafélög sem gerir það að verkum að sveitarfélögin í landinu verða af miklum tekjum. Tekjustofnar þeirra rýrna vegna þessa. Þetta hef ég gagnrýnt og vitnað m.a. í að að mati formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga, Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, er áætlað að sveitarfélögin í landinu tapi um einum milljarði kr. vegna þessara breytinga.

Ég hef gagnrýnt það, herra forseti, að þetta skuli ekki hafa verið tekið inn í þetta samkomulag. Hins vegar er hluti af því samkomulagi sem gert var annars vegar varðandi húsaleigubæturnar og svo er það sem ríkið átti að taka á sig sem við erum hér að ræða nú. Það eru sem sagt breytingar sem eru í þessu frv. um að sveitarfélög skuli hætta að hafa 15% hlutdeild í stofnkostnaði og meiri háttar viðhaldi og tækjakaupum heilsugæslustöðva, svæðissjúkrahúsa, deildarsjúkrahúsa og almennra sjúkrahúsa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990.

Herra forseti. Það er svo sem gott og góðra gjalda vert að þetta skuli vera gert, þ.e. að höfð séu alveg hrein skil þarna á milli. Út af fyrir sig má fagna því að þetta sé gert. Að öðrum atriðum í þessum breytingum ætla ég að koma síðar, t.d. því að fella niður stjórnir sjúkrahúsa sem ég tel ekki vel ígrundað og er ekki alveg sammála því að það sé rétt leið.

15% hlutdeild sveitarfélaganna var ástæða þess að ég vildi spyrja hæstv. heilbrrh. sem hér er kominn, vegna þess að hér er líka í athugasemdum með einstökum greinum fjallað um það að sveitarfélögin geti ekki gert kröfu um að þessi 15% hlutur verði endurgreiddur og kveðið er á um að þessi 15% eignarhlutur sveitarfélaga í umræddum fasteignum afskrifist á 15 árum. Með öðrum orðum: Inni í þessu samkomulagi sem kannski hefur lítið verið rætt um er að 15% eign sveitarfélaganna í þessum stofnunum verði tekin til baka á næstu 15 árum. Það má kannski nota hið ljóta orð eignaupptöku.

Þetta leiðir hugann að öðru atriði sem ég vildi spyrja hæstv. heilbrrh. út í. Það tengist þeim breytingum sem eru að eiga sér stað hjá sveitarfélögum um allt land vegna, að ég hygg, breytinga á lögum um bókhald sveitarfélaga, þ.e. að sveitarfélög eru nú skikkuð til þess að stofna svokallaða eignasjóði sem allar eigur sveitarfélagsins eru settar inn í. Til dæmis eru skólar og skólamannvirki sett inn í þessa eignasjóði. Þetta er svo gert upp með tekjum og gjöldum sveitarfélagsins. Eignasjóðnum eru reiknaðar tekjur sem leiga af þessu húsnæði. Þannig er þetta gert upp.

Þá kemur upp í hugann eftirfarandi spurning: Hvað með þær eigur sem felast í heilbrigðisstofnunum? Þótt eignarhlutinn sé ekki nema 15% ber þó heilbrigðisstofnunum að greiða leigu í þessa eignasjóði sem svarar eignarhluta sveitarfélaganna? Það er ákaflega mikilvægt, herra forseti, að fá

það fram hjá hæstv. heilbrrh. núna hvernig þetta er hugsað, vegna þess að að mínu mati hlýtur þetta að ganga yfir heilbrigðisstofnanirnar eins og allar aðrar stofnanir í viðkomandi sveitarfélögum og í eigu viðkomandi sveitarfélaga. Þó svo að eignarhluturinn sé ekki nema 15% þá hlýtur það að vera þannig að leigan eigi að renna í þennan eignasjóð. Þetta vildi ég spyrja hæstv. heilbrrh. um, þ.e. hvernig það hafi verið hugsað að fara með þetta atriði vegna þess að það er ákaflega mikilvægt að það komi fram. Að mínu mati er það svo að viðkomandi stofnun á að borga leigu í eignasjóð miðað við þau lög og reglugerðir sem ég er að vitna í, þ.e. um bókhald sveitarfélaga.

Í athugasemdum um 6. gr. frv. er fjallað um að hægt sé að sameina litlar heilbrigðisstofnanir. Það þarf auðvitað að skoða að sums staðar háttar þannig til að einingarnar eru litlar. Óneitanlega hefur maður ákveðinn fyrirvara á þessu en þetta gerir það kannski að verkum að framkvæmdastjóri viðkomandi stofnunar verði ráðinn í fullt starf.

Herra forseti. Ég gleymdi því áðan í tengslum við spurninguna sem ég bar fram að hér er talað um stofnanir eins og heilsugæslustöðvar, svæðissjúkrahús, deildasjúkrahús og almenn sjúkrahús, En hvað með læknisbústaðina? Ég vil því spyrja hæstv. heilbrrh. líka hvort þessi ákvæði eigi ekki að gilda líka um læknisbústaðina og eins um það sem ég spurði um áðan, þ.e. 15% leigu, hluta af leigu í eignasjóð sveitarfélaganna, hvort það gildi ekki þar líka.

Ég ætla þá að snúa mér að því ákvæði frv. sem er um það að leggja niður stjórnir sjúkrahúsanna. Ég hef ákveðinn fyrirvara við þetta mál og er ekki alveg viss um að þetta sé skynsamleg leið þó svo að ég fallist auðvitað á að kannski megi skoða breytingar á fulltrúafjölda, hvernig skipað er í stjórnir sjúkrahúsa o.s.frv. Ég hef það einhvern veginn á tilfinningunni að betra sé að vera með stjórnir sem eru í viðkomandi sveitarfélagi og þekki betur til bæjarlífsins, skulum við orða það, og þekki betur til reksturs sjúkrahússins eða heilsugæslustöðvarinnar og geti betur fylgst með. Ég hef því mjög mikla fyrirvara um að skynsamlegt sé að leggja stjórnirnar algjörlega niður og færa þetta undir eitthvert yfirstjórnunarvald suður í Reykjavík.

Ég er hins vegar alveg tilbúinn, og segi það aftur, að ég held að það sé alveg hægt að endurskoða hvernig stjórnirnar eiga að vera, t.d. hvort þær eigi að vera fimm manna eða þriggja manna eða hvað það er nú. Og varðandi tilnefningar frá sveitarfélögunum þá eru þar núna þrír tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarstjórn, einn af starfsmönnum viðkomandi stofnunar og einn án tilnefningar. Þannig er þetta í dag. Auðvitað verður það áfram þannig að heilbrrh. skipar formann og það er eðlilegt, finnst mér. Það á auðvitað bara að gilda um starfstíma viðkomandi heilbrrh. *Mér finnst mjög mikilvægt* að starfsmenn eigi aðild að stjórn sjúkrahúsanna og held að það komi stofnununum til góða að svo sé. En að sjálfsögðu má skoða það að breyta þegar þessi fjármálalegu samskipti eru farin, þ.e. 15%, að viðkomandi sveitarfélag sé ekki að skipa þrjá fulltrúa heldur kannski bara einn fulltrúa eða þá að breyta þessu þannig að heilbrrh. skipi þrjá, starfsmenn einn og viðkomandi sveitarfélag einn. En mér finnst það miður og ég held að það sé ekki rétt leið að leggja niður stjórninar þó svo að þessi fjármálalegu samskipti séu að fara þarna út, sem ég, eins og ég sagði áðan, er nokkuð hlynntur. Ég tel að gott sé að það séu alveg klár skil þarna á milli, að það sé ekkert verið að skipta þessum hlutum í prósentuvís. Að því leytinu er það gott.

Ég vil spyrja hæstv. heilbrrh. hvort það hafi ekki komið til skoðunar hjá ráðherra og heilbrrn. að breyta fyrirkomulagi á stjórnunum, fjöldanum eða skipun, en hafa samt sem áður sérstaka stjórn yfir hverri stofnun. Það má með öðrum orðum segja, herra forseti, að heilbrrh. hafi sína fulltrúa í stjórn viðkomandi stofnunar. Þannig er það auðvitað með skipun formanna og ég held að það sé til góðs.

Rétt aðeins líka um aðra grein í frv. þar fjallað er um verkefni framkvæmdastjóra til skipunar og ráðningar á öllum starfsmönnum. Hér er þetta að vísu sett öðruvísi fram þar sem sjúkrahús og heilsugæslustöð eru saman í húsi, eins og er víða á landsbyggðinni. Þá starfar þar læknaráð og starfsmannaráð sem verði sameiginlegt fyrir alla stofnunina og komi að ráðningu. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki hafi heldur komið til greina að ástæða þætti til þess við ráðningar t.d. hjúkrunarforstjóra að þetta ráð, læknaráð eða annað, kæmi að ráðningu þessara æðstu embættismanna viðkomandi stofnunar, að það sé ekki skilið eftir eingöngu hjá framkvæmdastjóranum, eða þá alla vega til vara að t.d. yfirlæknir, læknaráð eða starfsmannaráð geti veitt umsögn um viðkomandi og hafi svona tillögurétt í þá veru, ef svo má að orði komast.

En fyrst og fremst, og það er kannski mikilvægasta atriðið, ætla ég að ítreka það sem ég sagði áðan með þeirri spurningu sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra um eignasjóði sveitarfélaganna og hvort viðkomandi stofnanir séu ekki skyldugar til þess að greiða sveitarfélögunum leigu í samræmi við eignarhlutinn sem verður. Varðandi það að gera þessar eigur upptækar á 15 árum, sem er hluti af samkomulaginu, þá verð *ég að segja það alveg eins og bara til þess að hafa sagt það*, vegna þess að við erum að ræða það hér: Ég persónulega er mjög óhress með það „samkomulag" sem gert er hér milli Sambands ísl. sveitarfélaga og ríkisvaldsins um þessa lítilvægu þætti sem hér er verið að fjalla um meðan mjög margir aðrir þættir standa út af borðinu í fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og sem deilt er um eins og ég gat um hér áðan. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu með því að ræða það hér og nú. En mér er til efs að kátína sé mjög mikil hjá öllum sveitarfélögum vítt og breitt um landið þó að ég ímyndi mér að fulltrúar stærstu sveitarfélaganna séu kannski mjög ánægðir með þetta samkomulag.

[13:44]

Útbýting þingskjala:

Meðferð og framkvæmd ályktana Alþingis, 458. mál, skýrsla forsrh., þskj. 692.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 441. mál, brtt. SJS, þskj. 691.

[13:45]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu sem liggur hér fyrir og við ræðum um er samið í framhaldi af samkomulagi ríkisins við Samband ísl. sveitarfélaga um breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga frá því í byrjun þessa mánaðar. Slíkt samkomulag sem gert er út af fjármálasamskiptum þessara tveggja stóru aðila er auðvitað af hinu góða og eðlilegt að ráðherra komi fram með frv. sem mætir því samkomulagi sem þar hefur verið gert. Samband ísl. sveitarfélaga starfar jú í umboði sveitarfélaganna í landinu.

Mig langar að nefna nokkur atriði úr frv. Eitt af því er staða stjórna í heilsugæslunni. Það er löngu vitað að staða þeirra stjórna hefur verið afar veik. Þannig var í Reykjavík

um nokkuð margra ára skeið að fjölmargar stjórnir voru yfir heilsugæslustöðvunum og sums staðar þannig að það var heil stjórn yfir einni stöð. Það má kalla óeðlilega yfirbyggingu, enda var því kippt í liðinn og það var rétt skref að mínu mati og stjórnir heilsugæslustöðvanna í Reykjavík voru sameinaðar.

Smám saman hefur staða þessara stjórna veikst og eru ýmsar ástæður fyrir því. Ekki er þar með sagt að áhrifa heimamanna gæti ekki hvað varðar ákvarðanatöku því sveitarstjórnir og aðrir hafa auðvitað aðgang að ráðherra, ráðuneyti, þingmönnum og þingnefndum til að ræða sín mál. Og það er auðvitað nauðsynlegt að svo sé. Þó er hægt að halda því fram að í stjórnum heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa, þótt valdalausar væru, hafi rödd neytandans heyrst. Hæstv. ráðherra hefur reyndar svarað þessu nú þegar á þann hátt að áfram hafi heimamenn og sveitarstjórnarmenn aðgang að ákvarðanatöku og ég held að ég þurfi ekki að spyrja ráðherra sérstaklega um það.

En mig langar til að nefna c-lið 8. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir að viðkomandi sveitarstjórn eigi fulltrúa í nefnd sem metur hæfi umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra sjúkrahúsanna. Mig langar að spyrja hvernig sé með heilsugæsluna hvað þetta varðar. Verður gert ráð fyrir að yfir heilsugæslunni verði forstjóri og/eða framkvæmdastjóri sem gerðar eru sömu kröfur til um menntun og þekkingu og á sjúkrahúsunum? Það hefur verið keppikefli að þeir væru nokkurn veginn lagðir að jöfnu, þeir stjórnendur sem væru í heilsugæslunni og í sjúkrahúsgeiranum. Og er það ekki eðlilegt að gerðar séu svipaðar kröfur? Sé svo, þá vantar að mínu mati að tekið sé fram í frv. að sveitarstjórn eigi fulltrúa í nefnd sem meti hæfi umsækjenda um slíkar stöður í heilsugæslunni.

Kannski leynist þetta einhvers staðar annars staðar í frv. en ég hef ekki rekist á það og mig langar því að koma með þessa ábendingu og spyrja um afstöðu ráðherrans til hennar.

Þá vil ég einnig nefna í framhaldi af því sem ég sagði áðan um að margar stjórnir hefðu verið yfir heilsugæslustöðvunum í Reykjavík og því hefði verið breytt í eina stjórn sem var ágætt, en hún hefur verið valdalítil og menn hafa eins og annars staðar í stjórnsýslunni reynt að auka ábyrgð æðstu yfirmanna, þ.e. forstjóra og framkvæmdastjóra og það hefur gilt í heilsugæslunni einnig.

Nú er það svo að sameiginleg framkvæmdastjórn svokölluð er yfir heilsugæslustöðvunum í Reykjavík, Mosfellsbæ, Kópavogi og Seltjarnarnesi, en til hefur staðið að sameina stjórnir þessara stöðva en ekki hefur verið algjör eining um það eftir því sem ég best veit og það hefur ekki verið framkvæmt. Þess vegna langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hvaða áhrif breytingar sem fylgja þessu frv. muni hafa á áætlanir um sameiningu heilsugæslustöðvanna á Stór-Reykjavíkursvæðinu hvað yfirstjórn varðar.

Ég vil að lokum nefna og dreg ekki dul á þá skoðun mína að heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa eigi í heildinni langbest heima hjá sveitarstjórnum eða einstaklingum og væri í rauninni betur komin á forræði sveitarfélaganna. Ég hef reyndar lýst þeirri skoðun minni áður.

Ég er líka þeirrar skoðunar að fagfólk innan þessara geira eigi að hafa meira með rekstur starfseminnar að gera, þannig að fagleg og fjárhagsleg ábyrgð fari saman. Ég held að á þann hátt sé hagsmunum sjúklinganna best borgið í rauninni.

En það er ekki til umræðu í sjálfu sér í þessu frv. en hlýtur náttúrlega að vera til umræðu síðar vegna endurskoðunar á lögum um heilbrigðisþjónustu, að menn velti fyrir sér hvar málunum sé best fyrir komið. Ég held þegar upp er staðið að það sé farsælast að þau séu sem næst neytandanum og þess vegna tiltek ég þar sveitarfélögin og einstaklinga og fjárhagslega og faglega ábyrgð sem mér finnst að eigi að fara sem mest saman.

Ég vil leggja þær spurningar sem ég tiltók áðan fyrir hæstv. ráðherra.

[13:51]

Ásta Möller:

Herra forseti. Ég var fjarverandi þegar umræðan hófst hérna í dag og má því vel vera að þær spurningar sem ég hef fram að færa til hæstv. heilbrrh. hafi þegar komið fram og þá virðir hann mér það til betri vegar.

Fram er komið frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu sem tekur á ýmsum þáttum varðandi skipulag heilbrigðisþjónustu, m.a. varðandi stjórnir stofnana. Þar er t.d. lagt til að leggja niður stjórnir sjúkrahúsa samkvæmt skilgreiningu í heilbrigðislögum um sjúkrahús fyrir utan öldrunarstofnanir. Það vekur athygli í frv. að stjórnir stofnana um allt land eru lagðar niður en hins vegar kemur ekki fram hvers vegna stjórn Ríkisspítala er látin halda sér. Mig langar því til að fá að heyra rök hæstv. ráðherra fyrir því hvað veldur þeirri sérstöðu Landspítala – háskólasjúkrahúss, sem við þó náttúrlega vitum hver er, hvað varðar stjórnskipulagið sem veldur því að sú stjórn er látin halda sér. Það kemur ekkert fram í skýringu með frv. hvers vegna sú ráðstöfun er gerð.

Ástæða þess að frv. er lagt fram kemur fram í athugasemdum við lagafrumvarpið en þar segir, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í framhaldi af samkomulagi ríkisins við Samband íslenskra sveitarfélaga um breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem undirritað var 4. desember 2002.“

Þarna kemur m.a. fram að með þessu samkomulagi eru fulltrúar sveitarfélaga teknir út úr stjórnum þessara stofnana. En í beinu framhaldi af því eru stjórnirnar lagðar niður. Mig langar að vita hvort sú ákvörðun að leggja stjórnirnar niður séu hluti af samkomulaginu við sveitarfélögin, eða hvað annað liggur þar að baki? Mér er náttúrlega fullkomlega ljóst að stjórnir sjúkrahúsa eftir að starfsmannalögin tóku gildi hafa afskaplega lítið vald og þær eru hálfgerðar ambögur í kerfinu, þar sem það eru raunverulega framkvæmdastjórar sjúkrahúsanna sem hafa vald til þess að reka og ráða og taka ákvörðun um starfsemina á hverjum tíma. Sú breyting var reyndar umdeild á sínum tíma en látum hana liggja milli hluta núna.

Mig langar jafnframt að spyrja ráðherra hvort hann telji að ástæða sé til að hugleiða það að fara sömu leið og Norðmenn hafa t.d. gert frá síðustu áramótum, þ.e. að reka sjúkrahúsin sem fyrirtæki að því leyti að stofnað er um þau hlutafélag og það eru raunverulegar stjórnir sem hafa ábyrgð og vald, og þá vald yfir framkvæmdastjóra sem eru þá það apparat innan kerfisins sem ræður. Mig langar að heyra álit hæstv. ráðherra á þeirri skipan sem Norðmenn hafa tekið upp.

Um breytta kostnaðarskiptingu við búnað og byggingu sjúkrahúsa kemur fram í frv., og er hluti af samkomulagi við sveitarfélögin, að ríkið tekur núna yfir 100% af kostnaði við búnað og byggingu. Mig langar að varpa fram til hæstv. ráðherra spurningu um hvernig slík skipting er hugsuð varðandi þá starfsemi sem hýsir bæði sjúkrahús, öldrunarstofnun og

heilsugæslu. Því samkvæmt frv. er ekki gert ráð fyrir að nein breyting verði á kostnaðarskiptingu milli öldrunarstofnana og sjúkrahúsa, öldunarstofnana annars vegar og sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva hins vegar, þ.e. að öldrunarstofnanir eru áfram að hluta til fjármagnaðar af sveitarfélögunum, þ.e. bygging og búnaður. Einhver áhöld hafa verið um hver kostnaðarskiptingin er og reyndar er það svo að ég bíð enn þá eftir svari frá hæstv. ráðherra um þetta atriði. Sú fyrirspurn var sett fram fyrst bréflega til ráðuneytisins 6. september sl. og síðan ítrekuð með þskj. í lok október sl. Ég vildi því gjarnan fara að fá svar við því hver er hin rétta kostnaðarskipting milli ríkis og sveitarfélaga við uppbyggingu öldrunarstofnana. Þetta er nú aðeins hliðarspor en ég vildi nota þetta tækifæri til að ítreka þá fyrirspurn sem hefur ekki verið svarað skriflega.

Fram kom í máli hv. þm. Kristjáns L. Möllers að hann velti fyrir sér ráðningum hjúkrunarforstjóra. Samkvæmt frv. er það á valdi framkvæmdastjóra, það er ekki lengur stjórn sem kemur þar að. Hv. þm. velti m.a. fyrir sér hvort læknaráð eða starfsmannaráð kæmi að slíkum ráðningum. Í framhaldi af því langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra einmitt í ljósi þess að verið er að leggja niður stjórnirnar sem hafa verið umsagnaraðilar hingað til varðandi ráðningar hjúkrunarforstjóra, hvort hann telji þá ekki rétt að setja á laggirnar hjúkrunarráð innan heilbrigðisstofnana sem væru þá þeir umsagnaraðilar sem læknaráð eru gagnvart stöðu lækna. *Með því móti er þá komið sams konar tæki gagnvart hjúkrunarfræðingum sem eru samkvæmt lögum annar af tveimur stólpum kerfisins og hvort ekki sé rétt að það verði stofnsett samkvæmt lögum, en slík ráð eru m.a. starfandi á FSA og á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, og ef ég man rétt einnig á Akranesi, en hafa ekki lagastoð. Ég vildi því varpa þeirri fyrirspurn fram til hæstv. heilbrrh.*

Ég held ég láti máli mínu lokið varðandi umfjöllun um þetta mál sem er mjög stórt mál í raun og veru og ég bíð eftir að fá svör frá hæstv. ráðherra varðandi spurningar mínar.

[13:59]

Útbýting þingskjala:

Búnaðargjald, 442. mál, brtt. landbn., þskj. 695.

Hlutfall öryrkja á Íslandi, 315. mál, skýrsla heilbrrh., þskj. 684.

[13:59]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að koma með smáathugasemdir þar sem ég gat því miður ekki verið við umræðuna hér áður. Ég vil gjarnan taka undir orð hv. þm. Ástu Möller um að fá svar við spurningunni um af hverju stjórnarnefndir Ríkisspítala sitja áfram undir sama hatti, en aðrar sjúkrahússtjórnir eru felldar niður. Sömuleiðis um samruna og rekstrarform þar sem samruni er milli öldrunarstofnana og sjúkrahúsa, þar sem við erum vonandi að fara inn í nýtt fyrirkomulag á greiðslukerfi og hvernig við komum þá út í samanburði milli sjúkrahúsa, einkum og sér í lagi með tilliti til þess sem ég hef nefnt hér áður fyrr í þinginu að samanburður við sambærileg sjúkrahús erlendis sé illgerlegur vegna mismunandi forsendna.

Hér kemur t.d. fram að sveitarfélögin eigi að vera áfram eigendur að núverandi eignarhluta en taki ekki þátt í viðhaldskostnaði. Að sama skapi skuli ríkið yfirtaka hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði og meiri háttar viðhaldi og tækjakaupum heilsugæslustöðva, svæðissjúkra- og deildasjúkrahúsa og almennra sjúkrahúsa. Ég vil fá að spyrja hæstv. heilbrrh. á hvaða forsendum þetta sé lagt til. Af fenginni reynslu af stjórnarnefnd Ríkisspítala þá sé ég í raun ekki eðlismun milli stjórnarnefndar Ríkisspítala og annarra stjórna sjúkrahúsa. Ég held að valdssvið þeirra sé ákaflega svipað, því miður, og að valdssviðið hafi verið of lítið fram til þessa.

Sömuleiðis vil ég gjarnan fá svar við því á hvaða grunni samanburðurinn við önnur sambærileg sjúkrahús erlendis muni fara fram með tilliti til sameiningar sjúkrahúsa eins og til stendur í þessu frv.

[14:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil fjalla hér aðeins nánar um þann þátt þessa máls sem lýtur að því að fella niður eða slá af allar stjórnir sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva og samhengi þess máls við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um breytta kostnaðarskiptingu milli þessara aðila eða öllu heldur að sveitarfélögin hætti þátttöku í greiðslu stofnkostnaðar við þessar stofnanir.

Ég held að það sé oftúlkun og beinlínis rangt að halda því fram að sveitarfélögin séu á nokkurn hátt aðilar að samkomulagi um að leggja þessar stjórnir niður. Ég hef nú farið betur yfir og við höfum athugað hér undir umræðunni betur þetta samkomulag. Þar stendur það eitt, herra forseti, að samhliða fyrrgreindum breytingum, þ.e. þessum breytingum á *kostnaðarþátttöku, falli brott núverandi aðild sveitarfélaga* að stjórnum heilsugæslustöðva og umræddra flokka sjúkrahúsa samkvæmt framangreindum lögum o.s.frv.

Það er allt annar hlutur, herra forseti. Sveitarfélögin sættast á að þau missi sína fulltrúa í þessum stjórnum með því að þau hætta að greiða hluta af stofnkostnaðinum. Í því er *ekki fólgið af þeirra hálfu samþykki við eða samkomulag* um að stjórnirnar verði slegnar af. Það er allt annar hlutur. Þeir kannast ekki við það, forsvarsmenn sveitarfélaganna, að þeir hafi sérstaklega skrifað upp á slíkt eða séu aðilar að slíku. Þetta verður að vera algjörlega á hreinu, að það er ekki samkomulag um það sem slíkt við sveitarfélögin í landinu að slá af *þessar stjórnir. Það er misskilningur.* Það er mjög alvarlegt ef menn lenda í því að oftúlka þetta.

Þetta skýrir líka að það kemur sveitarstjórnum og þeim byggðarlögum sem hafa tilnefnt fulltrúa inn í þessar stjórnir algerlega í opna skjöldu að fá þessar fréttir. Þeir spyrja eðlilega: „Hvaðan kemur umboð okkar stjórnar til þess að semja um *slíkt sem aldrei hefur verið rætt á fundum á okkar* samkomum, hvorki á landsþingi sveitarstjórnarmanna né á fulltrúaráðsfundi eða hvað það nú allt heitir?“ Skýringin er þessi: Sveitarstjórnirnar eru alls ekkert aðilar að neinu samkomulagi um að slá þessar stjórnir af. Ég hef ástæðu til þess að ætla að við það sé mjög víðtæk andstaða þar á meðal.

Ég vil reyndar meina að það hafi verið algjör mistök af sveitarfélögunum, meira að segja að ganga svo langt að fallast á að missa sína fulltrúa, vegna þess að þau koma til með að eiga í fyrsta lagi aðild að þessu áfram. Þau eiga sín 15% í þeim stofnkostnaði sem til er fallinn. Þau fá hann ekki endurgreiddan þannig að hann situr þarna. Þar af leiðandi eru nú strax komin ákveðin rök fyrir því að þau *eiga hagsmuni í* þessu. Í öðru lagi er, burt séð frá því hvort þau eru að borga inn í stofnkostnaðinn, rík ástæða til þess að sveitarfélögin geti verið þátttakendur í stjórnun þessara mikilvægu stofnana og komið að því hvernig þessi mikilvæga þjónusta er veitt og hún skipulögð.

Ég held því að þegar þetta er betur skoðað, herra forseti, að það sé algerlega ástæðulaust og ótímabært að tengja þá breytingu að slá af stjórnirnar á nokkurn hátt við þetta fjárhagslega samkomulag. Það er bara algerlega aðskilinn þáttur.

Það er ljóst að stjórn Sambands sveitarfélaga eða forusta sambandsins hefur fallist á að núverandi aðild sveitarfélaganna að stjórnunum hverfi — um það má deila hversu heppilegt það er — en annað ekki. Þar af leiðandi verða engin rök sótt í þetta samkomulag fyrir þessari kerfisbreytingu sem slíkri og þaðan af síður í að hraða því í gegnum þingið á örfáum klukkutímum.

Hafi verið rík ástæða til þess að fara fram á það eins og ég lagði til í fyrri ræðu minni að þessu yrði skipt upp og eingöngu ákvæði frv. er lúta að kostnaðarþátttökunni tekin hér í gegn, þá held ég að þau hafi nú styrkst mjög með þessu. Ég fer alveg eindregið fram á unnið verði samkvæmt því í hv. þingnefnd að þetta verði skoðað. Þá held ég að geti verið samstaða um þetta mál. Enginn vill leggja stein í götu þess að þessi fjármálalegi hluti málsins nái hér fram að ganga þannig að frá og með áramótum verði sveitarfélögin leyst undan þessari kostnaðarþátttöku í stofnkostnaðinum úr því að það er orðin niðurstaða í þessum fjárhagslegu samskiptum, sem við munum svo ræða hér væntanlega síðar á þessum fundi þegar til umræðu kemur frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. En höldum þessum kerfisbreytingum sem sagt og stjórnskipulagsbreytingum þarna algerlega aðgreindum. Ég held að það sé algerlega óforsvaranlegt að taka þetta hér í gegn með þessum hætti og að stórlega skorti á að nokkurt eðlilegt samráð eða tækifæri hafi þá gefist til þess að menn komi sjónarmiðum sínum á framfæri o.s.frv.

Ég vona því, herra forseti, að það megi takast samkomulag um meðferð málsins eitthvað á þessum nótum, ella held ég að óhjákvæmilegt sé að um þetta geti orðið verulegar deilur því það er þegar ljóst að það eru mjög skiptar skoðanir úti í hinum einstöku byggðarlögum um ágæti þessarar breytingar. Mér finnst bera þar miklu meira á andstöðu en hrifningu við hana þannig að það er mál sem þyrfti að athugast betur.

[14:08]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hefur farið fram hér um þetta mál. Hún hefur verið efnisleg. Það hafa ýmsar spurningar verið lagðar fram varðandi málið og ég mun leitast við að svara þeim.

Ég vil fyrst kannski byrja þar sem hv. 3. þm. Norðurl. e. endaði, svo það sé enginn misskilningur um það.

Ég sagði í framsöguræðu minni þar sem var samhljóða þeirri tilvitnun sem hann var með, þ.e. að samhliða niðurfellingu á 15% stofnframlagi sveitarfélaga kveður samkomulagið á um að núverandi aðild sveitarfélaga að stjórnum heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa falli brott. Þetta er alveg rétt. Ég hef ekki haldið því fram að niðurfelling stjórnanna sé öll bundin þessu samkomulagi. En samkomulagið hefur það í för með sér að það verður að breyta núverandi fyrirkomulagi og bókunin segir það. Ég vitnaði í framsöguræðu minni til þeirra breytinga sem orðið hafa á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem gera umboð stjórnanna óskýrt og valda því að hlutverk þeirra verður í lausu lofti. Sú breyting á því rætur að rekja til þess. Það er alveg rétt. Ég hef þá verið misskilinn ef það hefur verið lesið út úr framsöguræðu minni að ég bindi þetta eingöngu við samkomulagið. Það er ekki svo.

Hér hefur verið drepið á mörg mál og m.a. hafa nokkrir spurt hvers vegna stjórn Ríkisspítalanna eða stjórn Landspítalans – háskólasjúkrahúss sé sett á vetur, ef svo má að orði komast. En það kom nú fram reyndar í framsöguræðu minni að samkomulagið hefur engar breytingar í för með sér varðandi þá stjórn vegna þess að Landspítalinn – háskólasjúkrahús var eingöngu rekinn af ríkinu eftir samkomulag þar um og sameininguna.

Ég hef svarað þá um leið fyrirspurn hv. 19. þm. Reykv. um hvort niðurlagning stjórnar sjúkrahúsanna sé hluti af samkomulaginu. Svo er að hluta til en ekki að öllu leyti. Ég endurtek það.

Hv. þm. spyr einnig hvort við höfum skoðað það að reka sjúkrahúsin sem hlutafélög. Við höfum ekki gert það. Við höfum gengið út frá því að rekstur sjúkrahúsanna skili ekki hagnaði heldur sé á núllpunktinum. Hlutafélög eru náttúrlega stofnuð til þess að skila eigendum sínum hagnaði. En við höfum ekki farið í þessi mál út frá þeirri sýn að breyta þeim í hlutafélög. Það hefur ekki verið skoðað hjá okkur.

Það er spurt hvernig þessi skipting sé hugsuð varðandi blandaðar stofnanir. Það er rétt að það gilda lög um málefni aldraðra, um öldrunarstofnanir og eignarhlutdeild í þeim. Því er nauðsynlegt að það sé ljóst hve stór hluti sjúkrahúsanna eða heilbrigðisstofnananna heyri undir eða hafi hlutverk sem öldrunarstofnanir og að sú skipting sé skýr. Það náttúrlega kallar á það því eftir að ríkið hefur tekið yfir heilsugæsluna, sjúkrahúsin, þá er nauðsynlegt að sú skipting sé vissulega skýr.

Varðandi hjúkrunarráð og læknaráð þá kom það fram hjá mér í andsvörum í morgun að ég hyggst taka upp í framhaldi af málinu m.a. hvernig starfsmenn koma að málum innan stofnananna. Ég er fylgjandi því að framkvæmdastjórar stofnana hafi nokkuð víðtækt umboð. En ég geri mér alveg grein fyrir því að þarna inni er læknaráð sem hefur nokkuð víðtækt umboð til afskipta af innri málefnum stofnananna. Ég er tilbúinn að fara yfir þetta mál í framhaldinu þó að þau séu ekki hluti af þessu frv.

Hv. 10. þm. Reykv. Pétur Blöndal talaði í ræðu sinni um framkvæmdaráð. Ég vil taka fram að á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi er framkvæmdastjórn sem fundar mjög títt, vikulega áreiðanlega að lágmarki, sem er mjög veigamikill þáttur í stjórnunaruppbyggingunni þar. Það má auðvitað ræða um það hvort ráðherra eða þingið eigi að skipa stjórn Landspítalans – háskólasjúkrahúss, en ég hef ekki gert tillögur um breytingu á þessum atriðum núna. Greinin varðandi Landspítala – háskólasjúkrahúsið er óbreytt. Engar breytingar eru gerðar þar á. Ég hef ekki lagt til að breyta neinu þar.

Hv. þm. Kristján Möller, 3. þm. Norðurl. e. ... reyndar 3. Norðurl. v. enn þá (**SJS:** Seinna eystra, það er rétt.) — þú sérð að ég er á undan tímanum. Hann spurði um 15% eignarhlut sveitarfélaga og hvort ætlunin væri að heilbrigðisstofnanirnar greiddu leigu fyrir þau 15%. Ég hef ekki litið svo á að þessar leigugreiðslur væru hluti af samkomulaginu. Ég tel svo ekki vera. Samkomulagið sjálft hefur verið nokkuð til umræðu. Ég er í raun ekki ábyrgðarmaður fyrir því en ég framfylgi ákvæðum sem leiða af samkomulaginu. Ég hef ekki litið svo á að samkomulaginu fylgdi að heilbrigðisstofnanirnar ættu að greiða leigu fyrir þessi 15% í þau ár sem afskriftatíminn stendur.

Mig minnir að þegar verkaskipting ríkis og sveitarfélaga hin stóra fór fram, þegar skólarnir voru teknir yfir, hafi ríkið afhent skólana sveitarfélögunum. Ég lít svo á að þetta sé samkomulagsatriði og samkomulagið felur þetta í sér. Hins vegar ætla ég ekkert að fara að grafa mig niður í umræður um það, eins og hér hefur komið fram, hvort allir sveitarstjórnarmenn eru samþykkir þessu samkomulagi. Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga sem skrifaði undir þetta samkomulag á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga þar sem nokkuð stór hópur trúnaðarmanna og þeir sem áttu sæti í samráðsnefndinni voru viðstaddir. Ég var viðstaddur þann fund.

Fulltrúar sveitarstjórnanna í heild taka gjarnan slíkar ákvarðanir og hljóta að hafa samráð eftir því sem þeim finnst við eiga. Ég endurtek það sem ég sagði hér áðan í umræðunni, að þetta mál hefur verið rætt lengi á vettvangi sveitarstjórnanna. Ég hef ekki orðið var við mikla andstöðu við yfirtökuna á þessum 15%. Enda eru menn kannski sammála um það og ekki miklar deilur um það mál. Sannleikurinn er sá að þetta er ekki stór eignaraðild en það hefur valdið mikilli vinnu og árekstrum milli ríkis og sveitarfélaga, m.a. að meta hvað er meiri háttar viðhald og hvað minni háttar. Hvað sem menn segja um hreina verkaskiptingu þá held ég að þessi verkaskipting hafi verið það loðin að betra sé að hafa þetta svona í þessu tilfelli.

Ég tel hins vegar að öldrunarmálin hljóti áfram að vera samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga, þó að í öðrum löndum sé víða hrein verkaskipting í því. Ég hitti t.d. belgíska heilbrigðisráðherrann á dögunum og spurði hvernig öldrunarmálum væri fyrirkomið hjá honum. Hann tilkynnti mér stutt og laggott að hann hefði ekkert með það að gera, það væri allt á hendi sveitarfélaganna. Ég er hins vegar ekki að leggja það til.

Það getur verið réttlætanlegt að sveitarfélög og ríkið taki á í aðkallandi verkefnum. Ég held að þetta sé minni háttar breyting miðað við margt annað. Síðan má deila um hvort ganga eigi svo langt að leggja stjórnina niður og hvort það á að bíða heildarendurskoðunar laga um heilbrigðisþjónustu. Mér finnst stjórnirnar í það lausu lofti að þær geti ekki beðið eftir þeirri heildarendurskoðun þó að það væri vissulega leið í málinu. Ég tel samt að það þurfi að skýra þessar línur af því að samkomulagið kallar á breytingar.

[14:21]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að halda því til haga sem Samband sveitarfélaga skrifaði undir, þ.e. að falla frá því að þeir skipuðu í stjórnina. Í lögunum stendur að skipa skuli stjórn og að ráðherra skipi hana en þrjá samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar. Það er það sem þeir samþykktu að fella út. Það er ráðherra síðan í sjálfsvald sett hvort hann skipar fulltrúa sveitarstjórna eða ekki.

Hitt er oftúlkun á þessu samkomulagi, eins og lesa mátti úr framsöguræðu hæstv. heilbrrh., að það að keyra stjórnirnar út úr þessu lagafrumvarpi og afskipti sveitarstjórna af flokkun heilsugæslustöðva og starfssvæði þeirra, séu hluti af þessu samkomulagi. Það er algjör oftúlkun og hefur ekkert með þetta samkomulag að gera. Ég held að sé mjög mikilvægt að hæstv. heilbrrh. átti sig á því og segi það bara fullum fetum. Hann var byrjaður að draga í land með það og best að hann dragi það bara alveg í land.

[14:22]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kannast ekki við að hafa oftúlkað neitt í framsöguræðu minni, alls ekki. Þau orð sem hv. 3. þm. Norðurl. e. vitnaði til voru óbreytt í framsöguræðu minni. Ég hef ekki oftúlkað neitt. Ég sagði einfaldlega að við værum að breyta hér um vegna þess að samkomulagið kallar á breytingar. En breytingarnar, að leggja niður stjórnirnar, eiga rætur í allt öðru lagafrumvarpi. Það kom fram í framsöguræðu minni. Hefði hv. þm. hlustað hefði hann numið þetta en ég vona að hann nemi það að lokum.

[14:23]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að viðurkenna að það sem hér er lagt til er ekki hluti af þessu samkomulagi, á því ekkert erindi inn í þessi lög og er hluti af allt öðru máli en hér er verið að fjalla um. Þá er líka auðvelt fyrir hæstv. heilbrrh. að fella þetta burt úr frv. þannig að það geti orðið að lögum.

Mig minnir að hæstv. heilbrrh. hafi sagt eitthvað á þá leið að það sem hér væri verið að leggja til og ætti að flytja lagafrv. um væri til að framfylgja þessu samkomulagi. En ákvæðin sem þarna koma fram eru alls ekki hluti af þessu samkomulagi. Þarna er verið að draga inn í afgreiðsluna mikilvægar breytingar sem voru alls ekki hluti af því samkomulagi sem gert var. Það á þess vegna ekki heima inni í frv. á þeim grundvelli sem það er hér lagt fram.

[14:24]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað sjálfsagt að hafa skoðanaskipti um þetta mál. Það liggur ljóst fyrir hvaða ástæður eru fyrir því að þessi leið er farin. Ástæðurnar fyrir því eru þær að samkomulagið kallar á breytingar á tilnefningu í stjórnirnar. Hlutverk stjórnanna er í lausu lofti. Það er alveg ljóst. En síðan er hægt að hafa skoðanir á því. Ég vona að þetta mál liggi ljóst fyrir að þessu leyti.

[14:24]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þetta sé orðið sæmilega skýrt. Það eina sem þetta samkomulag felur í sér af hálfu sveitarfélaganna er að þau fallast á að eiga ekki lengur kröfu eða rétt á að tilnefna sjálfkrafa menn inn í þessar stjórnir. Það kallar í sjálfu sér ekki endilega á lagabreytingar. Löggjafinn má áfram leyfa sveitarfélögunum að hafa þennan tilnefningarrétt. Þau hafa hins vegar afsalað sér honum og telja sig ekki lengur eiga kröfu á honum vegna þessara breyttu reglna um kostnað.

Stjórnirnar geta að sjálfsögðu starfað áfram eins og þær eru skipaðar í dag. Þær hafa fullt umboð til þess þangað til lögum er breytt. Þeir ágætu einstaklingar sem sitja inni í þessum stjórnum núna eru jafngóðir þó að þetta samkomulag hafi verið gert. Að sjálfsögðu þarf ekki að afgreiða þetta hér og nú. Það er algerlega fráleitt. Gleymum því ekki að þriðji aðili þessa máls, starfsfólk heilbrigðisstofnana, hefur alls ekki á nokkurn hátt verið haft með í ráðum eða komið að málinu. Það á að missa fulltrúa sína þarna eftir sem áður.

[14:26]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi starfsfólk heilbrigðisstofnana hef ég tekið fram að ég hyggst í framhaldi af þessum breytingum beina því til forstöðumanna að semja reglur um aðkomu

starfsmanna að málefnum stofnananna. Það mundi gerast með öðrum hætti en með aðild að stjórn eins og nú er.

Ég tel að starfsmenn eigi að hafa aðkomu til að koma sínum málefnum að hjá stjórnum heilbrigðisstofnana. Ég endurtek hins vegar að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og styrking framkvæmdastjóra heilbrigðsstofnana er ástæðan fyrir þessum breytingum.

[14:27]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að engin frambærileg rök verði færð fyrir því að taka þessa breytingu og hraða henni í gegn, í aðdraganda þess að heildarendurskoðun á lögum um heilbrigðisþjónustu er að hefjast. Það er beinlínis fráleitt, að ætla að byrja það starf með verulegri stjórnkerfisbreytingu í málaflokknum eins og hér um ræðir. Það væri þá a.m.k. þarft að hún yrði höfð þar undir.

Ég gruna ákveðna menn innan ráðuneytis hæstv. ráðherra um að reyna að læða þessu með þarna eins og hálfgerðu smyglgóssi, að slá af þessar stjórnir. Ég hef enga sannfæringu fyrir því að þetta sé skynsamleg ráðstöfun. Enga. Ég gef lítið fyrir þessi rök, að ekki megi skýra verksvið stjórna og framkvæmdastjóra í anda nýrra laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, það er ekket vandamál. Það má að sjálfsögðu gera.

Þessar stjórnir geta verið þarna áfram, haft ráðgefandi hlutverk, þjónað sem tengiliður starfsmanna og íbúa viðkomandi byggðarlaga við þessar mikilvægu stofnanir o.s.frv. Öll þau rök eru þarna áfram til staðar. Ég hafna algerlega málsmeðferðinni hér og þessum vinnubrögðum, að ætla djöfla þessu í gegn.

[14:28]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það að málið gæti beðið endurskoðunar laga um heilbrigðisþjónustu þá er það rétt athugað að ég hef verið að undirbúa skipun nefndar til þess að endurskoða þau lög. Vonandi tekst mér að ljúka því verki í þessum mánuði og fá tilnefningar í þá nefnd. Hins vegar hef ég engar gyllivonir um að sú nefnd ljúki störfum á vorþingi þannig að ný lög um heilbrigðisþjónustu taki gildi á þessu þingi. Mér þótti nauðsynlegt að koma þessu starfi af stað, það er aðkallandi en hins vegar tel ég að þetta mál geti ekki beðið þess. Af þeim sökum er þetta frv. flutt.

[14:29]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar að lýsa eftir svörum ráðherrans við þeim spurningum sem ég lagði fram fyrr á fundinum:

Í fyrsta lagi varðandi stöðu heilsugæslunnar, þ.e. umfjöllun um hæfni framkvæmdastjóra sjúkrahúsa sem tiltekin er í c-lið 8. gr. frv. Væri ekki rétt að gera sömu kröfur til þeirra sem ráðnir eru til heilsugæslunnar? Það var fyrsta spurningin.

Önnur spurningin var um hvaða áhrif breytingar sem fylgja þessu frv. muni hafa á áætlanir um sameiningu heilsugæslunnar á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Ég sakna þess að hafa ekki fengið svör við þessu.

Í þriðja lagi: Er afstaða ráðherrans í raun sú að heilsugæslan eigi að fara til sveitarfélaganna?

[14:30]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég biðst afsökunar á að hafa gleymt fyrirspurn hv. þingmanns um heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu. Þetta mál hefur í sjálfu sér ekki áhrif á það. Stefna ráðuneytisins í málefnum heilsugæslunnar hér og stefna mín er sú að sameina eigi heilsugæslustöðvar þar sem það leiðir til hagkvæmni og betri þjónustu fyrir notendurna. Það á að vera útgangspunkturinn í þessu en þetta mál hefur í sjálfu sér ekki áhrif á sameiningu á höfuðborgarsvæðinu

Varðandi það að heilsugæslan fari til sveitarfélaganna er það auðvitað mál sem má ræða. Við höfum samt ekki tekið afstöðu til þess á þessu stigi og það er ekki hluti af þessu máli.

[14:32]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka ráðherra þessi svör.

Spurningin um menntunar- og hæfniskröfur til þeirra sem stýra heilsugæslunni stendur að vísu enn þá út af borðinu. Það hefur verið talsvert metnaðarmál hjá heilsugæslunni að það sé sambærilegt að vera forstjóri eða framkvæmdastjóri á sjúkrahúsi og yfir heilsugæslustöð þar sem víða er um mikla starfsemi að ræða. Þess vegna langar mig að vita hvort ekki sé eðlilegt að sveitarstjórn komi þá að nefnd sem meti hæfi umsækjenda um slíkar stöður í heilsugæslunni eins og gert er ráð fyrir á sjúkrahúsunum.

[14:33]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það ber vissulega að stefna að því að gerðar séu sömu kröfur til stjórnenda heilsugæslunnar og stjórnenda sjúkrahúsa. Hins vegar hefur heilsugæslan verið í mjög smáum einingum víða og þar hafa m.a. verið stjórnendur í hlutastörfum víðar en á einum stað, og nokkuð um það.

Það gefur augaleið að auðvitað ber að stefna að því að einingarnar í heilsugæslunni verði það öflugar að þær laði að sér stjórnendur sem ríkar kröfur eru gerðar til. Ég vil auðvitað stefna að því að þarna séu sömu kröfur gerðar og einingarnar það öflugar að þær beri stjórnendur með sömu kröfum og sjúkrastofnanir gera.

[14:34]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að ítreka spurningu mína til ráðherra um samanburð við sambærilegar sjúkrastofnanir erlendis. Við höfum tekið upp núna nýjar vinnuaðferðir og mig fýsir að vita hvernig þær breytingar muni falla að slíkum samanburði.

Ég ítreka líka spurninguna um af hverju stjórnir minni sjúkrahúsa verði lagðar niður en ekki stjórnarnefnd Ríkisspítala þar sem reynsla mín sem stjórnarmanns í stjórnarnefnd Ríkisspítala og af störfum við stjórnun Ríkisspítala er sú að forstöðumaður sjúkrahússins hafi þar fyllilega nægilega sterka stöðu sem slíkur. Það er kannski full þörf á styrkingu þeirrar stjórnar en er ekki líka þörf á styrkingu stjórna annarra sjúkrahúsa?

[14:35]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði reyndar svarað því að þetta samkomulag við sveitarfélögin sem vitnað er til kallar ekki á breytingar á stjórn Landspítala – háskólasjúkrahúss. Það er m.a. vegna þess, og einnig vegna þess að stjórnin er þingkjörin og gildir þannig annað um hana en stjórnir sjúkrastofnana. Það er ekki farið í breytingar þar innan húss. Hins vegar er full þörf á því að ræða stöðu mála varðandi þetta en það er ekki gert ráð fyrir því að þessar breytingar séu ekki lagðar fram. Umræðu er þörf um það.

Varðandi samanburð við stofnanir erlendis er unnið að kostnaðargreiningu verkefna á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi og þar er unnið að afkastatölum. Samanburður verður áreiðanlega framkvæmanlegur innan tíðar ef svo er ekki nú þegar.

[14:37]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi bara ítreka fyrirspurn mína vegna þess að ég hef talið eðlilegt að ekki sé eingöngu gerður samanburður milli Landspítala – háskólasjúkrahúss og sjúkrastofnana á erlendri grundu, heldur einnig smærri sjúkrahúsa. Þar verðum við með blandaða þjónustu og ef ný lög um heilbrigðisþjónustu fela það í sér að fjármunir muni fylgja sjúklingi verður okkur eflaust gert auðveldara. Þá mætti samt íhuga hvort þetta frv. ætti ekki að bíða til þess tíma að við sjáum fram á heildarlög um heilbrigðisþjónustu.

[14:37]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég endurtek að ég tel að starfssvið stjórna sé svo óvíst og línur það óskýrar að þetta frv. geti ekki beðið heildarendurskoðunar laga um heilbrigðisþjónustu.

Hins vegar er svo samanburður milli sjúkrahúsa hér og erlendis ekki beinlínis hluti af þessu máli. Auðvitað er æskilegt að við vitum hvar við stöndum og ég hef alltaf lagt áherslu á að kostnaðargreiningar á sjúkrahúsum séu sem skýrastar og að þau séu samanburðarhæf í alþjóðlegu samhengi en það er auðvitað mjög flókinn samanburður.

[14:39]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Vegna þess hve margir voru í andsvari gafst ekki tími til að ganga hér eftir svörum við tveimur spurningum í viðbót sem ég bar fram og taldi mig ekki fá svar við. Annars vegar hvort ekki hafi komið til tals hjá hæstv. heilbrrh. að breyta fyrirkomulagi á kjöri í stjórnir þannig að í staðinn fyrir að sveitarfélögin tilnefni þrjá menn eins og það er núna skipi heilbrrn. þrjá, starfsmannaráðin einn og sveitarfélögin einn og halda stjórnunum áfram sem fulltrúum heilbrrh. til að sjá um rekstur viðkomandi stöðva og sjúkrahúsa, til að ganga eftir því að farið sé að fjárlögum og öðru slíku. Ekki þarf að fella út stjórnendur vegna þess að 15% framlagið, rekstrarlega ábyrgðin, eignarhlutdeild og hlutdeild í stofnkostnaði, detti út. Ég held að það sé miklu betra eins og ég sagði áðan að stjórnirnar séu í nærumhverfi við viðkomandi sjúkrahús eða stofnanir og stjórni þannig í umboði heilbrrh.

Það var í fyrsta lagi þetta sem ég taldi mig ekki hafa fengið svar við. Mér fyndist þetta koma mjög sterklega til greina alveg eins og ég er á því að það sé tóm vitleysa að breyta þessum stjórnum núna eins og hér hefur verið rætt um. Máli mínu til stuðnings er að hið stóra og mikla sjúkrahús, Landspítali – háskólasjúkrahús, verður áfram með sjö manna stjórn, eins og kveðið er á um í 8. gr. þar sem starfsmannaráð spítalans tilnefnir tvo menn, Alþingi fjóra og ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður, til þess að sjá um rekstur á hinu stóra og mikla sjúkrahúsi. Þetta eru auðvitað veigamikil rök og þetta er röksemdafærsla fyrir því að ástæða sé til að halda sams konar stjórn, kannski ekki sjö manna heldur fimm manna, fyrir Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri ef við tökum það sem dæmi.

Ég sé ekki hver munurinn á að vera þarna nema að hæstv. heilbrrh. sé með þessari lagabreytingu að beita sér fyrir því að allt stjórnunarvald fari frá landsbyggðinni suður til Reykjavíkur í ráðuneytið. Það lítur út fyrir það vegna þess að þetta á að vera svona áfram með Landspítala – háskólasjúkrahús.

Í þriðja lagi vil ég bæta við einni spurningu þótt ég ætli ekki að lengja þessa umræðu meira. Mun hv. heilbrn. skoða það mál sem ég ræddi áðan hvað varðar eignasjóði sveitarfélaganna? Ég hvet til þess. Ég hygg að þau lög og reglur sem búið er að setja þar geri það að verkum að sveitarfélögin geti rukkað um 15% þátttöku af húsaleigu hvað varðar heilbrigðisstofnanirnar. Hitt atriðið sem ég vona að hv. heilbrn. taki til skoðunar sérstaklega er að skoða þann lagabálk eða þær reglugerðarsetningar sem hafa verið varðandi reikningsskil sveitarfélaga.

Í síðasta lagi er spurningin um það að nú hafa sveitarfélögin að loknum síðustu kosningum skipað sína þrjá fulltrúa í þessar stjórnir til fjögurra ára. Verður það fellt úr gildi með þessari lagasetningu eða mun það renna út eftir fjögur ár?

[14:42]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi skipun í stjórnir hefði auðvitað verið hægt að hugsa sér að hafa það eins og hv. þm. sagði, að skipa fimm fulltrúa í stjórnina, en vandinn er bara sá eins og ég hef margtekið fram í þessari umræðu að það rekst á við lög um réttindi og skyldur forstöðumanna stofnana. Verksvið stjórnanna er meira og minna í lausu lofti.

Ég endurtek það sem ég sagði að það væri alveg ástæða til að ræða einnig um stöðu stjórnar Landspítala – háskólasjúkrahúss en hún er kjörin á annan hátt og ég hef rakið það áður.

Varðandi leiguna er sjálfsagt að skoða það. Hins vegar minni ég á að það er búið að yfirtaka stofnkostnað og viðhald. Mér finnst það frekar vafasamt að einhver, leigutaki í þessu tilfelli, sjái um allt viðhald á húsnæðinu og leigi það svo. Þetta var samkomulagsatriði og ég ætla ekki að rekja það í sjálfu sér en ég lít svo á að það sé hluti af samkomulaginu að ekki sé greidd leiga þarna. Það er reiknað með að þessi löggjöf taki gildi 1. janúar og þá falli umboð stjórnanna niður með þessari lagasetningu. Það er í gildistökuákvæði frv.

[14:45]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hafði hugsað mér að fara í stutt andsvar en þar sem það er ekki hægt vildi ég segja hér nokkur orð. Þau varða skilgreiningu á störfum og stöðu forstöðumanna sjúkrahúsa. Ég skynja og skil það vel að kannski haldast ekki alltaf hönd í hönd staða forstjóra eða forstöðumanna sjúkrahúsa og stjórnir sjúkrahúsa. Það er kannski vandinn í stjórnun sjúkrastofnana hér á landi og hefur jafnvel verið í mörg ár.

Ég verð hins vegar að játa að reynsla mín af því að sitja í stjórnarnefnd Ríkisspítala og starfa með henni um nokkurn tíma er sú að sú stjórn hafi haft of lítið umboð til að taka ákvarðanir og umboðið hafi að meiri hluta verið á milli forstöðumannsins annars vegar og ráðherra hins vegar.

Hins vegar er ekki þar með sagt að það sé af hinu góða. Ég hefði talið eðlilegra að stjórnir sjúkrahúsa hefðu sterkara umboð en þær hafa í dag, að þær hefðu meira umboð til ráðninga á starfsmönnum og ákvarðanatöku um stjórnir sjúkrahúsa. Ég tel t.d. að umræða um það mál sem ég hef iðulega bryddað upp á hér í þessum ræðustóli, um kostnaðargreiningu sjúkrahúsa — hef gert það sl. 11 ár, hvorki meira né minna

— hafi goldið veikrar stöðu stjórnarnefndar Ríkisspítala. Því erum við mjög aftarlega á merinni í kostnaðargreiningu.

Ég er nýkomin af fundi þar sem farið var í samanburð á stjórnun, kostnaðargreiningu og rekstri heilbrigðisþjónustu í Evrópu og þar kemur fram að meira að segja þjóðir Miðaustur-Evrópu sem eru nýfrjálsar og hafa nýverið tekið upp vestræn kerfi í stjórnun heilbrigðismála séu komnar fram úr okkur hvað snertir fjármálastjórnun sjúkrahúsa.

Ég tel að styrking t.d. stjórnarnefndar Ríkisspítala sé nauðsyn og það sé íhugunarvert hvort ekki sé ástæða til þess að hugsa upp á nýtt hvernig stjórnun annarra sjúkrastofnana eigi að fara fram. Það er rétt að mínu mati eins og ég skildi ráðherra að það mætti hugsanlega sameina stjórnun heilbrigðismála í ákveðnum kjördæmum eða á ákveðnum stórum svæðum. Hins vegar tel ég það lýðræðislegra fyrirkomulag að hafa stjórnir yfir sjúkrahúsum en ekki forstöðumenn sem svari beint til ráðherra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulag ferðamála, 1. umr.

Stjfrv., 447. mál (afnám Ferðamálasjóðs). — Þskj. 638.
[14:49]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 177/1994, með síðari breytingum. Með frv. þessu er lagt til að Ferðamálasjóður verði lagður niður frá og með 1. janúar 2003.

Í samræmi við stefnumörkun sína hefur ríkisstjórnin stuðlað að almennri endurskoðun á sjóðakerfi atvinnuveganna sem hefur leitt til þess að fjárfestingarlánasjóðir í iðnaði og sjávarútvegi hafa verið lagðir niður. Ferðamálasjóður er einn örfárra starfsgreinasjóða sem enn starfa en nú er svo komið að halli hefur verið á rekstri sjóðsins og starfar hann á undanþágu frá viðskrh. sem rennur út þann 25. janúar nk.

Tillaga um að leggja niður sjóðinn í núverandi mynd er í samræmi við fyrirliggjandi frv. til laga um fjármálastofnanir. Þar er gert ráð fyrir að Ferðamálasjóður falli ekki undir lög um fjármálastofnanir, með öðrum orðum að hann verði ekki skilgreindur sem fjármálafyrirtæki.

Í frv. er lagt til að eignir og skuldir sjóðsins verði yfirteknar af ríkissjóði en að Byggðastofnun verði falið að sjá um innheimtu útlána sjóðsins. Samkomulag hefur náðst milli samgrn., iðnrn. og fjmrn. um að stuðningur við verkefni á sviði ferðaþjónustu verði áfram veittur í formi samstarfs Ferðamálaráðs og Byggðastofnunar. Ferðaþjónustuverkefni verði annars vegar fjármögnuð með styrkjum af hálfu ferðamálayfirvalda og hins vegar með lánum frá Byggðastofnun. Þannig er gert ráð fyrir að fjármunir sem varið er í málaflokkinn muni nýtast betur en með núverandi fyrirkomulagi. Markmið þeirra verður að styrkja nýsköpun á sviði ferðaþjónustu, auk þess að efla hlutverk Byggðastofnunar sem lánveitanda í ferðaþjónustu. Að öðru leyti er gert ráð fyrir fyrirgreiðslu fjármálastofnana.

Þá er með frv. þessu lagt til að fella brott heimildarákvæði 36. gr. laganna um gjaldtöku fyrir ferðaþjónustu við ferðamenn á ferðamannastöðum í umsjá ríkisins. Þetta heimildarákvæði hefur aldrei verið nýtt enda er dýrt og fyrirhafnarsamt að innheimta slíkt gjald og því er ekki talin ástæða til að halda því inni í lögunum.

Ég vil að lokum leggja til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn. að lokinni umræðunni.

[14:51]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga sem hæstv. samgrh. hefur flutt um skipulag ferðamála. Frv. sem er stutt og laggott er um að leggja Ferðamálasjóð niður.

Í athugasemdum með þessu frv. er sagt að þetta sé gert í takt við það að fjárfestingarlánasjóðir í iðnaði og sjávarútvegi hafi verið lagðir niður. Var það ekki gert á svipuðum tíma eða runnu þeir ekki inn í FBA sáluga?

Síðan er fjallað um að sl. vor hafi samgrh. skipað vinnuhóp til að fara yfir stöðu Ferðamálasjóðs og gera tillögu til ráðstafana varðandi framtíð hans. Jafnframt er fjallað um að það sé vegna þess að sú staða hafi verið komin upp í fjármálum sjóðsins að eiginfjárhlutfall uppfyllti ekki skilyrði laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Síðan segir hér áfram, með leyfi forseta:

„Með bréfi, 26. júlí 2002, veitti viðskiptaráðherra Ferðamálasjóði sex mánaða frest, til 25. janúar 2003, til að koma eiginfjárhlutfalli sjóðsins í lögmætt horf. Fresturinn var veittur að tillögu Fjármálaeftirlitsins. [...] Í frumvarpinu er m.a. gert ráð fyrir því að Ferðamálasjóður verði undanþeginn lögunum, þ.e. að hann verði ekki skilgreindur sem fjármálafyrirtæki."

Er þar ekki komin ástæða fyrir því að ekki þarf að gera þetta sem hér er verið að leggja til ef svo má að orði komast? Með því er ég ekki endilega að segja að það sé arfavitlaust að leggja niður Ferðamálasjóð. Ég á sæti í hv. samgn. þar sem þetta mál kemur til umfjöllunar og verður auðvitað rætt þar frekar en ég leyfi mér að efast um að þetta sé skynsamlegt en þó ekki vegna þess að ég telji að Ferðamálasjóður sé ekki mjög stöndugur.

En það vildi ég segja hér og nú, herra forseti, að ég tel ákaflega mikilvægt að það sé til sjóður, annaðhvort sérstakur sjóður eins og hér er eða sértækur sjóður hjá Byggðastofnun til að lána til ferðamála, sérstaklega á landsbyggðinni. Ég er ekki viss um merkingu þessa því að annars staðar í athugasemdum með þessu frv. segir: „Að öðru leyti er gert ráð fyrir fyrirgreiðslu fjármálastofnana." Það er verið að tala um uppbyggingu á landsbyggðinni. Ég leyfi mér að efast um það, svona miðað við ýmislegt annað sem við þekkjum frá hinum nýríku og nýeinkavæddu fjármálastofnunum, að þessar fjármálastofnanir muni lána fé á þokkalegum vöxtum til uppbyggingar ferðaþjónustu á landsbyggðinni, hvort sem það eru hótelbyggingar eða annað. Miðað við það hvernig þessar fjármálastofnanir haga sér gagnvart íbúum landsbyggðarinnar, bara hvað varðar íbúðarhúsnæði eða lán til annarrar atvinnustarfsemi, leyfi ég mér að efast um að fjármálastofnanir muni koma inn í þetta verkefni.

Ég segi þetta, herra forseti, og það sem ég segi hér til að leggja áherslu á að ég mun að sjálfsögðu fara yfir þetta atriði á fundum með nefndinni. Hvort sem það er sjálfstæður Ferðamálasjóður eða sjóður innan Byggðastofnunar verður eitthvað að vera þar til með peninga á lægri vöxtum en gengur og gerist (**ÍGP:** Það er hlutverk fjármálastofnana.) sem eru notaðir til þess að veita í uppbyggingu í ferðaþjónustu á landsbyggðinni eða með því að fjármálastofnunum eða þessum sjóði beri ekki að taka eins ofboðsleg veð fyrir eins og þar kemur fram.

Mér heyrðist í frammíkalli að það væri verkefni fjármálastofnana. Það kann vel að vera að menn líti svo á að svo sé, og auðvitað á það að vera þannig, en ég hygg að hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason hafi heyrt hvað ég sagði, hvernig ýmsar fjármálastofnanir koma fram við atvinnurekstur á landsbyggðinni (**Gripið fram í:** Atvinnurekendur.) eða einstaklinga, þar sem þeir neita að lána vegna þess að veðin eru ekki nógu trygg. Og heldur hv. þm. að það verði eitthvað öðruvísi gagnvart lánum fjármálastofnana til atvinnuuppbyggingar í ferðaþjónustu á landsbyggðinni? Ætli þau muni ekki fljótlega koma fram og segja: „Veðin eru ekki nógu góð og við getum ekki lánað ykkur."? Ég hygg að svo verði. (**Gripið fram í:** ... er svona?) Þetta er nákvæmlega svona. Ég tek það skýrt fram, herra forseti, að ég hef ekki haft tækifæri til að skoða reikninga Ferðamálasjóðs, hvorki eignir hans né skuldir, og veit ekki hvernig staða hans er. Það liggur hins vegar ljóst fyrir, hygg ég, að Ferðamálasjóður hefur ekki haft miklar tekjur eða framlög frá ríkissjóði eða öðrum til þess að lána í þessa ört vaxandi atvinnugrein sem við erum að tala um og menn eru stundum að skreyta sig með að sé mikilvægur vaxtarbroddur í atvinnulífi landsmanna og uppbyggingu ferðaþjónustu og atvinnustarfsemi á landsbyggðinni, gott ef ekki er fjallað í þessari svokölluðu byggðaáætlun sem taldi tuttugu og eina eða tvær línur mjög fallega um uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni. En ég hygg að það sé reynsla allra þingmanna í landsbyggðarkjördæmum að rekstraraðilar í þessari grein á landsbyggðinni kvarta mjög yfir lánastofnunum hvað þetta varðar.

Þess vegna vildi ég segja hér og nú, herra forseti, að það getur vel verið að það sé eðlilegt að leggja Ferðamálasjóð sem slíkan niður en þá verður meira fé að koma inn í Byggðastofnun, gera meiri kröfur og jafnvel breytingar á lögum Byggðastofnunar þannig að þessu verkefni verði sinnt á þann hátt að hægt sé að nota Byggðastofnun til að lána fé, jafnvel á lægri vöxtum eða með minni veðkröfum, til uppbyggingar á ferðaþjónustu á landsbyggðinni.

Ég hygg að fjármálastofnanir muni áfram vera fúsar til að lána fé til þess að byggja upp hótel og enn fleiri hótel eða að byggja ofan á hótel til að auka hótelrými á höfuðborgarsvæðinu. Ég hygg að veðhæfni þeirra bygginga muni vera það góð að fjármálastofnanir muni lána til þess. En gagnvart landsbyggðinni er það allt öðruvísi.

Og hér kemur fram í frv.: „Verkefnin verði annars vegar fjármögnuð með styrkjum af hálfu ferðamálayfirvalda og hins vegar með lánum frá Byggðastofnun." Mig langar að spyrja hæstv. samgrh.: Hvaða styrkir af hálfu ferðamálayfirvalda eiga að koma inn til Byggðastofnunar til þess að lána í þennan þátt? Hvaða styrkir eru það? Og hvaða styrkir af hálfu ferðamálayfirvalda hafa verið lagðir inn í þetta á umliðnum árum?

Herra forseti. Það er eitt atriði hér í viðbót sem er um umsögnina sem fjmrn. gerir. Þar er gert ráð fyrir að eignir og skuldir sjóðsins verði yfirteknar af ríkissjóði. Kannski eru þetta eintómar skuldir, ég veit það ekki, en ég vildi spyrja um fjárhagslega stöðu sjóðsins, spyrja hæstv. ráðherra hvort hann geti gefið okkur innsýn í fjárhagslega stöðu sjóðsins eins og hún er nú. Hvers vegna var þetta þá ekki flutt yfir til Byggðastofnunar? Reynist e.t.v. tilgáta mín rétt, að þetta séu eintómar skuldir og það sé þá ekki gott tannfé að láta það fylgja með til Byggðastofnunar þegar þetta verður gert?

Ég leyfi mér mjög að efast um, herra forseti, að lög um Byggðastofnun kveði nógu afdráttarlaust á um það að verði Byggðastofnun fengið það hlutverk að yfirtaka Ferðamálasjóð og lána fé til uppbyggingar ferðaþjónustu á landsbyggðinni þurfi að skilgreina lög Byggðastofnunar töluvert öðruvísi og betur og það þurfi að fara betur yfir þau lög Byggðastofnunar sem hér er vitnað í, bæði 4. tölul. 4. gr. og 10. gr., og styrkja stoðir Byggðastofnunar til að taka að sér þetta hlutverk.

[15:00]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem í ræðustól fyrst og fremst vegna þess að hv. 3. þm. Norðurl. v. var að gera mér upp skoðanir. Ég er sannfærður um að það vantar þolinmótt fé inn í atvinnurekstur á Íslandi, tala nú ekki um þegar kemur að ferðaþjónustunni. Það er alveg ljóst að Byggðastofnun hefur í gegnum tíðina lánað mjög mikið til ferðaþjónustu á Íslandi og er það vel. Þess vegna finnst mér mjög eðlilegt að Ferðamálasjóður falli inn í starfsemi Byggðastofnunar. Ég tel það af hinu góða.

Ég kom hingað fyrst og fremst til að segja að þau orð sem hv. þm. beindi til mín voru beinlínis uppspuni og mér finnst engin ástæða til að sitja undir þeim. Ég þekki það mjög vel í gegnum ferðaþjónustu vítt og breitt um landið, t.d. í mínu kjördæmi á Suðurlandi, að Byggðastofnun hefur einmitt lánað mjög mörgum ferðaþjónustuaðilum. Ég veit líka til þess að mjög margir ferðaþjónustuaðilar hafa kvartað undan Ferðamálasjóði. Ég held því að þessi tillaga sem hér er til umræðu, sú sem hæstv. samgrh. flutti hér og kynnti, sé af hinu góða.

[15:02]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki var það tilgangur minn með því að svara frammíkalli áðan að gera hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni upp skoðanir. Ég harma það ef svo hefur verið en ég held að það hafi ekki verið. Það er hins vegar rétt að þegar kallað er fram í þarf stundum að bregðast við því, sama hvort það er sagt í gamansömum tón eða alvöru.

Úr því að hv. þm. er farinn að ræða um stöðu Byggðastofnunar sem hann telur vera vel í stakk búna — ég vildi frekar spyrja út í það hvort hann telji Byggðastofnun vel í stakk búna til að auka fé og lána það í ferðaþjónustu á landsbyggðinni, sérstaklega eins og staða Byggðastofnunar er í dag. Okkur berast upplýsingar um að þar séu allir sjóðir tómir, allt lánsfé búið og ekki sé hægt að lána neitt vegna þess að peningar þeir sem Byggðastofnun hefur með að fara til að veita lán til atvinnurekstrar á landsbyggðinni, annaðhvort til skuldbreytinga eða lagfæringa eftir slæm ár í atvinnurekstri, séu uppurnir. Ég spyr bara hvort hv. þm. telji Byggðastofnun í dag það vel í stakk búna að hún geti tekið þetta að sér í auknum mæli.

[15:03]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vill þannig til að rekstrarárið er liðið og það tekur nýtt ár við, 2003, þannig að ég er viss um að það verður kappkostað að Byggðastofnun geti staðið við þau fyrirheit okkar um að styrkja og lána til ferðaþjónustu, eins og hún hefur gert fram til þessa.

Það kom fram í máli mínu að ég er sannfærður um að það vantar þolinmótt fjármagn í ferðaþjónustu á Íslandi. Það er gríðarlega mikil uppbygging í henni og menn eiga gjarnan í vandræðum með að standa í skilum hvað þetta varðar. Uppbyggingin hefur verið mjög hröð og, eins og ég sagði í fyrra andsvari mínu, held ég að það sé full ástæða til að fella

starfsemi Ferðamálasjóðs inn í Byggðastofnun. Ég er þess fullviss að það verður kappkostað að styrkja þennan þátt í starfsemi Byggðastofnunar.

[15:04]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem hv. þm. segir, rekstrarárið er að verða liðið. Það er 12. desember í dag og þess vegna lítið eftir af rekstrarárinu.

Herra forseti. Lán frá Byggðasjóði hafa ekki verið mörg á umliðnum mánuðum og ég hygg að sjóðir Byggðastofnunar hafi verið tómir í ansi marga mánuði, ekki bara nú undir lok ársins.

Í öðru lagi vil ég taka undir það sem hv. þm. segir um að það þurfi þolinmótt fé í ferðaþjónustu. Þá vildi ég spyrja hv. þingmann hvort hann eigi við — og sé sammála því — að þetta þolinmóða fé þurfi annaðhvort að vera þannig að það geri ekki eins miklar kröfur til veðhæfni eigna vegna lána eða hvort það eigi að vera með lægri vöxtum?

[15:05]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla örstutt að fjalla um þetta frv. til laga um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994.

Ég tek að mörgu leyti undir, og þarf svo sem ekki að lengja mál mitt mikið, þær bollaleggingar sem hv. þm. Kristján Möller var með áðan um þetta frv. Við hljótum að hafa áhyggjur af framhaldinu, sérstaklega vegna stöðu ferðamála og fjármögnunar ferðamálafyrirtækja á landsbyggðinni. Hér er lagt til að Ferðamálasjóður verði lagður niður og mér finnast mjög óljósar bollaleggingar um það hver eigi að taka við af honum.

Það er öllum kunnugt um það sem vinna í greininni, og raunar öllum úti á landsbyggðinni, að nú á dögum er mjög erfitt að fá fjármagn til þess að byggja upp úti á landi. Bankarnir hafa einfaldlega ekki áhuga á því að fjárfest sé úti á landi og þess vegna er mönnum þar mjög óhægt um vik. Þá kemur að því hver ferðamálastefna okkar í þessu landi er og hvernig við ætlum að byggja upp ferðamálaþjónustuna sem núna er næststærsta atvinnugrein okkar. Þetta er mikið mál. Við horfum fram á mikla aukningu og það er alveg augljóst að ferðamálastefnan mun ekki byggja á því að taka á móti öllum ferðamönnum á suðvesturhorninu. Það er algjört lykilatriði að við getum notað þetta stóra land. Danir fóru t.d. í þá vinnu fyrir 35 árum að útvíkka og stækka Danmörku, áður komu menn bara til Kaupmannahafnar eins og kunnugt er, og verkefnið var að stækka landið með kynningu á því öllu og freista þess að hafa meiri tekjur út úr ferðamálunum. Þeim tókst það.

Vinna okkar í ferðamálunum núna til framtíðar er einmitt þessi, þ.e. að byggja upp úti um landið, koma upp sterku neti þjónustufyrirtækja í ferðaþjónustu þannig að landið allt sé undir og afraksturinn geti orðið sem mestur.

Ég held að hæstv. ferðamálaráðherra, hæstv. samgrh., verði að skýra það örlítið betur út fyrir þinginu hver sýn hans á uppbyggingu þessa málaflokks er. Í umsögn fjmrn. um frv. kemur glögglega fram að ekki er gert ráð fyrir að veitt verði viðbótarfjármagn vegna þessara verkefna. Það segir ráðuneytið alveg skýrt og því muni frv. ekki hafa kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

Samhliða svona breytingum hljótum við þess vegna að kalla á þær mótvægisaðgerðir sem hæstv. ráðherra hefur hugsað sér að grípa til. Hvað á að leysa Ferðamálasjóð af? Fyrir mér er Ferðamálasjóður ekkert heilagt fyrirbæri og það getur vel verið skynsamlegt að leggja hann niður en einhver önnur tól verður að nota til að ná þeim markmiðum sem við ætlum að ná varðandi uppbyggingu ferðaþjónustunnar úti um allt land.

Það má ekki henda okkur, þegar við gerum okkur glögga grein fyrir því hvert stefnir, að lenda í vandræðum með greinina. Í iðnn. var bara um daginn komið með frv. um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins sem eru baktryggingar ríkissjóðs til þess að hægt sé að stunda hér skipasmíðar. Bankarnir eru ekki í stakk búnir til eða vilja ekki veita þessi lán. Bankarnir, eftir því sem manni er sagt, vilja ekki veita lán til ferðaþjónustunnar úti á landi.

Ef menn vita til hvers svona hlutir leiða, af hverju er þá ekki jöfnum höndum komið inn með einhverja aðra lausn? Hún gæti komið, eins og nefnt hefur verið hér, í gegnum Byggðastofnun sem væri með baktryggingasjóð af einhverju tagi. Það getur vel verið að það væri gott fyrirkomulag.

En Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins mun einmitt, þegar það verður samþykkt, gegna því lykilhlutverki að gera atvinnufyrirtækjum til útflutnings kleift að standa í slíkum framkvæmdum. Og þá er skipasmíðaiðnaðurinn þar efstur á blaði.

Ef þetta er rétt sýn á þróun mála verður að kalla eftir prógrammi, aðgerðum, til þess að standa straum af uppbyggingu í þessari grein. Hér erum við ekki að tala um neina smáhluti. Þetta er önnur stærsta atvinnugrein þjóðarinnar. Og við megum ekki við því að setja þessa grein á vonarvöl og vita ekkert hvert við stefnum.

Markaðurinn mun ekki þróa ferðaþjónustu á Íslandi. Það þarf að beita opinberum aðgerðum til þess að stýra henni, til þess að nýta landið til fullnustu. Við þurfum ekki alltaf að finna upp hjólið. Stórar ferðamannaþjóðir lentu í þeim pytti fyrir þrjátíu, fjörutíu árum að vera með einbeitta ferðamannaþjónustu inn á vissa punkta í löndum sínum. Eins og ég nefndi áðan varðandi Danmörku var Kaupmannahöfn þar nánast eini staðurinn um áratuga skeið. Það gafst þeim vel að stækka landið, gera plön um uppbyggingu alls staðar í landinu þannig að net ferðaþjónustufyrirtækja varð til og gaf þeim aukna möguleika og aukið vægi.

Virðulegi forseti. Ég vildi bara koma þessum atriðum inn í umræðuna. Þeir þingmenn sem hér hafa talað hafa kallað eftir framtíðarsýn hæstv. ráðherra varðandi þjónustu við greinina og ég held að það sé algjörlega nauðsynlegt að það liggi hreint og klárt fyrir hvað á að taka við af Ferðamálasjóði og hvernig á að standa að uppbyggingu með nýju fjármagni inn í greinina á öðrum grunni, eins og með deild í Byggðastofnun eða eitthvað þess háttar sem ég get kannski fyrir mitt leyti fallist á að sé athugunar virði.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 15:14]

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 324. mál (sérstakur tekjuskattur, rekstrartap, vextir o.fl.). — Þskj. 659, brtt. 639,2 og 4–8 og 677.

[15:17]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. á þskj. 677 við frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Hér er um að ræða nokkrar efnisbreytingar. Í þessum brtt. er lagt til að teknar verði upp stiglækkandi fyrningar, afskriftir, í stað línulegra fyrninga, á lausafé.

Með stiglækkandi fyrningum eru eignir fyrndar af eftirstöðvum bókfærðs verðs í stað stofnverðs hverju sinni þannig að fjárhæð fyrninga er hæst fyrstu árin og fer síðan lækkandi. Mjög víða innan ríkja OECD eru notaðar stiglækkandi fyrningar eins og hér er verið að leggja til. Almennt virðast ríki sem heimila stiglækkandi fyrningar einnig beita línulegum fyrningum og þá á eignir sem hafa mjög langan líftíma, t.d. mannvirki. En stiglækkandi fyrningar eru frekar notaðar á lausafé eins og hér er raunar verið að leggja til.

Í fyrsta lagi, í samræmi við brtt., er lagt til að heimilaðar verði stiglækkandi fyrningar á lausafé, þar með talið skipum, loftförum, bifreiðum, vélum og tækjum, og það er verið að skilgreina fyrningargrunn þeirra eigna í þessari brtt. Þá er einnig lögð til ný 2. mgr. 35. gr. laganna þar sem síðari málsliðurinn er óþarfur eftir afnám verðbólguleiðréttinga í skattskilum en stofnverð eigna er að öðru leyti ákvarðað í 2. mgr. 10. gr. laganna.

Í annan stað eru í þessari brtt. lagðar til breytingar á fyrningarhlutföllum. Fyrningarhlutföll eigna sem fyrndar verða með stiglækkandi fyrningum eru hækkuð þannig að fyrningartíminn verði því næst hinn sami og áður sem leiðir til þess að uppsafnaðar fyrningar verða fyrstu árin hærri en þær hefðu orðið við línulegar fyrningar, en eins og áður segir þá verður fyrningartíminn óbreyttur þar sem fyrnt er niður í niðurlagsverð. Eftir að fyrningargrunnur í 2. mgr. 35. gr. laganna hefur annars vegar verið skilgreindur fyrir eignir sem fyrndar eru með línulegri fyrningu og hins vegar fyrir eignir sem fyrndar eru með stiglækkandi fyrningu er þörf á að breyta 45. gr. laganna til samræmis.

Þá vil ég geta þess að í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að rekstraraðilum verði einvörðungu heimilt á rekstrarárinu 2003 að nýta rekstrartöp aftur til rekstrarársins 1994 eða í níu ár þannig að tap verði ekki endurvakið með afturvirkum hætti þó svo að verið sé að lengja yfirfærslu tapa úr átta árum í tíu ár.

Að öðru leyti þarfnast þessar brtt. ekki skýringar. Þó vil ég segja, virðulegi forseti, að nauðsynlegt er að menn átti sig á því að í raun þýðir þetta ekki neina breytingu þegar litið er yfir heilt tímabil fyrir ríkissjóð eða þau fyrirtæki sem hér um ræðir. Fyrningin í heild sinni verður vitaskuld hin sama. Breytingin sem þetta felur hins vegar í sér er sú að fyrningarhlutfallið verður, eins og ég rakti hér áðan, með öðrum hætti fyrstu árin. Ef við skoðum þetta í einhverju samhengi þá blasir auðvitað við að þetta hlýtur fremur að koma til góða þeim fyrirtækjum sem eru ný, nýstofnuðum fyrirtækjum, sprotafyrirtækjum sem mjög er talað um hér í þingsölum að þurfi að styðja við með einhverjum hætti. Þessi breyting, sem er eðlileg vegna þess að við afnámum verðbólgureikningsskilin í fyrra, er í sjálfu sér þannig að hún hlýtur að virka ívilnandi fyrir ný fyrirtæki og þá sem eru að hefja atvinnurekstur og fjárfesta þannig í fyrsta sinn í upphafi síns atvinnurekstrar.

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér er ekki þörf á að hafa fleiri orð um þetta. Ég hef útskýrt í hverju þessar breytingar felast. Ég hef vakið athygli á því að heildaráhrifin fyrir ríkissjóð eru engin þegar allt er skoðað. Það er auðvitað ljóst að breytingarnar hafa í för með sér einhver áhrif á einhverju tímabili en þær sléttast út síðar á því tímabili. Þetta eru eru ívilnandi breytingar fyrir ný fyrirtæki, fyrir sprotafyrirtæki. Þess vegna hlýtur að geta tekist um þetta nokkuð bærileg sátt í þinginu.

[15:21]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Staða þessa máls, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, þegar það er nú tekið til 3. umr. er að við 2. umr. voru samþykktar skattalækkanir á fyrirtæki og hátekjufólk, aukin var heimild til fyrningar á rekstrartöpum og lækkun á hátekjuskattinum sem skilar þeim sem eru með 500 þús. kr. í tekjur á mánuði eða liðlega það á næsta ári, um 2.700 kr. á mánuði í skattalækkun og síðan fylgir með lítils háttar hækkun á persónuafslætti upp á 107 kr. á mánuði til viðbótar því sem áður var gert ráð fyrir í fjárlögum til láglaunafólks.

Þetta frv. fjallar að öðru leyti um ýmis atriði sem tengjast skatteftirliti og skattaframkvæmd. Við í 1. minni hluta efh.- og viðskn. fluttum nokkrar brtt. varðandi þau atriði við 2. umr. málsins. Þær voru kallaðar aftur til 3. umr. og eru fluttar hér á nýjan leik og koma þá til atkvæðagreiðslu nú við lokaafgreiðslu þessa máls.

Herra forseti. Brtt. sem voru kallaðar aftur snerta meðferð í stjórnsýslunni að því er varðar að setja reglur um reiknað endurgjald og reglur um hlunnindamat. Hæstv. fjmrh. leggur til í sínu frv. að í stað þess að ríkisskattstjóri setji slíkar reglur þá verði það fjmrh. sem setji slíkar reglur að fengnum tillögum ríkisskattstjóra.

Það er alveg ljóst að verulegur ágreiningur er milli ráðuneytisins og ríkisskattstjóra um þá leið sem hér er verið að leggja til af hálfu stjórnvalda eða hæstv. fjmrh. Mér finnst, herra forseti, töluverð stífni í þessu af hálfu fjmrn. að geta nú ekki sest yfir það að koma með tillögur sem bærileg sátt getur orðið um vegna þess að í grundvallaratriðum er verið að gera breytingu á skattastjórnsýslunni sem gengur í þveröfuga átt við það sem er á hinum Norðurlöndunum.

Við í 1. minni hluta leyfðum okkur að setja fram brtt. sem mætir þeirri gagnrýni sem er uppi af hálfu fjmrh. á framkvæmdina á þessum málum, þ.e. hlunnindamatinu og reiknaða endurgjaldinu af hálfu ríkisskattstjóra, en deilur risu um þetta milli ráðuneytisins og ríkisskattstjóra þegar ríkisskattstjóri setti reglur um þetta reiknaða endurgjald og reglur um hlunnindamatið fyrir — ja, ég man nú ekki fyrir hvað löngum tíma síðan. (**Fjmrh.:** Í janúar.) Í janúar, segir hæstv. fjmrh.

Tillögur okkar sem við héldum að gætu verið til sátta og málamiðlunar og það var nú m.a. ástæða þess að við drógum þær til baka til 3. umr., eru í þá veru að ekki verði breytt þeirri stjórnsýslu sem verið hefur um þetta efni en að ríkisskattstjóri setji áfram árlega, þ.e. við upphaf tekjuárs, reglur um hlunnindamatið og reiknað endurgjald, og að það verði gert þannig að um verði að ræða ákveðnar verklagsreglur sem fjmrh. setur og er þannig kveðið svo á um þetta í þessum

brtt. að nánari ákvæði um meginreglur og viðmiðanir í reglugerð verði settar af ráðherra skv. 119. gr. tekjuskattslaganna þar sem hann hefur heimildir til reglugerðarsetningar. Orðalagið lýtur sem sagt eins að báðum þessum atriðum, bæði hlunnindamatinu og reiknaða endurgjaldinu.

Ég rökstuddi þetta mjög ítarlega þegar við fjölluðum um þetta mál við 2. umr., fór yfir umsögn ríkisskattstjóra og þau rök sem ríkisskattstjóri setur fram í sínu máli og ég tel ástæðulaust að endurtaka það en vísa í umsögn hans og þann rökstuðning sem hann setur fram í þessu máli og við freistum þess nú við 3. umr. að reyna að ná sátt um þetta mál.

Brtt. sem við fluttum líka og var dregin til baka til 3. umr. lýtur að 6. gr. frv. Þar er lagt til að þegar um samsköttuð félög er að ræða skuli skattlagningarstaður þeirra vera í því umdæmi sem móðurfélag hefur aðsetur. Ríkisskattstjóri benti á, og reyndar gerði skattstjórinn í Reykjavík það líka, að ef þetta ætti líka að taka til einkahlutafélaga, þ.e. að þegar um samsköttuð félög er að ræða, skuli skattlagningarstaður þeirra vera í því umdæmi sem móðurfélagið hefur aðsetur, en ef þetta ætti að ná til einkahlutafélaga eða sameignarfélaga þá þyrfti að flytja um það sérstaka brtt. og hana tókum við upp í brtt. okkar. Þegar við fjölluðum um þetta mál í efh.- og viðskn. milli 2. og 3. umr. hélt fjmrn. því fram að óþarfi væri að setja fram slíka brtt. og telur að frv. nái líka til einkahlutafélaga þannig að nú þegar þetta mál er komið til lokaatkvæðagreiðslu eða lokaafgreiðslu í þinginu þá vitum við ekki enn hvor hefur rétt fyrir sér í því efni, ríkisskattstjóri eða fjmrn. Þetta atriði frv. er því nokkru uppnámi. Við teljum nauðsynlegt, alla vega til öryggis af því nauðsynlegt er að þetta nái til einkahlutafélaga líka, að flytja þessa brtt. Það sýnir auðvitað í hnotskurn, herra forseti, þann hraða á afgreiðslu þessa máls að við getum ekki einu sinni fengið botn í það hvort fjmrn. fari með rétt mál í þessu efni eða ríkisskattstjóri.

Við flytjum einnig samkvæmt ábendingu ríkisskattstjóra að okkar viti mjög mikilvægar brtt. sem eru nýjar og við kynntum við 2. umr. þessa máls. Ríkisskattstjóri vakti athygli á því í umsögn sinni sem hann sendi efh.- og viðskn. að rétt væri að breyta skipulagningu á þann veg varðandi skatteftirlit að skatteftirliti ríkisskattstjóra verði fengið það verkefni að hafa eftirlit með stórfyrirtækjum og fjölþjóðasamskiptum og að skatteftirlitið væri mannað í samræmi við það. Við bentum á að slíkt skref hafi þegar verið stigið fyrir löngu á hinum Norðurlöndunum og lögðum til brtt. í þessa veru.

Rökstuðningurinn er augljós í þessu efni. Fjármálastarfsemi og fjármagnsflutningar milli landa eru sífellt að aukast og eignatengsl fyrirtækja og fyrirtækjasamsteypa liggja í mörgum tilvikum í fleiri en einu skattumdæmi. Eignatengslin eru oft margþætt og öll fjármálaumsýsla og bókhaldskerfi í slíkum tilvikum orðin afar umfangsmikil og flókin og ekki á færi t.d. smærri skattstofa að ráða við svo að vel sé að halda uppi nauðsynlegu skatteftirliti. Þessar brtt. okkar tengjast því að taka upp sama fyrirkomulag og er á Norðurlöndum að því er varðar skatteftirlit og skattálagningu á stærri fyrirtæki þar sem eignatengsl eru milli landa eða milli skattumdæma þegar um stórfyrirtæki eða fjölþjóðaaðila er að ræða.

Við vildum auðvitað ræða þetta mál í nefndinni og heyra skoðun fjmrn. á því efni en það eina sem við fengum um það og haft var eftir ráðuneytisstjóranum var að fjmrn. væri jákvætt fyrir því að skoða þetta mál en teldi að eins mætti færa þetta í þann farveg að það yrðu önnur skattumdæmi en ríkisskattstjóraembættið sem hefðu þetta á sinni könnu. Við teljum að þegar um svona stórt mál er að ræða sé eðlilegast og best að hafa það staðsett hjá embætti ríkisskattstjóra en ekki að minni skattumdæmin verði með þetta á sinni könnu. Við flytjum því áfram þessar brtt. við 3. umr. að því er þennan þátt varðar.

Þá hef ég gert grein fyrir þeim brtt. sem við kölluðum aftur og flytjum á nýjan leik núna við 3. umr. málsins og vonum að um það geti náðst bærileg samstaða. Ég nefni það varðandi reiknaða endurgjaldið og hlunnindamatið að ekki er eining milli stjórnarflokkanna að hafa það fyrirkomulag sem fjmrh. setur fram í frv. sínu og er ástæða til að nefna það að formaður þingflokks framsóknarmanna er andsnúinn þeirri breytingu sem fjmrh. leggur til varðandi þessi atriði og gerði fyrirvara við það í nál. meiri hlutans og talaði gegn þeirri breytingu við 2. umr. málsins. Og það er vissulega slæmt, herra forseti, að hv. þm. skuli ekki geta verið viðstaddur þessa umræðu eða atkvæðagreiðslu um málið.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, formaður þingflokks framsóknarmanna, gerði líka fyrirvara við það sem þegar hefur verið afgreitt eða í atkvæðagreiðslu við 2. umr., þ.e. heimild til þess að nýta rekstrartöpin ekki einungis í átta ár heldur í tíu ár, og færði fyrir því mjög sterk rök í framsöguræðu sinni við 2. umr. málsins (**Gripið fram í:** Er það ekki útrætt?) og gerði líka miklar athugasemdir við þá nýju brtt. sem ég ætla að gera að umræðuefni sem allt í einu skaut upp kollinum í efh.- og viðskn. eftir að hæstv. ráðherra hafði við 1. umr. mælt fyrir frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, þ.e. sú brtt. sem hv. þm., frsm. meiri hlutans, mælti hér fyrir áðan, að teknar verði upp stighækkandi fyrningar í stað línulegra fyrninga á lausafé sem hefur þau áhrif að fjárhæð fyrninga er hæst fyrstu árin og fer síðan lækkandi.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst satt að segja til mikils vansa hvernig það mál á að afgreiðast og nú þegar þessi brtt. birtist hér í fyrsta skipti í þingsölunum við 3. umr. málsins, lokaumræðu þess, þá er hún flutt sem brtt. af hálfu meiri hlutans án þess að nokkur einasta greinargerð fylgi. Og þingmenn sem eiga að taka afstöðu til málsins verða að gera það þá án þess að geta ítarlega kynnt sér málið og er það auðvitað til vansa við alla málsmeðferð að svona skuli vera að málum staðið vegna þess að þetta er stór breyting sem hér er á ferðinni.

Ég ætla að taka það fram, herra forseti, að ég er út af fyrir sig ekki á móti þessari breytingu og tel að hún gæti verið til bóta, ég vil ekki útiloka það. En ég er að gagnrýna málsmeðferðina í þinginu á breytingu á svona stórum þætti í skattamálunum sem tengist jú fyrningarmálum og rekstrartöpunum, að þessi háttur sé hafður á varðandi málsmeðferðina í þinginu.

Það gafst sem sagt enginn tími í nefndinni til þess að kanna eins og nauðsynlegt var áhrifin af þessari breytingu á rekstur fyrirtækja og skattgreiðslna og ekki síst skattaleg áhrif á ríkissjóð. Ríkisskattstjóraembættið fékk mjög skammaan tíma til að kanna skattalegu áhrifin af þessari breytingu og hefur alla fyrirvara á í umsögn sinni hvaða skattaleg áhrif þetta hefur. Það sem ríkisskattstjóri setti fram á þeim stutta tíma sem hann hafði til að skoða málið er að þetta hefði þau áhrif að það gæti þýtt á fyrstu árum töluvert skattatap hjá ríkissjóði, þó að það sé út af fyrir sig rétt sem hv. þm. Einar Guðfinnsson nefndi áðan, að þetta mundi jafnast út síðar á tímanum. En fjmrn. áætlaði tekjutapið á árinu 2004

vera 100–150 milljónir og ríkisskattstjóri, ef ég man töluna rétt, nefndi um 118 milljónir.

Ég tel að nær hefði verið að fara þá almennt í heildarendurskoðun á fyrningarmálunum og almennt á rekstrartöpunum frekar en að fara þá leið sem hér er lögð til og hefði talið eðlilegra, herra forseti, að farin hefði verið sú leið að fjmrh. hefði látið fara fram endurskoðun á ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt, um tekju- og gjaldfærslu vegna gengisbreytinga og verðlagsbreytinga lána með það að markmiði að skattstofn tekjuskattsfyrirtækja gæfi sem gleggsta mynd af raunverulegum hagnaði fyrirtækja og hægt hefði verið að ljúka þeirri endurskoðun þannig að þetta tæki gildi á árinu 2004 en ekki sé verið að hraða þessu í gegn hér með þeim hætti sem stjórnarflokkarnir beita sér fyrir.

Maður veltir fyrir sér hvað liggi á. Ef til vill er verið að mæta því að afkoma fyrirtækja hefur verið góð og fyrirsjáanlega mikill hagnaður hjá fyrirtækjum og því hefur einhver talið nauðsynlegt að koma með stiglækkandi fyrningar sem eru hæstar fyrstu árin til þess að þessi hagnaður skilaði sér nú ekki óeðlilega mikið í tekjuskatti ríkissjóðs á næstu árum, en hrein aukning milli áranna 2000 og 2001 á yfirfæranlegu rekstrartapi er um 57 milljarðar kr. Og fróðlegt væri, herra forseti, að fá yfirlit yfir það á síðustu árum hve margir hafa verið að tryggja sér rekstrartöp úr öðrum rekstri með því að leysa til sín illa stödd fyrirtæki einungis í þeim tilgangi að nýta rekstrartöp þeirra til að lækka skattgreiðslur.

En, herra forseti, ég sé ekki ástæðu til að lengja mál mitt. Ég mótmæli þeirri málsmeðferð sem þessi brtt. hefur fengið varðandi fyrningarreglurnar og fyrningargrunninn. Þetta er töluvert stórt mál sem þarna er á ferðinni þegar verið er að gera svona miklar breytingar og hefði þurft að fara í eðlilega málsmeðferð, þ.e. verða tekið til 1., 2. og 3. umr., en ekki sé í fyrsta sinn verið að sýna þetta í þingsal við lokaafgreiðslu málsins eins og hér er gert og ekki með neinni greinargerð með brtt. sem þó hefði verið eðlilegt að gera til að leggja fram áhrifin og afleiðingarnar af þeirri tillögu sem hér er sett fram af hálfu meiri hlutans.

En, herra forseti, ég hef lokið við að gera grein fyrir þeim brtt. sem við sýndum hér við 2. umr. málsins, kölluðum aftur í þeirri von að um þær geti náðst samstaða, sem ég vona nú að muni gerast við atkvæðagreiðslu þessa máls.

[15:39]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Þá erum við komin að lokum þeirrar umræðu um tekjuskattspakka ríkisstjórnarinnar sem felur í sér talsverðar tilfærslur í sköttum og einnig verulegt tekjutap fyrir ríkissjóð. Að mati fjmrn. nemur það tæpum tveimur milljörðum kr.

Menn hafa hér við umræðuna gagnrýnt áherslur ríkisstjórnarinnar, t.d. varðandi atvinnureksturinn, menn hafa gagnrýnt að launatengd gjöld séu hækkuð til að fjármagna lækkun tekjuskatts fyrirtækjanna. Þannig ætla menn að lækkun tekjuskattsprósentunnar feli í sér 1.700 millj. kr. tekjutap fyrir ríkið en það er síðan vegið upp með því að hækka tryggingagjaldið um 0,5%, en menn ætla að það gefi um 1.800 milljónir í ríkissjóð. Þetta er eitt sem hefur verið gagnrýnt við umræðuna og því haldið fram að þessar áherslubreytingar í skattlagningu á atvinnurekstur séu ekki til þess fallnar að stuðla að aukinni atvinnuþátttöku. Og það er alvarlegur hlutur ef fer fram sem horfir að atvinnuleysi vaxi í landinu.

Í októbermánuði voru 1.700 manns á atvinnuleysiskrá umfram það sem var á þeim sama tíma í fyrra. Síðan þær tölur voru birtar hefur atvinnuleysið enn aukist og menn óttast að það stefni í um 3%.

Að öðru leyti hefur komið fram mjög eindregin gagnrýni frá samtökum launafólks, frá félagasamtökum, almannasamtökum, öryrkjum, samtökum eldri borgara, og það er athyglisvert að öll þessi samtök tala einum rómi með fulltrúum stjórnarandstöðunnar á Alþingi. Talsmenn þessara hópa sögðu á fundum með efh.- og viðskn. að um þessar áherslubreytingar og um stefnuna í skattamálum yrði aldrei sátt í þjóðfélaginu, það yrði aldrei sátt í þjóðfélaginu um þá skattstefnu sem ríkisstjórnin fylgir. Þar var vísað til þess að á sama tíma og ríkisstjórnin neitar að koma til móts við tekjulægstu hópana í skattkerfisbreytingum þá er hátekjufólkinu ívilnað. Við atkvæðagreiðslu í gær felldi stjórnarmeirihlutinn tillögur frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði um að fallið yrði frá því að lækka hátekjuskattsþrepið úr 7% í 5%.

Við lögðum einnig til að fallið yrði frá því að hækka skattleysismörk þessara hópa, skattleysismörk hátekjuþrepsins. Það var hækkað um 2,75%, upp í 340 þús. kr. Þetta var gert við atkvæðagreiðslu í lok 2. umr. í gær. Á sama tíma eru skattleysismörk almenns launafólks rétt rúmar 70 þús. kr. Það hefur kostað mikla baráttu að fá ríkisstjórnina til þess að láta þau mörk hreyfast með launaþróun í landinu.

Það eru þær áherslubreytingar sem hafa verið gagnrýndar og ég endurtek að þar hafa talað einum rómi fulltrúar verkalýðshreyfingar, almannasamtaka og stjórnarandstöðu á Alþingi. Og þetta er nokkuð sem ríkisstjórnin ætti að láta sér að kenningu verða.

Annað sem hefur verið gagnrýnt eru ívilnanir til fyrirtækja og felast í því að fjölga þeim árum sem heimilt er að færa tekjutap á milli, og síðan á síðari stigum undir lok umfjöllunar efh.- og viðskn. birtist skyndilega lagabreyting sem kveður á um stiglækkandi fyrningar.

Ég tek undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að við í stjórnarandstöðunni vorum ekki með okkar andstöðu eða efasemdum að gagnrýna þær kerfisbreytingar sem slíkar. Við gagnrýnum hins vegar vinnubrögðin, að brtt. skuli koma inn á síðustu stigum og að þinginu gefist ekki tóm til að fara rækilega í saumana á þeim hugmyndum sem verið er að kynna. Út á það gekk gagnrýni okkar fyrst og fremst.

Ég er sammála þeim brtt. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir talaði fyrir áðan en vil gera sérstaklega að umræðuefni tvær brtt., þ.e. við 4. gr. og við 12. gr. frv. Þar er vísað til reglna sem settar eru um reiknað endurgjald og hins vegar reglur um mat á hlunnindum.

Það kom fram í umræðum í efh.- og viðskn. þingsins að það hafi verið gagnrýnt í þjóðfélaginu hvernig staðið er að þessari reglusmíð sem skattstjóraembættin byggja á. Til að setja það yfir á mannamál er t.d. verið að fjalla um það að fyrirtæki efni til árshátíðar fyrir starfsmenn, bjóði þeim til kvöldverðar, skemmtunar eða út fyrir bæjar- eða borgarmörk ef því er að skipta. Og þetta getur kostað sitt. Þá eru settar reglur sem kveða á um að slíkt skuli talið til hlunninda, launaígildis, og skattlagt. Menn hafa gagnrýnt að með þessu móti sé annars vegar verið að bregða fæti fyrir félagslega viðleitni innan fyrirtækjanna og koma í veg fyrir að stuðlað sé að samveru starfsmanna, jákvæðri viðleitni innan fyrirtækjanna. Hins vegar var bent á að þetta gæti orðið til þess að koma í veg fyrir að fyrirtæki byðu starfsmönnum sínum um langan veg, í aðra landshluta, til árshátíðar eða einhvers

slíks. Og þess vegna yrðu þessar stífu reglur sem telja allar slíkar greiðslur til launa og hlunninda þannig til þess að veikja ferðamannaiðnað á landsbyggðinni. Á þetta var bent í umræðum í efh.- og viðskn.

Í kjölfarið fóru menn að ræða hvernig þessar reglur væru smíðaðar. Eins og ég gat um áðan er það skattstjóraembættið sem smíðar reglurnar. Og menn spyrja: Hvaða úrræði hafa þá þeir sem eru á öðru máli en ríkisskattstjóri og vilja koma gagnrýni sinni fram?

Ein hugmyndin var sú að sett yrði einhvers konar nefnd sem hefði úrskurðarvald. Það finnst mér ekki vera góður kostur nema síður væri vegna þess að á endanum hlýtur hún að byggja á lögum eða reglum og hefur ekki aðrar forsendur en þær sem skattstjórinn hefur. Hin hugmyndin var að þessar ákvarðanir þyrfti að tengja einhverri pólitískri ábyrgð. Ég var sammála því, og ég er sammála því.

Það var þess vegna sem ég var tilbúinn að samþykkja tillögur sem komu frá stjórnarmeirihlutanum sem kváðu á um það að fjmrh. skuli setja reglurnar en að fengnum tillögum frá ríkisskattstjóra. Reyndar hefði mér fundist heppilegasta leiðin vera sú að lögin um þetta yrðu svo skýr að þingið kæmi beint að gerð þessarar reglusmíðar allrar. Það segja menn að sé erfiðleikum háð, þetta þurfi að einhverju leyti að byggja á reglugerðum, en með þessu móti sem sagt fannst mér við vera búin að tengja pólitíska ábyrgð málinu.

Síðan kemur fram ný tillaga sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir talar fyrir. Hún er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Ríkisskattstjóri setur árlega við upphaf tekjuárs reglur um reiknað endurgjald í samræmi við grein þessa og nánari ákvæði um meginreglur og viðmiðanir í reglugerð sem ráðherra setur.“ — Í reglugerð sem ráðherra setur.

Þarna er búið að tengja hina pólitísku ábyrgð reglusmíðinni. Mér finnst þessi tillaga vera mjög góð og mjög í samræmi við vilja manna almennt í efh.- og viðskn. Og nú finnst mér reyna á það að við látum það ekki gerast að vegna þess að tillagan kemur frá stjórnarandstöðunni geti menn ekki samþykkt hana. (**Gripið fram í:** Ha?) Þá geti menn ekki samþykkt hana. Mér finnst að við þurfum að lyfta okkur upp fyrir þetta. Þess vegna, herra forseti, kalla ég eftir málefnalegum rökum gegn þessari brtt. Mér finnst ekki ganga að þegja hana í hel. Við erum að setja lög um hvernig skatteftirliti skuli háttað í landinu og við þurfum að vanda okkur við þá lagasmíð. Ég er að segja og ég leyfi mér að staðhæfa það að þessi brtt. eins og hún kemur hér fram er fullkomlega í samræmi við þann vilja sem fram kom í efh.- og viðskn. í umræðu um málið. Þess vegna á ég óskaplega erfitt með að sætta mig við annað en að málið fái a.m.k. málefnalega umræðu hér.

Herra forseti. Ég hef áður gert grein fyrir afstöðu minni til þessara lagabreytinga og ítreka að ég er sammála þeim brtt. sem fram hafa komið og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir talaði fyrir hér áðan en legg áherslu á að við fáum að heyra röksemdir úr ranni stjórnarmeirihlutans gegn þeim hugmyndum þá sem lagðar hafa verið fyrir þingið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjármálafyrirtæki, 3. umr.

Stjfrv., 215. mál (heildarlög). — Þskj. 660, brtt. 675. [15:53]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég ætlaði að fá að segja örfá orð um þetta mál sem snýr fyrst og fremst að sparisjóðunum og þeim breytingum sem verið er að huga að á sparisjóðum með þessu máli.

Eins og flestir muna var mjög mikil umræða um það hvernig ætti að meðhöndla mál sem komu upp varðandi SPRON í sumar og marga fleiri sparisjóði sem höfðu hugsað sér að breyta rekstri sínum úr sparisjóðaforminu í hlutafélagaform. Það var af mörgum talið, m.a. Sparisjóði Keflavíkur þar sem ég er einn af stofnfjáreigendum, að forsenda fyrir því að sparisjóðirnir gætu fetað sig inn í nútímann og styrkt stöðu sína þannig að þeir yrðu í sömu stöðu og viðskiptabankar yrði að breyta þeim í hlutafélög, það væri nánast um líf eða dauða fyrir þessa stærstu sparisjóði að ræða að hafa þessa möguleika ef þeir ættu að vera boðlegir viðskiptalífinu eins og viðskiptabankar.

Þess vegna var t.d. ákveðið af Sparisjóði Keflavíkur og stofnfjáraðilum þar að fara af stað með hlutafjárvæðingu sparisjóðsins eftir eindregna ósk þar um frá stjórn sparisjóðsins.

Síðan kom upp mál SPRON og öll sú deila sem því fylgdi, og nú sýnist mér að með þeim lögum sem hér er verið að reyna að setja sé bókstaflega verið að eyðileggja þá möguleika að gera sparisjóði að hlutafélögum. Og þá spyr ég: Hver er þá staða sparisjóðanna eftir þetta? Ég hefði, herra forseti, viljað fá viðskrh. hingað inn til þess að hægt væri að spyrja hæstv. ráðherra um nokkur atriði sem varða þetta mál og mér finnst skipta máli.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég hygg að það sé skynsamlegt að fresta ræðunni því að við erum að byrja utandagskrárumræðu klukkan fjögur og ég sé ekki að það sé svigrúm til slíkra orðaskipta nú. Ég býð hv. þingmanni að fresta ræðunni.)

Það er mér að meinalausu, herra forseti.

Umræðu frestað.

Tryggingagjald, 3. umr.

Stjfrv., 181. mál (lækkun gjalds o.fl.). — Þskj. 182.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, 3. umr.

Stjfrv., 322. mál (ýmsar gjaldtökuheimildir). — Þskj. 661, brtt. 676. [15:56]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. sem auk mín flytja hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, Gunnar Birgisson, Ögmundur Jónasson og Jóhann Ársælsson. Hún varðar breytingar sem orðið hafa varðandi aðgangsheimildir að varnarstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Hér er verið að opna á gjaldtöku með sérstökum hætti fyrir aðgangsheimildir að varnarsvæðum

Keflavíkurflugvallar. Það er verið að breyta fyrirkomulagi þessara aðgangsheimilda og það kallar á útgáfu nýrra skírteina sem hefur kostnað í för með sér. Nefndin fór yfir málið með fulltrúum utanrrn., fulltrúum Flugleiða og lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli og niðurstaða hennar var sú að leggja til þær breytingar á frv. um aukatekjur ríkissjóðs eins og gerð er grein fyrir á þskj. 676.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 3. umr.

Stjfrv., 359. mál (gjaldaheimildir). — Þskj. 662.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 3. umr.

Stjfrv., 371. mál (viðurlög, skilaskylda). — Þskj. 417.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 3. umr.

Stjfrv., 372. mál (innheimta, skuldajöfnun o.fl.). — Þskj. 663.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 3. umr.

Stjfrv., 376. mál (tryggingardeild útflutnings). — Þskj. 428.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáröflun til vegagerðar, 3. umr.

Stjfrv., 428. mál (afsláttur af þungaskatti). — Þskj. 554.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningsaðstoð, 3. umr.

Stjfrv., 429. mál (heildarlög). — Þskj. 556.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipamælingar, 3. umr.

Stjfrv., 158. mál (heildarlög). — Þskj. 158.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vitamál, 3. umr.

Stjfrv., 258. mál (vitagjald, sæstrengir). — Þskj. 666.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagamerki, 3. umr.

Stjfrv., 346. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 668.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, 3. umr.

Stjfrv., 354. mál (tölvunarfræðingar o.fl.). — Þskj. 667.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Safnalög, 3. umr.

Stjfrv., 393. mál (safnaráð, verkefni höfuðsafna o.fl.). — Þskj. 669.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Staðan í samningaviðræðum um Kárahnjúkavirkjun.

[16:00]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Saga fyrirhugaðra stóriðjuframkvæmda á Austurlandi er orðin harla viðburðarík og sannast sagna með miklum ólíkindum hvernig málflutningur ráðamanna hefur tekið breytingum frá einum tíma til annars. Fyrirtæki sem þótti einstaklega trúverðugt og traust einn daginn er nú sagt hafa verið hæpinn kostur. Þannig virðast stjórnvöld haga seglum eftir vindi til þess að ná fram þeim ásetningi sínum að virkja við Kárahnjúka hvað sem það kostar. Fyrir þjóðina er hins vegar örlagaríkt að ákvarðanir um slíka risaframkvæmd verði teknar á yfirveguðum forsendum en ekki samkvæmt fyrir fram gefinni niðurstöðu.

Í marsmánuði var opinberlega upplýst að Norsk Hydro væri gengið úr skaftinu og skömmu síðar var tilkynnt að risafyrirtækið Alcoa vildi skoða málið. Að undangengnum könnunarviðræðum komu fulltrúar fyrirtækisins hingað til lands og þann 19. júlí birtust fréttir af fundi iðnrh., forstjóra Landsvirkjunar og fulltrúum Alcoa þar sem undirrituð var viljayfirlýsing um framhald viðræðna og mat á hugsanlegum framkvæmum. Mörgum brá í brún þegar fulltrúi Alcoa á þessum fundi sagði að með yfirlýsingunni væri samningsferlið að komast á lokastig. Mönnum þótti þetta undarlegt í ljósi margítrekaðra yfirlýsinga forstjóra Landsvirkjunar um að það væri ekki fyrr en opnuð hefðu verið tilboð í stóra verkþætti, þau rækilega skoðuð og lagt á þau raunsæismat sem unnt væri að gera sér grein fyrir hver ætla mætti að heildarfjárfestingin yrði og þar af leiðandi samningsforsendur gagnvart Alcoa.

Hæstv. viðskrh. var spurð að því á þessum fundi hvort raforkuverðið skipti ekki sköpum við mat á því hvort um arðbæra framkvæmd væri að ræða og svaraði hún því til að samningar við Norsk Hydro hefðu verið vel á veg komnir og þekktu menn hug hver annars. Ráðherrann klykkti síðan út með því að segja að forstjóri Landsvirkjunar mundi ekki komst upp með að stöðva framkvæmdina.

Um svipað leyti lýsti stjórnarformaður Landsvirkjunar, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, því yfir að raforkusamningarnir mundu ekki koma í veg fyrir framkvæmdina og formaður Framsfl. sagði í ræðustól á Alþingi í fyrradag að ákvörðun hefði þegar verið tekin. Jafnframt segja þessir sömu aðilar, nú síðast viðskrh. í sjónvarpi í gær, að það sé ekki hennar að segja til um arðsemi framkvæmdarinnar, stjórnvöld leggi allt traust sitt á Landsvirkjun. Og Landsvirkjun segir gagnstætt stjórnarformanninum: Við munum þurfa að skoða útboðin rækilega áður en við kveðum upp úr með afstöðu okkar. Er nema von að menn spyrji hvað snúi upp og hvað niður á þessu öllu saman?

Fyrir ári síðan voru valdir fimm fyrirtækjahópar til að gera tilboð í jarðgöng og að reisa stíflu. Af þessum fyrirtækjum varð eitt gjaldþrota og flest hinna skandinavísku stórfyrirtækja sem valin voru ákváðu að hætta þátttöku vegna áhættu eða vegna umhverfissjónarmiða. Við þessar fréttir er í tvígang ákveðið að lengja útboðsfrest, fyrst frá miðjum nóvember til 29. nóvember og síðan til 6. desember. En viti menn. Um leið og tilkynnt er að opna eigi tilboðin 6. desember er skýrt frá því í fjölmiðlum að fulltrúar Alcoa séu væntanlegir til landsins til þess að undirrita uppkast að samningi um orkusölu frá væntanlegri stórvirkjun eystra, sú undirskrift þýði að ekki verði til baka snúið. Takið eftir, að ekki verði til baka snúið. Þetta var staðhæft í fjölmiðlum. Hvað líður þá yfirlýsingum Landsvirkjunar um að nú þurfi að skoða tilboðin í þaula og yfirlýsingum ráðherra einn daginn um að það sé Landsvirkjunar að sýna fram á arðsemi og svo hinn daginn að allt sé klappað og klárt? Eru ríkisstjórnin og forsvarsmenn Landsvirkjunar algerlega búin að tapa áttum? Og hvers konar samningatækni er það að skýra frá því í fjölmiðlum áður en útboð eru opnuð hvað áætlað sé að framkvæmdir kosti?

Herra forseti. Aðkoma ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar að þessum samningum er fullkomlega ótrúverðug. Ég ætla að freista þess að spyrja hæstv. viðskrh. hvað standi til að undirrita með fulltrúum Alcoa á morgun. Getur ráðherrann staðfest fréttir um að eftir þessa undirskrift verði vart aftur snúið? Er það ekki mótsagnakennt að lýsa því yfir áður en útboð eru opnuð að eftir fáeina daga verði skrifað undir samninga sem séu nánast bindandi og staðhæfa síðan á Alþingi, eins og hæstv. utanrrh. gerði, að ákvörðun hafi þegar verið tekin?

[16:05]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Fyrir það fyrsta er ekki um það að ræða að verið sé að semja um Kárahnjúkavirkjun eins og yfirskrift umræðunnar ber með sér. Alþingi hefur lokið umfjöllun um virkjunina og samþykkt leyfi til Landsvirkjunar um framkvæmdina með 44 atkvæðum gegn 9. Hins vegar er mér ljúft að greina frá stöðu samningaviðræðna við Alcoa um byggingu álvers í Reyðarfirði.

Á næstu dögum verða samningar milli stjórnvalda, Landsvirkjunar og Alcoa áritaðir. Mikilvægt er að gera grein fyrir gildi áritunar. Ekki er um eiginlega undirskrift að ræða og því ekki skuldbindandi fyrir aðila máls. Samninganefndir ljúka þá störfum sínum og afhenda fullkláraða samninga til stjórnar Landsvirkjunar og Alcoa til afgreiðslu, og ráðuneytisins svo að hægt sé að leggja málið fyrir Alþingi. Samningar verða ekki undirritaðir fyrr en eftir áramót.

Þegar samningstexti liggur fyrir þarf að afla heimildar Alþingis, samþykkis sveitarstjórnar Fjarðabyggðar, stjórna Alcoa, Landsvirkjunar og hafnarsjóðs Fjarðabyggðar. Þá þarf niðurstaða Skipulagsstofnunar um matsskyldu að liggja fyrir auk niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA. Samningar þeir sem snúa að ríkinu verða ekki undirritaðir fyrr en allt þetta liggur fyrir. Ég vona að áritun samninga geti farið fram á næstu dögum og að málið verði lagt fyrir Alþingi á fyrstu dögum þings eftir jólahlé.

Ég vil nota þetta tækifæri til að ræða aðeins um nokkur atriði sem ofarlega hafa verið í umræðunni síðustu daga. Fram hefur komið krafa um að viðræðum við Alcoa verði frestað þar til niðurstaða dómstóla liggi fyrir í máli andstæðinga virkjunar og varðar úrskurð umhvrh. um Kárahnjúkavirkjun. Þetta dómsmál er ekki nýtt, og áður hefur svipuðu máli frá sömu aðilum verið vísað frá dómi. Aðalkrafa þessara aðila í fyrra dómsmálinu sem þeir vísuðu alla leið til Hæstaréttar var sú að úrskurður umhvrh. yrði felldur úr gildi og ráðherra gert að staðfesta úrskurð Skipulagsstofnunar. Þessari kröfu var vísað frá dómi þar sem þessir aðilar höfðu ekki lögvarða hagsmuni af því að efnisdómur gengi um kröfuna.

Það er auðvitað hægt að leggja málið aftur og aftur fyrir dóm en það er ekki hægt að ætlast til að samningaviðræður leggist af við það. Þetta er enn ein tilraun andstæðinga til að hafa áhrif á málið.

Þegar andstæðingar virkjunar reikna út tap af framkvæmdum er það tilgangurinn sem helgar meðalið. Þeir leggja fyrir þær forsendur að Landsvirkjun beri að gera mun meiri kröfur til ávöxtunar eigin fjár og vaxtakostnaðar en Landsvirkjun sjálf telur rétt, og eigendur hennar einnig. Þannig ber fjármögnunin það háa vexti að andstæðingar geti reiknað út tap af framkvæmdinni. Þetta er alveg út í hött. Það sem er mikilvægt er að virkjunin mun standa undir sér og áætlað er að hún skili eigendum 14% raunarði eigin fjár sem teldist gott hjá hvaða orkufyrirtæki sem er. En það er ekki bara í hagnaðarskyni fyrir Landsvirkjun sem virkjunin er byggð. Hún er líka byggð til að laða að erlenda fjárfestingu, skapa hagvöxt og skapa störf, skapa ríkissjóði tekjur af álveri til að standa undir velferðarkerfinu. Svokölluð náttúruverndarsamtök hafa valdið vonbrigðum, sérstaklega framganga aðila í nafni norðurheimsskautsráðs World Wildlife Fund. Þessir aðilar hafa ítrekað orðið uppvísir að villandi upplýsingum í erlendum fjölmiðlum.

Árni Finnsson, starfsmaður sjóðsins á Íslandi, birti til að mynda grein í erlendu tímariti þar sem var mynd af Dettifossi, myndin tekin af Guðmundi Páli Ólafssyni, og sagt að Dettifoss yrði eyðilagður með Kárahnjúkavirkjun. Orðrétt segir í myndatexta með myndinni, með leyfi forseta:

„Dettifoss er í Jökulsá á Fjöllum og er stærsti foss í Evrópu. Þessi foss er einn af um 100 fossum sem verða virkjaðir fyrir Noral-álverkefnið."

Þarna er einfaldlega vísvitandi farið með rangt mál og ég er ekki hissa þótt útlendingum sem þekkja ekki til þyki mikil verðmæti í húfi miðað við þær upplýsingar sem þeim berast. Þetta eru baráttuaðferðir íslenskra umhverfisverndarsinna. Svona bera þeir sig upp við erlend fyrirtæki og samtök. Ég get ekki annað en gagnrýnt slík vinnubrögð jafnvel þótt vísindamenn taki þátt í þeim. (**ÖJ:** Er ekki rétt að reyna að svara einhverjum spurningum?)

[16:10]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Þegar heimildarlög vegna virkjunar við Kárahnjúka voru afgreidd sl. vor var sú ákvörðun studd af stórum meiri hluta þingmanna Samfylkingarinnar. Sá stuðningur var þó með ákveðnum fyrirvörum og mér finnst rétt, herra forseti, að nota þetta tækifæri og rifja þá upp.

Í fyrsta lagi studdum við framkvæmdina í trausti þess að áætlanir um arðsemi stæðust og að gripið yrði til viðeigandi ráðstafana til að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu. Enn liggja arðsemisútreikningar ekki fyrir enda samningsgerð ekki lokið. Fyrirvarar okkur lutu auk þess að verndun lands norðan Vatnajökuls þannig að í kjölfar virkjunar við Kárahnjúka yrði ekki ráðist í frekari framkvæmdir sem skaðað gætu dýrmætar náttúruperlur norðan jökuls.

Þá kom skýrt fram í umfjöllun okkar um málið hve mikilvægt það er að Alþingi móti heildstæða auðlindastefnu. Á henni bólar ekki. Þó liggur í dag margboðað frv. til nýrra raforkulaga loks á borðum alþingismanna og það hljóta að vera tíðindi.

Herra forseti. Við töldum auk þess að taka þyrfti lögin um mat á umhverfisáhrifum til endurskoðunar með tilliti til þess hvernig fara skuli með kæru til ráðherra vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar. Leikreglurnar þurfa að vera skýrar, þá eru minni líkur á kærum og klúðri.

Herra forseti. Kárahnjúkavirkjun og álver við Reyðarfjörð eru ekki í höfn. Ef samningar takast reynir líka á ríkisstjórnina að lenda málinu í sem mestri sátt við sem flesta. Það er ekki einfalt verkefni eins og mál hafa þróast, og mér sýnist ríkisstjórnin ekki leggja sig sérstaklega fram þessa síðustu daga.

[16:12]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er ánægjulegt til þess að vita að svo vel gengur með samningaviðræður vegna fyrirhugaðs álvers við Reyðarfjörð. Lengi hafa verið áform um nýtingu fallvatna á Austurlandi til atvinnusköpunar. Það verður að segjast eins og er að nú þætti okkur Austfirðingum óskaplega gott að sjá fyrir endann á samningaviðræðunum og að hægt yrði fyrir alvöru að hefjast handa við framkvæmdir.

Þær undirbúningsframkvæmdir sem búnar eru eða eru nú í gangi hafa þó sýnt mikinn þunga og mikla alvöru stjórnvalda og Landsvirkjunar við að ná settum markmiðum. Fullyrðingar um ótrúverðugleika hjá hv. málshefjanda eru fullkomlega fráleitar. Ég er ekki í nokkrum vafa um að Landsvirkjun mun semja um raforkuverð með þeim hætti að arðsemi verði góð af virkjuninni. Við gerum okkur grein fyrir að um gífurlega flókna samningagerð er að ræða.

Landsvirkjun hefur sýnt að fyrirtækið hefur alltaf staðist þá raun að ná þeim samningum að arðsemi verði góð. Þetta er að sönnu stór og mikil framkvæmd en hún mun einnig hafa mikil og góð áhrif á þjóðarhag til skemmri og lengri tíma. Atvinnusköpunin skiptir gífurlega miklu máli. Allt umhverfið í íslensku efnahagslífi er nú með besta móti til þess að takast á við svo stórt verkefni.

Við skulum ekki heldur gleyma því að hin góða lánshæfiseinkunn sem góð efnahagsstjórn undanfarinna ára hefur aflað okkur kemur Landsvirkjun einnig til góða. Landsvirkjun hefur reyndar einnig hlotið bestu lánshæfiseinkunn eins og íslenska ríkið. Það skiptir máli að hægt sé að hefjast handa sem fyrst og það væru ánægjuleg tíðindi ef verktakar gætu byrjað nú í mars.

Hæstv. forseti. Hér er um byggðamál að ræða. Framkvæmdir fyrir austan munu hafa áhrif um allt land. Allir þeir sem hafa áhuga á fólki, hæstv. forseti, ég segi fólki og lífskjörum þess, hljóta að fagna ef samningar nást í þessari lotu.

[16:14]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að vísa á bug ummælum hæstv. iðnrh. sem hún lét falla áðan um myndbirtingu með grein eftir Árna Finnsson. Þetta er tveggja ára gömul myndbirting sem margoft er búið að leiðrétta og biðja velvirðingar á mistökunum. Svona er fullkomlega ómaklegt af hæstv. iðnrh. að láta, fullkomlega ómaklegt, en lýsir auðvitað innréttingu hennar og engu öðru, herra forseti.

Það verður að segjast eins og er að hæstv. iðnrh. hefur ekki svarað spurningum sem lagðar voru fyrir hana áðan af málshefjanda, hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Ég hef frekari spurningar fyrir hæstv. iðnrh. sem eðlilegt er að hún svari. Ég spyr: Með hvaða rétti er Landsvirkjun að sprengja við Fremri-Kárahnjúk núna? Með hvaða leyfi eru verktakar Landsvirkjunar að eyðileggja alla vegi á svæðinu með þungaflutningum sem eru algerlega út í hött fyrir íslenska hálendisvegi? Hver er aðkoma Náttúruverndar ríkisins að þessum framkvæmdum? Hefur hún eitthvert eftirlit með þeim náttúruverðmætum sem verið er að eyðileggja eða er hún bara múlbundin, kefluð einhvers staðar ofan í skúffu? Á bara að valta yfir allar skuldbindingar okkar gagnvart náttúruverndarlögum og á að valta yfir álit Náttúruverndar

ríkisins varðandi friðland í Kringilsárrana? Hvernig ætlar hæstv. iðnrh. svo að verja þetta gríðarlega rask þegar Alcoa ákveður að hætta við álversbyggingu? Og hvað á þessi vandræðalega samningsundirritun á næstu dögum að fyrirstilla? Hvað varð um vikurnar tvær, a.m.k., sem forstjóri Landsvirkjunar sagði 6. desember að þyrfti til að komast til botns í tilboðunum áður en ákveðið yrði hvort farið yrði í þessar framkvæmdir eða ekki? Er búið að lesa smáa letrið í þessum tilboðum? Hvað kom út úr því? Og hvernig skýrir hæstv. iðnrh. það misræmi sem er í tilboðunum? Hvernig getur staðið á því að eitt fyrirtæki býður 46 milljarða í tiltekna þætti verksins á meðan annað býður 24,5? Er ekki full þörf á að skoða þetta misræmi ofan í kjölinn og hvenær á að gera það? Og veit ráðherrann ekki að allar framkvæmdir sem vitað er um í nágrannalöndum okkar sem hafa innifalið meiri háttar jarðgöng hafa farið langt, langt, langt fram úr öllum kostnaðaráætlunum?

[16:16]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Að gefnu tilefni er rétt að taka fram að það var ekki hæstv. iðnrh. sem stóð fyrir umræddri myndbirtingu af Dettifossi og viðeigandi myndatexta. Það voru aðrir sem stóðu að því.

Herra forseti. Á sínum tíma urðu harðar deilur um svokallaða Eyjabakkavirkjun. Meginþungi þeirra gagnrýnisradda snerist um að verkið skyldi fara í lögformlegt umhverfismat. Jafnframt var margbent á að virkjun við Kárahnjúka væri hagkvæmari, náttúrulegri og skynsamlegri. Málið fór einfaldlega í þann farveg. Þess vegna eru Kárahnjúkar hér til umræðu núna. Unnið hefur verið eftir eðlilegu ferli íslenskra laga samkvæmt ákvörðun yfirgnæfandi meiri hluta hér á Alþingi. Engin framkvæmd á Íslandi hefur hlotið jafnítarlegan undirbúning.

Vitanlega eru skiptar skoðanir um verkið. Kjarni málsins er að undirbúningur allur er samkvæmt lögum en hörðustu andstæðingar halda baráttu sinni áfram. Við því er ekkert að segja og það er eðlilegt nema í þeim tilvikum þegar gripið er til hreinna rangfærslna á vafasömum forsendum. Orð eins og „sökkva miðhálendinu", „misþyrming", „óarðbær virkjun" og þar fram eftir götunum dæma sig sjálf.

Herra forseti. Nú, þegar spáð er vaxandi atvinnuleysi og þörf á erlendum fjárfestingum í hagkerfi okkar er það ábyrgðarleysi að bregðast ekki við. Ákvörðun um Reyðarál liggur ekki fyrir og ekki verður af framkvæmdum nema samningar náist um arðbæra virkjun, arðbæra álverksmiðju, hagstæða fyrir alla. Til allrar hamingju er margt sem bendir til þess að svo muni verða enda hefur Landsvirkjun hingað til ekki staðið í óarðbærum fjárfestingum. Þá mun íslenskt atvinnulíf njóta góðs af, íslenskt efnahagslíf, og þar með lagður grunnur að áframhaldandi uppbyggingu íslenska velferðarkerfisins þar sem hin vistvæna íslenska orka er í aðalhlutverki.

[16:19]

Jóhann Ársælsson:

Herra forseti. Kárahnjúkavirkjun er orðin eitt mesta átakamál síðari ára. Þó er mikill stuðningur við málið á hv. Alþingi. Á Austurvelli hefur á þessu hausti verið haldið annað þing umhverfisverndarsinna sem ég ber fulla virðingu fyrir, og skoðunum þeirra. Ég tel hins vegar að það séu engin efni til þess að fresta þessu máli af þeim ástæðum að menn standi í málaferlum. Það mundi einfaldlega hafa það í för með sér að hægt væri að taka mál af þessu tagi í gíslingu.

Ég hef þá skoðun að hér séu ekki á ferðinni meiri umhverfisspjöll en við höfum séð áður, og ef menn skoða Þjórsár-/Tungnaársvæðið og bera það saman við fyrirætlanir við Kárahnjúka sjá þeir að þar eru á ferðinni miklu minni umhverfisspjöll miðað við þá raforku sem verið er að framleiða.

Mig langar til að bera fram spurningu til hæstv. iðnrh. Undanfarna daga hefur það borið við öðru hverju að rætt hefur verið við forráðamenn Reykjavíkurborgar og þar er komin upp í umræðuna gömul hugmynd um að Reykjavíkurborg selji hlut sinn í Landsvirkjun. Er það svo að Reykjavíkurborg geri kröfu um það í tengslum við umfjöllun um þetta mál að tekin verði ákvörðun í þessu máli? Ég spyr að því. Og ég spyr að því hvað hæstv. ráðherra átti við með því að leggja málið, þ.e. Kárahnjúkamálið, fyrir Alþingi. Hvað er það sem á eftir að fjalla um á hv. Alþingi varðandi þetta mál? Ég veit ekki betur en að búið sé að samþykkja hér virkjun og það er búið að samþykkja ferlið sem álverið fór í gegnum. Hvað er það sem á að leggja fyrir hv. Alþingi?

[16:21]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Alþingi samþykkti fyrr á þessu ári með 44 atkvæðum gegn 9 að heimila Landsvirkjun að ráðast í Kárahnjúkavirkjun. Það er því fagnaðarefni sem fram kom í ræðu hæstv. iðnrh., að samningar milli stjórnvalda, Landsvirkjunar og Alcoa verða áritaðir á næstu dögum.

Hæstv. ráðherra gerði einnig grein fyrir því ferli sem þá tekur við en ástæða er til að vera bjartsýnn á að Kárahnjúkavirkjun og álver í Reyðarfirði verði að veruleika og í raun hefur undirbúningur gengið betur en ég þorði að vona þegar Alþingi samþykkti lög um virkjunina sl. vetur.

Andstæðingar þessara framkvæmda hafa reynt að gera framkvæmdina tortryggilega með ýmsum hætti. Nú er það samningagerðin, áður að Landsvirkjun mundi tapa milljörðum og aftur milljörðum á Kárahnjúkavirkjun. Það gengur þvert á útreikninga Landsvirkjunarmanna, og minna má á að í samræmi við 11. gr. orkulaga kynnti Orkustofnun sér útreikninga Landsvirkjunar á kostnaði við ráðgerða virkjun og rekstraráætlun hennar. Í umsögn Orkustofnunar segir m.a., með leyfi forseta:

„Öllum slíkum verkefnum fylgir áhætta. Því er mikilvægt að aðferðfræði við hagkvæmnismatið taki tillit til áhættuþátta og hugsanlegra breytinga á forsendum um leið og mat sé lagt á líkindi allra breytinga. Af þessum sökum hefur Orkustofnun kynnt sér sérstaklega hvernig Landsvirkjun stendur að verki í þeim efnum. Stofnunin telur aðferðafræðina vandaða og ítarlega og því séu allar forsendur fyrir hendi til þess að niðurstaða Landsvirkjunar um það hvort í verkefnið skuli ráðist byggi á traustum grunni og þar með að sú ákvörðun verði í fullu samræmi við tilvitnað lagaákvæði."

Enn ein aðferðin við að gera verkefnið tortryggilegt er að birta myndir af náttúruperlum sem verði eyðilagðar með þessum framkvæmdum en koma þessum framkvæmdum í raun ekkert við. Hæstv. ráðherra nefndi dæmi um slíkan málflutning í ræðu sinni. Svipuðum aðferðum beita svokallaðir náttúruverndarsinnar varðandi fyrirhugaða framkvæmd við Norðlingaöldu þar sem ég og fleiri sem bent hafa á að sáralítið gróið land fari þar undir vatn eru sakaðir um að vilja eyðileggja Þjórsárver, hvorki meira né minna. Þetta er auðvitað ómerkilegur málflutningur, og engum málstað til framdráttar að beita slíkum blekkingum.

Það er mjög mikilvægt að af þessum stórframkvæmdum verði á Austurlandi. Það mun auka útflutning Íslendinga um nokkra tugi milljarða á ári og stórauka hagvöxt. Það mun einnig gjörbreyta lífsskilyrðum á Austurlandi en þar hefur fólki fækkað jafnt og þétt á undanförnum árum. Það er því ástæða til að fagna því hvað undirbúningur þessara stórframkvæmda gengur vel.

[16:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það var svo sem eftir öðru að hæstv. ráðherra notaði svo til allan ræðutíma sinn hér til afar ómaklegra árása á fjarstadda einstaklinga sem ekki geta svarað fyrir sig. Hæstv. ráðherra og reyndar fleiri hv. þm. nota orðbragð eins og „svokallaðir náttúruverndarsinnar", „svokölluð náttúruverndarsamtök". Í reynd er þessi herferð Framsfl. gegn umhverfisverndarfólki og vísindamönnum og vísindasamfélaginu orðin afar athyglisverð. Það er ekki hægt að kalla þetta annað en herferð, sérstaka herferð Framsfl., þar sem verið er að reyna að reyta æruna af nafngreindum vísindamönnum og baráttufólki fyrir umhverfisvernd. Og það leggst lítið fyrir slíka kappa sem ekki hafa skárri málstað og skárri rök fyrir afstöðu sinni en ætla má af þessari framgöngu.

Yfirlýsingar ráðherra og ríkisstjórnar í þessu máli eru mjög mótsagnakenndar og ótrúverðugar. Einu sinni var lofað úr þessum ræðustóli að aldrei yrði ráðist í neinar framkvæmdir fyrr en allir samningar lægju fyrir og væru uppi á borðinu og hefðu verið kynntir Alþingi. Annað lítur nú dagsins ljós. Ýmist er sagt að það sé búið að ákveða að ráðast í þessar framkvæmdir eða það er sagt að ekkert verði ákveðið fyrr en allt hafi verið undirritað og metið í ljósi þess. Mergurinn málsins er hins vegar sá að vart verður við ört vaxandi efasemdir úti í atvinnu- og viðskiptalífinu um þessa risafjárfestingu með tilheyrandi áhættu. Atvinnulífið og sérstaklega útflutningsgreinarnar eru að átta sig á því að hækkandi vextir, styrking á gengi krónunnar og versnandi starfsskilyrði hins almenna atvinnulífs verða gríðarlegur fórnarkostnaður sem óskyldir aðilar munu þurfa að bera verði ráðist í þessa framkvæmd. Og það skyldi nú ekki vera að óróleiki hæstvirtra ráðherra stafi af því að þau finna að það er að fjara undan stuðningi við þetta mál, og þess vegna séu þau á góðri leið með að falla á tíma með að berja þetta í gegn.

[16:26]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ræða hv. þm. Ögmundar Jónassonar minnti um margt á ekkifréttatíma Hauks Haukssonar þar sem fullyrðingar, klisjur (**Gripið fram í:** Þú ert alveg eins og hann.) og þess háttar er tekið úr samhengi, og það var nákvæmlega það sem hv. þm. gerði. Það hefur margoft komið fram að ekki verður ráðist í virkjunarframkvæmdir nema þær standi undir sér og arðsemi virkjunarinnar liggi fyrir. Það er alveg ljóst. Það hefur margoft komið fram úr þessum ræðustóli og annars staðar.

Hér er vissulega um gríðarlegar framkvæmdir að ræða og við erum í raun og veru að færa ákveðnar náttúrufórnir. Ég er alveg sammála mönnum um að við erum að færa þarna ákveðnar fórnir. (**Gripið fram í:** Ert þú ...?) En þessar fórnir eiga líka eftir að hafa gríðarleg áhrif á hagkerfi Íslendinga. Það hafa kannski ekki alveg allir vinstri grænir gert sér grein fyrir því.

Það kom líka fram áðan að þessar framkvæmdir eiga eftir að hafa gríðarleg áhrif á mannlíf og atvinnustarfsemi á Austurlandi. Það er eins og ágætir félagar okkar í Vinstri grænum geri sér ekki grein fyrir því.

Hver er þá atvinnustefna þessara félaga okkar í Vinstri grænum? Hún er eitthvað á þessa leið: Við þurfum að gera eitthvað annað. (**SJS:** Hvað með fjallagrösin?) Það er nákvæmlega það sem ég er farinn að trúa, að hv. þm. sem gapir hér og galar fram í sé farinn að trúa því að við getum lifað á fjallagrösum og hundasúrum. (**Gripið fram í:** Já.) (**Gripið fram í:** Vei.) (**Gripið fram í:** Hann er hundasúrumaður.)

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil vekja athygli hv. þingmanna á því að ræðutími hvers þingmanns er tvær mínútur og veitir ekki af þannig að ég bið þingmenn, þó að gaman sé að frammíköllum, að stilla þeim í hóf.)

[16:28]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við höfum fengið sýnishorn af málefnalegri aðkomu Framsfl. að þessu máli. Hæstv. ráðherra segir að ekki sé verið að semja um Kárahnjúkavirkjun. Hæstv. ráðherra segir að undirskriftin með Alcoa á morgun sé ekki skuldbindandi. Jafnframt er staðhæft að eftir að menn hafi sett stafi sína undir drögin verði vart aftur snúið og hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. staðhæfði hér á þingi að málið væri klappað og klárt. Allt ber að sama brunni. Það skal virkja hvað sem það kostar. Hversu mikið glapræði sem það er, þá skal virkja.

Við höfum náttúrlega reynslu af undirskriftum. Hver man ekki eftir Keilisnesi? Var ekki alltaf verið að undirrita þar við dúkað borð og kertaljós? Það mál gufaði hins vegar upp vegna þess að það stóðst ekki á endanum.

Herra forseti. Það er með ólíkindum hve mótsagnakenndur og misvísandi málflutningur ríkisstjórnarinnar og forsvarsmanna Landsvirkjunar er. Einn daginn á að grandskoða allar forsendur og samningstilboð og hinn daginn er staðhæft að allt sé klappað og klárt. Það stendur ekki steinn yfir steini hvað varðar aðkomu fulltrúa þjóðarinnar að málinu. Og hvers konar samningamenn eru hér á ferðinni? Hvernig er haldið á hagsmunamálum okkar? Hvað hinar efnahagslegu forsendur snertir hefur aldrei tekist að fá hæstv. iðnrh., eða þess vegna nokkurn fulltrúa ríkisstjórnarinnar, til að ræða þær þrátt fyrir ítarlegar tilraunir á Alþingi og á opinberum vettvangi. Þegar að hæstv. ráðherra er sótt hvað þetta varðar er ábyrgðinni vísað yfir á Landsvirkjun. Þegar annað hentar er sagt að Landsvirkjun skuli halda sig á mottunni. Og ég ætla að vitna í ummæli hæstv. ráðherra frá 19. júlí í Morgunblaðinu, með leyfi forseta: „Friðrik kemst því ekki upp með að stoppa málið." Með öðrum orðum, herra forseti, það skal virkja hvað sem það kostar og hversu vitlaust sem það er.

[16:30]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Fyrst út af orðum hv. þingmanns sem hann hafði eftir mér frá blaðamannafundi í júlí. Það var reyndar þannig að ég sagði þetta í léttum dúr. (**ÖJ:** Var að gera grín bara?) Ég geri það stundum að slá á létta strengi vegna þess að ég hef gaman af lífinu og (**ÖJ:** Það er verið að vitna í hæstv. ráðherra.) gaman af því líka að fjalla um mál á léttu nótunum. Þarna sló ég á létta strengi en ég veit að hv. þm. hefur ekki skilning á því.

Þessi umræða er nokkuð hefðbundin og fátt nýtt sem kemur fram. Ég held því fram að það hafi gengið ótrúlega vel að undirbúa þetta mál og vinna að því. Ég tel reyndar með ólíkindum að við skulum standa frammi fyrir því núna

að vera væntanlega að ná því í höfn eftir svo skamman tíma með Alcoa. Útlit er þó fyrir, eins og hér hefur komið fram, að svo sé en hins vegar er rétt að hafa þann fyrirvara á að ekki hefur endanlega verið skrifað undir samninga. Ég fór yfir það í máli mínu áðan.

Það er talað um að þetta sé mesta átakamál síðustu ára. Ég er ekki sannfærð um að svo sé. Mér finnst að þetta mál hafi gífurlega mikinn stuðning. Ég verð vör við það í ráðuneyti mínu. Ég fæ mikil viðbrögð og mikinn stuðning utan úr þjóðfélaginu.

Hv. þm. Steingrímur Sigfússon talar um að hann telji að atvinnulífið styðji þetta ekki lengur og ekki viðskiptalífið. En Samtök atvinnulífsins styðja samt málið, ASÍ styður það og svo mætti lengi telja. Þó að vissulega séu uppi raddir sem eru nokkuð háværar og þess efnis að beita sér gegn málinu er það í raun skiljanlegt þegar um svo stóra framkvæmd er að ræða, að ekki ríki um hana algjör samstaða. Ég ætlast ekki til þess. Ég ætlast hins vegar til þess að menn fari með rétt mál og setji ekki fram falsaðar upplýsingar. Það á við bæði á Íslandi og gagnvart erlendum aðilum. (**ÖJ:** Það á við um ráðherrann sjálfan.)

Forseti (Halldór Blöndal):

Hv. 10. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

[16:33]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Í tilefni af orðum formanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, sé ég tilefni til að koma upp, bera af mér sakir og mótmæla þeim málflutningi hans að Framsfl. standi í herferð gegn umhverfissinnum, náttúruverndarsinnum og vísindamönnum. Ég mótmæli þeim málflutningi enda hljóta upphrópanir af slíkum toga að dæma sig sjálfar.

Framsfl. hefur í gegnum tíðina átt afskaplega góð samskipti við fjölmarga vísindamenn, umhverfissinna og náttúruverndarsinna og innan hans raða eru menn úr þeim hópum. Þá er rétt að benda á að að því verki sem hér er til umræðu, Kárahnjúkavirkjun, hafa fjölmargir vísindamenn komið og starfa enn að. Hvaða orð einstaklingar hafa látið falla um vísindamenn, um umhverfissinna og náttúruverndarsinna er á þeirra eigin ábyrgð eins og hv. þm. hlýtur að skilja og virða. Það er á ábyrgð einstaklinga en ekki flokka. Hér ríkir skoðanafrelsi.

Þegar hv. þm. Vinstri grænna koma hins vegar með dylgjur og upphrópanir, eins og stundum gerist og formaður flokksins gerði sig sekan um, en þær hraktar, vantar ekki viðbrögðin. Þá stendur ekki á þeim með framm íköllum og málflutningi eins og þeir hafa nú gert sig seka um úr ræðustól.

Forseti (Halldór Blöndal):

Hv. 3. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir.

[16:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að það sé ekki verr við hæfi að ég fái orðið undir þessum lið frekar en hv. þm. Hjálmar Árnason, sem ég nafngreindi alls ekki og vék ekki að neinum beinum orðum í máli mínu. Hv. þm. sá sig engu að síður knúinn til að bera af sér sakir eða bera af Framsfl. sakir. Hann holdgervir væntanlega Framsfl. í sjálfum sér og biður um orðið sem slíkur í þessu tilviki.

Ég stend við það sem ég sagði. Ég get vitnað til dæma þar um, bæði úr þessari umræðu og úr orðaskiptum, t.d. hæstv. iðnrh. hér í þinginu fyrir nokkrum dögum. Hæstv. ráðherra hóf í raun leikinn og gaf út veiðileyfi á tiltekinn hóp vísindamanna með því að gera því skóna að þeir ættu í erfiðleikum með að halda aðgreindum vísindastörfum sínum og pólitískum skoðunum. Þessu má fletta upp í þingtíðindunum. Áðan notaði hæstv. ráðherra sömuleiðis meiri hluta ræðutíma síns til þess að ráðast að nafngreindum einstaklingum utan þings sem eru í forsvari fyrir náttúruverndarsamtök. Hún reyndi að falsa gögn í því sambandi. Hæstv. ráðherra dró upp meira en tveggja ára gamalt blaðaviðtal og lét líta út fyrir að það hefði verið birt nýlega í tengslum við þetta mál og þá stöðu sem uppi er í málinu núna.

Er þetta annað en herferð, herra forseti, gegn vísindamönnum og vísindasamfélaginu svo að ekki sé talað um umhverfisverndarsinna og náttúruverndarsamtök? Það liggur fyrir hvað þingmenn Framsfl. og framsóknarmenn utan veggja þingsins, þó að þeir hafi reyndar átt hér dvöl eins og Jóhannes Geir Sigurgeirsson, formaður stjórnar Landsvirkjunar, sem var í Framsfl. síðast þegar ég vissi, standa fyrir. Þjóðin hefur verið áhorfandi að þessu undanfarna daga og það hlýtur að mega ræða það á þinginu, herra forseti.

[16:36]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég hlýt að geta þess að mér finnst fyrra tilefnið til að bera af sér sakir mjög hæpið og óhjákvæmilegt að gefa hv. 3. þm. Norðurl. e. færi til að svara. Nú hefur hv. 3. þm. Vesturl., Jóhann Ársælsson, kvatt sér hljóðs um fundarstjórn forseta.

[16:37]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir þessi umræða dálítið undarleg. Ég verð að spyrja hæstv. forseta: Er það þannig að maður geti óskað eftir því að fara í ræðustól undir þeim lið að bera af sér sakir ef einhver flokkur sem maður er í eða hefur verið í er atyrtur með einhverjum hætti? Hversu langt nær það? Nær það yfir alla flokka sem menn hafa verið í eða munu verða í?

[16:37]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég hlýt að ítreka það sem ég sagði. Mér finnast tilefnin til að bera af sér sakir hafa verið alllítil. Hér hafa farið fram stjórnmálaumræður og ætlunin var ekki að framlengja utandagskrárumræðu um Kárahnjúkavirkjun til klukkan fimm.

Hæstv. iðn.- og viðskrh. hefur kvatt sér hljóðs til að bera af sér sakir og forseti væntir þess að ræða hennar gefi ekki tilefni til þess að aðrir þurfi þá að bera af sér sakir líkt og gert var í upphafi.

[16:38]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það sem ég geri athugasemd við og tel ósanngjarnt í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar var að hann sagði að ég hefði fyrir nokkrum dögum gefið veiðileyfi á vísindamenn. Það sem ég sagði fyrir einhverjum dögum var að ég velti því upp hvort ekki væri hugsanlegt að þær pólitísku skoðanir vísindamanna sem hefðu opinberlega gefið til kynna að þeir væru andstæðinga einhverra framkvæmda gætu haft áhrif á vísindastörf þeirra. Ég spurði hvort það væri ekki hugsanlegt. (**ÖJ:** En fylgismenn?) Þessu hefur hv. þm. snúið við þannig að það verður eins og ég hafi fullyrt það. Þessu vildi ég koma á framfæri og bera þetta af mér.

Hv. þm. líður greinilega illa yfir þessari grein sem ég vitnaði til en hún er frá því í nóvember 2001. Hún er ekki eldri en það.

[16:39]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ef ég man rétt talaði hv. þm. um veiðileyfi á vísindamenn í ræðu sinni við utandagskrárumræðu. Er það rétt munað? (**Iðnrh.:** Gerði það núna áðan.) (**SJS:** Líka í andsvari.) Já, tvívegis sem sagt. Það var fullkomið tækifæri til að svara þeirri athugasemd í síðari ræðu hæstv. ráðherra í umræðu utan dagskrár.

Ég vil segja það sem ég sagði áðan, að það er ekki ætlast til að ákvæði þingskapa um að bera af sér sakir séu notað til að halda áfram almennum stjórnmálaumræðum.

[16:40]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Út af þessari athugasemd, hæstv. forseti, sem hér kom fram af þinni hálfu ...

(**Forseti** (HBl): Það á að segja hæstv. forseti en ekki segja þú við forseta.)

Það sem kom fram í máli hæstv. forseta, þegar hann gerði athugasemd við að ég skyldi hafa kvatt mér hljóðs til að bera af mér sakir, er ekki rétt, þ.e. að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi talað um veiðileyfi á vísindamenn í ræðu sinni áðan. Það var fyrst þegar hann kvaddi sér hljóðs til þess að bera af sér sakir.

[16:41]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég ítreka það sem ég sagði. Ég tel að menn verði að hafa ærið tilefni til að kveðja sér hljóðs í þingsölum til þess að bera af sér sakir.

Veiðieftirlitsgjald, 1. umr.

Frv. sjútvn., 437. mál (greiðsluskylda). — Þskj. 596.

[16:43]

Frsm. sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 33 frá 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

Frv. til laga um breytingu á lögum um veiðieftirlitsgjald var lagt fram á yfirstandandi þingi og afgreiddi sjútvn. einungis þær gjaldtökuhækkanir sem frv. gerði ráð fyrir en felldi út úr frv. með brtt. þá grein sem varðaði rýmkaða greiðsluskyldu útgerða við veiðieftirlit. Nú flytjum við frv. nokkuð breytt þar sem ekki vannst tími til að ljúka vinnu við brtt. fyrir lok nóvember en nauðsynlegt var að afgreiða málið að öðru leyti fyrir þann tíma.

Með þessu frv. leggur nefndin til þá breytingu á lögunum að ekki aðeins útgerðir skipa sem fullvinna botnfiskafla um borð greiði fyrir eftirlit um borð í skipum sínum, heldur taki greiðsluskyldan einnig til útgerða skipa sem vinna uppsjávarfisk og skipa sem vinna fisk um borð á einhvern hátt þótt ekki sé um fullvinnslu að ræða. Fullvinnsla hefur verið skilgreind þannig að hún sé vinnsla þegar flökun eða flatning er þáttur í vinnslunni. Í þessu sambandi skal þess getið að lagt hefur verið fram frv. um breytingu á lögum um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum sem gerir ráð fyrir að gildissvið laganna verði rýmkað á sambærilegan hátt. Erfitt er að meta hvort þessi rýmkaða greiðsluskylda útgerða vinnsluskipa auki tekjur Fiskistofu. Það fer m.a. eftir því hvernig mannafla stofnunarinnar er ráðstafað um borð í skipunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 244. mál (flutningur aflaheimilda milli ára). — Þskj. 248, nál. 594.

[16:45]

Frsm. sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 frá 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Álitið er á þskj. 594.

Með frumvarpinu er lagt til að ráðherra verði heimilt að samþykkja að ónýttar aflaheimildir vegna tilrauna til áframeldis á þorski verði færðar milli fiskveiðiáranna 2001–2002 og 2002–2003. Þá er einnig lagt til að þær 500 lestir af óslægðum botnfiski sem ráðherra hafði til ráðstöfunar á fiskveiðiárinu 2001–2002 til stuðnings byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi eins og segir í lögunum skuli bætast við þær aflaheimildir sem ráðherra hefur til ráðstöfunar í sama tilgangi á fiskveiðiárinu 2002–2003.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir þetta rita auk formanns og frsm., hv. þm. Árni Ragnar Árnason, Guðjón A. Kristjánsson með fyrirvara, Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Jóhann Ársælsson með fyrirvara og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir með fyrirvara.

[16:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er verið að leggja til að færa heimild af síðasta fiskveiðiári til að nýta af núverandi fiskveiðiári svokallaða potta, þ.e. í þessu tilfelli pott sem ákveðið er að verði til stuðnings byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarúvegi. Út af fyrir sig er ekki neitt sérstakt við það að athuga þó menn færi þær 500 lestir yfir til þess fiskveiðiárs sem nú er að líða úr því þær voru ekki notaðar á síðasta fiskveiðiári eins og lög stóðu til. Ég vil hins vegar vekja athygli á því, herra forseti, að þegar við tölum almennt um aðgerðir til stuðnings byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi, þá lít ég svo á að þær breytingar sem við höfum verið að gera á fiskveiðilöggjöfinni á undanförnum árum, m.a. með kvótasetningunni á smábátana, sé tilbúinn vandi og í raun og veru sé verið að styðja þau byggðarlög sem hafa lent í vanda vegna þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir. Með því að fara þá leið að kvótasetja aflann í smábátakerfinu, þ.e. þær tegundir sem áður voru utan kvóta t.d. eins og ýsa, ufsi og steinbítur og fleiri tegundir, til viðbótar við það sem sæmileg sátt var orðin um að kvóti væri á þorski og í svokölluðu þorskaflahámarkskerfi og breyta því kerfi í það sem síðan hefur verið nefnt krókaaflahlutdeildarkerfi.

Ekki er hægt að ljúka þessari umræðu, herra forseti, án þess að menn fari nokkrum orðum um þá stefnumótun og þær framkvæmdir að þau manngerðu vandamál sem búin hafa verið til með þessari lagasetningu séu leyst með pottum, sem

síðan eins og í þessu tilfelli tókst ekki að nota á síðasta ári og eru svo færðir yfir á þetta fiskveiðiár og gera það að verkum að nú eru 2.000 lestir ætlaðar til sérstakrar úthlutunar til að taka á vandamálum sem búin voru til.

Út af fyrir sig er ekki hægt að leggjast gegn því að þær aflaheimildir sem settar hafa verið í þessa potta séu nýttar, því þær laga eitthvað þann vanda sem búinn hefur verið til. Það breytir hins vegar ekki þeirri pólitísku stefnu núverandi ríkisstjórnar að færa þetta mál allt í þann farveg að kvótasetja hverja einustu fisktegund inn á hvaða stærðir fiskiskipa sem er og síðan önnur þau atriði sem gerð hafa verið í þessu sambandi. Gerðar hafa t.d. verið þær ráðstafanir að stækka megi skipin í smábátakerfinu. Núna er heimilt að fara með þau upp í 15 lestir og út af fyrir sig gátu verið rök fyrir því að fara þá leið.

Ég óttast hins vegar, herra forseti, að m.a. sú aðgerð og síðan alveg sérstaklega sú aðgerð að hafa farið með smábátaflotann inn í kvótastýrt fiskveiðikerfi, með framseljanlegum heimildum, með óheftu leiguframsali að öðru leyti en því að það er eins og almenna reglan um 50 prósentin, þá verði það til þess í framtíðinni að þessi kerfi, fiskveiðikerfi, ef svo illa skyldi vilja til að núverandi ríkisstjórn héldi velli eftir næstu kosningar, sem ég vona svo sannarlega að verði ekki og það verði gæfa þjóðarinnar að ...

(**Forseti** (HBl): Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni.)

Já, herra forseti.

(**Forseti** (HBl): Má ég biðja hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni um hríð. Honum verður gefið orðið síðar í kvöld. Þakka fyrir það. Þessu máli er frestað um hríð.)

Umræðu frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, 3. umr.

Stjfrv., 355. mál (elli- og makalífeyrir). — Þskj. 392, brtt. 680.

[16:52]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. til laga um breyting á lögum nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna, sem ég flyt. Þetta er hreint tæknilegt atriði.

Þannig er að í frv. eru ekki gerð lagaskil varðandi þá sem þegar eru komnir á lífeyri, sem ætti að vera í bráðabirgðaákvæði. Að vísu stendur í greinargerð með 2. gr. að þeir makalífeyrisþegar sem þegar hafa fengið úrskurðaðan lífeyri skuli halda honum, en það vantar að taka tillit til þeirra sem eiga eftir að sækja um og þeirra sem búnir eru að sækja um, en ekki búnir að fá úrskurð.

Þessi brtt. tekur á þeim vanda þeirra maka og hugsanlega ellilífeyrisþega hjá Lífeyrissjóði sjómanna sem lenda á milli laga og gætir hagsmuna þeirra sem eru búnir að uppfylla skilyrði fyrir töku lífeyris en eru ekki búnir að sækja um af einhverjum ástæðum eða ekki búnir að fá úrskurðað um lífeyri.

[16:53]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma fram að ég tel að sú brtt. sem hv. þm. Pétur Blöndal, 10. þm. Reykv., hefur flutt sé mjög til bóta. Ég hef kynnt mér málið og hef m.a. aflað mér upplýsinga um það og á þeim grundvelli tel ég að það væri málinu til styrktar að brtt. verði samþykkt. Hún felur ekki í sér efnisbreytingu. Þau atriði sem hv. þm. vekur athygli á með þessari brtt. eru í raun og veru nefnd í athugasemdum með frv. en ég tel við nánari athugun að skynsamlegt sé að kveða nánar á um það í lögunum.

[16:54]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Varðandi þessa brtt. hv. þm. Péturs Blöndal þá held ég að hún sé til bóta. Hún skýrir rétt fólks sem áður hefur hafið töku lífeyris og þó getið sé um það í greinargerð að þannig hafi staðið til að framkvæma þetta, þá er rétt að gera þarna skýr lagaskil og ég held að það sé ekki meira um það að segja. Þetta er til bóta.

[16:55]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég kem hér aðeins upp til að lýsa stuðningi við þessa brtt. og gera grein fyrir þeirri sögulegu staðreynd að þetta mun vera í fyrsta skipti sem ég og hv. þm. Pétur H. Blöndal erum sammála um lífeyrismál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Birting laga og stjórnvaldaerinda, 2. umr.

Stjfrv., 352. mál (Lögbirtingablaðið). — Þskj. 389, nál. 657.

[16:56]

Frsm. allshn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943. Þetta er nál. frá allshn. en ég tók þátt í störfum allshn. í forföllum.

Frumvarpið er afrakstur vinnu nefndar sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði 22. september 2000 til að gera tillögur um framtíðarskipulag á birtingu laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Vinna nefndarinnar leiddi til þess að frá 1. febrúar sl. hefur Lögbirtingablaðið verið aðgengilegt á netinu á slóðinni www.lagabirting.is samhliða hinni prentuðu útgáfu. Samkvæmt greinargerð sem fylgir frumvarpinu hefur reynslan af útgáfu Lögbirtingablaðsins á netinu verið góð og með henni hefur aðgangur almennings að settum réttarheimildum á netinu batnað til muna. Þá er talið að endurgjaldslaus birting blaðsins á netinu geri það mun aðgengilegra en verið hefur þar sem tæplega 77% landsmanna hafa aðgang að tölvu með nettengingu, samanber niðurstöður rannsóknar frá 2001. Með þessu mun jafnframt sparast umtalsvert fé og útgáfan verða einfaldari og skilvirkari.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Þar sem frumvarpið felur í sér ákveðinn kostnaðarauka fyrir þá sem ekki hafa aðgang að upplýsingum í rafrænu formi leggur nefndin áherslu á að hugað verði að aðgangi almennings að Lögbirtingablaðinu, m.a. í rafrænu formi, á bókasöfnum landsins með vísan til 1. gr. laga nr. 36/1997, um almenningsbókasöfn. Í þeim lögum kemur m.a. fram að hlutverk bókasafna sé að veita fólki greiðan aðgang að upplýsingum á tölvutæku formi.

Katrín Fjeldsted og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ögmundur Jónasson áheyrnarfulltrúi var samþykkur afgreiðslu málsins.

Undir nál. skrifa Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Kjartan Ólafsson, Sigríður Ingvarsdóttir, Pétur H. Blöndal, Hjálmar Árnason og Guðjón A. Kristjánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Frv. allshn., 436. mál. — Þskj. 593.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XV. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 394. mál (aðstoð til menntunar, ríkisaðstoð til fyrirtækja). — Þskj. 455, nál. 626.

[16:58]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2002, um breytingu á XV. viðauka (ríkisaðstoð) við EES-samninginn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á XV. viðauka (ríkisaðstoð) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn þrjár reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001, um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar, (EB) nr. 69/2001 frá 12. janúar 2001, um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart lágmarksaðstoð, og (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001, um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Reglugerðirnar fela í sér svokallaðar hópundanþágur frá almennum ákvæðum EES-samningsins um óheimila ríkisaðstoð.

Að mati félagsmálaráðuneytis er talið að innleiðing reglugerða nr. 69/2001 og 70/2001 kalli ekki á lagabreytingar hér á landi. Þá taldi ráðuneytið hugsanlegt að innleiðing ákvæða reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 kallaði á lagabreytingar en á fundi utanríkismálanefndar kom fram hjá fulltrúum utanríkisráðuneytis og fjármálaráðuneytis að við nánari skoðun málsins hefði komið í ljós að lagabreytinga þyrfti ekki við. Þetta hefur nú verið staðfest með bréfi fjármálaráðuneytisins til utanríkismálanefndar þar sem fram kemur m.a. að það sé sameiginlegur skilningur fjármála- og félagsmálaráðuneytis að lagabreytinga þurfi ekki við.

Utanrmn. leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 395. mál (lögmenn). — Þskj. 456, nál. 627.

[17:01]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2002, um breytingu á VII. viðauka (gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES- samninginn frá utanrmn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á VII. viðauka (gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/5/EB frá 16. febrúar 1998, um að auðvelda lögmönnum að starfa til frambúðar í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu starfsmenntun sína og hæfi.

Tilgangur tilskipunarinnar er að gera lögmönnum kleift að starfa í öðru aðildarríki en þar sem þeir fengu starfsréttindi sín, undir starfsheiti heimalands síns og einnig að auðvelda þeim að fá starfsheiti gistiríkisins. Með innleiðingu tilskipunarinnar er íslenskum lögmönnum gert auðveldara að starfa sem lögmenn í öðrum EES-ríkjum og á sama hátt er erlendum lögmönnum gert auðveldara að starfa hér á landi. Að mati dóms- og kirkjumrn. kallar innleiðing tilskipunarinnar á breytingar á lögum nr. 77/1998, um lögmenn, en frv. þess efnis hefur enn ekki verið lagt fyrir Alþingi.

Utanrmn. leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Singapúr, síðari umr.

Stjtill., 400. mál. — Þskj. 491, nál. 628.

[17:04]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Singapúr frá utanrmn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Singapúr sem undirritaður var á Egilsstöðum 26. júní 2002.

Samningur þessi er fyrsti fríverslunarsamningur sem gerður er milli Evrópuríkja og ríkis í Austur-Asíu og er víðtækasti fríverslunarsamningur sem EFTA-ríkin hafa gert til þessa enda nær gildissvið hans auk vöruviðskipta til þjónustuviðskipta, fjárfestinga, opinberra innkaupa, samkeppnismála og hugverkaréttinda.

Utanrmn. leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 414. mál (viðmiðun lífeyris). — Þskj. 523, nál. 653.

[17:05]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 653 um 414. mál, skyldutrygging lífeyrisréttinda.

Með frv. er lagt til að lífeyrissjóðum með bakábyrgð banka verði veitt rýmri heimild til þess að ákveða viðmið framreiknings lífeyrisréttinda en lögin gera ráð fyrir. Þannig geti þeir stuðst við aðrar launavísitölur sem Hagstofa Íslands birtir í stað meðalbreytingar dagvinnulauna hjá opinberum starfsmönnum samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu sem hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Lífeyrissjóðum með bakábyrgð ríkis eða sveitarfélaga sem kjósa að starfa áfram á óbreyttum réttindagrundvelli er þó heimilt að breyta viðmiðum sínum vegna töku lífeyris á grundvelli eftirmannsreglu, sbr. reglugerðir sjóðanna, þannig að lífeyrir breytist í samræmi við meðalbreytingar dagvinnulauna hjá opinberum starfsmönnum samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands, en lífeyrissjóðum með bakábyrgð banka er heimilt að styðjast við aðrar launavísitölur sem Hagstofa Íslands birtir, enda liggi fyrir samkomulag aðila kjarasamninga viðkomandi sjóðfélaga."

Undir þetta nál. rita hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Birgisson, Ögmundur Jónasson, Jóhann Ársælsson með fyrirvara og frsm., Einar K. Guðfinnsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Póstþjónusta, 3. umr.

Stjfrv., 257. mál (EES-reglur). — Þskj. 665.

[17:06]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Komið er til 3. umr. frv. til laga um breytingu á lögum um póstþjónustu. Í 1. og 2. umr. um málið höfum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gert grein fyrir sjónarmiðum okkar. Við teljum það vera mjög varhugavert að þrýsta póstþjónustunni hér á landi í átt til aukinnar markaðsvæðingar eins og þetta frv. kveður á um. Við höfum bent á það að markaðsvæðing póstþjónustunnar hafi grafið undan rekstrarforsendum Íslandspósts hf. og leitt til þess að póstburðargjöld hafa verið hækkuð óheyrilega.

Þetta gerðist síðast í sumar og leiddi til mótmæla félagasamtaka. Íslandspóstur brást þannig við að bjóða einstökum aðilum til samningaviðræðna um frestun á því að gjaldskráin kæmi að fullu til framkvæmda en jafnframt var látið í ljósi að einvörðungu væri um tímabundna frestun að ræða.

Það er athyglisvert að í þessum viðræðum var tekið fram að samningaviðræður um þessi efni væru bundnar trúnaði. Maður spyr sjálfan sig spurninga á tímum jafnræðisreglna og athugunar samkeppnisyfirvalda á hvers kyns brotum í þeim efnum hvort mönnum finnist yfirleitt eðlilegt að mismuna aðilum með þessum hætti og halda samningaviðræðum leyndum.

Hins vegar er í sjálfu sér ekki við Íslandspóst hf. að sakast varðandi gjaldskrárbreytingarnar, nema síður sé. Þær eru til komnar vegna markaðsvæðingarinnar og Íslandspóstur á í rauninni ekki annarra kosta völ en að hækka gjöldin. Með þessu frv. er haldið áfram út á þessa braut.

Ég forvitnaðist um það fyrir þessa umræðu hvort félagasamtök sem áður hafa látið frá sér heyra teldu einhverjar varanlegar lausnir vera í sjónmáli. Þau kváðu svo ekki vera.

Formaður Landssambands eldri borgara benti mér á í samtali í dag að fyrirsjáanlegt væri að Landssamband eldri borgara yrði að hætta útgáfu á félagsriti sínu ef ekki yrði breyting á þessu.

BSRB ritaði hæstv. samgrh. bréf í haust og hvatti til þess að efnt yrði til samráðs um þetta efni og kallaði til fulltrúa almannasamtaka, verkalýðshreyfingar og annarra félagslegra samtaka. Við fengum þau svör, og þau hafa verið ítrekuð hér á Alþingi, að nefnd hafi þegar verið skipuð til að fjalla um málið og okkur var sagt í fyrirspurnatíma ekki alls fyrir löngu að þessi nefnd ynni ötullega að lausn. Hins vegar er engin lausn greinileg í sjónmáli.

Ég skil það vel að það kunni að vera erfitt að finna á þessu varanlega lausn, ég vil ekkert gera lítið úr því, en hinu furða ég mig á að áfram skuli eftir sem áður haldið á þessari braut og þrengt enn þá meira að Póstinum. Við vitum hvers vegna það er gert, það er vegna þess að þetta byggir á tilskipun frá Evrópusambandinu. Evrópusambandið hefur sent skipun til Íslands um að breyta póstþjónustunni í þessa veru.

Það sem mér finnst ámælisvert í meðhöndlun þessa máls á Alþingi er að ekki skuli hafa verið kannað hvort ástæða sé til þess að leita eftir undanþágu í okkar stóra og strjálbýla landi. Mér finnst við ekki ganga nógu langt í því að leita eftir undanþágu þegar auðséð er að við tengjumst aðeins að takmörkuðu leyti markaðssvæðinu sem þessar reglugerðir ganga allar út á að samræma.

Ég tek undir með hv. þm. Birni Bjarnasyni sem hefur sagt á opinberum vettvangi að ástæða hefði verið til að kanna — og er enn — hvort Íslendingar eigi ekki að leita undanþágu varðandi raforkumálin. Hvers vegna í ósköpunum ættu sömu reglur að gilda á Vestfjörðum og í Munchen svo dæmi sé tekið þótt ég ætli ekki heldur að skrifa upp á markaðsvæðinguna í Munchen.

Það er svolítið merkilegt hve óskaplega miðstýrt bákn Evrópusambandið er, gengur miklu lengra í miðstýringarátt en gerist t.d. í Bandaríkjunum. Einstök ríki í Bandaríkjunum hafa sjálfdæmi um það hvernig þau skipa raforkumálum sínum, svo dæmi sé tekið, og einstakar borgir. Los Angeles slapp við raforkuhneykslið í Kaliforníu á liðnum missirum, einfaldlega vegna þess að rafveitan þar var í eigu borgarinnar og rekin á hennar vegum. Þannig er þetta í öðrum hlutum Bandaríkjanna einnig. Það er margbreytilegt kerfi.

Hins vegar er það víða markaðsvætt og lýtur markaðslögmálum. Krafan hefur þá komið á móti um að geirinn allur sé opinn almenningi um upplýsingar, um raforkuverð og allt sem lýtur að rekstri þessara stofnana. Hér á landi er þetta allt saman hins vegar niðurnjörvað og lokað.

Þetta er nú útúrdúr, hæstv. forseti. Ég er aðeins að vekja máls á því að eðlilegt hefði verið að leita eftir undanþágu varðandi þessar breytingar á póstþjónustunni sem ég er sannfærður um, og við erum sannfærð um í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, að muni þrengja enn að Íslandspósti hf., skapa honum erfiðari rekstrarforsendur. Hvers vegna í

ósköpunum ættum við að gera það? Þess vegna erum við andvíg þessum lagabreytingum.

[17:14]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um málefni Póstsins.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur rækilega gert grein fyrir skoðun okkar flokks, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, á þeim breytingum sem verið er að framkalla á póstþjónustunni í landinu. Þetta leiðir hugann að því að ég held að hið háa Alþingi hafi algjörlega verið sofandi á verðinum hingað til hvað varðar að fara yfir og skoða Evrópusambandstilskipanir sem koma hér inn á færibandi. Þetta virðist vera, og er, að mestu leyti unnið af embættismönnum og kemur í framhaldi af því inn til ríkisstjórnar. Það er augljóst að við verðum að vera miklu betur á verði gagnvart þessum tilskipunum, fara yfir þær og skoða hvernig þær samrýmast því skipulagi sem við viljum hafa á hinum ýmsu málaflokkum hér á landi. Póstþjónustan er eitt af þessum dæmum og náttúrlega raforkukerfi landsins að mínu mati líka. Ég hef áður flutt um það langar ræður að þar hefðum við að sjálfsögðu átt að sækja um undanþágu og reyna að vinna það mál á þeim grunni. Rafmagnskerfi Íslendinga er algjörlega aðskilið frá Evrópu, og hefur mikla sérstöðu.

Hvað póstþjónustuna varðar þá höfum við reyndar þegar fengið forsmekkinn af því, og auðvitað höfum við sérstakar áhyggjur af landsbyggðinni í þessu sennilega strjálbýlasta fullvalda ríki Evrópu, að póstþjónustunni verði þannig komið fyrir að þar verði bara virk dreifing og á því verði sem viðráðanlegt er inn á stærstu þéttbýlisstaði og það er mjög mikið áhyggjuefni.

Við gerð fjárlaga fyrir 2003 brá svo við að fjöldi samtaka, félagasamtaka og líknarsamtaka, kom til hv. fjárln. með stórar beiðnir sem voru eingöngu grundvallaðar á fyrirséðum hækkunum á póstburðargjöldum. Og það stóð upp úr hverjum manni sem talaði þar eða var í forsvari fyrir viðkomandi samtök að ef þjóna ætti landinu öllu þá væri þvílíkur kostnaðarauki fram undan að það yrði að styrkjast. Í mörgum tilvikum voru menn að fara fram á 1–1,5 milljónir í framlög fyrir ekkert stór félagasamtök. Þá spyr maður sig: Verður áframhaldandi vilji fyrir því að dekka þennan kostnað í gegnum ríkisfjárlög eða fengu menn það sem þeir vildu í gegnum ríkisfjárlög núna? Svo var alls ekki. Þessi framlög voru að meira og minna leyti skorin niður. Þá erum við komin að því hvað þetta er hættulegt fyrir landsbyggðina. Varðandi upplýsingar og samskipti hvers konar er nákvæmlega sama í hvaða hópi menn eru, hvort það eru eldri borgarar eða samtök psoriasissjúklinga, landsbyggðarfólkið mun verða afskipt. Það sögðu allir þeir sem komu og báðu um fjármuni vegna aukins póstkostnaðar út á land.

Þetta er miklu meira mál en fólk gerir sér almennt grein fyrir, miklu stærra mál og leiðir til þess hægt og rólega að við sköpum þarna annars flokks aðstöðu til þess að lifa úti í dreifbýlinu. Þegar hefur komið fram að rekstraraðilar eða útgefendur landsmálablaða kveinka sér mjög mikið og sjá fram á gríðarlegar hækkanir og taka svo stórt upp í sig sumir að grundvellinum sé kippt undan slíkri útgáfu með innleiðslu á því fyrirkomulagi sem hér um ræðir. Það er líka gríðarlega stórt mál. Þó held ég að blaðaútgáfan sé kannski minna mál en samskipti félaga og samtaka. Ég held að það sé augljóst.

Í þriðja lagi erum við alltaf að tala um möguleika landsbyggðarinnar hvað varðar atvinnuuppbyggingu. Það er nú bara þannig að í nútímasamfélagi er ekki hægt að reka fyrirtæki öðruvísi en að þessi grunnþjónusta sé í lagi og á það höfum við lagt áherslu í öllum okkar málflutningi hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og það er þess vegna sem okkur er svo umhugað um að hlutir eins og raforkukerfið, pósturinn, fjarskiptakerfið, síminn, heilbrigðiskerfið, að þessi stoðkerfi þjóðfélagsins séu í sem bestu og fullkomnustu lagi frá einum tíma til annars. En við virðumst vera á þeirri vegferð, á grunni tilskipana frá Evrópusambandinu, að breyta öllum þessum grunnatriðum, þessum veigamiklu atriðum til verri vegar í þessu stóra landi og það viljum við draga fram í málflutningi okkar. Menn átta sig á því þegar þessi breyting skellur á þeim. Það er hlutverk okkar hér að hafa yfirlit þannig að við getum greint tillögurnar. Við eigum að hafa forskot á að gera okkur grein fyrir því til hvers svona ákvarðanir leiða. Viljum við þetta? Viljum við hindra möguleikana á samskiptum fólks, t.d. með blaðaútgáfu úti í dreifbýlinu? Viljum við það? Mjög fáir, held ég, í raun. Þetta mun leiða til þess. Viljum við breyta kerfinu þannig að illmögulegt eða ómögulegt verði fyrir félagasamtök í tugatali að hafa samskipti sín á milli? Viljum við það? Ég held að við viljum það ekki. Slíkar ráðstafanir leiða til þess að þeir sem þurfa á einhverri sérstakri þjónustu eða upplýsingum að halda innbyrðis munu þá væntanlega halda áfram að flytja hingað og e.t.v. í enn ríkari mæli. Það er augljóst.

Þess vegna teljum við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að þetta mál sé hið versta mál. Við viljum sveigja af þessari braut og taka upp samfélagslega þjónustu í póstrekstri í landinu eins og verið hefur. Þessi svokallaða einkavæðing á ekkert erindi í póstþjónustu í eins stóru og strjálbýlu landi og við búum í.

Það voru þessi varnaðarorð, virðulegi forseti, sem ég vildi hafa í frammi. Í raun hafa öll þessi atriði eða flest komið fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni og hv. þm. Jóni Bjarnasyni sem hafa talað mjög fyrir okkar munn í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í þessu máli. Í sjálfu sér væri hægt að fara yfir sviðið og ræða afleiðingarnar dýpra en ég ætla ekki að gera það að þessu sinni.

[17:22]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Frv. til laga um póstþjónustu kemur nú til 3. umr. en eins og komið hefur fram bæði við 1. og 2. umr. í máli hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þá felur frv. í sér að verið er að taka bita út úr hinni almennu póstþjónustu og fella hann undan ábyrgð ríkisins, gera mögulegt að einkavæða þann hluta póstþjónustunnar og bjóða hann út, þ.e. einkavæða hann og taka hann undan ábyrgð ríkisins.

Um er að ræða að verið er að fækka þeim bréfaflokkum sem áður lutu ábyrgð ríkisins á póstþjónustu og Íslandspóstur hafði bæði kvöð og einkarétt að annast dreifingu á. Það þýðir að sú þjónusta sem Íslandspóstur hf., sem er í eigu ríkisins, ber ábyrgð á gagnvart landsmönnum öllum verður óhagkvæmari. Það þýðir að hægt er að einkavæða þá hluta póstþjónustunnar sem kannski eru arðbærastir, t.d. póstþjónustuna á höfuðborgarsvæðinu. Það er hægt að bjóða hana út. Það er hægt að losa hana frá Íslandspósti. En Íslandspóstur, hin sameiginlega opinbera póstþjónusta stendur fyrst og fremst undir hinum óhagkvæmari þáttum póstþjónustunnar.

Þetta teljum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði alveg andstætt þeirri samfélagshugsjón sem við byggjum okkar stefnu á. Við teljum að grunnþjónusta eins og póstþjónusta skuli vera á ábyrgð ríkisins, að jafnt aðgengi skuli

vera að henni hvar sem er á landinu og að jafnframt skuli hún vera á sama verði, vera jafnörugg og hafa sömu gæði. Sú tilaga sem hér er á ferðinni rýrir það, býður upp á aukna einkavæðingu í póstþjónustunni.

Herra forseti. Ég vil bara aðeins vekja athygli á umsögn um þetta frv. sem barst frá Póstmannafélagi Íslands. Ég vil fá að vitna til hennar, með leyfi forseta:

„Stjórn Póstmannafélags Íslands tók á fundi sínum 3. des. 2002 til umræðu frumvarp til laga um póstþjónustu. Frumvarpið mun fram komið vegna tilskipunar Evrópusambandsins um breytingu á reglum um einkarétt póststjórna í Evrópu til flutnings á bréfapósti."

Þetta er örstutt umsögn Póstmannafélagsins, virðulegi forseti, sem ég ætla að leyfa mér að vitna áfram í:

„Þrenging einkaréttar og væntanlegt afnám hefur verið til umræðu innan Evrópusambandsins í mörg ár. Stéttarfélög póstmanna og samtök sömu félaga í Evrópu hafa varað við þessari þróun með þeim rökum að hún valdi minnkandi atvinnuöryggi félagsmanna og að póstþjónusta við dreifðari byggðir verði dýrari og verri þar sem sá hluti póstþjónustunnar sem ekki nýtur einkaréttar muni eingöngu verða áhugaverður á þeim svæðum þar sem reksturinn er arðvænlegur. Óttast er að rekstrarleyfishafar sem njóta einkaréttar og hafa þar með skyldur til að þjóna öllum svæðum landsins muni tapa tekjum þar sem nýir aðilar muni fleyta rjómann af tekjunum þar sem eru þéttust er byggðin og ódýrast að sjá um dreifingu pósts. Það mun leiða til rekstrartaps viðkomandi rekstrarleyfishafa nema til komi leyfi til mishárrar gjaldskrár eftir landsvæðum sem þá muni valda mismunun þegnanna. Póstþjónusta er að mati Póstmannafélags Íslands samfélagsþjónusta sem allir landsmenn eiga að hafa aðgang að á jafnréttisgrundvelli."

Virðulegi forseti. Þetta er umsögn Póstmannafélags Íslands um þetta frv. sem við erum að fjalla um. Við þessu öllu er skellt skollaeyrum af hálfu meiri hlutans á Alþingi, meiri hluta Sjálfstfl. og Framsfl. sem hugsar um það eitt hvernig hægt er að einkavæða og framselja almannaþjónustuna og rýra þar með jöfnuð og samábyrgð í þjóðfélaginu.

Það er líka rétt að vekja athygli á því sem hér hefur komið fram að ein rökin fyrir þessu í samgn. og með greinargerðinni eru að hér sé verið að framfylgja EES-tilskipunum, tilskipunum sem fyrst og fremst eru sniðnar að Mið-Evrópusvæðunum, að Mið-Evrópu þar sem þéttbýlustu svæði í heiminum eru ef frá eru taldar nokkrar þjóðir í Asíu þar sem allt aðrar aðstæður eru en hér. Þetta er því ekki sambærilegt. Þegar það var til umræðu í hv. samgn. hvort þessar EES-tilskipanir pössuðu við íslenskar aðstæður, þá kom fram í nefndinni að ekki þyddi að velta svoleiðis löguðu fyrir sér, ekkert þyddi að ræða þessi mál á skynsemisgrunni, þau væru utan við skynsemi, þau væru bara tilskipanir sem yrði að fara eftir.

Ég mótmæli því að á Alþingi eigi bara að taka við tilskipunum eins og þegar verið er að ala gæsir til fitunar. Ég mótmæli slíku. Og er það þó heldur engin meðferð á aligæsum, fjarri því. En svo virðist framkoman vera hjá íslenskum stjórnvöldum að þau láta mata sig með þessum hætti og klígjar ekki við.

Ég minni á að hæstv. forsrh. hefur sagt á Alþingi að okkur beri ekki að gleypa skoðunarlaust og skynsemislaust við hverri og einni tilskipun frá Evrópusambandinu. Sú virðist þó vera raunin. Ég minni líka á, og það hefur komið fram í umræðunni, að hv. þm. Björn Bjarnason, fyrrv. hæstv. menntmrh., hefur einmitt lýst þessu yfir líka. Þó að þessir hv. þm. hafi kannski oft annarlegar skoðanir annars þá er ég sammála þeim í þessu, að ekki á að gleypa með svona einföldum hætti tilskipanir Evrópusambandsins hér í hinu dreifbýla eyríki Íslandi.

Virðulegi forseti. Ég verð ítrekað að benda á að ég tel það vott um slæm vinnubrögð og skammsýni eða rangsýni að lögfesta hér gagnrýnislaust reglugerðir, reglur og tilskipanir Evrópusambandsins hvað varðar almannaþjónustu í landinu. Ég mótmæli því og lýsi því yfir nú við 3. umr. að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs erum andvígir því að einkavæðingu póstþjónustunnar sé haldið hér áfram í bútum því hún leiðir til skertrar þjónustu og skertra möguleika á að halda uppi góðri þjónustu um allt land. Ég mótmæli því enn fremur að við þurfum hér eins og viljalaus dýr að undirgangast tilskipanir Evrópusambandsins. Við eigum að hafa myndugleika til þess að leggja eigið og sjálfstætt mat á hvað okkur er fyrir bestu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:31]

Útbýting þingskjala:

Almannavarnir o.fl., 464. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 702.

Ástæður komu á bráðamóttöku, 459. mál, fsp. SI, þskj. 693.

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 463. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 701.

Geðheilbrigðisþjónusta við aldraða, 460. mál, fsp. KVM, þskj. 694.

Innflutningur dýra, 465. mál, frv. landbn., þskj. 704.

Jarðasjóður, 369. mál, svar landbrh., þskj. 696.

Raforkulög, 462. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 700.

Staðlar og Staðlaráð Íslands, 461. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 699.

Verkefni Umhverfisstofnunar, 405. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 697; brtt. meiri hluta umhvn., þskj. 698.

[Fundarhlé. — 17:32]

Tryggingagjald, frh. 3. umr.

Stjfrv., 181. mál (lækkun gjalds o.fl.). — Þskj. 182.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:44]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JHall, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SJS, SvH, TIO, VS, ÖJ.

20 þm. (ÁMM, EOK, GÁS, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KF, KHG, LB, MF, SJóh, SP, StB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 709).

Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 3. umr.

Stjfrv., 322. mál (ýmsar gjaldtökuheimildir). — Þskj. 661, brtt. 676.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:45]
Brtt. 676 samþ. með 48 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, TIO, VS, ÖJ.
15 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KHG, LB, StB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 710).

Lífeyrissjóður sjómanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 355. mál (elli- og makalífeyrir). — Þskj. 392, brtt. 680.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:46]
Brtt. 680 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÖJ.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KHG, LB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[18:46]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það kom fram í umræðu um þetta mál hérna fyrr í dag að þessi breyting er fyrst og fremst tæknilegs eðlis og er árétting á atriði sem kemur fram í athugasemdunum við frv. þetta og þess vegna er eðlilegt og sjálfsagt að samþykkja hana.

Frv., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÖJ.
17 þm. (ÁE, ÁMM, GE, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, JBjart, KVM, KHG, LB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 711).

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 3. umr.

Stjfrv., 359. mál (gjaldaheimildir). — Þskj. 662.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:47]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÖJ.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KHG, LB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 712).

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 371. mál (viðurlög, skilaskylda). — Þskj. 417.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:47]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÖJ.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, ÁMöl, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, JBjart, KVM, KHG, LB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 713).

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frh. 3. umr.

Stjfrv., 372. mál (innheimta, skuldajöfnun o.fl.). — Þskj. 663.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:48]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÖJ.
15 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, JBjart, KVM, KHG, LB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 714).

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 376. mál (tryggingardeild útflutnings). — Þskj. 428.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:48]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÖJ.
16 þm. (ÁMM, EKG, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, JBjart, KVM, KHG, LB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 715).

Fjáröflun til vegagerðar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 428. mál (afsláttur af þungaskatti). — Þskj. 554.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:48]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÖJ.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KHG, LB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 716).

Útflutningsaðstoð, frh. 3. umr.

Stjfrv., 429. mál (heildarlög). — Þskj. 556.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:49]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÖJ.
17 þm. (ÁE, ÁMM, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, JBjart, KVM, KHG, LB, PHB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 717).

Skipamælingar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 158. mál (heildarlög). — Þskj. 158.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:49]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÖJ.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KHG, LB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 718).

Póstþjónusta, frh. 3. umr.

Stjfrv., 257. mál (EES-reglur). — Þskj. 665.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:49]
Frv. samþ. með 42:5 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ.
2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KHG, LB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 719).

Vitamál, frh. 3. umr.

Stjfrv., 258. mál (vitagjald, sæstrengir). — Þskj. 666.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:50]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÖJ.
7 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, KLM, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KHG, LB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 720).

Félagamerki, frh. 3. umr.

Stjfrv., 346. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 668.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:51]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.
1 þm. (GE) greiddi ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KHG, LB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 721).

Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 354. mál (tölvunarfræðingar o.fl.). — Þskj. 667.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:51]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, JBjart, KVM, KÓ, KHG, LB, ÓÖH, SvanJ, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 722).

Safnalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 393. mál (safnaráð, verkefni höfuðsafna o.fl.). — Þskj. 669.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:51]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÖJ.
19 þm. (ÁMM, ÁRJ, GE, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, JBjart, KVM, KHG, KLM, LB, PP, SvanJ, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 723).

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, frh. 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 414. mál (viðmiðun lífeyris). — Þskj. 523, nál. 653.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:52]
Brtt. í nál. 653 (ný 1. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Veiðieftirlitsgjald, frh. 1. umr.

Frv. sjútvn., 437. mál (greiðsluskylda). — Þskj. 596.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:53]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.

Birting laga og stjórnvaldaerinda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 352. mál (Lögbirtingablaðið). — Þskj. 389, nál. 657.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:53]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 2. umr.

Frv. allshn., 436. mál. — Þskj. 593.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:54]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Breyting á XV. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 394. mál (aðstoð til menntunar, ríkisaðstoð til fyrirtækja). — Þskj. 455, nál. 626.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:55]
Tillgr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.

14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KHG, LB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 725).

Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 395. mál (lögmenn). — Þskj. 456, nál. 627.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:55]
Tillgr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.

13 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KHG, LB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 726).

Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Singapúr, frh. síðari umr.

Stjtill., 400. mál. — Þskj. 491, nál. 628.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:56]
Tillgr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.

14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KHG, LB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 727). [18:57]

Útbýting þingskjala:

Úrvinnslugjald, 337. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 705.

Verkefni Umhverfisstofnunar, 405. mál, nál. minni hluta umhvn., þskj. 703.

Út af dagskrá voru tekin 21.–23., 27.–28. og 31. mál.

Fundi slitið kl. 18:57.

---

55. FUNDUR

fimmtudaginn 12. des.,
að loknum 54. fundi.

Dagskrá:

1. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 453. mál, þskj. 656. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Skyldutrygging lífeyrisréttinda, frv., 414. mál, þskj. 523 (með áorðn. breyt. á þskj. 653). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 436. mál, þskj. 593. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Birting laga og stjórnvaldaerinda, stjfrv., 352. mál, þskj. 389. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Veiðieftirlitsgjald, frv., 437. mál, þskj. 596. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
6. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 441. mál, þskj. 602, nál. 649, brtt. 691. — 2. umr.
7. Húsaleigubætur, stjfrv., 440. mál, þskj. 601, nál. 651, brtt. 652. — 2. umr.
8. Húsnæðismál, stjfrv., 370. mál, þskj. 416, nál. 650. — 2. umr.
9. Búnaðargjald, frv., 442. mál, þskj. 603, brtt. 695. — 2. umr.
10. Innflutningur dýra, frv., 465. mál, þskj. 704. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
11. Skipulag ferðamála, stjfrv., 447. mál, þskj. 638. — Frh. 1. umr.
12. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 215. mál, þskj. 660, brtt. 675. — Frh. 3. umr.
13. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 244. mál, þskj. 248, nál. 594. — Frh. 2. umr.
14. Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, stjfrv., 245. mál, þskj. 249, nál. 595. — 2. umr.
15. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 247. mál, þskj. 251, nál. 558. — 2. umr.
16. Málefni aldraðra, stjfrv., 412. mál, þskj. 518, nál. 686. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
17. Almannatryggingar, stjfrv., 413. mál, þskj. 519, nál. 687. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
18. Úrvinnslugjald, stjfrv., 337. mál, þskj. 367, nál. 705. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
19. Verkefni Umhverfisstofnunar, stjfrv., 405. mál, þskj. 500, nál. 697 og 703, brtt. 698. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
20. Stofnun hlutafélags um Norðurorku, stjfrv., 457. mál, þskj. 685. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[18:59]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Í upphafi þessa þingfundar verður gengið til atkvæða um heimildir til að veita afbrigði. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs mun sitja hjá við þá atkvæðagreiðslu. Ástæðan er sú að undanfarna klukkutíma hafa staðið yfir viðræður hæstv. forseta þingsins við formenn þingflokka um þinghaldið og þinglokin. Það er ekki séð fyrir endann á þeim viðræðum og viljum við ekki bregða fæti fyrir framgang mála á nokkurn hátt. Þótt við sitjum hjá við atkvæðagreiðsluna er ekki í því fólginn nokkur stuðningur við þau frv. sem um er að tefla. Reyndar erum við andvíg sumum þessara frv., mjög svo, og gagnrýnum mjög harðlega vinnubrögð ríkisstjórnarinnar.

Síðustu daga og síðustu klukkustundir hefur hver ráðherrann á fætur öðrum komið hlaðinn frv. og ætlast til þess að þau séu sett á dagskrá, fái umræðu í þinginu og verði síðan samþykkt nánast blindandi, ólesin. Þetta eru vinnubrögð sem Alþingi á ekki að láta bjóða sér.

Of skammt var liðið frá síðustu umr. og/eða útbýtingu þskj. 2.–5. og 16.–19. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.

5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRÁ, ÁMM, GÁS, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KHG, LB, StB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Of skammt var liðið frá útbýtingu 10. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, ÍGP, JÁ, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.

5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁRÁ, ÁMM, GÁS, GunnB, HjÁ, JóhS, JBjart, KVM, KHG, LB, StB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Of skammt var liðið frá útbýtingu 20. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.

5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRÁ, ÁMM, GÁS, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KHG, LB, StB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Heilbrigðisþjónusta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 453. mál (stofnkostnaður, stjórnir stofnana o.fl.). — Þskj. 656.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:01]

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 414. mál (viðmiðun lífeyris). — Þskj. 724.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:02]

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁSJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.

17 þm. (ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, GÁS, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KHG, LB, PHB, StB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 731).

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Frv. allshn., 436. mál. — Þskj. 593.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:02]

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.

14 þm. (ÁRÁ, ÁMM, GÁS, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KHG, LB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 732).

Birting laga og stjórnvaldaerinda, 3. umr.

Stjfrv., 352. mál (Lögbirtingablaðið). — Þskj. 389.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:02]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.

15 þm. (ÁRÁ, ÁMM, GÁS, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KHG, LB, SJS, SvanJ, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 733).

Veiðieftirlitsgjald, 2. umr.

Frv. sjútvn., 437. mál (greiðsluskylda). — Þskj. 596.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:04]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.
[19:04]

Útbýting þingskjala:

Úrvinnslugjald, 337. mál, brtt. meiri hluta umhvn., þskj. 706; nál. minni hluta umhvn., þskj. 707.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:05]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 337. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.

3 þm. (ÁSJ, JB, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DrH, GHH, GÁS, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

[Fundarhlé. — 19:06]

Úrvinnslugjald, 2. umr.

Stjfrv., 337. mál. — Þskj. 367, nál. 705 og 707, brtt. 706. [20:01]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um úrvinnslugjald frá meiri hluta umhvn.

Nefndin fékk á sinn fund nokkra gesti og leitaði umsagna frá ýmsum aðilum.

Frv. var samið af nefnd sem umhvrh. skipaði fyrr á þessu ári til að vinna að frv. um gjaldtöku vegna úrvinnslugjalds, spilliefnagjalds og skilagjalds og um skipulag og framkvæmd gjaldtökunnar. Gerir það ráð fyrir að við innflutning eða framleiðslu vöru sem fellur undir frv. verði lagt úrvinnslugjald á viðkomandi vöru áður en hún fer á markað. Er markmiðið að gjaldið standi undir kostnaði sem fellur til við úrvinnslu þess úrgangs sem af viðkomandi vöru leiðir, þ.e. vegna meðhöndlunar hans á söfnunarstöð, flutnings hans þaðan á móttökustöð eða til endurnýtingarstöðvar. Gjaldið skal einnig standa undir endurnýtingu úrgangsins, förgun eða greiðslu skilagjalds eftir því sem við á.

Í frv. er sá háttur hafður á að einstakir vöruflokkar eru ekki skilgreindir sérstaklega, heldur er tollskrárnúmer viðkomandi vöru tiltekið í viðaukum með frv. Var rætt um hvort slíkt fyrirkomulag væri hentugt. Bent var á að það gæti reynst þungt og seinvirkt og aðrar leiðir hugsanlega einfaldari. Má nefna þá leið að leggja á úrvinnslugjald, sem væri tiltölulega lágt, á mjög breiðan gjaldstofn. Þar sem hér væri um skatt að ræða en ekki þjónustugjald væri ekki þörf á að tengja ráðstöfun skattsins eins nákvæmlega við þá vöru sem skatturinn væri greiddur af. Hins vegar var bent á að með því að aðgreina gjaldið eftir flokkum væri auðvelt að sjá kostnað af úrvinnslu hverrar vöru og hafa gjaldtökuna í samræmi við kostnað af henni og er meiri hluti nefndarinnar sammála því að fara þá leið.

Þá var mikið rætt um hvaða vöruflokkar ættu að vera gjaldskyldir. Var m.a. bent á að ákveðnir vöruflokkar sem nú eru endurunnir eru ekki felldir undir frv., t.d. dagblaðapappír, kælitæki, fatnaður og ýmsar vörur sem notaðar eru í sjávarútvegi. Við umfjöllun málsins kom fram að einkum væri miðað við vörur sem tilskipanir Evrópusambandsins taka til. Meiri hlutinn leggur til að veiðarfæri úr gerviefnum verði einn af þeim vöruflokkum sem lagt verði úrvinnslugjald á og að sú gjaldtaka hefjist 1. janúar 2004. Telur meiri hlutinn eðlilegt að veiðarfæri verði einn af vöruflokkunum sem falli undir lögin. Úrvinnslusjóði er því falið að undirbúa tillögu þessa efnis og leggja fyrir umhvrh. svo að gjaldtakan geti verið tilbúin fyrir tilsett tímamörk. Meiri hlutinn gerir ekki aðrar tillögur að gjaldtöku að sinni en hann lítur svo á að með frv. sé verið að setja ákveðna umgjörð um þessi mál. Þau eigi eftir að þróast auk þess sem gert er ráð fyrir því í frv. að fleiri vöruflokkar bætist við með tíð og tíma.

Frv. gerir ráð fyrir að ný stofnun, Úrvinnslusjóður, verði sett á fót. Jafnframt verður spilliefnanefnd lögð niður. Hlutverk Úrvinnslusjóðs verður að hafa umsýslu með úrvinnslugjaldi. Um framkvæmd úrvinnslu vörunnar verður hins vegar samið við aðra. Fulltrúar umhvrn. greindu frá því að skoðað hefði verið í hvaða formi starfsemi Úrvinnslusjóðs ætti að vera, hvort það ætti að vera ríkisstofnun, hlutafélag o.s.frv. Niðurstaðan var að setja á fót sérstaka ríkisstofnun. Það sem vó hvað þyngst var að hugsanlegt er að gjöld verði hærri en tekjur í rekstri stofnunarinnar. Í 2. mgr. 19. gr. er sú skylda lögð á ríkissjóð að gæta að því að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til ráðstöfunar til að standa við skuldbindingar sínar og því talið eðlilegt að Úrvinnslusjóður verði ríkisstofnun. Við umfjöllun nefndarinnar komu fram ýmis sjónarmið um hverjir ættu að skipa stjórn sjóðsins. Frv. gerir ráð fyrir að atvinnulífið tilnefni þrjá fulltrúa, einn fulltrúi verði tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og að umhvrh. skipi formann stjórnar án tilnefningar.

Í athugasemdum með frv. er tekið fram að þeir vöruflokk-

ar sem frv. tekur til séu hugsaðir sem fyrsta skref til að draga úr magni úrgangs. Meiri hluti nefndarmanna tekur undir það og telur að hér sé um mikilvægt mál að ræða sem rétt sé að fái framgang enda hefur komið fram við umfjöllun um málið að viðhorf viðmælenda og umsagnaraðila til frv. er almennt jákvætt.

Meiri hlutinn leggur til ýmsar breytingar á frv. og vil ég hér fara yfir þær helstu:

Gert er ráð fyrir að vöruflokkum verði skipt í uppgjörsflokka með reglugerð þar sem tilgreint verður nákvæmlega hvaða vöruflokkar verða í viðkomandi uppgjörsflokki. Ætti það að sýna hvernig viðkomandi úrvinnslugjaldi er ráðstafað gagnvart uppgjöri.

Lagðar eru til breytingar á 5. gr. til að taka af öll tvímæli um frá hvaða tíma gjaldskylda fellur niður af bifreiðum.

Breyting á 9. gr. er lögð til svo að tryggt verði að allir þeir aðilar sem flytja til landsins vörur sem bera úrvinnslugjald samkvæmt frv., hvort sem þeir eru skráðir á vörugjaldsskrá eða ekki, séu gjaldskyldir aðilar.

Við 11. gr. Í 5. mgr. 7. gr. laga um spilliefnagjald, nr. 56/1996, er innlendum framleiðendum sem keypt hafa aðföng til gjaldskyldrar framleiðslu sinnar og greitt af því úrvinnslugjald heimilað að draga það frá við endanleg skil gjaldsins. Nefndin leggur til að þessi regla gildi áfram og að samsvarandi grein verði bætt inn í frv.

Nefndin leggur til að gjaldtöku á heyrúlluplast verði frestað um eitt ár frá því sem gert er ráð fyrir í frv. og hefjist 1. janúar 2004. Gjaldtakan mun þá hefjast um leið og gjaldtaka hefst á pappírs-, pappa- og plastumbúðum og veiðarfærum úr gerviefnum. Bent hefur verið á að ekki er til staðar neinn hvati fyrir notendur heyrúlluplasts, þ.e. bændur, til að skila því eftir notkun. Bændasamtök Íslands hafa hins vegar lýst sig reiðubúin til samstarfs um að byggja upp hagkvæmt kerfi til söfnunar og eyðingar eða endurvinnslu plastsins. Þau telja samt sem áður að það krefjist verulegs undirbúnings og tíminn sem frv. gerir ráð fyrir til þess sé of skammur. Nefndin telur eðlilegt að koma til móts við þessar óskir.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt frv. með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Að þessu nál. standa Magnús Stefánsson, Ásta Möller með fyrirvara, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kolbrún Halldórsdóttir með fyrirvara og Kristján Pálsson.

[20:07]

Frsm. minni hluta umhvn. (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Herra forseti. Í 1. gr. frv. til laga um úrvinnslugjald segir að markmið þeirra sé að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna. Minni hlutanum blandast ekki hugur um að þess sé þörf að setja slíkt ákvæði í lög og skapa hagræna hvata til þess að minnka magn úrgangs, auk þess að stórauka endurnýtingu þess úrgangs sem hægt er að endurvinna. Því styður minni hlutinn markmið þessarar lagasetningar og þá hugmyndafræði sem að baki henni liggur. Þá gerir hann heldur ekki athugasemdir við þá aðferðafræði sem lögð er til, þ.e. að flokka vörurnar sem úrvinnslugjald er lagt á eftir tollskrárnúmerum.

Hins vegar gerum við veigamiklar athugasemdir við ýmsa efnisþætti frv. og auk þess er dregið í efa að það tryggi að umhverfisvernd og hagsmunir neytenda verði ávallt höfð í forgrunni í stjórn hinnar nýju ríkisstofnunar, Úrvinnslusjóðs, sem frv. þetta kveður á um að setja á fót.

Fyrst skal nefna skipun stjórnar Úrvinnslusjóðs. Þar eiga samtök neytenda og áhugafólks um umhverfisvernd ekki að fá sæti. Stjórnin mun hins vegar skipuð fulltrúum samtaka atvinnurekenda, auk eins fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga. Með þessari skipan er verulega hallað á hagsmuni hins almenna borgara í landinu og ekki tekið mið af Árósasáttmálanum um mikilvægi samstarfs ríkisins og frjálsra félagasamtaka á þessu sviði. Minni hlutinn lýsir vonbrigðum sínum með að ekki var talin þörf á að tryggja fulltrúum náttúruverndar og neytendaréttar fulltrúa í stjórn Úrvinnslusjóðs.

Þetta er ekki síst áhyggjuefni í ljósi þess veigamikla hlutverks sem stjórn sjóðsins er fengið samkvæmt frv. en í 17. gr. þess segir, með leyfi forseta:

„Stjórnin skal eftir því sem við á leggja fram tillögu til umhverfisráðherra um breytingar á fjárhæð úrvinnslugjalds, nýjar gjaldskyldar vörur og fjárhæð úrvinnslugjalds á þær."

Stjórnin mun því hafa stefnumótandi ákvörðunarvald um úrvinnslu úrgangs hér á landi. Að sjálfsögðu ber henni að taka mið af skuldbindingum og stefnumörkun stjórnvalda í úrgangsmálum en sú stefnumörkun liggur ekki fyrir og því er ljóst að stjórnin mun hafa mikil áhrif á val vöruflokka sem leggja á úrvinnslugjald á.

Sú skipan sem stjórnvöld leggja því hér til ber ekki vott um frumkvæðisvilja frá þeirra hendi. Hér eru öllu frekar á ferð viðbrögð við kröfum Evrópusambandsins og þeim er svarað með því að vísa frumkvæðinu og stefnumörkuninni til fulltrúa atvinnulífsins. Ráðuneyti umhverfismála hefur annaðhvort ekki burði til að axla ábyrgð á stefnumörkuninni eða hefur ekki pólitískan vilja til þess. Hvorugt er gott.

Þá skýtur skökku við, herra forseti, að veigamiklir vöruflokkar sem ætla má að leggja þyrfti úrvinnslugjald á, svo sem dagblaðapappír og kælitæki, eru ekki hafðir með. Meiri hlutinn leggur til að veiðarfæri úr gerviefnum verði gjaldskyld og styðjum við í minni hlutanum þá brtt.

Niðurstaða minni hlutans er að með lögleiðingu úrvinnslugjalds sé stigið skref í rétta átt við beitingu hagrænna stjórntækja í umhverfisvernd hér á landi og því munum við ekki leggjast gegn afgreiðslu frv. Hins vegar mun minni hlutinn ekki greiða atkvæði með því í ljósi þeirra athugasemda sem ég hef rakið hér, herra forseti.

Undir þetta minnihlutaálit skrifar sú sem hér stendur, Þórunn Sveinbjarnardóttir, og Jóhann Ársælsson, hv. þm. Samfylkingarinnar.

[20:12]

Ásta Möller:

Herra forseti. Rétt í þessu var að ljúka fundi í heilbrn. þannig að ég gat ekki verið viðstödd þá umræðu sem var á undan en ég vildi í örfáum orðum gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hef á málinu.

Hérna erum við með frv. til laga um úrvinnslugjald sem kom reyndar fyrir stuttu inn í þingið og fékk nokkuð góða umfjöllun í nefndinni. Mjög margir gestir komu á fund nefndarinnar en því miður gat ég ekki verið á öllum þeim fundum af ýmsum ástæðum.

Fyrirvarar mínir varðandi þetta frv. felast fyrst og fremst í því að ég tel að það hefði átt að fá meiri samsvörun á þessu frv. og því sem liggur þegar fyrir umhvn., frv. um urðun

sorps og urðun úrgangs. Ég hefði viljað fá að skoða það frv. í meira samhengi við það frv. sem hér er til umfjöllunar.

Síðan komu ákveðnar athugasemdir, bæði frá Sorpu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga um aðra skipan þessara mála, um að leggja úrvinnslugjald á mjög breiðan gjaldstofn. Ég hefði gjarnan viljað skoða það mál frekar og fá frekari upplýsingar um hvernig þeim málum er háttað erlendis. Hins vegar ákvað ég að þar sem mér gafst ekki kostur á að sitja alla fundina, reyndar ekki af öðrum ástæðum en mínum eigin, og fannst ég ekki fá þá nauðsynlegu yfirsýn sem ég taldi mig þurfa að hafa til að vera með fulla sannfæringu fyrir þessu máli ákvað ég að vera með fyrirvara á því.

Sú niðurstaða sem er fengin er stutt skref í ákveðna átt og eins og kemur fram í nál. gefst í framtíðinni kostur á að skoða fleiri vöruflokka sem fara undir úrvinnslugjald og þá gefst jafnframt tækifæri til að endurmeta reynsluna af þessari skipan mála.

Herra forseti. Ég vildi sem sagt í örfáum orðum gera grein fyrir fyrirvara mínum í þessu máli þar sem hann kom ekki fram í nál. sjálfu.

[20:16]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við fjöllum um frv. til laga um úrvinnslugjald. Hér er komið mál sem Alþingi hefur vitað að von var á og umhvn. hefur fjallað um það og reyndar einu sinni áður, því þetta mál kom til umfjöllunar nefndarinnar á 126. löggjafarþingi, það var því búið að kynna nefndinni það á þeim tíma og menn hafa haft ráðrúm til að aðlaga sig þeim hugsunarhætti sem hér er lagður til.

Meginmarkmið frv. er samkvæmt 1. gr. þess það að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna.

Hvers vegna skyldum við nú vera að setja lög af þessu tagi, herra forseti? Jú, megintilgangurinn sem undir liggur er af umhverfislegum toga. Þar sem ég skrifa undir nál. meiri hlutans með fyrirvara vil ég gera grein fyrir honum. Hann tengist einmitt því að mér finnst hinn umhverfislegi þáttur þessarar lagasetningar kannski ekki hafa verið nægilega skýr í allri umfjöllun og ég vil leggja á hann áherslu, sérstaka áherslu hér við þessa umræðu, því undir þeirri markmiðssetningu sem fram kemur í 1. gr., liggja auðvitað umhverfismarkmið.

Viðurkennt hefur verið á seinni árum að það sé til hagsbóta fyrir umhverfið að reyna að greina hættulegan úrgang frá þeim úrgangi sem fer til urðunar. Sömuleiðis hefur það verið talið jákvætt fyrir umhverfið að taka lífrænan úrgang og flokka hann frá til að sorphaugarnir í fyrsta lagi entust lengur og minna landrými færi þá undir sorphauga og svo eru í hinum lífræna úrgangi auðvitað fólgin lífræn efni sem eru kjörin til áburðar. Og við Íslendingar sem búum í örfoka landi hljótum auðvitað að geta fundið okkur leiðir til að nýta þann áburð sem fólginn er í moltunni sem búin er til úr lífrænum úrgangi. Mín tilfinning er því sú að þetta mál komi okkur Íslendingum sérstaklega við, en við þurfum auðvitað að nálgast það á forsendum okkar, á forsendum lands okkar, en ekki á forsendum Evrópusambandsins.

Í umfjöllun nefndarinnar hefur auðvitað komið upp umræða um þessi efni, þ.e. hvort Íslendingar og aðstæður okkar lúti sömu lögmálum og lönd sunnar í álfunni.

Ég held að það sé mjög hollt fyrir okkur að slík umræða sé öflug og hvet þess vegna hæstv. umhvrh. sem situr hér og fylgist með umræðunni til þess að taka nú á í öllum fræðslumálum sem eru viðkomandi þessu frv. því það er mjög mikilvægt þegar verið er að gera eins róttækar breytingar og hér eru lagðar til að fram fari öflug fræðsla, ekki bara til almennings, heldur ekki síður til atvinnulífsins sem í þessu tilfelli kemur til með að þurfa að starfa eftir lögum um úrvinnslugjald.

Það þarf því að taka mjög hraustlega á í þeim efnum að uppfræða fólk um leiðirnar og um markmiðin. Þá megum við ekki gleyma því að markmiðið er fyrst og fremst af umhverfislegum toga eins og t.d. má lesa í Ríó-yfirlýsingunni sem samþykkt var á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó árið 1992. Þar samþykktu ríki heims hina svokölluðu mengunarbótareglu sem gengur út á það að sá sem mengar skuli bæta fyrir það tjón sem umhverfinu gæti stafað af framleiðslu hans eða atferli. Það er því mengunarbótaregla Ríó-yfirlýsingarinnar sem liggur hér undir.

Í nefndaráliti meiri hluta nefndarinnar sem finna má á þskj. 705 kemur fram að ég skrifa undir nál. með fyrirvara og fyrirvari minn er tíundaður með eftirfarandi orðum í nál., með leyfi forseta.

„Fyrirvari Kolbrúnar Halldórsdóttur varðar það að hún styður markmið þessarar lagasetningar og þá hugmyndafræði sem að baki henni liggur en vill leggja áherslu á hinn umhverfislega ávinning. Þá telur hún aðkomu frjálsra félagasamtaka og neytenda við vinnslu málsins vera ónóga, auk þess sem hún hefði viljað vinna málið í nánara samkomulagi við sveitarfélögin. Þá mun hún flytja breytingartillögu við 16. gr. þess efnis að fulltrúum náttúruverndar og neytendaréttar verði tryggðir fulltrúar í stjórn Úrvinnslusjóðs."

Sú var ástæðan, herra forseti, fyrir því að ég var sein í ræðustólinn áðan að brtt. sem ég hafði samið við 16. gr. hafði ekki skilað sér á borð þingmanna, þannig að ég var í bakherbergjum að reyna að ná henni út úr tölvum og nú er hún komin til mín og þó ég megi kannski ekki formlega tala fyrir henni núna, ég veit það ekki, þá vil ég engu að síður geta þess að hún gengur út á það að stjórn Úrvinnslusjóðsins verði öðruvísi skipuð en lagt er til í frv.

Mér finnst afar mikilvægt þegar svona stór mál eru til meðferðar að neytendur séu spurðir formlega og að neytendur eigi formlegan aðgang að vinnu stjórnar Úrvinnslusjóðs.

Mér þykir líka mikilvægt að þegar frjáls félagasamtök sem hafa undirritað samstarfsyfirlýsingu við umhvrn. og hafa viljað tjá sig um þessi mál eigi þau líka formlega aðkomu að stjórn Úrvinnslusjóðsins.

Breytingartillaga mín gengur út á það að bæði neytendur og frjáls félagasamtök sem vinna á sviði náttúru- og umhverfisverndar eigi aðild að stjórninni þannig að stjórnin yrði ekki fimm manna eins og gert er ráð fyrir í frv. heldur sjö manna.

Að öðru leyti vil ég segja um þetta mál, herra forseti, að ég tel alveg rétt eins og hæstv. ráðherra hefur gert með því hvernig hún leggur málið fram að það verði í raun og veru að byrja einhvers staðar, ég hef fulla samúð með því þó ég hefði gjarnan viljað sjá málið byrja á breiðari grunni en hér er gert.

Mér finnst samt meginatriðið að tilgangur þessarar lagasetningar er þess eðlis að ég er sátt við hugmyndafræðina sem að baki liggur og ég held að með góðum vilja geti Alþingi haldið áfram að breikka þann stofn vöruflokka sem falla

undir úrvinnslugjaldið til hagsbóta fyrir umhverfi okkar.

Umræðu frestað.

Verkefni Umhverfisstofnunar, 2. umr.

Stjfrv., 405. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 500, nál. 697 og 703, brtt. 698.

[20:23]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar frá meiri hluta umhvn.

Í umfjöllun um málið fékk nefndin á sinn fund töluverðan hóp gesta og lauk síðan störfum með því að skila þessu nál.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum vegna nýrrar stofnunar, Umhverfisstofnunar, sem hefur starfsemi 1. janúar nk., sbr. lög um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002.

Stjórnsýsla á sviði umhverfismála verður hjá Umhverfisstofnun og rannsóknarverkefni verða hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Talin hefur verið þörf á því að einfalda stjórnsýslu á þessu sviði. Í samræmi við það er lagt til í frumvarpinu að stjórnsýsluvald verði fært frá fjölskipuðum nefndum, þ.e. Breiðafjarðarnefnd og ráðgjafarnefnd um villt dýr, til Umhverfisstofnunar, auk þess sem lagt er til að sú síðarnefnda verði lögð niður. Hins vegar er lagt til að hreindýraráð, sem lagt var niður með lögum nr. 90/2002, starfi áfram að sömu verkefnum og áður að því undanskildu að stjórnsýsla málaflokksins færist til Umhverfisstofnunar. Telur meiri hlutinn það farsæla lausn enda æskilegt að málaflokkurinn njóti góðs af þeirri staðbundnu þekkingu sem til staðar er í hreindýraráði.

Meiri hlutinn leggur til að hætt verði við að leggja niður dýraverndarráð eins og gert var ráð fyrir í frumvarpinu en það var lagt niður með lögum um Umhverfisstofnun. Leggur meiri hlutinn til að það starfi áfram en í breyttri mynd. Stjórnsýsla á sviðinu og framkvæmd laga um dýravernd verði hjá Umhverfisstofnun en ráðið sinni ráðgjafarhlutverki fyrir stofnunina og umhverfisráðherra. Leggur meiri hlutinn til að sömu aðilar tilnefni menn í ráðið en ráðsmönnum verði fækkað úr fimm í fjóra þannig að umhverfisráðherra skipi ekki lengur mann án tilnefningar í ráðið. Er það gert að tillögu fulltrúa umhverfisráðuneytisins sem telja ekki þörf á því.

Meiri hlutinn leggur einnig til að Skotveiðifélag Íslands tilnefni ekki fulltrúa í hreindýraráð. Við umfjöllun málsins var bent á að verkefni hreindýraráðs væru þess eðlis að ekki væru efni til að félagið tæki þátt í eða hefði áhrif á umfjöllun um þau. Fellst meiri hlutinn á þau sjónarmið.

Varðandi hreindýramál vil ég taka fram að samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að Náttúrustofa Austurlands annist vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Samkvæmt breytingum á lögum um náttúrustofur er gert ráð fyrir að verkefni sem náttúrustofur annist séu gerð samkvæmt samningi við viðkomandi aðila og er gert ráð fyrir að svo verði með hreindýramálin en ekki er gert ráð fyrir að nein breyting verði á þeim verkefnum sem náttúrustofan hefur sinnt að þessu leyti, þannig að ég geri ráð fyrir því að að þau mál verði í sama horfi eftir sem áður.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til í brtt. nefndarinnar eru leiðréttingar.

Meiri hlutinn leggur til og mælir með að frv. verði samþykkt með breytingum sem gert er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir álit meiri hlutans skrifa eftirtaldir hv. þingmenn: Magnús Stefánsson, Ásta Möller, Ísólfur Gylfi Pálmason og Kristján Pálsson. Jóhann Ársælsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

[20:27]

Útbýting þingskjala:

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, 414. mál, þskj. 724.
Úrvinnslugjald, 337. mál, brtt. KolH, þskj. 728

[20:28]

Frsm. minni hluta umhvn. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 703 um frv. til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga um að breytingar verði gerðar á 24 lögum til að fella gildandi löggjöf að lögum um Umhverfisstofnun sem samþykkt voru undir mikilli tímapressu á Alþingi í vor. Til marks um flumbruganginn í afgreiðslunni má nefna að einungis átta dagar liðu frá því að frumvarpið var tekið á dagskrá með afbrigðum þar til það var afgreitt úr umhverfisnefnd. 1. minni hluti gagnrýndi þau vinnubrögð harðlega og taldi málið alls ekki hafa fengið þá umfjöllun í nefndinni sem eðlileg hefði verið. Meðal gagnrýnisatriða þá var sú staðreynd að ekki fylgdi frumvarpi um Umhverfisstofnun bandormur sem ætlað væri það hlutverk að laga gildandi löggjöf að breytingunum. Nú er hann kominn fram og þá er tímapressan á afgreiðslu málsins nákvæmlega sú sama og í vor er leið. Mælt var fyrir málinu 3. desember og það var afgreitt frá nefndinni á aukafundi 11. desember eða átta dögum eftir að því var vísað til hennar. Þannig var þetta mál ekki sent út til umsagnar á eðlilegan hátt til þeirra aðila er málið varðar og einkenndist öll umfjöllun nefndarinnar af asa og stressi. Með afgreiðslu þessara tveggja mála, frumvarps um Umhverfisstofnun og frumvarpsins sem hér er til umfjöllunar hafa gífurlega umfangsmiklar breytingar á stofnanaflóru umhverfisráðuneytisins verið afgreiddar án þess að t.d. frjáls félagasamtök sem starfa að umhverfismálum hafi fengið tækifæri til að tjá sig um þær. Stofnanir þær sem komið hafa við sögu hafa fengið að gefa málamyndaumsagnir, sem þeim hefur verið ætlað að vinna á mettíma. Minni hlutinn ítrekar því alla gagnrýnina sem fram kom í nefndaráliti á þskj. 1355 í máli 711 á 127. löggjafarþingi, sem var frv. til laga um Umhverfisstofnun.

Nokkrar breytingartillögur meiri hlutans í þessu máli eru þó til bóta, t.d. sú ákvörðun að leyfa dýraverndarráði að lifa áfram, en í ljósi þeirrar ákvörðunar hefði að mati minni hlutans einnig mátt skoða hvort villidýranefndin hefði ekki líka átt áframhaldandi tilverurétt með sömu rökum. Nefndin hefur mikilvægu hlutverki að gegna sem vettvangur fyrir hagsmunaaðila og er það mat minni hlutans að nauðsynlegt sé að skilgreina samráðsvettvang á þessu sviði með lögum og tryggja aðkomu frjálsra félagasamtaka á sviði náttúru- og dýraverndar.

Áréttuð skal sú skoðun minni hlutans að með flausturslegum vinnubrögðum við stofnun Umhverfisstofnunar

sé verið að setja í uppnám umsýslu alþjóðlegra samninga á borð við Bernarsamninginn, samninginn um líffræðilega fjölbreytni og OSPAR-samninginn. Það er ekki leiðrétt með þessu frumvarpi sem hér er til umfjöllunar.

Þá telur minni hlutinn að taka hefði átt tillit til ábendingar Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi 34. og 42. gr., þ.e. að fella niður orðskýringuna „ágangssvæði". Orðið er ógagnsætt enda þýðir ágengd eða ágengni samkvæmt orðabók það að vera ágengur eða ásókn búfjár. En í frv. er ágangssvæði skilgreint á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta, og það kemur fram í 34. gr.:

„Ágangssvæði: nánar skilgreint svæði þar sem ágangur hreindýra er svipaður á öllu svæðinu."

Hér er eins og um sé að ræða svæði þar sem hreindýr ganga, en ekki að þau þurfi endilega að sýna neinn ágang. Ég vil halda því fram, herra forseti, að það sé hálfgerð merkingarleysa í þessu orði. Ég hefði sannarlega viljað að hv. umhvn. hefði tekið leiðsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands og fellt það út úr frv.

Sömuleiðis gerði Náttúrufræðistofnun Íslands athugasemdir varðandi 38., 39. og 43. gr. frv. og geta þingmenn kynnt sér þær umsagnir Náttúrufræðistofnunar á minnisblaði sem stofnunin sendi nefndinni og er dagsett 9. desember 2002.

Varðandi XX. kafla frumvarpsins, sem lýtur að lögum um vernd Breiðafjarðar, bendir minni hlutinn á þá staðreynd að með 33. gr. er verið að taka vald úr höndum Breiðafjarðarnefndar og færa það til Umhverfisstofnunar. Þannig gerir greinin ráð fyrir að ekki þurfi lengur samþykki Breiðafjarðarnefndar fyrir jarðraski á landsvæði sem ekki hefur verið formlega skipulagt, heldur nægi samþykki Umhverfisstofnunar. Og sömuleiðis nægi mat Umhverfisstofnunar varðandi spjöll á menningarsögulegum minjum, náttúruminjum eða lífríki sem hingað til hefur verið háð dómi Breiðafjarðarnefndar. og er það mat minni hluta að Breiðafjarðarnefnd og hlutverk hennar sé ansi mikið rýrt með þessu frv.

Í ljósi ágreinings um grundvallaratriði við stofnun Umhverfisstofnunar getur minni hlutinn, sú sem hér stendur, ekki stutt frumvarpið þó að það sé viðurkennt að nokkrar breytingartillögur meiri hlutans séu til bóta.

[20:34]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Við skrifum undir þetta meirihlutaálit með fyrirvara, sá sem hér stendur og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir. Sá fyrirvari lýtur í ýmsu að svipuðum athugasemdum og komu fram í máli síðasta hv. ræðumanns. Það verður að segjast að það hefði mátt vinna að þessu máli faglegar. Þá á ég sérstaklega við fyrir ári síðan þegar málið var lagt fyrir þingið og það keyrt í gegn með þeim hraða sem þá var.

Það var afsakað með því að nýtt mál yrði flutt á þessu hausti og þessum málefnum þá komið í þann farveg sem ætti að gera. En þá gerist alveg sama sagan. Málið kemur það seint inn að ekki er tími til að vinna það eðlilega. Það er náttúrlega ekki hægt annað en að gera athugasemdir við slíka hluti.

Ég verð hins vegar að segja að mér finnst að mörgu leyti að tekist hafi ágætlega til við málið eins og það var lagt fyrir þó að að ósekju hefði mátt hafa betri tíma til þess að vinna það í nefndinni. Ýmsir hlutir hafa verið lagfærðir og flest af því sem kemur fram í frv. eru eðlilegar breytingar sem koma vegna þessarar stofnunar og vegna þess að verið er að færa saman starfsemi á vegum ráðuneytisins.

Ég verð þó að segja að mér finnst svolítið undarlegt að á sama tíma og við fjöllum um þetta frv. um Umhverfisstofnun, þar sem verið er að færa sama starfsemi til hagræðis og til þess að hafa betri yfirsýn um þau málefni sem undir ráðuneytið heyra þá erum við jafnframt að fjalla — á sama hraða reyndar líka — um nýja ríkisstofnun sem hæstv. ráðherra beitir sér fyrir að stofna. Úrvinnslugjald sem hér var rætt á undan er auðvitað bara ný ríkisstofnun með sérstjórn. Ég tók ekki til máls í því máli en hefði kannski átt að gera það af því að ýmsilegt er athugavert við það. Mest finnst mér þó vera athugavert að ráðuneytið og hæstv. ráðherra skuli ekki ætla sér forustuna við stefnumótun hvað varðar þá hluti sem þarna eru á ferðinni. Ég verð að segja eins og er að mér finnst ekki vera mikil reisn yfir því.

En þó að komið hafi verið til móts við margar af þeim athugasemdum sem komu við þetta frv. sem hér er verið að fjalla um þá var samt engan veginn brugðist við þeim öllum. Ég verð að segja það eins og er að ég gagnrýni það að ekki var brugðist við athugasemdum Náttúrufræðistofnunar um 40. gr. sem fjallaði um það hvernig fara ætti með þann sjóð sem kemur af veiðikortunum. Ég tel að þar hefðu menn átt að hlusta á rödd Náttúrufræðistofnunar þar sem bent var á að í Náttúrufræðistofnuninni er auðvitað þekkingin á þessum málum og þaðan er eðlilegt að tillögur um rannsóknarverkefni komi. Ekki er gert ráð fyrir því að það sé þekking hjá starfsmönnum Umhverfisstofnunarinnar sjálfrar á þeim rannsóknarverkefnum sem fram að þessu hafa verið í gangi vegna þessa sjóðs. Þess vegna er full ástæða til að gagnrýna það að ekki skuli hafa verið brugðist við þeim ábendingum, skilmerkilegum og sannfærandi ábendingum, sem komu frá Náttúrufræðistofnuninni hvað þetta varðar.

Ég býst við því að menn geti skoðað málið betur og vonandi gera menn það. En ég vil árétta við þessa umræðu að málið verði íhugað nánar.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að flytja langa ræðu. Ég tel, eins og ég sagði áðan, að hér sé flest til bóta. En það verður líka að koma hverju er ábótavant.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélags um Norðurorku, 1. umr.

Stjfrv., 457. mál. — Þskj. 685.

[20:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um stofnun hlutafélags um Norðurorku. Frv. er flutt að beiðni bæjarstjórnar Akureyrarbæjar en á fundi bæjarstjórnar þann 3. des. sl. var samþykkt að stofna hlutafélag um rekstur Norðurorku.

Á undanförnum árum hafa eigendur orkufyrirtækja verið að breyta rekstrarformi þeirra. Þannig voru fyrir nokkru stofnuð hlutafélög um rekstur Orkubús Vestfjarða og Hitaveitu Suðurnesja. Þá má geta stofnunar sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Þessar breytingar voru allar heimilaðar með lögum frá Alþingi.

Frv. það sem hér er flutt er sambærilegt við frv. um stofnun hlutafélaga um önnur orkufyrirtæki. Ástæður þess að nauðsyn ber til þess að setja sérlög um stofnun hlutafélagsins eru einkum tvær. Í fyrsta lagi telst starfræksla vatnsveitu í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf almennings, heimila

og atvinnufyrirtækja meðal skylduverkefna bæjarstjórna í kaupstöðum og bæjum samkvæmt lögum um vatnsveitur sveitarfélaga. Í frv. er gert ráð fyrir að hlutafélagið yfirtaki skyldu Akureyrarbæjar til starfrækslu vatnsveitu en það verður ekki gert nema til þess sé heimild í sérlögum.

Í öðru lagi er í orkulögum að finna heimild til að veita sveitarfélögum og samtökum þeirra einkaleyfi til þess að starfrækja hitaveitur og sveitarfélag getur með samþykki ráðherra framselt einstaklingum eða félögum að einhverju eða öllu leyti slíkt einkaleyfi um ákveðið tímabil í senn. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að hlutafélagið taki við einkarétti Akureyrarbæjar og Norðurorku til starfrækslu rafveitu og hitaveitu á þeim svæðum sem Norðurorka þjónar við stofnun hlutafélagsins.

Í frv. er gert ráð fyrir að Norðurorka hf. taki til starfa 1. janúar 2003 og yfirtaki þá allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Norðurorku. Frumvarpið gerir ráð fyrir að allir starfsmenn Norðurorku eigi rétt á störfum hjá hinu nýja fyrirtæki og verða þeim boðin störf hjá Norðurorku hf. sambærileg þeim er þeir áður gegndu. Í athugasemdum við 7. gr. frv. er gerð ítarleg grein fyrir réttarstöðu starfsmanna við breytingu á rekstrarformi Norðurorku.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla nánar um einstakar greinar frv. og tel að frv. skýri sig sjálft. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[20:43]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra sagði að frv. skýrði sig sjálft. En að því leyti sem mig langar að vita meira um frv. þá skýrir það sig ekki sjálft því að ég veit ekki betur en hæstv. ráðherra hafi nokkuð oft látið það koma fram, að vísu ekki alveg upp á síðkastið, að hún stefndi að því að gera breytingar á skipulagi raforkumála með þeim hætti að Rarik eða stjórn þess og starfsemi yrði að einhverju leyti flutt til Akureyrar.

Ég vil þess vegna spyrja: Gera menn ráð fyrir því að Norðurorka tengist þeim fyrirætlunum með einhverjum hætti eða hafa þær fyrirætlanir, sem ég skildi á sínum tíma þannig að tengdust líka Orkubúi Vestfjarða, allar verið lagðar á hilluna? Eru ekki lengur uppi fyrirætlanir um sameiningu Rariks og Orkubús Vestfjarða og fyrirætlanir um að flytja starfsemi Rariks norður í land?

[20:44]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hvort um sameiningu verður að ræða tengist ekki þessu máli. Þetta er flutt, eins og ég sagði í ræðu minni, að beiðni Akureyrarbæjar og hefur ekkert með það að gera hvort af sameiningu þessara fyrirtækja verði.

[20:44]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég spurði hæstv. ráðherra að því hvort þessar fyrirætlanir hefðu verið lagðar til hliðar. Ég hef sannarlega áhuga á að vita það og ég býst við að æðimargir hafi áhuga á að vita hvort fyrirætlanir um sameiningu Orkubús Vestfjarða og Rariks og þær hugmyndir að flytja starfsemi Rariks norður í land, sem voru viðraðar hvað eftir annað á sínum tíma, séu ekki lengur til staðar. Hafa menn horfið frá þeim?

[20:45]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. talaði um að flytja starfsemi Rariks norður í land. Allir vita að starfsemi Rariks er dreifð um landið þannig að það er ekki um það að ræða að flytja hana á einn stað. Hins vegar reikna ég með að hv. þm. sé að tala um höfuðstöðvar Rariks. Um það er að segja að miðað við það frv. sem nú hefur verið lagt fram á hv. Alþingi en ekki tekið til umræðu er samkomulag um að III. kafla frv. verður frestað þannig að gildistaka eigi sér ekki stað fyrr en 1. janúar 2004, verði frv. að lögum sem þýðir að raforkulagaumhverfið sem tengist tilskipun Evrópusambandsins mun ekki í raun taka gildi fyrr en 1. janúar 2004. Það þýðir að hugsanleg sameining þessara fyrirtækja getur ekki gengið í gegn fyrr en þá.

Þarna eru því nokkur tíðindi vil ég meina. Við getum a.m.k. ekki látið þessa breytingu eða sameiningu eiga sér stað fyrr en sú breyting hefur orðið sem kveðið er á um í III. kafla frv.

[20:47]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er rétt að fagna framlagningu þessa frv. þótt það hafi seint komið hér í sali, og verður að fagna því hversu vel er brugðist við óskum bæjarstjórnar Akureyrar um að flytja frv. þannig að hún geti framfylgt þeim óskum sínum að láta þetta fyrirtæki taka til starfa 1. janúar 2003.

Frumvarp þetta byggir á öðrum frv. sem áður hafa verið lögð hér fram og samþykkt, þ.e. í fyrsta lagi varðandi hlutafélagið um Orkubú Vestfjarða og um Hitaveitu Suðurnesja og í raun sambærilegt og lög um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Að því leytinu til er ekki um flókið mál að ræða og þar af leiðandi ætti það að geta farið nokkuð hratt í gegnum nefnd því þar á það að vera nokkuð kunnugt.

Aðalatriði í mínum huga í þessu máli er að verið er að bregðast við beiðni sveitarfélags og það er að mínu mati eðlilegt að sveitarfélag sem stendur að fyrirtæki eins og Norðurorku, eigi að ráða því í hvaða formi það vill veita slíka þjónustu. Hér er það bæjarstjórn Akureyrar sem óskar eftir því að þessu sé breytt í hlutafélag, m.a. til þess að efla fyrirtækið og skapa aukið svigrúm til þess að efla það. Þess vegna er lykilatriði að við á Alþingi komum ekki í veg fyrir vilja bæjarstjórnar, virðum í raun sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélagsins og þess vegna, herra forseti, hvet ég hv. iðnn. til þess að hraða störfum sínum og koma frv. hér í gegnum sali sem allra fyrst. Það mun ekki skorta, herra forseti, stuðning þingmanna Samfylkingarinnar til þess að flýta meðferð málsins.

[20:49]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við höfum til umfjöllunar frv. til laga um stofnun hlutafélags um Norðurorku þar sem heimla á Akureyrarbæ að stofna hlutafélag um rekstur Norðurorku er nefnist Norðurorka hf.

Áður en ég hef mál mitt efnislega, virðulegi forseti, vil ég minna á að á sama tíma í fyrra komu fulltrúar borgarstjórnar Reykjavíkur inn í þingið með breytingar á formi Orkuveitu Reykjavíkur þar sem fyrirtækið var gert að sameignarfélagi sveitarfélaganna hér á svæðinu, en eins og kunnugt er afhenti Orkuveita Reykjavíkur orku til margra aðila.

Ég vil líka koma inn á að það var hárréttur undirtónn í andsvari hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að auðvitað hangir

þetta mál allt saman við önnur hugsanleg áform þó að þau séu ekki komin upp á borðið. Það vita allir sem fjalla um þessi mál að það eru þreyfingar um hugsanlegar breytingar t.d. á Rarik og hugsanlega samvinnu við Norðurorku og Orkubú Vestfjarða. Það er öllum ljóst. Þetta er náttúrlega sú gulrót sem bæjarstjórn Akureyrar sér í málinu og vill þar með vera undirbúin undir einhvers konar samningamöguleika á grunni þess að Norðurorku sé breytt í hlutafélag. Ég held að best sé að ræða þessi mál algjörlega hreint út.

Ég vil líka átelja hæstv. ráðherra, virðulegi forseti, fyrir hve illa er staðið að þessu máli. Þetta er svo stórt mál að það er vanvirða við þingið og nefndina, hæstv. iðnn., að þurfa að taka á þessu máli í svo miklu írafári sem raun ber vitni vegna þess að hér er mjög margt sem þarf athugunar við. Ég hefði haldið að það hefðu verið hæg heimatökin fyrir hæstv. ráðherra til að vinna tíma að kalla t.d. forsvarsmenn Norðurorku á fund iðnn. og gera henni grein fyrir hugmyndum þeirra þó svo að málið hafi ekki verið komið til nefndar. Það hefði alveg verið fær leið, eða jafnvel að iðnn. hefði farið norður og skoðað málið í því samhengi. En það hefur ekki verið gert.

Hér er gríðarlega mikið mál á ferðinni. Þarna hanga saman í raun og veru þrjú fyrirtæki. Það er rafveita bæjarsins, hitaveita bæjarsins og vatnsveita bæjarins. Þetta eru því ekki einföld mál.

Norðurorka er samsett af þeim þremur fyrirtækjum. Það er alveg augljóst eins og fram kemur í 3. gr. að tilgangur Norðurorku hf. á að vera vinnsla og framleiðsla á raforku, varma, vatns og hvers konar annarra auðlinda. Samkvæmt 3. gr. er verið að skapa grunn, gríðarlega sterkan efnahagslegan grunn til þess að sækja fram á hinum ýmsu sviðum.

Ég hefði viljað vita hvaða önnur áform menn hafa, t.d. hvað varðar vinnslu, heldur en bara þessa þrjá þætti sem núna eru inni í fyrirtækinu. Fyrirtækin voru stofnuð til að skaffa kalt vatn, heitt vatn og rafmagn og lýsa upp bæinn. Hér er því verið að leggja upp með mjög miklar breytingar og víðar heimildir fyrir þetta fyrirtæki.

Það er hollt í þessu sambandi að rifja upp sögu Hitaveitu Akureyrar sem á fyrstu árum átti í mjög miklum erfiðleikum vegna þess að orkuöflun í Eyjafirði var dýr, hún var erfið. Miklar boranir þurftu að eiga sér stað og Hitaveita Akureyrar var mjög dýr til notenda um langt árabil. Það er fyrst núna á síðustu árum að bæjarbúar eru farnir að eygja þann möguleika að orkuverð geti lækkað verulega vegna þess að rekstur veitunnar hefur um allnokkur ár gengið skaplega og í raun og veru hefur orkuverð lækkað. Breytingar af þeim toga að gera fyrirtækið að hlutafélagi án kannski sögulegs samhengis af þessu tagi, þar sem bæjarbúar sættu sig við hátt orkuverð um tíma í voninni um að fá lækkun orkuverðs í framtíðinni, hefðu að mínu mati þurft að ræðast miklu betur.

Síðan kemur atriði í 5. gr. sem svo sannarlega er tilefni til að staldra við og það er að „Norðurorka hf. tekur við einkarétti Akureyrarbæjar og Norðurorku til starfrækslu hita- og rafveitu og yfirtekur skyldu Akureyrarbæjar til starfrækslu vatnsveitu á Akureyri. Norðurorka yfirtekur þá samninga sem gerðir hafa verið um vatnssölu eða rekstur vatnsveitu í öðrum sveitarfélögum."

Samkvæmt frv. á að afhenda Norðurorku vatnsveituna. Ég efast um að það sé löglegt og ég vil fá betri skýringar á því. Ég get vel ímyndað mér að bæjarstjórn Akureyrar gæti gert samning við eitthvert fyrirtæki úti í bæ, ekki endilega Norðurorku um rekstur vatnsveitunnar, en bæjarsjóður verður samkvæmt lögunum að vera eignaraðili og sjá um afhendingu á köldu vatni til allra. Mér finnst því þetta ákvæði í frv. mjög óskýrt og mundi vilja fá miklu nánari og betri skýringu á því hvað menn eru að hugsa þarna.

Í 6. gr. kemur síðan fram að: „Stjórn Norðurorku hf. setur gjaldskrár um verð á seldri orku og vatni til notenda. Gjaldskrár fyrir sölu á rafmagni og heitu vatni öðlast eigi gildi fyrr en þær hafa verið staðfestar af iðnaðarráðherra og birtar í Stjórnartíðindum."

Síðan kemur rúsínan í pylsuendanum og það lýtur að því sem ég var að tala um áðan um von bæjarbúa á Akureyri að sjá fram á lækkandi orkuverð. Hér er ekkert tekið mið af sögu Hitaveitu Akureyrar þar sem Akureyringar um langt árabil, eins og ég sagði áðan, borguðu mjög hátt orkuverð fyrir hita og gerðu sér vonir um að sjá fram á lækkun á hitaveitunni og hafa reyndar notið þess núna allnokkur síðustu missiri. En í 6. gr. segir: „Gætt skal almennra arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár. Gjaldskrá vatnsveitu skal byggð á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991."

Ég tel þarna mjög stórt mál á ferðinni. Ég held að í sögulegu samhengi sé almenningur á Akureyri ekki spenntur fyrir því að gætt sé almennra arðsemissjónarmiða eins og gerast á markaði, vegna þeirrar háu gjaldskrár sem almenningur bjó við um langt árabil. Það er ástæða til að láta menn njóta lægri gjaldskrár og fara ekki endilega í hámarksarðsemissjónarmið eins og veitan hefur hingað til ekki gert. Það liggur alveg á borðinu.

Mér finnst því, virðulegur forseti, mjög margt í frv. sem þarf að skoða. Mér finnst algjörlega óásættanlegt að nefndarmenn fái ekki mjög góða yfirferð frá þeim sem standa að máli, málsaðilum heima fyrir og þá líka starfsmönnum. Enda þótt langur kafli sé í frv. þar sem fjallað er um hver réttindi og hverjar skyldur starfsmanna eru þá þarfnast þetta mál sannarlega yfirferðar.

Virðulegi forseti. Ef þessi formbreyting er undanfari þess að búa til stórfyrirtæki úr Rafmagnsveitum ríkisins, Orkubúi Vestfjarða og Norðurorku, þá er það stórmál sem nefndin þarf að ræða líka. Það er ekki hægt að fara í svona mál, fet fyrir fet, þegar menn eru með uppi á borðum hugmyndir um, og það er ekkert launungarmál, að gera allt, allt annað í framhaldinu. Þess vegna er hjá okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hörð andstaða við þessa formbreytingu núna, vegna þess að við erum ekki að því er ég fæ best séð bara að tala um formbreytingu. Það er ekki það sem hangir á spýtunni. Bæjarstjórn Akureyrar er augljóslega að skapa sér verkfæri eða tæki með því að fara með þetta frv. hér í gegnum hæstv. iðnrh. Þetta er greinilega undirbúningur undir eitthvað annað. Það liggur augljóslega fyrir.

Við erum búin að fara í gegnum þessi mál öll sömul hér í þinginu, sérstaklega af hendi framsóknarmanna þegar talað var um hlutafélagavæðingu ríkisfyrirtækja svo sem eins og banka, að þetta væri bara spurning um formbreytingu, síðan mundi vera staldrað og við og það ætti ekkert annað að breytast. Það er svo augljóst að von manna stendur til þess að í framhaldinu verði hægt að ganga lengra og þá er það spurningin um Rarik og Orkubú Vestfjarða.

Það er kaldhæðnislegt að þessi nýja orkutilskipun sem við erum að dansa í kringum á hinu háa Alþingi fer í þveröfuga átt við þá hugsun sem er hér í gangi, þ.e. þessa framhaldshugsun. Ég veit ekki betur en að það sé meginstefið að það eigi að stuðla að samkeppni á orkumarkaði þannig að hlutir verði sýnilegir, að það sé markmiðið. Hér er verið að fara

í þveröfuga átt ef við ætlum að fara inn í eitthvert stórt púkk með Norðurorku, Orkubúi Vestfjarða og Rarik í framhaldi af þessari lagasetningu. Sá grunur læðist að manni að vegna stóriðjuframkvæmda og stóriðjuuppbyggingaráforma hæstv. ríkisstjórnar sé kannski heppilegt að ekki séu mjög mörg sjálfstæð fyrirtæki sem eitthvað kveður að í orkugeira í landinu að þvælast fyrir. Ef illa fer, ef stórframkvæmdir borga sig ekki og landsnetið og almenningur og fyrirtækin hér í landinu þurfa á einhvern hátt að draga hlassið, er það augljóst að allur samanburður er mjög óheppilegur, hvort sem samanburðurinn kemur frá Orkubúi Vestfjarða, Rarik eða Norðurorku. Menn vilja hafa þetta allt á einni hendi svo hægt sé að vera með samræmdar áætlanir um það hvernig hlutum er stillt saman.

Það er þetta, virðulegi forseti, sem ég vil einkum draga fram hér í byrjun þessarar umræðu um frv. til laga um stofnun hlutafélags um Norðurorku. Ég held að ekki hefði komið fram ósk um þetta frv. frá bæjarstjórn Akureyrar ef menn gerðu sér ekki vonir um að eitthvert slíkt framhald yrði og að væntanlegt hlutafélag yrði nýtt til þes að fara í einhvers konar sameiningu. Allténd vafðist það ekki fyrir borgarstjórn Reykjavíkur í fyrra að fara í sameignarform á Orkuveitu Reykjavíkur og taka þar inn í öll nágrannasveitarfélögin sem eðlilega meðeigendur og meðstjórnendur í því fyrirtæki. Það hefur heyrst hér að ein af ástæðunum fyrir því að menn vilji búa til hlutafélag úr Norðurorku sé sú að það sé ákjósanlegt og að menn vilji fara í samstarf, þ.e. nágrannasveitarfélögin, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsströnd, Arnarneshreppur. Að vera með sameignarform hentar ágætlega við slíkt fyrirkomulag. Og það er ekkert því til fyrirstöðu að nota sömu formúlu og á höfuðborgarsvæðinu hvað varðar þá hugsun og væri eflaust mjög heppilegt. Eins og kunnugt er hefur Norðurorka fundið gríðarlega mikið af heitu vatni á Hjalteyri sem er í Arnarneshreppi. Samtenging þessara veitna væri e.t.v. mjög fýsileg og sjálfsögð. Það er bara spurning um hvaða form menn velja á það.

Ég held að ekki sé heppilegt að nota fyrirtækið svona sem bakhjarl fyrir aðra bisnessmöguleika, sérstaklega vegna þess að ég held að það sé ekki sanngjarnt í ljósi sögu veitunnar að setja upp form sem krefst hámarksávöxtunar á kapítalið.

Ég held að eins og gert hefur verið undanfarið eigi Akureyrarbær að sætta sig við lága ávöxtunarkröfu og láta neytendur veitunnar njóta lágs verðs en ekki taka út mikinn arð, a.m.k. ekki í nánustu framtíð. Þetta voru hræðilegir tímar fyrir hitaveituna á sínum tíma, bæði var það efnahagsástandið í landinu sem gerði henni mjög erfitt fyrir en líka mjög mikill kostnaður vegna rannsókna og borana sem þarna kom við sögu.

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir beiðni bæjarstjórnar Akureyrar um að þetta frv. fari í gegnum þingið lýsi ég mikilli andstöðu við það. Ég lýsi andstöðu við þetta form. Ég tel að samvinnuformið, samvinnufélagsleiðin, hefði verið betri, svipuð leið og Orkuveita Reykjavíkur fór, ef menn hefðu viljað breyta formi, t.d. til að taka inn í fyrirtækið nágrannasveitarfélög eins og óskir hafa verið settar fram um.

Virðulegi forseti. Ég sé að tími minn er nú að verða búinn þannig að ég læt máli mínu lokið að sinni og freista þess kannski að koma aftur upp og ræða um þetta mál.

[21:06]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvað hv. þm. hefur á móti þessu frv. þrátt fyrir ræðu hans áðan. Hann efast um að bara sé verið að tala um formbreytingu en raunin er samt sú. Ég flyt þetta mál að beiðni bæjarstjórnar Akureyrar og þar þekkir hv. þm. jafnvel betur til en ég. Ég undrast þessa ræðu og ég átta mig ekki á hvaða draug hv. þm. sér í þessu máli. Þetta er ekkert annað en það að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag og hlutafélagaformið er mjög þekkt form á Íslandi. Flestir hafa sætt sig mjög vel við það rekstrarform.

Þegar Akureyrarbær biður um að þetta frv. sé flutt og gert að lögum fyrir áramót undrast ég að hv. þingmaður skuli ætla að beita sér gegn því eins og ég skildi hann. Hann talar um að samanburður sé óheppilegur og blandaði reyndar nýju frv. sem nú liggur á borðum þingmanna en hefur ekki komið til umræðu, raforkulagafrv., inn í mál sitt. Málið er að hugmyndirnar með því að sameina ákveðin orkufyrirtæki, sem ég hef nú greint frá að verður einhver frestur á, eru þær að þar með gæti náðst samkeppni í sambandi við vinnslu raforku og það tel ég mikið grundvallaratriði. Hv. þm. virðist ekki vera sammála mér um það.

Ég endurtek að ég átta mig ekki alveg nógu vel á því hvað hv. þm. er að fara.

[21:08]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef hæstv. iðnrh. áttar sig ekki á því hver þessi breyting er erum við í verri málum en ég hélt. Þótt ég grípi ekki nema bara til 6. gr., sem ég gerði töluvert mál úr, kemur þar berlega fram að það skal gæta almennra arðsemissjónarmiða. Og hver eru almenn arðsemissjónarmið? Þau geta rokkað á stóru bili. Menn hafa verið í þessum sveitarfélagareknu fyrirtækjum kannski að taka 7% en ef almenn arðsemissjónarmið eru látin gilda, hvað vilja menn þá fá í þessu fyrirtæki? Vilja menn ekki fá kannski 12%? Eða kannski upp undir 20%? Það er spurningin.

Hér er um mjög mikla breytingu að ræða, auðvitað. Og það er líka um mjög mikla breytingu að ræða ef menn eru á framtíðarvegferð þar sem þeir slá sér saman við önnur fyrirtæki. Fyrirtækið eitt og sér mun á allra næstu árum vera í þeirri stöðu að orkuverð mun stórlega lækka.

Ef menn ætla að fara út í stækkun og nota fyrirtæki sem efnahagslegan bakhjarl til þess, hvort sem það er að slá sér saman við önnur fyrirtæki eins og ég rakti áðan eða annað, er náttúrlega vonin um að orkuverðið verði lægra fokið út í vindinn. Almennra arðsemissjónarmiða verður bara gætt.

[21:10]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. lét þess getið að það hefði ekki vafist fyrir borgarstjórn Reykjavíkur að fara út í að mynda sameignarfyrirtæki um Orkuveitu Reykjavíkur. Þetta er rangt. Það vafðist mjög fyrir borgarstjórn Reykjavíkur að fara út í að mynda sameignarfyrirtæki. Það voru aðeins fulltrúar Vinstri grænna í borgarstjórninni sem komu í veg fyrir að stofnað yrði hlutafélag. Hugur allra annarra stóð til þess, bæði þeirra sem eiga fyrirtækið með Reykjavíkurborg og annarra, og þeir töldu að það væri skynsamlegasta leiðin til þess að Orkuveita Reykjavíkur nyti sín sem best, að því yrði breytt í hlutafélag í eigu sveitarfélaganna.

Það vafðist því verulega fyrir borgarstjórn. Innan R-listans var að lokum látið undan kröfu Vinstri grænna um

að þetta yrði sameignarfyrirtæki. Ef hv. þm. telur að arðsemiskrafan í 6. gr. sem hann nefnir sé eitthvað einkennandi fyrir þetta fyrirtæki vegna þess að það er hlutafélag ætti hann að kynna sér lögin um Orkuveitu Reykjavíkur, sameignarfyrirtækið, þar sem sams konar ákvæði eru.

[21:11]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að það kom fram hjá hv. þm. Birni Bjarnasyni að sú staðreynd að Vinstri hreyfingin – grænt framboð eigi aðkomu að borgarstjórn Reykjavíkur hafi orðið til þess að sameignarfélag var stofnað. Það er alveg rétt að við urðum til þess. Ég tel að í framhaldi af þeim umræðum sem þar urðu og átökum um form hafi ekki vafist fyrir mönnum að fara yfir í þetta rekstrarform. Eftir því sem ég veit best hefur það gefist ágætlega, það sem af er. Aðrar upplýsingar hefur maður ekki.

Það er því mjög gott að það komi skýrt fram að Vinstri hreyfingin – grænt framboð varð þess valdandi að fyrirtækið varð ekki hlutafélagavætt og þarf þá ekki að hafa áhyggjur í allra nánustu framtíð af því að það verði sett á markað og selt eins og aðrar félagslegar eignir á síðustu missirum.

[21:12]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi leiðrétta þann misskilning að ekki sé hægt að selja sameignarfyrirtæki. Auðvitað er það hægt, það er ekkert sem bannar að selja Orkuveitu Reykjavíkur þótt hún sé sameignarfyrirtæki. Það versta fyrir Orkuveitu Reykjavíkur er að hún skuli ekki vera hlutafélag sem er öflugasta rekstrarformið þegar menn stunda rekstur eins og þann sem orkufyrirtækin stunda. Það er veika hliðin á starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur. Nú kemur þetta fyrirtæki og verður hlutafélag. Orkuveitan er að keppa við Hitaveitu Suðurnesja sem er hlutafélag þannig að Orkuveitan er í umhverfi sem er þannig að keppinautarnir starfa við hinar bestu aðstæður og rekstrarfyrirkomulag. En vegna þess að vinstri grænir komu með skammsýni sinni í veg fyrir að unnt væri að breyta Orkuveitunni í hlutafélag stendur hún höllum fæti. Þetta eru staðreyndir sem menn eiga að horfast í augu við og vinstri grænir bera ábyrgð á.

[21:13]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er skoðun okkar hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að rekstur hitaveitna og náttúrlega vatnsveitna eins og er samkvæmt lögunum eigi að vera í opinberri eigu. Við viljum félagslegt rekstrarform og teljum að það tryggi best, þrátt fyrir allt, að áfram verði sú staða uppi að almenningur eigi þessar veitur. Það er út frá þeirri hugsun sem við vinnum í sambandi við form á fyrirtækjunum.

Eins og dæmin sanna opnar hlutafélagaformið mönnum möguleika á örskömmum tíma til þess að selja aðilum úti í bæ, einkavæða. Það er meginhugsun okkar að stoðkerfi landsins sé í félagslegri eign, opinberri eign ríkis og sveitarfélaga, og við teljum öruggara að vera með þetta rekstrarform, sameignarfélag, heldur en hlutafélagsformið í ljósi sögunnar hvað þetta varðar.

[21:14]

Útbýting þingskjala:

Málefni aldraðra, 412. mál, brtt. ÁRJ og MF, þskj. 729.

Úthlutun Byggðastofnunar og ráðherra á aflaheimildum, 466. mál, fsp. GE og JÁ, þskj. 708.

[21:15]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að taka upp þráðinn þar sem hv. þm. Björn Bjarnason sleppti honum. Hann vék að deilum í Reykjavík um rekstrarform á orkuveitunum. Hann staðhæfði að það væri mál manna í Reykjavík, annarra en vinstri grænna, og mál manna víðs vegar um heiminn að hlutafélagsformið væri heppilegast. Ég er ósammála þessari staðhæfingu og ætla að nefna tvö atriði því til stuðnings.

Í fyrsta lagi er að koma á daginn, ég mun gera nánar grein fyrir því við 2. umr. málsins, að orkufyrirtæki sem hafa verið markaðsvædd en hafa skapað sér einokunarstöðu, sem gerist víðast hvar, hafa sprengt upp orkuverðið. Núna eru t.d. fréttir um það í norskum fjölmiðlum hvernig sprenging hefur orðið í orkugeiranum þar í kjölfar svipaðra breytinga og íslensk stjórnvöld gangast fyrir hér. Frá sjónarhóli notandans, orkukaupandans, er þetta því málum blandið.

Hitt atriðið lýtur að stöðugleikanum. Ef við lítum á hvað hefur verið að gerast í orkugeiranum víðs vegar um heim þá hefur mikill óstöðugleiki einkennt hann. Það þarf ekki að alhæfa út frá Enron- fyrirtækinu í Kaliforníu. Þar var glæpsamlegt athæfi á ferðinni. Engu að síður sýnir það okkur fram á hvað getur gerst þegar óprúttnir aðilar komast í valdastöður hjá þessum fyrirtækjum.

Nú fréttist af mjög miklum erfiðleikum hjá stærsta breska orkufyrirtækinu og okkur berast víða að fréttir af óstöðugleika. Það er þetta sem veldur því að í Bandaríkjunum, kannski síður í Evrópu, hafa vaknað efasemdir um hlutafélagsformið í almannaþjónustu. Hlutafélagsformið byggir að sjálfsögðu á því að þar komi hluthafar að. Við höfum orðið vitni að almennu millibilsástandi hér á landi, þar sem einn hluthafi situr á einu hlutabréfi eins og gerðist með Póst og síma um skeið. Þróunin er sú að farið er með hlutina út á markað og fyrirtækið markaðsvætt. En hlutabréfamarkaðinn einkennist af óstöðugleika. Eigendurnir leita eftir hámarksarði og eru reiðubúnir að yfirgefa fyrirtækið, stofnunina, starfsemina, ef meiri arðsemi er að vænta annars staðar. Hlutafélagsformið býður þannig í sjálfu sér upp á óstöðugleika. Mér finnst það alla vega kalla á málefnaleg andsvör ef menn telja þetta rangt vegna þess að staðreyndirnar tala þessu máli, þ.e. gagnvart notandanum, orkukaupandanum. Þetta hefur leitt til hærra orkuverðs og óstöðugleiki fyrirtækjanna eykst. Þetta eru staðreyndir.

Það er vegna þessa sem menn hafa vaxandi efasemdir um að hlutafélagsformið eigi rétt á sér í almannaþjónustu, þ.e. fyrirtækjum eða starfsemi sem þarf alltaf að vera til staðar og þarf að vera traust. Menn hafa efasemdir um að rétt sé að fara í breytingar að þessu leyti.

Ég leyfi mér að spyrja: Er ekki hæstv. iðnrh. við þessa umræðu?

(**Forseti** (ÍGP): Forseti sér í tölvu sinni að hæstv. iðn.- og viðskrh. er skammt undan.)

Ég vildi gjarnan að hæstv. ráðherra hlýddi á mál mitt. Hér vorum við að ræða hvort hlutafélagsformið væri heppilegasta formið í almannaþjónustu, þar með talið í stoðfyrirtækjum í samfélaginu á borð við orkufyrirtæki. Ég hef miklar efasemdir um það, tel að þetta geti komið orkukaupandanum í koll og kalli á óstöðugleika í þessari grein vegna þess að hluthafar, eðli máls samkvæmt, leita eftir arðsvon þar sem hún er mest og eru tilbúnir að yfirgefa fyrirtækin eða stofnanirnar þegar þær þurfa mest á þeim að halda.

Síðan verður ákveðin breyting á þankagangi við þessar kerfisbreytingar. Hlutafélagi er fyrst og fremst ætlað að sækja arð. Það er grundvallarmunur á því annars vegar og hinu að veita þjónustu. Ég tek eftir því að í 3. gr. þessa frv. er einmitt vísað til þess að fyrirtækið eigi hægara um vik með að hella sér út í aðra viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Með öðrum orðum á að gera þessi grundvallarþjónustufyrirtæki í landinu að almennum viðskipta- og fjármálastofnunum. Við höfum séð þetta gerast hér í Reykjavík hjá Orkuveitunni. Ég hef haft miklar efasemdir um ýmislegt sem þar hefur verið gert í þá veru, sannast sagna. Ég tel að þessar grundvallarstofnanir eigi fyrst og fremst að sinna tiltölulega þröngt afmörkuðu þjónustuhlutverki. Síðan er ekkert óeðlilegt að leitað sé út á markað um einstaka þætti starfseminnar.

Hæstv. ráðherra kom upp í andsvari áðan og vildi gera lítið úr andstöðu okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði gegn þessari krefisbreytingu. Í grundvallaratriðum sagði hæstv. ráðherra að þetta væri ósk heimamanna og þarna væri fyrst og fremst um formbreytingu að ræða, ef ég skildi það rétt. Hvers vegna ættum við að standa gegn því að lýðræðislegar óskir úr héraði næðu fram að ganga? Það er alveg eðlilegt að menn spyrji á þennan hátt. Ég tel hins vegar að málið sé miklu flóknara en þetta. Við þurfum að horfa, ekki bara á nærumhverfið heldur þurfum við að hafa hliðsjón af skuldbindingum og samningum sem við erum að gera á alþjóðavísu. Þar vísa ég sérstaklega til GATS-samninganna, General Agreement on Trade in Services eins og þeir heita á ensku, sem eru á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar WTO. Þar er unnið að því að markaðsvæða þjónustustarfsemi. Menn takast á um hve langt skuli gengið í að skilgreina þjónustu. Á að einskorða það við banka og tryggingar eða á einnig að fara inn í samfélagsþjónustu, m.a. af þessu tagi?

Evrópusambandið, sem gerir flest sitt í leyni bak við tjöldin, hefur farið þess á leit við viðskiptaaðila sína, t.d. Kanada, að þeir einkavæði vatnsveitur sínar. Þetta var upplýst í Guardian 17. apríl sl. og var mikið uppistand í Brussel þegar upplýst var hvað menn voru að makka þar á bak við tjöldin.

Við erum núna stödd þar í ferlinu hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni að einstök ríki eiga að nálgast viðskiptaaðila, önnur viðskiptalönd, og setja fram óskir um hvað þau vilji markaðsvæða, færa yfir á markað. Óskað hefur verið eftir því við utanrrn. hér að fá upplýsingar um hvaða kröfur hafa verið reistar á hendur Íslendingum. Bandaríkjamenn og Japanir hafa sett fram kröfur en það fæst ekki upplýst hverjar þær eru. Þetta er alla vega að gerast.

Á grundvelli Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eru menn síðan að koma á samkomulagsneti um hvað eigi að vera á markaði. Grunnurinn sem menn hafa sett hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni og unnið hefur verið að allar götur frá 1994 er að skapa almennan ramma um markaðsvæðingu. Síðan ákveða ríkisstjórnir hver fyrir sig hvað þær eru tilbúnar að færa inn í þennan ramma. Því miður held ég að Íslendingar hafi þarna sofið á verðinum. Ég óttast það, t.d. með vatnið. Mér sýnist, af þeim athugunum sem ég hef gert á málinu, að við höfum ekki verið nægilega vakandi. En þegar við höfum undirgengist markaðsvæðingu á tilteknum sviðum þá skiptir öllu máli hvaða form er á starfseminni. Um leið og hún er markaðsvædd, gerð að markaðsfyrirtæki, hlutafélagi, þurfa menn að undirgangast þessar reglur. Þess vegna er þetta ekki einkamál heimamanna og snýst ekki bara um formbreytingu vegna þess að um leið og við erum búin að setja starfsemina á markað þá lýtur hún þessum reglum.

Menn hafa óttast, fari þeir með skólakerfið inn á þessa braut og undanþiggi skóla undanþáguákvæðum í GATS-samningunum, að hugsanlega yrði bannað að mismuna skólum eftir því hvort þeir eru reknir á vegum sveitarfélaga og ríkis annars vegar eða einkaskólar hins vegar. Ein af kröfunum sem Bandaríkjamenn hafa verið að reisa núna í ferlinu sem ég vék að áðan er einmitt einkavæðing á skólakerfinu. Þeir segja að vísu að þeirra kröfur séu einskorðaðar við háskólastig og það stig þar sem einkarekstur í skólum sé við lýði. Það sem ég er að reyna að sýna fram á er að þessi formbreyting skiptir máli þegar við erum komin inn í þetta alþjóðlega samningaumhverfi. Ég hef mikla sannfæringu fyrir því að það sé mjög vafasamt að gera þetta.

Síðan eru ýmsir kostir í stöðunni. Auðvitað þarf að búa svo um hnútana að fyrirtæki eða stofnanir í þessum geira geti sameinast eða efnt til samstarfs eins og gerst hefur hér á suðvesturhorninu, Orkuveitan í Reykjavík hefur efnt til samstarfs við orkuveituna á Vesturlandi og víðar sem er hið besta mál. Sá kostur sem ég tel að ætti að fara, það skipulagsform sem ég tel að væri heppilegast, er að stofna byggðasamlag um þjónustustarfsemi af þessu tagi.

Það er alveg rétt sem fram kom hér áðan að í Reykjavík varð ofan á að stofna sameignarfélag um orkuveiturnar. Ég tel að það hafi verið lakari kostur. Ég held að menn hafi flýtt sér einum of þegar frv. þar að lútandi var keyrt hér í gegnum þingið rétt fyrir síðustu áramót. Ef ég man rétt var það gert rétt fyrir síðustu áramót. Þá var sá háttur hafður á sem nú er einnig hafður á. Á síðustu dögum eða klukkustundum þingsins var frv. lagt fram og sagt: Þetta er frumvarp sem byggir á samkomulagi heimamanna. Í því tilviki ætla ég ekki að álasa þinginu vegna þess að menn höfðu trú á að svo væri. Ég tel hins vegar að samkomulagið hafi ekki verið frágengið þegar það var sett í gegnum þingið og harma að þetta skuli hafa verið gert með þessum hætti. Hins vegar er sameignarfélag ekki slæmur kostur og ekki saman að jafna sameignarfélagi og hlutafélagi ef út í þá sálma er farið.

En þetta er sem sagt ástæðan fyrir því að ég tel rök hæstv. viðskrh. ekki ganga upp. Ég tel þau ekki ganga upp í fyrsta lagi varðandi hlutafélagsformið. Það hefur sýnt sig að vera verri kostur fyrir kaupanda orkunnar. Hún er á uppleið. Það hefur orðið verðsprenging í Noregi. Það er verri kostur fyrir starfsemina að hafa óstöðuga hlutafjáreigendur sem hlaupa alltaf eftir arðsvon þar sem hún gerist hæst. Síðan ætla ég að leyfa mér að nefna annað, þ.e. tilkostnaðinn við samkeppni eða ímyndaða samkeppni, vegna þess að í þessum geira er hún yfirleitt ekki til staðar.

Við þurfum ekki að fara annað en til Bandaríkjanna til að sjá hver einokun er í raforkugeiranum þar sem þó víða er mikið frelsi í þessum efnum. Þetta eru fyrirtæki sem hasla sér völl á tilteknu landsvæði og hafa þar nánast einokunarstöðu. Þar sem einhver samkeppni er fyrir hendi jú, þar verða til fleiri fyrirtæki. En hver er tilkostnaðurinn við það að efna til þessarar samkeppni? Hver var tilkostnaðurinn við það að efna til samkeppni á símamarkaði í Bretlandi, svo dæmi sé tekið? Hafa menn komið á Piccadilly Circus nýlega og farið þar í síma? Það er lærdómsríkt vegna þess að það eru tvö sett af símkerfum hvort fyrir sitt fyrirtækið og það eru mismunandi kort. Það eru mismunandi yfirbyggingar á þessum fyrirtækjum. Halda menn að þetta kosti ekki neitt? Halda menn að samkeppnin kosti ekki neitt, að hún sé bara

ókeypis? Halda menn að það kosti ekki neitt að reisa endalausar eftirlitsstofnanir til að hafa síðan eftirlit með því hvort samkeppnin virki og sé sem skyldi? Þetta er þáttur sem menn horfa iðulega fram hjá.

Alla þessa þætti á ég eftir að athuga betur þegar frv. kemur til 2. og 3. umr. í þinginu. En staðreyndin er sú að menn eru enn að lesa texta frv. og greinagerðina með því vegna þess að því var dreift hér í gær. Þetta frv. um að gera grundvallarbreytingu á orkuveitunni norðan lands var kynnt hér í gær og menn ætlast til að það sé samþykkt hér á fáeinum klukkustundum, lagafrv. nánast ólesið. Eina ferðina enn á að afgreiða hér lög með bundið fyrir augun.

Ég virði það hins vegar að sjálfsögðu þegar efnt er til samstarfs við heimamenn. Að sjálfsögðu geri ég það. En það er ekki þar með sagt að menn leggi blessun sína yfir alla hluti.

Ég verð að segja það að í fyrra þegar til kasta Alþingis kom frv. um að einkavæða eða gefa heimild til að hlutafélagavæða vatnsveitur var leitað eftir umsögnum sveitarstjórna víðs vegar um landið og andvaraleysið var fullkomið. Það var fullkomið. Það komu ekki athugasemdir. Það er fyrst núna þegar menn eru farnir að kynna sér afleiðingar einkavæðingar á vatninu að mótmæli eru að vakna. Það skiptir máli að samfélagið gefi sér góðan tíma áður en ráðist er í grundvallarbreytingar á grunnþjónustu, breytingar sem geta haft afdrifaríkar afleiðingar.

Sá þáttur sem maður hlýtur að staldra við og verja verulegum tíma í að skoða er náttúrlega tengingin við vatnsveituna. Enda þótt um sé að ræða framsal á rekstri, ekki eignarhaldi yfir vatnsveitunum eins og ég skil það, þá er þarna komin æðisterk tenging við einkafyrirtæki sem ég hef miklar efasemdir um og á eftir að gera að umtalsefni, annaðhvort hér í annarri ræðu á eftir og svo sannarlega við 2. og 3. umr. málsins, nema hvort tveggja væri.

[21:35]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hæstv. iðn.- og viðskrh. hafði um það þau orð áðan í andsvari eða orðaskiptum að hér væri eingöngu um formbreytingu á fyrirtæki að ræða og í raun lá í orðunum, ef ég má leyfa mér að túlka þau svo, að þetta væri hreint smámál því þetta væri bara svona um að rétt setja stafina hf. aftan við þetta orkufyrirtæki. Mér sýnist nú ekki svo vera, herra forseti. Ég held að hæstv. ráðherra hafi nú ekki alveg farið nákvæmlega með að hér sé verið að breyta einfaldlega formi á fyrirtæki sem stundar öflun og dreifingu vatns, raforku og hitaorku í formi heits vatns. Staðreyndin er sú að samkvæmt frv. er verið að gefa fyrirtæki, hlutafélagi, í raun heimildir til að reka alla starfsemi milli himins og jarðar. Þetta nýja hlutafélag, ef stofnað verður með þessum hætti, Norðurorka hf., getur gert það sem því sýnist algerlega samkvæmt eigin ákvörðunum og það getur blandað allri þessari starfsemi saman eins og því sýnist.

Ég verð að segja, herra forseti, að það undrar mig nokkuð að þetta mál skuli koma hér fram á allra síðustu klukkustundum þinghaldsins fyrir jól og að því skuli dreift um svipað leyti, eða kannski einhverjum klukkutímum á eftir, og nýju frv. til raforkulaga sem ekki hefur enn verið rætt og verður væntanlega ekki afgreitt, alla vegana ekki fyrir jól. Það dettur væntanlega engum í hug. Þetta er eiginlega neyðarleg tilviljun, herra forseti, því ég sé ekki betur en að það sé í hrópandi mótsögn við þá framtíð sem þrátt fyrir allt má reikna með að sé að teiknast upp með þessari nýju skipan raforkumála ef marka má ákvæðin sem koma fyrir í frv. og kemur það ekki á óvart vegna þess í að orkutilskipun Evrópusambandsins sem við erum bundin af þó íslensk stjórnvöld hafi að vísu ekki fullgilt hana enn þá, er kveðið á um algeran aðskilnað einkaleyfisbundinnar starfsemi og meira að segja aðskilnað hinna einstöku þátta innan orkusviðsins, þ.e. orkuöflun eða virkjun orkunnar og síðan dreifingar, flutninga og dreifingar og smásölu.

Þá má líka spyrja: Er ekki verið að fara í hlutina í algjörlega öfugri röð með að rjúka til og breyta nú þessu fyrirtæki nyrðra á þessum grunni áður en raforkulögin hin nýju líta dagsins ljós og framtíðarstarfsumhverfi orkufyrirtækjanna liggur fyrir? Ég held það.

Ég verð að segja að það eru nokkur vonbrigði að sjá að meiri hluti bæjarstjórnar á Akureyri, sem að vísu er hinn sami og er í ríkisstjórninni og kemur þar af leiðandi kannski ekki á óvart að spili hér saman, skuli ekki telja skynsamlegra að bíða átekta og láta hið nýja lagaumhverfi, bæði orkufyrirtækjanna og einnig þess vegna vatnsveitnanna sem sömuleiðis eru á borðum þingmanna, ganga fram fyrst og taka svo ákvarðanir um framtíðarfyrirkomulag sinna fyrirtækja eða síns fyrirtækis á þessu sviði.

Eins og hér hefur þegar komið fram hjá fyrri ræðumönnum úr þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þá hefðum við talið æskilegri leið í þessum efnum til að búa um og varðveita hið félagslega rekstrarform veitustarfsemi af þessu tagi, að ekki sé nú talað um auðvitað vatnsveiturnar sérstaklega, að um þær væri þá búið ef ekki í hreinum sveitarfélagafyrirtækjum þá í sameignarfyrirtækjum. Þau hafa í raun alla sömu kosti. Í öllum aðalatriðum er ekkert sem það rekstrarform býður ekki upp á eins og hlutafélögin svo ágæt sem þau eru til síns brúks. En hér er bara ósköp einfaldlega, herra forseti, ekki um venjulega viðskiptastarfsemi, venjulegan rekstur í samkeppni að ræða. Hér er um einkaleyfabundna starfsemi og hér er um að ræða starfsemi sem lýtur lögmálum eðlislægrar einokunar, fýsískrar einokunar, vegna þess að menn dreymir nú yfirleitt ekki um að lögð séu mörg dreifikerfi raforku eða margar vatnslagnir inn í hús í hverju og einu sveitarfélagi.

Fyrir það fyrsta verða menn því að horfast í augu við þetta, að hér er um mjög sérstaka starfsemi, mjög sérstök viðskipti að ræða, af því þau eru dæmd til að lúta lögmálum þessarar eðlislegu eða eðlisfræðilegu, efnislegu einokunar sem fólgin er því að það getur varla verið mikil skynsemi í að reka margföld dreifikerfi af þessu tagi.

Auðvitað er hægt að hugsa sér að fara einhverja fjarskiptalagaleið um það að skylda menn til að hafa samkeppni um aðgang að slíkum veitum. En þá byrja að myndast miklar flækjur sem menn hafa nú verið að glíma við að leysa úr víða í heimimum með vægast sagt misjöfnum árangri, þar sem menn hafa lent út í þessar ógöngur einkavæðingar og einkarekstrar á veitustarfsemi af þessu tagi. Það sýnir sagan. Reynslan frá Bretlandi, Nýja-Sjálandi og Bandaríkjunum er vægast sagt slæm. Blendin, væri vægt til orða tekið. Það hafa meira að segja hörðustu íhaldsmenn í Bretlandi viðurkennt, gallharðir thatcheristar viðurkenna að í ofstækinu á sínum tíma þá bar menn náttúrlega stórlega af leið og alveg sérstaklega þegar kom að því að menn ruku til og fóru að rembast við að reyna að einkavæða rekstur veitufyrirtækja og jafnvel járnbrauta og annað í þeim dúr með mjög misjöfnum árangri eins og kunnugt er.

Herra forseti. Nú er mér að vísu ljóst að hér er á ferðinni væntanlega skv. 3. gr. um samþykktir eða tilgang fyrirtækisins svipuð ákvæði og hafa áður litið dagsins ljós. En þau eru þó þannig að þetta fyrirtæki hefur ekki bara það verkefni skv. 3. gr. og heimildir til þess þá samkvæmt lögum ef stofnað verður, að sinna orkurannsóknum, vinnslu og framleiðslu raforku, varma og vatns og hvers konar annarra auðlinda — þetta er nú nokkuð — nei, dreifingu og sölu afurða fyrirtækisins einnig, ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækisins — þetta er nú orðið þó nokkuð vítt — sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi — eins og það sé nú ekki nóg að fyrirtækið hafi algjörlega opnar heimildir og frjálsar hendur til þess að taka þátt í hvers kyns starfsemi af þessum toga, er hnýtt aftan í — ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Fyrirtæki getur blandað saman rekstri vatnsveitunnar á grundvelli einkaréttar sveitarfélagsins, rekstri rafveitunnar á grundvelli einkaréttar sveitarfélagsins og hitaveitunnar og hvers kyns annarri starsemi, þar með talinni viðskipta- og fjármálastarfsemi. Það getur væntanlega þess vegna rekið banka, sameinast á morgun stóru sjávarútvegsfyrirtæki, keypt banka daginn þar á eftir og grautað þessu öllu saman í rekstri sínum.

En í vændum er löggjöf ef marka má, raforkulöggjöf, þar sem á að kljúfa upp, ekki bara svona óskylda starfsemi heldur sjálfa orkustarfsemina niður í einstaka þætti, framleiðslu sér, flutningakerfi sér og dreifiveitur sér. Það er beinlínis óheimilt að færa fjármuni á milli þátta í þessum rekstri. Það er tekið fram í hverju tilviki fyrir sig. Það er hér alveg uppálagt og skýrt í sambandi við raforkuvinnsluna í frv. um raforkulög sem hér liggur á borðunum að vinnslufyrirtækjunum er heimilt að stunda sérleyfisstarfsemi en óheimilt er því að niðurgreiða vinnsluna með sérleyfastarfseminni eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu.

Sama gildir um flutningafyrirtækin. Þeim er óheimilt að blanda þessu saman og flytja fjármuni þarna á milli. Það er hluti af starfsskyldum þeirra að sjá til þess að þarna sé fullkominn aðskilnaður.

Dreifing, dreifiveitur. Þær skulu vera sjálfstæður skatta- og lögaðili. Þær mega ekki blandast saman við aðra þætti raforkumálanna, og óheimilt er dreifiveitu að niðurgreiða samkeppnisrekstur sem hún stundar af starfsemi vegna dreifingar eða annarri sérleyfisstarfsemi eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu.

Það verður því ekki annað séð en að þetta fyrirtæki, ef stofnað verður, verði í alveg fullkomnu ósamræmi við það sem í vændum er samkvæmt a.m.k. raforkulagaþætti þessa máls og reyndar í vandræðum gagnvart gildandi lögum, orkulögum og lögum um vatnsveitur sveitarfélaga. En eins og kunnugt er eru vatnsveitur samkvæmt gildandi lögum skylduverkefni sveitarfélaga og sveitarfélögin eiga að sjá um þann rekstur sjálf, og fyrir liggur lagaálit um að þannig eigi það að vera.

Það er t.d. alveg ljóst að ef vatnsveita er inni í stærra fyrirtæki sem annast raforkudreifingu eða hvaða aðra starfsemi sem er og það fyrirtæki er gert að hlutafélagi þá er það í reynd brot á gildandi lögum um vatnsveitur sveitarfélaga. Daginn sem einhver annar en sveitarfélag eignast eitt einasta prósent í því fyrirtæki er það alveg kolólöglegt, er skýrt lögbrot á skyldum sveitarfélaganna til að eiga og reka vatnsveiturnar og þar er um engar framsalsheimildir af einu eða neinu tagi að ræða.

Ég hefði haldið, herra forseti, að miklum mun farsælla væri að bíða átekta með breytingar af þessu tagi, láta þetta lagaumhverfi, bæði í raforkugeiranum og varðandi vatnsveiturnar og í sjálfu sér orkuþáttinn í hitaveiturekstrinum eða nýtingu jarðhitans einnig, skýrast og á grundvelli þess gætu menn svo tekið ákvarðanir sínar um fyrirkomulag fyrirtækja sinna. Nema mönnum liggi þessi lifandis ósköp á vegna þess að það sé auðvitað eitthvað meira í vændum en bara þetta sem hæstv. iðnrh. kallar formbreytingu. Og það er svo sem ekkert fjarlægt að láta sér detta það í hug því að hæstv. ráðherra hefur auðvitað kynnt hugmyndir sínar um stórfellda breytingu í þessum efnum og hefur ekki alls staðar vakið hrifningu, eins og t.d. það að taka Orkubú Vestfjarða og sameina það inn í nýtt félag með Rafmagnsveitum ríkisins og Norðurorku, og þótti þá Vestfirðingum fara lítið fyrir svardögum og loforðum um að ekki yrði hróflað við Orkubúi Vestfjarða þó að það yrði selt ríkinu. Ég veit að ég þarf ekki að rifja upp þá umræðu, það nægir að vitna til hennar.

Um þá hluti er auðvitað erfitt að ræða í tilgátustíl. En ég leyfi mér að hafa miklar efasemdir um að það sé endilega sérstaklega spennandi fyrir íbúa Akureyrar að lenda inni í þeim sviptingum. Ég vísa þar m.a. til þess sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson sagði áðan að það eru auðvitað Akureyringar sem hafa borið hitann og þungann af því að afskrifa hinar miklu fjárfestingar, einkum í hitaveitunni, og sjá nú loks fyrir endann á þeim hlutum og betri tíð í vændum þar sem þetta fyrirtæki, ef það heldur áfram að greiða niður skuldir sínar, er að komast í aðstöðu til að lækka verulega orkukostnaðinn á svæðinu, og íbúarnir fara þá að njóta góðs af þeirri fjárfestingu sem þeir hafa verið að afskrifa á undanförnum 20 árum eða svo í gegnum tiltölulega hátt verð hjá þjónustufyrirtæki eins og einkum hitaveitunni.

Er þá endilega víst að hagsmunum notenda á því svæði sé betur borgið inni í nýju fyrirtæki, ég tala nú ekki um ef það færi að fara út í samkvæmt heimildunum alls konar aðra starfsemi? Það hefði verið gaman að heyra hv. þm. Björn Bjarnason, sem aðeins blandaði sér hér inn í umræðurnar, tjá sig um það mál. Ber þá nýrra við ef sjálfstæðismenn eru orðnir sérstaklega hrifnir af því að óskyldum þáttum sé blandað saman í fyrirtækjum af þessu tagi. Mér hefur heyrst eitthvað annað á þeim að undanförnu, og ætla svo sem ekki að fara í þá umræðu frekar en ég hygg að hv. þm. viti til hvers ég er að vísa.

Ég held að orkufyrirtæki, að vatnsveitur eða hitaveitur eigi að vera vatnsveitur eða hitaveitur og reyna að sinna þeim verkefnum vel og reyna að bjóða upp á eins góða og ódýra þjónustu og kostur er og það sé síðan annarra að standa í annars konar viðskiptum og annars konar starfsemi í grunninn. Það er mitt álit í þessum efnum. Ég sé það ekki endilega sem framför í þessum efnum að þarna sé öllum hlutum grautað saman með þeim hætti sem þetta frv. á að bjóða upp á og það er vegna þess hversu viðkvæm þessi þjónusta í raun og veru er í eðli sínu. Það er vegna þess að á endanum er notandi sem á engan annan kost en að kaupa þjónustuna af þeim sem hana er að bjóða, því að það er bara ein vatnsleiðsla inn í húsið hjá viðkomandi og hann verður að fá sitt vatn.

Það er þess vegna sem þannig hefur verið búið um þetta í lögum að það sé lögbundin skylda viðkomandi sveitarfélags að tryggja þessa þjónustu rétt eins og margt annað sem við leggjum sveitarfélögunum á herðar að sjá um, að standa fyrir grunnskóla eins og nú er komið þannig að börnin í

viðkomandi sveitarfélagi eigi kost á undirstöðumenntun, og að standa fyrir öðrum slíkum undirstöðuþörfum íbúanna sem er lögbundið hlutverk sveitarfélaganna. Ég held að greina eigi þarna á milli með mjög skýrum hætti.

Auðvitað vitum við vel að einkakapítalið mænir á hina opinberu þjónustu og vill komast inn í hana í gegnum einkavæðingu til þess að færa út kvíarnar og ná undir sig starfsemi af þessu tagi þannig að einnig þar sé hægt að fara að draga arð til að ávaxta fjármagnið. Þetta er ósköp einfaldlega svona og þess vegna er rekin sú stífa lína af forsvarsmönnum fjármagnsins, bæði hér á landi sem alþjóðlega, að færa út þessi landamæri þannig að einkafjármagnið komist inn á fleiri svið og geti farið að ávaxta sig einnig í gegnum samfélagsþjónustuna og velferðarkerfið. Þetta er ósköp einfaldlega spurningin um grundvallarpólitík og grundvallarhugmyndafræðiátök í stjórnmálum sem hér láta á sér kræla og ekkert óskaplega flókið mál ef út í það er farið. Það er nú bara þannig.

En þá er líka komið að þeirri spurningu hvort við teljum að engan greinarmun eigi að gera á starfsemi í samfélaginu yfirleitt, hvers eðlis hún er, hvaða tilgangi hún þjónar, hvaða þörfum hún á að mæta, að það sé alls staðar réttmætt að koma inn með kröfurnar um að fjármagnið fari þar inn og dragi sér síðan arð út úr viðkomandi hlutum, hvort sem það er umönnun á sjúku fólki, það að tryggja að menn fái vatn inn í húsin sín eða annað í þeim efnum.

Vonandi er nú langt í það, herra forseti, að vatnsmál beri á góma á Íslandi með sama hætti og þau ber á góma víða í þróunarríkjunum og á þeim svæðum þar sem vatnsskortur er viðvarandi og átök um vatn kynda jafnvel undir ófriði og allt það. Þar standa menn auðvitað frammi fyrir mikilli orrustu um á hvaða hátt þær grunnþarfir manna verða uppfylltar og hvort einnig þær verða vígvöllur hins alþjóðlega fjármagns til þess að ávaxta sig, en það eru hugmyndir manna að leggja þriðja heiminn undir sig, að fótum sér m.a. í þessum viðskiptum og hefur verið tekist á um það á alþjóðaráðstefnum að undanförnu. Við ættum að hafa þannig framtíð landi okkar að það væri nú ekki alveg handan við hornið.

En hver veit hvar vegferð af þessu tagi endar ef menn hefja hana með fyrstu skrefum sem eru að breyta þeim þjónustufyrirtækjum sem hafa verið í eigu íbúanna í viðkomandi sveitarfélögum í hlutafélög? Það verða alveg örugglega einhverjir til þess sem að því koma á næstu árum og áratugum þar sem slík formbreyting hefur átt sér stað, að hefja þá einkakvæðingu þeirra. Auðvitað er sú þróun kannski þegar hafin með vissum hætti vegna þess að fyrirtæki og illa stödd sveitarfélög hafa orðið að selja slík fyrirtæki frá sér, ekki að gamni sínu og ekki vegna þess að sveitarstjórnarmenn, held ég, almennt vilji það hvaða flokki sem þeir tilheyra, heldur vegna þess að neyðin hefur rekið menn til þess.

Reynslan hefur kennt okkur það, herra forseti, að trúa varlega öllum yfirlýsingum og svardögum um hluti af því tagi að ekkert nema saklaus formbreyting sé á ferðinni þegar verið er að breyta undirstöðuþjónustufyrirtækjum í hlutafélög.

[21:55]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að hv. þm. geri óþarflega mikið úr þeim breytingum sem hér er gerð tillaga um. Og að hér sé öllu grautað saman, það er ekki rétt að gera svo mikið úr því eins og hv. þm. gerir vegna þess að miðað við það frv. til nýrra raforkulaga sem hér liggur fyrir, án þess að það sé nú komið til umræðu, þá byggir það á gegnsæi og það er ekkert hægt að grauta öllu saman eins og hv. þm. vildi vera láta. Þetta frv. sem hér er flutt er fyrst og fremst til þess að breyta rekstrarformi fyrirtækisins Norðurorku á Akureyri.

Hv. þm.ýjaði að því að frv. væri flutt vegna þess að það væri eitthvað meira í vændum. Ég undrast það nú dálítið ef hv. þm. er að tala gegn þeim hugmyndum sem eru uppi og hafa verið uppi í sambandi við sameiningu orkufyrirtækja með það í huga að höfuðstöðvar yrðu á Akureyri. En hef ég þegar greint frá því að miðað við það frv. sem nú liggur fyrir og er málamiðlun er ekki um það að ræða að af þeirri sameiningu geti orðið a.m.k. um sinn. En hugmyndirnar byggja að sjálfsögðu á því að þarna gæti orðið til sterkt orkufyrirtæki með höfuðstöðvar á landsbyggðinni. Og ég er hissa á því ef hv. þm. er hreint og beint á móti því, eins og ég skildi orð hans áðan.

Hann fór líka með ýmsa hluti sem ekki eiga við rök að styðjast og varða Orkubú Vestfjarða en ég hef ekki tíma til að koma inn á það núna.

[21:57]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bakka að sjálfsögðu ekki fet með það að í 3. gr. frv. er skilgreindur tilgangur fyrirtækisins Norðurorku hf. og þar eru algerlega galopnar heimildir til þess að stunda hvaða starfsemi sem er. Það er ekki einu sinni áskilnaður um að starfsemi óskyld orkuvinnslunni og vatnsdreifingunni sé þá a.m.k. höfð í sjálfstæðum dótturfyrirtækjum. Nei, nei, þetta má bara allt saman vera í nafni þessa fyrirtækis, Norðurorku hf., þess vegna fjármálastarfsemi, verðbréfasala eða hvað það nú er.

Varðandi síðan spurningar um sameiningu fyrirtækja og endurskipulagningu í raforkugeiranum þá bið ég hæstv. ráðherra að vera ekkert að reyna að leggja mér orð í munn eða gera mér upp skoðanir. Ég tjáði mig ekkert um hvort það væri slæmur kostur eða æskilegur, t.d. að höfuðstöðvar orkufyrirtækis sem væri með Norðurland undir eða þess vegna landsbyggðina, eins og Rariks væru á Akureyri. Það situr síst á mér að vera ekki opinn fyrir hugmyndum af slíku tagi en ég skrifa heldur ekki upp á neitt í þeim efnum fyrr en ég sé hvernig það er útfært. Og ég skrifa ekki upp á það ef það gæti á endanum orðið þannig að þau verðmæti, eignarhlutur Akureyringa í þessum orkufyrirtækjum endaði sem mikill minni hluti inni í fyrirtæki sem yrði svo kannski að lokum með höfuðstöðvar í Reykjavík. Ef hæstv. ráðherra vill flytja Rarik norður á Akureyri, þá á hæstv. ráðherra bara að flytja Rarik norður á Akureyri en ekki hengja það endilega við það að færa þurfi bæjarveiturnar í því sveitarfélagi inn í það fyrirtæki. Mér finnst það eiga að vera sjálfstætt mál.

Ég held að það sé margt sem kalli á og hafi gert um árabil að endurskipuleggja orkumarkaðinn á Íslandi. Ég hef oft nefnt það að í raun og veru er þetta vandræðafyrirkomulag að reka annars vegar Landsvirkjun og hins vegar Rarik og að mörgu leyti hefði verið miklu betra að sameina framleiðsluþáttinn í einu fyrirtæki og kannski dreifinguna í öðru fyrir löngu og hafa ekki þetta óhagstæða fyrirkomulag í raun og veru sem Rarik er með fyrir landsbyggðina og hefur farið versnandi.

[22:00]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég var að reyna að segja áðan er að þó að fyrirtækið Norðurorka hf., miðað við að þetta frv. verði að lögum, stundi aðra starfsemi munu önnur lög koma í veg fyrir að öllu verði grautað saman eins og hv. þm.

hélt fram að gæti orðið. Frv. til nýrra raforkulaga kveður á um gegnsæi eins og ég hef margsinnis látið koma fram og kveður einnig á um aðskilnað milli rekstrarþátta. Þetta ætti því ekki að vera áhyggjuefni að mínu mati.

Hv. þm. efast um réttmæti þess að sameina fyrirtæki og þar fram eftir götunum. Það er bara mannlegt og eðlilegt að efast en samt er ekki gott að nálgast hluti almennt á neikvæðan hátt, eins og mér finnst hv. þm. gera. Það sem var efst í huga okkar sem höfðum áhuga á því að sameina fyrirtæki — ég vil nú ekki útiloka að það geti orðið þótt síðar verði — er einmitt að á þann hátt væri hægt að búa til öflugt orkufyrirtæki sem fyrst og fremst starfaði á landsbyggðinni. Það var meginhugsunin og er enn. Mér finnst að hv. þm. ætti alla vega að geta komið upp og sagt að hann sé hlynntur þeirri hugsun þó hann geti haft efasemdir um útfærsluna.

[22:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef svo fer sem allt lítur út fyrir, að ný lög komi til með að þýða að það verði að hafa algjöran aðskilnað á þessum óskyldu þáttum í rekstri fyrirtækisins og jafnvel innan sjálfs orkusviðsins, þá er verið að heimila að stofna fyrirtæki sem getur ekki starfað samkvæmt þessum lögum nema í einhverja mánuði. Það var m.a. það sem ég var að spyrja um. Er hér ekki farið í hlutina í rangri röð? Væri ekki eðlilegra að setja grundvallarlöggjöfina fyrst og svo gætu sveitarfélög og aðrir aðilar skoðað hið nýja lagaumhverfi og endurskipulagt hjá sér fyrirtækin samkvæmt því? Orkuþátturinn, heitt vatn og raforka, væri settur undir fyrirtæki en vatnsveiturnar yrðu hafðar sér. Ég held að það væri að mörgu leyti eðlilegast í þessu.

Hæstv. ráðherra ætti nú ekki að fara hörðum orðum um efann. Efinn er undirstaða og hvati að gagnrýnni hugsun. Menn væru illa á vegi staddir ef þeir tapa henni. (Gripið fram í.) Ja, það er nefnilega nákvæmlega það. Það er ekki bara eðlilegt heldur hollt og gagnlegt að efast. Þannig spyrja menn spurninga, sjálfa sig eða aðra. Hann er uppspretta gagnrýnnar hugsunar og menn eru illa á vegi staddir ef þeir glata henni.

Ég hef oft velt fyrir mér möguleikum á endurskipulagningu orkuframleiðslunnar í landinu, ekki síst vegna þess að ég hef séð, eins og allir hugsandi menn, að núverandi fyrirkomulag er ekki skynsamlegt og ekki hagstætt. Rafmagnsveitur ríkisins hafa setið eftir með sífellt erfiðara hlutskipti og óhagkvæmara eftir því sem markaðssvæði þeirra hefur orðið erfiðara viðureignar. Undan því hafa gengið stór svæði eins og Suðurnesin. Eftir situr að dreifa rafmagni í strjálbýlustu og fámennustu héruð landsins sem er auðvitað erfitt verkefni.

Ég held að tveir kostir komi aðallega til greina, annars vegar að endurskipuleggja þetta í formi stórra landshlutabundinna eða svæðisbundinna orkufyrirtækja, eða skipuleggja þetta á landsvísu þannig að annars vegar séu öflug framleiðslufyrirtæki og stórt sameiginlegt dreifikerfi hins vegar. Það er hægt að ná utan um slíka hlut. Ég sé ekki þetta hér sem slíkt endilega sem jákvætt innlegg í slíka endurskipulagningu.

[22:04]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér handan við götuna, handan við Vonarstrætið, eru flokksbræður hv. ræðumanns þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að orkufyrirtæki reki ljósleiðara og stundi fjarskiptastarfsemi. Þar er fyrirtæki sem gefið hefur slíkt fordæmi og þess vegna er undarlegt að heyra hv. þm. tala um að í þessu frv. séu gefnar of víðtækar heimildir.

Ég tel að farin hafi verið rétt leið þegar lögunum um Landsvirkjun var breytt. Þegar Landsvirkjun fór út í það að reka fjarskiptafyrirtæki var fjallað um það hér á Alþingi og sett um það ákvæði í lögin að Landsvirkjun væri heimilað að stunda slíka starfsemi. Ég er andvígur því að menn fari undir hatti fyrirtækja sem stofnuð eru til að veita þjónustu við raforku, hitaveitu og vatnsveitu, út í fjarskiptastarfsemi nema það sé alveg tilgreint og skýrt í lögum sem um þessi fyrirtæki gilda.

Þegar hv. þm. nálgast vandann um einkaleyfið og einokunina á fyrirtækjum í opinberri eign þannig að telja að þetta rekstrarform, hlutafélagsformið, sé einhver hættuvaldur þá nálgast hann viðfangsefnið á rangan hátt. Hann hefði átt að taka þátt í umræðum fyrir nokkrum vikum í tilefni af skýrslu umboðsmanns Alþingis. Umboðsmaður Alþingis var einmitt að fjalla um þennan þátt, þegar rekstrarformi fyrirtækja í opinberri eigu væri breytt og þau gerð að sameignarfyrirtækjum eða hlutafélögum, að þá væri nauðsynlegt að huga að því hvernig einokuninni væri háttað og hvaða rétt neytendur þessara fyrirtækja hefðu. Formið sjálft skiptir í raun engu máli heldur staða fyrirtækjanna og staða neytandans gagnvart fyrirtækjunum. Hann mælti með því að sett yrðu sérstök lög um þetta og það var samstaða um það hér í þessum sal þá að þingmenn ættu að beita sérstakri löggjöf til að tryggja stöðu neytendanna gagnvart þessum fyrirtækjum.

[22:06]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi hið síðastnefnda tel ég að þær ábendingar og sú umræða sé fyrst og fremst sprottin af þeirri trú manna að af slíkum formbreytingum verði. Ég er út af fyrir sig alveg sammála því að ef menn fara út á þessa braut, að slík þjónustufyrirtæki og einokunarfyrirtæki með einkaleyfisbundna starfsemi séu einkavædd og rekin eins og hver önnur fyrirtæki, þurfi að huga sem aldrei fyrr að stöðu neytendanna eða notendanna. En þar með er ekki sagt að menn þurfi að fara út í formbreytinguna, séu fyrirtækin rekin sem hrein þjónustufyrirtæki á vegum opinberra aðila á félagslegum grunni er staðan allt önnur. Þá eru það hinir kjörnu fulltrúar íbúanna sem fara með umboðin og eiga að sjá til að þessi þjónusta sé skilvirk og vel af hendi leyst eins og annað sem það sveitarfélag eða ríki eða félagslegi aðili stendur fyrir. Við eigum að mínu mati að taka grundvallarumræðuna fyrst.

Varðandi það að grauta hlutum saman og blanda saman þessari orku- eða veitustarfsemi annars vegar og öðrum þáttum er það þó þannig — það eru kannski rökin fyrir því að orkufyrirtæki eins og Landsvirkjun eða Orkuveita Reykjavíkur séu með fjarskiptastarfsemi eða leggi ljósleiðara — að þar er skyld starfsemi í þeim skilningi að það eru lagnir sem fara um viðkomandi sveitarfélag. Af starfinu eru ákveðin samlegðaráhrif og annað í þeim dúr. Það eru væntanlega rökin og ég er alveg móttækilegur fyrir þeim. En ég tel auðvitað að menn verði að draga þar einhvers staðar mörk. Ég er ekkert endilega sérstakur stuðningsmaður slíkrar blöndunar. Ég sæi gjarnan fyrir mér að menn hefðu þar mjög kláran aðskilnað á milli. Það byrja strax að myndast grá svæði og rísa deilur þegar einkaleyfisbundinni starfsemi og öðrum

slíkum óskildum þáttum í samkeppni við aðila úti á markaði er blandað saman. Það segir sagan.

[22:08]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Við heyrðum það að hv. þm. telur að það geti fallið undir starfsemi orkufyrirtækja að reka fjarskipti og ljósleiðara og stunda slíka starfsemi. Hann er þá væntanlega sjálfur búinn að skilgreina 3. gr. í þessu frv. með þeim hætti og gott að það liggur fyrir.

Varðandi þetta með gjaldtökuna og annað slíkt er ástæða til að vekja athygli á 6. gr. frv. þar sem segir:

„Gjaldskrár fyrir sölu á rafmagni og heitu vatni öðlast eigi gildi fyrr en þær hafa verið staðfestar af iðnaðarráðherra og birtar í Stjórnartíðindum."

Síðan segir að gæta skuli almennra arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár en gjaldskráin þurfi opinbera staðfestingu iðnrh. Síðan segir:

„Gjaldskrá vatnsveitu skal byggð á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga."

Þannig er nú háttað um starfsemi þessara fyrirtækja. Þau geta ekki ákveðið gjaldskrár sínar, hvorki fyrir rafmagn né heitt vatn og ekki heldur fyrir vatnsveitustarfsemina nema það byggi á lagasjónarmiðum og fái staðfestingu iðnrh. í fyrra tilvikinu. Það á hins vegar ekki við um ljósleiðarann og þá starfsemi. Ef hún er talin falla undir þessi lög, sem mér heyrðist hv. þm. telja, voru engin slík ákvæði um það í þessum lögum. Ég tel að réttarstaða manna þurfi að vera skýr og ljóst hvernig ákvarðanir um þann þátt í starfsemi slíkra fyrirtækja eru teknar og taka þurfi af skarið varðandi það.

Menn standa frammi fyrir því að hvað sem rekstrarforminu líður eru þessi fyrirtæki einokunarfyrirtæki hvert á sínu sviði eins og málum er háttað. Við eigum að huga að þeim ramma en að sjálfsögðu eigum við jafnframt að skapa þessum fyrirtækjum skilyrði til að starfa með því sterkasta formi sem unnt er að skapa þeim. Það er hlutafélagsformið.

[22:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér erfitt að rökræða þegar maður er kominn á næsta bæ við trúarbrögð. Það er auðvitað þannig þegar ákveðnir menn tala hér um hlutafélög. Manni dettur fyrst í hug orðið trúarbrögð. Það er trú manna að það sé ævinlega og alltaf betra að hafa hlutina í hlutafélagi, eiginlega alveg sama hvað það er. Við því á maður svo sem lítil rök.

Þegar maður biður hins vegar um hin efnislegu rök lið fyrir lið verður oft fátt um svör. Hvað er svona stórkostlega miklu betra við hlutafélag en sameignarfélag? Hvað er það? Ég verð að segja eins og er, að ég hef sárafá rök heyrt sem ég tel haldbær í þeim efnum. Menn hafa ekki sýnt fram á að það séu nein vandkvæði við að reka fyrirtæki eða stofnun sem hreint félagslegt fyrirtæki í eigu sveitarfélags eða annarra slíkra.

Varðandi fjarskipta- eða ljósleiðararekstur er ég fyrst og fremst að vísa til þess, án þess að tjá mig og afstöðu mína mikið til þess, að maður skilur þær röksemdir að fyrir fyrirtæki sem leggur lagnir um hverfi og sveitarfélag og sinnir viðhaldi þeirra, eru ákveðin samlegðaráhrif af því að hafa þetta á einni hendi, rafleiðslurnar, vatnsleiðslurnar, hitaveitupípur og þess vegna fjarskiptastrengi. Það þarf ekki langt nám í verkfræði til að átta sig á þessu. Það er afar heppilegt ef þetta getur allt farið ofan í sama skurðinn. Það var nú stundum sagt um þessi fyrirtæki í gamla daga að þau kæmu alltaf hvert á fætur öðru, fyrst græfi vatnsveitan, svo rafveitan, þá hitaveitan og svo kæmi síminn viku síðar og græfi fjórða skurðinn fyrir símalínur. Væntanlega er hægt að hafa þetta eitthvað skipulagðara og það voru þessi samlegðarrök sem ég var að vísa til. Ég man eftir að hafa heyrt um þau í sambandi við Orkuveitu Reykjavíkur.

Varðandi gjaldskrárnar er það ósköp einfaldlega þannig að ég held að hvergi í lögum sé óðruvísi gengið frá því en þannig að ef um einokun eða einkaleyfisbundna starfsemi er að ræða þá sé eitthvert verðlagseftirlit líka til staðar.

[22:13]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um stofnun hlutafélags um Norðurorku. Hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Ögmundur Jónasson, Árni Steinar Jóhannsson og Steingrímur J. Sigfússon, hafa farið mjög svo ítarlega í gegnum þetta mál og rakið rækilega hversu fáránlegur málatilbúnaðurinn er sem hér er til umræðu.

Skilgreiningin á hlutafélagi var kannski einkennandi fyrir umræðuna hér í lokin, í orðaskiptum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og hv. þm. Björns Bjarnasonar. Hjá hv. þm. Birni Bjarnasyni kom fram að fyrir honum er hlutafélag trú en ekki umgjörð fyrirtækis. Menn stofna hlutafélag og það er ekki bara formbreyting heldur í raun eðlisbreyting. Í máli hv. iðnrh. er sami misskilningur á ferð. Maður stofnar hlutafélög til að geta selt hluti, ekki endilega í heilu lagi. Menn stofna hlutafélag til að geta selt, til að gera verðmetið hlutinn, selt hann og reiknað arð út á hann.

Ef maður hefur þessi markmið ekki að leiðarljósi þarf maður ekki að stofna hlutafélag. Þá eru önnur rekstrar- og eignarform miklu nærtækari og eðlilegri. Þegar maður stofnar hlutafélag hefur maður þetta markmið að leiðarljósi. Það getur átt við í mörgum tilvikum að þetta sé gert. En það sem er gagnrýnisvert er að hér á í hlut almannaþjónustufyrirtæki, hér á að hlutafélagavæða almannaþjónustuverkefni til að hugsanlega sé hægt að selja það, í áföngum ef svo býður við að horfa, eða fá aðra aðila inn sem hluthafa, sem er þó óbein eða bein sala, eða geta verðmetið hlutinn og reiknað sér formlega arð út á hann. Annars hefur þetta ekki tilgang.

Það er því alger misskilningur hjá hæstv. ráðherra, eða hæstv. ráðherra skilur ekki umgjörð innan hlutafélaga ef hún heldur að hér sé aðeins um lítils háttar formbreytingu að ræða. Þá skilur hún bara ekki hvað um er að ræða. Því miður.

Við skulum þá aðeins víkja að öðrum þáttum í þessu frv.

Í 3. gr. stendur: „Norðurorku hf. er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum." Það er engin afmörkun þar á. Engin. Þetta fyrirtæki getur því daginn eftir að búið er að heimila þessa breytingu verið komið út í útgerð, farið út í rekstur á kjúklingabúi, rekstur á kjúklingasláturhúsi, rekstur á fóðurblöndufyrirtæki, getur sem sagt verið komið inn í þann rekstur sem bankarnir eru núna komnir inn í. Það er engin afmörkun þarna á. Og svo þegar illa gengur í rekstri á þessu fyrirtæki getur fyrirtækið og eignarleg staða þess allt í einu farið að mótast af því hvernig rekstur á óskyldri starfsemi gengur.

Lítum aðeins í þessu samhengi á 10. gr. en þar stendur, með leyfi forseta:

„Um skyldu Norðurorku hf. til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóða fer á sama hátt sem um skyldu fyr-

irtækja og stofnana sem sýslu- og sveitarfélög reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á og hafa slíkan rekstur með höndum. Norðurorka hf. skal undanþegin stimpilgjöldum."

Hvað eru menn að segja þarna? Jú, að þjónustufyrirtækið Norðurorka getur orðið eignaraðili að hinni ýmsu atvinnustarfsemi, óskyldum rekstri, en samt verið undanþegið stimpilgjöldum.

Ég er hissa á því að hv. þm. Pétur H. Blöndal skuli ekki blanda sér í umræðuna og skýra fyrir okkur hvers konar fríðindi þetta fyrirtæki væri að fá gagnvart almennum fjárfestingum og almennum rekstri. Ég bið hæstv. iðnrh. að skýra þetta, hvernig maður les saman 10. gr. og 3. gr., annars vegar heimild til Norðurorku um að gerast með ótakmörkuðum hætti aðili að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum og hins vegar að fá allar þessar undanþágur á greiðslu á sköttum og gjöldum til hins opinbera. Ég sé ekki að þetta samræmist á nokkurn hátt og vildi fá á því skýringar.

Lítum líka á hlutafélagsformið. Áður hefur verið sagt eins og hæstv. iðnrh. sagði áðan: „Þetta er bara formbreyting og á ekki að breyta neinu." Var ekki nákvæmlega það sama sagt þegar ríkisbönkunum var breytt í hlutafélög? Að þetta ætti bara að vera formbreyting, það stæði ekki til að breyta neinu öðru, það þætti rekstrarlega réttara og hagkvæmara að hafa þetta í hlutafélagsformi. Hvað var sagt um Landssímann á sínum tíma? Meira að segja hæstv. þáv. samgrh., Halldór Blöndal, sagði að þetta væri bara svona smáformbreyting á Landssímanum, það stæði alls ekki til að reyna að selja hann, það kæmi þessu máli bara ekkert við. Hve oft höfum við ekki heyrt nákvæmlega þetta? Það liðu kannski ekki nema tvö, þrjú ár og þá var viðkomandi fyrirtæki komið á sölulista.

Slíkar yfirlýsingar sem hæstv. ráðherrar gáfu af því tilefni voru gjörsamlega á fölskum nótum slegnar.

Það er því sáralítið hægt að gefa fyrir þau orð hæstv. iðnrh. að þetta sé bara lítils háttar formbreyting. Þegar maður breytir stofnun í hlutafélag er verið að breyta til að geta selt síðar og selt í hlutum ef út í það er farið.

Það er stefna okkar, þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að rafveitur og vatnsveitur séu grunnþjónustufyrirtæki fyrir íbúana. Þess vegna skýtur það alveg skökku við sem stendur í 6. gr.: „Gætt skal almennra arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár." Það er hvergi minnst á þjónustu, að þess skuli gætt að þjónustan sé í boði á sem öruggastan og ódýrastan hátt. Hvergi í einni setningu er minnst á þjónustu í þessu frv. Hvergi, hvergi nokkurs staðar. Er hægt að ganga freklegar fram hjá þessari hugsjón og þeirri staðreynd að allt fólk er háð því að fá í hús sín raforku og kalt og heitt vatn? Það er hvergi minnst á þjónustu eða öryggi þjónustunnar. Hvergi. En það skal gæta almennra arðsemissjónarmiða.

Og hver eru þessi almennu arðsemissjónarmið? Það væri gott ef hæstv. iðn.- og viðskrh. gæti skilgreint það. Hver eru hin almennu arðsemissjónarmið? Sumir segja 10%, aðrir segja 15% eða 25% og þaðan af hærra. En það er ljóst að þegar verið var að ræða um stöðu Landssímans fyrir ári var talin of lítil arðsemiskrafa að gera ráð fyrir 12% arðsemi eigin fjár. Það var á aðalfundi Landssímans talin of lág arðsemiskrafa. Menn þyrftu að fara í 15–25% arðsemiskröfur til þess að það væri viðunandi, til þess að hægt væri að selja fyrirtækið og til þess að hægt væri að segja að það gæti skilað eðlilegum arði til eigenda sinna.

Er það þessi arðsemiskrafa sem á að leggja hér upp með? 15–25%? Það væri fróðlegt að vita hvernig hæstv. iðn.- og viðskrh. skilgreinir „almenna arðsemiskröfu". Ég hefði gjarnan viljað heyra hæstv. ráðherra skilgreina það og vita hvort hæstv. ráðherra getur ekki í einu orði í andsvari sagt að þetta fyrirtæki ætti jú að inna af hendi þjónustu og hefði einhverjar þjónustuskyldur því að hvergi er minnst á það í þessu frv. að neinar slíkar kvaðir séu til varðandi rekstur á þessu fyrirtæki.

Svona nálgun á málum sem þessum er algerlega á svig við og andstæð stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs varðandi almannaþjónustu í landinu.

Það hefur áður verið bent á að hér er verið að samþykkja sérlög um orkuveitu sem taka m.a. til raforku. Raforkulög sem taka á öllum þessum þáttum eru ekki enn komin hér til umræðu. Þeim hefur að vísu verið dreift. Hefði ekki verið eðlilegra að afgreiða þau fyrst og taka svo þessi mál þar á eftir? Menn eru hér stöðugt að bíta í skottið á sér í meðferð á málum.

Þær voru líka fróðlegar, þessar yfirlýsingar hæstv. iðnrh. sem er ráðherra alls landsins, allra landshluta, allra íbúa landsins, er a.m.k. kjörin til þess. Er það eitthvert markmið í sjálfu sér að koma öllum orkufyrirtækjum til Akureyrar, hvort sem það er Orkubú Vestfjarða eða Rarik eða hvaða önnur orkuveita? Að heyra þetta frá hæstv. ráðherra sem er ráðherra alls landsins, hún er ekki bara ráðherra yfir einhverri götu á Akureyri. (**HBl:** Þú mátt nú þakka fyrir á meðan hún er ekki ráðherra Evrópusambandsins.) Hugur hæstv. ráðherra stendur ábyggilega til þess. Hugur hæstv. ráðherra stendur til þess að vera ráðherra Evrópusambandsins og fá þar að trítla eftir tröppum og á eftir öðrum dökkklæddum körlum og konum. (**Gripið fram í:** Hann er ekki ráðherra yfir vellinum.) Þetta er ágætisábending hjá hv. 1. þm. Norðurl. e., hann ljóstrar upp draumi framsóknarráðherranna. Það er alveg hárrétt. Ég ætla svo ekki að fara frekari orðum um draumspeki eða forspá hans.

Virðulegi forseti. Ég ætla bara að ítreka það að þetta mál hér er mjög alvarlegt. Þetta er mál sem varðar almannaþjónustu, orku- og vatnsveitur. Hérna er líka dregið inn í þetta frv. viðskiptamál, möguleiki á að þetta fyrirtæki geti stundað fjármálastarfsemi, þannig að mér sýnist alveg augljóst að þetta frv. þurfi að fá mjög vandaða meðferð á Alþingi, fá umsögn aðila sem lúta bæði að almennu atvinnulífi, að fjármálarekstri, og að almannaþjónustu. Þetta mál mun þurfa að fara bæði fyrir iðnn. og efh.- og viðskn., kannski fyrst og fremst fyrir efh.- og viðskn. því það er fyrst og fremst viðskiptalegs eðlis sem hér er verið að fjalla um, og reyndar líka varðandi þjónustuna fyrir iðnn. Það er ekki minnst orði á þjónustu í þessu frv., hvergi, eins og hún komi þessu máli ekkert við. Það er bara minnst á arðsemi og rekstrarform og möguleika á annarri almennri atvinnustarfsemi.

Virðulegi forseti. Ég tel mjög mikilvægt að þetta mál fái mjög vandaða meðferð, bæði hjá hv. iðnn. og hv. efh.- og viðskn.

[22:27]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Eitt atriði sem ég vildi víkja sérstaklega að við 1. umr. málsins lýtur að starfsmönnum fyrirtækisins og réttindum þeirra. Að sjálfsögðu vonast ég til að þetta frv. nái ekki fram að ganga en ef dæma skal af undirtektunum hér á Alþingi er nú ekki mikil innstæða fyrir slíkri von. Það eru eingöngu þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs

sem hafa andæft þessum lagabreytingum, eins vitlausar og þær nú eru, og eins fyrirsjáanlegt er að þær muni hafa slæmar afleiðingar.

En fari svo að frv. verði samþykkt liggur mikið við að réttindi starfsmanna verði fyllilega tryggð. Það er vísað til réttinda starfsmanna í 7. gr. frv. Þar segir að allir núverandi starfsmenn Norðurorku skuli eiga rétt á störfum hjá hinu nýja fyrirtæki og skuli þeim boðin störf hjá Norðurorku hf., sambærileg þeim er þeir áður gegndu.

Í greinargerð með þessari grein frv. er ítarlegt mál sem ég ætla ekki að fara í en vitna í fyrstu setningarnar sem eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Í þessari grein er gert ráð fyrir að allir fastráðnir starfsmenn Norðurorku eigi rétt á starfi hjá hinu nýja fyrirtæki. Ákvæði þessu er ætlað að tryggja starfsmönnum Norðurorku sömu eða sambærileg störf hjá félaginu eftir formlega stofnun þess þannig að formbreytingin hafi ekki áhrif á stöðu þeirra, enda ekki um neina eðlisbreytingu á störfum eða starfsaðstöðu að ræða."

Það er mjög mikilvægt að við afgreiðslu málsins og við umfjöllun í iðnn. um málið verði farið mjög rækilega í réttindi starfsmanna, þau verði grandskoðuð og tryggt að þau verði í engu skert nái frv. á annað borð fram að ganga sem talsverðar líkur eru til.

Þetta hefur því miður ekki alltaf tekist, einfaldlega vegna þess að menn hafa ekki búið nægilega vel um hnútana í lagasmíð þegar stofnunum hefur verið breytt í hlutafélög. Og ég beini því til hv. iðnn. að fara rækilega í saumana á þessu og er æskilegast að samráð verði haft við samtök starfsmanna sem greinilega hefur þó verið gert ef marka má greinargerð með frv. Ég legg áherslu á að það er mjög mikilvægt að þetta verði tryggt.

Einn þátt langaði mig til að koma inn á í þessari seinni ræðu minni og hann lýtur að staðhæfingum hv. þm. Björns Bjarnasonar sem eina ferðina enn kom í pontu áðan og staðhæfði að hlutafélagsformið væri heppilegasta form raforkufyrirtækja. Ef ég heyrði rétt hvað hann sagði þá var það á þá leið að það yrði að búa fyrirtæki sem væri á samkeppnismarkaði, hvort sem mönnum líkaði betur eða verr, eins góðan ramma til að rækja sitt hlutverk og kostur væri, og það væri hlutafélagsformið.

Ég hef efasemdir um þetta. Í fyrsta lagið tel ég að sameignarfyrirtæki og byggðasamlag geti náð árangri í markaðsumhverfi ekki síður en hlutafélagsformið. Ég íteka það sem ég sagði í fyrri ræðu að hlutafélagsformið hefur mjög alvarlega veikleika. Án þess að ég fari yfir það aftur í ítarlegu máli þá eru þeir fyrst og fremst tvenns konar. Það hefur iðulega bitnað á notendum þegar arðsemissjónarmið ráða ferðinni. Þegar það sjónarmið ræður ferð að skapa eigendum fyrirtækisins arð þá er sú hætta fyrir hendi að raforkuverðið í þessu tilviki verði keyrt upp á kostnað notenda.

Hitt er svo að eigandinn er ekki traustur. Eigandi hlutafjár sækir eftir arðinum þar sem hann er mestur hverju sinni og einmitt þegar á reynir hlaupa hlutafjáreigendur frá fyrirtækjum sínum.

Ég er hérna með nýlegar fréttir sem sýna fram á að nokkur rök eru fyrir því sem ég er að segja. Annað dæmið er af bresku fyrirtæki og hitt af frönsku. Á fréttavef BSRB sem hefur lagt sig eftir að kynna sér rekstrarform og fylgjast með breytingum sem eru að verða í opinberri þjónustustarfsemi og stoðþjónustu er frétt þar sem segir að British Energy sé nærfellt gjaldþrota. Ég ætla að vitna í þessa frétt, með leyfi forseta:

„Eitt stærsta orkufyrirtæki Bretlands, British Energy, sem framleiðir og selur 25% rafmagns í Bretlandi, hefur ítrekað sent út viðvörun um að án frekari aðstoðar frá hendi hins opinbera stefni í gjaldþrot fyrirtækisins.

Hlutabréf í fyrirtækinu kolféllu í september sl., þrátt fyrir neyðaraðstoð bresku ríkisstjórnarinnar að upphæð 410 milljón breskra punda, sem veitt var til þess að tími fengist til að endurskipuleggja fjármál fyrirtækisins. Markaðsvirði hlutafjárins er komið niður í 173,8 milljónir breskra punda, samanborið við rúmar 2.000 milljónir breskra punda fyrir ári síðan. Þannig hefur verðgildi hlutabréfa fallið um 65% á einu ári og náð lægstu stöðu í sögu fyrirtækisins til þessa."

Síðan heldur fréttin áfram.

Hin fréttin er um hlutabréf í Vivendi og hér segir, með leyfi forseta:

„Hlutabréf í franska fjölþjóðafélaginu Vivendi, sem er eitt af stærstu vatnsveitufyrirtækjum heimsins, hafa á einu ári fallið um 80%. Fyrirtækið hefur verið mjög umsvifamikið í að ná yfirráðum yfir vatnsveitum í þriðja heiminum.

Ástæðuna má ekki hvað síst rekja til mjög glannalegra fjárfestinga sem fyrirtækið réðist í undir stjórn forstjóra þess til sex ára Jean-Marie Messier. Undir hans stjórn varð Vivendi Universal að öðru stærsta fjölmiðlunarfyrirtæki heims með aðalstöðvar í New York. Jean-Marie Messier var neyddur til að segja af sér í júlí sl. Franskar fjármálastofnanir gripu til sérstakra aðgerða á sama tíma til að draga úr söluæði sem greip um sig á hlutabréfum í stórfyrirtækjum, skráðum í kauphöllinni í París, sem afleiðing skuldakreppu Vivendi Universal."

Þetta er stöðugleikinn. Svo munum við náttúrlega eftir Enron og við getum vísað í önnur fyrirtæki líka. Þetta er um stöðugleikann. Þetta lýtur að stöðugleikanum sem er ekki meiri en þessu nemur. (**KPál:** Hvernig var stöðugleikinn í Sovétríkjunum?) Hvernig var stöðugleikinn í Sovétríkjunum, spyr hv. þm. Kristján Pálsson. Hann var geysilega mikill. Þar var fylgt stefnu sem er mjög í tísku núna hjá Framsfl. Ég held að Jósef Stalín hefði gefið Framsfl. mjög háa einkunn fyrir „ökónómíska fornuft" vegna þess að hann vildi leysa efnahagsvandann í Sovétríkjunum á nákvæmlega sömu nótum og Framsfl. vill hér á landi, þ.e. með því að setja alla íbúa á stóru landsvæði inn í eina stóra verksmiðju og telur sig þannig vera að leysa atvinnuvanda en er þvert á móti að stefna í aðra átt. (**KPál:** Sovét fór á hausinn í einu lagi?) Svo er það alveg rétt að Sovétríkin voru náttúrlega kerfi sem byggði á einræðisfyrirkomulagi og ofbeldi og lokaði þegna inni sem höfðu uppi andóf, vildu andæfa stefna stjórnvalda, hvort sem það var í orkumálum eða öðrum málum. Menn voru skilgreindir sem óvinir ríkisins og gerðir útlægir. (Gripið fram í.) Þeir voru ófrægðir. Það var rekin ófrægingarherferð gegn þeim. Þetta er mjög fróðlegt. Ég vona að hv. þm. verði viðstaddur 2. og 3. umr. þessa máls á morgun þar sem okkur gefst tími til að ræða þessi mál nánar. (Gripið fram í.)

Hitt sem ég ætlaði að nefna — svo ég bara nái að koma efnisatriðum að áður en tíminn er útrunninn — er verðsprenging sem er að verða bæði í Noregi og annars staðar þar sem raforkugeirinn hefur verið einkavæddur. Norsk raforkufyrirtæki raka saman milljörðum, segir í frétt sem birtist í Dagbladet, norska Dagbladet, 22. sept. 2002. Með leyfi forseta, segir hér enn fremur:

„Nú hækkar verðið á ný. Þeir hafa komist upp með kjafta verðið upp hvert haust, segir framkvæmdastjóri neytendaráðsins, Per Anders Stalheim."

Herra forseti. Tími minn er búinn en sem betur fer á eftir að taka þetta mál til 2. og 3. umr. Þá gefst nægur tími til að fara rækilega í saumana á þessum málum og einnig í hugðarefni hv. þm. Kristjáns Pálssonar.

[22:38]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. þingmenn Vinstri grænna sjá rautt í hvert skipti sem orðið hlutafélag kemur hér fram. Það er Akureyrarbær sem biður um þetta og það er ekki þörf á þessu nema af því að það er einkaréttur Akureyrar varðandi þetta mál. Fyrir liggur að kjör starfsmanna eru tryggð í þessu, þar á meðal lífeyrisréttindi. Þeir geta valið að vera áfram í lífeyrissjóðum sem fyrir eru. Rekstrarformið, þ.e. hlutafélagsformið er jákvætt í atvinnuumhverfi. Síðan er allt annað mál hvort Akureyrarbær kýs að selja þessi hlutabréf. Það kemur ekkert fram í þessu frv. um það. Það er hins vegar mjög góð leið þegar menn eru í samkeppnisumhverfi.

Við í Samfylkingunni lítum svo á að rekstrarform atvinnulífsins sé hlutafélagsformið. Önnur form eins og sjálfeignarform, bæjarfélög, byggðasamlög eða önnur slík gefast verr. Það er hins vegar allt annað mál hver á hlutabréfin og með hvaða hætti menn vilja varða því.

Arðsemissjónarmið eru neytendum hagkvæm í lágu verði. Þó að ég leggi nú ekki í vana minn að bregðast til varnar eða skjóta skildi fyrir Framsfl. þá finnst mér, herra forseti, það að líkja Framsfl. við stefnu Jósefs Stalíns vera vægast sagt mjög ósmekklegt á hinu háa Alþingi.

[22:39]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það ekki ósmekklegt að líkja þeirri efnahagsstefnu sem rekin var í Sovétríkjunum á stalínstímanum og byggðist á stóriðju, þar sem það eitt sjónarmið var haft í forrúmi að skapa útflutningstekjur og gjaldeyri án þess nokkurn tíma að spyrja um tilkostnaðinn við að skapa gjaldeyrinn og útflutningstekjurnar og íhuga aðra valkosti í stöðunni — það er ekkert óeðlilegt við að slíkur samanburður sé gerður þegar málið er einangrað við efnahagsstefnuna. Það er ekkert ómálefnalegt að gera það.

Hv. þm. Ágúst Einarsson hefur komið hingað inn á Alþingi og verið mjög málefnalegur. Ég hef ekki verið sammála honum í afstöðu hans, enda erum við í mismunandi stjórnmálaflokkum. En hins vegar harma ég að hv. þm. skuli ekki hafa fylgst með umræðunni hér í kvöld vegna þess að hér hefur verið rætt um kosti og galla hlutafélagsformsins. Hin pólitísku sjónarmið eru mismunandi og menn leggja mismunandi mat á það og það er ekkert við það að athuga. Ég hef reynt að færa rök fyrir því að þetta sé ekki heppilegt form í grundvallarþjónustu samfélagsins og ekki saman að jafna þessari starfsemi og allri annarri markaðsstarfsemi.

Vissulega á hlutafélagsform víða við. Það er útúrsnúningur og rangtúlkun að halda því fram að við séum andvíg hlutafélögum eða fyrirtækjum. Það er af og frá. En þegar um er að ræða grundvallarþjónustu samfélagsins, stoðþjónustu og velferðarþjónustu, þá teljum við einfaldlega að hlutafélagsformið eigi ekki við.

[22:41]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. verður vitaskuld að ákveða sjálfur hvernig hann hagar sínu máli og það breytir engu í því sem ég sagði áðan að mér finnst ósmekklegt að hafa líkt Framsfl. við stefnu Jósefs Stalíns og það sem hann notaði hér til skýringar á því breytir í engu skoðun minni á því. Hann verður að eiga það við sjálfan sig hvernig hann vill haga sínum rökum.

Hv. þm. nefndi það að ég hefði misst af miklu við að heyra ekki umræðuna hér um kosti og galla hlutafjárvæðingar. Hins vegar hefur þetta nú heyrst áður þegar Vinstri grænir fara hamförum gegn þessu rekstrarformi og því sem við köllum hlutafjárvæðingu. Mér kæmi satt að segja mjög á óvart ef eitthvað sérstaklega nýtt hefur komið fram í þeirri umræðu af hálfu þess ágæta flokks.

Hlutafélag er heppilegt rekstrarform í þessu umhverfi sem við erum hér að ræða um. Hér er hvergi verið að ræða um það hvernig eignarhaldinu verður háttað, sem er framhaldsumræða um einkavæðingu. Þetta form er hin eðlilega lagalega umgjörð um þetta. Eigandi hlutafjárins verður í þessu tilfelli Akureyrarbær og hagar sínum eignarhlut með hagsmuni Akureyringa í huga. Ég treysti Akureyringum ágætlega til að fara með þann hlut.

[22:43]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. Ágústi Einarssyni um að við eigum ekki að skattyrðast hér lengur um það hvort Framsfl. reki stalíníska stefnu í efnahagsmálum, en báðir stöðvuðumst við það. Ágúst telur það afskaplega ósmekklegt að líkja stóriðjustefnunni sem hér er rekin við þær áherslur sem uppi voru í Sovétríkjunum á stalínstímanum. Mér finnst þetta vera fullkomlega málefnalegt.

Hann segir að ekkert nýtt hafi komið fram í málflutningi Vinstri grænna hér í þessu máli. Mér fannst hv. þm. ekkert sérstaklega ferskur heldur. Hann heldur uppi málsvörn fyrir kratismann hér á landi og í Bretlandi þar sem menn hafa gengið jafnvel enn lengra en hægri menn í að markaðsvæða grunnþjónustu samfélagsins, velferðarþjónustuna og stoðkerfi samfélagsins, með hörmulegum afleiðingum. Ég varði ræðutíma mínum í kvöld til þess að færa rök fyrir mínu máli og tefla fram dæmum. Það var það sem ég átti við þegar ég sagði að hv. þm. hefði misst af umræðunni.

[22:44]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í upphafi taka undir þá einkunnagjöf sem hv. þm. Ágúst Einarsson gaf líkingamáli hv. þm. Ögmundar Jónassonar. En það er nú einu sinni svo að þegar minnst er á stóriðju þá verður ákafi hv. þm. stundum svo mikill að honum blindast sýn og hann lokast í orðinu stóriðja. Ég get sagt honum til hugarhægðar að ég mun með glöðu geði færa honum gögn til að hann geti séð allan fjölbreytileikann sem finna má í stefnu Framsfl. um atvinnumálin og vona ég að það rói hv. þm.

En ég kom nú ekki upp fyrst og fremst vegna þessa heldur af því að hv. þm. beindi þeim orðum til iðnn. að fara vel yfir stöðu starfsmanna Norðurorku komi til þess að þeirri stofnun verði breytt í hlutafélag. Það kemur fram, eins og hv. þm. minntist á, í greinargerðinni að við undirbúning málsins hafa núverandi eigendur Norðurorku, þ.e. Akureyrarbær, og veitustjórn haft mjög náið samráð við starfsmenn og það er yfirlýstur vilji þeirra að kjör og réttindi starfsmanna haldist. Að sjálfsögðu mun iðnn. fara ofan í þessi mál enda er rétt að minna á að markmiðið er, eins og fram hefur komið, á engan hátt að hrófla við kjörum starfsmanna heldur að breyta um form og gera það meira aðlaðandi fyrir vinnuumhverfið,

eins og Akureyrarbær og bæjarstjórn Akureyrar hefur óskað eftir.

[22:46]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi tel ég að það sé nú ekkert sérlega aðlaðandi eða eftirsóknarvert fyrir Akureyringa að gera orkuveituna að hlutafélagi. En út í þá sálma ætla ég ekki að fara nánar.

Ég lagði við hlustir þegar hv. formaður iðnn. vék að réttindum starfsmanna. Hann sagði að þegar hefði verið farið rækilega á saumana á þeim málum og enn yrðu þau mál skoðuð í iðnn. á milli umræðna. Ég þakka fyrir þá yfirlýsingu og vænti þess að við fáum nánari fréttir af því við 2. og 3. umr. En þetta voru mikilvægar upplýsingar og yfirlýsingar sem hv. þm. gaf.

[22:47]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einkennilegt að heyra þingmann bera blak af stalínismanum með því að líkja honum við rekstur álvera og stóriðjunnar og telja að stalínisminn hafi falist í því að menn rækju álver eða stóriðjuver. Voru þess vegna drepin 20 milljón manns í Úkraínu? Var þess vegna hungursneyð í Sovétríkjunum, af því menn ráku þar álver eða stóriðjuver? Að koma hér upp og tala þannig um stalínismann nú á tímum er alveg dæmalaust að heyra hér í þingsölum og það er jafndæmalaust að heyra það er menn líkja því saman að Norðurorka skuli verða hlutafélag að fara þá að tala um Vivendi og Enron í sömu andránni. Það eru fyrirtæki sem voru einkarekin hlutafélög með hlutabréf á markaði og fóru eins og þau hafa farið af allt öðrum ástæðum en þeim sem liggja hér að baki þegar menn eru að tala um að breyta Norðurorku í hlutafélag. Það félag verður ekki selt nema þessum lögum verði breytt og Alþingi komi að því með ákvörðunum sínum.

Einnig tengist það sem hv. þm. segir um orkuverð í Noregi ekkert rekstrarfyrirkomulagi fyrirtækjanna heldur því hvernig Noregur er tengdur inn á evrópska raforkumarkaðinn. Þar eru stunduð viðskipti með raforku sem er framleidd af kjarnorkuverum. Hún er keypt á nóttunni en síðan er en seld raforka sem framleidd er með vatni á daginn og þar er verið að taka þátt í viðskiptum á evrópska raforkumarkaðnum. Það ræður verðlaginu í Noregi en ekki hvort þar séu hlutafélög sem starfa eða ekki. Allur þessi málflutningur er gjörsamlega út í hött þegar við erum að ræða frv. sem hér liggur fyrir.

[22:48]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú könnumst við við hv. þm. Björn Bjarnason. Þegar farið er að ræða um stalínismann og Sovétríkin þá er hv. þm. kominn með fast land undir fætur og þá er hann í essinu sínu.

En varðandi þau dæmi sem ég nefndi um Vivendi annars vegar og British Energy hins vegar þá er ég að taka dæmi af hlutafélagsforminu, þ.e. hvaða afleiðingu markaðsvæðing þessara fyrirtækja hefur haft, annars vegar um Vivendi þar sem hluthafarnir reynast ótraustir eigendur og hins vegar varðandi British Energy um hið sama reyndar, um ótraustan grunn.

Varðandi Noreg þá skal ég fara betur yfir það á morgun við 2. og 3. umr. málsins að í þeim greinum sem birtust í norska Dagbladet á sínum tíma eru menn einmitt að tengja þessa sprengingu í raforkuverði við markaðsvæðingu þessa geira. En ég skal fara nánar yfir það á morgun og upplýsa hv. þm. Björn Bjarnason betur um þessi efni.

[22:50]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið. Mig langar þó til þess að drepa á örfá atriði.

Hæstv. iðnrh. gerði grein fyrir bollaleggingum og hugmyndum um að flytja annaðhvort Rarik eða sameina það Norðurorku og Orkubúi Vestfjarða. Það hefur verið á umræðustigi og auðvitað eru það hlutir sem allir vilja skoða. En ég finn það einhvern veginn á öllum mínum beinum að þessi beiðni um að breyta Norðurorku í Norðurorku hf. sem hlutafélag hefði að öllum líkindum ekki komið fram ef hæstv. iðnrh. hefði verið búin að flytja höfuðstöðvar Rariks norður á Akureyri. Það er ég næstum viss um.

Ég hef miklar áhyggjur af þessum málatilbúnaði vegna þess að ég held að menn séu búnir að sjá fyrir sér einhvers konar eftirleik og ef ég tala út frá hagsmunum Akureyrarbæjar og bæjarbúa á Akureyri þá er manni sagt að verið sé að meta Norðurorku inn í t.d. Rarikpúkkið, Rarik/Norðurorku eftir því hver lítur á málin, frá 20 og upp í 40%. Það væri til lengri tíma litið ákaflega vondur kostur fyrir Akureyrarbæ. Eðli málsins samkvæmt mundi það fyrirtæki lenda á höfuðborgarsvæðinu fyrr eða síðar. Ég held að það sé alveg borðleggjandi. Við höfum reynslu af því og Akureyrarbær og Akureyringar hafa reynslu af slíkum „manúeringum" ef ég má sletta aðeins. Ég held því að þarna verði að fara mjög varlega og það verði að ræða þessi mál í víðu samhengi því það væri mjög slæmt fyrir allt það svæði að missa forræðið þó svo að viðkomandi fyrirtæki yrði um stund rekið á því svæði.

Af þessu hef ég miklar áhyggjur og líka af þjónustuþættinum við bæjarbúa og verðmyndun. Ég nefndi það í fyrri ræðu minni að ég tel ákaflega mikilvægt að ekki sé verið að krefjast hámarksarðs af þessu fyrirtæki í ljósi sögunnar. Hitaveitan var mjög dýr, sérstaklega hitaveitan. Við höfum ódýra raforku. Hún var mjög dýr framan af og bæjarbúar ætlast til þess og eiga að njóta þess að arðsemiskrafan sé lág þegar fyrirtækið hefur burði til þess og það er þegar farið að gefa möguleika á lækkun. Um nokkurra missira skeið hefur það verið allverulegt og ég held að bæjarbúar muni líta til þess. Ég vil fara varfærnislega í þetta mál og vil að það fái mjög nána umfjöllun í nefndum. Við norðanmenn höfum reynslu af þessu á fleiri sviðum. Rafveita Akureyrar gekk nú inn í Landsvirkjunarpúkkið og eftir á að hyggja er ég sannfærður um að betra hefði verið fyrir byggðir Eyjafjarðar og Akureyri ef Rafveita Akureyrar hefði haldið Laxárvirkjunum og staðið eðlilega að uppbyggingu á sínum eigin forsendum á Akureyrarsvæðinu og Laxárvirkjanasvæðinu. Það hefði leitt til öðruvísi uppbyggingar. Ég tel að það hafi verið mistök allan tímann að fara í Landsvirkjunarpúkkið sem var jú sett upp til þes að þjóna stóriðju og hefur að langmestu leyti staðið að uppbyggingu á suðvesturhorninu. Þetta er mín trú.

Við höfum líka reynslu af því að fara inn í púkk með öðrum fyrirtækjum. Akureyringar muna vel þau fögru fyrirheit sem gefin voru varðandi Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og flutning á störfum og starfsemi norður. Það entist um mjög skamman tíma og er nú með öllu aflagt. Hér er því um stórhagsmunamál fyrir Akureyrarbæ og bæjarbúa að ræða og ég tel að áhuginn á formbreytingu sé fyrst og fremst kominn fram vegna vonarinnar um að eitthvað meira hangi á spýtunni í framhaldi af þessari kerfisbreytingu.

Svo finnst mér kollegar okkar í stjórnarandstöðunni ansi léttúðugir, t.d. hv. þm. Ágúst Einarsson þegar hann segir fullum fetum að við sjáum draug í hverju horni við hlutafélagavæðingu. (Gripið fram í.) Það hefur margsinnis komið fram í málflutningi okkar að það eru stoðkerfisfyrirtæki landsins sem við viljum að séu í félagslegri eign. Við höfum aldrei í málflutningi okkar sett okkur upp á móti hlutafélögum, aldrei. (Gripið fram í.) En við höfum sett okkur upp á móti hlutafélagaforminu í þeirri þjónustu sem við skilgreinum sem grunnþjónustu samfélagsins. Þar undir er heitt og kalt vatn. Þar undir er rafmagn. Þar undir eru fjarskipti o.s.frv. (**Gripið fram í:** Pósturinn.) Það er alveg klárt. Pósturinn einnig.

Menn hafa ekki bitið úr nálinni með það sem verið var að samþykkja á hinu háa Alþingi í dag í sambandi við breytingar á póstkerfinu. Það er eins og við gerum okkur ekki grein fyrir því á hinu háa Alþingi — við erum kannski orðin svo föst við þessa þúfu hér — að við erum í 103 þúsund ferkílómetra landi, strjálbýlasta landi í Evrópu, og póstþjónusta er einn af þeim grunnþjónustuþáttum sem er algjörlega nauðsynlegt að sé í lagi og á félagslegum grunni. En svo er nú aldeilis ekki.

[22:56]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Það er aðallega tvennt sem mig langar að víkja að og ætla ég að reyna að fá það mál afgreitt með því að beina spurningum til hæstv. iðnrh. Í 6. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Stjórn Norðurorku hf. setur gjaldskrár um verð á seldri orku og vatni til notenda. Gjaldskrár fyrir sölu á rafmagni og heitu vatni öðlast eigi gildi fyrr en þær hafa verið staðfestar af iðnaðarráðherra og birtar í Stjórnartíðindum. Gætt skal almennra arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár."

Spurningin er: Telur hæstv. ráðherra að þessi formbreyting eins og hún hefur nefnt þetta frv., þ.e. að það væri aðeins formbreyting, muni leiða til kostnaðarauka fyrir íbúa á þjónustusvæði Norðurorku hf. með tilliti til efnis 6. gr. sem getur ekki um hagsmuni neytendanna?

Í öðru lagi spyr ég í tilefni af orðum hæstv. iðnrh. í tvígang í kvöld um sameiningarferli Orkubús Vestfjarða og Rariks. Hún hefur sagt í tvígang að því verði frestað um sinn eins og málin hafi nú skipast. Ég vil spyrja hæstv. iðnrh.: Er það stefna hæstv. ráðherra að sameina fyrirtækin þó nú sé frestur á illu bestur? Er það stefnan sem hún ætlar að vinna að í framtíðinni?

[22:58]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst svara síðari spurningunni um hugsanlega sameiningu þessara fyrirtækja. Það er svo, miðað við það frv. sem nú liggur frammi til nýrra raforkulaga, að kveðið er á um frestun III. kafla frv. sem gerir það að verkum að nýtt raforkulagaumhverfi tekur í raun ekki gildi fyrr en síðar, fyrr en 1. janúar 2004, sem þýðir að áform um sameiningu þessara fyrirtækja geta ekki átt sér stað fyrr en a.m.k. þá. Þetta vildi ég láta koma hér fram til þess að það liggi ljóst fyrir þó að við séum ekki að fjalla um frv. til raforkulaga.

Eins og ég hef oft sagt og ekki síst við Vestfirðinga — af því hv. þm. er nú þingmaður Vestfirðinga — þá geri ég mér alveg fulla grein fyrir því að það verður ekkert af sameiningu þessara fyrirtækja, þessara félaga, í óþökk landsmanna. Þessi hugmynd hefur því miður ekki fengið sérstaklega góðar viðtökur, hvorki fyrir vestan né almennt á landsbyggðinni. Það þykir mér miður. Ég veit ekki hvort það hefur eitthvað með það að gera að umræðan hefur í rauninni ekki farið fram á hv. Alþingi heldur hefur hún verið á öðrum vettvangi og þess vegna hefur kannski ekki verið auðvelt að koma að ýmsum rökum og ýmsum skýringum sem virkilega hefðu þurft að komast inn í umræðuna. En pólitískur stuðningur við þessa hugmynd hefur ekki verið mjög almennur. Það er óhætt að segja það. Ég get því ekkert svarað um hvað verður. En ég hef enn þá trú og þá skoðun að skynsamlegt hefði verið að gera þetta m.a. vegna þess að við erum að fara inn í samkeppni á sviði orkumála og sviði vinnslu raforku.

Um hitt atriðið, um kostnaðarauka fyrir Akureyringa með þessari formbreytingu, þá get ég ekki séð að af því verði með formbreytingunni einni og sér. Hins vegar erum við, eins og margoft hefur komið fram, að fara inn í breytt umhverfi þar sem verða gjaldskrársvæði. Ég get ekkert fullyrt um það á þessari stundu hvernig gjaldskrá verður nákvæmlega háttað á þessum gjaldskrársvæðum sem er óljóst í dag hvernig verður skipað og hvar mörk liggja. Því er ekki hægt að svara nákvæmlega um það hvernig gjaldskrá hins nýja raforkulagaumhverfis verður.

[23:01]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held ég verði að skilja svar hæstv. iðnrh. þannig að það sé enn þá skoðun hennar og stefna, fái hún sínu framgengt, að sameina Rarik, Orkubú Vestfjarða og Norðurorku. Þá spyr ég í framhaldi af því: Sér ráðherrann það sem sérstakt markmið að stíga þetta skref núna á þeirri braut sem að því er mér virðist á svari hennar vera stefna hennar, og hún hyggist geta skýrt það hér út fyrir Alþingi í framtíðinni betur og þá muni málið fá meiri eða annan hljómgrunn en nú virðist vera uppi? Ég marka það þá þannig að í ríkisstjórninni sé ekki beinn vilji til að fara þá leið sem ráðherrann lét í ljós fyrir nokkrum missirum. Ég verð að skilja svar hennar þannig að til þess muni hún stofna, að láta skoðanir sínar eftir ganga, fái hún til þess framgang og vald.

[23:02]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst hv. þm. ekki hafa skilið orð mín rétt, a.m.k. miðað við síðari ræðu hans.

Ég sagði að ég sæi ekki að af þessari sameiningu gæti orðið ef það væri í óþökk landsmanna. Það þarf pólitískan stuðning við hugmyndir sem þessar. Eins og umræðan hefur verið í landinu á síðustu mánuðum og missirum er ekki hægt að skilja hana þannig að fyrir þessu sé almennt mikill vilji.

Ég vil líka taka fram að um það var rætt þegar ríkið keypti Orkubú Vestfjarða að miðað við að ríkið ætti 100% í báðum fyrirtækjunum yrðu þau sameinuð. Þetta undirgengust sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum í þeirri umræðu. Það hlaut að verða mitt hlutskipti sem iðnrh. að vinna að þeirri sameiningu.

Hins vegar kom í ljós að margir vildu ekki alveg kannast við að þessi umræða hefði farið fram í tengslum við sameininguna og þá verður bara svo að vera. Ég ætla ekki að fara út í slíka sameiningu í óþökk landsmanna, svo mikið er víst.

[23:04]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var út af fyrir sig fróðlegt að fá það upplýst að ráðherrann teldi að það hefði verið 100% sam-

þykkt af sveitarstjórnarmönnum á Vestfjörðum að ganga til sameiningar Orkubús Vestfjarða og Rariks undir þeim formerkjum sem ráðherrann hafði vilja til en síðar hefði verið frá því horfið. Mér finnst það nokkuð merkileg yfirlýsing að fá það hér alveg skýrt og skorinort.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[23:04]

Útbýting þingskjals:
Hvalveiðar, 467. mál, fsp. GuðjG, þskj. 730.

Innflutningur dýra, 1. umr.

Frv. landbn., 465. mál (innflutningur svína). — Þskj. 704.

[23:05]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

Sú breyting sem lögð er til á lögunum snýr að innflutningi á svínum og erfðaefni þeirra. Með breytingunni er verið að stytta einangrunarferli og flýta því að hægt sé að hagnýta hér á landi erfðaframfarir í svínarækt. Eftir sem áður er innflutningur háður meðmælum yfirdýralæknis og flutningur út úr einangrunarstöð er einnig háður leyfi yfirdýralæknis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulag ferðamála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 447. mál (afnám Ferðamálasjóðs). — Þskj. 638.

[23:06]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta mál var til umræðu fyrr í dag. Umræðu var þá ekki lokið. Frumvarpið felur í sér að Ferðamálasjóður verði lagður af og verkefni hans færð undir Byggðastofnun.

Það sem ég vildi vekja athygli á er hversu gríðarleg vöntun er á fjármagni í ferðageirann, bæði í afþreyingariðnað og hvers konar uppbyggingu ferðaþjónustunnar um land allt. Þessi unga atvinnugrein hefur ekki byggt sér upp höfuðstól eins og hinar eldri atvinnugreinar. Hún hefur ekki byggt sér upp höfuðstól og megnið af verðmætum hennar er fólgið í hugviti og atorku einstaklinga og félaga.

Slíkar eignir eru ekki veðhæfar. Þegar taka á lán er krafist veðs í fasteignum en í ferðaþjónustunni er eignin fólgin í frumkvæði, hugviti, viðskiptavild og markaðssókn eða markaðssamböndum. Þetta er ekki talið veðhæft. Þetta er hinn stóri vandi greinarinnar. Hana sárvantar þolinmótt fé sem ekki krefst veðsetninga á steinsteypu. Komumst við ekki út úr þeim vítahring verður mjög erfitt að byggja upp ferðaþjónustu í landinu.

Ég vil árétta að þessi verkefni eru nú falin Byggðastofnun án þess að þar sé nokkurt nýtt fjármagn sett inn. Ferðamálasjóður hefur verið sveltur fjárhagslega árum saman og það eru ein rökin fyrir því að hann er lagður niður, að hann hafi alls ekki ráðið við verkefni sín vegna þess að honum voru ekki einu sinni gefin tækifæri til þess. Hann er þess vegna lagður niður. Fróðlegt væri að fá upp á borðið hversu háar skuldir Ferðamálasjóðs eru.

Hið alvarlega er að hann er nú fluttur undir Byggðastofnun án þess að þar komi til nokkurt nýtt fjármagn. Meira að segja við afgreiðslu fjárlaga nú hér á Alþingi, þar sem það hlaut að liggja fyrir að færa ætti Ferðamálasjóð undir Byggðastofnun, er ekkert nýtt fjármagn sett í Byggðastofnun eða byggðaáætlun. Hið eina sem gert er er að fjármagn er fært til, frá eignarhaldsfélögunum inn í byggðaáætlunina, en atvinnuþróunarfélögin sem líka eru aðalstuðningsaðili í þessum aðgerðum eru áfram fjársvelt.

Ég vil benda á, virðulegi forseti, að þessi mikilvæga atvinnugrein er í miklu fjársvelti og það leysir ekkert vanda hennar þó að Ferðamálasjóður sé færður undir aðra fjársvelta stofnun sem er Byggðastofnun. Hér þarf að koma inn nýtt fjármagn til að standa að baki þessari öflugu atvinnugrein eða til að gera hana öfluga eins og við berum væntingar til.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Innflutningur dýra, frh. 1. umr.

Frv. landbn., 465. mál (innflutningur svína). — Þskj. 704.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.

Úrvinnslugjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 337. mál. — Þskj. 367, nál. 705 og 707, brtt. 706 og 728.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:12]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 728. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélags um Norðurorku, frh. 1. umr.

Stjfrv., 457. mál. — Þskj. 685.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 6.–9. og 12.–17. mál.

Fundi slitið kl. 23:13.

56. FUNDUR

fimmtudaginn 12. des.,
að loknum 55. fundi.

Dagskrá:

1. Almannavarnir o.fl., stjfrv., 464. mál, þskj. 702. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

2. Veiðieftirlitsgjald, frv., 437. mál, þskj. 596. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Innflutningur dýra, frv., 465. mál, þskj. 704. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

4. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 441. mál, þskj. 602, nál. 649, brtt. 691. — 2. umr.

5. Húsaleigubætur, stjfrv., 440. mál, þskj. 601, nál. 651, brtt. 652. — 2. umr.

6. Húsnæðismál, stjfrv., 370. mál, þskj. 416, nál. 650. — 2. umr.

7. Búnaðargjald, frv., 442. mál, þskj. 603, brtt. 695. — 2. umr.

8. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 215. mál, þskj. 660, brtt. 675. — Frh. 3. umr.

9. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 244. mál, þskj. 248, nál. 594. — Frh. 2. umr.

10. Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, stjfrv., 245. mál, þskj. 249, nál. 595. — 2. umr.

11. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 247. mál, þskj. 251, nál. 558. — 2. umr.

12. Málefni aldraðra, stjfrv., 412. mál, þskj. 518, nál. 686, brtt. 729. — 2. umr.

13. Almannatryggingar, stjfrv., 413. mál, þskj. 519, nál. 687. — 2. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:14]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 2. og 3. dagskrármáls og útbýtingu þskj. 704 og 729. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv.

Of skammt var liðið frá útbýtingu 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, ÍGP, JÁ, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÖJ.

10 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JB, SJóh, SJS, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁMM, GHH, GÁS, GunnB, HjÁ, JóhS, JBjart, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, MF, ÓÖH, SvanJ, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Veiðieftirlitsgjald, 3. umr.

Frv. sjútvn., 437. mál (greiðsluskylda). — Þskj. 596.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:15]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.

18 þm. (ÁMM, GHH, GÁS, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KHG, KLM, LMR, LB, MF, SvanJ, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 741).

Innflutningur dýra, 2. umr.

Frv. landbn., 465. mál (innflutningur svína). — Þskj. 704.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:16]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Almannavarnir o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 464. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 702.

[23:17]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um almannavarnir, lögreglulögum, lögum um Viðlagatryggingu Íslands, lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og lögum um fjarskipti.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frv. þessu snúa fyrst og fremst að yfirstjórn almannavarna sem til þessa hefur verið í höndum almannavarnaráðs og Almannavarna ríkisins.

Samkvæmt gildandi lögum hefur almannavarnaráð með höndum heildarskipulagningu almannavarna í landinu og stýrir framkvæmdum á þeim þáttum sem undir ríkisvaldið falla á því sviði. Daglegum verkefnum á sviði almannavarna er nú sinnt af Almannavörnum ríkisins þótt ekki sé fjallað um þá stofnun í lögum um almannavarnir. Framkvæmdastjóri almannavarnaráðs stýrir daglegri starfsemi Almannavarna ríkisins. Helstu verkefni stofnunarinnar eru undirbúnings-, uppbyggingar- og eftirlitsstörf á sviði almannavarna auk þess sem starfsmenn stofnunarinnar taka þátt í aðgerðum á hættu- og neyðartímum. Í dag er þessu verkefni sinnt með rekstri skrifstofu þar sem vinna sex starfsmenn en einnig er starfrækt sérstök stjórnstöð eða samhæfingarstöð sem að hluta er mönnuð fulltrúum annarra stofnana og sjálfboðaliðum.

Almannavarnaráð og Almannavarnir ríkisins hafa á undanförnum árum unnið gríðarlega gott starf á sínu sviði. Þetta þekkja menn vel í tengslum við atburði sem upp hafa komið á liðnum árum. Það er hins vegar ávallt þörf á því að huga

að því hvort, og þá hvernig, megi gera gott enn betra og er það m.a. markmiðið með þessu frv.

Það sem lagt er til í frv. er að þau verkefni sem nú eru formlega í höndum almannavarnaráðs og sinnt að stórum hluta af Almannavörnum ríkisins eru flutt til embættis ríkislögreglustjóra. Mörg rök mæla með því að flytja þessa starfsemi undir það embætti, m.a. má í því sambandi nefna að ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í umboði dómsmrh. en samkvæmt gildandi lögum fara lögreglustjórar með stjórn almannavarna hver í sínu umdæmi. Aðrar röksemdir eru taldar upp í athugasemdum við frv. en þar á meðal má nefna að þessi breyting felur í sér aukið öryggi og eflingu almannavarna í landinu og styttingu á boðleiðum í almannavarnaástandi og einföldun á stjórnskipulagi almannavarna.

Það sem öðru fremur ýtti undir þessar breytingar var fyrirhugaður flutningur á starfsemi Almannavarna ríkisins og uppsetning sameiginlegrar stjórnstöðvar leitar og björgunar í Skógarhlíð í Reykjavík. Stefnt er að því á næsta ári að opna þar fullkomna björgunarmiðstöð þar sem að munu koma allir þeir aðilar sem sinna leit og björgun í landinu. Þegar er til staðar í Skógarhlíðinni stjórnstöð Neyðarlínunnar, fjarskiptamiðstöð lögreglunnar og slökkvilið höfuðborgarsvæðisins en auk þess mun Slysavarnafélagið Landsbjörg flytja starfsemi sína í þetta húsnæði.

Breytingum eins og þessari, sem felur í sér einföldun á skipulagi á neyðarstundu þegar aðgerðir þurfa að vera hraðar, öruggar og markvissar, hefur verið vel tekið af helstu samstarfsaðilum stofnana ráðuneytisins sem starfa á þessu sviði, þar á meðal björgunarsveitunum. Það má einnig segja að sá frábæri árangur sem björgunarsveitirnar náðu á sínum tíma með sameiningu undir hatti Slysavarnafélagsins Landsbjargar hafi varðað þá leið sem farin er með þessu frv.

Það er auðvitað svo að núverandi fyrirkomulag hefur í för með sér kosti sem nauðsynlegt er að halda í með einhverjum hætti og er það reynt í þessu frv. Þannig hefur skipun almannavarnaráðs, þar sem sitja stjórnendur allra helstu stofnana sem að málum þurfa að koma í almannavarnaástandi, reynst ákaflega heppileg og nauðsynleg. Reynt er að halda í þennan kost með því að setja á laggirnar samstarfsnefnd um almannavarnir en með því er reynt að tryggja að lykilmenn á sviði almannavarna hafi áfram skýru hlutverki að gegna í almannavörnum. Gert er ráð fyrir því að samstarfsnefnd um almannavarnir verði ríkisstjórninni til ráðgjafar um almannavarnir, fjalli um áhersluatriði í almannavörnum á hverjum tíma og stuðli að samhæfingu í almannavarnaaðgerðum. Jafnframt er ráð fyrir því gert að nefndin verði til taks í almannavarnaástandi og verði þá ríkislögreglustjóra sem og ríkisstjórninni, sem ávallt kemur að málum þegar alvarlegt almannavarnaástand kemur upp, til ráðgjafar.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[23:22]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur tekið þetta frv. til umfjöllunar á þingflokksfundi. Við höfum gagnrýnt hve seint það er fram komið. Í því efni er ekki við hæstv. dómsmrh. eina að sakast vegna þess að flestir ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa komið inn í þingið með frumvörp á síðustu dögum og sólarhringum, jafnvel klukkustundum, og ætlast til þess að þau nái fram að ganga.

Varðandi efnisinnihald frv. höfum við einnig miklar efasemdir. Almannavarnir snúa að heilsugæslu, vegagerð og vegakerfi, þær snúa að sveitarfélögum, slökkviliði og vissulega einnig löggæslunni. En lögreglan og löggæslan eru aðeins einn þáttur. Hlutverk almannavarna er einnig samræmingar- og samhæfingarstarf.

Við óttumst að ef almannavarnir verða færðar undir embætti ríkislögreglustjóra verði of mikil áhersla lögð á þann eina þátt. Um þetta mál þarf að sjálfsögðu að fjalla ítarlega í þinginu. Við munum ekki leggjast gegn því að málið nái fram að ganga við 1. umr. og verði vísað til nefndar og fái þar ítarlega og málefnalega umfjöllun.

[23:23]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Samfylkingin gagnrýnir hversu seint þetta frv. er fram komið, eins og reyndar fjölmörg önnur frv. frá hæstv. ríkisstjórn. Auðvitað kemur slíkur seinagangur í veg fyrir að mál fái æskilega og viðunandi málsmeðferð í þinginu.

Samfylkingin telur einsýnt að ef skipulagsbreytingar þær á fyrirkomulagi almannavarna sem hér eru ræddar eigi að þjóna tilgangi sínum þurfi að ríkja um þær eindrægni og sátt. Við höfum miklar efasemdir um að svo sé og teljum alls ekki augljóst að þessum málaflokki sé best fyrir komið undir hatti hins ört stækkandi ríkislögreglustjóraembættis.

Mikilvægast af öllu er þó að málið fái umfjöllun í samfélaginu, að þeir sem að málaflokknum koma geti gefið um málið umsagnir og þingið síðan krufið þær til mergjar þegar þær berast. Því hefur þingflokkur Samfylkingarinnar fallist á þá málsmeðferð sem hér er viðhöfð, að málinu verði eftir stutta umræðu vísað til nefndar og þaðan sent til umsagnar til þeirra sem láta sig málið varða.

[23:24]

Útbýting þingskjala:

Breyting á IX. og XXII. viðauka við EES-samninginn, 425. mál, nál. utanrmn., þskj. 735.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 443. mál, nál. utanrmn., þskj. 739.

Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn, 424. mál, nál. utanrmn., þskj. 734.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, 426. mál, nál. utanrmn., þskj. 736.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, 438. mál, nál. utanrmn., þskj. 737.

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, 445. mál, nál. utanrmn., þskj. 740.

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, 439. mál, nál. utanrmn., þskj. 738.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:26]

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 441. mál (Jöfnunarsjóður). — Þskj. 602, nál. 649, brtt. 691.

[23:27]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum. Nál. er frá félmn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund sinn Hermann Sæmundsson, Óskar Pál Óskarsson, Guðjón Bragason, Inga Val Jóhannsson og Garðar Jónsson frá félmrn., Þórð Skúlason og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Önnu Skúladóttur frá Reykjavíkurborg og Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóra Akureyrarbæjar.

Hæstv. forseti. Frv. byggist annars vegar á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga, dags. 4. desember sl., um breytingar á fjármálalegum samskiptum aðila og hins vegar á tillögum nefndar sem félmrh. skipaði 14. febrúar 2001 til að endurskoða III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, en kaflinn fjallar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Í skýrslu nefndarinnar frá 24. september 2002 eru tilgreind þau markmið sem nefndin hafði að leiðarljósi við endurskoðun á starfsemi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og eru þau tíunduð hér í nál.

Þær breytingar sem lagðar eru til á 8. gr. gildandi laga byggjast á niðurstöðum viðræðna milli fulltrúa ríkis og sveitarfélaga um breytingar á fjármálalegum samskiptum aðila, samanber framangreint samkomulag. Verði frv. að lögum er gert ráð fyrir að framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækki töluvert frá því sem verið hefur en við gerð samkomulagsins og í forsendum sem lagðar voru til grundvallar hafa aðilar sameiginlega lagt áherslu á eftirfarandi, hæstv. forseti:

Í fyrsta lagi er lögð til breyting á framlagi ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna.

Í öðru lagi að framlög til húsaleigubóta hækki um 220 millj. kr.

Í þriðja lagi er lagt til að ríkið yfirtaki 15% hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði og meiri háttar viðhaldi og tækjakaupum heilsugæslustöðva, sveðissjúkrahúsa, deildasjúkrahúsa og almennra sjúkrahúsa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990.

Í fjórða lagi er lögð til breyting, vegna breyttrar framsetningar ríkistekna í fjárlögum og ríkisreikningi, á stofni til útreiknings framlaga ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sbr. 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Í stað þess að framlögin séu reiknuð sem hlutfall af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum verði þau framvegis ákvörðuð sem hlutfall af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.

Í samræmi við samkomulagið verður framlag skv. a-lið 8. gr. 2,12% frá og með 1. janúar 2003.

Samkomulagið felur jafnframt í sér skilgreint tilraunaverkefni um mat á áhrifum lagafrumvarpa og reglugerðardraga á fjárhag sveitarfélaga og aukið samráð ríkis og sveitarfélaga um kjaramál. Þessir þættir kalla á hinn bóginn ekki á lagabreytingu.

Ýmsar breytingar eru gerðar á framlögum jöfnunarsjóðs. En samkvæmt frumvarpinu er þeim nú skipt í bundin framlög, sérstök framlög, jöfnunarframlög og jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla en þar er um nýmæli að ræða. Til sérstakra framlaga skv. d-lið 1. gr. (11. gr.) frumvarpsins teljast nú stofnkostnaðarframlög, framlög vegna fasteignaskatts og húsaleigubóta. Í tengslum við samkomulagið eru lagðar til breytingar á greininni þannig að auknum hlut af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði ráðstafað annars vegar til jöfnunar tekjutaps einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti og hins vegar til greiðslu sveitarfélaga á húsaleigubótum en ákvæði laga um framlag ríkisins í lögum um húsaleigubætur eru felld brott með frumvarpi til breytinga á þeim lögum og í staðinn er framlag úr ríkissjóði skv. a-lið 8. gr. laganna um tekjustofna sveitarfélaga hækkað. Jafnframt er gerð sú breyting að framlagið nemi ákveðinni prósentuhækkun af innheimtum tekjum ríkissjóðs í stað ákveðinnar vísitölutengdrar fjárhæðar. Þá eru stofnframlög til sveitarfélaga með innan við 2.000 íbúa felld niður en samkvæmt skýrslu nefndarinnar hefur umsóknum um þessi framlög fækkað mjög undanfarin ár og ljóst að sveitarfélögin eru komin í viðunandi stöðu varðandi þessar stofnframkvæmdir.

Hvað varðar úthlutun úr sjóðnum bendir nefndin á eftirfarandi nýmæli. Í fyrsta lagi er lagt til í frumvarpinu að aðstoð sjóðsins geti nú varað í allt að fimm ár til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að bætt verði við 11. gr. takmarkaðri heimild til að veita framlög til sérstakra verkefna eða til að bregðast við sérstökum aðstæðum. Í þriðja lagi er tekið upp nýtt heiti, útgjaldajöfnunarframlög, en þeim skal varið til að mæta mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem hafa áhrif á útgjaldaþörf, svo sem íbúafjölda, fjarlægða, skólaaksturs úr dreifbýli o.fl. Loks er tekið upp nýtt viðmið í tengslum við rekstur grunnskóla sem felst m.a. í því að sérstakt tillit er tekið til fjölda fatlaðra barna og innflytjenda.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru í samræmi við áðurnefnda skýrslu nefndar um endurskoðun III. kafla tekjustofnalaga sveitarfélaga er fjallar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og varða ýmsa þætti í rekstri sjóðsins.

Við umfjöllun nefndarinnar um úthlutun á sérstökum framlögum vegna húsaleigubóta var nefndinni bent á að gert væri ráð fyrir að 2,12% framlag ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga skv. a-lið 8. gr. næmi 4,8–4,9 milljörðum kr. á árinu 2003 og þar af næmi framlag vegna greiðslu húsaleigubóta u.þ.b. 555 millj. kr. eða um 11,5% af heildarframlagi. Því telur nefndin eðlilegt að hluti tekna jöfnunarsjóðs sem ráðstafað verður til sveitarfélaga vegna greiðslu húsaleigubóta geti numið samsvarandi fjárhæð eða allt að 11,5%.

Loks bendir nefndin á umfjöllun í skýrslunni um jöfnunarkerfi sveitarfélaga á Norðurlöndum. Samanburðurinn leiddi í ljós að tilgangur kerfanna er sá sami, þ.e. að skapa sveitarfélögunum sem jöfnust tækifæri til að þjóna íbúum sínum en landfræðilegir þættir, fólksfjöldi, stærð sveitarfélaga og hlutfall dreifbýlis og þéttbýlis innan þeirra hafa haft mikil áhrif á mótun viðhorfa til jöfnunaraðgerða á Norðurlöndunum. Þá kom í ljós að annars staðar á Norðurlöndum fæst hærra hlutfall heildartekna sveitarfélaga um jöfnunarkerfi ríkisins en hér á landi þar sem hlutfall af heildartekjum sveitarfélaga, þ.e. tekjur af eigin skattstofnum og þjónustugjöldum, er hærra hér en þekkist annars staðar á Norðurlöndum. Þannig virðist hlutverk jöfnunar- eða tekjutilfærslukerfis vera minna hér á landi en annars staðar þrátt fyrir þá staðreynd að sveit-

arfélög hér eru mun fámennari og hlutfallslega mun fleiri en annars staðar á Norðurlöndum.

Nefndin leggur til breytingar sem tíundaðar eru í nál. og snúa annars vegar að breytingunum varðandi húsaleigubætur, þ.e. úr 10% í 11,5%, smávegis orðalagsbreytingum og síðan að skýra ákv. til brb. sem snýr að stofnframkvæmdunum, en það hljóðar svo:

„Framlög skv. 1. málsl. c-liðar 11. gr. laganna falla niður frá og með 1. janúar 2005. Heimilt er þó að greiða eftir þann tíma framlög til framkvæmda sem hefjast fyrir lok árs 2004, enda liggi fyrir mat ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um að brýn þörf sé á viðkomandi framkvæmdum. Framlög til framkvæmda á árinu 2005 skulu miðast við verkstöðu í lok þess árs."

Undir nál. rita hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, Magnús Stefánsson, Kristján Pálsson, Drífa Hjartardóttir og Pétur Blöndal. Með fyrirvara skrifa undir nál. þetta hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir og Steingrímur J. Sigfússon.

[23:35]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hv. formaður félmn. hefur mælt fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Þar kom að sjálfsögðu fram að frv. byggir annars vegar á samkomulagi sem undirritað var 4. desember milli ríkis og sveitarfélaga og hins vegar á þeirri skýrslu sem unnin var vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Auðvitað ber að fagna því að gert var ákveðið samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga í mikilli eindrægni og nál. er um margt afar ítarlegt. Hins vegar kom fram í nefndinni þegar við ræddum við gesti okkar að kannski hefði ekki verið gengið nægjanlega langt í að koma með breytingar á jöfnunarsjóðnum. Við erum náttúrlega að tala um sjóð sem er með yfir 10 milljarða í ráðstöfunarfé, sem eru gríðarlega miklir fjármunir og auðvitað til góðra mála. Mönnum varð tíðrætt um allt það regluverk sem er þarna í kring og kannski er tímabært að það verði skoðað í einhverri langtímanefnd sem mundi halda áfram því starfi sem hér er byrjað að vinna. Einnig var talað um að það væri kannski ekki alveg tímabært að gera grundvallarbreytingar á jöfnunarsjóðnum eða varðandi innbyrðis jöfnun sveitarfélaganna. Ég hef alltaf haft þá skoðun að svona hlutir eigi að vera í eilífri vinnslu og taka mið af breyttum háttum í samfélaginu þannig að sem flestir komi að og njóti.

Einnig var það afar áhugavert sem Kristján Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, sagði í nefndinni en hann var með sérstaka bókun hjá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hann gagnrýndi einmitt að of skammt væri gengið í þeim brtt. sem nefndin leggur til. Hann talaði líka um úthlutunarreglurnar, að þær væru ekki nægjanlega gegnsæjar. Hann ræddi líka um þá fjármuni sem sveitarfélög gætu sótt um í stofnkostnað. Hann gagnrýndi það að þegar verið er að tala um þjónustu sem sveitarfélögin veita sé ekki spurt um það þegar sótt er um í sjóðinn. Hann talaði líka um að sú hagkvæmniskúrfa sem farið væri eftir í jöfnunarsjóðnum stoppaði í rauninni framlög til stærri sveitarfélaga og varnaði á vissan hátt því að sveitarfélög mundu sameinast. Hann tók dæmi af Eyjafjarðarsvæðinu um þau mál og vildi meina að allt reglugerðarverkið væri fyrst og fremst til að koma til móts við smærri sveitarfélög.

Auðvitað er alveg full þörf á að koma til móts við smærri sveitarfélög, það er enginn að tala um að svo eigi ekki að gera enda er það eitt af meginverkefnum jöfnunarsjóðsins. En hins vegar þyrfti vissulega að taka á fleiri málum þannig að hægt væri að samræma og í rauninni koma á ákveðinni hagkvæmni í þjónustunni og gefa meiri möguleika m.a. varðandi byggðasamlög.

En eins og ég segi, við vildum fyrst og fremst gera fyrirvara til að koma þessum athugasemdum á framfæri. Ráðherra gæti kannski séð til þess að vinna varðandi endurskoðun á jöfnunarsjóðnum væri sífellt í gangi miðað við nýjar hugmyndir og það sem er að gerast annars staðar á Norðurlöndunum.

Hvað varðar Reykjavíkurborg er jöfnunarsjóðurinn núllstilltur þannig að Reykjavík fær svo sem ekkert þar annað en þennan sérstaka samning sem var vegna skólamálanna sem við öll þekkjum hér inni.

Síðan kom upp umræða sem tengist þessu óbeint en ekki alfarið, þ.e. bæði um félagslegar bætur og félagsþjónustu sveitarfélaga. Það leiðir vissulega líka hugann að flutningi annarra málaflokka yfir til sveitarfélaganna og þá þyrfti kannski að koma enn frekari styrking varðandi jöfnunarsjóðinn. Þá er ég að hugsa um mál eins og málefni fatlaðra. Ef eitthvað er nærþjónusta þá væri kannski helst að nefna það.

En endurskoðunin á jöfnunarsjóðnum þarf sífellt að eiga sér stað og ég mælist til þess.

Síðan ræddum við talsvert í nefndinni og í rauninni má kannski orða það sem ákveðna gleymsku, þ.e. við tölum um innflytjendur í 13. gr. Við áttum eftir að finna það orð sem er mest notað en því mun þá bara breytt síðar í nýju frv. um tekjustofna og nýju samkomulagi.

[23:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta frv. er aðallega afurð af samkomulagi sem undirritað var á dögunum milli Sambands ísl. sveitarfélaga og ríkisvaldsins um tilteknar fjármálalegar ráðstafanir í þeim samskiptum. Ég held að nauðsynlegt sé að menn átti sig á því að hér er ekki á nokkurn hátt á ferðinni viðamikil eða heildstæð endurskoðun, ekki einu sinni á lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og þaðan af síður um tekjustofna sveitarfélaga almennt eða samskipti ríkis og sveitarfélaga á tekjusviðinu almennt. Hafa menn þó lengi beðið eftir slíku og vænts slíks.

Hér er á ferðinni minni háttar fínstilling á þessum samskiptum, fyrst og fremst að bæta sveitarfélögunum tekjutap eða útgjöld af tveimur ástæðum, annars vegar vegna breyttrar álagningar fasteignagjalda, breyttrar viðmiðunar í þeirri álagningu sem hefur leitt til tekjufalls hjá hluta sveitarfélaganna og hins vegar vegna þess að sveitarfélögin yfirtaka nú alfarið kostnaðinn af greiðslu húsaleigubóta.

Á móti er svo fært að ríkið tekur að sér að greiða þau 15% stofnkostnaðar í sjúkrahúsum og ýmsum heilsugæslustofnunum sem sveitarfélögin hafa hingað til gert. Punktur, búið, allt og sumt.

Þetta eru ekki stórmál í raun og veru, herra forseti, í ljósi hinnar miklu veltu jöfnunarsjóðs sem nálgast 10 milljarða kr. eða í ljósi þeirrar gríðarlegu umræðu sem hefur verið að undanförnum árum og missirum um þörfina á gagngerri endurskoðun og uppstokkun í tekjulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Og nefndir hafa verið hér og þar að malla í þessum verkefnum en ákaflega lítið komið út úr því satt best að segja. Það kemur oft einhver bútasaumur út úr einhverju samkomulagi milli forsvarsmanna Sambands ísl. sveitarfélaga, þá mæta á sviðið þeir kumpánar Vilhjálmur

og Þórður. Þá hefur verið gert eitthvert smásamkomulag um einhverja afmarkaða þætti í þeim samskiptum en heildstæð endurskoðun á þessum málum lætur mjög á sér standa.

Fjármunirnir sem hér eru á ferðinni eru ekki ýkja miklir, herra forseti. Hvað fasteignagjöldin varðar eru það rúmar 160 millj. kr. sem árlegt framlag ríkissjóðs hækkar vegna lækkunar fasteignaskattstekna, sem eru aftur afleiðingar af breytingum sem ákveðnar hafa verið hér á Alþingi og síðan 220 milljónir til að mæta beinum útgjöldum sem sveitarfélögin taka við vegna greiðslu húsaleigubóta. Til frádráttar þessu eru síðan þær 100 milljónir sem ríkið yfirtekur eða ígildi 100 millj. kr. kostnaðar sem ríkið yfirtekur frá sveitarfélögunum vegna heilbrigðisstofnananna.

Það sem meira er, herra forseti, er að í reynd er ekki að verða, það ég fæ séð, nein grundvallarbreyting á því fyrirkomulagi hvað varðar jöfnunarsjóðinn. Það eru aðeins lagfæringar í samræmi við breytingar sem hafa verið gerðar á tekjuviðmiðum. Viðmiðuninni hvað varðar tiltekið hlutfall skatttekna ríkissjóðs er þarna breytt lítillega til samræmis við þá framsetningu sem nú er í fjárlögum. Það er auðvitað ekki kerfisbreyting heldur tæknileg lagfæring.

Í grunninn er um óbreytt fyrirkomulag að ræða, þ.e. mælt er fyrir um tekjurnar inn í jöfnunarsjóð. Það er að vísu hólfað aðeins niður með lögunum í hvers konar jöfnunarframlög eða framlög þetta í grófum dráttum skuli fara, þ.e. í þessi lögbundnu framlög svo sem innheimtu á gjöldum til að reka samstarf sveitarfélaganna í landinu, tekjur til lánasjóðsins og annað í þeim dúr. Sérstökum framlögum er úthlutað í tilteknu skyni og jöfnunarframlög eiga aftur að skiptast í tekjujöfnunarframlög og útgjaldajöfnunarframlög, sem mun vera nýyrði í tungunni.

Þar lýkur í raun leiðsögn Alþingis í þessu máli. Afgangurinn er skilinn eftir í reglugerðarvaldi hæstv. ráðherra. Sjálf grundvallarúthlutunin, regluverkið um þessa miklu ráðstöfun fjármuna, er framselt til ráðherra í formi reglugerðarvalds. Það finnst mér og hefur á undanförnum árum fundist, herra forseti, vaxandi umhugsunarefni í ljósi hinnar miklu veltu jöfnunarsjóðs. Það er a.m.k. há velta miðað við það sem áður var.

Að vísu hefur verið upplýst að ef við berum okkur saman við hin Norðurlöndin eru tekjujöfnunaraðgerðir á Íslandi til handa sveitarfélögunum hlutfallslega ekki miklar. Það eru t.d. miklu umfangsmeiri millifærslukerfi í gangi á hinum Norðurlöndunum til handa lægri stjórnsýslustigum, þ.e. fylkjum, ömtum, héruðum og sveitarstjórnum, en hér. Það er reyndar umhugsunarefni þegar haft er í huga hversu breytileg sveitarfélögin hér í landinu eru að stærð og fjárhagslegri getu. Við höfum hlutfallslega stærstu höfuðborg á Norðurlöndunum. Hvergi annars staðar á Norðurlöndunum býr jafnhátt hlutfall þjóðarinnar í höfuðborginni sjálfri eins og á Íslandi. Við höfum líka fámenn og afar víðlend sveitarfélög sem sennilega eru óvíða til annars staðar eins og hér. Í því ljósi hefði maður getað ályktað að tekjujöfnunarþörfin hér væri ríkari en víðast hvar annars staðar.

Sem sagt: Það verður áfram í valdi ráðherra að ákveða flokkun sveitarfélaganna og hvers konar viðmiðanir eru notaðar til að finna út grundvöllinn fyrir tekjujöfnun milli þeirra. Þar af leiðandi þarf þessi breyting sem slík ekki að þýða í sjálfu sér neina breytingu á þeirri framkvæmd sem þar hefur verið í gildi, að ég fæ séð. Það er í sjálfu sér umhugsunarefni að niðurstaðan sé ekki sú að fara í neina umfangsmikla eða heildstæða uppstokkun á þessu kerfi, sem maður hefði reiknað með að væri kominn tími á, m.a. í ljósi umtalsverðra breytinga á samsetningu og fjárhagslegri afkomu sveitarfélaga á undanförnum árum.

Nú hefur verulega dregið í sundur í meðallaunum á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis á undanförnum árum. Það er mjög neikvæð og óæskileg þróun og mismununin eykst að þessu leyti í landinu. Sá sem hér talar er nokkuð reglulegur og dyggur lesandi fréttabréfs kjararannsóknarnefndar sem er hið ágætasta upplýsingarit. Það birtir ársfjórðungslega, ef ég man rétt, sundurliðun á tekjuþróun í landinu og tekjusamsetningu og skiptir þessu m.a. upp, ekki bara eftir kynjum heldur líka eftir landsvæðum. Menn þurfa ekki að hafa fylgst mikið með til að sjá, m.a. af því ágæta riti, að það dregur ískyggilega í sundur í meðallaunum á landsbyggðinni annars vegar og höfuborgarsvæðinu hins vegar. Lakastur þar er að sjálfsögðu hlutur kvenna á landsbyggðinni sem er mesti láglaunahópur landsins ef maður notar þá flokkun.

Þetta hlýtur auðvitað að hafa sín áhrif á stöðu sveitarfélaganna. Það er alveg óumflýjanlegt. Eftir því sem þessi þróun ágerist vex auðvitað þörfin fyrir raunverulega tekjujöfnun þegar við bætast mjög svo breytilegar aðstæður sveitarfélaganna við að sinna sinni lögbundnu þjónustu, t.d. að standa fyrir skólahaldi þar sem himinn og haf skilur á milli verkefna í fámennum strjálbýlum sveitarfélögum með umtalsverðum kostnaði. Skólahald í strjálbýlinu er ekki sambærilegt við að reka slíkt í miklu stærri einingum í þéttbýli. Ef eitthvað væri þyrfti að fara vandlega yfir þessi áhrif og skoða þessa framkvæmd með það í huga að auka jöfnunargetu kerfisins þannig að síður halli á í þessum efnum.

Herra forseti. Ég vil nefna hér sérstaklega heilbrigðisþátt málsins, þ.e. þær breytingar að ríkið taki alfarið að sér stofnkostnað sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og fleiri slíkra heilbrigðisstofnana. Þetta samkomulag milli Sambands sveitarfélaga og ríkisins gengur út á að greiðsluþátttöku sveitarfélaganna ljúki nú, frá og með gildistöku þessara laga, en þau fái ekki endurgreiddan sinn hlut í þessum mannvirkjum og ekki fari að neinu leyti fram uppgjör á liðinni tíð. Þetta, herra forseti, vil ég nefna í því samhengi að fyrir nokkru síðan — það mun hafa verið í desember 1998 — gerðu ríkið og Reykjavíkurborg samkomulag þar sem borgarsjóður Reykjavíkur var leystur undan greiðsluskyldum samkvæmt 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, þ.e. að greiða sinn 15% hlut til stóru heilbrigðisstofnananna í borginni og meira en það, borgin fékk endurgreidd framlög áranna 1995–1998 vegna Landakots. Þetta liggur fyrir, herra forseti.

Fljótlega upp úr þessu gerði Akureyrarbær þá kröfu að fá sambærilegan samning við ríkið. Nú geta menn deilt um hvort Akureyrarbær var í sambærilegum aðstæðum gagnvart því að krefjast uppgjörs á því sem liðið var en það er ákaflega erfitt að sjá hvernig það getur verið sanngjarnt að eitt sveitarfélag í landinu sæti eftir með kostnaðarþátttöku á 15% í stóru sérgreinaskiptu sjúkrahúsi á sama tíma og sjálf höfuðborgin var með öllu leyst undan slíkri greiðsluskyldu. Í öllu falli finnst mér mikil ósvinna að ríkisvaldið hafi ekki boðið Akureyrarbæ upp á einhverjar samningaviðræður eða samninga, a.m.k. um þann þátt málsins sem lýtur að tímabilinu frá 1998–1999 til og með þá dags dato. Það er algjörlega augljóst mál að þessum sveitarfélögum er þannig mismunað.

Að sjálfsögðu má segja að þetta hefði átt að gilda fyrir öll sveitarfélög, a.m.k. öll sjúkrahús. Því verður þó ekki á móti mælt að í þessum tilvikum tveimur, hvað varðar Reykja-

víkurborg annars vegar og stóru sjúkrahúsin hér og svo Akureyrarkaupstað og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, er um mjög sérstakar aðstæður að ræða. Hér eru stórar stofnanir þar sem er um mikinn stofnkostnað að ræða á ferðinni og þetta eru upptökustofnanir fyrir stór landsvæði. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er upptökusvæði fyrir 40.000–60.000 manna byggð en Akureyrarkaupstaður einn situr uppi með greiðsluskylduna á 15% kostnaðarins.

Ég held ég muni það rétt að það sé eingöngu Akureyrarkaupstaður, ekki einu sinni Eyjafjarðarsvæðið eða öll sýslan.

Því er ekki að furða, herra forseti, að Akureyringar minni á sig nú af þessu tilefni. Ég hef í höndunum glænýtt bréf frá bæjarstjóranum á Akureyri sem hann ritar félmn. Alþingis og barst okkur því miður ekki í hendur fyrr en rétt í þessu. Mér barst það a.m.k. rétt í þessu. Þar er því mjög harðlega mótmælt að þetta svokallaða samkomulag, a.m.k. svokallað hvað varðar Akureyrarkaupstað, sé gert með þessum hætti, og ríkið sé aðili að því. Ríkið er sagt hafa algerlega daufheyrst við því að leysa þessi mál með einhverju sanngjörnu samkomulagi við bæjarsjóð Akureyrar.

Menn telja sig hafa orðið fyrir mismunun varðandi framlög að þessu leyti frá og með árinu 1999. Af þeim sökum er mótmælt, af hálfu forsvarsmanna Akureyrarbæjar, ákvæðum í 3. tölul. samkomulagsins frá 4. des. sem í reynd varðar meðferð á þessum eignarhlut Akureyrar. Það er nokkuð, herra forseti, sem ég held að menn verði að horfast í augu við, að þetta samkomulag hefur áhrif á ráðstöfun lögmætrar eignar sveitarfélaganna í þessum stofnunum. Er hægt að gera þetta með þessum hætti? Þarf ekki að leysa þessi mál með samkomulagi, samningum við sveitarfélögin hvert fyrir sig? Þetta er auðvitað lögvarin eign þessara aðila. Það er ekkert hægt að horfa fram hjá því. Enda segir bæjarstjórinn á Akureyri í sínu bréfi að þessi málsmeðferð þverbrjóti stjórnarskrárbundinn eignar- og sjálfsstjórnarrétt sveitarfélagsins, sbr. 72. og 78. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 2. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Akureyrarbær lýsir því yfir að hann telji sig ekki bundinn af þessari gerræðislegu ákvörðun um meðferð á eignarhlut bæjarins í Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, svo sem 3. tölul. samkomulagsins kveður á um, enda geti 101. gr. laga nr. 45/1998, um verklag við breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, ekki gengið framar 2. mgr. 2. gr. sveitarstjórnarlaga þar sem kveðið er á um að engu málefni sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags skuli ráðið til lykta án umsagnar sveitarstjórnarinnar.

Í raun, herra forseti, er sá hængur á afgreiðslu þessa máls að að þessu leyti hefur meðferð þess alls ekki lotið hinum lögformlega farvegi. Umsagnarréttur sveitarfélaganna, andmælaréttur eða hvað við eigum að kalla það, hefur ekki verið virtur. Má ég minna á að sveitarstjórnarstigið er sjálfstætt stjórnsýslustig og hefur fullgildan og lögvarinn rétt gagnvart hagsmunum sínum og sínum málum. Við erum, bæði að lögum og alþjóðlegum samningum, bundin af því að virða þessa stöðu stjórnskipunar landsins. Við erum aðilar að evrópskum sáttmála um sjálfstæði sveitarfélaga og öðru í þeim dúr.

Mér virðist, herra forseti, að hér séu menn á dálítið tæpu vaði hvað þessa samskiptahætti varðar.

Herra forseti. Ég vil síðan segja að það er auðvitað ekki hægt að sleppa því að nefna, þó að áliðið sé kvelds og mönnum þyki nóg að gert í umræðum í dag — ég tel að það megi nú ekki draga svo af mönnum þrekið að þeir sleppi því að nefna það sem óhjákvæmilega þarf að nefna við þessa umræðu — að þetta mál er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt að hafa í ákveðnu samhengi við afkomu sveitarfélaganna í landinu almennt. Það vill einmitt svo til að akkúrat þessa dagana eru blaðaskrif og fréttaflutningur af þeim stöðum. Menn greinir þar stórlega á. Annars vegar telur hæstv. félmrh. allt í fína lagi varðandi afkomu sveitarfélaganna, a.m.k. vel viðunandi. Hann hvetur þau til að fara hófsamlega fram í sambandi við gjaldskrárákvarðanir og annað í þeim dúr þegar þau afgreiða fjárhagsáætlanir sínar og stilla af fjárhag sinn fyrir næsta ár. Hins vegar kvarta og kveina sveitarfélögin undan miklum erfiðleikum við að ná endum saman. Þau hafa jú glímt við króníska hallarekstur undanfarin ár. Þau hafa safnað skuldum, það er óumdeilanlegt.

Það er að vísu rétt sem félmrh. hæstv. flaggar, að heldur hafi dregið úr þessari skuldasöfnun sem betur fer núna síðustu árin. Skárra væri það annars. Það vita allir hvernig sá rekstur endar sem rekur sig endalaust með halla. Af hverju skyldi vera að draga úr honum? Jú, gæti ekki m.a. verið að draga úr hallarekstri sveitarfélaganna vegna þess að mörg þeirra eru orðin svo skuldsett að það gengur ekki lengur upp að taka meiri lán og halda áfram hallarekstri? Hvað gera sveitarfélögin þá? Þau skera niður allar framkvæmdir.

Ég fullyrði það, herra forseti — það vel þekki ég til í fjölmörgum sveitarfélögum vítt og breitt um land — að ein stór ástæða fyrir því að á pappírunum dregur úr hallarekstri sveitarfélaganna er ósköp einfaldlega sú að forsvarsmenn þeirra treysta sér ekki í frekari lántökur til að fjármagna framkvæmdir. Það er ekki vegna þess að reksturinn sem slíkur sé að batna, t.d. að rekstur málaflokka sé að lækka umtalsvert sem hlutfall af skatttekjum. Það er rangt. Á síðustu fjármálaráðstefnu sveitarfélaga var sýnt fram á þetta með algerlega skýrum hætti. Það þyrfti að eiga sér stað einhver stórkostleg breyting til að rekstur þeirra batni. Það er ekkert sem bendir til þess að afkoma sveitarfélaganna sé að batna að þessu leyti.

Hér eru fréttir í fjölmiðlum beint út úr vinnu sveitarfélaga á nokkrum stöðum á landinu við fjárhagsáætlanir sínar þar sem ekki verður séð að þetta hlutfall sé að lagast. Í stórum kaupstöðum á landsbyggðinni er rekstur málaflokka um og yfir 90% af skatttekjum. Þetta hlutfall hefur jafnt og þétt farið hækkandi, þ.e. meðaltalið, sem auðvitað ber að hafa í huga að er meðaltal. En við höfum kannski ekki marga aðra skárri mælikvarða til að skoða en hvernig þessi þróun hefur orðið þessi árin að meðaltali og þar siglir þetta hlutfall upp á við um 1–2 prósentustig á ári núna ár eftir ár, úr því sem var algengt fyrir um tíu árum, þ.e. að þetta væri svona 75–78%, í gegnum 80-85% og mjög algengt er nú að heyra tölur á bilinu 85, 87 og upp í og um og yfir 90%. Einstaka dæmi er auðvitað þekkt þar sem rekstur málaflokka tekur 100%, allar skatttekjurnar og jafnvel meira.

Svona er ástandið, herra forseti. Hvað sem hæstv. félmrh. segir eða kann að segja hér á eftir þá er það staðreynd að sveitarfélögin hafa verið rekin með halla og þau hafa safnað skuldum undanfarin ár í hinu svonefnda margfræga góðæri. Það góðæri hefur a.m.k. ekki verið hjá þorra sveitarfélaganna í landinu. Þau fá ekki í þessum tillögum hér úrlausn þeirra mála sem hæst hefur þó borið í umræðu milli ríkis og sveitarfélaga undanfarin ár, þ.e. uppgjör á breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þar standa fullyrðingar á móti fullyrðingum um útkomu sveitarfélaganna. Annars vegar heldur

ráðuneytið því fram, eða ríkisvaldið og sumpart forustumenn samtaka sveitarfélaga í landinu, af því að þeim er málið skylt, þ.e. þeirra sem stóðu að samningum um þessa hluti á umliðnum árum, að þetta komi þokkalega út fyrir sveitarfélögin. En aðrir halda því blákalt fram og færa fyrir því rök að þarna sé umtalsverður halli á að teknu tilliti til þess auðvitað hvernig raunkostnaður við t.d. grunnskólahaldið hefur þróast undanfarin ár. Hann hefur stóraukist. Af hverju? Hann hefur aukist vegna þess að laun kennara hafa hækkað. Hann hefur aukist vegna þess að menn hafa verið að einsetja grunnskólann. Hann hefur aukist vegna þess að menn eru að reyna að innleiða framfarir í skólahaldinu og væntingarnar um það voru gríðarlegar þegar málaflokkurinn var fluttur yfir. Eiga menn þá að segja: „Já, en það eru sveitarfélögin sem verða að ráða fram úr þessu"? Er það sanngjarnt þegar staðan er sú að ríkisvaldið og löggjafinn skammtar þeim tekjurnar? Það er ekki þannig að sveitarfélögin hafi skattlagningarvald. Það er algerlega innan þess ramma sem löggjafinn setur hverju sinni.

Ef í ljós kemur — hvað sem öllum samningum á sínum tíma leið — að þessi málaflokkur er orðinn miklu dýrari í rekstri hjá sveitarfélögunum — verkaskiptingin hefur haft það í för með sér eins og hlutirnir hafa þróast — þá verður að horfast í augu við það á Alþingi af löggjafanum og fjárveitingavaldinu.

Þá verður að gera annað tveggja — það er bara ósköp einfalt mál — létta að einhverju leyti hinum lögbundnu skyldum af sveitarfélögunum og segja: „Ja, þið þurfið ekki að gera nema svo og svo", eða færa þeim meiri tekjur. Það er ekki hægt að láta kröfurnar um reksturinn standa, að hann uppfylli þessi og þessi skilyrði, að skólinn sé einsetinn, að þetta og þetta gildi sem kostar peninga og láta síðan sveitarfélögin ekki hafa möguleika til að ráða við þann rekstur. Það gengur ekki upp.

Herra forseti. Þetta er í hnotskurn vandinn í samskiptum ríkisvaldsins, löggjafans og fjárveitingavaldsins annars vegar og sveitarstjórnarstigsins hins vegar, að sjálfstæði sveitarfélaganna takmarkast af þeim lagaramma sem hér er settur, bæði hvað varðar útgjöld, skyldur og tekjuöflunarmöguleika. Við getum ekkert ýtt vandanum frá okkur hér á Alþingi með einhverjum patentrökum, einföldum lausnum af því tagi að segja að þetta sé hausverkur sveitarfélaganna. Menn verða að horfast í augu við hlutina eins og þeir eru. En mér finnst á köflum, herra forseti, skort hafa á að menn hafi gert það.

Ég tel í raun að á margan hátt sé skaðlegt að halda í umræðunni jafnskörpum skilum á milli afkomu ríkisins og sveitarfélaganna, að monta sig á Alþingi ár eftir ár af því að ríkissjóður sé rekinn með svo ágætum árangri — sem að vísu hefur verið rangt því það hefur fyrst og fremst verið eignasala sem hefur myndað afgang á ríkissjóði að undanförnu — og hælast um af því sem miklum árangri í hinum opinbera rekstri á sama tíma og sveitarfélögin safna skuldum. Ég held að það eigi að líta í miklu ríkari mæli á hinn opinbera rekstur sem eitt því auðvitað eru þetta bara tvær hliðar á sama peningnum, rekstur sveitarfélaganna annars vegar og hins opinbera hins vegar, þegar kemur að því sem máli skiptir, þjónustu við almenning og rekstri velferðarkerfisins og samneyslunnar.

Það er óskaplega lítið til að gleðjast yfir, því miður, að afkoman sé jákvæð öðrum megin ef hún er að sama skapi neikvæð hinum megin og það hallar þar á klyfjunum. Þann vanda munu menn þó fyrr eða síðar þurfa að takast á við og leiðrétta. Auðvitað mun það aldrei ganga til lengdar og um ókomin ár að keyra sveitarfélögin áfram með hallarekstri. Fyrr eða síðar rekur að því að menn verða að horfast í augu við þann vanda og taka á honum. Ef það er ekki gert með beinum hætti og almennum aðgerðum sem bæta stöðu sveitarfélaganna þá fá menn þetta að lokum í hausinn einfaldlega í gegnum greiðsluþrot þeirra og vandamál sem lenda þá inni á borði félmrn. þannig. Það hefur svo sem reyndar gerst, samanber allmörg sveitarfélög sem hafa þurft á sérstökum stuðningi og aðgerðum að halda til þess að halda sér á floti.

Út í hvað hafa sveitarfélögin hrakist á undanförnum árum vegna þessa ástands? Jú, þau hafa hrakist út í að selja eignir sínar. Þau hafa hrakist út í það, jafnvel mikilvægar almannaþjónustustofnanir og veitur. Er það æskilegt? Nei, það er ekki æskileg þróun. Þetta eru fyrirtæki og þjónustustarfsemi sem í raun er á allan hátt betur komin og best komin í höndum sveitarfélaganna fyrir hönd íbúanna á viðkomandi svæði. Þetta hefur hæstv. félmrh. Páll Pétursson horft upp á í sinni tíð og lítið maldað í móinn, meira að segja staðið beinlínis fyrir sumum hlutum í þeim efnum.

Að hæla því svo að vegna þess að Orkubú Vestfjarða var selt og keypt á háu verði af sveitarfélögum á Vestfjörðum og því séu þau á grænni grein, er alveg furðulegur málflutningur ef rekstur þeirra og afkoma og aðstaða hefur ekkert batnað í grunninn. Hversu lengi lifa þau þá á Orkubúi Vestfjarða? Það verða ekki mörg ár ef rekstur þeirra verður áfram jafnerfiður og hann hefur verið að undanförnu. Það eru svo sem ýmsar ástæður fyrir því sérstakar á því svæði eða byggðarlögum af því tagi sem þar eru sem hafa af ýmsum ástæðum átt á brattann að sækja.

Herra forseti. Ég læt þetta nægja um efni þessa frv. sérstaklega og svona hið almenna samhengi sem það er afgreitt í og lýk þá máli mínu á því að mæla fyrir brtt. sem ég hef leyft mér að flytja. Í sjálfu sér er þetta frv. ekki tilefni til mikillar andstöðu af minni hálfu nema síður sé. Ég sé í sjálfu sér enga ástæðu til að styðja ekki framgang þessa mjög svo afmarkaða samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga. En ég tel rétt að menn tali ekki um það eða geri úr því meira en efni standa til, nema síður sé. Þetta er í raun í sjálfu sér minni háttar lagfæring í þessum samskiptum.

Það er þó tvennt, herra forseti, sem ég er ósáttur við í þessu máli og hef verið ósáttur við síðan niður féllu svonefnd sérstök tekjujöfnunar- og fólksfækkunarframlög sem greidd voru um þriggja ára skeið og komu verulega til móts við erfiðleika þeirra sveitarfélaga sem lenda í hremmingum vegna skyndilegrar fólksfækkunar og tekjufalls af þeim sökum. Það eru jú auðvitað afbrigðilegar aðstæður í sveitarfélagi ef íbúunum fækkar allt í einu um kannski 10–15% á einu ári, ég tala nú ekki um ef eitthvað af þeirri stærðargráðu gerist tvö, þrjú ár í röð. Tekjurnar snarfalla en tilkostnaðurinn lækkar ekki skyndilega að sama skapi því að sveitarfélagið situr meira og minna uppi með sinn fasta rekstur og sína starfsmenn og hefur takmarkaða möguleika til að draga þar snöggt úr útgjöldum. Þetta gefur augaleið og á þessu hafa menn sýnt skilning gegnum tíðina.

Ég þykist muna að fólksfækkunarframlög hafi komið til um 1990 og verið greidd gegnum jöfnunarsjóð eða með einhverjum hætti á alllöngu árabili og síðan kom þetta sérstaka samkomulag um greiðslu allverulegra framlaga sem gengu til sveitarfélaga sem urðu fyrir skyndilegri fólksfækkun.

En þessu samkomulagi lauk og engin slík framlög voru greidd á yfirstandandi ári né stendur til að gera á hinu næsta

ef ég veit rétt. Samt eru auðvitað einhver sveitarfélög að lenda í nákvæmlega þessum hremmingum, miklum áföllum. Það er nærtækt að taka dæmi af Raufarhöfn sem hefur orðið fyrir þungum búsifjum, nánast lent í byggðahruni síðustu tvö, þrjú árin og hefði samkvæmt eldri reglum fengið umtalsverðan stuðning einnig á þessu ári ef ekki hefði staðið svona snilldarlega á, eða hitt þó heldur, að akkúrat á árinu 2002 hættu menn að greiða þessi sérstöku tekjujöfnunar- og fólksfækkunarframlög.

Ég leyfi mér því að leggja til, herra forseti, að opnað verði fyrir a.m.k. vissa möguleika, vissar heimildir, til að grípa til greiðslu slíkra framlaga. Það verði þá gert undir þeim lið laganna um jöfnunarsjóð sem fjallar um sérstök framlög og við f-liðinn þar sem fjallar um greiðslu framlaga til sérstakra verkefna sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og/eða leiða til hagræðingar í rekstri og þjónustu þeirra. Gott og vel. Um þetta flyt ég brtt. á þskj. 691. Þar við bætist setning við f-lið d-liðar 1. gr. frv.: „einnig til greiðslu framlaga til að aðstoða sveitarfélög vegna breyttra aðstæðna og/eða óvæntra breytinga á afkomu þeirra, svo sem vegna fólksfækkunar."

Herra forseti. Þetta mundi taka af allan vafa um að undir þessum f-lið væri jafnframt heimilt að — ef sérstakar aðstæður mæltu með — grípa til greiðslu fólksfækkunarframlaga úr því að hæstv. ráðherra hefur nú einu sinni þetta víðtæka reglugerðarvald og úr því að jöfnunarsjóður hefur ýmsar heimildir og ýmsa möguleika samkvæmt þessum lögum til að bregðast við breyttum aðstæðum. Þó er það þannig orðað, óttast ég, að risið gætu deilur um það og jafnvel að menn mundu hneigjast til að túlka það þannig að hann hefði ekki heimildir til að greiða t.d. sérstök framlög til sveitarfélaga sem hefðu orðið fyrir fólksfækkun því það gæti orkað tvímælis að þetta orðalag rúmaði það:

„Til greiðslu framlaga til sérstakra verkefna ..."

Það er spurning hvort hægt er að kalla það sérstakt verkefni. Ég efast um það.

Þá leyfi ég mér að spyrja í allri vinsemd: Er ekki hæstv. félmrh. tilbúinn til að hugleiða að a.m.k. heimildin standi þarna? Í eðli sínu er þetta í raun heimildarákvæði í þeim skilningi að það þarf síðan að setja reglur um greiðslurnar og þá get ég ekki séð að það skaði að hafa þessa heimild þarna.

Það eru ekki miklir fjármunir sem betur fer í flestum tilvikum sem þarna þyrftu til að koma en gætu skipt miklu því gjarnan er um frekar lítil sveitarfélög að ræða og við skulum vona að þau verði ekki mörg á komandi árum þar sem þessar dapurlegu aðstæður eru uppi að það er að verða skyndileg eða umtalsverð fækkun á fólki.

Ég held að menn hljóti að geta sýnt því skilning að við slíkar aðstæður er rétt og sanngjarnt að bregðast við og létta mönnum þær sársaukafullu breytingar sem þetta hefur í för með sér og er nú víst nóg samt að vera í forsvari fyrir sveitarfélög eða íbúi í sveitarfélagi þar sem menn horfa á eftir fólki í burtu þótt það bætist ekki við að það bitni beint á þeim íbúum sem eftir verða í gegnum sannarlega versnandi afkomu sveitarfélagsins til að sinna þó þeirri þjónustu við þá íbúa sem eftir eru. En það er auðvitað það sem gerist. Það er auðvitað það sem gerist að þeir íbúar sem eftir verða eru þolendur ástandsins vegna þess að þetta leiðir óhjákvæmilega, a.m.k. tímabundið, til versnandi afkomu sveitarfélagsins.

Einnig, herra forseti, leyfi ég mér að leggja til að ákv. til brb. verði breytt þannig að heimild til að greiða svonefnd stofnframlög til sveitarfélaga með tvö þúsund íbúa eða færri deyi ekki jafnsnöggt út og frv. gerir ráð fyrir. Mér finnst ósanngjarnt að gefa mönnum ekki meira en tveggja ára og í raun og veru minni aðlögunartíma að slíkum breytingum. Þó að á það sé bent og það komi fram í skýrslu endurskoðunarnefndarinnar að verulega hafi dregið úr sókn í þessi framlög, þá er það ekki eitt og sér í sjálfu sér rök fyrir því að slá þau skyndilega af.

Nú er það auðvitað þannig að framkvæmdir hjá sveitarfélögum eru ekki eitthvað sem ákveðið er og ráðist í í skyndingu. Mér finnst ekki ósanngjarnt að menn hafi þá a.m.k. u.þ.b. eitt kjörtímabil til að aðlaga sig að þeim breytingum. Nýteknar eru við völdum sveitarstjórnir í landinu sem voru kjörnar í maímánuði sl. Þar eru menn að ganga núna frá sínum fyrstu fjárhagsáætlunum. Menn eru að byrja að leggja línur í sambandi við framkvæmdir og skipulagningu fjármála á þessu nýhafna kjörtímabili og ég held að það sé ekki alveg sanngjarnt að skella þessari breytingu svona á og að menn hafi ekki nema bara fyrsta árið eða eitt og hálfa eða tvö árin á þessu kjörtímabili til þess að taka ákvarðanir og ráðast í framkvæmdir ef þeir eigi að eiga kost á þessum breytingum.

Mér fyndist því sanngjarnt að þetta yrði í aðalatriðum stillt af við kjörtímabil núverandi sveitarstjórna og það mundi gerast með því að hafa þetta fjögurra ára tímabil og að heimilt væri að greiða út á framkvæmdir sem hæfust fyrir lok ársins 2006, enda öllum skilyrðum fullnægt samanber hlutverk ráðgjafarnefndar jöfnunarsjóðs og allt það, og þá yrði þetta þannig að framlögin féllu niður frá og með 1. janúar 2007 en það væri þó heimilt að greiða eftir þann tíma framlög vegna framkvæmda sem hæfust fyrir lok árs 2006.

Þessar tvær breytingar, herra forseti, fyndust mér vera til bóta í málinu að sjálfsögðu, enda flytti ég þær ekki ella, og ég tel þær sanngjarnar, ég tel þær ekki raska þessu máli á einn eða neinn hátt. Þetta eru minni háttar lagfæringar í sanngirnisátt og mér þætti ákaflega vænt um ef hægt væri að koma til móts við þær.

[00:18]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ljóst að ákaflega lítill tími gafst til að fara yfir þetta þingmál vegna þess hversu seint samkomulagið var gert við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þó svo að nefndin hafi skilað skýrslu í september, og tillögur þessar byggjast mjög mikið á þeirri vinnu varðandi útgjaldaþættina, þá gafst félmn. ekki mikill tími til þess að fara yfir hvorki skýrsluna né önnur bakgögn varðandi frv.

Ég held að þess vegna komi hér fram í brtt. hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar dálítill misskilningur, ef ég má orða það svo, en það er þannig að í útgjaldajöfnunarframlögunum er gert ráð fyrir breytu sem snýr að breytingu á íbúafjölda.

Textinn í skýrslu nefndarinnar er svohljóðandi, með leyfi forseta, þ.e. í 6. lið varðandi útgjaldajöfnunarframlögin:

„Breytingar á íbúafjölda. Komið er til móts við tímabundna en verulega fólksfækkun í sveitarfélögum. Miðað er við að fækkun síðustu þrjú ár sem er að meðaltali umfram 1% af íbúafjölda verði hluti af þessari jöfnun. Við úthlutunina skal þess gætt að framlög á íbúa þar sem fólksfækkun hefur orðið fari ekki yfir ákveðna viðmiðun."

Það er sem sagt inni í þeim breytum sem reglugerðin mun gera ráð fyrir í útgjaldajöfnunarframlögunum, þar er breyta sem snýr að íbúafjöldanum og breytingum á honum.

Síðan varðandi stofnframkvæmdirnar þá hefur það komið fram að umsóknum um framlög til stofnframkvæmda hefur mjög fækkað.

[00:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vísa til þess sem ég áður sagði að ég tel að það séu ekki rök fyrir því að slá þessi framlög af gagnvart þeim sveitarfélögum sem eru kannski þannig stödd að þau hafa hugsað sér að ráðast einmitt í framkvæmdir á næstu tveim, þrem, fjórum árum, sem hefðu að óbreyttum reglum gefið þeim rétt til þessara greiðslna vegna stofnkostnaðar. Þó að þau verði færri og þeim fari fækkandi þá eru allar ástæður til að ætla að eftir sem áður séu enn einhver sveitarfélög sem þannig er ástatt um og hafa kannski verið í öðrum verkefnum eða ekki haft bolmagn í það á undanförnum árum að ráðast í slíkar framkvæmdir en hyggjast nú gera það. Og þá finnst mér að of harkalega sé að málum staðið að klippa á þetta með svona litlum aðlögunartíma.

Varðandi fólksfækkunarframlögin þá kann vel að vera að þetta sé nú enn ein afleiðing þess hvernig um málin er búið. Í lagatextanum sjálfum er hvergi með neinum beinum hætti vikið að því að heimild sé þar til greiðslu vegna fólksfækkunar. Talað er um íbúafjölda í b-lið 12. gr. eða b-lið e-liðar, að eitt af því sem eigi að meta þegar útgjaldajöfnunarframlögin eru skoðuð sé útgjaldaþörf vegna mismunandi þátta eins og íbúafjölda, fjarlægðar, skólaaksturs o.s.frv. Það vísar ekki í sjálfu sér beint til breytinga. Vel kann að vera að það standist að hafa í reglugerðinni viðmiðun að ef íbúafjöldi er á niðurleið þá megi borga fyrir það sérstaklega. En það verður ekki lesið beint út úr lagatextanum.

Ég hefði því talið langeðlilegast að það væri pósitíf heimild í lagatextanum sjálfum til þess að greiða fólksfækkunarframlög annaðhvort undir sérstökum framlögum eða að það væri þá með beinum hætti tekið inn í textann í lögunum sjálfum þegar kemur að því þar sem fjallað er um útgjaldaframlög, að hluti þeirra gæti verið fólksfækkunarframlög.

[00:22]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það að kannski hefði mátt orða þetta skýrar eða láta þetta koma betur fram í grg. eða nál.

En það er annað sem ég vildi aðeins bregðast við út af ræðu hv. þm. og það er varðandi afstöðu Akureyrarbæjar. Okkur var auðvitað ljóst að ekki var ánægja hjá Akureyrarbæ varðandi þessar breytingar. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga kom fram að Kristján Þór Júlíusson, sem er stjórnarmaður í sambandinu, taldi að þær breytingar sem væri verið að gera gengju allt of skammt og gerði um það bókun. Þess vegna ákvað nefndin að kalla Kristján Þór Júlíusson til fundar við nefndina og hann gerði þar grein fyrir þeim sjónarmiðum sínum að honum fyndust þessar breytingar ganga allt of skammt, sérstaklega gagnvart svo stóru sveitarfélagi sem Akureyrarbær er.

En síðan barst nefndarmönnum í félmn. bréf, sem hann var reyndar búinn að boða, og það voru mótmæli gagnvart breytingunum á stofnkostnaði varðandi sjúkrahúsin. Hann gerði mjög vel grein fyrir því og vísaði m.a. til samkomulags ríkis og Reykjavíkurborgar og ég reikna auðvitað með því að fjmrn. og félmrn. muni fara í þá vinnu með Akureyrarbæ að meta það hvernig staðan er gagnvart Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Ég veit og trúi því að það hafi ekki verið meiningin að hlunnfara Akureyrarbæ vegna Fjórðungssjúkrahússins og reikna með því að Kristján Þór Júlíusson muni sækja þetta mál og fara yfir það með ráðuneytunum.

[00:25]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Aðeins nokkur orð vegna ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar.

Þetta frv. er byggt að hluta til á tillögum nefndar sem fékk það hlutverk að endurskoða jöfnunarsjóðskafla tekjustofnalaganna. Hún fékk ekki rýmra hlutverk en það að endurskoða jöfnunarsjóðskaflann.

Í nefndinni voru eftirtalin: Arnbjörg Sveinsdóttir alþingismaður, Gísli S. Einarsson alþingismaður, Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri, Jóhann Sigurjónsson bæjarstjóri, Valgarður Hilmarsson oddviti og Jón Kristjánsson alþingismaður, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Magnús Stefánsson alþingismaður tók við formennsku vorið 2001 þegar Jón Kristjánsson tók við embætti heilbrrh. Starfsmenn nefndarinnar voru skipuð þau Elín Pálsdóttir og Hermann Sæmundsson, deildarstjórar í félmrn., og Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga. Jafnframt störfuðu Jóhannes Á. Jóhannesson, starfsmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Guðni Geir Einarsson, starfsmaður jöfnunarsjóðs með nefndinni.

Nefndin skilaði áliti í haust og tillögurnar voru færðar í frumvarpsbúning í félmrn. Auðvitað þarf að setja reglugerð í framhaldi af svona lagasetningu en reglugerðin verður að hafa lagastoð og það hefur hún í þessu frv. Ráðgjafarnefnd stýrir jöfnunarsjóðnum og hún mótar fyrst og fremst þær reglur sem sjóðurinn starfar eftir.

Það er rétt hjá hv. þm. að það er ískyggilegur munur orðinn á launum á landsbyggðinni annars vegar og höfuðborgarsvæðinu hins vegar, það er alveg hárrétt. Það hallar á landsbyggðina í öllum flokkum nema sérfræðingum. Sérfræðingar eru talsvert betur launaðir á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu og helgast það væntanlega af því að þeir eru yfirborgaðir á landsbyggðinni, m.a. vegna þess að þá fær landsbyggðin fyrst og fremst framlög úr jöfnunarsjóði, sveitarfélögin á landsbyggðinni fá fyrst og fremst framlög úr jöfnunarsjóði.

Varðandi spítalamálið sem hv. þm. nefndi og bréfið frá bæjarstjóranum á Akureyri munum við að sjálfsögðu svara því fyrir okkar hönd í félmrn. og á réttum vettvangi og raunar hefði sá hluti ræðu hans frekar átt við þegar verið var að ræða hér fyrr í dag frv. til laga um heilbrigðisstofnanir, sem akkúrat tók á þeim þætti samkomulagsins að ríkið yfirtæki 15% hlut sveitarfélaganna í rekstri ákveðinna heilbrigðisstofnana.

En ég vil segja að það er ekki sambærilegt með sjúkrahúsin í Reykjavík og á Akureyri vegna þess að Borgarspítalinn var alfarið byggður upphaflega af Reykjavíkurborg, alfarið byggður og rekinn af Reykjavíkurborg. Eins var með Grensásdeildina, hún var algjörlega byggð af Reykjavíkurborg. Síðan er bætt við Borgarspítalann B-álmu og einhverjar fleiri breytingar gerðar og það var hins vegar með þeirri kostnaðarþátttöku sem þá var á komin, þ.e. 85:15.

Landakot var liður í þessu uppgjöri. Og þó að gjald hafi komið fyrir Landakot þá er ekki hægt að rökleiða af því að þess vegna ætti að koma gjald fyrir FSA eða hlut Akureyrar í FSA.

Hins vegar má náttúrlega benda á það líka að á móti þessu eða á hinn bóginn afhendir ríkið sveitarfélögunum

grunnskólann. Sveitarfélögin yfirtaka eignarhlut ríkisins eða eignir ríkisins í grunnskólanum. Og það er út af fyrir sig sjálfsagt miklu hærri upphæð sem til sveitarfélaganna rennur ef það væri fært til verðs heldur en þessi 15% í heilbrigðisstofnunum.

Varðandi afkomu sveitarfélaganna og umræður sem spunnust hjá hv. ræðumanni um það er það mála sannast að tekjustofnanefndin sem skilaði áliti árið 2000 taldi að ríkið skuldaði sveitarfélögunum 4 milljarða. Árið 2003 hafa sveitarfélögin fengið upp í þessa 4 milljarða 5,1 milljarð. Ég gæti sundurliðað það ef þess yrði óskað. Með þeirri leiðréttingu sem sveitarfélögin fá núna eru þau búin að fá 5,1 milljarð á móti þessum 4 milljörðum sem tekjustofnanefndin tiltók á sínum tíma.

Rekstur málaflokka sveitarfélaganna samkvæmt fjárhagsáætlunum ársins í ár er rúm 78% ef ég man rétt, að meðaltali. Ég tek það fram að að sjálfsögðu er þetta meðaltalstala. Hún er miklu hærri hjá sumum sveitarfélögum en einhvers staðar er hún lægri. Þetta er meðaltalið.

Hallinn hjá sveitarfélögunum er ekki verulegur í ár samkvæmt fjárhagsáætlun þeirra. Svo eigum við eftir að sjá hvort þær hafa haldið. Það vitum við ekki fyrr en kemur fram á næsta ár. Því miður héldu fjárhagsáætlanir ársins 2001 ekki og fjarri því. Í staðinn fyrir að sveitarfélögin reiknuðu með að vera með í kringum milljarð í halla en varð hallinn 8 milljarðar.

Varðandi fjárhagsstöðu sveitarfélaganna er rétt að það komi fram að sem stendur er ekkert sveitarfélag í gjörgæslu. Mörg af þeim sveitarfélögum sem voru illa sett og í miklum erfiðleikum eru komin í prýðilega rekstrarhæft ástand. Sveitarfélögin á Vestfjörðum, sem voru mörg hver mjög skuldsett, eru komin fyrir vind með því að ríkið keypti háu verði hlut þeirra í orkubúinu. Þau kusu að selja það, það var þeirra frjálsa val til þess að saxa á skuldirnar. Reyndar þurfti meira til með Vesturbyggð, meiri aðstoð heldur en andvirði orkubúsins nam. Upp hefur verið settur varasjóður húsnæðismála sem fær það hlutverk að hjálpa þeim við að losa sig úr erfiðleikum vegna félagslega kerfisins. Þau eru ekki búin að gera það enn en það er í farvatninu, bæði aðstoð varasjóðsins við að reka félagslegar leiguíbúðir þar sem þær eru reknar með halla og eins að hjálpa sveitarfélögunum að selja út úr kerfinu innlausnaríbúðir þar sem þau kjósa.

Rarik keypti Rafveitu Sauðárkróks og lagaði þar með stórlega stöðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Á Raufarhöfn höfðu flokksmenn hv. þm. hreinan meiri hluta sl. kjörtímabil og stóðu sig ekkert sérstaklega vel við fjármálastjórn. Hins vegar er búið að leysa vanda Raufarhafnar þannig að Raufarhöfn á að vera komin fyrir vind. Svona mætti lengi telja. Að vísu eru sveitarfélög í þröngri stöðu en ekki neitt í þá veru að þau séu í gjörgæslu eða að taka þurfi af þeim fjárráðin. Ég tek það fram að það eru mjög ábyrgir aðilar við stjórn á Raufarhöfn núna.

46 sveitarfélög eru ekki með leyfilegt hámarksútsvar á þessu ári. Það segir mér að þau séu þá a.m.k. ekki í fjárhagskröggum. Hámarksútsvarið er eins og menn þekkja 13,03% en meðalútsvarið 2002 er 12,79%.

Varðandi fólksfækkunarframlögin, sem við tókum upp árið 2000 og þá fékk jöfnunarsjóður 700 millj. kr. í tvígang til að reiða fram fólksfækkunarframlög. Þau eru ekki greidd á þessu ári en hefði svo verið hefði verulegur hluti þeirra orðið að ganga til tveggja sveitarfélaga sem talin eru býsna stöndug, þ.e. Reykjavík og Seltjarnarnes. Í báðum þessum sveitarfélögum fækkar í ár og í engu sveitarfélagi fækkar um fleiri einstaklinga heldur en í Reykjavík. Fólksfækkunarframlagið hefði orðið að renna til þessara sveitarfélaga að töluverðum hluta.

[00:36]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi verð ég að segja að mér leiðist að heyra hæstv. félmrh. sarga enn og aftur á Raufarhöfn og fyrrverandi sveitarstjórn þar. Hæstv. ráðherra gerði það m.a. á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Mér finnst ekki sanngjarnt að taka eitt sveitarfélag og tiltekna einstaklinga þar og nota með þeim hætti sem hæstv. ráðherra gerði á þeirri ráðstefnu og aftur héðan úr ræðustóli. Það má segja ýmislegt um stjórnsýsluna þarna. Ég er ekki að segja að menn hafi ekki gert mistök þar en við skulum heldur ekki horfa fram hjá því að um lítið sveitarfélag er að ræða sem varð fyrir miklum ytri áföllum við afar erfiðar aðstæður. Viðleitni manna til að renna stoðum undir annað atvinnulíf o.s.frv. varð sveitarfélaginu dýr. Það er auðvelt að setjast í dómarasætið hér suður við Austurvöll og hafa hörð orð uppi en það er erfiðara að heyja þá varnarbaráttu sem Raufarhöfn og mörg önnur sambærileg pláss hafa staðið í og haft harla lítinn og léttvægan stuðning opinberra aðila. Hann hefur a.m.k. ekki birst í sjávarútvegsstefnunni eða samgöngubótum á viðkomandi svæði eða öðrum slíkum hlutum.

Í öðru lagi, um jöfnunarsjóðinn og stöðu sveitarfélaga á landsbyggðinni, er að sönnu rétt að eðlilega rennur drjúgur hluti tekjuöflunarframlaganna og upphæðanna þangað enda hallar á í tekjum þar. Eitt sveitarfélag á landsbyggðinni hefur þó mikla sérstöðu í þessum efnum og það er Akureyri. Flokkunin og skiptingin gerir það að verkum að í raun kemur Akureyri illa út úr þessu kerfi og endar sem eitt af tekjulægstu sveitarfélögum landsins að teknu tilliti til jöfnunarsjóðsgreiðslnanna. Akureyri geldur þess að lenda í þeim stærðarflokki sem hún lendir.

Varðandi uppgjörið og deilurnar um 4 milljarða, þ.e. um 5,1 milljarða sem hæstv. ráðherra segir að hafi runnið frá ríkinu til sveitarfélaganna og telur þá með upphæðirnar í þessu frv. sem er auðvitað fráleitt. Hér er eingöngu verið að mæta nýjum útgjöldum sveitarfélaganna vegna húsleigubóta eða beinlínis skertra tekna vegna nýlegra lagabreytinga í sambandi við fasteignagjöld. Þetta er auðvitað ekki sanngjörn stærðfræði hjá hæstv. ráðherra.

[00:38]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hagkvæmni stærðarinnar ætti að skila sér á Akureyri ef á annað borð er einhver hagkvæmni í stærðinni. Þetta er 15 þúsund manna sveitarfélag og ætti að gilda svipað um það og t.d. um Hafnarfjörð og Kópavog. Það ætti að öðru jöfnu að vera auðveldara að reka þetta stórt sveitarfélag en þau litlu.

Varðandi þessa peninga þá voru sveitarfélögin á árinu 2002 búin að fá 3.750 þúsund upp í þessa 4 milljarða sem tekjustofnanefndin tilnefndi á sinni tíð. Þessi 5,1 milljarður fyllist ekki fyrr en á næsta ári.

[00:40]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur kannski ekki mikið upp á sig að þrasa um þessar tölur en mér virðist, m.a. af því að hæstv. ráðherra tekur tölurnar og greiðslurnar frá ríkinu inn í jöfnunarsjóðinn í tengslum við þetta mál með inn í samlagninguna og fær þannig út hærri tölu á næsta ári, að hann sé að leggja

saman framlög sem koma frá ríkinu af ýmsum mismunandi tilefnum og segi: Þar með er búið að borga allan hallann sem skapaðist af verkaskiptingunni og yfirtöku grunnskólans og öllu því sem tekjustofnanefndin á sínum tíma mat upp á 4 milljarða á þágildandi verðlagi árið 2000. Það efast ég um að sé nákvæm stærðfræði. Auk þessa standa fullyrðingar móti fullyrðingum um hver þessi vandi í raun og veru er.

Varðandi fólksfækkunarframlögin, ef ég má koma því að, held ég að mörgu leyti að það sé skynsamlegt að búa um þau í tekjujöfnunarpakkanum. Ég get út af fyrir sig tekið undir það með hæstv. ráðherra að það mundi verka hjákátlega ef mjög tekjuhá sveitarfélög, þar sem einhver minni háttar fólkfækkun yrði, fengju stóran hluta þessara framlaga af því að þau væru reiknuð á íbúa en ekki tengd við tekjur eða tekjufallið sem slíkt eða hina raunverulegu tekjustöðu sveitarfélagsins þegar allt væri gert upp. Að því leyti getur vel verið að skynsamlegast sé að hafa pósitíf ákvæði um það, annaðhvort í kaflanum um sérstöku framlögin eða útgjaldajöfnunarframlögin. Ég hefði gjarnan viljað sjá að það væri algjörlega á hreinu að það væri ótvírætt lagaheimild inni í lagatextanum sjálfum til að greiða slík framlög og það þyrfti ekki að koma til neinna deilna um að þau ákvæði mætti síðan útfæra í reglugerð.

[00:42]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það þjóni litlum tilgangi að þrátta fram á nótt um þessi atriði.

Það er óumdeilt að sveitarfélögin eru í ár búin að fá 3.750 millj. kr. upp í þessar 4.000 millj. kr. sem þau töldu til skuldar. Við það bætist síðan á næsta ári.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Búnaðargjald, 2. umr.

Frv. landbn., 442. mál (skipting tekna). — Þskj. 603, brtt. 695.

[00:43]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. við frv. til laga um búnaðargjald, nr. 84 frá 26. maí 1997, með síðari breytingum, frá landbn.

„Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:

a. (2. gr.)

Í stað 1. og 2. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Tekjum af búnaðargjaldi skal skipt í samræmi við viðauka við lög þessi, sbr. þó 3. mgr.

b. (3. gr.)

Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum fellur brott."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjármálafyrirtæki, frh. 3. umr.

Stjfrv., 215. mál (heildarlög). — Þskj. 660, brtt. 675.

[00:44]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. á þskj. 675 þar sem er svohljóðandi:

1. Við 64. gr.

a. 3. málsl. orðist svo: Veðsetning stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimil nema sam þykktir sparisjóðsins heimili veðsetningu að fengnu samþykki stjórnar.

b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi, með leyfi virðulegs forseta:

„Nú verða eigendaskipti að stofnfjárhlut við fullnustu veðréttar, sem heimilt var að stofna til samkvæmt lokamálslið 1. mgr., og skal þá nýr eigandi óska eftir samþykki sparisjóðsstjórnar á eigendaskiptunum innan tveggja vikna frá því að þau áttu sér stað. Um afgreiðslu sparisjóðsstjórnar á slíkri beiðni fer samkvæmt ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar og ákvæðum 70. gr. eftir því sem við getur átt.

Synji sparisjóðsstjórn um samþykki eða nýr eigandi óskar ekki eftir samþykki innan tilskilins frests skal sparisjóðsstjórn innleysa stofnfjárhlutinn eftir ákvæðum 65. gr."

Þeir sem standa að þessari brtt. eru hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, Einar K. Guðfinnsson, Gunnar Birgisson og Kristinn H. Gunnarsson.

Umræðu frestað.

Húsaleigubætur, 2. umr.

Stjfrv., 440. mál (greiðsluþátttaka ríkissjóðs o.fl.). — Þskj. 601, nál. 651, brtt. 652.

[00:45]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997, með síðari breytingum, frá félmn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hermann Sæmundsson, Óskar Pál Óskarsson, Guðjón Bragason, Inga Val Jóhannsson og Garðar Jónsson frá félagsmálaráðuneyti, Þórð Skúlason og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Önnu Skúladóttur frá Reykjavíkurborg og Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóra Akureyrarbæjar.

Með frumvarpinu er lagt til auk smávægilegra breytinga að núgildandi ákvæði um þátttöku ríkissjóðs í greiðslu húsaleigubóta verði felld niður og er það í samræmi við viðræður ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um breytingar á fjármálalegum samskiptum þeirra. Er í staðinn ætlunin að hækka framlag úr ríkissjóði í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og skal ráðstafa hluta af því framlagi til sveitarfélaga vegna greiðslu húsaleigubóta samkvæmt nánari reglum sjóðsins og er breyting þess efnis lögð fram í þingmáli 441, þskj. 602, sem við ræddum hér áðan, hæstv. forseti.

Þá er lagt til að heimilt verði að uppfylltum ákveðnum skilyrðum að greiða húsaleigubætur þegar leigjandi þarf að búa tímabundið í öðru sveitarfélagi vegna veikinda.

Við umfjöllun nefndarinnar var skýrlega tekið fram að allar breytingar á lögum eða reglugerðum um húsaleigubætur yrðu gerðar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Við 4. gr. Í stað orðanna „16. hvers greiðslumánaðar“ komi: 16. dag fyrsta greiðslumánaðar. Þetta er sem sagt orðalagsbreyting.

Undir þetta nál. rita hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, Magnús Stefánsson, Drífa Hjartardóttir, Kristján Pálsson og Pétur H. Blöndal. Undir nál. rita með fyrirvara hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta R. Jóhannessdóttir og Steingrímur J. Sigfússon.

[00:47]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Eins og hér kom fram þá ritum við hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir undir þetta nál. með fyrirvara. Við leggjum hér fram brtt. við frv. Þar sem verið er að hreyfa við frv. um húsaleigubætur fannst okkur við hæfi að gera á því tvær lítils háttar breytingar í réttlætisátt.

Eins og menn þekkja eru ákveðnar undanþágur við meginreglu réttinda til húsaleigubóta. Rétturinn felst í því að menn búi í íbúð þar sem þeir deila ekki baði og eldhúsaðstöðu en undanþága hefur verið gefin um slíkt gagnvart fötluðum sem búa á sérstökum sambýlum fyrir fatlaða og síðan námsmönnum á framhaldsskóla- og háskólastigi sem búa á stúdentagörðum.

Við leggjum til að námsmenn, sem ekki komast að á námsgörðum eða stúdentagörðum og leigja herbergi með sameiginlegri eldhús- og/eða snyrtiaðstöðu, fái sama rétt til húsaleigubóta og þeir sem búa á görðum. Um 600 námsmenn bíða sem stendur eftir plássi á görðum. Margir þeirra búa við þessar aðstæður úti í bæ og greiða mun hærri leigu en þeir sem búa á stúdentagörðunum. Við leggjum til að þessi breyting verði gerð á lögunum fyrst við erum að taka nálið upp.

Einnig leggjum við til jöfn réttindi foreldra með sameiginlega forsjá eftir skilnað eða sambúðarslit. Í dag er það það foreldrið sem barn á lögheimili hjá sem hefur meiri rétt en hitt sem barn á ekki lögheimili hjá. Við teljum þetta mikið réttlætismál og höfum áður lagt til tillögur um þetta í þinginu. Nú gefst sem sagt tækifæri til þess að gera þessar breytingar á lögunum fyrst málið er komið fyrir þingið og menn geta greitt þá atkvæði um þessar þjóðþrifatillögur okkar, um þetta mikla réttlætismál sem snýr að námsmönnum og einstæðum foreldrum með sameiginlega forsjá barna sinna.

[00:50]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er fullkomlega ósammála því að um smávægilegar breytingar sé að ræða. Það eru þær svo sannarlega ekki. Ég bendi á að fyrir félmn. liggur þingmál frá hv. þingmönnum sem eftir á að fjalla um, um þetta sama efni. Í tengslum við það mál hefði gefist tækifæri til að fá eitthvert mat á kostnaði og umfangi þessa máls. Við höfum enga hugmynd um kostnaðinn og ég leggst eindregið gegn því að þessar brtt. verði samþykktar við þær aðstæður.

Auk þessa rituðu hv. þingmenn undir nál. félmn, þó með fyrirvara væri. Í því nál. tökum við mjög skýrlega fram að nauðsynlegt sé að hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga þegar breytingar eru gerðar á lögum um húsaleigubætur. Það held ég að okkur sé öllum ljóst, að þessar breytingar verða ekki gerðar nema í samráði við sveitarfélögin sem eiga að borga brúsann. Þannig er það.

Ég tel þetta tiltölulega ódýrt bragð hjá hv. þingmönnum, að koma með brtt. sem ekki hefur verið fjallað um í félmn. við þetta mál við þessar aðstæður.

[00:52]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rangt hjá hv. formanni félmn., hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur, að ekki hafi verið fjallað um þessar breytingar í félmn. Við lögðum þessar brtt. fram í fyrra. Þær voru reyndar í tveimur frumvörpum þá. Þau frumvörp voru sent til umsagnar og fjallað um málið í félmn. þannig að það er búið að fjalla um þetta mál.

Það getur vel verið að hv. þm. finnist þetta ekki smámál en þetta er mikið réttlætismál sem snýr að einstæðum foreldrum með börn á framfæri sínu með sameiginlega forsjá. Þeim er mismunað í dag.

Þetta snýr jafnframt að námsmönnum sem ekki hafa komist inn á stúdentagarða en félagar þeirra á stúdentagörðum eiga rétt á húsaleigubótum þó að þeir deili þar bæði eldhúsaðstöðu og salernisaðstöðu. Námsmenn eiga ekki sama rétt ef þeir leigja úti í bæ og greiða mun hærri leigu fyrir sambærilega aðstöðu, eins og við vitum að er. Þetta er þannig stórt og mikið réttlætismál.

En ef hv. þm. er tilbúinn að gefa vilyrði um að þetta verði samþykkt sem sérstakt þingmál síðar á vetrinum þá er ég tilbúin að draga þessar brtt. til baka, þ.e. telji hv. þm. meiri líkur á því að tillögur okkar verði samþykktar sem sérstakt þingmál en sem brtt. hér.

Ég tel það mjög brýnt að þessi breyting verði gerð á lögunum um húsaleigubætur. Þess erum við að leggja þessar tillögur fram.

[00:54]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við getum verið sammála um að hér sé um réttlætismál að ræða. Um það efast enginn. Þau eru mörg réttlætismálin í þessum heimi sem okkur tekst hreinlega ekki að afgreiða öll á þessum vetri á Alþingi.

Ég ætla ekki að gefa nein fyrirheit um að þingmál hv. þingmanna Ástu R. Jóhannesdóttur, Guðrúnar Ögmundsdóttur og Þórunnar Sveinbjarnardóttur verði afgreitt á þessu þingi. Ég tel alveg eðlilegt að við förum yfir það. En eins og ég sagði áðan þá verður það engan veginn gert nema í samráði um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga og í samráði við sveitarfélögin. Undir þann texta, ég minni á það enn og aftur, undir þann texta ritar hv. þm. að slíkar og þvílíkar breytingar verða ekki gerðar nema í samáði við sveitarfélögin.

Mér er sem ég sæi upplitið á borgarstjórn Reykjavíkur ef hún fengi þennan pakka til viðbótar inn á borð til sín til að borga án þess að nokkuð sé vitað um hvað þetta kostar. Væri ekki rétt að byrja á rannsóknum á því hverju þetta mundi breyta í fjárhagslegu tilliti fyrir sveitarfélögin? Ég held að það sé algjört frumskilyrði. Við hv. þm. getum verið sammála um það enda er það texti sem við vorum sammála um að setja inn í nál.

[00:56]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið skrifaði ég undir þennan texta með ákveðnum fyrirvara. Fyrirvari minn snýr auðvitað að þeim brtt. sem hér eru lagðar fram og ég hef

mælt fyrir. Ég minni á að farið var yfir þessar brtt. á síðasta vetri. Þá komu þessar brtt. fram og þá var fjallað um þær í nefndinni og þær skoðaðar. Menn voru hlynntir því að skoða þessar breytingar þó að þær næðu ekki fram að ganga þá.

Ég er vissulega tilbúin að draga þessar tillögur til baka ef menn eru tilbúnir að taka málið til afgreiðslu en ég gat ekki heyrt á hv. þm., formanni nefndarinnar, að hún væri sérstaklega á þeim buxunum að afgreiða þetta úr nefndinni. Ég hef ekki orðið vör við að það hafi verið vilji fyrir því að taka þetta sérstaklega fyrir.

Reyndar var búið að fjalla um þetta í nefndinni í fyrra þannig að menn vita um hvað málið snýst og ættu nokkurn veginn að vita hvað þetta kostar. Þurfi hins vegar að finna út úr því frekar þá getum við gert það á næsta félagsmálanefndarfundi. Mér sýnist á svipnum á hv. þm. að hún sé til í það.

[00:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég rita undir nál. félmn. með fyrirvara. Hann er á nokkuð öðrum nótum en sá fyrirvari sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir var að gera grein fyrir. Ég tel þó að full ástæða sé til að skoða stöðu ákveðinna hópa í sambandi við greiðslu húsaleigubóta í núverandi fyrirkomulagi þeirra, þ.e. hjá sveitarfélögunum. Ég held að það hljóti að þurfa að skoða á grundvelli almennra jafnræðissjónarmiða. Hér er um að ræða fjárhagslegt málefni sem hefur áhrif á afkomu fólks með þeim hætti að mismunun gengur auðvitað ekki.

Ef um klára mismunun er að ræða gagnvart almennum bótarétti af þessu tagi verður auðvitað að fara að vönduðum stjórnsýsluháttum og tryggja að menn séu jafnir fyrir lögunum, fyrir því að fá þessar bætur beri þeir þann kostnað sem þarna er verið að mæta að hluta. Þá gilda ósköp einfaldlega um það ýmis almenn ákvæði að mismunun gangi ekki. Þetta verður að vera á almennum grunni. Ég held að það sé einmitt ástæða til að skoða stöðu hópa eins og hér er verið að ræða um, tiltekinna hópa námsmanna, þeirra sem ekki fá inni á stúdentagörðum o.s.frv. og sjálfkrafa öðlast rétt til bótanna þannig, foreldra í þessum aðstæðum o.s.frv. Ég get tekið undir það að þar séu á ferðinni hlutir sem þurfa að skoðast.

En fyrirvari minn tengist þessu ekki beint og þó. Fyrirvari minn er fyrst og fremst til kominn vegna þess, og hann hef ég svo sem áður haft, að ég held að þetta sé ekki rétt fyrirkomulag. Ég var aldrei hrifinn af því að greiðsla húsaleigubóta yrði verkefni sveitarfélaganna. Með þessu er mætt kostnaði fólks vegna þess að það leigir húsnæði og velur sér það búsetuform af einhverjum ástæðum, tímabundið vegna námsdvalar, tímabundinnar atvinnu eða ákveður hreinlega að það ætli að haga lífi sínu þannig að ráðast ekki í að kaupa eða byggja eigið húsnæði, velur sér að vera leigjendur. Menn hafa loksins komist að þeirri niðurstöðu, seint og um síðir, að það sé sanngjarnt að með opinberum hætti, af hálfu ríkis eða sveitarfélaga, sé komið til móts við kostnað þessa fólks með sambærilegum aðgerðum og gert er þegar húsbyggjendur eiga í hlut í gegnum vaxtabótakerfið. Málið snýst um þetta, að mönnum sé ekki mismunað með beinum hætti á grundvelli þess búsetuforms sem þeir velja sér.

Ég held að það sem að lokum vann þessu máli brautargengi hafi verið það að upp voru teknar húsaleigubætur, að við lýði var og hafði lengi verið stuðningur hins opinbera við fólk vegna öflunar íbúðarhúsnæðis á eigin vegum og svo auðvitað líka í gegnum félagslegt húsnæðiskerfi á meðan það var við lýði. Um þetta, þ.e. vaxtabæturnar og þann stuðning, er búið í skattkerfinu og þar ættu húsaleigubæturnar líka að vera að mínu mati. Ég held að þetta ætti að vera eitt samræmt kerfi sem væri í raun og veru hluti af tekjujöfnunarkerfi eða millifærslukerfi hins opinbera og þá væri það best komið á einni hendi hjá ríkinu í skattalögum. Þar hefði ég viljað sjá húsaleigubæturnar vistaðar og þetta vera sem verkefni ríkisins.

Þá væri þetta líka ekki samskiptamál af því tagi sem einmitt hefur orðið tilefni orðaskipa hér, að vegna þess að húsaleigubæturnar séu hjá sveitarfélögunum geti ríkisvaldið eða löggjafinn jafnvel ekki verið að blanda sér í það með aðgerðum eins og að breyta lögum til þess að tryggja að allir standi jafnir gagnvart þessum réttindum, vegna þess að það er þá orðið samskiptamál við sveitarfélögin og þarf jafnvel að semja um fjárhagsleg áhrif slíkra breytinga sérstaklega, sem mér finnst sýna í hnotskurn að þeim hlutum væri betur fyrir komið hjá ríkinu og þar ætti þetta að vera í einum lagabálki eða lagakafla sem fjallaði um opinberan stuðning við almenning í landinu vegna öflunar íbúðarhúsnæðis hvort heldur menn byggðu, keyptu eða leigðu og þetta ætti að vera einn samræmdur bótaflokkur, vaxta- og húsaleigubætur. Ég spái því að að því muni reka fyrr eða síðar að menn sjái að þetta er auðvitað miklu skynsamlegri frágangur á málinu en sá sem menn hafa tekið upp hér.

Auðvitað hefur þetta kerfi þróast og í rétta átt frá því fráleita fyrirkomulagi sem var í byrjun að þetta var valkvætt hjá sveitarfélögum. Sum sveitarfélög greiddu húsaleigubætur en önnur ekki, þannig að menn sættu mismunun á grundvelli þess hvað sveitarstjórnir ákváðu í hverju og einu tilviki sem var auðvitað algerlega fráleit ráðstöfun, sérstaklega vegna þess að ríkið greiddi þá enn hluta af kostnaðinum. Því hefur svo verið breytt. Nú er þetta ekki á því formi lengur en eftir stendur að einstakir hópar geta misst þessi réttindi, mögulega, af ástæðum sem við höfum verið að ræða hér og eftir stendur það líka að þarna getur stofnast misræmi í raun milli þeirrar aðstoðar sem eigendur húsnæðis fá til að auðvelda þeim húsnæðisöflun sína og hinna sem leigja og eru þá háðir greiðslunum frá sveitarfélögunum.

Þetta var fyrirvari minn, herra forseti. Ég ætla ekki að leggjast gegn þessu máli, alls ekki, og styð það í sjálfu sér, en það er með þeim fyrirvara að ég áskil mér rétt til þess að halda þeim skoðunum mínum til haga að betra fyrirkomulag væri að þetta væri allt saman á einum stað og með samræmdum hætti sem hluti af tekjujöfnunarlöggjöfinni í skattkerfinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðismál, 2. umr.

Stjfrv., 370. mál (niðurfelling skulda). — Þskj. 416, nál. 650.

[01:04]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, frá félmn.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Inga Val Jóhannsson og Óskar Pál Óskarsson frá félagsmálaráðuneyti og Guðmund Bjarnason og Einar Jónsson frá Íbúðalánasjóði.

Umsagnir um málið bárust frá Iðnnemasambandi Íslands, Félagsstofnun stúdenta og FÍN – Félagsíbúðum iðnnema. Ég vil geta þess, hæstv. forseti, að umsagnir þeirra voru jákvæðar.

Með frumvarpinu er lagt til að stjórn Íbúðalánasjóðs verði veitt heimild til að afskrifa hluta af skuldum félags eða félagasamtaka við sjóðinn gegn greiðslu á eftirstöðvum vanskila enda sé niðurfelling skulda liður í samræmdum aðgerðum kröfuhafa í tengslum við heildarendurskipulagningu á fjármálum viðkomandi. Er frumvarpið m.a. til komið út af alvarlegum greiðsluvanda Félagsíbúða iðnnema vegna reksturs þeirra á leiguíbúðum ætluðum námsmönnum.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Pétur H. Blöndal skrifar ekki undir álitið, en var þó viðstaddur afgreiðslu málsins.

Undir álitið skrifa hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, Magnús Stefánsson, Drífa Hjartardóttir, Kristján Pálsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir og Steingrímur J. Sigfússon.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 2. umr.

Stjfrv., 412. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 518, nál. 686, brtt. 729.

[01:05]

Frsm. heilbr.- og trn. (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Hér er fjallað um nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur og Guðrúnu W. Jensdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Karl Steinar Guðnason, Ragnar M. Gunnarsson og Ágúst Þór Sigurðsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Ólaf Ólafsson og Benedikt Davíðsson frá Landssambandi eldri borgara og Garðar Sverrisson og Arnþór Helgason frá Öryrkjabandalagi Íslands.

Frumvarpið er lagt fram í framhaldi af því að samráðshópur um málefni eldri borgara skilaði skýrslu nú í vetur með ýmsum tillögum. Í frumvarpinu er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra sé hækkað um 614 kr. eða um 12,73%. Af þeirri hækkun eru 500 kr. vegna sérstaks átaks í uppbyggingu öldrunarstofnana eða viðhalds þeirra. Að öðru leyti er um verðlagsbreytingar að ræða. Í kostnaðarmati með frumvarpinu er miðað við að 163.000 gjaldendur á árinu 2003 inni af hendi greiðslu í Framkvæmdasjóð aldraðra. Má þá reikna með að 81,5 millj. kr. renni til uppbyggingar öldrunarstofnana til viðbótar við það sem áður var gert ráð fyrir. Nefndin bindur vonir við að þessi sérstaka gjaldtaka bæti úr brýnustu þörf á hjúkrunarrýmum fyrir aldraða. Telur nefndin að þessar úrbætur séu til þess fallnar að mæta betur þörf annarra aldurshópa fyrir hjúkrunarrými.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Þuríður Backman skrifa undir álit þetta með fyrirvara. Telja þær að örorkulífeyrisþegar eigi ekki, frekar en ellilífeyrisþegar sem eru orðnir 70 ára, að greiða í Framkvæmdasjóð aldraðra. Fyrirvari Þuríðar Backman varðar einnig það að hún telur að of mikið af tekjum sjóðsins fari í rekstur. Telur hún að mun stærri hluti eigi að fara til uppbyggingar öldrunarstofnana.

Ásta Möller, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Ólafur Örn Haraldsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir álitið rita Jónína Bjartmarz formaður, Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara, Einar Oddur Kristjánsson, Katrín Fjeldsted, Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara, og Þuríður Backman, með fyrirvara.

[01:08]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mig langar til að gera frekari grein fyrir fyrirvara mínum við þetta mál en stendur í nál.

Hér er verið að leggja til hækkun á gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra, að hækka gjaldið um 12,73%, eða 614 kr. Nú er það svo að við jafnaðarmenn erum frekar á móti nefsköttum og teljum að fólk eigi að greiða skatta hlutfallslega eftir því hve háar tekjur það er með en ekki fast gjald, enda bitna slíkir fastir nefskattar verst á þeim sem eru með lægstu tekjurnar.

Þeir sem greiða nú í Framkvæmdasjóð aldraðra eru allir aðrir en börn undir 16 ára aldri og aldraðir yfir sjötugt og hópur fólks undir ákveðnum tekjumörkum. Langt fram á þetta kjörtímabil núv. ríkisstjórnar greiddu öryrkjar ekki í þennan sjóð vegna þess að þeir voru undir skattleysismörkum. Nú eru þeir ekki lengur undir skattleysismörkum og eru farnir að greiða skatt eins og margoft hefur komið fram úr þessum ræðustóli og þeir greiða allt að 130 þús. kr. á ári til baka af strípuðum bótum almannatrygginga.

Í vikunni voru fréttir af því að ríkisstjórnin hefði breytt skattleysismörkunum þannig að verið væri að minnka skattbyrðina um rúmar hundrað krónur á mánuði, en með þessari hækkun á gjaldinu í Framkvæmdasjóð aldraðra er verið að taka þá kjarabót sem ríkisstjórnin var að guma sig af í vikunni af öllum þeim sem eru á lægstu bótum almannatrygginga, þ.e. öryrkjum og öldruðum undir sjötugu.

Við fulltrúar Samfylkingarinnar í heilbr.- og trn. höfum því lagt fram brtt. sem er á þskj. 729 og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á eftir 1. gr. bætist við ný grein, svohljóðandi:

2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Undanþegin gjaldinu eru börn innan 16 ára aldurs og þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs. Einnig eru þeir undanþegnir gjaldinu sem hafa tekjuskattsstofn sem nemur 801.228 kr. eða lægri upphæð á tekjuárinu 2002. Tekjuviðmiðun þessi skal breytast árlega í samræmi við þær breytingar sem verða á örorkulífeyri, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka samkvæmt lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Skattstjóri skal fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum, undir 70 ára aldri, sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum."

Hér er lagt til að þeir sem eru undir rúmum 800 þús. kr. á ári greiði ekki þetta gjald vegna þess að eins og ég benti á áðan er verið að hækka verulega skatta á þeim sem eru með lægstu greiðslurnar, sem eru með lægstu framfærsluna í samfélaginu. Það eru lífeyrisþegarnir af strípuðum bótum og aðrir sem eru ekki með hærri tekjur en það. Ég held að ríkisstjórnin ætti að sjá sóma sinn í að samþykkja þetta því ella er hún að taka til baka þær litlu kjarabætur í skattamálum sem hún lagði til nú í vikunni.

Herra forseti. Þetta er frekari útskýring á þeim fyrirvara sem ég og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir höfum í þessu

máli. Ég ítreka að ég tel nefskatta vera ósanngjarna og þeir lenda verst á þeim sem minnst hafa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 413. mál (skerðingarhlutfall tekjutryggingarauka). — Þskj. 519, nál. 687.

[01:13]

Frsm. heilbr.- og trn. (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur og Guðrúnu W. Jensdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Karl Steinar Guðnason, Ragnar M. Gunnarsson og Ágúst Þór Sigurðsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Ólaf Ólafsson og Benedikt Davíðsson frá Landssambandi eldri borgara, Garðar Sverrisson og Arnþór Helgason frá Öryrkjabandalagi Íslands og Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands. Umsögn barst frá Alþýðusambandi Íslands.

Frumvarpið byggist á tillögum sem settar voru fram í skýrslu sem samráðshópur um málefni eldri borgara vann nú í vetur. Í frumvarpinu er lagt til að skerðingarhlutfall tekjutryggingarauka lífeyrisþega vegna annarra tekna verði lækkað úr 67% í 45% og nær tillagan bæði til aldraðra og öryrkja. Starfshópurinn gerði einnig tillögur um hækkun á tekjutryggingu og tekjutryggingarauka. Þeirri tillögu hefur verið hrint í framkvæmd með samþykkt reglugerðar nr. 823/2002. Nefndin aflaði upplýsinga um kostnað ríkissjóðs af setningu framangreindrar reglugerðar. Kom þar fram að kostnaður af henni árið 2003 nemur um 1.350 millj. kr. og 1.090 millj. kr. árið 2004. Samtals eru þetta um 2.440 millj. kr. Heildarkostnaður af lagabreytingunni sem hér er lögð til er um 250 millj. kr. Alls verður því kostnaður ríkissjóðs af þessum breytingum 2.690 millj. kr.

Nefndin leitaði upplýsinga um kostnaðarauka af því að lækka skerðingarhlutfall vegna vasapeninga skv. 8. mgr. 43. gr. laganna úr 65% í 45%. Miðað við að halda óbreyttum frítekjumörkum og þann fjölda sem fær þessar bætur nú yrði kostnaður við þessa breytingu samkvæmt lauslegum útreikningum nálægt 68 millj. kr. Að mati nefndarinnar er sanngjarnt og eðlilegt að skerðingarhlutfall vegna annarra tekna sé samræmt og beinir því til heilbrigðisráðherra að huga sérstaklega að því að lækka skerðingarhlutfallið vegna vasapeninga samkvæmt framangreindu niður í 45% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir með tekjutryggingaraukann.

Nefndin bendir á að gildandi lög um almannatryggingar eru að grunni til rúmlega 30 ára gömul og á þeim hafa verið gerðar tíðar breytingar. Telur nefndin að löngu sé orðið tímabært að endurskoða lögin í heild með það m.a. að markmiði að einfalda reglur um útreikning bóta.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Þuríður Backman skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Ásta Möller, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Ólafur Örn Haraldsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. skrifa Jónína Bjartmarz formaður, Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara, Einar Oddur Kristjánsson, Katrín Fjeldsted, Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara, Þuríður Backman, með fyrirvara.

[01:16]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég ætla að gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hef við þetta mál.

Eins og við vitum er breytingin sem verið að gera á tekjutryggingaraukanum hluti af samkomulagi sem ríkisstjórnin gerði við Samtök aldraðra. Það sem ég er mjög ósátt við í þessu máli öllu er að með þessu samkomulagi, þó það sé skref í áttina, er ekki verið að skila lífeyrisþegum því sem af þeim hefur verið haft með því að greiðslur hafa ekki fylgt launavísitölu á þessu tímabili.

Einnig tel ég mjög aríðandi, eins og nefndin reyndar í heild, að lækka skerðingarhlutfall vegna vasapeninga aldraðra og öryrkja á stofnunum. Tekjutengingin þar er enn þá 65%, hærri tekjutenging en á nokkrum öðrum bótum. Þetta eru þeir lífeyrisþegar sem eru verst settir, hafa innan við 20.000 kr. á mánuði til ráðstöfunar. Þetta gamla fólk og fatlaða fólk á stofnunum mun ekki geta vikið miklu að sínum nánustu. Ég veit um marga sem kvíða mjög jólunum vegna þess að þeir eiga ekki fyrir neinu til að víkja t.d. að barnabörnum sínum eða börnum sínum um jólin, hvað þá að þeir eigi fyrir nauðþurftum. Þeir fá innan við 20.000 kr. sem byrja að skerðast um 65% við 4.000 kr.

Þessu þarf auðvitað að breyta. Ég hafði hugsað mér að leggja fram brtt. um það að minnka tekjutengingu á vasapeningunum og leggja til að hún fylgdi grunnlífeyri í hækkunum, sem hún hefur reyndar gert undanfarið. En á því er ekki tekið í þessu samkomulagi.

Fyrir góð orð, herra forseti, formanns heilbr.- og trn. í umræðu í nefndinni um það að líklega yrði tekið á þessu máli eftir áramótin, þó að ekki hafi fengist loforð fyrir því, hef ég ákveðið að leggja ekki fram brtt. um vasapeningana í trausti þess að ríkisstjórnarmeirihlutinn taki á málinu eftir áramót og leggi til að þessi hópur, sem er verst settur, fólk á stofnunum, aldrað, sjúkt og fatlað, fái þessa kjarabót. Ég treysti því og mun ekki leggja fram þessa brtt.

Verði ekki af því að ríkisstjórnarmeirihlutinn geri þessa sjálfsögðu breytingu fyrir þennan hóp, sem fulltrúar aldraðra töldu að hefði fyrir handvömm ekki komist inn í samkomulagið, munum við í Samfylkingunni leggja fram brtt. eftir áramótin um að þessi hópur fái sambærilegar kjarabætur og tekjutengingin verði minnkuð úr 65% niður í 45%, þannig að samræmi sé milli tekjutenginga bóta í lífeyristryggingunum hvað þetta varðar. Það er auðvitað ekki eðlilegt og viðunandi að þessi hópur búi við brattari skerðingu en aðrir.

[01:20]

Frsm. heilbr.- og trn. (Katrín Fjeldsted) *(andsvar)*:

Herra forseti. Atriðið sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir gerði að umtalsefni var rætt nokkuð í nefndinni. Nefndarmenn voru sammála um að þetta væri réttlætismál sem hér er tilgreint, að skerðingarhlutfall vegna annarra tekna yrði samræmt. Það er talið sanngjarnt og eðlilegt að gera það. Í ljósi þess var einmitt sett í nál. að beina því til heilbrrh. að huga sérstaklega að þessu. Við væntum þess að sjálfsögðu að hann taki því vel. Nefndin var einhuga í þessu máli.

[01:21]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Ég vil svara þessu andsvari með því að taka undir það. Þetta er rétt. Nefndin var sammála um að það yrði að taka á þessu máli. Einnig gerði ég þetta atriði að umtalsefni þegar málið var hér til 1. umr. og spurði hæstv. heilbrrh. út í kjarabætur til þessa hóps. Hann tók ekki illa í að leiðrétta þau kjör þó að menn hafi ekki talið sig geta gert það fyrir áramótin vegna fjárlaganna sem nýbúið er að samþykkja.

Ég minni hins vegar á að það er hægt að setja þessar breytingar inn á fjáraukalög, annað eins hefur nú verið gert í gegnum tíðina. Þetta eru ekki nema 68 milljónir sem þetta kostar fyrir þennan stóra hóp sem er svona illa settur. Ég treysti því á að hv. þm. Katrín Fjeldsted og félagar hennar haldi þessu máli vakandi og tryggi að breytingin verði gerð fyrr en síðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 244. mál (flutningur aflaheimilda milli ára). — Þskj. 248, nál. 594.

[01:23]

Guðjón A. Kristjánsson (frh.):

Herra forseti. Það fór eins og mig grunaði, að séð yrði til þess að þessi mál færu vel inn í nóttina og yrðu hér síðast á dagskránni. Mér er ekkert að vanbúnaði að vaka eina nótt með herra forseta. Kannski er rétt að ég byrji á byrjuninni og tali um kvótakerfið, uppruna þess og fæðingu. Ég byrja á árinu 1984.

Í upphafi ársins 1984 var ákveðið að koma á kvótakerfi hér á landi sem við höfum búið við síðan, herra forseti. Kerfið hefur verið mjög umdeilt alla tíð. Það var upphaflega byggt á veiðireynslu en með tilurð þess árið 1984 má rekja til þess að álitið var af fiskifræðingum að draga þyrfti harkalega saman þorskveiðar. Reyndin var hins vegar sú, eftir að árið var liðið, að við veiddum nánast það sama árið 1984, fyrsta ár kvótakerfisins, eins og á árinu 1983. Af því má sjá að ekki hefði þurft að lenda í hræðslukasti og koma á þessu kvótakerfi. Það varð samt niðurstaðan og við höfum síðan setið uppi með kvótakerfið með ýmsum tilbrigðum. Lengi framan af var sóknarmark við hliðina á aflamarkinu.

Upphaf þessa máls var auðvitað að menn töldu að af náttúrulegum ástæðum þyrfti að draga saman veiðar. Menn töldu sig standa frammi fyrir ákveðnum vanda sem menn treystu sér ekki til að taka á með öðrum hætti en að stofna hér til kvótakerfis, sem var og gert. Hægt er að fara nokkuð fljótt yfir sögu og nefna að á árinum 1985 voru aftur sett lög sem samanstóðu af aflamarks- og sóknarmarki, en sóknarmarkið var hins vegar lagfært verulega þannig að fjöldi skipa valdi sér sóknarmark. Því hélt fram til 1990. Við vorum bæði með aflamark og sóknarmark og staðreyndin var að skipunum í sóknarmarkinu fjölgaði allan þann tíma.

Sífellt fleiri skip völdu sér að vera í sóknarmarkskerfinu. Það þótti einhverjum í þessu þjóðfélagi ekki nógu góður kostur. Þeir vildu snúa þeirri þróun við og koma öllum yfir í aflamarkskerfi. Ég hygg að fjármálafyrirtækin hafi verið með í því, bankar og sjóðir. Menn vildu búa til veð í óveiddum fiski, sem var og gert. Upp úr 1990 var hér tekið upp einhliða kvótakerfi með framseljanlegum heimildum. Síðan höfum við búið við það.

Enginn árangur hefur orðið við uppbyggingu fiskstofnana í þessu kerfi, því miður. Flest hefur farið aftur á bak að því leyti að því er varðar hina almennu botnfiskstofna. Fyrir vikið sitjum við uppi með manngert vandamál. Það er í raun það sem við erum að fást við í þessu litla frv. sem hér er til umræðu. Við erum að fást við vandamál sem við höfum sjálf búið til. Við höfum aukið á þennan vanda með því að færa smábátana inn í kvótakerfið fyrir rúmu ári síðan. Í þessu frv. segir eitthvað á þá leið að hér þurfi að gera eitthvað til stuðnings byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. En sá vandi er manngerður, þ.e. það var tekin ákvörðun um það á vegum ríkisstjórnarinnar að setja kvóta yfir smábátaflotann, þann útveg sem hafði reynst byggðunum happadrýgstur þegar stórgreifarnir voru búnir að safna til sín kvótanum úr byggðunum, þegar hinar frægu sameiningar höfðu átt sér stað sem eru reyndar enn að eiga sér stað og aflakvótinn sífellt að safnast á færri hendur.

Nú er svo komið, herra forseti, að tíu fyrirtæki í sjávarútvegi eiga orðið meira en helminginn af aflaheimildunum. Allir sjá hvert stefnir, þ.e. samþjöppunin verður meiri á næstu vikum og mánuðum. Nú stefnir í slíkt hið sama hjá Síldarvinnslunni í Neskaupstað og Síldarverksmiðjum ríkisins, sem nú eiga orðið talsverðan hlut í útgerð.

Reyndar fór fram mjög umdeild sala á Síldarverksmiðjum ríkisins á sínum tíma. Ríkið seldi þær og margir hafa kallað það gjöf þegar Síldarverksmiðjurnar voru seldar. En þeir sem tóku við þeirri gjöf, þ.e. keyptu, hafa síðan farið í að kaupa sér hlut í mörgum uppsjávarveiðiskipum. Nú er sá hringurinn að lokast og sú blokk stefnir til sameiningar við fyrirtæki austur á Neskaupstað. Samherji sem er eitt af stærstu fyrirtækjum hér á landi á reyndar orðið í báðum þeim fyrirtækjum. Nýlega var Grandi að kaupa í fyrirtæki í Grindavík, Þorbirni Fiskanesi, og þar stefnir í sameiningu.

Þannig ber allt að sama brunni, herra forseti. Áfram munu aflaheimildirnar þjappast og atvinnurétturinn þar með á örfá fyrirtæki. Það fylgir því miður þessum sameiningum að þeir sem fyrirtækin eiga ætla sér að ná út úr þeim miklu hagræði fyrir sig og góðum arði af sínu fé en eins og ævinlega. Í öllu þessu sameiningarferli, hefur fólk orðið fyrir skaða vegna þess að atvinnurétturinn fer. Það er ekki verið að horfa á atvinnu fólks í svona sameiningarferli. Þar er fyrst og fremst verið að horfa á arðsemi þess fjár sem menn hafa bundið í fyrirtækjunum og reyndar einnig í óveiddum fiski í sjónum, sem aldrei skyldi verið hafa.

Frumvarpið er sem sagt um það að taka á ákveðnu vandamáli sem er eins og ég gat um áðan vandamál sem fylgir lagasetningu um að hafa kvótasett allar tegundir í smábátakerfinu og ég spái því, herra forseti, ef svo heldur fram sem horfir að ríkisstjórnarflokkarnir haldi velli eftir kosningar, þá muni á næsta kjörtímabili renna upp sá dagur að þessi kerfi, smábátakerfið og stóra aflamarkskerfið muni renna saman í eitt kerfi og þá vitum við nákvæmlega hvað heldur áfram. Það mun verða áframhaldandi samþjöppun og áframhaldandi uppkaup. Og aftur mun koma að því að þær byggðir sem komu undir sig fótunum í smábátakerfinu og náðu að rétta sig við eftir að hafa misst atvinnuréttinn frá sér af stærri skipunum munu aftur sitja uppi aflaheimildarlausar og þá verður fyrst vandi í byggðarlögum sem þarf að bregðast við vegna samdráttar í sjávarútvegi, herra forseti. Sá sem núna

er verður sjálfsagt lítill í samanburði við þann sem þá kemur upp.

En það sem málið snýst um nú er að færa 500 lestir af botnfiski yfir á þetta fiskveiðiár. Þetta var sérstakur pottur sem átti að úthluta á síðasta ári en var ekki gert. Þennan pott á að sameina við aðrar 1.500 lestir þannig að alls verður þá úthlutað í þann sérstaka pott á þessu fiskiveiðiári 2.000 lestum af fiski, aðallega af þorski en einnig af ýsu, ufsa og steinbít. Sjútvrn. hefur nýlega í samráði við Byggðastofnun valið að skipta þessum aflaheimildum í prósentuhlutfalli niður á svæði landsins, mismunandi eftir því hvernig talið hefur verið að vandinn væri á viðkomandi landsvæðum. Síðan vantar enn þá reglurnar sem eiga að koma til þegar úthluta á þessu, þ.e. hvernig á að meta þá sem hæfir teljast til að fá þessar aflaheimildir. Og nú vildi ég biðja hv. formann sjútvn. að hlusta örstutt á mál mitt.

Ég er reyndar kominn að því þegar fara á að deila þessum potti út til þeirra byggðarlaga sem lent hafa í hinum manngerða vanda eins og ég vil kalla hann, þ.e. vanda sem stafar af ákveðinni lagasetningu, þá þarf auðvitað að finna einhverja aðferð til þess að þetta dreifist. Og þar sem ráðuneytið hefur ákveðið að ákveðinn hluti heimildanna fari á viss svæði og aðilum síðan gefinn kostur á að sækja um þær, þá langar mig til að beina þeirri spurningu til hv. formanns sjútvn. sem hér er til andsvara, af því að hæstv. sjútvrh. er alltaf á eilífum ferðalögum úti í heimi og hefur sést frekar lítið hér í þinginu þannig að ekki dugar að spyrja hann, svo ég hlýt að beina spurningum mínum til hv. 1. þm. Vestf. og formanns sjútvn., Einars K. Guðfinnssonar, um hvernig hann álíti eða hvort hann viti hvaða reglum verði beitt þegar fara á að velja þá sem sækja um á hverju svæði fyrir sig. Eru þær reglur til eða mótaðar? Hvað verður þar sérstaklega lagt til grundvallar? Verður sérstaklega lagt til grundvallar að einn staður hafi lent í meiri samdrætti en annar eða verður sérstaklega lagt til grundvallar að sjómenn á einum stað hafi minni aflaheimildir en aðrir eða verður lagt til grundvallar að þeir sjómenn sem áður hafa fengið úr pottum fái ekki úr þessum potti nú, því úthlutað var úr þremur pottum, ef ég man rétt, þegar verið var að breyta lögunum um smábátana? Verður lagt mat á samlegðaráhrif, þ.e. ef útgerð, vinnsla og jafnvel fleiri aðilar koma að pakkanum þannig að úr verði sem mest atvinna í viðkomandi byggðarlagi eða verður sérstaklega litið til þess sem við vitum báðir jafn vel um að nokkrir staðir, m.a. í kjördæmi okkar, hafa talið sig fara sérlega illa út úr þeirri úthlutun sem þegar hefur verið úthlutað? Sérstaklega eru þar nokkrir smábátamenn sem telja sig hafa borið þar mjög skarðan hlut frá borði miðað við aðra og sitja í raun og veru uppi með það að þeir hafi nánast engar úthlutanir fengið úr þeim pottum sem þegar hefur verið úthlutað úr vegna þess að einhverjir aðrir voru þar fyrir á staðnum í aflamarkskerfinu og höfðu á einhverjum tímapunkti fengið aðgang að ákveðnum byggðakvótum sem var ekki einu sinni ákveðið af sjútvrn. að færu á viðkomandi staði eða hefðu slík áhrif heldur voru það bæjarfélögin á viðkomandi svæðum, þ.e. í Vesturbyggð í öðru dæminu og Ísafjarðarbær í hinu dæminu sem ákváðu að setja veiðiheimildir inn á ákveðna staði til að bregðast við þáverandi miklu vandamáli í atvinnuuppbyggingu vegna þess að þá höfðu stóru skipin verið seld burtu með allar sínar aflaheimildir og staðirnir sátu eftir algerlega atvinnulausir. En vegna þeirrar stöðu að bæjarstjórnin hafði tekið þessa ákvörðun á sínum tíma, þá virtist vera litið svo á að þeir sem voru búsettir á þeim stöðum þótt þeir hefðu gert þar út alla sína tíð löngu áður en þeir sem núna reka þar fyrirtæki og njóta aðgangs að þeim byggðakvóta sem áður var úthlutað komu á staðina, þá sátu þeir eftir með allt óbætt í samanburði við aðra.

Ég vona að hv. formaður sjútvn. hafi að meginefni náð þessum spurningum. Ég veit að hann þekkir það vel til þess máls sem ég er að nefna hvað varðar pottana, fortíðina og nútíðina og það í hvaða stöðu menn eru á einstökum svæðum. Síðan kemur auðvitað til viðbótar svæði eins og Húnaflóinn þar sem rækjan hefur algerlega horfið. Vissulega hafa menn fengið þar einhverjar bætur skv. hinum almennu lögum, 9. gr. þeirra, en ég hygg að samt séu mörg byggðarlög sem beri þar skarðan hlut. Frá Blönduósi t.d. hafa nýlega verið seld skip með allar aflaheimildir og þar sitja eftir atvinnulausir sjómenn og ekki er fyrirséð hvernig atvinnuástandið verður á þeim stöðum. Það vakna því margar spurningar þó að búið sé að ákveða núna af sjútvrn. að einhver ákveðin prósent lendi á einhverju ákveðnu svæði, t.d. Ströndum og Húnaflóa annars vegar og norðanverðum Vestfjörðum hins vegar og sunnanverðum Vestfjörðum og síðan svæði á Breiðafirði og sunnan Snæfellsness o.s.frv. og síðan Suðurströndin og svo aftur Norðurlandið, Miðnorðurlandið, Norðausturlandið og Austfirðir og alveg suður á Hornafjörð. Öllum svæðunum hefur verið markaður einhver prósenturammi.

Ég vil því spyrja og fylla út í þær spurningar mínar hvort sama reglan verði notuð alls staðar því það var ekki gert við suma þessa potta áður. Það voru alls konar prósentuviðmiðanir sem voru notaðar og ein prósenta á einum stað og önnur á hinum og það verður auðvitað mjög fróðlegt þegar þessu verður öllu lokið að láta sjútvrh. svara því í skriflegu svari hvernig þetta munstur hefur komið út þannig að menn sjái hvernig manngerð vandamál sem verða til í byggðarlögum sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi af manna völdum eru leyst með handgerðum úthlutunum.

Almennt vil ég segja, herra forseti, þó að ég skilji að í þeirri stöðu sem upp er komin sé betra að úthluta þessum tonnum en að gera það ekki, um þær aðferðir að hafa farið þá leið í fyrsta lagi að setja kvótakerfi yfir smábátana í ákveðnum fisktegundum þá voru engin rök fyrir þeim. Við getum tekið ýsuna sem dæmi, undir veiðiálagi smábátanna stækkar ýsustofninn um 82% að mati Hafrannsóknastofnunar, sem jók ýsuaflann strax eftir að búið var að kvótasetja hann um 82% þannig að það veiðiálag sem menn töldu að væri svo stórhættulegt, m.a. forusta LÍÚ, fyrir ýsustofninn því að menn höfðu frelsi í því í smábátunum, varð til þess m.a. að stofninn stækkaði þetta undir veiðiálaginu. Og annar stofn, steinbíturinn, hefur einnig verið að stækka undir þessu veiðiálagi og þar hefur einnig verið bætt við kvótann. Einnig vill svo einkennilega til, herra forseti, að það hefur sennilega aldrei verið jafnmikill ufsi á Íslandsmiðum síðustu fimm, sex árin og nú. Ufsinn er náttúrlega flökkufiskur og gengur inn á miðin við Ísland eins og reyndar miðin við Færeyjar og það hefur svo sem aldrei verið kortlagt hvernig göngur ufsans eru en vitað er að ufsinn flakkar á milli landa og er alveg spurning hvort hann átti nokkurn tíma heima í einhverju kvótakerfi.

Síðan er þriðja útgáfan af þessu öllu saman sem nýlega er komin upp varðandi togveiðiskipin sem eru í uppsjávarveiðinni, bæði í kolmunna og síld, en eru að fá þorsk að einhverjum hluta, ufsa og karfa í flotvörpur sínar, að sá afli er ekki einu sinni kvótareiknaður. Hann er alveg utan við þetta kerfi og þar er náttúrlega enn einn flöturinn kominn upp á

þessu kvótastýringarkerfi öllu saman. Minnist ég þá karlsins í Hafnarfirði sem var sviptur veiðileyfinu þegar hann fór 4 kg fram yfir í karfa um árið og fékk sekt fyrir ef ég man rétt, 4 eða 12 kg, ég man ekki hvort heldur var. Öllum þessum reglum hefur því verið beitt með ýmsum hætti en menn sitja uppi með það að framkvæmdin er ekki eins gagnvart öllum í dag.

En fróðlegt væri ef hv. formaður sjútvn. gæti veitt okkur þingmönnum nokkra innsýn í það ef hann veit með hvaða aðferðum þessi kvóti verður nú metinn til úthlutunar til einstakra aðila. Skiptir þar miklu máli staða einstaklinga úr fyrri kvótum, staða svæðanna, staða atvinnustigsins á viðkomandi stað, hvar atvinnuástand hefur breyst nýlega eða þau samlegðaráhrif sem umsækjendur hyggjast ná fram með því að fá til sín aukna kvóta?

[01:44]

Frsm. sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að maður þarf að vera svolítið fróður um fortíðina til að geta áttað sig á sögu allra þessara byggðakvóta sem nú eru komnir fram. Ég man í fljótu bragði eftir byggðakvóta frá Byggðastofnun upp á 1.500 tonn í rækju og skel sem úthlutað var, um 2.500 tonna byggðakvóti smábáta, ég man ekki hvort það voru 3.000 eða 3.500 tonn, og þessi nýi byggðakvóti upp á 1.500 tonn.

Þessum nýja byggðakvóta var úthlutað þannig að reynt var í samráði við Byggðastofnun að skilgreina tiltekin svæði sem kalla mætti atvinnusvæði og kvótaúthlutun til þeirra svæða byggðist á því að tekið var tillit til margra þátta, bæði kvótaþróunarinnar, þróunar í ársverkum í fiskvinnslu, þróunar í lönduðum afla o.s.frv. einfaldlega vegna þess að þetta mál er býsna flókið. Það er ekki einhlítt að horfa bara til kvótaþróunarinnar. Ég hygg að það sé út af fyrir sig skynsamleg nálgun sem þarna var beitt. En hv. þm. spurði sérstaklega um hvernig staðið yrði síðan að því að úthluta til þeirra skipa, báta, útgerða og staða sem þarna geta komið til álita. Það kom fram í tilkynningu ráðuneytisins frá 5. desember að horft yrði til stöðu og horfa í einstökum byggðum með tilliti til þróunar veiða, vinnslu og atvinnuástands, hvort telja megi líklegt, miðað við þær áætlanir sem fram komu í umsóknum um aflaheimildir, að þær styrki byggðina eða landsvæði til lengri tíma, hvort um sé að ræða samstarfsaðila í veiðum og vinnslu innan byggða eða landsvæða. Hv. þm. vék sérstaklega að því, það er rétt, það verður mjög horft til þess, og síðan þarf að skoða hvort gripið hafi verið til annarra sértækra aðgerða í sjávarútvegi að undanförnu til styrkingar sjávarbyggðum.

Þarna er auðvitað fyrst og fremst verið að horfa til þess að þeir aðilar sem ekki hafa notið neinnar fyrirgreiðslu að þessu leyti varðandi byggðakvótann hafi meiri möguleika einfaldlega vegna þess og það er alveg rétt sem hv. þm. sagði að margir hafa talið að þeir hafi borið skarðan hlut frá borði og verður þá auðvitað reynt að koma til móts við þessi sjónarmið. En mér er manna best ljóst að þetta mál verður afar torvelt úrlausnar og ég er alveg sannfærður um að um þetta mál verður örugglega ekki sátt. Svo mikið er víst.

[01:46]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka svörin. Ég hygg að það sé rétt ályktun hjá hv. þm. að það verði kannski ekki mikil sátt um þetta þegar upp er staðið. Ég er reyndar á þeirri skoðun í fyrsta lagi að það hafi verið mjög misráðið og að til þess hnígi í raun engin fiskiræðileg rök eins og ég þykist hafa aðeins leitt fram í máli mínu að hafa farið þessa kvótasetningarleið inn á smábátana.

Í öðru lagi þykist ég vita eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson ábyggilega veit að þetta hefur valdið miklum vandræðum sums staðar í byggðarlögum og þetta getur orðið til þess að þessi atvinnustarfsemi dragist saman á sumum stöðum.

Í þriðja lagi verð ég að segja um það að reyna að leysa þetta með þessum pottaúthlutunum að þá er auðvitað verið að bregðast við þeim vanda sem menn bjuggu til. En ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst það ekki mjög gæfuleg framtíð að þurfa ævinlega að handstýra einhverjum pottum á þennan Jóninn eða hinn og horfa á þetta með þeim augum að nú skuli einn fá, síðan annar og svo sá þriðji einhvern tíma síðar og þannig koll af kolli. Ég held að þetta leysi aldrei greinina úr viðjum kvótastýringarinnar. Það er að mínu viti ákaflega mikið mein að menn skyldu nokkurn tíma hafa farið þessa leið í stað þess að útfæra þorskaflahámarkskerfið. Það hefði verið hægt að ná sátt um það í þinginu sjálfsagt að útfæra það og hafa þá á því einhverja stýringu varðandi balafjölda á sólarhring og einhverja daga. En leiðin sem farin var var afar misráðin að mínu viti.

[01:48]

Frsm. sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við hv. þm. höfum ekki verið ósammála um það að við vildum fara aðra leið í sambandi við þorskaflahámark en farin var að lokum. Þetta varð hins vegar niðurstaðan eins og ég hef margoft sagt úr þessum ræðustól og frammi fyrir því stóðum við. Menn töldu sig einfaldlega ekki finna aðrar leiðir til þess að koma til móts við þá sem voru með minnstar aflaheimildirnar miðað við veiðina árið á undan en þær að úthluta byggðakvótum og það var það sem verið var að gera á liðnu ári.

Þessi byggðakvóti núna er hins vegar ekki eingöngu ætlaður smábátunum. Hann er líka ætlaður þeim sem eru í almenna aflamarkinu og ekkert síður vegna þess að hér er um að ræða almenna úthlutun til byggðarlaga sem hafa orðið illa úti og forsendurnar fyrir þessri úthlutun eru þær sem ég rakti áðan. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því að þar með er ekki bara verið að koma til móts við vanda þeirra báta sem hafa lent illa úti vegna kvótasetningar á aukategundum eins og við höfum kallað þær heldur líka til þess að bregðast við þeim almenna samdrætti sem hefur orðið í úthlutunum á aflaheimildum í landinu og það er auðvitað langstærsta vandamálið. Langstærsta vandamálið sem við er að glíma í dag er að við höfum mátt búa við það að dregið hefur verið úr þorskveiðiheimildunum ár eftir ár. Það er hinn mikli vandi sem útgerðirnar standa frammi fyrir og það er auðvitað dæmi um hversu mönnum hefur mistekist hrapallega við uppbyggingu þorskstofnsins að þessu leytinu.

Við hv. þm. fórum ásamt fleiri þingmönnum úr sjútvn. Alþingis í afar fróðlega heimsókn til Útvegsmannafélags Reykjavíkur núna fyrir tæpri viku síðan og þá heyrðum við líka nákvæmlega sömu söguna af þessu svæði, þ.e. að stórar og góðar útgerðir, útgerðir sem höfðu starfað um áratuga skeið, stóðu frammi fyrir því að þurfa að segja upp fólki og geta ekki skapað fólkinu sínu vinnu jafnvel mánuðum saman vegna þess að aflaheimildirnar dugðu ekki. Sá mikli niðurskurður, til að mynda í þorskinum, að vera kominn vel niður fyrir 200 þúsund tonn á ári í samanburði við það að

menn voru að veiða hér á fjórða hundrað þúsund tonn er auðvitað stóra vandamálið sem við erum að glíma við og það er ástæðan fyrir því að verið er að reyna að deila út þessum byggðakvótum til að reyna að koma til móts við þær byggðir sem hafa orðið sérstaklega illa úti.

[01:50]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get verið sammála hv. þm. um að það er auðvitað vandi að við skulum ekki hafa náð einum einasta árangri í uppbyggingu þorskstofnsins í kvótakerfi okkar eða með þessari stjórnunarleið. En ég heyri það, ef ég á að ráða í orð hv. þm., að hann virðist ekki vera alveg sammála hæstv. sjútvrh. sínum sem ég heyrði í á erlendri sjónvarpsstöð í gær þar sem hann lýsti því að kvótakerfið á Íslandi hefði þróast mjög gæfulega og að talsvert mikil sátt væri um þetta hér á landi og einkum væru það nú kannski jafnvel sjómannasamtökin sem mæltu með þessu kerfi, að því er hann áleit, þó að ég hafi nýlega séð texta frá þessum sjómannasamtökum í allt aðra veru.

Og það sem meira var, ef ég hef tekið rétt eftir sem ég held að hafi verið — vonandi er hægt að fá útskrift af þessari frétt — þá hældist hann sérstaklega um í þá veru að smátt og smátt væri þetta kvótakerfi að verða að eignarréttarkerfi þeirra sem úthlutun hafa fengið á undanförnum árum — einkaeignarréttarkerfi held ég að hann hafi nú orðað það — og þar af leiðandi væri mun minna vandamál að þróa þetta hér á landi en t.d. í Evrópusambandinu. Var þá verið að vitna til mótmæla evrópskra sjómanna m.a. við niðurskurði á þorski hjá þeim.

Herra forseti. Ég verð að segja enn á ný að ég tel að við höfum enga vanda leyst með kvótasetningunni inn á smábátakerfið. Við bættum bara við vandann og það mun því miður reynast okkur erfitt að komast út úr því. En það er líka jafnnauðsynlegt að fara að takast á við það því ella festist þetta kerfi í sessi. Það þarf að taka hér virkilega á við að breyta þessu.

[01:52]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta frv. sem við erum hér að ræða gengur út á það að flytja milli ára veiðirétt sem var úthlutað á síðasta ári. Það er út af fyrir sig ekki ágreiningur um að það skuli leyft úr því að þetta kerfi er í gangi. En það er auðvitað umhugsunarefni á hvaða braut við erum. Sannast sagna held ég að öllum blöskri hvar við erum staddir. Það er verið að úthluta veiðiheimildum út og suður til þess að reyna að rétta af og bæta fyrir skaðann sem verður af þessu kerfi. Byggðarlögin sitja uppi með það að enginn almennur aðgangur er að auðlindinni. Það er engin leið að stofna til nýrrar útgerðar eða atvinnurekstrar í sjávarútvegi undir kerfinu.

Hvernig í ósköpunum dettur fiskveiðiþjóðinni á Íslandi í hug að framtíðin geti verið byggð á slíku kerfi? Hvaða atvinnugrein lifir til lengdar með því fyrirkomulagi að enginn nýgræðingur geti vaxið upp? Ég er hræddur um að menn hefðu áhyggur af þessu vandamáli í öllum öðrum atvinnugreinum. En þeir sem bera ábyrgð á stjórn landsins virðast ekki hafa áhyggjur af þessu í sjávarútveginum. Menn virðast gera sig ánægða með að birtast eins og jólasveininn með einhver kvótatonn í vasanum til að deila út eins og núna á jólaföstunni og það er byrjað að senda út skilaboðin. Nú eiga menn að sækja um. Það er búið að reikna út hvað hvert tiltekið svæði eigi að fá í prósentum af því sem á að útdeila núna. En það er eftir að finna út hverjir hljóta náðina. Nú eiga menn að sækja um, á sínum eigin forsendum heitir það. Ég átta mig eiginlega ekki á því hvað er í gangi, hvaða reglur það eru sem menn eru að hugsa, hvort þetta er einhvers konar fegurðarsamkeppni sem útgerðarmenn eiga að fara í, sýna fram á hörmungar sínar á síðustu árum. Sjálfsagt fá þeir þá mest sem tekst best upp í því að lýsa vandamálum sínum. Þetta er ekki gæfulegt, því miður. Kerfið byggist á því að menn eiga að eiga helst um alla framtíð einhvern veiðirétt sem þeim hefur verið úthlutað á grundvelli einhverrar veiðireynslu. Svo er það önnur saga að þessi veiðireynsla er hreint og klárt ekki til staðar nema að hluta til. Það hefur svo sem verið farið yfir það hér áður. En það væri býsna fróðlegt að menn færu bara yfir það nákvæmlega og létu reikna það út hve stór hluti er byggður á veiðireynslu sem var fyrir hendi þegar kerfið var sett á því það er einungis lítill hluti, að mínu viti, af heildarveiðunum.

Það var leyft sóknarkerfi eftir að kvótakerfið var sett á og þar varð til stór hluti af veiðireynslunni. Veiðiréttindum var úthlutað út og suður vegna þess að menn ætluðu sér að fara að byggja skip, höfðu lagt kili, gert samninga, og ótal aðrar leiðir hafa verið notaðar. Mönnum hefur verið úthlutað tilraunaveiðileyfi og síðan veiðirétti út á tilraunaveiðarnar á eftir sem enginn fékk að komast að. Mönnum hefur verið úthlutað sérveiðiréttindum, t.d. þessum skipum sem eru að veiða hérna í Faxaflóanum. Gefin var yfirlýsing bókstaflega um það að þessi veiðiréttindi yrðu aldrei gerð að einkarétti þegar þeim var úthlutað. En eftir fáein ár voru menn búnir að gleyma því og nú eiga þeir þessi réttindi og selja þau eins og þeim sýnist. Svo sitja menn uppi með það að þegar breytingar verða í lífríkinu, þegar ýsan fer að ganga norður fyrir land og þorskurinn kemur aftur á þau mið og verður það á að éta rækjuna sem menn hafa verið að veiða þar þá þeir menn ekki bjarga sér fyrir norðan land við að veiða þann fisk sem er á miðunum hjá þeim, hvorki ýsuna né þorskinn öðruvísi en kaupa rétt til þess að veiða af einhverjum Sunnlendingum eða öðrum sem eiga veiðiréttinn og eiga Íslandsmið. Svo hælist hæstv. sjútvrh. um yfir því að þeir séu búnir að einkavæða Íslandsmið, þetta sé nú orðið fínt, þetta sé orðið séreignarkerfi.

Að vísu er kominn tími til að menn verði nógu ósvífnir til að segja sannleikann, hvað þeir hafi ætlað sér allan tímann, þ.e. að gera Íslandsmið að séreign einhverra fárra útvaldra í þessu landi. Í það stefnir. Ég tel ekki seinna vænna að taka á þessu. Ég trúi því að menn muni fá að ræða þessi mál í aðdraganda komandi kosninga. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég er sannfærður um að meiri hlutinn á Íslandi sem er búinn að vera á móti þessari einkavæðingu fiskimiðanna frá upphafi, er áfram til staðar og hann er sterkari og meiri í dag en hann hefur nokkru sinni verið. Menn munu örugglega fá að finna fyrir því í kosningabaráttunni, þeir munu fá að finna fyrir eftir yfirlýsingarnar sem gefnar voru af formönnum Framsfl. og Sjálfstfl. fyrir síðustu kosningar um að koma á sátt um þessi mál og taka þannig á þeim að þjóðin yrði sátt eða sáttari við þessa skipan mála, að svikin á þessum loforðum munu verða rifjuð upp í þessum kosningum. Menn munu ekki sleppa við að ræða þau og þá þýða engin undanbrögð.

Það verður ekki hægt að skjóta sér á bak við eitt eða neitt í því máli. Það þýðir ekki að lofa upp á nýtt að gangast fyrir sátt í máli tvennar kosningar í röð. Ekki trúi ég því. Menn munu þess vegna ganga til þessa leiks og verja kerfið sem þeir hafa komið á. Þá munu menn kannski loksins takast

heiðarlega á. Þeir sem vilja hafa kerfið geta þá sagt sannleikann um að þeir ætli sér ekki að breyta kerfinu til einhverra sátta heldur standa við það sem þeir hafa gert, það kerfi sem þeir vilja hafa. Þeir sem ekki vilja hafa kerfið eins og það er mæla hins vegar fyrir tillögum sínum. Þannig yrði hætt að rugla menn í ríminu. Menn gætu þá kosið á milli þessara leiða án þess að vera ruglaðir með loforðum um að gera eitthvað sem ekki stendur til að gera.

Ég get því miður ekki séð að með nokkru móti sé hægt að fá heila brú í þá úthlutun sem kemur í kjölfarið á þessari reglusmíð sem hæstv. sjútvrh. og hv. formaður sjútvn. bera ábyrgð á. Ég held að það verði ógerningur að búa til reglur með einhverri glóru í um hvernig eigi að úthluta mönnum veiðiréttinum sem hér er á ferðinni. Það eina sem mögulegt væri að gera í stöðunni væri að leigja aflaheimildir til veiða á þeim svæðum sem búið er að velja og leyfa mönnum að takast á um að leigja til sín þessar heimildir á markaði og nota þá fjármuni sem inn kæmu til að styrkja atvinnulífið á þeim sama stað. Það er ekki mjög flókið að gera þetta svona. Menn hafa allan tímann vitað að það væri ekki flókið mál. En menn hafa frá upphafi forðast leiðir af þessu tagi vegna þess að þeir óttast að í kjölfarið sjáist hversu auðvelt er að koma til móts við jafnræðiskröfu með þessum hætti. Menn óttast að þeir komist ekki undan því að gera þetta oftar og í meiri mæli, nota þessar reglur, sem sjálfsagt þykir að nota í öllum öðrum atvinnurekstri og í öllum öðrum tilvikum þegar hið opinbera útdeilir verðmætum sem þegnarnir eiga að fá möguleika til að nýta sér.

Það er kannski ekki til mikils að halda ræðu yfir fáeinum þingmönnum og hæstv. forseta á þessari nóttu. Það fer hins vegar ekki vel að láta mál eins og þetta fara í gegnum þingið án umræðu um þau vandamál sem menn hafa skapað með því ólánskerfi sem uppi er í fiskveiðum á Íslandi. Umræðan sem þarf að fara fram um þetta mál mun auðvitað verða löng og mörgum mönnum leið á þessum vetri og fram að kosningum. Ég tel að það sé alveg augljóst að um þetta mál verði tekist á í kosningum að vori.

Ég ber þá von í brjósti að hægt verði að koma þessu máli á dagskrá með eftirminnilegum hætti. Þó að ég hafi þó nokkuð mörg ár rætt þetta mál og fylgst með umræðunni finnst mér að ég hafi orðið var við meira óþol venjulegs fólks, ekki endilega þeirra sem stunda útgerð eða eru nærri henni, á árinu sem er að líða en oft áður. Menn gera kröfu um að Alþingi Íslendinga taki á þessum málum. Ég trúi því að þegar þing kemur saman eftir næstu kosningar verði þetta mál hluti af þeim stjórnarsáttmála sem gerður verður. Ég er a.m.k. sannfærður um að komi Samfylkingin nálægt stjórnarmyndun eftir næstu kosningar verði tekið á þessu máli.

Það eina sem gæti komið í veg fyrir að nokkuð yrði gert í þessu máli er að ríkisstjórnin sitji áfram, sú sem nú situr. Kjósendur þurfa auðvitað að horfast í augu við að verði kosningaúrslit með þeim hætti að ríkisstjórnarflokkarnir geti sagt eftir kosningarnar að þeirra sé sigurinn og þjóðin hafi lýst yfir trausti á þeim þá munu þeir halda áfram á sömu braut. Þetta mál hluti af þeirri kjölfestu sem kæmi til með að verða notuð í þá skútu. Eins og við vitum eru ýmsir í þessu þjóðfélagi, sérstaklega í sjávarútveginum, sem geta ekki hugsað óþægilegri hugsun en þá að þessi ríkisstjórn hrökklist frá.

[02:07]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, fjallar um að flytja veiðirétt, eins og komið hefur fram hjá hv. þm., milli ára. Miðað við það kerfi sem við búum við geri ég í sjálfu sér ekki ágreining um það efni. Hins vegar mætti setja á langa ræðu um sjávarútvegsmál almennt. Hér er náttúrlega verið að bregðast við vandamálum sem koma upp við úthlutun veiðiheimilda á á svæðum sem eru í vandræðum vegna breytinga í útgerðarmynstri. Ég hef marglýst því yfir að hér er fyrst og fremst verið að nota aðferðir til þess að slökkva elda sem upp koma vegna óheillaþróunar sem núverandi fiskveiðikerfi leiðir af sér. Afleiðingar þess eru vondar fyrir sjávarbyggðir landsins, fækkun og stækkun fyrirtækja. Auðvitað gera allir sér grein fyrir því að það er stefna núverandi stjórnvalda að stuðla að því að hér verði fá en öflug sjávarútvegsfyrirtæki. Menn tala gjarnan um að um 3–5 fyrirtæki taki að langmestu leyti þann afla sem tiltækur er á Íslandsmiðum.

Það liggur í augum uppi að fiskveiðistjórnarkerfið hentar ekki okkar aðstæðum. Það hefur sýnt sig varðandi uppbyggingu fiskstofnanna að okkur miðar ekkert áfram. Hér er um mjög óheillavænlega þróun að ræða sem er mikið áhyggjuefni. Ég ætla rétt að skjóta því að að við vorum að ræða um síldina um daginn. Það er eins og menn sjáist ekki fyrir. Það eru um 20 skip sem hafa leyfi til flotvörpuveiða á síld. Sá sem hér stendur stóð alltaf í þeirri meiningu að leyfi til að nota flotvörpu, t.d. í síldina, byggðist á að dýfa vörpunni ofan í flekkinn og taka úr djúpt liggjandi torfum vegna þess að þær kæmu ekki upp á yfirborðið og ekki væri hægt að taka þær í nót. Síðan kemst maður að því að hér er orðið um trollveiðar að ræða. Við notumst við öflug skip sem fara um stór hafsvæði klukkutímum saman, elta ryk eins og kallað er, þ.e. dreifð síld. Þetta leiðir af sér gríðarlegan meðafla að öllum líkindum þó að það hafi ekki verið kortlagt nákvæmlega. Ég held að við stöndum frammi fyrir því að verða að breyta þessu kerfi ef við ætlum að komst hjá því að lenda í meiri háttar óláni varðandi fiskstofnana. Ég er þá ekki að tala um að okkur mislukkist við uppbyggingu þeirra heldur séum við hreinlega á góðri leið með að drepa undan okkur vegna útgerðarmynsturs sem byggist á því að menn geti keyrt vinnsluna áfram eins og hvern annan verksmiðjurekstur.

Nýting náttúruauðlinda getur aldrei lánast til lengri tíma með þessum aðferðum. Það verður að vera sveigjanleiki. Menn verða að vera innstilltir á að það eru sveiflur í náttúrunni. Veiðin gengur upp og niður og menn geta þurft að spýta í eitt árið og draga við sig annað árið eftir aðstæðum. Almennt séð tel ég, þó að ég ætli ekki að gera ágreining um þetta frv., að við þurfum að fara í þessi mál frá grunni og leggja þetta niður fyrir okkur með allt öðru móti en nú er gert. Það er engum vafa undirorpið að út frá sjónarhóli sjávarbyggða, landhelgi þeirra og veiðirétti, gætum við umgengist auðlindina af þeirri virðingu sem þarf til að hún gefi okkur hámarksafrakstur.

Virðulegi forseti. Ég lofaði að setja ekki á langa ræðu um þetta mál, enda er klukkan nú farin að ganga þrjú að nóttu. Ég hef útskýrt afstöðu mína en tel ekki ástæðu til þess að gera ágreining um þetta mál miðað við það fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum nú við.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, 2. umr.

Stjfrv., 245. mál (uppsjávarfiskur). — Þskj. 249, nál. 595. [02:12]

Frsm. sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 595.

Með frumvarpinu er lagt til að sú breyting verði gerð á lögunum að öll vinnsla á öllum sjávarafla um borð í veiðiskipum sem er umfram slægingu og ísingu verði háð sérstöku leyfi Fiskistofu og þar með komi önnur ákvæði laganna til með að gilda um alla frekari vinnslu.

Nefndin leggur til þá breytingu á 1. gr. frumvarpsins að lögin gildi um alla frekari vinnslu afla um borð í skipum en blóðgun, slægingu og flokkun. Með flokkun er t.d. átt við stærðarflokkun fisks sem fer til vinnslu í landi. Þá lítur nefndin svo á að öll meðferð á grásleppu um borð í veiðiskipi falli undir slægingu.

Samhliða þessu nefndaráliti leggur nefndin fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðieftirlitsgjald til samræmis við þær breytingar sem þetta frumvarp felur í sér, þ.e. að gjaldtökuheimild fyrir veiðieftirlit verði rýmkuð og nái til allra skipa sem vinna afla um borð.

Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt með breytingu sem flutt er hér. Undir þetta nefndarálit rita ég sem formaður og frsm. og hv. þm. Árni R. Árnason, Guðjón A. Kristjánsson, Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Jóhann Ársælsson og Svanfríður Jónasdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 2. umr.

Stjfrv., 247. mál (gjald á aflaheimildir). — Þskj. 251, nál. 558. [02:14]

Frsm. sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 558. Með frumvarpinu er lögð til 6% hækkun á gjöldum sem renna til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins en samkvæmt gildandi lögum eru greiðslurnar tvenns konar. Annars vegar er gjald á aflaheimildir en hins vegar gjald á brúttótonn hvers skips, þó að hámarki 387.000 kr. á skip. Heildartekjur Þróunarsjóðs árið 2002 af fyrrnefnda gjaldinu eru samkvæmt forsendum frumvarpsins alls 615 millj. kr., en af síðarnefnda gjaldinu alls 87 millj. kr.

Nefndin hefur aflað upplýsinga um að 143 skip greiði nú hámarksgjald, 387.000 kr., og það á við um síðarnefnda gjaldið. Ef hámarksgjald væri afnumið og engar aðrar ráðstafanir gerðar mundu tekjur vegna gjaldsins aukast um 84 millj. kr. Skipið sem greiddi hæsta gjaldið nú mundi greiða um 2,9 millj. kr. í stað 387.000 kr.

Nefndin telur ástæðu til að tekin verði afstaða til þess við næstu endurskoðun gjaldanna hvort afnema eigi þakið og lækka þá e.t.v. gjaldið á hvert brúttótonn í staðinn þannig að heildargjaldtakan verði óbreytt. Ljóst er þó að slíkt mundi hafa í för með sér lækkun á gjaldi minni skipanna en hækkun hjá þeim stærstu.

Undir þetta nefndarálit rita ég sem formaður og frsm. og hv. þm. Árna R. Árnasonar, Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara, Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Jóhann Ársælsson og Svanfríður Jónasdóttir.

[02:15]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég skrifa undir þetta nefndarálit með fyrirvara og langar til að fara nokkrum orðum um þann fyrirvara minn. Fyrirvarinn snýr að því að mér finnst að útfærslan á gjaldinu miðað við það að það stöðvist í ákveðinni krónutölu sé ekki að öllu leyti eðlileg. Reyndar er vikið að því í nefndarálitinu en þar segir, eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson vék hér að, að nefndin telur ástæðu til að tekin verði afstaða til þess við næstu endurskoðun gjaldanna hvort afnema eigi þakið og lækka þá e.t.v. gjaldið á hvert brúttótonn í staðinn.

Við vorum að afgreiða vitagjald, herra forseti. Ég gat aðeins um það þegar ég talaði um vitagjaldið hvernig í pottinn væri búið um þetta þróunarsjóðsgjald sem við erum að ræða, en vitagjaldið er hugsað með talsvert öðrum hætti. Það stoppar á ákveðnu lágmarksgjaldi. Það er bundið sem ákveðið gjald miðað við brúttótonn en stöðvast svo í ákveðnu lágmarksgjaldi þannig að allir verða að greiða ákveðna upphæð sem í því tilfelli er að lágmarki 3.500 kr. Mér finnst það eðlilegri hugsun vegna þess að allir nota vitana. Þó að skip sé lítið þá er það ekki svo að það nýti ekki vitana að einhverju leyti. Þess vegna finnst mér kannski eðilegt að setja þar eitthvert lágmarksgjald en að öðru leyti fylgi gjaldið, eins og það er þar upp sett, brúttótonnastærð skips. En í þessu tilfelli sem við erum núna að ræða, þróunarsjóðsgjaldið, er gjaldið alveg á hinn veginn. Það verður samkvæmt þessu frv. 1.081 kr. á hvert brúttótonn fiskiskips, en verður síðan að hámarki hæst 410 þús. kr. eftir að þessi 6% hækkun á gjaldinu kemur fram. Í raun má segja að gjaldið stöðvist í þessu tilfelli við ákveðna stærð skips og skip sem eru enn stærri greiða þetta hámarksgjald sem er 410 þús. kr. þrátt fyrir að kannski sé um öflugustu skip flotans að ræða sem taka jafnframt inn mestar tekjurnar, eru kannski fullvinnsluskip, nýta hráefnið sem slíkt og vinna það úti á sjó. Þar af leiðandi má alveg færa fyrir því rök að 410 þús. kr. séu bara ákaflega lítið hlutfall af tekjum skipa sem eru yfir þessum viðmiðunarmörkum. Núna greiða t.d. 143 skip hámarksgjaldið og stöðvast í þessum 410 þús. kr. Það er líklegt að ef gjaldið væri óbreytt þá mundu jafnvel einhver af skipunum sem eru að fiska yfir milljarð á ári greiða gjald í Þróunarsjóðinn upp undir 3 millj. kr. sem væri þá hlutfallslegt miðað við stærð þeirra. En vegna stærðarinnar er líklegt að þau skapi einnig í miklar tekjur og þar af leiðandi væri þetta gjald ekki stór hlutur af tekjum þeirra.

Ég er sem sagt að lýsa þeirri skoðun minni, herra forseti, að ég tel að það eigi ekki bara að taka afstöðu til þess að breyta þessu. Ég held að það eigi að breyta þessu gjaldi. Menn geta svo ákveðið hvort það eigi að breyta gjaldstofninum þannig að í stað þess að eins og gjaldið er núna útfært þá mundi gjaldstofninn hækka um rúmlega 80 millj. kr. Það væri auðvitað hægt að breyta skalanum þannig að ekki væri um svo mikla viðbótargjaldtöku að ræða. Það þýddi þá að gjaldtakan væri í raun lækkuð og þar af leiðandi mundu þeir greiða meira sem núna greiða hámarksgjaldið en þó ekki upp undir 3 millj. kr. eins og dæmi gætu verið um með óbreyttu gjaldi. Á sama hátt held ég að væri líka eðlilegt að setja botn í þetta gjald þannig að allir greiddu einhverja lágmarksupphæð. Það er t.d. hægt að hugsa sér að lágmarksgjaldið væri miðað við fjögur eða fimm brúttótonn og væri 4 þús. kr. eða eitthvað slíkt sem er ekkert fjarri lágmarkinu í vitagjaldinu.

Mér finnst það einhvern veginn eðlilegri hugsun að allir greiði að lágmarki eitthvað en ekki sett þak á þá sem eru með mestu afköstin og mesta tekjumöguleikana. Mér finnst það svolítið snúið og eiginlega ekki í neinu samræmi við það sem menn eru yfirleitt að útfæra með svona gjaldtöku.

Við getum tekið sem dæmi gjöldin af aflaheimildum. Þau eru tekin af aflaheimildunum og þá greiða þeir hæst gjöld sem mestar hafa aflaheimildirnar eins og þetta er útfært. Ég veit ekki til þess að það sé neitt þak sett á það, herra forseti.

Þetta vildi ég sagt hafa og að þessu lýtur fyrirvari minn. Ég tel sem sagt að tímabært sé að endurskoða þetta og vitna til vitagjaldsins. Ég tel að það eigi að vera svolítið samræmi í svona gjaldtöku almennt og að hún sé bundin við eitthvert lágmark en ekki við hámark, þ.e. að hafa frekar einhvern botn í því þannig að allir taki þátt í einhverju og síðan vaxi það upp miðað við stærð skipanna.

[02:23]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum. Ég geri ekki ágreining um þetta frv. en vil taka undir málflutning hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar varðandi hvernig þetta gjald leggst á menn. Það er augljóslega meira íþyngjandi fyrir þá sem minni eru og ég er sammála hv. þm. í því að í framhaldi af þessari umræðu þyrfti fyrir næsta ár skoða þann möguleika að þeir sem stærri eru greiði þá hlutfallslega. Það er augljóslega verið að hygla þeim sem veiða mest og hafa mesta möguleika til þess að borga. Það hefur komið fram í umræðunni að um 143 skip í flotanum eru yfir þessu hámarki upp á 410 þús. kr.

Ég sé enga ástæðu til þess að lengja umræðu um þetta mál. Ég vildi bara koma því á framfæri að ég held að það sé tilefni til þess að ræða um það hvernig þetta leggst á menn og þá sérstaklega hlutdeild eða framlag þeirra sem mest veiða á miðunum þannig að þakið fari ekki bara upp á við heldur sé skoðað niður á við og þá kannski reynt að hygla þeim sem eru smæstir í útgerðinni.

[02:24]

Frsm. sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég skal vera afar stuttorður. Ég vil einungis taka undir þær hugleiðingar sem hér hafa komið fram um þróunarsjóðsgjaldið. Við ræddum þetta talsvert mikið í sjútvn. Alþingis og veltum því mjög mikið fyrir okkur hvort ástæða væri til þess að stíga skrefið til fulls og leggja til að afnema þetta þak. En niðurstaða okkar varð sú að þetta þyrfti frekari útfærslu við og að skoða þyrfti málið betur og enn fremur að gefa hagsmunaaðilum kost á því að skoða málið vegna þess að þarna væri auðvitað um að ræða talsverða röskun. Þess vegna varð niðurstaðan sú að við beindum því til þeirra sem hefðu með þetta mál að gera fyrir næsta reglulegt þing á næsta hausti að fara yfir málið og taka sérstaka afstöðu til þess hvort afnema ætti þetta þak.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar sjálfur að ef til þess kæmi þá ætti að miða við að þessi gjaldstofn gæfi sömu upphæð og í dag og sýnist mér ef maður reiknar þetta mjög gróflega að gjaldið á hvert brúttótonn mundi væntanlega lækka um svona 50% eða nálægt því, þ.e. ef þakið væri afnumið.

Þetta segi ég út frá því að gjaldið gefur í dag um 87 millj. kr. en viðbótin, ef engar aðrar ráðstafanir yrðu gerðar, mundi þýða aukningu upp á 84 millj. kr. þannig að mér sýnist að svona gróflega séð megi ætla að hægt væri að lækka þetta gjald á tonn um 50% þannig að við sjáum að slík breyting gæti haft í för með sér verulega dreifingu. Því er hins vegar ekki að neita að þeir sem eru á stærstu skipunum og njóta þar mest í sambandi við þetta þak yrðu fyrir verulegri íþyngingu. Ég gæti ímyndað mér að það skip sem mundi þá greiða hæsta gjaldið væri að greiða um millj. kr. meira á ári en það er að gera í dag. Mér finnst eðlilegt þess vegna í ljósi þess að við gefum okkur þann tíma sem þarf til þess að undirbúa málið og leggjum það síðan fyrir næsta þing með þeirri niðurstöðu sem þá fæst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjármálafyrirtæki, frh. 3. umr.

Stjfrv., 215. mál (heildarlög). — Þskj. 660, brtt. 675.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 02:27.

---

57. FUNDUR

föstudaginn 13. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 324. mál, þskj. 659, brtt. 639,2 og 4–8 og 677. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 215. mál, þskj. 660, brtt. 675. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Úrvinnslugjald, stjfrv., 337. mál, þskj. 367, nál. 705 og 707, brtt. 706 og 728. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Verkefni Umhverfisstofnunar, stjfrv., 405. mál, þskj. 500, nál. 697 og 703, brtt. 698. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 441. mál, þskj. 602, nál. 649, brtt. 691. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Húsaleigubætur, stjfrv., 440. mál, þskj. 601, nál. 651, brtt. 652. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Húsnæðismál, stjfrv., 370. mál, þskj. 416, nál. 650. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Búnaðargjald, frv., 442. mál, þskj. 603, brtt. 695. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 244. mál, þskj. 248, nál. 594. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, stjfrv., 245. mál, þskj. 249, nál. 595. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
11. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 247. mál, þskj. 251, nál. 558. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
12. Málefni aldraðra, stjfrv., 412. mál, þskj. 518, nál. 686, brtt. 729. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
13. Almannatryggingar, stjfrv., 413. mál, þskj. 519, nál. 687. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

14. Innflutningur dýra, frv., 465. mál, þskj. 704. — 3. umr.
15. Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 424. mál, þskj. 550, nál. 734. — Síðari umr.
16. Breyting á IX. og XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 425. mál, þskj. 551, nál. 735. — Síðari umr.
17. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 426. mál, þskj. 552, nál. 736. — Síðari umr.
18. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 438. mál, þskj. 599, nál. 737. — Síðari umr.
19. Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 439. mál, þskj. 600, nál. 738. — Síðari umr.
20. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 443. mál, þskj. 615, nál. 739. — Síðari umr.
21. Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 445. mál, þskj. 625, nál. 740. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Karl V. Matthíasson, 2. þm. Vestf.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Vilhjálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

[10:33]

Útbýting þingskjals:
Tekjuskattur og eignarskattur, 324. mál, þskj. 659.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 324. mál (sérstakur tekjuskattur, rekstrartap, vextir o.fl.). — Þskj. 659, brtt. 639,2 og 4–8 og 677.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:34]

Brtt. 639,2 felld með 25:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, ÍGP, JÁ, JóhS, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ.

nei: ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, JHall, KÓ, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁMM, EKG, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KF, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 677,1 samþ. með 26:14 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, JHall, KÓ, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS.

nei: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GÖ, JÁ, JóhS, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÖJ.

4 þm. (GE, GAK, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, EKG, EOK, GÁS, GunnB, HBl, ÍGP, JB, JBjart, KVM, KF, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 639,4 felld með 26:17 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KolH, KLM, LMR, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, JHall, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, EKG, EOK, GÁS, GunnB, HBl, ÍGP, JB, JBjart, KVM, KF, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 639,5 felld með 23:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, HjÁ, JóhS, KolH, KLM, KPál, LMR, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, JónK, JHall, KÓ, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

21 þm. (ÁMM, EKG, EOK, GÁS, GunnB, HBl, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KVM, KF, KHG, LB, MF, ÓÖH, SJS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 639,6 kom ekki til atkv.

Brtt. 639,7 kom ekki til atkv.

Brtt. 639,8 felld með 25:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, JHall, KÓ, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, EKG, EOK, GÁS, GunnB, HBl, ÍGP, JB, JBjart, KVM, KF, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 677,2 samþ. með 26:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, JHall, KÓ, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS.

nei: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, EKG, EOK, GÁS, GunnB, HBl, ÍGP, JB, JBjart, KVM, KF, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 26:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, JHall, KÓ, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS.

nei: ÁSJ, GAK, KolH, SJS, SvH, ÖJ.

11 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JóhS, KLM, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁMM, EKG, EOK, GÁS, GunnB, HBl, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KVM, KF, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:36]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Með þessu frv. sem hér er tekið til lokaatkvæðagreiðslu er fyrst og fremst verið að bæta hag hátekjufólks og fyrirtækja sem þó greiða langlægstu skatta innan

OECD-ríkjanna. Auðvitað er löngu kominn tími til að setja í forgang skattalækkanir á almennt launafólk og lífeyrisþega en það er aldrei á dagskrá þessarar ríkisstjórnar.

Stjórnarflokkarnir hafa nú fellt allar tillögur Samfylkingarinnar um að bæta skatteftirlit og skattframkvæmd. Þeir knýja í gegn nánast óskoðaða grundvallarbreytingu á fyrningarreglum skattalaga sem þýðir mörg hundruð millj. kr. skattatap fyrir ríkissjóð á næstu árum. Sú tillaga var fyrst tekin á dagskrá þingsins nú við 3. umr. sem er til vansa fyrir þingið. Við í Samfylkingunni mótmælum þessum óvönduðu vinnubrögðum og þeirri röngu stefnu sem ríkisstjórnin hefur í skattamálum.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 742).

Fjármálafyrirtæki, frh. 3. umr.

Stjfrv., 215. mál (heildarlög). — Þskj. 660, brtt. 675.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:37]

Brtt. 675,1 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, LMR, MS, PP, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JóhS, KolH, KPál, PHB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JÁ, JB, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 675,2 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, LMR, MS, PP, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JóhS, JB, KolH, KPál, PHB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JÁ, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 675,3 samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KÓ, LMR, MS, PP, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, JóhS, JB, KolH, KPál, PHB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁMM, ÁMöl, EOK, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, JÁ, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 35:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KÓ, LMR, MS, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS.

nei: SvH.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, KPál, PHB, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JÁ, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:39]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég er hlynntur frv. í heild sinni en vegna efasemda um að svokallaðar yfirtökuvarnir sparisjóða standist eignarréttarákvæði stjórnarskrár sit ég hjá.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 743).

Úrvinnslugjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 337. mál. — Þskj. 367, nál. 705 og 707, brtt. 706 og 728.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:40]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hér er tekið til afgreiðslu frv. hæstv. umhvrh. um úrvinnslugjald. Samfylkingin mun ekki greiða þessu máli atkvæði sitt. Hins vegar teljum við hér vera stigið skref í rétta átt. Hugmyndafræðin að baki frv. er hin rétta en útfærslan mætti vera með allt öðrum hætti. Við munum styðja brtt. hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur en sitja hjá við aðra afgreiðslu málsins.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÖJ.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÖJ.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 706,1 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÖJ.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÖJ.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 706,2–7 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÖJ.
13 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

5.–15. gr., svo breyttar, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÖJ.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 728 felld með 29:16 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[10:42]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér eru greidd atkvæði um brtt. sem gerir ráð fyrir því að neytendur og frjáls félagasamtök á sviði náttúru- og umhverfisverndar eigi fulltrúa í stjórn Úrvinnslusjóðs. Það er afar mikilvægt að neytendur og frjáls félagasamtök eigi beina aðkomu að þessum sjóði og störfum sjóðstjórnar. Því er hér lagt til að sjóðstjórnin verði sjö manns en ekki fimm eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég segi já.

16. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS.
17 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KolH, KLM, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, SJóh, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

17.–21. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÖJ.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 706,8 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÖJ.
13 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

22. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÖJ.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. I–II samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÖJ.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 706,9 (nýtt ákv. til brb. III) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÖJ.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 706,10–13 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÖJ.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Viðaukar I–XVI, svo breyttir, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÖJ.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.
2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:45]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs styðja hugmyndafræði þessa máls. Við gagnrýnum þó að ekki skuli hafa náð fram að ganga að neytendur og félög, frjáls félagasamtök sem starfa á sviði umhverfis- og náttúruverndar, skyldu eignast fulltrúa í stjórn Úrvinnslusjóðs. Þó að við gagnrýnum og séum andvíg því hvernig stjórnin er skipuð samkvæmt frv. styðjum við hugmyndafræði málsins og styðjum því málið.

Verkefni Umhverfisstofnunar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 405. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 500, nál. 697 og 703, brtt. 698.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:48]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.
4 þm. (ÁSJ, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:47]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál um verkefni Umhverfisstofnunar er eðlilegt framhald af tilurð þeirrar stofnunar og hefði á síðasta vetri mátt liggja fyrir í þeirri mynd sem það var lagt fyrir þingið í haust. Brtt. við málið eru flestar til bóta og þó að betur hefði mátt gera, bæði í tíma til vinnu við frv. og breytingar sem hefðu mátt koma til viðbótar, teljum við samfylkingarmenn að þetta mál sé gott mál og styðjum það.

[10:47]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er um að ræða mál sem hefur verið unnið með nákvæmlega sama flýtinum og upphaflega málið, þ.e. frv. til laga um Umhverfisstofnun. Þetta mál, þessi bandormur hefði að sjálfsögðu átt að vera lagður fram sl. vor þegar frv. til laga um Umhverfisstofnun var lagt fram. Þetta hefur allt verið unnið í miklu flaustri og miklum asa og stressi og vegna þess að þetta er ekki nógu vel undirbyggt í heildina höfum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ákveðið að sitja hjá við afgreiðslu málsins.

2.–3. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.
4 þm. (ÁSJ, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JóhS, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 698,1 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.
3 þm. (ÁSJ, KolH, ÖJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, SJS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.

3 þm. (ÁSJ, KolH, ÖJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, SJS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

5.–16. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.
4 þm. (ÁSJ, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 698,2 (ný 17. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.
4 þm. (ÁSJ, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

18.–19. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.
4 þm. (ÁSJ, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 698,3 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.
5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

20. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.
5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

21.–26. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.
5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 698,4 (XVI. kafli (27. gr.) falli brott) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.
5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

28.–34. gr. (verða 27.–33. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.
5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, ÁMöl, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 698,5 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.
5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

35. gr. (verður 34. gr.), svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.
5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, StB, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

36.–42. gr. (verða 35.–41. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál,

LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.

5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, StB, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 698,6 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.

5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁMM, BBj, DO, EOK, GÁS, GunnB, HBl, ÍGP, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, StB, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

43. gr. (verður 42. gr.), svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.

5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, BBj, DO, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, StB, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

44.–50. gr. (verða 43.–49. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.

5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, BBj, DO, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.

1 þm. (ÖJ) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, BBj, DO, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JBjart, KVM, KHG, LMR, LB, MF, ÓÖH, SvanJ, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 441. mál (Jöfnunarsjóður). — Þskj. 602, nál. 649, brtt. 691.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:53]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég flyt brtt. á þskj. 691. Fyrri tölulið þeirra brtt. fjallar um að sett verði inn í d-lið 11. gr. pósitíft ákvæði sem taki af allan vafa um að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sé heimilt að greiða framlög til sveitarfélaga sem verða fyrir óvænt breyttum aðstæðum og breytingu á afkomu svo sem vegna fólksfækkunar. Þannig framlög hafa verið greidd á umliðnum árum en þó ekki alltaf, og á því ári sem nú er að líða voru engin slík framlög greidd þannig að þau sveitarfélög sem hafa orðið fyrir áföllum af þessum toga fá þá ekki framlög í ár. Mér finnst það ekki nægjanlega skýrt hvort heimildir verða til greiðslu slíkra framlaga á grundvelli frv. ef það nær fram að ganga óbreytt. Í nál. endurskoðunarnefndar er kveðið á um að slík tekjujöfnunarframlög vegna fólksfækkunar mætti greiða sem hluta af útgjaldajöfnunarframlögum en af orðalagi frv. sjálfs verður ekki ráðið hvort ótvírætt sé að fullnægjandi lagastoð væri þá til handa ráðherra að setja í reglugerð ákvæði um slíkt. Mér finnst því frágangur málsins ekki vera eins skýr og æskilegt væri, a.m.k. þyrfti að flytja þá einhvers konar lögskýringu sem tæki af vafa um það í formi álits eða yfirlýsingar frá hæstv. ráðherra.

Ég vil hins vegar á engan hátt verða til þess að draga úr möguleikunum á að þetta verði og kalla því til baka fyrri tölulið brtt. minna á þskj. 691 þar sem það væri varla málinu til framdráttar að tillaga um beina heimild inn í lögin um greiðslu slíkra framlaga yrði felld í atkvæðagreiðslu. Ég áskil mér hins vegar rétt til þess að taka málið upp við 3. umr. ef ekki finnst á því viðhlítandi lausn.

Brtt. í nál. 649,1 samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 649,2 samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 691,1 kölluð aftur.

1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 691,2 felld með 28:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS.

12 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þó að báðir litirnir séu nú fallegir, rauður og grænn, hefði ég haldið að hæstv. ráðherrum hefði í þetta skiptið verið óhætt að halda sig við græna litinn eins og þeir voru komnir inn á sumir hverjir. Þessi tillaga er að mínu mati um ósköp sanngjarna lagfæringu á þessu ákvæði til bráðbirgða sem felur það í sér að svonefnd stofnkostnaðarframlög

til sveitarfélaga með færri en 2.000 íbúa vegna framkvæmda sem tengjast breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á umliðnum árum verði ekki höggvin af með jafnskjótum hætti og frv. gerir ráð fyrir, þ.e. að þau standi aðeins í tvö ár. Það skapar núverandi sveitarstjórnum sem hafa nýhafið kjörtímabil mjög lítið svigrúm til þess að skipuleggja framkvæmdir sínar innan þessa tíma og getur að mínu mati leitt til óeðlilegs óðagots, að menn reyni að hefja framkvæmdir í skyndi til þess að eiga rétt á þessum greiðslum. Ég held að það væri eðlilegra að láta þann aðlögunartíma sem menn hafa í þessu sambandi falla í grófum dráttum saman við kjörtímabil núverandi sveitarstjórna. Um það fjallar þessi brtt., að í grófum dráttum verði aðlögunartímabilið fjögur ár í staðinn fyrir tvö.

[10:58]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Í tillögum félmn. kemur fram og eru tekin af öll tvímæli um það að stofnframlög til sveitarfélaga úr jöfnunarsjóðnum ná út árið 2004. Heimilt er að greiða áfram til framkvæmda á árinu 2005 ef framkvæmdir eru hafnar á árinu 2004, en að framlög til framkvæmda á árinu 2005 skulu miðast við verkstöðu í lok þess árs. Það varð niðurstaða endurskoðunarnefndar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að þetta mundi duga miðað við þau verkefni sem liggja fyrir hjá sveitarfélögunum núna. Þess vegna varð það niðurstaða félmn. að orða tillöguna skýrar en kom fram í frv. og undir það skrifuðum við öll í félmn. Ég legg til að sú tillaga verði samþykkt.

Brtt. í nál. 649,3 (ný 2. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Húsaleigubætur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 440. mál (greiðsluþátttaka ríkissjóðs o.fl.). — Þskj. 601, nál. 651, brtt. 652.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:00]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, ÞSveinb.

18 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:00]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég hef í mörg ár bent hv. þingmönnum á það hversu félagslega óréttlátar reglur um húsaleigubætur eru en án árangurs. Þó að ég fallist á þessar breytingar þýðir það engan veginn að ég sé orðinn sáttur við reglurnar enda eru þær jafnvitlausar og -óréttlátar sem hingað til. Ég segi já.

2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 652 kölluð aftur.
3. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 651 samþ. með 45 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Húsnæðismál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 370. mál (niðurfelling skulda). — Þskj. 416, nál. 650.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:04]

1. gr. samþ. með 43:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, ÞSveinb.

nei: PHB.

19 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:02]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég er á móti því að leiðrétta með lögum fjármálamistök sem ákveðnir einstaklingar hafa gert og gefa jafnframt fordæmi fyrir slíkum leiðréttingum á mistökum annarra vegna jafnræðisreglunnar. Það er ný stefna að láta fólk ekki bera ábyrgð á gerðum sínum.

Þá set ég spurningarmerki við það að Ríkisendurskoðun verði látin gefa umsögn um slíka umsókn því að hver á þá að endurskoða þann gerning? Ég segi nei.

[11:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er verið að opna sambærilegar heimildir til handa Íbúðalánasjóði til að taka þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu þegar félagslegt íbúðarhúsnæði á í hlut, t.d. hjá námsmannasamtökum eða öðrum sambærilegum aðilum, með mjög hliðstæðum hætti og gert var gagnvart sveitarfélögum á sl. ári þar sem Íbúðalánasjóði var heimilt að taka þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu gegn þátttöku annarra kröfuhafa í íbúðum eða þegar þannig stendur á að nauðsynlegt er að fara í aðgerðir til að auðvelda mönnum að standa straum af þeim lánum sem þeir hafa tekið á sig vegna byggingar íbúðarhúsnæðis. Ég tel að hér sé í fyrsta lagi um mjög sanngjarnt ákvæði að ræða, í öðru lagi sé það skynsamleg fjármálaleg ráðstöfun að Íbúðalánasjóður geti gætt og varið hagsmuni sína með þessum hætti og tekið þátt í slíkri fjárhagslegri endurskipulagningu í stað þess að keyra málin í þrot. Ég tel því að hér sé um mjög skynsamlegt, sanngjarnt og þarft ákvæði að ræða.

2. gr. samþ. með 40:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, ÞSveinb.

nei: PHB.

22 þm. (ÁE, ÁMM, BBj, DO, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, SJS, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Búnaðargjald, frh. 2. umr.

Frv. landbn., 442. mál (skipting tekna). — Þskj. 603, brtt. 695.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:06]

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖJ.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

20 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JÁ, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, SJS, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [11:05]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég hef ætíð verið á móti búnaðargjaldi sem er skattur á alla bændur, þá fátæku líka, en einungis þeir ríku njóta. Þetta er því skattur á fátækt. Ég er líka á móti lögbundnu félagsgjaldi sem felst í þessu gjaldi því að það stríðir á móti félagafrelsi stjórnarskrárinnar. Þar sem hér er einungis um breytingu að ræða sit ég hjá. [11:05]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér er um að ræða lækkun á búnaðargjaldi úr 2,55% niður í 2% þannig að ég held að hagur bænda ætti að vera betri eftir en áður.

Brtt. 695 (tvær nýjar greinar, verða 2.–3. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, MS, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖJ.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

22 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JÁ, JB, JBjart, KVM, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, PP, SJS, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. (verða 4.–5. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, MS, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖJ.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

22 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JÁ, JB, JBjart, KVM, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, PP, SJS, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 244. mál (flutningur aflaheimilda milli ára). — Þskj. 248, nál. 594.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:07]

Svanfríður Jónasdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þetta frv. er fyrst og fremst innlegg í byggðakvótaæfingar hæstv. ríkisstjórnar. Þær æfingar ganga efnislega gegn þeirri stefnu sem Samfylkingin hefur í sjávarútvegsmálum og Samfylkingin hefur ekki tekið ábyrgð á þeim byggðakvótum eða pottum sem ríkisstjórnin bætir nú við ótt og títt. Þó að málið sé fyrst og fremst tæknilegt, herra forseti, lítum við svo á að það sé allt og í heild sinni á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og sitjum þess vegna hjá. [11:08]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér er um það að ræða að færa til þessa árs kvóta í þorskeldi sem ekki nýttist í fyrra og hins vegar að færa 500 tonna pott sem ekki var nýttur til úthlutunar til byggðarlaga á síðasta ári yfir á þetta fiskveiðiár. Ég held að það sé til bóta að úthluta þessum heimildum þrátt fyrir að útfærsla fiskveiðikerfisins eins og hún er sé afleit og muni í heildina vinna gegn byggðarlögunum. [11:08]

Árni Steinar Jóhannsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Miðað við það fiskveiðistjórnarkerfi sem núverandi stjórnarmeirihluti styðst við leggst ég ekki gegn því að þetta fyrirkomulag verði haft á. Byggðakvótar eru til styrkingar og að færa yfir á milli ára miðað við þetta kerfi sem við búum við er ekki andstætt þeim hugmyndum sem við höfum um styrkingu byggða og í þorskeldismálum því styðjum við þetta frv.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, ÖJ.

12 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MS, MF, ÓÖH, PP, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, ÖJ.

12 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MS, MF, ÓÖH, PP, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖJ.

2 þm. (GE*, SJóh) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, PP, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 245. mál (uppsjávarfiskur). — Þskj. 249, nál. 595.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:10]
Brtt. í nál. 595 samþ. með 43 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 247. mál (gjald á aflaheimildir). — Þskj. 251, nál. 558.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:11]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, frh. 2. umr.

Stjfrv., 412. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 518, nál. 686, brtt. 729.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:12]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við erum að greiða atkvæði um hækkun á gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra vegna sérstaks átaks í uppbyggingu í hjúkrunarmálum. Við í Samfylkingunni styðjum það átak. Aftur á móti teljum við nefskatta vera óréttláta vegna þess að þeir bitna verst á þeim tekjulægstu. Því höfum við lagt fram brtt. við þetta mál þar sem við breytum tekjuviðmiði þeirra sem greiða þennan nefskatt en eins og menn e.t.v. þekkja eru undanþegin þessu gjaldi börn innan 16 ára og aldraðir yfir sjötugt og þeir sem eru á hjúkrunar- eða dvalarheimilum en tekjuviðmiðin hafa staðið í stað eða eru það lág að lífeyrisþegar eingöngu á bótum almannatrygginga greiða þennan skatt. Og ef þeir greiða þennan skatt er verið að taka til baka þær kjarabætur sem er verið að veita þeim með breytingu á almannatryggingalögunum sem er næsta mál á dagskrá hér á eftir. Þá tekur ríkisstjórnin til baka þær kjarabætur sem er verið að veita þeim í næsta máli.

Ég legg til að tekjuviðmiðunin hækki örlítið þannig að bótaþegar á strípuðum bótum almannatrygginga og aðrir þeir sem eru með tekjur sambærilegar þeim verði undanþegnir greiðslu þessa nefskatts.

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 729 felld með 27:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS.

18 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, PP, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 413. mál (skerðingarhlutfall tekjutryggingarauka). — Þskj. 519, nál. 687.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:16]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.

18 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, PP, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:14]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að greiða atkvæði um að minnka tekjutengingu á tekjutryggingaraukanum til lífeyrisþega. Við í Samfylkingunni styðjum það. Aftur á móti viljum við minna á að það er hópur sem ekki fær neinar kjarabætur í þessum breytingum á almannatryggingalögunum og það eru lífeyrisþegar, aldraðir og fatlaðir á stofnunum en þeir eru eingöngu með vasapeninga sem eru rúmar 19 þús. kr. í dag og þar er enn þá 65% tekjuskerðing.

Í ljósi þess að við treystum því að það verði tekið á því að leiðrétta fyrir þennan hóp strax eftir áramótin höfum við ekki gert brtt. við þetta en viljum minna á að það þarf að breyta og leiðrétta kjör þessa hóps sem er fólk á vasapeningum. Ég segi já.

[11:15]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Þessi ábending frá þingmanninum var rædd og var samstaða um hana í heilbrn. Ég vek þess vegna athygli á því að í nál. er þetta tekið sérstaklega fram og því beint til hæstv. heilbrrh. að taka þetta til sérstakrar skoðunar.

2. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Innflutningur dýra, 3. umr.

Frv. landbn., 465. mál (innflutningur svína). — Þskj. 704.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:17]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.

18 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HBl, JÁ, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 750).

Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 424. mál (viðurkenning á prófskírteinum). — Þskj. 550, nál. 734.

[11:18]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá utanrmn. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2002, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn.

Í nál. kemur fram um hvaða tilskipanir er að ræða. Megintilgangur tilskipunarinnar er að einfalda, samræma og gera skýrari gildandi ákvæði um þetta efni. Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og hafa þær þegar verið gerðar. Þau atriði sem snúa að málefnasviði iðn.- og viðskrn. voru innleidd með lögum nr. 69/2002, um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum. Þá voru hinn 28. nóvember sl. samþykkt lög á Alþingi um breytingu á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, sem innleiða þann hluta tilskipunarinnar sem snýr að menntmrn.

Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:19]
Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.

26 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KVM, KHG, KPál, LB, MF, ÓÖH, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 751).

Breyting á IX. og XXII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 425. mál (matsreglur um ársreikninga og samstæðureikninga). — Þskj. 551, nál. 735.

[11:20]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá utanrmn. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

Í nál. kemur fram um hvaða tilskipun er að ræða en tilskipunin gerir ráð fyrir að aðildarríkin taki upp kerfi gangverðsreikningsskila fyrir tiltekin fjármálaskjöl en með því er stefnt að samræmingu fjármálaupplýsinga innan EES-svæðisins.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á breytingar á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga. Frv. þess efnis hefur enn ekki verið lagt fram en frestur til að gera nauðsynlegar lagabreytingar er til 1. janúar 2004.

Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:21]
Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.

25 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JBjart, KVM, KHG, KPál, LB, MF, ÓÖH, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 752).

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 426. mál (vinnutími). — Þskj. 552, nál. 736.

[11:22]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá utanrmn. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, *vinnuréttur og jafnrétti kynjanna*) við EES-samninginn.

Í nál. kemur fram um hvaða tilskipanir er að ræða en tilskipun nr. 2000/34/EB breytir tilskipun nr. 93/104/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma en breytingin felst aðallega í því að læknar í starfsnámi, þeir sem starfa við flutninga á vegum ásamt þeim sem vinna á sjó og í flugi munu falla undir gildissvið vinnutímatilskipunarinnar en þó er gert ráð fyrir ákveðnum undanþágureglum fyrir þessa hópa. Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi en frestur til að gera nauðsynlegar breytingar á lögum er til 1. ágúst 2003, en til 1. ágúst 2004 að því er varðar lækna í starfsnámi. Á fundi nefndarinnar kom m.a. fram hjá fulltrúa félmrn. að á málefnasviði ráðuneytisins þyrfti að breyta lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og að reiknað væri með að frv. þess efnis yrði lagt fram eftir áramót. Þá kom fram að á málefnasviði samgrn. hefði frv. til laga um breytingu á lagaákvæðum um vinnutíma sjómanna þegar verið lagt fram.

Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

[11:24]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eins og kom fram í máli framsögumanns, formanns utanrmn., er hér um að ræða ákvörðun í sameiginlegu EES-nefndinni sem varðar að innleiða breytingar á vinnutímatilskipun Evrópusambandsins, ef við leyfum okkur að kalla tilskipun ráðsins nr. 93/104 því nafni. Þetta felur í sér, eins og fram kom, að helstu hópar sem hafa verið undanskildir þessum vinnutímaákvæðum eða vinnuverndarákvæðum, ef við köllum þau svo, falla framvegis undir ákvæði tilskipunarinnar. Læknakandídatar eða læknar í starfsnámi, sjómenn og nokkrir fleiri hópar sem starfa á sviði flutninga koma þá til með að falla undir þessi ákvæði. Að vísu er gefinn þarna ákaflega rúmur aðlögunartími, allt upp í átta ár ef löndin nýta sér til fulls aðlögunartíma og mögulegan viðbótaraðlögunartíma þannig að segja má að það sé nokkur tími til stefnu til að undirbúa þessar breytingar. Það er þó enginn vafi á því að þetta mun hafa þó nokkur áhrif, t.d. á skipulag vinnumála á sjúkrahúsum og á starfsumhverfi íslenskra sjómanna. Þessi vinnutímaákvæði eða vinnuverndarákvæði koma þá til með að leysa af hólmi að hluta til eða jafnvel að öllu leyti einhverja frægustu vinnuverndarlöggjöf sögunnar á íslenskum vinnumarkaði, vökulögin sem hingað til hafa ein gilt og tryggt sjómönnum lágmarkshvíld. Væri nú gaman, herra forseti, að rifja pínulítið upp sögu þeirrar merku löggjafar.

Það hefði að sjálfsögðu verið æskilegt að fá aðeins betri tíma til að skoða þetta mál og ræða t.d. við aðila vinnumarkaðarins en hér gafst mjög skammur tími frá því að tillögurnar komu fram, væntanlega sökum þess að það hefur verið handleggur að þýða þessa pappíra alla frá því að þetta var ákveðið á miðju sumri, en þannig stendur á að frestur til að falla frá stjórnskipulegum fyrirvara rennur út núna í desembermánuði, sex mánaða frestur sem menn hafa frá því að ákvörðun í sameiginlegu EES-nefndinni er tekin.

Það er líka rétt að minna á, herra forseti, hver staða sjálfrar tilskipunarinnar er að íslenskum lögum og á íslenskum vinnumarkaði. Þar er satt best að segja nokkuð sérkennileg staða uppi. Þegar Íslendingar gerðust aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu var að sjálfsögðu í gildi vinnutímatilskipun ráðsins nr. 93 og okkur bar að innleiða hana eins og aðra hluta Rómarréttarins sem við gerðumst aðilar að. Það var ákveðið hér á landi að fara þá leið að innleiða þetta í samningum, aðila vinnumarkaðarins, eins og heimilt er. Það var boðið upp á þann valkost í ferlinu að gera þetta með lagasetningu og/eða með því að fullgilda ákvæðin í formi kjarasamninga á vinnumarkaði. Það var ákveðið að fara þá leið í aðalatriðum hér en aðilar vinnumarkaðarins óskuðu engu að síður eftir því að staðfestur yrði ákveðinn lagarammi með afgreiðslu Alþingis á málinu. Sú afgreiðsla hefur hins vegar ekki náð fram að ganga sökum ágreinings um tiltekna þætti málsins og er það mál enn í skoðun. Hér er í raun verið að falla frá stjórnskipulegum fyrirvörum vegna breytinga á þessari vinnutímatilskipun sem Alþingi á hinn bóginn hefur ekki enn lögfest að því leyti sem ætlunin var að gera. Væntanlega, herra forseti, renna þessi tvö mál þá saman og vonandi lítur dagsins ljós að lokum heildstæður lagarammi sem innleiðir þessi vinnutímaákvæði og vonandi verða þau þá orðin heildstæðari fyrir vinnumarkaðinn en þau áður voru vegna þess að þær undanþágur sem til staðar voru varðandi læknakandídata, sjómenn og fleiri aðila verða þá fallnar niður.

Málið í heild, herra forseti, er að mínu mati í öllum aðalatriðum til bóta og er hluti af eðlilegri vernd launamanna á vinnumarkaði hvað varðar hollustu, heilnæmi, aðbúnað og síðast en ekki síst vinnutímaákvæði þar sem mönnum eru tryggð ákveðin lágmarksákvæði um hvíld, vinnuhlé og annað í þeim dúr. Það er að sjálfsögðu augljóst mál að ákvæði af þessu tagi munu aldrei ná fram að ganga með neinum skikkanlegum hætti nema um þau sé mjög gott samkomulag aðila vinnumarkaðarins. Þetta eru ekki hlutir sem skynsamlegt er að hugsa sér að þvinga fram í einstökum atriðum með löggjöf. Ég held að það mundi seint ganga að hið háa Alþingi skipaði fyrir um það í einstökum smáatriðum hvernig kaffitímum eða hvíldartímum, vinnuhléum og öðru slíku sé háttað á vinnumarkaði. Þess vegna er það, herra forseti, mjög mikilvægt mál, og er ástæða til að undirstrika það hér, að í þessum samskiptum reynir á þríhliða samskipti ríkisvaldsins eða löggjafans og aðila vinnumarkaðarins til þess að farsæl niðurstaða fáist. Það hefur kannski ekki tekist alveg sem skyldi enn sem komið er hér á landi að ná þessu

saman, samanber það sem ég áður sagði að lagarammann hefur dagað uppi á Alþingi í tvígang og reyndar ekki litið dagsins ljós enn á þessu þingi. Vonandi stendur það til bóta. Ég held að það væri æskilegt markmið að menn settu sér að ganga frá því að komin væri farsæl niðurstaða í þessi mál áður en Alþingi lýkur störfum í vor.

[11:30]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Það er ástæða til að fagna því að hv. utanrmn. skuli leggja til að tilskipun nr. 2000/34/EB sem breytir tilskipun nr. 93/104/EB skuli innleidd í íslensk lög. Eins og fram hefur komið er hér um að ræða vinnutímatilskipunina margnefndu, og satt að segja orðið tímabært að kveðið sé á um lágmarkshvíld ákveðinna starfshópa sem hingað til hefur ekki verið samið um sérstaklega á íslenskum vinnumarkaði. Mig langar að nefna unglæknana sérstaklega í því sambandi, þ.e. læknanema eða læknakandídata í starfi. Eins og allir vita er vinnuálagið á þessu fólki óhóflegt og um það hafa staðið deilur á milli Félags unglækna og síðan við stjórnir Ríkisspítalanna. Ég vona að innleiðing þessarar tilskipunar verði til þess að menn taki sig saman í andlitinu og semji við þennan hóp um að koma á viðunandi vinnulagi og gæta þess að unglæknar fái hæfilegan hvíldartíma við störf sín eins og aðrir hópar á Íslandi.

[11:31]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla í sjálfu sér ekki að fara út í neina efnislega umræðu um þetta mál sem hér liggur fyrir. Hv. framsögumaður hefur gert ágætlega grein fyrir málinu og aðrir sem hér hafa talað. Hins vegar langar mig til þess að vekja athygli á alveg ótrúlega afkáralegu orðalagi sem er í þessari tilskipun í þýðingunni. Ég held að þetta sé eitt af því sem er nauðsynlegt að menn hugleiði af því að yfir okkur eru að dengjast í miklum mæli þýðingar á tilskipunum og gerðum Evrópusambandsins.

Hér er fjallað um starfskjör sjómanna og þá er skyndilega farið að uppnefna þessa stétt. Hér segir „farstarfsmenn og vinna á hafi úti" og „starfsmenn á sjófiskiskipum". Nú sé ég hérna fyrir framan mig fyrrv. forseta Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Ef þetta verður lagt inn í lögin, þessi orðanotkun, sýnist mér að þessi samtök hljóti að heita hér eftir „Farstarfsmanna- og sjófiskimannasamband Íslands".

Virðulegi forseti. Þetta er náttúrlega ekki hægt. Ég veit að menn geta stundum þurft að hafa hraðar hendur þegar verið er að þýða þessar gerðir og tilskipanir en fyrr má nú vera. Ég held að hver einasti Íslendingur hljóti að þekkja hugtökin „farmaður" og „fiskimaður" og þekki síðan heitið sjómaður og það þurfi ekki að vera að búa til orðskrípin sjófiskimaður og farstarfsmaður sem ekki nokkur maður skilur.

Ég heyrði einhverja umræðu um að ekki væri hægt að færa til störf við þýðingar á vegum utanrrn. því hér væru svo óskaplega færir menn í að þýða yfir á íslensku. En mér sýnist, virðulegi forseti, að menn þurfi að fara að skoða mál sitt í þeim efnum, bókstaflega talað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:34]

Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JHall, KF, KÓ, KolH, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, VS, ÞSveinb, ÖJ.

27 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JB, JónK, JBjart, KVM, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, StB, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 753).

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 438. mál (aðild starfsmanna að málum Evrópufélaga). — Þskj. 599, nál. 737.

[11:35]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá utanrmn. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

Í nál. kemur fram um hvaða tilskipun er að ræða. Eitt meginmarkmið tilskipunarinnar er að tryggja að reglur um aðild starfsmanna í þátttökufélögunum um stofnun Evrópufélags hvorki hverfi né minnki vægi þeirra við stofnun Evrópufélagsins en Evrópusambandið samþykkti 8. október 2001 reglugerð 2157/2001 um samþykktir fyrir Evrópufélög. Með þeirri reglugerð er félögum sem starfa í fleiri en einu ríki á Evrópska efnahagssvæðinu gefinn kostur á að stofna eitt félag sem starfi á grundvelli einna reglna um stjórn o.fl. í stað mismunandi reglna í aðildarríkjunum.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og er frestur til að gera nauðsynlegar breytingar á lögum til 8. október 2004.

Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

[11:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta mál er nokkuð athyglisvert, fróðlegt fyrir hv. þingmenn að gefa því gaum, því að það felur í sér kannski tvenns konar skírskotun. Annars vegar eru þessi svonefndu Evrópufélög, hin merkustu fyrirbæri, því í reynd er þetta liður í algerri samræmingu löggjafar í hinu verðandi evrópska stórríki, að menn geti stofnað einhvers konar Evrópufyrirtæki sem óháð ríkisfangi starfi á öllu svæðinu á grundvelli tiltekinna lagaákvæða þannig að að þessu leyti eru löndin að renna saman og rétturinn.

Hitt sem málið felur í sér og er aðalefni tilskipunarinnar sem hér er á ferðinni er að tryggja aðild starfsmanna í þessum fyrirtækjum eða þátttökufélögum um stofnun Evrópufélags að þessi réttur eða aðild starfsmanna eins og hann er tryggður í landslögum hvers lands haldi sér, hann skerðist á engan hátt. Og hvað er hér verið að tala um, herra forseti? Jú, það er verið að tala um atvinnulýðræði. Það er verið að tala um þann lögvarða rétt sem starfsmenn í mörgum Evrópulöndum eiga til þess að hafa áhrif, sitja í stjórnum fyrirtækja, koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Það er hollt fyrir Alþingi Íslendinga að velta þessu fyrir sér og fá þessa áminningu

vegna þess að óvíða, ef nokkurs staðar í Evrópu, er réttur launamanna lakari að þessu leyti en einmitt hér á Íslandi. Hann er nánast ekki til staðar. Það eru engin pósitíf ákvæði sem tryggja áhrif starfsmanna á stjórnun fyrirtækja, jafnvel ekki stórfyrirtækja eða stórra stofnana sambærileg við þau t.d. sem gilda í Þýskalandi eða Svíþjóð. Það er helst að við *náum samanburði við Suður-Evrópulönd, Spán eða Portúgal*, þar sem þessi réttur er hvað veikastur og nánast á sama grunni og hér.

Það er líka hollt fyrir Alþingi vegna þess að á borðum þingmanna liggur annað frv. um að henda einmitt út úr stjórnum heilbrigðisstofnana fulltrúum starfsmanna en þar hefur þó verið kannski einhver merkasti vísir að atvinnulýðræði sem íslensk löggjöf hefur geymt, að starfsfólk allra stærstu heilbrigðisstofnana í landinu, sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og fleiri slíkra stofnana, hefur átt lögvarinn rétt á fulltrúa sínum í stjórnum þessara stofnana. Og það er eins og við manninn mælt, herra forseti, að vinstri höndin veit ekki hvað sú hægri gjörir. Hér leggur hæstv. ríkisstjórn fyrir tillögu um að tryggja þennan rétt í gegnum þessa Evróputilskipun, að tilurð Evrópufélaga verði í engum tilvikum til þess að réttur starfsmanna að þessu leyti tapist. Þetta mun að vísu því miður hafa hverfandi ef nokkur áhrif hér á landi vegna þess að þessi réttur er ekki til staðar en okkur ber, eins og kunnugt er, að fullgilda tilskipunina engu að síður. En á nákvæmlega sama tíma er ríkisstjórnin á ferðinni með frv. sem gengur algerlega í gagnstæða átt, að draga úr atvinnulýðræði og slá af einhvern merkasta vísi þess sem fundist hefur hingað til í íslenskri löggjöf, þ.e. fulltrúa starfsmanna heilbrigðisstofnana í stjórnum þeirra stofnana.

Svona er þetta nú, herra forseti, og ég taldi ástæðu til þess að vekja athygli hv. þingmanna á þessu. Ég tel að sjálfsögðu að rétt sé að samþykkja þessa tillögu og, ef eitthvað væri, láta þetta verða sér áminning um að það þarf að taka betur á í þessum efnum hér á landi. Við erum verulegir eftirbátar þeirra landa, t.d. hinna Norðurlandanna sem við miðum okkur gjarnan við og trúum því á hátíðisstundum að við séum jafnokar hvað varðar ýmis réttindamál af þessu tagi. Að sjálfsögðu á þetta líka að vera hæstv. ríkisstjórn og okkur öllum hvatning til þess að falla frá þeirri fráleitu hugmynd að slá af stjórnir heilbrigðisstofnana með þeim hætti sem frv. um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu gerir ráð fyrir. Í því fælist m.a. að fulltrúum starfsmanna í þessum *stofnunum yrði hent út úr stjórnunum* eða þeir töpuðu þeim áhrifum á stjórn stofnananna vegna þess að stjórnirnar yrðu hreinlega lagðar niður.

[11:41]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að taka undir orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um atvinnulýðræði og það sem hann gerði að umtalsefni í sambandi við það frv. sem hér liggur fyrir um staðfestingu á EES-samkomulaginu.

Það er alveg rétt sem hv. þm. segir, það er afskaplega lítið um ákvæði um atvinnulýðræði í íslenskri löggjöf. Ég sé þó ástæðu til að minna á frv. sem Samfylkingin lagði fram á síðasta þingi um það að starfsmenn stærri fyrirtækja mundu skipa í stjórnir þess tvo fulltrúa. Það var frv. sem var sniðið að danskri löggjöf og er líklega í fyrsta skipti reynt að *taka á þessu máli með heildstæðum hætti*. Það hlaut góðar undirtektir hjá verkalýðshreyfingunni en varð ekki meira úr. Segja má að hægt sé að átelja verkalýðshreyfinguna fyrir að hafa ekki gefið þessu máli meiri gaum. Það má líka átelja stjórnmálaflokkana hér á landi fyrir að hafa ekki fest betur í löggjöf atvinnulýðræði sem er áhrif starfsmanna í fyrirtækjum vegna þess að þetta er allt að 50 ára gömul löggjöf í Evrópu, mjög vel þróuð í flestum nágrannalöndum okkar. Það er kominn tími til, herra forseti, að við tökum þessa umræðu upp á hinu háa Alþingi og reynum að finna *þessum málum þann farveg sem hentar samfélagi okkar*. Við eigum ekki alltaf að bíða eftir öllu frá Evrópu þó að ég hafi ekki mælt beinlínis á móti því að það gerist í gegnum EES-samninginn. Þetta er svið sem við getum reynt að setja löggjöf um vegna þess að áhrif starfsmanna í fyrirtækjum er brýnt hagsmunamál. Það er skynsamlegt og hefur alls staðar reynst vel þar sem það hefur verið framkvæmt.

[11:43]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég tek undir þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og Ágústi Einarssyni um mikilvægi þess að tryggja áhrif starfsmanna innan fyrirtækja og stofnana. Hins vegar er það ekki alveg rétt sem fram kom í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar að verkalýðshreyfingin hafi verið sofandi á verðinum í þessu efni. Þetta hafa verið kröfur hennar um langt árabil og ég minni á að í kjarasamningum sem opinberir starfsmenn gerðu við ríkið upp úr 1980, ég hygg að það hafi verið 1981, voru sett ákvæði um að tryggja áhrif starfsmanna í stofnunum. Þetta samningsákvæði var aldrei framkvæmt að fullu en þó gerðist það í ýmsum stofnunum. Ég held að það sé frá þessum tíma sem starfsmenn fengu aukin áhrif í heilbrigðisstofnunum og í útvarpinu t.d. fengu starfsmenn fulltrúa í framkvæmdastjórn stofnunarinnar vegna þessara samningsákvæða.

En aðeins í tengslum við þessa umræðu er mjög mikilvægt að fram fari rækileg umræða um þessar þáltill. um EES-samninginn. Ég gat um það í fyrri umr. um þessi ákvæði fyrir fáeinum dögum, þar sem skírskotað er í lög um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum, að fyrir þinginu hefur legið frv. sem miklar deilur risu um milli verkalýðshreyfingar og ríkisstjórnar og hér innan þings einnig og menn fóru rækilega í saumana á einstökum ákvæðum lagafrv. Þegar kemur hins vegar að tilskipunum Evrópusambandsins láta menn þetta fram hjá sér fara án nánari skoðunar. Engu að síður er þarna vísað í réttindi, reglugerðir og lög sem við erum að skuldbinda okkur til að hlíta. Það er mjög mikilvægt að um þetta fari fram umræða. Þetta eru í flestum tilvikum þáltill. sem við erum að samþykkja en engu að síður eru þær skuldbindandi. Ég minni t.d. á að þegar fyrir vorþing kom á sínum tíma bunki af slíkum tillögum var þar að finna eina sem vék að raforkulögum. Þar með var íslenska þingið búið að skuldbinda okkur til að fallast á tilskipanir Evrópusambandsins á því sviði án þess að um það hefði farið fram lýðræðisleg umræða. Ég fagna því að hér virðist vera að vakna aukinn skilningur á þessu og áhugi á að taka tilskipanir Evrópusambandsins til miklu rækilegri umfjöllunar en áður var gert.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:47]

Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, JóhS, JónK, JHall, KF,

KolH, KLM, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.

27 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KPál, LB, MF, ÓÖH, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 754).

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 439. mál (samþykktir fyrir Evrópufélög). — Þskj. 600, nál. 738.

[11:47]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá utanrmn. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2002, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð ráðsins nr. 2157/2001 frá 8. október 2001, um samþykktir fyrir Evrópufélög.

Með reglugerðinni verður félögum sem starfa í meira en einu ríki á svæðinu gefinn kostur á að stofna eitt félag samkvæmt ákveðnum reglum þannig að það geti starfað á grundvelli einna reglna um stjórn o.fl. í stað þess að þurfa að starfa á grundvelli mismunandi reglna í löndum, þar sem félögin hafa útibú. Evrópufélög verða sett á stofn með samruna félaga, sameiginlegu útibúi, eignarhaldsfélagi eða breytingu á félagi sem stofnað hefur verið á grundvelli landslaga. Tilskipun um aðild starfsmanna, nr. 2001/86, gerir ráð fyrir að við stofnun Evrópufélags þurfi að semja um hvernig atvinnulýðræði verði háttað í nýja félaginu og settar ákveðnar reglur ef samkomulag næst ekki.

Innleiðing reglugerðarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og er frestur til að gera nauðsynlegar breytingar á lögum til 8. október 2004.

Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:50]
Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KÓ, KolH, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, VS, ÞSveinb, ÖJ.

25 þm. (ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, GÁS, GunnB, HBl, HjÁ, JÁ, JB, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, LB, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 755).

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 443. mál (rekstrarfélög o.fl.). — Þskj. 615, nál. 739.

[11:50]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá utanrmn. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 103/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Í nefndarálitinu kemur fram um hvaða breytingar er að ræða en meginatriði tilskipunar 2001/107/EB er að bæta við heimild verðbréfasjóða til fjárfestinga í nokkrum öðrum eignum en framseljanlegum verðbréfum og verður þeim þannig m.a. heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða, bankainnstæðum, stöðluðum framvirkum samningum og valréttarsamningum. Meginatriði tilskipunar 2001/108/EB varða hins vegar skipulag rekstrar verðbréfasjóða.

Innleiðing tilskipananna kallar á lagabreytingar hér á landi og er frestur til að gera nauðsynlegar breytingar á lögum til 13. ágúst 2003. Samkvæmt upplýsingum viðskiptaráðuneytisins hefur löggjöf um verðbréfasjóði verið í endurskoðun undanfarið og mun frumvarp þess efnis verða lagt fram á yfirstandandi þingi.

Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:52]
Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, VS, ÞSveinb, ÖJ.

24 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, JÁ, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, ÓÖH, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 756).

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 445. mál (mat á umhverfisáhrifum). — Þskj. 625, nál. 740.

[11:53]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá utanrmn um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2002, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Í nefndaráliti kemur fram um hvaða breytingar er að ræða. Meginmarkmið tilskipunar 2001/42/EB er að tryggja að umhverfisáhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana séu

metin áður en áætlanirnar hljóta endanlega afgreiðslu en samkvæmt efni sínu tekur tilskipunin til skipulagsáætlana og framkvæmdaáætlana sem fjalla um landbúnað, skógrækt, fiskeldi, orku, iðnað, samgöngur, förgun úrgangs, vatnsnýtingu, fjarskipti, ferðaþjónustu og landnotkunarskipulag. *Samkvæmt tilskipuninni skal umhverfismat fela í sér gerð* umhverfisskýrslu sem síðan er kynnt fyrir stofnunum og almenningi. Síðan er kostur gefinn á athugasemdum en ekki er um eiginlegt úrskurðarferli að ræða líkt og gildir um framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Talið er að áætlanir sem falli undir tilskipunina hér á landi, aðrar en skipulagsáætlanir, séu fyrst og fremst samgönguáætlanir, áætlanir um orkuöflun og skógræktar- og landgræðsluáætlanir.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi en efni hennar hefur þegar verið innleitt að hluta til með skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, og skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Frestur til að gera nauðsynlegar lagabreytingar er til 21. júlí 2004.

Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

[11:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er tvímælalaust til bóta að taka upp það verklag sem þessi tilskipun gerir ráð fyrir. Meiri háttar skipulagsáætlanir og meiri háttar framkvæmdaáætlanir sem varða landnýtingu og skipulag eru samkvæmt henni skoðaðar í samhengi við væntanleg umhverfisáhrif strax á frumstigi. Það er hins vegar mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því að þetta hefur engin áhrif á að einstakar tilteknar framkvæmdir verða áfram matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þessu tvennu má ekki rugla saman. Þetta tryggir á hinn bóginn að meiri háttar áætlanir, t.d. um skógrækt í stórum stíl, landgræðslu í stórum stíl, meiri háttar samgönguáætlanir og annað í þeim dúr, verði metið frá sjónarhóli umhverfisins. Mönnum gefst kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri þó ekki sé um eiginlegt úskurðarferli eða kærumöguleika að ræða.

Ég held að hyggja þurfi sérstaklega að þessu efni, herra forseti, fyrir utan það að fara vandlega yfir hvers konar áætlanir, skipulags- og framkvæmdaáætlanir, sem verða matsskyldar eða úttektarskyldar. Ég held að það væri kannski betra hugtak, herra forseti, til að forða ruglingi við hina löggjöfina um mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda, að þetta væri einhvers konar umhverfisúttekt á skipulags- og framkvæmdaáætlunum. Það er náttúrlega mikilvægt að það liggi ljóst fyrir og þar sé fremur notuð rýmri túlkun en þrengri. Það er að sjálfsögðu engin ástæða til að binda sig við mjög þrönga túlkun á þessu fyrirbæri og getur ekki orðið nema til góðs að meiri háttar áætlanir, t.d. á sviði samgöngumála — tökum sem dæmi hina nýju væntanlegu, sem enn að vísu hefur ekki litið dagsins ljós hér á þingi, samræmdu samgönguáætlun sem... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (GuðjG)**:** Það er allt of mikill kliður í salnum.)

Það er komin einhver jólastemmning í menn, herra forseti, þannig ég reyni bara að hækka róminn.

Samkvæmt þessu væri núna unnið að slíkri úttekt, samhliða undirbúningi hinnar samræmdu samgönguáætlunar. Það er ljóst að verkefni sem stundum hefur borið á góma *út frá umhverfisáhrifum, eins og landshlutaverkefni í skóg*rækt, skógræktaráætlanir á stórum skala, mundu samkvæmt þessu falla undir þessa umhverfisúttekt. Framkvæmdir hvers einstaks landeiganda, skógrækt á hverju einstöku býli, væri hins vegar ekki matsskyld vegna þess að hún nær ekki því umfangi sem slík. Hjá hverjum og einum framkvæmdaraðila eru viðkomandi umsvif e.t.v. ekki matsskyld, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, en framkvæmdaáætlunin *í heild mundi hins vegar gilda*, þessi úttektarákvæði.

Sama gilti t.d. um landgræðsluáætlanir. Við getum tekið sem dæmi uppgræðslu Hólasands, uppgræðslu á mjög stóru landsvæði samkvæmt einni langtímaáætlun. Það er nokkuð ljóst að sú áætlun hefði farið í svona úttekt á umhverfisáhrifum áður en henni hefði verið hleypt af stokkunum. Þann skilning legg ég hiklaust í málið.

Hér er nefnt orðið fiskeldi, herra forseti. Heldur betur var tekist á um það hér á Alþingi fyrir ekki löngu hvort áætlanir um stórfellt fiskeldi í sjókvíum á laxastofni af erlendum uppruna ættu að fara í mat á umhverfisáhrifum eða ekki. Tilteknar framkvæmdir af þeim toga voru ekki úrskurðaðar matsskyldar en aðrar sem á eftir komu voru hins vegar taldar falla undir slíka skyldu. Það var í sjálfu sér kostulegt að fyrstu áformin þar sem prinsippákvörðun var tekin um að hefja þetta eldi í stórum stíl, á stofni af erlendum uppruna, voru ekki metin þó að seinni áætlanir væru metnar.

Ég legg þann skilning í að það sé enginn vafi á að stórfelldar framkvæmdaáætlanir af því tagi, um eldi í sjókvíum svo nemur þúsundum tonna, mundu sjálfkrafa fara í slíka úttekt á umhverfisáhrifum. Að vísu ber að hafa í huga að hér er fyrst og fremst verið að vísa til skipulags- og framkvæmdaáætlana sem hið opinbera tengist, þ.e. að framkvæmdirnar eða áætlanirnar hafi með tilteknum hætti opinberan stimpil. Það getur orðið álitamál þegar slíkar framkvæmdir, þó að í stórum stíl sé, eru á hendi einkaaðila.

Að síðustu, herra forseti, vil ég leggja áherslu á það í *þessu sambandi — ég tel það mjög mikilvægt og ég beini* þeim orðum ekki síst til hæstv. umhvrh. — að farið verði yfir það hvaða hugtök á að innleiða og nota í sambandi við þessi tvö algerlega aðskildu ferli. Það blasir við veruleg hætta á hugtakaruglingi ef menn nota orðin mat á umhverfisáhrifum í báðum tilvikum. Þetta er algerlega sitt hvort, annars vegar umhverfisúttekt á skipulags- og framkvæmdaáætlunum, sem mér dettur í hug að nota, og hins vegar hið lögbundna mat á einstökum umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda sem felur á endanum í sér úrskurðarvald og kærumöguleika sem ekki eru til staðar hér. Þessu verður að halda rækilega aðgreindu. Annars er mikil hætta á því að til verulegs ruglings komi.

Það er enginn vafi, herra forseti, á því að ég tel að þetta séu jákvæð vinnubrögð og framfaraskref á sviði umhverfismála, að taka upp þessa úttekt á umhverfisáhrifum skipulags- og framkvæmdaáætlana. Þetta mun auðvitað hafa langumfangsmest áhrif á viðfangsefni sveitarfélaganna, þegar hinar lögbundnu skipulagsáætlanir þeirra verða sjálfkrafa úttektarskyldar með þessum hætti. Ég held að það sé augljóslega skynsamlegt og til bóta. Mætti nefna mörg dæmi um það. Menn hefðu kannski betur hugað að slíku við ákvörðun á skipulagi, hvað skyldu vera iðnaðarlóðir og annað þar fram eftir götunum.

[12:02]

Útbýting þingskjals:

Búnaðargjald, 442. mál, brtt. DrH, þskj. 758.

[12:03]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ekki fer á milli mála að innleiðing þessarar tilskipunar er til mikilla bóta í skipulags- og umhverfismálum á Íslandi. Það verður að segjast eins og er, hæstv. forseti, að það er með þetta mál eins og mörg önnur framfaramál í umhverfismálum að þau hafa komið utan að og þó að menn hafi sagst hafa ríkan vilja til þess að bæta úr hér á landi, þá hefur frumkvæðið svo sannarlega ekki verið hjá íslenskum stjórnvöldum heldur í Brussel. Það er kannski hollt að hugleiða það þegar við afgreiðum heila dembu af þáltill. þar sem innleiddar eru tilskipanir í gegnum EES-samninginn.

Hvað efni þessarar ályktunar varðar get ég tekið undir orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem talaði á undan mér. Hér eru á ferðinni mjög góð vinnubrögð, fyrirmyndarvinnubrögð sem við reyndar höfum oft í hv. umhvn. rætt okkar í milli að hefði mátt innleiða fyrr hér á landi, ég tala nú ekki um þegar rætt var um landshlutabundnar skógræktaráætlanir og aðrar stórar áætlanir sem hafa verið á borði þessarar stjórnar og á borðum hv. þm. á undanförnum missirum. Það sama má auðvitað segja um fiskeldið eins og hér hefur verið nefnt og ég vil benda hv. þm. á að áætlanir um orkuöflun eru líka hér undir og það hlýtur þá líka að vera rammaáætlunin um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem við bíðum öll mjög spennt eftir, herra forseti.

Einnig ber að nefna að landnotkun þarf auðvitað að skilgreinast mun ákveðnar en hefur verið og okkur vantar ramma utan um það hér á landi eins og svo margt annað. Ég hygg að þessi tilskipun og það sem henni fylgir gæti bætt mjög þá skipulagsvinnu líka, hæstv. forseti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:05]

Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, HjÁ, JÁ, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, VS, ÞSveinb, ÖJ.

24 þm. (ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, ÍGP, JóhS, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, ÓÖH, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 757).

Fundi slitið kl. 12:06.

---

58. FUNDUR

föstudaginn 13. des.,
að loknum 57. fundi.

Dagskrá:

1. Úrvinnslugjald, stjfrv., 337. mál, þskj. 367 (með áorðn. breyt. á þskj. 706). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Verkefni Umhverfisstofnunar, stjfrv., 405. mál, þskj. 500 (með áorðn. breyt. á þskj. 698). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 441. mál, þskj. 602 (með áorðn. breyt. á þskj. 649). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Húsaleigubætur, stjfrv., 440. mál, þskj. 601 (með áorðn. breyt. á þskj. 651). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Húsnæðismál, stjfrv., 370. mál, þskj. 416. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Búnaðargjald, frv., 442. mál, þskj. 603 (með áorðn. breyt. á þskj. 695), brtt. 758. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

7. Málefni aldraða, stjfrv., 412. mál, þskj. 518. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

8. Almannatryggingar, stjfrv., 413. mál, þskj. 519. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

9. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 244. mál, þskj. 248. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

10. Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, stjfrv., 245. mál, þskj. 249 (með áorðn. breyt. á þskj. 595). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

11. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 247. mál, þskj. 251. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:07]

Of skammt var liðið frá 2. umr. allra dagskrármála og útbýtingu brtt. 758. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Úrvinnslugjald, 3. umr.

Stjfrv., 337. mál. — Þskj. 744.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:07]

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, DrH, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, JHall, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÖJ.

8 þm. (BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, ÍGP, JB, JBjart, KVM, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, SJS, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 763).

Verkefni Umhverfisstofnunar, 3. umr.

Stjfrv., 405. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 745.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:08]

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb.
4 þm. (ÁSJ, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, ÍGP, JB, JBjart, KVM, KHG, LB, MF, ÓÖH, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 764).

Tekjustofnar sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 441. mál (Jöfnunarsjóður). — Þskj. 746.

[12:09]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Að gefnu tilefni vil ég taka það fram að ég tel að innan 11. gr., sérstaklega með vísan til f-liðar greinarinnar, sé svigrúm til þess fyrir jöfnunarsjóð að taka þátt í eða styrkja sveitarafélög sem verða fyrir mikilli fólksfækkun.

[12:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þessa yfirlýsingu og fagna áliti hans. Ég tek það gilt að hæstv. ráðherra hyggist þá beita því svigrúmi eða þeim lagaheimildum sem hann hefur samkvæmt þessari túlkun til að sjá til þess að í starfsreglum jöfnunarsjóðs verði þá framvegis heimild til að grípa til greiðslu slíkra framlaga þegar það á við og skynsamlega um þær reglur búið t.d. þannig að þetta verði hluti af heildartekjujöfnunaraðgerðum sjóðsins þannig að hægt verði að horfa til þess hver tekjustaða þeirra sveitarfélaga er sem lenda í slíkum áföllum. Og sé hún bágborin og þetta verði viðbótaráfall þá séu greiddar slíkar bætur. Það er held ég mikið sanngirnismál eins og margoft hefur fram komið. Í trausti þess að þetta sé fullnægjandi lausn á málinu mun ég ekki endurflytja brtt. mína og lít svo á að málið hafi fengið farsælar lyktir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:11]
Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÖJ.
22 þm. (ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 765).

Húsaleigubætur, 3. umr.

Stjfrv., 440. mál (greiðsluþátttaka ríkissjóðs o.fl.). — Þskj. 747.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:11]
Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÖJ.
22 þm. (ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 766).

Húsnæðismál, 3. umr.

Stjfrv., 370. mál (niðurfelling skulda). — Þskj. 416.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:12]
Frv. samþ. með 39:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, ÖJ.
nei: PHB.
23 þm. (ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 767).

Búnaðargjald, 3. umr.

Frv. landbn., 442. mál (skipting tekna). — Þskj. 758, brtt. 758.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:12]
Brtt. 758,1 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, ÖJ.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
23 þm. (ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 758,2 samþ. með 41 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.

24 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, JÁ, JB, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 768).

Málefni aldraðra, 3. umr.

Stjfrv., 412. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 518.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:13]

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.

21 þm. (ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 769).

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 413. mál (skerðingarhlutfall tekjutryggingarauka). — Þskj. 519.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:14]

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.

21 þm. (ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 770).

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 244. mál (flutningur aflaheimilda milli ára). — Þskj. 248.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:14]

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, DrH, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS.

12 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, KLM, MF, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 771).

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, 3. umr.

Stjfrv., 245. mál (uppsjávarfiskur). — Þskj. 749 (með áorðn. breyt. á þskj. 595).

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:15]

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.

21 þm. (ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 772).

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 3. umr.

Stjfrv., 247. mál (gjald á aflaheimildir). — Þskj. 251.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:15]

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.

21 þm. (ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, JB, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 773).

[12:16]

Útbýting þingskjala:

Skipulag ferðamála, 447. mál, nál. samgn., þskj. 762.

Stofnun hlutafélags um Norðurorku, 457. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 759; nál. minni hluta iðnn., þskj. 760.

[Fundarhlé. — 12:16]

Fundi slitið kl. 12:46.

---

59. FUNDUR

föstudaginn 13. des.,
kl. 12.52 miðdegis.

Dagskrá:

1. Skipulag ferðamála, stjfrv., 447. mál, þskj. 638, nál. 762. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

2. Stofnun hlutafélags um Norðurorku, stjfrv., 457. mál, þskj. 685, nál. 759 og 760. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Tilkynning um dagskrá.

[12:47]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Um kl. 2.30 í dag verður utandagskrárumræða um horfur í væntanlegum samningaviðræðum EFTA-ríkjanna við Evrópusambandið í tengslum við stækkun sambandsins. Málshefjandi er hv. 3. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon. Hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson verður til andsvara.

[12:47]

Útbýting þingskjals:

Opinber stuðningur við vísindarannsóknir, 357. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 690.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:52]

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu þskj. beggja dagskrármála. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Stofnun hlutafélags um Norðurorku, 2. umr.

Stjfrv., 457. mál. — Þskj. 685, nál. 759 og 760.

[12:53]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um stofnun hlutafélags um Norðurorku frá meiri hluta iðnn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Norðurorku og Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar, þ.e. þeim aðilum sem málið snertir.

Í rauninni er þetta einfalt frv. sem lýtur að því að veita heimild til Akureyrarbæjar, sveitarfélagsins, um að stofna hlutafélag um rekstur Norðurorku. Tilefni frv. má liggja ljóst fyrir, það er að beiðni bæjarstjórnar Akureyrar.

Sambærilegar formbreytingar hafa áður átt sér stað innan orkugeirans. Á ég þar við Hitaveitu Suðurnesja og Orkubú Vestfjarða þegar þeim var breytt með lögum og veitt heimild til að breyta þeim í hlutafélög.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að við þessa formbreytingu haldist áunnin réttindi starfsmanna Norðurorku og jafnframt svokölluð ávinnsla réttinda samkvæmt gildandi kjarasamningum en þeir munu gilda til ársins 2005. Enn fremur kemur fram í nál. frá meiri hluta iðnn. að nefndin telji það mikilvægt að nýir starfsmenn sem ráðnir verða til fyrirtækisins í framtíðinni fái sjálfir að ráða því í hvaða stéttarfélag þeir kjósa að ganga við nýráðninguna eftir umrædda formbreytingu.

Nefndin mælir með samþykkt frv. eftir vandlega athugun, þ.e. að Akureyrarbær fái heimild til þess að stofna hlutafélag um rekstur Norðurorku og leggur jafnframt áherslu á þau réttindi starfsmanna sem ég hef þegar nefnt.

Meiri hluti nefndarinnar leggur þó fram þrjár breytingar á fram lögðu frv. Það er í fyrsta lagi að 4. gr. frv. falli brott en í henni er kveðið á um að stjórn Norðurorku hf. skuli skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara. Nefndin telur að óþarfi sé að hafa þetta í sérlögum um hlutafélag um Norðurorku þar sem við breytinguna hljóti hlutafélagalög að taka gildi og því er eðlilegt að í stað þess að binda fjölda stjórnarmanna í lögum á grundvelli hlutafélagalaga sé það eigandi sjálfur, hluthafafundur, sem ákveði fjölda stjórnarmanna og hverjir sitji þar, þannig að meiri hlutinn leggur til að þessi grein falli brott.

Í öðru lagi er gerð smávægileg orðalagsbreyting í 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. sem felur ekki í sér efnislega breytingu. Það er einungis um orðalagsbreytingu að ræða og í þriðja lagi, herra forseti, er gerð breyting á 7. gr. þar sem eru tekin upp sambærileg ákvæði og alveg samhljóma þeim er lúta að réttindum starfsmanna eins og var gert við breytingu á Orkubúi Vestfjarða og Hitaveitu Suðurnesja. Meiri hlutinn taldi eðlilegt að það ákvæði væri eins í þessum þremur lagabálkum um þrjú skyld fyrirtæki og ekki ástæða til að greina þar á milli, en þetta lýtur að réttindum starfsmanna, m.a. biðlaunaréttindum og því um líku.

Undir nál. rita allir nefndarmenn í meiri hluta hv. iðnn., hv. þm. Hjálmar Árnason, Guðjón Guðmundsson, Pétur H. Blöndal, Ísólfur Gylfi Pálmason, Árni Ragnar Árnason, Kjartan Ólafsson, Bryndís Hlöðversdóttir og Svanfríður Jónasdóttir en fulltrúi Vinstri grænna skilar séráliti.

[12:58]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Við fjöllum um frv. til laga um stofnun hlutafélags um Norðurorku en eins og fram kom hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni skila ég sem nefndarmaður í iðnn. minnihlutaáliti hvað varðar þetta mál. Allir aðrir nefndarmenn í iðnn. skrifa undir álit meiri hlutans um að heimila skuli stofnun hlutafélags um Norðurorku.

Ég vil áður en ég geri grein fyrir nefndaráliti mínu átelja harðlega þann flumbrugang sem er viðhafður varðandi þetta mál. Það liggur ljóst fyrir að bæjarstjórn Akureyrar samþykkti málið fyrir sína parta í byrjun mánaðarins þannig að

nægur tími átti að vera til þess að gefa Alþingi og nefndarmönnum í iðnn. svigrúm til að vinna þetta mál af kostgæfni. Málarekstur var þannig að málið kom inn í þingið í gær og haldinn var nefndarfundur í iðnn. í morgun. Þar var einungis mættur fulltrúi iðnrn. með skýringar á málinu. Að vísu voru umsagnir frá bæjarstjórn Akureyrar eða stjórn Norðurorku og Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar. Ég tel að það hefði þurft að fara yfir mjög mörg atriði og fá umræður og skýringar á þeim. Ég fór yfir það í fyrri ræðu minni að það eru atriði eins og tenging vatnsveitunnar við þetta fyrirtæki. Ef litið er til framtíðar með hlutafélagavæðingu, þá er alveg hugsanlegt að lítill eða stór hluti þessa fyrirtækis verði seldur. Í 5. gr. laganna, eins og meiri hlutinn leggur til, er sagt: „Norðurorka hf. tekur við einkarétti Akureyrarbæjar og Norðurorku til starfrækslu hita- og rafveitu" — en síðan er að mínu mati álitamál — „og yfirtekur skyldu Akureyrarbæjar til starfrækslu vatnsveitu á Akureyri. Norðurorka yfirtekur þá samninga sem gerðir hafa verið um vatnssölu eða rekstur vatnsveitu í öðrum sveitarfélögum."

Reyndar hefur meiri hlutinn gert þá brtt. í nál. sínu að 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. orðist svo samkvæmt meirihlutaálitinu: „Norðurorka hf. yfirtekur samninga sem Norðurorka hefur gert um vatnssölu eða rekstur vatnsveitu í öðrum sveitarfélögum."

Það er skylda sveitarfélaga að reka vatnsveitur og tryggja aðgengi að vatni fyrir alla þegna sveitarfélaganna. Vatnsveitur heyra undir félmrn. samkvæmt lögum. Þess vegna er að mínu mati mjög mikilvægt að setja þetta skýrar fram.

Í fyrri ræðu minni gerði ég einnig að umtalsefni þann ásetning sem fram kemur í 6. gr., að stjórn Norðurorku setji gjaldskrár um verð á seldri orku og vatni til notenda og að gjaldskrár fyrir sölu á rafmagni og heitu vatni öðlist eigi gildi fyrr en þær hafi verið staðfestar af iðnrh. Þetta kemur fram í 6. gr. og var birt í Stjórnartíðindum. En það segir jafnframt í 6. gr. að gætt skuli almennra arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár og að gjaldskrá vatnsveitu byggist á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991.

Sveitarfélög sem hafa rekið hitaveitur og rafveitur hafa sem kunnugt er í mörgum tilfellum ekki sett fram ýtrustu arðsemiskröfur. Menn hafa sagt sem svo að arðsemi upp á 7% væri ásættanleg en það má velta því fyrir sér hvort ráðuneytið mundi ekki samþykkja, á grundvelli svona lagatexta, að gætt skuli almennra arðsemissjónarmiða. Með því væru menn komnir í háar tölur, ef nýir eigendur sem gætu keypt sig inn í fyrirtæki krefðust ýtrustu arðsemi mundu þeir jafnvel gæla við miklu hærri tölur en 7% sem hefur verið viðmiðunararðsemi. Þá er spurning hvort menn sætti sig við arðsemi upp á 12%, 18% eða kannski 25%, eins og sumir vilja meina að sé hæfileg arðsemi fyrir slík fyrirtæki.

Ég tel ákaflega mikilvægt fyrir íbúa á Akureyri að geta áfram notið lækkunar á orkuverði, sérstaklega frá hitaveitu. Rafveitan hefur staðið vel og afhent bæjarbúum ódýra orku. En á síðustu árum hefur hitaveitan verið að rétta sinn hag og bæjarbúar notið þess í lækkun á orkuverði til notenda. Það er ástæða til þess að staldra við ef menn ætla að fara að fylgja almennum arðsemissjónarmiðum og hvort það muni leiða til þess að gjaldskráin hækki verulega, geri menn kröfu um að fyrirtækin skili miklum arði.

Ég greindi frá því við 1. umr. að Vinstri hreyfingin – grænt framboð væri andvígt þessu frv. Ég tel að hér sé verið að rugla saman hlutum. Í umræðu um nýtt orkuumhverfi, sem er að vísu skammt á veg komin, er því haldið fram að menn skuli afmarka rekstur sinn og gera kröfu um gegnsæi þannig að menn séu ekki að blanda saman ólíklegustu hlutum. Þetta frv. til laga, ásetningurinn sem fram kemur í 3. gr., gefur klárlega annað til kynna.

Af því að hv. þm. Pétur Blöndal er kominn í salinn, sérfræðingur um lagaklæki hvað varðar fyrirtæki og fyrirtækjasamsetningar, langar mig að spyrja hann, í framhaldi af þessum bollaleggingum, hvort hann telji fyrir sína parta — hv. þm. á sæti í iðnn. og skrifar undir þetta meirihlutaálit — það heppilegt samkrull að blanda saman kaldavatnsveitum og öðrum orkuveitum, rafveitu og hitaveitu, eins og getið er um í 5. gr.

Síðan væri gaman og gagnlegt fyrir þingið að fá álit hv. þm. á 3. gr., varðandi tilgang Norðurorku hf. Þar kemur ýmislegt fram. Tilgangurinn er samkvæmt því orkurannsóknir, vinnsla og framleiðsla raforku, varma, vatns og hvers konar annarra auðlinda, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu og búnað fyrirtækisins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Þetta er stór og mikill listi. Á grunni 3. gr. lítur út fyrir að þetta fyrirtæki geti haslað sér völl á nánast hvaða sviði sem er. Þá fer lítið fyrir tilganginum með öllum þessum þremur fyrirtækjum, þ.e. að afhenda kalt vatn, afhenda og framleiða rafmagn og afhenda heitt vatn til húshitunar og annars. Það er full ástæða til að velta þessum hlutum fyrir sér.

Ég hefði talið að þetta frv. hefði alls ekki átt að koma fram fyrr en hið háa Alþingi hefði afgreitt nýtt raforkulagaumhverfi. Þar stendur þingið frammi fyrir miklum breytingum. Þar eru áformaðar miklar breytingar sem, eins og ég sagði áðan, ganga í berhögg við það sem getið er um í 3. gr. þessa frv. og e.t.v. einnig að stórum hluta í 5. gr. Menn virðast þar gera ráð fyrir gagnsæi sem gerir það að verkum að ekki megi blanda saman rekstri. Sum af þeim atriðum sem getið er um í 3. gr., eins og að tilgangur Norðurorku sé að vera í viðskipta- og fjármálastarfsemi og nýsköpun af ýmsu tagi, virka einkennilega. Af hverju er ekki valin sú leið að nýta til þessa atvinnuþróunarfélög sem bærinn tæki beinan þátt í í stað þess að binda slíkan stuðning við orkufyrirtæki og vatnsveitu bæjarins?

Virðulegi forseti. Það er fyrst og fremst út frá þessum atriðum sem við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjumst gegn því að frv. til laga um stofnun hlutafélags um Norðurorku verði samþykkt. Ég segi í nál., virðulegi forseti, á þskj. 760, 457. máli, að minni hlutinn, þ.e. ég, leggist eindregið gegn samþykkt frumvarpsins. Ég tel það í grundvallaratriðum ranga stefnu að hlutafélagavæða velferðarþjónustu og stoðkerfi samfélagsins á borð við orkuveitur. Reynslan kennir að slíkt kemur notendum í koll þegar til lengri tíma er litið auk þess sem skorið er á lýðræðisleg yfirráð yfir grunnþjónustu í samfélaginu með því að breyta þjónustustofnunum af þessu tagi í hlutafélög. Frumvarpið er auk þess mjög seint fram komið og hefði þurft á miklu nánari skoðun að halda. Einnig tel ég að líta beri á að áður en ráðist er í breytingar af þessu tagi þurfi að liggja fyrir mótuð heildstæð framtíðarsýn í orkumálum landsmanna.

Virðulegi forseti. Eitt af stóru málunum í þessu samhengi er að heildarsýn á orkumálin hefði þurft að liggja fyrir. Maður skilur ekki hvers vegna keyra þarf þessi mál í gegn á örskömmum tíma. Þingmenn hafa haft einn dag til þess að meðtaka þetta frv. og á iðnaðarnefndarfundi í morgun

gafst ekki ráðrúm til að kalla til þá aðila sem maður hefði viljað heyra í í þessu sambandi, t.d. fulltrúum starfsmanna. Það var bara fulltrúi frá iðnrn. sem mætti á fundinn. Við hefðum gjarnan viljað heyra í fulltrúum starfsmanna og líka ræða við bæjaryfirvöld, bæjarstjórann, formann Norðurorku og forstjóra Norðurorku svo að einhverjir séu nefndir. Ég held að það hefði verið mjög gagnlegt.

Í röksemdarfærslu með frv. er sagt að þetta sé heppilegra út af hugsanlegu samstarfi við nágrannasveitarfélög. Það hefði ekki heldur verið úr vegi að nefndin hefði fengið að heyra beint í aðilum frá Eyjafjarðarsveit, Arnarneshreppi og Svalbarðseyri svo að eitthvað sé nefnt, en þessir aðilar hafa lýst áhuga á nánari samvinnu að mér skilst við Norðurorku hvað varðar orkuafhendngu inn á þessi svæði. Raunar sinnir Vatnsveita Akureyrar þjónustu á sumum af þessum svæðum jafnvel við sveitabæi á svæðinu. Ég tel málið mjög flaustурslega unnið og vil að miklu leyti skrifa það á vinnubrögð iðnrn. Það liggur ljóst fyrir að bæjarstjórn Akureyrar afgreiddi þetta mál í byrjun desember. Samkvæmt því hefði átt að vera nægur tími fyrir höndum. Mönnum var einnig kunnugt um að þessi vinna væri í gangi þannig að kynningarstarfsemin hefði eflaust getað farið fram í nóvember, ef menn hefðu viljað fá forsmekk af því sem koma skyldi. Það er alveg óþolandi að vinna með þeim hætti sem hér er lagt upp með.

Þetta er ekkert nýtt. Þetta virðist ætla að gerast á hverju ári. Á sama tíma í fyrra vorum við með formbreytingu á Orkuveitu Reykjavíkur yfir í sameignarfélag. Þar voru menn á elleftu stundu með breytingarnar og þurftu að vinna öll þau mál í hasti. Hefði verið meiri tími þá til ráðstöfunar hefðu menn kannski staðið aðeins betur að málum en raun bar vitni. Mér er hins vegar sagt að formbreytingin yfir í sameignarfélag, hvað varðar Orkuveitu Reykjavíkur, hafi í öllum aðalatriðum gefist mjög vel. Það er form sem við hjá Vinstri heyfingunni – grænu framboði værum fremur tilbúnir að skoða, vilji menn þjóna stærri svæðum, t.d. Eyjafjarðarsvæði með Norðurorku. Eins hvers konar samvinnufélag eða samvinnurekstrarform í tengslum við önnur sveitarfélög á svæðinu hefði fremur getað komið til greina að okkar viti. Við teljum ekki nauðsynlegt að fara yfir í stofnun hlutafélags til að nýta þá möguleika sem menn eru að tala um hvað þetta varðar.

Mikið af tíma hv. iðnn. hefur farið í að ræða réttarstöðu starfsmanna. Í greinargerð með frv. er töluvert fjallað um það. Einnig barst bréf frá Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar þar sem greint var frá stöðu starfsmanna. Staðreyndin er sú að greinargerðir duga lítið þegar á hólminn er komið, eftir að lög sem þessi hafa verið samþykkt. Maður verður að ætla að góður ásetningur þeirra sem stjórna muni að einhverju leyti tryggja stöðu starfsmanna en reynslan sýnir að loforð sem þessi geta verið fallvölt. Staða starfsmanna er því tryggð, alla vega næstu árin og réttindamál þeirra í þessu sambandi.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. Ég hef gert grein fyrir nál. minni hluta iðnn. og læt máli mínu lokið.

[13:16]

Útbýting þingskjals:

Frestun á fundum Alþingis, 483. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 788.

[13:17]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson og hv. þingmenn Vinstri grænna eru á móti hlutafélagaforminu eins og ég skil ræðu hv. þm. og reyndar hefur það komið fram áður í þinginu. Ég velti því mjög fyrir mér, er ástæða til að hafa þessar áhyggjur sem hv. þm. hefur af því að íbúar Akureyrar fái nánast ekki raforku? Mér finnst hann hafa óþarflega miklar áhyggjur af því að með því að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag sé verið á einhvern hátt að ganga á rétt bæjarbúa eða koma málum svo fyrir að þeir geti ekki verið öruggir um að fá afhenta raforku í framtíðinni. Þessar áhyggjur eru algerlega óþarfar því að að sjálfsögðu munu lög í landinu kveða á um það hér eftir sem hingað til að það eru ákveðnar skyldur sem fylgja því eða sem verða lögfestar í nýjum raforkulögum hvað það varðar að afhenda raforku. Ef áhyggjurnar sem hv. þm. hefur eru í tengslum við hlutafélagaformið sem slíkt, að fyrirtækið fari að okra á bæjarbúum, þá finnst mér hann ganga nokkuð langt.

Þetta snýst líka að verulegu leyti um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga. Þarna er sveitarfélag sem biður um þetta, vill reka þetta fyrirtæki í hlutafélagaforminu. Er þá ástæða til þess að Alþingi taki fram fyrir hendurnar á viðkomandi bæjarfélagi? Þar að auki höfum við verið að samþykkja sambærileg lög fyrir önnur sveitarfélög.

[13:19]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. telur greinilega að með því að tyggja sömu tugguna nógu oft þá fari almenningur að trúa því. Og að tryggja þá tuggu endalaust að Vinstri hreyfingin – grænt framboð sé á móti hlutafélagaforminu er rangt. Eins og fram kemur í nefndaráliti okkar — mér gengur mjög erfiðlega að koma þessu til skila til hæstv. iðnrh. vegna þess að hún vill greinilega ekki meðtaka það. Við segjum að í velferðarþjónustu og stoðkerfi viljum við hafa félagslegan rekstur. Hitaveita, rafveita og vatnsveitur eru stoðkerfismál. Hver lætur sér detta í hug að hafa áhyggjur af því að ekki verði afhent rafmagn, heitt vatn eða kalt vatn? Málið snýst ekki um það. Málið snýst um að reynsla annarra af hlutafélagavæðingu þar sem menn vilja fá hámarksarð er klár. Hún er sú að verðlagning þjónustunnar hækkar eðli málsins samkvæmt. Við getum borið okkur saman við löndin í kringum okkur, Svíþjóð, Noreg og fleiri lönd, verðlagningin fer upp og það er ekkert óeðlilegt vegna þess að í 6. gr. er beinlínis getið um það að gætt skuli almennra arðsemissjónarmiða. Hvað eru almenn arðsemissjónarmið? Þau geta verið frá 7% sem er algengt í dag og upp í 25% þess vegna.

[13:21]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að raforkumál séu ekki hluti af velferðarþjónustunni. Ég get ómögulega fallist á það. Það sjáum við þegar við horfum í kringum okkur að ekki er litið þannig á málið í öðrum löndum, enda er verið að taka upp frelsi í sambandi við raforkumálin og það eru ekki mörg ár þar til fólk getur ákveðið sjálft hvaðan það kaupir raforkuna þannig að Akureyringar geta þess vegna farið að kaupa raforku hjá Orkuveitu Reykjavíkur eða guð má vita hvaðan eftir nokkur ár. Þetta er það fyrirkomulag sem við erum að taka upp og tengist reyndar ekki beint þessu frv.

Hv. þm. talaði áðan um að málið væri seint fram komið og ég get alveg tekið undir það, málið er mjög seint fram

komið. En það fór hins vegar með eins miklum hraða og mögulegt var eftir að bæjarstjórn Akureyrar hafði samþykkt að breyta Norðurorku í hlutafélag og komið þeim boðum áleiðis til okkar. Málið þurfti síðan að fara í þetta ferli sem er ríkisstjórn og þingflokkar stjórnarflokkanna og undirritun forseta Íslands. Þetta er því heilmikill prósess sem fer í gang áður en málum er dreift á hv. Alþingi. Það er ástæðan fyrir því að tíminn er ekki meiri. En ég minni á að sambærileg mál hafa farið í gegnum þingið á mjög stuttum tíma frá öðrum sveitarfélögum sem varða orkufyrirtækin þannig að þetta er ekkert einsdæmi og mér hefði þótt það leiðinlegt ef við hefðum þurft að bregðast Akureyringum í þessu miðað við það að við höfum tekið mjög jákvætt á málum varðandi bæði Suðurnes og Reykjavík.

[13:23]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn á ný gerir hæstv. iðnrh. sér leik að því að snúa út úr eða látast misskilja. Ég segi í nefndaráliti mínu og ég hef margoft sagt það í ræðu að mér dettur ekki í hug að kalla hitaveitu, rafveitu eða vatnsveitu velferðarþjónustu. Það er útúrsnúningur vegna þess að ég sagði áðan og sagði í nefndarálitinu að við litum á það sem stoðkerfisþjónustu. Það er þá illa komið fyrir landinu með byggðamálaráðherra sem getur ekki skilgreint hvað er velferðarþjónusta og hvað er stoðkerfisþjónusta landsins sem tryggir velferð af öllu tagi. Það er þetta sem ég segi í nefndarálitinu og þetta er ósköp einfalt. Þar erum við á móti hlutafélagavæðingu. Við höfum aldrei lagst gegn hlutafélagaformi þar sem það á við. Við viljum að velferðarþjónusta og stoðkerfisþjónusta landsins sé á félagslegum grunni og það eru engin rök, virðulegi forseti, þegar hæstv. iðnrh., byggðamálaráðherra landsins, segir að allir séu að gera þetta, það eru engin rök. Við erum í 103 þúsund ferkílómetra landi, dreifbýlasta landsvæði, ríki í Evrópu, og þar þurfa að gilda allt önnur lögmál miðað við það sem er að gerast í Mið-Evrópu. Það er það sem við þurfum að hafa að leiðarljósi. Auðvitað leiðir markaðsvæðing og hámörkun arðsemi af hlutafélagavæddu fyrirtæki til þess að þjónustan hækkar. Ég er ekki að tala um að skorið verði á hana. Ég hef aldrei sagt það, hef aldrei verið með slíka framsetningu. En ég benti á að hætta væri fyrir hendi samkvæmt reynslu annarra að verðlagning þjónustunnar hækkaði.

[13:25]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni að stoðkerfið tryggir og treystir velferð. Og þegar hæstv. iðn.- og viðskrh. heldur því fram að orkukerfin hafi ekkert með velferð að gera þá er það mikill misskilningur. Mig langar til að taka lítið dæmi þar að lútandi.

Í London og París er búið að einkavæða raforkuþjónustuna. Það er franskt fyrirtæki sem rekur slíka þjónustu þar og nú er svo komið að búið er að keyra verðið á raforku svo hátt upp að margt fólk hefur ekki efni á því að hita híbýli sín og elda með raforku. Þetta er staðreynd. Í Bretlandi eru menn núna farnir að tala um orkufátækt, þ.e. fólk sem hefur ekki efni á því að nýta raforku í híbýlum sínum og til matargerðar.

Frakkarnir munu afskaplega hrifnir af því fyrirkomulagi sem er í Bretlandi þar sem menn hafa komið upp rafmagnsmælum. Fólk greiðir í mælinn og svo rennur tíminn út og þá slokknar á rafmagninu. Þetta finnst Frökkum afskaplega sniðugt vegna þess að þá sleppa menn við að rukka heimilin, rukka fátæku heimilin sem ekki búa við velferð, þá velferð að hita hýbýli sín með rafmagni. Ég held að það kæmi á margan manninn í vetrarkuldunum í Bretlandi þar sem slökkt hefur verið á rafmagninu að hlusta á hæstv. iðnrh. Íslands tala um velferð og skilgreina hana. Þetta eru bara staðreyndir. — Nú hristir hæstv. ráðherra höfuðið. Þetta er út í hött náttúrlega og vitleysa en þetta eru staðreyndir, þetta eru bara staðreyndir. Og það eru staðreyndir sem við höfum vitnað í við þessa umræðu um afleiðingar þess að hlutafélagavæða og einkavæða slíka þjónustu.

Ég tók tvö dæmi í umræðunni í gær. Ég byggði málflutning minn upp annars vegar með því að sýna fram á að sú þjónusta þegar hún væri komin í hlutafélagsform væri ótryggari vegna þess að eigendurnir hlypust undan merkjum og þeir færu frá þessum stofnunum og þessum fyrirtækjum einmitt þegar mest ríður á að þeir sýndu henni trúnað. Þá er hlaupið á hlutabréfamarkaði eðli máls samkvæmt þangað sem arðurinn er mestur, þangað sem mestan arð er að hafa.

Ég tók dæmi af tveimur fyrirtækjum sem eiga núna í miklum erfiðleikum, British Energy sem sér Bretum fyrir 25% af rafmagni og hefur núna ítrekað sent út viðvörun um að án frekari aðstoðar frá hendi hins opinbera stefni í gjaldþrot fyrirtækisins. Hlutabréf í fyrirtækinu kolféllu í september sl. þrátt fyrir neyðaraðstoð bresku ríkisstjórnarinnar að upphæð 410 millj. breskra punda sem veitt er til þess að tími fengist til að endurskipuleggja fjármál fyrirtækisins.

Hitt dæmið sem ég tók var hlutafélagið Vivendi. Hlutabréf í því fyrirtæki hafa fallið um 80% á einu ári. Og hverju kenna menn um? Menn kenna um að eigendurnir hafi braskað með hluti, með fjáreign sína á sama hátt og verið er að opna fyrir með þessu frv. því að hér er sérstaklega vikið að því í 3. gr. frv. að fyrirtækið eigi að geta tekið þátt í viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Við höfum dæmi hér handan við Austurvöllinn af slíkum viðskipta- og fjármálaævintýrum eða muna menn það þegar síminn, Landssími Íslands, hf. núna, tapaði í einu vetfangi 500 millj. á braskævintýri í Bandaríkjunum, 500 millj. kr. á braski? Verið er að opna á slíkt í þessu frv. Ég er að taka dæmi um það að í orkugeiranum er þetta að gerast núna í Bretlandi, í Frakklandi og víðs vegar um heiminn. Vivendi er reyndar fremur inni í vatnsbúskapnum. Það er annað frv. sem liggur fyrir þinginu frá ríkisstjórninni, það er að hlutafélagavæða Gvendarbrunnana, að gera vatnsveiturnar í landinu að hlutafélögum og opna væntanlega fyrir það að þar verði braskað með hlutina. Vilja menn þetta?

Hitt atriðið sem ég nefndi laut að arðseminni. Þegar fyrirtæki hættir að vera þjónustufyrirtæki eða stofnun sem veitir þjónustu og starfar á gerbreyttum grunni til þess að skapa eigendum sínum arð þá verður grundvallarbreyting á starfseminni að sjálfsögðu. Ég vitnaði lítillega í greinar sem hafa verið að birtast í norskum blöðum upp á síðkastið þar sem farið hefur verið inn á þessa braut. Þar er það að gerast að orkuverðið hefur rokið upp á við. Norsk raforkufyrirtæki raka saman milljörðum, segir í frétt sem birtist í Dagbladet 22. september sl.

„Þeir hafa komist upp með að kjafta verðið upp hvert haust, segir framkvæmdastjóri neytendaráðsins, Per Anders Stalheim."

Hér vitna ég, með síðbúnu leyfi forseta, í þessa grein eða þýðingu á þessari grein í Dagbladet 22. september og þar heldur áfram, með leyfi forseta:

„Í sumar rauk verðið á raflínuleigunni, dreifikerfinu upp. Ástæða: Við notum of lítið rafmagn. Nú þýtur rafmagnsverðið einnig upp. Ástæða: Við notum of mikið rafmagn. Þetta er markaður þar sem menn háfa inn peninga, segir Stalheim." — Þetta eru neytendasamtökin norsku sem eru að tala — „... þar sem menn háfa inn peninga. Verðhækkunin nemur allt að 30% hjá einstökum rafmagnsnotendum. Hagnaðurinn í rafmagnsgeiranum er einnig ævintýralegur. Árið 2000 var hagnaður norskra rafveitna um 11,6 milljarðar norskra króna og rafveiturnar greiddu 3,7 milljarða í arð til eigenda sinna."

Nú er hæstv. ráðherra náttúrlega rokinn á dyr vegna þess að nú er farið að tala um staðeyndir. Nú sleppir nefnilega klisjunum, nú sleppir klisjutalinu og farið er að tala um staðeyndir. Þá rjúka menn á dyr. Þá hefur enginn tíma til að hugsa eða nennu eða vilja. En þetta eru staðreyndir. Þetta eru upplýsingar sem okkur eru að berast frá löndunum í kringum okkur, þeim ríkjum sem við miðum okkur við. Ég tek eftir því að Samfylkingin er heils hugar sammála þessu. (**BH:** Mjög gott mál.) Mjög gott mál og menn hverfa að sjálfsögðu úr salnum. Hv. þm. Gísli Einarsson situr hér og reyndar nikkar með velþóknun yfir þessu frv. Það er aðeins Vinstri hreyfingin – grænt framboð sem hefur haft uppi andóf, gagnrýni og málefnalega gagnrýni. Nú er ég að vitna í norska fjölmiðla sem greina frá því hvað er að gerast þar í landi eftir að þessi búskapur var einkavæddur og menn fóru að hirða arð út úr honum, 3,7 milljarða norskra kr. á árinu 2000 — við getum margfaldað það með tíu sem þeir eru að hirða upp — með þeim afleiðingum að einstakir notendur borga 30% meira fyrir orkuna. Þeir eru að háfa inn hagnaðinn, segja norsku neytendasamtökin. Og hér heldur áfram í *þessari grein, með leyfi forseta:*

„Nú tilkynna rafveiturnar um mikla hækkun rafmagnsverðs. Þeir rotta sig saman um verð á hverju hausti, segir Stalheim. Hann upplýsir að 80–90 norskar rafveitur þurfi aðeins 4–5 norska aura, 50–60 íslenska aura á kwst. til að vera reiknað með hagnaði. Allar rafveitur í Noregi væru reknar með hagnaði ef raforkuverð væri 15–20 norskir aurar á kwst. Nú verða menn að greiða allt að tvöfalt hærra."

Síðan er meira. Þetta er mjög fróðleg grein, mjög fróðleg lesning. Það er athyglisvert að það er alveg sama hvaða rök eru reidd fram, þeim er aldrei svarað, röksemdum er aldrei svarað. Menn bregaðst aldrei við upplýsingum. Menn koma aðeins með hótfyndni. (**Gripið fram í:** Lítið frv.) „Lítið frv.," segja þeir. „Þetta er formbreyting. Af hverju á ekki að verða við beiðni Akureyringa?" Hvers konar barnaskapur er þetta?

Svo segir enn í þessari grein, með leyfi forseta:

„Eftir að rafmagnsmarkaðurinn var gefinn frjáls hafa notendur getað skipt um rafmagnsseljendur en þau fyrirtæki sem hafa flesta viðskiptavini eru langt í frá með lægsta rafmagnsverðið."

Takið eftir þessu: Eftir að rafmagnsmarkaðurinn var gefinn frjáls hafa notendur getað skipt um rafmagnsseljendur en þau fyrirtæki sem hafa flesta viðskiptavini eru langt í frá með lægsta rafmagnsverðið.

„Það hefur verið einfaldara að fá allt rafmagnsverðið á einum reikningi. Ég fæ sífellt hringingar frá notendum sem segja að þeir hafi ekki hugmynd um hve mikið þeir greiða fyrir rafmagnið. Fólk fær stanslausa reikninga."

Síðan er vitnað í rafmagnsverð hjá aðskiljanlegum fyrirtækjum. Engu að síður er ein lína svona eins og hjá olíufyrirtækjunum hér á landi um verðlagið. Þau rotta sig saman á hverju hausti, segir talsmaður norska neytendaráðsins. Á ekkert að hlusta á þetta? Hefur enginn áhuga á að hlusta á hvað er að gerast í löndunum í kringum okkur? Og hefur enginn áhuga á að fylgjast með því að í raunveruleikanum eru þessi hlutafélagavæddu orkufyrirtæki í Bretlandi, Frakklandi og víðar, í miklum fjárhagsvandræðum vegna þess að menn eru að braska með hlutafé. Vivendi er dæmi um það. Hlutaféð hefur fallið niður um 80% á einu ári út af braskævintýrum á við þau sem Landssíminn fór í eftir að hann var gerður að hlutafélagi.

Svo er hér önnur grein eftir Kristoffer Egeberg og Ole Henrik Ystehede sem birtist einnig í Dagbladet þennan sama dag, 22. september. Þar var ítarleg umfjöllun um þetta. Hér segir, með leyfi forseta:

„Stórframleiðendur rafmagns eru grunaðir um að hafa notað klæki á rafmagnsmarkaðnum til að þvinga fram hærra rafmagnsverð og eru nú til rannsóknar hjá fjármálaeftirlitinu. Stóru rafmagnsframleiðendurnir hafa mesta möguleika á að hækka verðið. Þeir eru ekki margir, rétt handfylli, segir Eirik Bonæs deildarstjóri í markaðsdeild fjármálaeftirlitsins. Hann segir norræna rannsókn á þessu hafa forgang."

Rannsókn, við höfum aldrei heyrt um hana hér. Hefur ekkert verið rætt um það á samráðsfundum viðskrh. Norðurlanda, um þróunina í raforkumálum og hvaða afleiðingar markaðsvæðingin hefur haft og hvernig eigendur þessara fyrirtækja háfa arðinn út úr þessari starfsemi, svo að vitnað sé í orð talsmanns norska fjármálaeftirlitsins?

Þetta vildi ég nefna í upphafi, herra forseti, til að svara því að þessi formbreyting sem menn kalla og vísa til, formbreyting á orkubúskapnum, er miklu meira en einhver léttvæg, *lítilvæg breyting. Hún fjallar um grundvallaratriði. Í stað* þess að reka þetta sem þjónustustarfsemi í þágu neytenda og nýta fjármagnið til frekari uppbyggingar eða lækkunar orkuverðs þá er verið að búa til fyrirtæki sem skapar eigendum *sínum arð. Ekki segja mér að það standi ekki til að selja þetta,* aldrei, að það standi aldrei til að selja þetta. (**Iðnrh.:** Við ákveðum það ekki.) Við ákveðum það ekki, segir ráðherrann að sjálfsögðu. Það er bæjarstjórnin og þeir sem þar ráða. En það verður gert. (**KÓ:** Allt í lagi.) Allt í lagi, segir talsmaður Sjálfstfl., allt í lagi. Ég hefði gaman af því að heyra hann, hv. 4. þm. Suðurl., Kjartan Ólafsson, koma hér á eftir og svara þeim rökum sem ég hef sett hér fram fyrst hann segir að það sé allt í lagi að fara inn á þá braut að selja orkuveiturnar. Hann vill ganga lengra. Honum nægir ekki formbreyting hæstv. ráðherra Valgerðar Sverrisdóttur. Hann vill líka selja. Hann vill selja raforkuveiturnar. Og vatnsveiturnar kannski líka? Hvað segir hann þá um þau rök sem ég hef verið að tefla hér fram og þær staðreyndir sem okkur berast frá Noregi, Bretlandi, Frakklandi og víðs vegar að úr heiminum, svo við förum ekki vestur um haf alla leið til Kaliforníu? Eru menn búnir að gleyma Enron-ævintýrinu þar sem leiddi til þess að raforkuverð fór upp úr öllu valdi um gervalla Kaliforníu að undanskilinni einni borg, Los Angeles? Hvers vegna? (**Iðnrh.:** Það er allt annað.) Rafveiturnar þar voru á vegum samfélagsins, í eigu samfélagsins og reknar á vegum *samfélagsins. Allt annað mál, segir hæstv. ráðherra.* Það er það í bland vissulega því þar var glæpsamlegt athæfi á ferðinni. En það er ekki allt annað mál að því leyti að þar var orkubúskapurinn rekinn sem bisness þar sem opnað var á fjárfestingar og fjárfestingarævintýri og þar er tenging yfir í Vivendi, British Energy og þessi fyrirtæki sem standa nú höllum fæti vegna nákvæmlega sömu glæfra að þessu leyti.

„En við erum bara að gera þetta fyrir Akureyringa," segir hæstv. ráðherra. „Þetta er smámál." Það var líka með Suðurnesin, var það ekki, smámál? „Við erum bara að gera þetta fyrir Suðurnesjamenn. Það er smámál. Þetta er formbreyting, pínulítil." En þetta er annað og meira. Við þurfum að móta okkur — og þar tek ég undir orð hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar í nefndaráliti hans þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Enn er á það að líta að áður en ráðist er í breytingar af þessu tagi hefði þurft að liggja fyrir mótuð heildstæð framtíðarsýn í orkumálum landsmanna."

Ég tek undir þetta. Auðvitað á að byrja á þeim endanum. Auðvitað á ekki að láta reka á reiðanum. Auðvitað eigum við að móta okkur heildstæða sýn. Og varðandi það atriði að þetta sé smámál og snúi einvörðungu að Akureyringum þá fór ég yfir það í gær og ég ætla ekki að endurtaka það hver tengslin eru á milli alþjóðlegra samninga sem Íslendingar eru að gera og breytinga af þessu tagi sem við erum að gera á þjónustustofnunum hér innan lands vegna þess að um leið og við erum búin að fallast á það innan ramma GATT-samninganna að markaðsreglur skuli gilda á vissum sviðum þar sem starfsemin lýtur markaðslögmálum þá skiptir formbreyting af þessu tagi miklu máli. Þá skiptir hún miklu máli vegna þess að þá þurfa fyrirtæki hvers lensk sem þau eru að sæta sömu reglum og lögmálum. Þá þurfa þau að gera það. Þegar við erum búin að fallast á grundvallarreglur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar þá skuldbindum við okkur gagnvart þeirri starfsemi sem við höfum einkavætt. Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason hristir höfuðið (**GAK:** Heyrirðu það?) og tyggur. Hann er kannski að tyggja hundasúrur. Ég veit það ekki. Hann er mikið gefinn fyrir þær. (**ÍGP:** Á ég að gefa þér?) En þetta er staðreynd. Ég óttast að Íslendingar séu þarna ekki á varðbergi, að við höfum gefið of mikið eftir í samningum á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Ég óttast að við höfum gert það. Reyndar fáum við ekki nægilegar upplýsingar um þetta. Við fáum ekki upplýsingar frá utanrrn. Við erum ekki ein á báti. Það er um allan heim sem svo er, þ.e. að það er lokað á þessa samninga. Við fáum ekki að vita hvaða kröfur hafa verið reistar á hendur Íslendingum í því samningsferli sem nú á sér stað innan GATT. Það eru tvær þjóðir sem hafa reist kröfur á hendur okkur, Bandaríkjamenn og Japanir. En við fáum ekki að vita hvaða kröfur það eru. Við höfum óskað eftir því og utanrrn. hefur neitað að láta þær uppi. Þetta er allt á bak við tjöldin. Svona gerist þetta, að við þurfum að raða saman ákvörðunum sem við erum að taka svona á Akureyri og á Suðurnesjum og á Íslandi almennt og máta þessar ákvarðanir við alþjóðlegar skuldbindingar sem við erum að gera. Þetta á ég við þegar ég segi að þetta er ekkert einkamál Akureyringa eða bæjarstjórn Akureyrar. Þetta skiptir Íslendinga almennt miklu máli. Reyndar er ég á þeirri skoðun að raforkukerfið í landinu eigi að vera heildstætt og þjóna öllum landsmönnum. Ég hefði kosið að það væri á hendi Landsvirkjunar að sjá um virkjanir en síðan færu rafmagnsveiturnar með dreifingu á rafmagninu, þetta væri gert samfélagslega og staðið þannig að því eins og við höfum reyndar gert þegar við höfum byggt upp raforkukerfi okkar. Þá höfum við gert það sem þjóð, sem samfélag.

Ég hef spurt sjálfan mig um það þegar Reykvíkingar hafa talað um að selja sinn hlut í Landsvirkjun. Jú, að forminu til eru hlutir þar eflaust skráðir á Reykvíkinga 45%. Þeir þyrftu að axla ábyrgð gagnvart virkjunarframkvæmdum í landinu í samræmi við eignarhlut sinn. Ég hef ég trú á að það kunni að vera einhver meiri hreyfing á því máli eftir aðkomu Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs að borgarmálum. Hins vegar er það samfélagið, hvar sem við búum í landinu, sem hefur byggt upp þessa starfsemi, þessa þjónustustofnun sem Landsvirkjun er og við eigum hana öll, allir landsmenn. Þannig eigum við að líta á þessa eign.

Svo ég fjalli áfram almennt um málið þá hef ég af því áhyggjur að með þessu frv. skuli hitaveita og vatnsveita tengd hlutafélaginu. Að vísu er það svo í frv. að hlutafélaginu er falinn rekstur inn, ekki eignarhaldið yfir þessari starfsemi, en hún verður engu að síður nátengd þessu nýja félagi sem kemur til með að stjórna orkubúskapnum á Akureyri og víðar. Að tala um að nauðsynlegt sé að gera þetta til að auðvelda fyrirtækinu að athafna sig á markaði, í samvinnu við önnur sveitarfélög eða önnur byggðarlög, er algerlega út í hött. Það eru til önnur rekstrarform, t.d. byggðasamlög eða sameignarfélög. Sú leið opnar auðveldlega á slíka möguleika.

Þeir sem hafa farið út á þessar brautir, að einkavæða orkuveitur og vatnsbúskap, sjá margir mjög eftir því. Ég held að það sé hægri stjórn sem situr í Hollandi. Er það ekki svo? Engu að síður hefur hún lagt til breytingar og lagafrv. með það að markmiði að tryggja hinu opinbera óskorað eignarhald á vatnsveitum til almennrar notkunar. Þar í landi telja menn að einkavæðing vatnsveitna gangi ekki upp þar sem samkeppni verði eðli máls samkvæmt ekki viðkomið. Þar af leiðandi er talið að tryggja beri hér eftir sem hingað til að almennar vatnsveitur verði í höndum hins opinbera. Þetta eru Hollendingar að gera.

Ég hef stundum sagt að það er furðulegt að íslenska ríkisstjórnin, reyndar þær ríkisstjórnir sem hafa setið hér síðan 1991, virðist hafa leitað uppi öll helstu mistök annarra þjóða til að apa þau eftir, leitað í allar helstu mistakasmiðjur heimsins til að flytja mistökin hingað til lands. (**KÓ:** Þetta er bara miðstýring hjá þér.) Hv. þm. Kjartan Ólafsson, 4. þm. Suðurl., fulltrúi Sjálfstfl. við umræðuna, kallar hér fram í og segir að þetta sé bara miðstýring hjá mér. Ég skil ekki alveg hvert hv. þm. er að fara. Ég er að tala um að tryggja eignarhald almennings, þjóðarinnar, á þessari grunnþjónustu í landinu.

Ég ætla að víkja aðeins að réttindum starfsfólks við þessar breytingar. Ég rek strax augun í það í brtt. sem nú koma fram er ákveðið að slá af stjórn fyrirtækisins, þ.e. að lögbundið sé að í stjórninni sitji tiltekinn fjöldi stjórnarmanna. Það má vel vera að það sé eðlilegt að hlutafélagið sjálft ákveði þetta, enda segir í nál., með leyfi forseta:

„Eðlilegast er að eigandi fyrirtækisins ákveði sjálfur fjölda stjórnarmanna í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög."

Jú, þetta er það sem gerist. Þetta er það sem gerst hefur hjá Símanum, Pósti og síma, eftir að honum var breytt í hlutafélag. Þar voru allar ákvarðanir lokaðar inni og aðgangur starfsmanna að stjórnkerfi þeirra stofnana verið stórlega takmarkaður. Póstur og sími var það fyrirtæki í landinu, sú stofnun í landinu, sem stóð hvað best hvað þetta snertir, aðkomu starfsmanna að stjórn fyrirtækisins. Þeir sátu í stjórn fyrirtækisins. Ég man ekki hvað sú nefnd hét en þar voru haldnir reglulegir fundir og miðlað upplýsingum. Starfsmenn gátu þar komið sjónarmiðum sínum og áherslum á framfæri. Þessu var að sjálfsögðu öllu slátrað við hlutafélagavæðinguna. Menn taka undir það í nál. meiri hlutans og segja að

eðlilegast sé að eigandi fyrirtækisins ákveði sjálfur hvernig þessum málum er hagað. Þetta er bara það sem gerist. Ég vísa aftur í nál. minni hlutans, nál. hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar hvað þetta snertir. Hann segir um hlutafjárvæðinguna, með leyfi forseta:

„Reynsla kennir að slíkt kemur notendum í koll þegar til lengri tíma er litið auk þess sem skorið er á lýðræðisleg yfirráð yfir grunnþjónustu í samfélaginu með því að breyta þjónustustofnunum í hlutafélög." — Þetta er alveg rétt. Þessi tengsl, þessi bönd, eru slitin í sundur.

Hvað varðar réttindi starfsmanna þá er fjallað um þau í 7. gr. frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Allir núverandi starfsmenn Norðurorku skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja fyrirtæki og skulu þeim boðin störf hjá Norðurorku hf., sambærileg þeim er þeir áður gegndu."

Síðan er komin brtt. við þessa grein sem kemur til með að standa og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Fastráðnir starfsmenn Norðurorku skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér."

Síðan er vísað í bíðlaunarétt, sem er mjög mikilvægt að haldi. Ég vil staðnæmast við meirihlutaálitið hvað þetta snertir. Í því segir:

„Meiri hlutinn leggur áherslu á að við breytinguna haldist áunnin réttindi starfsmanna Norðurorku og jafnframt ávinnsla réttinda samkvæmt gildandi kjarasamningum. Þá telur meiri hlutinn eðlilegt að nýir starfsmenn fái að ráða því í hvaða stéttarfélag þeir kjósa að ganga við nýráðningu eftir formbreytinguna."

Þarna er talað um áunnin réttindi og ávinnslu réttinda. Þetta skiptir mjög miklu máli. Ég sé að óskir sem hér voru settar fram í gær við umræðuna hafa verið teknar til greina af hv. iðnn. Það er greinilegt að hún hefur lagst sérstaklega yfir réttindi starfsmanna enda er hér staðhæft að þau verði í engu skert, áunnin réttindi standi og ávinnsla réttinda verði virt. Það er vísað í biðlaunarétt og þegar er talað um réttindi eru menn að sjálfsögðu einnig að tala um lífeyrisrétt þeirra sem starfa við fyrirtækið. Menn hafa síðan að sjálfsögðu þær væntingar, þá er ég að tala fyrir sjálfan mig, að þegar fram líða stundir verði öll hin bestu réttindin í boði fyrir nýráðna starfsmenn fyrirtækisins.

Mér er kunnugt um að iðnn. fékk erindi frá Starfsmannafélagi Akureyrar í gærkvöldi og hefur tekið það til skoðunar á fundi sínum í dag. Ég vil taka undir þau sjónarmið sem koma fram hjá starfsmannafélaginu. Ég tel aðdáunarvert hvernig félagið hefur staðið ötullega að því að reyna að tryggja starfsmönnum réttindi við þessa breytingu sem nýtur því miður meirihlutafylgis á Alþingi.

Mig langar undir lokin að tengja þessa umræðu öðru sem er að gerast á sviði raforkumála. Hér var dreift á borð þingmanna nýju frv. um raforku. Það var líka gert í fyrra. Þá talaði hæstv. viðskrh. fyrir frv. í morgunsárið, daginn sem þinginu var slitið. Ég held að það hafi verið kl. hálffimm. Hún hafði samið um það við þingið að fá að mæla fyrir frv. og aðrir tækju ekki til máls. Hún nýtti sér tímann hins vegar í miklar pólitískar yfirlýsingar og mörgum var mikið mál að fá að taka þátt í þeirri umræðu. En úr því varð ekki. Hér liggur sem sagt annað raforkufrv. á borðum manna. Það vinnst ekki tími til að taka það til umfjöllunar en ljóst er að nauðsynlegt verður að ræða það mjög ítarlega þegar þar að kemur. Það er fagnaðarefni að fá frv. inn til þess að skoða þessi mál.

Ég legg áherslu á mikilvægi þess að taka á orkumálum okkar heildstætt. Það er ekkert einkamál byggðarlags, Akureyrar eða Reykjavíkur, hvernig farið er með þessar dýrmætu eignir okkar. Það er ekkert einkamál Austfirðinga hvað gert er á Austfjörðum. Það er ekki einkamál neins. Það er ekkert einkamál Reykvíkinga hvernig farið er með hlut borgarbúa í Landsvirkjun. Það snertir landsmenn alla. Það eru landsmenn allir sem eiga þessar eignir hvernig svo sem þær eru skráðar. Þar eru sögulegar skýringar að baki.

Í gær ræddum við um samninga við Alcoa. Nú hefur verið send út sameiginleg fréttatilkynning frá Alcoa, iðnrn., Landsvirkjun, Fjarðabyggð og Hafnarsjóði Fjarðabyggðar. Og hvað segir í þessari fréttatilkynningu? Í henni segir, með leyfi forseta, eftirfarandi:

„Samninganefndir Alcoa og Landsvirkjunar luku í dag við gerð raforkusamnings vegna fyrirhugaðs 322.000 tonna álvers Alcoa við Reyðarfjörð. Á sama tíma var lokið vinnu við samninga á milli Alcoa, ríkisins, Fjarðabyggðar og Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar. Lögfræðingar aðila ..." — **(Iðnrh.:** Er þetta eitthvað í sambandi við Norðurorku?) Hæstv. ráðherra kallar hér fram í og spyr hvort þetta sé eitthvað í sambandi við Norðurorku og hvort þetta eigi yfirleitt erindi inn í þessa umræðu. Það er fyrirhugað að slíta þinginu í dag en ég geri mér fyllilega grein fyrir því að hæstv. iðnrh. vill helst enga umræðu um þessi mál, enga. Það er eina áhyggjuefnið við að slíta þinginu að ríkisstjórnin skuli ekki, eftir að þinginu mun hafa verið slitið eða frestað, fá það aðhald sem henni ber. Nú spyr ég hæstv. ráðherra — af því að þetta tengist vissulega orkumálum í landinu: Verður þinginu ekki gerð grein fyrir þessum samningum? Gefin voru fyrirheit um það á sínum tíma að öllum upplýsingum um raforkusamninga yrði miðlað til þingsins. Eru menn búnir að gleyma þessu? Hvenær á að gera það? Á að gera það áður en þinginu verður slitið í eftirmiðdaginn? Hvenær á að gera það? Hæstv. ráðherra leyfir sér að kalla fram í og spyrja hvað menn vilji upp á dekk með því að vekja athygli á samningi sem þegar hefur verið gerður um raforkuverð til Alcoa. Ég óska eftir því að ríkisstjórnin upplýsi þingið um þessa samninga, hvert þetta raforkuverð er. Nú eru að berast upplýsingar og ásakanir frá aðilum víðs vegar í þjóðfélaginu sem hafa verið að fylgjast með þessum málum mjög grannt um að ríkisstjórnin og Landsvirkjun hafi ekki staðið fagmannlega að þeim. Menn eru jafnvel farnir að spyrja hvort þær forsendur sem byggt var á af hálfu japanska fjármálafyrirtækisins sem var Landsvirkjun til ráðgjafar hafi að öllu leyti verið réttar. Menn eru farnir að spyrja þessarar spurningar og það er synd að þingið skuli fresta störfum sínum því að þetta er umræða sem svo sannarlega á heima hér.

Því hefur verið haldið fram að tölur sem gefnar voru upp í skýrslu Sumitomo hafi verið um 20% lægri en Landsvirkjun áætlaði í raun. Getur þetta verið rétt? Mér finnst að ríkisstjórnin og hæstv. ráðherra þurfi að svara þessu. Ég mun finna þessu betur stoð, ég byggi þetta ekki á eigin athugun en ég er að vísa í athuganir sem aðilar sem hafa fylgst grannt með þessum málum hafa nú komið á framfæri og mér finnst mjög mikilvægt að fá upplýsingar um þetta.

Ég tók eftir því í sjónvarpsfréttum um síðustu helgi að þar sagði Stefán Pétursson, fjármálastjóri Landsvirkjunar, að Landsvirkjun gæfi réttar upplýsingar þegar nauðsynlegt væri. Ég held að það hafi verið orðað einhvern veginn svona.

Ég er með þessi ummæli skráð niður. Var e.t.v. ekki nauðsynlegt að gefa Sumitomo réttar upplýsingar? Ég bara spyr. Finnst mönnum þetta vera ábyrgðarlaust tal? Nei.

Ég rakti það við umræðuna í gær hve misvísandi upplýsingar hafa komið frá Landsvirkjun og hæstv. iðnrh. og ríkisstjórninni um þessi mál. Eitt er sagt í dag og annað á morgun. Einn daginn var Norsk Hydro besta fyrirtæki í heimi. Síðan þegar það hafði gengið úr skaftinu var það aldrei traust fyrirtæki. Svona hefur þetta gengið. Einn daginn segir Landsvirkjun að það verði ekki hægt að ganga endanlega til samninga við Alcoa fyrr en allar kostnaðarforsendur liggi fyrir, tilboð í mjög dýra verkþætti hafi verið opnuð og menn hafi gefið sér tíma til að gera rækilega könnun á þeim. Hún hefur ekki farið fram. Og áður en tilboðin voru opnuð var greint frá því að Alcoa-menn væru á leiðinni til landsins og á föstudag yrðu undirritaðir samningar. Hvers konar samningamenn eru þetta eiginlega? Hvers konar handarbakavinnubrögð eru þetta? Einn daginn er sagt að þessi undirritun sem núna eigi sér stað sé ekki endanlegur frágangur og það kann að vera rétt, menn eigi eftir að skoða málin nánar, og í sama orðinu er fullyrt að málið sé fullkomlega frágengið. Formaður Framsfl. sagði það hér um daginn. Svona gengur þetta þvers og kruss. Við eigum eftir að fara mjög rækilega í saumana á þessum málum og þessari gagnrýni og efasemdum sem menn hafa verið að setja fram og ég vona að fjölmiðlar hafi döngun í sér til að kafa í þessi mál og láti ekki hæstv. ráðherra og ríkisstjórn komast upp með endalaust klisjutalið, 14% arðsemi, (**Gripið fram í:** Er arðsemi?) og síðan þegar farið er að ganga á hæstv. ráðherra, ríkisstjórn og Landsvirkjun er neitað að ræða málin nokkuð frekar. Það er bara klisjan, fullyrðingin, ekkert annað. Ég er búinn að reyna það margoft í þingsalnum, ég reyndi það margoft í iðnn. þegar ég sat þann fund, og sérstaklega í efh.- og viðskn., að fá fram umræðu um þetta, núna síðast í sumar, og það hafði ekki nokkur maður áhuga á því, ekki nokkur maður. Ég man ekki betur en hv. þm. Kjartan Ólafsson, sem hefur blandað sér í umræðuna með frammíköllum, hafi sagt á fundi iðnn. í haust að það væri búið að ræða þetta allt til hlítar. Ég man ekki betur. Þetta eru vinnubrögðin og þetta er sá áhugi sem menn hafa sýnt á þessum málum.

Herra forseti. Það frv. sem við erum hér með til afgreiðslu er ekkert smámál. Þetta er stórt mál og það snertir grundvallarþjónustu. Hæstv. iðnrh. hefur reynt að setja þetta upp í það samhengi að þetta snúi að Akureyringum einum, að við megum ekki vera vond við bæjarstjórn Akureyrar. Við verðum að gera þetta fyrir Akureyringa. Þess vegna þurfum við að afgreiða málið í snarhasti. Þetta mál kom inn á borð til okkar fyrir hvað — það verður talið í klukkustundum, ætli það sé ekki fyrir svona 40 klukkustundum eða þar um bil, afgreitt með afbrigðum og hraði. Menn náðu varla að lesa frv.

Að lokum vil ég segja að þótt menn óttist að þegar til framtíðar er litið, og aðrir eigendur hugsanlega komnir til sögunnar, felst í því enginn áfellisdómur á núverandi eigendur, það gerir það ekki, en við erum að tala um hvaða afleiðingar þessar breytingar geta haft þegar til lengri tíma er litið og þar höfum við vísað í reynslu annarra þjóða af hlutafélagavæðingu orkuveitna.

[14:11]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ótrúlegt málþóf sem hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa hér í þessu máli og málflutningur þeirra er ótrúlegur. Hann byggist í raun á mikilli framfarafælni, fælni á því að takast á við framtíðina og takast á við nýja tíma með nýjum hætti. Það er þekkt þegar menn eru fælnir, ég tala nú ekki um ef við förum yfir í dýraríkið, þegar hestar eru fælnir eru sett á þá hestagleraugu og ég held að það þurfi að setja hestagleraugu á hv. þm. þannig að þeir fælist ekki svo mjög framtíðina.

Ég held í raun, herra forseti, að við ættum að fara yfir það hvers vegna Alþingi er að taka ákvörðun og ræða um það hvort sveitarfélagi er heimilt að breyta stofnunum sínum í hlutafélög eða ekki. Það er mín skoðun að Alþingi ætti ekki að hafa með þetta að gera. Sveitarfélögin, sem er annað stjórnsýslustig, ættu að fá að ákveða sjálf með hvaða hætti þau koma rekstri sínum fyrir. Sama á auðvitað við um eignarhaldið. Sveitarfélögin eiga að ákveða það sjálf hvort þau eiga þessar stofnanir sem eru þá rafveitur, hitaveitur eða jafnvel vatnsveitur. Sveitarstjórnirnar eiga að ákveða það sjálfar hvort þær eigi eða selji. Þess eru mýmörg dæmi að sveitarfélög í landinu hafi selt orkuveitur sínar. Má þar nefna að sveitarfélagið Ölfus seldi hitaveitu, sveitarfélagið Hveragerðisbær seldi rafveituna sína. Það var ekki til umfjöllunar á Alþingi og það var ekki í hlutafélagaformi. Þess vegna finnst mér að koma ætti málum þannig fyrir að þetta mál væri utan Alþingis, að Alþingi þyrfti ekki að ákveða hvort sveitarfélög breyta orkufyrirtækjum sínum í hlutafélög eður ei.

[14:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gæti vel trúað að þetta með hestagleraugun komist í fjölmiðla. Það er svona álíka frumlegt og málefnalegt og hundasúrur hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar (**Gripið fram í:** Og stalínisminn.) og framlag hv. þm. Björns Bjarnasonar er náttúrlega alltaf ómetanlegt þegar kemur að stalínismanum. Nú brosir hann út að eyrum þegar farið er að tala um Sovétríkin og Jósef Stalín. Þetta er mjög skemmtilegt.

Ótrúlegt málþóf, málefnaleg fátækt, framfarafælni o.s.frv. Þetta er uppistaðan í gagnrýni hv. þingmanns. Þetta er það sama og menn sögðu þegar við ræddum um gagnagrunninn og 20 milljarðana. Þá hlupu menn á dyr, enginn nennti að hlusta á rök sem sett voru fram eða svara þeim og þá var þetta sama haft uppi.

Hins vegar komu einnig fram málefnalegir þættir í ræðu hv. þingmanns því hann segir: Við eigum ekkert að vera að ræða þetta. Það er hans framlag. Við eigum ekkert að vera að ræða þetta í þinginu, það kemur okkur ekkert við. Það á bara að ákveða þetta í sveitarstjórnunum og þar ganga menn enn lengra og segja: Okkur kemur þetta ekkert við, við eigum bara að láta fyrirtækin gera þetta. En samfélaginu kemur það við hvernig við skipum þessum málum, hvernig við skipuleggjum velferðarþjónustuna í landinu og stoðkerfi á borð við orkuveiturnar, það kemur okkur við. Og hvort sem hv. þingmanni líkar það betur eða verr er Alþingi ætluð sú ábyrgð núna að taka ákvarðanir sem geta reynst örlagaríkar. Við erum að setja lagarammann og það er á okkar ábyrgð að búa hann þannig úr garði að hann þjóni samfélaginu sem allra best. Hins vegar viðurkenni ég að það er sjónarmið sem menn geta haldið fram að þetta eigi að vera utan verksviðs þingsins. Ég er einfaldlega mjög andsnúinn því sjónarmiði.

[14:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þarf ekki miklu að bæta við það sem félagar mínir hafa þegar sagt í þessari umræðu. Ég held að við höfum komið afstöðu okkar í þessu máli skilmerkilega á framfæri. Nú er athyglisvert að heyra hv. þm. Kjartan Ólafsson, sem að vísu hefur sér það til afsökunar að vera lítt þingreyndur maður, koma upp og tala um málþóf eftir að umræða um mál af þessu tagi hefur staðið í kannski eins og eina klukkustund. Ég hygg að hv. þingmaður eigi eftir að læra á þennan heim og átta sig á því að það er tæpast hægt að tala um málþóf og hafa miklar innstæður fyrir því þegar umræða hefur ekki staðið lengur en þetta og þegar þar á ofan er verið að ræða um grundvallarmál. Menn eru að reifa hér, þeir sem á annað borð hafa fyrir því og nenna að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum, viðhorf sín til grundvallarspurninga í pólitík samtímans. Til þess hélt ég að við værum á Alþingi, og til þess hélt ég að við stjórnmálamenn værum í stjórnmálum að gera grein fyrir áherslum okkar og tala fyrir þeim og leggja okkar sjónarmið fyrir. Svo er það kjósendanna að ákveða hverjum þeir fylgja að málum. Ég er hræddur um að hv. þingmaður neyðist til að horfast í augu við það að ekki einasta eigum við rétt á okkar skoðunum í lýðfrjálsu landi heldur á almenningur rétt á því að fylgja okkur og það mun hann gera og hefur þegar gert í þó nokkrum mæli. Ég held því að hv. þm. ætti aðeins að gá að sér áður en hann ætlar sér að afgreiða umræður af þessu tagi út af borðinu með þetta ómálefnalegum hætti og klisjutali af þessu tagi um framfarafælni eða að menn séu ekki nógu nútímalegir og annað í þeim dúr.

Stundum er það þannig, herra forseti, og það er kannski ákveðið innbyggt réttlæti í stjórnmálaumræðunni, stjórnmálarökræðunni, stundum er það svo handhægt að það þarf ekki að svara andstæðingunum af því að þeir afgreiða sig sjálfir. Ég hygg að það eigi við um þetta tilvik. Það þarf stundum ekkert að vera að svara mönnum, þeir dæma sig sjálfir með innihaldslausum og innantómum málflutningi, órökstuddum af því tagi sem hv. þm. prjónaði hér upp í með og ég vona að hafi verið fljótfærni og yfirsjón af honum, hann temji sér vandaðri framgöngu í þinginu og í rökræðunum og komi þá í ræðustólinn og geri grein fyrir sjónarmiðum sínum og rökstyðji þau viðhorf sín að einhver önnur sjónarmið eigi ekki rétt á sér.

Herra forseti. Það sem ég held að blasi hvað skýrast við í sambandi við þetta mál, stofnun hlutafélags um Norðurorku, er að hlutirnir gerast ekki í réttri röð. Það eru veruleg vonbrigði að meiri hluti bæjarstjórnar Akureyrar skuli ekki treysta sér til, eða ekki vilja, að bíða með þessar formbreytingar eða þessa endurskipulagningu á orkufyrirtækjum og -veitum bæjarins þangað til hið nýja lagaumhverfi orkufyrirtækjanna og vatnsveitnanna liggur fyrir eftir setningu nýrra raforkulaga eftir mögulega breytingu á lögum um vatnsveitur og annað sem þar heyrir undir. Þá held ég að séu tilefni til þess að þau sveitarfélög sem svo kjósa skoði hvernig þau haga skipulagningu sinna mála í hinu nýja laga- og starfsumhverfi. Ég tel t.d., herra forseti, að þá ættu menn alveg hiklaust að velja þá leið að ef menn vilja stofna fyrirtæki sem fer inn á væntanlegan samkeppnismarkað í raforkumálum undanskilji þeir einkaleyfis- og einokunarstarfsemi eins og vatnsveitur og rekstur dreifiveitna í sveitarfélögunum fyrir raforku, heitt vatn og rekstur kaldavatnsveitna og hafi frekar í sjálfstæðum fyrirtækjum þá starfsemi sem þeir ætla að setja inn í samkeppnisumhverfi, hvort sem heldur er að framleiða eða flytja raforku. Það er líka það sem það lagaumhverfi mun væntanlega bjóða upp á þannig að ég sé ekki betur en að hér sé verið að stofna til fyrirtækis sem, ef af verður og stofnað verður nú um hátíðirnar og tekur til starfa 1. janúar, muni hvort eð er þurfa að ganga í gegnum veigamiklar breytingar á uppbyggingu sinni innan fárra mánaða, eða missira í öllu falli, ef hin nýju raforkulög verða að veruleika. Og þá er spurningin hvort það sé ekki í raun og veru of snemmt að ráðast út í þessar breytingar hér.

Auðvitað er það þannig, herra forseti, að það er afar mikilvægt að menn fjalli um þessi málefni út frá því hvers eðlis sú starfsemi er sem í hlut á. Margir reyna að láta líta svo út sem hér sé um hvern annan venjulegan atvinnurekstur að ræða í samkeppni á markaði. Svo er ekki. Hér er um þjónustu við almenning að ræða. Það er verið að þjónusta fólk, íbúa sveitarfélaganna, þannig að það fái kalt og heitt vatn inn í hús sín og rafmagn til nota. Þetta er með öðrum orðum, herra forseti, almannaþjónusta og hún byggir á einkaleyfum. Sveitarfélögin hafa einkrétt til þess að stunda þessa starfsemi gagnvart íbúum sínum og það sem meira er, starfsemin er þess eðlis að hún hlýtur að lúta því sem kallað er efnisleg eða fýsísk einokun, náttúrleg einokun. Það er einfaldlega vegna þess að það er ekki nema ein vatnslögn inn í húsið o.s.frv. Þetta verða menn að hafa í huga þegar þeir ræða þessi mál og reyna að láta líta svo út að það sé eins og eðlilegasti og hversdagslegasti hlutur í heimi að breyta starfsemi af þessu tagi yfir í hlutafélög og þess vegna í framhaldinu jafnvel einkavæða hana. Það er ekki svo.

Um nákvæmlega þetta grundvallarspursmál standa mjög harðar deilur víða í stjórnmálum landa, m.a. í Hollandi eins og hv. síðasti ræðumaður var að minna á. Af hverju skyldi það vera? Það er af því að menn átta sig auðvitað á því hversu innarlega víglínan er komin í sambandi við einkavæðingu og markaðsvæðingu svona starfsemi, þ.e. ef veitustofnanir sem eiga að þjónusta almenning um grunnþarfir dagslegs lífs, eins og heitt og kalt vatn eða rafmagn inn í húsin, eru settar á þetta markaðstorg. Þetta hefur gerst sums staðar í þróunarríkjunum þar sem alþjóðlegt fjármagn, alþjóðleg stórfyrirtæki hafa í raun og veru knúið ríkisstjórnir, fjárvana ríkisstjórnir, til þess að opna allar gáttir. Stórfyrirtæki eins og hið franska Vivendi hafa sums staðar lagt þessa starfsemi undir sig í heilum og hálfum þjóðlöndum og jafnvel heilum og hálfum heimsálfum. Og hver er útkoman á því? Hún er skelfileg. Hún er jafnhörmuleg og t.d. útkoman varð á því hjá þeim Argentínumönnum þegar þeir einkavæddu símann sinn um miðja síðustu öld og seldu hann af því að það vantaði peninga í kassann. Seldu hann hverjum? Svíum. Síðan áttu Svíar mestallan símann í Argentínu og blóðmjólkuðu þjóðina um áratuga skeið og menn gátu engum vörnum við komið. Af hverju? Af því að fyrirtækið átti símalínurnar úti um allt land. Sagan bæði frá fyrri og síðari tímum, herra forseti, geymir mörg spor sem hræða í þessum efnum. Það er í grundvallaratriðum ólíkt að standa svona að málum þegar í hlut á almannaþjónusta af þessu tagi sem þar á ofan lýtur lögmálum náttúrlegrar eða efnislegrar einokunar. Það eru þessi grundvallaratriði, herra forseti, sem við erum draga hérna fram. Þetta er prinsippmál og við tökum afstöðu til þess í samræmi við grundvallarviðhorf okkar til þessara hluta. Og við förum þar ekki í manngreinarálit hver í hlut á hverju sinni eða hvernig aðstæður eru.

Þetta er líka spurning um að vera sjálfum sér samkvæmur

á grundvelli langsærra sjónarmiða í stjórnmálum en sveiflast ekki til eins og laufblað í vindi eftir því úr hvaða átt golan kemur hverju sinni. Það er kannski pólitík sem einhverjum hér inni hentar en við afþökkum hana og látum hana öðrum eftir. Menn eiga auðvitað að nálgast hlutina þannig að þeir hafi einhverja kjölfestu í stefnu sinni og nálgist hlutina út frá einhverjum samræmdum og sjálfum sér samkvæmum grundvallarviðhorfum.

Herra forseti. Það hefði auðvitað verið fróðlegt og freistandi að fara nokkrum orðum um hina almennu stöðu í orku- og stóriðjumálum, og eru full tilefni til auðvitað, eins ótrúlegar og aðstæður eru þar á þessum tímum þegar hæstv. ríkisstjórn neytir allra bragða til að reyna að þjóna sinni blindu stóriðjustefnu. Það væri líka freistandi, herra forseti, að fara yfir það sem allt of sjaldan er gert, hvernig útkoman er á þessum málum hjá okkur Íslendingum almennt talað. Hvaða raforkuverð er almenningur á Íslandi að borga? Allt upp undir 10 kr. á kílóvattstund að meðtöldum virðisaukaskatti, eitthvert hæsta orkuverð til almennings í Evrópu. Það er staðreynd. (**Iðnrh.:** Það má breyta því.) Það á að breyta því, segir hæstv. ráðherra, með því að halda enn þá lengra áfram á sömu braut. Á sama tíma liggur það fyrir að það á að semja við stóriðju um u.þ.b. helming af því verði sem hún greiðir á meginlandi Evrópu og $^1/_3$ af því sem hún greiðir á meginlandi Norður-Ameríku. Sem sagt, útkoman úr þessu fyrirkomulagi er svona: Almenningur, almennir notendur, þar með talinn almennur iðnaður á Íslandi, borgar eitthvert hæsta raforkuverð á Vesturlöndum en stóriðjan frá helmingi og niður í $^1/_3$ af því sem hún gerir í sömu samanburðarlöndum. Menn voru minntir á þetta hérna á dögunum þegar garðyrkjan var í vandræðum og hæstv. landbrh. Guðni Ágústsson skipaði nefnd til þess að athuga hvað væri hægt að gera til að bæta starfskjör garðyrkjunnar og mæta því að tollar voru felldir niður á tilteknum flokkum grænmetis. Muna menn hver var ein tillaga nefndarinnar til úrbóta? Man hæstv. orkumálaráðherra hver var ein tillagan í nefnd starfsbróður hennar? Það var að reyna að fara í aðgerðir til þess að ná raforkuverðinu til íslensku garðyrkjunnar niður í það sem er í samkeppnislöndunum. Með öðrum orðum, á mannamáli sagt, átti að reyna að fara í sérstakar aðgerðir til þess að garðyrkjan íslenska þyrfti ekki að borga hærra rafmagnsverð en samkeppnisgreinarnar í nálægum löndum. Þannig er útkoman úr þessu kerfi okkar. Það er bláköld staðreynd. Og finnst mönnum það svo vera eitthvað sem ástæðulaust sé að ræða? Er þá ekki pottur brotinn? Er ekki eitthvað að í Danaveldi og er það goðgá að Alþingi taki sér eins og eina stund til að spjalla svolítið um þessa hluti? Ég held ekki, herra forseti.

[14:28]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef hlustað með athygli á þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs andmæla því frv. sem hér er verið að tala um, um stofnun hlutafélags um Norðurorku, og upp í huga minn koma aðrar álíka ræður hv. þingmanna hvort sem þær voru um Orkubú Vestfjarða eða sölu á Rafveitu Sauðárkróks, og það kom eitt augnablik upp í huga minn, núna þegar hv. þm. Steingrímur Sigfússon var að ræða um þetta mál, þegar hann sat í ríkisstjórn árið 1991 í eitt eða tvö ár — sem betur fer var það ekki lengri tími — sem samgrh. og tók þátt í því í ríkisstjórn að veita Rarik heimild í lánsfjárlögum til að kaupa Rafveitu og Hitaveitu Siglufjarðar. Þá studdi þessi hv. þm., Steingrímur J. Sigfússon, sölu á Rafveitu og Hitaveitu Siglufjarðar ásamt Skeiðsfossvirkjun til Rariks. Ég held að Siglfirðingar hafi ekki tapað á þeirri sölu og það sé ekkert verra núna að kaupa rafmagn af Rarik en Rafveitu Siglufjarðar eða heitt vatn frá Rarik en Hitaveitu Siglufjarðar. Þess vegna kemur upp í huga minn nú: Hvað hefur breyst á þessum 10 árum hjá hv. þingmanni þar sem hann leggst nú gegn öllum breytingum hjá orkuveitum sveitarfélaga eins og hér er verið að ræða um, að stofna hlutafélag um Norðurorku samkvæmt beiðni bæjarstjórnar Akureyrar? Hvað hefur breyst á þessum 10 árum í huga hv. þingmanns? Hvers vegna var hann samþykkur sölunni á þessum árum — eða er þetta bara enn eitt dæmi um hentistefnu hv. þingmanns?

[14:30]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem hefur breyst er hv. þm. Kristján Möller. Það má ýmislegt segja um þá ágætu krata sem sátu á þingi í kringum 1990 og við störfuðum með í ríkisstjórn en það voru ekki svona eintök.

[14:30]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir málefnalegt andsvar. Það var náttúrlega eins og hans var von og vísa, með skætingi og skítkasti (Gripið fram í.) sem er þannig og það rifjar upp fyrir mér þegar við ræddum um Orkubú Vestfjarða. Þá kom upp í huga minn fundurinn góði í Hrísey sem við áttum þar með sveitarstjórn þar sem þessi þm. sem hér stendur, hv. 3. þm. Norðurl. v., mætti á fund hjá sveitarstjórn Hríseyjar sem var boðað til. Ég minnist þess hvað það fór í skapofsann á hv. þingmanni, eins og hann orðaði það sjálfur á svo smekklegan hátt, skildi ekkert í hvað þingmenn úr öðrum sóknum væru að ybba þarna gogg. Það er ákaflega gaman að fá þessa upprifjun núna rétt fyrir jólin, þennan skapofsa sem kemur upp í hv. þingmanni ef rifjuð eru upp einhver óþægileg mál eins og þetta. Ég vil eiginlega nota tækifærið nú, herra forseti, og þakka hv. þingmanni. Ég held að ég hafi aldrei getað gert það úr ræðustóli Alþingis, þakkað hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir þá aðstoð sem hann veitti okkur Siglfirðingum þegar við vorum að selja rafveitu og hitaveitu árið 1991 með setu sinni í ríkisstjórn og með því að heimila á lánsfjárlögum að Rarik mætti kaupa þetta. Ég er alveg sannfærður um að þessi sala og þessi breyting var Siglfirðingum til góðs. Ég hygg að það verði eins með það að stofna hlutafélag um Norðurorku, það verði svipað, en það besta við þetta núna á síðustu mínútum þingsins er kannski að fá upprifjun á bæði fundinum í Hrísey og svo 2. umr. og skítkasti sem kemur þegar hv. þm. lendir í vandræðum með að rökstyðja málflutninginn sinn.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Horfur í væntanlegum samningaviðræðum EFTA-ríkjanna við Evrópusambandið í tengslum við stækkun sambandsins.

[14:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka fyrir að það er skapað svigrúm til að koma þessari umræðu að. Ég held að það sé mikilvægt að Alþingi geti aðeins farið yfir stöðuna í þessu máli í ljósi

þess að nú liggur fyrir endanlegt samningsumboð eða samningskröfur Evrópusambandsins gagnvart þeim EFTA-ríkjum sem aðild eiga að EES-svæðinu og í ljósi þess að vænta má þess að viðræður um málin hefjist í janúarmánuði nk., þ.e. áður en þing kemur saman að nýju.

Það er hv. þingmönnum kunnugt að stækkun Evrópusambandsins *þýðir jafnframt stækkun Evrópska efnahagssvæðisins* þar sem hin nýju aðildarríki verða sjálfkrafa hluti af því en sá böggull fylgir skammrifi að milliríkjasamningar sem hin nýju aðildarríki tilvonandi hafa gert falla sjálfkrafa niður og við taka viðskiptaákvæði Evrópusambandsins. Austur-Evrópuríkin eins og Pólland og Eystrasaltsríkin færast með öðrum orðum inn fyrir tollmúra Evrópusambandsins og þeir fríverslunarsamningar sem þau hafa sem fullvalda ríki gert við önnur ríki falla niður. Þetta leiðir til þess að óbreyttu því miður að viðskiptakjör Íslands versna í ákveðnum tilvikum. Til koma tollar á t.d. unnar síldarafurðir og nokkra fleiri vöruflokka að óbreyttu. Það hefur því af eðlilegum ástæðum verið farið fram á lagfæringar á þessum þáttum og ætti ekki að þurfa að vera stórmál svo fremi sem menn gangi út frá því að ekki sé ætlunin að breytingar af þessu tagi leiði sjálfkrafa til versnandi viðskiptakjara í nútímanum en það er að sjálfsögðu ekki markmið alþjóðasamskipta á þessu sviði, samanber reglur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar o.fl.

Hér eru í sjálfu sér ekki hvað Ísland varðar mjög viðamiklir viðskiptahagsmunir í húfi ef skoðuð eru viðskiptin eins og þau hafa verið á undanförnum árum. Því miður, hlýtur maður að segja, hafa Íslendingar ekki verið sérstaklega duglegir við að byggja upp stöðu sína á þessum mörkuðum, ekki í sama mæli og t.d. Noregur sem hefur stóraukið útflutning sinn á sjávarafurðum, sérstaklega frystum síldarafurðum, t.d. til Póllands. Þó tóku þessi viðskipti hvað Ísland snertir talsvert stökk á árinu 2001 og þá fór útflutningur okkar til Póllands í fyrsta skipti yfir 1 milljarð kr. um mjög langt árabil. Þessi viðskipti voru á árabilinu 1996–1999 af stærðargráðunni 250–300 millj. kr. í útflutningi hvert ár. Árið 2000 fór útflutningurinn í 400 millj. og síðan fór hann yfir milljarð á árinu 2001 og verður allmikill væntanlega á þessu ári, þó mögulega eitthvað minni vegna erfiðari stöðu á síldarmörkuðum. Sem sagt, viðskiptahagsmunirnir mældir á þennan mælikvarða eru kannski ekki ýkja umfangsmiklir en það langalvarlegasta í málinu er að fáum við ekki lagfæringar á þessari stöðu getur þetta þýtt að það þrengi að möguleikum okkar til að sækja fram á þessum mikilvægu mörkuðum á komandi árum á grundvelli tollfrjálsra viðskipta. Viðskiptakjörin, t.d. við Pólland í þessu tilviki, mundu versna og það kæmi væntanlega niður á báðum þjóðum, Íslendingum í formi skertra eða lakari útflutningsmöguleika og pólskum almenningi í formi hærra vöruverðs á þeim innflutningi sem til kæmi. Þar af leiðandi, herra forseti, er mikilvægt mál að vel leysist úr þessu.

Það sem hins vegar er alvarlegt sömuleiðis er að Evrópusambandið hefur svarað óskum Íslands og annarra EFTA-ríkja sem aðild eiga að EES um viðræður til að leysa úr þessum málum með kröfugerð um gríðarlega auknar greiðslur í þróunar- og uppbyggingarsjóði Evrópusambandsins. Í fyrstu var talað um 27-földun á þeim upphæðum og jafnframt að verði þessi viðskiptakjör lagfærð verði sett fram *krafa á móti um að Íslendingar og Norðmenn slaki á* þeim fyrirvörum á fjárfestingum erlendra aðila í sjávarútvegi sem við gengum frá í samningum okkar um Evrópska efnahagssvæðið. Þessi kröfugerð stendur eftir og þó að einhverjar minni háttar breytingar hafi orðið á samningsumboði eða samningsmarkmiðum Evrópusambandsins er ljóst að það má vænta snúinna viðræðna í þessum efnum og mikillar kröfuhörku af hálfu Evrópusambandsins sem er á höttum eftir peningum í þessa sjóði og hikar ekki við að beita stöðu sinni í þessum samskiptum þótt óskir EFTA-ríkjanna séu *eingöngu um þessa sjálfsögðu lagfæringu til að koma í veg* fyrir að viðskiptakjör versni. Ég spyr því hæstv. utanrrh. hvernig hann meti þessa stöðu og bið hann að tjá sig um hana.

[14:38]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er trúlega að verða staðreynd að Evrópusambandið mun stækka um 20% að fólksfjölda, landsvæðið sem það nær yfir 23% og þjóðarframleiðsla þessarar heildar um 4%. Hér er um svæði að ræða sem mun þá telja um 500 millj. íbúa. Hér er því um mikið hagsmunamál að ræða fyrir alla Evrópu og jafnframt fyrir Íslendinga. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að hafa óhindraðan aðgang að þessum markaði með allar okkar afurðir og á það leggjum við áherslu.

Við höfum lagt á það áherslu undanfarið að ræða við aðildarþjóðirnar um það samningsumboð sem hefur verið í vinnslu og okkur hefur tekist að hafa nokkur áhrif á það en samningaviðræður eru ekki hafnar. Því er allt of snemmt að spá fyrir um það. Við erum að sjálfsögðu að undirbúa okkur undir þessar samningaviðræður og ég hef látið í ljósi þá skoðun mína að það sé augljóst að þessir samningar verða erfiðir. Þeir munu væntanlega hefjast fljótlega á komandi ári og það er vilji Evrópusambandsins að þeim verði lokið fyrir miðjan apríl.

Ég vil láta það í ljósi sem mína skoðun að ég er ekki bjartsýnn á að það geti tekist. Ég tel að þetta mál fari tiltölulega illa af stað af hálfu Evrópusambandsins. Það hefur verið sett fram mikil kröfugerð og það má segja að framkvæmdastjórnin hefur haldið áfram að tala í þeim anda. Hitt er svo annað mál að auðvitað höfum við Íslendingar ákveðnar skyldur vegna þróunar mála í Evrópu. Það er okkur mikilvægt að vel takist til í sambandi við stækkunina. Við höfum verið stuðningsmenn þessarar stækkunar og lagt á það áherslu að það geti tekist. Við höfum verið stuðningsmenn þess í þeim anda að við erum aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu og með þessari stækkun mun Evrópska efnahagssvæðið stækka jafnframt. Við höfum lagt á það áherslu að þetta geti gerst samhliða.

Að því er varðar framlög til sjóða er afstaða okkar skýr. Við viljum byggja á þeim samningi sem við gerðum við Evrópusambandið á sínum tíma sem byggir á því að við greiðum lítillega inn í svokallaða styrktarsjóði, ekki inn í uppbyggingarsjóðina. Það átti hins vegar að vera aðeins um nokkurra ára skeið en við féllumst á að framlengja það á sínum tíma. Evrópusambandið hefur lagt á það áherslu að nú séu breyttar aðstæður og því þurfi að taka málið upp og þar með er verið að taka upp að mínu mati ákveðnar forsendur fyrir samningnum um Evrópska efnahagssvæðið á sínum tíma. Þetta mun Evrópusambandið gera. Þetta er eitt af þeim erfiðu samningsatriðum sem við stöndum frammi fyrir.

Að því er varðar aðgang okkar að mörkuðum leggjum við að sjálfsögðu áherslu á að viðhalda því frelsi í viðskiptum sem við höfum haft við þau lönd sem þarna eiga hlut að máli. Það er ekki rétt að meta þessa hagsmuni út frá fortíðinni heldur ber að meta þá út frá framtíðinni. Tölur sem hér var

farið með skipta tiltölulega litlu máli að mínu mati. Það eru þessir framtíðarmarkaðir sem munu skipta Íslendinga eins og aðra mjög miklu máli.

Að því er varðar fjárfestingar í sjávarútvegi er það mál sem var gengið frá í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið á sínum tima. Það er hins vegar rétt að halda því til haga að við höfum breytt þeim lögum síðan sá samningur var gerður, þ.e. 1995. Við höfum líka fellt niður álag að því er varðar útflutning á ferskum fiski þannig að við höfum gert ýmsar breytingar frá því að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var gerður og á það munum við að sjálfsögðu leggja áherslu en ég vonast eftir því að við náum nokkrum árangri í þessum erfiðu samningaviðræðum sem munu hefjast í byrjun næsta árs. Að sjálfsögðu munum við hafa nauðsynlegt samráð við hv. utanrmn. um það þegar þar að kemur.

[14:44]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ef við viljum fullan aðgang að innri markaði Evrópusambandsins með sjávarafurðir okkar hljóta aðrir þættir sjávarútvegsins líka að koma til umræðu. Evrópusambandið er ekki bara konfektkassi fyrir okkur að velja molana úr. Sjálfstæð og fullvalda þjóð hlýtur líka að gera ráð fyrir því að taka af alvöru þátt í samfélagi þjóðanna en vera ekki bara þiggjandi eða tínandi upp molana sem falla af borðum hinna.

Það er hins vegar fráleitt að Íslendingar semji um miklar greiðslur í þróunarsjóð Evrópusambandsins og fjárfestingar í íslenskum útgerðarfyrirtækjum nema viðræðurnar beri þá yfirskrift að verið sé að ræða um fulla aðild Íslands. Nú þegar höfum við yfirtekið um 80% af lagagerðum Evrópusambandsins og erum að mörgu leyti jafnsett hverju öðru aðildarríki. Að mínu mati verður ekki lengra gengið á þeirri braut án þess að við tökum líka þátt í ákvarðanaferlinu. Það virðast líka sífellt fleiri gera sér grein fyrir þessu. Við sjáum, herra forseti, hvað er að gerast í Noregi. Sístækkandi hópur Norðmanna styður aðild að Evrópusambandinu og nú síðast berast fréttir af því að Bondevik sem er gamall Evrópusambandsandstæðingur sé tilbúinn að endurskoða afstöðu sína til sambandsins.

Í viðræðum EFTA-ríkjanna um EES á sínum tíma gerðist það að flest ríkjanna ákváðu að fara í fullar aðildarviðræður. Svíþjóð, Finnland og Austurríki gerðust síðan aðilar að ESB. Ég beini því þeirri spurningu til hæstv. utanrrh. hvort hann telji að þær breytingar sem augljóslega eru að verða á viðhorfum í Noregi gefi tilefni til að ætla að viðræðurnar við Evrópusambandið sem hefjast nú í janúar þróist hvað Noreg varðar í það að verða aðildarviðræður þeirra, og hver telur hann þá að staða Íslands verði?

[14:46]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég deili þeim sjónarmiðum að sjálfsagt geti þær samningaviðræður sem fram undan eru við Evrópusambandið í tilefni af stækkuninni orðið erfiðar en á hinn bóginn tel ég einnig að samningsstaða Evrópusambandsins sé ekki sterk nema þeir beiti þá afli og virði ekki þá samninga sem hafa verið gerðir.

Í öðru lagi tel ég athyglisvert þegar við erum að tala um kröfu Evrópusambandsins um 27-földun á greiðslum í sjóði sambandsins frá Íslandi þá kemur fram í samningsumboðinu afar athyglisverð setning sem ekki hefur verið vakin athygli á. Þegar við, Norðmenn og fleiri kvörtuðum yfir þessum gríðarlega háu kröfum, 27-földun greiðslna, þá segir Evrópusambandið í samningsumboði sínu að Íslendingar og Norðmenn skuli hafa það í huga að þessi krafa sé aðeins brot, „fraction" eins og það er á enskunni, af þeim kröfum sem yrðu gerðar til Íslendinga ef þeir gengju í Evrópusambandið. Þetta er afar athyglisverður punktur sem þarna kemur fram.

Í þriðja lagi er það orðin lenska að menn hlaupa af stað með vitlausar fréttir. Nú síðast var verið að hafa eftir Ríkisútvarpinu um kollega minn Bondevik, og hvað skyldi Ríkisútvarpið segja? Þeir segja hér: „Kjell Magne Bondevik, forsætisráðherra Noregs, segir að aðild að Evrópusambandinu verði helsta kosningamál í næstu þingkosningum." En hvað segir Bondevik sjálfur? Ég er með útskrift af því. „Jeg tror ikke at det blir den enkelte hovedsaken under valget, men én av flere viktige saker, ..." Þetta er nákvæmlega það sem ég hef sagt. Síðan segja þeir: „Bondevik sem er gamall andstæðingur," segir Ríkisútvarpið, „segir að Evrópusambandið sé að breytast og ljær nú í fyrsta sinn máls á því að endurskoða afstöðu sína til sambandsins." Hvað segir Bondevik sjálfur? „Jeg har intet nytt EU-standpunkt å komme med her og nå." Þarna var því um hreina fréttafölsun hjá Ríkisútvarpinu að ræða og því miður datt þingmaðurinn sem hér áðan talaði í þá gryfju að trúa því sem þar var sagt og það er skiljanlegt. Ég er ekki að hnýta neitt í hana fyrir það. Svona er hægt að fara með fólk.

[14:48]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Kröfugerð Evrópusambandsins á hendur Íslendingum hefur verið mjög athyglisverð fyrir margra hluta sakir og mjög lærdómsrík. Í fyrsta lagi sú óbilgirni sem Evrópusambandið hefur sýnt Íslendingum með því að krefja þá um að nær 30-falda framlag sitt í þróunar- og uppbyggingarsjóði Evrópusambandsins sem gjald fyrir að halda óbreyttum viðskiptasamningum við ríki í austanverðri Evrópu sem nú eru að ganga inn í Evrópusambandið. Ég vil taka það fram að á fundi sem ég sat nýlega í EFTA-nefnd þingsins þar sem fulltrúi Evrópusambandsins eða framkvæmdanefndar þingsins kom til að flytja okkur boðskap Evrópusambandsins sagði hann afdráttarlaust að EFTA-ríkin yrðu að átta sig á því að innan Evrópusvæðisins yrðu allir að sitja við sama borð þegar til lengri tíma væri litið. Allir að sitja við sama borð varðandi réttindi og einnig skyldur og þar vísaði hann til kröfu Evrópusambandsins um að fá heimildir til að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi og líka að greiða gjald inn í þróunarsjóði bandalagsins.

Nú lít ég svo á að Íslendingar sem ein ríkasta þjóð í heimi eigi að styðja við bakið á fátækari svæðum. Ég vek athygli á því að meiri hlutinn á Alþingi felldi tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um stóraukið framlag til þróunarstarfs til fátækra ríkja í heiminum. Við höfnum því hins vegar að fjármagna skrifstofuveldið í Brussel og rugla því saman við þróunarstarf af þessu tagi.

Hitt atriðið sem er lærdómsríkt er að þær þjóðir sem nú eru að ganga inn í Evrópusambandð glata forræði sínu í eigin málum. Allir viðskiptasamningar sem þær þjóðir hafa gert eru fyrir bí. Þær hafa framselt fullveldi sitt að fullu og öllu leyti inn til framkvæmdanefndar Evrópusambandsins.

[14:50]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Ljóst er og hefur komið fram í þessari umræðu m.a. að væntanleg stækkun Evrópusambandsins mun

hafa ýmis áhrif á hagsmuni okkar og annarra EFTA-ríkja. Það eru gríðarlega miklir viðskiptahagsmunir í húfi og óskum okkar um lausnir í þeim efnum er mætt með kröfugerð af hálfu Evrópusambandsins um hluti sem ganga þvert á hagsmuni okkar og ganga þvert á þá stefnu sem við höfum haft uppi.

Krafan um mjög aukið fjármagn í þróunarsjóðina verður að teljast mjög ósanngjörn, m.a. vegna þess að þeir sjóðir eru opnir fyrir aðildarríki Evrópusambandsins en ekki fyrir okkur. Krafan um að opnað verði fyrir fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegi gengur auðvitað þvert gegn þeirri stefnu sem hér hefur verið höfð uppi og þar af leiðandi gengur hún þvert á hagsmuni okkar.

Það er alveg ljóst, herra forseti, af þeim upplýsingum sem liggja fyrir að íslensk stjórnvöld eiga mjög erfiðar samningaviðræður fyrir höndum við Evrópusambandið og það er full ástæða til að óska hæstv. utanrrh. og hans fólki góðs gengis í því verkefni. En þessi umræða sýnir okkur að við verðum að halda vöku okkar varðandi þróun mála í tengslum við Evrópusambandið, umræðan um Evrópumálin verður að vera lifandi og byggjast á málefnalegum nótum. Það samrýmist ekki framtíðarhagsmunum þjóðarinnar að stinga hausnum í sandinn, eða steininn eins og maðurinn sagði, og vilja ekki halda uppi upplýstri umræðu um þessi mál. Við verðum einfaldlega að fylgjast með þróun mála og vera með á nótunum og einungis þannig getum við mætt þróuninni og haft áhrif á hana á okkar forsendum.

[14:52]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Samfylkingin hafnar kröfum um að greiða í þróunarsjóð ESB eins og um aðildarríki væri að ræða. Samfylkingin hafnar kröfum um að útlendingar fjárfesti í íslenskum sjávarútvegi. Þetta voru kröfur embættismanna ESB á fyrri stigum en þau samningsmarkmið hafa nú verið lækkuð. Samfylkingin vill sækja um aðild að ESB og bera væntanlegan samning undir þjóðaratkvæði. Þessi ákvörðun var tekin af miklum meiri hluta flokksmanna eftir ítarlega umræðu.

Fjárfestingar útlendinga í íslenskum sjávarútvegi koma vel til greina en það verður þá okkar ákvörðun eftir skoðanaskipti innan lands en ekki eftir kröfum að utan. Fullveldi okkar er ekki mikils virði með því að taka um 90% af löggjöf ESB án áhrifa upp í íslenskan rétt. Þeir sem vilja ekki aðild að ESB ættu að leggja til að EES-samningnum verði sagt upp eða að hann yrði óumbreytanlegur tvíhliða samningur. Við erum miklir eftirbátar annarra í aðstoð við þróunarlönd og auðvitað er það skylda okkar að greiða fé til vanmáttugri þjóða, líka gagnvart hinum nýju aðildarríkjum ESB sem eru miklu fátækari en við. Þær 100 milljónir sem við höfum greitt í þróunarsjóðinn eru ekki mikið.

Við erum ein ríkasta þjóð í heimi og okkur væri hollt að hugsa til boðskapar frelsarans á þessum tíma í desember og deila með öðrum. Auðvitað munum við semja við ESB um eitthvað hærri greiðslur í þróunarsjóðinn. En við sjáum á þessu að ESB gætir hagsmuna ríkja sinna af alefli. Kemur það á óvart? Við viljum að það verði gert þegar við verðum orðnir aðilar. Nær allar þjóðir í Evrópu vilja aðild að ESB og Tyrkland verður hugsanlega orðinn aðili áður en við verðum það og Norðmenn eru að hugsa málið upp á nýtt eina ferðina enn. En við tökum vitaskuld ákvörðun á okkar forsendum. Til langs tíma er vitaskuld farsælast fyrir okkur að vera í liðssveit Evrópuþjóða. Við erum Evrópuþjóð og eigum að vera stolt og virk í samstarfi meðal jafningja.

[14:55]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Þau mikilvægu mál sem hér eru til umræðu voru rædd mjög ítarlega á fundi utanrmn. með utanrrh. þann 2. desember sl. Þá fórum við mjög vandlega í gegnum stöðu mála. Mér finnst nauðsynlegt í þessu sambandi að rifja upp reynslu okkar Íslendinga t.d. af greiðslum í þróunarsjóðinn *því að eins og við öll munum áttum við að greiða í hann* í fimm ár og þá áttu greiðslurnar að falla niður að þeim tíma liðnum. En það sem gerðist hins vegar var að ekki var staðið við þessi ákvæði EES-samningsins og enn erum við Íslendingar að greiða í þróunarsjóðinn. Þetta held ég að sé hollt fyrir okkur að hafa í huga þegar við ræðum þessi mál.

Það er auðvitað alveg ljóst að fríverslunarsamningar við nýju ESB-ríkin falla úr gildi við inngöngu þeirra í ESB og við Íslendingar viljum auðvitað tryggja við þá stækkun að markaðsaðgangur okkar versni ekki og það er bara mjög eðlilegt að bætur komi fyrir ef um slíkt verður að ræða. Ég tek undir með þeim sem hafa lýst áhyggjum sínum af óraunhæfum kröfum framkvæmdastjórnarinnar til EFTA-landanna. Það snertir þá bæði framlög EFTA-ríkjanna og markaðsaðgang fyrir fisk og það er vissulega svo að mjög reynir á samningamenn okkar Íslendinga að ná ásættanlegri niðurstöðu um þessi mál við stækkun EES-svæðisins. Það er deginum ljósara að þar eru mjög mikilvægir viðskiptahagsmunir okkar í húfi þegar til framtíðar er litið því að auðvitað gerum við ráð fyrir því að stækkun ESB þýði það að þau níu lönd sem koma inn verði í framtíðinni miklu mikilvægari markaður fyrir okkur en þau eru í dag.

[14:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu og þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin og jafnframt hæstv. forsrh. fyrir þátttöku í umræðunni. Það má margt jákvætt segja um stækkun Evrópusambandsins, þ.e. þá hugsun að Vestur-Evrópuríki styðji við bakið á uppbyggingunni í Austur-Evrópu. Hins vegar þegar litið er á þá samninga sem nýjum aðildarríkjum er boðið upp á, t.d. Póllandi, þá eru það býsna harðir kostir. Þá er lítið eftir af þeirri jákvæðu hugsun sem stækkunin var upphaflega seld út á, að þetta ætti fyrst og fremst að vera liður í að styðja við bakið á uppbyggingu í Austur-Evrópu. Sú nöturlega staðreynd blasir við að að óbreyttri kröfugerð Evrópusambandsins gagnvart t.d. Póllandi gætu þeir endað uppi sem nettógreiðendur til Evrópusambandsins en ekki þiggjendur í byrjun.

Ég er ekki í þeim hópi sem sér eftir því þó að Ísland láti sitt af hendi rakna til uppbyggingar fátækra ríkja í Austur-Evrópu, t.d. Eystrasaltsríkjanna og Póllands eða þess vegna allra þessara ríkja en ég tel að við eigum að gera það á okkar sjálfstæðu forsendum, ekki þvingaðir til þess af ósanngjarnri kröfugerð Evrópusambandsins og í gegnum millifærslusjóði Evrópusambandsins þannig að stór hluti greiðslnanna nái kannski aldrei austur á bóginn. Og það er mikilvægt að menn hafi í huga í þessu sambandi að það ber ekki á því að hin nýju aðildarríki standi á bak við kröfugerð Evrópusambandsins á hendur EFTA-ríkjunum. Þess urðum við í utanrmn. a.m.k. ekki vör í Póllandi, að Pólverjar hefðu sérstakan áhuga á því að Íslendingar yrðu látnir kaupa það dýru verði að halda óbreyttum markaðsaðgangi inn á pólskan markað, þvert á móti og af skiljanlegum ástæðum.

Ég vona svo, herra forseti, að okkur gangi vel í þessum samningum. Ég vil taka það fram að við teljum að ekki komi til greina að selja sjálfstæði okkar hvað varðar það að hafa stjórn á fjárfestingum í sjávarútvegi í þeim viðræðum og að við eigum að verja sjálfstæði okkar til þess að láta þá okkar af hendi rakna til uppbyggingar í Evrópu austanverðri á sjálfstæðum forsendum en ekki í gegnum Evrópusambandið.

[14:59]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir spurði hvort þessar viðræður kynnu að snúast upp í viðræður af hálfu Norðmanna um aðild að Evrópusambandinu. Ég hef ekki trú á því. Það er önnur ákvörðun. Hins vegar verða þetta erfiðar viðræður eins og ég sagði og þessi mál eru í mikilli þróun. Það eru miklar breytingar sem hafa átt sér stað og það eru stöðugar breytingar í gangi. Þess vegna þurfum við að vera vel undirbúin undir það að taka á þeim breytingum. Það er nákvæmlega það sama sem er að gerast í Noregi. Þar á sér stað umræða. Sú umræða fer vaxandi og sú umræða tengist að sjálfsögðu hugsanlegri aðild að Evrópusambandinu eins og eðlilegt er.

Við skulum hins vegar hafa það í huga að nú er Evrópusambandið að ljúka viðræðum við tíu ríki um inngöngu í Evrópusambandið. Þetta voru mjög flóknar viðræður en þeim virðist vera að ljúka með tiltölulega farsælum árangri fyrir alla aðila þannig að við hljótum að búast við því að hægt sé að ljúka viðræðum við okkur með tiltölulega farsælum hætti ef allrar sanngirni er beitt í þeim viðræðum. Aðalatriðið er að við undirbúum okkur vel fyrir það sem koma skal en ég skal játa það eins og ég gerði hér áður að ég á ekkert sérstaklega von á því að þeim ljúki um miðjan apríl og það verður ekki mjög þægilegt að taka afstöðu til slíkra samningsloka nokkrum dögum fyrir kosningar á Íslandi. Það er ekki besti tíminn til að fjalla um viðkvæmustu mál íslenskrar þjóðar.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Byggingarkostnaður hjúkrunarheimila, 295. mál, svar heilbrrh., þskj. 793.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 470. mál, fsp. KLM, þskj. 775.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 471. mál, fsp. KLM, þskj. 776.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 472. mál, fsp. KLM, þskj. 777.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 473. mál, fsp. KLM, þskj. 778.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 474. mál, fsp. KLM, þskj. 779.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 475. mál, fsp. KLM, þskj. 780.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 476. mál, fsp. KLM, þskj. 781.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 477. mál, fsp. KLM, þskj. 782.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 478. mál, fsp. KLM, þskj. 783.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 479. mál, fsp. KLM, þskj. 784.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 480. mál, fsp. KLM, þskj. 785.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 481. mál, fsp. KLM, þskj. 786.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 482. mál, fsp. KLM, þskj. 787.

Opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, 345. mál, nál. 1. minni hluta iðnn., þskj. 790.

Opinber stuðningur við vísindarannsóknir, 357. mál, nál. 1. minni hluta menntmn., þskj. 791.

Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014, 469. mál, stjtill. (samgrh.), þskj. 774.

Sjálfstætt starfandi sérfræðingar, 233. mál, svar heilbrrh., þskj. 683.

Svipting lögræðis og fjárræðis, 484. mál, fsp. GAK, þskj. 794.

Vátryggingastarfsemi, 485. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 797.

Verndun Mývatns og Laxár, 468. mál, fsp. EMS, þskj. 761.

Vísinda- og tækniráð, 336. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 792.

Þróun verðlags barnavara, 388. mál, svar hagstrh., þskj. 789.

Stofnun hlutafélags um Norðurorku, frh. 2. umr.

Stjfrv., 457. mál. — Þskj. 685, nál. 759 og 760.

[15:03]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Hér erum við að ræða um frv. sem er ekkert mjög stórt í sniðum, frv. um að heimila Akureyrarbæ að breyta Norðurorku í hlutafélag sem er út af fyrir sig ekki mjög stórt eða mikið mál en hefur orðið tilefni mikillar umræðu á hinu háa Alþingi, sérstaklega frá einum stjórnmálaflokki, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, sem virðist umsnúast um leið og orðið breyting kemur einhvers staðar fyrir. Ef það á að breyta einhverju frá því sem var fyrir 10, 20 eða 30 árum til nútímans þá virðist allt um koll ætla að keyra, allt vera ómögulegt. Eins og hér hefur komið fram er eins að menn séu frekar hræddir við breytingar. Menn eru fælnir gagnvart hlutafélagi. Ef það kemur fram þá virðist allt snúast á verri veg.

Þó svo ég geri mér grein fyrir því, herra forseti, að til stendur að slíta þinginu á næstu mínútum og að við bíðum eftir því þá get ég ekki látið hjá líða að koma hér upp og ræða þetta mál lítils háttar. Fyrir það fyrsta vil ég segja að ég er hjartanlega sammála þessu máli. Eins og kemur fram hjá fulltrúum Samfylkingarinnar í iðnn. þá skrifa þeir upp á nefndarálit og mæla með samþykkt frv. Það er mjög eðlilegt. Þingmenn Samfylkingarinnar er ekki hræddir við svona breytingar og telja þetta skref í rétta átt, í takt við nýja tíma og að menn verða að vera þannig að þeir geti starfað með nútímanum og látið það sem eldra er eiga sig. Ef það er þannig núna að betra sé að reka orkufyrirtæki sveitarfélaga í hlutafélagaformi eins og margir eru að gera þá eigum við auðvitað að virða sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga eins og Akureyrarbæjar í þessu tilfelli og heimila það. Við þingmenn eigum ekki að koma fram og segja: Nei, bíðið þið nú við í bæjarstjórn Akureyringa. Þið eruð á vitlausri braut, eins og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru hér að segja.

Herra forseti. Það er með öðrum orðum alveg með ólíkindum hvernig Vinstri hreyfingin – grænt framboð — sem sumir eru farnir að kalla Vinstri hreyfinguna – mosagrænt framboð vegna þess að hún er að verða hálfmosagróin — hamast hér gegn sérhverju framfaramáli þjóðarinnar. Jafnvel þó að menn langi til að hætta í dag og komið sé að þeim tímapunkti sem þeir voru að tala um þá er ekki hægt að láta (Gripið fram í.) það gerast að menn geti komið hér og talað gegn þessu máli eins og þingmenn Vinstri hreyfingar – græns framboðs hafa gert. Því verða hér aðrir sem eru ekki á sömu skoðun að hafa skoðanaskipti við þingmenn Vinstri grænna um þetta og rifja upp fortíð hv. formanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Steingríms J. Sigfússonar, hvernig hún virðist breytast. Það kemur alltaf upp í huga manns sem verður væntanlega sýnt annað kvöld í sjónvarpinu — vonandi kemur þá sá ágæti maður í Spaugstofunni, Ragnar Reykás — maður hefur það stundum á tilfinningunni þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talar að Ragnar Reykás sé kominn í ræðustól.

Þetta rifja ég hér upp nú, herra forseti, vegna þess, eins og áður hefur komið fram, að hv. þm. sat í ríkisstjórn í eitt eða tvö ár — þau voru sem betur fer ekki fleiri — árið 1991 og tók þá þátt í því í ríkisstjórn Íslands að veita Rarik heimild í lánsfjárlögum til að kaupa Rafveitu og Hitaveitu Siglufjarðar ásamt Skeiðsfossvirkjun, með öðrum orðum stuðlaði að því að sveitarfélagið, samfélagsþjónustan, seldi þessar góðu eigur okkar sem við sem betur fer áttum til Rariks. Ég fullyrði það, herra forseti, að við höfum ekki fundið fyrir því einn einasta dag síðan þó að Rarik hafi keypt þessar eigur og rekið þær. (**ÖJ:** Hverjir voru í bæjarstjórn?) Þá voru í bæjarstjórn m.a. sá sem hér stendur og þá voru í bæjarstjórn nokkrir bæjarfulltrúar Alþb. (**ÖJ:** Seldir þú allar eignirnar?) Ég seldi allar eigurnar já. (Gripið fram í.) Ég gerði það — og er stoltur af því — með aðstoð Steingríms J. Sigfússonar, formanns Vinstri hreyfingar – græns framboðs. (**ÖJ:** Og þið gerðuð þetta saman?) Við gerðum þetta saman. Það er hárrétt. Þess vegna skil ég ekki nú hvers vegna hv. þm. með sinn þingflokk kemur hér og djöflast svo gegn því framfaramáli sem hér er verið að tala um, þessari beiðni Akureyrarbæjar. Það er ekki svo að Alþingi sé að troða þessu upp í Akureyringa. Það er ekki svo. Við erum að uppfylla beiðni bæjarstjórnar Akureyringa um að breyta þessu hér. (**ÖJ:** Eins og Siglfirðinga á sínum tíma?) Já, eins og Siglfirðinga á sínum tíma. Þetta er hárrétt hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Þetta er alveg hárrétt. Þetta er skarplega athugað og þetta er alveg hárrétt. Þannig gerðist þetta. Í bæjarstjórn Siglufjarðar á þessum tíma voru mjög góðir bæjarfulltrúar m.a. frá Alþb. sem voru þá samflokksmenn hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Ég held að sem betur fer séu fáir af þeim samflokksmenn hans í dag.

Herra forseti. Það er ákaflega mikilvægt að rifja þetta upp vegna þess að hv. þm. skuldar okkur skilgreiningu á því hvað hefur breyst í þessu ferli. Er það kannski bara það að hv. þm. sat í ríkisstjórn þegar þetta var? Breytist þetta bara eftir því? Geta menn svo komið hérna í stjórnarandstöðu og lagst gegn öllu eins og í þessu tilfelli hér?

Ég ætla ekki að ræða meira um stutt andsvar hv. þm. áðan. En eins og ég segi þá er ágætt að fara stundum í upprifjun og rifja upp skemmtilega fundi. Ég rifjaði upp áðan skemmtilegan fund í Hrísey frá þeim tíma er ég var að byrja í landsmálapólitík. Það rifjaðist upp fyrir mér hve mönnum var illa við að menn úr öðrum sóknum væru að koma í Hrísey til að ræða atvinnumál Hríseyinga og ég rifjaði upp hvernig hv. þm. brást þar við. Nákvæmlega eins gerði hann hér áðan. Hann getur haft alveg sína skoðun á þessum hlutum og vafalaust hefur það verið þannig að hv. þm. hefur þekkt marga góða krata á Siglufirði í gamla daga eins og hann sagði áðan þó að þeir hafi ekki verið eins og það eintak sem hér stendur og eftirlæt ég nú hv. þm. að vega og meta það og allt í lagi með það. En þennan fund í Hrísey rifjaði ég upp þar sem svo virtist vera að menn úr öðrum sóknum mundu eitthvað rugga svona sálarró þeirra þingmanna sem þar voru.

Herra forseti. Þetta vildi ég láta koma fram vegna þess að það virðist vera árlegur viðburður að farið sé svona gegn þessum málum sem hér er verið að ræða, sama hvort það er sala á Orkubúi Vestfjarða sem var líka ósk frá sveitarfélögunum eða ósk frá bæjarstjórn Sauðárkróks um að selja Rafveitu Sauðárkróks. Sjálfsákvörðunarrétt viðkomandi sveitarstjórnar ber að virða. Ef bæjarstjórnir taka þessar ákvarðanir þá eigum við ekki að koma hér og segja: Nei, takk. Þið skuluð endurskoða afstöðu ykkar. Við teljum að þið séuð að gera rangt. Við eigum að fallast á þetta atriði, fallast á þetta eins og hér kemur fram hjá miklum meiri hluta þingmanna, enda sé ég ekki neina hættu í þessu frv. Nefndarálitið hnykkir á nokkrum atriðum hvað varðar starfsfólk Norðurorku og ég hygg að ekki neitt sé gengið á hlut þeirra.

Herra forseti. Það kom líka fram hér áðan sem er auðvitað alveg hárrétt og ber að virða og taka tillit til eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan í andsvari, þ.e. að menn skulu virða skoðanir þeirra sem eru á móti og það geri ég auðvitað. Það er svo. (**ÁSJ:** Það heyrist nú ...) Jú, en ég er að kalla eftir því hvað hafi breyst á þessum tíma. Hvað hefur breyst? Það kom fram hjá hv. þm. áðan að kjósendur gætu ákveðið hvað þeir mundu gera þegar fram líða stundir og að kjósendur mundu vega og meta flokka eftir því hvernig þeir hafa tekið á málum á Alþingi og það er alveg hárrétt. Ég hygg að í bæjarstjórnarkosningum á Akureyri sl. vor hafi Akureyringar verið að vega og meta flokkana þar og það sýndi okkur gott gengi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í skoðanakönnunum sem var í byrjun yfir 30% en endaði sem betur fer ekki nema í 8,5%. Ég hygg að kjósendur hafi þar fylgst með málflutningi og tekið ákvörðun í framhaldi af því sem þeir fylgdust með. Það verður að segja alveg eins og er, herra forseti, að það er ákaflega dapurlegt að hlusta stundum á það hvernig menn leggjast gegn hverju einasta máli, hverju einasta framfaramáli. Það er alveg með ólíkindum og ætla ég þó ekki að lengja umræðuna nú og ræða um það sem var komið hálfpartinn til umræðu hér áðan, þ.e. nýgerðan samning Landsvirkjunar við Alcoa, orkusamning sem var verið að ræða lítils háttar áðan. Ég ætla ekki að lengja umræðuna með því að fara yfir í það. En ég vil þó segja að ég hygg að málflutningur á hinu háa Alþingi og annars staðar hafi stórskaðað samningsaðstöðu okkar á síðustu dögum hvað varðar að landa því máli sem ég ætla svo að segja hér að lokum að ég fagna að skuli vera komið í höfn.

[15:14]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef tekið eftir því að hv. þm. Samfylkingarinnar, Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v., er af og til að rifja upp fund sem hann sótti eða bauð sjálfum sér til, getum við sagt, þar sem við mættum þingmenn Norðurl. e. að ósk hreppsnefndar Hríseyjar. Við svöruðum þar þeim spurningum sem fram komu og reyndum að gera grein fyrir máli okkar og það var ákveðið áður en sá fundur hæfist

hvenær við færum aftur í land og var það allt samkvæmt uppástungu og tillögum hreppsnefndar Hríseyjar.

Hins vegar vakti athygli á fundinum að nýr maður hafði hugsað sér að vinna land í Hrísey. Hann á þar margar ættir og það kom í ljós í prófkjöri um daginn (**Gripið fram í:** Tókst vel.) að það tókst mjög vel. Ég held að það séu orðnir 50 flokksbundnir samfylkingarmenn í Hrísey svo að hann getur sannarlega fagnað því að hann hefur sáð og fengið góðan ávöxt. En við skulum vona að það komi ekki eitthvert hret og drepi allt saman.

Á hinn bóginn kom þessi þingmaður upp og var mjög ósmekklegur. Hann var m.a. að væna okkur hina um að við vildum ekki sitja fundinn lengur (Gripið fram í.) en ákveðið hafði verið með hreppsnefndinni. Hann sagðist geta setið þar alla nóttina með eyjarskeggjum og þar fram eftir götum. Ég sagði þá við þennan hv. þm. að við þingmenn Norðurl. e. beittum ekki þvílíkum málflutningi og reyndum að haga okkur í samræmi við það sem fundarboðendur bæðu okkur að gera hverju sinni. Ef þeir hefðu beðið okkur að vera lengur á fundinum hefðum við að sjálfsögðu gert það.

Ég tel nauðsynlegt að leiðrétta þetta og ég ætla að biðja hv. þm. að vera ekki oftar að rifja upp þennan fund því að hann var honum ekki til sóma.

[15:16]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að ég hefði bara pirrað einn þingmann Norðurl. e. við að mæta á þennan fund í Hrísey sem mér var boðið til en ég heyri að þeir hafa verið fleiri, og kannski fjölgar þeim hér á eftir, ég veit það ekki. Ég ætla ekki að fara að ræða um það hvenær var ákveðið að sigla í land úr þessari góðu eyju, og vísa til föðurhúsanna orðum hv. 1. þm. Norðurl. e. um að það hefði verið eitthvað ósmekklegt sem ég ræddi við eyjarskeggja um atvinnumál þeirra. En ég má kannski rifja upp fyrir hv. þm. Halldóri Blöndal að á þessum fundi lofaði hv. 1. þm. Norðurl. e. eyjarskeggjum því að tveir úr þingmannahópi Norðurl. e. yrðu skipaðir til að ganga sérstaklega í að ræða um atvinnumál Hríseyjar, eyjarskeggja, og mig langar að spyrja hv. þingmann: Hvenær var sú nefnd skipuð, eða er kannski ekki búið að skipa hana enn?

[15:17]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef verið í nánu samstarfi við hreppsnefnd Hríseyjar um atvinnumál þeirra. Ég hef reynt að berjast fyrir þeim málum sem þar eru en gengið misjafnlega.

Ég ætla á hinn bóginn að segja við hv. þingmann að hann á að venja sig af því að vera með skæting til annarra þingmanna út af fundum sem þeir halda sameiginlega með íbúum í því kjördæmi þar sem hann er og reyna að koma kurteislega fram við þingmenn eftir á og vera ekki að skensa þá annars staðar fyrir fundi sem þeir áttu, t.d. í þessu tilviki í Hrísey, og temja sér kurteisi að þeim hætti og þroskuð vinnubrögð í stjórnmálum.

[15:18]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki var hægt fyrir nýja þingmenn að læra af þessari ræðu sem hér var flutt um þroskuð vinnubrögð og að hætta skætingi. Það er ekki svo. En hv. 1. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal, svaraði ekki þeirri spurningu hvort loforð þessa fundar frá hv. 1. þm. Norðurl. e. um að skipa nefnd til að fara að vinna í atvinnumálum Hríseyinga hafi verið efnt. Og það dugar ekki til, herra forseti, þó að hv. þm. — ég geri ráð fyrir því að allir séu að reyna að vinna í atvinnumálum Hríseyinga — það dugar ekki til að hv. þingmaður hafi verið að gera það einn og yfirgefinn og ég efast ekki um að hann sé að gera það. Hins vegar var eyjarskeggjum lofað því að skipaður yrði tveggja manna þingmannahópur úr þessu sex manna þingmannaliði til að vinna að þessum málum. Mig langar að spyrja hv. þingmann aftur: Hefur sá vinnuhópur verið skipaður?

[15:19]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Í raun og veru hafði ég lokið máli mínu hvað varðar frv. til laga um stofnun hlutafélags um Norðurorku á Akureyri en ástæðan fyrir því að ég kem hér upp aftur er sú að mér blöskrar málflutningur hv. þm. Kristjáns L. Möllers. Hann notar hvert tækifæri sem gefst til þess að höggva í Vinstri hreyfinguna – grænt framboð. Ég bið hv. þm. Kristján Möller að fá útskrift af atkvæðagreiðslum undanfarinna daga og skoða hverjir hafa tekið afstöðu í málum. Ég er ansi hræddur um að niðurstaðan af þeirri skoðun verði sú að Vinstri hreyfingin – grænt fraboð tekur afstöðu til mála, þar á meðal ríkisstjórnarmála, þannig að það er allsendis ómaklegt að stilla málum upp á þann hátt sem hann gerir hér. Og, hv. þm. Kristján L. Möller, þetta verður ekki til framdráttar framboði þínu á Eyjafjarðarsvæðinu haldir þú að sú verði raunin, að ráðast á formann okkar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs með ómaklegum málflutningi eins og t.d. varðandi orkumál í Siglufirði.

Ég þekki vel til í Siglufirði og ég geri mér grein fyrir því að Siglufjarðarbær afhenti eða seldi Rarik á sínum tíma bæði rafveituna og hitaveituna. Siglufjarðarbæ hefur hins vegar verið stjórnað þannig á undanförnum árum að af ýmsum ástæðum hefur fólk ekki haldist við í Siglufirði, og er nú svipur hjá sjón miðað við þá tíma þegar ég sem unglingur fór að koma á staðinn. Ætli Siglufjörður sé ekki kominn ofan í 1.400–1.500 manns eins og málin standa núna? Er það þessi kratismi sem hv. þm. sér fyrir sér varðandi breytingu á fyrirkomulagi opinberrar þjónustu og fyrirtækjarekstri? Þessu verður að svara. A.m.k. hefur það ekki gengið vel í Siglufirði. Það hefur ekki orðið staðnum til framdráttar. Auðvitað eru hitaveita og rafveita bara einn þáttur í þessu máli öllu. Þar koma mörg önnur mál til.

Það er ekki af illsku við Akureyrarkaupstað að við erum andsnúin þessu. Stór hluti bæjarbúa á Akureyri er andvígur þessari formbreytingu. Ég hef verið andvígur öðrum formbreytingum sem eru líka mjög óvinsælar á Akureyri, og það er t.d. hlutafélagavæðing á rekstri Kaupfélags Eyfirðinga sem hefur gjörsamlega stöðvað alla uppbyggingu og allar framfarir á vegum þess félags þar á staðnum að séð verður þar sem nú er farið að höndla bara með pappíra. Það á ekki að haga málflutningi sínum svona. Ég hef tamið mér það hingað til í þinginu að ráðast ekki með beinum hætti á einstaka þingmenn en það verður ekki hjá því komist að gera það í þetta sinn.

Svo kastar tólfunum þegar enn og aftur er sögð sagan af fundinum í Hrísey. Ef svona ómerkilegur málflutningur á að verða stoð þeirrar stjórnmálastefnu sem hv. þm. ætlar að færa fram í héraðinu, þá hjálpi guð mönnum þar sem ætla að aðhyllast hana. Staðreyndin er sú að þessi fundur í Hrísey var ákveðinn eins og hv. þm. Halldór Blöndal kom inn á, tímasetningar voru ákveðnar í samráði og samvinnu við hreppsnefnd. Þingmenn kjördæmisins sammæltust um það á leiðinni til Hríseyjar að hafa stuttar framsögur og afmarkaðar

og það átti að gera. Þess vegna skaut það mjög skökku við að þingmaður úr öðru kjördæmi kæmi inn og tæki fjórfaldan tíma á við það sem aðrir höfðu sammælst um að gera. Það er staðreynd málsins, hv. þm. Kristján Möller. Og flokkskona, samstarfsmaður, kollegi hv. þm. Kristjáns Möllers, Svanfríður Jónasdóttir, lét þau orð falla eftir fundinn að hún kynni þingmanninum litlar þakkir fyrir frammistöðuna á fundinum. Ég vona svo sannarlega að hv. þm. Kristján Möller muni nú ekki kannski í fjórða sinn rifja upp sögu þessa fundar í Hrísey, og er ég að því leyti sammála hv. þm. Halldóri Blöndal. Það á ekki að standa svona að málum. Þetta er neðan við beltisstað og þetta verður ekki þingmanninum til framdráttar og því síður Samfylkingunni vegna þess að fólk mun opna augun fyrir því hvað er að gerast fyrr eða síðar. Því fyrr, því betra.

[15:25]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég skil ekki þessa viðkvæmni hjá hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þótt ég komi hér í ræðustól, við ræðum þetta þegar verið er að tala um að breyta Norðurorku í hlutafélag, og spyrji hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, formann Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs einfaldra spurninga. Hvað hefur breyst frá því að hann var í ríkisstjórn 1991 til dagsins í dag þar sem hamast er svo gegn því að virða sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga til þess að selja eigur sínar, sama hvort það eru orkufyrirtæki eða hvað, eða breyta þeim í hlutafélag? Hvað hefur breyst í því?

[15:26]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn og aftur verð ég að árétta við hv. þingmann að í vegferð sinni til þess að sverta mannorð formanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, notar þingmaðurinn þá aðferð, t.d. varðandi sölu á orkufyrirtækjum í Siglufirði, að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi staðið að því. Er ekki staðan sú og muna menn það ekki að það var þáv. iðnrh. Jón Sigurðsson sem stóð að því máli í samsteypustjórn? Það hefur gríðarlega mikið breyst á þeim tíma sem liðinn er. Hlutafélagavæðing samfélagsins sem aðdragandi að einkavæðingu hefst eftir þessa sölu, og þessar veitur á Siglufirði voru afhentar til ríkisrekins fyrirtækis með allt öðruvísi andrúmsloft í kringum sig heldur en nú er. Það er það sem hefur breyst. Ef hv. þm. áttar sig ekki á því hvernig tíðarandinn hefur breyst á þessum 10 árum er hann flæðiskeri staddur, er það ekki?

[15:27]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mig ekki vera að sverta mannorð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þótt ég rifji upp ákvörðun og stuðning hans árið 1991 sem þáv. ráðherra í ríkisstjórn við það að virða sjálfsákvörðunarrétt bæjarstjórnar Siglufjarðar um að selja Rafveitu og Hitaveitu Siglufjarðar með Skeiðsfossvirkjun. Ég tel mig ekki vera að sverta mannorð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar með því eins og hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson hefur sagt hér. Það er bara alrangt. Ég spyr einfaldlega: Hvað hefur breyst við þá ákvörðun núna að virða sjálfsákvörðunarrétt bæjarstjórnar Akureyrar sem vill breyta orkufyrirtæki sínu í hlutafélag frá því að bæjarstjórn Siglufjarðar með sjálfsákvörðunarrétti ákvað að selja orkuveitur sínar 1991 þegar hann var í ríkisstjórn? Það eru bara þessi tvö atriði sem mig langar að spyrja um. Ég er ekki að spyrja um breytingu eða óskir sveitarfélaga á Vestfjörðum um að selja Orkubú Vestfjarða. Og ég er ekki að spyrja um ákvörðun bæjarstjórnar Sauðárkróks um að selja Rafveitu Sauðárkróks. Ég er bara að spyrja um tímann þegar hv. þm. var í ríkisstjórn og nú þegar hann er í stjórnarandstöðu. Hver er munurinn?

[15:28]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var að útskýra það fyrir hv. þm. Kristjáni L. Möller að það hefur orðið gjörbreyting á viðhorfum til þessara mála á þessum 10 árum. Núna, eins og þjóðin veit, er hlutafélagavæðing notuð sem undanfari einkavæðingar. Það var ekki uppi á þessum tíma.

Að síðustu, virðulegi forseti, vona ég svo sannarlega að sá kratismi sem flæðir inn yfir Eyjafjarðarsvæðið og Norðausturkjördæmi að norðan nái ekki mikilli rótfestu vegna þess að það verður ekki svæðinu til framdráttar. Og að spyrja mig af hverju ég haldi að þingmaðurinn sé að leggja formann minn í einelti, það er náttúrlega svo augljóst samanber Hríseyjarfundinn. Við viljum ekki umræðu og samskipti á svona lágkúrulegu plani. Það verður ekki liðið. Og það verður flett ofan af mönnum sem fara með fleipur út um héraðið. Það eru vitni, allir þingmenn kjördæmisins, að fundinum í Hrísey og þetta verður slegið niður með oddi og egg.

Og svo þetta með að vera á móti framfaramálum. Nú ráðlegg ég hv. þingmanninum að fara yfir atkvæðagreiðslur og sjá hverjir taka ekki afstöðu og hverjir hafa greitt atkvæði með málum í þinginu undanfarið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulag ferðamála, 2. umr.

Stjfrv., 447. mál (afnám Ferðamálasjóðs). — Þskj. 638, nál. 762.

[15:31]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. samgn. um frv. til laga um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að ferðamálasjóður verði lagður niður. Frumvarpið er í samræmi við niðurstöðu vinnuhóps sem samgönguráðherra skipaði til að fara yfir stöðu sjóðsins þar sem eiginfjárhlutfall hans uppfyllti ekki skilyrði laga.

Samkomulag hefur náðst í ríkisstjórn um að stuðningur við verkefni á sviði ferðaþjónustu verði áfram veittur í formi samstarfs Ferðamálaráðs og Byggðastofnunar.

Nefndin telur ekki liggja alveg ljóst fyrir í frumvarpinu hvernig háttað verði frágangi eigna og skulda Ferðamálasjóðs eftir að hann hefur verið lagður niður og leggur áherslu á að unnið verði að því máli í góðu samstarfi milli viðkomandi ráðuneyta.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að heimild til að innheimta gjald fyrir þjónustu á ferðamannastöðum sem eru í umsjá ríkisins verði felld niður. Þessi breyting snertir ekki megintilgang frumvarpsins sem felst í að leggja niður ferðamálasjóð. Það er álit nefndarinnar að ekki saki að hafa slíka heimild í lögum enda kunna aðstæður og viðhorf manna að breytast

gagnvart slíkri gjaldtöku. Með þessu tekur nefndin þó enga afstöðu til þess hvort rétt sé leggja slík gjöld á eða ekki.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri breytingu:

3. gr. falli brott.

Lúðvík Bergvinsson, Kristján L. Möller, Jón Bjarnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en auk þess er hér stendur skrifa undir nál. Arnbjörg Sveinsdóttir, Jónas Hallgrímsson, Sigríður Ingvarsdóttir og Magnús Stefánsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]

1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, TIO, VS, ÞSveinb.

5 þm. (ÁSJ, JB, SJS, SvH, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, ÁMöl, GÁS, GÖ, GunnB, JÁ, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SP, StB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GÁS, JB, SJS, SvH, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, GÖ, GunnB, JBjart, KVM, KolH, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SP, StB, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 762 (3. gr. falli brott) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HBl, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb.

5 þm. (ÁSJ, JB, SJS, SvH, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, GÖ, GunnB, HjÁ, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SP, StB, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

4.–5. gr. (verða 3.–4. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb.

5 þm. (ÁSJ, JB, SJS, SvH, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, GÖ, GunnB, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SP, StB, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.

2 þm. (ÁSJ, JB) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, GÖ, GunnB, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SP, StB, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Stofnun hlutafélags um Norðurorku, frh. 2. umr.

Stjfrv., 457. mál. — Þskj. 685, nál. 759 og 760.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:36]

Árni Steinar Jóhannsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Vegna frv. til laga um stofnun hlutafélags um Norðurorku mun Vinstri hreyfingin – grænt framboð greiða atkvæði á móti 1. gr. frv. en sitja hjá við aðrar greinar og síðan greiða atkvæði á móti frv. í heild sinni. Minni hlutinn leggst eindregið gegn samþykkt frv. Hann telur í grundvallaratriðum vera ranga stefnu að hlutafélagavæða velferðarþjónustu og stoðkerfi samfélagsins á borð við orkuveitur. Reynslan kennir að slíkt kemur notendum í koll þegar til lengri tíma er litið auk þess sem skorið er á lýðræðisleg yfirráð yfir grunnþjónustu í samfélaginu með því að breyta þjónustustofnunum í hlutafélög. Frumvarpið er auk þess mjög seint fram komið og hefði þurft miklu nánari skoðunar við áður en þingið staðfestir það sem lög. Enn er á það að líta að áður en ráðist er í breytingar af þessu tagi hefði þurft að liggja fyrir mótuð heildstæð framtíðarsýn í orkumálum landsmanna.

[15:37]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þetta mál snýst í raun um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga. Það er flutt að beiðni Akureyrarbæjar sem vill breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag og er raunar nokkuð sérkennilegt að tilstyrk Alþingis þurfi til þess að svo geti orðið en þannig er nú raunin. En þetta er alveg í samræmi við það sem hefur áður verið gert í sambandi við önnur orkufyrirtæki, t.d. Hitaveitu Suðurnesja og Orkubú Vestfjarða. Þetta er algerlega sjálfstætt mál og hefur ekkert með það að gera að ný raforkulög hafi ekki verið samþykkt frá Alþingi. Þetta er sjálfstæð ákvörðun að breyta fyrirtækinu í hlutafélag. Ég segi já.

[15:38]

Svanfríður Jónasdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Samfylkingin styður það að sveitarfélögin í landinu hafi sem mest sjálfstæði og sem flest verkefni. Við viljum öflug sveitarfélög sem eiga vitaskuld að ráða því sjálf hvaða rekstrarform þau kjósa fyrir orkufyrirtækin sín. Þess vegna styðjum við að Akureyrarbær fái þær lagaheimildir sem þarf til að breyta Norðurorku í hlutafélag. Akureyskir sveitarstjórnarmenn munu síðan axla ábyrgð á þróun fyrirtækisins hér eftir sem hingað til enda á sú ábyrgð að vera á þeirra höndum.

[15:39]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þetta lagafrv. er unnið á handarbakinu eins og margt annað sem komið hefur frá ríkisstjórninni núna síðustu daga með kröfum og orðsendingum um að afgreiða málin hrá og með hraði. Þetta lagafrv. snertir allt íslenska

samfélagið. Með því er verið að opna fyrir einkavæðingu á orkubúskapnum á Norðausturlandi og því miður er þetta óheillaspor en alls staðar þar sem þessi leið hefur verið farin hefur það komið notendum þjónustunnar í koll og samfélaginu öllu.

Ég legg áherslu á að réttindi og kjör starfsmanna verði í engu skert og vísa þar sérstaklega í nál. og yfirlýsingar hv. formanns iðnn. um það efni.

[15:40]

Hjálmar Árnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Andstaða hv. þingmanna Vinstri grænna kemur í sjálfu sér ekki á óvart í þessu máli. Ég vil hins vegar andmæla því að hér sé um handarbaksvinnu að ræða. Málið hefur verið afskaplega vel undirbúið af hálfu eigendanna, Akureyringa, sem hafa óskað eftir þessu. Hér er Alþingi einfaldlega að bregðast við óskum heimamanna. Þetta er tiltölulega einföld aðgerð, verið er að breyta Norðurorku í hlutafélag og skapa þar með fyrirtækinu aukinn sveigjanleika þannig að það geti sótt fram til enn frekari og betri verka fyrir hönd þeirra sem eiga það, íbúa Akureyrar. Sambærileg reynsla er þegar fengin, m.a. frá Hitaveitu Suðurnesja, og sú reynsla er einstaklega jákvæð.

Þetta eru lýðræðisleg vinnubrögð. Með þessu er verið að bregðast við ósk lýðræðislega kjörinna fulltrúa á Akureyri. Heimamenn óska eftir þessari breytingu og að sjálfsögðu á Alþingi að verða við því. Réttindi starfsmanna eru tryggð með frv. Það verður Akureyringum örugglega til góðs og því er eðlilegt að segja já í þessari atkvæðagreiðslu.

1. gr. samþ. með 40:4 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb.

nei: ÁSJ, JB, SJS, ÖJ.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁMöl, GÖ, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SP, StB, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, GÖ, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SP, StB, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 759,1 (4. gr. falli brott) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, GÖ, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SP, StB, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 759,2 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, GÖ, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SP, StB, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, GÖ, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SP, StB, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

6. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, GÖ, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SP, StB, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 759,3 (ný 7. gr., verður 6. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, GÖ, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SP, StB, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

8.–11. gr. (verða 7.–10. gr.) og ákv. til brb. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, GÖ, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SP, StB, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.

5 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, GÖ, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SP, StB, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fundi slitið kl. 15:44.

---

60. FUNDUR

föstudaginn 13. des.,
að loknum 59. fundi.

Dagskrá:

1. Kosning eins manns í fjölskylduráð, í stað Daggar Pálsdóttur, skv. ályktun Alþingis frá 13. maí 1997 um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar.
2. Kosning eins aðalmanns í útvarpsréttarnefnd, í stað Magnúsar Bjarnfreðssonar, til 31. desember 2005, skv. 2. mgr. 6. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000.
3. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 483. mál, þskj. 788. — Ein umr. *Ef leyft verður.*
4. Skipulag ferðamála, stjfrv., 447. mál, þskj. 638 (með áorðn. breyt. á þskj. 762). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Stofnun hlutafélags um Norðurorku, stjfrv., 457. mál, þskj. 685 (með áorðn. breyt. á þskj. 759). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:45]
Of skammt var liðið frá 2. umr. 4. og 5. dagskrármáls og útbýtingu 3. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 47 shlj. atkv.

Kosning eins manns í fjölskylduráð, í stað Daggar Pálsdóttur, skv. ályktun Alþingis frá 13. maí 1997 um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Soffía Gísladóttir félagsmálastjóri, Húsavík.

Kosning eins aðalmanns í útvarpsréttarnefnd, í stað Magnúsar Bjarnfreðssonar, til 31. desember 2005, skv. 2. mgr. 6. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Björn Ingi Hrafnsson skrifstofustjóri.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 483. mál. — Þskj. 788.

[15:46]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 13. desember 2002 til 21. janúar 2003."

Tillagan skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:47]
Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.
16 þm. (ÁMM, GÖ, GunnB, JBjart, KVM, KF, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SP, StB, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 799).

Skipulag ferðamála, 3. umr.

Stjfrv., 447. mál (afnám Ferðamálasjóðs). — Þskj. 796.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:47]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb.
5 þm. (GAK, JB, SJS, SvH, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, GÖ, GunnB, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SP, StB, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 800).

Stofnun hlutafélags um Norðurorku, 3. umr.

Stjfrv., 457. mál. — Þskj. 795.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:48]
Frv. samþ. með 41:4 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JHall, KF, KÓ, KLM, KPál, LMR, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb.

nei: ÁSJ, JB, SJS, ÖJ.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, GÖ, GunnB, JóhS, JBjart, KVM, KolH, KHG, LB, ÓÖH, SP, StB, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 801).

[15:48]

Útbýting þingskjals:

Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis, 486. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 798.

Jólakveðjur.

[15:49]

Forseti (Halldór Blöndal):

Þá er komið að lokum síðasta fundar Alþingis fyrir jólahlé. Við ljúkum nú þingstörfum 13. desember eins og starfsáætlun gerir ráð fyrir og vil ég láta í ljós sérstakar þakkir mínar til þingmanna fyrir gott samstarf á haustþinginu. Það er ánægjuefni að okkur hefur tekist þriðja árið í röð að haga þannig þinghaldi að því hefur lokið um miðjan desember. Þessi breyting hefur orðið til mikilla bóta fyrir einstaklinga og stofnanir sem þurfa að vinna eftir þeirri löggjöf sem hér er sett fyrir áramót og skiptir þá ekki síst máli að fjárlög komandi árs liggi nú fyrir í byrjun desember.

Nú þegar jólahátíðin er í nánd vil ég færa alþingismönnum öllum svo og starfsfólki Alþingis bestu óskir um gleðilega og farsæla hátíð og þakka þeim samstarfið á því ári sem nú er senn á enda. Þeim sem eiga um langan veg heim að fara óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og bið þess að við megum öll hittast heil á nýju ári. Landsmönnum öllum sendi ég mínar bestu jóla- og nýársóskir.

[15:50]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar alþingismanna þakka hæstv. forseta fyrir gott samstarf á þessu haustþingi. Ég þakka forseta fyrir hlý orð í garð okkar þingmanna og vil fyrir okkar hönd óska forseta og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þá vil ég sérstaklega þakka starfsfólki Alþingis fyrir dugnað og þolinmæði í okkar garð og óska því gleðilegra jóla. Ég bið hv. þingmenn að taka undir góðar óskir til starfsfólks Alþingis og hæstv. forseta og fjölskyldu hans með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[15:51]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég þakka hv. 13. þm. Reykv. hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þingmönnum fyrir að taka undir þau orð með því að rísa úr sætum.

Ég endurtek þakkir mínar og innilegustu jóla- og nýársóskir til hv. þingmanna og alls starfsfólks Alþingis.

Þingfrestun.

[15:51]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Forseti Íslands gjörir kunnugt: „Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 128. löggjafarþings, frá 13. desember 2002 til 21. janúar 2003.

Gjört í Reykjavík, 13. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með vísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir að fundum Alþingis, 128. löggjafarþings, er frestað.

Leyfi ég mér að óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins, svo og landsmönnum öllum, gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Fundi slitið kl. 15:54.

61. FUNDUR

þriðjudaginn 21. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Vísinda- og tækniráð, stjfrv., 336. mál, þskj. 366, nál. 688 og 792. — 2. umr.
2. Opinber stuðningur við vísindarannsóknir, stjfrv., 357. mál, þskj. 394, nál. 690 og 791. — 2. umr.
3. Opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, stjfrv., 345. mál, þskj. 381, nál. 689 og 790. — 2. umr.
4. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 422. mál, þskj. 533. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.

Framhaldsfundir Alþingis.

[13:31]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda þriðjudaginn 21. janúar 2003 kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 10. janúar 2003.
Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Fundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstv. forseta, hv. alþingismönnum svo og starfsmönnum Alþingis óska ég gleðilegs árs, þakka hið liðna og býð menn velkomna til þingstarfa og læt í ljós þá ósk og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

[13:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég þakka hæstv. forsrh. góðar óskir í garð okkar þingmanna og starfsmanna Alþingis. Ég óska alþingismönnum og starfsmönnum Alþingis gleðilegs árs. Jafnframt sendi ég landsmönnum öllum mínar bestu nýársóskir.

Ég vona að hlé það sem verið hefur á reglulegum fundum Alþingis hafi nýst alþingismönnum vel til fundahalda í kjördæmum og til annarra samskipta við kjósendur.

Fyrir höndum er nú stutt þinghald þar sem kosningar til Alþingis verða í maí. Samkvæmt starfsáætlun lýkur þingstörfum 14. mars, eftir tæpar átta vikur. Ég vænti þess fastlega að við þá áætlun verði staðið og að afgreiðsla mála og umræður taki mið af því.

Þingmennskuafsal Vilhjálms Egilssonar.

[13:33]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 8. janúar 2003.

Virðulegi forseti. Afráðið hefur verið að ég taki við störfum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington DC hinn 16. janúar nk. Segi ég því af mér þingmennsku frá þeim degi.

Ég þakka þér, virðulegi forseti, samstarfið á liðnum árum sem og alþingismönnum og starfsfólki þingsins. Ég óska ykkur öllum farsældar í störfum ykkar í framtíðinni.

Virðingarfyllst,
Vilhjálmur Egilsson."

Samkvæmt þessu bréfi verður Adolf H. Berndsen 4. þm. Norðurl. v., en Sigríður Ingvarsdóttir 1. þm. Norðurl. v.

Adolf H. Berndsen hefur áður tekið sæti á Alþingi og undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni. Ég býð hann velkominn til starfa.

Við brotthvarf Vilhjálms Egilssonar af þingi vil ég færa honum þakkir fyrir þau störf sem hann hefur unnið á Alþingi, sérstaklega setu hans í efh.- og viðskn. frá árinu 1991 og formennsku í nefndinni 1992–1993 og samfellt frá 1995. Ég veit ég mæli fyrir munn þingmanna þegar ég þakka honum ánægjuleg kynni og gott samstarf sem skilur eftir góðar minningar. Við njótum starfskrafta hans, reynslu og þekkingar í öðru mikilvægu starfi. Ég óska honum allra heilla á þeim vettvangi.

Varamaður tekur tekur þingsæti.

[13:35]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda óska ég þess með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 2. varaþingmaður Samfylkingarinnar í Suðurl., Björgvin G. Sigurðsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni og forföllum 1. varaþingmanns.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.
Margrét Frímannsdóttir."

Enn fremur hefur borist svohljóðandi bréf:

„Hér með tilkynnist að vegna anna get ég, sem er 1. varaþingmaður Samfylkingarinnar á Suðurlandi, ekki tekið sæti Margrétar Frímannsdóttur nú í veikindaleyfi hennar.

Reykjahlíð, þann 15. janúar 2003.
Katrín Andrésdóttir,
héraðsdýralæknir á Suðurlandi."

Björgvin G. Sigurðsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný. Fyrir hönd okkar alþingismanna sendi ég Margréti Frímannsdóttur hlýjar kveðjur frá Alþingi með góðum óskum um skjótan bata.

Mannaskipti í nefndum.

[13:36]

Forseti (Halldór Blöndal):

Eftir þingvenju, samanber einnig 2. mgr. 17. gr. þingskapa, tekur Adolf H. Berndsen sæti Vilhjálms Egilssonar í

nefndum þingsins nema þingflokkur hans óski annars eins og heimilað er í 16. gr. þingskapa. Þetta eru efh.- og viðskn., sjútvn. og kjörbréfanefnd. Hins vegar hefur borist ósk frá þingflokki sjálfstæðismanna um að Gunnar Birgisson taki sæti Vilhjálms Egilssonar sem varamaður í utanrmn. Enn fremur að Gunnar Birgisson verði aðalmaður í Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA í stað Vilhjálms Egilssonar en Adolf H. Berndsen verði varamaður. Þess er vænst að efh.- og viðskn. kjósi sér formann á næsta reglulegum fundi nefndarinnar, sem er á fimmtudag, svo og Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA.

Borist hefur tilkynning um að á fundi sjútvn. í dag sagði Einar K. Guðfinnsson af sér formennsku í nefndinni. Í hans stað var Árni R. Árnason kjörinn formaður sjútvn.

[13:37]

Útbýting þingskjala:

Búnaðargjald, 442. mál, þskj. 748.

Fjármálafyrirtæki, 215. mál, þskj. 660.

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, 245. mál, þskj. 749.

Húsaleigubætur, 440. mál, þskj. 747.

Skipulag ferðamála, 447. mál, þskj. 796.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 441. mál, þskj. 746.

Úrvinnslugjald, 337. mál, þskj. 744.

Verkefni Umhverfisstofnunar, 405. mál, þskj. 745.

Umræður utan dagskrár.

Mótvægisaðgerðir vegna stóriðjuframkvæmda á Austurlandi.

[13:38]

Forseti (Halldór Blöndal):

Áður en gengið er til dagskrár fer fram umræða utan dagskrár um mótvægisaðgerðir vegna stóriðjuframkvæmda á Austurlandi. Málshefjandi er hv. þm. Ögmundur Jónasson en hæstv. forsrh. Davíð Oddsson verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:38]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í næstu viku fara fram á Alþingi umræður um heimild til að reisa álver í Reyðarfirði. Sú heimild verður ekki aðskilin heimild til að reisa virkjun við Kárahnjúka. Tvær ástæður eru fyrir því að þessar framkvæmdir verða ekki aðskildar. Í fyrsta lagi má líta á virkjunina sem þluta af álverinu. Það er reist einvörðungu til að knýja þessa einu verksmiðju. Hin ástæðan fyrir því að Kárahnjúkavirkjun og álverksmiðjan eru óaðskiljanlegar framkvæmdir er sú að ef af þeim yrði mundu þær byggja á fjárfestingum sem saman hefðu í för með sér mjög miklar og að öllum líkindum afdrifaríkar efnahagslegar afleiðingar.

Deilur efnahagssérfræðinga um sjálfa virkjunina hafa verið af tvennum toga. Annars vegar hvort fjárfestingin sé arðvænleg í þeim skilningi að hún skili meiri arði en aðrir fjárfestingarkostir mundu gera. Margir málsmetandi hagfræðingar hafa verið efins um þetta, ekki síst í flokki hæstv. forsrh. Hér vísa ég til gagnrýni á þessa risavöxnu miðstýrðu framkvæmd. Þeir telja hana ekki arðsama í þeim skilningi og það sem verra er, þeir telja að hún verði beinlínis þrándur í götu annars atvinnureksturs, sérstaklega smárra og meðalstórra fyrirtækja sem munu þurfa að taka lán með hærri vöxtum en ella til að vaxa áfram eða hreinlega bara til að brúa bilið milli útgjalda og tekjustreymis. Í þessu sambandi er talað um ruðningsáhrif í atvinnulífinu. Þessum fyrirtækjum yrði hreinlega rutt úr vegi.

Hitt deilumálið á meðal efnahagssérfræðinga er enn alvarlegra og vísa ég til þeirra sérfræðinga sem staðhæfa í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir og þess sem ætla má um framkvæmdina að beinlínis verði bókhaldslegt tap á framkvæmdinni. Íslendingar munu með öðrum orðum tapa á því að reisa orkuverið fyrir Alcoa. Því miður hefur margt komið fram sem bendir til að þessir aðilar hafi rétt fyrir sér. Enginn deilir um að Kárahnjúkavirkjun muni valda miklum óafturkræfum náttúruspjöllum. Það er helst að vinir okkar í Samfylkingunni telji að virkjunin sé ákjósanleg umgjörð fyrir þjóðgarð. En þrátt fyrir þessi náttúruspjöll segir ríkisstjórnin að hinn efnahagslegi ávinningur sé svo mikill að réttlætanlegt sé að fórna náttúrunni. Þetta hefur verið röksemd ríkisstjórnarinnar.

Þeir sem svona tala verða að geta stutt mál sitt mjög gildum rökum. Á það hefur skort. Sjálf hefur ríkisstjórnin margoft sagt að ef ekkert verði að gert samhliða þessari gríðarmiklu innspýtingu á fjármagni í hagkerfið mundi það ofhitna með blússandi verðbólgu og afleiðingum sem til lengri tíma mundu grafa undan efnahag þjóðarinnar. Þessu sé hins vegar hægt að mæta á þrennan hátt. Í fyrsta lagi með því að hækka vexti, gera lánsfjármagn dýrara. Hvers vegna? Til að koma í veg fyrir að einstaklingar og fyrirtæki sækist eftir fjármagni til framkvæmda. Með öðrum orðum til að sporna gegn því að þau byggi sig upp og færi út kvíarnar.

En það er meira sem gerist. Hækkun vaxta mundi að sjálfsögðu koma í bakið á þeim fyrirtækjum sem þegar eru skuldsett og verða áfram háð lánafyrirgreiðslu. Hefur ríkisstjórnin á prjónunum mótvægisaðgerðir gagnvart skuldsettum aðilum, einstaklingum, fjölskyldum og fyrirtækjum. Á hvern hátt er ráðgert að draga úr ruðningsáhrifum þessara stóriðjuframkvæmda?

Í öðru lagi er talað um að hið opinbera dragi úr fjárfestingum sínum. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur í haust alltaf annað veifið verið að spyrjast fyrir um Sundabrautina í Reykjavík, hvað því líði að hún verði lögð. Ég held að honum sé óhætt að gleyma henni næstu árin og hið sama gildir um vegáætlun fyrir landið í heild nema náttúrlega, og við því þurfum við að fá svör og það skýr svör, að niðurskurðarhnífnum verði beitt einvörðungu á skóla, söfn og sjúkrahús. Hér þarf ríkisstjórnin að tala skýrt. Hvar verður skorið niður?

Í þriðja lagi hefur ríkisstjórnin talað um nauðsyn þess að opna vinnumarkaðinn tímabundið fyrir innstreymi erlends vinnuafls. Hvers vegna? Til að koma í veg fyrir að takmarkað framboð á innlendum vinnumarkaði hleypi launakostnaði upp. Fyrir erlendu fyrirtækin þýðir þetta á mannamáli möguleikana á að flytja inn ódýrt vinnuafl til að undirbjóða innlent og nú berast einmitt fréttir af því að ítalska fyrirtækið Impregilo ætli að flytja allt sitt vinnuafl inn. Hafa farið fram viðræður við Samtök íslenskra málmiðnaðarmanna eða önnur hlutaðeigandi samtök sem hafa ályktað og krafist þess að Landsvirkjun og stjórnvöld tryggi fulla atvinnuþátttöku Íslendinga í virkjana- og álversframkvæmdunum ef af þeim verður? Sem við vonum að verði ekki.

Að lokum er það spurningin um gengið. Hvar verða lán-

in til framkvæmdanna tekin? Einkum hefur verið talað um lán í útlöndum en það mundi hækka krónuna í verði. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvaða afleiðingar ríkisstjórnin telji slíka erlenda lántöku hafa fyrir útflutningsgreinarnar og er þegar farin að hafa. Eða ætlar hann ekki að taka varnaðarorð fulltrúa úr sjávarútvegi alvarlega?

[13:43]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Við Íslendingar höfum góða reynslu af rekstri álvera hér á landi. Álverin í Straumsvík og Hvalfirði hafa styrkt íslenska þjóðarbúið svo um munar og átt ríkan þátt í því að bæta lífskjör þjóðarinnar allrar. Engin ástæða er til að ætla annað en að álver það sem nú stendur til að reisa í Reyðarfirði muni reynast efnahagslífi okkar jafn vel.

Talið er að árlegur hagvöxtur á framkvæmdatímanum muni verða 1,5% hærri en ella og jafnframt er áætlað að landsframleiðsla verði um 1% hærri þegar til lengri tíma er litið. Þetta er gríðarlega mikilvægt fyrir þjóðina sem heild. Aukinn hagvöxtur, sé rétt á málum haldið, er ávísun á aukinn kaupmátt almennings í bráð og lengd. Þar með heldur kaupmátturinn áfram að aukast eins og hann hefur gert undanfarin átta ár samfleytt. Meiri hagvöxtur styrkir ríkissjóð og gerir stjórnvöldum kleift að halda áfram að greiða niður skuldir þjóðarinnar, lækka skatta á fyrirtæki og almenning og reka öflugt velferðarkerfi. Við þessi almennu áhrif sem þjóðin mun öll njóta góðs af bætast jákvæð áhrif á byggð og byggðaþróun á Austurlandi. Hressileg viðbrögð Austfirðinga þegar fréttir bárust um ákvörðun Alcoa að hefja byggingu álversis sögðu allt um hversu miklu þessi framkvæmd skiptir fyrir fjórðunginn. Bjartsýni og framkvæmdahugur einkennir nú mannlífið á fjörðunum eystra og það blandast engum hugur um hversu mikilvæg Kárahnjúkavirkjun og álverið á Reyðarfirði er fyrir byggðaþróun í fjórðungnum.

Undanfarin missiri var ríkisstjórnin harðlega gagnrýnd af stjórnarandstöðunni í þingsölum vegna þenslu í þjóðarbúskapnum. Kallað var eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að koma á hana böndum og voru margir býsna stóryrtir um meint aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórninni tókst, í góðu samstarfi við aðila á vinnumarkaði, að koma böndum á þensluna og koma þannig í veg fyrir að allar þær hrakspár sem hver þuldi upp eftir öðrum gengju eftir.

Nú er svo komið að verðbólga er innan þeirra marka sem Seðlabanka er gert að halda henni innan. Sú spenna sem ríkti á vinnumarkaði er horfin og talið er að hagvöxtur hafi verið um hálft prósent á árinu sem var að líða. Við þessar aðstæður er mjög gleðilegt að þjóðin fái ráðist í þessar miklu framkvæmdir á Austfjörðum. Einmitt nú er gott svigrúm til þess, eftir að svo vel tókst til við að slá á þensluna á síðasta ári. Umfang framkvæmdanna gefur hins vegar tilefni til að vera á varðbergi gagnvart mögulegum þensluáhrifum þeirra vegna. En það er á hinn bóginn argasta öfugmælavísa að tala eins og þar sé á ferðinni einhver sérstakur voði eða vá sem kalli á skyndiákvarðanir í ríkisfjármálum eða varðandi stjórn peningamála á þessari stundu.

Meginþungi framkvæmdanna verður á árunum 2005 og 2006. Það er engin leið að sjá fyrir með öruggri vissu hvert ástand efnahagsmála verður á þeim tíma. Það liggur t.d. ekki fyrir í dag hver þorskafli verður á árinu 2005, hverjar aðstæður verða á helstu útflutningsmörkuðum okkar eða t.d. hvernig kjarasamningar hafa þá gengið fyrir sig. Allt eru þetta þættir sem miklu ráða um ganginn í efnahagslífinu.

Það er því engan veginn við hæfi nú að lýsa því til hvaða aðgerða eigi að grípa í ríkisfjármálum. Slíkar ákvarðanir hljóta að verða teknar við vinnslu fjárlaga á árinu 2004 og á næstu árum þar á eftir. Sama gildir um aðgerðir við stjórn peningamála. Þær hljóta að taka mið af efnahagsástandinu á hverjum tíma. Því er engan veginn hægt að fullyrða um að þróun vaxta verði okkur óhagstæð á þessum tíma. Í augnablikinu er reyndar mikilvægast að lækka vextina eins og kunnugt er.

Það er mikilvægt að hafa í huga að íslenska hagkerfið hefur eflst mjög á undanförnum áratug. Jafnframt er það mun sveigjanlegra en nokkru sinni fyrr. Þetta mátti gjörla sjá þegar viðskiptahallinn, sem ýmsir töldu óviðráðanlegan, hvarf eins og hendi væri veifað. Geta íslenska hagkerfisins til þess að taka á móti fjáfestingu á borð við þá sem ráðist verður í á Austurlandi er miklu meiri og hagfelldari en nokkru sinni fyrr. Jafnframt er rétt að líta til þess að hlutfallslegt umfang framkvæmdanna nú er síst meira en t.d. þegar ráðist var í framkvæmdir vegna álversins í Straumsvík og virkjanaframkvæmdir þeim tengdar.

Herra forseti. Aðalatriði þessa máls er að komi til þess að grípa þurfi til einhvers konar sérstakra aðhaldsaðgerða vegna Kárahnjúkavirkjunar og álversins þá eru slíkar aðgerðir einungis tímabundnar. En ávinningurinn af fjárfestingunni verður til langs tíma og hann verður verulegur. Allt hagkerfið styrkist og hagvöxtur verður meiri en ella. Útflutningur eykst, atvinna eykst, ríkissjóður styrkist og byggðin á Austfjörðum eflist til muna. Lífskjör þjóðarinnar batna því óumdeilanlega og það er ábyrgðarleysi að standa gegn þessari miklu atvinnuuppbyggingu sem nú er fram undan á Austfjörðum vegna þess eins að aðlaga þurfi efnahagsstarfsemina í landinu þessum framkvæmdum um örskamma hríð.

[13:48]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ruðningsáhrifa vegna væntanlegra framkvæmda eystra er þegar farið að gæta. En hvar eru mótvægisaðgerðirnar?

Hæstv. forsrh. spyr í áramótagrein sinni í Morgunblaðinu: Hvað hefði gerst ef við hefðum ekki að undanförnu búið við okkar eigin mynt? En ég spyr á móti: Hvar eru kostirnir við að búa við okkar eigin mynt? Ég auglýsi eftir þeim stjórntækjum til áhrifa í efnahagslífinu sem hæstv. forsrh. þykja svo mikilvæg að hvorki má ræða ESB né upptöku evrunnar.

Í grunndæmi fjmrn. frá 8. þessa mánaðar er gengi krónunnar mikilvæg forsenda og miðað við meðaltal ársins 2002. Við mat á stofnkostnaði er miðað við dollarann á 85 kr. En hann hefur nú fyrir nokkru hreiðrað um sig mun neðar, hefur undanfarið verið undir 80 kr.

Atvinnuleysi fer vaxandi, herra forseti. Þróun gengisins hefur þegar sett alvarlegt strik í reikninga útflutnings- og samkeppnisfyrirtækjanna og ef þessi staða verður óbreytt mun hún enn auka á uppsagnir og atvinnuleysi, fjölda fyrirtækja verður lokað því að þau ráða ekki við þá gengisþróun sem fyrirhugaðar framkvæmdir hafa þegar kallað fram.

Í svari við fyrirspurn frá Jóhönnu Sigurðardóttur á síðasta vori, um mótvægisaðgerðir vegna efnahagslegra áhrifa Noral-verkefnisins, kemur fram að búast megi við þessum áhrifum á gengi krónunnar í aðdraganda og á fyrstu stigum framkvæmdanna. Jafnframt segir að þessar gengissveiflur hefðu veruleg áhrif á raungengi og samkeppnisstöðu útflutnings- og samkeppnisgreina.

Herra forseti. Hvar eru stjórntækin ómissandi? Hversu langt á að ganga áður en þau verða sýnd?

[13:50]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Eftir ræðu hv. þm. Vinstri grænna hljóta ýmsar spurningar að vakna. Maður hlýtur að spyrja hv. þm. hvort hann hafi ekki tekið eftir blikum á lofti í íslensku atvinnulífi þar sem hinn skelfilegi vágestur, atvinnuleysið, hefur gert vart við sig. Telur hann ekki að bregðast þurfi við? Maður hlýtur líka að spyrja hvort hv. þm. viti ekki að á framkvæmdatímanum einum, 2003–2007, er áætlaður launakostnaður 11 milljarðar kr. Maður hlýtur að spyrja hvort hv. þm. telji ekki fagnaðarefni að á þessum tíma skuli 11 milljarðar renna í vasann á íslensku launafólki (**ÖJ:** Íslensku?) auk fjölmargra smáfyrirtækja sem fá verkefni í tengslum við þetta eins og reynslan sýnir.

Er það ekki fagnaðarefni að með þessu verkefni skuli varanleg verðmætasköpun í útflutningsverðmætum aukast um tugi milljarða kr. og þar með lagður enn frekari grunnur að íslensku velferðarkerfi og hugsanlega skapað svigrúm til frekari kjarabóta handa íslensku launafólki?

Herra forseti. Hv. þingmenn Vinstri grænna munu örugglega koma síðar í vetur í þennan ræðustól og krefjast kjarabóta fyrir íslenskan almenning og ýmissa útgjalda úr velferðarkerfinu. En herra forseti, mér verður stöðugt óljósara hvernig þeir hyggjast sækja þau verðmæti. Sú stefna að peningar komi af himnum ofan og ríkisútgjöld skuli vera óendanleg er líklega helsta ógnin við allar hagtölur og efnahagslegan stöðugleika á Íslandi.

[13:52]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Fólksfækkun er mest á norðausturhorninu, austan Eyjafjarðar; Norðvesturlandi, norðan Borgarfjarðar og á Austurlandi. Ég tel að það sem við þurfum að hafa mestar áhyggjur af, a.m.k. á þessu ári og jafnvel því næsta, sé vaxandi atvinnuleysi eins og komið hefur fram að undanförnu. Ég tel óráð að draga úr framkvæmdum ríkisins á þessu ári. Ég held að réttara væri að styrkja atvinnustigið á þessu ári og efla framkvæmdir ríkisins.

Hins vegar þarf auðvitað, þegar kemur fram á árið 2005 og 2006, að bregðast við þeim miklu framkvæmdum sem þá mun farið í á landinu. Að mínu viti er mesta vandamálið nú um stundir það atvinnustig sem virðist vera á landinu. Fólksflóttinn af landinu hefur beinst til suðvesturhornsins, þangað hefur fólkið leitað.

Ég hef miklar áhyggjur af mínu kjördæmi, hinu nýja Norðvesturkjördæmi, varðandi það hvað eigi að verða til vaxandi velsældar þar. Þar eru ekki fyrirhugaðar neinar sérstakar framkvæmdir til mótvægis við þær aðgerðir sem fyrirhugaðar eru á Austurlandi og verða þar vonandi öllum til gæfu og gengis.

[13:54]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það hefur verið sagt um okkur Íslendinga að þegar við komumst í feitt þá kunnum við okkur ekki magamál. Sú er því miður raunin ef ráðast á í hartnær 200 milljarða kr. fjárfestingu á einum stað og tengja hana einu fyrirtæki. Verði af stækkun Norðuráls á sama tíma með tilheyrandi virkjunarframkvæmdum lætur nærri að fjárfest verði á örfáum árum fyrir um eina milljón á hvern Íslending í áliðnaði einum saman, til viðbótar því sem fyrir er.

Það er mat flestra hagfræðinga sem hafa tjáð sig um fyrirhugaða Kárahnjúkavirkjun og Fjarðaál að þær framkvæmdir muni valda gífurlegri þenslu, ekki einungis á Miðausturlandi heldur ekki síður á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Öðrum landshlutum og öðrum atvinnugreinum mun blæða vegna hærri vaxta og hærra gengis krónunnar sem framkvæmdirnar munu kalla fram. Verði af þessum risaframkvæmdum munu þær hefta allan vöxt annarra útflutningsgreina á framkvæmdatímabilinu og ryðja mörgum þeirra burt. Atvinnulífið verður einhæfara en ella. Er það þetta sem við viljum, virðulegi forseti?

Ein milljón á hvern Íslending í áli. Áhrifin eru þegar að koma í ljós. Gengi krónunnar er nú þegar 10–15% hærra en efnahagslífinu er eðlilegt og gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga þessa árs. Atvinnulífið heldur að sér höndum. En þetta er aðeins forsmekkurinn.

Sérfræðingar fjmrn. segja að gengið muni hækka, vextir hækka og viðskiptahalli verði gríðarlegur. En háir vextir og hátt gengi munu fyrst og fremst bitna á öðrum útflutningsgreinum, einkum á landsbyggðinni. Mun ferðaþjónustan þola 10–20% tekjuskerðingu á næstu árum? Munu sjávarútvegurinn og fiskvinnslan þola samsvarandi skerðingu á tekjum og beina launalækkun sjómanna vegna hærra gengis? Gengishækkun upp á 15% þýðir um 500 millj. kr. lækkun á útflutningstekjum landbúnaðarins og þar fjúka 100 störf. Er það þetta sem við viljum?

[13:57]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er sannarlega undarlegur málflutningur, að þegar efnahagsumsvifin í landinu vaxi þá kalli það böl yfir þjóðina. Þannig hafa hv. þm. Vinstri grænna talað í dag. Það sé sérstaklega slæmt að vita til að auka eigi efnahagsumsvifin og að fjárfestingin í landinu, sem hefur verið að dragast saman, eigi að aukast. Við sjáum fram á að landsframleiðslan muni aukast til lengri tíma og hagvöxtur aukast, lífskjörin muni batna. Það telst sérstakt böl, sérstakt vandamál sem hefur verið útmálað með þessum hætti.

Þetta er undarlegur málflutningur. Auðvitað rekur sig þarna hvað á annars horn. Vitaskuld er ánægjulegt að efnahagsumsvifin í landinu eru að aukast, ekki síst vegna þess að það hefur dregið úr vexti atvinnulífsins upp á síðkastið. Við sjáum þarna mikla möguleika.

Það er auðvitað rétt, það vita allir, að haga þarf hagstjórninni með öðrum hætti þegar vöxtur er í atvinnu- og efnahagslífi en þegar samdráttur er. Auðvitað verða menn að bregðast við með einhverjum þeim hætti. En að draga upp þá mynd að hér fari allt á hliðina og það verði ekki hægt að leggja vegi, byggja skóla eða sjúkrahús o.s.frv., eins og hv. málshefjandi talaði um áðan, er auðvitað alveg út í loftið.

Fjmrn. vakti athygli á að mótvægisaðgerðirnar gætu hugsanlega falist í að draga saman opinberar framkvæmdir um 10%. Rímar það saman við lýsingu hv. þm. áðan sem sagði að hér yrði ekki hægt að leggja vegi eða byggja skóla? Hann gaf í skyn að hér yrði ekki hægt að gera nokkurn skapaðan hlut vegna Kárahnjúkavirkjunar og álverksmiðju á Austfjörðum.

Vitaskuld sér það hver einasti maður, virðulegi forseti, að svona málflutningur er gjörsamlega út í loftið. Það tekur því varla að ræða hann. (**ÖJ:** Enda viljið þið ekkert ræða þetta.)

[13:59]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er full ástæða til að ræða um mótvægisaðgerðir, nú þegar mestu framkvæmdir Íslandssögunnar vegna orkuframleiðslu til stóriðju á Austurlandi liggja fyrir.

Mótvægisaðgerðir í aðdraganda stórframkvæmda þurfa í aðalatriðum að vera tvenns konar. Í fyrsta lagi vegna almennra áhrifa í hagkerfinu öllu til að jafna út spennu sem þessi gríðarlega framkvæmd skapar. Þar hljóta vaxtalækkanir að koma helst til greina eins og ástandið er í þjóðfélaginu. Rökin fyrir vaxtalækkunum eru augljós. Hér eru sligandi háir vextir og þó er minnkandi eftirspurn, vaxandi atvinnuleysi og almennur samdráttur í hagkerfinu greinilegur. Nú er því gott umhverfi til að lækka vexti, tækifæri til að færa vaxtastigið verulega í átt til þess sem gerist í samkeppnislöndum okkar.

Nú reynir á það hvort stjórntækið, sem hæstv. forsrh. telur svo mikils virði að geta beitt þegar á þarf að halda, virkar í raun og veru.

Í öðru lagi minni ég á tillögur okkar samfylkingarmanna um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum, ójafnvægi sem mun augljóslega skapast vegna þeirra gífurlegu framkvæmda sem í stefnir á norðausturhluta landsins. Það hefur nefnilega verið ákveðið að fara í einhverjar mestu framkvæmdir í vegamálum sem um getur líka á þessu landsvæði. Ný byggðaáætlun hefur verið ákveðin sem beinir athyglinni fyrst og fremst inn á þetta svæði og til Akureyrar. Svo hefur hæstv. byggðamálaráðherra verið iðin við að flytja alls kyns verkefni norður til Akureyrar og á það svæði, og það meira að segja frá svæðum sem eiga undir högg að sækja. Þess vegna er ástæða til að horfa til þess að koma af stað framkvæmdum á öðrum hlutum landsins, öðrum byggðasvæðum, og manni verður á að spyrja: Hvar voru þingmenn og ráðherrar þessara svæða þegar þessar ákvarðanir voru teknar?

[14:01]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Maður undrar sig á málflutningi allflestra þingmanna hér sem virðast greinilega vera komnir á álvagninn. Umræðan hér snýst um atvinnuuppbyggingarstefnu, eða pólitík, og eins og kunnugt er er það ekki í anda okkar hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að stuðla að stóriðjuuppbyggingu. Þjóðgarðar, glæsilegir þjóðgarðar, eru líka atvinnuskapandi tækifæri fyrir þjóðina (**Gripið fram í:** Hvað vinna margir ...?) fyrir margra hluta sakir, (**Gripið fram í:** Og prjóna vettlinga.) bæði út af lífríkinu og líka fyrir tekjur af túristum. En eins og menn vita er ferðaiðnaðurinn önnur stærsta atvinnugrein okkar.

Ég skil heldur ekki, virðulegi forseti, hvernig hv. þm. geta talað, sérstaklega landsbyggðarþingmenn, eins og að þessi ákvörðun, ef af verður, hafi engin áhrif á atvinnulífið á landsbyggðinni. Annað segja menn sem standa í atvinnurekstri úti á landi. Hækkandi vextir sem afleiðing af ákvarðanatökunni, ef af verður, eru íþyngjandi fyrir grunnatvinnulífið. Styrking krónunnar er þegar farin að valda vandræðum, það vitum við. Og að draga úr opinberum framkvæmdum, t.d. vegagerð, er mjög alvarlegt mál að horfast í augu við fyrir landsbyggðina, og ekki síður höfuðborgarsvæðið þar sem veruleg vandræði eru. Þess vegna er brýnt að kalla á það, virðulegi forseti, hverjar mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar verða ef af þessum framkvæmdum verður. Má búast við að mótvægisaðgerðirnar leiði til þess að e.t.v. töpum við hundruðum og kannski þúsundum starfa í atvinnugreinum þjóðarinnar sem eru í gangi til þess að fá þessi nokkur hundruð störf í staðinn? Þetta eru allt hlutir sem verður að svara.

Síðan í öllum atganginum við þetta verður að krefja ríkisstjórnina svara um hvort verið sé að draga úr mengunarvarnakröfum varðandi fyrirhugað álver við Reyðarfjörð. Það hefur komið fram í fréttum að áformað sé að notast við þurrhreinsibúnað í stað vothreinsibúnaðar sem kallar á tvo reykháfa upp á tugi metra, 80–100 metra.

[14:04]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Við erum að tala hér um nauðsynlega innspýtingu í efnahagslífið. Við erum að tala um bætt lífskjör í landinu. Við erum að tala um aukna atvinnu. Við erum að tala um auknar útflutningstekjur. Við erum að ráðast í framkvæmd sem hefur góð áhrif á efnahagslífið á landsbygginni.

Hvert er áhyggjuefnið? Hvað vilja vinstri grænir? Samfylkingin er reyndar að koma til ráðs, a.m.k. formaðurinn, jafnvel báðir, þó að það sé með hnút í maganum. (**Gripið fram í:** Báðir formennirnir?) Stóri plúsinn er að virkjun og álver á Austurlandi hefur jákvæð áhrif á þjóðarbúið og hefur auk þess gríðarlega góð byggðaleg áhrif. Það er augljóst mál að ekki hefði verið ráðist í þessar framkvæmdir nema þær skiluðu arði fyrir eigendur og þjóðarbúið. Það er hins vegar ánægjulegt að málið hefur byggðalegan vinkil vegna þess að orkulindirnar eru á Austurlandi. Fyrirtæki og þjónustugreinar á Austur- og Norðurlandi geta bætt við sig verkefnum og eru í sumum tilfellum í sárri þörf fyrir verkefni. Það hef ég heyrt á ferðum mínum um Norðausturkjördæmi á síðustu vikum.

Þetta á einnig við um fyrirtæki um allt land, og ekki síst á höfuðborgarsvæðinu. Í nýrri könnun Samtaka atvinnulífsins kemur fram að fyrirtæki hyggjast fækka fólki. Það kemur til viðbótar vaxandi atvinnuleysi eins og fram kemur í spá Vinnumálastofnunar. Fyrir helgi voru 5.644 atvinnulausir á landinu. Það er ekki í íslensku þjóðarsálinni að búa við atvinnuleysi.

Nú er heppilegur tími til að takast á við þetta góða verk. Hámark uppsveiflunnar er eftir tvö eða þrjú ár og ef nauðsynlegt verður bregðast stjórnvöld auðvitað við þá. Það er ekki hægt, hæstv. forseti, hvernig sem menn reyna, að líta á framkvæmdirnar sem efnahagslegt vandamál. Það er hreinlega ekki hægt. Við hljótum að fagna virkjun og álveri á Austurlandi sem jákvæðu framlagi í íslenskt efnahagslíf.

[14:06]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin en mjög voru þau rýr. Ég fékk ekki svar við þeim spurningum sem ég setti fram. Ég spurði um hvernig mæta ætti hugsanlegum ruðningsáhrifum í atvinnulífinu, hvernig ætti að bregðast við hækkun vaxta fyrir fjölskyldur og fyrirtæki. Engin svör. Ég spurði hvort horfa ætti aðgerðalaust á fyrirtæki á borð við Impregilo undirbjóða innlent vinnuafl. Engin svör. Og ég vil leggja áherslu á að Impregilo, þetta ítalska fyrirtæki, er þekkt fyrir þetta. Það er líka þekkt fyrir hneykslismál. Ég hvet menn til á fara á netið og fletta upp Impregilo scandals og þá fyllist skjárinn einhverra hluta vegna. Þetta fyrirtæki er þekkt fyrir að bjóða lágt en keyra síðan kostnaðinn upp frammi fyrir dómstólum.

Ég spurði um niðurskurð hjá hinu opinbera. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson talaði af léttúð um niðurskurð upp á 10% og hækkun raunvaxta um 2 prósentustig. En það segir

í greinargerðinni sem hann vitnar til frá fjmrn. frá 8. janúar, með leyfi forseta:

„Samkvæmt þessum útreikningum mundu aðgerðirnar ekki duga einar sér til að halda verðbólgu innan þolmarka." Og hér er vísað í 10% niðurskurð. Ég óska eftir að fá að vita hvar verður skorið niður. Hvers vegna fáum við ekki svör um þetta?

Síðan er talað um hinn efnahagslega ávinning af þessu. Það er einmitt hann sem menn eru að bera brigður á, að ekki sé ávinningur af þessu verkefni. Það er það sem hagfræðingar eru að vara okkur við og þeir eru að benda okkur á að skoða vinnsluvirðið út úr þessari framkvæmd eftir að búið er að flytja arðinn úr landi, skoða hvað situr eftir í íslensku hagkerfi.

Og síðan þetta með atvinnuna. Vita menn hvað hér hafa skapast mörg störf á landi síðan um 1970? Að meðaltali á milli 1.000 og 1.500 á ári. Og við þurfum á næsta áratug að skapa 14 þúsund ársverk. Hér erum við að tala um 700 störf í álverinu og afleidd störf. Telja menn að þessar ráðagerðir og þær afleiðingar sem þær munu hafa í för með sér stuðli að því að við mætum þessu marki? Ég held ekki. En hvar eru svörin, hæstv. ráðherra?

[14:08]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er út af fyrir sig hægt, og ekkert óeðlilegt við það, að velta fyrir sér þessum miklu málum á grundvelli umhverfismála og náttúru og slíkra stórmála og sjálfsagt og eðlilegt að fara yfir þau mál og velta fyrir sér hvort menn styðji þessar framkvæmdir eða ekki með þeim rökum. En það er eiginlega ekki hægt að ætla að reyna að finna sér málstað til að vera á móti þessum framkvæmdum vegna þess að á tveggja ára tímabili kunni menn hugsanlega að þurfa að laga efnahagslífið í landinu að tilteknum framkvæmdahápunkti, að ætla sér að vera á móti því að skapa hér efnahagsleg tækifæri sem munu hjálpa okkur um 40 ára skeið vegna þess að á tilteknum hápunkti framkvæmdanna þurfi menn kannski að laga efnahagslífið að þessum veruleika. Geta menn verið á móti málinu á þeim forsendum? (**ÖJ:** Á tveimur árum?) Já, á hápunkti framkvæmdanna, 2005–2006. Mér finnst ekki hægt að leggja málið upp með þeim hætti. Það er sjálfsagt og eðlilegt að ræða um það út frá umhverfismálum og náttúrufari. Það eru stórmál og sjálfsagt að gera það og mynda sér skoðun út frá því. En það er ekki hægt út frá þessum punkti, finnst mér.

Ég vek athygli á því og nefndi það hér áðan að þegar menn voru að fara í álverið í Straumsvík árið 1968 voru fjárfestingar vegna álvers og vegna Landsvirkjunar um 7,56% af vergri landsframleiðslu árið 1968 og um 6,44% árið 1969. Núna erum við að tala um framkvæmdir upp á 5,5% af vergri landsframleiðslu við aðstæður þegar efnahagslífið er miklu sveigjanlegra og miklu færara um að taka á móti framkvæmdum af þessu tagi. Menn geta ekki verið að búa sér til andstöðu á þessari forsendu, minn ágæti hv. þm. Ögmundur Jónasson. (**ÖJ:** Hvernig væri að svara spurningunum um niðurskurðinn, um ruðningsáhrifin?) Ég skal gera það sem forsætisráðherra hér 2005.

Vísinda- og tækniráð, 2. umr.

Stjfrv., 336. mál. — Þskj. 366, nál. 688 og 792.

og

Opinber stuðningur við vísindarannsóknir, 2. umr.

Stjfrv., 357. mál (heildarlög). — Þskj. 394, nál. 690, 791 og 802.

og

Opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, 2. umr.

Stjfrv., 345. mál. — Þskj. 381, nál. 689 og 790.

[14:12]

Forseti (Halldór Blöndal):

Komið hefur fram ósk um að 1.–3. dagskrármál verði rædd saman, sbr. 3. mgr. 63. gr. þingskapa. Ef ekki koma fram andmæli við því verður við því orðið en samkomulag er um við formenn þingflokka að taka fyrst fyrir nál. um 1. dagskrármálið og gefa framsögumönnum nefndarinnar að sjálfsögðu tækifæri til að tala, síðan 2. dagskrármáls og loks 3. Síðan verði almennar umræður og málin rædd í heild sinni.

[14:12]

Útbýting þingskjals:

Opinber stuðningur við vísindarannsóknir, 357. mál, nál. 2. minni hluta menntmn., þskj. 802.

[14:13]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta hv. allshn. um frv. til laga um Vísinda- og tækniráð. Frv. var einnig lagt fram í fyrra en varð þá ekki útrætt.

Við í nefndinni fjölluðum náið um þetta mál í samstarfi við menntmn. og iðnn. þingsins. Frv. er samtvinnað 357. máli, um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, sem menntmn. hefur til umfjöllunar og 345. máli, um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, sem iðnn. hefur til umfjöllunar.

Við fengum umsagnir frá fjöldamörgum aðilum sem getið er um í nál. meiri hluta allshn. og fengum jafnframt til okkar marga góða gesti sem komu með góðar og þarflegar ábendingar til okkar. Með þessu frv. er lagður grunnur að nýskipan vísindarannsókna, vísindamenntunar og tækniþróunar í landinu. Markmiðum frumvarpanna er lýst í 1. gr. Þar kemur skýrt fram, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að efla vísindarannsóknir og vísindamenntun á Íslandi með því að styrkja grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir og stuðla að samvinnu þeirra aðila sem starfa að vísindarannsóknum jafnframt því að tryggja áreiðanleika og gæði upplýsinga um vísindi og rannsóknir hér á landi."

Sem sagt, ætlunin er að stuðla að því að vísindarannsóknir og tækniþróun eflist og dafni í samræmi við þjóðlífið. Áhrif rannsókna á þjóðarhag og hagvöxt verða þá um leið sýnileg og fá aukna opinbera umfjöllun sem að mínu mati er þarft mál.

Í fyrra, eins og ég gat um áðan, var þetta frv. lagt fram en helstu breytingu sem hefur orðið á milli þinga má finna í 2. mgr. 3. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Auk framangreindra skulu forsætisráðherra, fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og menntamálaráðherra eiga föst sæti í ráðinu, en þar að auki skal forsætisráðherra vera heimilt að kveðja allt að tvo ráðherra til setu í ráðinu í senn. Forsætisráðherra er formaður ráðsins."

Hér er farið m.a. eftir ábendingu sem nefndirnar fengu því að þetta lýtur að því að málefni hinna ýmsu atvinnuvega komi til álita í Vísinda- og tækniráði og þá ekki bara þeir atvinnuvegir sem falla undir þá ráðherra sem þeir heyra undir og getið er um í liðum a–i í 3. gr., heldur getur forsrh. kvatt til fleiri ráðherra ef svo ber undir, til að mynda ef málefnið félli undir samgöngumál svo dæmi sé nefnt.

Líklegt er að með þessum frv. verði hægt að tengja enn frekar rannsóknir innan háskólanna og rannsóknarstofnana og tryggja náin tengsl við atvinnulífið og notendur. Í máli gesta þótti oft skorta á þessa tengingu. Því vona menn að þessi frv., m.a. með tilliti til reynslu Finna, leysi þetta vandamál en almennt eru menn ánægðir með að litið skuli vera til reynslu Finna og tekið það besta frá þeirra reynsluheimi og reynt að yfirfæra á íslenskan veruleika.

Ábyrgð á þessum málum hefur til þessa hvílt á einstökum fagráðuneytum en að mestu án heildarsamræmingar þeirra á milli. Og það er rétt að geta þess að þegar unnið var að gerð þessara frv. var unnið þvert á faglega skiptingu Stjórnarráðsins til að skapa sem heildstæðasta löggjöf og umgjörð.

Með hliðsjón af breyttum aðstæðum er nú lagt til að samræmd umfjöllun um málefni vísinda og tækni verði færð á efsta stig stjórnsýslunnar og málaflokkurinn þannig efldur til muna líkt og var gert í Finnlandi á sínum tíma. Mikilvægt þykir að ákvarðanir séu teknar með heildarsýn í fyrirrúmi á grundvelli stefnu sem mörkuð er af stjórnvöldum. Með frv. er þannig lagt til að stefnumótun í málefnum vísindarannsókna og tækniþróunar fari fram í Vísinda- og tækniráði sem skipað verði 14 einstaklingum, vísindamönnum og fulltrúum atvinnulífsins auk þess sem fjórir ráðherrar munu eiga fast sæti í ráðinu. Aðrir ráðherrar sem tengjast rannsóknum að umtalsverðu leyti tilnefna í ráðið. Jafnframt er forsrh. heimilt að kveðja allt að tvo ráðherra til setu í ráðinu í senn, en það eru nýmælin sem ég gat um áðan.

Ef ríkisstjórnin vill leggja sérstaka áherslu í málum sem snerta ráðherra, aðra en þá sem eiga fast sæti í ráðinu, geta viðkomandi ráðherrar tekið þátt í störfum ráðsins þegar þeirra mál eru til umfjöllunar. Þeir gætu síðan horfið úr ráðinu og aðrir tveir tekið við ef svo bæri undir. Með tilliti til heildarsamsetningar ráðsins var ekki talin ástæða til þess að fleiri en sex ráðherrar væru í því hverju sinni. Með þessu er verið að reyna að stilla saman strengi vísindamanna, atvinnulífs og stjórnmálamanna.

Þegar litið er til samantektar Vilhjálms Lúðvíkssonar, framkvæmdastjóra Ranníss, sem var gerð um Finnlandsferð segir m.a., með leyfi forseta:

„Allir viðmælendur hópsins," — þess hóps sem fór til Finnlands á sínum tíma — „töldu að Vísinda- og tækniráð" — ég vil geta þess að það voru mjög hæfir einstaklingar sem tóku á móti okkur, toppmenn á sínu sviði, yfirmenn Sitra, Tekes og finnska vísindaráðsins. Ég sé að hér í þessum sal glotta ákveðnir aðilar, og við höfum áður rætt það að það var því miður ekki hægt að koma því þannig fyrir að fleiri en formenn viðkomandi nefnda gætu komist í þessa ágætu ferð. En ég held að það sé samhugur meðal þingmanna hvað þau mál varðar (**Gripið fram í:** Að formennirnir séu góðir?) að formenn séu umfram allt góðir — það er samhugur meðal formanna sem annarra nefndarmanna að þingnefndum sé gert kleift að senda þingmenn í slíkar fræðsluferðir sem þessa. Það má alveg í sjálfu sér segja að það er ekki gott þegar eingöngu annaðhvort stjórnarandstaða eða stjórnarmeirihluti fer. Ég get því tekið undir þau tilmæli sem hafa borist formanni allshn. hvað þetta varðar.

Engu að síður var þetta tækifæri nýtt af þeim nefndarformönnum sem fóru í þessa ferð sem var afskaplega fræðandi (**Gripið fram í:** Og skemmtileg.) og það segir, eins og ég gat um áðan, m.a. í orðum og samantekt Vilhjálms Lúðvíkssonar:

„Allir viðmælendur hópsins töldu að Vísinda- og tækniráð undir formennsku forsætisráðherra hafi skilað mikilvægum árangri í samræmdri stefnumótun og samstillingu sem skýri að verulegu leyti sóknarárangur og efnahagsframfarir í Finnlandi á undanförnum árum. Framlög til vísinda og tækni hafa aukist hröðum skrefum, einnig eftir hrun Sovétríkjanna þrátt fyrir efnahagssamdráttinn sem þá varð. Þau námu 3,6% af vergri þjóðarframleiðslu á sl. ári." — Þess ber að geta að fjármagn okkar Íslendinga til rannsókna og vísinda eru um 3% af vergri þjóðarframleiðslu. Við erum því ekki langt á eftir Finnum þó að þeir séu aðeins á undan okkur en þess ber að geta að í löndum Evrópusambandsins er, að mig minnir, 2% varið til vísinda og tækni miðað við verga þjóðarframleiðslu.

Síðan segir áfram, herra forseti:

„Þetta er talið hafa átt meginþáttinn í þeim breytingum í átt til hátækni- og þekkingarþjóðfélags sem orðið hafa í Finnlandi síðustu 15–20 árin. Forsætisráðherrar hafa sýnt störfum ráðsins mikla athygli ásamt mennta- og iðnaðarráðherrum. Aðrir ráðherrar koma að einstökum málum sem þá varða sérstaklega."

Síðan er annar nokkuð athyglisverður punktur sem kom líka fram í þessari samantekt. Þar er verið að fjalla um að finnska þingið hefur haft frá árinu 1994 starfandi nefnd um framtíðarmálefni Finnlands. Ég er ekki endilega að taka undir að við eigum að taka þá hugmynd hráa upp en það hefur m.a. verið viðrað í óformlegum samræðum við gesti nefndarinnar að það væri gott ef það væri hægt að skapa hér samræðugrundvöll milli þingmanna, vísindamanna og atvinnulífs, og það yrði hugsanlega skipuð hér „ad hoc-nefnd" á vegum þingsins sem mundi fara þá yfir framtíðarmálefni vísinda, hvað gert hefur verið í þeirri þróun og hvað hægt er að gera. En þetta er einungis hugmynd sem hefur verið viðruð meðal okkar ágætu gesta.

Umsagnir, herra forseti, sem nefndinni bárust lutu meira og minna að tilnefningum þeirra sem vildu fá sæti í bæði Vísinda- og tækniráði og síðan vísindanefndinni og tækninefndinni. Kannski má segja að það sé ávallt vandratað hinn gullni meðalvegur en við í meiri hluta allshn. leggjum til að þetta verði óbreytt.

Þess ber að geta að Kennaraháskóli Íslands benti á að félagsvísindi hefðu hugsanlega ekki nægilegan hljómgrunn hjá Vísinda- og tækniráði. Við inntum gesti okkar sérstaklega eftir því, fórum vel yfir þessi mál, og það er engan veginn verið að undanskilja félagsvísindin og þær rannsóknir sem þeim fylgja enda er menntmrh. tengdur vel inn í þetta og á að bera ábyrgð á því að félagsvísindum sem öðrum vísindum sé gert hátt undir höfði.

Einnig hefur í þessu frv. verið farið vel yfir það hvað vel hefur verið gert hjá Rannís og reynt hefur verið að viðhalda þeim þáttum sem vel hafa verið gerðir á þeim bænum. Þess má geta að Rannsóknasjóður verður til úr Tæknisjóði, og Vísindasjóður verður rekinn á sama grunni og fyrirrennari hans. Tækniþróunarsjóður styður þróunarstarf og tæknirannsóknir sem miða að nýsköpun í atvinnulífinu. Fagráð, en þau eru skipuð til tveggja ára í senn eins og í núverandi fyrirkomulagi, tryggir þetta jafningjamat sem er viðurkennd aðferð í vísinda- og tæknisamfélaginu til að meta umsóknir. Þessi fagráð munu leggja mat á umsóknir í Tækniþróunarsjóð líkt og í Rannsóknasjóð. Tækniþróunarsjóður getur líka átt aðild að uppbyggingu sprotafyrirtækja og gegnir kannski svipuðu hlutverki og að mig minnir Sitra í Finnlandi en það fyrirtæki hefur eflt mjög nýsköpunarfyrirtæki eða sprotafyrirtæki.

Það er ekki ætlunin og engan veginn tilgangurinn að skilja að grunnrannsóknir, hagnýtar rannsóknir og nýsköpun og þróun, það var margundirstrikað af hálfu gesta okkar. Í ljósi alls þessa, þegar litið er til umsagna, vinnu og í rauninni þeirra undirtekta sem þessi frv. fengu meðal gesta, er ljóst að það er víðtækur stuðningur við þessi frv. og því mælir meiri hlutinn með því að þetta frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem getið er um á þingskjali. Meiri hlutinn tekur sem sagt undir markmið frv. og telur að með því sé tryggður aukinn stuðningur við vísindarannsóknir og tækniþróun í landinu.

[14:26]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur fyrir frásagnir af ferðum stjórnarliða til Finnlands sem síðar voru notaðar til þess að rökstyðja að hér sé mjög merkt og mikilvægt mál á ferðinni. Ég held að það hefði verið mikilvægt að fleiri hefðu farið í þessa ferð til að geta kynnt sér þetta sjálf, og þá ekki síst að þar hefðu verið fulltrúar stjórnarandstöðunnar. En því miður var það ekki hægt í þessari ferð.

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta allshn. en ásamt þeim sem hér stendur standa að álitinu hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir og Guðjón A. Kristjánsson.

Frumvörpin þrjú um Vísinda- og tækniráð, sem allsherjarnefnd hefur til umfjöllunar, um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, sem menntamálanefnd hefur til umfjöllunar, og opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, sem iðnaðarnefnd hefur til umfjöllunar, eru tengd órofa böndum og því standa fulltrúar Samfylkingarinnar í menntamálanefnd og iðnaðarnefnd einnig að nefndaráliti þessu.

Minni hlutinn tekur undir það markmið frumvarpanna að efla þurfi vísindarannsóknir og tækniþróun í landinu en getur ekki stutt þær leiðir sem ríkisstjórnin vill fara til að ná því. Minni hlutinn styður heildarstefnumótun um vísindi og rannsóknir í einu frumvarpi þar sem fram komi heilsteyptur rammi um íslenska vísinda- og tæknistarfsemi. Það að frumvörpin eru þrjú, vistuð í þremur ráðuneytum undir hatti þriggja ráðherra, opinberar ágreining á milli stjórnarflokkanna um málið og innbyrðis innan Stjórnarráðsins. Að þessum ágreiningi hafa þessi lagafrumvörp síðan verið sniðin í stað þess að ráðast í þá uppstokkun sem nauðsynleg er í stjórnkerfinu til þess að gera málaflokknum kleift að þrífast og dafna.

Með breytingunni er m.a. ætlunin að auka bein pólitísk afskipti af stefnumótun og þróun vísinda og tækni. Hugmyndin er sú að með því sé unnt að efla samvinnu vísindasamfélagsins og stjórnvalda en það býður um leið þeirri hættu heim að stjórnvöld hverju sinni forgangsraði verkefnum fyrir vísindasamfélagið. Slíkt er mjög varasamt fyrir þróun vísinda og rannsókna.

Við þessa lagasmíð er gjarnan vísað til Finnlands sem fyrirmyndar og þess árangurs sem þar hefur náðst í vísinda- og tæknistarfsemi á síðustu árum. Árangur Finna er athyglisverður en margt er ólíkt með okkur og frændum vorum Finnum þegar kemur að þessum málaflokki. Finnar hafa lagt óhemju vinnu og fjármagn í uppbyggingu vísinda- og tækniþróunar. Á sama tíma og ríkisstjórn Íslands hefur þrengt svo að verk- og tæknimenntun að til vandræða horfir og svelt fjárhagslega bæði framhalds- og háskólastigið hafa Finnar lagt áherslu á fjárfestingu í menntun og rannsóknum, m.a. með stofnun 20 háskóla og tækniháskóla utan Helsinki og 37 tækniskóla. Þeir gengu auk þess í Evrópusambandið fyrir nokkrum árum sem hefur haft gagnvirk áhrif á þróun og uppbyggingu vísinda og tækni í samfélaginu.

Þá var árið 1994 stofnuð sérstök þingnefnd um framtíðarmálefni Finnlands sem er skipuð 17 þingmönnum en hlutverk hennar er, eins og sumir hafa kallað, að „finna upp framtíðina“. Hefur nefndin sérstaklega beint sjónum að byggðaþróun, framtíð vinnunnar og eðli á tímum þekkingarþjóðfélagsins og þekkingarstjórnun. Þá hefur nefndin einnig gefið út skýrslur um samskipti þingsins við finnskt þjóðfélag og um möguleikana sem felast í Evrópusambandsaðildinni, en allt eru þetta verkefni sem nefndin telur skipta miklu þegar framtíð Finnlands er annars vegar. Finnar hafa tileinkað sér samráðs- og samræðuhefð til að stilla saman strengi og ná sáttum um mikilvæg stefnumál. Finnska kerfið er sniðið að þessari hefð en því miður er ekki því sama að fagna á Íslandi. Til marks um þetta má benda á undirbúning breytinganna sem birtast í frumvörpunum þremur en þau voru unnin algerlega án samráðs við stjórnarandstöðuna. Tvær kynningarferðir voru m.a. farnar til Finnlands vegna málsins og var fulltrúum stjórnarandstöðu haldið utan við þær.

Í máli flestra fulltrúa vísindasamfélagsins sem gáfu umsagnir kom það fram að lykillinn að því að árangur næðist á vettvangi vísinda og tækni væri stórlega aukið fjármagn til málaflokksins. Ekkert hefur komið fram sem sýnir vilja stjórnvalda til slíkrar fjárfestingar.

Í ljósi þess sem að framan greinir mun minni hlutinn ekki styðja frumvarpið.

Svo langt er það nál. sem við hv. þm. Samfylkingarinnar í menntmn., allshn. og iðnn. stöndum að, auk hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar. Í þessu áliti okkar er vakin sérstök eftirtekt á þeirri miklu miðstýringu og pólitísku afskiptum sem nú eru uppi hugmyndir um að muni ráða för í þessum efnum. Mig langar, virðulegi forseti, að lesa fyrstu þrjár greinar frv. svo menn geti áttað sig á hvað verið er að fara þegar þetta er sett fram en, með leyfi forseta, hljóðar 1. gr. svo:

„Markmið laga þessara er að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu í því skyni að treysta stoðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins.“

2. gr.:

„Stefna stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum skal mörkuð af Vísinda- og tækniráði til þriggja ára í senn. Umfjöllun þess á hvoru sviði um sig skal undirbúin af vísindanefnd og tækninefnd.“

3. gr.:

„Forsætisráðherra skipar 14 menn í Vísinda- og tækniráð til þriggja ára í senn og jafnmarga til vara samkvæmt tilnefningum eftirtalinna aðila:

a. Fjóra samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins,

b. tvo samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands,

c. tvo samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins," — síðan eru talin upp afskipti einstakra ráðherra:

„d. einn samkvæmt tilnefningu menntamálaráðherra,

e. einn samkvæmt tilnefningu iðnaðarráðherra,

f. einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra,

g. einn samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra,

h. einn samkvæmt tilnefningu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,

i. einn samkvæmt tilnefningu umhverfisráðherra.

Auk framangreindra skulu forsætisráðherra, fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og menntamálaráðherra eiga föst sæti í ráðinu, en þar að auki skal forsætisráðherra vera heimilt að kveðja allt að tvo ráðherra — hvar svo sem hann finnur þá — „til setu í ráðinu í senn." Rétt er að taka það fram eins og fram kemur í greininni að forsrh. er að sjálfsögðu formaður ráðsins.

Það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að sú leið sem hér er ákveðið að fara, að miðstýra þessum framlögum til vísinda- og tæknirannsókna langt umfram það sem verið hefur, býður þeirri hættu heim sem rakin er til að mynda í áliti Félags háskólakennara og Félags prófessora, en í álitinu segir, með leyfi forseta:

„Til þess að slíkar hugmyndir nái að dafna er nauðsynlegt að skapa rannsóknaumhverfi þar sem frumkvæði og sjálfstæði rannsóknarfólks, bæði einstaklinga og hópa, fær notið sín. Forsenda þess er í fyrsta lagi að vísindamenn, rannsóknastofnanir, atvinnulíf og háskólar geti keppt á jafnréttisgrundvelli um þá fjármuni sem til ráðstöfunar eru og í öðru lagi að fjármagni sé úthlutað á grundvelli frammistöðu og gæða verkefna eins og þau eru metin af þeim sem best þekkja til í vísindasamfélaginu."

Áfram segir svo, með leyfi forseta:

„Frumvörpin bjóða hins vegar þeirri hættu heim að stjórnvöld hverju sinni forgangsraði rannsóknaverkefnum fyrir vísindasamfélagið, slíkt telja félögin mjög óæskilegt."

Það er ef til vill hér, virðulegi forseti, sem kjarninn er dreginn fram í þeirri gagnrýni sem við setjum fram á þetta frv. að það sé um of miðstýrt og það sé um of fært í hendur einstakra ráðherra að hafa áhrif á hvernig rannsóknum á Íslandi vindur fram.

Meginatriðið sem hefur fleytt mönnum áfram í Finnlandi og skýrt þann árangur sem þar hefur náðst er kannski fyrst og fremst að þar hafa menn sett í þetta aukið fjármagn. Og maður hefði haldið í ljósi þeirra fögru fyrirheita sem gefin eru í þeim frv. sem við ræðum nú að þeim hefði verið fylgt eftir í nýafgreiddum fjárlögum með auknum framlögum svo um munaði en, virðulegi forseti, svo var ekki. Það er því vandséð hvernig meiri hlutinn eða stjórnarliðar ætla að ná þeim árangri sem að er stefnt.

Það er þó eins og kom fram í áliti okkar ýmislegt í þessu sem telja verður til bóta en miðstýring rannsókna af hinu pólitíska valdi og framlög sem ekki eru í neinu samræmi við það sem þekkist í þeim löndum sem við berum okkur saman við gerir það að verkum að ólíklegt er að þau frv. sem hér liggja fyrir muni verða grunnurinn að því að ná þeim árangri sem að er stefnt og því styðjum við ekki frv.

[14:37]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Gestir okkar ágætu nefndar voru ekki svona hræddir við miðstýringuna og m.a. orðaði forstjóri Iðntæknistofnunar þetta þannig að hann væri alls ekki hræddur við pólitíkusana í þessum málum.

Ég vil einnig geta þess að í umsögn Félags háskólakennara og Félags prófessora sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson gat um áðan segir m.a., ef hv. þm. hefði flett á næstu blaðsíðu, með leyfi forseta:

„Félögin telja eðlilegt að forsætisráðherra, fjármálaráðherra og menntamálaráðherra eigi sæti í ráðinu ..." Þeim finnst fullkomlega eðlilegt að stjórnmálamenn eigi sæti í þessu ráði og það verði hafið upp á, eins og menn hafa verið að tala um, æðra stjórnsýslustig.

Ég vil einnig geta þess að Raunvísindastofnun Háskóla Íslands segir m.a., með leyfi forseta:

„Stjórn RH fagnar þessum frumvörpum og telur að með samþykkt þeirra séu líkur á að vísindarannsóknum og tækniþróun á Íslandi verði komið í farveg sem leiði til bætts árangurs miðað við það sem nú er."

Það er í rauninni það sem við erum að stuðla að. Við erum að stuðla að enn frekari þróun þannig að við getum eflt okkur og bætt í vísinda- og rannsóknasamfélaginu.

Ég vil einnig spyrja hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hvort hann sé ósammála formanni Samfylkingarfélagsins á Seltjarnarnesi sem segir í Morgunblaðsgrein frá 18. desember 2002 m.a., með leyfi forseta:

„Samþykkt frumvarpanna þriggja mun leggja grunn að heildstæðu stuðningskerfi fyrir rannsóknir, þróun og nýsköpun á Íslandi og treysta þar með grunnstoðir nútímasamfélags."

[14:39]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér ekki nákvæma grein fyrir hvaða erindi hv. þm. átti í ræðustólinn en ef ég skildi ræðu hv. þm. rétt þá kemur fram að Félag háskólakennara og Félag prófessora hefur sent frá sér umsögn þar sem þau vara mjög við miðstýringu en vitna síðan til þess að það sé ekkert óeðlilegt að tilteknir ráðherrar sitji í nefndinni. Ég spyr hv. þm. vegna þeirrar röksemdafærslu sem þeir settu fram um óttann við að þetta mundi leiða af sér miðstýringu: Er hann sleginn af á blaðsíðu 2 vegna þess að þeir vitna til þess að það sé eðlilegt að efsta stig stjórnsýslunnar sitji og fylgist með því sem er að gerast? Það er vandséð, virðulegi forseti, eða bara vandskilin sú röksemdafærsla sem hér var verið að reyna að setja fram, virðulegi forseti, þannig að ég á bara erfitt með að átta mig á því hvað hv. þm. er að fara. Ég vil benda á að þeir óttast það að þessi miðstýring geti leitt til þess að menn nái ekki þeim árangri sem að er stefnt og þeim árangri sem menn vilja ná. En það hefur ekkert með þetta að gera.

Hinni spurningunni, virðulegi forseti, er auðsvarað en þá er vísað í blaðagrein samflokksmanns á Seltjarnarnesi sem hefur komist að þeirri niðurstöðu að hann styðji þetta mál. Það er alveg augljóst, virðulegi forseti, að í áliti okkar kemur fram að við styðjum ekki málið. Þegar af þeirri ástæðu er alveg ljóst að greinarmunur er þar á en það breytir ekki hinu að í okkar flokki er það einfaldlega þannig að við finnum ekki að því þó að flokksmenn hafi mismunandi áherslur í

einstökum málum en það er kannski eitthvað sem hv. þm. þekkir ekki í sínum flokki.

[14:41]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að hv. þm. kæmi glaðari hingað inn á þing úr jólafríinu en raun ber vitni.

Það sem ég var að meina með því að vísa m.a. til umsagnar Félags háskólakennara og Félags prófessora um að félögin telja eðlilegt að forsrh., fjmrh. og menntmrh. eigi sæti í þessu ráði, eru ummæli sem fallið hafa af vörum þingmanna Samfylkingarinnar um að það sé slæmt að stjórnmálavæða þessi málefni, þennan málaflokk. Það voru í rauninni allir sem komu á fund nefndarinnar sem lýstu yfir eindreginni samstöðu og vilja til þess að fá þessi frv. í gegn. Og það væri ágætt ef hv. þm. benti á nokkra aðila sem hefðu einfaldlega staðið þvert gegn frv. Það kom fram mikill vilji bæði hjá þeim gestum sem komu á fund nefndarinnar og í þeim umsögnum sem nefndin fór yfir þannig að það er alveg skýrt að menn úti í samfélaginu eru ekki jafntortryggnir út í stjórnmálamenn og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson.

En það sem ég vildi segja áðan með því að benda á þá skoðun sem formaður Samfylkingarfélagsins á Seltjarnarnesi setur fram í blaðagrein sinni — og ég fagna því sérstaklega að þingmaðurinn taki fram að leyfðar séu fleiri skoðanir en ein í flokki þeirra — er að þar er maður með fagþekkingu. Þar er maður sem vinnur hjá Rannís og skilur um hvað málið fjallar og hann styður málið. Það er það sem skiptir máli.

[14:43]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hafi fyrra andsvar hv. þm. verið undarlegt þá held ég að síðara andsvarið hafi eiginlega slegið það fyrra út og er þá langt til jafnað. Það er alveg ljóst að margir hafa fært fram rök fyrir því að þessi leið sé ekki æskileg og margir sem komu á fund nefndarinnar drógu hana í efa, það er rétt að halda því til haga. Þetta eru svipaðar frásagnir og ferðin til Finnlands, þangað sem stjórnarliðar fóru og fundu þar öll helstu rök sín fyrir því að rétt sé að fara þessa leið af því að aðrir voru ekki á vettvangi. Slík röksemdafærsla heldur vitaskuld engan veginn.

Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að lesa á nýjan leik, þar sem það hefur gengið eitthvað illa að ná því sem hér kom fram og ég vitnaði til í umræðunni áðan, virðulegi forseti, og það er kannski ánægjulegt að hæstv. forseti þingsins skuli sitja í stólnum, en þar segir, með leyfi forseta:

„Frumvörpin bjóða hins vegar þeirri hættu heim að stjórnvöld hverju sinni forgangsraði rannsóknaverkefnum fyrir vísindasamfélagið, slíkt telja félögin mjög óæskilegt."

Hér er vísað í umsögn Félags háskólakennara og Félags prófessora. Það má vel vera að taka megi þessa umsögn eitthvað úr samhengi og finna einhverjar málsgreinar eða eitthvað í henni sem gæti bent til þess að menn séu ekki alfarið á móti þessari niðurstöðu. En, virðulegi forseti, þá væri gott að hv. þm. gæti lesið þetta allt saman í samhengi.

[14:45]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um opinberan stuðning við vísindarannsóknir frá meiri hluta menntmn. Rétt er, virðulegi forseti, að lesa upp 1. gr. frv., með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að efla vísindarannsóknir og vísindamenntun á Íslandi með því að styrkja grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir og stuðla að samvinnu þeirra aðila sem starfa að vísindarannsóknum jafnframt því að tryggja áreiðanleika og gæði upplýsinga um vísindi og rannsóknir hér á landi."

Farið var í smiðju til vina okkar Finna við smíði og gerð þeirra þriggja frv. sem hér eru til umræðu, og mikil bylting sem verður í vísindum og rannsóknum eftir að þau verða að lögum.

Fjallað var um málið í samstarfi við allshn. og iðnn. þingsins. Mál þetta var lagt fram á 127. þingi, á síðasta ári, en varð þá ekki útrætt. Frumvarpið var sent til umsagnar víða og rétt að fara yfir hvaðan umsagnirnar bárust. Þær bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Arkitektafélagi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bændasamtökum Íslands, dr. Skúla Sigurðssyni, Félagi háskólakennara, Félagi íslenskra landslagsarkitekta, Félagi prófessora við Háskóla Íslands, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnun, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum í Reykjavík, Hjartavernd, Iðntæknistofnun, Kennaraháskóla Íslands, læknaráði Landspítala – háskólasjúkrahúss, Náttúrufræðistofnun Íslands, Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Orkustofnun, Rannsóknarráði Íslands, Rannsóknastofu Háskóla Íslands í meinafræði, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Seðlabanka Íslands, Skipulagsfræðingafélagi Íslands, Veðurstofu Íslands og Veiðimálastofnun. Öllum aðilum sem eiginlega geta tengst þessum frv. voru send þau til umsagnar og bárust umsagnir frá þeim. Á þessu þingi voru frv. lögð fram að nýju að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem fram komu við meðferð þeirra á síðasta þingi. Ýmsar athugasemdir komu fram frá umsagnaraðilum og var tekið tillit til þeirra. Ég held að það hafi bætt þessi frv., öll þrjú.

Á yfirstandandi þingi fékk menntmn. á sinn fund, sameiginlegan fund allshn., menntmn. og iðnn., Pál Skúlason og Jón Atla Benediktsson frá Háskóla Íslands, Hallgrím Jónasson frá Iðntæknistofnun, Þorstein Tómasson frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Úlfar Steindórsson frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Hafliða P. Gíslason og Kristján Kristjánsson frá Rannsóknarráði Íslands, Davíð Lúðvíksson frá Samtökum iðnaðarins, Hólmar Svansson og Róbert Jónsson fyrir hönd atvinnuþróunarfélaganna á landsbyggðinni. Þá bárust nefndunum á ný umsagnir um frv. frá Bandalagi háskólamanna, Rannsóknarráði Íslands, Orkustofnun, Samtökum atvinnulífsins, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, Bændasamtökum Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Hafrannsóknastofnun, Háskólanum í Reykjavík, læknaráði Landspítala – háskólasjúkrahúss, Seðlabanka Íslands, Félagi háskólakennara, Félagi prófessora við Háskóla Íslands, Rannsóknastofu Háskóla Íslands í meinafræði, Háskóla Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og dr. Skúla Sigurðssyni.

Þessi mál hafa sem sagt farið víða og verið mikið rædd. Margar athugasemdir hafa komið og tekið hefur verið tillit til þeirra. Þetta mál hefur verið afar vel unnið og ég vil taka undir þau orð hv. formanns allshn. að benda á þá aðila sem þarna komu að máli sem voru á móti frv. í upphafi.

Lögbundin endurskoðun laga um Rannsóknarráð Íslands, nr. 61/1994, leiddi til þess að lögð hafa verið fram framan-

greind frumvörp sem taka til vísindarannsókna og tækniþróunar á Íslandi. Með frumvarpi þessu er fjallað um opinberan stuðning við vísindarannsóknir og er það háð því að frumvarp forsætisráðherra um Vísinda- og tækniráð verði að lögum. Helstu nýmæli frumvarpsins eru samkvæmt greinargerð þau að lagt er til að nýr sjóður, Rannsóknasjóður, taki við hlutverki Vísindasjóðs og Tæknisjóðs samkvæmt núgildandi lögum um Rannsóknarráð Íslands. Stjórn Rannsóknasjóðs tekur við hlutverki því sem úthlutunarnefndir höfðu áður. Þá er lagt til að Tækjasjóður taki við hlutverki Byggingaog tækjasjóðs samkvæmt sömu lögum og fer stjórn Rannsóknasjóðs einnig með stjórn hans. Hins vegar er lagt til að Rannsóknarnámssjóður starfi áfram undir sérstakri stjórn. Þá er gert ráð fyrir að grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir heyri áfram undir menntamálaráðuneytið. Rannsóknasjóður mun gegna lykilhlutverki við styrkveitingu til rannsókna og áhersla verður lögð á að rannsóknir séu styrktar eftir gæðum sem metin verða samkvæmt faglegum kröfum á viðkomandi sviði. Lagt er til að Tækjasjóður taki við hlutverki Byggingaog tækjasjóðs. Jafnframt er gert ráð fyrir því nýmæli að sömu aðilar sitji í stjórn Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs og úthluti styrkjum svo sem fyrir er mælt.

Meiri hlutinn tekur undir markmið frumvarpsins og telur að með því hafi tekist að draga skýr mörk á milli stefnumótunar stjórnvalda á sviði vísinda og tækni annars vegar og úthlutunar styrkja og þjónustu við rannsóknaraðila hins vegar auk þess sem náðst hefur fram einföldun á þessu sviði öllu. Þá hefur komið fram nauðsyn þess að breyta 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða og tryggja umboð Rannsóknarráðs til úthlutunar fyrir árið 2003.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingu við 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða sem hljóðar þá svo, með leyfi forseta:

„Rannsóknarráð Íslands samkvæmt lögum nr. 61/1994 skal annast úthlutun styrkja úr sjóðum í vörslu ráðsins á árinu 2003 og jafnframt vinna að undirbúningi tillagna um úthlutunarreglur skv. 8. gr. laga þessara um styrkveitingar á árinu 2004, þó eigi lengur en til 30. mars 2003. Skipað skal í stjórn Rannsóknasjóðs samkvæmt lögum þessum eigi síðar en 1. apríl 2003.“

Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með ofangreindri breytingu.

Undir þetta skrifa Gunnar Birgisson, formaður og frsm., Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Kjartan Ólafsson, Sigríður Ingvarsdóttir, Hjálmar Árnason og Pétur H. Blöndal.

Með frv. þessu og hinum tveimur er verið að búa til rammann fyrir vísindarannsóknir og þróun þeirra hér á landi. Þegar tilbúningi hans er lokið er hægt að fara að huga að fjármálum. Það er alveg ljóst að meiri fjármuni vantar inn í þetta en fyrst var að búa til rammann og síðan er hægt að stíga næsta skref.

Að lokum legg ég til að þetta mál gangi til 3. umr.

[14:53]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Við ræðum nú þrjú frv. sem fjalla um eflingu og traustari stoðir undir vísinda- og tækninrannsóknir á Íslandi og ég vil taka fram áður en lengra er haldið að í markmiðssetningum þessara þriggja frv. koma fram mjög skýr og öflug markmið og ég er sammála þeim. Hins vegar er eitt og annað við framgang og hönnun þessa máls að athuga, eins og fram kemur í nál. mínu sem ég mun nú fara yfir, herra forseti. Áður en ég hef það vil ég gagnrýna nál. meiri hluta þessara þriggja nefnda sem hafa fjallað um þetta mál því að það er sannarlega tilefni til að setja í þingskjöl meira af umræðunni sem fram fór í nefndunum — hún var nú ekki svo mikil — en formenn hv. nefnda hafa ákveðið að gera. Mér finnst þau fremur snautleg, öll þrjú nál., í jafnviðamiklu máli og hér um ræðir.

Herra forseti. Í nál. mínu á þskj. 802 kemur fram eftirfarandi:

Í annað sinn hafa þrjár þingnefndir fjallað um þrjú frv. um vísinda- og tækninrannsóknir, tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins og opinberan stuðning við þessa mikilvægu þætti atvinnulífs og vísinda. Öll miða frumvörpin að því að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu. Þau voru til umfjöllunar á 127. löggjafarþingi en umfjöllun um þau var þá ekki lokið enda voru mjög deildar meiningar um efni þeirra í vísinda- og fræðasamfélaginu. Eftir vinnu sjö manna nefndar menntamálaráðherra, sem sett var á stofn og falið að yfirfara viðamiklar umsagnir sem nefndir þingsins höfðu fengið frá fjölmörgum stofnunum og einstaklingum voru frumvörpin lögð fram í breyttri mynd og hafði þá verið tekið tillit til ýmissa atriða í athugasemdum sem gerðar höfðu verið. 2. minni hluti tekur undir það að frumvörpin hafi haft gott af vinnu nefndarinnar en vill þó vekja athygli á ýmsu sem enn er ábótavant hvað varðar málið í heild.

Það sem vekur mesta athygli við alla umfjöllun um málið er sú alvarlega staðreynd að stjórnvöld sýna lítil sem engin merki um að þessi formbreyting málaflokksins muni leiða af sér auknar fjárveitingar til vísinda- og tæknirannsókna. Þvert á móti kemur fram í umsögnum fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis sem fylgja frumvörpunum að jafnvel verði um samlegðar- og sparnaðaráhrif að ræða sem leiði til lækkunar útgjalda hvað varðar ákveðna þætti málsins. Herra forseti. Þetta stríðir gegn þeim fullyrðingum ríkisstjórnarinnar að nú skuli fetað í fótspor Finna sem hafa eflt vísindarannsóknir til muna sl. 10–15 ár. Það hefur verið gert m.a. með því að hækka umtalsvert fjárveitingar til rannsóknastarfa. Það kom fram í máli gesta sem komu á fund nefndanna að formbreytingin ein væri lítils virði ef ekki fylgdu auknar fjárveitingar. Helsta umkvörtunarefni vísinda- og fræðimannasamfélagsins hingað til hefur einmitt verið skortur á fjármunum og hefur verið bent á hróplegt ósamræmi milli fjölda og umfangs umsókna í vísindasjóðina og þeirra fjármuna sem ríkisstjórnin hefur ætlað málaflokknum. Í því sambandi, herra forseti, má rifja það upp sem sjálfur formaður Rannsóknarráðs Íslands, Hafliði P. Gíslason, sagði á fundum menntmn. sem haldnir voru síðasta vetur þegar verið var að fjalla um þessi mál. Hann sagði að sjóðirnir hefðu verið sveltir í mörg undangengin ár. Og í þessu sambandi öllu má því spyrja, herra forseti: Hvers vegna var ekki lögð fram áætlun um auknar fjárveitingar samhliða þessum frv.? Fyrst Finnar eru nefndir má auðvitað gagnrýna að það er enginn rökstuðningur í greinargerðum með þessum málum hvers vegna Finnar urðu fyrir valinu sem fyrirmynd Íslendinga. Auðvitað eru fleiri þjóðir sem hafa verið að efla þessa málaflokka hjá sér á síðasta áratug og ég sakna þess að ég skuli ekki hafa fengið röksemdafærsluna fyrir því að íslensk stjórnvöld ákváðu einmitt að velja sér Finna sem fyrirmynd.

Þótt haldið sé fram að mál þetta sé vel ígrundað er það mat 2. minni hluta að samhliða undirbúningi þessara breytinga hefði verið full þörf á að gera óháða athugun á

stöðu rannsókna á Íslandi þar sem beitt væri viðurkenndum aðferðum á sviði vísindastjórnunar. Á þann hátt hefði legið fyrir trúverðug greining á ástandinu sem hefði getað orðið örugg vísbending fyrir þá sem nú fá það verkefni að vinna stefnumótun fyrir málaflokkinn. Þar sem engin slík rannsókn eða greining liggur í sjálfu sér fyrir má ætla að stefnumótunarstarfið skorti viðmiðanir og verði því ekki eins markvisst og ella hefði orðið, sérstaklega þegar á það er litið að heildarsamræming er ein höfuðröksemdin sem stjórnvöld nota fyrir þessum breytingum.

Í athugasemdum með frumvarpi til laga um Vísinda- og tækniráð Íslands sem lagt var fram og afgreitt á Alþingi 1993–1994 er vitnað í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem samþykkt var 21. september 1993. Við endurskoðun málaflokksins er eðlilegt að litið sé til fyrri stefnumörkunar og skoðað hvort þau markmið sem sett voru 1994 hafi náðst. Ekkert slíkt liggur fyrir um það og verður að telja það til vansa í undirbúningi málsins. Einnig má nefna skýrslu um rannsókna- og vísindastefnu ríkisstjórnarinnar sem lögð var fram á 116. löggjafarþingi. Það verður að telja miður að sá staðall sem kynntur var varðandi vinnubrögð í þessum málaflokki skuli ekki hafa verið notaður áfram sem viðmiðun við gerð þeirra frumvarpa sem nú liggja fyrir.

Þegar skoðuð er sú grundvallarbreyting sem fylgir aukinni þátttöku stjórnvalda í stefnumörkun, eða eins og segir í greinargerð með frumvarpi til laga um Vísinda- og tækniráð að málefni vísinda og tækni verði með þessum breytingum færð á efsta stig stjórnsýslunnar, má benda á gagnrýni sem er hávær í alþjóðasamfélaginu nú um stundir. Þar er varað við miklum pólitískum afskiptum af vísindasamfélaginu þar sem slíkt er talið geta takmarkað frelsi vísindamanna. Við þurfum auðvitað að viðurkenna nauðsyn þess að vísindin sjálf megi ekki færa í pólitískar viðjar valdhafanna. Í því sambandi má taka undir það sem segir í umsögn Háskóla Íslands um málið (dags. 5. des. 2002) þar sem fjallað er um þann ramma sem frumvörpin setja vísinda- og tæknistarfsemi á Íslandi, en þar segir, með leyfi forseta, að: „sá rammi hlýtur ætíð að byggjast á óskráðum meginreglum vísindasamfélagsins, fyrst og fremst þeim:

að vísindamenn hafi frelsi til þess að einbeita sér að þeim rannsóknum sem þeir telja mestu skipta,

að opinber stuðningur við verkefni grundvallist ávallt á gæðum verkefna og faglegu mati á hæfni þeirra sem stunda rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun og

að þekking og sjónarmið innan vísindasamfélagsins séu ráðandi þáttur við þróun þess.“

Í almennri umræðu hefur einnig verið varað við auknum áhrifum fjársterkra og fjölþjóðlegra fyrirtækja í iðnaðarrannsóknum. Slíkar rannsóknir eru nú í auknum mæli framkvæmdar í leyni og niðurstöður þeirra ekki gefnar upp í krafti eignarréttar fyrirtækjanna. Umræða um þessa þætti hefur verið í lágmarki í vinnunni við þessi frumvörp og er það að mínu mati miður.

Í meðferð frumvarpanna hefur verið gagnrýnt það fyrirkomulag að stjórnsýslu- og stofnanaþáttur frumvarpanna skuli aðskilinn á þann hátt sem frumvörpin gera ráð fyrir. Um það atriði hefur ekki farið fram næg umræða. Þá vill 2. minni hluti taka undir með Háskóla Íslands, en rektor segir í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Háskóli Íslands er ein af undirstöðustofnunum íslensks samfélags og gegnir lykilhlutverki í menntun ungra vísindamanna. Háskólinn sinnir rannsóknum á fjölmörgum fræðasviðum í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir og í fjölþjóðlegu samstarfi. Leiðandi framlag hans til vísinda og fræða á Íslandi er óumdeilt og forsenda þess að ná megi markmiðum frumvarpanna þriggja. Því verður að telja í hæsta máta eðlilegt að skipan Vísinda- og tækniráðs taki mið af þessu, með því að háskólarektor eigi fast sæti í ráðinu. Enn fremur að háskólastigið eigi fimm fulltrúa í ráðinu, þar af a.m.k. þrjá frá Háskóla Íslands. Með þessu móti er tryggt að skipan ráðsins endurspegli meginþætti í íslensku háskólasamfélagi.“

Undir þetta má sannarlega taka, herra forseti, sérstaklega í ljósi þeirra umræðna sem hafa farið fram núna upp á síðkastið um stöðu háskólasamfélagsins, stöðu háskólanna og þá ekki síst samkeppnisstöðu þeirra og rannsóknarhlutverk.

Annar minni hluti menntamálanefndar gagnrýnir að ekki skuli hafa verið fjallað á formlegan hátt um breytingartillögur Háskóla Íslands í nefndunum. Þá ber að harma að frestunin á afgreiðslu frumvarpanna í fyrravor skyldi ekki hafa skilað sér í aukinni vinnu í nefndum Alþingis. Þannig var lokaspretturinn í afgreiðslu þessara mikilvægu mála allt of flausturslegur og gerði það þingmönnum beinlínis erfitt fyrir að ljúka umfjöllun um alla þætti málsins.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið, herra forseti, í nefndaráliti á þskj. 802 tel ég mér ekki fært að styðja frumvarp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, né heldur frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð eða frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins þótt tvö þau síðarnefndu séu formlega ekki á sviði menntamálanefndar.

Meginröksemd mín, herra forseti, gagnvart þessu er sem sagt sú að þrátt fyrir góða, jákvæða og öfluga markmiðssetningu þessara laga tel ég stjórnvöld ekki hafa sýnt okkur fram á í þessari umfjöllun að aðgerðir þeirra eða þessar formbreytingar komi til með að helga þetta meðal. Ég sé ekki að þessum markmiðum verði náð nema til komi umtalsvert öflugur fjárstuðningur umfram það sem verið hefur.

Herra forseti. Mig langar í því sambandi að vitna til tæplega þriggja ára gamallar greinar. Þetta er grein sem hefur lifað með mér þennan tíma vegna þess að ég tel hana afar merkilega og sýna miklu betur en margar þykkar skýrslur hvert ástandið er í raun og veru í vísinda- og fræðasamfélagi okkar. Þessi grein er skrifuð af þáverandi úthlutunarnefnd Vísindasjóðs, þeim dr. Guðmundi E. Sigvaldasyni, dr. Sigríði Halldórsdóttur, dr. Guðrúnu Agnarsdóttur, dr. Stefáni Ólafssyni og dr. Önnu Agnarsdóttur. Þau skrifa þessa grein í Morgunblaðið sunnudaginn 13. febrúar árið 2000 og kalla hana „Vísindasjóður fjárfestir“. Mig langar til að vitna til þessarar greinar, með leyfi forseta. Þar segir:

„Vísindi í leit að pólítík. Í vetrarbyrjun gerðust nokkur tíðindi. Ráðstefna var kölluð saman til að ræða nýja skýrslu um grunnrannsóknir á Íslandi. Kjörorð ráðstefnunnar var „Vísindi í leit að pólítík“. Í örfáa daga kepptust fjölmiðlar við að greina frá undarlega þversagnakenndri niðurstöðu skýrslunnar „Staða grunnrannsókna á Íslandi“ eftir Ingu Dóru Sigfúsdóttur og Þórólf Þórlindsson. Niðurstaða þeirra var að afköst íslenskra vísindamanna og gæði vinnu þeirra stæðist samanburð við það sem vel er gert í þeim löndum sem sýna mest afköst og gæði í vísindastarfi (miðað við fólksfjölda). Afköstin eru mæld í birtum tímaritsgreinum í alþjóðlegum tímaritum, gæðin eru metin eftir því hversu oft er vitnað til þessara greina á alþjóðlegum vettvangi. Þessi niðurstaða kom mörgum á óvart, ekki síst þeim, sem gjörla vita að umgjörð grunnrannsókna á Íslandi er síst til þess fallin

að hægt sé að vænta mikilla afreka á því sviði. Niðurstaða skýrsluhöfunda varð því sú að andstætt öðrum löndum, þar sem beint samband virðist vera milli fjárveitinga til vísinda og afraksturs vísindastarfs, þá er því ekki fyrir að fara í íslensku samfélagi.

Enda þótt höfundar skýrslunnar um stöðu grunnrannsókna á Íslandi hafi ekki boðið ráðstefnugestum einhlíta skýringu á niðurstöðu könnunarinnar hlaut úthlutunarnefnd Vísindasjóðs árið 2000 að velta því alvarlega fyrir sér hvaða afl það væri sem framleiddi þau ókjör af umsóknum um styrki til grunnrannsókna sem sjóðnum höfðu borist. Við blasti stafli, sem í voru 283 umsóknir um alls 600 milljónir króna."

Herra forseti. Hér kemur skýrt fram að það fólk sem starfað hefur í úthlutunarnefndum þeirra sjóða sem hingað til hafa starfað á Íslandi kveinkar sér sáran. Undan hverju? Undan skorti á fjármagni til sinna starfa. Og það segir áfram í greininni að í úthlutunarnefnd Vísindasjóðs sitji fólk sem hefur starfað í ólíkum greinum grunnvísinda í langan tíma og að þetta fólk hafi allar forsendur til að meta þetta á þann hátt að mark sé takandi á. Þessir mætu höfundar segja að okkar fólk, okkar ungu vísindamenn sem sækja um í þessa sjóði, biðji um smápeninga og fái ýmist einhverja hungurlús eða alls ekki neitt. Þetta fólk segir jafnframt frá því að þegar það byrjaði að starfa í þessari úthlutunarnefnd hafi það farið á fund þáv. menntmrh., sem mun að öllum líkindum hafa verið hv. þm. Björn Bjarnason, það hafi greint honum frá bágri stöðu Vísindasjóðs og beðið hann um að íhuga möguleikana á að auka ráðstöfunarfé sjóðsins, sem þá var 150 millj., í 450 millj. kr. Með þá upphæð í höndunum töldu þessir ágætu doktorar sér kleift með ábyrgu aðhaldi að sinna þeim umsóknum sem getið var um áðan upp á 600 millj. kr.

En sannleikurinn er auðvitað sá að þessar 450 millj. sem úthlutunarnefnd Vísindasjóðs bað um fyrir þremur árum eru ekki enn komnar. Við erum komin í heildina upp í 300 millj. og það er ekki útlit fyrir að það eigi að auka við það miðað við þessar umsagnir fjárlagaskrifstofu fjmrn. sem ég vitnaði til áðan og sem fylgja frumvörpunum.

Herra forseti. Í þessari ágætu Morgunblaðsgrein segja þau í úthlutunarnefnd að jafnvel hafi margir einstaklingar gefist upp á að senda umsóknir til sjóðanna, svo slæmt sé ástandið. Í öllu falli er niðurlag þessarar greinar mjög skýrt og í því eru skilaboð til Alþingis Íslendinga og framkvæmdarvaldsins. Þar halda höfundarnir fram að við höfum náð ótrúlega góðum samningum við vísindamennina sem eru í sjálfu sér að selja okkur vöru sína, þekkingu sína og kunnáttu í gegnum rannsóknir sínar. Þessi úthlutunarnefnd telur að úthlutunarnefndirnar séu samninganefndir í raun og veru fyrir hönd ríkisins sem geri þessi innkaup sem síðan nýtist samfélaginu öllu og þau telja sig hafa náð ótrúlega góðum samningum, gert reyfarakaup, en segja jafnframt að aukið ráðstöfunarfé Vísindasjóðs þurfi að koma til og leggja til í því sambandi hundruð milljóna kr. hækkun. Niðurlag greinarinnar er með þessu móti svo að ég fái að vitna beint, með leyfi forseta:

„Eitt er víst að vísindi á Íslandi hafa fengið gæðavottun sem ætti að nægja Alþingi og framkvæmdarvaldi til að sannfærast um réttmæti þess að hætta á að fjárfesta í grunnrannsóknum. Í upplýsingasamfélagi nútímans eru engar upplýsingar án þekkingar og engin þekking án visku, þar á meðal stjórnvisku."

Herra forseti. Ég held að okkur í þessum sal hafi skort stjórnvisku í meðferð þessara mála. Ég held að við hefðum átt að geta staðið betur að málum hér en við virðumst ætla að bera gæfu til. Mér sýnast þessi göfugu markmið vera þess eðlis að það hefði verið margt í sölurnar leggjandi sem ríkisstjórnin virðist ekki ætla að leggja í sölurnar fyrir markmiðsgreinar þessara þriggja frv. þannig að, eins og ég sagði í niðurlagi nál. míns, ég sé mér ekki fært að styðja þetta mál til enda.

[15:12]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mun í ræðu minni síðar víkja að mörgum þeim atriðum sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur drepið á. Ég hygg að ég geti lofað henni því að ég mun gera henni auðveldara en ekki að styðja þetta frv. eftir að hafa tekið til máls hér á eftir því að sumt af því sem hún hefur sagt hér byggir að hluta til á misskilningi. En það sem mér finnst vera sjálfsagt að leiðrétta strax er það sem kom fram í tali hennar um að það skorti óháða athugun á stöðu rannsókna á Íslandi þar sem beitt væri viðurkenndum aðferðum til þess að skoða hvar við stöndum að þessu leyti. Það hefur verið ákveðið að gera úttekt á stöðu vísinda- og tæknimála á Íslandi og hún verður unnin í samvinnu við dr. Eric Arnold sem hefur m.a. unnið að úttektum á norska og írska rannsóknarráðinu.

Ég býst við því að niðurstöður þessarar úttektar verði kynntar í lok mars 2003. Fyrir liggja tvær OECD-úttektir sem voru hafðar til hliðsjónar við gerð fyrirliggjandi laga um Vísinda- og tækniráð og í raun má kannski segja að þau frv. sem hér eru til umfjöllunar í dag séu, eða megi rekja m.a., til úttekta á íslensku rannsóknastarfi sem OECD framkvæmdi á sínum tíma. Þetta kemur fram í gögnum málsins þannig að það sem við erum að gera í dag er í raun í samræmi við vísbendingar sem við höfum fengið frá OECD í kjölfar slíkra úttekta.

[15:14]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að fagna því sem hæstv. menntmrh. segir okkur frá núna, að ákveðið hafi verið að láta fara fram úttekt á borð við þá sem ég lýsti í nál. mínu að þyrfti að fara fram. Auðvitað hefði maður samt viljað sjá slíka úttekt sem unnin er með viðurkenndum aðferðum vísindanna gerða áður en frv. voru samin og lögð fram, þ.e. á því vinnslustigi sem þau hafa verið undanfarin tvö ár hefði slík úttekt auðvitað átt að liggja fyrir.

Auðvitað veit ég um OECD-úttektirnar sem hafa verið til hliðsjónar við samningu og gerð þessara frv. En ég held að við getum öll verið sammála um að þær úttektir skortir ákveðna dýpt, ákveðna fagmennsku og fara ekki það djúpt í smáatriðin að hægt sé að votta þær rannsóknir sem óháðar vísindalegar úttektir unnar með bestu fáanlegu faglegu aðferðum sem vísindin eiga til í þessum efnum.

En rétt er að fagna því að rannsókn og óháð úttekt að þessu leyti skuli eiga að fara fram þó að vissulega hefði verið meira gagn í að að fá hana fyrr.

[15:15]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvort sem litið er til úttektar OECD á íslensku rannsóknarumhverfi ellegar á ýmsa aðra mælikvarða sem hafa verið lagðir á framlög Íslands til vísindastarfs er yfirleitt hægt að fullyrða að niðurstaðan bendi til mikils styrkleika íslensks vísindastarfs og þess að íslenska þjóðfélagið hafi lagt mikið af mörkum til að byggja afkomu sína á vísindum. Ég mun færa rök að þessu í máli mínu á eftir. Það

er engin ástæða til þess að bera kinnroða fyrir slíkt. Þvert á móti eiga menn að viðurkenna það sem vel er gert. Auðvitað byggist þetta allt á því sem íslenskir skattgreiðendur leggja fram til að efla eigið samfélag og við eigum að vera stolt af því. Við eigum að styðja það.

Að því er varðar grunnvísindi og þá skýslu sem hv. þm. vitnaði í áðan ber að geta þess að sú skýrsla byggir á rannsóknum starfsmanna Háskóla Íslands. Í hana vantar upplýsingar um grunnrannsóknir sem t.d. fara fram hjá raunvísindastofnunum atvinnuveganna. Það munu vera um 30% af grunnrannsóknum á Íslandi. Á þeirri ágætu skýrslu sem hv. þm. var að vitna í er þó sá meinbugur.

[15:16]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ekki að hæstv. ráðherra geri mér það upp að ég sé ekki stolt af íslenskum vísindamönnum. Ég er afar stolt af íslenskum vísindamönnum og það er úthlutunarnefnd Vísindasjóðs, sem ég var að vitna til, líka. Sannleikurinn er sá að íslenskir vísindamenn hafa búið við þröngan kost en staðið sig ótrúlega vel miðað við það fjármagn sem þeir hafa fengið til rannsókna sinna. Ég var auðvitað fyrst og fremst að benda á það í máli mínu þegar ég vitnaði í þessa þriggja ára gömlu Morgunblaðsgrein, að íslenskir vísindamenn hafa unnið þrekvirki með mjög naum fjárráð.

Ég er afskaplega stolt af því sem íslenskir vísindamenn hafa lagt til, ekki bara til vísinda á Íslandi heldur og á alþjóðlega vísu. Sannarlega vil ég að við styðjum vel við bakið á þessum vísindamönnum. Ég vil ekki að hægt sé að segja um okkur að íslenskir vísindamenn séu hættir að sækja um í sjóðina vegna þess að þeir séu svo fjársveltir. Ég vil að við eflum þessa sjóði. Það er ekki hægt að gera það á annan hátt en að taka hraustlega til hendinni, búa til áætlun um hvernig við ætlum að fjármagna þessa sjóði, t.d. til næstu sex til tíu ára. Slík áætlun hefði auðvitað átt að liggja fyrir í umfjölluninni um þessi frumvörp.

[15:18]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins frá meiri hluta iðnn. Eins og fram hefur komið í umræðunni í dag er þetta liður í einu af þremur frumvörpum í svokölluðum vísindapakka, þrílembingi vísinda og tækni sem snýr að þekkingarsköpun og því að hagnýta þekkinguna í vísindasamfélaginu.

Hér hefur einnig komið fram, herra forseti, að allshn., menntmn. og iðnn. hafa unnið þessi frumvörp nokkuð samhliða. Á þskj. 689 eru talin upp nöfn þeirra umsagnaraðila og gesta sem heimsóttu nefndirnar.

Því frv. sem hér er sérstaklega til umfjöllunar og ég geri grein fyrir nál. frá meiri hluta iðnn. um er ætlað að brúa bilið á milli þekkingarsköpunar sem verður til í vísindasamfélaginu og frumkvöðla og fyrirtækja sem hagnýta þekkinguna. Með öðrum orðum er með frv. leitast við að byggja brú sem geti orðið til að hagnýta hið merka starf sem fram fer í vísindasamfélaginu og byggja úr þekkingu, verðmæti, fyrirtæki og þar fram eftir götunum.

Sú leið sem lagt er til í frv. að farin verði til að ná þessu markmiði er annars vegar sú að koma á vegum Iðntæknistofnunar Íslands upp nýsköpunarmiðstöð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og hins vegar er lagt til að stofnaður verði sérstakur tækniþróunarsjóður sem hafi það hlutverk að styrkja þróun og rannsóknir sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Þar kemur glöggt fram þessi skírskotun yfir til atvinnulífsins, þ.e. að sækja nýsprota, hugmyndir úr vísindaheiminum, hrinda þeim í framkvæmd og stuðla þannig að nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

Það má segja að frv. þetta sé í raun afskaplega kærkomið því eins og margsinnis hefur komið fram í fjölmiðlum og í umræðum á Alþingi hefur mikið verið um það rætt að skortur sé á svokölluðu þolinmóðu fjármagni, þ.e. fjármagni fyrir frumkvöðla sem eru að hasla sér völl með ný verkefni. Vitið og fjármagnið þurfa ekki endilega að fara saman því oft hafa frumkvöðlar takmarkaðan aðgang að eða takmörkuð umráð yfir fjármagni.

Það hefur jafnframt komið fram, herra forseti, m.a. í nýlegri alþjóðlegri könnun sem birt var ekki alls fyrir löngu, að nýsköpun er í sjálfu sér afskaplega vel sinnt og hún er mikil hér á landi. Hins vegar hefur veikleikinn verið sá sem ég nefndi, þ.e. aðgangur að þessu þolinmóða fjármagni. Með þessu frv. er hugsunin einmitt sú annars vegar að styðja við bakið á þeim frumkvöðlum sem vilja nýta sér þá þekkingu og nýsprota sem koma úr vísindasamfélaginu og hins vegar að styðja við bakið á þeim með því að opna fyrir aðgang að þessu þolinmóða fjármagni, einmitt þegar nýsprotafyrirtækin standa á brauðfótum hvað fjárhagslega stöðu varðar, meðan þau eru í þróunarstarfi. Næsta skref á eftir er þá væntanlega að þau gangi á markað þar sem aðrar og hefðbundnari fjármálastofnanir koma inn.

Það ætti því ekki að koma á óvart, herra forseti, að meiri hluti iðnn. mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt og mælir með því að það gangi til 3. umr. Undir það rita Hjálmar Árnason, formaður og framsögumaður, Guðjón Guðmundsson, Pétur H. Blöndal, Kjartan Ólafsson og Ísólfur Gylfi Pálmason.

[15:22]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson gerði grein fyrir áliti okkar samfylkingarfólks í þeim þremur nefndum sem fjallað hafa um þau þrjú frumvörp sem hér eru rædd í einum pakka. Eins og fram kom í máli hv. þm. munum við ekki styðja þau frumvörp sem hér liggja fyrir. Fyrir því eru nokkrar ástæður.

Í upphafi er rétt að geta þess að frá því að frumvörpin voru fyrst lögð fram á síðasta þingi hefur margt lagast í þeim í meðförum þingsins. Auðvitað ber að þakka það en enn eru nokkur atriði þess utan sem eru þess valdandi að við munum ekki styðja frumvörpin. Hins vegar er ljóst að það er víðtæk samstaða í þinginu og meðal þjóðarinnar um að mikil nauðsyn sé á að efla vísindarannsóknir og tækniþróun í landinu. Þess vegna er óskandi að það skref sem hér verður væntanlega stigið verði skref í þá átt, þó svo að við teljum að það hefði verið hægt að bæta þetta þannig að það skref hefði verið markvissara og niðurstaðan betri.

Hið fyrsta sem ég vil nefna um það sem við teljum að hefði átt að vera öðruvísi er að í raun hefði verið eðlilegra að þessi þrjú frumvörp hefðu verið í einu frumvarpi og sett væri um þetta ein rammalöggjöf. Að mínu mati hafa ekki komið fram fullnægjandi skýringar á því af hverju sú leið var ekki farin, nema ef vera skyldi það sem oft hefur blasað við í umræðunni, að skort hafi samstöðu, hugsanlega fyrst og fremst milli stjórnarflokkanna. Ef þetta hefði verið sett undir hatt eins hæstv. ráðherra hefði trúlega örlítið færst frá hæstv.

ráðherra Framsfl. Hefði þetta verið sett undir einn hæstv. ráðherra hefði auðvitað verið eðlilegt að hæstv. menntmrh. hefði farið með allan pakkann. Ég verð að segja, herra forseti, að vonandi koma í umræðunni fram einhver rök fyrir því af hverju sú leið var ekki farin, ef skýringin er einhver önnur en sú sem ég nefndi áðan.

Herra forseti. Það eru ekki eingöngu fulltrúar Samfylkingarinnar í þessum þremur nefndum sem eru þessarar skoðunar. Til þess að færa enn frekari rök fyrir máli mínu vil ég vitna í umsögn frá Háskóla Íslands frá 5. des. 2002, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Í umsögn sinni um frumvörpin þrjú, eins og þau lágu fyrir Alþingi síðastliðið vor, benti Háskóli Íslands mjög eindregið á að frumvörpin gengju ekki nógu langt til þess að skapa heilsteyptan ramma um íslenska vísinda- og tæknistarfsemi og var lagt til að frumvörpin þrjú yrðu endurskoðuð og felld saman í almenna rammalöggjöf."

Og skömmu síðar segir í umsögn háskólans, með leyfi hæstv. forseta:

„Endurskoðuð frumvörp sem nú hafa verið lögð fyrir Alþingi sýna að ekki hefur verið komið nægjanlega til móts við framangreindar tillögur og athugasemdir þrátt fyrir ítarlegan rökstuðning. Til þess að meginmarkmið frumvarpanna þriggja nái fram að ganga — að tengja sem nánast vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun — er nauðsynlegt að stjórnsýsla og stofnanaþáttur frumvarpanna sé á sömu hendi."

Herra forseti. Ég tel að hér sé afar góð lýsing á því hvers vegna mikilvægt er að þetta sé allt á einni hendi. Eins og ég sagði áðan er ótrúlegt að ekki hafi verið færð betri rök fyrir því af hverju þetta er ekki allt saman á hendi hæstv. menntmrh.

Herra forseti. Það eru fleiri atriði sem við teljum varhugaverð í þessu. Það er auðvitað nauðsynlegt að efla samvinnu vísindasamfélagsins og stjórnvalda, en sú leið sem farin er — og fyrirmyndin er sótt til Finnlands — skapar að sjálfsögðu ýmsar hættur. Það eru fleiri en við fulltrúar Samfylkingarinnar í þeim þremur nefndum sem um þetta hafa fjallað sem hafa varað við þessu. Fyrst og fremst er kannski talin stafa af fyrirkomulaginu hætta, eins og segir í umsögn Félags háskólakennara og Félags prófessora, með leyfi hæstv. forseta:

„Frumvörpin bjóða hins vegar þeirri hættu heim að stjórnvöld hverju sinni forgangsraði rannsóknaverkefnum fyrir vísindasamfélagið, slíkt telja félögin mjög óæskilegt."

Þetta, herra forseti, er hætta sem óhjákvæmilegt er að benda á. Því miður er ýmislegt í háttum þeirra stjórnvalda sem við sitjum uppi með sem bendir til að á þessu sé meiri hætta en ella, ef við yrðum svo óheppin að sitja eftir með þau mörg árin í viðbót en vissulega er tímapunktur fram undan sem getur breytt því.

Félag háskólakennara og Félag prófessora segir síðan, með leyfi hæstv. forseta, í umsögn sinni: „Sá mælikvarði sem á að ráða við val á rannsóknaverkefnum og úthlutun fjármuna er strangt jafningjamat og frammistaða á alþjóðlegum vettvangi. Því er nauðsynlegt að tryggja sem best að pólitískt áhrifavald verði sem minnst, þannig að samkeppni og árangursmat innan vísindasamfélagsins fái að njóta sín sem best."

Herra forseti. Hér er bent á það atriði sem trúlega er hvað varhugaverðast í þessu, þ.e. þá áhættu að stjórnvöld fari að forgangsraða rannsóknaverkefnum fyrir vísindasamfélagið. Þá er hugsanlega meiri hætta á að of skammt sé litið fram í tímann. Eitt af því sem fram kemur í merkri skýrslu þeirra Finnlandsfara er einmitt að í Finnlandi er m.a. starfandi svokölluð framtíðarnefnd á vegum finnska þingsins. Slíka nefnd eigum við ekki og þar af leiðandi munu stjórnvöld hér ekki hafa sömu leiðsögn inn í framtíðina og í Finnlandi.

Vissulega er margt fleira öðruvísi í Finnlandi samanborið við það sem er hjá okkur. Það eru margar mismunandi áherslur milli þessara landa. Ég ætla mér ekki að fara yfir öll þau atriði í minni stuttu ræðu og tína þar allt til. En það er t.d. mjög sláandi munur á því hvernig staðið hefur verið að margs konar uppbyggingu í Finnlandi samanborið við okkur.

Herra forseti. Til þess að það líti ekki þannig út að eingöngu við fulltrúar Samfylkingarinnar í þessum þremur nefndum séum að vekja athygli á þessu vil ég leyfa mér vitna í skýrslu sem Vilhjálmur Lúðvíksson tók saman eftir Finnlandsferðina hina seinni. En eins og fram hefur komið í umræðum voru í hópi Finnlandsfara engir fulltrúar stjórnarandstöðunnar. Það er eitt dæmið um muninn á vinnubrögðum á Íslandi og í Finnlandi. Finnar virðast hafa náð að þróa með sér ákveðið samstarf og samræðuform sem við virðumst eiga töluvert langt í land með að tileinka okkur. Ég þori að fullyrða, miðað við það sem ég hef séð af heföum þeirra, að þeim hefði ekki dottið í hug að fara í tvær ferðir til Finnlands án þess að fulltrúi stjórnarandstöðu kæmi þar nokkurs staðar nálægt.

Herra forseti. Hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, frsm. allshn., kom inn á þetta mál sjálf áðan og var sammála mér í því að þetta hefði verið mjög óæskilegt og ég veit að hæstv. menntmrh. er okkur sammála um það. Þess vegna held ég að þar sem þetta er búið og gert sé rétt að horfa til framtíðar og reyna framvegis að tryggja að svona lagað gerist ekki. Það er kannski eðlilegt í framhaldi af þessu að spyrja hæstv. menntmrh., sem hefur boðað það að hann muni halda hér yfirgripsmikla ræðu á eftir, hvort það sé hugsanlegt að Finnlandsferð hin þriðja verði farin á næstunni og þar sé þá hægt að bæta fyrir það sem misfórst í Finnlandsferðunum fyrri.

Herra forseti. Ég ætla að vitna hér stuttlega í skýrslu Vilhjálms Lúðvíkssonar sem tekin var saman eftir Finnlandsferðina seinni sem farin var 18.–20. september 2002 þar sem Vilhjálmur kemur m.a. inn á það sem ég nefndi áðan um hinar gjörólíku áherslur í uppbyggingu menntunar og rannsókna á Finnlandi og á Íslandi. En hér segir Vilhjálmur, með leyfi hæstv. forseta:

„Finnar hafa um langt skeið lagt áherslu á fjárfestingu í menntun og rannsóknum. Stofnun 20 háskóla og tækniháskóla utan Helsingfors á 7. og 8. áratugnum og 37 tækniskóla á síðasta áratug aldarinnar hefur haft afar jákvæð áhrif á menntunarstig Finna." Það væri auðvitað fróðlegt að skoða síðan samsetninguna á því hversu mikill munur er á því hvernig þessir nemendur skiptast í Finnlandi og hjá okkur, hvernig áherslan er mun meiri á verk- og tæknigreinar hjá þeim en hjá okkur. Þetta er eitt af þeim málum sem við þurfum sérstaklega að taka á. Þess vegna segi ég þetta, herra forseti, að það væri kannski full þörf á því að Finnlandsferðin þriðja yrði farin og skoðaðir ýmsir fleiri þættir en skoðaðir voru í Finnlandsferðunum tveimur sem lokið er.

Herra forseti. Það sem skiptir ekki hvað síst máli þegar við skoðum Finnland og Ísland er það sem ég nefndi áðan um það hvernig Finnar hafa náð að tileinka sér samráðs- og samræðuhefð sem ég tel að hafi skilað þeim býsna langt fram á veg. Með slíku er miklu auðveldara að stilla saman

strengi og ná sáttum um hin mikilvægu mál sem er auðvitað mikilvægt þegar um jafnstóran málaflokk er að ræða og við erum hér að fjalla um.

Herra forseti. Það sem sker þó mest í augu og skiptir líklega hvað mestu máli, enda kom það fram í umsögnum mjög margra aðila og einnig á sameiginlegum fundi sem haldinn var hjá nefndunum þremur þar sem ýmsir fulltrúar þeirra sem umsagnir höfðu veitt komu fram, er það fjármagn sem í þetta mun fara. Það mátti augljóslega heyra það hjá ýmsum þegar þeir voru að lýsa því yfir að þeir teldu afar nauðsynlegt að þessi frv. yrðu afgreidd sem allra fyrst að það var yfirleitt alltaf gert í þeirri trú að fjármagn mundi þá fylgja sem allra fyrst inn í þennan geira. Það var oft og tíðum það sem maður fékk á tilfinninguna að væri í raun og veru skýringin á því að menn vildu láta samþykkja þessi frv. Þá væri ekki lengur hægt að nota það sem röksemd fyrir því að ekki væri bætt fjármagni í þetta að ekki væri búið að endurskoða löggjöfina.

Herra forseti. Við verðum auðvitað að vona að þeir sem bera ábyrgð á því að nákvæmlega þessi leið er farin átti sig jafn vel á því og aðrir að til þess að þessi leið skili árangri verður auðvitað að auka fjármagnið sem í geirann fer. Því miður er ekkert enn haldfast í þeim efnum.

Herra forseti. Ég vil gera það að lokaorðum mínum að ég vænti þess að þegar hæstv. menntmrh. heldur hér ræðu sína á eftir verði það ótvírætt í hans máli að unnið sé að því á öllum þeim vígstöðvum sem þarf að tryggt verði sem allra fyrst að fjármagn verði aukið til þessarar starfsemi.

[15:36]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Nú eru þau komin hingað til 2. umr. frv. þrjú um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, frv. til laga um Vísinda- og tækniráð og um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins. Þessi frv. hafa verið nokkuð lengi í pípunum. Það verður að segjast að það kom ákaflega flatt upp á vísindasamfélagið á Íslandi þegar hæstv. fyrrv. menntmrh., Björn Bjarnason, flutti ræðu á aðalfundi Ranníss árið 2001 og boðaði þessar breytingar. Þær hugmyndir sem þar voru settar fram um hvað í þessum pakka ætti að verða hafa sem betur fer tekið nokkrum jákvæðum framförum síðan þá. Fyrir liggur engu að síður að áður hafði verið nokkuð víðtæk sátt, loksins, um opinberan stuðning við vísindarannsóknir á Íslandi, þ.e. þær aðferðir sem var beitt. Það hafði reyndar ekki alltaf verið svo. Eftir síðustu lagabreytingar hafði verið nokkuð víðtæk sátt um þessi mál eins og kemur hér fram í umsögn læknaráðs Landspítala þar sem segir m.a. að læknaráð hafi áður vakið athygli á því að það fyrirkomulag við mat á umsóknum sem byggt hafi verið upp á undangengnum árum af Rannís hafi verið vel gegnsætt, því hefði verið vel treyst og það tryggði eins og kostur var vönduð vinnubrögð í sambandi við úthlutun úr sjóðnum. Þetta hafi byggst á mati fagráða og síðan á úthlutun samkvæmt mati sérstakrar úthlutunarnefndar sem valin hefði verið af Rannís.

Það var sem sagt víðtæk sátt um þær aðferðir sem beitt var en það voru auðvitað heilmikil og stöðug vonbrigði vegna þess fjármagns sem til þessa málaflokks var varið. Hefðu kannski ýmsir ætlað að fyrst það átti að koma fram með svo róttækar breytingar sem hér liggja fyrir hefði fylgt eitthvað með um aukinn opinberan stuðning við vísindarannsóknir á Íslandi, sérstaklega vegna þess að stöðugt er vísað til að þetta fyrirkomulag sé að finnskri fyrirmynd. En það er einmitt það sem er sérstakt við þau lög, sem á sínum tíma voru samþykkt í Finnlandi og eru talin hafa stuðlað að miklum framförum í vísindarannsóknum þar, að inn í þau lög, inn í löggjöfina sjálfa, var byggt að fjármagn til vísindarannsókna var aukið ár frá ári. Það er kannski fyrst og fremst það sem hefur valdið þeirri stökkbreytingu sem varð í Finnlandi eftir 1990, að það var veitt mun meira fjármagn en áður til vísindarannsókna og ekki bara til vísindarannsókna, heldur til háskólanáms í t.d. tæknigreinum, lögð á það mikil áhersla miðað við það sem áður hafði verið.

Það er auðvitað þessi alvarlegi fjárskortur sem hefur háð viðgangi vísindarannsókna hér á landi á undanförnum árum. Það er svo komið, eins og hér hefur áður komið fram í umræðunni, að vísindamenn tala um að svo lítill hluti af umsóknum fái styrk, jafnvel þótt þær séu metnar hæfar, að það taki því ekki lengur að vera að sækja um þetta, það verði að leita að fjármögnun eftir einhverjum öðrum leiðum.

Ég efast ekki um að markmið þessara frv. sé að efla vísindarannsóknir á Íslandi, ég efast ekki um að sá er tilgangurinn. En einhvern veginn er það svo að eftir að hafa farið í gegnum þessi frv. og þá umræðu sem við höfum tekið þátt í, t.d. í hv. menntmn., hefur maður ekki sannfærst um að tilkoma frv. ein og sér muni efla vísindarannsóknir á Íslandi. Svo ég taki eitthvað til er það mjög sérkennilegt að þarna skuli vera lögð fram þrjú frv. Hvers vegna í ósköpunum var þetta ekki sameinað í einu frv. eins og hér hefur áður komið fram á fundinum, frv. sem heyrði þá undir hæstv. menntmrh. eins og Rannís hefur hingað til gert? Ég held að verið sé að drepa þessum málum á dreif með því fyrirkomulagi sem hér er viðhaft og hefði verið mun einfaldara og gegnsærra að hafa þessi lög í einu frv. Það hefur komið fram að þetta hafi verið gert vegna ágreinings milli ráðuneyta um hvernig verkaskiptingu skyldi háttað og ég verð að segja að ég harma það að sú skyldi verða niðurstaðan af þessu máli að það skyldi þurfa að fara með þetta fram í þremur hlutum, heyrandi undir þrjú ráðuneyti.

Það hefur komið fram í umsögnum að markmið þessara frv. sé kannski fyrst og fremst að auka bein pólitísk afskipti af stefnumótun og þróun vísinda og tækni. Vonandi er tilgangurinn ekki sá en það verður að segjast eins og er að hvernig þessum málum er háttað og hvernig þetta allt er sniðið býður þessari hættu heim, t.d. varðandi skipun Vísinda- og tækniráðs þar sem forsrh. skipar 14 menn, fjóra samkvæmt tilnefningu háskólastigsins, tvo samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands — og þó að ég vilji Alþýðusambandi Íslands allt hið besta verð ég að segja: Hvers vegna ekki BHMR? Hvers vegna ekki BSRB? Hvers vegna ekki Kennarasambands Íslands? Ég undrast það að yfir öll stéttarfélögin eigi að ganga þessir tveir fulltrúar sem á að skipa samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands; tvo samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins — mér heyrðist á umsögnum þeirra á fundum okkar í haust og fyrravor að þeir væru ekki allir á eitt sáttir um það; og svo einn samkvæmt tilnefningu menntmrh., einn samkvæmt tilnefningu iðnrh., einn samkvæmt tilnefningu sjútvrh., einn samkvæmt tilnefningu landbrh., einn samkvæmt tilnefningu heilbr.- og trmrh. og einn samkvæmt tilnefningu umhvrh.

Síðan er ekki orð um það meir hverjum kostum eða hvaða hæfileikum þessir menn þurfa að vera búnir eða hvaða reynslu þeir þurfi að hafa sem á að skipa í Vísinda- og tækniráð. Ég verð að segja að mér finnst þarna vera teflt nokkuð

djarft. Ég veit að margir hafa tekið undir það með mér að til þyrfti að koma miklu nánari skilgreining á því hvaða reynslu og hvaða bakgrunn það fólk ætti að hafa sem þarna væri skipað. Ég minni á að það kemur fram í umsögn Raunvísindstofnunar Háskólans að það sé mikið atriði að í slíkt ráð veljist einstaklingar, auk þá ráðherra sem er gert ráð fyrir að sitji hér, sem allt í senn hafa stundað rannsóknir með árangri, hafa reynslu af stjórn rannsóknarverkefna, af stjórnun almennt og reynslu af hagnýtingu á rannsóknarniðurstöðum.

Ég verð að spyrja: Ef það er tilgangurinn að slíkir menn verði skipaðir í þetta ráð, hvers vegna er það ekki sett í lagatextann? Hvers vegna er því gefið undir fótinn að menn geti ímyndað sér að ráðherrarnir bara skipi ráðuneytisstjóra sína eða helstu pólitísku ráðgjafa í þetta ráð? Mér finnst að það hefði verið mun hreinlegra að ganga frá því með lagasetningu hvers konar fólk ráðherrar væru að skipa þarna sér við hlið, auk þess sem þeir eiga náttúrlega föst sæti í ráðinu sem frv. gerir ráð fyrir, að sagt er að finnskri fyrirmynd. Mér finnst það ekkert sérstaklega til fyrirmyndar. Ég verð að segja það. Ég hafði náttúrlega ekki tækifæri til að fara í þessar Finnlandsferðir til að kynna mér náið hið finnska fyrirkomulag. Ég hef þó reynt að spyrjast fyrir um þetta. Mér skilst að að vísu sé þessu þannig varið með einn af þessum sjóðum sem styrkja vísindastarf og tækniframfarir í Finnlandi, en aðrir sjóðir, öðruvísi skipaðir, veiti einnig styrki. Jafnvel þó að Finnar séu ekki stór þjóð á mælikvarða heimsins eru þeir þó stórþjóð á okkar mælikvarða og hafa veitt af miklum myndarskap til þessara verkefna, ekki bara úr þessum eina sjóði sem hér er alltaf vitnað til heldur einnig úr öðrum sjóðum, enda hafa þeir náð athyglisverðum árangri. En það hafa einnig aðrir gert.

Einnig er talað mikið um, m.a. í skýrslunni sem við fengum nú seint og um síðir um þessar Finnlandsferðir formanna nefndanna sem um þessi mál áttu að fjalla, og mikið hefur verið úr því gert að Finnar leggi mikla vinnu í uppbyggingu vísinda- og tækniþróunar og að þeir hafi þá hefð í þróun sinna mála, t.d. í þingi, að þar sé unnið að málum þindarlaust þangað til um þau ríki sátt. En það verður nú að segjast eins og er að ýmislegt liggur betur fyrir þessari ríkisstjórn en að hafa samráð.

Ég rak augun í það í umsögn frá Bandalagi háskólamanna að þeir gagnrýna það, og það kemur mér ekki á óvart, að við gerð þessa lagabálks alls hefur aldrei á neinu stigi verið haft samráð við heildarsamtök háskólamanna í landinu. Hefði ég þó haldið að að þau samtök hefðu á að skipa ýmsu því fólki sem hefði verið mjög gagnlegt að fá til samvinnu og samráðs einmitt þegar þessi frv. voru í smíðum en ekki að ætlast til að það samþykki þau svo hrá þegar þau eru lögð fram fullsköpuð og varla má hnika til orði í þeim.

Ég vil líka minnast á þessa sérstöku framtíðarnefnd í finnska þinginu sem hefur starfað frá 1994 og við fengum fyrir tilstilli hæstv. menntmrh. Tómasar Inga Olrichs að kynnast í Rúgbrauðsgerðinni í fyrra þegar formaður þeirrar nefndar var hér á ferð. Ég vil þakka fyrir það. Það var mjög gagnlegur fundur sem okkur var boðið að sækja. Þeir hafa nefnd sem hefur það hlutverk að finna upp framtíðina, ef svo má að orði komast, sem er auðvitað hið merkasta mál. Sú nefnd hefur sérstaklega beint sjónum að byggðaþróun, framtíð vinnunnar og eðli á tímum þekkingarþjóðfélags og þekkingarstjórnun. Það er mjög mikilvægt að innan þjóðþings starfi slík nefnd sem sérstaklega leitast við að safna saman upplýsingum um í hvaða átt þróunin gengur og gerir svo spár til að auðvelda stjórnvöldum að bregðast við. Ég vildi óska þess, fyrst að við erum farin að læra af Finnum á annað borð, að kannski reyni íslenska þingið eða íslensk stjórnvöld að gera eitthvað sambærilegt við finnsku framtíðarnefndina. Það mundi ábyggilega verða til góðs. Ég er ekki í vafa um að það mundi t.d. efla vísindarannsóknir og efla stöðu þeirra sem þurfa að segja til um hvað eigi sérstaklega að styrkja hverju sinni.

Að lokum vil ég ítreka það sem oft hefur komið fram í máli manna við þessa umræðu að lykillinn að auknum árangri í vísindarannsóknum á Íslandi er að efla þá fjármögnun sem þangað rennur. Ef það hefði verið hægt hefði verið æskilegt, og ekki bara æskilegt heldur nauðsynlegt, að þess hefði verið getið eða þess séð á einhvern hátt stað, t.d. í greinargerð eða lagasetningu með þessum frv., hvernig það ætti að gera. Mér sýnist þvert á móti að með frumvörpunum fylgi umsagnir frá fjmrn. sem hreinlega gera ráð fyrir að vegna samlegðar- og sparnaðaráhrifa ætti samþykkt þessara frv. að geta leitt til lækkunar útgjalda vegna ákveðinna þátta þessa máls. Ég harma að hér skuli ekki vera skýrar sett fram hvernig eigi að fjármagna þetta í framtíðinni því að ef fjármögnun verður ekki tryggð þá hefur það engan tilgang að hræra í þessum potti endalaust og breyta skipulagi stjórnunar einhvers sem ekkert er.

Að auki verð ég að segja svona alveg í blálokin að miðað við stöðuna núna í skoðanakönnunum þegar Sjálfstfl. virðist vera orðinn minni en Samfylkingin sem gæti nú vísað til ákveðinna atriða sem gætu gerst í framhaldi næstu kosninga þegar einhverjir aðrir flokkar en Sjálfstfl. gætu setið við stjórnvölinn á Íslandi, þá finnst mér það að þeir skuli berjast fyrir samþykkt akkúrat þessara frv. sem setja stjórn vísindamálanna algjörlega í hendur pólitíkusa eða alla vega það hvert fjármagni skuli beint — þ.e. mér finnst sem sagt framlagning þessara frv. af þeirra hálfu hér í þinginu vera hættuspil.

[15:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa ýkja mörg orð um efni þessara frv. þó að þau gefi vissulega tilefni til ýmiss konar vangaveltna um stöðu þessara mála hér hjá okkur þar sem ýmislegt og sem betur fer margt er vel gert en öðru ábótavant. Lengi vel var stuðningur opinberra aðila við raunverulega grundvallarstarfsemi á sviði grunnrannsókna og vísinda afar bágborinn. Það var kannski eðlilegt og afsakanlegt á fátæktartímum í íslensku samfélagi. En þó er ein vænlegasta leiðin til að vinna sig út úr slíku einmitt sú að leggja grunn að uppbyggingu með öflugu rannsóknar-, nýsköpunar- og þróunarstarfi eftir því sem mönnum er nokkur kostur að ráðstafa fjármunum til slíkra hluta. Það ætti í öllu falli ekki að vera okkur sérstakt vandamál nú á síðustu tímum þegar íslenskt þjóðfélag býr sannarlega orðið við mikið ríkidæmi þó að því sé að sönnu nokkuð misskipt. Vissulega hafa hlutirnir heldur verið að þróast í rétta átt. Þá er ég ekki bara að tala um það sem lagt er af mörkum til opinberra rannsókna í gegnum það kerfi sem við erum hér með til umfjöllunar heldur líka það sem gert er í menntastofnunum, fyrst og fremst í háskólunum og að einhverju leyti líka í vaxandi mæli úti í atvinnulífinu sjálfu þar sem menn stunda rannsóknar- og þróunarstarf.

Þær kerfisbreytingar sem hér er verið að gera — menn tala mikið um Finnland í því sambandi eins og þar hafi verið fundið fyrirheitna landið í þessum efnum — eru sumpart eðlilegar út frá þeirri viðleitni að samræma yfirstjórn þessara

mála, kannski betur en áður hefur verið gert. Var þó ætlunin með lögum sem sett voru snemma á tíunda áratugnum að ná betur utan um það en áður var, þ.e. að vísindarannsóknir, vísindamenntun og stuðningur við tækniþróun og nýsköpun í atvinnulífinu væru samræmd og skilvirk hér á landi. En það er ekki þar með sagt, herra forseti, að sú formúla sem hér er fundin upp — þá á ég einkum og sér í lagi við frv. um Vísinda- og tækniráð sem setja á upp undir forsrn. — sé endilega gáfulegasta lausnin í þeim efnum eða sú eina sem til greina komi. Ég verð nú með fullri virðingu fyrir vinum okkar Finnum að segja að þó að þeim hafi vegnað vel að ýmsu leyti í atvinnuuppbyggingu á undanförnum árum, og ekki síst á sviði hátækni þar sem þeir hafa veðjað mjög á rafeinda- og fjarskiptaiðnaðinn og ýmiss konar hátæknigreinar tengdar honum, er ekki alveg einfalt mál, held ég, að fara eins og í eina heimsókn, þótt með merka nefndarformenn úr meiri hlutanum sé, og sækja bara þetta finnska fyrirkomulag og smella því hér upp á Ísland. Þar fyrir utan er örugglega áhugaverð fordæmi að finna víðar en í Finnlandi, með fullri virðingu fyrir þeim, aftur sagt. Ég held t.d. að það sem þjóðir eins og Írar, Hollendingar, Danir og fleiri hafi verið að gera sé á margan hátt ekki síður lærdómsríkt og fróðlegt. Ég er ekki viss um að alls staðar sé um sambærilega skipulagningu þessara mála að ræða innan stjórnkerfisins. Þar á ofan kemur þessi finnska útgáfa sem hér er sett fram í frumvarpsformi, að svo miklu leyti sem þá er beinlínis ætlunin að líta til þess fordæmis, mér sumpart spánskt fyrir sjónir af minni takmörkuðu þekkingu á þessum hlutum í Finnlandi. Ég held að sé nefnilega varhugavert að alhæfa um eitthvert „finnskt módel" í þessum efnum.

Ég heyrði finnskan fræðimann halda merkan fyrirlestur á ráðstefnu í Ósló um hvernig Finnar hefðu náð þeim árangri sem raun ber vitni. Hann lagði ekki síst áherslu á að hann hefði skapast í rauninni í gegnum mjög fjölþættar aðgerðir sem væru alls ekki einfaldlega frá stjórnvöldum komnar eða á forræði þeirra. Það skipurit sem hann dró upp af bæði rannsókna- og þróunarstarfi og stuðningsaðgerðum við nýsköpun í finnsku atvinnulífi var geysilega fjölbrotið. Það voru fleiri en ein og fleiri en tvær meginstoðir í því kerfi. Ég heyrði hér einn ræðumann áðan nefna Sitra og það fyrirkomulag. Það er aðeins eitt af fleiri en einu og fleiri en tveimur slíkum fyrirbærum sem eru til staðar í Finnlandi. Á vegum stjórnvalda er mjög öflug starfsemi í háskólum sem Finnar hafa byggt upp og eflt á vegum atvinnulífsins sjálfs. Þeir hafa eftir að hafa gengið í Evrópusambandið að sjálfsögðu sótt sér þá styrki þangað sem þeir eiga möguleika á o.s.frv.

Varðandi stjórnkerfið sjálft og frv. til laga um Vísinda- og tækniráð, þá staldra ég nú langmest við gríðarlega ráðherravæðingu þessa málaflokks. Ég hef hvergi séð neitt þessu líkt áður á prenti. Það vantar í raun og veru nánast eiginlega sáralítið upp á að öll ríkisstjórnin eigi að sitja þarna í þessu Vísinda- og tækniráði. Ég spyr nú bara: Til hvers? Og af hverju er hún ekki bara öll þarna? Það tekur því varla að sleppa þeim sem eru ekki taldir upp. Ef menn vilja láta ríkisstjórnina vera í einhverju vísinda- og tækniráði, þá finnst mér að eigi ekkert að vera að mismuna ráðherrum í þeim efnum.

Ég hef áður nefnt það og ég endurtek að ég undraðist það þegar ég fór að lesa þetta og skoða hverjir væru þarna og hverjir ekki, að einum ráðherranum skyldi þá vera sleppt sem ég hefði nú talið að ætti að vera í hópi þeirra fyrstu og það er utanrrh. Af hverju er ekki utanríkisviðskiptaráðherra og yfirmaður Útflutningsráðs í þessum hópi úr því að verið er að þessu á annað borð, þessari algjöru ráðherravæðingu yfirstjórnar þessa málaflokks?

Þetta er sem sagt þannig, herra forseti, eins og sjálfsagt öllum er ljóst sem hafa skoðað málið en sakar ekki að fara yfir, að sex ráðherrar eiga að tilnefna fulltrúa í Vísinda- og tækniráðið, í þennan 14 manna hóp sem fyrir utan ráðherrana sjálfa sitja þar. Það eru menntmrh., iðnrh., sjútvrh., landbrh., heilbr.- og trmrh. og umhvrh. Þessir ágætu ráðherrar tilnefna einn fulltrúa sinn hver. Það gæti t.d. verið pólitískur aðstoðarmaður þessara ráðherra sem þeir tilnefndu. Það skyldi nú ekki vera að þeim dytti það í hug, gæti verið? Gæti verið einhver fagmaður. Vitum það ekki.

En síðan sitja í ráðinu í eigin persónu forsrh., fjmrh., iðnrh. og menntmrh. En það er ekki nóg. Það gæti þurft að auka vægi ríkisstjórnarinnar aðeins betur í þessu, þannig að forsrh. hefur heimild til að kveðja allt að tvo ráðherra í viðbót til setu í ráðið í senn. Hann getur ákveðið, ja við skulum segja utanrrh., kannski fengi hann fyrir náð og miskunn að fljóta þarna inn, eða félmrh. og þeir mættu vera þarna í stjórninni annað árið og svo kannski þeir tveir eða þrír sem þar fyrir utan væru þá enn óupptaldir í ríkisstjórn, t.d. ráðherra Hagstofunnar, þeir væru svo hitt árið.

Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að mér blöskraði alveg þegar ég sá þetta. Ég hefði næstum því talið að einfaldara væri þá að hafa alla ríkisstjórnina og vera ekkert að mismuna mönnum. Það má alveg færa rök fyrir því að t.d. félmrh. gæti verið þarna sem er ráðherra sveitarfélaganna sem aftur fara með veigamikið hlutverk og bera vissa ábyrgð á atvinnumálum innan umdæma sinna. Og síðan eins og áður sagði utanrrh. sem er þó utanríkisviðskiptaráðherra og er yfir Útflutningsráði og hefur einmitt verið að bagsa við það í ráðuneyti sínu undanfarin ár að efla hlut utanríkisþjónustunnar á sviði markaðsaðgerða erlendis fyrir íslenskar vörur. En hann er ekki hafður með. Ég spyr nú bara: Hvers á hann að gjalda og sérstaklega miðað við núverandi aðstæður þar sem hann er formaður annars stjórnarflokksins?

Og síðan það að forsrh. sjálfur sé formaður þessa ráðs og fari með svona sérstakt tilnefningarvald á öðrum ráðherrum inn í ráðið er afar sérkennilegt fyrirbæri, herra forseti. Ég leyfi mér að spyrja: Hafa einhverjir stjórnsýslusérfræðingar, menn sem eru vel að sér um stjórnskipun lýðveldisins, hafa þeir farið yfir þetta og velt þessu fyrir sér út frá ýmsum grundvallarhugmyndum í þeim efnum? Ég minnist þess aldrei áður að hafa séð að forsrh. í fjölskipaðri ríkisstjórn væri falið tilnefningarvald á öðrum ráðherrum, óskilgreint, inn í stjórnskipað fyrirbæri af þessu tagi. Kannski eru til einhver fordæmi fyrir þessu og kannski er þetta allt í lagi í sjálfu sér, en ég leyfi mér að geta mér þess til að þetta sé a.m.k. afar athyglisverð nýbreytni, svo ekki sé meira sagt.

Síðan er það eitt enn, herra forseti, sem mér finnst líka þurfa að staldra við í þessu og það hef ég áður nefnt í tengslum við hliðstæð mál og það er að það gætir æ ríkari tilhneigingar til þess að breyta stöðu forsrn. og gera forsrn. sumpart hliðstætt fagráðuneytunum sem framkvæmdaráðuneyti á þessu sviði. Færð hafa verið undir forsrn. hlutverk t.d. í sambandi við eftirlitsstarfsemi í landinu, eftirlitsiðnaðinn sem stundum er kallaður og færð hafa verið undir forsrn. ýmis mál á undanförnum árum sem hafa smátt og smátt verið og eru að breyta stöðu þess frá því að forsrn. var tiltölulega laust við slík verkefni og hafði þessa skýru stöðu að vera

ráðuneyti forsrh., m.a. með sitt lögskipaða úrskurðarhlutverk í deilumálum milli ráðuneyta og með það hlutverk að gefa út reglugerð um Stjórnarráð Íslands og annað sem hinni sérstöku stöðu forsrn. tengist.

Ég hef oft velt því fyrir mér hvort við Íslendingar séum ekki á villigötum með þessa þróun undanfarin ár sem sérstaklega hefur orðið áberandi í tíð síðustu ríkisstjórna undir forustu Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., að rugla þessum reytum saman. Er það endilega svo sniðugt að forsrn. og forsrh. með hina sérstöku stöðu sem það ráðuneyti auðvitað eðli málsins samkvæmt hefur í stjórnskipun landsins, sé í vaxandi mæli að taka yfir málaflokka framkvæmdalegs eðlis af þessu tagi og verði að því leyti til eins og eitt af framkvæmdaráðuneytunum eða fagráðuneytunum, en eigi áfram að hafa m.a. það hlutverk að úrskurða í deilumálum sem upp kunna að koma á milli þeirra? Þau geta sprottið upp og þar á meðal milli þessara ágætu ráðuneyta sem á að hrúga inn í þetta Vísinda- og tækniráð.

Herra forseti. Þessar hugleiðingar mínar leyfi ég mér að setja hér fram. Ég tel að það geti út af fyrir sig vel verið að þetta blessist allt saman og gangi upp, en mér finnst bæði dálítið undarlegt og þunglamalegt fyrirbæri þetta Vísinda- og tækniráð svona mannað, þetta verði geysilega fjölmenn samkunda og silkihúfuleg. Ég spái því að ekki verði auðboðað til funda þar sem allir yrðu mættir þegar meira en hálf ríkisstjórnin er sest inn í þetta og ég sé ekki alveg tilganginn með því að hauga þarna saman inn í ráð af þessu tagi annars vegar fulltrúum ráðherranna og svo ráðherrunum sjálfum. Verða þeir ekki svolítið kindarlegir fulltrúar ráðherranna í Vísinda- og tækniráðinu þegar ráðherrar þeirra sjálfur sest svo við hliðina á þeim inni á fundi? Hefur hann mikinn tilgang að hafa hinn tilnefnda fulltrúa með þegar húsbóndi hans og sá sem tilnefndi hann og hefur væntanlega oftast yfir honum að segja sem embættismanni, alla vega ef ráðherrann velur að taka einn af undirmönnum sínum út úr ráðuneyti eða undirstofnun? Hefur það þá mikið upp á sig að láta hann sitja við borðið við hliðina á ráðherranum sínum? Og er líklegt að menn væru óþvingaðir af því að tjá t.d. gagnstæðar skoðanir ef þær kæmu nú upp?

Ég hef miklar efasemdir um þetta og hefði talið að ef menn vilja ráðherravæða málaflokkinn og færa hann undir forsrn. sem ég sé líka ýmsa annmarka á, þá hefði kannski verið nær að hafa þetta þriggja manna ráðherraráð með einhverjum tilnefningum utan frá og ég hefði þá auðvitað horft til vísindasamfélagsins til að styrkja þar stöðu rannsóknastofnana háskólans og háskólanna, vísindasamfélagsins, að þeir hefðu tilnefnt þarna fulltrúa og svo e.t.v. atvinnulífið.

Herra forseti. Síðan ætlaði ég að fara nokkrum orðum um hin frumvörpin, fyrst og fremst frv. til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.

Fyrst aðeins um frv. um sjóðina sem ég geri í sjálfu sér engar stórar athugasemdir við. Ég tel að það geti vel komið til greina að endurskipuleggja þetta sjóðafyrirkomulag. Ég held að það í sjálfu sér breyti ekki mjög miklu. Ég sé ekki nein stórfelld tíðindi í því frá því sem áður hefur verið. Það sem mestu máli skiptir auðvitað þarna er hvaða fjármuni menn hafa, hvert er afl hlutanna sem gera skal. Þar hafa menn auðvitað verið með mjög takmarkaða fjármuni miðað við eftirspurn. Það þekkja menn og það hefur valdið því að menn hafa rætt mikið á þeim vettvangi um hvort þeir ættu að fækka styrkjum og hækka þá, m.a. vegna þess að það fylgir því allmikið umstang að sækja um og það fer talsvert í sjálft sig ef úthlutað er síðan gríðarlegum fjölda af tiltölulega smáum styrkjum vegna þess að menn hafa takmarkaða fjármuni. Á hinn bóginn ef valin er sú leið að fækka þeim sem fá úthlutað og stækka þá eða hækka upphæðirnar, þá verður enn þá tilfinnanlegra en ella að hafna öllum þeim fjölmörgu, ágætu umsóknum sem full efni væru til að styðja, en ekki er þó hægt vegna peningaleysis.

Ég var ræðumaður á ársfundi þessa ágæta batterís fyrir nokkrum árum síðan og tók þá þátt í miklum umræðum um þetta og maður fann eiginlega sárt til þess þegar menn fóru að útmála það hversu erfitt hlutskipti það í raun og veru væri að fá allar þessar áhugaverðu og góðu umsóknir inn á borð, í hverjar væri búið að leggja gríðarlega vinnu og hafa síðan mjög takmarkaða fjármuni til að vinna úr þeim.

En þetta finnst mér, herra forseti, kannski ekki vera aðalatriðið í þessu máli, þessi endurskipulagning á úthlutunarsjóðunum sem hér er verið að gera.

Um frv., herra forseti, um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins má segja, eins og margt fleira og gildir um þessi mál í heild, að markmiðin eru ákaflega glæsileg og góð og maður vildi svo gjarnan að innstæður væru fyrir því að með þessum hlutum ætti að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu í því skyni að treysta stoðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfi atvinnulífsins. Þetta er nú aldeilis ekki dónalega orðað og glæsilegt ef það gengur eftir, ef frv. verða til þess. En ég held að ráðherravæðingin á þessu sé ekkert pósitíft efnislegt innlegg í það mál sem slíkt. Ég hef ekki þá trú, miklu frekar að þetta verði heldur silkihúfulegt við þær breytingar.

Leggi menn hins vegar beinlínis fram aukna fjármuni, efli þeir þau tæki sem þeir ætla að nota í þessu skyni, rannsóknastofnanir, fræðastofnanir og/eða opinbera sjóði sem eiga að úthluta fjármunum þá er hægt að fara að tala um að þess sjái efnislega stað að menn ætli að gera eitthvað í þessum efnum.

Frv. um stuðning við tækniþróun hefur líka göfug markmið, þ.e. að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að byggja upp innviði og tæknilega getu fyrirtækja. Ég hefði kannski orðað þetta þannig að það ætti ekki að tala beint um innviði og tæknilega getu fyrirtækjanna heldur hina almennu innviði sem fyrirtækin eða atvinnulífið aftur styðst við. Það er auðvitað ekki hlutverk stjórnvalda að fara inn í fyrirtækin og byggja upp þar heldur að leggja grunninn sem atvinnulífið stendur á. En þegar kemur að stofnunum og beinum stuðningi við frumkvöðla þá gildir þetta og hér er talað um það og að takast á við tækniþróun og rannsóknir er henni tengjast sem leiða til nýsköpunar í íslensku atvinnulífi. Maður getur heldur betur tekið undir þetta allt saman af öllu hjarta, herra forseti.

Svo kemur fyrirkomulagið sem þarna á að koma til sögunnar, þ.e. nýsköpunarmiðstöð á vegum Iðntæknistofnunar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Það er ákaflega gaman að sjá þessa skilgreiningu loksins komna inn í lagafrv. hér á landi. En á það hefur mér þótt skorta mjög og okkur mörgum að menn hefðu augun opin og beindu sjónum sínum ekki síður að nýsköpun, að tilurð nýrra fyrirtækja og vexti smárra og meðalstórra fyrirtækja, heldur en hinum stóru patentlausnum sem Íslendingar hafa reynst ákaflega haldnir af, jafnvel í nútímanum. Nægir að vitna til ríkisframkvæmdanna miklu í virkjana- og stóriðjumálum sem eru einstæðar í sögunni á Vesturlöndum að ég hygg, þ.e. að í sjálfstæðu hagkerfi sé ráðist í svo hlutfallslega stórar framkvæmdir miðað við

þjóðartekjur eða veltu í þjóðarbúskapnum eins og þær eru, beint og óbeint á vegum ríkisins og knúnar áfram af því. Guð láti gott á vita að þetta sé til marks um einhverja meðvitund gagnvart því að það verður auðvitað fyrst og fremst að hlúa að og treysta á vöxt í hinu almenna atvinnulífi, þ.e. nýgræðinginn, vegna þess að það þarf ekki nema einfaldan hlutfallareikning til að sjá að einstakar stóriðjuframkvæmdir, þó risavaxnar séu í fjármunum talið eins og þessar miklu framkvæmdir fyrir austan eða þess vegna stækkanir hér á suðvesturhorninu, skila ekki nema broti af þeim störfum sem verða að vera til í hinu almenna atvinnulífi á hverju einasta ári ef ekki á að vaxa hér upp atvinnuleysi. Það þurfa að verða til kannski 1.500–2.000 ný störf í atvinnulífinu á hverju einasta ári ef atvinnuleysi á ekki að vaxa þannig að 700 störf sem verða til eftir fimm ára framkvæmdaskeið eru náttúrlega eins og dropi í hafið. Þess vegna væri háskalegt ef menn einblíndu á slíkar patentlausnir og vanræktu nýgræðinginn á akri nýsköpunar og þróunar í atvinnumálum þar sem hið almenna atvinnulíf verður auðvitað að leggja til helftina. Það sem ekki bætist við í vexti opinberrar þjónustu og gegnum aukna samneyslu verður að koma til sögunnar í almenna atvinnulífinu í formi nýrra fyrirtækja og þess vaxtar sem á sér stað í smáum og meðalstórum fyrirtækjum.

Þessi skilgreining er alþjóðlega viðurkennd. Að vísu væri áhugavert að glíma við að setja upp íslenskar viðmiðanir í þessum efnum vegna þess að t.d. viðmiðanir Evrópusambandsins um hvað skuli teljast og flokkast smá og meðalstór fyrirtæki eru þannig að obbinn af íslensku atvinnulífi lendir inn í þá skilgreiningu ef við notum þær tölur um starfsmannafjölda eða veltu sem skilgreiningar t.d. í evrópska sáttmálanum um smá og meðalstór fyrirtæki gera ráð fyrir. Kannski ættum við að velta því fyrir okkur að eiga einhverja íslenska greiningu í þessum efnum. En kosturinn við að nota hina alþjóðlegu skilgreiningu er þó sá að við getum t.d. beitt stuðningsaðgerðum þannig að þær samræmist að öllu leyti samkeppnisreglum Evrópska efnahagssvæðisins á grundvelli hinnar evrópsku skilgreiningar. Við getum hlúð sérstaklega að tilurð og vexti þessara smáu eininga í atvinnulífinu. Fyrir því eru fordæmi og það er hægt að gera án þess að það brjóti hinar almennu samkeppnisreglur. Og þarf þá ekki að vera um að ræða stuðning á sérstökum byggðaþróunarsvæðum.

Herra forseti. Vonandi verður nýsköpunarmiðstöðin barn í brók og eitthvað meira en bara fögur orð og fögur markmið á blaði. En til þess þarf auðvitað að standa myndarlega að þeirri uppbyggingu og leggja henni til fjármuni.

Það má heldur ekki, herra forseti, fara þá leið sem stundum hefur verið farin á Íslandi að menn hafa ákveðið að stofna sjóð eða setja á fót eitthvert þróunarfélag eða hvað það nú hefur verið kallað á mismunandi tímum — Þróunarfélagið, Nýsköpunarsjóður og auðvitað Byggðastofnun og margt fleira mætti nefna — og standa svo þannig að framkvæmdinni eða hafa úthlutunarreglur og fyrirgreiðslureglur þannig að það komi að sáralitlum notum. Það hefur líka gerst. Það þýðir lítið að stofna sjóði sem eiga að styrkja atvinnulíf, kannski sérstaklega á landsbyggðinni, en gera þannig ávöxtunarkröfur eða þannig kröfur um tryggingar að það sé nánast undantekning að nokkur maður ráði við þær þannig að afleiðingin verður að sjóðirnir bólgna út af peningum, þeir komi þeim ekki út og fara að kaupa verðbréf hver í öðrum til þess að koma peningunum fyrir. Um það höfum við nýleg dæmi að nákvæmlega þannig hefur farið. Þeir hlutir sem menn þó sögðust ætla að gera hafa því ekki nýst. Maður heyrir náttúrlega mjög mikið kvartað undan því nú að erfiðara en nokkru sinni sé að fá lágmarksfyrirgreiðslu, fjármagnsfyrirgreiðslu, jafnvel bara venjulega bankaþjónustu ef í hlut eiga veikburða tilraunir til atvinnuuppbyggingar, sérstaklega á landsbyggðinni, þar sem hinir fínu, háeffuðu og einkavæddu bankar og sjóðir nánast nota það sem sjálfkrafa viðmiðun til að segja nei ef þeir sjá að póstfangið víkur eitthvað verulega frá suðvesturhorninu eða kannski Akureyri og næsta nágrenni.

Þetta er bara veruleikinn eins og hann er. Ef menn halda að hér sé verið að mála hlutina dökkum litum eða fara með fleipur þá hvet ég þá til þess að taka sér smáreisu, t.d. um norðvestanvert eða norðaustanvert landið og ræða við aðila sem tugum saman hafa verið nákvæmlega í þessum sporum, að reyna að fá stuðning við einhverja nýsköpun í atvinnulífinu, og heyra hvaða sögu þeir hafa að segja.

Ég fullyrði það, herra forseti, að þær breytingar sem orðið hafa í fjármálakerfinu og þrátt fyrir tilkomu sjóðanna með fínu nöfnunum þá hefur þetta sumpart farið aftur á bak en ekki áfram þegar kemur að því að fá fyrirgreiðslu, jafnvel bara lágmarksbankaþjónustu og lágmarksfyrirgreiðslu í sambandi við fjárfestingar, uppbyggingu á húsnæði eða kaupum á tækjakosti eða öðru slíku og jafnvel þó þar séu sett, að menn hefðu einhvern tímann talið, fullgildandi veð t.d. í iðnaðarhúsnæði á landsbyggðinni. En vita menn hvers virði það er nú talið af hinum háu herrum sem ráða háeffuðu og einkavæddu bönkunum og sjóðunum? Það er nú ekki gefið mikið fyrir það ef iðnaðarhúsnæðið er á Vestfjörðum, á norðausturhorninu eða einhvers staðar annars staðar.

Þannig hafa breytingarnar orðið, herra forseti, að aðilar sem fyrir nokkrum árum síðan áttu í gegnum fjárfestingarlánasjóði sinna atvinnugreina, eins og Fiskveiðasjóð og Iðnlánasjóð, vísa fyrirgreiðslu upp á 60% af stofnkostnaði við byggingu fiskvinnsluhúsnæðis eða iðnaðarhúsnæðis eða kaupa á fiskiskipi, ganga nú svipugöngin fram og til baka og fá litla sem enga fyrirgreiðslu, þar á meðal frá bönkunum eða bankanum sem gleypti þessa sjóði með húð og hári og hvers eigið fé myndar nú að verulegu leyti. Um þetta þekki ég mörg dæmi, herra forseti, að jafnvel við kaup á nýjum fiskiskipum þar sem menn bjóða fyrsta veðrétt í mjög fullgildri verðmætri eign sem er afsetjanleg og er ekki einu sinni föst á grunni þá kemur það til lítils eða einskis gagns. Þar hefur auðvitað orðið mikil afturför, herra forseti, frá því sem áður var.

Herra forseti. Ég veit að þetta þykir sjálfsagt hæstv. ráðherra eða ráðherrum sem hér eru við ekki skemmtitölur og að þeir vildu miklu frekar að maður mærði hér hin göfugu og fallegu markmið sem frumvörpin setja fram. En mér þykir nú ekki mikið upp á sig hafandi að ræða þá hluti ef ekki er hægt að taka þá í samhengi við þann veruleika sem blasir við þeim mönnum sem eru þó að glíma við þessa hluti í reynd. Ég geri ráð fyrir því að meira að segja hæstv. menntmrh. þekki eitthvað til þessara vandkvæða sem menn standa frammi fyrir sem eru að reyna nýsköpun í atvinnulífinu út um landið. Það er a.m.k. ákaflega algengt umfjöllunarefni á fundum okkar þingmanna þegar við förum sumir um saman og ræðum við umbjóðendur okkar í þinghléi eða kjördæmaviku, sennilega eitt algengasta umræðuefni sem þar ber á góma fyrir utan vonda vegi.

Herra forseti. Ég tel þó að það sé sumpart jákvætt og ánægjulegt að í þessu frv. um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins sé horft til hlutanna

með þessum hætti. Þarna er talað sérstaklega um nýsköpunarmiðstöð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Þetta hafa Svíar t.d. gert með ágætum árangri. Þeir reka bæði slíka nýsköpunarmiðstöð og reyndar líka sjálfstæða rannsóknarmiðstöð sem eingöngu sinnir rannsóknum á nýsköpun í smáum einingum og einbeitir sér að því að greina þau mál, greina þau vandamál sem þar eru að fást við o.s.frv.

Ég vil í því sambandi og að lokum, herra forseti, minna á að fyrir þessu þingi liggur till. til þál. um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, flutt af okkur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þessi tillaga er nú komin til nefndar og gjarnan hefði ég viljað sjá að hún hefði sömuleiðis fengið afgreiðslu á þessu þingi og henni mætti mjög gjarnan að verulegu leyti vísa til hinnar nýju nýsköpunarmiðstöðvar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki vegna þess að margt af því sem talið er upp sem verkefni þeirrar nýsköpunarmiðstöðvar fellur ágætlega að þeim þáttum sem við erum að taka á í þessari þáltill. Þar er að vísu ýmislegt fleira sem tæpast er að vænta að þróunarstarf af því tagi sem nýsköpunarmiðstöðin á væntanlega fyrst og fremst að sinna, leysi af hendi. Það þarf auðvitað líka að skoða hluti eins og skattalög og ákvæði, samkeppnisskilyrði almennt, ýmislegt sem lýtur að kostnaði af samskiptum við stjórnvöld, af eftirliti og af leyfisveitingum, því t.d. hvernig menn auðvelda stofnun nýs rekstrar, auðvelda ættliðaskipti í slíkum atvinnurekstri og fleira og fleira sem í ljós kemur að getur orðið vandamál, getur orðið þröskuldur sem jafnvel knésetur svona starfsemi, sérstaklega ef hún er á unga aldri og má ekki við miklum áföllum.

Auðvitað þyrftu því fleiri aðilar að koma til. Ég held að mjög vænlegt væri að fara þá leið sem við leggjum til í tillögu okkar. Þar er svo sem ekki verið að finna upp hjólið. Þar er vísað til hluta sem margar aðrar þjóðir hafa gert, að vinna heildstæða framkvæmdaáætlun, að setja í lög eða staðfesta sáttmála um málefni þessara tegunda atvinnurekstrar. Það hefur verið gert í Evrópusambandinu. Það hefur verið afgreitt á vettvangi Norðurlandaráðs og ég sé ekki neitt því til fyrirstöðu að við gerum það einnig hér, Íslendingar eða Alþingi Íslendinga. Á þeim grunni yrði síðan unnin slík vinna, bæði upplýsingasöfnun og úttekt á stöðunni og síðan gerð áætlun um tillögur til úrbóta á helstu þáttum sem ástæða væri til að taka á.

Það er enginn vafi á því að þar er margt hægt að gera og það kostar ekki allt peninga. Stundum er spurningin einfaldlega sú að hafa alla umgjörðina, lagarammann og starfsskilyrðin sem þjálust og þannig að þau styðji við bakið á slíkri starfsemi en jafnvel torveldi hana ekki eins og annars getur verið hætta á.

Við munum að sjálfsögðu, herra forseti, leggja áherslu á að fá þessa tillögu okkar afgreidda. Mér fyndist fara vel á því að hún fengi að fljóta með í framhaldinu verði þetta lögtekið hér á næstu vikum, sem ætla má. Fyrir vorið yrði komin í gang vinna af þessu tagi og þá fengi hin ágæta nýsköpunarmiðstöð ærið að starfa að svo miklu leyti sem menn veldu þá að vísa slíkum verkefnum til hennar. En þá þarf auðvitað að efla hana til mikilla muna frá því sem enn er fyrirhugað og gera henni kleift að sinna starfi sínu vel.

Herra forseti. Eins og ég hef farið hér yfir er ýmislegt jákvætt og gott um þessi frv. að segja, sérstaklega hin fögru orð sem þar eru víða sett á blað. Annað orkar meira tvímælis og sumt höfum við miklar efasemdir um eins og þegar hefur komið fram í framsöguræðu talsmanns okkar, Kolbrúnar Halldórsdóttur, sem flutt var hér áðan.

[16:31]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd skólahalds í grunnskólum skólaárin 1998–1999, 1999–2000 og 2000–2001, 487. mál, skýrsla menntmrh., þskj. 803.

Gjaldþrotaskipti o.fl., 493. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 809.

Grunnskólar, 492. mál, frv. SvanJ o.fl., þskj. 808.

Hernaðaraðgerðir gegn Írak, 491. mál, þáltill. ÖJ o.fl., þskj. 807.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 488. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 804.

Umferðarlög, 489. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 805.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um byggingu Kárahnjúkavirkjunar, 490. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 806.

[16:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Vorið 2001 boðaði þáv. hæstv. menntmrh. breytingar á lagaumhverfi vísindarannsókna í landinu. Það gerði hann á fundi Ranníss en fáeinum dögum síðar fór fram, að frumkvæði hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur, utandagskrárumræða um það efni á Alþingi.

Frá því að þessar lagabreytingar voru boðaðar vorið 2001 og þar til nú, að þessi frv. koma hér til umfjöllunar á Alþingi, hefur málið tekið nokkrum breytingum. Sjálf frv. hafa ekki tekið miklum breytingum en tónninn er að sumu leyti annar og heldur skárri en þegar hæstv. þáv. menntmrh., Björn Bjarnason, boðaði breytingarnar.

Sú hugmyndafræði sem þessi frv. byggja á kemur fram í athugasemdum með þeim. Þar er annars vegar vísað í rannsóknir á vegum OECD, Efnahags- og framfarastofnunarinnar, þar sem ríki heims eru hvött til að efla rannsóknarvinnu. En þar er einnig vísað í ferska hægri strauma í atvinnulífinu, sem menn nefna sérstaklega. Hér segir, með leyfi forseta, í upphafi athugasemda með frv. um Vísinda- og tækniráð:

„Á undanförnum áratug hafa blásið nýir vindar í íslensku atvinnulífi. Miklar skipulagbreytingar hafa orðið við aukið frelsi á fjármálamarkaði og einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Fyrirtæki í hefðbundnum greinum hafa sameinast og nýir frumkvöðlar tekið forustu í þeim."

Við höfum síðustu daga verið að kynnast þessum nýju frumkvöðlum. Það er ekki lengra liðið en svo að á gamlársdag afhenti hæstv. iðnaðar- og bankamálaráðherra þjóðbankann, í Þjóðmenningarhúsinu mun það hafa verið gert, nýjum frumkvöðlum. Fulltrúum Framsfl. í efnahagslífinu hefur síðan verið afhentur Búnaðarbankinn, eins og alþjóð er kunnugt. Það er í þessum anda sem þessi frv. um breytingar á vísindarannsóknum eru kynnt hér í þinginu. Mér finnst þetta umhugsunarefni.

Mér finnst líka umhugsunarefni að menn hafi fyrst og fremst beint sjónum sínum til Finnlands til að sækja um fyrirmyndir. Finnland er það ríki, sú þjóð, sem hefur gengið lengst í einkavæðingu allra á Norðurlöndum, gengið lengst í að samtvinna vísindarannsóknir atvinnulífinu. Nú er ég engan veginn að mæla því í mót í sjálfu sér heldur hinu á hvern hátt það er gert. Það er að því sem gagnrýni mín á þessi lagafrumvörp beinist.

Áður en við hverfum frá Finnlandi vil ég halda til haga þeirri gagnrýni sem reyndar hefur komið fram við umræðuna fyrr í dag að það var mjög ámælisvert að starfshópur sem fór til Finnlands til að kynna sér stöðu mála þar í landi,

þar sem þingmönnum var m.a. boðið að slást í för, var eingöngu skipaður fólki úr ráðuneytum, úr stjórnsýslunni eða úr stjórnarmeirihlutanum hér á Alþingi. Fulltrúum stjórnarandstöðunnar var ekki gert kleift að fara í þessar ferðir. Þeim var að vísu boðið að slást í för á eigin kostnað. Þetta er gagnrýni sem ég tel mikilvægt að við höldum til haga.

Ég sagði áðan að ég væri ekki andvígur því að samtvinna hagsmuni atvinnulífsins vísindarannsóknum í landinu. Spurningin er einvörðungu á hvern hátt það verði best gert. Ég tel það hlutverk hins opinbera að styðja við bakið á grunnrannsóknum og almennu vísindastarfi í landinu en því beri að forðast að gera það með miðstýringu og á pólitískan hátt. Ég held að það sé mjög varasamt og byggi á mjög íhaldssamri hugsun. Það byggir á því sem er núna og með þessu móti er verið að hvetja til þess að vísindasamfélagið lagi sig að því sem er.

Ef við stuðlum hins vegar að frelsi, treystum á vísindastofnanirnar og unga fólkið sem er að leita sér að starfsvettvangi, þá er það miklu líklegra til að leiða okkur fram á veginn en að reyra þessar rannsóknir allar á klafa hins pólitíska valds. Hæstv. iðnrh. komst svo að orði að við værum að að lyfta þessu upp á æðra stig þegar hún væri komin í nefnd sem ráðskaðist með þessi mál. Ég held að við séum ekki að gera það. Ég held að við séum að stíga skref aftur á bak en ekki fram á við. Þetta er íhaldssöm nálgun. Hún byggir á því sem er en treystir ekki á stofnanir, á að unga fólkið leiti inn í nýjar lendur.

Það er gert ráð fyrir því að yfir Vísinda- og tækniráði, sem heyrir undir forsrn., séu fulltrúar sem skipaðir séu af ráðherrum — skipaðir af einhverjum samtökum að vísu, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, af samstarfsnefnd háskólastigsins og síðan koma ráðherrarnir sem skipa sína fulltrúa. Hverja þeir skipa er þeim í sjálfsvald sett samkvæmt þessu frv. Menn hafa gert við þetta ýmsar athugasemdir.

Raunvísindastofnun Háskóla Íslands telur t.d. að það sé mikilvægt að einvörðungu verði þarna skipaðir einstaklingar sem hafi í senn stundað rannsóknir með árangri, hafi reynslu af stjórnun rannsóknarverkefna, af stjórnun almennt og reynslu af hagnýtingu á rannsóknarniðurstöðum. Þetta er inntakið í því sem Raunvísindastofnun hefur um þetta atriði að segja.

Við höfum hins vegar reynslu af því að ráðherrar skipi fulltrúa sína í nefndir og ráð. Man ég það ekki rétt að gerðar hafi verið breytingar á stjórnsýslunni í Háskóla Íslands fyrir fáeinum árum? Þar var hugmyndin sú að ráðherra skipaði fulltrúa almennings í háskólaráð, fulltrúa mannsins á götunni. Hvern skyldi hæstv. menntmrh. hafa skipað í háskólaráð þegar hann fékk tækifæri til þess? Hver var fulltrúi menntmrh. í nefndina, fulltrúi mannsins á götunni, almennings? Það var að sjálfsögðu forstjóri Eimskipafélags Íslands. Hann var settur þar inn.

Í framhaldi af þessu vaknar spurningin um hvaða viðmið ráðherrar hafi við að skipa í þetta ráð. Verða það pólitískir fulltrúar eða verða það fulltrúar atvinnulífsins? Hvert stefna menn í því efni? Þetta finnst mér skipta máli. Ég hef jafnframt mjög miklar efasemdir um að festa vísindastarfsemi í landinu undir hið pólitíska vald. Ég hef reyndar ákveðnar efasemdir um að tengja hana stofnunum atvinnulífsins á þann hátt sem hér er gert. Mér finnst skipta máli á hvern hátt menn nálgast þetta.

Þegar fulltrúi Alþýðusambandsins kom á fund allshn. á sínum tíma stóð það upp úr honum að mikilvægt væri að efla álrannsóknir við Háskóla Íslands. Álrannsóknir. Miðstýrð ákvörðun átti að koma að ofan um að efla álrannsóknir. Eigum við ekki frekar að kanna það hver eftirspurnin verður eftir slíku og láta unga fólkið leiða okkur inn á þær brautir? Við heyrðum hver viðhorfin eru til þungaiðnaðar í landinu. Þetta er æðsti draumur ríkisstjórnarinnar, að byggja atvinnulíf Íslendinga á þungaiðnaði. Þessi hópur sem á að stýra málum mundi án efa beina rannsóknastarfseminni í landinu inn á þessar brautir, að sjálfsögðu. Það er verið að boða þetta. Þetta er verið að boða.

Maður hefði trúað að menn vildu slíkt í gömlu austantjaldsríkjunum hér á sínum tíma, að menn vildu fara inn á þessa braut. En að slíkt komi frá mönnum sem kenna sig við hægri stefnu og frjálslyndi, það er óskiljanlegt. Ég hef einnig spurt sjálfan mig hvernig á því stendur að viðbrögð vísindasamfélagsins, sem svo er nefnt, eru eins linkuleg og raun ber vitni. Hvers vegna fáum við svona linkuleg viðbrögð frá talsmönnum vísindasamfélagsins? Óttast þeir um eigin hag? Þora þeir ekki að segja hvað býr þeim raunverulega í hjarta og sannfæringu? Þegar maður fer út í háskólana og ræðir við fólkið þar heyrir maður alls staðar miklar efasemdir um þetta. Þar telja menn sig ekki komast á æðra plan með því að verða fastreyrðir undir þeim sem sitja hér á ráðherrabekkjunum, nema síður sé. Menn telja að farið verði langt aftur í tímann með þessum kerfisbreytingum.

Eitt af því sem maður heyrir sagt vísindamanna á meðal er að ekkert sé við þessu að gera, að ekkert verði við þetta ráðið og hugsanlega sé þarna komin leið til að tryggja aukið fjármagn inn í rannsóknir. Þetta hafa menn verið að segja. Reyndar var að heyra á hæstv. ráðherra að hann væri býsna ánægður með framlag þjóðarinnar til rannsókna. Ég heyrði ekki betur. En nú óska ég eftir því að hæstv. ráðherra sundurgreini framlagið sem látið er renna til rannsókna í landinu. Það er ekki nóg að benda á háar prósentutölur. Vita menn að þær byggja að verulegu leyti á framlagi sem kemur í gegnum Íslenskla erfðagreiningu? Er það ekki rétt? Gætum við fengið þetta sundurgreint?

Hvaðan koma þeir peningar? Hvaðan skyldu þeir peningar hafa komið? Þeir hafa m.a. komið frá ríkisbönkunum, sem væntanlega fengu skipun um að kaupa út ameríska áhættufjárfesta á sínum tíma fyrir þúsundir milljóna króna. Ýmsir hafa fjárfest þar stórar upphæðir einnig. Þetta er hluti af því sem hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin stæra sig af. Mér finnst mikilvægt að við fáum sundurgreiningu á þessu fjármagni.

En nú segja menn að hér sé hugsanlega komin leið til að tryggja aukið fjármagn í rannsóknir. Hins vegar kemur fram í öllum þessum frv. að svo sé ekki. Meira að segja sé stefnt að því að ná fram sparnaði í hagræðingu með aukinni miðstýringu. Ekki ætla ég að lasta það að menn spari í bættum vinnubrögðum þar sem þau kunna að finnast, en mér hefði fundist að með þessum frv. hefði átt að fylgja aukið fjármagn til langtímarannsókna.

Við stöndum hins vegar frammi fyrir því að það fjármagn sem er til ráðstöfunar í íslensku þjóðfélagi á að renna allt annað á næstu árum. Það á að renna inn í stóriðjuframkvæmdir. Það á ekki að renna inn í mennta- eða velferðarkerfið, undirstöðuna undir efnahagslífið. Nei, það á að beina því á markvissan hátt inn í stóriðjufarveginn og ríkisstjórnin talar nú um það að ekki aðeins þurfi að hækka raunvexti til að mæta afleiðingum stóriðjunnar heldur að skera stórlega niður.

Í greinargerð sem kom frá fjmrn. og er dagsett 8. janúar kemur fram að að draga þurfi úr fjárfestingum um 10%, fjárfestingum hins opinbera. Er það í menntamálum? Er það í heilbrigðismálum? Er það í samgöngumálum, vegamálum? Hvar á að skera niður? Við fáum engin svör við því, ekki nokkur einustu svör.

Er til of mikils mælst, herra forseti, að við óskum eftir útskýringum hæstv. ráðherra á þeim yfirlýsingum sem berast núna frá ráðuneytunum um niðurskurð, um 10% niðurskurð að minnsta kosti? Verður það á vettvangi menntamálanna? Ég spyr. Hefur þetta verið rætt í ríkisstjórn? Við kölluðum eftir þessum svörum, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, við utandagskrárumræðuna í dag. En við fengum engin svör, ekki nokkur svör. Menn boða kerfisbreytingu, aukna miðstýringu og ráðherravæðingu sem svo hefur verið nefnd, á stjórnskipulagi rannsókna hér í landinu og síðan endalausan niðurskurð.

Menn hafa vísað, eins og ég gat um áðan, til Finnlands og góðrar reynslu Finna. En er það ekki svo, og mér þætti vænt um að heyra hæstv. menntmrh. tjá sig um það, að Finnar juku mjög framlag til menntamála á níunda áratugnum og þeim tíunda og þar sé komin skýringin á því að þeir höfðu nokkurn árangur af rannsóknavinnu? Er það ekki skýringin? Er ekki skýringin aukið fjármagn fremur en sú skipulagsbreyting sem gumað er af og stöðugt er vísað í?

Auðvitað hlýtur maður að staðnæmast við álitsgerðir sem koma t.d. frá læknaráði Landspítalans þar sem vakin er athygli á því. Ég ætla að leyfa mér að vitna í þá álitsgerð, með leyfi forseta:

„Í fyrri athugasemdum stjórnar læknaráðs var vakin athygli á því að það fyrirkomulag við mat á umsóknum sem byggt hafi verið upp á undangengnum árum af Rannís hafi verið vel gegnsætt, því hefði verið vel treyst og það tryggði eins og kostur var vönduð vinnubrögð í sambandi við úthlutun úr sjóðnum. Þetta hefur byggst á mati fagráða og síðan á úthlutun samkvæmt mati sérstakrar úthlutunarnefndar sem valin hafði verið af Rannís."

Með öðrum orðum, menn eru að tala þarna um ágætt kerfi en upp úr öllum stendur fjárskorturinn, það hafi skort peninga. Íslenska þjóðin hefur pumpað fjármagni inn í fyrirtæki á borð við Íslenska erfðagreiningu en hin hafa verið svelt, opinberu stofnanirnar hafa verið sveltar, rannsóknir á þeirra vegum hafa verið sveltar. Þetta er staðreyndin. Að sjálfsögðu þurfum við að fá sundurgreiningu á því fjármagni sem rennur til rannsókna. Það þýðir ekki að birta hér hráar prósentutölur án þess að segja okkur hver veruleikinn að baki þeim prósentum raunverulega er.

Annað sem ég vildi nefna og leyfa mér að gagnrýna, herra forseti, er að Bandalagi háskólamanna, sem beinlínis hefur leitað eftir því að koma að þessu máli, var meinað um það í reynd því að hér segir á þá leið að BHM gagnrýni að ekki skuli hafa verið haft samráð við heildarsamtök háskólamanna. Reyndar leggjast síðan þau samtök gegn þessum breytingum en hér segir m.a., með leyfi forseta:

„BHM leggst gegn þeirri skipan sem lögð er til í 539. máli að forsætisráðherra skuli skipa 14 menn í Vísinda- og tækniráð — þar af fjóra samkvæmt tilnefningum stærstu heildarsamtaka á vinnumarkaði en engan frá BHM sem einu heildarsamtökum háskólamenntaðs launafólks."

Nú má vel vera að hægt sé að finna fyrirkomulag þar sem fulltrúar heildarsamtaka og atvinnulífsins eigi að koma að. En mín skoðun er engu að síður sú að ég tel að þessar vísindastofnanir eigi að búa við eins mikið frjálsræði og unnt er. Ég treysti þeim. Ofar öllu treysti ég unga fólkinu að finna nýjar lendur í stað þess að setja þetta allt undir hæstv. ráðherra Tómas Inga Olrich og Valgerði Sverrisdóttur og hæstv. forsrh. Davíð Oddsson, sem ætla að fara að stýra hér rannsóknastarfsemi í landinu og beina öllum væntanlega inn í þungaiðnaðinn, álframleiðslu. Ég er ekki að grínast. Þannig hefur verið talað. Þannig hafa talað, og ég nefndi dæmi um það áðan, fulltrúar þeirra aðila sem er ætlað að sitja í þessum ráðum, að efla þurfi þær rannsóknir sem tengjast þungaiðnaði. Hví ekki að gefa unga fólkinu frjálsan tauminn? Hvers vegna þessa miðstýringu, þessa pólitísku miðstýringu? Treysta menn ekki vísindastofnunum? Treystir ríkisstjórnin ekki unga fólkinu sem er sjálft að leita inn á nýjar lendur?

Hæstv. menntmrh. sagði við umræðuna fyrr í dag að menn hefðu haft til hliðsjónar ábendingar frá OECD og það er vel að því leyti sem ég þekki þær og eru almenns eðlis þótt ég skrifi ekki upp á allar ábendingar af þeim bæ svona í seinni tíð. En ég vil taka undir það sem fram kom í máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur að eðlilegt hefði verið að gera heildstæða úttekt á stöðu þessara mála í landinu í stað þess að ráðast fyrst í lagabreytingarnar og fara síðan að fletta upp í gömlum gögnum. Þannig var t.d. gerð lagabreyting veturinn 1993–1994, breyting á lögum um Vísinda- og tækniráð Íslands og þar var skírskotað í stefnumörkun. Hvers vegna hefur þróunin ekki verið mátuð við þá stefnumörkun og kannað á hvern hátt hafi tekist vel til og á hvern hátt ekki? Þetta kann að hafa verið gert af einhverjum aðilum í ráðuneytum en ekki hefur það komið fram við þessa umræðu í nefndunum. Þar hefur einmitt verið kvartað yfir því að þessi grunnvinna hafi ekki verið unnin.

Fróðlegt væri að fá fyrirlestur hér á eftir frá hæstv. menntmrh. um það hvernig hann réttlæti það að fara með alla þessa vísindastarfsemi inn í þennan miðstýrða farveg. Hver er réttlætingin fyrir því? Er þetta einhver ofurtrú á hinu pólitíska valdi? Þarf hið pólitíska vald að valta allt undir sig? Treystir hann ekki vísindastofnunum? Reyndar eru sjónarmið núv. hæstv. menntmrh. ívið skárri að þessu leyti en forvera hans sem í ræðunni frægu vorið 2001 boðaði styrkveitingar nánast einvörðungu til einstaklinga. Það átti að sniðganga stofnanir að meira eða minna leyti ef ég man rétt. Áherslurnar eru að breytast. Auðvitað skiptir öllu máli, ef þessi frv. verða að lögum sem flest bendir til, hvernig til mun takast við framkvæmdina. Hverja munu ráðherrarnir skipa í þessi ráð, í Vísinda- og tækniráðið þá sérstaklega? Verða það forstjórar Eimskipafélagsins og samsvarandi fyrirtækja? Verða það pólitískir aðstoðarmenn ráðherranna? Eða verður farið að ábendingum, sem m.a. koma frá Raunvísindastofnun um að fagleg sjónarmið ráði þar ferðinni? En öll hugsunin að baki þessum frv. þegar allt kemur til alls byggir á tvennu, annars vegar að hnýta vísindarannsóknir og pólitíkina fastari böndum og hins vegar atvinnulífið eins og það er. Ég tel að þar felist hættur vegna þess að þetta er íhaldssöm hugsun og hugsun sem byggir ekki á því að treysta fólki.

[16:57]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við tökum hér fyrir umræðu um þrjú frv. til laga, frv. til laga um Vísinda- og tækniráð, frv. til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir og frv. til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þessi

frv. því að félagar mínir úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson, hafa lýst afstöðu okkar hvað varðar þessi frv. Ég vil þó taka fram, eins og hinir félagar mínir hafa gert, að ég tel að markmiðslýsingin sé góð og að allir geti skrifað undir markmiðslýsingar í 1. gr. frumvarpanna, en í frv. til laga um Vísinda- og tækniráð segir, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu í því skyni að treysta stoðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins."

Í frv. um opinberan stuðning við vísindarannsóknir er álíka markmiðslýsing:

„Markmið laga þessara er að efla vísindarannsóknir og vísindamenntun á Íslandi með því að styrkja grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir og stuðla að samvinnu þeirra aðila sem starfa að vísindarannsóknum jafnframt því að tryggja áreiðanleika og gæði upplýsinga um vísindi og rannsóknir hér á landi."

Þetta eru háleit og góð markmið sem ég held að allir hv. þm. geti skrifað undir og hafa reyndar gert það í málflutningi sínum hér í dag.

Í frv. til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins segir í 1. gr.:

„Markmið laga þessara er að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að byggja upp innviði og tæknilega getu fyrirtækja, stofnana og frumkvöðla til að takast á við tækniþróun og rannsóknir er henni tengjast sem leiða til nýsköpunar í íslensku atvinnulífi."

Þannig eru markmiðslýsingarnar með frv. öllum þremur góðar. En það sem við höfum gagnrýnt hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í þessari umræðu er að við teljum að nálgun að breytingum á þessum málaflokki hafi verið röng. Eins og fram hefur komið í umræðunni í dag var mikið litið til Finnalands til að finna módel eða fyrirmynd að því hvernig við ættum að fara í breytingar á málaflokknum. Það hefur síðan leitt til þess að öll frv. byggja á mikilli miðstýringu þar sem vald og áhrif ráðherra verða efld, eins og fram hefur komið.

Ég held að það hafi verið óheppilegt í vinnunni að leggja svo mikla áherslu á þessa finnsku fyrirmynd. Menn hefðu átt að leita fanga víða annars staðar vegna þess að staða Finna er ekki dæmigerð ef við lítum á löndin í kringum okkur vegna þess að í kjölfar hruns Sovétríkjanna lentu Finnar í má segja efnahagslegum hamförum þar sem iðnaður þeirra var að langmestu leyti grundvallaður á afhendingu vöru og þjónustu til Sovétríkjanna með miðstýrðum samningum þar að lútandi. Þegar þjóðfélagið breyttist þar austan við stóðu Finnar frammi fyrir nánast efnahagslegu hruni með gríðarlegu atvinnuleysi í kjölfarið. Leið Finna til þess að komast út úr vandanum á sem skjótvirkastan hátt var því að byggja á einhvers konar átaksverkefni, og það varðaði vísindamál eins og margt annað. Ég tel því að ákaflega óheppilegt hafi verið að velja Finnland sem fyrirmynd vegna þess að nálgun þeirra byggðist á efnahagslegum og félagslegum hamförum á sínum tíma og leið þeirra til að komast sem skjótast út úr því var að beita handafli að vissu leyti.

Við getum sagt að eitt sveitarfélag á Íslandi hafi lent í svipuðum hremmingum efnahagslega og félagslega, þ.e. Akureyrarkaupstaður og Eyjafjörður þar sem iðnaður var að mjög miklu leyti grundvallaður á afhendingu vöru til Sovétríkjanna. Þar voru Sambandsverksmiðjurnar og síðan náttúrlega niðurlagningarverksmiðjur og prjónaverksmiðjur og þetta kallaði í kjölfarið ekkert ólíkt og í Finnlandi á hundruða manna atvinnuleysi.

Eins og menn muna var valin sem einn liður í uppbyggingunni á Akureyri á sínum tíma að hluta til leið sem hefur verið farin í Finnlandi, þ.e. uppbygging menntakerfisins. Það er ekkert vafamál að Háskólinn á Akureyri sem var settur á laggirnar í kjölfarið hefur verið gríðarlega mikið innlegg í að endurreisa og koma efnahagskerfinu á þeim stað inn á nýjar brautir miðað við breytt ástand.

Það er sem sagt fyrst og fremst þetta, virðulegi forseti, sem ég vil gera athugasemdir við, þ.e. þessa miðstýringarárátttu. Ég held að hættulegt sé að vera með miðstýrða pólitíska stýringu ef við lítum til lengri tíma. Ég held að vísindasamfélagið sjálft eigi að fá svigrúm til þess að fjalla um áherslur sínar. Það er nú svo samkvæmt reynslunni að það sem okkur finnst kannski einskis nýt vísindi í dag geta orðið okkur að miklu gagni eftir nokkra áratugi. Um þetta höfum við mörg dæmi þar sem við í núinu skiljum ekki beint hvað vísindamenn eru að fara út í. Þess vegna er mjög varhugavert að mínu mati að fara út í miðstýrða ráðherrastýringu sem ég held að leiði alltaf af sér að menn sjái ekki þá möguleika og færi sem e.t.v. aðrir sjá þegar litið er áratugi fram í tímann.

Það er fyrst og fremst út frá þessari uppsetningu, þessari pólitísku stýringu á málaflokknum sem við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði getum ekki stutt þessi frv. og hefðum viljað að aðkoman að vinnunni í kringum þau hefði verið á allt öðrum grunni.

Því hefur verið haldið á lofti að vísindasamfélagið hafi skrifað undir þessi frv. og sé búið að samþykkja þau meira eða minna. Ég hef nú samt á tilfinningunni að vísindasamfélagið sé yfir höfuð ekki ánægt en meti stöðuna þannig að það þýði ekki að streitast á móti lengur, að ekki verði komist fram með breytingar sem vísindasamfélagið — alla vega margir sem ég hef talað við – vill sjá á þessum frv. Maður hefur heyrt það nefnt að engan tíma megi missa lengur vegna þess að verkefni séu í gangi sem þurfi á fjárveitingum að halda og frumvörpin verði því að fara í gegnum þingið og það er náttúrlega alveg óviðunandi röksemdafærsla. Ég hef þess vegna á tilfinningunni af samtölum mínum við vísindamenn að þeir taki undir þær áhyggjur sem hafa komið fram í ræðum margra þingmanna hér í dag af því að sérstaklega hefði þurft að þurrka þessa pólitísu stýringu, miðstýringu, út úr frumvörpunum og kappkosta um að stuðla að valddreifingu og dreifðri ákvarðanatöku um fjárveitingar og val verkefna sem á að vinna í vísindalegum tilgangi í samfélaginu.

[17:06]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka þeim þremur hv. nefndum hv. Alþingis sem hafa fjallað um þessi þrjú svokölluðu vísindafrv. fyrir ágæt störf. Það er ljóst að innan þessara nefnda hefur farið fram mikið starf og það hefur verið vel af hendi leyst. Þetta mál hefur verið nokkurn tíma í umfjöllun og þegar ég ákvað það á liðnu vori að fresta afgreiðslu málsins þá var það gert í raun í trausti þess að um þetta ágæta mál yrði breiðari og meiri samstaða ef það fengi meiri tíma til að þróast, gerjast og þroskast.

Ég held að það sé nákvæmlega það sem gerst hafi. Ég held að hægt sé að fullyrða það hér og nú að málið hefur fengið meiri umfjöllun. Það nýtur meiri skilnings og mun

meiri samstaða er um það. Ég tók eftir því að á kynningarfundi sem haldinn var í lok þess starfs sem sjömannanefndin svokallaða vann komu engar grundvallarathugasemdir við málið og það sést líka á umsögnum um málið hjá nefndum Alþingis að um það er orðin almenn samstaða.

Nokkuð hefur verið rætt um það hér að standa hefði þurft öðruvísi að kynningarmálum en gert var og þá er sérstaklega nefnd til sögunnar ferð sem farin var að minni tilstuðlan til Finnlands og er í raun önnur ferð sem farin er þangað til lands til þess að fræðast um ekki aðeins fyrirkomulag stefnumótunar í vísindamálum heldur einnig almennt samstarf vísindasamfélagsins og stjórnmálamanna. Þess ber að geta að þetta ferðalag var aðeins liður í þeirri viðleitni minni að auka upplýsingagjöf um þetta, en ég stóð fyrir fundi 20. júní sl. þangað sem kom finnskur þingmaður sem var formaður framtíðarnefndarinnar, Markku Markkula og fór yfir stefnumótun finnska þingsins í málefnum þekkingarsamfélagsins. Ef ég man rétt þá var öllum stjórnmálaflokkum boðinn aðgangur að þessum kynningarfundi og flestir nýttu sér það með góðum árangri.

Að því er varðar Finnlandsferðina þá skrifaði ég Alþingi bréf þar sem ég bauð upp á það að þingið sendi fulltrúa stjórnmálaflokkanna, að sjálfsögðu á kostnað þingsins, og taldi eðlilegt að þeir fengju aðild að þessu ferðalagi og það gæti þá orðið nefndum þingsins til frekari upplýsingar um þessi mál. En því var svarað svo til að ekki væru fjármunir til þess að standa undir þessum ferðakostnaði þannig að frammi fyrir þeirri stöðu þá ákvað ég að leggja til að ráðuneytin greiddu ferðakostnað formanna nefndanna, iðnrn., menntmrn. og fjmrn., minnir mig að hafi staðið straum af þessu, til þess að tryggja þó þannig upplýsingagjöf inn í þessar nefndir. Síðan lagði ég áherslu á að birt yrði skýrsla um ferðalagið sem yrði þingmönnum til upplýsingar um þessa fundaröð sem við stóðum fyrir í Finnlandi og var mjög gagnleg.

Ég vil því taka fram að ég tel að þarna hafi verið eðlilega að málum staðið, en ekki voru tök á að styðja þingmenn til þessarar farar sjálfsagt vegna þess að rekstrarliður þingsins hefur verið naumt skammtaður.

Þegar ég lít yfir nál. minni hlutans um þessi mál og hlusta á málflutning hans verð ég að segja eins og er að mér finnst að ekki hafi komið fram sterk rök fyrir því að þingmenn sameinist ekki um þetta mál. Mér finnst ekki hafa komið fram sterk rök fyrir því. Fyrir það fyrsta vil ég taka það sérstaklega fram að sú skipan mála að hér er farið fram með þrjú frv. en ekki eitt stafar alls ekki af því að ágreiningur hafi verið milli stjórnarflokkanna um þetta mál, alls ekki. Þvert á móti er þetta bein afleiðing af því stjórnskipulagi sem hér ríkir.

Ljóst er að vísindi eru nú samofin viðfangsefnum mjög margra ráðuneyta, í raun og veru allra en þó í mismiklum mæli. Þau eru að sjálfsögðu eitt höfuðviðfangsefni menntmrn. og að því er varðar tækniþróun eru þau eitt af hinum stærstu viðfangsefnum sem iðnrn. fæst við. Auk þess má geta þess að atvinnumálaráðuneytin fást mjög mikið við rannsóknir og byggja starfsemi sína bæði á grunnrannsóknum og hagnýtum rannsóknum. Við getum t.d. ímyndað okkur að sjútvrn. ætti í mjög miklum erfiðleikum með að marka sér framtíðarsýn, ef það ráðuneyti styddist ekki við störf Hafrannsóknastofnunar. Það leiðir af sjálfu sér að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins starfar líka að því að reyna að ýta undir framþróun í fiskiðnaði. Starf sjútvrn. er því mjög háð rannsóknum og vísindum. Það gildir einnig um önnur ráðuneyti, ekki síst atvinnuvegaráðuneytin.

Eðli málsins samkvæmt er hins vegar er æskilegt að ráðherrarnir vinni saman á vettvangi. Þegar sá vettvangur hefur verið mótaður er eðlilegt að forsrh. sinni þar þeim skyldum sínum að samræma stefnumörkunina.

Þessi þrjú vísindafrv. endurspegla að vissu leyti þau tök sem þessi mál hafa verið tekin í Finnlandi en þar er farin þessi sama leið og hún hefur reynst vel. Ég kem að því hér á eftir hvers vegna finnska fordæmið er æskilegt og gott fordæmi.

Nákvæmlega af þeim ástæðum er aðkoma forsrh. að þessu máli er æskileg, án þess að hann verði þar með fagráðherra — ekki er verið að ýta neitt undir það að forsrn. verði fagráðuneyti. Hins vegar er sú staðreynd viðurkennd hvaða hlutverki forsrn. gegnir, hversu mikið vægi vísindanna er almennt orðið í Stjórnarráðinu, hversu æskilegt er að ráðherrarnir komi að þessum málum hver með sínum hætti og hversu mikilvæg þessi stefnumörkun er fyrir einstök ráðuneyti. Því er eðlilegt að haga þessu svona og þetta endurspeglar ekki ágreining. Það er mjög mikilvægt að ég eyði þessum misskilningi því að það er ekki svo að þarna hafi verið ágreiningur á ferðinni heldur er þetta eðlileg skipan mála miðað við okkar fyrirkomulag.

Í raun og veru var Vísinda- og tækniráð sá þáttur málsins sem ekki hafði verið hrint í framkvæmd af þeim heildarhugmyndum sem bent var á af OECD á sínum tíma. Við gengum í verulega endurskipulagningu á styrkjakerfinu, sjóðakerfinu og það hefur reynst vel. Það hefur komið fram að það hafi reynst vel. Það er hárrétt. Það hefur reynst ágætlega enda er ekki verið að breyta því. Áfram er stuðst við hinar faglegu aðferðir sem hafa verið mótaðar í rúm tíu ár innan Rannsóknarráðs um hvernig eigi að veita styrk. Það er að vísu breytt úr þriggja þrepa kerfi í tveggja þrepa kerfi, ef svo má að orði komast, en alls ekki í öðrum tilgangi en að viðhalda faglegum vinnubrögðum. Það er afar mikilvægt að menn skilji að það stendur ekki til að breyta þessum faglegu vinnubrögðum. Þau hafa reynst vel og við þau verður áfram stuðst.

Hins vegar hafa menn verið að viðurkenna þá staðreynd að vísindin eru verulega mikilvægur hlutur í hagvexti þjóðarinnar, verulegur hlutur í atvinnustigi og lífskjörum þjóðarinnar. Þess vegna er verið að færa stefnumörkunina frá Rannsóknarráði Íslands, Rannís, og upp á stigið þar sem ríkisstjórnin starfar. Þar er verið að stefna saman þremur mikilvægum aðilum, þ.e. vísindasamfélaginu, stjórnmálamönnum, sem bera ábyrgð á framkvæmdarvaldinu, og atvinnulífinu. Það er þessi samvinna sem tryggð verður með þessum hætti. Það er einmitt samvinna af þessu tagi sem hefur lukkast mjög vel í Finnlandi. Við erum að vissu leyti að feta í fótspor þeirra í þessum efnum. Mikilvægt er að menn geri sér grein fyrir þessu.

Hér hefur málið verið skilgreint þannig að verið sé að stjórnmálavæða vísindin. Ég tek fram að þessi frumvörp fjalla um stefnumörkun. Mér bregður svolítið þegar menn tala í mjög neikvæðum tón um að stjórnmálavæða stefnumörkunarstarf í þjóðfélaginu. Hvert er hlutverk okkar stjórnmálamanna ef ekki einmitt að móta stefnu? Er það illt í sjálfu sér að við setjum ramma utan um samstarf atvinnulífsins, vísindamanna og stjórnmálamanna? Er það slæmt í sjálfu sér? (**KolH:** Það verður bara ríkisstjórnarstefna.) Því miður er þetta byggt á misskilningi. Þarna er verið að stíga mjög

jákvætt skref. Það er verið að gera stjórnmálamönnum fært að axla með árangursríkari hætti þá ábyrgð sem þeir eiga að bera, að marka stefnu í öllum málum samfélagsins og þá ekki síst með tilliti til þess að vísindin eru samofin flestum þáttum í uppbyggingu samfélagsins. Þetta er mikilvægt að menn hugleiði.

Það er einnig mikilvægt að menn hafi hugfast, sem ég er reyndar búinn að skýra áður í umræðum um þessi mál þó að mér heyrist að á það hafi ekki verið hlustað, að þessi þrjú frumvörp fjalla ekki um fjármögnun sjóðakerfisins. Þeim er ekki ætlað að gera það. Sú gagnrýni að hér sé verið að tala um peninga en ekki stefnumörkun er á misskilningi byggð. Hér er verið að búa til ramma um stefnumörkun. Sá er tilgangur frv. Menn eru því að fara í geitarhús að leita ullar þegar þeir spyrja um fjármuni í þessu frv. Sérstaklega er það fjarri öllu lagi að telja, þegar fram kemur í þessum frumvörpum það álit að stjórnsýslukostnaður við þetta fyrirkomulag muni minnka, að með því eigi að minnka fjárframlög til vísinda. Þetta er hártogun. Af því að ég horfi hér á marga vandaða þingmenn sem leggja það ekki í vana sinn að vera með hártoganir þá finnst mér það ekki þeim samboðið að tala um þetta á þeim grundvelli.

Kostnaðarútreikningurinn með þessum frumvörpum er ekki umfjöllun um fjárframlög til vísinda. Engum ætti að detta það í hug. Það er verið að reikna út stjórnsýslukostnað. Það er beinlínis sagt að það verði lægri stjórnsýslukostnaður vegna kerfisins. Hins vegar mega þingmenn gjarnan spyrja þann sem hér stendur um hver sé staða mála í fjárframlögum til vísinda og þar með til hinna frjálsu vísindasjóða. Það er eðlilegt að um það sé spurt og skal ég nú koma að því og því hvort sú lýsing stenst fyllilega sem hér hefur komið fram hvað eftir annað, að mjög illa sé staðið að þeim málum á Íslandi almennt.

Í raun væri hægt að nota ýmsa mælikvarða til að sjá hvernig þjóðin stendur sig í þessum efnum. En mælikvarðarnir sem við getum lagt á þetta eru fólgnir í því annars vegar að líta á framlög til vísinda og rannsókna í heild og í öðru lagi á opinber framlög til vísindarannsókna. Í þriðja lagi, eins og hér var beðið um, verður að skoða framlög einkageirans til vísindarannsókna og að lokum er athyglisvert að skoða þessi framlög sem hlutfall af vergri landsframleiðslu og kalla saman samanburð á þeim efnum við aðrar þjóðir. Í raun og veru getum við ekki notast við marga aðra mælikvarða þó að einn mælikvarði sé þá eftir. Sá er að vísu ekki nákvæmur en hann segir sýnilega mestu söguna, þ.e. hvernig þjóðinni vegnar og hversu mikill hluti af þeim hagvexti og batnandi lífskjörum sem við búum við og höfum byggt hér upp sl. rúm 10 ár byggist raunverulega á því að við höfum ákveðið að fjárfesta í háskólum, menntun og rannsóknum.

Ef við lítum aðeins á þessi mál er það ljóst að OECD-ríkin hafa sett sér það markmið að ná heildarframlögum til rannsókna yfir 3% af landsframleiðslu. Íslendingar komust nýlega yfir þetta mark. Þeir í hópi örfárra ríkja sem hafa náð þessu marki. Finnar hafa lengi verið nokkuð yfir þessu marki. Svíar hafa einnig verið yfir því en hins vegar blasir við sú mynd að framlag Svía til rannsókna, bæði frá opinbera geiranum og frá ríkinu, hefur verið í jafnvægi lengi og er heldur að lækka ef eitthvað er. Hjá okkur hefur þetta stöðugt vaxið, meira að segja svo mikið að vöxturinn hefur, ef ég man þetta rétt, verið um 13% á ári. Sá vöxtur er langt umfram það sem viðmiðunarþjóðir okkar hafa nokkurn tíma boðið upp á. Þetta er íslenska samfélagið að gera. Ekkert samfélag í Evrópu, sambærlegt við Ísland að mannafla, ber sig til með þessum hætti.

Ég ráðlegg þingmönnum að kynna sér hvað það samfélag sem við erum oftast borin saman við þegar rætt er um Evrópusambandsaðild okkar, þ.e. Lúxemborg, rekur marga háskóla og ver miklu til vísinda. Ég held það væri gagnlegt fyrir þingmenn að kynna sér þetta. Þeir reka reyndar engan háskóla. Engan. (**Gripið fram í:** Búnir að ákveða að opna einn núna.) Þeir eru búnir að ákveða að opna einn núna, er kallað utan úr sal. Það er nú ekki svo heldur eru þeir búnir að ákveða að opna mjög takmarkaða starfsemi ákveðinna deilda, háskóladeilda. Það er allt og sumt. En þeir eiga eftir að hrinda því í framkvæmd á meðan Íslendingar hafa stofnað sjö og jafnvel átta háskóla. Ég skal gjarnan fara yfir samanburðinn milli Íslands og Finnlands á eftir vegna þess að sérstaklega hefur verið óskað eftir því. Sá samanburður er Íslendingum ekki til minnkunar, það get ég fullvissað hv. þingmenn um. Við eigum að sýna því sanngirni sem Íslendingar hafa gert í þessum efnum. Við eigum að virða það því að auðvitað koma þessir peningar frá skattgreiðendum. Það eru þeir sem bera uppi kerfið sem við höfum komið okkur upp sem hefur leitt til góðs og orðið okkur til framfara og heilla.

Íslendingar leggja hátt hlutfall opinbers fjár til rannsókna miðað við aðrar þjóðir. Íslendingar leggja mikla peninga til rannsókna miðað við aðrar þjóðir. Á árinu 2001 námu opinber framlög til rannsókna 1% af vergri landsframleiðslu. Það er, hv. þingmenn, með því hæsta sem gerist í heiminum. Hér er verið að ýja að því að svo sé ekki heldur sé nánasarlega staðið að framlögum til rannsókna og vísinda. Þessu er öfugt farið. Við erum með einna hæst framlag í heiminum. Aðeins Finnar leggja hlutfallslega jafnmikið af opinberu fé til rannsókna. Næstir í röðinni eru Frakkar með 0,89% af vergri landsframleiðslu.

Þá komum við að þróuninni varðandi skiptinguna á milli einkageirans og opinberra aðila. Um það bað hv. þm. Ögmundur Jónasson alveg sérstaklega. Þar hefur orðið bylting á Íslandi undanfarin tíu ár. Það er ekki langt síðan ríkið lagði fram um það bil 70% af því fjármagni sem gekk til rannsókna. Nú leggur einkageirinn til 64% af því fjármagni sem fer til rannsókna. Ég minni á það aftur að við erum nú í flokki örfárra þjóða heimsins sem leggjum meira til heldur en 3%. Hvernig stendur á því að einkageirinn hefur aukið framlag sitt til vísinda svo mjög? Það er vegna þess að hann hefur skynjað að það er stefna stjórnvalda að auka þátttöku atvinnulífsins í rannsóknum og vísindum. Við höfum búið til umhverfi sem gerir það jákvætt fyrir fyrirtækin að fjárfesta í vísindum, enda hafa þau gert það eins og þessar tölur sýna. Þetta hefur gerst á örfáum árum. Á um það bil áratug hefur orðið þessi mikla bylting, einmitt á sama tíma og lífskjör á Íslandi hafa farið stórlega batnandi. Nú er svo komið að um 64% koma frá einkageiranum, um 23% koma frá ríkinu og opinberum aðilum en 13% koma beinlíns frá útlöndum. Það hvernig við höfum laðað erlent fjármagn til þess að verða virkt í íslensku vísindastarfi er að sjálfsögðu líka mjög jákvæð þróun.

Ég reikna með því að fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafi ekki sömu viðhorf til þátttöku einkageirans í rannsóknastarfi eftir því hvar þeir sitja í flokki. Ég heyrði að hv. þm. Ögmundur Jónasson varaði við aukinni þátttöku einkafyrirtækja í rannsóknum. Ég skildi hann þannig að hann slægi varnagla við því að fyrirtækin tækju mikinn og aukinn þátt

í þessu. Hann ímyndaði sér að þetta kæmi með einhverjum sérkennilegum hætti inn í fyrirtækin, gegnum banka eða eitthvað annað. Ég býst við því að ef þarna er um einhvern misskilning að ræða þá vilji hv. þm. gjarnan leiðrétta þann misskilning og mun ég þá taka mark á þeim leiðréttingum.

Ég ætla aðeins að nefna nokkur dæmi um hve mikilvæg þátttaka atvinnulífsins í rannsóknum hefur í heild orðið. Nefna má sem dæmi að erlend fyrirtæki hafa keypt rannsóknarniðurstöður íslenskra vísindamanna fyrir tugi milljarða kr. á sl. árum. Með öðrum orðum hafa niðurstöður íslenskra vísindamanna fært fyrirtækjum hér milljarða kr. og tugi milljarða kr., vegna þess að þessi starfsemi hefur eflst svo mikið. Hvernig eru þeir fjármunir notaðir sem hingað beraast sem tekjur af vísindastarfsemi? Að langmestu leyti eru þessir fjármunir notaðir til að fjárfesta í vísindum og margfalda þar með verðmæti starfseminnar.

Ef við lítum til þess hlutverks sem einkageirinn gegnir almennt í vísindum, þá getum við tekið sem dæmi að burðarásinn í framförum í lyflæknisfræði eru einkafyrirtækin. Það er mjög áhættusamur atvinnurekstur sem krefst þess að mikið áhættufjármagn sé til staðar og menn séu reiðubúnir til þess að taka mikla áhættu en geti jafnframt haft mikinn arð af ef vel tekst til. Þetta vildi ég að kæmi fram vegna þess að ég held að sú staðreynd blasi við að við Íslendingar höfum orðið blessunarlega þátttakendur í því sem best hefur gerst í heiminum í samstarfi atvinnulífs og vísinda. Þetta hefur tekist hjá okkur og það hefur tekist vegna þess að opinberir aðilar hafa verið reiðubúnir að fjárfesta í menntun og vísindum og vegna þess að skapað hefur verið jákvætt andrúmsloft fyrir fyrirtækin til að taka þátt í þessari þróun.

Spurt hefur verið um það hvernig standi á því að við leitum svo mikið til Finna með hugmyndir um hvernig standa beri að stefnumörkun í vísindum og það eru ástæður fyrir því. Þær ástæður eru til þess að gera skýrar og einfaldar. Finnar eru reyndar ein af smáþjóðunum í heiminum þannig að ef við viljum leita sambærilegra aðstæðna þá leitum við gjarnan til þjóða sem eru kannski svipaðar að stærð og Norðurlandaþjóðirnar þó að þær séu margfalt stærri samfélög en við, kannski 15–20 sinnum stærri samfélög en Ísland er, þá leitum við fanga þangað. Við berum okkur ekki gjarnan saman við þær þjóðir sem eru álíka stórar og við eins og Möltubúar og Lúxemborgarar. Við gerum það ekki mikið af einhverjum ástæðum, við teljum það ekki passa. Það er talið passa þegar við erum að tala um ganga í Evrópusambandið en við teljum það ekki hæfa þegar við erum að meta framlag okkar til lista og framlag okkar til mennta og menningar á Íslandi. Ég geri enga athugasemd við það. Ég tel það fullkomlega eðlilegt að við berum okkur saman við stærri þjóðir en við erum.

En ef við berum okkur saman við Finna og viljum reyna að leggja mat á það hvort við höfum staðið með einhverjum hætti að uppbyggingu menntastofnana okkar á þann máta að við þolum ekki samanburð við Finna, þá verð ég að segja eins og er að á það get ég ekki fallist með nokkru móti. Finnar hafa stofnað um það bil 20 háskóla. Þessi þjóð hefur stofnað um það bil 20 háskóla og af þessum 20 háskólum eru þrír tækniháskólar. Íslendingar hafa stofnað um 7–8 háskólastofnanir, þar af eina akademíu og þeir eiga nú tækniháskóla. Sem hlutfall af umsvifum þjóðarinnar og stærð þjóðarinnar er þetta hlutfallslega meira en Finnar gera á þessu sviði. En það er hins vegar hárrétt sem komið hefur fram hjá fjölmörgum ræðumönnum að þeir byggja upp á eldri grunni og hafa lengi staðið vel að þessu. Ég tek undir það með þeim ræðumönnum sem hafa sagt hér að við þurfum að efla tækninám. Það er ein af þeim áherslum sem við þurfum að leggja hér á Íslandi.

Að ýmsu öðru leyti eru aðstæður öðruvísi. Finnar hafa t.d. lagt áherslu á að nota vísindi og tækni til að endurbyggja sinn hefðbundna iðnað eins og skógarhöggið, finna nýja möguleika fyrir þær hefðbundnu atvinnugreinar sem áttu í miklum erfiðleikum eftir að markaðsaðstæður versnuðu hjá Finnum. Ég held að vandfundin sé sú þjóð í Evrópu án þess að ég vilji nokkur vera að hæla Íslendingum sérstaklega fyrir það, þá held ég að það sé þannig að vandfundin sé sú þjóð sem hefur fjárfest jafnmikið í menntun og vísindum og Íslendingar hafa gert. Ég bar Ísland saman við Lúxemborg og sá samanburður er að mörgu leyti æskilegur og réttlátur. Önnur þjóðin, Lúxemborgarar, býr við einna best lífskjör í Evrópu. Hin þjóðin, Íslendingar, er þar mjög nærri. Báðar þjóðirnar eru í fremstu röð að því er lífskjör varðar. Önnur þjóðin býr í miðju sjálfu markaðssvæði ESB. Hin þjóðin býr við útjaðar markaðarins og verður að borga talsverða fjármuni fyrir að koma vörum hingað til neyslu og til að koma framleiðsluvörum sínum á markað. Þetta eru hindranir sem við verðum að yfirstíga og við fáum enga hjálp við það. Það verðum við að gera með okkar eigin aðferðum.

Eins og ég sagði áðan þá hafa Lúxemborgarar ekki fjárfest í vísindum og menntun í neinum þeim mæli sem við höfum gert. Þeir hafa nýtt sér háskóla nágrannaþjóðanna. Þeir þurfa ekki að vera með sjóði til þess að styrkja skipti á nemendum vegna þess að þau skipti eru nánast á einn veginn. Lífskjör markast líka þar af því að þeir þurfa ekki að halda uppi dýru samgöngukerfi eins og við þurfum að gera á Íslandi, það er bara hluti af stöðu okkar í heiminum að við erum að fjárfesta mikið í því að halda uppi samgöngukerfi, bæði innan lands og við útlönd. Lífskjör í Lúxemborg eru góð af því að þeir hafa ekki þurft að fjárfesta í vísindum, samgöngutækjum og öðru heldur getað notað sér það sem þar er boðið upp á í nágrannalöndunum. Lífskjör á Íslandi eru hins vegar góð af allt öðrum ástæðum og fyrst og fremst vegna þess að við höfum tekið þá upplýstu ákvörðun að fjárfesta í vísindum og menntun og um það hafa allir flokkar verið sammála. Lífskjör á Íslandi eru góð vegna þess að við höfum fjárfest í menntun á Íslandi og við eigum að viðurkenna þetta, við eigum að horfa á hagtölur sem segja okkur þessa sögu skýrt og skorinort og við eigum aldrei að gera lítið úr því.

Um leið og ég lýsi þessu þá er sjálfsagt mál að viðurkenna að vísindasjóðirnir eru veikleiki okkar. Þeir eru of smáir. Úr því þurfum við að bæta. Forsendurnar fyrir að bæta úr því eru m.a. fólgnar í þessum frv. sem við höfum lagt fram og sú áhersla sem kemur fram í samsetningu ráðherranna í Vísinda- og tækniráði, þ.e. forsrh. sem er samræmingaraðili um stefnumörkunina, fjmrh., menntmrh. og iðnrh., endurspeglar nákvæmlega áhersluna á það hvað þessi mál skipta miklu máli og hvað það er mikilsvert að þessir ráðherrar komi að stefnumörkuninni, m.a. til þess að tryggja fjármagn til verkefnanna.

Ég held ég hafi svona í stórum dráttum vikið að flestum þeim stóru spurningum sem hafa komið fram hér. Ég tel að umræðan öll um stjórnmálavæðingu vísindanna sé byggð á misskilningi ef menn ímynda sér að þetta sé allt saman gert til þess að misnota stöðuna innan Vísinda- og tækniráðs. Ég verð að segja eins og er að ég hrökk dálítið við þegar ég heyrði hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur ýja að því að það

væri skrýtið að við skyldum leggja þetta frv. fram miðað við það að svo gæti komið ný ríkisstjórn til þess að misnota sér lögin. Þetta þótti mér mjög sérkennilegt. Það stendur ekki til af hálfu þeirra flokka sem standa að núv. ríkisstjórn að misnota þessi lög, enda eru engin efni til þess. Þetta er frv. um stefnumörkun og verið er að stefna saman helstu aðilum málsins, atvinnulífinu, vísindaheiminum og stjórnmálamönnunum til að marka þessa stefnu og ég treysti því að hver sú ríkisstjórn sem kemur að eftir næstu kosningar muni standast þá prófraun að nýta þessi lög, þegar þessi frv. verða orðin að lögum, til framdráttar fyrir samfélagið til að stilla saman strengi vísindaheimsins, stjórnmálamannanna og atvinnulífsins þjóðinni til góðs, og að allar hugleiðingar um hið gagnstæða séu byggðar á misskilningi og eigi enga stoð.

Ég vil að lokum þakka fyrir þessa umræðu. Ég held að hún hafi verið gagnleg og ég tek það ekkert nærri mér þó að hér hafi verið ýjað að því að meiningin væri að stjórnmálamenn kæmu með yfirþyrmandi hætti að þessu. Það kann vel að vera að það viti þannig við stjórnarandstöðunni að þegar verið er að búa til vettvang þar sem stjórnmálamenn, vísindamenn og fulltrúar atvinnulífsins geta náð betur saman og stillt saman strengi sína, þá líti menn svo á að það sé einhver ógn við samfélagið. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég tel hins vegar að það sé afar eðlilegur hlutur miðað við það hversu mikilvægu hlutverki vísindin gegna í nútímasamfélagi og hversu lífskjörin hafa mikið batnað á undanförnum árum einmitt vegna þess samstarfs sem náðst hefur milli stjórnmálamanna, atvinnulífs og vísindamanna.

[17:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að taka það fram að mér finnst framlag hæstv. menntmrh. til þessarar umræðu hafa verið mjög gott og mjög gagnlegt og málefnalegt. Hann hefur reynt að svara þeim spurningum sem settar hafa verið fram og tekið þátt í umræðunni þótt ég sé honum ekki sammála í grundvallaratriðum.

Það eru nokkur atriði sem ég vildi víkja að. Í fyrsta lagi hvað varðar ferðina til Finnlands, þá er það rétt að hæstv. ráðherra ritaði þinginu sem hafnaði því að senda fulltrúa stjórnarandstöðunnar til Finnlands. Þá tók hæstv. ráðherra þá ákvörðun að senda fulltrúa stjórnarmeirihlutans á kostnað ráðuneytsins. Það finnst mér hafa verið gagnrýnisvert. Það hefði verið eðlilegra að tryggja þarna jafnræði með stjórn og stjórnarandstöðu.

Varðandi það atriði að almenn sátt ríki um þessi frv., þá held ég að það sé ekki rétt. Það hefur dregið heldur úr andstöðunni. Menn hafa hreinlega gefist upp, talið sig standa frammi fyrir gerðum hlut. Almennt held ég að það viðhorf sé ríkjandi að menn telji sig búa við nokkuð gott kerfi en það vanti peninga, fjármagn vanti.

Það er enginn misskilningur af okkar hálfu að telja að þessi frv. hafi í sjálfu sér átt að tryggja fjármagn og engin hártogun sem kemur fram af okkar hálfu hvað þetta snertir eins og hæstv. ráðherra lét liggja að hér áðan. Við sögðum einfaldlega að með þessum kerfisbreytingum hefðu stjórnvöld átt að sýna þann yfirlýsta vilja sinn í verki með því að tryggja fjármagn til vísindarannsókna en það var ekki gert.

Hæstv. ráðherra talaði um að hann hrykki jafnan við þegar hann heyrði menn efast um það í þessum sal að það ætti að stjórnmálavæða stefnumótun, það væri hlutverk stjórnmálamanna. Spurningin er á hvaða sviði þetta er gert. Fyrr á síðustu öld var talað um að stjórnmálavæða listsköpun í landinu. Ekki vilja menn það. Og á sama hátt höfum við efasemdir um það að stjórnmálavæða vísindarannsóknir. Við viljum treysta á unga fólkið, hugkvæmni þess, tilraunir til að fara inn í nýjar lendur í stað þess að reyra þessar rannsóknir undir pólitískt miðstýrt vald eins og gert er og boðað með þessum frv.

[17:44]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því sem fram hefur komið hjá hv. síðasta ræðumanni, Ögmundi Jónassyni, þá tel ég að ég geti tekið alveg mark á því sem hann segir. Ég get vel tekið á mig gagnrýni fyrir það sem menntmrh. að hafa boðið formönnum nefndanna. Ég taldi hins vegar að það væri ekki beinlínis hlutverk framkvæmdarvaldsins að kosta þingmenn, það væri hlutverk þingsins.

Ég tel að mikil og víðtæk sátt ríki um þetta mál þó að ekki hafi allir fengið sínum athugasemdum framfylgt og þær viðurkenndar samanber það að Háskóli Íslands vill hafa rektor í ráðinu. Það hafa fjölmargar stofnanir viljað hafa sína menn í ráðinu. Það er hluti af liðinni tíð og ég hef enga samúð með slíkum málflutning satt best að segja. Mér finnst hann ekki tilheyra nútímanum.

Hártoganirnar um sparnaðinn eru bara beint teknar upp eftir þeim ummælum sem hér voru höfð. Vitnað var í að frv. ætti að leiða til sparnaðar, það er stjórnsýslulegur sparnaður og þess vegna leyfi ég mér að hafa þau þungu orð að kalla þetta hártoganir en ég sæki það ekki fast að sú nafngift verði látin blífa.

Hins vegar er það mikilvægasta sem mér finnst rétt að taka fram í lokin og ég hef kannski ekki vikið nægilega vel að í ræðu minni og vil reyna aðeins að bæta úr því. Það er að ekki er meiningin að draga úr frelsi vísindanna. Vísindamenn munu áfram hafa frelsi til að sinna hugðarefnum sínum. Hins vegar munu stjórnmálamennirnir fá tækifæri til að marka forgangsröðun ákveðinna vísindasviða þar sem þeir vilja að menn beiti sér sérstaklega og ég sé fyrir mér að uppbygging íslensks samfélags mun leiða til þess að ákveðin svið munu lenda í forgangsröðun og eru raunar þegar komin í forgangsröðun. Ég sé að ég mun ekki hafa tíma til þess að nefna þau öll en ég tel það mikilsvert að stjórnmálamenn hafi tækifæri til þess án þess að ganga á frelsi vísindanna að marka sér sérstök forgangssvið fyrir samfélagið í heild.

[17:46]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins til að ljúka því sem ég var byrjaður á í fyrra andsvari, ég taldi upp nokkra efnisþætti. Síðasti efnisþátturinn sem ég vildi koma inn á varðar framlag einkafyrirtækja til vísindastarfs og rannsóknarvinnu. Það er misskilningur hjá hæstv. ráðherra að ég sé því andvígur eða sé á nokkurn hátt að gera lítið úr því nema síður sé, mér finnst það fagnaðarefni. Mér finnst hins vegar skipta meginmáli hvernig samspilið er á milli vísindarannsókna á vegum hins opinbera annars vegar og síðan fyrirtækjanna og atvinnulífsins sem ég vil að sjálfsögðu að njóti góðs af því vísindastarfi sem fram fer í háskólum eða öðrum rannsóknastofnunum landsins. Það þyrfti langt mál til að skýra hvað ég á nákvæmlega við en ég hef gert það við fyrri umræðu um þetta mál.

Varðandi Íslenska erfðagreiningu sem ég vék sérstaklega að, það var eiginlega svolítið sértækt vegna þess að ég held

að það sé drjúgur hluti af þeim 64% sem hæstv. ráðherra vék að í sundurgreiningu sinni á framlagi til vísindastarfs. Þar sagði ég að þeir peningar væru að sjálfsögðu komnir úr íslensku samfélagi, m.a. bankakerfinu sem keypti ameríska áhættufjárfesta út á sínum tíma fyrir nokkur þúsund milljónir króna. Þetta eru náttúrlega peningar sem koma hér upp úr sjónum eða annars staðar úr atvinnulífinu. Þetta er svolítið sérstakt dæmi og raskar heildarmyndinni vegna þess hve stórt það er í sniðum og gefur hugsanlega ekki alveg rétta mynd af framlagi samfélagsins til vísindarannsókna þegar til lengri tíma er litið.

Ef það er hins vegar rétt, og ég ætla ekkert að efast um það, að við verjum meiru á vegum hins opinbera til rannsókna en aðrar þjóðir gera, allar aðrar þjóðir, finnst mér það að sjálfsögðu fagnaðarefni en er nokkuð sem ég hef sérstakan áhuga á að kynna mér nánar.

[17:48]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að við höfum sama skilning, ég og hv. síðasti ræðumaður, á mikilvægi þess að einkafyrirtækin taki þátt í að fjármagna rannsóknir. Það er grundvallaratriði.

Hér var nefnt sérstaklega hversu mikill þáttur Íslenskrar erfðagreiningar er í þessari aukningu. Hann er mjög verulegur. En það er svo að t.d. í fjárfestingu Finna í einkageiranum í rannsóknum er hlutur Nokia mjög stór. Það er nánast eðli samfélaga af þessari stærð að þegar mikil áhætta er tekin, verið er að fjárfesta í vísindum og nokkur fyrirtæki uppskera en ekki öll — þetta er mikil áhætta og það er ekki nema hluti af verkefnunum sem fram gengur í raun — gerist það gjarnan að fyrirtæki sem ná að hasla sér völl verða sterk og fyrirferðarmikil. Þess vegna megum við ekki gera lítið úr því að það er jafnmikilvægt fyrir okkur eins og Finna að fá sterk fyrirtæki og góð sem ná árangri. Við þurfum líka að gera okkur grein fyrir því að einmitt þetta landslag atvinnustarfseminnar sem er svona háð rannsóknum markar líka ákveðna viðkvæmni efnahagskerfisins í þessum efnum. Við vitum að þetta er mjög áhættusamur rekstur. Þess vegna er það líka mikilvægt fyrir samfélagið að hlúa með ýmsum hætti að þessari starfsemi vegna þess hve mikla áhættu fyrirtækin taka. Sú áhætta er ekki bara tekin af fyrirtækjunum, hún er líka tekin af þjóðfélögunum sem undir þeim standa.

[17:50]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir þau orð hv. þm. Ögmundar Jónassonar að mér finnst hæstv. ráðherra hafa svarað spurningum hér afar málefnalega og ég þakka ræðu hans hér í lokin á þessari umræðu. Mér finnst hún varpa ljósi á ýmsa þætti sem hafa verið orðaðir í ræðum hv. þingmanna hér í dag.

Hæstv. ráðherra segir að mikið starf hafi verið af hendi leyst. Ég held því fram, sem ég áður kom inn á í ræðu minni, að nefndir þingsins hefðu getað unnið betur í þessum málum. Sannarlega hefur þessi sjö manna nefnd ráðherra sem starfaði í málinu á milli þinga unnið vel, ég viðurkenni það og sé, en ég hefði kosið betri tíma og meiri umfjöllun í þingnefndunum. Ég vil meina, herra forseti, að kannski skýrist aukin samstaða í háskólasamfélaginu um þessi frv. fyrst og síðast af því að menn eru orðnir úrkula vonar um að fjármunir til vísinda- og tæknirannsókna verði auknir og þess vegna hafi þetta verið eina ráðið. Þessi formbreyting er það eina sem stjórnvöld hafa boðið og menn hafa verið orðnir, eins og ég segi, úrkula vonar um að nokkuð annað yrði gert.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra hvers vegna formleg aðkoma þjóðarskóla okkar, Háskóla Íslands, er ekki meiri en raun ber vitni. Mér heyrðist hæstv. ráðherra tala í fremur niðrandi tóni í sínu síðasta andsvari eða í lok ræðu sinnar áðan, ég man ekki hvort heldur var, um aðkomu Háskóla Íslands, okkar þjóðarháskóla, að þessum málum.

Hinum faglegu vinnubrögðum verður ekki breytt, segir hæstv. ráðherra, og ég fagna því og treysti því auðvitað að hæstv. ráðherra standi vörð um það. En hverju svarar þá hæstv. ráðherra þeirri gagnrýni sem mikið hefur verið fjallað um í alþjóðasamfélaginu og víðar, að það sé tilhneiging nú á tímum hjá stjórnmálamönnum, ráðandi öflum, valdhöfum, að setja fingurna inn í vísindarannsóknir og stjórna þeim? Þetta styður kannski það sem ég var að segja áðan í framhjáhlaupi að hér væri eðlilegt að gagnrýna að hér gæti verið um einhvers konar ríkisstjórnarstefnu að ræða í vísindarannsóknum.

[17:52]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu verð ég að lýsa því yfir að eftir að ég tel mig hafa lagt mig fram um að auka skilning á þessum málum, bæta umfjöllunina og upplýsingastreymið um málið og var það að sjálfsögðu gert í þeirri von að almenn samstaða mundi skapast um þetta mál. Ég hef orðað það svo að málið væri of gott til þess að ekki yrði breið og almenn samstaða um það. Þess vegna hefði ég fagnað því ef stjórnarandstaðan hefði getað staðið að þessu með stjórnarflokkunum.

Að því er varðar Háskóla Íslands er fjarri því að talað hafi verið niður til hans. Hins vegar er ég alveg reiðubúinn til þess að gagnrýna það sjónarmið að forustumenn stofnana eins og Háskóla Íslands eða Rannsóknastofnana atvinnuveganna telji málum best borgið með því að þeir láti sér ekki nægja að stýra sínum eigin stofnunum heldur vilji sitja í ráðum eins og þessum. (**KolH:** Það vilja ráðherrarnir líka.) Það er af nógu að taka í vísindasamfélaginu. Þar geta komið menn með mjög fullkomna þekkingu á vísindamálum inn í þetta ráð og gert þar meira gagn en forustumenn og forstöðumenn ríkisstofnana. Það er hins vegar beinlínis hlutverk stjórnmálamannanna að axla þá ábyrgð að taka þátt í stefnumörkuninni og þess vegna eiga þeir beint erindi þarna inn. Og ég tek það fram að háskólasamfélagið á aðgang að þessu ráði eins og lögin um Vísinda- og tækniráð sýna fram á þannig að þeirra hagsmunir eru þar fullkomlega tryggðir og með eðlilegum hætti.

Að lokum vil ég geta þess að þau þjóðfélög sem hafa náð mestum framförum og hafa getað skilað mestum hagvexti og bestum lífskjörum til þegna sinna eru þau sem hafa borið gæfu til þess að búa til vettvang þar sem vísindamennirnir og stjórnmálamennirnir tala saman og ná saman um verkefni sín.

[17:55]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki skal ég draga úr mikilvægi þess að menn tali saman og að leitað sé samstöðu um mál. Og ég er sammála hæstv. ráðherra um að í máli af þessu tagi þurfi að leita víðtækrar samstöðu og hann telur sig hafa gert

það en greinilega fyrst og fremst úti í háskólasamfélaginu, vísindamannasamfélaginu og fræðamannasamfélaginu.

Ég gagnrýni það að stjórnarandstaðan skyldi ekki hafa verið höfð meira með í ráðum þegar þetta mál var allt saman hannað og lá á teikniborðum stjórnvalda. Þetta er dæmigert mál sem t.d. ríkisstjórnir í Skandinavíu hefðu leitað eftir breiðri samstöðu um. Í löndum þar sem minnihlutastjórnir eru viðhafðar eru menn vanir að leita eftir breiðri pólitískri samstöðu þvert á flokka. Ég vil meina að þetta mál hefði getað litið öðruvísi út í dag ef slík vinnubrögð hefðu verið viðhöfð hér, og þar með held ég að aðkoma stjórnarandstöðunnar að þessum málum hefði getað auðgað málið til muna, hefði getað lægt öldur í vísinda- og fræðamannasamfélaginu sem eru til staðar og hefði getað skilað þessu máli mun betur í höfn en hæstv. ríkisstjórn er að gera að mínu mati.

Varðandi mælikvarðana sem hæstv. ráðherra talar um — hann talar um verga landsframleiðslu eða reyndar ýmist verga landsframleisðlu eða verga þjóðarfamleiðslu — þegar verið er að tala um framlög Íslands til vísindarannsókna miðað við önnur lönd vil ég segja að það er ekki endilega rétti mælikvarðinn. Við verðum að sjá þessa mælikvarða á annan hátt, við verðum líka að sjá hvernig frammistaða okkar er með tilliti til höfðatölu þjóðarinnar eða fjölda stúdenta, fjölda þeirra sem stúdera á háskólastigi. Og ég verð að viðurkenna að í þessari umfjöllun nefndanna hef ég ekki séð annan samanburð en þann sem hæstv. ráðherra nefnir, þ.e. verga landsframleiðslu sem Rannsóknarráð hefur sýnt okkur og OECD hefur látið reikna út og við höfum séð sem súlurit þar um. Ég hefði viljað sjá þetta mælt á fleiri mælikvarða.

En ég vil segja hér í lokin, herra forseti, að umræðan hefur verið kjarnyrt og góð og hana ber að þakka.

[17:57]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar hér er kvartað undan því að við höfum ekki sömu umræðuhefð á Íslandi og Finnar kann vel að vera að eitthvað sé til í því. En það skrifast reyndar á reikning stjórnarandstöðunnar jafnt og stjórnarflokkanna. Þetta er bara sú hefð sem hefur skapast hér. Ég minnist þess t.d. ekki í umræðunni um gagnagrunninn að annað gerðist en að menn græfu sér nokkrar skotgrafir þar og skytust á. Jafnvel þeir aðilar innan stjórnarandstöðunnar sem voru efnislega sammála gagnagrunnsmálinu tóku afstöðu gegn honum af hefðbundnum ástæðum.

Þarna eigum við kannski eitthvað óunnið, ég skal ekki neita því. Ég hef reynt í þessari umræðu að halda þessu á málefnalegum grundvelli eftir því sem ég ber gæfu til. Hinu má heldur ekki gleyma að sérhver þjóð hefur sinn stíl. Íslendingar eru átakaþjóð og taka málin með miklum krafti, það er þeirra stíll og það hefur líka sína kosti þótt það hafi sína annmarka. Ég geld varhuga við því að við förum að sækja okkur aðra þjóðarsál til Finna. Það er ekki skynsamlegt, held ég.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:58]

Útbýting þingskjala:

Endurgreiðsla virðisaukaskatts hjá heilbrigðisstofnunum, 503. mál, fsp. ÍGP, þskj. 836.

Gerð neyslustaðals, 500. mál, fsp. JóhS, þskj. 833.

Greiðslur fyrir þjónustu frá Tryggingastofnun ríkisins, 507. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 840.

Heilsugæslumál á Suðurnesjum, 502. mál, fsp. KPál, þskj. 835.

Persónulegur talsmaður fatlaðra, 498. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 831.

Samanburður á nýgengi krabbameins, 494. mál, fsp. SvanJ, þskj. 827.

Stofnun framhaldsskóla á Snæfellsnesi, 505. mál, fsp. JB og ÁSJ, þskj. 838.

Tekjutap sveitarfélaga, 501. mál, fsp. JóhS, þskj. 834.

Verðtryggðir skuldabréfavextir, 506. mál, fsp. JóhS, þskj. 839.

Viðgerð á rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni, 504. mál, fsp. JB og ÁSJ, þskj. 837.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 422. mál (rekstrarform, arðgreiðslur o.fl.). — Þskj. 533.

[17:59]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um vatnsveitur sveitarfélaga.

Þetta frv. er samið í ráðuneytinu og byggist að hluta til á frv. sem ég flutti á 127. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga þá. Við gerð þessa frv. sem nú er lagt fram hefur verið tekið tillit til umsagna sem bárust félmn. um málið og hefur ráðuneytið haft samráð við fulltrúa Samorku, samtök rafveitna, hitaveitna og vatnsveitna, við frumvarpsgerðina. Varð niðurstaðan af því samráði að leggja til verulega umfangsmeiri breytingar á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum, en upphaflega var fyrirhugað. Einnig hefur ráðuneytið átt óformlegt samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um efni frv.

Þær breytingar sem eru lagðar til í frv. miða einkum að því að auka sveigjanleika í stjórn og rekstri vatnsveitna. Jafnframt er að því stefnt að einfalda gjaldtökuheimildir vatnsveitna. Loks miða breytingarnar að því að hindra eftir megni sóun neysluvatns.

Helstu nýmæli í frv., herra forseti, eru eftirfarandi:

Kveðið er á um að sveitarstjórn sé heimilt að ákveða rekstrarform vatnsveitu í eigu sveitarfélagsins og breytingunni er m.a. ætlað að tryggja samræmi við ákvæði 3. gr. laganna sem varða vatnsveitur í eigu tveggja eða fleiri sveitarfélaga. Þá er mælt fyrir um heimild sveitarstjórnar til að framselja einkarétt sveitarfélags á rekstri vatnsveitu og sölu vatns innan marka sveitarfélagsins til stofnunar eða fyrirtækis sem að meiri hluta er í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Ég endurtek að salan er til stofnunar eða fyrirtækis sem að meiri hluta er í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Framsalið gildir einungis til ákveðins tíma og heimilt er að binda það þeim skilyrðum og kvöðum sem ástæða þykir til.

Þá er kveðið á um heimild eiganda vatnsveitu til að áskilja sér árlega allt að 7% arð af eigin fé veitunnar. Samsvarandi heimild er þegar að finna í orkulögum, nr. 58/1967, að því er varðar hitaveitur og rafveitur.

Þá er mælt fyrir um skyldu vatnsveitu til að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist, enda verði því við komið. Jafnframt er lagt til að vatnsveita

geti krafið einstaka notendur um hluta kostnaðar í þeim tilvikum þegar nauðsynlegt er vegna stærðar og/eða nýtingar fasteignar að auka vatnsþrýsting til hennar. Meðal annars getur reynt á ákvæðið vegna krafna um brunavarnir en samkvæmt gildandi lögum ber sveitarstjórn allan kostnað af vatnsöflun vegna brunavarna.

Lagt er til að orðið „notkunargjald" komi í stað „aukavatnsgjalds" í gildandi lögum og að innheimta megi notkunargjald óháð því hvort notandi greiðir jafnframt vatnsgjald skv. 7. gr. laganna. Gert er ráð fyrir að notkunargjald sé greitt af allri atvinnustarfsemi sem vatns getur notið og öll notkun vatns til annars en venjulegra heimilisþarfa skuli jafnframt háð notkunargjaldi. Jafnframt er lögð til sú breyting að kveðið verði á um heimild til að skipta greiðendum notkunargjalds í mismunandi gjaldflokka en afnumið er ákvæði um að hámark aukavatnsgjalds skuli miðast við ákvæði í reglugerð sem ráðherra setur. Miðast hámarkið þess í stað við almenn sjónarmið um innheimtu þjónustugjalda.

Þá er lagt til að regla sem nú er í 1. mgr. 7. gr. verði 2. málsl. 11. gr. og byggist ákvæðið á almennum sjónarmiðum um álagningu þjónustugjalda, þ.e. að ekki skuli ákveða í gjaldskrá hærra gjald en meðalkostnað af að veita þjónustuna.

Í frumvarpinu er miðað við að daglegur rekstur vatnsveitu sé á ábyrgð stjórnar vatnsveitu í umboði sveitarstjórnar. Það er í samræmi við ákvæði reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 421/1992, með síðari breytingum. Þar sem svo háttar til að ekki hefur verið kosin sérstök stjórn vatnsveitu fer sveitarstjórn með ákvörðunarvald um málefni vatnsveitu. Sveitarstjórn er heimilt að setja samþykkt um stjórn vatnsveitu þar sem kveðið er á nánar á um heimildir stjórnar vatnsveitunnar.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa framsögu lengri. Ég legg til að að lokinni umræðu í dag verði þetta mál sent hv. félmn. til athugunar.

[18:05]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að fjalla um frv. til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga. Þetta er frv. sem var til umfjöllunar á síðasta þingi og kom þá til hv. félmn. Þar var það langt komið í vinnslu en var ekki afgreitt úr nefndinni. Hér hefur verið bætt inn í frv. breytingum í samræmi við umsagnir sem bárust nefndinni við vinnslu þess á síðasta þingi.

Samfylkingin hefur verið hlynnt því að það eigi að vera á valdi sveitarfélaganna hvernig þau haga rekstri sínum á fyrirtækjum eins og vatnsveitum. Við teljum eðlilegt að sama gildi um vatnsveitur eins og t.d. hitaveitur og rafveitur, eins og lagt er til í þessu frv. Einnig eru lagðar til ýmsar aðrar breytingar sem auka sveigjanleika í stjórn vatnsveitna og við teljum það eðlilegt. Þar sem ég á sæti í hv. félmn. þá munum við auðvitað fara yfir þetta mál lið fyrir lið þegar það kemur til nefndarinnar og skoða nánar. Í fljótu bragði get ég ekki séð annað en að þær breytingar sem lagðar eru til hér eftir umsagnirnar sem komu á síðasta þingi séu yfirleitt til bóta. Ég mun hins vegar koma frekar að vinnslu málsins í nefndinni.

[18:06]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hvað skyldi hafa einkennt samfélagsbreytingar í heiminum á síðustu 10–15 árum? Ég held að óhætt sé að alhæfa um það efni. Það er markaðsvæðing, einkavæðing og markaðsvæðing, ekki bara hér á landi heldur víðs vegar um heiminn.

Þjóðir hafa gengið mishart fram í þessu efni. Lengi vel var talað um Nýja-Sjáland sem eins konar tilraunabú frjálshyggjunnar. Nýsjálendingar riðu á vaðið með að markaðsvæða ýmsa grunnþjónustu í samfélaginu. Þeir markaðsvæddu símkerfin fyrst, síðan komu raforkukerfin og bankarnir. Sama gerðist reyndar í Ástralíu. Þeir gengu nokkuð hart fram í einkavæðingunni en þessar þjóðir eru nú að reyna að snúa til baka. Eftir að bankarnir komust algerlega úr þeirra eign, voru á valdi erlendra auðhringa, var að nýju farið að tala um að stofna þjóðbanka í þessum ríkjum. Fréttir um þetta bárust nú ekki alls fyrir löngu. Þeir gerðu sem sagt mistök. Það hafa Íslendingar gert líka en þeir láta ekki þar við sitja, að gera mistök. Þeir leita uppi mistök til að gera þau. Þeir sækja hugmyndir í allar helstu mistakasmiðjur heimsins.

Hæstv. fyrrv. fjmrh., Friðrik Sophusson, bauð hingað til lands á sérstakan viðhafnarfund Ruth Richardson, fyrrum fjármálaráðherra á Nýja-Sjálandi. Hún hélt hér glærusýningu undir miklum ljóskösturum á Hótel Loftleiðum. Ég man alltaf hver boðskapur hennar var, þ.e. að ákveða hvað þú ætlar að gera, hlusta ekki á neina gagnrýni og framkvæma það. Það hefur hæstv. félmrh. ekki gert með þetta frv. Það er gott. Það er kannski þess vegna sem það hefur lagast frá því að það var síðast sett fram.

Nú eru nefnilega ákvæði í þessu lagafrv. um að vatnsveitur, ef þær eru gerðar að hlutafélagi, skuli að meiri hluta vera í eign ríkis eða sveitarfélaga. Þetta er gott en ég tel hins vegar mjög vafasamt að fara út á þessa braut. Ég ætla að skýra hvers vegna. Ástæðan er sú að sú röksemd að Alþingi beri fyrst og fremst að hlusta á raddir sveitarfélaganna og vilja þeirra stenst ekki þegar um slík grundvallaratriði er að ræða, þ.e. grunnþjónustuna í landinu. Þar eiga að gilda almenn lög, almennar grundvallarreglur sem tryggi að grunnþjónustan sé ekki tekin úr höndum samfélagsins vegna þess að ef farið er út á þá braut að einkavæða vatnsveiturnar, Gvendarbrunnana eða raforkuna, þessa grundvallarþjónustu, þá verður ekkert aftur snúið. Alla vega gæti þá orðið erfitt að snúa til baka. Þá er komin fram skaðabótaskylda og ýmsir erfiðleikar við að snúa til baka. Við eigum því að fara okkur mjög hægt. Það var þess vegna gott að við gáfum okkur tíma til að hugsa þetta mál áður en vatnsveitufrumvarpinu hinu fyrra var hrint fram. Ég held að við eigum að gera hið sama með þetta.

Ég hef áður rakið samspilið á milli alþjóðasamninga annars vegar og hins vegar þegar gerðar eru lagabreytingar af þessu tagi. Þetta samspil skiptir nefnilega mjög miklu máli. Nú fara t.d. fram alþjóðalegir samningar á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO. Þessir samningar hafa verið kenndir við GATS, General Agreement on Trade in Services, almennt samkomulag um verslun í þjónustu. Menn eru að takast á um hverning eigi að skilgreina þjónustu, til hvaða þátta, til hvaða sviða GATS-samningarnir eigi að taka. Margir óttast að kröfur þeirra sem vilja ganga hart fram í því að markaðsvæða grundvallarþjónustu í samfélaginu, t.d. vatnið og rafmagnið, muni koma til með að heyra undir GATS, ekki aðeins bankastarfsemi eða tryggingar heldur allt þetta svið. Nú erum við þar stödd í samningunum að einstök ríki eru að reisa kröfur á hendur öðrum um hverju þau vilja ná fram. Við höfum t.d. fengið kröfur frá Indlandi, frá Japan, frá Bandaríkjunum og að því er ég hygg frá Evrópusambandinu líka. Evrópusambandið er búið að setja sínar kröfur fram. Það varð mikið uppistand þegar upplýstist hvað var í þeim

kröfum, t.d. þeim sem settar voru á hendur Kanadamönnum um að einkavæða vatnið í Kanada. Evrópusambandið sagði: Ef þið viljið fá aðgang að okkar mörkuðum í Evrópu með ykkar korn þá verðið þið að hleypa okkur inn í ykkar vatn. Svona eru menn að ræða saman. Nú erum við þar stödd í þessu samningsferli að einstök ríki eru að ræða hvert við annað. Almannasamtök eru að reyna að opna þessar viðræður. Það hefur m.a. verið gert hér á landi af hálfu BSRB sem hefur óskað eftir því að utanrrh. upplýsti hvaða kröfur hafa verið reistar á hendur Íslendingum. Það hefur ekki fengist upplýst en nú hefur utanrrn. brugðist þannig við að þessar kröfur verða settar á netið. Þar verða þær ekki sundurgreindar, þ.e. þar kemur ekki fram frá hvaða landi þær koma heldur verði kröfurnar almennt settar á netið. Sama mun vera að gerast í Evrópu eftir þrýsting frá verkalýðshreyfingu og almannasamtökum.

Verði samið um að tilteknir þættir í efnahagslífinu, líka þessir grunnþjónustuþættir, heyri undir þessa samninga og við tökum síðan þessi fyrirtæki og keyrum undir markaðslöggjöf og gerum þau að hlutafélögum þá getur svo farið að samkvæmt þessum alþjóðlegu skuldbindingum verði okkur þröngvað til að hætta hvers kyns niðurgreiðslu, okkur verði þröngvað til að fara með þessa þjónustustarfsemi að öllu leyti inn á markað. Þarna er samspilið. Við þessu samspili eru menn að vara. Ekki vildum við að það gerðist sem henti Suður-Afríkumenn og Argentínumenn, að erlend stórfyrirtæki sem sérhæfa sig í að sölsa undir sig almannaþjónustu eins og vatnsveitur og rafmagn, næðu Gvendarbrunnunum okkar eða vatnsveitum hér í landinu.

Mig grunar að þetta sé ekki efst á óskalista hæstv. félmrh. að öðru leyti en því að hann kann að vilja verða við kröfum sveitarfélaga. Mér finnst hins vegar að við eigum að fara mjög varlega í þessu. Hér eigum við að láta almennar reglur gilda.

Nú gerðist það t.d. fyrir jólin að við samþykktum lög. „Við", segi ég. Ég samþykkti þau ekki. Þau voru samþykkt gegn mínum mótmælum og mótmælum okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Það voru samþykkt lög um Norðurorku þar sem það var hreinlega gert heimilt að breyta henni í hlutafélag, sem var síðan gert um áramótin. Þar inni er vatnsveitan, reyndar þannig að eignarhaldið samkvæmt þeim lögum er enn á hendi sveitarfélagsins og er þar um einhvers konar rekstrarsamning að ræða. Ég tek þetta sem dæmi um hvert við erum að halda með alla þessa þjónustu. Ég tók við þá umræðu dæmi af reynslu Norðmanna sem eru búnir að markaðsvæða rafmagnið með aldeilis hrikalegum afleiðingum. Við þessa umræðu vitnaði ég í talsmenn norsku neytendasamtakanna sem sögðu að nú væri svo komið að þessi fyrirtæki hefðu samráð sín í milli, mökkuðu um verðlagið og háfuðu síðan inn arðinn, eins og einn komst að orði, háfuðu inn arðinn í milljörðum króna. Og sá sem sæti eftir með sárt ennið væri notandinn, væri almenningur í landinu. Þetta er sú þróun sem við eigum að reyna að sporna gegn vegna þess að þeir sem ráða yfir fjármagninu vilja sækja inn á þessar lendur. Það er bara staðreynd, ekki bara á þessu sviði heldur öðrum sviðum sem við höfum skilgreint sem grunnþjónustu og hluta af okkar velferðarþjónustu. Það er engin tilviljun að Verslunarráðið skuli efna til funda, ég held bara margra morgunverðarfunda, um mikilvægi þess að einkavæða heilbrigðisþjónustuna. Hvers vegna? Til að komast inn í arðinn sem er að hafa af henni þegar menn eru búnir að gera hana að hlutafélögum sem greiða arð til eigenda sinna.

Eigandi Öldungs hf. sagði að það væri alveg rakið að veðja á aldraða. Þannig var það orðað. Það væri svo mikinn pening að hafa út úr þeim bisness að reka öldrunarstofnanir sem ríkisstjórnin hefði einkavætt, og gæfi verulega vel í aðra hönd. Ég meina, það er inn á þessar brautir sem handhafar fjármagnsins eru farnir að leita og auðvitað er það mjög dapurlegt að í stað þess að sýna hugkvæmni sjálfir þá leita þeir inn á þessar slóðir. Sem betur fer á það ekki við um atvinnureksturinn þegar á heildina er litið vegna þess að að hér á landi hefur gætt mikillar og frjórrar nýsköpunar um langan tíma sem hefur orðið þess valdandi að hér hafa orðið til um 1.500 störf á ári hverju í langan tíma. Það er nú umhugsunarefni í ljósi þess að menn eru hér að rembast við að skapa 700 störf fyrir 200–300 milljarða kr. í þungaiðnaði, sem eru náttúrlega alveg galnar forsendur og furðulegt að séu uppi og gangi hér átölulaust í gegnum ríkisstjórn og stjórnarmeirihluta á þingi og stjórnarandstöðuna einnig að undanskilinni Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og varnaðarorðum sem hér hafa komið hjá frjálslyndum hvað það snertir.

Herra forseti. Þetta var það sem ég vildi leggja áherslu á við 1. umr. um þetta mál. Ég segi með öðrum orðum að ég tel frv. betra, miklu betra en það var þegar það kom fram á síðasta þingi og mér finnst þakkarvert að það skuli hafa verið endurskoðað þá. Mér finnst það vera mjög gott. En ég tel að ekki sé nóg að gert og varnaðarorð mín lúta að þessu samspili lagabreytinga og formbreytinga sem við gerum á rekstri þjónustustofnana af þessu tagi annars vegar og hins vegar alþjóðlegum skuldbindingum sem við erum að ganga inn í. Reyndar tel ég að við þurfum að skoða hvort við höfum staðið nægilega vel vaktina varðandi GATS og að mér læðist sá illi grunur að þegar okkur gafst kostur á að undanskilja vatnsgeirann GATS-samningunum þá hafi það ekki verið gert. En þetta er hlutur sem væri eðlilegt að yrði skoðaður því ef svo er, ef við erum búnir að gera einhverjar skuldbindingar um markaðsvæðingu á þessu sviði, þá er hættan augljós þegar við formbreytum þessari starfsemi yfir í hlutafélög eins og þetta lagafrv. veitir heimild til.

[18:22]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga. Þetta frv. var kynnt hér áður og hefur tekið þó nokkrum breytingum. Mér sýnist alla vega eins og frumvarpstextinn er að það sé nokkuð tryggt að vatnsveitur verði í eigu sveitarfélaga og verði ekki teknar í einkarekstur sem slíkar þó að fela megi stjórn þeirra fyrirtæki eða sveitarstjórnir geti framselt reksturinn um ákveðið tímabil eins og hér er sagt.

Ég tel að frv. eins og það er nú í pottinn búið sé mun ásættanlegra en það sem hér hafði áður verið kynnt og að nú sé í raun tryggt að einkaréttur sveitarfélaganna verði áfram til staðar og sveitarfélögin eigi vatnsveiturnar í hvaða rekstrarform sem þær svo verða settar. Hins vegar velti ég fyrir mér og langar kannski að fá nánari útskýringar á því frá hæstv. ráðherra hvers vegna hér er verið að auka arðsemiskröfuna af eigin fé. Er það svo að vatnsveitur almennt í sveitarfélögum hafi eigi staðið undir rekstri sínum eða myndað tekjur til sveitarfélaganna? Er almennt talið að sú ávöxtun eða arður sem hefur orðið af vatnsveitum hafi ekki nægt til viðhalds þeirra eða lagningar vatnsveitu? Eða af hvaða orsökum sér-

staklega er hér verið að heimila hærri arðkröfu til eigenda? Er hér eingöngu verið að horfa til hækkandi tekjustofns viðkomandi sveitarfélags?

Mig langaði til að fá þetta betur upplýst frá hæstv. ráðherra en ég tel að frv. sé í betri búningi nú en áður var og að eignarréttur sveitarfélaganna sé alla vega tryggður hér.

[18:24]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil þakka þessar umræður. Það var reyndar aldrei meiningin að einkavæða vatnsveitur. Það var snúið út úr orðalagi í frv. í fyrra. Það var aldrei meining mín að bera fram frv. um að einkavæða vatnsveitur, enda er vatnsöflun skylduverkefni sveitarfélaga og eðlilegt að svo sé.

Það er ekki markaðsvæðing í þessu frv. heldur er skilyrt að vatnsveita skuli að meiri hluta ávallt vera í eigu sveitarfélags eða ríkis. 2. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„4. gr. laganna verður svohljóðandi:

Sveitarfélag, sem lagt hefur vatnsveitu, hefur einkarétt á rekstri hennar og sölu vatns á því svæði sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt innan staðarmarka sveitarfélagsins. Einkaréttinn getur sveitarstjórn framselt stofnun eða fyrirtæki sem að meiri hluta er í eigu ríkis eða sveitarfélaga um ákveðið tímabil í senn" — um ákveðið tímabil í senn — „með þeim skilyrðum og kvöðum sem ástæða þykir til."

Nokkuð er um það að vatnsveita sé í eigu fleiri en eins sveitarfélags og eðlilegt er að hægt sé að reka hana í hlutafélagsformi finnst mér.

Mér þykir líka eðlilegt að sama gildi um vatnsveitur og hitaveitur og rafveitur hvað varðar arðgreiðslu, að unnt sé að taka allt að 7% arð af eigin fé. Í 3. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Ákvæði þetta gildir eingöngu um vatnsveitu sem er ekki sjálfstæður skattaðili og er að öllu leyti í eigu eins eða fleiri sveitarfélaga."

Ég hef enga trú á því að við þurfum að óttast það að íslenskar vatnsveitur muni freista gróðapunga til að reyna að sölsa þær undir sig ef arðgreiðslan má ekki að vera meiri en 7%. Ég held að þeir fésýslumenn muni sækja eftir hærri arði. Ég held að það þurfi að vera skipulag á þessum málum og ég vil að það sé fest rækilega í lög að sveitarfélögin hafi þetta á valdi sínu m.a. vegna þess, sem ástæða er til að komi fram í þessari umræðu, að vatn er einhver mesta auðlind heimsins og vatn er að verða og verður sú vara sem e.t.v. verður eftirsóknarverðust í framtíðinni.

[18:28]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sammála hæstv. ráðherra um að snúið hafi verið út úr orðum hans eða frv. á sínum tíma um að það opnaði á einkavæðingu vatnsins því að ég tel að það hafi gert það. Það var hins vegar sagt að ekki stæði til að selja vatnsveiturnar eða einkavæða þær, aðeins heimila formbreytingu á sama hátt og verið var að heimila formbreytingu á Pósti og síma á sínum tíma. Það stóð aldrei nokkurn tíma til að selja Landssímann, aldrei nokkurn tíma. Þáv. hæstv. ráðherra, Halldór Blöndal, lýsti því yfir — ég á það á prenti — að í sínum huga kæmi ekki annað til greina en að sú stofnun væri í meirihlutaeign ríkisins, almennings. En svo fór sem fór og þetta er þula sem hefur alltaf verið höfð yfir þegar fyrstu skrefin eru stigin í átt til einkavæðingar á almannastofnunum.

Ég tók það hins vegar fram að ég hef aldrei grunað hæstv. félmrh. um að næra slíka drauma í sínu brjósti, aldrei nokkurn tíma. Ég hef hins vegar verið að benda á aðrar leiðir til að svara þessu kalli sem hæstv. ráðherra er að vísa í, þ.e. kröfur sveitarfélaganna sem vilja ganga til samstarfs hugsanlega við önnur sveitarfélög um að búa við rýmri möguleika til skipulagsbreytinga og þar vísa ég í byggðasamlag. Það hefur verið reynt. Reynslan hefur verið ágæt á höfuðborgarsvæðinu af sameiginlegum rekstri slökkviliðanna í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði, svo að dæmi sé tekið. Ég held að þetta sé ágætt rekstrarform fyrir almannaþjónustu af þessu tagi.

[18:30]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að þrátta við hv. þm. um orðalag frv. í fyrra. Við skulum ræða þetta frv. sem er á þskj. 533. Ég tel að þar sé slegið í gadda að vatnsveitur skuli vera að meiri hluta a.m.k. í opinberri eigu. Við þurfum ekki að þræta um það.

Það getur verið smekksatriði hvort arðsemiskrafan sé passleg, hvort hún er of há eða hvort hún er ekki nægileg. Þetta er til samræmis við hinar veiturnar, rafveitu og hitaveitu. Þess vegna eru þessi 7% í þessu frv. Mér þykir eðlilegt að það sama gildi um þetta.

Það getur komið til að rekstur vatnsveitu verði mikið gróðafyrirtæki. Við skulum ímynda okkur að upp gangi áætlanir manna um útflutning vatns frá Hvammstanga þar sem í undirbúningi er að hefja stórfelldan útflutning. Sú vatnssala gæti staðið undir eða verið auðsuppspretta fyrir það samfélag og ég sé ekkert á móti því að hafa þessa heimild.

[18:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Jú, ég tel það ekki heppilegt. Ég tel að löggjafinn eigi að marka annað rekstrarform sem grundvöll fyrir almannaþjónustu af þessu tagi. Ég er ánægður með það í sjálfu sér að það sé sett eitthvert hámark á þann arð sem hægt er að taka út úr stofnunum eða fyrirtækjum sem hafa verið markaðsvædd en eiga að sinna almannaþjónustu. Þetta er leið sem Bandaríkjamenn hafa farið t.d. til að koma í veg fyrir að fjárglæframenn geri sér slíka þjónustu að féþúfu. Hver þessi prósenta á að vera er svo annað mál en 7% er sæmilegur arður. Lífeyrissjóðirnir eru að kaupa húsbréf með mun minni ávöxtun. Þetta er traust ávöxtun sem þeim þykir arðvænleg og ég held að það sé alveg rétt hjá hæstv. félmrh. að fyrirtæki sem sérhæfa sig í almannaþjónustunni horfa mjög til vatnsveitnanna vegna þess að þar er örugg uppspretta ekki bara vatns heldur auðs þegar til langs tíma er litið.

Ég held að við eigum að gaumgæfa þessi mál mjög rækilega og ekki flýta okkur um of. Ég tel að við eigum að setja þetta frv. í frost eða breyta því og heimila þarna annað rekstrarform, byggðasamlög hugsanlega en ekki fara út á þessa braut.

[18:34]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef reynslu af því að hv. þm. er mjög krítískur á alla einkavæðingu hverju nafni sem hún nefnist. Það er ég að vissu leyti líka svo að við deilum þeirri skoðun að hluta til. Hins vegar tel ég að hann gangi of langt stundum í ótta sínum við hlutafélagavæðingu. Ég tel að ekki sé ástæða

til þess að fordæma hlutafélagarekstur í öllum tilfellum með sama hætti og hv. þm. gerir.

[18:35]

Útbýting þingskjala:

Arðsemismat vegna Sundabrautar, 420. mál, svar samgrh., þskj. 811.

Sundabraut, 419. mál, svar samgrh., þskj. 810.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:35.

---

62. FUNDUR

miðvikudaginn 22. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Vísinda- og tækniráð, stjfrv., 336. mál, þskj. 366, nál. 688 og 792. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Opinber stuðningur við vísindarannsóknir, stjfrv., 357. mál, þskj. 394, nál. 690, 791 og 802. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, stjfrv., 345. mál, þskj. 381, nál. 689 og 790. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 422. mál, þskj. 533. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Magnús Stefánsson, 2. þm. Vesturl.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill geta þess að að loknum atkvæðagreiðslum um dagskrármálin hefst umræða utan dagskrár um atvinnuástandið. Málshefjandi er hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson. Hæstv. félmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 471. mál, svar umhvrh., þskj. 815.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 474. mál, svar menntmrh., þskj. 814.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 478. mál, svar fjmrh., þskj. 813.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 480. mál, svar viðskrh., þskj. 812.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 481. mál, svar dómsmrh., þskj. 818.

Jaðaráhrif innan skattkerfisins, 307. mál, svar fjmrh., þskj. 819.

Nýting afla af fullvinnsluskipum, 102. mál, svar sjútvrh., þskj. 817.

Rannsóknir á nýtingu fiskúrgangs o.fl., 100. mál, svar sjútvrh., þskj. 816.

Samningur við sveitarfélög á Vesturlandi um menningarmál, 407. mál, svar menntmrh., þskj. 822.

Styrkir til útrásar íslenskrar dægurtónlistar, 456. mál, svar iðnrh., þskj. 820.

Viðbragðsáætlun vegna smitsjúkdóma í búfé, 432. mál, svar landbrh., þskj. 821.

Vísinda- og tækniráð, frh. 2. umr.

Stjfrv., 336. mál. — Þskj. 366, nál. 688 og 792.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:33]

Einar Már Sigurðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Vegna þeirra þriggja dagskrárliða sem eru hér fyrst á dagskrá og atkvæðagreiðslu sem tengist þeim vil ég gera grein fyrir því hvernig þingmenn Samfylkingarinnar munu greiða atkvæði.

Við höfum í umræðum og í nál. gert grein fyrir því að við höfum ýmislegt við þessi mál að athuga. Við teljum að ýmislegt mætti þar betur fara, t.d. væri eðlilegra að þetta væri í einni rammalöggjöf, að afskipti stjórnvalda af málinu séu í raun of mikil, fyrirmyndin frá Finnlandi eigi ekki að öllu leyti við og síðast en ekki síst skorti það fjármagn sem í raun er nauðsyn til þess að ná þessum málum fram.

Hins vegar er rétt að taka fram að í meðförum þingsins á málunum frá því að þau voru fyrst lögð fram á Alþingi hafa margar breytingar verið gerðar sem flestar og nær allar eru til bóta.

Ljóst er að þessi mál eru alfarið á ábyrgð ríkisstjórnarflokkanna og þess vegna, eins og segir í nál. okkar, munum við ekki styðja málin. Við munum hins vegar sitja hjá við atkvæðagreiðslu.

[13:34]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér verða greidd atkvæði um þrjá lagabálka sem mynda eina heildstæða löggjöf og verða frv. í reynd ekki aðskilin. Með þessum lagabreytingum er vísindarannsóknum í landinu skapaður nýr rammi þar sem aukið er á pólitíska miðstýringu. Það er nokkuð sem hæstv. ráðherrar Framsfl. sérstaklega hafa talað um að lyfti vísindarannsóknum upp á æðra plan — ég held að það hafi verið hæstv. iðnrh. sem orðaði það svo — þ.e. þegar vísindaheimurinn er settur undir ráðherravaldið. Við teljum þetta vera til ills og skref aftur á bak. Við viljum efla sjálfstæði vísindastofnana og vísindamanna, treysta á frelsi og frumkvæði þeirra í stað þess að reyra þá undir pólitískt miðstýrt vald eins og gert er með þessum frv. sem við senn greiðum atkvæði um. Í þessum frv. er að finna sitthvað sem er til góðs þannig að við munum ekki leggjast gegn frv. heildstætt. En við munum sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

[13:36]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Íslensk vísindi eru orðin verulegur þáttur í þeim góðu lífskjörum sem skapast hafa í landinu og framlag Íslendinga til vísinda hefur markað þeim sérstöðu meðal þjóða heimsins. Með þessum þremur frv. sem hér er verið að klára er verið að leggja grunn að því að leiða saman fulltrúa atvinnulífsins, fulltrúa vísindaheimsins og stjórnmálamenn til þess að skapa enn sterkari sókn á þessu sviði til framtíðarinnar. Þess vegna mun ég greiða atkvæði með þessu og ég harma að það skuli ekki vera samstaða um málið á þinginu. En það er ljóst að stjórnarflokkarnir standa heils hugar að þessu máli. (**SvH:** ... Finnlandsferðina.)

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GuðjG, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, KHG, PP, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EOK, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, HBl, JBjart, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, SJS, SvH) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GuðjG, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, KHG, PP, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

21 þm. (ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EOK, GHH, GE, GHall, GÁ, HBl, JBjart, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, SJS, SvH) fjarstaddur.

Brtt. í nál. 688 (ný 5. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GuðjG, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, KHG, KPál, PP, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EOK, GHH, GE, GHall, GÁ, HBl, JBjart, LMR, LB, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, SJS, SvH) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GuðjG, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, KHG, KPál, PP, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EOK, GHH, GE, GHall, GÁ, HBl, JBjart, LMR, LB, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, SJS, SvH) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EKG, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, PP, PHB, RG, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞBack.

12 þm. (BjörgvS, BH, GÁS, JóhS, JB, KVM, KolH, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EOK, GHH, GE, GÁ, HÁs, HBl, JBjart, LMR, LB, MS, ÓÖH, SAÞ, SP, SJS, SvH) fjarstaddir.

Opinber stuðningur við vísindarannsóknir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 357. mál (heildarlög). — Þskj. 394, nál. 690, 791 og 802.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, KHG, KPál, PP, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EOK, GHH, GE, GÁ, HBl, JBjart, LMR, LB, MS, ÓÖH, SAÞ, SP, SJS, SvH) fjarstaddir.

2.–13. gr. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, KHG, KPál, PP, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EOK, GHH, GE, GÁ, HBl, JBjart, LMR, LB, MS, ÓÖH, SAÞ, SP, SJS, SvH) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 690 samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, KHG, KPál, PP, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ArnbS, ÁRÁ, BBj, BH, DO, EOK, GHH, GE, GAK, GÁ, HBl, JBjart, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, SAÞ, SP, SJS, SvH) fjarstaddur.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, KHG, KPál, PP, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EOK, GHH, GE, GÁ, HBl, JBjart, LMR, LB, MS, ÓÖH, SAÞ, SP, SJS, SvH) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BH, DrH, EKG, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, PP, PHB, RG, SI, SF, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

3 þm. (JB, SJóh, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EOK, GHH, GE, GÁ, HBl, JóhS, JBjart, LMR, LB, MS, ÓÖH, SAÞ, SP, SJS, SvH) fjarstaddir.

Opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 345. mál. — Þskj. 381, nál. 689 og 790.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMöl, DrH, EKG, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, KHG, KPál, PP, PHB, SI, SF, StB, TIO, ÞKG.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EOK, GHH, GE, GÁ, HBl, JBjart, LMR, LB, MS, ÓÖH, SAÞ, SP, SJS, SvH, VS, ÖS) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:40]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Með samþykkt þessara þriggja frv. er stigið stórt skref á sviði vísinda í landinu. Hér er á ferðinni mjög athyglisvert mál að mínu mati og vísindin eru tengd atvinnulífinu meira en áður hefur verið. Stefna stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum mun nú endurspeglast betur en áður í heildarstefnumótun, sem er jákvætt að mínu mati á allan hátt. Ég lýsi því sérstakri ánægju með samþykkt þessara þriggja frv.

2.–9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, KHG, KPál, PP, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EOK, GHH, GE, GÁ, HBl, JóhS, JBjart, LMR, LB, MS, ÓÖH, SAÞ, SP, SJS, SvH) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BH, DrH, EKG, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JónK, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, PP, PHB, RG, SI, SF, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (JB, SJóh) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EOK, GHH, GE, GÁ, HBl, ÍGP, JóhS, JBjart, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, SAÞ, SP, SJS, SvH) fjarstaddur.

Vatnsveitur sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 422. mál (rekstrarform, arðgreiðslur o.fl.). — Þskj. 533.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BH, DrH, EKG, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SF, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

2 þm. (JB, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EOK, GHH, GE, GÁ, HBl, JóhS, JBjart, LMR, LB, MS, ÓÖH, SAÞ, SP, SJS, SvH) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Atvinnuástandið.

[13:42]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Í gær var rætt um það utan dagskrár á hinu háa Alþingi hvernig stjórnvöld ættu að bregðast við væntanlegri þenslu á vinnumarkaði og í efnahagsmálum þegar framkvæmdir hefjast við virkjun fyrir austan og álver í Reyðarfirði. Vissulega er það verkefni sem þarf að taka á þegar nær dregur. Hins vegar hygg ég að þær þúsundir einstaklinga, nálægt 5.500 talsins í dag, sem með störfum okkar stjórnmálamanna fylgjast og eiga þess ekki kost að hafa fasta atvinnu, eru með öðrum orðum atvinnulausir, láti sér fátt um finnast þegar þessi vandamál framtíðar eru annars vegar. Þeirra vandamál eru nefnilega í núinu: „Hvernig á ég að brauðfæða mig og mína á atvinnuleysisbótum? Hvernig get ég fengið atvinnu við hæfi? Hvernig er mín næsta framtíð í þeim efnum og til lengri tíma litið?"

Það er nefnilega þannig, herra forseti, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að atvinnuleysi er því miður til staðar í okkar samfélagi og hefur farið ört vaxandi á síðustu mánuðum. Og enn fremur: Það er ekkert of bjart fram undan ef næstu mánuðir og hugsanlega missiri eru skoðuð í þessu samhengi. Það er sama hvort litið er til heildarsamtaka verkafólks, Alþýðusambands Íslands ellegar Samtaka

atvinnulífsins, á báðum vígstöðvum eru fyrirliggjandi verulegar áhyggjur vegna þróunar mála á vinnumarkaði. Athugun Samtaka atvinnulífsins hjá sínum fyrirtækjum hefur leitt í ljós að fyrirtækin, einkanlega þau stærri, hyggjast fækka fólki á næstunni. Hagdeild Alþýðusambandsins segir á sama hátt að horfur séu ekki góðar á næstu mánuðum og missirum. Sumir tala um þetta ástand sem timburmenn undanfarins meints góðæris.

Tölurnar tala sínu máli. Vinnumálastofnun sem heyrir undir félmrh. spáir því að nú í janúar verði atvinnuleysið á landsvísu 3,5–4%. Það þýðir á mæltu máli að 6.000 manns eða þar um bil eru án atvinnu. Fleiri viðvörunarbjöllur klingja. Ungt fólk á vinnumarkaði stendur sýnu verst. Nálægt 10% ungra karla á aldrinum 16–24 ára eru án atvinnu. Leiða má að því líkur að atvinnuleysi sé í raun talsvert meira en þetta. Sérfróðir telja til að mynda að ákveðinn hópur fólks dragi mjög að skrá sig, ekki síst fólk með meiri menntun komandi úr störfum millistjórnenda eða hærra launuðum störfum. Þá sýna athuganir Hagstofunnar að dregið hefur enn hraðar úr atvinnuþátttöku en atvinnuleysistölur segja til um. Það þýðir aftur að fólki sem verið hefur í hlutastörfum hefur fækkað verulega. Allt veldur þetta áhyggjum því kunn er sú staðreynd að margfeldisáhrif stöðnunar eru síst minni en þegar þensluáhrifa gætir eða með öðrum orðum: Þegar atvinnuleysið er komið á ákveðið stig fer það að hafa neikvæð áhrif á þjóðarbúskapinn, keðjuverkandi áhrif eru augljós, ójöfnuður eykst, vanskil færast í vöxt, fjárhagslegir erfiðleikar heimila verða erfiðari viðureignar og kostnaður opinberra aðila vegna félagslegrar þjónustu eykst hröðum skrefum. Ráðningarskrifstofur segja útlitið dauft. Framboð á atvinnu er sáralítið en eftirspurn gífurleg og ástandið virðist svipað í öllum starfsgreinum. Í hugbúnaðargeiranum til að mynda, þar sem eftirspurn eftir starfskrafti var langt umfram framboð fyrir stuttu síðan, er nú viðvarandi verkefnaskortur. Þarna er dæmigert sprotaumhverfi sem á í miklum erfiðleikum.

Skoðum dæmi úr okkar næsta nágrenni. Hér á hinu háa Alþingi var nýverið auglýst eftir starfsmönnum til tölvudeildar. Í kringum 30 sóttu um. Fyrir örfáum mánuðum gekk erfiðlega að manna þá deild menntuðu fólki. Sömuleiðis hefur verið auglýst eftir fólki til almennra starfa hér á hinu háa Alþingi, umsækjendur á þriðja hundraðið. Þetta segir meira en mörg orð og ég hygg að við alþingismenn höfum einnig svipaða sögu að segja. Okkar skjólstæðingar sækja í stórauknum mæli til okkar, leitandi að hjálp í leit sinni að atvinnu.

Ég kem ekki hingað, herra forseti, til að finna sökudólga. Ég er ekki að ræða þessi mál til að finna veikan blett á hæstv. félmrh. eða ríkisstjórninni. Ég leita hins vegar eftir svörum. Það liggur fyrir að ríkisstjórnin ber hér talsverða ábyrgð. Vextir eru allt of háir og valda atvinnulífinu umtalsverðum erfiðleikum. Hátt gengi eykur einnig innflutning og veldur innlendri framleiðslu erfiðleikum. Þá má ekki gleyma því að skattapólitík ríkisstjórnarinnar hefur hækkað álögur á fyrirtæki og hér vísa ég til hækkunar tryggingagjalds. Stórlækkun tekjuskatts hefur ekki dugað til að mæta þessum erfiðleikum.

Ég tel brýnt að ríkisvaldið horfist í augu við þennan veruleika. Því spyr ég einfaldlega: Hvað hyggst ríkisstjórnin gera — núna, ekki á næsta ári eða þarnæsta ári, ekki á árinu 2005? Hvernig hyggst hún svara spurningum atvinnulausra Íslendinga sem spyrja: Hverjir eru möguleikar mínir, hvenær fæ ég atvinnu?

[13:47]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er ótvírætt að atvinnuleysi er því miður nokkuð vaxandi frá því sem verið hefur síðustu ár. Atvinnuleysi var 3% í desember sem er meira atvinnuleysi í desember en verið hefur síðan 1998. Árið 1997 var atvinnuleysi í desember 3,7% og atvinnuleysi var verulega meira árin þar á undan ef miðað er við desember.

Skýringar geta verið ýmsar, t.d. árstíðabundin sveifla sem er þó minni en venjulega, 10% aukning milli nóvember og desember í fyrra í stað 25% árlegrar sveiflu undanfarin tíu ár milli nóvember og desember.

Þensla í efnahagslífinu hefur minnkað, fjárfesting sums staðar dregist saman. Hagræðing í sjávarútvegi leiðir til fækkunar starfa. Útgerðarmaður sem t.d. á tvö skip, leggur öðru og lætur hitt veiða kvótann. Samdráttur í tölvugreinum og uppsagnir hjá hátæknifyrirtækjum eiga hér hlut að máli enda mun þar hafa verið orðið um talsverða offjárfestingu að ræða eða óraunhæfar væntingar. Í október til apríl eru dagabátar ekki á sjó og þar af leiðandi er ekki vinna við afla þeirra. Það er samdráttur í ferðaþjónustu, hann kemur í ljós sérstaklega á Suðurnesjum. Það eru minni umsvif á Keflavíkurflugvelli og þar er minni þjónusta í boði.

Spurt er hvað ríkisstjórnin hyggist gera. Ríkisstjórnin vill flýta útboðum og koma verklegum framkvæmdum á vegum ríkisins í gang sem fyrst. Samgrh. hefur sérstaklega sent sínum undirstofnunum tilmæli þar um. Atvinnuleysistryggingasjóður er tilbúinn að styrkja átaksverkefni sem sveitarfélög eða fyrirtæki vilja leggja í. Hann hefur auglýst og mun kynna þetta úrræði á næstu vikum. Við reynum að stýra atvinnuleyfum til útlendinga. Það hefur dregið mjög úr veitingu nýrra atvinnuleyfa. Árið 2002 voru einungis 500 leyfi veitt á móti 1.400 árið 2001 og 2.300 árið 2000. Til þess að fá atvinnuleyfi handa útlendingi þarf hann að hafa sérþekkingu, t.d. eru veitt atvinnuleyfi til tónlistarkennara, eða einhverja hæfileika sérstaka, íþróttaþjálfarar og leikmenn fá atvinnuleyfi, ellegar þá að það sé sannanlega vinnuaflsskortur.

Á vegum svæðisvinnumiðlunar er boðið upp á ráðgjöf, menntun og námskeið og ég nefni sérstaklega aldurinn 16–24 ára þar sem við settum í gang Fjölsmiðjuna sem reynir að leiða til manndóms krakka sem oltið hafa úr skóla eða hlekkst hefur á í skóla. Sveitarfélög bregðast sum myndarlega við, t.d. Reykjanesbær sem ætlar að leggja stórfé í framkvæmdir til að bæta atvinnuástandið.

Þrátt fyrir allt eru ljósir punktar í þessu. Síðan 1993 hefur aldrei verið minna langtímaatvinnuleysi. Þá á ég við þá sem eru búnir að vera á atvinnuleysisskrá 6 mánuði eða lengur. Þeir eru færri núna en nokkru sinni áður síðan 1993. Atvinnuástandið er t.d. mjög gott á Norðurlandi vestra og á Vestfjörðum eða innan við 2%. Atvinnuástand í janúar er alltaf lakara en í desember en áætlað er að nú verði það 3,7% í þessum mánuði. Atvinnuástandið er farið að batna á Austurlandi.

Við þurfum að efla hagkerfið. Horfurnar eru stórbatnandi. Kárahnjúkavirkjun, álver á Austurlandi og göng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar eru vörður á þeirri leið. Skattar á fyrirtæki hafa lækkað og það örvar atvinnulífið. Gámafisk flytjum við ósnunin úr landi, 2.000–3.000 tonn á mánuði og ástandið hlýtur að batna. Hagvöxtur er á uppleið, vextir hafa stórlækkað, þeir voru 11,4% en eru komnir í 5,8%, hafa næstum lækkað um helming.

[13:52]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni fyrir að taka þetta mál upp til umræðu. Það er áhyggjuefni að atvinnuleysi skuli vera að aukast í landinu. Í desember var það 3% en á sama tíma fyrir ári 1,9%. Að baki þessari prósentutölu eru tæplega 4.500 manns. Það er áhyggjuefni ef okkur tekst ekki að slá á atvinnuleysið.

Í gær var gerð tilraun til þess að ræða atvinnuástandið með skírskotun til fyrirhugaðra stóriðjuframkvæmda á Austurlandi sem við mörg hver erum reyndar að reyna að sporna gegn. Við kölluðum eftir þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hygðist grípa til, ekki síst með tilliti til atvinnuástandsins. Við fengum engin svör. Við bentum á að eitt af því sem rætt væri í fjmrn. og í Stjórnarráðinu væri að draga úr opinberum framkvæmdum. Fjmrn. hefur talað um að draga úr fjárfestingum um 10%, segir reyndar í sinni skýrslu frá 8. janúar að það sé ekki nóg.

Hvað þýðir þetta? Þýðir þetta aukin atvinna eða þýðir þetta minni atvinna? Skyldi hún bitna á körlum eða konum sérstaklega? Ég held konum, fyrst og fremst konum. Þetta er ekki vandamál langt inn í framtíðina, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, heldur í nútímanum.

Annað sem við ræddum um eru áhrif af vaxtahækkun. Talað er um að raunvextir muni hækka um 2%. Hvað þýðir það fyrir atvinnufyrirtækin? Það þýðir að þau munu eiga í vaxandi erfiðleikum við lántökur, við að færa út kvíarnar. Hvað þýðir það fyrir atvinnuástandið? Erfiðara atvinnuástand.

Við ræddum um innflutning á erlendu vinnuafli. Það er talað um að Impregilo muni flytja inn allt sitt vinnuafl. Málmiðnaðarmenn álykta núna, ekki í framtíðinni. Þetta snertir nútíðina. Við ræddum um gengið, áhrifin sem þessar framkvæmdir hafa á gengið. Gengið er þegar farið að styrkjast. Það hefur tvær hliðar, það eykur kaupmátt okkar gagnvart aðkeyptri vöru frá útlöndum en það veikir útflutningsfyrirtækin, sjávarútvegsfyrirtækin og fyrirtæki í ferðaiðnaði. Það hefur líka áhrif á atvinnuástandið.

Við þessu fáum við engin svör. Hv. þm., málshefjandi, þetta snertir nútímann og ekki bara framtíðina.

[13:55]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Atvinnuleysi er óæskilegt í hverju samfélagi. Atvinnuleysi hér á landi er um 3,3–3,5% um þessar mundir og þykir hátt á okkar mælikvarða. En náttúrlegt atvinnuleysi hér á landi er kannski um 2%. Ef við lítum á aðrar EFTA-þjóðir er náttúrlegt atvinnuleysi 4–5% og atvinnuleysi í þeim löndum er milli 5 og 10% um þessar mundir.

Á undanförnum árum hefur verið mikill skortur á vinnuafli hér á landi og frá öðrum löndum hefur komið vinnuafl svo nemur þúsundum ársverka. Á þessum tíma ársins er minnst atvinna en eftir janúarmánuð fjölgar störfum, m.a. í fiskvinnslu og í tengslum við framkvæmdir ríkis, sveitarfélaga og einkageirans. Það fer á fulla ferð eftir þennan mánuð. Þá aukast brátt umsvif í ferðaþjónustu og ekki má heldur gleyma fyrirhuguðum framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun sem munu auka framboð starfa til muna. Það er því ekki ástæða til svartsýni heldur bjartsýni þegar líða tekur á árið, þegar efnahagslífið styrkist enn frekar.

En því miður eru hættumerki á lofti verði ekki gripið strax í taumana. Raungengi krónunnar hækkar stöðugt sem gerir stöðu útflutnings- og samkeppnisatvinnuveganna óþolandi, svo ekki sé talað um ferðaþjónustuna. Ef þessari þróun verður ekki snúið við munu mörg störf glatast í þessum atvinnugreinum. Verðbólgan er engin orðin en vextir hafa ekki lækkað í samræmi við það og eru of háir. Það er hlutverk Seðlabankans að sjá til að ekki verði of miklar sveiflur í íslensku atvinnulífi vegna sveiflna í gengi og vöxtum.

Ég skora á þá ágætu menn sem þar stjórna að vakna til lífsins og taka til þeirra ráða sem þarf til að snúa þessari þróun við.

[13:57]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka málshefjanda, hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni, fyrir að taka þetta mál upp á hv. Alþingi. Vaxandi atvinnuleysi verður að stöðva með öllum ráðum. Ríkisvaldið getur vissulega stuðlað að því að auka atvinnu með því að fjölga og flýta verklegum framkvæmdum á þess vegum, t.d. með nýlögnum og endurbótum á þjóðvegum. Til dæmis bíða mörg verkefni við breikkun einbreiðra brúa sem jafnframt eru slysagildrur. Hægt væri að flýta framkvæmdum við þær og auka þannig atvinnu með verkefnum sem verður hvort sem er að vinna á næstu árum.

Gjaldþrotum fyrirtækja hefur fjölgað og uppsagnir eru tíðar í mörgum greinum. Við þessu getur ríkisvaldið brugðist að hluta eins og áður kom fram í máli mínu. Veruleg vaxtalækkun gæti einnig aukið og eflt atvinnulífið. Mesti vandinn sem nú blasir við er sá vandi sem fylgir mjög háu gengi íslensku krónunnar. Sjávarútvegur, sem enn þá er okkar mikilvægasti atvinnuvegur, fær varla þolað til langframa svo hátt gengi og viðhorfin í greininni í dag eru svartsýn og stefna til fækkunar fólks við úrvinnslu sjávarfangs. Auk þess er rækjuverð lágt og illa horfir í hörpuskel og síldveiðar ganga illa þrátt fyrir margefld sóknargetu þess flota.

Það á að bregðast við þeim atvinnuleysisvanda sem nú fer vaxandi. Það má auka veiði á botnfiski og fækka kvótabundnum fisktegundum, það fyrirkomulag hefur þau áhrif að hefta atvinnufrelsi og tryggja eingöngu kvótaeigendum arð fyrir óveiddan fisk.

Ríkisstjórnin á ekki að sitja aðgerðalaus á samdráttarskeiði eins og nú er uppi í þjóðfélagi okkar. Það er ábyrgðarleysi við núverandi aðstæður og ástand á vinnumarkaði.

[13:59]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Atvinnuleysi í desember hefur ekki verið meira á sama tíma frá því 1997. Vinnumálastofnun spáir 3,5–4% atvinnuleysi í janúar og greiningardeild Kaupþings áætlar að það fari í allt að 5% á næstu mánuðum.

Atvinnuleysið nú er öðruvísi en oftast áður. Það bitnar á öllum hópum, einnig á menntafólki. Efnahagsstjórn ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hefur haft þær afleiðingar að nýsköpun í atvinnulífinu hefur koðnað niður. Samdráttur undanfarið og sameining stórfyrirtækja hefur einnig leitt til aukinna uppsagna og mun gera það áfram.

Eins og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir benti á í umræðum í gær um áhrif virkjanaframkvæmda á Austurlandi hefur þróun gengisins þegar sett alvarlegt strik í reikning útflutnings- og samkeppnisfyrirtækja og ef þessi staða verður óbreytt mun hún enn auka uppsagnir og atvinnuleysi. Fjöldi fyrirtækja mun loka því að þau ráða ekki við þá gengisþróun sem fyrirhugaðar framkvæmdir hafa þegar kallað fram. Atvinnuleysi er í raun mun meira en mælingar sýna. Það er mikið dulið atvinnuleysi. Margir menntamenn skrá sig ekki

atvinnulausa. Þeir fara í nám og bíða með að skrá sig. Ég þekki allmörg dæmi um það.

Nú er mikilvægt að grípa til aðgerða og flýta verkefnum á höfuðborgarsvæðinu til að sporna við auknu atvinnuleysi. Ég nefni þar Sundabrautina og aðrar brýnar vegaframkvæmdir. Ég kalla nú þegar eftir aðgerðum stjórnvalda til að leysa vanda hinna fjölmörgu sem nú líða vegna atvinnuleysis og til þess að koma í veg fyrir að þeim fjölgi enn sem sviptir eru mannlegri reisn á þennan hátt.

[14:01]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Allar rannsóknir sýna að fólk með einhverja starfsmenntun á meiri möguleika en þeir sem ekki hafa starfsmenntun til að bregðast við þeirri hörmung sem atvinnuleysi er. Í ljósi þess er athyglisvert að skoða hvernig hlutfall á milli starfsnáms og bóknáms er í framhaldsskólum á Íslandi. Þar eru einungis um 30% nemenda framhaldsskóla á Íslandi sem leggja stund á starfsnám meðan um 70% nemenda skrá sig á svokallaðar stúdentsbrautir.

Í nágrannaríkjum okkar er þetta hlutfall öfugt. 70% nemenda eru í starfsnámi en 30% nemenda fara inn á svokallaðar stúdentsbrautir. Hér hefur þetta ekkert breyst í áratugi þrátt fyrir margar ræður víða í þjóðfélaginu og yfirlýstan vilja til að breyta þessu. Þess vegna er eðlilegt í baráttunni gegn atvinnuleysinu til lengri tíma litið að stokka þá hugsun upp, í rauninni að efna til þjóðarátaks um breyttar áherslur í menntakerfi okkar, umbylta þeim bóklegu áherslum sem gegnsýra alla umræðu í þjóðfélaginu um skóla og skólastarf.

Framhaldsskólinn þarf að endurspegla atvinnulífið þannig að nemendur finni hjá sér örvun til þess að sækja fram í námi sem er tengt starfsmenntun þannig að skólakerfið skili verðmætari nemendum inn í atvinnulífið og auki möguleika einstaklinga til þess að bregðast við atvinnuleysinu. Þannig getum við litið á skólakerfið og breyttar áherslur þar sem langtímalausn gegn þeim vágesti sem atvinnuleysið er.

[14:03]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni fyrir að koma fram með þessa umræðu. Hún er mjög mikilvæg en við verðum náttúrlega að átta okkur á því öll á hinu háa Alþingi hver grunnur vandans er. 50% af tekjuöflun okkar kemur frá sjávarútvegi og staða gengismála er núna þannig að það er orðið mjög erfitt í greininni. Vinnsla sem byggir á aðkeyptu hráefni eins og rækjuvinnslan er komin í bullandi mínus. Frystiiðnaðurinn er að komast í bullandi mínus líka. Þar er mjög erfið staða ásamt markaðslegri stöðu. Við verðum að átta okkur á því að útflutningsatvinnugreinarnar, þar með ferðaþjónustan sem er um 13% af því sem við lifum af, er komin í veruleg vandræði vegna stöðu í gengismálum og vegna vaxtastigs í landinu. Þetta eru grunnatriði. Þetta er grunnurinn sem spýtir peningum inn í alla aðra afleidda þjónustu hvort sem það er í tölvuþjónustu eða öðru. Við verðum að laga þennan grunn og við verðum að komast niður á það hvernig við ætlum að standa að því máli. Það verður ekki gert með þenslu. Það verður gert með margþættum aðgerðum sem hæstv. ríkisstjórn verður að koma fram með.

Tækniiðnaðurinn er líka í verulegum vandræðum. Við erum að missa úr landi verkefni á sviðum sem við höfum verið að hasla okkur völl núna á allra síðustu árum eins og í vélbúnaði og þjónustu við sjávarútveg í öðrum löndum. Þetta er að færast úr landi. Ef grunnurinn verður ekki lagaður svo að grunnþjónusta okkar til tekjuöflunar hafi þá möguleika sem henni ber til þess að skapa tekjur fyrir samfélagið, þá er vonlaust að vinna bug á þessum málum. Það er vonlaust að vinna bug á atvinnuleysi og það verður ekki gert með patentlausnum eins og að fara í stórverkefni eða ana út í stórar framkvæmdir tímabundið. Grunnurinn verður að vera í lagi hvað þetta varðar eins og allt annað.

[14:05]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Íslendingar eru vinnusöm þjóð og kann því illa að búa við atvinnuleysi. Atvinnumál eru sá þáttur sem við byggjum lífsafkomu okkar á og því þarf að bregðast við þegar atvinnuleysi gerir vart við sig eins og um þessar mundir. Undanfarin ár hefur atvinnuleysi vart verið mælanlegt en því miður eru tölur atvinnulausra háar um þessar mundir eða 5.700 skráðir, þar af um 1.016 í hinu nýja Suðurkjördæmi en þar er atvinnuleysi mest bundið við Suðurnesin og Vestmannaeyjar. Hafa ber í huga að á þessum árstíma versnar ástandið iðulega í janúar miðað við desembermánuð. Á þessum stöðum hafa orðið miklar breytingar frá því sem var. Á Suðurnesjum hafa komið til uppsagnir hjá stórum fyrirtækjum t.d. í flugrekstri og breytingar hafa orðið í útgerð og vinnslu sjávarafurða með nýrri tækni sem hefur fækkað störfum.

Í Vestmannaeyjum er atvinnuleysi að mestu bundið við vinnu í sjávarútvegi enda sjávarútvegur undirstaða byggðar í Vestmannaeyjum. Þar er reyndar hæsta löndunarhöfn landins og kvótastaða mjög góð. Við þingmenn Suðurlandskjördæmis vorum fyrir nokkrum dögum á fundum í Vestmannaeyjum með verkalýðsfélögunum, með atvinnurekendum og bæjarstjórn. Á þeim fundum kom fram mikill vilji til að vinna bug á þessum vanda í sameiningu. Við höfum sem betur fer tæki til mótvægisaðgerða. Má þar nefna svæðismiðlanir sem vinna ötullega að því að halda námskeið fyrir atvinnulausa, aðstoða fólk við að leita sér að vinnu og þær standa einnig fyrir átaksverkefnum og hægt er að nýta möguleika fyrir fyrirtæki til að ráða fólk í vinnu af atvinnuleysisskrá.

Þá má minna á atvinnuþróunarfélögin, eignarhaldsfélögin, Nýsköpunarsjóð og Kvennasjóð. Tækin eru fyrir hendi og það er hlutverk okkar allra að snúa þessari þróun við.

Mikið hefur verið rætt um Kárahnjúkavirkjun og álver við Reyðarfjörð. Það stóra verkefni mun koma öllum til góða, skapa atvinnutækifæri fyrir fjölda fólks. Það mun ekki aðeins koma Austfirðingum til góða heldur öllu landinu í heild.

[14:08]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Hæstv. ríkisstjórn hælir sjálfri sér mest allra fyrir góða og trausta stöðu efnahagsmála. En er staðan jafngóð og stjórnarherrarnir halda? Nei, hún er það sannarlega ekki. Stóraukið atvinnuleysi og aukin fátækt er nefnilega líka efnahags- og ríkisstjórnarmál. Atvinnuleysi mælist nú í tölum sem við höfum ekki séð í mörg herrans ár og þetta aukna atvinnuleysi virðist koma ríkisstjórninni á óvart.

Ástæða þessa atvinnuleysis er að langmestum hluta samdráttur vegna rekstrarerfiðleika lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sérstaklega á landsbyggðinni. Brottfall úr skóla er einnig meira en venjulega sem er áhyggjuefni. Stærsti atvinnuleysishópurinn er nefnilega á aldrinum 16–24 ára og hefur verið það undanfarið sem er mér sérstakt áhyggjuefni.

Herra forseti. Á landsbyggðinni jókst atvinnuleysi hlutfallslega mest í síðasta mánuði. Hið svokallaða góðæri ríkisstjórnarinnar var lengur að berast til landsbyggðarinnar og til sumra staða á landsbyggðinni kom það bara alls ekki. Þar hefur ríkt áralangur samdráttur og störfum hefur fækkað, fyrirtæki hafa hætt starfsemi eða flutt suður að fullu eða að hluta. Þetta hefur verið staðan á fjölmörgum stöðum á landsbyggðinni áður en hið mikla samdráttarskeið sem nú stendur yfir hófst á landinu öllu.

Skattkerfisbreytingar ríkisstjórnarinnar gagnvart lögaðilum hafa ekki skilað sér í fjölgun starfsmanna, aukinni framleiðni eða betra rekstrarumhverfi, enda voru þessar breytingar eingöngu til hagsbóta fyrir stór fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu eins og ég hef margoft rætt um á hinu háa Alþingi.

Herra forseti. Ríkisstjórnin verður að auka framkvæmdir t.d. í samgöngumálum og jafnvel flýta þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á næstu árum eða þar til hin stóru framkvæmdaár við álver og Kárahnjúkavirkjun fyrir austan renna upp. Þeim framkvæmdum fagna ég alveg sérstaklega. Það er hlutverk ríkisstjórnar að hafa framtíðarsýn og skipuleggja opinberar framkvæmdir mörg ár fram í tímann og stilla þær af eftir ástandi og horfum í atvinnumálum. Þetta hefur ekki verið gert og þess vegna skellur hið mikla atvinnuleysi á okkur núna. Þetta staðfesti reyndar hæstv. félmrh. í svari sínu áðan ef ég hef heyrt rétt að hann væri að boða flýtingu framkvæmda í samgöngumálum.

[14:10]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Atvinnuleysi er vissulega alvarlegt mein í öllum þjóðfélögum bæði hér og annars staðar því að því fylgja ýmis félagsleg vandamál og þess vegna er auðvitað vert að ræða þau mál. En það er dálítið merkilegt hvað hv. þm. Alþfl. sáluga eru fljótir að gleyma. Þeir eru búnir að gleyma því hvernig ástandið var 1995 þegar þeir einmitt hættu í ríkisstjórn. Þá var ef ég man rétt um 5–6% atvinnuleysi. Hjól atvinnulífsins voru að stöðvast og annað slíkt. En auðvitað eru þeir búnir að gleyma þessu eins og ýmsu öðru vegna þess að sá flokkur er hættur að starfa og heitir nú Samfylkingin.

En ég held að það bæti okkur heldur ekki þrátt fyrir alvarleika þessa máls að vera með þvílíkt svartsýnisraus eins og margir hv. þm. hafa verið með hér í dag vegna þess að vissulega kappkostar ríkisstjórnin að vinna að þessum málum. Meðal annars vorum við að ræða um stóriðjumál í gær og það er alveg ljóst að stóriðjan á eftir að hafa mjög mikil og vaxandi áhrif á atvinnu á Íslandi, það er alveg ljóst og skiptir auðvitað mjög miklu máli í samfélagi okkar.

Einnig hefur ríkisstjórnin unnið að því að lækka skatta á fyrirtækjum til þess að auka framlegð í landinu. Vextir hafa einnig verið að lækka þannig að þetta skiptir atvinnulífið gríðarlega miklu máli.

Það hefur líka komið fram í ræðu hjá hæstv. félmrh. að svæðisvinnumiðlanir hafa verið að vinna að ráðgjöf og öðru slíku fyrir atvinnulaust fólk til þess að aðstoða það. Það kemur líka fram að það skiptir máli að flýta opinberum framkvæmdum og það er eitt af því sem ríkisstjórnin mun kappkosta þannig að ég held að svartsýnisraus af þessu tagi dragi kjark og kraft úr þjóðinni en okkur ber að sækja fram í þessum efnum.

[14:12]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég einsetti mér í þessari umræðu að fara fram með hófstilltum og málefnalegum hætti til að freista þess að fá skýr svör við fyrirspurnum mínum þess efnis hvað ríkisstjórnin hygðist gera og hvað ríkisstjórnin hygðist segja þeim 5–6 þúsund einstaklingum sem nú horfast í augu við atvinnuleysi. Það er því afskaplega dapurlegt svo ekki sé meira sagt að hæstv. félmrh. skuli reyna með öllum tiltækum ráðum en þó með fullkomnu árangursleysi að tala niður þetta ástand og fara rangt með tölur og halda hinu gagnstæða fram, að hér sé enginn vandi á ferð.

Enn dapurlegra er að heyra blessaðan hv. þm. Ísólf Gylfa Pálmason koma hér og rifja það upp að fyrir sjö árum hafi ástandið verið enn þá verra. Ég vil minnast þess, herra forseti, að þá horfðum við framan í kreppuástand í efnahags- og atvinnulífi og ég ætla svo sannarlega að vona að enginn vilji endurlifa þá tíma né heldur tímann frá 1967 svo ég fari lengra aftur í tímann.

Herra forseti. Ég er að reyna að kappkosta það að við hv. þm. horfumst í augu við veruleikann eins og hann er, að við höfum einhver svör á reiðum höndum gagnvart þeim einstaklingum sem eiga um sárt að binda og gagnvart þeim stóra hópi sem er áhyggjufullur vegna stöðu mála og þeirra spásagna sem fyrir liggja um næstu mánuði. Og ég er hræddur um, herra forseti, að ótti þeirra hafi ekki minnkað við hin fátæklegu svör stjórnarliða á hinu háa Alþingi, því miður. Það er veruleiki málsins, herra forseti, að ríkisstjórnin er hætt í raun. Hún hættir endanlega þann 10. maí nk. og það er ekki seinna vænna.

[14:14]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ekki skal ég spá um það hvaða ríkisstjórn verður hér að loknum kosningum (**GÁS:** Verður þú þar?) en ég verð þar ekki. Ég fór hins vegar rétt með tölur áðan og fór eingöngu með staðreyndir.

Útlit er fyrir að atvinnuleysi í janúar verði í kringum 3,7% og það er of mikið. Spá fjmrn. er sú að á árinu 2003 verði atvinnuleysi 2,6% en vextirnir eru að lækka. Stýrivextir Seðlabankans hafa lækkað nærri því um helming á síðasta ári og útflutningurinn gengur vel. Ég tel að það sé ekki skynsamlegt í þessari stöðu að vera að biðja um gengisfellingu og tilheyrandi verðbólgu sem af henni mundi hljótast. (**Gripið fram í:** En þið ætlið að hækka vextina.) Við erum að lækka vextina og við höfum varið stórauknu fé til starfsmenntunar og það mun skila sér. Í gang eru að fara stórframkvæmdir á Austurlandi, stórframkvæmdir eru í undirbúningi á suðvesturhorninu. Atvinnuleysi verður ekki læknað nema með fjölgun starfa og að því er verið að vinna. Hagvöxturinn er á uppleið, skattaumhverfi fyrirtækjanna hefur batnað, viðskiptahallinn er nærri því horfinn. Þegar við tölum um atvinnuleysi hér eins og eitthvert óskaplegt vandamál er sjálfsagt að reyna að bregðast við því eftir því sem kostur er og reyna að halda atvinnustiginu sem hæstu. En í Evrópusambandslöndunum er atvinnuleysi 5–10% fast. Við erum að tala um 2–3%. Það er gott að vera raunsær og nauðsynlegt að vera raunsær en það er ekki skynsamlegt að vera að tala kjarkinn úr sjálfum sér eða öðrum.

Fundi slitið kl. 14:16.

63. FUNDUR

miðvikudaginn 22. jan.,
að loknum 62. fundi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Verkaskipting ráðuneyta, fsp. RG, 70. mál, þskj. 70.
2. Þingvellir, fsp. RG, 111. mál, þskj. 111.

Til utanríkisráðherra:

3. Flugumferð um Keflavíkurflugvöll, fsp. KPál, 148. mál, þskj. 148.
4. Alþjóðasakamáladómstóllinn, fsp. ÞSveinb, 179. mál, þskj. 180.

Til sjávarútvegsráðherra:

5. Hvalveiðar, fsp. SvanJ, 330. mál, þskj. 360.

Til heilbrigðisráðherra:

6. Heilsugæsla, félagsþjónusta og öldrunarþjónusta, fsp. ÁMöl, 449. mál, þskj. 644.
7. Uppbygging og rekstur meðferðarstofnana, fsp. EKG, 417. mál, þskj. 526.
8. Geðheilbrigðisþjónusta við aldraða, fsp. KVM, 460. mál, þskj. 694.

Til samgönguráðherra:

9. Flutningskostnaður, fsp. EKG, 434. mál, þskj. 586.
10. Siglingar olíuskipa við Ísland, fsp. ÁE og KLM, 452. mál, þskj. 655.

Til fjármálaráðherra:

11. Starfatorg.is, fsp. BH, 450. mál, þskj. 645.

Til umhverfisráðherra:

12. Verndun Mývatns og Laxár, fsp. EMS, 468. mál, þskj. 761.

Athugasemdir um störf þingsins.

Stjórn fiskveiða í Norður-Atlantshafi.

[14:17]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til þess að koma hér upp undir liðnum um störf þingsins vegna frétta á ljósvakamiðlum síðustu daga. Í Ríkisútvarpinu kl. 8 21. janúar kom frétt um að sérfræðingar hjá norsku utanríkisþjónustunni segðu að Norðmenn og Íslendingar könnuðu núna hvort mögulegt væri að löndin tvö tækju að sér stjórn fiskveiða á Norður-Atlantshafi ef þau gengju í Evrópusambandið. Sjútvrh. segist ekki vita til þess að samstaða af þessu tagi sé til staðar.

Ég tel nauðsynlegt að hæstv. utanrrh. landsins, Halldór Ásgrímsson, upplýsi þingið um aðkomu sína og ráðuneytis síns að þessu máli vegna þess að þingið hefur ekki fengið fregnir af því. Sjútvn. hefur ekki fengið upplýsingar um þetta mál og augljóslega, samkvæmt frétt Ríkisútvarpsins, hefur hæstv. sjútvrh. heldur ekki haft hugmynd um málið. Síðan fjallar Morgunblaðið um þetta mál í dag. Þar segir í fyrirsögn: „Mikilvæg rannsókn eða óraunhæf hugmynd? Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra og Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra leggja ólíkt mat á mikilvægi fyrirhugaðs rannsóknarverkefnis norsku utanríkismálastofnunarinnar, NUPI, og Alþjóðamálastofnunar HÍ sem einkum snýst um svæðisbundna fiskveiðistjórnun Noregs og Íslands í NA-Atlantshafi."

Virðulegi forseti. Ég tel að hér sé um mikilvægt mál að ræða. Í greininni í Morgunblaðinu kemur í ljós að aðkoma utanrrn. að málinu er bein með fjárframlögum. Ég tel líka mikilvægt að hæstv. utanrrh. upplýsi um hvort fyrirhuguð rannsókn taki inn lönd eins og Færeyjar og Grænland sem eru okkar næstu nágrannar. Einnig tel ég mikilvægt að hæstv. utanrrh. upplýsi um aðkomu Grænlands að málinu sem nágranni okkar í vestri.

Hvað er hér verið að gera, virðulegi forseti? Ég krefst þess að hæstv. utanrrh. upplýsi þingið um málið.

[14:19]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég skil ekki hvers vegna þetta mál er komið upp hér á hv. Alþingi. Við lifum í frjálsu samfélagi þar sem vísindasamfélagið hefur frelsi til að takast á hendur ýmis rannsóknarverkefni. Það sem er að gerast í þessu máli er að norska utanríkismálastofnunin óskar eftir samstarfi við stofnun á Íslandi um tiltekið verkefni. Þeir leituðu til utanrrn. og við sögðumst ekki geta tekið þátt í þessu verkefni. Sjútvrn. vissi um það. Síðan biðja þeir um samstarf við Háskóla Íslands. Við bentum þeim á að tala við Háskóla Íslands. Getur hv. þm. bent mér á einhverja aðra sem við hefðum átt að benda á? Það væri út af fyrir sig fróðlegt en ég taldi að sjálfsögðu rétt að við reyndum að benda á aðila hér á landi sem hugsanlega gætu tekið þátt í slíku rannsóknarverkefni. Við erum því miður ekki með neina sjálfstæða utanríkispólitíska stofnun.

Síðan ákveður utanrrn. að styrkja Alþjóðastofnun Háskóla Íslands um 500 þús. kr. til að taka þátt í þessu verkefni, af svokölluðum ráðherralið. Það er algengt að við tökum átt í ýmsum verkefnum með þessum hætti. Það er algjörlega án skuldbindinga. Við höfum engin afskipti af því hvernig þetta verkefni verður unnið. Það er þessara stofnana að ákveða það.

Hæstv. forseti. Ég skil því ekki af hverju þetta mál er rætt á Alþingi. Við lifum í frjálsu samfélagi. Við stjórnum ekki vísindastofnunum. Við stjórnum ekki vísindarannsóknum. Það var gert í Sovétríkjunum sálugu og kommúnistaríkjum en sem betur fer búum við ekki við slíka ráðstjórn hér á landi.

[14:21]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mér finnast skýringar og svör hæstv. utanrrh. algjörlega fullnægjandi. Ég ætla ekki að lýsa neinum sérstökum fyrirvara við það að hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson taki þetta mál upp hérna en það er þó dálítið vafasamt að þingmenn, jafnvel Alþingi, fari með þessum hætti að hafa bein afskipti af fullkomlega eðlilegum rannsóknum við Háskóla Íslands.

Málið sem hér um ræðir er álitamál. Það hefur m.a. komið fram í því að þeir ráðherrar sem hér hafa verið nefndir til sögunnar, hæstv. sjútvrh. og utanrrh., hafa ólíkar skoðanir á því. Það eru hins vegar fullkomlega eðlileg búhyggindi að fara í að kanna þetta mál með þessum hætti.

Nú er það þannig að jafnvel sá sem stundum er nefndur mestur efasemdarmaður um gildi þess að Ísland gangi í Evrópusambandið, hæstv. forsrh., hefur ekki útilokað að einhvern tíma í framtíðinni, við tilteknar aðstæður, gæti það gerst að við ættum ekki annars úrkosti en að kanna það. Þá liggur það fyrir, herra forseti, að það er nauðsynlegt að skoða ýmislegt. Eitt af því sem hefur komið fram, m.a. í bók Samfylkingarinnar um Evrópumálin og í ákaflega vel útfærðum

búningi hjá hæstv. utanrrh. í svokallaðri Berlínarræðu hans, er sá möguleiki að það yrði sérstakt sjálfstjórnarsvæði hvað fiskveiðar varðar í Norður-Atlantshafi ef til inngöngu Íslands og Noregs kæmi. Það er ekki víst að sá möguleiki gangi upp. Ég tel að hann geri það og gæti fært mörg rök að því.

Mér finnst hins vegar eðlilegt að sjálfstæð rannsóknarstofnun, eins og Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands sem hefur á skömmum ferli getið sér mjög gott orð, taki sig til og rannsaki það. Mér finnst fullkomlega eðlilegt að hæstv. utanrrh. styrki það með hálfri milljón. Ef ég hefði verið hann hefði ég sett 1–2 millj. í þetta verkefni.

[14:23]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með formanni Samfylkingarinnar. Mér finnst mjög jákvætt að Háskóli Íslands hafi fengið þetta framlag frá utanrrn. Mér kemur reyndar ekki á óvart að Vinstri grænir opni þessa umræðu og hef enga skoðun á því hvort hún eigi að fara fram hér eða ekki.

Við í Samfylkingunni höfum lagt mikla áherslu á faglega úttekt á möguleikum okkar varðandi hugsanlega aðild að Evrópusambandinu, faglega úttekt og upplýsta umræðu. Upplýst umræða er undirstaða þess að þjóðin geti tekið afstöðu til þessa stóra máls þegar og ef til þess kemur. Það er óhemjumikilvægt að óháðir aðilar hafi þá möguleika til að kanna álitamálin sem hæst ber. Okkur greinir ekki á um það í þessum sal að fiskveiðistefnan er stóra álitamálið í þessu máli sem hugsanleg Evrópusambandsaðild er.

Þetta er stórpólitískt mál og við eigum að skoða alla fleti þess. Það er mjög mikilvægt að aðilar utan þings skoði þetta, vísindamenn fari ofan í hvaða möguleikar eru fyrir hendi við tilteknar aðstæður. Þess vegna styð ég eindregið þá ákvörðun utanrrh. að veita háskólanum framlag til samstarfs við hina utanríkismálastofnunina í Noregi. Mér finnst að í því framlagi felist alls ekki nein afstaða eða yfirlýsing varðandi þá niðurstöðu sem þetta samstarf kann að leiða til.

[14:25]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Sem betur fer er það svo, a.m.k. enn þá, að fullt frelsi ríkir til að stofnanir rannsaki eða kafi ofan í mál á borð við það sem hér er til umræðu. Ég verð að segja að ég fagnaði því þegar ég sá að Alþjóðastofnun Háskóla Íslands væri í samstarfi við utanríkismálastofnun Noregs að vinna sérstaklega að því máli sem hér er til umræðu.

Ég fagna því einnig að hæstv. utanrrh. hafi séð ástæðu til þess að styrkja þetta verkefni. Auðvitað er þetta verkefni þess eðlis að það er full ástæða til þess að ofan í það sé farið og það skoðað ofan í kjölinn hvað muni hugsanlega felast í því ef EES-samningurinn heldur ekki til lengdar, eins og mjög margir hafa haldið fram. Þá er mjög eðlilegt að í það sé lögð vinna. Mér hefði þótt mjög eðlilegt að það væri gert af hálfu hæstv. utanrrn., að leggja vinnu í að skoða hvað er handan við hornið, ég vil nánast segja þegar til þess kemur að við þurfum að leita annarra leiða en að byggja allt okkar samstarf við Evrópu á EES-samningnum.

Það er mjög eðlilegt, herra forseti, að það sé skoðað í samvinnu við Norðmenn sem hafa einnig mikilla hagsmuna að gæta í sjávarútvegi ef til inngöngu í Evrópusambandið kæmi. Mér finnst þetta fullkomlega eðlilegt skref sem þarna er stigið og alls ekki óeðlileg afskipti hæstv. utanrrh. eða utanrrn. á því þótt lögð hafi verið í þetta hálf milljón. Mér hefði ekki þótt óeðlilegt þótt sú upphæð hefði verið nokkuð hærri, herra forseti.

[14:27]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það þarf ekki að koma á óvart að þingmenn Samfylkingarinnar eru dyggustu stuðningsmenn Framsfl. við að undirbúa inngönguna í Evrópusambandið né að þingmenn Samfylkingarinnar lofi framtak hæstv. utanrrh. í þeim undirbúningi. Hv. þingmenn líta á þann undirbúning sem mikilvægan og sjálfsagðan og honum beri að hrósa. Það kemur ekki á óvart.

Það kemur ekki heldur á óvart að hæstv. utanrrh. telur þetta bara eðlileg vinnubrögð og nauðsynlegan undirbúning að því sem þarna gæti verið handan við hornið. Það sem kemur hins vegar á óvart er að í einni ríkisstjórn, ríkisstjórn tveggja flokka, Framsfl. og Sjálfstfl., skuli bara annar flokkurinn, ráðherra annars flokksins, taka þetta mál upp og bera á sínum örmum inn á alþjóðavettvang, að því er virðist án vitundar samstarfsflokksins. Það væri a.m.k. afar mikilvægt að fá hér upplýst hver aðkoma ríkisstjórnarinnar í heild að þessu máli er.

Er þetta bara einleikur hæstv. utanrrh. gagnvart sjútvrh.? Ég mundi sem sjútvrh. ekki vera hrifinn af þessum vinnubrögðum. (**GÁS:** Þið límið ykkur á íhaldið.) Íhaldið má eiga það sem það á en hins vegar finnst mér dapurlegt ef íhaldið ver ekki stöðu sína gagnvart Framsókn, ef það hefur þá einhverja skoðun í þessu máli. Kannski finnst bara íhaldinu þægilegt að þetta gangi svo og Samfylkingin klappar.

[14:29]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Tvennt sem fram hefur komið í þessum umræðum er íhugunarefni. Annað er að formaður þingflokks Samfylkingarinnar, hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, gefur í skyn að ástæða sé til þess að ætla að einhver brestur sé kominn í samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Ég lít ekki svo á. Sá samningur heldur gildi sínu og ástæðulaust að halda að Evrópusambandið muni ekki standa við gerða samninga. Mér finnst satt að segja undarlegt að íslenskir þingmenn skuli gera því skóna að draga úr þeim rétti sem við höfum gagnvart Evrópusambandinu samkvæmt þeim samningi.

Hitt sem fram hefur komið og mér finnst líka áhugavert og rétt að halda til haga er sú ræða sem formaður Samfylkingarinnar í þingsal, hv. 7. þm. Reykv. Össur Skarphéðinsson, flutti. Þar var hann að gæla við að við Íslendingar afsöluðum okkur rétti yfir stjórn fiskveiða, fyrst smátt. Við vitum hver hugsunin er, að hugur Samfylkingarinnar stendur til þess að halda því verki áfram. Það hefur komið skýrt fram í málflutningi Samfylkingarinnar, leynt og ljóst, að þingmenn hennar vilja berjast fyrir því, og hinn mikli leiðtogi Samfylkingarinnar utan þings, ég tala nú ekki um, að við Íslendingar sækjum um inngöngu í Evrópusambandið. Auðvitað stendur hugur þeirra til að ná þeim samningum fram og Íslendingar geti lokið þeirri samningsgerð þannig að við verðum hluti af Evrópusambandinu. Þetta er helgasta baráttumál Samfylkingarinnar.

Leiðtogi utan þings fékk hnút í magann yfir því að ráðist verður í Kárahnjúkavirkjun. Ég er hræddur um að sannir Íslendingar fengju hnút í magann ef við gengjum í Evrópusambandið.

[14:32]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Sérstaklega þakka ég fyrir svör hæstv. utanrrh. Ég taldi mikilvægt að hæstv. utanrrh. upplýsti um stöðu málsins. Nú er ljóst að ríkisstjórnin, í formi peninga, hefur komið að málinu. Hins vegar koma viðbrögð samfylkingarmanna ekki á óvart vegna þess að það verður ESB-slepja í gangi. Það blokkerar alla sýn til annarra hluta, þegar rætt er um einhvers konar samvinnu við Evrópusambandið. Þá gleymist slagorð Samfylkingarinnar um gagnsætt stjórnkerfi. Ég er ansi hræddur um að í öðrum málum hefði þetta þótt sjálfsögð spurning og sjálfsagt að upplýsa þetta.

Ég hef ekki sagt að ég væri á móti svona úttekt. Það fólst ekki í spurningum mínum til hæstv. utanrrh. Hins vegar tel ég afar hæpið að koma með opinberum hætti að vinnu sem þessari þegar við vitum að Norður-Atlantshafið samanstendur ekki af Noregi og Íslandi. Þarna eru mjög stórir samstarfsaðilar, Grænland, Færeyjar og jafnvel Rússland. Eigi með opinberum hætti að koma að þessum málum á auðvitað að taka þetta dæmi allt. Hvað ætli við á hinu háa Alþingi hefðum sagt ef Grænlendingar og Færeyingar hefðu tekið sig saman um að gera einhvers konar úttekt á því hverjir samstarfsmöguleikar þeirra væru gagnvart ESB einna og sér? Ætli okkur hefði ekki fundist það allhæpið upplegg? Það er þess vegna sem ég er að ræða þetta.

Þetta er stórmál og hefur ekkert með frjáls vísindi að gera. Það mega allir rannsaka. Það mega allir taka sig saman og stunda hvaða rannsóknarvinnu sem þeir vilja. Ég hef sjálfur unnið í samvinnu og sambandi við kollega mína erlendis í Evrópu. Við því er ekkert að segja. En það má gera athugasemdir við það þegar stuðlað er að því af hinu opinbera á vegum ráðuneytis að setja í gang vinnu án þess að þeir sem það varðar fái aðkomu að því hvernig það er sett upp.

[14:34]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Okkur sem erum í stjórnarandstöðu ber að halda uppi ábyrgri andstöðu og eftirliti með gerðum ríkisstjórnarinnar. En það væri að æra óstöðugan ef við færum fram á það að ráðherrar ríkisstjórnarinnar hefðu sérstakt samráð sín á milli um hvernig þeir deildu út ráðstöfunarfé einstakra ráðherra. Það er ekkert óeðlilegt við að hæstv. sjútvrh. Árni Mathiesen viti ekki af því þó að hæstv. utanrrh. deili út 500 þús. kr. styrk í tiltekna átt.

Að því er varðar þann sem kom hér upp með hnút í maganum, hv. 1. þm. Norðurl. e., er það þannig að málflutningur af þessu tagi er ekki sæmandi manni sem gegnir embætti þingforseta. Ég er aðallega með hnút í maganum yfir því hvernig hann túlkar söguna og túlkar afstöðu einstakra manna. (Gripið fram í.) Hann talaði um að Samfylkingin væri hægt og bítandi að reyna að grafa undan fiskveiðiréttindum Íslendinga með því að hleypa ESB hingað inn. Nú hefur gengið í salinn sá maður, hæstv. forsrh., sem veitti forstöðu ríkisstjórn sem gerði, að því er ég man best, fyrsta tvíhliða samninginn sem hleypti togurum Evrópusambandsins inn fyrir efnahagslögsöguna. Ég samþykkti það ásamt hæstv. páv. sjútvrh. Þorsteini Pálssyni. Hafi einhver byrjað á að hleypa útlendingum inn í efnahagslögsöguna voru það sjávarútvegsráðherrar Sjálfstfl.

Herra forseti. Þetta mál snýst um hvort í lagi sé að ríkisstjórnin styrki rannsóknir af þessu tagi. Að sjálfsögðu er það í lagi.

Ég er þeirrar skoðunar að utanríkisstefna VG sé fullkomlega ga-ga. (Gripið fram í.) Þeir byggja á því að það eigi að gera tvíhliða samning við Evrópusambandið. Við vitum hvernig það hefur gengið varðandi Sviss. Ég yrði hins vegar fyrstur manna til að samþykkja að utanrrh. mundi styrkja með 500 þús. kr. framlagi rannsóknir á þeirri dellu.

[14:36]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Að því er varðar hugsanlega aðkomu Færeyinga og Grænlendinga í þessu máli liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir að hún er ekki í okkar valdi, hvorki íslenskra stjórnvalda né Alþingis Íslendinga. Það er væntanlega í höndum þeirra aðila sem vilja vinna að þessu verkefni. Ég er út af fyrir sig alveg sammála hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni um að til þess að gera góða úttekt á máli sem þessu er nauðsynlegt að einhverjir frá þeim þjóðum komi að því, þ.e. ef menn ætla að fara yfir sviðið í heild sinni. En það er ekki mitt að hafa nein áhrif á það. Það eina sem ég hef gert sem utanrrh. er að benda viðkomandi aðilum á Háskóla Íslands í þessu sambandi. Ég hef ekki heyrt neinar athugasemdir við það.

Í öðru lagi höfum við í utanrrn. ákveðið að styrkja þetta verkefni með 500 þús. kr. framlagi. Hins vegar veit ég að það hlýtur að vera tiltölulega miklu dýrara. Ég vænti þá að Norðmenn ætli sér að standa undir stórum hluta kostnaðarins. Faglega séð er að sjálfsögðu nauðsynlegt að Grænlendingar eða einhverjar stofnanir þar komi að slíku máli. Ég skal játa að ég veit ekkert um það og hef ekki hugsað mér að hafa nein afskipti af því, enda ekki í mínu valdi.

Ég vil endurtaka það að ég er undrandi á því að það sé ástæða til þess á hv. Alþingi að taka í upphafi fundar fyrir mál sem varða vísindarannsóknir og samstarf stofnana. Er það ekki af hinu góða að okkar rannsókna- og vísindastofnanir, háskólar landsins, vinni með öðrum stofnunum á alþjóðavettvangi? Á það að vera eitthvert sérstakt umræðuefni á Alþingi í hvert skipti sem það gerist? Mér finnst það algjörlega fráleitt og ætti fyrrv. skólameistari að vera sammála í þeim efnum. (**JB:** Þetta er pólitískt mál.)

Verkaskipting ráðuneyta.

Fsp. RG, 70. mál. — Þskj. 70.

[14:39]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef beint fyrirspurn til forsrh. um hvað líði endurskoðun verkaskiptingar ráðuneyta, m.a. flutningi félagslegra verkefna til félmrn. og endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands sem ríkisstjórnin boðaði í stefnuyfirlýsingu sinni 28. maí 1999.

Í umræðum í fyrirspurnatíma fyrir tveimur árum upplýsti hæstv. forsrh. að taka ætti verkaskiptingu ráðuneytanna til skoðunar sem hluta af endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands sem ríkisstjórnin boðaði í stefnuyfirlýsingu 28. maí 1999. Boðað var að sú endurskoðun mundi eftir atvikum einnig ná til verkaskiptingar milli félmrn. og heilbr.- og trmrn.

Herra forseti. Ég hef ítrekað hreyft við því að félagsleg verkefni sem vistuð kunna að vera hjá öðrum ráðuneytum,

sérstaklega heilbr.- og trmrn., yrðu flutt til félmrn. til að tryggja samvirkni og góða þjónustu í málaflokknum. Samkvæmt ályktun Alþingis var sérstök nefnd sett á laggir sem gera átti tillögur um fyrirkomulag þessara verkefna. Henni var jafnframt falið að skoða flutning sérstakra verkefna á þessu sviði frá menntmrn. Nefndin dó drottni sínum eftir 3–4 fundi árið 1997. Nú fyrir jól var hún formlega lögð af með bréfi til hæstv. forsrh. Gríðarlegum verkefnum nefndarinnar, svo ég vísi í orð fyrrv. formanns hennar, var vísað til heildarendurskoðunar á verkaskiptingu ráðuneytanna en í stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna segir, með leyfi forseta:

„Að endurskoða lög um Stjórnarráð Íslands, skipan ráðuneyta og verkefni þeirra, þar sem hliðsjón verði höfð af breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Í því samhengi munu stjórnarflokkarnir taka til endurskoðunar verkaskiptingu sín á milli. Fyrsta verkefnið verði að færa Byggðastofnun undir iðnaðarráðuneyti og sameina atvinnuþróunarstarfsemi á vegum þess, svo og að fella Seðlabanka Íslands undir forsætisráðuneyti sem efnahagsráðuneyti."

Herra forseti. Ég hef talið víst að svar forsrh. fyrir tveimur árum ætti við fleira en þetta fyrsta verk sem varðar flutning Byggðastofnunar og Seðlabanka og reyndar að leggja af Þjóðhagsstofnun. Þess vegna spyr ég hvað hafi verið unnið í þessum málum og hvað líði skoðun á félagslegum verkefnum sem enn heyra undir önnur ráðuneyti sex árum eftir ályktun Alþingis þar um.

[14:42]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þetta mál hefur komið til umræðu í þinginu áður. Ég hef svarað því til að á vegum forsrn. hefur farið fram allmikil undirbúningsvinna er snertir hugsanlega skiptingu verka á milli ráðuneyta, hugsanlega sameiningu þeirra og nýja málefnaskiptingu. Þá á ég ekki við þá þætti sem hv. þm. nefndi sérstaklega og hlutast var til um í upphafi þessa kjörtímabils sem ég hygg að hafi út af fyrir sig reynst ágætlega.

Ég vænti þess að við náum enn að koma fram á þessu þingi breytingum sem snúa að matvælaeftirliti sem ég hygg að sé verulegur stuðningur við í þinginu að fái stöðu undir einum hatti. Eins og kunnugt er skarast þar mál á milli þriggja ráðuneyta. Þar er ekki mjög hagfellt eins og við vitum. Ég vænti þess að þau mál eigi að geta náðst fram og klárast fyrir lok þessa þings þó að þingdagar séu ekki margir eftir.

Að öðru leyti á ég ekki von á að stórbreytingar náist fram á þessu kjörtímabili hvað verkaskiptingu ráðuneyta varðar að öðru leyti. Er það reynsla manna að eftir að til ríkisstjórnarsamstarfs hefur verið gengið vill verða flókið að færa verkefni til milli ráðuneyta, breyta skipan þeirra, draga verkefni frá einu og færa til annars. Í þennan hóp þarf ekki að útskýra hverju það sætir og hvaða lögmál búa þar að baki. Milli stjórnarflokka þarf að ríkja ákveðið jafnvægi meðan stjórnarsamstarf stendur yfir. Það er eðlilegt og er vandasamt og viðkvæmt mál að raska þar málum, ekki bara milli flokka heldur milli einstakra ráðherra einnig, jafnvel þó að þeir séu úr sama flokki. Þetta höfum við orðið vör við í umræðunni um matvælaeftirlit, að það er hægara um að tala en í að komast að sætta ráðuneytin við flutning á stórum verkefnum milli ráðuneyta.

Varðandi félagsþáttinn sem hv. þm. nefndi var, eins og ég hygg að hún hafi getið um, skipaður starfshópur til að gera úttekt á og skilgreina hvaða stofnanir og verkefni á sviði heilbr.- og trmrn. væru í raun félagsleg verkefni og eðlilegra væri að heyrðu undir félmrn. Einnig var starfshópnum falið að fjalla um verkaskiptingu ráðuneyta í þágu fatlaðra. Það hefur einnig komið til umræðu nokkrum sinnum í þinginu eins og menn muna.

Í bréfi sem ég fékk frá formanni starfshópsins kom fram, bréfi sem ég fékk í lok nóvember, að þessi viðfangsefni hefðu reynst mjög viðamikil, margbrotin og ólík innbyrðis, eins og þar sagði, með leyfi forseta. Einnig sagði þar að ekki hafi reynst unnt að fjalla um verkaskiptingu ráðuneytanna án tillits til þeirrar þjónustu sem um ræðir á hverju sviði fyrir sig. Því höfðu verkefni þessa starfshóps dregist á langinn og fyrirsjáanlegt var talið að þeim lyki ekki í bráð. Að öðru leyti taldi þessi starfshópurinn að við þessa stöðu væri eðlilegast að verkefni starfshópsins féllu undir almenna heildarendurskoðun á Stjórnarráðinu sem menn hafa reynt að vinna að og undirbúa.

Þetta er staða málsins eins og hún er í dag, nokkuð svipuð og ég lýsti ekki fyrir margt löngu úr þessum ræðustól. Ég á ekki von á að það náist fyrir þinglok nú í vor að setja punkt fyrir aftan þetta starf, að því frátöldu að ég teldi nauðsynlegt að koma matvælaeftirlitsþáttunum vel fyrir vind.

[14:47]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Eitt af því sem ég sem alþingismaður og fyrrverandi, og vonandi tilvonandi, ráðherra batt talsverðar vonir við í samstarfssamningi núverandi stjórnarflokka var sú uppstokkun sem boðuð var í samstarfsyfirlýsingunni frá maí 1999. Ég tel að það sé brýn þörf á að stokka upp í verkaskiptingu ráðuneyta, sameina ráðuneyti, jafnvel fækka ráðherrum, það er partur af þessu.

Mér þykir sem hér sé hæstv. forsrh. að lýsa yfir ákveðinni uppgjöf varðandi þetta verkefni. Það hefur í reynd ekkert gerst frá því að hann kom hingað fyrir tveimur árum með svar sitt. Hæstv. forsrh. rekur það með ágætum rökum að það er mjög erfitt að ráðast í þetta. Þetta er verkefni sem menn þurfa helst að taka rösklega á í upphafi kjörtímabils. Ég þekki sjálfur að það er nokkuð erfitt að hnika til verkefnum milli ráðuneyta. Þó var það nú gert töluvert í þeirri ríkisstjórn sem ég átti sæti í undir hans forsæti.

En ég spyr hæstv. forsrh.: Úr því að þetta er ekki lengra komið, en nefndin hefur unnið mikið og gott starf, er þá ekki hægt að fá áfangaskýrslu um störf og niðurstöðu nefndarinnar eins og þau standa núna, fyrir þinglok?

[14:48]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með formanni Samfylkingarinnar, ég batt miklar vonir við þetta ákvæði í stjórnarsáttmálanum og hef reyndar verið að ýta á afmarkaðan þátt málsins. Það sem hefur gerst hjá þessari ríkisstjórn er að hún fjölgaði ráðuneytum úr tíu í tólf, talaði um að endurskoða bæði þátt stofnana og flytja þær jafnvel á milli ráðuneyta og hagræða í Stjórnarráðinu, en það hefur ekki verið gert eins og hér hefur komið fram og talað um mikla undirbúningsvinnu.

Hér er spurt hvort hægt sé að fá eitthvert áfangamat nefndarinnar. Ef það er verið að tala um nefndina sem sett var á laggir varðandi félagsleg verkefni er það nú svo að hér var afgreidd ályktun frá Alþingi 1996, starfshópur stofnaður 1997, þrír fundir haldnir á árinu 1997. Nefndin dó. Fyrirspurnir voru ítrekaðar hér í þinginu um störf nefndarinnar, hvort hún ætti að halda áfram. Núna í nóvember, fimm árum síðar, er nefndin lögð af með bréfi til forsrh. Það

hanga á spýtunni mjög alvarleg mál, e.t.v. fyrir marga lítil, svo sem túlkaþjónusta fyrir heyrnarlausa. Öll þessi ár hefur túlkaþjónusta og borgun fyrir hana verið ófrágengin. Fyrst var málinu vísað í þessa nefnd, sem í raun starfaði ekki, og síðan hefur verið veitt fé til bráðabirgða af ráðstöfunarfé ríkisstjórnar og nú síðast var því svarað, þegar kallað var eftir að reyna að lögbinda rétt heyrnarlausra til túlkaþjónustu samkvæmt nefnd sem skilaði skýrslu árið 2001, að nú væri búið að leggja nefndina af og það yrði bara skoðað síðar.

Í fimm ár hafa t.d. réttindi þessa hóps hangið í lausu lofti af því að málum hefur verið fyrir komið svo sem ég hef rakið hér.

[14:50]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil taka fram út af þessu síðasta sem hv. þm. nefndi að þess hefur þó verið gætt að sjá um að fjármagn væri fyrir hendi gagnvart þessari þjónustu að því marki sem hægt er að tryggja það. Það sem hins vegar hefur aðallega verið gagnrýnt af hálfu þeirra sem þessa þjónustu þrá og þurfa að nota er að ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um að löggilda táknmálið sem löggilt tungumál hér á landi. Mest hefur verið að því fundið og það hefur tafist, m.a. vegna þess, eins og þingmaðurinn nefndi réttilega, að það hefur verið vísað í starf þessarar nefndar hvað það mál varðaði.

Varðandi hitt sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi held ég að það sé athugandi að skoða hvort ekki megi leggja fram áfangaskýrslu um það starf sem liggur fyrir og hvaða forsendur þurfi til að koma þannig að menn geti þá haft það við athugun á myndun nýrrar ríkisstjórnar þegar að því kemur eftir kosningar í vor.

[14:51]

Útbýting þingskjala:

Álverksmiðja í Reyðarfirði, 509. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 842.

Búseta á jörðum, 406. mál, svar landbrh., þskj. 824.

Varaeintakasafn Landsbókasafns – Háskólabókasafns í Reykholti, 408. mál, svar menntmrh., þskj. 825.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, 508. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 841.

Þingvellir.

Fsp. RG, 111. mál. — Þskj. 111.

[14:52]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Heimsminjaskrá UNESCO er alveg sérstök. Á hana komast einungis svæði sem vegna menningarlegs mikilvægis, einstakrar náttúru og sögulegrar fortíðar þykja einstök í heiminum. Segja má að þetta séu svæði sem heimurinn telur til sinna sérstæðustu og merkustu sameiginlegu arfleifðar.

Það er mikill heiður fyrir þjóð að eignast svæði sem eru á heimsminjaskránni. Það ýtir undir sérstöðu viðkomandi lands. Þeir sem stýra ferðaþjónustu hér á landi geta þannig greint frá því að í vaxandi mæli spyrja ferðamenn sem hingað koma eftir því hvaða svæði hér á landi séu á heimsminjaskrá og verða jafnan undrandi á því að fá þau svör að engin svæði séu á henni. Ég nefni til samanburðar að samkvæmt upplýsingum mínum eiga t.d. Svíar tólf svæði á heimsminjaskrá.

Heimsminjaskráin og möguleikar sem henni tengdust voru kynntir Íslendingum á síðasta áratug. Í kjölfarið var reyndar talað um fleiri svæði. Ég minnist þess að Surtsey og Skaftafell voru nefnd. Ákveðinn listi yfir slíka staði varð til og sérfræðingar UNESCO sem fjölluðu um hann tóku jákvætt í að þeir staðir kæmust á heimsminjaskrá ef rétt væri að umsókn um það staðið. Þingvallanefnd hafði síðan frumkvæði að því að setja af stað umsóknarferli um að koma Þingvöllum inn á skrána.

Þingvellir eru einstakur staður í vitund þjóðarinnar vegna mikilvægis í sögu hennar. Þar var okkar þing háð frá upphafi og um margar aldir, og þar liggja enn mikilvægar upplýsingar fólgnar í jörðu þó að við höfum reyndar gert allt of litlar fornleifarannsóknir á þessum sögufrægasta stað til þessa. Þingvellir eru líka einstakur staður frá náttúrufarslegu sjónarmiði fyrir margra hluta sakir. Þeir standa á sprungu sem skilur að tvær heimsálfur og þar er stöðugt að verða til nýtt land við sig og gliðnun skorpunnar. Lífríkið er einstakt og nægir að nefna að hvergi annars staðar í heiminum hafa þróast fjórar gerðir af bleikju svo ekki sé minnst á ísaldarurriðann sem stundum hefur verið nefndur í þessum sölum og er sömuleiðis partur af algerri sérstöðu Þingvallavatns.

Í mínum huga er því alveg ljóst að Þingvellir ættu fyrir löngu að vera komnir á heimsminjaskrá UNESCO. Í því fælist í senn viðurkenning fyrir staðinn en ekki síður okkur sem þjóð. Ég spyr því hæstv. forsrh.:

Hvað líður aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að koma Þingvöllum á heimsminjaskrá UNESCO?

[14:55]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. þm. hreyfir hér athyglisverðu máli. Íslendingar gerðust í desember árið 1995 aðilar að samningi Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna frá 1972 um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins. Samráðshópur um framkvæmd samningsins var skipaður af menntmrh. 10. júlí árið 2000 og í honum eru Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, formaður, Árni Bragason, forstöðumaður Náttúruverndar ríkisins, Sigurður Þráinsson fyrir umhvrn. og Þorgeir Ólafsson fyrir menntmrn.

Samráðshópurinn lagði fram í desember 2000 yfirlitsdrög um þá staði sem Ísland telur til mikilvægari menningar- og náttúrarfleifðar ásamt tillögum um að Þingvellir og Skaftafell yrðu tilnefnd á heimsminjaskrána og þau voru samþykkt í ríkisstjórn 4. desember 2001. Hópurinn lét gera drög að verk- og kostnaðaráætlun vegna tilnefninganna og var hún lögð fram í júní 2001. Í janúar 2002 samþykkti menntmrn. að leggja fram 500 þús. kr. af safnliðum til að geta hafið undirbúning umsóknar og umhvrn. lagði fram 250 þús. kr. að sínu leyti.

Í september sl. kom hingað til lands Birgitta Hoberg, helsti sérfræðingur heims í gerð umsókna um staði á heimsminjaskránni. Hún starfar hjá sænska þjóðminjavarðarembættinu og hefur séð um allar tilnefningar Svía auk þess að leiðbeina og stjórna tilnefningarvinnu fyrir önnur ríki. Hún ráðlagði okkur eindregið að stefna að því að tilnefna Þingvelli fyrir 1. febrúar 2003 og þá aðeins sem menningarminjastað. Áður hafði verið að því stefnt að tilnefna í flokkinn „safn blandaðra staða", þ.e. sem menningar- og náttúruminjastað.

Í ársbyrjun 2004 verður í umsókn til UNESCO óskað eftir að náttúruminjum á Þingvöllum verði bætt við fyrri

tilnefningu og jafnframt verður óskað eftir að Skaftafell fari á heimsminjaskrá í flokki náttúruminja. Menntmrh. og umhvrh. samþykktu í september sl. ofangreindar tillögur, og í fjárlagafrv. fyrir árið 2003 er gert ráð fyrir 6 millj. kr. sem framlagi til þessa verkefnis.

Þingvallanefnd og menntmrn. hafa skipað starfshóp til að undirbúa tilnefningu Þingvalla og hafa ráðið ráðgjafarfyrirtæki til að stýra verkinu. Gert er ráð fyrir að umsóknin verði komin í hendur UNESCO fyrir 1. febrúar 2003. Ef hún verður samþykkt munu Þingvellir verða komnir á heimsminjaskrá á 60 ára lýðveldisafmæli þjóðarinnar 2004.

[14:57]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að hreyfa þessu máli sem mér og mörgum öðrum þingmönnum er næsta kært. Líka finnst mér mikið til um þá yfirlýsingu hæstv. forsrh. að það sé stefnt að því að þessu máli verði lokið eða fyrsta áfanga þess á 60 ára lýðveldisafmælinu. Mér finnst það vera ákaflega vel við hæfi.

Innan Þingvallanefndar hefur verið mikill áhugi á þessu máli og ég vil nota þetta tækifæri og þakka formanni nefndarinnar, hv. þm. Birni Bjarnasyni, fyrir ákaflega gott starf að þessum málum.

Ég hjó eftir því, herra forseti, að það var tillaga menntmrh. og umhvrh. sem var samþykkt í ríkisstjórninni. En er ekki svo, ef maður horfir á hina stjórnskipulegu stöðu Þingvallanefndar sem heyrir beint með lögum undir Alþingi en nýtur skjóls af forsrn. sem hefur tekið svari nefndarinnar ef þess þarf — er ekki alveg ljóst að málið, þegar það verður lagt fyrir og verður endanlega samþykkt, verður á forræði Þingvallanefndar með því sérstaka sambandi sem nefndin hefur við forsrn.?

[14:58]

Björn Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu máli. Það er alveg á lokastigi og í næstu viku verður væntanlega tilkynnt um það af hálfu Þingvallanefndar og forsrn. að umsóknin varðandi Þingvelli á heimsminjaskránni sé tilbúin og hún verði lögð fram, eins og að er stefnt, fyrir 1. febrúar nk. Það hefur verið unnið að málinu núna á undanförnum vikum, það er komið á lokastig og ég á von á því að í næstu viku verði kynnt af hálfu nefndarinnar og forsrn. að umsóknin verði lögð fram. Þetta mál er, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi, á forræði Þingvallanefndar og engin spurning um að það þarf atbeina nefndarinnar til þess að þessi umsókn hafi lögmætt gildi.

[14:59]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Oft erum við þingmenn að hreyfa málum gagnvart ríkisstjórn þar sem við erum að þrýsta á eða jafnvel agnúast út í ríkisstjórnina og það verður oft eins konar rex út úr þessu hjá okkur. En ég verð að segja að varðandi þessa fyrirspurn er ég afskaplega ánægð með þetta svar og ég fagna því að við séum komin þangað sem hér hefur verið lýst og vænti þess að þetta mál verði komið vel í höfn fyrir 60 ára afmæli lýðveldisins 2004. Mér finnst að Þingvallanefnd og ríkisstjórnin hafi haldið mjög vel á þessu máli. Ég geri mér alveg grein fyrir því að við höfum líka átt hauk í horni þar sem Birgitta Hoberg er. Hún hefur sýnt mikinn áhuga á Þingvöllum og hún er manneskjan sem hefur undirbúið umsóknir og náð farsælli niðurstöðu með þessa staði í Svíþjóð sem ég hef nefnt, eina 12 staði, og hefur komið hingað til lands allmörgum sinnum. Hún er komin í þá nefnd hjá UNESCO sem fjallar um umsóknirnar þannig að það er eflaust okkur til framdráttar fyrir utan það að faglega er staðið að öllum hlutum.

Um leið og maður fagnar því að svona mikilvægt mál sé að komast í höfn skulum við samt standa saman um að stefna að því að fleiri staðir, svo sem Skaftafell, Víðimýrarkirkja í Skagafirði og Surtsey, komist líka á þessa skrá því það skiptir mjög miklu máli fyrir Ísland sem er svo sérstakt að eiga nokkra staði á heimsminjaskránni.

Ég þakka mjög vel fyrir þetta svar hæstv. forsrh.

[15:01]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þakka þessa umræðu. Það er alveg ljóst að öll forusta í málinu verður auðvitað á forræði Þingvallanefndar með atbeina forsætisráðuneytisins. En það er einnig eðlilegt að menntmrn. vegna UNESCO og umhvrn. vegna náttúru staðarins hafi hönd í bagga og komi að málinu eins og gert hefur verið og það er góður vilji hjá öllum þessum aðilum til að vinna saman að þessu verkefni og koma því í höfn.

Flugumferð um Keflavíkurflugvöll.

Fsp. KPál, 148. mál. — Þskj. 148.

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ferðaþjónustan er orðin einn helsti atvinnuvegur þjóðarinnar og sá atvinnuvegur sem talinn er hafa hvað mesta vaxtarmöguleika í heiminum. Staða Íslands á þessu sviði er mjög vænleg og með uppbyggingu og afþreyingu og aðstöðu um allt land eru möguleikarnir til að þessi atvinnugrein geti vaxið miklir.

Flestir ferðamenn til Íslands koma um Keflavíkurflugvöll og er ljóst að allt sem gert er eða ekki gert á þeim flugvelli getur haft mikil áhrif á komu flugvéla til landsins og þá um leið fjölda ferðamanna. Eitt af því sem valdið getur miklu um komu flugvéla til landsins er skattlagning á hvern farþega um völlinn. Þegar skattlagning á flug um Keflavík er skoðuð kemur í ljós að staða okkar er þar ekkert sérstök og flugvellir eins og í Kaupmannahöfn og París eru með allt niður í 56% lægri gjöld á hvern farþega en lagt er á hvern farþega í Keflavík. Hérna munar mestu um flugvallarskattinn sem er um 43% af skattlagningunni í Keflavík.

Ég vil gera athugasemd við þennan háa flugvallarskatt, herra forseti. Þarna er um að ræða skattlagningu sem ekki er í samræmi við aðra flugvelli á landinu. Ég veit að Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemdir við þetta til opinberra aðila án árangurs.

Ef við leyfum okkur, herra forseti, að líta fram hjá ójafnrétti í skattlagningu á flugvöllum á Íslandi þá komumst við þó ekki hjá því að horfa til samkeppnisstöðu okkar við aðra flugvelli um ferðamennina. Fjarlægð Íslands frá fjölmenninu í austri og vestri gerir samkeppnisstöðu okkar um ferðamenn erfiða því áætlunarflug hingað er óhagkvæmt vegna fámennis. Langdrægni flugvéla er einnig að aukast og þörfin fyrir millilendingar á Íslandi er sífellt að verða minni. Við verðum því að geta boðið betur en aðrir. Til að svo megi verða

þarf að skoða skattlagninguna eða einhverjar sambærilegar aðgerðir.

Samkeppni í afgreiðslugjöldum á Keflavíkurflugvelli er orðin veruleg og hefur leitt til verulega lækkaðs kostnaðar á þeim lið. Það hefur m.a. gert flugfélögum eins og kanadíska flugfélaginu HMY kleift að millilenda hér og taka farþega. Nú tel ég að eitthvað þurfi að gerast hjá opinberum aðilum í sambærilegum málum.

Herra forseti. Ég tel að hæstv. utanrrh. sé velviljaður í þessu máli og hafi mikinn skilning á því hve ferðamennskan er mikilvæg fyrir íslenskt efnahagslíf. Þess vegna vil ég leyfa mér að leggja fram eftirfarandi fyrirspurn til hans:

1. Hvað er nú gert eða fyrirhugað að gera til að auka flugumferð um Keflavíkurflugvöll?

2. Hvaða aðgerðir koma helst til greina til að bæta samkeppnisstöðu Keflavíkurflugvallar gagnvart öðrum alþjóðaflugvöllum?

3. Hvað er flugvallarskattur hár annars vegar í Kaupmannahöfn og Frankfurt og hins vegar í Keflavík?

[15:05]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli og Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. settu það markmið fyrr á þessu ári að efla sameiginlega markaðssetningu á vegum stofnunarinnar og fyrirtækisins þar sem starfsemi þeirra tengist að mörgu leyti. Í því skyni sameinuðust þau um ráðningu markaðsstjóra sem tók til starfa 1. júlí sl. Markaðssetning flugstöðvarinnar og flugvallarins er nátengd heildarmarkaðssetningu landsins sem áfangastaðar ferðamanna.

Eins og hv. fyrirspyrjandi sagði eru flestar farþegaflugvélar orðnar svo langdrægar að þær þurfa ekki að millilenda á ferð sinni yfir Atlantshafið þannig að helsta leiðin til að auka umferð inn á flugvöllinn er að ferðamenn sæki Ísland heim. Aukinn áhugi erlendra ferðamanna á landinu hefur því sjálfkrafa áhrif á flugumferð um Keflavíkurflugvöll.

„Iceland Naturally" er dæmi um víðtækt landkynningarverkefni sem íslensk stjórnvöld, Flugleiðir, Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. (FLE) og mörg útflutningsfyrirtæki taka þátt í um þessar mundir. Verkefnið felst í markaðssetningu landsins gagnvart Bandaríkjunum. Aðkoma FLE fyrir utan þátttöku í verkefninu í Bandaríkjunum felst í að gera merki átaksins sýnilegt innan flugstöðvarbyggingarinnar og í auglýsingu sem sýnd er í flugvélum Flugleiða.

Þá má nefna samstarf við Reykjavíkurhöfn og aðra aðila sem vinna að því að fá fleiri farþegaskip til Reykjavíkur. Það felur í sér möguleika á aukningu á skiptum á farþegum á Keflavíkurflugvelli þannig að erlendir ferðamenn ferðist með skipi aðra leiðina og flugi hina.

Hvað varðar markaðssetningu gagnvart erlendum flugfélögum þá er markvisst unnið að því að byggja upp tengsl við viðeigandi stjórnendur í flugiðnaði í Evrópu, Norður-Ameríku og víðar, í því skyni að vekja athygli á kostum Keflavíkurflugvallar. Það er m.a. gert á sérstökum fagráðstefnum þar sem þegar hefur komið fram áhugi lággjaldaflugfélaga á notkun Keflavíkurflugvallar.

Hvað varðar annað atriðið í fyrirspurninni þá vil ég taka fram að samkeppni í flugafgreiðslu hefur þegar haft jákvæð áhrif á samkeppnisstöðu Keflavíkurflugvallar. En betur má ef duga skal. Alþjóðleg þróun hefur verið í átt til lækkunar fargjalda og samsvarandi fjölgunar lággjaldaflugfélaga. Mesti vöxturinn hefur verið hjá slíkum flugfélögum og eins og fyrr sagði hefur Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli og FLE hafið viðræður við sum þeirra. Því hefur verið haldið fram að Keflavíkurflugvöllur sé óeðlilega dýr og hamli flugi lággjaldaflugfélaga.

Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir í svari við fyrirspurn á Alþingi sl. vor þá sýndi úttekt fyrirtækisins Deloitte & Touche í byrjun árs 2002 að af 12 flugvöllum í Evrópu og Bandaríkjunum sem bornir voru saman var Keflavíkurflugvöllur sá fimmti lægsti í gjaldtöku. Það er því alls ekki sjálfgefið að samhengi sé milli opinberra flugvallargjalda og áhuga lággjaldaflugfélaga á notkun vallarins, enda fleiri þættir sem ráða úrslitum þegar slík félög hafa tekið ákvörðun um notkun flugvalla.

Hvað varðar flugvallarskattinn sem er innheimtur af farþegum á grundvelli laga nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum þá hefur Eftirlitsstofnun EFTA gert athugasemd við mismunandi flugvallarskatta eftir því hvort um utanlands- eða innanlandsflug er að ræða eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda.

Um þessar mundir er unnið að því í samstarfi við viðeigandi ráðuneyti að kanna hvaða leiðir kunna að vera færar til breytinga og er þeirri vinnu því miður ekki lokið. Að mati utanrrn. er eðlilegast að sömu gjöld verði innheimt í utanlands- og innanlandsflugi. Við núverandi kringumstæður er nærtækast að lækka gjöld á utanlandsflugi til samræmis við það sem tíðkast í innanlandsflugi, enda er ekki grundvöllur til hækkana þar. Ef ákveðið verður að fara þessa leið mundi það fela í sér umtalsverða breytingu fyrir millilandaflug án þess að um ríkisstyrk væri að ræða.

Hvað varðar þriðja lið fyrirspurnarinnar þá er enginn flugvallarskattur greiddur á flugvöllum í Kaupmannahöfn og Frankfurt, en 1.250 kr. fyrir hvern fullorðinn farþega á Keflavíkurflugvelli. Þess ber þó að geta að flugvallarskattur er einungis hluti af venjulegum flugvallarfargjöldum og í Kaupmannahöfn og Frankfurt eru greidd lendingargjöld, afgreiðslugjöld, öryggisgjöld og innritunargjöld eins og venja er á alþjóðaflugvöllum.

Í þessu sambandi má ekki gleyma því að umferðarþungi á alþjóðaflugvöllum gefur augljóslega svigrúm til niðurfellingar eða lækkunar sumra gjalda því öryggis- og þjónustuaðilar eru þeir sömu óháð stærð. Þannig fara 18 milljónir farþega um Kaupmannahafnarflugvöll, 45 milljónir um flugvöllinn í Frankfurt en einungis 1,3 milljónir farþega um Keflavíkurflugvöll, sem er að sjálfsögðu mjög mikið miðað við fólksfjölda á Íslandi.

[15:11]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Ég er ánægður með það að af hálfu ráðuneytisins hafi verið mörkuð afstaða til þess að samræma gjöld á flugvöllum, óháð því hvort þau eru lögð á innanlands- eða utanlandsflug, sem þýðir að sjálfsögðu lækkun á flugvallargjöldum á Keflavíkurflugvelli og ætti því að geta lækkað þann kostnað sem er á hvern farþega sem fer í gegnum flugvöllinn.

Það er að sönnu rétt og auðvitað nauðsynlegt að auka markaðssetningu á Íslandi sem ferðamannalandi þannig að menn hafi sérstaka ástæðu til að koma til Íslands, en það sé ekki háð millilendingum. Það er augljóst að mörg af þeim flugfélögum sem nú lenda hér, m.a. kanadíska flugfélagið, gera það vegna nauðsynjar á millilendingu að setja upp áætlun hingað. En ef þessari flugvélagerð yrði breytt þannig að hún tæki meira eldsneyti þá þyrfti hún í sjálfu sér ekkert að

lenda hér og mundi þess vegna sleppa þessari millilendingu. Þannig er þetta í mjög mörgum tilfellum og okkur er því náttúrlega mikill vandi á höndum.

Ég fagna því mikla starfi sem unnið er af hálfu utanrrn. og flugmálayfirvalda í því að markaðssetja landið. Það hefur verið gert með ýmsu móti, með auglýsingum og með kynningu, bæði samgrn. og utanrrn., af flugvallarstarfsmönnum sjálfum. Það þarf mikið til og allt það starf sem unnið hefur verið af Flugleiðum er mjög þakkarvert.

Alþjóðasakamáladómstóllinn.

Fsp. ÞSveinb, 179. mál. — Þskj. 180.

[15:13]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Þann 1. júlí sl. tók Alþjóðasakamáladómstóllinn formlega til starfa í Haag í Hollandi. Dómstólnum er ætlað að rannsaka og ákæra einstaklinga sem taldir eru hafa gerst sekir um glæpi gegn mannkyni, þjóðarmorð eða stríðsglæpi. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu dómstólsins hafa 139 ríki skrifað undir sáttmála um stofnun hans og 87 hafa nú þegar staðfest þann samning. Þess má geta að Ísland var tíunda ríkið til þess að staðfesta hann.

Stofnun Alþjóðasakamáladómstólsins á sér áratugalangan aðdraganda, en með henni myndaðist loks skýr pólitískur vilji á alþjóðlegum vettvangi til þess að binda enda á refsileysi einstaklinga þegar um er að ræða stórkostlega glæpi eins og þá sem að ofan voru nefndir.

Á liðnu ári stóðu miklar deilur á milli Bandaríkjastjórnar og annarra ríkja, aðallega Evópusambandsríkja og Kanada, vegna kröfu Bandaríkjanna um undanþágu fyrir bandaríska þegna frá lögsögu dómstólsins, en þau hafa á undanförnum mánuðum þrýst á ríki til þess að gera tvíhliða samninga sem veita bandarískum ríkisborgurum undanþágu frá framsalskröfu dómstólsins og m.a. sent sérstakan erindreka sinn um allan heim til þess að reyna að ná samningum við ríkisstjórnir um það, þ.e. um það að aðrar ríkisstjórnir framselji ekki bandaríska þegna til dómstólsins né rétti yfir þeim í eigin landi, en óhætt er að fullyrða að með kröfugerð sinni grafi Bandaríkjastjórn undan starfi og lögmæti Alþjóðasakamáladómstólsins.

Að því ég best veit hafa Bandaríkin nú þegar gert slíka samninga við um tvo tugi landa. Þar á meðal eru Ísrael, Afganistan, Austur-Tímor, Tadsjikistan og Úsbekistan, sem sum hver hafa ekki eini sinni undirritað sáttmálann um dómstólinn.

Herra forseti. Í septemberlok á síðasta ári náðist samkomulag á utanríkisráðherrafundi Evrópusambandsins um að koma til móts við kröfur Bandaríkjastjórnar með því að samþykkja að aðildarríki gætu hvert fyrir sig samið um afnám framsalskröfunnar en þá aðeins ef hermenn eða diplómatar ættu í hlut. Ákvörðun ráðherrafundar Evrópusambandsins hefur verið gagnrýnd af mannréttindasamtökum um allan heim, en viðbrögð Bandaríkjastjórnar voru að segjast mundu hunsa samþykki ESB, með öðrum orðum, herra forseti, að halda fast í fyrri kröfur.

Í ljósi alls þessa vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh. hvort bandarísk stjórnvöld hafi farið fram á viðræður við íslensk stjórnvöld um tvíhliða samning um friðhelgi bandarískra þegna fyrir Alþjóðasakamáladómstólnum?

[15:16]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Sem kunnugt er hafa bandarísk stjórnvöld farið þess á leit við stjórnvöld annarra ríkja að gerðir verði tvíhliða samningar milli Bandaríkjanna og viðkomandi ríkja er feli í sér gagnkvæma skuldbindingu samningsríkjanna um að afhenda ekki þegna hvors annars til Alþjóðlega sakamáladómstólsins. Bandarísk stjórnvöld afhentu íslenskum stjórnvöldum drög að slíkum tvíhliða samningi til athugunar í júlí sl. og hafa bandarískir embættismenn í kjölfarið kynnt málið á óformlegum fundum með íslenskum embættismönnum. Skrifstofa þjóðréttarfræðings utanríkisráðuneytisins hefur málið til skoðunar.

Norrænu ríkin hafa haft samráð sín á milli um málið, en sjónarmið þeirra í málefnum Alþjóðlega sakamáladómstólsins fara mjög saman. Norðurlöndin hafa jafnframt fylgst náið með ítarlegri skoðun Evrópusambandsins á málinu. Niðurstaða sambandsins er sú að það mundi fara í bága við skuldbindingar aðildarríkja Rómarsamþykktarinnar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn að gera tvíhliða samning við Bandaríkin á grundvelli núverandi samningsdraga.

Hins vegar hefur Evrópusambandið lýst yfir vilja til þess að halda áfram að ræða þær áhyggjur sem bandarísk stjórnvöld hafa af því að dómstóllinn verði hugsanlega misnotaður í pólitísku skyni gegn bandarískum þegnum og leitað leiða til að koma til móts við sjónarmið þeirra. ESB hefur tilgreint ákveðin grundvallaratriði sem það telur að hugsanlegir tvíhliða samningar aðildarríkja sambandsins við Bandaríkin verði að virða og jafnframt samþykkt ítarlegri leiðbeinandi meginreglur fyrir aðildarríkin í þessu sambandi.

Við teljum innlegg Evrópusambandsins í þessu máli vera gagnlegt og leggjum áherslu á að fylgjast áfram með þróun málsins á vettvangi sambandsins og halda áfram samráði við hin norrænu ríkin.

Af Íslands hálfu er lögð áhersla á að standa vörð um Rómarsamþykktina um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, en jafnframt teljum við rétt að haldið verði áfram að ræða áðurnefndar áhyggjur bandarískra stjórnvalda og leita leiða til að koma til móts við sjónarmið þeirra.

[15:19]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu ber íslenskum stjórnvöldum að standa vörð um Rómarsamþykktina sem við höfum bæði undirritað og samþykkt eða fullgilt á hinu háa Alþingi.

Ég verð að segja alveg eins og er að mig óraði ekki fyrir því svari sem hæstv. utanrrh. kom hér með, þ.e. að það væri til athugunar hjá ríkisstjórn Íslands að verða við kröfum ríkisstjórnar Bandaríkjanna í þessum efnum. Ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að með því að taka það til athugunar að gera slíkan tvíhliða samning sem á að undanskilja bandaríska þegna frá framsalskröfunni — gott og vel, hæstv. utanrrh. benti á að reglurnar sem ráðherrar ESB samþykktu í haust væru gagnlegt innlegg í þessa umræðu, enda eru þær það. En þar sem það er jafnframt til umræðu af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að gera tvíhliða samning við Bandaríkin um að um bandaríska þegna gildi ekki sömu reglur þegar kemur að því að rétta í glæpum, stríðsglæpum, fjöldamorðum, glæpum gegn mannkyni, þá verð ég að spyrja mig, hæstv. forseti: Á hvaða leið erum við þá?

Ég get skilið að menn hafi áhyggjur af því að Alþjóðasakamáladómstóllinn gæti verið misnotaður af pólitískum

ástæðum. En það á jafnt við um öll þau ríki sem í honum taka þátt. Það á ekkert meira við um Bandaríkin en önnur ríki sem undirritað hafa og staðfest samninginn um Alþjóðasakamáladómstólinn. Ég verð því að lýsa miklum vonbrigðum mínum með það svar sem hér hefur verið gefið af hæstv. utanrrh.

[15:21]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. er ekki mikið fyrir að reyna að leita diplómatískra lausna á erfiðum alþjóðamálum. Vonandi lærir hún eitthvað í framtíðinni í því sambandi. Til þess að ná fram mikilvægum málum þarf samstarf á milli ríkja. Það þarf líka samstarf við Bandaríki Norður-Ameríku.

Bandaríki Norður-Ameríku eru voldugasta ríki í heimi. Það liggur ljóst fyrir. Og það er afskaplega mikilvægt að Bandaríkin taki þátt í þessu starfi, taki þátt í starfi Alþjóðlega sakamáladómstólsins og taki þátt í friðargæslu í heiminum. Það er afstaða okkar eins og annarra Norðurlandaþjóða, annarra Evrópuþjóða, að rétt sé að halda áfram að ræða þessi mál við Bandaríkin og tryggja samstarf Evrópuþjóða og Bandaríkjanna á þessum vettvangi.

Ég sagði jafnframt að við teldum nauðsynlegt að standa vörð um Rómarsamþykktina um Alþjóðlega sakamáladómstólinn. Það lá alveg fyrir í mínu máli. Eins og aðrar Evrópuþjóðir viljum við leita að lausn í þessu máli. En mér heyrist að hv. þm. vilji ekki leita neinna lausna í málinu. Ég held að hv. þm. kæmist afskaplega skammt í alþjóðamálum með þá afstöðu sem hún hefur til stórmála eins og þessa sem hér er rakið. Miðað við málflutning hennar þá held ég að það fyndist nú ekki lausn í mörgum málum ef slík sjónarmið væru ráðandi.

Hvalveiðar.

Fsp. SvanJ, 330. mál. — Þskj. 360.

[15:24]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Í lögum um hvalveiðar frá 1949 er tekið fram í 1. gr. að þeir einir sem fengið hafa leyfi sjávarútvegsráðuneytisins hafi rétt til að veiða hvali hér við land.

DV hafði það eftir sjútvrh. í sumar að eftir því sem hann best vissi hefði aldrei verið gefið út leyfi fyrir veiðum á smáhvelum og ekki verið sótt um þau heldur nema e.t.v. vegna rannsóknarverkefna. Þessar upplýsingar gaf ráðherrann vegna fréttaflutnings blaðsins af ítrekuðum veiðum á smáhvelum inni á Eyjafirði. Í viðtalinu kom jafnframt fram hjá ráðherra að ef menn hefðu áhyggjur af þessu ættu þeir að snúa sér til lögreglunnar.

Þess vegna er ástæða til að spyrja, herra forseti: Hver hefur eftirlit með því að veiðar á smáhvelum séu ekki stundaðar án leyfa? Er það bara lögreglan? Hefur Fiskistofa hér ekkert hlutverk? Í öðru lagi: Hvernig hafa svona brot verið meðhöndluð ef það er ljóst að það hefur komið fram kæra?

Það er jafnframt ljóst, herra forseti, að hvalaskoðunarfyrirtækin telja hagsmunum sínum ógnað ef ekki er farið að lögum og þá settar reglur um nýtingu hvalastofnanna, hvort heldur er til að sýna eða veiða, a.m.k. fari það ekki saman að byggja upp þessa mikilvægu grein ferðaþjónustunnar og að ólöglegar og eftirlitslausar veiðar á hvölum séu jafnframt stundaðar á slóðinni.

Fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar byggja afkomu sína á þeirri nýtingu hvalastofnanna hér við land að sýna þá bæði innlendum og erlendum ferðamönnum og hefur Ísland verið talið einn besti hvalaskoðunarstaður í heimi, enda hefur vöxtur í greininni verið hreint ævintýralegur. Fjöldi þeirra sem fara í hvalaskoðunarferðir hefur nær þrítugfaldast á innan við áratug. Beinar tekjur af hvalaskoðun eru taldar hafa numið um 800 milljónum á síðasta ári og í Fréttablaðinu í dag tala menn um 800–1.300 millj. kr.

Herra forseti. Það er afar mikilvægt að stjórnvöld skoði í fullri alvöru hvernig bregðast á við veiðum smáhvela við landið og hvort hægt er að nýta þessa auðlind þannig að hvalaskoðunarfyrirtækin geti dafnað í samræmi við þann mikla áhuga sem er á tilboðum þeirra og að veiðar á smáhvelum geti jafnframt farið fram sé það vilji stjórnvalda, en þá undir eftirliti og án þess að það valdi truflun við sýningu dýranna.

Engin gögn liggja fyrir um að þetta tvennt geti farið saman, en mikið er talað um að það geti ekki farið saman þannig að það þarf augljóslega að setja reglur, bæði um hvalaskoðun og veiðar, ef það er vilji stjórnvalda að veiðar á smáhvelum haldi áfram.

Ég vil þess vegna kalla fram viðhorf hæstv. sjútvrh. til þess einnig hvort hann telji að veiðar á smáhvelum og hvalaskoðun geti farið saman og hvort það er þess vegna sem ekkert hefur verið gert og svo einnig hvort ráðherrann fyrirhugi endurskoðun á lögunum um hvalveiðar, m.a. með tilliti til mismunandi nýtingar hvalastofnanna.

Nú er ljóst að Íslendingar stefna á hvalveiðar þannig að það er mjög mikilvægt að þessi mál verði skoðuð með tilliti til þess að þeir sem nú eiga mikilla hagsmuna að gæta varðandi nýtingu hvalastofnanna fái áfram notið þeirrar atvinnu sem þeir hafa við það.

[15:27]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir fyrirspurnina. Lög um hvalveiðar eru frá því 1949. Þau voru sett vegna inngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið og þau taka til þeirra hvalategunda sem hvalveiðiráðið fjallar um. Þeim hefur verið beitt á þann hátt að þegar ákvarðanir hafa verið teknar á vegum hvalveiðiráðsins þá hefur reglugerðarákvæðum verið beitt með heimild í þessum lögum. Því má segja að beiting laganna hafi nánast einskorðast við að bregðast við ákvörðunum sem teknar hafa verið hjá Alþjóðahvalveiðiráðinu.

Smáhveli heyra ekki undir Alþjóðahvalveiðiráðið og þessum lögum hefur aldrei verið beitt gagnvart smáhvelum af hálfu ráðuneytisins, enda kemur það fram í greinargerð með frumvarpinu að friðunarákvæði skv. b-lið 3. gr., með leyfi forseta, mundi eigi ná til smáhvalaveiða þeirra sem tíðkast hafa hér við land. Þar af leiðandi hafa engin leyfi verið veitt og ekkert eftirlit verið haft með því hvort veiðar séu stundaðar með leyfum, þar sem ekki er um nein leyfi að ræða. Þar af leiðandi er ekki um að ræða brot á þessu að mati ráðuneytisins og því ekki um neina sérstaka meðhöndlun á brotum að ræða.

Síðan er það spurning hvort ráðherra telji að veiðar á smáhvelum og hvalaskoðun geti farið saman. Ég held að það sé ljóst af tilvitnun hv. þm. hér áðan að veiðar á smáhvelum og hvalaskoðun geti farið saman þar sem hvalaskoðun virðist hafa dafnað hér við land á undanförnum árum við þessar aðstæður.

Ég hef ekki myndað mér neina persónulega skoðun á þessu máli umfram þessa að horfa til þessa á þennan hátt og hef ekki látið fara fram neina sérstaka skoðun á þessu. Ef það ætti að gerast þá þyrftu menn alla vega samtímis eða jafnvel fyrr að átta sig á því, þ.e. ef niðurstaðan væri sú að hvalaskoðun og smáhvelaveiðar færu ekki saman, hvort ætti þá að víkja fyrir hinu.

Að lokum að síðustu spurningunni um hvort fyrirhuguð sé endurskoðun á lögum um hvalveiðar með tilliti til mismunandi nýtingar hvalastofnanna. Ekki er fyrirhuguð endurskoðun með tilliti til mismunandi nýtingar hvalastofnanna. Hins vegar er fyrirhuguð endurskoðun á lögunum um hvalveiðar ef þróun mála hvað varðar hvalveiðar við landið verður það jákvæð að nauðsynlegt sé að endurskoða lögin vegna þess að hvalveiðar, og þá er ég að tala um stórhveli sem heyra undir Alþjóðahvalveiðiráðið, hefjist á einhvern þann hátt sem fellur að aðild okkar að Alþjóðahvalveiðiráðinu.

[15:31]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda, Svanfríði Jónasdóttur, fyrir þessar fyrirspurnir, en eins og fram kom í máli hennar hefur afskaplega myndarlega verið staðið að uppbyggingu á hvalaskoðunarfyrirtækjum hér við land og má nefna Húsavík þar sem dæmi.

En ég get ekki tekið undir þær gagnrýnisraddir sem heyrst hafa um það að hvalveiðar muni leggja hvalaskoðunarfyrirtæki í rúst því að auðvitað er ekki verið að skjóta hvali á sömu svæðum og hvalaskoðunarfyrirtækin hafa vanið komur sínar á, langt því frá. Ég legg áherslu á að gott samráð og samstarf sé haft við aðila í ferðaþjónustu þegar og ef að því kemur að hvalveiðar hefjist að nýju.

Vísindanefnd NAMMCO fjallaði um ástand hrefnustofnsins á fundi árið 1997 og niðurstaðan var í stuttu máli sú að hvort sem litið var á Mið-Atlantshafsstofninn í heild sinni eða eingöngu á stofninn á íslenska strandsvæðinu væri stofnstærðin nú nálægt því sem talið er að hún hafi verið áður en veiðar hófust. Þær veiðar sem stundaðar voru úr stofninum meginhluta síðustu aldar hafa því samkvæmt þessu haft hverfandi áhrif á stofnstærðina.

[15:32]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Veiðar á smáhvölum hér við land hafa tíðkast áratugum ef ekki árhundruðum saman og ævinlega, held ég, hefur verið litið svo á í framkvæmdinni að þær teldust mönnum frjálsar. Sá sem hér stendur hefur iðulega skotið sér hnísu í soðið og hyggst halda því áfram hvað svo sem menn gera í þessu, og telur að hann hafi þar sér til fulltingis m.a. lög um hefð frá 1906.

Ég held að vaxandi hvalaskoðun hér við land sé bara af hinu góða og sú atvinnustarfsemi eigi vel að geta blómstrað í sátt við þá náttúrunýtingu sem menn hafa viðhaft hér á landi um aldir. Ég tel að það væri afturför ef mönnum væri bönnuð eða meinuð nýting smáhvelanna með þeim hógværa hætti sem ég held að reyndar hafi viðgengist hér hjá veiðimönnum.

[15:34]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Vandinn sem hér er við að glíma er ekki sá að það kunni að vera skotið eitt og eitt smáhveli. Vandinn er sá að það er ekki skotið nóg af hvölum hér við land. Um það snýst þetta mál auðvitað. (Gripið fram í.) Þess vegna finnst mér þessari umræðu svolítið vera snúið á hvolf.

Ég tek mjög undir það sem hv. 4. þm. Vestf. sagði hér áðan. Þetta er hluti af þeirri nýtingu sem hefur viðgengist hér við land og er auðvitað ekki neitt vandamál í því sambandi. Við getum haldið áfram þessum eðlilega lífsmáta án þess að það komi á nokkurn hátt við aðra atvinnustarfsemi í landinu. Stóra málið núna er einfaldlega það að við höldum áfram að vinna að nýtingarstefnu okkar og vinna því fylgi sem við viljum, þ.e. að hefja hvalveiðar hér við land.

[15:34]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Það fer ekki á milli mála, herra forseti, að leifar veiðimannasamfélagsins ná enn inn á hv. Alþingi og það er vel. Þetta mál snerist bara ekki um það sem hv. síðasti ræðumaður var að fjalla um, þ.e. hvalveiðar eða ekki hvalveiðar, hreint ekki, heldur miklu frekar hitt: Hvernig getum við komið málum þannig fyrir að hvalveiðar og hvalasýningar geti hvorutveggja átt sér stað?

Herra forseti. Í dag hafa fjöldamargir atvinnu af hvalaskoðun og hvalasýningum og þetta skiptir verulegu máli í efnahag margra sveitarfélaga og fyrirtækja innan þeirra. (**Gripið fram í:** Og Norðmenn.) Það er með þessum hætti sem við erum að nýta hvalastofninn í dag.

Svo langar mig vegna þessarar umræðu um veiðar á smáhvelum að ítreka það að ég er ekki á móti veiðum á smáhvelum. En ég spyr, herra forseti: Eru þetta einu dýrin sem engar reglur þurfa að gilda um hvernig eru veidd? Ef menn ætla að fá að veiða hér spendýr eða fugla þá þurfa þeir veiðikort. Menn geta ekki bara vaðið hér um og hagað sér eins og dónar í náttúrunni, eins og því miður eru dæmi um. Þarf ekki reglur um þessar veiðar líka, herra forseti, eða á að skilja smáhvelin eftir til þess að menn geti fengið þar þá útrás sem þeir telja sig þurfa að fá, en fá kannski ekki þar sem reglur hafa verið settar?

Herra forseti. Ég skora á hæstv. sjútvrh., ef hann yfir höfuð lítur þá svo á að smáhveli heyri undir hans ráðuneyti, að snúa sér að því að móta reglur um veiðar þessara dýra þannig að þetta geti farið saman, vegna þess að þó að hvalaskoðunarfyrirtækin hafi blómstrað þá er það nú einu sinni svo, og það veit hæstv. sjútvrh., að það eru þarna árekstrar sem eiga ekki að eiga sér stað, þurfa ekki að eiga sér stað og hægt er að koma í veg fyrir.

[15:36]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég lít nú ekki á þetta sem eins stórkostlegt vandamál og fram kemur hjá hv. þm. Eins og fram kom í fyrri ræðu hv. þm. þá hefur hvalaskoðun á Íslandi bara blómstrað býsna vel þrátt fyrir að smáhvelaveiðar séu ekki leyfisbundnar.

Auðvitað þarf kannski stundum að velta því fyrir sér hvort það þurfi að setja reglur og hvort leyfisbinda þurfi einhverja hluti. En það er, held ég, út af fyrir sig alveg nýtt ef veiðar á smáhvelum við Ísland eru eitthvert vandamál (Gripið fram í.) og klárlega eru þær ekki vandamál út frá sjónarmiði hvalaskoðunar miðað við þær tölur sem hér voru nefndar.

Þó að það sé auðvitað þannig að við þurfum að setja reglur og leyfisbinda ýmsa hluti þá þurfum við líka að huga að því að ástæður séu fyrir því. Eins og staðan er í dag þá sé ég ekki neina brýna nauðsyn til þess að gripið sé inn í þetta mál. Vera kann að það breytist. En ég lít svo á að það

sé þeirra sem telja að hér sé um brýnt eða stórt vandamál að ræða að sýna þá fram á það að nauðsynlegt sé að grípa inn í það með lögum eða reglugerðum.

Heilsugæsla, félagsþjónusta og öldrunarþjónusta.

Fsp. ÁMöl, 449. mál. — Þskj. 644.

[15:38]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Um langt árabil hefur verið rætt um aukna samræmingu á félagsþjónustu við aldraða á vegum sveitarfélaga og heimahjúkrunar og þjónustu öldrunarstofnana sem eru á vegum ríkisins. Ég hef ekki lengur tölu á þeim fjölda funda og ráðstefna sem ég hef setið á síðustu tveim áratugum sem hafa ályktað í þessa veru. En samt hefur hægt miðað.

Núverandi fyrirkomulag um rekstur þjónustu við aldraða er sígilt dæmi um tvískipta ábyrgð ríkis og sveitarfélaga. Sveitarfélögin bera ábyrgð á og fjármagna alla félagslega þjónustu við aldraða en ríkið ber ábyrgð á og fjármagnar rekstur heimahjúkrunar og öldrunarstofnana. Það er því enginn hvati fyrir sveitarfélögin að efla félagsþjónustu á sínum vegum til að draga úr þörf fyrir stofnanaþjónustu fyrir aldraða.

Afleiðingin er sú að hlutfall aldraðra á stofnunum hér á landi er mun hærra en á hinum Norðurlöndunum. Til dæmis eru um 25–75% fleiri aldraðir yfir 80 ára á öldrunarstofnunum hér á landi en annars staðar á Norðurlöndunum. Það bendir til að allt of mikil áhersla sé lögð á það hér á landi að beina öldruðum á öldrunarstofnanir, á dýrustu þjónustuna. Því er ljóst að áherslubreytinga er þörf í þessum málaflokki.

Á síðustu rúmum tíu árum hefur farið fram merkileg tilraun undir merkjum reynslusveitarfélaga á þessu sviði. Tvö sveitarfélög, Akureyrarbær og Hornafjarðarbær, tóku yfir og sameinuðu rekstur öldrunarmála og heilsugæslu. Markmið sveitarfélaganna var fyrst og fremst að draga úr stofnanadvöl með eflingu og samhæfingu heimaþjónustu. Markmið heilbrrn. var hins vegar að leggja grunn að framtíðarskipan verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga á sviði öldrunar- og heilbrigðismála.

Í skýrslu félmrn. frá árinu 2000 er lagt mat á árangur af þessari tilraun. Niðurstaðan er m.a. eftirfarandi:

Í fyrsta lagi: Heimaþjónusta og heimahjúkrun fyrir aldraða jókst á reynslutímabilinu jafnframt sem dró úr stofnanaþjónustu.

Í öðru lagi: Þeir sem lögðust inn á öldrunarstofnanir til langdvalar eru veikari en áður, sem bendir til þess að markmiðið um að gera einstaklingum kleift að búa lengur heima hjá sér hefur náðst.

Í þriðja lagi: Nýting opinberra fjármuna til öldrunarþjónustu var betri. Framlag ríkisins til reksturs öldrunarþjónustu í þessum sveitarfélögum lækkaði um 4,5–4,8% að raunvirði á árunum 1997–1999, m.a. vegna breyttra áherslna. Þá má m.a. nefna að fjöldi þeirra sem njóta heimahjúkrunar jókst um 30–40% milli áranna 1996–1999 í þessum sveitarfélögum og hvíldarinnlagnir aldraðra á Hornafirði jukust um 400% á reynslutímabilinu.

Í fjórða lagi batnaði þjónusta við aldraða.

Í ljósi þessa góða árangurs hjá reynslusveitarfélögunum, sem ég nefndi hér áðan, af samræmingu á þessum þjónustuþáttum varpa ég fram þeirri fyrirspurn til heilbrrh. hvort hann telji að flytja eigi þessa þætti á eina hendi til sveitarfélaga og hvort hæstv. heilbrrh. telji að næg þekking og reynsla hafi fengist með reynslusveitarfélagaverkefninu til að halda áfram á þessari braut.

[15:41]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 19. þm. Reykv. hefur beint til mín svohljóðandi fyrirspurn:

„Telur ráðherra að flytja eigi félagsþjónustu, öldrunarþjónustu og heilsugæslu á eina hendi til sveitarfélaga í ljósi góðs árangurs af samræmingu þessara þjónustuþátta í reynslusveitarfélögunum Akureyri og Höfn í Hornafirði?“

Eins og þingheimur þekkir var ein meginástæða þess að farið var af stað með tilraunaverkefni reynslusveitarfélaganna sú að skynsamlegt þótti að kanna með þeim hætti hvort rétt væri að flytja ákveðin verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Ætlunin var að láta á það reyna hvort betra væri að sveitarfélögin tækju við þjónustuþættinum, bæði með hagsmuni þeirra í huga sem njóta þjónustunnar og jafnframt hvort það hefði í för með sér hagkvæmari rekstur. Gerður var samningur til nokkurra ára um flutning þessara verkefna og rann samningurinn út um áramótin 2001. Nú standa yfir viðræður um framhald þessara samninga við bæði sveitarfélögin og er þess vænst að samningar takist fljótlega.

Rétt er, eins og fram kemur í fyrirpsurninni, að árangur þessarar tilraunar hefur að mörgu leyti verið góður. Þannig hefur yfirbygging í sumum tilfellum minnkað og betri nýting ýmiss konar sérfræðiþekkingar hefur náðst. Oft er nefnt að betri yfirsýn yfir málefni einstaklinga hafi í för með sér að þeir fái frekar samfellda þjónustu sem hæfi vanda þeirra. Einnig hafa ýmsar áherslur breyst í rekstri þjónustunnar. Meiri áhersla hefur verið lögð á þjónustu í heimahúsum en minni á stofnanaþjónustu. Þar fyrir utan er þjónusta af þessu tagi dæmigerð nærþjónustua sem á að vera sveigjanleg og löguð að aðstæðum í hverju samfélagi fyrir sig og ætti *í eðli sínu að vera betri en sú þjónusta sem veitt er með* miðstýrðum og stöðluðum hætti.

Hins vegar þótti ljóst þegar samningstímabilið rann út um áramót 2001–2002 að ekki lægju fyrir nægilega ítarlega upplýsingar um árangur til að draga mætti rökstuddar ályktanir um flutning þessara verkefna á landsvísu. Svo stórfelldur flutningur verkefna milli opinberra aðila þarfnast mikils undirbúnings því að mikið er í húfi að vel til takist. Einfaldara er að laga ýmis skipulagsatriði þegar um er að ræða smærri einingar en þegar breytingar þarf að gera um land allt. Var því ákveðið að halda verkefninu áfram og framlengja samninga að yfirstandandi endurskoðun lokinni. Jafnframt var ákveðið í ljósi hins góða árangurs að halda áfram að undirbúa samræmingu margvíslegrar þjónustu sem nú er veitt af ýmsum aðilum.

Ég tel í þessu sambandi rétt að minna á að 19. nóv. sl. var undirrituð yfirlýsing ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara sem endurspeglaði samkomulag um aðgerðir ríkisvaldsins í málefnum aldraðra næstu tvö til þrjú árin. Í tillögum samráðshóps um málefni eldri borgara er lagt til að heimaþjónusta við aldraða verði efld verulega frá því sem nú er með það að markmiði að aldraðir geti dvalist sem lengst á eigin vegum utan stofnana. Til þess að ná þessu markmiði taldi hópurinn mikilvægt að einn aðili væri ábyrgur fyrir þjónustunni hvort sem um væri að ræða hjúkrun, aðhlynningu eða aðstoð við heimilishald. Lagt var til að stjórnvöld

beittu sér fyrir samtvinnun þessarar þjónustu undir sameiginlegri stjórn þar sem einn aðili væri ábyrgur fyrir framkvæmd og fjárhag.

Í framhaldi af tillögum samráðshópsins hefur verið samþykkt að leggja fjármagn til þess að samþætta félagsþjónustu sveitarfélaganna og heimahjúkrun á vegum heilsugæslustöðva.

Eins og þingheimi er kunnugt hef ég í störfum mínum lagt ríka áherslu á eflingu þjónustu við sjúka í heimahúsum og tel að það sé skynsamlegt og hagkvæmt. Til að hrinda í framkvæmd tillögu samráðshópsins um málefni eldri borgara hef ég ákveðið að setja á stofn nefnd til þess að fara yfir með hvaða hætti best væri að standa að þessari samþættingu og mun nefndin taka til starfa innan tíðar. Er henni ætlað að ljúka störfum innan skamms tíma og skila ráðherra tillögum um hvernig skipulagi þjónustunnar verði best fyrir komið.

Herra forseti. Þrátt fyrir góðan árangur af samþættingu félagsþjónustu, öldrunarþjónustu og heilsugæslu í reynslusveitarfélögunum tel ég ekki tímabært á þessari stundu að taka ákvörðun um að flytja alla þessa þjónustu á eina hendi til sveitarfélaganna, en ég tel vel koma til greina að stefna að því þegar meiri reynsla hefur fengist.

Þá er mikilvægt að fá fram sem fyrst tillögur um yfirstjórn í heimaþjónustu við aldraða, en nefnd sem falið hefur verið að undirbúa þær er um það bil að hefja störf eins og ég hef áður sagt. Vænti ég að á grundvelli þeirra tillagna megi samræma þessa þjónustuþætti og ná fram enn betri árangri bæði í rekstri og gæðum þjónustu.

[15:46]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að vekja athygli á þessu mikilvæga máli. Eins og kom fram hjá henni hefur þessi samþætting komið afar vel út á Hornafirði og það kom mjög skýrt fram í viðhorfskönnun sem viðhöfð var hjá íbúum Hornafjarðar að þeir voru mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag. Eins hefur það heyrst frá bæjaryfirvöldum að þau eru mjög ánægð með þetta. Með aukinni heimaþjónustu og heimahjúkrun hefur innlögnum fækkað sem hlýtur að vera aðalmarkmiðið, að fólk geti verið sem lengst heima hjá sér með hjálp sem oft þarf ekki að vera mjög mikil en er mjög mikilvæg og það er nauðsynlegt að halda þessu starfi áfram. Eins og kom fram hjá hv. ráðherra þá veit ég að hann er að vinna vel að þessum málum.

[15:47]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ég vil líka þakka fyrir að þetta mál sé reifað hér. Ég verð að taka undir þau sjónarmið sem segja að það sé eðlilegt að sveitarstjórnir hafi á hendi verkefni af þessu tagi, þ.e. heilsugæslu, félagsþjónustu og öldrunarþjónustu. Víðast hvar er það svo að sveitarstjórnir, sérstaklega á þéttbýlissvæðum, geta gjarnan og vilja sinna verkefnum af þessu tagi en með því að færa verkefnin til sveitarfélaganna og til einstaklinga færist allur málaflokkurinn nær almenningi og auðveldara er að taka ákvarðanir heima fyrir en í miðstýrðri þjónustu hjá ríkinu. Ég vil því hvetja til þess að við endurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu verði sérstaklega tekið á þessum þætti.

[15:48]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Þegar við ræðum þessi mál að færa verkefni yfir á sveitarfélögin, þá er mjög brýnt að hafa það í huga að sveitarfélögin hafi tekjur til þess að geta uppfyllt þær skyldur og kröfur sem lagðar eru á þau. Því miður hefur það verið svo að sveitarfélögin hafa kvartað undan því að í samskiptum sínum við ríkið og ríkisvaldið hafi þau ekki haft nægt fjármagn til að sinna lögbundnum verkefnum sínum. Í þeirri umræðu hljótum við að leggja mjög mikla áherslu á að tekjustofnar sveitarfélaganna verði bættir og auknir til þess að hægt sé að sinna þessu því þegar þjónustan færist nær fólkinu og sveitarstjórnunum er náttúrlega ljóst að fólkið þekkir vandann betur þar sem að kreppir og er það mjög vel. Ég þakka því fyrir þessa fyrirspurn.

[15:50]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég tek undir orð hæstv. heilbrrh. hvað varðar þessi mál, samhæfingu félagsþjónustu, öldrunarþjónustu og heilsugæslu. Þau tilraunaverkefni sem sett hafa verið á hjá nokkrum sveitarfélögum hafa gengið þokkalega. Þegar ég segi þokkalega þá er helst að fjármagn hafi skort til verkefnisins. En sveitarfélögin eru misjöfn og að mínu mati væri það mjög stórt skref að taka að færa heilsugæsluna alfarið yfir á sveitarfélögin þar sem þau stæðu mjög svo misjafnlega að vígi að taka við þeirri þjónustu. Því tel ég rétt að fara þá leið sem farin hefur verið að bjóða þeim sveitarfélögum sem afl hafa til að taka þessi verkefni að sér, að halda því áfram og fleiri gætu þá bæst við.

[15:51]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þau svör sem hann gaf mér í þessari fyrirspurn og öðrum þingmönnum fyrir þátttökuna í umræðunum.

Í máli hæstv. ráðherra kom fram að hann tók undir hagkvæmni þessa fyrirkomulags sem ég nefndi í ræðu minni, að samþætta þessa þjónustu betur en gert er í dag og færa hana á eina hendi, enda kom það einnig fram í ræðu hæstv. ráðherra að þetta er ein af tillögum starfshóps forsrh. sem skilaði skýrslu í desember sl., þ.e. að samþætta þetta í meira mæli en hingað til, enda er það í samræmi við vilja hinna öldruðu.

Í ræðu hæstv. ráðherra kom einnig fram að ekki væri komin næg reynsla á þetta fyrirkomulag og hann vildi athuga betur hvernig þessu er háttað. Í því sambandi langar mig til að benda á reynslu Akureyrarbæjar, en í gögnum sem við í fjárln. fengum frá Akureyrarbæ í ferð okkar norður síðasta haust kom fram að á síðasta áratug hefur öldrunarrýmum á Akureyri fækkað um 12% á sama tíma og íbúum 67 ára og eldri hefur fjölgað um 16%. Hlutfall þeirra sem eru 80 ára og eldri á stofnunum hefur lækkað verulega. Með samhæfingu þjónustuþátta hefur sveitarfélagið aukið þjónustu við aldraða í heimahúsum með fjölgun dagvistarrýma um 100%, 56% fjölgun þeirra sem njóta heimahjúkrunar og 64% fjölgun þeirra sem njóta stuðnings við heimilishald.

Það er óumdeilt að áherslubreytingin hefur leitt til bættrar þjónustu við aldraða og þeir studdir til að standa lengur á eigin fótum utan stofnana sem er í samræmi við einlægar óskir flestra eldri borgara.

Það er því skoðun mín að komin sé nægileg reynsla til að spýta í lófana til að láta þetta formgera sig sem allra fyrst. Það er engin spurning að þetta er hagkvæmara fjárhagslega og þetta er æskilegra út frá sjónarhorni hinna öldruðu.

[15:53]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hér hafa orðið og hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli.

Ég held að það sé enginn tiltakanlegur ágreiningur hér á ferðinni. Spurningin er hvað á að fara hratt í að koma málum til sveitarfélaganna. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að stefna eigi að því að sveitarfélögin taki þetta yfir. Reynslan af reynslusveitarfélagasamningunum hefur verið slík, alveg óumdeilanlega, og ég er talsmaður þess. Ég neita því ekki að bakslag varð í þessum verkaskiptum þegar hætt var við að flytja málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaganna, mál sem búið var að undirbúa mjög vel en síðan voru stór og fjölmenn sveitarfélög sem treystu sér ekki til að ganga þá götu til enda. Þá varð bakslag í þeim samskiptum en vonandi kemur það andrúmsloft að hægt sé að vinna að þessari verkaskiptingu af fullum krafti.

Ég styð það og ég hef stutt það í gegnum tíðina að auka hlutverk sveitarfélaganna á þessu sviði því ég er sannfærður um að það er grundvallaratriðið til þess að efla sjálfstjórn sveitarfélaganna og forræði yfir eigin málum en til þess þurfa líka sveitarfélögin að sameinast. Það er alveg ljóst. Þau þurfa að sameinast í miklu meira mæli en verið hefur til að taka við þessu. Það er grundvöllurinn til þess að ná árangri í þessu máli. En ég er líka sannfærður um að það verður þróun á næstu árum í sameiningu sveitarfélaga eins og hefur verið, en ég held að það sé enginn verulegur ágreiningur hér uppi.

Uppbygging og rekstur meðferðarstofnana.

Fsp. EKG, 417. mál. — Þskj. 526.

[15:56]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Fyrir fáeinum árum hafði ég forustu um að biðja um skýrslu frá hæstv. heilbrrh. varðandi stöðu meðferðarheimila í landinu. Skýrsla þessi var síðan lögð fram og eftir að hafa farið yfir hana var það niðurstaða okkar fimm hv. þm. að leggja fram till. til þál. um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana.

Allir þekkja dæmi um neikvæðar afleiðingar af neyslu áfengis og vímuefna og við vitum að hið opinbera hefur varið allverulegu fjármagni til þess að stuðla að meðferðarúrræðum og þess vegna skiptir mjög miklu máli til að ná árangri í baráttu við þennan mikla vágest að vel sé að verki staðið og að það sé gert með þeim hætti að það sé bæði hagkvæmt en þó alveg sérstaklega tryggi góðan árangur.

Þegar þessi þróun er skoðuð á undanförnum árum blasir það t.d. við að þær stofnanir sem með einum eða öðrum hætti stunda eða leggja til meðferðarúrræði eru orðnar allmargar og í þessari skýrslu kom fram að hér kunni að vera um að ræða 30 stofnanir, heimili eða deildir sem með einhverjum hætti sinna þessum verkefnum. Kostnaðurinn á þeim tíma sem skýrslan náði til, þ.e. frá árinu 1993 til 2000, hafði vaxið að raungildi um 44%, sem í senn væntanlega endurspeglar vaxandi þörf og kannski líka meiri meðvitund eða vitund fólks um það að bregðast við og leggja til þessi meðferðarúrræði.

Það skiptir því mjög miklu máli hvernig að þessum málum er staðið. Þessari meðferð er sinnt með margvíslegum hætti, bæði af hálfu ríkisins, í samstarfi við áhugamannafélög, í samstarfi við sveitarfélög og fleiri aðila sem að slíkum málum koma. Það sem mér hefur fundist vera ekki alls kostar ljóst er hvernig ákvarðanir eru teknar til að mynda um stofnun þessara meðferðarstofnana. Hver kemur að því, hver ber hina faglegu ábyrgð, hver ber hina fjárhagslegu ábyrgð o.s.frv.?

Öllum er ljóst að meðferðarúrræði þurfa að vera fjölbreytileg til þess að ná árangri en þó er það svo að í skýrslunni sem ég nefndi áðan kom fram að ekki hafi farið fram mat á árangrinum af þessum meðferðum. Þess vegna var sérstaklega fjallað um það í þessari skýrslubeiðni og í þáltill. Því hef ég leyft mér, virðulegi forseti, að leggja fram eftirfarandi spurningu til hæstv. heilbrrh.:

Hvað líður störfum nefndar sem fékk það hlutverk að móta heildarstefnu um uppbyggingu á sviði áfengis- og vímuefnameðferðar og þátttöku ríkisins í stofnkostnaði og rekstri meðferðarstofnana?

[15:59]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að hreyfa þessu mikilvæga máli, en ákvörðun um að stofna nefnd með það markmið að móta heildarstefnu um uppbyggingu á sviði áfengis- og vímuefnameðferðar og þátttöku ríkisins í stofnkostnaði og rekstri meðferðarstofnana var samþykkt á Alþingi 3. maí sl. Í þál. er jafnframt gert ráð fyrir að gert verði árangursmat á meðferðarstofnunum og meðferðarleiðum til að tryggja sjúklingum sem mestan árangur og sem besta nýtingu fjárveitinga til málaflokksins.

Heilbr.- og trmrn. hóf vinnu við þetta verkefni sl. haust en það er mjög viðamikið og krefst góðs undirbúnings ef vel á að vera. Undirbúningshópur í ráðuneytinu fór yfir ýmis fyrirliggjandi gögn og skoðaði þróun málaflokksins á undanförnum árum, m.a. með það í huga að tryggja að vinna sem unnin hefur verið á þessu sviði nýtist til fulls og til að koma í veg fyrir að mistök fyrri ára við slíka skipulagningu verði endurtekin.

Ýmsar úttektir og greiningarstarf hefur verið unnið á fyrri árum, samanber rit heilbr.- og trmrn. frá 1991 um mótun framtíðarstefnu í vímuvörnum, mat dr. Howards Shaffers frá Harvard-háskóla á áfengis- og vímuefnameðferð á Íslandi frá því í nóvember 1997, skýrsla heilbr.- og trmrn. um meðferðarstofnanir samkvæmt beiðni sem lögð var fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi þess, 2000–2001, en í henni eru í viðaukaskrá 65 skýrslur um þessi mál sem m.a. þarf að kanna auk efnis sem komið hefur fram í ljósvakamiðlum og öðrum fjölmiðlum.

Heildarendurskoðun á þessu kerfi þarf að taka til hinnar opinberu þjónustu sem veitt er á þessu sviði og einnig starfa áhugamannahópa og samtaka sem vinna mjög mikið starf. Opinbera þjónustan er veitt mjög víða og er fyrirkomulag hennar með margvíslegum hætti. Starf ýmissa samtaka sem á stundum eru styrkt af hinu opinbera þarf líka að kortleggja en það hefur oft reynst erfitt verk.

Þar sem hér er um flókna þjónustu að ræða og óvenjuviðkvæma lagði undirbúningshópur ráðuneytisins til að fenginn yrði erlendur sérfræðingur hingað til lands til að þróa með ráðuneytinu skynsamlega aðferð til að vinna að þessu verkefni og undirbúa þannig starf þeirrar nefndar sem þál. gerir ráð fyrir. Þegar hafa verið lögð drög að því að fá hann til landsins, og vanda þarf mjög val þess aðila til að tryggja árangur starfa hans. Það þarf að undirbúa komu hans vel og

undirbúa gögn sem nýtast mættu honum. Sú vinna stendur nú yfir.

Í áætlun ráðuneytisins er gert ráð fyrir að sérfræðingur komi hingað til lands í vorbyrjun og nefndin verði endanlega skipuð fyrir páska. Þeir starfsmenn ráðuneytisins sem nú mynda undirbúningshópinn yrðu í nefndinni auk annarra sérfræðinga. Hugsanlega yrði skipuð sérstök undirnefnd til að gera árangursmatið á stofnunum en sá hluti verkefnisins tekur sennilega lengri tíma en aðrir þættir. Miðað er við að nefndin skili í það minnsta áfangaskýrslu fyrir áramót 2003/2004.

Það eru bundnar vonir við að þessi aðferð tryggi að stefnumörkun í málaflokknum reynist raunhæf og að það að nefndarstarfið verði svo vel undirbúið sem raun ber vitni leiði til góðs árangurs.

[16:03]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir að koma með þessa fyrirspurn sem minnir á það að við þurfum að taka til hendinni á þessu sviði í sambandi við áfengis- og fíkniefnamálin. Reyndar er áfengi líka fíkniefni og vímugjafi.

Ég fagna líka því að hæstv. heilbrrh. hefur áhuga á málinu en það er svo sem ekki komið langt á veg. Hæstv. ráðherra talar um að senn sé á leiðinni maður að utan til þess að taka þátt í að móta þessa stefnu. Ég leyfi mér að benda á að hér á landi er töluvert mikil þekking á þessu sviði og það hefur náðst mjög góður árangur hjá t.d. SÁÁ, og tel ég alveg einsýnt að innlendir aðilar hljóti að koma að þessu máli líka.

[16:04]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda, Einari K. Guðfinnssyni, fyrir að vekja máls á þessum mikilvæga málaflokki. Vandinn er vissulega mikill og fer því miður vaxandi og við honum þarf að bregðast hér eftir sem hingað til. Það er áleitin spurning hvort hið opinbera eigi að byggja upp öfluga stofnun og annast meðferðir við ýmiss konar fíkn eða hvort vitlegra sé að ríkið styrki heldur félagasamtök og einkaaðila sem reka ýmiss konar meðferðarstofnanir. Meðferðarúrræði þurfa jú að vera mjög fjölbreytileg. Að sjálfsögðu þarf allt starf er að þessu lýtur að vera faglegt og skila sem bestum árangri fyrir sem flesta. Ég tel að hin ýmsu félagasamtök eins og SÁÁ, Byrgið og ýmis meðferðarheimili skili í heild afar góðu starfi.

[16:05]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn. Það sem hvetur mig til að koma hingað í ræðustól og gera stutta athugasemd er þessi lýsing hæstv. ráðherra á þeirri vinnu sem nú fer fram í ráðuneytinu við að kortleggja alla þessa stöðu. Allur sá fjöldi skýrslna sem búið er að gera lýsir náttúrlega alveg rosalega yfirgripsmiklu verki. Það liggur við að ég hafi orðið hrædd við að hlusta á hæstv. ráðherra lýsa því verkefni sem þessi nefnd, þegar hún verður skipuð, kemur til með að standa frammi fyrir. Nú ætla ég ekki að draga úr hæstv. ráðherra, auðvitað er ég hlynnt því að þetta verk verði unnið en mig langar til að hvetja hann til að halda vel á spöðunum í þessu máli. Það er líka ósköp auðvelt að týna sér í öllum þeim skýrslum sem þegar hafa verið gerðar, í allri analýsunni sem erlendu sérfræðingarnir láta sér detta í hug að gera, í allri bírókratíunni hreint út sagt. Ég hvet hæstv. ráðherra til að halda vöku sinni varðandi þetta mál og sjá til þess að menn geti unnið þetta hratt en vel.

[16:06]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil eingöngu koma hingað upp og þakka kærlega fyrir þær viðtökur sem þessi fyrirspurn mín hefur fengið. Ég varð var við það þegar ég mælti fyrir þáltill. á sínum tíma að hún fékk mjög góðar viðtökur og ég held að fólk hafi almennt áttað sig á því að það væri þýðingarmikið að menn færu vel ofan í þessi mál. Ég tel kannski ekki alveg aðalatriði hvort þessu máli ljúki fyrir eða eftir næstu áramót. Aðalatriðið er að menn komist að skynsamlegri niðurstöðu og vandi sig við þetta. Ég er hins vegar sammála því sem hv. 17. þm. Reykv. sagði áðan, það er kannski ekki alveg þörf á því að skrifa heila doktorsritgerð um málið. Ég held að hægt sé að komast af við þessa stefnumótun án þess og hvet þess vegna hæstv. ráðherra til þess að ýta á eftir málinu þó að ég ítreki að ekki skiptir öllu máli hvort þessu máli ljúki í desember eða janúar nk.

[16:07]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hefur farið fram. Það eru tvö, þrjú atriði sem ég vildi undirstrika. Í fyrsta lagi er mikil þörf á að þessi skoðun fari fram, að mínu mati. Það eru margir áhugamenn um áfengis- og vímuefnameðferð. Það er sjálfsprottið. Það hafa margir unnið mjög gott starf. Það er mikil þekking hér innan lands eins og komið hefur fram varðandi þessa málaflokka. Hins vegar eru aðilar í þessum geira ekki endilega sammála. Nokkuð er um skoðanaskipti og jafnvel deilur um hvernig standa á að málum. Þess vegna held ég að rétt sé að kalla erlendan aðila að málinu og fá álit hans þó að ég sé alls ekki, síður en svo, að kasta með því neinni rýrð á þá sem hafa unnið mjög gott starf að þessum málum innan lands. Það getur bara verið gott að fá, svo maður sletti, „second opinion" frá erlendum aðila. Ég tel mikla þörf á því að ýta á eftir þessu máli og vona svo sannarlega að það kafni ekki í þeim skýrslum sem þegar hafa verið gerðar. Það er mikið til af skýrslum í ráðuneytinu um hina ýmsu málaflokka. Þetta er ekki eini málaflokkurinn sem svo er háttað um. Það er auðvitað nauðsynlegt að draga lærdóm af þeirri vinnu sem unnin hefur verið og ýta á eftir þessu máli. Ég er sammála því og mun gera mitt til þess.

[Fundarhlé. — 16:11]

[16:10]

Útbýting þingskjala:

Áhrif laga um opinberar eftirlitsreglur og störf ráðgjafarnefndar, 510. mál, skýrsla forsrh., þskj. 846.

Skipting rannsókna- og þróunarfjár á milli fræðasviða og starfsgreina, 496. mál, fsp. SvanJ, þskj. 829.

Skipting rannsókna- og þróunarfjár milli háskóla, 497. mál, fsp. SvanJ, þskj. 830.

Sveðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vesturlandi, 409. mál, svar félmrh., þskj. 823.

Uppruni rannsókna- og þróunarfjár, 495. mál, fsp. SvanJ, þskj. 828.

Geðheilbrigðisþjónusta við aldraða.

Fsp. KVM, 460. mál. — Þskj. 694.

[18:00]

Fyrirspyrjandi (Karl V. Matthíasson):

Herra forseti. Ég ber hér fram fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um geðheilbrigðisþjónustu við aldraða og eru það þrjár spurningar:

1. Hvernig telur ráðherra að geðheilbrigðisþjónustu við aldraða með alvarlega geðsjúkdóma verði best fyrir komið á næstu árum í ljósi fjölgunar aldraðra?

2. Telur ráðherra rétt að slík þjónusta sé veitt á sérhæfðum geðdeildum?

3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að slík deild verði stofnuð í nánustu framtíð?

Ástæðan fyrir því, herra forseti, að ég legg þessar spurningar fyrir hæstv. ráðherra er að engin sérhæfð deild fyrir aldrað fólk sem á við geðræn vandamál að stríða er til í landinu eða fyrir fólk á þessu aldursskeiði sem þjáist af geðsjúkdómum. Gamalt fólk sem er veikt á geði verður auðvitað að fá viðhlítandi læknismeðferð eins og aðrir sjúklingar í landinu. Í sumum tilfellum er hægt að koma til hjálpar þannig að góður bati verði og í öðrum tilfellum með því móti að lífið verði bærilegra fyrir þetta fólk.

Í flestum löndum sem við Íslendingar berum okkur saman við hafa verið stofnaðar sérhæfðar geðdeildir fyrir aldraða sem þjást af alvarlegum geðsjúkdómum og erum við í hópi þeirra fáu þar sem slík þjónusta er ekki til. Því tel ég vera brýnt að við förum að gefa gaum að þessu máli, líka með tilliti til þess, herra forseti, að öldruðum hér á landi fjölgar og þar af leiðandi hlutfalli þeirra sem þjást af andlegum sjúkdómum og eru í þessum aldurshópi. Þess vegna koma nú þessar spurningar fram sem ég vona að muni leiða það í ljós að uppi séu áform um að stofna slíkar deildir sem ég er hér að spyrja um.

Herra forseti. Það má segja að þegar aldurinn fer að færast yfir þá fylgja því stundum ýmsir sjúkdómar og þetta á líka við um andlega sjúkdóma og ekkert síður. Þess vegna tel ég vera brýnt að við gerum gangskör að því að taka á þessum málum svo að fólk líði ekki að ástæðulausu þegar hægt er að taka í taumana og bregðast við í mörgum tilvikum.

[18:03]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Í upphafi ber að þakka hv. 2. þm. Vestf. fyrir að vekja athygli á geðheilbrigðisþjónustu við aldraða, en umfram allt að vekja athygli á því að umfang þeirrar þjónustu mun vaxa mjög á næstunni við fjölgun aldraðra.

Fyrsta spurning hv. þm. snýst um hvernig við sinnum þessari þjónustu best í framtíðinni. Fyrst er rétt að draga fram að aldraðir með geðræn vandamál njóta nú þjónustu heilbrigðiskerfisins mjög víða. Margir þeir sem eru með vægari einkenni eru í heimahúsum og fá þjónustu heimahjúkrunar, en þá leið er talið skynsamlegt að nota eins lengi og kostur er. Þetta er m.a. vegna þess að flutningur á stofnanir getur valdið því að öldruðum sem þjást af geðkvilla kann að hraka. Sú aukning á fé til málaflokksins sem Alþingi samþykkti nýverið mun því nýtast þessum einstaklingum vel.

Á hjúkrunarheimilum eru fjölmargir með geðræn einkenni og er þunglyndi t.d. algengt. Þessi hópur hefur langoftast blönduð sjúkdómseinkenni og er ástæða vistunar á hjúkrunarheimili oftast þörf fyrir mikla hjúkrun vegna líkamlegra kvilla, auk minni sjúkdóma. Talið er að hag þessa hóps sé best borgið á hjúkrunarheimilum þar sem starfsfólk býr yfir færni til að sinna andlegum jafnt sem líkamlegum þörfum skjólstæðinganna.

Hópur aldraðra er svo með bráð og alvarleg geðræn vandamál og þarf sérhæfða þjónustu. Þeir einstaklingar fá nú nauðsynlega meðferð, annaðhvort á geðdeildum eða öldrunarlækningadeildum eftir eðli sjúkdómanna.

Á geðdeildum Landspítala – háskólasjúkrahúss liggja nú margir aldraðir einstaklingar og hafa nokkrir þeirra verið þar um langan tíma. Gætu sumir þeirra mögulega fengið þjónustu á hjúkrunarheimilum. Nú eru á geðdeild á biðlista eftir innlögn á hjúkrunarheimili um 20 einstaklingar 67 ára og eldri. Á öldrunarlækningadeildum liggur jafnframt nokkur fjöldi einstaklinga með geðræn vandamál og fær meðferð á viðkomandi deildum.

Herra forseti. Hv. 2. þm. Vestf. spyr hvort slík þjónusta sé veitt á sérhæfðum geðdeildum. Leitað var upplýsinga hjá sviðsstjórum á geðsviði og öldrunarsviði Landspítala – háskólasjúkrahúss um fyrirætlanir um breytingar á þjónustu við þennan hóp. Voru sviðsstjórarnir sammála um mikilvægi þess að auka samstarf sviðanna til að tryggja að þeir öldruðu einstaklingar sem eiga við geðræn vandamál að stríða fái ætíð sem besta þjónustu. Það mætti m.a. gera með því að koma upp þverfaglegu teymi sem sinni þessum málum og mundi fjalla um mál þeirra einstaklinga sem eru erfiðust hverju sinni. Þá mætti koma á formlegra samstarfi milli geðsviðsins og þeirra sem reka hjúkrunarheimili og aðra öldrunarþjónustu um innlagnir, ráðgjöf og fleira þess háttar. Áhugi er fyrir hendi hjá sviðsstjórunum á að gerð verði úttekt á fyrirkomulagi þessarar þjónustu.

Að lokum spyr þingmaðurinn hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir því að slík deild verði stofnuð í nánustu framtíð. Er því til að svara að af hálfu heilbrigðisyfirvalda eru ekki uppi áform nú um opnun sérhæfðrar deildar fyrir aldraða með alvarlega geðsjúkdóma. Hér á landi ríkir skipulag sem fagfólk er ekki ósátt við, þó samstarf milli þeirra sem sinna þessum málefnum þyrfti að auka og er rétt að skoða hvernig þessari mikilvægu þjónustu væri best fyrir komið þegar til lengri tíma er litið. Það er sjálfsagt og eðlilegt að skoða ætíð hvaða lausnir gætu nýst best á hverjum tíma og áforma stjórnendur á þessu sviði að hafa með sér aukið samstarf og velta fyrir sér kostum til lengri tíma í þessu efni.

Ég tel því þetta heildarfyrirkomulag sem ég hef lýst hafa marga góða kosti og hef ekki í hyggju að gera á því stórfelldar breytingar á næstunni.

[18:07]

Fyrirspyrjandi (Karl V. Matthíasson):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra svarið þó að ég hefði nú viljað heyra að uppi væru meiri áform á þessu sviði. Hæstv. ráðherra talar um að auka eigi samstarfið og hafa þverfaglegt teymi.

Ég ítreka það aftur, herra forseti, sem ég nefndi áðan að hvar sem við lítum í kringum okkur og víðar í löndum sem við viljum bera okkur saman við og standa jafnfætis, þar eru slíkar deildir reknar, t.d. á Norðurlöndunum og víðar. En það má ekki gleyma því og ég veit að sú hugsun er svo sem ekkert gleymd eða ekki hugsuð að þessi hópur, gamla fólkið, á oft erfitt með að bera hönd fyrir höfuð sér og kallar ekki á hjálp eða krefst mikillar þjónustu frá heilbrigðiskerfinu. Þessir sjúklingar dvelja oft langtímum saman í heimahúsum

eða á dvalarheimilum og hætta er á því að þeir geti verið vanmeðhöndlaðir eins og sagt er, því við vitum að fólki fjölgar og skortur er á rými fyrir gamalt fólk sem getur ekki verið heima hjá sér. Það þarf því að huga vel að þessu.

Það eru 30.000 manns á Íslandi sem eru um 67 ára og eldri og þeim fer fjölgandi eins og ég sagði. Ég tel að við ættum að fara að huga að því að stofna slíka deild sem ég gat um því að öldrun fylgja oft sjúkdómar sem eru ekki hjá öðrum aldurshópum á þessu sviði.

[18:09]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hér takast vissulega á tvö sjónarmið um hvort eigi að stofna sérhæfða geðdeild fyrir aldrað fólk og safna þannig þeim sem eiga við alvarlegri geðsjúkdóma að etja á eina slíka deild, eða hvort hægt er að meðhöndla það fólk í því kerfi sem núna er og í þeim úrræðum sem núna eru fyrir hendi víða.

Þarna eru fagleg sjónarmið sem takast á. Eins og ég rakti í svari mínu eru þau sjónarmið uppi hjá fagfólki í þessum geira að það fyrirkomulag sem nú er hafi marga góða kosti. Ég er að sjálfsögðu tilbúinn að stuðla að skoðanaskiptum og umræðum um þessi mál þannig að við lítum líka til reynslu nágrannalandanna sem hafa slíkar deildir og hafa rekið þær um langt skeið. Ég tel því eðlilegt að það sé skoðað vandlega hvernig þeim mikilvæga þætti er faglega best fyrir komið. En eins og ég rakti í svari mínu eru þau sjónarmið uppi núna að það sé heppilegra að sinna þessum málaflokki dreift í þeim stofnunum sem fyrir hendi eru.

Siglingar olíuskipa við Ísland.

Fsp. ÁE og KLM, 452. mál. — Þskj. 655.

[18:12]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fyrirspurn til hæstv. samgrh. um siglingar olíuskipa við Ísland sem Ágúst Einarsson, varaþingmaður Samfylkingarinnar, er 1. flm. að og ég fylgi hér eftir í fjarveru hans. Fyrirspurnin er á þskj. 655.

Það er skemmst frá því að segja, herra forseti, að eftir að gríska olíuflutningaskipið Prestige sökk í hafið 250 km undan norðvesturströnd Spánar hefur átt sér stað mikil umræða um siglingu olíuflutningaskipa og þær hættur sem fylgja þeim mikla farmi sem slík skip flytja. Talið er að þetta sé eitt versta umhverfisslys í heiminum nú hin síðari ár og við erum enn þá að heyra í fréttum umræðu um það. Eins og ég segi varð mikil umræða um þennan skipsskaða og afleiðingar hans og hefur umræðan m.a. borist okkur hingað í fréttum ljósvakamiðla.

Þessi skipsskaði hefur haft þær afleiðingar í för með sér, svo tekið sé eitt dæmi, að talið er að fiskneysla á Spáni hafi dregist saman um ein 60% frá því að slysið varð. Það er meira að segja þannig að fiskkaupendur hafa verið tregir að kaupa t.d. skelfisk frá öðrum héruðum Spánar, jafnvel þó svo að þar gæti alls engrar olíumengunar. Í spænskum fjölmiðlum hefur verið fjallað um það að jafnvel reynist erfitt að vinna traust neytenda aftur og þannig hefur t.d. allt eftirlit með fiski á þessu svæði stóraukist.

Hingað til Íslands, herra forseti, skilst mér að hafi komið rúmlega 20 olíuskip á síðasta ári og þau koma flest upp að suðvesturhorni landsins.

Evrópusambandið birti nýlega lista yfir 66 skip sem sögð eru hættuleg til að sigla á evrópsku hafnasvæði og samkvæmt fréttum Morgunblaðsins hafa tvö þessara skipa komið hingað til lands. Mér er ekki kunnugt um hvað var í farmi þeirra.

Einnig kemur upp í huga minn, herra forseti, strand Víkartinds rétt austan við Þjórsárósa 5. mars 1997. Margt var sagt og skrifað um þann skipsskaða sem þar varð, það strand, og mikil umræða átti sér stað um björgun eða ekki björgun og þá ákvörðun skipstjóra að afþakka aðstoð íslensks varðskips. Þess vegna leiði ég hugann að því, herra forseti, hvað hefði gerst ef Víkartindur hefði verið olíuflutningaskip í þessu tilfelli.

Þetta sem ég hef nú rakið er m.a. ástæða þeirrar fyrirspurnar sem hér er lögð fram sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

1. Hvaða reglur gilda hérlendis um siglingar og losun vanbúinna olíuskipa, t.d. skipa með einfaldan byrðing?

2. Eru til áætlanir um viðbrögð við því ef olíuskip færist við strendur Íslands? Ef svo er, hverjar eru þessar áætlanir?

[18:16]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hér á landi gilda alþjóðlegar reglur um siglingar olíuskipa og búnað þeirra sem eru byggðar á samþykktum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og reglum sem gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði þar um. Reglurnar eru annars vegar byggðar á svokallaðri MARPOL-samþykkt um varnir gegn mengun sjávar sem tekur m.a. til búnaðar olíuskipa og hins vegar á reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um olíuskip með einfaldan byrðing.

Nýleg reglugerð Evrópusambandsins kveður einnig á um bann við flutningi svartolíu í skipum með einföldum byrðingi sem fara um hafnir aðildarríkja. Reglugerðin hefur verið tekin upp í EES-samninginn og höfum við gert ráð fyrir lögfestingu hennar hér á landi innan tíðar.

Hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna tekur jafnframt til siglinga olíuskipa. Hann veitir olíuskipum rétt til að sigla hvar sem er um heimshöfin með þeim fyrirvara að strandríki hafa heimild til að setja reglur um siglingar skipa með hættulegan eða mengandi varning meðfram strandlengju. Ég vil einnig geta sérstaklega frv. til laga um vaktstöð siglinga sem ég lagði fram á haustþingi og er nú til meðferðar í samgn. þingsins. Þar er lagt til að sett verði á fót vaktstöð siglinga sem verði miðstöð skipaumferðar í íslenskri efnahagslögsögu. Vaktstöðin mun m.a. hafa umsjón með fullkomnu sjálfvirku alþjóðlegu eftirlitskerfi með skipum sem tekið verður upp á næstu árum. Með því kerfi munu möguleikar til eftirlits skipa sem flytja hættulegan varning aukast til mikilla muna sem skiptir mjög miklu máli.

Umræða um takmarkanir á umferð olíuskipa hefur verið í gangi hér á landi um nokkurt skeið og í byrjun ársins 1998 var skipuð nefnd til að fjalla um takmörkun siglinga skipa við suðvesturströnd Íslands. Nefndin skilaði skýrslum og tillögum í desember árið 2000. Samband ísl. kaupskipaútgerða gerði alvarlegar athugasemdir við starfshætti og niðurstöður nefndarinnar og skýrslu flokkunarfélagsins Det Norske Veritas sem niðurstöður nefndarinnar byggðu efnislega á. Ein meginniðurstaða nefndarinnar var að vinna þyrfti betur að rannsóknum á öldufari, straumum og áhrifum á siglingaöryggi ef breyta ætti siglingaleiðinni við suðvesturhorn

landsins og bera þær niðurstöður saman við núverandi siglingaleið. Hingað til hafa þessar rannsóknir verið fjármagnaðar af almennu rannsóknarfé Siglingastofnunar. En á þessu ári voru framlög til rannsókna á sjólagi við suðurströnd aukin um 5 millj. kr. að minni tillögu. Þessum rannsóknum hefur miðað vel og lýkur væntanlega í árslok 2004. Ákvörðun um afmörkun siglingaleiða verður byggð á niðurstöðum þessara rannsókna. Það er skoðun mín að nauðsynlegt sé að leiða þetta mál til lykta eins fljótt og auðið er og taka ákvörðun um hvernig takmarka beri siglingar skipa á umræddu svæði.

Ég hef tekið ákvörðun um að fela sérstakri verkefnisstjórn í samvinnu og í samráði við hagsmunaaðila að fara yfir málið og móta skýrar reglur um afmörkun siglingaleiða olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning inn í íslenska efnahagslögsögu í samræmi við ályktun Alþingis frá 1997 og verður að þessu unnið á næstu vikum og mánuðum.

Í öðru lagi er spurt: „Eru til áætlanir um viðbrögð við því ef olíuskip færist við strendur Íslands? Ef svo er, hverjar eru þessar áætlanir?"

Viðbúnaður og viðbrögð við umfangsmiklum mengunaróhöppum hér við land eru á hendi Umhverfisstofnunar, áður Hollustuvernd ríkisins. Viðbúnaður stofnunarinnar er margþættur og tekur mið af áhættugreiningu og líkindum á stórum mengunaróhöppum hér við land. Viðbragðsáætlun verður ekki lýst hér í heild heldur verður gerð tilraun til þess að lýsa þeim í stuttu máli. Svarið byggir á upplýsingum frá Umhverfisstofnun.

Árið 1997 var gefin út skýrsla um viðbúnað, viðbrögð og áhættu á bráðum mengunaróhöppum við Ísland á vegum bráðamengunarnefndar umhvn. Ein af niðurstöðum skýrslunnar var að megináhætta á bráðum mengunaróhöppum hér við land væri fyrir suðurströnd landsins og inn Faxaflóa en þar er langmest umferð olíuskipa og stórra vöruflutningaskipa sem geta haft umtalsvert magn olíu í eldsneytisgeymum sínum. Í framhaldi af þeirri vinnu var hafist handa við gerð vákorts af suður- og vesturströnd landsins og er verkið í lokavinnslu samkvæmt þessum upplýsingum. Umferð olíuskipa hér við land er ekki umtalsverð. Árlega eru flutt til landsins um það bil 700 þús. tonn af olíu með skipum sem taka 20–30 þúsund tonn hvert sem þýðir að olíuskip er á ferðinni aðra hverja viku eins og fram hefur komið.

Mun meiri áhætta er talin vegna flutninga risaolíuflutningaskipa sem geta borið með sér umtalsvert magn olíu í eldsneytistönkum. Ísland tekur hins vegar mikinn þátt í alþjóðasamstarfi um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu og annarra skaðlegra efna og viðbrögð við bráðamengun sjávar. Niðurstaðan er því sú að Ísland hefur takmarkaða möguleika til þess að koma sér upp fullkomnum búnaði og starfskröftum til að bregðast við stórum olíuslysum við strendur landsins. Engu að síður eru uppi áætlanir um hvernig megi bregðast við. Verði stór óhöpp má leita jafnframt til alþjóðlegra samstarfsaðila sem eru fúsir til þess að veita aðstoð.

[18:21]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn vegna þess að á 121. löggjafarþingi 1996–1997 flutti ég ásamt hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni till. til þál. um tilkynningarskyldu olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning. Þessi tillaga var síðan samþykkt og á grundvelli hennar var þessi nefnd skipuð sem hæstv. samgrh. gat um áðan.

Hins vegar þurfa menn að horfa á annað líka auk mengunarslysa sem geta orðið vegna skipstapa olíuskipa. Það er annað sem vantar hér inn í og þarf alvarlega að gefa gaum að og það er sá mikli flutningur sem orðinn er á ballest eða sjó á milli heimsálfa. Varðandi það er almenn regla orðin t.d. svo að ég nefni Kanada að skipum er bannað að dæla úr ballesttönkum nema í nokkurra tuga sjómílna fjarlægð frá landi. Losun úr ballesttönkum skipa er einmitt einn áhættuþáttur í mengunarslysum. Ég vona því, herra forseti, að þessi nefnd sem hæstv. samgrh. gat um áðan fari að skila af sér.

[18:23]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svarið sem hann hefur gefið okkur um þetta mál sem er afar mikilvægt og afar brýnt að taka á. Jafnframt þakka ég hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir innlegg hans sem fjallar um flutning á sjó eða ballest milli heimshafa. Auðvitað er þetta mjög merkilegt atriði sem ber að hafa í huga líka.

Ég þakka ráðherra fyrir þetta svar en mér finnst þó, án þess að ég sé að gagnrýna það og ég skil vel að kannski er verið að vinna ýmis önnur verkefni, að það gangi frekar hægt í þessu, t.d. varðandi nefndina sem samgrn. skipaði. Hún fjallaði um þessar aðskildu siglingaleiðir og skilaði af sér í árslok 2000. En tillögur nefndarinnar hafa ekki komið til framkvæmda eins og hér kom fram og ráðherra hefur skýrt frá því að hann hafi skipað nefnd til þess að fara yfir þetta. Þetta gengur engu að síður frekar hægt. Nú er komið upphaf árs 2003 og ég held að við þolum ekki að bíða í allt of langan tíma með að setja þessar reglur. Hins vegar vil ég taka skýrt fram að ég er ekki endilega viss um að skynsamlegt sé að setja ákveðnar siglingaleiðir suður fyrir landið, langt frá landi, nema þá í undantekningartilfellum þegar vond eru veður. Við skulum hafa það í huga að þetta hefur í för með sér aukinn kostnað við að koma þessum vörum, svo ég noti það orð, til landsins. Ég er einfaldlega að segja að væntanleg vaktstöð siglinga gæti þegar skip tilkynnir komu ákveðið hvaða siglingaleið yrði farin þannig að við setjum þetta ekki of strangt. Alla vega hef ég heyrt skipstjórnarmenn segja að í góðu veðri sé ekki ástæða til þess að skikka skip til þess að fara mjög langt frá landi en í vondum veðrum er það jafnsjálfsagt.

Ég ítreka að ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svarið.

[18:25]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil bara undirstrika og endurtaka það sem ég sagði fyrr, í fyrsta lagi að við förum að sjálfsögðu eftir þeim reglum um búnað skipa sem settar eru. Við erum innan hins Evrópska efnahagssvæðis og þar hafa verið settar tilteknar reglur sem við Íslendingar tökum upp hvað varðar tvöfaldan byrðing m.a. þannig að það skiptir auðvitað mjög miklu máli að það sé gert.

Að hinu leytinu, hvað varðar afmörkun siglingaleiða hér við suðurströndina, þá eru mjög deildar meiningar. Þess vegna varð það niðurstaða okkar í ráðuneytinu að láta fara fram þessar rannsóknir sem hafa staðið yfir, umfangsmiklar rannsóknir fyrir suðurströndinni, til þess að geta fært sterk rök fyrir afmörkun siglingaleiða vegna þess að það er uppi mikill ágreiningur um málið annars vegar á milli sérfræðinganna sem leggja tilteknar leiðir og svo hins vegar þeirra sem reka skipafélögin og skipstjórnarmanna þannig að þarna

þarf að fara skynsamlega að. En undirstrika verður að alltaf er það svo að ákvörðun um siglingaleið verður að sjálfsögðu að öllu leyti að vera í höndum skipstjórnarmanna því að þeir verða að meta aðstæður hverju sinni, aðstæður miðað við sjólag og aðstæður um borð í skipinu o.s.frv. Það verður því að treysta á skipstjóra og útgerðir skipanna hvað þetta varðar.

Hins vegar held ég að vaktstöð siglinga, sem við gerum ráð fyrir að taki að sér þetta hlutverk að fylgjast með, muni hafa mikilvægu hlutverki að gegna og eigi að geta aðstoðað við afmörkun siglingaleiðanna og stjórnað umferðinni við strendur landsins. Það er það hlutverk sem henni er m.a. ætlað.

Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir áhugann á málinu og ég fagna því vissulega.

Um fundarstjórn.

Fyrirspurn um flutningskostnað.

[18:28]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég vil örlítið spyrjast fyrir um þá fyrirspurn sem er 9. liður á dagskrá. Það er fyrirspurn til samgrh. um flutningskostnað. Þetta er ákaflega merkileg fyrirspurn og mál sem brennur mjög á landsbyggðarfólki, um að takast á við þennan ofboðslega flutningskostnað sem fólk býr við. Ég vil spyrja út í það hvers vegna þessi fyrirspurn hefur ekki komið á dagskrá í dag af því að hún var næst á undan fyrirspurn minni og vegna þess að hæstv. samgrh. er staddur hér. Ég hefði skilið þetta vel ef hæstv. samgrh. hefði verið fjarverandi. En þar sem hann er hér til staðar og ég sá hv. fyrirspyrjanda hér rétt áðan þá langar mig að vita hvers vegna þessu máli var frestað.

[18:28]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Fundarstjórn forseta er náttúrlega með miklum ágætum. En vegna athugasemdar hv. þm. er þess að geta að ástæðan fyrir því að það varð samkomulag milli mín og hv. þm. Einars Guðfinnssonar um að fresta því að svara þessari fyrirspurn er sú að verið er að ljúka viðamikilli skýrslu sem nefnd á vegum samgrn. hefur unnið um flutningskostnað og það var mat mitt að skynsamlegra væri að sú skýrsla lægi fyrir áður en fyrirspurninni yrði svarað. Ég vænti þess að eiga góðar samræður við hv. þingmenn um þær niðurstöður þegar þar að kemur og ég get svarað fyrirspurninni sem er afar mikilvæg. En á vegum samgrn. hefur verið unnið í samráði við iðnrn., viðskrn. og fjmrn. að úttekt og athugun á flutningskostnaði í landinu. Tilgangurinn — svo að ég fari aðeins út í það — er sá að leita leiða til þess að lækka flutningskostnað hjá okkur Íslendingum. Við lækkum flutningskostnað með úrbótum í samgöngukerfinu. Fyrir því höfum við staðið, miklum framkvæmdum, og hins vegar lækkum við flutningskostnað með því að flutningafyrirtækin geti stundað starfsemi sína á þann hátt að til hagsbóta sé neytendum þessa lands. En um þetta verður rætt þegar fyrirspurninni verður svarað.

[18:30]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir skýringuna á ástæðu frestunar þessarar fyrirspurnar sem mig svo sem grunaði hver væri. En það er rétt sem hér hefur komið fram að lengi hefur legið fyrir að taka á þessu máli. Ég á sjálfur þingmál sem er m.a. byggt á rökum og verðkönnunum og sýnir það svart á hvítu að landsbyggðarfólk þarf að búa við allt að 108% mun á vöruverði frá því sem ódýrast er, sem oftast er á höfuðborgarsvæðinu, til þess sem gerist á mörgum stöðum úti á landi.

Ég fagna því ef hæstv. samgrh. er að láta klára þá skýrslu sem hann boðaði og hefur verið í vinnslu í ansi langan tíma, sumir segja e.t.v. allt of langan tíma. (**Samgrh.:** Hver segir það?) Ég hefði gjarnan viljað sjá þessa skýrslu komna miklu fyrr út vegna þess að hæstv. iðnrh. hefur úr þessum ræðustól gumað af því að þetta væri allt saman í gangi og þetta væri allt að koma. Síðan er liðinn langur tími.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Ég vil minna hv. þm. á að þessi dagskrárliður heitir um fundarstjórn forseta en býður ekki upp á efnislega umræðu um aðra hluti.)

Þá kem ég að því sem ég hef rætt hér um, þ.e. að ég sakna þess að þessi umræða skuli ekki hafa farið fram hér. En það hefur komið skýring á því og hún er sú að hæstv. ríkisstjórn er ekki tilbúin með sín gögn til þess að byggja svarið á.

Út af dagskrá voru tekin 9., 11. og 12. mál.

Fundi slitið kl. 18:33.

---

64. FUNDUR

fimmtudaginn 23. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Vísinda- og tækniráð, stjfrv., 336. mál, þskj. 844. — 3. umr.
2. Opinber stuðningur við vísindarannsóknir, stjfrv., 357. mál, þskj. 845. — 3. umr.
3. Opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, stjfrv., 345. mál, þskj. 381. — 3. umr.
4. Tóbaksvarnir, stjfrv., 415. mál, þskj. 524. — 1. umr.
5. Lýðheilsustöð, stjfrv., 421. mál, þskj. 530. — 1. umr.
6. Lyfjalög og læknalög, stjfrv., 423. mál, þskj. 538. — 1. umr.
7. Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Frh. fyrri umr.
8. Hvalveiðar, frv., 20. mál, þskj. 20. — 1. umr.
9. Ábyrgðarmenn, frv., 21. mál, þskj. 21. — 1. umr.
10. Stjórn fiskveiða, frv., 24. mál, þskj. 24. — 1. umr.
11. Almannatryggingar, frv., 49. mál, þskj. 49. — 1. umr.
12. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv., 50. mál, þskj. 50. — 1. umr.
13. Könnun á umfangi fátæktar, þáltill., 51. mál, þskj. 51. — Fyrri umr.
14. Atferlis- og eldisrannsóknir á þorski á Vestfjörðum, þáltill., 52. mál, þskj. 52. — Fyrri umr.
15. Varnir gegn mengun sjávar, frv., 53. mál, þskj. 53. — 1. umr.
16. Almenn hegningarlög, frv., 54. mál, þskj. 54. — 1. umr.

17. Réttarstaða samkynhneigðs fólks, þáltill., 132. mál, þskj. 132. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Magnús Stefánsson, 2. þm. Vesturl.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

[10:30]

Útbýting þingskjala:
Opinber stuðningur við vísindarannsóknir, 357. mál, þskj. 845.
Vísinda- og tækniráð, 336. mál, þskj. 844.

Tilkynning um dagskrá.

[10:30]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):
Forseti vill láta þess getið að kl. 1.30, að loknu hádegishléi, fer fram umræða utan dagskrár um úthlutun byggðakvóta. Málshefjandi er hv. þm. Karl V. Matthíasson. Hæstv. sjútvrh., Árni M. Mathiesen, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Tóbaksvarnir, 1. umr.

Stjfrv., 415. mál (EES-reglur). — Þskj. 524.

[10:31]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):
Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir. Í kjölfar gildistöku tilskipunar nr. 2001/37/EB var tóbaksvarnanefnd falið að semja drög að frv. vegna lögleiðingar tilskipunarinnar hér á landi. Tóbaksvarnanefnd skilaði ráðuneytinu drögum að frumvarpi í október 2001 en starfsmenn ráðuneytisins hafa unnið að endanlegri gerð í samráði við nefndina.

Í forsendum tilskipunarinnar er bent á nauðsyn þess að ryðja úr vegi viðskiptahindrunum á innri markaði sambandsins vegna mismunandi ákvæða í aðildarríkjunum um framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki. Þar er sagt að setja þurfi um þessi mál sameiginlegar reglur þar sem aðildarríkin geti við sérstakar aðstæður gert þær kröfur sem þau telja nauðsynlegar til að tryggja heilsuvernd.

Með tilskipuninni voru felldar úr gildi eldri tilskipanir sem einnig stefndu að samræmingu. Hin fyrri fjallaði um merkingu tóbaks, hin síðari um leyfilegt hámark tjöru sem sígarettur mega gefa frá sér. Nýja tilskipunin fjallar um hvort tveggja en tekur til mun víðara sviðs. Felur hún í sér í senn verulegar breytingar og veigamikil nýmæli.

Frv. miðar að því að samræma íslensk lög og stjórnsýslufyrirmæli þessari tilskipun en sum ákvæði hennar verða útfærð nánar í reglugerðum. Í október sl. var sett reglugerð um þau ákvæði tilskipunarinnar sem þegar hafa lagastoð þar sem um er að ræða nýjar ákvarðanir um viðvaranir um skaðsemi tóbaks og aðrar upplýsingar á tóbakspökkum. Fela þær m.a. í sér að reitir fyrir viðvaranir stækka mikið frá því sem nú er krafist og skýr fyrirmæli um hönnun og útlit þessara merkinga. Krafa um viðvörunarmerkingar er nú í 6. gr. laga nr. 6/2002, en þar er heilbr.- og trmrh. veitt heimild til að kveða nánar á um þær í reglugerð. Greininni er lítillega breytt í frv. til samræmingar. Fyrirhugað er að setja nýja reglugerð eftir gildistöku laga þessara þar sem settar verða nánari reglur um mælingar og hámark skaðlegra efna í tóbaki og kveðið á um hámark ekki aðeins á tjöru heldur einnig nikótíni og kolsýringi sem sígarettur gefa frá sér.

Í frv. er ákvæði sem lögleiðir bann við tilteknum heitum og táknum á umbúðum tóbaks sem gefa í skyn að varan sé ekki eins skaðleg og annað tóbak. Í frv. eru gerðar kröfur til framleiðenda varðandi upplýsingar til innihaldsefnis í tóbaki og lýsingar á vörunni. Krefja má þá eða innflytjendur um að gera ýmsar prófanir sem innlend yfirvöld kveða á um til þess að meta magn efna sem tóbak gefur frá sér og til að meta áhrif þeirra á heilsuna. Gert er skylt að krefja þessa aðila um skrá yfir öll innihaldsefni sem þeir nota við framleiðslu tóbaksvöru og því er ítarlega lýst hvernig sú skrá skuli úr garði gerð. Í frv. er heilbrigðisyfirvöldum heimilað að krefjast upplýsinga og rannsókna samkvæmt framansögðu.

Tilskipuninni í heild og lögleiðingu hennar hér á landi er ætlað að efla tóbaksvarnir.

Helstu nýmæli sem felast í frumvarpinu eru:

Merkja skal sígarettupakka með upplýsingum um hve mikinn kolsýring hver sígaretta gefur frá sér, til viðbótar við slíkar upplýsingar um tjöru og nikótín.

Bannað er frá og með 30. september 2003 að hafa á umbúðum tóbaks heiti, vörumerki og annars konar texta eða tákn sem gefa í skyn að varan sé ekki eins skaðleg og annað tóbak.

Tóbaksframleiðendum og -innflytjendum er gert skylt að veita heilbrigðisyfirvöldum upplýsingar um efnainnihald tóbaks svo sem þau mæla fyrir um.

Tóbaksframleiðendum og -innflytjendum er gert skylt að leggja fram sýnishorn af vörunni eða gera rannsóknir sem heilbrigðisyfirvöld krefja þau um og eru nauðsynlegar til að meta eiginleika og áhrif hennar.

Tóbaksframleiðendum er gert skylt að standa straum af kostnaði við upplýsingar um efnainnihald tóbaks og rannsóknir á því.

Herra forseti. Ég hef farið lauslega yfir aðdragandanda þess að ég legg fram frv. til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir. Ég tel mikilvægt að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi og leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn.

[10:36]

Ásta R. Jóhannesdóttir:
Herra forseti. Hæstv. ráðherra hefur farið yfir þær breytingar sem felast í frv. til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir. Eins og kom fram í máli hans eru þetta breytingar sem koma í kjölfar tilskipunar Evrópusambandsins um samræmingu á ákvæði í lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem aðildarríkin hafa tekið að sér að koma í lög. Eftir að hafa farið yfir frv. get ég ekki séð annað en að þetta mál eigi að eiga greiða leið í gegnum hv. heilbr.- og trn. Mér sýnast öll ákvæði til bóta. Það eru m.a. ný ákvæði um viðvaranir um skaðsemi tóbaks og aðrar upplýsingar á tóbakspökkum. Það eru kröfur til framleiðenda um upplýsingar um efni í tóbaki, þ.e. innhaldsefni og síðan eru settar skorður um hámark ákveðinna efna, ekki bara tjöru heldur einnig nikótíns og kolsýrings eins og kemur fram í athugasemdum við frv.

Herra forseti. Ég er hlynnt frv. og mun taka þátt í vinnslu þess í heilbr.- og trn. og skoða þá betur þau ákvæði sem kveðið er á um í frv. en tel að ekki ætti að vera neitt því til fyrirstöðu að málið verði afgreitt fyrir vorið.

[10:38]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. hefur mælt fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir. Ég fagna þessu frv. og tel að við eigum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að efla heilsu í landinu og draga úr tóbaksnotkun og þetta er hluti af því.

Þetta segir okkur einnig að við erum að fara að tilmælum Evrópusambandsins, þ.e. tilskipun 2001/37/EB. Þetta er númerið á tilskipuninni sem segir að hún var samþykkt fyrir síðustu áramót um merkingar á tóbaki. Ég vil minna á að við urðum einnig að beygja okkur undir tilskipanir Evrópusambandsins árið 1989 og 1990 en við vorum með fyrir þó nokkuð mörgum árum mjög eftirtektarverðar merkingar á tóbakspökkum og pakkningum sem eftir var tekið víða um heim og margir öfunduðu okkur af að vera með mjög stórar myndir og skýrar og greinilegar aðvaranir á pökkunum. Þá var sú vinna sem hefur verið í gangi nú hjá Evrópusambandinu ekki komin eins langt og hér á landi. Tóbaksvarnir höfðu þá ekki náð sama sessi og nú er heldur hafði markaðurinn frekar fengið að ráða. Við urðum því að beygja okkur undir það að taka í burtu þær myndir sem voru á pökkunum og minnka aðvörðunarorðin. Þess vegna fagna ég því að við getum þó farið langleiðina með það sem við höfðum þó komist hér áður varðandi merkingarnar.

Löngu er viðurkennt að þau efni sem eru í tóbaksreyk og í tóbaki eru heilsu manna hættuleg. Gera þarf nokkurn greinarmun á efnasamsetningu tóbaksblaða og tóbaksjurtarinnar, efnum sem bætt er í tóbak við vinnslu, efnasamböndum í tóbaksreyknum sem myndast við brunann þegar reykt er og efnasamböndum í tóbaki sem myndast við blöndun við líkamsvessa. En allt eru þetta hættuleg efni á sinn hátt og við munum örugglega fara betur yfir það í heilbr.- og trn. Sum þessara efna eins og nikótínið og fleiri efni eru hreinlega banvæn, geta verið það við inntöku þannig að full ástæða er til að vara sérstaklega við þeim. Eins eigum við að vara við því að merkingar á tóbakspakkningum gefi til kynna að varan sé ekki eins óholl og hún í rauninni er með því að bæta við orðum eins og „light" eða léttar sígarettur eða „slim" eða gefa eitthvað til kynna að einhvers konar hollusta sé í því að nota viðkomandi vöru.

Því fagna ég að í þetta sinn skuli tilskipun Evrópusambandsins vera í þá átt að efla tóbaksvarnir og styrkja okkur eitthvað á þeirri leið sem við vorum búin að ná fyrir þó nokkrum árum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lýðheilsustöð, 1. umr.

Stjfrv., 421. mál. — Þskj. 530.

[10:43]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um lýðheilsustöð. Í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 sem samþykkt var samhljóða á Alþingi í maí 2001 er lögð áhersla á langtímaheilbrigðismarkmið sem miðar að því að bæta heilsufar þjóðarinnar. Ég lét á síðasta vetri vinna frv. um lýðheilsustöð með það í huga að fylgja eftir markmiðum heilbrigðisáætlunar um forvarnir og meginmarkmið frv. er að samræma og efla forvarnir á öllum sviðum. Við samningu frv. var haft samráð við landlækni og fulltrúa ýmissa aðila sem nú starfa að forvörnum í landinu. Til funda í ráðuneytið hafa verið kallaðir aðilar frá tóbaksvarnanefnd, áfengisvarnaráði og manneldisráði og var hugmyndinni um stofnun lýðheilsustöðvar almennt vel tekið.

Frv. var lagt fram á Alþingi í mars sl. og var því vísað til hv. heilbr.- og trn. án umræðu. Nefndin sendi frv. út til umsagnar 13. maí sl. Umsagnir bárust frá 37 aðilum og voru þær almennt jákvæðar. Nokkrir töldu þó að starfsemin væri betur komin hjá landlæknisembættinu, en einnig kom fram sú skoðun að slík starfsemi færi ekki vel saman við eftirlitshlutverk landlæknis. Þá voru gerðar athugasemdir við nokkur atriði frv. og nokkrar tillögur um breytingar og viðbætur. Farið hefur verið yfir umsagnirnar og gerðar nokkrar breytingar á frv. með hliðsjón af þeim. Þar er fyrst og fremst um að ræða lagfæringar á orðalagi og áherslum.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns var heilbrigðisáætlun til ársins 2010 samþykkt samhljóða á Alþingi vorið 2001 og er þar lögð áhersla á heilbrigðismarkmið til langs tíma. Mig minnir að það hafi verið Vilmundur Jónsson landlæknir sem sagði fyrir hálfri öld að mesta bylting í heilbrigðismálum hverrar þjóðir fælist í að opna augu hennar fyrir því hve mikið hún getur sjálf lagt af mörkum til að bæta heilbrigði sitt. Þetta á ekki síður við nú í upphafi nýrrar aldar. Það heyrist stundum að lítil áhersla sé lögð á forvarnir hér á landi. Menn líta þá gjarnan til þess fjár sem varið er til forvarna í þrengsta skilningi orðsins án þess að reikna með þeim gríðarlegu fjármunum sem renna til beinna og óbeinna forvarna á öllum sviðum allt frá smærri forvarnaverkefnum og upp í krabbameinsleit, að ekki sé minnst á veigamikil verkefni heilsugæslunnar á sviði forvarna.

Ég held með öðrum orðum að við stöndum okkur vel á sviði forvarna. Ég er hins vegar jafnsannfærður um að við getum gert enn betur. Við ættum hér í okkar litla landi að hafa alla burði til að geta skipað okkur í framvarðasveit á þessu sviði. Við ættum að geta bætt heilbrigði, lengt líf, bætt lífsgæði og náð árangri sem eftir yrði tekið í alþjóðlegum samanburði með því að leggja frekari rækt við þá hugsun sem felst í lýðheilsuhugtakinu.

Ég tel skipta afar miklu máli að sameina krafta þeirra sem nú vinna að forvörnum og veita í einn farveg því fé sem varið er til forvarnaverkefna. Því er mikilvægt fyrir okkur, fyrir almenning og fyrir heilbrigðisþjónustuna í bráð og lengd að koma á fót sérstakri forvarnamiðstöð eða lýðheilsustöð.

Helsta markmið heilbrigðisyfirvalda á hverjum tíma er að stuðla að heilbrigði allra landsmanna. Þetta markmið er m.a. að finna í 1. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Hlutverk heilbrigðisstarfsmanna og heilbrigðisstofnana er þó ekki einskorðað við að veita þjónustu þegar eftir henni er leitað vegna heilsuvanda heldur er það miklu víðtækara. Þótt aldrei verði lögð nógu mikil áhersla á ábyrgð fólks á eigin heilbrigði er ljóst að samfélagið og stofnanir þess bera einnig ábyrgð og hafa víðtæk áhrif á heilsufar þjóðarinnar og einstakra hópa á hverjum tíma. Þannig hafa ákvarðanir og aðgerðir stjórnvalda bein og óbein áhrif á líf þegnanna og heilbrigði þeirra þótt áhrifin séu ekki alltaf ljós þegar ákvörðun er tekin.

Þrátt fyrir öflugt og árangursríkt heilsuverndarstarf um margra áratuga skeið er ljóst að að breytingar kalla á endurskoðun. Þau heilbrigðisvandamál sem nú ber hæst eru önnur en áður. Lífslíkur Íslendinga hafa aukist jafnt og þétt og eru með þeim mestu sem þekkjast en á sama tíma hafa bæði dánarorsakir og sjúkdómatíðni breyst þannig að vægi svokallaðra langvinnra sjúkdóma hefur aukist verulega. Orsaka langvinnra sjúkdóma er oftast að leita í samspili áhættuþátta eins og reykinga, offitu, kyrrsetu, ofneyslu áfengis, neyslu annarra vímuefna og streitu. Samspil áhættuþátta og áhrif lífsstíls á þróun lýðheilsunnar kallar á nýjar aðferðir þar sem áhersla er lögð á samræmdar aðgerðir, samþættingu og samvinnu.

Með frumvarpi þessu er lagt til að komið verði á fót stofnun, Lýðheilsustöð, til að vinna að eflingu lýðheilsu. Henni er m.a. ætlað að samræma lýðheilsustarf, annast fræðslu til almennings, styrkja starfsemi þeirra sem vinna að eflingu lýðheilsu, stuðla að rannsóknum og fylgjast með árangri heilsueflingar, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að Lýðheilsustöð þjóni fyrst og fremst þeim tilgangi að vera frumkvöðull og samræmingarafl. Eftir sem áður, ég legg áherslu á það, verður þungamiðja heilsuverndar- og forvarnastarfs annars vegar hjá heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstarfsfólki og hins vegar hjá frjálsum félagasamtökum eins og verið hefur. Lýðheilsustöð er hins vegar ætlað að veita hvers konar lýðheilsustarfi öflugan stuðning, eiga frumkvæði að samstarfi og samvinnu við þá fjölmörgu aðila sem starfa á þessum vettvangi og samræma og samhæfa lýðheilsustarfið.

Gert er ráð fyrir að Lýðheilsustöð verði stofnun undir yfirstjórn heilbr.- og trmrh., en henni verði að öðru leyti stjórnað af forstjóra sem skipaður verður af ráðherra.

Eins og fram kemur í 1. og 3. gr. frumvarpsins er Lýðheilsustöð ætlað að sinna heilsueflingu á öllum sviðum. Í frumvarpinu eru þó ekki sérstök ákvæði um starfsemi sem tengist öðru en áfengis- og vímuvörnum, manneldi, slysavörnum og tóbaksvörnum. Ástæður þess eru þær að forvarnir á þessum sviðum eru þegar bundnar í lög og ekki þótti fært að fella ákvæði um fyrrgreinda starfsemi alfarið úr lögum. Hins vegar þótti ekki heppilegt að binda í lög ákvæði um heilsueflingu og forvarnir á öðrum sviðum, enda gæti verið erfitt að ákveða hvaða svið ætti að taka með. Þá eru þarfir fyrir forvarnir síbreytilegar og ástæða getur verið til að gera sérstakt tímabundið átak á tilteknum sviðum. Því var ákveðið að leggja til að Lýðheilsustöð verði ekki bundin við að sinna tilteknum sviðum öðrum en þeim sem getið er um í frv. Hún á að geta sinnt heilsueflingu og forvörnum á öllum sviðum í samræmi við stefnu ráðherra um forgangsröðun á sviði verkefna til heilsueflingar á hverjum tíma.

Lagt er til að núgildandi lög um áfengis- og vímuvarnaráð, lög um manneldisráð, lög um slysavarnaráð, og þau ákvæði laga um tóbaksvarnir sem varða tóbaksvarnaráð, verði felld úr gildi, en ráðin starfi áfram innan Lýðheilsustöðvar. Fyrrgreind ráð og tóbaksvarnaráð verði svonefnd sérfræðiráð, sbr. 5. gr. frumvarpsins, og verði Lýðheilsustöð og öðrum til ráðgjafar hvert á sínu sviði.

Kveðið er á um að ráðherra skuli setja reglugerð um skipan og hlutverk annarra sérfræðiráða en gert er ráð fyrir að eðlilegt og nauðsynlegt sé að setja á laggirnar sérfræðiráð á fleiri sviðum en að framan greinir, t.d. sérfræðiráð um hreyfingu, um geðvernd og varnir gegn sjálfsvígum, fræðslu um kynlíf og varnir gegn ótímabærri þungun ungra stúlkna, krabbameinsvarnir o.fl.

Í frumvarpinu eru ákvæði um helstu verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs, manneldisráðs, slysavarnaráðs og tóbaksvarnaráðs. Gert er ráð fyrir að frekari ákvæði um skipan þeirra og hlutverk verði í reglugerðum. Þá er gert ráð fyrir að annað heilsueflingar- og forvarnastarf á vegum ríkisins verði flutt til Lýðheilsustöðvar, t.d. starf tannverndarráðs, gigtarráðs og starf Árvekni að slysavörnum barna. Fjórar þessara nefnda og ráða hafa sjálfstætt starfsmannahald og skrifstofur eða eru í raun litlar ríkisstofnanir. Ég legg því áherslu á að verði þetta frv. að lögum muni þessum stofnunum því fækka um þrjár og aukin hagkvæmni nást hvað varðar húsnæði, starfsmenn og verkefni.

Gert er ráð fyrir að það fé sem nú er veitt til ráðanna verði framvegis veitt til Lýðheilsustöðvar, en þó er tekið fram að fé samkvæmt sérmerktum tekjustofni til tóbaksvarna verði ráðstafað til tóbaksvarnastarfs og fé úr Forvarnasjóði verði varið til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna. Fyrirhugað er að starfsmönnum, sem greidd eru laun af fyrrgreindum liðum, verði boðið starf hjá Lýðheilsustöð en auk þess er gert ráð fyrir að skipaður verði forstjóri og fjármálastjóri.

Gert er ráð fyrir að samþykkt frv. auki útgjöld ríkissjóðs varanlega um 18 millj. kr. á ári.

Virðulegi forseti. Fullyrða má að heilbrigðisþjónusta á Íslandi sé almennt góð en rétt er að leggja áherslu á að hlutverk heilbrigðisstofnana og heilbrigðisstarfsmanna er ekki aðeins að veita þjónustu þegar eftir henni er leitað heldur er hlutverk þeirra miklu víðtækara. Þó að við berum öll fyrst og fremst ábyrgð á eigin heilsu er ljóst að nær allar samfélagslegar ákvarðanir og stjórnvaldsaðgerðir hafa bein og óbein áhrif á líf og heilbrigði þegnanna.

Menn hafa spurt hvort það góða starf sem landlæknisembættið, heilsugæslustöðvar, félagasamtök og nefndir og ráð á sviði forvarna hafa unnið á sviði heilsueflingar og forvarna sé ekki fullnægjandi, hvort ekki nægi að styrkja þá aðila. Það má til sanns vegar færa en hitt er ljóst að með aukinni samhæfingu má efla þetta starf enn frekar til bættrar heilsu landsmanna. Lýðheilsustarf er í eðli sínu teymisvinna fjölmargra aðila, sérfróðra jafnt sem leikmanna og sjálfboðaliða. Bestur árangur næst þegar saman fer skýr stefnumörkun og markmið, vandað val viðfangsefna, náið samráð og samstarf við þá sem starfa að forvörnum, jafnt opinberra sem einkaaðila, félagasamtök og fjölmiðla. Lýðheilsustöð er fyrst og fremst ætlað að vera frumkvöðull og samræmingarafl í þessari teymisvinnu.

Eins og fram hefur komið er helsta markmið heilbrigðisyfirvalda á hverjum tíma að stuðla að heilbrigði þjóðarinnar og þar eru forvarnir einn mikilvægasti þátturinn. Ég tel að stofnun Lýðheilsustöðvar sé tvímælalaust mikilvægt framlag til að styrkja, samræma og efla það starf sem nú er unnið á sviði forvarna.

Ég leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

[10:55]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga um Lýðheilsustöð, þingmál sem kom fyrir þingið á síðasta vetri og var sent án umræðu til umsagnar síðasta vor.

Ég hef verið ákaflega hlynnt því að komið verði á laggirnar lýðheilsustöð hér á landi. Ég fagna því að komið skuli vera í farveg að koma á slíkri stöð. Umræða í kringum þetta

frv. hefur líka verið áhugaverð. Menn hafa farið að ræða lýðheilsumál meira en áður, en lýðheilsa er, eins og menn kannski vita, þýðing á enska heitinu „public health".

Frv. eins og það kemur fyrir þingið núna er nánast eins og það var síðast þegar það var lagt fram fyrir utan það að búið er að gera nokkrar lagfæringar á orðalagi og áherslum. Ekki hefur hins vegar verið tekið tillit til umsagna með afgerandi breytingartillögum. Þar sem þetta mál fór umræðulaust til nefndarinnar í fyrra langar mig að fara aðeins yfir umsagnir sem bárust þá. Í þeim koma fram tillögur um nokkrar breytingar á frv. sem ég tel fulla ástæðu til að skoða gaumgæfilega.

Fyrst ber að nefna umsögn frá Félagi um lýðheilsu þar sem lagðar eru til ýmsar breytingar og tillögur að breytingum á frv. Ég er ekki viss um að ég fari yfir það allt hér við 1. umr. Við munum auðvitað fara yfir málið í nefndinni og skoða þær tillögur sem þar koma fram. En Félag um lýðheilsu bendir á ýmsa þætti sem þarf að huga að þegar menn ætla að vinna að lýðheilsu. Meðal þess sem gagnrýnt er, bæði í þessari umsögn og einnig í umsögn frá landlæknisembættinu, er að skilgreining á lýðheilsu kemur ekki fram í frv. Það þyrfti að koma fram nánari skilgreining á hvað lýðheilsa er og í hverju hún felst frá því sem er í frv. núna. Félag um lýðheilsu bendir á að til séu margar skilgreiningar á lýðheilsu en allar hafi þær það sameiginlegt að kveða á um að minnka tíðni sjúkdóma og auka heilbrigði þjóða eða þjóðfélagshópa.

Til að ná slíkum markmiðum þarf að huga að grundvallarþáttum lýðheilsu. Í því felst að leggja áherslu á sameiginlega ábyrgð á heilbrigði þar sem hlutverk ríkisvaldsins er einkum að verja og efla lýðheilsu. Öll þjóðin eða ákveðnir hópar hennar eru markhópar lýðheilsustarfs. Áhersla er lögð á forvarnir og sérstaklega fyrsta stigs forvarnir, þ.e. að koma í veg fyrir sjúkdóma. Eins er lögð áhersla á að vera vakandi fyrir efnahagslegum áhrifaþáttum á heilbrigði og sjúkdóma auk annarra áhættuþátta. Huga þarf að þverfaglegri nálgun á málefni sem snerta lýðheilsu sem felur í sér beitingu fjölþættra aðferða við rannsóknir, bæði eigindlegra og megindlegra. Brýnt er að lifandi samvinna sé við þá þjóðfélagshópa sem um er að ræða hverju sinni. Þannig eru ábendingar frá Félagi um lýðheilsu.

Félagið bendir einnig á að skoða þurfi verkefni Lýðheilsustöðvar í tengslum við hlutverk landlæknisembættisins. Þar sem landlæknisembættið hefur náttúrlega haft með höndum ýmsa þá þætti sem Lýðheilsustöð er ætlað að taka að sér þá tek ég undir að skoða þurfi hlutverk landlæknisembættisins samhliða umræðunni um þessa lagasetningu um Lýðheilsustöð.

Það er líka mikilvægt að Lýðheilsustöð sé Alþingi, ríkisstjórn og öðrum til ráðgjafar um stefnumótun og ákvarðanatöku í málefnum lýðheilsu. Til þess að Lýðheilsustöð geti sinnt því hlutverki þarf að tryggja henni ákveðið faglegt sjálfstæði. Þeir benda líka á það í félaginu um lýðheilsu að heilsuverndarstarf sé ekki verulega aukið eða eflt frá því sem nú er í því frv. sem hér liggur fyrir og þeir benda í tengslum við það á að skilgreina þurfi hlutverk lýðheilsustöðvarinnar í víðara samhengi og taka fyrir þætti eins og heilsuvernd starfsmanna, kvennaheilsu, lýðheilsu barna, félags- og uppeldisþætti sem varða heilsuumhverfisáhrif, félagslega þætti o.s.frv.

Síðan hefur líka verið lögð áhersla á það í þessum umsögnum að kveða ákveðnar á um rannsóknarhlutverk Lýðheilsustöðvar en gert er í frv. og bent á að Lýðheilsustöð þarf að vera leiðandi afl í því að finna og greina þekkingu á heilsufari þjóðarinnar. Sú nálgun þarf að vera þverfagleg og taka til félagslegra, efnahagslegra og menningarlegra þátta.

Ég ætla ekki að fara yfir allar þessar umsagnir vegna þess að það verður verkefni nefndarinnar að takast á við það. En eitt langar mig til að nefna vegna þeirrar umræðu sem var um Lýðheilsustöðina hér á liðnu vori. Menn voru að ýta undir það að e.t.v. yrði henni komið fyrir einhvers staðar úti á landi. Því vil ég lýsa þeirri skoðun minni að ég tel ekki eðlilegt að Lýðheilsustöð verði komið fyrir utan höfuðborgarsvæðisins því að flestar þær stofnanir og félagasamtök sem vinna að lýðheilsu í landinu eru staðsettar á Stór-Reykjavíkursvæðinu og það að hafa stöðina utan höfuðborgarsvæðisins gæti hamlað starfseminni og einnig orðið til þess að starfsemi hennar yrði mun dýrari en ella.

Landlæknir er einnig með ítarlega umsögn um þetta þingmál sem við þurfum að skoða gaumgæfilega í nefndinni. Hann bendir á að við ættum að skoða hina nýju lýðheilsuáætlun Evrópusambandsins sem byggir á þremur meginstoðum og telur að við þurfum kannski að víkka aðeins það samstarf sem lagt er til í frv. Landlæknir bendir einnig á að hlutverk landlæknisembættisins og hlutverk Lýðheilsustöðvar skarist á ýmsan hátt. Þá ítreka ég það sem ég sagði áðan að það þarf að skoða hlutverk landlæknisembættisins í tengslum við hlutverk lýðheilsustöðvar sem þessarar því að eins og við vitum hefur landlæknisembættið í síauknum mæli sinnt málefnum sem varða forvarnir, heilsugæslu og heilsueflingu. Vissulega þyrfti að koma þarna inn í lýðheilsustarfið ýmis starfsemi sem hefur verið á vegum landlæknisembættisins. Ég nefni t.d. heilsueflinguna og geðræktina. Ég tel að með geðrækarverkefninu hafi menn verið að vinna ákaflega gott og mikilvægt starf í heilsurækt. Það verkefni hefur einmitt að hluta verið á hendi landlæknisembættisins.

Það má nefna líka að þetta er samstarfsverkefni Geðhjálpar, heilsugæslunnar í Reykjavík og Landspítalans, þetta geðræktarverkefni, sem er auðvitað í raun lýðheilsuverkefni.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara nánar ofan í þær umsagnir sem hér eru. En eftir að hafa lesið þær í gegn og aðrar umsagnir sem bárust tel ég að mikil vinna sé óunnin í frv. til að það geti orðið fullburða. Engu að síður vonast ég til þess að okkur takist að vinna þetta verkefni vel. En ég held að við verðum að taka tillit til a.m.k. þessara tveggja umsagna sem ég hef verið að vitna í og taka inn verulegar breytingar sem þar eru lagðar til, þ.e. ef frv. á að verða að lögum fyrir vorið og þá er mikil vinna eftir í nefndinni.

[11:06]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. um lýðheilsustöð sem lagt var fram á síðasta þingi til kynningar og sent til umsagnar frá heilbr.- og trn. Það kom fram í ræðu hæstv. heilbrrh. áðan að nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frv. frá því í vor eftir ábendingum sem komu fram í umsögnum og flestar eru þær til bóta að mínu mati.

Hugmyndir um lýðheilsustöð hafa verið í umræðunni um nokkurt skeið og má segja að nokkur einhugur sé meðal heilbrigðisstarfsmanna og þeirra sem vinna að forvörnum í landinu um að setja slíka stofnun á laggirnar þótt það þýði óneitanlega verulega uppstokkun á stjórnkerfum þeirrar starfsemi sem kemur til með að falla undir Lýðheilsustöð og að sama skapi miklar breytingar fyrir þá starfsmenn sem starfað hafa við þessi verkefni af miklum eldmóð, margir hverjir um langt árabil.

Í grein sem ég skrifaði í Morgunblaðið í september 2001 þar sem ég hvatti til þess að lýðheilsustöð yrði sett á laggirnar sagði ég m.a. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Máltækið „betra er heilt en gróið" felur í sér kjarna grunnhugmynda um forvarnir, hvort heldur sem fjallað er um slysavarnir eða lífshætti t.d. hreyfingu, hvíld, mataræði, streitustjórnun, neyslu tóbaks, áfengis- og annarra vímuefna sem geta ráðið líðan og heilsu manna bæði til lengri og skemmri tíma."

Lýðheilsustöð hefur það hlutverk að leita leiða til að leiðbeina fólki um hvernig koma eigi í veg fyrir ótímabæra og ónauðsynlega heilsuskerðingu af völdum lífshátta, hegðunar, vanþekkingar eða athugunarleysis, svo og að skoða áhrif umhverfis og samfélagsaðstæðna svo sem menntunar og menningarlegrar og félagslegrar stöðu á heilbrigði. Lýðheilsustöð hefur möguleika á að samræma þekkingu og krafta þess metnaðarfulla og hugmyndaríka fólks sem hefur stýrt verkefnum á sviðum forvarna í hinum ýmsu ráðum og nefndum á þessu sviði á vegum ríkisins. Á síðustu árum hafa stjórnvöld lagt aukna áherslu á forvarnir og endurspeglast sú stefna í heilbrigðisáætlun sem samþykkt var á Alþingi vorið 2001. Til að ná þessum áherslubreytingum í heilbrigðiskerfinu þarf að endurskoða skipulag forvarna í landinu og samræma störf þeirra sem vinna á þessum vettvangi.

Í frv. því sem hér er til umfjöllunar er lagt til að starfsemi ýmissa ráða og nefnda á sviði forvarna verði færð til nýrrar Lýðheilsustöðvar. Þetta er t.d. manneldisráð sem starfar samkvæmt lögum frá 1978, tannverndarráð sem hefur verið starfrækt í heilbr.- og trmrn. frá 1983, áfengis- og vímuefnaráð sem stofnsett var samkvæmt lögum frá 1998 og tóbaksvarnarnefnd samkvæmt lögum frá 1984. Einnig er gert ráð fyrir að ýmis tímabundin verkefni sem hrundið hefur verið af stað á síðustu árum falli undir starfsemi Lýðheilsustöðvar. Ég tek það fram að sú upptalning sem ég var með rétt áðan er ekki tæmandi því fleiri ráð falla undir nýja stöð.

Þessi tímabundnu verkefni sem ég vil nefna eru m.a. Árvekni – átaksverkefni um slysavarnir barna og unglinga sem hefur starfað frá 1997, og Heilsuefling sem er verkefni á vegum landlæknis og ráð sem hefur unnið að forvörnum gegn sjálfsvígum og hefur einnig starfað undir handarjaðri landlæknis. Þessar nefndir og ráð eru skipuð hæfu og metnaðarfullu fólki með sérþekkingu á viðkomandi sviði. Það hefur skilað góðum árangri og oft með mjög takmörkuðu fjármagni. Þessar nefndir og ráð reka skrifstofur undir starfsemi sína og hafa framkvæmdarstjóra og annað starfsfólk. Starfsemi þeirra hefur hins vegar ekki tengst formlega. Hlutverk þeirra er að sinna fræðsluátaki með kynningum og fræðsluátaki, stuðla að rannsóknum á viðkomandi sviði, veita ráðgjöf og sinna forvörnum með ýmsum hætti. Augljóslega skarast þessi verkefni og má með nokkrum rökum segja að hægt sé að nýta enn betur það fjármagn sem lagt er í þessi verkefni með aukinni samhæfingu. Við sameiningu forvarna sem hið opinbera rekur í einni miðstöð verður þó að gæta þess að hlúa að áhuga, frumkvæði og hugmyndaauðgi þeirra sem hafa starfað að þessum verkefnum og mikilvægt er að tryggja að hin nýja stöð fái notið starfskrafta þessa fólks þannig að það sjái sér fært að vinna áfram að þessum verkefnum ef það kýs svo.

Samkvæmt umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. sem fylgir frv. er 165 millj. kr. varið á fjárlögum 2003 til þessara verkefna og ekki leikur nokkur vafi á því að samrekstur þeirra undir einni yfirstjórn mun leiða til betri nýtingar fjár til forvarna. Ég hef nefnt áður þá skoðun mína að húsnæði Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur sé tilvalið undir Lýðheilsustöðina þar sem mörg af þeim ráðum og nefndum sem ég hef nefnt hér á undan hafa þegar athvarf fyrir starfsemi sína, en eins og við vitum er húsnæðið almennt vannýtt eins og það er í dag.

Það hefur verið umræða í gangi um að Lýðheilsustöð verði staðsett utan höfuðborgarsvæðisins en ég dreg þá ályktun af umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. að þau áform hafi verið lögð til hliðar, enda má segja að kostnaður við rekstur stöðvarinnar væri mun meiri einmitt vegna uppbyggingar starfseminnar þar sem gert er ráð fyrir að bak við hvert málefni verði ákveðinn fjöldi sérfræðinga til ráðgjafar og það útheimtir mun meiri kostað ef hún yrði staðsett utan höfuðborgarsvæðisins. En ég vil biðja hæstv. heilbrrh. að leiðrétta mig ef ég hef misskilið þennan þátt.

Verkefni á sviði forvarna sem eru í höndum frjálsra félagasamtaka eru ekki síður mikilvæg en þau sem stjórnvöld hafa staðið að. Hér nefni ég t.d. Geðrækt sem er samstarfsverkefni Geðhjálpar, landlæknisembættisins og Landspítala – háskólasjúkrahúss og starfar að geðvernd. Verkefnið hefur náð miklum árangri í vitundarvakningu um geðheilsu og viðhorfsbreytingu gagnvart geðsjúkdómum. Verkefnið hefur fengið styrk á fjárlögum síðustu ára og í fjárlögum árið 2003 er m.a. 5,5 millj. kr. varið til verkefnisins. Ég veit til þess að vilji er fyrir því að þetta verkefni færist undir Lýðheilsustöð þegar hún tekur til starfa.

Ýmis önnur starfsemi er á vegum frjálsra félagasamtaka, t.d. gigtarvernd, beinvernd og hjartavernd. Við stofnun Lýðheilsustöðvar er mikilvægt að hafa að leiðarljósi að starfsemi hennar hafi ekki neikvæð áhrif á starfsemi frjálsra félagasamtaka á sviði forvarna heldur verði þvert á móti hvatning til þeirra til að vera enn virkari á sínu sviði. Því fagna ég þeirri viðbót í frv. sem hefur verið bætt við frá því í vor, þ.e. að þar er kveðið á um tengsl stofnunarinnar við slík félög. Það er hugsanlegt að við þurfum aðeins að skoða þennan þátt nánar og hnykkja enn betur á þessu því að við vitum að forvarnir í landinu hafa að mjög miklu leyti til langs tíma verið byggðar á sjálfboðaliðastarfi frjálsra félagasamtaka sem hafa í einhverjum mæli fengið fjárstuðning frá ríkinu og ég tel að það sé mjög mikilvægt að haldið sé áfram á þeirri braut að hlúa að þeirri starfsemi.

Að lokum vil ég fagna því að þetta frv. er komið til umræðu og ég mun leggja mitt af mörkum til þess að það verði að lögum fyrir vorið.

[11:14]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga um Lýðheilsustöð. Henni er ætlað að taka yfir starfsemi fjögurra stofnana eða ráða og sameina í eina.

Verkefni þessara stofnana eru ýmis og ég vil byrja á því að benda á atriði sem kannski þyrfti að skoða betur. Í frv. stendur að helstu verkefni Lýðheilsustöðvar séu m.a. að annast áfengis- og vímuvarnir og manneldi. Það getur varla verið ætlun að stofnunin stundi manneldi eins og kálfaeldi heldur væntanlega manneldisfræðslu eða fræðslu um manneldi. (**Gripið fram í:** ... að klóna Pétur.)

Það er mjög mikilvægt að velferðarkerfið sé skilvirkt og eins ódýrt og hægt er en skili jafnframt því sem við viljum. Í því felst m.a. góð stjórnun og stjórnunin hefur mikið að segja í velferðarkerfinu. Hér er lagt til að sameina fjórar stofnanir í eina og þá hefði maður talið að stjórnun yrði skilvirkari,

betri, skörun yrði afnumin þar sem verkefni skarast, og fram kæmi aukin hagkvæmni, þ.e. menn mundu ná fram með betri stjórnun, með góðum forstjóra, hagræðingu og sparnaði en svo er ekki í þessu máli.

Hér er gert ráð fyrir því að forstjórinn kosti 8 millj. á ári, dágóð laun það, og svo þarf að ráða fjármálastjóra líka. Og það er eins og ekkert sparist neins staðar í rekstri þessara fjögurra ráða eða stofnana sem starfa í dag. Þessu er ég eindregið á móti og það leiðir til þess að ég er á móti frv. í heild sinni. Ég vil nefnilega að velferðarkerfið sé skilvirkt og því sé vel stjórnað. Og ef menn ætlast til þess að það komi forstjóri sem ekki skili neinu, engri arðsemi, ekki í stjórnun eða neinu er alveg óþarfi að fara út í þetta. Þá getur maður alveg eins látið það vera eins og það er í dag. Það eru enda engar kröfur gerðar til forstjórans í þessu frv.

Samkvæmt umsögn fjmrn. er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði, laun forstjóra verði 8,3 millj. kr. á ári héðan í frá, 5,7 millj. þurfi til ráðningar fjármálastjóra og svo 4 millj. til aukins skrifstofurekstrar. Það á ekkert að spara neins staðar. Þessir tveir starfsmenn eiga engu að skila, herra forseti.

Ég hefði talið að góð stjórnun ætti að spara heilmikið og það ætti að ná fram meiri velferð á þessu sviði fyrir minni pening með því að sameina stofnanirnar. En svo er ekki. Ég er því á móti þessu. Ég vil að menn komi með nýtt frv. þar sem gert er ráð fyrir því að það sparist eitthvað í rekstri þessara stofnana sem um er að ræða.

[11:18]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér fjöllum við um frv. til laga um Lýðheilsustöð. Við ræðum hér um lýðheilsu og ég fagna því sérstaklega að við skulum í dag vera að fjalla um lýðheilsueflingu og forvarnastarf í víðtækri merkingu. Því hlýt ég að fagna því að frv. skuli koma fram sem lýtur að þessu mikilvæga sviði. En ég vil gera nokkurn fyrirvara við frv. eins og það er lagt fram og tel að við í heilbr.- og trn. þurfum að skoða það vel og fara vel yfir þær umsagnir og ábendingar sem við höfum þegar fengið og leita eftir frekari svörum og skoðun á þessu máli áður en við getum afgreitt það á þessu þingi.

En orð eru til alls fyrst og það er ekki nýtt að fram komi ábendingar um að allt það góða og mikla starf sem hér er unnið, bæði á vegum hins opinbera og á heilsugæslustöðvunum, hjá hinum ýmsu félagasamtökum, frjálsum félagasamtökum, og þeim ráðum og nefndum sem eru á vegum hins opinbera og taka til þeirra málaflokka sem hér eru nefndir sem eiga að falla undir Lýðheilsustöðina. Ljóst er að það er æskilegt að finna öllu þessu mikla starfi, bæði hjá áhugamannafélögum og opinberum stofnunum, meiri samhljóm, meira samstarf, þannig að þetta mikla starf nýtist betur, komi a.m.k. í veg fyrir að einhver tvíverknaður sé í gangi. Það á kannski helst við á sviði forvarna, tóbaks-, vímu- og áfengisvarna, sem þessir hlutir skarast. Eins heilsuefling almennt, að hvetja landsmenn alla til þess að taka upp heilbrigt líferni og heilbrigða lífshætti. Það er auðvitað það sem allir hafa svo sammerkt hver á sínu sviði.

Ég man eftir umræðu fyrir ekki löngu síðan þegar verið var að huga að því hvernig hægt væri að finna Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík, sem löngum stóð undir forvarnastarfi, heilsuvernd á sínum tíma, verðugt hlutverk eftir að hennar fyrra hlutverki lauk, hvort ekki væri rétt að taka upp þráðinn aftur og koma þar inn sterku og öflugu húsaskjóli fyrir þá fjölbreytilegu starfsemi sem verið væri að vinna í landinu, hafa þar eins konar höfuðstöðvar. Heilsuverndarstöðin mætti vera þetta skjól sem heppilegt væri að leita til og hafa þar sameiginlega aðstöðu, sameiginlega starfsmenn, samráðsnefnd hinna ýmsu félaga, þannig að hægt væri að koma í veg fyrir tvítekningar eða að menn væru að beita kröftum sínum á sama sviði, efla þessa starfsemi án þess þó að slökkva þann eld sem býr í hinum frjálsu félagasamtökum sem leggja fram ómælda vinnu á sínu sviði. Þar er vissulega áhuginn en hægt væri að fá enn frekari kraft með því að koma þessu fólki öllu saman.

Þetta er hugmynd sem mér hefur hugnast vel. Það er kannski aðdragandinn að þeirri hugmynd að koma upp Lýðheilsustöð sem í þessu frv. hefur ekkert húsaskjól enda á það kannski ekki að vera aðalatriði hér heldur starfsemin. Ég tel þó að þessi grunnhugsun sé þess virði að skoða hana betur.

Hér hafa verið gerðar nokkrar breytingar á frv., m.a. tekin inn tengsl Lýðheilsustöðvarinnar, ef af verður núna, við frjáls félagasamtök. Það er mjög mikilvægt að hafa þau sterkt inni í þessari mynd, að Lýðheilsustöð verði ekki til þess að draga úr þeim þrótti sem er hjá öðrum og verði þá frekar til þess að efla félagasamtökin en ekki öfugt. Ég hef þennan fyrirvara á svona miðlægri stofnun, að hún gæti hugsanlega dregið þrótt úr hinum frjálsu félagasamtökum sem eru annars á þessu sviði.

Eins þykir mér vera nokkuð óljóst samkvæmt þessu hvert hlutverk landlæknisembættisins á að vera enda hafa komið fram hjá því almennar athugasemdir við frv. Að vísu fagnar embættið, eins og í raun og veru allir, að sú hugsun að efla lýðheilsu skuli vera komin svo langt að verið sé að tala um sérstaka starfsemi, svo mikla eflingu sem hér á að verða. Ef ég má vitna í umsögn landlæknisembættisins, með leyfi forseti, ég ætla ekki að rekja einstakar greinar en í lokaorðunum segir:

„Í ljósi umræðunnar hér að framan leggur landlæknisembættið til að frumvarpið í heild verði unnið nánar og endurskoðað. Meginþættir endurskoðunarinnar ættu að lúta að

víðtækri skilgreiningu á lýðheilsu,

þríþættum stoðum hugmyndafræði lýðheilsu,

nánari útfærslu á starfsemi sem ekki tengist núverandi lögbundnum nefndum og ráðum á borð við geðrækt, hreyfingu, umhverfisþætti o.fl.,

láréttri nálgun lýðheilsustarfs,

kostum lýðheilsuskóla og

mati á hagkvæmni þess að fella starfsemi Lýðheilsustöðvar að núverandi skipulagi lýðheilsumála í landinu í stað þess að setja nýja stofnun á fót. Bestu kostirnir í því efni væru að koma starfseminni fyrir á sviði innan landlæknisembættisins."

Þetta eru lokaorð og athugasemdir sem við þurfum auðvitað að fara vel yfir. Þar sem ég veit og tel að hugur okkar allra standi til þess að efla hér lýðheilsu treysti ég að við veljum heppilegustu leiðina. Hugsanlega væri rétt hjá okkur að taka þetta í einhverjum skrefum, a.m.k. að gæta þess að þetta verði ekki kostnaðarsamara en það er þó í dag.

Hér er lagt til að yfir þessari stofnun verði einn forstöðumaður, eins og segir í 2. gr., með yfirstjórnina. Mér finnst samt ekki ljóst hver eigi að bera ábyrgð á faglegum ákvörðunum. Stofnunin á að vinna samkvæmt markmiðum ríkisstjórnarinnar og heilbrigðisáætlun og undir ráðuneytinu en er það forstjórinn sem á að leggja línuna og segja sérfræðiráðunum fyrir verkum eða hversu sjálfstæð verða

sérfræðiráðin í störfum sínum og áherslum? Og verður þeim í reglugerð mögulega falið að sinna frekara hlutverki en að vera bara ráðgjafar fyrir ráðuneytið og aðrar opinberar stofnanir?

Síðan á að kjósa landsnefnd sem á að vera yfir þessari Lýðheilsustöð. Áfengis- og vímuvarnaráð, manneldisráð, slysavarnaráð og tóbaksvarnaráð skulu starfa innan Lýðheilsustöðvarinnar og vera sérfræðiráð. Þarna gætu komið til fleiri ráð í framtíðinni, ef af verður, tannverndarráð og fleiri sem eru starfandi í dag. Tannvernd er virk í dag og þarf að efla, og þarna gætu fleiri sérfræðiráð heyrt undir.

Varðandi tekjustofnana skal áfengis- og vímuvarnaráð ráðstafa fé úr Forvarnasjóði, samanber lög um gjald af áfengi og tóbaki, en sem betur fer er það komið inn í lögin að tóbaksvarnaráð skuli hafa 0,9% af bruttósölu tóbaks til ráðstöfunar til tóbaksvarnastarfs og skal fénu ráðstafað í samráði við ráðherra að fengnum tillögum tóbaksvarnaráðs. Þetta er sá tekjustofn sem tóbaksvarnanefnd hefur í dag og er þarna fest að það skuli alfarið fara til tóbaksvarna. Þegar hugmynd um lýðheilsustöð kom fyrst fram óttaðist ég að tekjustofnar áfengis- og vímuvarnaráðs og tóbaksvarnanefndar yrðu settir óskilyrtir inn í hana og að fjármunir sem fara í dag til tóbaksvarna mundu þá ekki nýtast alfarið til tóbaksvarna eins og þeir gera í dag. Þarna virðist vera búið að slá því alveg föstu að þessir fjármunir skuli eyrnamerktir í það. Tóbaksvarnanefnd hefur eftir sem áður gert nokkrar athugasemdir við frv. og þar kemur líka fram þessi ótti þeirra. Vil ég vitna, með leyfi forseta, beint í ábendingu frá þeim:

„Eftir sameiningu þá sem stefnt er að undir merkjum Lýðheilsustöðvar kynni að verða tilhneiging til þess að ráðstafa tóbaksvarnafé að hluta til verkefna sem falla undir starfsemi stöðvarinnar en hafa aðeins lausleg tengsl við tóbaksvarnir. Það þyrfti að varast og að sjálfsögðu almennt að hafa í huga að féð sé notað með þeim hætti að tóbaksvörnum sé til framdráttar.

Ætla þyrfti Lýðheilsustöð sérstakt ríkisframlag vegna yfirstjórnar stöðvarinnar til að tryggja að staðið væri við fyrirheit skv. 4. mgr. 9. gr. lagafrumvarpsins um Lýðheilsustöð, sbr. athugasemd með frumvarpinu."

Það að koma á slíkri stofnun kostar auðvitað fjármagn, það segir sig sjálft ef á að reka þetta með einhverjum myndarbrag, og því tel ég að við getum í raun og veru ekki vænst þess að sjá fram á lækkun framlaga í ríkisútgjöldum til þeirrar starfsemi sem nú er unnin þó að hún fari undir Lýðheilsustöð. Vonandi verður það frekar til að efla svo starfsemina að fleiri þættir verði dregnir þarna inn í og við megum þá búast við því að það muni kosta okkur meira í rekstri stöðvarinnar en undir þeim formerkjum að það eigi að skila okkur sparnaði í betri heilsu til lengri tíma og inn í framtíðina því að til þess er jú leikurinn gerður.

Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir yfirferð frv. og við munum skoða málið vel í heilbr.- og trn. og fara vel yfir athugasemdir sem koma fram.

[11:33]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Við ræðum frv. til laga um Lýðheilsustöð sem við öll hljótum að fagna vegna þess að lengi hefur verið kallað eftir aukinni samræmingu á störfum þeirra sem starfa að lýðheilsu eða „public health". Ég hefði gjarnan vilja nefna nokkur atriði sem mér finnst koma til álita þegar við ræðum um lýðheilsustöð, atriði sem ég held að við þurfum að skoða frekar þegar málið kemur til nefndar. En ég vil fyrst og fremst endurtaka mikilvægi þess að aukin samræming verði í forvörnum hér á landi.

Á sama tíma er spurningin um umfang og eðli lýðheilsustöðvar ákveðið umhugsunarefni. Ég vil fyrst nefna þá sem helst eiga að sinna þessum störfum, samanber b-lið 3. gr., þ.e. þeir aðilar sem eiga að annast áfengis- og vímuvarnir, manneldi, slysavarnir, tóbaksvarnir og önnur forvarna- og heilsuverndarverkefni. Starf þeirra hefur mikið til verið fjármagnað af hinu opinbera en það er fjöldinn allur af sams konar samtökum sem eru sjálfboðaliðasamtök og hafa þess vegna ekki verið reiknuð með til heildarkostnaðar þegar um fjárútlát er að ræða. Það væri því forvitnilegt að vita í raun og veru hver áætlunin er yfir þá sem hafa látið í té vinnu í þessum efnum. Ég tel að það muni frekar koma á óvart en hitt hversu mikið sjálfboðaliðastarf hefur verið unnið.

Sömuleiðis vil ég spyrja hver mörkin milli landlæknis og Lýðheilsustöðvar eiga að vera. Ég hef áhyggjur af því að um ákveðna tvöföldun verði að ræða og lögin þurfi að lokum að kveða skýrar á um hvert er starf landlæknis annars vegar og hins vegar hvert hlutverk lýðheilsustofnunar eigi að vera. Landlæknir hefur eins og allir þekkja til komið dyggilega að þessum málum.

Ég vil benda á að álit um sjálfboðaliða í þessu starfi kom fram hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga í umsögn þeirra, dags. í júní 2002, og var lögð áhersla á að ekki yrði drepið í dróma það fjölbreytta og mikla áhugamanna- og sjálfboðaliðastarf sem þrífst hér á landi nú þegar til eflingar lýðheilsu í víðasta skilningi þess orðs.

Rætt er um að efla lýðheilsustarf í samvinnu við aðra sem að þeim málum koma. Áhugavert væri að gera yfirlit yfir það hverjir það eru sem starfa að Lýðheilsustöð. Í því sambandi vil ég fagna þeirri samþykkt sem gerð var hér í fyrra um óhefðbundnar lækningar þar sem ég var 1. flm. að og spyrja ráðherra á hvaða stigi það mál er því búið er að skipa nefnd um úttekt á þeim sem stunda óhefðbundnar lækningar en ekki hefur frést af því hvert starf nefndarinnar er komið.

Ég hef einnig áhyggjur af staðsetningu þessarar stöðvar. Ég tel að margvísleg rök mæli með því að stofnunin verði í Reykjavík þar sem þau frjálsu félagasamtök sem að lýðheilsu starfi eru staðsett þar. Það væri ekki beinlínis mjög kostnaðarsparandi fyrir þau að stofnunin yrði síðan staðsett utan Reykjavíkur. Í umsögn Læknafélags Íslands um þessi mál, sem kom í júlí á síðasta ári, var sneitt að þessari hugmynd þar sem félagið segir að margvísleg rök mæli með því að þessi stofnun verði staðsett úti á landi, t.d. á Akureyri, ef það þjónar pólitískum markmiðum stjórnvalda. Og þar með er það eiginlega neglt niður af þessu fagfélagi að það álíti að það séu fyrst og fremst pólitísk sjónarmið sem ríki þegar verið er að ræða um staðsetningu stöðvarinnar.

Ég vil einnig gjarnan skoða það hvernig eigi að skipta niður fjármunum til hinna ýmsu verkefna; áfengis- og vímuvarna, manneldis, slysavarna, tóbaksvarna og annarra. Við sem höfum setið á þingi í einhvern tíma vitum ósköp vel að þegar við tökum á móti t.d. í heilbrigðisnefnd sérstökum beiðnum um aukaframlög til einstakra félaga, þá þurfa þau að berjast með kjafti og klóm fyrir tilverurétti sínum. Hætta er á því að þessi félög hreinlega hverfi eða verði undir í starfsemi sinni. Því þarf að gæta þess tryggilega að þau félög sem ekki hefur borið svo mikið á og hafa ekki haft mikinn auglýsingastyrk geti komið sér á framfæri hvar sem er og hvenær sem er, og fái það sem þeim ber.

Ég vil einnig nefna að slysavarnaráð skuli vera Lýðheilsustöð, heilbrigðisyfirvöldum og öðrum til ráðuneytis um allt sem lýtur að slysavörnum og að samræmd skrá skuli varðveitt hjá landlækni. Þetta kom fram í frv. á síðasta þingi. Ég er sammála umsögn tryggingafélaganna um að þetta ákvæði sé öldungis ófullnægjandi, einkum þó er varðar starfrækslu svonefndrar slysaskrár Íslands sem vistuð er hjá landlæknisembættinu. Væntanlega er átt við samræmda slysaskrá. Ég vil fara mjög gætilega í þessum efnum. Hér er verið að ræða um mjög persónulegar upplýsingar og allt sem fellur undir mjög persónulegar upplýsingar er nokkuð sem ég hef goldið varhuga við ítrekað í þessum ræðustól.

Almennt vil ég segja að ef vel verður staðið að stofnun Lýðheilsustöðvar og samhæfing verði aukin í tiltölulega góðu jafnvægi innbyrðis og við áhugamannafélög þá muni þetta verða okkur til góðs og efla heilsu og forvarnastarf. Ekki veitir af eins og við höfum reynt að undanförnu. Við getum tekið offituvandamál Íslendinga sem dæmi og fylgikvilla sem því fylgir, reykingar og vímuefnaneyslu almennt og almennt manneldi sem því miður hefur þróast þannig í hinum vestrænu löndum að þeir einstaklingar sem eiga uppruna sinn í vestrænum löndum eiga hreinlega erfitt með að laga sig að nýjum matarvenjum. Þetta segi ég vegna þess að ég hef kynnt mér svolítið þessi svið. T.d. má nefna það að ákveðnir þjóðflokkar í heiminum hafa ekki þau gen til að bera, svo dæmi sé tekið, sem geta ráðið við neyslu á t.d. áfengi og sykurafurðum, og þar vil ég nefna þjóðflokka eins og inúíta og indíána.

Ég tel að stofnun Lýðheilsustöðvar sé nauðsynleg, það er brýnt verkefni en það er jafnframt nauðsynlegt að gæta hófs og jafnvægis og fara varlega með þær upplýsingar sem henni berast.

[11:46]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Þau verða þó nokkur. Í fyrsta lagi tel ég að markmiðið með þessu frv. sé mjög gott, að efla lýðheilsu í landinu. Það sem stefnt er að með kerfisbreytingum er að færa starfsemi ýmissa aðila sem hafa starfað sjálfstætt en heyrt undir ráðherra undir eitt og sama þakið. Þessu geta fylgt kostir og gallar.

Kostirnir eru ótvírætt þeir að þegar starfsemi sem hefur ekki í öllum tilvikum verið mjög burðug er færð undir eitt þak þá er líklegt að það fólk sem við þetta starfar fái styrk hvert af öðru, það efli starfsandann og stuðli að aukinni fagmennsku. Þetta eru kostirnar. Gallarnir væru hins vegar þeir að hætta er á að gengið verði á hlut þeirra sem hafa sinnt einstökum málaflokkum og einskorðað allt sitt starf við þá, hvort sem það eru tóbaksvarnir, slysavarnir, áfengis- og vímuefnavarnir o.s.frv.

Í frv. er reynt að girða fyrir að fjármunum sem ætlað er til tóbaksvarna, mörkuðum tekjustofnum, verði varið í annað. Eins og fram kemur í frv. er aldrei hægt að gera það tryggilega þegar komið er inn í stofnun. Spurningin sem ég velti svolítið fyrir mér, í ljósi þess að það er verið að forstjóravæða Ísland í ríkari mæli en áður með því að draga úr völdum ráða, lýðræðislega kjörinna stjórna og ráða, en forstjóravaldið er eflt, er hvort sjálfstæði þeirra sem sinna tóbaksvörnum um ráðstöfun fjárins muni fá slík örlög.

Ég tek undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal varðandi það að ég staðnæmdist við álitsgerð fjmrn. og bað sérstaklega um orðið til að vekja máls á þessu en hann tók af mér ómakið. Hér kemur óneitanlega fram mjög undarleg launastefna. Það er talað um að tilkostnaðurinn við þessar kerfisbreytingar muni aukast um 18 millj. varanlega en sérstaklega eru tiltekin forstjóralaunin sem eiga að vera 8,3 millj. á ári. Það eru tæplega 700 þús. kr. á mánuði, um 690 þús. Fjármálastjóranum er skammtað heldur naumar, 5,7 millj., en einnig þar erum við að tala um háar mánaðargreiðslur, tæpa hálfa millj. kr.

Maður spyr því sjálfan sig: Hvað vakir eiginlega fyrir mönnum? Er verið að smíða þarna embætti utan um einhverja tiltekna einstaklinga eða eru menn orðnir svo haldnir þessari forstjórahyggju að þeir hugsi fyrst og síðast um hag þeirra? Hvað með aðra starfsmenn? Hvernig verður þeim greitt?

Hvað um skipulagsformið? Ef við gætum sæst á að það væri hægt að búa svo um hnútana að verksvið og sjálfstæði einstakra aðila sem heyrðu undir Lýðheilsustöðina yrði tryggt, ekki yrðu teknir fjármunir af tóbaksvarnaráði svo dæmi sé tekið, hafa menn velt því fyrir sér hvar slík stofnun, hvar slík eining eigi að vera? Í umsögn landlæknisembættisins kemur fram að það embætti vill gjarnan fá þessa starfsemi til sín, að Lýðheilsustöð væri svið innan landlæknisembættisins. Ég skal ekki dæma um það. Þessi hugmynd um Lýðheilsustöð hljómar ágætlega í mínum eyrum án þess að ég hafi kynnt mér öll rök í málinu. Ég tel það sýnu betra en að setja stöðina beint undir heilbrrn. en þætti fróðlegt að fá að heyra frá hæstv. ráðherra hvernig þessu er farið á Norðurlöndum, hvaða fyrirkomulag menn hafi þar. Það væri fróðlegt.

Tilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs hér er hins vegar þessi launastefna, þessi undarlega launastefna og forstjórahyggja, forstjóravæðing sem kemur fram í frv. sem ég tel þó, þegar á heildina er litið, marka framfaraspor.

[11:51]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga um Lýðheilsustöð sem komið er fram á nýjan leik með smávægilegum breytingum. Gerð hefur verið grein fyrir þeim breytingum í umræðum og ætla ég ekki að endurtaka þær.

En það er alveg ljóst að margir kostir eru fólgnir í því að koma forvarnastarfsemi af ýmsum toga undir einn hatt. Við hljótum öll að geta verið sammála um það. Hvernig það er gert er kannski annað mál en það skiptir mestu að það sé gert á vitrænan hátt sem samstaða getur náðst um. Ég tel að með þessu frv. sé einmitt leitast við að gera það.

Verkefnin sem um er að ræða eru samkvæmt núgildandi lögum um heilbrigðisþjónustu fyrst og fremst ætluð heilsugæslunni. Ég vil byrja á því að spyrja hæstv. heilbrrh. hvort hann telji að lögum um heilbrigðisþjónustu þurfi að breyta hvað þetta varðar eða hvort orðalag verkefna í 19. gr. laganna sé það rúmt að þetta geti fallið undir það.

Ég sat í nefnd sem átti að fjalla um framtíðarhlutverk Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. Hún skilaði af sér fyrir tæpum sex árum til þáv. heilbrrh., forvera núv. ráðherra. Þar komu fram ýmsar tillögur sem sumum hverjum hefur verið hrundið í framkvæmd en tillögur nefndarinnar, sem skilaði af sér skýrslu undir heitinu Heilsuverndarstöðin á nýrri öld, voru eftirfarandi:

„1. Í Heilsuverndarstöðinni verði miðstöð upplýsinga, fræðslu og þróunar á sviði heilsuverndar til stuðnings heilsugæslu í víðtækustu merkingu þess orðs.

2. Í Heilsuverndarstöðinni verði aðetur fagráða á hinum ýmsu sérsviðum heilsuverndar.

3. Landlæknir flytji í Heilsuverndarstöðina og verði falið að tryggja faglegt samstarf og samvinnu fagráðanna.

4. Áfengis- og vímuvarnaráð, manneldisráð, slysavarnaráð, tannverndarráð og tóbaksvarnanefnd gegni hlutverki fagráða hvert á sínu sérsviði og verði þeim fengin aðstaða í Heilsuverndarstöðinni.

5. Almenn mæðravernd verði flutt á heilsugæslustöðvar og til sjálfstætt starfandi heimilislækna. Áfram verði starfrækt mæðradeild í Heilsuverndarstöðinni. Teknar verði upp samningaviðræður við kvennadeild Landspítalans um samvinnu og verkaskiptingu með það fyrir augum að stofnuð verði sameiginleg miðstöð mæðraverndar í Heilsuverndarstöðinni. Þar fari fyrst og fremst fram sérhæfð mæðravernd en einnig almenn meðan þurfa þykir.

6. Almenn ungbarna- og smábarnavernd verði flutt á heilsugæslustöðvar og til sjálfstætt starfandi heimilislækna. Áfram verði starfrækt sérhæfð ungbarna- og smábarnavernd en einnig almenn meðan þurfa þykir.

7. Heimahjúkrun flytjist alfarið til heilsugæslustöðva."

Ég ætla síðan ekki að tína upp fleiri af þessum atriðum en í grófum dráttum eru þessi atriði öll í frv. um Lýðheilsustöð og nokkrum af þeim hefur þegar verið hrundið í framkvæmd eins og ég sagði áðan. Geðrækt hefur reyndar verið bætt við, réttilega. Í áðurnefndri skýrslu var reyndar tiltekið að geðrækt væri eitt af verkefnum Heilsuverndarstöðvarinnar.

Það er ljóst að fagráð og starfsemi af þessu tagi þarf húsnæði. Á það hafði verið lagt mat við þessa vinnu. Það var gert ráð fyrir einum 300 fermetrum fyrir fagráðin og 600 fermetrum fyrir landlæknisembættið, 1.200 fermetrum fyrir sameiginlegt rými, bókasafn, fundarsali, mötuneyti o.s.frv. Starfsmannafjöldi áfengisvarnaráðs var þá fjórir, manneldisráðs tveir, tannheilsudeildar tveir, tóbaksvarnanefndar einn og heilsueflingar einn.

Með því að koma þessu saman sáu menn auðvitað fyrir sér að farið yrði betur með fjármuni og skattfé almennings, þ.e. að það mætti samnýta ýmsa skrifstofuvinnu. Ég held að menn líti svo á að með því að færa starfsemi af þessu tagi saman sé auðvitað verið að því. Hins vegar kemur fram í umsögn fjmrn. um frv. að varanlega eigi það að auka útgjöld ríkissjóðs um 18 millj. kr. á ári, að meðtöldum kostnaði við landsnefnd um lýðheilsu.

Ég verð að segja að ef maður lítur á heilbrigðisþjónustuna í heild sinni þá höfum við ekki varið stórum hluta þeirra fjármuna í heilsuvernd eða fyrirbyggjandi starf. Ég held að það sé kominn tími til að gera það og taka myndarlegt skref þar. Ég vænti þess að með þessu frv. séu menn að því. Það þarf metnað í starf af þessu tagi, það þarf mannafla í rannsóknir, áróðursmál og sérfræðiverkefni. Það þarf tengingu við sambærilegar stofnanir erlendis. Það þarf menntun og kennslu, útgáfu, sjálfstæðar rannsóknir. Það þarf að vera hægt að ráða hæfustu fagmenn á sviði heilbrigðisvísinda í þetta starf.

Ég held að það hljóti að vera okkur metnaðar- og kappsmál að verja vaxandi hluta kostnaðar til heilbrigðisþjónustu í forvarnir, á skal jú að ósi stemma.

Hvað staðsetningu á þessari starfsemi viðvíkur þá hef ég svo sem ekki afdráttarlausar skoðanir á því en vísa á Heilsuverndarstöðina á nýrri öld sem ég minntist á áðan. Það er ljóst að þar er húsnæði fyrir hendi.

Þá langar mig að minnast á heitið Lýðheilsustöð. Það fer óskaplega fyrir brjóstið á mér, kannski ekki síst vegna þess að hér í landi voru lög um heilsuvernd. Þau hafa verið felld úr gildi og má segja að orðið „Heilsuverndarstöð" sé laust til umsóknar. Það er hús, bygging í Reykjavík sem heitir Heilsuverndarstöð Reykjavíkur eða Heilsuverndarstöðin sem allir Íslendingar þekkja. Orðið „heilsuvernd" er tamt og það skilja flestir ef ekki allir. Það skilst mun betur en orðið „lýðheilsa". Mér fyndist einfaldara — ef mönnum finnst einhver blæbrigðamunur á þessum orðum, en menn hafa þá búið sér hann til — að menn breyttu merkingu orðsins „heilsuvernd" í þá átt sem menn telja að þurfi til að það rúmi þessa starfsemi. Heilsuverndarstöð og heilsuvernd finnast mér miklu fallegri orð á sama hátt og ég vil að Esjan heiti áfram Esja en ekki Borgarfjall eða Reykjavíkurfjall, Kjalarnesfjall eða eitthvað slíkt. Nóg hefur nú verið ruglað með nafnið á Borgarspítalanum sem hefur síðan fengið að heita Sjúkrahús Reykjavíkur, Landspítalinn í Fossvogi og ég veit ekki hvert framhaldið verður þar á. En ég er nú nægilega gamaldags í mér til að kalla hann enn þá Borgarspítalann og Esjuna enn þá Esju. Ég legg til að við séum frekar íhaldssöm í orðanotkun og gleymum ekki góðum orðum eins og heilsuvernd.

Með þessu frv. er verið að leiða saman verkefni sem nú er sinnt annars staðar. Ég er mjög jákvæð gagnvart þessu frv. og ánægð með að það skuli komið fram og vona að við náum að afgreiða það á þessu þingi. Ég vil undirstrika það sem ég sagði áðan, að við eigum ekki að sjá ofsjónum yfir því að veita fé til forvarna. Auðvitað má velta fyrir sér, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal gerði áðan, hvort forstjóri og fjármálastjóri sé einmitt besta aðferðin til þess að stýra svona stofnun. Alla vega finnst mér mjög jákvætt að efla þennan geira. Ég styð það.

[12:01]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Lýðheilsustöð á sér fyrirmynd á hinum Norðurlöndunum en þær eru þó það nýjar, a.m.k. hjá tveimur Norðurlandanna að ekki er tímabært að spyrja hvaða árangri þær hafa skilað. En ég vil fyrst og fremst koma hér og fagna þeirri nýju sýn að tala um að efla heilsu í stað þess að verjast heilsutapi eða verjast áföllum og þessu endalausa forvarnatali. Ég tel að í heitinu, hvort sem stöðin endar með því að heita Lýðheilsustöð eða Heilsuverndarstöð, felist ný og gagnmerkari sýn á þau viðfangsefni sem verið er að fjalla um. En ég ætla ekki að markmiðið með því að koma á fót lýðheilsustöð hafi verið að spara í þeim málaflokkum sem munu falla undir stöðina samkvæmt frv. og vegna ræðu hv. þm. Péturs Blöndals um andstöðu hans við frv. þá þegar af þeirri ástæðu að það leiddi ekki til sparnaðar vil ég á hinn bóginn lýsa yfir stuðningi við frv. og þá út frá þeim meginmarkmiðum frv. sem eru að samræma heilsueflandi aðgerðir og samnýta krafta allra þeirra sem eru að vinna á þessu sviði.

Við skulum hafa það hugfast að heilsa eins og hún er skilgreind í lögunum um heilbrigðisþjónustu lýtur ekki bara að líkamlegri heilsu heldur líka að andlegri heilsu og enn betur lýtur hún jafnframt að félagslegri heilsu. Það er því ekki í svo lítið ráðist með verkefnum Lýðheilsustöðvar og ljóst er að þau verkefni eru ekki tæmandi talin þar og vikið er sérstaklega að í greinm frv. Við skulum líka horfast í augu við að það er fjölmargt sem staðið hefur út af borðinu og vert er að taka undir Lýðheilsustöðina. Við skulum líka hafa það hugfast að með verkefnum Lýðheilsustöðvarinnar á að ná að stuðla að því að markmiðum heilbrigðisáætlunarinnar, göfugum markmiðum heilbrigðisáætlunar til ársins 2010 verði náð.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv., ég reikna með að hv. heilbr.- og trn. fái það til meðferðar að lokinni þessari umræðu og ég trúi því að við munum fara yfir alla þætti þess og gefa góðan gaum að þeim umsögnum sem við fáum um frv. og jafnvel fá til okkar gesti og skoða það sem best.

[12:04]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram í meginmáli þeirra sem hér hafa þegar talað. Ég fagna frv. um Lýðheilsustöð og ég fagna líka þeirri umræðu sem við getum komið til leiðar um lýðheilsu í samfélaginu meðan við fjöllum um þetta mál hér. Nú skal það tekið fram að ég á ekki sæti í heilbr.- og trn. Alþingis og hef því ekki kynnt mér þær umsagnir sem komu um málið á síðasta löggjafarþingi þegar það var fyrst lagt fram.

Það sem hins vegar vekur áhuga minn og kannski líka spurningar um leið þegar yfir þetta mál er litið, er grunnhugmyndin sem að baki liggur. Eins og hv. formaður heilbrn. sagði áðan liggur að baki þessari Lýðheilsustöð heilbrigðisáætlun okkar til ársins 2010. Það er plagg sem að mínu mati er afar merkilegt og hefur að geyma markmið sem okkur er nauðsyn að keppa að.

Mig langar til að vita hjá hæstv. heilbrrh. hvort það sé ekki alveg tryggt að heilbrigðisáætlunin hafi verið grunnplaggið þegar hugmyndasmiðin í frv. um Lýðheilsustöð stóð yfir því samkvæmt heilbrigðisáætluninni til ársins 2010 er einmitt verið að fjalla fyrst og fremst um forvarnaþætti, verið er að fjalla um stefnumörkum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem liggur að baki þessu. Meginniðurstaða þessarar heilbrigðisáætlunar okkar er sú að það eigi að vera mögulegt að draga úr þjóðfélagslegum kostnaði við heilsutap og sjúkdóma en það er alveg greinilegt að til að ná öllum þeim markmiðum sem heilbrigðisáætlunin setur þarf endurskipulagningu á heilbrigðiskerfinu og ekki hvað síst á þessu forvarnakerfi. Mig langar því til að fá að vita hvort heilbrigðisáætlunin og þau göfugu markmið sem í henni eru liggi ekki örugglega að baki frv. til laga um Lýðheilsustöð. Í því sambandi langar mig til að taka sérstaklega undir orð Katrínar Fjeldsted sem ræddi mikið um metnað og fagmennsku í ræðu sinni því að auðvitað verðum við að sjá til þess þegar við erum að gera skipulagsbreytingar í málaflokkum eins og hér um ræðir að þar séu grunnhugmyndirnar skýrar og metnaðurinn og fagmennskan ævinlega höfð í fyrirrúmi. Ég hef gagnrýnt ríkisstjórnina fyrir að viðhafa ekki slík vinnubrögð t.d. þegar Umhverfisstofnun var stofnuð hér á síðasta ári. Ég vil tryggja það að flaustursleg vinnubrögð séu ekki viðhöfð í svona mikilvægum málum. Ég er manneskja langtímaáætlana, ég er mjög hlynnt heilbrigðisáætluninni okkar, mér finnst að við getum verið stolt af henni og ég vil að við getum líka verið stolt af þeirri Lýðheilsustöð sem hugmyndin er að stofna hér. Mér finnst því að hæstv. heilbrrh. eigi að reyna aðeins að sannfæra okkur í lokaræðu sinni um að metnaðurinn og fagmennskan sé í fyrirrúmi og sjóndeildarhringurinn sé víður og yfirsýnin þar af leiðandi öflug.

Það er sameiginleg ábyrgð okkar sem hér störfum að öll þjóðin njóti bættrar heilsu. Við viljum standa vel að þessum málum. Mér finnst það hafa komið fram í máli þeirra sem hér hafa tekið til máls og ég segi fyrir mig að ég hlakka til að fá að fylgjast nánar með umfjöllun um málið í þingsölum.

[12:08]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir góðar umræður og góðar undirtektir við frv. Það fer til heilbr.- og trn. eins og fram hefur komið og ég treysti nefndinni mjög vel til að fara vel yfir frv. og fara ofan í einstök atriði þess en ætla að gera örfá atriði að umtalsefni sem komu fram í umræðunum.

Það eru í fyrsta lagi tengsl slíkrar stofnunar, ef hún rís, við landlæknisembættið. Ég tel auðvitað einboðið að þau tengsl séu náin. Landlæknisembættið er grundvallarstofnun í heilbrigðiskerfinu og hefur haft frumkvæði að ýmsum ágætismálum á sviði forvarna og hefur fólk á þess vegum sinnt því af áhuga. Ég tel reyndar að meginhlutverk landlæknisembættisins sé eftirlitshlutverkið og ráðgjöfin við heilbrrn. Það eftirlitshlutverk er risavaxið verkefni sem hefur vaxið mjög með hverju árinu sem líður þannig að það verkefni hlýtur ætíð að vera grundvöllurinn í starfi landlæknisembættisins en það er einboðið að Lýðheilsustöð verður að hafa gott samstarf við það embætti.

Hv. þm. Ásta Möller kom inn á staðsetningu stöðvarinnar en það er ekkert í frv. sem segir til um staðsetningu stöðvarinnar. Hún nefndi Heilsuverndarstöðina. Frv. er ekki hugsað út frá ákveðnu húsi og er ekki hugsað þannig að meiningin sé að fara að rífa upp stofnanir sem starfa á þessu svæði en hins vegar vil ég ekki með frv. útiloka að einhverjir þættir þessa máls geti verið utan höfuðborgarsvæðisins en það er ekki meiningin með frv. að fara að rífa upp með rótum fólk og stofnanir sem hafa starfað hér og setja þær niður annars staðar. Ég veit að þetta mál hefur verið til umræðu og vil því að þetta komi fram hér, en hins vegar er með frv. eins og ég segi ekki lokað fyrir það að einhverjir þættir málsins geti verið utan höfuðborgarsvæðisins.

Nokkrar ádeilur komu fram út af því að frv. gerði ekki ráð fyrir sparnaði. Það er alveg rétt, það gerir ekki ráð fyrir því. Það gerir þvert á móti ráð fyrir því að það hagræði sem gæti verið af samræmingu þeirra aðila og samrekstri renni til forvarna. Ég vona svo sannarlega að frv. verði til þess að auknir fjármunir renni til forvarna því að í því er mesti sparnaðurinn í heilbrigðiskerfinu fólginn og það hlýtur hv. 10. þm. Reykv., Pétur Blöndal, að vera sammála mér um, að vekja menn til umhugsunar og vekja menn til þess að rækta sjálfa sig og heilsu sína eins og ég veit að hv. þm. gerir daglega og er til fyrirmyndar hvað það snertir. Þar er mestur sparnaðurinn fólginn. Ég tel að einhverjum milljónum í slíkt sé vel varið og komi margfalt til baka í heilbrigðiskerfinu. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir að af þessu verði beinn sparnaður en ég er sannfærður um að þetta skipulag er hagkvæmt. Þörf er á t.d. að ráða fjármálastjóra yfir þeim fjármunum sem þarna verða því að þetta eru verulegir fjármunir og ekki sama hvernig þeim er varið án þess að ég sé að saka nokkurn um að hafa varið þeim illa til þessa.

Hér hefur verið rætt um sjálfboðaliðasamtök og hlutverk þeirra og ég er sammála því að hlutverk þeirra hlýtur að verða verulegt. Það er alls ekki ætlunin með þessu skipulagi að draga úr frumkvæði sjálfboðaliðasamtaka á sviði lýðheilsu.

Rætt var um óhefðbundnar lækningar og hvar það starf væri á vegi statt. Verið er að undirbúa það starf og ég hef fengið Guðmund Sigurðsson lækni til að veita því starfi forstöðu og hann er að undirbúa það á vegum ráðuneytisins. Ég vona að það fari af stað af fullum krafti. Reyndar er búið að undirbúa nefndarstarfið núna um nokkurn tíma hvað

varðar óhefðbundnar lækningar og framkvæmd þeirrar þál. sem fjallar um þær.

Hér voru einnig mælt almenn varnaðarorð um meðferð upplýsinga. Ég tek þeim ábendingum. Við höfum ætíð reynt að tryggja persónuupplýsingar sem best, að aðgangur að þeim sé samkvæmt þeim lögum og reglum sem um þær eru settar.

Þá var einnig spurt hvernig þetta fyrirkomulag væri á Norðurlöndum. Getið er um það í greinargerð frv. að í Danmörku og Noregi hafa verið settar á stofn sérstakar stofnanir sem sinna lýðheilsu. Þessi stofnun er í anda þeirrar hugsunar.

Einnig var að því spurt, það var hv. 14. þm. Reykv. sem spurði, hvort breyta þyrfti lögum um heilbrigðisþjónustu vegna þessa frv. ef að lögum verður. Ekki er talið að þess þurfi en það er auðvitað atriði sem heilbr.- og trn. gæti skoðað nánar. Við álítum að þess þurfi ekki.

Varðandi nafnið á þessari stofnun er þetta að vísu, eins og kemur fram í greinargerðinni, þýðing á enska heitinu „public health". Auðvitað er heilsuvernd ágætisorð. Heilsuverndarstöð er vel þekkt orð og ágætt. Þetta er smekksatriði.

Það hefur verið deilt á að í þessu felist ákveðin launastefna, það sé áætlað ríflega fyrir launum forstjóra og fjármálastjóra. Þarna er um laun og launatengd gjöld að ræða og vonandi tekst að ráða yfir stofnunina fólk á sanngjörnum kjörum. Við höfum metnað til þess að fá að þessari stofnun gott fólk. Ef það er ríflega áætlað er það af því að við höfum metnað til að fá gott fólk að stofnuninni. Það er auðvitað þáttur í því sem hv. 17. þm. Reykv. kom inn á, hvort unnið væri að málinu af metnaði. Ég get játað því. Við höfðum auðvitað heilbrigðisáætlun til hliðsjónar þegar frv. var samið. Það er sprottið af þeim metnaðarfullu markmiðum sem þar er að finna. Ég hef mikinn metnað fyrir hönd þessarar stofnunar, ef hún rís, og mér finnst að hún gegni afar mikilvægu hlutverki í heilbrigðisþjónustunni en sé jafnframt að feta sig áfram inn á leið forvarnanna sem ég tel afar mikilvæga. Ég verð var við það hjá heilbrigðisstarfsfólki að það er mjög mikill áhugi á þessum málum, og m.a. hefur verið stofnað félag um lýðheilsu sem hefur starfað af krafti síðan það var stofnað og því ber að fagna.

Ég vona svo sannarlega að þetta frv. verði að lögum og að við getum tekið á forvörnum hér með metnaði. Það skilar sér, bæði í bættri líðan fólks og í sparnaði í heilbrigðiskerfinu þegar til lengdar lætur. Ég er alveg sannfærður um að það er ekkert eitt atriði sem skilar sér betur en að efla forvarnastarfið í landinu.

[12:21]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram mjög áhugaverð og fróðleg umræða og það er enginn vafi á því að Lýðheilsustöð getur orðið framfaraskref í heilbrigðisþjónustu okkar. Ég tek undir þau orð hæstv. heilbrrh. að ekkert er jafnþýðingarmikið og öflugt forvarnastarf.

Hér hafa komið fram margar ábendingar sem vert er að taka tillit til. Það er mitt mat að það sé þýðingarmikið að hv. heilbrn. fari yfir þær og ég tek sjálf undir þær ábendingar sem frsm. Samfylkingarinnar í þessu máli, Ásta R. Jóhannesdóttir, kom með í umræðunni.

Ég kveð mér ekki síst hljóðs í andsvari til að bregðast við upplýsingum hæstv. ráðherra varðandi óhefðbundnar lækningar. Ég er afskaplega sátt við að heyra að Guðmundur Sigurðsson læknir muni veita þessu verkefni forstöðu. Ég þekki störf hans að góðu einu og þykist vita að málið sé í góðum höndum.

Mér finnst þýðingarmikið að það verði farið í málið með öll þau verkefni sem komu fram í þáltill., að hún öll verði framkvæmd, og spyr hvort svo sé. Verða öll þau verkefni fengin starfshópnum eða hinni formlegu nefnd ef svo er? Það er fróðlegt að vita hversu stór nefndin á að vera og hvaða tímamörk henni eða hópnum verða gefin til að skila þessu verkefni. Við erum að skoða þessi mál afar seint miðað við nágrannalöndin en jafnánægjulegt er að Alþingi skuli hafa sameinast um þessa ályktun og að ráðherra skuli hafa brugðist við henni.

[12:23]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst vil ég segja það að að sjálfsögðu tekur heilbr.- og trn. þau atriði sem hér hefur verið bent á til skoðunar. Það er ekki nema einboðið. Ég veit að það verður gert, eins og ég sagði í seinni ræðu minni, og vandað til því að í heilbr.- og trn. er fólk sem hefur mikinn áhuga á þessum málum og faglega þekkingu, a.m.k. margt af því.

Varðandi óhefðbundnu lækningarnar hef ég, eins og ég sagði, áhuga á því að koma því starfi af stað. Það er verið að móta endanlega hvað nefndin verður stór. Við höfum gefið væntanlegum formanni nokkurt umboð í því að skipuleggja starfið sem á að vera víðtækt og taka til þáltill., að sjálfsögðu. Ég reikna með að það þurfi að gefa nokkurn tíma til þess að fara yfir þetta því að þetta er ekki einfalt mál. Það er langt frá því. En ég valdi þennan forstöðumann af því að ég treysti honum og þekki hann vel og ég veit að þetta starf verður unnið af mikilli samviskusemi. Þar að auki kynnti hann sér þetta efni sérstaklega á námsárum sínum, afstöðu Íslendinga til óhefðbundinna lækninga. Ég veit að þetta starf verður unnið af mikilli samviskusemi. Ég efast ekki um það.

[12:25]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra hans ágætu svör og ítreka það að ef Lýðheilsustöðin á að verða þetta tæki sem lagt er upp með í frv. er afar mikilvægt að um stöðina og alla tilurð hennar ríki mjög góð sátt og að flokkanir standi að henni í heild sinni. Þetta er ekki mál sem vænlegt er að einhver flokkameirihluti á Alþingi keyri í gegn eftir sínum leiðum, heldur er þetta sérstaklega gott dæmi um mál sem sátt á að vera um, á að vinna í sameiningu og leita allra leiða til þess að verkefnið verði sem best verður á kosið og um það mikil og góð samstaða. Ég vona að þannig verði unnið og að það verði niðurstaðan hjá heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjalög og læknalög, 1. umr.

Stjfrv., 423. mál (lyfjagagnagrunnar). — Þskj. 538.

[12:27]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, og læknalögum, nr. 53/1988. Frv. er komið til í kjölfar mikillar umræðu í þjóðfélaginu um meinta misnotkun mikilvirkra ávana- og fíknilyfja. Þá ákvað ég að skipa stýrihóp þann 8. júlí 2002 sem hefði það hlutverk

að skilgreina og meta þarfir Lyfjastofnunar, landlæknisembættisins og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir upplýsingar úr lyfjagagnagrunni. Frv. er byggt á skýrslu stýrihópsins og felur í sér breytingar á tveimur lagabálkum, lyfjalögum og læknalögum.

Megintilgangur frv. er sá að skjóta lagastoð undir starfrækslu Tryggingastofnunar ríkisins á tveimur lyfjagagnagrunnum, öðrum ópersónugreinanlegum og hinum persónugreinanlegum, og mæla fyrir um aðgangsheimildir Tryggingastofnunar, landlæknisembættisins og Lyfjastofnunar á þeim grunnum í nánar tilgreindum tilvikum. Þá er hlutverk landlæknisembættisins og Lyfjastofnunar til eftirlits á sviði ávana- og fíknilyfja gert skilvirkara. Nauðsynlegt er að lögfesta skýra heimild Tryggingastofnunar ríkisins til að koma á fót og reka lyfjagagnagrunna. Þá þarf samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga að geta þess hver sé ábyrgðaraðili grunnanna. Lögfesta þarf beinan aðgang landlæknis að persónugreinanlega gagnagrunninum í stað þess að hann þurfi að kalla eftir þeim í tölvutæku formi til viðkomandi lyfsala. Þá er nauðsynlegt að kveða skýrar á um eftirlit landlæknis og Lyfjastofnunar með ávana- og fíknilyfjum.

Það er mikilvægt fyrir landlækni, Lyfjastofnun og Tryggingastofnun að hafa aðgang að ópersónugreinanlegum upplýsingum til almenns eftirlits með lyfjum, lyfjanotkun og lyfjakostnaði til tölfræðirannsókna og vegna erlends samstarfs. Gagnagrunnur sem þessi er mikilvægur fyrir heilbrigðisyfirvöld til að fá góða yfirsýn yfir lyfjanotkun landsmanna, fylgjast með þróun og ákveða aðgerðir, þar með talið greiðsluþátttöku almannatrygginga, og meta árangur þeirra.

Að undanförnu hefur mikil umræða átt sér stað í þjóðfélaginu um meinta misnotkun mikilvirkra ávana- og fíknilyfja. Dæmi eru um að fíkniefnaneytendur gangi á milli lækna og fái ávísun á ávana- og fíknilyf til eigin neyslu eða jafnvel sölu, oft til að fjármagna neyslu. Nauðsynlegt er því að stemma stigu við slíkri óheillaþróun með auknu eftirliti. Þá geta þau tilvik m.a. komið upp að læknar ávísa sjálfum sér óhóflegu magni ávana- og fíknilyfja til eigin nota. Því er mikilvægt að landlæknir geti í undantekningartilvikum fengið beinan aðgang að persónugreinanlegum upplýsingum í rafrænu formi. Þannig getur hann greint vandamálið á mun markvissari og skjótari hátt en áður var hægt og gripið fyrr til viðeigandi aðgerða. Tilgangurinn er að herða eftirlit með ávana- og fíknilyfjum og koma í veg fyrir misnotkun þeirra. Þá er tilgangur ákvæða um aðgang Tryggingastofnunar ríkisins að persónugreinanlegum upplýsingum um sjúklinga í gagnagrunni að auka þjónustu við sjúkratryggða og einfalda vinnslu við endurgreiðslur samkvæmt réttindum þeirra, þó að því skilyrði uppfylltu að sjúklingur samþykki vinnsluna. Augljóst hagræði er fyrir sjúkratryggðan að hafa á einum stað upplýsingar um lyfjanotkun sína auk þess sem það getur auðveldað endurgreiðslur vegna lyfjakostnaðar.

Sá misskilningur virðist vera uppi að persónuupplýsingar og upplýsingar um einstaka sjúklinga séu starfsfólki viðkomandi stofnana aðgengilegar í persónugreinanlega lyfjagagnagrunninum. Til að taka af allan vafa skal tekið fram að gert er ráð fyrir að persónuupplýsingar séu dulkóðaðar í þessum gagnagrunni og engum aðgengilegar nema í einstökum tilvikum þegar rökstuddur grunur um misferli liggur fyrir. Í stað þess að skrá nöfn og kennitölur þeirra sjúklinga sem fá ávísað ávana- og fíknilyfjum hjá Lyfjastofnun eins og hingað til hefur verið gert verða persónueinkenni þeirra dulkóðuð og varðveitt þannig í persónugreinanlega lyfjagagnagrunninum. Rafrænt eftirlit mun gera landlækni viðvart í skilgreindum tilvikum þegar þörf er á að persónuupplýsingar séu skoðaðar. Því verður ekki unnið með persónuauðkennin nema í þeim tilvikum sem eru utan skilgreindra marka. Af þessu leiðir að persónuverndar verður betur gætt gagnvart sjúklingum og læknum en áður auk þess sem viðkvæm gögn fara um færri hendur.

Helstu nýmæli frv. felast í breyttu fyrirkomulagi eftirlits landlæknis og Lyfjastofnunar með ávana- og fíknilyfjum þar sem þessar stofnanir munu nýta sér þær upplýsingar sem eru til í lyfjagagnagrunni hjá Tryggingastofnun, þó þannig að persónuverndarsjónarmiða sé gætt.

Einnig er það nýmæli að landlæknisembættið og Tryggingastofnun munu hafa samvinnu um að vinna með markvissari hætti en áður úr ópersónugreinanlegum upplýsingum um lyfjanotkun og lyfjakostnað sem er að finna í lyfjagagnagrunninum í þeim tilgangi að auka almennt faglegt og fjárhagslegt eftirlit með lyfjaávísun.

Herra forseti. Í ræðu minni hef ég lauslega farið yfir aðdraganda og efnisatriði frv. til laga um breytingar á lyfjalögum og læknalögum. Eftir að frv. var lagt fram komu nokkrar athugasemdir frá Persónuvernd sem ég mun leggja inn til heilbr.- og trn. og bið nefndina að fara vel yfir. Ég tel að þar sé um athugasemdir og lagfæringar að ræða sem rétt sé að taka tillit til og það bréf verður lagt inn til nefndarinnar. Ég tel hins vegar mikilvægt að frv. þetta nái fram að ganga núna á þessu þingi og leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að málinu verði vísað til hv. heilbr.- og trn.

[12:34]

Ásta Möller:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lyfjalögum og læknalögum. Hæstv. heilbrrh. hefur farið vel yfir tilgang frv. og meginatriði þess í framsöguræðu sinni. Þar kom m.a. fram að frv. er fyrst og fremst ætlað að skjóta lagastoð undir heimildir landlæknis, Lyfjastofnunar og Tryggingastofnunar ríkisins til þess að afla upplýsinga um lyfjaávísanir í þeim tilgangi að auka eftirlit með lyfjaávísunum lækna á ávana- og fíkniefnum og til að tryggja betur rétt sjúkratryggðra og einfalda vinnslu við endurgreiðslu samkvæmt réttindum þeirra.

Jafnframt er hægt að afla almennra upplýsinga um lyfjanotkun og lyfjakostnað hér á landi. Í þeim tilgangi eru tveir lyfjagagnagrunnar settir á laggirnar, annar persónugreinanlegur og hinn ópersónugreinanlegur. Upplýsinga úr persónugreinanlegum lyfjagagnagrunni er aflað af landlækni í sérstökum tilvikum þar sem grunur leikur á misnotkun á ávana- og fíkniefnum, m.a. í auðgunarskyni, og af Tryggingastofnun ríkisins til þess að tryggja rétt sjúklinga til endurgreiðslu lyfjakostnaðar. Þá eru tölfræðilegar upplýsingar sem fást úr ópersónulegum lyfjagrunni mikilvægar þessum eftirlitsstofnunum, m.a. til þess að bera saman við lyfjanotkun í öðrum löndum og til stefnumótunar á sviði lyfjamála. Þegar frv. verður að lögum, sem ég geri ráð fyrir, er þessum þremur eftirlitsstofnunum á sviði lyfjamála gefið öflugra tæki í hendur en þær hafa yfir að ráða í dag til þess að sinna hlutverki sínu.

Þessar stofnanir hafa í raun heimildir í dag til þess að afla slíkra upplýsinga en hafa hins vegar ekki heimild til þess að vinna þær og varðveita. Þegar frv. verður að lögum verður þeim gert kleift að nálgast slíkar upplýsingar með auðveldari

og skjótari hætti en mögulegt er í dag. Jafnframt er þeim aðilum fækkað sem koma að öflun upplýsinga, t.d. um hugsanlega lyfjamisnotkun, en nefna má að heimild landlæknis til þess að afla slíkra upplýsinga í dag er í ákveðnum tilvikum þegar grunur leikur á að læknir eða einstaklingur er að afla sér lyfja í þeim tilgangi að misnota þau eða í auðgunarskyni.

Heimild landlæknis er takmörkuð við að kalla eftir tölvuskráðum upplýsingum frá apótekum þar sem margir aðilar koma að söfnun upplýsinga og setja má spurningarmerki við persónuvernd í því sambandi. Í rauninni er gerir þetta frv. ráð fyrir því að persónuvernd verði verulega aukin frá því sem nú er í vinnslu þessara upplýsinga.

Ekki leikur nokkur vafi á mikilvægi þess að setja þessa tvo gagnagrunna á laggirnar. Hins vegar er það ekkert launungarmál að við söfnun slíkra viðkvæmra upplýsinga á einn stað þarf að beita ýtrustu varkárni til þess að gæta persónuverndarsjónarmiða. Mér er kunnugt um að Persónuvernd varð höfð með í ráðum við samningu þessa frv. og því komu mér í raun viðbrögð stofnunarinnar nokkuð á óvart þegar frv. var kynnt í desember sl., en þar kom fram ákveðin gagnrýni á ýmsa þætti frv. sem snúa að persónuvernd.

Hæstv. heilbrrh. gerði í ræðu sinni grein fyrir því að athugasemdir Persónuverndar verði lagðar inn til hv. heilbr.- og trn. til skoðunar og við munum gera það. Hins vegar langar mig í framhjáhlaupi, svona til þess að átta mig á þessum viðbrögðum Persónuverndar, að varpa fyrirspurn til ráðherra um að hve miklu leyti Persónuvernd kom að samningu þessa frv. og hvernig hann skilur þessi viðbrögð Persónuverndar, hvort þeir hafa breytt um skoðun eða hvernig það er.

Í heildina tel ég að um gott og nauðsynlegt frv. sé að ræða og munum við taka það til ítarlegrar skoðunar í hv. heilbr.- og trn. En í lokin eru það tvö atriði sem ég hef áhuga á að spyrja hæstv. heilbrrh. um til viðbótar því sem ég varpaði fram rétt áðan. Í fyrsta lagi segir eftirfarandi í athugasemdum með frv., með leyfi forseta:

„Til þess að unnt sé að sinna þessu eftirliti á fullnægjandi hátt verður að gera ráð fyrir viðbótarstarfsmanni við landlæknisembættið."

Hins vegar segir í athugasemdum fjárlagaskrifstofu fjmrn. með frv., með leyfi forseta:

„Hvorki er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði hjá Lyfjastofnun né landlæknisembætti vegna frumvarps þessa þrátt fyrir áform sem fram koma í athugsemdum frumvarpsins að auka eftirlit með notkun ávana- og fíknilyfja."

Mig langar til þess að heyra frekar frá hæstv. heilbrrh. um þetta misræmi sem kemur fram annars vegar í greinargerð og hins vegar í umsögn fjárlagaskrifstofunnar.

Mig langaði að heyra betur af öðru atriði og vísa þá í frétt Morgunblaðsins frá 15. janúar sl. Þar er frásögn frá læknadögum þar sem m.a. var rætt um svokallað læknadóp og þar kemur fram í eftirfarandi frásögn, með leyfi forseta:

„Nánari samvinna heilbrigðisstarfsfólks, þar með talinna lyfjafræðinga, og rafrænn gagnagrunnur með upplýsingum um lyfjanotkun sjúklinga og sjúkrasögu þeirra eru einar helstu forsendur þess að hægt verði að draga úr misnotkun lyfseðilsskyldra lyfja hér á landi. Þetta kom m.a fram á málþingi um lyfjaávísanir og eftirlit með þeim á læknadögum sem nú standa yfir.

Á þinginu kom fram að í kjölfar mikillar umræðu um svokallað „læknadóp" sl. vor hafi ýmsar tillögur til úrbóta komið fram. Nú liggi t.d. fyrir Alþingi tillögur um breytingar á lyfjalögum, læknalögum og almannatryggingalögum í þessum tilgangi. Á þinginu komu einnig fram þau sjónarmið að hert eftirlit eitt og sér væri ekki nóg, læknar þyrftu að geta með einföldum hætti séð hvort viðkomandi sjúklingur hafi fengið ávísun á lyf hjá öðrum lækni, hversu mikið og hversu oft, í þeim tilgangi að koma auga á hugsanlega misnotkun.

Enn sem komið er er enginn slíkur persónugreinanlegur gagnagrunnur til en með breytingu á lækna- og lyfjalögum gæti hann orðið að veruleika að sögn Hauks Valdimarssonar, aðstoðarlandlæknis. Hann segir að gerð slíks gagnagrunns gæti tekið tvö ár."

Það er ljóst miðað við það sem lagt er til hér, upplýsingar sem lagt er til að dregnar verði úr lyfjagagnagrunninum sem við erum að fjalla um hér í dag og rætt hefur verið á læknadögum, að ekki er heimild fyrir slíkri vinnslu samkvæmt frv. Því spyr ég hæstv. heilbrrh. hvort það komi til greina frá hans hendi eða hvert álit hans er á því að víkka út lyfjagagnagrunnana í þá veru sem aðstoðarlandlæknir ræðir um. Í því sambandi langar mig til þess að vísa í umræður á fundi heilbr.- og trn. nú í morgun. Þar var fjallað um lyfjamál. Þar voru m.a. fulltrúar frá heilbrrn. og frá Tryggingastofnun ríkisins. Þar kom fram að þeir teldu að þeir gagnagrunnar sem við erum að fjalla um í þessu frv. mundu nýtast í þessum tilgangi. En þá þurfa náttúrlega að vera heimildir fyrir því. Í því sambandi bentum við m.a. á að slíkir gagnagrunnar þar sem læknar hafa aðgang að upplýsingum um hvaða lyfjaávísanir hafa verið gefnar út á þeirra sjúklinga — ég geri ráð fyrir að þá sé um heimilislækna að ræða sérstaklega — að slíkir gagnagrunnar hafi þegar verið búnir til í Noregi og annaðhvort Svíþjóð eða Danmörku. Mig brestur minni hvort landið var nefnt. Alla vega er svo á tveim Norðurlöndum. Það er alveg ljóst eins og kemur fram í frétt Morgunblaðsins að slíkar upplýsingar eru mjög mikilvægar einmitt í þeim tilgangi að tryggja það að fólk fái afgreidd rétt lyf og að ekki sé um misnotkun að ræða. Það er oft svo að fólk man ekki eða hefur ekki upplýsingar með sér er það fer til læknis hvaða lyfjum það er á nema það gangi með lyfjakort sem fólk hefur verið að reyna að nota í gegnum árin. En oft vill brenna við að það er ekki haft með í heimsókn til læknis.

Þetta voru þær spurningar sem mig langaði til að varpa fram til heilbrrh. út af þessu frv.

[12:42]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi var spurt hver aðkoma Persónuverndar hefði verið að samningu frv. Haft var samráð við þá. Það voru haldnir bókaðir fundir með fulltrúum Persónuverndar þegar frv. var samið. Hins vegar kom það í ljós þegar gengið hafði verið frá frv. að Persónuvernd hafði frekari athugasemdir og hefur hún sent inn bréf í nokkrum liðum sem mér fannst þá rétt að heilbr.- og trn. fengi. Ég hef ekki á móti því að tillit sé tekið til þeirra og fulltrúar ráðuneytisins munu gera nefndinni grein fyrir því þegar nefndin fjallar um málið. Ég tel ábendingar þeirra réttmætar og að rétt sé að taka tillit til þeirra.

Síðan var spurt um samvinnu heilbrigðisstarfsfólks og aðstöðu lækna til þess að fá að vita lyfjasögu sjúklinga ef svo má segja. Ég fylgdist með umræðum og ályktunum frá fundi lækna um þetta efni og þær eru mjög athyglisverðar. Ég er tilbúinn að skoða þau mál. Mér er kunnugt um að læknar eru tilbúnir til samstarfs. Ég vil hafa samráð við þá og forustu þeirra. Ég tel rétt að gera það því að læknar gegna auðvitað lykilhlutverki hvað þetta snertir. Ég vil lýsa því yfir hér að

ég vil vinna með heilbrigðisstarfsfólki, bæði læknastéttinni og öðrum að þessum viðfangsefnum.

[12:45]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek í rauninni undir það sem hæstv. heilbrrh. segir að það er svo sem ekkert við það að athuga að Persónuvernd bæti í kröfur sínar varðandi persónuvernd og við munum taka það til skoðunar í heilbr.- og trn.

Ég verð að viðurkenna að mér hefur stundum fundist heldur mikið í lagt frá Persónuvernd, heldur miklar kröfur stundum sem hún setur á persónuvernd, þó að við þurfum alltaf að gæta þessa atriðis. Mér er kunnugt um að eitt af þeim atriðum sem Persónuvernd hefur lagt áherslu á að komi inn í frv. er að þessar upplýsingar liggi bara fyrir í ákveðinn tíma og þeim verði eytt eftir tvö ár. Ég man þegar ég las skýrslu nefndarinnar sem undirbjó þetta frv. að þá var slíkt ákvæði í tillögu nefndarinnar. En af einhverjum ástæðum féll það út í endanlegri gerð frv. En í rauninni er sú krafa afar eðlileg.

Mér finnst sú hugmynd mjög áhugaverð sem kom fram á læknadögum um að nota þennan lyfjagagnagrunn enn frekar þannig að hann tryggði þá aðgang lækna að slíkum upplýsingum um sjúklinga sína. Í sjálfu sér á ríkið ekki að skipta sér af því hvaða lyf fólk tekur að öðru leyti en því að ef ríkið borgar þessi lyf þá hlýtur það jafnframt að hafa eftirlit með því að það fjármagn sem sett er til lyfjamála sé nýtt sem allra best. Í þeim tilgangi tel ég eðlilegt að við skoðum þessa hugmynd sem kom fram á læknadögum og ekki síst í ljósi þess að slíkir gagnagrunnar eru þegar teknir til starfa á tveimur Norðurlöndum. Ég legg því til að við í heilbr.- og trn. öflum okkur frekar upplýsinga um þær útfærslur sem Norðurlöndin eða þessi tvö Norðurlönd hafa farið eftir í sínum gagnagrunnum.

[12:47]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir að það er rétt að heilbr.- og trn. afli sér upplýsinga. Ég hef ekki á móti því að nefndin skoði þetta tiltekna atriði, síður en svo. Þetta er athyglisvert mál. En auðvitað er þarna um afskaplega viðkvæmt mál að ræða varðandi persónuupplýsingar. Það verður að finna að mínu mati leið í þessu máli sem samrýmist þeim kröfum sem gerðar eru því það er rétt að þær eru mjög strangar. Við höfum gert mjög ríkar kröfur í þessum efnum. En við verðum að finna þarna ásættanlega leið út frá því sjónarmiði einnig.

[12:48]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um breytingu á lyfjalögum og læknalögum. Ég þarf ekki að hafa mjög langt mál um frv. þar sem ræðumenn á undan mér hafa farið mjög ítarlega yfir eðli málsins og hvað það felur í sér. Einnig hafa fengist svör við spurningum sem vöknuðu á fundi heilbr.- og trn. í morgun þegar fjallað var um lyfjamál. En ég vil ítreka að auðvitað er mjög mikilvægt að persónuverndar verði gætt vel þegar gagnagrunnar sem þessir eru annars vegar.

Af því að ég ætla ekki að endurtaka það sem búið er að segja á undan mér þá langar mig aðeins til að nefna nokkur atriði sem koma fram á vef Tryggingastofnunar um frv., þ.e. hvernig þessi gagnagrunnur getur gagnast Tryggingastofnun vel og þeim stofnunum sem honum er ætlað að sinna sem ég tel mjög mikilvægt.

Eins og menn rekur e.t.v. minni til fór Ríkisendurskoðun fram á það í skýrslu 1997 að aðgangur Tryggingastofnunar að upplýsingum um lyfjanotkun og lyfjakostnað yrði bættur þannig að Tryggingastofnun gæti sinnt hlutverki sínu hvað varðar eftirlit með lyfjakostnaði og tillögugerð til ráðherra m.a., en hann lagði þá einmitt til að persónuvernd sjúklinga væri vel tryggð.

Atriðið sem ég tel mjög mikilvægt að Tryggingastofnun geti sinnt og unnt verður að gera með þessum grunnum þegar þetta frv. verður að lögum sem ég geri nú ráð fyrir að verði, er að þá verður hægt að fá heildstæðar upplýsingar um lyfjanotkun landsmanna, þ.e. þeirra sem eru utan sjúkrahúsa og hvernig greiðsluskipting almannatrygginga og landsmanna er á lyfjum sem afgreidd eru samkvæmt lyfseðli. Þá er hægt að greina lyfjakostnað og greiðslubyrði landsmanna eftir sjúkdómum, kyni og aldri. Það eru ákaflega mikilvægar upplýsingar þegar yfirvöld eru að taka ákvarðanir um greiðsluþátttökukerfi almannatrygginga og þegar menn eru að endurskoða það og meta. En þetta eru upplýsingar sem hafa ekki getað legið fyrir hingað til.

Einnig er annað sem ég tel líka mikilvægt og það varðar reglur um lyfjakostnað og greiðslur velferðarkerfisins vegna lyfja til sjúklinga, þ.e. endurgreiðslureglur. Hingað til hafa sjúklingar þurft að halda til haga öllum kvittunum vegna lyfjakostnaðar eða þá fara í þau apótek sem þeir hafa verslað við til að fá þær upplýsingar. En með þessum grunni, verði hann að veruleika, er hægt að veita þessu fólki mun betri þjónustu. Það getur komið til Tryggingastofnunar og undirritað beiðni um að allar upplýsingar um útlagðan kostnað vegna lyfja verði kallaðar fram og viðkomandi getur síðan fengið endurgreitt samkvæmt því. Þetta er auðvitað mikið hagræði fyrir þá sjúklinga sem fá endurgreitt vegna mikils lyfjakostnaðar.

Síðan er hægt að ná þarna yfirsýn yfir ávísunarvenjur lækna. Það er einnig mikilvægt og kom fram í umræðunni um misnotkun lækna, þ.e. óhóflegar ávísanir vegna lyfja til fíkniefnaneytenda. Það er mjög mikilvægt að geta kallað þær fram ef ástæða er til, náttúrlega þá kannski í undantekningartilvikum. Sömuleiðis þegar menn skoða stöðugt aukinn lyfjakostnað hins opinbera að þá sé hægt að vega og meta hvers vegna þessi aukni kostnaður er til kominn. Liggur hann í nýjum og dýrum lyfjum eða er orsökin sú að verið er að yfirfæra af ódýrari lyfjum yfir á dýr sem bæta kannski ekki neinu við eldri lyfin?

Síðan er eitt til viðbótar sem ég tel vera mikilvægt að hægt sé að gera eftir að þessi grunnur verður að veruleika og það er að fá upplýsingar, að vinna úr gagnagrunninum upplýsingar sem menn geta notað til mótvægis við öfluga markaðssetningu lyfjafyrirtækja. Það er verið að gera á Norðurlöndunum veit ég og víða annars staðar í Evrópu er verið að vinna slíkt á vegum hins opinbera til mótvægis við markaðssetningu lyfjafyrirtækja og það held ég að við þurfum að skoða hér. Því hefur ekki verið sinnt hérlendis. Menn hafa kannski ekki haft tök á því vegna þess að þeir hafa ekki haft aðgang að upplýsingum og sömuleiðis ekki fjármuni til þess. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að hið opinbera komi með mótvægi við markaðssetningu lyfjafyrirtækja á lyfjum.

Ég mun auðvitað koma að þessu máli þegar það kemur í nefndina og fagna því að frekari óskir skuli hafa komið frá Persónuvernd. Ég tel aldrei að við förum of langt í persónu-

verndinni þegar svona mál eru til umfjöllunar.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:55]

Umræður utan dagskrár.

Úthlutun á byggðakvóta.

[13:31]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég vil gera að umtalsefni sértækar aðgerðir ríkisstjórnarinnar á sviði sjávarútvegsins. Þessar sértæku aðgerðir eru kvótaúthlutanir sem kallast hafa byggðakvóti í flestum tilvikum. Það sýnir sig betur og betur hvernig framkvæmd laga um stjórn fiskveiða hefur brugðist algjörlega. Felst það aðallega í því að frjálst framsal aflaheimilda til leigu eða sölu var heimilað. Þetta hefur haft þær siðferðilegu afleiðingar að ýmsir þegnar hins íslenska samfélags telja að þeir einir og enginn annar eigi fiskinn sem syndir í sjónum og einnig allan þann fisk sem á eftir að verða til og lifa í hafinu í kringum Ísland.

Herra forseti. Menn hafa höndlað með aflaheimildirnar fram og til baka án tillits til þess hvaða áhrif það hefur á byggðarlög, útgerðir og einstaklinga. Þeim góðu útgerðarmönnum fækkar sem hafa hag byggðarlags síns og samborgara sinna að leiðarljósi í útgerð sinni og lái þeim hver sem vill þegar lögin og reglugerðirnar eru með þeim hætti sem raun ber vitni. Í þeim tilvikum að kvótabraskið hefur komið hvað harðast niður á þegnum þessa lands hafa núverandi valdhafar neyðst til að lappa upp á kvótakerfi sitt með byggðakvótaúthlutunum, sértækum aðgerðum, sem í langflestum tilvikum orsaka aðeins illindi og deilur. Þær hafa jafnframt hvergi nærri bætt þann skaða sem kerfið hefur hægt og örugglega valdið, eins og svart hraun sem mjakast yfir byggð.

Að minni hyggju hlýtur, herra forseti, að liggja í hlutarins eðli að gripið sé til sértækra ráðstafana þegar heilu fiskstofnarnir hrynja eins og virðist vera að gerast með skelina í Breiðafirði. Þá verða stjórnvöld að grípa myndarlega inn í og auðvitað fyrr en seinna. En þegar ógnir steðja að byggðum og útgerðum, einfaldlega vegna laga- og reglugerðarumhverfis, verða þingmenn og ráðherrar að hugsa sig alvarlega um.

Ég tel að við verðum að endurskoða öll lög og reglur í þessu landi um stjórn fiskveiða og draga lærdóm af því hversu illa hefur til tekist. Eign íslensku þjóðarinnar á fiskimiðunum verður að vera bæði í orði og á borði. Um þetta verður örugglega barist fyrir næstu kosningar. Hver á íslensku auðlindirnar? Fáir herrar eða þjóðin öll?

Við vitum það, herra forseti, að eitt helsta einkenni kúgunarríkja er það að auðlindir þeirra eru á örfárra höndum. Við skulum vona að sú samþjöppun sem á sér stað um allt íslenska samfélagið sé ekki tákn um slíka hluti. Aðgangur þjóðarinnar að fiskimiðunum hefur verið einn hornsteina íslenska velferðarkerfisins. Því skulum við ekki gleyma. Fyrir þessu verða valdhafarnir að opna augu sín og vinna að því að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu eins og langstærstur hluti þjóðarinnar vill.

Hjálparkvótarnir eru orðnir margir og í kringum þá þrífst tortryggni, illdeilur og gremja. Til eru dæmi, herra forseti, um að fiskur sem úthlutað var vegna hruns í skelfiskstofni á Breiðafirði sé veiddur af togurum norðan af landi. Að ekki sé nú talað um ýsu-, steinbíts- og ufsabjörgunarkvótann sem hjálpaði sumum smáútgerðum ef þær voru á réttum stöðum á réttum tíma. Eru menn kannski komnir á atkvæðaveiðar, herra forseti?

Ég geri mér ekki nokkrar vonir um að hæstv. ríkisstjórn vilji breyta samþjöppunar- og einokunarkerfi sjávarútvegsins. En ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann telji ekki að betra sé að einfalda fiskveiðistjórnarkerfi okkar til muna, að ekki sé meira sagt.

[13:36]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka frummælanda fyrir að taka upp málið hér á hv. Alþingi.

Það er rétt sem kemur fram hjá honum, að á undanförnum árum hefur verið nokkuð um sértækar aðgerðir í sjávarútvegi. Þær koma til vegna þess að sjávarútvegur okkar hefur gengið í gegnum gríðarlega miklar breytingar á undanförnum árum og áratugum. Þessar breytingar hafa komið nokkuð misjafnt við byggðirnar og í flestum tilfellum eru byggðirnar útgangspunkturinn í aðgerðunum.

Kvótakerfið er einungis hluti af þeim breytingum sem sjávarútvegurinn hefur gengið í gegnum en samspil ýmissa þátta, breytingar í útflutningsmálum, breytingar á fjármagnsmörkuðum, breyting á mörkuðum, hefur auðvitað leitt til þess að sjávarútvegurinn hefur breyst. Hann hefur getað brugðist við þessum breyttu aðstæðum. Í dag er hann því miklum mun sterkari og nýtist okkur, íslensku þjóðinni, miklum mun betur en 1983 þegar kvótakerfið, eins og við þekkjum það, var fyrst tekið upp. Kvóta hafði þó verið beitt í ýmsum greinum sjávarútvegs fyrir 1983. Ég held að raunverulega vilji enginn hverfa aftur til þess ástands sem oft kom upp fyrir árið 1983.

Segja má að um sex sértækar aðgerðir sé að ræða, þ.e. hinn svokallaða jöfnunarsjóð, sem var tímabundinn en er nú orðinn ótímabundinn. Fyrst var úthlutað úr honum 1999–2000 og var sú úthlutun upp á 3.000 lestir. Síðan Byggðastofnunarkvótinn upp á 1.500 lestir. Og síðan er það úthlutun á grundvelli 9. gr. vegna skerðingar aflamarks sem aðallega hefur verið beitt vegna skerðingar á innfjarðarrækju og skelveiðum, eins og hv. þm. nefndi í upphafserindi sínu. Síðan er það krókaaflamarksbyggðakvótinn svokallaði sem tvívegis hefur verið úthlutað. Síðan er það þorskeldiskvótinn sem einu sinni hefur verið úthlutað upp á 500 tonn og að lokum byggðakvótinn sem úthlutað var síðasta desember.

Það væri auðvitað betra að ekki þyrfti að koma til aðgerða sem þessara en ég held við verðum að hafa í huga að það hefur verið gert ráð fyrir því, alla vega alveg frá árinu 1990 þegar sú löggjöf sem við búum við í dag var samþykkt í upphaflegri mynd, að til þess kæmi að beita þyrfti aðgerðum sem þessum.

Ég vonast til að í gegnum þessar aðgerðir sem hér hafa verið nefndar og eru hver upp á sinn mátann hafi verið hægt að nálgast og styðja við allar þær byggðir sem hafa lent í vandkvæðum á undanförnum árum vegna breytinga í sjávarútvegi. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að svona aðgerðir bæta aldrei allar þær breytingar sem verða. Þær geta samt aðstoðað við að aðlagast nýju umhverfi og til að spyrna við fótum, jafnvel til nýrrar útrásar.

Það er ekki þannig að við viljum að sjávarútvegurinn hjá okkur verði alltaf óumbreytanlegur. Hann verður að geta breyst. Hann verður að geta brugðist við nýjum aðstæðum og horft fram í tímann, jafnvel sjálfur tekið ákvarðanir um

breytingar sem hann telur að geti orðið atvinnugreininni og þjóðinni til hagsbóta. Þess vegna höfum við byggt þetta kerfi upp sem markaðskerfi, framsalið er í öllum meginatriðum frjálst og það er grundvöllur þess að þessi aðlögun og útrás geti átt sér stað.

Þrátt fyrir þetta ber okkur að reyna að aðstoða þegar illa stendur á og til þess höfum við á undanförnum árum beitt 12.500 tonnum. Ég vonast til að við höfum náð til þeirra, herra forseti, sem á þeirri aðstoð hafa þurft að halda.

[13:42]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Karli V. Matthíassyni fyrir að vekja athygli á þessu máli. Við skulum hafa í huga að í umræðunni um stjórn fiskveiða og breytingar á lögum um stjórn fiskveiða varði stjórnarandstaðan ávallt við þeirri leið sem farin var með því að úthluta svokölluðum byggðakvótum eða byggðapottum og vildi fara allt aðrar leiðir. Það er núna að koma í ljós að ágallar úthlutunarinnar eru augljósir. Það er úlfúð úti um allar jarðir vegna þess hvernig að þessu er staðið. Spá svartsýnustu manna er því að rætast hvað þetta varðar. Þetta er ófær leið. Þessi byggðakvótaleið er í raun og veru leið stjórnvalda til þess að lina þjáningarnar meðan byggðunum blæðir út. Það er áhyggjuefni. Úlfúðin er gríðarleg.

Ég vil benda á, virðulegi forseti, að í umræðunni um öll þessi fiskveiðistjórnarmál hefur stjórnarandstaðan rétt fram sáttarhönd. Það var sameiginleg sáttarhönd sem rétt var út á sínum tíma. Formenn stjórnarandstöðuflokkanna gengu á fund sjútvrh. og yfirvalda og báðu um að hafin yrði vinna sem gæti lagt grunn að nýju fiskveiðistjórnarkerfi sem meiri sátt væri um. Í þá sáttarhönd var ekki tekið, því miður.

Það er alveg augljóst að það verður aldrei sátt um þetta kerfi nema það verði stokkað upp frá grunni. Byggðirnar og landsvæðin verða að hafa heimildir til veiða, hafa veiðirétt. Það er grundvallaratriði. Við getum ekki búið við að markaðslögmálin ráði einvörðungu og hægt sé að svipta fólk lífsbjörginni frá einum degi til annars. Vinnan í kringum nýtt fiskveiðistjórnarkerfi bíður væntanlega nýs þings sem kjörið verður í vor.

[13:44]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er ekki óeðlilegt að menn taki hér til umfjöllunar úthlutun byggðakvóta. Byggðakvóti er í eðli sínu ekki annað en tilraun til að setja bót á gauðrifna flík, sem núverandi kerfi er. Menn styðjast við þetta götótta kerfi til að dreifa þeim veiðiheimildum sem leyft er að veiða á hverju ári. Það verður að segjast eins og er að það er einsdæmi í vestrænu lýðræðisríki að útdeilt sé ókeypis réttindum í lokuðu kerfi þar sem menn grundvalla alla efnahagsstjórn á markaðslögmálum eins og sjá má í öðrum atvinnugreinum. Þetta kerfi minnir meira á einokunarkerfi kaupmanna á 17. og 18. öld en nútímaefnahagsstjórnun.

Ég vil segja um þá úthlutun sem hér er tekin til umfjöllunar að hún er grundvölluð á ákveðnum forsendum sem ég hygg að segja megi að sumar séu eðlilegar, t.d. forsendur um tekjur, íbúaþróun, afla og breytingar á hlutdeild í einstökum byggðarlögum. Ég tel líka að það hafi verið rétt ákvörðun hjá sjútvrh. að auglýsa eftir umsóknum. Ég tel líka rétt af hans hálfu að taka mið af breytingum á uppsjávarafla en ekki bara botnfiskafla eins og miðað var við við lagasetninguna. En þá ber að horfa til þess að magnið, þessi 1.500 tonn voru eingöngu ákveðin í kjölfarið á breytingum á botnfiskafla þannig að með þeirri ákvörðun að taka uppsjávarfiskinn inn í bar auðvitað að auka við magnið til að mæta breytingum af þeim sökum.

Hins vegar verður að segjast að það er óheppilegt að forsendur fyrir úthlutun skuli ákvarðaðar í reglugerð þremur dögum eftir að umsóknum um þennan kvóta átti að skila inn. Viðmiðanir þar eru sumar hverjar umdeilanlegar svo ekki sé meira sagt.

[13:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Frjálsræðið með kvótann, leiguna og sölúna, hefur því miður fært okkur þau vandræði sem m.a. sá sem hér stendur varaði við þegar á árinu 1990. Reyndar vöruðu þau samtök sem ég vann þá fyrir við þessu í heilu lagi, ályktuðu um það að frjálsræðið í sölunni og leigunni mundi valda byggðaröskun, mundi valda ósætti með þjóðinni, tekjubresti og veikja byggðirnar. Allt hefur þetta gengið eftir, því miður.

Þessar viðvaranir voru að engu hafðar. Og það hefur verið keyrt hart á það að láta kvótakerfið þróast með þeim hætti sem hæstv. sjútvrh. gat um hér áðan, að frjálsa framsalið væri nauðsynlegt til hagkvæmrar aðlögunar. Til hagkvæmrar aðlögunar fyrir hverja? Eingöngu þá sem eru öflugastir í sjávarútvegi og hafa náð að þjappa til sín veiðiheimildunum, safna þeim saman frá byggðunum, taka þær frá vertíðarflotanum að stórum hluta. Viðbrögðin við því hafa jú verið þau að menn hafa reynt að bjarga sér á smábátum. Og hver voru þá ráð stjórnarliða? Að kvótasetja einnig smábátakerfið og meira að segja hafa heyrst yfirlýsingar um að það stæði til og hefði ævinlega staðið til að láta þau kerfi renna saman, þ.e. stóra kvótakerfið og hið minna, og til þess stefna öll verkin eins og að þeim er stefnt.

Það verður aldrei horft fram hjá því að fiskveiðiréttúrinn er undirstaða byggðar í landinu, mjög margra byggðarlaga og verður það um langa framtíð. Þess vegna er ekki hægt að umgangast þessa stefnumótun með þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur uppi í málunum. Hún er vonlaus fyrir byggðirnar.

[13:49]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Þegar farið er yfir reglugerð sjútvrn. um nýjustu úthlutun byggðakvóta hljómar upptalningin, og þar með mat stjórnvalda á því hvar vandi steðjar að, svona:

Eitthvert smotterí fer til sjávarbyggða á Suðurlandi og Suðvesturlandi, smotterí til sjávarbyggða frá Akranesi til Snæfellsness, til sjávarbyggða við syðri hluta Vestfjarða, Vesturbyggðar og Tálknafjarðar, til sjávarbyggða við nyrðri hluta Vestjarða, Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkur og Súðavíkur, til sjávarbyggða við Húnaflóa, til sjávarbyggða við Skagafjörð og Siglufjörð, til sjávarbyggða við Eyjafjörð og Grímsey, til sjávarbyggða við Skjálfanda og Axarfjörð, til sjávarbyggða á Norðausturlandi frá Raufarhöfn til Borgarfjarðar, til sjávarbyggða á miðfjörðum Austurlands frá Seyðisfirði til Fjarðabyggðar, til sjávarbyggða á suðurfjörðum Austurlands til Hornafjarðar, og að lokum til Vestmannaeyja.

Herra forseti. Það er vandi allan hringinn. Og það sem úthlutað er er klipið af heildarúthlutun þannig að sumir staðir sem fá vegna vanda sem hefur skapast vegna samdráttar í sjávarútvegi, sem er réttlætingin fyrir þessari handstýringu, fá samt minna en af þeim var tekið. Landið er sem sagt

allt undir, vandi allan hringinn samkvæmt úrskurði ráðuneytisins. Þetta er sem sé almennur vandi, herra forseti, og ríkisstjórnin hefur sýnt okkur úrræði sín. Svona vill hún taka á almennum vanda.

Einu sinni hafði orðið byggðakvóti yfir sér þekkilegan blæ en nú tengist það helst hugtökum eins og spillingu og mismunun. Það eru þekkt örlög opinberra skömmtunarkerfa, herra forseti. Þessi ráð duga ekki. Ráð ríkisstjórnarinnar duga ekki.

[13:51]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Það er ekkert óeðlilegt að þær úthlutanir sem hér hafa farið fram til að bæta mönnum eða fyrirtækjum og byggðarlögum aflamissi og atvinnumissi þyki mikið álitaefni og komi til umræðu. Það er eðlilegt. Þess ber þó að geta að þær aðferðir sem hafa verið viðhafðar virðast betur en áður mæta þeirri kröfu um slíkar athafnir að vera gegnsæjar, að menn viti sem mest fyrir fram um þær aðferðir sem miðað verður við og geti jafnvel áttað sig í aðalatriðum á því til hvers muni leiða. Það er hins vegar meginatriði í þessu efni að við áttum okkur á því að orsökin er samdráttur afla alveg frá því fiskveiðistjórnarkerfið var tekið upp. Raunar frá því að vísindamenn okkar við hafrannsóknir bentu okkur á fyrir nærri þremur áratugum að við værum að ganga of langt í veiðum og ef við tækjum okkur ekki á stefndi beint í ofveiði.

Það hefur reynst rétt og við höfum alla tíð síðan verið að súpa seyðið af því. Ég hygg að enginn geti sagt enn þann dag í dag að við höfum náð þeim árangri að byggja upp veigamesta stofninn, þorskstofninn, og það er einmitt verðmæti hans sem sýnir sig aftur og aftur sem ástæða þess að það er gripið til þessara byggðaúthlutana. Engar aðrar tegundir hafa haft nein viðlíka áhrif.

Ef menn álíta sem svo að tilflutningur aflaheimilda sé aðalskelfirinn verð ég að viðurkenna að ég held að það séu aðeins aukaáhrif. Meginástæðan er samdráttur afla og það byggir að mestu á samdrætti aflaheimilda. Lengi vel var ekkert farið eftir ráðgjöf vísindamanna. Aflaheimildir voru hærri en vísindamenn lögðu til og aflinn enn þá meiri, lengst af.

Fyrir fáum dögum heyrði ég, herra forseti, að við mundum á skömmum tíma hafa tekið u.þ.b. milljón tonn af þorski umfram það sem ráðlagt var. Hvar skyldi þá vandinn liggja eða ástæður hans? Ég tel að hann sé þarna en ég tel að dreifing þessara byggðakvóta sé skárri en verið hefur undanfarin ár.

[13:53]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Sértækar aðgerðir í atvinnumálum verða seint eða aldrei réttlátar né heldur er nokkur leið að hugsa sér þær sem einhverjar framtíðarráðstafanir í uppbyggingu atvinnulífs, þvert á móti. Það er dapurlegt að heyra hér að fulltrúar Sjálfstfl., sem hafa einmitt lagt áherslu á að sértækar aðgerðir væru ekki til framtíðar, eru núna að mæla þeim bót. Það eru hinar almennu aðgerðir og hinn almenni grunnur sem ræður um hvernig atvinnulífið blómstrar.

Tökum dæmi um úthlutun á þessum fiskveiðiheimildum sem kallaðar hafa verið byggðakvóti. Í dag voru fréttir í útvarpinu um það að umboðsmaður Alþingis hefði gert alvarlegar athugasemdir við úthlutun þeirra þegar þær voru fyrst gerðar fyrir tveimur árum. Lítum svo á úthlutunina núna. Hún átti að vera gagnsærri. En hvernig var hún framkvæmd? Jú, umsóknarfrestur var til 16. desember. Um 600 umsóknir bárust og tveim dögum síðar er búið að úthluta nærri 60 aðilum kvóta. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Hver haldið þið að treysti á svona vinnubrögð? Þetta er náttúrlega fullkomin sýndarmennska og algjörlega ótrúverðug og ekki því fólki bjóðandi sem stundar þessa atvinnu.

Virðulegi forseti. Ég hef líka þungar áhyggjur af því að hækkandi gengi íslensku krónunnar nú gagnvart erlendum gjaldmiðlum muni verða litlum atvinnufyrirtækjum enn erfiðara, minni atvinnufyrirtækjum úti um land sem berjast við að halda í fiskveiðiheimildir sínar í harðri samkeppni við risana. Vandi fiskvinnslunnar og fiskveiðanna úti um allt land er hrikalegur og verður ekki leystur með einhverjum svona plástrum á gjörsamlega götótt og ranglátt fiskveiðistjórnarkerfi.

[13:55]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Um 1980 veiddum við hátt í 400 þús. tonn af þorski. Upp úr árinu 2000 erum við að veiða u.þ.b. 200 þús. tonn af þorski, þ.e. helmingi minna. Það munar um 200 þús. tonnum. Það þarf ekki mikla spekinga til að sjá að slíkt hefur gífurlega mikil áhrif úti um allt, ekki síst í sjávarplássum landsins. Ofan á þetta bætist síðan veruleg tækniþróun, stærri fiskiskip og aukin afkastageta nýrra veiðarfæra. Við slíkar aðstæður skiptir í rauninni engu máli hvers slags fiskveiðikerfi við notum þegar aðgangur að auðlindinni er takmarkaður. Vandinn er augljós: Of fáir fiskar í sjónum og fiskveiðistjórnarkerfið sem slíkt hefur ekki mikil bein áhrif á þann vanda. Við hljótum þess vegna að nálgast þetta umræðuefni út frá grunnpunktinum sem er fiskveiðiráðgjöf.

Nú hefur það komið fram í máli vísindamanna hérlendis og erlendis að hugsanlega kunni sú vísindaráðgjöf sem vísindamenn okkar byggja á, með fullri virðingu fyrir þeim, að vera röng, að forsendur séu ekki réttar. Það er þess vegna eðlilegt að nálgast þessa umræðu út frá fiskveiðiráðgjöfinni.

Byggðakvóti er auðvitað engin allsherjarlausn. Hann er aðeins aðgerð til þess að draga úr áhrifum, hefur tekist misvel en ég hygg að þar sem best hefur tekist til, eins og á Djúpavogi og á Þingeyri þar sem útgerð hefur lagt á móti byggðakvóta, hafi það verulega hjálpað til en það er auðvitað engin heildarlausn. Ég ítreka að áhersla okkar hlýtur fyrst og fremst að vera á fiskveiðiráðgjöfinni, síðan getum við farið að deila um þá aðferð sem við viljum nota til þess að veiða.

[13:58]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Karli Matthíassyni fyrir að taka þetta mjög svo þarfa mál hér til umræðu.

Það sem mér finnst að umræðan hafi dregið fram í dag er sú staðreynd að fiskveiðistjórnarkerfið er smám saman að grafa undan flestum sjávarbyggðum í landinu, ella væru menn ekki með uppi á borðinu jafnsértækar aðgerðir og við ræðum nú. Þetta er bara veruleiki og þetta hefur verið staðfest. Og ég heyrði á hæstv. sjútvrh. áðan að hann viðurkenndi að þetta er markmiðið.

Vitaskuld breyta 2.000 tonn engu til eða frá í þessum efnum. En það sem mér finnst að við verðum að hugleiða mjög vandlega er sú staðreynd að frá því að kvótakerfið var tekið upp höfum við aldrei veitt minna. Ef við skoðum nokkra áratugi aftur í tímann höfum við aldrei veitt minna en á meðan það hefur verið við lýði. Þess vegna hljótum við að spyrja okkur mjög vandlega í ljósi þess árangurs, eða

árangursleysis, sem kvótakerfið hefur fært okkur hvort það sé verjandi að grafa undan byggðunum með þessum hætti fyrir nánast engan árangur, ef svo má að orði komast.

Úthlutanir á nokkrum tonnum til eða frá breyta að sjálfsögðu engu. Það verða ekki til nein sérstök stór tækifæri í þessum byggðum við það að 3, 4, 5 eða upp í 40 tonn komi þangað tímabundið. Það er líkt og var í einum róðri á góðum vertíðarbát fyrir nokkrum árum. Útlutunin á þessum byggðakvóta, virðulegi forseti, staðfestir einfaldlega fyrir okkur að við erum ekki á réttri leið. Við þurfum að taka þessa hluti til endurskoðunar, og einkaeignarréttur sem ég veit að hæstv. sjútvrh. telur sig standa fyrir á einfaldlega ekki við á þessu sviði.

[14:00]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér var áðan sagt að sértækar aðgerðir verði seint réttlátar. Við vitum að markaðsbúskapurinn byggir á almennum aðgerðum en ekki sértækum, og ég fagna því að loksins er kominn hingað í þingsalinn almennilegur frjálshyggjumaður sem talar gegn þessum sértæku aðgerðum og er þess vegna auðvitað boðberi markaðslausnanna á þeim vanda sem við er að glíma hverju sinni.

Virðulegi forseti. Við vitum auðvitað (**Gripið fram í:** Hver ...?), það var hv. 5. þm. Norðurl. v. sem talaði svona hér áðan, eins og menn muna.

Fyrir nokkrum árum var lausnarorð flestra á þeim vanda sem uppi var í byggðum landsins að efla úthlutun á byggðakvóta. Það var auðvitað áður en menn fóru að reyna að útfæra þessar aðferðir. Það er þannig, eins og kom fram í máli hæstv. sjútvrh. sem var mjög athyglisvert, að 12.500 tonnum er á þessu ári úthlutað með öðrum hætti, á öðrum grundvelli, en öðrum aflahlutdeildum í landinu. Með öðrum orðum, 12.500 tonnum er úthlutað á því sem menn kölluðu hér áður og fyrr byggðatengdum forsendum. Þetta er heilmikil breyting og auðvitað viðleitni í þá átt að bregðast við þeim vanda sem uppi er í byggðum landsins, eins og allir vita. Vandinn er hins vegar sá að þessi úthlutun byggist alltaf á mati og getur aldrei byggst á öðru. Þess vegna hlýtur alltaf að verða ágreiningur um þetta eins og við þekkjum og þarf ekki að koma á óvart.

Samfylkingin hefur talað mikið um þessi mál. Ég vek athygli á því að í frv. Samfylkingarinnar, sem er á dagskrá fundarins á eftir, er gert ráð fyrir því að með matskenndum hætti verði úthlutað aflaheimildum til byggða sem sérstök ástæða er talin til að styrkja með slíkri úthlutun. Það er Byggðastofnun sem á að leggja mat á þetta samkvæmt frv. Það er með öðrum orðum matskennd aðferð við að úthluta þessum heimildum þótt þær verði síðan boðnar út hæstbjóðendum til þess að veiða þær.

Virðulegi forseti. Þær lausnir sem menn hafa verið að koma fram með hérna — fyrir utan auðvitað markaðslausnir vinstri grænna — þ.e. lausnir eins og Samfylkingin hefur verið að boða eru lausnir sem byggja á matskenndum aðferðum sem Byggðastofnun á að leggja blessun sína yfir.

[14:02]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég þakka þeim sem tóku þátt í þessari umræðu og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég spurði hæstv. ráðherra þeirrar spurningar hvort hann teldi ekki rétt að fara að breyta kerfinu en hann svaraði henni ekki á þann veg að hann vildi það.

Eins og ég sagði áðan geta náttúrlega komið upp aðstæður og mikill aflabrestur eins og á sér núna stað í Breiðafirði með skelina. Þegar um slíkar úthlutanir er að ræða er það algert neyðarbrauð. En þegar allt kerfið virkar þannig að það þarf að fara að úthluta kvóta um allt landið, alveg frá Reykjanesi og hringinn, aftur að Reykjanesi að Vestmannaeyjum meðtöldum, er eitthvað meira en lítið að. Og það er það sem er til umræðu hér, herra forseti. Það þarf að breyta öllu fiskveiðistjórnarkerfinu og við þurfum að skipta um kerfi svo að fólkið í kringum landið upplifi að það sé réttlæti í landinu en ekki óréttlæti og klíkuskapur og úthlutanir jafnvel eftir því í hvaða flokkum menn eru. Sagt hefur verið í mín eyru að fólk upplifi slíkt ástand þegar verið er að úthluta eftir geðþóttaákvörðunum.

Það er líka mjög undarlegt, herra forseti, að ein af reglunum í nýjustu reglugerð um úthlutun byggðakvóta sé að það fari eftir því hvernig umsóknin er, hvaða rök umsækjandi hafi fyrir því að biðja um kvóta. Þá er þetta orðið býsna huglægt, herra forseti.

Ég er á þeirri skoðun að það þurfi að gjörbreyta kerfinu. Það má alls ekki tala um það kerfi sem nú er eins og það sé eitthvað sem þurfi að vera hér um aldur og ævi. Ef svo væri, herra forseti, væri ekki lengur þörf fyrir Alþingi Íslendinga.

[14:05]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Þetta hefur verið um margt athyglisverð umræða, annars vegar skammast menn út í markaðslausnir og hins vegar skammast menn út í sértækar aðgerðir. Það er vandlifað í þessum heimi, svo sem ekkert í fyrsta skipti.

Við ræðum viðbrögð vegna almenns samdráttar sem kemur misjafnlega niður þar sem byggðirnar hafa mismunandi möguleika til mótvægisaðgerða.

Þessi úthlutun hefur verið mjög gagnsæ. Hv. þm. Jón Bjarnason dró inn í umræðuna gagnrýni á úthlutun Byggðastofnunar. Þau atriði sem þar komu fram eiga alls ekki við um þessa úthlutun. Í þessu tilfelli var úthlutunin auglýst og í auglýsingunni fylgdu þau atriði sem notuð yrðu til þess að meta umsóknirnar. Það er rétt sem fram hefur komið, það þarf að meta umsóknir í tilfelli eins og þessu. Það hefur verið gert á mjög hlutlægan hátt af starfsmönnum ráðuneytisins og Fiskistofu sem unnu þetta verk, og unnu það, eins og komið hefur fram, á tiltölulega stuttum tíma. Það sýnir einfaldlega að fólkið í ráðuneytinu og Fiskistofu er starfi sínu vaxið.

Ef menn vilja hafa sértækar aðgerðir hljóta þeir að úthluta á einhverjum tilteknum forsendum. Ef menn vilja hafa einhverjar aðrar forsendur en hér hafa verið notaðar — ég hef ekki heyrt gagnrýni á þær — væri ágætt að heyra þá gagnrýni. Ég varð ekki var við mikla gagnrýni á það þegar úthlutunin var kynnt upphaflega þar sem kynnt var hvað ætti að fara til einstakra svæða. Það var ekki gagnrýnt. Hins vegar átti ég auðvitað alltaf von á því að þegar farið yrði að úthluta á grundvelli 600 umsókna til 60 aðila mundu, herra forseti, auðvitað þeir sem ekkert fengju vera óánægðir og jafnvel, herra forseti, þeir sem fengju mundu líka vera óánægðir því þeir hefðu viljað fá meira.

Vísinda- og tækniráð, 3. umr.

Stjfrv., 336. mál. — Þskj. 844.

Umræðu frestað.

Opinber stuðningur við vísindarannsóknir, 3. umr.

Stjfrv., 357. mál (heildarlög). — Þskj. 845.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, LMR, PHB, SI, SF, TIO.
18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, RG, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
28 þm. (AHB, ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, GHH, GE, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 851).

Opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, 3. umr.

Stjfrv., 345. mál. — Þskj. 381.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, LMR, PHB, SI, SF, TIO.
19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, RG, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
26 þm. (AHB, ArnbS, ÁMöl, BBj, BH, DO, GHH, GE, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, VS, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 852).

Tóbaksvarnir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 415. mál (EES-reglur). — Þskj. 524.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Lýðheilsustöð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 421. mál. — Þskj. 530.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[14:12]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hefur tilkynning um að á fundi efh.- og viðskn. í dag hafi Einar K. Guðfinnsson verið kjörinn formaður nefndarinnar.

Lyfjalög og læknalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 423. mál (lyfjagagnagrunnar). — Þskj. 538.

[14:12]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, og læknalögum, nr. 53/1988.

Þetta eru nokkuð róttækar breytingar, þær eru ekki stórar í sniðum en eru samt sem áður róttækar í þeim skilningi að með tækni nútímans er verið að gera allt eftirlit varðandi lyfjanotkun og skráningu allra landsmanna aðgengilegri og gagnsærri fyrir Tryggingastofnun ríkisins, landlæknisembættið og Lyfjastofnun. Ástæða þess að verið er gera þær breytingar á þessum lögum að hafa betri aðgang að upplýsingum um lyfjanotkun landsmanna er sú mikla umræða sem verið hefur í landinu um síaukna lyfjaneyslu, þá sérstaklega á ákveðnum sviðum eins og t.d. ávana- og fíkniefnum, lyfjum sem svala fíkn, og eins geðlyfjum og við þessu vilja menn leita svara.

Það eru ýmsar leiðir til að sporna við ávísunum lækna á verkja- og ávanabindandi lyf en þær almennu aðgerðir sem við höfum notast við fram að þessu þykja ekki eins skjótvirkar eða aðgengilegar í dag og hægt væri með því að nota með nútímatækni.

Á það hefur verið bent að með því að koma upp öflugri gagnagrunni, lyfjagagnagrunni, í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins gætu þessar þrjár stofnanir sinnt eftirlitshlutverki sínu mun betur. Jafnframt er lagt til að gagnagrunnurinn verði tvískiptur, annars vegar ópersónugreinanlegur og hins vegar persónugreinanlegur, eftir því í hvaða tilgangi á að nota þessa grunna.

Ég vil, herra forseti, hafa allan fyrirvara á frv. eins og það er lagt fram. Við höfum smám saman verið að koma okkur hér upp rafrænum gagnagrunnum og nýtt okkur þá tækni sem hægt er í dag til að safna upplýsingum, bæði persónugreinanlegum og ópersónugreinanlegum, og ég held að það sé kominn tími til að við sjáum þann stað hvar við ætlum í raun og veru að segja: Nei, hingað og ekki lengra. Við viljum ekki vita allt um einkahagi fólks. Við ætlum ekki að gera Ísland að einu stóru auga stóra bróður sem getur fylgst með hverju einasta spori allra í þessu þjóðfélagi. Við viljum einhvers staðar setja mörkin. Við höfum smám saman verið að koma hér upp gagnagrunnum eins og miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði. Við höfum gert Tryggingastofnun ríkisins auðveldara með að koma upp lyfjaeftirliti með lyfjagrunni og við höfum verið að gera stofnuninni auðveldara að fylgjast með tekjum fólks til þess að auðvelda pátttöku Tryggingastofnunar í lyfjakostnaði eða auðvelda henni að

vinna fyrir sjúklinga að þátttöku Tryggingastofnunar í lyfjakostnaði. En smám saman erum við að safna upplýsingum sem gera það að verkum að við getum mjög náið fylgst með svo persónulegri neyslu sem lyfjanotkun er, alveg hreint í smáatriðum.

Ég set mikinn fyrirvara við þetta frv. eins og það er hér lagt fram og fagna því að hæstv. ráðherra hafi nefnt það að Persónuvernd hafi gert athugasemdir og komið með ábendingar eftir að gengið var frá þessu frv. sem hann óskar eftir að heilbr.- og trn. skoði vel. Ég fagna því að hæstv. ráðherra skuli hafa þann skilning á þessum málum að það sé ekki sjálfgefið að hægt sé að koma upp gagnagrunnum, hvort heldur þeir eru persónugreinanlegir eða ekki. Ég veit að við sem sitjum í heilbr.- og trn. munum fara vel yfir málið.

Einn af hvötunum að því að koma þessum grunni á er að auðvelda læknum að fylgjast með því að einstaklingar geti ekki gengið á milli lækna og fengið lyfseðil á þessi lyf, annaðhvort til eigin neyslu eða til þess að komast yfir verkja- og ávanabindandi lyf til að selja öðrum. Með frv., eins og það liggur fyrir í dag, er ekki hægt að komast fyrir þennan leka. Við verðum að beita öðrum ráðum. Við verðum að beita áfram þeim ráðum sem tiltæk eru í dag. Læknir sem fær tilfallandi til sín sjúkling — sjúkling sem er ekki á skrá hjá honum eða sem hann hefur ekki sinnt sem heimilislæknir eða haft í fastri þjónustu — sem óskar eftir einhverjum slíkum lyfjum með þá svo trúverðugri lýsingu að lækni finnst ástæða til að skrifa út lyfseðil verður að gæta þess að lyfjaskammturinn sé mjög takmarkaður og eingöngu til skamms tíma, kannski tveggja, þriggja daga skammtur. Viðkomandi sjúklingur getur þá leitað til síns eigin heimilislæknis þegar sá skammtur er uppurinn. Auðvitað takmarkar þetta ávísanir á ávanabindandi lyf og verkjalyf. Læknar, hver um sig, eiga samkvæmt þessu frv. ekki að hafa aðgang að þessum gagnabanka og geta þar af leiðandi ekkert séð hvort sjúklingar ganga á milli lækna og biðja um lyf sem einhver annar er nýbúinn að skrifa upp á.

Ég kem því með þessa ábendingu og er ekki að mælast til þess að við breytum frv. yfir í það að fara leið þeirra þjóða sem hafa eflt gagnagrunninn þannig að allir læknar hafi aðgang að honum, að vísu með þeim takmörkunum að þeir verði að fá skriflegt leyfi sjúklingsins. Ég vil bara benda á að frv., eins og það er núna, mun ekki bæta úr þessu.

Samkvæmt frv. á landlæknir að geta haft yfirlit yfir þessa lyfjaflokka, og þá með persónulegum upplýsingum. Hvað á hann þá að gera ef hann fær upplýsingar um að Jón Jónsson sem er í einhverri neyslu hafi þann sið að ganga á milli lækna og að honum takist að fá lyfjaávísanir á verkja- eða ávanabindandi lyf? Á hann að senda út til allra lækna á Íslandi aðvörun um að Jón Jónsson, fíkniefnaneytandi, gangi á milli lækna og reyni að fá ávísað lyfjum? Á hann að vara lækna við því að ávísa á hann lyfjum? (**KF:** Hann gerir það.) Hann gerir það í dag. Og á hann að vera á þeirri vakt að senda þetta svona út? Hér er kallað inn í að hann geri það eins og eftirlitið er í dag. En er það ekki nóg? Viljum við hafa þetta fljótvirkara? Viljum við hafa þetta skilvirkara? Eða er þetta í raun og veru nægilegt í dag eins og eftirlitið er, og aðhald landlæknis? Telja menn e.t.v. að það þurfi að komast fljótar á eða hvað vantar upp á ef landlæknir hefur það umboð í dag að senda öllum læknum aðvaranir um ákveðna einstaklinga, nafngreinda? Og ef læknar fara ekki eftir þeim tilmælum í dag, hvað bendir til þess að þeir muni þá fara eftir þessum rafrænu skilaboðum sem koma frá landlækni ef af þessu verður? Mér finnst ástæða til að skoða þetta mjög vel.

Ég er þess alveg fullviss að landlæknisembættið hefur góða yfirsýn yfir það hvaða læknar misnota aðstöðu sína til að komast yfir lyf. Þetta er ekki spurning um upplýsingar. Þetta er spurning um aðgerðir. Þetta er miklu frekar spurning um að hafa úrræði til að koma í veg fyrir að læknar misnoti aðstöðu sína áfram. Mér finnst ekki allt sjálfgefið með því þó að hægt sé að koma þessu í rafrænan farveg.

Ég vil bara leyfa mér, herra forseti, að hafa hér mikinn fyrirvara á, þá sérstaklega því sem snýr að persónugreinanlegum upplýsingum, hversu víða við ætlum að koma þessum gagnagrunnum á, hversu víðtækir þeir eiga að vera, hverjir eiga að hafa aðgang að þeim, í hvaða tilgangi við ætlum að nota þá og hvar við í raun og veru eigum að draga línuna með það í hvernig þjóðfélagi við viljum lifa.

Lyfjanotkun getur verið fyrir marga mjög viðkvæmt mál. Ég skil alveg tilgang þessa frv. svo að það væri heppilegt að geta séð það ef fleiri en einn læknir ávísa á sama sjúklinginn sem er að nota óheppilega samsett lyf vegna þess að hann gengur á milli lækna og getur misnotað lyf þannig. Eftir sem áður tel ég að við þurfum að fara varlega í slíka gagnabanka.

Það er heldur ekki gert ráð fyrir því að þessum persónugreinanlegu upplýsingum verði eytt eða þá tilgreint eftir hve langan tíma. Það er nokkuð sem þarf sannarlega að vera alveg ljóst, hversu lengi slík gögn eiga að geymast og þá í hvaða tilgangi.

Mannvernd hefur gert athugasemdir við þetta frv. Ég tel að við eigum að fara vel yfir það álit og athuga hvort við séum komin þarna of langt í gagnaöfluninni eða hvort það sé með einhverjum hætti hægt að tryggja notkunina enn betur en gert er ráð fyrir í þessu frv.

Persónuvernd hefur líka gert athugasemdir eins og fram kom í ræðu ráðherra. Það er alveg ljóst, eins og ég sagði hér áðan, að lyfjaupplýsingar eru meðal allra viðkvæmustu persónuupplýsinga. Það er ekki sjálfgefið að hægt sé að safna saman yfirliti yfir alla neyslu fólks, lyfjaneyslu fólks, því að í raun og veru er í þessu frv. ekki gerð nein undanþága á skráningunni. Það á sem sé ekki eingöngu að taka ávanabindandi lyf og verkjalyf og ákveðna flokka eins og hugsanlega geðlyf eða eitthvað slíkt heldur á að taka öll lyf og skrá og setja í þessa tvo gagnabanka.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en leyfi mér að fara í þessa vinnu með miklum fyrirvara um réttmæti þessa, og þá sérstaklega hvað varðar persónugreinanlegan banka.

[14:28]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frv. til laga um breytingu á lyfjalögum og læknalögum, annars vegar frá 1994 og hins vegar frá 1998. Þessi lög ganga aðallega út á það að auðvelda Tryggingastofnun, landlækni og Lyfjastofnun aðgang að gagnagrunnum og að sinna eftirlitshlutverki með ávana- og fíknilyfjum og lyfjaávísunum almennt, auk þess að hafa eftirlit með lyfjakostnaði og vinna tölfræðiupplýsingar um lyfjanotkun landsmanna.

Þetta frv. gerir einnig ráð fyrir því að starfræktir séu tveir gagnagrunnar, annars vegar gagnagrunnur með persónugreinanlegum upplýsingum og hins vegar ópersónugreinanlegum. Það er gert í því skyni að koma í veg fyrir misnotkun ávana- og fíknilyfja og færa sönnur á ætlaða, ólögmæta háttsemi, að greina og skoða tilurð lyfjaávísana

með tilliti til lyfjakostnaðar og endurgreiðslu lyfjakostnaðar einstaklinga.

Þetta frv. er enn eitt frv. sem er lagt fram og hefur verið lagt fram á undanförnum árum um gagnagrunna og upplýsingar, einkaupplýsingar, um hagi fólks. Ég vil hér með taka það fram að ég vil hafa allan fyrirvara á þessu frv. þó að ég vilji líka segja það að ég virði og met mjög mikils afstöðu heilbrrh. gagnvart þeim tilmælum, álitum og athugasemdum sem gerðar hafa verið og hann hyggst taka tillit til. Ég vonast til þess að við í heilbrn. berum gæfu til að vinna vel að breytingum á þessum lögum.

Til að byrja með vil ég gjarnan segja að það kom meira að segja fram held ég á síðasta læknaþingi að því hafi verið haldið fram að læknar skrifi út allt of mikið af lyfseðlum og því þurfi gagnabanka sem sé jafnvel enn aðgengilegri en þetta frv. tekur til, þ.e. að læknar hafi aðgang að upplýsingum um aðra lækna og hvernig þeir starfi.

Ég tel að lyfjanotkun sé eitt af því viðkvæmasta sem hægt er að hugsa sér í upplýsingum um einstaklinga og fólk hefur ekki áhuga á því að á vergangi séu upplýsingar um heilsufar þess og fjármál og ýmislegt annað. Flest allt þetta er orðið fremur aðgengilegt í dag.

Ég er ekki sammála þeim fullyrðingum að upplýsingar hafi hingað til verið á vergangi. Ég tel að læknastéttin með örfáum undantekningum sem eins og alltaf er — það eru svartir sauðir alls staðar — fari vel með útskriftir á lyfjum og lyfseðlum. Það hafa líklegast fyrst og fremst verið reglur um stöðlun á pakkningum, þ.e. stærð pakkninga, eins og við höfum rætt í heilbrn., sem hafa hvatt lækna til þess að skrifa út meira magn af lyfjum en gert hefur verið og slíkar útskriftir lyfseðla hafa hreinlega verið vegna fjárhagslegrar hagkvæmni fyrir sjúklinginn.

Ég tel að læknar séu mjög vel meðvitaðir um þá ábyrgð sem þeir hafa gagnvart lyfseðlum og lyfjagjöf til sjúklinga, að þeir séu menntaðir til þess og að læknaeiðurinn m.a. gefi til kynna að þeir skuli vinna samkvæmt reglum sem leggja áherslu á þetta.

Ég vil einnig segja og taka fram fyrir þá sem eru að hlusta á okkur hér í dag að ég hef verið meira eða minna viðloðandi heilbrigðisþjónustuna í 30 ár og ég tel að stærsti þáttur almennra lækninga sé trúnaður milli læknis og sjúklings. Ef sá trúnaður er fyrir hendi á hann að tryggja að hrein samskipti og hreinskilni um lyfjanotkun sjúklings komi í veg fyrir misnotkun eða ofnotkun lyfja. Ég hef ekki trú á öðru en að læknar sem hafa hlotið mjög góða þjálfun geti greint þar á milli. Það eru þá eingöngu þeir fáu svörtu sauðir sem við getum undanskilið þar. En ég vil ítreka að upplýsingar um lyfjanotkun eru afskaplega viðkvæmar.

Þegar við ræddum um gagnagrunninn fyrir nokkrum árum síðan kom hér upp hreyfing, Mannvernd, sem var á móti söfnun upplýsinga eins og þær voru settar fram í lögunum á sínum tíma. Niðurstaðan varð sú að yfir 20.000 manns í dag eru búin að segja sig úr þessum gagnagrunni. Þetta var bara liður a. Þetta var bara fyrsta skrefið í gagnasöfnun um sjúklinga vegna þess að næsta skrefið var gagnasöfnun lífsýna og það frv. kom fram seinna.

Lífsýni eru t.d. blóðsýni. Það sama gildir um lífsýni og aðrar upplýsingar úr gagnagrunni að sjúklingur verður að taka frumkvæðið og segja fyrir fram að hann eða hún óski ekki eftir að gögn um sig séu látin í gagnagrunninn. Afskaplega lítið fór fyrir þessu máli. Úrsögn er skrifuð á græn eyðublöð fyrir þá sem ekki vita það. Þessi eyðublöð eiga að liggja frammi á læknastofnum og í apótekum. Í dag erum við ekki að tala um nema 50 til 100 manneskjur sem eru búnar að segja sig úr þeim grunni vegna þess að ekki hefur farið hátt um þennan grunn.

Þá er spurningin hvernig svona lyfjagagnagrunnur muni virka og hvernig hægt verði að koma einhverjum vitrænum böndum yfir þann grunn.

Í greinargerð frv. er rætt um ólögmæta háttsemi, svo sem að fíkniefnaneytendur gangi á milli lækna og fái ávísun á ávana- og fíknilyf til eigin neyslu eða sölu. Vísað er til tilvika þar sem læknir ávísar sjálfum sér óhóflegu magni ávana- og fíknilyfja til eigin nota og af þeim sökum sé mikilvægt að landlæknir fái í undantekningartilvikum beinan aðgang að persónugreinanlegum upplýsingum á rafrænu formi og þannig sé hægt að greina vandann markvissar og skjótar en áður.

Vissulega er afar nauðsynlegt að fylgjast vel með því að ávana- og fíknilyf séu ekki misnotuð líkt og því miður eru dæmi um. Hins vegar er álitamál hvort það réttlæti að settur sé á laggirnar rafrænn gagnagrunnur með persónugreinanlegum upplýsingum yfir alla landsmenn.

Ný tækni gerir sífellt auðveldara að safna saman upplýsingum um einstaklinga. Því er það viðkvæmara og enn meiri hætta á að þær verði misnotaðar með einum eða öðrum hætti þegar fleiri en einn eða tveir aðilar komast að þessum upplýsingum. Í þessu frv. er verið að ræða núna þrjár stofnanir sem eigi að hafa aðgang að þessum upplýsingum og síðan er jafnvel verið að þrýsta á að læknar eigi að hafa innbyrðis upplýsingar um þetta líka. Ég tel að þar yrði allt of langt gengið.

Í gagnagrunninum sem hér er rætt um er ekki einungis að finna upplýsingar um þá sem misnota kerfið heldur alla þá sem nota lyf sem viðkvæmt er að veita upplýsingar um og oft mjög veikt fólk. Trúnaður á milli læknis og sjúklings er eitt af grundvallaratriðum heilbrigðiskerfisins eins og ég sagði áðan og trúnaður er eitt af því sem hjálpar hvað mest þegar um samskipti læknis og sjúklings er að ræða.

Því má spyrja hvort réttlætanlegt sé að svona upplýsingum sé safnað saman í persónugreinanlegan grunn, hversu margir starfsmenn þeirra stofnana sem greindar eru í frv. muni hafa aðgang að persónugreinanlegum upplýsingum, hversu lengi þær verða vistaðar í grunninum og hversu markvissari og skjótari baráttan gegn misnotkun með tilkomu gagnagrunns verður.

Hluti af þessum athugasemdum sem ég lýsi hefur komið fram í fjölmiðlum og vil ég leggja áherslu á að sama skoðun hefur komið fram í umræðunni.

Ég tel að við séum á hraðri leið með að byggja hér upp gagnagrunna um allt sem varðar hagi einstaklingsins eiginlega frá a til ö. Við verðum að spyrja sjálf okkur hversu langt þjóðfélag okkar ætlar að ganga inn í stóra bróður þjóðfélag George Orwells, 1984.

Okkar litla samfélag er svo lítið og það er svo auðvelt að gefa út upplýsingar um fólk og það er svo auðvelt að koma frá sér upplýsingum sem eru viðkvæmar gagnvart einstaklingnum að það er afar hæpið að vera með jafnvíðtæka gagnasöfnun og hér er ætlast til.

Mér er kunnugt um að Persónuvernd hefur ekki tekið undir þetta frv. eins og það stendur. Ég hef eftir Sigrúnu Jóhannesdóttur, forstjóra Persónuverndar, úr Fréttablaðinu að hún telur að sjónarmið um friðhelgi einkalífsins mæli gegn slíkri styrkingu eftirlitsþjóðfélagsins og mikilvægt sé að

eftirlitsstofnun, t.d. Tryggingastofnun, fái ekki meiri einkalífsupplýsingar en hún þarf. Hún segir einnig að hún telji að ekki séu næg rök sem mæli með því að Tryggingastofnun fái yfirsýn yfir alla lyfjanotkun allra landsmanna. Við getum tekið dæmi um lyf eins og Viagra sem viðkomandi greiðir að fullu sjálfur. Um það hvaða lyf hver fær eigi að ríkja trúnaður eins og frekast er unnt, enda vart hægt að hugsa sér viðkvæmari upplýsingar en um lyfjanotkun.

Ég vil taka undir að það er gott að taka á því að binda enda á ónauðsynlegar ávísanir á ávana- og fíkniefnalyf. En hitt er annað mál að það þarf að fara mjög varlega með upplýsingar úr slíkri gagnasöfnun. Ég hef því mjög mikinn fyrirvara á þessu frv. eins og ég hef haft á sams konar frumvörpum.

[14:42]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, og læknalögum, nr. 53/1988.

Í tillögum um breytingu á lyfjalögum er gert ráð fyrir að komið sé á fót tvenns konar gagnagrunni, þ.e. annars vegar með ópersónugreinanlegum upplýsingum um afgreiðslu lyfja til sjúklinga og hins vegar persónugreinanlegum upplýsingum. Það er sem sagt mismunandi tilgangur með þessum tveimur gagnagrunnum. Annar er um tölfræði og yfirsýn og hinn er þegar um misferli eða meint misferli er að ræða af ýmsum toga.

Þegar litið er á 3. gr. þessa frv. þar sem rætt er um persónugreinanlegan gagnagrunn þá er tiltekið að þrír aðilar eigi aðgang að honum. Samkvæmt frv. eru það Tryggingastofnun ríkisins, Lyfjastofnun í samvinnu við landlækni og í þriðja lagi landlæknir. Þarna finnst mér vanta í fyrsta liðinn að Tryggingastofnun ríkisins vinni sínar kannanir í samvinnu við landlækni og vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh. hvort því þurfi ekki að bæta þar inn.

Eftirlit með lyfjaávísunum er nú þegar hjá landlækni. Ég greip fram í áðan þegar hv. þm. Þuríður Backman talaði til að undirstrika það að eftirlitið er þegar mjög virkt hjá landlækni og hann hefur tækifæri til þess að miðla upplýsingum um meinta misnotkun og þegar fíkniefnaneytendur fara á milli lækna. Þá að sjálfsögðu reynir hann að gera læknum viðvart.

Við búum við það hér á landi að hafa vel menntaða læknastétt. Það eru að verða hátt í þúsund manns í þeirri stétt. Þann 1. janúar 2001 voru þeir 760. Ég geri ráð fyrir að þeir séu farnir að halla í 900 núna. Auðvitað finnast alls staðar svartir sauðir en ég held að í læknastéttinni séu þeir óvenju fáir, til allrar hamingju.

Frv. gerir ráð fyrir því í 5., 6. og 7. gr. að viðurlög við því að læknar ávísi sjálfum sér ávana- og fíknilyfjum verði hert og sömuleiðis er verið að reyna með þessu að koma í veg fyrir of margar ávísanir einstakra lækna til einstakra sjúklinga. Það er af hinu góða. Það hefur verið undirstrikað og ítrekað frá Læknafélagi Íslands að efla þurfi eftirlit landlæknis. Mér finnst þetta frv. vera alveg í samræmi við þær óskir sem settar voru fram í bréfi frá Læknafélagi Íslands til heilbrrh. Það var sennilega snemma á síðasta ári sem Læknafélagið sendi nokkuð ítarlegt bréf með tillögum um það hvernig taka ætti betur utan um þennan málaflokk.

Þar á meðal var þetta, að styrkja eftirlit landlæknisembættisins, og það var líka tiltekið að auka þyrfti eftirlit með lyfseðlum. Frv. sem við ræðum hér um er líka í þá veru.

Það þyrfti einnig að athuga nánar hlut Persónuverndar og þá kröfu að lyfseðlum sé eytt en það sem vantar inn í þetta og kannski er í vinnslu í ráðuneytinu einhvers staðar annars staðar er tillaga Læknafélagsins um að stofnuð verði afeitrunarmiðstöð eða komið verði á einhvers konar miðstöð fyrir djúpt sokkna fíkniefnaneytendur.

Mig langar að spyrja ráðherrann sömuleiðis hvort þessi liður í bréfi Læknafélags Íslands frá því í fyrra sé í vinnslu og hvort við megum eiga von á tillögum frá ráðuneytinu um þetta.

Loks var það verkjateymi á Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem lagt var til að yrði styrkt. Ég tel að það sé einnig mjög mikilvægt.

Ég lít svo á að það verði að gera algjöran greinarmun á þessum gagnagrunnum eftir því hvort við erum að tala um gögn sem hið opinbera getur leitað í eða hvort læknir sem meðhöndlar einstakling getur leitað í þau. Ég er ekki hlynnt því að stóri bróðir hafi auga sitt á smæstu atriðum og jafnvel ekki stórum atriðum í lífi almennings. Það eru viðkvæm mál sem fjallað er um á þessum vettvangi. Notkun ávanabindandi lyfja og vímuefna er auðvitað eitt, kynlífsvandi annað, áfengissýki, getnaðarvarnir og geðsjúkdómar. Samt hefur í þjóðfélagi okkar markvisst verið unnið að því, ekki síst af hálfu sjúklinganna, að koma umræðunni um þessi atriði öll á framfæri, gera hana sýnilega og reyna að draga úr pukrinu, samviskubitinu og felunum sem lengi hafa fylgt þessum ákveðnu málaflokkum.

Þetta hefur leitt af sér breytt viðhorf í þjóðfélaginu. Ég held að það sé mjög jákvætt að menn viðurkenni vandann og að skilningur vaxi á þessum málum í þjóðfélaginu. En það breytir því ekki að einstaklingurinn á rétt á sinni persónuvernd gagnvart hinu opinbera og gagnvart stóra bróður. Það gildir ekki það sama með lækninn sem meðhöndlar sjúklinginn og ég ætla að skýra mál mitt aðeins nánar.

Ég lít svo á að aðgengi læknis, sem er að meðhöndla einstakling, að uppýsingum um aðra lyfjanotkun þess sama sjúklings hljóti að mega líta á sem útvíkkun á sjúkraskránni. Ef það væri alltaf sami læknirinn sem meðhöndlaði sjúklinginn og alltaf sama apótekið sem hann færi í væri þetta ekki vandamál, þá væri þetta í sjúkraskránni sjálfri. En það er ekki svo, sérstaklega ekki hér í þéttbýlinu. Auðvitað leitar fólk oft annað utan dagvinnutíma. Það fer á sjúkrahúsin, á Læknavaktina, á Barnalæknavaktina. Þar eru gefnir út lyfseðlar sömuleiðis sem ekkert endilega skila sér, að vísu sendir Læknavaktin heimilislæknum ávallt bréf um þau samskipti sem þar fara fram en ég lít svo á að það sé lífsnauðsynlegt fyrir heill sjúklingsins að þessar upplýsingar séu ínáanlegar af þeim lækni sem meðhöndlar sjúklinginn. Mér finnst þetta skipta mjög miklu máli og vera allt öðruvísi en aðgengi hins opinbera að einkaupplýsingum fólks.

Á Læknadögum í síðustu viku var haft viðtal við nokkra lækna, þar á meðal við Margréti Georgsdóttur, yfirlækni á Heilsugæslustöð miðbæjar. Hún benti á að ef læknar væru ekki heimilislæknar sjúklinga sem til þeirra leituðu eftir ákveðnum lyfjum ættu þeir að reyna að skrifa út lyf til eins eða tveggja daga í senn. Þetta er auðvitað æskilegt að reyna að gera en það þýðir auðvitað jafnframt aukinn lyfjakostnað. Stundum er sjúklingurinn með langvarandi verki, kannski krabbameinssjúklingur eða með einhverja slíka greiningu, og það er nauðsynlegt að hann fái lyfin sín. Þá gerir það honum fjárhagslega erfiðara fyrir ef hann verður uppiskroppa með lyfin að þurfa að leita læknis og fá lyf til skamms tíma í senn. Það eru því ýmsar hliðar á þessu máli.

En Margrét var einnig í viðtali í sjónvarpinu 14. janúar. Ég vitna í orð hennar, herra forseti, með leyfi:

„Síðan þarf læknirinn að hafa aðgang að gagnagrunni. Mér finnst algjörlega eðlilegt ef sjúklingur leitar til mín sem læknis og ég á að fara að gefa honum lyf að ég geti fengið upplýsingar um það hvaða lyf hann er að nota svo það sé tryggt að ég verði honum ekki að skaða."

Seinna segir hún:

„Hvernig ætlarðu að lækna mann sem þú veist ekki hvaða lyf er að taka? Alla vega sá sem á að taka þátt í meðferð sjúklingsins verður að vita á hvaða lyfjum viðkomandi er."

Ég held að það hljóti öllum að vera augljóst að það verður að vera hægt að nálgast upplýsingar af þessu tagi fyrir þá lækna sem fá sjúkling í meðferð. Ég tek annað dæmi af sjúklingi sem kemur inn á bráðamóttöku sjúkrahúss og er kannski ekki með meðvitund eða ekki með næga rænu til að geta sagt frá sínum málum eða hvaða lyf hann taki. Það er auðvitað algjör lífsnauðsyn að sá læknir sem tekur við honum geti haft aðgang að upplýsingum um hvaða lyf hann tekur.

En svo erum við auðvitað með misnotkun sem er fram hjá eðlilegum lyfjaávísunum lækna, t.d. eru sum vanabindandi lyf eins og parkódín, sterk verkjalyf af því tagi, seld án lyfseðils í apótekum. Og það er hægur vandi fyrir þann sem ætlar sér að misnota slíkt að fara vissan rúnt milli apóteka ef hann býr í þéttbýli eins og Reykjavík. Þetta er auðvitað eitthvað sem er stýrt með reglugerð.

Mín skoðun er sú að þótt ný tækni geri mönnum sífellt auðveldara að safna saman upplýsingum um einstaklinga eigi ekki að gilda það sama um aðgang hins opinbera að persónugreinanlegum upplýsingum og fyrir lækna. Þess vegna legg ég það til að við meðferð málsins í heilbrn. þingsins verði skoðað sérstaklega hvernig tryggja megi að læknar hafi aðgang að upplýsingum um sjúklinga sína eða þá sem þeir eru að meðhöndla hverju sinni.

[14:54]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fá að þakka hv. þm. Katrínu Fjeldsted fyrir ræðu hennar. Ég hef hins vegar aðeins öðruvísi áherslu á útfærslu í sambandi við gagnagrunna og ávísun lyfja.

Fyrir nokkrum árum tók ég þátt í verkefni inni á Landspítala þar sem við ræddum um og gerðum úttekt á því hvernig hjúkrunarfólk ætti að nálgast upplýsingar um ástand sjúklinga, um lyfjanotkun þeirra o.fl. Við fengum mjög hreina og klára niðurstöðu úr þeirri úttekt. Ég vona að skýrslan sé enn aðgengileg á Landspítalanum. Niðurstaðan varð sú að það ættu að vera mörg hlið í þessari leit að upplýsingum um sjúklinga, þ.e. ef sjúklingur kæmi inn á stofu og bæði um lyf eða væri með verki o.s.frv. mætti spyrja ákveðinna spurninga. Það mætti spyrja: Hefurðu ofnæmi fyrir einhverju lyfi? Ertu á ákveðnum lyfjum o.s.frv.? Eða: Hvernig er ástand þitt? Ef sjúklingur kæmi inn á sjúkrahús og væri lagður inn, í versta tilviki ekki með ráði eins og hv. þm. Katrín Fjeldsted nefndi dæmi um, mætti nálgast nauðsynlegustu upplýsingar og síðan, ef á þyrfti að halda, þá með ákveðnu leyfi yfirlæknis spítalans, fara frekar inn í gagnagrunninn. Upplýsingar um sjúkling væru það viðkvæm mál að meira að segja inni á sjúkrahúsi væri ekki ástæða talin til þess að fara nema í gegnum ákveðin hlið inn í svona gagnagrunna. Könnunin er að vísu nokkurra ára gömul en ég býst við að hún sé enn við lýði.

[14:56]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þekki ekki þessa könnun en almennt séð halda heimilislæknar utan um sjúkraskrár skjólstæðinga sinna. Og almennt talað og alls staðar þar sem ég þekki til er það svo að upplýsingarnar berast þangað og þar er gagnabankinn nákvæmastur.

Í flestum tilvikum veitir sjúklingurinn réttar upplýsingar. Það má ekki gleyma því. Þessi lög og lög af þessu tagi er verið að setja vegna undantekningartilvikanna, alveg eins og hraðahindranir eru settar á vegi til þess að grípa þá sem brjóta lög um hámarkshraða.

Ég verð að segja að mér finnst skipta mestu máli að sá læknir sem meðhöndlar sjúklinginn hverju sinni hafi upplýsingar og geti staðfest að satt sé sagt frá þegar um er að ræða hluti eins og lyfjagjöf og fyrri sjúkrasögu fólks. Það er sjúklingnum til heilla. Það er út á það sem það gengur, og öryggi hans.

[14:58]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hv. þm. Katrínu Fjeldsted um að vitaskuld skuli öryggi sjúklings vera í fyrirrúmi. Því miður fyrirfinnast ekki nægilega margir heimilislæknar hér á landi þannig að það eru fleiri en heimilislæknar sem eru fastir læknar sjúklinga í dag.

En eins og ég nefndi í ræðu minni áðan er það trúnaður milli sjúklings og læknis sem gildir í langflestum þessara tilvika. Sjálfsagt eru þó svartir sauðir á ýmsum stöðum, báðum megin borðsins.

Ég ætla að það kerfi sem er við lýði í dag, ásamt einhverri endurskoðun, sé nægilegt. En að galopna gagnabanka eins og ætlunin er með þessu frv. er að mínu mati mjög varhugavert.

[14:59]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Gott dæmi um öryggi sjúklingsins er að ef einhver er með ofnæmi fyrir penisillíni má hann ekki fá það aftur. Auðvitað þarf læknir að vita af því. Kannski hefur sjúklingurinn gleymt því, kannski er hann ekki með nægri rænu til að geta sagt frá því og kannski er hann ekki merktur. Það er í svona tilvikum öllum augljóst að þetta þarf að vera aðgengilegt. Það gildir það sama um alkóhólistann sem vill ekki drekka og hann vill ekki fá vanabindandi lyf, hann vill ekki fá svefnlyf eða róandi lyf eða verkjalyf sem innihalda efni sem eru honum skeinuhætt af því að hann er alkóhólisti. Hann er kannski rænulítill og það er ekki hægt að finna þetta út nema hafa aðgang að einhverju slíku um hann.

Ég lít svo á að þetta frv. styrki eftirlitshlutverk landlæknis og ég tel það til bóta. En ég hef bent hér á örfá atriði sem mér finnst þurfa að athuga nánar við umræður í heilbr.- og trn. og ég mun beita mér fyrir því.

[15:00]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. gat í máli sínu fyrr í dag um að Persónuvernd hefði komið að samningu frv. sem hér er til umræðu, um breytingu á lyfjalögum og læknalögum. Jafnframt gat hann þess, sem hefur svo sem ekki farið fram hjá neinum í fjölmiðlaumræðu, að Persónuvernd væri ekki sátt við endanlega gerð frv.

Hæstv. heilbrrh. hefur líka gert grein fyrir því að þeim athugasemdum sem Persónuvernd hafði gert við frv. verði komið áleiðis til heilbr.- og trn. Ég geri ráð fyrir að nefndin

muni fara vel yfir það eins og fyrrum, þegar slíkar athugasemdir hafa komið fram og bregðast til hins ýtrasta við þeim ábendingum sem Persónuvernd kemur fram með.

En að því sögðu og í því trausti að nefndin muni, eins og ég sagði, bregðast við þessu vildi ég sérstaklega fá að árétta hið margþætta gagn og þær margþættu ástæður sem liggja að baki frv. Það er alveg ljóst að það er hægt að ná ýmsu fram til hagsbóta fyrir heilbrigðiskerfið ef þessir gagnagrunnar verða að veruleika. Við horfum til að mynda til þess að hægt er að vinna að lækkun lyfjakostnaðar. Ég held að enginn hér í þessum sal vilji ekki leita sem flestra leiða til að ná því fram. Við erum líka að tala um úrræði til að koma í veg fyrir misnotkun ávana- og fíkniefna og loks erum við að tala um bætta þjónustu við einstaklinga.

Samkvæmt 24. gr. lyfjalaganna er landlækni heimilt að kalla eftir tölvuskráðum upplýsingum frá lyfjaverslunum. Með breytingu sem gerð var hér á hv. Alþingi í maí 2000 var lyfsölum gert skylt að afhenda Tryggingastofnun ríkisins rafrænar upplýsingar um afgreiðslu allra lyfseðilsskyldra lyfja, ekki aðeins þeirra lyfseðilsskyldu lyfja sem Tryggingastofnun tók þátt í að greiða eins og áður var. Rökin á bak við þetta frv., á bak við breytinguna, voru mikilvægi heildstæðra upplýsinga um lyfjanotkun landsmanna ásamt upplýsingum um greiðsluskiptingu almannatrygginga og sjúklinga. Með slíkum upplýsingum er kostur á að greina lyfjakostnaðinn og greiðslubyrði landsmanna eftir sjúkdómum, kyni og aldri. Þetta hlýtur að vera mjög mikilvægt þegar greiðsluþátttökukerfi almannatrygginga er metið, skoðað og endurskoðað.

Tryggingastofnun ríkisins hefur hins vegar skort skýra lagaheimild til að varðveita og vinna þær upplýsingar sem við gerðum lyfsölum skylt í maí 2000 að afhenda stofnuninni í rafrænu formi. Frumvarpinu er ætlað að bæta úr þessu og veita Tryggingasstofnun heimild til að starfrækja gagnagrunna.

Með frumvarpinu er ætlunin að veita landlækni beinan aðgang í stað þeirrar heimildar sem hann hefur haft til að kalla eftir upplýsingum frá lyfsölum. Nú hlýtur einhver að spyrja: Hvers vegna og hvað ávinnst með því? Það er auðvitað hagkvæmara að heilbrigðisyfirvöld og stofnanir samnýti núverandi gagnagrunn Tryggingastofnunar með þeim breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir, í stað þess að hver stofnun reki sinn eigin grunn. Gagnvart persónuvernd sjúklinga er heldur ekki talið æskilegt að lyfjaverslanir sendi sömu eða sams konar upplýsingar til margra aðila um allan bæ.

Í þessu samhengi er vert að minna á að samkvæmt frv. mun ekki fara fram vinnsla hjá Tryggingastofnun ríkisins á neinum viðkvæmum upplýsingum eins og upplýsingum um lyfjanotkun einstaklinga. Frá þessu er skýrt greint í því frumvarpi sem við erum hérna að fjalla um.

Herra forseti. Frumvarpið gerir ekki aðeins ráð fyrir einum gagnagrunni heldur tveimur, sem Tryggingastofnun verður samkvæmt frv. ekki aðeins heimilt heldur skylt að setja fót. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir mismunandi aðgangi stofnana. Frumvarpið tiltekur tæmandi hver þau tilvik séu, þ.e. undir hvaða skilorði stofnanirnar eigi aðgang að þessum grunnum.

Frumvarpið fjallar annars vegar um þennan ópersónugreinanlega gagnagrunn. Hann á að innihalda upplýsingar um afgreiðslu lyfja til sjúklinga. Aðgang að þessum grunni er ætlunin að allir þessir þrír nefndu aðilar hafi, þ.e. Tryggingastofnun, landlæknir og Lyfjastofnun, í þeim tilgangi að safna nauðsynlegum tölfræðiupplýsingum um lyf, lyfjaávísanir, lyfjanotkun og lyfjakostnað.

Raunveruleikinn eins og hann er í dag er hins vegar sá, og þetta kemur fram á heimasíðu Tryggingastofnunar, að sama kennitalan er aldrei dulkóðuð eins. Þannig er í dag ekki er hægt að fá upplýsingar um fjölda einstaklinga sem veldur því að úr núverandi gagnagrunni er aðeins hægt að fá magn- og kostnaðarupplýsingar, ekki upplýsingar um þann fjölda einstaklinga sem þarna liggur að baki. Upplýsingar um fjöldann hljóta hins vegar að vera forsenda þess að hægt sé að greina greiðslubyrði mismunandi sjúklingahópa eða lífeyrisþega í samanburði við aðra og finna út hvaða hópar verða fyrir mestum kostnaði. Til þessara breytinga þarf leyfi Persónuverndar og af hálfu Tryggingastofnunar verður samkvæmt því sem fram kemur á heimasíðu þeirra lögð mikil áhersla á að fá þessu breytt svo hægt verði að greina upplýsingar um lyfjanotkun landsmanna eftir lyfjum, flokkun lyfja, kyni og aldri. Eftir sem áður — það er tekið skýrt fram á heimasíðunni líka — á að vera tryggt að ekki sé hægt að rekja upplýsingar til tiltekinna einstaklinga.

Þetta var um ópersónugreinanlega gagnagrunninn. Þá komum við að þessum persónugreinanlega gagnagrunni sem mér hefur helst fundist þingmenn takast á um. Tryggingastofnun á samkvæmt frumvarpinu að sama skapi að vera skylt að reka þann grunn. Sömu aðilum og við nefndum áðan, Lyfjastofnun og landlækni, er líka ætlaður aðgangur að honum en hverjum um sig aðeins í skilgreindum tilgangi sem líka er tilgreindur tæmandi í frumvarpinu sjálfu.

Í fyrsta lagi er ætlunin að Tryggingastofnun hafi aðgang í því skyni að greina og skoða tilurð lyfjaávísana og ávísanavenjur lækna vegna eftirlits með lyfjakostnaði, eins og segir í frumvarpinu. Það er athyglisvert að fara inn á heimasíðu Tryggingastofnunar og skoða hver tilgangurinn er með þessari grein. Þar segir að Tryggingastofnun hafi sett fram hugmyndir um samstarf við landlækni um að læknum verði reglulega sendar upplýsingar um ávísanavenjur þeirra í samanburði við viðmiðunarhópa, sem hljóta þá að vera læknar í sömum sérgreinum eða aðrir heimilislæknar ef um heimilislækna er að ræða. Þetta er skýrt á heimasíðu Tryggingastofnunar, með leyfi forseta:

„Með þeim hætti fá læknar góða yfirsýn yfir eigin stöðu sem, með góðri eftirfylgni t.d. í tengslum við klínískar leiðbeiningar, ætti að stuðla að betri nýtingu fjármagns."

Það er einmitt eitt markmiðið með þessu frv. Síðan segir:

„TR fyrirhugar að vinna með upplýsingar varðandi lækna þar sem tilurð lyfjakostnaðar verður greind, en þar er ekki um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða samkvæmt skilgreiningu persónuverndarlaga eins og upplýsingar um lyfjanotkun einstaklinga eru.

Þær upplýsingar sem hægt verður að vinna úr gagnagrunnunum eins og lagt er til í nýju frumvarpi geta yfirvöld notað sem mikilvægt mótvægi við öfluga markaðssetningu lyfjafyrirtækjanna."

Varðandi persónugreinanlegu upplýsingarnar þá er hugsunin líka sú með frv. að hægt sé að nýta grunninn í þágu endurgreiðslu lyfjakostnaðar einstaklinga, enda hafi viðkomandi sótt um endurgreiðslu og með undirritun sinni óskað eftir að stofnunin noti upplýsingar um lyfjanotkun og kostnað úr persónugreinanlegum gagnagrunni. Þannig er tryggt að allur útlagður kostnaður sjúklinga komi til álita án þess að viðkomandi þurfi að safna og halda til haga yfir mislöng

tímabil kvittunum fyrir því sem hann hefur greitt. Það er þá einn tilgangurinn enn að bæta þjónustuna við sjúklinga.

Í öðru lagi gerir frv. ráð fyrir að persónugreinanlegi gagnagrunnurinn verði starfræktur til að koma í veg fyrir misnotkun ávana- og fíkniefna og færa sönnur á ætlaða ólögmæta háttsemi vegna lögbundins eftirlitshlutverks Lyfjastofnunar og í samvinnu við landlækni sem einnig gegnir eftirlitsskyldu eins og hv. þm. Katrín Fjeldsted vék að áðan, samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, læknalögum og lyfjalögum. En heimildir landlæknis eru samkvæmt frv. takmarkaðar við þau tilvik er einstaklingur fær ávísað miklu af ávana- og fíknilyfjum frá mörgum læknum, þegar læknir ávísar slíkum lyfjum á sjálfan sig og þegar einstaklingur fær meira af slíkum lyfjum ávísað en eðlilegt getur talist á tilteknu tímabili.

Umræðan hér á undan, hjá hv. þingmönnum Láru Margréti Ragnarsdóttur og Katrínu Fjeldsted, hefur fyrst og fremst snúist um það sem frv. geymir ekki. Umræðan hefur vikið að því kerfi sem við vorum upplýst um í morgun á fundi í heilbr.- og trn. að búið væri að taka upp í Danmörku til lausnar á sama vanda og Margrét Georgsdóttir læknir, eins og hv. þm. Katrín Fjeldsted vék hérna að áðan, hafði orð á læknadögum á dögunum, að læknar sem eiga að hjúkra og hjálpa sjúklingum þurfa að vita hvað aðrir læknar eru að gera til að hægt sé að hjálpa þeim. Þar erum við að ræða um aðgang lækna, hvaða læknis sem er sem sjúklingur getur heimsótt á stofu, í þennan sama grunn. Þetta frv. fjallar bara alls ekkert um það.

Hins vegar, eins og fram kom í máli hæstv. heilbrrh., er ekki loku fyrir það skotið að að lokinni þessari umræðu, þegar málinu verður vísað til hv. heilbr.- og trn., verði þetta sérstaklega tekið til skoðunar, sem ég geri ráð fyrir að verði gert jafnframt því að við tökum til skoðunar umsagnir og fáum á fund nefndarinnar þá gesti sem best vita og mesta þekkingu hafa á þessu sviði.

[15:12]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var aðeins eitt atriði sem mig langaði að hafa orð á. Ef ég skildi hv. þm. rétt taldi hún ekki skynsamlegt að hafa fleiri en einn gagnagrunn. Ég hef hvergi heyrt minnst á að það hafi verið inni í myndinni að koma upp slíkum grunnum á fleiri en einum stað og þá á ábyrgð Tryggingastofnunar ríkisins. Með þeirri tækni sem við búum yfir í dag held ég að það hafi aldrei staðið til. Ég hef a.m.k. ekki heyrt að það hafi verið inni í myndinni að koma upp slíkum grunni hjá landlæknisembættinu eða Lyfjastofnun, svo að það sé bara alveg ljóst, og það rugli okkur ekki neitt. Það er eðlilegt að hafa hér einn grunn.

Varðandi aðgengi að þessum persónugreinanlega grunni er í frv. tínt til hverjar forsendurnar skuli vera fyrir því að stofnanir, landlæknir og Lyfjastofnun, hafi aðgang að honum. Auðvitað er spurningin alltaf, þó að tilteknar séu ákveðnar forsendur, hvort þessi grunnur eigi að vera opinn án skilyrða eða hvort það séu einhver takmörk á því frekar.

Í athugasemdum við 3. gr. segir, með leyfi forseta:

„Lögfestur er beinn aðgangur landlæknis að persónugreinanlegum gagnagrunni þegar hann þarf nauðsynlega á því að halda vegna eftirlits síns."

Mér er spurn hvort ekki þurfi enn frekar að skilgreina hvenær það sé nauðsynlegt að landlæknir hafi aðgang að þessu svo að aðgangurinn takmarkist í sjálfu sér af texta laganna.

[15:15]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi orð hv. þm. Þuríðar Backman um að henni hafi ekki verið kunnugt um að ætlunin hafi verið að vera með tvo lyfjagagnagrunna þá held ég að það hafi í sjálfu sér aldrei verið ætlunin. En það má segja að með því að fela Lyfjastofnun tiltekið eftirlitshlutverk þá fylgir því upplýsingasöfnun og með því að í 24. gr. lyfjalaga er landlækni heimilt að kalla eftir tölvuskráðum upplýsingum frá lyfjaverslunum. Það er upplýsingasöfnun og grunnur að lyfjagagnagrunni auk þess sem við gerðum lyfsölum skylt að senda Tryggingastofnun rafrænar upplýsingar um alla lyfseðla.

Þarna lá fyrir grunnur að hugsanlega þremur gagnagrunnum og það hlýtur að segja sig sjálft að það er bæði hagkvæmara og tryggir betur persónuverndina að um einn grunn sé að ræða og að í lögum sé nákvæmlega tiltekið hver eigi aðgang og undir hvaða formerkjum að upplýsingum úr þeim grunni.

[15:16]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég spurðist fyrir um það hversu margir einstaklingar frá þeim þremur stofnunum sem um ræðir mundu hafa aðgang að þessum grunni. Það var athugasemd mín í þeim hluta ræðu minnar.

Ég tel líka rétt að benda á að í umræðum um lögmæti gagnagrunna og þá breytingu sem gerð var á söfnun gagna um sjúklinga þá er munurinn á söfnun upplýsinga um sjúklinga hér áður fyrr sá að fyrr á árum voru gagnagrunnar geymdir á viðkomandi sjúkrastofnunum eða hjá viðkomandi læknum en í dag er hægt að nálgast allar upplýsingar um sjúkling frá a til ö í einum gagnagrunni á einum stað.

[15:18]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta mál sem er viðamikið og flókið eins og öll málefni sem varða gagnagrunna eru yfirleitt. Og þau eru viðkvæm mál, ég tek undir það.

En tilgangurinn með frv. er eins og kom fram í orðum hv. 16. þm. Reykv., að koma í veg fyrir misnotkun ávana- og fíkniefna og einnig til þess að afla upplýsinga um lyfjaneyslu, ópersónugreinanlegra upplýsinga sem hægt er að nota m.a. í baráttunni við aukinn lyfjakostnað í landinu, en sá þáttur í heilbrigðisþjónustunni vex gríðarlega og ég verð að segja að það er sá þáttur sem ég hef áhyggjur af að verði lítt viðráðanlegur á næstu árum ef þróunin verður áfram eins og hún hefur verið.

Tilgangurinn með frv. er einnig sá að koma í veg að saklausir menn í læknastétt liggi undir ámæli um að ávísa lyfjum ótæpilega til fíkniefnaneytenda. Það er ekkert skemmtilegt fyrir læknastéttina að liggja undir slíku ámæli og það er því í þágu læknastéttarinnar að frv. nái fram að ganga. Ég verð var við það að læknar vilja gjarnan stuðla að því að svo verði. En þetta er í stuttu máli tilgangurinn með frv.

Hv. 14. þm. Reykv. spurði um notkun Tryggingastofnunar ríkisins á gagnagrunninum. Í ábendingum sem hafa komið frá Persónuvernd um málið er lagt til að kannaðar verði í samráði við landlækni lyfjaávísanir og ávísanir lækna vegna eftirlits með lyfjakostnaði. Þetta er ein af þeim tillögum sem ég beini til heilbr.- og trn. að skoða og aðrar tillögur sem kveða skýrar á um persónuverndina og gerð verði grein

fyrir þeim þegar fulltrúar ráðuneytisins verða kallaðir fyrir nefndina en ég tel rétt að nefndin fari vandlega yfir þessi mál, eins og ég veit að hún gerir.

Hv. 6. þm. Reykv. spurði um aðgang starfsmanna að persónugreinanlegum upplýsingum. Eins og kom fram í framsöguræðu minni, ég ætla að endurtaka það til að taka af allan vafa, þá er gert ráð fyrir að persónuupplýsingar séu dulkóðaðar í gagnagrunninum og engum aðgengilegar — ég undirstrika það — engum aðgengilegar nema í einstöku tilvikum þegar rökstuddur grunur um misferli liggur fyrir. Ekki er gert ráð fyrir að það sé neinn almennur aðgangur að þeim upplýsingum. Ég vil undirstrika það því að það er afar mikilvægt atriði að enginn misskilningur sé varðandi þetta.

Ég held að ég orðlengi ekki um þetta að sinni. Ég veit að heilbr.- og trn. tekur þetta mál til vandlegrar skoðunar. Ég tel mikilvægt að það verði afgreitt. Þetta mál fór m.a. á skrið í framhaldi af mikilli umræðu um misnotkun ávana- og fíkniefna á síðasta vori og eins og kom fram í framsöguræðu minni var unnið mjög hratt og vel að málinu og frv. byggt á skýrslu nefndar þar um. Ég tel áríðandi að frv. verði að lögum eftir vandlega skoðun. Ég vona að tími gefist til þess að skoða málið vel.

Í tillögum Læknafélagsins var einnig rætt um afeitrunarstöð. Við höfum verið að skoða þau mál líka þó að það komi ekki inn á þetta frv., það er sérmál, en ég tel að það sé mál sem við verðum að skoða og leggja niður fyrir okkur en tillögur í því eru ekki tilbúnar enn.

Varðandi verkjateymið á Landspítala þá tel ég að skoða verði það mál sérstaklega og það er á döfinni hjá okkur í ráðuneytinu að fara yfir það hvernig það væri hægt og hvað það mundi vera umfangsmikið að koma slíkri starfsemi á fót.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, frh. fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 17. mál. — Þskj. 17.

[15:25]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) (frh.)**:**

Herra forseti. Við höldum áfram umræðu um mál sem frestað var á síðasta ári og er um tillögu til þál. um fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu og tekur sérstaklega til þess að hér séu opnari viðskipti með fisk og það liggi betur fyrir hvernig viðskiptin eiga sér stað með því að hafa fjárhagslegan aðskilnað milli útgerðar og vinnslu.

Við teljum einnig að það mundi verða til þess að auka afla á fiskmarkaði sem að öllu öðru jöfnu mundi auka hér mikið verðmæti í sjávarútvegi, verðmæti þess sjávarfangs sem unnið er úr aflanum og efla jafnframt atvinnustigið í landinu.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér í örstuttu máli að vitna í lok kafla ræðu minnar á síðasta ári þegar við vorum að ræða þessi mál, áður en ég fer yfir í það að ræða meira um verðmætisaukann í sjávarútvegi, hvernig megi með auðveldum hætti auka hann, og vitna þá m.a. til skýrslu sem sjútvrh. lét vinna, svokallaða AVS-skýrslu, um fimm ára átak til að auka verðmæti sjávarfangs, en ég hafði boðað það í fyrri ræðu minni að ég mundi víkja nokkrum orðum að því máli.

Ég vil einnig vekja athygli á því, herra forseti, að frá því að þessari umræðu lauk hefur m.a. Sjómannasamband Íslands ályktað sérstaklega um málið, en það sagði á þingi sínu:

„23. þing Sjómannasambands Íslands krefst þess að lög verði sett um fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu. Eins og staðan er í dag getur kaupandi og seljandi afla verið einn og sami aðilinn sem í krafti einokunaraðstöðu sinnar ákveður verðið. Slíkur viðskiptamáti hlýtur að brjóta í bága við lög um heilbrigða samkeppni og góða viðskiptahætti. Eðlilegt hlýtur að teljast að allir fiskkaupendur hafi sama möguleika á að kaupa þann fisk sem leyfilegt er að veiða úr takmarkaðri auðlind. Fyrsta skrefið til að koma á eðlilegum viðskiptaháttum með fisk er að aðskilja veiðar og vinnslu fjárhagslega sem leiðir til þess að allur afli verði seldur á fiskmarkaði."

Þessi ályktun Sjómannasambands Íslands er algjörlega í samræmi við þá hugsun sem er í þeirri tillögu sem við höfum flutt og rædd var á síðasta ári og umræða heldur hér áfram um.

Ég vil, herra forseti, víkja sérstaklega að því að þetta er angi af fiskveiðistjórnarkerfi okkar og því miður sem við skyldum aldrei hafa tekið upp frjálsa framseljanlega sölu og leigu á aflakvótum því að sá réttur þurfti aldrei að vera hjá útgerðinni til þess að hægt væri að stunda hér eðlilegar og arðbærar fiskveiðar. Útgerðarmennirnir þurftu eingöngu að hafa þá vissu að þeir mættu gera út skip sín til fiskveiða hvort sem það var í aflakvótakerfi eða einhverju öðru kerfi. En þeir þurftu aldrei á leigu- og söluréttindum á aflakvótanum að halda til þess að halda áfram eðlilegu og sjálfsögðu útgerðarmynstri.

Það er nákvæmlega þarna sem skilur á milli hagsmuna útgerðarmanna og hagsmuna fólksins í landinu. Það eru útgerðarmennirnir sem hafa þennan rétt til leigu og sölu á aflaheimildum og geta nýtt hann með ýmsum hætti, m.a. í viðskiptum, eins og áður hefur verið bent á og einnig er dregið fram í grg. með þessari tillögu og það eru útgerðarmennirnir sem hafa síðan ákvörðunarrétt um það hvenær þeir vilja selja þessi réttindi frá fyrirtæki sínu og þá jafnvel burt úr byggðunum, sem hefur auðvitað sums staðar haft mjög alvarlegar og skelfilegar afleiðingar á afkomu fólks og öryggi þess til að búa í hinum dreifðu sjávarbyggðum.

Herra forseti. Það er m.a. tilgangur fiskveiðistjórnarlaganna að auka hér arðsemi og efla atvinnu og segir í 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna að þau séu til að vernda og byggja upp fiskstofnana og byggja upp trausta atvinnu og byggð í landinu.

Vil ég nú víkja aðeins að þeim þætti máls og þá sérstaklega í tengslum við skýrslu sem hæstv. sjútvrh. beitti sér fyrir að unnin væri og ég vitnaði til fyrr í máli mínu. Í þeirri skýrslu koma fram ýmsar merkilegar upplýsingar sem mig langar að draga fram.

Það kemur hér t.d. fram á bls. 56 og 57 í þessari skýrslu, með leyfi forseta, að fersk þorskflök, þegar þau eru reiknuð í verðmæti yfir á veiddan fisk úr sjó, gefa 272 kr. að meðaltali á kíló, útflutningsverðmæti, miðað við árið 2001, fersk þorskflök, á sama tíma og sjófrysting er með 185 kr. og landfrysting einnig með 185 kr. Þarna munar hvorki meira né minna en 87 kr. á hverju einasta kílói, herra forseti, og þar af leiðandi hefði maður haldið að í þessari skýrslu hefði strax verið dregin fram afar sterk ábending um að það mætti

auka virði sjávarfangsins og verðmætasköpun í þessu þjóðfélagi ásamt atvinnu til mikilla muna með því að leggja meiri áherslu á veiðar sem gætu komið með ferskan fisk að landi sem dygði til vinnslu í að vinna fersk flök til útflutnings.

Hins vegar er í þessari skýrslu vikið mikið að því að vinna megi aukaafurðir úr þorski, m.a. úr hausum og öðru slíku, en frekar lítið vikið að því atriði að þarna er í raun og veru mjög auðvelt að auka verðmæti mikið með því að efla hráefnisvinnslu á dagróðraskipum eða skipum sem koma með ferskt hráefni að landi og auka vinnslu á því. Þarna munar 87 kr. á hverju einasta kílói, herra forseti.

Ég verð að segja og dreg ekki dul á það að stefna hæstv. sjútvrh. í þessum málum, að kýla kvótasetninguna yfir smábátaflotann, stuðla að fiskveiðistjórnarkerfi þar sem framseljanlegir kvótar eru til sölu, þar sem þeir stóru og stærri verða sífellt stærri og öflugri og kaupa upp vertíðarflotann, hinn gleymda flota sem stundum hefur verið nefndur svo, hráefnisöflunarflotann fyrir landvinnslustöðvarnar, veldur því auðvitað að við erum að færa verðmætasköpunina niður. Við værum tvímælalaust með aukinni ferskfisksvinnslu að auka geysilega mikið í verðmætum.

Auðvitað geri ég mér grein fyrir því að við getum ekki fært öll þau tæpu 100 þús. tonn upp úr sjó sem fara í sjó- og landfrystingu á þorski beint yfir í fersk flök. En stefnan vinnur alveg á hinn veginn og hefur gert það á undanförnum árum, að stórútgerðirnar sem reka öflugustu frystiskipin safna til sín kvótunum, meira færist í þeirra hendur, landróðraskipunum fækkar, það dregur úr atvinnu í sjávarbyggðunum og það dregur úr verðmætasköpun í heild fyrir þjóðfélagið.

Það er auðvitað meginatriði þessa máls að með breyttri stýringu og breyttum áherslum yfir í það að strandveiðiflotinn hafi meira frjálsræði til veiða og meiri aflaheimildir og komi með ferskt hráefni að landi til vinnslunnar er hægt að auka verðmæti mikið.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst undarlegt að þetta skuli ekki dregið alveg sérstaklega fram og nefnt. Það er dregið hér fram að ef allur óunninn þorskur sem fluttur var út á árinu 2001 yrði nýttur í fersk flök gæti það skilað 300 millj. ísl. kr. í auknum útflutningstekjum miðað við 45% nýtingu og að 70% færu í flug og 30% í blokk. Þetta stendur hér í skýrslunni. En það er ekki tekið sérstaklega fram að með því t.d. að auka landvinnslu á ferskfiski um 25 þús. tonn, svo að við tökum sem dæmi, 1/4 af því sem nú er fryst úti á sjó og fryst í landi, værum við að auka verðmæti sjávarfangs úr þorskinum um einhverja milljarða.

Það er auðvitað hægt að setja upp öfgafull dæmi um að ef öll þessi 100 þús. tonn sem við veiðum og frystum samtals úti á sjó og í landi færu í fersk flök, sem er auðvitað ekki raunhæft markmið og ekki hægt að ætlast til að við næðum að selja eftir þeim leiðum, væri bara þessi verðmætisauki yfir 7 milljarðar kr., bara með þeirri breytingu einni, úr sama aflamagni. En það er auðvitað ekki framkvæmanlegt heldur eingöngu dregið hér fram til að benda á um hvers konar verðmætisauka er að ræða, og er þetta þó ekki, herra forseti, í þessari skýrslu mesti verðmætisaukinn sem hægt er að finna.

Í skýrslunni segir um karfann, með leyfi forseta: „Verðmæti aflans hefur lækkað um 18% á tímabilinu." Tímabilið sem hér er miðað við er frá 1992–2001. Ég verð að segja eins og er að það kemur mér nokkuð á óvart að verðmæti karfaaflans hefur minnkað á undanförnum árum. Það kemur líka fram í þessari skýrslu og hefur lítið verið um það getið að fersk karfaflök gefa 321 kr. á kíló. Heill, óunninn karfi seldur á erlendum mörkuðum gefur 147 kr. Landfrystur karfi gefur 124 kr. og sjófrystur karfi, takið eftir, gefur 107 kr.

Ef við tökum þarna milliverðið, landfrystinguna, 124 kr., og berum saman við fersk flök í útflutningi munar hvorki meira né minna en 197 kr. á hverju einasta kílói sem flutt er úr landinu. Þarna er vissulega um mikinn verðmætisauka að ræða. En þess ber auðvitað að geta að togaraflotinn er einkar hentugur til þess að veiða karfa og þess vegna er ekki auðvelt um þarna að breyta. Vafalaust mætti þó með auknum fersklöndunum og stuttum veiðiferðum tryggja þessi gæði.

Þá komum við að ýsunni, herra forseti. Við skulum minnast þess þegar við ræðum um ýsuna að henni var troðið inn í kvótasetningu á smábátana, aflamagnið tekið niður, atvinnustigið á landsbyggðinni beinlínis tekið niður með aðgerðum hæstv. sjútvrh. og forustumanna ríkisstjórnarinnar og auðvitað þeirra þingmanna sem þessa aðgerð studdu. Þetta hefur auðvitað þýtt það að dregið hefur úr atvinnu úti á landsbyggðinni, það hefur líka dregið og mun draga úr verðmætasköpun ef fram heldur sem horfir.

Það er einfaldlega þannig að fersk flök í útflutningi gefa 253 kr. á kíló þegar sjófrystingin á ýsu gefur 188 kr. á kíló. Þar munar 65 kr. á hverju einasta kílói, herra forseti. Og það er dálítið einkennilegt að menn skuli hafa slegist svo hart um það að koma kvótasetningunni yfir smábátana. Smábátaútgerð var auðvitað viðbragð landsmanna við því að vertíðarflotinn dróst saman og atvinnutækifærum fækkaði, sjómenn reyndu að stofna til útgerða á smábátum sem þá var nokkurt frelsi í, og það er einkennilegt að ríkisstjórnin skuli hafa tekið sér það fyrir hendur að vinna skemmdarverk á þjóðfélaginu með því að fara þá leið sem farin var. Það er alveg ótrúlegt, herra forseti, að þurfa að upplifa það að hér séu unnar skýrslur fyrir hæstv. sjútvrh. og ráðuneytið um það hvers konar verðmætisauka við gætum verið að stefna að með ferskfisksútflutningi og að það skuli farið í alveg gjörsamlega öfuga átt. Svo tala menn hér um atvinnuástand og hagkvæmni í sjávarútvegi. Hvílík öfugmælavísa, herra forseti.

Þannig hafa þær aðgerðir sem við höfum staðið fyrir og stjórnvöld hafa beitt sér fyrir varðandi stjórn fiskveiðanna beinlínis orðið til þess að skaða þjóðarbúið. Það er verið að vinna skaða á þjóðarbúinu með þeim tillöguflutningi sem hér hefur fengið að ganga í gegnum hv. Alþingi um kvótasetningu fleiri og fleiri fisktegunda og inn á smærri og smærri skipaeiningar.

Og síðan áfram með frjálsa framsalið og hagkvæmnina sem sjútvrh. vék að fyrr í dag þegar rætt var um aflapottana. Þá sagði hann eitthvað á þá leið að það yrði að vera frjálst framsal til að auka hagkvæmni í landinu. Ég veit ekki, herra forseti, hvað maður á að kalla svona framsetningu þegar hæstv. ráðherrann hefur sjálfur unnið að því að láta semja þessa skýrslu og fer svo með allt önnur rök en standa í hans eigin plaggi, plaggi sem var unnið fyrir hann. Það er alveg ótrúlegt, herra forseti, að menn skuli ekki horfa á þetta eins og það er í raunveruleikanum, að það er hægt að auka atvinnu í landinu með því að efla strandveiðarnar, gefa meira frelsi í strandveiðunum. Það er hægt að auka verðmætin, það er hægt að auka möguleika þeirra sem eru í fiskveiðunum með því að taka upp eðlileg viðskipti. Og sú tillaga sem við flytjum um fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu, sem síðan mundi vonandi leiða til þess að fiskur yrði almennt seldur á fiskmörkuðum og það yrðu í raun eðlileg eigendaskipti milli

útgerðar og vinnslu, yrði til þess að auka hér verðmæti. Að stefnan skuli vera sú að keyra kvótakerfið og kvótana inn á stærri og stærri einingar, meiri samþjöppun í þessu þjóðfélagi, minnkandi atvinnu í sjávarbyggðunum — og kalla það hagkvæmni. Hagkvæmni hverra? Hagkvæmni þeirra sem safna saman þessum einingum í stór útgerðarfélög. Og nú síðast gerir forstjóri hins nýja fyrirtækis, Brims, kröfu um að hækka þakið, geta safnað kvótunum hraðar saman og valdið meiri skaða í þjóðfélaginu undir stjórn þessarar ríkisstjórnar. Þetta er ótrúlegt hlutskipti, herra forseti.

[15:40]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það er búið að ræða oft um tillögur sem lúta að því að aðskilja veiðar og vinnslu og er ekkert nema gott um það að segja að menn vilji reyna að auka fisk á mörkuðum, efla vinnsluna með því og koma fleirum að þessum potti en þar hafa verið. Þetta hefur samt ávallt strandað á því að vinnslan og útgerðin eru á sömu hendi, fiskmarkaðirnir sjálfir eru nánast á sömu hendi þannig að það eru í rauninni alls staðar sömu mennirnir sem eru að fjalla um þessi mál, sama hvort það er á mörkuðunum, í vinnslunni eða hjá útgerðinni.

Ég man eftir því þegar við vorum að velta fyrir okkur kvótasetningu 1983 á fiskiþingi. Hv. flm. Guðjón A. Kristjánsson var á því sama fiskiþingi, ef ég man rétt. Þá voru útgerðir í vandræðum, þjóðfélagið var í vandræðum eftir mjög mikla sókn í stofnana og við sáum fram á hrun með skrapdagakerfinu sem þá var í gildi. Þess vegna féllust menn á að reyna kvótakerfið. Ég hef persónulega stutt það síðan og var einn af þeim sem taldi það leið sem gæti dugað.

Það hefur oft komið fram í þessum ræðustóli að kerfið, eins og það var hugsað þá, er orðið allt annað kerfi í dag. Þá var fyrst og fremst verið að hugsa um eina tegund, þorskinn, en í dag, eins og hv. flm. segir, er búið að setja nánast allt í kvóta nema kannski tindabikkju, háf og einhverjar aukategundir. Að mínu áliti hefur verið gengið miklu lengra í kvótasetningu en nauðsynlegt er ef við erum eingöngu að hugsa um verndun fiskstofnanna. Mér finnst alveg óþarfi að setja löngu, keilu, skötusel, þennan meðafla sem kemur alltaf hvort sem er, í einhvern kvóta. Það er alltaf verið að afskræma þetta kerfi sem hugsað var til þess að reyna að halda utan um veiðarnar, það er verið að afskræma það meira og meira og gera það harðneskjulegra en nokkrum manni gat dottið í hug að það gæti orðið. Það hefur leitt til þess að raddir um breytingar hafa orðið háværar, og þær hafa komið fram hér í þinginu, raddir um breytingar eins og um að taka þetta af í áföngum með einhvers konar úreldingu og að þjóðin mundi kaupa þetta til baka þannig að útgerðarmenn mundu ekki skaðast. Ég tel að breytingar síðustu ára hafi gert þetta þannig að menn standa frammi fyrir því að þjóðin borgi allan kvótann til baka. Ástæðan fyrir því að þetta er komið á þennan veg er veðsetningin sem heimiluð var. Þá var útgerðarmönnum gefin heimild til að veðsetja kvótann. Þar með var hann geirnegldur.

Þannig hefur kerfið undið upp á sig og nú er svo komið að útgerðarmenn um landið verða sífellt færri og færri. Þeir eru líka að verða stærri og þeirra yfirráð yfir byggðunum eru orðin slík að enginn þorir orðið að hreyfa legg eða lið til að andmæla einu eða neinu því að þá er voðinn vís fyrir viðkomandi. Ég verð að segja eins og er að mér finnst þessi þróun á allt annan veg en ég hafði séð hana fyrir mér og á allt annan veg en ég hygg að þeir hugsjónamenn, sem stofnuðu og voru frumkvöðlar að þessum stóru fyrirtækjum sem mörg hver eru enn til, hafi séð hlutina fyrir sér.

Mér finnst því dálítið erfitt að horfa upp á það núna að útgerðarmenn eru enn að biðja um að hækka hið svokallaða kvótaþak, sem í dag er 12%. Þeir vilja að það fari jafnvel upp í 20%. Þar með gætu orðið fimm útgerðarmenn á landinu eftir nokkur ár sem sætu uppi með allan kvótann, alla vinnsluna og allt sjávarútvegskerfið. Ég sé það í blöðum í dag að útgerðarmenn kvarta sáran yfir því að gengi krónunnar sé orðið allt of hátt og í raun, eftir því sem útgerðarmenn segja, sé verið að mergsjúga útgerðarmenn og fiskvinnslurnar þannig að enginn grundvöllur sé fyrir rekstrinum.

Þá er það strax komið upp í umræðunni að fiskvinnslan gæti vel hugsað sér að færa vinnsluna til annarra landa, að færa vinnsluna úr landi. Ég bara spyr: Hvað er hægt að ganga langt í þessu? Hve lengi á að hóta mönnum? Gæti það orðið á borðinu hér að öll fiskvinnsla landsmanna verði flutt úr landi vegna þess að menn sætti sig ekki við gengisþróun í landinu? Þá er nú valdið orðið ansi mikið í höndum þessara manna geti þeir neytt menn til hlýðni með því að hóta að flytja alla vinnsluna úr landi. Ég vona sannarlega að það komi aldrei til.

Aftur á móti varð ég var við það í fyrra þegar ég flutti tillögu um að skylda fullvinnsluskip til að koma með allan afla að landi, að hótanir og yfirgangur útgerðamanna í minn garð og annarra út af því máli var með ólíkindum. Mér fundust þær hótanir ekki sæmandi þeim útgerðarmönnum sem tóku þátt í þeirri umræðu og þeim skrifum sem fóru fram.

Menn hafa reynt að leita leiða til þess að auka verðmæti sjávarfangs. Þessi tillaga gengur út á það. Okkar tilgangur með þeirri tillögu sem þá var til umræðu var sá sami. Í hafið er hent milljörðum vegna þess að menn hirða ekki hausana, hryggina og aukaafla. Þar fyrir utan er nýtingarprósentan hér miklu hærri þannig að þar munar kannski 10 þúsund tonnum sem útgerðarmenn fullvinnsluskipa fá gefins, miðað við þá nýtingarstuðla sem í gildi eru í Noregi. Ég vil vara við þessari þróun og vona virkilega að tekin verði umræða um það hér í þinginu.

[15:49]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi ræða aðeins ummæli hv. þm. um að menn hefðu kannski ekki gert ráð fyrir því þegar kvótakerfi var komið á, á fyrstu árum þess, að það mundi þróast eins og raun ber vitni.

Ég hygg að þetta sé alveg rétt hjá hv. þm. Ég minnist þess glöggt að margir fulltrúa sem sátu þessi fiskiþing á árunum 1983, 1984 og 1985 hafa síðar látið í ljós þær skoðanir, einkum eftir árið 1990, þegar frjálsræðið varð algjört við sölu kvótanna og tilfærslurnar, að þeir hefðu aldrei ljáð þessu máli lið hefðu þeir getað ímyndað sér að það færi í þennan farveg.

Herra forseti. Menn sáu auðvitað misfljótt í hvað stefndi í þessum málum. Ég vil enn á ný vekja athygli á því að t.d. Farmanna- og fiskimannasambandið varaði við því á árinu 1989, áður en frumvarpið hér var samþykkt í hv. Alþingi um lög nr. 38 frá 1990, á hvaða vegferð við værum. Það er alveg rétt sem hv. þm. hefur bent á að fjölgun botnfiskstegunda í kvótakerfinu er eingöngu til að gera það verra og erfiðara í framkvæmd. Að mínu viti ber enga nauðsyn til að fjölga sífellt tegundum í kvótakerfinu til að stýra fiskveiðum. Það er nægjanlegt, ef menn vilja stýra með kvótakerfi, að hafa megintegundir hverrar veiðigreinar í kvóta, ef menn ætla

að stýra eftir þeirri leið. Ég er út af fyrir sig ekki mjög hrifinn af þeirri leið og tel að sóknarstýrt kerfi, einkum fyrir strandveiðiflotann og smábátaflotann, sé miklu hentugra byggðunum og til verðmætisauka.

[15:51]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við séum ekki mjög ósammála um þessi mál. Auðvitað hafa menn varað við þessu og eitt hefur leitt af öðru í þessu kerfi.

Rauði þráðurinn í gegnum fiskveiðistjórnarkerfið hefur verið leitin að ýtrustu hagkvæmni, þ.e. að gera kvótann sem verðmætastan fyrir þjóðarbúið. Það hefur að mínu áliti tekist nokkuð vel. En það hefur samt sem áður komið of harkalega niður og er sífellt að sjást betur og betur. Þetta kemur of harkalega niður á byggðunum. Vald útgerðarmannanna er slíkt yfir byggðunum að menn sjá allt í einu heilu fyrirtækin og útgerðirnar bara hverfa og eftir situr fólkið. Atvinnustarfsemin af því færist bara yfir í annan landshluta. Peningahyggjan er allsráðandi í kerfinu og þegar við það bætist að það eigi að fara að flytja vinnsluna úr landi finnst mér skörin vera farin að færast ansi langt upp í bekkinn, þegar slíkar hótanir dynja yfir þjóðinni.

Þá vaknar hjá mér þessi spurning: Hvað næst? Hvað getur mönnum dottið í hug að gera næst ef stjórnvöld og aðrir lúta ekki þeirra vilja? Ef stjórnvöld samþykkja t.d. ekki að hækka kvótaþakið úr 12% og upp í 20%. Hvað dettur mönnum þá í hug að segja?

Hvort hagkvæmara sé að fara með meiri afla inn á smábátana og gera meira þar veit ég ekki. Ég get alveg fallist á að það gæti verið ágætis hugmynd en þróunin þar hefur náttúrlega haft miklu styttri aðdraganda.

[15:53]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Spurningin sem hv. þm. Kristján Pálsson velti hér fyrir sér, um hvað verður ef menn halda áfram þeirri stefnumótun að flytja atvinnu úr landi með því að flytja fiskinn úr landi er athyglisverð. Það er jú þekkt að menn eru að flytja smáþorsk til Kína og vinna úr honum þar, kaupa hann hvar sem er í heiminum og telja hagkvæmt að stunda vinnslu á smáþorski í Kína. Ég hygg að það megi örugglega finna fyrir því rök, líka hægt að finna krónulega hagkvæmni út úr því að vinna stærri fisk í Kína. Mér kæmi það ekkert á óvart.

Það er auðvitað þannig að mörg af okkar stærstu fyrirtækjum í sjávarútvegi fara með hagnaðinn úr landi og fjárfesta í atvinnustarfsemi annars staðar. Út af fyrir sig finnst mér að það eigi ekki að banna mönnum að horfa til góðra tækifæra. Það er hins vegar spurning hvort þau séu í eðlilegum farvegi, þau réttindi sem fylgja því að fá að veiða þorsk á Íslandsmiðum þegar farið er með fjármagnið og atvinnuna úr landi. Ég set spurningarmerki við þá hugsun og þá framkvæmd. Ég tel að hagkvæmni fjármagnsins geti ekki ráðið ferðinni ein í þessu máli. Málið snýst líka um hagsmuni fólksins í sjávarbyggðunum, rétt þess til að lifa þar, eignarrétt þess sem gerður er verðlítill og verðlaus, og síðan er verið að flytja atvinnuleysið af landsbyggðinni smátt og smátt. Hvert fer það? Það fer hér suður jú, fólkið flýr hingað, og það þrengist um hér. Þá verður auðvitað atvinnuleysi hér eftir sem áður.

Svo benda menn á að það sé ekki mikið atvinnuleysi á einhverjum svæðum úti á landi. Hvers vegna? Fólkið er farið af því að það hafði ekki atvinnu.

[15:55]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að menn eru náttúrlega smám saman að flytja meira og meira af vinnslunni burt. Það sést langbest um borð í frystiskipunum og fullvinnsluskipunum. Það er verið að flytja vinnsluna út á sjó og auðvitað gætu þetta allt verið útlendingar um borð í þessum skipum. Í dag vinna þar Íslendingar en þetta er mjög hagkvæm veiði. Ég hef líka séð að útgerðarmenn hafa verið að flytja hausa og annað út til Kína. Það má vel vera að þeir séu farnir að flytja smáþorsk út til Kína líka, það má vel vera. Ég hef ekki orðið var við það en ég efast ekki um að hv. þm. fer rétt með það.

Þetta segir okkur að menn þurfa virkilega að hafa varann á. Verði það smám saman þannig sitja menn uppi með að meiri hlutinn af vinnslunni er farinn annaðhvort út á sjó eða úr landi. Ég segi þá: Hverju máli skiptir þá lengur með sjávarútveginn og Evrópusambandið ef þetta ættu að verða endalok á fiskveiðistefnu okkar Íslandinga?

Auðvitað á ekki að banna fiskvinnslufyrirtækjum frekar en öðrum að fjárfesta með hagkvæmum hætti. En sá fiskur sem er til úthlutunar á Íslandsmiðum finnst mér skilyrðislaust að eigi að koma til vinnslu á Íslandi. Það finnst mér hafa verið undirtónninn í því að setja kvótann á upphaflega, þ.e. að tryggja útgerðina, fiskvinnsluna og sjávarbyggðirnar í landinu. Það var ekki hugsað með öfugum formerkjum. Mér finnst margt benda til þess að við stefnum núna í öfuga átt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:58]

Útbýting þingskjala:

Samfélagsleg áhrif álvers- og virkjunarframkvæmda, 511. mál, þáltill. SvanJ, þskj. 849.

Tjónaskuldir vátryggingafélaga, 499. mál, fsp. JóhS, þskj. 832.

Hvalveiðar, 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 20. mál (leyfi til veiða). — Þskj. 20.

[15:58]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um hvalveiðar. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Magnús Stefánsson, hv. þm. Jóhann Ársælsson og hv. þm. Guðjón Guðmundsson.

Frumvarpið er um breytingu á lögum nr. 26/1949 og 1. gr. hljóðar svo:

„Í stað 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna koma tveir málsliðir nýir sem orðast svo: Slík leyfi skal veita aðilum sem fullnægja skilyrðum til að mega stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands ásamt nánari almennum skilyrðum sem ráðherra setur í reglugerð. Ef nauðsynlegt reynist að takmarka hvalveiðar af einhverjum ástæðum, sbr. þó 2. mgr. 4. gr., er ráðherra heimilt með reglugerð að veita þeim aðilum sem mesta reynslu hafa af hvalveiðum í fiskveiðilandhelginni forgang til veiðanna."

Í 2. gr., sem er breyting á 4. gr. laganna, bætist við ný málsgrein sem orðast svo:

„Þrátt fyrir 1. mgr. er ráðherra óheimilt að takmarka veiðar umfram það sem Hafrannsóknastofnunin telur óhætt að veiða hverju sinni eða beita öðrum takmörkunum sem gera ókleift að veiða það magn."

Síðan segir í 3. gr.:

„Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 4. gr.“ — sem ég var að lesa hér áðan — „er ráðherra heimilt á árunum 2003 og 2004 að takmarka veiðar við færri hvali af hverri tegund en þann fjölda sem Hafrannsóknastofnunin leggur til.“

Í 4. gr. segir svo að þessi lög öðlist þegar gildi.

Með frv. fylgir svofelld greinargerð:

Flutningsmenn þessa frumvarps telja að nú beri að hefja hvalveiðar í samræmi við ályktun Alþingis frá 123. löggjafarþingi, sem stóð frá hausti 1998 til vors 1999 og var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land og tekur fram að ályktun þess frá 2. febrúar 1983 standi ekki í vegi fyrir því. Veiðarnar fari fram á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar og undir eftirliti stjórnvalda.

Alþingi leggur áherslu á óskoraðan fullveldisrétt Íslands við nýtingu hvalastofna á íslensku hafsvæði í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda.

Alþingi felur ríkisstjórninni að undirbúa hvalveiðar, meðal annars með því að kynna málstað og sjónarmið Íslendinga meðal viðskiptaþjóða okkar. Undirbúningur miði að því að veiðar geti hafist sem fyrst. Kostnaður við kynninguna verði greiddur úr ríkissjóði. Öllu kynningarstarfi verði flýtt svo sem auðið er.“

Þannig hljóðaði sú tillaga sem hér var samþykkt um hvernig standa bæri að hvalveiðum eftir árið 1999. Síðan segir í greinargerðinni:

Upphaf hvalveiðibannsins má rekja til nefndrar þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi 2. febrúar 1983. Þar ályktaði Alþingi um að samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun hvalveiða skyldi ekki mótmælt af Íslands hálfu. Frá því að þessi ályktun var gerð hefur löggjafinn ekki tjáð sig um hvalveiðibannið ef frá er talin fyrrgreind þingsályktun sem er frá 123. þingi vorið 1999 eins og áður sagði. Hvalveiðibanninu sem nú hefur verið beitt í meira en áratug var hrundið í framkvæmd af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins með stöðvun á útgáfu leyfa til hvalveiða. Í lögum nr. 26/1949, um hvalveiðar, sem hér eru lagðar til breytingar á, er þó hvergi kveðið á um bann við hvalveiðum. — Ég endurtek, herra forseti. Þar er hvergi kveðið á um bann við hvalveiðum. — Lögin gera þvert á móti ráð fyrir að hvalveiðar séu öllum heimilaðar sem fullnægja skilyrðum til að stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og fengið hafa til þess leyfi sjávarútvegsráðuneytisins. Ráðherra er þó heimilt skv. 4. gr. laganna að kveða á um ýmsar takmarkanir á veiðunum með reglugerð. Síðasta reglugerðin sem sett var á þessum grunni er frá árinu 1984 og er þar er kveðið á um takmörkun á fjölda hvala af hverri tegund sem heimilt er að veiða. Það er því svo að hvorki samkvæmt lögum né reglugerðum settum samkvæmt þeim er bannað að veiða hval við Íslandsstrendur að því er séð verður. Rétt er að taka það fram að þingsályktanir þær sem að framan er getið raska í engu ákvæðum laga og reglugerða, né hafa alþjóðasamningar og samþykktir alþjóðastofnana áhrif á íslenskan rétt nema samningarnir séu innleiddir í hann. — Herra forseti. Rétt er að vekja athygli á þessu, nema því aðeins að samningarnir séu innleiddir í íslenskan rétt. — Þess má þó geta að í 10. gr. reglugerðar nr. 163/1973, um hvalveiðar, segir að landstöðvum sé skylt að hlíta því að erlendir eftirlitsmenn fylgist nákvæmlega með starfsemi stöðvarinnar í samræmi við samþykktir Alþjóðahvalveiðiráðsins, sem bindandi eru fyrir Ísland, eða ákvæði millirikjasamninga sem Ísland er aðili að. Þetta ákvæði getur þó ekki með nokkru móti leitt til þess að samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um hvalveiðibann gangi framar íslenskum lögum. Séu menn í einhverjum vafa um þetta má telja það fullvíst að ákvæði þetta hafi enga þýðingu eftir að Íslendingar sögðu sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu árið 1992.

Það er því ekkert því til fyrirstöðu að hefja hvalveiðar að óbreyttum lögum fáist til þess leyfi hæstv. ráðherra.

Herra forseti. Nú má ætla að stjórnvöld hafi með einbeittum vilja komið í veg fyrir hvalveiðar þrátt fyrir vilja þjóðar og þings og hafi komið því svo fyrir að nýju að veiðar í atvinnuskyni yrðu alls ekki hafnar, samanber það sem lýst var yfir úr pontu af hæstv. sjútvrh. að gengið hafi verið í Alþjóðahvalveiðiráðið með sérstökum skilyrðum um að hefja ekki hvalveiðar á Íslandi í atvinnuskyni fyrr en eftir 2006 og þá því aðeins eftir 2006 að ekki væri í gangi sérstök vinna um að semja sérstakar veiði- og stýringarreglur á vegum alþjóðasamtaka.

Það má gagnrýna, herra forseti, að ráðherra geti á þennan hátt stöðvað framgang laga með því einfaldlega að neita útgáfu leyfa, jafnvel þótt vilji Alþingis hafi verið kannaður. Ráðherrum sem og öðrum stjórnsýsluaðilum ber skylda til að framkvæma lög, þar með talið að veita þau leyfi sem þeim er falið að veita að uppfylltum skilyrðum laga og öðrum málefnalegum skilyrðum sem unnt er að setja.

Frumvarp þetta gengur annars vegar út á það að kveða á um með ákveðnari hætti en nú er gert að ráðherra skuli gefa út leyfi að uppfylltum almennum og sérstökum skilyrðum og hins vegar að þrengja heimildir ráðherra til að takmarka hvalveiðar, eins og tillaga sem samþykkt var hér í Alþingi vorið 1999 um að fara að ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar varðandi fjölda dýra, að ráðherrann hafi ekki frjálsar hendur um að takmarka atvinnufrelsi manna, veiðar á stofnum sem er beinlínis talið eðlilegt að nýta og sem jafnframt hefur síðan verið sýnt fram á með miklum líkum að væru að valda eða gætu verið að valda miklu tjóni á nytjastofnum okkar, þ.e. væru afræningjar úr fæðustofnunum og síðan jafnvel úr botnfiskstofnunum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir aðlögunartímabili, það megi sem sagt takmarka fyrstu tvö árin, en þegar það er liðið er ekki heimilt að takmarka veiðar umfram það sem Hafrannsóknastofnunin telur óhætt að veiða hverju sinni.

Samkvæmt upplýsingum frá sjávarútvegsráðherra hefur þegar verið varið tæplega 60 millj. kr. til kynningarstarfa. Kostnaður við kynningu á málstað Íslendinga var sem hér segir á árunum 1999–2001: 1999 voru það 9,8 millj. kr. Árið 2000 14,4 millj. kr., árið 2001 33,9 millj. kr. eða samtals 58,1 millj. kr.

Í fjárlögum fyrir árið 2002 er ráðgert að verja 25 millj. kr. til kynningarverkefnisins, sem ég veit ekki um hvernig var ráðstafað.

Mikil kynning hefur farið fram á málstað Íslendinga og þess vegna ætti að vera tímabært að hefja veiðar. Nú eru liðin þrjú ár eða reyndar hátt í fjögur ár síðan þessi ályktun frá 1999 um að hefja hvalveiðar hið fyrsta var samþykkt á Alþingi og frv. miðar að því að þeirri stefnu verði framfylgt í verki, enda engin önnur ályktun verið samþykkt í hv. Alþingi svo mér sé kunnugt, herra forseti. Ég veit ekki til þess að með nokkrum hætti hafi það að vera borið undir þing

til samþykktar að ráðherrann hefði sérstakt vald til þess að ákveða að við færum ekki í veiðar í atvinnuskyni, hvorki innan lögsögu okkar til nýtingar innan lands né til veiða í atvinnuskyni til útflutnings á þeim afurðum sem kæmu af veiðum. Ég veit ekki til þess, herra forseti, og verð þá leiðréttur með það, að Alþingi hafi á nýjan leik eftir árið 1999 veitt stjórnvöldum heimild til þess að víkja frá þeirri samþykkt sem samþykkt var þá um að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni svo fljótt sem verða má.

Herra forseti. Sífellt fleiri rök mæla með því að nú skuli taka af skarið og hefja veiðar. Þeim sjónarmiðum vex nú ört fylgi að nauðsyn beri til þess að horfa á vistkerfi hafsins sem eina heild og að hvalir séu hluti af vistkerfinu sem verði að nýta á ábyrgan hátt með veiðum. Fjölgun hvala er nú þegar mikil á Íslandsmiðum og veiðar sem samræmast eðlilegri nýtingu hvalastofna geta bætt vöxt og aukið nýtingu okkar á nytjastofnum. Við umræður á Alþingi, á 127. löggjafarþingi, um stærð og afrán hvalastofna var m.a. upplýst að ekki liggja fyrir beinar upplýsingar um stofnstærðir hvala frá því seint á 19. öld. Vísindalegt mat á stærð og ástandi nytjategunda hvala hefur verið gert með útreikningum á líklegum stofnstærðum hvala fyrir tíma svokallaðra nútímahvalveiða. Þessir útreikningar byggjast á gögnum um núverandi stofnstærð út frá hvalatalningum og veiðisögu viðkomandi tegunda að gefnum forsendum um líffræðilega framleiðslugetu stofnsins. Slíkir útreikningar hafa verið gerðir fyrir stofna hrefnu og langreyðar hér við land. Þeir benda til að báðir þessir stofnar séu í góðu ástandi og yfir 70% af upprunalegri stærð en almennt er talið æskilegast hvað snertir afrakstursgetu að stofnar séu á bilinu 60–70% af upprunalegri stærð.

Þótt formlegar úttektir hafi ekki verið gerðar á fleiri tegundum benda fyrirliggjandi gögn til að stofnar sandreyðar og hnúfubaks séu einnig í góðu ástandi en steypireyður á líklega enn langt í land með að ná fyrri stofnstærð.

Samkvæmt útreikningum sem byggjast á fyrirliggjandi gögnum um stofnstærðir, viðverutíma, fæðuþörf og fæðuval éta allir hvalir árlega um 6 millj. tonna af sjávarfangi á hafsvæðinu umhverfis Ísland. Þar af er talið að rúmlega 2 millj. tonna séu fiskmeti en vegna gagnaskorts um fæðuval flestra tegunda er ekki unnt að flokka fiskmeti frekar. Heildarmagnið er 2 millj. tonna og fiskmetið 1,2 millj. tonna. Samkvæmt mjög takmörkuðum gögnum sem liggja fyrir um fæðusamsetningu hrefnunnar, um 60 magasýni á 15 ára tímabili, nemur árlegt afrán hennar um 125 þús. tonnum af þorskfiskum, um 50 þús. tonnum af síli og ríflega 600 þús. tonnum af loðnu. Þessar tölur ber þó að taka með miklum fyrirvara þar eð gögnin að baki eru mjög takmörkuð og ekki tilviljunarbundið úrtak úr stofninum.

Af tannhvölum éta grindhvalur og andarnefja mest, 700–800 þús. tonn hvor tegund. Hjá þessum tegundum er smokkfiskur langstærsti hluti fæðunnar en grindhvalir éta þó rúmlega 150 þús. tonn af fiskmeti. Heildarneysla höfrungategundanna hnýðings og leifturs losar 400 þús. tonn samkvæmt útreikningum en hjá þessum tegundum samanstendur matseðillinn að mestu leyti af fiskmeti. Ekki er þó unnt á þessu stigi að leggja tölulegt mat á afrán þeirra á sérstökum fisktegundum eða tegundahópum. Rétt er að geta þess að útreikningar á heildarneyslu byggjast að miklu leyti á stofnstærðarmati og af aðferðafræðilegum ástæðum má ætla að stofn tannhvala sé frekar van- en ofmetinn.

Á Hafrannsóknastofnuninni hafa verið gerðar frumtilraunir til að kanna hugsanleg áhrif þriggja skíðishvalstegunda, hrefnu, langreyðar og hnúfubaks, í fjölstofna líkani sem auk þess innihélt þorsk, loðnu og rækju. Þessar athuganir gefa m.a. vísbendingar um að vöxtur hvalastofnanna gæti haft veruleg áhrif á langtímaafrakstursgetu þorskstofnsins, allt að 20%, og einnig veruleg áhrif á loðnustofninn. Mikil óvissa ríkir þó um þessi áhrif. Stærstu óvissuþættir útreikninganna varða hlutdeild þorsks í fæðu hrefnunnar og framtíðarþróun í stærð hvalastofnanna.

Í tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar um veiði á hrefnu, sbr. skýrslu stofnunarinnar frá júní 2001, fjölrit nr. 80, segir á bls. 101:

„Í ljósi ofangreindrar úttektar vísindanefndar NAMMCO leggur Hafrannsóknastofnunin til að aflamark fyrir hrefnu verði 250 dýr á ári."

Það er lagt til að veiða 250 dýr á hverju ári úr hrefnustofninum.

Tillaga Hafrannsóknastofnunarinnar um veiði á langreyði:

„Í ljósi ofangreindrar úttektar mælir Hafrannsóknastofnun með að veiðar verði takmarkaðar við 200 langreyðar innan A-Grænland/Íslands svæðisins, þó ekki fleiri en 30 dýr innan A-svæðis, 110 innan B-svæðis og 60 innan C-svæðis."

Ekki hefur verið gerð bein tillaga um veiði á sandreyðarstofninum, þótt lesa megi út úr texta skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar að stofninn þoli veiðar.

Það er von flutningsmanna að frumvarp þetta fái skjóta meðferð í þinginu enda má telja að mikill stuðningur sé við það að hefja hvalveiðar á ný svo sem samþykkt þingsályktunartillögunnar á 123. þingi gefur til kynna.

Herra forseti. Ég tel að hæstv. sjútvrh. sé að vinna gegn því frv. sem samþykkt var í hv. Alþingi um að hefja veiðar á hvölum svo fljótt sem verða má með því að ákveða að ganga í Alþjóðahvalveiðiráðið með þeim skilyrðum að hefja eigi veiðar fyrr en eftir 2006. Ég vil leyfa mér að skilja málið með þeim hætti að það hefði a.m.k. verið lágmarkskrafa að hæstv. sjútvrh. hefði komið hér inn með tillögu um að Alþingi væri sammála þessum stjórnarathöfnum hans og fengið þær samþykktar í hv. Alþingi. Það hefur ekki verið gert. Þess vegna finnst mér, herra forseti, að hæstv. ráðherra sé á mjög gráu svæði með að hafa gengið til þeirra samninga sem hann hefur gert varðandi veiðar í atvinnuskyni. Mér finnst það vægast sagt slæmt hlutskipti að hafa samþykkt að við megum ekki einu sinni veiða hvali innan okkar lögsögu til eigin nýtingar og til sölu á okkar eigin innanlandsmarkaði. Ég verð því að tjá þá skoðun mína, herra forseti, að ég tel að hæstv. sjútvrh. hafi farið gegn vilja Alþingis og ekki aflað sér heimildar til þess að fara þessa leið með því einu að koma hér upp í pontu og tilkynna að við höfum orðið aðilar að Alþjóðahvalveiðiráðinu á nýjan leik með þessum tilteknu skilyrðum því að þessi tilteknu skilyrði sýnist mér að gangi algerlega gegn þeim markmiðum sem samþykkt voru, þ.e. að hefja hér hvalveiðar svo fljótt sem verða má og að það geti með engum hætti skilgreinst stefnumörkun að hefja hér veiðar í atvinnuskyni svo fljótt sem verða má en fresta þeim viljandi fram yfir árið 2006 og jafnvel lengur ef þá er verið að móta sérstakar veiðireglur innan Alþjóðahvalveiðiráðsins.

Við lifðum það meðan við vorum innan hvalveiðiráðsins fyrir árið 1992, ef ég man rétt, að þá var ævinlega verið að móta einhverjar reglur í hvalveiðiráðinu um hvernig ætti standa að veiðum á hvalastofnum og þær þvældust fram og til baka í öllum hugsanlegum nefndum Alþjóðahvalveiðiráðsins og eðli málsins samkvæmt, þar sem margar þjóðir

sem þar ráða ríkjum hafa verið á móti veiðum á hvölum, þá hefur þeim tekist að þvæla þessum reglum fram og til baka. Ég hygg að Bandaríkjamenn hafi kannski verið ein af þeim þjóðum sem þar voru fremstar eða í fararbroddi. En það er athyglisvert, herra forseti, að það eru svo Bandaríkjamenn sem krefjast þess að haldinn verði sérstakur aukafundur í Alþjóðahvalveiðiráðinu. Til hvers kröfðust þeir að þessi fundur yrði haldinn? Til þess að ákveða hvalveiðikvóta fyrir sínar norðlægu byggðir, þ.e. hvalveiðikvóta fyrir fólk í Alaska. Út af fyrir sig skil ég mjög vel að það fólk þurfi að geta veitt hvali sér til framfæris. Síðan sömdu þeir auðvitað við Rússa um að þeir fengju tvöfaldan hvalveiðikvóta fyrir sína norðlægu slóð.

Bandaríkjamenn eru sú þjóð sem harðast hefur unnið gegn okkur og harðast barist fyrir því að hvalina beri að friða, það væri sérstakt og mikið mannúðarmál að friða hvali. Þetta er sama þjóðin og nú ætlar í stríð í Írak til að drepa fólk. Tvískinnungurinn er algjör. (Gripið fram í.) Já, herra forseti, tvískinnungurinn í þessu máli hjá sumum af þeim erlendu þjóðum sem barist hafa hvað harðast gegn hvalveiðum er algjör. Ég vil bara minna á ræðu hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar sem hann flutti á 123. þingi þegar verið var að mæla fyrir tillögunni sem svo var samþykkt sem stefna Íslands í hvalveiðimálum, þingsályktuninni sem ég hef oft vitnað til. Þá fór hann einmitt orðum um afstöðu Bandaríkjamanna á þeim tíma og hvernig tvöfeldni þeirra væri algjör í þessu máli og málflutningur allur.

Ég vil líka vekja athygli á því, herra forseti, að flutningsmenn að tillögunni sem samþykkt var á vorþinginu 1999 um að hefja veiðar svo fljótt sem verða má voru ásamt hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni eftirtaldir hv. þm.: Einar K. Guðfinnsson, Stefán Guðmundsson, Siv Friðleifsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Hallvarðsson, Árni M. Mathiesen, Ólafur Örn Haraldsson, Árni Johnsen, Magnús Stefánsson og Pétur H. Blöndal. Þessir þingmenn fluttu þessa tillögu sem hér var samþykkt á vordögum 1999 sem stefna Alþingis í hvalveiðimálum. En hæstv. sjútvrh. hefur að mínu mati nýverið farið þvert gegn þessari stefnu án þess að láta svo lítið að koma einu sinni með tillögu inn á hv. Alþingi um að stefnunni hafi verið breytt og fá hana samþykkta. Þetta er auðvitað lítilsvirðing við samþykktir Alþingis og ráðherranum er alls ekki til sóma að vinna þetta mál með þessum hætti.

Herra forseti. Ég hef viljað halda þessari tillögu til streitu og meðflutningsmenn mínir hafa ekki gert neina athugasemd við það að hún yrði tekin til umræðu undir þeim formerkjum að hefja veiðar vegna þess að ég tel að enn þá sé það vilji Alþingis í þessu máli sem á að gilda og hæstv. ráðherra hafi eigi fengið þeirri stefnu breytt. Hún hefur ekki verið borin hér upp og hefur ekki verið samþykkt. Ég hygg að ráðherrann sé á mjög gráu svæði með valdsmennsku sína í þessu máli að geta ekki látið svo lítið að draga það mál til afgreiðslu í Alþingi og fá samþykkta þá stefnu sem hann hefur nýverið framfylgt í málinu.

Herra forseti. Það er ekki svo að ríkisstjórnin eigi að stjórna þinginu. Þegar þingið hefur samþykkt, hvort sem það eru lög eða þingsályktanir, þá ber stjórnvöldum að framfylgja þeim. Ég legg því á það áherslu í lok máls míns, herra forseti, að ég tel að málsmeðferð hæstv. ráðherra í þessu máli sé mjög slæm.

Stundum hefur verið spurt hvað eigi að gera við kjötið sem kemur af skepnunum ef við förum að veiða hval. Ég hef heyrt þá menn segja sem lengst hafa verið í því að verka og vinna hval: „Hvers vegna ættu stjórnvöld að hafa áhyggjur af því? Er ekki nægjanlegt að við sem erum tilbúnir að kaupa hvalinn, borga fyrir að hann sé veiddur, borga sjómönnum kaup fyrir að veiða hann, höfum áhyggjur af því hvort við getum gert verðmæti úr þessari afurð?“ Auðvitað ætti það að vera svo. Hvort verkendur hvala treysta sér til að kaupa eingöngu það magn sem þeir geta selt innan lands eða hvort þeim tekst að selja afurðirnar úr landi á auðvitað að vera þeirra höfuðverkur og engin ástæða er fyrir stjórnvöld að vera í einhverju mömmuhlutverki varðandi það hvort menn treysti sér til þess að kaupa hval til vinnslu og gera úr honum verðmæti. Þess vegna segi ég, herra forseti, að ég tel ekki að stjórnvöld eigi að gegna neinu sérstöku hlutverki í því hvernig við nýtum eða sköpum verðmæti úr þeim hvölum sem við veiðum.

Hins vegar er líka rétt að vekja athygli á öðru sjónarmiði og ræða það, þ.e. að nú fer fram óðruvísi nýting á hvölum en var áður en við stöðvuðum hvalveiðar hér við land. Ferðamannaiðnaður er rekinn í landinu sem einbeitir sér að því að selja ferðir til að skoða hvali og er ekkert nema gott um þá atvinnustarfsemi að segja. Ég tel að slík atvinnustarfsemi eigi fullan rétt á sér. Ég tel jafnframt að hún geti vel farið fram samhliða því að við stundum hvalveiðar. Ég veit ekki til þess, herra forseti, að nokkur einasti hvalaskoðunarbátur hafi t.d. siglt 100–150 mílur vestur af landinu til þess að sýna hvali. Það er veiðisvæðið sem hvalveiðar voru almennt stundaðar á á árum áður, á stórhvelunum, sandreyði og langreyði. Ég hefði því talið að þær atvinnuveiðar ættu að geta farið fram alveg árekstralaust. Einnig held ég að hægt sé að stunda hér hrefnuveiðar án nokkurra árekstra við hvalaskoðunarferðir vegna þess að það þarf ekki endilega að skjóta á þeim svæðum sem mest eru nýtt til hvalaskoðunar. Hrefnan er veidd út um öll höf, bæði upp við strönd og langt frá strönd. Hins vegar held ég, ef við lítum til nýtingar þorskstofnsins og hvaða áhrif hrefnan hefur á þorskstofninn, að það mundi hafa mest áhrif að veiða þá hvali sem næst eru ströndinni og mestir eru afræningjar í nytjastofninum, þ.e. hrefnuna við ströndina.

[16:29]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Hvalveiðar hafa verið árlegt umræðuefni á Alþingi í þau tæp 12 ár sem ég hef átt hér sæti. Þær hafa verið ræddar hér aftur og aftur í formi fyrirspurna, utandagskrárumræðna. Síðan flutti ég aftur og aftur ásamt fleiri þingmönnum till. til þál. um að hvalveiðar skyldu leyfðar á ný. Það var loks á vorþingi 1999, eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson gat um áðan, að þessi tillaga mín og 11 annarra þingmanna sem hann nafngreindi var samþykkt hér með nokkrum breytingum sem gerðar voru í sjútvn. þingsins og hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land og tekur fram að ályktun þess frá 2. febrúar 1983 stendur ekki í vegi fyrir því. Veiðarnar fari fram á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar og undir eftirliti stjórnvalda.

Alþingi leggur áherslu á óskoraðan fullveldisrétt Íslands við nýtingu hvalastofna á íslensku hafsvæði í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda.

Alþingi felur ríkisstjórninni að undirbúa hvalveiðar, meðal annars með því að kynna málstað og sjónarmið Íslendinga

meðal viðskiptaþjóða okkar. Undirbúningur miði að því að veiðar geti hafist sem fyrst. Kostnaður við kynninguna verði greiddur úr ríkissjóði. Öllu kynningarstarfi verði flýtt svo sem auðið er."

Með þessari samþykkt aflétti Alþingi hvalveiðibanninu sem hafði staðið frá því 2. febrúar 1983 þegar Alþingi samþykkti illu heilli með eins atkvæðis mun að verða við hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðiráðsins. Norðmenn samþykktu aftur á móti ekki þetta hvalveiðibann. Það létti þeim róðurinn þegar þeir hófu sínar veiðar að nýju fyrir átta eða níu árum. Samþykktin sem gerð var á Alþingi 1999 um vorið var mjög ótvíræð. Þessi þál. var samþykkt með 37 atkvæðum gegn 8, ef ég man rétt. Tveir af flutningsmönnunum eru ráðherrar í dag og kannski ráðherrar þeirra ráðuneyta sem hvalveiðarnar skipta hvað mestu máli, þ.e. sjútvrn. og umhvrn. Þau voru bæði mjög áhugasöm um þetta mál.

Eins og fram kemur í tillögunni var samþykkt að ríkisstjórninni skyldi falið að undirbúa veiðarnar með því að kynna málstað og sjónarmið Íslendinga meðal viðskiptaþjóða okkar. Þar hefur heilmikið verið unnið að kynningu þessa máls. Ég tel að hæstv. sjútvrh. hafi staðið sig mjög vel hvað það varðar. Ég nefni sem dæmi að ég var í Bandaríkjunum fyrir rúmu ári. Þá var mér sagt frá því, af mönnum í fisksölubransanum þar, að hann hefði snúið heilu háskólunum til fylgis við okkur í þessu máli. Mér var sagt frá því að hann hefði komið í mjög fjölmennar háskólastofnanir þar sem alger andstaða var við hvalveiðar og hinn bandaríski hugsunarháttur eða misskilningur við lýði, að þarna væri eitthvað voðalegt á ferðinni. Hann hefði gersamlega snúið þessum hópum til fylgis við sig með málflutningi sínum og staðið sig afskaplega vel í þessari kynningu. Það hefur verið varið tugum milljóna í þessa kynningu. Ég held að hv. flm. hafi nefnt 60 millj., eftir ráðherranum. Ég tel að við getum ekki gert mikið meira í þessu kynningarstarfi. Við þurfum bara að taka af skarið og hefja þessar veiðar á ný. Ég held að þessi kynning hafi gert gagn en nú sé kominn tími til að láta því starfi lokið. Við getum að vísu haldið áfram okkar kynningarstarfi þó við hefjum veiðarnar en núna verðum við að taka af skarið.

Menn hafa oft bent á að sala afurða sé forsenda fyrir því að hefja veiðar að nýju, það fari enginn út í að veiða hval nema geta selt afurðirnar. Þótt það snúi svo sem ekki beint að Alþingi að selja hvalkjöt þá skiptir máli, ef farið verður út í þennan atvinnuveg, að það verði útflutningsvara. Mest hefur verið leitað til Japana hvað það varðar vegna þess að þeir eru aðalviðskiptaþjóð okkar hvað hvalkjöt varðar og Japanar voru auðvitað okkar langstærsti viðskiptaaðili þegar hvalveiðarnar voru stundaðar hér og keyptu þessar afurðir á góðu verði. Japanar hafa gert okkur grein fyrir því ár eftir ár að þessi viðskipti gætu ekki hafist nema við yrðum aðilar að Alþjóðahvalveiðiráðinu. Þess vegna höfum við verið að reyna það seinustu tvö árin að komast þar inn. Okkur var hafnað í tvígang, ef ég man rétt, en við fengum síðan inngöngu í haust og eins og hér var nefnt munum við hafa skuldbundið okkur í leiðinni til að hefja ekki veiðar í atvinnuskyni fyrr en árið 2006. Það kemur í sjálfu sér ekki í veg fyrir hvalveiðar. Auðvitað er hægt að hefja veiðar í vísindaskyni strax í sumar. Það gera Japanar. Þeir stunda allar sínar veiðar í nafni vísindanna og eru verulega stór hvalveiðiþjóð. Það gera ýmsir fleiri og við þurfum ekki að láta þetta standa í vegi fyrir okkur.

Vilji þjóðarinnar er mjög ótvíræður í þessu máli. Skoðanakannanir hafa ár eftir ár, alveg frá því að við hættum hvalveiðum, sýnt að 80–90% þjóðarinnar eru fylgjandi því að þessar veiðar verði hafnar að nýju. Könnun sem gerð var fyrir nokkrum dögum sýndi að 88% þjóðarinnar eru þeirrar skoðunar að við eigum að hefja hvalveiðar strax en aðeins 12% á móti. Ég minni á það í leiðinni að þegar tillaga mín og félaga minna var til umræðu í þinginu vorið 1999 og var send til umsagnar fjölmargra aðila þá komu mjög jákvæðar umsagnir um hana frá öllum heildarsamtökum sjómanna, útvegsmanna, verkafólks, sveitarfélaga og fjölmörgum öðrum aðilum sem allir sem einn hvöttu til að þessar veiðar yrðu hafnar að nýju. Alþingi var því að spegla vilja þjóðarinnar með samþykkt sinni vorið 1999. Sem betur var samþykkt Alþingis mjög afgerandi eins og ég nefndi áðan, með 37 atkvæðum gegn 8.

Ég er meðflutningsmaður að þessu frv. ásamt hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni og fleirum. Frv. okkar var lagt fram áður en við gengum í Alþjóðahvalveiðiráðið með þeim skilyrðum sem hér voru nefnd, þ.e. að við gætum ekki hafið veiðar í atvinnuskyni fyrr en árið 2006. Ég held að sjútvn. þingsins þurfi að fara vel ofan í saumana á þessu máli og hvernig við ætlum að standa að því. Eins og ég nefndi áðan er ég þeirrar skoðunar að við eigum að hefja veiðar í vísindaskyni strax í sumar. Þannig standa Japanar að sínum málum og við getum auðvitað gert það með nákvæmlega sama hætti.

En markmiðið er auðvitað hvalveiðar í atvinnuskyni. Að því hljótum við og aðrar hvalveiðiþjóðir að stefna. Það er ýmislegt sem bendir til þess að sú mikla andstaða sem hefur verið víða í heiminum gegn þessum veiðum, sem er að mestu leyti byggð á fordómum og vanþekkingu, sé heldur á undanhaldi. Ég er þeirrar skoðunar að ekki sé langt í að þessar veiðar verði að veruleika í atvinnuskyni hjá þeim þjóðum sem hafa aðstöðu til og vilja stunda þessar veiðar.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson nefndi að ráðherra hefði unnið gegn vilja Alþingis með því skilyrði sem sett var við inngöngu okkar í hvalveiðiráðið. Ég held að það sé fullsterkt til orða tekið, að segja að hæstv. ráðherra hafi verið að vinna gegn vilja Alþingis. Hann er afskaplega áhugasamur um þetta mál og hefur reynt að fylgja því fram eftir bestu getu. Ég get alveg tekið undir það með hv. þm. að það hefði verið eðlilegt að hæstv. ráðherra bæri þetta skilyrði undir Alþingi. Trúlega hefur hann talið sig hafa þetta í hendi sér út frá því sem stendur í tillögunni sem samþykkt var vorið 1999, að ríkisstjórninni sé falið að undirbúa þessar veiðar. Ég er hins vegar alveg sammála því að það hefði verið eðlilegt að þetta væri rætt í Alþingi og sjútvn. þingsins, hvort við ættum að hafa þetta skilyrði þarna inni.

Eins og ég sagði hefur ráðherra lagt sig mjög fram um að þetta mál næði fram að ganga. Hann hefur verið afskaplega ötull í þessu kynningarstarfi og farið margar ferðir og langar og strangar í því skyni og er mikill áhugamaður um að þetta geti orðið að veruleika. En ég endurtek það að ég tel að við eigum að hefja þessar veiðar strax í sumar í vísindaskyni. Það er hægt að hafa tilbúna áætlun um hvernig að því eigi að standa. Það er hægt að veiða hvali í hundraðavís í vísindaskyni, eins og við gerðum síðustu árin sem við stunduðum þessar veiðar. Það var gert í vísindaskyni.

Ég tek undir orð hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar um tvískinnung Bandaríkjamanna. Hann rifjaði það aðeins upp sem ég sagði við umræðuna vorið 1999. Ég held að ég hafi sagt eitthvað á þá leið að það væri náttúrlega yfirgengileg

hræsni af þessu stórveldi að ætla af göflunum að ganga ef þjóð norður í höfum ætlar að veiða einhvern slatta af hvölum en sama þjóð eða ríkisstjórn sér ekkert athugavert við að fara með loftárásir gegn þjóðum vítt og breitt um heiminn og fella fólk. Það finnst mér yfirgengileg hræsni og þessari miklu lýðræðisþjóð alls ekki sæmandi.

Ég vil líka taka undir það sem hv. þm. sagði um hvalaskoðunina. Nánast einu andstæðingar hvalveiða á Íslandi sem heyrist í virðast vera þessir blessuðu hvalaskoðunarmenn. Þeirra starfsemi er alls góðs makleg og hefur farið vaxandi ár frá ári en þeir virðast telja að hún leggi upp laupana ef hvalveiðar verði hafnar. Þetta held ég að sé mikill misskilningur og vísa ég þar til reynslu Norðmanna sem hafa birt skýrslur um að þegar þeir hófu veiðar sínar að nýju, fyrri part síðasta áratugar, var þessu sama spáð þar en hvalaskoðunin hefur aukist. Hún hefur margfaldast þar á þessum árum. Þar stunda menn meira að segja veiðarnar á sömu slóðum og hvalaskoðun á sér stað. Í sjálfu sér væri það ekki nauðsynlegt hér, það er hægt að aðskilja það en þetta hefur ekki truflað Norðmenn á neinn hátt.

Ég hef oft sagt það áður og segi það enn að við eigum að nýta hvalinn á þrjá vegu. Í fyrsta lagi munum við náttúrlega stunda veiðar og vinnslu, í öðru lagi öfluga hvalaskoðun og í þriðja lagi, síðast en ekki síst, með því að sýna ferðamönnum hvalskurðinn í Hvalstöðinni.

Meðan hvalveiðar voru stundaðar voru einhverjar alvinsælustu ferðir sem hótel og ferðaskrifstofur í Reykjavík buðu upp á dagsferðir upp í Hvalfjörð þar sem menn sáu þessar risaskepnur dregnar á land, fylgdust með hvalskurðinum og fóru gjarnan í ferðir um héraðið í leiðinni. Menn sem unnu árum saman í Hvalstöðinni hafa stundum verið að tippa á hve margir hafi komið yfir sumarið. Það var aldrei talið. Þeirra skoðun er sú að það hafi komið þarna í kringum 20 þúsund manns að meðaltali á hverju sumri til þess að skoða þetta. Þetta var því mjög vinsælt af ferðamönnum og verður það ugglaust er við hefjum veiðar á ný.

[16:41]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrir fjórum árum bar þetta mál nokkuð á góma í aðdraganda kosninga. Þá greindi menn á um hvort hvalveiðar mundu hefjast á því kjörtímabili sem er að líða. Ég minnist þess að hv. þm. sem hér var í ræðustól var nokkuð viss um að af því yrði. Nú hefur hann stutt ríkisstjórn og þá ráðherra sem tóku við völdum, sjútvrh. þetta kjörtímabil. Hann var einn af þeim sem flutti þetta mál.

Staðan er sem sagt þessi: Hv. þm. nefndi að hæstv. ráðherra hefði verið ötull og lagt sig fram, verið áhugasamur og unnið að þessu máli eftir bestu getu. Nú er svo komið að við höfum gengið í Alþjóðahvalveiðiráðið og teljum okkur hafa fullan rétt til að hefja veiðar í vísindaskyni. Ég held að enginn þræti um það. Hvað dvelur þá orminn langa? Meiri hluti þjóðarinnar vill þetta og hæstv. sjútvrh. vill þetta. Hverjir vilja þetta ekki?

Ég hefði talið tíma til þess kominn að ákveða að þessar veiðar gætu hafist svo að þeir sem vilja taka þátt í þeim og undirbúa sig fyrir það fái til þess tíma. Mér finnst þetta undarlegt. Ég vil spyrja hv. þm. hvað hann telur að sé að gerast í þessu máli. Er það eins og verið hefur í gegnum tíðina, að ríkisstjórnin sem nú situr sé jafnmikið á móti hvalveiðum og ríkisstjórnirnar sem setið hafa undanfarin ár? Þar hefur málið ævinlega strandað.

[16:44]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að ég var viss um það vorið 1999 að ekki mundi taka mörg ár að hefja veiðar að nýju eftir að Alþingi gerði þessa samþykkt. Ég taldi að kynningarstarfið tæki kannski tvö ár. Það fór að vísu dálítið rólega af stað en ég held að það sem hefur fyrst og fremst tafið niðurstöðuna sé þvermóðska Alþjóðahvalveiðiráðsins. Menn hafa staðið frammi fyrir því að Japanar vilja ekki kaupa afurðirnar nema við göngum í Alþjóðahvalveiðiráðið. Þar höfum við verið beittir ákveðnu ofbeldi, m.a. af svokölluðum vinaþjóðum okkar, Svíum og fleirum sem hafa beitt kjafti og klóm til að koma í veg fyrir að við gætum gengið í hvalveiðiráðið. Það tókst með eins atkvæðis mun núna á haustdögum fyrir einhvern aulagang og misskilning hjá Svíum sem helst vilja taka þá ákvörðun sína til baka en tekst það ekki.

Ég held að þessi mál hafi fyrst og fremst tafið veiðar. Menn hafa sagt sem svo að það væri ekki raunhæft að fara af stað með veiðarnar nema geta selt afurðirnar. En eins og ég sagði áðan finnst mér það í sjálfu sér ekki snúa að Alþingi. Alþingi getur bara sagt sem svo: Veiðarnar eru heimilar og svo er það mál þeirra sem ætla að stunda þessar veiðar að selja afurðirnar. En það snýr aðeins öðruvísi að okkur þegar við ætlum að veiða í vísindaskyni. Þá er það á forræði ríkisvaldsins eða ríkissjóðs, ef við ætlum að láta veiða ákveðið mörg hundruð hvali í atvinnuskyni og það liggur fyrir að ekki sé hægt að selja afurðirnar. Þá verðum við að borga þetta. Að öðrum kosti er það náttúrlega með allt öðrum hætti, ef menn eru að þessu í atvinnuskyni.

Ég vil minna á það að hæstv. forsrh. var í opinberri heimsókn í Japan núna fyrir einni eða tveimur vikum þar sem þessi mál voru rædd ítarlega. Að því er ég best veit er sjútvrh. á næstu vikum að fara í kjölfarið og reyna að fá endanlega niðurstöðu í þetta mál. Það liggur ekki fyrir hvort Japanarnar kaupi þessar afurðir eður ei.

[16:46]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég geri mér grein fyrir því að einhver kostnaður gæti verið fólginn í því að setja upp áætlun um veiðar í vísindaskyni. Ég held hins vegar að sú áætlun gæti alfarið miðast við þau dýr sem viðkomandi hvalveiðifyrirtæki ákveður að drepa. Í sjálfu sér ætti áhættan gagnvart þessu ekkert að vera stórkostlega mikil. Þeir sem veiða hvalinn munu auðvitað ákveða hvað þeir vilja veiða mikið með tilliti til þess hvort þeir telja sig geta selt kjötið eða ekki og það kemur þá bara í ljós hversu miklar veiðarnar verða. En vísindalegt eftirlit verður auðvitað að vera með veiðunum. Mér finnst þetta lykta töluvert mikið af þessum vandræðagangi sem hefur verið í kringum þetta mál alla tíð. Eins og ég segi hefur það verið meirihlutavilji hér á Alþingi og með þjóðinni fyrir því að hvalveiðar væru stundaðar við Ísland allan þennan tíma en ríkisstjórn Íslands hefur ævinlega verið á móti þeim veiðum. Það kann að vera að það hafi breyst núna og að sú ríkisstjórn sem nú situr sé tilbúin að taka afstöðu til þess að það verði hafnar hér vísindaveiðar en hún hefur ekki gert það enn þá og mér finnst einhvern veginn að eftir að fyrir lá að við værum gengin í Alþjóðahvalveiðiráðið hefði þessi ríkisstjórn getað á mjög skömmum tíma tekið ákvörðun um að gefa út yfirlýsingu um þessar veiðar í vísindaskyni, gefa þeim sem hugsanlega mundu stunda þær tækifæri til að nýta tímann og undirbúa sig undir veiðarnar með því að leita eftir

mörkuðum og undirbúa sín fyrirtæki undir það að taka þátt í slagnum.

Ég verð að viðurkenna að ég er ekki alveg sannfærður um að hugur fylgi fullkomlega máli.

[16:48]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held satt að segja að veiðar í vísindaskyni gangi ekki þannig fyrir sig að þeir sem eiga hvalbátana eða hrefnubátana ákveði hvað á að veiða mikið. Veiðar í vísindaskyni hafa yfirleitt verið unnar samkvæmt vísindaáætlun frá Hafrannsóknastofnun en það má vel vera að það megi einhvern veginn möndla þetta í samráði við þessa veiðimenn. Ekki hef ég mikið á móti því.

Eins og ég sagði í ræðu minni áðan tel ég hins vegar að við eigum að hefja þessar vísindaveiðar strax í sumar og ég get alveg tekið undir það með hv. þingmanni að það mætti lýsa því yfir sem fyrst.

Það er auðvitað rétt að vissu marki sem hann segir að það hefur verið vandræðagangur í þessu máli alla tíð síðan við stöðvuðum veiðarnar. Síðan hafa setið margar ríkisstjórnir en það er hins vegar ekki rétt að það sé andstaða við málið í ríkisstjórninni. Ég minni á að þegar tillaga okkar var samþykkt vorið 1999 tóku margir ráðherrar þátt í atkvæðagreiðslunni og greiddu atkvæði með tillögunni. Ég held að það sé ekki rétt að áfellast ríkisstjórnina.

Ég get samt alveg tekið undir það að því fyrr sem við gefum yfirlýsingu um að við ætlum að hefja veiðar í vísindaskyni í sumar, því betra.

[16:50]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Hæstv. forseti. Alþjóðahvalveiðiráðið samþykkti nú í haust, líkt og komið hefur fram, aðildarumsókn Íslands að ráðinu á aukafundi þess sem haldinn var í Cambridge á Englandi. Aðildarumsókn okkar var líkt og áður með fyrirvara um bann við hvalveiðum í atvinnuskyni. Í kjölfar þessarar samþykktar er nú raunhæft að áætla að hvalveiðar í vísindaskyni geti hafist innan skamms tíma og jafnvel nú í sumar þó að Íslendingar hafi skuldbundið sig til að hefja ekki veiðar í atvinnuskyni fyrr en í fyrsta lagi eftir árið 2006. Því er þarna stigið stórt skref í átt til veiða á hval og þar með enn frekari nýtingar á þessum stórfenglegu skepnum. Á undanförnum árum, þ.e. frá 1989, höfum við eingöngu nýtt hvalina til skoðunar fyrir ferðamenn og hefur afar vel verið staðið að uppbyggingu á hvalaskoðunarfyrirtækjum hér á landi.

Ég get ekki tekið undir þær gagnrýnisraddir sem heyrst hafa varðandi það að hvalveiðar muni leggja hvalaskoðunarfyrirtæki í rúst. Auðvitað er ekki verið að skjóta hval á sömu svæðum og verið er að sýna hann, langt í frá. Jafnvel væri enn hægt að auka fjölbreytnina fyrir ferðamenn með því að bjóða þeim að fylgjast með þegar hvalur er dreginn á land, hvalskurði og öðrum þáttum er lúta að vinnslu á hval. Ég veit ekki betur en að þó að ekki hafi verið mikið um skipulagðar ferðir á árum áður er hvalveiðar voru leyfðar hafi hvalstöðin í Hvalfirði dregið að sér fjölmarga ferðamenn sem áhuga höfðu á því að fá að fylgjast með því sem þar fór fram.

Ég legg áherslu á að gott samráð og gott samstarf sé haft við aðila í ferðaþjónustu þegar kemur að því að hvalveiðar hefjist. Ef við hæfum hvalveiðar utan Alþjóðahvalveiðiráðsins væru þær ólöglegar samkvæmt skilgreiningum alþjóðalaga og þar með gætum við ekki átt viðskipti með afurðirnar. Norðmenn hafa t.d. nú heimilað veiðar á 711 hrefnum en það er það mesta sem leyft hefur verið um árabil í Noregi. Norðmönnum hefur ekki tekist að selja afurðir sínar til Japans en eins og við vitum mætavel er þar að finna aðalmarkaðssvæði fyrir hvalaafurðir. Það er mikilvægt að hér eftir sem hingað til sé vel staðið að kynningu á málstað Íslands varðandi hvalveiðar þar sem almenningur víða erlendis er á móti hvalveiðum vegna ranghugmynda um ástand hvalastofnanna. Það er því miður mjög útbreiddur misskilningur að flestir ef ekki allir hvalastofnar séu í útrýmingarhættu og að hvalveiðar ógni því hvalastofnum óháð því hversu stórtækar þær eru. Talning sem m.a. Hafrannsóknastofnun hefur tekið virkan þátt í ásamt fleiri þjóðum hefur staðfest að ástand þeirra hvalastofna sem helst eru nefndir í sambandi við veiðar sé mjög gott. Einnig eru sjómenn almennt sammála um að hvölum hafi fjölgað verulega á undanförnum árum, jafnvel svo mikið að vandræði séu farin að hljótast af. Það verður einmitt fróðlegt að sjá þegar endanlegar niðurstöður úr síðustu hvalatalningu liggja fyrir en sú hvalatalning fór fram sumarið 2001 á Norður-Atlantshafi í samvinnu við Norðmenn og Færeyinga.

Á íslenska talningasvæðinu var talið frá þremur skipum og einni flugvél en skipulagning talninganna fór fram innan vísindanefndar NAMMCO og úrvinnsla niðurstaðna fer fram á þeim vettvangi. Reiknað er með að endanlegar niðurstöður nýs stofnstærðarmats á hrefnu og langreyði liggi fyrir á næstunni og það verður t.d. gagnlegt að sjá hve hvalastofnarnir hafa stækkað með tilkomu alfriðunar hér við land sem og hvort hægt sé að sjá fylgni milli svæðisbundinnar aukningar á hval og minnkunar fiskgengdar.

Ef við lítum sérstaklega á hrefnuna fjallaði vísindanefnd NAMMCO um ástand hrefnustofnsins á fundi árið 1997. Niðurstaðan var í stuttu máli sú að hvort sem litið væri á Mið-Atlantshafsstofninn í heild sinni eða eingöngu stofninn á íslenska strandsvæðinu væri stofnstærðin nú nálægt því sem talið er að hún hafi verið áður en veiðar hófust. Þær veiðar sem stundaðar voru úr stofninum meginhluta síðustu aldar hafa samkvæmt því haft hverfandi áhrif á stofnstærðina.

Að sjálfsögðu hafa hvalir og mikil aukning þeirra áhrif á allt lífríki sjávar. Líkt og kom fram í máli hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar eru hvalir taldir éta árlega um 6 millj. tonna af sjávarfangi á hafsvæðum umhverfis Ísland og er talið að rúmlega 2 millj. tonna þar af séu fiskmeti svo að auðvitað sér það hver sem sjá það vill að hvalir og mikil fjölgun þeirra skiptir verulegu máli í vistkerfi hafsins umhverfis Ísland. Best væri, eins og fram hefur komið líka hjá hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni, að við gætum hafið vísindaveiðar strax í sumar. En að sjálfsögðu þarf að tryggja að skynsamlega sé staðið að þeim veiðum eins og öllum veiðum og taka þarf tillit til veiðiþols þessarar auðlindar með vísindalegum hætti. Það þarf að sjálfsögðu líka að hafa í heiðri þær reglur að skjóta ekki mjólkandi hvalkú með kálf. Þá þarf að tryggja skjótan dauðdaga þeirra hvala sem verið er að veiða og fleira í þeim dúr.

Þegar vísindahvalveiðarnar voru stundaðar á árum áður tókst okkur að afla okkur mjög mikilvægra gagna en þó vantar enn mikið inn í þann gagnasarp, til að mynda áhrif hvals á vistkerfi okkar, hvað hann er að éta, og þeirra gagna verður ekki aflað nema með magasýnum úr hvölum. Einnig þarf að kanna betur viðhald stofnsins, hvað hann fjölgar sér ótt. Ef ég fer út í dálitla hvalalíffræði er t.d. hægt að finna aldur hvala með því að skoða eyrnatappa úr þeim. Eyrnatappar eru í hlustinni á þeim, þetta eru hálfhringir sem

hægt er að telja líkt og í trjám til að vita aldur dýrsins. Svartur hringur myndast þegar hvalurinn verður kynþroska. Síðan er hægt að taka eggjastokka úr hvalkúm og telja hversu mörg afkvæmi þær eiga. Þannig er t.d. hægt að sjá, ef við erum með umtalsverðan fjölda af sýnum, hversu ört hinar ýmsu hvalategundir fjölga sér.

Sjálfbær nýting auðlindanna þarf að eiga við um allar auðlindir. Ég tel hættulegt fyrir allt vistkerfi hafsins að taka út eina tegund, eins og í þessu tilfelli hvalina, og ofvernda þá. Ég tel að með því að fara þá leið sem hæstv. sjútvrh. hefur nú markað með inngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið, í kjölfar þess vísindaveiðar og síðan atvinnuveiðar, séum við á réttri leið. Að sjálfsögðu þarf að haga veiðum í samræmi við mat fræðinga á burðargetu stofnsins sem og að hafa gott samstarf við aðila sem byggt hafa upp myndarlega ferðaþjónustu í tengslum við hvalaskoðun.

[16:59]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið þátt í þessari umræðu fyrir jákvæð viðhorf til þess að hefja hvalveiðar á nýjan leik. Ég tel að það sé mikið mál að við hefjum þessar veiðar. Ég geri mér alveg grein fyrir því að ríkisstjórnin hefur mikinn meiri hluta hér í þinginu til þess að fylgja fram þeirri stefnu sem sjútvrh. hefur undirgengist með samþykkt til þess að fara í hvalveiðiráðið með þessum skilyrðum sem gert var.

Ég vonast hins vegar til þess að í hv. sjútvn. verði þetta mál skoðað gaumgæfilega og niðurstaðan verði þá sú að hv. sjútvn. afgreiði málið með þeim hætti að hér verði teknar upp vísindaveiðar þegar á næsta vori og að það megi þá gerast með þeim hætti að málið verði afgreitt í tíma þannig að þeir sem eiga aðgang að veiðunum — í 1. gr. frv. segir að það megi marka þeim forgang sem áður nýttu viðkomandi hvalastofna í a.m.k. tvö ár — fái svigrúm til að undirbúa veiðarnar ef það liggur fyrir að það eigi að hefja veiðar, þótt í vísindaskyni sé. Það er ekki eins og menn byrji bara einn, tveir og þrír og hefji veiðar. Það þarf að fara fram undirbúningur í landi til þess að geta tekið við afurðunum og unnið úr þeim þá vöru sem vinna á úr hráefninu og eins auðvitað að stunda þær markvissu rannsóknir sem tengjast eiga vísindaveiðum. Það er ekki hvað minnsta atriðið þegar í slíkar veiðar er farið að kanna í raun og veru hvaða áhrif nýting viðkomandi sjávarspendýra hefur á lífríki sjávar, t.d. hvert fæðuvalið er eftir svæðum, í hvaða tegundir viðkomandi sjávarspendýr sækja, við hvaða aðstæður o.s.frv. Það er auðvitað mikið mál. Það skortir mikið á þekkingu okkar á Íslandsmiðum og þarf að kanna hvers konar áhrif hvalveiðar munu hafa. Við vitum talsvert um það en þar má miklu bæta við með markvissum rannsóknum.

Þegar búið er að telja hvalina, eins og gert hefur verið hér við land nokkrum sinnum, finnst mér líka að gangur veiðanna ætti að endurspeglast svolítið í því hvernig gengur að veiða og bera það saman við hvalatalningu. Ég geri mér verulegar vonir um að hv. sjútvn. afgreiði málið fljótt og vel. Þótt ég telji að sjútvrh. hafi farið út fyrir valdsvið sitt með þeim málatilbúnaði sem hann hefur staðið fyrir án þess að bera það undir hv. Alþingi er auðvitað mest um vert að veiðar verði hafnar og að við öðlumst meiri þekkingu á líffræði sjávarspendýranna og hefjum nýtingu þeirra. Það er auðvitað meginmarkmið þessa máls að við stöndum á þeim sjálfsagða rétti okkar að nýta lífríkið innan lögsögunnar og að sjávarspendýrin verði nýtt með sambærilegum hætti og annað í lífríkinu þó að okkur hafi gengið brösuglega við ýmislegt í þeim efnum eins og áður hefur verið rakið í umræðunum í dag um kvótakerfið og annað slíkt.

Þetta vildi ég sagt hafa, herra forseti. Ég endurtek þakkir mínar til hv. þm. sem hér tóku þátt í umræðunni og vonast til þess að málið fái skjóta og markvissa afgreiðslu. Það getur orðið til atvinnusköpunar. Það þarf undirbúning áður en veiðarnar hefjast og það væri gott ef þetta lægi sem fyrst fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ábyrgðarmenn, 1. umr.

Frv. LB o.fl., 21. mál. — Þskj. 21.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarstaða samkynhneigðs fólks, fyrri umr.

Þáltill. GÖ o.fl., 132. mál. — Þskj. 132.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atferlis- og eldisrannsóknir á þorski á Vestfjörðum, fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 52. mál. — Þskj. 52.

[17:04]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á þorski á Vestfjörðum. Flutningsmenn auk mín eru fjórir hv. þingmenn. Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á laggirnar miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á þorski á Vestfjörðum er hafi það hlutverk að standa fyrir og efla rannsóknir á þessu sviði í samvinnu við háskóla- og rannsóknastofnanir. Verði starfsemi rannsóknastofnana á svæðinu efld í því skyni."

Þessi tillaga var líka flutt á síðasta löggjafarþingi en þá var hún ekki útrædd og er hún þess vegna endurflutt.

Eins og við vitum hefur þorskeldi farið vaxandi hér við land á síðustu árum. Þróunin hefur verið hæg en á allra síðustu missirum hefur verið mikill vöxtur í þessari grein og það er ljóst að ýmsir eru að ná verulegum árangri. Ég nefni sem dæmi í þessu sambandi athyglisverðan árangur HG í Hnífsdal og Þórsbergs í Tálknafirði og einnig Útgerðarfélags Akureyringa og fleiri aðila sem hafa haslað sér völl á þessu sviði. Ákaflega mikilvægt er að vel sé til vandað að þessu leytinu. Þó að margir telji að það sé vandalítið að stunda eldi af þessu taginu, þá hefur komið á daginn að svo er ekki. Það eru mjög margar hindrandir sem þarf að yfirvinna og menn þurfa virkilega að leggja sig fram, líka á umhverfissviðinu,

og mjög mikilvægt að strax frá upphafi sé hugað að umhverfismálum. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því sem rakið er í grg. með tillögunni þar sem vikið er að sjónarmiði dr. Þorleifs Eiríkssonar hjá Náttúrustofu Vestfjarða sem leggur einmitt mikla áherslu á að umhverfisþættirnir fái samhliða eðlilega athygli.

Einnig þarf að hyggja að mjög mörgum þáttum t.d. hvort menn ætli að leggja áherslu á seiðaeldi í þessum efnum, hvort menn ætli að leggja áherslu á að veiða smærri fisk til áframeldis og þar fram eftir götunum. Allt eru þetta hlutir sem menn þurfa að gera sér mjög vel grein fyrir og reynsla okkar af fiskeldi í gegnum árin og áratugina er auðvitað sú að við verðum að leggja mikla áherslu á rannsóknar- og þróunarstarfið til þess að ná þarna góðum árangri.

Við vitum það líka t.d. að menn hafa náð mismunandi árangri í því að veiða þennan fisk til áframeldis. Sumir hafa náð góðum árangri að því leytinu að lítið hefur drepist. Aðrir hafa náð lakari árangri. Allt er þetta þess eðlis að menn verða þess vegna að vinna málið vel og skynsamlega og það eru mörg rök sem mæla með því að reynt sé að byggja þetta upp á Vestfjörðum. Þar er nálægðin við mið þar sem hægt er að veiða smærri fisk til áframeldis. Þar er þessi mikla þekking á veiðum og vinnslu á svæðinu. Ljóst er að ef vel tekst til getur þetta orðið mikil lyftistöng fyrir fiskvinnslu á svæðinu og veitir víst ekki af. Og síðast en ekki síst er ljóst að ef við skoðum þetta í sögulegu samhengi þá hefur sem betur fer tekist að byggja slíka þekkingu upp á þessu svæði og ef skoðað er yfir nokkurt tímabil er ljóst að slátrun á eldisþorski hefur verið mest á þessu svæði.

Það eru auðvitað mjög margir aðrir þættir sem hægt væri að tala um í þessu sambandi en þetta læt ég duga vegna þess að ég held að málið sé þess eðlis að það verðskuldi einfaldlega að kallað sé eftir umsögnum frá hagsmunaaðilum og öðrum þeim sem vel þekkja til og þess vegna vil ég greiða fyrir málinu með því að segja máli mínu lokið núna.

[17:08]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Herra forseti. Fiskeldi sem atvinnugrein hefur vaxið og þróast með miklum hraða í heiminum á undanförnum árum. Hér á landi höfum við gert tilraunir með að ala ýmsar fisktegundir, reyndar með misjöfnum árangri. Þróunin með eldi hefur verið fremur hæg hér á landi. Helst hefur bleikjueldið verið í sókn að ógleymdu lúðueldinu í Eyjafirði. En í gegnum þetta ferli höfum við öðlast dýrmæta þekkingu og reynslu.

Nú velta menn fyrir sér hvort framtíð sé í þorskeldi á Íslandi. Þetta er spurning sem hefur verið áleitin að undanförnu og þeim sem hafa trú á að svo sé er stöðugt að fjölga. Og vissulega er mikið í húfi. Ef við lítum til baka eða til ársins 2000, þá voru veidd 81 millj. tonn af villtum fiski í heiminum og hafði veiðin á ársgrundvelli staðið í stað sl. áratug. Þetta sama ár, þ.e. árið 2000, voru framleidd 13,3 millj. tonn með fiskeldi í heiminum og hafði framleiðsla eldisfisks þá aukist um 49% á sl. áratug. Á næstu tíu árum sjá menn fram á a.m.k. tvöföldun á þessum afla, þ.e. fiskeldinu.

Frændur okkar Norðmenn ætla sér stóra hluti á þessu sviði. Framleiðsla þeirra á eldisþorski í ár verður líklega um 3 þús. tonn en þeir stefna á að tífalda þá framleiðslu á næstu fimm árum. Sumar spár gera einnig ráð fyrir því að framleiðslan verði komin í 400 þús. tonn árið 2015 eða nálægt því tvöfalt það magn af þorski sem Íslendingar eru að draga upp úr sjó nú.

Mörg öflug íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa kosið að setja aukinn slagkraft í uppbyggingu í fiskeldi. Þetta er ein af leiðum sjávarútvegsfyrirtækja til að mæta samdrætti í aflaheimildum og aflauppbygging sem getur orðið þjóðarbúinu mjög mikilvæg í framtíðinni. Um er að ræða bæði stór og smá fyrirtæki sem eru að gera athyglisverðar tilraunir með þorskeldi og hefur svokallað áframeldi þorsks skilað þokkalegum góðum árangri. En það hefur sýnt sig að tveggja kílóa þorskur sem er veiddur að vori til og alinn í kvíum í fjóra til fimm mánuði, sveltur í fjórar vikur og síðan slátrað hefur þyngst að meðaltali um 100–120% á þessu tímabili. Þyngd hans hefur verið 4–4,5 kg þegar honum er slátrað.

Slíkar tilraunir hafa einnig kennt okkur margt varðandi ýmsa þá þætti sem áhrif hafa á vaxtarhraða þorsksins, fóðrið, ytri aðstæður eins og áhrif sjávarhita og fleira. En betur má ef duga skal. Ef við ætlum að halda í við samkeppnisþjóðir okkar hvað þorskeldið varðar verður að huga að seiðaeldi og kynbótum. Tilraunir með seiðaeldi eru frekar skammt á veg komnar hér á landi en talið er að allar forsendur fyrir stórfelldu þorskseiðaeldi séu hér til staðar sem og öll grundvallarþekking.

Eins og fram kom í fjölmiðlum ekki alls fyrir löngu gerði Samherji samstarfssamning við norska sjávarútvegs- og fiskeldisfyrirtækið Fjord Seafood og keypti jafnframt hlut í fyrirtækinu. Með þeim aðgerðum er einnig að vænta einhverrar samvinnu í þorskeldi því að þetta norska fyrirtæki er einn öflugasti laxeldisframleiðandi í heiminum í dag og býr yfir mikilli reynslu og þekkingu á fiskeldi sem vonandi verður einnig nýtt hér á landi.

Það er mjög margt sem taka þarf tillit til þegar farið er út í eldi en ég tel þó afar brýnt að mótuð sé almenn stefna í rannsóknar- og þróunarvinnu varðandi þorskeldi í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki og faglega sé staðið að atferlis- og eldisrannsóknum eins og þessi þáltill. gerir ráð fyrir. Sé rétt að málum staðið hér á landi varðandi þessa atvinnugrein, þorskeldið, er ég ekki í nokkrum vafa um að hún eigi framtíðina fyrir sér.

[17:13]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. síðasta ræðumanni að eldi á mikla framtíð fyrir sér og að minni hyggju er það fyrst og fremst eldi í þeirri merkingu að við klekjum út og eldið sé frá upphafi klaks og í sláturstærð. Áframeldi, að veiða þorsk til áframeldis, er að sjálfsögðu aðferð sem er mjög nauðsynlegt að þróa og er mjög góðra gjalda verð og góð tilraun í því að vita hvort það gæti gengið en auðvitað er það aldrei eins auðvelt þegar um mikið magn er að ræða og annað eldi.

Það er að sjálfsögðu samt nauðsynlegt að styðja þessa tillögu en það sem ég held að skipti öllu máli er þorskeldi þar sem eldið fer fram frá fyrsta stigi og til sláturstærðar. Ég átti þess kost í sumar að heimsækja stærstu fiskframleiðslufyrirtæki Bretlands. Annað þeirra heitir Blue Crest sem ég heimsótti og hitt Youngs, gríðarlega stór fyrirtæki í Bretlandi sem taka á móti stærstum hluta af eldislaxi Norðmanna og framleiða fyrir helminginn af stórmörkuðunum allan þann fisk sem þar er seldur. Þeir framleiða mörg hundruð tegundir í verslanir og hafa af því reynslu sem er afskaplega mikilvæg.

Við ræddum við forustumenn þessara fyrirtækja, m.a. um framtíð fiskmarkaða í Bretlandi og svo það hvernig fiskeldið kæmi inn í þetta ferli. Flestir þessir forustumenn sögðu að þeir væru að draga sig út af fiskmörkuðum og vonuðust

til þess að fiskeldið, þorskurinn, kæmi frá eldisstöðvum í nánustu framtíð. Þeir hefðu þegar fengið áætlanir frá þorskeldismönnum í Noregi um að þeir gætu útvegað þeim það magn af þorski sem þeir þyrftu á næstu árum og þá skildum við það þannig að á næstu tíu árum mundu Norðmenn útvega Bretum allan þann þorsk sem þeir þyrftu úr eldiskvíum. Þetta eru út af fyrir sig stór tíðindi ef sú yrði niðurstaðan en ástæðan fyrir því að Bretarnir eru svona áhugasamir um að kaupa þorsk í eldi er náttúrlega reynsla þeirra af kaupum á eldislaxi frá Noregi. Það hefur gengið mjög vel að fá nákvæmlega það magn sem til þarf á réttum tíma í vissum gæðum og í viðeigandi stærðum sem þarf til framleiðslunnar þannig að öryggi afhendingarinnar og öryggi gæðanna er alltaf tryggt. Það hefur ekki verið hægt að tryggja það í fiskmörkuðunum með sama hætti. Brælur og annað slíkt hefur oft raskað afgreiðslu og magn hefur kannski verið takmarkað og verð því orðið mun hærra en menn gerðu ráð fyrir. Stöðugleiki í þessu er því miklu meiri með fiskeldinu en í veiðum á villtum fiski. Þetta er út af fyrir sig mikið umhugsunarefni fyrir okkur Íslendinga sem lifum á því að veiða villtan fisk. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að við reynum að finna leiðir til þess að halda í við Norðmenn sem eru með áætlanir sem eru svona stórkostlegar eins og ég hef verið að reyna að lýsa.

Norðmenn settu sennilega um milljarð á síðasta ári í alls konar eldisrannsóknir meðan við settum, ef ég man rétt, 6 milljónir í fjárlögum á síðasta ári til eldis. Þá tek ég ekki inn í þá mynd að sjálfsögðu það mikla starf sem stórútgerðarfyrirtækin hér eru að vinna með sem er að sjálfsögðu mjög mikið og ánægjulegt að útgerðarmenn á Íslandi skuli vilja taka þátt í þessu og hasla sér völl því að þarna er svo sannarlega mikið verk að vinna.

Eftir því sem mér er sagt eru Norðmenn þegar byrjaðir að genabreyta þorski og ef þeim tekst að genabreyta þorskinum þannig að stærðin verði miklu meiri á skömmum tíma en á þessum venjulega þorski sem við þekkjum í dag, þá breytast þessir hagkvæmnisstuðlar mjög snarlega þannig að hagkvæmnin við eldið verður miklu meiri en í dag. Ef svo fer getum við ímyndað okkur að hagkvæmnin í eldinu verði mun meiri en hagkvæmni í veiðum á villtum fiski þannig að það gæti fljótlega komið upp samkeppni á milli eldisþorsks og villts þorsks á mörkuðum. Til hvers það muni leiða í framtíðinni er erfitt að sjá en ég get ekki séð annað en allur eldislax sé búinn að yfirtaka markaðinn svo nákvæmlega að sala t.d. á villtum laxi úr ám og vötnum er nánast engin. (**ÖS:** Hefurðu borðað hann kaldan?) Ég hef, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, borðað kaldan og heitan lax, bæði eldislax og villtan og ég hef ekki fundið mikinn mun þannig að ég held að þegar fólk er farið að venjast bragðinu, þó að einstaka sérvitringar finni einhvern mun á þessu, þá mun almenningur fljótt komast yfir það. Það sem skiptir máli er afhendingin, það er að menn venjist hlutnum og þar með er hann orðinn markaðsvara. Ég held að eldisþorskur verði reyndar fljótur að taka yfir villtan þorsk ef menn ná ekki að aðlaga sig og geta verið með þetta hvort tveggja saman.

Ég var ánægður með að sjá að Samherji á Akureyri er kominn í mikið samstarf við erlenda aðila sem eru mjög framarlega í eldi en ég held að það sé einmitt það sem þarf að gera. Auðvitað þurfum við að efla mjög rannsóknir og ég vona að sjútvrn. — ég hef ekki heyrt annað á hæstv. sjútvrh. en hann hafi mikinn hug á því — muni auka fjármuni í eldisrannsóknir á þorski og ég hef trú á því að þeim peningum sé mjög vel varið.

[17:21]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er verið að mæla fyrir tillögu um atferlis- og eldisrannsóknir á þorski og að miðstöð þeirra verði staðsett á Vestfjörðum. Ég get út af fyrir sig ásamt flutningsmönnum tekið mjög undir það að Vestfirðir henta að mörgu leyti mjög vel til þess að slík atferlis- og eldisrannsóknastöð verði þar staðsett. Í fyrsta lagi hafa menn stundað tilraunir með þorskeldi í vestfirskum fjörðum í nokkrum mæli í nokkur ár. Ég hygg að lengst reynsla sé af eldi þorsks í Tálknafirði þar sem fyrirtækið Þórsberg hefur sennilega staðið hvað lengst fyrir þorskeldi og hefur af því talsvert mikla reynslu.

Það er hægt að segja frá því, herra forseti, að það er mjög ánægjulegt að svo skuli hafa hist á að ég var einmitt á Tálknafirði þegar verið var að slátra þar eldisþorski nú í desember. Það var mjög fróðlegt að skoða þann fisk, hversu vel hann hafði braggast á þeim tíma sem hann hafði verið í eldinu frá því snemmvors og fram á þennan tíma. Hann var orðinn feitur og stór og vel til slátrunar fallinn. En samt er það nú svo að menn eru alltaf að reka sig á eitthvað nýtt, m.a. í eldi á þorski. Það þarf t.d. að svelta fiskinn í þó nokkuð langan tíma til þess að bæta holdgæðin og dugar það þó ekki til þess að koma algjörlega í veg fyrir los í holdi fisksins vegna þess að vaxtarhraði hans er mikill þegar borið er í hann ætið. Hann vex hratt. Síðan ef hann er sveltur of lengi þá gerist það einfaldlega þó hann sé í þessu lokaða vistkerfi, í kvínni, að stærstu og gráðugustu þorskarnir byrja að éta þá minni. Það er náttúrlega athyglisvert að sjá 5–6 kg þorsk með annan uppi í sér og stendur sporðstykkið út úr kjaftinum þar sem hausinn er orðinn hálfmeltur í maganum, en hitt stendur bara út úr. Það er í rauninni alveg ótrúlegt hvað þessi fiskur nær að éta stór kvikindi af sömu tegund ef svo ber við. En auðvitað eru takmörk fyrir öllu, líka í því umhverfi sem mennirnir hafa vald á, t.d. í þorskeldinu, þ.e. hversu lengi er hægt að taka upp svelti til þess að bæta holdgæðin. Auðvitað eru menn alltaf að læra sem betur fer og af nógu er að taka í framtíðinni við að læra það hvernig við ætlum að standa að þorskeldinu.

Ég hef haldið því fram, herra forseti, að mjög auðvelt sé að stunda slíkar rannsóknir á Vestfjörðum og að skoða hvernig sé hægt að ala þorsk frá seiðastigi og upp í slátrunarhæfan fisk. Hvers vegna hef ég haldið því fram að þetta væri mjög auðvelt á Vestfjörðum? Það er vegna þess að á Vestfjörðum hafa verið stundaðar rækjuveiðar í áratugi. Hvað hefur komið í ljós við þessar rækjuveiðar? Það hefur komið í ljós að árum saman hefur þurft að loka rækjuveiðislóðinni vegna fjölda þorskseiða, bæði í Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði. (**Gripið fram í:** Fyrir daga kvótakerfisins.) Ekki er það nú alveg rétt. Það hefur verið lokað eftir daga kvótakerfisins. Það hafa verið seiðaárgangar eftir það. En þar sem þessi þekking er til staðar og menn vita að seiðin eru til staðar í Djúpinu — þetta á bara ekki við um firðina fyrir vestan. Þetta er líka þekkt saga í Húnaflóa og á fleiri svæðum innfjarðarrækjuslóðarinnar. Það sem menn vita er að nánast í flestum árum má finna þorskseiði t.d. í Ísafjarðardjúpi. Það er auðvitað auðvelt að veiða seiðin með ýmsum hætti á meðan þau eru ofarlega í sjónum áður en kólnar of mikið og áður en þau fara að leita mikils botndýpis, m.a. með því að bera í þau æti þannig að þau þétti sig og ná þeim þannig til eldis. Það er því í raun hægt að veiða seiðin 2 eða 3–5

sm löng og þaðan af stærri auðvitað og koma þeim í eldi. En hins vegar þarf að veiða þau áður en þau leita botns á miklu dýpi því að þá verða afföllin mikil.

Talað er um að í náttúrunni drepist um 80% allra þorskseiða á fyrsta ári. Ef hægt er að veiða þúsundir þorskseiða og tryggja að afföllin verði mun minni en í náttúrunni þá eru menn þar af leiðandi auðvitað að vinna mikið afrek við að ná betri nýtingu á þorskstofninum. Ég hygg að þetta sé hægt. Það vantar eitthvert kraftmikið fóður fyrir seiðin á fyrstu stigunum eftir að þau hafa verið veidd, eitthvað sem þau gleypa mjög gráðugt og ná að koma sér af stað í vextinum. Reynt hefur verið að ala þau á bleikjufóðri en það hefur gefist misjafnlega. Menn hafa reynt að setja lifur með bleikjufóðrinu eða lýsi til þess að efla orkunýtinguna og bragðgæðin og að sumu leyti virðist það hafa tekist.

Herra forseti. Ég hef lengi haldið að hægt væri að komast yfir þetta stig mjög auðveldlega með því að nota náttúruna sjálfa. Hvers vegna segi ég það? Það er vegna þess að sem smápúki vestur á Ísafirði og síðan á minni fiskimannsævi hef ég haft mikinn áhuga á fiskveiðum og eldi fisks. Ég tók snemma eftir því að nánast allar fisktegundir, allar seiðategundir, voru afar gráðugar í lirfur maðkaflugunnar hvort sem það var lítil vía eða þaðan af stærri. Þetta er auðvitað kraftmikið fóður og ég held að það megi með auðveldum hætti bera þetta í seiðin meðan þau eru lítil og venja þau þannig smátt og smátt við að taka til sín fæði. Ég tel að við þurfum ekki endilega að einblína á það að ala seiðin heldur getum við veitt þau í náttúrunni og tryggt þar miklu minni afföll en okkur hefur tekist til þessa. Við munum örugglega ná tökum á því og erum þá hreinlega að vinna með náttúrunni. Seiðin eru til staðar í fjörðunum. Það vitum við vegna rækjuveiðanna. Aðferðin til að veiða þau er til staðar. Það þarf að búa til aðstöðu til þess að nýta þetta. Ég held að þarna liggi mikil tækfæri ónotuð.

[17:29]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi till. til þál. um miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á þorski á Vestfjörðum er allrar athygli verð og hið merkasta mál. Það er alveg ljóst að þorskeldi mun eiga sömu framtíð fyrir sér hér á landi og menn vona að það gangi jafn vel og í öðrum löndum. Því er afar mikilvægt að allt frá fyrstu stigum þessa nýja atvinnuvegar sé vel búið að honum, öll umgjörð vel rannsökuð sem og allir umhverfisþættir og eldisþættir sem geta lotið að þessari atvinnugrein.

Ég þekki mjög vel til þess hvernig er að taka villtan fisk úr náttúrunni og setja hann í eldi og hreinlega að breyta honum í hálfgert húsdýr því að við Hólaskóla þar sem ég hef starfað var upphaf eldis á bleikju. Ég minnist þess einmitt þegar fyrstu fiskarnir úr hinni villtu náttúru voru teknir inn til þróunar á bleikjueldi sem í raun var nýr atvinnuvegur.

Það eru margir þættir í umhverfi og atferli þessara nýju tegunda sem þarf að rannsaka og kanna til þess að finna bestu leiðina og bestu aðferðirnar við að þróa þennan atvinnuveg sem eldisatvinnuveg. Það er ekki aðeins hitastigið og umgjörð vatnsins heldur er það líka eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson minntist á fóðrið, birtan og margt annað sem þarf að rannsaka til að þróa atvinnuveg sem þennan svo hann verði arðbær og því mikilvægt að hafist sé handa með skipulegum hætti.

Jafnframt er líka mikilvægt að safna saman og nýta þá dýrmætu reynslu og þekkingu sem frumkvöðlar í greinfingum fyrir þennan nýja atvinnuveg hafa aflað og reynt að taka saman á einn stað og nýta áfram.

Einnig er mjög mikilvægt, herra forseti, að gera sér grein fyrir því að um leið og farið er að grípa inn í lífkerfið með því að taka villt dýr og breyta þeim í hálfgerð húsdýr þarf líka að huga að því hvert stefnir og hvernig hægt er þá að slíta í sundur sambýli á milli eldisfisks sérstaklega ef farið er að grípa til kynbóta og breyta fiskinum úr náttúrlegu eðli sínu í eldisdýr. Þarf að gæta mjög vel að því hvernig skilið er á milli náttúrulegs fisks sem lifir villtur í náttúrunni og þess fisks sem verður tekinn í eldi, ég tala ekki um ef það yrði áframeldi, þá þurfa að vera skil þar á milli þannig að ekki verði kynblöndun eða skaði að milli eldisfisksins og náttúrlega villta fisksins. Þetta er ekkert auðvelt mál en þessi atriði verður líka að hafa í huga þegar farið verður að þróa atvinnuveg sem þennan. Það er í sjálfu sér einfalt mál að taka bara seiðin, safna saman seiðum eða ungþorski úr villtum stofnum og ala hann upp til eldis, til slátrunar, það er í sjálfu sér einfalt mál en um leið og farið er lengra í áframeldi, í kynbætur á þessum dýrum sem öðrum, þá þarf að huga vandlega að hvernig það samspil verður slitið frá hinni villtu náttúru. Verði farið út í þetta verkefni verður að huga að því fyrir fram. Slíkt verkefni er ekki einfalt en mikilvægt er að fundin verði leið og lausn ef farið verður út í slíkt eldi. Það er því mjög mikilvægt að rannsóknir á þorski og mögulega þorskeldi fari strax skipulega í gang og það er alveg sjálfsagt eins og lagt er til í tillögunni að kanna hve stór hluti af þeim rannsóknum og því þróunarstarfi geti átt sér miðstöð á Vestfjörðum. Þar hefur verið unnið ákveðið sporgöngustarf í þorskeldinu og mikil hefð fyrir þorskveiðum og vinnslu á Vestfjörðum og firðirnir þar gætu hentað vel til þorskeldis eins og reyndar víðar um landið.

Ég ítreka að ég tel mjög mikilvægt að atferlis-, umhverfis- og eldismál varðandi þorsk séu könnuð með skipulegum hætti og áður en þorskeldi verður að stóratvinnuvegi sé það gert fyrir fram og því fylgt síðan eftir með þróun atvinnuvegarins og alveg sjálfsagt að jafnframt sé kannað hversu stór hluti af þessum rannsóknum geti átt sér miðstöð á Vestfjörðum. Það er hið besta mál og mikið hagsmunamál fyrir Vestfirðinga og reyndar allt þorskeldi í landinu.

[17:36]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Enginn vafi er á því að þorskeldi á mikla framtíð fyrir sér á Íslandi. Ég er sömuleiðis þeirrar skoðunar að það sé meira en einnar messu virði að skoða hvort ekki sé rétt að setja slíka miðstöð niður á Vestfjörðum. Ég er með öðrum orðum, herra forseti, að taka undir þá tillögu sem hér er flutt af nokkrum hv. þm. Sjálfstfl. Ég dreg enga dul á að ég vildi gjarnan hafa flutt hana sjálfur því að mér finnst hún nokkuð góð.

Það er einfaldlega þannig, herra forseti, að þorskur sem hefur verið einn helsti nytjafiskur okkar Íslendinga á undir högg að sækja á sínum náttúrulegu slóðum í hafinu. Um leið sjáum við það líka gerast að vaxandi eftirspurn er eftir hvítfiski úr sjó og úr eldi. Við sjáum að í vaxandi mæli er fólk víða um lönd að auka neyslu sína á fiski. Það liggur líka alveg ljóst fyrir að velsæld mun aukast a.m.k. á Vesturlöndum þar sem þorskneysla hefur verið hvað ríkust ekki síst eftir að 10–15 nýjar þjóðir ganga í Evrópusambandið og miklar væntingar bundnar við það. Þar er einmitt hefð fyrir fiskneyslu. Það þarf því á einhvern hátt að búa til vöruna sem á að svara eftirspurninni.

Við höfum séð hvað gerðist með laxinn. Laxinn var munaðarvara sem var ákaflega dýr en mönnum tókst að ná góðum tökum á laxeldi og hann er seldur sem einhver ódýrasti fiskur víðs vegar um heiminn í dag, laxinn sem framleiddur er á norðurslóðum. Ég er alveg sannfærður um að sama framtíð bíður þorsksins. Ég hef sjálfur alið þorsk. Ég hef sjálfur sem ungur maður unnið á rannsóknarstofnun erlendis þar sem þriðja kynslóð af eldisþorski var notuð. Það voru að vísu ákveðin vandamál við þorskeldi eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson gat um áðan en það var ekki mjög erfitt að ná tökum á þokkalegu þorskeldi. Þau vandamál sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson drap á í ræðu sinni rétt áðan, t.d. át þorsksins á sjálfum sér og ungviði sínu er vandamál sem menn eru í vaxandi mæli að ráða bót á.

Kostnaðurinn við framleiðslu á þorski hefur hingað til verið hlutfallslega mestur við framleiðslu á seiðum. Seiðaframleiðsla, framleiðsla og viðhald á góðum klakstofni er nauðsynleg ef við ætlum að ná forskoti og viðhalda því. Það er að vísu hægt að fara þá leið sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson drap á áðan og ég hef nokkrum sinnum rætt hér eins og reyndar fleiri hv. þm. þegar þorskeldi ber á góma, að ná í seiði úr sjónum. Ljóst er að með því er hægt að ná ákveðnu forskoti, hægt er að ná ákveðinni reynslu sem líka skapar aukið forskot. Það blasir við að sums staðar á landinu er hægt að gera þetta en eigi að síður verðum við að læra af laxeldinu og það er einfaldlega þannig að lykillinn að því að ná og viðhalda forskoti eru kynbætur.

Það vill svo til, herra forseti, að þó að laxeldi hafi ekki nándar nærri náð því flugi hér á landi sem gerst hefur í nágrannalöndunum þá höfum við samt sem áður forskot á heimsvísu á einu smáu sviði laxeldis. Það er framleiðsla á hrognum. Því veldur bæði að við höfum gott vatn hérna en við lögðum líka frá upphafi töluvert mikið af opinberu fé í kynbætur á laxi og það hefur leitt til þess að við eigum ákaflega góðan stofn af íslenskum og norskum uppruna. Það sem við höfum t.d. fram yfir Norðmenn er að okkur hefur tekist að kynbæta laxinn með tilliti til bragðgæða og fituinnihalds. Þetta skiptir miklu máli í þeirri alþjóðlegu samkeppni sem ríkir í dag.

Ég nefni þetta, herra forseti, vegna þess að ef Íslendingar bæru gæfu til þess að setja fjármagn í þorskeldi og frá upphafi að einbeita sér að því að leggja grunn að kynbótum í þorskeldi í framtíðinni, þá er ég sannfærður um að það mun skila sér, kannski ekki fyrr en eftir 15–20 ár, en það mun skila sér og mun gera það að verkum að við kynnum að ná svipuðu forskoti og við höfum í þessari sérstöku tegund laxeldis sem er framleiðsla á hrognum.

Herra forseti. Eigi að síður vil ég gera aðeins að umræðuefni þá möguleika sem Vestfirðingar fyrstir Íslendinga hafa fært sér í nyt. Það er einmitt að verða sér úti um náttúruleg seiði. Á Nauteyri við Ísafjarðardjúp eru menn núna að ala ég held nokkur þúsund seiða sem voru veidd í sjónum fyrir Aðalvík. Það var sá ágæti kraftamaður Magnús frá Ósi í Steingrímsfirði sem átti hugmyndina að því en ýmsir góðir félagar hans vestfirskir sáu möguleikana sem í þessu lágu og lögðu fé í það. Ég vona að Vestfirðingar hafi náð þarna mikilvægu forskoti og ég held að það skipti máli að hið opinbera notfæri sér með einhverjum hætti þá þekkingu sem þarna er að verða til og ýti undir þetta framtak.

Ég hef áður sagt, herra forseti, í ræðum um þorskeldi að ég lít á þetta frá tvenns konar sjónarhorni, annars vegar frá sjónarhóli rannsókna á þorskeldi í framtíðinni en hins vegar tel ég líka rétt að drepa þarna niður tjaldhælum frá sjónarhóli byggðastefnu. Ég tel að það skipti ákaflega miklu máli fyrir þetta kjördæmi og Vestfirði sérstaklega að hægt sé að flytja inn í það atgervi í formi menntafólks, í formi þekkingar og það gerist með þessu. Það skiptir mjög miklu máli.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, undir lok ræðu minnar að fara líka í smábotnlanga sem tengist með óbeinum hætti þorskeldi. Ég hef verið þeirrar skoðunar að við eigum að leita að möguleikum til þess að flytja þekkingu út á landsbyggðina og setja þar upp miðstöðvar sérhæfðrar þekkingar á ýmsum sviðum. Það vill svo til að á Vestfjörðum er vísir að sérstakri og einstakri þekkingu á sviði veiðarfæragerðar og það er eitt af því sem ég hvet hv. þm. bæði í mínum flokki og öðrum að huga að í framtíðinni. Þar liggur ákveðin sérþekking sem ekki er hægt að finna annars staðar. Þar er mannskapur sem hefur jafnvel verið sóttur til annarra landa, þ.e. fluttur til annarra landa til þess að kenna mönnum veiðarfæragerð. Í framtíðinni hljóta veiðar Íslendinga að beinast að þróun sem gerir okkur fært að veiða fiskinn ekki með þeim hætti sem við gerum núna, í net og troll, heldur hreinlega með því að velja ekki bara tegundir heldur líka stærð fiska og veiða hann lifandi.

Mér er ógleymanlegt þegar ég hlustaði á Vestfirðinginn Einar Hreinsson flytja fyrirlestur um brú Byggðastofnunar — ég var staddur á Akureyri en hann á Ísafirði — þegar hann lýsti þeim möguleikum sem hlytu að vera fólgnir í þróun af þessu tagi. Ég hef aldrei getað gleymt þessum fyrirlestri, herra forseti, og ég er sannfærður um að þetta er eitt af því sem á að setja niður á Vestfjörðum vegna þess að þar er vísir að slíkri þekkingu. Ég get eins og aðrir sem hér hafa talað í dag líka tekið undir með þeim og sagt að mér finnst mörg ágæt rök hníga að því að miðstöð atferlis- og þorskeldisrannsókna verði sett niður á Vestfjörðum. Þar hafa Vestfirðingar nú þegar ákveðið forskot og mér finnst að það eigi að launa þeim það og verðlauna þá með því að ýta undir þetta með opinberum stuðningi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:44]

Útbýting þingskjala:

Framboð á leiguhúsnæði, 512. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 850.

ISDN-tenging í dreifbýli, 515. mál, fsp. HjÁ, þskj. 855.

Kostnaður við glasafrjóvganir, 516. mál, fsp. GÖ, þskj. 856.

Réttur þolenda kynferðisbrota, 433. mál, svar dómsmrh., þskj. 843.

Styrkir til vísindarannsókna, 514. mál, fsp. SJóh, þskj. 854.

Tekjutenging barnabóta, 308. mál, svar fjmrh., þskj. 826.

Ættleiðingar frá útlöndum, 513. mál, fsp. GÖ, þskj. 853.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 1. umr.

Frv. JóhS og RG, 50. mál (úrskurðir kærunefndar). — Þskj. 50.

[17:46]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem ég flyt ásamt hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur.

Markmið þessa frv. er að styrkja framkvæmd jafnréttislaganna en með þessu frv. leggjum við til að úrskurðir kærunefndar jafnréttismála verði bindandi gagnvart málsaðilum. Þessi breyting gæfi kærunefndinni og niðurstöðu hennar mun meira vægi en nú er og færði framkvæmd þessara mála nær því sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndunum.

Tildrög þess að frv. er lagt fram eru þau að eftirlitsnefnd EFTA sem fjallar um réttindi kvenna gagnrýndi í skýrslu sinni um Ísland á fyrri hluta síðasta árs að niðurstöður kærunefndar jafnréttismála skyldu ekki vera bindandi. Nefndin taldi þetta mjög slæmt, sérstaklega þar sem stjórnvöld ættu hlut að máli. Þessi eftirlitsnefnd starfar á vegum Mannréttindastofnunar Sameinuðu þjóðanna og fjallar sérstaklega um það hvernig aðildarríki hafa fylgt eftir ákvæðum sem m.a. miða að því að auka rétt kvenna og tryggja jafnrétti kynjanna. Í nýrri skýrslu nefndarinnar um Ísland er fjallað um stöðuna hér á landi og þau atriði sem hún telur gagnrýnisverð. Fram kemur að fulltrúar Íslands hafi lagt fram upplýsingar og gögn varðandi það hvernig tekist hafi að fylgja eftir alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi kvenna. Þau gögn náðu fram til loka árs 1997.

Herra forseti. Eitt og annað hafði þessi eftirlitsnefnd að athuga við mál sem fjalla um réttindi kvenna, m.a. gerði hún athugasemdir við tvö mál sem snerta jafnrétti kynjanna hér á landi. Hún taldi til að mynda óþolandi að á Íslandi skuli vera við lýði jafnmikill kynbundinn launamunur og raun ber vitni og hún taldi líka að dómar í mörgum kynferðisafbrotamálum væru óeðlilega vægir. Þá gagnrýndi nefnd Sameinuðu þjóðanna að niðurstöður kærunefndar jafnréttismála væru ekki bindandi, m.a. þegar stjórnvöld ættu hlut að máli, og gerði nefndin að tillögu sinni að álitið yrði gert bindandi. Það er þessum athugasemdum eftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna sem ég og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir erum að fylgja eftir með þessu frv. sem hér er lagt fram vegna þess að ekki höfum við orðið varar við það hér í þingsölum að ríkisstjórnin fylgi eftir þessu gagnrýnisatriði frá eftirlitsnefnd Sameinuðu þjóðanna. Hefði nú verið æskilegt, herra forseti, að hæstv. félmrh. hefði verið viðstaddur þessa umræðu. Það er auðvitað brýnt að hann láti í ljósi skoðun sína á því hvernig hann ætlar að framfylgja þessari stóru athugasemd sem fram kemur hjá eftirlitsnefnd Sameinuðu þjóðanna.

Þó að við leggjum til að úrskurðir kærunefndar jafnréttismála séu bindandi gagnvart málsaðilum gerum við ráð fyrir því í frv. að kærunefndin geti ákveðið að fresta réttaráhrifum úrskurðar síns að kröfu annars hvors málsaðila að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ég held að það sé mikilvægt að hafa þetta inni eins og segir í frumvarpsgreininni sjálfri um þetta atriði: „Að kröfu málsaðila getur nefndin ákveðið að fresta réttaráhrifum úrskurðar telji hún ástæðu til þess. Krafa þess efnis skal gerð eigi síðar en 10 dögum frá birtingu úrskurðar. Skal frestun á réttaráhrifum úrskurðar vera bundin því skilyrði að málsaðili beri málið undir dómstóla innan 30 daga frá frestunarúrskurði og óski þá eftir að það hljóti flýtimeðferð. Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki höfðað innan 30 daga. Sé mál höfðað vegna úrskurðar nefndarinnar er henni heimilt að fresta afgreiðslu sambærilegra mála, sem eru til meðferðar hjá henni, þar til dómur gengur í málinu.“ Með öðrum orðum, úrskurður kærunefndar jafnréttismála verður, ef frv. þetta verður að lögum, bindandi. Dómstólar geta þó breytt því ef málsaðilar óska eftir að fara með málið fyrir þá.

Verkefni kærunefndar jafnréttismála er að taka kærumál til meðferðar og gefa skriflegt rökstutt álit um hvort ákvæði laganna hafi verið brotin. Niðurstöður kærunefndar sæta ekki kæru til æðra stjórnvalds. Þegar um er að ræða mál sem ætla má að geti haft stefnumarkandi áhrif á vinnumarkaðinn í heild skal kærunefnd leita umsagnar hjá heildarsamtökum launafólks og viðsemjendum þeirra áður en álit er gefið út.

Samkvæmt upplýsingum frá kærunefnd jafnréttismála bárust nefndinni 103 erindi á árunum 1991–2001. Í 55 tilvika taldi nefndin að ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hefðu verið brotin en langflest þeirra lutu að stöðuveitingum. Fjöldi þeirra laut einnig að launajafnrétti kynjanna. Það eru sem sagt sérstaklega mál sem snerta stöðuveitingar eða launajafnrétti kynjanna sem fara fyrir kærunefndina.

Herra forseti. Það mætti út af fyrir sig hafa mjög langt mál um bæði þessi atriði sem ég nefndi, ekki síst launajafnrétti kynjanna. Er það alveg ótrúlegt hve illa gengur að ná fram jafnrétti í launamálum kynjanna. Tel ég, herra forseti, fyllilega ástæðu til að skoða ákvæði jafnréttislaga sem heimila í raun jákvæða mismunun og að það sé skoðað, m.a. af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, að beita ákvæðinu í 1. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem fjallar um það að markmið laganna sé að bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu. Ég tel að þetta ákvæði bjóði upp á að hægt sé að grípa til ákveðinna aðgerðaáætlana til einhvers tíma sem miði að því að markvisst verði unnið að því að ná fram launajafnrétti.

Ég tel ástæðu til, herra forseti, að nefna í þessu sambandi, þegar við erum að tala um kærunefndina og launajafnrétti kynjanna, eitt ákveðið mál sem kom fyrir kærunefndina og birtist hér fyrst, í þingsölum. Þar var um að ræða að í fyrirspurn sem ég lagði fyrr hæstv. viðskrh. kom fram að mjög afgerandi munur væri á bifreiðastyrkjum til kynjanna í bankakerfinu sem bryti í bága við jafnréttislög. Þetta kom mjög skýrt fram í svari ráðherrans og þess vegna ákvað þingflokkur jafnaðarmanna þá — þetta var fyrir sennilega fjórum árum — að beina því til Jafnréttisráðs eða kærunefndar jafnréttismála að skoðað yrði sérstaklega hvort þarna væri um brot á jafnréttislögum að ræða. Ég man eftir því að Samband íslenskra bankamanna fór líka þess á leit við Jafnréttisráð í kölfar þessarar niðurstöðu að kannað yrði hvort um væri að ræða brot á jafnréttislögum. Niðurstaða kærunefndar sem tók þetta mál til athugunar í kjölfar svars til mín frá ráðherra var sú að um brot á jafnréttislögum væri að ræða og að kerfi fastra bifreiðastyrkja væri notað til þess að hygla körlum á kostnað kvenna í sambærilegum stöðum, sérstaklega innan Landsbankans og Búnaðarbankans.

Það er athyglisvert, einmitt þegar við erum að fjalla um nauðsyn þess að gera álit kærunefndar bindandi, að báðir bankarnr neituðu að ákvæði jafnréttislaga væru brotin í þessu efni og þótt málinu hafi verið fylgt fast eftir, m.a. af Jafnréttisstofu, er ekkert eða lítið vitað um það hvort nokkur leiðrétting hafi yfirleitt fengist á þessum mismun í bifreiðastyrkjum í bankakerfinu. Raunar gildir það sama í mörgum álitum sem kærunefnd hefur afgreitt frá sér. Kannski sýnir þetta dæmi mjög ljóslega, herra forseti, hve nauðsynlegt er að binda álit kærunefndar jafnréttismála, ekki síst af því að það er hlutverk stjórnvalda og það er hlutverk okkar hér á þinginu að tryggja að framkvæmd jafnréttislaga sé virt. Þetta er að mínu viti mjög áhrifarík leið til þess. Í því tilviki sem ég nefndi komust bankarnir upp með að neita því, þrátt fyrir álit kærunefndar jafnréttismála, að þeir væru að brjóta

jafnréttislög. Ég geri því ráð fyrir því að þrátt fyrir að þessi niðurstaða hafi legið skýrt fyrir sé enn um að ræða mismunun innan bankakerfisins á bifreiðastyrkjum. Nú er það svo, herra forseti, að þegar búið er að hlutafélagavæða, ég tala nú ekki um selja þessa banka, hafa Alþingi og stjórnvöld lítinn aðgang að upplýsingum um hvort áliti kærunefndar hafi verið fylgt eftir.

Ég þarf út af fyrir sig ekki að hafa mikið lengra mál um þetta. Þetta er mjög skýrt. Samkvæmt 3. gr. jafnréttislaga getur Jafnréttisstofa höfðað mál til viðurkenningar á rétti kærenda á grundvelli álitsgerða kærunefndar jafnréttismála þegar sérstaklega stendur á og ætla má að úrskurður dómstóla geti haft víðtæk áhrif í átt til jafnréttis eða ef hagsmunir kærenda eru metnir þess eðlis að mikilvægt þyki að fá úrlausn dómstóla.

Reynslan sýnir að ákvæðið um kærunefnd virkar ekki eins og til var ætlast þegar veruleg undanbrögð eru á því að álit kærunefndar séu virt. Það er einmitt meginmarkmið þessa frv. að bæta úr þeirri brotalöm. Stjórnvöld hafa þær skyldur að sjá til þess að jafnréttislögum sé framfylgt en þau kveða á um að jafnréttissjónarmiða sé gætt á öllum sviðum samfélagsins og unnið sé að jöfnum áhrifum kvenna og karla við ákvarðanatöku. Jafnréttislögin eru vissulega mjög mikilvægt tæki í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna á öllum sviðum samfélagsins, ekki síst í launamálum, en það er alveg ljóst að það er framkvæmdin fyrst og fremst sem skiptir máli. Ég hygg að fá lög, herra forseti, séu jafnmikið brotin hér á landi og jafnréttislögin. Því miður sýna mörg dæmi okkur að það er ekki síður hið opinbera, þ.e. ríkisvaldið, sem þar á sök að máli og gengur ekki á undan með góðu fordæmi um að virða jafnréttislögin.

Norðurlöndin hafa víða vakið athygli fyrir framsýni og baráttu fyrir jafnrétti kynjanna og öll kappkostað að ganga eins langt í löggjöf og hægt er alla jafna til að tryggja jafna stöðu karla og kvenna. Með samþykkt þessa frv., herra forseti, er verið að færa framkvæmd þessa ákvæðis jafnréttislaganna nær því sem er annars staðar á Norðurlöndunum.

Herra forseti. Ég ætla að ljúka máli mínu svo að fleiri komist að á þeim tíma sem við höfum á þessum degi. Ég á enn þá 20 mínútur eftir af mínum tíma og hefði gjarnan viljað að fleiri kæmust að til þess að ræða þetta mál. Þess vegna ætla ég að láta hér við sitja en óska eftir því að þegar þessari umræðu lýkur verði málinu vísað til hv. félmn. og 2. umr.

[17:59]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er afar mikilvægt mál sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, frsm. Samfylkingarinnar í þessu máli, hefur fjallað um og gert afar góð skil í stuttu máli. Ég tek undir að það væri afskaplega mikilvægt að sem flestir tækju þátt í umræðu sem þessari vegna þess að þessi mál, jafnréttismálin, eru meðal stærstu mála samtímans. Auðvitað hafa þau hvílt meira á herðum okkar kvenna en karlanna, og við konur á Alþingi látið meira til okkar taka varðandi jafnréttismálin en karlmennirnir. Þetta er þó mál beggja kynja, og jafnréttislögin eiga að tryggja jafnrétti og gæta að því hvort hallar á annað hvort kynið.

Frv. sem við flytjum í dag, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og ég, fjallar í raun um að tækin sem lögin kveða á um í dag séu ekki nægilega virk. Þau tæki sem eiga að vera til staðar í jafnréttisbaráttunni verða að gagnast til að rétta hlut kynjanna. Frv. fjallar um að færa kærunefnd jafnréttismála sterkari vopn í hendur og virkari tæki í þessu efni. Það er mat okkar flutningsmanna að mjög þýðingarmikið sé að gera úrskurðina bindandi, úrskurði kærunefnar jafnréttismála. Það mun auka mjög vægi kærunefndarinnar.

Það er umhugsunarefni að í hvert skipti sem niðurstaða kærunefndar liggur fyrir eftir að hún hefur fjalla um mál sem til hennar hefur verið vísað fær niðurstaðan afskaplega mikla athygli fjölmiðla og vekur oft umræðu í samfélaginu. Ég geri ekki lítið úr því vegna þess að það er skoðanamyndandi og eykur á tilfinningu fólks fyrir því að það þurfi að lagfæra þessa hluti. En þegar upp er staðið virðist sem úrskurðirnir hafi litlu breytt nema þessu, þ.e. þeir hafi fyrst og fremst verið til þess fallnir að vekja athygli á mismunun. Það verður þó að segjast að nokkur dómsmál hafa orðið í framhaldi af úrskurðum jafnréttisnefndar þó að fæstir dómanna hafi leitt til þess að óréttlátu fyrirkomulagi hafi verið breytt í kjölfarið.

Auðvitað hefur margt áunnist í jafnréttismálum. Við þurfum ekki annað en líta yfir þingsalinn. Nú eru yfir 30% þingmanna á Alþingi konur. Konur hafa náð frama í atvinnulífinu þó að í minni mæli sé en karlar. Konur mennta sig í auknum mæli og í sumum deildum Háskóla Íslands eru konur reyndar í meiri hluta. Þó finnst mörgum að það ríki ládeyða í jafnréttismálum í landinu og jafnvel er talað um bakslag í þessu efni. Þess vegna skulum við, þegar við tölum um hvort bakslag hafi orðið í jafnréttismálunum, ekki gleyma væntingunum á 8. áratugnum og miklum landvinningum sem urðu þá. Þá fengum við jafnréttislög og fæðingarorlof og seinna lengingu þess til viðbótar þeim lögum sem fyrir voru, sem hafa reyndar alls ekki virkað nægilega vel, um sömu laun fyrir sömu vinnu.

Konur risu á tímabili til áhrifa á ýmsum sviðum. Hæst bar þó þegar Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti Íslands. Það skipti líka máli þegar við fengum fyrsta kvenhæstaréttardómarann. Fleiri tilefni væri hægt að nefna sem gáfu konum tilfinningu fyrir því að nú væri þetta að koma, jafnréttinu væri náð, konur væru jafngildar og karlar, hefðu þær sömu menntun, greind og visku til að bera. En raunin hefur orðið önnur og ég tel langt í land enn þá hvað launajafnrétti varðar.

Raunlaun eru önnur en skráðir taxtar segja til um og margt annað hefur áhrif á tekjurnar. Hér fjallaði Jóhanna Sigurðardóttir einmitt um þessa skoðun á sporslum og bifreiðastyrkjum og öðrum sporslum hjá ríkisbönkunum. Það gaf okkur tilefni til að vísa málinu til kærunefndar jafnréttismála. Ég verð að viðurkenna að í því máli taldi ég að ástæðan fyrir því að konur fengju minni aukagreiðslur en karlar væri fyrst og fremst sú að þær væru ekki í sömu störfum, ekki í þeim störfum sem aukagreiðslurnar ættu heima í. Það sem kom á óvart í því máli sem Jóhanna Sigurðardóttir vísaði til var að konur sem voru útibússtjórar fengu ekki sömu aukagreiðslur og karlar sem voru útibússtjórar. Skrifstofustjórar sem voru konur fengu ekki sömu aukagreiðslur og karlar sem voru skrifstofustjórar o.s.frv. Þetta er afskaplega merkilegt.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja mál mitt. Ég vil fyrst og fremst brýna viðstadda varðandi það hve mikilvægt er að taka á í þess máli. Ég get ekki annað en nefnt, með leyfi forseta, könnun Jafnréttisráðs um tekjumun kynjanna og tekjumunstur. Þar kemur fram að miðað við þróun síðustu fimm ára mundi það taka konur 43,7 ár að ná sömu atvinnutekjum og karlar. Drægi hins vegar jafnhratt saman með kynjunum og gerðist á árunum 2000 og 2001, þá næðist jafnvægi eftir 22,5 ár. Auðvitað er þetta allt of langur tími og þokast allt of hægt þó að mikið hafi áunnist. Í könnun

Jafnréttisráðs kemur fram margt athyglisvert. Þó að ég fari ekki ítarlega ofan í hana ætla ég þó að nefna að það er ekki endilega gefið að það taki ekki meira en 22 ár að jafna laun kynjanna. Eins og Ingólfur V. Gíslason segir í Morgunblaðinu 5. janúar gætu stjórnvöld t.d. tekið einhverja þá ákvörðun sem hægja mundi á þessari þróun. Hann nefnir að ef fæðingarorlofið hefði verið lengt án þess að setja reglur um skiptingu þess milli móður og föður, hefði það haft slæm áhrf á stöðu kvenna á vinnumarkaði. Við skulum því vera meðvituð um hversu mikilvægt er hvernig lög við setjum.

Varðandi breytinguna og lagfæringuna á launamálunum þá kemur Ingólfur V. Gíslason með mjög áhugaverðar athugasemdir, t.d. um að það komi út á vinnumarkaðinn í æ ríkari mæli ungar konur sem hafa alist upp hjá konum sem létu ekki bjóða sér mismunun og að litið væri á þær sem annars flokks þátttakendur í atvinnulífinu. Það mun ekki hvarfla að dætrum þessara kvenna að þær séu síðri starfskraftar en karlar. Hann segir að þótt hægt gangi þá fjölgi þó konum í stjórnunarstöðum.

Það er athyglisvert að það er karlmaður sem nefnir þetta sem mjög þýðingarmikinn hlut í framgangi launajafnréttis og þetta er sennilega rétt. Það eru konurnar, mæðurnar, sem hafa haldið um þetta mál og mæðurnar sem hafa brýnt dæturnar. En auðvitað ættum við foreldrar, bæði karlar og konur, að taka höndum saman um að breyta þessu og körlum ætti að vera jafnumhugað um að dæturnar ættu sömu möguleika eftir að þær hafa fengi sömu menntun og synirnar. Það er eitthvað bogið við að þannig skuli það ekki vera.

Að lokum, herra forseti, bendi ég á að í þessari launakönnun kemur fram að þegar fólk gengur í hjónaband þá hækka tekjurnar lítillega hjá konunni. En þær tvöfaldast hjá körlunum, miðað við tölur frá árinu 2000. Það er leitt að enn skuli gilda gamla viðhorfið, að þegar karlar eru komnir með fjölskyldu verði þeir að hafa hærri laun sem hjálpi til við framfærsluna og karlar eigi rétt á hærri launum af því að þeir séu framfærendur. Það er alveg áreiðanlegt að framfærendahugsanagangurinn ríkir í viðhorfum til launa karla. En þetta viðhorf gildir ekki um einstæðar mæður sem þurfa að sjá fjölskyldu sinni farborða.

Hið merkilegasta sem mér finnst koma fram í viðtalinu við Ingólf er að mörg dæmi séu um að stjórnendur fyrirtækja komi af fjöllum þegar úttekt á launabókhaldi sýnir að konur innan fyrirtækjanna njóti lakari kjara en karlarnir og þess vegna sé mikilvægt að fyrirtæki setji sér jafnréttisáætlanir.

Herra forseti. Ég skal láta þetta verða lokaorð mín. Hér hefur verið sett í lög að stofnanir ríkisins og ráðuneyti setji sér jafnréttisáætlanir. Við höfum oft kallað eftir því hverju þær hafa skilað. Ef til vill er það eitt af því sem við eigum að gera núna á þeim fáu vikum sem þingið stendur, þ.e. að kanna hvernig mál standa með jafnréttisáætlanir stofnana ríkisins.

[18:10]

Útbýting þingskjals:

Reynslulausn, 517. mál, þáltill. ÞKG o.fl., þskj. 857.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 10.–11., 13. og 15.–16. mál.

Fundi slitið kl. 18:11.

65. FUNDUR

mánudaginn 27. jan.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Lyfjalög og læknalög, stjfrv., 423. mál, þskj. 538. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Hvalveiðar, frv., 20. mál, þskj. 20. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Ábyrgðarmenn, frv., 21. mál, þskj. 21. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Réttarstaða samkynhneigðs fólks, þáltill., 132. mál, þskj. 132. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Atferlis- og eldisrannsóknir á þorski á Vestfjörðum, þáltill., 52. mál, þskj. 52. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv., 50. mál, þskj. 50. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 488. mál, þskj. 804. — 1. umr.
10. Umferðarlög, stjfrv., 489. mál, þskj. 805. — 1. umr.
11. Vísinda- og tækniráð, stjfrv., 336. mál, þskj. 844. — Frh. 3. umr.
12. Almannatryggingar, frv., 49. mál, þskj. 49. — 1. umr.
13. Könnun á umfangi fátæktar, þáltill., 51. mál, þskj. 51. — Fyrri umr.
14. Varnir gegn mengun sjávar, frv., 53. mál, þskj. 53. — 1. umr.
15. Almenn hegningarlög, frv., 54. mál, þskj. 54. — 1. umr.
16. Verndun búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi, þáltill., 55. mál, þskj. 55. — Fyrri umr.
17. Færeyska fiskveiðistjórnarkerfið, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Fyrri umr.
18. Ferðasjóður íþróttafélaga, þáltill., 57. mál, þskj. 57. — Fyrri umr.
19. Styrktarsjóður námsmanna, frv., 58. mál, þskj. 58. — 1. umr.
20. Áfallahjálp í sveitarfélögum, þáltill., 59. mál, þskj. 59. — Fyrri umr.
21. Sjómannalög, frv., 60. mál, þskj. 60. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Páll Pétursson félmrh.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Tómas Ingi Olrich menntmrh.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:00]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavíkurkjördæmi, Vigdís Hauksdóttir garðyrkjufræðingur, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,

Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv."

Vigdís Hauksdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Tilkynning um dagskrá.

[15:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil láta þess getið að í dag eru tvær umræður utan dagskrár. Hin fyrri hefst kl. hálffjögur og er um launamun kynjanna hjá hinu opinbera. Málshefjandi er hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir. Hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde verður til andsvara.

Hin síðari hefst kl. fjögur og er um Landhelgisgæsluna. Málshefjandi er hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson. Hæstv. dómsmrh. Sólveig Pétursdóttir verður til andsvara. Umræðurnar fara fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og standa í hálfa klukkustund.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Einkahlutafélög, 521. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 864.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 479. mál, svar félmrh., þskj. 848.

Hlutafélög, 522. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 865.

Kynferðisbrot, 451. mál, svar dómsmrh., þskj. 847.

Rannsókn flugslysa, 523. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 866.

Samvinnufélög, 519. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 860.

Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, 520. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 861.

Styrkir til útrásar íslenskrar dægurtónlistar, 455. mál, svar menntmrh., þskj. 862.

Verðbréfasjóðir og fjárfestingasjóðir, 518. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 859.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Skipan Evrópustefnunefndar.

[15:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil taka upp við hæstv. forsrh. hugmynd sem hann setti fram í áramótagrein í Morgunblaðinu um að setja á fót svonefnda Evrópustefnunefnd eða þverpólitíska nefnd fulltrúa stjórnmálaflokkanna til að fara yfir stöðu mála varðandi aðild eða tengsl okkar við Evrópusambandið og sem mögulega virkar sem samráðsvettvangur um þau mál.

Nú háttar einmitt svo til að í gang eru farnar að því er virðist nokkuð strembnar samningaviðræður við Evrópusambandið vegna þeirra óheyrilegu krafna sem Evrópusambandið setur fram á hendur EFTA-ríkjunum í tengslum við breytingar sem verða á högum þeirra og tengjast þeirri staðreynd að Evrópska efnahagssvæðið stækkar eða ætti að stækka samhliða stækkun Evrópusambandsins til austurs. Mér sýnist að slík þverpólitísk samstarfsnefnd stjórnmálaflokkanna gæti til viðbótar því að afla upplýsinga og móta áherslur og skiptast á skoðunum um þessi mikilsverðu mál, einnig þjónað þeim tilgangi að vera ákveðinn samráðsvettvangur þegar uppi er átakamál af því tagi sem yfirstandandi viðræður við Evrópusambandið sannanlega eru. Ég nefni sem fordæmi að þegar hér starfaði um árabil svonefnd úthafsveiðinefnd þá þjónaði hún margþættum tilgangi, þar á meðal að vera samráðsvettvangur íslenskra aðila um viðræður okkar í erfiðum samningaviðræðum og deilum, t.d. við Norðmenn um Smugumál og fleira í þeim dúr, auk þess að gera drög að nýju lagafrv. um skipan úthafsveiða.

Nú er nokkuð um liðið frá því að hæstv. forsrh. viðraði þessa hugmynd í áramótagrein sinni. Undirtektir voru almennt jákvæðar. Ég vil því leyfa mér að inna hæstv. forsrh. eftir því hvort þess sé að vænta að slík nefnd verði skipuð á næstunni eða a.m.k. óskað eftir tilnefningum í hana.

[15:05]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Frá því að ég varpaði þessari hugmynd fram og þar sem hún fékk, eins og hv. þm. nefndi, allgóðar undirtektir, hef ég látið vinna plögg sem gætu sýnt starfsgrundvöll slíkrar nefndar. Ég hafði hugsað mér núna í þessari viku að senda forustumönnum flokkanna þær hugmyndir. Ég tel að það sé eðlilegra að ég geri það fyrst til að fá fram viðhorf manna við þeim hugmyndum áður en ég leita eftir tilnefningum í nefndina þannig að menn séu a.m.k. nokkurn veginn sammála um á hvaða grundvelli þeir ættu að starfa. Ég taldi rétt að gera þetta svona. Þessari frumvinnu er lokið af minni hálfu og mun ég þá koma því í fyrirspurnaformi til forustumanna flokkanna. Ég tel að þó að slík nefnd sé auðvitað fyrst og fremst hugsuð til þess að skapa vettvang til að menn geti náð saman um tiltekna meginþætti í umræðunni — ekki endilega um stefnu til Evrópumála. Hana mótar hver flokkur fyrir sig — en ég taldi rétt að vinna það með þessum hætti, að fá samstöðu um verkefnissvið nefndarinnar — ég lýsti því ekki í einstökum atriðum í áramótagreininni — og ef um það gæti orðið sæmilegur friður eða sæmileg sátt að óska þá eftir tilnefningum í nefndina. Þannig hugsaði ég mér þennan málatilbúnað.

[15:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin og ég vil lýsa ánægju minni með þau. Ég tel mikilvægt að undirbúningur sé kominn í fullan gang og ég tel út af fyrir sig þennan framgangsmáta eðlilegan og skynsamlegan, að fyrst verði leitað eftir samstöðu um starfsgrundvöll eða erindisbréf slíks starfshóps eða nefndar og nái menn saman um það ætti væntanlega ekkert að vera mönnum að vanbúnaði að skipa síðan sjálfa nefndina.

Ég vil láta þá skoðun koma fram að ég teldi við núverandi aðstæður æskilegt að slík nefnd hefði þetta samráðshlutverk. Að sjálfsögðu hvílir sú skylda á stjórnvöldum að ráðgast

við utanrmn. Alþingis um mikilsverð málefni eins og þetta vissulega er. En ekki er ólíklegt að einhverjir af utanríkismálanefndarmönnum kæmu jafnframt til með að sitja í svona nefnd. Utanrmn. hefur auk þess fleira á þeirri könnu þannig að nefnd af þessu tagi gæti einbeitt sér að því að skoða þessi máli.

Ég bendi svo á að þetta gæti haft talsvert samræmingargildi innan Stjórnarráðsins því að það hefur svolítið borið á því að mismunandi ráðuneyti hafa verið að panta skýrslur og látið gera skoðanakannanir svolítið eins og miðjuhöndin vissi ekki hvað sú hægri gerði.

Ráðherranefnd um fátækt á Íslandi.

[15:08]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Í Morgunblaðinu í gær birtist ítarleg og fróðleg úttekt um fátækt á Íslandi en flestir sem við þau mál fást eru sammála um að fátækt fari vaxandi í þjóðfélaginu. Fram kom að fulltrúar þriggja ráðuneyta hafa að undanförnu rætt málið með það að markmiði að skilgreina vandann og finna leiðir til úrbóta. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. forsrh. nánar um þetta mál. Hafa málefni fátæks fólks sérstaklega verið tekin upp í ríkisstjórn? Hvaða þrjú ráðuneyti eru nú að fjalla um málið samkvæmt frétt Morgunblaðsins? Hvernig er vinnu ráðuneytanna háttað? Og ég spyr hæstv. forsrh.: Er t.d. verið að vinna málið í samráði við sveitarfélögin og heildarsamtök launafólks eins og ASÍ og BSRB eða hjálparstofnanir sem sinnt hafa málefnum fátækra?

Jafnframt finnst mér eðlilegt að hæstv. forsrh. upplýsi þingið um hvort stefnt sé að því að leggja fram tillögur til úrbóta áður en þingi lýkur í marsmánuði komandi.

[15:09]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er rétt sem hv. þm. nefnir að að tilhlutan hæstv. félmrh. var settur saman óformlegur hópur fulltrúa, að ég hygg, fjögurra ráðuneyta, forsrn., félmrn., fjmrn. og heilbrrn., ef ég man rétt. Ég hef fyrirvara ef ég skyldi fara rangt með þetta. Hugsunin var sú að reyna að kortleggja þetta mál í framhaldi af þeim umræðum sem um það hafa verið.

Hér er náttúrlega um að ræða mál sem er þýðingarmikið. Við vitum að kaupmáttur lægstu launa hefur hækkað meira en nokkru sinni áður í sögunni. Kaupmáttur bóta hefur aldrei verið hærri í sögunni en nú þannig að umræður um fátækt hljóta því að lúta að öðrum þáttum en þeim. Menn gera ekki lítið úr þeim umræðum nema síður sé og því er sjálfsagt að fara yfir þau mál. Margt hefur breyst í okkar þjóðfélagi. Margt kemur róti á fjölskylduhagi. Að sumu leyti er meiri upplausn í fjölskyldum en stundum endranær. Eiturlyfjavandi getur blasað við og fleira þess háttar. Menn verða að skoða þetta allt í samhengi. Því þótti rétt að hópur þessara ráðuneyta færi í gegnum málið, leitaði sem gleggstra upplýsinga sem víðast til þess að auðvelda mönnum umræðuna. Ég hygg að það sé af hinu góða og ég tek undir það með þingmanninum að æskilegt er að þessari vinnu miði þannig áfram að hægt sé að taka málið til umræðu á þessum vettvangi á grundvelli þeirrar vinnu og mun taka það upp við hæstv. félmrh. í ríkisstjórninni sem hafði frumkvæði og forgöngu að þessu máli innan veggja hennar.

[15:11]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég fagna orðum hæstv. ráðherra og fagna því að ríkisstjórnin er farin að velta þessum málum fyrir sér. Ég nefni í því sambandi að hæstv. félmrh. vildi ekki taka málefni fátækra upp í ríkisstjórn þegar ég spurði hann um það fyrir rúmum mánuði síðan í utandagskrárumræðu í þinginu. Hæstv. ráðherra sagði þá að ef í ljós kæmi að sár fátækt ykist marktækt og fjölskyldur og einstaklingar liðu skort yrði það að sjálfsögðu rætt í ríkisstjórn og leiða til úrbóta leitað.

Því er alveg ljóst að ríkisstjórnin er farin að viðurkenna þennan vanda og farin að vinna í málinu og ber að fagna því. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort stefnt sé að því að leggja fram tillögur til úrbóta áður en þingi lýkur eins og ég nefndi hér áðan og hvort þetta mál verði unnið í samráði við ASÍ sem hefur sagt opinberlega að þeir séu að vinna að tillögugerð og skilgreiningu á þessum vanda. Því er mikilvægt að samvinna sé höfð við aðila eins og ASÍ og jafnvel fleiri eins og hjálparstofnanir og aðra sem eru að vinna að málefnum þessa fólks.

[15:12]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Á þessari stundu hefur eingöngu verið ákveðið að tilhlutan félmrh. og með samþykki annarra ráðherra í ríkisstjórninni að fara í þessa rannsóknarvinnu með fjórum fulltrúum ráðuneytanna og reyna að vinna hana hratt. En í framhaldinu kemur auðvitað til greina og gæti verið sjálfsagt að eiga sem nánasta samvinnu við þá aðila sem að þessum málum koma í þjóðfélaginu.

Greiðslur Íslands til ESB.

[15:13]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þegar hefur komið fram í þessum fyrirspurnatíma að í gangi eru erfiðar samningaviðræður milli EFTA-ríkjanna og Evrópusambandsins vegna stækkunar Evrópska efnahagssvæðisins. Evrópusambandið hefur uppi ákaflega óbilgjarnar kröfur, m.a. um að nettógreiðslur Íslendinga aukist tuttugu- til þrítugfalt. Ég tel nauðsynlegt að það sé breiður stuðningur á bak við viðbrögð ríkisstjórnarinnar. Ég vil þess vegna að fram komi að ég tel að ríkisstjórnin hafi brugðist vel og hart við óbilgirni Evrópusambandsins. Samfylkingin styður málflutning hennar í hvívetna í þessari deilu.

Það sem ég vil hins vegar spyrja hæstv. utanrrh. út í eru upplýsingar sem komið hafa fram í þessum samningaviðræðum um mat á því hverjar greiðslur yrðu ef Ísland sækti um og yrði aðili að Evrópusambandinu. Í fjölmiðlum hefur þannig verið greint frá því að íslenska samninganefndin hafi fært rök fyrir því að væri Ísland fullgilt aðildarríki þá kynnum við að fá meira greitt úr sjóðum sambandsins en við yrðum að greiða í þá. Það er með öðrum orðum núna eitt helsta vopn Íslendinga gegn fjárkröfum Evrópusambandsins í þessari deilu að sýna fram á með rökum að væri Ísland aðili að ESB þyrfti það ekki að greiða nettóframlag til sambandsins heldur fengi meira úr sjóðunum. Þetta gengur þvert á það sem menn hafa áður verið að segja, m.a. sá ágæti hæstv. ráðherra sem situr vinstra megin við hæstv. utanrrh. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. utanrrh. hvort full sátt sé í ríkisstjórninni um þessar staðhæfingar sendinefndarinnar, hvort þetta hafi t.d. verið

rætt milli hans og hæstv. forsrh. og hvort hæstv. utanrrh. telji tímabært að leggja fram þá reikninga sem liggja þessu mati hans til grundvallar.

[15:15]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Í fyrsta lagi er ljóst að við teljum rangt af Evrópusambandinu að vera með einhverja útreikninga á því hvað við kynnum að þurfa að greiða vérum við aðilar að Evrópusambandinu. Við erum það alls ekki og það liggur engin umsókn fyrir um það og því kemur það þessu máli ekki við, sem eru samningar okkar við það um framhald að því er varðar Evrópska efnhagssvæðið.

Hvernig þetta væri síðan fer allt eftir því hvaða forsendur menn gefa sér. Sumir halda því fram að við njótum slíkra kjara á innri markaði að við ættum þess vegna að greiða mikið fyrir það. Nú er það t.d. ljóst að við borgum verulega tolla af sjávarafurðum inn til Evópusambandsins og það liggur líka fyrir að vegna þeirra tolla verður minni verðmætaaukning hér á landi en annars mundi verða. Við erum t.d. ekki með neinn síldariðnað hér á landi og þá á ég við vörur í neytendaumbúðum svo dæmi sé tekið.

Það er tiltölulega auðvelt að reikna út hvað þjóðir þurfa að greiða brúttó inn til þessara samtaka en hins vegar eru ýmsir annmarkar á því hvað kemur til baka. Það fer eftir samningsniðurstöðu í samningum og það fer líka eftir því hversu duglegir aðilar eru að sækja stuðning í margvíslegum málum. Hefur þetta t.d. best sannast að því er varðar rannsóknir á sviði vísinda hér á landi. Það er ekki alltaf auðvelt að segja til um það fyrir fram þannig að þetta fer allmikið eftir því hvaða forsendur menn gefa sér. En menn geta hjá Evrópusambandinu ekki gengið út frá því fyrir fram að við höfum þann gífurlega hag af þessu sem fram hefur komið hjá nokkrum aðilum í málflutningi.

[15:17]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég er yfirleitt ákaflega ánægður með þau svör sem hæstv. utanrrh. veitir varðandi Evrópusambandið.

En ég spyr hins vegar: Hvers vegna getur ekki hæstv. utanrrh. komið hingað og svarað þessu eins og maður? Ég spyr hann spurningar og spurningin er þessi: Er samstaða um það innan ríkisstjórnarinnar að ef Ísland væri aðili að Evrópusambandinu þá kynnum við að fá meira greitt úr sjóðum sambandsins heldur en við þurfum að greiða í þá?

Hvað er það sem vekur upp þá spurningu? Það er sú staðreynd að fram hefur komið í fjölmiðlum að helstu rök sendimanna hæstv. utanrrh. eru að svona sé í pottinn búið. Og það er fullkomlega eðlilegt að formaður Samfylkingarinnar spyrji hvort samstaða sé millum hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. í þessu efni. Hvers vegna? Vegna þess að hæstv. forsrh. hefur marglýst því yfir að greiða þurfi marga milljarða. Hann hefur nefnt töluna 10 í því sambandi.

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að menn þurfi að geta rætt þetta hleypidómalaust og mér finnst að við séum að færa okkur nær því. En ég spyr aftur, herra forseti: Er samstaða um þessa fullyrðingu?

[15:18]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég sagði í svari mínu að það færi að sjálfsögðu eftir því hvaða forsendur menn gæfu sér um útkomuna og það er hægt að gefa sér margvíslegar forsendur. Þetta er ekki spurningin um það hvort menn eru sammála um þessa útreikninga heldur er spurningin hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar. Ég svaraði því alveg skýrt. Það færi eftir því hvaða forsendur menn gæfu sér um hvað eru líklegir styrkir til landbúnaðar, hvað eru líklegir styrkir til byggða. Það fer líka eftir því hvernig menn meta núverandi tolla. Þetta eru atriði sem skipta meginmáli, og vonandi koma í ljós á næstunni betri forsendur fyrir aðila til þess að meta þessa hluti betur því að við erum í betri færum um það eftir að ákvörðun var tekin um stækkun Evrópusambandsins í desember, við höfum því miklu betri forsendur til að meta þessi mál.

[15:19]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. utanrrh., þetta fer allt eftir þeim forsendum sem menn gefa sér. Hæstv. forsrh. hefur gefið sér ákveðnar forsendur sem var að finna í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og þær byggðu á því að brúttógreiðslurnar yrðu 10 milljarðar og nettógreiðslurnar líklega í kringum 5 milljarðar.

Forsendur hæstv. utanrrh. liggja fyrir. Þær liggja fyrir í farteski samningamannanna sem hann hefur sjálfur sent til Brussel. Þar kemur það einfaldlega fram, svo að ég noti orðiðið sem aðalsamningamaðurinn beitti í viðtölum við fjölmiðla, að það væri alger fásinna að ætlast til þess að greiða 2,5 milljarða nettó. Hann sagði jafnframt, og það hlýtur að vera með vitund og vilja hæstv. utanrrh., að það land sem við gætum helst borið okkur saman við, Finnland, væri að fá 1,33 evrur á móti hverri evru sem það greiddi.

Það skptir auðvitað máli, herra forseti, í svona mikilvægu máli, sérstaklega ef menn ætla að fara að stofna hér Evrópunefndir, að menn hafi það á hreinu hvort samstaða er millum hæstv. utanrrh. og forsrh. í svona mikilvægu máli.

Afstaða ríkisstjórnarinnar til hernaðarátaka í Írak.

[15:21]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í fréttum hafa að undanförnu staðið yfir stórfelldir herflutningar til svæða aðliggjandi Írak og augljóst að Bandaríkjastjórn er staðráðin í því að skipta um stjórn í Bagdad með vopnavaldi. Mannréttinda- og friðarsamtök víðs vegar um heim hafa varað við stríðsáformum Bandaríkjastjórnar og geigvænlegum afleiðingum innrásar fyrir alþýðu manna í Írak. Hér á landi hefur einnig verið efnt til mótmæla af þessu tilefni.

Í ljósi yfirvofandi stríðshættu og hótana Bandaríkjastjórnar um að ráðast á Írak vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. utanrrh. hvort samband hafi verið haft við ríkisstjórn Íslands af hálfu Bandaríkjastjórnar eða annarra ríkisstjórna, eða hvort ríkisstjórn Íslands hafi að eigin frumkvæði haft samband við Bandaríkjastjórn til að koma sjónarmiðum íslenskra stjórnvalda á framfæri. Og ef svo er, hvað hefur aðilum farið í milli?

[15:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Bandarísk yfirvöld hafa ekki haft samband við íslensk stjórnvöld og við höfum heldur ekki sett okkur í samband við bandarísk stjórnvöld út af þessu máli. Fyrir liggur að íslensk stjórnvöld telja nauðsynlegt að betra ráðrúm gefist fyrir vopnaeftirlitsmenn til að athafna sig í Írak og það liggur líka fyrir af hálfu íslenskra stjórnvalda að við teljum

nauðsynlegt að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna taki þetta mál til frekari umfjöllunar.

Auðvitað vonast allir til þess, og ekki síst Íslendingar, að hægt verði að komast hjá átökum á þessu svæði. Það eru einkum þrír kostir í stöðunni: Að það breytist ekki neitt, sem er mjög vond niðurstaða, í öðru lagi að ríkisstjórnin í Írak undir forustu Saddams Husseins fari frá völdum með einhverjum hætti, sem hlýtur að vera besta niðurstaðan, og í þriðja lagi að til átaka komi á svæðinu. Ég held að allir séu sammála um að það væri mjög vont ef til þess þyrfti að koma. En það liggur líka ljóst fyrir að án utanaðkomandi þrýstings er ekki líklegt að skipti verði um ríkisstjórn í Írak og þar verði breyting á. Við verðum að hafa það í huga að núverandi staða er mjög slæm því að það eru miklar hörmungar í landinu og það er kominn tími til að þeim hörmungum linni.

Að mínu mati er óbreytt ástand ekki góð niðurstaða heldur.

[15:24]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil beina þeirri ósk til hæstv. utanrrh. að hann skýri á mjög afdráttarlausan hátt hver stefna íslenskra stjórnvalda er í þessu máli.

Nú er það svo að deilur standa um hvernig túlka beri ályktun öryggisráðsins nr. 1441. Annars vegar eru Bandaríkjamenn og Bretar sem segja að ályktunin veiti þeim heimild til innrásar í Írak ef á daginn kemur að Írakar búa yfir gjöreyðingarvopnum. Aðrir telja hins vegar að öryggisráðið þurfi að koma saman að nýju og álykta á nýjan leik.

Í viðtali við hæstv. utanrrh. á Stöð 2 þann 22. þessa mánaðar talar hann að því er virðist á nótum Bandaríkjastjórnar. Hann segir á þá leið að komi í ljós að Saddam Hussein hafi brotið gegn samþykktum öryggisráðsins og nýju samþykktinni, ef fram koma sannanir fyrir þessu — og hér vitna ég, með leyfi forseta, í hæstv. utanrrh.:

„Þá liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir að Sameinuðu þjóðirnar hafa þá veitt heimild til þess að grípa til aðgerða."

Þetta er lína Bandaríkjastjórnar, haukanna í Washington.

[15:25]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tel að það sé alveg ljóst að ef í ljós kemur að Saddam Hussein býr yfir gjöreyðingarvopnum og vill ekki afvopnast, þá stendur alþjóðasamfélagið frammi fyrir því að grípa til sinna ráða.

Það er alveg ljóst af okkar hálfu að við teljum algjörlega nauðsynlegt að þetta mál komi til umfjöllunar öryggisráðsins á nýjan leik, það höfum við margsagt. En ég held að allir geti verið sammála um það að ef þessi maður býr yfir gjöreyðingarvopnum með þeim afleiðingum sem það gæti haft í för með sér, þá stendur alþjóðasamfélagið frammi fyrir mjög erfiðri stöðu. Það hlýtur að vera krafa okkar Íslendinga eins og annarra að þeir afvopnist. Það er krafa Sameinuðu þjóðanna.

Hins vegar ef í ljós kemur að hann býr ekki yfir gjöreyðingarvopnum, þá er málið væntanlega leyst.

[15:26]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég tek undir að það er krafa okkar að þær þjóðir sem búa yfir gjöreyðingarvopnum afvopnist og hlíti þeim reglum sem alþjóðasamfélagið setur.

En ég vek athygli á því að hæstv. utanrrh. hefur hér breytt afstöðu sem kom fram í viðtali við Stöð 2 22. janúar sl. en þar sagði hæstv. utanrrh. að hann liti svo á að Sameinuðu þjóðirnar hefðu veitt heimild til innrásar í Írak ef á daginn kæmi að gjöreyðingarvopn væru fyrir hendi í Írak.

Nú hefur hæstv. ráðherra breytt þeirri afstöðu og ég fagna því. Hann segir að hann líti svo á að öryggisráðið þurfi að koma saman að nýju og undir þetta tek ég. En ég tel að ekki sé nóg að gert. Íslensk stjórnvöld eiga að hafa frumkvæði að því að hafa samband við Bandaríkjastjórn og koma þeirri afstöðu Íslendinga á framfæri að allra leiða skuli leitað til að afstýra innrás í Írak, og í öðru lagi að komi til hernaðaraðgerða gegn Írak á næstu mánuðum skuli Ísland tilkynna að ekki verði heimiluð afnot af aðstöðu á íslensku yfirráðasvæði.

[15:28]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tel að það sem kom fram í því viðtali sem hv. þm. vitnar til á Stöð 2 sé alveg í samræmi við þann málflutning sem ég hef haft hér. Ég býst við því að ef hann les viðtalið í heild sinni þá skilji hann það. En svo virðist sem hann hafi tekið ákveðið atriði út úr en auðvitað verður að fara yfir viðtalið í heild í þessu flókna máli til að túlka það. En ég tel að með þeim orðum mínum hafi ekki orðið nein stefnubreyting og það sem ég hef sagt hér er í samræmi við það sem sagt var í þessu viðtali.

Staðan á kjötmarkaðnum.

[15:29]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Miklar breytingar hafa orðið á kjötmarkaði í landinu eins og menn vita. Ef þau mál eru skoðuð í nokkru samhengi sjáum við að þær breytingar eru allstórkarlalegar. Á 20 árum hefur neysla á kindakjöti t.d. á mann lækkað um helming á sama tíma og neyslan á svínakjöti og alifuglakjöti hefur þrefaldast.

Á þessu ári hefur ríkt mjög afbrigðileg staða á markaðnum. Það er bæði offramboð og verðlagning sem við vitum öll að stenst ekki til lengdar, og það er mat þeirra sem best þekkja til að almennur taprekstur sé í kjötframleiðslunni í landinu sem auðvitað verður ekki borinn uppi til lengdar nema með því að ganga á eigið fé þessara fyrirtækja sem í mörgum tilvikum er ekki mjög mikið fyrir.

Út af fyrir sig er ekki gott fyrir stjórnvöld að skipta sér af þessari þróun. Þetta eru auðvitað fyrirtæki sem taka ákvarðanir á eigin forsendum. Engu að síður hafa komið fram ábendingar um óeðlileg afskipti, m.a. fjármálafyrirtækja, af þessari þróun á markaðnum. Þess vegna skiptir miklu máli að við fylgjumst a.m.k. vel með því hvernig þessi markaður þróast á þessu ári.

Í byrjun desember sl. rituðu Landssamtök sláturleyfishafa hæstv. landbrh. bréf og skoruðu á hann að skipa vinnuhóp sem skilaði tillögum um það hvernig bregðast skuli við þeirri alvarlegu stöðu sem uppi er á kjötmarkaðnum. Ég vek athygli í því sambandi á að í þessu bréfi kemur m.a. fram það mat að ætla megi að samdráttur í sölu kindakjöts á þessu afurðaári geti numið allt að 17–23% á árinu sem eru auðvitað mjög alvarleg tíðindi í ljósi þess sem ég ræddi áðan um þróun kjötframleiðslunnar fram til þessa. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hyggist með einhverjum hætti bregðast við þessu bréfi frá Landssamtökum sláturleyfishafa

og hvort hann hyggist skipa vinnuhóp sem skili tillögum um hvernig bregðast skuli við þessari alvarlegu stöðu.

[15:31]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að staða á kjötmarkaði hefur verið erfið nú um sinn vegna mikillar framleiðslu, ekki síst í svína- og fuglakjöti, þ.e. kjúklingum, og alvarleg staða fram undan ef fregnir eru réttar um að menn ætli að sprengja þann markað enn meira út en þeir eru að gera og með mjög óraunhæfum hætti. Ég hef því verið í sterku sambandi við alla þá aðila sem að þessum málum koma, Bændasamtökin og einstaka forustumenn búgreinanna. Auðvitað hafa margir komið að þessu og það er ábyrgðarhluti, það eru ekki bara peningastofnanir. Ég hygg að inn í kjúklingabúskapinn a.m.k. hafi ekki bara komið sterkar afurðastöðvar heldur fjármagn frá Íslenskum aðalverktökum, fjárfestingarfyrirtækjum, auðugum einstaklingum, Byggðastofnun o.s.frv. Það eru því margir aðilar sem hafa komið að þessu máli.

Ég er þessa stundina í mjög nánu samstarfi við Bændasamtökin um að aðilar setjist yfir málið og skoði hvernig hægt sé að lágmarka skaðann og reyna að ná jafnvægi á kjötmarkaðnum.

[15:33]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég spurði þó sérstaklega hvort hann hygðist með einhverjum hætti bregðast beinlínis við því bréfi sem Landssamtök sláturleyfishafa sendu honum þann 5. desember sl. þar sem farið var fram á það að skipaður yrði formlegur starfshópur til að fara ofan í þetta mál.

Ég rakti það hér áðan að þetta mál er í rauninni alls ekkert einfalt og aðkoman að því er kannski ekki einföld fyrir stjórnvöld. Engu að síður eru þetta miklir breytingatímar og það er mjög mikilvægt að þessi aðlögun geti átt sér stað og að eðlileg verðmyndun verði á kjötmarkaði sem sannarlega er ekki í dag. Það er offramboð og það er verðlagning sem stenst ekki til lengdar, það er öllum ljóst. Þess vegna er mjög mikilvægt, fyrir okkur a.m.k., að átta okkur á í hvað stefnir. Þetta getur haft mikil áhrif, m.a. byggðaleg. Við vitum til að mynda varðandi sauðfjárræktina að frekari samdráttur og frekari tekjusamdráttur í sauðfjárræktinni getur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Þess vegna, virðulegi forseti, ítreka ég spurningu mína til hæstv. landbrh. um hvort hann hyggist með beinum hætti bregðast við þessu bréfi frá Landssamtökum sláturleyfishafa.

[15:34]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég get svarað þeirri spurningu skýrt að ég er í beinu sambandi við þessa aðila um hvort hægt sé að fá allar greinarnar að borði þar sem menn setjast yfir vandamálið sem heild og sem vandamál landbúnaðarins í heild sinni. Ég vonast til þess að um það náist samstaða og að menn geti unnið að þessu máli.

Hins vegar má segja að fyrir landbúnaðinn í heild séu góðu fréttirnar auðvitað þær að það er mikil neysla á kjöti og hefur kannski aldrei verið meiri en nú og ... (**Gripið fram í:** Eru það nýir megrunarkúrar?) Kjöt er gott í megrunarkúra, hv. þingmaður, og er verið að segja frá því og árangri af því þessa dagana. En góðu fréttirnar eru að neysla hefur verið mikil. Ég hef þó sömu áhyggjur og hv. þingmaður, sauðféð og landið bera auðvitað uppi byggðir og mikla atvinnu í leiðinni svo sem ferðaþjónustu o.fl. þannig að það er auðvitað stórmál. Það er líka stórt mál að brýna þá aðila sem utan um þetta halda að vera sterkir á markaðnum í samkeppni við hina færu aðila sem menn glíma við dagsdaglega.

Lyfjalög og læknalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 423. mál (lyfjagagnagrunnar). — Þskj. 538.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, frh. fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 17. mál. — Þskj. 17.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Hvalveiðar, frh. 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 20. mál (leyfi til veiða). — Þskj. 20.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Ábyrgðarmenn, frh. 1. umr.

Frv. LB o.fl., 21. mál. — Þskj. 21.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Réttarstaða samkynhneigðs fólks, frh. fyrri umr.

Þáltill. GÖ o.fl., 132. mál. — Þskj. 132.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Atferlis- og eldisrannsóknir á þorski á Vestfjörðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 52. mál. — Þskj. 52.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frh. 1. umr.

Frv. JóhS og RG, 50. mál (úrskurðir kærunefndar). — Þskj. 50.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Launamunur kynjanna hjá hinu opinbera.

[15:40]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Launamunur kynjanna er viðvarandi vandamál í samfélagi okkar. Á það var m.a. bent í skýrslu eftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna um jafnréttismál sem birt var á síðasta ári. Margs konar rannsóknir sem gerðar hafa verið á undanförnum árum sýna að þegar tekið hefur verið tillit til hefðbundinna skýribreyta virðist munurinn á launum karla og kvenna liggja á bilinu 8–18%.

Í lok síðasta árs var birt niðurstaða verkefnis á vegum ESB sem bar yfirskriftina „Að loka launagjánni". Leið mistök urðu við kynningu verkefnisins vegna villu í úrvinnslu. Þau mistök hafa verið leiðrétt af hlutaðeigandi aðilum og verða ekki gerð að sérstöku umræðuefni hér. Þau afhjúpa hins vegar alvarlegan skort á samræmdum opinberum gögnum um íslenskan vinnumarkað, gögnum sem svara þeirri sjálfsögðu kröfu að vera kyngreind.

Könnunin leiddi í ljós að hjá þremur starfsstéttum hér á landi er launabil kynjanna, þ.e. munur á heildarlaunum, 27% á almennum markaði og 24% hjá hinu opinbera. Aðferðafræði launakannana lýsir sér oftast í því að þegar búið er að taka tillit til svokallaðra skýribreyta, svo sem mismunandi launa fyrir dagvinnu og yfirvinnu, starfsaldurs og menntunar, stendur eftir það sem kallað er óútskýrður munur eða launamunur sem aðeins verður rakinn til kynferðis.

En leitin að skýribreytum hefur að mínu áliti gengið býsna langt. Hinn skýrði launamunur þarf nefnilega hvorki að vera eðlilegur né sanngjarn. Telst hjúskaparstaða eða barnafjöldi t.d. eðlileg skýribreyta, eða útlit eins og kom fram í einni könnun á vegum VR? Margir kvennavinnustaðir eru sem kunnugt er láglaunavinnustaðir, en er réttlætanlegt að nota þá staðreynd til þess að skýra launamun eins og stundum hefur verið gert?

Sú staðreynd að hefðbundin karlastörf eru betur launuð en hefðbundin kvennastörf segir okkur margt um mat samfélagsins á vinnuframlagi karla og kvenna, og þar virðist því miður nokkuð langt í hina margumræddu viðhorfsbreytingu.

Herra forseti. Fyrir liggur að atvinnuþátttaka íslenskra kvenna er sú mesta sem þekkist, eða um 80%, einnig að vinnumarkaðurinn hér á landi er mjög kynskiptur eftir starfsgreinum og að við vitum að kynskiptingin eykur, ein og sér, launamun kynjanna. Þá er ljóst að menntunarbilinu á milli karla og kvenna hefur verið lokað hér á landi en hlutfall háskólamenntaðra á vinnumarkaði er svo að segja jafnt hjá körlum og konum á aldursbilinu 25–64 ára. En við vitum líka að góð menntun skilar körlum almennt meiri framgangi á vinnustað en konum. Því er brýnt að spyrja hvaða tæki hið opinbera hafi í raun í höndum til þess að fylgjast með þróun launa og þróun launamunar kynjanna.

Í 21. gr. jafnréttislaga sem samþykkt voru árið 2000 er kveðið á um söfnun kyngreindra upplýsinga en fyrir liggur að grundvallargögn um vinnumarkaðinn, kyngreind og samræmd, liggja ekki fyrir á einum stað hér á landi. Hvernig er þá, herra forseti, hægt að fylgjast með launaþróun og bregðast við henni með viðeigandi hætti, samanber bókun þá sem gerð var við kjarasamninga opinberra starfsmanna 1997?

Hæstv. forseti. Það þarf skýr hlutlæg markmið þegar gengið er til samninga um laun og kjör, ekki síst þegar samið er um kaup og kjör á vinnustað í dreifstýrðu kerfi eins og það heitir núna. Ef huglæga matið ræður ferðinni, t.d. hjá forstöðumönnum ríkisstofnana, getur útkoman orðið svona: Guðrún á svo mörg börn að það hlýtur að minnka afköstin hennar, hún fær lægra kaup. En Guðmundur á svo mörg börn og þarf að sjá um framfærslu á sínu heimili, það hlýtur að hækka kaupið hans. Það sér náttúrlega hver maður, hæstv. forseti, að hið huglæga mat getur aldrei unnið bug á launamuni kynjanna. Því vil ég spyrja hæstv. fjmrh. um stefnu stjórnarinnar í þessum efnum. Með hvaða hætti er verið að vinna að því að útrýma launamuni kynjanna hér á landi?

[15:44]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil gjarnan geta þess í upphafi að launamunur kynjanna hjá hinu opinbera eða almennt sem hér er gerður að umtalsefni í dag er að sjálfsögðu viðfangsefni sem við erum öll sammála um að taka á. Það er ekki á stefnu neins stjórnmálaflokks eða almannasamtaka að viðhalda slíkum mun. Það er þvert á móti stefna okkar allra, vænti ég, að sporna gegn honum eftir því sem nokkur kostur er.

Ég tel að gömlu kjörorðin um sömu laun fyrir sömu vinnu eigi enn þá fullan rétt á sér. Ég tel fullvíst að við ætlumst öll til þess að dætur okkar þiggi sömu laun fyrir störf sín og synir okkar í sambærilegum störfum. Þetta er fyrst og fremst verkefni sem við verðum að taka saman höndum um að leysa.

Þingmenn rekur væntanlega minni til þess að í desember sl. var töluverð umræða í fjölmiðlum um könnun sem hv. þm. nefndi hér áðan, fjölþjóðlega rannsókn um launamun á milli karla og kvenna sem kölluð var „Að loka launagjánni." Ég ætla ekki frekar en hv. þm. að rekja þá umfjöllun sérstaklega en sú umræða leiddi í ljós að það þarf að fara mjög varlega í að alhæfa eða draga ályktanir út frá einni rannsókn þar sem talnameðferð og framsetning gagna er með öðrum

hætti en í öðrum rannsóknum um sama viðfangsefni. Ég vil benda á það sem í því efni kom fram hjá hagstofustjóra, að Íslendingar koma ekki illa út úr samanburði við önnur lönd eins og þó var haldið fram í tengslum við þá umræðu. En það þýðir ekki að ástandið sé fullnægjandi eða nógu gott í þessu efni. Í því sambandi má líka vitna til könnunar sem gerð var um þessi málefni á vegum Jafnréttisráðs og var birt í septembermánuði þar sem talið er að samkvæmt gögnum kjararannsóknarnefndar hafi laun kvenna verið um það bil 70% af launum karla en jafnframt var tekið fram að skýra mætti $^2/_3$ til $^3/_4$ þess munar með ólíkum starfsvettvangi, ólíku starfi, menntun og ráðningarfyrirkomulagi kynjanna. Sá 7,5–11% munur sem eftir stæði stafi af öðrum ástæðum, t.d. hjónabandi, barneignum og öðru sem hafi önnur áhrif á laun kvenna og karla eins og hv. þm. benti á í framsögu sinni.

Ég vil segja að þegar verið er að rannsaka launamun kynjanna eða launamun annarra hópa er auðvitað verið að skoða hvað ræður því hvernig launin ákvarðast, hvaða þættir hafa áhrif á launamyndunina. Við verðum þó annars vegar að gera mun á almennum launamun og hins vegar því sem kalla mætti launamismunun. Launamunur getur myndast af ýmsum málefnalegum ástæðum eins og ég hef reyndar getið hér um. Þegar menn rannsaka þessa hluti þarf að gera greinarmun á því hvað er málefnalegt og hvað er ekki málefnalegt. Ég hygg að almennt talað sé það svo að launamunur sem byggist á þáttum eins og styttri vinnutíma og þar af leiðandi minna vinnuframlagi og styttri starfsreynslu svo dæmi séu nefnd sé talinn málefnalegur. Það getur aftur á móti verið meiri ágreiningur um hvað telst ekki málefnalegt en atriði eins og hjúskaparstaða, barneignir og þess háttar hljóta að falla undir það.

Hins vegar verður ekki horft fram hjá því að forsenda þess að hægt sé að stunda rannsóknir á launamyndun og þróun hennar er að gögnum hafi verið safnað með kerfisbundnum hætti. Þau gögn þurfa bæði að ná til alls vinnumarkaðarins og þeirra þátta sem áhrif hafa á launin. Þess vegna þarf að efla og samræma þessa gagnasöfnun og horfa til allra aðila vinnumarkaðarins.

En hvað hefur af hálfu ríkisins verið gert til að bæta möguleika á að jafna kjaralega stöðu kvenna og karla sem starfa hjá ríkinu? Á grundvelli þeirrar stefnumótunar í starfsmannamálum sem samþykkt var 1995 var ákveðið að leggja m.a. áherslu á valddreifingu og einföldun á launakerfi ríkisins þannig að það yrði gegnsærra og skýrar reglur lægju fyrir við launaákvarðanir. Í samræmi við þessar áherslur var samið við flestöll stéttarfélög starfsmanna ríkisins um dreifstýrt launakerfi og var launajafnrétti einn af grunnþáttunum sem þar var byggt á. Þær raddir hafa hins vegar heyrst að með þessari breytingu frá miðstýringu til dreifstýringar hafi launamunur kynjanna aukist. Ég tel slíkar fullyrðingar mjög vafasamar. Í því sambandi vil ég láta það koma fram að hlutur yfirvinnu í heildarlaunum opinberra starfsmanna hefur farið mjög minnkandi frá árinu 1997. Að því marki sem launamunur er skýrður með meiri yfirvinnu karla þá hefur úr henni dregið á þessum tíma, þ.e. það hefur dregið úr þeim launamun sem kann að vera til staðar af þessum ástæðum.

[15:50]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur fyrir að taka þetta mál upp. Hér hefur verið vísað til kjarasamninga sem gerðir voru vorið 1997 en í þeim kjarasamningum var dregið úr miðstýringu og aukin svokölluð dreifstýring. Margir höfðu efasemdir um þessa kerfisbreytingu og töldu að hún mundi m.a. leiða til aukinnar mismununar í launakerfinu, þar á meðal milli karla og kvenna. Ýmsar stéttir, sérstaklega kvennastéttir settu þess vegna inn í kjarasamninga sína ákvæði þess eðlis að fylgst skyldi með launaþróuninni. Í nóvembermánuði sl. þegar hv. varaþm. Drífa Snædal kom inn á þing fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð tók hún þetta mál sérstaklega upp. Hún beindi fyrirspurnum til hæstv. fjmrh. og spurði hvernig á því stæði að ekki hefði verið farið eftir þessum ákvæðum kjarasamninganna.

Hæstv. ráðherra sagði að það skorti ýmis gögn til að fá hið sanna í ljós. Hv. þm. Drífa Snædal, fulltrúi VG, hvatti til þess að þeirri könnun yrði hraðað. Hún hefur síðan fylgt þessari umræðu eftir í blaðaskrifum, m.a. í desembermánuði. Í Morgunblaðsgrein sem ber heitið „Jafnrétti í launaumslagið" fjallar hún um könnun Félagsvísindastofnunar fyrir Reykjavíkurborg sem sýndi fram á aukinn launamun af völdum dreifstýringar og segir m.a., með leyfi forseta:

„Ekki er hægt að túlka niðurstöðurnar á annan veg en að kjaraatriði sem ákveðin eru á vinnustöðum, svo sem yfirvinna og akstursgreiðslur, komi körlum betur en konum. Þarna er „óútskýrt" misrétti sem virðist fylgja dreifstýringu launaákvarðana. Ef jafnréttishugsunin væri okkur öllum töm mundi þetta ekki gerast og jafnréttið rataði í launaumslagið eins og það ratar í lög og reglugerðir. Sú er hins vegar ekki raunin. Því verður að bregðast við þessu á einhvern hátt. Fyrsta skrefið er að rannsaka málið svo við gerum okkur betur grein fyrir því hverjar hinar raunverulegu orsakir eru."

Að lokum vil ég, herra forseti, taka undir þessi orð hv. varaþingmanns Drífu Snædal. Við höfum ekki aðgang að þessum upplýsingum. Þótt upplýsingalög kveði á um að við fáum aðgang að þeim þá neita stofnanir verkalýðsfélögunum, samtökum launafólks almennt um aðgang að slíkum upplýsingum.

[15:52]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að afar margar kannanir hafa sýnt mikinn launamun á milli karla og kvenna. Það er okkur til vansa hve lítið hefur þokast í þeim efnum. Eins og fram kom áðan var fyrir skömmu gerð könnun af Jafnréttisráði og nefnd um efnahagsleg völd kvenna sem hæstv. forsrh. skipaði. Sú könnun sýndi að þegar menn skoða allar afsakanir sem til eru gagnvart launamun kynja er samt eftir 7,5–11% launamunur. Þegar búið er að reyna að útskýra með öllum mögulegum afsökunum er sá launamunur 7,5–11%. Sumar rannsóknir sýna enn frekari launamun.

Það kemur líka fram í þessari rannsókn að þegar laun karla og kvenna eru skoðuð hvor í sínu lagi virðast laun karla aukast um 4–5% við að vera í sambúð eða ganga í hjónaband en laun kvenna eru óbreytt hvort sem þær fara í sambúð eða ekki.

Það kemur líka fram að séu börn yngri en sjö ára á heimilinu hækka laun kvenna um 1% en laun karla um 3–4%. Af hverju fá karlarnir meira við að fara í sambúð en konurnar ekki? Af hverju fá karlarnir hærri laun fyrir það að eiga ung börn en konurnar ekki? Í þessari rannsókn er það útskýrt með því að áhrif sambúðar og barneigna á launamun liggi meira á konunum en körlunum vegna þess að þær taka

lengri barneignaleyfi og hverfa oftar af vinnumarkaði vegna barneigna.

Ég fagna því mjög að stjórnvöld hafa á síðustu missirum tekið skref í átt að því að eyða þessum mun, m.a. með því að lengja fæðingarorlof karla. Karlar hafa verið hvattir til að taka meiri þátt í heimilisstörfum og umönnun barna sinna. Það er búið að bæta leikskólaþjónustu og fleiri atriði þannig að ég tel að í framtíðinni verði launamunurinn minni.

Ég verð þó að viðurkenna að maður er orðinn ansi þreyttur á því hve hægt gengur í þessum málum og ég fagna því mjög þessari umræðu.

[15:55]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það eru auðvitað ekki orð í tíma töluð nú, að kvarta yfir þeim tíma sem mönnum gefst kostur á að ræða svo mikilsverð mál og það sem nú er til umfjöllunar. Menn verða á handahlaupum á þessu skamma þingi. En við þyrftum endilega að hugsa fyrir því, herra forseti, að forgangsraða í þessum efnum. Við mættum gefa hinum mikilvægustu málum aðeins meira rými en gert er. Þetta verður kannski, herra forseti, umhugsunarefni fyrir þá sem við taka hér eftir kosningar. (**SJS:** Verður breyting?) Já, það verður gjörbreyting, fyrst hv. þm. spyr að því. Menn þarf kannski ekkert að undra að högum kvenna skuli komið eins og raun ber vitni vegna þess að það er ekki langt síðan þessi partur mannkynsins, þessi mikilvægari partur mannkynsins, fékk almenn mannréttindi, t.d. kosningarrétt. Þetta var ánauðug stétt, sem mest mátti vera.

Frjálslyndi flokkurinn hefur það fyrir grunvallarstefnu sína að laun kvenna og karla skuli jöfn án allra tvímæla og undanbragða. Ég hygg að allir flokkar hafi þessa stefnu, eins og fram kom hjá hæstv. fjmrh. En valdhafar hverju sinni, ég er ekki sérstaklega að beina því að núv. hæstv. ríkisstjórn sem á að vísu ómælda sök, þeirra stefna er meira í orði en á borði. Þess vegna vinnst þetta svona slælega.

Ég treysti hæstv. núv. fjmrh. til margra góðra hluta en hann á bara rúma þrjá mánuði eftir til að bæta ráð sitt í þessum efnum.

[15:57]

Björgvin G. Sigurðsson:

Herra forseti. Ég fagna sérstaklega umræðu um þetta viðfangsefni sem hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir vekur máls á og tekur upp. Sá launamunur kynjanna sem m.a. kemur fram í þeirri könnun sem hér er til umræðu staðfestir svo að ekki verður um villst að langt er í land að hægt sé að tala um að jafnrétti kynjanna sé í höfn. Það er ekki einungis óréttlæti í launamuninum fólgið heldur er hann siðferðilega rangur og vegur að undirstöðu þjóðfélagsgerðar okkar.

Sáttmálinn sem við byggjum samfélagið á er grundvallaður á jafnrétti og sanngirni. Þegar sanngirnin og réttlætið er fyrir borð borið eins og raun ber vitni í öllum samanburði á launum kynjanna er vegið að samfélagsgerðinni með alvarlegum hætti. Rétt eins og við viðurkennum og fordæmum allan mismun grundvallaðan á kynþætti eða trúarbrögðum gildir hið sama um ójöfnuð grundvallaðan á kynferði.

Herra forseti. Það er til að mynda óhugnanlegt hvernig blökkumönnum var mismunað í Bandaríkjunum langt fram eftir 20. öldinni. Það sker í hjartað að lesa um þann órétt sem þeir voru kerfisbundið beittir, oft fyrir opnum tjöldum. Munurinn á launum kynjanna er með sama hætti siðferðilega rangt, óréttlæti sem fer fram fyrir opnum tjöldum á Íslandi, óréttur sem mun valda bæði undrun og hneykslan hjá afkomendum okkar, að hafi verið látinn viðgangast jafnlengi og raun ber vitni í opnu upplýsinga- og velferðarsamfélagi okkar daga, upplýsingasamfélagi þar sem fáfræði og fordómar veita ekki skjól.

Stjórnvöld hafa dregið lappirnar í baráttunni. Ég skora á hæstv. fjmrh. að brjóta nú í blað og taka höndum saman við fánabera jafnréttisbaráttunnar og hafa sigur og sóma í málinu.

Herra forseti. Það er brýnt að grípa til róttækra aðgerða og búa til tæki sem duga til árangurs í baráttunni gegn launamun kynjanna. Þar er brýnast að afnema launaleyndina þannig að það sé gagnsætt hvernig greitt er. (Forseti hringir.) Afnám launaleyndarinnar ásamt hlutlægum viðmiðum eru tæki sem duga (Forseti hringir.) til árangurs.

[15:59]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil áminna þingmenn um að byrja ekki á nýjum efnisatriðum eftir að slegið hefur verið í bjölluna. — Ég heyri að einn hv. þm. hlær að þessu en hér erum við að reyna að halda uppi strangri gæslu og reyna að sjá til að menn haldi sig innan þess ramma sem þeir eiga að... (Gripið fram í.) Ég ætla að biðja hv. þm. að grípa ekki fram í.

[16:00]

Ásta Möller:

Herra forseti. Samevrópsk könnun sem kynnt var í desember sl. benti til að launamunur kynjanna hér á landi væri allverulegur, eða 39%. Þá hrukku nú margir við. Hins vegar hefur komið fram að úrvinnslu upplýsinga í rannsókninni var ábótavant og niðurstöðurnar misvísandi. Marktækar rannsóknir á síðustu árum benda til að launamunur kynjanna hér á landi hafi verið milli 7,5 og 15% þegar tekið hefur verið tillit til vinnuframlags, starfsaldurs, menntunar og fleiri þátta sem útskýra launamun kynjanna. Engar vísbendingar eru um að launamunur karla og kvenna hafi aukist á síðustu tímum. Þvert á móti benda niðurstöður nýrrar launakönnunar Jafnréttisráðs til þess að bilið milli atvinnutekna karla og kvenna hafi minnkað hratt undanfarin ár, svo vitnað sé í orð Ingólfs Gíslasonar sérfræðings hjá Jafnréttisráði, með leyfi forseta. Jafnframt sagði Ingólfur:

„Það hefur enginn afturkippur orðið og ekkert sem bendir til að aftur leiti í sama horfið. Ömmur og mæður geta verið stoltar af þeim árangri sem þær hafa náð fyrir hönd þeirra ungu kvenna og stúlkna sem nú eru að hasla sér völl á vinnumarkaðnum. Launakannanir kjararannsóknarnefndar benda í sömu átt, en samkvæmt þeim hafa laun kvenna hækkað verulega umfram karla á síðustu missirum. Þróunin er ánægjuleg og í rétta átt."

Margir hafa lýst yfir áhyggjum af áhrifum nýs launakerfis ríkisins á launamun kynjanna. Ég er þeirrar skoðunar að nýtt launakerfi hafi leitt til bættra kjara hefðbundinna kvennahópa. Nefni ég þar m.a. hjúkrunarfræðinga, grunnskólakennara og meinatækna. Nýtt launakerfi opinberaði það launamisrétti sem tíðkaðist um árabil þar sem konur og ekki síst kvennastéttir báru skarðan hlut frá borði. Laun kvennahópa hækkuðu umfram aðra hópa eftir að nýtt launakerfi tók gildi, og enn betur þarf þó ef duga skal.

Það er óþolandi þegar launamunur tveggja einstaklinga, karls og konu, sem gegna sambærilegu starfi og hafa jafnmikið til brunns að bera til að gegna starfinu skýrist eingöngu af kynferði. Það er því ánægjuefni að nýjar rannsóknir benda til að launamunur sé að minnka.

[16:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ótal kannanir á einstökum sviðum vinnumarkaðarins eða á vinnumarkaðnum í heild staðfesta mikinn launamun milli karla og kvenna. Þannig er t.d. launamunur verkamanna og verkakvenna á höfuðborgarsvæðinu um 25 þús. kr. á mánuði, samkvæmt fréttabréfi kjararannsóknarnefndar. Ef tekinn er munur á launum karla í þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörfum sömuleiðis hér á höfuðborgarsvæðinu og svo aftur launum kvenna í sömu greinum er munurinn enn þá meiri eða allt upp í 60–65 þús. kr. í mánuði hverjum, og svipaðan hlutfallslegan launamun má finna meðal annarra hópa og eins meðal launamanna á landsbyggðinni. Þegar svo búið er að leita skýringa á þessum brúttólaunamun og reyna að eyða út þáttum eins og álagsgreiðslum, yfirvinnu sem færð er inn í dagvinnulaun og öðru í þeim dúr stendur eftir nakinn hinn kynbundni launamunur sem engin skýring haldbær finnst á nema mismunandi kynferði starfsmannanna. Hann er allt að 10% eða í nágrenni við það eins og hér hefur þegar komið fram og er auðvitað óþolandi misrétti án þess að ég sé að skrifa upp á það að brúttólaunamunurinn sem slíkur sé eðlilegur.

En hvað er hægt að gera, herra forseti? Það er í fyrsta lagi alveg ljóst að ein besta vörnin við þessu eru almennir gagnsæir kjarasamningar á félagslegum grunni. Duldar greiðslur, einstaklingssamningar, leiða til ófarnaðar í þessum efnum. Í öðru lagi, aðgerðir sem bæta stöðu kvenna gagnvart því að vera fullgildir þátttakendur á vinnumarkaði. Það er engin leið að slíta hinn kynbundna launamun úr samhengi við jafnréttisbaráttuna, kvenfrelsisbaráttuna sjálfa. Það þarf líka að leita lausna á þessu vandamáli utan vinnustaðanna og utan kjarasamninganna í hinum almennu undirliggjandi ástæðum misréttis í landinu. Þar þarf að taka á dagvistarmálum, fæðingarorlofsmálum og öðru slíku og vinna gegn þeim þáttum sem valda almennt lakari stöðu kvenna á vinnumarkaði.

[16:04]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það virðast allir sammála um það hér að kynbundið launamisrétti sé staðreynd, og það er á bilinu frá 7,5–8% og upp í 18–20%. Við skulum láta liggja milli hluta hvorar tölurnar eru nákvæmari í þeim efnum. Vandamálið er hins vegar alvarlegt og við því þarf að bregðast.

Það er líklega líka rétt hjá hæstv. fjmrh. að allir flokkar, allir stjórnmálaflokkar, hafa sennilega fallegan ásetning og góða stefnu í þessum efnum. En við hljótum að gera mun á því, herra forseti, hvort í hlut eiga stjórnmálaflokkar sem hafa setið við stjórnvölinn árum og jafnvel áratugum saman og haft alla burði til að taka á þessum vanda og þessum vágesti. Auðvitað gerist ekkert, herra forseti, ef ekki er lögð vinna í málið, ef ekki eru gerðar rannsóknir af hálfu stjórnvalda og ég geri þá kröfu til ríkisins sem stærsta atvinnurekanda landsins að vera í broddi fylkingar við gerð slíkra rannsókna til þess að reyna að greina ástæðurnar og reyna að komast að því hver ástæðan sé og hvaða leiðir séu tiltækar til úrbóta. Því hljótum við að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvað hefur hæstv. ríkisstjórn gert? Hver er stefna hennar til þess að vinna bug á þessum vágesti?

Við höfum nefnilega fordæmi fyrir því að árangri má ná ef markviss stefnumótun beinist í þá átt og vinna og fjármagn er lagt í slíkt verkefni. Dæmi um það er sá árangur sem náðst hefur síðan 1995 hjá Reykjavíkurborg, en frá þeim tíma hefur óútskýrður kynbundinn launamunur minnkað úr 15,5 í 7%. Borgin lagði af stað með ítarlega stefnumótun í þessum efnum þar sem sett var fram ný launastefna og lögð drög að nýju heildstæðu launamyndunarkerfi þar sem lykilorðin eru starfsmat, gegnsæi, málefnaleg viðmið og reglulegt tölfræðilegt eftirlit.

Í þessum efnum hefur náðst árangur hjá borginni, herra forseti, og því hljótum við að spyrja hæstv. ríkisstjórn og talsmann hennar hér, hæstv. fjmrh.: Hvað hefur hún látið gera í þessum efnum? Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar? Hafa verið gerðar samanburðarhæfar rannsóknir í þessum efnum? Og hver er stefnan? Hvað á að gera, herra forseti, til þess að takast á við þann vágest sem kynbundið launamisrétti er?

[16:07]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Fjöldi kannana hefur sýnt að það er munur á launum karla og kvenna, bæði hjá opinberum fyrirtækjum og einkafyrirtækjum. Þessi munur minnkar reyndar lítillega. Þetta veltir upp þeirri spurningu hvernig á því standi að fyrirtæki vilji greiða hærri laun til karla en til jafnhæfra kvenna. Vilja fyrirtækin ekki græða, nýta besta fólkið hverju sinni? Þannig er krafa um jöfn laun kynjanna jafnframt krafa um arðsemi, að fyrirtæki og eigendur þeirra vilji græða. Vandamálið er auðvitað þegar enginn eigandi er til staðar eins og hjá opinberum fyrirtækjum eða sjálfseignarstofnunum.

Einkavæðing, lækkun skatta á hagnað fyrirtækja og uppbygging verðbréfamarkaða eru allt þættir sem hvetja fyrirtæki til að græða og ætti því að þvinga þau til að ráða ætíð hæfasta einstaklinginn í hvert starf, hvort sem hann er karl eða kona. Það er jafnframt þjóðhagslega hagkvæmt. Þessi þróun, sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið fyrir, ætti að jafna launamun kynjanna.

En það koma margir aðrir þættir til. Það eru fyrirmyndir kvenna. Það er starfsval þeirra. Það er sjálfsmat þeirra, hefðir og fordómar. Það eru dulin laun og ógagnsæi launa. Allt eru þetta þættir sem við verðum að berjast gegn, og sérstaklega veiku sjálfsmati kvenna sjálfra. En jafnrétti kynjanna og jafnrétti fólks er spurning um að nýta hæfasta einstaklinginn hverju sinni og það er þjóðhagslega hagkvæmt.

[16:09]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmönnum og hæstv. ráðherrum fyrir þátttökuna hér og málefnalega umræðu. Auðvitað viljum við öll útrýma launamuni kynjanna en til þess þarf skýr markmið og mikinn pólitískan vilja. Það hefur reynslan sýnt okkur. Það miðar í rétta átt, en betur má ef duga skal. Og auðvitað er það viðfangsefni okkar allra. Að sjálfsögðu.

Kyngreindum grunngögnum, eins og ég hef áður komið að, þarf að safna saman á einn stað í stjórnkerfinu. Það þarf að samræma aðferðafræðina og endurtaka rannsóknir á sömu hópum reglulega svo að samanburðurinn fáist. Það er í raun og veru ekkert hægt að fullyrða um reynsluna af dreifstýrðu launakerfi fyrr en hægt er að gera rannsóknir með þessum hætti.

Nú hefur ýmislegt verið gefið út til þess að styrkja og styðja það að vel sé að verki staðið hjá ríkinu, t.d. er ég hér með bækling frá fjmrn. frá febrúar 1996, Nýskipan í ríkisrekstri – jafnréttismál, ábendingar um leiðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Hér eru ábendingar til forstöðumanna ríkisstofnana sem eflaust hafa nýst einhverjum vel. Að sama skapi er ég hér með bækling, Launajafnrétti í framkvæmd

í dreifstýrðu launakerfi, frá því í október 1998. Auðvitað er ýmislegt til að styðjast við, en við verðum að hafa rannsóknirnar þannig og haga þeim þannig að við höfum samanburðarhæft efni í höndunum. Annars getum við ekki fylgst með þróuninni.

Að síðustu, herra forseti: Í sjónvarpinu í gærkvöldi voru sýndar svipmyndir frá kvennafrídeginum 24. október 1975. Þar mátti heyra baráttukonuna Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur ávarpa fjöldann og spyrja sjálfa sig og aðra hvað drægi allar þessar konur niður á Lækjartorg. Og svarið hafði hún á reiðum höndum: Launamisrétti og vanmat á störfum kvenna yfirleitt. Þetta var fyrir 27 árum, og rétt eins og kjörorðin „sömu laun fyrir sömu vinnu" eiga enn við í dag eiga orð Aðalheiðar að sama skapi enn við í dag.

[16:11]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil aðeins bæta við það sem ég ræddi hér áðan varðandi eftirfylgni gagnvart þeirri skipulagsbreytingu í kjaramálum ríkisins sem átti sér stað frá og með samningum 1997. Í framhaldi af upptöku hins nýja launakerfis leitaði fjmrn. til Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands og fór fram á það að stofnunin ynni úttekt á áhrifum nýs launakerfis á launamun kynjanna. Um þetta gat hv. þm. Ögmundur Jónasson hér í tilefni af fyrirspurn varaþingmanns frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði fyrr á þessu þingi. Við undirbúning verksins kom í ljós að í núverandi launakerfi voru ekki fyrir hendi þær upplýsingar sem stofnunin taldi nauðsynlegar til að geta unnið sitt verk, unnið þessa úttekt.

Af hálfu ráðuneytisins hefur að undanförnu verið unnið markvisst að því að launagögn í nýjum upplýsingakerfum sem ríkið er nú að innleiða standist þær kröfur sem gera verður til þess að unnt sé að meta kerfisbundið m.a. kynbundinn launamun. Er þetta verk langt komið gagnvart fjölmennum kvennavinnustöðum eins og Landspítala – háskólasjúkrahúsi og Háskóla Íslands. Áætlað er að þessu verki geti lokið á árinu og stefnt er að því að fyrrnefnd úttekt verði síðan unnin í beinu framhaldi af því í samstarfi Félagsvísindastofnunar og ráðuneytisins. Í framtíðinni er síðan stefnt að því að fylgst verði reglubundið með þróun kynbundins launamunar og ættum við þá öll næst þegar þessi mál ber á góma hér á Alþingi að vera betur í stakk búin til að fjalla um þau á besta fáanlega grunni tölulegra upplýsinga.

Ég vil síðan eingöngu bæta því við, herra forseti, að vert er að hafa í huga að þær aðgerðir eða úrræði sem eru á valdi fjmrh. að beita hafa einungis áhrif á launamyndun starfsmanna ríkisins, en þeir eru eins og kunnugt er aðeins um 10 af hundraði í heildarvinnuafli hér á landi. (**SvH:** Það er nú ærið.) Það var meira þegar þú varst í ríkisstjórn.

Umræður utan dagskrár.

Landhelgisgæslan.

[16:13]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Umræðan er um landhelgisgæslu til sjós, lands og í lofti. Skyldur eru lagðar á stjórnvöld til þess að halda úti hér við land tryggri öryggisþjónustu fyrir sjómenn á fiskimiðum og siglingaleiðum á gríðarlega stóru hafsvæði okkar eigin efnahagslögsögu, sem er 758 þús. ferkílómetrar. Til samanburðar er efnahagslögsaga Færeyja 167 þús. ferkílómetrar og sú norska 2,2 millj. ferkílómetra.

Norðmenn nota 25 varðskip til eftirlits og öryggisþjónustu og hafa auk þess sjóher. Færeyingar nota 2,5 skip að jafnaði, og eitt danskt eftirlitsskip með þyrlu er að auki á miðunum. En hvað gerum við? Í dag á okkar elsta varðskip afmæli. Varðskipið Óðinn kom til landsins 27. janúar 1960 og er því 43 ára, en Óðinn liggur nú bundinn í höfn vegna þess að ekki fást fáeinar milljónir til að gera við skipið. Sennilega dygðu 15–20 millj. í þær lagfæringar að gera skipið haffært til næstu þriggja eða fjögurra ára sem vonandi er sá tími sem dugar til smíða á nýju varðskipi. Það er full þörf á nýsmíði. Ægir er orðinn 38 ára og Týr 28 ára.

Leitar- og björgunarsvæði sem okkur er ætlað að þjóna er 1,86 milljónir ferkílómetra, hátt í eins stórt og norska efnahagslögsagan sem 25 skip gæta. Erum við ekki í lagi hér á Íslandi? Heldur hæstv. ráðherra að hún stjórni ofurmannaþjóðfélagi? Við rekum tvö varðskip og oft er aðeins eitt skip á sjó í svartasta skammdeginu. Er þetta í lagi? Nei, aldeilis ekki. Hér er verið að gera aðför að Landhelgisgæslunni með því að halda starfseminni í gíslingu fjársveltis.

Landhelgisgæslan fær ekki fjárveitingar til að sinna þeim verkefnum sem henni eru ætluð, samanber skýrslu Ríkisendurskoðunar um Landhelgisgæsluna frá 2001, en þar segir á bls. 51, með leyfi forseta:

„Frá árinu 1995 hefur rekstrarhalli Landhelgisgæslunnar að meðaltali verið um 18 millj. kr. Auk þess hefur stofnunin þurft að jafnaði um 21 millj. kr. af fjáraukalögum til að halda rekstri innan heimilda. Í heild er um að ræða 39 millj. kr., sem umreiknað til núgildandi verðlags nemur um 46 millj. kr." — Þetta er miðað við febrúar 2001.

„Umfang í starfsemi Landhelgisgæslunnar mælt í sigldum og flognum sjómílum dróst saman um 31% vegna skipa og 17% vegna flugvéla á milli áranna 1995 og 1999. Samdrátturinn svarar til um 15 millj. kr. sparnaðar í eldsneytis- og smurolíukostnaði. Þannig er fjárvöntun meiri en að ofan greinir ef halda skal sama umfangi og árið 1995."

Enn fremur segir í þessari skýrslu á öðrum stað, á bls. 52:

„Eins og fram kom hér að framan vantar að meðaltali á bilinu 46–80 millj. kr. á ársgrundvelli til að fjárveitingar hrökkvi til að mæta útgjöldum við svipað rekstrarumfang og verið hefur nokkur undanfarin ár hjá Landhelgisgæslunni."

Þetta stendur í skýrslu Ríkisendurskoðunar þannig að vandinn hefur verið kortlagður.

Því miður verða stundum hörmuleg slys, bæði til lands og sjávar. Varðskipin eru stundum við verstu veðuraðstæður eina farið sem kemst á slysstað. Nægir að minna á Flateyrarsnjóflóð í því sambandi. Þyrlur Landhelgisgæslunnar eru í raun ekki aðeins mikilvæg björgunartæki heldur einnig sjúkrabifreið landsbyggðafólks og sjómanna ef þannig má að orði komast.

Hlutur landþjónustu í þyrluferðum er mikill. Yfir 80% af ferðum þeirra sl. þrjú ár voru inn á land en 20% út á sjó. Í flugtímum talið var 75% inn á land en 24% út á sjó. Þar af leiðandi er kostnaður einnig 75% vegna sjúkra- og neyðarflugs inn á land en 25% kostnaðar við neyðarflug út á sjó. Kostnaður við flug inn á land var 90 millj. en 29 millj. voru vegna flugs út á sjó, alls 180 millj.

Herra forseti. Er það svo að stjórnvöldum verði um og ó ef 20 millj. verða lagðar í viðhald og endurnýjun á þyrluhreyfli? Á e.t.v. að leggja þyrlunni í sparnaðarskyni? Vantar kannski fjármagn til að stækka og þenja út einhver sérstök gæluverkefni á vegum ríkisins?

Ég vil leggja eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. ráðherra:

Hvers vegna eru ekki settir fjármunir í að lagfæra varðskipið Óðinn svo nýta megi skipið og efla útgerð skipa Landhelgisgæslunnar svo hún geti sinnt eftirlits- og öryggishlutverki sínu við fiskimenn og landsbyggðafólk?

Hvernig verður staðið að eflingu á útgerðarþætti gæsluskipa á nýjan leik?

Þyrlur Landhelgisgæslunnar eru í raun sjúkrabifreiðar landsbyggðarinnar og fiskimiðanna auk þess sem þær hafa mikilvægt björgunarhlutverk. Hvers vegna á að svelta rekstrareiningu sjúkra- og öryggisþjónustu vegna fjárskorts upp á 20–30 milljónir? Hvenær er fyrirhugað að bjóða út smíði á nýju varðskipi?

[16:19]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. áhugann á málefnum Landhelgisgæslunnar, áhuga sem ég deili með honum af heilum hug, enda eru störf hennar ákaflega mikilvæg. Starfsmenn hennar hafa oft unnið ótrúleg afrek í þágu þjóðarinnar.

Nokkur ár eru síðan bera fór á erfiðleikum í rekstri Landhelgisgæslunnar. Við því var brugðist með ýmsum hætti, m.a. var reynt að skilja skýrlega á milli kostnaðar eins og viðhaldskostnaðar tækjaflota Gæslunnar og rekstrar hennar og fleira mætti nefna. Ríkisendurskoðun gerði ítarlega stjórnsýsluendurskoðun á skipulagi, verkefnum og rekstri Gæslunnar og var skýrsla hennar kynnt í febrúar 2001.

Fyrir réttu ári setti ég á laggirnar sérstakan starfshóp undir forustu Einars Odds Kristjánssonar alþingismanns. Í þeim hópi áttu einnig sæti forstjóri og fjármálastjóri Landhelgisgæslunnar auk embættismanna úr fjármála- og dómsmálaráðuneytinu. Starfshópurinn skilaði tillögum sínum um mitt síðasta ár þar sem m.a. var lagt til að uppsafnaður halli, bæði á viðhalds- og stofnkostnaðarsjóði og á rekstri stofnunarinnar, yrði þurrkaður. Veittar voru 120 millj. af fjáraukalögum 2002 til Landhelgisgæslunnar í því skyni. Jafnframt lagði hópurinn til að framlag í viðhalds- og stofnkostnunarsjóð yrði aukið um 20 millj. kr. á fjárlögum 2003. Á það var einnig fallist og hækkaði framlagið til Landhelgisgæslunnar sem því nam.

Á fjárlögum síðasta árs hafði framlag til Gæslunnar verið aukið um 8 millj. kr. umfram verðlag og því liggur fyrir að á síðustu tveimur árum og frá því að skýrsla Ríkisendurskoðunar var kynnt hefur framlag til Landhelgisgæslunnar verið aukið um a.m.k. 28 millj. að raungildi. Auk þess hafa framlögin verið hækkuð um aðra 3 tugi milljóna til að standa undir sérstökum verkefnum.

Það kom mér því mjög á óvart þegar forstjóri Landhelgisgæslunnar upplýsti fyrir stuttu að enn vantaði mikið upp á að endar næðu saman í rekstri Gæslunnar og var helst á honum að skilja að nú væri það flugreksturinn sem væri kominn úr böndum. Það vakti ekki síst athygli mína vegna þess að þetta hafði hvergi komið fram í vinnu starfshópsins sem fór yfir fjármál Landhelgisgæslunnar meginhluta síðasta árs.

Eftir vandlega yfirferð yfir stöðu mála komst ég að þeirri niðurstöðu að setja á laggirnar nýjan starfshóp sem fengi skýr og afmörkuð verkefni og var það gert fyrir um tveimur vikum síðan. Starfshópnum var falið að fara yfir þær fjárhagsáætlanir sem gerðar hafa verið um rekstur Landhelgisgæslunnar á síðustu missirum og fjárhagsútkomu rekstrarins á sama tíma og gera tillögu til úrbóta. Lagt var fyrir hópinn að hafa til hliðsjónar í starfi sínu skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi Gæslunnar, svo og niðurstöður starfshópsins sem starfaði á síðasta ári. Ég bind að sjálfsögðu vonir við að árangur verði af störfum þessa starfshóps en í hópnum eru fulltrúar dómsmrn. og frá Ríkisendurskoðun og fjmrn.

Hvað varðar séstaklega þau atriði sem hv. 4. þm. Vestf. gerði að umtalsefni þá skil ég að hann hafi áhyggjur af því að tvö varðskip geti sinnt þeim mikilvægu verkefnum sem Landhelgisgæslan á að sinna. Eins og fram hefur komið var ákveðið í tengslum við gerð fjárlaga og til að mæta kröfum um tveggja prósenta sparnað í ríkisrekstri að leggja varðskipinu Óðni. Var þetta gert til þess að ná fram 40 millj. kr. sparnaði en einnig og ekki síður í ljósi þess að varðskipið Óðinn er orðið gamalt. Fyrir lá, samkvæmt upplýsingum Landhelgisgæslunnar, að gera þyrfti við skipið fyrir tugi millj. kr. á þessu og næsta ári til þess að unnt væri að nota það áfram sem varðskip. Jafnframt lágu þessari ákvörðun til grundvallar skýrar upplýsingar frá Landhelgisgæslunni í bréfi til ráðuneytisins um að unnt væri að auka úthald varðskipanna Týs og Ægis þannig að ekki yrði breyting á fjölda úthaldsmánaða samanlagt milli ára.

Á grundvelli allra þessara upplýsingar var ákveðið að grípa til þessara ráðstafana. Rétt er að hafa í huga að úthaldið á Óðni á undanförnum árum hefur verið um sex mánuðir á ári. Úthaldið á Týr og Ægi var 7,8 mánuðir á hvoru skipi. Með því að auka það upp í 11 mánuði eins og áætlanir Landhelgisgæslunnar sýndu að unnt væri, væri úthaldið áfram það sama, þ.e. samtals um 22 mánuðir með tveimur skipum í stað 21 mánaðar með þremur skipum.

Rétt er einnig að taka fram að samkvæmt upplýsingum Landhelgisgæslunnar hefði rekstrarkostnaður Óðins á þessu ári verið tæpar 100 millj. kr., en einungis er gert ráð fyrir 40 milljóna sparnaði í fjárlögum þessa árs. Mismunurinn er ætlaður til þess að auka úthaldið hjá Týr og Ægi. Til þess að draga enn frekar úr neikvæðum áhrifum lagningar Óðins, ákvað Alþingi að leggja til að 24 millj. kr. yrðu settar til Landhelgisgæslunnar til að gera tilraun með leigu á skipi Hafrannsóknastofnunar til landhelgisgæslustarfa. Kostnaður við það er áætlaður um 1.200 þús. kr. á sólarhring. Því væri unnt að nota það í 20 daga til landhelgisgæslustarfa.

Með hliðsjón af þessu met ég það svo að öryggi sjómanna og vöktun landhelginnar sé ekki stefnt í hættu enda er ljóst að úthaldstími varðskipa, þ.e. sá tími sem þau eru ekki í höfn, er jafnvel áætlaður meiri á þessu ári en á því síðasta.

Hv. þm. varpar því fram hvort ekki ætti að lappa upp á varðskipið Óðinn til að unnt verði að nýta það (Forseti hringir.) áfram í þágu Landhelgisgæslunnar. Það mundi þurfa mjög kostnaðarsamar viðgerðir til að halda því í rekstri. Ég mun bæta við þessar upplýsingar í seinni ræðu minni. Ég sé að tími minn er að verða búinn.

[16:25]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það hefur viljað brenna við á undanförnum árum að í því ofurkappi sem ríkisstjórnin hefur viljað leggja á hallalaus fjárlög hefur raunfjárþörf stofnananna verið hnoðuð upp úr smjöri og teygð yfir eldi til að láta hana passa við villtustu drauma ríkisvaldsins um hallalaus fjárlög. Ýmsar stofnanir hafa legið nánast óvígar eftir og ekki hefur mælst vel fyrir að forsvarsmenn þeirra andæfðu. Við þekkjum öll dæmi um afleiðingar slíks.

Í dag ræðum við vanda einnar af okkar ágætu ríkisstofnunum sem hefur lent í slíkum raunum. Nú er þessi stofnun komin á hnén. Það má heita að einu varðskipi sé nú haldi úti

í einu, með semingi þó. Þau tvö sem eiga að vera í rekstri eru sjaldnast samtíða á sjó.

Það er engin spurning að kröfur til Landhelgisgæslunnar hafa stóraukist, ekki aðeins hvað varðar eftirlit með veiðum og siglingum heldur er svo komið að 80% af þyrlufluginu er flug með slasaða og sjúka í bráðatilvikum frá landsbyggðinni til hátæknisjúkrahúsanna. En fyrir þessu virðist fjárveitingavaldið hafa lokað augunum. Nú virðist sem þeir séu jafnvel að stýra atburðarásinni þannig að þyrlan Líf verði seld.

Það var aldrei meiningin, hæstv. forseti, að peningar til að reka þyrlurnar yrðu teknir af framlögum til varðskipanna þannig að útgjöld þeirra væru sem lömuð eftir. Báða þessa þætti þarf að fjármagna af skynsemi þannig að hvor aðilinn geti stutt hinn. Munum að mannslífið er mikils virði og að Landhelgisgæslan hefur margsýnt og sannað að þeim peningum sem til starfsemi hennar er varið er vel varið.

[16:27]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni fyrir að taka málefni Landhelgisgæslunnar upp á þingi. Landhelgisgæslan er stolt okkar og við köllum á hana þegar eitthvað bjátar á. Við gerum til hennar miklar kröfur og væntum þess að hún sé reiðubúin að bregðast við hvenær sem er og við hvaða aðstæður sem er.

Ég held að það sé ósk, von og krafa allrar þjóðarinnar og okkar á Alþingi að tryggja að Landhelgisgæslan sé í stakk búin til að mæta þessum kröfum eins og hún líka vill fá tækifæri til að gera.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2002 komu fulltrúar Landhelgisgæslunnar á fund fjárln. og gerðu grein fyrir fjárhag Landhelgisgæslunnar einmitt með hliðsjón af skýrslu Ríkisendurskoðunar sem hafði þá nýlega skilað rækilegri úttekt á stjórnsýslu, fjármálameðferð og verkefnum Landhelgisgæslunnar. Í þessari skýrslu Ríkisendurskoðunar kom fram að vel væri farið með fjármuni innan Landhelgisgæslunnar og að hún yrði að skera niður verkefni ef hún ætti ekki að fá aukið fjármagn. Þar kom fram að það þyrfti 46–80 millj. kr. til hækkunar á rekstrargrunni Landhelgisgæslunnar á ári til að hún gæti staðið undir óbreyttum verkefnum.

Nefndin sem hæstv. dómsmrh. setti á laggirnar til að fara yfir þessa skýrslu komst að nákvæmlega sömu niðurstöðu, lagði til að hallinn yrði greiddur upp og fjárhagur Landhelgisgæslunnar styrktur sem þessu nam ef ekki ætti að skera niður verkefnin. En því miður, herra forseti, hefur hæstv. dómsmrh. ekki orðið við þessu. Því eru störf og verkefni Landhelgisgæslunnar í uppnámi. Það er að mínu viti í andstöðu við vilja þjóðarinnar.

[16:29]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Stjórnsýsluendurskoðun á skipulagi, verkefnum og rekstri Landhelgisgæslunnar var kynnt af Ríkisendurskoðun í febrúar 2001. Í kjölfarið hefur verið unnið í samræmi við tillögur sem þar komu fram. Framlög til Gæslunnar hafa aukist eins og fram kom í máli hæstv. dómsmrh. sem hefur beitt sér sérstaklega í þágu stofnunarinnar. Það kemur því verulega á óvart ef nú er talið að um 100 millj. kr. vanti í reksturinn. Að sjálfsögðu verður farið nákvæmlega ofan í saumana á því til að leiða hið sanna í ljós.

Öllum er ljóst mikilvægi öryggishlutverks Landhelgisgæslunnar sem stofnuninni þarf að vera kleift að sinna hér eftir sem hingað til. Ákvörðun um útboð á nýju varðskipi er í burðarliðnum. Smíði slíks skips er afar kostnaðarsamt verkefni eins og gefur að skilja. Nýtt varðskip þarf að geta fullnægt nútímakröfum. Gerðar eru kröfur um stærra skip en gert var fyrir 30 árum og gæti slíkt skip fullbúið kostað yfir 3 milljarða króna.

Ljóst þykir að endurskipuleggja þurfi flugrekstur Gæslunnar í heild í samræmi við annan flugrekstur á vegum ríkisins. Að því verki vinnur nú starfshópur á vegum ráðherra. Sjúkraflug Landhelgisgæslunnar skiptir afar miklu fyrir heilbrigðisþjónustu landsmanna og því er eðlilegt að samstarf sé haft um það milli dómsmrn. og heilbrrn. auk Tryggingastofnunar ríkisins.

Í harðbýlu landi þar sem oft þarf að flytja sjúklinga um langan veg í misjöfnum veðrum til meðferðar á sérhæfðum sjúkrahúsum er nauðsynlegt að biðtími sé stuttur, starfsfólk vel þjálfað og tækjakostur allur af bestu gerð. Almenningur á Íslandi reiðir sig á að hægt sé að flytja sjúka og slasaða á öruggan stað allt árið um kring og sjúkraflug Landhelgisgæslunnar hefur svo sannarlega staðið undir þeim væntingum.

Það er kappsmál fyrir yfirvöld að staðið sé vel að verki svo traust almennings sé verðskuldað en einnig kappsmál fyrir yfirvöld að halda við hallalaus fjárlög.

[16:32]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er ekki nýlunda að á hinu háa Alþingi sé ræddur fjárhagsvandi ríkisstofnana. Það er frekar hægt að segja að það sé regla en undantekning að slíkt sé gert þó að þessi umræða sé óvenjusnemma árs. Það er hins vegar ljóst að fjárhagsvandi Landhelgisgæslunnar hefur nokkuð lengi verið kunnur eins og hæstv. dómsmrh. benti á í ræðu sinni. Það er einnig ljóst að það hefur verið komið að nokkru leyti til móts við þann fjárhagsvanda, og tekið kannski fyrst og fremst á uppsöfnuðum vanda.

Það er hins vegar annað sem vekur séstaka athygli. Ég hlustaði grannt eftir því í ræðu hæstv. dómsmrh. hvort einhver skýring kæmi fram á því hvers vegna ekki hefði verið brugðist við hluta af þeim tillögum sem m.a. komu fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar við þá úttekt sem stofnunin gerði á Landhelgisgæslunni. Það er nefnilega þannig, herra forseti, að það er ekki bara verið að fjalla um fjárhagsvanda stofnunarinnar í skýrslu Ríkisendurskoðunar heldur er bent á fjölmörg dæmi um það sem betur má fara í skipulagi og uppstokkun ýmissa mála. Nefna mætti fjölda dæma þar um.

Meginspurningarnar til hæstv. dómsmrh. hljóta að vera: Hvers vegna hefur ekki verið brugðist við þeim tillögum sem fram komu í skýrslunni? Hvers vegna þarf enn einu sinni að skipa starfshóp? Hvers vegna gat hinn fyrri starfshópur ekki lokið þessu verki? Er einhver vandi annars staðar við að taka ákvarðanir? Hvernig stendur á því að það er ekki hægt að bregðast við einföldum, augljósum tillögum úr skýrslu Ríkisendurskoðunar sem mundu spara fé, og ekki bara það heldur og tryggja að betur sé farið með fjármuni hins opinbera? En það á að sjálfsögðu að vera leiðarljós okkar í þessu máli sem öðrum.

[16:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hv. málshefjanda Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir að taka þetta mál upp. Það er sannarlega ástæða til. Um leið vil ég segja að það er dapurlegt að verða vitni að því hversu naumt er skammtað í fjárveitingum til Landhelgisgæslunnar. Þó að það sé vissulega ánægjulegt að

Gæslan eigi víða hauka í horni og velunnara er það umhugsunarefni þegar svo er komið að hún þarf fyrst og fremst að reiða sig á samskot til að fjármagna tækjakaup eða bæta á einhvern hátt búnað sinn.

Það vekur líka spurningar, herra forseti, hversu gáfulegt sé að nýta tækjakost jafnlítið og raun ber vitni þegar iðulega berast fréttir af því að eitt og jafnvel ekkert skip Gæslunnar sé á sjó. Nýlega lenti flutningaskip í vanda undan suðurströnd landsins, og fréttum af þeim atburði fylgdi að Gæslan hefði ekki verið í aðstöðu til að senda varðskip til að liðsinna skipinu eða reyna að bjarga því.

Þar á ofan, herra forseti, hefur einmitt hér á Alþingi nýlega verið rætt um aukin verkefni sem með lögum á að leggja á herðar Landhelgisgæslunni, þ.e. að gæta sérefnahagslögsögunnar í mengunarvarnaskyni. Þar er um að ræða viðamikla löggjöf og umfangsmikið hlutverk sem Landhelgisgæslan á nú að taka á sínar herðar. Ég fæ illa séð að það gangi upp nema því fylgi einhverjir fjármunir.

Niðurstaða mín er því sú að það sé algerlega óhjákvæmilegt að búa betur að Gæslunni, ekki bara hvað tækjakost snertir, samanber undirbúning að byggingu nýs skips, heldur einnig fjárveitingar. Það er út af fyrir sig lítið að gera með góð tæki ef ekki eru peningar til þess að nýta þau.

Síðast en ekki síst verð ég að segja að reynslan kennir okkur það jafnan að ekkert getur komið í staðinn fyrir okkar eigin viðbúnað, staðkunnugra manna, hvað björgunarstörf snertir. Ég gef mér það, herra forseti, að við ætlum að reyna að mannast til að gæta þeirrar landhelgi sem ekki síst Gæslan átti sinn stóra þátt í að færa þjóðinni á sínum tíma.

[16:36]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég get tekið undir með síðasta ræðumanni hvað áhrærir störf og þekkingu starfsmanna Landhelgisgæslunnar sem búa yfir mikilli þekkingu í leit og björgun á sjó. Eins og fram hefur komið hér áður er ekkert smáhafsvæði sem Landhelgisgæslan þarf að hafa eftirlit með, í fyrsta lagi 758 þús. ferkílómetrar og í öðru lagi þeir samningar sem við höfum gert við aðrar þjóðir um að undir Landhelgisgæsluna falli leitarsvæði sem er yfir milljón ferkílómetra hafsvæði. Það er því í mörg horn að líta.

Hins vegar held ég að málið sé kannski að það eru svo margir þættir sem Landhelgisgæslan þarf að koma inn í nú sem samrýmast ekki þeim lögum sem enn eru í gildi fyrir Landhelgisgæsluna frá 1976 sem við þurfum auðvitað að endurskoða. Ég nefni t.d. það sem hér var komið inn á varðandi mengunarmálin. Nú á Landhelgisgæslan að sinna hluta þeirrar starfsemi sem er á vegum umhvrn.

Hér hefur verið talað um sjúkraflugið. Þar er líka margt sem fellur undir samgrn. Þannig eru það þrjú ráðuneyti, ásamt dómsmrn., sem þessi merka stofnun fellur undir og það þarf auðvitað að samræma. Það getur leitt til þess að þó að búið sé að ákveða fjárlög eins árs fyrir Landhelgisgæsluna verði umfangið of mikið. Mörg atriði geta komið upp hjá ýmsum ráðuneytum sem leita til Landhelgisgæslunnar, t.d. sjúkraflugið. Lengi hefur það verið í liði að þegar Landhelgisgæslan hefur sinnt því hafa engar greiðslur komið fyrir það. Ég nefni líka t.d. tryggingafélögin til viðbótar.

Ég held, herra forseti, að hér sé í mörg horn að líta og ekki kannski við eitt mál að sakast í þessu sambandi. Við þurfum hins vegar að endurskoða lögin um Landhelgisgæsluna. Við þurfum líka að horfa til þess að þetta stóra og mikla verkefni Landhelgisgæslunnar er svo breytilegt að það er tæplega hægt að ákveða nema einhver lágmarksfjárlög fyrir hana. Auk þess fögnum við auðvitað því að nú fer að styttast í að tekin verði ákvörðun um nýtt varðskip og það mun auðvitað gjörbreyta starfsemi Landhelgisgæslunnar.

[16:39]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég þakka þingmönnum undirtektir með áhyggjum mínum af málefnum Landhelgisgæslunnar. Ég verð að segja, herra forseti, að þrátt fyrir að við eigum afburðastarfslið, að mínu viti, hjá Landhelgisgæslunni sem býr við mikla þjálfun og þekkingu og reynslu verður ekki treyst á það eitt og sér ef tækjabúnaðurinn er ekki til staðar.

Það er ekki viðunandi að mínu viti að úr þeirri fjárvöntun sem öllum hefur verið ljós í langan tíma skuli ekki bætt. Ef ég veit rétt um þá ályktun sem kom af starfi nefndar undir forustu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar komst sú nefnd líka að þeirri niðurstöðu, eins og Ríkisendurskoðun, að það væri vöntun á fé ef ekki ætti að skera niður þjónustuna. Nú er verið að skipa þriðju nefndina.

Herra forseti. Á árinu 1995 ályktaði Farmanna- og fiskimannasamband Íslands með sérstakri ályktun þar sem skorað var á dómsmrh. að láta fara fram sérstaka athugun á því hvaða tækjakost þyrfti til þess að standa að eðlilegu eftirliti innan lögsögunnar, að því að við gætum sinnt hér eðlilegum skyldum okkar. Síðan þá hefur enn þá bæst á störf á vegum Landhelgisgæslunnar.

Hér hefur verið nefnd mengun. Við þurfum að gæta að 200 mílunum okkar. Það er fjöldi skipa á svokölluðum svörtum lista sem stundar veiðar við lögsögur annarra ríkja. Við þurfum að fylgjast með okkar eigin skyndilokunum innan lögsögunnar sem eru oft upp undir 100 á ári og eru í sambandi við fiskveiðistjórn. Öll þessi verkefni eru falin Landhelgisgæslunni til viðbótar við öryggisþáttinn og þá vitneskju landsmanna að þeir eigi Landhelgisgæsluna að. Til þess á að veita fé. Og ég skora á dómsmrh. að standa þannig að málinu.

[16:41]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég þakka fyrir ágæta umræðu um málefni Landhelgisgæslunnar. Það er morgunljóst að þar fer fram afar mikilvægt starf, ekki síst á sviði öryggismála. Ég er fullkomlega sammála hv. málshefjanda um að búa þurfi vel að starfseminni. Við höfum hins vegar, þvert gegn því sem hér hefur verið haldið fram, unnið að því að styrkja starfsemina, m.a. með verulegum fjárframlögum. Við þessu var brugðist, hv. þingmaður, og það kemur skýrt fram í tillögum þess starfshóps sem var m.a. myndaður með starfsmönnum Landhelgisgæslunnar.

Varðandi varðskipið Óðin hefur ráðuneytið að undanförnu fengið upplýsingar frá Landhelgisgæslunni um að mögulega sé kostnaðurinn við að koma Óðni í nothæft ástand ekki jafnmikill og áætlaður var á síðasta ári af Landhelgisgæslunni. Ef unnt er að staðfesta það með skýrum hætti mun ráðuneytið að sjálfsögðu taka til skoðunar hvort það sé hagkvæmari lausn en aðrar sem nefndar hafa verið.

Hv. þm. nefndi líka mikinn kostnað af þyrlurekstrinum og þá staðreynd að einungis lítill hluti af björgunarflugi Gæslunnar er úti á sjó. Hvað varðar flugreksturinn hefur það ítrekað komið fram að huga þurfi að endurskipulagningu hans í heild sinni. Bæði kemur þetta fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar og niðurstöðum starfshópsins á síðasta

ári. Þetta verður auðvitað einnig atriði sem hinn nýstofnaði starfshópur mun taka upp á sína arma og setja í skýrari farveg með starfsfólki Gæslunnar.

Hvað varðar kostnað vegna t.d. sjúkraflugs Landhelgisgæslunnar hef ég tekið það atriði sérstaklega upp við hæstv. heilbr.- og trmrh. sem leiddi til þess að fulltrúar Landhelgisgæslunnar, Tryggingastofnunar ríkisins, heilbrn. og dómsmrn. eru að fara ítarlega yfir þau mál.

Jafnframt bind ég vonir við að bráðlega verði unnt að taka ákvörðun um útboð á nýju varðskipi sem yrði að sjálfsögðu mikil lyftistöng fyrir alla starfsemi Landhelgisgæslunnar. Að mínum dómi eru allar forsendur til þess að taka ákvörðun þar að lútandi innan skamms. Málefni Landhelgisgæslunnar eru í skýrum farvegi.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 1. umr.

Stjfrv., 488. mál (rafræn vöktun, ættfræðirit). — Þskj. 804.

[16:44]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Efni þess er tvíþætt:

Í fyrsta lagi þykir nauðsynlegt, í samræmi við ábendingu stjórnar Persónuverndar, að styrkja lagastoð hefðbundinnar vinnslu ættfræðiupplýsinga og að sett verði sérstakt heimildarákvæði um hana í lögin.

Í öðru lagi er lagt til að ákvæði laganna um rafræna vöktun verði gerð skýrari.

Hvað varðar vinnslu ættfræðiupplýsinga gilda lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, svo og handvirka vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að vera hluti af skrá, sbr. 3. gr. laganna.

Vinnsla persónuupplýsinga sem lögin taka til er einungis heimil að tilteknum skilyrðum fullnægðum, sbr. 8. og 9. gr. laganna. Færa má fyrir því veigamikil rök að vinnsla persónuupplýsinga í þágu gerðra ættfræðirita og æviskrárrita falli undir gildissvið laganna. Tilteknum upplýsingum um nafngreinda einstaklinga er safnað saman á einn stað og þær birtar í ritum eða æviskrám. Má til sanns vegar færa að slíkt sé vinnsla persónuupplýsinga sem „eru eða eiga að vera hluti af skrá", sbr. fyrrnefnt ákvæði 3. gr.

Vandinn hefst þegar leita á heimildar fyrir slíkri vinnslu ættfræðiupplýsinga. Hún hefur þá sérstöðu að tæpast er hægt að heimila hana með vísan til skilyrða 8. gr. laganna og eftir atvikum 9. gr. Í þeim ákvæðum eru skilyrðin m.a. þau að ótvírætt samþykki hins skráða fáist, að vinnslan sé nauðsynleg í ýmsu tilliti eða að Persónuvernd geti heimilað hana ef brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga krefjist þess.

Er því lagt til að bætt verði sérákvæði um vinnslu ættfræðiupplýsinga í lögin um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Er það lagt til í ljósi þess að vinnsla ættfræðiupplýsinga hefur sérstöðu umfram vinnslu annarra persónuupplýsinga, þ.e. að fyrir henni er rík hefð hér á landi og ættfræðiáhugi almennings mikill. Má því ætla að flestir séu hlynntir því að ættfræðingar og áhugamenn um ættfræði sinni áfram iðju sinni eins og verið hefur.

Þó þykir rétt að heimild til vinnslu ættfræðiupplýsinga gangi ekki lengra en nauðsyn krefur. Það er í samræmi við ákvæði laganna að öðru leyti og anda þeirra. Er því lagt til að heimildin til að vinna með persónuupplýsingar við gerð ættfræði- og æviskrárrita nái aðeins til almennra lýðskráruppplýsinga, sbr. 3. gr. frv. Þegar um aðrar persónuupplýsingar er að ræða gilda ákvæði laganna eftir því sem við á.

Í 4. gr. frv. er enn fremur lagt til að bætt verði við 9. gr. laganna ákvæði um að Persónuvernd geti heimilað vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, stríði það ekki gegn hagsmunum hins skráða eða niðja hans. Þykir slíkt ákvæði nauðsynlegt þegar um er að ræða persónuupplýsingar um látna menn, en torvelt er að sjá að önnur heimildarákvæði 9. gr. eigi þá við.

Svo ég víki að 1. og 2. gr. frv. hefur Persónuvernd talið að hugtakið rafræn vöktun sé misvísandi í lögunum, t.d. hafi ríkt nokkur óvissa um hvenær rafræn vöktun með notkun myndbandstækni sé tilkynningaskyld. Í frv. er því lagt til að ákvæði um rafræna vöktun verði skýrari, sbr. 1. og 2. gr. frv. Hugtakið rafræn vöktun taki í fyrsta lagi til vöktunar sem leiði, eigi að leiða eða geti leitt til vinnslu persónuupplýsinga. Skuli slík vinnsla lúta ákvæðum laganna svo og önnur vinnsla persónuupplýsinga. Þá skal teljast til rafrænnar vöktunar svonefnd sjónvarpsvöktun þótt hún hvorki leiði til né geti leitt til vinnslu persónuupplýsinga. Þannig verði ótvírætt að slík vöktun skuli lúta sömu skilyrðum og önnur rafræn vöktun eftir því sem við á.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 489. mál (EES-reglur). — Þskj. 805.

[16:49]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á umferðarlögum.

Markmið frv. er að auðvelda möguleika tjónþola á að fá bætur vegna umferðarslyss sem þeir hafa orðið fyrir í EES-ríkjum og Sviss. Tjónsuppgjörsaðilum og upplýsingamiðstöðvum hefur verið komið á fót eða slíkir aðilar viðurkenndir í flestum þessara ríkja til að auðvelda tjónþola að sækja rétt sinn og fá greiddar bætur frá því vátryggingafélagi sem tryggði ökutækið sem tjóninu olli. Er lagt til að svo verði einnig hér á landi og að viðurkenndur verði tjónsuppgjörsaðili og upplýsingamiðstöð í þessu skyni.

Ekki er gert ráð fyrir að komið verði á fót nýjum aðilum heldur að Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. taki að sér þetta hlutverk. Er það í samræmi við það sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndunum og flestum öðrum nágrannaríkjum Íslands, enda sækir frv. fyrirmynd sína til dönsku laganna um sama efni.

Tilefni frv. er fyrst og fremst innleiðing tilskipunar 2000/26/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingar vegna notkunar vélknúinna ökutækja, svonefnd Fjórða tilskipun um ökutækjatryggingar. Er brýnt að frv. nái fram að ganga á þessu þingi til þess að Ísland geti fullnægt skyldum sínum samkvæmt EES-samningnum.

Einnig felur frv. í sér breytingar til samræmis við ákvæði svonefnds Vaduz-samnings, sem öðlaðist gildi fyrr á þessu ári.

Meginefni frv. snýr að hlutverki tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöðvar hér á landi, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Tjónsuppgjörsaðili á að annast greiðslu bóta vegna tjóns af völdum vélknúins ökutækis ef tjónþoli er búsettur hér á landi og ökutæki er vátryggt í öðru EES- eða EFTA-ríki. Þetta á líka við um tjónþola sem búsettir er í öðru EES- eða EFTA-ríki og verða fyrir tjóni af völdum ökutækja sem vátryggð eru hér á landi.

Greiðsla bóta af hendi tjónsuppgjörsaðila er háð nánari skilyrðum, m.a. að tjónþoli hafi krafið viðkomandi vátryggingafélag um bætur fyrst. Tekið skal fram að ákvæði frv. varða hvorki reglur alþjóðlegs einkamálaréttar né réttarfars um lagaskil og varnarþing.

Upplýsingamiðstöð á að aðstoða tjónþola við að afla upplýsinga um vélknúið ökutæki og vátryggingu þess í nánar tilgreindum tilvikum. Er gert ráð fyrir því að dómsmrh. setji nánari reglur um þessa starfsemi og skyldu vátryggingafélaga til að láta miðstöðinni í té uppýsingar. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að söfnun upplýsinga er háð skilyrðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 49. mál (breytingar á bótagreiðslum). — Þskj. 49.

[16:52]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur, Jóhanni Ársælssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Með frumvarpi þessu er lögð til breyting á því ákvæði almannatryggingalaga sem kveður á um hækkun bóta, greiðslna og fjárhæða samkvæmt lögunum. Frumvarpsgreinin er í þá veru, herra forseti, að lagt er til að bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. almannatryggingalaga og fjárhæðir skv. 17. gr. sömu laga, skuli breytast ársfjórðungslega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal fylgja launavísitölu. Þó skulu bætur, greiðslur og fjárhæðir hækka í samræmi við verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs ef slík viðmiðun leiðir til hærri bóta.

Herra forseti. Það er ekki að ástæðulausu að þetta frv. er flutt. Á undanförnum árum hafa bætur almannatrygginga dregist verulega aftur úr öllu launaviðmiði í þjóðfélaginu og ríkisstjórnin, sem hefur samkvæmt lögum vald til að hækka bætur og ákvarða í fjárlögum hverju sinni, hefur ávallt miðað við þá tryggingu sem lægst hefur gefið bótaþegum hverju sinni.

Nú er gert er ráð fyrir að bætur almannatrygginga, svo og greiðslur samkvæmt 59. gr. og 17. gr. almannatryggingalaga, séu endurskoðaðar árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni og breytt í samvæmi við þróun launa en hækki þó aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Í töflu sem fylgir þessu frv. kemur fram neysluvísitala og launavísitala fyrir árin 1998–2001. Þessi tafla sýnir ljóslega að neysluvísitalan hefur öll þessi ár verið mun lægri en launavísitalan. Það var einkum á árinu 1998 að neysluvísitalan var 1,7 meðan launavísitalan var 9,4. Þó að dregið hafi saman með þessum vísitölum frá 1999 þá munar verulegu á því sem launavísitalan hefði gefið lífeyrisþegum í hærri greiðslur eða bætur ef miðað hefði verið við hana.

Það hefur reyndar, herra forseti, verið krafa bæði Öryrkjabandalagsins og Landssambands aldraðra að lögfest yrði að bætur almannatrygginga yrðu miðaðar við launavísitölu. Reyndar var það ein aðalkrafa Öryrkjabandalagsins vegna Evrópuárs fatlaðra að miða bætur almannatrygginga við launavísitölu.

Útreikningar Þjóðhagsstofnunar hafa sýnt að t.d. grunnlífeyrir og tekjutrygging hefðu árið 2001 verið rúmum 7 þús. kr. hærri á mánuði, eða rúmum 84 þús. kr. hærri á ári ef útreikningar þessara lífeyrisgreiðslna hefði tekið mið af þeim breytingum sem orðið hafa á launavísitölu á árabilinu 1995–2001. Þannig hafa lífeyrisþegar verið hlunnfarnir um verulegar fjárhæðir á hverju ári með því að miða lífeyrisgreiðslur þeirra ekki við launavísitölu.

Það er einnig ástæða til að geta þess að ég spurði hæstv. félmrh. um þau viðmið sem notuð hefðu verið varðandi hækkun á atvinnuleysisbótum. Hefði verið miðað við launavísitölu, eins og eðlilegt er að gera, hefðu atvinnuleysisbætur verið 15 þús. kr. hærri á mánuði en þær eru í dag. Þannig hefðu atvinnulausir haft um 180 þús. kr. meira á ári ef sú viðmiðun hefði verið notuð sem var í gildi fyrir nokkrum árum.

Einnig koma fram mjög athyglisverðar upplýsingar þegar skoðuð er þróun kaupmáttar samanlagðs grunnlífeyris og tekjutryggingar á árunum 1995–2001 og hún borin saman við kaupmátt lágmarkslauna. Samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar kemur í ljós að kaupmáttur lífeyrisgreiðslna hefur aukist um liðlega 11% á árunum 1995–2001 en kaupmáttur lágmarkslauna aftur á móti aukist á sama tímabili um liðlega 42%. Aukning á kaupmætti lágmarkslauna er því 28% umfram aukningu á kaupmætti grunnlífeyris og tekjutryggingar á árabilinu 1995–2001.

Það er satt að segja, herra forseti, afar villandi, eins og stjórnvöld hafa reynt að gera þegar þau eru að tala um kaupmátt lífeyris og hvað hann hafi aukist mikið, að taka með í útreikninga um kaupmátt lífeyrisþega, heimilisuppbót og tekjutryggingarauka, sem lítill hluti aldraðra og öryrkja fær. Má t.d. nefna að aðeins 1,3% aldraðra og 9,3% öryrkja, eða 908 öryrkjar, fengu á árinu 2001 tekjutryggingarauka eða fullar bætur almannatrygginga, samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins. Einnig fá einungis milli 16–20% aldraðra og öryrkja heimilisuppbót. Stærstur hluti lífeyrisþega fær því ekki heimilisuppbót eða tekjutryggingarauka.

Þar með er verið að taka mið af því sem nokkur hundruð öryrkjar og aldraðir sem mest hafa úr almannatryggingakerfinu fá þegar talað er um kaupmátt þessa hóps af hálfu stjórnvalda. Slíkur málflutningur er afar villandi vegna þess að hópinn telur sennilega í heild yfir 30 þús. manns og hér er einungis verið að taka mið af því sem örlítill hluti þessa hóps fær eða hefur fengið að því er varðar kaupmáttaraukningu.

Stjórnvöld hafa valið þá leið að fylgja vísitölu neysluverðs í stað þess að fylgja þróun launa með þeim afleiðingum

sem ég hef lýst. Hér er lagt til að launavísitölu verði fylgt og að framangreindar breytingar komi til framkvæmda ársfjórðungslega í stað þess að slíkt gerist árlega enda vísitölur reiknaðar út mánaðarlega. Það kæmi því miklu betur út fyrir lífeyrisþega ef breytingar á launavísitölu yrðu lagðar til grundvallar ársfjórðungslega í staðinn fyrir að reikna hækkun á bótunum á árs fresti. Ég tel að bið eftir hækkunum og uppfærslu í allt að 12 mánuði eins og nú er verði að teljast óeðlileg leið og óréttlát.

Ég vil vitna til þess, herra forseti, að Landssamband eldri borgara hefur lagt áherslu á að þessu verði breytt og gerði það með ályktun um kjaramál á landsfundi sambandsins fyrir nokkrum árum, árið 1999. Þetta er því búið að vera baráttumál mjög lengi hjá þessum hópi. En í ályktuninni er lýst nauðsyn þess að hækka grunnlífeyri almannatrygginga án skerðingar tekjutryggingar og í kjölfarið verði breytingar á upphæðum grunnlífeyris almannatrygginga og annarra bótaflokka látnar fylgja breytingum á launavísitölu Hagstofunnar eins og ég hef hér greint frá.

Herra forseti. Þetta frv. hefur verið flutt nokkrum sinnum áður, fyrst á 125. löggjafarþingi og málið hefur farið til umsagnar fjölda aðila. Flestar umsagnir eru afar jákvæðar frá Öryrkjabandalaginu, aðgerðarhópi aldraðra, Sjálfsbjörgu – landssambandi fatlaðra, Landssambandi eldri borgara, Alþýðusambandi Íslands, Þroskahjálp og Félagi eldri borgara. Enginn umsagnaraðili mælti gegn frv., en það var m.a. einnig sent til fjmrn., heilbr.- og trmrn. og Tryggingastofnunar ríkisins.

Það er því ástæða til, herra forseti, að ætla að nú þegar frv. er lagt fram á nýjan leik geti skapast víðtæk sátt um það og um nauðsyn þess að kjör þessa hóps verði leiðrétt og bætt, enda liggur skýrt fyrir að aldraðir og öryrkjar hafa ekki fengið réttmætan hlut í aukningu þjóðartekna á umliðnum árum.

Það er alveg ljóst að þó að kjör þessa hóps hafi lítillega verið lagfærð fyrir tilstuðlan Landssambands eldri borgara nú í nóvembermánuði ef ég man rétt, þá er einungis verið að skila litlum hluta aftur af því sem tekið hefur verið af þeim hópi á umliðnum árum með því að miða ekki við launavísitölu.

Það alvarlega í þessu öllu saman er þá, herra forseti, þegar ríkisstjórnin státar sig af því að hafa verið að rétta lítillega hlut aldraðra og öryrkja, herra forseti, þá er það tekið umsvifalaust aftur að verulegu leyti með því að sá hópur er látinn greiða skatt af þessum litlu tekjum sem hann fær í sinn vasa.

Það er einmitt það sem við í Samfylkingunni höfum verið að mótmæla og leggja fram tillögur um að menn skoði það af fyllstu alvöru og setjist yfir það viðfangsefni að finna leiðir til þess að vera ekki að skattleggja lágtekjuhópana í þjóðfélaginu sem hafa sér til framfærslu einungis 90.000 kr. sem er langt frá því að duga fyrir brýnustu framfærslu.

Herra forseti. Sú leið sem við leggjum til miðar að því að rétta hlut aldraðra og öryrkja í þjóðfélaginu og verður að vænta þess, herra forseti, að menn skoði þetta mál jákvætt, ekki síst með tilliti til þeirra umsagna sem fram hafa komið að þær áherslur sem Öryrkjabandalagið og Landssamband aldraðra leggja á það að hlutur þeirra skjólstæðinga sé ekki fyrir borð borinn í þjóðfélaginu og þeir hópar sitji við sama borð og aðrir þegar verið er að færa hópum í þjóðfélaginu eilitlar kjarabætur.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Könnun á umfangi fátæktar, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 51. mál. — Þskj. 51.

[17:05]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um könnun á umfangi fátæktar sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur og Karli V. Matthíassyni.

Tillagan felur í sér að félmrh. láti fara fram úttekt á umfangi, orsökum og afleiðingum fátæktar á Íslandi, bæði félagslegum og fjárhagslegum, með það að markmiði að leggja fram tillögur um úrbætur sem treysti öryggisnet velferðarkerfisins. Til að ná því markmiði verði lágmarksframfærslukostnaður eftir fjölskyldugerð skilgreindur og gerðar tillögur til úrbóta sem miði við að enginn hafi sér til framfærslu tekjur undir skilgreindum framfærslumörkum.

Úttektin verði unnin í nánu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Niðurstöður ásamt tillögum um aðgerðir til úrbóta verði lagðar fyrir Alþingi á haustþingi 2003.

Herra forseti. Á undanförnum mánuðum og missirum hafa komið fram upplýsingar sem staðfesta mikla aukningu á fjölda fátækra og þeirra sem glíma við mikla fjárhagserfiðleika. Mæðrastyrksnefnd hefur upplýst að fjöldi þeirra sem leita sér aðstoðar og matargjafar var 40% meiri á síðasta ári en á árinu 2001. Fram hefur komið hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík að auka þurfti fjármagn vegna fjárhagsaðstoðar um 150 millj. á síðasta ári og að fjárhagsaðstoð hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík jókst um 48% milli áranna 2001 og 2002.

Ljóst er að þessar tölur sýna okkur að meðan ríkisstjórnin hefur verið að skerða eðlilegar bætur til þeirra sem síst skyldi, þ.e. öryrkja og atvinnulausra og aldraðra, þá sýna þessar tölur um aukningu á fjárhagsaðstoð t.d. hjá Reykjavíkurborg, að ríkisvaldið er að velta þessum vanda yfir á sveitarfélögin, vegna þess að það segir sig sjálft að þegar að kreppir hjá þessum hópum og staða þeirra verður verri, m.a. vegna þess að þeir hópar hafa ekki fengið það sem þeim ber af því góðæri sem við höfum búið við á undanförnum árum, þá neyðist þetta fólk til þess að leita sér að aukinni fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögum.

Það er auðvitað illa komið fyrir einni ríkustu þjóð heims þegar fátækt og oft fullvinnandi fólk þarf í vaxandi mæli að sækja sér matargjafir til líknarsamtaka til að svelta ekki. Það er einmitt það sem við höfum verið að sjá á umliðnum árum. Og það sem lesa má í ágætri úttekt, samantekt Morgunblaðsins sem birtist í síðasta sunnudagsblaði, er að vinnandi fólk þarf í auknum mæli að leita sér aðstoðar. Í hópi fátækra er fjöldi öryrkja og aldraðra, einstæðir foreldrar, einstæðingar og barnmargar fátækar fjölskyldur. Mæðrastyrksnefnd stendur fyrir vikulegum úthlutunum á matargjöfum þar sem húsið fyllist af fólki sem nær ekki endum saman og á ekki fyrir brýnustu nauðþurftum út mánuðinn. Það er alveg ljóst, herra forseti, að þangað fer fólk ekki fyrr en í algjörri neyð.

Einnig hefur komið fram, herra forseti, að stöðugt fjölgi í þeim hópi fólks sem hefur ekki efni á að leita til læknis

eða leysa út lyfin sín. M.a. sagði formaður Eflingar ekki fyrir margt löngu að það væri orðið áberandi að læknar vísi fólki til sérfræðinga eða í rannsóknir, en það skili sér ekki þangað. Svo langt hefur verið gengið að fólk sem ekki á fyrir lyfjum né mat eins og mörgum þeirra sem lifa þurfa af lífeyri almannatrygginga eða sambærilegum tekjum, er gert að greiða skatt til samfélagsins sem samsvarar mánaðarlífeyrisgreiðslum þeirra.

Þetta eru lýsandi dæmi um hvernig þjóðfélagið bregst skyldum sínum við fátækt fólk og hvernig öryggiskerfið í velferðarmálum Íslendinga er brostið. Ekki síst sýnir þetta þó hvernig ráðamenn fótumtroða stjórnarskrárbundinn rétt þeirra til aðstoðar sem höllum fæti standa.

Herra forseti. Þrátt fyrir að þessi mál hafi ítrekað verið rædd á hv. Alþingi, þrátt fyrir að leitað hafi verið eftir utandagskrárumræðum um málið, m.a. við hæstv. forsrh. vegna þess að málið snertir mörg ráðuneytið, þá hefur hæstv. ráðherra neitað slíkum utandagskrárumræðum. Umræða utan dagskrár var þó um málið í nóvembermánuði sl. við félmrh. um stöðu lágtekjufólks og hæstv. ráðherra neitaði því þá að fara með málið fyrir ríkisstjórnina þegar ég spurði hann um það, en sagði að ef í ljós kæmi að sár fátækt mundi aukast marktækt og fjölskyldur og einstaklingar líða skort, yrði það að sjálfsögðu rætt í ríkisstjórn og leitað leiða til úrbóta.

Herra forseti. Það kom einmitt fram í Morgunblaðinu í gær að málið hefur greinilega verið rætt í ríkisstjórninni og ráðherranefnd fjögurra ráðuneyta er að ræða þessi mál.

Herra forseti. Loksins kom að því eftir að við höfðum ítrekað hamrað á því á þinginu og ekki bara hér innan dyra, heldur hefur fólk sem vinnur við þessi mál marghamrað á því, fjölmiðlar verið mjög ötulir við að upplýsa um vaxandi fátækt í þjóðfélaginu, að ríkisstjórnin gat ekki lengur barið höfðinu við steininn og hefur viðurkennt að fátækt hafi farið vaxandi í þjóðfélaginu og málið sé komið í þá stöðu að ástæða sé til að skipa ráðherranefnd í málið.

Og það er einmitt það sem kemur fram í þessari ágætu úttekt í Morgunblaðinu, að þær leiðir sem menn benda á að þurfi að fara í þessum málum, eru nákvæmlega þær leiðir sem við í Samfylkingunni höfum verið að leggja til, m.a. með þeirri tillögu sem ég mæli fyrir, um að menn fari í það að skilgreina þennan vanda, orsakir og afleiðingar fátæktar, bæði félagslegar og fjárhagslegar og komi með úrbætur sem treysti öryggisnet velferðarkerfisins.

Það ætti auðvitað að styðja málstað ríkisstjórnarinnar ef hún ætlar að fara að taka á þessu máli, að Alþingi álykti í þessum málum, þannig að ríkisstjórnin komist nú ekki upp með að leggja þessi mál ofan í skúffuna. Það er auðvitað nauðsynlegt að fá það líka fram eins og var reynt hér í óundirbúnum fyrirspurnum í dag, hvort ríkisstjórnin ætli að gera eitthvað raunhæft í málunum áður en þing fer heim, eða hvort þetta sé bara einhver sýndarmennska hjá ríkisstjórninni, að hún geti ekki lengur undan því vikist að skoða málið a.m.k. af því að kosningar eru í nánd.

Herra forseti. Lesa má út úr þeirri úttekt sem er í Morgunblaðinu í dag, og er þá stuðst við eldri mælingar eða rannsóknir á fátækt frá árinu 1997–1998, að það séu um 19.000 manns á Íslandi sem búi við fátækt. Og það er athyglisvert ef maður skoðar norrænan samanburð í þessu máli að stærsti hópurinn sem býr við fátækt af norrænu þjóðunum er á Íslandi. Mælingin 1997–1998 sýndi að um 6,8% búa við fátæktarmörk á Íslandi, í Danmörku eru það 5,3%, í Finnlandi 4,1%, í Noregi 3,5% og í Svíþjóð 4,9%.

Herra forseti. Það er líka athyglisvert að félmrn. hefur raunverulega skilgreint hvað er fátækt, vegna þess að það er misvísandi hvaða merkingu menn leggja í orðið „fátækt“, að í leiðbeiningum félmrn. frá því í nóvember 1996 kemur fram hvaða þættir eru álitnir nauðsynlegir einstaklingum til þess að framfleyta sér. Þar segir, herra forseti, að allir eigi að geta keypt sér fæði, klæði, hreinlætis- og snyrtivörur, heimilisbúnað, lyf og læknishjálp. Þeir eiga að geta greitt afnotagjald af síma og ríkisútvarpi, hita og rafmagn, dagvistarkostnað fyrir eitt barn, húsaleigu eða eðlilegan húsnæðiskostnað og staðið undir kostnaði af rekstri bifreiðar.

Félagsfræðingur sem kannaði þennan þátt og hvað vantaði þá upp á hjá þeim sem minnst hafa milli handanna til að geta staðið undir því sem félmrn. skilgreinir sem lágmarksframfærslu komst að þeirri niðurstöðu að það vantaði um 40 þús. kr. upp á þær bætur sem hið opinbera ætlaði einstaklingi til að lifa af á mánuði, þ.e. ef fara ætti eftir leiðbeiningum félmrn.

Hér er það einnig tíundað sem er mjög athyglisvert og verður að taka á, herra forseti, og það er hvernig við förum með barnabætur hér á landi og hvað þær hafa verið mikið skertar. Þar kemur fram að barnabætur byrja að skerðast þegar foreldri er komið með 53.000 kr. í tekjur á mánuði og samkvæmt því sem hér kemur fram hafa einungis um 11,4% einstæðra foreldra óskertar barnabætur og um 3,3% hjóna og sambúðarfólks. Með öðrum orðum: Þetta eru ekki barnabætur heldur eru þetta láglaunabætur einhvers konar.

En það er verra, herra forseti, eins og hér er haldið fram í þessari úttekt, að þar er sagt að það sé vaxandi einkenni á velferðarkerfinu að stjórnvöld bæta í það á eina hlið en taka út á hina, alveg eins og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, því barnabætur sem fólk fær skerða fjárhagsaðstoðina og síðan er það skattlagning á þessa lágtekjuhópa.

Það er reyndar líka mjög athyglisvert sem hér kemur fram um atvinnuleysisbæturnar, en þeir sem þær fá eru þeir sem minnst hafa á milli handanna. Atvinnuleysisbætur eru kannski einhvers staðar um 75.000 kr. eða u.þ.b. Margir á atvinnuleysisbótum hafa minna á milli handanna en þeir sem fá örorkubætur og þeir þurfa að borga sín lyf sjálfir og fá engin afsláttarkort eins og öryrkjar. Þessu þarf að breyta þannig að þegar fólk er á atvinnuleysisbótum þá sé því gert kleift að leysa út sín lyf og auðvitað eiga þeir sem eru á atvinnuleysisbótum að fá afsláttarkort eins og aðrir sem hafa lág laun.

Herra forseti. Ég sé að tíma mínum er að ljúka. Ég vil hvetja þingmenn til að fara yfir þessa úttekt sem gerð var í Morgunblaðinu. Hún er mjög athyglisverð og staðfestir allt það sem við höfum verið að segja um þessi mál á undanförnum mánuðum og missirum og hve brýnt er orðið að taka á þessum málum.

Það er ástæða til að nefna það hér, herra forseti, að fyrir liggur norræn úttekt sem sýnir að útgjöld til félags- og heilbrigðismála, t.d. aldraða og öryrkja, eru miklu lægri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum og sama gildir um útgjöld vegna barna og barnafjölskyldna. Það sýnir okkur að velferðarkerfið hér er ekkert að sliga þjóðarbúið þrátt fyrir að á það sé oft bent þegar menn eru að leita leiða til sparnaðar.

Ég held nefnilega að það sé alveg hárrétt sem stendur í þessari úttekt Morgunblaðsins að það eru komnir brestir og brotalamir í velferðarkerfið og það þjónar ekki þeim sem það ætti helst að þjóna, þ.e. þeim sem búa við lægstu tekjurnar.

Herra forseti. Ég held að ekki leiki nokkur vafi á því að langstærsti hluti þjóðarinnar vill að hér sé stjórnað af meiri réttsýni og jöfnuði en því miður hefur stjórn ráðamanna á undanförnum árum einkennst af því að samhjálp og réttsýni er á undanhaldi. Það er örugglega þvert á vilja þjóðarinnar. Ég tel því að það sé forgangsverkefni í þjóðfélaginu að *treysta á nýjan leik öryggisnet velferðarkerfisins þannig* að hægt sé að losa fólk úr fjötrum fátæktar sem verður sífellt meira sýnileg í þjóðfélaginu. Á þessum málum verður því að taka, herra forseti. Þessi tillaga sem hér er flutt er viðleitni til þess að við förum nú í þetta verkefni og skilgreinum þennan vanda og komum með tillögur til úrbóta.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[17:20]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða till. til þál. um könnun á umfangi fátæktar á Íslandi. Þessi þáltill. er borin fram af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Guðmundi Árna Stefánssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur og þeim sem hér stendur. Það er mjög brýnt að gera gangskör að því að viðurkenna að fátækt sé á Íslandi. Reyndar er það nú ljóst að fátækt er í hverju einasta landi sem til er. Það hefur nú verið sagt hér í þingsölum og reyndar hljóðar gömul setning svona: Fátæka hafið þér jafnan hjá yður. Það eru orð að sönnu. Við höfum alltaf fátæka í kringum okkur. Barátta mannsins í gegnum aldirnar, alveg frá því að hann varð til, hefur snúist að miklu leyti um að búa ekki við fátækt og þrengingar. Maðurinn er sífellt að reyna að skapa sér góð skilyrði, sérstaklega fyrir börnin sín og þá sem næst honum standa. Það er nú þannig, herra forseti, að fólkið sem stendur manninum næst er náttúrlega það sem einhvern veginn hrærir hann til þess að reyna að styðja við sína.

Við erum hér að tala um fátækt á Íslandi. Hún er fyrir hendi. Eins og ég sagði áðan þá er ljóst að fátækt er í öllum löndum. En hversu mikil á fátæktin að vera? Það hlýtur að vera hlutverk okkar sem búum í þessu landi að reyna að koma því þannig fyrir að sem allra minnst fátækt sé í landinu. Þess vegna er þessi þáltill. fram komin.

Við flutningsmenn tillögunnar höfum orðið vör við að fólk hefur meira samband við þingmenn — ég hugsa að það eigi við um þingmenn fleiri flokka en Samfylkingarinnar — og er að bera sig upp vegna vandræða sem það hefur lent í vegna fátæktar. Það er mjög í þeim anda 1. flm. tillögunnar, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að leggja fram þetta mál, koma fyrst með það og bera það upp, því hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur verið mikill málsvari þeirra sem eiga undir högg að sækja í samfélaginu og á hv. þm. þakkir skildar fyrir það.

Herra forseti. Ég velti því fyrir mér hvort einhver tengsl séu á milli aukningar fátæktar á Íslandi og þess að ríkidæmi vex hjá öðrum hópum í landinu. Er samhengi á milli þess, herra forseti, að ákveðnir hópar virðast verða ríkari og ríkari á meðan aðrir verða fátækari og fátækari? Tengist það eitthvað auðlindum þjóðarinnar, fiskstofnunum, þegar kannski fáeinir aðilar eru orðnir eigendur fiskstofnanna að þeirra hyggju? Er samhengi þarna á milli?

Við vitum hvernig mörg ríki veraldarinnar eru uppbyggð þar sem mikil fátækt er. Einkennið er að auðlindirnar eru í mjög fárra höndum og mjög fáir ráða yfir auðlindunum. Þeir stjórna og eru jafnvel harðstjórar en fólkið sem lifir í þessum löndum býr jafnvel við sult og seyru og örbirgð. Þetta þurfum við að koma í veg fyrir að gerist í okkar landi. Við þurfum að vera vakandi fyrir þessu.

Ég vona að þessi þáltill. hafi haft þau áhrif sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi hér áðan, þ.e. að ráðamenn þjóðarinnar, hæstv. ríkisstjórn er farin að hlusta á þessar raddir um að fátækt sé að aukast í landinu. Hvers vegna er fátæktin? Og líka: Hvað getum við gert til þess að útrýma fátæktinni? Það hlýtur að vera vilji allra landsmanna, íslensku þjóðarinnar, að útrýma fátækt í landinu og að spyrna við fótum fari hún vaxandi.

Þetta er náttúrlega alveg deginum ljósara, herra forseti. Við sjáum að 2.980 manns sóttu um hjálp hjá Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar árið 2001 en svo núna á síðasta ári er þessi fjöldi kominn upp í 3.580. Hér er því um töluverða aukningu að ræða. Við þurfum að hyggja að þessu vegna þess að við náttúrlega viljum ekki að hér sé fátækt.

Það er ein öld síðan mjög margir fátækir voru á Íslandi. Við getum séð í kirkjubókum hvernig fólk hrundi niður þegar heilbrigðiskerfið var ekki eins gott og það er í dag. Já, jafnvel fátækt orsakaði það. Fólk þurfti að geta náð í lækni eða hafa aðgang að læknum o.s.frv.

Um þetta þurfum við að hugsa. Þó að okkur hafi tekist á ákveðnum tíma í sögu okkar að yfirvinna mikla fátækt og skapa á Íslandi eitt besta og mesta velferðarríki veraldarinnar þar sem meðalaldurinn er mjög hár og barnadauði mjög lágur þá þurfum við náttúrlega að halda vöku okkar. Þegar við sjáum það líka að velferðarkerfið, sem er svo gott að allir hafa haft það nokkuð gott, það er að breytast þá þurfum við að taka á málinu.

Þessar tölur sem við sjáum hjá Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar svo ég nefni þær aftur sem dæmi, vekja ugg og líka sá mikli fjöldi manna sem leitar núna stöðugt til hjálparstofnana *og annarra aðila eftir stuðningi og hjálp*. Þegar þetta fer vaxandi þá verðum við að fara að gá að okkur og hugsa um það hvort þjóðarauðnum sé misskipt, hvort meinið liggi ekki þar og um hvað við eigum að gera, hvort við þurfum þá ekki að fara að breyta skattkerfinu eða nota önnur meðul sem kannski eru nauðsynleg, herra forseti, til þess að vinda ofan af því sem slæmt er.

[17:29]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég kem í pontu til þess að lýsa yfir stuðningi okkar í Frjálslynda flokknum við þessa tillögu til þingsályktunar sem hér er flutt af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og fleirum úr Samfylkingunni. Við höfum tekið þá stefnu í Frjálslynda flokknum að styðja þau mál sem við teljum til velferðar horfa hvaðan sem þau koma, hvaða flokkur flytur þau svo á þingi.

Í samræmi við þá stefnu okkar fylgjum við eindregið þessu máli. Við teljum hér sé hreyft afar þörfu máli um umfang fátæktar hér á landi. Svo virðist sem fátækt hafi farið vaxandi í þjóðfélaginu á síðustu missirum þrátt fyrir að líka megi finna því stað að margir hafi hagnast gífurlega á sömu þrem, fjórum árunum sem menn líta nú gjarnan til.

Herra forseti. Svo virðist sem misskipting fari vaxandi í okkar annars ágæta þjóðfélagi. Mér finnst auðvitað óásættanlegt að málin þróist þannig að sífellt fleiri hafi ekki nægjanlega framfærslu en jafnframt hafi sífellt fleiri í þjóðfélagi okkar *tekjur langt umfram það sem áður hefur þekkst*. Það er ekki nóg með að menn hafi stórar og miklar tekjur á starfstíma sínum heldur virðist líka ætla að verða til sérstakur hópur manna sem fær alveg sérstaka meðferð í eftirlaunum

sínum í svokölluðum starfslokasamningum sem nema tugum ef ekki hundruðum milljónum króna.

Þetta misvægi sem er að myndast í þjóðfélagi okkar, herra forseti, er að mínu viti blettur á íslenskri þjóðfélagsgerð. Mér finnst þessi þróun okkur til vansa. Þess vegna tek ég heils hugar undir það, herra forseti, að fram fari könnun á umfangi fátæktar hér á landi. Ég er því fylgjandi að kostnaður við framfærslu fjölskyldu, einstaklings eða annarra sem hafa lágur tekjur eða atvinnulausra verði kannaður. Taka verður upp þá stefnumótun í þjóðfélaginu að þeir sem búa við lökust kjör hafi það þó eigi verra en svo að þeir geti komist eðlilega af. Það verður að forðast þá þróun í þjóðfélagi okkar að sífellt fleiri þurfi að leita á náðir hjálparstofnana eftir framfærslu fyrir sig og sína, ekki síst svo þeir geti tekið þátt í þeim hátíðahöldum sem sjálfsögð teljast í þjóðfélagi okkar og sjálfsögð réttindi hvers og eins, t.d. jól, páskar og fleiri hátíðir sem yfirleitt teljast fjölskylduhátíðir.

Eins og fram kemur í greinargerðinni segir í nýlegri könnun verkalýðsfélaga að 30% aðspurðra töldu fjárhagsstöðu sína lakari nú en á síðustu þremur, fjórum árum, og að það megi m.a. rekja til verðhækkana á vöru og þjónustu.

Ég tel að efni það sem hér er lagt upp í tillögunni, um að Alþingi álykti að fela félagsmálaráðherra að láta fara fram úttekt á umfangi, orsökum og afleiðingum fátæktar á Íslandi, bæði félagslegum og fjárhagslegum, með það að markmiði að leggja fram tillögur um úrbætur sem treysti öryggisnet velferðarkerfisins, eigi fyllsta rétt á sér eins og málin hafa þróast í þjóðfélagi okkar. Það eru greinilegar vísbendingar um að afkoma fólks sé verri en áður var. Fleiri leita sér aðstoðar og fólk er ekki að fara í þær gönguferðir að gamni sínu. Það er í raun og veru furðulegt að menn geti látið þá skoðun í ljós að þeir telji að menn fari í þessar gönguferðir til þess að ná sér í framfærslu frá hjálparstofnunum eingöngu til þess að auka enn á tekjur sínar. Fólk gerir þetta af hreinni þörf. Ég tel engar líkur á að fólk sé að sækjast eftir þessari aðstoð nema það eigi beinlínis brýnt erindi þangað og þurfi nauðsynlega á því að halda. Í þessum hópi eru auðvitað öryrkjar og aldraðir, einstæðir foreldrar, atvinnulausir og einnig barnmargar fjölskyldur.

Við þurfum því að taka á þessu máli, þetta er að fara á verri veg í þjóðfélagi okkar. Það er brýnt að vinna gegn þessari þróun. Um það hljóta allir að geta verið sammála. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að ég hef vaxandi áhyggjur af misvægi í þjóðfélagi okkar, því misvægi að tiltölulega fáir verði ofurríkir en á móti eru margir undir afkomumörkum hvað varðar tekjur og velferð fjölskyldunnar. Síðan bitnar það auðvitað á börnum þeirra. Það er auðvitað sárast þegar menn sjá að þeir eiga ekki möguleika á að veita börnum sínum það sem þeir telja eðlilegt og sjálfsagt.

Ég tek því fyrir hönd flokks míns heils hugar undir þessa tillögu og tel að hér sé hreyft afar þörfu máli.

[17:35]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér till. til þál. um könnun á umfangi fátæktar. Ég vil byrja á að þakka hv. 1. flm., Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrir að reifa þetta mál.

Það er ljóst að velferðarkerfið sem við búum við hefur ýmsar gloppur. Ég tel það markmið okkar að gera það skilvirkt þannig að á því séu ekki göt og ekki heldur um að ræða tvítryggingu. Það er líka til að það sé oftrygging í kerfinu.

Það er hins vegar ljóst að gott og skilvirkt velferðarkerfi byggir á góðu og skilvirku atvinnulífi. Að því hafa ríkisstjórnir Sjálfstfl. stuðlað undanfarin ár enda er atvinnulífið mjög blómlegt, skilar góðum arði og getur greitt mjög há laun sem hafa farið síhækkandi þannig að tekið er eftir í alþjóðlegum samanburði. Við þurfum jafnframt að gæta þess að þegar við byggjum upp velferðarkerfi, sem að sjálfsögðu er greitt með sköttum eða iðgjöldum, sé ekki lagt of mikið á, hvorki á fyrirtæki né einstaklinga, þannig að viljinn til að starfa og vinna sé ekki drepinn niður.

Ef við lítum á bótakerfið frá árinu 1995 þá hafa almennar bætur Tryggingastofnunar hækkað meira en lægstu laun. Lægstu laun hafa sem betur fer hækkað meira en laun almennt. Það tókst með mikilli sátt aðila vinnumarkaðarins að hækka lægstu laun sem voru skammarlega lág þegar ég kom á þing 1995, þá voru þau 42 þús. kr. á mánuði. Nú eru þau komin vel yfir 90 þús. kr. og er það vel. Lægstu launin hafa hækkað meira en meðallaunin, miklu meira, og meðallaunin hafa hækkað umtalsvert umfram verðlag. Kaupmáttur almennings hefur þannig hækkað mjög mikið á undanförnum árum og kaupmáttur bótaþega sömuleiðis, þ.e. þeirra sem eru hjá Tryggingastofnun. Bætur bótaþega sem fá lífeyri úr lífeyrissjóði hafa hins vegar hækkað eins og verðlag. Það er innbyggt í lífeyrissjóðina. Vilji menn breyta því verður líka að breyta verðtryggingu húsbréfa og lána til sjóðfélaga lífeyrissjóðanna sem eru verðtryggð miðað við verðlag en ekki laun. Þá er nú hætt við að hvíni í einhverjum sem þykir verðtryggingin erfið miðað við verðlag, ef þau ætti að verðtryggja miðað við laun. Þessar bætur frá lífeyrissjóðunum, sem er helmingurinn af öllum bótum í landinu, hafa ekki haldið í við hækkun launa eins og bætur Tryggingastofnunar. Þessu má ekki gleyma í umræðunni.

Fátæktarskilgreiningin, sem við notum mikið, byggir að hluta á eftirfarandi skilgreiningu: þeir sem hafa minna en helming af meðaltekjum til ráðstöfunar teljast fátækir. Þessi skilgreining er meingölluð að mörgu leyti. Ef öll laun og allar bætur í landinu yrðu tvöfaldaðar án þess að verðlag breyttist, yrðu jafnmargir fátækir og nákvæmlega sama fólkið. Það mundi ekkert breytast við það. Ef allir Íslendingar væru með 10 þús. kr. á mánuði í laun og bætur, hver og einn einasti, þá væri enginn fátækur, samkvæmt þessari skilgreiningu væri enginn fátækur. En ég ætla ekki að bera saman hve lífskjörin yrðu miklu verri.

Svo er það líka það að maður sem á feikna eignir en hefur lágar tekjur, telst fátækur ef hann fer undir þessa skilgreiningu. Þetta er gallinn við þessa skilgreiningu. Aðalgallinn við hana er orðið fátækt, orð sem segir: af fáu að taka. Við setjum í sama flokk fólk sem dó úr ófeiti á 18. öld, sem við kölluðum fátækt, og þá sem eru fátækir í dag, vegna þess að þeir geta ekki keypt sér bíl eða að bensínið á bílinn er orðið svo dýrt. Við setjum í sama flokk fólk úti í heimi sem sveltur og fær ekki nóg að borða og fólk hér á landi sem flokkast undir fátækt. Mér finnst brýnt að finna yfir þetta annað orð ef hægt er, eitthvað sem lýsir hlutfallslegri neyslugetu. Að hlutfallsleg neyslugeta sé lág.

Menn hafa bent á lækkun barnabóta, sem voru einu sinni miðaðar við laun. Þar sem launin hafa hækkað svona mikið þá eru sífellt færri og færri sem þurfa barnabætur. Alþfl. kom inn með það á sínum tíma að tekjutengja barnabætur. Þær voru jafnframt hækkaðar mjög umtalsvert.

Menn hafa gleymt því að það eru hópar manna hér á Íslandi sem hafa lágar tekjur. Það eru sauðfjárbændur. Þeir hafa mjög lágar tekjur. Ég hygg að mjög margir sauðfjár-

bændur mundu flokkast sem fátækir en þeir leita sér ekki aðstoðar. Ég held að þeir geri það ekki.

Svo hafa menn bent á hjálparstofannir sem fá sívaxandi fjölda umsókna. Þá vil ég benda á að þar er lítið spurt og lítið verið að kynna sér málin. Það getur nánast hver sem er sótt um styrk frá hjálparstofnun. Þó að mörgum séu eflaust þung sporin þangað, eins og hér var nefnt áðan, eru líka einhverjir sem fara þangað vegna þess að þá skortir sjálfsvirðingu.

Það sem hér er lagt til og horft á eru eingöngu tekjur. Ég held að það sé mjög rangt, menn finna ekki fátækt með því að leita að lágum tekjum. Ég held að það séu ný fyrirbæri sem við horfumst í augu við sem við verðum að taka með inn í þessa umræðu, hvort sem það er vinsælt eða ekki. Það er t.d. fíkn, áfengisfíkn sem við þekkjum svo sem frá fornu fari og valdið hefur fátækt hjá öllum meðlimum fjölskyldna jafnvel þó að tekjurnar væru miklar, sérstaklega saklausum aðilum sem ekki voru haldnir fíkn. Þ.e. börnum, maka, foreldrum, systkinum o.s.frv., fólki sem átti enga sök á aðstæðum, ef menn tala yfirleitt um sök þegar um fíkn er að ræða. Eiturlyfjafíkn er nýtt fyrirbæri og síðan er spilafíkn, sem er hraðvirkust. Þar tekst mönnum að eyða feiknarlegum tekjum, mörgum milljónum á ári í spilafíkn eins og dæmin sanna.

Svo er annað fyrirbæri hér á Íslandi, þ.e. uppáskriftir, séríslenskt fyrirbæri sem við vorum einmitt að greiða atkvæði um hér áður á fundinum. Uppáskriftir valda því að þegar menn verða gjaldþrota þá geta þeir ekki lýst sig gjaldþrota vegna þess að öll ættin fellur með. Þetta er ósiður sem á að leggja af. Þetta veldur fátækt. Fólk situr uppi með miklar skuldir, getur ekki afskrifað þær eins og eðlilegt væri og er fátækt í áratugi við að borga niður skuldirnar. Allir sem tengjast því, börn, systkini o.s.frv. líða fyrir og eru fátæk þó að tekjurnar geti verið mjög myndarlegar. Þær fara allar í að greiða niður skuldir til að afi gamli missi ekki íbúðina sína. Við skulum ekki horfa fram hjá þessu.

En það sem kannski er mest um vert er að við sjáum núna, sem var óþekkt þegar ég lærði mín fræði, tryggingafræði, að fólk verður öryrkjar í stórum stíl fyrir fertugt. Það var nánast ekki til en það erum við að sjá í dag. Afleiðingar fíknar eru þær að fólk sem ánetjast eiturlyfjum, kannski 17, 18 ára eða tvítugt, verður því miður oft og tíðum óvinnufært 25 ára og er orðið öryrkjar stuttu síðar. Þetta er nýtt fyrirbæri sem við verðum að bregðast við. Ég sé félagsþjónustu sveitarfélaga sem tæki til að bregðast við þessum vanda.

[17:43]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir til umræðu tillaga frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og fleirum um könnun á umfangi fátæktar. Ég kem hér í pontu til að lýsa sérstökum stuðningi mínum við þessa tillögu. Eins og margt sem kemur frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er þetta eitt af best ígrunduðu málum sem hér koma fram.

Tillagan fjallar um að Alþingi álykti að fela félagsmálaráðherra að láta fara fram úttekt á umfangi, orsökum og afleiðingum fátæktar á Íslandi, bæði félagslegum og fjárhagslegum, með það að markmiði að leggja fram tillögur um úrbætur sem treysti öryggisnet velferðarkerfisins. Til að ná þessu markmiði leggur hv. þm. til að lágmarksframfærslukostnaður eftir fjölskyldugerð verði skilgreindur og gerðar tillögur til úrbóta sem miði að því að enginn hafi sér til framfærslu tekjur undir skilgreindum framfærslumörkum.

Þetta eru orð í tíma töluð. Það hefur háð því að við gætum markvisst unnið að því að bæta velferðarkerfið í landinu. Það hefur vantað slíka skilgreiningu sem opinberlega er farið eftir. Að vísu hefur stjórn Íbúðalánasjóðs gengið út frá ákveðnum skilgreiningum í tengslum við að hjálpa fólki með að endurskipuleggja fjárhag sinn en slíkar almennt viðurkenndar skilgreiningar sem byggðar eru á raunhæfum neyslukönnunum eru því miður ekki til staðar. Þetta hefur haft margvíslegar afleiðingar, t.d. núna þegar við vitum að fjöldi atvinnulausra á Íslandi er einhvers staðar á milli 5 og 6 þúsunda eins og staðan er í dag. Eru þar þó ekki allir taldir því að við vitum að fjölmargir eru atvinnulausir sem ekki láta skrá sig af ýmsum ástæðum. Þær bætur sem viðkomandi aðilar fá eru einhvers staðar milli 70 og 80 þús. kr. á mánuði. Það vita allir að af slíku er ekki hægt að lifa, raunar hvorki lifa né deyja. Hafi einstaklingur verið búinn að kaupa sér íbúð og miðað við, eins og reglurnar segja, næstu mánuði áður en íbúðakaupin eru gerð en misst síðan vinnuna á hann ekki möguleika á að halda húsnæðinu. Flestir reyna af öllum mætti og ég þekki dæmi þess að fólk borgi nánast allar sínar tekjur í gegnum greiðsluþjónustu bankanna í afborganir af skuldum og hafi nánast ekkert sér til framfærslu, jafnvel þó að það sé á lágmarkslaunum að ég tali nú ekki um á atvinnuleysisbótum. Ástæðan er sú að tekjugrundvöllur fjölskyldunnar hefur breyst.

Það eru ýmis ljón í veginum. Í þessum hópi aldraðra ætlum við að sé fjöldi öryrkja, þó auðvitað ekki allir því að staða þeirra er mjög misjöfn; fjöldi aldraðra, það má sama segja um þá, það eru auðvitað ekki allir aldraðir illa settir; einstæðir foreldrar eru hópur sem stendur afar höllum fæti hér á Íslandi og hefur mjög erfiðlega gengið að fá almennan skilning í þjóðfélaginu sem dugar til þess að það séu gerðar raunhæfar úrbætur til þess að reyna að ná einhvern veginn utan um vandamál þess hóps.

Svo eru einnig barnmargar fjölskyldur láglaunafólks sem standa afar illa. Ég minni á að barnabætur á Íslandi, óskertar barnabætur hjóna, eru 117.030 kr. á ári. Með hverju barni umfram eitt eru þær 139.304 kr. en viðbót vegna barna yngri en 7 ára er 34.474. Þetta mundi duga mörgum vel ef við værum í rauninni að tala um þessa upphæð. En hjá hjónum og sambúðarfólki reiknast skerðing vegna tekna af samanlögðum tekjustofni umfram kr. 1.354.727. Við sjáum strax að þegar fólk hefur mjög lágar tekjur, með fjölskyldutekjur rétt rúmlega 100 þús. kr. á mánuði, byrjar skerðingin að tikka, og hún er engin smásmíði. Þetta á líka við um einstæðu foreldrana. Þar byrjar skerðingin strax við 677 þús. kr. tekjur. Sé um að ræða eitt barn skerðast barnabætur um 4% af tekjum umfram þessi mörk. Ef börnin eru tvö skerðast barnabætur um 8% af tekjum umfram þessi mörk og ef börnin eru þrjú eða fleiri um 10% af tekjum umfram þessi mörk. Þetta eru mjög hörð skerðingarskilyrði og það er einkennilegt að við skulum ríghalda í þessa skerðingu jafnvel þó að það blasi við að við erum nánast eina landið innan OECD sem er með slíkar skerðingar af barnabótum. Í flestum löndum er reynt að styðja við barnafjölskyldur, einkum þær. Nú hagar því svo til að það eru ekki síst barnmargar fjölskyldur í hópi hinna tekjulágu. Þar sem t.d. eru mörg börn undir 10 ára aldri á móðirin mjög erfitt með að sinna starfi utan heimilis, getur í rauninni ekki gert það nema skaða fjölskylduna enn meir fjárhagslega. Ég verð að segja að eitt það brýnasta sem mér finnst að þurfi að fylgja í kjölfar þessarar úttektar — ég trúi ekki öðru en að þessi þáltill. verði samþykkt og

komi til framkvæmda — sé að gera ráðstafanir til að bæta stöðu barnafólks í landinu. Það fyrsta sem þarf að gera í því sambandi er að afnema þessa tekjutengingu ef hún verður yfirleitt við lýði. Annars þarf að miða við miklu hærri tekjur en nú er gert.

[17:52]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Við ræðum till. til þál. um könnun á umfangi fátæktar. Það kom fram í máli hv. þm. Péturs Blöndals að fátækt mætti rekja til ýmissa ástæðna, og vita menn það gjörla. Hann nefndi fyrirbærið uppáskriftir, það væri margt fólk sem hefði farið út í að skrifa upp á lán fyrir börn sín, ættingja og vini og síðan væri verið að borga af þessum lánum sem hefðu fallið á ábyrgðarmennina og þeir þyrftu að borga endalaust. Svo hafa aðrir tekið lán sem hafa reynst dýrari, og fyrirtæki sem lánið var tekið út á gekk ekki og fólkið heldur áfram að reyna að borga og borga til þess að einhverjir sem hafa skrifað upp á lánin fái ekki allt í hausinn. Þetta sýnir náttúrlega það að þessi fjármálaheimur hér er ekki í lagi. Það er búið að lána einstaklingum og fyrirtækjum á síðustu árum fleiri milljarða út úr bankakerfinu og kerfið er þannig uppbyggt að þeir einstaklingar sem fá lánin og jafnvel þeir sem reka fyrirtækin þurfa að fá vini og vandamenn til að skrifa upp á svo að lánin fáist. Í staðinn fyrir að þeir sem stýra bönkum og lánastofnunum ræði við viðkomandi aðila og segi bara við hann í fyrstu, ef það er skoðun viðkomandi lánastofnunar: Við lánum ekki út á svona fyrirtæki, þetta er vonlaust, segja þeir: Við skulum lána þér út á þetta en þú verður bara að fá mömmu þína til að skrifa upp á.

Þetta eru mjög óeðlilegir viðskiptahættir sem því miður, herra forseti, hafa viðgengist hér, og ég tek undir orð hv. þingmanns um þetta mál.

Það er líka rétt sem hv. þm. sagði, fólk sem lendir í óreglu og fer að drekka of mikið af áfengi og taka inn eiturlyf — auðvitað leiðir slíkt til fátæktar og leiðir hörmungar yfir aðra og fleiri en bara þá sem eru í þessu, líka yfir fjölskyldurnar, börnin, makann, foreldra og jafnvel aðra ættingja. Þetta eru allt hlutir sem koma inn í umræðuna. Svo má náttúrlega víkja talinu, fyrst þetta ber hér á góma, herra forseti, að því að þegar fólk kaupir sér hluti í samfélaginu getur það fengið endalaus lán, keypt sér bíl, borgað ekki krónu í útborgun og hvaðeina. Allt þetta er náttúrlega hvati til þess að fólk leiðist út í skefjalausa neysluhyggju og það náttúrlega skapar fátækt líka. Þessi umræða er algjörlega réttmæt og kemur inn á það hvernig samfélagið elur upp þegnana, foreldrarnir, skólakerfið og allt samfélagið, hvaða andi er í því. Ef hann er svona leiðir það náttúrlega til fátæktar, ekki einungis í peningalegu tilliti heldur líka til andlegrar fátæktar. Þegar fólkið sér gildi sín mest og lífsánægjuna og hamingjuna í vímu og einhverjum hlutum er voðinn vís. Þetta er algjörlega rétt hjá hv. þingmanni og gott hjá henni að vekja athygli á því því að það sem var talað um sérstaklega fyrir 4 árum í sambandi við forvarnir og annað sem átti að fara að vinna að og láta mikinn pening í — maður hefur ekki séð það í beinum framlögum eða í tilkynningum um að svo og svo mikið fjármagn hafi verið sett í forvarnastarf gegn eiturlyfjum og brennivíni.

Síðan kemur náttúrlega að hinu sem má heldur ekki hætta að tala um, hin lágu laun sem eru í samfélaginu. Ef við erum að tala um það fólk sem býr við algera örbirgð og hungurmörk — við náttúrlega berum ekki saman við fátækt fólk á Íslandi það fólk sem er að deyja úr hungri úti í heimi á þessu agnabliki, eða þorsta, það er í enn verri stöðu en fólk sem býr við lág laun hér á landi. En það segir ekki við okkur að fyrst einhverjir aðrir úti í heimi búi við örbirgð, hungur og annað slíkt megi ekki tala um fátækt hérna. Við náttúrlega hljótum að gera það. Og við vitum vel að það var mjög slæm staða á Íslandi og hefur verið um aldir. Okkur hefur tekist með hugsjón jafnaðarmennsku og félagshyggju og kristinna gilda að byggja hér upp gott land. Við verðum að vernda það og verja. Við hljótum að vilja hafa svoleiðis land. Það er hlutverk ráðamanna samfélagsins að standa að því. Þess vegna kemur hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir með þessa þáltill., og við fleiri, til þess að vekja athygli á þessu. Orð hennar hafa ekki síst verið til þess að halda umræðunni vakandi sem hefur líka ýtt við hæstv. ríkisstjórn um að fara að gera eitthvað í málinu eins og fram hefur komið. Það er náttúrlega ánægjulegt.

Mig langar til að segja það hér, herra forseti, að menn sem hafa brotið lögin lenda stundum í fangelsi og fá á sig dóma. En hvaða dómar eru verri en gjaldþrotadómar á Íslandi? Menn missa allar eigur sínar og í 10 ár mega þeir ekki hafa ávísanahefti eða neitt. Síðan eru komin sérstök fyrirtæki, herra forseti, sem snúast um að vekja upp þessar kröfur. Svo er til annað fólk sem hefur kannski meitt náunga sína mjög alvarlega á svívirðilegasta hátt og það fær tveggja ára fangelsi eða eitthvað svoleiðis. Þegar sá tími er liðinn er það fólk búið að greiða skuld sína við samfélagið. En þeir sem eru dæmdir gjaldþrota, herra forseti, eru fólk sem þarf að líða og líða árum og jafnvel áratugum saman ef glaðbeittir menn sem vilja hafa atvinnu af því að halda kröfum vakandi fá sínu framgengt. Þetta er mál sem við hljótum að láta til okkar taka á þinginu. Það hlýtur að varða og snerta alla menn sem vilja ekki að samborgarar þeirra líði kvalir og þjáningar af því að þeir fóru á hausinn út af einhverju rugli, annaðhvort sínu eða jafnvel bankakerfisins.

[18:00]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kem hingað til að taka undir inntak þessarar tillögu. Ég held að það séu full efni til að taka þessa hluti til miklu rækilegri skoðunar á Íslandi en gert hefur verið og gera það skipulegar og með opinberum tilstyrk. Staðreyndin er sú að upplýsingar okkar um fátækt eða raunverulega hagi þeirra sem lakast eru settir byggja í allt of takmörkuðum mæli á viðamiklum rannsóknum og úttektum þar sem menn hafa haft aðstöðu, tíma og peninga til að fara rækilega ofan í saumana á hlutunum. Það er að vísu ákaflega virðingarvert framtak hjá einstaka fræðimönnum og jafnvel fræðistofnunum sem hafa sinnt þessu, fyrst og fremst af eigin áhuga en takmörkuðum efnum sem af sjálfu leiðir.

Það má einnig styðjast við ýmsar norrænar kannanir sem að hluta til hafa náð til Íslands, og ýmsar upplýsingar er auðvitað að finna hjá t.d. félagsmálastofnunum og öðrum aðilum sem við þetta sýsla. Ég held að það þurfi enginn, því miður, að fara í grafgötur um að það finnst sár fátækt á Íslandi. Sú fátækt, mæld á hvaða mælikvarða sem er, hvort heldur sem er algildan eða hlutfallslegan, er umtalsverð og hún er til staðar og hún er sár.

Á ráðstefnu sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hélt um velferðarsamfélagið fyrir áramótin komu fram afar sláandi og í raun og veru ískyggilegar upplýsingar frá fólki sem þekkir þessa hluti ákaflega vel, t.d. Láru Björnsdóttur, félagsmálastjóra Reykjavíkurborgar, og Pétri Péturssyni, yfirmanni heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri, um raunveru-

leg mannleg vandamál og raunverulegar aðstæður sem þau og samstarfsmenn þeirra mæta í störfum sínum.

Ég held, herra forseti, að því miður sé öryggisnetið í velferðarsamfélaginu okkar of gisið, það er of langt á milli möskva og þar detta ýmsir niður á milli, ekki bara einhverjir sem hafa misst starfsorku eða af öðrum slíkum áföllum, hafa orðið ófærir um að ala önn fyrir sér sjálfir, heldur fjöldinn allur af fólki sem berst harðri baráttu, vinnur fullan vinnudag en býr við það erfiðar félagslegar og efnalegar aðstæður að það nær ekki endum saman. Þetta fólk neyðist í vaxandi mæli til að leita á náðir velferðarsamtaka og stofnana eins og dæmin sanna. Að vísu, herra forseti, áskil ég mér alveg rétt til þess að hafa sjónarmið á því hvernig svona úttekt, ef samþykkt fengist, eða rannsókn sem kannski væri betra að kalla þetta yrði útfærð. Mér finnst dálítið mikið í fang færst að ætla að taka þetta allt í einu samhengi, að gera úttekt á umfangi, orsökum og afleiðingum fátæktar á Íslandi, bæði félagslegum og fjárhagslegum. Það er náttúrlega gríðarlega umfangsmikil nálgun á málið. Það má velta því fyrir sér hvort ekki væri betra að reyna að styðjast þarna við fræðilegar nálganir, sambærilegar þeim sem ég veit að hafa t.d. verið notaðar í Noregi og miklar umræður hafa síðan sprottið af í framhaldinu. Þetta er ekki sagt til að gera lítið úr þörfinni fyrir að rannsaka alla þessa þætti. Það kann hins vegar að vera dálítið snúið að ná utan um það allt saman í einni rannsókn. Hún yrði a.m.k. gríðarlega viðamikil.

Eins er það með hugtakanotkun hér. Hugtakið „fátækt" kann að fæla marga frá, og hugsanlega — ég bendi hv. 1. flm. á — gengi betur að nota hugtak hv. þm. Þuríðar Backman í þáltill. sem hún hefur ítrekað flutt á þingi þar sem talað er um að gera „lífskjarakönnun", ítarlega lífskjarakönnun sem að sjálfsögðu hefur það að meginmarkmiði að draga fram aðstæður þeirra sem þar eru lakast settir því að af hinum þurfum við ekki að hafa sérstakar áhyggjur.

Tillaga hv. þm. Þuríðar Backman gengur út á lífskjarakönnun sem jafnframt væri brotin upp eftir landshlutum. Það held ég að væru líka gagnlegar upplýsingar þannig að hvort sem við notumst við hugtök eins og fátækt eða segjum lífskjarakönnun þar sem hagsmunir þeirra lakast settu eru sérstaklega hafðir í huga væri jafnframt gagnlegt, held ég, að skoða mismunandi aðstæður fólks, þar á meðal búsetu. Hér voru sauðfjárbændur nefndir fyrr í umræðunni og ég held að líka gæti verið fróðlegt að sjá hvernig lífskjörin leggja sig eftir stéttum miðað við aldur, samsetningu og annað.

Staðreyndin er að Ísland er ekkert sérstaklega fjölskylduvænt samfélag og ég tek undir það sem hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir sagði áðan, það er auðvitað sérstaklega ástæða til að hafa áhyggjur af hagsmunum barnmargra fjölskyldna, ekki síst þar sem einstætt foreldri eða ein fyrirvinna er til staðar.

Ég vil síðan tæpa á því sem hv. þm. Pétur Blöndal nefndi um fátækt. Áður hef ég heyrt svipuð sjónarmið koma fram hjá hv. þingmanni þar sem mér finnst hann nánast hafna því að skoðaðir séu báðir mælikvarðarnir, hlutfallsleg fátækt og algild fátækt. Ég tel alveg jafngilt að skoða þetta hvort tveggja vegna þess að menn búa og deila kjörum með því samfélagi þar sem þeir eru settir. Þó að menn séu ekki sárfátækir á mælikvarða fátækustu Afríkuríkja í algildum skilningi eru þeir sárfátækir við íslenskar aðstæður, t.d. einstæðir foreldrar sem ekki hafa efni á því að veita börnum sínum lágmarkslífsgæði í uppvextinum, verða að neita þeim um það sem jafnaldrar þeirra og skólasystkin fá frá sínum foreldrum, t.d. í formi tómstunda og annarra slíkra hluta. Þetta þekkjum við öll. Það þarf ekki annað en að taka þátt í starfi foreldrafélaga eða íþróttafélaga í landinu til þess að rekast svo gott sem daglega á þetta vandamál. Það eru þúsundir fjölskyldna svo illa settar fjárhagslega að þær ráða ekki við að veita börnum sínum sambærilega hluti að þessu leyti eins og aðrar fjölskyldur. Er það ekki fátækt? Jú, það er fátækt og hún er mjög sár þó að menn svelti ekki heilu hungri í skilningi 18. eða 19. aldar. Við verðum að ræða þessi hluti svona og setja þá í samhengi. Fátæktin í þessum skilningi er ekki síður mælikvarði á það hvort maður getur sjálfur tekið nokkurn veginn fullgildan þátt í sínu samfélagi miðað við þann framfærslukostnað sem þar er. Það er það sem við verðum að horfast í augu við. Það nægir fátæku fólki á Íslandi ekki þegar það er að reyna að komast af og ala upp sín börn að það sé erfiðara fyrir menn að gera það í öðrum heimsálfum. Þannig er það auðvitað ekki.

Þess vegna ber að skoða þetta hvort tveggja. Út af fyrir sig er rétt að menn hafi alltaf í huga nákvæmlega hvaða hugtök unnið er með. Eru menn að tala um þessar hlutfallslegu mælingar þar sem menn velja sér viðmiðun og skoða stöðu lakast setta hópsins eða eru menn að tala um algilda mælikvarða þar sem menn eru bara að reyna að reikna það út hvort menn eiga fyrir mat og geta í þeim einfaldasta skilningi dregið fram lífið, eiga fyrir næringu og kannski því að krókna ekki úr kulda sem er hlutskipti margra í velmegunarríkjunum? Staðreyndin er sú að nýkapítalisminn, nýfrjálshyggjan með sínum breytingum í samfélaginu, hefur hvarvetna á byggðu bóli þar sem hún er praktíseruð leitt til vaxandi lífskjaramunar. Fámennur hópur verður enn þá ríkari en fyrr en mikill fjöldi þeirra sem lakast eru settir hefur það verra en áður, jafnvel þó að samfélagið sem heild, þjóðarbúið sem heild, velti meiru.

[18:08]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Það er ástæða til þess í lok þessarar umræðu að þakka umræðuna sem hér hefur farið fram, þær undirtektir sem þessi tillaga hefur fengið og ábendingar sem þar hafa komið fram. Það er auðvitað löngu orðið tímabært að ítarleg umræða fari fram um þetta mál á þinginu og ég verð að vona að þessi tillaga fái góða umfjöllun í félmn. sem fær málið til meðferðar.

Mér finnst full ástæða til að draga þá ályktun af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram að það sé víðtækur stuðningur við það að menn vindi sér í það brýna verkefni að láta fara fram úttekt eða rannsókn á umfangi, orsökum og afleiðingum fátæktar á Íslandi. Hér hafa fulltrúar allra flokka talað nema Framsfl. og ég geri ekki ráð fyrir að Framsfl. muni setja sig upp á móti því máli þannig að ég vænti þess að tillagan hafi mjög víðtækan stuðning.

Hv. síðasti ræðumaður taldi að hún væri mjög umfangsmikil, þessi tillaga eða þessi úttekt sem hér á að fara fram, en ég held engu að síður að það sé brýnt að ráðast í verkefnið eins og hér er lagt upp með og að fyrir utan úttektina fari menn í það að skoða orsakir og afleiðingar fátæktar á Íslandi, bæði félagslegar og fjárhagslegar. Þó að efni þessarar tillögu komi í framkvæmd í áföngum er það deginum ljósara í mínum huga að það á og þarf og er nauðsynlegt að fara ofan í félagslegar og fjárhagslegar afleiðingar vegna þess að þær eru margs konar.

Af því að hv. þm. nefndi lífskjarakönnun sem er góðra gjalda verð held ég að við verðum að beina sjónum okkar að

þessum afmarkaða hópi sem er allt of stór. Það er nokkuð á reiki hvað þessi hópur er stór og hvernig menn vilja skilgreina hann en það er einmitt tilgangur tillögunnar að leiða í ljós hið rétta og sanna í þessu máli. Síðasta könnun sem var gerð gefur raunverulega til kynna að þeir sem búa við fátækt eftir ákveðnum skilgreindum viðmiðunum sem þar var stuðst við geti talið upp undir 20 þús. manns sem er mjög stór hópur.

Varðandi félagslegar afleiðingar kom líka síðasti ræðumaður aðeins inn á það að þær geta verið margvíslegar. Við hljótum að beina sjónum okkar nokkuð að börnum í því sambandi, félagslegum aðstæðum barna sem koma frá fátækum heimilum. Það er ljóst að það hefur m.a. mjög hamlandi áhrif á eðlilegan þroska barna þegar þau skynja að möguleikar þeirra til að taka þátt í félagslega uppbyggjandi tómstundastarfi eru miklu minni en jafnaldra þeirra. Rannsóknir hafa þar sýnt að andlegt og líkamlegt heilsufar barna sem koma frá fátækum heimilum er mun verra en annarra barna.

Harpa Njálsdóttir sem mikið hefur skoðað þessi mál skrifar einmitt athyglisverða grein í fréttabréf nýlega sem Hjálparstarf kirkjunnar gefur út. Þar vitnar hún til rannsókna þar sem skoðað hefur einmitt verið hvaða áhrif fátækt hefur á börn á Íslandi. Ég held að það sé full ástæða til að vitna til þess sem hún segir, en orðrétt kemur þar fram, með leyfi forseta:

„Fátæk börn á Íslandi búa við þær aðstæður samkvæmt lágmarksframfærsluviðmiðun að ekki eru til peningar fyrir brýnustu nauðþurftum. Tekjurnar eru svo litlar að það verður að skera niður matarinnkaup, hvað þá annað, sem kemur niður á heilsu barna. Niðurstöður rannsókna hafa leitt í ljós skýr tengsl milli heilsufars barna 2–17 ára hér á landi og félags- og efnahagslegrar stöðu foreldra þeirra og búa þau sem verr eru sett við verra heilsufar. Þetta kemur einnig fram í niðurstöðu rannsóknarinnar „Áhrif efnahagslegra aðstæðna á félagslega þátttöku unglinga og líðan". Bæði andlegt og líkamlegt heilsufar unglinga sem sögðust búa við erfiðan efnahag var marktækt verra en hinna sem bjuggu við betri aðstæður. Börn og unglingar á Íslandi sem fædd eru inn í fátæktaraðstæður eru ekki samkeppnisfær við jafnaldra sína. Þau hafa ekki peninga til að endurnýja eðlilega fatnað sinn. Þau skera sig úr fyrir fátæktar sakir. Þau hafa ekki efni á afþreyingartækjum og félagslegri þátttöku og því sem almennt er viðurkennt og telst eðlilegt í okkar samfélagi. Þau standa stöðugt hjá og koðna niður. Þau fara ekki í sumarfrí, til þess eru ekki ráð, og mörg hver hafa ekki efni á tilboðum um námskeið sem standa til boða, t.d. sumarbúðir, íþróttir, tónlistarnám o.fl."

Herra forseti. Það er auðvitað mjög alvarlegt þegar fátæktin er farin að hafa þessi áhrif á börnin. Það er svo, herra forseti, að ýmis kostnaður við tómstundastarf í skólum og íþróttum, að ekki sé minnst á tónlistarnám o.fl., hefur vaxið verulega og á því verður að taka. Hvernig á að mæta því að börn sem koma frá fátækum heimilum fái ekki sömu tækifæri þegar þau eru að alast upp, t.d. í gegnum tómstundastarf eins og önnur börn? Því verður að mæta með því að sveitarfélög eða ríki taki með einhverjum hætti þátt. Áhrifin eru auðvitað margvísleg og það sem hefur verið bent á er að þegar félagslegar afleiðingar af þessu eru kannski mjög alvarlegar getur þetta komið fram í útgjöldum í félags- og heilbrigðiskerfinu síðar meir. Það er því ekki verið að spara með því að láta greiða fyrir þá þjónustu sem teljast má til tómstundastarfa eða félagslegra tækifæra sem börn sem eru að vaxa úr grasi geta fengið.

Þetta vildi ég nefna því að ég tel mjög brýnt að það sé líka farið í að kanna félagslegar og fjárhagslegar afleiðingar fátæktar á Íslandi.

Herra forseti. Það er ástæðulaust að teygja málið mikið lengra. Það er hægt að skoða það og tala um það út frá mörgum hliðum. Kannski hafa húsnæðismálin ekki verið nefnd hér mikið en þau eru stór þáttur í fátækt fólks. Stór hluti af þeim sem fá fjárhagsaðstoð t.d. frá Reykjavíkurborg, mig minnir að um 500 manns séu á biðlistum eftir leiguíbúðum. Þetta er fólk sem býr kannski núna við þær aðstæður að vera ofurselt almenna leigumarkaðnum þar sem stærsti hlutinn, kannski 75–80%, af tekjum þeirra fer í leigu. Þess vegna er það grundvallaratriði að við skoðum líka húsnæðislöggjöfina með tilliti til þess að hún henti fátæku fólki og að við sníðum hana að þeirri staðreynd að ekki geta allir keypt sér húsnæði. Mér finnst löngum brenna við hjá þeim sem hafa haldið um þennan málaflokk á undanförnum árum að líta svo til að það geti flestir, ef ekki allir, keypt sér húsnæði. Kannski er það ein af meginástæðunum sem við munum komast að ef þetta verður skoðað að hækkun á húsnæðiskostnaði og þrenging á leigumarkaðnum á undanförnum árum sé ein af meginskýringum þess að fátækt hefur vaxið hér á landi. Auðvitað eru margir fleiri þættir, það er hátt matvælaverð, endar ná ekki saman og fólk neyðist til þess að taka sér neyslulán í bönkum til þess að geta átt fyrir nauðþurftum út mánuðinn, yfirdráttarlán með háum vöxtum. Allt þetta vindur upp á sig og við þurfum að skoða alla þessa þætti ofan í kjölinn.

Hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir fór ágætlega ofan í barnabæturnar, hvernig þær hafa verið skertar á umliðnum árum og eru ekkert orðnar annað en láglaunabætur. Ég býst við að ekkert land sem við berum okkur saman við búi eins illa að barnafólki, t.d. varðandi barnabæturnar, og við hér á Íslandi. Þegar velferðarkerfið er skoðað — við höfum viljað miða okkur við þetta norræna velferðarkerfi — er hlutfallslega, bæði miðað við íbúafjölda og landsframleiðslu, langminnstu varið til barnafjölskyldna hér á landi. Samt er fjöldi barna hér hlutfallslega miklu meiri en hjá öðrum norrænum þjóðum.

Herra forseti. Ég vænti þess að þeir sem eiga sæti í félmn. sjái til þess að þetta mál fái góða umfjöllun í nefndinni og verði afgreitt hér áður en þingi lýkur eftir nokkrar vikur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vísinda- og tækniráð, frh. 3. umr.

Stjfrv., 336. mál. — Þskj. 844.

[18:20]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við erum hér við lokaumræðu um frv. til laga um Vísinda- og tækniráð. Ég hef gert grein fyrir afstöðu minni og okkar í Frjálslynda flokknum. Reyndar er búið að afgreiða tvö frv. af þremur sem fylgdust að í meðförum þingsins en afgreiðslu frv. um Vísinda- og tækniráð var sem sagt frestað.

Ég get í sjálfu sér tekið undir það sjónarmið og vegvísi þessa frv. að efla þurfi vísinda- og tæknirannsóknir og tækniþróun. Það er enginn vafi í mínum huga að framfarir í vísindum og tækni eru og verða okkur enn frekar til mikils ávinnings í framtíðinni. Ef þessi frumvörp stefna til þess sem

mér sýnist að geti verið að mörgu leyti tel ég það geta orðið okkur til farsældar. Ég tel að það sé peninganna virði að verja meira fé til þessara mála, efla vísinda- og tæknimenntun og aðstoð við framþróun á þeim sviðum í landinu.

Hins vegar felli ég mig illa við þann farveg sem hér er valinn og kemur aðallega fram í 3. gr. frv., að 10 fulltrúar af 18 í Vísinda- og tækniráði skuli annaðhvort vera ráðherraskipaðir beint eða þá starfandi ráðherrar. Auk þess eru síðan tveir ráðherrar til viðbótar heimilir. Þá eru ráðherraskipaðir eða ráðherrarnir sjálfir skv. 3. gr. orðnir 12 af 20, en ella 10 af 18. Það er beinlínis tekið fram í 3. gr. að auk framangreindra fulltrúa sem þar eru upp taldir skuli menntmrh. skipa einn beint, iðnrh. einn, sjútvrh. einn, landbrh. einn, heilbr.- og trmrh. einn og umhvrh. einn. Auk framangreindra skulu síðan eiga sæti í ráðinu forsrh., fjmrh., iðnrh. og menntmrh. sem eiga föst sæti í ráðinu og þar að auki skal forsrh. vera heimilt að kveðja til tvo ráðherra til setu í ráðinu í senn til viðbótar. Forsrh. sjálfur er svo formaður ráðsins.

Ráðið er þannig uppsett að annaðhvort eru menn skipaðir beint af ráðherrum sem fulltrúar þeirra, gætu þess vegna verið ráðuneytisstjórar viðkomandi ráðuneyta, eða að ráðherrarnir sjálfir sitja í þessu ráði. Og ég verð að segja eins og er, herra forseti, að þó að ég sé ekki andvígur því að stjórnvöld tengist stefnumótun og skipulagi vísinda og tækni í landinu í gegnum tækniráð finnst mér þessi uppsetning aðfinnsluverð, að það megi beinlínis finna í báðum tilvikunum svo marga ráðherra eða ráðherraskipaða. Hvort sem 18 sitja í ráðinu eða meiri hlutinn er aukinn í því og 20 sitja í ráðinu eru annars vegar 10 pólitískt kjörnir í ráðinu og ráða því þannig eða þá 12 af 20. 10 af 18 eða 12 af 20.

Ég get ekki séð annað, herra forseti, en að málið sé þannig vaxið að stjórnvöld séu beint með völdin í þessu ráði til þess að forgangsraða handvirkt í því sem þau vilja forgangsraða. Stjórnvöld sitja þarna beint við fundarborð og fjalla um verkefni, fjalla um áherslur fyrir vísindasamfélagið og geta stýrt því pólitískt. Þeir hafa meiri hluta í ráðinu hvernig sem á það er litið.

Mér finnst þetta fyrir minn smekk of mikil pólitísk miðstýring. Þetta er eins konar ráðstjórnarfyrirkomulag, svipað og þekktist í gamla austrinu þar sem allir í Dúmunni sátu í ákveðnum ráðum og réðu nánast öllu sem þeir vildu ráða. Mér finnst ekki mikil framför hjá ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. að koma þessu fyrir með þessum forna hætti sem fannst í hinu gamla sovétskipulagi. Ég get stutt það að hér verði ákveðin framþróun í vísindum og tækni og er tilbúinn að leggja því lið að í það verði settir meiri fjármunir en við höfum kannski gert á undanförnum árum en ég tel óráð að gera það með þessu fyrirkomulagi þar sem verkunum verður miðstýrt póltískt. Samkvæmt frv. verður sem sagt pólitísk miðstýring stjórnvalda á hverjum tíma í þessu ráði.

Af þeim sökum, herra forseti, mun ég ekki greiða þessum málum atkvæði í þinginu þó að ég sé efnislega sammála því að efla hér vísinda- og tæknistörf. Og ég held, herra forseti, að hægt hefði verið að finna þessum málum betri farveg en að láta meiri hluta ríkisstjórnarinnar sitja í tækniráðinu, annaðhvort beint sem ráðherrar eða með trúnaðarmenn sína beint í ráðinu. Þar af leiðandi skrifaði ég ásamt þingmönnum Samfylkingarinnar, hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur og Lúðvíki Bergvinssyni, undir álit þar sem við lýstum þessum skoðunum okkar og tjáðum að við mundum ekki styðja þetta mál eins og það væri sett upp.

Í 3. gr. sem ég vék að áðan og taldi upp hverja ætti að skipa í ráðið af ráðherrunum eru fjórir samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins, tveir frá Alþýðusambandi Íslands og tveir frá Samtökum atvinnulífsins. Þessir átta koma sem sagt beint úr atvinnulífinu eða úr háskólaumhverfinu en aðrir eru pólitískt skipaðir og pólitískt ráðnir og þessu stjórna svo forsrh., fjmrh., iðnrh. og menntmrh. sem eiga föst sæti í ráðinu og geta þar að auki kallað tvo til viðbótar inn í ráðið. Sex ráðherrar geta því setið í ráðinu og stjórnað þar öllum verkum plús aðrir sex trúnaðarmenn ráðherra.

Ég endurtek, herra forseti, að ég mun sitja hjá við afgreiðslu þessa máls og tel að hér sé verið að koma upp miðstýrðu ráðstjórnarfyrirkomulagi frá gamalli tíð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Færeyska fiskveiðistjórnarkerfið, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ, 56. mál. — Þskj. 56.

[18:30]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um skipan nefndar til að meta kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. Hún hljóðar svo, herra forseti:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd sem meti kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. Nefndina skipi einn fulltrúi frá hverjum eftirtalinna aðila: Háskóla Íslands, sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri, Hafrannsóknastofnuninni, Samtökum fiskvinnslustöðva og sjávarútvegsráðherra sem jafnframt skipar formann.

Sjávarútvegsráðherra kynni Alþingi niðurstöður nefndarinnar eigi síðar en 15. mars 2003."

Herra forseti. Tilefni þessarar þáltill. er sú umræða sem orðið hefur í samfélaginu að undanförnu um hið svokallaða færeyska fiskveiðistjórnarkerfi. Margir hafa lýst aðdáun sinni á því kerfi og hvatt til þess að það fiskveiðikerfi yrði tekið upp hér. Hins vegar finnst mér hafa skort nokkuð í þeirri umræðu að hafa einhverja heildarsýn á því kerfi, hvað í því felst, hvað er færeyska fiskveiðistjórnarkerfið, hvert er einkenni þess, hvaða áhrif það hefur á samfélagið o.s.frv.

Markmið tillögunnar er að nefnd sú sem lýst hefur verið fái það verkefni að skoða þetta fiskveiðikerfi út frá eiginlega öllum hugsanlegum hliðum, leggja mat á tengsl fiskveiðiráðgjafar við heimilaðan afla, brottkast, þjóðhagslegan ávinning, takmörkun afkastagetu fiskveiðiflotans, tengsl landvinnslu og útgerðar, launamál sjómanna, verndun veiðistofna og þar fram eftir götunum. Með öðrum orðum að skoða þetta færeyska fiskveiðistjórnarkerfi frá öllum hugsanlegum hliðum og leggja þar til grundvallar þjóðhagslega hagsmuni en bera það síðan saman við það fiskveiðistjórnarkerfi sem við notum hér út frá þjóðhagslegum sjónarmiðum til að reyna síðan að leggja mat á þessi tvö kerfi.

Ég tel, herra forseti, að fyrr en slíkar upplýsingar liggi fyrir sé í rauninni erfitt að taka afstöðu til tveggja ólíkra fiskveiðistjórnarkerfa. Ég hef átt þess kost að ræða við marga Færeyinga, bæði í gegnum vináttu og ættartengsl þangað en ekki síður vegna starfa minna hjá Vestnorræna þingmannaráðinu. Það vekur athygli að almennt í Færeyjum, meðal sjómanna, útgerðarmanna, vinnslustöðva, banka

o.s.frv. virðist ríkja mikil ánægja með fiskveiðistjórnarkerfi þeirra og því er ekki óeðlilegt að við horfum til þess, eins og reyndar heyra má af fréttum að fleiri geri t.d. Skotar, með það í huga að velta því upp hvort þarna geti verið komið fiskveiðistjórnarkerfi sem felur í sér meiri sátt en óneitanlega er um það kerfi sem við styðjumst við núna og höfum gert síðustu áratugina.

Í rauninni þarf ekki mikið meira um þetta að segja. Þetta er einföld till. til þál. um skipan nefndar til að gera eins hlutlausa úttekt og hægt er á kostum og göllum færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins og bera það saman við það fiskveiðistjórnarkerfi sem við höfum hér með það í huga að umræðan í samanburðinum geti kannski orðið ögn upplýstari en hún er í dag og í framhaldi af því geti menn síðan tekið ákvarðanir.

Ég mælist til þess, herra forseti, að að lokinni fyrri umr. verði málinu vísað til síðari umr. og hv. sjútvn. Alþingis.

Umræðu frestað.

Ferðasjóður íþróttafélaga, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ og ÍGP, 57. mál. — Þskj. 57.

[18:35]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um ferðasjóð íþróttafélaga sem ég flyt ásamt hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita árlega af fjárlögum fé í ferðasjóð íþróttafélaga til að standa straum af kostnaði við keppnisferðir þeirra á viðurkennd mót. Úthlutun fari eftir reglum sem menntamálaráðherra setur."

Herra forseti. Þessi þáltill. er flutt öðru sinni. Hún var flutt á 126. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú endurflutt í þeirri von að hún nái afgreiðslu.

Í sjálfu sér þarf ekki að fara mörgum orðum um þáltill. Hugsunin á bak við hana er sú að efla íþróttastarf á landsbyggðinni því eins og kunnugt er og fram hefur komið í fréttum ítrekað hafa íþróttafélög á landsbyggðinni bent á gífurlegan kostnað sem er samfara því að taka þátt í Íslandsmóti eða bikarkeppni og er það kostnaður langt umfram það sem íþróttafélög annars staðar þurfa að bera. Þetta er svo mikið vandamál, herra forseti, að sum af þessum íþróttafélögum, m.a. í Vestmannaeyjum og Akureyri, hafa velt fyrir sér að draga sig út úr Íslandsmóti og væri þar skarð fyrir skildi og mikið skarð höggvið í íslenska íþróttahreyfingu sem ég hygg að enginn vildi sjá.

Ég vísa að öðru leyti, herra forseti, í þskj. 57 um rökstuðning fyrir þessu og læt þessi orð duga að sinni en mælist til þess að málið gangi til síðari umr. og verði vísað til hv. menntmn. Alþingis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Styrktarsjóður námsmanna, 1. umr.

Frv. HjÁ o.fl., 58. mál. — Þskj. 58.

[18:37]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um styrktarsjóð námsmanna sem ég flyt ásamt hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni, Gunnari Birgissyni og Magnúsi Stefánssyni.

Frumvarpið var flutt á 123. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú endurflutt af mikilli bjartsýni, enda er það trú okkar flm. að hér sé hið mætasta mál á ferðinni.

Frumvarpið gengur í stuttu máli út á það, herra forseti, að komið verði á fót styrktarsjóði fyrir námsmenn þar sem markmiðið er að einstaklingar, fyrirtæki og hið opinbera geti lagt fé til þess að styrkja námsfólk til náms. Meginhugsunin er sú að auka það fjármagn sem fer til þess að styrkja námsfólk, ekki síst að gefa einstaklingum og fyrirtækjum kost á að leggja fjármuni í slíkan sjóð gegn því að fá þá skattafslátt á móti slíkum framlögum og geta þannig örvað íslenska æsku til frekari mennta.

Ég vísa að öðru leyti í þskj. 58 og leyfi mér að vonast til þess að málið gangi til 2. umr. og verði vísað til hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áfallahjálp í sveitarfélögum, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 59. mál. — Þskj. 59.

[18:38]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um skipulagða áfallahjálp í sveitarfélögum.

Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Magnús Stefánsson, Árni Steinar Jóhannsson, Guðrún Ögmundsdóttir og Katrín Fjeldsted. Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samstarfi við sveitarfélög að koma á skipulagðri áfallahjálp innan sveitarfélaga til að bregðast við þegar alvarleg og mannskæð slys ber að höndum."

Hér er um enn einn endurflutning á þáltill. að ræða en þessi sama tillaga var lögð fram á 127. löggjafarþingi en varð ekki útrædd og er nú lögð fram nánast óbreytt.

Herra forseti. Ég hef fengið mjög jákvæð viðbrögð við þáltill. enda tel ég að full ástæða sé og full rök fyrir því að koma á skipulagðri áfallahjálp innan hvers sveitarfélags. Hér er átt við áfallahjálp, hér er ekki verið að ræða um svokallaða fyrstu hjálp, þ.e. beinar björgunaraðgerðir þegar óhöpp verða, alvarleg slys eða minni háttar slys. Það má með sanni segja að hin svokallaða fyrsta hjálp sé mjög vel uppbyggð hérlendis, þökk sé ágætum björgunarsveitum um land allt, en víða virðist pottur brotinn hvað varðar síðan áframhaldandi aðstoð við þá sem lenda í slíkum áföllum hvort sem um einstaklinga, fjölskyldur eða jafnvel heilu vinnustaðina er að ræða. Þá erum við að tala um svokallaða aðra og þriðju aðstoð, þ.e. á þeim tíma þegar frá líður sjálfu slysinu sem upp kann að koma.

Hér er bent á að í hverju sveitarfélagi þurfi að vera slíkt teymi til staðar þar sem að koma ýmsir aðilar, svo sem

heilsugæslulæknar, prestar, lögreglumenn, björgunarsveitarfólk, fulltrúar peningastofnana, tryggingafélags, skóla og atvinnulífs, með öðrum orðum fulltrúar flestra aðila samfélagsins sem taki að sér að veita skjól þeim sem á áfallahjálp þurfa að halda og meta að þörf sé fyrir slíka aðstoð. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að ein yfirstjórn sé yfir slíku á landsvísu sem annist skipulag fræðslumála og þar fram eftir götunum. Hugsunin með þessu er sú að þeir sem verða fyrir áföllum af völdum mikilla slysa hvort heldur er fjölskylda þeirra sem fyrir slysinu verða, vinnufélagar eða jafnvel heilu þorpin eins og oft vill verða við sjóskaða, umferðarslys eða önnur slík, þá skapast oft mikill vandi og hefur því miður ekki verið nógu faglega að verki staðið. Markmiðið með þessari tillögu er að koma slíku skipulagi á.

Ég vísa að öðru leyti í þskj. 59 og mælist til þess að málið gangi til síðari umr. og verði vísað til hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjómannalög, 1. umr.

Frv. HjÁ o.fl., 60. mál (bótaréttur). — Þskj. 60.

[18:42]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á sjómannalögum, nr. 35/1985.

Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Magnús Stefánsson og Guðjón Arnar Kristjánsson.

Í raun er þetta afskaplega einfalt frv. um breytingu á sjómannalögunum og hljóðar svo:

„3. mgr. 26. gr. laganna verður svohljóðandi:

Verði skiprúmssamningi slitið af þeim sökum er greinir í 1. mgr. á skipverji rétt til kaups skv. 25. gr. að lágmarki í þrjá mánuði frá því að hann kemur til heimilis síns."

Hér er um endurflutning að ræða. Frumvarpið var lagt fram á 127. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú lagt fram efnislega óbreytt.

Í stuttu máli gengur frv. út á það að við skipsskaða eins og lögin eru núna, falla þeir skipverjar, sem eru svo lánsamir að lifa af sjóslys, af launaskrá nánast á því augnabliki sem skipið fer niður. Þetta er mikið óréttlæti og stingur í rauninni í stúf við að ef skipi er lagt, t.d. vegna kvótaleysis eða annars slíks, þá halda sjómenn launum sínum í þrjá mánuði. Því hlýtur það að hljóma kaldhæðnislega að við skipsskaða skuli menn vera verr settir séu þeir svo lánsamir að lifa skipsskaðann af. Þetta byggir í rauninni á gömlum og úreltum ákvæðum og eru ekki í takt við samtímann og er heldur ekki í takt við það sem hefur þróast í nágrannaríkjum okkar. Sú breyting á sjómannalögunum sem frv. felur í sér gerir ráð fyrir að skipverjar hljóti þennan sjálfsagða rétt, þ.e. að þeir haldi launum að lágmarki þrjá mánuði frá því að þeir koma til heimilis síns eftir skipsskaða.

Herra forseti. Að öðru leyti vísa ég í þskj. 60 og mælist til þess að málið gangi til 2. umr. og verði vísað til hv. samgn.

[18:44]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég er meðflm. að þessu frv. ásamt hv. 1. flm. Hjálmari Árnasyni sem hér mælti fyrir því og hv. þm. Magnúsi Stefánssyni.

Þetta frv. gengur út á að breyta réttarstöðu sjómanna þegar skip ferst en þannig hefur verið í íslenskum rétti fram að þessu að réttur skipverja þegar skip ferst er nánast enginn. Menn eru nánast kauplausir að öðru leyti en því að sérstaklega er tekið fram að þeir skuli njóta kaups á heimferð eða á þeim stað sem skipið er, enda þurfi þeir að dvelja á staðnum af orsökum sem upp eru taldar í lögunum í dag, sem eru m.a. þær að skipverji á rétt á kaupi vegna dvalarkostnaðar þegar hann þarf að bíða á staðnum eftir för heimleiðis eða þegar hann þarf að mæta fyrir rétti eða af öðrum orsökum að hugsa um skipið og vera til staðar á strandstað ef svo hagar til að skipið hafi farist við strönd.

Þessi ákvæði sem eru orðin mjög gömul í íslenskum rétti eru ekki neitt í takti við það sem nú tíðkast og engar þær ástæður sem hér eru taldar upp í gömlum ákvæðum eins og það að menn viti ekki af ófriði þegar skip lætur í haf og þar af leiðandi geti menn ekki forðast eitthvert ástand sem upp gæti komið. Þessi lög eru auðvitað barn síns tíma eins og segir í 130. gr. siglingalaga en þar segir: „Ef skip týnist eða laskast eða er dæmt óbætandi eða sjóræningjar taka það, greiði landssjóður kostnaðinn. Svo er og ef skip er hernumið og gert upptækt og skipstjóri vissi ekki af ófriðnum þá er hann lét í haf síðast."

Menn geta auðvitað séð af þessu að ákvæðin eru mjög gömul og hafa staðið óbreytt lengi í íslensku rétti. Þau eru í raun og veru komin úr dönskum og norskum lögum á sínum tíma og færð inn í íslenskan rétt.

Ég held að sú breyting sem við leggjum hér til um að menn eigi ævinlega rétt til eigi minna en þriggja mánaða launa og hefur sú hefð mótast á undanförnum missirum og árum að í dómum Hæstaréttar hefur verið tekið tillit til þess hvaða kaup menn hafi haft síðustu þrjá eða sex mánuðina sem þeir störfuðu á skipi. Þannig hefur rétturinn verið að þróast sem byggðist áður oft á því að menn áttu rétt á kauptryggingu en í seinni dómum hefur það verið staðfest í mörgum tilvikum að menn eigi rétt á sambærilegum launum og þeir höfðu haft á ákveðnu tímabili áður en skip var selt, skip var tekið úr þjónustu útgerðarmanns eða samkvæmt þessu, ef skip ferst.

Hér erum við að leggja til réttarbót fyrir sjómenn í samræmi við þá réttarþróun sem hefur orðið í samfélaginu á undanförnum árum og reyndar má finna því stað í dómum bæði undirréttar og Hæstaréttar að túlkun dómenda á réttarstöðu sjómanna að þessu leyti hefur verulega breyst og mönnum hefur eins og ég sagði áður verið dæmur sá réttur að fá staðgengilslaun í þeirri vinnu sem þeir voru í og þar af leiðandi er verið að lagfæra stöðu skipverja varðandi bótarétt og launarétt þegar skip ferst.

Ég held að um þetta sé ekki mikið meira að segja, herra forseti. Það er ákaflega skýrt sem verið er að breyta og þó að áður fyrr hafi kannski þótt sanngjarnt að útgerðarmanni bæri ekki að greiða skipverja bætur þegar skip fórst, þá eru þær orsakir sem þá voru til staðar um erfiðar samgöngur og öðruvísi atvinnuréttindi fólks ásamt uppsagnar- og veikindarétti, fæðingarorlofi nýverið og fjöldamörgum öðrum réttarbótum sem tryggja fólki laun af einhverjum ástæðum sem upp koma í lífi þess eða vegna breytinga í atvinnuháttum, þá situr þetta í raun og veru eitt eftir, herra forseti, sem gamalt ákvæði, enda orðað með þeim hætti sem ég las hér áðan um að menn viti ekki af stríðsátökum áður en látið er í haf, nánast fyrir tíma nútímafréttamiðlunar. Þannig að hér sitjum við einfaldega uppi með gamlan draug og ég tel þinginu til sóma að lagfæra þetta ákvæði.

[18:50]

Útbýting þingskjala:

Breytt verkaskipting innan Stjórnarráðsins, 525. mál, fsp. ÖS, þskj. 869.

Efling fjarnáms, 534. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 878.

Embætti umboðsmanns neytenda, 532. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 876.

Framkvæmdaleyfi og samráð vegna Kárahnjúkavirkjunar, 527. mál, fsp. KolH, þskj. 871.

Háskóladeildir á landsbyggðinni, 535. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 879.

Íslenskur ríkisborgararéttur, 242. mál, nál. allshn., þskj. 867.

Kostnaður við viðgerðir á varðskipum, 526. mál, fsp. HjÁ, þskj. 870.

Mannshvörf, 537. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 881.

Mótmæli gegn Kárahnjúkavirkjun erlendis frá, 528. mál, fsp. KolH, þskj. 872.

Mótmæli gegn Kárahnjúkavirkjun erlendis frá, 529. mál, fsp. KolH, þskj. 873.

Mótmæli gegn Kárahnjúkavirkjun erlendis frá, 530. mál, fsp. KolH, þskj. 874.

Niðurstöður starfshóps um samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis, 531. mál, fsp. KolH, þskj. 875.

Rekstrarform Háskóla Íslands, 536. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 880.

Sérhæfing fjölbrautaskóla, 533. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 877.

Stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ, 524. mál, fsp. JB, þskj. 868.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 14.–16. mál.

Fundi slitið kl. 18:52.

---

66. FUNDUR

þriðjudaginn 28. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 488. mál, þskj. 804. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Umferðarlög, stjfrv., 489. mál, þskj. 805. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Vísinda- og tækniráð, stjfrv., 336. mál, þskj. 844. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
4. Almannatryggingar, frv., 49. mál, þskj. 49. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Könnun á umfangi fátæktar, þáltill., 51. mál, þskj. 51. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Ferðasjóður íþróttafélaga, þáltill., 57. mál, þskj. 57. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Styrktarsjóður námsmanna, frv., 58. mál, þskj. 58. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Áfallahjálp í sveitarfélögum, þáltill., 59. mál, þskj. 59. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Sjómannalög, frv., 60. mál, þskj. 60. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Álverksmiðja í Reyðarfirði, stjfrv., 509. mál, þskj. 842. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.

[13:31]

Útbýting þingskjals:

Svipting lögræðis og fjárræðis, 484. mál, svar dómsmrh., þskj. 858.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 488. mál (rafræn vöktun, ættfræðirit). — Þskj. 804.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 489. mál (EES-reglur). — Þskj. 805.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Vísinda- og tækniráð, frh. 3. umr.

Stjfrv., 336. mál. — Þskj. 844.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁRÁ, BjörgvS, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VH, ÞKG, ÞBack.
14 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JB, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, KVM, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, SJóh, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 885).

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 49. mál (breytingar á bótagreiðslum). — Þskj. 49.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KF, KÓ, MS, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VH, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (BjörgvS) greiddi ekki atkv.
20 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, JóhS, JónK, KVM, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, SJóh, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Könnun á umfangi fátæktar, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 51. mál. — Þskj. 51.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Ferðasjóður íþróttafélaga, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ og ÍGP, 57. mál. — Þskj. 57.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Styrktarsjóður námsmanna, frh. 1. umr.

Frv. HjÁ o.fl., 58. mál. — Þskj. 58.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Áfallahjálp í sveitarfélögum, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 59. mál. — Þskj. 59.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Sjómannalög, frh. 1. umr.

Frv. HjÁ o.fl., 60. mál (bótaréttur). — Þskj. 60.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Tilhögun þingfundar.

[13:36]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs óskar eftir því, sbr. 3. mgr. 55. gr. þingskapa, að ræðutími við 1. umr. í 509. máli, álbræðslu í Reyðarfirði, verði tvöfaldur vegna mikilvægis málsins.

Ögmundur Jónasson, formaður þingflokks
Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs."

Við þessari beiðni verður orðið.

Álverksmiðja í Reyðarfirði, 1. umr.

Stjfrv., 509. mál. — Þskj. 842.

[13:36]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um heimild til samninga um álverksmiðju Fjarðaáls í Reyðarfirði sem er á þskj. 842. Í frv. er lagt til að iðnrh. verði heimilað að semja við Alcoa um álverksmiðju í Reyðarfirði. Meginefni frv. byggir á sama grunni og lög um heimild til samninga um álver á Grundartanga sem samþykkt voru á 121. löggjafarþingi.

Í frv. er í fyrsta lagi lagt til að veitt verði heimild til að semja við Alcoa og félög í eigu þess um að reisa og reka álverksmiðju í Reyðarfirði með framleiðslugetu sem nemur allt að 322 þús. tonna af áli á ári.

Í öðru lagi er kveðið á um heimildir ríkisstjórnarinnar til að tryggja efndir af hálfu sveitarfélagsins Fjarðabyggðar og hafnarsjóðs Fjarðabyggðar.

Í þriðja lagi er kveðið á um skattlagningu vegna reksturs álverksmiðjunnar en hún verður í meginatriðum í samræmi við íslensk skattalög en með nokkrum sérákvæðum er helgast af sérstöðu fyrirtækisins.

Í fjórða lagi er kveðið á um lögsögu íslenskra dómstóla og gerðardóms.

Viðræður um byggingu álverksmiðju í Reyðarfirði hafa staðið yfir frá árinu 1997 þegar Hydro Aluminium lýsti yfir áhuga á byggingu álverksmiðju á Íslandi. Viðræðurnar við Reyðarál hf. sem þá var í eigu Hæfis og Hydro um svokallað Noral-verkefni stóðu yfir þar til í mars á liðnu ári þegar aðilar þess gáfu út sameiginlega yfirlýsingu um að ríkisstjórn Íslands og Landsvirkjun hefðu rétt til að leita nýrra samstarfsaðila að verkefninu. Í kjölfarið voru teknar upp viðræður við bandaríska álfyrirtækið Alcoa. Í þeim viðræðum

nýttist sú vinna sem áður hafði verið unnin sem gerði kleift að ljúka samningum á mjög skömmum tíma.

Ég vil nú gera nokkra grein fyrir fyrirtækinu Alcoa Incorporated. Fyrirtækið, sem var stofnað 1888, er stærsta álfyrirtæki í heiminum í dag með rúmlega 120 þús. starfsmenn og starfar í 38 þjóðlöndum. Starfsemi fyrirtækisins tekur til allra þátta álframleiðslu, súráls, frumvinnslu áls og úrvinnslu. Alcoa þjónar flugvéla-, bifreiða-, umbúða-, byggingar-, samgöngu- og iðnaðarmörkuðum. Velta fyrirtækisins árið 2001 var 22,9 milljarðar bandaríkjadala. Fyrirtækið er m.a. skráð á verðbréfamörkuðum í New York, Brussel, Frankfurt, London, Sviss og Ástralíu. Áætlað er að hluthafar í fyrirtækinu árið 2001 hafi verið 266.800 og hlutir í því um 850 milljónir. Höfuðstöðvar þess eru í Pittsburgh í Pennsylvaníu.

Ég mun nú fara nokkrum orðum um álverið sem fyrirhugað er að reisa á um að bil 100 hektara landi úr jörðunum Sómastöðum, Sómastaðagerði og Hrauni í Reyðarfirði sem allar eru í eigu ríkissjóðs. Fjárfestingarkostnaður við að reisa álverið er áætlaður rúmlega 90 milljarðar kr. Árleg framleiðslugeta þess verður allt að 322 þús. tonn af áli, árlegt útflutningsverðmæti er áætlað um 40 milljarðar kr. og mun heildarvöruútflutningur aukast um 12%. Gert er ráð fyrir að rúmlega 455 ársverk skapist við álverið.

Þá er gert ráð fyrir 300 afleiddum störfum á Austurlandi. Þess má geta að erlendar rannsóknir sýna að við hvert starf í stóriðju verða til 2,5 afleidd störf. Því má gera ráð fyrir fjölgun starfa í iðju- og þjónustugreinum um land allt eftir að álverið hefur rekstur. Þá er ógetið áhrifa á framkvæmdatíma verkefnisins.

Undirbúningur álvers í Reyðarfirði hefur farið fram í samræmi við gildandi löggjöf og hefur almenningur átt þess kost að hafa áhrif á undirbúningsstigi. Frá því í desember 1999 hafa sex framkvæmdir er tengjast verkefninu á einn eða annan hátt komið til umfjöllunar Skipulagsstofnunar í mati á umhverfisáhrifum og ákvörðun um matsskyldu. Allar niðurstöður Skipulagsstofnunar utan ein hafa verið kærðar til umhvrh. Því hefur átt sér stað ítarleg umræða og aðgangur almennings að málinu hefur verið greiður á tveimur stjórnsýslustigum. Á þessum tíma hefur mat á umhverfisáhrifum álvers í Reyðarfirði þrisvar komið til umfjöllunar hjá Skipulagsstofnun.

Í desember 1999 úrskurðaði skipulagsstjóri ríkisins að frekara mat skyldi fara fram á umhverfisáhrifum 480 þús. tonna álvers. Úrskurðurinn var kærður til umhvrh. sem felldi hann úr gildi og ómerkti meðferð málsins.

Ný skýrsla um mat á umhverfisáhrifum var lögð fyrir Skipulagsstofnun um byggingu allt að 420 þús. tonna álvers í tveimur áföngum um mitt ár 2001. Í lok ágúst það ár féllst Skipulagsstofnun á framkvæmdina með skilyrðum um að ekki yrði búseta innan skilgreinds þynningarsvæðis álvers og rafskautaverksmiðju eftir að rekstur hæfist og að við umhverfisvöktun yrði fylgst með styrk PAH-efna í lofti, ákomu slíkra efna á jörð og afrennsli í sjó og uppsöfnun í sjávarseti og lífverum innan sem utan skilgreindra þynningarsvæða. Úrskurður Skipulagsstofnunar var kærður til umhvrh. sem staðfesti hann.

Í kjölfar aðkomu Alcoa voru Skipulagsstofnun tilkynntar breytingar á áformum um byggingu álvers í Reyðarfirði. Breytingarnar fólust einkum í minni framleiðslugetu. Þá var hætt við byggingu rafskautaverksmiðju og urðun kerbrota eða annarra úrgangsefna. Þann 20. desember sl. komst Skipulagsstofnun að þeirri niðurstöðu að breytingar á áformum um byggingu fyrirhugaðs álvers í Reyðarfirði væru ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldu því ekki háðar mati á þeim. Fyrri úrskurður stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum álvers í Reyðarfirði fyrir allt að 420 þús. tonna ársframleiðslu auk rafskautaverksmiðju gilti því áfram að teknu tilliti til breytinga á framkvæmdaáformum.

Þessi niðurstaða hefur nú verið kærð og þess krafist að álverið verði úrskurðað í sjálfstætt mat á umhverfisáhrifum. Umhvrh. hefur fjórar vikur til að kveða upp úrskurð.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í Fjarðabyggð og tillaga Hollustuverndar ríkisins, nú Umhverfisstofnunar, að starfsleyfi fyrir starfsemi á iðnaðarsvæðinu við Hraun í Reyðarfirði voru auglýstar í desember sl. Í greinargerð Hollustuverndar með starfsleyfi og starfsleyfinu sjálfu kemur fram að álverið verði byggt í samræmi við bestu tækni sem völ er á miðað við það sem kynnt hefur verið í Evrópu og Norður-Ameríku. Í starfsleyfinu er ekki gert ráð fyrir vothreinsun en þess í stað verður öðrum aðferðum beitt til að tryggja að skilgreint þynningarsvæði vegna loftmengunar af völdum brennisteinsdíoxíðs sé virt.

Í greinargerðinni kemur m.a. fram að í fyrsta sinn hérlendis er gert ráð fyrir háum skorsteinum með góðum útblásturshraða til að tryggja dreifingu loftmengunar. Í greinargerðinni segir að nokkuð ljóst sé að hægt verði að tryggja að umhverfismörk verði virt alls staðar með aðferð sem þessari.

Hæstv. forseti. Ég vil nú víkja að samningum þeim sem gerðir verða vegna álversins.

Samkomulag við Alcoa og félög í eigu þess felur í sér fjóra samninga, þ.e. fjárfestingarsamning, lóðarsamning, hafnarsamning og rafmagnssamning. Samningarnir voru áritaðir í desember sl. og samþykktir af bæjarstjórn Fjarðabyggðar og stjórnum Alcoa og Landsvirkjunar í janúar en gert er ráð fyrir að þeir verði formlega undirritaðir verði frv. þetta að lögum.

Samningarnir eru í upphafi miðaðir við 20 ára rekstur en gert er ráð fyrir möguleika á framlengingu þeirra um önnur 20 ár. Ég mun lýsa þessum samningum í örstuttu máli en nánari lýsingu á þeim er að finna í fylgiskjölum með frv.

Fjárfestingarsamningur verður gerður milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og Alcoa Inc., Fjarðaáls sf., Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðaráls ehf. hins vegar. Í samningnum er m.a. að finna ákvæði um skattamál félaganna sem að verkefninu standa. Þessi ákvæði eru mjög áþekk ákvæðum um fjárfestingarsamninga ríkisstjórnar Íslands, Columbia Ventures og Norðuráls hf. um álverið á Grundartanga. Í athugasemdum við greinar frv. er gerð nánari grein fyrir skattlagningu fyrirtækisins og að hvaða leyti vikið er frá almennum ákvæðum skattalaga. Í samningnum er gengið út frá því að farið verði að íslenskum lögum við uppbyggingu, túlkun og framkvæmd samninga sem gerðir verða innan ramma frv.

Lóðarsamningur verður milli ríkissjóðs og Fjarðaáls. Samkvæmt samningnum leigir ríkissjóður félaginu tæplega 100 hektara lóð úr landi jarðanna Sómastaða, Sómastaðagerðis og Hrauns. Í samningnum er m.a. kveðið á um að við lok gildistíma eða ef samningnum er sagt upp af ástæðum sem rekja má til félagsins skuli félagið fjarlægja verksmiðjuna og öll önnur tengd mannvirki og skila lóðinni til ríkissjóðs án þess að greiðsla komi fyrir. Hafnarsamningur verði milli hafnarsjóðs Fjarðabyggðar og Fjarðaáls. Samningurinn kveður m.a. á um rétt félagsins til að nota höfnina,

hafnarlandið og hafnarmannvirki og greiðslur fyrir þessi not. Rafmagnssamningur verður milli Landsvirkjunar og Fjarðaáls. Raforkuþörf álversins er 4.704 gígavattstundir á ári og mun öll sú orka koma frá Kárahnjúkavirkjun. Samkvæmt samningnum mun Alcoa skuldbinda sig til að greiða Landsvirkjun fyrir 85% þessarar orku óháð því hvort fyrirtækið nýtir orkuna eða ekki.

Greinargerð forstjóra Landsvirkjunar um fyrirhugaðan rafmagnssamning Landsvirkjunar og Fjarðaáls er fylgiskjal með frv. Í henni kemur fram að áætlað er að núvirtur hagnaður Landsvirkjunar af orkusölunni verði um 6,6 milljarðar kr. eftir að eigendum hefur verið reiknuð 11% ávöxtun á eigin fé að raungildi. Að frumkvæði eigenda Landsvirkjunar var skipuð nefnd til að fjalla um arðsemi og fjárhagslega áhættu Kárahnjúkavirkjunar og sölu raforku til Fjarðaáls. Nefndin taldi að arðsemismat Landsvirkjunar væri vel rökstutt og að aðferðir sem fyrirtækið beitti við matið væru faglegar og í fullu samræmi við það sem almennt væri gert við mat á arðsemi fjárfestingarverkefna.

Loks taldi nefndin að sú aðferð Landsvirkjunar að nota mat viðurkenndra erlendra sérfræðinga til að spá um þróun álverðs væri eðlileg. Útboð hefur farið fram á tveimur meginþáttum sjálfra virkjunarframkvæmdanna, byggingu Kárahnjúkastíflu og gerð aðrennslisganga. Á grundvelli fyrirliggandi tilboða er kostnaður við gerð Kárahjúkavirkjunar að mestu þekktur.

Hæstv. forseti. Í athugasemdum frv. og fylgiskjölum er gerð ítarleg grein fyrir samfélagslegum og þjóðfélagslegum áhrifum verkefnisins. Það er kunnara en frá þurfi að segja að íbúaþróun á Austurlandi undanfarin ár er áhyggjuefni. Á síðustu 10 árum hefur íbúum svæðisins fækkað um meira en 1.000 manns og nú búa um 8.100 manns á Miðausturlandi. Í athugun Nýsis hf. á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álversins kemur fram að miðað við gefnar forsendur muni íbúum á Miðausturlandi fjölga í um 10 þús. manns árið 2007 vegna framkvæmdanna. Áhrifa af framkvæmdunum mun gæta um allt land og er m.a. búist við að fjöldi iðnaðarmanna og verktaka á Austurlandi utan Miðausturlands og á Norðurlandi eystra muni taka þátt í verkefninu.

Atvinnuástand svæðisins hefur verið nokkuð gott þegar á heildina er litið en helstu veikleikar þess eru einhæfni í atvinnulíf, hátt hlutfall láglaunastarfa og fá starfstækifæri fyrir menntað fólk. Fyrirhugað álver mun með beinum, óbeinum og afleiddum hætti leiða til mikillar atvinnusköpunar, hærri atvinnutekna og aukinna viðskipta á Miðusturlandi. Um er að ræða nýja atvinnugrein á svæðinu sem hefði áhrif á margar aðrar greinar er selja vörur og þjónustu til álversins og starfsfólks þess. Atvinna tengd álverinu mun einnig auka möguleika þeirra sem starfa að ferðaþjónustu og landbúnaði á viðbótartekjum en atvinna í þessum tveimur greinum gefur almennt lágar tekjur og er árstíðabundin.

Efnahagslegra áhrifa álversins mun gæta um allt land. Fyrir liggur greinargerð efnahagsskrifstofu fjmrn. um þjóðfélagsleg áhrif framkvæmdanna. Í henni kemur fram að heildarfjárfesting í þjóðarbúskapnum gæti orðið rúmlega 30% meiri á framkvæmdatíma en ella. Þegar framkvæmdir standa sem hæst á árunum 2005 og 2006 má búast við að fjárfesting verði 47% meiri en án álversframkvæmda. Árlegur hagvöxtur mun aukast verulega og gæti orðið nálægt 5% árin 2005 og 2006 og verðbólga um 4,5–6,5% án mótvægisaðgerða. Athugun efnahagsskrifstofu fjmrn. bendir til að landsframleiðsla á framkvæmdatíma verði að jafnaði 3% hærri en í grunndæmi.

Árleg mannaflaþörf vegna framkvæmdanna nemur rúmlega 1.250 ársverkum að jafnaði á tímabilinu 2003–2006, eða um 0,8% af áætluðum mannafla á vinnumarkaði. Aukinn innflutningur fjárfestingarvara vegna framkvæmdanna og aukin umsvif í þjóðarbúskapnum munu valda auknum viðskiptahalla meðan á framkvæmdum stendur sem nemur að jafnaði 4,5% af landsframleiðslu á tímabilinu 2003–2006. Til langs tíma má reikna með að þjóðarframleiðsla verði 0,75% hærri en í grunndæmi og landsframleiðsla 1% hærri.

Í athugun efnahagsskrifstofu fjmrn. er gerð grein fyrir mögulegum mótvægisaðgerðum og áhrifum þeirra til að hamla gegn sveiflum í efnahagslífinu. Eins og fram kom í utandagskrárumræðu um þetta mál er á þessari stundu ekki hægt að segja fyrir um til hvaða sérstöku aðhaldsaðgerða þyrfti að grípa vegna Kárahnjúkavirkjunar og álversins. Þar skiptir mestu hver staða hagkerfisins verður þegar áhrifa framkvæmdanna fer að gæta. Hins vegar er ljóst að ef um slíkar aðgerðir verður að ræða verða þær tímabundnar. Framkvæmdirnar fyrir austan munu styrkja allt hagkerfið og bæta lífskjör þjóðarinnar. Hugsanlegar aðhaldsaðgerðir geta því ekki talist rök gegn framkvæmdunum.

Hæstv. forseti. Það er stór stund fyrir þá fjölmörgu sem að þessu verkefni hafa komið á liðnum árum, íbúa Austurlands og þjóðina alla, að horfast í augu við þá staðreynd að búið er að taka ákvörðun um að ráðast í framkvæmdir við stóriðju á Austurlandi. Ljóst er að um er að ræða mjög stóra framkvæmd á okkar mælikvarða sem mun hafa mjög víðtæk áhrif á efnahag þjóðarinnar. Framkvæmdin markar tímamót vegna þess að aldrei áður hefur verið ráðist í jafnmikla atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni. Atvinnuuppbygging undanfarinna ára hefur að stærstu hluta átt sér stað á suðvesturhorni landsins. Í því sambandi má nefna að grípa hefur þurft til efnahagslegra mótvægisaðgerða vegna þenslu á höfuðborgarsvæðinu með frestun opinberra framkvæmda, til að mynda á landsbyggðinni. Það hefur hins vegar verið yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að reyna að stuðla að fjárfestingu í orkufrekum iðnaði í nágrenni við uppsprettu orkunnar.

Jökulárnar norðaustan Vatnajökuls hafa að geyma mikla orku. Í samræmi við þetta hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir því að álver rísi í Reyðarfirði. Nú munu Austfirðingar loks fá notið þess að þær auðlindir sem vatnsföllin eru verði nýttar þeim og öðrum landsmönnum til hagsbóta.

Herra forseti. Á undanförnum áratugum hafa ýmsir kostir verið skoðaðir til iðnaðaruppbyggingar á Austurlandi. Fram að þessu hafa allar slíkar kannanir farið út um þúfur. Austfirðingar hafa hins vegar sýnt þolinmæði og búið sig undir að takast á við þetta verkefni. Þeir hafa sýnt samstöðu í verki og andmælt þeim sem telja að framkvæmdir sem þessar séu óþarfa umhverfisspjöll. Viðbrögð Austfirðinga við þeim tíðindum að Alcoa hefði tekið ákvörðun um að byggja álver í Reyðarfirði komu mér ekki á óvart. Íbúarnir gera sér grein fyrir að þessi ákvörðun blæs nýju lífi í atvinnuuppbyggingu á svæðinu og boðar breytta tíma.

Nú verður ekki lengur um íbúaflótta og stöðnun í atvinnulífi að ræða. Á næstu árum mun Austurland einkennast af framkvæmdum og umsvifum í atvinnulífinu. Þessa tækifæris hafa íbúarnir beðið og búið sig undir að nýta þá miklu möguleika sem það gefur.

Það urðu mér vonbrigði að heyra andstæðinga framkvæmdanna lýsa því yfir að málinu væri ekki lokið og að

áfram yrði barist gegn þessu verkefni. Eins og ég hef lýst að framan hefur sjálfsagt engin framkvæmd í Íslandssögunni verið jafn vel undirbúin með hliðsjón af umhverfissjónarmiðum og sú sem nú er talað um í Reyðarfirði. Við verðum að virða skoðanir þeirra sem ekki sætta sig við niðurstöðuna á grundvelli umhverfisástæðna. Á hinn bóginn tel ég óásættanlegt að sömu aðilar reyni sífellt að gera efnahagslegar forsendur verkefnisins tortryggilegar. Fyrir slíku er ekki nokkur fótur. Þjóðin öll mun hafa verulegan ávinning af verkefninu.

Með nýju álveri í Reyðarfirði mun álframleiðsla á Íslandi rúmlega tvöfaldast og mikilvægi áliðnaðar því aukast til mikilla muna. Útflutningsverðmæti áls á síðasta ári var um 40 milljarðar kr. en verður yfir 80 milljarðar kr. þegar álver Alcoa hefur náð fullri framleiðslugetu. Til samanburðar má geta þess að útflutningsverðmæti sjávarafurða eru tæplega 130 milljarðar kr.

Á undanförnum árum höfum við séð nokkur fyrirtæki sem veita álfyrirtækjum þjónustu verða til hér á landi. Þessi fyrirtæki byggja á sérþekkingu sem Íslendingar hafa aflað sér við rekstur álvera. Er nú svo komið að íslensk fyrirtæki eins og Altech og Stímir selja ýmiss konar tæknibúnað í álver víða um heim. Ég tel að þessi fyrirtæki muni vaxa og við sjá fleiri sérhæfð þjónustufyrirtæki fyrir áliðnað verða til hér á landi á næstu árum. Þá er ekki ólíklegt að möguleikar okkar á að fá til landsins úrvinnslufyrirtæki sem framleiða söluafurðir úr áli aukist verulega með þessum framkvæmdum. Mikilvægi áliðnaðar á Íslandi gæti því átt eftir að aukast enn meira þegar fram líða stundir.

Hæstv. forseti. Fjarðaál mun hafa jákvæð áhrif á íslenskt samfélag. Tekjur ríkissjóðs munu aukast, gjaldeyristekjur þjóðarbúsins verða meiri, laun almennings munu hækka, kaupmáttur ráðstöfunartekna eykst, fjöldi góðra starfa verður til. Austurland eflist. Það hagnast allir landsmenn á þessu verkefni. Þess vegna er farið í það.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[13:57]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ráðherra vék réttilega að því að niðurstaða Skipulagsstofnunar frá 20. des. um að ekki þurfi sjálfstætt mat á umhverfisáhrifum þessarar nýju framkvæmdar með nýrri tækni sem byggð verður af óskyldum aðila því sú sem áður stóð til hafi verið kærð. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra í fyrsta lagi: Kom aldrei til álita að bíða með framlagningu þessa máls eða a.m.k. umfjöllun um það þangað til ráðherra hefur fellt úrskurð sinn? Eða lítur ráðherra svo á að úrskurður hæstv. umhvrh. í þessu máli sé hreint formsatriði og það liggi fyrir á hvern veg hann verður?

Í öðru lagi talar hæstv. ráðherra í sömu setningu um bestu tækni og bestu fáanlegar mengunarvarnir og í hinum hluta setningarinnar um að ekki verði um vothreinsibúnað að ræða heldur verði þau mál leyst með öðrum hætti, eins og kunnugt er orðið. Með tveimur 80 metra háum strompum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er ríkisstjórn Íslands, þar með talið hæstv. umhvrh., sammála því að það sé jafngild aðferð því að hreinsa mengunina eða fella hana með vothreinsibúnaði og hitt að reisa háa strompa til að dreifa henni betur yfir umhverfið? Er það stefna hæstv. ríkisstjórnar að þetta tvennt sé jafngilt og hægt sé að segja að um bestu fáanlega tækni sé að ræða þegar menn nota strompa í staðinn fyrir hreinsun?

Í þriðja lagi, herra forseti. Ég mótmæli því að hæstv. ráðherra tali með þeim hætti sem hún gerir fyrir hönd allra Austfirðinga og fyrir hönd allra landsmanna, eins og hæstv. ráðherra viti ekki um þann djúpstæða ágreining sem er í þessu máli og þar á meðal á Austurlandi eins og ítrekaðar samþykktir, mótmælafundir og aðgerðir eystra bera vitni um.

Varðandi þetta venjulega, með að menn eigi ekki að hafa aðrar skoðanir en ráðamenn þegar þeir hafa tekið ákvarðanir. Hvernig hugsar ríkisstjórn Íslands sér þetta í framkvæmd? Er þess að vænta að gefin verði út reglugerð um hvenær almenningur má hafa sjálfstæða skoðun í þessu landi og hvenær ekki? Verður gefin út reglugerð um hvenær fólk skuli hætta að halda fram sjónarmiðum sínum í málum ef ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun?

[14:00]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil biðja áheyrendur á þingpöllum að sýna háttvísi hér í þingsal og bera virðingu fyrir þessari gömlu stofnun.

[14:00]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem hv. þm. sagði í lokin er að sjálfsögðu ekki svaravert. Ég hef aldrei fundið að því að Íslendingar hefðu aðra skoðun en ég í þessu máli. Ég held hins vegar fram minni skoðun, rökstyð hana og skammast mín ekki fyrir hana, er reyndar mjög stolt af því að vera komin með þetta mál eins langt og raun ber vitni.

Hvað varðar umhverfisþátt málsins og strompana sem hv. þm. nefndi er það ekki mitt mál að kveða upp úr um það. Skipulagsstofnun hefur gert það — hv. þm. vill virða þá stofnun eftir því sem ég best veit — og hefur komist að þeirri niðurstöðu að þær breytingar sem verða á framkvæmdinni með tilkomu Alcoa í stað Reyðaráls séu ekki slíkar að þær krefjist nýs mats á umhverfisáhrifum. Það tel ég mikilvægt. Hins vegar hefur sá úrskurður verið kærður eins og kom fram í máli hv. þingmanns. Það er verkefni hæstv. umhvrh. að fjalla um þann þátt mála og ég veit að það er skammur tími sem hún hefur til þess að ná niðurstöðu. Ég tel ekki ástæðu til að fresta málinu út af einhverjum kærum sem einhvers staðar eru í gangi vegna þess að Alþingi Íslendinga mun fjalla um málið á næstu vikum og þá gefst tími til að fjalla um þá niðurstöðu sem hæstv. umhvrh. mun komast að síðar.

[14:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra hlýtur að vita til hvaða ummæla hennar er vísað, bæði í málflutningnum áðan og í viðtali við hana sem Fréttablaðið setti á forsíðu sína fyrir ekki löngu síðan þar sem ráðherra fór hörðum orðum um að menn létu ekki af andstöðu við þessar framkvæmdir í ljósi þess að stjórnir Landsvirkjunar og Alcoa hefðu tekið ákvarðanir. Sömu tuggu hefur tuggið flokksbróðir hæstv. ráðherra, formaður stjórnar Landsvirkjunar, svo að maður minnist ekki á þá ósvinnu sem þessir nefndu einstaklingar hafa ítrekað látið frá sér fara um að menn veiti útlendingum upplýsingar í málinu. Það er þvílík höfuðsynd að þeirra dómi að það hálfa væri nóg. Um þetta er ég að tala, til þessa er ég að vísa, eða dregur hæstv. ráðherra þessi ummæli sín ýmis frá undanförnum vikum til baka?

Varðandi umhverfisáhrifin var þetta ódýrt svar hjá hæstv. ráðherra. Það er hæstv. iðnrh. sem flytur þetta mál hér og getur ekki skotið sér á bak við það þegar það hentar að

umhverfismálin séu á könnu umhvrh., enda er ekki langt á milli þeirra flokkssystra. Þær gætu þá ráðfært sig og borið sig saman um málið. En þetta mál er ekki meira á hreinu en svo, herra forseti, og því er spurt að í greinargerð frv. kemur fram að það er enn óvissa um það hvaða hreinsitækni Alcoa ætlar að nota. Á bls. 56 segir að sá möguleiki sé fyrir hendi að niðurstöður athugana Alcoa verði þær að vothreinsun sé nauðsynleg við álverið. Þetta er borið á borð fyrir okkur hér. Sem sagt, það er látið að því liggja að þetta sé jafngilt en samt er í það vitnað að fyrirtækið sjálft er ekki visst um að það geti uppfyllt kröfurnar um þynningu mengunarefna á áhrifasvæðinu nema að fara út í vothreinsun. Og er þá eitthvað skrýtið að maður gagnrýni þessa framsetningu og spyrji hæstv. ráðherra um málið? Það er allt of ódýrt að vísa á það að umhvrh. muni úrskurða í þessu máli einhvern tíma síðar.

[14:04]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. verður tíðrætt um efnahagslegan ávinning, meintan, af þessum framkvæmdum. Það er talað um að það skapist, beint og óbeint, um 750 störf.

Ég veit ekki hvort menn gera sér almennt grein fyrir því að á árabilinu 1990–2000 mynduðust hér í landinu tæplega 15 þús. störf og að á árabilinu frá 1970 fram á þennan dag hafa að jafnaði skapast í landinu um 1.700 ársverk árlega. Hér erum við að tala um fjárfestingu upp á mörg hundruð milljarða sem mun hugsanlega skapa 750 manns atvinnu. Hvað vill hæstv. iðnrh. segja um varnaðarorð efnahagssérfræðinga sem segja að afleiðingar þessarar ráðagerðar muni gera öðrum atvinnurekstri í landinu erfiðar uppdráttar? Nú er það svo að ef vel á að fara þarf að skapa hér á næstu 10 árum um 15 þús. störf. Hér erum við að tala um 750 af þessum sökum. Nú spyr ég hæstv. ráðherra: Hvað segir ráðherrann um þau varnaðarorð sem koma frá efnahagssérfræðingum hvað þetta snertir?

Varðandi hitt atriðið, um ávinning fyrir efnahagslífið, verður hæstv. ráðherra tíðrætt um nafnstærðir, um útflutningsverðmæti, og ber þar saman við útflutningsverðmæti í sjávarútvegi. Hér er ekki saman að jafna. Í sjávarútveginum er eignarhaldið á innlendum höndum. Í þessu tilviki er það erlent stórfyrirtæki, risafyrirtæki, sem kemur til með að fá hagnaðinn til sín. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Hvert verður vinnsluviðri þessara framkvæmda? Hefur ríkisstjórnin látið fara fram mat á því hvað kemur til með að sitja eftir í íslensku efnahagslífi þegar hagnaðurinn, vextirnir og afborganirnar hafa verið fluttar úr landi?

[14:06]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var mjög gott að hv. þm. fór yfir fjölgun starfa í landinu eins og þau mál hafa þróast. Á miðjum 10. áratugnum, þegar efnahagslífið tók við sér á nýjan leik á Íslandi, var það einmitt vegna þess að við fórum út í framleiðslu á áli í frekari mæli. Álverið í Straumsvík var stækkað og það var byggt álver í Hvalfirði. Þetta vitum við. Því var mótmælt harðlega hvað varðar Norðurál í Hvalfirði en til allrar guðs lukku höfðu stjórnvöld kjark til að halda stefnu sinni, það álver var reist og ég heyri ekki að nokkur maður sé á móti þeim framkvæmdum í dag. Það er kannski til að sanna að það þýðir ekki að gefast upp þótt á móti blási. A.m.k. hvað varðar fyrirtækið í Hvalfirði, Norðurál, hefur það virkilega sýnt sig og sannað.

Hv. þingmanni finnst kannski 750 störf ekki mörg störf en það getur vel verið að það séu 750 fjölskyldur sem fá vinnu, fjölskyldur á landsbyggðinni, þannig að ég held að hv. þm. ætti ekki að gera lítið úr því og svo eru öll þau afleiddu störf sem verða til að auki. Við erum að tala um gríðarlegar framkvæmdir, gríðarlega atvinnuskapandi framkvæmdir. Þegar hv. þm. talar um að það eigi að nota þessa fjármuni í eitthvað annað verður hann að gera sér grein fyrir því að við erum ekki með þessa fjármuni í hendi. Það er fyrirtækið Alcoa, alþjóðafyrirtæki sem ætlar að fara í fjárfestingar á Íslandi. Er það ljótt að það er erlent fyrirtæki? Er það vandamálið? Erum við Íslendingar ekki að fjárfesta úti um allan heim og státa okkur af því? Ég varð síðast vitni að því í Portúgal að íslenskt fyrirtæki stendur sig sannarlega í fjárfestingu erlendis. Það stendur ekki steinn yfir steini í þessum málflutningi og ég óska þess að hv. þingmaður fari að átta sig á mikilvægi þess að skapa störf á Íslandi.

[14:08]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er einmitt að tala um mikilvægi þess að skapa störf. Á næstu 10 árum þarf að skapa að lágmarki 15 þús. störf í landinu. Hér erum við að tala um 700–750. Það á eftir að skapa 14.300 störf. Ég er að spyrja hæstv. ráðherra hvernig hún bregðist við þeim varnaðarorðum sem fram hafa komið hjá efnahagssérfræðingum þess efnis að þessar ráðagerðir muni torvelda öðrum atvinnurekstri, bregða fæti fyrir annan atvinnurekstur vegna hækkunar á vöxtum, svo að dæmi sé tekið, og nauðsynjar þess að draga úr útgjöldum. Það er þetta sem ég bið hæstv. ráðherra um að bregðast við.

Síðan spyr ég um vinnsluviðri þessara framkvæmda. Hvað telur ríkisstjórnin að muni sitja eftir í landinu eftir að hagnaðurinn hefur verið fluttur út til Bandaríkjanna? Það er ekki saman að jafna sjávarútvegi og þungaiðnaði sem ríkisstjórnin setur allt sitt traust á. Það er ekki saman að jafna.

Síðan vil ég vekja athygli á einu. Það er ekki búið að ganga frá samningum. Ég veit ekki betur en hér séu fulltrúar ítalska fyrirtækisins Impregilo að semja við Landsvirkjun, og hvers konar samningamenn eru hér eiginlega á ferðinni og hvern bakhjarl hafa þeir? Ríkisstjórnin lýsir því yfir að ritað verði undir samninga eftir fáeina daga. Hvað skyldu samningamenn Impregilo gera við þær aðstæður þar sem þeir sitja á hótelherberginu sínu? Ætli þeir taki ekki bara upp naglaklippurnar og bíði? Það er komin pólitísk ákvörðun um að semja hvað sem það kostar. Þetta er forkastanleg framganga af hálfu ríkisstjórnarinnar.

[14:10]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil minna á það að Samtök atvinnulífsins styðja þessar framkvæmdir. Hv. þm. virðist hafa miklar áhyggjur af því að þetta verði til þess að draga úr mikilvægi eða möguleikum annars atvinnurekstrar til þess að eflast en málið er stutt af Samtökum atvinnulífsins. Og þegar hv. þm. talar um að hagnaður flytjist úr landi er það þannig að þessi hagnaður er skattlagður á Íslandi samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir og það skiptir líka miklu máli.

Hv. þm. kemur með nýyrði inn í umræðuna sem er þá væntanlega það sem málið mun snúast um af hans hálfu í þessari umræðu. Það kemur alltaf eitthvað nýtt upp. Fyrst var hann á móti út af umhverfisáhrifum og svo var hann á móti út af því að (**ÖJ:** Mjög málefnalegt.) framkvæmdin

væri ekki nægilega arðbær og svo var hann á móti út af mótvægisaðgerðum og núna verður hann væntanlega á móti út af varnaðarútreikningum einhverjum.

[14:11]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Eins og gerð var grein fyrir í framsögu hæstv. iðnrh. er efni þessa frv. eitthvað á þá leið að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að gera samninga til a.m.k. 20 ára við Alcoa Incorporated, Fjarðaál sf. og stofnendur þess, Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðarál ehf. um að reisa og reka álverksmiðju og tengd mannvirki á Íslandi.

Verkefnið felur í sér að félagið, Alcoa, Fjarðaál sf. byggir álverksmiðju í Reyðarfirði til framleiðslu á áli og aðstöðu sem tengist slíkri framleiðslu, þar með talin bygging hafnarmannvirkja. Álverksmiðjan er hönnuð til framleiðslu á allt að 322 þús. tonnum af áli á ári.

Í frv. þessu er einnig fjallað um ábyrgðir ríkisstjórnarinnar vegna þeirra samninga sem tengdir eru álverksmiðjunni og starfsemi hennar. Þar eru heimilaðar ýmsar undanþágur frá lögum sem lúta að eignarhaldi og tryggingum og virðast mér þau ákvæði að flestu leyti vera í samræmi við fyrri lög um sambærilega samninga. Er ég þá sérstaklega að miða við lög um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga frá árinu 1997 sem er kannski nýjasta dæmið sem við höfum til samanburðar.

Stærsta og efnismesta ákvæði þessa frv. er um skattlagningu en í 6. gr. frv. er kveðið á um ýmsar undanþágur og frávik frá íslenskum skattareglum. Í heildina tekið er sú grein sambærileg við fyrri lög um sambærilegar framkvæmdir en þó ekki að öllu leyti. Er þar töluvert frábrugðið ákvæði sem lýtur að tekjuskattsskyldu fyrirtækisins. Einnig vakti sérstaka athygli mína ákvæði í 2. mgr. 6. gr. þar sem íslenskum stjórnvöldum eru settar verulegar skorður þegar kemur að því að leggja skatta eða gjöld á raforkunotkun félagsins og útblástur lofttegunda eða aðra losun úrgangsefna.

Að lokum fjallar þetta frv. um reikningsskilareglur, lögsögu og lausn deilumála, undanþágu frá tollum og gjöldum vegna innflutnings og kaupa félagsins á byggingarefnum, vélum, tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum fyrir álverksmiðjuna og tengd mannvirki. Í 10. gr. frv. er veitt heimild til framsals félagsins og eigendanna á samningum með tilteknum skilyrðum sem fram skulu koma í samningnum.

Það er í sjálfu sér umhugsunarefni að Alþingi Íslendinga skuli sitja hér yfir sérákvæðum og undanþágum frá almennum skattareglum fyrirtækja á þeirri forsendu að erlendir aðilar hyggist hefja hér atvinnustarfsemi. Það segir kannski meira en mörg orð um veikleika íslenskra skattareglna þótt þær hafi að mörgu leyti breyst tl hins betra fyrir fyrirtækjarekstur á síðustu árum en enn þarf sérreglur til í tilvikum sem þessum þrátt fyrir að þær verði sífellt færri, undanþágurnar, sem þörf virðist vera talin á að gera í tengslum við slíka samninga. Heimilt er nú að gera upp í erlendri mynt. Tekjuskatturinn hefur verið lækkaður mjög og er nú með því lægsta sem gerist meðal OECD-þjóðanna. Það er búið að afnema verðbólgureikningsskilin sem voru mörgum slíkum fyrirtækjum þrándur í götu.

Við erum enn í þeirri stöðu að sitja hér yfir sérákvæðum vegna skattaumhverfisins og maður hlýtur að velta fyrir sér hvort ekki komi að þeim degi að sérreglur sem þessar séu úr sögunni, að erlend fyrirtæki sem hingað koma og hefja starfsemi geti búið við sömu skattakjör og íslensk fyrirtæki.

Það má líka spyrja sig að því, herra forseti, hvort ekki sé unnt að setja almennar reglur sem gilda fyrir fyrirtæki af þessu tagi, hvort þörf sé á því að gera sérsamninga um hverja og eina framkvæmd. Það er t.d. undarlegt að ekki skuli gilda sambærilegar reglur um tekjuskattsskyldu þeirra fyrirtækja sem hér halda úti stóriðjurekstri. Samkvæmt lögum sem gilda t.d. um álbræðslu á Grundartanga er gert ráð fyrir að félagið greiði 33% tekjuskatt sem væntanlega var það hlutfall sem fyrirtæki greiddu árið 1997 þegar þeirri starfsemi var hrundið af stað. En fyrirtækið getur fengið þetta ákvæði upptekið ef lagabreytingar eru gerðar sem fela í sér lækkun á tekjuskattshlutfallinu. Með öðrum orðum á fyrirtækið rétt á því að fá enduruptekið ákvæðið um skatthlutfallið. En það liggur ekki fyrir skilyrðislaus skylda til þess að hlutfallið lækki, eða þannig skil ég a.m.k. umrætt ákvæði í lögum nr. 62/1997, um álbræðslu á Grundartanga. Í þeim lögum segir, með leyfi forseta:

„1. Þrátt fyrir breytingar, sem síðar kunna að verða á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, skal félagið greiða 33% tekjuskatt með eftirfarandi sérákvæðum:“

Síðar segir:

„Verði gerðar breytingar á lögum nr. 75/1981 skal félagið eiga rétt á að sérákvæði verði endurskoðuð í þeim tilgangi að tryggja að ekki séu lagðir á félagið þyngri skattar en ef það væri skattlagt samkvæmt lögunum, án hinna áðurnefndu sérstöku ákvæða.“

Mér skilst að nú standi til viðræður milli stjórnvalda og Norðuráls um þetta ákvæði í tengslum við fyrirhugaða stækkun fyrirtækisins. En enn hefur ekki reynt á að þetta fyrirtæki greiði tekjuskatt. Þarna erum við að tala um tiltölulega nýtt fyrirtæki sem byggir á lögum frá árinu 1997. En samanburðurinn er óneitanlega annar þegar kemur að fyrirtækjum sem hafa starfað hér um áratugabil því ýmislegt hefur jú breyst í skattaumhverfinu á síðustu áratugum.

En núna sex árum síðar erum við að gera samninga við erlent stórfyrirtæki og þá hljóma skattákvæðin á nokkuð annan veg þótt þau séu í stórum dráttum samhljóma. Í frv. sem hér er til umræðu er kveðið á um að fyrirtæki greiði 18% tekjuskatt sem er það hlutfall sem fyrirtæki greiða almennt hér á landi í dag. En um leið er það neglt niður, ef ég skil þetta ákvæði rétt, að ef tekjuskattshlufall á félögum með takmarkaðri ábyrgð er lægra en 18% á þeim degi sem afhending raforku fer fram að fullu skuli það hlutfall gilda um eigendurna. Verði hlutfallið hækkað að nýju skal það gilda um eigendurna, en skal þó aldrei vera hærra en 18%.

Mér er ekki kunnugt um að slíkt ákvæði hafi verið í öðrum samningum sem gerðir hafa verið um atvinnurekstur af þessu tagi. Hugsunin er líklega sú að mikilvægt sé að forsendur þær sem fyrirtækið gefur sér í upphafi samningstímans standi þegar á líður þannig að áætlanagerð sé örugg og hægt sé að byggja á stöðugum forsendum gagnvart lánastofnunum. Slíkt sjónarmið er afar skiljanlegt af hálfu fyrirtækisins enda er reksturinn þess eðlis að mikilvægt er að forsendur standist til langframa. En það má þó auðvitað segja að sömu grundvallarsjónarmið eigi við um önnur fyrirtæki sem flest eiga mikið undir því að geta gert langtímaáætlanir sem standast. Að minnsta kosti var ekki talin ástæða til að festa slíkt ákvæði í sessi þegar lögin um álbræðslu á Grundartanga voru gerð árið 1997 og var þó skattaumhverfið mun óhagstæðara hvað tekjuskattshlutfallið varðar, en það var nánast helmingi hærra en það er í dag.

Maður hlýtur að velta vöngum yfir því hvers vegna ástæða er talin til svo afgerandi undanþágu frá almennum skattareglum ef til hækkunar kæmi. Skýringar eru einhverjar á þessu á bls. 16–17 í frv. og lúta að því að ástæða þessarar undanþágu um skatthlutfallið sé sú að samið er um starfsemi sem ekki hefur framleiðslu fyrr en árið 2007. Þykir þá eðlilegt að eigendurnir njóti þeirra breytinga í sama mæli og önnur fyrirtæki fram að þeim tíma er rekstur hefst.

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því að við fáum að heyra útskýringar á þessum þætti málsins þegar kemur að umræðu í iðnn. þingsins. Ég geri líka ráð fyrir því að efh.- og viðskn. þingsins taki skattaþátt þessa máls til ítarlegrar skoðunar við meðferð málsins í þinginu. Ég held að það sé mjög eðlilegt þar sem hér er um að ræða fyrst og fremst skattalagabreytingar. Efnisþáttur þessa frv. snýr fyrst og fremst að skattaumhverfinu og því er alls ekki óeðlilegt að efh.- og viðskn. þingsins sem hefur þau mál á sinni könnu fjalli um það og veiti a.m.k. iðnn. þá umsögn um þennan þátt málsins.

Ég held að mikilvægt sé að skoða hvers konar fordæmi verið er að skapa með þessu ákvæði og hvaða áhrif það kunni að hafa fyrir skattaumhverfi fyrirtækja almennt í framtíðinni.

Umhverfisþáttur málsins er mikilvægur og umhverfisáhrif álversins voru metin á sínum tíma og var það rakið í máli hæstv. iðnrh. í framsögu hennar. Upphaflega var skýrsla lögð fram af Reyðaráli fyrir Skipulagsstofnun í maí 2001 og í ágúst það ár féllst Skipulagsstofnun á framkvæmdina með nánar tilteknum skilyrðum um umhverfisvöktun og fleira. Úrskurður Skipulagsstofnunar var kærður til umhvrh. sem síðan staðfestir hann.

Við kaup Alcoa á Reyðaráli voru Skipulagsstofnun kynntar breytingar á áformum um byggingu álvers í Reyðarfirði, en breytingarnar fólu jú aðallega í sér að dregið var úr framleiðslugetu álversins, fallið frá byggingu rafskautaverksmiðju og ekki kæmi til urðunar kerbrota eða annarra úrgangsefna á svæðinu.

Eftir að nýr eigandi Reyðaráls, Alcoa, lét vinna skýrslu þar sem saman voru borin umhverfisáhrif þessara tveggja framkvæmda komst Skipulagsstofnun að þeirri niðurstöðu í desember 2002 að breytingar á áformum um byggingu fyrirhugaðs álvers í Reyðarfirði væru ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldu því ekki háðar sérstöku mati á umhverfisáhrifum. Og eins og hér hefur verið rakið hefur sá úrskurður verið kærður.

Það er eitt ákvæði hér sem ég vil sérstaklega gera að umtalsefni. Það snýr að umhverfisþætti málsins þó það sé í eðli sínu kannski skattalegs eðlis. Það er 2. mgr. 6. gr. frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í fjárfestingarsamningi er heimilt að kveða á um að skattar eða gjöld verði ekki lögð á raforkunotkun félagsins og útblástur lofttegunda eða aðra losun úrgangsefna, nema slíkir skattar og gjöld séu lögð með almennum hætti á öll önnur fyrirtæki hér á landi, þar með talin álfyrirtæki.“

Ef ég skil þetta ákvæði rétt, herra forseti, er þarna verið að takmarka verulega heimildir ríkisstjórnar til að leggja losunarskatta eða auðlindagjöld vegna raforkunotkunar í framtíðinni. Takmörkunin lýtur í raun að því, eins og ég skil þetta ákvæði, að þá aðeins er heimilt að leggja slíka skatta á stóriðjufyrirtæki að það verði gert almennt á öll fyrirtæki. Þá er samkvæmt mínum skilningi á þessu ákvæði ekki heimilt að leggja slíka skatta á stóriðju eingöngu og vekur það furðu að ríkisstjórnin skuli tilbúin að gera slíkar takmarkanir á möguleikum komandi kynslóða til að nota slík úrræði sem stjórnunartæki, bæði í efnahagslegum og umhverfislegum skilningi.

Nú veit ég ekki til þess að svona ákvæði hafi áður verið sett í viðlíka samninga. Það kann vel að vera og þá leiðréttir hæstv. iðnrh. mig ef svo er. En ég held þó að umræða um slíka skatta sé tiltölulega nýtilkomin þannig að ólíklegt að slíkt ákvæði hafi komið til áður.

Það má líka spyrja sig, herra forseti, hvort eðlilegt sé að svona almenn takmörkun sé sett í einstaka samninga og lög vegna einstakrar framkvæmdar, hvort ekki hefði verið eðlilegra að gera það þá með almennum skattalagabreytingum.

Í skýringum við þetta ákvæði á bls. 18 er vitnað m.a. til þess að áþekk regla gildi í þessum efnum um Alcan á Íslandi og Ísal. Ég hef ekki haft tök á að skoða þau ákvæði og veit ekki hvað það þýðir í þessu samhengi að áþekk regla sé í gildi þar. En má skilja þetta svo, herra forseti, að þarna sé í raun verið að koma í veg fyrir að settir verði slíkir skattar á í framtíðinni, nema það verði þá almennt á stóriðju, nema það verði verði gert almennt á öll fyrirtæki? Ég velti því aðeins fyrir mér hversu mikil takmörkun þarna er á ferðinni. Væntanlega hefur hæstv. iðnrh. skoðað ítarlega hvað í þessu felst.

Gerir hæstv. iðnrh. ekki ráð fyrir því líka að önnur stóriðjufyrirtæki muni óska eftir sams konar ákvæðum með sína samninga? Væntanlega mun á eftir fylgja krafa um að þarna séu sambærileg ákvæði. Er ekki verið að skapa hér fordæmi sem líklegt er að í framtíðinni muni fela í sér útilokun á þeim möguleika að leggja hér auðlindagjöld á raforkunotkun eða losunarskatta vegna mengunar?

Herra forseti. Ég mun óska eftir ítarlegum skýringum á þessu ákvæði og hvað það muni þýða fyrir framtíðarskattapólitík gagnvart stóriðjufyrirtækjum. Reyndar legg ég til að umhvn. þingsins skoði þennan þátt málsins sérstaklega við meðferð þess á þingi því hér er jú á ferðinni stórpólitískt mál sem gæti reynst mjög afdrifaríkt þegar fram í sækir.

Auk þeirra ákvæða sem ég hef gert sérstaklega að umtalsefni má segja að um sé að ræða nokkuð eðlileg frávik frá íslenskri löggjöf sem eru sambærileg því sem hefur verið í svipuðum lögum sem sett hafa verið í sambærilegum tilvikum að því er mér sýnist.

Ýmsar undanþágur frá gjöldum til sveitarfélags er að finna í þessu frv. En yfirleitt hefur þá komið á móti að sveitarfélagið hefur ekki sömu þjónustuskyldu gagnvart fyrirtækinu eins og þegar önnur fyrirtæki eiga í hlut og geri ég ráð fyrir að svo sé einnig í þessu tilviki. Ég geri ráð fyrir því að mér muni gefast tækifæri til að kynna mér þau ákvæði betur í hv. iðnn. þingsins og í yfirferð nefndarinnar um málið.

Herra forseti. Önnur ákvæði frv. ætla ég ekki að gera sérstaklega að umtalsefni við 1. umr. en vænti þess að fá frekari skýringar á málinu öllu þegar það kemur til umfjöllunar í iðnn. og ítreka þá ósk mína að efh.- og viðskn. fái skattaþáttinn sérstaklega til skoðunar og að umhvn. þingsins fái umhverfisþáttinn til skoðunar ásamt ákvæðinu um losunarskattana.

[14:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta var nú athyglisverð framsöguræða talsmanns Samfylkingarinnar hér í umræðunni. Það varð ekki annað af henni ráðið en að þetta frv. snerist eingöngu um skatta eða skattatæknileg atriði. Það er að sönnu ýmislegt fróðlegt í þeim efnum þegar maður veltir því fyrir sér að hve

miklu leyti sérákvæði eiga að gilda um málefni eða rekstur þessa fyrirtækis. Reyndar er það svo að það er miklu nær því að vera öfugmæli að um það gildi íslensk skattalög heldur en hitt. Að langmestu leyti eru sérsaumuð utan um þetta fyrirtæki og hagsmuni þess skattaákvæði og í nánast öllum tilvikum, þ.e. varðandi alla álagningu skatta og gjalda fær það ívilnanir og undanþágur sér í hag.

Herra forseti. Um þetta stóra mál sem hófst, þ.e. þessi kafli þess, í draumum manna um stórvirkjanir og stóriðju á Austurlandi, a.m.k. virkjanir á Austurlandi og stóriðju einhvers staðar í landinu, mætti margt segja. Það hófst í raun með heimsókn fyrirtækisins Norsk Hydro hingað til lands í febrúar 1997 og þessi kafli málsins á því sex ára afmæli eftir örfáa daga.

Þetta er stærsta einstaka fjárfesting sem nokkurn tímann hefur staðið til að ráðast í á Íslandi og þetta er líka eitt stærsta ef ekki stærsta ríkisverkefni, opinber framkvæmd, miðstýrð ríkisframkvæmd, sem sögur fara af og eru orðin fátíð, hygg ég, á Vesturlöndum mál af þessu tagi þar sem ríkisvaldið með fjármunum og pólitískum ákvörðunum knýr fram ákvarðanir í máli og ber það fram eins og hér hefur verið gert. Það snertir allan undirbúninginn. Það snertir eignarhald orkufyrirtækisins. Það snertir ríkisábyrgðir, skattaívilnanir og margs konar fyrirgreiðslu sem þetta fyrirtæki á að fá, enda yrði aldrei af þessari framkvæmd ella. Það eru allir sammála um það og það er kannski það eina eða eitt af því fáa sem allir eru sammála um í þessu máli, bæði andstæðingar framkvæmdanna og helstu stuðningsmenn, að án ríkisins, án ábyrgðar og fjármuna skattgreiðenda í landinu yrði aldrei af þessu því á markaðsforsendum væri þetta mál úr sögunni og það fyrir löngu síðan. Það hefði aldrei komið upp. Allar hugmyndir um svo mikið sem að stofna sjálfstætt dótturfyrirtæki í eigu Landsvirkjunar runnu út í sandinn af því að áhættan í þessu verkefni og afkoman í því er svo léleg að ef ekki væri opinbert eignarhald Landsvirkjunar, eigendaábyrgð ríkisins og tveggja sveitarfélaga, stórkostlegir ríkisstyrkir, þá mundi dæmið hrynja til grunna, enda er það til athugunar hjá Eftirlitsstofnun Evrópska efnahagssvæðisins hvort þetta sé ekki brot á evrópskum samkeppnisreglum um ríkisstyrki. Það er enn ein óvissan sem enn hangir yfir í þessu máli.

Um umhverfisáhrif málsins, herra forseti, er það að segja að þau ein og sér, umhverfisáhrifin sem tengjast byggingu Kárahnjúkavirkjunar, gera það að verkum að það er óráð og feigðarflan að fara út í þessa framkvæmd. Og aldrei hefði átt að halda lengra en þó þangað til að Skipulagsstofnun kvað upp úrskurð sinn um umhverfisáhrif Kárahnjúkavirkjunar. Þá áttu auðvitað allir sanngjarnir og hugsandi menn að segja: Hingað og ekki lengra. Þetta er óráð, út í þetta förum við ekki.

Þegar Skipulagsstofnun eftir þá gríðarlega miklu vinnu sem að baki lá og hefði þó gjarnan mátt hafa fleiri sumur til vettvangsrannsókna, komst að afdráttarlausri niðurstöðu um það að byggingu Kárahnjúkavirkjunar fylgdu svo mikil neikvæð og óafturkræf umhverfisáhrif að það væri ekki verjandi, þá áttu menn auðvitað að láta staðar numið. En svo varð ekki, vegna þess að það voru ekki hinir efnislegu þættir málsins að þessu leyti eða rökstuddar niðurstöður í þeim sem réðu ferðinni, heldur pólitískar ákvarðanir ofan frá um að þetta skyldi gert hvað sem tautar og raular. Það er hinn nakti veruleiki í málinu.

Ég held, herra forseti, að óhjákvæmilegt sé, enda verður þetta mál ekkert í sundur skilið, frv. fjallar um bæði Kárahnjúkavirkjun að hluta til þó að það snúist mest um álver við Reyðarfjörð, að rifja örlítið upp í þessum efnum, rifja upp hvað stóð í niðurstöðu Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif Kárahnjúkavirkjunar. Því stundum ber á því að menn vilji láta það gleymast og hæstv. ráðherrar láta gjarnan eins og það sé hætt að skipta máli hvaða umhverfisspjöll verða af Kárahnjúkavirkjun af því það sé komið aftur fyrir menn í ferlinu. Auðvitað er það ekki svo. Þetta mál er allt saman ein heild, þótt hæstv. iðnrh. gremjist það að menn skuli leyfa sér að hafa skoðanir á mismunandi þáttum þess og fylgja því eftir í umræðunni, tala bæði um umhverfisáhrif og arðsemi eða mótvægisaðgerðir, eins og menn hafi ekki leyfi til þess að hafa skoðun nema á einum hluta málsins.

Rifjum þá aðeins upp hver var meginniðurstaða Skipulagsstofnunar í hinum ítarlega úrskurði sem felldur var um byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Skipulagsstofnun telur þó“ — í ljósi þeirra gagna sem fyrir liggja — „að á grundvelli framlagðra upplýsinga um fyrirhugaðar framkvæmdir og framkvæmda- og áhrifasvæði þeirra liggi fyrir að framkvæmdirnar séu líklegar til að hafa í för með sér veruleg neikvæð umhverfisáhrif. Sérstaklega varðar það fyrri áfanga virkjunarinnar“ — hér var verið að tala um tvo áfanga, þ.e. fyrst Kárahnjúka og síðan Jökulsá í Fljótsdal í viðbót — „og þá sérstaklega Hálslón og veitu Jökulsár á Dal til Jökulsár í Fljótsdal/Lagarfljóts. Þannig hefur komið fram við athugun Skipulagsstofnunar að framkvæmdir í fyrri áfanga virkjunarinnar [þ.e. Kárahnjúkavirkjunarinnar] eru líklegar til að hafa varanleg neikvæð áhrif vegna jarðvegsrofs og áfoks á víðfeðm svæði austan Jökulsár á Dal sem hafa verulegt gildi með tilliti til jarðsvegs og gróðurfars. Þessi áhrif varða marga þætti, svo sem gróður á Vesturöræfum, hreindýr, fugla og landslag, auk þess sem rof mun valda mistri á Vesturöræfum og niður í byggð. Þá hefur komið fram að framkvæmdirnar munu hafa í för með sér miklar breytingar á vatnafari sem munu hafa áhrif t.d. á grunnvatnsstöðu á láglendum svæðum meðfram Jökulsá í Fljótsdal og Lagarfljóti sem aftur mun hafa áhrif á gróður, fuglalíf og landbúnað. Hálslón mun eyða gróðurlendi með hátt verndargildi, m.a. vegna legu þess á einu stærsta samfellda gróðursvæði yfir 500 m hæð yfir sjávarmáli á miðhálendi Íslands. Framkvæmdir við fyrri áfanga virkjunarinnar munu raska tegundum sem eru sjaldgæfar á svæðis- og landsvísu og þær munu breyta skilyrðum fyrir lífríki í vötnum. Framkvæmdirnar kunna einnig að hafa í för með sér veruleg áhrif á fuglalíf, m.a. vegna svæða sem fara undir lón og óbeinna áhrifa jarðvegsrofs og breytinga á vatnafari. Fram hefur komið að framkvæmdir við Hálslón séu líklegar til að hafa veruleg áhrif á hreindýr og að áhrif framkvæmdanna á Héraðsflóa séu líkleg til að verða veruleg á seli. Áhrifa vegna breytts ferskvatnsstreymis kunni að gæta suður með fjörðum á Austurlandi. Þá liggur fyrir að framkvæmdirnar munu hafa veruleg áhrif á jarðmyndanir og landslag sem njóta verndar og hafa verndargildi á svæðis-, lands- og jafnvel heimsvísu. Fyrir liggur að á annað hundrað fornminja geti raskast við framkvæmdir í fyrri áfanga virkjunarinnar. Talsverð óvissa er um áhrif framkvæmdanna á byggð og atvinnulíf á Austurlandi.“

Enn fremur segir:

„Niðurstaða matsskýrslu Landsvirkjunar er að umhverfisáhrif virkjunarinnar séu innan viðunandi marka í ljósi þess efnahagslega ávinnings sem væntanleg virkjun muni

skila þjóðinni og þeirrar atvinnuþróunar sem sölu orkunnar fylgir.“ Með öðrum orðum: Ekki einu sinni Landsvirkjun reyndi að bera á móti hinum umtalsverðu umhverfisáhrifum, en sagði: Gróðinn verður svo mikill að það réttlætir þessi náttúruspjöll.

En svo kemur niðurstaða Skipulagsstofnunar: „Að mati Skipulagsstofnunar hefur ekki verið sýnt fram á að ávinningur af fyrirhuguðum framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun verði slíkur að hann vegi upp þau verulegu, óafturkræfu, neikvæðu áhrif sem framkvæmdin mun fyrirsjáanlega hafa á náttúrufar og landnotkun.“

Síðan sagði stofnunin:

„Skipulagsstofnun telur enn frekar hafa verið leitt í ljós við athugun stofnunarinnar heldur en vænta mátti, þegar ákvörðun var tekin um matsáætlun um framkvæmdina síðastliðið sumar, að virði náttúrufars á áhrifasvæði framkvæmdarinnar sé hátt og áhrif framkvæmdanna á náttúrufar í mörgum tilfellum veruleg og óafturkræf.“ — Með öðrum orðum, Skipulagsstofnun sagði: Það hefur komið enn betur í ljós við þessa vinnu heldur en áður var talið hversu verðmætt þetta svæði er.

Og enn sagði Skipulagsstofnun að lokum:

„Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða Skipulagsstofnunar, að teknu tilliti til framlagðra gagna við athugun stofnunarinnar, að Kárahnjúkavirkjun allt að 750 megavött, eins og hún er lögð fram í tveimur áföngum og fjórum verkhlutum, muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og að ekki hafi verið sýnt fram á að annar ávinningur af fyrirhuguðum framkvæmdum verði slíkur að hann vegi upp þau verulegu óafturkræfu, neikvæðu umhverfisáhrif sem framkvæmdin mun fyrirsjáanlega hafa.“

Og með vísan til niðurstöðu Skipulagsstofnunar sem gerð var grein fyrir í 5. kafla þessa úrskurðar er lagst gegn Kárahnjúkavirkjun.

Þetta var hin rökstudda, ítarlega niðurstaða Skipulagsstofnunar, matsstofnunarinnar sem samkvæmt þeim lögum sem menn höfðu sett sér gaf þessari framkvæmd falleinkunn. Var þá ekki niðurstaðan fengin ef menn hefðu viljað hlíta þeim lögbundnu og skipulögðu vinnubrögðum og leikreglum sem hér hafa verið settar í landinu? Jú, auðvitað. Því stjórnvöld áttu að sætta sig við þessa niðurstöðu. Allt annað er að mínu mati, herra forseti, ósköp einfaldlega ákvörðun um að víkja umhverfisvernd í landinu algerlega til hliðar þegar hún rekst á einhver pólitísk verkefni eða hagsmunamál stjórnvalda.

Enn fremur hefur það gerst, herra forseti, þegar bráðabirgðaniðurstöður komu úr vinnu starfshóps um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma að raðað var upp 15 mögulegum virkjunarkostum. Hvað gerðist þá? Vinna sem menn hafa mikið horft til og talað um að ætti að innleiða betri vinnubrögð í þessum efnum. Jú, niðurstöður þeirrar bráðabirgðaniðurstöðu voru þær að Kárahnjúkavirkjun er versti virkjunarkosturinn frá sjónarhóli umhverfisáhrifa. Versti. Fær langhæstu einkunn á þeim skala sem gefur miklum umhverfisáhrifum eða umhverfisröskun háa einkunn og litlum lága.

Og það er svo nöturlegt, herra forseti, að þær tvær virkjunarframkvæmdir sem Landsvirkjun og stjórnvöld eru að reyna að knýja fram þessa dagana, Kárahnjúkavirkjun og miðlunin í Þjórsárverum, fá hæstu falleinkunnina ef svo má að orði komast. Þær koma verst út. Það er aðeins ein virkjun sem þarna var athuguð sem skýtur sér upp á milli þeirra, það er Jökulsá á Fjöllum með Dettifossi og þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum. Allar aðrar virkjanir sem menn voru að skoða í þessu sambandi eru betri, hafa minni umhverfisáhrif, eru fýsilegri á þann mælikvarða og eiginlega alla aðra mælikvarða. Vantar þó hér inn í listann t.d. virkjanirnar tvær í Neðri-Þjórsá sem flestir eru sammála um að sé náttúrlega til muna betri en öll þessi ósköp.

Ekki verða því sótt rök í þetta heldur í rammaáætlun. Með öðrum orðum, bæði Skipulagsstofnun og starfshópurinn um rammaáætlun gáfu þessari virkjun falleinkunn. Það hafði engin áhrif. Það breytti engu því ráðherrarnir komu bara hér í þennan ræðustól og sögðu: Það verður samt virkjað. Hæstv. utanrrh., Halldór Ásgrímsson, kom hérna fyrir jólin og sagði, missti það að vísu út úr sér og reyndi að snúa ofan af því eftir á: „Það er búið að ákveða að virkja“, sagði hæstv. utanrrh., undrandi á þessu andófi manna gegn ákvörðunum sem bara hann sjálfur og Davíð, hæstv. forsrh., voru búnir að taka. Hvað eru menn að tuða þetta?

Þetta eru hin málefnalegu viðbrögð stjórnvalda sem hafa birst okkur meira að segja gegn því lögformlega matsferli sem Alþingi sjálft og þessir ágætu herramenn hafa tekið þátt í að setja og gagnvart þeirri vinnu sem ríkisstjórnin sjálf setti af stað um rammaáætlunina.

Víkjum aðeins, herra forseti, að umhverfisáhrifum álversins sjálfs næst. Við skulum ekki gleyma því, því það er nú ekki þannig að álverin hafi ekki líka umhverfisáhrif. Ég minntist á það áðan í andsvari við hæstv. ráðherra að reisa ætti strompa þarna fyrir austan. Ég fékk bréf — þeir höfðingjarnir hjá Alcoa, sjálfur Alain Belda sendi mér bréf þar sem hann var að gleðja mig með fréttunum um að stjórn Alcoa hefði ákveðið að byggja þetta álver. Og það vantar nú ekki fögur orð í þetta bréf, þetta er svo stórkostlega gott allt saman að það hálfa væri nóg. Og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Það gleður mig mjög að tilkynna þér að á stjórnarfundi Alcoa í dag var samþykkt að hefjast handa við byggingu 322.000 tonna álvers á Reyðarfirði. Verksmiðjan mun bera heitið Fjarðaál“ — þeir hafa sennilega ákveðið það sjálfir, Alain Belda, þeir eru svo vel að sér í íslensku, að það eigi að heita Fjarðaál — „og hefja framleiðslu árið 2007. Um er að ræða umfangsmestu fjárfestingu Íslandssögunnar“ — þeir vita það líka — „og verður verksmiðjan í hópi umhverfisvænustu álvera heimsins.“ — Umhverfisvænustu álvera heimsins.

Það kom þess vegna mjög á óvart, herra forseti, þegar það læddist út í umræðuna í gegnum kynningu Umhverfisstofnunar að Alcoa ætlar ekki að nota vothreinsun. Nei, þeir ætla að byggja strompa. Þeir ætla að reisa tvo 80 m háa skorsteina, sem við Norðlendingar köllum strompa, til að dreifa menguninni yfir nógu vel yfir svæðið. Og Morgunblaðið sem lýgur ekki, eða er það, herra forseti? er hér með mikla frétt um þetta 22. janúar. Þar er millifyrirsögn sem er býsna athyglisverð: 50 m skorsteinar duga ekki. Nei, þeir þurfa að vera 80 m til þess að spúa þessu nógu hátt upp þannig að þetta dreifist yfir nógu stórt svæði, þá kannski sleppur þetta. Kannski. Það er ekki víst. Þeir viðurkenna það sjálfir og meira að segja iðnrh. að það sé ekki endilega víst að þetta sé nóg.

Er umhverfisvernd á Íslandi á þessu stigi? Að við séum komin svona 30 ár aftur í tímann til gömlu strompaaðferðarinnar? Þegar Bretar lágu undir harðri gagnrýni á sjöunda

og áttunda áratugnum fyrir að iðnaðarmengað loft frá Bretlandseyjum væri að valda súrri rigningu í Skandinavíu, sem það sannanlega gerði, hver voru viðbrögð þeirra? Að hækka strompana. Þá gengu í garð ein 10, 15 ár þar sem Bretar neituðu öllum úrbótum. Þeir neituðu að taka þann kostnað á breskan iðnað hreinsa loftið og leystu málin með því að hækka strompana. Þá losnuðu þeir við mengunina hið næsta sér og hún skaust betur yfir til Skandinavíu og þar mátti hún falla niður. Sem hvað? Sem brennisteinsmengun sem hefur valdið sýringu vatna í gjörvallri Skandinavíu og Norður-Evrópu þannig að það finnst varla í þeim ætur fiskur lengur. Og það kostar stórfellda fjármuni á hverju ári að kalka vötn til þess að bregðast við þessu. Nú hefur að vísu orðið mikil umbreyting á vegna þess að búið er að berja Breta og aðra til þess að taka til hjá sér og það eru verulegar framfarir á allra síðustu árum í þessum efnum, en á Íslandi virðist þessi tími vera enn við lýði, að menn hækka bara strompana.

Og hvað eru menn að gera? Halda menn að það sé vegna þess að þetta séu alveg jafngildar aðferðir og það sé bara svona eitthvert frjálst val? Nei, við skulum bara hafa það á hreinu hvað þetta er. Alcoa ætlar að spara sér bæði stofnkostnaðinn og rekstrarkostnaðinn við það að reka almennileg hreinsivirki í þessari fabrikku. Það vita allir sem eitthvað vita um þennan iðnað að um það snýst þetta mál.

Af því að Ísland er svo örlátt á mengunarkvóta sem er ókeypis og vegna þess að metnaður manna er ekki meiri en þetta — (**Gripið fram í:** Jú.) metnaður manna er ekki meiri en þetta hér er þetta tekið gott og gilt og selt sem gjaldgeng vara. Í Noregi er þess krafist í nýjum álverum að þar sé vothreinsun. Í mörgum fleiri löndum hygg ég að það eigi einnig við. En ekki á Íslandi. Nei, þar er eins og allir vita opið hús. Komið bara. Komið endilega, Alcoa, Alcan, Rússar, Kínverjar, Pepsini. Komið, komið, komið. Byggið álver, virkið, virkið, stíflið, stíflið. Minimum red tape, lowest energy prices in Europe. Það eru gylliboðin. Lægsta orkuverð í Evrópu. Lágmarksumhverfiskröfur. Það er alveg sjálfsagt að þýða þetta í snatri og láta af því að vera með erlendar tilvitnanir. Bæklingurinn góði var samt á ensku, enda aðallega ætlaður út á við. Því var ekki sérstaklega hampað, hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, á Íslandi að verið væri að bjóða erlendum auðhringum lægsta raforkuverð í Evrópu.

Umhverfisáhrif álversins eru auðvitað umtalsverð og þau hafa verið á mjög krítískum mörkum gagnvart mörgum þáttum aðstæðna í Reyðarfirði. Menn vita jú að þar er mikið staðviðri og það er ástæða til að hafa áhyggjur af því hvað verður um iðnaðarmengað loft sem þar safnast fyrir í firðinum á kyrrum dögum. Og það skyldi þó ekki vera ein ástæðan fyrir 80 metra strompunum að koma menguninni hærra upp í loftlögin til þess að þau myndi síður baneitruð ský niðri við jörðina? Samt er þetta svona krítískt, herra forseti, eins og ég hef reyndar áður vitnað til hér, að brennisteinsdíoxíð gæti farið upp fyrir viðmiðunarmörk á þynningarsvæðinu. Það er hérna neðanmálsgrein í greinargerð frv. á bls. 56 sem er afar athyglisverð, m.a. í ljósi þess að Umhverfisstofnun virðist ætla að sætta sig við þetta. Maður átti ekki von á öðru en að ríkisstjórnin tæki þessu vel en að Umhverfisstofnun skuli láta bjóða sér framsetningu mála af þessu tagi kemur á óvart. Alcoa fabúlerar um að sennilega komist þeir niður fyrir viðmiðunarmörkin með 80 metra skorsteinum, en e.t.v. ekki og þá fari þeir bara yfir í vothreinsun. Þannig stendur málið. Og það segir hér, með leyfi forseta:

„Alcoa er að skoða mögulegar hreinsiaðferðir til þess að uppfylla umhverfismörk og stærð þynningarsvæðisins án vothreinsunar, í samræmi við markmið fyrirtækisins um að koma algjörlega í veg fyrir frárennsli frá álverum sínum. Sá möguleiki er fyrir hendi að niðurstöður athugunar Alcoa verði þær að vothreinsun sé nauðsynleg við álverið."

Svona aumt er þetta nú. Þetta er ekki þroskaðra en svo í umræðunni.

Og hvað sagði Skipulagsstofnun í sínum úrskurði um að ekki þurfi sjálfstætt mat á umhverfisáhrifum þessa álvers? Jú, í niðurstöðu Skipulagsstofnunar á síðu 21 segir, með leyfi forseta:

„Ekki er gert ráð fyrir vothreinsun, heldur verður notuð þurrhreinsun á útblástur frá álverinu. Það mun draga verulega úr styrk mengandi efna í frárennsli frá álverinu" — auðvitað — „að ekki sé gert ráð fyrir förgun kerbrota á vothreinsun."

Síðan segist Alcoa ætla að nota rafskaut með lægra brennisteinsinnihaldi. Og því er bara kyngt þótt þeir tali þar um lægri viðmiðunarmörk en yfirleitt eru þekkt í slíkum skautum:

„Með lægra innihaldi brennisteinsdíoxíðs í rafskautum (1,5%) og 78 metra háum skorsteinum á þau hreinsivirki hefur verið sýnt fram á að styrkur brennisteinsdíoxíðs verði líklega" — verði líklega — „undir umhverfismörkum alls staðar umhverfis álverið."

Á þessum bláþræði hangir þetta. Alcoa segir: Við ætlum að nota svona og svona góð skaut og við erum að athuga þetta. Kannski gengur þetta ekki upp, e.t.v. þurfum við að fara yfir í vothreinsun, og þá kemur Skipulagsstofnun og segir: Jú, þetta sleppur líklega. Heyrðu, ókei, þið megið þetta. Þetta sleppur líklega. Allt í lagi. Farið bara af stað.

Svona er þetta. Þetta er metnaðurinn.

Er nema von að þetta sé allt saman svona þegar menn eru á hnjánum í málinu frá upphafi? Eru á hnjánun. Það er búið að mynda það andrúmsloft í þessari stóriðjuumræðu á Íslandi — það er ekki nýtt, það hefur fylgt henni frá upphafi vega — að við séum aðilarnir sem eigum að biðja menn að koma, bjóða mönnum landið, hafa opið hús. Við megum eiginlega bara þakka fyrir og sætta okkur við hvað sem er ef einhverjir eru svo góðir að vilja koma hingað og nota orkuna okkar, byggja stórar fabrikkur og flytja arðinn af þeim úr landi. Þannig er bara myndin.

Þetta er stóriðjustefnan eins og hún hefur verið frá sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar. Ísland er eina landið í heiminum sem hefur ekki breyst í þessu tilliti. Tíminn hefur staðið hér kyrr síðan 1960–1970 í þessum efnum, algerlega hvað varðar viðhorf þeirra sem ráða ferðinni, og eftir höfðinu dansa limirnir. Því miður. Metnaður annarra aðila sem maður hefði auðvitað bundið vonir við eða viljað trúa að reistu sig eitthvað í þessum málum reynist ekki vera meiri en þetta. Það er auðvitað dapurlegt, herra forseti.

Um efnahagsáhrif allra þessara framkvæmda hefur líka verið settur á svið ótrúlegur farsi. Hann hefur tekið stórstígum breytingum á allra síðustu dögum. Á haustmánuðum og fram um áramót ræddu menn málin af þó þeirri alvöru að þessi gríðarlega fjárfesting mundi náttúrlega hafa umtalsverð áhrif og það yrði væntanlega að grípa til mótvægisaðgerða, draga úr opinberum framkvæmdum og hækka vexti, jafnvel mundi gengi krónunnar óhjákvæmilega styrkjast þannig að þetta hefði umtalsverð áhrif á efnahagsumhverfið hér á næstu árum. Svo fóru ráðamenn undir forustu forsrh. að átta sig á því að kannski yrði þetta ekki mjög vinsælt þegar sá veruleiki rynni upp fyrir öðru atvinnulífi að það yrði

þolendur þessa ástands í stórum stíl, að skuldsett heimili landsins bara vöknuðu allt í einu upp við það að skuldirnar hækkuðu vegna efnahagsáhrifa framkvæmdanna, að annað atvinnulíf, einkum útflutningsatvinnugreinarnar, mundi búa við miklar þrengingar um líklega fjögurra, fimm ára tímabil. Þá var þetta ekki lengur orðin góð söluvara. Hvað gerðu menn þá? Komu hingað í ræðustólinn og sögðu: Áhyggjur ótímabærar, í fyrsta lagi 2005 sem þarf að hafa einhverjar áhyggjur af þessu. Þvert ofan í álit Seðlabankans. Þvert á glænýtt álit fjmrn. kom forsrh. og sagði þetta allt saman bull og vitleysu, þetta hefði engin efnahagsáhrif fyrr en einhver tímabundin kannski 2005. Og þvílík svipa um hrygg fjmrh., Seðlabankans, Hagstofu, háskólans eða hvað þau heita öll apparötin sem hafa verið að kíkja á þetta.

Þegar maður les svo álit fjmrn. veltir maður fyrir sér hvernig höfundunum hafi liðið þegar sjálfur erkibiskupsboðskapurinn var fluttur hér um að þetta væru allt saman ótímabærar áhyggjur af efnahagsáhrifum. Allt saman ótímabærar áhyggjur. Auðvitað styðja Samtök atvinnulífsins þetta. Auðvitað kemur eitt lítið lettersbréf þaðan og skrifar upp á stefnu stjórnvalda, skárra væri það nú. Hverjir mæta þar á aðalfundina og halda ræður hjá Verslunarráðinu og Samtökum atvinnulífsins?

Vitnum í fjmrn., herra forseti, á meðan það hafði leyfi til að hafa sjálfstæða skoðun í þessu máli. Það er ekki lengur. Samkvæmt reglugerð ber þeim að hlýða vilja ríkisstjórnarinnar í málinu. Hvernig seytla áhrif þessara framkvæmda út í hagkerfið? spyr fjmrn.

Einföld lýsing gæti verið eitthvað á þessa leið, með leyfi forseta:

„Framkvæmdirnar kalla á mikið innstreymi erlends fjármagns, annars vegar í formi erlends lánsfjár innlendra aðila, einkum Landsvirkjunar, vegna virkjunarframkvæmda og hins vegar vegna fjármögnunar álversframkvæmdanna. Þessi síðasttaldi hluti gæti verið hvort sem er í formi erlends lánsfjár eigenda eða eiginfjárframlaga.“ — Með öðrum orðum, uppistaðan af fjármagninu sem fer í þessar framkvæmdir verður erlent fjármagn, lán tekin af Landsvirkjun eða erlent eigið fé eða erlend lán álversfyrirtækisins. — „Bein afleiðing þessa er að eftirspurn eftir vinnuafli og öðrum framleiðsluþáttum eykst, sem aftur leiðir til þess að atvinnuleysi minnkar.“ — Gott væri það nú. — „Ef eftirspurnin er meiri en sem nemur minnkun atvinnuleysis“ — eins og hér á við — „verður þrýstingur á laun til hækkunar. Framboð á gjaldeyri eykst, sem leiðir til hækkunar á gengi íslensku krónunnar. Viðskiptahalli er að sjálfsögðu óhjákvæmilegur meðan verið er að flytja inn þær erlendu vörur sem notaðar eru í framkvæmdirnar.“ — Viðskiptahallinn mun ekki bara vaxa af þessum sökum, hann mun að sjálfsögðu vaxa með sterkara raungengi krónunnar því þá verður innflutningurinn ódýrari. Við siglum hraðbyri inn í nýtt tímabil dúndrandi viðskiptahalla með sambærilegri erlendri skuldasöfnun. — „Erlendar skuldir þjóðarbúsins aukast þannig, en hér þarf þó að hafa í huga að ábyrgðaraðilarnir hvað varðar sjálfar álversframkvæmdirnar eru erlend fyrirtæki, þ.e. Norðurál og Alcoa.“

Vel að merkja, herra forseti, hér var verið að fjalla um það ástand að í gangi væru samtímis framkvæmdirnar á Grundartanga og í Reyðarfirði og tilheyrandi virkjanir.

„Þegar meginhluti framkvæmdanna er genginn yfir verður óhjákvæmilegur samdráttur sem m.a. kemur fram í minni eftirspurn eftir vinnuafli, minni hagvexti og lægri verðbólgu. Staðan gagnvart útlöndum fer hins vegar batnandi þegar fjárfestingin fer að skila útflutningstekjum, sem að lokum“ — herra forseti, sem að lokum — „standa undir afborgunum af þeim erlendu lánum sem tekin hafa verið til að fjármagna fjárfestinguna.“

Þetta er afar athyglisvert orðalag hjá fjmrn., og ekki að tilefnislausu. Jú, auðvitað vegna þess að greiðslujöfnuðurinn gagnvart þessum framkvæmdum er dúndrandi neikvæður um langt árabil. Það er ekki fyrr en langt er liðið á samningstímann sem þetta fer að snúast við, gagnvart meira að segja gjaldeyrisjafnvægi þjóðarbúsins. Við erum að tala um langt tímabil, ekki bara byggingartímann þegar skuldirnar hrannast upp en engar tekjur koma á móti, það er ekki fyrr en líður á árið 2007 sem fyrstu aurarnir koma í kassann hjá Landsvirkjun ef allt verður á áætlun. Milljarða tuga fjárfestingar fram að því verða teknar að láni og hlaða á sig vöxtum allan þennan tíma.

Svo kemur að því að lokum, segir fjmrn., að þetta fer að standa undir sér, þ.e. ef dæmið er rétt reiknað. Ef álverðið verður svo vinsamlegt að hækka fyrir okkur á árunum eftir 2007. Höfum við einhverjar tryggingar fyrir því? Eru menn forspáir? Hvað sagði völva vikunnar um álverðið? Ég man ekki eftir því að hún fullyrti að það mundi hækka árið 2007.

„Þegar samdráttarskeiðinu í lok framkvæmda er lokið tekur við hægari aðlögun hagkerfisins að nýrri stöðu þar sem framleiðslustig hagkerfisins hefur vaxið sem nemur hinni nýju framleiðslu og þeim heildaráhrifum sem hún hefur.“ — Vonandi, ef allt færi vel mundi þetta jafna sig. Niðurstaðan er þessi, herra forseti:

Fyrst kemur langt framkvæmdatímabil með gríðarlegu innstreymi fjármagns, raunvextirnir verða sennilega um 2% hærri, gengi krónunnar styrkist umfram það sem orðið er og þykir þó ýmsum nóg um, engar tekjur koma á móti fyrr en líður á árið 2007. Það er ekki fyrr en langt inni í framtíðinni sem greiðslujöfnuður þjóðarbúsins gagnvart þessari fjárfestingu kemst í jafnvægi og verður jákvæður — ef allt gengur að óskum.

Fyrstu árin eftir framkvæmdirnar verða mjög erfið vegna samdráttaráhrifanna, þegar allt í einu hætta að koma inn í hagkerfið þeir tugir milljarða króna í erlendri mynt á hverju ári sem hafa gert það um langt árabil. Kannski verða þeir timburmenn hinu fylliríinu verri meðan á þessu stendur. Það skyldi þó ekki fara svo. Ruðningsáhrifin gagnvart öðru atvinnulífi verða umtalsverð. Og það skyldi þó ekki fara svo, herra forseti, að fórnarkostnaðurinn vegna starfanna 750 sem þarna bætast við yrði jafnvel þúsundir glataðra starfa eða tækifæra í öðru atvinnulífi í landinu?

Ég verð að segja það alveg eins og er, herra forseti: Hvar eru forsvarsmenn annarra atvinnugreina? Þeir mættu gjarnan hringja í einhverja fleiri en mig eða fara í fjölmiðlana og bera sig upp með áhyggjur sínar af því að þessir háu vextir, þetta háa raungengi og efnahagsáhrifin muni verða þeim mjög mótdrægt næstu árin. Ég trúi ekki öðru en að einhverjir fleiri en ég hafi heyrt þessi sjónarmið hjá ábyrgðaraðilum í atvinnulífinu. Svo mörg slík erindi hef ég móttekið á undanförnum dögum og vikum.

Það leiðir auðvitað algerlega af sjálfu að LÍÚ, grátkórinn góði, er búinn að kveðja sér hljóðs, hann er búinn að taka nokkur lög núna þegar fyrir áramót um að hann ráði varla við það raungengi sem nú þegar er orðið. Það er svo sem ekkert skrýtið, við vitum alveg ef gengisvísitalan fer mikið niður fyrir 130 þá byrja aðvörunarbjöllur að hringja. En þeir

hafa ekki hátt gagnvart því sem þó er verið að ákveða að þessu leyti.

Ferðaþjónustan. Hvernig halda menn að ferðaþjónustu muni reiða af við þessar aðstæður? Að vextirnir hækka verulega á nýjan leik og raungengið verður ekki bara á stuttu tímabili, heldur kannski í fimm ár það sem hér er verið að boða o.s.frv.

Nei, staðreyndin er sú að engin leið er að horfa fram hjá því að fórnarkostnaður annarra aðila í samfélaginu vegna þessara gríðarlegu framkvæmda, ef af þeim verður, getur orðið svo mikill að það sé af þeirri ástæðu einni verr af stað farið en heima setið.

Menn gera mikið með þessi 750 störf og ekki skal gert lítið úr því að það er gott að fá vellaunuð störf inn í landið. (**Gripið fram í:** Nú?) Hefur einhver haldið öðru fram? En þurfum við ekki aðeins að átta okkur á því að jafnvel þó að þetta verði nú til og störfin verði 750, þá dugar það skammt gagnvart þeim 15.000 störfum sem þurfa að verða til í landinu á hverjum áratug, þeim 1.500–2.000 störfum sem þurfa í raun og veru að verða til hér á hverju einasta ári ef ekki á að byggjast upp atvinnuleysi.

Verið var að segja frá verkefninu Auður í krafti kvenna. Stórmerkileg og skemmtileg tilbreyting frá stóriðjuvaðlinum að heyra allt í einu að sett var á fót verkefni sem örugglega hefur kostað brotabrot, prómill af þessum ósköpum. Búið að standa í þrjú ár ef ég man rétt. Til hafa orðið ein 50 fyrirtæki og störfin eitthvað talsvert á þriðja hundrað. (**Gripið fram í:** 217.) Vel á þriðja hundrað störf.

Hvað skyldi nú hvert starf sem þarna hefur orðið til, ekki síst kvennastörf, hafa kostað? Eigum við að giska á hálfa milljón eða eina milljón eða eitthvað svoleiðis? En hér, vægt reiknað, verður fjárfestingin á bak við hvert einasta starf 300 millj. kr. Þó við tökum bara svona lága tölu, 200 milljarða stofnkostað og 750 störf. Þetta er einhver dýrasta aðferð sem þekkt er í heiminum fyrir utan kannski þær að stunda geimrannsóknir til að skapa störf. Þetta er bara staðreynd, vegna þess að stofnkostnaður er svo gríðarlegur í þessum tæknivædda iðnaði, að störfin sem slík eru örlágt hlutfall hvort heldur mælt er á mælikvarða stofnkostnaðar eða veltu í rekstri.

Um sérkjörin, herra forseti, sem þessu fyrirtæki á að færa, bæði í skattalegu tilliti og ýmsu öðru, ætla ég að fjalla síðar því tími minn leyfir það ekki í 1. umr. Ég ætla þó að nefna einn þátt í lokin og það er raforkuverðið.

Samkvæmt fréttastofu sjónvarpsins er ríkisleyndarmálið mikla um raforkuverðið, sem ætlunin hefur verið að fara með eins og mannsmorð, ekki betur varðveitt en það að álverið á að borga 17,4 mill á kílóvattstund miðað við 1.500 dollara álverð á tonn. Það er 1,40 kr. Miðað við núverandi álverð er þetta nær því að vera 1,20 kr. á kílóvattstundina.

Almenningur borgar fyrir almenna raforkunotkun í dag 7,74 kr. fyrir sömu einingu, fyrir sömu kílóvattstund. Með virðisaukaskatti 9,64 kr. fyrir sömu kílóvattstund. Með öðrum orðum, almenningur og minni fyrirtæki í landinu sem yfirleitt verða að sæta því að borga þennan almenna taxta — það er ekki fyrr en komið er upp fyrir 50.000 kílóvattstunda notkun á ári sem menn geta farið að semja um afltaxta — borga sem sagt án virðisaukaskatts sexfalt verð, með virðisaukaskatti rúmlega áttfalt verð á við álverið. Svona eru nú hlutaskiptin.

Auðvitað er ekki um sambærilega afgreiðslu að ræða hvorki í magni né hagkvæmni eins og að selja stórum notanda. En stendur það ekki í nokkrum manni sem er að borga þetta verð, t.d. til utanhússlýsingar? Vita menn hvað almenningur borgar til utanhússlýsingar, að vísu með einhverri þjónustu innifalinni? Rétt tæpar 13 kr. á kílóvattstundina með virðisaukaskatti. Það er meira en tífalt það sem álverið á að borga. Enda liggur fyrir að við erum að færa þessu fyrirtæki einstök kostakjör sem sambærilegum aðilum bjóðast hvorki vestan hafs né austan.

Herra forseti. Höfum í huga að það er ekki einu sinni víst að þetta verð skili sér. Það er algerlega háð því að hinar bjartsýnu spár um hækkandi álverð þvert á langtímaþróunina gangi eftir og að álverðið verði svo vinsamlegt fyrir okkur að fara úr 1.300 dollurum upp í 1.550 á næstu missirum til að dæmið gangi upp, annars er þetta kolfallið, svo tæpir eru þessir reikningar allir. Og það viðurkenna meira að segja höfundarnir sjálfir að smávægilegt frávik, 10% hækkun á stofnkostnaði eða örlítið lægra álverð, fellir dæmið eins og spilaborg. Þá er þetta farið úr hinni meintu lágu arðsemi miðað við þessa hógværu ávöxtunarkröfu Landsvirkjunar yfir í tap.

Ef það yrði niðurstaðan, herra forseti, hversu grátlegt yrði það ekki að þjóðin fórni þessum náttúrugersemum sínum um aldur og ævi með óafturkræfum skammsýnun ákvörðunum í von um mögulegan ávinning sem er þó sýnd veiði en ekki gefin, sem er algerlega háð þróun á heimsmörkuðum fyrir álverð eða vöxtum eða öðrum slíkum hlutum.

Það er því, herra forseti, alveg sama hvernig ég nálgast þetta mál og ég leyfi mér að hafa skoðun á öllum þáttum þess, hversu mikið sem það kann að fara í taugarnar á hæstv. iðnrh., að þetta er ekki skynsamleg ákvörðun, skynsamleg framkvæmd. Það er enn hægt að snúa við. Þjóðin á að fá að hafa síðasta orðið með almennri þjóðaratkvæðagreiðslu eins og við höfum lagt til. Fáist það ekki samþykkt er aðeins ein leið eftir og hún er að breyta atkvæðaseðlinum í alþingiskosningum næsta vor í kosningu um þetta mál.

[15:07]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega eins og við var að búast að dregnar voru upp ýmsar rangfærslur og hálfsannleikur í ræðu hv. formanns Vinstri grænna í upphafi umræðunnar. Ég ætla ekki að eltast við það allt saman. En ég hlýt að spyrja hv. formann Vinstri grænna hvernig hann meti búseturöskun í landinu. Hvernig metur hann það fólk sem býr á Austurlandi og ætlar sér að hafa atvinnu af því að vinna við álver, vinna við þau atvinnutækifæri sem myndast í kringum álverið? Hvernig væri að fá smámat á því? Og af því hv. þm. hefur tilkynnt það að hann muni bjóða sig fram í þessu kjördæmi þá held ég að íbúum kjördæmisins muni þykja það býsna fróðlegt að heyra mat hans á því, og þar verði þá væntanlega horft til annarra atriða en þeirra að stjórnvöld fylgi fram stefnu sinni um nýtingu orku fallvatnanna í landinu, sem stjórnvöld hafa aldrei farið í grafgötur með að þau ætli að gera. Það er stefna stjórnvalda að nýta orku fallvatnanna til hagsbóta fyrir þjóðina. Sem betur fer eigum við orku á Austurlandi sem við ætlum okkur að nýta til atvinnusköpunar. Hvernig metur hv. formaður Vinstri grænna þessi mál?

[15:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hóf mál sitt á því að segja að eins og venjulega eða við hafi mátt búast hafi ég dregið upp ýmsar

rangfærslur og farið með hálfsannleik í mínu máli. Hverjar voru rangfærslurnar? Hvað var hálfsannleikur? Eigum við ekki að ræða þetta þannig? Ég skal skiptast á skoðunum við hv. þm. ef hún tilgreinir þau ummæli mín sem hún telur vera röng, telur vera hálfsannleik, en ekki með þessum hætti. Það er ekki rökræða sem ég nenni að eyða tíma mínum í.

Hvernig met ég aðstæður fólks á Austurlandi og þeirra sem hafa hugsað sér að njóta góðs af þessu álveri? Ég met málefni Austfirðinga með nákvæmlega sama hætti og ég met málefni Vestfirðinga, fólks í Dölum, fólks á Norðurlandi, fólks í Skaftafellssýslum og reyndar á höfuðborgarsvæðinu. Ég geri ekki greinarmun á Íslendingum í þessum efnum. Ég tel að við séum öll ein þjóð í einu landi. Og þegar kemur að stærstu og mikilvægustu ákvörðunum, þá eigum við að hefja okkur upp yfir það að við séum Austfirðingar eða Norðlendingar eða Vestfirðingar, meira en eitthvað annað.

Þess vegna, einmitt þess vegna höfum við reynt að beita okkur fyrir almennri byggðastefnu og almennum aðgerðum í atvinnumálum sem kæmu öllum landsmönnum jafnt til góða, allri landsbyggðinni, ekki bara litlum bletti um miðbik Austurlands sem e.t.v. og e.t.v. ekki nýtur góðs af þessu álveri. Um það er nú deilt hversu farsælt þetta kunni að reynast fjórðungnum einnig í byggðalegu tilliti þegar til lengri tíma er litið og vitna menn þar m.a. í reynslu margra nálægra þjóða þar sem oft hefur komið á daginn að vandamál skapast þegar frá líður í byggðarlögum sem byggja alfarið á einhæfri atvinnu af þessu tagi.

Að nýta orku fallvatnanna, segir hv. þm., að sé stefnan. Já, en hvernig og hvað á að virkja? Eigum við þá ekki að ræða það? Er allt undir? Förum við líka í Dettifoss og Gullfoss ef það er bara nógu hagkvæmt eða ef fólkið í kringum þessa fossa vantar vinnu? Við skulum bara tala um þetta eins og þetta er. Höfum við efni á því að gæta náttúrunnar okkar eða ekki?

[15:11]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var aðeins reynt að gefa það í skyn að nú ætti að fara að virkja Dettifoss. Er Dettifoss allt í einu kominn inn á vatnasvæði Jökulsár á Fjöllum eða Jökulsár í Fljótsdal? Er það þannig? Er verið að gefa það í skyn? **(Gripið fram í:** Það víst.) Ég held að það væri allt í lagi að við ræddum um þetta mál eins og það liggur hér fyrir.

Það er mat þeirra félagsfræðinga og þeirra sérfræðinga sem hafa farið yfir málið hvernig það muni hafa samfélagsleg áhrif á Austurlandi og á landsbyggðinni að hér sé um mikla atvinnusköpun að ræða. Þetta muni leiða til hærri atvinnutekna á svæðinu. Þetta muni auka viðskiptin. Þetta mun hafa góð áhrif á ferðaþjónustuna. Og þetta mun hafa góð áhrif á menningar- og félagslíf. Skiptir fólk þennan flokk engu máli? Skiptir fólk á Austurlandi þingflokk Vinstri grænna engu máli? Er það þannig?

Þarna erum við að tala um gífurlega góð áhrif fyrir búsetuna á Austurlandi og ég held að kominn sé tími til þess að heyra það að þingflokkur Vinstri grænna viðurkenni það. Það er algjörlega skiljanlegt að menn hafi áhyggjur af umhverfisáhrifum. Það höfum við öll. Enda hefur verið farið yfir það með mjög vönduðum hætti og þau áhrif metin. En er ekki allt í lagi að viðurkenna það að þarna er um jákvæð áhrif á samfélagið á Austurlandi að ræða?

[15:13]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. nefndi reyndar jökulárnar norðan jökla í framsöguræðu sinni hér áðan. Þannig að ég hef nú talið að Jökulsá á Fjöllum flokkaðist með þeim. **(Iðnrh.:** Norðaustan.) Norðaustan já, þá getum við nú farið að deila um hvað er norðaustan. Kreppa kemur úr þeim hluta Vatnajökuls þar sem farið er að halla til austurs. Og síðan er það líka að Jökulsá á Fjöllum kemur næstverst út, það er næstversti virkjunarkosturinn frá sjónarhóli umhverfisverndar á eftir Kárahnjúkavirkjun og á undan Þjórsárverum. Er þá ekki rökrétt að reikna með því að ríkisstjórnin vilji fara næst í hann af því hún byrjar á þeim enda listans? Það má spyrja að því. Það eru margir sem ekki hafa fengist til þess að gefa upp á bátinn stóru draumana um að safna öllum jökulánum norðan og norðaustan jökla saman í eina gusu og fara með það í eina virkjun.

Og hvað eru göngin víð? Hvað eru göngin víð úr Hálslóni og austur í Fljótsdal? Hvaða vatn geta þau flutt? Meira en Jökulsá á Dal, svo mikið er víst. Hvaðan gæti það vatn komið? Er ekki Kreppa næst þar fyrir vestan? Og hve gamlar eru síðustu hugmyndir Landsvirkjunar um krana á Dettifoss, af því hann sé fallegastur þegar eru 180 rúmmetrar í honum? Þeir eru búnir að reikna það út að hægt væri að hafa á honum túristakrana og skammta í hann 180 rúmmetra yfir sumarið. Þessar hugmyndir eru nú ekki nema nokkurra missira gamlar. Þannig að við skulum ekki tala um hlutina öðruvísi en þeir eru. Og ríkisstjórn sem hikar ekki við að hjóla í tvö yfir 20 ára gömul friðlönd, Kringilsárrana og Þjórsárver, hvað er henni heilagt?

[15:15]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég hef áður margbent á hvílíkt virðingarleysi hinu háa Alþingi er sýnt af stjórnarliðinu, einkum og sér í lagi hæstv. ráðherrum. Hér situr einn, og kannski tveir þegar best lætur. Þetta er ekkert undarlegt þegar haft er í huga að við erum ekki lengur með þingbundna stjórn í landinu heldur, eins og ég hef margtekið fram, stjórnbundið þing. Það er auðvitað sök hinna almennu þingmanna stjórnarflokkanna að þeir skuli láta handjárna sig með þeim hætti að það sé hægt að reikna með þeim án þess að þeir kynni sér málin eða hlusti á minni hlutann. Minni hlutinn hefur sinn rétt. Og þetta er virðingarleysi fyrir hinu háa Alþingi sem forsetadæmið ætti að taka fyrir og áminna þingmenn fyrir. Ég hefði sérstaklega snúið mér til hæstv. forseta Halldórs Blöndals ef hann hefði enn þá setið í forsetastól því að ég er viss um að afi hans hefði ekki liðið þessa framkomu.

Hér erum við að ræða eitt mikilverðasta mál þingsins og að margra dómi það langstærsta. Samt sem áður veita menn málinu slíka umhirðu eins og raun ber vitni. Ég hef orðið þess var að margur hefur litið svo á að sá sem hér stendur væri eindregið andvígur virkjunum og stóriðju af því sem ég gagnrýndi mjög þau áform að ætla sér að semja við Norðmenn um álver í Reyðarfirði sem Norðmenn ætluðu reyndar ekki að eiga nema 20–25% í. Ég hef lengstum talað fyrir daufum eyrum þegar ég hef haldið því fram að ef við sæjum virkjunarkost sem við vildum sætta okkur við og stað til stóriðju sem okkur þætti henta ættum við að segja við áleða stóriðjufursta heims: Gjörið svo vel, þarna er virkjunarkosturinn. Virkið á ykkar ábyrgð og byggið stóriðjuver á ykkar ábyrgð. Það er reikningsdæmi hvenær við eignumst

þetta orkuver. Þetta hefur verið mín skoðun lengi en, eins og ég segi, ég hef talað fyrir daufum eyrum.

Hvers vegna varaði ég svo harkalega við samningum við Norðmenn sem raun bar vitni um fyrr á þessu þingi? Það er af margfaldri reynslu af samningum við þá og með tilliti til þess að ef þeir ætluðu að eiga aðeins lítinn hluta af iðjuverinu er þess að geta að Íslendingar ráða engu um framgang mála á stóriðjumarkaði heims, geta engin áhrif haft þar á. Norðmenn ætluðu sér að hirða afraksturinn af útflutningnum, umboðslaunin sín, og taka takmarkaða eða enga ábyrgð. Þegar álverð kannski ryki niður mundi Norsk Hydro sitja á sölu frá Íslandi og láta sína framleiðslu annars staðar ganga fyrir af því sem þeir ættu svo lítinn hlut í stóriðjunni.

Hver er reynsla okkar af frændum vorum sem heita í skálaræðunum sem ég hef marghlustað á á Norðurlandaráðsþingi „venner og frænder"? Þannig stóð á fyrir okkur á sínum tíma, eins og jafnan fyrr og síðar og alveg sérstaklega nú, að við rukum í framkvæmdir án þess að hafa fast undir fótum um sölu orkunnar. Og þar kom á sínum tíma að við höfðum Sigöldu fullbúna og gerðum ráð fyrir, án þess að hafa það fast í hendi, að ná samningum um sölu orkunnar til Union Carbide. Það fyrirtæki hljóp út undan sér og við stóðum höndum uppi. Norðmenn vissu fullvel hvernig á stóð fyrir okkur og komu til skjalanna. Til þess að koma þó orkunni í eitthvert lóg neyddumst við til að semja við þá um svo ótrúlegt verð að ekki er hægt að hugsa sér neitt lakara og kjör önnur. Verðið var einhvers staðar milli 6 og 7 mill og hefur reyndar hangið í því mestallan tímann síðan. Þeir tóku ómælda fjármuni í umboðslaun sér til handa og af veltunni sjálfri, sama hvernig verðlag á afurðunum var. Þetta er sagan af því og nú náttúrlega prísar Alcoa sig sælt af því sem það á orðið Elkem og getur sjálft þreifað á því hvert orkuverðið er í járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Og það getur vel verið, eins og samningsstaða Íslendinga var í þessu máli, að það hafi notfært sér það verð til viðmiðunar.

Ég vil taka það fram að frá því í öndverðu pólitískra afskipta minna hef ég verið virkjunarsinni, og ég hef verið stóriðjusinni að því leyti að ég hefði viljað skjóta aukastoðum undir íslenskan efnahag með því að reisa stóriðjuver og koma okkar miklu orku í lóg. Ég minni enn á, sem ég hef áður gert, að í apríl 1999 hélt ég allfjölmennan fund á Reyðarfirði, í mínu gamla kjördæmi, þar sem ég benti mönnum á að eins og komið var mundi Fljótsdalsvirkjun ekki verða barn í brók, það væri það lítil orka að það væri miklu hægara um vik og girnilegra að taka fyrir Kárahnjúka. Ég ætla ekkert að lýsa því hvernig mér var tekið með þennan málflutning því það var, eins og það heitir á nútímaíslensku, ullað á mig. Verkalýðsforinginn á staðnum sagði að ég væri alltaf sama helvítis fíflið. Það var auðvitað erfitt að taka við því en þetta var ekki flokksmaður minn.

Ég hygg að að því gefnu að nú verði reist áliðjuver í Reyðarfirði og Grundartangi stækkaður eigum við að hugsa okkur vandlega um með framhaldið og einnig með hvaða hætti við öflum orku til þess arna vegna þess að við höfum hér um bil ekkert nýtt okkur enn af jarðgufunni. Það er þó orka sem í öllu falli er umhverfisvæn eins og það heitir. Og við þurfum að beina framkvæmdum okkar að öðrum kostum.

Ég neita því ekki að ég hef miklar áhyggjur af hinu stóra stöðuvatni við Kárahnjúka og þar inn eftir öllu vegna hins mikla fjöruborðs sem myndast þegar vatn þverr. Ég hef farið mjög margar ferðir um Vesturöræfi, þar eystra, á hreindýraveiðum aðallega. Þetta eru einhverjar fegurstu víðlendur sem þetta land á. Ég hef hins vegar ekki verið nógu næmur á fegurð sjálfra gljúfranna. Það er kannski af því að ég er lofthræddur. Ég hef samt flogið þar yfir og séð hversu mikil náttúrufyrirbrigði þetta eru þar sem fljótið hefur skorið eins og með tertuspaða 200 metra niður í hásléttuna. En sama er, við getum ekkert fengið ókeypis né heldur þegar við þurfum að taka til við að beisla orkuna okkar. Ég ítreka að ég álít að jarðvarminn sé miklu betri kostur, lífvænlegri og vistvænni en sá sem ráðist var í. Ég bæti því við að ég tel mér trú um að tæknin sé orðin slík að við getum ráðið við að hefta sandfokið af þessum firnalegu bökkum. Við vitum vel hvað sest til. Það er svo hárfínn sandur að varla getur annað eins. Og menn skulu hafa í huga að ég hygg að Jökulsá hafi í hlaupi verið mæld með 150 þús. tonna framburð á sólarhring. Menn geta auðvitað ekki ímyndað sér hver býsn þetta eru. En ég tel mér trú um að hægt mundi vera með öflugum vatnsdælum sem væru á pramma að sigla upp og niður þetta fljót, þetta mikla stöðuvatn, og halda sandinum rökum þannig að ekki kæmi til þessa ógnvænlega sandroks. Það verður að finna lausn á því vandamáli.

Ég neita því ekki heldur að ég hef áhyggjur af Lagarfljóti, að teyma þetta ólma jökulvatn yfir í Lagarfljót, yfir í Löginn sjálfan. Ég veitti því athygli í vetur þegar flóðin miklu voru á Egilsstöðum — þá var flugvöllurinn nærri á kafi — að þá sögðu sérfræðingar að það hefði engu máli skipt þótt Jökla eða frárennslið frá virkjuninni hefði bæst þar við. Þetta eru útreikningar sem ég ekki skil. Það minnir mig á hér um árið þegar rjúpnastofninn var talinn ein milljón héldu sérfræðingar því fram að það skipti engu máli upp á stofninn þótt drepinn væri $^1/_4$ af honum, 250 þúsund. Þetta eru talnaleikir sem ég kann ekki að meta og var ég þó ágætur í stærðfræði á sínum tíma.

Ég tel að Reyðarfjörður henti að mörgu leyti mjög vel. Staðsetning hans er góð fyrir stóriðju og ég vænti þess að þeir sem koma til með að njóta geri það án þess að eiturefni sáldrist yfir þá.

Það er hart deilt um Kárahnjúkavirkjun að vonum. Öldur úlfúðar og ósamkomulags hækka stöðugt. Í þessu litla þjóðfélagi verðum við að finna leiðir til þess að ná sáttum um mál. Við megum til með það. Við höfum ekkert afl til þess að vinna bug á þrætunum og deilunum og uppivöðslunni nema að við getum orðið ásamt um lausnina. Fyrir því segi ég þetta og beini því eindregið til stjórnvalda: Kárahnjúkar eru afgreitt mál en sláið nú á úlfúðina með því að bjóða fram að við Þjórsárverum verði aldrei raskað héðan í frá. Ég get svo sem bætt því við að stjórnvöld geta reynt þetta en það er spá mín að það muni leiða til slíkra átaka að ófyrirséð er hvar þau lenda.

Það vill svo til að þann 6. apríl næstkomandi verða liðin 39 ár frá því að sá sem hér stendur settist fyrst inn á þing. Hann var frá barnæsku mikill fuglaáhugamaður og hann hafði lesið þær rannsóknir sem fram höfðu farið á Þjórsárvirkjun. Þegar ég kom til þings var Jóhann Hafstein heitinn iðnrh. og þá var umræðan á fullu um að stífla þar efra og sökkva Þjórsárverunum. Það var nú hvorki meira né minna. Og ég, strákurinn, tilkynnti Jóhanni að ég mundi aldrei samþykkja að þannig yrði farið með Þjórsárver. Ég man að hann horfði mjög lengi á mig, sá afbragðsmaður, og sagði ekki eitt einasta orð. Auðvitað hefur gengið fram af honum að þessi strákur skyldi vera að steyta görn með þessum hætti. En ég ítreka: Leitum samkomulags. Finnum lausn á þessum háskalegu átökum, og vanda sem við okkur ella snýr.

Það er mikið rætt um að hér höfum við með þessu álveri og stórvirkjun lausn í boði á atvinnumálum Austfirðinga. Hvaða vanda þarf þar að leysa og af hverju stafar hann aðallega? Hv. þm. Austurl. Arnbjörg Sveinsdóttir spurði: „Skiptir þá fólk ekki máli?" Hvað segja þeir um það sem bera ábyrgð á núverandi sjávarútvegsstefnu? Skiptir þá fólk máli? Hvernig má það vera að hvert sjávarþorpið á fætur öðru austur þar er að sviðna upp? Af hverju flýja menn? Af hverju verða eignir þeirra að engu? Af því að þeim er bannað að sækja sjóinn sinn. Og ein aðalástæðan fyrir æðibunuganginum í sambandi við þessi atvinnufæri sem þarna á að skapa er að þeir eru búnir að loka á afkomu fólksins með því að fá að róa til fiskjar. Þetta eru umbjóðendur fólksins og þeir láta sem þeir einir vilji sjá fyrir fólki og annast hagsmuni þess.

Og búsetuna á bara að meta eftir þessu en ekki eftir hinu sem öll þessi þorp eiga rætur sínar að rekja til, og það er sjávarauðlindin. Allar þeirra lífæðar liggja út í sjó. Enda þótt ég sé þeirrar skoðunar að virkja beri við Kárahnjúka, og að héðan í frá eigum við að snúa okkur að öðru, og að selja eigi orkuna til stóriðju er öll samningsaðstaða sú sem íslenskir ráðamenn hafa mótað sér með þeim endemum að það kemur ekki til nokkurra mála að ég veiti þeim umboð til að gera þá samninga sem farið er fram á samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir, kemur ekki til nokkurra mála. Þeir verða sjálfir að bera ábyrgð á því.

Þessi æðibunugangur minnir mig ofurlítið á ganginn í gamla daga þegar ég var umboðsmaður að semja um smíði síldarskipa í Noregi, einum átta eða svo. Þar komu skipstjórar eða útgerðarmenn og sögðu, kannski ári fyrr: „Eitt stykki síldarskip fyrir 1. júlí næsta ár." Svo var sest niður og samið. Norðmenn kunna sitt fag. Það voru að vísu gerðir samningar en síðan komu bakreikningarnir, og allir vegna þess að asinn var slíkur. Þeir sögðu að ef þeir fengju ekki fjármuni til þess að framkvæma þetta og þetta svona hratt drægist afhending skipsins, og gengið var að öllum bakreikningum. Ég hef mikið dálæti á Ítalíu og jafnvel fólkinu sem þar býr en skyldu ekki kannski koma einhverjir bakreikningar frá þessu nýja sérstaka fyrirtæki sem ofan í kaupið þarf að liggja undir mútuákærum?

Svona var þetta hér í sambandi við þetta stórmál. Það þurfti að ná fram einu stykki virkjun fyrir næstu kosningar og einu stykki álveri. Allt er þetta með þeim ódæmum framkvæmt. Virkjun og stóriðju, hvað sem það kostar. Menn geta ímyndað sér samningsstöðuna, baneitraða. Og formaður Framsfl. lýsti því yfir fyrir meira en ári að það yrði virkjað við Kárahnjúka. Formaður stjórnar Landsvirkjunar, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, lýsti því yfir um mitt sumar að orkuverðið væri ekkert vandamál. Halda menn að Alcoa-menn hafi ekki fylgst með þessu? Halda menn að Alcoa sé eitthvert gjafa- og styrktarfyrirtæki sem er tilbúið til að hjálpa upp á atkvæði fyrir framsóknarmenn, á Austurlandi sérstaklega? Alcoa er auðvitað eitt harðsnúnasta stóriðjufyrirtæki heimsins eins og þessir stóriðjuhöldar eru allir. Og Alcoa hefur harðan húsbónda þar sem eru hluthafar sem ekkert gefa eftir af þeim kröfum sínum að haldið sé sem best á málum. Það er dálítið annað en hér vill brenna við þar sem við erum bláeyg gagnvart hlutafélögum sem við eigum í og finnum eiginlega ekkert að hvernig sem þau haga sér.

„Orkuverðið er engin fyrirstaða" var orðalag formanns stjórnar Landsvirkjunar. Við Alcoa hefur blasað þetta álver og þeir vita fullvel að æðstu stjórnendur Ísalands eru tilbúnir til þess að fórna pólitísku lífi sínu fyrir það að þeir gangi til samninga við þá. Þeir sóttust sjálfir ekki eftir því í upphafi að koma hingað. Þeir voru sóttir til þess arna og sagt: „Gjörið þið svo vel. Þið verðið bara að standa ykkur til þess að þetta verði allt komið fram fyrir kosningar." Mér býður í grun að Alcoa hafi verið sótt eftir æðstu diplómatísku leiðum. Það kæmi mér ekkert á óvart að í byrjun hefði verið haft samband við Colin Powell og hann beðinn að athuga þetta sérstaklega fyrir Íslendinga. Þeir eru kannski að launa það, ráðherrarnir, núna með því að bjóðast til þess að aðstoða Bandaríkjamenn í hernaðarumsvifum. (Gripið fram í.)

Vegna þessarar samningsstöðu get ég ekki neitað því að að mér sækir mikill uggur um að þeir samningar sem stendur til að gera séu ekki aðgengilegir fyrir okkur, heldur blasi blátt áfram við nauðasamningar sem við höfum boðið upp á með asa okkar og óforsjálni. Ég tók hér til handargagns mynd af laglegri stúlku norðan frá Lómatjörn sem birtist í Fréttablaðinu 8. ágúst. Þar segir stúlkan, hæstv. iðnrh. reyndar: „Höfum ekki borgað með álverum." Þetta stendur hérna. Ég vona að hæstv. ráðherra segi þetta af vanþekkingu en ekki einhverri annarri framsóknaráráttu. Við höfum nefnilega alltaf borgað með þeim. Hæstv. ráðherra þyrfti að leita sér upplýsinga um að það gerðum við við Ísal með opnum augum og tilkynntum það opinberlega að okkur væri svo mikið í mun að fá virkjun við Búrfell að við borguðum verulega með orkunni.

Það var samið við Grundartanga, Columbia Ventures, langt undir því sem við þurfum að fá fyrir nýja framleidda orku, langt undir því. Ég hef áður minnst á Elkem. Við höfum alltaf borgað, hinn íslenski neytandi, með því að borga sjálf okurverð fyrir orkuna. Þetta eru staðreyndir málsins sem verða ekkert hraktar ef grannt er skoðað. Það nægir ekki neitt að verja sig með því að samkomulag sé um að gefa ekki upp orkuverð. Það kom fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að hann hefur heyrt af því — hann var að vísu með örlítið hærra verð. Mínar upplýsingar eru 17,4 mill en ég held að hann hafi sagt 17,5 (Gripið fram í.) miðað við 1.550 dollara tonnið. Nú stendur það í 1.370 og langtímaspár spá verðinu niður á við. Við skulum vona að svo verði ekki.

Uggur minn stafar einnig af því hvernig í ósköpunum á því stóð að þrjú af kunnustu verktakafyrirtækjum Norðurlanda hurfu frá því að gera tilboð eftir að hafa varið ótrúlegum fjárhæðum í söfnun upplýsinga. Hvernig mátti það vera? Og er það rétt að þeir Ítalir hafi boðið rúma 34 milljarða í stíflu og göng en Ístak og Pihl & Søn 58? Getur það verið satt — ég sá þessar tölur — að munurinn sé svo ótrúlegur, 24 milljarðar? Ég óttast bakreikningana frá þeim heiðursmönnum og vonandi að fljótlega verði búið að þurrka af þeim mútukæruna.

Menn hafa gert lítið úr því að hér hefur verið varað við þeirri spennu sem af þessu hlýst í íslensku efnahagskerfi, og eins og kom fram í umræðunni virtust menn vera sammála um það í upphafi að gagnaðgerða skyldi leitað hið fyrsta. Málið kom til umræðu hér í síðustu viku og þar var því öllu ýtt út af borðinu sem ótímabæru með öllu. En það verður að segja hverja sögu eins og hún gengur. Hæstv. forsrh. er haldinn þeim skafanka að hafa ekkert vit á fjármálum og peningamálum. Og það kemur auðvitað fram í því þegar hann sópar þessu út af borðinu sem ótímabæru máli.

Vegna þeirrar erfiðu stöðu sem íslensk stjórnvöld hafa komið sér í við þessa samninga legg ég til að þegar á næstu fjárlögum tökum við til hliðar 10 milljarða og þar fram eftir götunum næstu ár. Í fyrsta lagi til að standa undir bakreikningum sem munu koma og í öðru lagi til þess þá að standa

undir taprekstri sem fullkomin hætta er á að verði. Við þurfum að mæta þensluáhrifunum, ella verða hér hækkandi vextir sem fyrirtæki okkar þola illa og almenningur skuldar gífurlega. Undanfarin þensluár skyldi það henda í hvert einasta skipti að útgjaldahlið fjárlaga hækkaði langt umfram verðbólgu. Aðalráð stjórnvalda á hverjum tíma til þess að hefta verðþenslu er að beita fjárlögum, að skera niður sem kostur er á fjárlögum, og 10 milljarðar til hliðar aukalega mundi þjóna þeim tilgangi fullkomlega að hamla gegn þeirri þenslu sem þetta gæti ella haft í för með sér. Ég endurtek að vegna hinnar miklu óvissu og þeirrar fáránlegu samningsstöðu sem íslensk stjórnvöld hafa komið sér í kemur ekki til nokkurra greina að sá sem hér stendur veiti þeim umboð sitt til þess að gera þessa samninga og taki með því ábyrgð á slíkum samningum. Hann mun að vísu ekki setja fót fyrir framgang þess en stjórnarliðar sjálfir verða einir að bera ábyrgð á þessum málum.

[15:42]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Nú hillir undir að álver í Reyðarfirði verði að veruleika og er ástæða til að fagna því. Þetta fyrirtæki mun hafa margvísleg jákvæð áhrif á byggð á Austurlandi og einnig á þjóðarhag. Ég ætla að fara nokkrum orðum um þetta tvennt.

Það hafa verið nokkrar deilur um Kárahnjúkavirkjun sem er jú forsenda fyrir þessu álveri. Andstæðingar virkjunarinnar hafa látið vel í sér heyra að undanförnu og svo var einnig þegar Fljótsdalsvirkjun var til umræðu á Alþingi. Svo virðist sem ýmsir séu þeirrar skoðunar að yfir höfuð eigi ekki að ráðast í virkjunarframkvæmdir í þessum landshluta og gildir þá einu hvort talað er um Fljótsdalsvirkjun eða Kárahnjúkavirkjun. Ég er þessu ósammála og tel að við eigum og verðum að nýta auðlindir okkar, hvort heldur er til lands eða sjávar, innan skynsamlegra marka.

Kárahnjúkavirkjun og álver í Reyðarfirði er stærsta tækifærið sem gefist hefur til að efla atvinnulífið á Austurlandi og auka fjölbreytni þess en eins og fram hefur komið í könnunum er einhæfni atvinnulífsins meginástæða þess að fólkið flyst af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins, og árum saman hefur fólki fækkað jafnt og þétt á Austurlandi. Frá 1990 hefur fækkunin verið að jafnaði 1% á ári. Því er spáð að verði af þessum framkvæmdum muni íbúafjöldi á Miðausturlandi verða u.þ.b. 9.700–9.800 árin 2007–2008, þ.e. allt að 20% meiri en hann er í dag. Bygging álvers í Reyðarfirði er því stórkostleg byggðaaðgerð sem mun snúa við íbúaþróun í þessum landshluta, úr stanslausri fækkun í mikla fjölgun.

Það er fróðlegt að lesa skýrslu Nýsis hf. ráðgjafaþjónustu um mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álvers Alcoa í Reyðarfirði. Þar segir, með leyfi forseta:

„Helstu veikleikar Austurlands eru einhæfni í atvinnulífi í samanburði við höfuðborgarsvæðið, hátt hlutfall láglaunastarfa og fækkun fólks vegna þess að þeir sem flytja á brott úr fjórðungnum hafa verið fleiri en aðfluttir. Töluvert er af árstíðarbundnum störfum fyrir ófaglært fólk svo sem í fiskvinnu, ferðaþjónustu, byggingarstarfsemi og sláturhúsum. Þessi störf freista almennt ekki unga fólksins sem flytur í stórum stíl til höfuðborgarsvæðisins vegna þeirra miklu tækifæra sem þar eru til náms og starfa."

Þar segir einnig, með leyfi forseta:

„Tölur um búferlaflutninga á Miðausturlandi á árunum 1971–2000 sýna að 2.768 fleiri fluttu frá svæðinu en til þess eða 95 að meðaltali á ári. Þannig hefur svæðið tapað rúmlega 1% íbúanna á ári vegna flutninga 1971–2000. Fjöldi þeirra sem fluttu á brott umfram aðflutta var um 0,6% á ári 1971–1980, 1,0% árlega á árunum 1981–1990, en um 2,2% á hverju ári 1991–2000. Á Miðausturlandi var fjöldi þeirra sem fluttu á brott umfram aðflutta 209 íbúar árið 2000 eða 2,6%. Mikill meiri hluti þeirra flutti á suðvesturhornið."

Þessar tölur sýna ótvírætt að brottflutningur fólks af svæðinu hefur aukist mjög á undanförnum árum, aukist jafnt og þétt síðustu 30 ár. Það er enginn vafi á því að bygging álvers í Reyðarfirði mun snúa þessari þróun við.

Það kemur einnig fram í skýrslu Nýsis að árverkum á Miðausturlandi fækkaði um 16,1% á árunum 1986–1997 á sama tíma og þeim fjölgaði um 4,6% á landinu öllu. Þeim fækkaði á Austurlandi um 16,1%, meðan þeim fjölgaði á landinu öllu um 4,6%. Það á að sjálfsögðu stóran þátt í íbúaþróun í landshlutanum en sá veikleiki er í atvinnusamsetningu þar að hlutfall vinnuafls í frumvinnslu og úrvinnslugreinum er 52% á sama tíma og það er 36% á landinu öllu og ekki nema 24% á höfuðborgarsvæðinu. Í þessum greinum hefur verið mestur samdráttur á undanförnum árum.

Það er athyglisvert að aðeins 7,5% skattskyldra einstaklinga á Miðausturlandi höfðu yfir 3,5 millj. í tekjur árið 1999. Meðaltekjur starfsmanna í stóriðju munu hafa verið á því bili það ár. 65% skattgreiðenda á Austurlandi höfðu undir 1,5 millj. í tekjur, sem sýnir glöggt að þetta er láglaunasvæði. Þarna mun verða gjörbreyting á með tilkomu álvers í Reyðarfirði. Í því sambandi má minna á skýrslu Atvinnuþróunarfélags Vesturlands um tekjur einstaklinga á Vesturlandi en þar kemur fram að stóriðjan greiðir langhæst laun allra atvinnugreina að fiskveiðum undanskildum.

Gert er ráð fyrir að við álverið verði 400–460 ársverk sem skiptast þannig að 10–20 starfsmenn verða með akademíska háskólamenntun, 20–25 starfsmenn með tæknimenntun á háskólastigi eða sambærilega menntun, 50–60 starfsmenn með tæknimenntun, 300 starfsmenn með iðnnám eða sérstakt fjölbrautaskólanám til að vinna við álframleiðslu og 25–30 störf sem krefjast engrar sérstakrar þjálfunar. Auk þess verða 30–40 störf við afleysingar.

Í skýrslu Nýsis kemur fram að innan einnar klukkustundar vinnusóknar frá álverinu eru a.m.k. 250 bújarðir og margir bændur og makar þeirra vilja vinna utan bús með búskapnum. Það er enginn vafi á að þetta fólk mun í verulegum mæli starfa við álverið. Reynslan frá Grundartanga sýnir að fólkið af bæjunum í nærliggjandi sveitum vinnur í stórum stíl í verksmiðjunum tveimur og líkar vel. Og dæmi eru um það að bóndi sæki þangað vinnu alla leið ofan úr Reykholtsdal.

Í skýrslu Nýsis kemur enn fremur fram að nettófjöldi óbeinna og afleiddra starfa sem myndast á Miðausturlandi með tilkomu álversins er um 300 störf. Þessi störf munu að mestu myndast í Fjarðabyggð og á Egilsstöðum en að einhverju leyti á Fáskrúðsfirði. Þar segir einnig að ef ekkert verði af álvers- og virkjunarframkvæmdum megi gera ráð fyrir að íbúum Miðausturlands haldi áfram að fækka, að hlutfall 20–40 ára fólks og barna verði lægra en það er í dag, að ójafnvægi í hlutfalli milli karla og kvenna aukist og að meðaltekjur á Austurlandi haldi áfram að dragast aftur úr hækkandi meðaltekjum á höfuðborgarsvæðinu. Í skýrslunni segir m.a., með leyfi forseta:

„Fólksfækkun á síðustu árum hefur aðallega átt rætur sínar í því að ungt fólk sækir burt til náms og í leit að

áhugaverðum og vel launuðum störfum. Bein, óbein og afleidd áhrif fyrirhugaðs álvers munu verða þau að hjálpa ungu menntuðu fólki sem á rætur á Miðausturlandi til að fá störf við hæfi og þar með stuðla að meira jafnvægi í aldursskiptingu íbúanna og draga úr brottflutningi. Skoðanakönnunin sem Félagsvísindastofnun framkvæmdi fyrir Reyðarál hf. sýndi að 40% 18–28 ára fólk á Miðausturlandi hafði örugglega eða líklega áhuga á að starfa í álverinu og að 17% brottfluttra Austfirðinga 20–49 ára taldi líklegt að þeir myndu flytja aftur til Austurlands ef álver risi í Reyðarfirði."

Þá segir enn fremur í skýrslu Nýsis, með leyfi forseta.

„Eftir að álverið er komið í rekstur og byggingarframkvæmdum lokið munu aðstæður breytast mikið. Þeir sem munu starfa við álverið og önnur ný störf munu dreifast á nokkur byggðarlög á Miðausturlandi og búa þar ásamt fjölskyldum sínum. Auknir aðflutningar fólks ásamt auknum tekjum munu stuðla að fjölbreyttara mannlífi og efla hvers kyns félags- og menningarstarfsemi á Austurlandi.

Í skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar sem unnin var fyrir Reyðarál hf. á árinu 2000 voru ungir Austfirðingar 18–28 ára spurðir um það hvort þeir teldu að tilkoma álvers í Reyðarfirði ætti eftir að leiða til betra eða verra mannlífs í byggðarlögum á Austurlandi. Alls töldu 76% að það myndi leiða til betra mannlífs, 18% töldu að það myndi hvorki leiða til betra né verra mannlífs og 6% til verra mannlífs. Af þessu er nokkuð ljóst að ungir Austfirðingar töldu flestir að álver í Reyðarfirði ætti eftir að hafa töluverð jákvæð áhrif á mannlíf í byggðarlögum á Austurlandi."

Það er athyglisvert að skoða samfélagsleg og efnahagsleg áhrif álvers í Reyðarfirði sem fram kemur í töflu I sem er fylgiskjal með frv. Þar kemur fram að áætluð laun og launatengd gjöld vegna framkvæmda árin 2003–2007 verði í heild tæpir 11 milljarðar kr. og að áætluð laun og launatengd gjöld á ári vegna rekstrar álvers frá árinu 2008 verði rúmir 2 milljarðar kr. á ári.

Áætluð áhrif á sveitarfélögin frá árinu 2009 eru: auknar útsvarstekjur á ári, 335 millj. kr.; aukin fasteignagjöld vegna íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, 74 millj. kr.; aukinn fasteignaskattur vegna álvers, 200 millj. kr. og aukinn fasteignaskattur vegna Kárahnjúkavirkjunar, 60 millj. kr. Á móti koma svo aukin rekstrargjöld sveitarfélaganna á ári upp á 352 millj. kr. Bætt rekstrarstaða sveitarfélaganna á svæðinu verður því 317 millj. kr. á ári.

Ljóst er að álverið og sú íbúafjölgun sem því fylgir kallar á stóraukið húsnæði á Miðausturlandi og mikla uppbyggingu hvað það varðar. Reiknað er með að þörf verði fyrir 567 nýjar íbúðir, tæpa 8.000 fermetra í atvinnuhúsnæði, tæpa 600 fermetra í leikskólahúsnæði, 2.300 fermetra í grunnskólahúsnæði, um 900 fermetra í framhaldsskólahúsnæði, 2.200 fermetra í húsnæði fyrir heilbrigðisstofnanir og tæpa 6.000 fermetra í húsnæði fyrir aðrar opinberar byggingar.

Það verða því mjög mikil verkefni fyrir iðnaðarmenn við húsbyggingar á næstu árum. Það er talið að 48–64% íbúðarhúsnæðisins rísi í Fjarðabyggð, 24–40% á Egilsstöðum, 4–8% í Fellabæ og svipað á Fáskrúðsfirði. Talið er að að 36–52% nýs atvinnuhúsnæðis rísi í Fjarðabyggð, 32–48% á Egilsstöðum, 8–12% í Fellabæ og 4–8% á Fáskrúðsfirði. Það verður því gríðarleg uppbygging á öllu þessu svæði með tilkomu álversins.

Orkuverð til álversins hefur verið gert tortryggilegt á undanförnum mánuðum og einnig í þessari umræðu hér í dag. Það hefur alltaf legið skýrt fyrir af hálfu stjórnvalda og forsvarsmanna Landsvirkjunar að orkuverð þurfi að vera hagstætt og hafa jákvæð áhrif á afkomu og starfsemi fyrirtækisins.

Í greinargerð forstjóra Landsvirkjunar, sem er fylgiskjal með frv., um fyrirhugaðan rafmagnssamning segir m.a., með leyfi forseta:

„Arðsemismat Landsvirkjunar, sem byggir á núvirtu fjárstreymi vegna kostnaðar og tekna, tekur til áranna 2002–2070, þ.e. rúmlega 60 ára frá upphafi rekstrar. Er virkjunin metin verðlaus í lok tímabilsins, þótt það sé mun skemmra en væntanlegur líftími hennar. Samkvæmt niðurstöðum matsins má vænta þess, að núvirtur hagnaður af orkusölu samkvæmt rafmagnssamningnum verði um 6,6 milljarðar króna, sem svarar til þess, að afkastavextir af fjárfestingu í verkefninu verði um 7,3% að nafngildi og 5,5% að raungildi. Á sama grundvelli má gera ráð fyrir að arðgjöf eigin fjár vegna verkefnisins verði um 12,8% að nafngildi og 11% að raungildi. Er það talið mjög sambærilegt við þær kröfur um arðsemi eigin fjár sem almennt eru gerðar meðal orkufyrirtækja í nálægum löndum."

Þessir útreikningar Landsvirkjunar hafa verið gerðir tortryggilegir af ýmsum. Ég verð hins vegar að minna á að eigendur Landsvirkjunar, þ.e. ríkið, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, fólu sérfræðingum sínum að meta forsendur Landsvirkjunar varðandi rammasamninginn, þ.e. hvort þeir teldu þessar forsendur raunhæfar og niðurstaðan varð sú að sérfræðinganefndin gerði ekki athugasemd við forsendurnar.

Álverið í Reyðarfirði mun hafa jákvæð áhrif á þjóðarhag. Í úttekt efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins á þjóðhagslegum áhrifum stóriðju og virkjunarframkvæmda kemur fram að horfur séu á að til lengdar megi reikna með að landsframleiðsla verði 1% hærri en ella og þjóðarframleiðsla 0,75% hærri. Aukinn útflutningur áls skapar forsendur til að jafnt og stöðugt gangi á erlendar skuldir eftir að framkvæmdum lýkur. Miðað við óbreytt nafngengi íslensku krónunnar má reikna með að útflutningur verði 10–14% meiri árlega næstu tvo áratugina eftir að framkvæmdum lýkur, sem er gríðarleg aukning og einmitt það sem þjóðarbúið þarf á að halda. Við þurfum að auka útflutning, auka verðmæti þjóðarbúsins til að bæta hag landsmanna. Þá mun þessi stórframkvæmd að sjálfsögðu draga verulega úr atvinnuleysi sem hefur vaxið nokkuð að undanförnu.

Herra forseti. Eins og ég hef bent á mun álverið í Reyðarfirði hafa margháttuð jákvæð áhrif. Það mun stórauka útflutningsverðmæti og bæta þjóðarhag. Það mun stórbæta atvinnuástandið. Það mun snúa við byggðaþróun á Austurlandi og er því stórkostleg byggðaaðgerð. Við sem búum í nágrenni Grundartanga þekkjum hve gríðarlega jákvæð áhrif stóriðjan þar hefur haft á Akranes, Borgarnes og sveitirnar sunnan Skarðsheiðar og hversu eftirsótt er að vinna við stóriðjufyrirtækin þar.

Ég minni á skýrslu sem bæjarstjórinn á Akranesi sendi frá sér fyrir einu eða tveimur árum þar sem þeim jákvæðu áhrifum sem stóriðjan á Grundartanga hefur haft á þetta svæði eru gerð ítarleg skil. Sama verður ugglaust upp á teningnum fyrir austan. Ég er því eindregið fylgjandi því frv. sem hér er til umræðu.

Ég þarf ekki að taka það fram að ég er algjörlega ósammála því sem síðasti ræðumaður, hv. þm. Sverrir Hermannsson, sagði um Norðlingaölduveitu, sem er jú forsenda fyrir stækkun Norðuráls. Það mál er ekki hér á dagskrá. Þá um-

ræðu tökum við síðar og vonandi sem allra fyrst.

[15:58]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er ekki ofsögum sagt að hér er verið að ræða býsna viðamikið mál. Frumvarpið er í mikilli bók, reyndar er frv. sjálft ekki nema örlítið brot, rétt fyrstu blaðsíðurnar og síðan fylgja með ýmsar skýrslur og greinargerðir. Umræðan segir okkur hins vegar að málið sé býsna stórt. Þá er ég ekki bara að tala um þá umræðu sem er hér í dag, heldur þá umræðu sem áður hefur farið fram á hinu háa Alþingi og sömuleiðis úti í samfélaginu.

Ég verð að segja, herra forseti, að þegar umræða um mál af þessu tagi fer að bera vott um trúarhita þá fer mér nú jafnan að líða illa. Þá er mér alveg sama hvort um er að ræða ræðu eins og þá sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson flutti hér áðan eða ræður eins og heitustu andstæðingar virkjunar halda og syngja undir ættjarðarsöngva. Mér finnst hvort tveggja nokkuð sem er býsna erfitt að fóta sig á ef menn vilja í alvöru ná einhverju sem mætti kalla skynsamlega niðurstöðu, eitthvað sem byggja mætti á til framtíðar og væri klárlega samferða þeim stóra meiri hluta þjóðarinnar sem er tiltölulega jákvæður gagnvart þessum framkvæmdum en er hreint ekki sama um hvernig í þær er farið.

Herra forseti. Ég held að það sé afskaplega gott að Samfylkingin skuli þó hafa þá stöðu hér í þinginu að geta talað máli þessa stóra meiri hluta vegna þess að hinar raddirnar hafa verið býsna háværar, bæði hér inni og eins hingað inn, þ.e. þær jákvæðu gagnrýnislausu og hinar neikvæðu gagnrýnislausu. En af því að málið er stórt og margbrotið, herra forseti, er mikilvægt að menn hafi allan varann á, að menn gaumgæfi allt það sem er til umfjöllunar og ákvörðunar og fari sér að engu óðslega.

Ég er sammála hv. þm. Sverri Hermannssyni um að það er óþarfi að treysta hæstv. ríkisstjórn út í eitt hvað þetta mál varðar. Ríkisstjórnin hefur lagt býsna mikið undir til að ná málinu í höfn og þó að við getum verið sammála um að mikilvægt sé að setja fleiri stoðir undir efnahags- og atvinnulíf megum við samt ekki gleyma að við erum að tala um nýtingu á sameiginlegri náttúruauðlind, nýtingu á náttúruauðlind í eigu þjóðarinnar. Það kemur okkur öllum við hvernig hún er nýtt og okkur er ekki sama um afdrif náttúrunnar og afdrif mannlífsins. Við viljum skoða þetta og leita leiða til að ná sem bestri sátt um það hvernig við nýtum og notum.

Herra forseti. Þetta frv. virkar, eins og ég sagði áðan, býsna mikilfenglegt þegar bókin berst manni í hendur. En síðan kemur í ljós að frv. sjálft er ekki nema 11 greinar og þær misstórar. Meginatriði þess er auðvitað að ríkisstjórnin er að biðja um heimild til að semja við Alcoa, Fjarðaál og eigendur álversins, Alcoa á Íslandi og Reyðarál hf. um álver í Reyðarfirði. Helstu ákvæði frv. sem síðan verður byggt á eru, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi er veitt heimild til að semja við Fjarðaál sf. um að reisa og reka álverksmiðju til framleiðslu á allt að 322.000 tonnum af áli á ári. Kveðið er á um að félagið og eigendur þess starfi samkvæmt ákvæðum íslenskra laga.“

Auðvitað, herra forseti, þarf ekki að flytja lagafrv. til að segja að eigendur fyrirtækja á Íslandi eigi að starfa samkvæmt íslenskum lögum. Frv. er að sjálfsögðu einnig flutt til þess að fara fram á ákveðnar undanþágur í því efni.

„Í öðru lagi er kveðið á um heimildir ríkisstjórnarinnar til að tryggja efndir af hálfu Fjarðabyggðar og hafnarsjóðs Fjarðabyggðar.“

Þar kemur að því, herra forseti, að það er talið rétt og sjálfsagt krafa af hálfu Alcoa að ríkið tryggi efndir sveitarfélagsins sem, eins og menn þekkja, er ekki giska stórt en menn hafa væntingar um að það geti eflst mikið við þessa framkvæmd.

„Í þriðja lagi er kveðið á um skattlagningu vegna reksturs álverksmiðjunnar en hún verður í meginatriðum í samræmi við íslensk skattalög en með nokkrum sérákvæðum.“

Það er mikið rétt. Hér eru nokkur undanþáguákvæði, nokkur ákvæði sem eiga að gera fyrirtækinu auðveldara að skipuleggja sig fram í tímann og einnig að gera þeim komuna til Íslands þægilegri.

Ég velti því fyrir mér, herra forseti, þegar ég les ákvæði af þessu tagi, hvort við á hinu háa Alþingi þyrftum ekki að fara af meiri alvöru yfir skattalöggjöf okkar og allt umhverfið sem við búum íslenskum atvinnurekstri. Ég tala ekki um ef okkur væri alvara með að reyna að laða hingað inn erlent fjármagn. Hér er verið að leggja býsna mikið undir til þess að laða að erlenda fjárfestingu. Herra forseti. Það er af hinu góða að mati okkar jafnaðarmanna. Við teljum að það þurfi aukna erlenda fjárfestingu á Íslandi. Við teljum að það sé til bóta og það styðst auðvitað við niðurstöður hagfræðinga, að það sé til bóta að koma með erlent fjármagn inn í atvinnurekstur til þess að efla hann og auka hagvöxt í landinu. En við setjum auðvitað spurningarmerki við það af hverju þessi erlenda fjárfesting hefur hingað til verið svo einhæf sem raun ber vitni.

Ef við horfum á erlenda fjárfestingu á Íslandi eins og hún var í árslok 2000, þá er ég að vitna í svar við fyrirspurn sem hæstv. iðnrh. var með hér á Alþingi á síðasta þingi, og miðum við hana og þær tölur sem áður lágu fyrir virðist sem erlend fjárfesting á Íslandi sé um það bil 44 milljarðar. Þar af eru yfir 30 milljarðar í iðnaði. Eins og ég segi, herra forseti, hljótum við að velta því fyrir okkur af hverju við getum ekki laðað að erlenda fjárfestingu í fleiri greinum. Um það ætla ég að fjalla nánar hér á eftir í ræðu minni. Ég ætla að klára þessi ákvæði frv., með leyfi forseta.

„Í fjórða lagi er kveðið á um lögsögu íslenskra dómstóla og stöðu gerðardóms auk þess sem íslensk lög ráða um túlkun og skýringu samninga.“

Þetta eru megindrættir frv. Ég ætla ekki að fara frekar ofan í þá nema víkja aðeins að skattamálunum og umhverfi íslenskra atvinnufyrirtækja á eftir eins og ég sagði.

Herra forseti. Það er mála sannast að Ísland hefur gengið í gegnum mikla atvinnuháttabreytingu á ótrúlega skömmum tíma. Menn tala um þróun atvinnumála á landsbyggðinni kannski fyrst og fremst vegna þess að þar hafa breytingarnar valdið brottflutningi. Þar hefur orðið fækkun á störfum og fólk flutt í burtu. Þetta hefur gerst, m.a. vegna þess að tæknibreytingar hafa gert ýmis störf óþörf sem áður voru unnin með höndum og sömuleiðis hafa verið innleiddir ýmsir nýir siðir í samfélagi okkar sem gera það að verkum að menn horfa öðruvísi til fjárfestinga, arðsemi af fjármagni o.s.frv. Það sem einu sinni gat lifað, kaupfélögin og allar þeirra stasjónir og útnárar, gat ekki staðist þær kröfur eða það umhverfi sem smám saman varð til. Enginn landshluti, ekki höfuðborgarsvæðið heldur, hefur farið varhluta af þessum breytingum. Umræðan hefur hins vegar kannski verið ákafari um atvinnumálin sem slík úti á landi af því að þar hefur

orðið fækkun, fækkun sem hefur leitt til þess að það verður sífellt erfiðara fyrir sveitarfélögin úti á landi að halda úti þeirri almannaþjónustu sem fólk gerir kröfu til og fábreytni atvinnulífsins verður sífellt meiri.

Á Austurlandi hagar þar að auki þannig til að sjávarútvegur þar hefur þá sérstöðu að þar hafa fyrst og fremst verið byggð upp öflug fyrirtæki í uppsjávarfiski. Sú veiði veitir eins og menn þekkja árstíðarbundna vinnu sem þýðir að síauknar kröfur á hagkvæmni í sjávarútvegi og þær breytingar sem hafa oft komið þar niður með öðrum og stundum áhrifaríkari hætti annars staðar í landinu. Það er þess vegna ekki einkennilegt að Austfirðingar sæki e.t.v. umfram aðra eftir atvinnu sem byggt geti á meiri stöðugleika en sjávarútvegur. Menn halda sig við að vinna með nýtingu náttúruauðlinda en það er út af fyrir sig skiljanlegt að á Austurlandi skuli menn sækja svo mjög sem raun ber vitni í atvinnugrein sem getur boðið upp á meiri stöðugleika en sjávarútvegurinn sem þar er burðarás.

Það er líka skiljanlegt, herra forseti, að Austfirðingar horfi með nokkurri eftirvæntingu til þess sem kann að gerast í ljósi þeirrar sögu sem við þekkjum af Austurlandi. Þar hefur ítrekað verið farið af stað með hugmyndir og byggðar upp væntingar varðandi nýtingu þess vatnsafls sem hægt er að virkja þar eystra og um iðjuver sem skapað gæti fleirum atvinnu. Ég ætla ekki að rekja þá sögu hér. Ég hef gert það áður úr þessum ræðustól og ég veit að það á eftir að gera það við þessa umræðu enda sjálfsagt að halda því til haga. Í ljósi sögunnar hljótum við líka að skilja afskaplega vel vilja og sókn Austfirðinga í þau atvinnutækifæri sem munu fylgja þeirri uppbyggingu og þeirri atvinnustarfsemi sem á að fylgja.

Að auki, herra forseti, er ástæða til að ræða það hverju sinni sem talað er um atvinnumál og fólksfækkun á landsbyggðinni að við hljótum að sýna því skilning að fólk víða um landið kjósi sér frekari atvinnutækifæri og uppgang þó ekki væri til annars en að húsið þess, fasteignin, ævisparnaðurinn, fái aftur verðgildi. Allt of víða er það þannig að húseignir fólks, jafnvel eitthvað sem fólk hefur sett ævisparnað sinn í, hafi ekki lengur verð. Það er ekki markaður fyrir þetta húsnæði. Þó að fólk vilji færa sig um set til að sækja í aðra og léttari atvinnu eða fylgja börnunum sínum á stærri þéttbýlisstaði getur það ekki selt húsin sín. Þetta er auðvitað óþolandi ástand og gerir að verkum að víða er örvænting vegna þessara hluta meiri en þyrfti að vera ef stjórnvöld hefðu á einhverju stigi komið til móts við fólk. Við hefðum átt að geta náð samkomulagi um að þær miklu atvinnuháttabreytingar sem hafa átt sér stað væru í raun samfélagsbreytingar sem kæmu okkur öllum við en ekki bara þeim einstaklingum sem verða fyrir barðinu á þeim.

Herra forseti. Þetta er sem sagt stórt mál fyrir Austfirðinga og stórt mál fyrir þjóðina alla, bæði vegna þess að við erum að nýta sameiginlegar náttúruauðlindir og líka hins að við væntum þess að áhrifin geti orðið þjóðhagslega jákvæð. Þær skýrslur sem við fáum benda til þess. Það er þó áfram rétt að hafa varann á. Ekki er sopið kálið þó í ausuna sé komið. Það er full ástæða til þess, herra forseti, að sýna ríkisstjórninni og þeim sem fara með efnahagsstjórnina virkt aðhald. Ég tek undir það sem áður hefur komið fram í umræðunni, að mér finnst stjórnvöld ýta of léttilega frá sér því sem hér hefur verið inntað eftir varðandi mótvægisaðgerðir.

Í fyrri viku fór hér fram umræða um mótvægisaðgerðir vegna þeirra framkvæmda sem nú eru fyrirhugaðar fyrir austan. Það var eðlilegt að kallað væri eftir umræðu um mótvægisaðgerðir en ég hélt satt að segja, þegar mér var ljóst að þessi umræða færi fram, að menn vildu ræða um mótvægisaðgerðir dagsins í dag. Hæstv. forsrh. tókst hins vegar að snúa umræðuna niður og flytja hana nokkur ár fram í tímann þannig að hann gaf landsmönnum til kynna að þetta væri ótímabært. Að mínu mati, herra forseti, er það ekki rétt. Ekki bara vegna þess að mér finnst sjálfsagt að ræða hluti sem gerast eftir tvö, þrjú eða fjögur ár. Við eigum að undirbúa okkur vandlega og reyna að gera þessa hluti þannig að hagnaðurinn verði sem mestur og skaðinn sem minnstur. Mér fannst merkilegt að hæstv. forsrh. skyldi komast upp með þetta vegna þess að við þurfum á mótvægisaðgerðum að halda nú þegar.

Það er ljóst að í því grunndæmi sem fjmrn. leggur til og byggir hagstærðir sínar á, einu af fylgiskjölum þessarar skýrslu, er t.d. gert ráð fyrir allt annarri gengisþróun en orðin er. Þar eru menn að tala um allt annað gengi en hið háa gengi sem nú þegar er orðin staðreynd í þessu landi. Það er eins og menn hafi ekki gert ráð fyrir því að væntingarnar gætu keyrt gengið upp eins og þær hafa gert og það er alveg ljóst að undanfarið hafa fjármálastofnanir í raun verið að reikna gengið inn í eitthvað sem flestir héldu kannski að færðist ekki mikið fyrr en erlent fjármagn færi að flæða inn í landið að einhverju gagni. En það er ekki svo. Gengið er orðið það hátt skráð að það veldur orðið verulegum erfiðleikum í öðrum atvinnurekstri.

Útflutningsgreinar, samkeppnisgreinar, eiga orðið mjög erfitt margar hverjar. Mörg fyrirtæki eru komin að fótum fram vegna þess hvernig gengið er skráð um þessar mundir. Þegar ég segi að fótum fram, þá er ég, herra forseti, m.a. að tala um fyrirtæki sem byrjuðu árið í ár með enga framlegð. Það vita allir sem hafa komið að atvinnurekstri að fyrirtæki ganga ekki lengi undir þeim kringumstæðum.

Sú sveifla sem verið hefur á gengi bandaríkjadollars undanfarið eitt og hálft ár, um 30% sveifla, er auðvitað búin að vera atvinnulífinu mjög þungbær og því miður hefur niðurstaðan af hinum mikla viðskiptahalla sem sýndi sig síðan í gengishruni eða sprakk út í gengishruni gert það að verkum að mörg af þeim fyrirtækjum sem byggðu hér á nýsköpun, sprotafyrirtæki ýmis, áttu enga lífsvon og nú er svo komið, herra forseti, að ýmis þau fyrirtæki sem þó náðu að lifa af eiga í erfiðleikum og svo þarf ég auðvitað ekki að nefna sjávarútvegsfyrirtækin, þ.e. þau fyrirtæki sem eru í vinnslu og útflutningi.

Nú er ég ekki að segja þetta til að draga upp einhverjar sérstakar hryllingsmyndir. Ég hef heyrt menn tala með miklu stærri orðum um það ástand sem nú hefur skapast. Herra forseti. Þetta eru ruðningsáhrif. Seðlabankinn gerði ráð fyrir þessum áhrifum í svari sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fékk einmitt við fyrirspurn um hin efnahagslegu áhrif sem hún lagði fram í þinginu fyrir um það bil ári. Þar var bent á að gengið kynni að hækka í aðdraganda framkvæmdanna og þó að hinar endanlegu ákvarðanir liggi ekki á borðinu og ekki sé búið að hnýta allar slaufur þá erum við þegar komin inn í þennan fasa og, herra forseti, við auglýsum auðvitað eftir mótvægisaðgerðunum. Hvar eru þær? Hvar ætla menn að taka á? Hvar eru tækin sem eru svo dýrmæt? Að minnsta kosti þegar verið er að tala um Evrópusambandið og myntsvæðið, evruna, þá hefur okkur jafnan verið sagt í þessum sal að stjórntækin sem menn hafa ef þeir hafa krónuna, þessa sveiflukenndu dyntóttu mynt, væru svo mik-

ilvæg að þeim mætti ekki leggja. En hvar eru þau núna, herra forseti? Hversu langt á þessi ruðningur að ganga? Ruðningsáhrif, herra forseti, eru þau áhrif sem verða þegar virkjunarframkvæmdir eða yfirleitt stórframkvæmdir — við skulum bara taka aðra minni framkvæmd eins og Smáralind — framkalla áhrif sem ekki verður ráðið við einhvers staðar annars staðar, hafa áhrif í atvinnulífi og leggja jafnvel af fyrirtæki, heilu atvinnugreinarnar eða eitthvað þess háttar. Þannig voru t.d. ruðningsáhrif Smáralindar þó nokkur úti á landi. En ruðningsáhrifin eru sem sé þegar komin vegna þessara framkvæmda. Menn tala jafnan fyrst og fremst um vextina en horfa fram hjá genginu. Kannski er það vegna þess að stjórnvöld vilja ekki tala um þann þátt. Það er svo merkilegt að menn vilja skauta fram hjá genginu sem ræður þó úrslitum um það hvernig mörg okkar mikilvægustu fyrirtækja takast á við sinn rekstur frá degi til dags, frá mánuði til mánðar, frá ári til árs.

Síðan er annað, herra forseti, sem ég vil endilega nefna og verður líka hluti af ruðningsáhrifunum, og vildi ég nú að verkalýðsleiðtoginn sem talaði hér fyrr í dag eða var í andsvörum og hafði áhyggjur af ruðningsáhrifum, hlýddi á og það eru ruðningsáhrif sem verða vegna launahækkana. Reikna má með því, herra forseti, að hluti af ruðningsáhrifunum verði þau að hér leggist af fyrirtæki sem ekki ráða við að greiða jafnhá laun og verða greidd í álverinu. Við getum svo sem sagt, það er bættur skaðinn. Það er alveg óþarfi að vera hér með alla ryðklæfa á floti og ef við erum með fyrirtæki sem ekki geta greitt sæmileg laun, er þá bara ekki allt í lagi þó að þau deyi? Jú, jú, til þess er þetta auðvitað að hluta. Við erum alltaf að reyna að endurnýja atvinnulíf okkar þannig að við tökum inn nýja tækni og nýja möguleika og fyrirtæki sem geta greitt hærra kaup, en við þurfum að gera okkur grein fyrir þessu. Þetta þarf að vera eitt af því sem við þurfum að vera með á hreinu að verður hluti af ruðningsáhrifunum.

Herra forseti. Hluti af ruðningsáhrifunum verður sem sé hærra kaup. Fyrirtækin sem ekki ráða við launagreiðslurnar munu einfaldlega víkja. Og við munum ekki geta valið það. Það er eins og jafnan í nánast frjálsu markaðshagkerfi að markaðurinn ræður og fyrirtækin eru auðvitað missterk. Sum eru þegar, eins og ég sagði áðan, komin að fótum fram vegna gengisþróunar. Fyrirtæki af miðlungsstærð sem hafa fjármagnað sig með innlendu lánsfjármagni og þar með á þeim vöxtum sem hér er boðið upp á og lenda svo núna í genginu eiga ekki marga kosti. Við heyrum að fyrirtæki eru að grípa til þeirra ráða að lækka launin. Það þarf kannski að gera víðar. En a.m.k. er alveg ljóst að mótvægisaðgerðir þarf að skoða af fullri alvöru. Þess vegna fór það, eins og ég segi, í taugarnar á mér í umræðunni hér í liðinni viku af hve mikilli léttúð hæstv. forsrh. leyfði sér að afgreiða þetta mál. Það hefur verið hluti af stuðningi mínum við málið að menn tækju á þessu af þeirri alvöru sem málið á skilið og þarfnast og ég vona, herra forseti, að stjórnvöld takist á við þennan vanda en reyni ekki að fela hann eða gera lítið úr honum vegna þess að hann mun ekki hverfa, hann mun knýja dyra aftur og aftur. Þannig er þetta bara. Þetta er auðvitað verkefni, þetta er stór framkvæmd og eins og ég sagði áðan, við getum haft af henni ávinning og við getum haft af henni skaða. Verkefnið er auðvitað að reyna að gera þetta vel, gera þetta þannig að ávinningur verði sem mestur og skaði sem minnstur.

Hv. þm. Guðjón Guðmundsson talaði með miklu hikleysi og las upp úr skýrslu Nýsis um samfélagsleg áhrif. Þar er auðvitað ýmsu slegið fram og það er ágætt að menn setjist niður og reyni að átta sig á því hvernig aðstaðan verður og það er mjög gott fyrir okkur að hafa þessar skýrslur í höndunum. Þær eru mikilvægar vegna þess að þar kemur ýmislegt fram sem við þurfum að velta fyrir okkur og átta okkur á. Þar kemur m.a. fram að þessar framkvæmdir muni hafa mikil samfélagsleg áhrif, ekki bara efnahagsleg þó að þau hafi fyrst og fremst verið rædd, ekki bara umhverfisleg þó að þau hafi langmest verið rædd. Þær hafa líka mikil samfélagsleg áhrif. Þær hafa áhrif á gerðir og aðstæður fólksins, ekki bara á Austfjörðum heldur væntanlega um allt land að einhverju leyti en mest þar.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, er gott að hafa skýrslur en ekki frekar en okkur nægir lýsing á umhverfinu eins og það er núna og þeim skakkaföllum sem það kann að verða fyrir og þeim mótvægisaðgerðum sem hugsanlega er hægt að grípa til, heldur viljum við láta fylgjast með, það þarf líka, herra forseti, að fylgjast með því hvernig hin samfélagslegu áhrif grípa inn í mannlíf, atvinnulíf og byggðaþróun. Þess vegna höfum við nokkrir þingmenn — það er í rauninni þverpólitísk tillaga — lagt til að sett verði ákveðin vakt á mannlífið, á byggðaþróunina, á atvinnulífið og einnig á samfélagsáhrifin þar sem menn reyna að átta sig á því hvaða áhrif stórframkvæmd af þessu tagi getur haft vegna þess, herra forseti, alveg eins og hér kom fram fyrr í umræðunni er þessi aðgerð öll mjög vel undirbúin, þá gefur það okkur líka tækifæri til þess að læra af slíkri framkvæmd. Og við þurfum ekki bara að læra af þessari framkvæmd hvað varðar lífríkið, við þurfum ekki bara að læra af framkvæmdinni hvað varðar mótvægisaðgerðir og efnahagsmál, við verðum, herra forseti, að læra af þessari framkvæmd hvað varðar byggðaaðgerðir.

Ég sagði áðan að mér fyndist menn tala býsna hiklaust um það hvernig hlutir yrðu ef af þessum framkvæmdum verður. Hins vegar er ekkert í hendi þar frekar en annars staðar og menn verða að gera ráð fyrir að hlutir geti þróast með öðrum hætti en þeim sem þykir líklegast núna. Þess vegna er mikilvægt, herra forseti, að ákveðin vakt sé á mannlífinu og á samfélagsþróuninni einnig.

Í tillögunni er t.d. vitnað í skýrslu Nýsis þar sem því er haldið fram að fyrirhugað álver á Reyðarfirði sé stærsta tækifærið sem sé í sjónmáli til að snúa byggðaþróun á Austurlandi við og auka samkeppnishæfni svæðisins þannig að það laði til sín fjármagn og atgervisfólk. Þetta er auðvitað, herra forseti, það sem stuðningsmenn þessa verkefnis vilja sjá. Þetta er sú mynd sem menn vilja gjarnan sjá verða að veruleika. Hins vegar hafa verið gerðar athugasemdir við þetta eins og þær að ruðningsáhrifin gætu orðið það skörp að starfrækslan gæti leitt til fækkunar starfa á Austurlandi eins og þeirrar að framkvæmdin gæti jafnvel valdið byggðaröskun innan Austfjarða þannig að mönnum þætti verulega taka í og þá þannig að fólk flytti frá jaðarsvæðum og inn á miðsvæðið. Nú er það kannski jákvætt út af fyrir sig. Þar gæti þá dafnað og þróast fjölbreytilegt byggðarlag sem byði upp á ýmsa þá kosti sem fólk vill eiga í daga en eigi að síður er þetta hlutur sem menn verða þá að horfa á og leggja kalt mat á hvort þeir vilji láta gerast eða hvort þeir vilji andæfa með einhverjum hætti.

Að minnsta kosti er ljóst að það er mat allra þeirra skýrsluhöfunda sem hafa fjallað um hin samfélagslegu áhrif

að tiltekin svið samfélagsins séu viðkvæmari fyrir áhrifum en önnur og verði því fyrir meiri áhrifum.

Einnig má segja, herra forseti, að þó að menn hafi verið að búa til skýrslur, þá hafa byggðarannsóknir ekki verið mjög miklar á Íslandi og þær eiga ekki langa sögu. Við eigum þess vegna ekki mjög margar rannsóknir að byggja á þegar við búum til skýrslur og erum að reyna að svara spurningum dagsins um það hvernig ástand kunni að verða eftir svo og svo langan tíma. Það er m.a. bent á að gögn um skiptingu vinnuafls við þessar framkvæmdir á milli landsvæða og atvinnugreina séu fátækleg, menn viti lítið um þetta. Lítið er vitað um búsetu starfsfólksins og það er lítið vitað úr hvaða starfsgreinum það kemur þegar þar að kemur. Stuðst hefur verið við gömul og að mörgu leyti ófullkomin gögn þegar menn hafa verið að reyna að sjá þetta fyrir sér. Menn vita heldur ekki með neinni vissu um hlutfall heimamanna í þessu verkefni og þess vegna gerir það erfiðara fyrir að meta staðbundin áhrif.

Ég hef farið yfir ruðningsáhrifin. Menn vita ekki hver þau verða en þau munu augljóslega ráðast svolítið af því hvað stjórnvöld eru tilbúin til þess að gera nú þegar eða hvað þau geta gert nú þegar, eða hvaða áhrifum þau geta beitt á hverjum tíma til að takast á við þau. Það sama á auðvitað við um ýmiss konar þensluáhrif sem hljóta að verða ýmist staðbundin eða tímabundin og menn verða að gera ráð fyrir en við vitum kannski ekki alveg á þessari stundu hvernig muni slá út. Síðan hafa margfeldisáhrif framkvæmda af þessu tagi ekki verið skoðuð sérstaklega við íslenskar aðstæður. Þess vegna, herra forseti, er auðvitað mjög mikilvægt að menn nýti þetta tækifæri, ef af þessu verður, og fylgist með því sem gerist í raunveruleikanum, læri að því, dragi af því lærdóma sem hægt er þá að nýta ef menn vilja halda áfram á þeirri braut að beita stórframkvæmdum af einhverju tagi til að hafa áhrif á byggðaþróun í landinu.

Nú erum við auðvitað handviss um það að stórframkvæmdir hafa áhrif á byggðaþróun þegar um það er að ræða að menn setji á fót stór atvinnufyrirtæki sem munu veita mörgum atvinnu o.s.frv. en það skiptir sannarlega máli inn í hvers slags umhverfi slík fyrirtæki eru sett og hvað menn eru þá mikið á vaktinni gagnvart því hvernig hægt er að gera slíka hluti þannig að sem mestur ávinningur verði.

Herra forseti. Ég hef aðeins vikið að tillögu okkar sem eins og ég sagði áðan er um rannsóknir á samfélagslegum áhrifum álvers og virkjunarframkvæmda á Austurlandi en gæti eins og þar segir allt eins heitið tillaga um vöktun á aðstæðum fólks við þær aðstæður eða við þessar framkvæmdir.

Herra forseti. Ég mun þá koma aftur að erlendri fjárfestingu. Með því að Alcoa kemur inn með þá fjármuni sem hér eru til framkvæmda er auðvitað verið að auka mjög erlenda fjárfestingu í íslensku hagkerfi. Eins og ég sagði áðan hefur það verið mat hagfræðinga, og við það hef ég stuðst í þeirri umfjöllun sem ég hef tekið þátt í á hinu háa Alþingi um mikilvægi erlendrar fjárfestingar, að við þurfum á erlendri fjárfestingu að halda inn í hagkerfi okkar. Hún hefur verið mjög lítil hlutfallslega og mörg okkar hafa spurt hvernig á því standi.

Erlend fjárfesting hefur fyrst og fremst verið í áliðnaði. Hún hefur fyrst og fremst verið í tengslum við nýtingu náttúruauðlindar sem er ein sú mikilvægasta sem við eigum. Ég er nokkuð viss um að þetta mun breytast á næstu árum. Mér sýnist að ef það gengur eftir sem nú liggur fyrir, að við förum að breyta raforkuumhverfinu á Íslandi, gæti þetta jafnvel breyst líka, þ.e. að svo mikil eftirsókn verði eftir óbeinni þátttöku í nýtingu íslenskra náttúruauðlinda. Við höfum verið rög við að leyfa erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi, sérstaklega í útgerð, þ.e. hinni beinu nýtingu þeirrar náttúruauðlindar. Við vitum satt að segja ekki hvort það væri yfir höfuð nokkur eftirspurn eftir því þó að það yrði leyft.

Við stöndum uppi með þá niðurstöðu að menn eru hræddir við að fjárfesta í fyrirtækjum í svo litlu hagkerfi með svo litla mynteiningu. Menn eru hræddir við að geta ekki selt bréfin sín aftur. Menn eru hræddir við að fjárfesta í einhverju sem þeir geta síðan ekki losað sig við. Akkillesarhæll okkar er þarna. Menn hafa reynt að ná hingað inn erlendu fjármagni til ýmissa hluta en gengið erfiðlega nema þegar álið eða stóriðjan eru annars vegar. Kannski er það líka að hluta, herra forseti, vegna þess að þegar um slíkan stóriðnað er að ræða hafa menn fengið örlítið rýmri og betri starfsaðstæður en lög gera að jafnaði ráð fyrir varðandi annan íslenskan atvinnurekstur. Ég vil því endurtaka það sem ég sagði í upphafi. Mér finnst full ástæða til að við skoðum það mjög gagnrýnið af hverju stjórnvöld eru tilbúin að ganga til samninga við þetta fyrirtæki um lægri stimpilgjöld en ganga ekki eins hratt til breytinga á stimpilgjöldum gagnvart íslenskum atvinnurekstri. Það er mál sem við í Samfylkingunni höfum ítrekað flutt tillögur um, að ganga í þau mál.

Við hljótum að spyrja þessara gagnrýnu spurninga. Þær eiga heima í þessari umræðu og þær verða að vera hluti af þessari umræðu. Eins og hér kemur fram í frv. stendur til að þetta fyrirtæki verði hluti af hinni íslensku fyrirtækjaflóru þó að það sé í eigu útlendinga.

Herra forseti. Ég vék að nýju raforkulagafrv. sem verður rætt á fimmtudaginn. Það sem þar er fjallað um getur skipt miklu máli fyrir þróun virkjana og jafnvel í framhaldinu byggingu stóriðjuvera á næstu árum eða áratugum. Stundum hefur maður á tilfinningunni að við séum á síðustu metrunum í gömlu hagkerfi sem byggir fyrst og fremst á nýtingu náttúruauðlinda.

En í lokin, í tengslum við umræðuna um arðsemina, vil ég minna á að það eru ekkert óskaplega mörg ár síðan við breyttum lögunum um Landsvirkjun í þá veru að Landsvirkjun var heimilt að ákvarða sér arðsemi af eigin fé. Þetta frv. fór ekki átakalaust í gegnum þingið. En það er ánægjulegt að sjá það núna að arðsemin sem Landsvirkjun ætlar sér af eigin fé vegna raforkusölu til þessa fyrirtækis er hærri en sú sem Alþingi ætlaði fyrirtækinu á sínum tíma. Menn eru því að gera betur í þessum samningum við Alcoa en Alþingi ætlaðist til að gert væri alla jafna varðandi sölu á raforku og þá arðsemi sem eigendur gætu ætlað sér varðandi sölu á raforku. Það er ástæða til að nefna þetta, herra forseti, vegna þess að umræðan um arðsemina kemur alltaf reglulega upp. Auðvitað eiga menn að hafa áhyggjur af arðseminni og auðvitað eiga menn að vera ákveðnir í að gera vel og ná góðri arðsemi. Við erum, eins og ég hef margsagt við þessa umræðu, að nýta sameiginlega aðlind og þar verða menn auðvitað að gera eins vel og mögulegt er. En það var ástæða til að koma þessu að í umræðunni.

Ég sit í iðnn. og mun þess vegna fá þetta frv. til nánari skoðunar. Þar munum við að sjálfsögðu fara yfir þau álitaefni sem þegar hafa komið fram í umræðunni. Sömuleiðis munu aðrar fagnefndir þingsins skoða, vænti ég, aðra þætti. Þegar kemur að 2. umr. verður vonandi búið að svara þeim spurningum og takast á um þau álitaefni sem varpað er fram

við þessa umræðu þannig að hún geti orðið enn markvissari.

[16:36]

Útbýting þingskjala:

Félagsþjónusta, öldrunarþjónusta og heilsugæsla, 448. mál, svar félmrh., þskj. 863.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, 538. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 883.

[16:37]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við fjöllum í dag um eina málið sem er á dagskrá, frv. til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði. Þó að titill frv. sé á þennan veg er í raun allt undir, bæði álverksmiðja í Reyðarfirði, Kárahnjúkavirkjun og allar þær framkvæmdir sem tengjast þessum tveimur stóru verkefnum sem áætlað er að fara í. Það er nú einu sinni svo að það væri ekki ráðist í þessa miklu virkjun nema með tilkomu álverksmiðju og hvorugt væri á dagskrá ef ríkisstjórnin væri ekki búin að binda sig í blinda stóriðjustefnu. Ríkisstjórnin sér í raun ekkert til framdráttar hér á landi annað en að halda sig við hana þannig að hér er allt undir.

Herra forseti. Ætíð hafa verið uppi stórhuga menn og verða það vonandi áfram. Þetta er spurning um hvernig við beislum hug okkar og orku. Einn af okkar stórhuga mönnum var Einar Benediktsson stórskáld sem sannarlega hafði hugmyndaflugið og áræðnina í lagi. Hann var ásamt nokkrum öðrum með stórhuga hugmyndir um að virkja Gullfoss og sannfærði menn um að það væri til mikilla hagsbóta fyrir land og þjóð og að af því mikla framtaki yrði sannarlega mikill fjárhagslegur ávinningur. Það voru kannski ekki margir sem þá börðust gegn þessum stórhuga framkvæmdum. Nokkrir sáu þó hvílíkt glapræði þetta væri. Þar best hæst nafn Sigríðar frá Brattholti sem beitti öllum sínum ráðum og kröftum til að hindra þessar framkvæmdir. Ég tel að við Íslendingar eigum henni allir þakkir að gjalda í dag og kunnum að meta það að á þeim tíma hafi ekki verið ráðist í að virkja Gullfoss. Gullfoss hefur sannarlega mikið aðdráttarafl og er þjóðhagslega mikils virði. Hann er mikils virði fyrir alla ferðaþjónustu í landinu fyrir utan það yndi sem við höfum öll af því að horfa á hann. Hann dregur til okkar fjölda ferðamanna. Lítill væri hinn svokallaði gullni hringur, ferðirnar héðan frá höfuðborgarsvæðinu, að Gullfossi og Geysi, nema Gullfoss væri þarna til staðar.

Hugmyndir okkar breytast. Við sjáum og kunnum að meta umhverfið með mismunandi hætti á mismunandi tímum. Á þeim tíma er menn töldu að óhætt væri að virkja þennan foss þá var ein af röksemdunum sú að svo fáir hefðu séð hann og svo fáir færu inn á það svæði að það væri óhætt að virkja hann. Í dag heyrum við þessa sömu röksemdafærslu, að svo fáir hafi farið inn á Kárahnjúkasvæðið og það sé ekki fyrr en núna, þegar kominn er þokkalegur vegur þangað, að menn geti farið að skoða þetta svæði. Við sjáum þá hvílík fjarstæða er að beita slíkum barnalegum rökum. Vissulega getum við átt náttúruperlur sem við þekkjum ekki og hugsanlega kunnum ekki að meta í dag. Það eru ekki bara hinar stórkostlegu sjáanlegu náttúruperlur okkar heldur líka örverur á stöðum sem við þekkjum ekki í dag. Þetta sýnir okkur að verndun náttúruperlna landsins getur gefið góðar tekjur ef við berum gæfu til að nýta þær til yndisauka og markaðssetningar fyrir vistvænt land og ferðaþjónustu.

Herra forseti. Það hefur aldrei farið á milli mála að við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, erum andvígir álveri á Reyðarfirði og Kárahnjúkavirkjun af mörgum ástæðum. Það eru miklu fleiri en við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem eru andvígir álverinu á Reyðarfirði og Kárahnjúkavirkjun. Það er engin ein ástæða annarri göfugri. Það er alveg nóg að hafa eina ástæðu til að vera andvígur þessum miklu framkvæmdum — eða margar. Það er ekki hægt að gera upp á milli ástæðnanna. Það er ekki réttur málflutningur að mínu mati að segja: Fyrst voru vinstri grænir andvígir þessum framkvæmdum öllum af umhverfisástæðum og síðan farið þið að bera fyrir ykkur efnahagsleg áhrif. Þið eruð alltaf að finna ykkur til ný rök í málinu bara til þess að vera á móti.

Málið er að báðar þessar framkvæmdir, hvort heldur það er álverið eða virkjunin, eru af þeirri stærðargráðu og umhverfisáhrif og efnahagslegu áhrif slík að það gefur ástæðu til að vera á móti þessum framkvæmdum. Þó að málin hafi komið fyrir þingið í þeirri röð, að við tókumst fyrst á um umhverfisáhrifin og síðan efnahagslegu áhrifin, þá er ekki hægt að taka einn þátt og segja að hann sé gildur og annar ekki. Allir þættir eru gildir ef maður metur það svo að þjóðinni sé ekki til framdráttar að fara í þessar miklu framkvæmdir.

Varðandi umhverfisþáttinn þá erum við margbúin að fara yfir, það er þjóðinni kunnugt, að samkvæmt þeim lagaramma sem við settum okkur um hvernig ætti að meta umhverfisáhrif stórra framkvæmda þá komust skipulagsstjóri og Skipulagsstofnun að þeirri niðurstöðu þegar umhverfisáhrif Kárahnjúkavirkjunar voru metin að þessi framkvæmd fengi algera falleinkunn, slík óafturkræf áhrif væru af framkvæmdunum að það væri ekki ásættanlegt að fara í þessa miklu virkjun, í raun væru ekki til nægilegar náttúrufræðilegar mótvægisaðgerðir til þess að vega þar á móti. En þar sem framkvæmdin er pólitísk ákvörðun þá duga ekki slík rök. Ef það á að fara í þessa virkjun þá verður farið í þessa virkjun, sama hver niðurstaða skipulagsstjóra og Skipulagsstofnunar hefur verið. Þá skiptir engu hvaða ábendingar kunna að koma fram og þó að enn sé ekki hægt að benda á mótvægisaðgerðir til að hefta fok af leirburði yfir viðkvæm gróðursvæði, þó að ekki hafi verið sýnt fram á slíkt með sannfærandi hætti þá skal samt fara í þessar framkvæmdir. Það er eins og mönnum sé sama. Þar kemur kannski Íslendingurinn upp í okkur. Það hlýtur að vera til einhver tækni. Þetta hlýtur að reddast einhvern veginn og við björgum þessu bara þegar að því kemur.

Hvað varðar umhverfisáhrifin af virkjuninni erum við að tala um stórfelldar breytingar á náttúru svæðisins. Við erum að beisla og færa úr farvegi sínum eitt stærsta og auðugasta fljót landsins sem er Jökulsá á Brú. Við erum að færa hana milli farvega og flytja yfir í Lagarfljót á Héraði. Bara þetta, að láta sér detta í hug að fara í slíka vatnaflutninga nú á dögum, að flytja jökulá úr farvegi sínum, er nokkuð sem maður hefði horft til og sagt um: Þetta gerðu Rússarnir á sínum tíma undir stalínskum áhrifum og framkvæmdum þegar þá munaði ekkert um að færa fljótin hér á milli. Þeir hafa samt lært af reynslunni og svona gerir maður ekki lengur. En þetta er einmitt það sem við ætlum að gera. Við ætlum að flytja Jökulsá á Dal yfir í Lagarfljót, taka hana úr farvegi sínum, og þetta inngrip er að mínu mati alveg nægileg ástæða til þess, eitt og sér, að hafna framkvæmdinni. Svona gerir maður ekki.

Við ætlum að fórna fossaröð í Jökulsá í Fljótsdal og auk þess munu Kelduá og Sauðá hverfa. Þetta eru um 60 fossar, einstakir að gerð, og við munum fórna ómetanlegum víðern-

um og jarðsögumenjum. Það verður ekki aftur snúið ef af stíflu verður við Kárahnjúkana. Það sem við sjáum svo ekki fyrir og hefur ekki verið svarað hvað varðar mótvægisaðgerðir er varðandi gróðureyðinguna. Þetta er einstakt svæði hvað gróðurfar snertir. Þarna er vel gróið land, sérstaklega með tilliti til þess í hvaða hæð það er, en það er alveg ljóst að hinn fíni jökulleir mun eyða gróðurlendi á stóru svæði. Erfitt er að segja til um það hvar það hættir eða hvernig eigi að bregðast við. Það má líka setja við það stórt spurningarmerki hvort eðlilegt sé að styrkja þann gróður sem er á hálendinu í dag með áburði eða hvort náttúran eigi að fá að halda sínu.

Auk þess er ástæða til að minna enn og aftur á að það á að taka af friðlýstu svæði Kringilsárrana. Ef það er hægt að gera það á þessum stað, að fara inn á friðlýst svæði — við höfum það enn þá hangandi yfir okkur að hugsanlega verði farið inn á friðlýst svæði Þjórsárvera — upplifi ég það rétt eins og margir aðrir að í raun sé ekkert friðhelgt í þessu landi, maður getur í raun og veru engu treyst. Ég tel að mótvægisaðgerðirnar varðandi jökulleirinn séu þannig fram settar að erfitt sé að hafa fulla trú á því að þær muni virka og með öllum þeim afleiðingum sem það mun hafa, bæði á lífríkið og gróðurfarið. Eins mun það valda foki á Héraði.

Ég ætla ekki að lýsa Kárahnjúkastíflunni. Menn eiga að þekkja það í dag hversu stór og mikil hún er og hvernig hún verður byggð. En það sem hugsanlega hefur ekki verið eins mikið í umræðunni er að ekki eru allir jafnsáttir við staðsetningu virkjunarinnar og stíflugarðsins. Það er þáttur sem ekki var tekinn inn í mat á umhverfisáhrifum og kemur hvergi fram hér, ástand jarðvegsins og grunnberglaga. Með leyfi herra forseta, vil ég aðeins fá að vitna í viðtal við Guðmund Sigvaldason jarðfræðing sem hefur margsinnis reynt að vekja á því athygli að fyrirhugað sé að reisa Kárahnjúkavirkjun „á krosssprunginni jarðskorpu í nánd við jökul sem er óðum að þynnast og á landi sem er að lyftast vegna þynningar jökulsins". Hann leggur á það þunga áherslu að þessi þáttur hafi ekki verið nægilega kannaður og í raun getum við með okkar tækni í dag lítið sagt til um það, það er erfitt að vera með einhverjar forspár um það hvernig jarðskorpan muni bregðast við, bæði þynningu jökulhettunnar og eins þessum mannvirkjum og þeim þyngslum sem þarna koma niður á svæðið. Ég ætla aðeins að lesa hér upp. Hann segir, með leyfi forseta, að:

„... svona gljúfur eins og þau sem eru á virkjunarstaðnum myndist ekki nema þar sem sprunga er í jarðskorpunni og að sprungan og þetta mikla gljúfur hafi myndast á örstuttum tíma eða á 2.600 árum." — Það er örstuttur tími í jarðsögunni.

Síðan segir hann:

„Svo þegar jarðfræðiskýrslan liggur fyrir með borunum, bæði beint niður og skáboranir undir virkjunarstæðið, kemur í ljós að undir sprungustæðinu er þéttriðið net sprungna. Það eru um það bil 16 sprungur undir sjálfu virkjunarstæðinu og svo fer sprunguþéttleikinn svolítið minnkandi til hliðanna. Eins er það að ef á að trúa þessu jarðfræðisniði verður ekki annað lesið út úr því en að vestari bakkinn á gljúfrinu hafi sigið um 20 metra miðað við austari bakkann."

Það sem ég vildi draga hérna fram, herra forseti, er að það er erfitt að sjá fyrir hvernig þetta svæði muni þróast jarðfræðlega. Síðan bætir hann hér við í svari:

„Við vitum raunverulega ekkert um það hvað gerist í þessu landi. Við þekkjum jarðfræðina að mjög takmörkuðu leyti og höfum engin tök á því að segja til um framtíðina. Þegar Kröfluvirkjun var byggð sáum við það með um það bil árs fyrirvara ef eitthvað var á seyði. Alþingismenn veðjuðu samt á það og héldu áfram að bora í gjósandi eldfjall. Ekki gátum við séð fyrir um Vestmannaeyjar, hvað þar mundi ske, né heldur er maður hugsar til baka og horfir til Skaftárelda, hvað þá heldur að við hefðum getað vitað með löngum fyrirvara. Ég hef ekki trú á að það hefði verið mjög langur fyrirvari. Það sama var með Öskjugosið 1875 og þá gliðnunaráverka sem þá urðu í skorpunni."

Þarna fer hann aftur í söguna. Það sem mér finnst athyglivert er að það voru komnar ábendingar um að á Kröflusvæðinu væru einhverjar jarðhræringar en samt tókum við hér ákvörðun um að fara í framkvæmdir á þessu svæði. Síðan gaus rétt á eftir. Við vorum heppin í það skiptið. En þetta segir okkur að við skulum fara að öllu með gát.

Varðandi efnahagslegu forsendurnar hefur Landsvirkjun gefið sér ákveðnar forsendur og reiknað út frá þeim. Aðrir hafa gefið sér aðrar forsendur og reiknað út frá þeim. Þetta eru framkvæmdir, bæði álverið og sérstaklega Kárahnjúkavirkjunin, sem eru svo viðkvæmar fyrir öllum ytri breytingum að það skiptir auðvitað máli hvaða forsendur maður gefur sér. 1% til eða frá í þeim atriðum sem mestu máli skipta geta skipt sköpum um það hvort út úr dæminu kemur hagnaður eða stórtap. Við megum ekki skella skollaeyrum við því og segja: „Landsvirkjun er með rétta útreikninga." Þá hafa fulltrúar eigendanna farið yfir og staðfest að þeir séu réttir og því trúi ég að útreikningarnir sem slíkir séu réttir. Það er aftur á móti spurning um forsendurnar. Sérfræðingahópnum svokallaða var eingöngu falið að fara yfir útreikningana og sjá hvort þeir væru réttir miðað við gefnar forsendur Landsvirkjunar. Þeim var hins vegar ekki falið að skoða hvort þær forsendur væru réttar eða ekki, heldur hvort útreikningarnir miðað við þær forsendur væru réttir.

En það er líka hægt að vera varkárari og taka forsendur sem eru ekki þær sömu, þótt ekki væri nema heimsmarkaðsverð á áli, að setja það ekki eins hátt og er í forsendum Landsvirkjunar eða gefa sér það að grunnurinn sem á að ganga út frá sé ekki sá sem Landsvirkjun gengur út frá, að við förum af stað í þeirri spennu sem núna er að byggjast upp. Þar með eru forsendurnar hrundar.

Hér hefur verið reiknað út af fleiri en einum arðsemi sem er ekki arður heldur tap og ég tel enga ástæðu til þess að gera neitt minna úr þeim útreikningum en útreikningum Landsvirkjunar. Þetta er spurning um forsendur. Inni í þessu stóra dæmi eru svo margir óljósir þættir, þótt ekki væri annað en þessi framtíðarspá um heimsmarkaðsverð á áli. Hún er ekki trygg og það viðurkenna allir. Hvað mun gerast þegar Kínverjar verða búnir með sína miklu þriggja fljóta stíflu og komnir í gang með álframleiðsluna sem þeir ætla í gang með? Hvernig verður þá heimsmarkaðsverð á áli? Hvað er langt í þetta? Hvernig kemur þetta inn hjá okkur? Hvernig verður svo þróunin á öðrum sviðum? Verður ál jafnmikilvægur þáttur í iðnaðarframleiðslu eftir tíu ár eins og það er í dag? Það er hröð þróun í gangi. Það þarf ekki að velta upp mörgum spurningum til að sjá að forsendur allra þessara útreikninga eru mjög valtar. Því tel ég að við eigum að hlusta vel á allar gagnrýnisraddir.

Herra forseti. Mér fannst miður hvað hæstv. forsrh. tók létt á spurningum hv. þm. Ögmundar Jónassonar í utandagskrárumræðu fyrir viku þar sem kallað var eftir svörum um hverjar mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar yrðu varðandi þessa miklu framkvæmd ef af yrði. Hæstv. forsrh. vísaði því inn í framtíðina og mátti heyra á öllu að það yrði ekki

mikið vandamál ef hann sæti þá áfram við völd og yrði áfram forsrh. Hann mundi redda þessu öllu saman. En málið er, herra forseti, að undirbúningur þessara framkvæmda er kominn það vel á veg að þegar hefur byggst upp ákveðin spenna í hagkerfinu og það er nauðsynlegt að fara þegar að vakta þessi áhrif og vera þá tilbúinn fyrr en seinna að grípa inn í með þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur til umráða.

Þá kemur að öðrum þætti þessa máls. Nú ætla ég aðeins í nokkrum orðum að víkja að frv. sjálfu sem er ekki í sjálfu sér langt eða ítarlegt. Það er 11 greinar. En það er undirbyggt af mörgum fylgiskjölum, og er það af hinu góða, til að skýra betur forsendur frv. Það verða því næg verkefni hjá hv. iðnn. að fara yfir málið. Ég vænti þess og vil trúa því að það verði gert af fullri ábyrgð nefndarinnar að fara yfir hvern einasta þátt vandlega því þó að þessi pólitíska ákvörðun hafi þegar verið tekin og það megi skilja á hæstv. utanrrh. að allt sé frágengið á samt eftir að afgreiða frv. Því vil ég beina því til nefndarinnar að fara sérstaklega vel yfir allar undanþágur frá lögum sem eru í 4. gr. og eins skattlagningu í 6. gr., því að þar sem álfyrirtækið er alfarið erlent fyrirtæki verður virðisaukinn hjá fyrirtækinu en það sem kemur í ríkissjóð eru skattar og greiðslur af framleiðslunni. Ég tel mjög áríðandi að þessi samningur verði borinn saman við aðra viðhlítandi samninga sem gerðir hafa verið og eins að dregið verði fram hvort eðlilegt sé að halda til streitu stefnu núverandi ríkisstjórnar um að leggja ekki á hina svokölluðu grænu skatta, þ.e. leggja ekki á mengunarskatt á þetta fyrirtæki og önnur álver hér á landi heldur hafa þetta nýja álver þá sem upphaf að breyttri stefnu hvað varðar skattlagningu á mengun og leggja þá jafnframt sem eðlilegt er á þau fyrirtæki sem þegar eru starfandi hér. Er eðlilegt að stimpilgjöld séu lægri? Er eðlilegt að félagið fái sérstakan frádrátt af vaxtakostnaði eins og getið er um? Er eðlilegt að félagið sé undanþegið gatnagerðargjaldi? Svo mætti lengi telja.

Í 6. gr. segir, með leyfi forseta:

„Í fjárfestingarsamningi er heimilt að kveða á um að skattar eða gjöld verði ekki lögð á raforkunotkun félagsins og útblástur lofttegunda eða aðra losun úrgangsefna, nema slíkir skattar og gjöld séu lögð með almennum hætti á öll önnur fyrirtæki hér á landi, þar með talin álfyrirtæki."

Eins og ég nefndi áðan tel ég að nú sé tækifæri til að taka upp þessa grænu skatta og láta þá gilda um öll álfyrirtækin og samsvarandi fyrirtæki. Er eðlilegt að fyrirtæki skuli vera undanþegin tollum og vörugjöldum samkvæmt lögum nr. 97/1987, um vörugjald með áorðnum breytingum? Og hvernig eiga þessir samningar þá að líta út sem koma í staðinn?

Hvað varðar stóriðjustefnuna sem slíka og hvers vegna við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum á móti þessari stefnu þá erum við ekkert á móti álveri við Reyðarfjörð af því að það er í Reyðarfirði. Við erum á móti því að þessi stefna sé höfð að leiðarljósi af mörgum ástæðum, m.a. þeirri að uppbygging álvera af þeirri stærðargráðu sem hér er talað um kallar á raforku sem byggir á stöðugri framleiðslu í miklu magni. Það eitt og sér kallar á uppistöðulón sem óneitanlega eru og verða alltaf mikil inngrip í náttúruna. Við erum búin að byggja upp mikil uppistöðulón á Þjórsársvæðinu sem hafa getað nýst niður Þjórsá. En óumdeilanlega eru þetta inngrip í náttúruna. Fyrirhugað er að fara í Norðlingaölduveitu og raska Þjórárverum. Það er eitt dæmið um uppistöðulón sem ég trúi að þjóðin sé mjög andstæð.

Við erum á móti stóriðjustefnunni og þessari álnauðhyggju af þeirri ástæðu líka að það er hættulegt að byggja upp svo einhæft atvinnulíf, einhæfan útflutning, að hafa öll eggin í sömu körfunni, eins og við getum sagt því þá erum við að síauka útflutningshlutall okkar af vöru sem er mjög sveiflukennd í verði og hlýtur því alltaf að hafa meiri og meiri áhrif á efnahagslíf þjóðarinnar. Það er verið að bera þetta saman við sjávarútveginn og útflutning hvað varðar umfang. En útflutningur á sjávarvörum er miklu jafnari enda hefur dregið stöðugt úr vægi hans miðað við þá miklu uppbyggingu sem á enn að auka við. Við teljum að það sé óskynsamlegt að binda langt yfir 80% af nýtanlegri raforku í einni framleiðslugrein, í álframleiðslu. Það er álitið að um 50 teravattstundir séu virkjanlegar í landinu. En ef við tökum tillit til umhverfisverndarsjónarmiða og þess að einhver sátt náist um verndun fallvatna er verið að tala um 25 terawattstundir í nýtanlegri orku. Við söxum óneitanlega hratt á þá orku sem við teljum að sátt geti náðst um að nýta. Við megum ekki gleyma að það er langt frá því sátt um Kárahnjúkavirkjun sem mun að afli framleiða nær það sama og er til allrar framleiðslu í landinu í dag.

Þar fyrir utan teljum við að stóriðjustefna sé úrelt byggðastefna, bara gamaldags byggðastefna til þess að byggja upp til framtíðar. Þetta álit höfum við frá bæði Írlandi og Skotlandi en þar hafa menn farið m.a. allt aðrar leiðir. Fulltrúar frá Skotlandi nefndu það á ráðstefnu norður á Akureyri fyrir fáum árum að við værum svona 15–20 árum á eftir tímanum, að stóriðjustefnan væri úrelt, að miklu betra til framtíðar litið væri að styrkja byggð með öðrum ráðum en að koma niður verksmiðjum, stórum iðnaðarfyrirtækjum eða álverksmiðjum. Það eru einmitt þær leiðir sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs viljum fara. Við viljum byggja á fjölbreytni. Við viljum styrkja byggðina með þeim ráðum sem eru nú að koma fram hjá m.a. hagfræðideild Háskóla Íslands, þ.e. að styrkja byggðina með öðrum ráðum en stóriðju.

Stóriðja og virkjunarframkvæmdir af þeirri stærð sem við erum að tala um hér hljóta alltaf að hafa mikil áhrif bæði á hagkerfið og náttúruna og eins á fjölþætt atvinnulíf í landinu því að ruðningsáhrifin koma alltaf fram, sama hvort það er í gegnum hagkerfið eða í gegnum ruðningsáhrif á fyrirtæki. Eins er líklegra að fjölbreyttara atvinnulíf styrki byggðina til lengri tíma betur en þessi aðferð.

Auðvitað tengjast líka jákvæðir þættir þessum miklu framkvæmdum, jákvæðir þættir sem snúa að Austurlandi og atvinnulífinu hér á landi, meðan á byggingartímanum stendur, meðan á framkvæmdatímanum stendur. Við eigum eftir að sjá í framtíðinni hvaða áhrif þetta hefur svo á búsetuþróun, hvort við náum aftur til okkar unga fólkinu á aldrinum 25–35 ára, þ.e. ef stóriðjan festir sig í sessi hvort hún muni þá hafa afgerandi áhrif á það að fólk flytji til baka. Aðrir þættir hafa áhrif á þennan aldurshóp, þ.e. menntun fyrst og fremst, fjölbreytt atvinnulíf og aðrir slíkir þættir, þjónustustig sveitarfélaganna o.s.frv. sem kallar á unga fólkið til baka.

Herra forseti. Það er ekki atvinnuleysi á Austurlandi í dag. Við getum hugsanlega talað um dulið atvinnuleysi. En það vantar starfsmenn og jákvæðir hlutir hafa verið að gerast, m.a. þeir að á undanförnum árum hefur stöðug uppbygging verið á Héraði, hæg og sígandi. Unga fólkið hefur líka verið að koma til baka og það hefur fengið störf við hæfi. Það unga fólk sem ég þekki og hefur flust heim aftur og byggt sér íbúðarhúsnæði eða keypt sér, fest sem sé rætur aftur, er ungt

fólk sem er komið heim til baka á allt öðrum forsendum en þeim að hugsanlega sé að koma stóriðja eða álver á svæðið. Ég tel að ef við hefðum staðið myndarlega að uppbyggingu menntakerfisins, að vegaframkvæmdum og öðrum þáttum sem hefði styrkt svæðið, ekki bara þetta svæði heldur önnur svæði í hinum dreifðu byggðum, þá væri allt önnur staða uppi í dag, ekki bara á Austurlandi heldur víða annars staðar. Vissulega hafa þær ákvarðanir sem þegar hafa verið teknar haft jákvæð áhrif á svæðinu núna. Fólk er bjartsýnna með afkomu sína og annað. Og því skyldi það ekki vera? Það væri einkennilegt ef svo væri ekki. Það hefur beðið eftir því að eitthvað gerðist á svæðinu, einhverjar vísbendingar kæmu um uppbyggingu á svæðinu. Það hefur ekki endilega verið að kalla eftir þessum aðgerðum. En þar sem þessar stóriðjuframkvæmdir eru það eina sem í boði er væri óeðlilegt ef fólk legðist alfarið gegn þeim. Við skulum ekki gleyma því að það eru líka mjög sterkar raddir á Austurlandi eins og alls staðar um land sem mótmæla því inngripi í náttúruna sem þarna á að verða og mótmæla því að ekki sé hægt að byggja upp öflugt atvinnulíf og styrkja búsetu í landinu öðruvísi en með stóriðju.

[17:17]

Útbýting þingskjala:

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 477. mál, svar forsrh., þskj. 882.

Íslenskar orkurannsóknir, 545. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 892.

Orkustofnun, 544. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 891.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 543. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 890.

[17:17]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það eru mikil og góð tíðindi að hér skuli til umræðu frv. til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði. Þessi barátta hefur nú staðið í þrjá áratugi með hléum, að reyna að ná samningum um að erlend stóriðjufyrirtæki komi hér og byggi álver, kísilmálmverksmiðju eða annað þvílíkt fyrirtæki á Reyðarfirði. Það hefur gengið upp og niður. Stundum hafa horfur verið vænlegar. Í annan tíma hefur syrt í álinn. En menn hafa ekki gefist upp og nú er sá langþráði draumur loksins að rætast að álver rísi við Reyðarfjörð og ráðist verði í Kárahnjúkavirkjun. Skýringin á því er að sjálfsögðu mjög einarður og ákveðinn vilji ríkisstjórnarinnar sem kom skýrt í ljós með sérstakri samþykkt ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl., ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar sem mynduð var 1995. Mjög fljótt eftir að sú ríkisstjórn tók til starfa var því slegið föstu að stóriðjufyrirtæki hér á landi risi á Austurlandi og ráðist yrði í Kárahnjúkavirkjun og markvisst hefur verið unnið að því síðan.

Það kemur að sjálfsögðu ekki á óvart þótt ýmsir leggist gegn slíkum framkvæmdum. Við getum rakið söguna í þeim efnum aftur til Búrfellsvirkjunar eins og hér hefur verið gert og raunar enn lengra aftur til ýmissa virkjana á öllum þeim tíma og það hafa verið úrtölumenn allan tímann og menn hafa haldið því fram að við Íslendingar hefðum ekki efni á því að ráðast í þá fjárfestingu sem mikilli virkjun fylgir. Búrfellsvirkjun á sínum tíma var ekki hótinu stærra viðfangsefni fyrir þjóðfélagið eins og það var þá fremur en Kárahnjúkavirkjun nú. Að sumu leyti eru það sömu mennirnir eða menn með svipaðar skoðanir sem á móti hafa staðið og auðvitað er alltaf mikið um það að bölsýni ríki í þjóðfélaginu.

Fram að þessu hefur stóriðjuuppbygging verið í Reykjavík eða í nágrenni Reykjavíkur. Í því samhengi er kannski hægt að rifja upp kísiliðjuna í Mývatnssveit. Ráðist var í hana um svipað leyti og í álverið í Straumsvík. Þá klofnaði Alþingi líka í afstöðu sinni. Sjálfstæðismenn og alþýðuflokksmenn voru fylgjandi þeirri verksmiðju og einstaka framsóknarmaður eins og Karl heitinn Kristjánsson en aðrir á móti. Þetta var auðvitað mikil lyftistöng fyrir Mývetninga og Húsvíkinga eins og sagan sannar og sýnir. Við munum eftir járnblendiverksmiðjunni við Hvalfjörð. Síðan leið langur tími án þess að tækist að ná hingað stóriðju og eins og hv. alþingismönnum er kunnugt hafði það í för með sér að lokum að lífskjör versnuðu hér ár frá ári, atvinna dróst saman og farið var að gæta nokkurs vonleysis meðal manna. Eftir að ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. var mynduð snerist þetta dæmi við og við fórum aftur að sjá stóriðjuver á Íslandi. Það var aftur ráðist í miklar virkjanir á réttum forsendum sem skiluðu arði til þjóðarbúsins og við höfum verið að stíga hvert skrefið af öðru fram til dagsins í dag og munum vonandi gera áfram. Það er eftirtektarvert í þessu samhengi að úrtöluraddir eru margar, bæði á Alþingi og eins t.d. í borgarstjórn Reykjavíkur.

Lengi vel vissu menn ekki hvaða skoðun t.d. borgarstjóri mundi hafa í málinu. Það var ekki fyrr en fyrir lá að borgarfulltrúar Sjálfstfl. og Framsfl. mundu greiða atkvæði með Kárahnjúkavirkjun sem í ljós kom að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir kaus að skipa sér í þá sveit. Hún komst að vísu svo að orði að hún vildi ekki bregða fæti fyrir virkjunina. Miklir menn erum við, Hrólfur minn, var nú einu sinni sagt og þegar þar var komið sögu hafði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir að sjálfsögðu enga möguleika á því að bregða fæti fyrir þessa virkjun þar sem meiri hluti hafði myndast í borgarstjórn um hana.

Á hinn bóginn er eftirtektarvert og sjálfsagt að gera það að umræðuefni hér hvert viðhorf borgarstjórnarmeirihlutans til þessarar virkjunarframkvæmdar er, líka í ljósi þess að borgarstjóri hefur lýst því yfir að hún sjái ástæðu til þess að bjóða sig fram til Alþingis til þess að gæta hagsmuna R-listans. Til að byrja með voru það ummælin. Síðar hét það Reykjavíkur, þegar hitt þótti ekki hljóma nógu vel. Hin mikla áhersla sem borgarstjóri leggur á að Reykjavíkurborg megi ekki taka á sig ábyrgð fyrir landið í heild sinni, hún segist í tvígang hafa rætt við iðnrh. um að taka þann kaleik frá Reykjavíkurborg en ekki haft erindi sem erfiði.

Nú getum við auðvitað velt því fyrir okkur hvort höfuðborgin og aðrar byggðir á Íslandi standi sig ekki svona nokkurn veginn jafnfætis í því að berjast fyrir uppbyggingu landsins og berjast fyrir því að nýta fallvötnin og berjast fyrir því að atvinna sé jöfn og góð hvarvetna. Við vitum að með þessari virkjun og með þessari stóriðju er verið að styrkja byggð á Austurlandi. Það hefur m.a. komið fram hjá atvinnurekendum á því svæði að þeir telja að það sé styrkur sjávarútvegsfyrirtækjunum að fá slíkt fyrirtæki til Reyðarfjarðar til þess að ábyrgðin á byggðinni sé ekki öll á herðum þeirra fyrirtækja sem þar eru fyrir af því að mikið álver og myndarlegt í Reyðarfirði skapar nýjan atvinnugrundvöll og treystir byggð með sama hætti og gerst hefur í Straumsvík og í Hvalfirði og ef lengra er litið og í minna mæli sem gerst hefur með Kísiliðjunni í Mývatnssveit þó svo hún hafi jafnan sætt nokkrum árásum og óvilja m.a. frá vísindamönnum. En nú er það sem sagt komið upp að ráðist verður í þetta álver

og auðvitað mun það styrkja mjög bæði trú manna á landið og framtíðaruppbyggingu þar eystra.

Það er skemmtilegt að í sömu svifum og þessi ákvörðun er tekin skuli heitt vatn hafa fundist niðri á fjörðunum sem auðvitað verður enn til þess að gera þar búsældarlegra en áður.

Ríkissósíalismi er það orð sem forustumaður Samfylkingarinnar í borgarstjórn notar um þessar framkvæmdir, ríkissósíalismi. Það má segja að þau ummæli og líka hversu hikandi borgarstjórinn hefur verið og enn fremur sú mikla áhersla sem bæði formaður Samfylkingarinnar og formaður þingflokks Samfylkingarinnar hafa lagt á að koma því til skila á Alþingi að þingflokkur Samfylkingarinnar sé klofinn í þessu máli, vísi beint til þess og skýri að útilokað er að hugsa sér að álverið og Kárahnjúkavirkjun hefðu orðið að veruleika ef Samfylkingin hefði ráðið ferðinni eða hefði verið aðili að ríkisstjórn. Þá hefði sama vandræðaástandið komið upp eins og var á þeim tíma þegar Alþfl. fór með stóriðjumál, orkumál og iðnaðarmál á Alþingi sem við getum rifjað upp og enginn árangur varð af því. Allt er þetta lærdómsríkt, líka í ljósi þess að Samfylkingin er að gera sig gildandi í þeim mæli að vilja bera ábyrgð á allri byggð í landinu og menn sem ekki höfðu áður látið sér til hugar koma að taka sér orðin landsbyggð eða þjóðarheill í munn eru nú farnir að horfa öðruvísi og reyna að líta öðruvísi út en áður hefur verið. Þetta hugarfar sem lýsti sér í því að eiga sér þá ósk heitasta að leggja niður Reykjavíkurflugvöll, það hugarfar sem stendur á bak við slíka hugsun hjá borgarstjórnarmeirihluta í Reykjavík er ekki vænleg til að búast við að hún verði til þess að efla landsbyggðina, uppbyggingu hennar eða möguleika á landsbyggðinni.

Við getum líka velt fyrir okkur í þessu samhengi öðrum hlut. Það er hin ríka áhersla sem þingmenn Samfylkingarinnar, þar á meðal varaformaður þingflokks Samfylkingarinnar, hv. 3. þm. Vesturl. Jóhann Ársælsson, lagði á sig í utandagskrárumræðu um daginn að lýsa því ójafnvægi í byggðamálum sem álverið og Kárahnjúkavirkjun yllu. Og hvað var það sérstaklega sem var áhyggjuefni þessa hv. þm.? Hann sagði í ræðu sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Í öðru lagi minni ég á tillögur okkar samfylkingarmanna um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum, ójafnvægi sem mun augljóslega skapast vegna þeirra gífurlegu framkvæmda sem í stefnir á norðausturhluta landsins. Það hefur nefnilega verið ákveðið að fara í einhverjar mestu framkvæmdir í vegamálum sem um getur líka á þessu landsvæði. Ný byggðaáætlun hefur verið ákveðin sem beinir athyglinni fyrst og fremst inn á þetta svæði og til Akureyrar. Svo hefur hæstv. byggðamálaráðherra verið iðin við að flytja alls kyns verkefni norður til Akureyrar og á það svæði, og það meira að segja frá svæðum sem eiga undir högg að sækja. Þess vegna er ástæða til að horfa til þess að koma af stað framkvæmdum á öðrum hlutum landsins, öðrum byggðasvæðum, og manni verður á að spyrja: Hvar voru þingmenn og ráðherrar þessara svæða þegar þessar ákvarðanir voru teknar?“

Svo mörg voru þau orð. Nú endurspeglar þetta að sjálfsögðu viðhorf sem eru mjög óviðurkvæmileg vegna þess að í þessu felst að hv. þm. er að reyna að etja landsbyggðarmönnum saman, er með þessu að gefa í skyn að með því að styrkja Akureyri sé verið að níðast á öðrum byggðarlögum. Og ekki er hægt að skilja ummæli þessa hv. þm. öðruvísi en svo að hann ætlist til þess að hæstv. byggðaráðherra taki til baka eitthvað af því sem ráðherrann hyggst gera til þess að efla Akureyri.

Nú væri mjög fróðlegt og skemmtilegt að vita hvað þeir þingmenn sem hyggjast bjóða sig fram í Norðausturkjördæmi, hv. þm. Einar Már Sigurðarson eða hv. þm. Kristján L. Möller, segja um þetta mál. Eru þeir sammála flokksbróður sínum um það að með þessum framkvæmdum á Austurlandi sé verið að stefna að sérstöku ójafnvægi í byggðamálum? Og eru þeir sammála varaformanni þingflokks Samfylkingarinnar um (**Gripið fram í:** Varaformanni?) að það sem sérstaklega beri að varast í því sambandi sé að það standi til að gera of mikið á Akureyri? Það væri mjög fróðlegt að fá að vita hvað þeir segja um þetta.

Nú get ég sagt við hv. þm. Jóhann Ársælsson að menn ömuðust ekki við því þótt unnið væri að stóriðjuframkvæmdum við Hvalfjörð um svipað leyti og rætt var um göng undir Hvalfjörð eins og hv. þm. veit. Ég sá að hann opnaði munninn eins og hann vildi gleypa meira. Auðvitað stóðu menn fast að því að byggja upp Vesturland með því að nýta þau góðu hafnarskilyrði sem eru við Hvalfjörð og auðvitað kom það fleirum en Akurnesingum til góða að jarðgöng komu undir Hvalfjörð svo það var ekki einungis gert fyrir hv. þingmann heldur kom það líka öðrum til góða. Enda eiga menn sem eru á Alþingi yfirleitt að hugsa þannig, ekki bara horfa á sínar eigin tær heldur horfa á landið í heild sinni og ekki að amast við því þó að einhver störf verði til úti á landi þótt það verði ekki í þeirra eigin kjördæmi. Það er þessi tónn og það eru þessi undanbrögð og það er þessi, ég vil segja ómenningarlega umræða sem hefur verið hér um Kárahnjúkavirkjun og álverið við Reyðarfjörð af hálfu Samfylkingarinnar (**Gripið fram í:** Ha?) sem nauðsynlegt og óhjákvæmilegt er að hafa orð á. (**Gripið fram í:** Af hálfu Samfylkingarinnar?) Má kannski segja að von sé að samfylkingarmanni hafi orðið á að segja, þegar sýnt var að Kárahnjúkavirkjun yrði að veruleika og álverið við Reyðarfjörð: Ég fæ hnút í magann. Ég fæ hnút í magann yfir því að það á að styrkja byggð á Austurlandi. Þetta er auðvitað afsökunartónn, verið er að reyna að breiða yfir það sem maður gerir með því að hafa þvílík ummæli eða, sem raunar er kannski skiljanlegra, að viðkomandi hafi orðið að taka afstöðu sem honum var óljúft. Öðruvísi er ekki hægt að skilja ummæli af þessu tagi.

Ef við veltum fyrir okkur þeim áhrifum sem álver við Reyðarfjörð kemur til með að hafa er það augljóslega ávinningur að því leyti að við því er að búast að þar fjölgi kannski um 3.000 manns á skömmum tíma sem þýðir að allar forsendur eru til að efla þar mjög skólahald, langskólanám. Ég sé fyrir mér að þetta hafi þau áhrif að raunhæft sé að tala um háskóla á Austurlandi. Slíkur háskóli mun að sjálfsögðu verða til þess, eins og við höfum séð á Akureyri, að unga fólkið festist í byggðinni en í þeirri skýrslu um byggðamál sem nú hefur verið lögð fyrir er það einmitt talinn einn helsti gallinn á þeirri byggðastefnu sem við höfum fylgt að unga fólkið hefur ekki haft tækifæri eða möguleika á því að setjast að í heimahögum. Það fólk sem hefur lagt í langskólanám hefur með öðrum orðum ekki fundið störf við hæfi heima fyrir. Með því að efla með þessum hætti mennta- og menningarstofnanir á Austurlandi og með því að styrkja heilbrigðisstofnanir sem þar eru er augljóst að um leið skapast grundvöllur fyrir því að efla náttúrurannsóknir á svæðinu en auðvitað er það þekkt í hagfræði og í öðrum slíkum útreikningum að hagkvæmt sé að koma stofnunum fyrir á þeim slóðum þar sem þær eiga að vinna.

Við sjáum líka fyrir okkur að þessi mikla styrking á Austurlandi muni kalla á meiri umferð en áður um höfnina í Reyðarfirði, ekki einungis með þeim aðdráttum sem verða til verksmiðjunnar og með því að flytja á brott framleiðslu hennar, heldur mun þetta valda reglulegum siglingum sem munu nýtast útgerðaraðilum og þeim sem vinna að fiskeldi með því að koma vörum á markað. Jafnframt er við því að búast að Reyðarfjörður muni í framtíðinni gagnast Norðlendingum vel sem útskipunar- og innflutningshöfn og koma að því leyti í staðinn fyrir Reykjavíkurhöfn. Þær góðu samgöngur sem nú eru á milli Norður- og Austurlands valda því að þetta er mögulegt, og jafnframt reka þessar framkvæmdir og þessi umsvif á eftir því að beinum áætlunarferðum, annaðhvort á landi eða í lofti, verði komið á milli Norður- og Austurlands. Öll munu þessi umsvif, þessar miklu framkvæmdir og sá trausti rekstur sem í kjölfarið kemur, gjörbreyta byggðapólítískum forsendum fyrir því að Austfirðir styrki sig, mannlíf þar verði fjölbreyttara en áður og framtíðin með þeim hætti að ungt fólk sjái sér hag í því og tækifæri til að setjast þar að. Mörg lítil fyrirtæki munu festa rætur þar, þjónustufyrirtæki og önnur fyrirtæki.

Það er rétt sem fram hefur komið að þess hefur þegar orðið vart að menn eru farnir að taka við sér þar eystra, menn eru farnir að velta fyrir sér byggingarlóðum, hús seljast við hærra verði en áður og þar fram eftir götunum. Allt er þetta jákvætt og allt vísar þetta til framtíðarinnar. Þess vegna er þetta allt mikið fagnaðarefni en ég vil líka segja í því samhengi að þetta rekur á eftir því að farið verði að horfa til þess að stóriðjufyrirtæki geti risið á Norðausturlandi, hvort sem það yrði við Húsavík eða á Akureyri. Ég vona að þess megi vænta að hér á Alþingi verði sama samstaða um það og verið hefur um að stóriðja rísi nú við Reyðarfjörð. Norðurland þarf líka á því að halda. Við eigum ekki að koma öllum slíkum fyrirtækjum fyrir á of litlu landsvæði.

Ég vil svo að síðustu, herra forseti, leggja áherslu á að verkefni í byggðamálum eru hvarvetna mikilvæg, og nauðsynlegt að menn reyni að glöggva sig á því hvernig hægt sé að efla eina byggð án þess að níðast á annarri. Út á það gengur auðvitað heilbrigð byggðastefna. Í mínum huga er það augljóst að álverið við Reyðarfjörð og Kárahnjúkavirkjun munu til framtíðar tryggja og breikka gjaldeyrisöflun okkar Íslendinga. Þessi öflugi atvinnurekstur mun með öðrum orðum valda því að við verðum ekki eins háð sjávarútvegi og ferðaþjónustu og áður og þess vegna verðum við betur við því búin að mæta erfiðleikum á þeim sviðum sem alltaf má búast við að komi tímabundið. Tímabilið frá 1980–1995 sýndi að einungis með stóriðju eða öðrum þvílíkum ráðum sem hafa í för með sér aukningu á gjaldeyristekjum sköpum við grundvöll fyrir vaxandi lífskjörum frá ári til árs. Þau í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hafa talað mikið um öll þau störf sem nauðsynlegt er að hér verði til á hverju ári. Þessum störfum getur ekki fjölgað nema frumframleiðslan styrkist, og með því að nýta fallvötn landsins eða gufuaflið erum við auðvitað að styrkja frumframleiðsluna.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafði orð á því að hvert starf við álverið væri mjög dýrt, ég man ekki hvort hv. þm. sagði 300 millj., eitthvað svoleiðis. (Gripið fram í.) Það er einkenni stóriðju að hvert starf er mjög dýrt. Það var á sínum tíma talinn höfuðkosturinn við álverið í Straumsvík og á þeim tíma mjög beitt þeim rökum að til þess að bæta verulega lífskjör hér á landi yrðum við að finna ráð til þess að nýta fallvötnin og orkugjafana. Það kostar auðvitað mikla peninga. Og þess er að vænta að arðurinn geti orðið þeim mun meiri sem við færumst meira í fang við virkjun fallvatnanna og meiri tekjur koma eftir öðrum leiðum en beinu framlagi vinnunnar. Þannig er þetta á öllum sviðum. Við viljum nýta fallvötnin til þess að bæta lífskjör hér, auka framleiðslu og framleiðni þjóðarbúsins, og það erum við að gera með virkjun Kárahnjúka.

[17:44]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að það er alltaf talsvert af bölsýnismönnum á ferð í þjóðfélaginu, og úrtölumenn eru til staðar. Mestu bölsýnismenn nútímans í stjórnmálaumræðu á Íslandi eru að mínu mati einmitt skoðanabræður og -systur hv. þm. Halldórs Blöndals sem vantreysta svo algerlega möguleikum Íslendinga til almennrar atvinnuuppbyggingar að því er haldið fram að ekkert nema álver erlendra auðhringa og tilheyrandi stórvirkjanir geti skapað hér störf, tryggt hagvöxt og bætt lífskjör. Með þetta ritúal fór hv. þm. Halldór Blöndal hér áðan. Í þessu felst auðvitað fullkomið vantraust á hið almenna atvinnulíf sem, hvað sem öllum stóriðjuframkvæmdum líður, verður að leggja til hrygglengjuna að nýjum störfum og bera uppi hagvöxtinn.

Sama boðskap hefur t.d. hæstv. utanrrh. flutt og ég vísa til ræðu hans á ársfundi Útflutningsráðs fyrir einu og hálfu ári síðan eða svo. Ég er hins vegar í hópi bjartsýnismannanna. Ég er í hópi bjartsýnismannanna á það að möguleikar okkar Íslendinga til almennrar atvinnuuppbyggingar, ef fjölbreytni er höfð að leiðarljósi, ef hlúð er að nýsköpun og stutt við tilurð nýrra fyrirtækja og vöxt lítilla og meðalstórra fyrirtækja, séu bærilegar framtíðarhorfur fyrir okkur. Og ef við lítum til vaxtar í ferðaþjónustu, lyfjaiðnaði, heilsu- og hollustuvöruiðnaði, rafeindaiðnaði, veiðarfærum og öðrum vörum tengdum sjávarútvegi o.s.frv. er engin ástæða til annars en bjartsýni á að þarna liggi ærnir möguleikar fyrir okkur til að vinna úr. Svo fremi sem við stöndum rétt að málum, tryggjum hér hagstæð skilyrði og eflum menntun og rannsóknir þarf engu að kvíða.

[17:46]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. um að Íslendingar hafi verið duglegir að bjarga sér. En á hinn bóginn hafa þeir auðvitað á öllum tímum verið háðir útflutningsverslun eins og aðrar þjóðir. Reynslan kennir okkur að við þurfum á öllum okkar auðlindum að halda. Við þurfum á fiskstofnum okkar að halda. Við þurfum á vatnsaflinu og orkunni að halda og við þurfum líka á öðrum gjöfum landsins að halda. Ég er þeirrar skoðunar að eftir því sem Íslendingum fjölgar meira verði dýrara að lifa í landinu vegna þess að við ætlumst til meira en áður. Við ætlumst til að landið gefi meira og meira af sér og ég held því fram að til að standa undir þessari auknu eyðslu verði óhjákvæmilegt fyrir okkur að halda áfram virkjun fallvatna, halda áfram að nýta heita vatnið og halda áfram að nýta jarðgufuna. Kárahnjúkavirkjun er auðvitað framkvæmd þeirrar hugsunar og út frá þeim hugmyndum. Álverið við Reyðarfjörð gerir okkur mögulegt að ráðast í þessa miklu og góðu virkjun.

Ég geri mér vonir um að hún muni reynast okkur jafnhappadrjúg auðlind og peningalind og Búrfellsvirkjun. Það var spáð illa fyrir henni í byrjun. Það var talað illa um þá virkjun svo árum skipti. Við eigum nú þá virkjun skuldlausa eins og hv. þm. veit. Ég hygg að það sama verði uppi á

teningnum í sambandi við Kárahnjúkavirkjun að hún muni standa vel undir sér og verða okkur Íslendingum til góðs þegar fram í sækir.

[17:48]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kann væntanlega einnig söguna af því að þegar Búrfellsvirkjun var reist og álverið í Straumsvík var upphafsverðið á raforkunni svo lágt að það var við það að setja Landsvirkjun á hausinn. Það var ekki fyrr en náðst höfðu fram samningar um verulega hækkun á því orkuverði að það fór vonandi nokkurn veginn standa undir sér þó lengi hafi legið það orð á að almennir raforkunotendur hafi greitt niður rafmagnið í stóriðjuna.

Ég hef aldrei útilokað, það gerum við ekki, að nýting orkunnar og iðnaðaruppbygging geti verið hluti af framtíðaratvinnuuppbyggingu í þessu landi. En þar skilja leiðir milli mín og hv. þm. þegar hann heldur því fram í ræðustólnum að ekkert nema stóriðja geti tryggt hér hagvöxt og bætt lífskjör. Það gerði hv. þm. og fór yfir stjórnmálasöguna í tímabilum. Hann tefldi því t.d. fram að vandræðin á árabilinu 1980–1995 hefðu verið þau að hér hafi ekki verið stóriðjuuppbygging í gangi. Með þessu er auðvitað verið að segja að það þurfi stóriðju til. Annars sé hér allt á vonarvöl.

[17:49]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að hv. þm. minnist þess að því var haldið fram mjög sterklega af ýmsum hagfræðingum á þeim tíma að ein af meginástæðunum fyrir því hversu illa þeirri ríkisstjórn sem hv. þm. sat í frá árunum 1988–1991 farnaðist var einmitt að gjaldeyrisöflunin stóð í stað eða minnkaði. Það voru þeir erfiðleikar sem hann stóð fyrir á sínum tíma sem ráðherra. (Gripið fram í.) Hann stóð frammi fyrir þeim erfiðleikum og það tókst ekki að snúa þessu dæmi við fyrr en hægt var að koma stóriðjuframkvæmdum aftur í gang. Þetta er sannleikurinn í því máli.

Auðvitað var hv. þm. þvert um geð sem ráðherra á þeim tíma að standa að því að skerða kjörin frá ári til árs en þannig var nú ástandið.

[17:50]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. talaði mikið um Samfylkinguna áðan og skammaðist út í hana. Ekki veit ég hvers vegna hann ætti að gera það í þessu máli sérstaklega vegna þess að þingflokkurinn hefur að meginhluta tekið það ráð að styðja þessa virkjun sem á að byggja og álverið er auðvitað hluti af þeim framkvæmdum sem hanga þar saman í einu verki.

Hv. þm. nefndi það sem ég held að hafi átt að vera til hnjóðs um Samfylkinguna að hún væri ekki alveg heil í málinu, hún væri klofin. En ef ég man rétt er þingflokkur hv. þm. líka klofinn í málinu og mótatkvæði komu úr Sjálfstfl. líka, ef ég veit rétt, í þinginu þegar var verið að afgreiða þetta mál. Það er bara þannig að meðal þjóðarinnar eru ekki allir sammála um þetta mál. Ég tel enga ástæðu til að tala niður til þeirra sem eru fylgjandi því máli. Mér finnst að við eigum að sýna þeim fullkomna virðingu.

Hv. þm. fór síðan að tala um þáltill. okkar á norðvesturs væðinu um að reyna að koma í veg fyrir það ójafnvægi í byggðamálum sem í stefnir vegna þessara miklu framkvæmda. Hann las sem betur fer upp allt það sem ég sagði í utandagskrárumræðu um málið og við það stend ég allt saman. Ég hef ekki í eitt einasta skipti lagt til að hætt yrði við þær framkvæmdir sem menn hafa tekið ákvarðanir um að fara í á norðaustursvæðinu. En ég hef lagt áherslu á að auðvitað þarf að taka ákvarðanir til að koma í veg fyrir ójafnvægi annars staðar á landinu. Menn hefðu betur gripið til þess fyrr en seinna að gera slíkt. En mér finnst að núna séu menn þó að draugast til að flýta framkvæmdum á öðrum stöðum á landinu til að koma í veg fyrir það ójafnvægi sem í stefnir.

[17:52]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg ósammála hv. þm. um að Kárahnjúkavirkjun og álverið við Reyðarfjörð leiði til ójafnvægis í byggðamálum. Ég er algerlega ósammála því og að því lúta athugasemdir mínar. Ég tel einmitt þvert á móti að með því að styrkja atvinnugrundvöll Austfirðinga og byggð á Austurlandi séum við að vinna að jafnvægi í byggðamálum með sama hætti og við unnum að jafnvægi í byggðamálum með því að rétta hlut Borgfirðinga og Mýramanna með uppbyggingu stóriðju við Hvalfjörð. Ég man ekki eftir því að menn hafi þá talað um það annars staðar á landinu að það skapaði ójafnvægi í byggðamálum. Ég man ekki eftir því, né heldur með göngum undir Hvalfjörð. Það er þessi tónn sem ég var að finna að. Það er þetta sem ég er að gagnrýna.

Þegar menn eru að telja það eftir, eins og hv. þm. gerði, að hæstv. byggðamálaráðherra hafi viljað styrkja og standa vel að uppvexti Akureyrar og halda því fram að hæstv. ráðherra dragi störf frá svæðum sem eiga undir högg að sækja. Ég átta mig ekki á því hvað svona lagað á að þýða að etja þannig saman byggðarlögum og gera tortryggilegt þegar verið er að ná störfum út á land. Nær væri að segja við hæstv. byggðamálaráðherra að hann eigi þakkir skildar fyrir að reyna að styrkja þær veiku stoðir sem eru víðs vegar um landið í opinbera geiranum.

[17:54]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, það er einmitt það sem ég hef gert. Ég hef einmitt þakkað fyrir það. Það stendur meira að segja í greinargerð með þessari þáltill. sem hv. þm. var að nefna, að það beri að þakka að þarna skuli farið í framkvæmdir fyrir austan til að styrkja byggðirnar. En menn þurfa að gá að öðrum svæðum á landinu í leiðinni og það liggur í augum uppi að byggðamál snúast um jafnvægi í byggðum landsins. Fari menn á fullt á einhverjum stað á landinu mun það auðvitað hafa þau áhrif að önnur svæði þar sem erfitt er lenda undir í samkeppninni. Ef menn gá ekki að slíkum hlutum getur illa farið.

Sannleikurinn er bara sá að menn hafa ekki hugað að öðrum landsvæðum á undanförnum missirum meðan þessar stóru ákvarðanir hafa verið teknar.

Hæstv. forseti. Ég tel fulla ástæðu til að benda á þetta og tel ekki að ég eða við séum með neinum hætti að etja saman landsbyggðarmönnum þó við bendum á að taka þurfi ákvarðanir um framkvæmdir á öðrum svæðum landsins.

[17:55]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vissi ekki betur en hugmyndin væri sú að stækka Norðurál sem er í kjördæmi hv. þm. Það væru góðar fréttir fyrir mig, þó að ég sé ekki að leggja það til í ræðustólnum, að þær framkvæmdir og sú uppbygging yrði t.d. við Eyjafjörð ef búið er að afskrifa framkvæmdina við Akranes. Málið er að stóriðjuuppbyggingu við Hvalfjörð er

haldið áfram þannig að það er alls ekki verið að níðast á Akurnesingum með einum eða neinum hætti. Þess vegna eru ummæli hv. þm. gersamlega út í hött.

[17:56]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er orðin einhvers konar lenska hjá hæstv. forseta þingsins að koma annað slagið í ræðustól og flytja einhverjar þær dæmalausustu ræður sem um getur. Ég held að ein slík hafi einmitt verið flutt áðan. Af einhverjum ástæðum mér ókunnum fann hann Samfylkingunni allt til foráttu í þessari umræðu. Þegar ég gekk í salinn varð ég að kanna hvaða mál væri á dagskrá, hvort það væri ekki örugglega verið að ræða álverksmiðju í Reyðarfirði. Svo reyndist vera. Ég hélt að afstaða Samfylkingarinnar í því máli væri skýr og hefði verið það lengi. En hv. þm. Halldór Blöndal reyndi að finna þeirri afstöðu allt til foráttu og gera eins lítið úr henni og honum var kostur. Ég verð að segja að ég átta mig ekki á því hvaða erindi hann átti í þennan ræðustól.

Síðan hélt hv. þm. áfram og vildi meina að hv. þm. Samfylkingarinnar væru almennt á móti landsbyggðinni. Hann fann það síðan til að einstaka þingmenn væru þá á móti Akureyri, kom einhvers staðar síðar meir, og vildi draga til vitnis einhverja tiltekna þingmenn sem hugsanlega ætluðu sér í framboð um hvort þeir væru ekki á móti Akureyringum.

Virðulegi forseti. Ég segi eins og er. Hann er með fádæmum, sá málflutningur sem hér fór fram. Ég átta mig reyndar ekki á því hvaða tilgangi hann þjónar. Líklega er það að menn vantar tiltekinn óvin til að fjalla um og menn draga þetta upp. En ég held að hæstv. forseti, hafi hann virkilega áhuga á byggðaþróun á landsbyggðinni, ætti að beita sér fyrir því að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu, ef hann meinti eitthvað með því sem hann sagði.

[17:58]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hlýtur að hafa komið inn í miðjum klíðum því að ég rakti nákvæmlega ummæli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Ég vakti líka athygli á því hvernig Samfylkingin hefði komið að málinu í borgarstjórn Reykjavíkur, sem skiptir máli til þess að sagan komist öll til skila. Ég hygg að Samfylkingin hljóti að vera mér þakklát fyrir að halda því til haga hvernig hún stendur að málum og hvaða afstöðu hún hefur almennt til mála.

Hitt finnst mér líka mikið umhugsunarefni hver afstaða Samfylkingarinnar er t.d. til fiskveiðimála, fyrst hv. þm. ræðir um það. Ég hef t.d. gaman af að vita hvaða hljómgrunn stefna Samfylkingarinnar í fiskveiðimálum hefur í Vestmannaeyjum þaðan sem hv. þm. kemur. Það væri líka fróðlegt að ræða, t.d. í Fjarðabyggð, á Akureyri eða á öðrum slíkum stöðum, Neskaupstað, af því að ég sé að hér inni er einn ágætur þingmaður frá Neskaupstað, hvaða undirtektir það fengi á þessum stöðum að brjóta fiskveiðikerfið niður og þar með þann grundvöll sem er fyrir arðsamri útgerð hér á landi og þeirri uppbyggingu víðs vegar við landið sem við sjáum og höfum orðið vitni að og lýsir sér m.a. í þeirri miklu áherslu sem fiskvinnslufyrirtækin leggja á fiskeldi, þorskeldi, laxeldi og fleira.

[18:00]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ekki hafi verið gerðar sérstakar úttektir á því hver afstaða fólks í einstaka byggðarlögum er til tiltekinna hugmynda Samfylkingarinnar. Hins vegar hefur rignt yfir okkur skoðanakönnunum undanfarið sem benda til þess að u.þ.b. 40% á landsbyggðinni eða rúmlega það styðji flokkinn, þannig að ég held að það sé það einasta sem ég get dregið fram í umræðunni.

Ég velti því fyrir mér eftir að hafa hlýtt á ræðu hv. þm. að undanfarin 12 ár eða svo eru einhverjir mestu fólksflutningar af landsbyggðinni sem um getur. Og hv. þm. heldur því fram að núverandi fiskveiðistjórnarkerfi hafi byggt undir landsbyggðina hringinn í kringum landið. Á hvaða vegferð hefur hv. þm. verið? Hann hefur verið hér sl. 12 ár eða lengur, ég held að mjög auðvelt sé að fletta því upp, gott ef það var ekki í kringum 1980 sem hv. þm. hóf hér störf. Ég verð því að segja, virðulegi forseti, að það er mjög mikilvægt að menn fylgist skipulega með því sem er að gerast í samfélaginu.

[18:01]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einmitt styrkurinn við þá stefnu sem hér er rekin í atvinnumálum, sem m.a. lýsir sér með álverinu við Reyðarfjörð, að verið er að breikka grundvöllinn og verið að standa að fyrirtækjum sem færa nýja verkmenningu, nýja tækni og ný störf inn í byggðarlögin, sem munu gera það mögulegt að ungt fólk getur horfið aftur til þeirra byggðar hvaðan sem það kemur, eftir að hafa leitað sér menntunar annars staðar.

Í ljós hefur komið eins og ég hélt að hv. þm. væri kunnugt að það unga fólk sem hefur vaxið upp í sjávarplássunum víðs vegar um landið hefur ekki haft aðstöðu til að koma til baka, því þar hafa ekki verið störf við þeirra hæfi. Og líka vegna þess að grundvöllur fiskveiða er annar en áður var, vegna þess að við þurfum að draga úr sókninni. (**Gripið fram í:** Hverjir bjuggu þann grundvöll til?) Allt þetta veldur því að við þurfum að styrkja grunninn fyrir (Gripið fram í.) byggðina úti á landi.

[18:03]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér er til umræðu afar mikilvægt og stórt mál. Eins og heyrst hefur í mörgum ræðum hér í dag hafa menn farið um víðan völl og tengt þetta mál ýmsum öðrum málum og ýmsum þáttum þjóðlífsins á margvíslegan hátt.

Ég vil þó, herra forseti, byrja á að lýsa yfir mikilli ánægju minni með að við skulum nú vera að fjalla um þetta mál, í raun og veru síðasta máli sem tengist þessu stóra verkefni, þ.e. virkjun og álveri.

Það er hárrétt hjá hæstv. ráðherra að margir Austfirðingar, og tel ég mig með í þeim hópi sem hæstv. ráðherra lýsti að hefðu sýnt mikla þolinmæði í þessu máli. Ég hef verið beinn eða óbeinn þátttakandi í að leita eftir stóriðjukostum við Reyðarfjörð allt frá því 1980. Um það leyti var þá iðnrh. félagi minn og flokksbróðir þá Hjörleifur Guttormsson. Það verður að segja þeim ágæta manni til hróls að hann upplýsti okkur marga sem þá vorum að taka þátt í stjórnmálum á Austurlandi og höfðum áhyggjur af byggðaþróuninni, að eitt af því almikilvægasta sem þyrfti að gera til að snúa þeirri þróun við væri að reyna að koma stóriðju við Reyðarfjörð, því þá var búið að upplýsa að Reyðarfjörður væri mjög vænlegur kostur í þeim efnum. Og einnig það að við ættum mjög mikla orku í landshluta okkar sem væri afskaplega mikilvægt að við nýttum sjálfir, en létum ekki flytja brott frá okkur. Einnig var ljóst á þeim árum að störfum mundi fækka mjög í hinum hefðbundnu atvinnugreinum sem þá voru landbúnaður og sjávarútvegur. Þetta hefur allt saman komið fram

og þess vegna er það auðvitað sérstaklega ánægjulegt að nú skulum við þó vera búin að ná þessu marki.

Því miður, herra forseti, náði Hjörleifur Guttormsson ekki því markmiði sínu að koma stóriðju á legg við Reyðarfjörð. Að sjálfsögðu lágu ýmsar ástæður að baki eins og eðlilegt er vegna þess að þannig er nú þessi heimur okkar að við ráðum því ekki algjörlega ein og sér hvaða atvinnutækifæri við sköpum hverju sinni. Við erum hluti af miklum mun stærri heimi sem við verðum að taka tillit til. Við getum ekki farið út á hinn alþjóðlega markað og sagt: Komið nú til okkar því við viljum fá ykkur. Málið er auðvitað miklu flóknara en svo. Við þurfum að vera með hugmynd eða verkefni sem hægt er að selja, sem einhver vill kaupa.

Það hefur gerst núna. Alcoa mun reisa álver við Reyðarfjörð af þeirri einföldu ástæðu að þeir telja að verkefnið sé gott. Þeir eru ekki að koma austur á Reyðarfjörð vegna þess að þeir hafi einhvern sérstakan áhuga á því að hafa áhrif á byggðaþróun á Íslandi. Að sjálfsögðu ekki. Þeir eru að sjálfsögðu að koma austur vegna þess að þeir sjá að hér er um gott verkefni að ræða, verkefni sem þeir telja að þeir geti haft hagnað af. Alcoa er að sjálfsögðu bisnessfyrirtæki sem horfir fyrst og fremst á slíka þætti. Alcoa er ekki félagsmálastofnun. Þess vegna er eðlilegt þegar við eigum svona gott verkefni að við getum selt það og er sérstaklega ánægjulegt hversu stuttan tíma það ferli hefur tekið að semja við Alcoa.

Ég tel að það sýni fyrst og fremst hversu gott verkefnið er hversu söluhæft verkefnið var. Og það er fögnuðurinn sérstaki, vegna þess að við eigum að sjálfsögðu ekki í samskiptum við slík bisnessfyrirtæki að sýna einhverja minnimáttarkennd. Við þurfum ekki á slíku að halda. Þeir aðilar eru að sjálfsögðu ekki að koma hingað til að aumka sig yfir okkur, heldur er það þannig að við höfum varninginn sem þeir vilja kaupa og við seljum hann auðvitað á þeim bestu kjörum sem okkur er mögulegt. Það er út af því sem þetta hefur tekið svona langan tíma, samningar hafa ekki náðst fyrr en nú.

Herra forseti. Ég rifjaði örlítið upp söguna frá 1980 og gat þess hvernig ég hefði ánetjast ef við getum orðað það svo þeirri hugmynd að stóriðja þyrfti að koma til til að snúa við byggðaþróuninni og efla byggðirnar. Ekki vegna þess eins og sumir hv. þm. hafa verið að segja að það væri eina leiðin til þess. Nei, heldur einfaldlega vegna þess að þetta er ein af leiðunum til þess. En þetta er líka sú leið sem hefur mest áhrif. Vissulega hafa menn allan þennan tíma verið að gera ýmislegt í atvinnulífi á Austurlandi. Vissulega hafa orðið til ný störf þar. En því verr og miður, m.a. vegna samsetningar á atvinnulífinu þar, hefur störfum fækkað þar mjög mikið og þar hefur fækkað störfum líklega um 800 á ákveðnu tímabili og þá er ég ekki að taka allan tímann frá því um 1980, það yrði trúlega miklum mun hærri tala.

Við erum því í raun og veru ekki að gera mikið meira með því sem við erum að hugsa um núna í þessu verkefni en að koma til móts við það sem gerst hefur og ná hugsanlega svipaðri stöðu og við vorum að ræða um þegar við vorum að hefja þessa för um 1980.

Herra forseti. Það er vissulega margt fleira sem á daga þessa verkefnis hefur drifið og ljóst að þegar Noral-verkefnið var raunverulega afsagt hér úr þessum ræðustóli 22. mars 2002 var mörgum brugðið vegna þess að þá vorum við komin lengra en við höfðum oftast komist áður með það verkefni. Margvísleg vonbrigðin höfðu verið á leiðinni en oft var vonarglæta og jafnvel stór vonarneisti sem var með mönnum lengi vel. En við Austfirðingar höfum lært að þetta mál er ekki klárað fyrr en búið er að undirrita þá pappíra sem mestu skipta.

Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að það er vonum fyrr sem við erum þó komin á þetta stig sem við erum nú miðað við það sem maður bjóst við 22. mars 2002. Og því segi ég aftur það sem ég sagði áðan að þetta hafi gengið svona vel af þeirri einföldu ástæðu að við vorum með gott verkefni sem áhugi var fyrir og þess vegna hafa samningar gengið jafn hratt og vel eins og í ljós hefur komið.

Í byrjun apríl samþykktum við á Alþingi heimild fyrir Kárahnjúkavirkjun. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að sú samþykkt var gerð með mjög auknum meiri hluta á Alþingi, í raun og veru með stuðningi þriggja þingflokka, þrátt fyrir það að enginn af þessum þremur þingflokkum hafi skilað sér 100% í atkvæðagreiðslunni. Það var mikill meiri hluti í þeim öllum og í raun örfá atkvæði úr þessum þremur þingflokkum sem ekki voru með málinu. Sem sýnir að verkefnið er þess eðlis að það skiptir okkur ekki niður eftir stjórn og stjórnarandstöðu. (**Iðnrh.:** Ekki Framsókn.).

Vegna frammíkalls hæstv. iðnrh. neyðist ég til að rifja upp, því miður hæstv. iðnrh., að þingflokkur Framsfl. skilaði sér ekki 100% í atkvæðagreiðslunni. (**Iðnrh.:** Það voru ekki allir við.) Það er alveg hárrétt. Af misjöfnum ástæðum voru ekki allir við, það er hárrétt. En því miður skilaði þingflokkur Framsfl. sér ekki 100%. Og til skemmtunar fyrir hæstv. ráðherra má vekja á því athygli að þingflokkur Samfylkingar skilaði mun fleiri atkvæðum með þessu máli en þingflokkur Framsfl. og er það hið skemmtilegasta mál.

En vegna ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals áðan þar sem þetta kom örlítið við sögu, þá verð ég að segja að það er sérkennilegt þegar hv. þm. eru óánægðir með það að vera í hópi með einhverjum öðrum sem stuðningsmenn ákveðins máls. Ég hélt að það skipti ekki meginmáli hvernig menn yrðu stuðningsmenn eða af hvaða ástæðu menn hefðu ákveðið að styðja mál. Ég hélt að meginatriðið væri það að menn styddu málið. Ég held að það hljóti að vera einhver önnur ástæða fyrir því að hv. þm. fór svo mikinn í garð ákveðins stjórnmálaflokks, sem hefur eins og ég lýsti áðan staðið þétt að baki við málið, heldur en afstaðan í raun og veru í þessu máli. Herra forseti. Ég geri ráð fyrir að koma örlítið nánar að þeirri umræðu síðar í ræðu minni.

Ég sagði áðan að það væri mikið ánægjuefni að þetta hefði tekið svo stuttan tíma sem raun ber vitni, þ.e. að ná samningunum við Alcoa. 10. janúar var alveg sérstakur gleðidagur þegar bæði stjórn Alcoa og stjórn Landsvirkjunar gengu frá málum sínum sem er forsendan fyrir því að við ræðum þetta frv. um álver við Reyðarfjörð.

Sú verksmiðja sem verið er að ræða um nú er af þeirri stærðargráðu að hún mun valda ákveðnum vanda í byggðunum fyrir austan, við skulum ekkert horfa fram hjá því. En ég segi alveg hiklaust að sá vandi eða það verkefni er miklu áhugaverðara og miklu skemmtilegra en þau verkefni eða sá vandi sem við höfum átt við að etja undanfarna áratugi, þ.e. vandinn verður sá að reyna að nýta þetta verkefni sem allra, allra best, reyna að fá sem allra, allra mest út úr þessu verkefni. Það er miklu skemmtilegra að takast á við slíkt uppbyggingarskeið sem nú mun fara í hönd heldur en það skeið sem við höfum þurft að horfa upp á þegar fólki hefur stöðugt fækkað, innviðir samfélagsins hafa veikst og við höfum þurft í rauninni að hafa áhyggjur af framtíðinni upp á

það að gera hversu lengi við gætum haldið því þjónustustigi sem við höfum verið með.

Nú þurfum við að snúa okkur að allt öðrum hlutum. Nú snúum við okkur að því að nýta þau færi sem allra, allra best og ég trúi því og hef áður sagt að nú sé það verkefni í raun okkar allra, hvar sem við höfum staðið í þessu máli, að reyna að tryggja það að við nýtum þessi verkefni sem allra best.

Það þjónar engum tilgangi að berja hausnum við steininn og vera enn stöðugt að búa til ný og ný varnarsvæði í því að reyna að koma í veg fyrir að af þessu máli verði. Slíkt þjónar engum tilgangi. Það sem við gerum best er að slíðra sverðin í deilunni. Við höfum tekist á um þetta um langt skeið og það er allt komið fram í þessu máli sem þarf að koma fram. Málið hefur farið í gegnum allt það lýðræðislega kerfi sem við eigum. Það hefur í rauninni fengið mun meiri og vandaðri undirbúning en líklega öll önnur mál af sömu gerð. Það er því ekkert annað að gera nú en að bera virðingu fyrir skoðunum hvers annars og reyna að standa þétt að því að gera þetta mál sem allra best úr garði. Ég er sannfærður um, herra forseti, að þannig mun það vera fyrir austan.

Auðvitað er það rétt eins og kom fram í máli einhvers hv. þm. áðan að það hafa verið til Austfirðingar, þó það nú væri, sem hafa ekki verið mjög hrifnir af öllu þessu máli. Það hefur hins vegar ekki valdið neinum vanda þar. Fólk hefur að sjálfsögðu getað rætt við um þessi mál og skipst á skoðunum eins og vera ber. Það er hið eðlilegasta mál í lýðræðissamfélagi að ekki séu allir sammála um alla skapaða hluti. Við þurfum hins vegar að tryggja umræðu og hún hefur átt sér stað, en það þjónar ekki tilgangi að halda henni endalaust áfram. Það hlýtur einhvern tímann að koma að lokapunkti.

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar er þetta síðasta skrefið í þessu verkefni sem kemur fyrir þingið. Ég held að það eigi að marka endalok umræðunnar að öðru leyti en því að við leitum áfram allra leiða til þess að tryggja að sem allra bestur árangur náist. Málið er nefnilega einfaldlega að við þurfum á allri okkar orku að halda í þeim efnum. Þetta verkefni er ekki smátt. Þetta verkefni er stórt. Það er augljóst, t.d. fyrir okkur Austfirðinga, að við þurfum að taka mjög vel höndum saman. Við þurfum að styrkja innviðina hjá okkur af þeirri einföldu ástæðu að við þurfum að gera ráð fyrir mikilli, ef við getum orðað það svo, innrás vinnuafls sem við þurfum að tryggja að verði sem allra lengst hjá okkur.

Það er líka ljóst, eins og hv. þm. Halldór Blöndal kom inn á í ræðu sinni, að þetta skapar tækifæri til að halda því unga fólki sem nú er að alast upp á Austurlandi á svæðinu og einnig að fá það fólk sem farið hefur, ýmist til mennta eða í leit að öðrum störfum, aftur heim. Þetta eru verkefnin sem fram undan eru. Við þurfum að nota allt sem við eigum til að nýta það sem best.

Það er auðvitað ljóst, herra forseti, að áhrifin af þessu stóra verkefni eru ekki eingöngu bundin við Austurland. Því fer víðs fjarri. Það mun að sjálfsögðu hafa áhrif um allt land, misjöfn að sjálfsögðu, mest á Austurlandi og síðan á höfuðborgarsvæðinu. Samfélag okkar er þannig upp byggt að ekki verður komist hjá því að öll slík verkefni hafi mikil áhrif á höfuðborgarsvæðinu þar sem er miðstöð allrar þjónustu og mesti fjöldinn er. Þegar menn hafa verið að spá fyrir um störfin sem verða til í tengslum við þetta hafa menn gert ráð fyrir að u.þ.b. helmingurinn eða svona 750 störf verði til á svæðinu fyrir austan og síðan álíka mörg annars staðar á landinu, jafnvel meira, jafnvel upp undir 900 störf annars staðar á landinu. Það er auðvitað augljóst að þau verða að langmestu leyti hér á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna er þetta verkefni mikilvægt fyrir þjóðina alla.

Við þurfum að vanda mjög vel til þeirra mótvægisaðgerða sem menn hafa rætt um að grípa þurfi til þannig að verkefnið nýtist sem allra best. Mér finnst hins vegar með ólíkindum hve frjálslega menn tala um það sem gera þarf í þeim efnum. Það mun að sjálfsögðu ekki koma í ljós hvað hentar best fyrr en nær dregur, þegar verkefnið fer raunverulega almennilega í gang. Það sem auðvitað mun skipta mestu þá er hagstjórnin sem slík. Hún ræður auðvitað langmestu um þau áhrif sem þetta mun hafa, t.d. á verðbólgu, viðskiptahalla og annað þess háttar.

Herra forseti. Það væri auðvitað hægt að koma mjög víða við þegar við ræðum svo stórt mál sem þetta. Ég ætla þó að leyfa mér að fara örlítið yfir þá stöðu sem við þekkjum og búum við á Austurlandi. Það er nauðsynlegt að rifja upp af hverju sú þróun hefur átt sér stað sem ég lýsti hér áðan, íbúaþróunin og þróun atvinnulífsins. Meginástæðan er auðvitað sú að einn helsti veikleiki Austurlands er einhæfni í atvinnulífi. Við getum t.d. borið það saman við höfuðborgarsvæðið og mörg önnur svæði. Á Austurlandi er mjög hátt hlutfall láglaunastarfa miðað við það sem er á höfuðborgarsvæðinu en einhæfnin skiptir þar mestu. Þess vegna er þetta verkefni svo mikilvægt. Þegar álverið hefur komið inn í samfélagið er augljóst að undirstaða samfélagsins mun byggjast á tveimur stoðum, þ.e. annars vegar á sterkum sjávarútvegi og hins vegar stóriðjunni. Þetta skapar algjörlega ný sóknarfæri sem við þurfum að reyna að nýta okkur sem allra best.

Þessu til viðbótar hefur það reynst erfitt fyrir alla þá þjónustu sem við höfum byggt upp að hún er óhagkvæm þegar fámennið er jafnmikið og nú er. Þess vegna mun bara sá þáttur, að fólkinu fjölgi, styrkja mjög hina opinberu þjónustu, jafnt hjá ríki sem sveitarfélögum. Eins og ég sagði áðan mun það skapa okkur mjög mörg sóknarfæri.

Hér er nefnt og hefur verið nefnt í umræðunni áður, t.d. sóknarfærið sem það skapar gagnvart menntun. Það er alveg ljóst að þau störf sem þarna verða til, bara þau störf sem verða beinlínis til í álverinu sjálfu, kalla á stórt átak í menntun starfsfólks. Það er t.d. augljóst að framhaldsskólar á Austurlandi munu þarna fá sitt alstærsta verkefni, verkefni sem verður auðvitað að mæta með sértækum aðgerðum — ef mér leyfist, herra forseti, að nota þau orð. Það er nauðsynlegt að skólarnir fyrir austan byggist upp til að sinna þessu, ekki bara við þær aðstæður sem skapast við undirbúning þess að verksmiðjan fari sjálf í gang heldur einnig til að viðhalda símenntun sem er auðvitað mikilvæg á vinnustað á borð við álverið. Síðan skipta öll hin óbeinu störf sem þarna koma við sögu okkur að sjálfsögðu ekki síður máli.

Herra forseti. Ég sagði áðan að störfum hefði fækkað mikið hjá okkur á Austurlandi. Við það hefur fólki eðlilega fækkað einnig. Þannig hafa menn einfaldlega mætt því oft og tíðum í fámennari byggðum þegar störfum hefur fækkað. Fólk hefur flutt brott. Þess vegna er afar óeðlilegt þegar vitnað er í tölur um atvinnuleysi að benda á að atvinnuleysi á Austurlandi hafi verið lítið. Því miður hefur það farið mjög vaxandi á seinni missirum en við vonum að það snúist við. Ástæðan fyrir því að þar hefur ekki verið um eins mikið atvinnuleysi að ræða og víða annars staðar á landinu er fyrst og fremst sú að fólkinu hefur fækkað.

Herra forseti. Ég sagði áðan að áhrifin gætu orðið gífurlega *mikil og hef nefnt nokkur dæmi því til stuðnings.* Hins vegar er ljóst að afleiðingarnar verður ekki hægt að sjá allar fyrir. Það er auðvitað mikil óvissa í öllum spám um hvernig þetta muni koma út. Þess vegna er mikilvægt að við reynum að nýta þetta tækifæri sem allra best til að safna sem allra mestum upplýsingum um hvernig við getum stjórnað aðstæðum til framtíðar og eins gripið inn í ef ástæða þykir til. Á þessu stigi er við hæfi að vekja sérstaka athygli á þáltill. sem lögð hefur verið fram af fulltrúum fjögurra þingflokka, þ.e. till. til þál. um rannsóknir á samfélagslegum áhrifum álvers og virkjunarframkvæmda á Austurlandi.

Það er afskaplega athyglisvert að vanta skuli fulltrúa frá einum þingflokki í flutningsmannahópinn. Ég verð að segja, herra forseti, að það er nær algjörlega óskiljanlegt. Sá þingflokkur, þingflokkur Vinstri grænna, hefur m.a. lagt gífurlega áherslu á það í allri þessari umræðu að nauðsynlegt sé að fylgjast með öllu, vakta ákveðin svæði, fylgjast með áhrifum á ákveðin svæði, á gróður, á dýralíf og jarðveg. Herra forseti. Það er að sjálfsögðu hið eðlilegasta mál. Í raun og veru alveg sjálfsagt mál enda fylgir það í úrskurði um mat á umhverfisáhrifum að þetta skuli gert. En þessi tillaga gerir ráð fyrir því að svipað verði gert um samfélag mannanna.

Ég verð að segja, herra forseti, að þótt ég beri fulla virðingu fyrir öðrum samfélögum á jörðu en samfélagi mannanna held ég að við megum aldrei ganga svo langt að gleyma samfélagi mannanna í þessu samhengi. Þess vegna er afskaplega mikilvægt að þessi tillaga fái afgreiðslu á Alþingi sem allra fyrst. Þannig verður hægt að leggja grunninn að þessari upplýsingaöflun samhliða því að þetta verkefni fer í gang.

Herra forseti. Þetta var að sjálfsögðu örlítill útúrdúr frá meginmálinu, en tengist því samt. Vegna þess að hv. þm. Ögmundur Jónasson, formaður þingflokks Vinstri grænna, var hér í hliðarsal þá gat ég ekki stillt mig um það að minnast örlítið á málið út frá þessu sjónarhorni.

Herra forseti. Ég sagði áðan að að sjálfsögðu yrðu afskaplega mikil áhrif á samfélagið fyrir austan en jafnframt mikil áhrif um land allt af þessu stóra og mikla verkefni. *Sveitarfélögin fyrir austan og m.a. Þróunarstofa Austurlands* hafa augljóslega búið sig mjög skipulega undir að taka við þessu mikla verkefni. Fyrirtæki og fólk mjög víða að af landinu hefur horft vonaraugum á þetta svæði og er komið í stellingar. Það er ekki bara farið að spyrjast fyrir heldur eru aðilar farnir að kaupa sig inn í fyrirtæki og sumir hafa boðað að opnuð verði starfsstöð frá viðkomandi fyrirtækjum á næstu mánuðum. Það er því augljóst að samfélagið ætlar sér að taka þátt í þessu og gera sem allra best úr þessu verkefni.

Þess vegna er mikilvægt að við getum, ef einhver möguleiki er á, gripið inn í þar sem vandinn verður mestur. Eins og ég sagði áðan, herra forseti, tel ég að vandinn sé jákvæður, þ.e. að það þarf að taka á margvíslegum málum. Það er hins vegar jákvætt í sjálfu sér af þeirri einföldu ástæðu að við erum að byggja upp til framtíðar og við ætlum okkur að styrkja byggð á Austurlandi og auðvitað landinu öllu. Við teljum brýnt að allir kostir séu nýttir þegar við horfum til slíkrar þróunar.

Herra forseti. Það kom fram áðan í ræðu hv. þm. Þuríðar Backman að það væri álit Vinstri grænna að stóriðja væri úrelt byggðastefna. Hv. þm. sagði einnig að fjölbreytt atvinnulíf styrkti byggðina. Herra forseti. Það er hárrétt, en hún er sérkennileg þessi svart/hvíta mynd sem sumir hv. þm. draga ætíð upp þegar stóriðja á í hlut. Það er að sjálfsögðu *mjög einfalt* að stóriðja skapar fjölbreytt atvinnulíf. Þess vegna, m.a. út frá rökum hv. þm., mun fjölbreytt atvinnulíf styrkja byggðina. Stóriðja mun því styrkja byggðina. Það er að sjálfsögðu ekki úrelt byggðastefna sem styrkir byggðina. Þess vegna er ljóst að hv. þm. talar í raun gegn sjálfri sér í sömu setningunni.

Herra forseti. Ég hafði ákveðið að halda hér stutta ræðu af þeirri einföldu ástæðu að ég vildi fyrst og fremst koma á framfæri því að ástæða væri til að fagna því að við værum komin þetta langt með málið og nú væri meginmarkmið okkar að stilla saman strengi og reyna að gera sem allra best úr málinu. Þess vegna, herra forseti, þótti mér margt sérkennilegt í ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals.

Fyrst hélt ég að hv. þm. hefði á einhvern hátt misskilið það hver afstaða Samfylkingarinnar er í málinu eða, sem ég sannfærðist síðan um þegar ég hlustaði betur á ræðu hv. þm., að hv. þm. var fyrst og fremst miður sín yfir því að Samfylkingin væri ekki andstæðingur hans í málinu. Hv. þm. vildi það allra helst að Samfylkingin væri andstæðingur hans í málinu. Þegar hann var farinn að draga málið inn í hið ágæta nýja kjördæmi, Norðausturkjördæmi, þá varð málið fyllilega ljóst. Ástæðan var auðvitað óróleiki hv. þm. yfir því að staða sumra flokka í kjördæminu virtist önnur en hv. þm. vill helst hafa. Þess vegna, herra forseti, tel ég að umræða hans um afstöðu Samfylkingarinnar og einstakra félaga í Samfylkingunni beri þess merki að hv. þm. sé að blanda hér saman ýmsum öðrum málum.

Ég ætla ekki, herra forseti, fara yfir skoðanir einstakra þingmanna eða flokksmanna Sjálfstæðisflokksins. Ég ætla ekki fara að rekja hér greinaskrif ákveðins hagfræðings þó að hann sé í Sjálfstfl. og biðja hv. þm. Halldór Blöndal um að afsaka skoðanir sem þar koma fram. Slíkt kemur málinu hreinlega ekki við. Málið er komið á það stig að nú eigum við að sjálfsögðu að stilla saman strengi og leiða málið til lykta á eins farsælan hátt og kostur er.

Herra forseti. Aðeins að lokum vegna þeirrar ræðu sem hv. þm. Halldór Blöndal hélt hér um jafnvægi og ójafnvægi. *Hún var á margan hátt býsna merkileg.* Það er auðvitað alveg ljóst að við lítum á lausn þess verkefnis sem hér er til umræðu sem áfanga á leið til jafnvægis í byggðamálum, að sjálfsögðu. Við getum sagt að það sé bónus í málinu. Málið er þjóðhagslega hagkvæmt. Það mun skila samfélaginu miklum ávinningi. Bónusinn er svo sá að þetta verkefni getur skapað jafnvægi í byggðamálum, þ.e. milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Hins vegar er alveg augljóst að málið er ekki svo einfalt að það skapi algjört jafnvægi á milli allra byggða í landinu enda væri vandfundið það verkefni sem mundi gera það 100%.

Ég þarf hins vegar að hressa örlítið upp á minni hv. þingmanns gagnvart stóriðjuframkvæmdum við Hvalfjörðinn. Ég man vel, herra forseti, að við ræddum það mjög á sveitarstjórnarstiginu í þá tíð, við sem börðumst í því að reyna að bæta hag landsbyggðarinnar, að þessi staðsetning væri mjög viðsjárverð, af þeirri einföldu ástæðu að Hvalfjörðurinn væri í raun og veru, sérstaklega þegar Hvalfjarðargöngin voru komin, orðinn hluti af höfuðborgarsvæðinu og mundi ekki skapa jafnvægi í byggð landsins. Þetta held ég að hafi allt saman komið í ljós. Hins vegar var staðan svo alvarleg þá almennt í atvinnulífi þjóðarinnar að það verkefni var nauðsynlegt til þess að koma hjólum atvinnulífsins af stað á ný. En við vorum sem sagt mjög eindregið þeirrar skoð-

unar að heppilegra væri að slík verkefni væru unnin utan áhrifasvæðis höfuðborgarsvæðisins.

Í þeirri umræðu tóku m.a.s. þátt ýmsir hv. þm. sem nú eru ekki mjög hrifnir af þessum framkvæmdum en ég sé enga ástæðu til að rifja þá umræðu alla upp. Mér þótti hins vegar ástæða til að hressa upp á minni hv. þingmanns varðandi það að ekki blessuðu allir staðsetningu stóriðjunnar á þessum tíma af þeirri einföldu ástæðu að sú staðsetning gæti í raun og veru valdið meira ójafnvægi í byggðaþróuninni en var þó á þeim tíma. Og ég hygg, herra forseti, að það hafi rétt reynst.

Að lokum, herra forseti, vona ég að þetta mál fái hér farsæla meðferð og nefndir muni frekar hraða störfum en hitt. Ég held að það sé okkur öllum fyrir bestu, jafnt okkur sem erum stuðningsmenn málsins og þeim sem hafa verið að berjast hvað hatrammast gegn því, að þessu máli ljúki sem allra fyrst þannig að við getum snúið okkur að ýmsu öðru.

[18:34]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki tekið undir þessi lokaorð hv. þingmanns um að okkur beri að hraða málinu sem allra mest. Að sjálfsögðu skiptir máli að við tökum ákvarðanir okkar á yfirvegaðan hátt. Og ég vil minna hv. þingmann á að samningar við erlenda verktaka eru ekki frágengnir. Það er ekki búið að ganga frá samningnum, sem betur fer. Og ég vona að horfið verði frá þessari ráðagjörð allri, að sjálfsögðu. Það er náttúrlega mjög óábyrg afstaða að hvetja til þess að við lokum málinu áður en útséð er um það hvort við yfirleitt náum samningum við þessa aðila.

Varðandi hugmyndir hv. þingmanns um atvinnusköpun í tengslum við þetta verkefni eru ekki allir sammála í því efni. Alcoa-forstjórinn sem skrifaði okkur alþingismönnum bréf til að samgleðjast yfir því að það ætti að fara að ráðast í þessar stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi telur að þetta muni skapa um 750 manns atvinnu, bæði beint í verksmiðjunni og síðan á svæðinu. Síðan er það alveg rétt að menn hafa verið með spádóma um að þetta kunni að leiða til enn fleiri afleiddra starfa. Hv. þm. talaði um 2,5, að hvert starf í álverksmiðju kynni að skapa 2,5 störf ef ég heyrði það rétt. Og það er alveg rétt, þetta hefur sums staðar komið fram. Gerð var skýrsla um þetta um 1990, ef ég man rétt, en þar voru þessar tölur mjög á reiki, allt frá einu upp í 2,5 afleidd störf.

Ástæðan fyrir því að ég kom í pontu var hugljúf hugleiðing hv. þingmanns um samfélag manna sem honum er greinilega afskaplega umhugað um. Og nú spyr ég hv. þingmann: Mun hann styðja þingmál Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að þjóðinni verði gefið færi á því að kjósa um þetta afdrifaríka mál í þjóðaratkvæðagreiðslu?

[18:36]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að auðvitað þarf að vanda alla ákvarðanatöku. Það sem ég átti við var ósköp einfaldlega það að við reyndum að hraða þessu sem mest þrátt fyrir að við tækjum yfirvegaðar ákvarðanir. Við erum búin að fjalla það mikið um þetta mál að við þyrftum út af fyrir sig ekki að fara að taka allt frá upphafi til þess að fá þær upplýsingar sem þörf væri á. Þær liggja allar fyrir, það er búið að segja allt í málinu sem segja þarf. En við þurfum auðvitað að fara vandlega yfir alla þætti. Eins og fram hefur komið í umræðunum í dag eru ýmsar flækjur sem við þurfum að gefa okkur tíma til að greiða úr. Við þurfum samt ekki að eyða tímanum í að endurtaka alla hluti. Það er mín ósk að við reynum að hraða þessu sem allra mest og vöndum verkið að sjálfsögðu um leið.

Tölur um atvinnusköpun, það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni — ég sagði í ræðu minni að það væri mikil óvissa í öllum þessum spám, það væri mjög erfitt að sjá þetta allt saman fyrir og þess vegna minnti ég á þá þáltill. sem hér hefur verið lögð fram og lagði gífurlega áherslu á að hún næði hér samþykki, af þeirri einföldu ástæðu að ég lít svo á að við megum ekki líta fram hjá því að þetta hefur áhrif á samfélag manna. Og við eigum auðvitað að reyna að stuðla að því að þau áhrif öll verði sem allra jákvæðust.

Herra forseti. Hv. þm. vildi taka á dagskrá tillögu um þjóðaratkvæði sem þingflokkur hans hefur flutt hér. Ég vek athygli hv. þingmanns á því að þessi tillaga hefur verið flutt áður og þá kom það mjög skýrt fram af hálfu formanns Samfylkingarinnar, ef ég man rétt, hvaða augum við lítum þá tilteknu tillögu.

[18:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé alveg rétt að afstaða Samfylkingarinnar hafi komið fram þá, að hún liti á virkjunina sem heppilega umgjörð fyrir þjóðgarð, og flutti reyndar tillögu um það efni. Ég spurði hins vegar beinnar spurningar. Fyrir Alþingi liggur tillaga um að boðað verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um þessar framkvæmdir. Og ég óska eftir því að þingmaðurinn svari því beint út: Mun hann styðja þá tillögu?

[18:39]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vannst ekki tími, það var ekki ætlun mín að svara ekki þessari beinu spurningu hv. þingmanns heldur var tími minn búinn. Ég vissi að ég ætti annað tækifæri til að svara og vissi að hv. þm. mundi ítreka spurningu sína ef ekki yrði svarað beint.

Ég þarf ekki að fara neinar krókaleiðir að því að segja hv. þingmanni að ég mun ekki styðja þessa tillögu frá þingflokki Vinstri grænna og get fært fyrir því ýmis rök. Einföldustu rökin eru einfaldlega þau (Gripið fram í.) að þetta mál er að sjálfsögðu svo langt gengið að það væri ekkert nema sýndarmennska að leggja fram slíka tillögu á þessum tímapunkti. Núna er svoleiðis í pottinn búið af þeirri einföldu ástæðu að málið er komið svo langt að þjóðaratkvæðagreiðsla um það er því miður eingöngu lýðskrum flutningsmanna þegar þeir eru komnir í þrot í málinu. Það er bara ekkert flóknara en það, hv. þingmaður.

Við höfum hins vegar verið að velta því fyrir okkur að það væri eðlilegt að leggja ýmis mál í dóm þjóðarinnar og það ætti að setja um það reglur. Og það væri alveg klárt mál að mál sem þetta yrði ekki sett í þjóðaratkvæðagreiðslu þegar það væri svo langt gengið sem þetta mál er. Það væri að sjálfsögðu búið að framkvæma þá þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir þó nokkru. Það er búið að ganga frá þvílíkum samningum og það er búið að leggja svo mikla vinnu í málið að við værum að sjálfsögðu búin að fara í gegnum það ferli áður en málið væri komið á það stig sem það er nú.

En ég trúi því, herra forseti, að hv. þingmaður muni velta því fyrir sér með okkur hvernig við eigum að haga þeim reglum sem við teljum afskaplega brýnt að koma á, að það verði alveg klárt hvaða mál, hvernig mál, og hvernig yfirleitt

að því verði staðið að leggja mál í þjóðaratkvæðagreiðslu þannig að ekki sé verið að hlaupa upp við lok umræðu um mál og leggja þau þá með einhverri tillögu í þjóðaratkvæðagreiðslu þegar vitað er að það verður aldrei samþykkt. (**ÖJ:** Er þá ekki lýðskrum að vera að ræða málið yfirleitt?)

[18:41]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka fram, þó að andsvar sé, að ég hygg að ég hafi verið sammála hv. þingmanni í flestu eða hér um bil öllu sem hann sagði hér áðan nema þegar hann vék að því að ég vildi vera andstæðingur Samfylkingarinnar í þessu máli. Það er ekki svo heldur hafa komið fram, m.a. í borgarstjórn Reykjavíkur, sjónarmið sem stangast á við okkar. Ég skildi hv. þingmann svo að hann teldi að virkjunin við Kárahnjúka og álverið byggðust á viðskiptalegum sjónarmiðum. Er það ekki rétt? Ég skildi hv. þingmann svo en það er gagnstætt því sem sagt var í borgarstjórninni og kallað ríkissósíalismi. (Gripið fram í.) Einnig var iðnrh. beðin um að taka þann kaleik frá Reykjavíkurborg að bera ábyrgð á þeirri framkvæmd og þeim lánum sem væru tekin vegna Kárahnjúka. Það er því algjör misskilningur hjá hv. þingmanni að ég vilji vera andstæðingur Samfylkingarinnar í málinu heldur hef ég í grundvallaratriðum haldið fram skoðunum sem eru sambærilegar við þær sem hv. þm. hefur sjálfur lýst héðan úr ræðustóli.

Segja mætti mér raunar að ef við færum að tala um sjávarútvegsmál kæmi í ljós að hann væri frekar sammála mér en Samfylkingunni. (**Gripið fram í:** En í landbúnaðinum?) Af þeim sökum verð ég að segja að hæpið er kannski að kalla það andsvar þegar ég kem upp og svara hv. þingmanni. Miklu frekar væri, herra forseti, rétt að segja að í grófum dráttum séum við sammála í þessum málum báðum, Kárahnjúkamáli og álverinu og einnig um nauðsyn kvótakerfis í fiskveiðum.

[18:43]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, þetta var sérlega ánægjulegt andsvar eða meðsvar eða hvað sem við köllum það. Ég verð samt að hryggja hv. þingmann með því að ég er ekki viss um að við séum algjörlega sammála í öllum þeim málum sem hann nefndi. Hins vegar er það alveg rétt hjá honum að við erum býsna samstiga í Kárahnjúkamálinu og höfum verið það trúlega megnið af tímanum þó að ég viti ekki alveg hvenær hv. þm. fór að hafa áhuga á stóriðju á Austurlandi. En ég lýsti því í ræðu minni að það hefur verið áhugi minn um marga áratuga skeið.

Ég sagði í ræðu minni áðan að ég ætlaði mér ekki að fara að eltast við viðhorf einstakra flokksbundinna sjálfstæðismanna en ef hv. þm. vill standa í því að tína upp einstaka félaga í Samfylkingunni og fjalla um þeirra skoðanir er það út af fyrir sig mál hv. þingmanns.

Eins og ég sagði áðan er ég heldur ekki með við höndina greinarstúfa eftir flokksbundinn sjálfstæðismann sem hann skrifar reyndar ekki sem slíkur heldur sem hagfræðingur og hefur verið einn helsti prímus mótor í efnahagslegri umræðu andstæðinga virkjunarinnar. Mér finnst alveg óþarfi að ég þurfi endilega að ræða það sérstaklega við hv. þm. Halldór Blöndal, ég tel bara eðlilegt að í stjórnmálaflokkunum séu skiptar skoðanir í þessu máli og sé ekkert athugavet við það. Ég get alveg glatt hv. þingmann með því að mér fundust ummæli sumra flokksbræðra minna í borgarstjórn Reykjavíkur ekki vera viðeigandi í málinu. Það er hins vegar allt annar handleggur.

Það er þó rétt hjá hv. þingmanni að kvótakerfið, aflamarkskerfið, er við lýði í sjávarútvegi og það er ekki það sem menn eru yfirleitt að deila um, ég held að flestir séu á því að kerfið þurfi að vera sem slíkt. Hins vegar eru það útfærslur á kerfinu sem menn deila töluvert um. Þó að við hv. þm. eigum e.t.v. einhverja samleið í hluta af útfærslunum er ég því miður þeirrar skoðunar, herra forseti, að við séum ekki sammála í öllum útfærslum málsins. (**Gripið fram í:** En allar skoðanir eru réttar.) (**Gripið fram í:** Allar? Nei.)

[18:46]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vegna þess sem hv. þm. sagði taka fram að mjög hörð krafa var um það utan af landi og frá mörgum stöðum að krefjast þess að álver risi í þeim fjórðungi þar sem þeir voru þingmenn fyrir kosningarnar 1991 og það er rétt. Ég hygg líka eins og fram kom að við vorum sammála um að þá hafi verið orðið svo brýnt að við öfluðum meiri gjaldeyris að allir gerðu sér grein fyrir, eða flestir, nauðsyn þess að ráðist í mikla virkjun og stóriðju í tengslum við hana, einmitt á þeim tíma. Ég minnist þess að á þeim tíma var haldinn fundur á Akureyri þar sem frambjóðendur voru um það spurðir hvort þeir mundu greiða atkvæði með stóriðju annars staðar en á Akureyri ef til kæmi og ég hygg að ég hafi verið eini þingmaðurinn sem sagðist mundi gera það því hungur okkar eftir gjaldeyri væri orðið svo mikið að við yrðum að seðja það og við það yrði að sitja ef ekki næðist samkomulag um stóriðju við Eyjafjörð heldur yrði annað farið.

Ég hlýt líka að árétta þá skoðun mína af þessu tilefni að landsbyggðarmenn eiga að standa fast um það að verksmiðjurnar, stóriðjufyrirtækin, rísi sem næst þeim stöðum þar sem virkjað er, en ekki sé farið með alla orkuna hingað til Reykjavíkur, enda hefur það mikið orkutap í för með sér. Það er athyglisvert í ljósi þess hvernig þessi mál hafa verið rædd og eins og fram kom í ræðu hv. þm. að álver við Reyðarfjörð skapar fleiri störf í Reykjavík heldur en á Austurlandi. Það er kannski kjarni málsins sem sýnir að þetta er mál allrar þjóðarinnar en ekki einstakra byggðarlaga.

[18:48]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo sem ekki miklu við þetta að bæta. En hv. þm. rifjar hér upp ýmislegt úr eigin stjórnmálasögu varðandi m.a. framboðsfundi á Akureyri 1991 og tilkynnir okkur það hér að hann hafi einn frambjóðenda haft kjark til þess að tilkynna að hann mundi greiða atkvæði með stóriðju þó hún væri ekki á Eyjafjarðarsvæðinu. Ég hygg, herra forseti, að það hafi síðan reynt á einhverja af þessum frambjóðendum og þeir hafi þá af einhverjum ástæðum skipt um skoðun, þó hv. þm. Halldór Blöndal hafi haldið sinni skoðun á málinu allan tímann, þ.e. hafi einhverjir af þessum frambjóðendum sem gáfu til kynna á fundinum að þeir mundu ekki greiða atkvæði öðruvísi en að stóriðjan yrði við Eyjafjörð, þeir hefðu nú greitt málinu atkvæði þrátt fyrir það að stóriðjan yrði reist annars staðar.

Rétt að lokum, herra forseti, ég tek undir það með hv. þm. að auðvitað er afar mikilvægt og ég vil aðeins bæta um betur við það sem hv. þm. sagði þegar hann talaði um að landsbyggðarmenn ættu að berjast fyrir því að stóriðjan yrði

reist sem næst virkjuninni. Ég held að það sé og eigi að vera almennt baráttumál okkar allra að þannig eigi að standa að málum af þeirri einföldu ástæðu að það er hagkvæmara. Og einnig það að virkjanirnar eru víða um land mögulegar og við eigum vissulega að horfa til þess hvernig við getum leyst þessi mál á sem hagkvæmastan hátt. Það á auðvitað að vera meginlínan í málinu.

Ég hygg því og mér hefur fundist það í þessari umræðu að hljómgrunnur fyrir slíkt sé miklum mun meiri en var hér á árum áður, að stóriðja sé reist sem næst virkjun. Það þótti t.d. ekki sjálfgefið á níunda áratugnum að þannig væri að málum staðið. Í kringum 1990 man ég eftir að nokkur átök urðu um slíkt þegar menn voru með umræðu hér um stóriðju á Keilisnesi. Sú stóriðja var ekki reist og mér finnst þessi mál hafa verið að þróast í rétta átt og geri ráð fyrir að við munum eiga samstöðu í því að reyna að tryggja veg stóriðju sem næst virkjunum í framtíðinni.

[Fundarhlé. — 18:51]

[19:31]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Í upphafi þingfundar í dag, þegar hæstv. iðnrh. mælti fyrir því frv. sem hér hefur verið til umfjöllunar vísaði hún því til umfjöllunar í iðnn. þingsins. Ég vil koma því á framfæri við hæstv. forseta, án þess að ég sé að ætlast til svara af hans hálfu á þessari stundu, að mér finnist eðlilegt að frv. fái einnig umfjöllun í umhvn. þingsins og í efh.- og viðskn. þingsins, einfaldlega vegna þess að frv. tekur til þeirra þátta sem þessar nefndir fjalla um.

Ég endurtek að ég er ekki að óska eftir svörum frá hendi hæstv. forseta þingsins á þessari stundu, en vil koma þessum ábendingum á framfæri.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti mun taka málið til vinsamlegrar athugunar á seinni stigum.)

[19:32]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Frv. sem hér er til umræðu, frv. til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði, hefur átt sér alllangan aðdraganda. Þetta frv. er hluti af ferli hér í þinginu á undanförnum missirum sem tengist fyrst og fremst umræðunni og ákvörðuninni um virkjunarframkvæmdir á hálendinu á Austurlandi. Þar hefur gengið á ýmsu og þykir mörgum að gengið hafi verið nokkuð hart fram og stundum verið farið jafnvel á svig við eðlilega málsmeðferð og lög enda er þetta mál, virkjunarframkvæmdirnar við Kárahnjúka, í kæruferli fyrir dómstólum og auk þess eru fyrirhugaðar framkvæmdir og bygging álverksmiðju í Reyðarfirði einnig til kærumeðferðar fyrir umhvrh. vegna þess að talið er að um meint brot á lögum um mat á umhverfisáhrifum sé að ræða. Úrskurður Skipulagsstofnunar hefur verið kærður og þess krafist að verksmiðjan sem á að byggja í Reyðarfirði í nafni Fjarðaáls geti ekki gengið inn í umhverfismat á fyrri framkvæmdahugmyndum Reyðaráls því svo miklar breytingar séu á framkvæmdinni að ekki sé um sömu framkvæmd að ræða, þ.e. hún víkur svo mjög frá því mati sem lá til grundvallar leyfisveitingunni fyrir Reyðarál að hún geti ekki yfirfærst sjálfkrafa á Fjarðaál.

Herra forseti. Nú þegar við erum að fjalla um þetta mál á þingi eru allir þessir þættir enn í kæruferli. Það hefði verið betra, virðulegi forseti, og réttara ef því ferli hefði verið lokið áður en gengið var til afgreiðslu af hálfu Alþingis um hvort samþykkja eigi eða ekki byggingu á þessari álverksmiðju.

Einnig er þetta mál enn fyrir dómstólum í Evrópu sem Ísland er aðili að og hefur skuldbundið sig til þess að hlýta og fara eftir dómum þeirra, t.d. fyrir ESA-dómstólnum, þar sem engan veginn er víst hvort svo miklar niðurgreiðslur til þessarar atvinnustarfsemi eins og hér er um að ræða í gegnum beinan og óbeinan ríkisstuðning séu brot á samkeppnislögum, þ.e. samkeppni innan hins Evrópska efnahagssvæðis sem við erum aðilar að. Ekki er enn kominn úrskurður um hvort þetta sé heimilt. Ýmsir þættir þessa máls eru því enn í óvissu. Því hefði verið eðlilegt að við hér hefðum beðið með þetta mál þangað til allir þessir dómsúrskuðir lægju fyrir.

En ferlið er líka sérstætt, herra forseti. Hinn 1. ágúst árið 2001 úrskurðaði Skipulagsstofnun að Kárahnjúkavirkjun mundi hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og að ekki hefði verið sýnt fram á að annar ávinningur af framkvæmdunum eða meintur efnahagslegur ávinningur þar meðtalinn mundi vega upp þau verulegu óafturkræfu neikvæðu umhverfisáhrif sem virkjuninni fylgdu. Einnig taldi Skipulagsstofnun skorta upplýsingar um einstaka þætti framkvæmdarinnar svo segja mætti fyrir um endanleg áhrif hennar. Með vísan til þessa lagðist Skipulagsstofnun í úrskurði sínum gegn framkvæmdinni.

Tekist var á um þennan úrskurð og blönduðu bæði forsrh. og utanrrh. sér í þá umræðu. Formenn beggja ríkisstjórnarflokkanna blönduðu sér í málið með beinum hætti og létu í ljós að þessum úrskurði yrði illa unað. Með yfirlýsingu þeirra mátti ljóst vera að krafa ríkisstjórnarinnar undir forustu hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar og hæstv. utanrrh. og formanns Framsfl., Halldórs Ásgrímssonar, mundi verða að úrskurði Umhverfisstofnunar yrði snúið við til þess að hann félli að stefnu, markmiðunum og áætlunum ríkisstjórnarinnar. Enda varð sú raunin.

Eftir málamyndabreytingar á matsgerðinni úrskurðaði umhvrh. 20. desember árið 2001 að heimila Kárahnjúkavirkjun og var öllum ljóst af þeirri umræðu sem þá hafði á undan gengið að sá úrskurður mundi vera líklegastur.

Í miðju þessu ferli eða haustið 1999 skipaði iðnrh. verkefnisstjórn sem átti að meta nokkra stórvirkjunarkosti út frá umhverfisáhrifum og forgangsraða þeim og semja svokallaða rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Niðurstöður þessarar nefndar áttu að vera leiðbeinandi fyrir stjórnvöld um val á virkjunarkostum. Í bráðabirgðaáliti nefndarinnar kemur fram að einna mest náttúruspjöll mundu verða við fyrirhugaða Kárahnjúkavirkjun af þeim virkjunarkostum sem nefndin skoðaði — hún skipaði sér þar í fremstu röð hvað varðar verndunargildið — og samkvæmt því ætti ekki að ráðast í þessa virkjun. En við þessu hafa ráðherrar og meiri hluti þingmanna á Alþingi, bæði þingmenn Framsfl. og Sjálfstfl. og Samfylkingarinnar, skellt skolleyrum og heimild til Kárahnjúkavirkjunar var samþykkt á Alþingi sl. vetur.

Herra forseti. Bara þessi forsaga ein sýnir hvers konar bellibrögðum hefur verið beitt til þess að koma þessari hlið málsins í gegnum Alþingi í mikilli ósátt við stóran hluta þjóðarinnar.

Herra forseti. Þegar umhvrh. breytti úrskurði Skipulagsstofnunar og heimilaði virkjunina mótmæltu umhverfis- og náttúruverndarsamtök harðlega. Þau sendu frá sér yfirlýsingu sem ég vil fá að vitna í. Þetta er yfirlýsing formanna níu umhverfis- og náttúruverndarsamtaka, með leyfi hæstv. forseta:

„Í ljósi þess að Kárahnjúkavirkjun mundi valda margfalt meiri náttúruspjöllum en nokkur einstök framkvæmd á Ís-

landi til þessa er niðurstaða ráðherra [þ.e. hæstv. umhvrh.] óskiljanleg. Veruleg og óafturkræf áhrif virkjunarinnar, sem Skipulagsstofnun byggði úrskurð sinn á, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, blasa við hverjum þeim sem kynnir sér framkomnar upplýsingar. Tæpast er hægt að ímynda sér stórfelldari röskun af mannavöldum á náttúru landsins.

Í þessu sambandi er minnt á eftirfarandi:

Kárahnjúkavirkjun mun eyðileggja eitt stærsta hálendisvíðerni í Evrópu með mannvirkjagerð á um 1.000 ferkílómetra svæði og spilla fjölbreyttu gróðurlendi á allt að 600 ferkílómetra svæði, sem er hluti af samfelldri gróðurþekju frá sjó inn til jökla. Líta ber á hálendisgróður ofan við 500 m hæð sem fágæta og verðmæta auðlind.

Ómetanlegar jarðfræðiminjar og landslagsheildir á heimsvísu yrðu eyðilagðar eða þeim raskað verulega með virkjunarframkvæmdunum.

Meira en 100 fossar yrðu fyrir röskun af völdum virkjunarinnar og sumir þeirra hyrfu alveg.

Stórfelldir vatnaflutningar einkenna virkjunina þar sem m.a. eitt stærsta vatnsfall landsins, Jökulsá á Dal, yrði flutt á milli vatnasviða og veitt í Lagarfljót.

Nánast ekkert vatnakerfi á virkjunarsvæðinu stæði eftir óraskað. Lífríki í stöðuvötnum og fjölmörgum ám mun eyðast eða raskast verulega, einangruðum stofnum verður útrýmt eða þeim blandað saman við aðra stofna.

Þýðingarmikil varpsvæði og fjaðrafellisstaðir fugla eyðilegðust á sjálfu virkjanasvæðinu og samfara vatnaflutningum á Úthéraði. Mikilvæg búsvæði hreindýra og sela myndu raskast eða eyðileggjast.

Standi úrskurður umhverfisráðherra mun hann hafa fordæmisgildi fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og stefna í hættu þeim miklu verðmætum sem felast í íslenskri náttúru og landslagi.

Undirritaðir formenn mótmæla úrskurði umhverfisráðherra og munu beita sér fyrir því að málsmeðferð og forsendur fyrir úrskurðinum verði athugaðar vandlega og metið hvort ástæða sé til að fara með málið fyrir dómstóla."

Þetta var tilvitnun í yfirlýsingu formanna níu almenningssamtaka á Íslandi um náttúruvernd.

Það er því ljóst, herra forseti, að á þessu stigi málsins ríkti mikill og djúpstæður ágreiningur um þá ákvörðun sem hæstv. umhvrh. tók með því að heimila Kárahnjúkavirkjun, þ.e. að hún mundi ekki valda svo umtalsverðum umhverfisáhrifum og þess vegna væri ástæða til þess að heimila hana. Djúpstæður ágreiningur ríkti þá og sá ágreiningur er enn við líði.

Herra forseti. Í þessu sambandi hefur verið rætt um að nú mætti fara að slíðra sverðin í árásum á íslenska náttúru og náttúruauðlindir þar sem þessi ákvörðun hefur verið tekin og ef það yrði síðan af fyrirhugaðri Kárahnjúkavirkjun. Það má til sanns vegar færa að slíðra megi sverðin. Þeir aðilar og þau stjórnvöld sem ganga svo harkalega fram gagnvart íslenskri náttúru mættu svo sannarlega slíðra sverðin og þó fyrr hefði verið. En það er ekki ætlunin stjórnvalda, ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. að láta hér staðar numið þó svo að þetta gengi eftir. Uppi eru áætlanir, og við bíðum nú eftir úrskurði, um að ráðast næst á aðra dýrmæta náttúruperlu á Íslandi, þ.e. Þjórsárver. Það kemur því úr hörðustu átt hjá stjórnvöldum eða fylgjendum þessarar herferðar gegn íslenskri hálendisnáttúru að krefjast þess að sverðin verði slíðruð ef þeir gera það ekki sjálfir. Það á sem sagt að halda áfram á sömu braut samanber þær áætlanir sem eru nú uppi.

Ég vildi svo gjarnan að stjórnvöld beittu sér fyrir því að sátt næðist um umgengni við íslenska náttúru og þau mundu verða fyrst til þess að slíðra sverðin, en svo virðist ekki vera, heldur er brandinum haldið brugðnum yfir íslenskri fjalla- og hálendisnáttúru.

Það frv. sem hér liggur fyrir fjallar um heimild til samninga um byggingu álverksmiðju í Reyðarfirði. Það er í sjálfu sér gott og vert að búa atvinnulífi í landinu umgjörð. Og það er líka ánægjulegt ef stigin eru heilladrjúg skref til að styrkja atvinnulíf, bæði á einstöku stöðum og vítt og breitt um landið. Vissulega er það.

Það er líka sjálfsagt að nýta á hóflegan og sjálfbæran hátt orkuauðlindir landsins. Það er svo sjálfsagt og eðlilegt. En þessi framkvæmd öll á ekkert skylt við þá nálgun. Þessi framkvæmd er svo risavaxin, bæði hvað varðar árás á íslenska náttúru og stærð í efnahagslegu tilliti. Talað er um að framkvæmdir tengdar Kárahnjúkavirkjun og álverksmiðju í Reyðarfirði geti numið um 200 milljörðum kr. Það væri nú hægt að búa atvinnulífi umgjörð og styrkja það með minni upphæð en þessari.

Við gleymum því stundum, herra forseti, að þjóðin telur ekki nema á þriðja hundrað þúsund manns. Við búum í dreifbýlu landi sem við viljum halda öllu í byggð. Við búum líka í landi með mjög viðkvæmt atvinnulíf. Við búum í landi sem byggir á náttúruauðlindunum og sambúð við náttúruna. Risaframkvæmdir sem þessar á örstuttum tíma inn í íslenskt efnahags- og atvinnulíf og geta einar sér komið til með að hafa gríðarleg óafturkræf áhrif.

Í fylgiskjali með frv. er greinargerð frá efnahagsskrifstofu fjmrn. Vert er að hafa í huga, virðulegi forseti, að eftir að Þjóðhagsstofnun var lögð niður er í rauninni engin óháð efnahagsskrifstofa eða stofnun til í landinu sem hægt er að snúa sér til til að fá hlutlaust mat á áhrifum einstakra aðgerða á efnahagsmál. Því var verkefnunum m.a. deilt út til fjmrn., þ.e. efnahagsskrifstofu fjmrn.

Ég ætla ekki endilega að gera því skóna að efnahagsskrifstofa fjmrn. starfi ekki af þeim heiðarleika sem þeim er treystandi til og vinni verk sín faglega. En engu að síður er ljóst að fjmrn. er hluti af framkvæmdarvaldinu sem er að framkvæma og fylgja eftir áherslum og stefnumiðum ríkisstjórnarinnar. Og stefna ríkisstjórnarinnar er að koma þessum álframkvæmdum og virkjunum á hvað sem tautar og raular. Við höfum heyrt það hér á Alþingi hvað eftir annað að hæstv. ráðherrar hafa lýst því yfir úr þessum ræðustól að í þær framkvæmdir, Kárahnjúkavirkjun og álverksmiðju á Reyðarfirði, verði ráðist hver svo sem hagkvæmni eða umhverfisáhrif verða.

Efnahagsskrifstofa fjmrn. stendur frammi fyrir þeirri stefnumörkun sem henni er jú skylt að vinna að, en engu að síður ber henni líka að benda á hluti sem ber að hafa í huga þegar ráðist er í svo stórkostlega framkvæmd og meta hana. Efnahagsskrifstofa fjmrn. hefur vissulega bent á þau gríðarlegu áhrif sem slík stórframkvæmd hefur á efnahagslíf þjóðarinnar, sérstaklega á framkvæmdatímanum. Hún hefur vakið athygli á því að slík stórframkvæmd muni eðlilega kalla fram mikil áhrif í efnahagslífinu. Það að svo mikið fjármagn komi inn í landið, allt að 200 milljarðar kr. tengt einni framkvæmd, mun kalla á verulega hækkun á gengi íslensku krónunnar. Það mun líka kalla á hækkun vaxta til þess að halda niðri þenslu. Efnahagsskrifstofan hefur líka bent á að

viðskiptahallinn mun stóraukast. Innflutningur á vörum mun aukast ekki aðeins vegna innflutnings á vörum og tækjum tengt framkvæmdinni heldur einnig vegna hás gengis. Kaupmáttur á innfluttum vörum mun að sjálfsögðu aukast sem er að því marki kostur svo fremi sem efnahagslífið geti skaffað útflutningstekjur á móti.

Við höfum reynt á undanförnum árum hvaða áhrif viðskiptahalli vegna neyslu hefur haft á íslenskt atvinnulíf. Gríðarlegur viðskiptahalli sem var á undanförnum árum leiddi til mikils misvægis í efnahagslífinu og leiddi til þess að mikill fjöldi fólks var farinn að vinna við störf sem tengdust þjónustu og innflutningi, sem ekki var útflutningsverðmæti fyrir. Það gleðilega gerðist samt á síðasta ári að utanríkisviðskiptin komust í jafnvægi og menn gátu vænst þess, væri haldið rétt á spöðum í efnahagsmálum, að við gætum nú staðið frammi fyrir tiltölulega hægum en öruggum hagvexti og ró í atvinnulífinu.

Vissulega mundum við þurfa að fara í gegnum visst erfiðleikaskeið meðan atvinnulífið væri að aðlaga sig því að viðskiptahallanum væri lokið, en efnahagslífið og atvinnulífið áttu að hafa allar forsendur til þess að geta leyst þar úr. En þá koma þessar fyrirhuguðu stórframkvæmdir sem hleypa öllu í uppnám á ný.

Áhrifin af þessum væntanlegu framkvæmdum eru þegar farin að koma í ljós. Það hefur verið gengið út frá gengisvísitölu upp á 130–134 við gerð fjárlaga og við áætlun um þróun efnahagsmála á næstu missirum, ef ekki kæmi til stórvirkjana og slíkra framkvæmda. Gengisvísitala upp á 130–134 mundi einnig halda útflutningsviðskiptunum í nokkuð góðu jafnvægi og jafnframt skapa góðan grundvöll fyrir útflutningsatvinnuvegina.

En þessar fyrirhuguðu framkvæmdir hafa þegar haft þau áhrif að gengið hefur snarhækkað og gengisvísitalan nú er einhvers staðar í kringum 123, milli 123 og 124, sem þýðir m.a. að dollarinn sem hefur verið talið eðlilegt að væri í 90–95 ísl. kr. er núna kominn niður fyrir 80 kr. Það þýðir að við fáum stöðugt minna og minna fyrir þær vörur sem við flytjum út og það verður útflutningsgreinunum mjög erfitt.

Einnig er vert að geta þess að í matsskýrslu fjmrn. á efnahagsáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda við virkjunina og álverið er gengið út frá því að gengisvísitalan sé um 130. Þeir taka það fram að hún sé forsenda fyrir þeim spám sem þeir leggja þar fram. Víki gengisvísitalan frá þeirri tölu yrði enn minna að marka spár þeirra, þá verður sveiflan og áhrifin enn meiri. Gengisvísitalan nú er 123, eða nærri 10% hærra en efnahagsskrifstofa fjmrn. gerir ráð fyrir við matsgerð sína og áætlanagerð.

Ég held, virðulegi forseti, að þegar fjárln. fær þetta mál til meðferðar og ókosinn formaður fjárln., hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason, þá ætti að taka þetta mál fyrir í fjárln. því að fjmrn. er að segja að forsendur fjárlaganna séu í rauninni brostnar verði slík gengisþróun sem við nú stöndum frammi fyrir. Svo einfalt er það.

Virðulegi forseti. Ég held að útflutningsgreinarnar okkar muni um það að búa við 10–20% hærra raungengi, hærra gengi íslensku krónunnar en eðlilegt er talið miðað við íslenskt efnahagslíf. Og meira að segja dollarinn hefur lækkað um 30% á nokkrum mánuðum.

Ég býst við því, herra forseti, að t.d. fyrir sauðfjárbændur sem verða nú að flytja æ stærri hluta framleiðslu sinnar úr landi, 30–50% eru menn að tala um að sauðfjárbændur þurfi að flytja úr landi af framleiðslu sinni, þá muni um það ef gengið er 20% hærra en það ætti að vera. Það þýðir að útflutningsverðmæti sauðfjárafurðanna verður 20% lægra en annars ætti að vera. Ef við flytjum út sauðfjárafurðir fyrir 400 til 600 millj. kr. þýðir það að um 30–40 störf tapast.

Ég vil spyrja hæstv. iðnrh.: Hefur ráðherrann gert sér grein fyrir því hvaða áhrif þessar framkvæmdir hafa á útflutningsgreinarnar annars staðar í landinu? Á útflutning sjávarafurða? Á samkeppnisstöðu og tekjur ferðaþjónustunnar, innlendrar ferðaþjónustu? Það var mjög ánægjulegt sjálfsagt að heyra það að ferðalög til útlanda lækka og ferðaskrifstofur hafa ekki undan að lækka verð á ferðum til útlanda. En til þess þarf gjaldeyri. Hefur verið tekið saman hvaða áhrif þetta hefur á samkeppnisstöðu ferðaþjónustunnar í landinu? Stendur ferðaþjónustan það af sér að tekjur hennar skerðist um 10–20% vegna rangs gengis?

Við verðum að fara í gegnum öll þessi atriði þegar metin eru áhrif stórframkvæmdar eins og hér er um að ræða. Það er svo sem ánægjulegt að framkvæmd geti styrkt atvinnulíf og búsetu á einum afmörkuðum stað en svo gríðarleg framkvæmd, af þvílíkri stærð, mun valda miklum áhrifum um allt land á atvinnulífið, m.a. á Vestfjörðum.

Útflutningsatvinnuvegunum á Vestfjörðum mun blæða meðan á byggingarframkvæmdum stendur vegna hás gengis og hárra vaxta. Útflutningsatvinnuvegunum á Norðurlandi mun einnig gera það og efnahagsskrifstofa fjmrn. segir að ekki muni nægja að gengið hækki og vextir hækki heldur muni líka þurfa að skera niður ríkisframkvæmdir til að reyna að halda efnahagslífinu nokkurn veginn í skorðum. Þetta eru efnahagsstærðir sem við höfum aldrei staðið frammi fyrir áður, gríðarlega stórar. Það þarf því að skera niður ríkisframkvæmdir. Menn eru á handahlaupum við að flýta framkvæmdum í ár vegna þess að það liggur ljóst fyrir að að loknu þessu ári, verði af virkjun, muni þurfa að beita hnífnum á framkvæmdir á næstu árum. Hvar eiga þær að koma niður? Munu þær ekki fyrst og fremst koma niður á vegaframkvæmdum og einkum um hinar dreifðu byggðir?

Herra forseti. Hvort sem hún er skoðuð út frá umhverfisáhrifum eða efnahagsáhrifum kemur í ljós að þessi framkvæmd er af þeirri stærð að hún passar engan veginn, hvorki í íslenska náttúru né íslenskt efnahags- og atvinnulíf. Verði af þessum framkvæmdum munum við stíga óafturkræf skref, stórspilla íslenskri náttúru og hafa áhrif á íslenskt efnahagslíf og búsetu sem munu valda erfiðleikum víða um land.

Það er líka dapurt, herra forseti, að ekki skuli gerð grein fyrir sérstökum mótvægisaðgerðum til að styrkja viðspyrnu á Vestfjörðum, Vesturlandi og Norðurlandi gagnvart þeirri bylgju sem þessar framkvæmdir munu hafa á atvinnu- og efnahagslíf á þessum svæðum. Það verður nú þegar að setja upp aðgerðaáætlun til að standa vörð um þessa landshluta þannig að þessar framkvæmdir sogi ekki til sín fólk, fjármagn og atvinnulíf af þessum svæðum. Við krefjumst þess að þessar mótvægisaðgerðir verði kynntar um leið og þetta mál er hér til umfjöllunar á Alþingi.

Herra forseti. Þetta stórmál, stærsta mál sem komið hefur fyrir fyrir Alþingi Íslendinga síðan lýðveldið var stofnað, þessi stórframkvæmd, bygging Kárahnjúkavirkjunar og álverksmiðjan í Reyðarfirði, kom upp eftir að gengið var til kosninga fyrir nærri fjórum árum. Nú er ætlunin að afgreiða þetta mál fyrir næstu kosningar. Ég hef hér rakið hversu mikill ágreiningur er um þetta mál, hvort sem er Kárahnjúkavirkjun og þau miklu náttúruspjöll sem henni tilheyra og það að ekki skuli gefast kostur á að meta aðra valkosti í nýtingu

þessara náttúruauðlinda. Þetta var ekki borið undir þjóðina og hefur ekki komið til atkvæðagreiðslu hvorki í alþingiskosningum né með þjóðaratkvæðagreiðslu. Framkvæmdin var heldur ekki kynnt fyrir síðustu alþingiskosningar en nú á að hrista hana í gegnum þingið fyrir næstu kosningar. Þetta teljum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði ótæk vinnubrögð. Við leggjum til að fylgt verði þeim lágmarkskröfum gagnvart svo stóru máli sem svo mikill ágreiningur er um að um það fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla, að þjóðin greiði atkvæði um byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Það væri þó meiri sátt að vita til þess að meiri hlutinn samþykkti það. Ég hef reyndar þá trú að eftir að málið hefði fengið rækilega kynningu meðal þjóðarinnar mundi þjóðin ekki samþykkja að ráðast í svo gríðarleg náttúruspjöll og efnahagslegar kollsteypur sem þeim gætu fylgt. Hún mundi vilja að farið yrði hægar og rólegar í sakirnar og atvinnulífið byggt upp í takt við íslenskt samfélag, stærð og íbúafjölda.

Við leggjum hér til að samhliða alþingiskosningum í vor fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla um byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Við bendum á hve harðar deilur hafa verið um Kárahjúkavirkjun og hugmyndir um aðrar virkjanir á þessu svæði. Við bendum á að úrskurður umhvrh. frá 20. desember, sem flestir viðurkenna að er byggður á þröngum pólitískum viðhorfum, er mjög umdeildur. Fjölmargar ástæður renna stoðum undir þá hugmynd að frekari framvinda málsins verði ráðin í lýðræðislegri atkvæðagreiðslu sem allir atkvæðisbærir landsmenn gætu tekið þátt í.

Undanfarna daga, virðulegi forseti, höfum við séð mótmæli almennings gegn þessum framkvæmdum. Mótmælin snúast bæði gegn því að ráðist sé í svona risaframkvæmdir sem passa engan veginn við íslenskan veruleika og beinast líka að þeirri gerræðislegu málsmeðferð sem málið hefur fengið í þinginu, bæði af hálfu hæstv. umhvrh. og hæstv. iðnrh. og einnig á Alþingi.

Við sáum í dag fjölmenni fyrir framan Alþingishúsið til þess að mótmæla þessum framkvæmdum. Mannfjöldinn bar fram þá sjálfsögðu kröfu að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla um byggingu Kárahnjúkavirkjunar áður en ráðist yrði í framkvæmdir.

Virðulegi forseti. Íslenska þjóðin hefur stáðað sig af því að vera lýðræðisþjóð. Við höfum státað okkur af því að hafa staðið vörð um lýðræðið um aldir. Við höfum státað okkur af því að búa við eitt elsta þjóðþing í heiminum. Við höfum talið okkur til fánabera lýðræðis og þess að hver einstaklingur fái að hafa um það val með atkvæði sínu hvernig á stórum málum þjóðarinnar sé haldið.

Þetta mál er eitt það stærsta sem komið hefur fyrir Alþingi, fyrir þjóðina, á síðustu áratugum. Það er því fullkomlega eðlileg lýðræðiskrafa að málið fari í þjóðaratkvæðagreiðslu áður en framkvæmdir hefjast.

Virðulegi forseti. Ég ítreka þá kröfu að áður en ráðist verði í framkvæmdir fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla um Kárahnjúkavirkjun. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt fram tillögur hér á Alþingi þar að lútandi. Við teljum að það væri bæði þingi og þjóð til sæmdar að þetta mál fengi afgreiðslu þar.

[20:09]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði. Félagar mínir úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hafa gert umhverfismálunum ítarleg skil en mig langar til að fara aðeins almennari orðum um þetta mál.

Ég hef átt sæti í iðnn. þetta kjörtímabil. Þegar ég settist á þing var staðan þannig að Landsvirkjunarmenn, þar á meðal forstjórinn, greindi iðnn. og þingmönnum frá því að vegna hugmynda um fyrirhugaða Kárahnjúkavirkjun og byggingu álvers við Reyðarfjörð væri, út frá sjónarhóli fyrirtækisins, algerlega útilokað að fyrirtækið stæði eitt að þessari uppbyggingu. Þá horfðu málin þannig við að þetta var talið allt of áhættusamt. Þá kom fram að Landsvirkjun gæti einvörðungu orðið hluthafi í slíku félagi. En síðan, eins og komið hefur fram í ræðum margra þingmanna, hefur pólitísku afli verið beitt til að fara í þessa framkvæmd. Mönnum er þá kannski sama hvað dæmið kostar enda kemur það fram í frv. og fylgigögnum þess að hér er um verulega ríkisaðstoð að ræða við uppbyggingu á atvinnustarfsemi. Þetta er sennilega stærsta ríkisvæðing sögunnar. Það skýtur skökku við hvað varðar ríkjandi stjórnarflokka vegna þess að þeir hafa notað alla sína orku síðustu tíu ár til að vinda ofan af ríkisvæðingu, eins og þeir kalla það, með sölu bankanna, nauðsynlegra ríkisfyrirtækja að mínu mati. Þeir eru jafnframt að undirbúa sölu Símans o.s.frv. Þarna er reginmunur á. Núverandi ríkisstjórn ræðst á grunnþjónustufyrirtæki samfélagsins eins og banka og aðrar stofnanir og mundar sig til að einkavæða þær. Á sama tíma á að fara í milljarðauppbyggingu með ríkisbakstuðningi, eins og hér er lagt til að gert verði, austur við Kárahnjúka og síðan á í kjölfar þess byggja álverksmiðju við Reyðarfjörð.

Þetta er líka grafalvarlegt mál í ljósi stöðu orkumála í landinu. Staða orkumála í landinu er mjög slæm fyrir landsbyggðarfólk yfir höfuð. Það eru tveir stórir eigendur að Landsvirkjun ásamt ríkinu, þ.e. að sjálfsögðu Reykjavíkurborg og Akureyrarbær sem njóta þeirrar stöðu í lágu orkuverði heima fyrir, bæði á höfuðborgarsvæði og eins á Akureyri. Hér um bil öll önnur landsvæði að undanskildu orkuveitusvæði Hitaveitu Suðurnesja fær orku frá Rafmagnsveitum ríkisins. Þegar við horfum á þessi mál í þessu samhengi opnast manni ljótur veruleiki. Menn sjá að á orkuveitusvæði Rariks er orkan seld, vegna kerfisins og uppsetningarinnar, á uppsprengdu verði til iðnaðar sem landsmenn sjálfir stunda um allt land. Það er algengt á orkuveitusvæði Rariks að menn kaupi orkuna frá 6 og upp í 9 kr., t.d. grunnorku til iðnaðar. Þetta er auðvitað óþolandi ástand. Við hefðum átt, í staðinn fyrir svona bollaleggingar, að leggja niður fyrir okkur möguleikana á að lækka orkuverð til okkar eigin iðnaðar í krafti þeirrar stöðu sem uppi var.

Það er nefnilega þannig að Landsvirkjun, miðað við núverandi ástand, þ.e. fari hún ekki í stórar framkvæmdir eins og Kárahnjúkadæmið, gæti orðið nokkurn veginn skuldlaus á 15 árum og það skapar að sjálfsögðu gríðarlega möguleika til lækkunar á orkuverði alls staðar í landinu, bæði til heimilis- og iðnaðarnota og er ekki vanþörf á. Þessi staða, stefnan sem hér er tekin leiðir til að fyrir slíka möguleika er girt. Það getur orðið um einhverja lítils háttar lækkun að ræða eins og verið hefur undanfarið en við munum girða fyrir möguleikann á stórkostlegri lækkun á raforkuverði til innlends iðnaðar og heimilisnota vegna þess að það er verið að fara allt aðra leið.

Hver er svo sú leið sem farin er til þess að framkalla þennan samning eða gefa grunn að möguleikunum á að semja um álverksmiðju í Reyðarfirði? Hún er sú að baktrygging verður að vera frá hendi ríkisins, þ.e. í gegnum Landsvirkjun.

Nú er náttúrlega svo komið, eins og almenningi er kunnugt, að borgarstjórn Reykjavíkur og bæjarstjórn Akureyrar hafa samþykkt slíka ábyrgð. Þeir aðilar hafa samþykkt þetta sem ég tel að sé ekki rétta leiðin hvað varðar okkar eigin orkunotkun í landinu.

Staðan er nefnilega þannig að verulegur hluti af iðnaði okkar í landinu er knúinn með aðkeyptri orku, mestmegnis svartolíu. Og það er alveg ótrúlegt að fara yfir sviðið og sjá að jafnvel hér innan borgarmarka Reykjavíkur eru stór og stöndug fyrirtæki sem sjá hag sínum best borgið með því að vera á innfluttu afli, þá að langmestu leyti olíu og í sumum tilfellum gasi. Víða úti um land er líka notuð olía til þess að knýja iðnfyrirtæki landsmanna. Það er t.d. mjög algengt í öllum fata-, þvotta- og safaiðnaði.

Hvernig stendur á því að við erum hér með upplegg sem tekur ekki nokkurt mið af því hvernig staðan er í landinu og hvaða möguleikar eru fyrir okkur að fara aðrar leiðir sem mundu gagnast okkur betur í hinn endann? Það er ekkert vafamál. Og nú skal ég nefna lítið dæmi, bara til þess að menn geti áttað sig betur á hlutunum. Það er dæmi um það hver ruðningsáhrifin geta orðið þegar menn sjást ekki fyrir.

Þegar Rafveita Sauðárkróks var seld Rafmagnsveitum ríkisins á sínum tíma var það þannig þar í bæ að lítið fyrirtæki eins og efnalaug keypti orkuna frá Rafveitu Sauðárkróks á rúmlega 2 krónur, 2,10. Þegar Rafmagnsveitur ríkisins yfirtóku reksturinn var sama fyrirtækinu boðin orka á yfir 6 kr. kwst. Það var reyndar byrjað með yfir 7 kr. Ruðnings/-áhrifin í litlu fyrirtæki eins og þessu þar sem vinna tvær til þrjár manneskjur eru gríðarleg. Þau gera fyrirtækinu hér um bil ókleift að starfa og það er hækkun á tilkostnaði vegna orkukaupanna sem nemur um hálfum árslaunum.

Ef við förum yfir landið í þessum dúr og leggjum niður fyrir okkur hvað við erum að gera getur vel verið — við höfum ekki gert það — mér segir svo hugur um að ruðningsáhrifin, þ.e. neikvæðu áhrifin, annars staðar í landinu verði gríðarleg og þau geti jafnvel kostað hundruð starfa. Og það er ekki bara verið að tala um ruðningsáhrif vegna viðhalds á háu orkuverði heldur er náttúrlega nefnt til sögunnar vaxandi verðbólga og hækkandi vextir, svo að eitthvað sé nefnt, og síðan gríðarleg styrking á genginu. Og bara væntingarnar við þetta verkefni hafa orðið til þess að undirstöðuatvinnugreinar landsins eru komnar í veruleg vandræði. Sjávarútvegurinn og vinnsla sjávarafurða eru komin í veruleg vandræði og þau eru ekki fyrirséð ef gengið helst áfram hátt, sem t.d. ferðaþjónustan lendir í. Við getum ekki lokað augunum fyrir því að sjávarútvegurinn er sú atvinnugrein sem dregur hingað um 50% af öllum gjaldeyri og ferðamannaþjónustan 13–14%. Og það er eins og menn hafi engar áhyggjur af því, þeir sem keyra svona mál fram, að þeir leiki sér með þessa grunnatvinnuvegi landsins.

Það er líka skoðun mín að stóriðjustefnan girði fyrir aðra uppbyggingarmöguleika í iðnaðarkostum, jafnvel iðnaðarkostum sem þurfa mikla orku. Staðan er sú að Landsvirkjun er búin beint og óbeint að lofa svo mikilli orkuafhendingu að það er ekki hlustað á aðra með aðrar hugmyndir. Þeir fá ekki áheyrn. Nýverið var uppi á borðinu norður í landi mjög áhugavert iðjuverkefni sem átti að taka það sem við gátum vel ráðið við, um 30–32 megavött í orku, hreinlegt fyrirtæki sem átti að skapa 150 manns vinnu. Aðferðin sem er notuð til þess að koma mönnum út af borðinu er náttúrlega sú að bjóða þeim einungis hátt orkuverð, menn sem ráða hafa hreinlega ekki áhuga á því í krafti stóriðjustefnunnar að gefa öðrum möguleika á því að koma að borði. Það er svo einfalt í mínum huga.

Og það er sorglegt til þess að vita að umrætt fyrirtæki endaði í Svíþjóð vegna þess að þar fékk það nákvæmlega sömu fyrirgreiðslu og verið er að gefa álverksmiðju í Reyðarfirði vilyrði fyrir hér, þ.e. bakstuðning ríkisins fyrir gríðarlegum upphæðum og síðan alls konar fríðindi í sambandi við iðnaðargjald, markaðsgjald, fasteignaskatta, tekjuskatta, eignarskatta, stimpilgjöld o.s.frv.

Hvers vegna í ósköpunum hengja menn bara í sig þennan kost ef þeir eru svona áfram um uppbyggingu á orkufrekum iðnaði? Hvers vegna eru ekki uppi á borðinu tilsvarandi ívilnanir til annarra sem eru að sækja á og hafa hugsanlega áhuga á því að byggja eitthvað upp í landinu sem gæti verið meira í sátt við náttúruna og eitthvað sem við mundum auðveldlega ráða við?

Það eru augljóslega margir virkjanakostir í landinu upp á 10, 20, 50, jafnvel 70 megavött sem við getum á tiltölulega auðveldan hátt orðið sammála um að fara í, í rólegum, föstum skrefum til áframhaldandi uppbyggingar á atvinnulífinu og iðnaðinum í landinu. En það er eins og menn fái aldrei nóg. Ég efast um að þjóðin átti sig á því að þessi biti sem leiðir af sér Reyðarálsdæmið, þ.e. álbræðsluna í Reyðarfirði, er ekkert smáræði. Hér er um að ræða rúmlega fjórar Blönduvirkjanir og það er erfiðleikum háð fyrir fólk að gera sér grein fyrir því hversu gríðarlegt dæmi er hér á ferðinni, með algjörlega ófyrirséðum afleiðingum. Og það er sannarlega ástæða til þess að hafa áhyggjur af því hvað muni gerast í kjölfar þessara framkvæmda gagnvart öðru atvinnulífi í landinu. Ég nefndi orkuþáttinn en hann er auðvitað bara einn þáttur af því sem er að gerast. Hátt gengi er þegar farið að valda sjávarútveginum vandræðum eins og ég sagði áðan. Síðan eru vaxtamálin, að maður tali ekki um stöðu fjölskyldna í landinu sem þurfa að þola meiri verðbólgu og hærri vexti.

Það er eins og þeim sem tala fyrir þessu verkefni sé alveg sama um hvað gerist annars staðar, það komi þeim ekkert við. Og það er ekki farsæll búskapur að miða alltaf að einhverju nýju og eyðileggja undir sér allt það sem maður á og hefur staðið með manni áratugum saman.

Hvernig stendur á því að menn vilja fara þessar leiðir? Hvernig stendur á því að mönnum er sama um það sem þjóðin hefur búið í haginn fyrir sig, og telja sig geta samþykkt á færibandi að selja stofnanir eins og banka eins og ekkert sé og síðan að fara í svona glæfraspil, að ég tel, með ríkisbakábyrgðum og ríkisvæddri uppbyggingu atvinnulífs? Þetta er ekki einu sinni í anda þeirrar stefnu sem keyrt er eftir í þinginu.

Hvernig stendur á því að sama fólk, sömu hv. þm., hlær að því og segir að við séum gamaldags hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði þegar við leggjum til bakábyrgðir vegna uppbyggingar í fiskeldi, t.d. í lúðueldi þar sem við erum 80% framleiðendur á öllum lúðuseiðum í heiminum? Við flytjum megnið af þessu út vegna þess að aðrar þjóðir eru með stofnstyrki til áframeldis á fiskinum. Seiðin fara í tugþúsundavís í pokum í flugvélum til útlanda til áframhaldandi eldis. Hvar mundi svoleiðis fyrirtæki standa ef það væri með tilsvarandi samninga í grunninn hvað varðar orku, baktryggingar, alls konar gjöld og jafnvel stofnstyrki? Auðvitað væri hægt að vera með fjölbreytt atvinnulíf og koma ýmsu í kring ef það væri vilji manna yfir línuna, og væri að okkar mati hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði miklu farsælla en að standa í þessu stóra höggi einu og sér á einum stað. Það er hægt að

nefna mýmörg dæmi í þessum dúr sem hægt væri að fara í. Það eru allir sammála um það.

Haldið þið að iðnrekendum á Íslandi fyndist ekki fínt ef orkukaup frá veitunum okkar væru tengd verði t.d. á fiskinum þannig að ef illa gengi í útlöndum færi verðið niður? Það eru engir slíkir samningar í boði fyrir það atvinnulíf sem við höfum þegar hér í landinu.

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins fara í þetta mál í almennum atriðum en í dag hefur berlega komið í ljós að hér á ekkert að stöðva. Þeir hv. þm. sem keyra þetta mál áfram fá aldrei nóg. Áfram skal haldið. Nú skal stækka í Straumsvík, eins og menn vita, og það er búið að gefa loforð fyrir því. Það skal stækka Norðurál og það vita menn, menn vilja álver í Eyjafjörð og menn vilja álver í Skagafjörð. Það er ekki aldeilis að þessari vegferð sé lokið því að menn vilja halda áfram. Það er augljóst mál.

Og þá er það spurningin: Hvar á að virkja? Það vilja menn ekki horfast í augu við enda hefur ekki verið samþykkt eða farið í gegnum nýja áætlun í þinginu, t.d. um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Ríkisstjórnin forðast eins og heitan eldinn að setja upp nokkurt plan í þeim dúr vegna þess að menn ætla að halda áfram á þessari braut. Og það er virkilega það sem er umhugsunarefni í þessu dæmi öllu.

Ef þessir villtustu draumar rætast innan tíu ára og menn geta yfir höfuð — enginn sem tjáir sig á hinu háa Alþingi getur farið nógu hratt í þetta mál. Menn vildu sjálfsagt helst stækka og byggja ný álver annað hvert ár ef þeir kæmust upp með það og gætu það. Þannig er innstillingin. Menn vilja fara í Straumsvík og menn vilja fara í Norðurál og menn vilja fara í ný verkefni norður í Eyjafirði og þar fram eftir götunum. Bara miðað við þessi verkefni sem eru á blaði hjá mér verður orðið harla lítið eftir af virkjunarmöguleikum í landinu þegar þau eru búin. Þá verður ansi lítið eftir af orku til þess að fara í stóra drauma, t.d. um vetnisvæðingu landsins. Það er bara ekki hægt, það er búið að girða fyrir það. Hér rekst hvað á annars horn.

Og hvar eru menn tilbúnir að staldra við? Ætla menn í Skaftá og Langasjó á grunni þessara villtu drauma? Ætla menn í Dettifoss og jafnvel Gullfoss? Hæstv. iðnrh. hristir höfuðið en það eru ekki nema kannski þrjú ár síðan hæstv. iðnrh. hefði hrist höfuðið varðandi Norðlingaölduveitu og Þjórsárver, hefði sagt að ekki dytti nokkrum manni það í hug, og menn hristu bara hausinn yfir því að það ætti að fara að skurka þar. Þannig er bara staðan og hlutirnir breytast. Og það er möguleiki að taka vatn af vatnasvæði Dettifoss yfir í þetta nýja verkefni ef mönnum sýnist svo. Það var kallaður langstærsti draumurinn og byggði á stíflu þar norður frá. Ef peningasjónarmiðin eiga að ganga og stóru dæmin að ganga upp svífst það fólk einskis sem leggur slíkt mat á hlutina, það bara heldur áfram. Samkvæmt því sem búið er að segja í dag lítur út fyrir að það verði stöðugur barningur fyrir því hvernig eigi að fara í næsta skref.

Um þessa heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði er hér mikið frv., þar er fjallað um þetta 322 þús. tonna álver og staðreyndirnar um það. Þar er líka ítarefni um lóðina og hafnarmannvirkin, hvernig þau verða, t.d. varðandi höfnina kemur nú í ljós að hún á að geta rekið sig en það kemur á sveitarfélögin að borga niður stofnkostnað. Það er ítarefni um fjárfestingarsamninga, skatta og gjöld til ríkisins og um skatta til sveitarfélaganna. Síðan er farið yfir þetta ríkisaðstoðardæmi sem er búið að senda ESA til umsagnar. Það verður gaman að sjá hvað kemur út úr því vegna þess að það klingir alltaf á okkur sem viljum einhvers konar bakstuðning frá ríkinu eða framlög til atvinnuuppbyggingar að það megi ekki út af samkeppnismálum. En kannski verður það allt í lagi hér af því að ríkisstjórnin hefur áhuga á því og mun keyra það fram. Það er nú svoleiðis úti í Evrópu að ef ríkisstjórnirnar keyra mál fram af hörku virðast þau ganga betur fyrir sig en önnur mál í þessu stóra kerfi. Það er líka ítarefni um rafmagnssamninginn frá væntanlegri Kárahnjúkavirkjun.

Ég er fulltrúi í iðnn. fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð og ég hlakka til að funda um þessi mál og fara ítarlega ofan í þetta frv. á milli umræðna en læt máli mínu lokið hér, virðulegi forseti.

[20:30]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Hér hefur í allan dag verið til umræðu frv. til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði. Nú þegar ég tek til máls kl. 20.30 er salurinn svo til mannlaus. Það breytir því ekki að ég ætla að leggja orð í belg og tjá mig um þetta stóra mál.

Ég hef lengi haft miklar efasemdir um viturleika þess að Íslendingar fylgi stóriðjustefnu. Ég tel að mun farsælla sé fyrir okkur að nýta fegurð fjalla og hreinleika íslenskrar náttúru á umhverfisvænan hátt, svo sem með því að geta státað af stærstu ósnortu víðernum í Evrópu. Samkvæmt skilgreiningu á ósnortnu víðerni er gert ráð fyrir að ekki séu neinar raflínur, miðlunarlón, orkuver eða uppbyggðir vegir í a.m.k. 5 km fjarlægð og ekki gæti beinna ummerkja mannsins. Þar fær náttúran að þróast án álags vegna mannlegra umsvifa.

Enginn má við margnum, segir gamalt máltæki. Þegar lög um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal voru samþykkt á hinu háa Alþingi í apríl sl. greiddi ég þeim ekki atkvæði heldur lýsti því yfir að mín sýn á framtíðina væri önnur og hið sama mætti segja um marga sjálfstæðismenn sem ég er málsvari fyrir. Ég er þó hlynnt því að nýta auðlindir okkar innan hóflegra marka og á sjálfbæran hátt. En ég tel að snúa þurfi við orkustefnu Íslendinga og nota aðra og vistvænni orkugjafa, svo sem jarðhita. Við verðum að hætta að einblína á orku úr vatni og hætta að einblína á mengandi stóriðju. Núverandi virkjunaráform sem samþykkt hafa verið af Alþingi munu skaða hálendi Íslands meira en hægt er að sætta sig við.

Í gær barst mér í tölvupósti bréf frá GPÓ, sem hlýtur að vera Guðmundur Páll Ólafsson. Þar er lýst stórfelldum breytingum á náttúru, með leyfi forseta:

„Eitt stærsta og aurugasta fljót landsins, Jökulsá á Brú, verður ekki lengur til, vatnið fellur í lón við jökul og verður síðan veitt í Lagarfljót.

Einstakar fossaraðir í Jökulsá í Fljótsdal, Kelduá og Sauðá hverfa.

Um 60 fossar hverfa eða raskast.

Hálslón verður á stærð við Hvalfjörð með 70 metra mun „flóðs og fjöru".

Ómetanlegum víðernum og jarðsögumenjum verður eytt.

Stórum búsvæðum hreindýra og fugla verður eytt.

Stærsta meðvitaða gróðureyðing í Íslandssögunni.

40 ferkílómetrum af fágætu gróðurlendi verður drekkt.

Á vorin munu 20 ferkílómetrar gróins lands verða þaktir jökulaur.

Nýjar jökulárleirur fjúka upp og eyða tugum ferkílómetra af gróðurlendi þegar uppblástur fer af stað.

Landgræðslan leggst gegn framkvæmdinni vegna mikillar gróðureyðingar."

Herra forseti. einnig er fjallað í bréfinu um óraunhæfar mótvægisaðgerðir:

„Binda á 14–20 ferkílómetra af jökulleir með rykbindiefninu lignín súlfati á hverju vori.

Gljúfur Jökulsár á Brú virkar sem sandgildra fyrir foksand.

Mótvægisaðgerðir felast m.a. í því að búa til nýjar sandgildrur!

Byggður verður 1 m hár og 15 km langur garður á austurbakka Hálslóns til að stöðva sandfok.

12,5 milljón rúmmetrum af jarðvegi verður dælt ofan í Hálslón svo að hann fjúki ekki burt.

Hálendisgróðurinn verður „styrktur" með áburðargjöf til að verjast áfoki.

Kárahnjúkastífla verður tveir og hálfur Hallgrímskirkjuturn á hæð (190 m).

Neðst verður Kárahnjúkastífla jafnbreið hæð Esjunnar (700 m).

Aðrennslisgöng verða 70 km, margfalt lengri en veggöng á landinu."

Marvísleg neikvæð efnahagsáhrif verða af framkvæmdunum eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Tap á náttúrugæðum mun nema milljörðum króna.

Eftir fyrirhugaðar framkvæmdir verða yfir 80% raforku seld stóriðju.

Tekjur tengdar álverði eru mun sveiflukenndari en fiskveiðar.

Virkjunin eykur fjárskuldbindingar Reykvíkinga um 65 milljarða króna.

Rekstrarhalli verður 2,5 milljarðar króna á ári miðað við núverandi álverð.

Rekstrarhallinn svarar til 35% hækkunar á raforku til almennings.

Almennir vextir munu hækka um 2% á framkvæmdatíma.

Fresta verður fyrirhuguðum opinberum framkvæmdum."

Herra forseti. Þessar aðgerðir eru þvert á nútímastjórnunarhætti.

„Rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um helstu virkjanakosti sýnir að Kárahnjúkavirkjun veldur hvað mestum umhverfisspjöllum en er ekki meðal hagkvæmustu kosta þrátt fyrir stærð.

Mikill meiri hluti þjóðarinnar er hlynntur þjóðgarði norðan Vatnajökuls.

Þjóðgarður og virkjun fara ekki saman.

Náttúruvernd ríkisins og aðrar fagstofnanir ásamt Skipulagsstofnun höfnuðu Kárahnjúkavirkjun vegna umtalsverðra og óafturkræfra umhverfisáhrifa.

Skipulagsstofnun taldi hagrænar forsendur virkjunarinnar veikar.

Náttúruverndarsamtök Íslands o.fl. stefna umhverfisráðherra vegna úrskurðar um umhverfismat Kárahnjúkavirkjunar. Málið er enn óútkljáð."

Herra forseti. Þá eru talin upp atriði sem talin eru bera vott um gamaldags vinnubrögð og atvinnuhætti:

„Stórfelldir vatnaflutningar heyra sögunni til enda hafa þeir reynst illa.

Kárahnjúkavirkjun verður skammlíf og er óendurnýjanleg en breytir endurnýjanlegri auðlind í eyðimörk.

Virkjun og stóriðja drepa í dróma fjölbreytt mannlíf sem byggir á menntun, fjölbreyttri menningu, sköpunargleði og frumkrafti einstaklinga.

Kárahnjúkavirkjun eyðileggur möguleika þeirra sem vilja nýta landið til náttúruskoðunar og sjálfbærrar ferðamennsku."

Herra forseti. Þetta var tilvitnun í tölvubréf frá Guðmundi Páli Ólafssyni.

Nú erum við komin að næsta hluta leikritsins, álverinu sjálfu. Ég hef séð fyrir mér setninguna: „Ef við fáum ekki álver, þá erum við farnir." Það hef ég ímyndað mér að Reyðfirðingar hafi sagt. En ég segi: „Ef þið fáið álver, þá farið þið." Ég tel að arðsemi af fyrirhuguðum framkvæmdum sé ekki slík að hún réttlæti svo stórfelld náttúruspjöll.

Önnur hlið er á þessu máli. Það er sú sem við ræðum nú, álver við Reyðarfjörð. Fyrirhuguð staðsetning þessa álvers er í um 5 km fjarlægð frá þéttbýlinu á Búðareyri. Við könnun sem fram fór á vegum staðarvalsnefndar í tíð Jóns Sigurðssonar sem iðnrh. voru kannaðir ýmsir kostir, svo sem Keilisnes, Eyjafjörður og Reyðarfjörður. Þar var mælt gegn því að álver yrði byggt í firði. Þannig háttar til í fjörðum að veðraskil eru slík að kalt loft lendir undir, það er einföld eðlisfræði, en heitt ofan á. Brennisteinsdíoxíð SO_2 sem er mengandi efni í útblæstri frá álverum lendir á milli þessara laga, kalda lagsins og heita lagsins í firði. Það safnast þar saman, einkum í logni. Í Reyðarfirði háttar svo til að logn er um 46% af tímanum. Til samanburðar má nefna að ég held að í Reykjavík sé logn um 7% af tímanum en í Reyðarfirði er logn hátt í helming tímans.

Áðurnefnd staðarvalsnefnd skoðaði þann kost að reisa álver við Eyjafjörð og var þá talið að í 13 km fjarlægð frá Akureyri væri nokkuð víst að ung börn, astmaveikir og gamlir fengju einkenni frá lungum eftir 2–4 daga logn. Eftir 2–4 daga logn er talið að jafnvel í 13 km fjarlægð frá álveri fái astmaveikir, gamlir og ung börn einkenni frá lungum. Í lygnum firði eins og Reyðarfirði þar sem fjarlægðin er enn minni, eða 5 km, má vera ljóst — alla vega ályktar ég þannig, að óbúandi geti orðið á Búðareyri í námunda við álver. Þess vegna segi ég við Reyðfirðinga: Ef þið fáið álver þá eruð þið farnir.

Heilsufarshlið málsins hefur ekki mikið verið rædd. Að vísu hefur nokkuð verið fjallað um þann hreinsibúnað sem setja á á fyrirhugaða verksmiðju. Ég verð að segja að eftir meira en 30 ára reynslu Íslendinga af álverum hljótum við að gera ýtrustu kröfur til þess hreinsibúnaðar sem þar er komið fyrir. Við hljótum að gera kröfur um það að hann sé það nútímalegasta og besta sem fáanlegt er. En við vitum jafnframt að slíkt kostar peninga. Því kemur ekki á óvart að sjá á bls. 56 í frv. því sem hér um ræðir, neðanmáls fyrir neðan töflu 3 þar sem fjallað er um samanburð á magni frárennslis og magni efna í frárennsli frá álveri Alcoa-Reyðaráls og álveri Reyðaráls.

Þar segir neðanmáls, með leyfi forseta:

„Alcoa er að skoða mögulegar hreinsiaðferðir til þess að uppfylla umhverfismörk og stærð þynningarsvæðisins án vothreinsunar, í samræmi við markmið fyrirtækisins um að koma algjörlega í veg fyrir frárennsli frá álverum sínum. Sá möguleiki er fyrir hendi að niðurstöður athugunar Alcoa verði þær að vothreinsun sé nauðsynleg við álverið."

Á bls. 55 er fjallað nokkuð um losun mengandi efna úr úrskurði Skipulagsstofnunar, þar á meðal svifryks, koldí-

oxíðs og flúorkolefnissambanda frá álverinu. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Skipulagsstofnun telur að fyrstu niðurstöður loftdreifingarreikninga fyrir breytingar á áformum byggingar álvers í Reyðarfirði sýni að ólíklegt sé að styrkur flúors og brennisteinstvíoxíðs muni fara yfir umhverfismörk utan þynningarsvæðis."

En þá veltir maður fyrir sér, og ég vil skjóta því hér inn í, hversu stórt þetta þynningarsvæði sé og hversu nálægt byggðinni. Á bls. 69 má sjá að þynningarsvæðið nær um það bil í eins km fjarlægð frá þéttbýlinu á Búðareyri. Áfram segir á bls. 55 í frv.:

„Fram hefur komið í umsögnum að gæði veðurfarsgagna sem dreifing mengunarefna byggist á séu háð óvissu." — Ég vil aftur skjóta inn að um það er ekki óvissa þegar ég segi að það logn sé í Reyðarfirði 46% á tímanum. — „Skipulagsstofnun telur þessa óvissu ásamt landnotkun og friðlýstu svæði í nágrenni álversins gera það að verkum að nauðsynlegt verði að fylgjast með styrk flúors í lífríki í andrúmslofti innan sem utan þynningarsvæðis eins og gert var ráð fyrir í úrskurði stofnunarinnar frá 31. ágúst 2001. Einnig telur stofnunin nauðsynlegt að fylgst verði sérstaklega með styrk brennisteinstvíoxíðs í andrúmslofti innan sem utan þynningarsvæðis.

Skipulagsstofnun telur að fyrir liggi a.m.k. annar raunhæfur kostur um mótvægisaðgerðir vegna magns brennisteinsdíoxíðs í útblæstri sem komi til álita, þ.e. vothreinsun, leiði vöktun í ljós óásættanleg umhverfisáhrif. Nánari ákvarðanir um slíka vöktun umhverfisáhrifa eru á höndum starfsleyfisveitanda, Hollustuverndar ríkisins."

Mér finnst augljóst, herra forseti, að verði af byggingu þessa álvers, sem mér sýnist stefna í vegna þess þorra þingmanna sem styður þetta mál, þá verði að gera slíkar kröfur, setja þessar kröfur í starfsleyfi frá Hollustuvernd ríkisins, Umhverfisstofnun. Annað er ekki boðlegt nútímaþjóðfélagi.

Mér finnst líka sem sjálfstæðismanni erfitt að standa að því að auka hlut ríkisins með svo afgerandi hætti sem hér er gert ráð fyrir. Víða um heim eru opinberir aðilar að draga sig út úr atvinnurekstri og einkavæðingarstefna hæstv. ríkisstjórnar hefur einmitt miðað að því, auk þess að gera sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Þess vegna meðal annars er þetta stílbrot. Væri markaðurinn látinn ráða ferðinni má telja líklegt að landslagið yrði annað því að mikil óvissa er um afkomuna.

Eins og fram hefur komið í máli mínu hef ég miklar efasemdir um margar hliðar stóriðjustefnu. Við búum í landi sem ekki hefur hráefni til stóriðju af þessu tagi. Við ráðum ekki mörkuðum sem taka við afurðinni fyrir utan það að öll egg eru sett í sömu körfu ef eingöngu er miðað við eina tegund stóriðju sem nýtir megnið eða jafnvel 80% af virkjaðri orku landsins. Ég get ekki séð að þetta dæmi gangi upp.

Svo hryggir það mig að vita fallegan, lygnan fjörð sitja uppi með álver til langframa. Ég tel að fegurðinni sé fórnað að óþörfu. Við erum fyrsta nútímaþjóðfélagið til að láta klukkuna ganga aftur á bak. Eftir að hafa komist hjá iðnvæðingu í allar þessar aldir mun Ísland verða fyrsta nútímaríkið til að iðnvæðast, eins og listakonan þekkta, Roni Horn, sagði í grein í Morgunblaðinu 27. júlí 2002.

Öll rök um að við Íslendingar verðum að fórna óvirkjuðu vatnsafli okkar í þágu heimsins til að ekki þurfi að framleiða ál með orku frá kolum eða olíu falla um sig sjálf þegar til þess er litið að gríðarlegt óvirkjað vatnsafl finnst víða í heiminum, t.d. í Afríku, í Asíu og í Suður-Ameríku.

Í grein sem ég las nýlega eftir Júlíus Sólnes, prófessor í umhverfis- og byggingarverkfræði, segir, með leyfi forseta:

„Í yfirliti Alþjóðaorkumálastofnunarinnar um virkjað og óvirkjað vatnsafl í heiminum kemst Ísland ekki einu sinni á blað. Í Venesúela eru sumar árnar virkjaðar í mörgum þrepum upp á þúsundir megavatta, og álverin eru þar í röðum. Nánast öll lönd Vestur-Evrópu nema Ísland hafa hafnað frekari álvershugmyndum þar sem þau vilja ekki eyða takmarkaðri orkuframleiðslu sinni til slíkra hluta. Norðmenn, sem eru stórir álframleiðendur, hafa þannig ákveðið að hætta frekari nýtingu vatnsafls vegna of mikilla umhverfisspjalla og þar með er frekari áliðnaður þar útilokaður. Vestur-Evrópuríkin, nema Ísland, líta orðið svo á að áliðnaður eigi frekar heima í þriðjaheimsríkjum. Þau horfa miklu frekar til þekkingar- og upplýsingaiðnaðar sem hæfir betur menntunarstigi þeirra."

Nokkru síðar í greininni segir prófessorinn:

„Ef menn vilja í raun styrkja byggð á Austfjörðum verður það ekki gert með stóriðjuverum sem hafa takmörkuð áhrif. Aukin menntun, bættar samgöngur og hugsanlegur atvinnuþróunarsjóður til styrktar nýsköpun í atvinnulífinu mundi gagnast miklu betur heldur en stóriðjudraumar síðustu aldar. Ef Landsvirkjun er ætlað að verða byggðaþróunarstofnun gæti fyrirtækið alveg eins útvegað fjármagn í slíkan atvinnuþróunarsjóð í stað þess að stórauka viðskiptahallann á næstu árum með óarðbærum framkvæmdum eins og Kárahnjúkavirkjun líklegast er."

Herra forseti. Því miður virðist sem svo að flestir hv. þingmenn séu á annarri skoðun hvað þetta varðar. Ég hef fyrst og fremst lagt áherslu í máli mínu á umhverfishlið málsins en einnig heilsufar og heilbrigðissjónarmiðið. Megnið af þingmönnum úr mínum flokki, Sjálfstfl., og Framsfl. og úr Samfylkingunni styðja þetta mál. Og kannski má segja að við sem viljum halda í fegurðina, heilsuna og hugvitið séum eins og rödd hrópandans í eyðimörkinni. Það er þá ekki í fyrsta sinn. En a.m.k. er ljóst að ekki verður búseta eftirsóknarverð á Reyðarfirði þegar álver þetta hefur verið reist, því miður.

[20:52]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er akkúrat á þveröfugri skoðun við hv. síðasta ræðumann. Ég tel að það sé afskaplega ánægjulegt tilefni að vera hér með kvöld- og næturumræðu og fjalla um frv. til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði. Ég held að það séu ekki einungis Austfirðingar sem gleðjist. Ég held að þegar við förum að fá tekjurnar af þeim framkvæmdum, af framleiðslunni sem þarna á að fara fram, í budduna okkar fari fleiri að gleðjast.

Meiri hluti landsmanna er stuðningsmenn þessara framkvæmda þannig að ég hef ekki nokkrar einustu áhyggjur af því að menn muni ekki gleðjast allt í kringum landið, á Reyðarfirði og annars staðar.

En ég ætla aðeins, hæstv. forseti, að vitna í grein eftir dr. Þorkel Helgason orkumálastjóra sem birtist í sunnudagsblaði Morgunblaðsins. Þar fer orkumálastjóri yfir ýmis atriði tengd virkjunarmálum og leiðréttir ýmsar rangfærslur um virkjunarmál. Hann fer m.a. yfir rennslisvirkjanir sem stundum hafa verið nefndar sem annar kostur á móti Kárahnjúkavirkjun. Þar færir hann rök að því að slíkar rennslisvirkjanir muni alls ekki gefa sömu orku og séu hreinlega ekki hagkvæmar með sama hætti og þær virkjanir sem við erum að stefna á

við Kárahnjúka. En ég ætla að vitna sérstaklega til þess þar sem hann talar um rammaáætlunina af því að hún hefur verið notuð hér í umræðunni. Í greininni segir, með leyfi forseta:

„Rammaáætlun er umfangsmikið verkefni sem felst í því að endurmeta orkukosti okkar, bæði með tilliti til hagkvæmni og umhverfisáhrifa, en líka áhrif á byggð og ferðamennsku. Verkefninu var hrundið af stað af iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra fyrir fjórum árum og stendur enn yfir. Engin endanleg niðurstaða" — hæstv. forseti, engin endanleg niðurstaða — „er fengin en visst tilraunamat á nokkrum jökulvötnum var birt á nýliðnu ári; m.a. mat á Kárahnjúkavirkjun. Virkjunin var metin meðal þeirra alhagkvæmustu með tilliti til orkukostnaðar." — Síðar í greininni segir: „Þannig var Kárahnjúkavirkjun talin valda umhverfisspjöllum sem metin voru til 12 stiga á sama tíma og t.d. ein af mögulegum virkjunum Skjálfandafljóts fékk 4 stig. Er þar með rétt að álykta að Kárahnjúkavirkjun sé þrefalt verri en sú síðarnefnda? Engan veginn. Virkjun í Skjálfandafljóti gæfi aðeins tólfta hluta af orku Kárahnjúkavirkjunar. Til að framleiða sömu orku og Kárahnjúkavirkjun þyrftum við að reisa 12 virkjanir af þeirri stærð sem Skjálfandafljót gefur." — Svo segir áfram, hæstv. forseti: „Líklegt má telja að samanlögð umhverfisáhrif þeirra yrðu meiri en Kárahnjúkavirkjunar. Og að þar með sé bæði hagkvæmara og umhverfisvænna að virkja við Jökulsá á Brú en 12 virkjanir á borð við Skjálfandafljót."

Hæstv. forseti. Þetta eru býsna léttvæg rök þegar verið er að tala um það tilraunamat sem fram hefur farið í vinnu við rammaáætlun. Ég vildi draga það hér fram og ég vil einnig vitna hér áfram í orð orkumálastjóra þar sem hann segir:

„Orkulindir okkar eru vannýttar. Við gætum framleitt um sexfalt meira rafmagn en nú er gert, og er þá búið að slá verulega af möguleikunum af umhverfisástæðum. Við hljótum að vilja nýta þessar endurnýjanlegu auðlindir okkur til hagsbóta. Og okkur ber siðferðileg skylda til að gera það öllu mannkyni til góða."

Svo mörg voru þau orð, hæstv. forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að þetta komi fram í þeirri einlitu umræðu sem hér hefur farið fram um Kárahnjúkavirkjun við þessa umræðu sem fjallar nú reyndar um álverið við Reyðarfjörð.

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða framkvæmd sem mun hafa gífurlega góð og mikil efnahagsleg áhrif og við eigum eftir að njóta góðs af því um ókomna framtíð að í þessar framkvæmdir verði ráðist. Þar er um að ræða fleiri stoðir undir atvinnulífið, þar er um að ræða mikla atvinnusköpun. Við erum að tala um bætt lífskjör í landinu, við erum að tala um auknar útflutningstekjur og almennt er þetta algjörlega nauðsynleg innspýting í efnahagslífið á þessum tímapunkti.

Svo vitnað sé í athugasemdir með frv. þá segir að athugunin bendi til að framleiðslustig þjóðar- og landsframleiðslu á framkvæmdatíma verði að jafnaði 3% hærri en ef ekkert væri að gert, og að árlegur hagvöxtur á árunum 2005 og 2006 verði um 5%. Þetta eru auðvitað heilmikil tíðindi, hæstv. forseti, enda er það svo að bæði Samtök atvinnulífsins og ASÍ hafa stutt það af mikilli einurð að ráðist verði í þessar framkvæmdir. Það er nú bara þannig, hæstv. forseti, að menn sjá mikinn hag af þessu.

Forsvarsmenn þeirra fyrirtækja sem ég hef rætt við telja að þarna sé um mjög áhugavert verkefni að ræða. Við þingmenn Sjálfstfl. vorum í fyrirtækjaheimsóknum á Norðurlandi og þar kom fram hjá forsvarsmönnum fyrirtækja að þeir eru á fullri ferð að undirbúa sig undir það að taka þátt í þessum verkefnum. Ég veit ekki, hæstv. forseti, hve lengi menn ætla að berja hausnum við steininn með það að þarna sé um góða innspýtingu í efnahagslífið að ræða. Ég átta mig ekki á þeim endalausa málflutningi að allt sé á leið norður og niður ef við fáum auknar framkvæmdir inn í landið. Það er satt að segja alveg ótrúlegt að hlusta á þetta endalaust.

Ég er ekkert að gera því skóna að það hefði verið ráðist í þessar framkvæmdir til þess að styrkja byggð á Austurlandi. Það er ekki sá grunnþáttur sem menn hafa fyrir framan sig. Það vill hins vegar þannig til að sem betur fer mun þessi framkvæmd hafa gífurlega góð byggðaleg áhrif á Austurlandi en hún mun einnig hafa mjög mikil byggðaleg áhrif allt í kringum landið. Við getum skoðað framkvæmdir af svipuðum toga, þó að minni hafi verið, við Grundartanga, þau gífurlega góðu byggðalegu áhrif í Borgarfirði og á Akranesi sem hafa orðið við þær stóriðjuframkvæmdir sem var ráðist í þar. Auðvitað á að halda áfram á þeim nótum.

Straumsvík. Ætli Straumsvík hafi ekki haft býsna mikil byggðaleg áhrif í Hafnarfirði og hér á höfuðborgarsvæðinu? Þurfa menn að skoða það dæmi mjög lengi til þess að sjá það? Ég held ekki. Ég held að einmitt þessi dæmi rökstyðji það að byggðalegu áhrifin munu verða mikil og þetta mun hafa áhrif um allt land. Þetta mun hafa byggðaleg áhrif þannig að efnahagslífið mun taka kipp. Og fyrirtæki um allt land þrífast, þarna er um gífurlega stórar og miklar framkvæmdir að ræða og fyrirtæki um allt land munu taka þátt í þeim.

Sú umræða sem hér hefur farið fram um að menn séu ekki að gera neitt í atvinnumálum, í byggðamálum, í uppbyggingu atvinnulífsins nema hugsa um uppbyggingu álvers og nýtingu fallvatna er fráleit. Þetta er verkefni sem hefur tekið mikinn tíma í umræðunni sem hefur þá líka aftur skyggt á önnur góð verkefni sem menn eru að vinna að víða um land, bæði á vegum hins opinbera og einkafyrirtækja. Af umræðunni mætti halda að við værum eingöngu að tala um að á Austurlandi ætluðu menn ekki að lifa af öðru en álveri þegar það er komið til. Það vill samt þannig til að á Austurlandi er býsna traustur sjávarútvegur. Þróunin í honum er hins vegar sú að með aukinni tæknivæðingu verður mannaflaþörfin sífellt minni þannig að augljóslega þarf að huga að öðrum atvinnukostum og það hafa menn nú gert. Sjávarútvegsfyrirtæki á Austurlandi hafa lagt í miklar fjárfestingar varðandi fiskeldi, laxeldi og þróunarverkefni af þeim toga sem mun auðvitað til framtíðar skila miklu inn í íslenskt þjóðarbú. Ferðaþjónustan mun njóta góðs af þeim miklu umsvifum sem þarna verða því að vandamálin í ferðaþjónustunni eru þess eðlis að ferðamannatíminn er afar stuttur og mönnum hefur gengið illa að greiða niður fjárfestingar í ferðaþjónustunni. Satt að segja er ekki góð afkoma af ferðaþjónustu sem gjarnan hefur þó verið nefnd sem bjargvættur alls af þeim sem ekki vilja ráðast í byggingu álvers. En einmitt það að þessar miklu framkvæmdir eru að fara af stað mun valda því að menn fá inn aukin umsvif í ferðaþjónustunni og auknar tekjur utan háannatíma. Þessar framkvæmdir munu því hafa gífurlega góð áhrif á ferðaþjónustu á svæðinu, og veitir satt að segja ekki af.

Í skýrslum sérfræðinga hafa verið leidd rök að því að þessar framkvæmdir muni einnig hafa mikil áhrif á aðrar atvinnugreinar, jákvæð áhrif, og er þar landbúnaður sérstaklega nefndur til. Ekki veitir af, hæstv. forseti.

Við horfum auðvitað mjög sterkt á atvinnusköpunina. Ég heyrði það haft eftir prófessor hjá Háskóla Íslands að það væri sérkennilegt við efnahags- og atvinnumálaumræðu á Íslandi, miðað við önnur lönd, að hér legðu menn mesta

áherslu á hvað einstök fyrirtæki sköpuðu mörg störf, ekki hversu mikill hagnaður kæmi út úr atvinnustarfseminni. Ég held að skýringin á þessu sé afskaplega einföld. Við Íslendingar viljum hafa atvinnu. Það er bara í okkar þjóðarsál. Ég held að það sé hreinlega innbyggt í okkur að við getum ekki hugsað okkur atvinnuleysi og þær hörmungar sem það leiðir til. Við þurfum ekki að horfa mjög langt aftur til þess að muna atvinnuleysistíma og þá hefðu menn gjarnan viljað fá þau tækifæri sem hér eru fram undan. Þegar við horfum til þess núna að þessar framkvæmdir eru að komast af stað passar það afskaplega vel inn í efnahagskerfið eins og það er um þessar mundir. Atvinnuleysi hefur því miður aukist og fyrirtæki hafa sagt að þau mundi draga úr vinnuafli, fækka starfsfólki. Allt ber þetta að sama brunni, hæstv. forseti. Við eigum að ráðast í þessar framkvæmdir nú og það er fagnaðarefni. Það hefur verið horft til þess og nefnt víða að þjóðgarðar mundu skapa álíka mörg störf og þetta álver, og jafnvel hefur verið nefnt að það mundi skapa mörgum sinnum fleiri störf.

Stofnuð hefur verið nefnd um verndarsvæði eða þjóðgarð norðan Vatnajökuls og við sem erum í þeirri nefnd áttum fundi nýlega með hagsmunaaðilum, ferðaþjónustufólki og umhverfissamtökum á Norður- og Austurlandi og var sú umræða öll mjög áhugaverð. Það kom hins vegar berlega í ljós að á Austurlandi geta menn ekki hugsað sér að þjóðgarður norðan Vatnajökuls yrði með þeim hætti að hreindýraveiðar yrðu bannaðar. Umsýsla um hreindýr skapar þó nokkur störf á Austurlandi og það var alveg sama hvar menn töldu sig standa sem umhverfissinna, það var samdóma álit allra að ekki mætti skerða svo heimildir gagnvart veiðum að menn gætu ekki stundað hreindýraveiðar á hálendinu. Það átti reyndar við um grágæsaveiðar líka. Þarna eru þó nokkur atvinnutækifæri sem menn vilja auðvitað halda til haga og menn vilja geta stundað sína útivist. Það að við ætlum að virkja jökulvötnin, ætlum að byggja álver, skerðir ekki á nokkurn hátt aðra athafnastarfsemi, hvorki á Austurlandi né annars staðar. Þetta er innspýting í efnahagslífið. Við munum halda áfram að byggja upp aðra atvinnu. Til þess höfum við mörg tækifæri.

Nýlega var stofnuð nýsköpunarmiðstöð á Akureyri, starfsemi Byggðastofnunar lýtur einnig að þessum þáttum og eignarhaldsfélög á landsbyggðinni. Síðast vil ég nefna atvinnuþróunarfélögin sem svo sannarlega hafa reynst vel í nýsköpunarstarfsemi á landsbyggðinni. Ég vil kannski sérstaklega nefna að Atvinnuþróunarfélag Austurlands hefur um langt skeið verið að undirbúa þessar miklu fyrirhuguðu framkvæmdir, einmitt með því að kalla saman fyrirtæki eða forsvarsmenn fyrirtækja í hinum ýmsu atvinnugreinum þar sem menn hafa lagt sameiginlega á ráðin um það hvernig eigi að takast á við þessi miklu verkefni. Eins og ég segi, til viðbótar við þau góðu efnahagslegu áhrif sem þessar framkvæmdir munu hafa á íslenskt hagkerfi munu þessar framkvæmdir hafa gífurlega góð byggðaleg áhrif á Austurlandi, á Norðausturlandi og um allt land.

[21:13]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég er einn af þeim sem greiddu atkvæði með því að Kárahnjúkavirkjun yrði reist. Síðan það mál var afgreitt hafa orðið verulegar breytingar á fyrirætlunum um stóriðju á Austurlandi. Það er komið nýtt fyrirtæki inn í þetta dæmi og hugmyndin er að byggja minna álver og virkja minna afl en gert var ráð fyrir þegar upphaflega var rætt um Kárahnjúkavirkjun. Ég sakna þess að ekki skuli hafa verið gert ljóst, a.m.k. hef ég ekki séð nákvæma útfærslu á því, hvernig menn ætli að standa að Kárahnjúkavirkjun eftir þessar breytingar. Tækifæri myndast auðvitað til þess að endurskoða skipulagið á þeirri virkjun og koma til móts við kannski eitthvað af þeim kröfum um mótvægisaðgerðir sem uppi eru. Það þarf miklu minna afl en gert var ráð fyrir í fyrri hugmyndum. Ég veit t.d. ekki til þess að menn hafi velt því fyrir sér hvort stíflan gæti orðið eitthvað lægri vegna þessa. Það er verulega mikill munur á framleiðslugetunni og orkuþörfinni. Þetta held ég að hljóti að verða skoðað vegna þess að mér skilst að hugmyndirnar um mótvægisaðgerðir vegna foks séu eitthvað umdeildari núna heldur en þegar þær voru settar fram. Menn hljóta þá að fara yfir það og skoða hvort hægt sé að gera hlutina eitthvað öðruvísi en reiknað var með í upphafi.

En ég verð að segja alveg eins og er að mér hefur fundist að menn gengju lengra í því að lýsa skaðlegum áhrifum frá þessari virkjun en ég fæ séð. Og það að kalla þessa virkjun og þær hugmyndir sem þarna eru á ferðinni „mestu umhverfisspjöll Íslandssögunnar" er að mínu viti alrangt. Ég hef gert mér far um að reyna að átta mig á því með því að bera saman þær virkjanir sem hafa verið gerðar hér og það er þá helst að bera saman hvernig menn hafa staðið að virkjunum á Þjórsár-/Tungnaársvæðinu og hvaða fyrirætlanir eru um fleiri virkjanir þar og þessa stóru virkjun þarna fyrir austan. Ég get bara sagt að mér finnst reginmunur á hversu miklu betur verður staðið að virkjuninni fyrir austan og hvað miklu minna sést til hennar þegar hún verður orðin staðreynd heldur en þeirra virkjana sem ég er að vitna til hér.

Ég ætla ekki að fara að lesa upp hér aftur það sem hv. síðasti ræðumaður vitnaði til, grein sem orkumálastjóri, Þorkell Helgason, skrifaði í Morgunblaðið þann 26. janúar, en þar fer hann einmitt yfir þessa hluti og bendir með gildum rökum á að það séu í raun og veru miklu minni umhverfisspjöll af þessari virkjun en öðru sambærilegu afli sem yrði virkjað. Síðan hefur þróunin auðvitað gengið í lið með okkur að því leyti til að nú eru ekki lengur vatnsvegir ofan jarðar heldur eru jarðgöng til að flytja vatnið. Ég get svo sem endurtekið það að mestu efasemdirnar sem ég hef haft um þessa virkjun hafa snúið að því að flytja vatnið á milli stórfljótanna eins og gert er þarna. Það var samt ekki mikið í umræðunni þegar verið var að fjalla um þessi mál, það er ekki fyrr en núna á síðustu vikum og mánuðum sem menn hafa verið að taka til það atriði. Ég vona bara að af því verði ekki stórkostlegar breytingar á náttúrufari.

En það er ýmislegt í sambandi við þetta álver sem mér finnst kannski að mörgu leyti erfiðara að henda reiður á heldur en sjálf virkjunin. Þar hefur maður fyrst og fremst horft til náttúruspjallanna sem verða vegna virkjunarinnar, óhjákvæmilega. En þegar kemur að álverinu hlýtur maður að velta fyrir sér hversu hagstætt þetta dæmi er og hvernig íslensk stjórnvöld hafa staðið að samningum um orkuverð og annað slíkt. Þá er þingmaður úr stjórnarandstöðu, sem ekki hefur aðgang að hinni innstu vitneskju, ekkert í sérstaklega góðri aðstöðu til þess að standa með eða taka þátt í að samþykkja mál af þessu tagi. Það hefur ekki þótt koma til mála að gera fullkomlega grein fyrir þessum atriðum, hvernig hagnaðurinn er reiknaður út og hversu mikill hann er, hvert verðið á rafmagninu er o.s.frv. Maður setur auðvitað ýmis

spurningarmerki við ýmislegt af því sem hér kemur fram. Eða kemur öllu heldur ekki fram.

Ég verð að viðurkenna að ég hrökk illa við þegar ég sá stutt viðtal við einn af forráðamönnum þessa álfyrirtækis í sjónvarpinu. Það stóð upp úr honum að þetta væri besti staðurinn á jarðkúlunni til þess að setja niður álver. Þá velti ég fyrir mér: Voru Íslendingar virkilega að bjóða sig langt niður fyrir alla aðra í þessu efni? Það er umhugsunarefni hvort menn hafi staðið sig. Það er ástæða til þess að velta þessu fyrir sér vegna þess að mönnum hefur verið svo mikið í mun að gera samninga um álver og virkjun sem allra fyrst. Auðvitað er það ljóst að ýmsir stjórnmálamenn sem hafa lagt mikið undir í þessu máli hafa viljað leggja óskaplega mikið á sig til þess að ná í gegn samningum um álver og virkjun á Íslandi.

Hitt er svo annað að ég á afar erfitt með að trúa því að þeir embættismenn og stjórnmálamenn sem leggja til að í þetta verði farið láti ekki þjóðarhag ganga fyrir þegar þeir taka ákvarðanir eins og þessa. Ég sé ekki að út af fyrir sig sé hægt að fá nánari eða betri vitneskju heldur en þá sem núna liggur fyrir og verður þá lögð fram í iðnn. þingsins þegar þetta mál kemur inn og þar munu menn þá fara yfir málið í heild sinni að lokum. Ég geri ráð fyrir því að taka mikið mark á því sem þingmenn Samfylkingarinnar í iðnn. munu segja eftir þá yfirferð á málinu.

Það eru vissulega atriði sem ég velti dálítið fyrir mér í sambandi við þessa samninga og ákvæðin í samningunum sem hér er verið að leita eftir leyfi til að gera. Þetta fyrirtæki verður ekki sjálfstæður skattaðili. Þetta fyrirtæki, Alcoa, er gífurlega stórt. Það selur örugglega stundum ýmsum fyrirtækjum sem það á sjálft í afurðir sínar. Það eru að vísu ákvæði í þessum drögum hér sem gera ráð fyrir því að þá verði farið með mál eins og um óskylda aðila sé að ræða, en það gæti orðið býsna drjúgt verkefni að fylgjast með því ef þetta fyrirtæki gerði mikið af samningum við sín eigin fyrirtæki. Alcoa er svo stórt fyrirtæki í áliðnaðinum að tilþrif þess á þessum markaði geta líka ráðið einhverju um álverð í heiminum, geri ég ráð fyrir.

Það er gert ráð fyrir því að þetta fyrirtæki geti afskrifað tap í heil níu ár eins og önnur fyrirtæki í landinu. Við höfum eitt álver inni í Hvalfirði og það hefur ekki þurft að greiða skatt enn þá. Ég veit ekki í sjálfu sér hvenær kemur að því.

Mig langar að vitna í skjalið. Hér stendur á bls. 18, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 3. mgr. er tekið fram að aðilar fjárfestingarsamningsins geti samið um tilteknar reglur og viðmiðanir er lúta að viðskiptum félagsins og eigendanna við Alcoa Inc. og fyrirtæki í eignatengslum við hið bandaríska fyrirtæki. Ætlast er til að slík viðskipti fari fram eins og um ótengda aðila væri að ræða. Tilteknar viðmiðanir eru þekktar í þessu efni, svo sem 58. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og viðmiðunarreglur OECD á þessu sviði („Transfer Pricing Guidelines for Multinational Enterprises and Tax Administrations"). Slíkar viðmiðunarreglur eru mjög ítarlegar í samningi ríkisins og Alcan á Íslandi hf. (ISAL) en ekki þykir ástæða til að hafa þær jafnviðamiklar nú."

Mér leikur svolítil forvitni á að vita hvers vegna ekki þarf að ganga jafntryggilega frá þessum þáttum gagnvart þessu fyrirtæki eins og gagnvart hinu fyrrnefnda.

Mig langar líka til að benda á 9. gr. frv., reyndar í allt öðru samhengi. Ég get ekki að því gert að fara aðeins yfir hana, með leyfi hæstv. forseta, því að í henni stendur:

„Samkvæmt tollalögum er heimilt að fella niður tolla og vörugjöld af hráefnum og efnivörum til iðnaðarframleiðslu, svo og af vélum og tækjum til framleiðslunnar. Engin gjöld eru nú á hráefnum og efnivörum. Eins er um fjárfestingarvörur sem fluttar eru inn frá EES-ríkjum og öðrum löndum sem fríverslunarsamningar eru við. Í fyrri málslið greinarinnar er við það miðað að felldir verði niður tollar og vörugjöld af innflutningi og kaupum félagsins á byggingarefnum, vélum og tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum fyrir verksmiðju félagsins og tengd mannvirki, sem kunna að verða flutt inn frá öðrum löndum og bera tolla eða vörugjöld. Í síðari málslið greinarinnar er veitt heimild til að fella niður eða endurgreiða tolla og vörugjöld á vöru og þjónustu sem keypt er innan lands vegna byggingar álverksmiðjunnar."

Ég las þetta upp, hæstv. forseti, vegna þess að ég sé ástæðu til þess að menn velti því nú fyrir sér í þessu samhengi hvort þessi gæði sem stóriðjufyrirtækin fá að njóta þegar þau eru að byggja upp fyrirtæki hér í landinu ættu ekki alveg eins að koma til greina handa einhverjum öðrum fyrirtækjum sem menn væru að byggja upp á Íslandi. Það gæti skipt verulegu máli við uppbyggingu fyrirtækja ef þau fengju slíkar undanþágur frá tollum og vörugjöldum eins og hér er um að ræða. Það gæti vel orðið til iðnaður á Íslandi sem annars gæti ekki orðið til ef þannig væri að málum staðið.

Hæstv. forseti. Það mætti velta fleiru fyrir sér í þessu sambandi öllu. Mig langar til að bera niður á bls. 21. Ég gleymdi því áðan þegar ég nefndi mótvægisaðgerðir að eitt af því sem til fellur við framleiðslu á áli er gífurlega mikið „hrat" eða hvað á að kalla það, og það er svo mikið að gert er ráð fyrir að innflutningurinn verði um 815 þús. tonn en útflutningurinn 373 þús. tonn. 442 þús. tonn verða sem sagt eftir í landinu með einhverjum hætti á hverju einasta ári. Það er hvergi minnst á það hvað verður um þennan afgang sem svona kemur til. Það er að vísu talað um útblástur og eitthvað um kerbrot og skaut og annað slíkt en hvergi í þessari skýrslu er gerð grein fyrir því hvar og hvernig gengið verður frá þessari uppfyllingu sem ég tel að hljóti að þurfa að verða til til þess að losna við þessi 400 þús. tonn eða hvað það nú verður í heildina sem verður eftir í landinu. Ég hefði áhuga fyrir því að það yrði upplýst hér nákvæmlega hvernig menn ætla sér að fara með þennan innflutning.

Ég ætla þá að koma aftur að þessu með rafmagnsverðið og vitna, með leyfi forseta, hér í athugasemdirnar um rafmagnsverðið. Þar stendur á einum stað:

„Samkvæmt ákvörðun Landsvirkjunar og samkomulagi um trúnað milli samningsaðila ber að fara með ákvæði samningsins um rafmagnsverð sem viðskiptaleyndarmál, enda er það ákveðið sjálfstætt eins og í öðrum samningum fyrirtækisins um orku til stóriðju. Er því ekki unnt að greina hér frá ákvæðum þessum í einstökum atriðum. Þó er rétt að taka fram, að hið umsamda orkuverð verður tiltekið sem einingarverð á hverja kílówattstund, sem afhent er eða fellur til greiðslu samkvæmt kaupskyldu, og ákvarðað mánaðarlega samkvæmt tengingu við alþjóðlegt markaðsverð á áli eftir umsaminni aðferð. Það verður og ákvarðað og greitt í bandaríkjadollurum. Um afslátt fyrstu árin er ekki samið."

Þessi setning er mér óskiljanleg og ég óska eftir því að fá skýringu á merkingu hennar. „Um afslátt fyrstu árin er ekki samið."

Er verið að gefa til kynna að verðið sem lagt er hér til grundvallar sé ekki endilega til frambúðar heldur gæti orðið

um einhvern afslátt að ræða að nokkrum árum liðnum? Ég átta mig hreinlega alls ekki á því hvað þarna er átt við.

Svo heldur þessi texti áfram, hæstv. forseti, og hér stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Auk þess sem samningstímanum er skipt í tvö verðlagningartímabil verður í samningnum ákvæði þess efnis, að hvorum aðila um sig sé heimilt að óska eftir endurskoðun á hinu gildandi orkuverði, ef grundvallarbreytingar verði innan áliðnaðarins eða á sviði orkuafhendingar til álframleiðslu, er hafi það í för með sér, að jafnvægi í samningnum raskist í grundvallaratriðum, þannig að telja megi orkuverðið bersýnilega ósanngjarnt gagnvart öðrum eða báðum aðilum. Ágreining um þetta efni megi leggja í gerð, ef aðilar nái ekki samkomulagi. Þessu sanngirnisákvæði verður þó ekki beitt oftar en einu sinni á hvoru verðlagningartímabili."

Ég velti þessu fyrir mér og hjá mér kvikna spurningar. Þannig er að í lögum um Landsvirkjun er ákvæði sem fjallar um að Landsvirkjun megi ekki gera neina samninga um raforkuafhendingu sem geti orðið til að hækka orkuverð til almennings á Íslandi. Ég hefði áhuga á að fá við því svör hvort ákvæðið í samningnum við Alcoa geti ekki hugsanlega stangast á við þetta ákvæði í lögunum um Landsvirkjun. Ef breytingar á þessum markaði verða til þess að menn geti rökstutt að Alcoa eigi að fá lægra raforkuverð þá gæti það orðið það lágt að Landsvirkjun standi ekki undir því og tap verði á þessu dæmi. Hvað þá? Gilda þá ekki lögin um Landsvirkjun um að það megi ekki ýta taprekstri vegna sölu á raforku til stóriðju yfir á almenning í landinu?

Þetta eru vangaveltur mínar um þessa hluti. Ég vona satt að segja að við 2. umr. komi menn í þennan sal sannfærðir um að hér hafi verið vel að verki staðið og hægt verði standa að og styðja þetta mál í heild með því að styðja byggingu álversins, alveg eins og við studdum, samfylkingarmenn flestir, að farið yrði í að byggja Kárahnjúkavirkjun.

Vegna umræðna hér í dag sem hv. 1. þm. Norðurl. e. vakti upp, um það hvernig þetta mál var afgreitt í borgarstjórn, langar mig að segja fáein orð. Ég verð að segja að mér fannst það mjög miður að í borgarstjórn gætu borgarfulltrúar ekki fjallað um þetta málefni öðruvísi en undir þeim þvingandi aðstæðum sem þar voru. Það er í mínum huga ekki sjálfsagt mál að bæjarfélag hér á landi taki ábyrgð á verkefni af þessu tagi. Reyndar er ég á þeirri skoðun að það ætti alls ekki að vera. Það er reyndar í andstöðu við ákvæði í sveitarstjórnarlögum að færa slíka ábyrgð á bæjar- eða borgarsjóði með þeim hætti sem hér er um að ræða.

En Akureyri og Reykjavík eiga helminginn af Landsvirkjun samkvæmt ákvörðunum Alþingis og þessara tveggja sveitarfélaga fyrir margt löngu. Það fyrirkomulag er óhafandi. Á því þarf auðvitað að taka í tengslum við raforkulagafrv. sem er til umfjöllunar hér á hv. Alþingi. Mér finnst í sjálfu sér hin eðlilegasta afstaða borgarfulltrúa og bæjarfulltrúa á Akureyri að vera á móti því að taka ábyrgð af þessu tagi á sveitarfélög sín. Satt að segja hefði ég ekki verið hissa á að einhverjir þeirra litu þannig á að þeim væri það bara hreinlega alls ekki heimilt vegna þess að slíkar ábyrgðir eru af þeirri stærðargráðu að þessi bæjar- og sveitarfélög gætu ekki borið þær. Menn hefðu þurft að fara yfir þá umræðu. Raunar hefði ekki verið óeðlilegt að þessi sveitarfélög hefðu sagt við Alþingi og þá sem ráða landstjórninni: Ef þið ætlið að fara í verkefni af þessu tagi þá verðið þið að taka ákvörðun um það og bera ábyrgðina á því á landsvísu en ekki láta okkur, fyrir hönd einstakra sveitarfélaga, sitja uppi með hana.

Þetta vildi ég hafa sagt um þetta. Það er auðvitað margt sem ástæða væri að ræða við þessa umræðu og kannski geri ég það að einhverju leyti við 2. umr. þegar ég veit meira um þetta mál en mér finnst ég vita núna, þegar við höfum farið yfir það sameiginlega í þingflokki okkar. Mér finnst hins vegar ástæða til, svona í lokin, vegna þess að mér fannst ég ekki hafa nægilegan tíma til þess, að svara hv. 1. þm. Norðurl. e. hér í dag. Hann vék að mér ýmsum orðum í ræðu sinni um þetta mál vegna þess að ég hafði forgöngu um að flytja þáltill. sem hér liggur fyrir, um mótvægisaðgerðir vegna þeirra byggðaáhrifa sem þessar framkvæmdir á norðausturhluta landsins munu hafa í för með sér. Sú þáltill. gengur ekki með neinum hætti út á að neinar af ákvörðunum eða fyrirætlunum um framkvæmdir og áætlanir eða hugmyndir um ný störf og starfsemi á norðaustursvæðinu verði teknar til baka.

Það er fráleitt að halda því fram að þessi þáltill. hafi verið sett fram til þess að auka úlfúð með mönnum, landsbyggðarþingmönnum eða fólki á landsbyggðinni. Hún er einfaldlega sett fram vegna þess, það hljóta allir að vita sem hafa velt fyrir sér byggðamálum, að byggðamál snúast um samkeppnisaðstöðu landsbyggðarinnar bæði við höfuðborgarsvæðið og milli landsvæða. Þegar spenna eykst á einhverju svæði þá versnar samkeppnisaðstaða fólks á öðrum svæðum. Það mun einfaldlega gerast í tengslum við þessar miklu fyrirætlanir að önnur landsbyggðarsvæði munu þurfa að blæða fyrir þær að einhverju leyti. Það er þess vegna full ástæða til að velta því fyrir sér í tíma hvernig eigi að bregðast við. Fyrst og fremst það felst í tillögu okkar um þessar mótvægisaðgerðir að menn bregðist við í tíma og reyni að sjá til að byggðavandinn verði ekki meiri en verið hefur í öðrum hlutum landsins vegna þeirra miklu framkvæmda sem þar er ætlað að fara í.

En menn geta auðvitað misskilið hlutina að yfirlögðu ráði ef þeir vilja. Við því er ekkert að segja. Ég er ekkert að víkja mér undan því að taka þá umræðu. Mér finnst hins vegar gott að fara yfir það hér. Ég vona að hv. 1. þm. Norðurl. e. hafi heyrt orð mín. Ég tel ástæðu til að vísa til föðurhúsanna öllu sem hann sagði um þetta mál, einfaldlega vegna þess að það er bara þannig. Ég orðaði það svo í þeirri utandagskrárumræðu sem hv. þm. vitnaði í, þ.e. í lokin spurði ég: Hvar voru þingmenn og ráðherrar af þessu norðvestursvæði þegar þessar ákvarðanir voru teknar? Ég ætla að skýra þau orð nánar. Ég vil taka fram að mér finnst að þeir hefðu þurft að gæta þess að tekið yrði á málum nægilega snemma og ná fram samkomulagi innan stjórnarflokkanna um að ákvarðanir um þau efni lægju fyrir núna strax á þessu hausti um leið og menn sæju fyrir endann á því að þessi stóru verkefni yrðu öll saman uppi á sama tíma á norðaustursvæðinu eins og núna liggur fyrir, þ.e. álverið, virkjunin, jarðgöngin og ofan í kaupið byggðaáætlun sem liggur fyrir og allar fyrirætlanirnar þar um að styrkja Eyjafjarðarsvæðið. Þetta liggur allt saman fyrir.

Mér finnst menn ekki hafa gætt að sínu hlutverki. Þeir hafa ekki séð til þess að reynt yrði að fylla í skarðið með því að koma framkvæmdum af stað og auka hraða þeirra fram að því að mesta spennan verður á norðaustursvæði landsins.

[21:42]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna en mér fannst ástæða til að segja hérna nokkur orð. Mér finnst hv. þm., sem býr á Akranesi, búinn að gleyma því að það er ekki langt síðan, ekki mörg ár síðan, að farið var í stórframkvæmdir í heimabyggð hans, liggur mér við að segja. Þá er ég bæði að tala um Norðurál í Hvalfirði og Hvalfjarðargöng. Það var ekki sjaldan sem við þingmenn á norðausturhorninu fengum spurningar um hvers vegna ekki væri gripið til aðgerða þar til að bregðast við þessari ógurlegu þenslu á suðvesturhorninu og uppbyggingunni þar. Fyrir norðan líta menn ekki á Hvalfjörðinn mjög mikið á landsbyggðinni. En ég vil nú halda því til haga að að sjálfsögðu hafa þær framkvæmdir og uppbygging gífurleg áhrif langt upp í Borgarfjörð og jafnvel vestur á Snæfellsnes.

Þannig er að við fáum tækifæri upp í hendurnar í sambandi við fjárfestingar og ýmsar framkvæmdir sem varða samgöngumál og við hljótum að bregðast jákvætt við þeim og reyna að koma til framkvæmda þó að við gerum okkur grein fyrir því að þær hafi ekki jafnmikil áhrif um allt land og kannski engin áhrif um stóran hluta landsins.

Ég er ekki að gera lítið úr því að framkvæmdirnar fyrir austan eru stórar. Það þarf að horfa til ákveðinna landsvæða í framhaldi af þeim ákvörðunum. En við megum heldur ekki gleyma því að þarna átti sér stað alveg stórkostleg uppbygging.

[21:44]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki gleymt þessari uppbyggingu og það flökrar að mér að þá hefði kannski mátt líka gera betur og reyna að koma til móts við þau svæði sem þá stóðu illa. Ef það hefur ekki verið gert þá er það ekki afsökun fyrir því að vinna ekki í þessum málum núna. Ég tel ástæðu til þess að fara yfir það.

Ég sé reyndar að hæstv. ríkisstjórn hefur að hluta til farið af stað í málunum. Ég veit ekki betur en að það liggi fyrir yfirlýsingar um að flýta eigi tilteknum framkvæmdum og reyna að nýta þennan tíma áður en spennan eykst þarna fyrir austan. Það er vel og ég fagna því. Mér finnst hins vegar að ákvarðanir um slíka hluti og undirbúningur að þeim hefði þurft að liggja allur fyrir í haust og menn hefðu þá getað séð fyrir sér hvaða verkefni þetta væru og hvað ætti að gera fram að þessum tíma. Upp á þetta finnst mér vanta.

[21:46]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er verið að reyna að afstýra því að ráðist verði í einhverja heimskulegustu ráðagjörð í sögu þjóðarinnar. Ég er búinn að fylgjast með þessari umræðu í dag og mér finnst hún vægast sagt vera dapurleg því að hún byggir á botnlausri vantrú á íslenskri þjóð. Hún byggir á vantrú á sköpunarkrafti sem býr í íslensku efnahagslífi. Það kann nú að hljóma undarlega úr mínum hálsi en hún byggir líka á vantrú á kosti markaðshagkerfis. Hún byggir á botnlausri vantrú á þessu.

Menn ætla að reyna að reisa íslenskt efnahagslíf við og fara inn í framtíðina með því að gera þungaiðnað að grunnframleiðslu Íslendinga. Ég mun við síðari umræðu þessa máls fara yfir þessa þróun, á hvern hátt við erum smám saman að gera álframleiðslu að grundvallarþætti í íslensku framleiðslukerfi.

Hvers vegna segi ég vantrú á íslenskt hagkerfi? Frá 1970 og fram á þennan dag hafa að jafnaði orðið til í landinu um 1.700 störf á ári. Á síðasta áratug eða frá því um 1990 hafa að jafnaði orðið til 1.500 störf á ári og á komandi árum þarf að skapa hér, næsta áratug, um 15 þúsund störf.

Menn eru að tala um það núna að hugsanlega verði til í álverksmiðjunni og í afleiddum störfum sem kallað er, þeim tengdum, einhvers staðar í kringum 1.000 störf. Sumir tala um 750. Sumir tala um heldur meira, 1.200. En hvaðan eiga hin 14.000 störfin að koma?

Þau eiga að spretta upp úr hugviti almennings og það hafa þau verið að gera á undangengnum árum. Hver hefði séð fyrir stofnun fyrirtækisins Össurar sem hefur verið starfandi núna um 30 ára skeið og er orðið leiðandi fyrirtæki í heiminum á sínu sviði? Sömu sögu er að segja um Marel, Sæplast sem byrjaði smátt á Dalvík fyrir u.þ.b. 20 árum, 18–20 árum, 3X-Stál á Ísafirði, Atlanta, Bakkavör, Hampiðjuna sem er að færa út kvíarnar, Toghlera Jósafats Hinrikssonar, Kaffitár í Njarðvík og ferðaskrifstofurnar Ultima Thule, Terra Nova og Emblu. Svo eru það náttúrlega fjallagrösin sem Framsfl. er svo hrifinn af og reynir að hæða og spotta. Fjallagrös framleiða sultur og safa og kræklingavín í gamla mjólkursamlaginu á Húsavík. Síðan eru það fyrirtæki í líftækni, fyrirtæki sem framleiða gæludýrafóður. Það er sútað fiskroð á Sauðárkróki sem er notað sem hráefni í tískuhúsum heimsins. Bragðefni úr sjávarfangi er unnið á Hornafirði. Kúfiskvinnsla er í Þórshöfn. Svo er það kræklingarækt, fiskeldi og verkefnið Auður í krafti kvenna. Þar er talað um að 50 ný fyrirtæki hafi orðið til, 215 störf, á undanförnum þremur árum, aðallega kvennastörf. Ég gæti nefnt fjöldann allan af fyrirtækjum. Slökkvibílar koma frá Ólafsfirði. (**Gripið fram í:** Fáránlegt.) Ef einhver hefði stungið upp á því að Ólafsfirðingar framleiddu slökkvibíla og sjúkraflutningabíla, hvað hefði verið gert við slíkan mann? Það hefði verið hlegið, eins og hæstv. iðnrh. gerir. Það hefði verið hlegið að því. En þetta gerðist nú samt vegna þess að þetta spratt upp úr hugviti fólks. Það er á þessu sem atvinnustefna okkar byggir, (Gripið fram í.) atvinnustefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. (Gripið fram í.) Hún byggir á því að skapa mannlífinu og þar með atvinnulífinu hagstæð skilyrði. Hvernig gerum við það? Með því að skapa fólkinu sem þar starfar góða og trausta þjónustu.

Ég hef stundum vitnað til könnunar sem danska vinnumálaráðuneytið réðst í seint á tíunda áratugnum þar sem atvinnurekendur voru spurðir: „Hvað skiptir ykkur mestu máli þegar þið takið ákvörðun um að slá ykkur niður?“ Hverju skyldu þeir hafa svarað? „Við viljum góð barnaheimili. Við viljum góða skóla. Við viljum góð sjúkrahús. Við viljum góðar samgöngur. Fólk þarf að geta tengst internetinu. Fólk þarf að eiga aðgang að bankastofnunum. Löggæsla þarf að vera í góðu lagi.“ Þetta er það sem við viljum gera en þessi ríkisstjórn fer í akkúrat öfuga átt. Hún brýtur einmitt þessa þjónustu niður, einkavæðir og lokar pósthúsunum og bönkunum, dregur úr þessari þjónustu en tekur síðan ákvörðun um að ráðast í þungaiðnað sem grundvallarframleiðslu í hagkerfinu. Hvílíkt og annað eins. Þetta hlýtur að vera þungt fyrir þá sem hafa kennt sig við frjálshyggjuna og frjálst markaðskerfi, menn á borð við hv. þm. Pétur H. Blöndal og sjálfstæðismenn yfirleitt. Það er búið að snúa öllu á haus. Það erum við sem erum kennd við vinstri stefnu sem viljum hlúa að grunnþáttum samfélagsins og þar með einnig atvinnulífinu í landinu og treysta á frumkvæði fólksins. Þegar menn

hafa spurt: Hvað viljið þið þá, þá er svarið þetta. En það er eitt til viðbótar. Þegar farið er um landið og forsvarsmenn fyrirtækja eru spurðir hvað helst bjáti á, hver skyldu þá svörin vera? Þau eru að dregið er úr þjónustustarfsemi, dregið úr fjölbreytni og síðast en ekki síst að aðgangur að fjármagni er takmarkaður.

Við höfum ekki talað fyrir því að gefa fjármagnið eins og ríkisstjórnin er tilbúin að gera í sumum tilvikum. Við höfum hins vegar talað fyrir því að fyrirtækjum í landinu og ekki síst á svæðum sem þurfa á uppbyggingarfjármagni að halda verði veittur greiðari aðgangur að fjármagni á hagstæðum kjörum. Þetta er almenn ráðstöfun en ekki sértæk á borð við það sem ríkisstjórnin ætlar að gera gagnvart Alcoa-fyrirtækinu. Hafa menn lesið frv. sem hér liggur á okkar borðum og er til afgreiðslu með skattaívilnunum til bandarískra álrisans?

Nú erum við ekkert feimin við það að grípa til sértækra ráðstafana undir vissum kringumstæðum. Okkar stefna er nefnilega ekki trúarbrögð. En þetta er hin almenna stefna sem við viljum sjá. (**PHB:** Hún hefur verið góð hingað til.) Hún hefur verið góð hingað til, segir hv. þm. Pétur H. Blöndal. En hans flokkur fylgir ekki þessari stefnu. Hans flokkur ræðst að grunnþjónustunni þannig að fjárglæframenn og fjáraflamenn geta gert sér hana að féþúfu. (Gripið fram í.) Heilbrigðiskerfið og skólakerfið vilja þeir einkavæða, póstinn og fjarskiptin, (**JB:** Vatnsveitur.) vatnsveiturnar. En síðan á ráðast í stóriðju.

Herra forseti. Það sem ég vildi leggja höfuðáherslu á í 1. umr. um málið er ein grundvallarspurning: Hafa menn leyfi til að gera þetta lagalega og siðferðilega, ríkisstjórn og Alþingi? Ég ætla að leyfa mér að efast stórlega um að svo sé. Sú spurning hlýtur nefnilega að vakna hvort stjórnvöld hafi umboð til þess að ráðstafa almenningseign til ákveðinna nota sem útilokar önnur not með þeim hætti sem hér er verið að gera.

Við höfum bitra reynslu af mistökum löggjafarvaldsins við að breyta almennum frelsisréttindum til nýtingar fiskimiða yfir í kerfi framseljanlegra veiðisérleyfa. Við þá breytingu var hvorki tryggt að nýja reglukerfið þjónaði almannahag til langs tíma né var öllum hópum sem málið varðaði sýnd sjálfsögð sanngirni. Landið okkar er nefnilega sameign þjóðarinnar. Þegar sameign og sameignarréttindum er breytt í einkaeign og sérréttindi þarf að fylgja ákveðnum sanngirnisreglum.

Nú vil ég sérstaklega vekja athygli á blaðagrein eftir Jónas Ólafsson kerfisfræðing sem birtist í Morgunblaðinu 12. júní árið 2001. Þar er þessarar spurningar spurt: Hafa stjórnvöld leyfi til að gera þetta?

Gera menn sér grein fyrir því, svo við tökum dæmi, að þegar kjördæmaskipan er breytt í landinu þarf stjórnarskrárbreytingu? Það þarf tvö þing til að samþykkja þá breytingu. Hér hins vegar leyfir ríkisstjórnin og meiri hlutinn á Alþingi sér að rífa úr höndum þjóðarinnar eign hennar og fela hana sérhagsmunum. Hvers vegna segi ég það? Ég segi það vegna þess að sá sem kemur til með að njóta hagsbótanna af þessum ákvörðunum ríkisvaldsins (**Gripið fram í:** Austfirðingar.) er tiltekið fyrirtæki. Nei, því miður þá verða það ekki Austfirðingar þegar til lengri tíma er litið. Þegar ég tala um vantrú á sköpunarkraft íslensku þjóðarinnar og efnahagskerfisins þá á það ekki síst við um Austfirðinga sem ég hef mikla trú á gagnstætt ríkisstjórninni því að það er ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn sem sýnir Austfirðingum sérstaklega fyrirlitningu og vantrú með því að þröngva þessum áformum upp á þann landshluta.

Núna er um það rætt að gera Landsvirkjun að hlutafélagi. Talað er um að markaðsvæða raforkukerfið og koma því á endanum í einkahendur, í hendur fjármagnsins. Finnst hv. þingmönnum þessi spurning a.m.k. ekki umhugsunarverð, hvort Alþingi og ríkisstjórn hafi í reynd rétt til að gera þetta?

Það er glens og gaman hér í hliðarherbergjunum. Þar er formaður Framsfl. með nokkrum viðhlæjendum sínum. Það er óskaplega gaman. — En við hér á Alþingi ræðum einhverja afdrifaríkustu ákvörðun sem komið hefur fyrir þingið. Ég spyr hvort það geti verið að ríkisstjórn og Alþingi hafi rétt, siðferðilegan og lagalegan, til að taka þessa ákvörðun. Ég vísaði þar einnig í reynslu okkar af breytingu á fiskveiðistjórnarkerfinu, þar sem almenn frelsisréttindi eru færð í einkahendur. Þetta hefur, síðan þessar ákvarðanir voru teknar, skipt þjóðinni í tvær fylkingar. Það er alveg ljóst að ekki var gætt sanngirnissjónarmiða og menn sáu ekki fyrir endann á ákvörðunum sínum. Gæti hið sama verið uppi á teningnum nú? Gæti það verið að Framsfl. sem öllum öðrum fremur hefur keyrt þetta mál áfram, sé að taka sér vald sem honum ber ekki? Honum ber skylda til þess að leita eftir þjóðarsátt og grundvallarkrafa í því efni er að leyfa þjóðinni að ganga til atkvæða, til kosninga um þetta afdrifaríka mál.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram þáltill., þingmál, um að svo verði gert jafnhliða alþingiskosningunum hinn 10. maí. Mér þætti fróðlegt að heyra álit formanns Framsfl. á þeirri tillögu. Og mér þætti fróðlegt að heyra álit hans á þeirri grundvallarspurningu, hvort við hér á Alþingi, löggjafarsamkundunni, höfum í rauninni rétt til þess að taka þá afdrifaríku ákvörðun í þeim fljótheitum sem verið er að gera, því það er verið að gera þetta í fljótheitum. Ég held ekki.

En er þetta mál þá tapað? Er það búið? Er búið að ákveða að ráðast í þessa framkvæmd? Nei, það er ekki búið að ákveða það.

Við erum að ræða frv. til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði. Þar kemur fram að eftir á að gera eina fjóra samninga. Það á eftir að gera fjárfestingarsamning milli ríkisstjórnar Íslands og framkvæmdaraðilanna. Og hér segir, með leyfi forseta:

„Lagafrumvarp þetta er nauðsynleg forsenda þess að unnt verði að gera þennan samning."

Og síðan eru það aðrir þættir þrír sem þarna þarf einnig að ganga frá áður en endanleg ákvörðun er tekin. Það er ekki búið að taka ákvörðun um þetta endanlega.

Ég gat um það hér áðan, kvaddi mér hljóðs undir liðnum um fundarstjórn forseta mun það hafa verið, að mikilvægt væri að frv. gengi til þriggja nefnda. Ekki einvörðungu iðnn. eins og hæstv. iðnrh. lagði til, heldur einnig umhvn. og efh.- og viðskn. Það er augljóst að málið þarf að ganga til umhvn., það er augljóst. Reyndar eru komin upp ný efnisatriði sem gera það óhjákvæmilegt.

En ég nefni einnig efh.- og viðskn. vegna þess að frv. tekur á skattamálum. Með frv. er verið að veita Alcoa fyrirtækinu ýmsar undanþágur frá íslenskri skattalöggjöf. Fyrirtækið á jú að greiða skatta hér, tekjuskatt t.d., en það er tekið fram í frv. að ef tekjuskattar fyrirtækja verða lækkaðir, þá á fyrirtækið að njóta góðs af því. En ef þeir verða hækkaðir yfir 18% markið, þá gildir það ekki um Alcoa. Að sjálfsögðu ekki. Það gildir um Bakkavör. Það gildir um Kaffitár í Njarðvík.

Það gildir um Húsavík. Það gildir um Marel. Það gildir um Össur. En það gildir ekki um Alcoa. Þeir eru undanþegnir.

Þannig er kerfisbundið farið í gegnum íslensku skattalöggjöfina og girt fyrir það að hækkanir sem kunna að verða í álögum á fyrirtæki á komandi árum gildi ekki um Alcoa, öll önnur fyrirtæki.

Hér segir t.d.: „Eigendurnir skulu undanþegnir eignarskatti." Að sjálfsögðu.

Hér er ég ekki farinn að ræða það að Alcoa-fyrirtækið þarf ekki að greiða fyrir afnot af landinu. Hvaða landi? Kárahnjúkum og öræfunum. Hvers vegna segi ég það? Er ekki Kárahnjúkavirkjun í okkar eign? Og er það ekki Landsvirkjun?

Staðreyndin er sú að virkjunin og álverksmiðjan eru eitt og hið sama, verða ekki aðskilin. Kárahnjúkavirkjunin er aflstöðin fyrir álverksmiðjuna. Hún er frábrugðin öllum öðrum virkjunum í landinu að því leyti að hún er reist til þess eins að knýja eina verksmiðju, ekki til neins annars. Og út á hvað skyldu deilurnar ganga sem við höfum orðið vitni að síðustu mánuði og missiri? Út á hvað ganga þær? Arðsemisdeiluna. Út á hvað ganga þær? Þær ganga út á tvennt: Þær ganga annars vegar út á hver hugsanleg arðsemi verði af þessari framkvæmd. Og þá segja hagfræðingar, flestir, það er nefnilega meirihlutinn sem segir: Arðsemin er ekki nægjanleg að okkar dómi. Hún er ekki nægjanleg. Þetta mun ekki auka lífsgæði í landinu. Aðrir valkostir til að ráðstafa fjármunum eru miklu vænlegri til þess að skapa þjóðinni lífvænlegri kjör. Þetta er ein umræðan.

Svo er önnur umræða. Það er umræðan um hvort hreinlega geti orðið tap, bókhaldslegt tap á þessari framkvæmd. Og það var sú ákvörðun sem Reykjavíkurborg stóð frammi fyrir hér fyrir fáeinum dögum. Þar þurftu menn að svara því hvort Reykjavík, Akureyri og ríkið yrðu fyrir tapi, gengjust þau í ábyrgð fyrir þessum lánum gæti það gerst að lánin féllu á þá aðila vegna þess að tap yrði á framkvæmdinni. Gera menn sér grein fyrir hvað við erum að tala um? Við erum að tala um að reisa risaraforkuver fyrir ameríska stórfyrirtæki og menn eru að deila um það hvort þeiri eigi fyrir skuldunum af þeim lánum sem verða tekin til að fjármagna þessa framkvæmd. Út á það gengur deilan.

Mér fannst sorglegt að hlusta á suma borgarfulltrúana þegar þeir sögðu að þetta væri á ábyrgð Alþingis. Þetta er á ábyrgð þjóðarinnar allrar. Og jafnt þingmanna sem borgarfulltrúa og bæjarfulltrúa á Akureyri. Okkar allra. Það er á ábyrgð okkar allra hvort landið okkar verði eyðilagt eins og óhjákvæmilega verður gert með þessari framkvæmd.

Aðeins áður en ég hverf frá þessari hugsun, að við erum í reynd að tala um eina framkvæmd; virkjun og álver sem ekki verða aðskilin, þá hefur mér þótt skorta nokkuð á að menn spyrðu um þennan endann á ábyrgðinni, Alcoa.

Hæstv. iðnaðar- og bankamálaráðherra sagði í framsöguræðu sinni í dag að þetta væri geysilega stórt fyrirtæki. Mörg hundruð þúsund manns í vinnu. Gríðarleg velta. Svona fyrirtæki getur ekki farið á hausinn. Skyldi þetta einhvern tímann hafa verið sagt um Pan American? (**SJS:** Sambandið?) Eða Sambandið, segir hv. þm.? Við skulum nú tala bara í stærri einingum. (**SJS:** Enron?) Enron? Tölum bara um Pan American. Pan American fór á hausinn, flaggskip bandarískra flugflotans. Það fór á hausinn. Gæti það gerst með Alcoa? Já, það gæti gerst. Það gæti hæglega gerst.

Í því sambandi er vert að rifja upp hvað gerðist á sínum tíma varðandi Járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Við ættum að hafa í huga hvað þar gerðist. Þar var líka samið eins og hér er ráðgert í tengslum við afurðarverðið. Það var tengt verði á járnblendi eins og við erum að tengja raforkuverðið þróun álverðs. Staðreyndin var hins vegar sú að þetta fyrirtæki, járnblendið, fór tvisar, þrisvar eða fjórum sinnum á hausinn, varð gjaldþrota, og við fengum aðeins 50–70% af áætluðu raforkuverði. Eru menn búnir að gleyma því að hlutaféð var fært niður í árslok 2001 um 75%?

Mér finnst því hafa skort nokkuð á það að menn horfi á þennan enda áhættunnar. Við erum að reisa orkuver sem á að þjóna einu fyrirtæki og það er ekki ódauðlegt. Það er ekkert fyrirtæki ódauðlegt. Við erum hins vegar að fórna náttúru okkar fyrir þetta eina fyrirtæki og taka mikla áhættu með því. Mér finnst menn ekki hafa gefið þessu nægilegan gaum.

Nú má spyrja hvort þetta sé ekki allt saman löngu ákveðið. Það er alveg rétt að hinn pólitíski ásetningur liggur fyrir. Hann liggur fyrir hjá báðum fylkingum, þ.e. bæði þeim sem vilja virkja og hinum sem eru andvígir virkjun. Hann liggur fyrir. Við viljum ekki virkja. Við viljum ekki eyðileggja þetta landsvæði. Við viljum ekki gera það. Sá ásetningur liggur því fyrir hjá báðum.

Reyndar er það svo að allir, líka hæstv. ráðherra og ríkisstjórn og stjórnarmeirihlutinn, viðurkenna að virkjun við Kárahnjúka mun valda óafturkræfum náttúruspöllum. Þetta viðurkenna allir. En virkjunarsinnar segja hins vegar að efnahagslegur ávinningur þessara framkvæmda sé svo ótvíræður að við hljótum að færa þessa fórn. Það er röksemdafærslan. Þess vegna staðnæmast menn við þennan meinta efnahagslega ávinning. Þess vegna staðnæmumst við við hann.

Til þess að geta rætt hann af einhverju viti þurfa staðreyndir málsins að liggja fyrir og líka ásetningur manna um að fara í þessa umræðu á faglegum og heiðarlegum forsendum. Það á við um alla. Það á við um virkjunarsinna og það á við um okkur sem erum andvíg þessari virkjun. Til þess að svo megi verða þurfum við að hafa aðgang að upplýsingum. Og þar hefur ríkisstjórnin því miður brugðist, hún hefur brugðist í því máli. Hún hefur þannig neitað að láta okkur fá aðgang að upplýsingum um raforkuverð.

Við vitum það hins vegar flest, við höfum fengið að heyra það svona í bakherbergjum eða öllu heldur í sögusögnum nánast, hvert verðið er. Við höfum fengið að heyra það þannig.

Í orði og á borði hefur þessi ásetningur komið fram. Hvers vegna segi ég „í orði og á borði"? Í orði vegna þess að hæstv. ráðherrar hafa ítrekað lýst því yfir að af þessum framkvæmdum verði, hvað sem tautar og raular. Og á borði, í verki, þá þurfum við ekki annað en að horfa austur á land. Við heyrum nánast skröltið í vinnuvélunum, það er byrjað að bora í gegnum fjöllin.

Eru menn búnir að gleyma því að á sínum tíma var því lofað á Alþingi að ekki yrði ráðist í neinar framkvæmdir sem tengjast orkuverinu eða þessum álframkvæmdum nema að áður hefðu allir samningar verið frágengnir, allir hnútar hnýttir? Það er ekki búið að því. Það á enn eftir að semja um málin endanlega. Það er ekki búið að semja við Ítalina, Impregilo, það er kapítuli út af fyrir sig.

Ég ráðlegg mönnum að fletta upp á internetinu, slá inn Impregilo og scandals, hneyksli, þá fyllist skjárinn. Menn geta náttúrlega gengið lengra og slegið inn Impregilo Berlusconi og þá fyllist skjárinn algerlega. Hann er að vísu allur á ítölsku, ég skil ekki ítölsku, en það er mjög mikið af upphrópunarmerkjum.

Þetta fyrirtæki er þekkt fyrir hneykslismál. Bresk þingnefnd sem fylgist með þeim fyrirtækjum á erlendri grundu sem njóta fyrirgreiðslu breskra fjármálafyrirtækja hefur sagt um þetta fyrirtæki og um framkvæmd sem það er sérstaklega viðriðið í Suður-Ameríku að þar hafi það tengst stærsta hneykslismáli í sögu kapítalismans. Í sömu skýrslu er vísað til hneykslismála sem tengjast Lesótó í Suður-Afríku. Þar hefur fyrirtækið verið ásakað um mútur.

Ég er að vísa til Lesótó, ég er að tala um Impregilo, fyrirtækið sem Landsvirkjun er að semja við. (Gripið fram í.) Ég er að vekja athygli á því hver saga þessa fyrirtækis er og á hvern hátt það er tengt hneykslismálum. Það reyndi að hvítþvo sig í Morgunblaðinu fyrir fáeinum dögum og sagði að það væri rangt að verið væri að lögsækja þá í Lesótó. Staðreyndin er hins vegar sú að málið er í athugun hjá Alþjóðabankanum, og í skýrslu bresku þingnefndarinnar segir að það sem hafi verið sérlega ámælisvert og á mörkum hins löglega var að þetta fyrirtæki fór í gegnum alþjóðlega viðskiptabannið gegn apartheid-stjórninni í Suður-Afríku, setti upp platfyrirtæki í London til þess að þvo peninga, Laundry Money hét það á ensku. Þetta er fyrirtækið sem Landsvirkjun er að semja við núna.

Hafa menn engan áhuga á því kannski? Skiptir það engu máli? Eru þeirra peningar eins góðir og annarra? Og Alcoa sem verið er að flagga fyrir víðs vegar um landið — sem mér finnst mjög dapurlegt — hefur beitt verkamenn sína í Mexíkó og víðar miklu harðræði. Þetta eru þeir aðilar sem við erum að flytja inn til landsins, og við ætlum að eyðileggja og fórna einhverjum dýrmætustu náttúruperlum okkar í þeirra þágu. Og umræðan í landinu gengur út á það hvort við getum skrapað saman fyrir lánunum sem við tökum til að þjóna þeim. Hér koma menn síðan vígreifir og hæla sér af þessu í fullkominni einfeldni.

Í gær eða fyrradag skrifaði framkvæmdastjóri Framsfl. grein í Morgunblaðið og sagðist skilja að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs væru andvígir þessari ráðagjörð vegna umhverfismála, vegna umhverfisspjallanna, en hitt væri óskiljanlegt að þeir legðust gegn þessu á efnahagslegum forsendum. Þeir tala um hækkun vaxta, nú eru það ruðningsáhrif, segir framkvæmdastjórinn. Hvað verður næst?

En ég spyr: Hverjir hófu þá umræðu? Voru það ekki efnahagssérfræðingar ríkisstjórnarinnar? Var það ekki ríkisstjórnin sjálf sem talaði um nauðsyn þess að grípa til mótvægisaðgerða þegar mörg hundruð milljörðum yrði pumpað inn í hagkerfið? Jú, það var hún. Og það er hún sem gerir þetta í skýrslu sem birt var frá fjmrn. í byrjun janúar. Hvað eru menn að tala um þar? Menn eru að tala um 2% hærri vexti en ella hefði orðið. Menn eru að tala um niðurskurð í útgjöldum og menn hafa áður talað um nauðsyn þess að opna vinnumarkaðinn fyrir erlendu vinnuafli meðan á framkvæmdum stendur. Og efnahagssérfræðingar ríkisstjórnarinnar og háskólanna hafa varað við ruðningsáhrifum. Það eru þeir sem eru að ræða þetta, eðlilega. Og menn hafa bætt fjórða þættinum við, genginu, hvaða áhrif þetta hafi á gengið, stöðu krónunnar, og inn í efnahagslífið.

Þegar við spyrjum um viðbrögð ríkisstjórnarinnar við þessu, þegar við segjum: Þótt ykkur takist með þessari ráðagjörð að skapa einhvers staðar upp undir þúsund störf til frambúðar af 15 þús. störfum sem þurfa að verða til í landinu á næstu tíu árum, þurfið þið ekki að hyggja þá að því hvort með þessari ráðagerð sé hugsanlega verið að bregða fæti fyrir annan atvinnurekstur? Þetta eru bara staðreyndir. Það er þarna sem talað er um ruðningsáhrif.

Hvað mun gerast þegar vextir eru hækkaðir og lánin eru hækkuð á fyrirtæki sem eru að færa út kvíarnar og þurfa á fjármagni að halda, lánsfjármagni eða til að standa í skilum og halda rekstrinum áfram og eiga fyrir afborgunum? Fyrirtækin munu skreppa saman. Er það eitthvað undarlegt? Nei, til þess er leikurinn gerður, til þess eru vextir hækkaðir, til þess að draga úr fjárfestingum, til þess að koma í veg fyrir að önnur fyrirtæki færi út kvíarnar og heimilin fjárfesti í húsum og híbýlum og framkvæmdum. Út á það gengur þetta.

Þegar ríkisstjórnin og hæstv. ráðherra eru spurð eru engin svör, bara skætingur og talað út í loftið. (**Iðnrh.:** Tala ekki allir út í loftið?) Hvað segir hæstv. ráðherrann? Ég heyrði þetta ekki alveg. (**Iðnrh.:** Tala ekki allir út í loftið?) Tala ekki allir út í loftið, já. Hún gerði það, hæstv. ráðherra, um daginn á Bylgjunni, hún talaði svolítið mikið út í loftið vegna þess að þá var hún að svara borgarfulltrúa sem taldi sig hafa rök fyrir því að á þessari framkvæmd yrði bókhaldslegt tap. Þá mætti hæstv. iðnaðar- og bankamálaráðherra í fjölmiðla. Hvað sagði ráðherrann? Það var pínulítið út í loftið, það er alveg rétt. Það var Ólafur F. Magnússon sem átti frumkvæði að því að spyrja, að leiða getum að því, og taldi sig hafa rök fyrir því, að það yrði bókhaldslegt tap á þessari framkvæmd.

Ég ætla að lesa hérna upp úr fréttinni, með leyfi forseta:

„Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra segir Ólaf F. Magnússon borgarfulltrúa vera að tjá sig um hluti sem hann viti ekkert um þegar hann heldur því fram að tap verði á Kárahnjúkavirkjun. Hvorki hann né reyndar hún hafi allar upplýsingar í málinu og verði að treysta á embættismenn og stjórn Landsvirkjunar."

Ég skal vera svolítið nákvæmari því að hún segir orðrétt, hæstv. ráðherrann:

„Ég get bara ekki rökrætt við Ólaf Magnússon í þessu máli vegna þess að hann hefur ekki allar upplýsingar og raunar ég ekki heldur. En það er nú í þessu máli eins og svo mörgum öðrum að auðvitað treystum við þeim aðilum sem eru kjörnir af okkur til þess að fara með málið og bera ábyrgð á því. Þá er ég náttúrlega að tala um stjórn Landsvirkjunar og eins það ágæta starfsfólk sem vinnur hjá fyrirtækinu."

Þetta er ráðherrann, þetta er hæstv. ráðherra sem er að þröngva þessu máli í gegn og segist ekki einu sinni þekkja staðreyndir þess. Hún er að lýsa því yfir í fjölmiðlum. Þarf frekari vitnanna við? Ég held ekki.

[22:27]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði eitthvað á þá leið í sinni löngu og ítarlegu ræðu að flokkur hv. þm. Péturs H. Blöndals, sem jafnframt er flokkurinn minn, vildi einkavæða sem mest í opinberri þjónustu. Hann nefndi í því sambandi skóla, heilbrigðisstofnanir, vatnsveitur og eitthvað fleira, og sagði jafnframt að það væru fjárglæframenn sem gerðu sér þetta að féþúfu.

Nú vil ég spyrja hv. þingmann: Hvaða fjárglæframenn eru það sem gera sér að féþúfu rekstur skóla, heilbrigðisstofnana, vatnsveitna og annarrar þjónustu sem hann nefndi hér áðan? Ég óska skýringa á því.

[22:27]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Ég skal orða þetta örlítið öðruvísi með skírskotun til þessara manna sem ég er að tala um, fjármálaspekúlanta og fjáraflamanna, sem m.a. ætla að veðja á aldraða, vegna

þess að hægt sé að hafa úr rekstri elliheimila gríðarlegar tekjur. Ég er þar að vísa til eigenda Öldungs hf. sem munu vera búsettir á Gíbraltar til þess að komast hjá því að greiða íslenska skatta. Ég er að vísa í samninga sem ríkisstjórnin gerði við þessa aðila og kostar skattborgarana mörg hundruð milljónir.

Ég get tekið fleiri dæmi, ég get tekið mörg fleiri dæmi. Þegar talað er um fjárglæframenn og fjárglæfra ætti helst að vísa til ríkisstjórnarinnar sjálfrar sem tekur eignir þjóðarinnar eins og ríkisbankana, þjóðbankana, og hefur geð í sér og smekkleysi, eins og hæstv. bankamálaráðherrann, til að afhenda Landsbankann í Þjóðmenningarhúsinu á gamlársdag. Þar voru gerðir samningar við afhendingu á þjóðbönkunum sem má líkja við fjárglæfra og mjög óábyrga framkomu fyrir hönd þjóðarinnar.

[22:29]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hóf þetta svar sitt ágætlega. Mér fannst hann ætla að fara að taka það til baka að nota orðið „fjárglæfra" en síðan herti hann á og kallaði ýmsa aðila fjárglæframenn, þar á meðal ríkisstjórnina. Ég verð bara að segja það alveg hreint út að ég hef samúð með hv. þingmanni að missa svona lagað út úr sér í hita leiksins. Ég held að það sé betra að æsa sig aðeins minna í ræðustól og vita hvað maður er að segja.

[22:29]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég frábið mér alla samúð Sjálfstfl. Og ég kalla það fjárglæfra og fjárglæframennsku hvernig ríkisstjórnin og sá stjórnarmeirihluti sem hún styðst við hefur farið með þjóðareignir. Ég hef nefnt tiltekna samninga og ég hef nefnt þjóðbankana. Ég skal nefna fleiri dæmi, t.d. Landssímann sem í fjárglæfrum tapaði í einni fjárfestingu í Bandaríkjunum 500 millj. kr., sem lét þetta hús hérna handan við völlinn, Landssímahúsið, í hendur einkaaðila og borgar þeim í hverjum mánuði 8,2 millj. kr. í leigu. **(Gripið fram í:** Samvinnuferðir.) Hvað er þetta annað en fjárglæfrar? Þetta er ekkert annað en fjárglæfrar. Þetta er ill og óábyrg meðferð á eignum þjóðarinnar.

[22:31]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hafði hugsað mér að rökræða hérna við hv. þm., en nú hefur hann gengið svo gjörsamlega fram af mér að ég held ég láti það bara ógert.

[22:31]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hæstv. iðnrh. bregst við með þessum hætti. Ég tala um það að ríkisstjórnin og þar með hæstv. ráðherra hafi farið illa með almannafé, sólundað almannafé og ég nefni dæmi máli mínu til stuðnings. Ég hef farið yfir þessa ráðagerð, þessi stóriðjuáform ríkisstjórnarinnar, og fært rök fyrir máli mínu. En hæstv. ráðherra gerir það sem hún hefur gert áður þegar hún kemst í bobba og á engin svör, að hún svarar með þögninni einni.

[22:32]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga um að heimila að reisa álver við Reyðarfjörð. Ég vil byrja á að ræða aðeins um trú manna á koldíoxíðmengun og þá vá sem af henni stafar fyrir jörðina. Ég vil líka minna á að sumir hafa nefnt að kjarnorkan sé líka vá.

Ef við trúum því að koldíoxíðmengunin valdi gróðurhúsaáhrifum og hækki hitastig á jörðinni, þá hljótum við að berjast á móti slíkri mengun, ekki satt? Ég trúi reyndar ekki svo bókstaflega á þetta, en margir gera það. Þá ættum við að vilja hafa bílana léttari til að þeir eyði ekki eins miklu bensíni. Þá ættum við sem sagt að vilja að hafa meira ál í bílunum. Þá ættum við líka að vilja stoppa framleiðslu rafmagns með brennslu olíu, gass eða kola. En 80% af rafmagni á jörðinni er framleitt með slíkri brennslu eða með kjarnorku. Og það hlutfall fer ekkert minnkandi.

Þörf mannkynsins fyrir ál fer vaxandi. Við notum öll flugvélar og vonandi notum við meira ál í bílana okkar, þannig að við verðum að framleiða meira ál til að minnka koldíoxíðmengunina og til þess þurfum við raforku. Ef við höfum þá trú að koldíoxíðmengun sé slæm, þá eigum við að framleiða raforku með öðru en brennslu.

Nú er það svo að ál þarf raforku. Það eru ekki til neinar þekktar aðferðir sem eru hagkvæmar aðrar en þær að framleiða ál með rafgreiningu. 90% af núverandi orku fer í þá efnabreytingu og neðar komumst við ekki þó við reynum að spara og þó að sparað hafi verið undanfarið. Það er því beint samband á milli álverðs og raforkuverðs, nema að því leyti sem farið er að endurnýta ál að einhverju leyti. Þannig að ef við trúum því að koldíoxíðmengunin og Kyoto-bókunin hafi eitthvert gildi þá eigum við að trúa því að raforkuverð muni hækka umtalsvert á næstu árum eða áratugum. **(Gripið fram í:** Þá er vitlaust að semja núna.) Þá er vitlaust að semja núna, segir hv. þm. Hann gleymir því að umsamið raforkuverð er háð álverði og er þar með óbeint háð raforkuverði um allan heim. Ef raforkuverð hækkar um allan heim vegna þess að umhverfisverndarsinnar ná því í gegn að hætt verði að nota olíu, kol og gas til að framleiða rafmagn, þá njótum við Íslendingar heldur betur góðs af því og þessi virkjun þar með.

Með þeim augum horft, þar sem við höfum bara eina jörð til að lifa á, þá er það nánast siðferðileg skylda Íslendinga að framleiða ál með rafmagni, okkar endurnýjanlega rafmagni, sem ekki veldur koldíoxíðmengun.

Það er meira að segja þannig að rafmagn framleitt sums staðar í heitu löndunum — vegna þess að notkun veldur mikilli koldíoxíðmengun í vötnunum og það þýðir að rafmagn framleitt með slíkum vatnsorkuverum veldur sums staðar meiri koldíoxíðmengum heldur en rafmagn framleitt með kolum. Það er því enn frekar skylda þeirra sem eiga kalt vatn að framleiða rafmagn. Siðferðileg skylda.

Herra forseti. Ég hef lesið skýrslu eigendanefndar sem er afskaplega fróðleg og góð. Þeir beita mjög þekktri aðferð, Monte Carlo-aðferð, til að fá út líkur á tapi eða hagnaði af öllum þeim þáttum sem koma inn í þetta dæmi með alls konar líkum, dreifingu á líkum. Þetta er mjög góð aðferð. Hún sýnir að mjög miklar líkur eru á því að hagnaður verði af þessari virkjun og að forsendur nái fram að ganga.

Það væri mjög skemmtilegt ef svipuðum aðferðum yrði beitt á sjávarútveg á Íslandi. Ég er hræddur um að hann stæðist ekki það próf. Það er nefnilega miklu meiri áhætta í sjávarútvegi á Íslandi heldur en í álframleiðslu á Reyðarfirði vegna þess að í fyrsta lagi eru spurningar um hvort fiskurinn sé ekki að verða dvergvaxinn. Og það er spurning hvort við getum veitt eins mikið. Í öðru lagi eru markaðirnir mjög hættulegir. Það þarf ekki nema orðspor um bein í fiski eða bara einhverjar rangar upplýsingar um það að fiskur frá Íslandi sé geislavirkur og allur markaðurinn er

hruninn. Þar er miklu meiri áhætta. Og ég er hræddur um að sjávarútvegurinn ægti ekki farið í gegnum svona nákvæma skoðun.

Það er eitt í skýrslu eigendanefndar sem ég hef, herra forseti, athugasemdir við. Þeir gera ráð fyrir að orkuverð lækki um 0,45% á hverju einasta ári til framtíðar. Við erum ekki að tala um tíu ár eða tuttugu ár, við erum að tala um fjörutíu, fimmtíu, jafnvel hundrað ár. Þetta hefur mjög mikil áhrif á arðsemina. Það er eins og þessir menn átti sig ekki á því að það sé umræða um koldíoxíðmengun, að einhver hlýnun sé á andrúmsloftinu, að það sé einhver stór hætta fyrir mannkynið út af gróðurhúsaáhrifum. Þeir gera sem sagt ekki ráð fyrir því. Þeir trúa ekki umhverfisverndarsinnum í því efni. Og umhverfissinnar sem benda einmitt á þetta atriði lenda í mótsögn, þ.e. þegar þeir benda á það að orkuverðið lækki jafnvel meira, þá eru þeir um leið að segja að umhverfissjónarmið þeirra varðandi koldíoxíðmengun séu röng. Því ef mannkynið kemst að því eftir tíu, fimmtán, tuttugu ár að loftslag sé virkilega orðið heitara, þá verður að sjálfsögðu öll brennsla bönnuð, þ.e. framleiðsla rafmagns með brennslu kola, olíu og gass, sem mun hafa hræðileg áhrif, m.a. það að orkuverð hækkar, þar með álverð og þar með tekjur þessa fyrirtækis langt umfram það sem menn reiknuðu með.

Svo hafa menn sagt að lónið fyllist á 400 árum. Og það er talið merki um að þetta sé ekki endurnýjanleg orka. Ja, það væri nú gaman að vera uppi eftir 400 ár. En hvað skyldi virkjunin verða búin að borga sig mörgum sinnum á þeim tíma? Hvað skyldu jarðgöngin verða búin að borga sig mörgum sinnum? Því þau eyðast ekki. Það er hægt að nota þau í 400 ár og 400 ár í viðbót, væntanlega. Auk þess sem menn verða væntanlega eftir 200 ár búnir að finna aðferð til að spúla þessari uppfyllingu út í sjó, eða jafnvel selja til Evrópu í vegagerð, í byggingar eða annað.

Menn hafa talað um samtengingu álvers og virkjunar sem áhættu. Það er ekki rétt. Það er minni áhætta í virkjuninni en álverinu. Segjum að álverið fari á hausinn. Hvað gerist þá? Þá þurfa Íslendingar að fara að leita að nýjum orkukaupanda. Dálítið slæm staða eins og var við Blöndu á sínum tíma. En á fimm eða tíu árum munum við finna orkukaupanda og það er stuttur tími í því dæmi sem við erum að ræða hér. Og sá orkukaupandi mun standa undir virkjuninni áfram. Ef álverið færi á hausinn, þá færi virkjunin ekki á hausinn, en ef virkjunin færi á hausinn, þá færi hins vegar álverið á hausinn því það er gjörsamlega háð þessu rafmagni og fær það ekki annars staðar. Það er því minni áhætta af virkjuninni en álverinu og það er sú áhætta sem Íslendingar taka.

Menn hafa talað um (**Gripið fram í:** Ríkisvæðing.) ríkissósíalisma, ég ætlaði einmitt að fara að koma með það, herra forseti, fara að tala um ríkissósíalisma. Við búum við það að allur orkugeirinn á Íslandi er í opinberri eigu, meira og minna. Það eru einstaka bændur sem róa á móti straumnum og þetta er afskaplega dapurleg staða. En að gefnu því að horfa á fallvötnin falla óvirkjuð til sjávar og skila þjóðinni ekki neinu, þá lít ég á þetta sem betri kost, þó þetta sé ríkisvæðing, herra forseti, í von um það að menn muni einkavæða þetta á næstunni sem er næsta skref. Og mér sýnist nú jafnvel að borgarstjóri, sá sem er enn þá, er að hætta, sem er tilvonandi forsætisráðherra, mér skildist að hann væri búinn að ráðstafa peningum af Landsvirkjun, hann ætlaði nefnilega að byggja menningarhús í Reykjavík fyrir aurinn. Þannig að það getur vel verið að það komi hvati til að selja Landsvirkjun. Ég vona að hún verði seld sem fyrst.

Það hefur verið dálítið undarleg umræða, herra forseti, undanfarið um það mikla böl að fá svona mikla atvinnu inn í landið og fá svona miklar framkvæmdir og eitthvað sem þjóðina hefur dreymt um í fjölda ára. Nú er það allt í einu orðið böl. Hvaða svartnætti sjá menn fram undan? Til dæmis að það þarf hærri vexti. Af hverju þarf hærri vexti, herra forseti? Vegna þess að það verður svo mikil eftirspurn eftir vinnuafli, það verður ekkert atvinnuleysi, þannig að launin hækka og kaupmáttur vex. Og til að halda aftur af því þannig að ekki verði verðbólga, þarf hugsanlega að hækka vexti til að koma í veg fyrir þenslu. Ja, það eru nú aldeilis vandamálin í dag, herra forseti. Ég verð að segja það eins og er. Þetta er nú aldeilis sorglegt. Svona mikil atvinna. Og svona mikil þensla. Og svona mikið fjör. Þá er nú betra að hafa atvinnuleysi og kreppu og dálítið huggulegt og jafnvel neikvæða vexti. Eða hvað? (Gripið fram í.) Mér heyrist að sumir séu að biðja um það. Svo eru menn að vísa til þess að það sé vaxandi atvinnuleysi á síðustu mánuðum, það er rétt. (Gripið fram.) Mér finnst þetta álver koma á hárréttum tíma, herra forseti, á hárréttum tíma til að vega upp á móti því atvinnuleysi sem við stöndum frammi fyrir núna og að álverið muni laga það mjög hratt og vel.

Á vissan hátt hef ég skilning á baráttu umhverfissinna. Ég heft oft reynt að setja mig í þeirra spor. Þeir trúa því að þarna sé að verða slys. Þeir trúa því að þarna séu ósnortin víðerni að skemmast. Þeir trúa því að þarna séu að verða einhver spjöll sem ekki verða aftur tekin. Og þegar maður setur sig í þau spor, þá hefur maður skilning á þeirri baráttu. Maður skilur líka að núna þegar þetta er að dynja yfir þá — þeir líta eflaust svo á að þetta sé eitthvað sem er að detta yfir þá, sem eitthvert svartnætti — þá nota þeir öll rök. Það er allt tínt til sem hægt er. Ég skil það ósköp vel. Ég skil alveg þessi mótmæli hjá þessum aðilum. Ekki spurning.

En ég vil benda á að þau eru ýmis umhverfisslysin á Íslandi. Þegar átti að fara að byggja við Elliðavatn, þá var sagt að ekki mætti byggja of nálægt Elliðavatni. Af hverju? Það mundi spilla vatninu og vatnsbökkunum. En Elliðavatn er umhverfisslys. Ef ætti að stífla Elliðavatn núna þá yrði það bannað. Það yrði aldrei leyft. Þarna voru mýrar áður. Elliðavatn er umhverfisslys. Hreindýrin sem menn eru að nota sem rök gegn virkjuninni, þau væru ekki leyfð í dag. Það yrði aldrei nokkurn tímann í lífinu leyft að flytja inn hreindýr til Íslands frá Noregi. Þau eru líka umhverfisslys. Það eru nokkrir aðilar sem vilja flytja hreindýr til Vestfjarða. Þeir mega það ekki af umhverfisástæðum. Hreindýrin eru því umhverfisslys líka.

Ef við lítum á Reykjavík ofan af Esjunni þá er alveg hræðilegt að líta á þetta. Hér eru uppfyllingar, húsbyggingar og ég veit ekki hvað. Ef einhver hefði staðið frammi fyrir því um aldamótin þarsíðustu að byggja Reykjavík þá hefði það hreinlega verið bannað. Reykjavík er umhverfisslys að sjálfsögðu. (**SJS:** Maðurinn, er hann ekki umhverfisslys?) Ég ætlaði að koma að því. Landnám Íslands yrði heldur ekki leyft. (**SJS:** Nei, nei.) Nei. Ef landnám Íslands hefði farið í umhverfismat hefði það nú heldur betur verið bannað, ósnortin víðerni eyðilögð. (**SJS:** Adam hefði verið bannaður.) Ég hugsa það já.

Svona geta öfgarnar farið út í hreina vitleysu. Talandi um ósnortin víðerni. Þegar ég hugsa um orðið verður mér alltaf dálítið óglatt vegna þess að þau eru ósnortin, það þýðir að enginn maður má drepa þar niður fæti. Að ætla að nota þetta sem ferðamannaagn, það er hrein della. Um leið og

tíu manna hópur er kominn inn á ósnortin víðerni þá truflar hann sýn mína á landið, þessir tíu menn svo að ég tali nú ekki um rútuna og bílana sem þeir nota. Þannig að ósnortnu víðernin eru ekki lengur ósnortin þegar ferðamennirnir eru komnir inn á þau. Það er mótsögn í orðunum „ósnortin víðerni". Menn skulu bara líta á hvernig ferðamennirnir spilla landinu. Lítið þið á Fimmvörðuháls. Hann er að skemmast. Ekki er það af völdum bíla, álvers eða virkjana, heldur af völdum ferðmanna sem troða niður svörðinn.

Herra forseti. Ég má nú til með að koma inn á það að hv. þm. Ögmundur Jónasson taldi upp fullt af afskaplega góðum og gæfulegum fyrirtækjum, Össur, Sæplast og ég veit ekki hvað. Hjarta mitt tók kipp af ánægju vegna þess að hann var að lýsa því sem ríkisstjórnir Sjálfstfl. hafa náð fram síðustu tólf ár. Með því að bæta stöðu atvinnulífsins blómstrar nýsköpun og alls konar fyrirtæki fara í gang. Það gladdi mig sérstaklega að hv. þm. Ögmundur Jónasson væri nú kominn í flokk aðdáenda ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

Herra forseti. Ég hef ekki talað um efnahagsleg áhrif þessa álvers á Austfirði. Ég þarf þess ekki. Ég þarf ekki að segja Austfirðingum af því. Þeir vita það nú þegar. Þeir eru byrjaðir að byggja, byrjaðir að panta lóðir og eru að fara í gang. Það er mikil gleði og heiðríkja yfir Austfirðingum, nema náttúrlega þeim umhverfissinnum sem þar búa sem sjá svartnættið skella yfir. Ég óska Austfirðingum sem og öllum landsmönnum til hamingju með þetta álver. Ég styð eindregið að það verði reist.

[22:48]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Síðasti ræðumaður talaði nánast eins og það væri siðferðileg skylda okkar að framleiða ál. Mér er ljóst að hann hlustaði ekki á ræðu mína fyrr í kvöld þar sem ég var einmitt að ræða um þetta efni. En það er svo að þessi áróður hefur náð í gegn. Nú er svo komið að flestir Íslendingar halda að aðeins á Íslandi verði reist álver sem noti vatnsaflsrafmagn en það er alls ekki svo.

Herra forseti. Það kom fram í máli mínu fyrr í kvöld að gríðarlegt óvirkjað vatnsafl finnst víða í heiminum, í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku. Þar væri hægt að byggja öll heimsins álver og nota til þess vatnsaflsvirkjanir. Í yfirliti Alþjóðaorkumálastofnunarinnar um virkjað og óvirkjað vatnsafl í heiminum kemst Ísland ekki einu sinni á blað. Í Venesúela eru sumar ár virkjaðar í mörgum þrepum upp á mörg þúsundir megavatta og álverin eru þar í röðum, samanber tilvitnaða grein eftir Júlíus Sólnes prófessor. Það er því tómt mál um að tala að það sé nánast siðferðileg skylda okkar að fórna landi okkar fyrir byggingu álvera. Það er hrein firra.

Svo vil ég segja hv. þm. að það er til skilgreining á ósnortnum víðernum og ég ætla að segja frá því í seinna andsvari mínu.

[22:50]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur fyrir að mannkynið hefur sífellt meiri þörf fyrir ál af þeim ástæðum sem ég nefndi. Það sparar orku. Þetta er léttur málmur sem er góður í flugvélar sem við bæði, ég og hv. þm. höfum notað eins og flestir Íslendingar. Það er því mikil og vaxandi þörf fyrir ál.

Hins vegar er rafmagn í þeim álverum sem menn ætla að fara út í núna að mestu leyti framleitt með brennslu jarðefna eða kjarnorku. Þó að mikið vatnsafl sé enn óvirkjað er enn meira af kolum og olíu og gasi ónotað til þessara þarfa. Allar spár ganga út á að þetta hlutfall, 20% vatnsafls á móti 80% brennsluefnis og kjarnorku, breytist ekkert verulega á næstu áratugum. Áfram mun því framleitt ál með brennslu jarðefna á næstu árum. Sú aukning sem þarf verður að mestu leyti knúin brennslu jarðefna. Það er alveg sama þó að okkar hlutur sé lítill. Samt sem áður ber okkur skylda til að framleiða ál. Þetta er enginn áróður sem ég hef hlustað á. Þetta er nokkuð sem mér datt í hug fyrir löngu og ég sagði í ræðu um leið og farið var að ræða um þessa virkjun og aðrar virkjanir.

[22:51]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Árnar okkar eru dropi í hafið þegar horft er á allt það vatnsafl sem er óvirkjað í heiminum. Þess vegna kom ég upp hér í andsvari, til að sýna þingmanninum fram á að það sé hrein firra að við berum siðferðilega skyldu til þess að fórna okkar landi undir álframleiðslu.

Hvað ósnortnum víðernum viðvíkur eru þau skilgreind á alþjóðavísu. Eftir því sem ég best veit þá stendur þar að þar séu ekki neinar raflínur, ekki miðlunarlón, ekki orkuver eða uppbyggðir vegir í u.þ.b. fimm km fjarlægð og þar gæti ekki beinna ummerkja mannsins. Þar fær náttúran að þróast án álags vegna mannlegra umsvifa. Herra forseti. Það táknar ekki að ósnortin víðerni hætti að vera ósnortin þó að þangað komi hópur af ferðamönnum. Það er líka hrein firra hjá hv. þm.

Að lokum: Að sjálfsögðu nota ég flugvélar eins og hv. þm. En ég hef reyndar bent á það í þessum ræðustól hve miklu gæti skipt fyrir okkur Íslendinga að hafa einnig farþegaskip á ferð milli Íslands og Evrópu. Ég vil nú skjóta því inn hér til áréttingar. Ég notaði ekki eingöngu flugvélar ef ég hefði annan kost.

[22:52]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi framleiðslu rafmagns með vatnsafli þá er það svo að í heitum vötnum á sér yfirleitt stað svo mikil rotnun, þ.e. aukin rotnun í uppistöðulónum, að koldíoxíðmengunin verður meiri en við að brenna kolum og olíu. Það er eingöngu í köldum vötnum sem ekki verður koldíoxíðmengun, þ.e. nyrst í Rússlandi, Alaska, Íslandi og kannski syðst í Suður-Ameríku.

Því er haldið fram að við berum ekki ábyrgð af því að við séum svo lítil. Ég heyri nú ekki annað en að menn séu að tala um óskaplega stóra virkjun. Ég hef heyrt að hún sé bara nokkuð stór á alþjóðlegan mælikvarða. (Gripið fram í.) Þannig gæti hver og einn einasti sagt um öll lönd: Við erum bara dropi í hafið, við þurfum ekki að gera neitt. Með þessum rökum yrði ekki virkjað neins staðar með vatnsafli því að hver einasta virkjun er þá dropi í hafið. Það eru kannski kjarnorkuver sem eru ekki dropi í hafið en ég er hræddur um að hv. þm. vilji þau ekki.

Varðandi ósnortnu víðernin þá hugsa ég að ferðamenn mengi ekki minna en stóriðja. Þeim fylgja rútur og vegir, affall frá manninum, heilmikil sjónmengun, hávaðamengun, flugvélar o.s.frv. Ferðaþjónustunni fylgir líka átroðsla á þessum litlu perlum okkar sem eru löngu komnar í hættu vegna ferðamanna. Ekki vegna álvera, virkjuna eða slíks. Ef skilgreiningin er 5 km fjarlægð þá held ég að það sé nú ekki mikið sem þessar virkjanir eða þessi lón skerða af ósnortnum víðernum ef strax 5 km í burtu er komið á ósnortin víðerni.

[22:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég hafi loks fengið botn í málflutning hv. þm. í seinna svari hans áðan, að vegna þess að náttúruperlur landsins gætu spillst af ágangi ferðamanna sé um að gera að bjarga þeim bara í hvelli undir vatn eða malbik, þá sé vandinn leystur.

Ég verð að segja eins og er, að ég fékk eiginlega engan botn í málflutning hv. þm. Hv. þm. Katrín Fjeldsted hefur svarað hér ágætlega þessu með orkuna og þessu bulli sem veður uppi, að Ísland geti lagt af mörkum eitthvað sem skipti máli á heimsmælikvarða með sínum takmarkaða orkuforða sem einhvern tíma var reiknað út að væri ekki meiri en svo að væri hann allur nýttur væri orkuframleiðslan af svipaðri stærðargráðu og fylkið Hamborg eitt notar í dag.

Í öðru lagi, varðandi kenningar um vaxandi þörf fyrir ál. Það er umdeilt. Það er líka umdeilt að ál sé sérstaklega umhverfisvænn málmur vegna þess að það þarf gríðarlega orku til að framleiða hann í byrjun og það í sjálfu sér er ekki umhverfisvænt. Þess vegna er allt á fullri ferð í áttina að staðgengdarefnum. Það eru margir sem telja að plastefni, koltrefjaefni og svonefndar fjölliður af ýmsu tagi muni í vaxandi mæli leysa ál af hólmi á komandi árum og áratugum. Plastnotkun fer mjög vaxandi. Í bílum og meira að segja í flugvélum, sem hv. þm. nefndi hér. Menn halda að þær séu eingöngu framleiddar úr áli en áleiningar eru að hverfa út og víkja út fyrir plasti og koltrefjum. Það er farið að framleiða heilar orrustuþotur úr koltrefjaefni. Keppnishjól í hjólreiðum eru úr plastefnum. Og í Formúlunni, þar sem menn hafa nóga peninga, er álið horfið og plastefni og önnur gerviefni komin í staðinn.

Það er því mjög margt sem bendir til að a.m.k. ef álverð ætti að hækka muni það tapa í samkeppninni fyrir öðrum efnum. Það er ekki ávísun á að bisnessinn í þessu dæmi sem við höfum verið að ræða muni verða góður.

[22:57]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit nú ekki hvernig hv. þm. gat lesið úr orðum mínum að ég vildi sökkva náttúruperlum Íslands undir vatn eða malbika þær. Ég bara veit ekki hvar í ósköpunum hann heyrði þetta. Ég sagði þetta aldrei.

Ósköp þótti mér leiðinlegt þegar hv. þm. Katrín Fjeldsted talaði um firru hjá mér og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon segir þetta sé bull. Að nota svona orð í röksemdafærslu, þetta á náttúrlega ekki að eiga sér stað. (**ÖJ:** Um mann sem talar svo viturlega sem þú.) Ég segi alla vega ekki að hv. þingmenn fari með bull.

En varðandi það að álið þurfi mikla orku þá er það rétt. Það þarf mikla orku. En plastefnin sem hv. þm. nefndi, það er nú aldeilis vandamál að koma þeim fyrir þegar þau eru úr sér gengin. Þau valda enn meiri umhverfismengun. Mér skilst að plastefni séu einn aðalvandinn á sorphaugum stórborga jarðarinnar. Ekki get ég séð að það verði endilega til framdráttar að skipta áli út fyrir plast.

[22:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að vísu þannig með álið, svo að öllu sé til haga haldið og því sé sýnd full sanngirni, að þegar það er endurunnið þá tekur það ekki nema brot af þeirri orku sem þarf upphaflega til að bræða það og umbreyta því úr hrááli. Þar telja menn hins vegar að þróunin sé nokkurn veginn komin á endastöð. Það hafa orðið framfarir með íblöndun í álefni á undanförnum árum og áratugum en flestir telja að þar verði ekki öllu lengra gengið. Í leitinni að nýjum og sterkari efnum, ofurefnum, er álið horfið út úr myndinni.

Svo að ég létti áhyggjum af hv. þm. varðandi plastið eru menn líka á fullri ferð í að þróa m.a. endurvinnsluaðferðir á plasti. Ég hygg að hv. þm. þekki t.d. mjög vel eitt efni sem er endurunnið plast, það er kallað flís og er að ryðja ýmsum öðrum einangrunarefnum, m.a. í skjólfatnaði, út af borðinu.

Ég held að það sé ákaflega hættulegt að einblína á gamlar kenningar um að af því að ál sé létt þá hljóti það að sigra í samkeppninni í iðnaði og það verði endalaust vaxandi þörf fyrir það. Það er umdeilanlegt. Það er í öðru lagi mjög umdeilanlegt að rétt sé að segja að ál sé umhverfisvænn málmur vegna þess hvernig hann kemur inn í orkuútreikningana. Síðan er þróunin eins og raun ber vitni í öðrum greinum.

Varðandi framlagið til gróðurhúsaáhrifanna og að við séum einnig að leggja af mörkum í þeim efnum þá eru þeir útreikningar nú svona og svona, sem ólíklegustu menn blanda sér í, m.a. með blaðaskrifum. Það er eins og menn viti t.d. ekki af Kyoto-bókuninni, að öll þau lönd sem verða bundin af ákvæðum hennar og ætluðu að auka álframleiðslu, verða að kaupa losunarkvóta út á móti. Það mundi ekki auka heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í þeim löndum. (Forseti hringir.) Í þróunarlöndunum eru álver fyrst og fremst reist við vatnsorkuver þannig að ekki breytir það heldur dæminu.

[23:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég á dálítið erfitt með að ræða um trú hv. þingmanns á því að eitthvað annað taki við af álinu. Þetta er nú bara trú og menn geta haft ýmiss konar trú og ég get ekkert rætt það frekar.

Varðandi það að ál sé ekki umhverfisvænn málmur má vel vera að hann sé ekki umhverfisvænn þegar hann er framleiddur með rafmagni sem er búið til með brennslu kola og olíu. Það má vel vera. Ég hef meira að segja mikla trú á því að þá sé hann ekki umhverfisvænn, ef menn trúa Kyoto-bókuninni. Ál sem hins vegar er framleitt með mengunarlausri raforku tel ég vera miklu umhverfisvænna heldur en hitt álið sem framleitt er með brennslu jarðefna.

Að öðru leyti get ég ekki komið inn á andsvar hv. þm. Ég áttaði mig ekki almennilega á hvort þetta sé trú um það að álið sé að fara út og allt sé í himnalagi án þess að hafa ál og bílarnir séu ágætir bara úr þungu járni, stáli o.s.frv. Ég hef aftur á móti þá trú að ál muni taka yfir í bílum, til þess að létta þá, til þess að minnka orkunotkun þeirra og þannig sé ál sem framleitt er á Íslandi í tvíþættum skilningi umhverfisvænt. Rafmagnið til framleiðslunnar er framleitt með vatnsorku en ekki með bruna og álið veldur því að bílar þurfa að brenna minna, það verði minni bruni þar.

[23:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla að fara yfir nokkur atriði nú í seinni ræðu minni sem mér gafst ekki tími til að víkja að í dag, annaðhvort alls ekki eða þá í mjög litlu.

Ég minni á það að ég var búinn að ræða ítarlega aðdraganda eða sögu þessa máls, umhverfisáhrifin sem ein og sér að mínu mati eru þess eðlis og af þeirri stærðargráðu, umtalsverð neikvæð og óafturkræf umhverfisáhrif sem tengjast þessum framkvæmdum þegar þær eru allar teknar saman í heild sinni, að þau gera framkvæmdirnar ótækar. Þetta gerir það að verkum að af þeirri ástæðu þegar, og einni, ættu menn

að hverfa frá því að ráðast í þessar framkvæmdir. Þær eru ekki réttlætanlegar og ég spái því að þær fái þunga dóma þegar fram líða stundir ef í þær verður ráðist, þess verði ekki langt að bíða, það verði ekki margir áratugir liðnir af Íslandssögu framtíðarinnar þegar menn verða orðnir almennt sammála um að þarna hafi menn verið að keyra út af sporinu. Ég þekki a.m.k. fæst dæmi þess þar sem meiri háttar umhverfisfórnir hafa verið færðar á altari meintra skammtímaávinninga að menn hafi ekki fengið timburmenn og vonda samvisku yfir því þegar frá líður. Og margar eru þær, þjóðirnar, iðnvæddar og þéttbýlar í kringum okkur sem mundu gefa mikið fyrir að ná ýmsum náttúrugersemum sínum til baka sem færðar voru á altari slíkra sjónarmiða á umliðnum áratugum eða öldum.

Ég nefndi einnig lítillega skattaákvæðin sem þetta frv. gerir ráð fyrir til handa þessu óskabarni, álveri hins erlenda auðhrings, sem á nánast að öllu leyti að fá mjög sérstaka meðhöndlun í skattalegu tilliti. Það er hreinasta öfugmæli sem frv. gengur út á, að um það eigi að gilda íslensk skattalög. Það er nánast sama hvar borið er niður í tekjuskatti, hvað varðar frádrátt vegna rekstrartapa, fyrningarákvæði, eignarskatta, iðnaðarmálagjald, fasteignaskatta, gatnagerðargjöld, byggingarleyfisgjöld og skipulagsgjöld, skattlagningu arðs, frádrátt vaxtakostnaðar, vörugjöld, fyrirvara eða öryggisákvæði hvað varðar álagningu mengunargjalda, fjárfestingarvörur eru tollfrjálsar o.s.frv. Það er eiginlega alveg sama hvar borið er niður — ég man í svipinn ekki eftir mörgum öðrum skattstofnum í landinu — þetta fyrirtæki er að einhverju leyti undanþegið eða hefur sérákvæði gagnvart öllum skattstofnunum. Það má fara rækilegar yfir þetta ef menn vilja en þannig er það nú að eftir stendur nánast mjög fátt, þau þó almennu skattaákvæði sem á að heita að fyrirtækið lúti eins og greiðsla tekjuskatts af hagnaði eru þó með sérstökum fyrirvörum og öryggisákvæðum til handa fyrirtækinu.

Það sem ég vil aðeins gera að umtalsefni í viðbót, herra forseti, er áhættan í þessu verkefni. Það er hin sameiginlega heildaráhætta sem í þessum pakka er. Ég velti því fyrir mér hvort aldrei hafi komið til greina að láta gera sjálfstætt, heildstætt áhættumat á málinu í heild sinni þar sem lagðir væru saman þeir þættir í uppbyggingu og rekstri virkjunarinnar í viðskiptasamningunum við kaupandann, álverið, og í rekstri þess sem hér gætu komið við sögu. Þarna er margt sem getur farið úrskeiðis og það er margs konar áhætta sem þarf að skoða.

Í fyrsta lagi er algjörlega ljóst að það er mjög mikil óvissa í þessari framkvæmd. Hún er tæknilega þess eðlis að óvissan er umtalsverð. Það þarf ekki að hafa nema t.d. lágmarksþekkingu á jarðfræði til að sjá að það eru nokkað snúnar aðstæður sem þarna á að fara í, að byggja stærstu jarðvegsstíflu í Evrópu á eldvirku sprungusvæði, leggja margra tuga kílómetra jarðgöng í mjög ungu gosbergi. Það er ekki eins og til standi að bora þarna í gegnum massíft granít. Ónei. Þarna er um að ræða ung jarðlög, ungt gosberg sem er sprungið, sem er með millilögum, og allt þetta skapar mjög erfiðar aðstæður til slíkrar mannvirkjagerðar. Skyldi það ekki mögulega hafa haft þau áhrif á vestrænu og norrænu verktakana og samstarfsaðila þeirra hér heima sem þekkja mjög vel til mannvirkjagerðar við slíkar aðstæður að þeir buðu svona gríðarlega miklu hærra í verkið en Ítalirnir sem voru að bora í granítí suður í Afríku?

Það þarf ekki að hafa mikla þekkingu á ýmsum öðrum aðstæðum til þess að átta sig á því að þarna er auðvitað óvissa. Frá náttúruhamfarasjónarmiði séð er þetta svæði ekkert auðvelt viðfangs. Eldvirkt, með jökla að baki, þar sem jarðhiti og eldvirkni hafa á umliðnum árum, öldum og árþúsundum iðulega orsakað hamfarahlaup og mikil læti. Þannig eru t.d. nýjar kenningar uppi um það í jarðfræðinni að sum gljúfrin, stóru gljúfrin í fallvötnunum og jökulánum norðan jökla, séu miklu yngri en áður var talið. Og vegna hvers? Jú, vegna þess að það hafa þá komið hamfarahlaup eða lón tæmst á þessum slóðum síðar en menn gerðu áður ráð fyrir, jafnvel miklu síðar heldur en við lok ísaldar fyrir tíu til tólf þúsund árum. Þannig er þetta allt í kollinum á manni þegar maður er að velta fyrir sér því sem þarna á að gera og er algerlega einstakt í Íslandssögunni. Þarna er um að ræða að fara út á nýja braut í risamannvirkjagerð hvað varðar tæknilega útfærslu og áhættu af ýmsum toga.

Það er mikil áhætta í sambandi við arðsemina. Það viðurkenna allir. Hagnaður af þessu dæmi er sýnd veiði en ekki gefin. Það liggur bara í því að fara yfir þær forsendur sem menn þurfa að gefa sér til þess að þetta komi sæmilega út á pappírunum, t.d. hækkandi álverð. Það gefur augaleið að þarna hlýtur að vera gríðarleg áhætta. Það hljóta menn að verða að viðurkenna.

Það er mikil áhætta í sambandi við raforkuverðið sem er auðvitað ein stærsta breytan í þessu. Þar er veðjað á að álverð hækki. Og hv. þm. Pétur Blöndal sem var í ræðustól áðan hélt miklar ræður um að þörfin fyrir ál mundi fara hraðvaxandi á komandi árum af því að hann hefur smíðað sér þá einföldu kenningu, þá einföldu mynd af heiminum, að af því að ál sé léttara en járn muni það vera hagstæðara í bíla og þar af leiðandi hljóti það að vaxa um aldur og ævi í þeirri iðngrein. Staðreyndin er sú að væntanlega hefur ál að mestu leyti tekið þann sess sem það kemur yfir höfuð til með að ná í bíla- og áliðnaði. Og menn þekkja það væntanlega að í ákveðnum bílahlutum hjá stærstu verksmiðjum heimsins er ál að hverfa og víkja fyrir öðrum efnum. Stuðarar á bílum voru almennt úr áli, þ.e. þegar ál tók við af stáli fyrir tíu, fimmtán árum, af því að þá voru menn að reyna að létta bílana í kjölfar orkukreppunnar og olíukreppunnar fyrstu, og ýmsir hlutir í burðarvirki í bíla, stuðarar og annað slíkt, komu úr áli. Það stóð í svona fimm til tíu ár, kannski fimmtán. Núna eru þessir hlutir í mjög miklum mæli orðnir úr plasti. Ég hvet þingmenn til að fara niður í bílageymslu og banka í neðri hluta á síðunum á bílunum sínum og sparka í stuðarann og ég spái því að þeir komist að þeirri niðurstöðu að það kemur lítið hljóð. Þarna er nefnilega ekki lengur um málm að ræða, heldur plast nánast í öllum tilvikum. Þetta ættu menn að kynna sér áður en þeir halda ræður af því tagi sem hv. síðasti ræðumaður gerði áðan.

Jafnvel þótt þörf fyrir ál vaxi eins og bjartsýnir spámenn gera ráð fyrir er mjög líklegt að sú þörf verði mettuð, aðallega af tvennum toga, annars vegar með endurvinnslu áls sem fer vaxandi og hins vegar með áli frá þróunarríkjum, með áli frá Kína. Kínverjar eru að reisa þvílíkar risavirkjanir og auka þannig orkuframleiðslu sína að ef þeir veittu þótt ekki væri nema hluta af því afli í álframleiðslu gætu þeir mettað heimsmarkaðsþörfina. Síðan kemur það til sem ég nefndi, ýmiss konar ný efni, gerviefni, sem sum ganga einu nafni undir heitinu „fjölliður", þ.e. pólýamíðefni, plast, koltrefjar, sílíkon, flúor og fleira í þeim dúr, eru að ryðja sér mjög til rúms á mörgum sambærilegum sviðum iðnaðar þar sem menn töldu áður að ál eða aðrir léttmálmar — gleymum því ekki að ál er reyndar ekki eini léttmálmurinn sem til greina

getur komið, það eru til margir aðrir, sumir að vísu dýrari í framleiðslu — einokuðu tiltekinn markað.

Að síðustu er svo auðvitað, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson vék að fyrr í umræðunni í kvöld, gríðarleg áhætta fólgin í því að reisa eitt stykki risavirkjun fyrir einn kaupanda. Það verður bara ein raflína niður á Reyðarfjörð. Áhættan er ekki bara fólgin í því að það fyrirtæki fari á hausinn, sem auðvitað getur gerst. Áhættan er líka fólgin í því að samningsstaða okkar tekur mið af þessum aðstæðum. Ísland er í algerlega sérstakri stöðu hvað þetta snertir meðal Evrópuríkja. Við erum eini einangraði orkumarkaðurinn sem eitthvað kveður að, (**Iðnrh.:** Kaupa 85%.) sem enga tengingu hefur við markaðinn á meginlandinu. Kaupa 85%, segir hæstv. ráðherra, í 20 ár. Tryggja kaup á 85% í 20 ár. En það eru endurskoðunarákvæði. Og það geta komið upp það sem kallast á vondu máli „force majeure"-ákvæði. Það geta komið upp þær aðstæður að Alcoa segi einfaldlega við okkur: Ja, nú er þetta bara þannig að þetta gengur svo illa og heimsmarkaðsverð á áli er þannig eða aðrar aðstæður að við bara ráðum ekki við þetta rafmagnsverð og við neyðumst til að segja hér upp og loka ef við fáum ekki lækkun á raforkuverðinu. Jú, Ísland segir: Ja, þið eru skuldbundin til að kaupa 85% í 20 ár. Þá segir Alcoa: Já, það er ódýrara að borga það út heldur en að reka verksmiðjuna nema við fáum hagstæðari skilyrði. Og strax að þessum 20 árum liðnum lokum við, og þótt það væru 40.

Með öðrum orðum: Við erum auðvitað á hnjánum gagnvart þessum eina kaupanda orkunnar. Við eigum ekki það val sem Norðmenn eiga í sínum samningum. Þeir geta sagt við aðilana: Nú, ef þið ekki ætlið að kaupa orkuna setjum við hana bara inn á netið og seljum hana niður til Evrópu. Við eigum ekki þann kost, Ísland er einangraður og lokaður orkumarkaður og það er algjörlega ljóst að þessi aðili hefur okkur í greipum sínum.

Síðan, herra forseti, væri auðvitað fróðlegt að ræða hér ítarlegar um þær spurningar um grundvallaráherslur í atvinnuuppbyggingu sem hér vakna. Það er nærtækt að fara yfir í umræður um það þegar maður hefur heyrt ræður fluttar eins og þá sem hv. þm. Halldór Blöndal flutti fyrr í dag. Hann fór bara með ritúalið, með rulluna um það að ekkert nema stóriðja gæti tryggt hér hagvöxt, skapað ný störf og bætt lífskjör. Þetta tyggur hver á fætur öðrum. Þvílíkt himinhrópandi vantraust á möguleika og tækifæri í almennri atvinnusköpun í landinu, og í raun og veru svo rangt í ljósi þess þó áhugaverða sem á mörgum vígstöðvum hefur verið að gerast sem betur fer. Annars værum við ekki vel stödd, Íslendingar, ef ekki hefði orðið sá gríðarlegi vöxtur í ferðaþjónustu, í lyfjaiðnaði, í ýmsum iðngreinum tengdum sjávarútvegi o.s.frv. Þá væri ástandið ekki björgulegt.

Ég held að við eigum miklu frekar að nálgast þetta eins og t.d. Írar sem ekki líta á það sem eitthvert óskaplegt vandamál að það þurfi að verða til störf í landinu og það séu fjölmennir árgangar ungs fólks að koma inn á vinnumarkaðinn. Þeir segja: Það er auðlind. Það er af því að þeir hafa fyrir löngu áttað sig á því að mesta auðlindin af þessu öllu saman er auðvitað mannauðurinn. Það er hann sem þarf að virkja. Og ekki mengar það.

Auðvitað stöndum við líka á ákveðnum krossgötum varðandi grundvallaráherslur í atvinnuuppbyggingu okkar. Það er enginn að segja, a.m.k. ekki sá sem hér stendur, að nýting orkunnar á skynsamlegum og hófsamlegum nótum og iðnaðaruppbygging geti ekki og eigi ekki og megi ekki vera hluti af uppbyggingu í atvinnulífi okkar á komandi árum og áratugum. Það sjáum við mjög gjarnan fyrir okkur, enda gangi menn í þá hluti á þann hátt sem á að gera, þ.e. að menn taki þá þá virkjunarkosti sem vænlegastir eru frá sjónarhóli umhverfisins og ráðstafi orkunni með markmið um sjálfbæra þróun atvinnulífs og samfélags í huga.

Umbreyting í orkubúskapi Íslendinga þar sem reynt er að hverfa frá innflutningi á kolefnaeldsneyti og færa okkur yfir í innlenda orkugjafa úr umhverfisvænum virkjunarkostum er að sjálfsögðu jákvæð þróun í þessum efnum. Við gætum t.d. byrjað á því að reyna að ná niður raforkuverðinu til almennra notenda þannig að menn hættu að framleiða gufu með svartolíu í landinu, menn hættu að elda á öllum veitingahúsum og matsölustöðum bæjarins og landsins á gasi, menn hættu að framleiða gufu í efnalaugum, drykkjarverksmiðjum, málningarverksmiðjum eða hvað það nú er, með svartolíu. Þannig mætti áfram telja. En þannig er ástandið í dag. Það er ekki verið að leggja mikið í þessa hluti heldur er lagt ofurkapp á að færa útlendingum á silfurfati stærstu virkjunarkosti landsins með tilheyrandi umhverfisfórnum og selja þá raforku á svona $^1/_8$ af því sem almennir notendur verða að greiða.

Eitt enn er óhjákvæmilegt að nefna, herra forseti, og það er að gangi plön ríkisstjórnarinnar um þessa nýju þungaiðnvæðingu landsins og stórkostlegu aukningu í álframleiðslu eftir þá tekur ál á næstu árum við af þorskinum sem sú breyta í efnahagslífinu sem við verðum háðust. Það er bara ósköp einfaldlega að gerast núna og gerist þá á næstu árum. Ég hélt að það væri ekki keppikefli í sjálfu sér að skipta þorski út fyrir annan sveiflugjafa, heldur hefðu menn alltaf verið að tala um að það væri vont að efnahagslíf einnar þjóðar væri svona háð einum hlut sem gæti sveiflast mikið með tilheyrandi efnahagslegum áhrifum.

Það er þannig núna, herra forseti, að samkvæmt spá þjóðhagsáætlunar fyrir útflutning á árinu 2002 er heildarútflutningsverðmæti allra sjávarafurða um 110–115 milljarðar kr. En ál er komið í 42 milljarða. Nú á samkvæmt þessum plönum að meira en tvöfalda framleiðslu á ári. Með fyrirhugaðri stækkun Norðuráls og byggingu Fjarðaáls mun álframleiðslan meira en tvöfaldast, ef ég hef lesið rétt, og það lætur nærri ef maður leggur saman núverandi framleiðslu í Straumsvík og á Grundartanga og reyndar meira en það. Segjum að álframleiðslan færi úr 42–43 milljörðum núna — hún er núna um 40% af sjávarvöruframleiðslunni — í kannski 90 milljarða, hún færi upp að hliðinni á sjávarvörunum. En þar er þó um að ræða gervallan sjávarútveginn og allar hans framleiðsluvörur sem eru sem betur fer mjög fjölbreyttar og verðlag þeirra sveiflast nú sjaldan alveg í takti á mismunandi mörkuðum um allan heim. En álið er þessi einsleita afurð sem fer bara upp og niður í takt við heimsmarkaðsverðið. Það eru að vísu örlítið mismunandi úrvinnslustig, t.d. eru barrarnir í Straumsvík verðmætari og meira unnir en hleifar frá Grundartanga og hleifar sem þarna verða væntanlega til, a.m.k. fyrst í stað. En sama er. Þessi eini málmur yrði svona risastór í okkar hagkrefi og yfir 80% af raforkumarkaðnum væri orðinn bundinn þessari einu breytu.

Svo tala menn hér eins og það sé ekkert íhugunarefni að halda bara áfram á þessari braut og þess vegna kalla fleiri til, bara ef einhverjir vilja koma. Hvort það eru Rússar eða Kínverjar skiptir ekki máli. Allir eiga að vera velkomnir bara til þes að hægt sé að framleiða meira og meira ál.

Við heyrðum í einum og einum ræðumanni hér í dag sem var að ákalla þetta í sinn landshluta. Nú, trúi menn því að stóriðja og álframleiðsla sé það eina sem geti komið að einhvejru verulegu liði í atvinnuuppbyggingunni þá vilja auðvitað allir fá álver því það er engu öðru til að dreifa.

Ég segi bara að það er eins gott að menn höfðu ekki áttað sig á þessu fyrir daga fyrsta álversins, þ.e. að þeirra biði ekkert annað en að lepja dauðann úr skel nema hingað kæmi erlend stóriðja. Það er eins gott að bændur í Þingeyjarsýslu á 19. öldinni vissu ekki af þessu. Þeir hefðu lagst upp í rúm og breitt sængina upp yfir höfuðið í staðinn fyrir að stofna kaupfélög og brjótast til (**Iðnrh.:** Var það ekki mikil ógæfa?) bjargálna með þeim hætti. Að stofna kaupfélögin? Nei. Það var nú aldeilis ekki. Það er sama sagan, herra forseti. Ef þetta nafn ber hér á góma þá kippist hæstv. iðn.- og viðskr. við. Ég er ákaflega mikill aðdáandi þeirrar sögu, (**Iðnrh.:** Já, þú gekkst úr einu.) stofnunar kaupfélaganna á sínum tíma og þeirrar merku endurreisnar sem Þingeyingar voru sérstaklega í forsvari fyrir.

Herra forseti. Við höfum lagt til að þjóðin fái að segja álit sitt í þessu máli. En með hliðsjón af öllum þeim málflutningi sem hér hefur farið fram, m.a. um stærð verkefnisins og því að allir viðurkenna að því fylgja mikil og óafturkræf umhverfisáhrif að fara þarna með framkvæmdir inn á stærsta lítt snortna víðerni landsins — og það verður auðvitað aldrei samt eftir ef svo fer — með hliðsjón af þessu öllu og því að nú ber svo vel í veiði að kjósa á til Alþingis 10. maí nk. þá held ég að það væri handhægt og mundi ekki tefja þessi framkvæmdaáform að neinu marki þó að þjóðin fengi að láta sitt álit í ljós á sjálfstæðum kjörseðli við þessar kosningar og við munum láta á það reyna áður en þing lýkur störfum með einum eða öðrum hætti að svo verði.

[23:22]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á misræmi sem kemur fram í upplýsingum og forsendum ýmissa þeirra aðila sem hafa fjallað um þetta mál fyrir hönd stjórnvalda. Það er nokkuð sem efh.- og viðskn. hlýtur að taka til athugunar þegar hún fær málið til meðferðar. Það sem skiptir máli þegar menn velta fyrir sér arðsemi þessar framkvæmdar er tvennt: Annars vegar stofnkostnaðurinn, kostnaðurinn við virkjunina og hins vegar raforkuverðið. Þetta tvennt ræður einkum arðsemi af þessari framkvæmd.

Nú vísa þeir aðilar sem hafa fjallað um þetta fyrir hönd stjórnvalda gjarnan í útreikninga Sumitomo-bankans japanska og segja að hann hafi gefið Landsvirkjun sín blessunarorð um að fagmennlega sé að verki staðið, að þessir útreikningar standist.

Nú langar mig til að spyrja hvort ríkisstjórnin eða fulltrúar hennar hafi skýringar á misræmi sem fram kemur í gögnum frá Landsvirkjun annars vegar og frá Sumitomo-bankanum hins vegar. Samkvæmt ársskýrslu Landsvirkjunar fyrir árið 2001 er stofnkostnaður Kárahnjúkavirkjunar og tengdra framkvæmda vegna álvers Hydro Aluminium áætlaður 118 milljarðar kr. á genginu 100 kr. fyrir dollarann. Samkvæmt skýrslu Sumitomo Mitsui Banking Corporation frá september 2001, þ.e. á sama tíma, er kostnaður áætlaður 1.200 millj. dollara og tekið er fram að miðað sé við gengið 85 kr. fyrir dollarann. Með öðrum orðum er kostnaður áætlaður 102 milljarðar kr. miðað við það gengi.

Samkvæmt upplýsingum Landsvirkjunar er um helmingur kostnaðar í íslenskum krónum en helmingur í dollurum. Þegar þetta er reiknað upp þá ætla sérfræðingar að núvirði framkvæmdarinnar falli um u.þ.b. 7 milljarða kr.

Um þetta var spurt hjá Reykjavíkurborg. Borgarfulltrúar spurðu borgarhagfræðing eða óskuðu eftir því að hann aflaði upplýsinga um það misræmi sem þarna kemur fram. Í svari borgarhagfræðings við fyrirspurn borgarfulltrúa um þetta segir, með leyfi forseta:

„Það er rétt sem segir í ársskýrslunni að stofnkostnaður vegna sölu til Reyðaráls var áætlaður 118 milljarðar kr. á verðlagi í janúar 2002. Sumitomo reiknaði þennan kostnað yfir í bandaríkjadollara á þáverandi gengi, sem var 100 og notaði því stofnkostnað að fjárhæð um 1.200 millj. dollara í sínu líkani sem var í bandaríkjadollurum."

Nú kemur skýrt fram í skýrslu Sumitomos að bankinn miðar við gengið 85 kr. dollarann við útreikning stofnkostnaðar. Það er því ekki sérlega trúverðugt þegar Landsvirkjun heldur því fram að bankinn miði við eitthvert annað gengi. Það er í raun aðeins tvennt sem getur skýrt þetta misræmi, þ.e. annars vegar að Landsvirkjun hafi gefið bankanum upp aðeins hluta kostnaðarins, hins vegar að bankinn hafi gert þau mistök að miða við ranga kostnaðartölu, fengið þannig út lægri stofnkostnaðartölu, sem merkilegt nokk dugir bankanum til að koma verkefninu í plús. Landsvirkjun hafi síðan tekið þá niðurstöðu án athugasemda og notað til að sannfæra stjórnmálanefnd og almenning um arðsemi verkefnisins væri jákvæð.

Sá möguleiki hlýtur að teljast afar fjarlægur að alþjóðlegur banki segist nota eitt gengi en noti svo annað í útreikningum sínum. Væri sú raunin mundi það líka kasta rýrð á útreikningana sjálfa sem staðfesta áttu arðsemi framkvæmdarinnar.

Nú er margt afskaplega undarlegt í forsendunum sem gefnar eru fyrir þessari framkvæmd. Þannig hefur verið mjög mikið flökt í kostnaðar- og afkastatölum. Kostnaðaráætlun vegna Kárahnjúkavirkjunar hefur flökt verulega, jafnvel tekið verulegum breytingum á mjög stuttu tímabili. Tölur um framleiðslugetu álvers Alcoa fóru skyndilega úr 295.000 tonnum á ári upp í 322.000 tonn á ári, eftir að skýrsla Náttúruverndarsamtaka Íslands kom út sem sýndi verulegt tap á orkusölu til álversins miðað við lægri töluna sem áður hafði verið gefin út.

Nú gerast mjög undarlegir hlutir í haust. Boðinn er út stór hluti af þessum framkvæmdum, 40 km göng og hluti af stíflunni. Nokkur stór fyrirtæki bjóða í þetta verkefni. Sum þeirra, með skandinavískar rætur, falla frá tilboði sínu. En ítalska fyrirætkið Impregilo kemur inn í hópinn. Þetta fyrirtæki biður í tvíang um frest á því að útboðsgögnin verði opnuð. Það er orðið við því.

En áður en útboðsgögnin eru opnuð, hvað gerist þá? Þá kemur fulltrúi Landsvirkjunar fram í fjölmiðlum og segir hvert kostnaðarmat Landsvirkjunar á framkvæmdinni er. Og ekki nóg með það. Hann segir við landsmenn: „Nú skuluð þið bíða og sjá hvað kemur upp úr umslaginu frá Impregilo. Og viti menn, upp úr því umslagi kom tilboð sem var lægra en kostnaðaráætlun Landsvirkjunar. Hvað skyldi Landsvirkjun gera þá við þær aðstæður? Hún lækkar stofnkostnað sinn niður frá því sem áður hafði komið fram í skýrslum frá þeirri stofnun.

Eru þetta mjög trúverðug vinnubrögð? Mér finnst það ekki og ekki síst í ljósi þess að erlendar kannanir sýna að kostnaður við framkvæmdir af þessari stærðargráðu og af þessu eðli hefur tilhneigingu til að hlaupa upp um 30% að

meðaltali samkvæmt könnunum sem Alþjóðabankinn hefur sent frá sér.

Landsvirkjun gengur hins vegar út frá miklu lægra möguleg fráviki. Þannig hefur Landsvirkjun staðhæft að einungis séu um 1% líkur á að eigendur þurfi að taka á sig vaxtakostnað vegna Kárahnjúkavirkjunar. Þykir mér það vera mjög ótrúverðugt þótt ekki sé nema í ljósi þess að meðalfrávik sambærilegra framkvæmda, eins og ég nefndi, eru af þessari stærðargráðu, 30–40%. Reyndar hafa verið að birtast í fjölmiðlum dæmi um miklu meiri frávik en þessu nemur. Menn hafa vísað í undirgöngin í Kaupmannahöfn, svo dæmi sé tekið.

Svo virðist sem líkindareikningur Landsvirkjunar byggi á því að taka fáeinar valdar framkvæmdir sem staðist hafa áætlanir og leggja þær til grundvallar. Í töflu sem birt er með skýrslu eigendanefndarinnar svokölluðu og skýrslu Sumitomos er miðað við fimm framkvæmdir Landsvirkjunar á tímabilinu 1996–2001 sem allar hafa staðist áætlun. Sú stærsta þessara framkvæmda er $^1/_9$ af umfangi Kárahnjúkavirkjunar. Það er á þessum grunni sem fyrirtækið heldur því fram að aðeins séu 15–18% líkur á að framkvæmdin fari allt að 10% fram úr áætlun og 4–5% líkur á að hún fari allt að 20% fram úr áætlun. Með öðrum orðum virðist sá möguleiki útilokaður fyrir fram að framkvæmdin geti farið meira en 20–25% fram úr áætlun þvert á alþjóðlega reynslu sem vísað hefur verið til.

Fyrirtækið virðist þvert á móti gefa sér það fyrir fram að mestar líkur séu á að framkvæmdin verði langt undir kostnaðaráætlun. En það er athyglisvert að í eigendaskýrslunni sem hefur verið mikið vitnað til að undanförnu er birt tafla sem sýnir möguleg frávik, reyndar ekki 20–30% hækkun á stofnkostnaði, 10% hækkun er talað um, og ef sú yrði raunin yrði fyrirtækið komið í tap, í bókhaldslegt tap. Og aðrar breytur líka, ef vextir fara upp um hálft prósentustig er framkvæmdin líka komin í tap.

Ég hef stundum velt því fyrir mér hvort fjölmiðlafólk almennt, að ekki sé minnst á stjórnarmeirihlutann, með örfáum, því miður allt of fáum, mjög góðum undantekningum — vísa ég þar í hv. þm. Katrínu Fjeldsted sem ég er hjartanlega sammála og er ein af fáum sem er sínum flokki til sóma finnst mér í þessari umræðu — ég hef stundum velt því fyrir mér hvort hv. þingmenn lesi þessar skýrslur og hvort fjölmiðlamenn hafi t.d. lesið og farið í saumana á eigendaskýrslunni.

Einn ágætur vinur minn sagði að það væri sennilega ráð að birta þessar skýrslur á kínversku því stjórnarmeirihlutinn mundi áfram nikka til samþykkis en þjóðin lifði þá ekki í þeirri blekkingu að þetta fólk hefði skilið skýrsluna.

Ég leyfi mér að efast stórlega um það ... (Gripið fram í.) já, ég meina þetta, ég efast stórlega um að stjórnarþingmeirihlutinn almennt hafi lesið þessa skýrslu. Þau hafa aldrei getað svarað neinni gagnrýni sem fram hefur komið, neinni málefnalegri, tölulegri gagnrýni, aldrei svarað (**Gripið fram í:** Á kínversku?) — aldrei svarað. Og ég spyr hvort þessir aðilar hafi lesið skýrsluna. Hefur hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason lesið eigendaskýrsluna? Ég spyr. Hefur hann gert það? Hefur hann farið í saumana á þeirri skýrslu? (**ÍGP:** Ég hef lesið hana.) Lesið hana og farið í saumana á henni? Finnst hv. þingmanni ekki misræmi í því sem segir undir lokin um niðurstöðurnar og hins vegar því sem fram kemur í skýrslunni? (**Gripið fram í:** Af hverju vilt þú endilega ...?) Og finnst hv. þingmanni ekki undarlegt það misræmi sem er að finna í sjálfri skýrslunni og síðan í tölum sem birtast í skýrslum Landsvirkjunar? Hafa menn farið í saumana á þessum málum? Þarna kemur fram alvarlegt misræmi. Og að sjálfsögðu verður farið rækilega yfir þetta þegar málið kemur til umfjöllunar í efh.- og viðskn. þingsins. (**ÍGP:** Ég get ekki lesið kínversku.)

Um þennan stofnkostnað sem hefur verið færður niður — ég kem með mjög alvarlegar ásakanir um misræmi sem er að finna annars vegar í skýrslum Landsvirkjunar og hins vegar í forsendum Sumitomo-bankans japanska sem allir hafa vísað til sem eins konar syndaaflausnar í þessu máli, (Gripið fram í.) hann hafi blessað málið, blessað útreikninga þess. Ég vil að farið verði rækilega yfir þetta. Ég vil líka að farið verði rækilega yfir það misræmi sem er að finna í skýrslum Landsvirkjunar annars vegar og eigendaskýrslunni hins vegar. Þetta þarf allt saman að skoða.

Síðan vek ég athygli á því að Landsvirkjun lækkar áætlanir sínar um stofnkostnað eftir að Impregilo kemur fram með tilboð sitt en áður en gengið er frá samningum við það fyrirtæki. Það er enn verið að semja við fyrirtækið en engu að síður sér Landsvirkjun ástæðu til þess að færa stofnkostnaðinn niður. Þetta finnst mér vera umhugsunarefni og athugunarefni sem þarf að fara rækilega í saumana á. Ef stofnkostnaðurinn hækkar um einhverja tugi milljarða er þetta fyrirtæki óumdeilanlega komið í tap. Hinn þátturinn sem ræður arðsemi þessa verkefnis er orkuverðið. Orkuverðið er bundið þróun álverðs. Og hvað gera menn þar? Þeir byggja á áætlunum. Þeir byggja á áætlunum og spádómum, einkum tveggja aðila, CRU og King-fyrirtækisins. Landsvirkjun segist velja þá leið að taka eins konar meðaltal af spádómum þessara aðila. Og nú spyr ég: Hvernig hafa spádómar þessara fyrirtækja reynst í tímans rás? Hvernig hafa spádómarnir reynst á síðustu árum? Vita menn það? Þeir hafa ekki staðist. Í skýrslu Landsvirkjunar frá 2001 segir, með leyfi forseta:

„Almennt er gert ráð fyrir að viðsnúningur á álmarkaði hefjist á síðari hluta ársins 2002“ — síðasta ári — „og markaðurinn nái sér verulega á strik á árinu 2003.“

Þetta hefur ekki gerst. Og í þeim spádómum sem menn byggja núna á er gert ráð fyrir því að álverðið fari áfram niður þar til á árunum 2005, 2006, 2007, þá verði sveifla upp á við. Og hvað skyldi vera að gerast á þeim tíma? Þá er álverið einmitt að hefja framleiðsluna. Ég spyr: Eru þetta pantaðir spádómar? Ég spyr. Þetta eru fyrirtæki sem hafa spáð ranglega, Landsvirkjun hefur gert það líka, og nú er því spáð að álverðið verði orðið ákjósanlegt og standist kröfur um arðsemi þegar álverksmiðjan tekur til starfa. Er þetta trúverðugt? Mér finnst það ekki.

Í þessum spádómum hafa álfyrirtækin og orkufyrirtækin í tímans rás miðað við reynslu undangenginna ára. Þegar til mjög langs tíma er litið aftur í tímann hefur það staðist. Það sem hins vegar virðist vera að gerast núna er eðlisbreyting á þessum markaði sem veldur því að við getum ekki byggt á reynslu liðins tíma. Og í hverju er þessi eðlisbreyting fólgin? Hún er fólgin í tvennu. Í fyrsta lagi er hún fólgin í því að það er að færast í vöxt að ál sé endurunnið (**Gripið fram í:** Það er jákvætt.) og það er mjög jákvætt en það hefur sínar afleiðingar.

Travis Engen, aðalforstjóri Alcans, svaraði í Morgunblaðinu 28. nóvember sl. spurningu um aukinn þrýsting af hálfu umhverfissamtaka á þennan veg, með leyfi forseta:

„Það er rétt að hafa í huga þegar rætt er um umhverfismál að þótt framleiðsla á áli útheimti mikla orku er mjög hentugt að endurvinna ál. Heimsframleiðslan er kannski um 27 milljónir tonna á ári og þar af eru 7 milljónir endurunnið ál. Og það tekur aðeins $^1/_{20}$ af orkunni sem fer í að framleiða ál að endurvinna það."

Við erum að tala um einn tuttugusta, 5%. Við erum að tala um að það taki 5% af orkunni að endurvinna ál. Og við erum komin í 7 millj. tonna af þeim 27 millj. sem framleidd eru. Ef menn vilja muna var Norsk Hydro að fara í samstarf við þýskt fyrirtæki sem hefur sérhæft sig í endurvinnslu áls og út á þá braut ætluðu þessi fyrirtæki að fara saman. Þetta er einn þátturinn sem veldur því að það er erfitt að byggja á reynslunni í þeim mæli sem menn hafa gert hingað til þegar þeir spá fyrir um þróun álverðsins.

Hitt atriðið sem veldur þessari eðlisbreytingu er að álframleiðslan er að færast frá hinum ríku þjóðum, hinum ríka hluta heimsins, yfir til fátækari ríkja; Mósambíks, Víetnams, Kína. Kína var fyrir fáeinum árum einn mesti innflytjandi á áli í heiminum. Nú er þetta að snúast við. Hlutur Kína í álframleiðslu er að stóraukast. Þannig var ársframleiðslan 2,8 millj. tonna árið 2000, 3,32 millj. árið 2001 og gert er ráð fyrir að ársframleiðsluaukningin á árunum 2001–2005 nemi um 3,9 millj. tonna. Við erum að tala þarna um stærsta álframleiðanda í heimi, sem var innflytjandi en er að verða útflytjandi. Þetta veldur því að álverðið lækkar. Þetta er annað sem veldur eðlisbreytingu og þess vegna er mjög vafasamt að byggja á spádómum og reynslu undangenginna ára þegar álverðið er metið.

Ég hef því miður ekki meiri tíma í þessari umræðu til að vekja máls á fleiri þáttum en mig langar til að enda ræðu mína á að vitna í Stefán Pétursson, framkvæmdastjóra fjármálasviðs Landsvirkjunar. Hann spurði í fjölmiðlum ekki alls fyrir löngu hvort menn gerðu sér grein fyrir því að ef ekki yrði ráðist í neinar meiri háttar fjárfestingar á vegum Landsvirkjunar á komandi árum mundi Landsvirkjun greiða upp skuldir sínar á 15 árum. Og ég svara: Er það ekki bara ágæt hugmynd?

[23:42]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég held að það sé ástæða til að segja hérna nokkur orð við lok umræðunnar. Ég þakka fyrir hana. Hún er reyndar búin að standa ansi lengi en það var kannski ekki hægt að búast við öðru. Þetta er stórt mál, vissulega mjög stórt mál sem við erum að fjalla hér um. Reyndar erum við kannski ekki að fjalla um Kárahnjúkavirkjun að þessu sinni, heldur álverið því lög hafa verið samþykkt um Kárahnjúkavirkjun. Þau voru samþykkt í apríl sl. En þetta er svo sem allt meira og minna tengt eins og hv. þm. vita og hafa vissulega látið koma í ljós í umfjöllun — ég er bara að hugsa um þetta rauða ljós, forseti.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Það er eitthvert óstand á klukkunni.)

Nú, þá höfum við það bara svona. (Gripið fram í.) En það er ágætt að vera á rauðu ljósi í sjálfu sér, full ástæða til kannski.

Það eru nokkur atriði sem mig langar til að bregðast aðeins við þó að ég viti að það sé orðið áliðið og það eigi eftir að fjalla um þetta mál í nefnd þar sem áreiðanlega fást svör við mörgu af því sem hér hefur komið fram. Það kom fram hjá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur að kannski hefði verið ástæða til að þetta fyrirtæki færi bara inn í hið hefðbundna skattkerfi okkar og þyrfti ekkert endilega að hafa miklar ívilnanir, eins og ég skildi hana í sambandi við málið. Nú er það þannig að það er ekki hægt að tala um að þarna séu ríkisstyrkir, að þeir séu neitt grundvallaratriði í málinu. Hins vegar er, eins og kemur fram í frv., tekið tillit til þess í ýmsum liðum að hér er um mjög sérstaka framkvæmd að ræða og mjög stóra. Það hlýtur að gefa augaleið að t.d. hvað varðar fasteignaskattana, sem eru kannski hvað stærsti liðurinn sem gefinn er afsláttur á, væri mjög óeðlilegt að beita hefðbundnum aðferðum við álagningu fasteignaskatts þegar um svona stóra framkvæmd er að ræða, og það er skattur sem varðar sveitarfélagið en ekki ríkið. Í sambandi við þessar ívilnanir erum við bæði að tala um skatta til sveitarfélagsins og ríkisins.

Hvað varðar ýmis gjöld t.d. iðnaðarmálagjaldið, þá er ekki útlit fyrir að þetta fyrirtæki muni njóta þeirrar þjónustu og þeirra fríðinda sem slíkt gjald gefur fyrirtækjum. Því er undanþágа frá því gjaldi og mætti telja svona lengi áfram. En síðan hefur fyrirtækið tækifæri til að fara inn í hið almenna skattkerfi ef það tekur ákvörðun um það og þá reikna ég með að það yrði auðveld leið.

Um útblástur lofttegunda og takmörkun að leggja á losunargjald eins og kom líka fram í máli hv. þm. þá snýr þetta ákvæði fyrst og fremst um að gætt sé jafnræðis ef til þess kemur að skattur eða göld yrðu lögð á gróðurhúsalofttegundir og held ég það að sé mjög almenn regla að gæta jafnræðis á milli fyrirtækja.

Í sambandi við rammaáætlun sem talað hefur verið um og í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar kom fram að miðað við það uppkast að rammaáætlun, drög að rammaáætlun, sem kynnt hefur verið sé þessi framkvæmd, Kárahnjúkavirkjun, eiginlega versti kosturinn. Þá ber þess að geta að þar er ekki tekið tillit til orkueininga og að þetta er mjög mikil orkuframleiðsla. Þetta er stærsta virkjunin sem metin er og hefur þar af leiðandi mest áhrif en ef ekki kæmi til þess að virkja við Kárahnjúka þyrfti margar smærri virkjanir sem mundu að öllum líkindum og ég vil fullyrða hafa miklu meiri umhverfisáhrif.

Hv. þm. hafði mörg orð um að ekki skyldi vera notaður vothreinsibúnaður heldur svokallaðir strompar sem eru ekki nein sérstök vandamál í Norðurlandi eystra. Sú útfærsla sem Alcoa ætlar að beita og byggja hefur farið í gegnum það ferli sem lög kveða á um. Málið hefur verið lagt fyrir Skipulagsstofnun og hún hefur komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin sem slík þurfi ekki að fara í sérstakt mat á umhverfisáhrifum vegna þess að hún hafi minni umhverfisáhrif en sú sem upphaflega var gert ráð fyrir þannig að mér finnst hv. þm. vera svolítið að skjóta sjálfan sig í fótinn þegar hann er þarna að gagnrýna að mér finnst Skipulagsstofnun í sambandi við úrskurðinn um álverið.

Talað var um 60 fossa en ég held því fram að þeir séu miklu færri og ekki rétt að tala um 60 fossa heldur séu þeir þrisvar sinnum færri eða svo.

Um það efni að þeim sérfræðingum sem fóru yfir arðsemina fyrir eigendur Landsvirkjunar hafi ekki verið falið að fara yfir útreikninga á forsendum, hafi einungis verið falið að fara yfir útreikninga en ekki forsendur þær sem Landsvirkjun gaf sér, þá er það ekki rétt. Eigendanefndin telur og kemst að þeirri niðurstöðu að forsendur þær sem Landsvirkjun gefur sér við útreikninga séu eðlilegar og byggðar á rökum. Það tel ég að þurfi að koma fram.

Í sambandi við framtíðarspá um álver sem hv. síðasti ræðumaður hafði greinilega mikla þekkingu á, þá held ég að

við getum ekki unnið það á annan hátt en þann sem fyrirtæki í heiminum gera, að byggja spá sína á aðferðum eða á niðurstöðum þekktra alþjóðlegra fyrirtækja og einstaklinga sem gefa sig út fyrir að vera sérfræðingar á því sviði og eru sérfræðingar í sambandi við spár um álverð. Ég a.m.k. get ekki treyst mér til að gera það betur og ég leyfi mér að efast um að hv. síðasti ræðumaður mundi spá betur til um þessa hluti.

Í máli hv. þm. Þuríðar Backman kom fram, reyndar sagði hún að fólk á Austfjörðum væri bjartsýnna núna en það hefði verið og hvort sem hún missti það út úr sér eða ekki þá lét hún þessi orð falla og sagði jafnframt að það væri sennilega vegna þess að stórframkvæmdir eða stóriðjuframkvæmdir væri það eina sem ríkisstjórnin væri að vinna að og það eina sem væri að gerast heyrðist mér. En það er aldeilis ekki því að margt annað jákvætt er að gerast á Austurlandi t.d. í sambandi við stækkun ferju og beint flug, fiskeldi og fleira mætti nefna. Það sem heyra mátti í umræðunni hvað eftir annað að það eina sem ríkisstjórnin væri að berjast fyrir og hafi á stefnuskrá sinni sé uppbygging álvera og stóriðja, er bara ekki rétt. Stjórnvöld hafa klærnar úti hvað varðar alla hugsanlega uppbyggingu á atvinnutækifærum. Þetta er vissulega það stærsta en það mætti mjög margt upp telja.

Um það sem kom fram í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar, hann talaði reyndar um ESA-dómstólinn að hann væri að fjalla um málið, það er náttúrlega ekki rétt heldur er það ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, sem er að fara yfir þá opinberu aðstoð sem þarna gæti talist vera um að ræða og það er samkvæmt EES-samningnum sem þetta er gert. Og þar sem sá stuðningur sem kemur fram í frv. er mjög í samræmi við það sem beitt var hvað varðar Norðurál, þá tel ég ekki miklar líkur á því að þarna komi önnur niðurstaða en jákvæð.

Ég ætla ekki að fara frekar í þau atriði sem fram komu í umræðunni en mig langar samt að segja, hæstv. forseti, nokkur orð í lokin, fyrst og fremst það að sú framkvæmd sem hér um ræðir er vissulega stór framkvæmd og það er orðið býsna langt síðan ég sannfærðist um það að hún ætti rétt á sér og hún mundi verða eins og vítamínssprauta inn í efnahagslíf okkar Íslendinga. Það er ekki síður mikilvægt að hún mun hafa gífurleg áhrif á byggðaþróun. Við erum að tala um tíu ára tímabil uppbyggingar og grósku á Austurlandi með áhrifum langt út fyrir Miðausturland, til Norðausturlands og landsins alls og mér finnst ekki frambærilegt að vera á móti þessum framkvæmdum á grundvelli þess að þær séu ekki arðbærar. Mér finnst heldur ekki frambærilegt að berjast gegn þessum framkvæmdum á grundvelli þess að hugsanlegt sé að beita þurfi mótvægisaðgerðum í tvö ár, á árunum 2005 og 2006. Svo er sagt að það eigi að nota þessa peninga í eitthvað annað, eitthvað sem tengist t.d. hugviti. Hvaða peningar eru þetta nú sem þarna er verið að tala um? Þetta eru peningar Alcoa og það vill svo til að ríkisstjórnin hefur ekkert yfir þeim peningum að segja. Það er ekki þannig að ríkisstjórnin sé að leggja fram fjármagn í þessar framkvæmdir sem hugsanlega væri hægt að nota í eitthvað annað. Þetta er búið að ganga í gegnum alla þessa umræðu og kemur alltaf upp aftur og aftur.

Svo með það að Alcoa sé erlent fyrirtæki og að arður af rekstri álverksmiðjunnar fari úr landi. Eins og komið hefur fram verður hann skattlagður á Íslandi. Ég vil benda á hvað varðar Norðurál og Kenneth Peterson að í fyrravetur var lögum um Norðurál breytt á hv. Alþingi til þess að gera honum kleift að fjárfesta í öðrum greinum á Íslandi og það hefur hann verið að gera. Það frv. var samþykkt samhljóða ef ég man rétt. Hver veit nema Alcoa fari svipaða leið og fari út í frekari fjárfestingar hér á landi þegar fram líða stundir og vissulega væri það mjög ánægjulegt.

Síðan vil ég aðeins koma að hugvitinu sem hv. þm. Ögmundi Jónassyni var tíðrætt um og taldi upp fjöldamörg fyrirtæki sem væru alveg til fyrirmyndar og hefðu verið stofnsett á síðustu missirum mörg hver og önnur eldri en hafa verið í umræðunni vegna þess að þau hafa verið að gera það gott. Þar er ég alveg innilega sammála hv. þm., ég gleðst líka yfir því að mörg fyrirtæki hafa verið að gera það gott og það vildi svo til að mörg af þeim fyrirtækjum sem hann nefndi hafa einmitt notið stuðnings iðn.- og viðskrn. En ég vil hins vegar gera athugasemd við það að mér heyrðist að hann teldi að það væri fyrst og fremst vegna stefnu Vinstri grænna í atvinnumálum að þau fyrirtæki hefðu náð slíkum árangri. Eftir því sem ég best veit hefur stefna þeirra ekki verið ofan á í íslensku samfélagi og þeir hafa ekki haft mikil völd enn þá a.m.k. hvað sem gerist eftir næstu kosningar, en miðað við þær ræður sem haldnar voru hér í dag af hálfu hv. þm. þá finnst mér ekki fýsilegt að vinna með þeim eftir kosningar.

Lítið hefur verið talað um Kyoto, Kyoto-samþykktirnar, en auðvitað skipta þær verulega miklu máli. Sá árangur sem íslensk stjórnvöld náðu í sambandi við það mál er náttúrlega alveg sérstaklega ánægjulegur og þá gilti eins og svo oft áður að gefast ekki upp. Það að alþjóðasamfélagið hafi samþykkt og komist að þeirri niðurstöðu að það sé jákvætt fyrir umheiminn að framleiða ál á Íslandi skiptir ekki litlu máli en það er það sem lesa má út úr þessum samþykktum. Og mér er minnisstætt að formaður Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson, og ég þreytist ekki mikið á að endurtaka það, sagði þegar stjórnvöld lögðu af stað með kröfur sínar í þeim samningum að þær voru svo fáránlegar að þær yrðu hlegnar út af borðinu. En engu að síður náðist árangur og við náðum þeim niðurstöðum sem við lögðum upp með.

Hæstv. forseti. Nú er klukkan alveg að verða 12 og ég ætla að ljúka máli mínu fyrir miðnætti. Ég vil endurtaka það sem ég hef sagt að það er frábær árangur að vera komin með þetta mál á það stig sem raun ber vitni að við séum um það bil að ná málinu í höfn, að álver verði byggt á Austurlandi þar sem orka verður nýtt úr fallvötnum norðaustan Vatnajökuls. Þetta er mál sem Austfirðingar hafa barist fyrir í mjög langan tíma af þolinmæði, vil ég halda fram. Nú erum við að sjá árangur og það er glæsilegt.

[00:00]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég taldi hér upp fjöldann allan af fyrirtækjum sem hefðu blómstrað á síðustu árum og áratugum þrátt fyrir ríkisstjórnarstefnuna. Sum þeirra hafa notið stuðnings, fengið aðgang að ódýru fjármagni og það er vel. En þau hafa ekki blómstrað vegna iðnaðar- og bankamálaráðuneytisins, það held ég að sé misskilningur hjá hæstv. ráðherra, heldur er að þakka hugviti og hugkvæmni þeirra sem standa þar að baki. Og við skulum ekki gera lítið úr því. Við skulum ekki gera lítið úr þeim sköpunarkrafti sem býr hér í atvinnulífinu.

Varðandi þekkingu mína á áliðnaðinum get ég upplýst hæstv. ráðherra um að ég byggi þar á fróðleik annarra manna, að sjálfsögðu. Það sem ég er að segja eru ábendingar sérfræðinga á þessu sviði, ekkert síður en hæstv. ráðherra byggir á áliti sinna sérfræðinga. Þá greinir hins vegar á. Og ég er að skýra hvers vegna ég aðhyllist varnaðarorð þeirra sem

benda á að þessi markaður sé að taka eðlisbreytingum og þess vegna getum við ekki reitt okkur á þær spár sem stuðst hefur verið við. Máli mínu til stuðnings hef ég bent á að spár þessara aðila, CRU og Kings, hafa ekki staðist á undanförnum árum. Spár Landsvirkjunar hafa ekki staðist. Spádómar þeirra sem ég hef reitt mig á hafa hins vegar staðist. Þetta er staðreynd málsins. Ég leita að sjálfsögðu til sérfræðinga á þessu sviði sem síðan aftur afla sér heimilda hjá öðrum aðilum. Að auki sakar ekki að beita eigin hyggjuviti líka og afsala sér því ekki með öllu.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hafi ekki áhyggjur af því misræmi sem birtist annars vegar í upplýsingum sem koma frá Landsvirkjun og hins vegar frá Sumitomobankanum því að jafnan hefur verið bent á þann banka sem eins konar allsherjarvottunaraðila í þessu máli.

[00:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú spurning hvort það hefur eitthvað upp á sig að bera spurningar fyrir hæstv. ráðherra ef ráðherrann er svo þrotin að kröftum að hún ber ekki við að svara þeim spurningum sem bornar eru upp í andsvörum.

Þetta er eðlilega viðkvæmt mál og það kom glöggt fram hjá ráðherra hér áðan þegar það var rifjað upp að í bráðabirgðaáliti starfshóps um rammaáætlun kom Kárahnjúkavirkjun verst út á þann samsetta mælikvarða sem þar var búinn til. Næstverst Jökulsá á Fjöllum, allt vatnasviðið, og þriðji versti kosturinn var Þjórsárveraveitan. Þetta eru staðreyndir.

Nú reynir hæstv. ráðherra, og reyndar fleiri ræðumenn hér, að gera lítið úr þessu. Það er hamrað á því að aðeins sé um bráðabirgðaálit að ræða og vitnað í blaðagreinar, m.a. frá orkumálastjóra hygg ég vera, að menn verði að hafa í huga að það sé svo mikið afl sem komi út úr Kárahnjúkavirkjun að á orkueiningu séu þessi, vissulega gríðarlega umfangsmiklu, neikvæðu og óafturkræfu, umhverfisáhrif á kílóvattstund ekki svo mikil að það sé óásættanlegt.

Og ég verð að segja alveg eins og er að þessi ágæti maður, og ég segi það hér þó að hann sé fjarstaddur, orkumálastjórinn sem hér var verið að vitna í, féll verulega í áliti hjá mér við þetta innlegg í orkumálaumræðuna og það gera aðrir sem bera sér svipað í munn. Alltsvo, segja menn ekki að það þurfi að reisa tólf aðrar virkjanir í staðinn? En er ekki málið sem við erum hér að ræða það að ekki þarf þessa risavirkjun upp á 750 megavött — nema ef menn ætla að reisa við hliðina risaálver sem bræðir á fjórða hundrað þúsund tonn af áli?

Ef við værum að hugsa um þarfir innlends orkumarkaðar dygðu aðrar minni og umhverfisvænni virkjanir um áratugi, t.d. ef tekið væri inn meira afl úr jarðhitanum. Þetta er allt háð forsendunum sem menn gefa sér í þessu efni.

[00:03]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nefnilega þannig að það á að reisa risaálver og þess vegna þarf mikla orku. Það vill svo vel til að hana er að hafa á Austurlandi með gerð Kárahnjúkavirkjunar og um þetta snýst nú þetta mál sem við erum hér að fjalla um.

Um álit hv. þingmanns á orkumálastjóra get ég svo sem ekkert sagt en ég get sagt honum það að ég hef mikið álit á þeim manni og hef átt við hann mjög gott samstarf þannig að ég geri með það sem hann segir.

Um rammaáætlun er það að segja almennt að við erum að fikra okkur áfram við það að meta virkjunarkosti út frá ýmsum sjónarhornum. Við höfum ekki klárað þá vinnu en okkur miðar í rétta átt. Ég tel að þau drög sem kynnt hafa verið séu að mörgu leyti rétt og mikils virði en hins vegar höfum við ekkert leyst gátuna.

[00:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég segi bara það að ef starfshópi um gerð rammaáætlunar yrði nú gert að gangast inn á þá hugmyndafræði að umhverfisspjöllin séu ásættanleg, bara ef aflið sem kemur úr viðkomandi virkjun sé nógu mikið, eða kannski, sem væri náskylt, að segja sem svo: Ef framkvæmdin er bara nógu hagkvæm eru umhverfisáhrifin réttlætanleg, geta menn eins sleppt þessu. Þá væru menn algerlega að leggja á þetta efnishlaðinn mælikvarða og horfa fram hjá því að verðmæti náttúrugersema geti verið algilt og eitthvað sem menn leggja ekki efnislegan mælikvarða á. Þannig nálgast ég þetta.

Ég held að á bak við lúri grundvallarágreiningur um það hvernig menn nálgast þessi mál. Það er kannski það sem ég varð fyrir vonbrigðum með, að glöggur maður eins og Þorkell Helgason skuli í tilraunum sínum til að verja þessa virkjanastefnu sem núverandi stjórnvöld eru að knýja fram fara út í slíkt. Þá er ósköp einfaldlega verið að leggja hagkvæmnis- eða efnisgilda mælikvarða yfir allt sem heitir umhverfisvernd eins og þetta sé bara reikningsdæmi, ekkert annað, ískalt reikningsdæmi. Og hvar endum við í þeirri röksemdafærslu? Jú, við endum auðvitað þannig að við virkjum líka Gullfoss ef það er nógu hagkvæmt, ef það er nógu stór virkjun til þess að réttlæta það að þessi þó annars fallegi foss hverfi. Það er þetta sem mér finnst að við verðum að ræða og takast á um.

Af þessum ástæðum hafna ég algjörlega tilraunum til að gera lítið úr niðurstöðu rammaáætlunarhópsins sem setti Kárahnjúkavirkjun efst á listann yfir verstu kostina.

[00:07]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað eru það útúrsnúningar hjá hv. þingmanni þegar hann talar um að virkja Gullfoss og þar fram eftir götunum. Hins vegar er rammaáætlun unnin þannig að allir kostir eru skoðaðir. Þess vegna þýðir ekki að koma upp í ræðustól á Alþingi og segja að vegna þess að verið sé að skoða t.d. Jökulsá á Fjöllum sé meiningin að virkja Dettifoss. Þetta eru útúrsnúningar.

En, hæstv. forseti, ég vildi gjarnan fá að eiga síðasta orðið hér í 1. umr. og kannski tekst mér það með því að koma núna í ræðustól. Ég vil þá endurtaka að ég þakka þessa umræðu. Nú hefst nefndarstarf, þessu máli verður vísað væntanlega á morgun til iðnn. Nefndarstarfið er mikilvægt, þar er farið meira í smáatriði og reynt að svara öllum þeim spurningum sem kunna að koma upp hjá hv. þingmönnum í nefndinni. Ég vona að það starf gangi vel þannig að ekki verði margar vikur þar til allir endar verði bundnir og við getum skrifað undir samkomulag um það að fara í þessa gríðarlega mikilvægu framkvæmd fyrir íslenskt samfélag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 00:08.

67. FUNDUR

miðvikudaginn 29. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til dómsmálaráðherra:

1. Skráning ökutækja, fsp. JÁ, 401. mál, þskj. 494.

Til fjármálaráðherra:

2. Starfatorg.is, fsp. BH, 450. mál, þskj. 645.

3. Endurgreiðsla virðisaukaskatts hjá heilbrigðisstofnunum, fsp. ÍGP, 503. mál, þskj. 836.

Til umhverfisráðherra:

4. Verndun Mývatns og Laxár, fsp. EMS, 468. mál, þskj. 761.

Til iðnaðarráðherra:

5. Viðgerð á rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni, fsp. JB og ÁSJ, 504. mál, þskj. 837.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Tómasi Gunnarssyni lögfræðingi.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Um klukkan hálffjögur síðdegis fer fram umræða utan dagskrár um upplýsingaskyldu stjórna hlutafélaga um starfslokasamninga og fleiri sambærilega samninga. Málshefjandi er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Hæstv. viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Þá vill forseti geta þess að atkvæðagreiðslur verða um klukkan fjögur í dag.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir gegn peningaþvætti, 549. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 896.

Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 548. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 895.

Samkeppnislög, 547. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 894.

Samræmd stúdentspróf, 541. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 888.

Siglingastofnun Íslands, 539. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 884.

Skýrsla um starfslok fyrrverandi forstjóra Landssíma Íslands hf., 551. mál, þáltill. GÁS o.fl., þskj. 898.

Starfslokasamningar hjá Byggðastofnun, 542. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 889.

Suðurstrandarvegur, 540. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 887.

Skráning ökutækja.

Fsp. JÁ, 401. mál. — Þskj. 494.

[13:32]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Þann 30. janúar 1997 gaf dómsmrn. út reglugerð um skráningu ökutækja. Með ákvæðum hennar var horfið frá þeirri venju að skrá árgerð, þ.e. framleiðsluár bifreiða. Í stað þess var farið að notast við skráningardaginn eingöngu eða skráningarárið. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. dómsmrh.:

Hve mörg ökutæki hafa verið skráð sem ný samkvæmt gildandi viðauka við reglugerð um skráningu ökutækja, nr. 78 30. janúar 1997? Svarið óskast sundurliðað annars vegar eftir skráningarárum og hins vegar eftir framleiðsluárum.

Mér sýnist að þessi reglugerð hafi haft það í för með sér að bifreiðakaupendur viti oft og tíðum alls ekki hvaða árgerð sá bíll er sem þeir kaupa og þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra líka:

Geta kaupendur notaðra bifreiða auðveldlega fullvissað sig um árgerð ökutækja út frá skráningargögnum þeirra?

Nú er ekki lengur skráð árgerð heldur skráningardagur. Bifreiðainnflytjendur náðu þessu fram 1997. Þeir töldu að þannig hefðu þeir ekki jafnmikinn baga af því að eiga óseldar bifreiðar frá fyrra ári eða árum á hafnarbakkanum eða einhvers staðar annars staðar. Það er nýskráningardagur sem gildir og það sem svo stendur í skráningarvottorði. Það sama gildir þegar bílar eru fluttir inn notaðir. Þar er það sömuleiðis nýskráningardagur hérlendis sem gildir og hvergi er skráð framleiðsluár. Sá sem ætlar að kaupa notaðan bíl er þess vegna í þeim vanda staddur að skráningarárið segir ekki neitt um það hvenær bíllinn var framleiddur og stundum þekkja menn auðvitað ekki árgerðirnar. Hér dugar ekki að vísa til þess að aksturinn samkvæmt mæli sé svona og svona því að auðvitað er verið að flytja inn gamla bíla og það er þekkt að menn hafa getað spólað mælunum niður. Ég spyr hæstv. ráðherra:

Hafa hlotist vandkvæði af þeirri breytingu sem varð þegar farið var að skrá ökutæki sem ný þó að þau hafi verið framleidd einhverjum árum fyrr?

Margar bifreiðar hérlendis ganga kaupum og sölum. Bifreiðakaup eru stór liður í fjárfestingum heimilanna. Fjárfesting í og rekstur bifreiða er orðinn stærsti liðurinn hjá meðalfjölskyldunni í landinu og það er mikilvægt að reglur séu skýrar og grundvallarupplýsingar eins og framleiðsluár liggi fyrir. Neytendasamtökin hafa fengið kvartanir og vita af því að margir kaupendur hafa orðið fyrir umtalsverðu tjóni við endursölu bíla sinna vegna þess að þeir töldu sig vera að kaupa mun yngri bíl en raun var á og guldu því mun hærra verð fyrir hann en það markaðsverð sem þá gilti. Ég spyr því að lokum hæstv. ráðherra:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að stuðst verði að nýju við framleiðsluár við nýskráningu bifreiða?

[13:36]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Spurningin sem hv. þm. leggur fram er í fjórum liðum og ég tek fyrir svar við fyrsta lið. Það er mikil upptalning og í tölum. Það hefði sjálfsagt verið betra að svara henni skriflega, en hefst nú upptalningin.

Því er hér til að svara að skráningarárið 1997 eru alls átta ökutæki nýskráð samkvæmt óskráðu framleiðsluári, 5.570 ökutæki eru nýskráð af framleiðsluárinu 1997, 4.853 ökutæki eru nýskráð af framleiðsluárinu 1996 og af framleiðsluárinu 1995 eru 282 ökutæki nýskráð. Síðan er mikil upptalning á tölum. Ég vona að hv. fyrirspyrjandi sætti sig við að ég afhendi honum þessar upplýsingar sem hér eru vegna þess að ég vil gjarnan bregðast við öðrum spurningum sem eru í þremur öðrum liðum.

Í öðrum lið fyrirspurnarinnar er spurt hvort kaupendur notaðra bifreiða geti auðveldlega fullvissað sig um árgerð ökutækja út frá skráningargögnum þeirra.

Því er til að svara að í bifreiðum frá sumum framleiðendum er unnt að sjá árgerð í verksmiðjunúmeri og er það tíundi bókstafur verksmiðjunúmers sem segir til um árgerð. Árgerð bifreiðar segir hins vegar ekki nákvæmlega til um það hvenær bifreiðin var framleidd. Í þeim efnum getur munað allt að einu ári frá árgerðarári bifreiðarinnar. Því er auk þess þannig farið að ekki nærri allir framleiðendur bifreiða nota tíunda staf verksmiðjunúmers fyrir árgerð og má hér nefna sem dæmi algengar bifreiðategundir á borð við Toyota og Mercedes Benz.

Á því tímabili sem framleiðsluár bifreiða var skráð reyndist erfitt fyrir innflytjendur að fá staðfestingar þar um frá framleiðendum og upplýsingar framleiðenda voru mismunandi um hvað teldist vera framleiðsluár. Var þannig ýmist miðað við þann tíma þegar ökutækið kom af færibandinu eða þann tíma þegar það fór af lager framleiðandans.

Í þeim löndum sem flestar notaðar bifreiðar eru fluttar inn frá, svo sem Þýskalandi, Danmörku og Noregi, eru ekki skráð í skráningarskírteini framleiðsluár eða árgerð, aðeins fyrsti skráningardagur.

Í þriðja lið er spurt hvort hlotist hafi vandkvæði af þeirri breytingu sem varð þegar farið var að skrá ökutæki sem ný þó að þau hafi verið framleidd einhverjum árum fyrr. Hér skiptir vitaskuld öllu máli hver viðmiðunarhópurinn er. Það er ljóst að ég er ekki í aðstöðu til að meta áhrif breytinganna fyrir alla hópa. Ég get t.d. ekki svarað þessu fyrir hönd bílasala. En samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér frá íslenskum skráningaryfirvöldum er það skoðun mín að ekki hafi hlotist vandkvæði vegna breytingar á framkvæmd ökutækjaskráninga.

Loks er í fjórða lið spurt hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir því að stuðst verði að nýju við framleiðsluár við nýskráningu bifreiða.

Svar mitt við þessu er að ég tel engin rök hníga til þess að breyta frá þeirri skráningarframkvæmd sem nú er við lýði. Eflaust kunna að vera einhver atriði sem skoða má betur. En það er mitt mat að núverandi framkvæmd við skráningu bifreiða hafi gefist vel.

Fyrir liggur að skráningu á framleiðsluári var hætt hér á landi á miðju ári 1998 en samtímis var heimilað að skrá árgerð væri þess óskað og fyrir lægju traustar upplýsingar þar að lútandi. Hefur þessi heimild verið talsvert notuð. Enn fremur er ljóst að í nágrannalöndum okkar hefur aldursviðmið ökutækja almennt verið fyrsti skráningardagur nema til skamms tíma í Svíþjóð. Skráningu á árgerð í Svíþjóð hefur nú verið hætt og styðjast Svíar nú eingöngu við fyrsta skráningardag eins og öll helstu nágrannalöndin.

Mér er það fullkomlega ljóst að það voru íslenskum markaði talsverð viðbrigði þegar hætt var skráningu á framleiðsluári og eingöngu miðað við fyrsta skráningardag. Þó er viðbúið að markaðurinn venjist þessu þegar frá líður en íslensk skráningaryfirvöld hafa einmitt spurt að það sé reynsla kollega þeirra í nágrannalöndunum.

Ég vona að hv. fyrirspyrjandi sé nokkru fróðari um verklag vegna skráningar ökutækja eftir þessa umfjöllun. Ég vil leyfa mér að afhenda honum þessar upplýsingar sem spurt er um í fyrsta lið, þ.e. hversu mörg ökutæki hafi verið skráð sem ný samkvæmt gildandi viðauka við reglugerðina frá 1997. Það var óskað eftir sundurliðun annars vegar eftir skráningarárum og hins vegar eftir framleiðsluárum.

[13:41]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að ég er ekki fyllilega ánægður með að hæstv. ráðherra skuli vera svona ánægð með ástandið vegna þess að það er alveg ljóst að þetta er töluvert vandamál. Ef bílainnflytjendur eða kaupendur bíla breyta ekki háttum sínum og sjá til þess að við nýskráningu bíla komi fram framleiðsluár þá verður þessi vandi áfram við líði.

Svo er hitt atriðið, þ.e. innflutningur notaðra bíla sem er út af fyrir sig alveg sérstakt vandamál í þessu. Enginn veit í raun um það þegar hann kaupir notaðan bíl hér á markaðnum nema að hann hafi verið fluttur inn notaður frá útlöndum og að nýskráningarárið sem kemur fram í skráningarskírteininu segi eingöngu til um það. En það gæti hafa verið búið að nota þennan bíl jafnvel tvö, þrjú ár erlendis eða lengur. Ég sé ekki að neytendur geti sætt sig við að erfiðara sé að kaupa sér bíl og vita um hann það sem þeir þurfa að vita en hest á hestamannamóti því þar eru menn farnir að viðhafa reglur um að skrá þannig að þeir geti fylgst með því hvað þeir eru að kaupa.

Ég segi eins og er að mér finnst að hæstv. ráðherra ætti að láta fara fram könnun á þessu, skoða þessar tölur vandlega og velta því svolítið fyrir sér hvort ekki sé ástæða til þess að reyna að hafa áhrif á það að þær upplýsingar sem neytendum sem kaupa bíla á markaðnum eru nauðsynlegar, séu til staðar þannig að dýrir hlutir eins og þessir séu ekki keyptir eins og kötturinn í sekknum.

[13:43]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Allt fram á síðasta áratug síðustu aldar var árgerð helsta viðmið í aldursgreiningu ökutækja hér á landi og eins og ég nefndi áðan þá er árgerð ökutækja ekki heppilegt aldursviðmið eitt og sér enda slík framkvæmd ónákvæm þar sem framkvæmd hugtaksins fól í sér að skráningar- eða aldursviðmið ökutækis gat náð frá tímabilinu frá febrúar á undangengnu ári og allt fram til júnímánaðar á því ári sem árgerðin tilheyrði, þ.e. yfir hartnær 16 mánaða tímabil vegna sömu árgerðar.

Þá vil ég líka benda á reglugerðina frá 1997 en þar er ákvæði um gerðarviðurkenningu fólksbifreiða breytt þannig að frá þeim tíma er einungis heimilt að gerðarviðurkenna fólksbifreiðar samkvæmt evrópskum heildargerðarviðurkenningum, samanber EBE-tilskipun frá árinu 1992, en samkvæmt þessum reglum er óheimilt að hafna nýskráningu innan Evrópska efnahagssvæðisins ef framvísað er svokölluðu samræmingarvottorði. Þessi evrópsku samræmivottorð bera ekki með sér framleiðsluár ökutækisins og af þeim sökum er reglugerðarákvæði um skráningu framleiðsluárs fellt niður í þessari reglugerð.

Á Íslandi var fyrir nokkrum árum ákveðið að fara þá leið að skrá bæði framleiðsluár ökutækja ásamt fyrsta skráningardegi og var þar m.a. tekið mið af sjónarmiðum Bílgreinasambandsins og Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Í ljós kom að erfiðlega gekk að uppfylla þetta verklag vegna þess að margir framleiðendur bifreiða skráðu ekki framleiðsluár þeirra. Eins og ég sagði áðan virðist þetta skráningarkerfi hafa gengið allvel fyrir sig. En það er ágætt að við ræðum það á hinu háa Alþingi og það er sjálfsagt að skoða hvort uppi eru einhver vandamál í tengslum við fyrirspurn hv. þm.

Starfatorg.is.

Fsp. BH, 450. mál. — Þskj. 645.

[13:45]

Fyrirspyrjandi (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Nýverið hófst sú nýlunda hjá fjmrn. að upp var settur vettvangur undir heitinu starfatorg.is. Þar má sjá ýmsar gagnlegar upplýsingar er varða starfsmenn ríkisins, kjarasamninga og réttindi en þar er líka að finna auglýsingar um laus störf hjá ríkinu og vísað á viðkomandi ríkisstofnun til frekari upplýsinga um störfin. Vefstjóri fjmrn. er umsjónarmaður torgsins. Stjórnendur ráðuneyta og stofnana eða starfsmenn í umboði þeirra annast gerð auglýsinga.

Á Starfatorgi eru skráðar um 140 ríkisstofnanir og í fljótu bragði virðast þar vera allar stofnanir ríkisins, þar á meðal Samkeppnisstofnun sem nú hefur reyndar kærumál vegna Starfatorgsins til umfjöllunar.

Ég spyr hæstv. fjmrh. hvað starfatorg.is sé. Ég átta mig ekki alveg á því hvort þar er um að ræða ríkisrekinn auglýsingamiðil eða jafnvel að einhverju leyti ráðningarskrifstofu því svo mikið er víst að starfatorg.is fer einnig að hluta til inn á verksvið ráðningarskrifstofa. A.m.k. er ljóst að einhverjum hluta ráðningarmarkaðarins hefur verið kippt út af frjálsum markaði og vísað inn í ríkisstofnanirnar sjálfar þar sem úrvinnsla upplýsinga og umsókna er unnin af ríkisstarfsmönnum viðkomandi stofnana en ríkið hefur hátt í 20% af vinnuaflinu og enn stærra hlutfall af atvinnuauglýsingamarkaði. Þjónusta starfatorgs.is er ókeypis.

Herra forseti. Ég hlýt að spyrja hæstv. fjmrh. út í þetta fyrirbæri, ekki síst í ljósi þess að hér virðist sem farið sé þvert gegn stefnu hæstv. ríkisstjórnar sem, eftir því sem ég hef best skilið, hefur lagt á það áherslu að efla samkeppnis- og einkamarkaðinn sem mest og kemur það m.a. fram í glænýrri innkaupastefnu ríkisins þar sem mikil áhersla er lögð á eflingu samkeppnismarkaðar og m.a. vakin athygli á því að í krafti stærðar sinnar hefur ríkið mikil áhrif á samkeppnismarkað. Hægt er að nota innkaup ríkisins til að stuðla að uppbyggingu markaðar á tilteknu sviði, bættri samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja o.s.frv. Þar er m.a. vakin athygli á því að „bestu kaup" fela ekki eingöngu í sér innkaup á aðföngum vegna núverandi starfsemi heldur einnig að hugað sé að því hvort einstakir þættir í rekstrinum eða tiltekin verkefni verði betur leyst með kaupum á almennum markaði.

Því hlýt ég að spyrja hæstv. fjmrh.:

Hvað er starfatorg.is og hver er tilgangur þess?

Telur ráðherra slíkan rekstur eiga heima undir hatti ríkisins og ef svo er, af hverju?

Hefur verið kannað hver áhrif af rekstri starfatorg.is eru á rekstur einkarekinna fyrirtækja, auglýsingafyrirtækja og að einhverju leyti ráðningarfyrirtækja sem starfa á sama markaði?

[13:48]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hv. þm. spyr:

„Hvað er starfatorg.is og hver er tilgangur þess?"

Starfatorg.is er vefur um laus störf hjá ríkinu sem starfræktur hefur verið frá 15. mars á sl. ári og fjmrn. hefur umsjón með fyrir hönd ráðuneyta og ríkisstofnana. Á Starfatorginu er að finna upplýsingar um laus störf hjá ríkinu en einnig ýmsar upplýsingar um málefni og starfsumhverfi ríkisstarfsmanna. Jafnframt er þar að finna umfjöllun um ríkið sem vinnuveitanda.

Starfræksla Starfatorgsins er liður í því að draga ríkið betur fram sem vinnuveitanda og vinnustað í harðnandi innlendri og alþjóðlegri samkeppni um hæft starfsfólk. Starfræksla þess miðar að því að auðvelda þeim sem eru í atvinnuleit, hvort heldur þeir eru staddir hérlendis eða erlendis, að nálgast þegar þeim hentar upplýsingar um þau störf sem á hverjum tíma eru í boði hjá ráðuneytum og stofnunum ríkisins og þá um leið að kynna sér starfskjör, réttindi og skyldur og annað starfsumhverfi ríkisstarfsmanna. Starfatorgið er þess vegna hvorki ráðningarþjónusta né vinnumiðlun.

Gerð og frágangur starfsauglýsinga og birting þeirra í fjölmiðlum og allt ráðningarferli er sem fyrr í höndum og á ábyrgð einstakra stofnana og geta þær ef þær kjósa svo keypt þjónustu af ráðningarstofum eða vinnumiðlurum úti á einkamarkaðnum. Auglýsingarnar eru sendar fjmrn. sem setur þær inn á Starfatorgið og fjarlægir þær síðan þegar umsóknarfrestur er runninn út.

Þingmaðurinn spyr:

„Telur ráðherra slíkan rekstur eiga heima undir hatti ríkisins og ef svo er, af hverju?"

Svarið við þessari spurningu er það að starfræksla Starfatorgsins, þ.e. birting upplýsinga á einum stað um störf hjá ríkinu, er ekki eiginlegur rekstur heldur upplýsingamiðlun af hálfu ríkisins um laus störf, starfskjör og starfsumhverfi hjá ríkinu sjálfu en ekki hjá öðrum aðilum. Starfatorgið er þáttur í þróun upplýsingasamfélagsins en stjórnvöld hafa á undanförnum árum lagt áherslu á það verkefni og fé verið veitt til þess á fjárlögum, m.a. til þess að þróa vef Stjórnarráðsins svo hann geti gegnt hlutverki upplýsingaveitu fyrir almenning. Starfatorgið er hluti af vef Stjórnarráðsins og er krækja á forsíðu hans yfir á Starfatorgið. Engin þjónusta er á vegum Starfatorgsins og allt ráðningarferli sem fyrr í höndum og á ábyrgð einstakra ríkisstofnana.

Með Starfatorginu eru framfarir í upplýsingamiðlun nýttar til þess að hafa jafnan tiltækar á einum stað og öllum aðgengilegar upplýsingar um laus störf hjá ríkinu.

Þingmaðurinn spyr í þriðja lagi, herra forseti:

„Hefur verið kannað hver áhrif af rekstri starfatorg.is eru á rekstur einkarekinna fyrirtækja sem starfa á sama markaði?"

Hér gætir ákveðins misskilnings eins og þegar er fram komið. Starfræksla Starfatorgsins, þ.e. birting upplýsinga á einum stað um laus störf hjá ríkinu, er ekki atvinnustarfsemi heldur upplýsingamiðlun af hálfu ríkisins um laus störf á þess vegum. Með Starfatorginu er ríkið að sinna eigin verkefnum en ekki verkefnum fyrir aðra. Er staða ríkisins að þessu leyti svipuð og annarra aðila, hvort heldur einstakra sveitarfélaga eða einkafyrirtækja, sem birta á heimasíðum sínum upplýsingar um laus störf og starfsumhverfi hjá viðkomandi. Sem fyrr segir er engin þjónusta á vegum Starfatorgsins, hvorki fyrir vinnuveitendur né umsækjendur. Ráðuneyti og ríkisstofnanir eru eftir sem áður, og óháð Starfatorginu, frjáls að því að hagnýta sér mannaráðningar þjónustufyrirtækja sem sérhæfa sig á sviði ráðningarþjónustu, vinnumiðlunar, auglýsinga og upplýsingamiðlunar. Þarf ekki annað en skoða auglýsingar á torginu til að sjá að margar stofnanir nýta sér slíka þjónustu eftir sem áður.

Þessi síða, herra forseti, starfatorg.is, hefur verið mikið heimsótt frá því að hún hóf göngu sína þrátt fyrir að ríkið hafi í sinni þjónustu einungis 10% heildarvinnuaflsins í landinu, ekki 20 eins og þingmaðurinn hélt hér fram. Ég vil láta það

koma fram að þegar er hægt að sýna fram á verulegan sparnað í auglýsingakostnaði á vegum ríkisins vegna starfrækslu torgsins. Nú er auglýst á einum stað það sem ella hefði verið auglýst með öðrum hætti og auðvelt að sýna fram á að ríkisstofnanir geta sparað sér kostnað við birtingu auglýsinga með því að hagnýta sér Starfatorgið til hins ýtrasta. Hverjir verða fyrir barðinu á því? Ekki þeir sem reka sjálfstæða ráðningarþjónustu. Það eru þá frekar fjölmiðlar sem missa spón úr aski sínum við það að slíkum auglýsingum fækkar.

Ég vil svo geta þess að endingu, herra forseti, að Starfatorg þetta á sér fyrirmynd, m.a. í Danmörku en einnig vafalaust í öðrum löndum sem hafa kosið að tileinka sér nútímaupplýsingatækni með sama hætti og íslenska ríkið gerir í þessu máli.

[13:53]

Fyrirspyrjandi (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ekki ætla ég að fara út í orðaskak við hæstv. ráðherrann um það hvort hér sé um rekstur að ræða eða ekki. Svo mikið veit ég, herra forseti, að það eru fleiri en ég sem álíta að þarna séu ríkið og ríkisstjórnin að fara inn á vettvang einkarekinnar starfsemi og vísa ég þar til kæru sem nú liggur fyrir frá aðilum sem starfa á einkareknum auglýsingamarkaði og mér skilst að sé ekki enn þá afgreidd frá samkeppnisráði.

Það er alveg ljóst, herra forseti, hvað sem segja má um ráðningarþáttinn í málinu, þó að bein afgreiðsla fari ekki fram um störf á þessum vettvangi, hefur þetta eigi að síður áhrif á kjör ráðningarfyrirtækja sem eru að feta sig, mörg hver lítil í viðkvæmum rekstri, á þessum markaði. Atvinnurekendurnir eru þeir sem hætta að koma inn á ráðningarskrifstofurnar. Þetta eru „atvinnurekendur" hjá ríkinu vegna þess að það eru þeir sem borga fyrir þjónustuna sem ráðningarskrifstofa veitir. Þar af leiðandi hefur þetta áhrif þar.

Mér skilst af svörum hæstv. ráðherrans að þarna sé um að ræða ríkisrekinn auglýsingamiðil þar sem hægt er að auglýsa störf hjá ríkinu. Auðvitað er þetta í andstöðu við það sem fram kemur í innkaupastefnu ríkisins þar sem, eins og ég vakti athygli á áðan, „bestu kaup" fela m.a. í sér að hugað sé að því hvort einstakir þættir í rekstrinum eða tiltekin verkefni verði betur leyst með kaupum á almennum markaði. Ég verð að segja það, herra forseti, að mér þykir hæstv. fjmrh. vera mjög svo í andstöðu við stefnu sína, við stefnu síns eigin flokks, við innkaupastefnu ríkisins, þegar hann reynir að réttlæta það hér að þessi þáttur auglýsingamarkaðarins fari alfarið inn á ríkismarkaðinn. Auðvitað sparar það peninga fyrir ríkið en hver er það sem borgar brúsann? Hver er það sem borgar, herra forseti, fyrir gerð auglýsinga? Það eru ríkisstarfsmenn sem vinna þessar auglýsingar, skilst mér, og að sjálfsögðu eru það þá skattgreiðendur sem borga þennan brúsa. Ég vil bara ítreka það. Segir ekki hæstv. fjmrh. að hér sé um að ræða ríkisrekinn atvinnuauglýsingamiðil?

[13:55]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er alveg ótrúlegt að hlusta á þennan málflutning. Þingmaðurinn heldur því í raun og veru fram að allt sem fram kemur á vef Stjórnarráðsins sé ríkisrekin auglýsingastarfsemi, tilkynningar, fréttir og annað sem er á þessum vef, það sé verið að taka spón úr aski einhverra fjölmiðla væntanlega eða annarra aðila. (Gripið fram í.)

Ég tók eftir því, herra forseti, að þegar þessari fyrirspurn var fyrst útbýtt hét hún „Fyrirspurn til fjármálaráðherra um ríkisrekna ráðningarþjónustu." (**BH:** Það var leiðrétt.) Það var leiðrétt sem betur fer. En þingmaðurinn hefur ekki leiðrétt þann misskilning sinn að hér sé um að ræða ríkisrekinn auglýsingamiðil. Þetta er einfaldlega skrá á einum stað yfir laus störf, m.a. í samræmi við ábendingar sem komu fram fyrir nokkrum árum frá umboðsmanni Alþingis. Hann taldi eðlilegt að safna saman á einn stað upplýsingum um laus störf, m.a. með því að hagnýta sér framfarir sem orðið hafa í upplýsingamálum, til að greiða fyrir því að fólk gæti leitað sér að störfum hjá ríkinu. Það er það sem verið er að gera. Og eins og ég sagði áðan er þetta listi með upplýsingum um laus störf. Síðan er tilvísun til þeirrar stofnunar sem hefur með þessi mál að gera. Það kann vel að vera að hún hafi síðan falið einhverri ráðningarstofu eftir sem áður að annast málið, veita nánari upplýsingar o.s.frv. En heldur þingmaðurinn að Íslendingar sem eru t.d. við nám í útlöndum og eru að leita sér að vinnu hafi ekki ákveðinn hag af því að geta leitað inn á Starfatorgið í gegnum vef Stjórnarráðsins (Gripið fram í.) og fengið upplýsingar um laus störf eða að fólk hvar sem er í landinu geti aflað sér þessara upplýsinga með handhægum hætti og í leiðinni geti ríkið sparað sér auglýsingakostnað sem rynni ella til fjölmiðla? Ég hélt að það væri kappsmál allra hér inni að reyna að spara pínulítið í ríkisrekstrinum í staðinn fyrir að standa hér og snúa út úr fyrir fólki sem er að reyna að gera það, það væri markmiðið að spara fremur en að snúa út úr því sem gert er.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts hjá heilbrigðisstofnunum.

Fsp. ÍGP, 503. mál. — Þskj. 836.

[13:58]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. fjmrh. Um nokkurt skeið hefur verið unnið að því með markvissum hætti að gera Hveragerði að heilsubæ. Heilsutengd ferðaþjónusta er hluti af nútímaafþreyingu og hluti af ferðaþjónustu nútímans. Hveragerði er upplagður staður hvað þetta áhrærir, bæði vegna náttúruauðlinda og einnig út frá þeim stofnunum sem þar eru starfræktar, t.d. Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands.

Fjárln. hefur veitt fé til rannsókna á hveravatni út frá heilsuþættinum. Þetta er samvinnuverkefni bæjarstjórnar Hveragerðis, Heilsustofnunar NLFÍ, Garðyrkjuskóla ríkisins, Háskóla Íslands og fleiri aðila. Sveitarfélagið hefur einnig tekið í notkun nýja hreinsistöð frárennslis sem er ein fullkomnasta hreinsistöð landsins. Þetta er enn einn grunnþátturinn í því að gera Hveragerði að heilsubæ.

Ein mikilvægasta stofnun hvað heilbrigðisþjónustu og heilsuvernd áhrærir er Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands. Sú stofnun er í raun einn af aðallyklunum í því að gera Hveragerði að heilsubæ, enda er sú stofnun ein allra merkilegasta stofnun sinnar tegundar í heiminum, bæði út frá sögu og starfsemi.

Um nokkurt skeið hefur Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands átt við rekstrarvanda að stríða. Mikið uppbyggingarstarf á sér nú stað hjá stofnuninni. Þar er m.a. verið að byggja upp nútímalegt baðhús og endurhæfingarhús. Þess vegna spyr ég hæstv. fjmrh.:

1. Fær Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði endurgreiddan virðisaukaskatt? Ef ekki, hver er ástæðan?

2. Hvaða reglur gilda um endurgreiðslu virðisaukaskatts hjá öðrum sjúkra-, heilsu- og öldrunarstofnunum?

[14:00]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þingmanni að margt er vel gert í Hveragerði í sambandi við heilbrigðis- og umönnunarmál, og vonandi margt fleira í bígerð varðandi heilsutengda ferðaþjónustu, bæði þar og víðar á Suðurlandi. En skattskylda í atvinnustarfsemi er ekki tengd því hvar viðkomandi starfsemi fer fram, heldur gilda um hana almennar reglur sem settar eru í lögum og reglugerð, í þessu tilviki um virðisaukaskatt.

Skv. 2. gr. laga um virðisaukaskatt er öll eiginleg heilbrigðisþjónusta undanþegin virðisaukaskatti. Með ákvæðinu er starfsemi heilbrigðiskerfisins jafnt starfsemi hins opinbera sem sjálfstætt starfandi aðila haldið utan við skattskyldusvið laganna. Undanþáguákvæðið tekur að vísu aðeins til þjónustu sem veitt er í heilbrigðiskerfinu því sala á vöru er skattskyld þótt hún sé afhent í tengslum við heilbrigðisþjónustu. Þannig er Heilsustofnun NLFÍ undanþegin virðisaukaskatti vegna þeirrar læknisfræðilegu þjónustu sem þar er boðið upp á, svo sem vegna þjónustu lækna, sjúkraþjálfara o.s.frv. Hins vegar er stofnunin virðisaukaskattsskyld vegna annarrar starfsemi sem þar fer fram og er ekki læknisfræðileg, er þar af leiðandi ekki partur af hinni eiginlegu heilbrigðisþjónustu. Sem dæmi um þetta má nefna virðisaukaskattsskylda starfsemi sem fer fram þegar fæði er selt til starfsmanna eða þegar matvara er framleidd.

Ég tel í rauninni að þar með sé ég búinn að svara meginefni fyrirspurnarinnar en í 42. gr. laga um virðisaukaskatt og reglugerð þar að lútandi er kveðið á um að opinberir aðilar geti notið endurgreiðslna vegna kaupa á tiltekinni vinnu og þjónustu og er þar m.a. átt við sorphreinsun, ræstingu, snjómokstur, björgunarstörf, sérfræðiþjónustu o.fl. Þessar endurgreiðsluheimildir eru bundnar við ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra og ná ekki til félagasamtaka eða hlutafélaga. Þetta á við um fleiri en Heilsustofnun NLFÍ, t.d. hlutafélagið Öldung sem rekur hjúkrunarheimilið Sóltún en á það var látið reyna með úrskurði hjá ríkisskattstjóra hvort sú stofnun ætti rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts á þessum grundvelli. Svo var ekki talið vera. Þannig virðist ljóst að heilsustofnunin í Hveragerði eigi ekki rétt á sömu endurgreiðslum og opinberir aðilar þar sem stofnunin er ekki opinber aðili. En auðvitað getur hún, ef hún kærir sig um, látið á það reyna fyrir réttum aðilum, t.d. með því að sækja um endurgreiðslu virðisaukaskatts til skattstjóra og færa síðan þá ákvörðun með kæru til yfirskattanefndar. Það er auðvitað einn möguleiki fyrir utan þann möguleika að breyta lögum, sem ekki hefur verið lagt til.

Að því er varðar aðrar sjúkra-, heilsu- og öldrunarstofnanir sem hv. þm. spyr um gildir sú regla sem ég gat um að endurgreiðsla virðisaukaskatts varðandi þessi tilteknu kaup getur átt sér stað ef um er að ræða opinbera aðila. Það eru ekki til staðar sérstakar reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts fyrir sjúkra-, heilsu- og öldrunarstofnanir en hins vegar er öll eiginleg heilbrigðisþjónusta undanþegin virðisaukaskatti eins og áður er fram komið og skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða opinbera aðila eða aðila sem starfa sjálfstætt.

Ég tel, herra forseti, að með þessu sé fyrirspurnunum svarað. Annars vegar er gerður greinarmunur á heilbrigðisþætti í viðkomandi rekstri, hann er undanþeginn, en hins vegar er um það að ræða hvort menn geta fengið endurgreiðslur vegna ýmissar annarrar þjónustu sem keypt er og þar er í lögum gerður greinarmunur á starfsemi opinberra aðila og annarra.

[14:05]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þetta svar sem mér finnst ekki svara alveg spurningu minni. Mér finnst að það þurfi að ríkja ákveðin sanngirni í þessum málum. Það er alveg ljóst að Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands hefur margoft sótt um til skattyfirvalda að fá leiðréttingu á þessum málum, m.a. vegna þess að svipaðar stofnanir, t.d. jafnágæt stofnun og Reykjalundur, önnur stofnun sem heitir Eir, enn önnur sem heitir Ás o.s.frv., allt eru þetta sjálfseignarstofnanir, vel reknar og myndarlegar, þessar stofnanir fá virðisaukaskattinn endurgreiddan. Þess vegna er í raun og veru engin sanngirni í því að Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands skuli ekki fá endurgreiddan virðisaukaskatt. Eins og ég sagði, herra forseti, í upphafi máls míns standa yfir heilmiklar endurbyggingar hjá heilsustofnuninni í Hveragerði, nú er verið að byggja endurhæfingarhús, baðhús og þess háttar. Einnig er verið að taka í notkun ný tölvukerfi og þess vegna er mjög ósanngjarnt, afar ósanngjarnt, að þessi stofnun skuli ekki fá endurgreiddan virðisaukaskatt eins og aðrar stofnanir sem svipar mjög til þessarar.

Eins og ég segi hefur margreynt á þetta og ég skora á hæstv. ráðherra að endurskoða þessi mál. Eins og fram kom reyndar í svari hans getum við látið á það reyna með tvennum hætti, annars vegar að sækja enn einu sinni um það að heilsustofnunin fái endurgreiddan virðisaukaskatt í gegnum skattyfirvöld og hins vegar að breyta lögum en mér finnst mjög brýnt að stofnanir sem starfa á svipuðum grunni vinni eftir sömu leikreglum.

[14:07]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það má til sanns vegar færa að þeir sem eru í sömu stöðu eigi að njóta sömu starfsskilyrða. Það held ég að sé almenn skoðun nú til dags. Hins vegar er það þannig með Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði að hún er skráð í þjóðskrá sem félagasamtök. Kannski þarf líka að huga eitthvað að þeim þætti málsins. Hún er a.m.k. ekki opinber aðili í skilningi virðisaukaskattslaganna. Ef menn hugleiða hins vegar hvort rétt sé að breyta lögum til þess að ná utan um þá starfsemi — auðvitað yrði ekki unnt að einangra slíka lagabreytingu við eina stofnun — vaknar auðvitað sú spurning hvort menn vilja fara þá leið til þess að greiða fyrir því að fleiri einkaaðilar geti komið inn í rekstur á þessu sviði með sama hætti og t.d. Öldungur hf. sem rekur hjúkrunarheimilið Sóltún. Þar veit ég að hefur líka verið óánægja með þessi atriði. Það er að mörgu leyti af sömu rót runnið, þ.e. þar er um að ræða hlutafélag sem ekki telst vera opinber aðili þó að það hafi með höndum starfsemi sem oftast nær er rekin af slíkum aðilum.

Þetta er allt saman til umhugsunar, herra forseti, og ég þakka þingmanninum fyrir að vekja athygli á þessu máli hér og þær ábendingar sem fram hafa komið frá honum.

Verndun Mývatns og Laxár.

Fsp. EMS, 468. mál. — Þskj. 761.

[14:09]

Fyrirspyrjandi (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fyrirspurn til hæstv. umhvrh. varðandi lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Fyrirspurnin hljóðar þannig:

Hefur ráðherra í hyggju að leggja fyrir yfirstandandi löggjafarþing frumvarp um breytingar á lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu?

Ástæða þessarar fyrirspurnar er að sjálfsögðu sú að þessi lög eru nokkuð komin til ára sinna og eru raunverulega barn síns tíma. Um nokkurt skeið hefur verið unnið að endurskoðun þessara laga, m.a. veitti hreppsnefnd Skútustaðahrepps þann 15. mars sl. umsögn um drög að frv. Einnig hefur komið fram að hæstv. ráðherra hafði í hyggju að leggja fram frv. í þessa veru á haustþingi en gaf það frá sér af einhverjum ástæðum. Þess er auðvitað vænst að það verði gert nú fyrir þinglok og þess vegna m.a. er þessi fyrirspurn fram komin.

Ástæður þess að leitað hefur verið eftir því að þessi lög verði endurskoðuð eru auðvitað fyrst og fremst þær að lögin hafa valdið miklum vanda í stjórnsýslunni við Mývatn, m.a. vegna þess að sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur í raun og veru ekki haft fulla lögsögu í ýmsum málum. Náttúruvernd ríkisins hefur haft neitunarvald á ýmsum þáttum, m.a. varðandi framkvæmdir og skipulagsmál, og þetta hefur valdið að minni hyggju óþarfanúningi milli aðila. Þess vegna er full ástæða til þess að reyna að leysa úr þeim vanda með breytingu á lögunum. Það virðist hafa náðst nokkuð góð sátt í starfshópi eða nefnd sem hefur verið að vinna að þessari endurskoðun á vegum hæstv. ráðherra.

Það eru auðvitað nokkur atriði sem nefndin náði ekki saman um en mér sýnast þau ekki vera stórvægileg og ekki líkleg til vandræða. Mig langar í þessu sambandi til að vekja athygli á því sem kemur m.a. fram í umsögn hreppsnefndar Skútustaðahrepps varðandi þau frumvarpsdrög sem ég nefndi áðan. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þau frumvarpsdrög sem hér eru til meðferðar munu hafa verulegar breytingar í för með sér hvað stjórnsýsluna varðar. Frumvarpsdrögin munu að mati sveitarstjórnar í engu breyta um að náttúruvernd verður í hávegum höfð hér eftir sem hingað til."

Þess vegna, herra forseti, tel ég afar brýnt að hæstv. ráðherra svari fyrirspurninni sem nákvæmast um það hvort ekki sé áreiðanlega fyrirhugað að leggja fram frv. um endurskoðun á lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

[14:12]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er spurt:

„Hefur ráðherra í hyggju að leggja fyrir yfirstandandi löggjafarþing frumvarp um breytingar á lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu?"

Því er til að svara að hinn 25. september 2001 var skipuð nefnd til að endurskoða þessi lög með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á síðustu árum á stjórnsýslu náttúruverndarmála, m.a. með nýjum lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Einnig var nefndinni falið að gera tillögur um framtíðarstarfsemi Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn. Í nefndina voru skipaðir Finnur Þór Birgisson lögfræðingur, formaður, Árni Bragason, forstjóri Náttúruverndar ríkisins, Gísli Már Gíslason, prófessor og formaður stjórnar Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn, Sigbjörn Gunnarsson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps, og Jón Helgi Björnsson líffræðingur.

Nefndin hefur skilað drögum að frv. til nýrra laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Þar er gert ráð fyrir að gildissviði laganna verði breytt frá því sem nú er og þau taki í meginatriðum til Laxár, Mývatns og ýmissa votlendissvæða þar í kring. Gert er ráð fyrir að önnur svæði í Skútustaðahreppi sem hafa hátt verndargildi verði friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum og skal því ferli samkvæmt frv. vera lokið innan tiltekins tíma. Nýmæli eru í frv. að kveðið er á um sérstaka vernd vatnasviðs Mývatns og Laxár.

Frumvarpsdrög nefndarinnar voru send til umsagnar ýmissa aðila sl. vor og skiluðu 20 aðilar ítarlegum athugasemdum og umsögum. Það er rétt sem hér kom fram hjá hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni að það var nokkuð góð sátt í nefndinni þó að þar væri sérstakt minnihlutaálit. Hins vegar var alveg ljóst að þegar við fengum inn umsagnir frá aðilum höfðu þeir talsverðar athugasemdir við frumvarpsdrögin. Það er því búið að skoða í ráðuneytinu undanfarna mánuði hvernig hægt sé að koma til móts við þær athugasemdir sem þar komu fram. Það er búið að fara yfir umsagnirnar og það er verið að vinna úr athugasemdum. Það er mjög mikið verk að gera það.

Það var einnig rétt sem hér kom fram hjá fyrirspyrjanda að ég hafði í hyggju að leggja þetta frv. fram á haustþingi en vegna anna tókst það ekki. Önnur mál sem komu inn í ráðuneytið þurftu að fá forgang, m.a. fjölmargar kærur sem við þurfum að afgreiða á ákveðnum tíma þó að við höfum því miður fallið á þeim tíma í mörgum tilvikum. Það komu *inn tilskipanir frá Evrópusambandinu sem við þurftum* að klára og vorum líka með í tímahraki. Það komu inn aðgerðir vegna rjúpnastofnsins þar sem það var brýnt að leita eftir lagaheimildum vegna þeirra atriða o.s.frv. Ekki tókst því að klára þetta frv. þannig að hægt væri að leggja það fram á haustþingi. Hins vegar var það sett á þann lista sem hér er ávallt kynntur í upphafi þings yfir þau mál sem ráðherra hefur í hyggju að leggja fram. Við höfum stefnt að því að koma þessu máli fram.

Við erum sem sagt á lokasprettinum í ráðuneytinu við það að klára þetta mál. Það þarf síðan að fara í gegnum ríkisstjórn og það þarf að fara í gegnum þingflokka. Vonandi get ég lagt það fram hér von bráðar. Ég get ekki tímasett það neitt frekar en það er alveg ljóst að það er mjög mikill áhugi, sérstaklega á Norðausturlandi, fyrir því að þetta mál fái framgang og talsverður þrýstingur er frá heimaaðilum þannig að ég veit af þeirra áhuga sem hér endurspeglaðist líka í ræðu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar. Mér er kunnugt um þann áhuga og við reynum að vinna þetta eins og okkur er frekast unnt en það er kannski ekki eins mikil sátt um þetta mál og hér mátti túlka hjá fyrirspyrjanda. Ég tel þó að við getum komið til móts við þær umsagnir sem til okkar hafa borist og ég vona að við sjáum þetta mál á borðum þingmanna bráðlega.

[14:17]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Nú kom það fram í máli hæstv. ráðherra að nokkuð góð sátt hefði verið í nefndinni sem var skipuð m.a. heimamönnum, um það hvernig þessum málum yrði best varið í framtíðinni. Síðan kom fram í máli hæstv. ráðherra

að aðrir hefðu verið með miklar athugasemdir og það hefði tafið málið.

Mér þætti vænt um, herra forseti, ef ráðherrann vildi upplýsa okkur um helstu athugasemdir sem aðrir en þeir sem búa í sveitinni og unnu að þessu máli í nefndinni hafa fram að færa. Ég er á þeirri skoðun almennt að heimamenn eigi að hafa mikið að segja um þau svæði sem verið er að fjalla um. Þar eru þeir búsettir og þekkja vel til og eiga að hafa mikið um það að segja hvernig þeir vilja nýta sín svæði. Ég get nefnt mörg dæmi máli mínu til stuðnings, m.a. þverun Dýrafjarðar, þverun yfir Eyjafjarðarleirur og fleira þar sem allt var að fara upp í loft ef eitthvað átti að gera. En ég vil bara ítreka það að fá þetta upplýst hjá ráðherranum.

[14:18]

Fyrirspyrjandi (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og segja að ég hvet hæstv. ráðherra eindregið til þess að flýta þessu verki sem kostur er. Ég trúi ekki öðru en að ríkisstjórnin og þingflokkar stjórnarliðsins muni greiða fyrir gangi þess þar í gegn þannig að þingið megi taka afstöðu til frv. sem allra fyrst. Það er afskaplega brýnt að þetta mál fái framgang nú á vorþingi því eins og við vitum þá verður væntanlega skipt um ríkisstjórn á vordögum og það tekur alltaf einhvern tíma fyrir nýja ráðherra að koma sér inn í mál og koma svona málum í gegn. (**Landbrh.:** Treystirðu ekki væntanlegri ríkisstjórn?) Jú, hv. þm. Ég treysti fyllilega væntanlegri ríkisstjórn til þess að taka á málinu en ég er hræddur um að það gæti tafið það enn frekar. Núverandi ríkisstjórn er heldur betur búin að hafa tíma til þess að kippa þessu máli í liðinn og það er því miður ekki komið lengra en raun ber vitni og orðið tvísýnt, eins og skilja mátti af ræðu hæstv. ráðherra, að það nái fram fyrir vorið.

Ég vil taka undir með hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni að það er afskaplega brýnt að við förum að koma ýmsum gömlum lögum í það form að hlutur heimamanna sé sem mestur um næsta nágrenni. Það er bara í takt við nútímastjórsýslu að þannig séu málin. Sú forræðishyggja að það sé alltaf best að stýra og stjórna málum frá skrifborði í Reykjavík er fyrir löngu orðin úrelt. Það gengur auðvitað ekki að sveitarstjórn eins og sveitarstjórn Skútustaðahrepps þurfi að búa við það að hafa allt annað um sitt umhverfi að segja en aðrar sveitarstjórnir í landinu.

Herra forseti. Lokaorð mín eru þessi: Ég vona að hæstv. ráðherra komi þessu máli í þann búning að það verði tilbúið til þess að leggjast fyrir ríkisstjórn og þingflokka stjórnarliðsins. Ég trúi því og treysti að þingflokkarnir og ríkisstjórnin hleypi þessu máli þar í gegn með miklu hraði.

[14:20]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér hefur verið spurt um athugasemdir sem aðilar hafa gert við frumvarpsdrögin sem nefndin samdi. Ég get nefnt það hér að Skútustaðaheppur hefur gert athugasemdir við niðurstöðu nefndarinnar á þremur blaðsíðum. Það hafa líka komið fram athugasemdir frá Kísiliðjunni varðandi hvaða skilning eigi að leggja í það að óheimilt verði að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. o.s.frv., sem lýtur að friðlýsingu ákveðinna svæða. Ef það ákvæði væri skilið bókstaflega fælist í því að svo til allar framkvæmdir væru bannaðar, þar á meðal starfsemi Kísiliðjunnar þannig að slík lagatúlkunaratriði er verið að skoða.

Það hafa líka komið fram athugasemdir frá iðn.- og viðskrn., Orkustofnun, Umhverfissamtökum Mývatns og Landeigendafélaginu. Þær eru í megindráttum á þá leið að aðilar eru mótfallnir því að kveðið sé á um sérstaka vernd vatnasviðs Laxár og Mývatns. Einnig hafa aðrir aðilar óskað eftir því að gerðar verði breytingar á ákvæðinu um bann við breytingum á rennsli straumvatna og vatnsborðshæð. Ýmsar álíka athugasemdir hafa því komið inn sem lúta að málum sem við teljum að eðlilegt sé að skoða ofan í kjölinn áður en við leggjum fram frumvarpsdrög. Þó að náðst hafi þokkaleg sátt í þessari nefnd þá hafa aðrir gert athugasemdir og líka aðilar sem voru í nefndinni. En þetta er allt til skoðunar og ég vona, virðulegur forseti, að okkur takist á næstunni að ljúka þessu máli þannig að þingið geti tekið það til meðferðar.

Viðgerð á rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni.

Fsp. JB og ÁSJ, 504. mál. — Þskj. 837.

[14:22]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil leggja fram fyrirspurn um skipasmíðar og viðgerð á Bjarna Sæmundssyni.

Skipasmíðar og þjónusta við skip eiga sér langa sögu á Íslandi og á köflum hefur blómlegur iðnaður dafnað á þessu sviði sem skapað hefur þúsundir starfa í landinu og sparað þjóðinni umtalsverðan gjaldeyri. En nú um langt árabil hefur skipaiðnaðurinn hins vegar átt í miklum erfiðleikum. Samdráttur hefur verið viðvarandi í greininni. Fyrirtækjum hefur fækkað til muna og miklir rekstrarörðugleikar hrjá mörg þeirra sem eftir eru. Sérstaklega hefur staða nýsmíða verið erfið og má heita að nýsmíðar stærri skipa séu nærri aflagðar í landinu. Staðan er litlu skárri hvað varðar meiri háttar viðhaldverkefni, endurbyggingar eða endurbætur því að slík verkefni fara unnvörpum úr landi.

Margt hefur valdið því að svo er komið fyrir íslenskum skipasmíðaiðnaði sem raun ber vitni. Nefna má sem eina af meginástæðum að um langt árabil hefur íslenskur skipaiðnaður óstuddur af stjórnvöldum mátt sæta harðri samkeppni við ríkisstyrkta og niðurgreidda starfsemi í nágrannalöndunum. Því var, herra forseti, horft til boðaðra viðgerða á rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni þegar það var boðið út. Sem betur fer komu fréttir í gær um að samið hefði verið við innlendan aðila um viðgerðina. Mjög mörg tilboð komu í þessa viðgerð og lægsta íslenska tilboðið var fjórða í röðinni með um 119% af kostnaðaráætlun. Hin tilboðin sem voru hagstæðari hvað tölur varðar voru lægri.

Nú bárust þær fréttir í dag að gengið hefði verið að tilboði Slippstöðvarinnar á Akureyri. Þær spurningar sem ég lagði fram fyrir tveim vikum síðan eru því að því leyti til gamlar að búið er að ganga til samninga. Engu að síður er ástæða til að spyrja hæstv. iðnrh. á hvaða forsendum breytt var frá röð tilboða í þessar endurbætur á Bjarna Sæmundssyni þar sem fjórða lægsta tilboðinu var tekið nú. Er hér kannski um breytta stefnu stjórnvalda að ræða?

Það hefur verið gagnrýnt við viðgerð skipa erlendis, bæði varðskipanna Týs og Ægis á sínum tíma og einnig á skipum útgerðarinnar, að ekki sé reiknuð með þjóðhagsleg hagkvæmni þess að gera við skipin innan lands. Mun ráðherra

beita sér fyrir því að framvegis verði gerð þjóðhagsleg úttekt á viðgerðum og smíðum á skipum hér innan lands áður en tekið er erlendum tilboðum? Hefur ráðherra gert sér grein fyrir því hve gengið hefur slæm áhrif á samkeppnistöðu íslensks skipaiðnaðar? Hyggst hún beita sér fyrir úrbótum hvað það varðar?

[14:26]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Staða innlends skipasmíðaiðnaðar er stöðugt til umfjöllunar hjá iðnrn. og náið samráð er haft við Samtök iðnaðarins um málefni greinarinnar. Í þessu sambandi er vert að geta viðamikillar úttektar á samkeppnisstöðu skipasmíðaiðnaðar sem birtist í greinargerð í september 2002. Úttektin og tillögur um aðgerðir til að styrkja stöðu skipasmíðaiðnaðarins var samstarfsverkefni iðnrn., Samtaka iðnaðarins og Málms, samtaka fyrirtækja í málmiðnaði. Þeir sem áhuga hafa á málefnum skipaiðnaðarins ættu að kynna sér þessa skýrslu.

Þar er m.a. gerð tillaga um að komið verði á nánara samráði við þau ráðuneyti og stofnanir sem áhrif hafa á útboð er tengjast skipaiðnaði og sem hagsmuni hafa af því að hér á landi verði áfram öflugur málm- og skipaiðnaður. Bæði fjmrh. og sjútvrh. hafa sýnt málefnum skipasmíðaiðnaðarins *mikinn skilning, m.a. í tengslum við fyrirhugaða viðgerð á* rannsóknarskipinu Bjarna Friðrikssyni.

Útboð á verkefnum í skipaiðnaði eru flest þess eðlis að þau falla undir útboðsskilmála EES-samningsins um jafnan aðgang allra sem staðfestu hafa á innri markaðnum. Um er að ræða alþjóðlega skuldbindingu sem enginn hefur áhuga á né hag af að víkjast undan. Útreikningar á svokallaðri þjóðhagslegri hagkvæmni þess að verkefni í skipaiðnaði fari fram hér á landi hafa því engan sérstakan tilgang. Ég hef því fyrst og fremst beitt mér fyrir því að unnið verði að útboðsmálum á þann hátt að íslenskur skipaiðnaður standi ekki höllum fæti gagnvart erlendum skipasmíðastöðvum þegar íslensk skip eiga í hlut. Í þessu felst að samanburður á kostnaði taki fullt tillit til allra breytistærða sem máli skipta. Á sama hátt verði tekið tillit til nauðsynlegra skilmála í útboðsgögnum sem m.a. lúta að landfræðilegum og veðurfarslegum sérkennum hér við land. Þessi atriði hef ég rætt við fjmrh., enda eru þau til þess fallin að auka líkur á því að skipasmíðaverkefni haldist í landinu. Þessi leið er bæði lögmæt og framkvæmanleg.

Varðandi áhrif gengis íslensku krónunnar á samkeppnisstöðu skipasmíðaiðnaðarins þá hefur auðvitað hátt raungengi krónunnar veikt mjög samkeppnisstöðu greinarinnar. Þegar gengið lækkaði á síðasta ári batnaði staðan nokkuð og almennt má segja að sveiflur í gengi krónunnar geri áætlanir óvissari og skapi mjög erfiða samkeppnisstöðu. Gengið hefur haldist nokkuð jafnt um nokkurra mánaða skeið og virðist vera viðunandi fyrir greinina. Þó vil ég halda því til haga að það er alveg í hærri kantinum.

Í þessu sambandi má geta þess að flest bendir til að tvær íslenskar skipasmíðastöðvar geri stóra nýsmíðasamninga við færeyskar útgerðir. Það er viðbót við þau tvö nýsmíðaverkefni sem unnið er að fyrir þá.

Ég vil leggja áherslu á að farsæl framtíðarþróun skipaiðnaðarins mun fyrst og fremst byggjast á því að greininni sé búin sem hagstæðust ytri skilyrði, að greinin vinni markvisst að innri endurbótum og hún nái að starfa á jafnréttisgrundvelli við skipaiðnaðinn í öðrum löndum á EES-svæðinu.

Við þetta er svo því að bæta að viðgerðin á rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni féll Slippstöðinni á Akureyri í skaut. Ég fékk tilkynningu um þetta laust eftir hádegi á mánudaginn var og gleðst að sjálfsögðu yfir því því að ég tel að þetta sé mjög mikilvægt verkefni, bæði fyrir Slippstöðina og einnig fyrir greinina í heild. Þannig var, af því að hv. fyrirspyrjandi spurði til viðbótar hvort þarna hefði einhverjum reglum verið breytt, að þegar málið var tekið til frekari vinnslu þá kom í ljós að þetta tilboð var hagstæðast og finna mátti galla á tilboðum sem voru lægri.

[14:30]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Það var góð frétt fyrir íslenskan skipaiðnað þegar samið var við Slippstöðina á Akureyri um viðgerðina á Bjarna Sæmundssyni. Það er verkefnaskortur hjá íslenskum skipasmíðastöðvum. Því munar mjög um hvert stórverkefni sem unnið er hérlendis. Það er erfitt að reka stór fyrirtæki á smáverkefnasnapi. Þau þurfa að hafa stór verkefni sem kjölfestu í starfseminni. Oft eru vetrarmánuðirnir erfiðastir hvað verkefni varðar. Þá er mesti álagstíminn hjá fiskiskipaflotanum og útgerðir nota yfirleitt annan árstíma til viðgerða, breytinga og endurbóta. Þess vegna er þetta fjögurra mánaða verkefni kærkomið.

Það er stórmál að þessi iðngrein haldi velli. Þessi þjóð sem byggir afkomu sína að stórum hluta á fiskveiðum verður að eiga öflug skipaiðnaðarfyrirtæki til að þjóna flotanum.

Því miður lögðust skipasmíðar að mestu af fyrir áratug eða svo. Það er því ánægjulegt, eins og hæstv. ráðherra nefndi, að tvö íslensk fyrirtæki eiga nú í viðræðum við Færeyinga um byggingu á tveimur togurum. Verði það að veruleika slá menn tvær flugur í einu höggi, hefja skipasmíðar að nýju og jafnframt útflutning á íslenskri framleiðslu skipa sem var óþekkt á árum áður.

[14:32]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og fagna því ef merkja má stefnubreytingu hjá stjórnvöldum gagnvart íslenskum skipasmíðaiðnaði, þ.e. að verið sé að kanna hvernig jafna megi samkeppnisstöðu íslensks skipasmíðaiðnaðar gagnvart beint og óbeint ríkisstyrktum skipasmíðaiðnaði í öðrum löndum. Þeir hafa orðið að keppa við þann iðnað og kljást við fullkomið skilningsleysi stjórnvalda hingað til. Það er því fagnaðarefni ef þarna verður á stefnubreyting.

Ég vil þó ítreka að þessu verði fylgt rækilega eftir, bæði að kanna og rétta samkeppnisstöðu skipasmíðaiðnaðarins. Ég held að það sé full ástæða til að vera á varðbergi og óttast þá hækkun á genginu sem við stöndum frammi fyrir, það er þegar 10–15% hærra en ætti að vera miðað við eðlilegt efnahagsástand. Allar horfur eru á að það muni hækka enn meira á næstu missirum vegna fyrirhugaðra stórframkvæmda hér á landi. Það mun enn gera skipasmíðaiðnaðinum erfiðara fyrir í samkeppnisstöðunni.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt fram á Alþingi þáltill. sem miðar einmitt að því að endurreisa og styrkja íslenskan skipasmíðaiðnað.

Ég vil svo ítreka að ég fagna því að viðgerð á Bjarna Sæmundssyni skuli fara fram hér á landi. Það er þá breytt frá því sem varð um varðskipin Týr og Ægi þegar viðgerð þeirra var boðin út. Viðgerð á þeim fór fram erlendis þrátt fyrir mjög hörð mótmæli innlendra aðila, m.a. Félags járniðnaðarmanna.

Virðulegi forseti. Þetta er ein stærsta og sterkasta iðngrein hér á landi, undirstaða fyrir íslenskan atvinnuveg. Okkur ber að standa vörð um hana.

Fundi slitið kl. 14:34.

---

68. FUNDUR

miðvikudaginn 29. jan.,
að loknum 67. fundi.

Dagskrá:

1. Álverksmiðja í Reyðarfirði, stjfrv., 509. mál, þskj. 842. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Varnir gegn mengun sjávar, frv., 53. mál, þskj. 53. — 1. umr.
3. Almenn hegningarlög, frv., 54. mál, þskj. 54. — 1. umr.
4. Verndun búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi, þáltill., 55. mál, þskj. 55. — Fyrri umr.
5. Sveitarstjórnarlög, frv., 61. mál, þskj. 61. — 1. umr.
6. Aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti, þáltill., 62. mál, þskj. 62. — Fyrri umr.
7. Skipulag sjóbjörgunarmála, þáltill., 63. mál, þskj. 63. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Tómas Ingi Olrich menntmrh.

Varnir gegn mengun sjávar, 1. umr.

Frv. EKG og KPál, 53. mál (förgun skipa og loftfara). — Þskj. 53.

[14:35]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með síðari breytingum. Flutningsmaður ásamt mér er hv. þm. Kristján Pálsson.

Málið sem hér um ræðir er mjög mikið hagsmunamál. Í fyrsta lagi hagsmunamál eigenda hafnanna í landinu, þ.e. sveitarfélaganna, en einnig mikið hagsmunamál útgerða í landinu eins og ég mun færa rök fyrir síðar í máli mínu.

Frv. gengur út á að opna á bráðabirgðaákvæði sem hefði í för með sér að hægt væri að sökkva ónýtum skipum, svokölluðum reiðileysisskipum, að sjálfsögðu eftir að búið væri að tæma þau af mengandi efnum og nýta þannig heimild sem er til staðar í svonefndu OSPAR-samkomulagi, Osló/París-samkomulagi, um verndun Norðaustur-Atlantshafsins sem undirritað var í París 30. september 1992 og tók gildi 25. mars 1998. Þannig er mál með vexti að það mun hafa verið ætlun hæstv. þáv. umhvrh. að hafa þessa heimild í lögum, að hægt væri að farga þessum ónýtu skipum eins og OSPAR-samkomulagið gerði ráð fyrir og aðrar þjóðir eru að nýta sér. Þannig var þetta í frv. á sínum tíma en Alþingi ákvað hins vegar að fella brott þessa heimild án þess að það væri rökstutt með nokkrum hætti í nefndaráliti.

Sá sem hér stendur hefur ábyggilega greitt þessari breytingu atkvæði sitt illu heilli á sínum tíma og er nú að leggja fram frv. til að reyna að leiðrétta það sem ég tel að hafi verið mistök og yfirsjón Alþingis að þessu leyti. Það er einfaldlega þannig að það eru engin sérstök rök fyrir því að koma í veg fyrir að menn geti fargað þessum skipum. Þessi skip valda eigendum hafnanna kostnaði, þ.e. sveitarfélögunum, og einnig útgerðum til lengri og skemmri tíma.

Hér er ekki verið að leggja til að fara illa með náttúruauðlindir. Hér er ekki lagt til að standa fyrir mengandi úrræðum, öðru nær. Eins og fram kemur í greinargerð sem fylgir þessu frv. gerum við flutningsmenn ráð fyrir að sett verði sérstök reglugerð á grundvelli þessarar lagabreytingar þar sem ráðherra skikki menn til að tæma þessi skip af öllum mengandi efnum, t.d. olíu, glussa og rafgeymum þannig að hægt sé að sökkva þeim í sjó án þess að valda neinum skaða. Það er auðvitað eðlilegt að gera þetta með þeim hætti að fundin sé slóð þar sem þessum skipum sé sökkt án þess að það valdi hættu fyrir sjófarendur. Það er auðvitað auðvelt að koma þessu þannig fyrir að það skapi enga hættu ef vel er að verki staðið og þetta gert með skipulegum hætti.

Það eru auðvitað engin sérstök rök fyrir okkur Íslendinga að haga þessum málum öðruvísi en hjá öðrum þjóðum. Aðrar þjóðir gera þetta þannig og hafa slíka heimild, t.d. Norðmenn og auðvitað eru engin sérstök rök fyrir okkur að vinna öðruvísi að málum.

Þetta mál hefur vakið allmikla athygli. Ég hef orðið var við það eftir að það var flutt á sínum tíma. Margir hafa haft við mig samband og rætt þessi mál við mig. Við höfum fengið alls konar athyglisverðar hugmyndir. Um daginn hringdi í mig gamall sjómaður sem sagði frá því að sú hugmynd hefði einu sinni komið upp að þessum skipum yrði sökkt í kringum Kolbeinsey og hún varin þannig. Nú veit ég ekki hvort það er raunhæf hugmynd. Síðan hafa haft samband við mig atvinnukafarar og áhugakafarar sem sjá þarna möguleika á að búa til spennandi köfunarsvæði sem fiskur mundi laðast að o.s.frv. Þannig hafa mjög margir áhuga á þessu máli og sjá í því möguleika sem sjálfsagt er að skoða og reyna að vinna úr.

Stóra málið er hins vegar að í dag liggja fjölmörg skip í höfnum landsins. Eftir þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um stjórn fiskveiða, sem allir þekkja, hefur þróunin fremur verið í þá átt að þessum skipum hafi fjölgað. Árið 2000 gerði Hafnasamband sveitarfélaga sérstaka könnun á ástandinu og komst að því að á þeim tíma lágu 158 bátar og skip óhreyfð í höfnum landsins. Í þessum skipum eru um 70 þús. tonn af járni. Nú vil ég taka mjög skýrt fram að því fer fjarri að skipin séu öll reiðileysisskip. Það getur verið að þetta sé tímabundið ástand. Það geta verið ýmsar ástæður fyrir því að þessi skip liggja óhreyfð í höfnum landsins og engin ástæða til að draga þá ályktun að þessi skip séu reiðuleysisskip sem eigi að sökkva í sæ, því fer alveg víðs fjarri. En ýmis þessara skipa eru í þeirri stöðu og ástæðan fyrir því að þau liggja í höfninni er sú að menn hafa ekki önnur

úrræði. Kostnaðurinn við förgun þeirra er að öðru leyti of mikill til þess að það sé talið borga sig.

Ef við leikum okkur aðeins með tölur, eins og gert var í athyglisverðri grein og úttekt á þessu máli sem Helgi Mar Árnason gerði í Morgunblaðinu 9. janúar sl., er það þannig að kostnaður við förgun stálskipa er nú talinn um 15 þús. kr. á tonnið. Kostnaður við förgun þeirra skipa sem ég nefndi áðan, ég ítreka hins vegar að þau eru ekki öll reiðuleysisskip, væri rúmlega milljarður kr. Það mundi kosta 4,5 millj. að farga 300 tonna skipi og þar fram eftir götunum. Við vitum að miðað við það skipaverð sem er í dag þá er þetta nálægt markaðsvirði skipa sem verið er að selja í landinu.

Ef við horfum á þetta út frá sjónarhóli hafnanna taka þessi skip mjög dýrmæt viðlegupláss. Við sem þekkjum til hafna landsins vitum að þessum skipum er komið fyrir þar sem kyrrðin er mest í viðlegunni og það er eðlilegt. Þessi skip eru oft og tíðum þannig að þeim er ekki sinnt daglega og þess vegna er mikilvægt að staðsetja þau þannig að þau þurfi ekki mikið eftirlit. Hins vegar taka þau oft og tíðum dýrmætt og þægilegt viðlegupláss. Kostnaðurinn við slíkar fjárfestingar í höfnunum er yfirleitt heilmikill. Talið er að kostnaður við gerð viðlegukanta sé á bilinu 1,2–1,3 millj kr. hver metri. Ef þau 158 skip sem hér um ræðir frá árinu 2000 lægju hvert fram af öðru tækju þau upp 5 km viðlegurými eða 2–3 km ef þau lægju hvert utan á öðru. Þetta eru auðvitað dálítið ónákvæmar tölur en, svo ég haldi aðeins áfram að leika mér með tölur, miðað við að þau lægju þarna hvert utan á öðru væri fjárfestingin við það pláss upp á 2–2,5 milljarða kr. í höfnunum, sem er fjárbindingin.

Það er ljóst að þetta ástand getur ekki varað lengi. Það hafa komið upp erfið atvik þar sem menn hafa lent í að skip hafi sokkið. Í Hafnarfjarðarhöfn tek ég dæmi af bát sem sökk þar í júní árið 1999 og hafði þá legið 6 ár í höfninni án þess að af honum væri borgaður fimmeyringur til hafnarinnar. Kostnaðurinn við að ná honum á þurrt var 2–3 millj. kr. Þetta er auðvitað óviðunandi ástand og þess vegna hafa verið uppi ýmsar hugmyndir um hvernig ætti að leysa þetta. Allar þær hugmyndir stranda hins vegar á því að einhver þarf að borga kostnaðinn að lokum. Það hafa verið nefnd alls konar skilagjöld sem mundu leggjast á útgerðina. Á það er örugglega ekki bætandi. Þess vegna er langsamlega eðlilegast, virðulegi forseti, að reyna að taka þennan kúf af, þennan vanda sem er til staðar, reyna að minnka hann áður en menn fara inn í það ástand sem OSPAR-samkomulagið kveður á um og hefst í lok ársins 2004. Ég tel að það væri eðlilegt að þetta þing afgreiddi mál þetta þannig að við gætum dregið úr þessum vanda og búið okkur undir það ástand sem skapast árið 2005.

Þess vegna er mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að mínu mati að þetta mál verði afgreitt og lögfest á þessu þingi og hafnirnar og eigendur skipanna geti farið að vinna eftir þessum lögum og minnkað þennan kúf, þetta vandamál sem er til staðar í landinu.

[14:44]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Því er ekki að neita að þetta er ákveðið vandamál sem hér er verið að fjalla um. Hins vegar þarf að velta ýmsu fyrir sér ef menn ætla að taka upp á að sökkva svo stórum flota í sjó. Ég tel rétt að fram fari á þessu einhver skoðun sem við gætum þá kallað umhverfismat. Bæði er það svo að það getur ekki verið sama hvar slíkur skipakirkjugarður væri, á hvaða dýpi, hversu þétt skipunum væri komið fyrir á því svæði sem um væri að ræða og eins þyrftu menn að hafa í huga hvers konar skip þetta væru. Hvað er t.d. hægt að láta sér detta í hug að hafa mikið magn af járni á tilteknu svæði. Þar koma auðvitað inn í straumar og annað sem þarf þá að velta fyrir sér og lífríkið á því svæði sem um er að ræða.

En það er fleira sem skoða þarf. Í sumum tilfellum, vonandi flestum, er einhver eigandi. Vitanlega er það eigandinn sem á að bera ábyrgð á að koma þessum skipum fyrir með einhverjum hætti. Við getum ekki, þó að við eigum bíl sem er orðinn ónýtur, farið og lagt honum á eitthvert bílastæði, yfirgefið hann og látið hann eiga sig. Það er ekki liðið. Það á heldur ekki að líða það að skip séu skilin eftir í höfnum. Það er hins vegar vandamál sem skapast öðru hvoru að eigandinn gufar upp, viðkomandi fyrirtæki fer á hausinn og af einhverjum ástæðum verður enginn eigandi eftir til að bera ábyrgð á skipinu. Ég tel að taka þurfi á því. Í þeim tilfellum þarf ábyrgðin að vera skýr og klár, það séu þá sveitarfélögin eða hið opinbera sem taki við hlutverki eigandans og sjái til þess að svona reiðileysisskip dagi ekki uppi í höfnum langtímum saman. Þá yrði hægt að grípa til úrræða til að koma þeim fyrir og reikningurinn fyrir það verður þá að greiðast af hinu opinbera ef ekki er hægt að finna eiganda sem á að bera ábyrgðina.

Mér finnst ekki boðlegt að það geti orðið úrræði manna sem eiga skip í höfnum að geta bara nánast yfirgefið þau á hafnarbakkanum og einhverjir aðrir taki við ábyrgð á að farga þeim. Þetta er atvinnutæki og það er auðvitað á ábyrgð þeirra sem eiga.

Ég geri mér grein fyrir því að það er uppi ákveðinn vandi en hann er tvíþættur. Annars vegar er eitthvað af skipum sem enginn eigandi finnst að. Hins vegar eru skip sem eigendur eru að. Þeir eiga að mínu viti að bera ábyrgð á að koma þessum skipum einhvern veginn fyrir. Ef það yrði niðurstaðan að búa til skipakirkjugarð, sem ég ætla út af fyrir sig ekki að setja mig gegn núna, finnst mér að það þyrfti að undirbúa eins og ég var að lýsa áðan. Finna þyrfti afmörkuð svæði til að láta þetta fara fram á og taka út þau svæði með tilliti til lífríkisins, velja dýpi og staði við hæfi. Það þarf jafnvel að hafa í huga að einhvern tíma muni menn komast að þeirri niðurstöðu að þetta hafi verið mistök. Þess vegna ætti að vera tiltölulega auðvelt að farlægja skipin af því svæði sem þau voru sett á.

Mér finnst samt í þessu fólgin veruleg uppgjöf. Við erum að tala um járn sem á að vera hægt að endurnýta. Það er alveg ömurlegt að hugsa til þess að endurnýtingarstöð á brotajárni sem hér var í landinu skuli hafa verið rifin niður og flutt úr landi af því að í landinu var ekki skilningur fyrir því að við þyrftum á því að halda að losna við brotajárn. En þannig er það. Þannig var það og eru ekki mörg ár síðan það gerðist. Í stað þess að hið opinbera gengi í lið með því fyrirtæki eða sæi til að sá rekstur gæti gengið og eflst, því að á því þurfum við að halda að til staðar sé svona þjónusta, þá horfðu menn bara upp á að þetta fyrirtæki lognaðist út af, vélarnar teknar niður og fluttur úr landi að lokum. Þannig er það.

[14:50]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Frv. sem hér um ræðir fjallar um varnir gegn mengun sjávar en tekur í raun til þess að heimilt verði að sökkva skipum í sæ, m.a. til að rýma til í höfnum landsins. Það veldur mér nokkrum heilabrotum. Ég er almennt frekar

andvígur því að menn noti hafið eins og geymslukistu. Þó er það alveg hárrétt sem hv. 1. flm., hv. þm. Einar Guðfinnsson, sagði hér áðan. Þegar búið er að tæma öll aukaefni úr skipum eru þau náttúrlega ekki beinn mengunarvaldur þó að þeim sé sökkt. Að mínu viti eru þau samt mengunarvaldur á botninum.

Í sumum tilvikum kann að vera hægt að finna dæmi þess að skipsflök hafi dregið að sér fisk og stór skipsflök hafi í raun og veru orðið fiskimið og fengið nöfn af viðkomandi skipum. Nokkur slík fiskimið eru þekkt við Ísland. Þau hafa hins vegar öll orðið til fyrir sérstaka óheppni eða stríðsárásir, samanber skip fyrr austan Víkurál og heitir Baya blanca en þar eru þekkt fiskimið í dag, nokkurs konar ufsahóll. Eitt er á Halanum sem heitir Menjan og þar eru líka þekkt fiskimið. Síðan munum við eftir einu skipi sem átti að draga til hafs. Skipið hét Sesar og var dregið frá Patreksfirði minnir mig, frekar en Ísafirði, og átti að fara með það vel vestur af landinu en það sökk í drætti á afargóðri fiskislóð í Víkurál og er þar enn á botninum. Ég veit ekki hvort það var algerlega tómt þegar farið var af stað með það. Ég dreg í efa að það hafi verið vel tæmt þó að vafalaust hafi verið búið að taka það mesta af mengunarefnum úr því. En það er önnur saga.

Við megum ekki gleyma því að það er mjög vandasamt að fara þá leið sem hér er lögð til, í fyrsta lagi að velja skipum stað og í öðru lagi, eins og hér hefur verið bent á úr ræðustól, að skoða vel hvað af því gæti hlotist í framtíðinni. Ég heyrði að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson minntist á ýmislegt sem menn hefðu nefnt í þessu sambandi. Það er auðvitað alveg rétt. Menn hafa velt fyrir sér margs konar aðferðum til að losna við þau skip sem á annað borð er ekki fyrirsjáanlegt að neitt verðmætt verði gert úr.

Sum af þessu skipum eru vel nothæf. Þau þurfa auðvitað einhverrar lagfæringar við en eru verkefnalaus eða verkefnalítil. Sala á þeim kann að vera möguleg ef gengið væri í það. Það er staðreynd að allmörg fiskiskip hafa verið seld úr landi á síðustu missirum. Hvort þau eru öll söluvara dreg ég hins vegar mjög í efa.

Fyrir nokkuð mörgum árum voru dregnir frá landi síðustu síðutogararnir okkar í halaraófu, aftan í varðskipi ef ég man rétt, tveir eða þrír. Því miður, verð ég að segja. Ég tel að eitthvað af þeim skipum hefði átt að vera varðveitt hér á landi sem sérstakt sýnieintak af atvinnusögu okkar Íslendinga. En við bárum ekki gæfu til þess. Það er að mörgum sjónarmiðum að hyggja í þessu sambandi.

Ég vil leyfa mér að halda í vonina um að eitthvert fyrirtæki vildi taka að sér að reyna að selja þessi skip til brotajárns. Hugsanlega gæti verið til einhver kaupandi sem vildi kaupa nokkra svona skrokka í einu og taka þetta í einni ferð. Ekki skal ég þó fullyrða um hvort sá markaður er til staðar. En ég veit það hins vegar að verið er að rífa niður skip í mörgum löndum, t.d. í Eystrasaltslöndunum, Lettlandi og Litáen og einnig í Póllandi. Þar er verið að rífa niður gömul skip í brotajárn. Ég veit ekki nákvæmlega hvernig það hefur verið fjármagnað eða hver hefur greitt með því. Þó hygg ég að Evrópusambandið hafi reitt af hendi sérstakar greiðslur vegna eyðingar skipa í Eystrasaltslöndunum, m.a. gamalla rússneskra kafbáta. Þar eru einfaldlega nokkurs konar hreinsunarmál í Evrópu. Ég veit ekki hvort aðild okkar að EES-samningnum fellur að einhverju leyti undir það. Mér er ekki kunnugt um það.

Ég hef hins vegar heyrt nokkrar hugmyndir sem mér finnst allrar athygli verðar varðandi það að nýta eitthvað af þeim skipsskrokkum sem á annað borð yrðu ekki nýttir til neins annars. Fyrir örstuttu síðan var í blaðagrein lagt til að gera svokallaða sumarhúsabyggð úr skipum sem ekki yrðu framar notuð til fiskveiða. Hugmyndin var um að koma slíkri byggð upp í Hvalfirði. Ekki skal ég fullyrða um að hvort það verður lausnin en ég hygg að hv. 1. þm. Vestf. hljóti að hafa tekið eftir einum slíkum sumarbústað sem stendur vestarlega á Barðaströnd á leiðinni til Patreksfjarðar, fallegur og lítill bátur sem stendur þar í túni. Ég tel að hann sé ekki lýti á landslaginu þó hann hafi verið staðsettur þarna. Þetta er því kannski ekki hugmynd sem ber að henda frá sér einn, tveir og þrír.

Ég heyrði hins vegar eina hugmynd um daginn þegar ég var á ferð um Suðurland sem mér finnst athyglisverð þó að hún mundi ekki farga mörgum skipum. Hún var einfaldlega sú að fara með nokkuð stór skip, hreinsa þau vel, jafnvel taka ofan af þeim yfirbyggingarnar og sökkva þeim báðum megin í sandinum við Jökulsárlón til að varna frekari ágangi á landið. Ekki skal ég segja til um hvort þessi hugmynd er snjöll en staðreyndin er samt sú að skip sem strönduðu á söndum suðurstrandar fyrr á tímum eru núna langt uppi í landi. Það skyldi þó ekki vera að svona hugmynd, sem fæddist í ferðalagi sem ég var á fyrir stuttu síðan, væri kannski einhvers virði. Menn eru alla vega að berjast við þann vanda að ekki gangi frekar á ströndina á vissum svæðum, m.a. við þjóðveg nr. 1. Þetta kann að vera staður fyrir einhver skip ef það er raunhæft. Það ættu einhverjir verkfræðingar að geta sagt til um. Samt sem áður leysir þetta ekki hið mikla vandamál sem hér er lýst, að hundruð skipa séu verkefnalaus og liggi vítt og breitt í höfnum landsins.

Sú hugmynd að reyna að verja Kolbeinsey með því að sökkva skipum held ég að sé alveg dauðadæmd. Ég dreg þá ályktun einfaldlega af því að við Vestfirðingar höfum séð skip sem liggur í vestanverðu Straumnesi og strandaði þar fyrir einhverjum áratugum síðan. Það er nánast ekkert eftir af því skipi. Síðan munum við eftir ensku togurunum sem strönduðu undir Grænuhlíð. Þar sem svona skipsflök, þó úr járni séu, lenda á hörðu grjóti eða bergi þá hverfa þau gersamlega á fáum árum. Ég hygg að svo gildi um þessa hugmynd án þess að ég geti neitt fullyrt um það, ég dreg bara minn lærdóm af því sem ég hef séð í náttúru Íslands.

Herra forseti. Ég held að það þurfi að fara mjög varlega í að sökkva skipum og tek undir að það verði þá að leggja sérstakt mat á hvar þeim beri að sökkva og hvort þau verði þar til einhverra umhverfisspjalla. Það held ég að þurfi að gera. Það er oft svo með eignir sem enginn á, eftir að þær hafa farið í gjaldþrot og engin eign eftir í fyrirtækinu og nánast eintómar skuldir, sama hvort um skip eða eignir á landi er að ræða, að þær vilja oft lenda hjá því opinbera vegna vangreiddra gjalda, hvort sem það eru hafnargjöld eða aðrir skattar. Í mörgum gjaldþrotum lendir mikill kostnaður á ríkinu, samanber þá fjármögnun sem við höfum notað í ábyrgðasjóð launa svo dæmi sé tekið. Allt er þetta tekið einhvers staðar af okkur sem búum í þessu landi, af okkur íslenskum ríkisborgurum sem myndum íslenska ríkið. Þannig verður sjálfsagt aldrei hjá því komist, hvort sem um skip er að ræða eða aðrar eignir, að ef engin finnst eigandinn og engin peningaleg eign í búinu að það lendi oft og tíðum á hinu opinbera. Þar erum við kannski komin að vandamálinu. Margar hafnir landsins hafa ekkert bolmagn til að taka við þessu vandamáli, hvorki að láta vandamálið liggja í höfn-

unum árum saman né að takast á við að eyða vandamálinu. Sem slíkt er málið þarft.

Þetta er vandamál og það þarf einhvern veginn að fjalla um það og taka á því. En ég hef hins vegar miklar efasemdir um það, herra forseti, að við getum almennt farið þá leið að sökkva skipum. Alla vega þarf að meta umhverfið þar sem á að sökkva þeim og vera um það nokkuð góð sátt. Við megum ekki gleyma því að sokkin skip geta verið miklar slysagildrur. Það eru til dæmi um að þegar togarar eða togbátar hafa fest í skipsflökum hafi ekki bara orðið fjárhagslegt tjón á veiðarfærinu og slys heldur jafnvel stórslys á mönnum og mannskaðar.

Allt er þetta vandmeðfarið. Ég skil vel hugsun flutningsmanna og vilja til að taka á þessu vandamáli en við megum ekki valda með því stórkostlegum skaða á öðrum stað og öðrum tíma.

[15:03]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða um frv. til laga um það hvort sökka megi skipum sem hafa ekki lengur verkefni. Í greinargerð með frv. sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson og Kristján Pálsson leggja fram kemur fram að 158 skip eru verkefnalaus, þar af eru 88 fiskibátar, 14 skuttogarar, 38 smábátar og 20 önnur skip. Hér er um að ræða 70 þúsund tonn af járni. Það er mjög skiljanlegt að hugmyndir sem þessar komi upp þegar við horfum á þessi skip og báta og upplifum þau sem nokkurs konar draugaskip. En það vekur náttúrlega upp aðrar spurningar, þ.e. hvort þetta séu allt skip sem ekki er hægt að nýta lengur eða hvort kvótakerfið sé búið að leika svo lengi lausum hala um allt kerfið að fleiri skipum er lagt sem ekki er hægt að nota vegna þess hvernig kerfið er í sjávarútveginum. Þetta eru kannski skip sem einhver kvóti er skráður á. En svo er kvótinn bara leigður öðrum. Það er nú ekki tilefni — jú það er náttúrlega alltaf tilefni til að ræða um kvótakerfið og fiskveiðistjórnarkerfið í landinu og hvað það hefur leikið byggðirnar grátt. Þessi draugaskip eru endurspeglun af því, finnst mér. Það er mjög leiðinlegt að koma í hafnir og sjá svona skip og báta sem eiga kannski glæsta sögu en eru ákafalega drungaleg og draugaleg.

Þetta vekur líka upp aðrar spurningar, herra forseti. Hvað er mikil fyrirhöfn á bak við það að framleiða eitt tonn af járni sem síðan er brætt og notað til að smíða skip? Nú er verið að smíða skip á hverju ári úr járni. Það er væntanlega unnið úr jörðinni, málmgrýti sem er brætt og mikil orka í það sett. Svo eru örlög þessara skipa að vera sökkt í hafið. Mig langar að velta þessari spurningu upp hér. Kannski getur hv. 1. þm. Vestf. Einar K. Guðfinnsson svarað því hvort það sé svona rosalega dýrt að endurvinna járnið, hvort það sé dýrara að endurvinna þetta járn en að vinna járn úr jörðinni, bræða það upp og nota það í ný skip eða bíla. Ég vil að þetta komi fram. Ég er ekki að lýsa vantrausti á flutningsmennina, síður en svo. Frv. vekur einmitt athygli á dálítið sérkennilegu máli, þ.e. að við eyðum gífurlega mikilli orku í að vinna málma úr jörðinni. En þegar skipin hafa gegnt hlutverki sínu eða ekki finnast not fyrir þau lengur þá er farið með þau út á haf og þeim sökkt. Mér finnst þetta vera svolítið ankannalegt.

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því að því fylgi ekki mikil mengun þegar járn smitast úr öllu þessu járni út í umhverfið. Ég reikna ekki með að mikil mengun sé af því enda er þetta bara málmgrýti eða málmur, einfalt frumefni þannig að ekki ætti að vera mengun af því. En þær spurningar vakna hvernig standi á þessu og einnig um bílana, þ.e. þegar við hættum að nota bíla. Fleiri þúsund tonnum af járni úr bílum er pakkað saman í klumpa og það brætt upp vænti ég. Spurningarnar eru þær hve vanmegnug við erum eða hversu lítið við leggjum á okkur til að endurvinna þessa hluti. Auðvitað væri eðlilegast, herra forseti, ef hægt væri að taka allt þetta járn og bræða það upp. Eins er það með gamlar dráttarvélar í sveitum og margt annað. Við sjáum járn liggja eins og hráviði víða og það er náttúrlega ekki gott.

Hins vegar hef ég heyrt sagt að þegar skipsflök liggja á hafsbotni myndist oft í kringum þau aukið líf eins og í sambandi við kóralla og svo í framhaldi af því ýmislegt annað. Því getur ýmislegt jákvætt þessu fylgt. Hugmynd hv. 1. þm. Vestf. Einars K. Guðfinnssonar er sökkva skipunum í kringum Kolbeinsey og ef þetta er svona gífurlega mikið magn, 14 skuttogarar og 88 fiskibátar, og ef við sökktum þessu í kringum Kolbeinsey þá sýnist mér þetta vera svo mikið að það gæti kannski haft nokkur áhrif til verndunar eynni og þá um leið fiskveiðilögsögu okkar.

Svo nefndi líka hv. 4. þm. Vestf. Guðjón A. Kristjánsson að hægt væri að sökkva þessum skipum eða koma þeim fyrir á söndunum til að hindra landbrot. Þetta eru allt hugmyndir sem ég tel vera þess virði að athuga og gefa gaum að. Engu að síður skil ég fullkomlega ástæður þess að þetta frv. til laga kemur fram því, eins og ég hef sagt, þá er afar leiðinlegt að koma inn í hafnir þar sem skip liggja sem enginn notar, annaðhvort vegna þess að búið er að leggja þeim þó að þau séu í góðu lagi af því að kvóti er ekki fyrir hendi eða hreinlega að þau eru orðin svo gömul og hættuleg. Auðvitað eru hafnir ekki geymslustaðir fyrir þessi skip frekar en við mundum fylla bílaplön borgarinnar eða landsins af bílum sem fólk er hætt að nota. Það er ekki hægt að skilja bíla eftir úti á bílaplönum þar sem menn ganga frá þeim. Það þarf náttúrlega að koma ónýtum bílum á þá staði sem þeir eiga að vera á. Auðvitað væri best ef hægt væri að endurnýta þá, bræða þá og smíða nýja bíla í staðinn. Það þýðir náttúrlega að þá er meira eftir af járngrýti í jörðinni fyrir komandi kynslóðir til að nýta.

Þetta vildi ég segja í þessari umræðu. En gífurlega er þetta mikið magn af járni sem við mundum setja þarna í hafið, 70 þúsund tonn. Það er mikið.

[15:14]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Hér er ekkert smámál á ferðinni. Í yfirgripsmikilli ræðu síðasta ræðumanns kom fram hluttekning mikil yfir þeim óförum sem blasa við og tek ég að mörgu leyti undir ágæt orð hans um hversu dapurlegt málið er varðandi þessi skip sem liggja í reiðileysi. Hins vegar hefur komið fram að mörg þessara skipa gætu sinnt ákveðnum verkefnum. Það er kannski rétt að skýra frá því að í gær var afgreitt frá samgn. frv. til laga um skráningu skipa. Það gerir vonandi kleift að skapa verkefni fyrir einhver þessara skipa erlendis. Alla vega verður hægara að skrá skip erlendis til verkefna þar. Við vitum að þó nokkuð margar íslenskar útgerðir gera út skip undir erlendum fána. Þau eru í ágætum verkefnum erlendis og má t.d. nefna Sjóla í Hafnarfirði sem gerir orðið út ein fimm skip og til eru fleiri dæmi.

Hins vegar þegar talað er um að eðlilegt sé að farga þessum skipum er margt sem kemur upp í hugann hvernig það skuli gert. Ég hef heyrt marga tala um að eðlilegt væri að sökkva þeim og þau gætu jafnvel verið smáseiðum til varnar og skjóls. Einnig hefur komið fram að athugandi væri að sökkva skipum eða koma þeim fyrir á söndunum og sjá

hvort landbrot yrði með öðrum hætti og ekki í jafnríkum mæli og nú er og fleira í þeim dúr.

Sannleikurinn er sá að ekki eru mörg ár síðan sanddæluskipið Sandey var dregið á þurrt inn við Sundin í Reykjavík og þar var skipið nánast klippt niður. Það er ekki langt síðan 180 tonna bátur var dreginn á þurrt eða settur í slipp á Suðurnesjunum og hogginn niður. Þar kom í ljós eins og hv. flutningsmenn koma inn á í greinargerð sinni að það kostaði u.þ.b. 2–3 millj. umfram það sem fékkst í brotajárnsverði að klippa þennan 180 tonna bát niður. Hins vegar kom það í ljós að eftir að stálið hafði verið tekið, voru um 30 tonn af úrgangi eða rusli sem þurfti að farga með öðrum hætti.

Þeir aðilar sem hafa unnið að þessu telja að þarna hafi slippkostnaðurinn verið nokkuð mikill og telja að hægt sé að skapa aðstöðu í landi, að hægt sé að draga skipin þar upp og vinna að því að klippa þau niður eða brenna og væru nokkur skip tekin í einu, væri þetta ekki óyfirstíganlegt mál fjárhagslega. Sannleikurinn er sá að ég hjó eftir því þegar hv. flm. Einar K. Guðfinnsson talaði um þessi mál og kom inn á þá skatta sem verið er að leggja t.d. á bifreiðaeigendur varðandi förgun úreltra og ónýtra bifreiða að einhver kostnaður þessu samfara væri ekki á útgerðina bætandi. Ég er hins vegar ekki sammála honum í því og tel eðlilegt að útgerðarmenn sitji við sama borð varðandi skip sín eins og landsmenn allir varðandi þann skatt sem nú er verið að leggja á t.d. bifreiðaeigendur vegna förgunar gamalla og úreltra bifreiða.

Ef litið er t.d. til þessa 180 tonna báts sem ég var að segja frá sem var rifinn suður með sjó þá voru þetta um 2–3 millj. kostnaður og ég tel að það sé ekki óyfirstíganlegt útgerðinni að leggja til hliðar þær upphæðir svo að farga megi þessum skipum. En eins og ég sagði áðan hafði þessi aðili samband við mig og taldi að ef hægt væri að koma upp aðstöðu í fjöru og nokkur skip væru tekin í einu, þá væri þetta mál ekki eins kostnaðarsamt og menn hafa af látið.

Það liggur vissulega mikið við þegar til þess er litið, eins og kemur fram í greinargerð hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar og Kristjáns Pálssonar, að um 5 km viðlega í höfnum er upptekin vegna slíkra skipa sem eru í reiðileysi annaðhvort vegna verkefnaleysis eða vegna þess að þau eru úrelt, að þá er ekki um neina smáupphæð að ræða og líka þegar litið er til þess að á næstu fjórum árum er ætlað að setja 4,7 milljarða í framkvæmdir við hafnir landsins. Þá hljóta menn að spyrja: Er hluti af þörfinni sá að gömul og úrelt skip eru farin að taka of mikið pláss í höfnum? Það gengur náttúrlega ekki upp að ætla fjármagn til hafna vegna þess að mikill viðlegukantur er upptekinn vegna skipa sem eru í reiðileysi.

Komið var inn á það áðan að hugmyndir væru uppi um að draga nokkur skip á land og gera þau að sumarbústöðum. Ég tek undir orð hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar þegar hann sagði að því miður hafi síðutogarar allir verið dregnir út og seldir í brotajárn. Það hefði verið eðlilegt að geyma eitt til tvö skip vegna sögulegra forsendna og ég held að við eigum að horfa á nokkur skip sem er eðlilegt að geyma. Ég nefni t.d. að nú er Reykjavíkurborg að stíga það ágæta skref að ætla að opna sjóminjasafn í Reykjavík og vonandi er ekki langt að bíða þar til af því verður.

Þá eru nokkur skip sem eðlilegt væri að geyma. Ég nefni t.d. dráttarbátinn Magna sem er fyrsta íslenska smíðaða stálskipið. Ég nefni elsta hvalbátinn og eðlilegt væri t.d. að horfa til varðskipsins Óðins þegar nýtt varðskip kemur, að leggja því til við sjóminjasafnið þar sem hægt væri að geyma sögulegar minjar úr umliðnum þorskastríðum.

Ég held, virðulegi forseti, að eðlilegt væri að þessu máli yrði vísað beint til ríkisstjórnar og hún mundi þegar hefjast handa um og kalla til aðila til þess að skoða úrlausnir á málinu með það í huga sem hér hefur komið fram: niðurrif skipa, sökkva þeim á hafsbotn eða nýta þau til varðveislu strandlengjunnar. Það eru því nokkrir kostir í stöðunni sem ég tel að séu allrar athygli verðir og ég tel að það væri óráð að ráðast í það með einhverjum gassa að sökkva þeim skipum sem úrelt eru og nánast orðin ónýt án þess að það sé athugað áður en lagt er upp með förgun skipanna með hvaða hætti það skuli gert.

Ég nefni t.d. það atvinnuástand sem er nú hjá járniðnaðarmönnum. Hér er mikið verkefni fyrir járniðnaðarmenn ef það yrði ofan á að draga þessi skip á þurrt og höggva þau niður, klippa þau niður eða brenna eftir því hvað heppilegast er. Ég nefndi áðan Sandeyna. Það var mjög sérstakt að horfa á þau vinnubrögð þegar það skip var klippt niður og virtist vera mjög létt verk. Hins vegar er ljóst að það fylgir því alltaf einhver mengun þegar skip er klippt niður eða brennt en það skapar alla vega atvinnu og það eru þá nokkur verðmæti sem við erum að flytja út aftur til endurvinnslu. Mjög athyglisvert er að skoða það að þegar rætt var um stjfrv. sem flutt var 1996, sem var breyting á lögum um varnir gegn mengun sjávar, þá var stuðst við þennan svokallaða OSPAR-samning um verndun Norður-Atlantshafsins sem undirritaður var í París 1992 og tók gildi 1998. Íslendingum, Norðmönnum, Frökkum og Spánverjum er gefinn frestur til ársloka 2004 til að hætta að sökkva ónýtum skipum. Það er dálítið sérkennilegt að sjá að þarna séu Spánverjar í flokki. Það er þó sú þjóð sem hefur verið að kaupa af okkur brotajárn, kaupa af okkur skip sem við höfum rifið niður eða brotajárn sem við höfum hreinsað til á okkar landi. Það er ekkert augljóst hvert við gætum flutt þetta brotajárn eða hverjir eru kaupendur. Hins vegar segir sá aðili sem er með starfsemi suður með sjó að þetta sé mál sem þurfi að skoða. Eins og ég sagði áðan, af 180 tonna skipi kom um 30 tonn af rusli sem þurfti að farga með sérstökum hætti og líklega hefði kostnaður staðið undir sér ef ekki hefði verið keypt upp pláss í slipp til þess farga því skipi og rífa það.

Virðulegur forseti. Hér er hið þarfasta mál á ferðinni og auðvitað þarf það að fá einhverja úrlausn Alþingis, en ég tel að það þurfi að skoða og það væri ekki óeðlilegt eins og ég sagði áðan að þessu máli yrði vísað til ríkisstjórnar í trausti þess að hún mundi þegar skipa starfshóp sem hefði skamman tíma til þess að fjalla um þessa þætti, þ.e. förgun á landi, sem sé gera þetta að brotajárni, að sökkva í sæ eða á landi til að vernda landbrot suðurstrandarinnar.

Herra forseti. Þetta er það sem ég vildi sagt hafa í þessu máli og þakka flutningsmönnum fyrir að hafa komið málinu hingað inn í þingsali aftur því að þangað á það fullt erindi. Hins vegar deilir okkur kannski á um leiðir en við erum þó allir sammála um markmiðið, að nauðsynlegt sé að losa hafnir undan óreiðuskipum. Það er nauðsynlegt vegna þess að þegar slík skip taka upp dýra og mikla viðlegukanta, þá kallar það á kröfuna um áframhaldandi framkvæmdir í höfnum sem eru mjög dýrar og viðamiklar.

[15:25]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið en vil aðeins leggja orð í belg. Hér er til umræðu frv. sem gengur út á það að sökkva skipum sem liggja bundin verkefnalaus. Ég tel þetta frv. og þá hugmyndafræði sem

þar er á bak við allrar athygli verða og mjög vert að skoða nákvæmlega.

Eins og fram hefur komið í umræðunni er um að ræða 158 skip sem liggja verkefnalaus af ýmsum ástæðum, sum sjálfsagt vegna elli og önnur vegna þess að þau hafa ekki aflaheimildir. Ég ætla ekki að fara út í enn eina langa umræðuna um fiskveiðistjórnarkerfið, svo margar sem þær hafa verið hér, en markaður fyrir slík skip er sannarlega ekki mikill í nágrannalöndum, m.a. vegna þess að aflaheimildir þar eru takmarkaðar og ástand fiskstofna eins og þekkt er af langri og mikilli umræðu. Þá hlýtur grundvallarspurningin að vera sú, hvað eigi að gera við skipin, markaður er lítill, erfitt að selja þau og þá blasir við sú leið að farga skipunum. Eins og fram hefur komið er það dýr aðgerð og jafnvel spurning um umhverfisatriði varðandi hana.

Mér finnst sú hugmynd sem hér er reifuð með frv. að sökkva þeim vera allrar athygli verð en að sjálfsögðu, eins og fram kemur í góðri greinargerð, þarf að fara afskaplega varlega þar hvað snertir umhverfið. Auðvitað þarf fyrst og fremst að fjarlægja verðmæti sem eru nýtanleg úr skipunum en síðan og ekki síst öll mengandi efni sem kunna að valda umhverfisspjöllum ef skipum er sökkt, enda er gert ráð fyrir því samkvæmt frv. eins og fram kemur í ítarlegri greinargerð.

En einnig er vert að benda á aðra umhverfisþætti í þessu, að skip sem liggja og ryðga niður við bryggju eru ákveðin umhverfislýti og það eru líka ákveðin umhverfisspjöll sem hljótast beinlínis af endurvinnslu. Þess vegna held ég að það megi leysa þennan þátt, efnahagslega þáttinn og umhverfisþáttinn með því að sökkva skipunum ef varlega er farið.

Með því að sökkva skipunum er ekki eingöngu verið að gera það í einhverju tilgangsleysi heldur hugsanlega að endurheimta og endurvekja horfin fiskimið á grunnslóð. Vitað er og þekkt að þar sem kórallar eru, þar myndast lóðréttir hafstraumar og þangað sækir fiskur og þar með skapast fiskimið. Það hefur með öðrum orðum áhrif á fiskgengd. Þetta tengist auðvitað þeirri umræðu sem fram hefur farið um það hvernig fornar fiskislóðir hafa verið eyðilagðar með öflugum veiðarfærum og kórallar verið sléttaðir út og fiskimið þar með horfið. Hér getur verið leið til þess að endurheimta slík gleymd fiskimið.

Ég tel að þetta sé athyglisvert og það eigi að skoða þetta mál vandlega og a.m.k. að gera tilraun með þetta til að sjá hvort sú sýn sem kynnt er í greinargerð með frv. mun ekki nást fram að ganga. Ég styð þess vegna hugmyndina, ekki síst út frá umhverfissjónarmiðum og þeirri hugmyndafræði að endurvekja gamlar fiskislóðir og veitir sannarlega ekki af, ekki síst á grunnslóð. Það er vert að vekja athygli á því, herra forseti, að sambærilega leið hafa Japanar t.d. farið, bæði með fiskiskip og ekki síður með einhverja steypuhlunka sem þeir hafa skellt á grunnslóð og þar með hreinlega búið til fiskimið. Út á það gengur þessi hugmyndafræði og því eðlilegt að spyrja hvort það mundi ekki ganga hér eins og hjá Japönum.

Hins vegar varðandi ummæli hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar um að vísa málinu til ríkisstjórnar þá ég held að það sé einmitt mikilvægt að Alþingi móti stefnu sína og þess vegna styð ég það að frv. verði vísað til hv. umhvn. og að þingið taki beinlínis afstöðu til þess með því að samþykkja frv. og ég fagna því að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson skuli hafa haft frumkvæði að því að flytja þetta mál hér.

[15:30]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Af orðum síðasta ræðumanns vildi ég koma hér upp og geta þess að frv. gengur aðeins í eina átt. Frv. gengur í þá átt að sökkva skipum. Það er eina leiðin. Ég tel hins vegar að full ástæða sé til að skoða það mál hvernig eigi að farga skipum. Ég gat um það áðan að hjá járniðnaðarmönnum er atvinnuleysi. Þetta mundi skapa mörg störf fyrir járniðnaðarmenn auk þess sem það hefur einnig komið fram að það er ekki svo kostnaðarsamt að eyða þessum skipum, að höggva þau niður. Um leið erum við að skapa bæði atvinnu og tekjur og það var þess vegna sem ég talaði um að eðlilegt væri að vísa því til ríkisstjórnarinnar til þess að hún hefði þá umsvif til að kalla saman ráðgjafarhóp til að fara yfir flóruna alla.

Í umræðunni kom m.a. fram að það ætti að skoða hvort rétt væri að sökkva eða láta þessi skip á land til að bjarga landbroti suðurstrandarinnar, sökkva þeim til þess að búa einhverjar uppeldisstöðvar fyrir smáfisk eða sökkva þeim djúpt á hafsbotn. Mér finnst að nokkrir þættir séu í óvissu og með því að setja þetta mál til hv. umhvn. þá er aðeins ein leið varðandi þetta frv., það er að sökkva skipunum og ekkert annað.

[15:31]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað varðar þá fullyrðingu að það sé ekki mjög dýrt að setja skip í brotajárn og endurvinna þau, þá er eðlilegt að spyrja: Af hverju hafa menn þá ekki gripið til þess? Það er vegna þess að það er talinn verulegur kostnaður af því.

Þetta mál hefur áður komið til umfjöllunar á Alþingi og þó að þetta frv. verði samþykkt, þá felur það ekki í sér að öll skip skuli sett á hafsbotn, að þeim skuli öllum sökkt. Það er einungis verið að opna fyrir þá heimild en að sjálfsögðu skoða menn aðrar leiðir einnig eins og ágætar hugmyndir sem hv. þm. nefndi, að nota þetta til þess að verja land eða sökkva skipum og skapa fiskislóð o.s.frv., einungis er verið að opna slíka leið en í því felst ekki að þarna skuli öllum skipum sökkt. Það er einungis verið að opna leiðina. Um þetta hefur verið nóg talað og það er mikilvægt að Alþingi móti þessa stefnu og opni þessa athyglisverðu leið.

[15:33]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara til að leiðrétta það sem kom fram í máli hv. þm. Hjálmars Árnasonar. Kostnaðurinn vegna þessa 180 tonna skips sem ég gat um áðan að hefði verið hoggið niður var vegna þess að það var tekið í slipp. Það tók slippaðstöðu og það kostaði mikið á dag að hafa skipið í slipp. Ef hins vegar svo væri komið að það yrði ákveðið að farga nokkrum skipum og tekin afstaða til þess og aðstaða í landi búin til, þá yrði kostnaðurinn ekki sá sami. Það þarf því ekki að vera eins dýrt að farga skipum og hér kom fram í máli hv. þm. Hjálmars Árnasonar. Þess vegna tel ég að eðlilegt sé að þessar leiðir séu skoðaðar.

Ég er enn þá þeirrar skoðunar og það væri gaman að heyra frá hv. flm. Einari K. Guðfinnssyni hvort hann líti svo á að hinn skrifaði texti frumvarpsins sé ekki gildur, þ.e. þar stendur skýrt og skorinort að leita skuli leiða til þess að sökkva skipum. Ég get ekki séð að textinn sé annar. Þess vegna er ég að tala um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar þannig að hún geti kallað til sérfræðinga sér til aðstoðar til

þess að leita leiða til úrlausnar. Á að vernda suðurströndina eða landbrot með þessum brotajárnsskipum eða hvernig ætla menn að fara með þetta?

Umræðu frestað.

[15:34]

Útbýting þingskjala:

Aðgangur landsmanna að GSM-farsímakerfinu, 546. mál, þáltill. JB o.fl., þskj. 893.

Lífeyrisgreiðslur til Íslendinga erlendis, 553. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 900.

Rannsókn sjóslysa, 552. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 899.

Skráning skipa, 157. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 886.

Umræður utan dagskrár.

Upplýsingaskylda stjórna hlutafélaga um starfslokasamninga og fleiri sambærilega samninga.

[15:35]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Tilefni þessarar umræðu er fréttaflutningur af starfslokasamningi Vátryggingafélags Íslands við fyrrverandi forstjóra þess og yfirlýsingu stjórnar félagsins um að samningurinn sé trúnaðarmál sem komi ekki öðrum við. Það er því erfitt að fjalla um efni samningsins þótt því hafi verið haldið fram í opinberum fréttaflutningi að skuldbindingar félagsins og tengdra félaga nemi 200–250 millj. kr. Það er því eðlilegt að menn velti því fyrir sér hvort verðmyndun á tryggingum sé eðlileg hafi félagið eða dótturfélög þess efni á þessu.

Spurningin sem vaknar er sú hvaða áhrif það muni hafa á trú almennings og fjárfesta á þeim verðbréfamarkaði sem hér hefur verið að myndast ef stjórn félags sem skráð er í Kauphöll Íslands kemst upp með það að gera starfslokasamning upp á tugi eða hundruð millj. kr. án þess að þurfa að gera Kauphöll Íslands grein fyrir gerningnum.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um hvaða áhrif aðgerðir ýmissa forsvarsmanna fyrirtækja í Bandaríkjunum eins og wol.com og Enron o.fl. höfðu á verðbréfamarkaðinn þar í landi. Eftir þá skandala misstu fjárfestar og almenningur trú á markaðnum. Afleiðingarnar eru flestum kunnar. Við þessu var brugðist með lögfestingu mjög strangra reglna um reikningsskil o.fl. sem hafa það að markmiði að tryggja markaðnum eins nákvæmar upplýsingar og kostur er á hverjum tíma um fjárhagslega stöðu skráðra félaga.

Efni starfslokasamninga getur haft mikil áhrif á fjárhagsstöðu félags. Þetta á einkum við ef starfslokasamningur kveður á um skuldbindingar upp á tugi eða hundruð millj. kr. Það er því grundvallaratriði að þeir séu uppi á borðinu. Engin leynd má hvíla yfir slíkum gerningum hjá skráðum félögum.

Sem dæmi um þekktan starfslokasamning má nefna samning sem gerður var við fyrrverandi framkvæmdastjóra General Electric, Jack Wells, sem hafði unnið mjög gott starf fyrir fyrirtækið. En í samningi hans var m.a. kveðið á um matarinnkaup, þvotta, fatahreinsun, blóm, miða á íþróttaviðburði, kokka og þjóna á heimilið, áskriftir að blöðum og tímaritum, fjögur heimili með gervihnattamóttöku, greiðslu veitingahúsareikninga, þotu, þyrlu auk límonsína til viðbótar þeim 16,9 millj. dollara eftirlaunum sem honum voru ætlaðir. Menn geta deilt um það hvort svona samningar eigi rétt á sér eða ekki. Það breytir ekki því að mikill munur er á umræðunni hér annars vegar og í Bandaríkjunum hins vegar. Þar fer umræðan fram um efni samninganna, hvort þeir eru sanngjarnir eða ekki, hvort viðkomandi hafi unnið fyrir hlunnindunum eða ekki, hvort hluthafar félagsins eru sáttir við hann eða ekki. Þar er fjárfestum og hluthöfum ljós sá kostnaður sem fyrirtækið eða dótturfyrirtækið hefur af honum. Kaupendur á bréfum félagsins geta því metið það hvort þeir láta hann hafa áhrif á það verð sem þeir eru tilbúnir til að greiða fyrir bréfin eða ekki.

Það er mitt mat að það sé mjög slæmt ef fyrirtæki sem eru skráð á markaði í Kauphöllinni komast upp með það að fá leynt slíkum samningum. Það grefur undan trausti á markaðnum sem getur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir efnahagslífið eins og áhrifin í Bandaríkjunum sýndu. Eftir því sem ég kemst næst hefur Kauphöll Íslands ekki kallað eftir þessum samningum. Mér þætti eðlilegt að hún gerði það og léti reyna á viðbrögð stjórnar VÍS og einnig Landssímans sem er vitaskuld á sama báti. Ef stjórnirnar neita væru þær í reynd að mínu viti að grafa undan trausti hjá eigin félögum.

Ekki er síður mikilvægt að tryggja rétt almennra hluthafa við þessar aðstæður. En eins og hlutafélagalögin eru í dag virðast þeir ekki geta gert kröfu um slíka samninga nema meirihlutasamþykkt hluthafafundar liggi fyrir. Það hlýtur því að vera spurning hvort ekki sé nauðsynlegt að styrkja stöðu hins almenna hluthafa í félögum sem skráð eru í Kauphöllinni.

Kjarni málsins er því þessi: Ef félög sem skráð eru á markaði veita ekki nákvæmar upplýsingar um fjárhagsstöðu sína dregur það úr trausti almennings á markaðnum. Markaðurinn er ein helsta uppspretta auðs í samfélaginu sem byggir efnahagslíf sitt á markaðsskipulagi. Það er því aðför að þessu skipulagi þegar grafið er undan trausti á markaðnum með þessum hætti.

Það er því í mínum huga skýlaus krafa til stjórnar VÍS, stjórnar Landssímans og fleiri sem eru að gera slíka samninga, að þeir verði birtir. Það er því spurning mín, virðulegi forseti, til hæstv. ráðherra Framsfl., hæstv. viðskrh., yfirmanns fjármálaeftirlits og verðbréfaviðskipta: Hvernig hyggst hún bregðast við í þeirri stöðu sem upp er komin?

[15:40]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson telur að upplýsingar um ýmsa samninga, t.d. starfslokasamninga eigi að birta opinberlega í fyrirtækjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði. Óhætt er að taka undir það með hv. þm. að upplýsingar um fyrirtæki sem skráð eru á verðbréfamarkaði eiga að vera gagnsæjar og það ítarlegar að fjárfestar geti tekið upplýsta ákvörðun um fjárfestingu í viðkomandi félagi.

Þá er mikilvægt að eigendur hlutafélaga geti óskað eftir að upplýsingar um samninga af þessu tagi verði kynntar á hluthafafundi og að í ársreikningum félags sé gerð grein fyrir slíkum samningum. Íslenskt lagaumhverfi um hlutafélög, ársreikninga og fyrirtæki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði tekur með fullnægjandi hætti á áhyggjum hv. málshefjanda af starfslokasamningum og öðrum sambærilegum samningum, enda byggir lagaramminn á ákvæðum EES-samningsins um hlutafélög, ársreikninga og kauphallir.

Lítum fyrst á hlutafélagalögin. Í 91. gr. þeirra er mikilvægt ákvæði sem lýtur að aðgengi hluthafa að upplýsingum

um rekstur félagsins. Þar segir að hluthafi geti krafist þess að upplýsingar um þau málefni, sem skipta máli um mat á ársreikningi félagsins og stöðu þess að öðru leyti, séu lagðar fyrir hluthafafund en það er undir mati félagsstjórnar komið hvort slíkt megi verða án tjóns fyrir félagið. Samkvæmt 97. gr. má fara fram á rannsókn á ákveðnum þáttum bókhalds eða ársreiknings. Þá getur skaðabótaskylda hvílt á stjórnarmönnum og refsivert er að skýra vísvitandi rangt eða villandi frá högum félagsins eða öðru er það varðar m.a. í útboði hluta, ársreikningi eða yfirlýsingu til hluthafafundar.

Í lögum um ársreikninga er að finna nokkur ákvæði sem fróðlegt er að hafa í huga í tengslum við umræðuna í dag, nánar tiltekið felst í 14. gr. að gjöld sem stofnað er til vegna starfslokasamninga eigi að færa í efnahagsreikninginn. Ef þessir liðir nema verulegum fjárhæðum skulu þeir sýndir sérstaklega í reikningnum eða þeirra getið í skýringum í ársreikningi. Í 36. og 52. gr. er vikið að upplýsingum um þessi efni í skýringum og skýrslu stjórnar samanber og 48. gr. um samninga um eftirlaun og í X. kafla laganna eru refsiákvæði.

Þegar lögin um ársreikninga, sem heyra sem slík undir valdsvið fjmrh., eru skoðuð með tilliti til starfslokasamninga félaga sést að sérstök áhersla er lögð á að gera grein fyrir upplýsingum þeim sem fyrirspurnin snýst um í ársreikningum, skýringum með þeim og skýrslu stjórnar, allt undir eftirliti löggiltra endurskoðenda og að viðlagðri refsiábyrgð stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og endurskoðenda.

Í kauphallarlögum eru ákvæði um upplýsingaskyldu félaga sem skráð eru í kauphöll í 1. mgr. 24. gr. laganna. Skráðum fyrirtækjum ber þegar í stað að gera opinberar allar upplýsingar um öll atriði sem máli skipta og telja verður að geti haft áhrif á verð bréfanna. Í reglum kauphallar er síðan nánar kveðið á um hvaða upplýsingar geti talist mikilvægar í þessum skilningi. Upplýsingaskylda til kauphallar lýtur að upplýsingum sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á grundvöll ákvörðunar skynsams fjárfestis um verð á viðkomandi verðbréfum. Starfslokasamningar eða aðrir sambærilegir samningar eru upplýsingaskyldir eins og aðrar upplýsingar um rekstur skráðra félaga sé talið að þeir geti haft áhrif á verð bréfanna.

Ég get einnig upplýst hv. þm. um að mér er kunnugt um að Kauphöll Íslands er nú að vinna að nýjum reglum um upplýsingar um kjör æðstu stjórnenda í skráðum félögum. Samkvæmt þeim verður væntanlega skylda að greina frá ráðningarsamningum við æðstu stjórnendur. Þá verður einnig skylda að greina frá óvenjulegum samningum við æðstu stjórnendur skráðra félaga. Því má ætla að skylt verði samkvæmt þessum reglum að veita upplýsingar um starfslokakjör æðstu stjórnenda skráðra félaga. Vonast er til að þessar reglur taki gildi um mitt árið.

Þegar lög um ársreikninga, lög um hlutafélög og lög um kauphallir eru skoðuð í heild sést að í þeim er m.a. kveðið á um upplýsingaskyldu varðandi starfslokasamninga á hluthafafundi eða í ársreikningi og ársskýrslu en hins vegar ekki að þeir skuli lagðir fram sem slíkir, t.d. um leið og þeir eru gerðir. Ástæða er til að taka undir það að miklar kröfur á að gera til fyrirtækja sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði. Hlutafélög eiga ekkert að fela gagnvart eigendum sínum. Lagaramminn sem Alþingi hefur sett um þessi mál hefur það einmitt að markmiði að tryggja upplýsingagjöf til hluthafa, almennra fjárfesta á markaðnum og góða reikningsskilavenju. Engin sérstök þörf er á endurskoðun þessara lagaákvæða.

[15:45]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Nú er ég ekki andvígur því að samið sé um starfslok. Því fer reyndar fjarri. Það sem hins vegar vekur reiði hjá fólki, réttláta reiði að því er mér finnst, er að sömu menn og áður hneyksluðust á réttmætum réttindum almenns launafólks hjá hinu opinbera, biðlaunarétti í sex mánuði eða 12 eftir því hver starfsaldurinn var — og þá aðeins að fólk fengi ekki nýtt starf, annars féll rétturinn niður — þeir sem hneyksluðust á þessum réttindum sem voru numin brott með lögum árið 1996 misnota núna völd til að hygla hátekjufólkinu, vinum sínum, sem verið er að skáka til og frá úr valdastöðum sem gefa gott í aðra hönd. Þannig er gerður starfslokasamningur við framkvæmdastjóra SH, hann verður stjórnarformaður í Landssímanum hf. og gerir tugmilljóna króna starfslokasamning við forstjórann þar.

Síðan er það VÍS. Þar er hið sama uppi á teningnum í valdabrölti Framsfl. nema að þar er um enn hærri upphæðir að ræða. Og það segir sína sögu að þegar gengið er eftir upplýsingum um þetta efni hjá VÍS er svarið birt í fréttatilkynningu og er á þessa leið: „Um er að ræða trúnaðarmál."

Krafan er: Alla samninga af þessu tagi upp á borðið. Þá fyrst er hægt að taka á málunum. Það er ekki nóg, hæstv. ráðherra, að láta þessa getið í skýrslum og samningum. Það þarf að uppræta þessa spillingu því þetta er spilling.

Við erum að fá fréttir af því núna að Kaupþing sé að kaupa nýtt fyrirtæki á Norðurlöndum. Þar verður 100 manns sagt upp störfum. Ég veit ekki hvort það fólk nýtur starfslokasamninga, almennt fólk eða forstjórinn, en iðulega gerist það að þegar tugum eða hundruðum manna er sagt upp fær fólkið ekki neitt en forstjórarnir fá iðulega samanlagðar arðstekjur þessa fólks. Þetta er spilling og þetta er sukk sem ber að uppræta.

[15:48]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Það má eiginlega skipta þessu máli í tvennt. Annars vegar eru það starfslokasamningar starfsmanna í þjónustu ríkisins sem falla undir gildissvið laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins frá 1996. Hins vegar eru það starfslokasamningar og aðrir sambærilegir samningar milli starfsmanna og framkvæmdastjóra eða stjórna hlutafélaga sem eru gerðir í trúnaði á milli viðkomandi starfsmanns og viðkomandi stjórnar.

Margar ástæður geta legið að baki starfslokunum sem aðilar vilja hafa fyrir sig, svo sem að aðilar geti ekki unnið saman, aldur og fleira. Það er síðan ákvörðun viðkomandi stjórnar hvort fyrirtækið upplýsi slíka starfslokasamninga eða ekki. Það gildir um öll hlutafélög, hvort sem þau eru í eigu ríkisins eða ekki.

En meginreglan hvað varðar upplýsingaskyldu fyrirtækja gagnvart hluthöfum er sú að stjórnskipan þeirra skal vera með þeim hætti að veittar séu upplýsingar um öll málefni sem tengjast fyrirtækinu, þar með talið helstu stjórnendur og launakjör þeirra. Þó að upplýsingar um laun og launakjör stjórnenda séu viðkvæm er oft betra að upplýsa þau heldur en að stjórnendur og stjórnir fyrirtækja sitji á slíkum upplýsingum og svo líti út sem verið sé að fela eitthvað gruggugt. Þá geta farið á kreik gróusögur þar sem oftast er farið með rangar upplýsingar eins og kom fram í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Viðkomandi starfsmenn og fyrirtæki geta skaðast af slíkri umræðu.

Það er skoðun mín að starfslokasamningar og aðrir sambærilegir samningar skuli vera aðgengilegir hluthöfum. En það má gæta sín í þessari umræðu að fara ekki með upphrópanir eins og um að upprætta spillingu og annað. Mér finnst það ekki tilhlýðilegt, ekki gagnvart viðkomandi starfsmönnum sem verið er að tala um og viðkomandi fyrirtækjum.

[15:50]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni fyrir að taka þetta mál til umræðu. Ég tel að starfslokasamningar og önnur starfskjör yfirmanna í fyrirtækjum hafi vakið undrun flestra Íslendinga, annarra en þeirra sem eru stjórnarmenn í fyrirtækjum, þ.e. almenns fólks og almennra hluthafa, svokallaðra minni hluthafa í hlutafélögum. Starfslokasamningar og aðrir sambærilegir samningar eiga að vera fyrir opnum tjöldum, einkum í hlutafélögum í opinberri eigu að öllu leyti, hálfopinberum hlutafélögum og almenningshlutafélögum. Það kann að vera mun snúnara að eiga við það að krefjast opinberra upplýsinga um fámennishlutafélög og hlutafélög í eigu fjölskyldu, enda er þar málum öðruvísi fyrir komið.

Allt fyrirkomulag sem kallar á laumuspil varðandi starfslokasamninga í áðurnefndum fyrirtækjum í almenningseigu, hálfopinberri eigu og opinberri eigu er óþolandi. Landssíminn og VÍS eru dæmi um mál sem ég tel að eigi að upplýsa að þessu leyti. Það er ánægjulegt að hæstv. viðskrh. skuli hafa boðað lagabreytingar sem ættu að geta tryggt að slíkar upplýsingar verði aðgengilegar almenningi því að fortíðin í þessum málum er óþolandi.

Það vekur mikið vantraust með almennu launafólki að málum skuli vera svo komið sem raun ber vitni varðandi starfslokasamninga yfirmanna í fyrirtækjum.

[15:52]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hvað er að gerast í þjóðfélaginu? Fólk er yfir sig gáttað vegna ofurkjara stjórnenda fyrirtækja á almennum opinberum markaði. Þessi ofurkjör dúkka öðru hverju upp á yfirborðið í annars hinum læsta gósenheimi toppanna í stórfyrirtækjum í atvinnu- og fjármálalífinu. Þar hreiðra um sig tugir karla, nokkurs konar yfirstétt í þjóðfélaginu sem í skjóli leyndar hlutafélagalaga og geðþóttaákvarðana skammta sjálfum sér ofurkjör í launum, lífeyri, hlunnindum, biðlaunum og starfslokasamningum sem eru gjörsamlega úr takt við allt sem gerist í íslensku þjóðfélagi. Þessir menn lifa í einhverri veröld sem er til hliðar við raunveruleika íslensks samfélags. Og hverjir borga fyrir paradísina þar sem menn vaða upp fyrir axlir í peningum sem þeir skammta sér sjálfir og vel haldnar stjórnir fyrirtækjanna blessa? Jú, skattpíndur almenningur því öll þessi ofurkjör koma auðvitað fram í verði á vöru og þjónustu, hvort sem er á opinbera eða almenna markaðnum.

Í tilviki forstjóra VÍS kostaði greinilega 100–200 millj. að skipta um forstjóra ef marka má fréttir af því máli. Fyrir það þarf fólk auðvitað að greiða með hærri iðgjöldum, eins og háum bifreiðatryggingum þar sem iðgjöld hafa hátt í tvöfaldast á stuttum tíma. Það kemur því almenningi við hver þessi ofurkjör eru og það kemur Alþingi við sem gæta á hagsmuna fólksins í landinu. Það á líka að koma stjórnvöldum við sem hljóta að þurfa að fara ofan í þetta mál og tryggja að eftirlitsstofnanir og Alþingi, a.m.k. efh.- og viðskn. sem þá væri bundin þagnarskyldu líkt og utanrmn., hefðu aðgang að upplýsingum um ofurkjör þessarar yfirstéttar. Breyta verður líka þingsköpum þegar í stað sem tryggi þingmönnum eðlilegan aðgang að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins eins og Samfylkingin hefur lagt til og það gengur ekki að ekki séu settar samræmdar reglur í stjórnkerfinu um starfslokasamninga en engar reglur gilda þar um eins og fram kom í svari forsrh. til mín á síðasta Alþingi.

[15:55]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Fyrsta spurningin í þessu máli hlýtur að vera sú hvort Alþingi geti og eigi að skipta sér beint af því sem fram fer innan fyrirtækja í einkaeigu, ekki með öðrum hætti heldur en að setja hinar almennu leikreglur. Öðru máli gegnir hins vegar um fyrirtæki í eigu ríkisins. (**SJS:** En Framsfl.?)

Grundvallaratriði í þessu máli er að í hinum himinháu starfslokasamningum sem virðast hlaupa á tugum eða hundruðum millj. kr. eftir fréttum að dæma endurspeglast sú græðgi sem gegnsýrir í rauninni allt samfélagið. Það má segja að hún birtist öfgafyllst hjá svokölluðum toppum en eftir fréttum að dæma, nánast daglegum, kemur hún fram á öllum sviðum. Þetta snertir gildismat þjóðarinnar, þetta veraldlega gildismat sem virðist knúið áfram af græðginni frægu og hefur auðvitað áhrif á hið félagslega líf, á siðferðisvitund þjóðarinnar og fjölskyldur hennar þannig að ef menn ætla sér að leysa þau vandamál sem fylgja græðgi gerist það ekki eingöngu hér. Til þess þarf þjóðarátak gegn græðgi. (**SJS:** Þegar ráðherrarnir gera samninga.)

[15:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá síðasta ræðumanni að þetta er eitt nýjasta og stórbrotnasta birtingarform sérhagsmuna og græðgi í samfélaginu. En menn gera ekki þessa starfslokasamninga við sjálfa sig. Það eru ófáir svona samningar sem ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa verið að gera á undanförnum missirum þannig að það dugar ekki fyrir hv. þm. Hjálmar Árnason að vísa þessu vandamáli bara út í bæ eins og það sé ríkisstjórninni og Framsfl. gjörsamlega óviðkomandi. Maður, líttu þér nær.

Nei, það má segja, herra forseti, að kominn sé í landið nýr kúltúr, nýir siðir ef siði skyldi kalla. Það eru komnir til sögunnar ofurforstjórar að erlendri fyrirmynd sem taka sér 2–2,5 millj. í mánaðarlaun hið minnsta, svona tuttuguföld laun lægstlaunuðu starfsmanna viðkomandi fyrirtækja. En það dugar ekki að vera á þessum launum árum og áratugum saman. Nei, þegar höfðingjarnir hætta duga þeim ekki venjuleg eftirlaun, heldur skulu gerðir sérstakir samningar við þá um að þeir haldi helst öllum sínum fríðindum og kjörum um árabil. Og marga af þessum samningum hafa ráðherrar í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar gert á undanförnum missirum þannig að ekki dugar hjá ríkisstjórninni að líta á þetta sem eitthvert siðferðilegt vandamál úti í bæ og segja að það þurfi að ala þjóðina upp á nýtt í þessum efnum. Fámenn klíka ofurforstjóra og pólitíkusa hefur stýrt þessari þróun undanfarin missiri. Forstjóri Símans er með samning upp á 35–40 millj. Forstjóri Byggðastofnunar eftir örfáa mánuði í embætti fær óskert laun í tvö ár upp á 15 millj. Og svo er þessi dæmalausi starfslokasamningur, ef marka má fréttir, forstjóra VÍS sem vék úr embætti til að rýma fyrir fyrrverandi varformanni Framsfl. þannig að helmingaskiptin gagnvart bönkunum gengju upp. Var það ekki þannig sem þetta gerðist, hæstv. ráðherra? Jú. Þetta er ekki bara spurning

um upplýsingaskyldu til Kauphallarinnar þó að hún sé sjálfsögð. Við skulum ræða hinn siðferðilega grundvöll þessara gerninga. Við skulum ekki taka honum þegjandi.

[15:58]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætla að það hafi verið alveg hárrétt hjá upphafsmanni þessarar umræðu að það er öllum fyrir bestu gagnvart almenningshlutafélögum og gagnvart félögum í eigu ríkisins að upplýsingar liggi allar fyrir, allar. Ég ætla að sá sé siður í Bandaríkjunum og að það séu lögin þar. Þar telja menn það heppilegt og sjálfsagt að upplýsa það alls staðar. Menn geta gert það meira að segja á netinu, fengið nákvæmar upplýsingar um kaup og kjör manna.

Ég las það í Dagblaðinu í dag að til standi að breyta reglum Kauphallarinnar. Ég fagna því. Ég ætla líka að það standi til af hálfu viðskrh. að setja slíkar reglur. En það er næst hjá þinginu, úr því að svo mikil samstaða er um þessi mál, að efh.- og viðskn. skoði lagagrundvöllinn, athugi hvort eitthvað skorti á að hægt sé að tryggja að svo sé og geri það þá sjálf (Gripið fram í.) ef eitthvað vantar upp á lagagrundvöllinn til að tryggja að allar upplýsingar um almenningshlutafélög sem eru á markaði og allar upplýsingar um hlutafélög í eigu ríkisins séu öllum aðgengilegar. Við skulum að sjálfsögðu standa að því að svoleiðis verði það, enda ætla ég að allir vilji það.

[16:00]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Við skulum einhenda okkur í þessa vinnu. Ég tek fagnandi yfirlýsingu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar þess efnis að þingið fari í að gera þessar leikreglur þannig úr garði að komið verði í veg fyrir óhóf af þeim toga sem okkur hefur birst á síðustu dögum, raunar síðustu mánuðum, missirum og árum. Sannleikurinn er þrátt fyrir allt sá, herra forseti, að allir þessir gjörningar eru gerðir í skjóli hins pólitíska valds. Menn hafa farið fram með þeim hætti sem raun ber vitni vegna þess að þeir hafa vitað og skynjað að þeir gætu það. En hingað og ekki lengra. Nú skulum við einhenda okkur í verkið, herra forseti, taka á þessum málum og setja á stopp.

Herra forseti. Það rifjast líka upp að það er ekki eingöngu að nú er til svara núverandi forstjóri VÍS, þar sem sagt er að tryggingar snúist um fólk — sumt fólk a.m.k. en ekki allt. Hann er fyrrum iðnrh. og raunar tók núv. iðnrh.- og viðskrh. við af honum. Hann hefur svarað því til að fyrrum stjórn VÍS hafi tekið þessa ákvörðun um 200 millj. kr. starfslokasamning. Er ég að fara rangt með, herra forseti? Var það ekki þannig að VÍS var að verulegu leyti í eigu Landsbanka Íslands sem á þeim tíma var að verulegu leyti í eigu ríkissjóðs? Með öðrum orðum eru bein tengsl við hæstv. ráðherra viðskiptamála og stjórn fyrirtækisins á þeim tíma. Hún ber því ábyrgð á þessum gjörningi að hluta til samkvæmt yfirlýsingu Finns Ingólfssonar, núverandi forstjóra.

Ég bið hæstv. ráðherra að svara hvort henni, sem fulltrúa almannafjár á þeim tíma, hafi verið tilkynnt um þetta á þeim tíma. Það þýðir ekki að standa hér, herra forseti, og segja þegar það hentar: Þetta eru leikreglur hins almenna markaðar og koma okkur ekki við á hinu háa Alþingi.

Við viljum hafa leikreglur þannig að þær séu gagnsæjar, uppi á borðum og komi ekki þannig fyrir að fólki flökri þeir fjármunir sem hent er í forstjóra og nýríka Íslendinga. Nóg er nú samt.

[16:02]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svörin sem hún gaf í umræðunni áðan. En ég verð að segja að það kom mér á óvart að hún skyldi leggjast í vörn fyrir þann gerning sem hér hefur verið rætt um. Af ræðu hæstv. ráðherra mátti ráða að núgildandi lög væru nægileg í þessum efnum.

Það er alveg ljóst að þó að ákvæði séu um að þessar upplýsingar eigi að koma fram í ársreikningum þá geta kaupendur á markaði ekki beðið eftir því hverju sinni að ársreikningarnir komi út og fengið þá að vita hvert efni starfslokasamninga sé. Þess vegna verður að grípa til aðgerða ...

(**Forseti** (ÍGP)**:** Má ég biðja um betra hljóð í salnum?)

Ætlar virðulegur forseti þá að lengja tímann?

Því verður hæstv. ráðherra að grípa nú þegar til aðgerða sem tryggi að allar upplýsingar liggi fyrir þegar fjárfestar ætla að fjárfesta í félögum og eins upplýsingar af þessum toga. Þess vegna fannst mér skrýtið að hæstv. ráðherra skyldi leggjast í vörn fyrir þessa tilhögun.

Ég tek undir það með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að vissulega þarf að ræða siðferðisþátt þessa máls. Það er spurningin hvort Alþingi eigi að grípa sérstaklega þar inn í. Hlutverk þingsins er fyrst og fremst að tryggja að allar upplýsingar liggi fyrir þegar menn fjárfesta í félögum skráðum á markaði. Þá þarf ekki síst að hafa í huga þá miklu gagnrýni sem m.a. hefur komið fram í Bandaríkjunum á að í stjórnum þessara félaga sitja oftar en ekki forsvarsmenn annarra fyrirtækja sem eiga mikil viðskipti við það fyrirtæki sem þeir sitja í stjórn fyrir. Það er sérstakt ef þessir aðilar gera síðan, þessi fámenni hópur, samninga hver við annan um óheyrileg starfslok. Það er til þess fallið að draga úr trú manna á markaðnum og það viljum við ekki sem höfum trúað á að markaðurinn sé rétta leiðin í þessum efnum.

[16:05]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég er undrandi að heyra í hv. málshefjanda þegar hann segir að ég hafi lagst í vörn í þessu máli. Það gerði ég alls ekki. Ég greindi frá því hvernig þessum málum er háttað hvað varðar löggjöfina. Það er bara einfaldlega þannig að lögin eru sambærileg við lög á Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta eru EES-reglur meira og minna sem við höfum innleitt hér. Lögin eru ekki vandamálið. (Gripið fram í.) Þá skulum við fara yfir hvað er vandamálið.

Ég fór yfir það líka að það gilda mjög strangar reglur um fyrirtæki sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði. Kauphallir setja reglur um þær upplýsingar sem krafist er af skráðum félögum. Allt sem getur haft áhrif á gengi bréfa er upplýsingaskylt. Svo einfalt er það. Allt sem hefur slík áhrif er upplýsingaskylt.

Ég greindi líka frá því að Kauphöll Íslands væri að vinna nýjar reglur um upplýsingar um kjör æðstu stjórnenda í skráðum félögum. Það verður væntanlega skylt að greina frá ráðningarsamningum við æðstu stjórnendur þegar niðurstaða hefur fengist úr þessari vinnu. Þannig er þetta. Lögin eru ekki vandamálið. Allt sem getur haft áhrif á gengi bréfanna er upplýsingaskylt og Kauphöllin er að vinna frekari reglur.

Af því að Steingrímur J. Sigfússon, sem nú hefur yfirgefið salinn, hafði hér yfir stór orð þá vill svo til að hann hefur verið ráðherra í ríkisstjórn Íslands. Það skyldi þó ekki vera

að hann hafi gert samninga á þeim tíma sem eru kannski athyglisverðir. Af því að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson var ráðherra um tíma líka eins og menn muna þá mundi ég gjarnan vilja, ef hér hefði verið tími til, fara yfir ýmis mál sem þá komu við sögu.

Aðalatriðið er að við erum með góða og skýra löggjöf og lögin eru ramminn. Hins vegar þarf að huga að öðru og það verður gert.

[16:07]

Útbýting þingskjala:

Sementsverksmiðjan hf, 554. mál, fsp. ÁSJ og JB, þskj. 901.

Skelfiskveiðar og ástand lífríkis í Breiðafirði, 555. mál, fsp. ÁSJ og JB, þskj. 902.

Álverksmiðja í Reyðarfirði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 509. mál. — Þskj. 842.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.

[16:08]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við umræðuna um frv. í gær óskaði ég eftir því að fá á því staðfestingu að þetta frv. um heimild til að reisa álver í Reyðarfirði færi til umfjöllunar í umhvn. þingsins og efh.- og viðskn., auk umfjöllunar í iðnn. Ég hef ekki fengið nein svör við þessu. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munum ekki fallast á að samþykkja að málinu verði vísað til iðnn. nema við fáum yfirlýsingu þess efnis að málinu verði einnig vísað til umfjöllunar í efh.- og viðskn. og umhvn. þingsins. Það er óumdeilanlegt að þetta mál er á verksviði umhvn. og að sjálfsögðu einnig efh.- og viðskn. Þetta frv. fjallar um skattamál fyrirtækisins og fjallar um efnahagsmál eins og umræðan hér hefur borið með sér.

Þetta er krafa um sanngjörn og fagleg vinnubrögð.

[16:10]

Hjálmar Árnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þetta er sanngjörn krafa, segir hv. formaður Vinstri grænna. Málinu er vísað til iðnn. Það er eðlilegt. Þetta heyrir undir iðnrn. Það er síðan iðnn. að taka við málinu, skoða það, fjalla um það og eftir þá skoðun tekur nefndin sjálf afstöðu til þess hvort hún vísar hluta af málinu til efh.- og viðskn. og umhvn. eins og hefur gerst í störfum nefndarinnar. Stundum hefur málum verið vísað til annarra nefnda og leitað eftir umsögn, stundum ekki. Það fer eftir eðli máls. Fyrsta skrefið er að nefndin fái málið til sín og síðan tekur nefndin sjálf afstöðu til þess. Þá mun svarið koma í ljós, herra forseti.

[16:11]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég veit ekki af hverju hv. þm. Hjálmar Árnason svarar svo véfréttalega sem raun ber vitni, hvort hann brestur minni til þess hvernig þessum hlutum hefur verið háttað alvenjulega á undanförnum árum eða hvort hann er viljandi að drepa málinu á dreif. Það hefur iðulega verið ákveðið fyrir fram og gengið þannig frá því, í umræðum eða við lok umræðna áður en mál fer til nefndar, að nefndarvinnunni verði hagað með tilteknum hætti.

Stundum hefur verið ákveðið að tvær nefndir, við skulum segja utanrmn. og sjútvn., vinni sameiginlega að máli þannig að þær fundi sameiginlega um það. Það hefur stundum verið ákveðið að sú fagnefnd sem fer með mál ráðherra sem flytur viðkomandi mál fái málið til sín en hún óski eftir áliti viðkomandi nefnda sem málið varðar einnig. Ég minnist þess að fyrir einum tveimur árum síðan vorum við einmitt með eitt mjög stórt mál af þessu tagi þar sem nákvæmlega þessi leið var valin, að efh.- og viðskn. og umhvn. skiluðu sérstökum álitum til iðnn. Þetta liggur fyrir í sögunni.

Það er ekkert annað en viljaleysi eða skortur á þroskuðum vinnubrögðum að geta ekki gefið um það yfirlýsingu hér og nú að svona verði þessu hagað. Allt og sumt sem við förum fram á er að það liggi fyrir við þessa afgreiðslu að iðnn. muni gefa umhvn. og efh.- og viðskn. færi á að láta álit sitt í ljós við iðnn. áður en málið er afgreitt þaðan. Þetta er réttmætt og rökstudd ósk og nægir að vísa til þess, herra forseti, að þetta frv., þó flutt sé af iðnrh. og á málasviði iðnrh., er að mestu leyti um sérákvæði skattalegs eðlis. Ég hvet hv. formann iðnn. til að lesa frv., enda ekki seinna vænna hafi hann ekki gert það enn þá. (Gripið fram í.) Þetta frv., eins og m.a. kom fram í ræðum í gær, er að mestu leyti um sérákvæði á sviði skattaréttar. Þetta er staðreynd.

Kárahjúkavirkjun kemur einnig við sögu í frv. Það er sérstaklega að henni vikið í einni af greinum frv. þar sem t.d. er talað um að fella niður ákveðin gjöld sem tengjast ekki bara byggingu álvers heldur líka Kárahnjúkavirkjun. Þannig tengist þetta augljóslega líka þeirri miklu umfjöllun sem orðið hefur um umhverfismál í tengslum við þetta mál. Ég spyr og bið um einhver svör við því hvað er að því að haga málsmeðferðinni eins og við höfum óskað. Ég hef ekki heyrt þau. Mér þykir mjög miður ef það er ekki einu sinni vilji til að sýna sanngirni í vinnubrögðum af þessu tagi.

Síðan þakka ég fyrir þann ríflega ræðutíma sem mér var veittur.

[16:14]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég samþykki þá málsmeðferð sem hér er lögð til og geri það ekki síst í ljósi þeirrar viðsýni sem gætti í máli hv. formanns iðnn. Hann var jákvæður og opinn fyrir því að farið yrði í þetta fjölþætta mál yrði farið með þeim hætti að aðrar hlutaðeigandi nefndir kæmu að því eins og venja hefur verið til, t.d. við fjárlagaafgreiðslu og fleiri tilvik.

Fjölmargar nefndir eiga þarna hlut að máli. Hér hefur efh.- og viðskn. verið nefnd til sögunnar og umhvn. eðli máls samkvæmt. Samgn. vildi ég nefna til skoðunar. Hér er um hafnamál að ræða. Eins kemur málið félmn. við því að hér er auðvitað um mikilvægt hagsmunamál sveitarfélagsins (Gripið fram í.) að ræða. Ég hvet eindregið til þess að menn horfi til allra átta og undirstrika að af orðum hv. þm. Hjálmars Árnasonar, formanns nefndarinnar, er ég þess fullviss að svona verður farið í þetta mál. Þess vegna segi ég já.

[16:15]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti vill geta þess að þar sem um athugasemdir um atkvæðagreiðslu er að ræða er tíminn þrjár mínútur og ekkert óeðlilegt við þann tíma.

[16:15]

Össur Skarphéðinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég styð það að þessu frv. verði vísað til hv. iðnn. Ég styð frv. eins og langflestir þingmenn Samfylkingarinnar og ég vil að það komi hér fram. Hins vegar vil ég ítreka það að hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir sem fyrsti talsmaður okkar í þessari umræðu óskaði sérstaklega eftir þeirri málsmeðferð sem hér er óskað eftir af hálfu hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Ég tel að það sé fullkomlega eðlilegt að menn verði við slíkum óskum og held að það mundi flýta fyrir vinnu málsins í þinginu. Ég held að hv. þm. Hjálmar Árnason ætti að sitja talsvert á sínum stríðnispúka því að það er augljóst að það er bara vilji hans til þess að erta hv. þingmenn Vinstri grænna sem veldur því að hann kemur og talar svona myrkt í þessu máli.

Frv. vísað til iðnn. með 45:5 atkv. og sögðu

já: AHB, ÁRÁ, ÁRJ, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, LB, MS, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvanJ, VS, VH, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁMöl, HBl, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, StB, SvH, TIO) fjarstaddir.

Út af dagskrá voru tekin 3.–7. mál.

Fundi slitið kl. 16:17.

---

69. FUNDUR

fimmtudaginn 30. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Raforkulög, stjfrv., 462. mál, þskj. 700. — 1. umr.
2. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 463. mál, þskj. 701. — 1. umr.
3. Staðlar og Staðlaráð Íslands, stjfrv., 461. mál, þskj. 699. — 1. umr.
4. Orkustofnun, stjfrv., 544. mál, þskj. 891. — 1. umr.
5. Íslenskar orkurannsóknir, stjfrv., 545. mál, þskj. 892. — 1. umr.
6. Einkahlutafélög, stjfrv., 521. mál, þskj. 864. — 1. umr.
7. Hlutafélög, stjfrv., 522. mál, þskj. 865. — 1. umr.
8. Samvinnufélög, stjfrv., 519. mál, þskj. 860. — 1. umr.
9. Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, stjfrv., 520. mál, þskj. 861. — 1. umr.
10. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 485. mál, þskj. 797. — 1. umr.
11. Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir, stjfrv., 518. mál, þskj. 859. — 1. umr.
12. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, stjfrv., 543. mál, þskj. 890. — 1. umr.
13. Varnir gegn mengun sjávar, frv., 53. mál, þskj. 53. — Frh. 1. umr.
14. Almenn hegningarlög, frv., 54. mál, þskj. 54. — 1. umr.
15. Verndun búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi, þáltill., 55. mál, þskj. 55. — Fyrri umr.
16. Sveitarstjórnarlög, frv., 61. mál, þskj. 61. — 1. umr.
17. Aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti, þáltill., 62. mál, þskj. 62. — Fyrri umr.
18. Skipulag sjóbjörgunarmála, þáltill., 63. mál, þskj. 63. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sturla Böðvarsson samgrh.

Athugasemdir um störf þingsins.

Hugmyndir um virkjun að fjallabaki.

[10:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins í tilefni nýjustu frétta af sviði virkjanaáforma í landinu, einnig með hliðsjón af því að svo vel ber í veiði að hér á að ræða mikið um orkumál og tengda hluti í dag, og hæstv. iðn.- og viðskrh. er hérna viðstödd. Ég held að það væri fróðlegt fyrir okkur áður en sú umræða hefst að hæstv. iðn.- og viðskrh. léti í ljósi álit sitt á allra nýjustu virkjanaáformum óskabarns þjóðarinnar, Landsvirkjunar, en þau virkjanaáform eru í Friðlandinu að Fjallabaki. Þjóðin fékk af því fréttir í gærkvöldi, hygg ég, og í öllu falli í morgun að Landsvirkjun hyggist nema nýtt land. Henni er ekki nóg að hafa það sem hún hefur þegar helgað sér heldur sækir nú um rannsókn á borunarleyfi í friðlandinu að fjallabaki. Friðlandið að fjallabaki er þetta hér. Það er svæðið á bak við Eyjafjallajökul og Mýrdalsjökul. Þar er Þórsmörk. Þar er Álftavatn. Þar er Hrafntinnusker. Þar eru Landmannalaugar. Þar eru einhver stórbrotnustu jarðfræðisvæði landsins með mestu litadýrð sem fyrirfinnst á sambærilegu svæði, sennilega á jarðríki því að leitun er að svæði af þessu tagi, hygg ég vera, í heiminum.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. iðn.- og viðskrh.: Er það orðið að stefnu hjá ríkisstjórn Íslands og Landsvirkjun að beina virkjunum fyrst og fremst inn á friðlýst svæði? Þetta er þriðja friðlýsta svæðið sem Landsvirkjun hyggst nú taka til við framkvæmdir á. Það er ekki nóg að sökkva stórum hluta Kringilsárrana og það er ekki nóg fyrir Landsvirkjun að ætla að sökkva Þjórsárverum. Nei, hún vill líka fara í friðlandið að fjallabaki og rassakastast þar. Og ég segi alveg eins og er, herra forseti, að mér er nóg boðið og ég trúi að það eigi við um fleiri. Vill ekki hæstv. iðn.- og viðskrh. aðeins láta sín viðhorf koma hérna fram svo við getum haft það í huga og haft hliðsjón af þessu í umræðum um orkumál og skipan þeirra hluta á eftir?

[10:33]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þingmanni er nóg boðið, heyri ég. En staðreyndin er sú að þetta svæði hefur verið til athugunar og rannsókna í áratugi. Það er hlutverk þessa fyrirtækis, Landsvirkjunar, að virkja og skaffa orku. Það sem hefur

verið nú til umræðu og hefur verið í fréttum eru ekki nein skilaboð frá iðn.- og viðskrn. Fyrirtækið hlýtur að hafa rétt á því að skoða alla möguleika. Eins og við þekkjum fer allt sem gert er í gegnum mat á umhverfisáhrifum. Það eru ekki nema þreifingar sem þarna eiga sér stað og ég held að hv. þingmaður eigi ekki að taka þetta svo að búið sé að taka neinar ákvarðanir. Mér er kunnugt um að þetta er friðland og þannig er einnig um Þjórsárver og fleira mætti nefna.

Hv. þm. má ekki gefa sér það á þessu stigi að þarna sé verið að taka ákvarðanir um að virkja þetta svæði. Það er svo langt frá því. Þetta er bara hluti af því að fara með mál inn í ákveðið ferli sem lög og reglur kveða á um. Síðan verðum við að sjá til með framhaldið.

[10:35]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér eins og fleirum hnykkti nokkuð við í morgun að hlusta á fréttirnar, og ég verð að segja að það er athyglisvert að Landsvirkjun skuli nú ætla í einhverjum meiri mæli að skoða gufuaflið. Mig hefur furðað á því í allri umræðu um orkuöflun hversu lítið hefur verið fjallað um möguleikana sem felast í gufuafli, ekki síst gufuafli sunnan lands varðandi stóriðjuna þar sem kallar eftir orku.

Þegar ég heyrði þessa frétt í morgun, virðulegi forseti, velti ég því fyrir mér hvort Landsvirkjun væri komin í stríð, og við hverja það þá væri. Er hún komin hreinlega í stríð við náttúruunnendur þessa lands þar sem svo viðkvæm staða er uppi núna að við bíðum eftir því í dag að úrskurður falli um hvort eigi að fara inn í hin heilögu vé, Þjórsárver, eða er Landsvirkjun komin í lið með andstæðingum ríkisstjórnarinnar sem finnst að nú sé nóg komið af valdbeitingu og að gera það sem við viljum hvenær og hvar sem er?

Þrátt fyrir að það sé svo mikill meiri hluti fyrir því að byggja Kárahnjúkavirkjun voru mjög deildar meiningar um það og það eru mjög viðkvæmar tilfinningar í því að fara inn í Þjórsárverin. Þess vegna, virðulegi forseti, finnst mér hreinlega broslegt að Landsvirkjun skuli velja þennan tímapunkt til að kynna það að hún muni óska eftir að fara inn í Hrafntinnusker vestanvert og bora þar.

[10:37]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er alveg tilefni til þess að fjalla um þetta mál og það er satt að segja skömm að hæstv. ráðherra skuli ekki geta svarað á öllu beinskeyttari hátt en hún gerði hér áðan, að það skuli eingöngu rætt um að engar ákvarðanir hafi verði teknar.

Herra forseti. Við erum hætt að treysta hæstv. iðnrh. varðandi þetta og við erum hætt að treysta Landsvirkjun sem veður um eins og hún eigi landið, hvort sem það eru friðlönd eða ekki friðlönd. Ég spyr hæstv. ríkisstjórn: Hvers virði er friðlýsing? Ef hervirki Landsvirkjunar eiga fyrst og fremst að þurfa að vera á friðlýstum svæðum spyr ég, og ég krefst svara: Hvers virði er í hugum þessarar ríkisstjórnar friðlýsing á landi? Ég spyr hæstv. iðnrh.: Hvernig væri nú að fara að setja einhverja alvöruorku í að búa til rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, eða hafa öll hennar orð um þá áætlun verið orðin tóm og hjóm eitt? Á ekki að efna neitt af þessum loforðum sem einu sinni voru gefin hér úr þessum ræðustóli um að setja einhverja sátt á með því að búa til rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma? Landsvirkjun dregur vagn hæstv. iðnrh., og iðnrh. getur ekki svarið af sér þær gerðir Landsvirkjunar sem nú standa fyrir dyrum. (**Gripið fram í:** Hún stjórnar ...) Ætlar hæstv. iðnrh. að láta þessa valdníðslu viðgangast?

Herra forseti. Mér sýnist að hér stefni í eins konar Klondike, í mikið gullæði, og mér sýnist í ljósi þess frv. til raforkulaga sem við munum ræða á eftir að full ástæða sé til að draga fram í dagsljósið auðlindirnar í hafinu. Þar urðum við vitni að því að fyrstir fengu sem fyrstir komu. Nákvæmlega sama virðist vera uppi á teningnum núna í orkuauðlindunum. Fyrstir koma, fyrstir fá. Kapphlaupið er hafið. Landsvirkjun leiðir Klondike-kapphlaupið með stuðningi hæstv. iðnrh.

[10:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér þóttu svör hæstv. iðnrh. rýr í roði. Að vísu er rétt að menn hafa lengi vitað af mikilli orku á Torfajökulssvæðinu en það er jafnljóst að í 25–30 ár hafa menn einmitt horft til þess svæðis sem kannski þess af háhitasvæðunum sem síðast og helst aldrei yrði hróflað við. Fyrir svo löngu síðan þegar ég var að nema jarðfræði í Háskóla Íslands var þetta svæði gjarnan nefnt sem það svæði sem sennilega yrði síðast sátt um af háhitasvæðunum að farið yrði með framkvæmdir inn á. Það eru nógir aðrir augljóslega betri kostir í umhverfislegu tilliti í háhitanum sem vissulega er gott að menn skoði ekki síður en fallvötnin, a.m.k. ef menn hafa þá reglu að byrja þar á versta endanum, að bera fyrst niður í þeim virkjanakostum fallvatna sem koma verst út umhverfislega. Ég nefni stækkun Kröflu þar sem er mikil ónýtt orka. Ég nefni Öxarfjörð, Þeistareyki. Ég nefni öll svæðin sem Hitaveita Suðurnesja hefur á Reykjanesinu og ég nefni Orkuveitu Reykjavíkur með Hengilssvæðið. Hvað gengur Landsvirkjun til? Það skyldi þó ekki vera að Landsvirkjun væri að helga sér land í ljósi væntanlegrar samkeppni í orkumálum? Þþá er ekkert heilagt. Við hverju er að búast af fyrirtæki sem þegar beinir öllum spjótum sínum að friðuðum löndum, friðlýstum svæðum, Kringilsárrana og Þjórsárverum? Jú, það er rökrétt að þeir fari næst í friðland að fjallabaki frekar en horfa til annarra háhitasvæða sem ekki eru friðlýst. Það er athyglisverð stefna, herra forseti, hjá þessu fyrirtæki að horfa fyrst og fremst til friðlýstra svæða sem hafa verið svo um 20–25 ára skeið.

Landsvirkjun er opinbert fyrirtæki. Hún er ekki einhver einkaaðili úti í bæ sem er hæstv. viðskrh. og Framsfl. óviðkomandi. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, fyrrum þingmaður Framsfl., er þar stjórnarformaður og hún virðist stundum vera býsna stutt, taugin á milli Framsfl. og Landsvirkjunar þegar það á við. Hæstv. ráðherra getur ekki fríað sig frá málinu með þeim hætti sem reynt var áðan.

[10:41]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég heyri að Landsvirkjun er ekki sérstaklega vinsælt fyrirtæki í þessum þingsal á þessum fundi. Það verður þá bara að vera svo. En varðandi þessi virkjanamál heyri ég æðioft sagt að aðrir kostir séu betri. Það var líka sagt þegar farið var í Blöndu, að ekki ætti að fara í þá framkvæmd heldur ætti að virkja austur á landi, þar væru jökulvötn sem ætti að virkja frekar en að fara í Blöndu. Svo er farið austur á land og þá á ekki að fara í þá framkvæmd og svona gengur þetta oft koll af kolli.

Í sambandi við það sem hér er til umfjöllunar er það bara þannig að þetta mál er ekki rekið af iðnrn. Við höfum látið þá skoðun í ljósi að ekki sé tímabært að fara í rannsóknir eða framkvæmdir á þessu svæði. Ég veit að þarna er gífurleg

orka, það vantar ekki. Þetta er óþarfaupphlaup að mínu mati. Ég get a.m.k. ekki tekið á mig neina ábyrgð í sambandi við þennan fréttaflutning sem nú hefur átt sér stað og það sem komið hefur frá Landsvirkjun enda er Landsvirkjun sjálfstætt fyrirtæki eins og allir vita. Þar er stjórn sem fer með stjórn þess fyrirtækis og það er ekki rekið sem eitthvert útibú úr iðnrn. Þetta er ekki þannig, og það veit hv. þm.

[10:43]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Mér finnst félagar okkar í Vinstri grænum vera býsna heitir í morgunsárið (**Gripið fram í:** Ert þú kátur?) og taka djúpt í árinni þegar þeir eru að velta fyrir sér fréttaflutningi um ákveðin svæði á Suðurlandi, eins og Torfajökulssvæðið. Það er alveg ljóst mál að í mjög mörg ár hafa sveitarstjórnarmenn sem eiga aðild að þessu svæði horft til þess út frá þeirri miklu orku sem þar er.

Auðvitað eru gríðarlega deildar meiningar um svona hluti en við megum ekki stilla þessu upp svona algjörlega einhliða. Það býr líka fólk á þessu svæði sem hefur gjarnan bent á að nauðsynlegt væri að rannsaka hversu mikil orka er þarna o.s.frv. Ég held að fyrst og fremst séu menn að skoða. Alveg eins og kom fram hjá hæstv. iðnrh. er þetta ekki á vegum ráðuneytisins, alls ekki. Ég vil benda á að þó að deildar meiningar séu um þetta býr líka fólk á þessu svæði sem hefur gjarnan bent á þessa orkukosti.

Raforkulög, 1. umr.

Stjfrv., 462. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 700.

[10:45]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til raforkulaga sem er þingmál nr. 462 á þskj. 700. Frv. sem ég mæli fyrir felur í sér heildarendurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku. Um þessa þætti raforkuumhverfisins gilda nú mörg lög og er því samhliða frv. þessu einnig lagt fram frv. til laga um breytingu á viðkomandi lögum sem nauðsynlegar eru vegna frv. þessa.

Núverandi skipulag raforkumála hefur að mestu leyti verið óbreytt í tvo áratugi og hefur að mörgu leyti reynst vel. Raforkukerfið er tæknilega gott og búa notendur við mikið afhendingaröryggi. Skipulag raforkumála hér á landi hefur þó sætt nokkurri gagnrýni, m.a. þykir kostnaðarskipting milli einstakra þátta kerfisins óljós og verðmyndun ógegnsæ. Þá hefur því verið haldið fram að aðilar á markaði sitji ekki við sama borð. Engin heildarlöggjöf er í gildi um skipan raforkumála og er gildandi löggjöf byggð á áratugagömlum grunni. Það er því orðið tímabært að setja heildarlöggöf um raforkumál.

Á síðustu árum hafa átt sér stað miklar breytingar á skipulagi og löggjöf nágrannaþjóða okkar þar sem horfið hefur verið frá hugmyndum einokunar og frelsi til vinnslu og viðskipta verið komið á. Þannig hefur verið lagður grunnur að markaðsbúskap í raforkukerfi margra landa Evrópu og er reynslan almennt góð.

Í ríkjum innan Evópska efnahagssvæðisins hefur þróunin almennt grundvallast á tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku. Noregur og Bretland voru þó búin að markaðsvæða raforkukerfi sín fyrir tilkomu tilskipunarinnar. Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá því í nóvember 1999 var tilskipunin hluti af EES-samningnum. Hornsteinar tilskipunarinnar eru:

1. Frelsi til vinnslu raforku og opnun raforkumarkaðarins í áföngum, þ.e. frelsi notenda til að velja raforkusala.

2. Aðskilnaður vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu á raforku, a.m.k. í bókhaldi.

3. Jafn réttur raforkukaupenda og seljenda hvað varðar aðgang að flutnings- og dreifikerfi raforku.

Ísland er því skuldbundið samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið að innleiða tilskipunina í íslenska löggjöf og bar að gera það fyrir 1. júlí 2002.

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða afar efnismikið mál og hefur það verið til umræðu bæði utan þings og innan sl. sex ár. Í apríl 1996 skipaði þáv. iðn.- og viðskrh. sérstaka ráðgjafarnefnd vegna endurskoðunar löggjafar um vinnslu, flutning og dreifingu orku.

Í ráðgjafarnefndinni áttu sæti fulltrúar orkufyrirtækja, stjórnmálaflokka, sveitarfélaga og aðila á vinnumarkaði. Álit nefndarinnar var gefið út í ítarlegri skýrslu sem ber heitið Framtíðarskipan orkumála. Helstu tillögur nefndarinnar fólust í að frelsi til raforkuvinnslu og -sölu yrði komið á í áföngum og tryggður yrði a.m.k. bókhaldslegur aðskilnaður milli samkeppnis- og einokunarþátta. Þá var í tillögum nefndarinnar gert ráð fyrir að stofnað yrði sjálfstætt fyrirtæki um meginflutningskerfið.

Í kjölfar nefndarstarfsins mælti iðnaðarráðherra fyrir tillögu til þingsályktunar um framtíðarskipan raforkumála og var hún lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi. Byggðist tillagan að verulegu leyti á skýrslu ráðgjafarnefndarinnar.

Efni þáltill. er gerð skil í athugasemdum við frv. Eðlilega urðu talsverðar umræður um tillöguna á Alþingi. Var henni í kjölfar umræðunnar vísað til iðnn. Fékk nefndin fjölda umsagna um þáltill. frá hagsmunaaðilum. Í niðurstöðum meiri hluta nefndarinnar kom fram að til þess að stuðla að þjóðhagslegri hagkvæmni í nýtingu orkulinda þyrfti að móta löggjöf sem tryggði jafnan aðgang að orkulindum á markaði. Þá þyrfti að haga verðjöfnunaraðgerðum með þeim hætti að kostnaður við notendur væri sýnilegur sem og ráðstafanir vegna orkuverðsjöfnunar. Þá kom fram að opna þyrfti leiðir fyrir fjárfesta til að leggja áhættufé í orkumannvirki og það yrði best gert með því að skapa fjárfestum í raforkugeiranum starfsumhverfi sambærilegt því sem aðrar atvinnugreinar byggju við. Meiri hluti nefndarinnar taldi að megininntak þeirra skipulagsbreytinga sem gera þyrfti væri aðskilnaður ýmissa þátta starfseminnar sem til þessa hafi verið á einni hendi, þ.e. vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku eins og tilskipun Evrópusambandsins kveður raunar á um.

Meiri hlutinn lagði einnig til að gerðar yrðu nokkrar breytingar á þáltill. til frekari áhersluauka. Þannig var lögð áhersla á að nýskipan raforkumála leiddi til þjóðhagslegrar hagkvæmrar nýtingar orkulinda í sátt við umhverfi landsins. Þá var lagt til að mörkuð yrði stefna í rannsóknum á orkulindum og jafnframt að kanna þyrfti rækilega á hvern hátt verðjöfnun yrði best komið fyrir við nýskipan raforkumála. Með vísan til framangreindra breytinga mælti meiri hluti nefndarinnar með samþykkt tillögunnar í nefndaráliti sínu. Hún kom þó ekki til afgreiðslu Alþingis.

Í framhaldi af umfjöllun á Alþingi skipaði iðnrh. árið 1998 nefnd til að fjalla um stofnun fyrirtækis til að sjá um flutning orku frá virkjunum til dreifiveitna. Nefndin lauk störfum í febrúar 2000 og lagði hún til nokkrar skipulagsbreytingar á raforkuflutningi þar sem m.a. var gert ráð fyrir að stofnað

yrði sjálfstætt flutningsfyrirtæki. Skyldi það verða í eigu orkuveitnanna og bæri þeim að leggja eignir til fyrirtækisins.

Fyrstu drög að frv. til raforkulaga voru unnin í iðnrn. í byrjun árs 1999. Hagsmunaaðilar fengu þau í hendur og voru haldnir margir kynningarfundir um efni frv. Fjöldi athugasemda barst sem hafðar voru til hliðsjónar við áframhaldandi vinnu við gerð frv.

Frv. til raforkulaga var lagt fram til kynningar á 126. löggjafarþingi. Iðnn. sendi frv. til umsagnar fjölmargra hagsmunaaðila og hélt fjölmennan kynningarfund um frumvarpsdrögin. Komu þar fram ýmsar athugasemdir og ábendingar sem tillit var tekið til í því frv. er lagt var fram á 127. löggjafarþingi. Mælt var fyrir frv. vorið 2002 og það hlaut ekki afgreiðslu á því þingi. Þó svo að reynt hafi verið að koma til móts við ólík sjónarmið við gerð þess frv. er mælt var fyrir á síðasta þingi var áfram töluverður ágreiningur um þau atriði er lúta að flutningi raforku. Sérstaklega átti það við um afmörkun flutningskerfisins, stofnun sérstaks flutningsfyrirtækis og gjaldskrá þess fyrir raforkuflutning. Að höfðu samráði við raforkufyrirtæki var sú ákvörðun tekin að gera þær breytingar á frv. að frestað yrði gildistöku kaflans um raforkuflutning til 1. júlí 2004 en sérstakri nefnd sem í ættu sæti m.a. fulltrúar allra þingflokka, raforkufyrirtækja, Sambands ísl. sveitarfélaga, Alþýðusambands Íslands, Neytendasamtakanna og Samtaka atvinnulífsins yrði falið að koma fram með brtt. um tilhögun á raforkuflutningi og uppbyggingu flutningsgjaldskrár. Miðað er við að rekstur flutningskerfisins á fyrirkomulagi gjaldtöku á bráðabirgðatímanum verði sem líkast því sem nú er.

Þá hafa jafnframt verið gerðar minni háttar breytingar á nokkrum greinum frv. og er gerð grein fyrir þeim í athugasemdum með frv.

Hæstv. forseti. Eins og áður hefur komið fram hefur skipan raforkumála víða um lönd tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Í ríkjum Evrópusambandsins hefur þróunin almennt grundvallast á tilskipun Evrópusambandsins um innri markað raforku. Tilskipunin setur lágmarkskröfur og er hún málamiðlun margra ríkja. Vænta má breytinga á henni í náinni framtíð. Miða þær að því að tryggja frekar forsendur samkeppni, auka frelsi á markaði, tryggja framboð raforku og auka vernd neytenda. Tillögurnar eru nú til meðferðar hjá ráðherraráði Evrópusambandsins og þinginu.

Meginþættir raforkumarkaðarins eru fjórir, vinnsla, flutningur, dreifing og sala. Eins og áður segir byggir frv. á því að tryggðar verði forsendur samkeppni við vinnslu og sölu raforku. Aðrir þættir, þ.e. flutningur og dreifing, verða áfram háðir sérleyfum. Vil ég nú gera stuttlega grein fyrir samkeppnispunktunum. Vinnsla raforku á samkvæmt frv. að vera frjáls þegar við gildistöku frv. 1. júlí 2003. Frá sama tíma mun ekki þurfa samþykki Alþingis fyrir nýjum virkjunum. Í frv. er gert ráð fyrir að þetta verði hlutlægar og gegnsæjar reglur um veitingu vinnsluleyfis. Jafnræði til vinnslu á því að vera tryggt sem og gegnsæi við ákvarðanatöku stjórnvalda. Leyfisveitingavaldið á að vera í höndum ráðherra og þarf leyfi hans fyrir virkjunum sem eru 1 megavatt eða meira. Getur ráðherra framselt valdið til Orkustofnunar. Verði frv. að lögum munu þeir sem við gildistöku laganna hafa rétt til að eiga, reisa eða reka raforkuver halda þeim rétti sínum. Þau sjónarmið sem heimilt er að byggja leyfisveitingar á eru tæmandi talin í frv. og eru þau byggð á tilskipun Evrópusambandsins um innri markað raforku.

Líkt og samkvæmt auðlindalögum er lagt til að heimilt verði að innheimta gjald fyrir nýtingu auðlinda á jörðum í ríkiseign. Um innheimtu slíks gjalds í þjóðlöndum færi samkvæmt þjóðlendulögum. Miðað er við að viðskipti með raforku verði gefin frjáls í þremur áföngum. Fyrsti áfangi strax 1. júlí 2003 þegar lögin eiga að koma til framkvæmda. Þá eiga allir notendur sem nota meira en 100 gígavattstundir af raforku á ári að geta valið um raforkusala. Eru það eingöngu járnblendið og álverin sem nota slíkt magn. Annar áfanginn er 1. janúar 2005 og eiga þá aðilar er nota 100 kílóvatta afl eða meira og eru sérmældir að geta valið um raforkusala. Tekur þessi áfangi til stærri iðnfyrirtækja. En 1. janúar 2007 eiga allir notendur að geta valið raforkusala. Leyfi þarf til að stunda raforkuviðskipti en skilyrði til þess eru almenns eðlis og því í raun á færi flestra sem það vilja. Orkuviðskipti munu lúta sömu reglum og önnur frjáls viðskipti. Jafnræði í vinnslu og sölu verði því aðeins tryggt að skilið verði milli samkeppnis- og einokunarþátta.

Í því frv. sem nú er mælt fyrir er lagt til að bókhaldslegur aðskilnaður verði að meginstefnu til látinn nægja. Til þess að tryggja gegnsæi jafn vel og fyrirtækjaaðskilnaður gerir og að ekki verði um að ræða óeðlilega millifærslu milli einokunar- og samkeppnisþátta eru lagðar til ítarlegar reglur um hvernig að bókhaldslegum aðskilnaði skuli staðið.

Herra forseti. Þá mun ég víkja að sérleyfisþáttum, þ.e. flutningi og dreifingu. Frv. byggir á því eins og almennt er viðurkennt að náttúrleg einokun sé fyrir hendi við flutning og dreifingu raforku. Rök markaðsvæðingar og samkeppni eru því ekki fyrir hendi hvað þessa þætti varðar. Hins vegar eru í frv. reglur sem eiga að stuðla að því að þau fyrirtæki sem starfa að flutningi og dreifingu hafi sambærilega hvata til hagkvæmni í rekstri og ef um samkeppnisstarfsemi væri að ræða. Er hér um að ræða verulega breytingu frá gildandi kerfi.

Þá eru settar reglur sem eiga að tryggja að öryggi og áreiðanleiki kerfisins verði eftir sem áður fullnægjandi. Enn fremur eiga reglur frv. að stuðla að auknu gegnsæi í verðlagningu á flutningi og dreifingu raforkunnar.

Hvað flutning raforku snertir byggir frv. eins og áður segir að meginstefnu til á tillögum nefndar um framtíðarskipan raforkuflutnings á Íslandi. Er þó í nokkrum atriðum vikið frá áliti hennar. Er þar helst að nefna afmörkun flutningskerfisins þar sem frv. gerir ráð fyrir að það nái niður á lægri spennu en nefndin gerði ráð fyrir, þ.e. niður á 30 kílóvatta spennu. Er með því tryggt að allar dreifiveitur tengjast flutningskerfinu eins og gerð er krafa um í tilskipun Evrópusambandsins. Ekki er lagt til að stofnað verði fyrirtæki um flutningskerfið með þvingaðri eignaraðild eigenda flutningsfyrirtækja eins og nefndin lagði til. Þess í stað er lagt til að iðnrh. tilnefni það fyrirtæki sem á að reka flutningskerfið. Skal ráðherra beita sér fyrir stofnun fyrirtækis með aðkomu eigenda flutningsvirkja er annast skuli flutning raforku. Ekki er skilyrði að allir eigendur flutningsvirkja eigi aðild að fyrirtækinu þó það sé æskilegt. Þá er ekki gerð krafa um að raforkufyrirtæki verði rekin í hlutafélagaformi eins og flutningsnefndin lagði til. Er leitast við að ná fram sömu markmiðum með síður íþyngjandi leiðum. Eiga raforkufyrirtæki samkvæmt frv. að vera sjálfstæðir lög- og skattaðilar. Hlutafélagsformið er þó að ýmsu leyti æskilegt m.a. til þess að fá innlenda og erlenda fjárfesta til að taka þátt í byggingu virkjana hér á landi og draga þar með úr áhættu hins opinbera af fjárfestingu í orkuvinnslu vegna stóriðju.

Flutningsfyrirtækið á samkvæmt frv. að annast alla flutningsstarfsemi og bera ábyrgð á að uppbygging kerfisins sé hagkvæm og tryggi skilvirkni og öryggi í flutningi. Flutningsfyrirtækið verður að gæta jafnræðis og verður að annast flutninga fyrir alla sem þess óska, enda greiði þeir fyrir það og næg flutningsgeta verði að vera fyrir hendi. Flutningskerfið nær eins og áður segir niður í 30 kílóvött en þar sem því sleppir tekur dreifikerfið við. Flutningsfyrirtæki á enn fremur að sinna kerfisstjórn sem felst fyrst og fremst í því að stilla saman raforkuþörf og vinnslu. Hefur fyrirtækið sem slíkt ríkar íhlutunarheimildir og getur krafið fyrirtæki um upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að það geti sinnt hlutverki sínu. Er því afar mikilvægt að tryggja hlutleysi þessa fyrirtækis m.a. með aðskilnaði frá annarri starfsemi. Er flutningsfyrirtækinu því óheimilt að stunda aðra starfsemi en raforkuflutning og kerfisstjórn auk reksturs raforkumarkaðar.

Herra forseti. Í frv. eru settar reglur um gjaldskrá fyrir flutning og dreifingu raforku. Á gjaldskráin að vera gegnsæ og byggjast á rekstrarlegum forsendum. Byggðalínuhringurinn tryggir að unnt er að flytja raforku frá öllum vinnslum til allra notenda. Hann tryggir því forsendur samkeppni og öryggi raforkuafhendingar fyrir alla landsmenn. Það er því eðlilegt að allir landsmenn taki sem jafnastan þátt í kostnaði við endurnýjun, viðhald og rekstur hans.

Í frv. er miðað við að flutningstöpum í meginflutningskerfinu verði jafnað þannig að gjaldskráin verði sem næst sú sama alls staðar á tengipunktum þess um allt land. Til að tryggja hagkvæmni kerfisins og vernda neytendur eru frelsi flutningsfyrirtækisins til að ákveða gjaldskrá settar skorður. Gjaldskráin verður að byggja á tekjuramma sem Orkustofnun ákveður. Gerð verður krafa um arðsemi í rekstri fyrirtækisins og getur Orkustofnun sem eftirlitsaðili krafist þess að fyrirtækið hagræði í rekstrinum.

Dreifikerfið tekur við þar sem flutningskerfinu sleppir. Gert er ráð fyrir að ráðherra veiti dreifiveitum sérleyfi til dreifingar á tilgreindum svæðum. Eins og flutningsfyrirtæki bera þær ríkar skyldur hvað snertir hagkvæmni, skilvirkni og öryggi kerfisins og jafnræði gagnvart notendum þess. Sama gjaldskrá á að gilda á fyrrgreindum gjaldskrársvæðum og eru dreifiveitum settar sambærilegar takmarkanir við ákvörðun gjaldskrár og flutningsfyrirtækjum.

Eins og ég gat um hér að framan hefur ekki náðst nægileg sátt um fyrirkomulag flutningskerfisins, stærð þess, stjórnun og gjaldskrá. Því er lagt til að gildistöku þess kafla verði frestað til 1. júlí 2004 en sérstakri nefnd er iðnrh. skipar við gildistöku laga þessara verði falið að gera tillögur um fyrirkomulag flutnings á raforku og skili nefndin tillögum í formi lagafrv. til iðnrh. fyrir 1. janúar 2004. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að aðrar leiðir séu skynsamlegri en hér er lagt til verður frv. nefndarinnar lagt fyrir Alþingi í ársbyrjun 2004 og taki gildi 1. júlí 2004. Þá er lagt til að gjaldskrár dreifiveitna verði að uppbyggingu til óbreyttar til sama tíma.

Í dag eru fyrir hendi óarðbærar einingar í flutnings- og dreifikerfi og hefur kostnaði vegna þeirra að nokkru leyti verið jafnað út í gjaldskrá á svæðum viðkomandi veitna. Þannig hafa viðskiptavinir Rariks og Orkubús Vestfjarða einir borið verulegan kostnað af óarðbærum einingum í aðveitu- og dreifikerfi fyrirtækjanna. Það hefur þó ekki dugað til og hinar óarðbæru einingar hafa því smám saman leitt til hallareksturs hjá viðkomandi dreififyrirtækjum þar til í óefni hefur verið komið. Hefur ríkið því í tvígang yfirtekið hluta af uppsöfnuðum rekstrarskuldum Rariks og Orkubús Vestfjarða á sl. 15 árum.

Gjaldskrá á að endurspegla raunverulegan kostnað í aðveitu- og dreifikerfinu. Er því ljóst að mæta þarf kostnaði notenda vegna óarðbærra eininga með öðrum hætti en verið hefur. Sérstök nefnd skoðaði þennan vanda á síðasta ári þannig að umfang vandans er nokkuð ljóst. Hins vegar hefur menn greint á um með hvaða hætti fjár yrði aflað til að jafna þennan kostnað. Því er hér lagt til að nefnd þeirri sem ætlað er að gera tillögur um skipulag flutningskerfisins fjalli um og geri tillögur um á hvern hátt verði staðið að jöfnun kostnaðar í flutnings- og dreifikerfinu.

Hæstv. forseti. Til að tryggja að markmiðum frv. verði náð þarf opinbert eftirlit með því að leyfishafar uppfylli sett skilyrði og að flutningsfyrirtæki og dreifiveitur ræki skyldur sínar og fari að reglum um gjaldskrá. Mikilvægt er að opinbert eftirlit sé ekki umfram það sem nauðsyn ber til og að því sé hagað á þann veg að kostnaður vegna þess sé í lágmarki. Af þeim sökum er miðað við að eftirlit verði sem mest hjá fyrirtækjunum sjálfum, þ.e. innra eftirlit. Hjá beinu opinberu eftirliti verður þó ekki komist. Þar sem því verður við komið þykir rétt að faggiltar skoðunarstofur annist eftirlit fyrir hönd opinberra eftirlitsaðila.

Orkustofnun er falið að hafa eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt lögum fullnægi þeim skilyrðum um starfsemina sem þar eru sett. Felst eftirlitið einkum í eftirliti með gjaldskrá og starfsemi sérleyfisfyrirtækjanna. Stjórnsýsluhlutverk Orkustofnunar verður því aukið frá því sem nú er. Á sama tíma fellur niður það eftirlitshlutverk sem nú er hjá ráðherra í formi staðfestinga á gjaldskrám. Þá getur ráðherra framselt leyfisveitingavald sitt samkvæmt frv. til Orkustofnunar. Ef um slíkt framsal verður að ræða verða ákvarðanir Orkustofnunar varðandi leyfi kærðar til ráðuneytisins.

Aukið hlutverk Orkustofnunar hefur kallað á rækilega skoðun á starfsemi og skipulagi stofnunarinnar. Hafa frumvörp um breytt hlutverk stofnunarinnar nýlega verið lögð fram á Alþingi og eru á dagskrá fundarins í dag. Áréttað er í raforkulagafrv. að Samkeppnisstofnun fari með eftirlit með fyrirtækjum sem starfa á samkeppnismarkaði, þ.e. vinnslu- og sölufyrirtækjum. Til að tryggja neytendavernd er gert ráð fyrir að settar verði reglur um öryggi og gæði raforkuafhendingar. Er hér gert ráð fyrir að Orkustofnun hafi eftirlit með að þeim reglum sé fylgt. Er slík neytendavernd nýmæli. Árlegur kostnaður vegna opinbers eftirlits er metinn á u.þ.b. 70 millj. kr. Lagt er til að flutningsfyrirtæki og dreifiveitur skuli greiða kostnaðinn.

Hæstv. forseti. Það hefur verið viðtekin skoðun á raforkumarkaði að ríkisforsjá sé náttúrulögmál. Reynsla annarra ríkja sýnir að svo er ekki. Ný hugsun hefur verið að ryðja sér til rúms í heiminum í þessu sambandi líkt og varðandi bankamál, símastarfsemi og samgöngur. Breytingarnar virðast mörgum vafalaust róttækar og það getur verið erfitt að breyta ríkjandi hugsunarhætti. Skipulagsbreytingar á raforkumarkaði hafa gengið vel í nágrannalöndum okkar og þó að aðstæður á íslenskum markaði séu vissulega sérstakar er ekki ástæða til að ætla annað en að þær muni gefast vel. Með þessu frv. er almennur rammi settur um starfsemi á raforkumarkaði en ljóst að töluverð vinna er fram undan við að útfæra hann frekar. Vonast ég til að við berum gæfu til að vinna saman að þeim markmiðum sem hér eru sett.

Í þeim anda er í ákv. til brb. VI með frv. lagt til að sett verði á fót samráðsnefnd til að stuðla að framkvæmd laganna og til að tryggja vettvang fyrir þá sem lögin snerta helst til að tjá sig og skiptast á skoðunum. Á nefndin að starfa til loka ársins 2009. Munu m.a. raforkufyrirtækin, atvinnulífið, neytendur, sveitarfélög og eftirlitsaðilar taka þátt í því starfi.

Mál þetta er afar viðamikið og um leið mikilvægt. Það hefur, eins og ég rakti hér áðan, fengið ítarlega kynningu og umfjöllun utan þings sem innan á undanförnum árum. Nauðsynlegt er að frv. verði að lögum á þessu þingi svo hefja megi undirbúning að nýju lagaumhverfi sem kæmi til framkvæmda 1. júlí 2003 samkvæmt frv.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að málinu verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[11:07]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í Morgunblaðinu nú á haustdögum birtist athyglisverð grein sem bar yfirskriftina „Raforkufrumvarp í vanda". Það sem gerði hana athyglisverða var auðvitað það að höfundur greinarinnar er hv. þm. Björn Bjarnason, áður ráðherra Sjálfstfl. í ríkisstjórn, sem í tvígang samþykkti að leggja þetta frv. fram sem stjórnarfrv. og þá jafnframt að falla frá fyrirvörum gagnvart tilskipun ESB.

Gagnrýni hv. þm. í þessari grein var sú að frv. væri einungis að litlum hluta byggt á Evrópurétti. Það var vandinn. Hann segist fyrir nokkru hafa lýst andstöðu við frv. og leggur til þá leið að lagt verði fram frv. sem einungis tæki til efnis Evrópuréttarins, að ekki sé verið að blanda öðrum breytingum á raforkulöggjöfinni saman við þau mál.

Herra forseti. Ég held að það væri gott fyrir umræðuna sem fram fer í dag að hæstv. ráðherra segði okkur hver viðbrögð hennar eru við þessum fullyrðingum fyrrum samstarfsmanns í ríkisstjórn og stjórnarþingmanns. Er það gagnrýni af þessu tagi, herra forseti, sem hefur haft áhrif á það hversu illa hefur gengið að koma frv. fram og hversu seint það er komið fram og að hluti þess verður ekki afgreiddur heldur settur í nefnd? Hvaða hluti frv. er þá byggður á Evrópurétti og er hægt að greina þann hluta frá öðrum hlutum frv.? Eða hverju er verið að blanda saman sem gerir blönduna svona ókræsilega að mati hv. þm. Björns Bjarnasonar?

[11:09]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. hefur eflaust tekið eftir svaraði ég þessari grein í Morgunblaðinu og færði rök fyrir því að ég teldi mikilvægt að horfa á heildarmyndina og að í raun væri mjög erfitt að innleiða einungis tilskipunina án þess að taka tillit til íslenska markaðarins og það held ég að sé aðalatriðið.

En eins og við höfum rætt áður á hv. Alþingi veitir tilskipunin vissulega ákveðið svigrúm. En það sem er þó algjört grundvallaratriði í henni er að ekki eru gefnar undanþágur frá frelsi varðandi vinnsluna. Það hefur engin þjóð fengið. Eftir að hafa átt fund með fulltrúum Evrópusambandsins og farið yfir málið var það algjörlega skýrt að aldrei hefði verið hægt að fá undanþágu frá þeim þætti. Hins vegar höfðum við ákveðið svigrúm sem lítið einangrað raforkukerfi til að fá hugsanlega undanþágu frá ýmsum þáttum, þ.e. ef það væri þannig að við ættum í erfiðleikum með að innleiða þá þætti. Hins vegar fengum við það skriflegt frá Orkustofnun fyrir nokkrum árum að ekki væri erfiðleikum bundið fyrir Ísland að innleiða þá þætti málsins og ég er alveg sammála þeirri niðurstöðu Orkustofnunar. Ég tel ekki að þetta mál sé þannig vaxið að það sé sérstökum erfiðleikum bundið fyrir okkur Íslendinga að innleiða þessa tilskipun. Þess vegna er ég mjög sátt við frv. sem nú liggur frammi og vonast til þess að það fái hér bærilegar viðtökur.

[11:11]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, hæstv. ráðherra er sátt við frv. sem hér liggur frammi. En hvað með aðra stjórnarþingmenn? Hvert nær samstaða stjórnarflokkanna um málið? Ég sé að hér er í salnum hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sem einnig hefur opinberlega lýst yfir andstöðu við málið og mun væntanlega skýra hana betur hér á eftir.

Er meiri hluti í ríkisstjórninni fyrir þessu máli? Er meiri hluti stjórnarliðsins fyrir málinu? Það er ljóst að viðkvæmir og stórir þættir þessa máls fara til nefndar. Er það leið til þess að sætta ríkisstjórnina og þar með yfirlýsing um að ríkisstjórnin hafi ekki þrek til að afgreiða málið vegna þess að augljóst er að endanleg afgreiðsla þess bíður nýrrar ríkisstjórnar?

Herra forseti. Ég held að það væri gagnlegt, eins og ég sagði áðan, að þetta yrði upplýst í upphafi umræðunnar vegna þess að hér er ekkert smámál á ferðinni. Á ferðinni er frv. sem leggur grunn að gerbreytingu raforkumarkaðarins. Og ef hæstv. ríkisstjórn ekki hefur þrek til þess að klára málið, eins og greinilega er að koma hér fram, þá held ég að gott sé að það komi fram vegna þess að það breytir auðvitað svolítið því hvernig menn takast á við málið í þinginu.

[11:13]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta mál var afgreitt án fyrirvara, eftir því sem ég best veit, frá báðum stjórnarflokkunum. Ég held að það svari hv. þm.

[11:13]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. fullyrðir í ræðustól við framsetningu frv. að frjálsræði hjá öðrum löndum í þeim dúr sem verið er að fara inn á hér hafi gefist vel. Ég spyr: Hvernig getur hæstv. ráðherra fullyrt slíkt þegar fréttir berast frá Noregi t.d. um að hin nýju fyrirtæki háfi inn gróða. Það er gríðarleg hækkun á raforkuverði, sérstaklega í kuldaköstum. Stórvandræði eru á svæðum eins og í Narvík þar sem raforkufyrirtækin komast hjá því að miðla og selja orkuna. Orkuverð í Noregi fór í vetur upp í 14 kr. á kílóvattstundina. Þaðan berast fréttir af gríðarlegum vandamálum í kjölfar breytinganna.

Mig langar að heyra skoðun hæstv. ráðherra á því sem er að gerast t.d. í Noregi og spyrja ráðherrann hvort þetta sé formúla sem hún getur skrifað upp á að hafi gengið nokkuð vel annars staðar, og tekur þá Noreg sem dæmi.

[11:14]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú ekki þannig, hv. þm., að erfiðleika þá sem hafa komið upp í Noregi megi rekja til þess fyrirkomulags sem þar er í sambandi við raforkumál. Þess má geta að Norðmenn voru fyrsta þjóðin til þess að taka upp frjálsræði í raforkumálum og gerðu það löngu áður en þeir voru tilknúnir til þess vegna aðildar sinnar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Það hefur verið sérstaklega kalt í Noregi í vetur og upp hafa komið alls konar vandamál þar í tengslum við það.

Þannig að það sem hv. þm. gat hér um er ekki hægt að rekja til þess fyrirkomulags sem að viðhaft er í sambandi við rekstur raforkukerfisins.

[11:15]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rangt hjá hæstv. iðnrh. að fyrirkomulagið stuðli ekki að þeim vandamálum sem koma upp í Noregi. Það er hagur fyrirtækjanna að framleiða sem mest á þeim tíma sem þeim hentar og þá láta fyrirtækin hjá líða að safna í uppistöðulón og miðla til vetrar. Það eru stóru málin þar og þetta er á grunni samtengingar við Danmörku eins og menn vita.

Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. að öðru. Það eru vonbrigði að í frv. skuli ekki vera tekið á félagslega þætti raforkukerfisins. Það þarf að vera á hreinu alveg frá upphafi. Við vitum öll að raforkudreifing í sveitum kostar fleiri hundruð millj. og við þurfum að hafa alveg klára formúlu fyrir því. Það má ekki fara í nefnd. Það þarf að vera í frv. Sérstaklega eru nefndar þrjár leiðir sem aðrir hafa farið í þeim efnum. Ein er auðlindagjald inn á vinnsluna. Menn hafa farið í skattaþáttinn. Það hefur verið gert víða. Svo eru það bein framlög ríkisins til þeirra fyrirtækja sem stunda raforkudreifingu í landinu. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur öll að í þessum pakka sé algjörlega neglt hvernig við ætlum að hátta raforkudreifingu í dreifbýli landsins og að þar sé gefin formúla. Ég spyr hæstv. ráðherra hvernig hún sér fyrir sér að það verði gert og hvaða formúla verði notuð af þessum þremur sem aðrir hafi ástundað.

[11:17]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil halda því til haga að vandamálin í Noregi eru að verulegu leyti út af veðurfarsástæðum, en að einhverju leyti búa þeir náttúrlega við allt aðrar aðstæður en við. Þeir selja rafmagn úr landi. Við erum hins vegar með einangrað kerfi á Íslandi. En það var ágætt að hv. þm. nefndi félagslega þætti vegna þess að mér fannst hann aldrei átta sig á því þegar ég var með fyrra frv. og fylgifrv. með því sem kvað á um að tekið skyldi sérstaklega á óarðbærum einingum. Þá var hann heldur ekkert ánægður og þakklátur fyrir þá framsetningu. Málið virðist því gagnrýnt af hans hálfu sama hvernig það er fram sett.

Niðurstaðan varð sú að setja þetta atriði inn í þá nefnd sem mun starfa og allir þingflokkar eiga aðild að því að þetta er stórmál og annað hefur aldrei komið til greina af minni hálfu en að taka á því í tengslum við framlagingu raforkulagafrv. Það fyrirkomulag sem lagt var til miðað við frv. sem dreift var hér í vor var að lagt yrði sérstakt gjald á allar seldar kílóvattstundir til þess að koma til móts við þennan kostnað sem eru kannski 400–500 millj. í allt. Hv. þm. má vera alveg viss um að ekki mun verða gengið þannig frá þessu máli að ekki verði tekið á þeim félagslega kostnaði sem til staðar er í dreifða kerfinu. Það kemur fram í frv. að þetta er eitt af því sem nefndin fjallar um.

[11:19]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið hjá hæstv. ráðherra hefur frv. til nýrra raforkulaga tvisvar verið lagt fram á Alþingi án þess að vera rætt, þ.e. bæði á 126. og 127. þingi. Í fyrra skiptið náði það þó að fara til nefndar sem vann nokkuð með það. En á síðasta þingi var það bara sýnt. Við þingmenn höfðum velt fyrir okkur, einkum þingmenn sem sitja í iðnn., hvað valdi þessari töf. Ekki síst var það á liðnum vetri þar sem okkur varð ljóst að frv. hafði allar forsendur til að koma fram fyrr.

Herra forseti. Það er nokkuð ljóst að þetta mál hefur lent í þæfingi millum stjórnarflokkanna. Miðað við það frv. sem hér liggur fyrir er ljóst að ríkisstjórnin hefur ekki þrek til að takast á við frv. Þess vegna er það sent hingað inn í þeim búningi að ákveðin atriði verði gerð að lögum núna, ef til þess næst meiri hluti Alþingis, en annað verði sent til nefndar og vinnist þar og bíði þá þess að ný ríkisstjórn takist á við það.

Eins og fram kom og margoft hefur verið ítrekað, og er að hluta til sú pressa sem gerir það þó að verkum að frv. kemur fram, á frv. að svara efni tilskipunar frá Evrópusambandinu sem Alþingi samykkti að fella inn í EES-samninginn vorið 2000. Með þeirri samþykkt, herra forseti, má segja að Alþingi hafi lagt grunninn að þeim breytingum sem hér er verið að fjalla um þannig að það á ekki algjörlega að koma mönnum í opna skjöldu hvert efni frv. er, hver undirstaða þess er eða hugmyndafræði.

Þetta átti að vera búið að innleiða í íslensk lög hinn 1. júlí sl. Því er ekki seinna vænna, herra forseti, að Alþingi gangi til þeirra verka sem nú bíða þó það sé gert með þeim hætti sem hér liggur fyrir.

Samkvæmt frv. ber að tryggja forsendur samkeppni í sölu og vinnslu raforku og þar eru lagðar til reglur sem eiga að tryggja jafnræði aðila til vinnslu og sölu raforku og jafnan aðgang að flutnings- og dreifikerfi. Flutningur og dreifing orkunnar eru skilgreind sem náttúrlegir einokunarþættir þar sem ekki er gert ráð fyrir nema einu kerfi sem allir framleiðendur og notendur hafi aðgang að. Eitt fyrirtæki mun stýra flutningi orkunnar um landið en mörg geta dreift henni á afmörkuðum svæðum. Samkeppnin verður annars vegar á milli þeirra sem framleiða orkuna, orkuframleiðslufyrirtækjanna, og síðan á milli þeirra sem selja hana á hinum mismunandi dreifingarsvæðum, smásalanna í raforkunni.

Samfylkingin er í sjálfu sér ekki á móti þeim anda frv. að forsendur verði skapaðar fyrir samkeppni á þeim sviðum þar sem hún á við. Öll viðleitni í þá átt að skapa jafnræði á markaði og gegnsæi ákvarðana er af hinu góða. Vonandi tekst farsælt samkomulag einhvern tíma, herra forseti, um það hvernig orkuverð verður jafnað gagnvart þeim sem ella byggju við dýrustu orkuna. Frv. um þann þátt er ekki komið fram enn. Það er hluti af nefndarstarfinu mikla.

Við höfum fylgst með því á undanförnum árum hvernig fyrirtæki á orkumarkaði hafa verið að undirbúa sig undir væntanlegar breytingar og samkeppni á markaði, m.a. með því að kalla eftir breytingum á rekstrarformi sínu, og Alþingi hefur stutt þá viðleitni með viðeigandi lagabreytingum. Samfylkingin hefur jafnan stutt þær breytingar. Við höfum síðan séð fyrirtæki á orkumarkaði sameinast og við vitum af bollaleggingum og ákvörðunum um enn frekari sameiningar og Landsvirkjun hefur fyrir meira en tveimur árum stofnað sérstakt flutningasvið þar sem rekstur þess er aðgreindur frá öðrum rekstri. Þannig reyna forsvarsmenn þessara fyrirtækja að tryggja stöðu þeirra í nýrri og breyttri veröld sem menn sjá þó kannski ekki alveg fyrir enn. Vandi fyrirtækjanna og Alþingis, sem nú fær loks að takast á við hluta þessa máls, er auðvitað sá að ekki liggur fyrir hvernig efnið mun endanlega ríma við hinn íslenska veruleika og það er vegna bráðabirgðaákvæðis um hlutverk nefndarinnar sem á, herra forseti, að gera tillögu um fyrirkomulag flutnings raforku, þar með talið um stærð flutningskerfisins og þá væntanlega

í leiðinni stærð dreifikerfisins. Það er ekkert smámál þar. Nefndin á að gera tillögur um hvernig rekstri flutningskerfisins og kerfisstjórn skuli háttað þannig að öryggi, skilvirkni og hagkvæmni kerfisins verði sem best tryggð. Nefndin á líka að móta tillögur um uppbyggingu gjaldskrár fyrir flutning raforku og tillögur um það hvernig hætti eigi að jafna kostnað vegna flutnings og dreifingar raforku á hinu dreifbýla Íslandi þar sem þetta eru auðvitað lykilþættir. Þetta, herra forseti, er hinn félagslegi þáttur sem vikið var að áðan. Við sem eigum að vinna að málinu í iðnn. hljótum að velta því fyrir okkur hvert okkar hlutverk verður gagnvart þessum atriðum sem eru skrifuð inn í texta frv. að hluta en eiga samt sem áður að vinnast áfram í nefnd.

Það hefur komið fram hjá hæstv. iðnrh. að talið var að upptaka tilskipunarinnar styrkti stefnu stjórnvalda hvað varðaði þróun og breytingar á raforkumarkaði enda hafði komið fram að engin vandkvæði væru á upptöku hennar. Þau vandkvæði sem við höfum þó horft framan í eru e.t.v. fyrst og fremst pólitísk, þ.e. það hefur gengið ótrúlega brösuglega fyrir hæstv. ráðherra að leggja frv. fram. Í haust var haft eftir ráðherranum að metnaður hennar stæði til þess að klára málið þannig að það yrði að lögum fyrir áramót. Frv. var hins vegar ekki dreift fyrr en rétt fyrir jólahlé. Það var þó lagt fram það tímanlega að von ætti að vera til að það hljóti afgreiðslu Alþingis fyrir vorið, þá með stóru þættina tekna undan þar sem ekki virðist vera um þá samkomulag.

Herra forseti. Ég vék að því í andsvörum áðan að það er greinilega ekki eining í stjórnarliðinu um efni raforkulagafrv. og það er miður að ekki skuli hafa náðst samstaða um þær miklu breytingar sem fyrirhugaðar eru á rekstrarumhverfi orkufyrirtækjanna. Það er auðvitað mikilvægt að um svo stórt mál sé samstaða. Hins vegar er það kannski ágætt að það bíði næstu ríkisstjórnar að ganga frá þessu máli. Þarna inni eru þættir sem hugsanlega verða betur komnir í höndum annarrar ríkisstjórnar en þeirrar sem nú situr. Vandinn er hins vegar sá, herra forseti, að málið er búið að bíða nokkuð lengi. Það hefur tafist hvað eftir annað. Á meðan bíður orkugeirinn þess sem verða vill og aðrir þeir sem hagsmuna eiga að gæta.

Já, það vakti sannarlega athygli þegar Björn Bjarnason, fyrrum ráðherra í ríkisstjórn sem stóð að framlagningu frv. í tvígang sem stjfrv., fór fram með þeim hætti sem ég ræddi um áðan. Hann var sem sé orðinn á móti málinu þótt hann hefði samþykkt að leggja það fram og samþykkt að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara vegna tilskipunarinnar, eins og hæstv. ráðherra orðaði það á Alþingi vorið 2000. Nú vildi þessi sami Björn leita undanþágu frá málinu, undanþágu frá eigin ákvörðun á Alþingi, undanþágu frá eigin ákvörðunum í ríkisstjórn, undanþágu frá ákvörðunum þingflokks Sjálfstfl. Eins og ég vék að, herra forseti, hefur flokksbróðir hans, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sömuleiðis farið fram gegn málinu. Hann er nú hér staddur og mun væntanlega skýra það fyrir okkur á eftir í hverju hans andstaða liggur.

Það hefur satt að segja verið kostulegt að fylgjast með þeim félögum biðja um þessar undanþágur frá eigin verkum og er það ekki til þess fallið að styrkja málið eins og búningur þess er núna.

Margoft hefur verið bent á sérstöðu íslenska raforkumarkaðarins. Markmið frv. er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri nýtingu orkulinda í því skyni að efla atvinnulíf og byggð í landinu, eins og þar segir, og svo að uppfylla hinar alþjóðlegu skuldbindingar.

Herra forseti. Ísland hefur sérstöðu. Við erum ekki hluti af innri markaði heldur lítið einangrað orkukerfi þar sem um 70% orkunnar fara til stóriðju með langtímasamningum — það er ekki mikið eftir til að bítast um — 90% þegar Kárahnjúkavirkjun verður komin í gagnið, herra forseti. Enn minnkar það sem hægt er að berjast um á smásölumarkaðnum. Þessi sérstaða og önnur hefur kallað á ýmsar spurningar og efasemdir. Þessar spurningar og efasemdir hafa bæði fundist hjá stjórnmálamönnum í stjórn og stjórnarandstöðu og í hópi þeirra sem vinna í raforkugeiranum og tilheyra hinum ýmsu orkufyrirtækjum, en þar hafa verið afar skiptar skoðanir um innihald frv. og fer það nokkuð eftir því á hvaða hól viðkomandi stendur. Þó að stór ágreiningsefni séu komin í nefnd eru þau ekki leyst.

Bent hefur verið á að erfitt geti orðið um samkeppni í raforkuframleiðslu þegar eitt fyrirtæki yfirgnæfi á markaðnum og sé auk þess búið að tryggja sér alla hagkvæmustu kostina á næstu árum. Ekki stendur til að hrófla við því eins og þegar hefur komið fram. Menn efast um raunverulega samkeppni framleiðenda þar sem Landsvirkjun eigi nú þegar rjómann af virkjunum landsins og hafi tryggt sér það besta á næstu árum, eins og sagt var í mín eyru. Um þetta var talað hér í upphafi þingfundar, herra forseti, undir þeim formerkjum að mikið kapphlaup væri í gangi um virkjanakostina. Mér finnst að Alþingi verði að kannast við ábyrgð sína í þeim efnum. Landsvirkjun hefur jú haft ákveðna lagalega skyldu til að hafa hér ávallt næga raforku til að afhenda bæði almenningsveitum og stóriðjuverum ef eftir er kallað. En það réttlætir þó ekki með hvaða hætti fyrirtækið fer í virkjanir eða krakar að sér virkjanakostum á hverjum tíma.

Hin fyrirtækin hafa fyrst og fremst haft áhyggjur af þessum yfirburðum Landsvirkjunar á framleiðslumarkaðnum. Auðvitað hljótum við að hafa áhyggjur af því einnig. Á móti hefur verið bent á að Landsvirkjun hafi enga samkeppnisstöðu á dreifingar- eða smásölumarkaði þar sem fyrirtækið hafi samkvæmt lagafyrirmælum einungis verið í að framleiða raforku, flytja hana, selja til stóriðju og síðan til smásala. Komið hafa fram hugmyndir um að til að af samkeppni geti orðið þurfi annaðhvort að hluta Rarik og þá Landsvirkjun í sundur, og þannig að stíga skrefið til fulls, ellegar fara í algjörar lágmarksbreytingar.

Það eru fleiri álitaefni og ábendingar sem hafa komið fram. Býsna margir fullyrða að raforkuverðið muni hækka. Upphaflega höfðu menn mestar áhyggjur af þeirri óhagkvæmni sem kæmi af því að skipta þurfi fyrirtækjunum upp, þó ekki væri nema bara bókhaldslega. Svo hafa menn áhyggjur af auknum eftirlitskostnaði og aukinni arðsemiskröfu. Einnig hafa komið fram áhyggjur af því hvernig taka skuli á óarðbærum einingum og hvort jöfnun raforkuverðs eigi að koma með sérstöku framleiðslugjaldi eða af skattfé.

Menn hafa áhyggjur af því hver niðurstaðan verður fyrir neytendur, áhyggjur af því hvernig hinum félagslega þætti verður endanlega fyrir komið. Menn hafa velt vöngum yfir því hvort hægt væri að stofna orkumarkað sem allir seldu inn á og keyptu af til að tryggja betri samkeppnisforsendur. Menn hafa velt fyrir sér hvort það sé raunverulegur vilji til að efna til raunverulegrar samkeppni á markaði eða hvort hér sé frekar á ferðinni hliðstæða frv. sem ríkisstjórnin lagði fram og fékk samþykkt sem lög varðandi Landssímann og ætlaði síðan að selja hann, þ.e. að það stæði kannski fyrst og fremst til að breyta örlítið um fyrirkomulag, viðhalda kerfinu í stórum dráttum en hugsanlega í eigu annarra.

Þetta eru allt þættir sem þarf að gaumgæfa, herra forseti. Þeir skipta verulegu máli. Það skiptir verulegu máli fyrir neytendur hvernig þetta kerfi kemur til með að líta út og virka.

Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra hefur frv. verið skoðað og gaumgæft. Það hefur breyst nokkuð frá því að það var upphaflega lagt fram, m.a. er virkjanaleyfi nú ótímabundið. Ef fyrirtæki fær virkjanaleyfi er það ótímabundið en upphaflega var gert ráð fyrir virkjanaleyfi til 50 ára, skv. 4. gr. beggja frv. Það virkjanaleyfi sem átti að vera til 50 ára hefði fallið úr gildi eftir fimm ár ef fyrirtækið hefði ekki hafið framkvæmdir. Það var ekki hægt að lúra á leyfinu lengur. Það átti síðan að geta fallið úr gildi eftir tíu ár ef ekki væri kominn í gang rekstur. Það var sem sé, herra forseti, hugsað fyrir því að menn gætu ekki krakað að sér virkjanaleyfum og lúrt síðan á þeim heldur þyrfti að vera ákveðin hreyfing á þessum markaði.

Eins og ég sagði er virkjanaleyfið ótímabundið og búið að færa árin fimm upp í tíu, þ.e. á þeim tíma fellur leyfi út ef ekki eru hafnar framkvæmdir, og 15 árum hefjist ekki rekstur. Þar með getur Landsvirkjun verið rólegri gagnvart þeim virkjanakostum sem þegar er búið að ánafna fyrirtækinu, sem og önnur orkufyrirtæki.

Herra forseti. Sem fylgifrv. þessa frv. eru frv. um breytingar á öðrum orkulögum sem þurfa að koma til jafnhliða. Ef þau frv. verða að lögum, þau munum við ræða hér síðar í dag, mun m.a. lagaumhverfi Landsvirkjunar taka nokkrum breytingum og af fyrirtækinu létt þeim skyldum sem það hingað til hefur haft varðandi það að hafa ávallt raforku til reiðu þegar almenningsveitur eða stóriðjufyrirtæki telja sig þurfa.

Þetta lagaákvæði hefur sett ákveðnar skyldur á fyrirtækið en auðvitað líka veitt því ákveðinn forgang. Það hefur gert að verkum að fyrirtækið hefur haft ákveðna afsökun, ef nota má það orð, fyrir því að skoða virkjanakosti um allt land, því að landið er jú allt undir, m.a. þá kosti sem fréttir bárust af í morgun. Fyrirtækið hefur ávallt getað borið því við að á því hvíldu þær lagaskyldur að það yrði að rannsaka, skoða og vita hverjir möguleikarnir væru.

Þetta verður rætt síðar dag, herra forseti, og hvaða áhrif þessar breytingar muni hafa á umhverfið og gætu haft á ýmislegt af því sem nú er í pípunum, bæði varðandi orku til nýrra stóriðjuvera og þess sem þegar er vitað og sömuleiðis varðandi aðra þá þætti er lúta að breytingum á orkumarkaði.

Herra forseti. Iðnn. mun hafa ærið verkefni þegar þetta frv. kemur fyrir hana. Það verkefni er þó kannski svolítið snúið vegna þess að stór og viðkvæmur hluti þess verður settur í nefnd eins og áður hefur komið fram. Eigi að síður eru ýmis atriði sem þarf að gaumgæfa eins og ég hef hér rakið og hef þó ekki farið yfir nema brot af efni frv.

[11:37]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið hjá framsögumanni er það rétt að þetta mál hefur nokkuð lengi verið á döfinni. Það hefur verið kynnt mjög víða og fengið mikla umræðu. Skemmst er frá því að segja, eins og fram hefur komið, að þetta er heildarendurskoðun raforkulaganna en hugsunin á bak við hana og ástæðan fyrir henni er náttúrlega tilskipun frá EES, 96/94, sem við lögleiddum hér vorið 2000.

Það er líka rétt sem komið hefur fram að þegar þessi tilskipun var fyrst rædd og skoðuð af opinberum aðilum þá fögnuðu henni mjög margir fagaðilar, sérstaklega Orkustofnun og fleiri. Þeir töldu hana mjög til góðs og ávinnings fyrir Ísland. Þannig var þetta kynnt og þannig voru fyrstu umræðurnar um það, að hér væri komið ágætismál sem mundi gagnast okkur vel.

Þessi tilskipun Evrópusambandsins er, í ljósi hagsmuna Vestur-Evrópu, mjög eðlileg. Hún stuðlar að því sem skiptir öllu máli fyrir Vestur-Evrópu, stuðlar að því að bæta samkeppnisaðstöðu þess heimshluta. Þar eru náttúrlega þúsundir og tugir þúsunda framleiðenda og dreifenda. Þar eru milljónir og aftur milljónir neytenda. Með það mikla þéttbýli og öll þau landamæri er mjög eðlilegt að þeir reyni að koma á þessari skipan. Hún þjónar örugglega þeirra hagsmunum miðað við þeirra aðstæður. Um það efast enginn, að hún sé rétt til komin og þeir séu að gera rétt fyrir sína hagsmuni.

En þegar við lítum á Ísland, þ.e. þetta stóra land, 103 þús. ferkílómetra með 290 þús. íbúum, blasir náttúrlega við okkur gjörsamlega önnur veröld en sú í Vestur-Evrópu. Við búum í mjög dreifðum byggðum meðfram allri strandlengjunni og dálítið fram til dala sums staðar. Um veturna hefur veðurfarið reynst okkur ákaflega erfitt varðandi raforkuflutninga. Áratugum saman gegnum rafvæðingu Íslands höfum við fyrst og fremst reynt af fremsta megni að tryggja raforkuflutningana um allt land og öryggi í raforkuflutningum sem við verðum alltaf háðari og háðari með hverjum áratugnum sem líður.

Ég held að þegar menn skoða þetta, þann gríðarlega mismun sem er þarna á aðstæðum, geti allir séð að hér er ekki um sambærilega hluti að ræða, ekki á nokkurn hátt. Það er að vísu rétt að við lögleiðingu þessara tilskipana var ekki gerður neinn fyrirvari af Íslands hálfu. Það ætla ég að hafi stafað af því að menn eru ekkert á varðbergi, eins og oft gerist. Menn eru stundum ekki vakandi fyrir því sem er að gerast. Það er þó betra seint en aldrei.

Við vitum það varðandi stækkun Evrópusambandsins að þar á bæ hafa menn ekkert við það að athuga að sérstök raforkukerfi sem eru ekki tengd Vestur-Evrópu á nokkurn hátt, samanber á eyjunum Möltu og Kýpur, búi við sérsamninga. Það liggur alveg fyrir. Að vísu ætla ég að það sé rétt hjá hæstv. iðnrh. að ekki sé nokkur leið að fá undanþágu varðandi framleiðsluþáttinn. Ég tek því þannig og trúi að það sé alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra, enda er það ekki það sem veldur okkur vandræðum. Það væri allt í lagi þó að við færum ekki fram á neina undanþágu varðandi framleiðsluþáttinn. Það sem við þurfum að gera, ég er sannfærður um að við eigum að gera það, er að sækja um undanþágu varðandi flutninginn og dreifinguna.

Ég trúi því og tel mig hafa ýmislegt fyrir mér í því að slík undanþága fyrir Ísland væri auðsótt. Svo sérstakir eru hagsmunir okkar, svo sérstök er lega okkar og svo langt frá því að við tengjumst nokkuð Vestur-Evrópu í raforkumálum. Komi til slíkra hluta einhvern tíma í framtíðinni bíður það þess tíma og þá er nógur tími til að ræða það.

Ég lít þannig á, herra forseti, og út á það hafa athugasemdir mínar alla tíð gengið, að það sem skiptir landsbyggðina og dreifbýlið öllu máli sé öryggi í flutningi og að menn tryggi að grundvöllur jöfnunar á raforkukostnaði sé skýr, fari ekki á milli mála og sé breiður, þ.e. að allir taki þátt í honum. Ég er sem sagt sannfærður, herra forseti, um að samkeppni í flutningi og dreifingu á raforku á Íslandi sé fjarstæða. Ég tel að aldrei muni koma til þess og það muni aldrei skila okkur nokkrum árangri. Hins vegar liggur fyrir að slík uppsetning, eins og menn hafa verið að gæla við á

undanförnum árum, mun kosta okkur gríðarlegt fé í eftirliti. Fyrir það mun enginn borga nema neytandinn. Það mun allt koma niður á neytendum. Sú breyting, að ætla að reyna einhverja samkeppni þarna getur aldrei haft annað í för með sér en hækkun á raforkuverði.

Menn hafa nefnt ýmsar tölur varðandi þetta. Ég ætla samt ekki, herra forseti, að nefna neina tölu. Þessar tölur eru alveg óráðnar. Við getum ekki nefnt þær með neinni vissu. Ég vil þó, herra forseti, minna á að reynslan, bæði hérlendis og erlendis, varðandi þróun eftirlitskostnaðarins er á einn veg. Það stendur eftir að menn höfðu ekki ímyndunarafl til að gera sér grein fyrir í hvílíkar himinhæðir eftirlitsiðnaðurinn gæti stigið. Sá kostnaður hefur alltaf reynst miklu hærri en nokkur lét sér detta í hug. Þannig hefur þetta verið erlendis og þannig er hin íslenska reynsla. Það er ekki langt að sækja hana. Við getum nefnt stofnanir eins og heilbrigðiseftirlitið og matvælaeftirlitið, ég tala nú ekki um Fiskistofu o.s.frv. Þetta er alltaf í himinhæðum, hundrað sinnum, þúsund sinnum stærra en maður lét sér detta í hug frá því að skipan mála var ákveðin. Ég ætla ekki að nefna neina tölu. Ég er sannfærður um að hið sama muni gerast í þessu tilfelli varðandi eftirlit með raforku eins og í öðrum þáttum. Það mundi verða miklu hærra en nokkrum manni dettur í hug.

Herra forseti. Í frv. er þessi þáttur, flutningur og dreifing, settur í ákveðna nefnd og henni er ætlað að koma með skipan í þetta mál. Ég tel að þetta sé grunnatriðið fyrir íbúa alls dreifbýlisins, grunnatriði sem skiptir öllu máli fyrir það og því get ég ekki samþykkt að skilja þetta eftir í einhverri nefnd. Ég tel að þetta sé verkefni númer eitt sem þingið, hið háa Alþingi á að takast á um. Það sem við eigum að afgreiða hér er sá þáttur. Ég hef ekkert á móti þeirri skipan sem kemur hér fram um sölu og framleiðslu á raforku, ég hef ekkert á móti mjög mörgu af því sem er í frv. Ég er alveg sannfærður um að þessi heildarlöggjöf er að mörgu leyti mjög góð og mjög þörf en ég tel að Alþingi eigi að taka þennan þátt fyrir líka og eigi að horfa til þess að engin von sé til þess að samkeppni á þeim þáttum, þ.e. flutningnum og dreifingu, geti skilað okkur neinum árangri, þ.e. af neinni hagkvæmni. Ég er alveg sannfærður um það, herra forseti, að allt varðandi dreifingu og flutning eigum við að hafa í einu fyrirtæki sem ég tel eðlilegt að sé í höndum ríkisins, hins opinbera, og þar séu mjög ákveðnar reglur um að við ætlum að jafna raforku, við ætlum að láta alla standa að þeirri jöfnun þannig að ekkert fari á milli mála hver sé hugur og vilji Alþingis. Þannig tel ég að við eigum að gera það. Þannig tel ég að iðnn. muni taka á þessu máli og ég er sannfærður um það, herra forseti, að þegar hv. iðnn. fer í gegnum þessa hluti mun hún komast að því að mjög margir aðilar hafa á undanförnum missirum og árum verið að skoða þetta.

Niðurstaða allra sem ég þekki er sú að það að láta sig dreyma um samkeppni í flutningi og dreifingu getur aldrei haft í för með sér annað en vandræði og kostnað þannig að við eigum og við getum á þessu þingi, herra forseti, staðið að hlutum sem við getum orðið þverpólitískt sammála um. Ég trúi því. Hér liggur mjög mikið við að iðnn. fari nákvæmlega ofan í þetta. Hún á að vinna þetta með hæstv. iðnrh. og ég fullyrði líka, eins og ég gerði áðan, að það á að sækja um undanþágu frá þessari tilskipun. Það verður hægt því að það er ekki verið að skerða neitt af því sem fyrir Evrópusambandinu vakir. Þeir eru að treysta sinn grundvöll, þeir eru að treysta samkeppnishæfni fyrirtækja sinna miðað við sínar aðstæður. Og að sjálfsögðu er eðlilegt að Ísland hafi sömu sjónarmið þegar það gengur frá sinni raforkulöggjöf: að treysta grundvöll byggðanna, treysta grundvöll atvinnufyrirtækjanna, að þau geti fengið raforku sem við náum fram með hagkvæmni. Það getum við eflaust gert í framtíðinni gagnvart raforkuframleiðslunni. Þó að það sé kannski ekki í augsýn í dag trúi ég því að það muni koma og það muni leiða okkur til gæfu og betri samkeppnisaðstöðu íslenskra atvinnufyrirtækja. Það er því rangt, herra forseti, eða misskilningur sem kom fram hjá hæstv. iðnrh. áðan þar sem upplýsingar hennar voru ekki réttar, henni hefði verið sagt að frá þingflokki Sjálfstfl. hefði þetta verið afgreitt án athugasemda. Það er ekki rétt. Í afgreiðslu þingflokks Sjálfstfl. liggur fyrir mjög skýrlega bókað að með þessu fyrirkomulagi, þ.e. að skilja allt sem skiptir landsbyggðina höfuðmáli eftir í lausu lofti, muni ég aldrei samþykkja þetta frv.

[11:51]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er nokkur vandi á höndum, að hafa tvær mínútur núna því að málið er að hv. þm. misskilur grundvallaratriði málsins. Það er þá kannski ekki mikið þó að hann hafi haft fyrirvara við afgreiðslu þess úr þingflokki sjálfstæðismanna miðað við þessa ræðu. Það er ekki verið að tala um samkeppni í flutningi og dreifingu. Hann margtuggði í ræðu sinni að það ætti ekki að taka upp samkeppni í flutningi og dreifingu raforku. Það er ekkert um það að ræða. Þetta eru sérleyfisþættir. Það er samkeppni í vinnslu og sölu á báðum endum og það að gefa í skyn að það sé eitthvert óöryggi í þessu nýja fyrirkomulagi er líka algjör misskilningur. Það sem verst er, að gefa í skyn að þetta sé landsbyggðafjandsamlegt og þetta sé fyrirtækjafjandsamlegt, það er kannski mesti misskilningurinn. Ég veit að Samtök iðnaðarins t.d. bíða eftir að fá frv. samþykkt sem lög. Þetta veitir fyrirtækjunum það svigrúm að geta samið um raforku og haft eitthvert val þannig að hv. þm. sem hefur almennt talað fyrir fyrirtækjarekstur í landinu, þarna er hann líka kominn í algjöra þversögn.

Svo er þetta með undanþáguna, það hefði verið hægt að sækja um undanþágu og þar fram eftir götunum. Ég fór aðeins yfir það áðan hvernig þau mál eru. Iðnrn. tók á þessum tíma að sjálfsögðu upp viðræður við Evrópusambandið um málið og niðurstaðan varð sú að við fengum tveggja ára frestun í sambandi við gildistökuna. Við vorum viðurkennd sem lítið og einangrað raforkukerfi og þannig lagað gætum við fengið undanþágu hvað varðar ýmsa þætti ef við gætum sannað að það væri vandkvæðum bundið að taka upp ákvæðin ákvæði, að innleiða þau hér sem lög. Niðurstaðan er að það er ekki vandamál þannig að hv. þm. er á villigötum, því miður.

[11:53]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef það er misskilningur minn, eins og hæstv. ráðherra vill vera láta, skulum við bara ganga frá þessu frv. þannig að tryggt sé í því, en ekki vera að bíða eftir neinni nefnd, að flutningurinn og dreifingin séu á einni hendi. Við skulum þá ganga frá því. Þá er enginn misskilningur hjá mér. (**Iðnrh.:** Þarftu þá ekki að bíða eftir nýrri ríkisstjórn?) Af hverju er verið að setja þetta í nefnd? Af hverju er verið að fresta ákvörðun um það hvernig við ætlum að haga jöfnuninni á raforkunni? Af hverju er verið að setja það í nefnd? Ef ég hef eitthvað misskilið það skulum við bara ganga frá því hvernig við ætlum að hafa þetta í frv., þá er það leyst. Þá eru engin vandræði hjá mér ef það liggur fyrir í frv. hvernig við

ætlum að gera þetta. Þá skal ég svo sem standa með þessu frv. Ekki stendur á mér. Við skulum þá setja þetta inn í frv. en ekki geyma það.

Það liggur líka fyrir að auðvitað fengum við frestun hjá Evrópusambandinu að taka þetta gilt. Ég veit allt um það. En við höfum ekki sótt um undanþágu frá þeim þætti að í dreifingunni og í flutningnum sé ekki samkeppni. Við höfum ekki sótt um það. Ég er handviss um það og hef um það upplýsingar frá stóra fyrirtækinu, raforkuframleiðendum Euro Electric, að við getum alveg fengið þessa undanþágu eins og við þurfum frá Evrópusambandinu. Við skulum gera það.

[11:55]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og þingheimur veit er búið að taka dálítinn tíma að koma þessu máli til alvöruumræðu á hv. Alþingi. Það hefur verið vegna þess að ekki hefur náðst samstaða á milli stjórnarflokkanna nákvæmlega um útfærslu málsins. (Gripið fram í.) En vandamálið er það — eða það er þá bara ekkert vandamál á ferðinni miðað við það að hv. þm. er núna tilbúinn að samþykkja frv. án þess að það verði til nokkur nefnd. Það væri það besta, að mínu mati. En það er hins vegar ekki það sem við erum að fjalla um núna, að gera það á þann hátt. Til þess að ná samstöðu var ég svo einstaklega lipur að samþykkja það að ákveðnir þættir færu í frekari vinnslu í nefnd (Gripið fram í.) sem er mjög breið (Gripið fram í.) og fjallar um frekari útfærslu á flutningskerfinu og uppbyggingu gjaldskrár. Að auki mun sú nefnd fjalla um hinar óarðbæru einingar, hvernig tekið skuli á þeim, vegna þess að ekki var algjör samstaða um hvernig það skuli gert, hvort það skyldi gert með fjárveitingu á fjárlögum sem ég hefði talið mjög gott, að taka það af fjárlögum hverju sinni. Hv. þm. er varaformaður fjárln. og vonandi samþykkir hann það núna í hvelli (Gripið fram í.) að við fáum 500 millj. á fjárlögum á ári hverju og leysum þá málið. Það væri náttúrlega mjög einfalt. En ég þyrfti þá að hafa það algjörlega tryggt að það yrði til frambúðar því að þetta er stórt atriði og ég þekki það mjög vel sem landsbyggðarþingmaður. (Gripið fram i.)

[11:57]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við skulum fara aðeins yfir þetta. Ef menn eru sammála um að engan árangur sé að hafa af samkeppni í flutningi og dreifingu raforku getum við mjög vel gengið frá þessu frv., og gengið frá því þannig að flutningurinn og dreifingin sé á einni hendi, einu fyrirtæki sem hið opinbera á. Jöfnunin eigi sér stað í heildsölunni. Allt tal um einhverjar óarðbærar einingar er bara til að búa til vandræði. Hvaða einingar eru arðbærar og ekki arðbærar? Við eigum að jafna raforkunni í heildsölunni á einu bretti. (**Iðnrh.**: Hver er meiningin?) Það er fráleitt að koma með peninga í fjárlögum til þess að segja mönnum í þessum dal eða á hinum staðnum: Þetta fékkst þú út á þína línu og þessi sveitabær kostaði þetta og þetta. *Það er fráleit skipan og kæmi aldrei til mála* (Gripið fram í.) af minni hálfu að vera samþykkur því. Við eigum að jafna þessu í heildsölunni (Gripið fram í.) og það er alveg óþarfi af hæstv. iðnrh. að vera með frammíköll við andsvar mitt. Ég skal koma hingað aftur á eftir og tala, við getum haldið áfram í dag með umræðuna. Það er alveg ljóst að hagsmunir landsbyggðarinnar liggja í því að við tryggjum raforkuflutning og öryggi í raforkuflutningi og við tryggjum það með einu slíku fyrirtæki þar sem engri samkeppni verður komið við, enda er engri samkeppni hægt að koma við. Þannig tryggjum við jafnan aðgang að orku og jafnan kostnað af raforku um landið allt. Það er þetta sem skiptir máli, þetta á að vera inni í frv. og ef hæstv. iðnrh. er því samþykk er þetta mjög auðvelt, þá setjum við þetta bara inn í frv.

[11:59]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil spyrja hv. þm. Einar Odd Kristjánsson af hverju í ósköpunum hann hafi verið svona seinn að kveikja í þessu máli. Í umræðu um raforkumál sl. tvö ár hef ég fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs drepið á nákvæmlega sömu grunnþætti og hv. þm. gerir, þ.e. undanþágumöguleika frá tilskipun ESB, dreifbýlið og jöfnun kostnaðar. Að því leyti til erum við algjörlega sammála, þetta eru meginatriði sem þarf að taka á. En hvers vegna í ósköpunum, verandi í stjórnarflokki og stærri stjórnarflokknum, er hv. þm. að koma upp með þessi mál núna, vekur fyrst athygli á þessu af krafti á haustdögum hvað varðar Orkubú Vestfjarða og lýsir þá mjög miklum efasemdum? Það gerir hv. þm. Björn Bjarnason einnig. Þessi mál eru búin að vera í grundvallaratriðum í umræðunni sl. tvö og hálft ár í tengslum við mörg mál, þar á meðal í tengslum við umfjöllun um Orkubú Vestfjarða. Eru þessi mál ekki rædd í þaula, í grunn, í stjórnarflokkunum? Hvers vegna þurfa stjórnarliðar á síðustu metrum afgreiðslu mála að koma fram með gagnrýni sem er í grundvallaratriðum þannig að frv. er ónýtt og þyrfti að vinna upp á nýtt? Ég er sammála hv. þingmanni varðandi samanburðinn við Evrópusambandið og tilskipanir, og ekki síst félagslega þáttinn. Ég drap á það mál í andsvari við hæstv. ráðherra að það er óafgreitt og algjörlega óásættanlegt að það mál fari í nefnd. Það verður að vera gengið frá því í frv. *Og ég er sammála hv. þingmanni um jöfnun.* En hvers vegna þessi seinagangur? Það skil ég ekki og spyr um hann.

[12:01]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst þetta andsvar alveg óþarfi. Mér finnst að mínum kæru félögum og hv. þingmönnum öðrum eigi að leyfast að komast persónulega að einhverri niðurstöðu eða skoðun þegar þeim hentar og ekki eigi að atyrða menn fyrir það. Ég minnist þess ekki að menn hafi verið skammaðir, ef þeir hafa komist að einhverri niðurstöðu, klukkan hvað þeir gerðu það eða hvort þeir gerðu það. Ekki að segja: Af hverju komst þú ekki á þessa skoðun í gær eða í hinni vikunni? Ég held að ef hv. þm. er ánægður með sjónarmið mín ætti hann bara að gleðjast yfir því en ekki harma það að ég hafi ekki komið fram með þau í fyrra eða hittiðfyrra. Ég fór fyrst að ræða um þessi mál fyrir tæpu ári, ég hefði kannski átt að ræða þau fyrir tveim árum. En mér finnst að hv. þm. eigi ekki að harma það sérstaklega. Það er mitt mál hvenær ég sný mér að einhverjum hlutum og fer að skoða þá. Niðurstaða mín var þessi og hún hlýtur að skipta öllu máli fyrir hv. þm. svo og aðra félaga *mína* þannig að *ég* vona að við séum í sátt.

[12:02]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var ekki að harma það þingmannsins vegna að málið skyldi koma svona seint fram. Ég var að harma það málsins vegna. Það er náttúrlega öllum ljóst á hinu háa Alþingi að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er þungavigtarmaður í Sjálfstfl. og það hefði kannski á fyrri stigum

verið hægt að koma málum þannig fyrir með tilstuðlan hans, vegna þess að við erum sammála um þessi tvö atriði sem ég nefndi, að við stæðum ekki í þessum vandræðagangi nú og í nefndinni. Það er fyrst og fremst það. Auðvitað fögnum við öllum liðsauka hvað varðar sýn á mál og hvernig á að afgreiða þau. Ég vil að það komi skýrt fram.

[12:03]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki nákvæmlega hvort við erum að takast á um nokkurt mál. Ég hélt að menn lægju yfir þessu flókna máli og reyndu að átta sig á því hvern veg það gengi best fram fyrir menn. Ég kann enga skýringu á því af hverju menn ættu að skiptast í einhverja pólitíska stjórnmálaflokka varðandi afstöðu til þess. Þetta er bara flókið mál og erfitt, menn eru að reyna að gera sér grein fyrir því hvernig við stöndum best vörð um hagsmuni Íslands. Það er ekkert annað sem við erum að gera. Við erum að reyna að átta okkur á því. Ég er nær því að halda að heilmikil samstaða sé um það. Ég tel það. Ég tel að frv. sé búið að fá mjög mikla umfjöllun mjög víða og ég er sannfærður um að það sé minni ágreiningur en sumir vilja vera láta þegar nær dregur.

Ég er hins vegar ekki sammála því að svona frv. þurfi endilega að vera hér á síðustu metrunum, bara alls ekki neitt. Frv. um svona flókin mál og mikilverða málaflokka verður bara að taka sinn tíma, skiptir ekki meginmáli fyrir eina þjóð hvort það tekur eitt ár, tvö ár eða þrjú ár. Við tökum okkar tíma í það eins og þarf. Þannig er þetta ekkert á síðustu metrunum endilega. Við skulum bara fara í gegnum þetta fram og til baka, sinna þessu og skoða þetta, leggja okkur öll fram og reyna að ná sem bestri niðurstöðu. Það skiptir öllu máli. (**Iðnrh.:** Það er dagsetningarvandi.) Herra forseti. Það er ekki dagsetningarvandi. Það var beðið um undanþágur til tveggja ára. Ég er alveg sannfærður um að það er hið minnsta mál að framlengja þá undanþágu enda ekkert sem knýr á Evrópusambandið hvort þetta er tekið fyrir á Íslandi árinu fyrr eða seinna.

[12:05]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum um frv. til raforkulaga og framtíðarskipan orkumála á grunni tilskipunar frá Evrópusambandinu. Ég vil aðeins koma að því í upphafi máls míns að tilskipanir frá Evrópusambandinu — það er skoðun mín, hefur lengi verið og hefur komið fram í málflutningi mínum að sá grunnur sem lagður er til grundvallar nýrri stefnu í Evrópu henti engan veginn hér á landi eins og fram hefur verið haldið í máli sumra hv. þm. Við erum með einangrað raforkukerfi sem er á engan hátt tengt við markaðssvæði Evrópu og þannig höfum við algjöra sérstöðu í okkar málum og eigum að líta á þau út frá hagsmunum okkar einum en ekki út frá þeim hagsmunum sem koma fram í tilskipunum og pappírum Evrópusambandsins á grunni þeirrar vinnu sem menn hafa farið í þar á bæ út af stöðu raforkumála.

Ég ímynda mér að þetta fyrirkomulag í Evrópu sé gott fyrir Evrópu vegna þess að Evrópusambandið stóð frammi fyrir því að umframgeta í orkukerfinu þar var um 20% fyrir tilskipun og markmiðið var að koma á betri nýtingu og stuðla að minni mengun. Það er alveg ljóst að það fyrirkomulag, þó að það sé kannski ekki alveg komið í fullan gang enn þá alls staðar, hefur orðið til mikilla hagsbóta, sérstaklega fyrir miðhluta Evrópu. En strjálbýlli svæði Evrópu hafa ekki komið vel út úr þessari tilskipun eins og dæmin sanna frá Noregi og líka frá Svíþjóð þó að hæstv. ráðherra segi að hlutirnir hafi gengið vel þar á bæ. Mjög mikil vandamál eru í Noregi sem byggja fyrst og fremst á því að menn sjá sér hag í því, eigendur raforkufyrirtækjanna, að framleiða eins og þeir geta, það er þá á vorin og sumrin, og senda frá sér raforku en huga minna að miðlun til vetrar vegna þess að með frjálsu flæði á orkunni geta þeir átt möguleika á því að kaupa orku t.d. frá Danmörku. Þannig er staðan að Danir keyra gríðarlega dísil- og kolaorku inn á raforkukerfi Norður-Evrópu og ekki síst í vetur þar sem var svona kalt.

Sérstaða Íslands, eins og ég nefndi áðan, er sú að við erum með eigið kerfi sem er ekki tengt neinum og þess vegna þurfum við að huga að þessum málum frá okkar grunni og hvernig við viljum koma þeim málum fyrir. Vinnsla, flutningur, dreifing og sala orkunnar á að byggja á því hvernig við viljum jafna og koma hlutum fyrir af öryggi og hagsýni.

Vandkvæðin á upptöku tilskipunarinnar hér eru gríðarleg. Við erum með Landsvirkjun, okkar stóra fyrirtæki sem er stofnað til þess að næra stóriðju með krafti sínum. Við erum með Rafmagnsveitur ríkisins sem þjóna að langmestu leyti dreifbýli landsins, getum við sagt, ásamt Orkubúi Vestfjarða sem núna er í eigu ríkisins. Við erum með Hitaveitu Suðurnesja og síðan örfáar aðrar veitur. Í þessu frv. er ekkert tekið á grundvallarmálum sem eru dreifing og jöfnun kostnaðar yfir landið. Það má í rauninni segja að í gegnum árin hafi Rafmagnsveitur ríkisins verið svikamylla gagnvart landsbyggðinni vegna þess að við stofnun Landsvirkjunar eru tekin frá Rafmagnsveitum ríkisins nánast öll framleiðslutæki. Rafmagnsveitur ríkisins hafa ekki nema um það bil 7% af eigin afli og eru þess vegna algjörlega háðar því að kaupa afl frá stóra fyrirtækinu Landsvirkjun. Orkubú Vestfjarða býr hins vegar miklu betur þar sem Mjólkárvirkjun er innan orkubússvæðisins og tilheyrir fyrirtækinu þannig að Orkubú Vestfjarða hefur verið með um 40% af eigin framleiðslu sem hefur leitt til þess að orkuverð á svæði þess er töluvert lægra en á Rarik-svæðunum.

Hvers vegna er Rarik svikamylla gagnvart landsbyggðinni? Það er ósköp einfalt. Uppsetningin er á þeim grunni að framleiðslutækin, þ.e. virkjanirnar, eru ekki látin fylgja með í þeim pakka þegar sú vegferð var farin að stofna Landsvirkjun til þess að næra stóriðju. Þess vegna er kerfi Rafmagnsveitna ríkisins algjörlega háð því að kaupa rafmagn af stút frá Landsvirkjun á gríðarlega háu verði að því er mörgum finnst.

Hver er svo afleiðingin? Fyrirtækið Rarik er með gríðarlega hátt orkuverð víðast hvar á landinu, miklu hærra en aðrir landsmenn búa við, ég tala ekki um þá landsmenn sem njóta þess að vera eigendur í Landsvirkjun í krafti þess að búa í Reykjavík, á höfuðborgarsvæði eða á Akureyri. Þar er mjög mikill munur á. En annað vandamál í sambandi við Rafmagnsveitur ríkisins er að þeim er gert að sinna hinum svokallaða félagslega þætti og það hefur margoft komið fram í umræðum að félagslegi þátturinn, að mati fyrirtækisins, er metinn að lágmarki á 500 millj. og sennilega 900 millj. sem þurfa að koma einhvers staðar frá. Það er hægt að gera á margan hátt, eins og ég nefndi í málflutningi mínum áðan. Við höfum fyrirmyndir frá öðrum löndum. Í fyrsta lagi er spurning um að gera það með beinum framlögum úr ríkissjóði sem að mínu mati er ekki góð leið. Í öðru lagi er hægt að gera það með framleiðslugjaldi sem aðrar þjóðir hafa gert til jöfnunar og er skoðunarvert að mínu mati og síðan hafa aðrar þjóðir farið út í það líka að rétta af í dreifbýlinu með

því að lækka skatta þar sem orkuskattar eru miklir. Þetta eru allt saman færar leiðir.

Virðulegi forseti. 900 millj. eru auðvitað miklir peningar. En vegna þess að Rarik hefur ekki fengið framlög frá ríkinu eins og vera ber er það einfaldlega þannig að arðbærasti markaðurinn á orkuveitusvæði Rariks er skattlagður til þess að þjóna dreifbýlinu. Þannig horfa málin við. Þetta er gríðarlega alvarlegt mál fyrir allt dreifbýlið, sérstaklega atvinnu- og iðnaðaruppbyggingu og atvinnustarfsemi alla í dreifbýlinu.

Við skulum velta fyrir okkur einföldu dæmi sem við vorum með uppi á borðum nýverið. Þar er Rafveita Sauðárkróks seld Rarik eftir samninga bæjarstjórnar Sauðárkróks og ríkisstjórnar út af vanda sveitarfélagsins Skagafjörður. Þar er ljóslifandi dæmi um hvernig þessi samsetning er. Rafveita Sauðárkróks hafði áður keypt rafmagnið í heildsölu og selt síðan kúnnum og lítil og meðalstór fyrirtæki á Sauðárkróki gátu fengið þá, fyrir þessa breytingu, orku sem nam rétt rúmlega 2 kr. á kílóvattstund. Eftir að Rarik varð eignaraðili Rafveitu Sauðárkróks stóðu þessi sömu fyrirtæki frammi fyrir kostnaði upp á 6 kr. á kílóvattstund. Það er gríðarlegur munur fyrir fyrirtæki, bæði smá og stór, á svona stöðum. Við verðum að átta okkur á því að mörg iðnfyrirtæki úti á landi — það er alveg sama í hvaða framleiðslu þau eru, við getum tekið rækjuvinnslur eða iðnað af ýmsu tagi — þurfa þessa orku og þurfa að greiða gríðarlegar upphæðir til þess að sinna sínum málum.

Ég var vestur í Stykkishólmi um daginn og þar í skel- og rækjuvinnslu voru menn að kynda gufukatla því raforkuverðið á kílóvattstundina fór upp í 9 kr. Þetta eru hlutir sem þurfa að vera í lagi og við þurfum að hafa þessa heildarmynd hvað varðar þetta frv. og negla niður hvernig við ætlum að fara að því að dreifa orku inn á landið, inn á heimilin og iðnaðinn hvar sem hann er staðsettur í landinu. Það er meginatriði.

Þess vegna tek ég undir með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni og hef raunar mörgum sinnum áður sagt það sjálfur að það er grundvallaratriði að það sé neglt hvernig staðið verður að dreifingu inn á hinn svokallaða félagslega þátt. Það er reyndar leiðinlegt orð, ég er sammála hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni um að við eigum ekki að tala í þeim dúr. En Rarik, fyrirtækið sjálft, hefur í sérstakri skýrslu fjallað um félagslega þáttinn og það eru þessar upphæðir sem ég var að nefna. Það er alveg ótækt að halda áfram þessari vinnu öðruvísi en að það sé neglt niður. Það er algjörlega óásættanlegt að frv. gangi í gegn án þess að sett sé inn í það hvernig menn ætla að standa að þessum málum. Þetta er svo gríðarlega stórt hagsmunamál hvað varðar alla byggð í landinu að ég efast um að menn átti sig á því. Ég held, virðulegi forseti, að í staðinn fyrir að elta þessar Evróputilskipanir með skottið á milli fótanna og éta þetta hrátt og setja þetta í frv. ættum við að skoða stöðu okkar út frá okkar þörfum, frekar það en að fylgja eftir formúlu sem búið er að kokka upp af Evrópusambandinu sem eflaust nýtist Mið-Evrópu ágætlega í krafti þess að þeir voru með mikla umframorku í kerfinu. Um Ísland gilda hins vegar allt önnur lögmál.

Ef menn ganga nú inn á þessa hugsun mína um að það eigi að rétta hag landsbyggðarinnar sem er á orkuveitusvæði Rariks erum við í raun og veru að tala um miklu stærra heildardæmi en bara það sem fyrirtækið Rarik setur fram sem hinn félagslega þátt, 500–900 millj. eftir því hvernig menn horfa á það. Ef við erum að tala um jöfnun yfir landið allt, hvaða formúlu sem menn nota, erum við sennilega að tala um milljarða. Þá er það orðinn breyttur grunnur til allra samninga um raforkusölu og veitti ekki af að menn væru búnir að hugsa þá hugsun hvernig ætti að hafa hlutina áður en stærsti raforkusamningur Íslandssögunnar verður gerður. Auðvitað skiptir raforkuframleiðslufyrirtækin mjög miklu máli hvernig við ætlum að standa að þessu máli. Það skiptir máli ef við ætlum að fara inn á félagslega þáttinn og framkalla jöfnun og það skiptir líka máli ef við ætlum að taka orkuveitusvæði Rariks, lækka verð þar og jafna út. Það hlýtur að gera það.

Virðulegi forseti. Ég er fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í iðnn. og þar munum við fara yfir þessi mál. Ég heyri á máli manna á hv. Alþingi að það er alls engin samstaða innan stjórnarflokkanna um málin og vitna ég þar í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sem að mörgu leyti er algjörlega sammála þeim áherslum sem ég hef lagt hér. Í dreifbýli, á grunni tilskipunar Evrópusambandsins, hafa menn staðið frammi fyrir hækkandi orkuverði. Norðmenn kveinka sér gríðarlega undan hækkandi orkuverði og það hefur komið fram í greinum og skrifum að orkufyrirtækin, í krafti þess hvernig þau starfa núna í nýju umhverfi, hafi til sín gróða. Það getur náttúrlega aldrei leitt til annars en hækkaðs orkuverðs.

Það berast fréttir af því frá Svíþjóð, sem er með mikið dreifbýli líka, að þar hafi dreifbýlisveitur í nýju umhverfi hækkað verðið hjá sér gríðarlega. Það sem kom mönnum á óvart var að þéttbýlisveitur gerðu það líka þannig að menn standa þar enn fremur frammi fyrir hækkandi orkuverði. Þetta nýja umhverfi virðist gagnast langmest og best miðhluta Evrópu enda er hugmyndin sjálfsagt að langmestu leyti komin þaðan, fyrir það svæði, enda var þar 20% umframgeta í orkugeiranum.

Ég er sammála því sem fram hefur komið hjá þeim hv. þm. sem hér hafa talað að sú vegferð sem við erum á hlýtur að leiða til hækkaðs orkuverðs. Því meira eftirlit og því meiri umsýsla, því hærra verð, og við höfum reynsluna af því. Við erum hér á hinu háa Alþingi dag eftir dag að vinna að ýmsum eftirlitsmálum, ekki síst í sjávarútvegi, sem hafa kallað á tugi starfa og þar af leiðandi afleiddan gríðarlegan kostnað. Þetta kerfi sem við ætlum að innleiða án þess að taka á öllum þáttum málsins — sérstaklega á þeim þáttum sem eru brýnastir, þ.e. verðlagningu til allra neytenda í landinu, rétti þeirra gagnvart þessu kerfi, hvernig við ætlum að standa að því, ég tala nú ekki um að víða um land eru línur mjög illa farnar og þar liggja fyrir milljarðafjárfestingar sem þyrfti að fara í sem allra fyrst, gefa mönnum kost á því t.d. víðar að hafa þriggja fasa rafmagn o.s.frv. — er meingallað. Þetta eru mál sem við þurfum að leggja niður fyrir okkur í nýju ljósi.

Virðulegi forseti. Ég hlakka til að fara í þá vinnu að fjalla um frv. í iðnn. Eins og ég segi er ég þar fulltrúi fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð, og það verður grundvallaratriði hjá mér og okkur að þessi svokallaði félagslegi þáttur verði ekki settur í nefnd. Það verði tryggt í þeim lögum sem e.t.v. verða samþykkt, nýju frv. til orkulaga, að það verði tekið inn í og gengið frá því hvernig menn ætla að framkalla þá jöfnun. Ég nefndi fyrr í ræðu minni þær þrjár formúlur sem aðrir nota. Bein framlög ríkisins hafa ekki dugað vel. Við höfum í sjálfu sér að sumu leyti verið með bein framlög ríkisins til Rariks, a.m.k. annað veifið, en aldrei í þeim mæli sem þurft hefur. Ég nefndi líka að skattlagningarleiðin er fær, hún hefur t.d. verið farin í Noregi og líka í Skotlandi, norður-

hlutanum að hluta, en síðan er jöfnunin sem e.t.v. er bara best að setja í lög, að menn búi við sama raforkuverð alls staðar og það sé tekið út á notkuninni eða þá í framleiðslugjaldi á þau fyrirtæki sem framleiða orkuna.

Ef við ætlum okkur t.d. að fara í framleiðslugjald á orkuvinnslufyrirtækin er þar hlutur sem menn verða að fá að vita um sem allra fyrst. Það breytir augljóslega samningsstöðu manna, t.d. hjá Landsvirkjun, vegna orkusölu til stóriðju ef ofan á framleiðsluna hjá fyrirtækinu kemur gjaldtaka til þess að stuðla að þeirri jöfnun sem mörg okkar eru sammála um að eigi að eiga sér stað.

[12:23]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Annaðhvort er hv. þm. í einhverjum pólitískum leik eða hann hefur ekki lesið mikið í frv. sem hér er til umfjöllunar. Hann virðist ekki gera sér grein fyrir því að það er ákvörðun ríkisstjórnarinnar, og það hafa verið lögð fram frv. þess efnis, að tekið verður á þeim kostnaði sem er í raforkukerfinu, bæði í dreifi- og flutningskerfinu, og hægt er að tala um sem óarðbæran rekstur. Frv. sem hér var til umfjöllunar á síðasta ári gekk út á það að leggja sérstakt gjald á hverja kílóvattstund til þess að jafna þennan kostnað út. Ég skipaði nefnd sem kom fram með tillögur um það hvernig þetta skyldi gert og það voru tveir kostir, annars vegar að þetta væri fjárhæð á fjárlögum hverju sinni og hins vegar að sérstakt gjald yrði lagt á. Niðurstaðan var sú að leggja til að það yrði sérstakt gjald. Vegna þess að í frv. er gert ráð fyrir nefndarstarfi sem tekur á ákveðnum þáttum töldum við rétt að sú nefnd fjallaði líka um þetta mál. En það er pólitísk ákvörðun að það verður tekið á þessum vanda. Og það er ekki bara að það sé pólitísk ákvörðun, það er nauðsynlegt vegna frelsisins sem við erum að fara inn í í raforkukerfinu að ekki verði lagðar kvaðir á eitt fyrirtæki frekar en annað. Hv. þm. talar um sína leið til að jafna raforkukostnað — þetta er ekkert hans leið, þetta er leið ríkisstjórnarinnar og það er ánægjulegt að heyra að hann styður hana.

Það var ýmislegt fleira sem kom fram í máli hv. þingmanns. Hann segir að Norðmenn kveinki sér undan hækkandi orkuverði og það hefur verið alveg gríðarlega hátt í vetur sem kemur til af miklum kuldum í Noregi. Ég kann ekki að nefna þær tölur en það er alveg gígantískt sem fólk hefur þurft að borga þar fyrir raforkuna í vetur.

[12:26]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. segir að ég skilji ekki málið og tali um mína leið varðandi jöfnunina. Ég talaði ekki um mína leið, ég talaði um þær leiðir sem aðrir hefðu farið því að við þurfum ekkert að finna upp hjólið í þessum málum. Ég nefndi þrjár leiðir.

Ef hæstv. ráðherra er komin inn á framleiðslugjald, af hverju þurfa málin þá að vera í nefnd? Af hverju fara þau mál bara ekki hreinlega inn í frv.? Það er það sem málið snýst um. Fleiri hv. þm. hafa talað um nauðsynina á því að það sé á hreinu hvaða formúlu menn ætli að nota, og ef hæstv. ríkisstjórn er nú komin með þá formúlu að hún vilji framleiðslugjald, af hverju er það þá ekki sett inn og afgreitt með í staðinn fyrir að vera með það í nefnd og halda áfram vinnunni við það? Það kann ekki góðri lukku að stýra. Ef hæstv. ríkisstjórn er svona sammála um meginlínurnar í þessu getur ekki þurft að vera með málið lengi í nefnd í framhaldi af því. Það er þá augljóslega tiltölulega einfalt að ganga frá þeim málum samhliða því eða setja það inn í frv. við afgreiðslu þess máls.

[12:27]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú hef ég mikla trú á iðnn. og kannski fer það svo að hún leysi öll mál og þá þarf ekkert að skipa neina nefnd. Hins vegar var það tillaga mín, og er tillaga mín, í þessu frv. að um ákveðna þætti sem varða sérstaklega flutningskerfið, útfærslu þess og gjaldskrár, verði fjallað frekar í nefnd til þess að gefa mönnum, hagsmunaaðilum og stjórnmálaflokkum kost á því að finna aðra betri leið en þá sem lögð er til í frv. Ef ekki finnst betri leið taka lögin gildi eins og kveðið er á um þar. Þetta er ekki flóknara en svo.

Af því að hv. þm. var að tala um það áðan að það væri slæmt fyrir Rarik að þurfa að kaupa af Landsvirkjun á mjög háu verði raforku sem Rarik dreifir og selur nefni ég tillögu Rariks til þess að bæta úr hvað þetta varðar og það er t.d. með Villinganesvirkjun. Ég vona þá að hv. þingmaður styðji tillögu Rariks um að fara þar í virkjun.

[12:28]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað varðar þessa síðustu framsetningu hæstv. iðnrh. hef ég talað fyrir því mörgum sinnum að það væri nauðsynlegt fyrir fyrirtækið Rarik að framleiða meiri orku á eigin vegum, styð það að fyrirtækinu verði gert kleift að gera það og er tilbúinn að skoða það hvenær sem er ef það gæti orðið til þess að laga stöðuna.

En ég fagna því ef hæstv. ráðherra gefur grænt ljós á að iðnn. sé heimilt að setja inn í lög þennan jöfnunarþátt. Ég sé að hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir nikkar við því enda talaði hún um það í ræðu sinni að það væri grundvallarmál í hennar huga. Ég lít svo á að hæstv. iðnrh. sé að gefa tóninn um að nefndinni sé heimilt að negla niður á einhvern hátt hvernig staðið verður að því enda er það grundvallaratriði.

[12:29]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Málið sem við ræðum hér hefur áður komið til umræðu og raunar verið mjög lengi á döfinni. Undirbúningur ráðuneytis og annarra aðila er orðinn alllangur og fyrir því eru ljósar ástæður sem menn gerðu sér kannski ekki alveg grein fyrir í byrjun.

Fyrir okkur Íslendinga er ánægjulegt að minnast þess að fyrir þó nokkrum árum sátu tveir miklir heimsmenn á fundi í Höfða, forsetar Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Þeir gerðu með sér áskilnað sem sumum þótti þá ekki mjög merkilegur en raunin var sú að þar var á ferðinni samningur á milli tveggja stórvelda sem hafði áhrif um allan heim og varð m.a. grundvöllur að því að Sovétríkin, og síðar Rússland, fengu fullar heimildir til að flytja gas til Vesturlanda þar sem raforka framleidd með gasi og raunar fleiri jarðefnaeldsneytum var keppinautur raforku framleiddrar af öðrum orkugjöfum.

Það er að vísu einkenni í okkar raforkustarfsemi að við framleiðum ekki raforku með jarðefnaeldsneyti nema í undantekningartilvikum, þ.e. þegar mesta notkun verður á nokkrum stöðum á landinu og þar sem nokkrir aðilar hafa valið þann kost að nota jarðefnaeldsneyti vegna þess að það er ódýrara, aðilar sem eiga í beinni, ef svo má segja, samtímasamkeppni við erlenda keppinauta sem búa að slíkri raforku. Staðreyndin er sú að þær aðferðir sem við nýtum með endurnýjanlegum og hreinum orkugjöfum eru þannig að virkjun þeirra er umtalsvert dýrari. Svo miklu munar að

það er algjört skilyrði fyrir umtalsverða raforkustarfsemi að gera fyrirframsamninga um orkusölu til langs tíma. Öðruvísi verður sú starfsemi ekki verulega hagkvæm eða samkeppnisfær.

Ég tel rétt að geta þess strax að ég er fylgjandi því að koma á samkeppni í raforkustarfsemi. Ég tel það eiga vel við í flestum greinum, öllum greinum þar sem um er að ræða marga vinnustaði sem veita þjónustu, selja vöru eða framleiða. Þó verður að geta þess að ég hygg að viðfangsefnin í þessu málefni séu öðruvísi en í flestum öðrum atvinnuvegum vegna þess að í raforkustarfsemi okkar hefur öll skipan greinarinnar og fyrirtækjanna sem hafa starfað í henni til áratuga verið lóðrétt, hvert fyrirtæki aflar sér orku ýmist með eigin vinnslu eða innkaupum, flytur hana til sín, flytur hana jafnvel milli dreifingarkerfa, dreifir henni og selur. Skipulag allra þessara fyrirtækja er náttúrlega saman hnýtt í áratugastarfi. Það verður því mjög erfitt að breyta þeim öllum í það sem við gætum kallað lárétta skipan greinarinnar. Það er ástæðan fyrir því að við eigum erfitt með að höndla t.d. verðjöfnun á flutningskostnaði raforku sem hér hefur verið mikið umtalsefni. Þess ber strax að geta að henni verður hvergi við komið án þess að þeir beri kostnaðinn sem starfa eða búa á orkuveitusvæðum sem eru þéttari og hagkvæmari eða eru búsettir nær virkjunum. Ég ætla síðar að nefna tvö mjög sterk dæmi um þetta.

Varðandi undirbúning þessa máls verð ég að geta þess sem ég hef raunar bent á fyrr þegar við höfum rætt mál af þessum toga. Mér hefur þótt að framan af hafi velflestum orkufyrirtækjum landsmanna verið haldið of lengi fyrir utan nánasta undirbúning málsins. Hvort sem það er rétt ályktun eða ekki er alveg ljóst að lengi vel gætti vantrausts hjá smærri orkufyrirtækjunum út í þennan undirbúning. Þau þóttust fjær standa og að þeirra athugasemdir væru ekki sóttar og ekki eftir þeim leitað fyrr en á síðustu stigum. Ég hygg að hugsanlegt sé að þessa vantrausts gæti enn. Kannski er það ein af ástæðum þess að farin er sú leið sem kemur fram í frv., að fresta í raun gildistöku tiltekinna þátta þess meðan enn verður sett af stað frekari undirbúningsvinna.

Það hefur komið fram í þeirri umræðu sem orkufyrirtækin hafa fitjað upp á, sem er réttmætt, að það er álitaefni, í þessari grein eins og í fleirum, að sami ráðherra fari með eignarhlut ríkisins í fyrirtækjum sem ríkið er annaðhvort eitt eigandi að eða á ásamt öðrum, þurfi síðan að sitja yfir málum allra annarra fyrirtækja í greininni og skera úr um atriði sem eiga að gagnast þeim öllum jafn vel. Það verður að segjast eins og er að það hefur komið fram í þessari grein, rétt eins og í fjarskiptastarfsemi, sem er nýlega orðin samkeppnisvædd að önnur smærri fyrirtæki hafa á stundum spurt, og stundum nokkuð alvarlega, hvort hagsmunir þeirra hafi virkilega verið hafðir í huga í umræðunni sem leiddi til niðurstöðu eða ákvörðunar.

Í þessu sambandi ber að geta þess að sérstaklega er spurt hvort tvö tiltekin fyrirtæki sem ríkið á mestan hlut í hafi átt að standa nær þessu máli en öll önnur. Þar hefur beinlínis verið spurt um stöðu Landsvirkjunar og Rariks. En það hefur líka komið fram þegar fyrirtækin hafa sjálf rætt málin sín á milli að þau tvö fyrirtæki telja í báðum tilvikum að þeirra staða við umræðuna og undirbúning hafi alls ekki verið sú sama. Í raun og veru telja öll fyrirtækin að hagur þeirra og aðstaða séu sérkenni þeirra. Þau telja sig öll hafa sérkenni. Auðvitað er það sérkenni á öllum raforkufyrirtækjum okkar í dag, annarra en Landsvirkjunar, að þau dreifa og selja orku beint til notenda sem hafa ekkert annað að leita. Þessar dreifiveitur og notendur þeirra hljóta að spyrja: Hver tryggir mér að endingu framboð á raforku? Þau sjá það ekki gert skýrt í þessu frv. Hver tryggir framboð á raforku?

Ég held að óhætt sé að nefna af hálfu okkar sem höfum nú komið að þessu máli nokkrum sinnum að það er með engum hætti gert ráð fyrir því með þessum frv., þessu og þeim sem fylgja, að tekin verði upp samkeppni um flutning og dreifingu á raforku. Það er misskilningur ef einhver heldur því fram. Hins vegar hafa mörg orkufyrirtæki bent á að eins og staðan er í dag er hætta á afar miklu valdi. Sum þeirra hafa nánast talað um ofurvald eins af núverandi raforkufyrirtækjum í þeim hugmyndum um fyrirkomulag flutningskerfis og meginflutningskerfis sem uppi eru. Það getur verið önnur ástæða þess að það fyrirkomulag á að ræða frekar í framhaldinu í nefnd sem ráðherra hyggst skipa.

Ég hef talið skynsamlegt að stefna að því að gera ekki greinarmun á því sem kallað er í frv. meginflutningskerfi og að öðru leyti flutningskerfi. Ég hefði álitið að hægt væri að skilgreina eitt heilt flutningskerfi þó að eigendur einstakra hluta þess séu ólíkir. Ég hef m.a. talið litlu skipta hvort um það verði stofnað sérstakt hlutafélag eða ekki. Raunar hef ég talið að hlutafélag væri þjálasta fyrirkomulagið á slíku fyrirtæki og þannig auðveldast fyrir eigendur einstakra hluta flutningskerfisins eins og það er í dag að hefja náið samstarf. Hins vegar er alveg ljóst að með samkeppni og meiri flutningum milli virkjana, dreifikerfa og notenda en er í dag, flóknari flutningum, verður að samhæfa þetta kerfi mjög vel.

Ég kem þá að því atriði sem kann að vera undirstaðan að umræðu um jöfnun á flutningskostnaði. Það liggur fyrir að á strjálbýlum svæðum landsins eru fjárfestingar í flutningskerfum og dreifikerfum alls ekki allar hagkvæmar, og sennilega yfirleitt ekki arðbærar. Í frv. er staðfastlega gert ráð fyrir því að fyrirtækin, þar á meðal flutningsfyrirtæki, hafi arð af öllu eigin fé, þ.e. af öllum sínum fjárfestingum. Þetta mun að mínu viti leiða til þess að flutningskostnaður mun hækka. Honum er í dag haldið niðri með því að heimta ekki arð af öllum þessum fjárfestingum. Það munu koma fram verðhækkanir og þær verða mestar þar sem hagkvæmnin er mest í dag. Ég get ekki skilið það öðruvísi.

Ég verð að viðurkenna að mér sýnist að þetta geti leitt til þess að hækkanir af þessum ástæðum geti orðið meiri en sem nemur aukinni hagkvæmni í starfsemi virkjana eða vinnslustöðva og seljenda á skömmum tíma. Ég álykta þetta vegna þess hversu stórir hlutar af heildarkerfinu í flutningi og dreifingu eru óarðbærir í dag, ýmist niðurgreiddir eða látnir safna skammtíma- eða langtímaskuldum. Að sjálfsögðu er það ástæða þess hvernig ráðherra svaraði andsvari eins hv. þm. hér áðan, að ástæða væri til að veita aukið fé til þessa þáttar.

Í dag er það þannig í raforkuvinnslu að einn aðili er með u.þ.b. 90% af allri framleiddri raforku í landinu. (Gripið fram í.) Sá aðili selur langmestan hluta framleiðslu sinnar utan innanlandsmarkaðar. Við vitum það fyrir að sú sala verður aldrei hluti af virkum innanlandsmarkaði í raforku. Þar er að vísu samkeppni, langtímasamkeppni, við aðra raforkumarkaði. En við höfum engar tengingar við þá í dag þannig að sú virkni kemur ekki til í fyrirsjáanlegri framtíð.

Um samkeppni í sölu verður að segjast eins og er, að flestir seljendur raforku í dag framleiða enga en kaupa í heildsölu ýmist af Landsvirkjun eða Rarik. Þeir hafa ákveðna skyldu, þjónustuskyldu, til að bjóða öllum notendum og fyrirtækjum

á veitusvæði sínu raforku. Sum fyrirtæki sem framleiða raforku í dag eru bundin af langtímasamningum um að, eigum við að segja, eiga orkuskipti við Landsvirkjun. Þau selja Landsvirkjun orku sem hún endurselur til stóriðju, kaupa af Landsvirkjun orku í svipuðum mæli, meira eða minna. En þau kaup eru við hærra verði en fyrirtækin selja við til Landsvirkjunar.

Þetta er merkilegt fyrirbrigði og ég veit að þau fyrirtæki sem eiga í þessum samningum við Landsvirkjun hafa talið sig tilneydd. Látum það vera meðan við ræðum þetta mál. Það getur skipt okkur miklu máli um framhald og framvindu þessa máls að sem flest orkuvinnslufyrirtæki selji bæði til stóriðju og á innanlandsmarkaði þannig að þau hafi sem flest sambærileg einkenni í starfsemi sinni. Þá hygg ég að það verði eðlilegra og skiljanlegra að eiga í samkeppni en samt sem áður geri ég ekki ráð fyrir að samkeppni um stóriðjuviðskipti muni nokkuð snerta samkeppni á innanlandsmarkaði.

Staðreyndin er sú að samningar Landsvirkjunar við stóriðjufyrirtæki í langtímasamkeppni við aðra raforkumarkaði eru allir til mjög langs tíma, til nokkurra áratuga. Þetta segir mér að sá markaður sem við ætlum að skapa, innanlandsmarkaður, verður mjög lítill. Samkeppnin verður á litlum markaði sem gefur ekki mikinn sveigjanleika. Þá verður líka að nefna að sú reynsla hefur þegar fengist á Norðurlöndunum, okkar næstu grannlöndum, að við aðilaskipti, þ.e. ef kaupendur vilja skipta við annan orkusala, reynast uppgjörin afar flókin og skiptin taka meira en heilt ár. Mér þykir það afar langur tími.

Þá ætla ég að nefna nokkur atriði sem ég tel rétt að skoða betur, ef ekki strax í hv. iðnn., þá síðar. Í frv. er gert ráð fyrir eftirlitsþætti Orkustofnunar sem fram að þessu hefur ekki farið með beint eftirlit með starfsemi raforkufyrirtækja eða annarra orkufyrirtækja. Hún hefur meira unnið að rannsóknum og þá eftirliti með orkuauðlindum okkar, bæði jarðhita og vatnsföllum. Hún á að taka upp eftirlit með gæðum og afhendingaröryggi en mér sýnist slíkt eftirlit fyrir hendi í dag með vissum hætti. Samkvæmt öðrum lögum ber Löggildingarstofu og skoðunarstofu sem hún hefur eftirlit með að hafa eftirlit með öryggisþáttum allra raforkukerfa, þar á meðal virkjana. Ég hef því álitið að eftirlit með þeirri starfsemi, varðandi öryggi þeirra sem leiðir til öryggis í afhendingu raforku, geti hugsanlega verið nægjanlegt. Ég tel rétt að skoða þetta sérstaklega, hvort þörf er á að bæta við fleiri húfum á þeirri leið.

Mér virðist sem sérkennilegar reglur eigi að gilda um dreifingu flutningskostnaðar. Ég ætla þess vegna að nefna það sérstaklega undir lok máls míns. Það er hægt að lesa út úr þeim reglum sem fram eru komnar, t.d. að flutningur raforku frá Nesjavöllum til höfuðborgarinnar, eftir jöfnun flutningskostnaðar, verði eitthvað meiri en flutningur á raforku frá Nesjavöllum gegnum höfuðborgarsvæðið til annarra landshluta, vel að merkja nema til Suðurnesja. Mér skilst að þangað eigi flutningskostnaðurinn að vera mestur, enda er það svo að samkvæmt þessu verður flutningur á raforku frá Svartsengi til Grindavíkur, sem mér vitanlega er stysta leið milli virkjunar og þéttbýlis hér á landi, að kosta meira en framleiðslukostnaðurinn í Svartsengi. Ég tel þessi tvö dæmi gefi okkur ástæðu til að þessir þættir verði skoðaðir nánar.

Mér skilst að þetta eigi að vera merki til fjárfesta um það hvar verði hagkvæmast að virkja. En, drottinn minn, verður samkvæmt þessu hagkvæmast að virkja á Norðausturlandi? Eigum við að skoða það? Mér er sagt, herra forseti, að við eigum væntanlegar í loftið tillögur eins hv. þm. ásamt öðrum mönnum um aðra kosti en að byggja Norðlingaölduveitu. Það sé að virkja meira en nú er gert í Kröflu og flytja framleiðsluna til suðvesturhornsins eða til Grundartanga. Á því svæði eru flutningslínur fulllestaðar. Flutningskerfið í landinu er of dýrt samkvæmt því sem ég nefndi fyrr. Til þess að auka flutningsgetuna frá norðausturhorninu til Grundartanga þarf að byggja nýjar línur. Það mun ekki kosta minna en eitthvað vel á annan tug milljarða, ef ég skil rétt. Það mun alla vega verða viðbótarkostnaður sem hefur engin áhrif til þess að auka hagkvæmni flutningskerfisins. Ég verð því að viðurkenna að ef þær fréttir sem mér eru sagðar um þetta eru réttar, þá eykur það á vandann sem núna er í flutningskerfinu. Það verður ekki hagkvæm vinnsla og afhending miðað við heildarkostnað við að vinna og flytja.

Ég vek sérstaklega athygli á því, herra forseti, að ég tel nauðsynlegt að við gerum það skýrt í þessu máli fyrir dreifiveitum sem telja sig hafa ákveðnar skyldu við íbúa og fyrirtæki á sínu veitusvæði og fyrir kaupendur raforku, hver muni tryggja þeim raforkuframboð í framtíðinni, ekki aðeins fyrir landið í heild, heldur á hverju svæði.

Ég tel skynsamlegt að stefna að því að flutningskerfið verði eitt samfellt kerfi, en ekki tvö aðskilin. Og ég tel rétt í því ljósi, ef ástæða er til, að endurskoða eða fylla út í það sem fram kemur í bráðabirgðaákvæðum VII og VIII í frv., til að þessi atriði öll verði undir í þeirri athugun sem þá á að fara fram, jafnvel líka þau ákvæði sem eru um heimildir flutningsfyrirtækis umfram alla aðra í framtíðinni til að reisa flutningsvirki.

Ég er nokkuð viss um að fram muni koma þarfir annarra aðila til að byggja afmarkaðar flutningslínur, til að mynda ef reist verða hér eins og hugmyndir eru um í framtíðinni, t.d. á Suðurnesjum, smærri iðjuver sem við mundum kannski kalla stór en allar erlendar þjóðir kalla smá, er mundu hugsanlega vera beint tengd við orkuframleiðslu, annaðhvort á Reykjanesskaga eða í nágrenni hans.

Ég tel að ákvæði um að einungis flutningsfyrirtæki á landinu megi reisa flutningsvirki geti verið tálmun í vegi slíkra hugmynda. Við eigum að forðast allar tálmanir. Ætlunin er með þessu að skapa frelsi, því það verður engin samkeppni nema þar sem frelsi ríkir. Það eru raunar tvær meginástæður sem eru forsendur samkeppni, þ.e. einkaréttur bæði á eignum og réttindum, klár einkaréttur, og frelsið. Þessu tvennu verðum við að ná fram.

[12:48]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil spyrja hv. þm. Árna R. Árnason út í þann kafla í ræðu hans sem fjallaði um Hitaveitu Suðurnesja, þar sem fyrirtækið selur Landsvirkjun á mjög lágu verði orkuna sem þar er framleidd að verulegum hluta, en kaupir síðan orku á mjög háu verði til að sinna neytendum sínum. Á sama hátt má segja með Rarik að það kaupir rafmagn á mjög háu verði frá Landsvirkjun til að selja neytendum sínum.

Hv. þm. nefndi í ræðu sinni að fyrirtækin væru meira og minna neydd til þessara viðskipta og ég held að það sama gildi um Rarik og vil spyrja hv. þm. hvort hann sé ekki sammála mér í því að pólitískar hindranir hafi verið fyrir því að Rarik færi í aukna framleiðslu sem í mínum huga er augljóst af hverju. Og mig langar til að heyra betur í þingmanninum hvað hann álíti að valdi því að pólitískt, sennilega, séu menn settir í þá stöðu að þurfa að gera það sem e.t.v. ekki

er hagkvæmast, eins og Hitaveita Suðurnesja, því það er augljóst að fyrir neytendur á Suðurnesjum væri betra að fá þessa orku á lágu verði beint inn á línu án þeirra hliðarslaufa sem teknar eru og raunar á sama hátt með Rarik. Þetta er grundvallarspurning um það hvernig við byggjum upp kerfi okkar í landinu og er náttúrlega liður í stóriðjustefnu okkar. Landsvirkjun er stofnuð til þess að fóðra stóriðju með alls konar hliðarsamningum, m.a. við Hitaveitu Suðurnesja og ekki síður með stöðu Rariks.

[12:50]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að hv. þm. virði það við mig að ég svari síðasta atriðinu fyrst.

Samningar milli Landsvirkjunar og annarra framleiðenda, ég hygg að þeir séu tveir, Hitaveita Suðurnesja og Orkuveita Reykjavíkur, sem selja Landsvirkjun orku sem hún endurselur til stóriðju, eru tiltölulega nýlegir. Ég get raunar ekki upplýst neitt um slíka samninga Landsvirkjunar frá fyrri tímum, en þessir samningar eru nýlegir. Ég hygg að þeir byggist í raun á því, þ.e. aðalforsendan er sú að Landsvirkjun hefur á síðustu árum ekki haft raforku í framboði sem hefur nægt öllum stóriðjukaupendum sem hafa verið að auka við sig. Bæði í Straumsvík og á Grundartanga hafa stóriðjurnar, sem eru nú ekki margar, verið að auka framleiðslu sína án þess að ráðast í stórkostlegar fjárfestingar. Hins vegar þegar þær hafa ætlað sér að ráðast í stórar fjárfestingar og stækka mjög verulega, þá hafa alltaf komið til sérstakir samningar á milli þeirra og Landsvirkjunar. Núna er alveg ljóst, og hefur verið það nokkuð lengi, að þegar kemur að stækkun Norðuráls, sem það fyrirtæki ætlar sér staðfastlega að ráðast í, þá verða seljendur fleiri en Landsvirkjun. Og fyrirkomulagið verður þannig að aðrir orkuframleiðendur selja Landsvirkjun sem selur síðan fyrirtækinu í einu lagi. Þetta getur verið einhvers konar hagkvæmnisatriði og ég heyri það frá þeim samningum að fyrirtæki sem kaupir orkuna vill gjarnan skipta við einn aðila. Það er eðlilegt sjónarmið af þeirra hálfu.

Varðandi pólitískar hindranir fyrir Rarik eða einhverja aðra, þá verður bara að viðurkenna, og ég hef raunar sagt það áður hér í þessum ræðustól, að raforkukerfi okkar Íslendinga hefur verið ágætt sovét. Hér hefur enginn ráðið nema ráðherra. Það verður bara að viðurkennast að það hefur lengi verið uppi það álit að ráðherra geri ekki mikið sem Landsvirkjun er ekki sammála. Það er ekkert leyndarmál. Það er ljótt að þurfa að segja það, en við höfum þurft að nefna þetta fyrr.

[12:52]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála því að þetta eru flókin mál, en hv. þm. svaraði ekki þeirri spurningu af hverju væri verið að fara þessa slaufuleið. En það er náttúrlega augljóst að hæstv. iðnrh. á hverjum tíma hefur verið að gæta hagsmuna Landsvirkjunar vegna þess að Landsvirkjun hefur þurft á þessum mörkuðum að halda á því verði sem hún selur orkuna inn á þá markaði. Þannig er myllan sett upp. Það er svo augljóst. Alveg fram að þessu hefði náttúrlega Landsvirkjun lent í verulegum vandræðum ef t.d. Rarik á síðustu tveimur áratugum hefði verið í fullum gangi með að virkja á ódýran hátt fyrir sig og keyra inn á sína línu. Þannig vil ég meina að neytendur á Rarik-svæðinu og þess vegna á svæði Hitaveitu Suðurnesja séu að borga niður stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar og gjalda með háum töxtum sínum fyrir lága taxta fyrir stóriðjuna.

Þessum hlutum verðum við náttúrlega að breyta og ég hyggst vita og spyr hv. þm. Árna R. Árnason hvort hann sé ekki sammála því að auðvitað eiga notendur á orkuveitusvæði Hitaveitu Suðurnesja að njóta þess að vera nálægt auðlindunum og orkusvæðunum og njóta þess að þar er auðvelt að búa til orku. En fyrirkomulagið, eins og hv. þm. benti réttilega á, hefur verið hindrað af iðnaðarráðherrum í gegnum árin vegna þeirrar uppsetningar sem við höfum í landinu hvað varðar afhendingu á orku til stóriðju. Og eftir því sem ég hef skoðað málin þá er ekkert vafamál að við neytendur erum óbeint, sérstaklega á orkusvæðum Rariks og Hitaveitu Suðurnesja, að greiða stórlega niður þessa starfsemi hvernig sem á það er litið.

[12:55]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé rétt að segja það alveg beint út að við erum ekki að borga neitt óbeint vegna kostnaðar annars staðar, við borgum það beint. En frv. gerir ráð fyrir því að við borgum meira, að við borgum líka arðsemi af þessum óarðsömu fjárfestingum.

Það er annar vandinn í vegi þess að t.d. Suðurnesjamenn eins og raunar fleiri landsmenn njóti þess að vera í nálægð við orkuauðlindir. Hinn vandinn er sá að alla tíð hefur Hitaveita Suðurnesja ekki fengið heimild til þess að virkja og framleiða raforku fyrir sitt svæði, alla tíð. Það er niðurstaðan úr hinu pólitíska kerfi.

Meginbreytingin sem verður með þessu frv. þegar það verður að lögum er sú að öll orkufyrirtæki sem fullnægja almennum skilyrðum, fullnægja almennum skilyrðum sem þau vita fyrir hver eru, mega hefja framleiðslu og bjóða fram sína orku. Það er meginmunurinn frá því kerfi sem við höfum í dag. Það mun hins vegar væntanlega leiða til þess, herra forseti, að menn sem segja í dag að raforkukerfi okkar sé afskaplega hagkvæmt, geti bent á að það verði ekki svo. Hugsanlega verður á einhverjum tímum offramboð á raforku. En við þekkjum í dag og höfum þekkt lengi að ef við hefðum haft mjög harðan vetur, þá væri hér skortur á raforku og við værum að framleiða hana einhvers staðar á landinu með varaaflsstöðvum með olíu, með jarðefnaeldsneyti. Og það hefur raunar verið gert hér mjög lengi þegar slíkar aðstæður koma upp. Við ætluðum okkur alltaf að hætta því, ekki vegna kostnaðar, heldur vegna umhverfisáhrifa. Ég held að við náum því betur með þessu sem hér er verið að undirbyggja heldur en kerfinu eins og það er í dag. Það er mitt álit.

Ég held að meginkeppikeflið í þessu málefni sé að fyrirtæki sem fullnægja almennum skilyrðum hafi frelsi til þess að hefja sjálf undirbúning og framkvæmd viðskiptahugmynda sinna. En til þess þurfa líka réttindi að vera klár, réttindi orkufyrirtækja í dag eru ekki klár. Það er gallinn varðandi það sem ég sagði um einkarétt.

[Fundarhlé. — 12:57]

[13:29]

Útbýting þingskjals:

Neytendakaup, 556. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 904.

[13:30]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til raforkulaga, frv. sem hefur lengi verið í smíðum, var kynnt eina morgunstund hér í þinginu sl. vor. Það var mjög árla morguns, ég held að klukkan hafi verið sex, þegar hæstv. iðn.- og

viðskrh. talaði fyrir frv. Síðan dagaði það uppi eins og von var, þingi var að ljúka. Nú hefur það verið lagt fram að nýju en að uppistöðu til byggir það á kerfisbreytingum sem Evrópusambandið er að innleiða á evrópskum raforkumarkaði. Grundvallarforsendurnar eru þær að framvegis skuli aðskilja raforkuframleiðsluna á þann veg að hún sé aðskilin dreifingu, dreifingin síðan aðskilin sölunni á raforkunni. Það sem vakir fyrir mönnum er að koma á fót sameiginlegum raforkumarkaði. Við komum ekki til með að eiga aðild að honum eða hafa tengsl við hann, a.m.k. ekki í allra næstu framtíð hvað sem síðar verður. Auðvitað er sá kostur fyrir hendi að flytja rafmagn um streng til útlanda en einmitt í ljósi þess að við erum ekki komin inn í þá framtíð — sú framtíðarsýn er ekki orðin að veruleika og verður það hugsanlega aldrei, hver veit? — hefði mér þótt æskilegast að íslenska ríkisstjórnin hefði sótt um undanþágu frá þessari tilskipun þannig að við yrðum ekki knúin til breytinga einvörðungu á grundvelli þessa nýja fyrirkomulags í Evrópusambandinu.

Ég hef áður gagnrýnt þá ótrúlegu miðstýringarárattu sem er stunduð á þeim bænum og er frábrugðin því fyrirkomulagi sem við þekkjum t.d. frá Bandaríkjunum þar sem einstök ríki ráða því sjálf, og borgir þess vegna, á hvern hátt fyrirkomulagi raforkumála er háttað. Þannig gildir eitt um Kaliforníu og annað um New York, og innan Kaliforníu geta verið mismunandi skipulagsform eins og dæmin sanna úr nýliðinni sögu þegar Los Angeles borg slapp frá Enron-skandalnum, einfaldlega vegna þess að raforkukerfið í Los Angeles var á snærum þeirrar borgar, undir almannastjórn og í almannaeigu.

Enda þótt Evrópusambandið gefi okkur ekki tilskipanir um eignarhaldið á raforkuframleiðslunni, dreifingunni eða sölunni, er engu að síður á miðstýrðan hátt verið að leggja okkur línurnar hvað þetta snertir, um aðskilnað einstakra þátta raforkugeirans: framleiðslu, dreifingu og sölu.

Þessi hugsjón kom reyndar ekki í frumvarpsformi fyrst inn í þingið heldur sem hluti af tilskipanasafni. Eitt vorið samþykkti þingið þetta eins og vill henda með ýmis önnur frv., nánast með bundið fyrir augun. Það voru einvörðungu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem höfðu fyrirvara, og meira en fyrirvara, þeir andmæltu því óðagoti að samþykkja viljayfirlýsingu til grundvallarbreytinga á raforkukerfinu án þess að um það hefði farið fram nokkur umræða að gagni og nánast engin hér í þingsölum. Þannig kom sú viljayfirlýsing snemma af hálfu Alþingis um að við ætluðum að feta okkur inn á þessa braut. Það er ekki fyrr en núna, á allra síðustu vikum og mánuðum, sem aðrir aðilar en þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa hreyft andmælum. Nú síðast í haust lýsti hv. þm. Björn Bjarnason, þingmaður Sjálfstfl., því yfir að hann hefði talið, og teldi, æskilegt að leitað yrði undanþágna.

Grunnhugmyndin í þessu frv., eins og ég skil málið án þess að hafa farið mjög ítarlega í það, er að nú skuli stefnt að því að markaðsvæða rafmagnsframleiðsluna og söluna. Hins vegar skal ákvörðunum um endanlegt fyrirkomulag skotið á frest og málið sett í nefnd. Í þeirri nefnd munu eiga sæti fulltrúar allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi og er það vel. Mér finnst rétt og gott að stuðlað sé að þverpólitískri aðkomu að málinu. En í nefndinni skulu jafnframt eiga sæti fimm fulltrúar frá Samorku, tveir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Neytendasamtökunum. Ég sakna sárlega einna samtaka þarna, heildarsamtaka fjölda starfsmanna á þessu sviði, sem starfa í þessum geira, og þar vísa ég til BSRB. Innan BSRB er að finna fjölmarga og stóra hópa starfsmanna í orkugeiranum sem starfa hjá rafveitunum og víðs vegar í orkugeiranum. Ætli það sé ekki fjölmennasti hópurinn innan þeirra samtaka. Ég ætla því að leyfa mér að koma á framfæri þeirri ábendingu að það væri æskilegt og eðlilegt að þau samtök ættu aðkomu að þessari nefnd.

Það er að sjálfsögðu vel í lagt frá Samorku. Þaðan eiga að koma fimm fulltrúar, og ég er ekki að andmæla því nema síður sé að margir komi úr þeim geira að þessu máli, alls ekki. En fyrst minnst er á Samorku langar mig til að geta um frétt ríkissjónvarpsins um helgina þar sem fram komu mjög ákveðnar staðhæfingar um þróun raforkuverðs á Norðurlöndum. Það var tengt við markaðsvæðingu í raforkugeiranum. Eftir því sem ég kemst næst eru þær staðhæfingar rangar. Þær eru ósannar. Ég er að vonast til þess að ríkissjónvarpið sem flutti þessa frétt í góðri trú, vegna þess að hún er byggð á samantekt frá Samorku, komi á framfæri leiðréttingum sem ég tel einboðnar. Ella þarf ég að sannfærast um að ég hafi rangt fyrir mér í því efni. Í fréttum ríkissjónvarpsins sl. sunnudag var vitnað í þessa samantekt frá Samorku þar sem því var haldið fram að rafmagnsverð í Svíþjóð og Noregi hafi ekki hækkað sem neinu nemur við markaðsvæðingu kerfisins. Hins vegar hefði skattlagning aukist verulega og það skýrði fyrst og fremst verðbreytingar.

Þetta kemur ekki heim og saman við yfirlýsingar norsku neytendasamtakanna í haust. Talsmaður þeirra sagði þá að hin markaðsvæddu fyrirtæki hefðu samráð sín í milli um að keyra verðlagið upp og háfuðu þegar þar var komið sögu inn milljarða í gróða á kostnað notenda.

Varðandi þetta og varðandi þróun orkuverðsins er t.d. fróðlegt að líta á umfjöllun í norska dagblaðinu frá 22. september sl. en þar var sýnt fram á að markaðsvæðing hefði sprengt upp raforkuverðið í Noregi. Í blaðagreinunum sem þá birtust í Dagbladet var vitnað í talsmann norska neytendaráðsins, Per Anders Stahlheim. Hann segir í blaðinu að norsk raforkufyrirtæki raki saman milljörðum, hagnaðurinn í rafmagnsgeiranum sé ævintýralegur. Árið 2000 hafi hagnaður norskra rafveitna verið um 11,6 milljarðar norskra kr. og rafveiturnar hafi greitt 3,7 milljarða norskra í arð til eigenda sinna. „Þetta er orðinn markaður þar sem menn háfa inn peninga," segir Stahlheim. Hér er ég að vitna í þessa blaðagrein í Dagbladet frá þessum tíma.

Ég bendi þeim sem áhuga hafa á að það er hægt að nálgast nánari upplýsingar um þetta á upplýsingavef BSRB, bsrb.is mun það vera. Sérstökum áhugamönnum um efnið get ég bent á heimasíðu mína líka, ogmundur.is, en þar er fjallað ítarlega um þetta efni.

Það eru komnar út fleiri skýrslur, m.a. frá hreyfingu innan úr hreyfingu launafólks og núna alveg á síðustu dögum birtist skýrsla frá Bertil Dahlsten sem starfar fyrir SEKO, samtök launafólks í þjónustu og samgöngum. Þessa skýrslu sendi hann til EPSU, en það eru Evrópusamtök launafólks í almannaþjónustu, sá hluti þeirra samtaka sem starfar innan Evrópusambandsins. Þar er ástandinu á norræna rafmarkaðnum eftir markaðsvæðingu lýst í dökkum litum, sagt að verð sl. fjóra mánuði hafi hækkað um 400% hjá Nord Pool sem er miðlunarfyrirtæki norrænna rafmagnsveitna. Að auki hafi sænska stjórnin hækkað skatta á rafmagn á sama tíma. Það er rétt. Og það eru þær staðhæfingar sem Samorkumenn komu með. Hins vegar skýrir það ekki þessa hækkun nema að litlum hluta.

Í þessari skýrslu Bertils Dahlstens er því haldið fram að ástæður ófremdarástandsins hafi opinberlega verið taldar lítil úrkoma sl. ár. Í skýrslunni segir að þetta sé ekki satt, úrkoma hafi þvert á móti verið óvenjumikil, bæði 2000 og 2001. Hins vegar hafi verið til staðar fyrir markaðsvæðingu umframorka í sænska kerfinu til þess að mæta þurrum árum og álagspunktum. Það fyrsta sem raforkuframleiðslufyrirtækin gerðu var að skera þessa umframorku í burtu, um 10% af framleiðslugetu sænska raforkukerfisins fyrir breytingar. Fyrirtækin sögðu að þau framleiddu ekki rafmagn að gamni sínu og ekkert þeirra taldi sig þurfa að bera kostnað af slíkri öryggisorkugetu. Þessa orku þurfa Svíar nú að flytja inn frá kolaraforkustöðvum í Póllandi og Þýskalandi.

Þá er lýst í þessari skýrslu Bertils Dahlstens áhyggjum af fjárfestingum og viðhaldi í sænskum raforkuiðnaði. Um 40% af starfsmönnum hafi verið sagt upp og engin nýliðun eigi sér stað. Engar fjárfestingar hafi verið gerðar í iðnaðinum síðan fyrir markaðsvæðingu en raforkuiðnaðurinn krefjist langtímaáætlana varðandi uppbyggingu og viðhald ef tryggja eigi landsmönnum öruggan aðgang að nægu rafmagni.

Hér er ég að vitna óbeint, ekki orðrétt, í skýrslu frá sænskum verkalýðssamtökum til Evrópusambands launafólks í almannaþjónustu. Ég byggi staðhæfingar mínar á því sem frá þessum aðilum kemur og vek athygli á að þær stangast algerlega á við þær staðhæfingar sem koma frá Samorku og voru birtar í sjónvarpinu um síðustu helgi.

Nú finnst mér að finna þurfi út hvað er rétt í þessu efni og auðvitað stendur sú krafa upp á ríkissjónvarpið að ganga úr skugga um hið rétta. Ég er alls ekki að áfellast ríkissjónvarpið í þessu efni, alls ekki, a.m.k. ekki á þessu stigi, sjónvarpið hefur enn tækifæri til að kafa ofan í hlutina. Allt of oft vill það samt gerast að umræða um mikilvæg mál eins og þessi er látin hanga í lausu lofti og ekki leiðrétt þegar rangt er farið með.

Þá vil ég nefna það að markaðsvæðing á rafmagni hefur í för með sér mikið óöryggi fyrir notendur. Þeir eiga allt sitt undir geðþótta eigenda hlutafjárins þegar búið er að hlutafélagavæða þessa framleiðslu. Þannig má benda á að eitt stærsta orkufyrirtæki Bretlands, British Energy, sem framleiðir og selur 25% rafmagns í Bretlandi, hefur að undanförnu ítrekað sent út viðvörun um að án frekari aðstoðar frá opinberum aðilum stefni í gjaldþrot fyrirtækisins. Hlutabréf þess kolféllu í september sl. og gerðist þetta þrátt fyrir neyðaraðstoð bresku ríkisstjórnarinnar upp á 410 millj. breskra punda sem veitt var til endurskipulagningar á fjármálum fyrirtækisins. Markaðsvirði hlutafjárins er komið niður í 173,8 millj. punda, samanborið við rúmar 2.000 millj. punda fyrir ári síðan. Þannig hefur verðgildi hlutabréfa fallið um 91% á einu ári og aldrei verið lægra í sögu fyrirtækisins. Fulltrúi stofnunar sem á hlutabréf í British Energy lét hafa eftir sér að ríkisstjórnin hafi með fjárstyrk sínum bjargað fyrirtækinu tímabundið frá gjaldþroti. Eftir sé hins vegar að finna svar við þeirri grundvallarspurningu hvað verða megi fyrirtækinu til bjargar til framtíðar litið en það tapi nú á framleiðslu rafmagns. Með öðrum orðum, þegar mest þarf á að halda hlaupa hlutafjáreigendurnir brott. Þetta er ástæðan fyrir því að þetta fyrirkomulag, hlutafélagafyrirkomulagið í grunnþjónustu, er mjög óheppilegt. Grunnþjónustan þarf alltaf að vera til staðar og það er óheppilegt og óskynsamlegt að haga eignarforminu þannig að eigandinn sé sífellt að hugsa um það hvernig hann geti hámarkað gróða sinn. Ef það nú gerist að illa árar á þessum markaði í þessum rekstri, er hann farinn burtu. Það gerðist einmitt í þessu fyrirtæki. Það mætti taka fleiri dæmi, bæði frá Frakklandi og Bandaríkjunum hvað þetta snertir.

Hvers vegna er verið að ræða þetta? Jú, vegna þess að við eigum að læra af reynslu annarra þjóða. Hér hafa fulltrúar ríkisstjórnarinnar og Samorku komið fram og reynt að telja okkur trú um að það sé heppilegt rekstrarform að markaðsvæða þessa starfsemi, færa hana í annað eignarhaldsform. Þess vegna hljóta menn að horfa til reynslu annarra þjóða í þessu efni. Náttúrlega er hrikalegust reynsla þjóðar af einkavæðingu rafmagnsins; það er í Nýja-Sjálandi. Þar var orðið sannkallað neyðarástand og ríkið þurfti þá að koma inn með hjálpandi hönd, eins og er að gerast núna í Bretlandi, og *ég hef rakið, þar sem milljarðatugum er pumpað inn í* þessa framleiðslu til þess að halda fyrirtækinu á floti.

Herra forseti. Þetta voru almenn orð um þessa skipulagsbreytingu, þessa grundvallarskipulagsbreytingu sem menn eru núna að byrja að feta sig inn á. Við sáum hvað var að gerast hér með Norðurorku fyrir jólin, þar kom hver ráðherrann upp á fætur öðrum og hver stjórnarþingmaðurinn líka (Forseti hringir.) algerlega gagnrýnislaust og dásamaði þessa breytingu. Og nú óska ég eftir því að menn (Forseti hringir.) reyni að sjá til þess að við drögum rétta lærdóma af reynslu annarra þjóða. Ég veit að hæstv. forseti er mér sammála í því.

[13:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Nú er loksins svo komið að við ræðum þetta frv. til laga um breytta skipan raforkumála eftir mikla meðgöngu þess í hæstv. ríkisstjórn og langa og erfiða fæðingu. En eins og kunnugt er átti Ísland þegar 1. júlí sl., ef minni mitt svíkur ekki, að hafa gengið frá öllum hlutum sem vörðuðu fullgildingu orkutilskipunar Evrópusambandsins, nr. 96/92, og eru Íslendingar þar af leiðandi komnir í ónáð og sekir um vanefndir að því leyti að hafa ekki gert tilhlýðilegar ráðstafanir í lögum til að fullgilda tilskipunina. Í samræmi við það, samanber hæstaréttardóma sem um slíkt ástand hafa fallið, ættu aðilar út af fyrir sig rétt á hendur íslenska ríkinu. Fyrir liggja hæstaréttardómar um að reglur af þessu tagi á Evrópska efnahagssvæðinu öðlist í reynd gildi gagnvart réttindum borgaranna eða réttindum aðila þó að stjórnvöld viðkomandi ríkis hafi vanefnt að koma þeim lagalega til framkvæmda. Þess vegna gætu aðilar sem teldu á sér brotinn rétt frá 1. júlí sl. auðvitað höfðað mál gegn íslenska ríkinu, ábyrgðin liggur þar en ekki annars staðar.

Það var furðu hljótt um þetta mál, herra forseti, þegar það var á undirbúningsstigi innan samstarfsins á Evrópska efnahagssvæðinu, og þegar sameiginlega nefndin tók ákvörðun sína bárust af því litlar fréttir hingað. Það var ekki fyrr en vorið 2000, þegar inn á borð þingmanna kom þáltill. til staðfestingar á ýmsum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem málið leit hér dagsins ljós og komst eitthvað að gagni til umræðu. Einstaka menn höfðu að vísu reynt að vekja athygli á því að þetta væri í vændum og Íslendingar þyrftu að hugsa sinn gang í þeim efnum. En það kom fyrir lítið. Þegar málið birtist svo á þingi var það fyrst og fremst einn stjórnmálaflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, sem fór ofan í saumana á því og reyndi að vekja athygli manna á því hvað væri í vændum, án nokkurra minnstu undirtekta frá öðrum aðilum. Ég skilaði sérnefndaráliti sem fulltrúi flokksins í utanrmn. og reyndi þar að draga athygli manna að því hvaða álitamál væru þarna að vakna og hvort

það væri sjálfgefið að Ísland gengi inn í þennan pakka, eða a.m.k. léti ekki á það reyna með formlegum hætti hvort hægt væri að fá sérstöðu Íslands að þessu leyti viðurkennda. Undir það var ekkert tekið og menn greiddu hér atkvæði með þessu meira og minna sofandi að því er virtist.

Síðar hefur það gerst að einstaka menn hafa vaknað upp við vondan draum og farið að spyrja: Bíddu, af hverju fékk Ísland bara ekki undanþágu frá þessu? Hv. þm. og borgarfulltrúi, Björn Bjarnason, vaknaði upp við þetta mál í haust er leið þegar það var til umfjöllunar einhvers staðar í borgarkerfinu eða hjá Orkuveitu Reykjavíkur og spurði þessara spurninga. Og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur opinberlega tjáð sig með svipuðum hætti um málið. Ég veit að það er búið að spyrja hæstv. ráðherra að því, bæði hér í umræðunni og eins áður, hvers vegna ekki hafi verið látið á það reyna að Ísland fengi þarna varanlega undanþágu eða sérstöðu sína með einhverjum hætti viðurkennda, þótt ekki væri nema ótímabundinn aðlögunarfrest að þessari tilskipun. Það er jú erfitt að fá varanlegar undanþágur, það vitum við. (Gripið fram í.) Ef það er eitthvað sem Evrópusambandið hatar eru það undanþágur eins og kunnugt er. Ég held að sannast sagna hafi ósköp lítið verið reynt í þeim efnum. Það er a.m.k. algerlega ljóst að menn tóku því bara eins og erkibiskupsboðskap að niðurstaðan af einhverjum fundahöldum eða í einhverri könnun væri sú að Evrópusambandið væri ekki hrifið af því að Íslendingar færu fram á einhverja sérstaka meðhöndlun.

Þetta verður auðvitað þeim mun furðulegra þegar við skoðum tilgang orkutilskipunarinnar. Hver er hann? Hann er að gera raforkugeirann að hluta af innri markaði Evrópusambandsins í áföngum. Látum nú vera að menn vilji færa orkusviðið undir samkeppnisreglur og innleiða þar samkeppni og allt hvað það nú er. Það má kannski segja að það geti þá átt við hér eins og annars staðar að við eigum að vera hluti af samkeppnisreglum innri markaðarins.

Tilgangur númer tvö er að tryggja öryggi í afhendingu á raforku. Það bókstaflega kemur íslenskum aðstæðum ekkert við. Það á augljóslega ekki við því Ísland er einangraður orkumarkaður og öryggi í raforkuafhendingu á Íslandi vex ekki um eitt einasta prómill þó að þessi tilskipun gangi í gildi sem slík. Tilgangur hennar á meginlandi Evrópu er að samtengja orkumarkaðinn og auka þar með öryggi þar. En það á ekki við á Íslandi, ekki fyrr en kemur þá sæstrengur. Markmið númer tvö samkvæmt þessari tilskipun á því ekki við hér.

Þriðji megintilgangurinn er að auka samkeppni í framleiðslu á raforku. Það á í afar takmörkuðum mæli við hér eins og aðstæður eru í dag. Menn geta sagt að það sé framtíðarmarkmið að leyfa fleirum að spreyta sig hér við að framleiða orku og selja hana en gagnvart aðstæðum líðandi stundar og fyrirsjáanlegrar framtíðar á Íslandi er það í raun og veru algjört aukaatriði nema menn telji það samkeppni að einn og einn bóndi fái að framleiða nokkra tugi kílóvatta inn á netið svona í samkeppni við öll gígavöttin sem Landsvirkjun er með. Auðvitað er það hlálegt. Það væri þá ekki fyrr en einhverjir öflugir aðilar væru í færum til þess að framleiða umtalsvert magn inn á hinn almenna markað sem þetta ætti við. Það er um það sem einhver samkeppni snýst. Markmið númer þrjú á því nánast ekki heldur við á Íslandi.

Og hvert er markmið tilskipunarinnar númer fjögur? Að gera fyrirtækjum kleift að eiga viðskipti með raforku milli landa á svæðinu. Burt með það. Kemur Íslandi ekki við því Ísland er einangraður orkumarkaður og getur ekki selt raforku annað. Viðskipti milli landa eru út úr myndinni þegar kemur að Íslandi.

Ergo: Það er aðeins eitt af fjórum markmiðum þessarar orkutilskipunar sem segja má að eigi að einhverjum hluta til við á Íslandi. Annað kannski mögulega inni í framtíðinni, en tvö alls ekki. Þannig væru efnislega öll rök fyrir því að Ísland hefði fengið þarna að vera undanskilið. Auðvitað hefði átt að láta reyna á möguleikana til að fá varanlega undanþágu, vera bara ekki með í þessum hluta, eða ganga þannig frá málinu að segja: Ísland er út af fyrir sig með að því marki sem þetta á við hér, þ.e. varðandi kannski samkeppni og annað slíkt, en að öðru leyti bíður það, að fullgilda hina hlutana, þess að Ísland tengist þá mögulega einhvern tíma evrópskum raforkumarkaði. Þá hefðum við getað haft í okkar höndum að hvaða leyti það var okkur sjálfum hentugt, miðað við okkar aðstæður, að innleiða þetta.

Ég held að það sé afar erfitt að sækja mikil rök í aðstæður okkar fyrir því að þetta sé endilega eitthvað sem þjónar tilgangi okkar vel, að fara inn í þetta. Þess vegna hef ég gagnrýnt, og gagnrýni enn, íslensk stjórnvöld og þá sem véluðu um þessa hluti á undirbúningsstigi fyrir Ísland að reyna ekki til þrautar að fá þarna fram aðra skipan mála.

Varðandi síðan stefnuna sem er tekin þarna við að innleiða samkeppni, með öðrum orðum einkarekstur í orkugeiranum, höfum við eins og kunnugt er mikla fyrirvara á því. Hv. þm. Ögmundur Jónasson vék að því hér áðan. Við vísum ósköp einfaldlega í dóm reynslunnar í þeim efnum. Þetta er ekki svið sem hefur gefist vel að selja í hendur einkaaðilum til að reyna að reka í hagnaðarskyni og það má sækja víða um lönd dæmin um ófarnaðinn sem af þessu hefur hlotist. Nú síðast hefur það bitnað heldur betur á frændum okkar annars staðar á Norðurlöndunum, í kuldaköstunum þar og vatnsleysinu í Skandinavíu, að vera orðnir í miklu ríkari mæli en áður háðir hinum einkavæddu orkuframleiðendum þar og þeim breytingum sem þar hafa orðið á orkuverði.

Hvað hefur ekki komið í ljós? Menn hafa misst tökin á því að skipuleggja og undirbúa t.d. harða vetur eins og áður var hægt þegar málin voru á höndum opinberra aðila eða stórra orkufyrirtækja sem lutu opinberri stjórn. Þá var hægt að búa í haginn, fylla uppistöðulón og gera ráðstafanir, í staðinn fyrir að einkaaðilar hugsa fyrst og fremst um það eins og venjulega að græða sem mest, og strax. Þess vegna er bara freistandi að selja rafmagnið, eins mikið og mögulegt er að framleiða á meðan rignir. Svo vakna menn bara allt í einu upp við vondan draum, það er kominn harður vetur og lónin eru tóm. (**Gripið fram í:** Og orkuverðið hækkar.) Og orkuverðið fer upp úr öllu valdi. (**Iðnrh.:** Allt tilskipuninni að kenna.) Ja, það er bara þannig, hæstv. ráðherra, að menn hafa verið að undirbúa sig fyrir þessa hluti. Norðmenn hafa verið með þær aðgerðir í gangi að undirbúa málin hjá sér og Svíar eru auðvitað orðnir aðilar að Evrópusambandinu. Hvort sem það er tilskipuninni sem slíkri að kenna eða þakka skulum við bara horfa á afleiðingarnar af fyrirkomulagi af því tagi sem hér á að búa til. Horfum bara á það.

Hvernig hefur það gefist í Bandaríkjunum? Sennilega eru hörmungarnar hvergi rosalegri en þar. Menn hafa staðið frammi fyrir þvílíkum ósköpum í orkumálum í hinum einkavæddu stóru veitum í Kaliforníu, New York fylki og víðar, að það hálfa væri nóg. Og það hefur kostað alveg gríðarleg ósköp af skattpeningum að halda þessum aðilum á löppunum sem þar var búið að einkavæða eða fela þessa þjónustu.

Nýja-Sjáland var nefnt hér til sögunnar og Bretland þekkja allir, hina hörmulegu útreið sem varð á því að einkavæða ýmiss konar veitustarfsemi í Bretlandi. Sporin hræða heldur betur í þessu efni, herra forseti.

Þriðji þátturinn sem ég vil gera hér að umtalsefni í þessu sambandi varðar grundvallarspurninguna um fyrirkomulag á jöfnun orkuverðs í landinu verði farið út á þá braut að innleiða samkeppni. Ég kalla hana nú ekki frjálsa því að ég á erfitt með að sjá fyrir mér að hún verði óskaplega „frjáls", sú samkeppni sem til málamynda á þó að heita að komist á í gegnum það að hverfa frá því fyrirkomulagi orkuöflunar og -dreifingar, fyrst og fremst á félagslegum eða opinberum grunni sem hér hefur verið við lýði.

Hvernig ætla menn þá að tryggja og koma fyrir fullnægjandi jöfnun raforkuverðs þegar hinir einkavæddu aðilar verða farnir að reka þessa starfsemi? Jú, þá er talað um gjaldtöku til að jafna töp í orkukerfinu og vega upp dreifingarkostnað út á þau svæði sem minnst ábatasamt er að þjónusta. Hæstv. ráðherra orðaði það svo í framsöguræðu sinni áðan að töpin yrðu jöfnuð svo gjaldskráin yrði sem næst því hin sama um allt land. Þetta sagði hæstv. ráðherra hér í morgun. Ég punktaði þetta niður og ég vona að ég hafi tekið nákvæmlega rétt eftir.

Er það nóg, erum við sátt við það? Í lögum hafa þó verið skýlaus ákvæði sem hafa falið stóra fyrirtækinu okkar að afhenda orkuna á sama verði, ekkert næstum því sama verði heldur á sama verði á útsölustöðum sínum. (**Iðnrh.:** ... til neytenda.) Alveg rétt, það fyrirkomulag hefur vel að merkja, hæstv. ráðherra, að sjálfsögðu ekki verið gallalaust vegna þess að síðan hafa milliliðirnir komið til sögunnar sem hafa séð um dreifinguna út á einstök svæði og það fyrirkomulag hefur alls ekki þjónað t.d. landsbyggðinni vel og það fyrirkomlag sem hefur falist í þjónustu Rafmagnsveitna ríkisins hefur farið versnandi. Ekki vegna þess að það sé vont eða illviljað fyrirtæki heldur vegna þess að aðstæður Rafmagnsveitna ríkisins hafa orðið erfiðari með árunum. Verðmætir markaðir sem héldu uppi afkomu þess fyrirtækis, eins og Suðurnes, hafa gengið undan því og eftir hefur setið í vaxandi mæli það óhagstæða hlutverk að kaupa raforkuna í heildsölu af öðrum framleiðanda og dreifa henni út á strjálbýlustu svæði landsins. Það er augljóst mál að þarna hefur verið skilið eftir fyrirtæki með erfiðasta hluta orkudreifingarhlutverksins í landinu á sínum herðum.

Niðurstöðuna þekkja allir. Landsmenn hafa búið við mjög mismunandi aðstæður í þessum efnum og orkuverðið til almennra notenda er hátt á Íslandi, því miður. Mjög hátt eins og það dæmi sannar að nefnd á vegum landbrh. um grænmetisframleiðslu í landinu komst að þeirri gagnmerku niðurstöðu fyrir skömmu síðan að eitt af því sem ætti að gera væri að reyna að leita leiða til þess að ná raforkuverðinu til gróðurhúsa á Íslandi niður í það sem er í samkeppnislöndunum. Það var yfirlýsing, opinber yfirlýsing, um að garðyrkjan á Íslandi, gróðurhúsin, borgar hærra verð fyrir rafmagn og orku en samkeppnisaðilarnir í nálægum löndum. Það var heldur dapurleg yfirlýsing. Það var niðurstaða, úrskurður um ástandið, sem segir sína sögu, því miður.

Ég var að kíkja á taxta í þessu fyrir nokkrum dögum, m.a. í ársskýrslu Rafmagnsveitna ríkisins, og komst þá í samhengi við það gjafverð sem á að afhenda raforkuna á til erlendra álfyrirtækja, ef þau vilja vera svo náðug að koma hingað og reisa fabrikkur. Þau eiga að borga 1,20–1,40 kr. á kílóvattstundina miðað við fréttir fjölmiðla, svo maður vitni í fréttastofu sjónvarpsins sem hefur leyft sér að birta fréttir um ríkisleyndarmálið mikla, raforkuverðið til Alcoa, sem er svona gríðarlega vel varðveitt hernaðar- og ríkisleyndarmál að fréttastofa sjónvarpsins bara fjallar um það eins og sjálfsagðan hlut að þetta séu 17,4 mill á kílóvattstund. Þá er það, miðað við núverandi gengi, eitthvað um 1,20, og með bjartsýnum spám um þróun álverðs 1,40 kr. Á sama tíma og almennir notendur greiða 7,70 kr. án virðisaukaskatts, 9,60 kr. með virðisaukaskatti, upp í 12,60–12,70 á kílóvattstund fyrir lýsingu utan húss með einhverri þjónustu innifalinni. Tífalt, tólffalt verð á við stóriðjuna.

Þetta er ástandið. Og horfir til betri vegar í þeim efnum? Ég er ekki viss um það. Ekki ef enn eina ferðina á að þunglesta Landsvirkjun með gríðarlegum skuldum sem fyrirtækið verður svo að juða við að ná niður næstu áratugina. Vonir manna um að þegar loksins yrði búið að afskrifa stórvirkjanirnar handa stóriðjunni gæti almenningur farið að njóta góðs af eru horfnar, það er fyrir lifandis löngu búið að afskrifa vatnsaflsvirkjanirnar sem framleiða rafmagn handa honum, almenningnum. Það liggur alveg fyrir að Sogsvirkjanirnar, Laxá og aðrar slíkar virkjanir sem að uppistöðu til framleiða fyrir hinn almenna notendamarkað, þó að kannski sé ekki gerður greinarmunur á elektrónunum sem þarna eiga í hlut, eru afskrifaðar framkvæmdir og ættu að geta afhent rafmagn á broti af því verði sem menn borga í dag. Það er bara þannig að einhverjar mestu gullkvarnir sem til eru eru auðvitað afskrifaðar vatnsaflsvirkjanir í bergvatnsám ef þar er rekstraröryggi og ekki skemmdir á vélum og annað í þeim dúr. Í best heppnuðu heimarafstöðvum bænda skipta menn um legur á tíu ára fresti, og búið. Það er rafmagnskostnaðurinn hjá mönnum. (**PHB:** Verður það svo í Kárahnjúkavirkjun?) Nei, það verður sko aldeilis ekki svo, hv. frammíkallandi, Pétur Blöndal, því að það eiga eftir að verða miklir hausverkir við rekstur á þeim ósköpum, ef það einhvern tíma rís. Og ég er ekki viss um að menn séu búnir að sjá fyrir endann á því að glíma við allt sem fylgir því að reyna að hemja Jökulsá á Dal, aurugasta jökulfljót landsins ef ekki heimsins, með 10 millj. tonna af framburði á hverju einasta ári. Ætli það eigi ekki einhvern tíma eftir að ganga eitthvað á þó að við verðum svo heppin að ekki gjósi undir Brúarjökli eða annað í þeim dúr?

Að síðustu, herra forseti, hefði ég haft hug á, og geri það kannski seinna í umræðunni, að ræða aðeins um eitt af þeim fyrirtækjum sem eiga síðan að fara að starfa eftir þessu nýja lagafyrirkomulagi. Það er fyrirtækið Landsvirkjun. Ég verð að segja, alveg eins og er, að ég hef orðið meir og meir hugsi um hvað er að gerast á þeim bæ. Steininn tók úr í morgun, eins og ég hef reyndar þegar rætt úr þessum ræðustól á þessum drottins degi, þegar fréttir bárust í morgunsárið um að það nýjasta nýja á þeim bænum væri umsókn um borunarleyfi í friðlandinu að fjallabaki, eins og þeim þyki ekki nóg að gert með því að vera með Kringilsárrana og Þjórsárver undir í augnablikinu. Nei, það er friðland þarna líka að fjallabaki, eigum við ekki að líta á það? segir Landsvirkjun. Það er eins og það sé orðinn kækur hjá mönnunum að bera fyrst og fremst niður í friðlöndum. Ef þeir sjá þau einhvers staðar á kortinu er um að gera að sækja strax um virkjanaleyfi þar. Og það er þetta fína fyrirtæki sem birtir ársskýrslur sem minna annaðhvort á bæklinga frá Þjóðminjasafninu eða skýrslur frá Náttúruverndarsamtökum Íslands. Varla er minnst á virkjanir eða raforkuframleiðslu, þetta er allt um þjóðminjavernd og umhverfismál. En hvað eru þeir að gera, mennirnir? (**Gripið**

fram í: Rautt ljós.) Það er þetta sem þeir eru að gera, vaða á milli friðlanda í landinu til þess að fá að virkja þau.

[Fundarhlé. — 14:13]

[14:17]

Útbýting þingskjals:

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 550. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 897.

[14:17]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér eitt af viðameiri málum sem þetta þing fjallar um, þ.e. frv. til raforkulaga sem er að líta hér dagsins ljós í þriðja sinn. Eins og fram hefur komið í ræðum hv. þm. hefur mjög mikil umræða staðið um þetta mál úti á akrinum sl. tvö ár og sýnist þar sitt hverjum. Það er alveg ljóst að menn eru ekki á eitt sáttir og hér hefur verið dreginn fram í dagsljósið ágreiningur stjórnarflokkanna um málið og hann hefur orðið til þess að hluti af þessu frv. verður ekki afgreiddur heldur verður honum frestað og hann settur í nefnd. Ég tek undir gagnrýni sem komið hefur fram á það fyrirkomulag í ræðum þingmanna því að það er alveg ljóst að fyrirkomulag á jöfnun orkuverðs, jafnstórt og veigamikið atriði og það er, verður að liggja ljósar fyrir en hér. Þegar við erum að setja slíkan lagabálk í gegnum þingið finnst mér ekki alveg forsvaranlegt, herra forseti, að afgreiða málin eða ágreininginn á þann hátt sem hér er lagt til.

Ég segi að þetta sé eitt viðamesta mál sem þetta þing fjallar um og ég held að það séu orð að sönnu. Ég hefði gjarnan viljað fá meiri yfirsýn í gegnum umræðuna með því að hér lægju t.d. fyrir líka heildstæð auðlindalög. Ég hef haft pata af því og ég held að það sé alkunna að drög að slíkum lögum eða slíkri löggjöf muni vera til í ráðuneyti hæstv. iðnrh. Ég verð að segja að ég hefði viljað sjá slíka löggjöf lagða fram á sama tíma og þetta frv. til raforkulaga er rætt því þetta er hluti af svo stóru máli og um mál af þessu tagi þarf að marka heildstæða, heildræna stefnu. Ég hefði því viljað sjá hér auðlindalög og jafnvel lög um jarðhita líka. Þar er ákveðinn geiri í þessu umhverfi sem ég held að þurfi líka að hafa sérstaka löggjöf. Eins og við höfum vatnalög þá held ég að tímabært sé orðið að setja lög um nýtingu jarðhita almennt. Ofan á þetta hefði ég gjarnan viljað sjá hér náttúruverndaráætlun lagða fram og ég hefði viljað sjá hér tilbúna rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Að þessari upptalningu lokinni, herra forseti, sést hversu stórt og viðamikið mál þetta er. Ég tek undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram á hæstv. iðnrh. og stjórnarflokkana um að ekki skyldi vera hægt að klára þetta mál betur en frv. gefur til kynna.

Hæstv. ráðherra sagði í morgun að ný hugsun hafi verið að ryðja sér til rúms hvað varðar raforkumarkað og reglur á raforkumarkaði upp á síðkastið og síðustu árin. Hæstv. ráðherra sagði að gengið hefði vel í nágrannalöndum okkar að finna rúm fyrir þessa nýju hugsun.

Margt af því sem kom upp í huga minn þegar ég hlustaði á ræðu hæstv. ráðherra hefur komið fram í ræðum annarra þingmanna, en ég get ekki látið hjá líða, herra forseti, að ítreka það sem er alkunna, þ.e. að t.d. í Þýskalandi hafa afleiðingarnar af þessum orkusamruna verið mjög alvarlegar. Hér hefur nokkuð verið fjallað um Noreg. Þýskaland hefur ekki verið nefnt í þessari umræðu. Ég ætla að bæta því hér við. Það er alkunna að í Þýskalandi var afleiðing þessarar opnunar á markaði gífurlega mikill samruni fyrirtækja. Nokkrir stórir aðilar náðu ráðandi stöðu á markaði en allir smærri aðilar týndu tölunni og urðu að gefast upp. Raforkuverð í Þýskalandi hækkaði gífurlega fyrst um sinn, tók risastökk og enn þann dag í dag er orkuverð í Þýskalandi ekki búið að ná því verði sem það var áður en raforkumarkaðurinn var innleiddur, þ.e. sá markaður sem hér er verið að tala um. Það er ekki gert ráð fyrir því, herra forseti, að raforkuverð lækki neitt meira í Þýskalandi.

Í þeim greinum og viðtölum sem ég hef séð og lesið virðast menn gagnrýna þessa stóru aðila, stóru orkuframleiðendurna í Þýskalandi og því er beinlínis haldið fram að þessir stóru aðilar hafi farið út í þetta allt saman eða knúð á um þennan frjálsa markað til þess að halda verði háu. Það var auðveldara fyrir þá að halda verðinu háu þegar þeir voru einir og allsráðandi á markaðnum.

Þetta er ekkert ókunnugt lögmál. Þetta er nokkuð sem menn lenda í í hvert sinn sem frelsið, blessað viðskiptafrelsið er tekið til umfjöllunar. Það er kunnara en frá þurfi að segja að frelsinu fylgir líka ábyrgð og þegar birtingarmynd frelsisins er orðin græðgi og ágirnd þá held ég að betur sé heima setið en af stað farið.

Í Þýskalandi var þetta náttúrlega þannig að orkuver sem notuðu sama vatnið gátu ekki komið fram sem sjálfstæðir aðilar en þeir leystu málið með því að setja á þessa gífurlegu miðstýringu. Eins og ég segi þá er orkuverð í Þýskalandi ekki enn komið niður í það sem það var þegar þessum frjálsa markaði var komið á. Þetta er staðan þar, herra forseti.

Hér hefur verið talað mikið um sérstöðu Íslands, að hún sé mikil og að við búum við afmarkað og lokað kerfi og kostnaðarliðir okkar séu þar af leiðandi fastir en ekki breytilegir sem leiðir eingöngu af þessari sérstöðu þessa kerfis. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vitnaði áðan í ræðu í nál. minni hluta utanrmn. sem á sínum tíma fjallaði um þessa tilskipun. Ég vil bara lýsa því að ég er hjartanlega sammála því sem hv. þm. sagði um þá möguleika sem hann taldi okkur hafa átt á því að biðja um undanþágur. Ég er hjartanlega sammála því að það séu ákveðin atriði í þessari tilskipun sem eigi alls ekki við svona afmarkað, lokað kerfi eins og við Íslendingar búum við.

Alkunna er að þessi tilskipun byggir ekki hvað síst á því að kaupendur raforku geti verslað þvert á lönd og landamæri. Auðvitað verður það aldrei hægt á Íslandi, a.m.k. ekki í náinni framtíð, svo að hagkvæmt geti talist. Ekki getum við því hlaupið til grænna orkuframleiðenda í Bretlandi og keypt af þeim orku. Ónei, við erum bundin við okkar litla afmarkaða, lokaða kerfi og það setur okkur allt aðrar skorður en öðrum löndum í Evrópu.

Sérstaða Íslands felst einnig að að miklu leyti í því að við erum með um 70% af markaðnum bundin í stóriðjusamningum til langs tíma. Það verður að segjast eins og er að í þessum sal er ekki búið að ræða breytt hlutverk Landsvirkjunar í þessu nýja umhverfi í tengslum við þetta frv. En það er alveg ljóst og fjármálastjóri Landsvirkjunar hefur sagt það, að það borgar sig ekki, hvorki á Íslandi að öllum líkindum né annars staðar þá, að virkja fyrir stóriðju nema eins og hér er gert, þ.e. að ríkissjóður þarf að gangast í ábyrgð fyrir lántökum Landsvirkjunar.

Herra forseti. Einu sinni stóð til að búa til sérstakt félag um orkuöflunina vegna fyrirhugaðs álvers á Reyðarfirði. En það var kveðið upp úr með það fyrir nokkrum árum síðan,

sennilega 1998, að slíkt yrði aldrei hagkvæmt, það væri einungis hagkvæmt að virkja fyrir stóriðju á þeim nótum sem gert er hér, þ.e. á vegum fyrirtækis sem hefur öll þau skattfríðindi sem Landsvirkjun hefur og á vegum fyrirtækis sem getur gengið í ríkissjóð og stærstu sveitarfélagasjóðina hér á landi til þess að gangast í ábyrgð fyrir lánveitingar sínar. Um þetta má lesa í erindi fjármálastjóra Landsvirkjunar sem flutt var á orkuþingi 2001 og birtist í bók sem gefin var út í tilefni af því þingi. Þetta er hluti af sérstöðu þessa markaðar.

Því er alveg ljóst að við eigum eftir að fjalla betur um þetta kerfi á Íslandi sem er í sjálfu sér bara örkerfi. Ísland er í samhengi Evrópusambandsins dvergríki og raforkukerfið okkar í því samhengi örkerfi, sem ég held að þurfi að skoða með allt öðrum gleraugum en hér er verið að gera.

Herra forseti. Það er alveg ljóst að stóriðjuframleiðslan fer vaxandi því við það stjórnarfar sem við búum núna og þá atvinnustefnu sem hæstv. ríkisstjórn keyrir þá stefnir í að 80–90, sennilega hátt í 90% af orkuöflun landsmanna verði fyrir stóriðju og verði bundin í langtímasamningum til stóriðju og það er alveg ljóst að ef einungis 10% af aflinu eru seld á hinum almenna markaði, að það sé aðeins það sem á að véla um hér, þá erum við að reyna að innleiða kerfi sem ég tel að gangi ekki upp.

Hér hefur verið vitnað í greinina Raforkufrumvarp í vanda, sem birtist í Morgunblaðinu, og ráðherra mun hafa svarað á þá lund að hún vildi að horft yrði á heildarmyndina. Ég tek undir þau orð hæstv. ráðherra að horfa þurfi á heildarmyndina. En ég sakna hins vegar að það sé gert í þessu frv. og í þeirri umræðu sem hér fer fram. Ég er því voða hrædd um að við séum núna í þessari umræðu að missa út úr höndunum þá möguleika að horfa til framtíðar, horfa yfir sviðið í heild og skoða alla þætti þessa máls.

Kannski er ekki óeðlilegt þó hér sé ítrekað það sem þessi þingfundur hófst á, þ.e. orkugræðgi Landsvirkjunar sem er slík að ugg setur að mönnum. Það er ekki óeðlilegt þar sem Landsvirkjun er farin að sækja í svo ríkum mæli inn á friðlöndin okkar til að virkja. Ég vil í raun halda því fram að það geti verið tilefni til að breyta lögum um Landsvirkjun þannig að hún geti ekki stöðugt skákað í því skjóli þar að 5. tölul. 2. gr. laganna leggi þeim þann kross á herðar að þeir eigi að hafa með viðunandi öryggi tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma. Ég vil halda því fram að þessi 5. tölul. í 2. gr. laganna um Landsvirkjun sé orðinn, má segja, prímus mótor í starfi Landsvirkjunar því að þar er stöðugt verið að búa til ný tækifæri til þess að afla orku og síðan er iðnrn. eins og útspýtt hundsskinn úti um öll holt og grundir, út um allan heim, að reyna að draga stóriðjufyrirtæki hingað til landsins. Allir þekkja dæmið um Alcoa sem dregið var hingað og boðið gull og grænir skógar. Landsvirkjun stóð auðvitað klár á því að afhenda nákvæmlega þá orku sem Kárahnjúkavirkjun gæti mögulega annað eða framleitt fyrir þá. Ég vil meina að þetta ákvæði í lögunum sé orðið íþyngjandi og komi í veg fyrir alla vitræna umræðu um náttúruvernd og skynsamlega nýtingu orkulindanna okkar.

Ég sakna þess að hæstv. ráðherra hafi ekki svarað hér spurningum mínum frá því í morgun þegar við vorum að munnhöggvast í byrjun þingfundar, herra forseti. Ég vil fá að vita hvað friðlýsing lands þýðir í huga hæstv. iðnrh. Ég sé ekki annað en að hér sé vaðið með offorsi yfir eina auðlind til þess að afla annarrar. Mér finnst þetta frv. til raforkulaga ýta undir slíkt. Mér finnst það gera það að verkum að menn eigi núna á hættu að glata þeim gersemum sem ósnortin náttúra landsins býr yfir og þá finnst mér verið að fórna einni auðlegð á altari stóriðjunnar, auðlegð sem mætti mögulega nýta þjóðinni til hagsældar, ekki síður en auðlegðina sem fólgin er í orkulindum landsins.

Síðan finnst mér, herra forseti, að það vanti umræðu um ákveðnar skilgreiningar í frv. Ég sé t.d. ekki að það séu almannahagsmunir — ef við lítum á markmiðsgrein laganna stendur þar, herra forseti, að markmiðið sé að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og það eigi að efla atvinnulíf og byggð í landinu, og í því skyni skuli, eins og segir í 1. tölul., með leyfi forseta, „skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna“.

Og hverjir eru þessir almannahagsmunir? Ég spyr: Hvernig eru þeir skilgreindir? Ég spyr líka um þætti eins og skilvirkni, hagkvæmni og öryggi raforkukerfis og hagsmuni neytenda. Hvernig skilgreinir hæstv. iðnrh. t.d. þessa hagsmuni neytenda þegar það er ljóst að þar sem þessi frjálsi raforkumarkaður hefur verið innleiddur hefur verð til neytenda einmitt hækkað? Varla geta það verið hagsmunir neytenda.

Síðan tel ég líka að það þurfi að skilgreina betur hugtök eins og endurnýjanlega orkugjafa. Margar þrætur hafa átt sér stað í þessum sal sem fjalla um endurnýjanlega orkugjafa. Og ég sakna þess að í sambandi við þetta frv. til raforkulaga skuli ekki fjallað um þá skilgreiningu sem mér finnst eðlilegt að við gerum, skilgreininguna sem þeir sem fjalla um sjálfbæra þróun hafa notað fyrir endurnýjanlega orkugjafa, en öllum er kunnugt að þar undir falla ekki vatnsaflsvirkjanir með uppistöðulón sem eru að uppistöðu til jökulvatn.

En það er alveg ljóst að þessi ríkisstjórn og hæstv. iðnrh. skilgreina ekki endurnýjanlega orkugjafa á sömu nótum og þeir sem standa hvað best vörð um sjálfbæra þróun. Það mætti kannski nefna hér til sögunnar, herra forseti, samtök sem kalla sig International River Network. Það mundi útleggjast á íslensku Alþjóðlegt net vatnsfalla eða eitthvað á þá leið. Þar er um að ræða samtök sem hafa tekið að sér að skilgreina fyrir heiminn eðli vatnsfalla. Þetta er afar virtur félagsskapur sem mikið mark er tekið á og margir virtir vísindamenn starfa fyrir. Það er alveg ljóst að skilgreining þeirra á endurnýjanlegum orkugjöfum er ekki sú sama og ríkisstjórnar Íslands. Það er auðvitað sjálfsagt og eðlilegt að iðnn. taki þessar skilgreiningar til umfjöllunar þegar málið fer til nefndarinnar til frekari skoðunar.

Ef stuðla á að því að þetta verði svo óskaplega þjóðhagslega hagkvæmt raforkukerfi finnst mér vanta röksemdafærsluna um þá óhagkvæmni sem við búum við í því raforkukerfi sem við þekkjum í dag. Það má þá spyrja hæstv. iðnrh.: Hvaða stóra óhagkvæmni rekur okkur út í þessar breytingar sem áhöld eru um hvort skili okkur nokkru öðru en hærra orkuverði?

Það væri líka gaman að fá hér umræðu um það, herra forseti, hvernig gert sé ráð fyrir því að raforkukerfi það sem hér er lagt til komi til með að efla atvinnu og byggð í landinu. Það er sannarlega ekki vanþörf á í því umróti sem nú ríkir í virkjanamálum og framtíðarorkumálum þjóðarinnar að fá upp umræðu um það á hvern hátt hæstv. iðnrh. sjái að nákvæmlega þetta fyrirkomulag Evrópusambandsins efli svo mikið atvinnu og byggð á Íslandi.

Að svo mæltu, herra forseti, held ég að ljóst sé að ég hef margar efasemdir um þetta stóra mál og hefði sannarlega

viljað sjá öflugar umræður um það fram eftir degi. Það er eðlilegt að 1. umr. um þetta frv. fari vítt og breitt um sviðið en ég geri síðan ráð fyrir því að iðnn. eigi eftir að varpa sínu öfluga ljósi á þetta mál. Ég geri ráð fyrir að 2. umr. um frv. komi til með að verða jafnvel enn átakameiri en sú fyrsta sem hér hefur farið fram.

[14:36]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var aðallega eitt sem ég ætlaði að bregðast hér við í ræðu hv. þm. Hún heldur því fram að raforkuverð í Þýskalandi hafi hækkað. Í nýrri skýrslu sem ég hef undir höndum stendur að á tímabilinu 1995–2001 hafi raforka til iðnaðar lækkað um 29% og til almennings um 5%. Þær fullyrðingar sem hv. þm. var með hér uppi standast því ekki.

Líka hefur verið talað um orkuskort í Svíþjóð, hátt verð í Noregi og þar fram eftir götunum. Ég hef miklar athugasemdir við þessar fullyrðingar. Hvað varðar Svíþjóð er ástæða nýlegra vandamála sú að verið er að loka kjarnorkuverinu í Barsebäck í áföngum og það er algjörlega óháð þessari tilskipun. Hvað varðar Norðurlöndin eru orkufyrirtæki þar almennt í opinberri eigu þannig að það er ekki sanngjarnt að tengja þau við slæma einkavæðingu.

Hv. þm. spurði sérstaklega hverjir hagsmunir neytenda í þessu væru og fullyrti að verð hefði almennt hækkað. Það er bara ekki rétt. Það hefur sýnt sig að þar sem gengið er hvað lengst í frjálsræðinu — við höfum upplýsingar um þetta allt sem verða kynntar í iðnn. — lækkar verðið mest.

Svo er það líka neytendamál að hafa þetta gagnsætt þannig að fólk hafi einhverja hugmynd um hvernig raforkuverð verður til. Það veit fólk ekki í dag. Það er margt í þessu sem er jákvætt fyrir neytendur.

[14:38]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hefði haldið að til þess að gera þetta kerfi sem við búum við í dag gagnsætt væri í raun og veru vilji allt sem þyrfti. Ég tel að kerfið geti verið gagnsærra en það er, ég tek alveg undir það. Og ég tel að hæstv. iðnrh. geti gert það gagnsærra en það er en að ekki þurfi alla þessa breytingu sem hér er boðuð.

Þær upplýsingar sem ég hef frá Þýskalandi og þær upplýsingar sem hv. þm. Ögmundur Jónasson kom með í ræðu sinni áðan stangast þá á við þær upplýsingar sem hæstv. ráðherra leggur hér fram. Ég verð samt að segja að ef verð, samkvæmt þeirri skýrslu sem hæstv. ráðherra vitnar í núna, til neytenda er einungis 5% lægra en það var áður en raforkumarkaðnum var breytt í Þýskalandi finnst mér það ekki vera nein ósköp. Þar að auki er það örugglega meðaltalsverð og þá er ég alveg sannfærð um að það hefur lækkað miklu minna til stórs hluta neytenda og jafnvel hækkað til stórs hluta, því að þetta eru örugglega, eins og ég segi, meðaltalstölur.

En auðvitað verða allar þessar tölur skoðaðar í iðnn. og þar stangast upplýsingar örugglega á. Ein skýrsla segir þetta, önnur hitt. Þegar öllu er á botninn hvolft er þó auðvitað kjarni málsins að menn hafa deilt um kerfið sem verið er að innleiða hér. Það er jafnvel enn meira deilt um það á norðlægum slóðum en í Mið-Evrópu. Ég sé ekki annað en að það komi í bakið á Norðmönnum núna þegar það kemst upp um raforkuframleiðendur sem hafa ekki gert ráð fyrir hörðum vetri og hafa þess vegna látið undir höfuð leggjast að fylla upp lónin þannig að núna í kuldunum í Noregi hefur ekki verið til næg raforka.

[14:40]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem mér finnst ekki koma fram hjá hv. þingmanni og ekki heldur öðrum þeim sem talað hafa úr hennar flokki við þessa umræðu er hvað er hættulegt við þessar breytingar. Hún segir að ekki þurfi að fara út í allar þessar breytingar. Hvað er að því að fara þessa leið? Það kemur ekki fram. Er það bara þessi almenni ótti við breytingar og þessi ákveðna fyrirframskoðun hjá þessum hv. þm. Vinstri grænna að vera á móti? Ég hef ekki heyrt hvað er í raun að þessu fyrirkomulagi sem við erum að reyna að koma á með frv.

Nú er ég búin að segja frá því að verð hefur lækkað, eins og í Þýskalandi, og þá hefur það ekki lækkað nógu mikið. Það er þó a.m.k. rangt sem hv. þm. sagði áðan, að það hefði hækkað. Hvað er að því að breyta þessu fyrirkomulagi í þá átt sem frv. kveður á um? Það væri mjög gaman að heyra það í stuttu máli.

[14:42]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur auðvitað komið fram í máli þeirra þingmanna sem rætt hafa hér þetta mál fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að kerfi af því tagi sem verið er að leiða hér inn býður upp á einkavæðingu, það býður upp á það að á endanum verði þessi fyrirtæki öll meira eða minna hlutafélagavædd, og ráðherrann veit það alveg eins vel og aðrir sem eru í þessum sal að þegar við erum komin með opinbera grunnþjónustu samfélagsins inn í hlutafélög er búið að loka á upplýsingar. Það er búið að loka á þær upplýsingar sem almenningur á auðvitað heimtingu á að hafa aðgang að.

Ég get bara nefnt nýjasta dæmið þar sem ákveðinn hluti af ríkiseignum og grunnþjónustu hefur verið hlutafélagavæddur hér á Íslandi, og það er Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Það er varla fyrr búið að breyta Flugstöð Leifs Eiríkssonar í hlutafélag en að upp kemst um gífurlega spillingu og peningasukk. Eða eru menn búnir að gleyma Landssímanum í þeim efnum?

Hlutafélagaformið hentar ekki að mati Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þegar við erum að tala um almenna grunnþjónustu sem samfélagið verður að reka hvað sem tautar og raular. Og það er rangt hjá hæstv. ráðherra að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi ekki skýra stefnu í þeim málum og að þingmenn hennar hafi ekki komið henni hér til skila. (**Iðnrh.:** Það er ekki verið að koma á hlutafélagavæðingu.) Það endar auðvitað þannig.

[14:43]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til raforkulaga á að marka þann ramma sem vinnsla, dreifing og þjónusta á rafmagni mun hafa á næstu árum. Það er auðheyrt af ummælum hæstv. iðnrh. að eitthvað hafi skolast til þær upplýsingar um þróun í öðrum löndum sem hún vitnaði til, sem hún sagði að hefði gengið vel og sýndi fram á að aukið frelsi í markaðsvæðingu þessa þjónustugeira hefði alls staðar verið til góðs.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson rakti þetta mjög ítarlega í ræðu sinni og ég vona að hæstv. ráðherra hafi hlustað. Það væri þá a.m.k. tími til kominn. Ég get þó í tilefni af ummælum hæstv. ráðherra í andsvörum áðan bara minnt á nokkur atriði. Hér er ég með grein þar sem vitnað er í framkvæmdastjóra norska neytendaráðsins, Pers Anders Stahlheims. Hún

er birt og endurtekin á fréttavef BSRB. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í sumar rauk verðið á raflínuleigunni (dreifikerfinu) upp. Ástæða: Við notum of lítið rafmagn. Nú þýtur rafmagnsverðið einnig upp. Ástæða: Við notum of mikið rafmagn.

Þetta er markaður, þar sem menn háfa inn peninga, segir Stalheim. Verðhækkunin nemur allt að 30% hjá einstökum rafmagnsnotendum."

Ég vitna áfram í hinn norska framkvæmdastjóra neytendaráðsins.

„Hagnaðurinn í rafmagnsgeiranum er einnig ævintýralegur. Árið 2000 var hagnaður norskra rafveitna um 11,6 milljarðar norskra króna og rafveiturnar greiddu 3,7 milljarða norskra króna í arð til eigenda sinna.

Nú tilkynna rafveiturnar um mikla hækkun rafmagnsverðs. Þeir rotta sig saman um verð á hverju hausti, segir Stalheim. Hann upplýsir að 80–90 Norskar rafveitur þurfi aðeins 4–5 norska aura (50–60 ísl. aura) á kílóvattstund til að vera reknar með hagnaði."

Áfram segir í viðtalinu:

„Í raun ráða þrír stórir eigendur rafmagnsmarkaðnum, segir Stalheim. Statkraft ræður öllu í Noregi, Vatterfall í Svíþjóð. Þriðja stóra samsteypan ræður rafmagnsmarkaði í Finnlandi. Nú er verið að rannsaka, hvort ólöglegt verðsamráð hafi verið haft í frammi á rafmagnsmarkaðnum til að halda uppi óeðlilega háu verði.

Kraftnord í Nordlandfylki hefur hækkað rafmagnsverð þrisvar sinnum í september."

Stalheim lýsir þarna í hnotskurn hverju norskir neytendur standa frammi fyrir eftir þessa markaðsvæðingu. Við höfum líka vitnað til þess sem hefur gerst á öðrum svæðum og löndum, t.d. Kaliforníu, Ástralíu og Nýja-Sjálandi, þar sem eru *sporgöngumenn markaðsvæðingar og einkavæðingar í* rafmagnsgeiranum. Við höfum lýst því sem þar hefur gerst. Það hefur reynst nauðsynlegt að ríkið komi inn til að draga einkaaðilana þar að landi til að bjarga þjónustunni. Ég held að hæstv. iðnrh. ætti að fara varlega í að vitna til góðrar reynslu erlendra aðila í markaðsvæðingu raforkukerfisins enda eru aðstæðurnar sem menn búa við þar auk þess allt aðrar en hér á landi.

Þar komum við kannski að kjarna málsins í þessu frv. sem er að það er fyrst og fremst farið eftir erlendum uppskriftum varðandi fyrirkomulag raforkumála. Því er borið við að fara þurfi eftir einhverri evrópskri tilskipun sem við í asnaskap og undirlægjuhætti samþykktum að gangast undir, tilskipun sem allir vita að passar í raun engan veginn hér á landi. Afsökunin nú er að við séum búin að gangast undir þessa tilskipun og þess vegna verðum við að beygja okkur undir hana. En það var ekki á þeim forsendum að það væri íslenskum raforkumarkaði og neytendum til góðs. Það var aldrei inni í þessari umræðu, aðeins að þjónka þessum erlendu tilskipunum sem okkur bar engan veginn að taka upp. Þar stendur hnífurinn í kúnni.

Herra forseti. Ég tel einn mesta ágallann á því frv. sem hér er lagt fram að það er hvergi tekið á þjónustumarkmiðum þessara gæða, þ.e. raforkunnar til neytenda. Það er hvergi tekið á þjónustumarkmiðunum. Tökum t.d. bara eitt. Hvers konar rafmagni á að dreifa um landið? Við vitum að þriggja fasa rafmagn er mikilvægt fyrir uppbyggingu atvinnulífs úti um allt land. Það er ekki minnst einu orði á það í þessu frv. hvernig á að þjóna landinu öllu með rafmagni. Hvergi er minnst á það. Það mætti standa í þessu frv., sem á að ná um raforkulögin, um þjónustumarkmið og hvernig ætti að taka á gæðum þjónustunnar.

Hæstv. ráðherra sagði hér í ræðu sinni að það ætti að skilgreina gæðamarkmiðin seinna. Já, það er gott að vísa öllu til seinni tíma, öllu því sem skiptir í raun máli fyrir neytendur.

Ég hefði t.d. viljað spyrja hæstv. ráðherra í þessu sambandi um *framkvæmd þáltill. um þriggja fasa rafmagn* sem var samþykkt hér á Alþingi árið 1999. Samkvæmt henni var unnin skýrsla en þar var einmitt fjallað um þörfina fyrir þriggja fasa rafmagn. Íslenskir neytendur horfa á það sem að þeim snýr, hvers konar rafmagn stendur þeim til boða og á hvaða verði.

Í þessu frv. er hvorki tekið á því að jafna verð til neytenda, sem væri þó eitt af *frumatriðunum í frv. til raforkulaga*, svona heildstæðum lögum. Þar ætti að taka á því hvort stefnan sé í raun að dreifa rafmagni á jafnréttisgrunni á jöfnu verði um allt land. Það vilja íslenskir neytendur fá að heyra. En því er frestað. Öllu því sem lýtur að þjónustunni er frestað.

Í skýrslu sem gerð var, þ.e. úttekt á kostnaði og þörfum á þriggja fasa rafmagni í landinu öllu, kom fram að það kostaði um 9,6 milljarða kr. að setja þriggja fasa rafmagn á allar þær línur sem nú væru til staðar. Hins vegar kom líka fram að til þess að mæta að mestu brýnustu þörfum þyrfti ekki nema kannski þriðjung eða fjórðung af þessum kostnaði. Í þessari skýrslu voru einmitt lagðar fram niðurstöður eða tillögur um hvað gera skyldi. Lokaorð þessara tillagna voru, með leyfi forseta:

„Verði sérstöku fjármagni varið til þessa verkefnis á næstu árum er lagt til að Rarik verði falið að vinna sérstaka áætlun um endurbyggingu dreifikerfisins fyrir þrífösun miðað við framangreindar niðurstöður könnunar nefndarinnar á *þörf þrífösunar á landsbyggðinni. Jafnframt er nauðsynlegt* að endurskoða gjaldskrá fyrirtækisins vegna þrífösunar fyrir líklega notendur, sem mun leiða til þess að hlutfallslega fleiri notendur sem beina þörf hafa nú munu velja að tengjast þriggja fasa rafmagni."

13. mars 2002 var rætt var um mikilvægi þriggja fasa rafmagns um allt land og þá brýnu þörf sem atvinnulífið úti um hinar dreifðu byggðir hefur fyrir þriggja fasa rafmagn. Það er ekki nóg að vinna um það skýrslur og hafa um það góð orð, ef lítið er um efndir. Í svari við fyrirspurn frá hv. þm. Drífu Hjartardóttur við þær umræður svaraði ráðherrann, með leyfi hæstv. forseta:

„Í síðustu viku var fjallað um þetta mál í ríkisstjórn og þá var ákveðið að fela iðnrh. og fjmrh. að móta tillögur um það hvernig farið skuli í verkefnið" — þetta þriggja fösunar verkefni — „með ákveðinni aðgerðaáætlun og þar af leiðandi kostnaðaráætlun. Það tel ég vera mikilvægt. Þó að þetta sé að sjálfsögðu unnið hjá sveitarstjórnum þá er þetta unnið *þannig skulum við vona og trúa* að það sé í samvinnu við íbúa sveitarfélaganna. Ég tel þetta mikilvægt mál og þess vegna legg ég áherslu á að farið verði í aðgerðir til þess að bæta þarna úr og það eru ekki nema um 100 millj. kr. sem hafa farið á ári síðastliðin ár í þetta verkefni. Auðvitað þyrfti það að vera meira vegna þess að við sjáum hvað verkefnið er brýnt."

Ég held, herra forseti, að þeir mörgu aðilar sem bíða eftir því að fá þriggja fasa rafmagn heim á býlin, heim á staðina þar sem atvinnustarfsemin er háð því að fá þriggja fasa rafmagn, bíði í ofvæni eftir því að eitthvað verði gert í þessum málum?

Á fjárlögum þessa árs var ekki aukið fjármagn til þess að efla eða auka þriggja fasa rafmagn í sveitum. Það er áfram sama upphæðin, tæplega 100 millj. kr. sem er gert ráð fyrir að verði varið til þeirra hluta. Við vitum líka að dreifikerfi Rariks víða um sveitir er líka mjög veikt og viðhald hefur alls ekki verið eins og skyldi. Þar bíða líka stór verkefni.

Þegar við fjöllum um raforkumál og framtíðarskipan raforkumála hljótum við að vilja heyra hvernig ætlunin er að byggja upp þessa þjónustu gagnvart öllum landsmönnum, bæði hvað varðar gæði þjónustunnar og einnig verð. Á hvorugu þessu er tekið í frv. Það er lögð áhersla á að einkavæða virkjanirnar, að framleiðsla rafmagnsins verði einkavædd og þurfi ekki lengur afskipti Alþingis af því að heimila stórvirkjanir, það verði falið eingöngu í hendur ráðherra. Síðan er dreifikerfið látið liggja á milli hluta. Það er fullkomlega óafgreitt hvernig standa á að jöfnuði á rafmagnsverði um allt land og hvernig á að standa að dreifingunni.

Það er talað um að skipa skuli nefnd til þess að fjalla um þessi mál en þetta er það mál sem ég held að allir neytendur, allir íbúar þessa lands, vilji fá á hreint í raforkulagafrumvarpinu áður en frá því verður gengið.

Ég held að margir íbúar landsins, sérstaklega í dreifbýlinu, treysti ekki vel þessari ríkisstjórn þegar hún er komin út í einkavæðingarferilinn.

Við þekkjum hvað hefur verið að gerast með Póstinn. Það tókst að afstýra sölu á Landssímanum en engu að síður er hann áfram til sölu. Ég er ekki viss um að menn séu hrifnir af því sem er að gerast í bönkunum og í bankaþjónustunni. Ég held að hinar dreifðu byggðir búist ekki við aukinni eða bættri þjónustu við sölu á bönkunum. Það er þess vegna lítil von til þess að þeir treysti betur ríkisstjórninni við einkavæðingu og markaðsvæðingu raforkunnar.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lítum á raforkuna sem grunnþjónustu fyrir annað atvinnulíf og búsetu í landinu. Við lítum svo á að raforkan, þessi auðlind, sé hluti af auðlindunum okkar og standi undir byggð og búsetu og atvinnulífi í landinu og eigi ekki að reka beint á arðsemisgrunni. Sjálfsagt á að reka hana eins hagkvæmt og kostur er en hún er til þess að byggja upp atvinnulíf og búsetu. Þess vegna skiptir svo miklu máli fyrir alla íbúa landsins að þeir fái að vita hvar þeirra hlutur verður í þessu nýja raforkulagaumhverfi. Það er áfram óljóst. Það er áfram látið vera óljóst hvernig verðlagningu og dreifingu á rafmagni um byggðir landsins verður háttað.

Nú þegar búum við við mikið óréttí í þessu. Rafmagn til minni atvinnufyrirtækja vítt og breitt um landið er selt á himinháu verði. Hvernig halda menn að samkeppnisstaða sé fyrir lítil fyrirtæki sem eru að borga 7–10 kr. á kílóvattstundina? Hvernig halda menn að samkeppnisstaða þessara litlu atvinnufyrirtækja sé? Ég held að þeir aðilar sem búa við þetta raforkuverð vildu fá að heyra það nú að hér væri verið að leggja fram frv. til raforkulaga sem færði þetta til betri vegar. Þess í stað eru þeir áfram skildir eftir í fullkominni óvissu og mega búast við því að raforkuverðið hækki frekar en lækki, ef eitthvað er.

Herra forseti. Eitt er samt ljóst. Ákveðnir aðilar munu hagnast og fá þarna aukið svigrúm verði þetta frv. til raforkulaga að lögum, þ.e. eftirlitsiðnaðurinn. Því er alveg ljóst, enda kemur það fram í frv., að forsenda markaðsvæðingar raforkumálanna er sú að efla eftirlit með þeim. Það þarf að efla Samkeppnisstofnun og alls konar eftirlitsaðila til að fylgjast með því að reglunum sé fylgt.

Það er því alveg ljóst að því fleiri milliliðir sem koma hér inn og því meiri markaðsvæðing sem verður á þessum grunnþjónustuþætti, því meiri og þyngri verður eftirlitsiðnaðurinn. Og eftirlitið, hver mun borga það? Það verður neytandinn sem mun borga það. Kerfið sjálft sem lagt er upp með felur í sér aukinn kostnað sem mun bitna á neytendum. Á þessu er ekki tekið í frv. Það er ekki tekið á því hvernig fara skuli með jöfnun á raforkuverði um landið. Hvergi. Ekki er tekið á neinum stefnumarkandi markmiðum varðandi rafmagn, t.d. þriggja fasa rafmagn um allt land sem er eitt brýnasta hagsmunamál fyrir íbúa hinna dreifðu byggða að fá heim í hlað. Það er ekkert tekið á þeim málum.

Ég held því, herra forseti, að fyrir þá mörgu sem nú búa við skerta þjónustu hvað rafmagn varðar og búa við hæsta verðið, séu það mikil vonbrigði að heyra að í frv. er ekkert tekið á þeim málum. Ekki neitt. Meira að segja er það látið vera í svo mikilli óvissu að skipa á einhverja aðra nefnd til að fjalla um þessi mál. Eini kosturinn sem gæti verið við það að fela þetta annarri nefnd er að sú nefnd mundi þá hugsanlega starfa undir annarri ríkisstjórn en nú er og koma þá með niðurstöður sínar og tillögur ef tækist að skipta þessari einkavæðingar- og markaðsvæðingarríkisstjórn burt þannig að hagsmunir hins almenna neytanda og hagsmunir hins almenna íbúa landsins fengju að njóta sín með sterkari hætti en gerist undir núv. ríkisstjórn.

Ég ítreka það, herra forseti, að þetta frv. tekur ekki á verðjöfnun rafmagns um land allt. Það tekur ekki á því að styrkja dreifikerfi landsins. Það tekur ekki á því að tryggja þá sanngjörnu kröfu að í boði verði fullkomið rafmagn til allra íbúa landsins til að styrkja atvinnulíf og búsetu. Hins vegar felur þetta kerfi í sér markaðsvæðingu og möguleika á framsali á þeim náttúruauðlindum sem við byggjum rafmagnsframleiðslu okkar á og það tel ég vera hinn alvarlega galla frv. auk þess sem að öðru leyti er verið að uppfylla hér tilskipanir frá erlendum aðilum, tilskipanir sem passa ekkert við íslenskt umhverfi.

[15:03]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú eitt og annað sem ég hef við málflutning hv. þm. að athuga.

Hann segir að það hafi aldrei verið kannað hvort fyrirkomulagið væri gott fyrir okkur, það fyrirkomulag sem við erum að taka upp og þetta væri bara undirlægjuháttur gagnvart Evrópusambandinu. En þá er það nú svo að nefndin sem starfaði 1996 komst að þeirri niðurstöðu að taka bæri upp álíka fyrirkomulag og hér eru uppi tillögur um og þá var þessi tilskipun ekki það sem rak á eftir okkur.

Hv. þm. telur mjög slæmt að það skuli eiga að fjalla um jöfnun á raforkuverði í kerfinu í nefnd og samt er þetta nefnd sem þingflokkur hans kemur til með að eiga aðild að. Mér finnst það því mjög sérkennilegt ef honum finnst það verra að sú nefnd skuli fá það hlutverk að fjalla um þetta mikilvæga málefni. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að tekið verði á þessum þætti mála og að séð verði til þess að það bitni ekki á íbúum þeirra landsvæða þar sem byggðin er dreifðust og mesti kostnaðurinn er við dreifinguna. En samt sem áður heldur hv. þm. þessu fram og hver þingmaðurinn á fætur öðrum.

Svo er það að eftirlitsiðnaðurinn muni eflast og að það sé vandamál, það sé mjög slæmt. Og einnig að hvergi sé tekið á þjónustumarkmiðum, en eftirlitið er nú einmitt til þess að

þjóna neytandanum. Þannig að þetta rekur sig hvað á annars horn.

[15:05]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hæstv. ráðherra hafi í rauninni svarað sér sjálf um að það sem kemur fram í frv. rekur sig hvað á annars horn, því það kom einmitt svo skýrt fram.

En varðandi það að veigamestu þáttum raforkumálanna skuli vísa í nefnd, þá erum við að leggja hér fram heildstætt frv. og það hafa verið ein rökin hjá hæstv. ráðherra fyrir því að leggja þetta mál fram, að verið væri að leggja fram heildstætt frv., ekki bara að uppfylla kröfur Evrópusambandsins heldur líka að leggja fram heildstætt frv. um raforkumál. Hvers vegna er þá ekki tekið á þeim þáttum sem snerta neytendur mest og það látið koma fram í frv. að jafnt verð skuli vera á rafmagni um allt land, gagnvart neytendum um allt land? Og ef það er eins og hæstv. ráðherra sagði að þegar væri ákveðið í ríkisstjórninni að taka á þessu máli, hvers vegna er það þá ekki sett inn í frv.? Hvaða þýðingu hefur það að skipa nefnd þó svo að Vinstri grænir eigi aðild að þeirri nefnd, ef ríkisstjórnin er búin að ákveða hvernig þetta á að vera, eins og hæstv. ráðherra sagði?

Niðurstaðan er því sú, herra forseti, að veigamestu þættir í raforkumálum á Íslandi er verð til neytenda og jöfnuður á verði til neytenda og gæði á þeirri þjónustu. Frumvarp sem lagt er fram um raforkumál og inniheldur ekki slíka þætti tekur ekki á þeim málum sem neytendur vildu í rauninni fá að heyra, þ.e. verðþættinum. Ef það er ákveðið í ríkisstjórninni að taka skuli á þessu, hví er það þá ekki sett inn í frv.? Mér er spurn.

[15:07]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Búið er að ræða nokkrum sinnum áður um þau mál sem hér eru til umræðu. Ég hef kvartað undan því í þeim umræðum að hér hafi ekki verið fjallað um hvernig þessi raforkumarkaður á í rauninni að líta út. Ég hef ítrekað óskað eftir því að hæstv. ráðherra þessara mála gerði grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar hvað þetta varðar og þá er ég að tala um eignarhaldið á þeim fyrirtækjum sem eiga hér aðalhlut að máli eins og sakir standa. Það er nefnilega ekki alveg auðséð að það verði merkilegt samkeppnisumhverfi sem myndast ef menn horfa á þetta eins og það er núna. Við höfum Landsvirkjun sem ríkið á helminginn af, Akureyrarbær 5% og Reykjavíkurborg 45%. Við höfum Rarik sem ríkið á 100% og við höfum Hitaveitu Suðurnesja, ég er ekki viss um hvort ríkið á enn þá í henni, mig minnir að ríkið hafi átt í henni einu sinni (**Gripið fram í:** Aðeins.) og síðan eru einhver smærri fyrirtæki, Norðurorka og fleiri, sem menn hafa séð einhvers staðar inni í framtíðinni að gætu eitthvað unnið á þessum markaði.

Ég ætla ekki að spyrja um smærri fyrirtækin. Það þarf auðvitað að svara því hvernig menn ætla að fara með eignarhaldið í þeim stóru. Það mun náttúrlega ekki ganga að risarnir á þessum markaði séu í eigu Reykjavíkurborgar og ríkisins. Menn verða að spila því einhvern tímann út í umræðunni hvernig eigi að standa að því að gera breytingar á þessu og þar getur eignarhaldið á Rarik líka spilað stóra rullu.

Landsvirkjun er sérstakt vandamál og eignarhaldið á henni, einfaldlega vegna þess að þar hafa stjórnvöld á Íslandi komið sér upp mjög sérkennilegu vandamáli. Þar eru Reykjavíkurborg og Akureyrarbær með eignarhald ein allra sveitarfélaga. Landsvirkjun er ekkert venjulegt fyrirtæki. Landsvirkjun hefur haft aðgang og einkaeinokun á því að nýta orkulindirnar sem hún hefur fengið með lögum frá Alþingi, leyfi til þess að virkja. Og ekki bara það, þetta fyrirtæki hefur ekki borgað skatta en eigendurnir hafa verið að safna eignum inni í þessu fyrirtæki. Og eigendurnir eru af tvennu tagi: Annars vegar er það ríkið eða við öll sameiginlega og það hefur ekki snarast á merinni gagnvart því að eiga þar inni. En þegar kemur að því að velta fyrir sér hvernig eignarhald Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar hefur orðið til á þeim miklu verðmætum sem eru í því fyrirtæki, þá hljóta menn auðvitað að doka við og velta fyrir sér hvort þetta geti bara gengið að tveimur bæjarfélögum í landinu sé skapaður þessi möguleiki. Síðan má líka spyrja: Hversu mikið hafa þessi bæjarfélög lagt til?

Ég lagði fram fyrirspurn á árinu 2000 og fékk svar við henni á hv. Alþingi þar sem m.a. kom fram að frá 1965 og til 1983 var Landsvirkjun í helmingseigu ríkis og Reykjavíkurborgar. Í upphafi lögðu eigendurnir, þ.e. ríkið, fram eignarhlut í Sogsvirkjun, vatnsréttindi þar og vatnsréttindi í Þjórsá og undirbúningskostnað vegna Búrfellsvirkjunar. Reykjavíkurborg lagði fram Sogsvirkjun ásamt vatnsréttindum, einhverfilsstöð borgarinnar við Elliðaár og spennistöð ásamt tilheyrandi lóðum. Það var sem sagt litið á þetta sem jöfn framlög frá ríki og Reykjavíkurborg. Síðan lögðu þessir eigendur fram fé til Landsvirkjunar á árunum 1966–1980 til að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækisins. Það er síðan 1983 að Akureyrarbær verður eignaraðili að Landsvirkjun og leggur þar inn hlut sinn í Laxárvirkjun, sem ríkið átti reyndar 35% hlut í líka, og allt þetta er samantekið á árinu 2000 og talið vera ásamt endurmetnum eiginfjárframlögum 16,7 milljarðar kr.

Landsvirkjun er nú talin vera býsna miklu meira virði en þetta, en þessir þrír aðilar eiga Landsvirkjun samanlagt 100%. Síðan hefur verið greitt frá þessu fyrirtæki til eigendanna. Landsvirkjun greiddi eigendum sínum árlega arð á árunum 1986–1991 og þær greiðslur voru á verðlagi í september árið 2000 675 millj. kr. og í samræmi við eigendasamkomulag sem gert var í október 1996 var farið að reikna eigendum árlegan arð upp á 5,5% af eigin fé, algjörlega burt séð frá því hvort hagnaður væri af rekstri Landsvirkjunar. Þeim arði hefur ýmist verið bætt við sem reiknað eigið framlag eða greitt út til eigendanna. Af þessum fjármunum hefur verið greiddur út tæpur milljarður, 959 millj. á verðlagi ársins 2000, en hinu hefur verið bætt við eigendaframlögin. Samtals nemur útgreiddur arður á árunum 1986–2000 1.634 millj.

Mér verður nú á að draga í efa að eigendurnir sitji uppi með miklar skuldir vegna eiginfjárframlaga til Landsvirkjunar. Ég held að Landsvirkjun hafi í raun og veru verið rekin frá upphafi nánast á lánum og staðið undir því sem hún hefur verið að framkvæma og rekstri sínum með þeim og arði af sölu á rafmagni.

Síðan hefur Landsvirkjun greitt ábyrgðargjald vegna þeirra lána sem eigendur eru í ábyrgð fyrir. Það er greitt til ríkisins samkvæmt lögum en stjórn Landsvirkjunar ákvað síðan að greiða Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ hliðstætt gjald. Samtals hafa greiðslur ábyrgðargjaldsins verið 1,5 milljarðar kr. á verðlagi ársins 2000.

Ég ræði þetta hér vegna þess að ég sé fulla ástæðu til þess að vekja athygli á því enn einu sinni að stjórnvöld hafa ekki lagt í þá göngu að fara að skoða hvernig ríkið eigi að leysa sig út úr þessu vandamáli sem eignarhald Reykjavíkurborgar

og Akureyrar á Landsvirkjun er. Ef það á að fara í þessa endurskipulagningu á raforkumarkaðnum er nú tækifæri til að taka á þessu máli. Og auðvitað á að taka á því með því að semja um að þessir aðilar hverfi út sem eigendur að Landsvirkjun. Ég sé engan annan kost í þessu máli en að Landsvirkjun verði alfarið í eigu ríkisins og að eignarhlutur Akureyrarbæjar og Reykjavíkur verði fluttur yfir í önnur fyrirtæki á orkusviði.

Mér finnst alveg með eindæmum að svona stórt mál, sem er bókstaflega hluti af þessu raforkumáli sem hér er verið að ræða, skuli ekki fást rætt með neinu móti, ekki einu sinni stuna um það hvaða stefnu stjórnvöld hafa í málinu, hvernig eigi að taka á þessu. Ef það á að marka það með einhverju móti hlýtur niðurstaðan að vera sú að það eigi ekkert að gera í þessu, að Reykjavíkurborg og Akureyri eigi bara að eiga áfram helminginn í Landsvirkjun. Að Reykjavíkurborg skuli svo geta verið í þessari svokölluðu samkeppni, eigandi Orkuveitu Reykjavíkur með einhverjum lítils háttar eignarhlut annarra aðila, ríkið eigi Landsvirkjun að hálfu og Rarik að fullu. Mér finnst það vera óvirðing við lýðræðislega umræðu að menn skuli ekki vilja sýna á spilin sín í þessum málum, að stjórnvöld skuli ekki bera meiri virðingu fyrir umræðunni sem fer fram um svo mikilsverð mál sem þessi en að þau láti sig hafa það að koma með mál af þessu tagi hvað eftir annað inn í umræðuna án þess að skýra frá því hvaða afstöðu þau hafi til stórra mála eins og þessara hér.

Nú er verið að fresta hluta af þessu máli og ég ætla svo sem ekki að fjalla mikið um það meira. Ég vísa til þess sem fulltrúi Samfylkingarinnar, hv. þm. Svanfríður Inga Jónasdóttir, sagði hér í morgun. Eitt langaði mig samt að spyrja um vegna þess að það stakk mig svolítið í texta athugasemdanna við frv. Hér stendur á einum stað, með leyfi forseta:

„Aðskilnaður samkeppnis- og einokunarþátta er þar höfuðatriði. Í tengslum við slíkar skipulagsbreytingar mælir jafnframt margt með því að hlutafélagsformið taki við af núverandi rekstrarformi. Þannig væri meðal annars unnt að draga úr áhættu hins opinbera af fjárfestingu í orkuvinnslu vegna stóriðju."

Og nú verður mér á að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún telji að ef þetta frv. hefði verið orðið að veruleika, eins og til stóð, og Landsvirkjun orðin að hlutafélagi, eins og til stóð fyrir margt löngu, hefði þá nokkurn tíma getað orðið af hinum stóru áformum hæstv. ráðherra um að virkja við Kárahnjúka.

[15:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það hefði verið ákaflega fróðlegt að fá að heyra svör hæstv. iðnrh. einmitt við spurningum síðasta ræðumanns, ekki síst þeirri síðustu: Hver væri staðan í þessum miklu ríkisframkvæmdum, þessum gríðarlega ríkissósíalisma sem nú er tíðkaður á Íslandi, að knýja fram með opinberum tilstyrk og niðurgreiðslum þessar stóriðjuframkvæmdir bæði eystra og syðra, ef þetta nýja umhverfi væri komið til sögunnar og allt væri þá rétt gefið í þeim efnum? Það væri mjög fróðlegt að heyra hæstv. ráðherra reyna að draga hér upp fyrir okkur það landslag sem hæstv. ráðherra sér fyrir sér að gæti orðið að þessu leyti.

Ég þykist ráða það af ýmsu sem við hefur borið á undanförnum mánuðum og missirum í þessum efnum að það sé talsvert „haltu mér, slepptu mér"-ástand í þessum efnum hjá hæstv. ráðherra og í hæstv. ríkisstjórn. Annars vegar og í orði kveðnu tala menn um að nú eigi að innleiða frjálsa samkeppni og færa þetta yfir í venjulegan fyrirtækjarekstur og allt það. Hins vegar vilja menn auðvitað geta knúið hlutina áfram með tilstyrk og í krafti opinberrar eignar. Ráðherra er með hugmyndir um að flytja Rarik norður í land, sem getur verið hið besta mál, og jafnvel að slá saman Orkubúi Vestfjarða, Rarik og þess vegna að heimamenn fái að leggja sín fyrirtæki í púkkið, Norðurorku eða hvað það nú er. En þetta gerir ráðherrann auðvitað ekki nema í krafti þess að um opinber fyrirtæki er að ræða sem hægt er að skipa fyrir verkum og menn hafa yfir að segja. En það er ekki alltaf bæði hægt að sleppa og halda, það er nefnilega mikill misskilningur, að vísu útbreiddur og alveg sérstaklega hjá framsóknarmönnum sem eru, eins og kunnugt er, mjög mikið í því að segja bæði já já og nei nei, að það sé hægt að vera bæði með og á móti hlutunum, í einni og sömu setningunni jafnvel.

Hvernig sér hæstv. ráðherra þetta landslag fyrir sér? Ég hef oft velt því upp í umræðum á undanförnum árum að menn ættu að nota tækifærið á meðan þeir hefðu á því full tök, meðan orkufyrirtækin væru í opinberri eigu, meðan þau hefðu einkarétt og einkaleyfi á sínum sviðum, til að knýja fram þá skipulagsbreytingu í þessum efnum sem menn sæju fyrir sér, vildu ná fram og teldu hagstæða.

Ég held t.d. að það hefði mátt fyrir lifandis löngu skoða jafnvel spurninguna um sameiningu Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins, e.t.v. þó þannig að sú sameining yrði á grunni tveggja fyrirtækja. Annars vegar væri fyrirtæki sem framleiddi, og þá væru lagðar í púkkið þó þær virkjanir sem Rafmagnsveitur ríkisins eiga enn þá og hafa jafnvel verið að kaupa á undanförnum árum, og hins vegar væri stofnað eitt opinbert fyrirtæki um dreifinguna. Þá hefðu menn t.d. verið betur undir það búnir að taka á sig þessa skipulagsbreytingu sem orkutilskipun Evrópusambandsins sjálfkrafa kveður á um.

Þetta fyrirkomulag hef ég staldrað við, í og með vegna þess að ég held að það hefði verið hagfelldara fyrir landsmenn og ekki síst landsbyggðina en núverandi ástand.

Hinn kosturinn sem ég sæi væri öflug, svæðisbundin orkufyrirtæki, Orkubú Norðurlands, Orkubú Vestfjarða o.s.frv., sem sagt öflug fyrirtæki sem bæði framleiddu og dreifðu rafmagninu á sínum svæðum. Það þyrfti ekki að hindra að orkumarkaðurinn væri samtengdur og það væri tiltölulega einfalt mál að skipuleggja það ef um t.d. tvö til fjögur meginfyrirtæki að þessu leyti hefði verið að ræða.

Best væri að mínu mati að kljúfa Landsvirkjun upp, skilja frá henni minni virkjanirnar sem framleiða fyrir almenna notendamarkaðinn og hafa stóriðjuna í einu fyrirtæki. Þá væri í eitt skipti fyrir öll loku fyrir það skotið að almenningur niðurgreiddi rafmagnið í erlenda auðhringa, og hefði auðvitað frá byrjun átt að standa þannig að málum, að sjálfstæð orkufyrirtæki, óháð öðrum, framleiddu þá fyrir stórnotendurna.

Skipulagsbreytingar af þessu tagi væri enn hægt að gera. En það verður að sjálfsögðu ekki ef búið verður að líberalísera orkumarkaðinn og þetta verður að einhverju leyti orðið einkavætt og komið úr höndum opinberra aðila. Þá eru menn komnir út á nýsjálensku, bandarísku, bresku brautina. Og hver veit hvaða nibbur eiga eftir að hrufla á mönnum búkinn á þeirri leið niður brekkuna? Sporin hræða a.m.k. mjög í þeim efnum, herra forseti.

Síðan ætla ég ekki að falla í sömu gryfju og síðast, herra forseti, og eyða öllum ræðutíma mínum áður en ég kem aðeins betur að óskabarninu Landsvirkjun. Ég er hérna

nefnilega með ársskýrslu fyrirtækisins í höndunum, þetta glæsilega rit um þjóðminjar og umhverfisvernd sem vekur auðvitað aðdáun þeirra sem það skoða í svona fallegri kápu, gott ef það er ekki Valþjófsstaðarhurðin hérna á forsíðunni, herra forseti, það skyldi þó ekki vera? Og hér eru merkir útskornir kistlar og fleira í þessum dúr. Manni gæti fyrst dottið í hug rit frá Þjóðminjasafninu ef maður fengi þetta svona óforvarandis upp í hendur. Síðan kemur hér glæsileg umfjöllun um umhverfismál, það er næstmesta forgangsatriði Landsvirkjunar í skýrslunni, umhverfismálin, grænt bókhald og vistferilgreining. Það er ákaflega áhugavert og lofsvert að Landsvirkjun skuli sinna þessu svona. Hún hefur gert skoðanakönnun, annars vegar meðal starfsmanna sinna og hins vegar landsmanna, um áhuga á umhverfismálum. Það er ákaflega upplýsandi hvað starfsfólk Landsvirkjunar er áhugasamt um umhverfismál, og þakka ber það. Og ekki efa ég það að í hópi starfsmanna Landsvirkjunar eru mjög margir góðir og sanntrúaðir umhverfisverndarsinnar.

Það er samt stefna fyrirtækisins, ákvarðanir forstjóra þess og stjórnar, sem skiptir máli, í takt við ríkisstjórnina í landinu. Og hvað er Landsvirkjun að gera — þvert á bæklingana um þjóðminjar og umhverfisvernd? Jú, berjast fyrir því að *fá virkjun sem sökkvir yfir 100 merkum fornleifum á* Austurlandi, berjast fyrir því að reisa virkjanir sem raska við þremur friðlöndum, ef marka má fréttir morgunsins. Þetta er það sem menn eru að gera í reynd, og þá gef ég lítið fyrir glanspappírana um þjóðminja- og umhverfisáhuga. Verkin sýna merkin. Það þýðir ekki fyrir Landsvirkjun, hvorki forstjóra hennar, stjórnarformann né aðra sem þar ráða ferðinni, að sáldra um sig peningum, okkar peningum, skattborgaranna og þeirra sem kaupa raforku í landinu, og reyna að kaupa sér þannig góðvild og fegra á sér andlitið fyrir nokkra *tugi milljóna króna á hverju ári. Það fellur um sjálft sig* þegar framganga þessa fyrirtækis er skoðuð. Og ég a.m.k. fyrir einn mann læt ekki bjóða mér að gjörningar Landsvirkjunar séu eitthvað betri þó að svona rit komi út, og þó að þeir leggi aur og aur af allsnægtaborði sínu til góðra málefna, sem getur verið þarft og gilt í sjálfu sér. Það breytir samt engu um það að þetta fyrirtæki gengur núna fram af manni, gengur algerlega fram af manni, í því til hvers það ætlast af hálfu Alþingis, ríkisstjórnar og náttúruverndaraðila í landinu, að fara inn í hvert friðlýsta svæðið á fætur öðru til þess að hefja þar umrót og rask með það í huga að reisa þar virkjanir og valda í sumum tilvikum umtalsverðum, óafturkræfum og neikvæðum umhverfisáhrifum. Það er hinn eiginlegi veruleiki sem við verðum að horfast í augu við.

Ég verð alveg að segja það, herra forseti, eins og er að ég hefði látið segja mér það tvisvar ef ekki þrisvar eða oftar að þeir tímar ættu eftir að renna upp, á 21. öldinni, að hvert svæðið á fætur öðru sem þó var orðin samstaða um að friðlýsa fyrir 20–25 árum yrði undirlagt af virkjanaáformum þegar hingað væri komið, að við værum að fara þetta mörg ár og þetta marga áratugi aftur á bak en ekki áfram í umhverfismálum á Íslandi. Sá er engu að síður veruleikinn. Sú er staðan hér þegar menn eru víðast hvar annars staðar að klára dæmið á hinn veginn, ákveða það eins og í Noregi og Svíþjóð að nú verði ekki hróflað frekar við vatnsföllum og náttúruperlum af því tagi.

Herra forseti. Ég held að það dugi ekki annað en að ræða þessa hluti alla í sameiningu. Mér sýnist að hv. þingnefnd hafi ærinn starfa að fara yfir þessi mál áður en þau verða tiltæk til afgreiðslu.

[15:31]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við erum að ræða um mikinn lagabálk um nýtt fyrirkomulag raforkumála í landinu og er þar auðvitað af mörgu að taka. Í þessari umræðu hefur ýmislegt komið fram, sumt skýrst en annað ekki, eins og gengur. Ýmislegt finnst mér þurfa að ræða betur og fá frekari skýringar á.

Herra forseti. Mér sýnist að þegar vegna 1. gr. frv. þurfi að spyrja hæstv. iðnrh. nokkurra spurninga, því að þar er jú talið upp hvert markmið laganna er og þar segir að markmið laga þessara sé „að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu".

Það hittir nú svo illa á, herra forseti, að þessi orð um atvinnu og byggð í landinu eru til í öðrum lögum og hafa átt að ná þar alveg sérstöku markmiði með því að tryggja búsetu og *kjör fólks í landinu, þ.e. í lögunum um stjórn fiskveiða.* Því miður hefur þar tekist frekar illa til. Ég veit ekki hvort það er sami feigðarfyrirboðinn í þessu frv. að setja þetta svona upp.

En ég spyr út af þessari fyrstu setningu í 1. gr. og óska eftir nokkuð skýru svari frá hæstv. ráðherra um það hvort kerfið hafi verið óhagkvæmt, því að markmið þessara laga er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu o.s.frv. Hefur það kerfi, sem við höfum búið við, hæstv. ráðherra, verið þjóðinni óhagkvæmt? Hefur það verið dregið skýrt fram í þessari umræðu í hverju sú óhagkvæmni hefur legið? Mér finnst að það verði að skýra þetta orðalag allvel þegar þetta er svona orðað. Það *má ráða af* þessu að mikil óhagkvæmni hafi falist í því fyrirkomulagi sem við höfum búið við. Ég dreg það nú mjög í efa þó að menn hafi oft deilt um raforkuverð vítt og breitt um landið og fundist það óviðunandi hátt á sumum svæðum landsins og þjónustan kannski eigi eins og skyldi.

Síðan segir áfram í 1. gr. frv. að í því skyni skuli skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku.

Ég velti því mikið fyrir mér, herra forseti, eftir að ég var búinn að kíkja á frv. og skoða þar ýmislegt, hvort sú samkeppni sem hér er stefnt að muni verða okkur þjóðhagslega hagkvæm, hvort við séum í raun að tryggja okkur hagkvæmt raforkukerfi, eins og segir í fyrstu setningu 1. gr. með því taka upp það samkeppnisfyrirkomulag sem hér er verið að leggja upp með og skiptingu á rekstrinum í ýmis svið, samkvæmt frumvarpinu.

Herra forseti. Í 2. tölul. 1. gr. segir að stuðla skuli að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku.

Ég vil líka spyrja út frá þessari setningu: Hefur kerfið sem við höfum búið við verið óskilvirkt? Hefur það verið það? Hefur það reynst þjóðinni illa? Er mikið um að mönnum finnist að raforkudreifingin og raforkuþjónustan hafi verið afar slæm? Ég dreg í efa, herra forseti, að landsmönnum finnist það yfirleitt. Ég held að fólk hafi talið sig nokkuð öruggt með þjónustu í raforkukerfinu. Maður hlýtur að spyrja þegar svona er að orði komist hvort menn telji almennt að það sem hér er verið að boða — því að þetta er jú texti sem boðar það að frv. sem verið er að ræða eigi að færa okkur betri framtíð — því finnst mér að færa þurfi fyrir því skýr rök að það sem við höfum búið við hafi ekki reynst nógu vel, hafi ekki dugað okkur. Sagt er að nú eigi að gera eitthvað mikið betra, enda benda orðin til þess eins og þau hljóða í 2. tölul. 1. gr. frv.: „Stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í

flutningi og dreifingu raforku.“ Sagt er verið sé að stefna til miklu betra umhverfis en þeir hafa búið við.

Herra forseti. Ég hef bara miklar efasemdir um að hér sé verið að stefna til þeirra verka. Mér finnst að við eigum kröfu á því að það sé skýrt út fyrir okkur í hverju öll sú óhagkvæmni liggur sem við höfum búið við úr því að þetta frv. er talið eiga að stuðla að miklu meiri skilvirkni og hagkvæmni í dreifingu raforkunnar. Ég dreg mjög í efa að sú samkeppni sem hér er verið að boða, eins og hún er upp sett, muni gera það.

Í 3. tölul. 1. gr. segir að tryggja skuli öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda. Mér er bara spurn, herra forseti, ekki síst eftir ræður sem fluttar hafa verið í dag af ýmsum hv. þm. sem hafa dregið fram ýmislegt um það hvernig raforkuverð hefur þróast í öðrum löndum. Nefnd hafa verið dæmi allt frá Kaliforníu til Noregs og Þýskalands, sem ég man eftir í fljótu bragði úr umræðunni í dag. Því hlýt ég að spyrja, herra forseti: Er hæstv. ráðherra handviss um að með þessu frv. sé sérstaklega verið að tryggja hagsmuni neytenda til framtíðar, eins og stendur í 3. tölul. 1. gr.? Verða hagsmunir neytenda betur tryggðir þegar þetta frv., eins og það er hugsað, verður komið í gegn en núna að þessu leyti? Hefur þá líka, herra forseti, verið lítið öryggi í raforkukerfinu sem við höfum búið við? Eigum við að draga þá ályktun af því? Ég held svona heilt yfir, herra forseti, að við höfum búið við þokkalegt öryggi í raforkukerfinu.

Þegar maður hefur farið þannig rólega yfir þessa 1. gr. sem lýsir markmiðum frv., veltir henni fyrir sér og fer svo í gegnum aðrar greinar frv. og ýmis rök sem fylgja með í fylgiskjölum og öðru þá verð ég að lýsa þeirri skoðun minni, herra forseti, að ég efast mjög um að við séum að stíga hér skrefin til góðs. Þrátt fyrir að þetta frv. hafi verið til umræðu hjá stjórnarflokkunum í sennilega tvö ár eða lengur þá efast ég mikið um að frv. sé þannig unnið í dag að það eigi að veita því einhverja sérstaka hraðferð í gegnum þingið. Ég hef miklar efasemdir um það, herra forseti.

Það hlýtur að vera eitt af meginmarkmiðum okkar, eins og nútímaþjóðfélag okkar er uppbyggt, að vera nánast alveg 100% viss um að allt fólk sem í landinu býr eigi kost á raforku og geti gengið að því sem jafnvissum hlut og að hafa vatn í krananum sínum, þ.e. að það fái raforku og það sem meira er, að það fái raforkuna á sambærilegu verði hvar sem er á landinu. Sjálfsagt verður ekki hægt að tryggja að orkan sé alls staðar nákvæmlega jafndýr eða ódýr. En málin mega ekki þróast þannig að orkuverð í einum landshluta verði helmingi hærra en í öðrum. Ég held að það væri mjög bagalegt ef svo færi.

Ég held að allir Íslendingar hljóti að líta svo á að aðgangur að raforku í dag sé þeim jafnnauðsynlegur og aðgangur að vatni og að þannig verði að líta á þetta mál. Þess vegna verð ég að segja að ég hef miklar efasemdir um þá stefnu að færa raforkusöluna, raforkudreifinguna og framleiðsluna yfir á þetta fyrirtækjasvið eins verið er að leggja til í frv. Síðan eru sett sérstök ákvæði í frv. um að heimila skuli ákveðna arðsemi sem þó er reyndar bundin niður í einhverri grein frv. við það að verða þó aldrei hærri en ávöxtun ríkisskuldabréfa, ef ég man rétt, þ.e. að ávöxtuninni séu sett þau takmörk, ávöxtun á eigin fé. Bara sú framsetning hlýtur að geta haft áhrif á hvert raforkuverðið til neytenda verður.

Það er kannski ekki alveg jafnódýrt að framleiða, dreifa og selja rafmagn alls staðar á landinu. En það er mikið byggðamál, herra forseti, að raforkuverð sé sem jafnast um landið og að allir eigi aðgang að því.

Hér hefur verið talað um óarðbærar rekstrareiningar, óarðbærar einingar til að selja raforku inn á. Ég geri ráð fyrir, og það hefur reyndar komið hér fram í umræðunni, að þar séu menn að tala almennt um t.d. fámennar byggðir eða fáa sveitabæi sem langar línur þyrfti að leggja að til þess að dreifa raforkunni, eða aðrar dreifðar byggðir, lítil orkukaupasvæði. Ég vil líta svo á, herra forseti, að það eigi að vera jöfnunarmarkmið að tryggja mönnum sama raforkuverð á sama svæði og að virkilega þurfi að huga að því.

Mér er spurn þegar hér hefur verið rætt um eftirlitskostnaðinn — það hefur sýnt sig að þegar menn fara út í það að setja upp sérstök eftirlitsfyrirtæki hefur kostnaðurinn oft farið mjög úr böndunum — þegar við erum komin í þennan sérstaka einkarekstur eða uppskiptarekstur á samkeppni geri ég ráð fyrir að það endi með því, eins og reyndar hefur gerst í öðrum eftirlitsiðnaði, samanber Fiskistofu, að kostnaðurinn við eftirlitið verði smátt og smátt færður yfir á framleiðsluaðilana, dreifingaraðilana eða söluaðilana og þeir munu örugglega þurfa að taka þann kostnað til baka í sölu raforkunnar til neytenda. Það eru ekki aðrir sem borga það þegar upp verður staðið, ef þannig er.

Hæstv. ráðherra spurði áðan: „Hvað er að því að fara þessa leið? Ég bara spyr. Og af hverju hafa þingmenn athugasemdir við það að fara þessa leið?“

Ég held að ég verði að snúa spurningunni við, herra forseti, og spyrja hæstv. iðnrh.: Hvaða ávinningur er í því fyrir landsmenn að fara þessa leið? Er hann einhvers staðar lagður hér á borðið? Ég get ekki séð, eins og frv. er upp sett og eins og hugsunin er í því, að það sé ávinningur fyrir landsmenn. Ég er miklu hræddari um að kostnaður neytenda muni aukast. Þess vegna leyfi ég mér, herra forseti, þar sem ráðherrann leggur frv. fram í umboði ríkisstjórnarinnar, að snúa spurningunni við og spyrja bara beinlínis um ávinninginn fyrir fólk af því að fara þessa leið og þá líka: Hvernig á að tryggja þjónustuna til fólksins og fyrirtækjanna um allt land, þar með talin viðhaldsverk vegna óhappa?

Það segir einhvers staðar í þessum lagatexta, m.a. í 12. gr., með leyfi forseta:

„Standi væntanlegar tekjur vegna nýs viðskiptavinar ekki undir eðlilegum stofn- eða rekstrarkostnaði er heimilt að krefja hann um greiðslu viðbótarkostnaðar. Sama á við hafi forsendur viðskipta breyst verulega.“

Þýðir þetta að ef tilfallandi kostnaður verður vegna óhappa á línulögn til einhvers neytanda skuli hann greiða þann kostnað? Þýðir þetta það, herra forseti? Eða hvað þýðir þetta þá ef það þýðir ekki það?

Síðan eru í frv. mjög mörg ákvæði um það að ráðherra geti bundið leyfi, „ráðherra þarf að veita leyfi“, „leyfi ráðherra þarf til“, „ráðherra setur reglugerð“ eða „ráðherra skal setja reglugerð“ o.s.frv. Hversu mörg eru þessi ákvæði í frv.? Ég hef ekki talið þau en ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra viti hversu margar reglugerðir hún þarf að setja samkvæmt þessu frv. og hversu mörg leyfi hún þarf að gefa út á hinum ýmsu stigum. Hve margar eftirlitsstofnanir eiga þá að fylgja þessu eftir?

Einhvers staðar segir að Orkustofnun skuli árlega ákveða tekjumörk o.s.frv. Og það segir einnig að Orkustofnun skuli taka tillit til arðsemi eigin fjár sem skuli að jafnaði vera 2% eða meiri eftir skatta en þó ekki yfir tvöfaldri meðalraunávöxtun ríkisskuldabréfa síðustu fimm ár, þegar verið

er að meta ákvæði í gjaldskrá. Þarna er verið að koma fyrir arðsemiskröfunni og tiltaka hversu háa arðsemiskröfu fyrirtækið megi gera. Henni eru sem sagt sett takmörk með þessu ákvæði sem Orkustofnun á svo að líta eftir og samþykkja.

Herra forseti. Á okkar kalda Íslandi, þó að við höfum nú búið við tiltölulega hlýjan vetur í vetur, gerist það stundum að það verða langir frostakaflar og lítið um vatn. Og ef slíkur vetur fer á eftir þurru sumri þegar lítið vatn hefur safnast í lónin fyrir virkjanirnar getur komið til þess að það þurfi að fara að framleiða orku með öðrum og dýrari hætti. Það hefur auðvitað þurft að miðla orku um landið við slíkar aðstæður. Ég hef ekki alveg áttað mig á því í þessu frv., herra forseti, hvernig eigi þá að tryggja orkuna til neytenda. Ég hef séð að menn hugsi sem svo að það megi m.a. gera með verðlagningu, það kemur fram í Kaliforníudæminu, herra forseti. Þar vitna menn til þess að ef verðlagningin hefði virkað rétt hefði átt að draga úr orkunotkuninni. (Forseti hringir.) Það eru eftir 20 sekúndur samkvæmt klukkunni hér, herra forseti.

(**Forseti** (GuðjG): Klukkan í púlti forseta er komin 20 sekúndur yfir.) Á þetta ekki að fara á núll fyrst?

(**Forseti** (GuðjG): Þetta á nú að stemma við klukkuna hjá forseta en gerir það greinilega ekki þannig að ég gef hv. þm. 15 sekúndur af örlæti mínu.)

Þakka þér fyrir, herra forseti.

Mér finnst því ýmislegt þurfa að athuga í þessu frv.

Síðan segir um 13. gr., herra forseti, að ekki eigi að vera samkeppni um dreifikerfið, þeir eigi að hafa forgang sem eiga dreifikerfi fyrir. Það er því bæði samkeppni og ekki samkeppni í frv.

Ég vænti þess að hv. iðnn. muni skoða þetta mál mjög gaumgæfilega. Ég held að það þurfi að vinna málið miklu betur.

[15:52]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að bæta inn í umræðuna. Ég tek undir með hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni varðandi áhyggjur hans af neytandanum sem slíkum og beini nú máli mínu til hæstv. iðnrh. út frá neytandanum. Hingað kom í sumar stór sendinefnd evrópskra þingmanna sem við þingmenn áttum kost á að ræða við um margvísleg mál. Þar voru orkumálin mikið rædd og hvernig þeir hefðu nálgast þær breytingar sem þeir væru að gera á orkumálunum. Þar komu m.a. fram þær upplýsingar að þessar breytingar hentuðu best Mið-Evrópu vegna umframgetu í raforkukerfinu þar. Eins og þeir upplýstu og kemur fram í öðrum gögnum var hún um 20%. Eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra er ekki óeðlilegt að í Mið-Evrópu hafi framkallast á svæðum lækkun á raforkuverði til heimila upp á 5%, og 16% til iðnaðar eins og kom fram í máli hennar. En eins og dæmin sanna er allt annað upp á teningnum varðandi jaðarsvæði og strjálbýlli svæði.

Þessir þingmenn voru mjög uppteknir af orkugeiranum og upplýstu það t.d. að orkufyrirtæki sem fengju dreifingarrétt í löndum eins og Austurríki væru jafnvel skuldbundin til þess að afhenda rafmagn á strjálbýlustu svæðum og gerðu það í sumum tilfellum með dísli þar sem viðkomandi, bóndi þá væntanlega, væri látinn keyra dísilstöð til eigin nota, ekki ósvipað og við gerum í gegnum Rarik á Grímsstöðum á Fjöllum. Kannski má segja að líkt gildi um Grímsey.

Ég er með þessu að segja, virðulegi forseti, að það er nauðsynlegt fyrir okkur og það er krafa um það af okkar hálfu hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að það sé algjörlega skýrt hver réttur neytandans sé í breyttu umhverfi. Það á í raun og veru að vera efst á blaði og vekur þess vegna mikil vonbrigði að sá hluti málsins skuli eiga að fara í nefnd samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar og hæstv. iðnrh. Þetta hlýtur að vera meginmál í öllu dæminu. Ég held líka að við hefðum átt að nálgast þessi mál, eins og raunar kom fram í máli hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar ef ég skildi hann rétt, út frá okkar stöðu miklu meira og athuga gjörbreytingu á raforkukerfinu út frá þeirri stöðu sem við höfum sem einangrað kerfi norður í Atlantshafi, sem ekkert hefur með rafmagnskerfi Evrópu að gera fyrr en kannski eftir einhver ár eða áratugi að það skapaðist möguleiki á því að leggja kapal og flytja rafmagn til Evrópu. Á sínum tíma sagði einhver í sambandi við flutning á rafmagni frá Íslandi til Evrópu og lagningu kapals að það yrði þá að vera tryggt að kapallinn gæti flutt rafmagn í báðar áttir. Sú staða væri oft og tíðum uppi að rafmagnið væri ódýrara hinum megin við pollinn en hér.

Þetta eru því mál sem ég vildi setja inn í umræðuna. Ég tel að við hefðum átt að skoða möguleikana á því að koma hér upp héraðsveitum, ekki á ósvipuðum grunni og Orkubú Vestfjarða, landshlutaveitum. Það hefði mátt nota Rafmagnsveitur ríkisins inn í það púkk og e.t.v. hlutdeildina í Landsvirkjun, en að gera þetta á okkar eigin forsendum með okkar eigin sýn og með það að markmiði að þjóna landsmönnum öllum og iðnaðinum í landinu betur.

Það hlýtur líka að vera áhyggjuefni að allt of stór hluti af okkar iðnaði er knúinn með innfluttu afli, svartolíu eða jafnvel gasi. Það hafa engir tilburðir verið í þá átt að gera mönnum kleift að nota innlenda orku sem auðvitað á að vera okkur keppikefli. Það er kvartað sáran undan því alls staðar úti um landsbyggðina, hvort sem menn reka rækjuverksmiðjur eða fiskmjölsverksmiðjur, að raforkuverðið sé alveg óheyrilega hátt, fari frá 7 og upp í 9 kr. og jafnvel hærra.

Þetta vildi ég setja inn í umræðuna. Ég held að staða neytenda og staða okkar innlendu framleiðslu sé ekki í hávegum höfð þegar verið er að gera þær breytingar sem hér eru á borðinu. Henni þarf að gera hærra undir höfði. Þess vegna held ég að jöfnunarþátturinn og hvernig menn ætla að standa að því að koma rafmagni á viðunandi verði og á sem sambærilegustum kjörum til landsmanna verði að liggja fyrir í því umhverfi sem er verið að búa til, þessu nýja umhverfi, en verði ekki saltað í nefnd og látið bíða betri tíma eins og hæstv. iðnrh. áformar.

[15:58]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu. Ég tel að hún hafi upplýst ýmislegt, a.m.k. vona ég það.

Ég held því fram að þetta mál sé ágætlega vel unnið. Það er búið að vera lengi í vinnslu, það er ekkert launungarmál, búið að margfara yfir það af hálfu ráðuneytisins og mikið samráð hefur verið haft við hagsmunaaðila. Málið hefur komið til umfjöllunar á Alþingi, fyrst náttúrlega í formi þáltill. og síðan sem frv., en raunar er það frv. sem við nú ræðum fyrst núna að koma til umræðu.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði að það þyrfti að vinna málið miklu betur. Það er best að fullyrða aldrei að hlutir séu fullkomnir og til þess er nú nefndarstarfið, að fjalla um mál í nefndum. Ég vonast til að sú vinna gangi vel. Það er mikið verk að fara yfir þetta mál, það er ekki nokkur spurning, en ég vonast til þess að starfið gangi það vel að við

getum gert þetta mál að lögum fyrir vorið. Ég tel reyndar að það sé mjög mikilvægt vegna þess að við erum komin fram yfir tíma og erum farin að fá aðfinnslur frá Eftirlitsstofnun EFTA.

Það kom fram áðan að í þessu frv. væri bæði um samkeppni að ræða og ekki samkeppni. Það er alveg rétt. Það eru vissir þættir sem eru sérleyfisbundnir, flutningur og dreifing, en hins vegar er samkeppni í vinnslu og sölu.

Mikil áhersla er lögð á það af hálfu þingmanna að tekið sé á því máli sem varðar dreifðustu byggðirnar og ég er innilega sammála því og hef lagt mikla áherslu á það alveg frá því að ég kom í ráðuneytið og kom að þessu máli að sá þáttur málsins yrði ekki vanræktur. Ég held því að það séu óþarfa áhyggjur sem hv. þingmenn hafa sýnt hér í umræðunni þess efnis að það sé einhver spurning um að tekið verði á þessu máli, og eins og Guðjón A. Kristjánsson orðaði það, að fá rafmagn á sambærilegu verði, að það sé mikið byggðamál og það er alveg lykilatriði.

En hvert er þá óhagræðið í dag? var spurt. Það er ekki gegnsæi í kerfinu, erfitt er að meta kerfið eins og það er í dag og eins og ég hef sagt, ekki er hægt að segja að neytandinn viti mikið um það hvernig raforkuverð verður til. Ég tel hins vegar að með þessum breytingum muni það allt saman liggja miklu betur fyrir og það séu hagsmunir neytenda að þekkja uppbyggingu gjaldskrár og þar fram eftir götunum. Þessi orkufyrirtæki hafa í rauninni verið dálítið stikkfrí gagnvart því að gefa upplýsingar um uppbyggingu verðsins. Miklar skyldur eru lagðar á sérleyfisreksturinn hvað varðar upplýsingar og upplýsingaskyldu. Orkustofnun hefur þar mjög miklu hlutverki að gegna og það er þess vegna mikilvægt verkefni sem sú stofnun fær með þessu frv., ef að lögum verður, og reyndar munum við líka fjalla um sérstakt frv. sem lýtur að starfsemi Orkustofnunar.

En mér finnst það vera kannski til staðfestingar á því að þetta fyrirkomulag hafi gengið bærilega hjá öðrum Evrópuþjóðum að verið er að undirbúa nýja tilskipun sem gengur lengra í frjálsræðisátt en sú sem hefur verið í gildi og það hlýtur að vera til merkis um það að Evrópuþjóðir telji að þetta fyrirkomulag hafi reynst vel, það er alla vega ekki verið að stíga skrefið til baka.

Ég held að það séu óþarfa áhyggjur að velta því upp að það sé einhver spurning um að Íslendingar fái rafmagn. Við erum með gott kerfi í raun, uppbyggingin er góð og afhendingaröryggi er með besta móti. Að mínu mati er ekki hægt að halda því fram að það fyrirkomulag sem við erum núna að taka upp setji í hættu þessi mikilvægu markmið sem við Íslendingar höfum alltaf haft síðan við yfir höfuð rafvæddum þjóðina.

Það er kannski ekki ástæða til að fjölyrða um þetta frekar. Við eigum eftir að fjalla um þetta mál aftur seinna í vetur í sambandi við Landsvirkjun sem hefur verið hér nokkuð til umfjöllunar og það að því fyrirtæki gæti hugsanlega verið breytt í hlutafélag, ég ætla ekkert að útiloka það en a.m.k. er ekki búið að taka neina ákvörðun um það. Eigendanefndin hefur tíma út þetta ár og á næsta ári er áformað að hún ljúki störfum og hafi þá áttað sig á framtíðarhlutverki og framtíðarrekstrarformi þessa fyrirtækis. En ég tel að allar líkur séu á því, eða ég vil trúa því, að þó svo að fyrirtækið væri hlutafélag í dag hefði engu að síður verið ráðist í framkvæmdir við Kárahnjúka. Það má segja í tengslum við það að breytingin á rekstrarformi bankanna, sem nú hefur verið breytt í hlutafélög og þeir reyndar seldir, varð ekki til þess að skaða lánshæfið.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Ég vil þakka fyrir umræðuna, tel að hún hafi verið upplýsandi og þakka þeim sem tóku þátt í henni.

[16:05]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði í lok ræðu sinnar að haft hefði verið mikið samráð við hagsmunaaðila. Hverjir eru hagsmunaaðilar í þessu máli, eftir þeim orðum sem hæstv. ráðherra viðhafði? Eru það þeir sem núna eru í orkuframleiðslunni eða eru það fjórðungssamböndin úti um landið sem hafa oft verið með framsetningu um hagsmuni einstakra byggðarlaga eða landshluta? Og þá kemur náttúrlega spurning í framhaldi af því: Hvernig á að tryggja sem jafnast orkuverð um allt landið og hvaða kjör fær fólkið? Þetta er náttúrlega meginspurningin. Mig langar að vita nákvæmlega hvernig þessu samráði var hagað. Hverjir voru þessir hagsmunaaðilar?

[16:06]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í sambandi við orkuverðið þá verður landinu skipt í gjaldskrársvæði og það verður sama verð innan hvers gjaldskrársvæðis fyrir sig. En eins og hv. þm. nefndi réttilega í ræðu sinni er ekki hægt að ákveða það fyrir fram að það verði nákvæmlega sama verð um allt land, enda er náttúrlega langt frá því að svo sé í dag. Hins vegar er ákvæði þess efnis að sama verð verði innan hvers gjaldskrársvæðis fyrir sig.

Samráð hefur verið haft við orkufyrirtækin í landinu sem eiga nokkuð mikilla hagsmuna að gæta, auk þess sem þetta mál hefur náttúrlega farið mjög víða til umsagnar, bæði af hálfu Alþingis og eins ráðuneytis. Sú grundvallarhugsun sem kom fram í þáltill. sem hér var rædd, þó að hún væri ekki afgreidd, og sú umræða var náttúrlega mjög stefnumótandi í þessu máli öllu. Þar komu þeir þingflokkar að sem áttu þá fulltrúa á Alþingi og umræðan fór hér fram og nefndin skilaði niðurstöðu og áliti þó að málið fengi ekki afgreiðslu þingsins. Sú umfjöllun og niðurstaða var höfð að leiðarljósi í áframhaldandi starfi.

[16:08]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka svörin. Það sem ég vildi reyna að hnykkja aðeins á í seinna andsvari mínu er að spyrja hæstv. ráðherra hvað hún telji í raun og veru að sé viðunandi mismunur í orkuverði á landinu. Hvað er það sem við getum sætt okkur við að sé sameiginlegur skilningur á því að sé viðunandi mismunur í orkuverði? Er það það sem nú er, er það sá munur sem er mestur nú á landinu í orkuverði milli svæða eða einhver önnur prósentutala?

[16:09]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil hafa þennan mun sem allra minnstan og þess vegna er það nú sem ég hef lagt svona mikla áherslu á að um jöfnun verði að ræða og það fáist inn — ja, talið er að það séu um 400 milljónir í dreifikerfinu og 100 milljónir í flutningskerfinu sem þurfi að taka sérstaklega á. Ég heyri að mikil samstaða er um það hér á hv. Alþingi að gera það og tel ég það vera til merkis um að það verði niðurstaðan,

hvernig sem þær kosningar fara sem eru fram undan, fyrst algjör samstaða er um þetta. En ég treysti náttúrlega Framsfl. best til þess að framfylgja því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 1. umr.

Stjfrv., 463. mál. — Þskj. 701.

[16:10]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, sem er 463. mál á þskj. 701.

Í frv. er, eins og heiti þess ber með sér, lagt til að gerðar verði breytingar á ýmsum lögum á orkusviði. Ástæður breytinganna má rekja til ákvæða frv. til raforkulaga sem lagt er fram samhliða þessu frv.

Nauðsynlegt þykir að gera breytingar á vatnalögum, nr. 15/1923, orkulögum, nr. 58/1967, lögum um raforkuver, nr. 60/1981, lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, lögum nr. 10/2001, um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, lögum nr. 40/2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, og lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur.

Viðamestu breytingarnar felast í breytingum á orkulögum annars vegar og lögum um Landsvirkjun hins vegar. Í frumvarpi til raforkulaga er m.a. lagt til að skapaðar verði forsendur til samkeppni í vinnslu og sölu raforku og orkufyrirtækjum gert skylt að halda aðgreindum reikningum fyrir samkeppnisstarfsemi annars vegar og einokunarstarfsemi hins vegar. Er því gert ráð fyrir að öllum skyldum verði aflétt af Landsvirkjun og að forréttindi fyrirtækisins falli jafnframt niður. Með sama hætti eru lagðar til breytingar á hlutverki Rafmagnsveitna ríkisins svo það samræmist áðurgreindum breytingum á skipan raforkumála og lögum um Hitaveitu Suðurnesja hf. og Orkubú Vestfjarða hf.

Í frv. þessu eru ekki lagðar til breytingar á I. kafla orkulaga, um Orkustofnun. Frumvarp til laga um Orkustofnun og frumvarp til laga um Íslenskar orkurannsóknir hafa á hinn bóginn verið lögð fram, m.a. í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til í frv. til raforkulaga.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla um einstakar greinar frv. en legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[16:12]

Útbýting þingskjals:

Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006, 563. mál, stjtill. (samgrh.), þskj. 911.

[16:12]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir og heitir frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði er í rauninni fyrst og fremst tæknilegt fylgifrv. þess stóra frv. sem hér hefur verið rætt í dag. Það er í sjálfu sér ekki mikið um það að segja á þessu stigi, þetta eru eðlilegar breytingar, vænti ég, í flestum tilfellum og sýnist það að svo miklu leyti sem ég hef rannsakað það sjálf.

Auðvitað vakna ýmsar spurningar sem varða einstök atriði en, herra forseti, það er alveg ljóst að þetta mál verður unnið í nefndinni, vænti ég, meira og minna samhliða raforkulagafrv. og þá mun skýrast — að svo miklu leyti sem það skýrist ekki hér í athugasemdum — af hverju er gengið svo skammt eða svo langt sem raun ber vitni.

Ég ætla því ekki að lengja þennan fund með mikilli ræðu um þessi mál. Ég kem til með að vinna þau í nefndinni en fannst ótækt að ráðherrann talaði einn í þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðlar og Staðlaráð Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 461. mál (heildarlög). — Þskj. 699.

[16:14]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli sem iðnrh. fyrir frv. til laga um staðla og Staðlaráð Íslands. Frumvarp þetta byggir á lögum nr. 97/1992, um staðla. Frá setningu þeirra hefur framkvæmd staðlasetningar og innviðir staðlastarfsins á Íslandi þróast og er ástæða til að festa áorðnar breytingar í sessi með lögum.

Meginatriði laganna frá 1992 haldast óbreytt en á Staðlaráð Íslands eru aftur á móti lagðar auknar skyldur og breytingin frá gildandi lögum fjallar að verulegu leyti um hlutverk og starfsemi Staðlaráðsins. Vegna þessa er lagt til að heiti laganna verði lög um staðla og Staðlaráð Íslands og komi þau í stað núverandi laga um staðla.

Staðlar gegna mikilvægu hlutverki við að koma á og viðhalda hindrunarlausum viðskiptum á milli landa. Þar liggur til grundvallar að vísað sé til alþjóðlegra staðla í opinberum stjórnvaldsfyrirmælum fremur en að tilgreina í einstökum atriðum hvaða tæknilegu kröfur skuli gera til vöru og þjónustu. Í þessu sambandi er mikilvægt að leggja áherslu á að staðlar eru ekki samdir af stjórnvöldum, heldur í samvinnu þeirra sem hagsmuna eiga að gæta af stöðlunum og eiga staðlarnir að endurspegla bestu fáanlega þekkingu, fyrirmyndarverklag og framkvæmd að bestu manna yfirsýn.

Þróunin síðustu tíu ár hefur orðið sú að notkun staðla í stað hefðbundinna reglugerða og stjórnvaldsfyrirmæla hefur reynst vel og eru staðlar nú teknir upp á sífellt fleiri sviðum. Þegar um er að ræða tilskipanir Evrópusambandsins er yfirleitt gert ráð fyrir að með því að uppfylla kröfur tiltekinna staðla séu kröfur viðkomandi tilskipunar jafnframt uppfylltar.

Þessi þróun hefur kallað á að hlutverk Staðlaráðs Íslands verði fest betur í sessi en með gildandi lögum um staðla, nr. 97/1992. Í því felst m.a. að það fyrirkomulag sem þróað hefur verið á síðustu tíu árum og reynst hefur best verði nú lögfest og að lög kveði á um skýrt og ótvírætt umboð Staðlaráðs Íslands til að staðfesta alþjóðlega og evrópska staðla sem íslenska staðla og til að annast gerð séríslenskra staðla. Sömuleiðis er nauðsynlegt að kveða á um tilvist fagstaðlaráða. Ljóst þarf að vera hvaða umboð fagstaðlaráðin hafa þar sem þau vinna að því að semja staðla sem munu í sumum tilvikum verða bindandi fyrirmæli.

Nauðsynlegt þykir einnig að kveða nánar á um hvernig rekstri Staðlaráðs skuli háttað þar sem það er opinber vettvangur hagsmunaaðila til að vinna að stöðlun þótt það sé ekki opinber stofnun. Einnig þykir nauðsynlegt að fram komi í lögum með hvaða hætti starfsemi Staðlaráðs skuli fjármögnuð.

Ég hirði ekki um að fjalla um einstakar greinar frv. Að dómi fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins hefur frv. ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs ef það verður óbreytt að lögum. Ég mælist til þess, hæstv. forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Orkustofnun, 1. umr.

Stjfrv., 544. mál (heildarlög). — Þskj. 891.

[16:18]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um Orkustofnun sem er 544. mál þingsins á þskj. 891.

Frv. það til laga um Orkustofnun sem ég mæli hér fyrir felur í sér þær breytingar á núverandi Orkustofnun að rannsóknasvið Orkustofnunar verði lagt niður og sjálfstæð stofnun, Íslenskar orkurannsóknir, taki við hlutverki rannsóknasviðsins. Hefur sérstakt frv. til laga um þá stofnun verið kynnt á þskj. 892. Frv. þetta byggir á niðurstöðum nefndar sem skipuð var af iðnrh. í júní 2001 til að yfirfara skipulag Orkustofnunar með hliðsjón af því aukna stjórnsýsluhlutverki sem stofnuninni hefur verið falið með ákvæðum ýmissa laga á undanförnum árum, svo og væntanlegu auknu stjórnsýsluhlutverki hennar samkvæmt frv. til raforkulaga. Var nefndinni falið að koma með tillögur um framtíðarskipulag stofnunarinnar.

Nefndin skilaði tillögum sínum til ráðherra í maí 2002. Frv. er að mestu leyti byggt á niðurstöðun nefndarinnar eins og nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum með frv. Í kjölfarið vann nefndin að gerð þessa lagafrv. og frv. til laga um íslenskar orkurannsóknir.

Þó að í I. kafla orkulaga sé nánast alfarið fjallað um Orkustofnun sem opinbera stjórnsýslustofnun hefur starfsemi stofnunarinnar þróast á þann veg allt frá upphafi að hún hefur meira beinst að orkurannsóknum en stjórnsýslu. Raunar má rekja þessa skipan mála aftur til tíma raforkumálaskrifstofunnar á 6. áratug síðustu aldar, þegar markvissar orkurannsóknir hófust hér á landi. Þá voru hér á landi fáir eða engir aðilar er gátu sinnt þessum rannsóknum og ríkið þurfti því að annast allar helstu rannsóknir á sviði orkumála. Eðlilegast var því að Raforkumálaskrifstofan og síðar Orkustofnun bæru ábyrgð á þessum rannsóknum.

Á síðustu árum hafa margir aðrir aðilar í auknum mæli komið að orkurannsóknum, bæði virkjunaraðilar og ráðgjafastofur. Á sama tíma hefur stjórnsýsluhlutverk stofnunarinnar aukist verulega, m.a. í samræmi við lög um nýtingu og rannsóknir á auðlindum í jörðu og lög um mat á umhverfisáhrifum.

Árið 1997 var gerð sú skipulagsbreyting á Orkustofnun að rannsóknahluti stofnunarinnar og stjórnsýsluhluti hennar voru rekstrarlega aðskildir til að tryggja að starfsemi stofnunarinnar væri í samræmi við samkeppnislög. Þær breytingar sem nú eru lagðar til eru í raun eðlilegt framhald þeirra breytinga.

Í skýrslu nefndarinnar sem undirbjó lagafrv. þetta er komist að þeirri niðurstöðu að hagsmunaárekstrar geti orðið í starfsemi Orkustofnunar vegna verkefna sem henni eru falin í gildandi lögum. Hagsmunaárekstrarnir felist í því að rannsóknasvið stofnunarinnar veiti á ákveðnu stigi þjónustu og komi að mótun verkefnis sem orkumálasvið stofnunarinnar geti á seinni stigum þurft að veita stjórnvöldum umsögn um. Nefndin telur að í þessu sambandi vakni spurning hvort starfsmenn orkumálasviðs geti talist óhlutdrægir til að veita umsögn um störf samstarfsmanna sinna á rannsóknasviði.

Telur nefndin að hagsmunaárekstrar sem þessir geti einkum komið upp vegna jarðhitanýtingar en bein ráðgjöf varðandi vatnsorku sé nær engin orðin. Þá geti starf vatnamælinga Orkustofnunar eins og þær eru reknar nú leitt til ákveðinna árekstra, sem þó séu ekki eins alvarlegir og þeir sem vikið var að hér að framan. Ekki kæmi til þess að endurmeta þyrfti ráðgjöf eða mat stofnunarinnar. Af þeim sökum kemur almennt ekki til slíkra hagsmunaárekstra sem vert sé að hafa áhyggjur af.

Til viðbótar við ofangreinda mögulega hagsmunaárekstra benti nefndin á að valdheimildir Orkustofnunar, samkvæmt frv. til nýrra raforkulaga, munu aukast verulega. Er Orkustofnun samkvæmt frv. falið eftirlit með öllum þáttum á raforkumarkaði, þ.e. vinnslu, flutningi, dreifingu og sölu. Þá er Orkustofnun ætlað, samkvæmt ákvæðum raforkulagafrv., að setja flutnings- og dreifiveitum árlega ákveðin tekjumörk. Er við því að búast að hugsanlegir hagsmunaárekstrar komi skýrt upp á yfirborðið þegar samkeppni hefur verið komið á á milli framleiðenda og seljenda raforku.

Með frv. þessu er verið að bregðast við framangreindum hagsmunaárekstrum en jafnframt gefa breytingarnar tækifæri til að fela Orkustofnun frekari verkefni á stjórnsýslusviði, sem nú eru unnin í ráðuneytinu. Það stuðlar að betri stjórnsýslu, m.a. vegna þess að ákvarðanir Orkustofnunar verða kæranlegar til æðra stjórnsýslustigs.

Við gerð frv. var gengið út frá því meginsjónarmiði að rétt væri að skilja Orkustofnun í tvær stofnanir, þannig að núverandi rannsóknasvið tilheyrði annarri, þ.e. stjórnsýslustofnuninni Orkustofnun, en núverandi orkurannsóknahluti tilheyri hinni, þ.e. Íslenskum orkurannsóknum.

Skoðað var hvort heppilegra væri að vatnamælingar tilheyrðu stjórnsýsluhlutanum eða rannsóknahlutanum. Að mati nefndarinnar var talið að vatnamælingar gætu fylgt hvorri stofnuninni sem var, enda engin sérstök fagleg rök fyrir því að hafa vatnamælingar og rannsóknasviðið saman í einni stofnun. Þá voru þau sjónarmið rædd við gerð frv. hvort til greina kæmi að vatnamælingar yrðu gerðar að sérstakri stofnun. Starfsemi vatnamælinga er að mörgu leyti ólík starfsemi rannsóknasviðs og greinir þar helst á milli að rannsóknir vatnamælinga eru einkum öflun grunnupplýsinga, úrvinnslgagna sem ekki eru unnin í samkeppni við aðra aðila.

Það var hins vegar ekki talið tímabært að stofna sérstaka stofnun um vatnamælingar og vatnafarsrannsóknir fyrr en mótuð hafði verið heildarstefna í rannsóknum og vöktun á vatnafari landsins. Með því að láta vatnamælingar fylgja Orkustofnun, eins og hér er lagt til, skapast betra svigrúm til að kanna frekar hvort rétt sé að stuðla að frekari samvinnu þeirra aðila sem starfa á svipuðum vettvangi og hvort rétt sé að sameina starfsemi stofnana sem að vatnafarsrannsóknum koma. Er að því stefnt að sú vinna hefjist innan skamms.

Á grundvelli framangreindra raka er í frv. lagt til að farin verði sú leið að rannsóknasviðið verði skilið frá Orkustofnun og sérstök stofnun, Íslenskar orkurannsóknir, sett á fót til að sinna hlutverki sviðsins.

Herra forseti. Ýmsar aðrar breytingar felast í frumvarpinu og koma þær fram í 6. og 7. gr. Þá er mælt fyrir um rekstur Orkusjóðs og eru ákvæðin að mestu leyti í samræmi við ákvæði núverandi laga um Orkusjóð. Lagt er til að tekjur vegna endurgreiðslukostnaðar af rannsóknum og áætlanagerð renni til Orkustofnunar í stað Orkusjóðs, sbr. 7. gr. frv. Ákvæði í 8. gr. frv. eru að mestu efnislega sambærileg við ákvæði núverandi laga um Orkusjóð.

Hæstv. forseti. Megintillögur þessa frv. er hér liggur fyrir felast samkvæmt framansögðu í eftirfarandi meginatriðum:

Að rannsóknasvið Orkustofnunar verði lagt niður. Samkvæmt frumvarpi til laga um Íslenskar orkurannsóknir mun ný stofnun, Íslenskar orkurannsóknir, sinna þeim verkefnum sem rannsóknasviðið hefur gert.

Að Orkustofnun fari með það hlutverk sem hún hefur að öðru leyti haft auk þess sem hún taki að sér frekara hlutverk eftir því sem mælt verði fyrir um í lögum, reglugerðum eða samkvæmt ákvörðun ráðherra hverju sinni.

Að ekki verði sérstök stjórn yfir Orkustofnun heldur verði sett á fót fagráð, Orkuráð, sem verði Orkustofnun til ráðgjafar í vissum málum.

Lög um Orkusjóð verði felld úr gildi en Orkustofnun annist umsýslu Orkusjóðs. Þeir fjármunir sem nú renna í Orkusjóð samkvæmt fjárlögum og lögum um Orkusjóð renni til Orkustofnunar.

Með þessu frv. er í raun aðeins verið að staðfesta ákveðna þróun í stjórnsýslu orkumála og í orkurannsóknum sem orðið hefur á undanförnum árum. Þær breytingar er felast í þessu frv. eru í sjálfu sér ekki róttækar heldur öllu heldur eðlileg afleiðing af breyttum tímum sem vonandi verða öllum til heilla.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íslenskar orkurannsóknir, 1. umr.

Stjfrv., 545. mál. — Þskj. 892.

[16:26]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um Íslenskar orkurannsóknir, 545. máli á þskj. 892.

Í frv. er lagt til að sett verði á fót sjálfstæð stofnun er beri heitið Íslenskar orkurannsóknir sem fari með það hlutverk sem rannsóknasvið Orkustofnunar fer með nú. Er frv. að miklu leyti byggt á skýrslu nefndar sem skipuð var af iðnrh. í júní 2001 til að yfirfara skipulag Orkustofnunar með hliðsjón af því aukna stjórnsýsluhlutverki sem stofnuninni hefur verið falið með nýjum lögum á undanförnum árum og auknu stjórnsýsluhlutverki hennar samkvæmt frv. til raforkulaga. Var nefndinni falið að koma með tillögur um framtíðarskipulag stofnunarinnar.

Frv. til laga um Orkustofnun hefur verið kynnt á þskj. 891. Í athugasemdum við það frv. er gerð grein fyrir núverandi skipulagi Orkustofnunar, þeim hagsmunaárekstrum sem kunna að verða í núverandi starfsemi Orkustofnunar og þeim breytingum á skipulagi stofnunarinnar sem lagt er til að gera svo komast megi hjá hagsmunaárekstrum. Um þessi atriði vísast að mestu leyti til þeirrar umfjöllunar.

Eins og nánari grein er gerð fyrir í frumvarpi til laga um Orkustofnun komst nefndin að þeirri niðurstöðu að hagsmunaárekstrar geti orðið í starfsemi Orkustofnunar vegna verkefna sem henni eru falin í gildandi lögum. Þeir felist í því að rannsóknasvið stofnunarinnar veiti á ákveðnu stigi þjónustu og komi að mótun verkefnis sem orkumálasvið stofnunarinnar geti á seinni stigum þurft að veita stjórnvöldum umsögn um. Nefndin telur að í þessu sambandi geti vaknað spurning um hvort starfsmenn orkumálasviðs geti talist óhlutdrægir til þess að veita umsögn um störf samstarfsmanna sinna á rannsóknasviði.

Í frv. til raforkulaga sem mælt hefur verið fyrir hér í dag er Orkustofnun ætlað víðtækt eftirlitshlutverk sem sala á þjónustu, rannsóknum og ráðgjöf til orkufyrirtækja fer illa eða alls ekki saman með. En með frv. þessu og frv. til laga um Orkustofnun er brugðist við þessum hagsmunaárekstrum. Lagt er til að rannsóknasvið Orkustofnunar flytjist í sjálfstæða stofnun, Íslenskar orkurannsóknir. Eins og nánar er rakið í frv. til laga um Orkustofnun er ekki lagt til að vatnamælingar tilheyri Íslenskum orkurannsóknum og við það miðað að sem fyrst verði mótuð heildarstefna í vatnafarsrannsóknum.

Mér finnst rétt að það komi fram að ekkert er því til fyrirstöðu að hýsa hinar stofnanirnar áfram á sama stað og nýta sameiginlega þjónustu sem ekki fer í bága við meginmarkmið aðskilnaðarins og er í samræmi við samkeppnissjónarmið. Af því ætti að vera hagræði, að stofnanir ríkisins geti sem mest sameinast um þjónustu.

Herra forseti. Við undirbúning að frv. þessu kom til skoðunar hvort stofna ætti hlutafélög um rannsóknasjóð Orkustofnunar, eða hvort setja ætti á fót stofnun um starfsemina sem væri fjárhagslega sjálfstæð að öllu leyti. Þriðji möguleikinn væri að setja á fót stofnun sem fengi hluta tekna sinna af fjárlögum. Það var niðurstaða nefndarinnar að eðlilegt væri að rannsóknahlutinn yrði a.m.k. fyrst um sinn rekinn sem B-hluta stofnun en ekki hlutafélag. Þróun á þeim markaði sem stofnunin starfar á verður svo að leiða í ljós hvort rétt sé að breyta stofnuninni í hlutafélag. Í því sambandi verður að hafa í huga að stofnunin getur þróast og eflst eftir því sem markaðsaðstæður krefjast.

Afar mikilvægt er að Íslenskar orkurannsóknir verði fjárhagslega sjálfstæð stofnun þar sem hún muni starfa á samkeppnismarkaði. Að öðrum kosti er líklegt að þeir hagsmunaárekstrar sem þegar eru fyrir hendi í starfsemi rannsóknasviðs Orkustofnunar verði áfram að einhverju marki fyrir hendi í starfi Íslenskra orkurannsókna.

Ákvörðun um til hvaða orkurannsókna opinberu fé skuli varið verður tekin hjá hinni nýju stjórnsýslustofnun, Orkustofnun, í samræmi við stefnu stjórnvalda um hlutverk ríkisins í orkurannsóknum. Íslenskar orkurannsóknir munu væntanlega eigi að síður áfram sinna opinberum eða samfélagslegum verkefnum á grundvelli langtímaverksamninga við Orkustofnun, að uppfylltum samkeppnislegum skilyrðum auk margháttaðra annarra rannsóknaverkefna sem byggjast á sérhæfðri þekkingu hinnar nýju stofnunar á sviði jarðhitarannsókna.

Hæstv. forseti. Ég hirði ekki um að fjalla um einstakar greinar og breytingar sem lagt er til að gerðar verði. Ég bendi þó á að í ákv. til brb. er mælt fyrir um að öllum þeim sem starfa á rannsóknasviði Orkustofnunar við gildistöku laganna skuli boðið starf hjá Íslenskum orkurannsóknum þegar rannsóknasvið Orkustofnunar verður lagt niður með nýjum

lögum um Orkustofnun. Benda má á að nýlokið er við að endurskipuleggja innra starf rannsóknasviðsins með tilliti til þess að það verði að sjálfstæðri stofnun þannig að breyting sviðsins í stofnunina Íslenskar orkurannsóknir kallar ekki á innri skipulagsbreytingar á starfseminni, m.a. af þeim sökum er unnt að bjóða öllum starfsmönnum sviðsins sambærilegt starf áfram.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að þessu máli verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[16:32]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það hefði kannski verið eðlilegt að ræða saman þessi tvö frv. sem hæstv. ráðherra mælti hér síðast fyrir þar sem hér er augljóslega um tvær hliðar á sama peningi að ræða, ef svo má að orði komast. Það sem hér er verið að gera er út af fyrir sig fullkomlega eðlilegt og skynsamlegt, þ.e. að skilja sundur stjórnsýslueiningu og rannsóknareiningu Orkustofnunar. Það má því velta fyrir sér hlut ríkisins í rannsóknum sem hæstv. ráðherra kom inn á máli sínu. Auðvitað er það svo og hefur verið að á ýmsum sviðum hafa verið að verða til rannsóknarteymi ef það eru nógu margir til þess að við gætum verið burðug í rannsóknum. Og inni á Orkustofnun hafa einmitt orðið til slíkir hópar manna sem hafa mikilvæga og dýrmæta sérþekkingu. Þar var samt komið sögu að ekki gekk lengur að þarna væri um eina og sömu stofnunina að ræða og þurfti að aðskilja. Og mér finnst fullkomlega eðlilegt, herra forseti, að menn skyldu velta dálítið vöngum yfir því hvaða rekstrarfyrirkomulag eða rekstrarform yrði á þessari stofnun. Þegar maður les frv. yfir, ákvæði þess og greinargerð, veltir maður því líka fyrir sér hversu lengi þessi stofnun getur staðið miðað við þær forsendur sem henni eru gefnar núna. Þá á ég einfaldlega við það, herra forseti, að enda þótt menn reyni hér, og kunni augljóslega ágætlega til verka, að koma málum þannig fyrir að ekki ættu að verða árekstrar við markaðinn segir mér svo hugur að ekki muni líða ýkja mörg ár þar til þrýstingur verður kominn á það að rekstrarformi þessarar stofnunar verði breytt, einhverjum þáttum hennar úthýst og þeir settir á markað með einum eða öðrum hætti. Það er þróunin í þessum efnum og nokkuð sem kannski er ekki gott að standa gegn og er þá væntanlega liður í því að rannsóknarumhverfið er alltaf að verða burðugra og þar myndast samkeppni með virkum hætti.

Það var ýmislegt sem vakti upp spurningar við lestur þessa frv. sem ég geri ráð fyrir að við getum fengið svör við í iðnn. Það var líka ýmislegt sem vakti athygli eins og það að á þessari rannsóknastöð verður, og hefur þá verið á Orkustofnun, ein stærsta jarðfræðistofnun landsins og um leið ein öflugasta rannsóknastofnun í heimi. Þetta er auðvitað mjög mikilvægt og merkilegt, herra forseti, og ástæða til að halda því til haga. Rannsóknasviðið þekkir auðvitað markaðinn. Það hefur tekið þátt í samkeppni á markaði og það er auðvitað á grundvelli þeirrar reynslu sem málum er svo komið sem nú er.

Mér finnst líka merkilegt að svona mikil áhersla skuli vera lögð á það í frv. að varðveita þann mannauð sem þegar er til innan stofnunarinnar og verður auðvitað til í samspili þeirra einstaklinga og þeirrar þekkingar sem þar er. Það er ekki á hverjum degi, herra forseti, þegar hið opinbera breytir rekstrarformi eða skilur upp stofnanir að menn horfi á mannauðinn þeim augum sem hér er gert. Oft finnst manni fyrst og fremst köld tæknihyggja vera að verki en það er gott að sjá það, og var svo sem viðbúið, að á Orkustofnun kæmu menn auga á mikilvægi mannauðs. Þó að okkur þyki náttúruauðlindirnar giska merkilegar og þær séu viðfangsefni stofnunarinnar yrðu þær rannsóknir ekki merkilegar ef sú þekking og sá mannauður sem þar er væri ekki til staðar.

Það er sömuleiðis tekið fram hér og vakin athygli á því að vatnamælingar eru ekki á samkeppnismarkaði. Þarna er í rauninni heimastöð vatnamælinga á Íslandi og verður væntanlega hvergi annars staðar, nema þá að búin verði til stofnun sem ríkið styrkir þá með einhverjum hætti til þessara þátta. Þannig er þetta auðvitað, herra forseti. Hér er afskaplega mikilvæg starfsemi. Eigi að síður hef ég þá tilfinningu, eins og ég sagði áðan, og fékk þá tilfinningu við lestur frv. að þó að menn hafi komist að þeirri niðurstöðu nú að hafa rekstrarformið það sem það er kunni önnur sjónarmið að gilda eftir ekki svo langan tíma vegna breyttra aðstæðna á markaði.

Mér finnst spennandi að koma til með að takast á við þetta frv. Þetta eru afskaplega áhugaverðir hlutir sem hér eru að gerast og mun ég ekki lengja umræðuna frekar. Mér sýnist að iðnn. hafi hér orðið nokkur verkefni fram til vorsins þar sem eru þau frv. sem til hennar verður vísað væntanlega eftir þennan fund, ég tala nú ekki um þetta litla frv. sem var hér til umfjöllunar á þriðjudaginn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Einkahlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 521. mál (ársreikningar, slit félaga). — Þskj. 864.

[16:38]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli sem viðskrh. fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

Með frv. þessu um einkahlutafélög, sem flutt er samtímis þremur öðrum frv. á sviði félagaréttar, er aðallega gefinn kostur á að slíta einkahlutafélögum með einföldum og ódýrum en þó tryggum hætti af hálfu þeirra sem að félaginu standa. Jafnframt er tækifærið notað til að gera m.a. vissar breytingar sem snerta ákvæði um ársreikninga vegna þróunar í löggjöf um ársreikninga svo og aðrar minni háttar breytingar. Nánar tiltekið má benda á að skv. 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að auk heitis félagsins megi skrásetja hugsanlegt erlent aukheiti. Í framsöguræðu minni fyrir hlutafélagafrv. gerði ég grein fyrir ástæðunum fyrir þessu og vísa einnig til athugasemda við greinina, en það er víst ræða sem ég er ekki búin að flytja.

Skv. 4. gr. frv. er felld niður krafa um að í tveggja manna stjórn einkahlutafélags þurfi að hafa a.m.k. einn varamann. Þessi krafa hefur valdið vissum erfiðleikum í framkvæmd og verið til óþæginda ef tveir menn stofna félag. Þeir þurfa þá annaðhvort að leita að þriðja manni til að vera varamaður eða hafa annan í stjórn og hinn til vara sem gerir stöðu hins síðarnefnda þá mun verri varðandi það að fylgjast með og hafa áhrif á störf stjórnarinnar. Þykir samkvæmt frv. nægilega tryggt að tveir menn geti verið í stjórn án varamanns úr því að leyft er í lögunum um einkahlutafélög að í stjórn slíkra félaga geti verið einn maður og annar til vara.

Skv. 13. gr. frv. er felld niður skylda félaga til þess að senda í júnímánuði ár hvert ákveðnar tilkynningar um félög

til hlutafélagaskrár. Ákvæði hér að lútandi hafa ekki náð tilgangi sínum, svo sem ég mun gera grein fyrir í framsöguræðu minni um hlutafélagafrv. Er enda nauðsynlegt að tilkynna hvort eð er allar breytingar á stjórn o.fl. jafnóðum, samkvæmt öðrum ákvæðum laganna um einkahlutafélög.

Skv. 14. gr. frv. er gert ráð fyrir að felld verði niður 134. gr. laganna um einkahlutafélög þar sem segir að lögin um einkahlutafélög taki til samlagshlutafélaga, eftir því sem við á.

Aðalbreytingin með þessu frv. felst í því að tekið yrði upp, skv. 8. gr., ákvæði um einföld slit á einkahlutafélögum. Á Íslandi eru yfir 15.000 skráð einkahlutafélög. Má ætla að ýmis þeirra hafi algjörlega hætt starfsemi án þess að þeim hafi verið slitið formlega. Aðalreglan samkvæmt hlutafélagalöggjöfinni er að kosin skuli skilanefnd en gjaldþrotaskipti geti einnig skipt verulegu máli í reyndinni. Skilanefndarmeðferð kostar þó sitt. Er tilgangurinn með greininni að gera hluthöfum einkahlutafélaga, sem oft eru mjög lítil og geta jafnvel verið með einum hluthafa, kleift að slíta félaginu með einföldum og ódýrum hætti. Að jafnaði kæmi frumkvæði hluthafa þá til. Það getur svo leitt til þess að fé og fyrirhöfn sparist, t.d. hjá skattyfirvöldum við að áætla gjöld á einkahlutafélög. Ákvæði greinarinnar sem fela í sér nýjan möguleika á slitum einkahlutafélaga eru byggð á fyrirmynd í dönskum lögum um einkahlutafélög þar sem þessi heimild er talin hafa gefist vel.

Aðrar gildandi reglur um félagsslit halda gildi sínu, m.a. 83. gr. um slit einkahlutafélags með tiltölulega einföldum hætti að frumkvæði hlutafélagaskrár, ef skráin telur að félagið hafi hætt störfum o.s.frv. Þeirri aðferð hefur lítt verið beitt. Hún hefur þó reynst nothæf og kann að verða beitt í auknum mæli í framtíðinni.

Þrátt fyrir gildandi ákvæði um slit á einkahlutafélögum virðist eðlilegt að gefa mönnum kost á að slíta félögunum með þeim einfalda hætti sem gert er ráð fyrir í frv. Ef einkahlutafélag ákveður að hætta rekstri eða hann hefur legið niðri um langt skeið og félagið er með öllu skuldlaust eru engir þeir hagsmunir taldir fyrir hendi sem mæla gegn því að því sé slitið með einföldum og skjótum hætti og það síðan afskráð í hlutafélagaskrá.

Skilyrði til hinna einföldu slita á einkahlutafélagi eru í stuttu máli þau að hluthafar geti í skuldlausu einkahlutafélagi afhent hlutafélagaskrá skriflega yfirlýsingu um að allar gjaldfallnar og ógjaldfallnar skuldir félagsins hafi verið greiddar og félaginu slitið. Jafnframt þarf að leggja fram með yfirlýsingunni vottorð frá toll- og skattyfirvöldum um að félagið skuldi ekki opinber gjöld, með öðrum orðum sanna greiðslu opinberra gjalda.

Hluthafar bera beina, óskipta, ótakmarkaða ábyrgð á skuldum einkahlutafélagsins, hvort sem þær eru gjaldfallnar, ógjaldfallnar eða umdeildar, frá þeim tíma er yfirlýsingin um slit félagsins var gefin. Gert er ráð fyrir að allir hluthafar undirriti yfirlýsinguna og þeir viti að slíkt sé óhætt eða hvort einhverjar líkur séu á því að óvæntar skuldir sem máli skipti skjóti upp kollinum síðar. Sé mikil óvissa fyrir hendi verður að fara venjulegar leiðir til að slíta einkahlutafélaginu.

Ekki er gert ráð fyrir að unnt sé að fara þessa tilteknu einföldu leið í hlutafélögum þar sem hluthafar eru að jafnaði fleiri og meiri hagsmunir í húfi auk þess sem erfiðara er að hafa yfirsýn yfir stöðu félagsins. Þar yrðu einföld slit að frumkvæði hlutafélagaskrár að duga auk annarra leiða til slita á þeim félögum.

Verði frv. óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[16:45]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé nú ekki annað en að frv. sem við ræðum sé til bóta en taldi fulla ástæðu til þess undir þessum dagskrárlið að leita eftir skoðun hæstv. viðskrh. á þeirri fjölgun sem orðið hefur á einkahlutafélögum frá því í fyrra. Skráð einkahlutafélög nú eru 3.120 og hefur nýskráningum fjölgað á árinu 2001 um 67%.

Í því sambandi vil ég rifja upp að fyrir rúmu ári síðan eða þegar við vorum að fjalla um skattalagabreytingar hæstv. fjmrh., þar sem fram kom veruleg rýmkun á því að stofna einkahlutafélög, þá höfðum við mörg í þessum sal áhyggjur af því að þetta mundi leiða til mikillar fjölgunar á einkahlutafélögunum þar sem fyrst og fremst væri verið að leita eftir skattahagræði, þ.e. að þarna sköpuðust möguleikar hjá þeim sem væru með einakrekstur að flytja starfsemina yfir í einkahlutafélög og opna þar með möguleika á því að færa hluta af launum yfir í arð og hagnað í þeim tilgangi að greiða lægri skatt. Skattstjórar í landinu höfðu verulegar áhyggjur af þessu og bentu á það í umsögnum sínum um málið að þetta gæti leitt til þeirrar niðurstöðu að fjölgun yrði veruleg til þess að ná fram skattahagræði.

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort fjallað hafi verið um það í ráðuneyti hennar eða leitað skýringa á þessari fjölgun einkahlutafélaga sem orðið hefur og hvort hún telji ástæðu í ljósi þessarar fjölgunar að beita sér fyrir einhverjum takmörkunum á stofnun einkahlutafélaga til þess að koma í veg fyrir að verið sé að nýta þetta rekstrarform í þeim tilgangi að nýta skattalegt hagræði með óeðlilegum hætti.

[16:47]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í lok ræðu sinnar sagði hv. þm.: „með óeðlilegum hætti". Ég er ekki viss um að hægt sé að tala um að það sé með óeðlilegum hætti þó að einstaklingar í rekstri taki ákvörðun um að stofna einkahlutafélag utan um rekstur sinn ef það er allt gert samkvæmt lögum. Almennt séð er ég mjög jákvæð gagnvart atvinnulífinu og öllum nýjum fyrirtækjum og sprotafyrirtækjum og tel að það sé skynsamlegra að nálgast þetta mál á jákvæðan hátt. Það að félögum hefur fjölgað þetta mikið þarf ekki endilega að vera neikvætt. Hugsanlega gæti það líka verið jákvætt þannig að þegar stofnað hafi verið til einkahlutafélags þá eigi það kannski meiri möguleika á að eflast og hafa þá möguleika á að fjölga störfum og þar fram eftir götunum.

Ég vil því ekki líta á þetta sem vandamál nema mér verði betur komið í skilning um að svo sé.

[16:48]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er ég alveg sammála hæstv. ráðherra um að það á að búa fyrirtækjunum gott umhverfi til þess að geta vaxið og dafnað. En þessi gífurlega fjölgun sem allt í einu verður hlýtur að kalla á skoðun af hálfu ráðherra eða a.m.k. að leitað sé einhverra skýringa á henni. Það hefur verið heimilt að stofna einkahlutafélög í þó nokkurn tíma. En allt í einu tekur þetta kipp eftir að þeim er búið þetta

skattalega hagræði í skattalögunum. Það hlýtur að vera tilefni fyrir hæstv. ráðherra að setjast aðeins yfir málið og þá kannski með hæstv. fjmrh. til þess að leita skýringa á því hvort hún sé eðlileg eða ekki.

Ég geri ráð fyrir því að eðlileg skýring sé á þessari miklu fjölgun að verulegu leyti. En við erum að sjá hér svo mikla aukningu að menn hljóta að setjast yfir það. Til dæmis er 331% fjölgun í fiskveiðum. Af hverju tekur þetta allt í einu svo mikinn kipp? Það er verulegt skattalegt hagræði í þessu ef þarna skapast möguleikar til þess að flytja stóran hluta af launatekjum yfir í arð og hagnað sem greiddur er lægri skattur af eða 10% skattur í staðinn fyrir 38% eða 42% skatt.

Af þessu höfðu skattstjórar í landinu áhyggjur og þegar núna er komin reynsla á þetta finnst mér að tilefni sé til þess af hæstv. viðskrh. að setjast yfir þetta mál og það var nú tilefni þess að ég stóð hér upp til þess að leita eftir skýringum hæstv. ráðherra á því hvort hún hefði skoðað þetta mál. Mér finnst það andvaraleysi af hæstv. ráðherra ef hún ætlar bara að líta fram hjá þessari miklu fjölgun án þess að skoða hvort hér sé eðlilega að málum staðið.

Mér býður svo í grun, herra forseti, að hér sé í töluverðum mæli um að ræða fjölgun einkahlutafélaga einungis í því tilviki að leita að skattalegu hagræði, til komast hjá því að greiða eðlilegan skatt til samfélagsins af sínum tekjum.

[16:51]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Einkahlutafélagaformið er náttúrlega viðurkennt og á fullan rétt á sér að mínu mati. En ég get alveg tekið undir það með hv. þm. að forvitnilegt væri að hafa meiri upplýsingar um þetta mál vegna þess að þarna hefur náttúrlega átt sér stað mikil breyting. Það er ekki nokkur vafi á því. Upplýsingar eru alltaf til bóta.

Eftir að hafa hlustað á hv. þm. þá hef ég bara fengið meiri áhuga á því að kynna mér þetta betur. Ég skal viðurkenna það að ég hef ekki verið alveg á kafi í þessu síðustu dagana. (**JóhS:** Ráðherrann ætti nú að gera það.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:51]

Útbýting þingskjala:

Ferliverk á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, 565. mál, fsp. RG, þskj. 913.

Ferliverk á sjúkrahúsum utan Reykjavíkur, 564. mál, fsp. RG, þskj. 912.

Geðheilbrigðisþjónusta við börn og unglinga, 557. mál, fsp. RG, þskj. 905.

Komugjöld sjúklinga, 558. mál, fsp. RG, þskj. 906.

Opinber gjöld á handfrjálsum búnaði, 561. mál, fsp. RG, þskj. 909.

Réttarstaða fólks í hjúskap og óvígðri sambúð, 562. mál, fsp. RG, þskj. 910.

Sérfræðimenntaðir læknar, 559. mál, fsp. RG, þskj. 907.

Þjónusta við aðstandendur ungra fíkniefnaneytenda, 560. mál, fsp. RG, þskj. 908.

Hlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 522. mál (ársreikningar, samlagshlutafélög). — Þskj. 865.

[16:52]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli sem viðskrh. fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Í frv. þessu um hlutafélög, sem flutt er samtímis þremur öðrum frv. á sviði félagaréttar, er m.a. gert ráð fyrir vissum breytingum sem snerta ákvæði um ársreikninga vegna þróunar í löggjöf um ársreikninga. Þykir ekki þörf á að útskýra það betur nú heldur vísast til frv.

Þá er gert ráð fyrir nokkrum öðrum minni háttar breytingum á lögum um hlutafélög. Varða þær ma.a. heimild til skráningar á erlendu auðheiti, afnám sérstakrar tilkynningarskyldu til hlutafélagaskrár og samlagshlutafélög.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara sérstaklega í einstakar greinar frv., en verði það óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Ég vænti þess að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til efh.- og viðskn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samvinnufélög, 1. umr.

Stjfrv., 519. mál (ársreikningar, afskráning félaga). — Þskj. 860.

[16:54]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum.

Með frv. þessu sem lagt er fram samtímis þremur öðrum frv. á sviði félagaréttar er gert ráð fyrir vissum breytingum sem snerta ákvæði um ársreikninga vegna þróunar í löggjöf um ársreikninga. Einnig er gerð tillaga um möguleika á einfaldri afskráningu samvinnufélaga að frumkvæði samvinnufélagaskrár og þá til samræmis við ákvæði í hlutafélagalöggjöf um einfalda afskráningu hlutafélaga og einkahlutafélaga. Gert er ráð fyrir að þetta ákvæði gæti haft einhver áhrif varðandi afskráningu smærri samvinnufélaga, t.d. pöntunarfélaga sem hætt hafa starfsemi sinni. Verði frv. óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Ég mælist til þess, hæstv. forseti, að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, 1. umr.

Stjfrv., 520. mál (ársreikningar). — Þskj. 861.

[16:55]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Með frv. þessu, sem lagt er fram samtímis þremur öðrum frv. á sviði félagaréttar er m.a. gert ráð fyrir vissum breytingum sem snerta ákvæði um ársreikninga vegna þróunar í löggjöf um ársreikninga. Breytingarnar eru svipaðar og í hinum frv.

Verði frv. óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vátryggingastarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 485. mál (ökutækjatryggingar, EES-reglur). — Þskj. 797.

[16:56]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum. Það er 485. *mál þingsins á* þskj. 797.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frv. er megintilgangur þess að lögfesta ákvæði tilskipunar nr. 2000/26/EB, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja, svonefnda fjórðu tilskipun um ökutækjatryggingar. Frv. felur einnig í sér breytingar til samræmis við ákvæði Vaduz-samningsins á milli EFTA-ríkjanna, sem öðlaðist gildi 1. júní 2002.

Frv. er lagt fram sem fylgifrumvarp með frv. dómsmálaráðherra til breytinga á umferðarlögum, nr. 50/1987, mál nr. 489 á þskj. 805. Í frv. þessu er lagt til að félag sem sækir um starfsleyfi vátryggingafélags og ætlar að taka að sér ábyrgðartryggingu ökutækja skuli leggja fram tilteknar staðfestingar, í fyrsta lagi staðfestingu á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. Ekki er hér um nýjung að ræða því að öll vátryggingafélög sem taka að sér lögmæltar ábyrgðartryggingar eru aðilar og byggist sú aðild nú á reglugerð nr. 556/1993, um lögmæltar ökutækjatryggingar.

Í öðru lagi skal leggja fram staðfestingu á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöðvar samkvæmt umferðarlögum. Er hlutverk þessara stofnana skilgreint í umferðarlögum.

Loks skal í þriðja lagi leggja fram upplýsingar um tjónsuppgjörsfulltrúa í sérhverju EES-ríki eða EFTA-ríki. Hlutverk tjónsuppgjörsfulltrúa er að safna saman öllum nauðsynlegum upplýsingum í tengslum við kröfur vegna slysa og gera viðeigandi ráðstafanir til gera upp kröfur fyrir hönd vátryggingafélags og á kostnað þess, þar á meðal skaðabætur.

Eiga þessi skilyrði enn fremur við um vátryggingafélag með aðalstöðvar á EES-svæðinu eða EFTA-ríki sem hyggst stofnsetja útibú hér á landi eða veita hér þjónustu án starfsstöðvar.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir, 1. umr.

Stjfrv., 518. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 859.

[16:59]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði *á* þskj. 859, *sem er 518. mál* þingsins.

Löggjöf um verðbréfasjóði er tiltölulega ný af nálinni hér á landi. Fyrstu lögin voru lög um verðbréfamiðlun nr. 27/1986. Núgildandi lög um verðbréfasjóði eru nr. 10/1993 og taka þau mið af tilskipun um sameiginlega fjárfestingu. Lögunum var breytt lítillega með lögum nr. 21/1996, en þær breytingar miðuðu einkum að því að laga íslenskan rétt betur að tilskipun Evrópusambandsins um verðbréfasjóði og með lögum nr. 17/1999, en þær breytingar gerðu kleift að stofna verðbréfasjóði sem eingöngu höfðu heimild til markaðssetningar hér á landi og lutu ekki ákvæðum tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu.

Í frv. þessu er lagt til að sett verði ný heildarlöggjöf um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og eru lögin m.a. innleiðing á tveimur nýjum tilskipunum ESB á þessu sviði sem EES-ríkjum ber að innleiða fyrir 13. ágúst nk.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að skapa hagstæðara umhverfi til reksturs sjóða um sameiginlega fjárfestingu hér á landi. Það er gert með því að heimila fleiri tegundir sjóða og útvíkka fjárfestingarheimildir þeirra og bjóða upp á fleiri, einfaldari og ódýrari rekstrarform sjóða. Með þessu á að skapast svigrúm til að auka flóru íslenskra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Hömlur á fjárfestingar sjóða eiga síðan að fara eftir hverjir hafa heimildir til að fjárfesta í þeim.

Með frumvarpi þessu er gildissvið laga um verðbréfasjóði útvíkkað þannig að allir sjóðir í eðlislíkri starfsemi falli undir lögin. Þannig er gert ráð fyrir að allir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem veita viðtöku fé frá almenningi á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu falli undir gildissvið laganna, óháð rekstrarformi þeirra.

Þetta frv. hefur verið lengi í smíðum í viðskrn., þ.e. í um tvö ár. Nefnd á vegum ráðuneytisins vann að gerð þess. Hana skipuðu fulltrúar ráðuneytisins og að auki fjmrn., Fjármálaeftirlitsins, Kauphallar Íslands og Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja. Helstu atriði frv. eru eftirfarandi:

Verðbréfasjóðir uppfylla öll skilyrði tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu. Fjárfestingarheimildir þeirra hafa verið rýmkaðar í samræmi við breytingar á tilskipuninni.

Fjárfestingarsjóðir eru nýtt starfsleyfisskylt form sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Tilgangurinn er að auka svigrúm aðila til að stofna fleiri tegundir sjóða um sameiginlega fjárfestingu hér á landi. Fjárfestingarsjóðir uppfylla ekki tilskipun um sameiginlega fjárfestingu og geta þeir því ekki markaðssett skilríki sín á Evrópska efnahagssvæðinu án starfsleyfis í viðkomandi ríki. Slíkir sjóðir eru til í einu formi

eða öðru í öllum EES-ríkjum en mjög mismunandi er hvaða ákvæði gilda um slíka sjóði.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um einkarétt verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða til að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Það þýðir að hlutabréfasjóðir og aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu falla undir lögin og fá starfsleyfi. Gildandi lög taka ekki til hlutabréfasjóða. Það hefur leitt til þess að tvö kerfi eru hér á landi um sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Annars vegar verðbréfasjóðir sem uppfylla ströng skilyrði laga og hins vegar hlutabréfasjóðir og aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem ekki hafa starfsleyfi stjórnvalda. Engin ákvæði eru í lögum um stjórn, skipulag, hagsmunaárekstra, upplýsingagjöf, innlausn og fjárfestingarstefnu þessara sjóða. Þetta kerfi er ófullnægjandi, tryggir ekki vernd neytenda með þeim hætti sem ætlast er til af löggjöf á fjármálamarkaði og viðgengst ekki í löndunum í kringum okkur.

Rekstrarfélög verðbréfasjóða fá starfsleyfi stjórnvalda og verða fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Þau fá viðtækari heimildir til starfsemi, m.a. geta þau sinnt eignastýringu og fjármálaráðgjöf.

Verðbréfasjóðir verða stofnaðir og reknir af rekstrarfélagi í stað þess að vera sjálfstæðir lögaðilar. Í gildandi lögum eru verðbréfasjóðir hlutafélög. Það fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt enda er hlutverk verðbréfasjóðs það eitt að gera samning við viðeigandi aðila um rekstur og vörslu sjóðsins. Fjárfestingarsjóðir geta hvort heldur sem er verið reknir í formi hlutafélags eða sem hluti rekstrarfélags eins og verðbréfasjóðir.

Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum sem gefa út hlutdeildarskírteini staðfestingu og fjárfestingarsjóðum sem gefa út hlutabréf starfsleyfi í stað þess að viðskiptaráðherra veiti verðbréfasjóðum starfsleyfi.

Ný ákvæði eru um upplýsingagjöf verðbréfasjóða í samræmi við breytingar á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu, m.a. er kveðið á um skyldu sjóða til að gera útdrátt úr útboðslýsingu.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 17:04]

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Frv. JÁ o.fl., 61. mál (lágmarksstærð sveitarfélags). — Þskj. 61.

[17:07]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Frumvarp þetta var lagt fram á 126. og 127. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Er frumvarpið því flutt að nýju efnislega óbreytt.

Efling sveitarfélaga er afar mikilvægur þáttur í því að tryggja íbúum landsins góð lífsskilyrði. Mikið var fjallað um hlutverk sveitarfélaganna og möguleika þeirra á að sinna því fyrir tæpum áratug. Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi félagsmálaráðherra, skipaði „sveitarfélaganefnd“ í febrúar 1992. Nefndin skilaði lokaskýrslu í mars 1993. Í kjölfar aðgerða sem ákveðnar voru af stjórnvöldum í framhaldi af starfi nefndarinnar urðu verulegar breytingar á stærð og fjölda sveitarfélaganna. Sveitarfélög sameinuðust víða og sums staðar urðu þau afar víðáttumikil. Fyrir tíu árum voru sveitarfélögin 204 en þau eru nú 105. Þrátt fyrir að mikið hafi áunnist sitja þó víða eftir örsmá sveitarfélög sem geta alls ekki sinnt því hlutverki sem þeim er ætlað samkvæmt lögum.

Pólitískur vilji til þess að færa til sveitarfélaganna fleiri verkefni frá hinu opinbera virðist vera almennur nú. Ástæða er þó til að ætla að sá vilji byggist á þeirri forsendu að flest, og helst öll, sveitarfélög geti veitt svipaða þjónustu og tekið að sér sambærileg verkefni. Eigi að hafa þetta sjónarmið mun þróun í þá átt að flytja verkefni til sveitarfélaganna frá hinu opinbera stöðvast nema þau smáu sameinist og myndi þannig nægilega öflug samfélög til að standa jafnfætis öðrum. Enginn vafi er á því að efling sveitarfélaganna, skilgreining á þeim búsetuskilyrðum sem þau verða að geta boðið og flutningur verkefna til þeirra er forsenda þess að byggð geti haldist og þróast víða um land. Það er því eitt brýnasta verkefni byggðamálanna að styrkja sveitarfélög á landsbyggðinni.

Ástæður þess að sameining sveitarfélaga hefur gengið hægt sums staðar eru margvíslegar. Gamlar hefðir og áhrif ráðamanna í héraði valda þessu að hluta til. Mikil breyting hefur þó orðið á afstöðu manna til sameiningarmála á þeim árum sem liðin eru frá því að lokaskýrsla sveitarfélaganefndarinnar kom út, og almennt er afstaða til sameiningar jákvæðari nú en áður. Þó er ekki líklegt að árangur náist í eflingu sveitarfélaga á ýmsum svæðum. Til eru dæmi um að fámenn sveitarfélög á litlum landsvæðum, sem eru óumdeilanlega eitt atvinnusvæði, hafi ítrekað hafnað sameiningu við nágranna sína vegna mismunandi aðstöðu til tekjuöflunar. Þannig hefur misvægi í tekjuöflunarmöguleikum sem ríkið hefur tryggt sveitarfélögunum komið í veg fyrir eðlilega sameiningu þeirra. Afar brýnt er að hraða almennri þróun í átt til öflugri sveitarfélaga sem geta veitt sambærilega þjónustu og tekið við nýjum og auknum verkefnum. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að lágmarksstærð sveitarfélaga verði 1.000 manns. Flutningsmenn telja þó að í raun sé 1.000 manna samfélag lítið og vanmegnugt til þess að tryggja íbúum þau búsetuskilyrði sem nú eru nauðsynleg til að treysta byggðina til framtíðar. Samþykkt frumvarpsins yrði þó mikilvægt skref til að flýta þróuninni til öflugri sveitarfélaga. Ástæða er til að hafa í huga að í sveitarfélögum sem hafa orðið til við sameiningu undanfarin ár er víða góður jarðvegur fyrir umræðu um að mynda enn stærri og öflugri sveitarfélög. Þannig virðist sameining smæstu sveitarfélaganna við önnur geta rutt úr vegi fyrirstöðum sem nú tefja þróunina í átt til öflugri sveitarfélaga.

Miklar umræður hafa farið fram um þessi mál á undanförnum árum og ýmsar hugmyndir komið fram um hvernig standa skuli að eflingu sveitarfélaganna. Þótt stjórnvöld hafi sýnt viðleitni til að flytja verkefni til sveitarfélaganna frá hinu opinbera virðast þau þó ekki hafa dug til að marka stefnu sem leiði til öflugri sveitarfélaga sem geri þeim almennt fært

að taka að sér slík verkefni. Náist ekki að sameina fámennu sveitarfélögin í nægilega stórar einingar stöðvast sú þróun sem verið hefur í þá átt að flytja verkefni frá hinu opinbera til sveitarfélaganna. Þetta frumvarp er flutt til að freista þess að koma í veg fyrir að þessi mál staðni í því fari sem þau eru í nú.

Ég tel að það hafi orðið, hæstv. forseti, veruleg breyting á allra síðustu árum og nú hefur þrýstingur frá samtökum sveitarstjórnanna í landinu á þessi mál aukist verulega. Ég tel þess vegna mjög brýnt að menn taki á því sem frv. fjallar um, þ.e. ryðji úr vegi hindrunum sem eru vegna þeirra sveitarfélaga sem eru lítil en hafa af einhverjum ástæðum, stundum mjög sértækum, þ.e. tekjumöguleikum sem þau hafa fram yfir önnur sveitarfélög, komið í veg fyrir að þróun til eðilegra sveitarfélaga, miðað við nútímakröfur sem gerðar eru til þjónustu frá hinu opinbera, hafi náð fram að ganga.

Ég vonast til þess að þetta frv. fái nú skjóta meðferð í nefnd. Ég tel að það sé fullkomlega í samræmi við þá stefnu sem er nú aðallega uppi og stór meiri hluti er á bak við hjá sveitarfélögum í landinu og samtökum sveitarstjórnarmanna.

Ég held að byggðaparturinn í þessu máli geti líka skipt gífurlega miklu máli vegna þess að öflug sveitarfélög eru forsenda þess að það sé hægt að bjóða upp á framhaldsnám í öllum sveitarfélögum landsins. Það á auðvitað að vera stefna stjórnvalda að sjá til þess að boðið sé upp á slíka þjónustu, svo eitt dæmi sé nefnt um það sem ætti að vera grunnskilyrði fyrir því að sveitarfélög séu öflug og sterk.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:15]

Útbýting þingskjals:

Úrvinnslugjald, 566. mál, frv. umhvn., þskj. 914.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 1. umr.

Stjfrv., 543. mál (hækkun umsýsluþóknunar). — Þskj. 890.

[17:15]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum.

Í frv. þessu er lagt til að fjárhæð umsýsluþóknunar sem lögð er á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur verði hækkuð í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá árinu 2000 þegar fjárhæð hennar var lögfest, eða um 13%. Umsýsluþóknun er lögð á einnota drykkjarvöruumbúðir til að mæta kostnaði Endurvinnslunnar hf. af söfnun, endurvinnslu eða eyðingu slíkra umbúða og annarri tengdri stjórnsýslu. Hækkunin nemur frá 0,04 kr. til 0,4 kr. á hverja umbúðaeiningu og er því ekki líkleg til að valda umtalsverðri hækkun á verði drykkjarvara.

Endurvinnslan hf. hefur óskað eftir fyrrnefndri hækkun vegna kostnaðarhækkana sem orðið hafa frá og með árinu 2000, sérstaklega hvað varðar laun verkafólks og flutninga innan lands. Kostnaður við móttöku umbúða hefur einnig aukist síðustu ár, aðallega vegna bættrar þjónustu við neytendur með samningum við Sorpu um móttöku umbúða á endurvinnslustöðvum Sorpu á höfuðborgarsvæðinu. Söluverð í erlendri mynt fyrir áldósir og plastflöskur til endurvinnslu hefur lækkað undanfarin missiri og einnig hefur gengisþróun verið óhagstæð. Til að tryggja áframhaldandi rekstrargrundvöll fyrir Endurvinnsluna hf. er lögð til fyrrnefnd hækkun á umsýsluþóknun.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið hér efni frv. og ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnir gegn mengun sjávar, frh. 1. umr.

Frv. EKG og KPál, 53. mál (förgun skipa og loftfara). — Þskj. 53.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Frv. EKG og ÖS, 54. mál (reynslulausn). — Þskj. 54.

[17:18]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 sem fjallar um reynslulausn.

Frumvarp þetta var flutt á 127. löggjafarþingi, hlaut ekki afgreiðslu og er þess vegna endurflutt.

Ákvæði um reynslulausn fanga getur að líta í 40. gr. almennu hegningarlaganna en þar segir m.a. að Fangelsismálastofnun ríkisins geti þegar fangi hefur afplánað $^2/_3$ hluta refsitímans ákveðið að hann skuli látinn laus til reynslu. Ef sérstaklega stendur á má þó veita reynslulausn þegar liðinn er helmingur refsitímans. Reynslulausn verður hins vegar ekki veitt ef slíkt þykir óráðlegt vegna haga fangans, enda skal honum vís hentugur samastaður og vinna eða önnur kjör sem nægja honum til framfærslu. Þegar hluti fangelsisrefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn eða þegar fangi afplánar vararefsingu fésektar verður reynslulausn hins vegar ekki veitt.

Af þessu má ráða að löggjafinn veitir allrúmar heimildir til þess að fangi geti fengið reynslulausn en auk þess hefur myndast sú venjuhelgaða framkvæmd að refsifangar fái nær undantekningarlaust reynslulausn eftir helming eða $^2/_3$ hluta refsitímans svo framarlega sem skilyrðum laganna um reynslulausn er fullnægt. Reynslulausn verður þó ekki veitt þegar hluti fangelsisrefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn og þegar fangi afplánar vararefsingu fésektar. Að öðru leyti hefur Fangelsismálastofnun rúmar heimildir til þess að veita fanga reynslulausn.

Umboðsmaður Alþingis hefur fjallað um þessi mál og kemst m.a. að þeirri niðurstöðu í máli nr. 2424/1998 að réttarstaða þeirra sem afpláni vararefsingu fésekta sé að öllu jöfnu sú sama og annarra fanga sem sviptir hafa verið frelsi sínu með refsivist. Tilgangur reynslulausnar sé að takmarka andfélagsleg áhrif frelsisskerðingar til lengri tíma og aðstoða

fanga í þeim miklu aðlögunarerfiðleikum sem þeirra bíða við lok refsivistar og það geti jafnt átt við um þá menn sem afplána óskilorðsbundinn fangelsisdóm og þá sem sviptir eru frelsi sínu vegna ógreiddra fésekta. Þá telur umboðsmaður óeðlilegt að dómur, úrskurður eða sátt um greiðslu fésekta sé viðlagðri vararefsingu reynist dómþolum þungbærari ákvörðun en óskilorðsbundin fangelsisrefsing þar sem fésektir séu vægasta tegund refsinga samkvæmt lögunum. Loks telur umboðsmaður verulegan vafa leika á því að fært sé að útiloka fanga sem afplánaði vararefsingu fésekta og fullnægði að öðru leyti skilyrðum laganna frá möguleika á reynslulausn sökum þess að hann gæti stytt afplánunartíma sinn ef hann hefði til þess fjárhagslegt bolmagn.

Af þessu má sjá, virðulegi forseti, að klárlega er verið að mismuna föngum eftir efnahag þeirra. Einfaldlega er um það að ræða að ef maður er dæmdur til refsingar sem í fyrsta lagi er férefsing og hann getur ekki staðið straum af henni og verður þess vegna að fara í fangelsi þá hefur hann ekki möguleika á því að fá reynslulausn. Maður sem hins vegar er dæmdur beint í fangelsi hefur þann möguleika. Svo kann þess vegna að fara ef maður sem hefur verið dæmdur upphaflega í fésekt og síðan til vararefsingar í fangelsi til þriggja mánaða, en annar sem dæmdur er fyrir alvarlegra brot til fimm mánaða fangelsisvistar, að sá sem vegna bágs efnahags getur ekki greitt fésekt sína og verður þess vegna að afplána fangelsi þurfi að sitja inni í þrjá mánuði, en sá sem hefur fengið dóm vegna alvarlegra brots til fimm mánaða situr inni í tvo og hálfan mánuð.

Þetta er náttúrlega hróplegt óréttlæti og með þessari framkvæmd er greinilega verið að mismuna mönnum gagnvart lögunum á grundvelli efnahags þeirra. Fátæki maðurinn verður að sæta afplánun refsingar, sá sem hefur rýmri fjárhag borgar fyrir það að vera utan fangelsis. Og það er auðvitað augljóst mál að frelsi manna er ómetanlegt. Allir þeir sem eru í þessari stöðu hljóta auðvitað að kjósa frelsið umfram ófrelsið og leggja sig fram um það að greiða þar af leiðandi sektir sínar. En eins og við höfum verið að þróa löggjöfina hér á hinu háa Alþingi hafa sektir til að mynda verið að hækka, ég tek sem dæmi efnahagslagabrot eða vangreiðslu á ýmsum opinberum gjöldum, að sú staða getur mjög auðveldlega komið upp hjá aðilum sem eru í þeirri aðstöðu að þurfa að sæta fangelsisvist, að þeir hafi ekki möguleika á því að fá reynslulausn. En sá sem til að mynda er sekur um alvarlegan ofbeldisglæp, nauðgun, morð, líkamsárás, hann hefur þann möguleika umfram hinn friðsama mann sem hefur hins vegar orðið á að brjóta af sér á grundvelli efnahagslagabrots og hefur fengið alvarlega fésekt og ekki getað staðið straum af því. Það er einungis sá sem hefur meira á milli handanna sem hefur þetta val, hinn ekki.

Virðulegi forseti. Þetta er að mínu mati algjörlega óviðunandi ástand og Alþingi getur ekki horft upp á það að svona óréttlæti á grundvelli efnahags sé við lýði. Þess vegna, virðulegi forseti, hvet ég til þess að þetta mál verði afgreitt nú fyrir vordaga þannig að hætt verði að mismuna mönnum svona gagnvart lögum að þessu leytinu á grundvelli efnahags.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verndun búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi, fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 55. mál. — Þskj. 55.

[17:24]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þál. um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi. Aðrir flutningsmenn að málinu eru hv. þm. Karl V. Matthíasson, Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson og Einar Oddur Kristjánsson, við fimm þingmenn Vestfjarðakjördæmis sem nú brátt líður undir lok.

Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn nefnd er vinni að gerð tillagna um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi í Strandasýslu á grundvelli samþykktar norrænu ráðherranefndarinnar frá 12. nóvember 1996 og leita eftir víðtæku samstarfi heimamanna og félagasamtaka í þeim tilgangi."

Hugmyndin að þessu máli er í raun og veru komin frá Landvernd og heimamönnum í Árneshreppi á Ströndum. Þannig er að Landvernd fór að huga að þessum málum í kjölfarið á því að norræna ráðherranefndin mun hafa samþykkt ályktun í þessa veru og það varð niðurstaða þeirra aðila sem skoðuðu málið að skynsamlegast væri að horfa sérstaklega til Árneshrepps í Strandasýslu til að vinna að þessu máli.

Þjóðfélag sem á samfélag á borð við Árneshrepp í Strandasýslu er auðugt, eins og fram kemur í greinargerðinni. Sveitarfélagið hefur mikla sérstöðu hér á landi vegna landfræðilegrar legu meðal annars. Sauðfjárrækt er ráðandi atvinnugrein, en síðustu árin hefur þess verið freistað að skjóta öðrum stoðum undir atvinnulífið. Allnokkur útgerð smábáta er stunduð frá Norðurfirði og ferðamannastraumur um Árneshrepp hefur vaxið að undanförnu.

Þrátt fyrir þetta hefur byggðin átt undir högg að sækja og brýnt er að mati okkar flutningsmanna að snúa þeirri þróun við og treysta byggð í Árneshreppi. Í því skyni þarf að styrkja forsendur hennar og er mikilvægt í því sambandi að íbúarnir fái notið staðarkostanna og menn viðurkenni sérstöðu þessa byggðarlags sem augljóslega er til staðar og þarf í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð um það.

Þessi mál voru mjög rædd á afar athyglisverðri ráðstefnu sem haldin var norður í Árneshreppi 17.–18. mars árið 2001 og þar sem undirritaður var meðal annarra þátttakenda. Þessi mál fengu þar góðar viðtökur og heimamenn höfðu á þessu máli mikinn áhuga. Þessi hugmynd hljómar kannski dálítið framandi í upphafi en þegar maður skoðar hana betur er ég þeirrar skoðunar að hún sé fyllilega þess virði að við skoðum hana í því skyni að reyna að treysta byggðina í Árneshreppi, sem er markmiðið að baki þessari tillögu.

Það fór ekkert á milli mála á þessari skemmtilegu og athyglisverðu ráðstefnu í Árneshreppi að íbúarnir margir horfðu mjög til þessa. Menn hafa horft með nokkrum ugg til aðstæðna. Við vitum að landfræðilega er þessi sveit einangruð. Hún hefur hins vegar sína möguleika og þeir möguleikar byggja fyrst og fremst á því að byggðin sé efld á forsendum byggðarinnar sjálfrar. Það er auðvitað til staðar einstæð menning og þekking og reynsla sem þarna er til en hvergi annars staðar í landinu. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að það eigi að vera ein af skyldum okkar að verja þetta m.a. með þeirri menningarlegu og sérstöku skírskotun sem þetta byggðarlag hefur.

Það hefur vissulega verið ýmislegt gert til að reyna að treysta forsendur byggðarinnar þó að okkur sé ljóst að hinar þjóðfélagslegu aðstæður hafa á margan hátt verið andsnúnar byggðarlagi eins og þessu, þær þjóðfélagslegu aðstæður sem krefjast þess að fólk hafi mjög rúmt aðgengi að menningu, þjónustu og öðru slíku. En engu að síður er ljóst að fólk sem kýs sér búsetu við þessar aðstæður gerir aðrar kröfur. Við eigum auðvitað sem þjóðfélag, sem samfélag að reyna að mæta þeim kröfum með öllum tiltækum ráðum.

Virðulegi forseti. Ég hef átt mjög mikið samstarf við íbúa Árneshrepps frá því að ég var kosinn alþingismaður árið 1991 og kynntist reyndar hreppsbúum vel fyrir þann tíma. Ég get ekki annað en látið það koma fram að hæverskara fólk er varla hægt að hugsa sér eða fólk sem gerir minni kröfur til samfélagsins. Það gerir að vísu þær kröfur að hafa möguleika á aðgengi með samgöngum, sem er auðvitað sjálfsagður hlutur, en að öðru leyti eru kröfur þess til samfélagsins afar hógværar. En hins vegar hefur þetta samfélag mikið upp á að bjóða fyrir okkur aðra íbúa landsins og við erum ríkt þjóðfélag sem á að sjálfsögðu að verja þessa mikilsverðu byggð sem skiptir okkur svo miklu máli.

Ég vek athygli á þeim hluta grg. þar sem vísað var til röksemdafærslu Landverndar sem lagði til að „ríkisvaldið ákvæði að gera 5–10 ára tilraun í Árneshreppi til að styrkja búsetu á jaðarsvæði með raunhæfum aðgerðum í samræmi við samþykkt norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs. Það yrði gert með þeim hætti að íbúar Árneshrepps skyldu spurðir, hvað ríkisvaldið gæti gert til að fá þá fram til samstarfs við að varðveita þennan menningararf með gróandi mannlíf í byggðarlaginu."

Þetta er ívitnun í ræðu Jóns Helgasonar, fyrrv. alþingismanns og þáverandi formanns Landverndar, en hann hefur sýnt þessu máli mikinn áhuga og gefið því góðan gaum.

Ég held, virðulegi forseti, að í sjálfu sér þurfi ekki að hafa mörg orð um þetta. Ég trúi því og treysti að um þetta mál geti orðið breið pólitísk samstaða.

Að þessu máli standa, eins og ég sagði í upphafi, allir þingmenn Vestfjarðakjördæmis. Ég held að það sé engin tilviljun. Okkur er kannski betur ljóst en mörgum öðrum mikilvægi þessarar byggðar, þýðing hennar og sérstaða sem hægt væri að hafa mörg orð um. Hins vegar ljóst að að þessu máli þurfa að koma fleiri en einn og fleiri en tveir, t.d. ýmis ráðuneyti. Það væri ekki einfalt mál í sjálfu sér að vinna þetta mál upp frá svona rótum eins ráðuneytis. Þetta er mál sem höfðar til starfsemi ýmissa ráðuneyta, bæði atvinnuvegaráðuneyta, umhverfisráðuneytisins, félagsmálaráðuneytisins og e.t.v. fleiri aðila og síðast en ekki síst heimamanna sjálfra.

Ég held, virðulegi forseti, að skynsamlegast sé að vinna þessi mál eins og hér er verið að leggja til, að sett verði nefnd sem vinni að gerð tillagna um þessar aðgerðir á grundvelli þeirra sjónarmiða sem ég hef lauslega gert grein fyrir. Þau eru nánar rakin hér í greinargerð og tveimur fylgiskjölum.

Virðulegi forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa fleiri orð um þetta en vænti þess að þetta mál geti í friði og spekt verið samþykkt hér á Alþingi og hafist verði handa við að móta stefnu um þetta þýðingarmikla mál fyrir þetta sveitarfélag og að mínu mati fyrir þjóðfélagið allt.

[17:31]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér erum við þingmenn Vestfirðinga að hreyfa afar þörfu máli, þ.e. því að nú verði gert sérstakt átak í að efla byggð í Árneshreppi á Ströndum. Byggðin hefur mikla sérstöðu eins og fram kom hjá hv. 1. flm. Einari K. Guðfinnssyni. Hún hefur líka sérstöðu vegna landfræðilegrar legu. Oft er erfitt um samgöngur þar norður eftir og langt til næstu byggða.

Að mínu viti er þarna jafnframt mikil atvinnusaga sem gæti hreinlega tapast. Ég held að það sé margra verka virði og margra milljóna virði að viðhalda þeirri byggð sem enn þrífst í Árneshreppi á Ströndum. Í framtíðinni verður það talið mikið happaverk ef okkur tekst að tryggja þar búsetu til framtíðar og viðhalda þeirri þekkingu á staðháttum og landfræðilegri þekkingu sem þar eru til staðar.

Við höfum lagt talsverða fjármuni í það á undanförnum árum, bæði beint frá fjárveitinganefnd og Alþingi eða úr sjóðum ráðherra, að styrkja alls konar verkefni sem við höfum einu nafni kallað menningartengda ferðaþjónustu. Þar hafa verið veittir fjármunir í ýmsa þarfa hluti. Við höfum lagt þó nokkra fjármuni í að endurbyggja gömul hús, gömul skip og aðrar minjar í byggðum þar sem búseta hefur í raun brugðist og er lögð af. Þarna eigum við hins vegar samfélag í Árneshreppnum þar sem enn er búið og sagan og fortíðin er þekkt. Ég hvet til þess, herra forseti, að drifið verði í því að vinna eftir þessari ályktun um verndun menningarminjanna og menningararfs norður í Strandasýslu, í þessari sérstöku byggð.

Það er auðvitað alveg hárrétt sem hér kom fram, að Landvernd átti kannski hugmyndina að því að þetta var lagt svona upp eins og hér er verið að fjalla um og kemur fram í fylgiskjölum og ágætlega hefur verið gerð grein fyrir af hv. 1. flm.

Ég tel, herra forseti, að byggð sem lifir við svo sérstæð skilyrði þurfi sérstakra ráðstafana við ef byggðin á ekki að leggjast af. Flest fólk sem þarna býr er orðið mjög fullorðið og ég held að á seinni árum hafi aðeins ein ung fjölskylda sest að í hreppnum. Mér er hins vegar kunnugt um að fólk sem ættað er af þessum slóðum hefur talsverðan áhuga á að geta sest þarna að. Fólk er eðlilega að horfa til tekjuöflunar, hvernig á að koma sér þarna fyrir og af hverju á það að hafa tekjur.

Það er auðvitað svo að hin gömlu hlunnindi, eins og reki og selveiði gefa ekki lengur sömu tekjur og áður, dúntekjan jafnvel ekki heldur. En það eru auðvitað hlunnindi til staðar fyrir utan ströndina, þ.e. fiskveiðar. Það væri mjög auðvelt að efla þetta svæði ef þeir sem þar byggju fengju sérstakan forgang til að nýta fiskimið sín. Ég tel að menn eigi hiklaust að líta til þess. Ég vil auðvitað gera þennan rétt almennan, gera fólki kleift að komast inn í þessa atvinnugrein, jafnt norður í Árneshreppi sem annars staðar. Auðvitað væri það besta leiðin en ef menn ætla að festa sig í þessu kvótakerfi sem hefur unnið gegn byggðinni þá verður að bregða út af reglunum til að viðhalda byggð í Árneshreppi á Ströndum.

Það er alveg ljóst að ungt fólk mun ekki setjast þarna að til að festa sér búsetu ef það getur ekki horft fram á að geta aflað þokkalegra tekna. Ég tel, herra forseti, að þegar eigi að móta þá reglu að bjóða sérstakan flutningsstyrk fyrir að setjast að á þessu svæði. Það mundi örugglega koma best þeim sem eru þaðan ættaðir, þekkja til og eiga e.t.v. möguleika á að fá hluta af bústofni þess fólks sem nú er komið vel við aldur. Með því að gefa mönnum meira frjálsræði til sjávarins væri hægt að ná þarna upp hærri tekjum en menn búa við í dag.

Það sýndi sig vel síðasta sumar hversu auðsótt var til fiskveiða frá Norðurfirði á Ströndum. Ég held að þar hafi verið landað um 1.000 tonnum á sl. sumri af smábátum. Með

réttri stjórnun og eðlilegum kjörum fólks af nýtingu þeirra hlunnindi sem liggja að þessum hreppi gæti fólk vissulega haft góðar tekjur þar.

Það er miklu betra, herra forseti, að tryggja að fólk haldi áfram búsetu og þannig verði til það sem við köllum „menningartengd ferðaþjónusta", þ.e. að búsetunni sé viðhaldið, staðarþekking sé til staðar og þeir sem búa á svæðinu geti kynnt fyrir gestunum hvað staðirnir heita, hvaða saga er á bak við þá og kynnt ferðaleiðir. Þetta held ég að séu mikil verðmæti.

Ég tel það mikla afturför ef ekki verður brugðist við fyrr en einhvern tímann eftir að byggðin hefur e.t.v. lagst af, að fara þá að halda til haga gömlum húsum og minjum eftir að fólk hefur þurft að yfirgefa svæðið. Það á að bregðast við til bjargar þessu sérstaka samfélagi með því að gera fólki kleift að lifa þar. Þannig munum við varðveita menninguna best til framtíðar.

[17:39]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi till. hér til þál. um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi er sannarlega góðra gjalda verð og gott innlegg inn í umræðuna um búsetu og atvinnulíf í Árneshreppi. Ég fagna þessari tillögu og vona sannarlega að hún verði ekki bara málamyndaplagg eða skúffumatur, heldur grundvöllur að því að gengið verði til einhverra framkvæmda. Byggð og búseta í Árneshreppi er í sjálfu sér menningarleg auðlind þessa lands. Við, þjóðin öll, höfum ekki efni á því að fækka auðlindum okkar.

Þetta er einn mikilvægur hlekkur í okkar menningar- og atvinnulífi og okkur ber að vernda hann, ekki bara vernda heldur gefa svæðinu sín tækifæri, sín öflugu tækifæri sem síðan verða öllu þjóðfélagi okkar til styrktar.

Ég vil bara vekja athygli á nokkrum atriðum sem mætti þegar í stað taka á. Samgöngumálin skipta þetta byggðarlag miklu máli og þó að ræst hafi úr með flugsamgöngur þangað, betur en stóð til um tíma, eru vegamálin engu að síður mikilvæg. Norður í Árneshrepp er í rauninni ekki skilgreind þjóðleið, vegurinn, sem þó er aðalsamskipta- og atvinnuvegur þessa byggðarlags að sumrinu og reyndar stóran hluta ársins. Með auknum vegabótum mætti gera þar enn betur þannig að vegurinn væri opinn lengri hluta ársins. Vegurinn er ekki skilgreindur sem þjóðleið heldur en hann enn þá skilgreindur sem ferðamannaleið. Hann er ekki hluti af þjóðvegakerfi landsins og engar áætlanir eru til um að lokið verði uppbyggingu eðlilegs og góðs malarvegar eins og hægt er að leggja þarna norður. Það eru engar áætlanir til um það og ég veit að íbúar Árneshrepps vonast til að þar verði gerð bragarbót á og þeim framkvæmdum verði hraðað. Reyndar hafa þeir mátt búa við að áætlanir sem þó hafa verið lagðar fram um vegagerð hafi ekki staðist og framkvæmdum verið frestað.

Þarna er mál sem hægt er að taka á og Alþingi getur þegar í stað tekið á við afgreiðslu vegaáætlunar. Sama er að segja um rafmagnsmálin. Þarna er bara einfasa rafmagn. Til að byggja upp atvinnulíf á svæðinu er mikilvægt að fá þar þriggja fasa rafmagn. Þarna er húsnæði og aðstaða. Þarna er höfn og möguleikar til atvinnulífs. En vegna þess að þarna er ekki fullnægjandi rafmagn er ekki hægt að byggja upp atvinnuvegina sem skyldi.

Sama gildir um símamálin og fjarskiptamálin. Þar er líka hægt að gera átak. Við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, höfum einmitt lagt fram frv. um það að GSM-samband verði gert að alþjónustukvöð, verði hluti af hinu almenna fjarskiptakerfi landsins og þar á meðal líka að koma slíku sambandi norður í Árneshrepp.

Ég vil einnig benda á að íbúar Árneshrepps hafa horft til með nokkrum væntingum til úthlutunar á sauðfjárkvóta, þ.e. greiðslumarki sauðfjár eða jafngildi þeirra 7.500 ærgilda sem átti að vera búið að úthluta til byggða sem stæðu höllum fæti en væru mjög háðar sauðfjárrækt. Sú úthlutun er ekki komin. Ég veit að þeir ungu bændur sem hv. flm. Einar K. Guðfinnsson gat um áðan bíða einmitt eftir því að til slíkrar úthlutunar komi eða svar um það hvernig slíku verði úthlutað. Þar stendur einmitt á stjórnvöldum að standa við þau væntanlegu og mögulegu úrræði sem hægt er að grípa til þegar í stað.

Verslun stendur þarna höllum fæti. Að sjálfsögðu er erfitt að reka þarna fullkomna samkeppnishæfa verslun. En engu að síður er verslunin þarna mikilvæg fyrir samfélagið til að það geti einnig notið þar grundvallarþjónustu.

Ég vil benda á hér, herra forseti, að eins og hv. framsögumaður gerði grein fyrir eiga þessar hugmyndir rætur að rekja til samþykktar ráðherranefndar Norðurlanda frá 12. september 1996, um framkvæmdaáætlun um verndun menningarumhverfis, eins og stendur í þáltill.

Af hálfu íslenskra ráðherra hefur ekkert verið gert til að fylgja eftir þessari ályktun Norðurlandaráðs og ráðherranefndar Norðurlanda, ekki neitt. Hins vegar skrifuðu Árneshreppsbúar hæstv. forsrh. bréf sem er fylgiskjal með þessari þáltill. Í bréfi hreppsnefndar Árneshrepps til hæstv. forsrh., Davíðs Oddssonar, ritað í Norðurfirði, 21. des. 1998, taka þeir undir þessar hugmyndir á vettvangi Norðurlandaráðs og óska eftir frumkvæði af hálfu forsrh. í þessu máli. Þeir skrifa hér bréf til forsrh. um einmitt að þeir séu reiðubúnir til samstarfs á grundvelli samþykktar ráðherranefndarinnar.

Mér er ekki kunnugt um að þessu bréfi hafi verið svarað. Ég get að vísu ekki fullyrt um það. Kannski getur hv. flm. þessarar þáltill., hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, svarað því: Hefur forsrh. svarað Árneshreppsbúum því bréfi sem þeir sendu 1998? Það væri fróðlegt að fá að vita um það.

Herra forseti. Þetta svæði, þetta mannlíf og þessi náttúra er auðlind sem Íslendingar mega ekki vera án. Landið skreppur saman, menning og þjóð skreppur saman, ef mannlíf og atvinnulíf brotnar í Árneshreppi. Þegar í stað er hægt að grípa til aðgerða til að styrkja sjálfsprottið mannlíf og atvinnulíf á þessu svæði. Ég hef nefnt vegamálin, raforkumálin og fjarskiptamálin, þannig að það er þegar hægt.

Ég, herra forseti, styð eindregið þá tillögu sem hér er flutt en tel samt, herra forseti, að við eigum ekki endilega að bíða eftir því að hún verði samþykkt. Fyrir Alþingi liggja mál sem gætu skipt atvinnulíf og búsetu á þessu svæði miklu máli og við getum haft áhrif í gegnum þau.

[17:48]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka kærlega fyrir þær ágætu viðtökur sem þessi tillaga hefur fengið. Það er rétt sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði áðan, að það er margt sem hægt er að gera til að efla búsetu í Árneshreppi. Vitaskuld hafa menn verið reynt að hyggja að þessu máli undanfarin ár og það er út af fyrir sig rétt að það þarf ekkert að bíða eftir samþykkt þessarar tillögu. Ef menn skoða hins vegar málin kemur í ljós að menn hafa reynt að hyggja að ýmsu í þessum efnum og ég gæti út af fyrir sig farið nokkuð yfir það.

Hv. þm. gerði vegamálin að umtalsefni. Auðvitað er það svo að vegurinn norður í Árneshrepp er ekki utan við lög og rétt heldur er vegurinn skilgreindur með tilteknum hætti. Eins og flokkun Vegagerðarinnar gerir ráð fyrir hygg að hann sé skilgreindur sem tengivegur. Síðan var það ákvörðun Alþingis á sínum tíma að leggja aukið fjármagn til ferðamannaleiða. Ástæðan var einfaldlega sú að það þurfti sérstakt átak við tiltekna vegi í landinu og það var ákvörðun okkar þingmanna Vestfirðinga á sínum tíma að leggja fyrst og fremst áherslu á tvö svæði í þessu sambandi, annars vegar veginn út á Látrabjarg og hins vegar veginn norður í Árneshrepp. Það var ekki þannig að menn settu þennan veg skör lægra en aðra vegi í kjördæminu, öðru nær. Við höfum hins vegar staðið frammi fyrir því, það var sú sára reynsla sem ég skynjaði t.d. sem þingmaður til nokkurra ára þegar að þessu kom, að okkur gekk mjög illa. Við höfðum ekki færi á að fá fjármagn inn á þessa leið nema með sérstökum hætti.

Það er ekki þannig að í flokkun vega hjá Vegagerðinni séu sérstakar ferðamannaleiðir sem ekki þjóni öðrum tilgangi. Það er einfaldlega þannig að menn taka ákvörðun um að setja hluta af tilteknum fjárveitingum til þess sem menn hafa síðan kallað ferðamannaleiðir. Með þessu tókst okkur að fá viðbótarfjármagn til að bæta veginn norður í Árneshrepp.

Á síðasta ári var tekin sú ákvörðun að fara í veginn norðan til í Bjarnarfirðinum, sem Vegagerðin *sjálf* taldi að væri mest áríðandi. Þar var einfaldlega allt löðrandi í drullu og leir og ekki hægt að moka norður úr á vorin vegna þess. Þess vegna varð það niðurstaðan. Hugmyndin er auðvitað að halda áfram, væntanlega norður balana. Hins vegar er alveg ljóst að það er gríðarlega margt óunnið í þessum efnum og því miður býsna langt í land með að við venjulegar aðstæður verði hægt að hafa þarna heilsársumferð. Við þekkjum það, *ég og hv. 5. þm. Norðurl. v., sem erum staðkunnugir á þessum slóðum.* Það er því miður talsvert í land með það. En meiningin með ferðamannaleiðunum var einfaldlega sú að reyna að styrkja grundvöllinn að uppbyggingu vega á þessu svæði.

Í öðru lagi vil ég tala um það sem hv. þm. nefndi varðandi þessi 7.500 ærgildi. Ég er alveg sammála hv. þm. um það. Mér finnst ekki vansalaust hversu lengi það hefur dregist. Ég *reyndi að fylgja því eftir með þeim leiðum sem við hv. þm.* höfum, m.a. með því að taka málið upp á Alþingi. Ég veit ekki hvort hv. þm. man eftir því. Ég gerði það til að ýta á eftir þessu. Auðvitað er öllum ljóst að ef eitthvert eitt byggðarlag öðrum *fremur ætti að falla undir þessa skilgreiningu* þá er það auðvitað Árneshreppur á Ströndum. Það er bara augljóst mál. Það þarf varla að hafa um það mjög mörg orð.

Hv. þm. nefndi líka bréf til forsrh. Mér er auðvitað kunnugt um *þetta bréf en ég get ekki svarað til um hvort því hafi* verið svarað. Það er náttúrlega miður ef það hefur ekki verið gert. Ég hef hins vegar sjálfur reynt að vinna að þessu máli á grundvelli samþykktar ráðherranefndar Norðurlandaráðs og atbeina Landverndar. Ég hef verið áhugasamur um það vegna þess að ég tel að í þessu felist mikil tækifæri fyrir Árneshrepp á Ströndum. Eftir að hafa rætt þetta við nokkra ráðherra í ríkisstjórn Íslands sýndist mér mjög erfitt fyrir einn ráðherra að taka þetta mál upp umfram annan. Mín niðurstaða varð því sú að það væri langskynsamlegast og best fyrir framgang málsins að fá þingmenn Vestfirðinga í lið með mér, úr öllum þeim stjórnmálaflokkum sem þar að baki standa, til að flytja um þetta sérstakt þingmál þannig að Alþingi legði línurnar og þar með væri málið komið í eðlilegan, traustan farveg. Það var niðurstaða málsins. Þó að það sé rétt hjá hv. þm., að þetta hafi tekið langan tíma, lengri tíma en ég hefði viljað, þá var þetta mál þó flutt á síðasta ári, strax og þeim sem hér stendur var ljóst að málið varð að hafa annan atbeina en tiltekið ráðuneyti. Þess vegna hafði ég um það forustu meðal þingmanna Vestfirðinga að flyja þetta mál.

Því miður náðist ekki að ræða málið á síðasta þingi eða ljúka því. Þess vegna lagði ég það fram, eins og menn sjá hér á málsnúmerinu, strax í byrjun þingsins. Ég trúi ekki öðru, vegna þeirra góðu viðbragða sem hér komu fram, en að okkur takist að ljúka málinu.

Ég tek hins vegar undir það með hv. þm. að við þurfum að halda áfram að vinna að öðrum málum og þetta mál má ekki draga úr ábyrgð okkar við það. Ég veit að hv. þm. hlýtur að vera kunnugt um að ég hef reynt, eftir því sem ég hef haft færi á, að beita mér að hagsmunamálum Árneshreppsbúa þann tíma sem ég hef setið á þingi. Mér er samt sem áður ljóst að þó að við reynum það, skapar þingmál af þessu tagi mikla sérstöðu fyrir Árneshrepp. Það skapar ný tækifæri og nýja möguleika.

Eins og ég sagði áðan kemur mönnum kannski spánskt fyrir sjónir að þessu máli skuli hreyft með þessum hætti. En mín niðurstaða er sú, eftir að hafa skoðað þetta, er að það sé engin spurning um að við eigum að vinna að þessu máli. Það verður til að tryggja betur fjárveitingar á ýmsum sviðum til Árneshrepps og að fá viðurkennda þá sérstöðu sem ég tel að þetta sveitarfélag, þessi hreppur og þessi sveit hafi umfram aðra landshluta á Íslandi.

[17:55]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég dreg alls ekki í efa heilan hug hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar varðandi það að vinna að málum Árneshrepps. Því fer fjarri. Ég tel einmitt, þekki og veit, að hann leggur sig þar fram. Ég vil í máli mínu taka undir og árétta hvað við getum gert betur.

Ég *minntist* t.d. á vegamálin. Ég tel að vegamál og samgöngumál norður í Árneshreppi séu með þeim hætti að það gæti réttlætt að tekið verði á því alveg sérstaklega í fjármögnun vegaætlunar. Ég tel það. Ég tel að þetta byggðarlag, *þó að mikill vandi sé í samgöngum víða á landinu* og hægt sé að heimfæra sérstæðu upp á mörg lítil samfélög, að samfélagið í Árneshreppi sé svo sérstætt að það ætti að vera hægt að taka á með skipulögðum hætti því að gera malarveg norður í Árneshrepp og setja hann á formlega áætlun svo hann þurfi ekki að vera háður því, eins og hv. þm. lýsti, lágum upphæðum af fjármagni sem úthlutað er til að mæta verkefnum á stóru svæði, verkefnum sem eru alltaf miklu stærri en fjármagnið nær að mæta.

Ég tel fulla ástæðu til að taka á þessu með sérstæðum hætti. Ég tel að ástandið réttlæti það. Þetta eru ekki þær risaupphæðir í sjálfu sér, nokkrir tugir milljóna króna sem þarf til að leggja þarna brúklegan og viðunandi malarveg sem getur verið góður að sumrinu, haustinu og vorinu, eftir því hvernig snjóalög eru. Þarna er vaxandi umferð. Þarna er ferðaþjónusta, útgerð, flutningur á fiski. Gríðarlega miklum fiski var landað í Norðurfirði á sl. sumri þannig að margar ástæður eru fyrir því að þessi vegur verði tekinn upp sem sérframkvæmd. Ég legg áherslu á þetta, herra forseti.

Ég vildi aðeins í lokaræðu minni vitna í ungan íbúa Árneshrepps sem skrifaði grein í blað Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðvesturkjördæmi, Norðurstjörnuna,

Rakel Valgeirsdóttur frá Árnesi. Hún vitnar um hug sinn til byggðarinnar í Árneshreppi, með leyfi forseta:

„Afkekkt, einangrað, fallegt ... Það er erfitt að finna lýsingarorð yfir þennan stað því fyrir mér er hann einfaldlega „heima".

Öðrum kann að finnast það skrýtið að nota svo persónulegt orð yfir heilt sveitarfélag en fyrir mér er það eðlilegt. Það er þessi staður, þetta umhverfi og samfélag sem hefur gert mig að þeirri manneskju sem ég er í dag. Ég á þessum stað því allt að þakka og vildi svo gjarnan geta endurgoldið það.

Það tækifæri gætinú verið komið. Árneshreppur stendur frammi fyrir miklum tímamótum. Í áranna rás hefur fólk fæðst og dáið þar eins og annars staðar en nú er svo komið að fleiri deyja en fæðast. Þessi þróun vinnur hægt og bítandi á þessu litla samfélagi ásamt því að fólk gefst upp og flyst brott. Flestum er ljóst að nauðsynlegt er að sporna við þessari þróun en hvað er til ráða?

Í sumar var haldin ráðstefna með unga fólkinu í Árneshreppi. Þar var reynt að leita leiða til að tryggja framtíð hreppsins. Ýmsar hugmyndir komu fram á þessum fundi og vilji okkar allra er sá sami. Við viljum tryggja framtíð þessa litla samfélags og fá tækifæri til að gefa börnum okkar það sama og foreldrar okkar gáfu okkur. Ýmis ljón eru þó í veginum og þau ljón verða ekki yfirunnin hjálparlaust. Stjórnvöld og aðrir verða að hafa hönd í bagga til hjálpar svo heilsársbúseta í Árneshreppi geti verið álitlegur möguleika í hugum unga fólksins."

Í lok greinar sinnar segir Rakel Valgeirsdóttir frá Árnesi:

„Viljinn til að breyta þessu ástandi er til staðar og hann er grunnur til að byggja á. Einnig höfum við öflugar og vinnufúsar hendur en okkur vantar byggingarefni til að byggja upp búsetumöguleika fyrir nýja kynslóð. Lausn þessa vanda sem okkur er á höndum er því miður ekki að finna hér.

Ég ímynda mér að margir sem ekki þekkja til séu komnir með spurningar fram á varirnar á borð við: Hvers vegna? Til hvers að sporna við svo augljósri þróun? Hvað gerir þennan stað eitthvað öðruvísi en aðra? Það gætu sjálfsagt fáir skilið aðrir en við sem höfum alist þar upp og vitum hverra forréttinda við vorum aðnjótandi í æsku og njótum enn. Þessi forréttindi gaf staðurinn okkur því það að alast upp í harðgeru frjálsræði náttúrunnar mótar persónuleika manns. Þessi sérstaka náttúra sem dregur að hundruð ferðamanna á ári hverju er í senn stórfengleg og hrikaleg. Hún sleppir sem betur fer aldrei af manni tökunum heldur dregur mann sífellt til baka. Einhvers staðar stendur að hver vegur að heiman sé vegurinn heim og vonandi sannast þau orð á ungum íbúum Árneshrepps sem haldið hafa burt til að afla sér menntunar."

Virðulegi forseti. Ég greip hér niður í grein sem ungur íbúi Árneshrepps, sem er við nám hér í Reykjavík, skrifaði í jólablað Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Ég tek undir þessi orð þessarar vösku stúlku og hvet til þess hér á Alþingi að Alþingi sýni þann dug og myndugleika að taka á málefnum Árneshreppsbúa og geri það nú á þessu þingi. Við getum gert það strax í gegnum vegáætlun og við getum gert það með ýmsum hætti á þessu þingi.

Þessi till. til þál. er líka mjög gott og sterkt innlegg í þessa umræðu. Hún er allra góðra gjalda verð og ég hvet til þess að tillagan fái hraða meðferð á yfirstandandi þingi og verði afgreidd svo fara megi að vinna eftir henni nú þegar. Við þurfum samt ekki meiri pappíra. Við þurfum aðgerðir, vilja og dug til að standa með þessu byggðarlagi, Árneshreppi á Ströndum. Þetta er auðlegð sem þjóðin má ekki tapa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti, fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 62. mál. — Þskj. 62.

[18:02]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti af völdum bifreiða. Flutningsmenn auk mín eru hv. þingmenn Þórunn Sveinbjarnardóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir.

Tillögugreinin er eftirfarandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi tillögur sem miði að því að draga úr mengun og vegsliti af völdum bifreiða. Sérstaklega verði hugað að breytingum á álögum hins opinbera, svo sem tollum, vörugjöldum og þungaskatti, í þeim tilgangi að auka notkun dísil- og fjórhjóladrifsbifreiða og draga úr notkun nagladekkja."

Þingsályktunartillaga þessi var lögð lögð fram á 127. löggjafarþingi en varð ekki útrædd og er nú lögð fram óbreytt.

Drjúgur kostnaður og margs konar vandamál hljótast af mikilli umferð bifreiða hér á landi og fer síst minnkandi. Mest kveður að þessum vanda í þéttbýli og því þarf að vinna að þessu máli í náinni samvinnu við forsvarsmenn sveitarfélaganna.

Mengun af völdum bifreiða er mikil en þó hafa stjórnvöld ekki beitt hagrænum aðgerðum til þess að draga úr henni. Notkun dísilbifreiða sem eyða mun minna eldsneyti og menga minna en bensínbifreiðar gæti skipt verulegu máli í náinni framtíð til að draga úr mengun. Stefna stjórnvalda hvað varðar þungaskatt hefur ekki ýtt undir að bifreiðaeigendur kaupi frekar slíkar bifreiðar. Þvert á móti hafa stjórnvöld með óréttlátum þungaskatti á dísilbíla komið í veg fyrir kaup á þeim. Bensínbílar eru skattlagðir á hvern lítra sem þeir eyða en dísilbílarnir með þungaskatti sem beitt er þannig að hagkvæmara er að kaupa bensínbíla þó að þeir eyði 25–50% meira eldsneyti. Dísilbílum hefur fjölgað mun meira í nágrannalöndum okkar heldur en hér. Þannig voru þeir einungis 13,6% af innfluttum bílum á Íslandi árið 2001, en í nágrannalöndum okkar var markaðshlutdeild dísilbílanna 32% árið 2000 og verður væntanlega um 40% árinu 2004.

Allan síðasta áratug lýsti fjármálaráðherra því ítrekað yfir að til stæði að breyta þungaskattskerfinu. Þær fyrirætlanir snúast um allan bílaflotann en mikill og almennur stuðningur er um þær meðal þingmanna. Ekkert hefur þó miðað í málinu. Það er því er kominn tími til að Alþingi setji ríkisstjórninni fyrir að ljúka því verkefni á kjörtímabilinu. Þessi tillaga boðar ekki byltingu, en mundi sýna ef samþykkt verður jákvæða viðleitni stjórnvalda til að draga úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar á umhverfið. Hún miðar að því að stefna stjórnvalda verði endurskoðuð á þessu ári og m.a. fundin leið sem í er falin hvatning til kaupa og notkunar dísilbifreiða í þeim tilgangi að draga úr mengun.

Vegslit vegna notkunar nagladekkja er afar mikið og rykmengun af þeim völdum einnig. Ef mögulegt er að draga úr notkun nagladekkja án þess að slysahætta aukist en draga um leið úr rykmengun og spara stórfé í viðhaldi gatna er mikið í húfi.

Stjórnvöld hafa ekki ýtt undir notkun fjórhjóladrifsbifreiða þó að vitað sé að slíkar bifreiðar eru mun öruggari í hálku og erfiðum akstursaðstæðum en eindrifsbifreiðar. Þetta hefur margra ára reynsla Íslendinga af notkun slíkra bíla sannað.

Bifreið á góðum vetrardekkjum, þó ónegld séu, með drif á öllum hjólum er miklu öruggari til notkunar í misjafnri færð að vetri til í þéttbýli en eindrifsbifreið á negldum dekkjum. Því er ástæða til að hvetja til notkunar fjórhjóladrifsbifreiða. Slíkt mætti m.a. gera með lækkun á þungaskatti eða sérstökum afslætti innflutningsgjalda. Einnig þarf að hvetja eigendur slíkra bifreiða til að nota frekar góð ónegld dekk en nagladekk. Það mætti t.d. gera með sérstökum afslætti af þungaskatti. Með samræmdum aðgerðum sem hafa að markmiði að draga úr mengun og vegsliti af völdum bifreiðaumferðar mætti draga verulega úr mengun og kostnaði við umferð í þéttbýli. Þetta ætti alls ekki að valda aukinni slysahættu því að mjög sterk rök eru fyrir því að vel búin fjórhjóladrifsbifreið sé fullkomlega hæf til vetraraksturs. Þvert á móti ætti fjölgun slíkra bifreiða að auka öryggi í umferðinni.

Flutningsmenn leggja til að skoðað verði vandlega hvort taka beri upp staðbundið gjald á notkun nagladekkja í þéttbýli, en slíkt fyrirkomulag hefur verið í gildi í Ósló síðustu fimm árin eða svo og með svo góðum árangri að stjórnvöld hyggjast koma því á í fleiri borgum í Noregi. Slíkt fyrirkomulag mundi gilda um allar bifreiðir, en í tengslum við slíka breytingu yrði að tryggja mjög góða hreinsun gatna. Hugsanlegt er að það geti hentað á höfuðborgarsvæðinu og þarf að skoða þá hugmynd gaumgæfilega.

Margt fleira mætti færa til rökstuðnings fyrir þeim hugmyndum sem hér eru settar fram, en ég læt það bíða síðari tíma að fara yfir það. Ég vonast til þess að í hv. nefnd fari menn yfir þetta með jákvæðu hugarfari því ég er sannfærður um að hægt er að spara verulega mikið með minni notkun eldsneytis, minnkun á vegsliti og koma um leið í veg fyrir slys í umferðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulag sjóbjörgunarmála, fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 63. mál. — Þskj. 63.

[18:09]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála. Flutningsmenn auk mín eru hv. þingmenn Svanfríður Jónasdóttir, Gísli S. Einarsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Karl V. Matthíasson og Lúðvík Bergvinsson.

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála með það að markmiði að auðvelda og hraða björgunaraðgerðum þegar slys hafa orðið."

Þannig hljóðar tillögugreinin.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 127. löggjafarþingi en varð ekki útrædd og er nú lögð fram óbreytt.

Á Íslandi er samstaða um að allt skuli gert sem mögulegt er til að tryggja öryggi sjófarenda. Björgunarsveitir og stjórnvöld þurfa þess vegna að vera á stöðugu varðbergi til að nýta nýjustu tækni og nýja möguleika til að auka öryggi á sjó og flýta björgunaraðgerðum þegar slys hafa orðið. Flutningsmenn telja rétt að stjórnvöld fari vandlega yfir skyldur sínar hvað þessi mál varðar og geri það í samráði við aðra sem annast framkvæmd þeirra í því skyni að bæta enn frekar það öryggiskerfi sem fyrir er. Minna má á að ýmsar breytingar hafa orðið á skipulagi björgunarmála á undanförnum árum og af þeim ástæðum er nauðsynlegt að stjórnvöld skoði hvort hlutverkum sé þar skipt með skilvirkum og öruggum hætti eða hvort gera þurfi breytingar á lögum í því skyni.

Sjóslys geta orðið hvar sem er á miðunum umhverfis landið og við ströndina, en þó hefur reynslan sýnt að sumir staðir við strendur landsins eru mun hættulegri en aðrir. Sem dæmi má nefna Snæfellsnes og Reykjanes. Á sumum þessara staða er afar erfitt að koma við björgun frá landi og um algerar vegleysur að fara. Þó að notkun þyrlna hafi mjög aukið möguleika til björgunar úr lofti mun aðstoðar frá landi alltaf verða þörf.

Á suma af þessum stöðum mætti gera akfæra slóða sem mundu nýtast björgunarmönnum þegar slys yrðu. Gerð slíkra slóða, glögg merking þeirra og annarra slóða sem nýta má til að nálgast slysstað og við leit með ströndum fram getur flýtt fyrir því að hjálp berist. Einnig ber að skoða hvort staðsetning einhvers konar búnaðar eða aðstöðu á þessum sérstöku hættustöðum væri skynsamleg. Fyrrnefndar aðgerðir geta nýst björgunar- og leitarmönnum og einnig aukið öryggi þeirra sjálfra við mjög erfiðar aðstæður sem víða eru á þessum hættulegu strandsvæðum. Flutningsmenn leggja til að skoðað verði hvar þörf er framkvæmda af þessu tagi og að stjórnvöld tryggi fjármuni til slíkra verkefna strax og aðgerðaáætlun liggur fyrir á einstökum svæðum.

Þó að betri skip og margs konar öryggisbúnaður þeirra hafi aukið öryggi á sjó eru sjóslys enn algeng við strendur landsins.

Ný tækni við staðsetningu skipa og björgun hefur gert kleift að koma til hjálpar í neyðartilvikum miklu oftar og fyrr en áður var hægt. Kosti þeirrar tækni sem til er hefur þó ekki tekist að nýta til fulls. Búnaður til staðsetningar skipa gerir til dæmis mögulegt að hefja björgunaraðgerðir fáum mínútum eftir að skip lendir í nauðum þótt ekki hafi borist frá því neyðarkall að frumkvæði skipverja. Öryggi boðsendinga frá þessum tækjum hefur þó ekki verið nægilegt og þessi tækni hefur því ekki nýst sem skyldi. Úrbóta er þörf bæði hvað varðar boðsendingar frá staðsetningartækjum og móttöku þeirra. Bæta þarf búnað í skipum og tryggja með endurvarpsstöðvum öryggi sendinga frá þeim. Reglur um tilkynningarskyldu þarf að endurskoða eigi að tryggja að vitneskja um slys berist strax þó að ekki berist neyðarkall.

Stjórnvöldum ber að hafa ábyrgð á því skipulagi sem ríkir og því að fjármunir fáist til nauðsynlegra endurbóta.

Það er skoðun flutningsmanna þáltill. að betur megi gera og við teljum að með því að veita fjármuni til þeirra verkefna sem hér eru gerð að umtalsefni í þáltill. megi auka öryggi þeirra sem lenda í sjóslysum og björgunarmannanna sem taka þátt í björgun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:15.

70. FUNDUR

mánudaginn 3. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Raforkulög, stjfrv., 462. mál, þskj. 700. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 463. mál, þskj. 701. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Staðlar og Staðlaráð Íslands, stjfrv., 461. mál, þskj. 699. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Orkustofnun, stjfrv., 544. mál, þskj. 891. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Íslenskar orkurannsóknir, stjfrv., 545. mál, þskj. 892. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Einkahlutafélög, stjfrv., 521. mál, þskj. 864. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Hlutafélög, stjfrv., 522. mál, þskj. 865. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Samvinnufélög, stjfrv., 519. mál, þskj. 860. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, stjfrv., 520. mál, þskj. 861. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 485. mál, þskj. 797. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir, stjfrv., 518. mál, þskj. 859. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Umhverfismengun af völdun einnota umbúða, stjfrv., 543. mál, þskj. 890. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Varnir gegn mengun sjávar, frv., 53. mál, þskj. 53. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Almenn hegningarlög, frv., 54. mál, þskj. 54. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
15. Verndun búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi, þáltill., 55. mál, þskj. 55. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
16. Sveitarstjórnarlög, frv., 61. mál, þskj. 61. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
17. Aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti, þáltill., 62. mál, þskj. 62. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
18. Skipulag sjóbjörgunarmála, þáltill., 63. mál, þskj. 63. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
19. Þjóðaratkvæðagreiðsla um byggingu Kárahnjúkavirkjunar, þáltill., 490. mál, þskj. 806. — Fyrri umr.
20. Íslenskur ríkisborgararéttur, stjfrv., 242. mál, þskj. 246, nál. 867. — 2. umr.
21. Skráning skipa, stjfrv., 157. mál, þskj. 157, nál. 886, 916 og 917. — 2. umr.
22. Námsstyrkir, stjfrv., 446. mál, þskj. 629. — 1. umr.
23. Neytendakaup, stjfrv., 556. mál, þskj. 904. — 1. umr.
24. Samkeppnislög, stjfrv., 547. mál, þskj. 894. — 1. umr.
25. Aðgerðir gegn peningaþvætti, stjfrv., 549. mál, þskj. 896. — 1. umr.
26. Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 548. mál, þskj. 895. — 1. umr.
27. Úrvinnslugjald, frv., 566. mál, þskj. 914. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Drífa Hjartardóttir, 1. þm. Suðurl.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Páll Pétursson félmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varaþingmaður á lista Framsfl. í Reykn., Páll Magnússon, Kópavogi, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Siv Friðleifsdóttir."

Ég býð Pál Magnússon velkominn til starfa.

Tilkynning um dagskrá.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að loknum atkvæðagreiðslum fer fram umræða utan dagskrár um hækkun á leyfilegum heildarafla fiskveiðiárið 2002/2003. Málshefjandi er hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson en hæstv. sjútvrh. Árni M. Mathiesen verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Skráning skipa, 157. mál, nál. 1. minni hluta samgn., þskj. 916; nál. 2. minni hluta samgn., þskj. 917.

Afgreiðsla forsætisnefndar á beiðni um skýrslu.

[15:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Svo háttar til að umræður og blaðaskrif hafa orðið um afgreiðslu forsn. á erindi frá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni sem hann skrifaði forsn. 5. nóv. árið 2002 fyrir sína hönd og annarra þingmanna Samfylkingarinnar. Þar er þess farið á leit við forsn. Alþingis með vísan til síðari málsl. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, að hún feli Ríkisendurskoðun að gefa Alþingi skýrslu um fjárhagslegt uppgjör Landssíma Íslands hf. við fyrrverandi forstjóra fyrirtækisins, Þórarin Viðar Þórarinsson, sem gert var í tengslum við starfslok hans hjá fyrirtækinu auk tengdra atriða.

„Skýrsla um sams konar efni" — segir orðrétt í bréfinu — „hefur þegar verið unnin af Ríkisendurskoðun fyrir Landssíma Íslands hf., að ósk fyrrv. stjórnarformanns fyrirtækisins, en stjórn Landssímans hefur hafnað því að gera skýrslu Ríkisendurskoðunar opinbera. Minnt skal á að fyrrv. stjórnarformaður Símans óskaði eftir áðurgreindri álitsgerð Ríkisendurskoðunar í framhaldi af því að fjárhagsleg samskipti Símans og fyrrv. forstjóra fyrirtækisins voru til opinberrar umræðu m.a. á Alþingi. Það er því eðlilegt að Alþingi verði greint frá niðurstöðum þeirrar athugunar sem fram fór

á málinu í kjölfar þeirrar miklu umræðu sem varð um það á þinginu í febrúar og mars sl.

Með hliðsjón af því að öll gögn málsins liggja þegar fyrir hjá Ríkisendurskoðun er ljóst að hægt á að vera að gefa Alþingi skýrslu um fjárhagsleg málefni fyrrv. forstjóra Símans með skjótum hætti.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd þingmanna Samfylkingarinnar.
Guðmundur Árni Stefánsson."

Þetta mál var tekið fyrir í forsn. og fyrir liggur greinargerð frá skrifstofustjóra Alþingis um málið. Ætlunin var að taka þetta mál fyrir á fundi forsn. 10. des. sl. en þar sem hv. þm. Guðmundi Árni Stefánsson var þá erlendis þótti ekki rétt að gera það.

Í skýrslu skrifstofustjóra sem lögð var fyrir forsn. 21. jan. er málið rakið og síðan segir í niðurstöðu, með leyfi forseta, sem er góðfúslega veitt:

„Mál þetta snýst um það hvort gert verði opinbert efni skýrslunnar sem Ríkisendurskoðun vann fyrir stjórn Landssíma Íslands hf. á sínum tíma. Fyrir liggur að skýrslan er trúnaðarskýrsla unnin af ríkisendurskoðanda sem endurskoðanda Landssíma Íslands hf., sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, og ljóst er að ríkisendurskoðandi væri að bregðast trúnaðarskyldu sinni ef hann gerði uppskátt um efni skýrslunnar. Eins og málið er vaxið þykja því ekki efni til að ríkisendurskoðanda sé gert að skila umbeðinni skýrslu."

Á næsta fundi forsn., 28. janúar sem var fullskipaður, tók ég þá ákvörðun að við þessu erindi yrði ekki orðið. Ég lagði fram svohljóðandi bókun vegna erindis Guðmundar Árna Stefánssonar:

„Með bréfi dags. 26. mars 1997 fól forsætisráðuneytið Stefáni Má Stefánssyni prófessor við lagadeild Háskóla Íslands að gera lögfræðilega úttekt á aðgangi Alþingis að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins.

Skýrsla forsætisráðherra um aðgang að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins, sem hér er vitnað til, birtist á þskj. 25 á 122. löggjafarþingi 1997–1998. Í þeirri álitsgerð, sem Stefán Már Stefánsson prófessor tók saman, segir m.a.: „Stjórnir hlutafélaga sem eru að öllu leyti eða að meiri hluta til í eigu ríkisins eða hluthafafundur þeirra (eftir atvikum viðkomandi ráðherra ef ríkið er einn eigandi og ákveðið er í lögum að hann fari með eignaraðild ríkissjóðs) ákveða hvaða málefni það eru sem talist geta viðskiptaleyndarmál og eiga að fara leynt. Ákvörðun um þetta ber að taka með hagsmuni félagsins að leiðarljósi, sbr. 7. tölulið. Þetta gildir þó ekki um þær upplýsingar sem fram koma í ársreikningi viðkomandi hlutafélags, sbr. 5. tölulið."

Í bréfi Guðmundar Árna Stefánssonar, dags. 5. nóvember sl., er farið fram á að Ríkisendurskoðun vinni skýrslu „um sams konar efni" og þegar hefur verið unnin af Ríkisendurskoðun fyrir Landssíma Íslands hf., en stjórn Landssímans hefur hafnað því að skýrslan verði gerð opinber með hagsmuni fyrirtækisins fyrir augum. Með vísan til álitsgerðar Stefáns Más Stefánssonar prófessors tel ég ekki efni til að verða við beiðni alþingismannsins."

Að gefnu tilefni er rétt að taka fram að forsn. hefur ekki borist beiðni um að taka til skoðunar starfslokasamning fyrrum forstjóra Landssímans hf. eins og ranglega var sagt á Bylgjunni 29. jan. sl. og í Ríkisútvarpinu og ríkissjónvarpinu sama dag. Í bréfi hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar mun vera vísað til skýrslu sem dagsett er 4. júlí 2002 og Ríkisendurskoðun vann fyrir stjórn Landssímans hf. í samráði við þáv. stjórnarformann Landssímans.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla forsætisnefndar á beiðni um skýrslu.

[15:10]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér á sér stað afskaplega óvenjuleg uppákoma í sögu þingsins, hygg ég vera, að forseti verji einum 11 mínútum í að gera grein fyrir hlutum sem átt hafa sér stað í forsn. þingsins. Ég kann honum svo sem þakkir fyrir það. Enda er hér um afskaplega óvenjulega afgreiðslu að ræða af hálfu forseta Alþingis, þ.e. að leggjast gegn því að áframsenda beiðni um skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 17 þingmönnum á hinu háa Alþingi. Venja hefur staðið til þess árum saman að forsn. áframsendi einfaldlega slík erindi. Þess í stað greip forseti til þess ráðs að leggjast gegn því og það liggur fyrir.

Auðvitað er þetta allt í anda þess sem áður hefur gerst og er enn að gerast, þ.e. að stjórnarmeirihlutinn á hinu háa Alþingi og nú sjálfur forseti Alþingis leggst hér þvert fyrir þegar beðið er um einfaldar upplýsingar, þegar alþingismenn reyna að freista þess að uppfylla stjórnarskrárbundna skyldu sína, að veita framkvæmdarvaldinu aðhald og eftirlit. Hér er einfaldlega verið að gangast eftir því að fá sömu upplýsingar og stjórn Landssímans hf. hefur fengið, nákvæmar upplýsingar um það sem rætt var og reifað í þessum sal, ekki einu sinni, ekki tvisvar heldur mörgum sinnum á síðasta ári þegar málefni Landssímans komust í hámæli.

Hér hefur forseti Alþingis gengið í lið með þeim sem eru í samsæri þagnarinnar, í feluleiknum og vilja viðhalda leynimakkinu. Við ræddum utan dagskrár í síðustu viku, starfslokasamninga á hinum almenna markaði. Hér er um við að ræða starfslok forstjóra fyrirtækis sem er 95% í eigu þjóðarinnar, almennings, og hæstv. samgrh. ber ábyrgð á.

Herra forseti. Er að furða þó að ég sé satt að segja því sem næst orðlaus því að þjóðin er það líka?

(**Forseti** (HBl)**:** Það er nú ekki sami munnurinn.)

[15:13]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er vísað í álitsgerðir lögfræðinga. Ég skil mjög vel að menn vilji hafa leynd yfir starfslokasamningum fyrrverandi forstjóra Símans. Ég skil hins vegar ekki að það skuli vera viðskiptaleyndarmál. Í álitsgerðum lögfræðinganna er vísað í hagsmuni fyrirtækisins. En hvað um eigendurna? Verða hagsmunir fyrirtækis og eigenda, sem er íslenska þjóðin, greindir í sundur?

Herra forseti. Hætt er við því að í skjóli leyndar þrífist spilling og ég spyr um handhafa hlutabréfs þjóðarinnar í þessari stofnun, hæstv. samgrh. Hvers vegna í ósköpunum hefur hann ekki beitt sér fyrir því að opnað verði á þessar upplýsingar því að sjálfsögðu verður ekki hætt fyrr en þær liggja hér á borðum?

[15:14]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er að verða dálítið sérstakt að í hverri einustu viku skuli fara fram umræða á hinu háa Alþingi um hvort birta megi starfslokasamninga við tiltekna

einstaklinga. Í síðustu viku ræddum við hvort ekki væri mikilvægt fyrir markaðinn að fá að vita þegar fyrirtæki á markaði gera stóra og feita samninga við einstaklinga, að þeim yrði komið á framfæri. Hér er hins vegar um það að ræða að fá upplýsingar um starfslokasamning fyrirtækis í eigu ríkisins.

Við höfum þurft að horfa upp á ýmislegt á undanförnum missirum og séð hvernig valdhafar hafa beitt valdi sínu í hverju málinu á fætur öðru. Það hefur hins vegar verið mjög sérstakt að verða vitni að því að forseti þingsins, sem á að gæta að hagsmunum þingmanna og tryggja að þeir geti sinnt stjórnarskrárbundnu hlutverki sínu, skuli meina að mál af þeim toga sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson bar fram nái fram að ganga.

Við hljótum að spyrja: Af hverju er svona óskaplega mikill trúnaður yfir þessu? Hvað veldur þessum mikla trúnaði? Ekki er það svo, ef marka má fréttir af þessu máli, að þetta sé svo há fjárhæð miðað við stærð fyrirtækisins, þ.e. Símans. Hvað er það þá sem menn eru að fela? Menn eru greinilega í einhverju sem ekki þolir dagsljósið og það er sorglegt að vita til þess að forseti þingsins, hv. þm. Halldór Blöndal, skuli ganga í lið með þeim sem vilja koma í veg fyrir að þingið geti náð í þær upplýsingar sem því ber að sækja og sinnt því starfi sem því ber að sinna, sem hluti af ríkisvaldinu, löggjafarsamkundan sem á að veita framkvæmdarvaldinu aðhald.

Þetta er sorglegt, virðulegi forseti, og að minni hyggju misbeiting á valdi.

[15:16]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Spurningin sem vaknar er auðvitað þessi: Hvað er það í þessum starfslokasamningi sem ekki þolir dagsins ljós? Hvað er það sem veldur því að hæstv. samgrh. vill ekki birta það og jafnframt að hæstv. forseti þingsins tekur þátt í því að fela það sem greinilega þolir ekki að koma fram í dagsljósið?

Herra forseti. Hæstv. forseti vísaði til þess áðan að prófessor við Háskóla Íslands hefði sent frá sér álitsgerð fyrr á árum þar sem leidd voru rök að því að ef um væri að ræða eitthvað í hlutafélögum í eigu ríkisins sem túlka mætti sem viðskiptaleyndarmál þá væri heimilt að gera það ekki uppskátt. En, herra forseti, hvernig er hægt að halda því fram að starfslokasamningur við forstjóra sem fór frá með þeim hætti sem þessi tiltekni forstjóri gerði sé einhvers konar viðskiptaleyndarmál?

Önnur spurning vaknar líka í huga mínum sem þingmanns, herra forseti. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort hann telji að hann sé hæfur til þess að úrskurða með þessum hætti þegar haft er í huga að það var hann sem réð þennan mann á sínum tíma sem samgrh. Er þetta við hæfi, herra forseti?

[15:18]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að gefnu tilefni vil ég taka fram að Guðmundur Björnsson var forstjóri Landssímans þegar ég hætti sem samgrh.

Ég vil í annan stað leiðrétta misskilning sem komið hefur upp. Starfslokasamningur hefur aldrei verið til umræðu í forsn. og ekkert erindi hefur borist um það til forsn. að birta starfslokasamning fyrrum forstjóra Símans né nokkurs annars fyrrverandi embættismanns, enda fellur slík beiðni ekki undir forsn. (**ÖS:** Það hefur komið fram að ...) Það hefur ekki komið fram, hv. þm. Ef hv. þm. vill skrifa slíkt bréf til forsn. þá tel ég rétt að hann geri það.

[15:19]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það var afar sérstætt áðan að hlýða á upplestur hæstv. forseta þingsins þegar hann gekk í lið með ráðherrunum og framkvæmdarvaldinu í því verkefni að leggja stein í götu þingmanna við það að fá hér fram eðlilegar og réttmætar upplýsingar. Rökin halda auðvitað ekki. Hæstv. forseti vitnaði í skýrslu prófessors frá 1997 um aðgang þingmanna að upplýsingum um hlutafélög. En menn verða að skoða út frá því sem hæstv. forseti vitnaði í, það er að ráðherrann sjálfur tekur ákvörðun um það hvort hann metur það svo að upplýsingar sem verið er að kalla eftir séu viðskiptaleyndarmál eða ekki. Hæstv. ráðherra skuldar okkur hér inni skýringu á því hvaða rök séu á bak við það að geta kallað það viðskiptaleyndarmál sem hér er verið að kalla eftir. Það er verið að kalla eftir því að fá upplýsingar um starfslokasamninga og tengd kjör hjá þessum fyrrverandi forstjóra Símans. Hæstv. ráðherra verður að koma hér í ræðustól og rökstyðja það hvers vegna hann líti svo á að þetta sé viðskiptaleyndarmál.

Það er ekkert í lögum sem bannar hæstv. samgrh. að upplýsa um þessi kjör. Ekkert í lögum, ekkert í hlutafélagalögunum bannar það vegna þess að hér er um að ræða fyrirtæki í meirihlutaeign ríkisins. Það er ráðherrann sem tekur ákvörðun um það að hér sé um viðskiptaleyndarmál að ræða. Það er ekki boðlegt, herra forseti, að bjóða þinginu upp á slík rök.

[15:21]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hérna er verið að ræða ákveðin atriði sem lúta að starfslokum forstjóra Landssímans og það að ekki megi upplýsa þau vegna þess að þau séu viðskiptaleyndarmál.

Herra forseti. Ég held að hér séum við á mjög alvarlegri braut. Viðskiptaleyndarmál sem verja fyrirtæki fyrir gagnsæi geta ekki verið atvinnulífinu eða þeim atvinnurekstri til framdráttar. Að mínu mati eiga að gilda nákvæmlega sömu siðferðiskröfur til opinbers rekstrar og einkarekstrar, nákvæmlega sömu. Hér er bara eitt þjóðfélag. Við erum ein þjóð og hið sama á að gilda um alla. Ef farið er að taka kröfuna um viðskiptaleynd fram yfir eðlilegar kröfur og eðlilegar upplýsingar þá erum við á rangri braut. Það er sama hvort um er að ræða opinberan rekstur, opinbera þjónustu, einstaklingsrekstur eða einkarekstur, umgjörð þessa atvinnulífs alls, umgjörð þessa atvinnurekstrar og viðskipta allra á að vera gagnsæ því að það styrkir hina raunverulegu samkeppni. Samkeppnisstaða sem byggir á leynd, feluleik, aðdróttunum og því að málin eru ekki öll uppi á borðunum er ekki reist á heilbrigðum grunni. Ef svo er að hér þurfi að bæta úr þá þarf að breyta lögum þannig að hér verði allt viðskiptalíf og atvinnulíf gagnsætt, miklu gagnsærra og það mun reynast samkeppnisstöðu þessara fyrirtækja til heilla, virðulegi forseti.

[15:23]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það vekur alveg sérstaka athygli að hæstv. forseti skuli standa hér einn til varnar við þessar aðstæður. Ég hef hins vegar allan skilning á því. Stjórnarliðar reyna auðvitað ekki eðli máls samkvæmt að verja þennan gjörning, enda er engin vörn til í málinu.

Herra forseti. Mér heyrist að einhver misskilningur sé hér á ferð ef hæstv. forseti skilur ekki það sem á blaði stendur og í hverju beiðni þingmanna Samfylkingarinnar er fólgin. Það segir orðrétt að við viljum, með leyfi forseta:

„... fara þess á leit við forsætisnefnd Alþingis að hún feli Ríkisendurskoðun að gefa Alþingi skýrslu um fjárhagsleg uppgjör Landssíma Íslands hf. við fyrrv. forstjóra fyrirtækisins, Þórarin Viðar Þórarinsson, sem gert var í tengslum við starfslok hans hjá fyrirtækinu, auk tengdra atriða."

Getur þetta skýrara verið? Það er verið að ræða um starfslokasamninginn, og tré og runnar mega fylgja.

Herra forseti. Þetta er dapur dagur í sögu þingsins og því miður verður að segja það eins og það er að hæstv. forseti Alþingis hefur ekki stækkað af þessu máli, þvert á móti.

[15:24]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil að þessu gefna tilefni segja að mér er ekki kunnugt um hvað stendur í þessari skýrslu, en kannski hv. þm. viti það.

[15:24]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hv. síðasta ræðumanni til hugarhægðar skal það upplýst að ég hafði beðið um orðið fyrir alllöngu síðan en komst ekki að í röðinni fyrr því að það var svo mikið kappið hjá hv. þm. Samfylkingarinnar við að raða sér á mælendaskrá. Þeir treystu greinilega ekki hver öðrum. Þeir urðu að reyna bæta um betur hver fyrir öðrum og þess vegna var ekki auðvelt að komast að á þessari mælendaskrá.

En það er auðvitað verið að snúa út úr þessari umræðu algjörlega af hálfu hv. stjórnarandstæðinga. Hæstv. forseti hefur vakið athygli á því að þetta mál snýst um það hvort hann hafi vald, hafi eitthvert boðvald yfir stjórn Landssímans hf. og það er það sem hæstv. forseti hefur verið að benda á með skírskotun til álits lagaprófessors um það hver staða hæstv. forseta og Alþingis er í þessum efnum. Þannig vill til að þetta fyrirtæki, Landssími Íslands hf., er sjálfstætt fyrirtæki með sjálfstæða stjórn og það liggur alveg fyrir að við hér erum ekki í þeirri stöðu að hafa boðvald yfir hverju einasta fyrirtæki í landinu. Það er þannig og það vita allir. Við höfum þess vegna ekki það boðvald að geta kallað eftir upplýsingum sem stjórn fyrirtækisins hefur neitað að láta af hendi.

Við þingmenn getum haft ýmsar skoðanir á því hvort það sé skynsamlegt eða eðlilegt eða rétt af stjórn Landssímans hf. að birta þessar upplýsingar. En það breytir ekki því að við erum ekki í þeirri stöðu, þingið er ekki í þeirri stöðu og hæstv. forseti er ekki í þeirri stöðu, að geta skipað stjórn Landssímans fyrir um það hvaða upplýsingar hún eigi að láta af hendi og hvaða upplýsingum hún hafi heimild til þess að halda hjá sér. Þess vegna er öll þessi umræða meira og minna útúrsnúningur, tilraun til þess að koma höggi á hæstv. forseta. Hv. málshefjandi í þessu máli, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, sagði hér áðan að hæstv. forseti sé að reyna að viðhalda hér samsæri þagnarinnar, þegar fyrir liggur að hæstv. forseti er eingöngu að fara að þeim lagafyrirmælum sem hann hefur og þeim lögum sem hann verður auðvitað að hlíta og við eigum öll að hlíta.

[15:26]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Mér finnst þessi ádeila hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar lykta svona af pólitísku skítabragði. (Gripið fram í.) Hér er um að ræða tvö óskyld mál, þ.e. annars vegar skýrslu sem er trúnaðarskýrsla stjórnar og hins vegar er það starfslokasamningur sem ég hélt að öll þjóðin vissi hvernig væri. Þetta er búið að birtast hér í blöðum. Ég hélt að það væru engin leyndarmál í þessu. Það er búið að tala um jeppa og milljónir og það er meira að segja komið niður í tré og njóla. Ég hélt því að þjóðin væri alveg upplýst í þessu máli. Mér finnst ekki tilhlýðilegt að vera með svona hér. (Gripið fram í.)

Forseti hefur úrskurðað nákvæmlega eftir lögum í þessu máli. Mér finnst allt í lagi að þessi starfslokasamningur sé birtur. Ég lýsti þeirri skoðun minni hér í síðustu viku. En það er búið að birta hann nú þegar í blöðum landsmanna. Hvaða nýju vísindi og hvaða leynimakk er hér um að ræða? (**Gripið fram í:** Það er spurningin.) Ekki neitt, ekki neitt. (**Gripið fram í:** Svara þú.) Þetta er bara pólitík af verstu sort og ekkert annað.

[15:28]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þetta lyktar af skítabragði, sagði hv. þm. Gunnar Birgisson í ræðunni áðan. Af því að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson kom hér upp og sagði að þingmenn Samfylkingarinnar þyrftu að koma í ræðustól hver á fætur öðrum af því að þeir treystu ekki hver öðrum til þess að setja málið þannig fram að allir skildu, held ég að mikilvægt sé að ég komi hér upp og reyni að útskýra fyrir hv. þingmönnum um hvað þetta snýst.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson fór þess á leit við forsn. að hún kallaði eftir skýrslu hjá Ríkisendurskoðun um þetta tiltekna mál. Spurningin er því um það hvort þingmenn hafi aðgang að sinni eigin stofnun, sem er Ríkisendurskoðun, til þess að kalla þessar upplýsingar fram.

Ég vil líka segja það við hv. þm. Gunnar Birgisson að hafi allar þessar upplýsingar legið fyrir um tré og runna og hvað eina sem hann nefndi áðan þá hefðum við hv. þm. ekki verið að óska eftir þessu. Við viljum hins vegar leggja grundvallaráherslu á það prinsippatriði að þingið hafi aðgang að þessum upplýsingum. Ég vil segja það líka hér að mér hefur ætíð þótt heldur lítil vörn í þeirri skýrslu sem meiri hlutinn hefur flaggað hér ár eftir ár — skýrslu sem var lögð fyrir þingið 1997 — og að í skjóli hennar sé hægt að fela nánast allar upplýsingar sem hægt sé að hengja undir viðskiptaleyndarmál. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég skil vel að menn vilji hafa þetta sem leyndarmál. En viðskiptaleyndarmál er þetta ekki.

Athugasemdir um störf þingsins.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um Kárahnjúkavirkjun.

[15:30]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla að víkja að öðru máli, vekja athygli hæstv. forseta á því að á dagskrá þingsins í dag er þingmál frá þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um að fram fari atkvæðagreiðsla, almenn atkvæðagreiðsla, þjóðaratkvæðagreiðsla, um hvort ráðist skuli í Kárahnjúkavirkjun eða ekki. Við teljum að hér sé um að ræða mál sem er svo örlagaríkt og er svo umdeilt, að það hljóti að vera eðlileg lýðræðisleg krafa að þjóðin taki um þetta mál ákvörðun beint og milliliðalaust.

Í síðustu viku var afgreitt til nefndar frv. ríkisstjórnarinnar um heimild til að reisa álver í Reyðarfirði og teljum við mjög mikilvægt að þessi tvö þingmál fylgist að. Til að svo megi verða munum við fallast á að málinu verði vísað til nefndar, þá væntanlega til iðnn. og annarra hlutaðeigandi nefnda, án þess að umræða fari fram.

Raforkulög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 462. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 700.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 463. mál. — Þskj. 701.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Staðlar og Staðlaráð Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 461. mál (heildarlög). — Þskj. 699.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Orkustofnun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 544. mál (heildarlög). — Þskj. 891.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Íslenskar orkurannsóknir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 545. mál. — Þskj. 892.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Einkahlutafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 521. mál (ársreikningar, slit félaga). — Þskj. 864.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Hlutafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 522. mál (ársreikningar, samlagshlutafélög). — Þskj. 865.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Samvinnufélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 519. mál (ársreikningar, afskráning félaga). — Þskj. 860.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 520. mál (ársreikningar). — Þskj. 861.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Vátryggingastarfsemi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 485. mál (ökutækjatryggingar, EES-reglur). — Þskj. 797.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 518. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 859.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 543. mál (hækkun umsýsluþóknunar). — Þskj. 890.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Varnir gegn mengun sjávar, frh. 1. umr.

Frv. EKG og KPál, 53. mál (förgun skipa og loftfara). — Þskj. 53.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Frv. EKG og ÖS, 54. mál (reynslulausn). — Þskj. 54.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Verndun búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi, frh. fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 55. mál. — Þskj. 55.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.

Frv. JÁ o.fl., 61. mál (lágmarksstærð sveitarfélags). — Þskj. 61.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti, frh. fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 62. mál. — Þskj. 62.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Skipulag sjóbjörgunarmála, frh. fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 63. mál. — Þskj. 63.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um byggingu Kárahnjúkavirkjunar, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 490. mál. — Þskj. 806.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Hækkun á leyfilegum heildarafla fiskveiðiárið 2002/2003.

[15:40]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár vegna þess að eins og þingheimi er kunnugt hefur hæstv. sjútvrh. ákveðið að auka við aflaheimildir á fiskveiðiárinu 2002. Um er að ræða verulega aukningu þar sem ufsi er hækkaður úr 37 þús. í 45 þús. tonn, sandkoli úr 4 þús. í 7 þús. tonn, kolmunni úr 282 þús. tonnum í 318 þús. tonn og úthafskarfi hækkar úr 45 þús. tonnum í 55 þús. tonn. Hér er um verulega aukningu á aflaheimildum að ræða og ráðuneytið hefur látið fara frá sér að hér sé um það að ræða að verð sjávarafurða muni hækka um liðlega 2%, þ.e. 2,5–2,8 milljarða. Hér er verið að tala um að að samanlögðu gerði spáin ráð fyrir að verðmæti sjávarfangs yrði 128 milljarðar en verði samkvæmt þessari nýju uppsetningu liðlega 130 milljarðar kr.

Mér finnst mikilvært að ræða þetta á hinu háa Alþingi og að hæstv. sjútvrh. komi fram með röksemdafærslu sína fyrir þessari aukningu því að um hana eru deildar meiningar vísindamanna. Hæstv. sjútvrh. verður að upplýsa þingið um það hvort hér sé um fiskifræðilega röksemd að ræða eða ekki. Enn fremur held ég að það sé mjög mikilvægt að hæstv.

ráðherra skýri fyrir þinginu hvort hér sé um stefnubreytingu að ræða, hvort hann muni í framtíðinni ákveða aukningu á kvótum eða minnkun frá mánuði til mánaðar eða missiri til missiris.

Síðan er mjög mikilvægt að fá upplýst, virðulegi forseti, hvort hæstv. ráðherra sé hér fyrst og fremst með efnahagslega aðgerð til að bæta stöðu útgerðarinnar nú um stundir. Eins og kunnugt er hefur krónan styrkst verulega síðasta árið, dollarinn er nú 25% ódýrari en fyrir ári og þar af leiðandi hafa bandarískar vörur lækkað í innkaupum. Styrking krónunnar hefur gríðarlega neikvæð áhrif fyrir útflutning og innlenda framleiðslu sem keppir við innflutning. Hér er um afar alvarlega stöðu að ræða og það er sama hvar farið er um landið, útgerðarmenn sérstaklega og jafnframt rekstraraðilar fiskvinnslufyrirtækja hafa gríðarlega miklar áhyggjur. Þess vegna held ég að það sé mjög mikilvægt að fram komi hvort þessi kvótaaukning sé fyrst og fremst hugsuð til þess að bæta stöðu útgerðarinnar tímabundið.

Krónan hefur styrkst verulega að undanförnu gagnvart helstu gjaldmiðlum. Bara það sem af er þessu ári hefur krónan styrkst um tæp 3%. Verð á dollara í krónum hefur lækkað verulega eins og áður kom fram og styrkingin gagnvart evru er talin minni. Á einu ári nemur lækkun dollara gagnvart krónunni 25% en það er ekki bara sjávarútvegurinn sem hér um ræðir, undirstöðuútflutningsgreinar okkar, beint eða óbeint, líða líka fyrir þetta ástand. Sjávarútvegurinn dregur að vísu 50% af því sem við fáum inn til landsins í gjaldeyri en hér er samtengd t.d. ferðaþjónusta sem er okkur gríðarlega mikilvæg úti um allt land og stendur fyrir 13–14% af innkomnum gjaldeyri. Þess vegna held ég, virðulegi forseti, að þetta séu mikilvægar spurningar um hvort hér sé um stefnubreytingu að ræða af hálfu hæstv. sjútvrh. eða hvort hann byggi á fiskifræðilegum rökum.

Ég vil taka það fram að fiskifræði sjómannsins gefur okkur mörgum sannfærandi rök fyrir því að í vissum tilfellum sé óhætt og kannski æskilegt að auka veiðiheimildir. Eins og fregnir berast t.d. núna af stöðu ufsastofnsins og veiðum úr þeim stofni er margt sem bendir til þess að þar sé um verulegan bata að ræða. Þetta eru mál sem þarf að ræða í þaula, virðulegi forseti.

Hér komu fram þessar meginspurningar þrjár og þá sérstaklega um peningalega stöðu sjávarútvegsins núna gagnvart gengi krónunnar og hvernig samhengi þessara hluta sé hvað varðar sýn ráðuneytisins á stjórn fiskveiða nú um stundir.

[15:45]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda fyrir að hafa komið með svo skilmerkilegar spurningar um samhengi málanna. Það er mjög ánægjulegt að geta rætt málin í samhengi.

Fyrsta spurningin var um það hvort fiskifræðileg rök lægju að baki þeirri aukningu á aflaheimildum sem ég tók ákvörðun um fyrir um það bil tíu dögum síðan, eða 24. janúar sl. Því er til að svara að fiskifræðileg rök liggja þar að baki. Ákvarðanir um úthafskarfann byggjast á ráðleggingum ICES og ákvörðunum NEAFC frá því í desember um úthafskarfann. Ákvörðun um kolmunnann byggist á þróun varðandi ákvarðanir samstarfsþjóða okkar sem einnig veiða kolmunna og jafnframt á þeim úttektum sem fóru fram á liðnu ári á stöðu kolmunnastofnsins, þó að því miður sé útlit fyrir að enn um sinn verði meiri veiði á kolmunnanum en fiskifræðingar ráðleggja.

Aukningin í sandkolanum er í samræmi við ráðleggingar fiskifræðinga á Hafrannsóknastofnuninni. Aukningin í ufsanum hins vegar byggist á því að ufsastofninn hefur stækkað hraðar en Hafrannsóknastofnunin spáði í júní sl. og stofninn er nú í þeirri stærð sem Hafrannsóknastofnunin spáði að hann mundi verða í eftir tvö ár. Þrátt fyrir þetta lagði stofnunin ekki til að kvótinn yrði aukinn. Ég tel hins vegar, vegna þess hve mikið er um að ræða blandaða veiði karfa og ufsa, að kvóti sem er ekki í samhengi við hvað ufsinn gefur sig í veiðinni geti verið hættulegur og skapað þrýsting á brottkast. Þess vegna taldi ég rétt með tilliti til þess hversu vel stofninn virðist hafa braggast að auka kvótann nú.

Þess ber þó að geta að fiskifræðingar telja að nokkur óvissa sé í stofnstærðarmatinu. En ég veg þá óvissu á móti þeirri óvissu sem myndast þegar við sjáum fyrir okkur brottkasthættu. Þó að ég fari ekki eftir ráðleggingum fiskifræðinganna þá eru fiskifræðileg rök þar á bak við, en jafnframt litið til fiskifræði sjómannsins sem hv. þm. nefndi í upphafsræðu sinni. Mér heyrðist reyndar í niðurlagi ræðunnar að hann væri mér alls ekkert ósammála um ákvörðunina hvað ufsann varðar.

Síðan er því til að svara að hér er ekki um stefnubreytingu að ræða. Ég hef áður sagt það og jafnframt farið eftir því að taka tillit til fiskifræði sjómannsins og þess sem sjómennirnir skynja að sé að gerast í hafinu. Fyrir rúmlega ári síðan jók ég aflaheimildir á miðju fiskveiðiári og þá held ég að ég hafi aukið þrjár tegundir, þar á meðal ufsann, þrátt fyrir að formlegar ráðleggingar frá Hafrannsóknastofnuninni lægju ekki fyrir. En þróunin varð sú að þegar skýrslan kom sl. vor frá Hafrannsóknastofnuninni þá lagði hún til aukningu í öllum þessum stofnum sem ég hafði lagt til aukningu í hálfu ári fyrr. Því má segja að umtalsverð verðmæti hafi komið í þjóðarbúið vegna þess að ég tók þarna tillit til þess sem fiskifræði sjómannsins sagði okkur, þ.e. að ástand þessara stofna væri betra en mælst hafði hálfu til einu ári áður. En það er þannig með fiskifræðina að við erum alltaf að vinna með gamlar tölur. Þess vegna er ekkert verið að taka sérstaklega núna tillit til stöðu sjávarútvegsins umfram það sem áður hefur verið gert. Við reynum auðvitað alltaf að nýta fiskstofna okkar eins vel og skynsamlega og hægt er á hverjum tíma.

Því er þó hins vegar ekki að leyna að gengið er orðið talsvert hátt. Það er núna u.þ.b. 5,5% hærra en tíu ára meðalgengi. Það telst vera u.þ.b. 128 á vísitölu gengisins. Ekki eru nema tveir mánuðir síðan gengið var nánast nákvæmlega í meðaltalinu þannig að þessi breyting hefur átt sér stað á tveimur mánuðum. Ég held því að of snemmt sé að tala um þetta sem alvarlegt ástand. Ef það verður hins vegar viðvarandi gætu skapast slíkar aðstæður að réttlætanlegt væri að ræða það á þeim grunni. En eins og menn vita þá erum við með sjálfstæðan Seðlabanka sem á að beita þeim stjórntækjum sem hægt er að beita varðandi þessi mál og væntanlega, herra forseti, verður tekið tillit til þessarar stöðu í ákvörðunum Seðlabankans á næstu vikum og mánuðum.

[15:50]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er nú árlegur viðburður að úthlutað sé til viðbótar verulegum aflaheimildum á miðju ári og það hlýtur að vekja upp þær spurningar hvort það ætti bara ekki

að gera það í öllum fiskstofnum úr því þörf er á því í sumum. Það er líka umhugsunarefni hvers vegna ekki er þá lækkað í neinni tegund, einungis farið fram til hækkunar.

Ég verð að segja að fiskifræðilegu rökin sem hafa verið færð fram fyrir þessum breytingum eru kannski ekkert sérstaklega sterk. Ég held því ekki fram að tillögurnar frá því í vor hafi endilega verið svona óskaplega góðar. En það er undarlegt að þær skuli ekki duga nema í nokkra mánuði, sex mánuði, og þá þurfi menn að breyta þó ekki séu nema sex mánuðir í næstu úthlutun.

Það er líka skrýtið að sjá það að aðalrökin sem koma fram í tilkynningu ráðuneytisins virðast vera sótt í að það sem nú hafi verið úthlutað sé jafngildi þess sem skert var. Þetta gerðist nefnilega nákvæmlega svona fyrir ári síðan líka. Þá voru aðalrökin frá ráðuneytinu týnd fram um að verið væri að úthluta í staðinn fyrir skerðinguna og meira að segja rúmlega.

Ég verð að viðurkenna að það læðist að mér sá grunur að menn séu líka dálítið að horfa í fjárhagslega stöðu sjávarútvegsins þegar þeir eru að velta fyrir sér líffræðilegu rökunum og fiskifræði sjómannsins. Var það kannski fiskifræði sjómannsins sem réði, hæstv. ráðherra, þegar settur var kvóti á þær tegundir sem komu inn fyrir tveimur eða þremur árum, skötusel og keilu? Hvaða sjómenn lögðu það til?

Ég verð að viðurkenna að mér finnst ekki mjög trúverðugt að sjá hvernig sumar af þessum breytingum koma fram. Þær virðast ekki vera byggðar á því að lífríkið hafi breyst. Mér finnst eins og stjórnvöld séu orðin æðiráðvillt í því hvort þau ætla að fara eftir fiskifræðingum eða fiskifræði sjútvrh.

[15:52]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Við höfum farið þá leið að ákveða einu sinni á ári hversu mikið megi veiða úr þeim fiskstofnum sem talið er nauðsynlegt að takmarka veiðar á. Ég tel með hliðsjón af ýmsum fiskifræðilegum þáttum eðlilegra að við færum okkur yfir í það að taka ákvarðanir til lengri tíma og höfum þar m.a. í huga að slíkar ákvarðanir gefa útgerðinni meiri stöðugleika og betra svigrúm til þess að skipuleggja rekstur sinn.

Það er afleitt þegar teknar eru árlegar ákvarðanir þar sem hámarksafli sveiflast töluvert og því þykir mér satt að segja mjög sérkennilegt að það er að verða regla fremur en undantekning að menn taki upp þessa skammtímaákvörðun sem gildir til eins árs í senn og ákveði nýjan hámarksafla eftir sex mánuði. Ég held að það hljóti á endanum að leiða til þess að við slíkar ákvarðanir minnki menn kvótann í ýmsum tegundum því ekki getur upptaka á miðju fiskveiðiári leitt einvörðungu til þess að auka fiskveiði úr einstökum stofnum.

Það er líka ótrúverðugt, herra forseti, að auka kvóta í tegund eins og ufsa svo mikið sem raun ber vitni gegn ráðleggingum Hafrannsóknastofnunar og gegn ráðleggingum ICES þannig að nú er ákvarðað að leyfa að veiða nærri því tvöfalt meira en hinir erlendu sérfræðingar lögðu til. Það er ekki langt síðan þeir lögðu til að beinni veiði á ufsa yrði hætt og aðeins ákvarðaður kvóti þannig að dygði fyrir meðafla. Hvaða fiskifræðilegu rök hafa komið fram, herra forseti, á undanförnum mánuðum sem gera mönnum kleift að taka ákvarðanir svo langt frá ráðleggingum fiskifræðinga sem raun ber vitni?

Það er líka dálítið ótrúverðugt að aðeins á sex mánuðum hafi stofninn í sandkola aukist þannig að hægt sé að auka veiði nærri því tvöfalt, eða úr 4 þús. tonnum í 7 þús. tonn. Ég tel því, herra forseti, rétt að menn fari mjög varlega í þessum efnum.

[15:55]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér hefur hafist að mörgu leyti nokkuð fróðleg umræða að mínu viti. Í fyrsta lagi tel ég að sjútvrh. hafi gefið nokkuð merka yfirlýsingu hér áðan þó kannski hafi ekki allir veitt því athygli. Hæstv. ráðherrann fullyrti úr þessum stól að í fiskifræði værum við ávallt að vinna með gamlar tölur. Það er út af fyrir sig nokkuð merkileg yfirlýsing af hans hálfu. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég held að ráðherranum sé að fara fram. Það er nefnilega dálítið til í þessu, sérstaklega að því er varðar botnfiskstofnana, að við séum oft að vinna með gamlar tölur. Það hafa nefnilega verið mjög skýrar vísbendingar um það í tillögum Hafrannsóknastofnunar á undanförnum árum að Hafrannsóknastofnun hefur verið á eftir í uppsveiflu og líka á eftir í niðursveiflu.

Menn vita það kannski ekki eða muna það ekki að í nokkur ár var hér frjáls veiði á ufsa vegna þess að aflamarkið í ufsa var alltaf miklu hærra en menn náðu að veiða. Þegar fiskimennirnir voru að benda á að það væri greinilegur mikill samdráttur í ufsaaflanum var svona hægt og rólega farið að draga úr aflanum. Það passaði að þegar búið var að færa hann niður í 20 þús. tonn, niður í lágmarkið, þá fóru menn náttúrlega að keyra fram úr og benda á að mikil ufsagengd væri á miðunum og það tók auðvitað einhvern tíma að lagfæra það. Við stunduðum því talsvert brottkast á ufsa í nokkur ár.

Það verður bara að segjast alveg eins og er, herra forseti, að mikið vantar á að Hafrannsóknastofnunin hafi rétta sýn á hvað er að gerast hér í almennri botnfiskveiði. Það segir ekki endilega það að ákvarðanir ráðherrans séu hinn rétti vegur og það er alveg rétt sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vakti athygli á áðan að það er verið nærri að tvöfalda sandkolaveiðina og það var nærri tvöföld ýsuveiði þrátt fyrir kvótasetningu.

[15:57]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér kom í pontu fyrir nokkrum dögum hæstv. forsrh. þessa lands til að svara fyrirspurnum um mótvægisaðgerðir gegn efnahagslegum afleiðingum stóriðjuframkvæmda. Hann kvað nú ekki mikla þörf á að ræða þau efni nú, hann væri hins vegar boðinn og búinn að gera það á árabilinu 2005–2007 þegar þessar afleiðingar væru farnar að koma í ljós. Þarna var hæstv. ráðherra nokkuð seinheppinn því á meðal afleiðinganna af risafjárfestingum í virkjun og þungaiðnaði eru einmitt áhrifin á gengi krónunnar. Það er ljóst að þessi áhrif vegna væntanlegra framkvæmda eru þegar farin að koma í ljós.

Eins og kom fram í máli málshefjanda þá hefur krónan styrkst um 3% það sem af er þessu ári, dollarinn dalað um 25% á einu ári. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að kaupmáttur okkar gagnvart innfluttri vöru úr Vesturheimi eykst, en að sama skapi veikjast útflutningsatvinnuvegirnir. Þetta bitnar einna helst á sjávarútveginum.

Útflutningsverðmæti í sjávarútvegi eru um 128 milljarðar kr. En nú reiknast mönnum til að vegna aukinna aflaheimilda muni útflutningsverðmætin aukast um 2,5–2,8 milljarða dollara.

Ég tek undir áhyggjur sem fram komu hjá hv. málshefjanda, Árna Steinari Jóhannssyni, um að þarna séu menn

að grípa til ráðstafana vegna stóriðjuáforma ríkisstjórnarinnar, sem séu afskaplega vafasamar. Það er verið að heimila auknar veiðar gegn ráðleggingum fiskifræðinga til þess að styrkja sjávarútveginn. Mér finnst það slæm tilhugsun að við skulum ætla að niðurgreiða Alcoa með þessum hætti.

[16:00]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Herra forseti. Það er erfitt að gera svo öllum líki í þessum efnum. Ráðherra hefur tekið þann kost að fara bil beggja, þ.e. að fara eftir ráðleggingum Hafró t.d. hvað sandkolann varðar, en taka tillit til svokallaðrar fiskifræði sjómannsins þegar kemur að ufsanum, en hæstv. sjútvrh. hefur stundum legið undir ámælum fyrir að taka ekki nægilegt tillit til hennar. Sú fiskifræði gengur út á tilfinningar og byggist á mikilli reynslu og þekkingu starfandi sjómanna sem enginn skyldi vanmeta, en ekki faglegum mælingum. Stundum er reyndar erfitt að koma faglegum mælingum við og á það við um ufsann en hann er flökkufiskur og því eru göngur mismunandi milli ára. Ufsi veiðist að verulegu leyti sem meðafli við botnfiskveiðar, bæði þorskveiðar og karfaveiðar. Ef hlutföll tegunda í aflamarki við blandaðar veiðar eru fjarri öllum veruleika og mjög frábrugðin því hlutfalli sem fæst í afla skapast vandræði. Þetta hefur verið vandinn undanfarin ár hvað ufsann varðar.

Þrátt fyrir að menn forðist eftir bestu getu að veiða ufsa var samt svo komið að vöntun á ufsakvóta hamlaði botnfiskveiðum, ekki hvað síst karfaveiðum. Í blandaðri veiði getur verið erfitt að eiga við það að halda veiðum á ákveðnum tegundum niðri.

Við vitum að þrýstingur um auknar veiðiheimildir er mikill og því miður eru menn ekki tilbúnir til að minnka heimildir virðist stofnar í lægð. En ef meira virðist af ákveðnum fisktegundum á miðunum kemur ávallt þrýstingur á auknar veiðiheimildir.

Varðandi ufsann hefur mikil óvissa ríkt í stofnmatinu á honum og í ljósi þess og vegna þess að stofninn hefur verið í lægð ráðlagði Hafrannsóknastofnun ekki aukningu á veiðum á honum. En þar sem stofnmatið hefur vaxið á síðustu missirum sem og að sjómönnum ber saman um umtalsverða aukningu á ufsa, var farið út í að auka ufsakvótann um 8 þúsund tonn. Auðvitað er það alltaf matsatriði hversu hratt á að byggja upp stofna og ekki einungis líffræðilegt mat sem liggur þar að baki. En líkt og ég hef sagt áður er sérstaða ufsans nokkur og því er réttlætanlegt að ganga gegn vilja sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar að þessu sinni til að koma í veg fyrir brottkast og minnkandi botnfiskveiðar vegna meðafla.

[16:02]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég hef aldrei verið í nokkrum vafa um það að mjög erfitt er að átta sig á því hversu mikið magn af fiski er í sjónum og ég hef alltaf verið efasemdamaður um það að fiskifræðingarnir hafi nákvæmar tölur um það jafnvel þótt þeir hafi á stundum komið á haustin og sagt okkur nokkuð nákvæmlega hversu veiðistofninn væri stór í hinni og þessari greininni. Ég hef kannski sagt það áður að okkur hefur nú ekki tekist að telja þannig svo tæmandi sé hreindýrin sem þó eru uppi á fastalandi. Við erum því vissulega í miklum erfiðleikum með að telja fiskana í sjónum.

Ég held að þessi ákvörðun hæstv. ráðherra muni ekki á neinn hátt skaða okkur hvað varðar fiskimiðin almennt. En hins vegar held ég að ákvörðunin dragi kannski fram með mjög skýrum hætti að þegar á þarf að halda og aðstæður eru þannig í samfélaginu, er hægt að taka stærri sneið af kökunni úr sjónum sem er sú auðlind sem við jafnan gerum út á. Hæstv. ráðherra hefur tekið þá ákvörðun nú að auka heimildir í nokkrum tilteknum tegundum sem hann nefndi hér.

Það sem er kannski sérstætt við þessa ákvörðun nú er e.t.v. sú röksemdafærsla sem notuð er. Vitaskuld átta sig allir á því að þetta er fyrst og fremst vegna þess að gengi krónunnar hefur styrkst gagnvart erlendri mynt og að kosningar eru í vor og af þeim sökum er þessi ákvörðun tekin.

En af því hæstv. ráðherra nefndi það áðan í umræðunni að hann byggði núorðið mikið á fiskifræði sjómannsins, sem hefur nú ekki átt mikið upp á pallborðið, þá væri kannski ágætt, virðulegi forseti, að hann upplýsti okkur um hvaða sjómaður þetta var sem hann talaði við.

[16:04]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég fagna ákvörðun hæstv. sjútvrh. um að auka aflaheimildir. Ég hlýt að fagna því að með þeirri ákvörðun skuli vera færðir um 2,5 milljarðar til viðbótar í íslenskt efnahagslíf. Það hlýtur að vera sérstakt fagnaðarefni í sjávarplássum og má líta á sem mótvægisaðgerðir gegn þeirri vá sem atvinnuleysið er.

Í máli hæstv. ráðherra hefur m.a. komið fram og eins hjá fulltrúum ráðuneytisins þegar þeir komu á fund hv. sjútvn. að fyrir þessari ákvörðun eru rök. Annars vegar er vísað til alþjóðasamninga þar sem við erum að tryggja hlutdeild okkar í svokölluðum flökkustofnum og hins vegar óvissuþættir. Þessi rök eru vissulega haldbær en hljóta líka að vekja upp ákveðnar spurningar. Í fyrsta lagi hljótum við að spyrja okkur hvort sambærileg rök út frá þeirri miklu óvissu sem er í þessum vísindum gildi þá ekki um aflaheimildir í þorski og hvort ekki sé ástæða til að líta vel yfir það.

Hins vegar vil ég nefna það sem hér hefur oft komið til umræðu og er kannski grundvallarþáttur í öllu sem heitir fiskveiðistjórn okkar, þ.e. fiskveiðiráðgjöfin, hvort ekki sé orðið tímabært að leggja verulega vinnu í að endurskoða þá stefnu sem verið hefur ríkjandi hjá okkur varðandi fiskveiðiráðgjöf. Hér hefur verið nefnd fiskifræði sjómannsins. Einnig má nefna fiskifræði annarra vísindamanna en þeirra sem starfa hjá Hafrannsóknastofnun, nöfn sem oft hafa verið nefnd hér í umræðunni, og gagnvart þessum tveimur þáttum höfum við síðan það sem má kalla skóla Hafrannsóknastofnunar. Það hlýtur að vera eðlilegt í ljósi þeirrar miklu óvissu að hvetja hæstv. ráðherra til þess að láta fara fram öfluga vinnu í þeim tilgangi að endurskoða þessa fiskveiðiráðgjöf og þann skóla sem hefur verið ríkjandi í þeim efnum á síðustu áratugum.

[16:07]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Fiskveiðar og fiskvinnsla eru einn af undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar. Um 50% af útflutningstekjum okkar koma frá þeim atvinnuvegi og byggðarlög vítt og breitt um landið byggja afkomu sína og öryggi á veiðum og fiskvinnslu. Þau eru allmörg byggðarlögin þar sem um helmingur vinnufærs fólks starfar að útgerð og fiskvinnslu. Því er afar mikilvægt að þannig sé haldið á málum af hálfu stjórnvalda að búin sé eins örugg og trygg umgjörð utan um þennan atvinnuveg og kostur er. Til þess höfum við veiði-

ráðgjöf, til þess höfum við Hafrannsóknastofnun og til þess höfum við líka stefnu af hálfu stjórnvalda í fiskveiðimálum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að auðlindir sjávar verði raunveruleg sameign þjóðarinnar, að einstökum byggðarlögum verði tryggður réttlátur skerfur veiðiheimilda og viðunandi öryggi, og að sjávarútvegurinn aðlagi sig markmiðum sjálfbærrar þróunar og vinni markvisst að því að bæta umgengni um náttúruna og lífríkið, þ.e. einstaka nytjastofna og vistkerfi. Sjávarútvegsstefnan verður að byggja á því að hún treysti byggð og efli atvinnu í landinu öllu ásamt því að stuðla að aukinni fullvinnslu framleiðslunnar og þar með aukinni verðmætasköpun og hámarksafrakstri auðlinda innan lands.

Virðulegi forseti. Mér fannst hæstv. ráðherra skauta ansi létt yfir þá gengisþróun sem blasir við og er nú hér. Gengið er orðið allt of óhagstætt þessum meginútflutningsatvinnuvegi þjóðarinnar. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra til hvaða aðgerða hann hyggist grípa verði þessi gengisþróun áfram á næstu mánuðum og missirum eins og nú er?

[16:09]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Ákvörðun um aflaheimildir er ávallt mikið álitamál og við höfum sannarlega þær ábendingar að vísindi hafrannsókna og fiskifræði eru ekki mjög nákvæm. Hefur oft verið bent á að nýjustu upplýsingar í þeim vísindum séu ávallt gamlar, enda starfað við sífelldar breytingar í hafinu sem gefur sífellt ný og breytileg skilyrði fyrir viðgang þeirra fiskstofna sem við nytjum.

Það er örugglega réttmætt að benda á að við höfum ekki alltaf nægilega vísindaleg rök fyrir ákvörðunum af þessu tagi, ekki heldur þó við tökum þær eingöngu einu sinni á ári eins og við gerðum um nokkurt árabil. Á þeim tíma, á þeim árum voru ávallt uppi ábendingar, klárar og sæmilega rökstuddar ábendingar t.d. sjómanna og vísindamanna utan Hafrannsóknastofnunar að ástæða væri til að endurskoða ákvörðun frá upphafi fiskveiðiárs. Staðreyndin er sú, herra forseti, að innan hvers heils árs verða miklar breytingar á ástandi og vaxtarhraða nytjastofna okkar. Þess vegna getur verið ástæða til og skipt máli að endurskoða ákvarðarnir um veiðiheimildir.

Sjómenn okkar öðlast gjarnan hraðar en hafrannsóknamenn vitneskju um fiskigöngur og um breytingar á lífsskilyrðum nytjastofnanna. Þó ekki væri nema þess vegna er ástæða til að hlustað sé grannt eftir reynslu þeirra. Mér þykir rétt að geta þess að hér er einmitt staddur sá sjútvrh. sem hefur mest leitað eftir því og meira en fyrirrennarar hans að draga fiskifræði sjómannsins eins og hún er kölluð inn í ákvarðanir áður en niðurstaða er fengin. Hann hefur unnið að því að reyna að skilgreina upplýsingar og vitneskju sjómanna og að hún komi fram með skipulegum hætti áður en ákvarðanir þarf að taka. Það er einfaldlega svo að hafrannsóknir okkar eru ekki svo gríðarlega umfangsmiklar að þær geti náð með tæmandi hætti yfir þá nytjastofna sem við stundum veiðar á.

[16:11]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. En mér fannst ansi merkilegt koma fram í ræðu hæstv. sjútvrh. þegar hann talaði um gamlar tölur og ég er sammála þeim hv. þm. sem hafa talað um það hér að ástæða sé til að velta fyrir sér verklagi, vinnureglum og vinnufyrirkomulagi Hafrannsóknastofnunar. Mjög margt bendir til þess að við komum of seint fram með aukningu á kvóta og of seint með niðurskurð á kvóta líka, þarna er því eitthvert jafnvægi sem þarf að hyggja betur að. En mesta áhyggjuefnið nú um stundir er að þrátt fyrir þessa kvótaaukningu og þar með 2% bata fyrir útveginn í heild sinni, þá eru þessar gríðarlega neikvæðu blikur á lofti hvað varðar þróun gengisins. Og samkvæmt þeim upplýsingu sem maður fær þegar maður fer vítt og breitt um landið eru sumir hlutar vinnslunnar þegar komnir í bullandi mínus og þar kvarta sárast þeir sem eru t.d. í rækjuvinnslu á aðkeyptu efni.

Menn fullyrða að hér verði um mjög mikla erfiðleika að ræða á allra næstu mánuðum og missirum og þetta eru hlutir sem verður að bregðast við og reyna að lagfæra með öllum þeim ráðum sem tiltæk eru á hinu háa Alþingi og hjá ríkisstjórninni.

Þvert á móti ef ekkert verður að gert miðað við nýjustu ákvarðanir um stóriðjuuppbyggingu og virkjunarframkvæmdir, þá er margt sem bendir til þess að staða útvegsins og vinnslunnar versni enn, jafnvel með hækkandi gengi og e.t.v. styrkingu krónunnar enn frekar. (Gripið fram í.) Hér er því um gríðarlegt hagsmunamál að ræða og það er m.a. þess vegna sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð kallaði eftir því í síðustu viku að mótvægisaðgerðir hæstv. ríkisstjórnar vegna fyrirhugaðra framkvæmda lægju fyrir.

[16:14]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Þingmenn Vinstri grænna virðast ekki hafa gert sér grein fyrir því að gerðar hafa verið breytingar á Seðlabankanum. Við erum nú með sjálfstæðan seðlabanka sem fer með gengismálin og það er markaðsgengi. Seðlabankinn hefur í afskiptum sínum af gengismálum það markmið að halda verðbólgunni innan ákveðinna marka. Seðlabankinn hefur það á valdsviði sínu að vinna að því að hafa áhrif á gengið ef það þjónar markmiðum um verðbólgu. Það er ekki ríkisstjórnarinnar sem slíkrar að gera það. Ég held að við munum sjá að ef gengið verður eins hátt áfram og það er í dag muni Seðlabankinn grípa til einhverra aðgerða. Þess vegna er algjörlega óþarfi fyrir hv. þm. Vinstri grænna, eins og hv. þm. Ögmund Jónasson, að vera hér með einhverja samsæriskenningar um gengismál og kvótahækkanir.

Hins vegar er ég svolítið hissa á ummælum þeirra hv. þm. Jóhanns Ársælssonar og Kristins H. Gunnarssonar sem gagnrýna þessar kvótahækkanir. Lífríkið bíður ekki eftir einhverjum dagsetningum. Stofnarnir geta stækkað innan ársins og það svo umtalsvert að það breytir fiskgengdinni og þar með reynist nauðsynlegt að breyta aflaheimildunum. En þetta hefur líka verið gert til þess að minnka kvóta eins og rækjuákvarðanir fyrri ára eru dæmi um. Og ég velti því fyrir mér: Voru þessir hv. þm. á móti því t.d. að ýsukvótinn væri aukinn fyrir rúmu ári? Það var ekki gert vegna ráðlegginga Hafrannsóknastofnunar eða fiskifræðinga. Það var gert vegna þess að verið var að taka tillit til fiskifræði sjómannsins í því sambandi. Voru þeir á móti því? Það er einkennilegt með þessa ágætu þingmenn að þegar vel gengur virðast þeir bara alls ekki sjá til sólar en hafa síðan allt á hornum sér þegar síður gengur.

Íslenskur ríkisborgararéttur, 2. umr.

Stjfrv., 242. mál (tvöfaldur ríkisborgararéttur). — Þskj. 246, nál. 867.

[16:16]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um frv. til laga um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt. Ég vil benda hv. þingheimi og forseta á þskj. 867.

Við fengum Rögnu Árnadóttur frá dómsmrn. á okkar fund þar sem við fórum mjög vel yfir þetta mál. Ég vil geta þess að það var mikil samstaða í nefndinni um að fara vel í gegnum málið og kom í ljós að það var líka eindregin skoðun allra nefndarmanna að afgreiða málið sem fyrst enda um gott mál að ræða, að mínu mati.

Með frv. er lagt til að íslenskum ríkisborgurum verði heimilað að halda íslensku ríkisfangi þótt þeir öðlist ríkisborgararétt í öðru ríki. Hér er því lagt til að tvöfaldur ríkisborgararéttur verði heimilaður. Samkvæmt núgildandi lögum missir sá íslenskt ríkisfang sitt sem hlýtur erlent ríkisfang samkvæmt eigin umsókn eða skýlausu samþykki, eða með því að ganga í opinbera þjónustu í öðru ríki.

Ákvæði laganna um missi ríkisborgararéttar eru í samræmi við þau ríkisborgararéttarlög sem í gildi hafa verið á Norðurlöndunum frá því á fyrri hluta síðustu aldar. Ekki hefur farið fram sameiginleg norræn endurskoðun á lögunum, en ný ríkisborgararéttarlög tóku gildi í Svíþjóð 1. júní 2001. Helsta breyting þeirra er sú að Svíar heimila nú tvöfaldan ríkisborgararétt. Endurskoðun á lögunum er hafin í Noregi og Finnlandi en ekki í Danmörku.

Ástæður framangreindra breytinga eru þær helstar að íslensk stjórnvöld hafa orðið vör við óánægju íslenskra borgara með að missa íslenska borgararéttinn þegar þeir hafa fengið erlendan borgararétt. En það vill svo til, herra forseti, að til að njóta ákveðinna réttinda í sumum löndum, bæði í Evrópu og annars staðar, þurfa viðkomandi einstaklingar að hafa þarlendan ríkisborgararétt, ætli þeir að dvelja til lengri tíma í viðkomandi landi. Finnst því Íslendingum oft súrt í broti að missa íslenskan ríkisborgararétt sinn sem oft á tíðum er þeim mjög kær.

Einnig má benda á að þegar erlendir ríkisborgarar hafa fengið íslenskan ríkisborgararétt höfum við Íslendingar ekki gengið mjög hart eftir því að þeir hinir sömu afsali sér hinum fyrri ríkisborgararétti þannig að í raun hafa margir þennan tvöfalda ríkisborgararétt.

Þess ber að geta að eitt meginsjónarmiðið við að heimila ekki tvöfaldan ríkisborgararétt er að koma í veg fyrir að maður geti haft herskyldu í tveimur ríkjum. Slíkt á hins vegar ekki við hér á landi.

Við í nefndinni leggjum til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Námsstyrkir, 1. umr.

Stjfrv., 446. mál (heildarlög). — Þskj. 629.

[16:20]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um námsstyrki.

Eitt af þeim markmiðum sem sett voru fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í maí 1999 var að tryggja öllum jöfn tækifæri til náms án tillits til búsetu eða efnahags. Í samræmi við þá markmiðssetningu var í menntmrn. sett í gang vinna sl. vor við endurskoðun núgildandi laga nr. 23/1989, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

Við endurskoðun laganna fór fram skoðun á eldri löggjöf um sama efni svo og skoðun á sambærilegum reglum í nágrannalöndunum.

Markmiðið með endurskoðun laga nr. 23/1989, og um leið með frv. þessu, er að stuðla að því að tryggja öllum jöfn tækifæri til náms án tillits til búsetu eða efnahags. Önnur markmið, sem einnig voru höfð í huga við samningu frumvarpsins, voru í fyrsta lagi að gera það regluverk, sem fram kemur annars vegar í lögum nr. 23/1989 og hins vegar í gildandi reglugerð nr. 576/2002, um jöfnun námskostnaðar, sem sett hefur verið á grundvelli þeirra, sem aðgengilegast fyrir almenning, í öðru lagi að tryggja betur að þær reglur sem byggt hefur verið á í framkvæmd hafi skýra lagastoð og í þriðja lagi að reglur um úthlutun námsstyrkja leiði til þess að úthlutun styrkjanna verði allt í senn einföld, hraðvirk og ódýr.

Í almennum athugasemdum þessa frv. kemur fram að núgildandi lög, nr. 23/1989, séu að grunni til byggð á eldri lögum, nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

Af fenginni reynslu er nauðsynlegt að ganga nú lengra við endurskoðun núgildandi laga og eru margvíslegar ástæður sem valda því. Ég hef þegar nefnt að þær reglur sem byggt hefur verið á í framkvæmd þurfi skýrari lagastoð.

Almennt orðalag gildandi laga hefur kallað á nánari útfærslu í reglugerðum, en slíkar reglugerðarsetningar hafa verið nokkuð tíðar á undanförnum árum. Þeim hefur verið ætlað að auðvelda námsstyrkjanefnd að meta umsóknir og jafnframt að skilgreina úthlutunarreglur nákvæmar en gert er í gildandi lögum þannig að þær yrðu aðgengilegri fyrir almenning. Þetta verk hefur verið vandasamt og jafnvel hefur komið til þess að umboðsmaður Alþingis hafi í áliti á síðasta ári talið að regla sem kvað á um misháa styrki eftir því hvar nemendur væru búsettir á landinu, ætti sér ekki stoð í gildandi lögum.

Í annan stað hefur námsframboð hér á landi stóraukist á undanförnum árum og kallar það einnig á þörf á endurskoðun með hliðsjón af breyttum aðstæðum.

Að síðustu hafa samgöngubætur orðið miklar hér á landi frá því núgildandi lög tóku gildi á árinu 1989, sem hefur leitt til þess að auðveldara er í einstökum landshlutum að sækja nám um langan veg. Af þeim sökum kalla breyttar aðstæður í samgöngumálum að nokkru á breyttar reglur um námsstyrki til jöfnunar á námskostnaði.

Helstu efnislegu breytingarnar sem er að finna í þessu frumvarpi eru að öðru leyti eftirfarandi:

Skilgreining á einstaklingum sem njóta námsstyrkja er rýmkuð og látin ná til erlendra ríkisborgara. Þannig er tekið tillit til réttar þeirra sem grundvallast á alþjóðlegum skuldbindingum.

Í frumvarpinu eru einstök hugtök sem í því birtast skilgreind í IV. kafla, almennum athugasemdum. Fela skilgreiningarnar í sér rýmkun frá því sem lagt var til grundvallar við framkvæmd eldri laga. Veigamesta breytingin er á skilgreiningu hugtaksins „fjölskylda“.

Í frumvarpinu eru teknar upp reglur sem áður var að finna í reglugerðum sem settar voru á grundvelli eldri laga. Með þeim hætti er tryggt að einstök skilyrði, sem áður var að finna í reglugerðum settum á grundvelli laganna, hafi ótvíræða lagastoð. Það ákvæði sem hér er veigamest er hin svokallaða „30 km regla".

Málsmeðferð samkvæmt lögunum er breytt þannig að allir tímafrestir verða styttri en verið hefur. Ástæðan fyrir þessari málsmeðferð er sú að nemendum er nauðsynlegt að fá endanlega ákvörðun varðandi umsóknir sínar á sem stystum tíma.

Um einstakar greinar frv. bendi ég á að í 1. gr. er markmiðum þess lýst með almennum hætti, en ákvæðið er samhljóða 1. gr. núgildandi laga nr. 23/1989.

Í 2. gr. frv. eru talin upp þau almennu skilyrði sem umsækjandi um námsstyrk þarf að fullnægja svo hann fái úthlutað námsstyrk. Ákvæðið er að mestu leyti samhljóða 2. gr. gildandi laga en þó er um tvenns konar breytingar að ræða: Annars vegar nær ákvæðið samkvæmt frumvarpinu jafnt til íslenskra sem erlendra ríkisborgara sem eiga rétt til námsstyrks samkvæmt samningi íslenska ríkisins við önnur ríki eins og ég gat um áðan. Hér er einkum litið til skuldbindinga sem byggjast á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Hins vegar er í ákvæðinu það skilyrði að nemandi verði að dveljast fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins til að eiga rétt til námsstyrks. Þetta skilyrði er einnig í 2. gr. núgilandi laga nr. 23/1989 og hefur verið litið svo á að með „fjölskyldu" í þessu sambandi sé eingöngu átt við foreldra. Þannig hefur það verið skilgreint í reglugerð.

Í IV. kafla almennra athugasemda í frv. þessu er hugtakið „fjölskylda" skilgreint sérstaklega og mun rýmra en áður. Ástæðan fyrir þessari breytingu er að fjölskylduaðstæður hafa á undanförnum árum breyst. Þannig búa nemendur oft fjarri foreldrum sínum og auk þess hefur sú þróun orðið að nemendur búa fjarri fjölskyldu sinni, nánar tiltekið maka sínum og börnum. Að auki hefur það leitt til vandræða í framkvæmd að setja það sem skilyrði að nemandi hafi sama lögheimili og foreldrar eftir að lögræðisaldri er náð, nú við 18 ára aldur eins og lögræðislög kveða á um. Skilgreining á „fjölskyldu" í almennum athugasemdum þessa frv. tekur því mið af því að óeðlilegt sé að setja það skilyrði að einstaklingur hafi sama lögheimili og foreldrar hans eftir að lögræðisaldri er náð.

Í 3. gr. frv. er lagt til að námsstyrkir verði flokkaðir með nokkuð öðrum hætti en gert er í núgildandi lögum. Meginflokkarnir eru þeir sömu og meginmarkmið hvers styrks er það sama. Breytingin felst aðallega í því að hér eru styrkirnir flokkaðir á svipaðan hátt og gert er í núgildandi reglugerð nr. 576/2002, jafnframt því sem hin sérstöku skilyrði sem umsækjendur þurfa að uppfylla eru skilgreind nákvæmar en gert hefur verið áður. Hið sama má segja um viðmið sem nota skal við útreikning hvers styrks. Í núgildandi lögum eru skilgreiningar ekki eins skýrar og þar verður að lesa saman 2. gr. og 5. gr. til að fá nákvæma mynd af styrkjakerfinu. Hér er lagt til að ákvæði þessara greina verði sameinuð. Meginmarkmiðið er að gera reglurnar aðgengilegri og veita þeim úthlutunarreglum sem að meginstefnu hefur verið fylgt lagastoð.

Þá vek ég sérstaklega athygli á því að í 3. gr. er lagt til að lögfest verði svokölluð „30 km regla" sem er sérstök fjarlægðarregla sem stuðst hefur verið í framkvæmd og verið hefur í reglugerð án ótvíræðrar lagastoðar. 30 km reglan felur í sér að umsækjendur þurfa að vista sig a.m.k. 30 km frá lögheimili vegna námsins til að eiga rétt á dvalarstyrk. Til að tryggja að jafnræðis sé gætt er jafnframt lagt til að námsstyrkjanefndin hafi heimild til að veita dvalarstyrk þó svo að fjarlægðin sé styttri en 30 km ef samgöngur til og frá skóla eru nemanda sérstaklega erfiðar með tilliti til veðráttu, ástands vega og almenningssamgangna.

Segja má að 30 km reglan feli í sér mismunun sem telja verður réttlætanlega að teknu tilliti til þess að ákvæðinu er ætlað að jafna þann fjárhagslega aðstöðumun sem felst annars vegar í efnaleysi nemenda og hins vegar í búsetu nemenda sem rekja má til landfræðilegra þátta.

Herra forseti. Ég hef hér rakið efni frv. í meginatriðum en sé ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um einstakar greinar þess, heldur vísa ég til frumvarpsins sjálfs og eftir atvikum til umfjöllunar í athugasemdum þess.

Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. menntmn. og 2. umr.

[16:29]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra er hér fyrst og fremst verið að lögfesta ýmislegt sem áður hefur verið í reglugerð. Ekki er annað að sjá við yfirlestur á frv. en að flest sé þar til bóta og einföldunar og geri starf þeirrar nefndar sem sér um úthlutanir auðveldara.

Nokkur atriði eru hins vegar eðli málsins samkvæmt umdeilanleg a.m.k. og þar vísa ég náttúrlega fyrst og fremst til hinnar svokölluðu 30 km reglu. Það er auðvitað erfitt að setja slíkt viðmið inn í lagatextann en það er verið að reyna að bjarga því fyrir horn með viðbótargreinum, þannig að heimilt sé að veita dvalarstyrk þótt fjarlægð sé styttri ef aðstæður eru svo sem nánar er skilgreint í textanum. Það er auðvitað ljóst að aðstæður eru svo misjafnar að það væri ógjörningur að miða eingöngu við slíka reglu. Þess vegna fagna ég því ákvæði sem fylgir lagagreininni og vonast til að þar komi ekki upp vandræði við skilgreiningar. Auðvitað verður það nefndarinnar sem fer með úthlutunina að meta það.

Það er þó annar liður í 3. gr. sem er spurning hvort þyrfti að skilgreina nánar, þ.e. skólaaksturstyrkurinn. Í frumvarpstextanum segir, með leyfi forseta:

„Skilyrði skólaaksturstyrks er að nemandi verði að sækja skóla fjarri fjölskyldu sinni og eigi ekki rétt á dvalarstyrk."

Málið er nokkuð skýrt með dvalarstyrkinn, með þeim fyrirvara sem ég talaði áðan um varðandi 30 km regluna. Hins vegar er engin skilgreining á því hvað felst í orðunum „fjarri fjölskyldu sinni". Það er atriði sem við þurfum að fara betur yfir í menntmn., hvort ástæða sé til að gera textann skýrari eða skoða út frá ýmsum landfræðilegum dæmum hvað þarna er átt við. Það er t.d. ljóst að það er mjög misjafnlega langt í framhaldsskóla þó svo að framhaldsskóli sé í heimasveitarfélagi nemanda. Á undanförnum árum hafa sveitarfélög verið að sameinast og víða þannig ástatt um að það er býsna langt milli enda ef við getum orðað það svo. Við getum tekið Ísafjörð sem dæmi, sem er auðvitað töluvert langt frá ýmsum þéttbýliskjörnum innan sveitarfélagsins. Sama er að segja um Fjarðabyggð. Við eigum svona dæmi sem þarf auðvitað að fara yfir og kanna hvort ástæða sé til að setja nánari skilgreiningar um í textann eða setja í nefndarálit þannig að það mætti leysa með reglugerðarákvæði.

Hitt er ljóst og skiptir kannski ekki síður máli en það er sú heildarfjárhæð sem er veitt í þessu markmiði, að jafna

aðstæður fólks hvað þetta varðar. Eins og segir í 4. gr. er það ákveðið á fjárlögum hvers árs. Fjárveitingin hefur hækkað nokkuð undanfarin ár en betur má ef duga skal eigi að ná til fullnustu þeim markmiðum sem sett eru með þessu lagafrumvarpi.

Það er hins vegar athyglisvert, og væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra gæti upplýst okkur nánar um það síðar í umræðunni, sem segir í umsögn fjármálaráðuneytisins:

„Að mati bæði fjármálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis hefur frumvarpið í för með sér óverulega breytingu á útgjöldum ríkissjóðs."

Þetta þýðir væntanlega að sú útvíkkun sem hér á sér stað, þ.e. varðandi erlenda ríkisborgara, nær aðeins til örfárra aðila. Ég skil það þannig, komi ekki við því aðrar skýringar, að önnur útvíkkun í þessu lagafrv. sé í raun sáralítil ef nokkur. Það virðist, eins og hæstv. ráðherra sagði, fyrst og fremst verið að lögfesta ákveðna þætti úr þeirri reglugerð sem menn hafa farið eftir undanfarin ár. Þetta muni því ekki sjálfkrafa þýða aukin útgjöld. Ef menn ætla hins vegar að tryggja jafnræðið sem allra best er augljóst að við gerð næstu fjárlaga verður að hækka upphæðina, ef við ætlum ná meiri jöfnuði eins og sumir telja þurfa.

Herra forseti. Ég held að það sé ljóst að menntmn. þarf ekki ýkja langan tíma til að fara yfir þetta frv. Það er einstaka ákvæði sem þarf að skoða. Ég trúi því að það náist að afgreiða það fyrir þinglok þannig að þessi lög megi öðlast gildi, eins og segir í 9. gr., þann 1. júlí 2003.

[16:34]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. síðasta ræðumanni, Einari Má Sigurðarsyni, fyrir að hafa tekið vel undir þetta mál. Ég held að athugasemdir hans kalli ekki á mikil viðbrögð af minni hálfu. Það er rétt hjá honum að 30 km reglan er staðfest með þessu frv. Það reyndist hins vegar vera talsverður ósveigjanleiki í því hvernig farið var með þá reglu og ljóst jafnvel að það verður að setja einhver mörk þó að þau séu alltaf umdeilanleg. Sú leið hefur verið farin í þessu frv. að staðfesta mörkin við 30 km en búa jafnframt til sveigjanleika til að taka tillit til aðstæðna. Aðstæður voru jú þannig að framhaldsskólanemendur sem bjuggu í sama héraði og fóru sama fjallveg til skóla fengu mismunandi fyrirgreiðslu og verður að teljast að það hafi mismunað nemendum á þann hátt sem ekki er hægt að sætta sig við. Gerð er tilraun til þess að koma til móts við þá vankanta og ég held að þeir séu sniðnir af með þessu. Það fer a.m.k. ekki á milli mála hver tilgangurinn er hér, og þar sem skýringar þær sem hér eru settar fram eru hluti af lögskýringargögnum er alveg ljóst í mínum huga að það er gert hér til þess að koma í veg fyrir slíkan ósveigjanleika.

Ég ætla aðeins að geta þess einnig að það er sjálfsagt að hv. menntmn. skoði sérstaklega þetta með skólaakstursstyrkina. Ég tel að hún geti gert það með þeim hætti að færa hugsanlega til betri vegar, ef svo er. Það er einnig rétt að með þessu frv. er verið að sníða af vankanta sem hafa verið á málinu, en ekki er verið að tala um útgjaldarammann í heild.

[16:36]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hefur fylgt hér úr hlaði nýju frv. til laga um námsstyrki eins og það heitir. Út af fyrir sig tek ég undir og fagna því að það skuli koma hér fram og er að meginhluta sammála því sem hér er sett niður. Það er rétt að ítreka að ég er mikill áhugamaður um jöfnun námskostnaðar eða jöfnun aðstöðu milli landsbyggðarbúa og höfuðborgarbúa, þ.e. þeirra sem búa við þann ágæta kost að í þeirra sveitarfélagi er starfræktur framhaldsskóli sem ríkissjóður byggir og rekur. Ég tek undir það með hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni, öðrum fulltrúa Samfylkingarinnar í menntmn. sem hér kom fram, að mér sýnist ekki mikill ágreiningur um þetta frv. Þó eru nokkur atriði sem vert er að ræða um hér á hinu háa Alþingi og athuga hvort ekki gæti skapast fullkomin sátt um frv. Þetta er kannski ekki stórkostlegur munur, en þó eilítill.

Kannski vildi ég koma fyrst að því sem hér stendur í undirfyrirsögn með þessu frv. til laga. Þetta er sem sagt frv. til laga um námsstyrki. Og það er það, herra forseti, sem ég geri smáathugasemd við og vil nefna hér og vænti þess að hæstv. menntmrh. athugi það atriði og leyfi okkur kannski að heyra álit sitt á því hér á eftir. Mér finnst, herra forseti, að hér ætti frekar að standa „frumvarp til laga um jöfnun á aðstöðu til að sækja sér nám — jöfnunaraðgerðir". Mér finnst að hugleiða ætti hvort þetta styrkjanafn ætti ekki að fara með öllu út úr þessu frv.

Mér finnst, herra forseti, ekki að þeir sem fá þetta peningaframlag frá ríkissjóði til að jafna aðstöðu sína gagnvart öðrum þegnum þessa lands njóti neinna styrkja. Þeir eru eingöngu að fá framlag til þess að jafna útgjaldamun á milli fjölskyldna sem senda unglinga sína til framhaldsnáms. Mér finnst þetta verulega mikið atriði. Ég stoppa við þetta orð, „styrki". Hér áður fyrr var þetta orð mikið notað um framlög frá ríki eða bæjum til þess að jafna aðstöðu fólks, eða jafna aðstöðumun skulum við segja, en ég held að við eigum að hugleiða það alvarlega núna að taka þetta orð út og finna okkur betra orð sem segir í raun og veru það sama og frv. gerir, þ.e. að jafna aðstöðu fólks.

Herra forseti. Aðeins um vöruverð. Hér í dag hefur svolítið verið rætt um Landssímann. Hann er sem betur fer með sama verð á þjónustu sinni um allt land, og mér vitanlega hefur ekki verið talað um það eins og styrkur væri veittur frá Símanum til þess að hafa eina gjaldskrá. Áður en henni var breytt var hún, eins og við munum, þannig að landsbyggðarbúar greiddu hærra verð fyrir að tala í símann en höfuðborgarbúar. Það er reyndar ákaflega fyndið að hugsa til þess að þetta skuli einhvern tímann hafa verið þannig, en þannig var það samt. Mjólk er höfð á jöfnunarverði vítt og breitt um landið, og aðrar vörutegundir líka, reyndar allt of fáar því miður, og þar er yfirleitt talað um að þetta sé á jafnaðarverði, verð sé jafnað út, enda getum við sagt að orðið „jöfnunarverð" sé notað þegar fast verð er sett á vöru til jöfnunar á misgóðum markaðsskilyrðum, eins og segir í orðabók. Má því ekki segja sem svo að frv. til laga um jöfnun á námskostnaði sé betra orðalag til þess að jafna mun á misgóðum aðstæðum til þess að sækja sér nám? Þetta vildi ég, herra forseti, setja hér inn og vænti þess að heyra frá hæstv. menntmrh. álit hans á því hvort við ættum ekki að skoða það alvarlega að taka þetta orð út og setja nýtt orð inn í staðinn.

Í öðru lagi kemur fram í 2. gr. að frv. nær líka til erlendra ríkisborgara. Það er nýtt og tengist samningum okkar um Evrópska efnahagssvæðið og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum sem er auðvitað gott og góðra gjalda vert. Ef Íslendingar búsettir erlendis njóta slíkrar jöfnunar í námskostnaði eins og við erum hér að ræða um eigum við að

sjálfsögðu að veita hana öðrum. En þetta vekur upp spurningu, herra forseti, og ég vil því spyrja hæstv. menntmrh.: Hvað er talið að þeim aðilum muni fjölga mikið sem munu njóta þessara jöfnunaraðgerða við þá breytingu sem um er að ræða?

Í 3. mgr. 2. gr. er hins vegar talað um það hlutverk sem þessi sjóður hefur líka, þ.e. að veita efnalitlum nemendum framlag til þess að stunda nám. Þetta er gott og göfugt hlutverk. Mjög svo. Við teljum okkur búa í þjóðfélagi jafnréttis og að efnahagur foreldra eigi ekki að ráða því hvort viðkomandi unglingar geta sótt sér nám eða ekki. Það er göfugt markmið og þarna er talað um að veita framlag í þessum erindum. En svo segir líka, með leyfi forseta:

„Eigi skulu þeir njóta styrks sem eiga rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna eða njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu."

Herra forseti. Þegar nefndur er Lánasjóður íslenskra námsmanna sem lánar námsmönnum sem komnir eru upp úr framhaldsskóla peninga til þess að stunda nám — og það er mjög gott — á vöxtum sem eru ekki markaðsvextir, sem betur fer, heldur er lánið í raun og veru greitt niður að hluta erum við samt ekki að tala um að Lánasjóður íslenskra námsmanna styrki námsmenn. Þetta er lán veitt á lágum vöxtum til þess að fjárfesta, skulum við segja, fyrir framtíðina. Þetta er mikið atriði.

Í 3. gr., herra forseti, er fjallað um þetta fjárframlag, eins og þarna segir:

„Námsstyrkir samkvæmt lögum þessum eru:"

Og svo eru taldir upp dvalarstyrkir, ferðastyrkir, fæðisstyrkir og húsnæðisstyrkir. Ég vona að menn átti sig á að þarna er alls staðar verið að tala um þessa styrki enn þá og það er fjallað um að það sé skilyrði fyrir dvalarstyrknum að nemandi visti sig í a.m.k. 30 km fjarlægð frá lögheimili.

Herra forseti. Á síðasta ári gerði ég að umræðuefni hér á Alþingi þann mismun sem var í þessu kerfi og tók dæmi sem lagt var fram í fyrirspurn sem hér var flutt. Að vísu flutti ég ekki þá fyrirspurn vegna þess að ég var þá erlendis en varamaður minn, hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir, fylgdi henni eftir. Ég veit til þess, og það er sem betur fer, að í framhaldi af því var reglugerð breytt.

Herra forseti. Hérna er ég að tala um að það gat gerst að nemendur sem komu frá sveitabæjum í 31 km fjarlægð frá skóla fengu fullan „styrk", fengu fulla námsjöfnun, eða 88.000 kr. Hins vegar gat það gerst að ef bær var í 27 km fjarlægð frá viðkomandi skóla eða t.d. í 21 km fjarlægð þá datt þessi ferðastyrkur niður og þar voru ekki greiddar nema 55.000 kr. Þessu hefur hins vegar verið breytt með reglugerð og auðvitað er það hárrétt ákvörðun að gera það þó svo að þarna hafi verið tekið tillit til, eins og segir einhvers staðar, að farið var um erfiðan fjallveg eða yfir heiði, og eins og hér er fjallað um, almenningssamgöngur ekki til staðar.

Svo get ég tekið annað dæmi. Þetta hefur ekki verið leiðrétt meira en svo að nefndin sem fjallar um þessi atriði hefur ekki fallist á ósk frá fólki sem býr í minna en 30 km fjarlægð, 20–25 km vegna þess að þar er ekki yfir heiði að fara. Þetta er væntanlega bara beinn og breiður vegur en ekki heiði að klöngrast yfir þar sem, eins og við hæstv. menntmrh. þekkjum, veður geta oft verið válynd og oft getur verið erfitt að fara yfir og maður kemst ekki allra ferða sinna. Þarna er munur á. En það kemur fram að ekki eru almenningssamgöngur í þessari sveit. Því spyr ég hæstv. menntmrh. út í það: Mundi hann telja að námsstyrkjanefnd ætti að taka á þessu atriði og setja undanþágu í þessu tilviki sem varir kannski í fjögur ár eða á að láta það eiga sig af því að ekki er um heiði að fara? Hver á skilgreiningin og munurinn að vera þarna á milli?

Herra forseti. Mér finnst að það eigi að taka á þessum þáttum og í þessum tilfellum má ekki skipta máli hvort um fjallveg er að ræða eða ekki. Við skulum líka hafa það í huga að jafnvel þó viðkomandi býli sé ekki nema í 20–25 km fjarlægð frá frá skóla þá getur það líka verið félagslegt réttlætismál að viðkomandi nemandi geti stundað nám í framhaldsskólanum og verið á heimavist á virkum dögum alveg eins og jafnaldrar og félagar úr viðkomandi sveit þó það muni 4–5 km þarna á milli. Þetta er mikið atriði og mikið réttlætismál finnst mér og þess vegna stoppa ég aðeins við það að þetta skuli vera sett svona niður þarna.

Ef til vill er hægt að segja sem svo að námsstyrkjanefnd geti litið til þess sem stendur í 1. tölul. 3. gr., þ.e. vegna skorts á almenningssamgöngum. Þær eru ekki þekktar mjög mikið út um land og þess vegna ætti að vera hægt að fallast á þetta. En mér vitanlega hefur ekki verið fallist á þetta tiltekna atriði sem ég er hér að ræða um. Það segir manni kannski að ástæða væri til þess að skoða þetta frekar. Það er nú ekki alltaf þannig og það á kannski ekki alltaf að vera þannig fyrir íbúa þessa lands jafnvel þó einhverjir kílómetrar skipti máli þarna frá heimili til framhaldsskóla, þ.e. að það eigi að gera það að verkum að viðkomandi þurfi að reka mál sín fyrir nefnd þeirri sem hér er fjallað um og heitir námsstyrkjanefnd.

Herra forseti. Þetta eru helstu atriðin sem ég vildi nefna í þessu annars ágæta frv. sem ég ætla að segja að sé, vegna þess að meginmarkmið þess er göfugt og gott. Síðan getum við deilt um það eða haft skiptar skoðanir á því, eins og ég gerði að umtalsefni, hvort hér er verið að veita styrk eða að ríkissjóður að veita peninga til þess að jafna aðstöðumun fólks. Það finnst mér dálítið mikið atriði. Svo getum við líka haft skoðanir á því hvað á að veita mikið fé til þess arna.

Ég hef áður sagt að eitt af því fáa sem hæstv. ríkisstjórn hefur staðið við af tillögum svokallaðrar byggðanefndar forsrh. sem skipuð var á síðasta kjörtímabili, er það að auka fjárframlög til jöfnunar námskostnaðar. Það hef ég sagt áður í þessum ræðustól, herra forseti, og vil láta það koma fram aftur. En ég get líka sagt það að ég hef þá skoðun að þessi upphæð eigi samt sem áður að vera hærri vegna þess að kostnaðurinn er að vaxa og þeim sem fá úr þessum jöfnunarsjóði er að fjölga. Því kemur kannski minna í hlut hvers og eins. En þetta er mikið atriði.

Síðan vil ég aðeins geta um eitt smáatriði í viðbót, herra forseti, vegna þess að hér er fjallað um það hvernig nemendur eigi að sækja um þetta fjárframlag til jöfnunar á námskostnaði, þ.e. á netinu. Ég þekki of mörg dæmi þar sem eitthvað hefur gerst í þessum málum hjá nemendum í dag og þeir hafa jafnvel staðið í þeirri meiningu að umsókn um jöfnunarframlag á síðasta ári mundi gilda meðan þeir eru áfram í skóla. En svo er ekki. Ég veit til þess að nokkrir nemendur og foreldrar eru að reka málefni sín eða erindi fyrir námsstyrkjanefnd um að fá námsstyrkjanefnd til að opna fyrir það að umsóknir sem ekki komu á réttum tíma út af alls konar misskilningi, m.a. þessum, verði teknar gildar. Ég veit ekki um niðurstöðu þeirra mála en mundi kannski vilja spyrja hæstv. menntmrh. hér í lokin af því ég hef sett fram nokkrar spurningar og efast ekki um að hann muni svara þeim, þ.e. hvort hæstv. ráðherra mundi ekki vilja beita sér fyrir því að menn horfðu aðeins

í gegnum fingur sér hvað þetta varðar svona fyrstu árin meðan kerfið er að þróast og á meðan nemendur eru að átta sig á því að það kemur ekki lengur umsóknareyðublað frá kennaranum í einhvern ákveðinn tíma þar sem fyrstu fimm eða tíu mínúturnar af viðkomandi kennslustund eru teknar til þess að fylla út viðkomandi umsókn. Ég þekki þess dæmi, með öðrum orðum, herra forseti, að þetta hefur fallið niður hjá nemendum út af alls konar misskilningi og mér finnst ekki rétt meðan við erum að þróa þetta kerfi að viðkomandi nemendur fái ekki styrk vegna haustannar sem liðin er og nemendur eru væntanlega að fá þessa úthlutun núna í lokin.

Herra forseti. Vegna þess að ég á eina eða tvær mínútur eftir þá ætla ég bara rétt í lokin að segja að ég hafði reyndar þá skoðun þegar ég sat í umræddri byggðanefnd forsrh. að þeir foreldrar sem senda unglinga sína í framhaldsskóla fjarri heimabyggð ættu að geta gert það um leið og þeir fylla út sína skattskýrslu. Síðan ætti að koma vottorð frá viðkomandi skóla um að viðkomandi einstaklingur hafi stundað nám og lokið námi á viðkomandi önn í sínum skóla. Þannig ætti jöfnun námskostnaðar að koma fram í gegn. Ekki var hins vegar fallist á það.

Ég nefndi máli mínu til stuðnings að á þessum árum var mjög í tísku að kaupa hlutabréf í hinum og þessum fyrirtækjum landsins sem voru skráð á Verðbréfaþingi. Menn settu þetta niður á skattaskýrsluna þegar hún var fyllt út. Fyrir þessu kom svo einhver kvittun frá viðkomandi hlutafélagi um að viðkomandi hefði sannarlega keypt þetta hlutafé í þessu skráða hlutafélagi og nyti þar af leiðandi skattafsláttar frá ríkissjóði við álagningu skatta og 1. ágúst kom leiðréttingin þegar búið var að leggja á hjá öllum. Þetta er að mínu mati miklu einfaldari leið en sú sem farin er í dag. Námsjöfnunarkostnaður hefði svo verið greiddur viðkomandi skóla en ekki farið fyrst út frá foreldrum eða nemendum inn í þetta apparat sem er svo afgreitt dálítið seinna. En því miður var ekki fallist á tillögu mína.

Herra forseti. Ég ítreka í lokin að ég lýsi yfir fyllsta stuðningi við meginmarkmið frv. þó um smávægilegan áherslumun sé að ræða.

[16:55]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 567. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 918.

Úthlutun Byggðastofnunar og ráðherra á aflaheimildum, 466. mál, svar sjútvrh., þskj. 915.

[16:55]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni L. Möller fyrir að taka vel undir þetta mál sem ég held að sé jákvætt mál og réttlætismál.

Að því er varðar fyrirspurnir hans þá lutu þær m.a. að nafngift frv. Mér er sú nafngift ekki föst í hendi. Hins vegar verð ég að taka það fram sérstaklega að ég lít ekki svo á að frv. til laga um námsstyrki sé á nokkurn hátt neikvætt hugtak. Það er engin minnkun fólgin í því, og hefur aldrei verið í mínum huga, að taka við styrkjum, síst af öllu við námsstyrkjum. Það er viðurkennt að aðstaða manna til náms er mismunandi og þá er styrkjum beitt til þess að jafna þessa aðstöðu. Ég held að það sé í besta lagi að horfast í augu við að nauðsynlegt sé að styrkja menn til þess að jafna stöðu þeirra til náms og þess vegna finnst mér það hugtak ekki fela í sér á nokkurn hátt neikvæða hugsun. Vera kann að að þetta viðhorf til hugtaksins styrkir hafi verið í gangi. En mér finnst að það hafi vikið ef eitthvað er.

Hér er spurt um ákvæðið um erlenda ríkisborgara, þ.e. hversu margir þeir væru. Ég hef því miður ekki upplýsingar um það. Ég hygg að það muni ekki valda miklum breytingum á útstreymi úr þessum fjárlagalið, en eflaust getur nefndin kallað eftir nákvæmari upplýsingum um þetta en þær sem ég hef hér.

Þessar breytingar leiða að hluta til til þess að fleiri gætu átt rétt á námsstyrk. En að öðru leyti er þetta til einföldunar. Þannig er t.d. svæðisskiptingin einfölduð, svo það getur leitt til einföldunar þar á móti.

Annað vil ég taka fram. Hv. þm. orðaði það svo að reglugerð hefði verið breytt í framhaldi af fyrirspurn hans. Auðvitað er fyrirspurnin allra góðra gjalda verð. En svo vildi til að þegar ég kom í menntmrn. 2. mars á liðnu ári lágu fyrir nokkur vandamál sem þurfti að leysa í þessu sambandi og þá gaf ég strax fyrirmæli um að þessi reglugerð yrði endurskoðuð. Þegar þeirri endurskoðun lauk var reglugerðinni breytt og nú er verið að stíga frekara skref til að tryggja þessi mál með lagabreytingum.

Að því er varðar frestina — það var nú ein spurningin enn sem kom fram hjá hv. þm. — þá held ég að afar brýnt sé að menn hafi skýr ákvæði um fresti og víki ekki frá þeim. Á sama hátt og sjálfsagt er að taka tillit til breyttra aðstæðna eins og í þessari 30 km reglu þá held ég líka að sjálfsagt sé að gera þær kröfur til þeirra sem geta notið þessara styrkja að þeir setji sig vel inn í málin, séu upplýstir um þau og að þeir virði fresti vegna þess að ef frestirnir eru ekki virtir þá eru fljót að koma fram álitamál um hvers konar afsakanir eigi að virða og hverjar ekki. Ég lít því svo á að það sé ekki hagsmunamál sem mér finnst að menn ættu að beita sér mikið fyrir.

Þrjátíu kílómetra reglan frá heimili er þannig að við stöndum frammi fyrir því að einhvers staðar þarf að setja þessi mörk. Þau verða alltaf álitaefni eins og ég sagði í fyrri ræðu minni. Þess vegna er mikilvægt að menn taki tillit til aðstæðna, skorts á almenningssamgöngum þar á meðal. En ég tel eðlilegt að nefndin sem um þetta fjallar fari með þessa heimild og skoði þau mál sem upp koma. Það er óeðlilegt að sá sem hér stendur sem ráðherra sé að vinna þetta verk fyrir nefndina. Hins vegar er ljóst í tengslum við reynsluna sem af þessu hefur verið að framkvæmd 30 km reglunnar að því er varðar heiðarvegina var óásættanleg. Það var óhjákvæmilegt að taka á henni. Þessi nefnd mun að sjálfsögðu eflaust fara yfir málið og koma með tillögur um hvernig verður unnið úr þessu lagaákvæði frv. ef það fær þá skjótu meðferð sem ég vona að það fái og verður að lögum á þessu þingi.

[17:00]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrir það fyrsta, til þess að það valdi ekki neinum misskilningi, er ég auðvitað sammála því að frestir til umsókna eigi að vera ákaflega skýrir. Eins og mér hefur hins vegar borist þetta til eyrna er þetta svona á meðan kerfið er að festa sig í sessi frá þeirri aðferð sem notuð var áður. Og ef einhverjir námsmenn litu svo á að umsókn þeirra, t.d. frá í fyrra, stæði inni er það svoleiðis. Það var kannski of mikil matreiðsla á því áður fyrr þegar, eins og ég sagði áður, kennarar komu með umsóknareyðublöð og dreifðu í allan bekkinn og passað var upp á að allir væru búnir að sækja um — það var gert á fimm mínútum — kennarinn tók svo

blöðin og skólinn sendi. Þetta var ákaflega gott en auðvitað eigum við að færa okkur inn í nútímann og gera þetta eins og gert er í dag. En ég óttast að það séu nokkur atriði, ég veit ekki hve mörg, sem hafa orðið út undan núna vegna þess að þarna hefur misskilningur verið á ferð.

Hitt atriðið varðar hugtakið námsstyrki. Eins og hæstv. ráðherra sagði réttilega er honum það ekki fast í hendi, þ.e. honum finnst það ekki mikið mál en telur það samt ekki skipta sköpum. Ég er enn þá á þeirri skoðun að „jöfnun á námskostnaði" væri miklu betra að nota í þessum efnum en það sem þarna er. Ég hef heyrt unglinga sem fá þetta framlag til jöfnunar á námskostnaði tala um að þeir hafi jafnvel orðið fyrir alls konar athugasemdum, skulum við orða það, fyrir að fá námsstyrki þegar þeir eru greiddir út, sennilega um þessar mundir, frá þeim sem ekki njóta framlags. Þetta er kannski atriði sem skiptir litlu máli. Engu að síður held ég að rétt sé fyrir hv. menntmn. að hugleiða þetta, ég tala nú ekki um þegar það kemur fram að þetta er hæstv. menntmrh. ekki mjög fast í hendi. Það er rétt sem ráðherra sagði, hér áður fyrr litu menn ekki niður á það sem heitir styrkur en ég hygg að ýmislegt sé að breytast í þjóðfélaginu hvað þetta varðar.

[17:02]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þarna hafi eitthvað skolast til í meðförum því að ég taldi einmitt að hugsanlega hefði mönnum áður fyrr ekki þótt í lagi að þiggja styrki. Ég held hins vegar að það sjónarmið sé að breytast núna. Ég held að menn líti ekki lengur á styrki sem einhvers konar náðarframkvæmd, tek það hins vegar fram að ég tel sjálfsagt að menntmn. skoði þessa hluti, mér er ekkert fast í hendi með það.

Þau atriði sem hér hafa komið til umræðu eru raunar öll þess efnis að mér finnst sjálfsagt að nefndin taki þau til umfjöllunar, þar á meðal þetta atriði um frestina. Það er ekkert því til fyrirstöðu að það sé skoðað. Ég legg bara áherslu á að ég held að það sé öllum til góðs að festa ríki um afgreiðslu þessara mála. Það svigrúm sem verið er að skapa með þessu lagafrv. er fyrst og fremst nauðsynlegt í ljósi reynslu af fyrri reglum um þetta mál.

Að þessu loknu þakka ég fyrir umræður um málið, mér sýnist á öllu að það njóti skilnings og stuðnings og fyrir það vil ég þakka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úrvinnslugjald, 1. umr.

Frv. umhvn., 566. mál, frestun gjaldtöku, brottfall tollnúmera. — Þskj. 914.

[17:04]

Frsm. umhvn. (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, frá umhvn.

Lög um úrvinnslugjald voru samþykkt frá Alþingi þann 13. desember sl. og tóku gildi um áramót. Eftir gildistöku laganna kom í ljós að gera þyrfti tvær breytingar á þeim af praktískum ástæðum. Hefur umhvn. fjallað um það og því er þetta frv. hér flutt í samráði við fjmrh. og umhvrh.

Frv. er í tveimur greinum. Í fyrsta lagi er um að ræða að í 5. gr. laganna er mælt fyrir um að skráður eigandi ökutækis skuli á hverju gjaldtímabili greiða 520 kr. í úrvinnslugjald fyrir hvert gjaldskylt ökutæki í hans eigu samkvæmt lögum um bifreiðagjald, nr. 39/1988. Gjaldið á að innheimta með bifreiðagjaldi með sömu gjalddaga og eindaga. Með 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna er kveðið á um að eigendur bifreiða sem undanþegnir eru bifreiðagjaldi skuli greiða úrvinnslugjald. Í 1. gr. frv. er lagt til að gjaldtöku úrvinnslugjalds á þennan hóp verði frestað til 1. júlí nk. Eru ástæðurnar fyrst og fremst framkvæmdalegs eðlis þar sem ekki reyndist unnt að hefja gjaldtöku úrvinnslugjalds samkvæmt lögunum þann 1. janúar sl. og því er lagt til að fyrsti gjalddaginn verði 1. júlí.

Í öðru lagi er í 2. gr. frv. lagt til að nokkur tollnúmer í viðauka II við lögin verði felld brott. Í viðaukanum er fjallað um samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur. Orðalag við nokkur af tollskrárnúmerunum í frv. til laga um úrvinnslugjald náðu yfir fleira en slíkar pappaumbúðir. Skipta varð því hverju tollskrárnúmeri fyrir sig upp í tvö ný tollskrárnúmer, sbr. auglýsingu nr. 169/2002, þar sem fyrra númerið í hverri uppskiptingu hefur þetta orðalag, „samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur", til þess að hægt yrði að leggja á það úrvinnslugjald. Seinna númerið átti að vera án úrvinnslugjalds og er lagt til að þau númer verði felld úr lögunum.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og þar sem það er flutt af umhvn. legg ég ekki til að því verði vísað til nefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Neytendakaup, 1. umr.

Stjfrv., 556. mál (EES-reglur). — Þskj. 904.

[17:07]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um neytendakaup. Það er á þskj. 904 og er 556. mál þingsins.

Frv. miðar að því að koma til framkvæmda hér á á landi tilskipun Evrópusambandsins 99/44/EB frá 25. maí 1999, um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi.

Frv. byggist í meginatriðum á umræddri tilskipun en einnig var höfð hliðsjón af norrænum rétti við samningu þess.

Ákvæði um neytendakaup voru í fyrsta sinn fest í lög hér á landi með lögum nr. 50/2000, um lausafjárkaup. Með frv. þessu er lagt til að ákvæði um neytendakaup verði tekin út úr lögum um lausafjárkaup og að sett verði heildstæð lög um neytendakaup.

Frv. hefur það meginmarkmið að efla réttarstöðu neytenda. Þrátt fyrir að nauðsyn lagasetningar sé að mestu hin sama fyrir neytendakaup og önnur kaup eru sérstök lög um neytendakaup mun skýrari fyrir hinn almenna neytanda. Hinum almenna neytanda hefur oft reynst erfitt að fá yfirlit yfir gildandi reglur um kaup þar sem núgildandi lög um lausafjárkaup eru nokkuð flókin. Er setning sérstakra laga, sem ætlað er að gilda aðeins um kaup þar sem seljandinn hefur atvinnu sína af sölu og kaupandinn er leikmaður, til þess fallin að einfalda lagaákvæði um neytendakaup og gera þau auðskiljanlegri og gegnsærri fyrir hinn almenna neytanda. Með sérstökum lögum um neytendakaup er einnig

auðveldara að bregðast við breytingum á markaði og aðlaga lagaumhverfi sérstökum þörfum neytenda. Þá er mikilvægt að íslensk löggjöf fylgi alþjóðlegri réttarþróun og þróun í nágrannaríkjum okkar.

Í frv. er að finna heildstæðar reglur um neytendakaup. Flest ákvæðanna er nú að finna í lögum um lausafjárkaup, nr. 50/2000, en sum ákvæðanna eru nýmæli í íslenskri löggjöf. Lagt er til að frv. innihaldi tæmandi reglur um neytendakaup líkt og lög um lausafjárkaup gera í dag.

Í I. kafla frv. eru ákvæði um gildissvið laganna. Þá eru hugtökin neytendakaup og neytandi skilgreind í kaflanum og kveðið er á um að lögin séu ófrávíkjanleg. Frv. gerir ráð fyrir rýmkun á gildissviði miðað við gildandi lög að því er það varðar að lögum um neytendakaup er ætlað að gilda um pöntunarkaup þar sem neytandinn útvegar sjálfur efni eða verulegan hluta þess. Þá er gert ráð fyrir að lögin nái til kaupa neytenda á kröfum og réttindum.

Í II. kafla frv. er að finna ákvæði um afhendingu söluhlutar og felur frv. í sér nokkra einföldun frá ákvæðum laga um lausafjárkaup að því er það varðar.

Í III. kafla er að finna reglur um áhættu á söluhlut, hvað felst í áhættu á söluhlut, hvenær áhættan af söluhlut flyst frá seljanda yfir til neytanda og hver aðaláhrif þess séu.

Í IV. kafla frv. er fjallað um hvaða eiginleika söluhlutur á að hafa og hvenær söluhlutur telst gallaður. Reglur frv. eru að flestu leyti sambærilegar við gildandi lög um lausafjárkaup en þó er að finna í ákvæðinu nokkur nýmæli sem rekja má til Evróputilskipunarinnar um neytendakaup.

Í V. kafla er fjallað um úrræði neytanda vegna afhendingardráttar seljanda.

Í VI. kafla frv. er fjallað um úrræði neytanda vegna galla á söluhlut. Er m.a. kveðið á um rétt neytanda til að halda eftir greiðslu kaupverðs, riftunarrétt og rétt neytanda til skaðabóta.

Í VII. kafla koma fram reglur um skyldur neytanda gagnvart seljanda, m.a. varðandi greiðslu kaupverðs, greiðslustað kaupverðs og atbeina neytanda að efndum kaupa.

Í VIII. kafla frv. er að finna nokkrar nýjungar frá gildandi kaupalögum en þar er fjallað um afpöntun og skilarétt.

Þá er í IX. kafla fjallað um úrræði seljanda þegar vanefndir hafa orðið af hálfu neytanda.

Í X. kafla frv. er að finna reglur um riftun og nýja afhendingu.

Í XI. kafla koma fram reglur þær sem gilda um skaðabætur samkvæmt frv.

Í XII. kafla frv. er safnað saman ýmsum ákvæðum, m.a. koma þar fram reglur um hvernig fara skuli með það þegar vanefndir verða á hluta hins selda.

Í XIII. kafla er loks fjallað um gildistöku frv. og breytingar á lögum nr. 50/2000, um lausafjárkaup, sem miða að því að fella út úr lögunum allar sérreglur sem nú gilda um neytendakaup.

Umfang neytendaverndar hefur vaxið ört á Íslandi á undanförnum árum og má m.a. rekja það til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Neytendaréttur hefur einnig verið í örri þróun á Norðurlöndum og fengið mikla athygli innan Evrópusambandsins.

Hérlendis hafa ný lagafyrirmæli verið sett og gildandi lögum breytt, m.a. til þess að fullnægja samningsskyldum Íslands á grundvelli EES-samningsins.

Við setningu nýrra kaupalaga sem tóku gildi 1. júní 2001 var réttarstaða neytenda styrkt mjög og með setningu laganna var fyllt inn í þá eyðu sem myndast hafði í annars heildstæðri löggjöf á sviði neytendaverndar. Með lögfestingu sérstakra laga um neytendakaup yrði réttarstaða neytanda efld enn frekar og verður vernd neytenda samkvæmt íslenskum lögum þá sambærileg og tíðkast í nágrannaríkjum okkar.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkeppnislög, 1. umr.

Stjfrv., 547. mál (ábyrgðarlýsingar, EES-reglur). — Þskj. 894.

[17:13]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, sem er á þskj. 894 og er 547. mál þingsins.

Frv. þetta er fylgifrv. frv. til laga um neytendakaup sem lagt er fram samhliða. Markmið frv. er að koma til framkvæmda hér á landi tilskipun Evrópusambandsins 1999/44/EB frá 25. maí 1999, um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi.

Tilskipunin er tvíþætt. Í 2.–5. gr. hennar felast reglur um rétt neytanda gagnvart seljanda þegar vara er haldin göllum, og eru þær reglur teknar upp í frv. til laga um neytendakaup. Í 6. gr. tilskipunarinnar er að finna ákvæði sem varða efni ábyrgðaryfirlýsinga sem algengt er að seljendur vöru og þjónustu leggi fram í tengslum við kaup, og er frv. þessu ætlað að koma þeim ákvæðum til framkvæmda.

Það er talið eðlilegast að ákvæðum um ábyrgðir verði skipað í VI. kafla samkeppnislaga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum en annars staðar á Norðurlöndunum hafa ákvæði umræddrar tilskipunar verið innleidd í lögum um eftirlit með markaðssetningu og samningsskilmálum sem hafa að geyma ákvæði um óréttmæta viðskiptahætti og eftirlit með þeim.

Hérlendis hafa fram til þessa ekki verið lögfestar ítarlegar reglur um ábyrgðir sem veita eiga neytendum betri rétt en þeir mundu njóta samkvæmt lögum ef engin slík ábyrgð hefði verið gefin. Nú er hins vegar nauðsynlegt, á grundvelli umræddrar tilskipunar, að lögfesta ítarlegri ákvæði um þetta efni.

Lagt er til í 1. gr. frv. að nýrri málsgrein verði bætt við 24. gr. samkeppnislaga en þar er nú kveðið á um að ábyrgðaryfirlýsingu megi aðeins gefa ef hún veitir viðtakanda meiri rétt en hann hefur samkvæmt gildandi lögum. Í nýrri málsgrein er lagt til að kveðið verði á um að ábyrgðaryfirlýsing sé lagalega bindandi fyrir ábyrgðaraðila á grundvelli þeirra skilyrða sem fram koma í ábyrgðarskilmálum og auglýsingum hans.

Í 2. gr. frv. er lagt til að við samkeppnislög verði bætt nýrri grein, 24. gr. a, þar sem fram koma í fyrsta lagi reglur um það hvaða upplýsingar skuli koma fram í ábyrgðarskilmálum, í öðru lagi er kveðið á um það að ábyrgðaraðili skuli afhenda skilmála ábyrgðaryfirlýsingarinnar ef neytandi óskar þess, og í þriðja lagi kemur fram í ákvæðinu að skilmálar ábyrgðaryfirlýsinga sem veittar eru skriflega skuli vera á íslensku.

Í 3. gr. frv. er gildistökuákvæði og er miðað við sama gildistökudag og í frv. til laga um neytendakaup.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fjalla nánar um einstök atriði þessa frv. en legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir gegn peningaþvætti, 1. umr.

Stjfrv., 549. mál (EES-reglur). — Þskj. 896.

[17:16]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti, með síðari breytingum, sem er á þskj. 896 og er 549. mál þingsins.

Á vettvangi ESB hefur verið samþykkt tilskipun nr. 2001/97/ESB, um breytingu á tilskipun 91/308/EBE, um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfi sé notað til peningaþvættis. Í þessari tilskipun er að finna nokkur nýmæli á sviði aðgerða gegn peningaþvætti sem nauðsynlegt er að sett séu í íslensk lög um þetta efni. Auk þess vil ég geta þess að Ísland hefur frá upphafi tekið þátt í starfsemi FATF-ríkjahópsins (Financial Action Task Force on Money Laundering) um aðgerðir gegn peningaþvætti og innleitt hinn svonefnda FATF-tilmæli er miði að því að koma í veg fyrir að íslenskt fjármálakerfi sé misnotað í þessum tilgangi. Á grundvelli þess samstarfs eru gerðar reglulegar úttektir á því hvernig í lögum og framkvæmd er staðið að aðgerðum gegn peningaþvætti hér á landi og er frv. þetta að hluta til byggt á ábendingum sem hafa komið fram við gerð slíkra úttekta á Íslandi.

Ég vil þá víkja aðeins nánar að einstökum ákvæðum frv.

Í frv. er lagt til að gildissvið laga um aðgerðir gegn peningaþvætti verði rýmkað þannig að þau munu framvegis einnig taka til þeirra sem hafa milligöngu um kaup og sölu fasteigna, skipa, eðalmálma og listaverka, sbr. nánar 1. gr. frv., en það er nýmæli og jafnframt í samræmi við áðurnefnda tilskipun Evrópusambandsins á því sviði.

Í 1. gr. frv. er einnig að finna nokkrar orðalagsbreytingar á hugtökum gildandi laga, sem m.a. má rekja til nýrra laga um fjármálafyrirtæki sem samþykkt voru á Alþingi í lok ársins 2002. Við undirbúning frv. hefur einnig verið höfð hliðsjón af tilmælum sem FATF-ríkjahópurinn hefur beint til aðildarríkjanna að taka tillit til í löggjöf á þessu sviði.

Í 2. gr. frv. er skerpt á þvættishugtaki gildandi laga og nú er skýrt tekið fram að sú háttsemi ein að einhver taki að sér að fela eða dylja ávinning af refsiverðum verknaði sé peningaþvætti í skilningi laganna. Auk þess eru í þessari grein lagðar til framangreindar breytingar. Einnig er í þessari grein lagt til að inn í lögin komi skilgreining á hvað sé átt við með hugtakinu „ávinningur" og er það þáttur í því að leiða í íslensk lög ákvæði tilskipunar ESB um þetta efni.

Í 3. gr. er að finna ákvæði sem gerir ríkari kröfur til framvísunar persónuskilríkja þegar greiddir eru út vinningar í fjárhættuspili, en reynslan erlendis frá hefur sýnt að meiri aðgæslu kann að vera þörf við slíkar kringumstæður.

Í 3. gr. einnig að finna ákvæði sem gerir meiri kröfur um aðgæslu þegar stofnað til viðskipta með notkun fjarskiptaaðferða sem verða sífellt algengari með aukinni útbreiðslu á fjarsölu og öðrum þess háttar söluaðferðum sem notaðar eru í vaxandi mæli við sölu á fjármálaþjónustu.

Í 4. gr. frv. er kveðið á um fræðsluhlutverk lögregluyfirvalda. Í framkvæmd hefur efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra sinnt að nokkru leyti slíku fræðsluhlutverki á liðnum árum. Það hefur sýnt sig að mikil nauðsyn er á því að þeir einstaklingar sem verða við störf sín að taka tillit til ákvæða þessara laga fái viðhlítandi fræðslu og leiðbeiningar, hvernig unnt sé að greina ólögleg viðskipti af því tagi sem lögin taka til. Nú þegar gildissvið laganna er rýmkað þykir rétt og eðlilegt að árétta þetta hlutverk lögreglunnar í lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti.

Í 5. gr. frv. er ákvæði þar sem lagt er til að aðilum sem lög þessi taka til verði gert skylt að gera skriflegar skýrslur um öll grunsamleg tilvik sem koma upp í viðskiptum þeirra, en ekki aðeins um þau tilvik sem eru formlega tilkynnt til lögregluyfirvalda. Að baki þessa ákvæðis búa mikilvægir rannsóknarhagsmunir, en það kann að vera rík þörf á því jafnvel nokkrum árum eftir að atvik átti sér stað að unnt sé að skoða hugsanleg tengsl slíkra mála sem ekki hafa verið tilkynnt við mál sem til rannsóknar kunna að vera á hverjum tíma.

Í kjölfar aukinnar hættu á hryðjuverkaárásum hafa kröfur á alþjóðavettvangi verið hertar um aðgæslu á þessu sviði, en auk þess hefur FATF-ríkjahópurinn beint þeim tilmælum til aðildarríkja sinna að þau taki upp slíkt verklag við varnir gegn peningaþvætti.

Þá er í greininni einnig lagt til að í slíkum innri starfsreglum fyrirtækja sé skilgreint hvaða kröfur þau geri til starfsfólks sem gegnir trúnaðarstörfum hjá fyrirtækjum sem lögin taka til.

Loks er í 6. gr. frv. að finna ákvæði sem veitir Fjármálaeftirlitinu rétt og skyldur til að gefa út tilkynningar og leiðbeiningar ef þörf er á sérstakri varúð í viðskiptum við ríki eða ríkjasvæði sem ekki fylgja alþjóðlegum reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti.

Á undanförnum árum er að finna dæmi um slíkar aðvaranir t.d. frá FATF-ríkjahópnum. Eðlilegt er að innlend eftirlitsyfirvöld hafi heimild í lögum og jafnframt skyldu til að miðla slíkum varúðartilkynningum til innlendra fjármálafyrirtækja.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 548. mál (eftirlitslistar). — Þskj. 895.

[17:23]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 97/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum, sem er á þskj. 895 og er 548. mál þingsins.

Á síðasta ári hefur í kjölfar hryðjuverkaárásarinnar sem átti sér stað í Bandaríkjunum hinn 11. september 2001 verið mikil áhersla verið lögð á að koma í veg fyrir með öllum tiltækum ráðum að aðilar sem stunda hryðjuverkastarfsemi geti notfært sér fjármálastofnanir til varðveislu og flutnings

fjármuna sem rannsóknayfirvöld telja að nota eigi til slíkrar starfsemi. Á vettvangi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hafa verið samþykktar ályktanir þar sem m.a. hefur verið samþykkt bann við fjármálaumsýslu fyrir ýmsa nafngreinda aðila sem taldir eru upp í ályktunum ráðsins. Einnig hafa aðrar alþjóðlegar stofnanir samþykkt og sent út tilkynningar í þessu sambandi.

Nauðsynlegt er að íslensk stjórnvöld geti í framkvæmd staðið við samþykktir og skuldbindingar sem þau eiga aðild að á þessu sviði á alþjóðavettvangi. Þess má geta að frv. þetta er samið í tengslum við frv. til laga um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti, enda miða bæði þessi frv. að því að koma í veg fyrir að unnt verði að nota íslenskt fjármálakerfi til að flytja eða geyma fjármuni sem má rekja til ólögmætrar eða refsiverðrar háttsemi.

Nánar er í frv. því sem hér liggur fyrir gerð tillaga um að í lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi bætist við ný grein sem verði ný 16. gr. a. Þetta er nauðsynlegt af því að í núgildandi lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, er ekki að finna ákvæði sem veitir eftirlitinu almennt heimild til að birta tilkynningar sem íslenskum stjórnvöldum berast frá ýmsum alþjóðlegum stofnunum, þar sem farið er fram á birtingu tilkynninga og viðvarana gegn því að veita aðilum sem þar eru taldir upp, fjármálaþjónustu hér á landi.

Eins og ég vék að hér á undan er brýnt að í framkvæmd sé unnt að verða við slíkum tilmælum og birta tilkynningar sem banna fjármálaumsýslu fyrir þá einstaklinga og lögaðila sem eru tilgreindir í slíkum fyrirmælum alþjóðastofnana.

Í frv. er því lagt til að í lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi verði felld inn ný lagagrein með skýrri heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að birta slíkar tilkynningar. Auk þess er kveðið á um það í greininni að Fjármálaeftirlitið skuli tilkynna skilyrðislaust um það til ríkislögreglustjóra ef við framkvæmd reglubundins eftirlits kemur í ljós að í stofnunum undir eftirliti þess sé að finna verðmæti sem eru í eigu slíkra aðila. Það er síðan á verksviði lögregluyfirvalda að hlutast til um að hald verði lagt á slíka fjármuni og koma þannig í veg fyrir að þeir verði notaðir í þágu starfsemi aðila sem grunaðir eru um að stunda hryðjuverkastarfsemi og aðra þess háttar afbrotastarfsemi.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að rekja nánar efnisatriði frv. en legg til að málinu verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[17:26]

Útbýting þingskjals:

Vátryggingastarfsemi, 568. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 919.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 21. mál.

Fundi slitið kl. 17:27.

---

71. FUNDUR

þriðjudaginn 4. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Íslenskur ríkisborgararéttur, stjfrv., 242. mál, þskj. 246, nál. 867. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Námsstyrkir, stjfrv., 446. mál, þskj. 629. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Neytendakaup, stjfrv., 556. mál, þskj. 904. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Samkeppnislög, stjfrv., 547. mál, þskj. 894. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Aðgerðir gegn peningaþvætti, stjfrv., 549. mál, þskj. 896. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 548. mál, þskj. 895. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Úrvinnslugjald, frv., 566. mál, þskj. 914. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006, stjtill., 563. mál, þskj. 911. — Fyrri umr.
9. Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014, stjtill., 469. mál, þskj. 774. — Fyrri umr.
10. Siglingastofnun Íslands, stjfrv., 539. mál, þskj. 884. — 1. umr.
11. Rannsókn flugslysa, stjfrv., 523. mál, þskj. 866. — 1. umr.
12. Rannsókn sjóslysa, stjfrv., 552. mál, þskj. 899. — 1. umr.
13. Skráning skipa, stjfrv., 157. mál, þskj. 157, nál. 886, 916 og 917. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.,
Drífa Hjartardóttir, 1. þm. Suðurl.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður Ingvarsdóttir, 1. þm. Norðurl. v.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.

[13:30]

Útbýting þingskjala:

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, 570. mál, fsp. DrH, þskj. 921.

Þróun og horfur í atvinnumálum, 569. mál, fsp. JóhS, þskj. 920.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla forsætisnefndar á beiðni um skýrslu.

[13:31]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Eins og hv. þm. mörgum er kunnugt hefur hæstv. forseti þingsins, Halldór Blöndal, hafnað því að Ríkisendurskoðun verði fengin til þess að gera þinginu skýrslu um starfslokasamning fyrrverandi forstjóra Símans. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa lýst eindregnum vilja sínum

til þess að fá þessa skýrslu og þeir telja að það sé í hæsta máta óeðlilegt að skjaldborg leyndar sé með þessum hætti slegin um starfslok þessa forstjóra. Málið varðar að mínu viti forseta þingsins sérstaklega vegna þess að hann kom beint að ráðningu forstjórans sem mál þetta varðar. Þess vegna spurði ég hæstv. forseta að því í gær hvort hann teldi ekki óeðlilegt að hann kvæði upp úrskurð í þessu máli þar sem hann tengdist ráðningu forstjórans. Ég varpaði fram þeirri spurningu til hæstv. forseta hvort hann teldi sig ekki vanhæfan í málinu og svar hæstv. forseta var efnislega það að annar maður, sem hann tiltók, hefði verið forstjóri Símans á meðan hæstv. forseti gegndi embætti samgrh.

Það liggur hins vegar skjalfest fyrir og hefur gengið af munni hæstv. núv. samgrh. að hæstv. forseti kom með beinum hætti að þessu máli og ég vil þess vegna leyfa mér að lesa upp úr viðtali við hæstv. samgrh. í Morgunblaðinu þar sem segir, með leyfi forseta:

„Aðdragandi málsins er sá að þegar ég tek við embætti samgönguráðherra hafði forveri minn, Halldór Blöndal, gefið Þórarni V. Þórarinssyni, sem þá var stjórnarformaður Símans, fyrirheit um að hann tæki við starfi forstjóra. Verkefni mitt var þess vegna að efna þetta samkomulag sem þeir höfðu gert.“ (Forseti hringir).

Herra forseti. Ég vil því spyrja að þessu gefna (Forseti hringir.) tilefni: Telur hæstv. forseti ekki ...?

(**Forseti** (HBl): Hv. þm. hefur lokið máli og ég bið hann um að fara úr ræðustól.)

Herra forseti ...

(**Forseti** (HBl): Ég vil biðja hv. þm. að fara úr ræðustól.)

Ég mun fara úr ræðustól, en, herra forseti, telur hann ekki í ljósi þessa að hann sé vanhæfur til að fjalla um málið?

[13:34]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil af þessu gefna tilefni taka fram að forsn. hefur ekki borist nein beiðni um að Ríkisendurskoðun skili skýrslu um starfslokasamning forstjóra Símans.

[13:34]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst menn ganga býsna hart fram í þessu máli. Hæstv. forseti virðist hafa það sem eitthvert stærsta mál ævi sinnar að koma í veg fyrir að menn fái að sjá þennan starfslokasamning. Ég ætla satt að segja að vona að hæstv. forseti endurskoði afstöðu sína og geri þinginu ekki þá niðurlægingu að ekki sé hægt að beita þeim ráðum sem hér eru höfð til þess að fá upplýsingar. Mér finnst það satt að segja alls ekki vera á bætandi ofan á önnur afglöp hæstv. forseta.

[13:35]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil ítreka það sem ég áður sagði að mér hefur ekki borist nein beiðni né forsn. um að birta starfslokasamning fyrrverandi forstjóra Símans. Og ég vil biðja hv. þingmenn að gæta að því undir hvað þeir skrifa.

[13:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna það að ég undrast mjög þær árásir sem forseti Alþingis situr hér undir frá einum af varaforsetum þingsins, varaforseta sem er trúað fyrir því að vinna í forsn. og með forseta þingsins af heilindum. Þess vegna hlýtur að vekja alveg sérstaka athygli sú framganga sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur viðhaft hér og hv. þm. Össur Skarphéðinsson fylgir nú í kjölfar.

Það liggur fyrir niðurstaða forseta Alþingis sem snýr að þeirri kröfu að lögð verði fram skýrsla Ríkisendurskoðunar varðandi uppgjör við fyrrverandi forstjóra Símans. Það liggur fyrir að það er ekki á valdi forseta þingsins að leggja fram slíka skýrslu. Þetta er hlutafélag og það er margbúið að ítreka það að við getum ekki gert ráð fyrir því að kalla eftir endurskoðunarskýrslum hlutafélaga í þessu tilviki. Þess vegna vil ég hvetja hv. þingmenn til þess að sýna forseta Alþingis þá virðingu sem hann á sannarlega skilið.

[13:37]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom hér upp og spurði hæstv. forseta einfaldrar spurningar. Hún var sú hvort það væri við hæfi að hann úrskurðaði í þessu tiltekna máli sem fjallar um það hvort þingið fái aðgang að tilteknum upplýsingum og hvort Ríkisendurskoðun vinni þær upplýsingar fyrir þingið. Hæstv. forseti úrskurðaði að þessi beiðni næði ekki fram að ganga.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði þess vegna: Er við hæfi að forseti úrskurði í þessu máli vegna þess að núv. hæstv. forseti réð þann tiltekna mann sem umræddur starfslokasamningur og fjárhagsleg uppgjör honum tengd tengjast? Spurningin er einfaldlega þessi: Er við hæfi að hæstv. forseti úrskurði í málinu? Hæstv. forseti hefur engu svarað og snúið alfarið út úr málinu og síðan kemur hæstv. samgrh. hér upp og segir að verið sé að vega að forseta með tilteknum hætti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson er einfaldlega að sinna sinni þingskyldu, að fylgja því eftir sem hlutverk þingsins er, að afla upplýsinga um það sem er að gerast hjá framkvæmdarvaldinu. Menn geta ekki borið það fyrir sig að menn séu vondir við hv. þm. Halldór Blöndal, að hann eigi að hafa einhverja sérstaka samúð sökum þess eins að hann situr í forsetastóli. Það er röksemdafærsla sem alls ekki gengur upp.

En eftir stendur spurningin, virðulegi forseti, sem þú verður að svara, hæstv. forseti. Hún er þessi: Er við hæfi að hæstv. forseti úrskurði í máli sem lýtur að ráðningarsamningi sem hann sjálfur kom að? Og við bíðum spennt eftir svari, virðulegi forseti.

[13:39]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil í fyrsta lagi áminna hv. þm. um að reyna að sýna háttprýði í þingsal og ávarpa forseta Alþingis eins og vera ber ef honum er það ekki um megn.

Í annan stað hlýt ég að ... (**LB:** Virðulegi forseti ætti heldur ekki að misnota stöðu sína í forsetastóli.) Hv. þm. sagði að forseti ætti ekki að misnota stöðu sína í forsetastóli. — Þau ummæli sem ég hafði eftir hv. þm. eru vítaverð.

Ég vil ítreka það sem ég áður sagði og biðja hv. þingmenn að íhuga það. Mér hefur ekki né forsn. borist nein beiðni um að birta starfslokasamning fyrrverandi forstjóra Símans né um það að biðja Ríkisendurskoðun að gera skýrslu um slíkan starfslokasamning.

[13:41]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér er verið að reyna að gera tiltölulega einfalda hluti flókna. Í bréfi þingmanna Samfylkingarinnar til forsn. Alþingis þann 5. nóv. sl. segir svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Með vísan til síðari málsl. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, vil ég fyrir mína hönd og annarra þingmanna Samfylkingarinnar, fara þess á leit við forsætisnefnd Alþingis að hún feli Ríkisendurskoðun að gefa Alþingi skýrslu um fjárhagsleg uppgjör Landssíma Íslands hf. við fyrrverandi forstjóra fyrirtækins, Þórarin Viðar Þórarinsson, sem gert var í tengslum við starfslok hans hjá fyrirtækinu, auk tengdra atriða."

Hvað er svona flókið í þessari beiðni að hún þurfi að fara á milli mála?

Í öðru lagi vil ég segja þetta, herra forseti: Skylt er skeggið hökunni. Það liggur algerlega ljóst fyrir að hæstv. samgrh. er ekki maður til þess að koma hér og reyna að bera skjöld fyrir forseta þingsins ellegar að bera sakir á menn sem eru að sinna þinglegum skyldum sínum. Því sannleikur málsins er sá að hæstv. samgrh. gat sjálfur komið í veg fyrir allt það sem í hönd hefur farið. Hann gat það einfaldlega með því að birta umbeðnar upplýsingar þegar eftir var leitað. Hann skipar stjórn Landssímans hf. Hann ræður stjórnina og rekur hana. Og það rekur nú minni til þess að tveir hv. þm. í þessum sal, hv. þm. Magnús Stefánsson og Jónína Bjartmarz, voru meðal þeirra sem þurftu að fjúka vegna þess að hæstv. ráðherra réð ekki við stjórn fyrirtækisins og réð ekki við stjórn mála á þeim bænum. Þannig hefur hæstv. samgrh. auðvitað öll tök í hendi sér að leysa nú þetta mál í eitt skipti fyrir öll og hæstv. forseta frá meintri sök og birta umbeðnar upplýsingar. Hann yrði maður að meiri í þeim efnum heldur en reyna að koma hér og vanda um fyrir hv. þingmönnum. — Maður, líttu þér nær.

[13:43]

Forseti (Halldór Blöndal):

Eins og fram kom hjá hv. þm. hefur forsn. ekki verið beðin um þá skýrslu sem aðrir sögðu hér.

[13:43]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er gott að helsta kosningamál Samfylkingarinnar er fram komið. Maður velti því lengi fyrir sér hvað yrði kosningamál hennar. En að því slepptu þá er með miklum ólíkindum að fylgjast hér með þessu upphlaupi og þeim árásum sem menn gera hér á forseta þingsins. Ég leyfi mér að fullyrða að þetta gæti ekki gerst í nokkru öðru þingi veraldarinnar, að menn mundu ráðast með þessum hætti — og nú skríkir í einhverjum hv. þm. hér — að menn mundu ráðast með þessum hætti að forseta þings. Það mun hvergi gerast, a.m.k. ekki í hinum vestræna heimi.

Hví gefa þingmenn sér ekki það að forseti þingsins er að kveða upp málefnalegan úrskurð? Það veit enginn hvort hann hefur þá skoðun að menn eigi að birta þessa skýrslu eða ekki. Hann hefur ekkert tjáð sig um það. Það er tilefni árásarinnar sem að honum er gerð. Hann er að fara málefnalega yfir málið með þeim rökum sem eru til staðar hver sé réttur og skylda hans í málinu, ekki hver er skoðun hans á málinu. En þessi niðurstaða er síðan notuð til árása á forseta þingsins með því yfirbragði — ég vil nú ekki nefna það hér hvers konar yfirbragð er á því — með því yfirbragði sem a.m.k. er hægt að segja að er ekki nokkrum einasta manni sem að því stóðu til sóma og fer því fjarri.

[13:44]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Rétt skal vera rétt. Ég spurði hæstv. forseta í gær hvort hann teldi hæfilegt að hann kvæði upp þennan úrskurð. Röksemdir mínar fyrir því að það kynni að vera einhver vafi á því voru þær að hæstv. forseti hefði komið að ráðningu umrædds fyrrverandi forstjóra Símans. Svar hæstv. forseta var það að sá maður hefði ekki verið forstjóri meðan hann var samgrh. heldur hefði það verið annar nafngreindur maður. Það liggur hins vegar fyrir, herra forseti, að þáverandi samgrh., Halldór Blöndal, gaf Þórarni V. Þórarinssyni fyrirheit um að hann tæki við starfi forstjóra og það er hæstv. samgrh. hefur hefur sagt það í viðtali við Morgunblaðið, sem ég les hér upp úr, með leyfi forseta:

„Verkefni mitt var þess vegna að efna þetta samkomulag sem þeir höfðu gert."

Herra forseti. Samkomulagið var gert af hæstv. þáverandi samgrh., Halldóri Blöndal. Er þá við hæfi að hæstv. forseti Halldór Blöndal kveði upp úrskurð? Ég dreg það í efa en ég vil spyrja hæstv. forseta aftur þessarar spurningar: Telur hann að það sé við hæfi þegar þetta liggur fyrir?

[13:46]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í fyrsta lagi er það mín skoðun, og þar held ég að ég geti talað fyrir munn allra í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að upplýsingar um starfslokasamninga hjá Landssímanum eiga ekki að fara leynt. Það á að verða við beiðni um að þær séu birtar. Þetta skiptir meginmáli.

Í öðru lagi lítum við svo á að þetta sé fyrst og fremst á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Það er hæstv. samgrh. sem á að sjá til þess að þessar upplýsingar verði birtar. Hann er handhafi meirihlutahlutabréfs í Landssímanum og hann getur leyst þetta mál á svipstundu.

Í þriðja lagi vil ég leggja áherslu á að Ríkisendurskoðun vinnur að rannsókn og úttekt á þessum málum að beiðni þingsins að frumkvæði Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Ríkisendurskoðun fékk það hlutverk að kanna vinnuferlið í tengslum við einkavæðingu Landssímans og þar með tengslin á milli starfsmanna, forstöðumanna, fyrirtækisins og stjórnar. Þar á að sjálfsögðu að gera úttekt á þessum málum einnig og ég ætla að leyfa mér að beina því til hæstv. forseta að hann sjái til þess að Ríkisendurskoðun hraði þessari vinnu þannig að þingið fái þessar upplýsingar hingað.

[13:48]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Mér finnst að fulltrúar Samfylkingarinnar í þessari umræðu snúi öllu á haus og fari með rangt mál, a.m.k. hvað varðar það að hv. þm. Magnús Stefánsson og Jónína Bjartmarz hafi verið látin fjúka. Þau höfðu þann lýðræðislega rétt að hætta við setu í stjórn þessa hlutafélags þegar kjörtímabilið var útrunnið og tóku þá ákvörðun sjálf og voru ekki látin fjúka. Þannig að rétt skal vera rétt, og Samfylkingin á að skilja það.

Svo vil ég sem þingmaður segja það að mér finnst árásirnar á forseta þær óvenjulegustu sem ég hef orðið vitni að. Ef þetta er rödd Samfylkingarinnar og málatilbúnaður er nú merkilegt á ferðinni. Samfylkingin hefur skipað sér talsmann úti í bæ. Ég tek kannski orðið meira mark á þeim talsmanni sem er utan þings og enginn veit hvort kemur hingað einhvern tíma. Ég held að það væri ráð fyrir stóru mömmu að kalla andahópinn sinn undir vænginn og uppfræða þá um hvort þeir megi tala við forseta eins og þeir gera því að þetta er ódrengileg aðför og ég hygg að forseti hafi stjórn þingsins á bak við sig í því sem hann segir hér nema þá einn hæstv.

forseta sem er hér í sinni pólitík í þessari baráttu. Mér finnst mál að linni.

[13:49]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Árásir Samfylkingarinnar á forseta Alþingis undanfarna daga eru fyrir neðan allar hellur. Um hvað snýst þetta mál? Það snýst um það að Samfylkingin sendir forsn. bréf í haust og fer þess á leit við nefndina að hún beiti sér fyrir því að ríkisendurskoðandi birti skýrslu sem hann hafði unnið fyrir stjórn Landssímans. Forseti lætur kanna málið eftir lögfræðilegum leiðum og í fyllingu tímans leggur hann fyrir nefndina niðurstöðu tveggja lögfræðinga, skrifstofustjóra Alþingis og prófessors við háskólann. Báðar leiða til sömu niðurstöðu, að ríkisendurskoðanda sé óheimilt að birta þessa skýrslu. Hvað átti þá forseti Alþingis að gera? Átti hann að segja ríkisendurskoðanda að gera það samt þó að hann mætti það ekki? Ætli það hefði ekki hvinið einhvers staðar í og einhver efnt til utandagskrárumræðu um það? Ég á von á því.

Forseti Alþingis afgreiddi málið auðvitað eins og honum bar samkvæmt niðurstöðu þessara færu lögmanna og allar árásir á hann eru ómaklegar og ódrengilegar og Samfylkingunni til skammar.

Um fundarstjórn.

Afgreiðsla forsætisnefndar á beiðni um skýrslu.

[13:51]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Ég hafði fyrir allnokkru gefið forseta merki þess efnis að ég vildi ræða störf þingsins og gerði það á undan nokkrum síðustu ræðumönnum. Hann kaus hins vegar að taka þá fram fyrir í röðinni og er svo sem ekkert við það að athuga. Ég vildi þess vegna láta það koma hér mjög skýrt og ákveðið fram, herra forseti, til þess að menn hafi ekki endaskipti á efni þeirrar umræðu sem átti sér stað og að hún lyti að persónu forseta Alþingis, Halldórs Blöndals. (Forseti hringir.) Hér er alls ekki um það að ræða.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil benda hv. þingmanni á að fundarstjórn forseta er til umræðu og ég óska eftir því að hv. þingmaður haldi sig við það.)

Já, ég var að gera við það athugasemdir að ég hefði ekki átt þess kost að ræða málið undir liðnum störf þingsins heldur hefði forseti gripið til þess ráðs að taka aðra hv. ræðumenn fram fyrir.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil biðja hv. þingmann að gæta að þingsköpum.)

Já, það er nákvæmlega það sem undirritaður er að gera. Ég kann því mjög illa að sett sé ofan í við mig í þessum efnum þegar ég er hér að fara að þingsköpum. Og ég vildi hafa sagt það, herra forseti, að sú umræða (Forseti hringir.) sem hér hefur átt sér stað lýtur ekki að árásum á einn eða neinn heldur að málefnalegum rökum um það grundvallaratriði hvort þingmenn geti sinnt stjórnarskrárbundnum skyldum sínum og rétti sínum. Það er kjarni þessa máls. Það veit hæstv. forseti og (Forseti hringir.) það ættu líka hæstv. ráðherrar þessarar ríkisstjórnar að skilja.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil biðja hv. þingmann að halda sig við það umræðuefni sem hann kvaddi sér hljóðs um.)

Íslenskur ríkisborgararéttur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 242. mál (tvöfaldur ríkisborgararéttur). — Þskj. 246, nál. 867.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
2.–8. gr. og ákv. til brb. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, DO, EKG, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MS, PM, PP, PHB, SP, StB, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.

1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, DrH, EOK, GHH, ÍGP, JBjart, KVM, LMR, RG, SI, SJóh, SAÞ, SJS, SvanJ, VH, ÞBack) fjarstaddir.

Námsstyrkir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 446. mál (heildarlög). — Þskj. 629.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Neytendakaup, frh. 1. umr.

Stjfrv., 556. mál (EES-reglur). — Þskj. 904.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Samkeppnislög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 547. mál (ábyrgðarlýsingar, EES-reglur). — Þskj. 894.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Aðgerðir gegn peningaþvætti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 549. mál (EES-reglur). — Þskj. 896.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 548. mál (eftirlitslistar). — Þskj. 895.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Úrvinnslugjald, frh. 1. umr.

Frv. umhvn., 566. mál, frestun gjaldtöku, brottfall tollnúmera. — Þskj. 914.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.

Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006, fyrri umr.

Stjtill., 563. mál. — Þskj. 911.

og

Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014, fyrri umr.

Stjtill., 469. mál. — Þskj. 774.

[13:57]

Forseti (Halldór Blöndal):

Það er ósk samgrh. sem flytur 8. og 9. dagskrármál, samgönguáætlanir, að þau mál verði rædd saman, sbr. 3. mgr. 63. gr. þingskapa.

Á fundi forseta með formönnum þingflokka í gær varð samkomulag um að málin yrðu rædd saman en jafnframt yrði ræðutíminn tvöfaldaður. Það eru allt að 30 mínútur fyrir ráðherra til framsögu en 16 mínútur fyrir þingmenn og aðra ráðherra, tvisvar sinnum fyrir hvern. Ef ekki eru andmæli fer umræðan fram samkvæmt þessu samkomulagi.

[13:57]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um samgönguáætlun. Önnur er rammaáætlun fyrir árin 2003–2014 og hin sundurliðuð áætlun fyrir árin 2003–2006.

Miklar og vaxandi kröfur hafa verið gerðar um hraðari uppbyggingu samgöngukerfisins eins og fjölmargar ályktanir frá sveitarstjórnum og öðrum hagsmunaaðilum bera vott um. Í þáltill. sem hér eru lagðar fram er í fyrsta sinn lögð fram heildaráætlun um rekstur og uppbyggingu samgangna sem tekur til allra samgöngumáta en markmið með samræmdri áætlun er fyrst og síðast að auka hagkvæmni.

Eins og tillagan ber með sér er verkefnið risavaxið og ekki hægt að verða við óskum allra. Framkvæmdaþörfin blasir við en við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti.

Þegar mælt var fyrir lögum um gerð samgönguáætlunar var fjallað um aðdraganda þess að samræma áætlanagerð í samgöngumálum. Þar var sagt frá stýrihópi sem ég skipaði til að vinna tillögur að samgönguáætlun. Hann skilaði af sér í desember 2001. Í framhaldinu lagði ég fram á Alþingi frv. til laga um gerð samgönguáætlunar sem var samþykkt á vordögum 2002 sem lög um samgönguáætlun, nr. 71/2002. Við vinnslu samgönguáætlunar var tekið fullt tillit til ábendinga Ríkisendurskoðunar sem komu fram í desember árið 1998 en þar var bent á skort á samræmingu áætlana.

Með lögum um samgönguáætlun er öllu vinnulagi breytt. Lögin kveða á um skipan samgönguráðs. Samgönguáætlun kemur í stað sex eldri áætlana um samgöngumál, þ.e. flugmálaáætlunar, hafnaáætlunar, sjóvarnaáætlunar, langtímaáætlunar um öryggi sjófarenda, vegáætlunar og langtímaáætlunar í vegagerð. Þá tekur hún tillit til umferðaröryggisáætlunar. Áætlunin nær jafnt til rekstrar útgjalda Vegagerðarinnar, Flugmálastjórnar og Siglingastofnunar sem ekki var fjallað um í fyrri áætlunum. Þá er mörkuð stefna til framtíðar í samgöngumálum, þar með talið í öryggismálum og umhverfismálum. Áætluninni er ætlað að stuðla að víðtæku samstarfi stofnana í samgöngumálum, m.a. á sviði rannsókna. Þá gera lögin ráð fyrir aukinni aðkomu helstu notenda og hagsmunaaðila í gerð samgönguáætlunar, m.a. með opnu samgönguþingi sem halda á minnst einu sinni við gerð hverrar samgönguáætlunar. Einnig er lögbundið að hafnaráð og flugráð gefi ráðherra umsögn um tillögu samgönguráðs.

Fyrst vil ég gera grein fyrir áætlun til 12 ára. Í henni er sett fram stefna í samgöngumálum næstu 12 árin auk þess sem gerð er grein fyrir almennum forsendum og spáð fyrir um þróun ýmissa lykilstærða. Í þáltill. sem hér er mælt fyrir eru eftirfarandi fjögur meginmarkmið:

Fyrsta markmiðið er um greiðar samgöngur. Hér undir falla flestallar framkvæmdir við uppbyggingu og endurbætur samgöngukerfisins. Einnig er lögð áhersla á að sköpuð verði skilyrði fyrir flesta landsmenn til að komast til eða frá höfuðborgarsvæðinu hvert á land sem er innan 3 1/2 klukkustundar. Loks er sett fram að almenningssamgöngur í lofti, á sjó og á landi verði skipulagðar þannig að þéttbýlisstaðir með 200 íbúa eða fleiri eigi kost á þeim.

Annað markmiðið er um hagkvæmni við uppbyggingu og rekstur samgangna. Í samgönguáætlun er enn fremur áformað að nýta markaðsöflin við uppbyggingu og rekstur samgöngukerfisins enn frekar en nú er.

Þriðja markmiðið er um umhverfislega sjálfbærar samgöngur, m.a. varðandi vetnisnotkun.

Fjórða markmiðið er loks um öryggi í samgöngum og er ástæða til að vekja sérstaka athygli á verkefnum sem ætlað er að bæta öryggi í samgöngum almennt.

Í þessari samgönguáætlun er aukin áhersla lögð á uppbyggingu vegakerfisins. Þetta er stefnubreyting þar sem lítið er svo á að byggingu nýrra flugvalla og nýrra hafna sé lokið nema sérstakar aðstæður kalli á annað. Framkvæmdir í höfnum og á flugvöllum miðast við að bæta aðstöðu og bregðast við auknum kröfum og þróun á sviði flugs og siglinga. Ein

mikilvægasta einstaka aðgerðin í þessari nýju langtímaáætlun er skilgreining grunnnets eða burðarnets samgangna sem nær til samgöngumátanna þriggja. Með grunnneti er átt við þau mannvirki sem mynda eðlilegt samfellt samgöngukerfi um landið allt. Umferðin er mest í grunnkerfinu og því mikilvægt að það njóti forgangs. Í þessari áætlun er einnig unnið að því að bæta samgöngur fyrir ferðaþjónustu með uppbyggingu hálendisvega og öðrum aðgerðum og verður fjallað um sumar þeirra hér síðar í ræðunni.

Heildarfjármagn til samgöngumála hefur stóraukist á undanförnum árum. Í samgönguáætlun heldur þessi þróun áfram því að enn eykst fjármagnið til vegamála samkvæmt áætluninni. Tillagan gerir ráð fyrir að tæplega 240 milljörðum verði varið til samgöngumála næstu 12 árin. Þrátt fyrir þessa miklu fjármuni er ekki nægt fjármagn fyrir hendi til þess að uppfylla allar óskir og öll markmið í uppbyggingu vega yfir 12 ára tímabilið. Það liggur fyrir að enn vantar fé sem nemur framkvæmdafé rúmlega eins fjögurra ára tímabils til þess að markmiðið náist. Augljóst er því að af mörgu er að taka og verkefnin eru hvarvetna. Fáar þjóðir ef nokkrar verja jafnstórum hluta ríkisútgjalda til vegamála og Íslendingar. Þessi staðreynd undirstrikar hina miklu þörf fyrir bættar vegasamgöngur. Meiri hluti fjárins fer til stofnkostnaðar, þ.e. til nýrra mannvirkja, og undirstrikar það enn hve margt er ógert í vegakerfinu. Fámenn þjóð í stóru landi með erfiða veðráttu verður að leggja hlutfallslega meira af mörkum til þessa málaflokks en títt er um þær þjóðir sem við berum okkur gjarnan saman við.

Útgjöld til flugmála hafa aukist á undanförnum árum sem skýrist aðallega af auknum umsvifum alþjóðaflugþjónustunnar og er búist við áframhaldandi vexti hennar. Umsvif þjónustunnar eru m.a. fjármögnuð af yfirflugsgjöldum. Áætlunin gerir ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu flugmála. Í samgönguáætlun eru eftirfarandi áfangar skilgreindir:

Á fyrsta tímabili er stefnt að því að flugvellir í flokki I uppfylli auknar kröfur vegna aðflugsöryggis og flugverndar. Á öðru tímabili er stefnt að því að flugvellir í flokki II uppfylli kröfur til bygginga og einnig kröfur til flugbrauta og hlaða þar sem því verður við komið. Í lok 12 ára tímabilsins ættu því flugvellir í grunnneti að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til flugvalla í flokkum I og II að svo miklu leyti sem það er hægt af landfræðilegum ástæðum. Sett er í forgang að ljúka þeim verkefnum sem varða flugöryggi. Víða þarf að bæta þær byggingar sem hýsa búnað sem notaður er til rekstrar flugvalla. Þá verður unnið að endurnýjun öryggis- og björgunarbúnaðar í samræmi við hertar kröfur. Loks verður vopnaleitarbúaður settur upp í samræmi við nýjar kröfur.

Í samgönguáætlun er stefnt að byggingu nýrrar samgöngumiðstöðvar á Reykjavíkurflugvelli sem nú hefur verið endurbyggður og er gert ráð fyrir að hún verði fjármögnuð, a.m.k. að hluta til, með einkaframkvæmd. Ekki er gert ráð fyrir fjármagni til hennar af flugmálaáætlun og verður það skoðað sérstaklega. Þó er gerð flughlaðs við stöðina á flugmálaáætlun. Helstu markmið í rekstri flugmála á áætlunartímabilinu eru innleiðing nýrra rekstrarkerfa svo sem öryggisstjórnunarkerfis og annarra gæðastjórnunarkerfa sem auka öryggi, skilvirkni og gæði þjónustunnar á flugvöllum og í flugumferðarþjónustu. Markmiðið hér að framan miðar að því að uppfylla staðla eins og þeir eru í dag.

Í áætluninni er lögð mikil áhersla á flugöryggismál og er m.a. áformað að tryggja aðkomu Íslands að nýrri stofnun Evrópusambandsins á sviði flugöryggis. Sú stofnun byggir á starfsemi og reglum flugöryggissamtaka Evrópu.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að mörgum brýnum verkefnum á sviði flugmála. Langviðamesta verkefnið er endurbygging Reykjavíkurflugvallar. Dæmi um önnur stórverkefni eru stækkun og endurbætur á flugstöðinni í Vestmannaeyjum, á Akureyri og Egilsstöðum og ný flugstöð í Grímsey. Helstu verkefni sem fyrirhuguð eru á næstu fjórum árum eru endurbygging flughlaðs á Reykjavíkurflugvelli, endurnýjun flugbrautarljósa á Akureyri, Ísafirði og í Vestmannaeyjum, nýr flugturn á Ísafirði og ný flugstöð á Bakkaflugvelli. Ljóst er að mikil áhersla verður á flugvernd og öryggismál á næsta fjögurra ára tímabili. Vegna krafna um vopnaleit í millilandaflugi sem tóku gildi 1. janúar þarf að kaupa talsverðan búnað á Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvelli. Áformað er að taka út og votta alþjóðaflugvelli hér á landi samkvæmt nýjum kröfum Alþjóðaflugmálastofnunar fyrir lok ársins. Áhersla verður lögð á stöðugt betri skráningu smárra og stærri flugatvika í samræmi við það sem aðrar Evrópuþjóðir munu gera.

Þá vil ég víkja að siglingamálum. Mestu útgjöldin í þeim eru til framkvæmda í höfnum. Áætlunin miðar við núgildandi hafnalög. Í áætluninni er við það miðað að ríkið taki þátt í að endurnýja hafnarmannvirki í fiskihöfnum á landsbyggðinni til þess að uppfylla þarfir sjávarútvegsins og jafnframt að mæta nýjum þörfum atvinnugreinarinnar. Löng reynsla hefur sýnt að kröfur til íslenskra hafna eru síbreytilegar og að þróun þeirra verður að haldast í hendur við þróun fiskiskipaflotans. Langtímaáætlun um öryggi sjófarenda er fest í sessi og eru framlög til hennar aukin í 20 millj. kr. á ári. Gert er ráð fyrir að rannsóknir verði efldar með það að markmiði að auka öryggi sjófarenda og hámarka nýtingu fjármagns sem varið er til hafnarmannvirkja og sjóvarnargarða. Við það er miðað að Siglingastofnun taki virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi um öryggismál. Mikilvægt er að gæta hagsmuna Íslands þegar verið er að semja alþjóðlegar reglur. Það þarf að sjá til þess að reglurnar tryggi sem best öryggi sjófarenda, þær hæfi sem best íslenskum aðstæðum.

Eins og kunnugt er þjóna hafnir í meginatriðum tvíþættum tilgangi, þ.e. fiskveiðum og fólks- og vöruflutningum, bæði innan lands og milli landa. Auk þess eru ferjusiglingar frá höfnum og er rétt að minna á það.

Á síðustu tveimur áratugum hefur landaður afli aukist um 30%. Vöruflutningar á milli landa hafa á sama tímabili aukist um 87% og má rekja mikið af þeirri aukningu til flutninga vegna stóriðju. Sjóflutningar innan lands jukust jafnt og þétt fram á miðjan síðasta áratug en síðustu fimm árin hafa þeir dregist saman um rúmlega 10%. Ferðum strandflutningaskipa hefur fækkað mun meira þar sem nú eru notuð stærri og afkastameiri skip en áður var. Hafnir landsins eru víðast hvar vel í stakk búnar, og vil ég undirstrika það alveg sérstaklega vegna umræðu um sjóflutninga, til þess að sinna meiri vöruflutningum en í dag er gert og ekki þarf kostnaðarsamar framkvæmdir þess vegna í höfnunum.

Á síðustu fjórum árum var unnið á vegum hafnarsjóða að ríkisstyrktum hafnarframkvæmdum fyrir um 5 milljarða kr. eða að meðaltali um 1.250 millj. á ári. Hlutur ríkissjóðs í þessum framkvæmdum var um 3,4 milljarðar eða að meðaltali um 850 millj. á ári. Helstu verkefni sl. fjögur ár voru lenging bryggju á Grundarfirði og á Siglufirði, ný stálþil á Flatey og Ísafirði og stækkun fiskihafnarinnar á Akureyri. Einnig framkvæmdir við nýjan brimvarnagarð á Húsavík,

dýpkun hafnar og innsiglingar á Raufarhöfn og Þórshöfn og dýpkun hafnar og ný loðnubryggja á Vopnafirði. Nýtt ferjulægi á Seyðisfirði er meðal verkefna, lenging togarabryggju í Neskaupstað og nýtt stálþil á Eskifirði, löndunarkantur á Djúpavogi, endurnýjun stálþils í Vestmannaeyjum og framkvæmdir við dýpkun hafnar og varnargarða við höfnina í Grindavík sem er eitt stærsta verkefnið sem unnið hefur verið að í hafnargerð í langan tíma. Það er af mörgu að taka og ástæða til að rifja það hér upp enda hefur uppbygging í höfnunum verið mikilvæg.

Í fjögurra ára áætlun er gert ráð fyrir að verja 4,6 milljörðum kr. til hafnarframkvæmda sem er mun hærri fjárhæð en á undanförnum árum. Þetta skýrist m.a. af uppbyggingu ferjuhafnar við Seyðisfjörð og álvershafnar í Reyðarfirði. Styrkir til hafnargerðar eru fyrst og fremst til að endurbæta og byggja ný viðlegumannvirki til að mæta þörfum fiskiskipaflotans. Stærstu verkefnin af þessu tagi eru á Patreksfirði, Bolungarvík, Ísafirði, Siglufirði, Húsavík, Hornafirði, Vestmannaeyjum og áframhaldandi framkvæmdir í Grindavík.

Á Akureyri, Húsavík, Þórshöfn, í Neskaupstað, á Eskifirði, Hornafirði og Þorlákshöfn verða byggðir nýir viðlegukantar úr stáli. Unnið verður að stofndýpkun innan hafna í Vestmannaeyjum og Grindavík, og viðhaldsdýpkunum í Ólafsvík, Rifi, Sauðárkróki, Hornafirði og Þorlákshöfn. Skjólgarður á Akranesi, Ólafsvík og Bolungarvík verða styrktir samkvæmt áætluninni og byggðir nýir skjólgarðar á Vopnafirði, í Neskaupstað og Þorlákshöfn.

Eftirfarandi eru helstu áfangar og áherslur í rekstri Siglingastofnunar næstu fjögur árin fyrir utan framkvæmdir við hafnargerð og þetta vil ég nefna sérstaklega:

Lokið verður uppbyggingu móttakara og senda fyrir sjálfvirk upplýsingakerfi um ferðir skipa sem byggja þarf upp í samræmi við kröfur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Miðað er við að vaktstöð siglinga verði komið á fót og er þar m.a. komið til móts við reglur Evrópusambandsins. Hlutverk stöðvarinnar er að vera miðstöð skipaumferðar í íslenskri efnahagslögsögu. Haldið verður uppi öflugu starfi við gerð ýmiss konar fræðsluefnis og leiðbeininga undir merkjum langtímaáætlunar um öryggismál sjófarenda. Unnið verður að ýmsum rannsóknum, svo sem öldufarsrannsóknum við suðurströndina, á siglingaöryggi á mismunandi leiðum undan ströndinni og hugsanlegu ferjulægi við Bakkafjöru. Gert er ráð fyrir að vinna við tilraunir á endurbótum innsiglingar í Rifshöfn á Snæfellsnesi. Þá verður unnið að áhættumati minni fiskiskipa í hættulegum öldum og ýmsum sérstökum verkefnum sem tengjast öryggi skipa.

Sný ég mér þá að vegamálunum. Útgjöldum til vegamála er skipt í þrennt, þ.e. rekstur og þjónustu, viðhald og stofnkostnað. Fyrri tveir liðirnir hafa farið hækkandi á undanförnum árum og heldur sú þróun vafalaust áfram. Valda þar mestu sívaxandi kröfur um aukna þjónustu. Sem kunnugt er eigum við fleiri bíla að hlutfalli en flestar aðrar þjóðir. Viðhaldsþörf vega vex í hlutfalli við verðmæti vega svo og í hlutfalli við aukna umferð, einkum þungaumferð. Reynt er að mæta þessari aukningu og auknu þörf í samgönguáætluninni með áformum um aukið fjármagn til viðhalds og þjónustu á vegakerfnu. En meiri hluti vegafjár fer til stofnkostnaðar og það helst til framkvæmda í grunnnetinu. Í grunnneti samgöngukerfisins eru 10 flugvellir, 33 hafnir og um 5.200 km af vegum. Af þessum þremur þáttum kerfisins er flutningaþörfin langmest í vegakerfinu. Grunnnet vega fær þannig stóra sneið af kökunni en það dugar þó ekki til. Engu að síður nást margir og mjög mikilvægir og góðir áfangar á áætlunartímabilinu og verða hér nefndir nokkrir þeirra.

Lokið verður við Gjábakkaveg og nýjan veg milli Reykholts og Flúða í Árnessýslu á öðru tímabili. Auk þess er alveg augljóst að líta þarf sérstaklega til endurbóta á veginum um Hellsiheiði. Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar verður tvöfölduð, vega- og brúargerð yfir Kolgrafarfjörð er á dagskrá á fyrsta tímabili. Á áætlunartímabilinu verða byggðakjarnarnir á Vestfjörðum tengdir við hringveginn með bundnu slitlagi, bæði um Barðaströnd og Djúp. Hér er um gríðarlega stórt verkefni að ræða og kostnaðarsamt sem tekur mjög í að ná fram en er afar mikilvægt og margir telja að þyrfti að hraða enn frekar en hér er gert ráð fyrir. Auðvitað verður þessi áætlun endurskoðuð að liðnum tveimur árum og þá verður hægt að taka sérstaklega til einstakra verkefna sem þarf að líta til. Síðasta kafla á hringveginum um Norðurland lýkur á þessu ári og á öðru tímabili verður unnt að aka allan hringinn á bundnu slitlagi. Þá verður unnið að tengingu byggðakjarnanna á Norðausturlandi við hringveginn og í lok tímans verður kominn vegur með bundnu slitlagi til þéttbýlisstaðanna í Norður-Þingeyjarsýslu en nokkru fyrr til Vopnafjarðar, þ.e. á öðru tímabili. Þá ber að nefna nýja brú yfir Hornafjarðarfljót sem stytta mun hringveginn um 11 km en henni verður lokið á öðru tímabili.

Hér hefur verið minnst á nokkra stóra áfanga. Um flesta þeirra gildir eðlilega að betra væri ef þeir væru fyrr á ferðinni. Það gildir um allar framkvæmdir í vegamálum ef litið er til margvíslegra óska íbúa þessa lands. Það á ekki síst við um vegagerð á Vestfjörðum og Norðausturlandi. Þess ber að geta að áætlaður kostnaður við þessi verkefni hefur aukist mikið frá því að langtímaáætlun í vegagerð var sett fram á sínum tíma. Þessu valda einkum meiri kröfur til þessara vega og það að valdar eru betri og dýrari lausnir en áður út frá sjónarhorni umferðaröryggis. Breidd þessara vega er aukin frá 6,5 m í 7,5 m, m.a. vegna aukins umferðarhraða á bundnu slitlagi sem að sjálfsögðu verður að bregðast við með betri og breiðari vegum.

Af öðrum stórum áföngum ber að nefna jarðgöng, göng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og göng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Er miðað við að gerð hinna síðarnefndu hefjist í beinu framhaldi af gerð Fáskrúðsfjarðarganga og verkinu ljúki árið 2008 en framkvæmdin við þessa gangagerð verður boðin út á næstu vikum. Með þessum áföngum og öðrum sem nást á tímabilinu munu samgöngur stórbatna víða um land. Í sumum tilvikum er um byltingu að ræða. Þar valda jarðgöngin mestum straumhvörfum að mínu mati í byggðalegu tilliti.

Á höfuðborgarsvæðinu verður unnið að byggingu Sundabrautar, gerð mislægra gatnamóta svo sem við Kringlumýrarbraut, Miklubraut, færslu Hringbrautar og tvöföldun vega, svo sem í nágrannasveitarfélögunum Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og Mosfellsbæ. Allt eru þetta mikilvægar framkvæmdir.

Ljóst er að lokið verður við mjög brýn verkefni er öll miða að því að greiða fyrir sívaxandi umferð jafnframt því að draga úr slysatíðni á svæðinu. Fjármagn til höfuðborgarsvæðisins er í áætluninni meira en nokkru sinni áður hefur verið í samgönguáætlun.

Eins og jafnan áður þarf mikið fjármagn til reksturs og þjónustu á vegakerfinu. Fer sú fjárþörf vaxandi. Sama er að segja um viðhald vega. Ekki verður fjölyrt frekar um þessa liði en þó er rétt að minna á tvö atriði.

Allar almenningssamgöngur utan þéttbýlis eru taldar til vegamála og annast Vegagerðin umsjón þeirra. Útgjöld til þessa liðar eru 900–1.000 millj. kr. á ári. Þau hafa farið vaxandi og verður svo áfram út tímabilið. Þjónustusamningum um rekstur ferja og áætlunarleiða í flugi hefur verið komið í útboð. Unnið hefur verið að endurskipulagningu sérleyfisþjónustu og þjónustusamningar gerðir við sérleyfishafa um land allt. Gert er ráð fyrir að sá hluti almenningssamgangna verði einnig boðinn út, í síðasta lagi árið 2005.

Sérstakur liður, Öryggisaðgerðir, er í áætluninni. Auk þess er rétt að benda á að mjög mikið af nýbyggingafé fer til verkefna sem stuðla að auknu öryggi. Sem dæmi um þetta má nefna breikkun brúa. Á undanförnum átta árum hefur einbreiðum brúm fækkað að meðaltali um 21 brú á ári.

Ég vil fara nokkrum orðum um skiptingu fjár á milli kjördæma af liðunum Almenn verkefni og Tengivegir. Við afgreiðslu langtímaáætlunar í vegagerð var liðnum Almenn verkefni skipt jafnt á milli kjördæma utan Reykjavíkur. Við síðustu endurskoðun vegáætlunar var þessari skiptingu haldið, þar með talið á árunum 2003 og 2004. Í tillögu að fjögurra ára áætlun er lagt til að sami háttur verði hafður á árin 2005 og 2006. Eðlilegt er að skoða þessi mál að nýju við næstu endurskoðun fjögurra ára áætlunar enda verður ný kjördæmaskipan þá orðin föst í sessi.

Fjármagni til tengivega hefur lengi verið skipt í samræmi við reiknilíkingu þar sem tekið er tillit til kostnaðar við gerð veganna, ástands þeirra og umferðar. Miðað er við að sú regla haldist óbreytt í þessari áætlun.

Svokallaðar ferðamannaleiðir eru sérstakur liður í þessari samgönguáætlun. Ferðaþjónustan í landinu byggir í ríkum mæli á góðum samgöngum. Með þeim áherslum sem hér eru er leitast við að koma til móts við þarfir ferðaþjónustunnar í heild sinni, enda eru góðar samgöngur einn allra mikilvægasti þátturinn í uppbyggingu ferðaþjónustu hér á Íslandi. Við síðustu endurskoðun vegáætlunar var í auknum mæli veitt fé til ferðamannaleiða. Tvær leiðir fengu sérstakar fjárveitingar, Uxahryggjavegur á milli Þingvalla og Borgarfjarðar, og Dettifossvegur, utan Jökulsár á Fjöllum. Að öðru leyti var fjárveitingu skipt á kjördæmi til þeirra verkefna sem brýnust voru og þingmenn skiptu þeim fjárveitingum milli verkefna.

Hálendisvegir eru í umsjá Vegagerðarinnar teljist þeir til landsvega og hefur þeim verið sinnt eftir því sem fjármagn hefur leyft á hverjum tíma. Vissulega hefur ekki verið mjög mikið fjármagn til þeirra framkvæmda. Með samgönguáætlun eru fjórir hálendisvegir flokkaðir með vegum í grunnneti og er það nýmæli að hálendisvegir séu settir í forgang með þessum hætti. Þetta eru vegurinn um Kaldadal, Kjöl, Sprengisand og Fjallabaksleið nyrðri. Í áætluninni er sett það markmið að þessum vegum verði komið í allgott horf og þeir lagðir bundnu slitlagi í framtíðinni. Lengd þessara vega er um 500 km og kostnaður við að fullnægja markmiðum hefur verið lauslega metinn á 9–10 milljarða kr. Þannig er alveg augljóst að með þeim fjármunum sem við höfum í samgönguáætluninni til hálendisvega verður ekki hægt að ljúka þessum framkvæmdum. Því fer fjarri. En engu að síður er stefnt að verulegum endurbótum á hálendisvegum. Í samgönguáætlun eru fjárveitingar til að hefjast handa við þetta verkefni. Það skiptir miklu máli fyrir ferðaþjónustuna auk þess sem það stuðlar að því að landsmenn kynnist hálendinu. Þó að grunnnetið fái til sín bróðurpart fjárveitinga til nýframkvæmda verður verkefnum utan grunnnetsins sinnt áfram í svipuðum mæli eða betur en verið hefur.

Herra forseti. Þessar till. til þál. sem ég hef mælt fyrir á grundvelli hinna nýju laga um samgönguáætlun fela í sér mörg nýmæli en eru ekki síst til marks um að með þeim framkvæmdum sem í þeim felast munu margir stórir áfangar nást. Í hnotskurn má segja að í fyrsta sinn er sett fram heildstæð stefna og skýr markmið til næstu tólf ára í öllum greinum samgangna. Sett er fram metnaðarfull áætlun um ráðstöfun fjármuna í samgöngumál næstu tólf árin í þremur fjögurra ára tímabilum. Áætlanir gefa skýra og heildstæða sýn á samgöngumál og setja flugmál, siglingamál og vegamál í samhengi, m.a. með því að skilgreina í fyrsta skipti grunnnet samgangna í landinu. Ný vinnubrögð við þessa áætlanagerð hafa þegar stuðlað að stóraukinni samvinnu þeirra sem að samgöngumálum koma og þá ekki síst með samvinnu við notendur á samgönguþingi sem haldið hefur verið. Þar ræður ekki síður meiri og nánari samvinnu milli stofnana samgöngumála sem eiga mjög gott samstarf við Alþingi og ekki síst hv. samgn. þingsins sem fær þetta mál til umfjöllunar á milli umræðna.

Með þeim áætlunum sem liggja fyrir Alþingi til afgreiðslu er hugsað stórt. Það er hugsað til framtíðar. Við gerum ráð fyrir meiri og dýrari framkvæmdum en nokkru sinni fyrr og gerum ráð fyrir því að í lok áætlunartímabilsins fullnægi samgöngukerfi þjóðarinnar landinu í öllum meginatriðum. Með þessari samgönguáætlun er sannarlega stefnt að grettistaki í samöngumálum þjóðarinnar.

Hæstv. forseti. Ég hef nú mælt fyrir þingsályktunartillögum um samgönguáætlun til tólf ára og til fjögurra ára. Ég legg til að tilögunum verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. samgn.

[14:24]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Á dögunum ræddum við versnandi atvinnuástand í landinu og sérstaklega á suðvesturhorninu. Þá gat hæstv. félmrh. um að þess hefði verið farið á leit við hæstv. samgrh. að flýtt yrði verkefnum hér á svæðinu í samgöngumálum. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra: Hvaða verkefnum hyggst hann flýta til þess að bæta atvinnuástandið og hvar á höfuðborgarsvæðinu? Eða hefur hann orðið við tilmælum hæstv. félmrh. um að flýta verkefnum eins og fram kom í umræðunni á dögunum?

[14:25]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst er til að taka að félmrh. hefur ekki óskað sérstaklega eftir því að verkefnum yrði flýtt heldur hefur það spunnist af umræðum innan ríkisstjórnarinnar og innan samgrn. Ég lýsti því yfir að ég hefði beint þeim tilmælum til stofnana samgrn. að reynt yrði að hraða undirbúningi og framkvæmdum innan ársins 2003 eins og kostur væri.

Stofnanir hafa að sjálfsögðu orðið vel við þessum óskum mínum. Ef litið er til hafnargerðar er nú út af fyrir sig ekki af miklu að taka á höfuðborgarsvæðinu í hafnargerð. En framkvæmdir við hafnargerð á landinu, þær stærstu, eru allar í fullum gangi. Gert er ráð fyrir því að næstum allar framkvæmdir á þeim sviðum komist mjög fljótlega af stað. Það mun nýtast til að styrkja atvinnulífið.

Á sviði flugmála eru ekkert mjög stór verkefni, fyrst og fremst er verið að ljúka við framkvæmdir við Reykjavíkurflugvöll. En í vegamálunum munar mest um framkvæmdirnar. Þar vil ég nefna sérstaklega útboð á framkvæmdum við mislæg gatnamót við Stekkjarbakka, mjög stórt verkefni

sem ég geri ráð fyrir að verði boðið út á næstunni. Sömuleiðis er verið að vinna að undirbúningi framkvæmda við Reykjanesbrautina í gegnum Garðabæ og Hafnarfjörð. Þar eru skipulagsvandamál. Sama á sér stað í Mosfellsbænum. Það hefur tafið að skipulag og niðurstaða samkomulags við sveitarfélögin hefur ekki legið fyrir.

Um allt land er verið að herða á framkvæmdum og útboðum, m.a. verður á næstu vikum, innan tveggja vikna væntanlega, boðin út brú yfir Kolgrafarfjörð. Jarðgangaútboðin eru í undirbúningi og þannig munu á næstunni sjást merki þess að Vegagerðin hafi orðið við þessari ósk minni.

[14:27]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Ég vil minna á að það er hægt að flýta fleiri framkvæmdum hér á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnuleysið er einna mest hér á suðvesturhorninu. Ég minni á að það er t.d. hægt að flýta því að koma upp göngubrúm í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu. Ég minni líka á að Hallsvegur ætti að vera fljótlega tilbúinn til framkvæmda enda genginn dómur í því máli. Sömuleiðis mætti hefjast handa við gatnamótin á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi sem mig minnir að hafi verið frestað í fyrra.

Ég hvet hæstv. ráðherra til að flýta þessum framkvæmdum eins mikið og hann getur því að atvinnuástandið er ekki viðunandi. Ef hægt er að koma með aðgerðir til mótvægis við aukið atvinnuleysi á auðvitað að gera það. Ég treysti hæstv. ráðherra til þess að drífa í að koma þessum framkvæmdum af stað sem fyrst.

[14:29]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vafalaust hægt að setja af stað eitthvað af þeim framkvæmdum sem hv. þm. nefndi. Ég vil þó sérstaklega nefna framkvæmdir við Hallsveg. Það hefur gengið á ýmsu þar og endaði í dómsmáli eins og kom fram hjá hv. þm. Þar er að sjálfsögðu skipulagsvinna, hönnun, frágangur og mikill undirbúningur eftir. Það er kannski ekki alveg séð að á næstu vikum sé hægt að setja af stað verk sem er að koma út úr kæruferli, dómsferli. Augljóslega var undirbúningur og öll hönnun þeirra framkvæmda ekki í fullum gangi á meðan á þeirri óvissu stóð.

Hvað varðar göngubrýr er að sjálfsögðu reynt að hraða þeim eins og kostur er. Það er ekki mjög stór verkefni. En engu að síður, margt smátt gerir eitt stórt. Fyrirmæli mín til Vegagerðarinnar, Siglingastofnunar og Flugmálastjórnar eru að hraða framkvæmdum, hraða undirbúningi og setja sem mest af stað af verkum sem liggur fyrir að við höfum fjármuni til í ár.

[14:31]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessar tillögur til þál. um samgöngumál eru í sjálfu sér nýbreytni að hér er sameiginlega lögð fram ályktun og áætlun um samræmdar samgöngur í landinu, hvað varðar flug, siglingar, vegi og almenningsflutninga. Ég tel þetta vera til mikilla bóta og bjóða upp á markvissari vinnubrögð og markvissara starf á næstu árum.

Það sem ég vildi gera að umtalsefni er sú staðreynd sem hefur komið fram bæði í mati efnahagsskrifstofu fjmrn. og nú síðast t.d. hjá greiningardeild Búnaðarbanka Íslands, að verði af fyrirhuguðum framkvæmdum við Kárahnjúka og álverksmiðju á Reyðarfirði, þá er um svo gríðarlegt fjármagn að ræða sem kemur inn í hagkerfið að allir þessir aðilar segja að það muni á ákveðnu tímabili verða að draga úr öðrum umsvifum, það muni verða ef á að freista þess að halda böndum utan um efnahagslíf Íslendinga.

Minnst hefur verið á þann möguleika að flýta framkvæmdum meðan svigrúm er til. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort kannaðir hafi verið möguleikar á því að flýta framkvæmdum einmitt á þeim landsvæðum sem verða hvað harðast úti verði af væntanlegum framkvæmdum fyrir austan, þ.e. af þeim efnahagsáhrifum sem af því verða, t.d. á Vestfjörðum og Norðurl. v. Er verið að kanna að flýta framkvæmdum t.d. á Vestfjörðum sem er afar brýnt og sömuleiðis á Norðurl. v. sem ég rek ítarlegar í seinna andsvari?

[14:33]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér kom hv. þm. Vinstri grænna og hafði með sér í ræðustólinn Kárahnjúkagrýluna rétt eina ferðina og spyr um hvort ekki sé hægt að flýta framkvæmdum í þeim landshlutum sem verða harðast úti vegna mikilla væntanlegra framkvæmda og mikilla umsvifa, mikillar fjárfestingar og mikillar aukningar í tekjum þjóðarinnar ef og þegar hafist verður handa við Kárahnjúkaframkvæmdirnar. Þetta er náttúrlega málflutningur sem er fyrir neðan allar hellur og alveg með ólíkindum að hv. þm. Vinstri grænna skuli ekki hafa skilið það að þjóðin vill ekki að talsmenn á þingi tali með slíkum hætti um uppbyggingu, framfarir og mikilvægar framkvæmdir. Þess vegna þarf ekki að bregðast neitt við í landshlutum sem verða hart úti vegna mikilla framkvæmda þegar kemur að virkjunarframkvæmdunum.

Engu að síður eru í undirbúningi og samkvæmt þessari samgönguáætlun eru miklar framkvæmdir fyrirhugaðar í þeim landshlutum sem hv. þm. nefndi alveg sérstaklega. Þessi verk verða boðin út núna alveg á næstunni þannig að hv. þm. þarf ekki að hafa miklar áhyggjur af því. Ég bara hvet hv. þm. Vinstri grænna að hætta að reyna að telja fólkinu í landinu trú um að einhver vá sé fyrir dyrum vegna fyrirhugaðra mikilla fjárfestinga í atvinnuuppbyggingu á Íslandi. Það er ekki svo.

[14:35]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að harma hversu óraunsær hæstv. ráðherra er og velur það að fara út í hreina útsúrsnúninga. Ég vil vitna til greiningardeildar Búnaðarbankans frá því í gær, með leyfi forseta:

„Til að skapa rými fyrir stóriðjuframkvæmdir er ljóst að eitthvað þarf að víkja. Í því fyrirkomulagi sem nú er við lýði er líklegast að það verði útflutnings- og samkeppnisgreinar.“

Áram segir í greininni:

„Það verður að breyta tímasetningum opinberra framkvæmda til að ná fram nauðsynlegum mótvægisaðgerðum þegar álagið af stóriðjuframkvæmdum verður hvað mest.“

Það er afar alvarlegt, herra forseti, að hæstv. ráðherra sem ber ábyrgð á svo mikilvægum málaflokki af hálfu ríkisstjórnarinnar og framkvæmdum á vegum ríkisstjórnarinnar sem eru vegaframkvæmdir skuli ekki gera sér grein fyrir þessu eða axla þá ábyrgð sem starfi hans fylgir. Ég legg áherslu á, herra forseti, að hæstv. ráðherra svari því hvort ekki sé hægt að flýta framkvæmdum á Vestfjörðum, á Norðausturlandi, þess vegna á Þverárfjallsvegi einmitt áður en þunginn af framkvæmdunum fyrir austan kemur. Við getum haft jákvæða eða neikvæða skoðun á þeim en verði þær að

raunveruleika munu þær hafa áhrif og bregðast þarf við því nú þegar en ekki stinga höfðinu í sandinn eins og hæstv. ráðherra gerir.

Ég hefði líka gjarnan viljað ákveðnari stefnumörkun og ég spyr um hana. Ég hefði viljað sjá að í þessari samgönguáætlun væri stefnumörkun um það að ljúka vegagerð á Vestfjörðum og Norðausturlandi þar sem íbúar búa við mjög skertar samgöngur og ætti að vera frumkrafa til samfélagsins að þessir landshlutar nytu fullkomins forgangs. Ég óska því eftir, herra forseti, að hæstv. ráðherra svari því hvort ekki sé þá í ljósi þessa ástands á næstu árum hægt að flýta verulega og gera stórátak í framkvæmdum í þessum landshlutum.

[14:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðu minni áðan gerði ég grein fyrir því að við erum að flýta framkvæmdum, við erum að stórauka fjárveitingar og framlög til uppbyggingar vega. Hv. þm. virðist ekki hafa tekið eftir því. Við erum að setja af stað mikið framkvæmdaátak, mikið grettistak, við erum að setja af stað jarðgöng, framkvæmdir við jarðgangagerð á Íslandi sem eru milljarðar, 1,5–2 milljarðar á ári sem bætast þar við og m.a. á norðausturhluta landsins og Austfjörðum reyndar. Það er því verið er að auka vegaframkvæmdir ef við lítum til þess að á árinu 2000 voru 11,3 milljarðar til framkvæmda í vegamálum. Á þessu ári gerum við ráð fyrir 13 milljörðum þannig að við erum að auka þetta mjög mikið svo ekki sé talað um það hversu mikið við erum að auka vegaframkvæmdir og er ég þá með tölur á föstu verðlagi ársins í ár frá því sem var þegar hv. formaður Vinstri grænna var samgrh. Þá voru 7,2 milljarðar til vegagerðar á Íslandi, en við erum að gera ráð fyrir á 14. milljarð í framkvæmdir á þessu ári þannig að við erum að stórauka framkvæmdir í vegagerð og það er nauðsynlegt að hv. þm. átti sig á því.

[14:39]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Við ræðum nú samtímis tvær afar merkilegar þáltill. sem hér hafa verið fluttar. Það er annars vegar þáltill. um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006 sem er náttúrlega það sem málið snýst um núna næstu fjögur ár hvaða framkvæmdir verða og hvað verður gert á sviði þeirra samgöngumálaflokka sem tillagan fjallar um. Hins vegar hina stóru samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014, eða 12 ára áætlun. Við ræðum þær saman, herra forseti, og ég mun því nýta mér það að fá að fara í gegnum þær svona sitt á hvað enda skarast þetta mjög oft.

Fyrir það fyrsta vil ég segja að við þingmenn Samfylkingarinnar studdum þá áætlun eða þá samþykkt sem gerð var á Alþingi um að vinna að samræmdri samgönguáælun eins og hér hefur litið dagsins ljós jafnframt því sem við höfum samþykkt á þessu kjörtímabili þær áætlanir hvort sem það var vegáætlun, hafnaáætlun, flugmálaáætlun eða sjóvarnaáætlun, þær tillögur höfum við einnig samþykkt. Þar með er ekki endilega sagt að við séum alls kostar ánægð með allt sem í þeim stendur. Það má kannski segja sem svo að við séum e.t.v. ánægð með það sem í tillögunum stendur en það sem menn eru óánægðir með er það sem ekki stendur í þeim vegna þess að ég hygg að það sé svo með alla þingmenn á hinu háa Alþingi að öllum finnst það vera of lítið sem inni í þessu er.

Eins og ég sagði, herra forseti, er í stóru áætluninni, þessari til 12 ára, fjallað um þau helstu atriði og stefnumótun sem þar er að finna. Fyrir það fyrsta vil ég segja að hér erum við vissulega að stíga fyrstu skref í þeirri áætlun. Ég er viss um að ýmiss konar samlegðaráhrif eiga eftir að koma fram á næstu 5–10 árum en það tekur langan tíma að sjá ýmislegt smella betur saman sem auðvitað er stór tilgangur með því að búa þetta svona til, annars vegar það og hins vegar að nýta betur fé til framkvæmda.

Í almennum stefnumótunum er fjallað um markmið með greiðari samgöngum, flytjanleika samgöngukerfisins og er þar fjallað um að þetta eigi að virka bæði fyrir fólk og vörur. Þetta er auðvitað göfugt markmið og þar kemur fram að þetta eigi að skapa skilyrði fyrir flesta landsmenn að komast til og frá höfuðborgarsvæðinu á innan við þremur og hálfri klukkustund á ferðatíma. Þetta er auðvitað göfugt markmið. Við höfum séð hvernig framkvæmdir í vegamálum stytta ferðatímann þó kílómetrafjöldinn sé ekki alltaf að styttast en einnig ber að huga að því að margir staðir, sérstaklega lengra frá höfuðborgarsvæðinu eru háðir flugsamgöngum. Sem betur fer hefur verið gripið til þess ráðs að styrkja flugsamgöngur við ýmis minni byggðarlög vegna þess að til að inna af hendi það meginmarkmið að menn komist til og frá höfuðborgarsvæðinu á þremur og hálfri klukkustund verða að vera góðir flugvellir og góðar flugsamgöngur vegna þess að margir munu ekki eiga þess kost að ná því akandi.

Jafnframt er fjallað um almenningssamgöngur, í lofti, á sjó og á landi og þær verði skipulagðar þannig að þær verði til allra þéttbýlisstaða með um 200 íbúum eða fleiri. Þetta er líka mjög göfugt markmið. En auðvitað er það þannig að almenningssamgöngur á Íslandi eru í skötulíki, því miður, það verður að segjast að svo er ef við undanskiljum strætisvagnaakstur í stærstu kaupstöðum landsins. En ég hygg að það sé ekki endilega og eingöngu því að kenna að kerfi sé ekki til heldur er það þannig með okkur Íslendinga, og það kemur fram í þessum gögnum hér um bílaeign landsmanna og ég held að það segi allt sem segja þarf, að það er einfaldlega háttur okkar Íslendinga að nýta okkur ekki mikið almenningssamgöngur heldur fara ferða okkar akandi í bílum og þá er jafnvel einn í hverjum bíl og jafnvel fara 3–4 bílar frá hverju heimili. Það er kannski dæmi um þá velmegun sem er á Íslandi.

Um markmiðið með öryggi í samgöngum er ekki nema gott eitt að segja, hvort sem það er í flugmálaáætlun og auðvitað kemur sú mikla umræða sem hefur átt sér stað á Alþingi inn í þá áætlun um flugöryggismál sem náttúrlega stórjukust við árásina á turnana í New York og það sem þar gerðist. Í sambandi við sjóinn er fjallað um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, sem menn hafa stundum sagt að sé stysta langtímaáætlun sem til er en hún var til tveggja eða þriggja ára.

Varðandi öryggisþáttinn í umferðinni, á vegum, þá er það hárrétt að þar má margt betur fara. Hinir svörtu blettir í umferðarkerfi okkar Íslendinga eru margir og banaslys eru því miður allt of mörg og alvarleg slys í umferðinni. Þetta á náttúrlega skýringu langt aftur í tímann þegar við vorum að byggja upp vegi og höfðum minna fé og kannski ekki eins mikla tækni eða kannski var eingöngu skortur á peningum þegar menn voru að gera þetta, vegirnir voru mjóir eins og hæstv. samgrh. gat um áðan og fjallaði um hvernig menn eru að fara út í það að gera breiðari vegi sem er náttúrlega í takt við hinar miklu breytingar sem hafa átt sér stað í flutningum landsmanna, þ.e. að megnið af öllum flutningum

til og frá höfuðborgarsvæðinu fer nú fram á vegum landsins með flutningabílum en ekki með skipum eins og áður var.

Þá vil ég geta þess, herra forseti, og ég hef sagt það áður að fé til umferðaröryggismála er allt of lítið. Það hefur áður komið fram og ég ætla ekki að lengja þá umræðu nú eða fara yfir þau atriði, en þar vantar peninga til þess að taka á.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, er fjallað um þá meginþætti sem þessi áætlun byggir á, þ.e. flugmálaáætlun, siglingamálaáætlun og vegáætlun og ég ætla ekki að ræða einstaka þætti enda gefst ekki tími til að fara í gegnum þá en þó ætla ég aðeins að stoppa við einstaka þætti.

Ég byrja á því er snertir flugmálaáætlun í þessari tillögu. Hér er fjallað um hinar hefðbundnu mörkuðu tekjur og á því er ekki mikil breyting. Strax á bls. 3, þar sem flugvellirnir í grunnnetinu eru flokkaðir niður, tók ég eftir því að í stóru áætluninni sem lögð var fram fyrir einhverjum missirum síðan er Keflavík inni í grunnnetinu en er aftur komin út úr því í áætluninni 2003–2006. Ég þykist vita af hverju það er en vil engu að síður spyrja hæstv. samgrh. hverju það sætir að Keflavík skuli tekin þar út.

Hins vegar verð ég að segja, sem kemur auðvitað heim og saman við það sem ég fjallaði um áðan um ferðatíma fólks til og frá höfuðborgarsvæðinu, að hann sé þrír og hálfur tími, að nokkrir litlir staðir úti á landi verði að búa að almennilegum flugvöllum sem þurfa þá að vera í grunnnetinu til að hægt sé að ná þessu markmiði sem ég gat um áðan. Ég vil fagna því að Grímseyjarflugvöllur skuli kominn inn í grunnnetið en spyr á móti hverju það sætir að flugvellir í Gjögri og Vopnafirði skuli ekki komnir þar inn. Svo ég taki dæmi eins og Vopnafjörð þá munum við á næstu árum ekki geta séð til þess að Vopnfirðingar komist til og frá höfuðborgarsvæðinu á þremur og hálfum tíma nema þar sé vel upp byggður flugvöllur og flugsamöngur til staðarins tryggðar. Þess vegna spyr ég: Hvers vegna er Vopnafjörður ekki kominn inn á grunnnetið eins og Grímsey, sem ég fagna auðvitað mjög?

Varðandi siglingamálaáætlunina ber að fagna því að hér er um áætlun að ræða sem tekur yfir þær mörgu áætlanir sem áður var unnið eftir, þ.e. hafnaáætlun, sjóvarnaáætlun og langtímaáætlun um öryggi sjófarenda. Þær falla undir þessa áætlun sem heitir siglingamálaáætlun. Það er hið besta mál.

Þarna er fjallað um framkvæmdir í höfnum landsins sem eru sífellt að breytast. Skipin eru að stækka og annað slíkt og dýpið þarf að vera meira. En þarna er líka getið um hvernig framlag ríkisins til hafnarframkvæmda muni minnka seinni hluta stóru áætlunarinnar. Þá komum við að því sem getið er um í þessari áætlun, stærri áætlun. Nokkur lagafrumvörp eru nú í undirbúningi sem geta haft áhrif á fjárveitingar til siglingamála í þá átt að fjármögnun flytjist frá ríkissjóði til eigenda skipa eða notenda hafna. Dæmi um þetta eru frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með skipum og frumvarp til nýrra hafnalaga.

Þetta er það sem ég sé mestu ástæðuna til að gagnrýna við fyrri umr., að enn ætli hæstv. ríkisstjórn að leggja fram hafnalagafrv. og reyna að knýja það í gegnum þingið. Það hefur þær afleiðingar sem kemur fram í þessu, að fjárflæði frá ríkissjóði til hafnarsjóða mun stórminnka. Ég tel að þetta sé eitt hið versta sem áformað er í þessari áætlun.

Hér er jafnframt fjallað um vakstöð siglinga, sem ég kem reyndar að síðar. Reyndar er líka til umræðu seinna í dag annað atriði í þeim efnum.

Þá kem ég að stærsta liðnum, vegáætluninni. Hún er náttúrlega langstærsti liðurinn og eins og komið hefur fram erum við ekki að tala um neina smáræðis peninga í þessari samgönguáætlun, við erum að tala um að eyða 240 milljörðum á tólf árum eða 20 milljörðum á ári til reksturs, viðhalds og alls þess sem þessi áætlun tekur til í þessum þremur meginflokkum samgangna.

Það er auðvitað skemmst frá því að segja að vegáætlunin sú sem hér er, þ.e. fjögurra ára áætlunin, er mjög lík því sem við höfum áður stuðst við. Hér er fjallað um sama viðfangsefni. Hins vegar segir í skýrslunni að framlög til vegamála eru langt frá því að vera í takt við það sem ríkissjóður hefur í tekjur af umferðinni. Eftir því sem mér skilst gæti málið snúist um eina 12 milljarða kr. sem ríkissjóður hefur í skatta eða tekjur af umferðinni á einn eða annan hátt, skatta sem ekki fara til vegamála. Það er auðvitað mjög alvarlegt vegna þess að við vitum að verkefnin fram undan eru næg hvort sem er á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni.

Þetta er atriði sem vert er að gefa gaum. Ég vil nota þetta tækifæri og spyrja hæstv. samgrh. hvort til séu nákvæmar tölur um hver heildarskattlagning af umferðinni sé, hve mikið standi út af og hvað komi inn í vegáætlun til framkvæmda miðað við árið 2002. Ég hygg að þetta sé allt til og vænti þess að fá svar við þessum spurningum.

Stærsti hlutinn af þessari áætlun fjallar eins og áður sagði um vegamálin. Í þau fer langmestur hlutinn. Þar er auðvitað langdýrasta uppbyggingin og mest að gera. Það má segja að það hafi átt sér stað mjög miklar framfarir í vegakerfinu undanfarin ár og áratugi. Ástandið er víðast hvar mjög gott en allt of margir landshlutar búa við afleitt ástand á malarvegum þar sem jafnvel takmarkaður þungi er leyfður hluta af árinu. Eitt af brýnustu verkefnum í samgöngumálum er að leysa frumþarfir þeirra byggðarlaga varðandi vegasamgöngur. Það má með öðrum orðum segja, herra forseti, vegna þess að hér er veitt lítils háttar fé til minjasöfnunar og minjagerðar í samgönguáætlun, hvort heldur það er í flugi, höfnum eða vegum, að allt of margir vegakaflar á landsbyggðinni mundu flokkast undir samgönguminjasafn hjá ýmsum öðrum þjóðum. Það kemur auðvitað til af því að gera þarf langa vegi. Þetta eru dýrar framkvæmdir en engu að síður er ætlunin að taka lítils háttar á því hér þó að, eins og ég sagði í upphafi máls míns, við getum alltaf haft aðrar skoðanir á því hve langt eigi að ganga en þarna vantar mikið upp á.

Annað fjárfrekt verkefni er að endurbæta vegakerfið á höfuðborgarsvæðinu. Þörfin fyrir það hefur náttúrlega aukist í framhaldi af hinum miklu flutningum fólks af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins ásamt mikilli bílaeign landsmanna. Með öðrum orðum er það svo, herra forseti, að ýmsir vegir sem hannaðir voru fyrir 10–30 árum anna alls ekki þeirri umferð sem er í dag. Auk þess er umferðin miklu hraðari. Þess vegna er þetta mikilvægt verkefni. Það hlýtur að vera verkefni Alþingis að finna eðlilegt jafnvægi milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis, sjá til þess að farið verði í þær framkvæmdir sem brýnastar eru á þessum landsvæðum, ef þannig má að orði komast.

Þetta vildi ég segja, herra forseti, í upphafi umfjöllunar minnar um þessar tvær miklu áætlanir sem hæstv. samgrh. hefur mælt fyrir. Ég mun kannski koma hér síðar í dag til að fjalla um aðra þætti. Ég hef reynt að fara í gegnum þetta almenns eðlis. Ég segi því það eitt hér að lokum þar sem ég á sæti í hv. samgn. að ég hlakka mjög mikið til að vinna að þessu mikla verkefni. Ég minni jafnframt á að stærsti hlutinn, sá hluti sem oft er mest deilt um á hinu háa Alþingi, þ.e. um skiptingu vegafjár, verður unninn á hefðbundinn hátt

af þingmönnum viðkomandi kjördæma eða þingmönnum gömlu kjördæmanna. Þess ber að geta að þó að gömlu kjördæmin verði ekki notuð hvað varðar kosningar til Alþingis er ekkert sem segir að nýju kjördæmin skuli vera notuð til skiptingar vegafjár eða þess háttar. Þetta má því vinna eins og gert hefur verið undanfarin ár. Ég hlakka mjög til að taka þátt í þeirri vinnu.

[14:55]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst vil ég mótmæla því sem hv. þm. Kristján L. Möller sagði, þ.e. um að almenningssamgöngur væru í skötulíki. Ég get ekki fallist á það. Á vegum samgrn. hefur Vegagerðin unnið að endurskipulagningu sérleyfiskerfisins í landinu. Það hafa náðst ágætir áfangar í því. Gert er ráð fyrir að halda því áfram allt til ársins 2005. Á þeim tíma er gert er ráð fyrir að öll sérleyfin verði boðin út.

Fyrirtæki í þessari grein hafa verið sameinuð. Þau hafa lagt sig fram um að bæta þjónustuna. Vandinn hefur hins vegar verið sá að dregið hefur úr notkun almenningssamgangna í landinu.

Það er misskilningur hjá hv. þm. að Keflavíkurflugvöllur sé ekki inni í grunnnetinu. Á bls. 3 í samgönguáætluninni kemur fram að Keflavík er þar. Hvað varðar Vopnafjarðarflugvöll þá voru ekki taldar forsendur fyrir því að Vopnafjarðarflugvöllurinn væri inni í grunnnetinu, eins og Grímseyjarflugvöllur er núna samkvæmt fjögurra ára áætluninni. Ég tel eðlilegt að Grímseyjarflugvöllur sé það. Gert er ráð fyrir að stórbæta vegina til Vopnafjarðar, endurbyggja vegi til Vopnafjarðar á áætlunartímabilinu, þannig að þá verður hægt að uppfylla þær kröfur að hægt sé að ná til höfuðborgarsvæðisins á þremur og hálfum tíma.

Samgrh. gerir ráð fyrir að leggja fram frv. til hafnalaga. Það er mjög gott samkomulag við Hafnasambandið um niðurstöður í þeirri vinnu sem legið hefur að baki undirbúningi frv. til hafnalaga. Það er gert ráð fyrir því en hins vegar er ekki áætlað fyrir þeim breytingum inni í þessum áætlunum.

Ég hef því miður ekki við höndina hversu miklar skatttekjur ríkissjóður hefur af umferðinni en það fer töluvert í hina sameiginlegu sjóði eins og hv. þm. veit.

[14:57]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kann kannski að koma fram við meðferð þessa máls í hv. samgn. hverjir skattar ríkisins eru af umferðinni. Ég tel mjög mikilvægt að draga það fram. Ef það er rétt sem ég hef heyrt, að það gætu verið í kringum 12 milljarðar sem fari ekki til umferðarmála og vegagerðar, þá eru það ansi miklir peningar sem almenningur borgar í skatta af umferðinni sem ekki fer í að bæta samgöngur. Þannig hefur auðvitað verið í fjöldamörg ár. Við getum rétt ímyndað okkur hvernig ástandið í vegamálum væri ef meira af því fé sem almenningur borgar vegna umferðar færi til vegagerðar.

Hæstv. ráðherra er ekki sammála mér um það að almenningssamgöngur séu í skötulíki. Sá ágreiningur verður þá bara að vera milli okkar. Ég held hins vegar að það sé töluverð brotalöm í almenningssamgöngukerfinu. Ég er ekki að kenna einum eða neinum um það en ég tók það skýrt fram áðan að ég held að það sé háttur okkar Íslendinga að nota ekki almenningssamgöngur mikið.

Hér var fjallað um allsherjarútboð í almenningssamgöngum 2005. Það er auðvitað hlutur sem er verið að vinna að og vonandi verður það til þess að bæta almenningssamgöngur í landinu.

Varðandi hafnalagafrv. langar mig að ítreka þá spurningu sem ég bar fram. Ég heyrði að hæstv. ráðherra sagði mikla sátt ríkja um hafnalagafrv. við Hafnasambandið. Ég veit að á síðasta þingi var ekki mikil sátt um það hafnalagafrv. sem við vorum að vinna með í samgn. Það var stoppað vegna ágreinings í stjórnarflokkunum. Ég ætla rétt að vona að sá ágreiningur haldi áfram og það frv. komi ekki fram. Mig langar að ítreka spurninguna mína: Er það virkilega svo að það frv. eigi að koma fram á næstu dögum eða áður en þessu þingi lýkur?

[14:59]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er þannig að við notum ýmsar aðferðir til að afla ríkissjóði tekna til sameiginlegra þarfa, m.a. greiða bíleigendur skatta vegna notkunar bifreiða, tolla og vörugjöld og annað því um líkt í sameiginlega sjóði.

Auðvitað vildi samgrh. á hverjum tíma hafa alla þessa fjármuni. En það er bara þannig að við þurfum að fjármesta í menntun, sinna heilbrigðisþjónustunni og félagsþjónustunni almennt. Bíleigendur leggja mjög mikil til en auðvitað vildu allir samgönguráðherrar hafa meira af þessu fé til uppbyggingar og þjónustu vegakerfisins.

Hvað varðar breytingar á lögum um hafnir þá er alveg ljóst, og hv. þm. Kristján L. Möller veit alveg um það, að forsvarsmenn Hafnasambandsins hafa mikinn áhuga á því að gera breytingar á hafnalögum. Það er krafa samkeppnisyfirvalda að gerðar verði breytingar á hafnalögum sem víkja til hliðar samræmdri gjaldskrá hafnanna þannig að ýmsir eða mjög margir eru mjög áhugasamir. Það er nú aðalatriði málsins að frv. sem væntanlega verður til umræðu stórbætir stöðu hafnanna. Hafnir á Íslandi hafa ekki þær tekur sem þarf til þess að sinna rekstri, margar hverjar, hvað þá að greiða niður stofnkostnað og aðstaða hafnanna er mjög mismunandi. Á höfuðborgarssvæðinu standa hafnir afskaplega vel, hafa miklar tekjur og standa í skjóli þess að Hafnasambandið hefur í gegnum tíðina séð til þess að gjaldskráin hefur hækkað og fengið samgönguráðherrana til þess — mig meðal annarra — að hækka gjaldskrá í takt við verðlag. Það er liðin tíð og á að vera liðin tíð. Við eigum að bæta löggjöfina um hafnirnar á næstunni.

[15:02]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Rétt í lokin um hafnalagafrv. Þó það sé ekki á dagskrá blandast það þó inn í þá samgönguáætlun sem ég gat um áðan vegna þess að strax á öðru tímabili, að mig minnir, er gert ráð fyrir miklu minni fjárframlögum frá ríkissjóði vegna uppbyggingu hafna.

Það er alveg rétt, og mér er kunnugt um þá kröfu samkeppnisyfirvalda, að hin samræmda gjaldskrá hafna verður aflögð. Ég er hins vegar ekki sammála því og það voru mjög margir á hafnasambandsþingi sem hér var haldið fyrir einu ári síðan eða svo þar sem var verið að ræða um ... (**Samgrh.:** Hafnasambandsþingið sjálft fagnaði niðurstöðunni og fagnaði hafnalagafrv.) (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Ég held að við séum örugglega að tala um sama hafnasambandsþingið sem samgöngunefndarmenn margir sátu. Ég varð þess hins vegar áskynja að töluverður munur var eins og svo oft áður milli höfuðborgarmanna og landsbyggðarmanna. Mér er vel kunnugt um að hafnirnar í Reykjavík, í Hafnarfirði og á Grundartanga standa mjög vel. En það kom líka fram á þessum hafnasambandsfundi varðandi t.d. Ísafjörð að ef þær breytingar yrðu gerðar sem boðaðar voru í þessu frv. —

nú ætla ég ekki að fara nákvæmlega með árin, en fulltrúar Ísafjarðar lýstu því nákvæmlega að þegar fjárframlögin frá ríkinu falla niður og hafnirnar fá í staðinn hærri skatta af aflagjaldi þá nefndu þeir að það tæki nokkra tugi, tvo eða þrjá tugi ára að fá fyrir þeirri viðgerð sem væntanleg var á þeirri bryggju sem tiltekin var og að mig minnir — ég skal hafa þetta bara á hreinu seinna í umræðunni og fara í gegnum þetta.

Herra forseti. Það er ekki þörf á því að fara í þær róttæku breytingar sem ráðherra er að boða í hafnalagafrv. og kemur fram í þessari áætlun enda veit ég til þess að mikill ágreiningur er innan stjórnarflokkanna um þetta mál. Ég vona að sá ágreiningur verði áfram til staðar þannig að við fáum þetta frv. alls ekki fram. Eitt er að breyta samræmdri gjaldskrá. Annað er að gera algera byltingu á málefnum hafnanna og því er ég á móti.

[15:04]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. hefur mælt fyrir tveimur till. til þál., annars vegar um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 og hins vegar fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006. Eins og komið hefur fram í umræðum og hæstv. ráðherra gerði grein fyrir, er framsetning nú með öðrum hætti en verið hefur á undanförnum árum því nú eru lagðar fram í einu þingskjali flugmálaáætlun, hafnaáætlun og samgönguáætlun.

Ég hef áður sagt að ég tel að þessi tilhögun eigi að vera til bóta og eigi að skapa grundvöll fyrir markvissari áætlanagerð, stefnumörkun og vinnubrögð og að líka eigi að verða auðveldara að ná þeim markmiðum sem sett eru í samgöngumálum. Þótt þessi mál séu mjög seint fram komin og þó að við höfum í rauninni afgreitt á fjárlögum fyrir jól þau fjárframlög sem voru ætluð til þessara málaflokka þá er hér fyrst og fremst verið að gera grein fyrir tillögum að skiptingu á því fé sem ætlað er á þessu ári og sömuleiðis tillögum til fjárframlaga á næstu árum. Það hefði svo sem verið eðlilegra ef samgönguáætlun, a.m.k. fyrir yfirstandandi ár, hefði legið fyrir við gerð fjárlaga. Á það benti ég bæði í samgn. og eins í hv. fjárln. að þannig hefði það átt að vera og mótmælti því þar að vegáætlun lægi ekki fyrir því ekki var hægt að taka tillit til ákveðinna áhersluatriða við fjárlagagerðina þó þingið hefði viljað svo. Svo var þó ekki.

Samgöngur eru í þessu stóra og strjálbýla landi afar mikilvægar og skipta allt líf og starf og atvinnu fólks höfuðmáli. Ég hef því viljað sjá í þessum þáltill. miklu ákveðnari stefnumörkun í samgöngumálum. Við erum ein þjóð í einu dreifbýlu og stóru landi og markmið okkar hefur verið að aðstaða til atvinnulífs og búsetu ætti að vera sem jöfnust óháð hvar væri á landinu. Þetta hefur verið sett sem markmið í öllu því er lýtur að grunnþjónustu við íbúa landsins. Samgöngur eru grunnþjónusta. Þær eru forsenda fyrir samkeppnishæft atvinnulíf og líka fyrir samkeppnishæfa búsetu. Að mínu mati hefði því átt að setja fram þá stefnumörkun númer eitt að komið yrði á öruggum og góðum samgöngum til allra landsmanna og að fyrst og fremst yrði horft til vegasamgangna í þessu tilliti. Allir eru sammála um að tveir landshlutar sérstaklega séu ekki í viðunandi eða eru reyndar í mjög slæmu vegasambandi bæði innan landshlutanna og eins líka við aðra landshluta, þ.e. Vestfirðir og norðausturhluti landsins. Ég hefði því viljað sjá þá samfélagslegu stefnumörkun og að það hefði verið sett fram sem sátt að í þessi verkefni, í samgöngubætur í þessum landshlutum, hefði verið ráðist sem algjör forgagnsverkefni og því hraðað eftir megni að leggja bundið slitlag á aðalvegi innan þessara landshluta og svo tengsl við aðra landshluta. Mér finnst og það er mitt mat að við séum ekki að undirgangast skyldur okkar sem ein þjóð ef við ekki gerum svo. Mér finnst ekki boðlegt að enn þá sé verið að dreifa vegaframkvæmdum í þessum landshlutum á næstu 10 árin eða meir, 10–12 árin. Ég ítreka það, herra forseti, að ég tel það samfélagslega skyldu okkar að taka þessa landshluta í forgangsröð í vegamálum og vegabótum svo að innan næstu fimm ára sjái fyrir endann á gerð samgöngumannvirkja sem þar eru nauðsynleg. Þetta vil ég segja í upphafi.

Það er alveg ljóst að stöðugt má bæta og efla samgöngur í landinu, vegagerð, flugsamgöngur o.s.frv. Þar eru stöðug og ærin verkefni. Ég get nefnt vegaflokka sem ég hefði viljað sjá lagða meiri áherslu á, þ.e. safn- og tengivegi í landinu. Það er vegir sem liggja út frá stofnbrautunum, út frá aðalþjóðveginum um hinar dreifðu byggðir, út til stranda og inn til dala. Þessir vegir eru margir hverjir ófullnægjandi og því er afar mikilvægt að þeir fái núna forgang. Á þetta hefur verið bent í allri umfjöllun um byggðamál, í tillögum Byggðastofnunar, í þeirri byggðaáætlun sem Alþingi samþykkti fyrir tæpu ári síðan. Þar er lögð afar þung áhersla á samgöngumál innan sveitanna, innan byggðarlaganna, til þess að treysta atvinnulíf og byggð. En ekki sér stað þessu átaki í safn- og tengivegum eða sveitavegum sem hvatt var til í byggðaáætluninni sem við samþykktum í vor. Það er mitt mat að þjóðin öll vilji að samgöngur innan byggðarlaga séu efldar og styrktar þannig að fólk geti sótt vinnu og sótt skóla frá heimilum sínum með viðunandi hætti hvað vegasamgöngur snertir. Þessar áherslur hefði ég viljað sjá miklu sterkari í þessari þáltill. því að samgöngur eru grundvallaratriði, grunnþjónusta, grunnstoð þess að við eflum þetta samfélag sem ein þjóð í dreifbýlu landi sem við viljum allt í byggð.

Í andsvari við hæstv. ráðherra í upphafi vakti ég einmitt máls á því hvort ekki væri möguleiki á að flýta framkvæmdum í þessum landshlutum, á Vestfjörðum og Norðausturlandi vegna nauðsynjar þess að bæta þar samgöngur og styrkja og einnig líka í ljósi þess að það gæti passað vel inn í efnahagsumræðuna og framkvæmdaáætlanir í landinu í heild á næstu árum. Það væri vel ef hæstv. samgrh., samgrn. og hið háa Alþingi veldu það að grípa til mótvægisaðgerða í efnahagsmálum eins um er talað að þurfi að gera ef af stórframkvæmdum verður og að þá verði farið í framkvæmdir á Vestfjörðum og Norðausturlandi. Ég hvet eindregið til þess að það verði skoðað. Þegar ég tala um Vestfirði á ég líka við veginn norður Strandir og norður í Árneshrepp, en vegurinn úr Bjarnarfirði og norður í Árneshrepp er einmitt ekki á fastri vegáætlun sem slíkur.

Virðulegi forseti. Þetta vildi ég segja almennt um samgöngumálin. Ég vil þó aðeins víkja meir að stefnumörkum í samgöngumálum. Samgöngur eru fólgnar í því að komast leiðar sinnar á sem bestan hátt. Samgöngur eru líka fólgnar í almenningssamgöngum, þ.e. að til sé samgöngu- og flutningsleið fyrir almenning, fólk sem þarf að komast á milli staða án þess að nota eigin farartæki. En það sem skiptir hvað mestu máli er flutningur ekki síst, flutningur á vörum og þjónustu innan landshluta og milli landshluta.

Við höfum upplifað það á undanförnum árum að flutningar á sjó hafa skroppið mjög verulega saman án þess þó reyndar að hægt sé að greina að það hafi verið opinber

stefna stjórnvalda að svo skyldi fara. En það að flutningarnir breyttust jafnafdráttarlaust og gerst hefur á undanförnum árum hefur þýtt það að bæir og landsvæði sem áður voru í þjóðbraut hvað samgöngur varðaði, t.d. meðfram sjó, urðu allt í einu afskekkt samgöngulega séð og án þess að það sé samkvæmt neinni stefnu. Þeir sem hafa verið með flutningana hafa bara einn daginn tekið þá ákvörðun að hætta. Þessi landsvæði hafa því ekkert haft um það að segja hvernig samgöngumál þeirra þróast.

Ísafjörður er ekki lengur útflutningshöfn, þessi miðstöð atvinnulífs á Vestfjörðum. Þegar flytja þarf út framleiðsluvörur Ísfirðinga þurfa þær að fara í gegnum Reykjavík, Akureyri eða Eskifjörð.

Ég auglýsi eftir stefnu í strandsiglingum, í sjóflutningum. Stjórnvöld virðast ekki hafa kynnt neina stefnu hvað það varðar. Þó er kveðið á um það í alþjóðasamningum sem við erum aðilar að að hvetja skuli til sjóflutninga sé þess nokkur kostur, vegna þess að þeir séu umhverfisvænni og orkunotkun sé minni.

Virðulegi forseti. Flutningskostnaður á bílum hefur vaxið gríðarlega. Í nýrri skýrslu sem samgrn. birti og er komin á netið, skýrslu nefndar um flutningskostnað, kemur fram að það er ekki aðeins að ríkið hafi stóraukið skattheimtu á flutningakerfi landsmanna á undanförnum árum. Þar ætti þó að vera aukin hagræðing þar á ferðinni, vegir hafa skánað, bílar stækkað og flutningar hefðu átt að vera hagkvæmari. Reyndin er sú að ríkið hefur aukið skattheimtuna á vegalengdir landsins, fjarlægðina frá höfuðborgarsvæðinu má segja. Auk þessa hefur flutningskostnaðurinn snarhækkað á undanförnum árum. Þannig hefur sú hagræðing sem menn hafa leitað að í flutningsmátanum, í öllum stóru bílunum, ekki skilað sér til neytenda út um land. Sé litið á þessa skýrslu kemur í ljós að flutningskostnaður hefur hækkað miklu meira en verðlagsþróun almennt í landinu, þrátt fyrir alla hagræðinguna sem ætti að fylgja nútímaflutningatækni.

Þróunin í flutningunum á síðustu árum, hvort sem flutningarnir hafa færst af sjó og upp á land, hefur ekki leitt til lækkunar á flutningskostnaði. Þó að vegakerfið hafi batnað, vegirnir hafi batnað og flutningabílarnir hafi stækkað virðist það ekki, samkvæmt þessari skýrslu, hafa skilað sér í lækkun á flutningskostnaði. Breytingin virðist hafa valdið hlutfallslegri hækkun á flutningskostnaði miðað við verðlagsþróun. Þetta hlýtur að verða að fara nákvæmlega ofan í, herra forseti, og kanna hvers vegna það er svo.

Það kemur líka fram í þessari skýrslu að nánast sé orðin einokun í flutningum á landinu. Um 90–95% af flutningum á landi er í höndum tveggja aðila. Þannig virðist líka ljóst að þessi breyting í flutningsmáta hefur ekki orðið til að styrkja samkeppni í flutningum og ná fram verðlækkunum eða hagkvæmni í flutningum. Þvert á móti kemur fram, herra forseti, að það ríkir nánast fullkomin fákeppni í flutningum á landinu.

Þetta finnst mér vera stóra málið í samgöngumálum og flutningskerfi okkar landsmanna. Ég vil því spyrja hæstv. samgrh., varðandi flutningskostnað: Er í bígerð að koma inn í þetta og greiða niður þennan gríðarlega flutningskostnað sem leggst á vörur á milli landshluta og innan landshluta eins og við sjáum hér á landi? Þessi staða skerðir samkeppnisstöðu atvinnulífs og búsetu um allt land og ofan á þennan háa flutningskostnað kemur ríkið með sína skattheimtu. Hún fylgir flutningskostnaðinum til síðasta þreps í formi virðisaukaskatts. Þetta verður að endurskoða, herra forseti.

[15:21]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir ýmislegt af því sem hv. þm. nefndi um almennt gildi góðra samgangna fyrir landsmenn alla. En ég hjó eftir því að hv. þm. vék að framkvæmdum sem tengjast Kárahnjúkum og Fjarðaáli. Hann hvatti til að vegna þeirra framkvæmda yrði farið í flýtiframkvæmdir í öðrum landshlutum, m.a. til að koma til móts við of miklar sveiflur og þar fram eftir götunum.

Það er rétt að minna á það sem hér kom fram og á fundi hv. iðnn., m.a. frá talsmanni ASÍ, varðandi ákvörðun um aðrar framkvæmdir og annars staðar, ruðningsaðgerðir má segja, að ekki væri ástæða til að taka ákvörðun um slíkt fyrr en framkvæmdir hefjast. Eins og hv. þm. veit eru framkvæmdir ekki hafnar og enginn veit í dag hvernig skilyrði verða í efnahagslífinu árið 2005 og 2006 þegar framkvæmdir standa sem hæst.

Hins vegar ályktaði hv. þm. svo út frá þessu að framkvæmdum í samgöngum í einu til tveimur kjördæmum ætti að ljúka á næstu fimm árum. Þá er hv. þm. að tala um að flytja nokkra milljarða króna úr hinum kjördæmunum yfir í þessi tvö. Ég skil þau sjónarmið sem eru á bak við það að flýta framkvæmdum. Það vilja þingmenn allra kjördæma en ég hlýt að spyrja hv. þm. Vinstri grænna: Úr hvaða kjördæmum vill hann taka fé til þessara flýtiframkvæmda.

[15:23]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að það hefur ekki verið ákveðið að ráðast í þessar framkvæmdir fyrir austan þó að líkur á því séu mjög sterkar. Ég vitnaði einmitt til greiningardeildar Búnaðarbanka Íslands um hugsanleg áhrif af þeim framkvæmdum á efnahagslífið ef af þeim yrði og tillagna þeirra. Ég vitnaði líka, í andsvari við ræðu hæstv. ráðherra, til mats efnahagsskrifstofu fjmrn. sem gekk út á hið nákvæmlega sama. Þannig að ég held að í þessu máli sé hættulegast að stinga höfðinu í steininn ... — herra forseti, þ.e. stinga höfðinu í sandinn og vera ekki tilbúinn til nauðsynlegra aðgerða ef á þarf að halda.

Ég rakti það líka og rökstuddi í máli mínu að ég teldi að þessir landshlutar tveir, Norðausturland og Vestfirðir, byggju við slíkt ástand í samgöngumálum að það réttlætti að aðstæður þeirra væru skoðaðar sérstaklega með tilliti til þess að hraða framkvæmdum. Nú liggur fyrir, herra forseti, að gert er ráð fyrir fjármagni til þessara verkefna í áætlun á næstu árum. Annað eins hefur nú verið gert og að taka lán til að flýta þessum framkvæmdum án þess að það hafi áhrif á aðrar framkvæmdir.

Ég tel mestu máli skipta að fara að þeim þjóðarvilja að taka á samgöngumálum þessara landshluta. Í ljósi þess eru þessar upphæðir ekki af þeirri stærðargráðu, ég tala nú ekki um ef efnahagsástandið væri jafnvel þakklátt fyrir þær, að ekki væri hægt að taka þessar upphæðir að láni og flýta framkvæmdum þannig að það truflaði ekki önnur verkefni.

Herra forseti. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að þessa leið væri vel hægt að fara.

[15:25]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það skipti engu máli fyrir efnahagsstefnu þeirra hvort Vinstri grænir stingi höfðinu í

sandinn eða steininn (**Gripið fram í:** Nema hvort tveggja sé.) nema hvort tveggja sé.

Ég ítreka það sem ég vitnaði til áðan, þ.e. ummæla hagfræðings og framkvæmdastjóra ASÍ um að menn geti ekki metið efnahagsáhrif og þensluáhrif af framkvæmdum fyrir austan fyrr en á reynir. Þær eru ekki hafnar.

En ég ítreka meginspurningu mína til hv. þm. sem hann vék sér fimlega undan að svara. Hann talar um að hraða verulega framkvæmdum í einu til tveimur kjördæmum og færa nokkra milljarða króna úr öðrum kjördæmum þangað. Ég ítreka þess vegna spurninguna til hv. þm.: Úr hvaða kjördæmum vill hv. þm. að þessir fjármunir séu teknir?

Þörfin er alls staðar. Hún er í öllum kjördæmum og menn eru hér að reyna að deila milli þeirra fé til samgöngumála eftir ákveðnum rökum. En úr hvaða kjördæmum treystir hv. þm. sér til að færa nokkra milljarða króna? Hvernig framkvæmdir eiga þá að bíða? Ég bið hv. þm. um að svara því í seinna andsvari sínu.

[15:26]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það ætti að vekja áhyggjur ef hv. þm. Hjálmar Árnason, sem jafnframt er formaður iðnn., gerir sér ekki betri grein fyrir framvindunni sem við stöndum frammi fyrir verði af risaframkvæmdum fyrir austan, þ.e. efnahagsáhrifum þeirra. Ef hv. þm. og formaður iðnn. telur nóg að hugsa til þess þegar þar að kemur þá er það dapurlegt, ef fyrirhyggjan er ekki meiri en svo. Það er sérstakt áhyggjuefni.

Hitt er svo aftur annað mál að ég er ekki svo smásmugulegur að hugsa þetta mál í einstökum kjördæmum. (**HjÁ:** Nú?) Ég er hreinlega að hugsa um byggðir sem búa við afar mikla sérstöðu hvað samgöngur varðar, byggðir á Norðausturlandi og byggðir á Vestfjörðum. Mér finnst mjög sérstakt ef hv. þm. getur lagt að jöfnu samgönguaðstæður þess fólks sem býr á þessu svæði, sem eru jafnmiklir samborgarar okkar og aðrir íbúar landsins, við samgöngur almennt. Eiga þeir ekki að fá notið sömu grunnréttinda, sem samgöngur eru, til jafns við aðra? Þessir landshlutar búa við svo mikla sérstöðu í samgöngumálum að þeir eiga að mínu mati að njóta sérstaks forgangs. Þar skiptir engu máli hvort landið er eitt, tíu eða fimmtíu kjördæmi.

[15:28]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram í ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar að flutningskostnaður hefði hækkað verulega út á landsbyggðina vegna aðgerða ríkisvaldsins. Ég vil benda á örfáar staðreyndir í þessu samhengi sem sýna að svo er alls ekki.

Ríkið hefur farið í ýmsar aðgerðir undangengin ár til að lækka flutningskostnað út á landsbyggðina. Fyrst vil ég nefna að söluskattur var lagður á öll flutningstæki, þ.e. bifreiðar, langflutningabifreiðar, á meðan það kerfi var. Hann var ekki endurkræfur fyrir fyrirtækin heldur lagðist á flutningatækin. Hann var á sínum tíma 24–25%. Eftir að virðisaukinn kom fengu fyrirtæki að draga virðisaukann frá innkaupsverði. Þar með lækkaði stofnkostnaður þessara flutningstækja sem því nam. Þá var 30% tollur á öllum flutningatækjum í landflutningum. Sá tollur hefur farið stiglækkandi og er nú enginn. Á þeim bílum sem eru nýir í umferðinni og þeim sem eru u.þ.b. 15–20 ára munar um helming í innkaupsverði á núvirði, á þeim tækjum sem eru í gangi núna og elstu tækjunum. Þá má minna á að nýju tækin eyða mun minni olíu. Það virkar þannig að rekstrarkostnaður verður minni. Einnig má geta þess að nú er leyfilegt að hafa heildarþunga tengivagna mun meiri en áður var, allt frá 40 tonnum upp í 44 tonn ef bílar eru þannig útbúnir, allt upp í 49 tonna þunga á stærstu flutningatækjum. Þetta er auðvitað til lækkunar á flutningskostnaði en ekki til hækkunar eins og oft er verið að tala um hér í þinginu.

[15:31]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo sem alveg hárrétt hjá hv. þingmanni hvað það varðar að ýmis innflutningsgjöld á bílum hafa verið lækkuð. (**KÓ:** Samkeppnin minnkað.) Hefði þeim verið haldið eins háum og áður var hefði það bara þýtt enn þá meiri skattheimtu ríkisins af þessum flutningstækjum.

Staðreyndin er samt sú að tekjur ríkisins af bifreiðum og bifreiðanotkun hafa vaxið og jafnframt hefur hækkað sá hluti sem ekki fer til vegamála og samgöngubóta heldur beint inn í ríkisreksturinn þó að hann hefði getað hækkað meira ef öllum tollum hefði verið haldið áfram sem hv. þm. nefndi.

Þá er og vert að geta þess að vöruflutningar með bifreiðum hafa aukist og flutningskostnaðurinn hefur líka aukist á einingu á þessum vörum milli landshlutanna. Lokaþáttur í verðlagningu á flutningi er virðisaukaskatturinn sem kemur á síðasta stig þannig að þegar flutningskostnaðurinn eykst þýðir það hærri grunn fyrir álagningu virðisaukaskattsins sem fer í ríkissjóð. Margfeldið í flutningskostnaðinum skilar sér þannig í kassann með hærri skattlagningu. Svo einfalt er það nú.

Ég tel að það sé afar brýnt að taka á öllum þáttum varðandi flutningskostnaðinn, bæði skattlagningunni, hvers vegna flutningskostnaðurinn út á land hefur aukist, og einnig hvort það sé þá einhver leið fyrir ríkið til þess að koma inn í og niðurgreiða, styrkja eða beita sér fyrir jöfnunaraðgerðum á flutningskostnaði milli landshluta. Það er eitt brýnasta hagsmunamálið fyrir atvinnulíf og búsetu í landinu.

[15:33]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér eru til umræðu tvær merkilegar þáltill. Í rauninni er grunnurinn að þeim tólf ára áætlun, till. til þál. um samgönguáætlun til ársins 2014 og hins vegar á þeim grunni fjögurra ára áætlun. Ég held að óhætt sé að segja að hér er um afskaplega merkilegar áætlanir að ræða. Ef við lítum fyrst á tólf ára áætlunina er þetta merkilegt plagg því að hér er í fyrsta sinn mælt fyrir samgöngufé eftir samræmdri áætlun um flug, hafnir og vegi. Er það í fyrsta sinn sem það er gert og það eitt teljast tíðindi út af fyrir sig.

Í annan stað held ég að þetta hljóti að teljast merkilegar áætlanir í ljósi þess að samkvæmt þeim er verið að veita meira fé til samgöngumála en nokkru sinni hefur verið gert áður. Það er í sjálfu sér merkilegt.

Við þekkjum söguna. Ég sé það af þeim sem hér eru inni í salnum að ekki þarf að fara mörg ár aftur í tímann til þess að bera saman hvernig samgöngur hafa breyst á tiltölulega skömmum tíma, samgöngur á milli landsfjórðunga, ekki síst á landi. En því miður eru í sögunni dapurleg dæmi þess að hið opinbera hefur verið að fjárfesta í mannvirkjum sem tengjast samgöngum án þess að þau væru í tengslum hvert við annað eða í tengslum við það sem hefur verið að gerast í atvinnulífi eða í byggðaþróun. Þess vegna er samræmd samgönguáætlun sem þessi afskaplega merkilegt plagg og löngu tímabært. Hér er verið að skoða, og spá í rauninni, gera

áætlanir fram í tímann þar sem er byggt á tengslum byggða og byggðaþróunar. Grunnforsendan er sú að samgöngur á milli meginbyggðarkjarna séu í lagi.

Því miður er aðstaða þar misgóð. Á nokkrum stöðum þurfa íbúar og þegnar þessa lands að aka í forarvilpum, má segja, meðan aðrir njóta þess að fara í rennifæri á góðum vegum á milli staða. Markmiðið með þessari samræmdu áætlun er væntanlega það, eins og reyndar fram kemur í markmiðssetningunum, að koma á góðum samgöngubótum við helstu byggðarkjarna. Og hér hefur sannarlega margt gerst eins og ég nefndi áðan og í lok þessarar áætlunar rennur upp sá langþráði draumur að hringveginum verði lokað, þ.e. að það verði komið bundið slitlag á hringveginn og er sannarlega langþráð markmið og mikið afrek okkar fámennu þjóðar í tiltölulega stóru landi að hafa afrekað það á þó ekki lengri tíma. Og það er ánægjulegt — hér gengur einmitt fram hjá hv. þm. Magnús Stefánsson sem mun hafa verið 1. flm. að þáltill. um að samræmd samgönguáætlun á borð við þessa yrði lögð fram. Það hlýtur að vera gaman fyrir hann að sjá draum sinn og orð verða að veruleika.

Forsendur að baki þessari áætlun eru afskaplega jákvæðar í heild sinni. Þar er litið til byggðaþróunar og byggðasjónarmiða sem vega að sjálfsögðu þar þungt því að samgöngukerfið er jú ein af grunnforsendum í atvinnulífi okkar og þjóðlífi öllu. En ég vil líka vekja athygli á hinum almenna texta í byrjun þar sem fjallað er um öryggissjónarmiðin. Ég fagna því sérstaklega að samkvæmt þessum samgönguáætlunum er gert ráð fyrir því að lagt verði í mikla rannsóknar- og kynningarvinnu er snerti öryggisþætti í samgöngum. Það hlýtur að vega afskaplega þungt þegar gerð er langtímaáætlun í vegamálum. Öryggið hlýtur að vera eitt af því sem skiptir mestu máli.

Þá fagna ég einnig sérstaklega þeirri áherslu sem kemur fram í hinum almenna texta um umhverfissjónarmiðin. Þar er okkur reyndar vandi á höndum því að, eins og fram kemur í textanum, þar er gert ráð fyrir því að fjallað verði m.a. um umhverfisskatta eins og víðast í heiminum er verið að ræða í dag í kjölfar Kyoto-bókunarinnar og þar fram eftir götunum. En einn mestur félagslegur kostnaður og heilbrigðiskostnaður í stórborgum heimsins er einmitt rakinn til útblásturs frá sprengivélum. Við þurfum að bregðast við nýrri tækni, sem er vonandi að ryðja sér til rúms, það hlýtur þá að koma fram í þessari samgönguáætlun og ég fagna því sjónarmiði. Hins vegar var hv. samgn. bent á það á fundi með fulltrúum samtaka í ferðaþjónustu um síðustu helgi að áherslur ferðaþjónustuaðila eru kannski með örlítið öðrum hætti og hefðu þeir viljað hafa meira samráð um frumgerð þessa. Það verður auðvitað skoðað í hv. nefnd.

En, herra forseti, ég tel að hér sé í það heila tekið afskaplega metnaðarfull áætlun þar sem lagt er upp með ákveðnar grunnforsendur sem vonandi munu halda. Að sjálfsögðu, eins og fram hefur komið í máli manna, er þörfin afskaplega mikil og hún snýst um meira fé, að það þyrfti að stækka kökuna. En það eru jú margir útgjaldaliðir og þetta er það fé sem úr er að spila. Þá hefst hinn mikli slagur um að skipta því á milli kjördæma og þar skipta að sjálfsögðu faglegar forsendur, það sem hér hefur verið vikið að, afskaplega miklu máli. Ég hygg að ekki síst núna á kosningavetri verði þessi slagur erfiður og hefur það svo sem endurspeglast í ræðum manna hér, á eftir að gera síðar í dag og enn meira þegar málið kemur til hv. samgn. Það er skipting vegafjár og skipting takmarkaðs fjár í metnaðarfulla samgönguáætlun.

Það er rétt að vekja athygli á því, bara til að draga fram þörfina, að það munu vera u.þ.b. 80 einbreiðar brýr á hringveginum einum, þar af rúmlega 40 í hinu fagra Suðurkjördæmi. Það er mál sem snertir öryggisþætti. Á það hefur verið bent að vegir á Vestfjörðum og norðausturhorninu eru í mun lakara ástandi en víðast annars staðar. Bent hefur einmitt verið á að milli jafnvel ágætra byggðarkjarna í þeim héruðum þurfi menn að aka í forarvilpum enda ber samgönguáætlunin þess merki að markmiðið sé að lyfta þeim fjórðungum upp úr forarsvaðinu svo að menn komist á þokkalega vegi. Það sést auðvitað í því hvernig fjárveitingar eru og það er undir þessu markmiði að tengja saman alla helstu byggðarkjarna.

Ég lýsi, herra forseti, sem sagt miklum stuðningi við þau metnaðarfullu markmið sem þarna eru þótt endalaust megi deila um það hvort meira hefði átt að fara í þetta kjördæmið eða hina framkvæmdina og þar fram eftir götunum. Það er alltaf spurningin um forgangsröðun samanber það sem ég nefndi hér um einbreiðar brýr, mikla slysavalda.

Það eru þó tvö atriði sem ég vil sérstaklega gera að umtalsefni enda hafði ég um þau fyrirvara í mínum þingflokki og lýsi honum hér með. Það er annars vegar um að ræða svokallaðan Suðurstrandarveg frá Grindavík til Þorlákshafnar. Ég tel, og er ekki einn um þá skoðun, að við kjördæmabreytinguna hafi því beinlínis verið lofað að Suðurstrandarvegur yrði byggður upp með varanlegum hætti og það yrði gert á allra næstu árum. Því miður sér þess ekki stað í þessari samgönguáætlun og um það snýst fyrirvari minn. Undir þetta sjónarmið mitt hygg ég að taki flestir þingmenn af þessu svæði en ég vek athygli á því sem sveitarstjórnir, bæði austan og vestan Suðurstrandarvegar, hafa lýst, núna síðast í ályktun frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurlandi auk sveitarstjórna í Árborg, Ölfusi, Hveragerði, Grindavík og víðar. Því til viðbótar vil ég nefna fjölmarga ferðaþjónustuaðila víða á Suðurlandi og samtök í ferðaþjónustu sem telja að Suðurstrandarvegur sé eitt lykilatriðið í að efla ferðaþjónustu, ekki síst úti á landsbyggðinni, enda má ætla að flestir ferðamenn erlendir sem hingað koma komi til landsins til að njóta íslenskrar náttúru, menningar og fegurðar.

Tími minn er naumur þannig að ekki gefst ráðrúm til að fara yfir fleiri rök en fyrir utan loforð vegna kjördæmabreytinga vil ég nefna atvinnuhætti eins og með ferðamálin og ekki síður flutning með fiskafurðir. Ég vil líka nefna öryggissjónarmiðið út frá því að Reykjanesskaginn er jú eldvirkt svæði og jarðfræðingar segja að þar geti hvenær sem er brotist út eldgos. Þá er nauðsynlegt að hafa flóttaleið fyrir hátt í 20 þús. manna byggð. Þá má ekki gleyma því að það eykur bara fjölbreytileika fyrir íslenska og erlenda ferðamenn að geta farið þessa skemmtilegu leið.

Þetta var annar fyrirvari minn um stuðning við þetta merkilega mál. Síðan get ég ekki látið hjá líða að nefna þjóðleiðina til Vestmannaeyja sem nokkuð hefur verið í umræðu — þjóðleiðin til Vestmannaeyja liggur nefnilega um sjó af augljósum ástæðum — a.m.k. enn þá. Menn eiga sér jú drauma til lengri tíma um jarðgöng þar á milli en þau munu ekki koma í bráð, ég held að það sé alveg ljóst. Nú er það svo að Vestmannaeyingar, sem hafa bent á þetta sem sína þjóðleið, eru þeir þegnar landsins sem þurfa að greiða allháan og hressilegan toll til þess að komast um og geta ferðast, hvort heldur þeir fara með flugi eða ferju, og það tekur þá um þrjár klukkustundir að fara frá Vestmannaeyjum til Þorlákshafnar — þegar viðrar. Það kostar þá og þar fram eftir götunum.

Nú hefur verið haldinn fjölmennur borgarafundur sem ég veit að hæstv. ráðherra sat þar sem vilji Vestmannaeyinga kom afskaplega skýrt fram. Krafa þeirra er beinlínis sú að það komi ný ferja á milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja til þess að stytta siglingaleiðina á milli.

Aðilar í ferðaþjónustu halda því fram að þriggja tíma sigling aðra leiðina slái í rauninni ferðamannaparadísina Vestmannaeyjar að nokkru leyti út af borðinu, en klukkutími, einn og hálfur tími í siglingu mundi gerbreyta þar forsendum. Eins og atvinnuástand er þar má segja að það sé ekki ósanngjörn krafa Vestmannaeyinga að þegar í stað verði gripið til þeirra aðgerða að koma með nýtt skip þannig að Vestmannaeyingar komist í nútímalegt samband, þjóðvegasamband má segja, við meginlandið.

Ég sé ekki nokkurs staðar stafkrók bregða fyrir í þessari ágætu samgönguáætlun um að gert sé ráð fyrir þeirri lausn. Á vegum Vestmannaeyjabæjar og samgrn. er starfandi svokallaður samgönguhópur, en nokkuð hefur dregist að hann skilaði af sér, en mér skilst að nú styttist óðfluga í að þessi samgönguhópur skili af sér og þar munu væntanlega og ég held að menn hljóti að búast við því að þar komi metnaðarfullar tillögur í anda vilja íbúa Vestmannaeyjabæjar, samanber borgarafund og undirskriftalista. En ég sé því ekki bregða fyrir í þessum samgönguáætlunum og ég hlýt því að spyrja hæstv. ráðherra með hvaða hætti það verði gert.

Þessi tvö mál, herra forseti, Suðurstrandarvegur og ferja til Vestmannaeyja eru þeir fyrirvarar sem ég hef lýst um stuðning við þetta og auðvitað mætti tína til önnur atriði, en ég vil nefna þessi atriði sérstaklega.

En, herra forseti, ég ítreka að í það heila tel ég samgönguáætlunina merkilega, veittir eru meiri fjármunir til samgöngumannvirkja á Íslandi en nokkru sinni og hér er um samræmda áætlun að ræða og ég hygg að í lok samgönguáætlunar 2014 fáum við að sjá enn betri samgöngubætur en við höfum upplifað á síðustu áratugum á Íslandi og það verði enn betra landslag og þar af leiðandi betra mannlíf hér á landi.

[15:47]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins vegna þeirra fyrirvara sem hv. þm. gerði grein fyrir við áætlunina vil ég segja í fyrsta lagi að ég lít svo til að að sjálfsögðu verði svonefndur Suðurstrandarvegur einn af þeim vegum og þeim verkefnum sem vinna þarf að, enda er nú þegar komin fjárveiting til þess verkefnis. Hins vegar lá fyrir að innan þess ramma sem við höfum var ekki hægt að gera ráð fyrir stórframkvæmdum þar á sama tíma og þurfti að leysa úr mjög brýnum öðrum verkefnum, þannig að við þurfum alltaf að velja og hafna. En ég vil undirstrika það að að sjálfsögðu þurfum við að gera ráð fyrir því að Suðurstrandarvegur sé inni í vegauppbyggingarkerfi okkar þó ekki sé hann inni eins og 12 ára áætlun gerir ráð fyrir, en undirstrika að þar eru ekki fjármunir sem hægt er að nýta til þess að bæta úr þeim vegi sem þar er.

Hvað varðar samgöngur til Vestmannaeyja þá liggur það alveg fyrir að ég beitti mér fyrir lausn til þess að bæta samgöngur til Vestmannaeyja með því að fjölga ferðum Herjólfs í fyrsta lagi.

Í öðru lagi skipaði ég þann starfshóp sem hv. þm. nefndi og hefur skilað áfangaskýrslu sem fól í sér tillögur um fjölgun ferða og ég fór að tillögum starfshópsins hvað það varðaði.

Í þriðja lagi vil ég nefna mjög mikilvægt atriði sem ég tel lykilmál og er inni í samgönguáætluninni, það er að við vinnum að rannsóknum á suðurfjörunni með það í huga að koma upp hafnaraðstöðu í Bakkafjöru til þess að leysa ferjumálin á þann hátt sem ég tel að eigi að reyna að leysa ferjumálin milli lands og Eyja, að fara stystu leiðina og bæta þannig samgöngurnar milli lands og Vestmannaeyja til frambúðar. Ekki að einblína á hraðskreiðari ferju sem mundi lengja þann tíma sem liði þar til hin varanlega og góða lausn fengist.

[15:50]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Segja má hvað varðar Suðurstrandarveginn að það sé hálfur sigur að ná honum inn á samgönguáætlun með öllum þeim rökum sem hafa verið nefnd um hann og hvers vegna hann er mikilvægur. En samkvæmt 12 ára áætlun, lengri áætluninni, er ekki einu sinni gert ráð fyrir að Suðurstrandarvegi ljúki á því tímabili. Hann mun kosta um 1 milljarð og ef ég man rétt er ekki gert ráð fyrir nema um 500–600 millj. í Suðurstrandarveginn á 12 ára tímabili.

Ég ítreka það sem ég nefndi að ég lít svo á að í tengslum við kjördæmabreytinguna hafi komið afdráttarlausar yfirlýsingar þess efnis að hann væri ein forsenda breytinganna, enda hygg ég að allir þingmenn Reykjaneskjördæmis núverandi og Suðulandskjördæmis hafi tekið undir það og reiknað með því. Þess vegna eru það auðvitað ákveðin vonbrigði þegar þau loforð ganga ekki eftir.

Hvað varðar Vestmannaeyjar þá er það hárrétt hjá hæstv. ráðherra og ber auðvitað að lofa það sem vel er gert, þ.e. fjölgun ferða, en það breytir ekki því að grundvallaratriðið er með hliðsjón af þróun atvinnulífs og þróun mannlífs í Vestmannaeyjum að grípa þarf til aðgerða strax.

Ég hef nefnt þriggja tíma siglingu sem samræmist í rauninni ekki samgöngum 21. aldar og þarf ekki annað en skoða hvernig því er fyrirkomið í nágrannaríkjum okkar. Rannsóknir við Bakkafjöru og sigling stystu leið — það er hárrétt hjá hæstv. ráðherra, það er besta lausnin. En sú lausn er ekki innan seilingar. Þess vegna verður í rauninni að svara því strax hvort menn vilji grípa til aðgerða til að koma Vestmannaeyjum í nútímasamband strax, eða að draga það um jafnvel áratugi eins og ég hygg að bæði jarðgöng og ferjuaðstaða frá Bakkafjöru muni taka.

[15:52]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Sú samgönguáætlun sem hér liggur fyrir grípur að sjálfsögðu á öllum helstu þáttum samgöngumála og er þar margt fróðlegt og athyglisvert sem fram kemur. Auðvitað er það ávallt svo að þingmenn hver í sínu kjördæmi festa fyrst augun á því sem þá varðar helst og vegna þess að peningar eru ónógir og vegna þess að kröfur til gæða veganna hafa farið vaxandi, t.d. er breidd helstu þungaflutningaleiða nú sjö og hálfur metri í staðinn fyrir sex og hálfur áður, þá veldur það því að ekki er hægt að standa við þær gömlu áætlanir sem við höfðum. Að ýmsu öðru leyti hefur verið tekin ákvörðun um að vanda vegagerð meira en menn þorðu áður að gera til að tryggja öryggi vegfarenda og til að tryggja að leiðunum sé hægt að halda opnum í mismunandi árferði.

Ég ætla aðeins að víkja að nokkrum höfuðatriðum í sambandi við vegáætlun eins og hún horfir við mér sem þingmanni fyrir Norðurl. e.

Ég vil í fyrsta lagi lýsa ánægju minni með það að nú skuli ákveðið að göngin til Siglufjarðar verði boðin út í þessum mánuði. Við erum þar að tala um að tryggja byggð og samgöngur út með Eyjafirði. Þar búa rétt um 4.000 manns og

öldungis er ljóst ef við horfum á atvinnusamsetningu Ólafsfjarðar og Siglufjarðar sem dæmi, að mikið hagræði er í því fólgið að göngin komi til að sjómennirnir á þessum stöðum báðum geti fyrirvaralaust farið um borð í skipin eða komist heim til sín og eins til þess að þjónustufyrirtæki á þessum stöðum báðum geti þjónað skipunum, hvort sem þau koma að landi í Ólafsfirði eða Siglufirði.

Eins og þeir sem þarna eru kunnugir vita er eins og nú viðrar í dag um 240 km milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar í staðinn fyrir 15. Ekki er hægt að lenda flugvél á Siglufirði þegar rökkvar og ef minnsti hliðarvindur er. Þess vegna er öldungis ljóst að göngin eru mjög þýðingarmikil og raunar óhjákvæmileg. Og það er hægt rétt svona til samanburðar að minna á að uppi voru raddir um að óþarfi væri að göngin á sínum tíma fyrir vestan færu til Suðureyrar við Súgandafjörð. Ég var hins vegar fastur á því að nauðsynlegt væri að göngin næðu einnig til Suðureyrar. Eins og komið hefur í ljóst var það rétt ákvörðun. (**Gripið fram í:** Var búið að ...?) Það var einn þingflokkur sem ályktaði um það, hv. þingmaður, þingflokkur Alþýðuflokksins, að göngin ættu ekki að ná til Suðureyrar við Súgandafjörð. En í þeirri ríkisstjórn Davíðs Oddssonar voru ráðherrar úr Alþýðuflokki og Sjálfstæðisflokki, svo það var að sjálfsögðu rætt í ríkisstjórninni hvort rétt væri að fara til Suðureyrar. Það varð ofan á að fara þangað og kom í ljós að það var rétt ákvörðun.

Einnig er vert að hafa í huga að göng eins og Siglufjarðargöngin eru meira en rétt vegurinn. Þau göng hafa mikla þýðingu í sambandi við hvers konar þjónustustarfsemi. Í fyrsta lagi verður skemmra fyrir Siglfirðinga að sækja þjónustu til Akureyrar. Hægt er að byggja upp margvíslega þjónustu út með firði sem of fátt fólk er nú til að standa undir. Ýmis smáþjónustufyrirtæki munu rísa þar. Sjúkrahúsið í Siglufirði mun nýtast betur og þar fram eftir götunum.

Öll menningarsamskipti verða léttari og þar að auki liggur það fyrir að byggðirnar við Eyjafjörð vilja sameinast flestar hverjar í eitt sveitarfélag: Akureyri, Dalvík, Ólafsfjörður, Siglufjörður og ég hygg að Hrísey sé inni í þeirri mynd, jafnvel Arnarneshreppur og fleiri hreppar. Þessi göng hafa því líka þýðingu með þeim hætti að styrkja sveitarstjórnarmálin.

Loks hafa göngin mikla þýðingu fyrir ferðaþjónustu, en ég hygg að allir flokkar nú tali mikið um að nauðsynlegt sé að styrkja grunnviði ferðaþjónustunnar. Samgöngur eru þar auðvitað númer eitt, tvö og þrjú. Og Síldarminjasafnið í Siglufirði er alveg sérstakt í sinni röð og mætti vera öðrum til fyrirmyndar um hvernig eigi að byggja slíkt.

Ég vil í annan stað, af því ég tala um ferðaþjónustuna, minna á að hér er nokkru fé veitt til vegar niður með Jökulsá svo hægt sé að koma að Dettifossi árið um kring. Eins og nú standa sakir hefur ekki náðst fullt samkomulag um hvort slíkur vegi eigi að liggja vestan eða austan ár, en það er nægur tími. Við höfum næsta sumar til þess að glöggva okkur betur á þeim upplýsingum sem Vegagerðin ræður yfir um þessi mál og ég geri mér vonir um og tel óhjákvæmilegt raunar og hægt samkvæmt þeirri vegáætlun sem hér liggur fyrir að hægt sé að bjóða Dettifossveg út haustið 2004 og ég hygg þegar þar kemur sögu og raunar líka nú í samgn. æskilegt að það sé athugað hvort ekki sé hægt að styrkja þá vegagerð.

Þá vil ég í þriðja lagi ræða um nauðsyn þess að stytta leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur. Ég ásamt formanni samgn., hv. 8. þm. Reykv., Guðmundi Hallvarðssyni, lögðum fram þáltill. fyrir tveimur árum þar sem við báðum um að athugun yrði gerð á því að vegur yrði lagður sem næst beinni línu frá Reykjavík til Akureyrar og kýs ég nú að fara örlítið yfir þær hugmyndir.

Meginhugmyndin er sú að stytta leiðina eins mikið og nokkur kostur er, eða um 81 km og þá er gert ráð fyrir ef maður leggur af stað frá Reykjavík að fara Mosfellsheiði, um Þingvelli og Kaldadal, síðan um Hallmundarhraun, yfir Stórasand sunnan Blöndulóns og yfir Skagafjörð í Norðurárdal. Þetta yrði eins og ég sagði 81 km stytting, mundi kosta 5.550 milljónir, en þá er það að athuga að þegar hefur verið ákveðið að ráðast í veginn um Kaldadal þannig að sá kostnaður hlýtur þá að dragast frá þegar nettókostnaður er hafður í huga.

Sömuleiðis liggja fyrir hugmyndir um að leggja veg yfir Kjöl. En ef slíkt yrði gert yrði einnig óhjákvæmilegt að beina honum sunnan Mælifells í Skagafjörðinn og upp í Norðurárdal. En þó svo að kostnaður við þessa vegagerð sé tekinn með þá næmi kostnaður á kílómetra í styttingunni ekki nema 68 millj. kr. Það er athyglisvert í ljósi þess að í skýrslu um styttingu leiðar á hringveginum kemur í ljós að ef stytta á t.d. um Svínavatn í Húnavatnssýslu um 15,5 km yrði slík stytting um 58 millj. kr. á kílómetra, en allar aðrar styttingar dýrari, þ.e. um Hornafjarðarfljót 82 millj. og um Svínafells- og Skaftafellsá 80 millj. Ef við tölum um veg utar í Lóninu þá eru það 200 millj. og þar fram eftir götunum, um Varmahlíð 143 millj. Því er greinilegt að þessi stytting er mjög hagkvæm ef tekið er tillit til hvers kílómetra sem leiðin styttist um.

Ef við göngum enn lengra og reiknum dæmið þannig að vegur verði hvort sem er lagður um Kaldadal og að vegur verði hvort sem er lagður frá Kili upp í Norðurárdal fyrir norðan þá næmi nettókostnaður á hvern kílómetra á þessari leið ekki nema 25 millj. kr. á kílómetra, sem er auðvitað langsamlega hagkvæmasta stytting sem við getum fundið hvarvetna á landinu.

Ef við horfum á þessi mál út frá öðrum sjónarmiðum, t.d. út frá umhverfissjónarmiðum, þá sjáum við að auðvitað mundi draga úr útblæstri sem þessu næmi því aðalþungaflutningar landsins eru á norðurleiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur.

Ef við íhugum þetta mál t.d. út frá þeim hringvegi sem nú er þá er ljóst að hann er víða þröngur og það þarf að endurbyggja hann. Allar slíkar lausnir eru mun dýrari en þessi vegna þess að ávinningurinn og hagræðing af þessum vegi yrði þá ekki til staðar. Þessi vegur yrði að sjálfsögðu byggður fyrir þungaflutninga og mundi draga verulega úr slysahættu.

Nú halda ýmsir því fram, og er það alveg réttmæt gagnrýni, að Kjalvegur liggi hátt og þess vegna sé ekki við því að búast að auðvelt yrði að halda honum opnum allt árið um kring. Þá er hægurinn á að fara um byggð niður með Hvítá. Það kostar ekki mikið í þessu samhengi, kannski 250 millj. kr. í heild sinni þannig að það breytir ekki þeirri mynd sem ég er hér að draga upp. Auðvitað hlýtur það að vera markmið okkar allra þegar við erum að hugsa um grunnleiðir, grunnvegakerfi landsins, að gera okkur glögga grein fyrir því hvar þungaflutningarnir eru og hvernig við getum greitt fyrir þeim, dregið með því úr kostnaði og dregið með því úr útblæstri eiturlofttegunda í andrúmsloftið.

Ef við veltum fyrir okkur t.d. samkeppnisstöðu iðnaðarins við Eyjafjörð og á Akureyri eða samkeppnisstöðu iðnaðar á Austurlandi eða í Skagafirði þá er einnig augljóst að sá sam-

keppnisiðnaður mundi hafa ótrúlega mikið hagræði af því að hægt yrði að stytta leiðina þannig. Ég sé að hér mér til vinstri handar er mikill áhugamaður eins og ég er um að lækka flutningskostnað, hv. 3. þm. Norðurl. v., Kristján L. Möller. Við báðir höfum mjög beitt okkur fyrir því að reyna að lækka flutningskostnaðinn, bæði vegna þess að hann kemur inn í vöruverðið og einnig til þess að styrkja atvinnurekstur úti á landi. Við hljótum líka báðir tveir að festa augun við úrræði eins og þessi sem fela það í sér að bæta rekstrarskilyrði og rekstrarforsendur, ekki aðeins atvinnufyrirtæka fyrir norðan heldur líka rekstrarforsendur þeirra heimila sem þar eru.

Með hliðsjón af öllu þessu og líka með hliðsjón af því að þessi nýja leið yrði mjög skemmtileg fyrir ferðaþjónustuna — hún opnar möguleika á tveim nýjum hringleiðum, þ.e. annars vegar norður í Skagafjörð og síðan hringveginn til baka eða öfugt. Einnig styttist leiðin norður þannig að menn geta farið norður þessa leið og til baka um Kjalveg eða eftir atvikum Sprengisand — þá er ljóst að slík stytting á vegalengd, 81 km, gjörbreytir öllum viðhorfum í sambandi við hluti eins og þessa. Ég vil þessa vegna beina því til samgn. að sjá til þess að nægilegt fé verði veitt til rannsókna á þessari vegagerð. Ég geri mér grein fyrir því að nokkurn tíma tekur að undirbúa hana, glöggva sig á vegarstæði, glöggva sig á umhverfisþætti málsins.

Ég vil að síðustu segja að sá hluti vegarins sem liggur frá Borgarfirði norður í Skagafjörð kostar ekki meira en, eftir því hvernig við viljum á það horfa, kannski 2 milljarða, kannski 3,5 ef allt er talið. Hann kostar ekki meira en svo að hægt verður að standa undir honum með veggjaldi, hygg ég, þegar komið er fram á árið 2006, 2007 eða 2008, þegar þessi vegur yrði tilbúinn. Við erum auðvitað ekki að tala um það að hefja þessa vegagerð á næsta ári. Við erum að tala um að nauðsynlegt er að standa vel að slíkri vegagerð. Það þarf að glöggva sig á veðurfari og veðráttu því þessi vegur liggur hátt. En eins og veturinn hefur verið nú þá sjáum við að ekkert hefði verið því til fyrirstöðu að aka slíkan veg hvern einasta dag á þessum vetri fram að 20. janúar eða svo. Hægurinn hefði verið á að halda veginum opnum fram á þennan dag vegna þess að það er ekki mikill snjór á hálendinu, síður en svo, og engin fyrirstaða þegar vegir eru góðir nema þá í þröngum fjallagiljum, t.d. í Víkurskarði eða einhverju þvílíku. En þegar við erum að tala um hásléttur þá er ekki því að heilsa að snjór setjist á slíkum stöðum á vegina.

Að síðustu vil ég beina því til formanns samgn. að athuga hvort ekki sé rétt að taka aftur upp hugmyndir um að veita nokkurt fé til að styrkja beint flug milli Egilsstaða og Akureyrar vegna þeirra auknu umsvifa sem nú eru á Egilsstöðum og vegna þess hversu margir Austfirðingar sækja bæði menntun og heilbrigðisþjónustu til Akureyrar og í nokkrum mæli einnig austur.

[16:09]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nú þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir undirtektir hans við samgönguáætlun og þær hugmyndir sem hann setti fram sem að sjálfsögðu þarf að athuga. Ég vil vekja athygli á því að farið hefur fram vinna við að gera úttekt á þessum styttingum og innan tíðar verður sú vinna kynnt af hálfu Vegagerðarinnar, þ.e. styttingu vega á milli landshluta.

Það sem leiddi mig aðallega upp í þetta ræðupúlt var að geta þess að þegar boðin var út flugleið frá Akureyri til Þórshafnar og Vopnafjarðar þá var jafnframt gert ráð fyrir flugleiðinni frá Akureyri til Egilsstaða. Að fenginni reynslu varð að samkomulagi að heimila flugfélaginu sem sá um þetta flug að falla frá því en gera hins vegar ráð fyrir sérstökum kjörum fyrir þá sem þurftu að fara þessar leiðir og veldu þá þann kost eða neyddust til þess í rauninni að fljúga frá Akureyri til Reykjavíkur og síðan frá Reykjavík til Egilsstaða. Þetta var inni í þessu útboði, inni í þessum samningi. Ég tel að ef kæmi sterkur vilji fram af hálfu heimamanna á Egilsstöðum og Akureyri til að taka þetta mál upp að nýju þá væri það opið. Ráð var fyrir þessu gert á sínum tíma í þeim fjárhæðum sem ætlaðar eru til styrkja við flugið. Mér þykir því eðlilegt og sjálfsagt að taka þettað til skoðunar ef vilji er til þess.

[16:11]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. þessar undirtektir. Mér var það ljóst á sínum tíma að þar sem ekki var nægileg eftirspurn eftir slíku flugi þá þótti réttara að fara þá leið sem hæstv. ráðherra lýsti. Nú er hins vegar komið á daginn að vegna mikilla framkvæmda á Austurlandi er umferð meiri en áður hafði verið reiknað með og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir hans góðu undirtektir.

[16:11]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal og fyrrv. samgrh. fór mikinn í ræðustól um samgöngumál.

Hugmyndir hv. þm. eru þær að leggja sem flesta vegi að byggðabaki, helst um óbyggðir þar sem enginn býr því að mest samgöngubót fælist í leggja vegina þvers og kruss um hálendið í staðinn fyrir að fara með þá meðfram byggð þar sem fólkið er. Því vil ég spyrja hv. þm. hvar hann mundi nú, ef hann ætti þess kost, forgangsraða veginum á Norðausturlandi, veginum um Húsavík/Þórshöfn og Þórshöfn/Bakkafjörð og norðausturveg/Vopnafjörð, hvar hann mundi setja þetta í röðina gagnvart þessum vegum yfir hálendið eða utan byggðar á milli Suður- og Norðurlands, og sömuleiðis hvar hv. þm. telur að vegir á Vestfjörðum ættu að koma í þeirri röð, þ.e. vegasamgöngur milli byggða á Vestfjörðum.

Mér fannst í máli hv. þm. að kappið væri svo mikið í vegasamgöngum að helst ætti að leggja alla vegi sem fjærst byggð þannig að fólk gæti ekki notað þá, en hagkvæmnin væri því meiri sem færri gætu notað þá.

[16:13]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er vanur því að sagt sé við mig að ég vilji leggja vegi sem fjærst byggð. Þannig var, þegar gengið var frá samgönguáætlun og hún samþykkt í fjárln. árið 1991, að þá var ekki gert ráð fyrir því að byrja að leggja veg milli Mývatnssveitar og Egilsstaða fyrr en eftir árið 2000, ekki fyrr en á þessari öld. Ég hafði nú ekki þá þolinmæði og beitti mér fyrir því að vegur yrði lagður á milli Norður- og Austurlands. Þá vildu ýmsir leggja þann veg um byggð, vildu fara Kelduhverfið og Melrakkasléttuna og Þistilfjörðinn og Vopnafjörðinn til Egilsstaða. Ég vildi fara stystu leið. Ég hef engan mann hitt eftir að þessi vegur var lagður sem hefur sagt við mig: Mikill bjáni varstu að fara ekki heldur yfir Öxarfjarðarheiðina og Brekknaheiðina og Sandvíkurheiðina o.s.frv. Þær gagnrýnisraddir hafa nú hljóðnað sem á sínum tíma börðust mest fyrir því að fara með ströndinni eins og sagt var.

Ég er hér einungis að tala um að stytta leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur um 81 km. Það er auðvitað geysilega þýðingarmikið mál, þjóðhagslega mikilvægt mál. Ég er að tala um að draga úr slysahættu. Hv. þm. veit vel að eins og hringvegurinn er núna þá er mikil slysahætta og ef maður les þessa vegáætlun þá sér maður að hægt gengur að fá peninga til þess að bæta gamla þjóðveginn. Ég hef meira að segja heyrt að ýmsir þingmenn á Norðvesturlandi vilji enn draga veginn upp Norðurárdal í Skagafirði sem ég vona nú að sé ekki satt.

Þannig er nú það að vegir verða að vera öruggir og góðir og fjalllendi er það mikið á Íslandi að maður verður að fara yfir fjöllin og heiðarnar, meira að segja stundum yfir Holtavörðuheiði.

[16:15]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má leggja vegi þvers og kruss en maður verður að forgangsraða. Ég spurði hv. þm. Halldór Blöndal að því hvar hann mundi raða í þessu háfjallahlaupi sínu veginum um Norðausturland sem varð afskiptur við vegagerðina meðfram ströndinni. Það er svo sem ágætur vegur yfir fjöllin milli Norðurlands og Miðausturlands en vegurinn meðfram ströndinni hefur orðið afskiptur. Hvar vill hv. þm. setja þann veg í þessari röð? Vill hann ráðast í þessa háfjallavegi áður en búið er að koma upp vegum í byggð?

Ég vil líka vekja athygli á því að það er ekki sama hver segir hvað og hvernig. Umræða hv. þm. Halldórs Blöndals um að vegirnir verði lagðir helst fram hjá byggð á Norðvesturlandi í Húnavatnssýslum hefur kannski þegar haft þau áhrif að aðilar eins og olíufélögin og aðrir halda frekar að sér höndum um uppbyggingu þjónustuskála og þjónustu á þjónustustöðum eins og Blönduósi. Menn þurfa að gæta orða sinna í þessum efnum, ekki síst þingmenn, þannig að ekki sé valdið ótímabærum ugg og truflun á eðlilegu lífi, starfi og uppbyggingu starfs í héruðunum.

Ég ítreka við hv. þm. Halldór Blöndal: Getur hann ekki verið sammála mér í því að fyrst skulum við leggja vegina í byggð og að íbúar á Norðausturlandi og á Vestfjörðum fái almennilegan veg áður en við förum að rassakastast fram og til baka um hálendið til þess að fá sem stystan veg milli einstakra bæja og byggða?

[16:18]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er hálfbrosleg umræða. Mig minnir að þessi hv. þm. hafi viljað fara Þverárfjall en ekki út á Skaga. Hann vildi ekki þræða byggðina þegar hann var að koma vegi frá Sauðárkróki til Skagastrandar. Af hverju vildi ekki hv. þm. fara Skagann? Af hverju vildi hann fara Þverárfjall? Vildi hann fara Þverárfjall af því það var styttra? Kannski.

Annars eiga menn ekki að vera að blanda svona saman. Ég var mikill áhugamaður um það að flýta vegi til Ísafjarðar, Patreksfjarðar, Þórshafnar, Raufarhafnar, Vopnafjarðar eins og þeir vita sem muna mig sem samgrh. Ég gerði m.a. Ísafjarðardjúp að stórverkefni til þess að greiða fyrir þeirri vegagerð.

Hitt er rangt sem ég las í grein frá einum af þingmönnum Samfylkingarinnar að ég hefði lofað því á Ísafirði árið 1991 að búið yrði að leggja Djúpveg árið 2000. Það er ekki rétt. Við áttum þá fullt í fangi með að standa við það að greiða jarðgöngin sem þá hafði verið ráðist í án þess að sjá fyrir sérstöku fjármagni til þeirra.

En þetta mál snýst ekki um það heldur hitt að óhjákvæmilegt er að verja milljörðum króna til að bæta samgöngur milli Akureyrar og Reykjavíkur vegna þess að hringvegurinn eins og hann er núna þolir ekki þann mikla þunga og þá miklu umferð sem um hann fer. Hringvegurinn er of mjór og hann er stórhættulegur, slysagildra eins og hv. þm. veit. Og við því verður að bregðast. Ég held því fram að ódýrast sé að bregðast við því með því að leggja þann veg sem ég er að tala um og hef óskað eftir að komi nægilegt fjármagn frá Alþingi til þess að hægt sé að rannsaka vegarstæði, fara í umhverfisrannsóknir og þar fram eftir götunum til þess að athuga þennan möguleika. Það kostar ekki mikla fjármuni borið saman við það sem í húfi er og ég get ekki séð að hv. alþm. geti verið á móti því.

[16:20]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlustaði með athygli á hv. þm. Halldór Blöndal flytja ræðu sína og get svo sem tekið undir margt af því sem þar kom fram. Margt ákaflega athyglisvert var sagt, fjallað um hin ýmsu mál og þar á meðal málefni kjördæmisins sem við báðir munum væntanlega sinna á komandi kjörtímabili.

Vegna þess að ég hef áður hlustað á hv. þingmann lýsa hugmyndum sínum um hálendisveg norður til að tengja Norðurland við Reykjavík, svokallaðan Norðurveg sem skírður hefur verið svo með stórum staf í ágætri blaðagrein, er spurning mín til hans þessi: Telur hv. þm. Halldór Blöndal að flutningskostnaður til Norður- og Austurlands muni lækka, og þá hve mikið, lækka verulega eða lítið, þegar þessi væntanlegi Norðurvegur sem er stytting um 80–85 km verður orðinn að veruleika hvenær sem það nú verður?

[16:21]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki hugmynd um það hversu mikið flutningskostnaðurinn mun lækka en ég get fullvissað hv. þingmann um að flutningskostnaðurinn mun lækka við það að stytta leiðina um 80–85 km. Þá vil ég spyrja hv. þm.: Heldur hann að flutningskostnaðurinn muni hækka ef leiðin mundi lengjast um 80–85 km?

[16:21]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Halldóri Blöndal fyrir þessa yfirlýsingu sem hann gefur hér. Hún er náttúrlega alveg hárrétt. Auðvitað ætti flutningskostnaður að lækka við það að vegalengdir styttist.

En þá vil ég leyfa mér að spyrja hv. þm.: Hvaða aðferðir getum við notað aðrar til þess að lækka flutningskostnað til landsbyggðarinnar frá Reykjavík þar til þessi vegur verður orðinn að veruleika?

[16:22]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir að það sé erfitt að finna leiðir til að lækka flutningskostnað nema með því að draga úr kostnaði, ég held að það sé deginum ljósara. Þau flutningafyrirtæki sem við höfum reyna að nota ýtrustu tækni eins og hv. þm. veit. Tölum aðeins um flutningskostnaðinn. Ef við horfum á vöruverð segir flutningskostnaðurinn ekki alla sögu þar eins og hv. þm. hefur stundum gefið í skyn. Við getum t.d. horft á pilsnerflösku og athugað hvað hún kostar í Bónus á Egilsstöðum. Það kemur í ljós að hún kostar 37 eða

39 krónur. Þar er hins vegar umboð fyrir Egil Skallagrímsson, og búðareigandi á Austurlandi sagði mér um daginn að hann fengi í heildsölu pilsnerflöskuna á 70–80 kr. Heildsöluverðið fyrir smákaupmanninn er hér um bil 100% hærra en útsöluverðið hjá Bónus.

Það vildi svo til að ég hitti fulltrúa þessarar ölverksmiðju fyrir austan og spurði um þetta. Af því að þetta var einkasamtal ætla ég ekki að fara frekar út í það en leyfi mönnum að velta fyrir sér hvort þetta sé ekki athyglisvert. Ég hafði hugsað mér að hafa samband við Samkeppnisstofnun og spyrja hana hvað hún telji hæfilegt að verðmunur frá sama fyrirtæki á Egilsstöðum megi vera mikill eftir því hvort maður er Páll eða séra Páll. Þar fyrir utan tekur Ölgerðin þátt í auglýsingakostnaði fyrir Bónus — þar að auki — svo í raun er verðið enn þá lægra en ég sagði.

[16:24]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það var fróðlegt að hlýða á lok ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals sem saknar augljóslega Verðlagsstofnunar og ríkisverðs þannig að það sé hægt að ákveða bara tiltekið verð og menn þurfi þá ekki að hafa áhyggjur af verðmyndun að öðru leyti. Það er dálítið sérstakt þegar fulltrúi þess flokks sem á hátíðarstundum ber sér á brjóst og lýsir yfir dásemd frelsis og almennra viðskipta skuli koma hingað upp og horfa til þess með miklum söknuði þegar við höfðum Verðlagsstofnun til að ákveða hvað hlutirnir ættu að kosta.

Virðulegi forseti. Við erum ekki að ræða hér verðlagsmál eða Samkeppnisstofnun eins og mátti ætla af ræðu síðasta ræðumanns, heldur samgönguáætlun. Kannski er það svo í reynd í því víðfeðma landi og strjálbýla sem við búum í að samgönguáætlun sé okkar helsta byggðamál og hafi mest áhrif á það hvernig byggðaþróun verður. Með samgönguáætlun og almennri umræðu um atvinnumál erum við að ræða hin raunverulegu byggðamál. Í þessu ljósi hefur mér alltaf fundist dálítið sérstætt að byggðamálum skuli síðan komið fyrir hjá hæstv. iðn.- og viðskrh. sem í reynd hefur minnst áhrif á þessi mál. Það sýnir kannski hversu klókir menn geta verið þegar þeir koma sér undan erfiðum málum, að vísa þeim í ráðuneyti sem hafa lítið sem ekkert um þessi mál að segja.

Almennt vil ég segja að ég fagnaði þegar hugmyndir um samræmda samgönguáætlun komu fram. Ég tel skynsamlegt að setja fram almenna áætlun á þessu sviði, að menn horfi yfir allt sviðið í einu, þ.e. siglingarnar, vegina og flugið, og reyni að samræma útgjöld til þessara málaflokka. Almennt að segja tek ég undir þá hugmynd og þá hugmyndafræði sem þessi hugsun byggir á og ég held að hún sé skref fram á við.

Kannski er það samt dálítið sérstætt að hæstv. samgrh. skuli koma með svona langtímaáætlun á einni af síðustu vikunum sem hann situr í embætti. En það er síðan allt önnur umræða sem (**Gripið fram í:** Hver mun taka við?) við eigum sjálfsagt eftir að fara í. Þá er augljós sú hætta að þegar menn leggja upp með langtímaáætlun þrátt fyrir augljósar breytingar í nánd hljóti einhverjar breytingar að verða á þessu gerðar.

Hins vegar má sjálfsagt nýta þessa vinnu til góðra verka í framtíðinni, ég er ekki í nokkrum vafa um það.

Eins og hér hefur komið fram horfa kannski þingmenn hver um sig aðeins heim í hérað og velta fyrir sér hvernig kjördæmi þeirra kemur út úr þeirri skiptingu fjár sem hér er lögð til. Ég vil segja það hér í upphafi máls míns, og það er ekkert launungarmál, að sérstaklega gamla Suðurlandskjördæmið hefur ekki farið vel út úr þessari skiptingu undanfarin ár. Ef maður tekur aðeins þær hugmyndir sem hér koma fram, þ.e. þær framkvæmdir sem ætlað er að ráðast í á landsbyggðinni með jarðgangakostnaði, er hlutur Suðurlands frá 2003 til ársins 2014 7,2% af fyrirhuguðum heildarútgjöldum. Lengd stofnvega á Suðurlandi er u.þ.b. 15% og meðallengd tengivega á Suðurlandi er u.þ.b. 26% af þessum vegaflokkum á öllu landinu þannig að hlutur Suðurlands er augljóslega mjög rýr í þessari áætlun. Það ber vissulega að harma. Ég harma það hér.

Hins vegar vil ég taka fram að ég sit í hv. samgn. og þar munum við leggja okkur fram um að ná fram breytingum á þeirri áætlun sem hér liggur fyrir. Það lýtur kannski frekar að forgangsröðun á einstökum verkefnum en almennt að þeirri hugmyndafræði sem ég þó tek undir að sé skynsamlegt að vinna í.

Ég vil líka taka undir það með hv. þm. Kristjáni Möller sem sagði í ræðu sinni að framlög til umferðaröryggismála væru vitaskuld í engu samræmi við þörfina. Það er kannski ekki endilega við hæstv. samgrh. að sakast í þeim efnum en það breytir ekki því að framlög í þennan málaflokk eru ekki eins og þau þyrftu að vera.

Í svo stuttri ræðu sem leyft er að flytja hér um þessi mál er aðeins hægt að staldra við í nokkrum einstökum verkefnum. Það var hins vegar fróðlegt að hlýða á hæstv. forseta þingsins sem taldi mikilvægast að leggja vegi helst eins fjarri byggð og kostur væri og, eins og kom fram hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni, að þeim mun færri sem um þá færu þeim mun hagkvæmari gætu þeir verið. En það er ekki sú hugsun sem hér býr að baki.

Við hljótum að staldra við það sem sagt er í þessari samgönguáætlun um Suðurstrandarveg sem menn hafa haft hástemmdar yfirlýsingar um að nauðsynlegt væri að ráðast í og ekki síst hæstv. samgrh. og fyrrv. formaður samgn. Menn hafa gefið hástemmd loforð um að í þennan tiltekna veg yrði ráðist innan ekki langs tíma. Það er því eftirtektarvert að menn virðast ekki hafa hugsað sér að standa við gefin loforð í þessum efnum. Ég varð var við það í ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar áðan að hann hafði fyrirvara við að styðja þá samgönguáætlun sem hér liggur fyrir, þ.e. að kveðið yrði nánar á um Suðurstrandarveg. Það er kannski ekki nema von miðað við þau hástemmdu loforð sem gefin hafa verið um að í þennan veg yrði ráðist.

Það kom í fyrsta lagi fram í nál. er laut að kjördæmabreytingu að í þennan veg yrði ráðist. Hann var ekki síður áberandi í loforðum sem voru gefin á árinu 2000, þar sem menn héldu fundi með pomp og prakt, núv. hæstv. samgrh. og páv. formaður samgn., þar sem lofað var háum fjárhæðum, 400 millj. eða svo til þessara vegaframkvæmda á næstu 2–3 árum. Auðvitað hljóta menn að kalla eftir efndum á slíkum loforðum. Eftir því verður að sjálfsögðu gengið þegar um þetta verður fjallað í hv. samgn.

Einnig er vert að nefna hér svokallaðan Ósabotnaveg milli Sandgerðis og Hafna sem ekki er inni á þessari áætlun. Einnig eru endurbætur á Hellisheiði, sem hæstv. ráðherra kom þó hér að í sinni framsöguræðu, sama marki brenndar. Ætlunin er ekki að ráðast í framkvæmdir þar þó að hér hafi verið gefin fögur fyrirheit um eitthvað slíkt. Um það er fátt að finna í þessari samgönguáætlun.

Í fjórða lagi vekur tenging Vestmannaeyja við fastalandið athygli. Ég tel, virðulegi forseti, að þessar byggðir eigi grið-

arlega mikið undir því að ráðist verði í verulegar umbætur á þessu sviði. Það er hægt að taka undir það að hæstv. samgrh. brást við kröfu Vestmannaeyinga um fleiri ferðir á þann hátt að þeim var fjölgað. En ég held að flestir séu sammála um að núverandi fyrirkomulag er ekki í samræmi við þær kröfur sem menn gera til þessara mála, til samgangna á árinu 2003. Það er mikið áhyggjuefni að í áætlun til ársins 2014 skuli hvergi gert ráð fyrir bótum á þessu sviði. Hæstv. ráðherra talaði að vísu um í ræðu áðan að hann mundi beita sér fyrir rannsóknum á Bakkafjöru sem er út af fyrir sig góðra gjalda vert. Reyndar hefur það verið í umræðunni í nokkur ár en lítið orðið um efndir þannig að óþarft er að gera ráð fyrir að þau fyrirheit séu annað en innantóm kosningaloforð.

Það er ljóst að það þarf að ráðast í breytingar á þessu sviði. Þar hafa menn nokkra valkosti. Menn geta farið í að kaupa og endurbæta þá ferju sem nú fer á milli til að ná skemmri tíma á þeirri leið sem nú er siglt um, þ.e. Vestmannaeyjar/Þorlákshöfn og stytta siglingatímann sem er algerlega nauðsynlegt. Þessi tæplega þriggja tíma sigling hefur gert það að verkum að sú náttúruparadís sem Vestmannaeyjar eru hefur að miklu leyti dottið út af landakortinu að því er varðar ferðamenn sem til landsins koma. Það stafar fyrst og fremst af því að ferðaskrifstofur sem flytja fólk til landsins segja einfaldlega að það sé svo erfitt að skipuleggja ferðir til Eyja. Þangað sé ekki hægt að treysta á flug og svona langur tími í siglingu þýði að þarna þurfi menn að dvelja í heilan sólarhring, sem ferðaskrifstofurnar hafa ekki viljað leggja áherslu á. Þetta hefur gert það að verkum að Vestmannaeyjar hafa gefið mjög eftir í baráttu sinni við að fjölga ferðamönnum. Samkeppnisstaða þeirra hefur ekki verið sem skyldi. Ég met það svo að í raun sé þetta það fyrsta sem ég tel að við eigum að ráðast í, þ.e. að reyna að stytta leiðina á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar eins og kostur er. Menn hafa bent á ýmsar leiðir í þeim efnum, m.a. á framfarir í gerð ferja sem hægt væri að skoða mjög vandlega. Þess vegna þykir mér sorglegt að hvergi skuli koma fram í áætlun til ársins 2014 nokkrar hugmyndir um að ráðist verði í umbætur á þessu sviði.

Það er kannski fjarlægra en þó veit maður aldrei, þ.e. möguleiki á göngum sem væri vissulega varanleg lausn í þessum efnum. Engar alvörurannsóknir hafa farið fram á því sviði og því kannski erfitt að fullyrða um möguleikann. En það er einu sinni þannig að orð eru til alls fyrst og til að fá svör við því hvort möguleiki sé á að ráðast í slíka framkvæmd þurfa að fara fram rannsóknir.

Í þriðja lagi gefst leið sem hæstv. samgrh. gaf að því er mér fannst örlítið undir fótinn áðan í andsvari sínu, þ.e. að lausnin væri fólgin í að ráðast í hafnarframkvæmdir við Bakkafjöru. Ég held, virðulegi forseti, að ef sú ákvörðun verður ofan á séum við að tala um rannsóknir og framkvæmdir sem muni taka mörg ár. Ég met það svo að ekki sé hægt að bíða svo lengi. Það verður að ráðast í framkvæmdir eða aðgerðir sem tryggja að siglingaleiðin milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja verði styrkt með kaupum á öflugri og betri ferju. Hvort við eigum möguleika á göngum eða bættri hafnaraðstöðu við Bakkafjöru tel ég þurfa að skoða í framhaldi af slíkum úrbótum. Svona sé ég þetta.

Það er líka verðugt umhugsunarefni, þegar menn eru að tala um fjárhæðir á þessu sviði og hvernig forgangsröðun er oft og tíðum í framkvæmdum í þessum efnum, að menn hafa fullyrt í umræðu um þessi mál, þar hafa framsóknarmenn gengið hart fram, að hægt sé að fá mjög öflugar ferjur núna fyrir um það bil 500 millj. Það er brot af því sem kostar að ráðast í ýmsar framkvæmdir sem hér hafa verið kynntar. Ég held, virðulegi forseti, að forgangsröðunin sem birtist í þessari samgönguáætlun hvað þetta varðar sé algerlega óásættanleg. Ég trúi ekki öðru en að aðrir þingmenn úr Suðurkjördæmi, þingmenn Sjálfstfl. og Framsfl., muni leggja þessari baráttu lið. Það sér hver maður að þessi forgangsröðun er algerlega óásættanleg.

Ýmislegt annað má nefna í þessu sambandi, virðulegi forseti, en eins og ég nefndi horfa menn kannski fyrst og fremst hver á sitt kjördæmi og velta fyrir sér fjárframlögum sem til þess kjördæmis renna, hvernig þau eru nýtt og hvernig forgangsröðin er hugsuð. Þrátt fyrir tvöföldun Reykjanesbrautar, sem ber að fagna, verður því vart á móti mælt að Suðurkjördæmið situr talsvert eftir í þeirri áætlun sem hér liggur fyrir. Við munum án efa leggja því lið í meðförum samgn. að annaðhvort verði lagt meira fé til verkefnisins eða að forgangsraðað verði á annan hátt.

[16:41]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst vil ég nefna, vegna ræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, að þegar við lítum á landið sem heild, sem við verðum auðvitað að gera á Alþingi þegar verið er að fjalla um samgönguáætlanir, þá verð ég að viðurkenna að Suðurlandskjördæmi, að Vestmannaeyjum undanskildum, býr við býsna góðar samgöngur, þegar við lítum á landið sem heild. Vestmannaeyjar eru auðvitað eyjar sem taka verður sérstaklega tillit til og leggja á ráðin um samgöngur til þeirra í ljósi þess, í ljósi þróunar og allra aðstæðna. Að öðru leyti er ekki hægt að segja að Suðurland sitji eftir í samgöngumálum. Þá lít ég til þess sem við þekkjum á Vestfjörðum, á norðausturhorninu, á Austfjörðum og jafnvel að hluta til á Snæfellsnesi. Uppsveitum Borgarfjarðar má líkja saman við uppsveitir Suðurlands. Þar er ýmislegt gott að gerast. Mikil áform eru um framkvæmdir á Suðurlandi, t.d. brú á Hvítá og endurbætur með sama hætti og hefur verið að gerast í Borgarfirðinum.

Ég held því að þó að kosningar nálgist þá verði þingmenn að líta á þetta í stóru og víðu samhengi. Ég get tekið undir með hv. þm. með að við þurfum að finna góða sátt um samgöngur til Vestmannaeyja. Það hef ég reynt að gera og vænti þess að þingmenn standi með mér í að tryggja þá þjónustu sem Herjólfur veitir. Þjónusta Herjólfs hefur stóraukist og samgönguhópurinn sem er að vinna fyrir samgrn. vegna Vestmannaeyjasamgangna mun væntanlega leggja fram tillögur innan tíðar. Ég horfi mjög til þeirrar lausnar sem ég minntist á áður í andsvari, hafnaraðstöðu á Bakkafjöru.

[16:43]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar ég sagði að Suðurland hefði setið talsvert eftir átti ég við að stofnvegir á Suðurlandi eru um það bil 15% af heildarstofnvegum á landinu. Tengivegir á Suðurlandi eru u.þ.b. 26% af öllu landinu. Þetta liggur fyrir. Það er mikið verk óunnin í Suðurlandskjördæmi og jafnvel þó að segja megi að víða séu ágætar samgöngur á Suðurlandi eru mikil verk óunnin þar.

Það sem ég var að benda á í þessu samhengi er að það eru einungis ætluð 7,2% af heildarútgjöldum, þ.e. frá árinu 2003 til ársins 2014, til þessa kjördæmis. Á það var ég að benda og út frá þessum tölum er einnig bersýnilegt að ekkert fé á að veita til samgangna við Vestmannaeyjar. Þess vegna

stend ég fullkomlega við að þegar þetta er skoðað í þessu ljósi sé hlutur Suðurlands ekki nægilega góður.

Þegar þetta er skoðað í enn stærra samhengi, þ.e. með tilliti til þeirra loforða sem gefin hafa verið um Suðurstrandarveg, m.a. sem hæstv. samgrh. gaf 11. maí árið 2000 um að á næstu 2–3 árum yrðu settar, til viðbótar við það fjármagn sem nú þegar hefur verið sett í Suðurstrandarveg af því sem veitt hefur verið til Suðurlandskjördæmis, 400 millj. sem ættu að tryggja að Suðurstrandarvegi, þ.e. milli Þorlákshafnar og Grindavíkur, yrði lokið innan 2–3 ára. Undir það tók á þeim tíma páv. formaður samgn.

[16:45]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hvergi hafi komið fram hjá mér að árið 2000 hafi ég gefið yfirlýsingu um það að Suðurstrandarvegi yrði lokið innan 2–3 ára. Ég kannast ekki við slíkar yfirlýsingar, það er alveg af og frá. Hins vegar er það þannig að við stjórnmálamenn þurfum að velja og hafna. Við höfum ákveðinn ramma til þess að vinna út frá og í ljósi þess að við erum að leggja í miklar framkvæmdir við tvöföldun Reykjanesbrautar og ýmsar aðrar mikilvægar framkvæmdir var það kalt mat okkar að það væri mikilvægara fyrir samgöngur á þessu svæði, þ.e. á suðurhorninu, að ljúka tvöföldun Reykjanesbrautarinnar fremur en fara samhliða í Suðurstrandarveg eins og fyrri áætlanir stóðu til. Ég get vel viðurkennt að sú tillaga var gerð í mínu nafni að fara af stað með Suðurstrandarveginn en kostnaðurinn við Reykjanesbrautina hefur orðið það mikill með hönnun, umhverfismatskröfunum, mislægum gatnamótum á leiðinni o.s.frv. að við urðum að velja þá leið sem við förum hér, að fresta Suðurstrandarveginum í bili til þess að geta lokið Reykjanesbrautinni. Þetta er hinn kaldi veruleiki.

Aðeins varðandi grunnnetið. Kostnaður við vegi í grunnneti í Suðurkjördæmi er metinn 25,3% á meðan Norðvesturkjördæmið er með 42% af heildarkostnaðinum við grunnnetsuppbygginguna. Það sést vel hversu gríðarlega stór verkefnin eru í Norðvesturkjördæminu.

Aðeins varðandi Vestmannaeyjar, að ekki sé nein fjárveiting ætluð þangað. Ég minni á það sem stendur í samgönguáætluninni, að við gerum ráð fyrir fjármunum til þess að ljúka rannsóknum vegna Bakkafjöru og það er lykill að frekari ákvörðunum. Eftir tvö ár, þegar þessi áætlun verður endurskoðuð eins og lög gera ráð fyrir, hljótum við að hafa forsendur til þess að taka ákvarðanir um framvinduna hvað varðar sjóleiðina til Vestmannaeyja að loknum rannsóknum á Bakkafjörunni. Það er mín tillaga.

[16:48]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nú segja það að ég vonast til þess að það verði ekki hlutverk hæstv. núv. samgrh. að endurskoða þessar tillögur eftir tvö ár, það muni aðrir koma að því.

En almennt og aðeins um það sem hæstv. ráðherra sagði um að hann hefði ekki gefið neinar yfirlýsingar eða loforð um að ráðist yrði í Suðurstrandarveg og honum lokið innan ekki langs tíma, ég sagði 2–3 ára en líklega hefði verið nákvæmar að segja 3–4 ára eftir að hæstv. ráðherra og páv. formaður samgn. komu saman og gáfu yfirlýsingar. Í Ríkisútvarpinu 11. maí árið 2000 segir hæstv. samgrh. m.a., með leyfi forseta:

„Það er óhætt að segja að ný vegáætlun sé sigur fyrir þingmenn Suðvesturlands. Viðbótarframlögin í endurskoðaðri vegáætlun eru þessi: 400 millj. verður varið til að leggja Suðurstrandarveg milli Þorlákshafnar og Grindavíkur“ o.s.frv.

Hér liggur fyrir að við höfðum á þessu ári loforð um þetta framlag. Þingmenn Suðurlands hafa í gegnum tíðina lagt fyrir og tekið frá fjármagn í þennan tiltekna veg. Þetta átti að vera það sem fleytti okkur yfir erfiðasta hjallann en hæstv. ráðherra sagði áðan í ræðu sinni að hann hafi talið eðlilegra að fara í tvöföldun Reykjanesbrautar og klára hana. En það er rétt að halda því til haga að þessi áætlun er til ársins 2014.

Aðeins í lokin um Vestmannaeyjar. Það er alveg ljóst að ekki verður við það unað að bíða í tvö ár til viðbótar eftir því að einhverjar ákvarðanir verði teknar um bættar samgöngur við Vestmannaeyjar.

[16:50]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Nú ræðum við í fyrsta sinn samgöngumál með nýju sniði, tökum saman í eina áætlun vegamál, hafnamál og flugmál auk þess sem saman eru ræddar núna áætlun næstu fjögurra ára og langtímaáætlun sem nær til næstu 12 ára. Ég held að það sé til bóta að reyna að vinna þetta saman og verja fénu þannig að menn taki ákvarðanir um fjárveitingar í einstaka framkvæmdir út frá athugun á öðrum samgönguþáttum en þeim sem framkvæmdin beinist að.

Ég velti því fyrir mér hvort ekki sé rétt að útvíkka þessa samgönguáætlun frekar frá því sem nú hefur verið gert með því að bæta við fjarskiptum. Það sem fellur undir samgönguáætlun núna eru þær samgöngur þar sem verið er að flytja fólk eða vörur á milli staða, vegir, flug eða hafnir, en ég hygg að þau samgöngumál sem eru fyrir utan og lúta að fjarskiptum þar sem flutt eru gögn, hljóð eða myndir séu líka þýðingarmikil og eðlilegt að huga að uppbyggingu á grunnneti í þeim eins og í hinum þremur þáttunum. Ég held að það komi í ljós eftir því sem lengra líður á markaðsvæðinguna, t.d. í fjarskiptum, að ríkisvaldið verður að grípa inn í til að tryggja uppbyggingu á neti eða grunnneti fyrir þessi fjarskipti. Þess vegna viðra ég þá hugmynd hvort ekki sé rétt að huga að því að bæta við samgönguáætlunina grunnneti fyrir fjarskipti.

Ég vil segja um almenn markmið sem fram koma í langtímaáætluninni, sem talin eru upp á bls. 1 í tillögunni, að þau eru almennt ásættanleg. Ég held t.d. að það sé sérlega mikilvægt að álykta um það að Reykjavíkurflugvöllur verði áfram miðstöð innanlandsflugs til þess að taka af allan vafa sem kann að vera uppi um það mál vegna áherslu sem við höfum bæði séð og heyrt að uppi eru innan Reykjavíkurborgar. Ég held að það sé afar þýðingarmikið fyrir landsbyggðina að tekin séu af öll tvímæli um þetta efni þannig að menn velkist ekki í vafa um vilja stjórnvalda í þessum efnum.

Í öðru lagi tel ég líka rétt að huga að almenningssamgöngum eins og þarna er gert í meginmarkmiðum. Það er mjög nauðsynlegt til þess að geta byggt upp ferðaþjónustu og annan skyldan atvinnuveg um landið að geta boðið upp á möguleika fyrir ferðamenn og aðra að fara á milli staða með almenningsfarartækjum. Oft háttar jú svo til að menn eru ekki með eigin farartæki.

Hins vegar vil ég gera athugasemd við einn liðinn í þessari upptalningu sem fjallar um markmið um greiðari samgöngur. Þar segir að þær aðgerðir sem grípa eigi til felist í því, með leyfi forseta, að grunnnetið verði „byggt upp samkvæmt tillögum um röð framkvæmda“. Þarna tel ég að kveða eigi

fastar að orðum en gert er. Ég tel að það eigi að vera eitt aðalmarkmiðið í stefnumótun um greiðari samgöngur um landið að kveða á um það með skýrum hætti að það sé almenn stefna stjórnvalda og Alþingis að byggja upp vegakerfið þannig að bundið slitlag verði til allra þéttbýlisstaða landsins sem eru yfir tilgreindum mörkum, og ég hygg að menn hafi miðað við 100 eða 200 íbúa í þeim efnum í þeim vinnugögnum sem ég hef séð. Mér finnst vanta að menn taki þessa pólitísku áherslu með skýrum hætti í stað þess að vísa henni til hliðar og vísa einfaldlega á samkomulag sem menn ná á hverjum tíma um röð framkvæmda. Það kvikna nefnilega alltaf nýjar þarfir og nýjar óskir um framkvæmdir og þær gerast hraðar en við náum að vinna á þeim sem eru í gangi. Tilhneigingin verður því sú að til að koma nýjum framkvæmdum að er verið að ýta til hliðar og aftar í tímaröðina öðrum sem fyrr voru komnar inn. Við getum séð það með því að bera saman gildandi langtímaáætlun í vegamálum sem samþykkt var 1998 og þá nýju tillögu sem hér liggur fyrir. Í þessa nýju eru komnar býsna margar nýjar framkvæmdir sem leiðir til þess, af því að fjármagnið er ekki aukið í samræmi við þann fjölda sem bætist við, að einhverjar framkvæmdir tefjast óhjákvæmilega. Af sjálfu leiðir að þá bitnar seinkunin oft helst á þeim framkvæmdum sem eru afskekktast í landinu eða hafa fæsta formælendur til að styðjast við. Þannig má sjá að áhersla sem var mjög sterk í langtímaáætlun 1998, að byggja upp vegakerfi til Vestfjarða og norðausturhornsins, er ekki eins sterk og ég vildi sjá í þeirri tillögu sem liggur hér fyrir.

Áður en ég kem að vegamálum vil ég aðeins víkja að flugmálum. Ég vil fyrst segja að ég tel að það eigi að athugast, og bið menn um að athuga það í samgn., hvort ekki sé rétt að Gjögurflugvöllur tilheyri grunnnetinu með þeim rökum að sveitin sem sá flugvöllur þjónar hefur ekki heilsárssamgöngur á landi og ekki heldur áætlunarsamgöngur á sjó þannig að það verður að byggja upp einhvern samgönguþáttinn inn í grunnnetið til að þjónusta byggðina. Ég velti því fyrir mér hvort ekki sé þá rétt að færa Gjögurflugvöll inn í grunnnetið ellegar að menn auki fé til vegagerðar til þessarar sveitar þannig að menn byggi þá upp vegakerfið með þeim hætti að það geti verið opið stærstan hluta ársins. Annað hvort verður að gera að mínu viti.

Mér sýnist að fjárveitingar til Ísafjarðarflugvallar séu býsna ríflegar og að framkvæmdir eigi að taka til nokkuð margra atriða. Ég hygg því að vel sé séð fyrir þörfum sem þar eru uppi en ég vek athygli á því að til þess að Ísafjarðarflugvöllur nýtist að fullu — það er nauðsynlegt fyrir hvert svæði, sérstaklega norðurhluta Vestfjarða, að það séu sem öruggastar samgöngur inn á svæðið og frá því. Varðandi flug er alveg sérstaklega áríðandi að flugið sé öruggt og menn geti treyst því að komast til og frá svæðinu á þeim tíma sem þeir ætla sér. Til þess að auka flugöryggi inn á þetta svæði er nauðsynlegt að styrkja Þingeyrarflugvöll sem varaflugvöll og flugvöll sem spili þá með Ísafjarðarflugvelli. Ég tek eftir því að ekki er gert ráð fyrir neinum fjárveitingum til þess að bæta aðstæður á Þingeyri, sem fyllilega er þó þörf á, og minni á að fyrir nokkrum árum voru inni fjárveitingar eða a.m.k. hugmyndir um að lengja flugvöllinn á Þingeyri og bæta þar aðstæður frá því sem nú er. Ég hygg að það verði að skoða vandlega hvort ekki sé rétt að gera ráð fyrir því að bæta fjárveitingum inn á Þingeyri á þessu áætlunartímabili.

Varðandi flug til Patreksfjarðarflugvallar langar mig að beina fyrirspurn til hæstv. samgrh. Það er vitað að ekki er um að ræða áætlunarflug inn á þann flugvöll því að flug er eingöngu til Bíldudalsflugvallar sem eðlilegt er enda hefur hann reynst afbragðsvel. Engu að síður þjónar flugvöllurinn á Patreksfirði hlutverki sínu sem völlur fyrir sjúkra- og neyðarflug og nýverið bárust fréttir af því að ákveðið hefði verið að taka niður ljós, aðflugshallaljós, á flugvellinum og færa þau annað. Heimamenn hafa vakið athygli á þessu og gert athugasemdir við og bent á að þessi breyting geri það að verkum að hlutverk vallarins fyrir sjúkra- og neyðarflug rýrni þannig að völlurinn komi ekki að eins góðum notum í því skyni og annars hefði verið. Mig langar að biðja hæstv. samgrh. að gefa skýringar á þessari ákvörðun.

Víkjum nú að vegamálum. Ég vil fyrst benda almennt á framlög til þeirra. Það eru auðvitað þau sem skipta mestu máli um það sem við höfum til skiptanna og hvernig mönnum miðar áfram á hverjum tíma til þess að bæta vegakerfið. Ég er hér með upplýsingar um framlög til vegamála síðustu 38 árin, síðan 1964, og þar kemur í ljós að framlög til vegamála á föstu verðlagi ársins 2001 hafa verið hæst síðustu þrjú árin, 1999, 2000 og 2001. Það er vel og fagnaðarefni að fjárveitingar hafi aukist frá því sem var árin þar á undan, og þessi þrjú ár hafa verið hærri en öll árin þar áður alveg aftur til 1964. Á hinn bóginn ber líka að vekja athygli á því að framlög til vegamála, mæld sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, hafa ekki fylgt vexti þjóðarframleiðslu. Það þýðir að þau hafa ekki tekið þeim breytingum sem skyldi, við höfum ekki varið eðlilegum hluta af vaxandi þjóðarframleiðslu til vegamála til samræmis við það sem áður gilti. Hæstu hlutföllin til vegamála voru árin 1971–1975, á því fimm ára tímabili var yfir 2% af vergri landsframleiðslu fjögur áranna og fimmta árið 1,96% varið til vegamála. Þetta var toppurinn. Frá 1984 hefur verið varið um og innan við 1,5% flest árin en þó meira á þriggja ára tímabili, 1993–1995. Í dag verjum við um 1,6%.

Ef við hefðum sett okkur það mark að setja árlega um 2% af vergri landsframleiðslu til vegamála hefðum við um þremur milljörðum kr. meira úr að spila á hverju ári. Það munar verulega um það og ég hygg að það væri verðugt markmið stjórnvalda að setja sér að miða við tölu af þessu tagi. Ef við hefðum miðað við það að verja 2% af landsframleiðslu frá 1971 til dagsins í dag hefðum við varið á að giska um 80 milljörðum kr. meira til vegamála á síðustu 30 árum en við gerðum. Það skiptir auðvitað miklu máli hvað menn setja sér að verja miklu fé til vegamála og ég hvet til þess að menn verði meira stórhuga í þeim efnum en verið hefur undanfarin ár.

Ég vil, herra forseti, minna á að gildandi vegáætlun frá 1998, langtímaáætlun, gerir ráð fyrir því að ljúka stórum framkvæmdum á Vestfjörðum á næstu árum, t.d. veginum um Djúp árið 2006. Í þeirri áætlun sem hér er lögð til mun þessu ekki ljúka fyrr en árið 2014, þ.e. taka nærri átta árum lengri tíma að ljúka því verki en áætlað var fyrir fimm árum. Það er líka verið að seinka því að ljúka veginum um Strandasýslu, milli Hólmavíkur og Brúar, um fjögur ár. Ég vil taka fram að ég tel að það eigi ekki að vera með tvo kosti undir þar, heldur eigi að einbeita sér að því að ljúka veginum þarna á milli og láta það bíða seinni tíma hvort unnt verði að leggja veg um Arnkötludal yfir til Reykhólasveitar. Það seinkar einfaldlega því sem er óhjákvæmilegt, að hafa góðan veg í Strandasýslu, að vera að velta fyrir sér öðrum valkostum.

Ég minni líka á að út var að koma skýrsla um nauðsyn-

legar framkvæmdir á Óshlíð og Súðavíkurhlíð og í þessari tillögu til fjögurra ára er ekki gert ráð fyrir fjárveitingum til þeirra í þeim mæli sem þar er lagt til.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, minna á jarðgöngin. Þegar samgrh. mælti á sínum tíma fyrir till. til þál. um jarðgangaáætlun minnti hann á tillögu frá Vegagerðinni sem lá þá fyrir og gerði ráð fyrir að ráðist yrði í þrjú verkefni, jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, Reyðarfjarðar og Eskifjarðar og milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvað líði tillögu af hans hálfu um að ráðast í jarðgöngin milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Eftir því sem ég best veit er ekki eftir neinu að bíða með að taka pólitíska ákvörðun um þá framkvæmd. Ég ýti á hæstv. ráðherra og óska eftir því að hann upplýsi um hvar þetta mál er statt og hvenær vænta megi að hann leggi til að ráðist verði í þá framkvæmd.

[17:06]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er af nokkru að taka sem ég vildi koma inn á varðandi ræðu hv. þm. Ég get tekið undir það sem hann sagði að það mætti bæta fleiru inn í samgönguáætlunina, svo sem fjarskiptunum, en það er af mörgu að taka. Ég fagna yfirlýsingum hans hvað varðar Reykjavíkurflugvöll. Það er afar mikilvægt að hann sé inni í þessari áætlun.

Fyrst vil ég nefna það sem síðast kom fram hjá hv. þingmanni varðandi jarðgöngin á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Í samgönguáætluninni gerum við ráð fyrir fjárveitingum til jarðgangaframkvæmda allt áætlunartímabilið og við stefnum að því núna að árið 2008 verði lokið við Héðinsfjarðargöngin. Þá þarf að vera búið að taka ákvarðanir um næstu áfanga og inni í áætluninni eru fjárhæðir til þess. Í mínum huga hefur það alveg legið fyrir að næsti áfangi í jarðgangagerðinni yrði Arnarfjarðar-/Dýrafjarðargöngin og það þurfi að undirbúa það í samræmi við jarðgangaáætlunina sem var á sínum tíma afgreidd frá þinginu. Jafnframt var gert ráð fyrir því að hugað yrði að og rannsakað með jarðgöng á Austurlandi. Í mínum huga eru Arnarfjarðar-/Dýrafjarðargöngin mikilvæg.

Það er rétt sem kemur fram að það eru ekki gerðar sérstakar tillögur um framkvæmdafjárveitingar til endurbóta á Óshlíð í samræmi við þær tillögur sem nýlega komu fram en það er meðal þess sem ég tel að samgn. þurfi að líta til.

Hvað varðar Gjögurflugvöll er samkvæmt áætluninni gert ráð fyrir því að hann njóti þeirrar þjónustu sem áætlunarflugvellir fá.

[17:08]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég skildi þau þannig hvað varðar jarðgöngin að fyrir lægi að fjármagn væri til nýrra jarðgangaverkefna eftir 2008 og það væri hans skoðun að ráðast bæri næst í jarðgöngin milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar á eftir þeim göngum tvennum sem eru að fara af stað. Ég fagna því vegna þess að ég tel að ef það er réttur skilningur minn á afstöðu ráðherrans megi segja að það sé pólitísk samstaða milli stjórnarflokkanna um það mál. Því fyrr sem menn festa þá pólitísku samstöðu í ályktun Alþingis því betra og ég hvet til þess að menn hugi að því að gera það við afgreiðslu þessara þingmála.

Ég vil segja varðandi jarðgangaáætlun, herra forseti, að það er allt umdeilanlegt þá gert er. Ég velti fyrir mér því sem ákveðið var fyrir nokkru um Siglufjarðargöng. Menn ákváðu að fara þá leið að ráðast í göng um Héðinsfjörð. Þau göng munu kosta um 7 milljarða kr. Hinn valkosturinn sem ég tel að hafi verið í stöðunni er stutt göng frá Siglufirði í Fljót sem kosta um 2,5 milljarða kr. Mismunurinn á þessum tveimur lausnum er um 4,5 milljarðar kr. (Gripið fram í.) Ég vil spyrja hæstv. samgrh. hvort hann telji að munurinn á þessum tveimur lausnum sé slíkur að hann réttlæti þennan kostnaðarmun.

[17:10]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Háttv. forseti. Hvað varðar þessi jarðgöng verður ekki aftur snúið með þær ákvarðanir. Öll gögn og útboðslýsingar liggja fyrir þannig að það er ljóst hvaða leiðir hafa verið valdar. Ég tel að ekki sé lengur margra kosta völ í því.

Aðeins vildi ég nefna varðandi það sem kom fram hjá hv. þingmanni um flugvöllinn á Þingeyri. Það kemur fram í áætlununum að ráðgert sé að undirbúa framkvæmdir við lengingu Þingeyrarflugvallar þannig að hann geti nýst sem varaflugvöllur fyrir Ísafjarðarflugvöll. Í rauninni verða þeir þá reknir saman sem er afar mikilvægt fyrir svæðið, að Þingeyrarflugvöllur og Ísafjarðarflugvöllur geti virkað saman sem flugbrautir og þannig geti verið lengur opið. Ég geri ráð fyrir því að þegar rannsóknum verður lokið — það þarf að undirbúa þær ákvarðanir mjög vel, það liggja ekki fyrir endanlegar rannsóknir um hvaða lausn eigi að velja í lengingu flugvallarins á Þingeyri — eigi að undirbúa lengingu þess flugvallar við endurskoðun á áætluninni eftir tvö ár.

Hvað varðar flugvöllinn á Patreksfirði er Flugmálastjórn í vandræðum með reksturinn á ýmsum flugvöllum sem eru lítið notaðir. Ég tel að endurmeta þurfi hugmyndir og tillögur rekstrarmanna hjá Flugmálastjórn um að taka burt lýsinguna þar. Ég hef ekki fengið neina skýrslu um þær ákvarðanir frekar en hef gert ráðstafanir til að láta skoða það. Sá flugvöllur er að sjálfsögðu mikilvægur sem sjúkraflugvöllur en ég minni þó á það að þyrlupjónustan er í vaxandi mæli sú lausn sem sjúkraflutningarnir ganga út á.

[17:13]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin og hvet hann eindregið til þess að kynna sér þetta mál á Patreksfjarðarflugvelli og láta athuga það með öryggi íbúanna í huga. Breytingin, ef menn telja nauðsynlegt að ráðast í hana, má ekki verða til að rýra gildi flugvallarins hvað varðar þjónustu fyrir sjúkraflug og annað öryggi.

Ég vil leggja áherslu á það, herra forseti, að lokum að náðst hefur samkomulag um það við afgreiðslu byggðaáætlunar á síðasta ári að norðanverðir Vestfirðir verði kjarnasvæði, rétt eins og Akureyri fyrir Eyjafjörð og Miðausturlandið verði þriðji kjarninn. Til þess að slík svæði geti styrkst og þjónað eins og þeim er ætlað, til að efla og styrkja byggðina á sínu svæði, er nauðsynlegt að hafa mjög góðar samgöngur inn á þau svæði frá höfuðborgarsvæði eins og bent er rækilega á í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem nýlega kom út. Ég legg mikla áherslu á það, herra forseti, að við vinnslu á þessari þáltill. verði hugað að því að bæta við fjármagni í vegagerð inn á þetta svæði þannig að menn geti lokið góðri vegagerð sem næst á þeim tíma sem þeir settu sér fyrir nokkrum árum.

[17:14]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Það er mikill kostur að líta yfir þarfir og tillögur um lausnir í samgöngumálum með þeim hætti sem nú er gert með sameinaðri samgönguáætlun. Hún gefur okkur

a.m.k. grunn til þess að hafa einhverja yfirsýn yfir verkefnin, og að tillögurnar lúti að samhæfingu þeirra aðgerða sem stefnt er að. Það skiptir miklu máli, herra forseti, að við rifjum upp að áður framsett markmið um samgöngubætur með síðustu langtímaáætlun í vegagerð sem samþykkt var vorið 1998 fyrir árin 1999–2010 voru þess efnis að þau markmið sjálf og umfjöllun hv. Alþingis um þarfir og framtíðarlausnir vöktu meiri vonir en áður um umtalsverðar framfarir og bætt öryggi umferðar á þjóðvegum svo og styttingu helstu leiða milli stærri þéttbýlisstaða.

Þau markmið sem þá voru fram sett voru mótuð með nýjum hætti og virtust eiga að ná til allra landshluta þannig að um allt land gætti bjartsýni og þeirra væntinga sem íbúar og fyrirtæki mótuðu með sér á grunni þeirrar umræðu sem hér varð.

Undanfarin ár hefur einmitt gætt bjartsýni á hv. Alþingi um framgang þessara mála. Hún hefur verið forsenda væntinga fólks og fyrirtækja um allt land um meiri og aukinn hraða framkvæmda, aukinn hraða framfara.

Aðstaða okkar er í raun og veru sú að það munar umtalsverðu á áætlunum um tilkostnað við að leysa brýnar þarfir og þeim fjármunum sem við höfum til skipta. Það má kannski segja að þessar áætlanir hafi sjálfar og einar vakið mestar væntingarnar en ekki endilega það hve miklum eða takmörkuðum fjármunum við höfum úr að spila. Af þeim sökum stöndum við þingmenn sífellt frammi fyrir ítrekuðum óskum bæði sveitarfélaga, íbúa og fyrirtækja um aukinn hraða og auknar framfarir. Það verður að viðurkennast að flestar af þeim óskum eiga sér fullkomlega gild og góð rök.

Á allra síðustu árum hafa reglulega komið fram þau sjónarmið að vegna kjördæmabreytingar sem nú stendur fyrir dyrum sé sérstök ástæða til að veita sérstökum, tilgreindum verkefnum framgang. Um þetta verð ég þó að segja að ásamt kjördæmabreytingum nú verða engar breytingar á því hvert fólk eða fyrirtæki sækja vörur eða þjónustu. Það er munur á þeirri kjördæmabreytingu sem nú gengur í gildi og hinni sem varð 1959. Þá var gert ákveðið endurskipulag á opinberri þjónustu og með því breyttust þarfir bæði einstaklinga, fjölskyldna og fyrirtækja til að sækja a.m.k. opinbera þjónustu. Sú breyting hefur ekki orðið nú og er ekki fyrirhuguð.

Þá verður líka að geta þess að samgönguþarfir sem þá voru óleystar eru sumar hverjar enn þá óleystar. Ég verð að viðurkenna að ég hef aldrei getað fallist á rök fyrir því að flýta tilteknum framkvæmdum heldur hef ég alltaf talið að fyrir þeim væru önnur rök og þær forsendur hafi átt sér tilveru fyrr og eigi það enn. Ég segi sem svo, herra forseti, að ef brýnt er að ljúka tiltekinni vegagerð nú vegna kjördæmabreytingar þá hefði það átt að eiga við um vegabætur í öðrum landshlutum fyrr sem eru enn þá óleystar, 40 ára gamlar eða svo. En við stöndum aftur frammi fyrir því að þarfir fólks og fyrirtækja eru sífellt að breytast og ekki síst þarfir til ferða og flutninga sem eru sífellt að aukast.

Það sem hefur breyst mest á síðustu árum er að einn af okkar stærstu atvinnuvegum byggir sérstaklega á samgönguúrbótum. Ferðaþjónustan er orðinn einn af okkar mestu útflutningsatvinnuvegum eða gjaldeyristekjulindum. Það verður að segjast eins og er að þótt breytingar hafi orðið í öðrum atvinnugreinum og þær njóti flestar mikils hags af bættum samgöngum, þá verður ekki rakið eins mikið af tekjuauka eða möguleikum, tækifærum til aukinna tekna, til samgöngukerfisins og í ferðaþjónustu.

Í tillögum hæstv. samgrh. sem byggðar eru upp í ljósi heildarþarfa og með jafnvægi ólíkra lausna gagnvart þeim hefði mátt vænta að lengra hefði verið gengið í að flokka aðrar framkvæmdir eða mannvirki sem sýnast vera að ganga úr sér vegna framfara í vegakerfinu sjálfu, svo sem minni hafnir og minni flugvellir. Jafnvel hefði mátt gera ráð fyrir því að einhver tilflutningur yrði á fjármunum milli þessara samgöngutegunda en einnig er hugsanlegt að það eigi eftir að eiga sér stað í framtíðinni. Staðreyndin er sú að undanfarin ár hefur orðið gífurlegur tilflutningur á flutningum af sjó, úr höfnum og af flugvöllum yfir á vegakerfið. Ekki er hægt að segja að fjármunir hafi að öllu leyti flust í sama mæli til samgönguframkvæmda á milli þessara tegunda hafnarmannvirkja.

Í annan stað vil ég nefna þá miklu tilfærslu fjármuna sem enn er ráðgerð með flugáætlun frá þeim flugvöllum sem taka inn mestu tekjurnar, ég nefni þar sérstaklega Keflavíkurflugvöll sem skilar, eftir því sem ég best veit, mest þeirra fjármuna sem verið er að veita með flugáætlun eða til framkvæmda við flugsamgöngur í landinu. Ég vil þó taka fram að ég hef veitt því athygli að uppi eru hugmyndir um að lækka gjöld á Keflavíkurflugvelli. Ég vænti þess að hann muni þá eiga hægar um vik að standast samkeppni við aðra alþjóðlega flugvelli við norðanvert Atlantshaf. Sú samkeppni hefur alltaf verið fyrir hendi og mjög auðvelt að rekja hana þegar borin eru saman tilsvör fyrirtækja í þessari starfsemi um hvar þau vilji velja sér áfangastaði.

Að þessu sögðu vil ég nefna fáeinar tilteknar framkvæmdir sem mér þykja skipta máli vegna þess hvar ég starfa, vegna þeirra umbjóðenda sem ég starfa fyrir hér. Reykjanesbraut þjónar ekki einungis Suðurnesjum heldur öllum landsmönnum. Hún þjónar allri ferðaþjónustunni sem byggir á því að alþjóðlegir farþegar komist til og frá landinu, eigi öruggar og greiðar samgöngur við Ísland.

Við afgreiðslu vegáætlunar vorið 2000 komu fram sjónarmið sem vöktu mikla bjartsýni um framgang úrbóta á Reykjanesbrautinni sunnan Hafnarfjarðar. Hv. samgn. bókaði þá sérstaklega að hún gerði sér vonir um að þeim framkvæmdum gæti lokið árið 2006.

Það verður að segjast eins og er að Reykjanesbrautin er mjög sérstök í samanburði við þjóðvegi á landinu. Það hefur komið fram áður að byggingarlag vegarins er þannig að það veldur því að slys eða óhöpp á brautinni verða alvarlegri. Tjón eru meiri og slys á mönnum bæði fleiri og verri. Mikil næturumferð eykur á hættuna, næturumferð um Reykjanesbrautina eina er meiri en nokkurs staðar annars staðar á landinu, meira að segja meiri en er almennt innan bæjar á Íslandi.

En þá kem ég að því að samkvæmt tillögum hæstv. samgrh. virðist ráðgert að þessu verki verði ekki lokið fyrr en á tímabilinu 2011–2014, u.þ.b. sjö árum síðar en hv. samgn. ráðgerði fyrir fáeinum missirum. Þetta veldur miklum vonbrigðum. Ég hlýt að segja að ég vil skora á hæstv. samgrh. og hv. samgn. að leita allra leiða til að verða við því vilyrði sem þeim sem nota Reykjanesbraut var gefið fyrir skömmu. Með því voru vaktar svo miklar væntingar að það skiptir litlu þó að við fáeinir þingmenn höfum gert okkur enn þá meiri væntingar á þeim tíma sem síðan er liðinn. Ég tel miklu meira skipta álit nefnda þingsins sem hafa meira af gögnum, meiri upplýsingar til að vinna úr, en álit okkar einstakra þingmanna á einhverjum fundum úti í héraði.

Ég vil líka segja, vegna umræðu um Suðurstrandarveg, sem nokkrir hv. þm. hafa nefnt og ég hef raunar gert grein

fyrir sjónarmiðum mínum til, að ég tel hann ekki skipta máli varðandi kjördæmabreytingu en hann kemur til með að skipta gríðarlega miklu máli fyrir ferðaþjónustuna á öllu sunnanverðu landinu. Hann mun skipta gríðarmiklu máli fyrir flutninga sjávarfangs milli hafna og hann mun skipta miklu máli ef grípa þarf til öryggisráðstafana vegna hugsanlegra jarðelda eða jarðhræringa á sunnanverðum Reykjanesskaga sem menn hafa lengi getað búist við. En þá verður líka að geta þess að menn hafa átt von á slíkum hræringum ekki aðeins á Reykjanesskaga heldur allt upp á Hellisheiði. Ljóst er að ef til slíks kemur mun Suðurstrandarvegurinn skipta meginmáli fyrir íbúa og fyrirtæki, björgunarmenn og mannvirki.

Fyrir fáeinum árum var samþykkt á hv. Alþingi áætlun um að veita til þessarar vegagerðar um 400 millj. kr. á tímabilinu 2000–2004, þ.e. á árinu sem nú er hafið og næsta ári. En samkvæmt tillögum hæstv. samgrh. er ráðgert að falla frá þeim samþykktum og veita ekki fé til þeirrar vegagerðar fyrr en eftir nokkur ár. Ef hægt er að lesa rétt í tillögurnar sýnist mér að gerð sé tillaga um að hefja þær ekki fyrr en árið 2010 og halda þeim ekki áfram fyrr en á tímabilinu 2011–2014. Ég verð að viðurkenna þó að ég hafi ekki tekið undir þá röksemd að þessi vegur væri brýn nauðsyn nú vegna kjördæmabreytingar þá finnst mér samt sem áður að með þessum tillögum sé verið að ganga þvert á vilja Alþingis. Rétt eins og ég sagði áðan um tillögurnar varðandi breikkun eða tvöföldun Reykjanesbrautar þá tel ég brýnt að hæstv. samgrh. og hv. samgn. leiti allra leiða til að bæta úr þessu efni.

Það skiptir mjög miklu að tengja bæði sjávarbyggðir og samgönguæðar um suðurströndina. Ég held að hugsanlega hafi tengst þessum vegi þær vonir manna að gera sæmilegan veg alla leið suður á Reykjanesskaga. En eins og sakir standa nú er Grindavík illa tengd við Reykjanestána þar sem er að myndast sæmilegt atvinnusvæði vegna orkuvinnslu og hugsanlega framtíðariðnaðar síðar meir. Þar er aðeins einn lélegur áratugagamall grjótvegur. Hinum megin frá er tengingin mjög góð og menn hafa gert sér vonir um að þær yrðu sambærilega góðar beggja megin frá og getur nú skipt nokkru máli í þessu efni að Grindvíkingar eru enn þá nær Reykjanestánni en fólk í Reykjanesbæ.

Þá vil ég víkja að þeim væntingum sem menn hafa gert hér að umtalsefni hvað varðar Hellisheiði, veginn þar um, og fleiri framkvæmdir sem varða Suðurkjördæmi. Ljóst er að Hellisheiðin hefur lengi verið mikilvæg samgönguæð, ekki aðeins fyrir Árnessýslu og Suðurland heldur líka fyrir allt höfuðborgarsvæðið sem á gríðarleg sumarbústaðalönd og mikil mannvirki á Suðurlandi sem íbúar á höfuðborgarsvæðinu heimsækja vikulega, jafnvel oft í viku. Sú samgönguæð þjónar ekki eingöngu íbúum á Suðurlandi. Hún þjónar líka gestum þeirra af höfuðborgarsvæðinu.

Mjög brýnt er að bæta bæði ferðatíma og öryggi umferðar um Hellisheiðina. Ljóst er að við verðum að hefja undirbúning að því að bæta við þriðju akreininni stærstan hluta leiðarinnar og ekki má sleppa því að ákveðið brot varð á þjónustu við þennan veg þegar fór að snjóa nú nýlega. Sem betur fer höfum við átt afskaplega létt haust en veturinn er kominn og þá virtist allt í einu skorta snjómokstur. Ég held að það skipti máli að menn átti sig á því, sem ég hygg raunar að vegagerðarmenn geri sér vel grein fyrir, að þetta er hæsti fjallvegur í námunda við stærsta þéttbýli á landinu og fjölmargir íbúar þess fara um þennan veg flesta daga ársins.

Nokkur önnur mál eru einnig mjög mikilvæg. Ég vil segja varðandi samgöngur til Vestmannaeyja, sem eru einsdæmi um þéttbýlisstaði á landinu, að sérstaða þeirra hefur ekki aðeins gert Vestmannaeyjar að mikilvægum útgerðarstað og þess vegna mikilvægum atvinnustað heldur líka að óvenjulegri náttúruperlu í mannlífinu, fyrir mannlífið sem nytjar auðlindir okkar. Koma ferðalanga til Vestmananeyja sýnir fram á sérstöðu þeirra og verðmæti. Ég hygg að þetta allt geri það að verkum að við verðum að sýna fram á það í áætlunum okkar og hugmyndum, tillögugerð og fjárveitingum, að Vestmannaeyingar og gestir þeirra fái innan ekki langs tíma sambærilegar framfarir í samgöngum, þ.e. í ferðatíma, öryggi og ferðatíðni, sem aðrir landsmenn eygja, sumir hafa nú þegar og aðrir sjá fram á á næstunni.

Ég vil geta þess að lokum, herra forseti, að mér finnst mikið um það sem kom fram áðan í umræðunni, að sl. þrjú ár hafa fjárveitingar til samgöngubóta og sérstaklega til vegagerðar verið þær mestu í sögunni. Það segir mér allt sem segja þarf um vilja þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr og hæstv. samgrh. Ég vil gjarnan styðja það starf áfram. Ég verð að viðurkenna að hann á oft erfitt um val. Ég get samt sem áður ekki vorkennt honum að það fylgi starfinu. „It goes with the territory," segja Bandaríkjamenn, nágrannar okkar í vestri. Ég held að í slíkum verkefnum fylgi alltaf nokkur böggull skammrifi. Ég vænti þess að hæstv. samgrh. komist vel frá þeim kostum sem hann stendur núna frammi fyrir og tek fram að ég mun fylgja honum við lausnir.

[17:31]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Við erum að ræða það sem oft og tíðum er kallað mál málanna. Það má til sanns vegar færa að það sem kemur sér best fyrir alla landsmenn eru bættar samgöngur. Það er alveg sama hvert maður kemur, á Þórshöfn, Reykjanes eða hvort við erum í Reykjavík. Alls staðar er mikil áhersla lögð á þessi mál. En það verður þó að segjast að þeir hlutar landsins sem þarfnast mestra aðgerða eru Norðvesturkjördæmi og Norðausturkjördæmi. Þar eru vegalengdir mjög miklar. Eins og hér hefur komið fram þarf að huga betur að 43% af grunnneti vegakerfisins á Norðvesturlandi. Þar er langt í land. Jafnframt verður að viðurkennast að á liðnum árum hefur, með auknum kröfum um betri vegi, betri vegarstæði og breiðari vegi, kostnaður aukist.

Ég get fyllilega tekið undir þær megináherslur sem menn hafa sett fram í þessum þáltill. í heildina frá 2003–2014 sem meginmál, að það muni ekki taka nema þrjá og hálfan tíma þegar upp er staðið að komast hvaðan sem er af landinu til Reykjavíkur.

Virðulegi forseti. Vegna umræðunnar sem hér hefur verið vil ég taka undir það með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að ég tel að rétt hefði verið að taka ljósleiðaravæðinguna inn í þessa áætlun og örbylgjusambandið. Ef maður skoðar þetta á teikningum, eins og það liggur fyrir, sér maður greinilega hvað vantar hjá ákveðnum hluta landsmanna. Ég er tilbúinn að skilja þetta eftir þannig að menn geti velt þessu fyrir sér. Þetta eru mjög brýn verkefni sem þarf að koma í gang og tilheyra í raun öllu samgöngukerfinu.

Ég vil segja, virðulegur forseti, varðandi þessar þáltill. sem liggja fyrir varðandi árin 2003–2006 og 2003–2014, að flest sem þar er á ferðinni er kunnulegt. Áætlunin ber með sér að víða í þeim málum sem menn hafa hugsað sér að taka á eigi rannsóknir nokkuð langt í land. Þær eru skammt á veg komnar í mörgum tilvikum. Það er kannski sá hluti tillagnanna sem ástæða er til að gagnrýna. Spurningin er

hvort við erum að gera rétt með því að setja aðeins 1% af því fjármagni sem til þessara verkefna fer í rannsóknir. Það eru svo gífurleg verkefni fram undan á þessu tímabili og svo margt sem breytist varðandi hagstærðir á 4–5 ára fresti. Það liggur auðvitað fyrir að endurskoða þessi mál eftir tvö ár og svo aftur eftir fjögur ár. En mér finnst þetta gagnrýniverðast eins og er. Þetta geta menn auðvitað séð með því að skoða tillögurnar, upptalningar þar. Þar má sjá að sums staðar er hönnun framkvæmda áætluð eftir því sem verkum vindur fram. Það er gengið út frá því á nokkrum stöðum. Ég gæti þess vegna tínt til þessi atriði til úr áætluninni.

Ég ætla að benda á nokkur atriði til að styðja mál mitt frekar og nefni sem dæmi hugmyndir varðandi þverun Mjóafjarðar í Djúpi um Hrútey. Ég tel augljóst af blaðafregnum frá því í gær, þar sem rætt er við eiganda Hrúteyjar, að langt ferli sé eftir varðandi endanlega ákvörðun í því máli. Þó er það svo að 1991 var sagt að árið 2000 skyldi lokið við klæddan veg um Djúp. Núna eru menn komnir niður á að það verði ekki fyrr en eftir árið 2014, að klæddur vegur verði kominn um Djúp samkvæmt þessum áætlunum.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að benda á fyrirliggjandi tillögur frá 1997, samþykktar af sveitarfélögum á Vestfjörðum, um athuganir og rannsóknir vegna hugmynda um jarðgöng og styttingu vegalengda milli svæða. Það er að mjög mörgu að hyggja. Auðvitað gera menn ekki allt í einu en það er hægt að leggja meiri fjármuni í rannsóknir til að menn eigi hægara með að taka ákvörðun.

Rannsóknarvinnunni væri hægt að sinna með því að taka fólk af atvinnuleysislistunum sem núna liggja fyrir. Það er staðreynd að fjöldi fólks með tækniþekkingu er atvinnulaust. Það gæti unnið undir stjórn sérfræðinga við þessi verk sem fyrir liggur að fara þarf í. Það er svo gífurleg vinna að gera úttektir á þeim möguleikum sem menn hafa verið að ræða um og m.a. liggja fyrir í þessari tillögu frá sveitarfélögunum á Vestfjörðum frá 1997. Ég hvet eindregið til að hraða vinnu sem er nauðsynleg varðandi ákvarðanatöku um tillögur að vegarstæðum, hvort sem menn eru að ræða um að fara gegnum fjöll, yfir fjöll eða yfir firði.

Ég tel einsýnt og vil koma því að strax, virðulegi forseti, að menn verði að horfa á tillögur um veg um Arnkötludal sem mikilsverða leið úr Ísafjarðardjúpi til suðvesturs sem mundi stytta vegalengdina um nákvæmlega 44 km eftir því sem mér er sagt. Umræðan um að þarna sé mikið og erfitt snjóasvæði fer engan veginn saman við það sem heimamenn sem þarna hafa alist upp segja. Orkubúsmenn sem farið hafa þessa leið segja að þarna sé ótvírætt vegarstæði sem skoða þurfi möguleikann á og ég hvet eindregið til þess að menn fari að vilja heimamanna og samþykktum varðandi þetta mál. Ég tel að þetta vanti inn í þær tillögur sem við höfum í höndunum núna. Ég verð að segja að mig grunar að á leiðinni frá Brú í Hrútafirði til Hólmavíkur séu tálmar sem mjög erfitt verður að ráða við. Ég tel að menn muni þurfa að endurskoða ákvarðanir varðandi þá leið. Tálmarnir sem ég er að tala um eru Ennishálsinn og Stikuhálsinn. Menn þurfa að setjast niður og velta fyrir sér hvernig hægt er að leysa þetta.

Um veg um sunnanverða Vestfirði er margt að segja. Rannsóknir um möguleika á jarðgöngum úr Dýrafirði í Arnarfjörð og fleiri hugsanlega möguleika, svo sem eins og hér hefur verið getið um, þ.e. frá Ísafirði í Djúp til Kollafjarðar. Ég tel reyndar að það þurfi að kanna möguleika á jarðgöngum úr Dýrafirði í Vatnsfjörð og reikna út hagkvæmni frá öllum þekktum staðreyndum. Ég er, virðulegi forseti, ekki að segja að hefja þurfi framkvæmdir við þetta en þessa möguleika þarf að rannsaka. Þess vegna er ég að tala um að leggja þurfi meiri fjármuni í rannsóknir.

Við þurfum auðvitað að velta fyrir okkur veglínu sem gæti þverað Þorskafjörð úr Skálanesi til Reykhóla sem oft hefur verið talað um. Þetta eru auðvitað framkvæmdamöguleikar sem menn þurfa að skoða þó þeir séu ekki næstir á dagskrá, það er mér alveg ljóst.

Við getum litið til Norðurlands. Þar hafa menn vakið máls á mörgum möguleikum sem ekki hafa verið mikið skoðaðir svo sem styttingu á leiðinni til Reykjavíkur í nágrenni Blönduóss, hraða gerð vegar um Þverárhlíðarfjall, sem mundi stytta ferðatíma til Reykjavíkur verulega. Það hafa verið vangaveltur um styttingu vegarins á milli Hofsóss og Sauðárkróks meðfram ströndinni með brú á Kolku úti undir ósnum svo að eitthvað sé nefnt. Það hefur svo sem ekki verið rætt mikið um viðhald en það er þáttur sem nauðsynlegt er að endurskoða. Þá er ég að tala um viðhald vega um sumarhúsabyggðir víða á landinu. Þeir hafa horfið úr viðhaldi raunverulega vegna þess að jarðir sem voru á svæðinu áður hafa lagst í eyði. Þar með hefur viðhaldið fallið niður. Ég get nefnt dæmi um þetta frá Vesturlandi, upp með Langá á Mýrum inn í Skorradal og fleiri stöðum svo að eitthvað sé nefnt.

Þjóðvegir á Vesturlandi eru auðvitað þáttur sem nauðsynlega þarf að skoða. Þar er fyrst að nefna veg um Svínadal sem er á áætluninni. Menn eru orðnir langeygir eftir þeim vegi og veginum um Skógarströnd, um Snæfellsnes, þ.e. innan Snæfellsbæjar. Þar liggur fyrir að menn geta gripið til atvinnuátaks nú þegar. Þar eru margir kaflar nánast tilbúnir fyrir framkvæmdir ef menn vilja setja í það fjármuni.

Ég nefndi tæknifólkið fyrr í ræðu minni, virðulegur forseti. Nú nefni ég til sögunnar fjölmarga vinnuvélaverktaka sem ekkert hafa haft að gera fyrir tæki sín um langt skeið og hafa orðið að segja upp fólki í stórum stíl, fólki sem hefur unnið hjá viðkomandi fyrirtækjum í áraraðir. Þetta kallar á ákvarðanir. Ég hef ekki nefnt það sem mér er mjög hugleikið og hef flutt tillögu um, þ.e. brú yfir Grunnafjörð og rannsóknir og úttektir sem þarf að gera þar vegna þess að það svæði er svonefnt Ramsar-svæði. Það er margt sem þarf að skoða í því samhengi.

Ég vil segja, vegna orða hv. þm. Halldórs Blöndals þar sem hann er að velta fyrir sér vegi yfir hálendið, að ég mun leggjast gegn vegi þar um þar til fullkomlega er lokið við hringveginn. Rannsóknir geta farið fram, ég get fallist á það, eins og í mörgum öðrum tilvikum en ég tel að það sé ekki á dagskrá að svo komnu máli.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég ræða mál sem mér er ákaflega hugstætt, þ.e. gjaldtöku vegna umferðar um Hvalfjarðargöng. Mig langar að nota þetta tækifæri til að benda á nokkur atriði sem rökstuðning fyrir lækkun á gjaldi gegnum göngin. Ef sá sparnaður sem ríkissjóður hefur af þessari samgöngubót kæmi til stuðnings við greiðslur Spalar hf. af stofnfjárkostnaði þessa samgöngumannvirkis mætti ugglaust lækka gjöldin í gegnum göngin umtalsvert. Rökstuðningur minn fyrir þessu á hendur ríkissjóði er eftirfarandi: Fjárveiting til Akraborgar sem ríkisstyrkur hefur fallið niður. Viðhald vegar um Hvalfjörð hefur snarminnkað, samanber niðurfellingu fjárveitingar til byggingar tvíbreiðrar brúar yfir Laxá í Kjós. Slysahætta hefur minnkað og það skilað miklum

fjármunum sem betur. Ég veit að það hefur sparað ríkinu ómældar fjárhæðir.

Mér finnst, virðulegur forseti, álitamál hvort íbúar Vestur- og Norðurlands eigi að bera mesta hitann og þungann af þessari samgöngubót. Í því sambandi vil ég minna á að þegar Reykjanesbraut var lögð bundnu slitlagi átti að greiða þá framkvæmd með vegtolli. En því var hætt eftir nokkur ár að kröfu Suðurnesjamanna sem töldu að þeim bæri ekki að bera hitann og þungann af þeirri framkvæmd. Það eru nákvæmlega sömu rök og ég er hér að leggja fram. Ég get líka bent á að nýhafin er framkvæmd við tvöföldun Reykjanesbrautar, alfarið á kostnað ríkisins eins og verið hefur með allar aðrar ganga- og vegaframkvæmdir á Íslandi til þessa.

Ég benti á að ríkið sparar sér ómældar krónur í viðhaldi og rekstri þessa hluta þjóðvegakerfis landsins. Allt það sem ég hef talið upp sem rök tel ég fullgilda kröfu um að ríkið komi á móti þeim óumdeilda sparnaði sem það hefur haft af þessu samgöngumannvirki. Einn möguleikinn er að greiða styrk til Spalar sem mundi þá lækka gjöld vegna umferðar um göngin sem styrknum næmi. Ég bendi á það enn sem áður að fjölmargir einstaklingar sækja nám eða vinnu frá Akranesi til Reykjavíkur eða öfugt. Þeir greiða hátt í 300 þús. kr. á ári í ferðakostnað vegna umferðar um göngin. Þessu tel ég að menn verði að taka á. Ég tel að þessi krafa sé sanngjörn og get ekki annað en tekið undir með þeim áhugahópum sem nú þegar eru farnir að vinna og ræða þessi mál. Ég held að ég hafi verið með þeim fyrstu sem setti fram í grein rök fyrir því að skoða þyrfti þessi mál. Ég hef ekki sett fram stífar kröfur en ég bendi á þessi rök sem ég hef tínt til.

[17:47]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er tvennt sem ég vildi gera að umtalsefni hér vegna ræðu hv. þm. Gísla S. Einarssonar, í fyrsta lagi þær ábendingar þingmannsins að uppbygging ljósleiðarakerfis í landinu ætti að vera hluti af samgönguáætlun. Nú er úr nokkuð vöndu að ráða vegna þess að þróunin hefur verið sú, sem betur fer, að uppbygging ljósleiðarakerfisins er ekki eingöngu á vegum Landssíma Íslands hf., sem er að mestu í eigu ríkisins, heldur eru fleiri símafyrirtæki að byggja upp kerfið, bæði á höfuðborgarsvæðinu og eins hefur fjarskiptafélagið Fjarski lagt ljósleiðara þvert yfir landið þannig að ég tel að það séu breyttir tímar. Lög á hinu Evrópska efnahagssvæði gera þá kröfu að það sé samkeppni á fjarskiptamarkaði og hver einasta þjóð í Evrópu færir sig út úr þessum rekstri þannig að ég teldi að það væri að fara aftan að hlutunum ef ríkið setti inn í sínar samgöngu- og framkvæmdaáætlanir uppbyggingu á fjarskiptakerfi og hlutaðist þannig til um framkvæmdir og rekstur félaga sem eru í eign annarra. Ég tel ekki færi til þess eins og hlutirnir eru.

Að hinu leytinu, það sem hv. þm. nefndi um kostnað við gjaldið í gegnum Hvalfjarðargöngin, er mér alveg ljóst að það hafa verið uppi óskir og jafnvel kröfur um að fella gjaldið niður. Það liggur þó fyrir að í gildi er samningur milli Spalar og ríkisins sem felur í sér það fyrirkomulag sem við þekkjum og samið var um á sínum tíma. Það er alveg ljóst að ef það á að breyta þeim samningi og gera breytingar á gjaldtökunni þarf að ganga til samninga sem mundu leiða til mikilla ríkisútgjalda sem þyrfti þá að taka af samgönguáætluninni. Eins og sakir standa tel ég að við höfum ekki fjármuni til þess og þess vegna hef ég ekki gert tillögu um það hér í þessari samgönguáætlun.

[17:50]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir svarið en það sem ég er að setja fram hér með umræðum um örbylgjuloftnet og ljósleiðaravæðingu — ég er raunverulega að gefa ábendingu um að þessi fyrirtæki, sem eru í samkeppni, sinna aðeins þeim stöðum sem þeir telja sér hagstætt. Þess vegna verður ljósleiðarakerfið svo götótt sem sjá má af þessari teikningu sem ég er með hér. Örbylgjuloftnetskerfið er götótt og þess vegna tel ég að við þurfum að setja fram kröfu um að ef þessir aðilar eru hér á markaði verði þeir að gjöra svo vel að ganga til þess verks að veita þjónustu, eins og yfir til Hólmavíkur, Drangsness og fleiri staða þar sem eru göt í kerfinu. Og ég get farið allan hringinn og sýnt götin.

Varðandi gjaldið gegnum Hvalfjarðargöng, það sem ég var að ræða um tel ég vera þung og mikilvæg rök fyrir því að setja þessa kröfu fram sem ég hef verið hér með, að vigta upp þann sparnað sem hefur orðið vegna þessarar gangagerðar og að menn reikni það inn og lækki gjaldið sem því nemur. Ég er ekki að tala um að fella niður gjald, ég er að tala um að skoða þann sparnað sem orðið hefur vegna ganganna. Það er ekkert eðlilegt að fyrirtækið Spölur gangi fram fyrir skjöldu og geri þessa kröfu. Það er eðlilegt að fólkið í Norðvesturkjördæmi, á Vesturlandi og á Norðurlandi, geri hana. Og ég hef tínt hér upp veigamikil rök sem lúta að ferðamannaiðnaðinum. Vesturland er sannarlega skert vegna þess að fólk lítur til kostnaðar að fara í gegnum göngin fyrir 2.000 kr.

[17:52]

Útbýting þingskjala:

Einkahlutafélög á sviði heilbrigðisþjónustu, 571. mál, fsp. RG, þskj. 922.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 473. mál, svar samgrh., þskj. 903.

[17:52]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Hér erum við að ræða þáltill. til samgönguáætlunar fyrir árin 2003–2006 annars vegar og hins vegar áætlun fyrir 2003–2014, langtímaáætlun. Það er fagnaðarefni að nú skuli vera lögð fram langtímaáætlun sem þessi um samræmda samgönguáætlun varðandi þá þrjá þætti sem í henni eru, flug, hafnamál og vegakerfið. Með þessu er ætlunin að ná meiri hagkvæmni og betri nýtingu fjármuna til þessara verkefna.

Í því þjóðfélagi sem við nú búum í hafa allar aðstæður til fólks- og vöruflutninga breyst mjög mikið. Þarfirnar eru miklar fyrir þessa flutninga sem leiðir af sér að þarfir fyrir aukin og bætt samgöngumannvirki eru miklar. Íbúar þessa lands fylgjast grannt með þegar þessi samgönguáætlun er kynnt og hugsar þá hver og einn eflaust um sína hagsmuni eða hagsmuni þeirra svæða sem viðkomandi kemur af. Það hefur svo sannarlega komið fram í þeirri umræðu sem hefur átt sér stað hér í dag. Hvarvetna þar sem haldnir eru stjórnmálafundir eru samgöngumálin ofarlega á baugi hjá almenningi og þess vegna undrar mig ekki að menn skuli sýna þessari umræðu svo mikinn áhuga sem raun ber vitni.

Ég kem sem þingmaður úr Suðurlandskjördæmi, þar þekki ég auðvitað best til aðstæðna og vil ég því fara örlítið yfir þær samgöngubætur sem þar er hvað mestur áhugi fyrir. Það hefur jafnframt verið rætt þó nokkuð hér í dag um aðstæðurnar á Suðurlandi. Þar þarf auðvitað að forgangsraða

eins og á öðrum stöðum innan svæðis en sérstaðan er nokkuð mikil.

Ég vil geta þess í því sambandi að sérstaðan er sú að á Suðurlandi er aðeins ein höfn á fastalandinu, Þorlákshöfn. Síðan er það Vestmannaeyjahöfn. Allt svæðið, Árnes- og Rangárvallasýsla, býr að öðru leyti við hafnleysi og þar af leiðandi byggjast allir aðdrættir á vegakerfinu. Aðstæður á stöðum eins og í Hveragerði, Árborg, Hellu, Hvolsvelli, Flúðum — fleiri staði mætti nefna — byggja alfarið á samgöngunum. Á þessum stöðum öllum eru fjölbreytilegir atvinnuhættir, iðnfyrirtæki ekki síst, sem byggja á samgöngum. Má þar nefna Glerverksmiðjuna Samverk á Hellu sem þarf að flytja allar sínar vörur landveginn að og frá. Í Hveragerði og Árborg er rekinn fjölþættur iðnaður sem byggir á því að koma aðföngum sínum að og frá. Á Flúðum, sem eru langt inni í landi, er rekin myndarleg límtrésverksmiðja sem byggir á því að njóta hafnaraðstöðu í Reykjavík og flytja hráefni að verksmiðju. Sama má segja um Yleiningu í Biskupstungum. Síðan þurfa þessi fyrirtæki að flytja vörur sínar landveginn á markað. Meira að segja er fiskverkunarfyrirtæki á Flúðum sem þurrkar hausa, Flúðafiskur.

Jafnframt þessu er ferðaþjónustan mikil og ætla ég hér að nefna einungis staði eins og Gullfoss, Geysi og Þingvelli þar sem eru gríðarlega miklir fólksflutningar vegna ferðaþjónustunnar.

Stærsta byggðamál fyrir þá staði sem ég hef hér nefnt er samgöngumálin. Allt það sem ég hef hér nefnt byggir á samgöngumálunum, bættum og auknum samgöngumannvirkjum.

Hverjar eru aðrar aðstæður í raun í þessum landshluta, Suðurlandi? Svæðið er við suðvesturhornið þar sem meginhluti þjóðarinnar býr. Það má segja að Stór-Reykjavíkursvæðið sé farið að ná inn á Suðurland. Nægir þar að nefna þau gríðarlegu svæði sem tekin hafa verið undir sumarhúsa- og afþreyingarbyggðir á Suðurlandi þar sem íbúafjöldi Árnessýslu nær tvöfaldast yfir sumartímann. Þessar byggðir ná nú austur í Rangárvallasýslu sem er hrein aukning. Þá má geta þess að í síauknum mæli vinnur fólk annars vegar austan eða vestan Hellisheiðar og keyrir þá daglega þessa leið til Reykjavíkursvæðisins.

Ég held að ég geti fullyrt að hvergi hefur verið meiri uppbygging á landsbyggðinni hvað ferðaþjónustu varðar, önnur en sú sem ég nefndi áðan og er einkasumarbústaðir. Það er hvers konar ferðaþjónusta á þessu svæði og hún krefst auðvitað enn þá meiri flutninga en áður hefur verið.

Þá má benda á síaukna atvinnuuppbyggingu á svæðinu í heild sinni, ekki einungis á þéttbýlustu stöðunum. Ályktanir hafa borist frá stærstu sveitarfélögunum á svæðinu, frá Ölfusi, Hveragerði og Árborg, um einmitt meginflutningsleiðirnar í samgöngukerfinu sem eru Suðurstrandarvegur og Hellisheiði. Ég ætla mér ekki að fara að ræða hér um aðrar leiðir, það er auðvitað af mörgu að taka innan svæðisins, en ég vil nefna þessar tvær leiðir sérstaklega.

Það er ljóst að í þeirri vegáætlun sem gilti til síðustu áramóta voru fjármunir til Suðurstrandarvegar og um það hefur verið talað í nokkur ár að þar ætti að hefjast handa á þessu ári. Þar var gert ráð fyrir um 240 millj. á þessu ári til Suðurstrandarvegar og sömu upphæð á næsta ári. Þessi áætlun hefur ekki verið færð yfir á þá samgönguáætlun sem verið er að leggja fyrir þingið hér í dag. Það er miður. Ég tel að það eigi að standa við þá áætlun sem samþykkt var um Suðurstrandarveg og hefja framkvæmdir á þessu ári.

Hellisheiðin sem flytur yfir hásumarið yfir tíu þúsund bíla á sólarhring þegar mest er þarfnast úrbóta. Og ég vil sjá að í meðförum þingsins verði lagðar til úrbætur hvað þennan veg varðar. Ráðherrann minntist reyndar á það í ræðu sinni fyrr í dag að fyrir lægi að koma fram með úrbætur fyrir Hellisheiðina. Ég vildi gjarnan fá að sjá það þótt síðar yrði í þessari umræðu.

Þeir aðilar sem ég nefndi áðan hafa bæði bent á hlutfall stofnvega á Suðurlandi og hlutfall útgjalda til þessara sömu vega, og það hallast á þar. Það er alveg ljóst. Ef teknir eru þeir eknu kílómetrar á þeim vegum sem um ræðir verður hlutfall útgjalda til stofnvega á Suðurlandi enn lægra en meðaltalið.

Í þeirri umræðu sem hefur átt sér stað í dag hafa hv. þm. nokkuð lagt á vogarskál annars vegar Suðurstrandarveg og hins vegar Reykjanesbraut. Ég tel að það sé ekki rétt leið. Um er að ræða tvö verkefni, og eins og við hv. þm. höfum umboð til erum við ekki að ræða þetta á sama vettvangi. Þetta eru tvær framkvæmdir, hvor á sínu svæðinu, sem ekkert erindi eiga á vogarskál fremur en aðrar framkvæmdir í samgönguáætluninni, hvort heldur þá er um að ræða hafnarmannvirki, flugmannvirki, jarðgöng eða aðra vegagerð.

Í áætluninni eru margar og nauðsynlegar framkvæmdir. Það ber að þakka og því ber að fagna að þær skuli vera og það er svo sannarlega inni á því svæði sem ég er hér að ræða um. Því má heldur ekki gleyma þegar við ræðum um Hellisheiðina að hún þjónar ekki einungis þessum landshluta, suðurhlutanum, heldur einnig Austurlandi. Búast má við auknum þunga í fólks- og vöruflutningum einmitt um Hellisheiðina í kjölfar þess að hafnar verða framkvæmdir á Austurlandi. Þá þyngist umferðin auðvitað á þessu svæði.

Undangengin ár hefur lýsing á Hellisheiði nokkuð verið rædd. Hafa sumir hv. þm. talið það nauðsynjamál. Mín skoðun er sú að við eigum að breikka Hellisheiðina, byrja á þeirri framkvæmd, lýsingin muni koma samhliða því að virkjað verði á Hellisheiði. Orkuveitan er með það í undirbúningi.

Samgöngur til Vestmannaeyja hafa verið ræddar hér nokkuð í sambandi við þessa samgönguáætlun. Í því máli vil ég einungis segja að sú nefnd sem samgrh. skipaði er að vinna gott verk, nauðsynjaverk, og ég held að við eigum að bíða þar til hún hefur skilað því. Ég lít svo á að þegar sú nefnd hefur skilað vinnu sinni verðum við að taka það upp sem sérverkefni og vinna úr því sem hún leggur til hvað samgöngur til Vestmannaeyja varðar. Það er svo sérstakt verkefni að við eigum ekki að gleyma því í þessari áætlun og þeirri umræðu sem nú fer fram.

Nú er ekki óeðlilegt að menn spyrji: Hvaðan á að fá aukna fjármuni í þau verkefni sem ég m.a. hef verið að ræða hér um, herra forseti? Ég spyr: Er skynsamlegt að færa til fjármuni milli þessara þriggja liða, flugmannvirkja, hafnarmannvirkja og vegagerðar? Er ekki skynsamlegra miðað við aðstæður og breyttar þarfir þjóðarinnar til samgöngumannvirkja, sem eru vegagerð, að skoða þá hluti? Ég lít svo á að við það að þessi þáltill. hafi verið lögð hér fram sé það hlutverk þingsins og samgn. að fara yfir áætlunina. Ég vonast til þess, herra forseti, að við fáum sanngjarna og eðlilega umræðu um hana og að við megum sjá úrbætur og lagfæringar þar sem íbúar okkar og þingmenn þeirra kjördæma sem hér hafa farið yfir þessi mál vilja fá fram.

[18:06]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Suðurl., Kjartani Ólafssyni, fyrir gagnmerka ræðu og skilmerkilega í alla staði. Ég

deili svo sannarlega með honum þeim viðhorfum sem hann lýsti, sérstaklega hvað varðar Suðurstrandarveg þar sem hann gerði grein fyrir því að þar er snúið við blaði og snúið við af leið, ef svo mætti segja, í raun hætt við það verk sem hafið var og því ávísað á framtíðina.

Ég tek einnig undir sjónarmið hans þegar hann sagði að ekki væri eðlilegt að stilla málum þannig upp að tvöföldun Reykjanesbrautar kæmi í stað uppbyggingar Suðurstrandarvegar. Um það hefur aldrei verið neitt samkomulag og ekki er hægt að halda málum fram með þeim hætti. Um þetta erum við hjartanlega sammála og ég hygg að við séum ekki einir um þessi viðhorf, langt í frá. Hugsanlega er meiri hluti þingmanna á þessari skoðun.

Mig langaði hins vegar til að spyrja hv. þingmann í þessu ljósi, af því að nú er nokkuð vel þekktur gangur stjórnarfrv. og þáltill. sem frá ríkisstjórninni koma, einstökum ráðherrum, hvort hann hafi gert við þetta sérstakan fyrirvara í þingflokki Sjálfstfl. og hvort hann sé þá einn um þann fyrirvara í þeim þingflokki. Maður hefur heyrt þessum viðhorfum lýst af fleirum en honum. Má þá vænta þess að hann leggist á sveifina með okkur, þingmönnum stjórnarandstæðinga, þegar við leggjum fram brtt. í þessa veru við áætlunina?

Það þýðir nefnilega ekkert að koma hingað og tala almennt um málin. Nú reynir á hinn pólitíska kjark og hvort þingmaðurinn sé maður orða sinna. Þess vegna spyr ég: Mun hann ganga fram veginn allt til enda?

[18:08]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Spurt er um Suðurstrandarveg og hann ræddur hér og hvort þingmenn séu með fyrirvara. Ég vonast til þess að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hafi verið í þingsal þegar hv. þm. Hjálmar Árnason hélt ræðu sína í dag. Ég vil jafnframt minna á að ég tel það vera hlutverk samgn. og þingsins að fara yfir þessa tillögu og vinna hana áfram. Ég hef lýst mínum skoðunum hvað þetta varðar og vilja mínum í þessu máli og vilja margra annarra og ég ætla að reyna að vinna að málunum með þeim hætti.

[18:09]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því að hv. þm. nefndi hv. þm. Hjálmar Árnason, já, þá var ég hér í salnum þegar hann hélt sína ágætu ræðu. Hann kvað alveg skýrt á um að hann hefði fyrirvara á stuðningi við þessa þáltill. ríkisstjórnarinnar og hæstv. samgrh. og sagði það fullum fetum. Það gerði hv. þm. Kjartan Ólafsson ekki. Mig langar þess vegna að árétta þessa spurningu: Gerir hann fyrirvara um stuðning sinn við þessa skammtíma- og langtímaáætlun hæstv. samgrh.?

Að sönnu er hárrétt að auðvitað mun þingið fara höndum um málið og gera vonandi nokkrar lagfæringar á áætluninni. Sumpart er hún ágæt og sumpart er hún gölluð eins og önnur mannanna verk. En það stendur upp úr að Suðurstrandarveg vantar. Og ekki nóg með það, í langtímaáætlun er gert ráð fyrir því að eingöngu helmingur þess fjár sem þörf er á verði til staðar á þessum næstu 12 árum. Með öðrum orðum, ef haldið verður áfram með sama hraða tekur það 24 ár að ganga frá Suðurstrandarvegi sem gefin voru fyrirheit um í þingskjali þegar gerð var breyting á kjördæmaskipan á síðasta kjörtímabili.

Það verður að vera nokkuð skýrt, herra forseti, og það verður að vera hægt að taka menn trúanlega þegar þeir koma í þennan stól. Menn verða að skilja nákvæmlega hvað þeir eru að segja. Þess vegna árétta ég spurningu mína til hv. þingmanns og undirstrika enn og aftur að ég er honum hjartanlega sammála: Ætlar hann að fylgja eftir sannfæringu sinni í þessu máli eða láta duga að slá hér úr og í og lýsa því yfir hvað hann vildi helst sjá? Hann má ekki gleyma því að hann er hluti af þessu stjórnarmeirihlutaliði hér. Ætlar hann að standa fast í báða fætur og láta sannfæringu ráða för eða ætlar hann að guggna á miðri leið?

[18:11]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talar um að Suðurstrandarveg vanti. Það er ekki alveg rétt vegna þess að hann er á langtímaáætluninni þannig að einungis vantar að ... (Gripið fram í.) það vantar inn á núverandi áætlun að það sé yfirfært af síðustu áætlun þannig að hann væri inni á áætluninni 2003 og 2004. Það er það sem ég hef verið að skýra í máli mínu.

Ég held að það sé alveg kristaltært að við sem höfum talað um samgöngubætur inn á þetta kjördæmi viljum vinna að því að hlutar í vegáætluninni, þessari samræmdu samgönguáætlun, að á því sem tengist vegagerðinni verði tilfærsla. Það er alveg ljóst. Við viljum vinna að því og eðli málsins samkvæmt gefst okkur tækifæri hér til þess að vinna að því, annars vegar í þingsalnum og hins vegar í samgn. Það mun ég gera.

[18:13]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er mjög mikilvægt að fara yfir málin með þeim hætti sem gert er í þessum áætlunum sem liggja fyrir. Ég held að þáltill. um samgönguáætlun til 2014 sé mjög gagnlegt plagg fyrir menn að hafa í höndunum. Auðvitað verða menn samt að muna sífellt eftir því að hér er um að ræða áætlun og margt fer öðruvísi en menn ætla.

Mér dettur nú í hug að nefna miklar fyrirrætlanir um tengingu við Reykjavík, Sundabrautina. Ég minnist þess að fyrir nokkrum árum þegar ég var í samgn., líklega var það 1992 eða 1993, kom borgarverkfræðingur á fund samgn. og þá voru menn að tala um að Sundabrautin þyrfti að vera komin í gagnið eftir átta ár. Þau átta ár eru nú liðin og nokkuð mikið meira en það, og nú eru menn að tala um að hefja framkvæmdir við Sundabraut árið 2006. Þannig breytast þær hugmyndir sem menn hafa um stórar framkvæmdir og þess vegna á svona áætlun, þótt gagnleg sé, eftir að taka miklum breytingum.

Mig langar til þess að fara yfir og nefna nokkur atriði í fjögurra ára áætluninni. Ég ætla fyrst að bera niður þar sem verið er að fjalla um áhættumat á fiskiskipum. Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því að hér eru menn að setja sér markmið til þess að taka á mjög brýnum málum hvað varðar öryggisatriði í fiskiskipum. Ég held að rétt sé að nefna þetta hér og að ástæða sé til þess að þingmenn gefi gaum að þessu og fylgist með því sem verið er að gera á vegum hins opinbera hvað þetta varðar.

Það er margt sem menn vilja skoða, m.a. stendur hér, með leyfi forseta:

„Rannsóknir sem tengjast öryggi sjófarenda.“ — Þar er verið að setja peninga í þetta á næstu tveimur árum. — „Árlegur kostnaður fyrsta árið er áætlaður 5 millj. kr. en síðar 10 millj. kr. á ári.“

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Á síðari tímabilum áætlunarinnar verður aukin áhersla lögð á að vinna úr niðurstöðum rannsókna á sjóslysum og kappkostað að lærdómur, sem af þeim má draga, skili sér inn í reglur um öryggi skipa og áhafna.“

Það var kannski þetta sem fékk mig til að fara að tala um þessa hluti, að mikil ástæða er til að endurskoða vinnubrögðin við rannsóknir sjóslysa og reyna að koma þeim lærdómi sem af því má draga, þegar eitthvað gerist til sjós, til þeirra sem stunda sjóinn. Ég held að oft hafi pottur verið brotinn hvað þetta varðar og það hefði mátt læra af sumum slysum meira en raunin hefur orðið á. Batnandi mönnum er best að lifa og ég vona að hið opinbera muni fylgja þessu eftir eins og þarna er full ástæða til að halda að gert verði.

Síðan eru nefnd umhverfismál, m.a. talað um að leita leiða til að farga úreltum skipum. Við ræddum það mál fyrir nokkrum dögum og það hefði verið fengur að því ef hæstv. ráðherra hefði sagt okkur hvaða ráð hann hefur undir sínum rifjum, hvaða hugmyndir hann hefur um hvernig eigi að taka á þessu máli. Það er sannarlega ástæða til að gera það, og gera það sem allra fyrst. Þessi skipakirkjugarður sem liggur við bryggju er til mikillar bölvunar.

Þá langar mig að nefna það sem mér sýnist að áætlunin beri með sér hvað tekjur snertir, að greinilega er gert ráð fyrir að óbreytt ástand ríki hvað varðar innheimtu á gjöldum af umferðinni og ekki reiknað með því að það frv. sem liggur fyrir þinginu um breytingu á þungaskattinum verði að veruleika. Nú kann vel að vera að þannig verði menn að vinna vegna þess að lögunum hefur ekki verið breytt en þetta er áætlun og mér verður á að spyrja hæstv. ráðherra: Er hann algjörlega vonlaus um að frv. um breytingarnar gangi í gegn í þinginu? Eru áætlanirnar sem þar eru þá einskis virði þegar á að skoða þessa hluti?

Það slær mig að þannig sé þetta því að hæstv. ríkisstjórnir sl. tólf ár hafa allar gefist upp við það að koma þessu máli í gegn. Stundum hafa verið samþykkt lagafrv. og dregin til baka aftur en aldrei hefur mönnum tekist að sigra þennan andstæðing sem virðist vera einhvers staðar og kemur í veg fyrir að menn geti gert slíka breytingu á innheimtunni.

Þá langar mig að nefna framlög vegna jarðganga. Hér stendur, með leyfi forseta, á bls. 92:

„Við afgreiðslu vegáætlunar 2000–2004 á Alþingi vorið 2000 var tekin ákvörðun um að veita umtalsvert fjármagn úr ríkissjóði til vegamála og þar á meðal til jarðgangagerðar. Fjár til jarðgangagerðar var ætlað að afla meðal annars með sölu ríkiseigna. Gert er ráð fyrir að 1.200 millj. kr. komi á árinu 2003, 1.500 millj. kr. árin 2004 og 2006 en 2.200 millj. kr. árið 2005.“

Hér virðist vera átt við að um sé að ræða fjármuni sem koma vegna sölu ríkiseigna, og allt á þetta fé að renna til jarðgangagerðar á þessum árum sem segir okkur að allir þessir fjármunir fari til jarðgangagerðar á norðausturhluta landsins. Nú ætla ég ekki að gera athugasemdir við það. Ég geri hins vegar athugasemdir við að ekki skuli vera gert ráð fyrir að nota neina fjármuni vegna sölu ríkiseigna til samgöngu- eða annarra mikilvægra mála sem varða byggðarlögin annars staðar á landinu. Mér finnst það ekki vansalaust að menn skuli standa frammi fyrir því að öllum þessum gífurlegu fjármunum sé þarna varið í þessi efni, sem enginn er að mótmæla út af fyrir sig að sé gert, en að þess sé ekki gætt að benda á að teknar verði ákvarðanir um að nýta fjármuni vegna sölu ríkiseigna annars staðar á landinu líka.

Hæstv. forseti. Það er margt ánægjulegt í þessari áætlun og ég verð að segja að mér finnst gaman að því að nú skuli það liggja fyrir að bjóða eigi út framkvæmdir við mikilvæga vegi á Vesturlandi. Brattabrekka, það sér fyrir endann á þeirri góðu framkvæmd, og fyrir liggur að nú eigi að fara að bjóða út veginn yfir Kolgrafarfjörð. Það er auðvitað hið besta mál og mun gera allt samstarf og samgöngur milli sveitarfélaganna á Snæfellsnesi miklu betri en þær hafa getað orðið fram að þessu.

Talað er um að bjóða út tvær framkvæmdir, þ.e. veginn yfir Kolgrafarfjörð — það hefur verið nefnt sem hluti af flýtingu framkvæmda. Ég get ekki litið þannig á að þar sé um að ræða flýtingu framkvæmda vegna þess að yfirlýsingar lágu fyrir um það að fara í þá framkvæmd nokkru fyrr heldur en nú liggur fyrir að gert verður. En nú er það að gerast og allt gott um það að segja. Ég hefði áhuga á að heyra hjá hæstv. ráðherra svolítið betur hvaða framkvæmdir það eru sem hann telur að muni verða hraðað eitthvað sem heitir, eitthvað sem munar um, og hvað mikla fjármuni hann sér fyrir sér sem muni koma í þær framkvæmdir eða flýting fjármuna í þær framkvæmdir sem mest munar þá um í þessu.

Mig langar til að nefna eitt vegna þess að hv. þm. Gísli Einarsson fjallaði hér nokkuð veggjaldið. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra og bæta aðeins við þá umræðu hvernig hann sjái fyrir sér þau nýju göng sem nú stendur til að fara að vinna við austur á landi, hvort einhvers konar veggjald verði innheimt í gegnum þau eða hvar það mál sé á vegi statt. Liggur fyrir hvað menn ætla sér með það? Ég tel nefnilega að þegar þau göng verða tekin í notkun muni menn standa frammi fyrir því að þurfa að hafa uppi einhverja stefnu hvað varðar innheimtu gjalds vegna nýtingar á slíkum mannvirkjum. Ég hef áður bent á að vel mætti hugsa sér að einhvers konar sjóður sem sæi um slík mannvirki tæki að sér rekstur allra þessara mannvirkja, og þá yrði hægt að innheimta miklu lægra gjald en nú er innheimt í gegnum Hvalfjarðargöngin í þau nýju göng sem um væri að ræða, líka þau fyrir austan. En það yrði þá auðvitað miklu lægra gjald en hér er verið að tala um. Þetta er leið sem ég tel ástæðu til að skoða, og líka hina leiðina að leggja af að innheimta gjöld fyrir að fara í gegnum Hvalfjarðargöngin. Auðvitað er hægt að taka þetta gjald allt saman í þeim tekjustofnum sem fyrir hendi eru.

Samgöngumálin eru náttúrlega fyrst og síðast byggðamál og undirstaða þess að búa í landinu. Mér finnst að það sé hlutur sem allir þingmenn skilja og ég held að engin ástæða sé til að tortryggja nokkurn mann á hv. Alþingi um góðan vilja til þess að taka á í samgöngumálum. Þetta eru gífurlega dýrar framkvæmdir sem um er að ræða og menn getur auðvitað greint á um forgangsröðun og hvar eigi að bera niður. Mér finnst samt sem áður að dálítið vanti í þessa vegáætlun og sjálfsagt vantar það víðar. Mér finnst að líta þurfi yfir málin í heild á svæðum með tilliti til byggðanna. Ég held að það sé ekki vansalaust að menn hafi ekki látið fara fram skoðun á því hvernig má best tengja Vestfirði við landsnetið og ég held að það sé ekkert einsýnt að þær áætlanir sem hafa verið uppi séu þær einu réttu í því efni. Maður gæti jafnvel látið sér detta í hug að einhvers konar samkeppni milli manna sem kunna fyrir sér í þessu efni væri bara látin fara fram og í þeirri samkeppni væri gert ráð fyrir tiltölulega grófum kostnaðaráætlunum þannig að menn gætu skoðað hina ýmsu kosti og menn létu þarna gamminn geysa því að þetta eru auðvitað gífurlega dýr verkefni sem um er að ræða, að tengja þennan landshluta almennilega við landskerfið og tengja byggðarlögin saman sem þarna eru á þessu svæði. Mér finnst að það þurfi á því að halda að farið sé yfir þessa möguleika. Þeir eru fjölmargir, menn ræða þetta sín á milli og velta þessu fyrir sér fram og til baka, en það er ekki til heildstæð samantekt á þessum möguleikum og það væri

virkilega gaman að sjá nokkrar hugmyndir settar saman um það hvernig hagkvæmast væri að vinna að þessum málum.

Ég tók eftir því að sjálfstæðismenn á Vestfjörðum héldu fund og gerðu harða hríð að félögum sínum, nú þyrfti að standa við stóru orðin og gera betur hvað varðar vegtengingar til Vestfjarða. Sjálfstæðismenn brugðust við hratt og sendu samgöngunefnd sína vestur á firði og þar hélt hún fund til að fara yfir þessi mál. Ég veit ekki hvað hefur komið út úr þeim fundi en ég minnist þess að hafa rekist á hv. formann samgn. á þessum slóðum þar sem hann var að ræða við sína menn um það hvernig ætti nú að taka á þessum málum. Það verður auðvitað gaman að sjá hvað kemur upp úr þeim poka. En mér finnst vera full ástæða til þess að menn yfirfari þessa hluti virkilega vel og setji þessi mál fram upp á nýtt. Ég legg til að menn leiti leiða til að skoða nokkrar hugmyndir þannig að menn geti borið þær saman og að reynt verði að finna fjármuni til að setja í þessa hluti, og því ekki eitthvað af þeim peningum sem koma inn fyrir sölu ríkiseigna?

[18:29]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, það er víðtækur vilji til þess hjá þingmönnum, og hann hefur heyrst mjög rækilega hér í dag, að ná saman öflugri samstöðu um það að ná góðum áföngum í vegamálum, og reyndar samgöngumálum almennt þannig að ekki er hægt að kvarta undan því.

En það er tvennt sem ég vil nefna af því sem kom fram hjá hv. þm. Í fyrsta lagi spurði þingmaðurinn hvort gert væri ráð fyrir því að taka gjald af umferðinni í gegnum jarðgöngin sem áætlunin gerir ráð fyrir. Því er til að svara að ekki er gert ráð fyrir því. Jarðgöngin á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar eru partur af í rauninni meginleið þarna á milli landshlutanna. Skriðurnar verða ekki endurbyggðar þannig að ekki er um það að ræða að annarra kosta völ sé fyrir fólk en að fara í gegnum þau göng. Þegar svo háttar til tel ég ekki eðlilegt að gjald sé tekið. Hvað varðar Siglufjarðargöngin gildir það sama í rauninni. Ekki er gert ráð fyrir því í samgönguáætluninni að tekið sé gjald af umferðinni um göngin.

Hvað varðar þá spurningu frá þingmanninum hvaða verkum eigi að hraða, ég hef sagt að ég legg fyrst og fremst áherslu á að koma þeim verkum sem áætlunin gerir ráð fyrir að verði hafin á þessu ári af stað sem allra fyrst. Ekki er um það að ræða að verið sé að taka inn ný verk umfram það sem er í áætluninni, heldur að herða á því að koma verkunum af stað sem áætlunin gerir ráð fyrir. Það skiptir heilmiklu máli að það megi takast.

[18:31]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst ekki boðlegt að það verði frítt í göngin fyrir austan en menn haldi áfram að borga svona háar fjárhæðir fyrir að nýta göngin undir Hvalfjörðinn. Mér finnst það ekki boðlegt. Ég held að menn þurfi að endurskoða það áður en þau göng verða opnuð.

Ég varð fyrir svolitlum vonbrigðum með seinna svarið — hitt vissi ég nú nokkuð fyrir — að það sé einungis verið að flýta af stað þeim framkvæmdum sem eigi að fara í gang á þessu ári. Það er út af fyrir sig hið besta mál að menn reyni að koma þeim sem allra fyrst af stað. En við þingmenn Samfylkingarinnar af norðvestursvæðinu fluttum þáltill. í haust með það í huga að reynt yrði að taka inn og flýta framkvæmdum, og þá á ég ekki við að flýta þeim innan ársins, ekki bara það, heldur flýta framkvæmdum sem lægju fyrir og hægt væri að vinna að, hægt væri að setja aukna fjármuni í og nota það svigrúm sem nú er áður en aðalframkvæmdakúfurinn kemur í virkjununum fyrir austan og þannig væri tekið virkilega á í einhverjum samgöngubótum sem væru nú þegar í gangi. Ég nefni dæmi. Það mætti t.d. kannski herða verulega á framkvæmdum við Þverárfjallsveg eða einhver slík önnur mannvirki sem eru í gangi eða einhverjar af þeim framkvæmdum á Vestfjörðum sem eru þegar í gangi, setja viðbótarpeninga í að hraða þeim verkum. Það gæti þá komið til baka jafnvel eftir tvö eða þrjú ár vegna þess að þá væri búinn hluti af þeim verkum sem þar hefðu verið áætluð.

Mér finnst einhvern veginn að ekki sé alveg nógu hratt tekið til handa hjá hæstv. ráðherra og ég skora á hann að sjá til þess að það verði.

[18:33]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki alls fyrir löngu kom fram hjá vegamálastjóra — það mun raunar í hafa verið framhaldi þess að núgildandi vegáætlun til fjögurra ára var samþykkt — að hann hefði nokkrar áhyggjur af því að afkastageta tæknimanna í landinu, verkfræðistofanna og Vegagerðarinnar, væri ekki meiri en svo að menn væru í hálfgerðum vandræðum með að ljúka undirbúningi og hönnun við öll þau verk sem vegáætlun gerir ráð fyrir. Ég held að enn þá sé svo að heilmikið sé til í þessu. Vegagerðarmenn og hönnuðir vinna núna hörðum höndum að því að undirbúa öll þessi verk. Þau gerast stöðugt flóknari. Umhverfismatið flækir málið afar mikið. Ég vil bara segja að þó umhverfismat sé jákvætt þá flækir það og seinkar öllu í kringum þessar framkvæmdir. Það liggur alveg fyrir. Og skipulagsmálin, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu, hafa seinkað þessum verkum.

Aðalatriðið er að ríkur vilji er til þess að koma þessum verkum af stað og í útboð. Ég held að þegar á heildina er litið og sanngirni gætt í þessu mati þá standi menn allbærilega að því að koma verkum af stað. En auðvitað er mikil óþreyja hjá fólki sem vill sjá verkin komast af stað og þeim lokið. Við sjáum bara framkvæmdir eins og við Bröttubrekku, við breikkun Reykjanesbrautarinnar, mislæg gatnamót o.s.frv. Það er af nógu að taka. En aðalatriðið er að þessar stofnanir samgöngumála og þeir starfsmenn sem þar eru leggja sig mjög fram um að undirbúa og ljúka því sem þarf áður en framkvæmdir geta hafist.

[18:35]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég reiknaði bara með því að menn væru búnir að taka saman og fara yfir þau verk sem væru á því stigi að búið væri að ljúka þessum hlutum sem hæstv. ráðherra nefndi og að þar væri nú af einhverju að taka. Ef menn settu umtalsverða fjármuni í þessa hluti núna, eins og þeir eru tilbúnir að gera í önnur verkefni sem eru mjög skammt undan, þá væri um að ræða möguleika til þess að flýta mikilvægum framkvæmdum. Það finnst mér skipta verulega miklu máli, sérstaklega vegna þess að allir gera ráð fyrir því eins og sakir standa að afturkippur muni verða hvað svona verkefni varðar þegar hæsti kúfurinn verður í framkvæmdunum fyrir austan. Ég tel þess vegna fulla ástæðu til þess að brýna hæstv. ráðherra og ríkisstjórnina til að taka nú á eins og mögulegt er á meðan sá möguleiki er fyrir hendi. Greinilegt er að þjóðfélagið þolir prýðilega innspýtingu núna þessi missiri

sem fram undan eru. Atvinnuleysi er að aukast og verktakar bíða verkefnalitlir og jafnvel verkefnalausir sumir hverjir og það mun örugglega sjást á þeim áhuga sem mun koma fram í þeim útboðum sem fram undan eru.

[18:37]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson kom inn á margt í ræðu sinni og m.a. gat hann um Sundabraut og talaði um þann tíma sem væri liðinn frá því talað hefði verið um að ráðast í þær framkvæmdir. Þetta er alveg rétt. En ef við rifjum það aðeins upp þá hefur nú gengið á ýmsu í skipulagsmálum og ákvarðanatöku borgaryfirvalda, þ.e. Samfylkingarinnar eða R-listans, um það hvernig skuli með fara.

Það er dálítið athyglisvert líka að hlusta á þá umræðu sem fram hefur farið í dag um skiptingu fjármagns til framkvæmdanna. Þingmenn hafa auðvitað talað mest um það sem snýr að þeim, þeirra eigin kjördæmi, en kannski ekki litið yfir veginn allan. Þegar til þess er litið að við höfum ekki nema takmarkað fjármagn til skiptanna þá er afar brýnt og mikilvægt að horft sé á hvar þörfin er mest. Svo hefði Reykjavíkurborg eða borgaryfirvöld mátt standa betur að málum en raun ber vitni, t.d. varðandi Sundabraut og allan þann drátt sem þar hefur orðið á og mislæg gatnamót Kringumýrarbrautar og Miklubrautar. Fleiri verkefni mætti telja.

Síðan er athyglisvert að fulltrúar Samfylkingarinnar, R-listans í Reykjavík, koma og segja: „Ja, við viljum bara byggja einhverja heljarmikla járnaborg upp í loftið til að brúa hér sundin.“ En þegar bent er á að þessi leið er þremur milljörðum dýrari en ef farin væri hin eðlilega leið þá er sagt: „Þrír milljarðar, hvað er það? Það er bara ekki neitt.“ Á sama tíma segja þessir sömu borgarfulltrúar: „Við ætlum að loka barnaheimilunum hérna í sumar í einn mánuð til að spara 12 millj.“ En hér er verið að tala um þrjá milljarða. Allt skiptir þetta máli fyrir samgöngumál okkar Íslendinga. Það skiptir máli hvernig haldið er á, hvernig raðað er upp og auðvitað eigum við að horfa á forgangsverkefni.

[18:39]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég benti á Sundabrautina sem dæmi um að menn væru með kannski óraunhæfar hugmyndir um framkvæmdir og að þær færu fyrr af stað heldur en þær gera og að þær tækju kannski styttri tíma. Ég er ekki með neinar og ætla ekki að vera með neinar sérstakar ásakanir um það hvernig á því stendur að menn hafa ekki lagt í þessa stóru framkvæmd. En það liggur náttúrlega í augum uppi að sú stóra framkvæmd fer ekki af stað fyrr en eftir að stóri kúfurinn fyrir austan er búinn því þetta er mjög dýr framkvæmd og ég geri ekki ráð fyrir því að menn ætli sér að bæta henni inn í mestu átökin sem verða í kringum Kárahnjúkavirkjun.

Varðandi þetta með brúna sem borgarfulltrúar R-listans hafa meiri áhuga á en göngum þá er það nú einfaldlega þannig í þeim reglum sem hafa verið viðhafðar, að velji sveitarfélag dýrari leið í gegnum sitt sveitarfélag en góða leið sem Vegagerðin bendir á þá veit ég ekki betur en að það sé í raun hægt að gera viðkomandi sveitarfélagi reikning fyrir því og það verði þá að taka þátt í þeim mismun sem þarna verður á framkvæmdunum. Vel kann að vera að renna muni tvær grímur á borgarfulltrúa Reykjavíkurborgar ef þeir þurfa að horfa fram á að leggja meira til þessarar framkvæmdar en bara að vilja fá hana í gegn. En það kemur auðvitað í ljós síðar.

[18:41]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af orðum hv. þm. þá held ég að það muni nú renna tvær grímur á Reykvíkinga. Það munu renna tvær grímur á Reykvíkinga í ljósi þess sem ég sagði áðan, þ.e. að borgarfulltrúar R-listans skuli frekar vilja þremur milljörðum dýrari leið en þá leið sem kölluð er strandleið eða innri leið, og þar með væri hægt að fara að vinna að þessu máli.

Í annan stað kom hv. þm. að því áðan að vegna samþykktar sjálfstæðisfélaganna á Vestfjörðum um samgöngumál þá hafi samgn. og formaður samgn., sá sem hér stendur, brugðið skjótt við og farið vestur og haldið þar fund. Þannig háttar til, til að upplýsa þingmanninn um það, að ekki er langt í landsfund Sjálfstæðisflokksins. Þar er starfandi nefnd, samgöngunefnd. Formaður þeirrar nefndar er Birna Lárusdóttir. Hún er forseti bæjarstjórnar Ísafjarðar. Við fórum þangað og ræddum málin þar og réðum ráðum okkar og það hittist bara þannig á að það var í beinu framhaldi af þessum fundi. Það var ekki í neinum tengslum við hann. Hins vegar höfðum við ákaflega gott af því að fara vestur og sjá og skoða samgöngumálin. Við sáum þetta meira að segja vel úr lofti líka. Þetta var því hin besta ferð og á ábyggilega eftir að gagnast landi og þjóð þá fram líða stundir.

[18:43]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þá er það upplýst að ekki hafi verið nein tengsl á milli fundarins á Ísafirði og þess að samgöngunefnd Sjálfstæðisflokksins mætti á staðinn. Ekki ætla ég að þræta um að. En ég hef áhuga á að vita hvað kemur svo upp úr þessum poka, eins og ég sagði áðan. Það liggur náttúrlega fyrir að frammámenn Sjálfstæðisflokksins í vegamálum til langrar tíðar hafa lofað miklu meiru en þeir hafa getað staðið við einmitt á þessu svæði. Þess vegna héldu menn þennan mikla fund á Ísafirði og brýndu sína menn, að nú yrðu þeir að gera betur og töldu mannsaldur þangað til að hægt yrði að aka á bundnu slitlagi, a.m.k. sagði bæjarstjórinn í einhverri grein að drengurinn hans sem væri sex ára gamall núna yrði kominn með bílpróf og jafnvel fyrir löngu áður en hann gæti ekið á bundnu slitlagi. Það er því góður tími þangað til. Ég tel reyndar að ekki muni verða mikill friður um það, ef fólk býr þá enn á Vestfjörðum í þeirri framtíð sem þarna er rædd, ef það verður enn þá þannig að ekki verður hægt að aka á almennilegum vegum þangað.

[18:44]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Það er hárrétt sem kom fram í ræðu hæstv. samgrh. að hér er í raun um risavaxið verkefni að ræða, sérstaklega þegar maður lítur til tölunnar 240 milljarða til næstu 12 ára. Það er eflaust tala sem alltaf má deila um og það er greinilegt á ræðum þingmanna hér í dag að við viljum öll hafa þessa tölu hærri og allir eru með sín óskaverkefni. Ég er kannski engin undantekning frá því.

Ég ætla engu að síður að reyna að mestu að fara yfir vegamálin en mig langar til rétt í byrjun að fá svör frá hæstv. ráðherra varðandi hafnamál. Við sjáum að í grunnnetinu eru taldar upp hafnir eins og Reykjavíkurhöfn og Hafnarfjarðarhöfn. Og eðli málsins samkvæmt þó að ég viti að í raun eru þessar hafnir lögum samkvæmt ekki að fá neinn stuðning í dag og það er í rauninni ekki það sem ég er að kvarta undan heldur eingöngu það að enn þá eru takmarkanir við

gjaldtöku aflagjaldsins. Við erum enn þá að miða við þennan ramma, 1,03%, plús eða mínus 0,02%, sem setur til að mynda Hafnarfjarðarhöfn ákveðnar skorður.

Í gegnum aflagjaldið minnir mig að tekjur Hafnarfjarðarhafnar séu í kringum 40% þannig að það skiptir þá höfn verulegu máli að fá frelsi til að geta annaðhvort hækkað eða lækkað sitt aflagjald í samræmi við þá samkeppni sem er á markaðnum. Það er ekki eingöngu Reykjavíkurhöfn sem er helsta samkeppnishöfn Hafnarfjarðarhafnar, og við vitum að hún getur að vissu leyti niðurgreitt aflagjöld sín vegna þess að hún er stærsta vöruflutningahöfn landsins og þar af leiðandi getur hún boðið upp á lægri aflagjöld. Og það væri kannski verðugt verkefni fyrir Samkeppnisstofnun og yfirvöld að fara yfir það, en einnig þá aðstöðu að aðrar samkeppnishafnir Hafnarfjarðarhafnar fá greitt samkvæmt samgönguáætlun, og þá er ég að vísa til Vestmannaeyjahafnar og hafnasamlagsins við Eyjafjörð þar sem m.a. Akureyri er inni í. Mér þætti því ágætt ef hæstv. ráðherra gæti farið aðeins inn á þetta, ég veit að þetta var í frv. til laga um hafnir í fyrra sem síðan var ekki afgreitt. Og einnig hver sýn hans á þessi mál er.

Síðan langar mig að koma inn á sjóvarnirnar. Einhverra hluta vegna þegar kemur að sjóvörnum á suðvesturhorninu er ekki mikið fjármagn sett í þær, ég veit ekki nákvæmlega hverjar skýringarnar eru. En ég sé m.a. að undirbúningur við Hvaleyrina er áætlaður 0,6 millj. 2003 og mig langar að heyra það frá ráðherra hvort fyrirhugaðar séu í þessum undirbúningi einhverjar áætlanir um mat á umhverfisáhrifum, hvort skipulagsstjóri úrskurði um þetta mál, því þetta skiptir Hafnfirðinga miklu máli og brotið verður meira og meira með hverju ári. Ég held að grípa verði til aðgerða á þessu svæði fyrir 2006 og eftir þetta ár, 2003. Og með það fjármagn sem lagt er í Hvaleyrina, 0,6 millj., þá kemur til með að vanta stuðning við sjóvarnir á því svæði.

Að öðru leyti sé ég að gert er ráð fyrir að Reykjavíkurflugvöllur verði miðstöð og framtíðaruppbygging flugmála hér á þessu svæði og ég fagna því. Það væri ágætt ef hægt væri að fara aðeins yfir áætlanir núverandi meiri hluta Reykjavíkurborgar að koma flugvellinum burt samkvæmt mjög sérstakri atkvæðagreiðslu sem framkvæmd var ekki alls fyrir löngu um framtíð flugvallarins. Við munum það, a.m.k. Hafnfirðingar, að það átti að drita þessu hlutverki Reykjavíkurflugvallar vítt og breitt um svæðið. Það mátti bara alls ekki vera í Reykjavík. Það var eiginlega nokkurn veginn prinsippið. Við áttum að fá eitthvað af fluginu til okkar, mig minnir æfingaflugið og kennsluflugið, og síðan voru ákveðnir aðilar, m.a. talsmenn meiri hluta Reykjavíkurborgar, sem töluðu um Álftanes. Ef hæstv. ráðherra gæti aðeins farið inn á framtíð Reykjavíkurflugvallar og uppbyggingu hans sem miðstöðvar.

Vegamálin eru kannski stóri kjarninn og bitinn í þessum samgönguáætlunum, annars vegar til fjögurra ára og hins vegar tólf ára. Það undrar engan því vegamálin eru komin skemmst á veg hjá okkur þrátt fyrir gríðarlega uppbyggingu á síðustu árum og aukin framlög til vegamála og er það vel. Það er mjög gott að menn hafi horfst í augu við miklar þarfir til uppbyggingar á vegakerfinu og bætt úr. Menn vilja meira en þetta er lendingin og við hana verðum við einfaldlega að una.

Við fyrsta yfirlestur á þessari ágætu samgönguáætlun, sem allir hafa sína skoðun á — ég verð að hæla ráðherra og starfsfólki hans fyrir afskaplega vel unna samgönguáætlun, þær báðar sem hér eru til umræðu. Hún er mjög skýrlega sett upp og markmiðin eru afskaplega vel mótuð og fram sett.

Ég vil byrja á að fara aðeins yfir markmiðið um að ferðatími til og frá höfuðborgarsvæðinu verði aldrei meiri en þrjár og hálf klukkustund. Ég held að það sé markmið sem allir geti tekið undir. Menn hafa, m.a. í nýútkomnum byggðaskýrslum, sagt að lykillinn að því að halda byggð í landinu svo vel sé, sé að efla tengingar við höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina.

Í samgönguáætluninni kemur fram að akstur utan þéttbýlis hefur aukist hvorki meira né minna en um 250% frá 1980 og bílum hefur fjölgað úr 80 þús. í 180 þús. bíla. Þetta eru tölur sem gefa til kynna hversu risavaxið verkefnið er og hversu gríðarlega það hefur þanist út á síðustu missirum og því er afskaplega mikilvægt að vandað sé vel til verka þegar svona umfangsmiklar áætlanir eru settar fram.

Herra forseti. Á bls. 17 í áætluninni til 2014 finnst mér í rauninni kristallast sá munur sem er á þörfum landsbyggðarinnar annars vegar og hins vegar kröfum sem við gerum á höfuðborgarsvæðinu. Ég fagna því að verið er að draga fram að þarfirnar hér og úti á landi eru mismunandi. Þar segir m.a. að fjárfestingum í vegakerfinu sé að stærstum hluta ætlað að uppfylla lágmarkskröfur sem gera verður til grunnnetsins á landsbyggðinni og hins vegar að auka afkastagetu vegakerfisins á höfuðborgarsvæðinu. Og eftir að hafa hlustað á ræður þingmanna í dag finnst mér velflestir hafa skilning á því að efla þurfi grunnnetið og styrkja það af fremsta mætti en einnig að menn skilji að það verði bætt úr samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu. Þarfirnar eru mismunandi, eins og ég sagði, og við verðum að sýna gagnkvæman skilning á þessum málum.

Því miður var það ekki svo á sínum tíma þegar fram kom þáltill. frá hv. þm. Magnúsi Stefánssyni, sem var í rauninni fín þáltill., en þar stendur, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að vinna langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi.“ — Það er ekki sagt nákvæmlega hvaða landshluta heldur segir, herra forseti, „á Íslandi“. Síðan segir: — „Áætlunin feli í sér úttekt á kostum sem taldir eru á jarðgangagerð í landinu, kostnaðarmat og arðsemismat einstakra framkvæmda og forgangsröðun verkefna.“

Þetta var held ég að flestra mati afskaplega tímabær tillaga og menn fóru í það eftir að hún var samþykkt á hv. Alþingi að vinna þá vinnu. En viti menn, þegar sú jarðgangaáætlun lítur dagsins ljós er eins og suðvesturhornið sé klippt af Íslandi, ekki er stakt orð um jarðgangamál eða stórframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Jarðgöng á höfuðborgarsvæðinu hafa komið til tals og ég hefði talið eðlilegt t.d. við tillögur að gerð Sundabrautar að jarðgöng þar undir hefðu verið tekin með inn í jarðgangaáætlunina eða jarðgöng undir Hlíðafót, þannig að við hefðum það bara svart á hvítu hvert arðsemismatið er við slíkar framkvæmdir og kostnaður.

Á þeim forsendum m.a. lagði ég fyrr á þessu þingi fram tillögu um að gerð verði úttekt á mögulegum jarðgangakostum, brúarmannvirkjum og öðrum stórframkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu. En síðan hafa mætir menn bent á að einhvern tíma í framtíðinni, og vonandi náinni framtíð, gætum við einfaldlega bætt inn í jarðgangaáætlunina framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu. En eins og ég gat um áðan eru þarfirnar á höfuðborgarsvæðinu mismunandi, við þurfum vissulega jarðgöng og við þurfum líka stærri framkvæmdir eins og Sundabraut sem við höfum verið að tala

um. Það eru hugsanlega önnur stór brúarmannvirki á þessu svæði, tvöfaldanir, hugsanlega þrefaldanir til þess að anna umferðarálagi og fleira mætti telja.

Hvað snertir Sundabrautina þá er ég sammála því sem kom fram í andsvari hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að nú liggja fyrir nokkrar tillögur að legu Sundabrautar og ég held að það væri afskaplega ábyrgðarlaust af þingheimi að velja í fyrsta lagi ekki arðsömustu framkvæmdina og hins vegar ekki nokkuð hagkvæmustu framkvæmdina um leið, þegar menn líta til þess að margir, m.a. meiri hluti borgarstjórnar í Reykjavík, vilja að farin verði hábrúarleiðin sem er miðað við 10% arðsemismat og kostar 10 milljarða a.m.k.

En síðan er önnur tillaga sem er kölluð leið 3, sem er um 7 milljarðar og munurinn verður aldrei minni en 3 milljarðar á þessum framkvæmdum, og sú leið hljóðar upp á 14% arðsemismat. Þarna er því um gríðarlega hagsmuni að ræða og þegar kemur að því að við hér á höfuðborgarsvæðinu getum valið um arðbæra kosti þá finnst mér það ábyrgðarhluti ef við veljum ekki arðsömustu leiðina, sérstaklega við eða ég sjálf, sem hef gólað um það að við eigum að reyna að velja sem arðsamastar leiðir á landsbyggðinni líka. Ég tel það vera ábyrgðarhluta ef við ætlum ekki að líta á bæði arðsemismatið og kostnaðinn. 3 milljarðar a.m.k. í mismun, hvað þýðir það fyrir okkur hér á höfuðborgarsvæðinu? Það þýðir m.a. þrenn mislæg gatnamót. Mér finnst þetta vera ábyrgðarhluti ef Reykjavíkurborg ætlar að fara að ákveða miklu dýrari framkvæmd en er í rauninni þörf á að gera, hugsanlega til þess að bjarga einhverjum skipulagsmálum í miðbæ Reykjavíkur, en það er önnur saga.

Ég vil rétt í lokin, af því að ég sé, herra forseti, að tíminn er á þrotum, fagna því að farið er inn á umferðaröryggi nokkuð skilmerkilega í þessari samgönguáætlun. Ég veit að það hefur verið afskaplega gott samstarf milli Vegagerðarinnar og lögreglunnar sem skiptir þá sem aka um á vegunum mjög miklu máli. En ég hvet til þess að það samstarf verði aukið enn frekar og um leið að embættismenn bæði dóms- og kirkjumrn. og samgrn. fari í nánara samstarf bæði þegar svona samgönguáætlun er samin og líka þegar umferðaröryggisáætlun er samin. Við gerðum okkur far um það í allshn. á síðasta vetri að kalla til m.a. sérfræðinga á vegum samgrn.

Ég tek eftir því og það virðist vera eða ég hef þann skilning að menn ætli virkilega að leggja m.a. í vegmerkingar og vegbúnað og eru töluverðar fjárhæðir til þeirra mála. En það kom skýrlega fram þegar við vorum að fara yfir umferðaröryggisáætlunina á sínum tíma að samræmi milli veghönnunar og vegmerkinga er oft ekki sem skyldi á Íslandi. Það komu ágætir sérfræðingar á okkar fund og sögðu að ranglega uppsettar vegmerkingar gætu oft valdið slysum. Ég sé á bls. 37 í þessari ágætu samgönguáætlun að áætlað er til þeirra á árunum 2003–2006 1.790 millj. og 2007–2010 1.960 millj. Þarna er um eðlilega vegmerkingu að ræða en ég vil hvetja um leið Vegagerðina og þá sem fara með samgöngumálin að hafa þetta í huga þegar þeir eru að setja upp vegmerkingar. Þær skipta gríðarlega miklu máli varðandi umferðaröryggi eins og fram kom á sínum tíma.

Ég held líka að það sé mjög fýsilegur kostur sem getið er um í samgönguáætluninni og m.a. á veginum frá Reykjavík að Selfossi um Hellisheiðina, að kanna betur og auka þann kost sem við höfum í 2 + 1 vegum. Ég held að það sé kostur sem við komum til með að líta mjög mikið til á næstu árum, m.a. vegna góðrar reynslu annars staðar á Norðurlöndum.

[Fundarhlé. — 19:01]

[19:32]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Hér eru til umræðu tillögur til þál. um samgönguáætlun, annars vegar fyrir árin 2003–2014 og hins vegar fjögurra ára áætlun næstu ára.

Hér er um tímamótaumræðu að ræða þar sem hér er í fyrsta skipti lögð fram tillaga um samræmda samgönguáætlun sem tekur yfir öll svið samgangna, þ.e. í lofti, á láði og legi. Því ber að fagna að nú skuli vera farið af stað með slíka vinnu, að vinna samræmda samgönguáætlun, og ég leyfi mér að fagna því að svo sé. Með þessu er verið að fylgja eftir ályktun sem Alþingi samþykkti fyrir nokkrum árum um samræmda samgönguáætlun en tillaga að þeirri ályktun var flutt af þeim sem hér stendur ásamt nokkrum öðrum hv. þm.

Ég leyfi mér að lýsa því, herra forseti, um leið og ég fagna því að þessi samræmda samgönguáætlun er hér komin til umræðu, að ég tel að þetta mál sé, eins og mörg önnur, ekki fullskapað í fyrstu atrennu. Ég lít því svo á að á komandi árum muni gerð samgönguáætlunar þróast eftir því sem tíminn líður og því oftar sem farið verður út í slíkt verkefni. Ég tel að í framtíðinni muni hv. Alþingi og samgrh. hvers tíma jafnvel útvíkka þessa áætlun þannig að hún taki til fleiri sviða en akkúrat þeirra sem við fjöllum um hér. Þá nefni ég sem dæmi fjarskiptamál og jafnvel ferðamál en það eru verkefni, ef til koma, seinni tíma og ég tel að í framtíðinni muni menn líta til þess að útvíkka áætlunina að þessu leyti.

Við fyrstu sýn, þegar flett er í gegnum áætlun næstu ára, sýnist mér að tillaga um áætlun í hafnamálum og flugmálum sé nokkuð í takt við það sem unnið hefur verið eftir á undanförnum árum. Hins vegar ber auðvitað að geta þess að í hafnaáætlun bætist nú við ný höfn í Reyðarfirði í tengslum við álver sem þar stendur til að byggja, og ríkissjóður mun koma að fjármögnun þess verkefnis að hluta til eins og gerist með aðrar hafnir.

En ég ætla, herra forseti, ekki mikið að ræða um hafnaáætlun og flugmálaáætlun heldur fyrst og fremst aðeins um vegamálakafla þessarar tillögu. Það er ljóst að eins og hún liggur fyrir er gert ráð fyrir mun meira fjármagni í þessari áætlun heldur en verið hefur til þessa, og því ber auðvitað að fagna. Það á við bæði um þéttbýlasta svæðið, hér á höfuðborgarsvæðinu, og á landsbyggðinni. Það er kannski rétt að vekja sérstaka athygli á því að höfuðborgarsvæðið fær aukið fjármagn, og auðvitað ber að fagna því. Hér er auðvitað mesta umferðin og mikil þörf fyrir framkvæmdir í samgöngumálum, eins og reyndar víðar á landinu.

Þegar fjallað er um það að verið sé að auka fjármagn til vegagerðar fer ekki hjá því að hugsa til þess sem hefur oft gerst hér á undanförnum árum, þ.e. þegar þannig árar hefur þurft að grípa til þess að skera niður framkvæmdir, jafnvel á þenslutímum. Auðvitað berum við þá von í brjósti að til þess komi ekki þannig að sú tillaga sem að lokum verður samþykkt hér á Alþingi muni standast þann tíma sem hún spannar. Það er þó auðvitað ljóst að grundvöllur þess að okkur takist að halda því fjármagni til þessara framkvæmda sem gert er ráð fyrir er auðvitað sá að hér á Íslandi takist áfram að halda uppi góðri og markvissri efnahagsstjórn, eins og núverandi stjórnarflokkar hafa haldið uppi síðustu árin, og ég vek sérstaka athygli á þessu. Einnig vil ég vekja athygli

á því að til þess að við getum haft fjármuni til samgöngumála sem og annarra málaflokka er auðvitað mikilvægt að okkur takist að ráðast í þær framkvæmdir sem nú er fjallað um. Þá á ég fyrst og fremst við virkjanaframkvæmdir, uppbyggingu stóriðju og uppbyggingu atvinnulífs, og þar með auknar þjóðartekur. Í þessu sem öðru er það ekki svo að peningarnir falli af himnum ofan, við þurfum að búa í haginn til þess að auka þá fjármuni sem við höfum úr að spila á hverjum tíma.

Það er auðvitað gömul saga og ný að þegar fjallað er um vegáætlanir sýnist sitt hverjum og menn eru misjafnlega sáttir við þær tillögur sem fram koma um skiptingu fjármuna. Það er auðvitað svo, eins og við vitum, að verkefnin eru nánast óþrjótandi og við gætum eytt margföldu því fjármagni, held ég, sem fram kemur í þeim tillögum sem hér eru til þess að vinna að verkefnum í vegamálum. Öll verkefnin eru auðvitað brýn og sitt sýnist hverjum um þau. En okkur hefur tekist að ljúka þessum málum hér á Alþingi með samþykkt vegáætlana og ég sé enga ástæðu til að ætla annað en að svo takist nú í góðri sátt þegar upp verður staðið. Samgn. mun eins og fyrr fjalla um þessi mál og þar er auðvitað saman kominn hópur mætra hv. þm. sem ég veit að mun ganga vel að vinna úr þessu.

Í tillögu til þál. fyrir árin 2003–2014 er lögð til grundvallar stefnumótun, markmið og annað sem auðvitað er vert að fara yfir þó að ég ætli ekki að gera það í smáatriðum. Það er ljóst að við gerð svona áætlana er mikilvægt og nauðsynlegt að vinna eftir skilgreindum markmiðum. Í þessu skjali sem hér liggur fyrir eru markmið skilgreind og ég verð að lýsa ánægju með það að þau skuli liggja fyrir eins og hér er. Það er í fyrsta lagi um greiðar samgöngur, um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna, um umhverfislega sjálfbærar samgöngur og ekki síst varðandi öryggi í samgöngum. Í þessari umræðu hefur töluvert verið rætt um það atriði og það er auðvitað mikilvægt að okkur takist að vinna að auknu öryggi í samgöngum á öllum sviðum. Þess vegna ber að fagna því að markmið um slíkt komi fram hér í þessari tillögu.

Í tillögunni er grunnnet samgöngukerfisins skilgreint og ég vil sérstaklega vekja athygli á grundvallarskilgreiningu grunnnetsins og vísa þar í þingskjalið, með leyfi forseta:

„Grunnnet samgöngukerfisins nær til allra byggðakjarna með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Það nær til þeirra staða sem eru mikilvægastir fyrir fiskveiðar, ferðamennsku og flutninga til og frá landinu. Netið er samfellt, liggur um þéttbýlisstaði þegar svo háttar til á landinu og helstu samgönguæðar á stærstu þéttbýlisstöðunum teljast til netsins."

Þetta er mikilvæg skilgreining en hún er auðvitað víð. Ég vek sérstaka athygli á því að þarna er talað um að grunnnet samgöngukerfisins skuli ná til byggðarkjarna með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Þetta leiðir hugann að því, herra forseti, að samkvæmt þessari áætlun er auðvitað fjallað um framkvæmdir, stórframkvæmdir, til þess að tengja þéttbýlisstaði við hringvegakerfið og það beinir augum fyrst og fremst að tveimur svæðum landsins, þ.e. annars vegar Vestfjörðum og hins vegar norðausturhorninu. Og ég verð að segja það sem mína skoðun, þrátt fyrir að í þessu plaggi og í þessum tillögum komi fram góður ásetningur um að byggja upp vegakerfið á þessum svæðum og til þessara svæða, ég geri ekki lítið úr því, að ég teldi að betur þyrfti að gera í þeim efnum.

Í upphafi þessarar nýju aldar er auðvitað ekki svo gott að sætta sig við það að fólk í öflugum byggðarkjörnum skuli horfa fram á það að enn þurfi að líða nokkuð mörg ár þar til umferð til og frá þessum stöðum geti farið um uppbyggða vegi og bundið slitlag á hringveginn. Það er auðvitað ekki góð staða og ég verð að leyfa mér að segja það hér að þrátt fyrir góð áform í tillögunni tel ég, eins og staða mála er í þróun byggðar í landinu og eins og kröfur eru uppi í samgöngumálum, að líta beri til þess hvort ekki sé mögulegt að veita sérstakt fjármagn í átak vegna þessara tveggja svæða á landinu. Ég er sannfærður um að almennt í þjóðfélaginu er fólk því sammála að þetta sé ekki góð staða og ég leyfi mér því að ítreka hér í umræðu mikilvægi þess að gera átak í samgöngumálum á þessum svæðum, mér finnst í raun og veru að til hliðar við þessa áætlun ætti að fara í sérstakt átak til að tengja þessa staði við hringvegakerfið.

Við getum síðan rætt um það og eflaust koma einhverjir fram í umræðunni og segja að frekar eigi að leggja aukna peninga í eitthvað annað. En ég hygg, herra forseti, að menn geti verið sammála um það að í byrjun nýrrar aldar sé ekki gott að horfa upp á þessa stöðu eins og hún er. Í því sambandi má m.a. vitna í skilgreininguna sem kemur fram í tillögunni um grunnnetið þar sem lögð er áhersla á það að grunnnetið nái til byggðarkjarna með u.þ.b. 100 íbúa eða fleiri. Ég vil einnig í því sambandi vísa til skýrslu sem nýlega kom fram frá hagfræðideild háskólans þar sem sérstaklega er bent á mikilvægi samgöngubóta í byggðalegu tilliti. Rökin eru því auðvitað fjölmörg fyrir þessu og ég legg sem sagt áherslu á það í þessari umræðu að menn taki það alvarlega að ræða hvort mögulegt sé að gera þessa hluti á þennan hátt.

En ég ætla, herra forseti, ekki að fara út í það að þylja hér upp einstakar framkvæmdir í vegamálum eins og mér hefur fundist bera á hjá einstöku ræðumönnum sem nánast lesa upp lista yfir vegi í samgönguáætluninni sem þyrfti að fara í. Við vitum það að verkefnin eru víða, flest, og eflaust öll, mjög mikilvæg en við höfum takmarkað fjármagn og *þurfum að spila úr því.*

Ég vil þó, herra forseti, leyfa mér að nefna nokkrar framkvæmdir sem ég tel að séu mjög mikilvægar og vel rökstuddar. Í fyrsta lagi vil ég nefna væntanlegt útboð á brú yfir Kolgrafarfjörð á Snæfellsnesi sem er mjög tímabær framkvæmd og nauðsynleg. Þar er annars vegar um það að ræða að tengja tvo mikilvæga byggðarkjarna á Snæfellsnesi með bundnu slitlagi við hringveginn og í öðru lagi að stytta vegalengdir á Norður-Snæfellsnesi í því skyni að byggja þar upp eitt atvinnu- og þjónustusvæði sem er auðvitað mjög mikilvægt til framtíðar fyrir viðgang byggðanna á því svæði.

Ég vil einnig leyfa mér að nefna veginn um Þverárfjall milli Skagafjarðar og Húnavatnssýslna sem ég tel að sé dæmi um framkvæmd sem skiptir verulega miklu máli í byggðalegu tilliti, þ.e. að stytta vegalengdir og styrkja tengingar milli byggðarkjarnanna í Skagafirði og Húnavatnssýslum. Þarna eru svæði sem hafa átt undir högg að sækja í byggðalegu og atvinnulegu tilliti og því tel ég mjög mikilvægt til framtíðar að þessari framkvæmd ljúki sem fyrst þannig að kostir slíkra samgöngubóta nýtist þessum byggðarlögum til að styrkja þær í atvinnulegu og byggðalegu tilliti.

Ég vildi rétt nefna þessar framkvæmdir, herra forseti, þó ég ætli ekki að fara út í að tína til framkvæmdir, hvorki í mínu kjördæmi né öðrum. Ég mun eiga þess kost að fjalla um þetta mál í samgn. þar sem ég á sæti og einnig mun ég eiga þess kost að fjalla um skiptingu almenns vegafjár í hópi hv. þm. í mínu kjördæmi. Ég ætla ekki að fara nánar út í

umræðu um einstök verkefni en ég mun gera það á þeim vettvangi. Þessi tillaga mun síðan koma til síðari umræðu.

Að lokum, herra forseti, vil ég bara leggja áherslu á að góðar og greiðar samgöngur eru grundvallarbyggðamál í þessu landi. Þar gildir einu hvort við tölum um höfuðborgarsvæðið eða landsbyggðina. Það er einfaldlega þannig að góðar og greiðar samgöngur skipta verulega miklu máli og ég tel að þær séu eitt allra mesta hagsmunamál allra landsmanna.

Ég vil bara enda á, herra forseti, að ítreka ánægju mína með að þessi tillaga skuli komin fram, þ.e. tillaga um samræmda samgönguáætlun. Ég tel vel hafa tekist til við að vinna hana. Hæstv. ráðherra og hans fjölmörgu aðstoðarmenn og starfsmenn eiga heiður skilinn fyrir þá miklu vinnu sem liggur að baki. Eins og ég sagði í upphafi er þetta fyrsta skrefið í þessu nýja umhverfi. Ég tel að þetta til bóta og er sannfærður um að við munum njóta góðs af.

[19:48]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við ræðum hér þáltill. um samgönguáætlun, annars vegar til ársins 2014 og hins vegar innan hennar til 2006. Hér er um samræmda samgönguáætlun að ræða. Við fjöllum hér bæði um samgöngur á sjó, landi og lofti. Það er auðvitað alveg ljóst, eins og fram kom þegar við ræddum áætlunina, varðandi nýskipan þessara mála að flestir eru sammála um að það sé betra til framtíðar að taka heildstætt fyrir samgöngukerfið í landinu, þ.e. siglingar, þjónustu hafnanna, viðhald þeirra, nýbyggingar og dýpkanir og annað slíkt; síðan flugvellina, notkun þeirra og vegagerð.

Það er auðvitað alveg ljóst, herra forseti, að betri vegir hafa áhrif, bæði á siglingar og flug og þar með fjárveitingar til hafna og flugvalla, viðhald þeirra, rekstur og framtíðarhlutverk, bæði í vöru- og fólksflutningum. Ég dreg enga dul á að ég tel að betri vegir séu ein besta fjárfesting sem hægt er að stofna til á Íslandi. Ég er í því sambandi sérstaklega að huga að því sem ég hef skilgreint sem varanlegar lausnir. Vegagerð byggir á þeirri hugsun sem hér hefur iðulega komið fram í dag í umræðum hjá mörgum þingmönnum. Með því að byggja vegi sem menn búa að um langan tíma hefur verið komið á varanlegri bót, styttingu akstursleiða milli svæða, milli kaupstaða, innan svæða og milli landshluta.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, herra forseti, að það besta sem við getum gert í samgöngumálum á Íslandi væri að laga vegakerfið, styrkja það og betrumbæta, auðvitað bæði með tilliti til öryggis og þeirra miklu flutninga sem um vegina fara í dag. Megnið af vöruflutningum landsmanna fer orðið um vegakerfið. Vegir sem þóttu jafnvel ágætlega öruggir og akfærir fyrir ekki löngu síðan eru ekki samir í því samhengi. Fólki finnst nokkuð til um að mæta hverjum flutningavagninum á fætur öðrum á vegum sem eru kannski ekkert of breiðir til mætinga. Þar af leiðandi hefur komið upp sú hugsun varðandi vegaframkvæmdir að gera vegina breiðari svo að þeir hafi meiri burðargetu.

Því miður eru hér á landi margar slysagildrur á þjóðvegunum. Þetta á auðvitað sérstaklega við þegar aðstæður eru slæmar, léleg færð og hálka á vegum. Það er ekki gaman, hvort sem það er fyrir flutningabílstjóra eða venjulega vegfarendur, að mæta flutningabíl sem er að koma niður brekku að einbreiðri brú, svo dæmi sé tekið. Því miður eru til nokkrar slíkar slysagildrur enn hér á landi, stórhættulegar og í raun furðulegt að ekki hafi orðið fleiri slys við slíkar aðstæður en raun ber vitni.

Það að slysin skuli þó ekki vera fleiri má þakka því að flestir eru staðkunnugir. Þegar aðstæðurnar eru sem verstar er fólk yfirleitt að ferðast um staði sem það þekkir eitthvað til og veit hverju það á von á. Fólk sem lítið þekkir til svæðanna er hins vegar kannski meira á vegunum yfir sumartímann þegar blíðast og best er. Það breytir hins vegar ekki því að fjöldamargt þarf að gera á þekktum slysastöðum. Mér finnst, herra forseti, að það þurfi að gera verulegt átak í að fækka einbreiðum brúm, ekki bara á þjóðvegi númer 1 heldur einnig á fleiri vegum sem mikið eru notaðir.

Svo ég nefni örfá dæmi var verið að gera átak í að fækka einbreiðum brúm á Vestfjörðum í sumar og haust, t.d. í Skötufirði. Mér sýnist að þær framkvæmdir við tiltölulega litlar einbreiðar brýr hafi tekist prýðilega. Þær slysagildrur eru horfnar. Þótt ég tali hér um Vestfirði er það svo að víða eru slysagildrur annars staðar á landinu. Ég þekki þær ekki allar en ég sá þó eina alveg nýlega á veginum milli Þórshafnar og Bakkafjarðar. Þar er á sem heitir Geysirófa og menn koma þar í nokkurs konar rússíbana niður á einbreiða brú. Þar eru auðvitað stórhættulegar aðstæður.

Ég mundi leggja til að þar sem tiltölulega auðvelt er að bjóða út framkvæmdir við að lagfæra einbreiðar brýr, sérstaklega ef þær eru nú ekki þeim mun fleiri metrar á lengd, að farið verði í að gera átak í því.

Menn hafa verið að tala um það við þessa umræðu að flýta þeim verkefnum sem hægt er að flýta, þ.e sem auðvelt er að flýta. Ég tel vel við hæfi að bjóða út verkefni við að lagfæra einbreiðar brýr. Það eru verkefni sem menn eiga auðvelt með að bjóða í, tiltölulega lítil fyrirtæki taka kannski fyrir tvær eða þrjár brýr á ákveðnum vegakafla. Það ætti að vera tiltölulega auðvelt fyrir Vegagerðina að flýta slíkum áætlunum, sérstaklega þar sem verkþekkingin er til staðar hjá ýmsum vinnuflokkum út um landið. Ég vil gera það að tillögu minni í þessari umræðu að þar sem þarf hvort sem er að flýta framkvæmdum og hafa áhrif á atvinnustigið í landinu mætti gera það m.a. í þessa veru. Ég veit ekki hvort maður á að fara að nefna einhverjar sérstakar brýr. Þær sem ég keyri oftast yfir eru á leið minni norður til Ísafjarðar. Þar eru t.d. hættulegar einbreiðar brýr í botninum á Álftafirði sem væri virkileg þörf á að lagfæra.

Það er auðvitað meginhlutverk okkar sem erum að ráðstafa fjármunum í þessi verkefni, vegaframkvæmdir. Ég tel þær reyndar einhverja bestu fjárfestingu sem við getum farið í fari hún til skynsamlegra framkvæmda sem stytta mundi vegalengdir. Ég tel að við eigum að horfa sérstaklega til þess hvernig við getum farið í framkvæmdir sem gera það að verkum að vegalengdir styttist verulega.

Ég hef á hv. Alþingi flutt tillögu um hvað mætti gera til að stytta akstursleiðina frá Ísafirði til Reykjavíkur með því að benda á hugmynd um göng undir Kollafjarðarheiði. Reyndar byggðist hugmyndin á að tengja þá framkvæmd vegabótum við Kletthála. En menn völdu fremur að fara yfir Kletthála og ekki stendur nú til að gera göng þar á næstunni. En ég vil hins vegar benda á að ef úrbætur verða gerðar á veginum frá Bjarkarlundi og vestur í Kollafjörð, farið yfir firði eins og Gufufjörð, Djúpafjörð og Þorskafjörð, þá tel ég liggja beint við að skoða vegalagningu undir Kollafjarðarheiði, milli dalbotnanna þar.

Herra forseti. Ég vil líka benda á að vegi eins og um Þorskafjarðarheiði, sem er mikið notaður sumarvegur þó hann geti verið afar slæmur, tel ég að eigi að lagfæra þannig að um þá sé auðvelt að aka yfir sumartímann og þegar

snjólétt er. Í haust var þessi vegur sem er niðurgrafinn á stórum köflum og nánast lagður eftir landslaginu og niður í hverja dæld og hverja laut, fær fram yfir áramót. Það munar verulegu fyrir aksturleiðina norður á Vestfirði hvort hægt er að aka Þorskafjarðarheiði eða hvort menn þurfa að aka Strandir.

Það ber líka að líta til þess, herra forseti, að það hafa verið gerðar miklar vegabætur á Vesturlandi. Þar er t.d. verið að lagfæra Bröttubrekku, sem mun auka álagið á leiðinni norður á Vestfirði, norður á Ísafjörð um Dali. Þess vegna mun það kalla á einhverjar lagfæringar á veginum yfir Þorskafjarðarheiði á næsta sumri. Umferðin mun vafalaust aukast þar og verða meiri en hefur verið undanfarin sumur. Hefur hún þó verið allveruleg þrátt fyrir að vegurinn hafi ekki verið í góðu ástandi.

Það er mjög ánægjulegt að búið er að framkvæma mikið á Snæfellsnesinu, t.d. við Vatnaleiðina sem er mjög vel lagður vegur að mínu viti og ánægjulegt er að stefnt skuli að því að brúa Kolgrafarfjörð. Auðvitað vonumst við sem horfum núna yfir hið stóra Norðvesturkjördæmi líka til þess að vegalagning sem nú er hálfnuð, þ.e. um Þverárheiði milli Skagafjarðar og Húnaflóa, verði kláruð og komið í gagnið.

Herra forseti. Ég tel að með batnandi vegakerfi í framtíðinni muni fólk nota vegina meira og flugvellina minna. Þetta á kannski ekki við um ferðamennina okkar, þ.e. þá sem koma hér til landsins og þekkja ekki til. En ég tel að hjá venjulegri fjölskyldu sem ætlar að ferðast milli landshluta, þ.e. þegar um er að ræða þrjá til fjóra einstaklinga, standi valið annars vegar um að fara í flugi eða á eigin bifreið, og að þá verði valið tvímælalaust bifreiðin og í vaxandi mæli eftir því sem vegakerfið batnar. Til þess þurfum við að horfa og ég er alveg sannfærður um það, herra forseti, að meiri og vaxandi þrýstingur verður á að stytta vegalengdir milli staða innan landsvæða annars vegar og hins vegar inn á suðvesturhorn landsins.

Reykjavík er stærsta verslunarsvæðið, stærsta þjónustusvæðið. Hingað leitar fólk m.a. til þess að ferðast til útlanda. Stór hluti þjóðarinnar hefur flutt inn á þetta svæði. Það verður því krafa um að samgöngurnar til suðvesturhornsins verði góðar. Með vaxandi flutningum á þjóðvegunum rís líka krafa um að þjóðvegirnir verði breiðari og hafi meiri burð.

Þetta liggur alveg í hlutarins eðli, herra forseti, finnst mér og þess vegna held ég að menn þurfi að horfa mjög vandlega til þess að í framtíðinni munu menn krefjast fyrst og frems styttingar vegalengda og bættra samgangna.

Af nógu að taka í þessum efnum. Ástand þjóðvegakerfisins er verst enn þá á norðvestur- og norðausturhorni landsins og mér finnst að þar þurfi að forgangsraða til nokkurrar framtíðar.

[20:06]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil leggja nokkur orð í belg vegna þeirra áætlana sem fyrir liggja, annars vegar skammtímaáætlana í samgöngumálum, þ.e. til næstu þriggja og hálfs árs eða fjögurra ára tæpra og hins vegar til næstu 12 ára.

Ég vil eins og aðrir hv. þm. taka undir það að það er mjög til bóta að áætlanagerð í samgöngumálum er nú heildstæð eða slík að þar undir eru vegamálin, flugmálin og hafnamálin. Það gefur öllu heillegri mynd af stöðu mála og framtíðaráformum en verkast hefur viljað í gegnum tíðina. Almennt um áætlanagerð af þessum toga er nauðsynlegt að undirstrika enn og aftur að grundvallargildi þeirra liggur vitaskuld í því að eftir þessum áætlunum verði farið. Það verður því miður að segja þá sögu eins og hún er að á því hefur stundum verið allur gangur. Með öðrum orðum hafa menn stundum fallið í þann fúla pytt að segja stundum meira eða vera með hálfvolgar meldingar um að eitt megi skoða og annað meta, sem menn hafa ekki getað skilað síðan þegar til kastanna hefur komið. Slíkar áætlanir eru vondar áætlanir. Gildi þessara vegáætlana og samgönguáætlana liggur fyrst og síðast í því að notendur geti treyst á að þær standi í stærstu dráttum.

Auðvitað koma upp þær aðstæður að menn þurfa annaðhvort að gefa í eða draga úr eftir efnahagsumhverfi og ýmiss konar kringumstæðum. En í öllum megindráttum eiga þessar áætlanir að standa. Vægi þeirra og gildi stendur og fellur með því. Þess vegna get ég ekki nógsamlega undirstrikað það að menn verða að gæta sín, sérstaklega þegar nær dregur kosningum, varðandi það að gefa meira til kynna en hægt er að standa við. Það má aldrei verða en hefur því miður gerst í tímans rás og kannski er enginn einn stjórnmálaflokkur sekari eða saklausari en annar í þeim efnum. Þetta er hinn rauði þráður sem menn verða að gæta sín mjög á.

Í þessu samhengi er líka nauðsynlegt að árétta að stundum hefur það viljað verða að menn setja niður á blað áform, aðgerðaáætlun til einhverra ára — gjarnan freistast menn til að gera það í skemmri áætluninni, fjögurra ára áætluninni — sem þeir hafa í raun vitað að gæti ekki staðist, að ekki væri hægt að klára verkið fyrir þá fjármuni sem frá eru teknir. Þetta þekki ég nú býsna vel úr mínu kjördæmi, raunar í heimabæ mínum Hafnarfirði, þegar menn hafa lagt upp með dýr og umfangsmikil áform um endurbætur á Reykjanesbraut innan Hafnarfjarðar. Það er dálítið eftirtektarvert að í þeim tilfellum voru það heimamenn, núverandi bæjaryfirvöld í Hafnarfirði, sem vöktu á því athygli að endar næðu ekki saman í áætlunum Vegagerðarinnar annars vegar og þeim fjármunum sem haldið var til haga í gildandi vegáætlun og vildu fara ódýrari leið og hagkvæmari til þess að unnt yrði að nýta þá fjármuni til hlítar sem þó væru til staðar.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra einmitt um þá áfanga sem sérstaklega eru tilteknir í þessari vegáætlun — þá er ég að vísa til fjögurra ára áætlunar — hvort hann treysti sér til að fullyrða það, til að mynda um þá áfanga sem merktir eru á höfuðborgarsvæði nr. 41, Reykjanesbraut, og þá einkanlega þegar sunnar dregur á höfuðborgarsvæðinu, að 1 milljarður og 50 millj. eins og hér er gert ráð fyrir að eigi að verja til kaflans frá Kaplakrika að Lækjargötu annars vegar og síðan Lækjargötu að Kaldárselsvegi hins vegar, dugi fyrir þeim framkvæmdum. Nú er ég búinn að leggja þarna við 650 millj. sem ónotaðar eru frá fyrri tíma.

Þetta er algjört grundvallaratriði í áætlunargerð af þessum toga. Auðvitað vita menn ekki upp á krónur og aura hvernig útboð verða og ýmsir óvissuþættir. En í öllum meginlínum verða menn að vita nokk hvernig þeir ætla að sjá fyrir endann á þeim áföngum sem í er ráðist og að tilteknir áfangar verði kláraðir. Það má líka segja nokkuð um þessa áætlun og fyrri áætlanir, þ.e. að menn hafa freistast til þess að nefna of mörg verkefni til sögunnar og það að of langur tími hafi farið í að ljúka þeim verkefnum af þeim sökum, í stað þess að nefna færri og ljúka þeim á skemmri tíma.

Herra forseti. Það vekur athygli að þrátt fyrir háværar yfirlýsingar stjórnarliða, flokksbræðra og -systra hæstv. samgrh., þeirra sjálfstæðismanna sem hafa farið kannski sérstaklega framar öðrum mikinn í því að berja sér á brjóst og þakka

sér það að hið þarfa verk tvöföldun Reykjanesbrautar frá Hafnarfirði suður á Suðurnes er nú hafið, þá er veruleikinn sá sem ég gerði grein fyrir fyrir ári síðan eða þar um bil þegar við vorum að ræða hér sambærileg mál. Veruleikinn er sá að reiknað er með því að fjármunir renni til þessa verkefnis á 12 árum. Þess vegna hef ég ævinlega sagt og segi það aftur að það er ljótur leikur að telja fólki trú um að hægt verði að gera þetta á einu eða tveimur árum, á árunum 2004 og 2005 þegar áætlanir sem Alþingi og framkvæmdarvaldinu ber að fara eftir segja allt annað.

Ég vil spyrja hæstv. samgrh. þannig að það sé algerlega „on record" hér, hvort ég skilji það ekki rétt að hann geri það að tillögu sinni að tvöföldun Reykjanesbrautar frá Straumsvík og suður úr verði lokið á öllu áætlunartímabilinu, þ.e. allt til ársins 2014, miðað við þær tölur sem er að finna í langtímavegáætlun. Þessir hlutir verða einfaldlega að vera skýrir.

Ég teldi brýnna að spýta í og teldi það skynsamlegra framkvæmdarinnar vegna til þess að hún kæmi að gagni fyrr. Einnig hygg ég að það væri ódýrara tekníst fyrir framkvæmdina sem slíka. Ég vildi gjarnan að hæstv. ráðherra færi hér orðum um þetta.

Og af því að ég er á þessu svæði vil ég líka spyrja eins og fleiri hafa gert en hafa því miður ekki fengið svör við: Hvernig víkur því við að hæstv. ráðherra snýr algerlega við blaði og í raun og sanni tekur af dagskrá fyrri áform um Suðurstrandarveg? Hvað hefur gerst á síðustu mánuðum og missirum sem gerir það að verkum að hann tekur pólitíska ákvörðun um að leggja hér til við Alþingi Íslendinga að þessu verki verði frestað þar til í fyrsta lagi 2006? Samkvæmt tölum í langtímaáætlun verður ekki nema helmingi verksins lokið árið 2014. Ég spyr hann: Hvaða forsendur liggja hér að baki?

Ég vil undirstrika það og rifja upp að ég átti hlut að þessu máli ásamt öðrum ágætum hv. þm. þeirra tíma í þáverandi kjördæmanefnd sem gerði róttækar breytingar á kjördæmaskipan í landinu, fækkaði kjördæmum og stækkaði þau og olli það allnokkrum deilum bæði hér inni og í þjóðfélaginu öllu. Þar var einmitt lögð á það mjög þung áhersla að tryggt yrði í áætlunargerð í samgöngumálum að það yrði greiðfært einkum og sér í lagi innan viðkomandi kjördæma. Og af því ég sé hér hv. þm. Kristján L. Möller þá komu Siglufjarðargöngin svonefndu fyrst á dagskrá, að mínu mati, fyrir alvöru af þessum sökum því um þetta voru menn auðvitað sammála, þ.e. að ekki gengi að gera róttækar breytingar á kjördæmaskipan öðruvísi en að það tryggðar yrðu greiðar samgöngur, a.m.k. innan viðkomandi kjördæmis. Og af því að Siglufjörður lenti í Norðausturkjördæmi þá gaf augaleið að menn yrðu að tryggja að Siglfirðingar kæmust þurrum fótum og flesta daga ársins í hinn enda sama kjördæmis þar sem þjónustueiningar ættu saman. Því spyr ég: Hvaða önnur lögmál giltu þá allt í einu um Suðurstrandarveg sem jú sannarlega tengir Suðurnesin og Suðurlandsundirlendið?

Með öðrum orðum, nú er málum svo komið að alla vetrarmánuðina verða Suðurnesjamenn að fara í Suðvesturkjördæmið um Hellisheiði, Bláfjallaveginn geta þeir svo sem farið á góðum dögum, og þannig austur um. Ég gagnrýni þetta mjög harðlega. Ég spyr hæstv. ráðherra, af því að fram hefur komið ítrekað í ræðum úr þessum ræðustól í dag og það frá stjórnarþingmönnum — ég get nefnt þá tvo sem ég heyrði segja það hér, annars vegar hv. þm. Hjálmar Árnason úr Framsfl. og hins vegar hv. þm. Kjartan Ólafsson úr Sjálfstfl., flokksbróður hæstv. ráðherra, þar sem þeir sögðu að forsenda þeirra fyrir stuðningi við þessa samgönguáætlun væri sú að orð stæðu gagnvart Suðurstrandarvegi. Ég spyr hæstv. ráðherra: Voru einhverjir fyrirvarar í þingflokkum stjórnarflokkanna gagnvart þessu atriði? Eða er stuðningur stjórnarflokkanna við þessar meginlínur, og þar á meðal Suðurstrandarveginn, fyrirvaralaus? Ég held að nauðsynlegt sé að við fáum svar við því.

Auðvitað mun samgn. og samgöngunefndarmenn fara yfir þessi mál, og væntanlega og vonandi munu þeir gera á þessu lagfæringar og bragarbætur eins og gengur. En það er ekki oft, og við skulum bara horfast í augu við það eins og það er, sem þingnefndir gera grundvallarbreytingar á samgönguáætlun sem lögð hefur verið mikil vinna í af hæstv. samgrh. og hann hefur lagt vinnu í að fá samþykkta í þingflokki sínum og þingflokkum stjórnarflokkanna. Það væri nánast eins og vantraust, herra forseti, á hæstv. samgrh. ef svo færi að formaður samgn., hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, og samnefndarmnenn hans tækju um það pólitíska ákvörðun að segja: Nei, þessi tillaga um að taka Suðurstrandarveg af dagskrá næstu fjögur árin og setja hana að hálfu leyti á dagskrá næstu átta árin sem í hönd fara, við skulum breyta henni, við skulum taka Suðurstrandarveg á dagskrá nú þegar. Það væri auðvitað ekkert minna en vantraust á hæstv. samgrh. Við skulum horfast í augu við það. Því verðum við að hafa það alveg á hreinu: Er um það pólitísk eining innan stjórnarflokkanna meðal allra þingmanna þeirra, undantekningarlaust, að Suðurstrandarveg skuli taka af dagskrá?

Ég gagnrýni það mjög harðlega. Ég tel það í fyrsta lagi svik á gefnum fyrirheitum og algjöra pólitíska U-beygju, og ég spyr: Hvers eiga Suðurnesjamenn og Sunnlendingar að gjalda í þessum efnum? Ég tel þetta mikla samgöngubót og mikilvæga og tel mig líka vera frá fyrri tíð, eins og aðrir hv. þm. sem þá voru í þessum sal, skuldbundinn fyrri gefnum fyrirheitum í þessa veru. Og gildir þá einu hvort menn eru stjórnarsinnar frá einum tíma til annars eða stjórnarandstæðingar. Orð skulu standa.

Ég ætla svo sem ekki að orðlengja þetta eða fara í vangaveltur um vægi þéttbýlis- og dreifbýlissamgöngubóta, það mætti auðvitað setja á langar ræður um það. Þær eru sumpart eðlisólíkar og mætti halda um það langa ræður. Ég ætla ekki að setjast í slíkt dómarasæti, samgöngubætur bæði í þéttbýli og dreifbýli eiga auðvitað rétt á sér. Við viljum landið í byggð og viljum þess vegna leggja meiri fjármuni kannski í dreifðari byggðir en koma þaðan. Við getum auðvitað ekki eyrnamerkt verkefni þannig að þau fari nákvæmlega á þann stað sem fjármagnið verður til, með öðrum orðum að vegna þess að fólk borgi meira í vegaskatt á höfuðborgarsvæðinu þurfi allir þeir peningar, upp á krónur og aura, að koma á þann akkúrat sama stað. Þannig getum við auðvitað ekki nálgast þetta viðfangsefni þótt við verðum auðvitað að hafa það ævinlega í huga, alltaf að einhverju marki.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um tvennt áður en ég fer úr ræðustól, annars vegar um hafnamálin og hafnasamlög sem hafa átt, sum hver, í verulegum vandræðum. Hafnasamlag Suðurnesja er nú komið í frumeindir sínar og hefur verið leyst upp. Það er ekki að ástæðulausu. Það er vegna þess að af hálfu heimamanna er það fullyrt að samgrh. — raunar ekki sá sem situr hér heldur forveri hans hvers fyrirheit núverandi situr uppi með, fyrirheit um að styðja og styrkja sérstaklega hafnasamlög þar sem hagkvæmni sameiningar átti að fá að njóta sín — hafi ekki séð fyrir þeim stuðningi

frá opinberum aðilum sem lofað hafði verið. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort það geti verið skýringin og hvort enn sé von á því að lagað verði erfitt ástand þarna suður frá í þessum efnum þar sem skuldir hafnanna fyrir og eftir samlag eru í kringum 1.200–1.300 millj. kr. ef ég man rétt.

Síðan í bláendann vil ég spyrja af því að það hefur borið hér á góma, á kannski ekki beinlínis heima hér en er þó nátengt, um GSM-dreifikerfið í símunum og öryggismál á heiðum í þeim efnum. Þeirri hugmynd hefur verið kastað upp hvort hugsanlegt sé að Vegagerðin komi að einhverju leyti inn í það að þétta það net sem ég hef áður vakið athygli á að er býsna óþétt og hefur lítið verið gert í að bæta á síðustu mánuðum, missirum og árum vildi ég segja, af hálfu Landssímans eða annarra aðila á símamarkaði. Ég vil spyrja: Er einhver vinna í gangi af hálfu hæstv. ráðherra í þeim efnum að skoða til hlítar hvort það sé lagalegt umhverfi til þess að Vegagerðin komi að málinu? Og hefur hann áhuga á að beita sér í þeim efnum á þeim mánuðum sem eftir lifa fram að kosningum?

[20:22]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi símakerfi á þjóðvegum landsins. Það liggur fyrir að GSM-símadreifingin og GSM-uppbyggingin hefur verið mjög hröð á Íslandi þegar litið er til margra annarra landa. Það hefur tekist býsna vel til. Engu að síður er það svo að á vegakerfinu, þjóðvegakerfinu í þessu stóra landi, næst ekki alls staðar GSM-símasamband. Ég hef margsinnis lýst því sem skoðun minni í þessum ræðustól að auðvitað er það æskilegt en jafnframt geysilega dýrt. Hins vegar teljum við, þar á meðal bæði ég sem samgrh. og Vegagerðin hefur lýst vilja sínum til þess, vert að láta vinna að lausnum til þess að koma upp símasambandi á heiðum. Ég tel að það sé eðlilegt, og að þessu er unnið. Verið er að skoða þá möguleika, hvaða leiðir eigi að fara, og ég tel að í samstarfi símafyrirtækjanna og Vegagerðarinnar verði að finna þarna lausn. Það er vilji fyrir því af minni hálfu. Þetta er svar við þeirri spurningu.

Hvað varðar fyrirvara einstakra þingmanna eru þeir ekki með öðrum hætti en venjulegt er hvað varðar stuðning við þáltill. Að sjálfsögðu vinna þingmenn í þinginu í þingnefndum að því að reyna að koma sínum málum fram og gera breytingar á frv., það er fullkomlega eðlilegt og á við um vegáætlun eins og allar aðrar áætlanir. Ramminn er klár. Fjárveitingarnar eru klárar. Það eru hinar stóru ákvarðanir. Til þess er vísað.

Hvað varðar Suðurstrandarveginn er alveg ljóst að í þessari áætlun er tekin ákvörðun um að hægja á áformum um uppbyggingu Suðurstrandarvegarins til þess að geta náð mikilvægum áföngum í uppbyggingu Reykjanesbrautarinnar, bæði í gegnum þéttbýli hér og á leiðinni suður eftir. Þetta er sú ákvörðun sem er tekin með opnum huga til þess að hraða lausn á framkvæmdum á þeirri leið.

[20:25]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin, í fyrsta lagi um GSM-dreifikerfið. Það er svo sem alveg hárrétt hjá honum að ör uppbygging hefur verið í þeim efnum hérlendis eins og raunar víðast hvar á síðustu árum. En á allra síðustu missirum hefur satt að segja ákaflega lítið gerst. Ég spurði hæstv. ráðherra út úr um það í fyrirspurnatíma fyrir ekki margt löngu og fékk svo sem ekki mörg svör. Það var enn og aftur gripið til hins gamalkunna viðlags að um viðskiptaleyndarmál væri að ræða. Látum vera með það. Ég fagna því hins vegar að menn ætli sér að gera eitthvað í málinu og ég vænti þess að hæstv. ráðherra geti þá sýnt okkur einhver drög að áætlun, aðgerðaáætlun eða hugmyndum í þeim efnum, áður en við förum heim til að taka lokasprettinn í kosningaslagnum, þ.e. fyrir miðjan mars. Má vænta þess? Ég spyr.

Varðandi Suðurstrandarveginn, herra forseti, er það mál ekki þannig — og ég spyr: Hvar er að finna þetta flýtifé í Hafnarfjörð, í Suðurnes, í Reykjanesbraut og tvöföldun? Hvar er það flýtifé að finna? Ég rakti það hér áðan að í langtímaáætlun er gert ráð fyrir að þessu verkefni ljúki ekki fyrr en á þriðja og síðasta tímabili. Hvar er þetta flýtifé sem tekið er úr Suðurstrandarvegi og fært í Reykjanesbrautina? Ég bið hæstv. ráðherra að benda mér á það. Hér er ekkert um það að ræða. Hér er bara einfaldlega tekin um það pólitísk ákvörðun að hætta við Suðurstrandarveg. Fyrri ákvarðanir um að leggja fjármagn í hann eru ekki lengur til staðar. Málum er ýtt fram í langa framtíð, og hæstv. ráðherra sagði: Hér er um að ræða ákvörðun mína, mína tillögu í þessum efnum. Og því árétta ég og spyr: Höfðu stjórnarliðar, samflokksmenn hans og framsóknarmenn, einhverja fyrirvara um stuðning við frv. vegna þessarar stefnubreytingar? Það er nauðsynlegt að við hér inni vitum það. Það er nauðsynlegt að kjósendur í hinu nýja Suðurkjördæmi viti þetta.

[20:27]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri ánægjulegt og gagnlegt ef hv. þingmenn Samfylkingarinnar væru jafneinarðir í því að mæla fyrir vegabótum þar sem verulega þarf á því að halda í öðrum kjördæmum til þess að saman lægju betur hin nýju kjördæmi.

Ég tel að það sé ekki frágangssök fyrir íbúa í Suðurkjördæmi þó að eitthvað hægi örlítið á framkvæmdum við Suðurstrandarveginn miðað við þær miklu og góðu samgöngur sem eru á því svæði, miðað við það sem er t.d. í Norðvesturkjördæmi eða á Austurlandi þar sem samgöngur eru eins og þær eru. Mér finnst skjóta mjög skökku við þegar hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson lætur að því liggja að það sé forsendan fyrir kjördæmabreytingunni að Suðurstrandarvegurinn komi. Auðvitað á hann að koma og hann mun koma. Og það eru yfir 100 millj. nú þegar til framkvæmda á Suðurstrandarvegi. Það verður á þessu áætlunartímabili sem nú er, fyrsta fjögurra ára tímabilinu, hægt að hefja framkvæmdir þar fyrir það fjármagn sem til er. En það liggur alveg ljóst fyrir að við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti í því sem öllu öðru. Ég held að hv. þm. ætti að snúa sér til þess verks, ef ekki eru fyrirmæli um annað frá æðri máttarvöldum Samfylkingarinnar, að standa með okkur að uppbyggingu vegakerfisins í öðrum kjördæmum þar sem samgöngurnar eru miklu verri en er í Suðurkjördæmi þar sem samgöngur eru mun betri en víðast hvar annars staðar.

Hvað varðar hafnasamlag Suðurnesja veit ég að þar eru viss vandamál vegna fjárfestinga. En það er alveg ljóst að engin fyrirheit liggja af hálfu samgönguyfirvalda, svo ég viti, til að standa fyrir einhverjum stuðningsaðgerðum umfram það sem reynt er að sjálfsögðu að gera gagnvart höfnunum, og verður ekki síst gert ef okkur tekst að breyta hafnalögunum.

[20:29]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja eins og er að ekki fannst mér hæstv. samgrh. stækka mikið í þessu andsvari sínu. Ég

lagði á það ríka áherslu í ræðu minni að menn ættu ekki að detta í hið gamalkunna far þéttbýlis og dreifbýlis. Ég gætti þess mjög vel sjálfur í ræðu minni að gera það ekki. En hver datt í þetta fúafen nema hæstv. samgrh. sjálfur? Hann fór í samjöfnuð um verkefni hinna dreifðari byggða og lét í veðri vaka að mér þætti lítið um mikilvæg verkefni í dreifðari byggðum, gangagerð eða dittinn og dattinn. Hvar hef ég sagt það, herra forseti? Hvergi. Þvert á móti lagði ég áherslu á mikilvægi þess. Ég var eingöngu að spyrja um ákaflega einfaldan hlut: Hvernig stendur á því að ekki er staðið við fyrirheit sem gefin voru við afgreiðslu kjördæmabreytingar, sem hæstv. samgrh. kom sjálfur að, þá sem þingmaður, í einni af þeim nefndum sem til voru kallaðar? Af hverju er ekki staðið við gefin fyrirheit þegar kemur að þessu verkefni en það er gert í öðrum tilfellum?

Og ég spyr: Hundrað milljónir króna sem fyrir liggja eru akkúrat aðferðafræði sem ekki á að viðhafa. Hundrað milljónir duga ekki neitt. Og til hvers að vera að byrja einhver verk, geta ekki lokið þeim og ýta þeim inn í framtíðina?

Það sem stendur eftir, herra forseti, er að hæstv. samgrh., með fulltingi stjórnarliða, þar á meðal þingmanna þeirra í Suðurkjördæmi, gamla Reykjaneskjördæmi og Suðurlandskjördæmi, hafa sagt það við Sunnlendinga og kjósendur þar: Það verður ekki farið í þetta verk. Og ástæðan: Ja, af því bara.

[20:31]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Nú, þegar komið er að lokum þessarar umræðu um samgönguáætlanir, þakka ég hv. þingmönnum fyrir mjög fróðlegar umræður og málefnalegar. Hér hefur verið farið yfir sviðið mjög vítt og breitt. Það fer ekkert á milli mála eins og ég sagði í umræðunni fyrr í dag að það er mikill stuðningur frá þingmönnum við úrbætur í samgöngumálum, hvort sem um er að ræða flugvallamálefni, hafnir eða vegi, þannig að allt er gott um það. Ég hef vakið athygli á því að í þessari áætlun, allt frá árinu 2003 til enda tímabilsins, gerum við ráð fyrir því að leggja meiri fjármuni til uppbyggingar samgöngukerfisins en nokkru sinni hefur verið gert áður. Á það hefur verið vandlega bent hér að við höfum fleiri krónur þegar það er metið til verðlags ársins í ár en áður hefur verið. Það er afar mikilvægt. Engu að síður liggur það alveg fyrir að verkefnin eru svo mikil og margvísleg í uppbyggingu samgöngukerfisins í landinu að við þurfum á þessum fjármunum að halda og í rauninni miklu meiri. Og auðvitað þurfum við á næstu missirum og næstu árum að huga að því eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vakti athygli á að við þyrftum nauðsynlega að verja hærra hlutfalli vergra þjóðartekna af ríkisútgjöldum til vegamála. Og við þurfum á því að halda sem þjóðfélag að byggja upp samgöngukerfið vegna þess að það skiptir miklu máli, það eykur velferð í landinu og styrkir atvinnuvegina.

Það á að vera stefna okkar, og er stefna okkar, að reyna allt hvað af tekur að hafa meiri fjármuni til uppbyggingar samgöngukerfisins. En það er nú bara eins og er í lífinu að það er í fleiri horn að líta, það þarf að huga að útgjöldum vegna heilbrigðismála, menntamála og félagsmála, þannig að hér er auðvitað um samkomulagsmál að ræða, við þurfum að ná niðurstöðu um til hvaða hluta við nýtum þá fjármuni sem ríkið hefur úr að spila. Ég get því ekki sagt annað en að miðað við allar aðstæður og í ljósi þess sem ég áður sagði, að við erum með meiri fjármuni úr að spila en áður, hlýt ég sem samgrh. að vera býsna ánægður með þá stöðu sem við erum í þó að auðvitað væri ég tilbúinn til að leggja meiri fjármuni til vegagerðarinnar. Þetta vildi ég segja almennt.

Undirtektir þingmanna við gerð þessarar samgönguáætlunar til fjögurra ára og tólf ára eru mjög góðar og ég þakka fyrir það, og ekki síst stjórnarandstöðunni sem hefur vakið athygli á því. Það er af hinu góða að menn geti sæst og náð saman um þetta mikilvæga mál.

Það komu upp örfá atriði sem ég vil hér í lokin nefna. Það fyrsta var hjá hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur sem spurðist fyrir um hafnamálin, vakti athygli á þeim takmörkunum sem tilteknar hafnir sem ekki njóta ríkisstyrkja þurfa að sæta um öflun tekna, ekki síst af aflagjaldstekjum. Þær fá ekki ríkisstyrki en verða engu að síður að standa undir rekstrinum með þessum tekjum. Þar er úr vöndu að ráða. Í lögum um hafnamál er sameiginleg gjaldskrá fyrir allar hafnir landsins sem samgrh. staðfestir. Sem betur fer eru þessar stóru hafnir allvel settar, ekki síst hér á höfuðborgarsvæðinu, þannig að ég hef út af fyrir sig ekki miklar áhyggjur af þeim. Ég hef hins vegar miklar áhyggjur af fiskihöfnunum, þar er um vanda að ræða. Engu að síður er það svo að stóru vöruhafnirnar sem jafnframt keppa við fiskihafnirnar um viðskipti við fiskiskipaflotann geta við núverandi aðstæður, og ef samkeppnisyfirvöld láta það viðgangast, haft mjög sterka samkeppnisstöðu gagnvart litlu fiskihöfnunum um þjónustu skipaflotans. Afkoma vöruhafnanna er að því leyti góð. Þess vegna hef ég lagt á það áherslu, og hef náð um það býsna góðu samkomulagi við Hafnasamband sveitarfélaga, að breyta beri hafnalögum þar sem m.a. gjaldskrá verði gefin frjáls. En hv. þm. er ekki lengur hér í salnum þannig að ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í þetta. Þetta er þó mál sem þarf að vinna að.

Hv. þm. nefndi einnig sjóvarnir sem ég held að út af fyrir sig sé litlu hægt að bæta við hvað það varðar, sjóvarnir við Hvaleyri. Þar er þörf umhverfismatsaðgerða og annars áður en farið er út í framkvæmdir.

Ég fagna því alveg sérstaklega sem kom fram hjá hv. þingmanni þar sem hún vakti athygli á því mikilvæga máli sem er uppbygging Reykjavíkurflugvallar og þess að hann sé ákveðinn sem höfuðmiðstöð innanlandsflugsins í Reykjavík. Við höfum byggt flugvöllinn upp, aðstaða er gjörbreytt og bætt fyrir flugið. Flugið er að ná sér á strik hvað rekstur varðar. Afkoma flugfélaganna í innanlandsfluginu er að batna. Og það ásamt með aðgerðum stjórnvalda við að styrkja flugið til jaðarbyggðanna hefur haft þá þýðingu sem birtist í bættri stöðu flugfélaganna og einnig hefur útboð á sjúkrafluginu orðið til þess að rekstrarumhverfi flugfélaganna er betra. Ég fagna þess vegna því sem fram kom hjá hv. þingmanni og tek undir að það er mjög mikilvægt að um leið og samgönguáætlun er samþykkt sé gert ráð fyrir því að miðstöð innanlandsflugsins verði við Reykjavíkurflugvöll.

Það er rétt að geta þess að á vegum Flugmálastjórnar og eftir umfjöllun í flugráði er verið að endurskipuleggja starfsemi á flugvöllunum, m.a. hefur þróunin verið sú að það færist meira af æfingaflugi og snertilendingum til Keflavíkurflugvallar sem ég tel að sé af hinu góða, það léttir á umferðinni á Reykjavíkurflugvelli þannig að það er í þá átt sem samkomulag var um milli mín og borgarstjórans í Reykjavík á sínum tíma.

Ég held að það séu ekki fleiri atriði sem ég átti ósvarað hér, nema ég vildi kannski bæta aðeins við það sem ég nefndi í kjölfar ræðu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar um hafnasamlög, þar á meðal Hafnasamlag Suðurnesja. Ég tel

að það sé eðlilegt að samgn. þingsins fari mjög vandlega yfir málefni hafnanna, ekki síst þeirra hafna sem eru jafnsettar og Hafnasamlag Suðurnesja er, og leiti leiða til þess að styrkja stöðu þeirra. Ég hef þó grun um að það verði ekki öðruvísi gert en með því að auka tekjur þeirra af sjávarútveginum.

Ég vil svo að lokum, hæstv. forseti, þakka fyrir þessar umræður sem hafa verið mjög gagnlegar og málefnalegar svo ég endurtaki það, og ég vænti þess að hv. samgn. geti unnið fullum fetum að fullvinnslu þessarar tillögu.

[20:40]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta hefur verið ágæt umræða og gagnleg að mörgu leyti. Hæstv. ráðherra hefur svarað hverri ræðu fyrir sig hér í dag og gert það að mínu viti prýðilega. Það er þó eitt sem ég sakna sem ég nefndi í minni ræðu og það voru þeir fjármunir sem hefur verið ákveðið að setja í samgöngumál sem hafa komið inn vegna sölu á ríkiseignum. Það hefur verið tekin ákvörðun um það og liggur fyrir að það eigi að nota þá fjármuni alla í tilteknar framkvæmdir á einum stað á landinu. Nú ber hæstv. samgrh. auðvitað ábyrgð á þessum tillögum ásamt ríkisstjórninni. Ég talaði um það í ræðu minni í dag að nér fyndist ákaflega þunnur þrettándi að menn ætluðu að setja peninga úr þessum sjóði eingöngu í verkefnin sem þarna er búið að gera og er ekki að mæla á móti því að í þau séu settir peningar, en annars staðar bíða verkefni sem eru ekki síður mikilvæg. Ég tel fulla ástæðu til að spyrja eftir því hvort það sé þá virkilega ekki raunin að menn ætli sér að nota eitthvað af þeim fjármunum sem komu fyrir sölu ríkiseigna í samgöngubætur eða annað sem gagnast byggðunum annars staðar á landinu. Ég bið hæstv. ráðherra að svara þessu því ég efast ekkert um að það hafi farið fram stefnumótunarumræða í ríkisstjórninni hvað það varðar að fara með þessa fjármuni.

[20:42]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur alveg fyrir að á undanförnum missirum hefur ríkisstjórnin unnið að sölu ríkiseigna og fengið inn í ríkissjóð fjármuni vegna þess sem auðvitað auðveldar ríkissjóði að tryggja tekjuhlið fjárlaga sem gera m.a. ráð fyrir því að stórauka framlög til vegamála, og samgöngumála almennt. Að því leyti nýtist sala ríkiseigna. Og vegna þess að við greiðum niður skuldir og lækkum þar af leiðandi vaxtagreiðslur ríkissjóðs erum við að búa í haginn til þess að geta sett meiri fjármuni til framkvæmda eins og í samgöngumálum. Með þeim óbeina (**Gripið fram í:** Hvenær?) hætti leggjum við söluandvirði ríkiseignanna inn í uppbyggingu samgöngukerfisins eins og ég hef hér rakið. Beint höfum við hins vegar gert ráð fyrir því að framkvæmdir við jarðgöngin, og þá horfi ég alveg sérstaklega á hv. 3. þm. Norðurl. v. sem ég veit að er alveg afskaplega ánægður með þau áform, séu fjármagnaðar með sölu ríkiseigna. Við gerum ráð fyrir því að á fyrsta tímabili setjum við í það 6,4 milljarða, 5 milljarða á öðru tímabili og 2 milljarða á þriðja tímabili. Það er því ekki eingöngu um að ræða þessi tvenn eða þrenn jarðgöng sem koma úr þessari fjármögnun, heldur gerum við ráð fyrir því að næsti áfangi í jarðgangaáætluninni verði fjármagnaður með sama hætti. Það er inni í þessari 12 ára áætlun og hægt að vísa til þess.

[20:45]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var nú meiri móagangan. Ég var að spyrja hvort ekki ætti að nýta fjármunina annars staðar á landinu. Þá áttu þeir allt í einu að nýtast óbeint. Það hefði ekki þurft að setja þá austur ef allir hefðu getað verið hamingjusamir með að njóta þeirra óbeint. Þannig finnst mér ekki hægt að setja málin upp. Mér finnst þetta satt að segja með eindæmum.

Ég verð að segja eins og er, að mér finnst menn ekki hafa horft nógu vel yfir sviðið, yfir heildina í þessu, og reynt að gera öðrum svæðum líka til góða eins og mögulegt hefði verið. Það hefði sannarlega verið hægt. Það hefur verið tekin ákvörðun um að gera það ekki. Ekki veit hvað menn hafa fengið í staðinn eða hvað hefur dvalið þá sem upp á þetta hefðu átt að passa í ríkisstjórninni. Ég segi bara eins og er: Ég er óánægður með þetta og finnst full ástæða til að menn skoði þessi mál upp á nýtt.

[20:45]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki einfalt mál að gera hv. þingmann ánægðan. Engu að síður liggur alveg fyrir (Gripið fram í.) eins og ég hef margsinnis farið yfir í þessum umræðum, að við erum að setja meiri fjármuni til framkvæmda í samgöngumálum en nokkru sinni fyrr. Til þess að það sé hægt þurfum við tekjur í ríkissjóð. (**Gripið fram í:** Hækka skatta?) Það stendur ekki til. Ég heyri að hv. þm. kallar fram í og spyr hvort til standi að hækka skatta. Það er ekki á dagskrá. (Gripið fram í.) Við erum að nýta þá fjármuni sem koma vegna sölu ríkisfyrirtækja til miklu meiri framkvæmda en áður. Það er staðreynd.

Hins vegar er alveg ljóst, eins og margoft hefur verið farið yfir í þessari umræðu að við erum að ná stórum áföngum í samgöngumálum. Ég held að það sé aðalatriði málsins. Það er staðreynd sem ekki er hægt að hlaupa frá.

[20:47]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég var heldur seinn til að biðja um andsvar við hæstv. samgrh. en mig langaði að biðja hann að skýra ögn nánar fyrir okkur hvernig stendur til að afla fjármuna, einkum til jarðgangagerðar sem hæstv. ráðherra upplýsti Alþingi um að yrði í tengslum við sölu ríkiseigna. Nú vil ég biðja hæstv. samgrh. að skýra fyrir okkur: Hvaða ríkiseignir er hann að tala um? Hvaða áform eru þar uppi? Hann verður að gefa þinginu tæmandi skýrslu um þetta áður en við ljúkum þessari umræðu.

[20:48]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram kemur í samgönguáætluninni er á fyrsta, öðru og þriðja tímabili samgönguáætlunarinnar gert ráð fyrir framkvæmdum við jarðgangagerð. Við höfum gert rækilega grein fyrir því að fjármunir sem falla til vegna sölu ríkiseigna auðvelda okkur sérstaklega að fara út í framkvæmdir vegna samgöngumála, þar á meðal vegna jarðgangagerðar. Við höfum hins vegar ekki tengt þetta á nokkurn hátt saman, hæstv. forseti, við sölu einstakra ríkiseigna. Hv. þm. þarf þannig ekki að hafa neinar sérstakar áhyggjur af því að það sé merkimiði á þessum upphæðum við sölu þeirra eigna.

Við gerum ráð fyrir að afla tekna fyrir ríkissjóð. Þeim mun meira af ríkiseignum sem við getum selt þeim mun meiri eru fjárráð ríkisins. Við ætlum fyrst og fremst að

greiða niður skuldir og þar með lækka vaxtagreiðslurnar hjá ríkissjóði. Það auðveldar okkur til muna að geta staðið í þeim framkvæmdum sem við gerum ráð fyrir, m.a. útgjöldum til samgöngumála.

Í þessari samgönguáætlun er því ekki verið að sigta sérstaklega á sölu einstakra ríkiseigna til að fjármagna framkvæmdir.

[20:50]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta svar er með miklum ólíkindum. Hér kemur alveg ótrúlega ábyrgðarlaust svar frá hæstv. ráðherra.

Í þessari þáltill. er sundurliðað fjármagn til jarðganga sérstaklega: 1,2 milljarðar 2003, 1,5 á árinu 2004, 2,2 2005 og 1,5 árið 2006, alls 6,4 milljarðar. Síðan er gert ráð fyrir 5 milljörðum á árabilinu 2007–2010 og 2 milljörðum 2011–2014. Þarna er horft langt fram í tímann.

En hæstv. ráðherra horfir ekki langt fram í tímann fyrir hönd ríkisstjórnarinnar eða þjóðarinnar. Hann segir einfaldlega: Við ætlum bara að selja eitthvað, selja einhverjar ríkiseignir til að eiga peninga til að standa straum af þessum kostnaði. Með öðrum orðum er hann að bjóða okkur upp á þá almennu pólitísku stefnu að ráðstafa eignum þjóðarinnar upp í þetta framlag. Hann sagði áðan, hæstv. ráðherrann, að þetta yrði fjármagnað með sölu ríkiseigna.

Nú verður hæstv. ráðherra að skýra út fyrir okkur: Hvaða ríkiseignir ætlar hann að selja? Hann kemst ekki upp með svo ódýran málflutning, herra forseti. (Gripið fram í.) Ég er að tala um yfirlýsingar hæstv. ráðherra. Ég kref hann svara um hvaða eignir hann ætlar að selja til þess að standa straum af þessum framkvæmdum.

[20:52]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. reynir að gera úlfalda úr mýflugu. Það liggur alveg fyrir að hann er að reyna að teygja lopann og skapa einhverja úlfúð í kringum þessa áætlun.

Það liggur fyrir að hér eru áform um útgjöld, m.a. til vegamála. Við höfum lýst því yfir að við nýtum m.a. sölu ríkiseigna til uppgreiðslu skulda og til að auðvelda okkur fjármögnun ríkissjóðs. Það er ekkert nýtt í því. Ég er ekki að gefa neinar nýjar upplýsingar hvað það varðar.

Tekjuhlið áætlunarinnar er alveg skýr, sundurliðuð, og ekki ástæða til að gera það á nokkurn hátt tortryggilegt sem þar kemur fram eða sem ég hef sagt hér í kvöld um tekjuöflun vegna þessarar áætlunar. Ég held að hv. þm. ætti að geyma frekari stóryrði í minn garð þar til að hv. þm. Vinstri grænna hafa fengið tækifæri til að vinna í þessu máli í samgn. Þar gefst mjög gott tækifæri til að fara bæði yfir tekjur og gjöld þessara áætlana. Til þess eru nefndirnar, að fara yfir þessi mál.

Ég tel að það liggi ljóst fyrir hvernig almenn tekjuöflun til þessarar áætlunar er upp sett.

[20:54]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta voru engin stóryrði af minni hálfu. Ég hlustaði á hæstv. samgrh. lýsa því yfir að jarðgangagerð yrði fjármögnuð með sölu ríkiseigna. (**Samgrh.:** Meðal annars.) Ég spurði síðan hæstv. ráðherra hvaða ríkiseignir ætti að selja. Þá komu engin svör önnur en þau að það væri almenn stefna ríkisstjórnarinnar að einkavæða og selja ríkiseignir.

Þá segi ég: Þetta finnst mér ódýr málflutningur. Við stöndum frammi fyrir því hér á Alþingi að afgreiða frv. ríkisstjórnarinnar um opnun á einkavæðingu raforkugeirans. Sama á við um vatnsveiturnar sem þó eru á vegum sveitarfélaganna. Þetta er sú hætta sem við stöndum frammi fyrir ef þjóðin verður svo ógæfusöm að sitja uppi með sömu ríkisstjórn áfram, að þessar ágætu framkvæmdir sem hér eru tíundaðar verði einfaldlega fjármagnaðar með sölu á þessum eignum.

Er til of mikils ætlast, herra forseti, að ríkisstjórnin og sá hæstv. ráðherra sem fer með þennan málaflokk geri okkur grein fyrir því hvaða eignir á að selja og afgreiði ekki umræðuna á þann ódýran hátt að segja: „Við ætlum bara að selja eitthvað?“

[20:55]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið en tel þó mikilvægt að koma að nokkrum atriðum.

Ég vil byrja á að nefna það að ég hef minni áhyggjur af því hvað á að selja og sé ekki ástæðu til að spyrja hæstv. núv. samgrh. um hvað eigi að selja allt til ársins 2010. Ég verð nú að játa að það heldur ekki fyrir mér vöku. Ég hef trú á að hæstv. ráðherra klári þetta kjörtímabil og síðan ber ég þær vonir í brjósti að aðrir muni taka við þessu embætti. Mér finnst því ástæðulaust að reyna að kvelja hæstv. núv. samgrh. með því að þaulspyrja hann út í hvaða eignir eigi að selja.

Ég get hins vegar upplýst það að oddviti ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh., hefur sagt að þær eignir sem verið er að selja núna fari allar í að greiða niður erlendar skuldir, meira og minna. Það er a.m.k. ekki hugmyndin sem fram hefur komið, að fjármagna þá jarðgangagerð sem hæstv. ráðherra talaði um áðan af þeirri sölu. Ég held að síðari tíma sala verði ekki á könnu hæstv. ráðherra. hvort eð er.

En varðandi það sem hæstv. ráðherra nefndi áðan í ræðu sinni og hefur talað talsvert um í dag, að aldrei áður hafi jafnmiklir fjármunir verið lagðir í samgöngumál, verð ég að segja að ég held að það sé rétt hjá hæstv. ráðherra. En við verðum líka að hafa í huga að hagkerfið hefur þanist verulega út undanfarin ár. Ríkissjóður er að véla um hærri fjárhæðir. Ég held að hækkun á útgjöldum ríkissjóðs frá 1996 séu um 130%. Maður skyldi því ætla að hærri fjárhæðir færu í samgöngubætur frá því sem áður var.

En ég vil líka segja, þegar maður dregur saman þær hugmyndir sem hér eru lagðar fram og verður nú sjálfsagt breytt í vor, eru þetta u.þ.b. 15–17 milljarðar á ári næstu fjögur árin. Og hvað er það miðað við núverandi útgjöld? Eru það 5, 6, 7% af útgjöldum ríkissjóðs?

Ég segi, virðulegi forseti, að mér finnast það alls ekki háar fjárhæðir. Mér finnst engin ástæða til þess að þenja sig hér í ræðustól Alþingis og gorta sig af því að þessar fjárhæðir fari í vegabætur og alls konar samgöngubætur á landinu. Eins og ég sagði fyrr í dag í ræðu minni held ég að samgöngubætur séu eitthvert stærsta byggðamál sem við fjöllum um hér. Mér finnast þessar fjárhæðir ekki vera þess eðlis að það sé ástæða til þess að vera að berja sér mikið á brjóst af þeim sökum. (**KHG:** Þið eruð svo vanir háum tölum, Vestmannaeyingar.)

[20:58]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek að sjálfsögðu undir þau orð hv. þm. að samgönguframkvæmdir eru mjög hagstæðar fyrir þjóðina. Það fer ekki á milli mála.

Það sem ég vildi sérstaklega nefna er hins vegar sú staðreynd að fáar þjóðir leggja jafnmikið til samgöngumála

þegar litið er til ríkisútgjalda og við Íslendingar. Við leggjum hér mjög mikið til enda er af mörgu að taka í uppbyggingu samgöngukerfisins.

Ég held að það ætti ekki að vanmeta það hversu mikið við látum þó að meira þurfi.

[20:59]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get eiginlega tekið undir flest það sem hæstv. ráðherra sagði. Ég vil þó nefna að það eru fáar þjóðir, ef nokkrar, búa í jafnstrjálbýlu landi. Við erum tæplega 300 þús. Íslendingar sem búum á rúmlega 100 þús. ferkílómetra landi. Það kemur því ekki á óvart þó að það þurfi að leggja talsvert fjármagn í samgöngur.

En ég vil ítreka að mér finnast 5–6% — ég skal játa að ég er ekki búinn að reikna það í þaula miðað við þau ríkisútgjöld sem lagt var til að ráðist yrði í á fjárlögum — sem mér virðist útgjöld til samgöngumála vera af heildarútgjöldum að meðaltali næstu fjögur árin ef fjárlagaútgjöldin verða óbreytt, ekki vera ástæða til að þenja sig mikið yfir, virðulegi forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Siglingastofnun Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 539. mál (vaktstöð siglinga, EES-reglur). — Þskj. 884.

[21:00]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

Með frv. er lagt til að fela Siglingastofnun Íslands að annast framkvæmd væntanlegrar vaktstöðvar siglinga í samræmi við frv. þess efnis sem liggur fyrir Alþingi. Þar er lagt til að fela Siglingastofnun Íslands framkvæmd þeirra laga og er því lagt til hér að bæta þessum tölulið við 3. gr. laganna þar sem talin eru verkefni stofnunarinnar.

Jafnframt er lagt til í frv. að veita íslenskum yfirvöldum lagaheimild til að gerast aðilar að Siglingaöryggisstofnun Evrópu og er það í samræmi við skuldbindingar vegna aðildar Íslands að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði.

Á undanförnum árum hefur vaxandi tilhneigingar gætt hjá Evrópusambandinu að koma á fót sérstökum stofnunum er starfi á innri markaðinum án tillits til landamæra aðildarríkjanna. Þótt eðli þeirra og valdheimildir séu með ýmsum hætti er algengt að þessar stofnanir hafi með höndum umsýslu og undirbúning löggjafar fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar á tilteknum sviðum.

Verkefni Siglingaöryggisstofnunar Evrópu eru m.a. eftirfarandi:

1. Aðstoða framkvæmdastjórn ESB við undirbúning reglna á sviði siglingaöryggis.

2. Hafa eftirlit með og tryggja að framkvæmd löggjafar um siglingaöryggi sé með eðlilegum hætti í aðildarríkjum.

3. Hafa eftirlit með flokkunarfélögum og starfsemi hafnarríkiseftirlits.

4. Safna tölfræðilegum upplýsingum um siglingaöryggi og koma upp gagnagrunnum á því sviði.

Stofnuninni verður auk þess falið að beita sérfræðiþekkingu sinni í þágu rannsókna alvarlegra slysa á sjó. Þá verður henni falið að afla gagna um siglingaöryggi og mengun frá skipum.

Í reglugerð Evrópusambandsins er jafnframt mælt fyrir um að starfsmenn Siglingaöryggisstofnunar Evrópu skuli hafa eftirlit með fyrirkomulagi siglingaöryggis og mengunarverndar með því að heimsækja aðildarríki stofnunarinnar. Þar sem Siglingastofnun Íslands mun annast samstarf við Siglingaöryggisstofnun fyrir hönd Íslands er lagt til að bæta þessum tölulið við verkefnalista hennar í lögum.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. samgn.

[21:03]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er kannski ekki um mikið eða stórt mál að ræða, en þó. Hér á að koma á fót tiltekinni stofnun sem á að fjalla um þessi verkefni, þ.e. að vera vaktstöð fyrir siglingar.

Mig langaði að spyrja hæstv. ráðherra, m.a. sökum þess að hann dreifði hér í dag svari við fsp. hv. þm. Kristjáns Möllers um það hversu mörg störf ráðuneytið hefði fært út á land, hvort til álita komi að þessari stofnun verði komið á fót úti á landi. Ýmis byggðarlög gætu tekið við þessari stofnun og þetta er þannig starfsemi að hún gæti vel átt heima úti á landi. Það er ekki kannski verið að tala um að flytja stofnun heldur að fara með þessi verkefni út á land. Ég veit að Vestmannaeyjar gætu vel tekið við þessum störfum og sjálfsagt fleiri byggðarlög.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort til álita komi að skoða það að þessi starfsemi yrði færð eitthvert út á land og kannski í umhverfi sem vel er til þess fallið að taka á móti svona starfsemi.

[21:04]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sem svar við spurningu hv. þm. þá er það skoðun mín að það komi að sjálfsögðu vel til greina að flytja þessa starfsemi út á land.

Hins vegar háttar þannig til að það sem við erum að fjalla um núna á þessu stigi er sú starfsemi sem fer fram í stöð Landssímans í Gufunesi þar sem starfandi er stór hópur manna sem sinnir þessari strandstöðvaþjónustu og um það snýst málið um sinn. Í framtíðinni er gert ráð fyrir þeim möguleika að sú þjónusta sem snýr að strandstöðvaþjónustunni verði boðin út. En eins og er þá mun starfsemin í Gufunesi sinna þeim verkefnum sem vaktstöð siglinga er ætlað að sinna, en til viðbótar bætast síðan verkefni sem að sjálfsögðu væri hægt að sinna hvar sem er á landinu.

[21:06]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi koma þessum sjónarmiðum að á þessu stigi áður en menn taka ákvörðun um hvar stofnuninni verður varanlega fyrir komið.

Það er kannski ekki að ástæðulausu sem ég velti þessu upp núna því að á þessu kjörtímabili, alla vega a.m.k. á síðustu missirum, hafa stöðvar verið lagðar niður í Neskaupstað, Siglufirði og Ísafirði. Því má segja sem svo að störf hafi verið flutt til höfuðborgarinnar. Sjálfum finnst mér þetta vera störf sem virkilega geta átt heima á landsbyggðinni og að þeim sé vel fyrir komið þar, að þessi starfsemi sé alveg

í samræmi við og falli vel að þeim byggðarlögum sem geta tekið við þessu.

Ég vil alla vega koma þessari hugmynd inn í þessa umræðu. Mér fannst á hæstv. ráðherra að hann tæki vel í þetta, þó ég ítreki það sem ég hef sagt áður að það er alveg óvíst að hann komi að því eftir næstu kosningar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsókn flugslysa, 1. umr.

Stjfrv., 523. mál (heildarlög). — Þskj. 866.

[21:07]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir frv. til laga um rannsókn flugslysa. Frv. er afrakstur starfshóps sem skipaður var í ágúst 2001 til þess að endurskoða núgildandi lög um rannsókn flugslysa, nr. 59/1996. Starfshópurinn tók m.a. í störfum sínum mið af alþjóðaflugmálasáttmálanum, svonefndum Chicago-sáttmála, en í viðauka 13 er sérstaklega fjallað um rannsóknir flugslysa.

Markmið flugslysarannsókna samkvæmt frv. er að koma í veg fyrir að slys endurtaki sig og stuðla að auknu öryggi í flugi. Rannsóknarnefnd flugslysa ber ábyrgð á flugslysarannsóknum og ákveður hvenær rannsóknar er þörf og gerir skýrslur um niðurstöður sínar. Þá er rannsóknarnefndin í rannsóknum sínum óháð öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum. Hún ákveður sjálf hvenær efni eru til rannsóknar flugslyss.

Lagt er til að nefndin verði skipuð þremur mönnum í stað fimm áður.

Stjórnskipulagi flugslysarannsókna verður breytt og sjálfstæði nefndarinnar verður treyst í sessi með því að skipa henni forstöðumann er annist daglegan rekstur, stjórni rannsóknarverkefnum og verði rannsóknarstjóri hennar. Sem rannsóknarstjóri verður forstöðumaðurinn ábyrgur fyrir stjórnun á vettvangi flugslysa.

Í frv. er fjallað um tilkynningar um slys og um framkvæmd rannsóknar. Þá er fjallað um skýrslu rannsóknarnefndar flugslysa sem skal greina orsakaþætti slysa í þeim tilgangi að koma í veg fyrir önnur flugslys.

Helstu nýmæli önnur sem frv. hefur að geyma eru að lagt er til að heimilt verði að fela öðru ríki að annast rannsókn flugslysa á íslensku yfirráðasvæði að hluta eða öllu leyti. Þetta getur átt við þegar önnur ríki hafa verulega hagsmuni af rannsókn máls eða hún verður fyrirsjáanlega svo yfirgripsmikil að rannsóknarnefnd flugslysa hafi ekki aðstöðu til að annast hana.

Þrátt fyrir meginregluna um að rannsóknarnefnd ákveði sjálf hvenær tilefni er til rannsóknar flugslyss — og ég undirstrika: Þrátt fyrir meginregluna — er gert ráð fyrir að samgrh. geti falið rannsóknarnefndinni að rannsaka tiltekin flugslys eða atriði er tengjast flugslysi, auk þess sem hann getur falið nefndinni að rannsaka atriði sem varða almennt flugöryggi án þess að það tengist flugslysi.

Rannsókn flugslysa skal jafnframt ná til þess hvernig fyrirkomulag hefur verið á tilkynningum um flugslys og hvernig háttað hefur verið leitar- og björgunaraðgerðum. Lagt er til að rannsóknarnefndinni verði veitt lagaheimild til að fá aðgang að ýmsum upplýsingum svo sem frá Flugmálastjórn, lögreglu og heilbrigðisstarfsfólki. Þá er kveðið á um skyldu þessara aðila til þess að aðstoða við rannsókn máls ef þörf krefur. Jafnframt er kveðið á um sérstaka þagnarskyldu nefndarinnar og þeirra sem starfa fyrir hana. Rétt er að vekja sérstaka athygli á takmörkunum á afhendingu gagna sem rannsóknarnefndin aflar. Slík gögn eru alfarið undanþegin upplýsingalögum.

Rannsóknarnefndin hefur aftur á móti jafnframt sérstaka skyldu til þess að birta opinberlega tillögur sínar til Flugmálastjórnar um úrbætur í flugöryggismálum eftir því sem rannsókn á flugslysum gefur tilefni til.

Að lokum er bent á að ríkisstjórnin hefur samþykkt til framlagningar á Alþingi frv. til laga um breytingu á lögum um rannsókn sjóslysa, þar sem lagðar eru til sambærilegar breytingar á framkvæmd rannsókna sjóslysa og mun ég mæla fyrir því frv. hér í kvöld.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[21:11]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil segja það í þessari umræðu að ég held að það frv. sem hér er mælt fyrir sé óhjákvæmileg afleiðing eða afsprengi þeirrar umræðu sem fram hefur farið undanfarin missiri um flugöryggismál.

Við fyrstu yfirferð á þessu frv. finnst mér hér vera margt til bóta. Ég held að hægt sé að hrósa hæstv. samgrh. fyrir að láta þessa vinnu fara fram og vinna þetta í ljósi þeirrar umræðu sem fram hefur farið og að mörgu leyti taka mið af henni. Að því leytinu til vil ég segja að það er ánægjulegt til þess að vita að umræðan hafi orðið til góðs og að hún hafi skilað okkur áfram. Mér fannst nú reyndar sjálfum að kannski hefði mátt láta þess getið í greinargerð af hvaða orsökum þessi vinna fór af stað o.s.frv. Ég held að það hefði verið við hæfi. Ég ætla samt ekki að gera mikið úr því í þessari umræðu en vil nefna það hér að ég held að það verði að teljast hæstv. samgrh. til hróss að hafa tekið á þessum málum með þessum hætti og komið fram með þetta frv. í kjölfar þeirrar umræðu sem fram hefur farið, því að sú braut sem hæstv. samgrh. gekk í þeirri umræðu var oft og tíðum grýtt og erfið.

En aðeins um frv. Eins og fram kemur í frv. þá er inntak og markmið rannsóknar flugslyss að afla upplýsinga um það hvers vegna slysið átti sér stað og að reyna að tryggja að af því megi læra og að slíkt slys endurtaki sig ekki. Undir það taka held ég allir sem vilja fjalla um þessa hluti.

Mig langaði að nefna það aðeins í þessu samhengi, þó að það komi ekki fram í frv., að ég held að það sé mjög mikilvægt að Flugmálastjórn og rannsóknarnefnd flugslysa geri með sér tiltekinn samning um það hvernig samskiptum þessara aðila skuli háttað og á sama hátt verðum við ætíð að hafa í huga vegna eðlis starfa Flugmálastjórnar að skilið sé vandlega á milli Flugmálastjórnar og rannsóknarnefndar flugslysa. Vegna hlutverks Flugmálastjórnar hljóta störf hennar ætíð að koma til skoðunar þegar eitthvað kemur upp á. Flugmálastjórn hefur með höndum eftirlit og ýmislegt sem tengist flugi og það hlýtur ætíð að koma til skoðunar þannig að ég held að nauðsynlegt sé að þarna sé skilið mjög vandlega á milli. Ég held að þetta sé eitt af þeim atriðum sem við munum taka til skoðunar þegar málið kemur til samgn. Ég sit í samgn. og mun því fá betra tækifæri til þess að fjalla um frv.

Hér eru augljóslega nokkur ákvæði sem eiga rót sína að rekja til þeirrar umræðu sem fram hefur farið og ég ætla nú ekki að rekja frekar. En mig langaði aðeins að beina athygli hæstv. ráðherra að 19. gr. frv. Þar er með skýrum hætti tekið fram, með leyfi forseta:

„Óheimilt er að veita aðgang að eftirfarandi gögnum" — þau eru rakin þar í nokkrum stafliðum — „sem rannsóknarnefnd flugslysa aflar við rannsókn flugslyss eða upplýsingar um þau, ..."

Þó er talað um einhverja undantekningu í þeim efnum.

Ég velti því fyrir mér í þessu samhengi og eins í ljósi þeirrar umræðu sem fram fór hvort ekki sé dálítið hart fram gengið að kveða á um þetta með þeim hætti sem hér er gert, kannski ekki síst í því ljósi að mjög víða annars staðar í heiminum er veittur aðgangur að slíkum gögnum. Ég átta mig ekki alveg á því hvaða rök það eru — ég er reyndar búinn að lesa greinargerðina og sé hvað þar kemur fram — en ég átta mig ekki alveg á því hvaða rök standa til þess að menn gangi svona fram, að undanskilja þennan aðgang. Nú veit ég að í Bandaríkjunum — en það hefur nú oft verið horft til þeirra við rannsókn á flugslysum — er aðgangur heimilaður og þeir ganga ekki svona hart fram. Vissulega eru sjónarmið með og móti. En ég held að það væri öllum mikið aðhald, og nú er ég ekki að tala um að menn hafi að þessu óheftan aðgang, en ég held að það gæti verið gott aðhald fyrir rannsókarnefndina að þurfa að hafa það á bak við eyrað að þau gögn sem hún vinnur með kunni síðar að koma til skoðunar. Ég held að það sé ekki gott fyrir nefndina sjálfa að vinna hennar og þau gögn sem hún aflar séu lokuð þar inni og aldrei komi til þess að aðrir geti skoðað þau.

Ég vil hins vegar líka segja að ég á eftir að fá tækifæri til þess að fara betur yfir þetta. Kannski koma þá fram rök og sjónarmið sem skýra það og upplýsa um af hverju við förum þessa leið. Kannski höfum við hugsað þetta lengra en Bandaríkjamenn. Ég skal ekkert um það segja. En þetta eru atriði sem mig langaði að nefna við 1. umr. málsins um leið og ég vil ítreka ánægju mína yfir því að hæstv. ráðherra hafi látið vinna þessa vinnu. Ég held að ekki leiki nokkur vafi á því að stærstur hluti þessa frv., ef ekki allt frv., er til mikilla bóta fyrir þessi málefni.

[21:18]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka þau viðbrögð sem hér hafa orðið við þessu frv. Ég vil aðallega nefna tvennt. Í fyrsta lagi tek ég undir að það er afar mikilvægt að skilið sé á milli starfsemi rannsóknarnefndar og Flugmálastjórnar, og það er vissulega gert og lögð mjög mikil áhersla á að það séu skýrar starfsreglur — og það er í framkvæmd — um aðgang milli aðila, annars vegar þeirra sem rannsaka flugslys og hins vegar þeirra sem sjá um framkvæmd flugmála, og flugöryggisþáttanna sérstaklega. Það er afar mikilvægt og nauðsynlegt að trúnaður ríki um þau samskipti.

Hvað varðar hins vegar 19. gr. sem hv. þm. nefndi hér sérstaklega tel ég að það sé afar mikilvægt að þær leiðir séu farnar við rannsókn flugslysa og raunar sjóslysa einnig sem leitt geta til þess að sem mestur trúnaður sé um störf þessara rannsókna og að meginatriðið sé að grafast fyrir um orsakir sem geti leitt til þess að koma megi í veg fyrir slys í framtíðinni. Ég tel að ef trúnaður er nauðsynlegur sé afar mikilvægt að lagaumgjörðin sé þannig að hann sé tryggður.

Ég tek að sjálfsögðu undir að samgn. fái færi á að fara yfir þetta mál, m.a. þau atriði sem hér eru nefnd. Ég ítreka hins vegar það sem fram kom í ræðu minni að starfshópurinn sem vann þetta frv. hafði að sjálfsögðu til hliðsjónar í vinnu sinni og tók mið af alþjóðaflugmálasáttmálanum sem er grundvöllur að rannsóknum flugslysa.

[21:20]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er svo sem ekki að leggja til annað en það varðandi þá leynd sem mun hvíla yfir rannsóknarnefnd flugslysa, verði þetta frv. óbreytt að lögum, að nefndin fái aukinn trúverðugleik. Ef menn geta haft aðgang að þeim gögnum sem hún vinnur með — hættan er sú að ef allt verður lokað inni sem þessi nefnd vinnur með verði niðurstöður hennar þá frekar til þess fallnar að menn gagnrýni þær. Ég er ekki að tala um óheftan aðgang. Ég er aðeins að tala um að í tilteknum tilvikum getur verið mikilvægt að hægt sé að veita þennan aðgang og með því að taka svo til orða, eins og frv. leggur til, að það sé óheimilt að veita þennan aðgang geti komið upp sú staða að niðurstöður nefndarinnar verði frekar dregnar í efa en hitt.

Ég nefni þetta kannski fyrst og fremst til þess að rannsóknarnefndin fái enn frekari trúverðugleik og menn trúi enn frekar og treysti niðurstöðum hennar. Það er þess vegna sem ég vildi nefna þetta í þessari umræðu, virðulegi forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsókn sjóslysa, 1. umr.

Stjfrv., 552. mál (starfshættir rannsóknarnefndar, aðsetur o.fl.). — Þskj. 899.

[21:22]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000.

Tilgangur frv. er tvíþættur. Annars vegar er lagt til að hlutverk rannsóknarnefndar sjóslysa verði aukið. Verði frv. að lögum ber nefndinni að rannsaka atriði sem telja má að hafi verulega þýðingu fyrir afleiðingar sjóslysa, þ.e. hvaða fyrirkomulag hefur verið á tilkynningum um sjóslys og hvernig leitar- og björgunaraðgerðum hefur verið háttað.

Í gildandi lögum er hlutverk rannsóknarnefndar bundið við orsök sjóslysa en engum óháðum aðila er ætlað að rannsaka leitar- og björgunaraðgerðir. Í ljósi reynslunnar þykir affarasælast að fela rannsóknarnefnd sjóslysa þetta aukna hlutverk. Sambærilegt ákvæði er lagt til í frv. um rannsókn flugslysa, sem ég mælti fyrir fyrr á fundinum.

Hins vegar er markmið frv. að veita ráðherra heimild til þess að fela nefndinni endurupptöku mála ef aðstæður krefjast, t.d. ef nýjar upplýsingar eða gögn berast eftir að rannsókn málsins er lokið. Þetta ákvæði á við í algjörum undantekningartilvikum en reynslan hefur þó sýnt að nauðsynlegt er að hafa svona heimild í lögum.

Frv. felur í sér að öðru leyti almennar breytingar, t.d. er kveðið skýrt á um þagnarskyldu þeirra sem rannsaka sjóslys, hvar aðsetur nefndarinnar skuli vera og kveðið er á um samskipti nefndarinnar við aðra aðila sem að rannsókn sjóslysa kunni að koma. Að lokum er bent á það sem fram kom í framsögu minni fyrr á fundinum og varðar flugslysarannsóknir en þar er um að ræða, eins og fram hefur komið fyrr, sambærilegar breytingar og lagðar eru til hér.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. samgn.

[21:24]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að frv. sem hér er boðað sé til bóta. Það er aðeins eitt atriði sem ég vildi fá svar við beint. Getur ráðherrann skýrt það örlítið betur þegar hann talar um að veita heimildina til þess að taka upp gömul mál og rannsaka þau á ný?

Sjóslys eins og reyndar önnur slys eru auðvitað alltaf viðkvæm mál og ekki auðvelt að taka þau upp á nýjan leik. Ég vildi spyrja ráðherrann hvort hann gæti skýrt það aðeins betur en mér finnst koma fram í frv. og greinargerðinni hvaða tilvik hann sæi sérstaklega fyrir sér í þessa veru.

[21:26]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að að þessu þarf að fara af mikilli aðgát. Það er mjög vandmeðfarið að taka upp rannsókn slíkra mála og þess vegna lít ég svo til að það sé fyrst og fremst og nær eingöngu ef um það er að ræða að nýjar upplýsingar komi fram sem gætu haft áhrif á fyrri rannsókn, eða rannsókn máls almennt. Það eru fyrst og fremst þau tilvik sem ég lít til að geti skapað þær aðstæður að ráðherra beiti sér fyrir upptöku máls að nýju.

[21:27]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð um það frv. sem hæstv. ráðherra hefur hér fylgt úr hlaði, frv. til laga um breytingu á lögum um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000. Hér er verið að bæta við nokkrum þáttum sem manni finnast alveg sjálfsagðir og skrýtið að ekki hafi komið inn í síðustu endurskoðun, eins og í 1. gr. þar sem fjallað er um þagnarskylduna. Það er auðvitað sjálfsagt mál. Enn fremur í 3. gr. þar sem fjallað er um að rannsóknarnefnd sjóslysa hafi rétt til að kveðja sér til aðstoðar lögreglu, aðra opinbera aðila og annað björgunar- og hjálparlið. Auðvitað er þetta sjálfsagður hlutur og mjög í takt við það sem verið var að ræða rétt áðan um rannsóknarnefnd flugslysa og eðlilegt að þetta sé sett upp á svipaðan hátt. Það er mikilvægt, herra forseti, að þetta sé sett þannig inn og enn fremur að rannsóknarnefnd sjóslysa skuli fara yfir fyrirkomulag tilkynninga um sjóslys, um fyrirkomulag tilkynninga til leitar, björgunaraðgerða og annarra aðgerða sem ætlað er að draga úr afleiðingum sjóslysa. Síðan er í seinni málslið 4. gr. fjallað um það að samgrh. sé heimilt að fela rannsóknarnefnd sjóslysa að rannsaka atriði sem varða almennt öryggi til sjós án þess að þau tengist sjóslysi. Allt á þetta náttúrlega að vera til þess að reyna að draga úr og fækka sem mest sjóslysum, hvort sem það eru skipsskaðar eða slys um borð.

Það er rétt að fjalla hér um nokkra þá þætti sem ég hef hér rætt um, t.d. hvernig háttað hefur verið leitar- og björgunaraðgerðum. Án þess að ég ætli að fara að lengja þessa umræðu mikið hér í kvöld, það er langt liðið á dag, eru auðvitað nýleg sjóslys og ýmislegt sem þar gerðist þess eðlis að ástæða er til að fara yfir það, sem hefur líka verið gert örlítið, og minni ég á fund sem hv. samgn. átti með fulltrúum leitar- og björgunarmanna eftir sjóslys sem varð við suðurströndina og annað sem varð við norðurströndina á síðasta ári.

Það er sannarlega ástæða til að fara í gegnum það og skoða hvernig þetta átti sér stað. Þess vegna er mikilvægt að rannsóknarnefnd sjóslysa fái þessa heimild og það sé eitt af verkefnum rannsóknarnefndarinnar að fara yfir þetta atriði til þess að láta það þá koma fram í skýrslunum sem tillögu, eða hún kemur fram sem eftirlitsaðili til að slíkt hendi ekki aftur. Ég er, til þess að vera ekki með neinar véfréttir, að ræða m.a. um þegar Una í Garði sökk norðan við land og þegar björgunarbátur Slysavarnafélagsins var ekki ræstur út og þeir sem stýra því ágæta skipi fréttu þetta eiginlega í morgunkaffinu á ákveðnum vinnustað. Það hvernig þetta gerðist allt gefur okkur sannarlega fulla ástæðu til þess að skoða þessi atriði og festa þau betur í lög.

Jafnframt er kveðið hér á um að samgrh. hafi heimild til þess að óska eftir því eða geti falið rannsóknarnefnd sjóslysa að rannsaka nánar tiltekið sjóslys eða sérstök atriði sem tengjast sjóslysi, einkum ef ný gögn eða upplýsingar koma fram eftir að rannsókn er lokið. Þetta er líka sjálfsagður þáttur og eðlilegur, og maður spyr sig frekar hvers vegna þetta hafi ekki verið áður. Nú þekki ég ekki og kynnti mér ekki áður þau lög sem við erum hér að fjalla um, lög nr. 68/2000, en inn í þetta atriði sem ég nefndi hér um heimild til samgrh. um að fela rannsóknarnefnd sjóslysa að taka upp mál kemur auðvitað upp í huga manns Ásuslysið svokallaða og mikil og góð barátta Kolbrúnar Sverrisdóttur í því máli, sú barátta að fá málið tekið upp á ný.

Auðvitað geta komið upp atriði á seinni stigum þar sem aðilar, tengdir eða ótengdir, koma með nýjar upplýsingar og þá er mikilvægt að hægt sé að leggja þær í hendur einhvers aðila og þá er eðlilegt að það sé samgrh. sjálfur, yfirmaður þessara mála, og hann hafi heimild til þess að óska eftir því að málið verði tekið upp.

Að lokum, herra forseti, er í umsögn fjmrn. fjallað um að þetta hafi ekki kostnaðarhækkanir í för með sér, það sé þegar gert ráð fyrir kostnaðinum. Ég get samt ekki látið hjá líða að nefna það sem ég hef heyrt meðal útgerðarmanna — náttúrlega væri full ástæða til að skoða það sem segir okkur þá kannski að rannsóknarnefnd sjóslysa hafi ekki nægа peninga til þess að sinna starfi sínu — og það er að rannsóknarnefnd sjóslysa hafi á árum áður — nú kann ég ekki að segja fyrir hve mörgum árum eða hvort það er enn við lýði — hringt í útgerðaraðila um landið til þess að safna fé til að gefa niðurstöður nefndarinnar út í bókarformi árlega. Ég tel, herra forseti, að það eigi að vera eitt af hlutverkum nefndarinnar og eigi að falla undir fjárhagsramma hennar að hægt sé að gera það, og dreifa til þeirra aðila sem vilja fá niðurstöðurnar, að maður tali ekki um að það sé gert á netinu líka til þess að sem flestir geti séð gögnin ef ske kynni að hægt væri að nýta upplýsingar sem þar koma fram til þess e.t.v. að fyrirbyggja slys eða skipsskaða.

Að lokum, herra forseti, er hér ein lítil málsgrein í 1. gr. um að aðsetur rannsóknarnefndar sjóslysa sé í Stykkishólmi nema ráðherra ákveði annað. Ég get ekki annað en fagnað því og hælt ráðherra fyrir það. Það er ekki svo oft sem maður getur hælt ráðherrunum — ég er ekki endilega að tala um þann hæstv. samgrh. sem situr hér nú, heldur ráðherrum ríkisstjórnarinnar almennt — fyrir það að flytja störf út á land. Þarna var rannsóknarnefnd sjóslysa flutt til Stykkishólms og við sem eigum sæti í samgn. áttum þess kost að heimsækja þá ágætu menn sem hjá nefndinni starfa í gömlu flugstöðina á Stykkishólmsflugvelli og sáum hve vel fór um nefndina þar. Flugstöðin hefur fengið nýtt hlutverk, að hýsa rannsóknarnefnd sjóslysa, og það er hið besta mál. Ég get ekki annað en fagnað því að einhver verkefni eru flutt út á land og það sé gert á þennan hátt en það sýnir okkur líka

að það er víða hægt að taka til hendinni við að flytja störf út á land.

Ég ætla ekkert að spilla gleði kvöldsins, hvorki þingmanna né hæstv. ráðherra, með því að fjalla um svar sem dreift var á borð okkar þingmanna í dag eða kvöld sem svari við fyrirspurn minni um flutning fjarvinnsluverkefna og -starfa út á land á síðasta ári. Mér sýnast flestöll svörin vera að koma frá ráðherrunum og ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að ég get ekki undir neinum kringumstæðum hælt hæstv. ráðherrum í ríkisstjórninni fyrir þau verkefni sem þeir hafa flutt út á land á sviði fjarvinnsluverkefna á síðasta ári eða annarra starfa vegna þess að það er lítið sem ekki neitt. (**Samgrh.:** Þá gleymirðu fyrra svarinu.) Gleymi ég hverju? (**Samgrh.:** Fyrra svarinu.) Sem var hvenær? Í haust? (Gripið fram í.) Já, við skulum bara fara yfir það, það er þá eitthvað sem hefur farið algjörlega fram hjá mér eða ég man ekki eftir núna. En eins og ég segi, ég vil endilega nota þau tækifæri sem gefast til þess að hæla ráðherrum þegar þeir flytja störf út á land þó að þau séu allt of fá, en hvetja þá jafnframt til dáða, að það beri að gera meira af því.

[21:36]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég held að þetta sé ágætisfrv. sem hér er til umræðu og ætla svo sem ekki að fara að fjalla um það í heild en ég sé ástæðu til þess að ræða um eina grein frv. og kem að því síðar hver ástæðan er fyrir því. Hæstv. ráðherra nefndi það í framsögu sinni. Það er sem sagt það nýmæli sem kemur fram í 4. gr. frv. Um það segir, með leyfi forseta: „Í 1. efnismgr. er tiltekið að rannsóknarnefnd sjóslysa skuli, þegar það á við, láta rannsókn sjóslyss jafnframt ná til atriða sem telja má að ráði miklu um afleiðingar sjóslysa, ...“ Ég vil ræða þetta vegna þess að ég hef flutt hér á síðustu tveimur þingum þáltill. um úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála og mér sýnist að með 4. gr. þar sem sjóslysanefnd er falið það hlutverk að skoða afleiðingar slysanna og hvað gerist í landi, sé verið að gera töluverðan hluta af því sem ég hef lagt til í þessari þáltill., þ.e. að fjalla um þessa hluti, aðstæður björgunarmanna, möguleika til að komast að slysstöðum, t.d. á staði þar sem oft verða slys, láta jafnvel gera vegslóða á slíka staði, koma fyrir einhvers konar tækjum á þeim stöðum þar sem oftast hafa orðið slys. Ég nefni Snæfellsnes og Reykjanes í þessu sambandi og það er auðvitað nefnt í greinargerð með þáltill. sem nýlega var vísað til nefndarinnar. Ég vek athygli nefndarmanna á þessari þáltill. Ég býst við að sjóslysanefnd muni þá gera tillögur til úrbóta á þeim atriðum sem koma upp vegna slysanna.

Í þáltill. er einnig rætt um staðsetningartækin, fjarskiptin og annað slíkt sem kom sérstaklega upp í þeim slysum sem voru hér nefnd áðan þar sem tæknin var til staðar en nýttist ekki af ýmsum ástæðum, sem líklega má rekja til þess að endurvarpsstöðvar vantaði og annað eftir því. Allt þetta mun sjóslysanefnd nú fjalla um og hafa það hlutverk að fjalla um eftir að frv. verður samþykkt sem ég vona sannarlega að verði.

Erindi mitt hingað var hins vegar að fagna því að þetta frv. skuli flutt og að vekja athygli á þessari till. til þál. Það er fleira í henni en ég hef farið yfir hér en ég vildi láta þetta koma fram við umræðuna.

[21:40]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær undirtektir sem frv. hefur fengið, frv. um breytingu á lögum um rannsókn sjóslysa, og vænti þess að hv. samgn. fái færi á að fara rækilega yfir efni frv. þó að það sé ekki margar greinar eða í raun mikið efni.

Út af því sem hér kom fram, fyrst varðandi það sem kom fram hjá hv. þm. Kristjáni L. Möller um flutning verkefna og starfa út á land, er ég ánægður með að njóta stuðnings hans við staðsetningu nefndarskrifstofunnar úti á landi. Hún var áður í Hafnarhúsinu. Það vill brenna við að mikið af verkefnum, störfum og stofnunum safnist hér í Kvosinni þannig að það var mikið nýmæli að færa stofnunina, þó að hún sé ekki stór, út á land.

Ég vek athygli á því, vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. sem er auðvitað allt annað mál en það sem verið er að fjalla um hér í raun og veru, að á þskj. sem var svar frá samgrh. til þingmanns í haust kom fram að það sem af er kjörtímabilinu hafa verið færð út á land verkefni og störf sem nema 95 stöðugildum á vegum stofnana og fyrirtækja sem heyra undir samgrn. Það er því ekki hægt að segja með sanni að ekki hafi verið reynt að færa verkefni út á land á vegum samgrn. Meðal þess sem þar er nefnt er sú starfsemi sem rannsóknarnefnd sjóslysa hefur með að gera.

Hér er fjallað um heimild sem ég tel að þurfi að fara afskaplega varlega með, heimild til upptöku rannsókna sjóslysa. Ég vek athygli á því að ég skipaði sérnefnd vegna rannsóknar flugslyssins í Skerjafirði og það var eftir að rannsóknarnefndin hafði sagt sig frá frekari rannsókn. Það var ekki heimild fyrir ráðherra að hafa nokkur afskipti af því máli lögum samkvæmt, sjálfstæði rannsóknarnefndar flugslysa og sjóslysa er slíkt að ráðherra gat ekki tekið málið upp á grundvelli núverandi laga. Nefndin óskaði eftir því sjálf í því tilviki.

Sama var um rannsóknarnefnd sjóslysa. Eftir umfjöllun í siglingaráði og í samgrn. varð að ráði að rannsóknarnefnd sjóslysa tæki til við rannsókn á björgun og aðdraganda á tilkynningu vegna slyss sem varð við Snæfellsnes. Rannsóknarnefndin hefur unnið að því að undanförnu að rannsaka björgunarþáttinn í tengslum við það slys, Svanborgarslysið, sem ég tel og er kannski að hluta til ástæða þess að ég flyt þetta frv. sem snýr að frekari rannsókn björgunar.

Ég tel afar þýðingarmikið — þetta er svo samofið allt saman, slysið, björgun og aðdragandi, að ekki er hægt að slíta það sundur — að fá þessar heimildir sem frv. gerir ráð fyrir en undirstrika enn og aftur að afar mikilvægt er að farið sé varlega með upptökuheimildir og það verði að vera rökstudd ástæða, ný gögn sem kalla til slíkrar ákvörðunar ráðherra á grundvelli heimildar í lögum.

Síðan tek ég undir það sem kom fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. Ég er sammála því að sú þáltill. sem hann hefur flutt er mjög athyglisverð og ég fagna því ef hægt er að sauma hana saman við þau ákvæði sem þetta frv. gerir ráð fyrir og tel einsýnt að hv. samgn. fari yfir það saman. Að öðru leyti þakka ég fyrir undirtektir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 13. mál.

Fundi slitið kl. 21:45.

72. FUNDUR

miðvikudaginn 5. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006, stjtill., 563. mál, þskj. 911. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014, stjtill., 469. mál, þskj. 774. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Siglingastofnun Íslands, stjfrv., 539. mál, þskj. 884. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Rannsókn flugslysa, stjfrv., 523. mál, þskj. 866. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Rannsókn sjóslysa, stjfrv., 552. mál, þskj. 899. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Sigríður Ingvarsdóttir, 1. þm. Norðurl. v.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:30]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég get ekki sökum læknismeðferðar sótt þingfundi í næstu tvær vikur óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varaþingmaður á lista Sjálfstfl. í Reykjavík, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv."

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Um kl. 3.30 síðdegis fer fram umræða utan dagskrár um úrskurð ráðherra um Norðlingaölduveitu. Málshefjandi er Steingrímur J. Sigfússon. Settur umhvrh., Jón Kristjánsson, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:31]

Útbýting þingskjals:

Norræna ráðherranefndin 2002, 572. mál, skýrsla samstrh., þskj. 923.

Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006, frh. fyrri umr.

Stjtill., 563. mál. — Þskj. 911.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014, frh. fyrri umr.

Stjtill., 469. mál. — Þskj. 774.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Siglingastofnun Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 539. mál (vaktstöð siglinga, EES-reglur). — Þskj. 884.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Rannsókn flugslysa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 523. mál (heildarlög). — Þskj. 866.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Rannsókn sjóslysa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 552. mál (starfshættir rannsóknarnefndar, aðsetur o.fl.). — Þskj. 899.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:34.

---

73. FUNDUR

miðvikudaginn 5. febr.,
að loknum 72. fundi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Gerð neyslustaðals, fsp. JóhS, 500. mál, þskj. 833.

Til utanríkisráðherra:

2. Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, fsp. KLM, 470. mál, þskj. 775.

Til iðnaðarráðherra:

3. Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, fsp. KLM, 482. mál, þskj. 787.

Til samgönguráðherra:

4. Flutningskostnaður, fsp. EKG, 434. mál, þskj. 586.

Til félagsmálaráðherra:

5. Persónulegur talsmaður fatlaðra, fsp. ÁRJ, 498. mál, þskj. 831.

Til heilbrigðisráðherra:

6. Heilsugæslumál á Suðurnesjum, fsp. KPál, 502. mál, þskj. 835.

7. Lífeyrisgreiðslur til Íslendinga erlendis, fsp. ÁRJ, 553. mál, þskj. 900.

Til menntamálaráðherra:

8. Stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ, fsp. JB, 524. mál, þskj. 868.

9. Efling fjarnáms, fsp. BjörgvS, 534. mál, þskj. 878.

10. Háskóladeildir á landsbyggðinni, fsp. BjörgvS, 535. mál, þskj. 879.

11. Samræmd stúdentspróf, fsp. BjörgvS, 541. mál, þskj. 888.

Til fjármálaráðherra:

12. Niðurstöður starfshóps um samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis, fsp. KolH, 531. mál, þskj. 875.

Gerð neyslustaðals.

Fsp. JóhS, 500. mál. — Þskj. 833.

[13:35]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Fyrir tveimur til þremur árum flutti ég á Alþingi tillögu um að unninn yrði samræmdur neyslustaðall um framfærslukostnað heimila eftir fjölskyldugerð sem yrði leiðbeinandi fyrir stjórnvöld og ýmsar ákvarðanir er lúta að fjárhæð bóta og styrkja velferðarkerfisins. Tilgangurinn með þessari tillögu var að gerður yrði samræmdur neyslustaðall sem stjórnvöld ættu að nota sem viðmiðunargrundvöll við ýmsar ákvarðanir sem tengdust rétti til bóta samkvæmt skatta- og almannatryggingalögum sem og fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögum. Ekki síður átti þessi neyslustaðall að vera grundvöllur greiðsluáætlunar og greiðslumats hjá lánastofnunum, þar með talið Lánasjóði íslenskra námsmanna, og við innheimtu vangoldinna opinberra gjalda, t.d. skattaskulda og meðlagsgreiðslna. Slíkur neyslustaðall er víða til, t.d. í Evrópu, og hefur þann tilgang sem ég hef hér lýst.

Hér á landi tekur hið opinbera mið af a.m.k. fimm mismunandi framfærslugrunnum við ákvörðun bóta, lána, fjárhagsástæðna og styrkveitinga svo og við mat á greiðslugetu vegna fjárhagserfiðleika. Má þar nefna tryggingakerfið, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, Lánasjóð íslenskra námsmanns, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Íbúðalánasjóð og lánastofnanir. Að auki má nefna tekjutengdar bætur skattkerfisins. Allur gangur virðist vera á því að hve miklu leyti kannanir liggja að baki nauðsynlegum framfærslukostnaði hverrar fjölskyldugerðar. Mikilvægt er að gerður verði hér einn samræmdur neyslustaðall sem opinberir aðilar byggi á við ákvarðanir sem tengjast framfærslu og tekjum. Annars staðar á Norðurlöndum og reyndar víða í Evrópu hefur verið farin sú leið að þróa neyslustaðal sem framfærslukostnaður eftir fjölskyldugerð og stærð byggist á og er notaður við ýmsar stjórnvaldsákvarðanir. Alþingi gekk skemur en tillagan kvað á um sem ég og fleiri þingmenn Samfylkingarinnar fluttu.

Ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. forsrh. fyrirspurn um efni þessarar tillögu eins og hún var samþykkt frá Alþingi og ég spyr hæstv. ráðherra hvort gerð hafi verið könnun á notkun neysluviðmiðana í nágrannalöndum okkar við ákvarðanir er lúta að fjárhæðum bóta og styrkja í velferðarkerfinu, við mat á greiðslugetu við innheimtu vangoldinna opinberra gjalda og meðlagsgreiðslna og við ákvarðanatöku við lánveitingar úr opinberum sjóðum, svo sem lánasjóðum námsmanna og íbúðalánasjóðum í samræmi við þál. þar að lútandi sem samþykkt var á Alþingi 19. maí 2001. Hefur verið tekin ákvörðun um að samræma slíkar neysluviðmiðanir hér á landi, notkun þeirra eða aðferðir við gerð þeirra í samræmi við sömu þál.? Og loks spyr ég hvort hæstv. ráðherra telji rétt að lágmarksframfærslukostnaður eftir fjölskyldugerð verði skilgreindur og gerðar tillögur til úrbóta sem miði að því að enginn hafi sér til framfærslu tekjur undir skilgreindum framfærslumörkum.

[13:38]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Vegna þessarar fyrstu fyrirspurnar vil ég nefna að í framhaldi af viðræðum ríkisstjórnarinnar við fulltrúa Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins vorið 2001 um forsendur kjarasamninga var m.a. ákveðið að fjmrh. mundi skipa nefnd með aðild Alþýðusambandsins, ráðuneytisins og Þjóðhagsstofnunar og hinn 3. ágúst það ár skipaði fjmrh. nefnd undir forustu Bolla Þórs Bollasonar skrifstofustjóra. Hlutverk hennar var að kanna kosti og galla þess að taka upp fjölþrepatekjuskatt hjá einstaklingum og einnig var nefndinni falið að kanna forsendur þess að vinna upplýsingar um viðmiðunarreglur fyrir mismunandi fjölskyldur sem nota má m.a. við útreikning á greiðslubyrði og félagslegum bótum og við mat á breytingum á skatt- og bótakerfi. Þar sem efni framangreindrar ályktunar og hlutverk ofangreindrar nefndar um fjölþrepaskatt og viðmiðunarneyslu skarast svo mjög var ekki talin nauðsyn á því að stofna sérstaka nefnd á vegum forsrn. um neyslustaðal. Nefndin um fjölþrepaskatt er að leggja lokahönd á vinnuna og er skýrsla hennar væntanleg á næstu mánuðum. Nefndinni er þannig ekki ætlað að gera beinar tillögur um hvernig slíkar reglur geta litið út, heldur kanna þörfina, kortleggja hvar slíkar viðmiðanir er helst að finna og skoða hvernig þessu er háttað í helstu nágrannalöndum okkar.

Það er óumdeilt að víða er þörf á viðmiðunarreglum um hvað telja beri viðunandi neyslu eða lífskjör. Hér má einkum nefna Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Lánasjóð íslenskra námsmanna, Íbúðalánasjóð, félagsþjónustu sveitarfélaga og ýmsar fjármálastofnanir sem veita einstaklingum lán og ráðgjöf. Dómstólar hafa einnig leitað eftir slíkum viðmiðunum, t.d. við úrskurði um meðlagsgreiðslur. Loks má nefna mikilvægi almennrar neytendafræðslu. Allir þessir aðilar hafa notað ákveðin en reyndar mismunandi viðmið. Um þau hefur ekki ríkt sátt og þessar stofnanir hafa því leitað eftir skýrari aðferðum. Enn fremur hefur iðulega verið kallað eftir mati á einhvers konar lágmarksframfærslu í opinberri umræðu eins og menn kannast við. En þótt eftirspurn eftir viðmiðunarreglum um mismunandi neyslu sé mikil er framboð til muna minna sem m.a. má rekja til þeirrar erfiðu

skilgreiningarvandamála sem við er að fást og blasa við. Ljóst er að hægt er að setja fram áætlanir um lágmarksneyslu matvæla sem uppfyllir öll skilyrði manneldisráðs um sem lægstan kostnað. Það leysir þó ekki þennan vanda nema að litlu leyti því að bæði er það að í samfélagi okkar er viðunandi matarneysla langt umfram lágmarksþörf og eins er erfitt að beita sömu aðferð við mat á annarri neyslu. Neyslukannanir Hagstofunnar gefa hér takmarkaða leiðsögn enda til þeirra stofnað í allt öðrum tilgangi. Hagstofan mælir þannig meðalneyslu heimila sem hlýtur að taka fyrst og fremst mið af meðaltekjum þeirra en segir lítið um hvaða neysla megi teljast viðunandi og því enn minna um lágmarksneyslu. Samsetning neyslu í könnun Hagstofu er heldur ekki vísbending um samsetningu viðmiðunarneyslu þar sem aukinn kaupmáttur leiðir ekki til aukinna kaupa á öllum vörum heldur beinist kaupmáttarauki samhljóða auknum tekjum gjarnan að neyslu lúxusvara.

Þá má geta þess að beinar neysluviðmiðanir eru ekki til staðar við ákvörðun námsaðstoðar annars staðar á Norðurlöndunum. Þar eins og hér á landi er aðstoðinni fyrst og fremst ætlað að tryggja fjárhagsgrundvöll námsmanna. Ef nauðsyn krefur þurfa þeir að ná endum saman með sjálfsaflafé. Í Danmörku, Finnlandi og Noregi eru t.d. grunnfjárhæðir óháðar verðlagi og mismunandi framfærslukostnaði í þeim löndum sem nám er stundað í. Í Svíþjóð eins og á Íslandi er námsaðstoðin á hinn bóginn háð framfærslukostnaði í hvoru námslandi fyrir sig.

Í Danmörku og Finnlandi eru hámarksfjárhæðir ákveðnar í lögum án nokkurra viðmiðana. Í norskum lögum er markmið aðstoðarinnar að menntunin geti átt sér stað óháð búsetu, aldri, kyni, fjárhagslegum eða félagslegum aðstæðum. Menntmrn. ákveður á þessum grunni fjárhæðir sem veittar eru til framfærslu. Tekið er tillit til helstu kostnaðarþátta og þróunar verðlags. Um beinar neysluviðmiðanir er þó ekki að ræða. Í Svíþjóð taka grunnfjárhæðir árlegum breytingum í samráði við tilgreindar fjárhæðir í sænsku almannatryggingalögunum.

Varðandi 2. spurningu er ástæða til að bíða eftir niðurstöðu nefndarinnar sem ég áðan gat um áður en ákvörðun er tekin um samræmingu á neysluviðmiðunum. Vafalaust kann slík samræming að auðvelda þeim starf sem útdeila fé á félagslegum grundvelli en jafnljóst er að slíkar viðmiðanir gefa aldrei einhlíta niðurstöðu.

Varðandi 3. spurninguna hef ég farið yfir nokkra þá agnúa sem við blasa þegar skilgreina á lágmarksframfærslukostnað. Jafnvel þótt sæmileg sátt takist um slíka skilgreiningu er það þrautin þyngri að tryggja að enginn hafi sér til framfærslu tekjur undir skilgreindum mörkum. Hverjum er ætlað að tryggja slíkt? Ef atvinnulífinu er ætlað það er það á verksviði aðila vinnumarkaðarins við ákvörðun á lágmarkslaunum. Sé hinu opinbera ætlað að tryggja þær tekjur hvílir framfærsluskyldan á herðum sveitarfélaga samkvæmt lögum um félagslega þjónustu sveitarfélaga. Það er því eðlilegt með tilliti til frjáls ákvörðunarréttar sveitarfélaganna að frumkvæði að skilgreiningu á lágmarksframfærslukostnaði eftir fjölskyldustærð komi frá þeim. Það er hins vegar mín skoðun að það skipti miklu að fjárhagslegur stuðningur hins opinbera við fjölskyldur og einstaklinga hafi það að meginmarkmiði að aðstoða viðkomandi til sjálfshjálpar vegna tímabundinna erfiðleika og óvæntra áfalla.

[13:44]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að hreyfa þessu máli og vekja athygli á mikilvægi þeirrar umræðu sem hér á sér stað. Það er á hinn bóginn ástæða til að taka undir með hæstv. forsrh. að vissulega er erfitt að setja fastákveðin og niðurnjörvuð viðmið í þessum efnum, og tæpast er það á færi embættismannanefndar að segja fólki fyrir um lágmark þess sem almenningur geti komist af með í lífi sínu.

Það vekur hins vegar athygli og rifjar upp, herra forseti, að hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur ítrekað sagt almenningi frá því að hægt sé að lifa á lágmarksbótum, 70 þús. kr., og heil fjölskylda þar undir. Þar er helsti efnahagsráðgjafi hæstv. forsrh. að verki þannig að kannski getur hæstv. forsrh. farið í smiðju til hans í þessum efnum.

[13:45]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hv. þm. fór með rangt mál. Ég sagði ekki 70 þús. kall. Ég var spurður að því hvort ég gæti lifað af 90 þús. kr. Eftir smáumhugsun taldi ég mig geta það en það er ekkert létt, það sagði ég aldrei. Í mig hafa hringt þrír aðilar síðan þetta gerðist sem eru með 90 þús. kr. og þaðan af lægra og segjast lifa góðu lífi af því. Einn er bóndi sem sagðist ekki hafa vanist þeirri eyðslu sem gengur hérna í bænum. Hann býr reyndar í bænum núna, er kominn á eftirlaun og telur sig geta lagt fyrir af þeim tekjum í hverjum mánuði. Kaupir reyndar ekki pitsu.

Svo hafa hringt í mig þrír aðilar sem segjast vera fátækir. Einn er raunverulega fátækur að mínu mati, það er forsjárfaðir sem á þrjú börn sem hann þarf að borga meðlag með og er á atvinnuleysisbótum. Hann er með 35 þús. kr. til að lifa af á mánuði.

[13:46]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég get ekki orða bundist þegar hv. þm. Pétur H. Blöndal kemur í ræðustól Alþingis, ætlar að tala um fátækt og telur að fólk geti lifað á 70 þús., eins og hann talaði um þá, en eftir nánari athugun var hann kominn upp í 90 þús. Eins og hann fjallar hér um þetta er hann sjálfum sér og Sjálfstfl. til stórskammar. Af tillitssemi við hv. þingmann, vegna þess að hann er búinn með ræðutíma sinn núna, ætla ég ekki að rifja upp orð hans þegar hann fjallaði um aldraða, öryrkja og fátækt fólk og kenndi óreglu um erfiðleika þeirra, ekki því að launin væru of lág.

[13:47]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en verð að segja eins og er að mér finnst mjög sérkennilegt að blanda því verkefni sem tillagan gerði ráð fyrir, um neyslustaðal, inn í störf nefndar sem á að kanna kosti og galla þess að taka upp fjölþrepaskatt. Því er blandað í verkefni hennar að skoða þetta verkefni um neyslustaðal, kanna notkun á neysluviðmiðunum í nágrannalöndum og leggja mat á það hvort ástæða sé til að samræma slík neysluviðmið hér á landi, notkun þeirra og aðferð við gerð þeirra. Mér finnst sérkennilegt að blanda þessu saman og vona að þetta mikilvæga verkefni verði ekki hornreka í starfi nefndarinnar. Ég verð að treysta hæstv. ráðherra til þess að þannig verði staðið að máli að uppfyllt verði það verkefni sem Alþingi fól framkvæmdarvaldinu. Það eru mjög margir aðilar sem kalla eftir því að þessi neyslustaðall verði gerður, ýmsir sem

m.a. vinna að bóta- og styrkjamálum í velferðarkerfinu. Það hefur komið fram að það vantar 40 þús. kr. upp á að greiðslur bótakerfisins samsvari því lágmarksframfærsluviðmiði sem félmrn. hefur gefið út vegna félagsþjónustulaganna.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Má búast við því að sú úttekt sem hér á að gera samkvæmt þessari tillögu liggi fyrir áður en þing kemur saman? Ég lýsi líka óánægju minni með svör ráðherrans við 3. fyrirspurninni, um það að skilgreina lágmarksframfærslukostnað eftir fjölskyldugerð, sem er mjög mikilvægt til þess að hægt sé að fara í það verkefni að skilgreina umfang fátæktar hér á landi. Margir aðilar telja það mjög brýnt og mér hefur skilist að ríkisstjórnin sé að kortleggja umfangið en til þess að það sé gert með skynsamlegum hætti þarf að skilgreina lágmarksframfærslukostnað og það er auðvitað hægt að gera í samráði við sveitarfélögin. Það eru fyrst og fremst þau og ríkisvaldið sem þurfa að nota slíka neysluviðmiðun.

[13:49]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég nefndi það sérstaklega varðandi svar mitt við 3. lið að ég teldi að sá þáttur ætti í rauninni heima hjá sveitarfélögunum og ætti ekki að þurfa að koma neinum á óvart, síst hæstv. fyrrv. félmrh., að þetta hefur verið verkefni sveitarfélaganna, þessi þáttur mannlífsins frá gamalli tíð, frá upphafi hreppaskipunar í landinu, allt frá því að landnámsmenn komu hingað hefur þessi þátturinn verið settur á herðar sveitarfélaganna í landinu. Það ætti ekki að þurfa að koma mönnum neitt á óvart, sú langa reynsla sem er á því.

Að öðru leyti varðandi umræðuna, við höfum sjálfsagt öll lent í því sem lengi höfum verið í stjórnmálum að þegar innhringingaþættir, eins og Þjóðarsál og hvað þeir hétu allir saman, voru upp á sitt besta var gjarnan hringt inn og við spurð að því hvort við gætum lifað af þessum og hinum upphæðunum. Auðvitað verður manni svo sem fátt um svör og maður veltir því fyrir sér. Í einum slíkum þætti áttaði ég mig reyndar á því að sennilega hefði ég ásamt móður minni lifað af slíkum tekjum í eina tíð, eða slíkum upphæðum. En það hefur sjálfsagt ekkert verið létt, ég á ekki von á því. Og fyrir okkur sem höfum vanist öðru er það örugglega mjög erfitt.

Það er þó fagnaðarefni að kaupmáttur bóta, atvinnuleysisbóta til að mynda, hefur vaxið um 13% á undanförnum árum. Kaupmáttur slíkra bóta hefur aldrei verið hærri þannig að í tíð annarra hefur verið enn þá erfiðara að lifa af slíkum bótum en er þó núna. Þetta er reyndar dæmigerð umræða sem kemur alltaf upp fyrir kosningar, þá eru menn spurðir slíkra spurninga. Þó á ég ekki von á því að neinn stjórnmálaflokkur ætli að lofa því að tvöfalda slíkar bætur sem sjálfsagt yrði að gera til þess að menn gætu lifað sæmilegu lífi af bótum. Þá yrðu þær komnar upp fyrir lægstu laun þannig að þetta er þessi venjulega yfirborðspólitík sem kemur fyrir kosningar. Kannski er mönnum vorkunn að fara í það farið, þetta er tiltölulega einfalt og ekki létt við að eiga.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fsp. KLM, 470. mál. — Þskj. 775.

[13:52]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Á þessu kjörtímabili hefur mikið verið rætt um flutning fjarvinnsluverkefna til landsbyggðarinnar í samræmi við byggðaáætlun sem á að hafa verið í gildi á þessu kjörtímabili. Það má eiginlega segja að þessi hugmynd um flutning hafi átt að vera ein aðalskrautfjöður ríkisstjórnarflokkanna í byggðamálum þessara ára. Í upphafi kjörtímabilsins sem nú er senn á enda voru opnaðar fjölmargar stöðvar úti um allt land þar sem miklar væntingar voru vegna stefnu stjórnvalda og vegna starfa fyrirtækja sem fóru um landsbyggðina og stofnuðu útibú, settu upp fjarvinnslustöðvar sem treystu á og vildu fá verkefni sem þeim var lofað og gefið undir fótinn með, m.a. vegna þess að oddvitar ríkisstjórnarflokkanna höfðu fögur orð um þessa nýju byggðastefnu, þessi nýju tækifæri landsbyggðarinnar, sem átti að verða til þess að skapa störf. Tilvitnun í orð hæstv. utanrrh., Halldórs Ásgrímssonar, formanns Framsfl., úr Ríkisútvarpinu frá 15. ágúst 1999 sem hann viðhafði við opnun starfsstöðvar Íslenskrar miðlunar á Stöðvarfirði segir það sem segja þarf, og ætla ég að fá að lesa þessa tilvitnun upp, með leyfi forseta:

„... og ég tel sjálfsagt að ríkið kaupi þjónustu af þessum aðilum, af þessum einkaaðilum sem sýna þetta frumkvæði og hrinda þessu af stað. Það eru miklir möguleikar á því sviði að ríkisstofnanir geti keypt þjónustu, fækkað störfum t.d. á Reykjavíkursvæðinu og fjölgað úti á landi með þessum hætti."

Hæstv. forsrh. sagði skömmu seinna í viðtal við Dag, með leyfi forseta, „... að þarna væru á ferðinni ný hugsun og ný vinnubrögð sem ættu að gagnast landsbyggðinni til sóknarfæra í atvinnu- og byggðamálum, þarna sé því um að ræða virka byggðastefnu."

Í framhaldi af þessu vildi ég leggja fyrir hæstv. utanrrh., sem talaði svo fallega um þetta verkefni, eftirfarandi fyrirspurn:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Herra forseti. Vegna hinna ágætu tilvitnana sem ég las bíð ég spenntur eftir að vita hve mikið hefur gerst á vegum utanrrh.

[13:55]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þegar ég sem utanrrh. og formaður Framsfl. talaði með þessum hætti var ég að tala um þá möguleika sem eru í tækninni. Þeir eru miklir og sem betur fer hefur ýmislegt gerst á þessu sviði. Ég hef t.d. komið í heimabyggð hv. þm. á Siglufirði þar sem eru heilmikil fjarvinnsluverkefni í sambandi við bankastarfsemi, og víða hefur margt gerst í þessum efnum í landinu. Þetta hefur átt sér stað í sambandi við Símann og fleiri fyrirtæki.

Hv. þm. fellur í þá gryfju að tala sérstaklega um utanrrn. og utanríkisþjónustuna (**KLM:** Ég spurði líka ...) og færir það í þann búning að ég hafi talað þvert um hug minn á Stöðvarfirði. Það var ég ekki að gera, hv. þm., (**KLM:** Ég efast ekki um það.) þó að hv. þingmaður tali yfirleitt á hv.

Alþingi eins og það séu fáir aðrir en hann sem hugi að hag landsbyggðarinnar.

Til að svara þessu beint voru engin störf eða fjarvinnsluverkefni á vegum utanrrn. flutt út á land á árinu 2002. Ráðuneytið vann hins vegar að athugun á því hvort til greina gæti komið að færa hluta af starfsemi þýðingamiðstöðvar utanrrn. út á land eða þá að gefa fólki úti á landi færi á því að vinna þýðingaverkefni á vegum ráðuneytisins. Á árinu 2001 var Iðntæknistofnun fengin til að gera á því könnun hvort vænlegt væri að færa þýðingavinnu út á land. Niðurstaða skýrslunnar var á þá leið að það kæmi vel til greina að fá einstaklinga úti á landi til að vinna að þýðingaverkefnum en forsenda þess væri sú að þýðingamiðstöðin tæki upp notkun á svokölluðu þýðingaminni, hugbúnaði sem stuðlar að samræmdum og vönduðum þýðingum.

Þýðingamiðstöðin hefur undanfarið unnið að uppbyggingu gagnagrunns fyrir þýðingaminni og það er vonast til að sú vinna muni í framtíðinni geta leitt til þess að hægt verði að gefa fólki alls staðar í landinu tækifæri til þess að vinna að þessum störfum. Önnur starfsemi sem utanrrn. ber ábyrgð á og er nokkuð mikil er Ratsjárstofnun. Af um 80 starfsmönnum stofnunarinnar vinna einungis níu á skrifstofu hennar í Reykjavík en hinir eru staðsettir í grennd við ratsjárstöðvarnar fjórar sem stofnunin rekur í landsfjórðungunum fjórum auk hugbúnaðarstöðvar og birgðastöðvar á Miðnesheiði.

Verkefni skrifstofunnar í Reykjavík felast í fjármálastjórn, gæðastjórn, þjálfun og samningsgerð, miklum og stöðugum samskiptum við erlenda aðila, við ráðuneyti og stofnanir sem ekki hefur verið talið mögulegt að framkvæma fyrir utan höfuðborgarsvæðið. Ekki eru því taldir frekari möguleikar á flutningi fjarvinnsluverkefna á vegum þessarar stofnunar en langstærsti hluti hennar starfar utan höfuðborgarsvæðisins.

Ég bið hv. þingmann um að skilja að þessi orð mín voru almenns eðlis sem ég tek að sjálfsögðu ekki til baka því að ég tel að það hafi verið rétt. Ég mælti þau sem áhugamaður um það að dreifa slíkum störfum sem mest um landið og ég harma það að hv. þm. er að reyna að gera mér og öðrum upp skoðanir í þeim efnum sem hann ætti betur að láta ógert ef hann hefur áhuga á að skila einhverjum árangri í þessu áhugamáli sínu.

[13:59]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni Möller fyrir að koma með þessa fyrirspurn og vekja athygli á þessum málum. Fyrir fjórum árum töluðu frambjóðendur, sérstaklega hæstv. ríkisstjórnar, um möguleika í fjarvinnslu, einkum og sér í lagi vegna þess að staða landsbyggðarinnar var mjög slæm þar sem kvótakerfið hafði leikið ýmsar byggðir grátt. Það var rokið upp til handa og fóta og stofnaðar alls konar fjarvinnslustöðvar með pompi og prakt en því miður hefur það allt saman hrunið vegna þess að sá þáttur sem átti að vega hvað þyngst í starfseminni, þ.e. að störf yrðu færð frá hinu opinbera til þessara staða, gekk ekki eftir. Ríkisstjórnin er búin að hafa tækifæri í fjögur ár til þess að vinna að þessum málum en það hefur ekkert verið gert. Það verða bara aðrir að veita landsbyggðinni tækifæri í þessu efni eftir næstu kosningar.

[14:00]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni L. Möller fyrir að hreyfa þessu máli. Hann hefur gert það rækilega aftur og aftur og hlýtt ráðherrum ríkisstjórnarinnar yfir hverjum af öðrum. Niðurstaðan er alveg skýr. Orð og efndir fara ekki saman. Það hefur ekki verið staðið við gefin fyrirheit eða loforð. Ég held að það sé alveg ástæðulaust fyrir formann Framsfl. að fyrtast við og setja hér á skammarræðu gagnvart fyrirspyrjanda. Það efast enginn um að hæstv. ráðherra og formaður Framsfl. hefur viljann í för með sér en niðurstaða mála er engu að síður sú að ríkisstjórninni hefur ekki tekist að standa við gefin fyrirheit. Það er ekki stjórnarandstöðunni að kenna, og vafamálin sem eftir standa eru einfaldlega þessi. Það voru gefin loforð í sumum tilfellum, skapaðar vonir og væntingar. Niðurstaðan er sú að þetta er í rjúkandi rúst. Því hefur ekki verið skilað af hálfu ríkisstjórnarinnar sem lofað var. Það getur ekki verið stjórnarandstöðunni að kenna, herra forseti. Eða hvað?

[14:01]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Kristjáni L. Möller fyrir fyrirspurnir sem hann hefur lagt fyrir hvern ráðherrann á fætur öðrum og dregið það fram að það hafi óskaplega lítið gerst í þessum efnum.

Það hefur hins vegar verið dálítið fróðlegt að hlýða á hæstv. oddvita ríkisstjórnarinnar í dag og í gær þar sem þeir eru að vanda um við fólk á einn eða annan hátt, vanda um við þingheim og vanda um við einstaka þingmenn því að þeir gera ekki annað en að halda vel á sínum verkefnum og sinna sínum störfum, og m.a. benda á hverju menn lofuðu í upphafi kjörtímabils og hvernig menn fóru yfir þá umræðu.

Það er alveg rétt sem fram kom hjá hæstv. utanrrh. að þeir möguleikar sem tæknin býður upp á í fjarvinnslu hafa ekki verið nýttir. Það er akkúrat það, virðulegi forseti, sem hv. þm. dregur hér fram. Það hafa verið mikil tækifæri en núverandi ríkisstjórn hefur ekki nýtt þau og það er alveg fráleitt, virðulegi forseti, að af þeim sökum skuli vera vandað um við einstaka þingmenn. Menn eiga frekar að bera ábyrgð á eigin orðum.

[14:03]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Þar sem hér er verið að ræða um flutning starfa út á land hefðum við kannski gjarnan viljað sjá þau fleiri en ýmislegt hefur samt verið gert og ég held að hv. þingmenn viti það ósköp vel þó að þeir tali hér eins og ekkert hafi verið gert.

Aðeins af því að ég er hér með svar samgrh. til hv. þingmanns, kemur í ljóst að töluvert mörg störf hafa verið flutt frá samgrn. og út á land. Ég ætla að telja upp það sem ég er með fyrir framan mig. Fastir starfsmenn Vegagerðarinnar eru 352, þar af eru 220 starfandi á landsbyggðinni. (**Gripið fram í:** Nei.) Hér voru 12 störf flutt út á land árið 2001, og árið 2000 voru þau 4, eftir því sem ég les af þessu blaði þannig að ég vísa frá (Gripið fram í.) öllum þessum málflutningi um að engin störf hafi verið flutt út á land. Enn fremur hafa til að mynda fjarvinnslustörf verið flutt út á land frá hv. Alþingi.

[14:04]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er eiginlega með ólíkindum hvað það er orðið algengt á hinu háa Alþingi að hv. þm. virðast ekki skilja það sem um er verið að tala. Hér er verið að ræða um fjarvinnsluverkefni og hvort einhver störf hafi verið flutt til að sinna þeim. Það er því miður þannig í svörum ráðuneyta að engin slík störf voru flutt á síðasta ári, engin. Hins vegar

minnir mig að það hafi verið eitt eða eitt og hálft starf eitthvert árið sem flutt var. Það ber auðvitað að þakka þótt lítið sé. Spurningin sem stendur þó eftir í þessu máli — það hefur nefnilega hvað eftir annað komið fram að hæstv. ráðherrar eru fullir áhuga og átta sig algerlega á því að hér er um nýja tækni að ræða sem skapar ýmsa möguleika — er: Hvernig stendur á því að ekkert gerist þrátt fyrir þennan mikla áhuga hæstv. ráðherra? Við þeirri spurningu verður að fást svar.

[14:05]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Fyrir það fyrsta þakka ég þingmönnum og hæstv. ráðherra fyrir þessa umræðu, þeim þingmönnum sem lögðu orð í belg og hæstv. ráðherra fyrir svör þótt ég verði að segja alveg eins og er að hvorki komu þau mér á óvart né glöddu mig, að hæstv. ráðherra kæmi hér og segði okkur eins og allir aðrir ráðherrar: Því miður, engin störf. Ég skil ekki alveg hvað hæstv. ráðherra varð fúll á móti, ef svo má að orði komast, yfir því að ég vogaði mér að vitna í þau orð sem hann viðhafði í Ríkisútvarpinu um þær vonir og væntingar sem ráðherrar og aðrir gáfu landsbyggðarfólki á sínum tíma. Það fór af stað og stofnaði þessar fjarvinnslustöðvar. Hvar eru þær í dag? Ætli þær séu ekki allar með tölu búnar að ganga frá sér, orðnar gjaldþrota og skilja eftir sig skuldir og fólk í miklum erfiðleikum, fólk sem lét glepjast, m.a. vegna orða hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh.? Sannarlega vega orð forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar þungt og fólk tekur eftir þeim.

Það er alveg hárrétt sem hæstv. ráðherra sagði, þetta hefur tekist vel á nokkrum stöðum. Hann nefndi Kaupþing og Siglufjörð og það er hárrétt. Það sýnir að þetta er hægt. En hvers vegna er það bara hægt hjá einkaaðilum og einkafyrirtækjum úti í bæ? Af hverju getur ríkisstjórnin ekkert gert? Er það þannig, herra forseti, að ráðherrar eru svo uppteknir við önnur verkefni að þetta er einhvers konar olnbogabarn? Segja forsvarsmenn ráðuneytanna við ráðherrana: Látið ykkur ekki detta í hug að þetta sé hægt, og þar með leggja menn niður skottið og gefast upp? Er þetta svoleiðis, herra forseti?

Það kom hér fram að ég hef spurt alla ráðherrana öll þessi ár þessa kjörtímabils og svörin eru jafndapurleg og ég hef vitnað í.

Herra forseti. Þetta tækifæri er til í atvinnusköpun landsbyggðarinnar en það hefur ekki verið notað af hæstv. ríkisstjórn.

[14:07]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hv. þm. verður að þola þegar hann talar hér, að mínu mati með ósanngjörnum hætti, að honum sé svarað. Ég spyr hann á móti: Hvað flutti flokkurinn hans, Alþýðuflokkurinn, út á land árin 1991–1995? (**Gripið fram í:** Ekkert.) Ekki nokkurn skapaðan hlut. Við höfum þó flutt Landmælingarnar upp á Akranes, Byggðastofnun til Sauðárkróks, hluta af Íbúðalánasjóði til Sauðárkróks og það hefur verið byggt upp öflugt fjarvinnslunet í landinu. Fjarnám er orðið staðreynd í þessu landi og sem betur fer hefur margt jákvætt gerst í þessum efnum. Hv. þm. er hins vegar alltaf með þann tón að ekkert sé nema neikvætt í þessum málum, telur sjálfum sér og öðrum íbúum landsbyggðarinnar trú um að það sé ekkert að gerast nema neikvætt. Þetta raus hans hefur náttúrlega skelfileg áhrif á marga í byggðum landsins. (Gripið fram í.) Hann segir að ég og forsrh. höfum lofað einhverju. Ég spyr hann: Hvar eru þau loforð? Það er best að hann komi með þau hér.

Ég hef engu lofað. Ég hef hins vegar lýst yfir áhuga mínum í þessu máli eins og margur annar og sé að það eru mjög margir sem vinna vel að þessu. Auðvitað má gera betur. En menn mega heldur ekki gera sér of miklar væntingar og það er náttúrlega alveg ljóst að þegar Íslensk miðlun var stofnuð var það ekki á traustum grunni, á traustum fótum. Það er alveg ljóst. En það vorum ekki við, ráðherrar ríkisstjórnarinnar, sem stóðum að stofnun þess fyrirtækis. (Gripið fram í.) Það voru einstaklingar. Það sem hv. þm. er að segja hér er meira og minna rangt og gerir ekkert annað en auka á svartsýni á landsbyggðinni, því miður.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fsp. KLM, 482. mál. — Þskj. 787.

[14:10]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Ég ætla rétt að vona að næsti ráðherra sem ég er að spyrja sömu spurninga hafi farið betur fram úr í morgun en sá sem var hér áðan. Ég hef lagt sambærilega fyrirspurn fyrir iðnrh. sem er þá síðasta fyrirspurn sem ég legg fram til ráðherra í þessari ríkisstjórn Íslands og vona ég að ég þurfi ekki að leggja aftur fram fyrirspurn til þessara annars ágætu ráðherra. (Gripið fram í.) Það er um þetta mál.

Ég ætla aðeins að grípa niður í þau svör sem ég hef fengið skrifleg út af þessari sömu fyrirspurn, með leyfi forseta.

Forsrh. svarar: „Engin störf á vegum ráðuneytis eða undirstofnana þess voru flutt út á land árið 2002."

Viðskrh. svarar: „Engin störf á vegum ráðuneytisins eða stofnana þess voru flutt út á land árið 2002."

Dómsmrh. svarar: „Því er til að svara að árið 2002 var ekki um slíkan flutning að ræða á vegum ráðuneytisins eða stofnana og fyrirtækja sem undir það heyra."

Umhvrh. svarar: „Því er til að svara að engin fjarvinnsluverkefni eða störf voru flutt út á land á vegum ráðuneytis og stofnana þess árið 2002."

Menntmrh. svarar: „Engin fjarvinnsluverkefni eða störf á vegum ráðuneytis voru flutt út á land á árinu 2002."

Fjmrh. svarar: „Engin fjarvinnsluverkefni voru flutt út á land árið 2002 á vegum ráðuneytisins eða stofnana og fyrirtækja þess."

Samgrh.: „Engin voru flutt fjarvinnsluverkefni á vegum undirstofnana þess út á land 2002."

Félmrh. hefur svarað en það var ófullkomið og var sent til baka vegna þess að hann svaraði ekki spurningunni.

Sjútvrh. hefur ekki svarað enn.

Við höfum hlustað á munnlegt svar hæstv. utanrrh. Og nú er komið að því að leggja þessa sömu fyrirspurn fyrir hæstv. iðnrh., ráðherra byggðamála.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort ég ætti að voga mér að vitna í ein ummæli þess hæstv. ráðherra sem viðhöfð voru þegar fjarvinnslumiðstöð var opnuð í Ólafsfirði. Ég er hálfhræddur við að gera það en ég ætla samt að láta mig hafa það. Hæstv. iðnrh. sagði í lok þessa fundar aðspurð um fjarvinnsluverkefni: „Fyrir lok þessa mánaðar trúi ég því að það verði eitthvað að frétta um fjarvinnsluverkefni." (**Gripið fram í:** Hvaða mánuður er það?) (**Viðskrh.:** ... búin að svara því máli.) Þetta var í febrúar 2000 (Gripið fram í.) og nú er ég að spyrja fyrir árið 2002. (**Gripið fram í:** 2003.) Nei,

ég er að spyrja vegna ársins 2002 og nú bíð ég auðvitað jafnspenntur eftir að ráðherra byggðamála á Íslandi komi hingað í ræðustól og toppi þá ráðherra sem hafa svarað hér á undan. (**Gripið fram í:** En er þetta ekki spurning um ...?) Það hlýtur að vera mjög auðvelt vegna þess að það þarf ekki nema eitt starf til þess að gera betur en allir hinir ráðherrarnir til samans. Þess vegna er spurning mín svohljóðandi:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

[14:13]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Samkvæmt lögum um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar sem samþykkt voru á 127. löggjafarþingi, í maí 2002, fékk Orkustofnun það nýja hlutverk að annast nánast alla framkvæmd laganna. Um er að ræða eitt starf á stjórnsýslusviði og var ákveðið að starfsmaðurinn yrði staðsettur á Akureyri. Starfið var auglýst sl. sumar og bárust á fimmta tug umsókna. Fyrir valinu varð heimamaður og hefur hann hafið störf.

Áætlað er að færa til Akureyrar að hluta eða öllu leyti þau önnur stjórnsýsluverkefni Orkustofnunar sem tengjast sérstaklega landsbyggðinni. Hér er t.d. um að ræða svokallað jarðhitaleitarátak, orkusparnaðarmál, smávirkjanir o.fl. Því má búast við að stjórnsýsluútibúin muni fljótlega vaxa í nánustu framtíð og þess má geta að á rannsóknasviði Orkustofnunar voru starfandi þrír einstaklingar fyrir þessa viðbót.

Nýsköpunarmiðstöð á Akureyri sem er hluti af nýsköpunarmiðstöð Impru á vegum Iðntæknistofnunar var stofnsett í desember 2002. Gengið var frá ráðningu þriggja starfsmanna sem allir eru sérfræðingar á sínu sviði. Um 80 manns sóttu um eitt eða fleiri af þessum þremur störfum og sýnir það að mikill áhugi er á að starfa á Akureyri ef í boði er áhugavert og krefjandi starf. Tveir starfsmannanna voru búsettir í Reykjavík. Áætlað er að tveir nýir starfsmenn verði ráðnir til Nýsköpunarmiðstöðvarinnar á Akureyri á þessu ári.

Á undanförnum aldarfjórðungi hefur verið unnið að uppbyggingu Rafmagnsveitna ríkisins á landsbyggðinni með flutningi verkefna til rekstrarumdæma. Nú vinna starfsmenn Rariks meira og minna við tölvukerfi sem samtengd eru á landsvísu þannig að saman fer vinna, miðlægt upplýsingakerfi fyrirtækisins og styrking hins samtengda nets. Stöðug hreyfing er á vinnslu verkefna í fjarvinnslu en leitast er við að efla fjarvinnslu í öllum landshlutum. Störfin felast m.a. í vinnu við sölukerfi, bókhaldskerfi, fjárhags- og verkáætlanakerfi, viðamikil tæknikerfi, landsupplýsingakerfi, ýmis stýrikerfi o.s.frv. Þróun í starfsmannafjölda fyrirtækisins hefur verið sú, eins og í svo mörgum öðrum fyrirtækjum, að störfum hefur fækkað verulega á undanförnum árum þrátt fyrir aukin umsvif. Árið 1983 voru til að mynda 368 starfsmenn hjá Rarik en eru í dag um 215. Fækkunin er því um 42%. Aftur á móti hefur aukin áhersla verið á starfsemi á landsbyggðinni. Það sést best á því að árið 1983 voru 56% starfsmanna á landsbyggðinni en eru í dag um 75%. Fækkun hefur því hlutfallslega verið mest í Reykjavík.

Í sambandi við þá fyrirspurn sem hv. þm. bætti við í lok máls síns og varðar Ólafsfjörð er þetta rétt eftir haft hjá hv. þingmanni, ég lét þessi orð falla í lok fundarins og það sem ég þá hafði í huga var verkefni sem tengist dómsmrn. og var ekki um það að ræða að ég hefði forsvar í málinu. Þar við situr.

[14:16]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra iðnaðarmála og byggðamála tók það fram áðan að fólk hefði mikinn áhuga á að starfa á Akureyri ef störf væru í boði. Þetta er alveg rétt. En þetta gildir um alla landsbyggðina. Væru t.d. ný störf í boði á Ísafirði eða Bolungarvík þá mundi fólk sækja um þau störf. Ég vil benda á það við þessa umræðu.

Hins vegar er ljóst að störf í sambandi við fjarvinnslu hafa ekki komist á legg. Ég tel það vera af þeirri ástæðu einfaldlega, herra forseti, að ekki hefur verið nógu mikill raunverulegur áhugi fyrir því í stjórnsýslunni hér á þessu svæði.

[14:18]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það verður að segjast eins og er að það er ömurleg niðurstaða eftir fjögur ár að þau loforð, þær hugmyndir og góðu óskir sem menn höfðu fyrir síðustu kosningar skuli hafa brugðist svo gjörsamlega sem raun ber vitni. Ég verð að viðurkenna að ég er einn af þeim sem telja að það sé að hluta til vegna þess að það er svo mikil tregða í hinu opinbera kerfi. Menn vilja ekki horfast í augu við að hægt sé að vinna svona verkefni annars staðar en innan þeirra stofnana sem fyrir hendi eru, hvar sem þær nú eru. Það er kannski dálítið mikið vandamál sem þarf að taka á. Mér finnst engin ástæða til að gefast upp við þetta. Það eru alveg möguleikar fyrir hendi. En það er auðvitað dapurlegt að menn skuli hafa eytt öllum þessum tíma og að það skuli hafa kostað svo óskaplega mikið það fólk sem trúði að til yrðu störf og stofnaði fyrirtæki til að vinna að þessum verkefnum.

[14:19]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Mér heyrðist hæstv. byggðamálaráðherra svara því þannig til að eitt starf hafi farið frá hennar ráðuneyti út á land og að 80 manns hefðu sótt um það. Ekki er að undra að eftirspurn sé eftir störfum þegar um jafnfá er að ræða og raun ber vitni.

Mig langar í fullri auðmýkt að spyrja hæstv. ráðherra byggðamála hvort hún sé ánægð með árangurinn af flutningi fjarvinnsluverkefna á þessu kjörtímabili. Er hún ánægð með árangur ríkisstjórnarinnar af því að skapa ný sóknarfæri á landsbyggðinni hvað varðar störf hjá hinu opinbera? Mig langar í fyllstu einlægni að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún sé full ánægju með þennan árangur.

[14:20]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hér er spurt um fjarvinnslustörf og flutning þeirra út á land eða tilkomu þeirra úti á landi. Að sama skapi væri áhugavert, herra forseti, að vita hversu mörg störf sem áður voru unnin úti á landi hafa á um það bil einum eða einum og hálfum áratug flust til höfuðborgarinnar einmitt vegna hinnar nýju tækni. Hin nýja tækni hefur gert það kleift að störf og stofnanir dragist saman og einatt hefur það verið svo að allt hefur endað suður í Reykjavík.

En þegar kemur að ríkinu og því að ýta hlutum í hina áttina þá eru svörin alltaf keimlík. Það vantar alltaf aðeins meiri tækni, aðeins lengri ljósleiðara, aðeins betra samband. Alltaf vantar, herra forseti, aðeins meira eitthvað, en bara þegar það fer í þá áttina.

Herra forseti. Það sem mér finnst einna athyglisverðast í allri þessari umræðu er að þegar um einkaaðila er að ræða, þegar samkeppni er á ferðinni og krafa um hagkvæmni, þá virðist sambandið virka í báðar áttir.

[14:21]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni L. Möller fyrir að koma fram með þær upplýsingar sem hann setti fram hér áðan og þær spurningar sem hann hefur lagt fyrir. Hins vegar er þessi umræða að minni hyggju dálítið sorgleg. Auðvitað er það sorglegt að við skulum þurfa að fara yfir það hvað þessir ráðherrar hafa gert í að færa störf út á land. Af hverju þarf að færa störf út á land? Það er vegna þess að þessar byggðir sem áður urðu til og voru sjálfbærar og sjálfbærar að skapa sér störf hafa ekki sömu tækifæri til þess nú og áður. Þess vegna er farið í það núna að kanna möguleikana á að færa störf út á landsbyggðina. Í eðli sínu er umræðan dálítið sorgleg því að þetta er sú staðreynd sem blasir við, sú staðreynd sem hv. þm. Kristján L. Möller hefur einmitt dregið fram í þessari umræðu.

En ég vil þó í mikilli auðmýkt leiðrétta hæstv. byggðamálaráðherra í þessari umræðu. Hv. þm. Kristján L. Möller spurði um fjarvinnslustörf og það starf sem hæstv. viðskrh. sagði að væri flutt út á land snerist um allt annað.

[14:23]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Tölurnar tala sínu máli þannig að út af fyrir sig þarf ekkert að tala um það hvort menn hafi staðið sig í því eða hvort það hafi gengið eftir að flytja þessi verkefni út á land með þeim hætti sem hér er verið að spyrja um. Hins vegar vil ég vekja athygli á því sem mér finnst hafa legið í þagnargildi í þessari umræðu. Það er sú staðreynd að það fer fram gríðarlega mikil fjarvinnsla jafnt á sviði einkafyrirtækja og opinberra fyrirtækja.

Það er auðvitað þannig að opinberar stofnanir eins og Vegagerðin og fleiri stofnanir sem starfa út um allt land vinna að miðlægum verkefnum á grundvelli fjarvinnsluþekkingarinnar. Mér finnst að þessi umræða sé dálítið misvísandi og röng að því leyti að menn eru að gera því skóna að engin slík starfsemi eigi sér stað á vegum hins opinbera. Það er rangt. Það fer fram margs konar fjarvinnsla þó að hún hafi ekki haft þann aðdraganda sem hér er verið að spyrjast fyrir um. Engu að síður fer fram fjarvinnsla á vegum opinberra stofnana og fyrirtækja og banka og fjármálastofnana, allra mögulegra aðila sem eru að láta vinna fyrir sig og nýta þessa möguleika. Það er alveg ljóst að ef þessi tækni hefði ekki verið til staðar og þessi fyrirtæki og stofnanir ekki nýtt hana hefði hættan verið sú að dregið hefði úr slíkri starfsemi úti á landsbyggðinni. (**Gripið fram í:** Svara í síma?)

[14:24]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hv. þingmenn grípa til sérkennilegra varnarbragða. Nú kemur hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson og ræðir um að vissulega sé fjarvinnsla víða stunduð. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Fjarvinnsla er víða stunduð. Málið er þó að fjarvinnslan er mest stunduð á höfuðborgarsvæðinu. Það voru gefin fyrirheit um að því ætti að snúa við og færa eitthvað af því út á land. En það hefur ekki gerst.

Það gengur auðvitað ekki að hv. þm. sem hafa verið ötulir talsmenn þess að færa störf út á land komi hér og láti eins og allt sé í lagi í þessum efnum. Því miður er það ekki svo. Ég vona að hæstv. ráðherra sem á eftir að tala á eftir komi og upplýsi okkur í eitt skipti fyrir öll um hvað valdi því að ráðherrarnir ráða ekki við þetta verkefni sitt, verkefni sem þeir hafa margoft ítrekað að þeir hafi fullan hug á. Hverjir í kerfinu stoppa þetta? Við þurfum að fá það upp á borðið þannig að hægt sé að upplýsa hvað heldur þessum tappa svo föstum svo lengi.

[14:25]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir málefnaleg svör þó að þau hafi verið frekar innihaldslítil varðandi það sem spurt var um, þ.e. um fjarvinnslustörf. Ef ég hef heyrt rétt held ég að það hafi komið fram að ekkert fjarvinnslustarf hefur verið flutt út á vegum þessa ráðuneytis frekar en annarra ráðuneyta.

Ég hlustaði líka með athygli á það hvernig enn einu sinni er gripið til þeirrar varnar varðandi störfin sem átti að flytja til Ólafsfjarðar að dómsmrh. hafi stoppaði það. Það var athyglisvert. Það hefur reyndar áður komið fram.

Herra forseti. Í svari hæstv. forsrh. um sama efni kemur nokkuð fram sem ég ætla að grípa til þess og lesa upp úr, með leyfi forseta:

„Í greinargerð með byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að forsætisráðuneytið sé sérstakur tengiliður ráðuneyta vegna verkefna af þessu tagi. Hefur ráðherra falið alþingismönnunum Halldóri Blöndal og Magnúsi Stefánssyni að vera með sér í ráðum um þau mál."

Það eru held ég ekki nema tveir eða þrír mánuðir eftir af störfum þessarar ríkisstjórar þannig að vel er brugðist við vandanum í lok kjörtímabilsins með því að bregðast við á þennan hátt.

Vegna þess að hv. þm. Halldór Blöndal á að stýra þessari vinnu með öðrum fyrir hönd forsrh. er rétt að rifja það upp sem hv. þm. Halldór Blöndal sagði í ríkissjónvarpi eftir borgarafundinn umrædda í Ólafsfirði 6. mars 2000, með leyfi forseta:

„Það hefur verið tekin pólitísk ákvörðun um það að flytja fjarvinnsluverkefni hingað til Ólafsfjarðar og það verður staðið þannig að þeim að það verði traustur grunnur og hann standi til frambúðar."

Herra forseti. Þó að ég eigi smávegis eftir af tíma mínum held ég að ágætt sé að stoppa við þau orð sem hv. þm. sagði um þau störf sem átti að flytja vegna þess að við höfum undanfarið og í dag farið yfir hver árangurinn hefur verið. Hann hefur enginn verið, en þetta átti að standa á traustum og góðum grunni hæstv. ríkisstjórnar. Það er margt sem hefur farið á þennan hátt.

[14:27]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst taka fram að hv. þm. spyr mig ekki bara um fjarvinnslustörf. Hann spyr líka um störf á vegum ráðuneytisins og stofnana þannig að það eru útúrsnúningar að telja að ég hafi verið að fara út fyrir mitt svið þegar ég svaraði fyrirspurn hans.

Einn hv. þm. af sjö samfylkingarmönnum sem hér komu upp til þess að tala og hafa uppi stór orð, sagði um að þetta væri sorglegt. (**Gripið fram í:** ... Einar væri úr Sjálfstæðisfl.) Ég segi við þessa hv. þingmenn að þó að alltaf megi standa sig betur í þessum efnum — það skal ég segja — finnst mér sorglegt að sjö þingmenn Samfylkingarinnar komi hér upp til þess að kvarta yfir því að illa sé staðið að málum gagnvart landsbyggð þegar Samfylkingin hefur tekið þá ákvörðun að

það halli svo á Reykjavík gagnvart landsbyggðinni í stjórnmálaumræðu á Íslandi að þeir setja borgarstjórann í framboð til þess að verja (Gripið fram í.) hagsmuni Reykjavíkur. (Gripið fram í.) Það er yfirlýst af hálfu Samfylkingarinnar að borgarstjórinn er farinn (Gripið fram í.) í framboð til þess að ...

(**Forseti** (ÍGP)**:** Má ég biðja um betra hljóð í salnum.)

(Gripið fram í.) (**EKG:** Samfylkingin þolir ekki sannleikann.) Það er ótrúlegt, hæstv. forseti, að ef eitthvað er sagt hér sem kemur illa við þessa hv. þingmenn þá heldur maður ekki orðinu. Þetta kom virkilega illa við þá. Þeir settu borgarstjórann í framboð til að berjast fyrir hagsmunum Reykvíkinga. Þetta sagði hún sjálf og ég skil það vel að þeim líði illa yfir þessu en (**LB:** Ætlarðu að skrifa Halldóri?) svona er þetta. Svo koma þessir hv. þingmenn í stólinn á hv. Alþingi, berja á brjóst sér og þykjast öllu geta bjargað á landsbyggðinni.

Ég veit það svo vel að ef Samfylkingin kemst hér að völdum þá yrði enn minna um árangur. Ég er ekki að segja (**Gripið fram í:** Hvernig er það hægt?) að árangurinn sé mikill vegna þess að þegar oft og tíðum ... (Gripið fram í.) Hvaða samkoma er þetta hérna, hæstv. forseti? Er þetta ekki Alþingi Íslendinga þar sem einn hefur orðið í einu?

Flutningskostnaður.

Fsp. EKG, 434. mál. — Þskj. 586.

[14:30]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Á undanförnum missirum og jafnvel árum hefur talsvert verið rætt um flutningskostnað þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Þetta hefur verið rætt að gefnu tilefni. Aðstæður hafa verið að breytast í flutningsmynstri okkar. Við þekkjum að flutningurinn fer ekki lengur fram á sjó heldur á landi. Fyrir því eru margar ástæður. Krafa nútímans er hraði og sveigjanleiki. Þess vegna hefur flutningur smám saman verið að færast frá sjóflutningum til landflutninga. Jafnframt hafa flutningafyrirtækin verið að breyta verðlagningu sinni. Þau hafa lagt á kostnað vegna svokallaðs framhaldsflutnings og allt hefur þetta haft heilmiklar breytingar í för með sér.

Enginn vafi leikur á því að þjónusta við almenning á landsbyggðinni hefur batnað mjög mikið. Ferðir eru tíðari en þær voru áður og við sem búum utan höfuðborgarsvæðisins þekkjum að möguleikarnir á að nýta sér þessa þjónustu eru margfalt meiri en þeir voru áður. Engu að síður er það staðreynd sem allir þekkja að kostnaður við þessa flutninga er oft mjög mikill. Við sjáum að vísu að það er afar mismunandi. Kostnaður við flutning á fiski hefur sennilega lækkað að því leyti að kílóverð hefur verið að lækka vegna mikillar samkeppni. En framhaldsflutningurinn hefur hins vegar gert það að verkum að kostnaðurinn leggst mjög þungt á útgerðir og fiskvinnslufyrirtæki. Við vitum líka, það kemur raunar fram í skýrslu sem kynnt var í gær, að þessi flutningskostnaður er ærið misjafnt. Menn hafa mismunandi möguleika á samningum við flutningafyrirtækin um afslætti og þar fram eftir götunum.

Haustið 2001 fjallaði ríkisstjórnin um þetta mál og í framhaldi af því var ákveðið að hæstv. samgrh. skipaði starfshóp sem skyldi fjalla um almennan flutningskostnað miðað við þarfir atvinnulífsins. Skýrsla þessarar nefndar hefur nú verið kynnt. Hún var kynnt í gær og hefur að mörgu leyti varpað ljósi á það málið sem liggur til grundvallar þessum fyrirspurnum. Engu að síður er ljóst að við þurfum að hyggja ítarlega að þessum málum. Við þurfum fyrst og fremst að velta fyrir okkur hvaða tæki hið opinbera hefur til að stuðla að því að lækka flutningskostnað í landinu. Við vitum að þau hljóta að liggja m.a. í þeim opinberu álögum sem eru á atvinnugreinina, opinberum álögum sem kunna að hafa áhrif á atvinnustarfsemina. Við getum líka hugsað okkur aðferðir sem hvetja til aukinnar samkeppni sem leiðir síðan væntanlega til lækkunar á flutningskostnaði.

Allt eru þetta atriði sem við þurfum að hyggja að og þess vegna hef ég sérstaklega beint sjónum mínum að atriði sem snýr að þungaskattinum og hlut hans sé í flutningskostnaði við landflutninga. Ég hef lagt fyrir hæstv. samgrh. þrjár spurningar sem lúta að þessu máli sem eru á sérstöku þingskjali þar að lútandi.

[14:33]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurt:

„Hvenær er áætlað að nefnd sú ljúki störfum sem vinnur að athugun á flutningskostnaði fyrirtækja og almennings á landsbyggðinni?"

Svar mitt er að nefndin sem hér um ræðir hefur lokið störfum og skilað ráðuneytinu lokaskýrslu sem lögð var fyrir ríkisstjórnina í gær. Skýrsla þessi er aðgengileg á netinu hjá samgrn. þannig að ég bendi hv. þm. á að þeir hafa aðgang að skýrslunni þar.

Í öðru lagi er spurt:

„Hefur í störfum nefndarinnar verið lagt mat á hvernig flutningskostnaður hefur þróast á undanförnum árum?"

Svar mitt er þetta: Nefndin viðhafði þann hátt í vinnu sinni að hún fékk fram upplýsingar um þróun flutningskostnaðar með samtölum við marga aðila. Í þessum samtölum kom alls staðar fram sú skoðun kaupenda þjónustunnar að flutningskostnaður hefði á síðustu árum hækkað verulega umfram verðlag. Nefndin bar einnig saman í skýrslunni breytingar á gjaldskrám tveggja stærstu flutningafyrirtækjanna miðað breytingar á neysluverðsvísitölu. Niðurstaðan er að gjaldskrár fyrirtækjanna hafi hækkað umfram hækkanir á vísitölu. Í niðurstöðu nefndarinnar kemur fram að flutningsmarkaðurinn beri einkenni fákeppni.

Í þriðja lagi er spurt:

„Liggur fyrir hver hlutur þungaskatts er í flutningskostnaði við landflutninga og hefur vægi hans fyrir einstök svæði verið athugað sérstaklega?"

Svar mitt er þetta: Þegar leitast er við að svara þessari spurningu er rétt að gefa yfirlit um stöðu þessarar skattheimtu.

Innheimta kílómetragjalds fer vaxandi. Ein helsta skýring þess er að landflutningar aukast gríðarlega eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda. Árið 1997 voru innheimtir 2,2 milljarðar kr. en 2,7 milljarðar árið 2001. Þá ber að líta til þess að þróunin er sú að fastagjaldið er alltaf að aukast að umfangi sem tekjustofn. Bifreiðaeigendur kjósa fremur að aka einkabílum á föstu gjaldi en með mæli. Árið 1996 var fast gjald um 23% af heildarálagningu en árið 2001 var fastagjaldið orðið 46% af heildarálagningu þungaskatts. Þannig virðast fleiri bifreiðar fara á fast gjald og á sama tíma er kílómetragjaldið að hækka nokkurn veginn í takt

við aukningu ekinna kílómetra. Það gefur til kynna að landflutningar séu að greiða meira enda aksturinn mun meiri. Auk þess var afsláttur til bifreiða sem óku meira en 95 þús. km á ári afnuminn með úrskurði Samkeppnisstofnunar árið 1999. Einnig ber að nefna að á sama tíma færast flutningar á vegunum sífellt yfir á þyngri bifreiðar.

Um það hver sé hluti þungaskatts í flutningskostnaði við landflutninga vísa ég til skýrslu Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri frá árinu 1999, Áhrif reglugerða á flutningskostnað framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni, sem var mjög athyglisverð. Í henni kemur fram að einkum er litið til þriggja þátta þegar vöruflutningamiðstöðvar endurskoða verðskrá sína, þ.e. launa sem munu vega um helming í kostnaði og olíu og þungaskatts sem vega fjórðung hvort fyrir sig í verðskrám fyrirtækjanna.

Ekki hefur verið athugað sérstaklega hvert vægi þungaskatts er fyrir einstök svæði. Ekki er talið að innheimta þungaskatts eftir sýslumannsembættum gefi af þessu haldbæra mynd þar sem mögulegt er að skrá bifreiðar hvar sem er á landinu. Hlutur þungaskatts fer hins vegar eftir tvennu, þ.e. vegalengd milli staða og umfangi þeirra flutninga sem um ræðir eins og fyrir liggur.

Hins vegar er öllum ljóst að þungaskatturinn er umtalsverður útgjaldaþáttur hjá flutningafyrirtækjum á landsbyggðinni. Því er mjög mikilvægt að leita allra leiða til að þungaskatturinn verði ekki eins umtalsverður hluti af útgjöldum flutningafyrirtækjanna og raun ber vitni. Engu að síður kemur skýrt fram í skýrslunni að það gefast ekki einfaldar leiðir til að gera á þessu breytingar. Það er t.d. ekki einföld leið að fella niður þungaskattinn því að hann er mikilvæg tekjuöflun. Auk þess er ekki óeðlilegt að nýta hann þegar þessi skattlagning er viðhöfð. (Forseti hringir.) Engu að síður liggja fyrir mjög athyglisverðar upplýsingar í þessari skýrslu sem ég hef vísað til.

[14:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tek undir það með hæstv. samgrh. að mjög margt athyglisvert kemur fram í þessari skýrslu. Eins og komið hefur fram var hún rædd í ríkisstjórn á föstudaginn var og þar varð niðurstaðan að Byggðastofnun fengi ákveðið hlutverk við frekari vinnslu og tillögugerð.

Ég hef þegar skrifað Byggðastofnun bréf og farið fram á það við stofnunina að hún fari í fyrsta lagi yfir skýrsluna og þær tillögur sem þar eru kynntar með tilliti til aðgerða í byggðamálum. Í öðru lagi hef ég farið fram á að hún meti umfang flutninga atvinnugreina sem talið er að eigi undir högg að sækja. Í þriðja lagi er mælst til að metið verði hver styrkjaþörf gæti verið.

Við erum að vinna hratt að þessu máli og fleiri skýrslugerðir eru í gangi, bæði hvað varðar búsetuskilyrði fólks og eins starfsskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni miðað við höfuðborgarsvæðið. Þær skýrslur eru um það bil að líta dagsins ljós þannig að að ýmsu er að hyggja. En að þessu er unnið í samræmi við byggðaáætlun.

[14:40]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að spyrjast fyrir um þetta mál. Hæstv. samgrh. og hæstv. iðnrh. vitna í skýrsluna sem kom út í gær. Ég var mjög spenntur fyrir þessari skýrslu, að sjá hvað kæmi út úr henni og vonaði að þar kæmi eitthvað sem mark yrði á takandi. En því miður verð ég að segja að þar er ekkert nýtt, því miður.

Það er fjallað um háan flutningskostnað. Við vissum af honum. Það er fjallað um hvernig virðisaukaskattur íþyngir landsbyggðarfólki. Við vissum það. Það er fjallað um opinberar álögur á flutningskostnað. Við þekkjum það einnig. Þetta eru nánast sömu upplýsingar, sömu fylgiskjöl og vísanir í tillögur frá Noregi og Svíþjóð. Um þetta mátti allt lesa í þeirri tillögu sem ég hef flutt á hinu háa Alþingi undanfarin tvö eða þrjú ár. Þarna er ekkert nýtt, því miður. Nú kemur þetta fram eftir 15 mánaða skoðun. Eftir 15 mánuði kemur þessi skýrsla fulltrúa þriggja ráðherra með engum krassandi tillögum.

Herra forseti. Brýnasta byggðamálið í dag er að lækka flutningskostnað til og frá landsbyggðinni. Grípa þarf til opinberra aðgerða. Hæstv. ríkisstjórn á að gera það og það strax.

[14:41]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er staðfest í umræddri skýrslu sem margir höfðu séð fyrir, að skortur á samkeppni í þessari atvinnugrein hefur leitt til að flutningskostnaður hefur hækkað. Það er ljóst að af einhverjum ástæðum hefur ekki tekist að koma á samkeppni í þjóðfélaginu í þessari atvinnugrein eins og mörgum öðrum. Við búum þar við fákeppni, jafnvel einokun, og stjórnvöld verða auðvitað að hafa leikreglur sem settar eru fyrir þessa atvinnugrein með hliðsjón af þeirri staðreynd. Ég vil brýna hæstv. ríkisstjórn í að velta málinu fyrir sér og koma sem fyrst með tillögur eða aðgerðir sem mættu verða til að lækka flutningskostnað. Það sem beðið er eftir eru aðgerðir en ekki skýrslur.

Mig langar að biðja hæstv. samgrh. að upplýsa, ef hann hefur upplýsingar um, hversu stór hluti þungaskattur er áætlaður af flutningskostnaði.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Það sem mér finnst standa upp úr þessari umræðu allri saman er sú staðreynd að flutningskostnaður í landinu hefur vaxið umfram verðlag. Við þurfum að beina sjónum okkar að því og reyna að átta okkur á hvers vegna það er.

Það sem mér sýnist af lestri þessarar skýrslu er að hækkun eða breyting á opinberum álögum nægi ekki til að skýra hækkunina. Við verðum að horfa til annarra þátta. Þess vegna er ekki eins og menn hafa látið í veðri vaka, að hækkun þungaskatts og annarra opinberra gjalda á undanförnum árum hafi orðið til þess að flutningskostnaðurinn hafi hækkað jafnmikið og raun ber vitni og skýrslan leiðir í raun í ljós.

Ég sakna þess hins vegar úr skýrslunni, get tekið undir það og þess vegna lagði ég áherslu á það í fyrirspurn minni, að reynt væri að leggja mat á hversu mikið vægi þungaskatturinn, þessi stóri gjaldstofn hins opinbera, hefði í flutningskostnaðinum í heild sinni. Þess vegna fagna ég því að málið verður unnið áfram af hálfu ríkisstjórnarinnar, m.a. til að reyna að átta sig á þessu. Við sjáum það í hendi okkar að tæki ríkisins, hin beinu tæki ríkisins, hljóta m.a. að lúta að því að hafa áhrif á þessa gjaldheimtu og hvernig henni er beitt. En við sjáum hins vegar að jafnvel þó að við gerðum það þá virðist sem það muni ekki duga. Það er ekki nægjanleg skýring á þeirri breytingu sem hefur orðið.

Það er líka alveg ljóst að samkeppnin í landinu á flutningasviðinu er mjög takmörkuð. Hún er sannarlega til á ýmsum sviðum, t.d. til varðandi fiskflutning en svo er alls

ekki á öllum sviðum. Hún er ekki til staðar í flutningi á pakkavöru með sama hætti og verið hefur. Þetta á örugglega sinn þátt í verðlagsþróun varðandi flutningana.

Ég hef áður vakið máls á því að það er áhyggjuefni að til séu heil svæði þar sem þessi samkeppni er ekki til staðar. Svarið við því er því að halda uppi regluverki sem tryggir eðlilega samkeppni á þessum sviðum sem öðrum.

[14:45]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Að vísu kom ekki mjög mikið á óvart það sem hv. þm. Kristján L. Möller sagði, þ.e. að ekki væri hægt að fræða hann mikið um þessi mál. Engu að síður liggur samt fyrir að ríkur vilji stendur til þess, eins og fram kom í svari mínu áðan, að leita leiða til þess að lækka flutningskostnað. Stóra aðgerðin í þeim efnum er sú sem rætt var hér mjög ítarlega í gær, þ.e. að byggja upp vegakerfið. Það er mjög mikilvæg aðgerð. Hins vegar liggur alveg fyrir að við getum ekkert komist undan þeim kostnaði sem flutningum fylgja um landið. Ef við ætlum að greiða það allt úr ríkissjóði yrði úr mjög vöndu að ráða og ekki alveg ljóst hvernig ætti að standa að því.

En það kemur m.a. fram í skýrslunni og er mjög athyglisvert að meginþorri dagvöruverslunar á landsbyggðinni er rekinn af stórum verslunarkeðjum og u.þ.b. 90% af landsmönnum hafa aðgang að slíkri dagvöruverslun innan 50 km radíuss sem er auðvitað mjög mikilvægt og vekur athygli á því og beinir sjónum okkar að því að verslunarþjónustan, dagvöruverslunin hefur náð mjög miklum árangri í lækkun á vöruverði. Það er meira og minna svo að þessar stóru keðjur jafna vöruverðið á þessum svæðum — það skiptir miklu máli — og taka þar með flutningskostnaðinn inn í jöfnun.

En hvað um það. Þessi skýrsla sem nú liggur fyrir er grunnur þeirra aðgerða eins og fram kom hjá hæstv. iðnrh., byggðaráðherra, aðgerða ríkisstjórnarinnar til að lækka flutningskostnað og að því verður unnið á næstu vikum.

Persónulegur talsmaður fatlaðra.

Fsp. ÁRJ, 498. mál. — Þskj. 831.

[14:47]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. félmrh. í þá veru hvort hann telji tímabært að lögfesta þau réttindi að fötluðum sem ekki geta sjálfir gætt réttar síns verði skipaður persónulegur talsmaður til þess að annast réttindagæslu fyrir þá og tala máli þeirra þegar álitamál koma upp sem þá varða.

Núna er einn trúnaðarmaður í hverju kjördæmi, gömlu kjördæmunum, og hann er fyrir stóran hóp einstaklinga. Ríkisendurskoðun hefur ítrekað gert athugasemdir við bága réttarstöðu og réttaröryggi fatlaðs fólks. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2002 um Sólheima í Grímsnesi segir t.d., með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun telur að trúnaðarkerfi eða annað það kerfi sem löggjafi kýs til að tryggja betur rétt hinna fötluðu þurfi að efla til muna."

Einnig kemur fram í úttekt frá Ríkisendurskoðun frá því árið 2000 þar sem tekin var fyrir stjórnsýsluendurskoðun á verkefnum reynslusveitarfélagsins Akureyrar að þar eru einmitt gerðar einnig alvarlegar athugasemdir við faglegt eftirlit.

Á Norðurlöndum, í Noregi, Svíþjóð og Danmörku, er þroskaheftum og öðrum fötluðum sem ekki geta gætt réttar síns vegna fötlunar skipaður persónulegur talsmaður sem er þá einhver sem talar fyrir hönd viðkomandi ef upp koma álitamál, t.d. ef einhver rannsókn er í gangi eða vegna upplýsts samþykkis eða annars sem hinn fatlaða varðar. Þarna er ekki eingöngu átt við þroskahefta heldur einnig ákveðinn hóp geðfatlaðra sem þyrfti að geta átt slíkan talsmann.

Á Norðurlöndum, a.m.k. í Noregi, er trúnaðarmaðurinn eða talsmaðurinn launalaus og þá er þetta nokkurs konar þegnskylda. Reyndar er ég ekki alveg viss um hvort hann er alveg launalaus. Ég held að hann fái einhverja þóknun fyrir, en það er þegnskylda að taka þetta að sér.

Þroskahjálp hefur einmitt barist mikið fyrir því að efla réttargæslu fatlaðra og er með ítarlegar tillögur í þeim efnum þar sem einmitt kemur inn persónulegur talsmaður eins og ég er hér að kalla eftir. Þetta er orðið nokkuð bagalegt í dag. Upp hafa komið tilvik þar sem hefði þurft að vera slíkur talsmaður. Ég vil nefna sem dæmi leigusamningana sem hafa verið gerðir á sambýlum, þar sem ýmsir vistmenn hafa ekki getað skrifað undir og þá er ekki hægt að þinglýsa samningunum og ef samningur er ekki þinglýstur eiga viðkomandi vistmenn ekki rétt á húsaleigubótum. Því er orðið löngu tímabært að koma inn í kerfið réttindum til að fá skipaðan slíkan talsmann og því vona ég að hæstv. ráðherra svari fyrirspurn minni játandi og drífi í þessu sem fyrst.

[14:50]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég geng út frá því að hér sé átt við fatlaða í skilningi laganna um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Þetta málefni um persónulegan talsmann fatlaðra var tekið til athugunar í tengslum við undirbúning að fyrirhugaðri yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaganna á árunum 1998–2001. Niðurstaða af þeirri vinnu kemur fram í frv. til laga um réttindagæslu fatlaðra sem lagt var fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi, 2000–2001.

Í starfi nefndarinnar sem samdi frv. kynnti fulltrúi Þroskahjálpar tillögur samtakanna um fjórþætt réttindagæslukerfi fatlaðra á vegum ríkisins. Kerfið skyldi skiptast þannig:

1. Embætti umboðsmanns fatlaðra.
2. Fötlunarráð.
3. Réttindagæslumenn.
4. Trúnaðarmenn.

Nefndin féllst ekki á að koma þyrfti á svo viðamiklu kerfi til að hagsmunir fatlaðra yrðu sómasamlega tryggðir þegar þjónusta við þá færðist til sveitarfélaganna. Nefndin lagði því til kerfi sem samanstóð af einum réttindagæslumanni fyrir landið allt og síðan trúnaðarmönnum í hverju kjördæmi. En eftir að fallið var frá yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaganna hefur ekki verið umræða um að lögfesta persónulegan talsmann fatlaðra. Fatlaðir eiga auðvitað aðgang að trúnaðarmanni fatlaðra samkvæmt lögunum um málefni fatlaðra.

Þann 30. september 2002, þ.e. í haust, sendi ég bréf til Landssamtakanna Þroskahjálpar og Öryrkjabandalagsins svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Félagsmálaráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp sem kanni með hvaða hætti megi tryggja sem best réttaröryggi og jafnrétti fólks með fötlun. Starfshópinn munu skipa

fulltrúar frá Öryrkjabandalagi Íslands, Landssamtökunum Þroskahjálp og félagsmálaráðuneytinu."

Síðan var óskað eftir því við Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalagið að þau tilnefndu hvort sinn fulltrúann í starfshópinn. Landssamtökin Þroskahjálp svöruðu um hæl, með leyfi forseta:

„Landssamtökin Þroskahjálp fagna þeirri ákvörðun félagsmálaráðherra að skipa starfshóp sem kanni með hvaða hætti megi tryggja sem best réttaröryggi og jafnrétti fólks með fötlun. Samtökin hafa ákveðið að tilnefna Friðrik Sigurðsson, Sörlaskjóli 60, sem fulltrúa sinn í nefndina.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar.
Halldór Gunnarsson formaður."

Öryrkjabandalagið hefur hins vegar ekki tilnefnt í starfshópinn enn þá. Orsökin mun vera sú, ef ég hef skilið málið rétt, að væntanleg mun vera tilskipun frá Brussel varðandi réttindamál fatlaðra og Öryrkjabandalagið telur rétt að hinkra við eftir því að sú tilskipun liggi fyrir áður en hafist verður handa um að slá því í gadda hvernig við ætlum að hafa þetta hér. Það má út af fyrir sig fallast á að það geti verið skynsamlegt sjónarmið.

[14:54]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þetta svar. Ég sé að hann hefur verið með ákveðna tilburði í þá átt að koma á aukinni réttargæslu fyrir fatlaða. Ég get alveg tekið undir þá niðurstöðu nefndarinnar sem samdi frv. sem lá fyrir þinginu að það er e.t.v. of viðamikið kerfi sem Þroskahjálp leggur til. En ég tel mjög brýnt að komið verði á svipuðu kerfi hér og á Norðurlöndunum, þ.e. að hægt sé að skipa fötluðum, þá þeim sem ekki geta sinnt sínum málum sjálfir, ekki geta gætt réttar síns sjálfir, persónulegan talsmann. Það er ekki viðunandi að það sé einn talsmaður eða einn umboðsmaður fyrir stóran hóp, eins og einn í hverju kjördæmi. Ég get ekki sætt mig við það, en tel e.t.v. rétt að hinkra eftir ráðunum frá Brussel eins og Öryrkjabandalagið hefur lagt til því eins og við þekkjum hafa mjög margar réttarbætur í kerfinu einmitt komið þá leið og ef það kemur þaðan ættum við að geta lögfest það sem fyrst. Engu að síður vil ég gjarnan, ef tilskipunin er á leiðinni, að hún verði tekin strax og menn fari síðan í þá vinnu að koma á þessari skipan mála, þ.e. eins og er á Norðurlöndunum. Ég hvet hæstv. ráðherra, ef tilskipunin kemur á meðan hann situr í embætti, til þess að taka til hendinni og koma þessum réttindum á hér á landi svipað og er á Norðurlöndunum. Ég þakka honum annars svörin.

[14:56]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Eins og fyrirspyrjandi hefur sjálfsagt tekið eftir þá er hreyfing á málinu. Ég vil hins vegar hafa sem allra best samráð og samstarf við hagsmunasamtök fatlaðra, þ.e. Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalagið. Ég tel að það hefði út af fyrir sig, óháð því hvað verður gert í Brussel, verið óhætt að setja þessa vinnu af stað hér. En fyrir mér er það ekki meginatriði heldur að það fáist bara farsæl lausn á þessu og réttindagæsla fatlaðra verði tryggð sómasamlega. Ég vonast til þess að svo verði. Ég veit ekki hvort ég hef tækifæri til þess að fylgja því á leiðarenda. En það er búið að ganga svo frá að ég verði ekki eilífur augnakarl í félmrn. eins og hv. þm. veit.

Heilsugæslumál á Suðurnesjum.

Fsp. KPál, 502. mál. — Þskj. 835.

[14:58]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Nú eru liðnir rúmir þrír mánuðir síðan 12 heilsugæslulæknar gengu út úr heilsugæslunni á Suðurnesjum. Mánuði eftir að deilan hófst voru tveir læknar ráðnir til starfa við heilsugæsluna á ný og í gær voru ráðnir tveir sérfræðilæknar sem sinna heilsugæslulækningum og eru læknar við heilsugæslustöðina því orðnir fjórir. Að mati yfirlæknis Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja þarf ekki að ráða í allar 12 stöðurnar aftur heldur gæti dugað að ráða í sjö eða þar um bil og fækka læknum því verulega.

Eftir því sem ég kemst næst þá hefur ekki skapast neyðarástand á svæðinu vegna læknaskorts og má það þakka að mestu mikilli hagræðingu innan Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og því að hjúkrunarfræðingar og annað fagfólk hefur tekið að sér þau störf sem heilsugæslulæknar hafa haft með höndum fram að þessu. Engin læknaþjónusta er þó í dag í seljunum í Sandgerði, Garði og Vogum, en í þessum bæjum eru samtals um 3.300 manns. Ekki er frágengið hvað verður um þessi sel en ég hygg að mörgum Suðurnesjamanninum brygði við ef þeim yrði lokað endanlega vegna læknaskorts.

Miðað við þá niðurstöðu sem hér er rakin virðist starfandi læknum á Suðurnesjum fara fækkandi og bætist það ofan á þá staðeynd að bráðaþjónusta á Sjúkrahúsi Keflavíkur hefur ekki verið starfrækt allan sólarhringinn alla daga vikunnar í nokkur ár, en þegar því var hætt fækkaði læknum einnig. Með það í huga að á svæðinu búa um 17 þúsund manns er þetta ekki eðlileg þróun.

Herra forseti. Ég veit að starfsfólkið á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja ætlar að leysa þessi mál og er að vinna að því af fullum krafti. Starfsmenn hafa það einnig á tilfinningunni að hæstv. heilbrrh. sé okkur hliðhollur. En þrátt fyrir allan vilja starfsmanna virðist sú staða borðleggjandi að læknaþjónustan á Suðurnesjum er að breytast verulega. Ekki ætla ég að reyna að meta það hver áhrifin af þessari breytingu verða. Ég hef það samt á tilfinningunni að breytingin sé ekki fyrir fram ákveðin og það vildi ég síst að Suðurnesin sætu uppi að endingu með færra menntað starfsfólk á heilbrigðisstofnunum en áður og verði ekki samanburðarhæft við önnur álíka fjölmenn svæði á landinu hvað þetta varðar.

Auðvitað hefur margt mátt betur fara í læknamálum sem heimamenn hefðu kannski getað leyst betur. Þar á ég helst við búsetu læknanna, en svo var komið að langflestir þeirra áttu heimili á höfuðborgarsvæðinu og keyrðu á milli. Þetta hefur ekki verið farsæl þróun og leitt til óhagkvæmari reksturs heilsugæslunnar og minni tilfinningar lækna fyrir viðskiptavinum sínum á Suðurnesjum.

Margar spurningar brenna á okkur Suðurnesjamönnum í dag um heilsugæsluna. Þess vegna hef ég, herra forseti, lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. heilbrrh.:

1. Hver er stefna ráðherra í uppbyggingu heilsugæslunnar á Suðurnesjum?

2. Hverjar eru hugmyndir ráðherra um ráðningu heilsugæslulækna á Suðurnesjum?

3. Telur ráðherra koma til greina að leyfa rekstur læknastofu sjálfstætt starfandi heilsugæslulækna en bjóða um leið

sömu þjónustu lækna á heilsugæslustöð sem rekin er af ríkinu?

[15:01]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson hefur beint til mín spurningum um uppbyggingu heilsugæslunnar á Suðurnesjum. Eins og Alþingi og hv. þingmönnum er kunnugt sögðu heilsugæslulæknar við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja upp störfum sínum á síðasta ári. Tengdist þetta víðtækri deilu eða umræðum um stöðu heilsugæslulækna sem leiddi til þess að ég gaf út yfirlýsingu í lok nóvember þar sem fram kom að ég mundi beita mér fyrir því að kjaraumhverfi heilsugæslulækna yrði flutt frá kjaranefnd og hefðbundinn samningsréttur þess fólks yrði tekinn upp að nýju ef um það kæmi ósk frá heilsugæslulæknum.

Því miður lyktaði þeim málum á þann veg, þrátt fyrir þessa yfirlýsingu, að læknar við heilsugæsluna á Suðurnesjum sóttu ekki um störf sín að nýju þótt þeim byðust kjör þau sem kjaranefnd úrskurðar heilsugæslulæknum um land allt. Í framhaldi af þessu hefur verið leitað ýmissa ráða við að ráða heilsugæslulækna að nýju til Suðurnesja. Hlutverk stofnunarinnar í heild sinni hefur einnig verið til skoðunar en í mínum huga er ekki nokkur vafi á því að almenn heilsugæsla verður grunnþjónusta á Suðurnesjum líkt og annars staðar á landinu en önnur þjónusta stofnunarinnar svo sem almennar skurðlækningar, lyflækningar, barnalækningar og kvensjúkdómar og fæðingarhjálp verður einnig að standa á sterkum stoðum. Uppbygging öldrunar- og hjúkrunarþjónustu er einnig óaðskiljanlegur þáttur í þjónustu stofnunar af þessum toga.

Sem svar við síðustu spurningunni þá hef ég stutt hugmyndir um það að breytilegt rekstrarform gæti komið til greina innan heilsugæslunnar og minni á í því sambandi að nýlega var boðin út á vegum heilbrrn. rekstur nýrrar heilsugæslustöðvar í Salahverfi í Kópavogi. Leiði þetta af sér jákvæða niðurstöðu, sem ég er mjög bjartsýnn á, tel ég alla möguleika opna fyrir því að þetta verði gert víðar um landið, þar með talið á Suðurnesjum. Á sama hátt tel ég aðra rekstrarmöguleika sem samningar nást um vera opna til að bjóða Suðurnesjabúum upp á heilsugæsluþjónustu í anda heilbrigðislaga.

Það er einlæg von mín að nú sem allra fyrst takist að bæta úr núverandi ástandi með ráðningu eða samningum við fleiri heilsugæslulækna og ég tel fulla þörf á því.

Herra forseti. Mér er ljóst að erfitt ástand hefur ríkt á Suðurnesjum um nokkurra vikna skeið vegna uppsagna heilsugæslulækna. Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda og vil þakka því fólki sem þar hefur unnið í þessum erfiðleikum fyrir þess ágætu störf. Mér er ljóst að álag á það fólk hefur verið mikið. En það er einnig einlæg von mín að úr þessu rætist hið fyrsta og við getum komið heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum í ásættanlegt horf.

[15:04]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni Pálssyni fyrir að vekja athygli á þessu viðkvæma máli. Ég þakka einnig hæstv. heilbrrh. fyrir svör hans því að vissulega er ófremdarástand í heilbrigðismálum á Suðurnesjum. Eins og fram kom í svari hæstv. ráðherra hafa læknar á Suðurnesjum, flestir læknar ekki viljað koma aftur til starfa þrátt fyrir að þeim hafi verið boðin sömu kjör og ríkja á markaðinum á Íslandi. Þess eru dæmi að þessir sömu læknar hafi síðan farið að vinna annars staðar á þeim kjörum sem þeim voru boðin á Suðurnesjum.

Í svari hæstv. ráðherra kemur fram að hann leitar lausna á þessum málum og vill styrkja heilsugæslu á Suðurnesjum. Einnig er full ástæða til að þakka því góða fólki sem er að vinna að heilsugæslumálum á Suðurnesjum undir gríðarlega miklu álagi og mikilli pressu fyrir hvernig það hefur staðið að þeim málum. Það er auðvitað von mín sem annarra að lausn náist sem fyrst í þessu máli.

[15:05]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda Kristjáni Pálssyni fyrir að vekja máls á þessu máli og hæstv. heilbrrh. fyrir svör hans. Þetta er mjög erfið staða og grunnþjónustan verður veik þegar upp koma svona kjaradeilur. Það er nauðsynlegt að heilsugæslan hafi styrkar stoðir og sem grunnþjónusta er hún afar mikilvæg. Eins eru öll þau störf sem fara fram á sjúkrahúsinu mjög mikilvæg og mikilvægt að þau störf haldist í heimabyggð og vonandi næst að halda áfram að manna þessar stöður.

Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans varðandi það að leyfa rekstur stofnana með öðru fyrirkomulagi. Ég held að það skipti líka máli að hafa fjölbreytni í þessum málum. Eins og fram kom hjá honum hefur það verið að gerast annars staðar og ég veit að þessi mál eru í styrkri hendi hæstv. ráðherra.

[15:07]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin. Ekki má gleyma því að liðnir eru þrír mánuðir síðan þessi vandamál leiddu til þess að allir læknar gengu út af heilsugæslunni. Þrír mánuðir, þetta er ótrúlega langur tími. Það heyrist ótrúlega lítið um þetta núna miðað við hvað þetta er mikil breyting.

Auðvitað er hægt að bjarga svona málum í stórri stofnun í dálítinn tíma því að það er mikill fjöldi vel menntaðra starfsmanna á þessum stofnunum sem betur fer. Þannig er hægt að hlaða á fólkið um einhvern tíma miklu fleiri störfum og fjölþættari en það hefur gegnt áður. En þetta getur ekki gengið endalaust fyrir sig með þessum hætti.

Ég man eftir fundi sem hæstv. heilbrrh. átti með Suðurnesjamönnum fyrir rúmum tveimur mánuðum. Þar var mikið fjölmenni og hæstv. ráðherra tók þá mjög vel í að reyna að leysa málin og átti fund með læknum þá strax daginn eftir. Samt gerist óskaplega lítið. Ég velti því fyrir mér að þó að góð orð hafi t.d. verið höfð um að ef vel gangi með nýtt rekstrarform í Salahverfi í Kópavogi megi reyna að gera það einhvers staðar annars staðar þá tekur þetta of langan tíma. Ég velti því fyrir mér hvort ráðherra hafi ekki einhver úrræði til þess að grípa inn í með áhrifaríkari hætti þannig að málið megi leysast fyrr en manni sýnist það gera í dag.

[15:09]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram og hv. fyrirspyrjanda fyrir innlegg hans. Ég geri mér grein fyrir að það er ekki endalaus tími í þessu máli. Vissulega eru þrír mánuðir langur tími og nokkuð lagt á það starfsfólk sem er á Heilbrigðisstofnuninni eins og ég kom að áðan. Tengiliður minn í málinu, til þess að leita úrræða, hefur hins vegar verið nýr forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja sem hefur lagt mikið á sig til að reyna að fá fólk að stofnuninni. Það urðu vissulega vonbrigði að þeir

læknar sem þarna voru skyldu ekki ráða sig aftur að einhverju eða öllu leyti. Ég hef átt reglulega fundi með forstjóranum og hún hefur gert mér grein fyrir þessum málum og haft hugmyndir um að leysa málin a.m.k. til bráðabirgða gegnum Heilbrigðisstofnunina, efla starfsemi hennar á ýmsum sviðum eða starfsemi sjúkrahúshlutans. Hún hefur unnið að þeim málum af miklu kappi veit ég og hefur fullan stuðning okkar til þess.

Varðandi ný rekstrarform tel ég að við getum ekkert beðið eftir því að sjá reynsluna af rekstri Salahverfisins. Það kemur ekki í ljós fyrr en að ári liðnu ef svo má segja. Hins vegar hefur verið miklu meiri áhugi fyrir slíkri lausn en við héldum í upphafi og okkur var sagt. Ég hef trú á því að við getum skoðað fleiri lausnir ef það verður til lausnar þessu ástandi.

Lífeyrisgreiðslur til Íslendinga erlendis.

Fsp. ÁRJ, 553. mál. — Þskj. 900.

[15:12]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til heilbrrh. um lífeyrisgreiðslur til Íslendinga sem búsettir eru erlendis. Nú er það svo að samkvæmt almannatryggingalögum öðlast menn rétt til ellilífeyris með því að eiga lögheimili á Íslandi ákveðinn árafjölda, fullan ef þeir uppfylla árafjöldann en hlutfallslegan rétt ef þeir flytja héðan áður en þeir eru búnir að uppfylla þennan tíma eða flytja héðan fyrir ellilífeyristöku.

Íslendingar sem búsettir eru erlendis hafa í gegnum tíðina fengið þessar greiðslur ef þeir hafa sótt um þær. Breytingar voru gerðar á lögum um almannatryggingar 1993 þar sem sett var inn ákvæði í lögin, með leyfi forseta:

„Greiða skal bótaþegum, búsettum í þeim ríkjum sem ríkisstjórn gerir samninga við eða ráðherra hefur samið við með stoð í 64. gr., sömu bætur og viðkomandi hefði átt rétt á hefði hann verið búsettur hér á landi.“ — Það er sem sagt vísað í samninga til þess að menn eigi rétt á þeim greiðslum.

Nú þegar eru samningar við Bandaríkin, við ríki Evrópska efnahagssvæðisins og Kanada og ef til vill fleiri lönd en Íslendingar sem eru búsettir utan þessara ríkja sem samningar eru við hafa ekki fengið undanfarið þessi áunnu réttindi. Þó virðist vera mismunur á framkvæmdinni. Það gætir þarna ákveðins ójafnræðis. Það er auðvitað verið að mismuna fólki eftir því hvort það býr í ríkjum þar sem samningur hefur verið gerður um greiðslurnar eða ekki. Einnig virðist það vera þannig að sumir í þeim ríkjum sem ekki eru samningar við fá greiðslurnar og aðrir ekki. Ég er með nokkur dæmi um það. Einn Íslendingur sem búsettur er í Ástralíu sótti um ellilífeyrisgreiðslur sínar í sumar, fékk greiðslur í tvo mánuði. Síðan var honum uppálagt af Tryggingastofnun ríkisins að endurgreiða það sem hann hafði fengið greitt þrátt fyrir að ýmsir sem búa þar nálægt honum og eru komnir á ellilífeyrisaldur fái áfram slíkar greiðslur. Ég spyr hæstv. ráðherra vegna þessa:

Eru áform um að gera samninga eða samkomulag við ríki um lífeyrisgreiðslur til Íslendinga búsettra erlendis sem ekki eru samningar við nú?

[15:15]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. er rétt að gera í upphafi grein fyrir samningum um almannatryggingar sem Ísland hefur þegar gert við önnur ríki. Samningar um almannatryggingar tryggja mikilvæg réttindi Íslendinga og borgara þess ríkis sem samið er við. Á síðustu árum hafa verið gerðir samningar við þau ríki sem Íslendingar hafa mest samskipti við. Ísland hefur skuldbundið sig skv. 12. gr. félagsmálasáttmála Evrópu til að gera tví- eða fjölhliða samninga við aðildarríki sáttmálans um almannatryggingar. Felur skuldbindingin í sér að borgarar þessara ríkja fá sama rétt og íslenskir ríkisborgarar og fái bætur greiddar þrátt fyrir búsetu erlendis.

EES-samningurinn felur í sér samkomulag um réttindi einstaklinga til lífeyrisgreiðslna þegar þeir hafa unnið eða búið í aðildarríkjum EES-samningsins. Ísland hefur því á grundvelli EES-samningsins samning um almannatryggingar við 17 Evrópuríki. Þá hafa Norðurlöndin gert með sér samning um almannatryggingaréttindi þeirra einstaklinga sem falla utan gildissviðs EES-samningsins. Jafnframt hefur Ísland gert tvíhliða samninga við Austurríki, Lúxemborg og Bretland um réttindi þeirra sem falla utan gildissviðs EES-samningsins. Samningur var gerður við Kanada árið 1989 og nær hann til lífeyrisréttinda.

Á síðasta ári var EFTA-sáttmálinn endurskoðaður og tók nýr sáttmáli gildi 1. júní 2002. Hinn nýi sáttmáli felur í sér samkomulag við Sviss um almannatryggingaréttindi, þar með talin lífeyrisréttindi ríkisborgara Íslands og Sviss þegar þeir vinna og búa í ríkjunum. Þegar tíu ný ríki verða aðilar að Evrópusambandinu munu reglur Evrópusambandsins um almannatryggingar ná til ríkisborgara þeirra ríkja. Ísland á nú í samningaviðræðum við Evrópusambandið um breytingar á EES-samningnum vegna stækkunar Evrópusambandsins og ef samningar takast munu þeir væntanlega fela í sér samkomulag um almannatryggingar við nýju aðildarríkin. Ísland væri þá með samkomulag um almannatryggingaréttindi við Ungverjaland, Pólland, Tékkland, Slóveníu, Slóvakíu, Eistland, Lettland, Litháen, Kýpur og Möltu. Vegna þessara viðræðna er ekki fyrirhugað að óska eftir viðræðum við þessi ríki um tvíhliða samninga almannatrygginga heldur er rétt að bíða eftir niðurstöðu úr samningaviðræðum við Evrópusambandið.

Ísland hefur óskað eftir viðræðum við Bandaríkin um tvíhliða samning um almanntryggingar, sérstaklega lífeyristryggingar. Ísland og Bandaríkin skiptust á nótum árið 1981 sem skuldbinda ríkin til að greiða áunninn lífeyri til ríkisborgara landanna. Slík nótuskipti hafa nýst borgurum ríkjanna en æskilegt er að gera tvíhliða samning við Bandaríkin um réttindi borgara þessara tveggja ríkja.

Herra forseti. Samkvæmt framansögðu hefur Ísland gert samkomulag um almannatryggingar við 19 ríki. Ef samningar takast við Evrópusambandið og Bandaríkin bætast 11 ríki við og verða ríkin sem Ísland hefur gert samkomulag við því 30 talsins. Tvíhliða samningar byggjast ávallt á vilja beggja ríkja til að gera samninga og þótt Ísland vilji gera samninga við tiltekin ríki þá er ekki víst að það ríki sjái sér hag í því að gera samning. Oft snýst málið um fáa einstaklinga og þá getur verið að ríkið telji ekki svara kostnaði að gera samning við Ísland. Það má þó benda á að þó að einstaklingarnir séu fáir getur það skipt hvern einstakling miklu máli að fá að

halda áunnum réttindum sínum þrátt fyrir vinnu eða búsetu erlendis.

[15:19]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Aðeins bara til upplýsingar. Ég var að koma af fundi velferðarnefndar í Norðurlandaráði í gærkvöldi. Ég á sæti í velferðarnefndinni og þar eru þessi mál mjög til umræðu, einmitt um rétt fólks þegar það flytur milli landa, þ.e. hvort það eigi að ganga undir það almannatryggingakerfi sem er í viðkomandi landi eða hvort það geti flutt með sér sinn áunna rétt. Í þessu máli er engin niðurstaða komin. Mjög skiptar skoðanir eru um það hvort fólk eigi ekki bara að gangast undir það sem er í því landi sem það flytur til. Ég vildi bara geta þess að þetta er mikið til umræðu í Norðurlandaráði núna þessa dagana.

[15:20]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir upplýsingar um þau ríki sem við erum að gera samninga við. Það eru að koma inn viðbótarríki. Þegar Evrópusambandið stækkar fara nýju ríkin undir sömu samninga og EES-ríkin.

Auðvitað er það mikið atriði fyrir hvern og einn einstakling hvort hann fær lífeyrisréttindi sín greidd eftir að hann fer á ellilífeyrisaldur, réttindi sem hann hefur áunnið sér t.d. á Íslandi fyrir þá sem flytja héðan. Þess vegna er þetta mikilvægt fyrir hvern og einn einstakling þó þetta geti þýtt kostnað fyrir hvert ríki. Ég nefndi sem dæmi Íslendinga búsetta í Ástralíu en þó nokkur fjöldi Íslendinga býr í Ástralíu og við Ástralíu er enginn slíkur samningur. Þar er verið að greiða sumum Íslendingum sinn lífeyri úr almannatryggingunum og öðrum ekki. Ég bið hæstv. ráðherra um að athuga þessi mál því þarna gætir ákveðins ójafnræðis meðal íslenskra þegna í Ástralíu og eflaust er það víðar. Ég tel því mjög mikilvægt að annaðhvort verði gerður gagnkvæmur samningur við þessi ríki eða að sömu reglur verði látnar gilda um alla þá sem eru búsettir í þessum löndum. Það er auðvitað ekki hægt að búa við það að einn fái greiddan sinn áunna rétt en annar ekki í sama landinu. Vissulega eigum við að tryggja að þeim einstaklingum sem hafa áunnið sér ákveðinn lífeyrisrétt hér á landi sé unnt að fá hann greiddan þótt þeir kjósi að búa annars staðar í ellinni. Ég hvet því hæstv. ráðherra, um leið og ég þakka honum fyrir þau svör sem hann gaf hér, til þess að huga að þessum málum og sjá til þess að þeim Íslendingum sem búa erlendis og fá ekki notið þess lífeyrisréttar sem þeir hafa áunnið sér, verði gert það kleift.

[15:22]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi ítrekaði þýðingu þessa máls fyrir þá einstaklinga sem þarna eiga hlut að máli. Ég er hv. fyrirspyrjanda sammála um það, enda tók ég það fram í svari mínu að það geti skipt miklu máli fyrir þá að halda áunnum réttindum sínum.

Hv. fyrirspyrjandi kom einnig með hvatningu eða ábendingu um Ástralíu í þessu sambandi. Ég tek þá ábendingu til skoðunar eða tek þeirri ábendingu án þess að ég hafi svör við því á þessari stundu hver framvindan verði í því. Mér er kunnugt um að fjölmargir Íslendingar búa í Ástralíu en þangað voru miklir fólksflutningar á okkar mælikvarða fyrir um 30 árum síðan þannig að mér er vel kunnugt um að þar eru allmargir Íslendingar.

Ég fer því með þessa ábendingu hv. fyrirspyrjanda í farteskinu án þess að ég geti sagt um það á þessari stundu eða svarað hver næstu skref verða. En ég tek ábendingunni.

Efling fjarnáms.

Fsp. BjörgvS, 534. mál. — Þskj. 878.

[15:24]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Herra forseti. Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. menntmrh. hvort í bígerð sé að auka framboð á fjarnámi við skóla landsins, sérstaklega með tilliti til aukins framboðs á námi fyrir atvinnulausa.

Herra forseti. Aukið framboð á fjarnámi hefur valdið straumhvörfum fyrir fjölda fólks. Ýmis dæmi má nefna um slíkt nám. Má til telja Kennaraháskóla Íslands, Verkmenntaskólann á Akureyri og ýmsa fjölbrautaskóla. Mikil aðsókn er að fjarnámi skólanna sem gert hefur fjölda manns kleift að sækja sér nám og réttindi til þeirra. Þetta er fólk sem ella hefði ekki átt þess kost sökum búsetu-, fjárhags- eða fjölskylduaðstæðna.

Eftir að tölvueign og aðgengi að slíkri tækni varð jafnalmenn og raun ber vitni felst mikill fjársjóður í fjarnámi hvers konar og opnar það nýjar gáttir fyrir mikinn fjölda fólks. Fjarnám, endurmenntun og annað tækifæri í námstilboðum fyrir þá sem hafa horfið frá námi eða eru án atvinnu eru á meðal mikilvægustu framfaramála innan menntakerfis okkar um þessir mundir. Atvinnuleysi hefur bitnað sérstaklega á þeim sem litla menntun hafa og búa ekki við sérhæfingu eða fagþekkingu á vinnumarkaði. Annað tækifæri í menntun á byggjast á aðgengilegu grunnnámi, framhaldsnámi, starfsnámi eða námstilboðum fyrir þá sem vilja bæta við sína fyrri menntun. Þannig jöfnum við tækifærin og búum til öfluga veitu inn í atvinnulífið og greiðum þeim leið sem hafa misst atvinnu sína inn á vinnumarkaðinn að nýju.

Herra forseti. Það er mikilvægt að skjóta frekari stoðum undir fjarnámið hvort heldur er í grunnnámi, á framhaldsskólastigi eða háskólastigi. Þá þarf að tryggja að slíkt nám sé aðgengilegt og ódýrt og komi í veg fyrir að skólarnir nýti sér mikla eftirspurn eftir fjarnámi sem sérstaka tekjulind og mismuni þannig fólki eftir efnahag. Undanfarið hefur verið vakin athygli á því hve skólagjöld við fjarnám Fjölbrautaskólans við Ármúla hafa hækkað mikið. Þar hafa skólagjöldin fyrir fjarnámið á vorönn 2003 hækkað úr 4.250 kr. í 23 þús. kr. eða um 441% fyrir einstaklinga sem eru 20 ára og eldri. Þannig er rukkað fyrir sjálfsnám á netinu eins og um kvöldskóla sé að ræða. Þarna er verið að láta nemendur í fjarnámi borga fyrir leigu á húsnæði, hita, rafmagn, þrif á kennslustofum, viðhald og kennara sem kennir tíma sem þeir hafa ekki aðgang að.

Í þessu ljósi beini ég þeirri spurningu, eins og áður sagði, til hæstv. menntmrh. hvort í bígerð sé að auka fjarnám við skóla landsins og sérstaklega með tilliti til aukins námsframboðs fyrir þá sem eru atvinnulausir.

[15:27]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Fyrirspurnin hljóðar svo:

„Er í bígerð að auka framboð á fjarnámi við skóla landsins, sérstaklega með tilliti til aukins framboðs á námi fyrir atvinnulausa?“

Mjög mikil aukning og gróska hefur verið í framboði á fjarnámi á undanförnum árum á öllum skólastigum, einkum á framhaldsskólastigi og á háskólastigi. Árið 1999 voru 833 nemendur í fjarnámi á háskóla- og framhaldsskólastigi en árið 2002 voru þeir orðnir 4.069 þannig að segja má að sprenging hafi orðið á þessum vettvangi. Margir aðilar koma að framboði á fjarnámi. Símenntunarmiðstöðvar um allt land hafa séð um að miðla háskólanámi til sinna svæða í samvinnu við háskóla í landinu og einnig hafa þær séð um framboð á ýmsum námsleiðum og styttra námi og tryggt að það væri aðgengilegt í fjarkennslu. Sífellt fleiri framhaldsskólar bjóða nú fram fjarkennslu og nánast allir bóklegir áfangar framhaldsskólans eru nú boðnir fram í fjarnámi.

Menntmrn. hefur gengist fyrir því að háhraðaneti sem tengir saman alla framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar í landinu hefur verið komið á og eru miklar vonir bundnar við að það auki fjarnám verulega og geri það auðveldara á allan hátt. Þannig má segja að ráðuneytið hafi haft forgöngu um í samvinnu við framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar að gera fjarnám að aðgengilegum kosti fyrir fólk hvar sem það býr á landinu og telur ráðuneytið að þetta hafi nú þegar jafnað aðstöðu fólks til náms og muni gera það enn frekar í framtíðinni. Rétt er að geta þess í þessu sambandi að Íslendingar hafa gengið lengra í þessum efnum en nokkur önnur þjóð, þ.e. að gera nám aðgengilegt í gegnum fjarskipti til íbúa, ekki síst til dreifðra byggða.

Eins og fram hefur komið hefur fjarnámið stóraukist á síðustu árum og ráðuneytið hefur stuðlað með þessum hætti að eflingu þess. Háskólanámssetur á Egilsstöðum er í undirbúningi en það mun gera fjarnám á háskólastigi auðeldara fyrir íbúa þess héraðs og bæta aðstöðuna þar. FS-netið er hluti af þeim aðstæðum sem hafa verið skapaðar til þess að auka slagkraft fjarnámsins. Þetta kemur sér vel við þær aðstæður sem hv. þm. gat um áðan sem eru um stundarsakir á vinnumarkaði.

Það er rétt að geta þess að sérstakar aðgerðir vegna aukins atvinnuleysis eru ekki á dagskrá, enda eru aðgerðir í skólamálum jafnan langtímaaðgerðir og breytingar í skólastarfi slíkar að þær þurfa nokkurn tíma til að skila sér. Hins vegar eru þær aðstæður sem skapaðar hafa verið í fjarnáminu þess eðlis að þær geta komið að góðum notum þegar tímabundnar atvinnuástæður skapa atvinnuleysi og það er einmitt þannig sem þetta mál er vaxið hér að við vitum að erfiðleikar í atvinnulífinu eru tímabundnir og betri horfur eru svo í atvinnumálunum innan langs tíma.

[15:31]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að hreyfa þessu mikilvæga máli og vil vekja athygli á því að í meðförum fjárln. hefur verið lögð mikil áhersla á að efla símenntunarmiðstöðvar í landinu og ég tel að það sé mjög mikilvægt.

Í svari frá hæstv. menntmrh. um daginn þar sem ég spurði einmitt um fjarnámið kom fram að nemendum í fjarnámi á háskólastigi hefur fjölgað um 500% á síðustu árum, nám fer fram í átta háskólum og á 33 námsbrautum. Það er alveg gríðarlega mikilvægt hve boðið er upp á fjölbreytt nám. Á framhaldsskólastigi eru nemendur um 2.000 og ég tel að það sé afar mikilvægt hvernig þessi þróun hefur orðið og hvað hún er sérstaklega mikilvæg fyrir þá sem búa fjarri menntastofnunum og geta vegna sérstakra aðstæðna aðeins stundað fjarnám.

[15:32]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir þessa fyrirspurn. En það er eitt sem er mjög mikilvægt í sambandi við þessa umræðu alla og það er sá kostnaður sem fólk í fjarnámi þarf að leggja í. Það er þáttur sem ég held að við þurfum að huga vel að. Ég þekki nokkra, herra forseti, sem eru í fjarnámi og kvarta undan því hversu kostnaðarsamt þetta er. Þetta á t.d. við um fólk sem er á lágum launum og er að reyna að auka réttindi sín og afla sér meiri menntunar til að fá aukin starfsréttindi, en þá er nauðsynlegt að menntunin sé ókeypis. Menntun er í raun og veru auðlind sem á ekki að kosta neitt og allir eiga að hafa jafnan aðgang að.

En ég vil taka undir með hæstv. ráðherra að það er mjög ánægjulegt hvað hefur verið góð og mikil þróun í þessum efnum en við verðum að passa að þetta verði ekki allt of dýrt.

[15:33]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Herra forseti. Ég þakka umræðuna og hæstv. ráðherra upplýsingarnar. Athyglisverð er sú þróun að 500% fjölgun hafi orðið í fjarnámi síðustu árin og er það vel. En um leið harma ég að ekki sé í bígerð að grípa til sérstakra aðgerða er varða námstilboð fyrir þá sem eru atvinnulausir af því að margoft hefur verið sýnt fram á það að aukin menntun og greiður aðgangur að ókeypis menntun er eina vitræna og skynsamlega leiðin fyrir atvinnulaust fólk aftur inn á vinnumarkaðinn, og eina aðgerðin sem hægt er að grípa til þannig að búið sé svo um hnúta að atvinnulaust fólk eigi sér von um að fá góða og sómasamlega vinnu við sitt hæfi á markaði þar sem það hefur náð sér í aukna fagþekkingu í gegnum fjarnám eða einhvers konar endurmenntun.

Ég vil aftur vekja athygli á því sem ég kom inn á áðan og hv. þm. Karl V. Matthíasson nefndi að mjög brýnt er að tryggja það að fjarnám við fjölbrautaskólana og háskóla landsins verði ekki gert að féþúfu neins konar. Fram hefur komið og ég nefndi það áðan að skólagjöld við fjarnám í fjölbrautaskólanum í Ármúla hafa hækkað um 441%, herra forseti. Um er að ræða gríðarlega hækkun sem kemur augljóslega í veg fyrir að margt efnaminna og fátækt fólk geti sótt sér mikilvæga þekkingu í gegnum fjarnám og stundað þannig nám með öðru og með vinnu. Það að láta nemendur í fjarnámi greiða fyrir ýmiss konar kostnað í skólunum sem fellur á vegna kennslu nemenda sem eru í fullu námi er óréttlátt, herra forseti.

[15:35]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég vil geta þess að umkvartanir hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar um að námstilboð séu ekki til fyrir atvinnulausa er byggt á misskilningi. Hann tekur ekki tillit til þess að búið er að vera að byggja fjarnámið upp af miklum krafti á undanförnum árum þannig að akkúrat það sem hann er að biðja um að verði gert hefur þegar verið gert. Námstilboð fyrir einmitt atvinnulausa hefur aldrei verið eins mikið og núna og það eru skólarnir sjálfir og símenntunarmiðstöðvarnar sem hafa tekið þetta að sér og gera það með miklum sóma. Aldrei fyrr í sögu íslenska skólakerfisins hefur annað eins framboð af námi verið til eins og nú. Það er tilgangslaust að vera að kvarta undan því sem hefur þegar verið gert. Menn eiga miklu frekar að viðurkenna það eins og raunar hv. þm. Karl V. Matthíasson viðurkenndi hér áðan og það var heiðarlegt af hans hálfu.

Að því er varðar kostnaðinn, þá er hægt að fara yfir stöðuna um hann en ég verð að benda á að í fyrirspurn hv. þm. var ekki minnst á þann lið. Það markar því nokkra sérstöðu að þegar hann reifar mál sitt hér talar hann aðallega um kostnaðinn en hann gleymdi því í fyrirspurninni. Það er sjálfgert, ef hv. þm. vill spyrjast fyrir um þann lið málsins, þá er hægt að svara honum.

Umræður utan dagskrár.

Úrskurður ráðherra um Norðlingaölduveitu.

[15:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Úrskurðar setts umhvrh., Jóns Kristjánssonar, í kærumálum vegna fyrirhugaðrar Norðlingaölduveitu var beðið með eftirvæntingu, enda var og er ljóst að niðurstaðan, á hvern veg sem hún yrði, mundi sæta tíðindum og marka ákveðin kaflaskil í umhverfisverndarmálum hér á landi. Því er ekki að leyna að niðurstaða ráðherrans olli ræðumanni vonbrigðum. Ég hafði bundið vonir við það eins og margir fleiri að ráðherra einfaldlega hafnaði öllum hugmyndum um miðlunar- eða veitulón á Þjórsársvæðinu og felldi úrskurð skipulagsstjóra sem féllst á lón reyndar bæði í 575 og 578 metra hæð yfir sjó, svo ótrúlegt sem það í sjálfu sér var, úr gildi. Ég er þeirrar skoðunar að mannvirkjagerð á og í nágrenni við þetta einstaka svæði sé einfaldlega tímaskekkja.

Hitt er annað mál að skilyrði sem ráðherra setur verða vissulega til þess að framkvæmdin með miklu minna lóni í minni hæð sem ekki nær inn í núverandi friðland er miklum mun skárri en óbreytt niðurstaða Skipulagsstofnunar og plön Landsvirkjunar hefðu falið í sér. Ég vil taka það fram að ég tel að settur umhvrh., Jón Kristjánsson, eigi hrós skilið fyrir þá miklu vinnu og alúð sem hann lagði í þetta verkefni. Þegar ráðherra var að rökstyðja niðurstöðu sína m.a. með því að tiltekinni hagkvæmni væri fórnað í þágu náttúruverndar og til þess að unnt væri að virða friðlýsinguna og alþjóðlegar skuldbindingar samkvæmt Ramsar-sáttmálanum fannst mér um sinn eins og þjóðin hefði loksins eignast eiginlegan umhverfisráðherra en því miður aðeins tímabundið og í þessu eina máli.

Enginn vafi er á því að sá árangur sem þó náðist með úrskurði setts umhvrh. í baráttunni fyrir verndun Þjórsárvera, því miður langt í frá fullur sigur en ákveðinn varnarsigur getum við sagt, er uppskera þeirrar miklu og staðföstu baráttu sem háð hefur verið að undanförnu. Um leið sýnir þetta okkur hversu gríðarlega mikilvægt er að halda áfram varðstöðunni um hálendið og náttúruperlurnar því að þeim er sótt víða og úr ýmsum áttum. Þetta mál á einnig að kenna okkur hversu háskalegt er að vaða áfram í málum af þessu tagi og gefa sér ekki tíma til að skoða til þrautar alla möguleika og kosti, bæði mismunandi tæknilegar útfærslur viðkomandi framkvæmda og eins hvort hreinlega aðrir og heppilegri virkjunarkostir séu í boði. Væri það ekki þess virði hvað varðar hin gríðarlegu framkvæmdaáform á norðausturhálendinu að gefa sér tíma til að fara rækilega yfir þau hvað varðar aðra mögulega kosti og útfærslu?

En úrskurður ráðherra vekur einnig margar spurningar og veldur áhyggjum af ýmsum ástæðum. Fyrst ber að nefna að það hefur lengi verið baráttumál að færa út mörk friðlandsins og láta það taka til Þjórsárvera sem landslags- og vistfræðiheildar. Verði ráðist í framkvæmdir eins og þær sem lýst er í úrskurði ráðherra eru möguleikar á stækkun friðlandsins nánast úr sögunni. Landsvirkjun fær heimildir til að athafna sig á svæðinu og Þjórsárver verða römmuð af með mannvirkjagerð á þrjá vegu. Núverandi Kvíslaveituframkvæmdum að austan, setlóni og veitum að norðan og hinu fyrirhugaða en minna Norðlingaöldulóni að sunnan. Einnig vekur athygli og spurningar að ráðherra skuli fara þá leið að fallast á niðurstöður Skipulagsstofnunar um lón í 575 metra hæð en búa með skilyrðum í reynd til algerlega nýja framkvæmd. Hefði ekki verið eðlilegra að fella þennan úrskurð úr gildi en benda þá framkvæmdaraðila á að hann gæti látið reyna á hvort annars konar framkvæmd með minni lónhæð fengist samþykkt og stæðist mat á umhverfisáhrifum?

Því hljóta að vera einhver takmörk sett hversu gerbreytta framkvæmd er hægt að heimila í gegnum skilyrðingu af þessu tagi. Tæplega gæti ráðherra þannig fallist á tiltekna virkjun í Þjórsá með því skilyrði að virkjað yrði í Skaftá. Þá vekur einnig spurningar að ráðherra heimilar setlón norðan Þjórsárvera og veitur úr því lóni yfir í Þjórsárlón, þ.e. í reynd 6. áfanga Kvíslaveitna að meira eða minna leyti sem búið var að falla frá og virðist sú framkvæmd ekki þurfa í mat á umhverfisáhrifum þar sem um einhvers konar mótvægisaðgerð sé að ræða. Hversu langt er hægt að teygja sig eða ganga einnig að þessu leyti?

Þá er fróðlegt að velta því fyrir sér hvort úrskurður ráðherra sé fordæmisgefandi hvað varðar stöðu friðlanda og alþjóðlegra skuldbindinga. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. settan umhvrh. í máli þessu:

1. Kom ekki til álita að fella hinn kærða úrskurð Skipulagsstofnunar frá 12. ágúst sl. úr gildi í heild sinni en benda framkvæmdaraðila þess í stað á aðra mögulega útfærslu framkvæmdarinnar, þ.e. þá sem lýst er í úrskurði ráðherra með lægri lónhæð o.s.frv. sem lyti þá sjálfstæðu mati á umhverfisáhrifum?

2. Er ráðherra í úrskurði sínum í reynd að fallast á svonefndan 6. áfanga Kvíslaveitna, (Forseti hringir.) samanber skilyrði nr. 2., og það án mats á umhverfisáhrifum? (Forseti hringir.) — Ef ég mætti ljúka síðustu spurningunni, hún er stutt, virðulegur forseti, ég held að það komi betur út þegar hæstv. ráðherra fer að svara.

3. Telur ráðherra úrskurð sinn fordæmisgefandi hvað varðar stöðu friðlýstra svæða og alþjóðlegra skuldbindinga í umhverfismálum?

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil minna hv. þingmenn á að það er ákveðinn ræðutími og hefur færst í vöxt upp á síðkastið að hv. þingmenn taki ekki tillit til þess.)

[15:43]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. málshefjanda fyrir hlý orð í minn garð sem ég met mikils.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. beinir til mín þremur spurningum um úrskurð þann er mér var falið að kveða upp vegna kæra sem höfðu borist í kjölfar úrskurðar Skipulagsstofnunar um Norðlingaölduveitu. Fyrst spyr hv. þm. hvort ekki hafi komið til álita að fella hinn kærða úrskurð Skipulagsstofnunar úr gildi í heild sinni en benda framkvæmdaraðila þess í stað á aðra mögulega útfærslu framkvæmdarinnar.

Svarið við þessari spurningu er neitandi. Ég sem settur umhvrh. hafði þrjá kosti, að segja nei eða segja já eða skilyrða heimildina. Þetta var mitt hlutverk. Niðurstaða mín varð sú að mér bæri skylda til að taka efnislega á kærunum. Þetta gerði ég í fyrsta lagi með því að fara á svæðið og skoða það

af eigin raun, með því að tala við alla hlutaðeigandi sem áttu þarna hlut að máli frá báðum málsaðilum, bæði kærendum og eins Landsvirkjun og með því að kynna mér allar hliðar málsins sjálfur efnislega og í kjölfarið að fá sérfræðinga til að svara spurningum þeim sem ég setti fram.

Varðandi þá tilhögun sem hefur verið mönnum ofarlega í huga og hér er spurt um setti ég fram nokkrar grundvallarspurningar sem voru þessar í grófum dráttum: Hvernig má koma öllum framkvæmdum út úr friðlandinu? Hvað þurfum við að gera til að fullnægja örugglega öllum skuldbindingum sem á okkur hvíla vegna friðlandsins og sjá svo til að framkvæmdir við Norðlingaöldu röskuðu ekki náttúrufari, dýralífi eða grunnvatnsstöðu í friðlandinu í verunum?

Svörin við þeim spurningum eru úrskurðurinn eða eins og fram kemur í skýrslu VST: Með þessari nýju tilhögun virðist sem hægt sé að gera Norðlingaölduveitu á hagkvæman hátt með nefndum skilyrðum ráðuneytis um að veitulón nái ekki inn í friðland Þjórsárvera og áhrif framkvæmdanna raski ekki náttúrufari, dýralífi eða grunnvatnsstöðu í verunum.

Í öðru lagi spyr hv. 3. þm. Norðurl. e. hvort ráðherra sé í úrskurðinum að fallast á 6. áfanga Kvíslaveitna og þá án sérstaks mats á umhverfisáhrifum þeirrar framkvæmdar. Svarið við þeirri spurningu er líka neitandi. Setlónið er stækkað lítillega frá því sem gert var ráð fyrir sem mótvægisaðgerð í úrskurði Skipulagsstofnunar og það hefur því farið í umhverfismatsferli og heildaráhrifin af allri framkvæmdinni og öllum breytingunum eru jákvæð fyrir umhverfið á svæðinu.

Í þriðja lagi spyr hv. 3. þm. Norðurl. e. hvort ráðherra telji að úrskurðurinn hafi fordæmisgildi hvað varðar stöðu friðlýstra svæða og alþjóðlegra skuldbindinga í umhverfismálum í ljósi þeirrar áherslu sem lögð er á að færa framkvæmdir og áhrifasvæði þeirra út úr friðlandinu. Því er til að svara að í þessu máli erum við að tala um Þjórsárver sem er viðkvæmt friðland. Ég taldi miklu máli skipta að hafa úrskurðinn í Norðlingaölduveitumálinu skýran og afdráttarlausan hvað varðaði friðlandið. Það var hlutverk mitt að gera svo. En ég er almennt þeirrar skoðunar að fara verði að öllu með gát þegar friðlönd eru annars vegar.

Ég ætla ekki að túlka þennan úrskurð minn sem setts umhvrh. frekar eða fara með hann inn í framtíðina eða gera því skóna hver framtíðin er í þessum efnum. Hann skýrir sig sjálfur. Komið hafa ýmsar ályktanir um að þetta sé tímamótaúrskurður og samtök á sviði náttúruverndar hafa ályktað svo. Ég ætla ekki að dæma um það. Mitt hlutverk í þessu máli bast þessu verkefni sem voru Þjórsárver og friðlandið þar og hlutverk mitt nær ekki lengra. Hins vegar hef ég auðvitað skoðanir á málinu sem almennur þingmaður og ráðherra. Ég tel að menn eigi að fara með gát í þessum efnum þegar um friðlönd er að ræða.

[15:48]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að segja að úrskurður hæstv. setts umhvrh. kom mér á óvart. Hann kom mér á óvart fyrir þá hugvitssemi sem í honum var sýnd og ég er þeirrar skoðunar að með honum hafi unnist ákaflega mikilvægur varnarsigur fyrir okkur umhverfissinna sem höfðum barist fyrir björgun Þjórsárvera. Þó að hæstv. settur umhvrh. vilji ekki túlka úrskurð sinn mjög djúpt þá segir hann eigi að síður: Úrskurðurinn túlkar sig sjálfur. Og það er einmitt það. Þegar ég skoða þennan úrskurð sé ég þar þrennt sem skiptir ákaflega miklu máli.

Í fyrsta lagi er þar veitt fordæmi sem umhverfisráðherrar framtíðarinnar hljóta að fylgja sem felst í því að mörk opinbers friðlands eru ekki skert.

Í öðru lagi skiptir ákaflega miklu máli að hæstv. settur umhvrh. virðir alþjóðlega samninga, hann virðir Ramsarsamninginn og í máli hæstv. ráðherra hefur komið fram að það var eitt af því sem hann tók og hafði til hliðsjónar í úrskurði sínum.

Í þriðja lagi vil ég persónulega hrósa hæstv. ráðherra sérstaklega fyrir það að hann virti rannsóknarskylduna. Hæstv. ráðherra tók málið og rannsakaði það til hlítar, hann braut það til mergjar og hann kom að lokum með úrskurð sem braut í blað að ýmsu leyti, sem tók tillit til margra krafna umhverfissinna en gerði það jafnframt að verkum að hægt er að ná mikilli orku út úr þessari framkvæmd.

Herra forseti. Þegar ég lít yfir sviðið staldra ég að sjálfsögðu við þátt Landsvirkjunar. Þegar höfð eru til hliðsjónar þau miklu átök sem hafa orðið um þetta mál, hvernig má það þá vera, herra forseti, að Landsvirkjun kemur ekki fram með þessa lausn og meira að segja tuðar yfir henni, lausn sem hefði gefið fyrirtækinu stóran hluta af þeirri orku sem það vildi fá út úr þessu fyrir verð sem er minna en sem nemur einum barnaspítala?

Herra forseti. Allir hefðu getað orðið sigurvegarar í þessu máli. Það var einn aðili sem tapaði og það var Landsvirkjun.

[15:51]

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það er fagnaðarefni að nú skuli loks komin niðurstaða varðandi Norðlingaölduveitu en eftir þessari niðurstöðu hefur verið beðið lengi. Niðurstaðan er skýr. Gerð er tillaga að lóni 566 metra hæð yfir sjó, að flatarmáli 3,3 ferkílómetrar sem þýðir að lónið nær ekki inn í friðlýst svæði Þjórsárvera. Sjálfur hafði ég búist við að úrskurður skipulagsstjóra yrði staðfestur. Það hefði þýtt miklu hagstæðari framkvæmd og að Norðurál hefði fengið svar við ósk sinni um orku til stækkunar álversins á Grundartanga en eftir því svari hefur fyrirtækið beðið lengi.

Ég skil hins vegar vel afstöðu setts umhvrh. sem lagði sig mjög fram við að finna leið sem sætti ólík sjónarmið í þessu máli á þann hátt að auka afl og getu Þjórsársvæðisins til frekari raforkusölu en um leið að halda Þjórsárverum algjörlega óskertum. Þetta er mikið tilfinningamál og margir sem sættu sig ekki við þann úrskurð skipulagsstjóra að umhverfisáhrifin af þeirri lónshæð sem Landsvirkjun lagði til yrðu ekki umtalsverð.

Úrskurður Jóns Kristjánssonar, setts umhvrh., hefur almennt hlotið mjög góðar undirtektir. Það sem skiptir meginmáli nú er að Landsvirkjun taki af skarið og tilkynni Norðuráli að fyrirtækið fái þá orku sem það þarf til stækkunar álversins. Það svar þarf að liggja fyrir sem fyrst þannig að Hitaveita Suðurnesja og Orkuveita Reykjavíkur, sem einnig taka þátt í orkuöflun, geti hafið framkvæmdir en þær taka þrjú ár. Einnig þarf Norðurál að geta hafið framkvæmdir strax í sumar þannig að stækkun álversins verði lokið áður en mesti þunginn verður í framkvæmdum við álver á Reyðarfirði. Vegna atvinnuástandsins er mikilvægt að þessar framkvæmdir hefjist sem fyrst.

Ég vil að lokum minna á mikilvægi stækkunar Norðuráls. Útflutningur fyrirtækisins mun aukast um 12 milljarða á ári og 400 ný störf skapast við álverið og afleidd störf. Stækkun Norðuráls eflir þjóðarhag, bætir atvinnuástandið

og styrkir byggðina norðan Hvalfjarðar. Þetta verkefni þolir ekki frekari bið.

[15:53]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég tel að niðurstaða setts umhvrh. í þessu máli sé mjög ásættanleg og það eigi allir að geta unað nokkuð vel við þann úrskurð. Ég tel að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að fá að nýta vatnsorkuna á hálendinu en það ber vissulega að gera með fullri virðingu fyrir náttúrunni. Ég tel að þessi niðurstaða eigi að vera ásættanleg fyrir bæði náttúruverndarsinna og þá sem vilja nýta orkuna og nota hana til aukinna starfa og uppbyggingar hér á landi.

Þó að hagkvæmnin af þessari framkvæmd minnki eitthvað örlítið fyrir Landsvirkjun, um 10–15%, þá tel ég eðlilegt að sú fórn hafi verið færð og jafnvel þó að hagkvæmni hefði orðið eitthvað minni en það. Það verður auðvitað að virða hlutina í því samhengi sem þeir eru settir fyrir framtíðina.

Það er samt eitt atriði sem ég vil koma inn á sem tengist ekki beint þessu máli en mér virðist skorta á í umræðunni um náttúruvernd og náttúrugildi. Oft hafa verið deilur um ýmsar framkvæmdir á nátturusviði. Mér finnst skorta á það, herra forseti, að þegar þeim deilum lýkur og menn eru búnir að horfa á viðkomandi framkvæmd í notkun í nokkur ár, sé ekki skoðað í raunveruleikanum hvað það var sem við gerðum. Það hefur aldrei verið skoðað eftir að rifist var um Gilsfjörð hvort rauðbrystingarnir koma þar við eða ekki. Og það er ýmislegt fleira í þá veru.

[15:55]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það sem er mikilvægast í úrskurði hæstv. setts umhvrh. er sú staðreynd að framkvæmdinni eins og Landsvirkjun lagði hana upp í matsskýrslu sinni er í raun hafnað á grundvelli þeirra áhrifa sem hún hefði á friðlandið og þar með má segja að í sjálfu sér sé hnekkt fráleitum úrskurði Skipulagsstofnunar frá 12. ágúst.

Hitt er líka mikils virði að í úrskurðinum er viðurkennt mikilvægi friðlanda og það er miður, herra forseti, að hæstv. ráðherra skuli ekki fáanlegur til að segja skoðun sína á því hvert fordæmisgildi þessa úrskurðar sé fyrir framkvæmdir á öðrum friðlöndum.

Það er líka mikilvægt að gert skuli ráð fyrir því að aurnum verði skolað úr Norðlingaöldulóni og í því sambandi má spyrja: Er þá þörf fyrir setlónið? Ef hlutverk þess er fyrst og fremst að vera setlón, safna seti, þá ætti það að vera óþarft. Aurskolunin úr Norðlingaöldulóni ætti að sjá til þess. En ef hlutverk þess er að vera veitulón, þá þarf að svara þeirri spurnigu, herra forseti, hvort það sé réttmætt út frá lögum og eðli þessa máls að framkvæmd, sem Landsvirkjun hefur ítrekað sagt að hætt hafi verið við vegna umhverfisáhrifa og náttúruverndarsjónarmiða, skuli nú vera sett inn í þennan úrskurð á þeirri forsendu að hér sé ekki um sjálfstæða framkvæmd að ræða heldur mótvægisaðgerð.

Forstjóri Landsvirkjunar var að því spurður á fundi iðn.- og umhvn. sl. mánudag hver munurinn væri á þessum tveimur kostum, Kvíslaveitu 6 og mótvægisaðgerðunum í úrskurði hæstv. ráðherra. Hann svaraði því til að Landsvirkjun hefði aldrei hugsað sér að sameina Norðlingaölduveitu og Kvíslaveitu 6 sem eina framkvæmd en samkvæmt úrskurðinum væri veitan skilgreind sem mótvægisaðgerð. Með öðrum orðum er Landsvirkjun að fá það sem þeir hafa litið á sem sjálfstæða framkvæmd upp í hendurnar sem mótvægisaðgerð. Ég er ekki hissa, herra forseti, þó Landsvirkjun sé nokkuð sátt.

En það sem ég vil segja í lokin er að þessi úrskurður er viðurkenning náttúruverndarsjónarmiða. Þau ráða þessum úrskurði og það er auðvitað staðfesting á því að baráttan er að skila árangri.

[15:57]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Úrskurður hæstv. setts umhvrh. Jóns Kristjánssonar um Norðlingaölduveitu er um margt markverður og hann er vegsauki fyrir hann og samstarfsmenn hans. Það sem stendur upp úr með þessum úrskurði er einkum þrennt:

1. Við getum nýtt þá náttúrulegu auðlind sem felst í vatnsöflun svæðisins.

2. Niðurstaðan mun væntanlega tryggja áframhaldandi uppbyggingu atvinnulífs í Hvalfirði með stækkun Norðuráls.

3. Mörk friðlands Þjórsárvera eru virt, sérstæð og viðkvæm náttúra svæðisins er vernduð og fyrirhugaðar framkvæmdir brjóta ekki gegn alþjóðlegum samningum sem svæðinu tengjast.

Með þessu er verið að sætta sjónarmið um nýtingu náttúruauðlinda og verndun náttúrufars og dýralífs. Úrskurðurinn er því um margt til fyrirmyndar.

En eftir sem áður berja vinstri grænir áfram höfðinu við steininn. Eins og í flestum öðrum málum eru þeir á móti niðurstöðunni. Þeir horfa á málið út frá þröngu sjónarhorni andstöðu og kyrrstöðu á öllum sviðum. Þeir leita logandi ljósi að hálmstráum til að hanga á til röksemda gegn málinu en eftir stendur aðeins það að þeir eru eins og fúll á móti og ætla sér sem fyrr að vera á móti. Þeir hafa lýst því yfir að úrskurðurinn valdi miklum vonbrigðum.

Afstaða þeirra í þessu máli er skýrt dæmi um að þeim flokki er ekki treystandi fyrir framförum og hagsæld þjóðarinnar. Leiðtogi Vinstri grænna hélt því fram um daginn að úrskurðurinn væri óskaplega framsóknarlegur. Ég tek undir það með stolti því að það er einmitt eitt af einkennum framsóknarmanna að hafna öfgum en leita leiða til lausna og sætta ólík sjónarmið. Þetta mál er lýsandi dæmi um slíkt og sýnir í reynd hve vel framsóknarmönnum er treystandi til þess að leiða saman ólík sjónarmið og laða fram lausnir með hagsmuni sem flestra að leiðarljósi. Það er ástæða til að þakka leiðtoganum fyrir að vekja athygli á kostum framsóknarmennskunnar.

Herra forseti. Ég lýsi yfir ánægju með þá niðurstöðu sem hér liggur fyrir og þeirri von að hún verði landi og þjóð til hagsældar og framfara í komandi framtíð.

[16:00]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég er sátt við úrskurðinn. Hann sýnir ótvírætt að málflutningur náttúruverndarfólks hefur borið árangur. Hann sýnir okkur líka að það á að draga pólitísku línuna strax í upphafi líkt og í vinnunni við þennan úrskurð, þ.e. að skerða ekki friðlandið, friðlýsingin skal standa.

Í úrskurðinum felst afdráttarlaus rannsóknarskylda og það er brýnt að vel verði staðið að rannsóknum sem fram fara í sumar, ekki síst með tilliti til lónsins austan við Arnarfell og vatna í Þjórsárverum. Úrskurðurinn er nokkuð viðkvæmur fyrir Landsvirkjun að mínu mati. Þar hafa menn unnið að því að bæta ímyndina undanfarin ár. En nú er tortryggni sáð. Tillaga þeirra var kynnt í haust eins og um einu færu leiðina væri að ræða og þar með umhverfisvænsta kostinn.

Herra forseti. Samkvæmt lögum ber Landsvirkjun að útvega nægilegt rafmagn á hverjum tíma á hagkvæmu verði. Ég spyr: Er það eðlilegt að sá aðili sem hefur þessa ríku skyldu leggi jafnframt mat á valkosti virkjana þar sem náttúruverndargildi vegur þungt og útfæri tillögur sínar, sé ráðandi um lónshæð Kárahnjúka, um veituna í Þjórsárverum? Er það svo að héðan í frá verði ábyrg stjórnvöld að fá þriðja aðila til að setja fram valkost? VST komst að ásættanlegri niðurstöðu eftir umdeilda tillögu Landsvirkjunar. Það reyndist unnt að fara aðra leið.

Nú eigum við að endurskoða lög og reglur og taka upp ný vinnubrögð, ljúka rammaáætluninni hið fyrsta og taka pólitíska ákvörðun um forgangsröðun virkjunarkosta og verndun hálendissvæða til þess, virðulegi forseti, að stýra fram hjá áþekkum átökum um náttúruvernd í framtíðinni.

[16:02]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Úrskurður setts umhvrh. markar að mínu mati tímamót vegna þess að með honum rétta stjórnvöld sáttarhönd til náttúruverndarsinna sem unnið hafa sleitulaust að því að tryggja verndun Þjórsárvera. Einna þygstur á metunum er að mínu áliti þáttur heimamanna í Gnúpverjahreppi. Í úrskurðinum leggur ráðherra fram málamiðlun, róttæka tillögu sem undirstrikar að sérstæða og viðkvæma náttúru Þjórsárvera beri að vernda í samræmi við friðlýsingu þeirra frá 1982 og alþjóðlega samninga um verndun votlendis.

Í frábærri grein eftir Elínu Pálmadóttur í Morgunblaðinu 15. nóv. sl., Ég ákæri, lýsir hún Þjórsárverum sem stórkostlega fögru djásni undir jökulhettu, umluktu svörtum gróðurlausum söndum. Slík voru einnig mín hughrif þegar ég kom í Þjórsárver.

Það skilyrði er sett að framkvæmdirnar hafi ekki áhrif innan friðlands Þjórsárvera. Rétt er í því ljósi að líta á tillögu um setlón ofarlega við Þjórsá sem sett er fram sem mótvægisaðgerð en því má halda fram að þar sé á ferðinni ný útfærsla á 6. áfanga Kvíslaveitu sem hafnað var á fyrri stigum. Sagt er að setlónið sé sett vegna óvissu um árangur við aurskolun úr Norðlingaöldulóni. Ef aurskolunin virkar hins vegar er ekki þörf fyrir setlón. Þess vegna tel ég rétt að náttúran njóti vafans. Mér finnst ótímabært að ákveða að gert skuli setlón og vatni veitt fram hjá Þjórsárverum.

Herra forseti. Efst í huga mínum eru þakkir til hæstv. setts umhvrh. og samstarfsmanna hans fyrir réttlát og vönduð vinnubrögð og til náttúruverndarsinna, einstaklinga og félagasamtaka fyrir ötult og fórnfúst starf. Ég hvet þá til að taka í þá útréttu sáttarhönd sem þeim er hér rétt.

[16:04]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Fernt er mér efst í huga við þennan úrskurð um Norðlingaölduveitu.

Í fyrsta lagi að náttúruverndarsinnar á Íslandi eru í sókn. Þessi úrskurður hefði aldrei verið kveðinn upp ef ekki hefði risið í landinu alda til varnar umhverfinu. Þetta er mjög mikilvægur varnarsigur fyrir náttúruverndarsinna. Gagnvart nýjum áformum um virkjanir í landinu er greinilegt að ríkisstjórnin telur sér ekki lengur fært annað en að hlusta á þann stóra og vaxandi hóp náttúruverndarsinna sem segja: Hingað og ekki lengra. Þeim blöskrar hvernig þessi ríkisstjórn hefur reynst reiðubúin og er enn reiðubúin að fórna dýrmætum náttúruperlum þessa lands. Það vil ég segja að þessi úrskurður er sjálfsagður og eðlilegur og hefði reyndar þurft að ganga miklu lengra. Hann er engin syndaaflausn fyrir náttúruspjöllin sem Framsfl. og ríkisstjórnin er að vinna á landi okkar.

Í öðru lagi hlýtur sú spurning að vakna hvort ekki sé löngu tímabært að stjórnvöld endurmeti alla okkar afstöðu til raforkuframleiðslu og nýtingar á raforku í landinu. Eigum við að verða land þungaiðnaðar? Viljum við það? Ég held ekki.

Í þriðja lagi þarf að koma böndum á Landsvirkjun. Hún er vægast sagt farin að haga sér á óábyrgan hátt og er engu líkara en henni sé orðið tamara að standa vörð um erlenda stóriðjuhagsmuni en efnahagslega hagsmuni Íslendinga, að ekki sé minnst á langtímahagsmuni sem snúa að umhverfi og náttúru landsins.

Í fjórða lagi hlýtur að vakna sú spurning hvort eitthvað sé að hjá Landsvirkjun og iðnrn. þegar svo mikill munur er á lausnum þess fyrirtækis og þess ráðuneytis og síðan annarra aðila sem að málinu koma. Vísa ég þar til mats hæstv. heilbrrh. Getur verið að ótvíræður kostur sé að fá utanaðkomandi aðila til að leita leiða við nýtingu orkulinda á umhverfisvænan hátt? Ef svo er þarf að stokka upp frá grunni aðkomu okkar að þessum málum. Slíkt væri í samræmi við áherslu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Við höfum talað fyrir grundvallarafstöðubreytingu á þessu sviði.

[16:06]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Farsæl lausn er fundin á mjög viðkvæmu máli. Settur hæstv. umhvrh. hefur lagt sig fram í málinu af mikilli alúð. Hann fann lausn sem sátt er um. Það skiptir auðvitað mjög miklu máli og náttúran nýtur þar vafans.

Hæstv. ráðherra hefur sett sér þrenns konar markmið: Ramsar-sáttmálinn er virtur, alþjóðlegur sáttmáli sem skiptir mjög miklu máli að virða. Friðland er virt og líffræðilegur fjölbreytileiki helst á þessu svæði, sem er raunar einstakt í íslenskri náttúru.

Ég tel það til marks um að þessi niðurstaða er góð að bæði Landsvirkjun og Vinstri grænir eru í hálfgerðri fýlu yfir málinu. Það er táknrænt fyrir það að þessi niðurstaða er góð niðurstaða og góð lausn í þessu máli. Það ber að þakka fyrir góð vinnubrögð hæstv. ráðherra, fyrir það hvernig hann hefur unnið að þessu máli, talað við fjölmarga einstaklinga, félagasamtök o.s.frv. Hér er um að ræða sátt við bæði menn og náttúru. Þetta sýnir auðvitað og sannar að það má treysta Framsfl. í þessum efnum sem og öðrum.

[16:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. settum umhvrh. fyrir svörin og fyrir þessa umræðu. Svör hæstv. ráðherra voru efnisleg eins og við mátti búast, málefnaleg en ekki ýkja efnismikil.

Það er með þennan úrskurð setts umhvrh. eins og önnur mannanna verk að hann ber að skoða á efnislegum forsendum og segja á honum bæði kost og löst. Það hef ég gert og það gerum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við viðurkennum hið jákvæða í þessum úrskurði en höldum til haga þeirri sannfæringu okkar að best hefði verið að fella niðurstöðu skipulagsstjóra með öllu úr gildi og hverfa frá öllum framkvæmdaáætlunum á þessu svæði.

Það er þannig hvað mig varðar að þegar ég berst fyrir málstað sæki ég þann málstað til sigurs en auðvitað er jafntefli betra en ósigur. Hitt er annað mál að kannski getur framsóknarmennska komist á það stig að menn velji jafntefli frekar en sigur. Mér heyrist það á talsmönnum Framsfl. Að

öðru leyti legg ég til að þeir hv. þm. Magnús Stefánsson og aðrir haldi ódýrar framboðsræður sínar annars staðar en hér. Ég held að þeir fjölgi ekki þessum 12 atkvæðum sem Framsfl. væntanlega á hér á þingi hversu margar ræður af því tagi sem þeir halda.

Herra forseti. Það er athyglisvert að hæstv. ráðherra færði að mínu mati ekki fram sannfærandi rök fyrir því að fallast á niðurstöðu Skipulagsstofnunar um lón í 575 metra hæð yfir sjó en koma því svo fyrir með skilyrðum að í reynd verði um allt aðra framkvæmd og lónhæð í 566 metrum að ræða. Ég held að það eigi eftir að fara miklu betur ofan í saumana á mörgum álitamálum af þessu tagi sem vakna í tengslum við úrskurð ráðherra og þegar þetta mál er skoðað í heild sinni. Þá vakna áleitnar spurningar um framgöngu Landsvirkjunar, framgöngu Skipulagsstofnunar, samskipti vísindamanna, framkvæmdaraðila og stjórnvalda og margt fleira, herra forseti. Ég hygg að enn eigi mörg kurl eftir að koma til grafar í þessu máli.

[16:10]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég endudrtek að ég lagði áherslu á að þessi úrskurður væri skýr. Ég tel að það hafi borið þann árangur að víðtæk sátt sé um úrskurðinn. Það hef ég fundið alveg greinilega og meiri viðbrögð við þessu máli heldur en ég hef nokkurn tíma fundið áður síðan ég byrjaði í stjórnmálum.

Hér hefur verið drepið á þátt Landsvirkjunar. Ég vil segja það að Landsvirkjun stóð með undanþágu í höndunum upp í 581 metra (Gripið fram í.) en sló af því ofan í 575 metra. Landsvirkjun horfði á hagkvæmni í þessu máli en við fórnuðum hluta af hagkvæmninni fyrir náttúruna eins og tekið var fram áðan.

Í öðru lagi vil ég koma aðeins nánar inn á veitulónið. Það er skilyrði fyrir því að úr því sé veitt vatni í efsta hluta veranna til að halda grunnvatnsstöðu þar eðlilegri og varðveita efsta hlutann. Að auki er veitulónið náttúruvænt að því leyti að það kemur í veg fyrir flóð niður í verin sem geta haft slæm áhrif á verin. Hins vegar er það forsenda fyrir þessari leið að veita hluta af vatni úr veitulóninu austur í Þjórsárlón. Það er alveg ljóst. Þess vegna er þetta setlón að það er hluti af framkvæmdinni, hluti af því að gera þessa framkvæmd náttúruvænni en hún var fyrir úrskurðinn.

Ég endurtek að um þennan úrskurð virðist víðtæk sátt í samfélaginu. Ég vona að hann verði öllum til góða, bæði atvinnulífi og náttúruvernd.

Út af dagskrá voru tekin 8. og 10.–12. mál.

Fundi slitið kl. 16:13.

---

74. FUNDUR

fimmtudaginn 6. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Íslenskur ríkisborgararéttur, stjfrv., 242. mál, þskj. 246. — 3. umr.
2. Úrvinnslugjald, frv., 566. mál, þskj. 914. — 2. umr.
3. Almenn hegningarlög, stjfrv., 567. mál, þskj. 918. — 1. umr.
4. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, stjfrv., 538. mál, þskj. 883. — 1. umr.
5. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 550. mál, þskj. 897. — 1. umr.
6. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 568. mál, þskj. 919. — 1. umr.
7. Skráning skipa, stjfrv., 157. mál, þskj. 157, nál. 886, 916 og 917. — 2. umr.
8. Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, þáltill., 18. mál, þskj. 18. — Frh. fyrri umr.
9. Færeyska fiskveiðistjórnarkerfið, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Frh. fyrri umr.
10. Bætt staða þolenda kynferðisafbrota, þáltill., 65. mál, þskj. 65. — Fyrri umr.
11. Innflutningur dýra, þáltill., 106. mál, þskj. 106. — Fyrri umr.
12. Umferðarlög, frv., 108. mál, þskj. 108. — 1. umr.
13. Almannatryggingar, frv., 118. mál, þskj. 118. — 1. umr.
14. Vátryggingarsamningar og Viðlagatrygging Íslands, frv., 119. mál, þskj. 119. — 1. umr.
15. Félagsleg aðstoð, frv., 120. mál, þskj. 120. — 1. umr.
16. Stimpilgjald, frv., 121. mál, þskj. 121. — 1. umr.
17. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 130. mál, þskj. 130. — 1. umr.
18. Náttúruvernd, frv., 131. mál, þskj. 131. — 1. umr.
19. Rannsókn á áhrifum háspennulína á mannslíkamann, þáltill., 141. mál, þskj. 141. — Fyrri umr.
20. Þjónustugjald á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum, þáltill., 142. mál, þskj. 142. — Fyrri umr.
21. Lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk, þáltill., 143. mál, þskj. 143. — Fyrri umr.
22. Afkomutrygging aldraða og öryrkja, þáltill., 149. mál, þskj. 149. — Fyrri umr.
23. Meðlagsgreiðslur, frv., 150. mál, þskj. 150. — 1. umr.
24. Landsdómur, þáltill., 151. mál, þskj. 151. — Fyrri umr.
25. Ráðherraábyrgð, þáltill., 152. mál, þskj. 152. — Fyrri umr.
26. Nýting innlends trjáviðar, þáltill., 154. mál, þskj. 154. — Fyrri umr.
27. Niðurfelling lendingargjalda fyrir millilandaflug á Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllum, þáltill., 155. mál, þskj. 155. — Fyrri umr.
28. Meðferðardeild við fangelsi fyrir sakhæfa geðsjúka afbrotamenn, þáltill., 156. mál, þskj. 156. — Fyrri umr.
29. Uppbygging fiskeldisfyrirtækja vegna eldis kaldsjávarfiska, þáltill., 167. mál, þskj. 167. — Fyrri umr.
30. Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla, þáltill., 171. mál, þskj. 172. — Fyrri umr.
31. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 184. mál, þskj. 185. — 1. umr.

32. Samfélagsleg áhrif álvers- og virkjunarframkvæmda, þáltill., 511. mál, þskj. 849. — Fyrri umr.
33. Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, þáltill., 196. mál, þskj. 199. — Fyrri umr.
34. Stjórnarskipunarlög, frv., 197. mál, þskj. 200. — 1. umr.
35. Þingsköp Alþingis, frv., 198. mál, þskj. 201. — 1. umr.
36. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 206. mál, þskj. 209. — 1. umr.
37. Vegamál á höfuðborgarsvæðinu, þáltill., 208. mál, þskj. 211. — Fyrri umr.
38. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv., 298. mál, þskj. 320. — 1. umr.
39. Greiðsla ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, frv., 316. mál, þskj. 341. — 1. umr.
40. Starfslok fyrrverandi forstjóra Landssíma Íslands hf., þáltill., 551. mál, þskj. 898. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá Tómasi Gunnarssyni lögfræðingi.

Athugasemdir um störf þingsins.
Staða almannavarna.

[10:31]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að lýsa því yfir að ég hef miklar áhyggjur af stöðu almannavarna í augnablikinu. Nú liggur það fyrir að Almannavarnir ríkisins hafa dottið út af fjárlögum og hafa því ekki fjárframlög frá ríkisvaldinu. Það liggur líka fyrir að í þinginu er frv. til laga um almannavarnir þar sem ætlunin er að færa almannavarnir undir ríkislögreglustjóra, sem mikil óeining er um. Því er ljóst að það mun taka talsverðan tíma að afgreiða þetta mál í þinginu.

Ég veit ekki hvort hv. þm. átta sig almennt á því að almannavarnir eru yfirhattur á þessum þætti í starfsemi ríkisvaldsins og er ætlað að sameina löggæslu eða samhæfa slökkvilið, lækna, björgunarsveitir, sjúkraflutningamenn, vegagerð, fjarskipti, fjölmiðla o.s.frv.

Það er líka ljóst að sú stofnun sem núna fer með þessi verkefni og stendur frammi fyrir því að vera án framlaga á fjárlögum til stofnunarinnar er að sjálfsögðu að liðast í sundur. Við höfum fengið þessar upplýsingar frá framkvæmdastjóra Almannavarna. Eins hefur komið fram að í þeim frumvörpum sem nú liggja fyrir þinginu, sem hæstv. dómsmrh. lagði fram 12. des. sl., tveimur dögum fyrir jólahlé, er hvorki gert ráð fyrir að hafa samráð við fulltrúa frá Almannavörnum né fulltrúa frá ríkislögreglustjóra sem ætlað er að taka þessi verkefni yfir. Því beini ég eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. dómsmrh.: Hver er staða almannavarna nú í augnablikinu? Hver er staðan ef eitthvað kemur upp á á næstu vikum eða mánuðum? Stofnunin er að liðast í sundur. Enn eru í gildi lög um tiltekið skipulag en engin framlög úr ríkissjóði til að standa undir því skipulagi. Sex manns vinna í stofnun ríkisins sem ekki hefur nein fjárframlög.

Það liggur líka fyrir að mikil óánægja er með fyrirliggjandi frumvarp og því held ég, virðulegi forseti, að í stöðunni, þar sem enn er hávetur, sé mikilvægt að hæstv. dómsmrh. skýri fyrir þinginu hvernig hún hyggst bregðast við ef eitthvað kemur upp á.

[10:33]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Þetta er afar sérstök uppákoma hjá hv. þm. sem á sjálfur sæti í allshn. og er að vinna að þessu máli. Hann veit mætavel um stöðuna og hefur fengið allar upplýsingar um hvað til stendur að gera og hver staða almannavarna er. Staða almannavarna hér á landi er í góðu lagi. Varðandi fullyrðingar hv. þm. um að stofnunin hafi ekki fengið fjárframlög, þá er það bara misskilningur. Þegar það var ljóst að nefnt frv. yrði ekki afgreitt fyrir jól var gert samkomulag við fjmrn. og þannig gengið frá málum að tryggt væri að áfram yrðu sömu fjárframlög til yfirstjórnar Almannavarna og verið hafa. Þannig hafa engar breytingar orðið í þessu kerfi.

Hitt er aftur annað mál að með þeirri breytingu sem lögð er til í frv. er gert ráð fyrir að færa yfirstjórn Almannavarna undir ríkislögreglustjóra í þeim tilgangi að stofna sérstaka sameiginlega björgunarmiðstöð sem langflestir þeirra sem koma að björgunarmálum hér á landi telja mikið framfaraskref og ákaflega mikilvægt. Það sést náttúrlega af umsögnum sem berast með þessu frv. Hv. þm. þarf því ekki að hafa áhyggjur af stöðu mála.

Hins vegar er alveg jafnljóst að það er óvanalegt að slík staða komi upp. Frumvarpið náði ekki fram að ganga eftir afgreiðslu fjárlaga en að ég vona svo sannarlega að hv. allshn. geti afgreitt þetta mál sem fyrst. Ég vil taka það fram að haft var fullt samráð við bæði fulltrúa frá ríkislögreglustjóra, formann almannavarnaráðs og framkvæmdastjóra almannavarnaráðs um leið og þessar hugmyndir voru ræddar í sumar. Þetta voru fyrstu aðilarnir sem kynnt var þetta verkefni. Það er mjög sérstakt að segja að þar hafi ekki verið neitt samráð á ferðinni.

Ég vil líka undirstrika að hér er um að ræða mjög einfalda breytingu. Það þarf hins vegar að endurskoða alla löggjöfina um almannavarnir og það verður gert, en allt kerfið er nú óbreytt um allt land.

[10:36]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er verið að hreyfa afar mikilvægu máli. Miklu hagsmunamáli fyrir alla landsmenn, stöðu almannavarna. Ég vil árétta að spurning um björgunarmiðstöð er eitt og almannavarnaráð er annað. Með frumvarpinu er verið að ógna allri þessari samhæfingu og leggja almannavarnaráð niður án samráðs við viðkomandi aðila. Það kom skýrt fram á fundi allshn. að ekki var haft samráð við þessa aðila.

Það má líka spyrja sig hvort dómsmrn. ætli ekki að flytja líka undir ríkislögreglustjóra. Það er talið mjög óeðlilegt að flytja almannavarnir undir einn viðbragðsaðila. Það er auðvitað gagnrýnt. Spurningin er um hvort þessi samhæfing haldist áfram. Það er líka spurning um hvernig samráði um þessar breytingar var hagað. Það kom skýrt fram á fundi allshn. að samráðið var lítið sem ekkert. Einu aðilarnir sem virtust mjög ánægðir með þetta voru björgunarmennirnir, Slysavarnafélagið Landsbjörg, enda er enginn að andmæla því að það verði ein björgunarmiðstöð. Almannavarnaráð er hins vegar samhæfingaraðilinn og afar mikilvægt að það ráð sé ekki lagt niður sem slíkt, enda kemur það fram hjá öllum

umsagnaraðilum sem um þetta frv. fjalla. Einnig eru menn á því að óeðlilegt sé að setja það undir einn aðila.

Ég vil benda fólki á að það er hægt að skoða pappíra frá þeirri umræðu. Þar kemur afar skýrt fram að frumvarpið er fyrst og fremst unnið í dómsmrn. án samráðs við þá aðila sem eðlilegt hefði verið að hafa samráð við. Undir eðlilegum kringumstæðum hefði þetta frv. átt að koma fram snemma síðasta haust en ekki koma fyrir þingið tveimur dögum fyrir jólahlé og vera tekið til umræðu með afbrigðum.

[10:38]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér er komin upp afskaplega sérkennileg staða svo ekki sé fastar að orði kveðið. Í fjárlagafrv., sem lagt var fram venju samkvæmt á fyrsta degi þingsins, var boðuð breyting sem gekk síðan aftur í frv. hæstv. dómsmrh. 12. des., tveimur dögum fyrir jólaleyfi þingmanna. Hæstv. ráðherra dómsmála lætur sig hafa það að koma fram í fjölmiðlum og standa frammi fyrir þingheimi og kvarta yfir því að málið skuli ekki afgreitt. Hún kemur fram með frv. um málið einum og hálfum degi áður en þingi er frestað og kemur svo og kvartar og kveinar yfir því að þingmenn hafi ekki afgreitt málið.

Hæstv. forseti. Hún lét þess og getið að hér væri ekki neitt óeðlilegt á ferðinni enda þótt fjárlög hafi verið afgreidd líkt og að breytingin hafi átt sér stað. Hún segir að hún hafi gengið frá þessu máli, í fjölmiðlum og aftur núna, við fjmrn. og Fjársýslu ríkisins. Ekki eru það þeir aðilar sem setja landinu lög. Ekki ganga þeir frá fjárlögum. Nei, það er hv. Alþingi.

Ég bið hæstv. ráðherra að gera þinginu betur grein fyrir því hvaða breytingar hafa verið gerðar á fjárlögum í samráði við Fjársýslu ríkisins og fjmrn. og með hvaða heimildum þingsins. Svona getur þetta ekki gengið.

Hér hef ég aðeins vikið að formsatriðum málsins, herra forseti. Efnisatriði málsins eru síðan önnur. Mitt mat er það sem ég lýsti strax á haustdögum þegar þessar breytingar voru boðaðar að flas væri ekki til fagnaðar í þessum efnum. Menn eiga auðvitað að setja þetta frv. ráðherra til hliðar og einbeita sér að heildarendurskoðun þessara mála og gefa sér góðan tíma til hennar. En þessi ríkisstjórn og þessi ráðherra hefur ekki tíma til þess því að það eru bara 90 dagar til kosninga, sem betur fer.

[10:40]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Sem varamaður hv. þm. Ögmundar Jónassonar sem er áheyrnarfulltrúi í allshn. fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð sat ég síðasta fund nefndarinnar þar sem fjallað var um þetta mál.

Ég tek undir þær áhyggjur sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson lýsir varðandi stöðu þessarar litlu stofnunar, Almannavarna ríkisins. Hún er mjög alvarleg sem stendur. Það hljóta allir að sjá í hendi sér að stofnun sem lagt er fram um frv. um að leggja eigi niður, eins og fram hefur komið tveimur dögum áður en þingi er slitið, býr við mikla óvissu. Þó að í gildi sé samningur við fjmrn. um að stofnunin fái eitthvert fé til að starfa hlýtur hver maður að sjá að það er ekki beysinn starfsandi í stofnun sem svo er ástatt um. Það er vægast sagt ástæða til að hafa áhyggjur þegar svona er komið.

Það er ekki rétt sem hæstv. dómsmrh. segir, að staða almannavarna sé í góðu lagi. Hún er það ekki undir þessum kringumstæðum. Hin sameiginlega björgunarmiðstöð sem er núna í bígerð er ekki forsendan fyrir þeim breytingum sem hæstv. ráðherra hefur lagt til. Ég tek því undir það að málið er illa undirbúið og að ekki hafi verið haft það samráð sem eðlilegt væri í svona viðamiklu máli. Auðvitað hefði verið miklu einlægara að leggja á borð þingmanna í upphafi þessa þings heildarendurskoðun laganna um almannavarnir. Það eru allir sammála um að slík endurskoðun þurfi að fara fram. En hún getur ekki farið fram í ljósi þess sem ég vil meina að séu nokkuð gerræðislegir atburðir, þegar yfirvofandi er að stofnunin verði lögð niður, nánast færð með valdboði undir ríkislögreglustjóraembættið.

Það liggur í loftinu að almannavarnir eru ekki bara lögreglumál heldur margt annað.

[10:42]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Mér finnst sérkennilegt að hér sé hafin efnisleg umræða um þingmál sem er til meðferðar í allshn. Þeir þingmenn sem þar sitja hafa næg tækifæri til að fá allar þær upplýsingar sem þeir vilja í þingnefndinni. Það var því mjög undarlegt, svo að ekki sé meira sagt, að nefndarmaður sem á sæti í allshn. skyldi hefja umræðuna og fara sérstaklega út í efnisleg atriði.

Ég skil mjög vel að hv. þm. hafi haft áhyggjur af því hvaða fjármagn stofnunin ætti að fá í þessu millibilsástandi fyrst ekki tókst að koma þessu máli nógu snemma í höfn fyrir jól. Ég get alveg tekið undir það. En ráðherra skýrði það mál til hlítar í ræðu sinni áðan þannig að ég tel ekki neina ástæðu til að hafa frekari áhyggjur af því máli.

[10:43]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ég lýsi furðu minni yfir þessu upphlaupi yfir máli sem er í allshn. og vil taka undir það sem síðasti ræðumaður sagði. Málið er til umfjöllunar í nefndinni og þar verður gengið frá því.

Það er hins vegar alveg rétt að stofnunin Almannavarnir ríkisins er í vissi óvissu. Hæstv. dómsmrh. hefur hins vegar skýrt að engar breytingar hafa orðið á þeirri starfsemi. Mér finnst vafasamt að reyna að sá fræjum efasemda hjá almenningi varðandi stöðu almannavarna á Íslandi. Það er algjörlega óþarft og ráðherra hefur svarað því. Það er engin óvissa um starfsemi þessarar stofnunar.

[10:44]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þeir koma hér hver á fætur öðrum hv. þm. Sjálfstfl. og lýsa undrun sinni á að við skulum hafa áhyggjur af stöðu almannavarna í augnablikinu þegar það liggur fyrir að engin fjárframlög eru til stofnunarinnar á fjárlögum. Hæstv. ráðherra kemur hér upp og segir að það sé ekkert mál þó að þingið komi ekki að þessu því að þeir félagarnir hafi séð um þetta sjálfir. Það er rétt að hæstv. ráðherra taki mið af því að þingið sér um fjárveitingar. En þetta er veruleiki. Við höfum verið upplýst um að stofnunin sé að liðast í sundur vegna þessa millibilsástands sem nú ríkir. Er nema von að menn hafi áhyggjur?

En það var annað sem kom fram hjá hæstv. ráðherra sem mér þykir ekki síður alvarlegt. Hæstv. ráðherra fullyrti í ræðu sinni að haft hefði verið samráð við ríkislögreglustjóra og Almannavarnir við undirbúning þessara breytinga. Í skriflegum athugasemdum við þessi frumvörp kemur annað fram hjá báðum þessum aðilum. Ég leyfi mér að lesa örstutt upp úr athugasemdum ríkislögreglustjóra, en þar segir, með leyfi forseta:

„Ríkislögreglustjóri hafði enga aðkomu að þeim breytingum sem nú er stefnt að." — Hið sama er að finna í greinargerð Almannavarna ríkisins.

Eftir stendur að annaðhvort fór hæstv. dómsmrh. með rangt mál í þinginu eða að þeir sem skiluðu þessum athugasemdum hafa ekki sett þær fram í samræmi við staðreyndir. Þetta verður hæstv. dómsmrh. að upplýsa hér. Það er mjög alvarlegt mál ef það er verið að bera þessum stofnunum sem ég vitnaði til og hafa sent inn umsagnir á brýn að þær fari með rangt mál í þeim greinargerðum og athugasemdum sem borist hafa allshn.

Það breytir ekki hinu að það er algerlega nauðsynlegt að aflétta þessu millibilsástandi eins fljótt og auðið er og langeðlilegast væri að hæstv. ráðherra lýsti því yfir hér og nú að þetta frv. yrði dregið til baka og menn reyndu að byggja undir það sem fyrir er.

[10:47]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Það er greinilegt að kosningar nálgast. Ég tel að fullyrðingar hv. þm. sem hóf þessa umræðu séu ekki svara verðar vegna þess að ég er búin að skýra þetta mál. Ég vil taka það skýrt fram hins vegar út af ýmsum ábendingum sem hér hafa komið fram varðandi þessa sameiginlegu björgunarmiðstöð að þetta tvennt fer saman, þ.e. að flytja yfirstjórn Almannavarna til þessarar björgunarmiðstöðvar í Skógarhlíðinni þar sem Neyðarlínan, fjarskiptamiðstöð lögreglunnar, er jafnframt og þar sem Landsbjörg ætlar að vera með starfsemi sína. Þarna er verið að sameina alla aðila sem koma að leit og björgun af landi og sjó, alla viðbragðsaðila, til þess að treysta enn betur öryggi landsmanna, og hver getur mótmælt því? Ég bið hv. þingmenn um að athuga það.

Ég hef líka sagt að það hafi verið samráð í þessu máli. Ég hef sjálf fundað með almannavarnaráði. Ég get tekið það sem dæmi. Ég hef líka sagt frá því að það er búið að tryggja óbreytt fjárframlög til reksturs þessarar stofnunar. Þarna hafa engar breytingar orðið. Það má vel vera að það hefði verið gott ef það hefði verið búið að heildarendurskoða lögin um almannavarnir, almennt séð, en það má kannski segja að hryðjuverkin í Bandaríkjunum, árásin þar, hafi ýtt við mönnum í því að fara að skoða þessi mál og athuga hvert eigi að stefna. Það er alveg ljóst að það þarf að gera breytingar.

Ég tel nauðsynlegt að þetta mál verði afgreitt sem fyrst á hinu háa Alþingi og treysti þingmönnum í allshn. mætavel til þess að gera það.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla þingmannamála.

[10:48]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Nú hagar svo til með störf þingsins að í dag eru 40 mál á dagskránni. Þar af eru fjöldamörg þingmannamál en það hefur gengið lítið með að þoka þeim áfram til nefnda. Nú liggur fyrir að aðeins er rúmur mánuður eftir af störfum þessa þings og ljóst að við þurfum að halda mjög vel á spöðunum ef við eigum að ná að afgreiða eitthvað af þeim sem fyrir liggja fyrir lok þess þings.

Nokkur fjöldi þeirra mála sem eru á dagskránni í dag koma frá þingmönnum Samfylkingarinnar og til þess að greiða fyrir störfum þingsins og kannski ekki síður í þeirri von að málin okkar verði tekin til snöggrar skoðunar og afgreiðslu í nefndum þingsins vil ég lýsa því yfir að af hálfu flutningsmanna verður ekki gerð krafa um að umræða fari fram um eftirtalin mál sem eru á dagskránni dag og koma frá þingmönnum Samfylkingarinnar: 13., 14. og 15. mál um almannatryggingar, vátryggingarsamninga og félagslega aðstoð, 24. og 25. mál um landsdóm og ráðherraábyrgð, 33., 34. og 35. mál um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, um stjórnarskipunarlög og um þingsköp Alþingis. Þetta eru meira og minna mál sem hafa verið flutt áður og rædd. Einnig verður af okkar hálfu ekki gerð krafa um að um 40. málið sem varðar starfslok fyrrverandi forstjóra Landssíma Íslands fari fram umræða. En að sjálfsögðu væntum við þess að málið fái ítarlega umfjöllun og afgreiðslu í nefnd.

Íslenskur ríkisborgararéttur, 3. umr.

Stjfrv., 242. mál (tvöfaldur ríkisborgararéttur). — Þskj. 246.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úrvinnslugjald, 2. umr.

Frv. umhvn., 566. mál, frestun gjaldtöku, brottfall tollnúmera. — Þskj. 914.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 567. mál (kynferðisbrot gegn börnum og mansal). — Þskj. 918.

[10:51]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Með frv. eru annars vegar lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum laganna sem fjalla um kynferðisbrot gegn börnum og hins vegar er lagt til að lögfest verði nýtt ákvæði sem leggi refsingar við svokölluðu mansali eða verslun með fólk.

Tilgangur þessa frv. sem samið var af refsiréttarnefnd er í fyrsta lagi að auka refsivernd barna gegn kynferðisbrotum. Á undanförnum 10–15 árum hefur dómsmálum vegna þessara mála fjölgað mikið. Erfitt er að segja til um hvort þá þróun megi rekja til þess að fleiri brot séu framin eða hvort þau hafi komið upp á yfirborðið í ríkari mæli við opnari umfjöllun um þessi mál. Engum dylst þó sá mikli skaði sem börn geta orðið fyrir þegar þau eru misnotuð kynferðislega og geta afleiðingarnar oft verið langvarandi og í sumum tilfellum varað alla ævina. Þá er hér um að ræða brot sem eru þess eðlis að brotið er gegn trúnaðarskyldu gagnvart barninu. Rétt þykir að alvarleiki þessara brota verði virtur í þessu ljósi og

er því lagt til að refsimörk vegna grófustu kynferðisbrota gegn börnum verði hækkuð.

Í þessu skyni er lögð til breyting á 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga sem fjallar um samræði eða önnur kynferðismök við eigið barn eða annan niðja. Varðar slíkt athæfi nú fangelsi allt að sex árum, og allt að tíu árum sé barn yngra en 16 ára. Sömu refsingu varðar brot samkvæmt 1. mgr. 201. gr. hegningarlaga, en þar er fjallað um samræði eða önnur kynferðismök við barn eða ungmenni yngra en 18 ára sem er kjörbarn viðkomandi, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis.

Með breytingunni er lagt til að refsimörkin í báðum ákvæðunum verði hækkuð þannig að þessi brot varði fangelsi allt að átta árum, en tólf árum sé barnið yngra en 16 ára.

Hér er farin sú leið að hækka refsiramma í kynferðisbrotum gegn börnum og þannig er gert ráð fyrir að refsingar fyrir þau brot verði þyngri. Þetta er tiltölulega einföld breyting sem getur náð þeim markmiðum sem að er stefnt, að þyngja refsingar fyrir kynferðisbrot gegn börnum.

Þegar réttarstaðan annars staðar á Norðurlöndunum er borin saman við Ísland er ljóst að meira samræmi er almennt þar en hér á landi milli refsiramma fyrir nauðgun annars vegar og kynferðislega misnotkun barna hins vegar. Rétt er þó að benda á að hafi barni verið nauðgað er ákært fyrir nauðgun samkvæmt 194. gr. hegningarlaganna en hámarksrefsing fyrir það brot er 16 ára fangelsi og refsilágmark eitt ár. Hámarksrefsing fyrir kynferðislega misnotkun barna er ekki almennt lægri hér á landi en annars staðar en hafa verður til hliðsjónar að annars staðar á Norðurlöndunum, að Danmörku undanskilinni, eru ákvæði um lágmarksrefsingar sem stuðla vitaskuld að þyngri refsingum. Lágmarksrefsingar heyra þó til undantekninga í íslenskum refsirétti og því þótti refsiréttarnefnd ráðuneytisins rétt að fara þá leið sem farin er í frv.

Í 202. gr. laganna er lögð til sú breyting að það verði refsivert að tæla ungmenni yngra en 18 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka. Eins og lagaákvæðið hljóðar í dag er refsivert að tæla barn á aldrinum 14–16 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka. Með breytingunni er því börnum fengin ríkari vernd á þessu sviði.

Aðrar breytingar sem gerðar eru á kynferðisbrotakafla almennu hegninarlaganna í frv. eru eingöngu lagatæknilegs eðlis og miða að því að gera tilvísun til ákvæðanna auðveldari í ákæruskjölum og dómum.

Annar megintilgangur þessa frv. er að festa í hegningarlög sérákvæði sem lýsir mansal refsivert, sbr. 5. gr. frv. Verslun með fólk er alvarlegt vandamál sem steðjar að alþjóðasamfélaginu í dag. Menn hafa smám saman áttað sig á því hversu útbreitt þetta vandamál er, og þá einkum verslun með konur og börn. Sameinuðu þjóðirnar áætla að árlega sæti yfir 4 millj. manna mansali og að ágóðinn af þessari starfsemi sé yfir 5–7 milljarðar bandaríkjadala, þ.e. meiri en ágóðinn af ólöglegri fíkniefna- eða vopnasölu heimsins. Norðurlandaþjóðirnar hafa ekki farið varhluta af þessari þróun og því ákváðu jafnréttisráðherrar og dómsmálaráðherrar Eystrasaltsríkjanna og Norðurlandanna að berjast sameiginlega gegn vandamálinu. Liður dómsmrh. í átakinu var m.a. að sjá til þess að verslun með fólk væri refsivert brot samkvæmt lögum.

Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir að refsivert verði að útvega, flytja, hýsa eða taka við einhverjum sem beittur er eða beittur hefur verið ólögmætri nauðung, frelsissviptingu, hótun, ólögmætum blekkingum eða annarri ótilhlýðilegri aðferð ef það hefur verið gert í þeim tilgangi að notfæra sér viðkomandi kynferðislega eða til nauðungarvinnu eða til að nema á brott líffæri hans. Sé um að ræða einstakling yngri en 18 ára þarf ekki að beita þeim aðferðum sem lýst er í ákvæðinu til að um refsiverðan verknað sé að ræða. Brot gegn ákvæðinu getur varðað allt að átta ára fangelsi. Þótt sú háttsemi sem hér er lýst sé í flestu tilliti þegar refsinæm er með þessu verið að leggja sérstaka áherslu á þessi brot og auka refsivernd gegn þeim. Var við samningu ákvæðisins höfð hliðsjón af 3. gr. bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna gegn alþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi sem nefndur hefur verið Palermo-samningurinn. Þess má geta að Danir fóru þessa sömu leið þegar þeir lögfestu ákvæði um mansal í löggjöf sinni nýverið.

Herra forseti. Ég hef nú í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[10:58]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Í dag er tími til að fagna þessu frv. hæstv. dómsmrh. Það er auðvitað afrakstur mikillar vinnu sem hefur verið lögð fram, m.a. þeirrar skýrslu sem sú sem hér stendur óskaði eftir um samanburð á lagaumhverfi Norðurlandanna. Ég fæ ekki betur séð en að við séum að færa okkur verulega í þá átt með þeim tillögum sem hérna liggja fyrir. Það er afar mikilvægt að þessi löggjöf og allt er varðar börn sé börnum hliðhollt og að við stöndum með þeim í einu og öllu. Það er spurning líka um ákveðið forvarnagildi og fælingaráhrif hvað þetta varðar.

Ég fagna því líka sérstaklega að mansalið skuli vera komið inn í lagatexta og jafnframt fagna ég því að búið er að setja inn ákvæði varðandi það að nema brott líffæri. Það mál herjar t.d. meira eða minna á alla Suður-Ameríku. Við vitum aldrei hvenær þetta vandamál berst hingað til okkar. Við hér heima erum líka í heiminum sjálfum og þannig ekki óhult fyrir svona vandamálum og ég fagna sem sagt þessu nýmæli.

Það eina sem ég man ekki alveg til — það var frv. um sérstaka vernd, vitnaverndina og annað sem er afar mikilvægt í mansalsmálunum. Það hefur komið fram á öllum þessum ráðstefnum, bæði stóru kvennalýðræðisráðstefnunni og eins ráðstefnu í Kaupmannahöfn með lögreglu og annars staðar þegar við ræddum þar mansalið fyrir tveimur árum eða svo, að vernd gagnvart þessum konum sé sérstaklega brýn. Það er eitt af því sem m.a. Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt ríka áherslu á þannig að við tryggjum í rauninni kannski að upplýsingar fáist, bæði um þá hópa og aðra sem stunda mansalið.

Eins og ég segi fagna ég öllu því sem snýr að börnum og tel að í frv. sé falin mun ríkari vernd gagnvart þeim en áður var.

Það er líka annað sem tengist órjúfanlega þessu máli og það eru bætur til þolenda kynferðisafbrota. Hér á dagskrá í dag er lítið frv. frá mér sjálfri um breytingu á lögunum um bætur til þolenda afbrota. Ég ákvað bara að flytja það ein og sér og mun sennilega senda það umræðulaust til nefndar vegna þess að það er ekki nægilegt að við séum með góð lög sem tryggja refsingu við kynferðisafbrotum gegn börnum ef við erum ekki með nægilega styrkar stoðir til að tryggja þeim

bætur sem fyrir þessu tjóni verða. Árið 1996 var samþykktur hér ákveðinn bandormur í ríkisfjármálum og þessar bætur voru lækkaðar um helming á þeim tíma en áttu að leiðréttast aftur árið 1997. Það hefur aldrei orðið af þeirri leiðréttingu og þess vegna flutti ég nákvæmlega þá tillögu sem var ætlast til að yrði flutt 1997 í tengslum við fjárlög. Þá var þetta allt skorið niður um helming og átti að leiðrétta eins og kemur fram í gögnum þingsins og öllum ræðum tengdum þessum máli. Ég vil því minna á tengslin — það eru órjúfanleg tengsl þarna á milli um bætur til þolenda kynferðisafbrota. Það þýðir ekki bara að tala um brotin sjálf, heldur líka bætur til þeirra sem fyrir þeim verða og það er auðvitað þyngra en tárum taki því þær bætur sem nú eru ákvarðaðar í lögum duga varla fyrir sálfræðiviðtölum, svo ekki sé meira sagt. Ég vil minna á það mál. Það fer líka umræðulaust til nefndar. Allt hangir þetta saman. Við munum fara yfir þetta mál í allshn. og ég get ekki séð neitt því til fyrirstöðu að þetta verði samþykkt með bros á vör og sól í sinni.

[11:03]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér leggur hæstv. dómsmrh. fram afar þarft frv. með þörfum breytingum sem ber að fagna en hér eru líka á ferðinni ákvæði við hegningarlögin sem beðið hefur verið eftir með nokkurri óþreyju og á ég þar kannski sérstaklega við ákvæðið sem lýtur að mansali. Ég fagna því að það skuli vera gert að sérstöku atriði núna í hegningarlögum að hverjum þeim sem gerist sekur um mansal verði refsað en það er allt í samræmi við umræðu sem átt hefur sér stað í nágrannalöndum okkar á síðustu árum. Síðan 1996 hefur verið unnið ötullega að því í ýmsum Evrópulöndum að finna leiðir til að stemma stigu við vaxandi glæpastarfsemi sem tengist innflutningi fólks á milli landa, ekki hvað síst sölu aðallega kvenna og barna frá Austur-Evrópu og Asíu til kynlífsþrælkunar á Vesturlöndum.

Í nýjum skýrslum frá þrýstihópum um málefni kvenna innan Evrópusambandsins og í málum sem komið hafa fyrir Evrópuþingið upp á síðkastið má greina mjög mikla hreyfingu í þá átt að finna leiðir til að koma í veg fyrir mansalið en ekki síður hugmyndir og kröfur um að fórnarlömbum mansalsins verði sinnt á viðunandi hátt. Þar er fyrst og fremst um að ræða vitnavernd og síðan það sem kalla má fórnarlambavernd eða eins og það kallast á engilsaxneskri tungu „witness protection" og „victim protection" því það vandamál fer nú vaxandi í Evrópulöndum að konum sem smyglað hefur verið yfir landamæri og eru því ólöglegar í viðkomandi landi þarf að beina aftur til baka þangað sem þær komu en þar bíður þeirra ekkert annað en að lenda aftur í klóm glæpamannanna sem upphaflega hnepptu þær í þrældóm kynlífsiðnaðarins.

Þess vegna hvílir nú sterk krafa, herra forseti, á ríkisstjórnum Evrópulandanna að leiða í lög þannig vernd að konurnar sem leita ásjár, oft kvennasamtaka eða kvennaathvarfa, fái vernd í viðkomandi landi, dvalarleyfi og jafnvel atvinnuleyfi, í öllu falli það öryggi sem nægir til að gera þær löglegar í landinu. Ég hvet íslensk stjórnvöld og allshn. Alþingis til að athuga vel þá þróun og athuga hvort ekki er tímabært fyrir okkur að innleiða þessa umræðu hér og vera þannig í samfloti við nágrannalönd okkar.

Innan Sameinuðu þjóðanna hefur verið unnið talsvert starf til að koma í veg fyrir mansal og eins og hæstv. dómsmrh. gat um var samþykktur samningur gegn skipulagðri alþjóðlegri glæpastarfsemi, Palermo-samningurinn og bókanirnar við hann. Ein bókunin lýtur sérstaklega að verslun með konur og börn til kynlífsþrælkunar. Sú bókun felur í sér skuldbindingar aðildarlandanna um að allra leiða sé leitað, m.a. með lagasetningu, til að stemma stigu við þeirri glæpastarfsemi sem þrífst undir hatti kynlífsiðnaðar vítt og breitt um heiminn. Glæpastarfsemi þar sem söluvaran er fólk, oftar en ekki bláfátækt fólk, konur og börn sem eiga ekkert val í heimalöndum sínum og ýmist knúið til að samþykkja verslunina nauðugt eða viljugt.

Ísland hefur staðfest þennan samning, herra forseti, og hæstv. dómsmrh. er nú að leitast við að leiða hann að hluta til í lög. Hæstv. ráðherra hefur í umræðum á Alþingi sagt að ekkert sé því til fyrirstöðu að sá samningur verði fullgiltur enda sé það vilji velflestra ríkja að undirgangast hann. Ég vil lýsa yfir ánægju með þessa afstöðu hæstv. ráðherra og ég fagna því að sú lagabreyting sem lögð er til í því frv. sem við nú ræðum skuli hafa litið dagsins ljós.

Ég lýsi því þó um leið yfir að ég hefði gjarnan viljað sjá gengið skrefi lengra í þessu máli. Ég hef reyndar sagt að full þörf sé orðin á að taka allan kynferðisbrotakafla hegningarlaganna til rækilegrar endurskoðunar og raunar hefur hæstv. ráðherra lýst því yfir að slík endurskoðun sé á döfinni, en ég fæ ekki betur séð en þetta þing muni líða áður en til slíkrar endurskoðunar komi. Ég vil segja varðandi þetta sérstaka ákvæði um mansalið að það hefði að ósekju verið í lagi að fá inn frekari ákvæði og vil ég þá vísa til hugmynda sem koma fram í skýrslu nefndar sem falið var að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis, en sú nefnd lagði einmitt til að ákvæði á borð við þetta yrði sett í lögin. Jafnframt eru í skýrslu nefndarinnar hugleiðingar um sænsku aðferðina, sænsku leiðina, og við verðum að athuga það að eitt öflugasta tækið í baráttunni gegn mansali og kynlífsiðnaði almennt er að gera það refsivert að kaupa þjónustuna.

Sannleikurinn er sá að umræðan eins og hún hefur átt sér stað í Evrópu upp á síðkastið allt síðasta ár hefur miðað í þá átt að hvetja ríkisstjórnir landanna til að fara að dæmi Svíþjóðar og lögleiða hina svokölluðu sænsku leið. Hæstv. ráðherra hefur sjálf sagt í blaðaviðtali og ég er hérna með úrklippu úr Fréttablaðinu frá 18. september 2002 þar sem hún segir, með leyfi forseta:

„Íslendingar horfa til reynslu nágrannaríkjanna í þessum málum, einkum Svíþjóðar en þar hefur verulega dregið úr verslun með konur síðan lögum var breytt."

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að sænska aðferðin er að virka í Svíþjóð og hún virkar ekki hvað síst á mansalið. Sannleikurinn virðist vera sá að þeir sem stunda þessa glæpastarfsemi, að selja konur milli landa, hafa strikað Svíþjóð út af viðkomulista sínum. Svíþjóð er orðið það land sem þessir glæpamenn forðast. Þó að ýmislegt megi kannski segja um þessa sænsku aðferð þá er þó samdóma álit manna sem um hana hafa fjallað þar að hún virki á glæpamenn sem stunda mansal.

Í því sambandi vil ég minna á frv., herra forseti, sem ég ásamt tveimur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hef lagt fram á þinginu ítrekað, og liggur frammi á þessu þingi á þskj. 39, þar sem lögð er til þessi sænska leið. Og ég get ekki betur séð, herra forseti, en að það hefði verið ágætistækifæri fyrir hæstv. ráðherra að fara nú að dæmi Svía nákvæmlega í því frv. sem hún flytur og leggja það til að kaup á hvers konar kynlífsþjónustu verði lýst refsiverð samkvæmt almennum hegningarlögum á Íslandi. Ég lýsi því yfir, herra forseti, að það eru hálfgerð vonbrigði að slíkt

skyldi ekki hafa verið upp á teningnum hér. Það hefði verið betra að fara dýpra í saumana á málinu þó svo ég fagni að sjálfsögðu þeirri viðleitni sem fram kemur í frv. hæstv. ráðherra.

[11:10]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Við ræðum frv. um breytingar á almennum hegningarlögum. Ákvæði frv. lúta að því annars vegar að hækka refsimörk vegna kynferðisafbrota sem beinast að börnum og hins vegar að því að lögfesta nýtt sérstakt ákvæði sem leggur refsingu við mansali. Samkvæmt greinargerð frv. er stefnt að því með breytingunum á kynferðisbrotakaflanum að veita brotaþola, sem er barn í þessu samhengi, rýmri refsivernd vegna kynferðisbrota.

Það segir jafnframt í greinargerðinni að á undanförnum árum hafi orðið betur ljós sá mikli skaði, oft langvarandi og jafnvel varanlegur, sem börn geta orðið fyrir vegna kynferðislegrar misnotkunar. Í alvarlegustu tilvikunum sé varla ofsagt að velferð og framtíð barna hafi verið lögð í rúst. En þetta held ég, herra forseti, að sé ekki of sterkt til orða tekið og það blasir við hverjum þeim sem kynnst hefur barni sem orðið hefur fyrir slíku broti eða fullorðnu fólki sem orðið hefur fyrir slíku broti sem barn eða unglingur, að slík brot skilja eftir sig alvarlegan varanlegan skaða og andleg sár sem aldrei gróa um heilt. Um fjölgun dómsmála vegna þessara brota á síðustu 10–15 árum segir í greinargerðinni að ekki sé einhlítt hvernig hægt sé að skýra eða hvernig beri að skýra en fjölgunin geti bæði verið rakin til þess að brot þessi hafi áður verið dulin og eins til þess að fleiri brot séu nú framin. En meginmarkmið okkar hlýtur að vera að reyna að leita allra leiða til að fækka slíkum brotum og helst að koma í veg fyrir þau brot og hækkun refsimarka er ein þeirra leiða sem að margra mati er til þess fallin að draga úr brotunum og fækka þeim eða helst að koma í veg fyrir þau.

Ef á hinn bóginn sú er raunin og skýringin á fjölgun dómsmála að jafnvel fleiri kynferðisbrot séu framin gagnvart börnum nú heldur en fyrr þá finnst mér einsýnt að leita þurfi annarra leiða og fara jafnframt í gagngera skoðun á ástæðum og orsökunum fyrir því að brotunum sé að fjölga. En um hækkun refsimarka vegna grófustu kynferðisbrota gagnvart börnum segir í greinargerðinni, með leyfi forseta, að gert sé ráð fyrir að dæmd verði þyngri refsing vegna þessara brota. Þyngri refsingum er ætlað að hafa forvarnaáhrif. Þeim mun ætlað að fæla menn frá því að fremja þessi brot, og við getum í sjálfu sér ekki annað en vonað að sú verði raunin ef frv. verður að lögum og kemur til framkvæmda. En á hinn bóginn meðan við vitum ekkert um hvort fjölgun dómsmála skýrist af fjölgun brota eða hvort ástæðan sé sú að nú séu þau frekar kærð en fyrr, þá lít ég svo á að það verði seint séð eða því haldið fram af nokkru viti að hækkun refsiramma og þyngri refsingar skili tilætluðum árangri.

Þyngri refsingar þýða lengri fangelsisvist og lengri fangelsisvist fylgir aukinn kostnaður ríkisins. Frændur okkar Danir gera a.m.k. ráð fyrir því að þyngning refsinga kalli á aukinn kostnað í rekstri fangelsa. Í greinargerð með dönsku lagafrv. með sams konar ákvæði um mansal og það sem við erum að ræða um hér og jafnframt ákvæðum um hækkun refsimarka fyrir ýmis ofbeldisbrot, þá rakst ég m.a. á áætlun um aukinn kostnað danska ríkissjóðsins vegna lagabreytinganna og hækkaðs refsiramma. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. um þetta frv. okkar segir hins vegar, með leyfi forseta: „Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs svo að nokkru nemi.“ Því hlýt ég að spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hún geri fyrir fram ráð fyrir því að dómstólar nýti ekki nýjan og hærri refsiramma sem leiði til þyngingar refsinga.

Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir hafði orð á því áðan að hún hefði lagt fram frv. um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota sem hún vonaðist eftir að fengi afgreiðslu í þinginu. Í því frv. er gert ráð fyrir að miskabætur skuli hækka. En í lögunum eins og þau eru í dag, um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, er gert ráð fyrir því að miskabætur geti ekki orðið hærri en 1 millj. kr. Mig langar í tilefni af þessu að hafa orð á því hér að þetta frv. eða þessi lög fjalla fyrst og fremst um ábyrgð ríkisins í þeim tilvikum sem brotamaður er ekki fær um að greiða eða er ekki gjaldfær, að ríkið komi þá inn í það og sjái til þess að brotaþolinn fái bæturnar greiddar. Það sem þarf hins vegar að huga að og er kannski til þess fallið að leggja frekari áherslu til viðbótar hækkuðum refsiramma og vegna alvarleika þessara brota og alvarlegra afleiðinga fyrir þá sem fyrir þessum brotum verða, andlegum og félagslegum, er að breyta þeirri dómvenju sem ríkt hefur hér um langt árabil, þ.e. að einungis er verið að dæma bætur upp á 500, 600 eða 700 þús. hæstar. Þar af leiðandi greiðir ríkissjóður ekki hærri bætur á grundvelli þessara laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. En ég held að ef þetta tvennt fer saman, bæði hækkaður refsrammi og að dómstólar fara að hafa víðari sýn á afleiðingar þessara brota, geti það orðið til þess að bæturnar hækki samkvæmt dómum. Þá þarf náttúrlega líka að fylgja að ríkissjóður ábyrgist þær hærri bætur ef dæmdar verða. Þetta var um tillögur frv. að breytingum á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga.

Frv. geymir líka sérstakt nýtt ákvæði sem leggur refsingu við mansali. Í sjálfu sér, að óbreyttum lögum, getur mansal skilgreint sem hagnýting á manni varðað við ýmis ákvæði almennra hegningarlaga, svo sem 206. gr. Jafnframt getur mansalsbrot varðað við ákvæði laganna um brot gegn frjálsræði manna. Með þessu frv. er hins vegar sú leið farin, með hliðsjón af svokölluðum Palermo-samningi Sameinuðu þjóðanna og sérstakri bókun við hann um aðgerðir gegn mansali, að leggja til að við lögfestum sérstakt ákvæði um mansal. Ákvæði frv. geymir skilgreiningu á mansali og það geymir tvær mismunandi verknaðarlýsingar eftir því hvort brot beinist að einstaklingi yngri eða eldri en 18 ára, þ.e. eftir því hvort brot beinist að barni eða fullorðnum einstaklingi. Ef mansalsbrot beinist að fullorðnum er áskilið að beitt sé við það tilteknum öðrum brotum hegningarlaganna, ólögmætri nauðung, frelsissviptingu eða hótun eða, eins og segir í niðurlagi 1. tölul. 2. mgr. 5. gr. frv., „ólögmætum blekkingum með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér villu viðkomandi“ — og síðan segir — „eða annarri ótilhlýðilegri aðferð“.

Í dönsku refsilögunum sem geyma samhljóða sérstakt ákvæði um mansal heitir „önnur ótilhlýðileg aðferð“ „anden utilbørelig fremgangsmåde“. Ég hef í sjálfu sér ekkert við þessa þýðingu að athuga en það bíður vitaskuld dómstólanna að skýra og túlka hvaða háttsemi það er sem fellur undir þetta orðalag. Hins vegar má velta því fyrir sér hvers vegna þetta orðalag er valið bæði í danska ákvæðinu og í þessu frv. í stað beinnar þýðingar á orðalagi í mansalsbókuninni við Palermo-samninginn þar sem talað er um „abuse of power or of a position of vulnerability“. Það heitir á dönsku „udnyttelse av en sårbar stilling“. Það orðalag tekur ólíkt betur yfir þær tvíhliða og fjölþjóðlegu skyldur aðildarríkjanna að bókuninni, þ.e. að grípa til forvarnaaðgerða gegn mansali

og ráðstafana á sviði mennta- og félagsmála sem ráðast að rótum mansalsins sem er fátækt og bágt efnahagsástand í þessum löndum þaðan sem þeir sem fyrir þessu verða koma. Lögfesting þessa frv. mun vera ein forsenda þess, alla vega hvað þessa bókun varðar um mansalið, fyrir því að hægt sé að fullgilda Palermo-samninginn sem fjallar náttúrlega um fleira og að lögfestu þessu ákvæði um mansalið munum við geta fullgilt hann þegar búið er að huga að öðru því sem Palermo-samningurinn fjallar um.

Ég geri ráð fyrir, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. þar sem ég vænti þess að það fái vandaða umfjöllun. Ég vænti þess líka að við hugum þar vel að orðalagi þessa ákvæðis og reynum þá að tryggja að við séum með því að veita frekar ríkari vernd heldur en rýrari.

[11:20]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna góðri ræðu hv. þm. Jónínu Bjartmarz. En mig langar aðeins að ræða það sem tengist frv. mínu um bætur til þolenda afbrota. Það er auðvitað þannig að „gerendur" eru kannski betur staddir í dag þannig að þeir greiða þær skaðabætur sem dómstólar hafa sett upp. En enn þá verður ákveðinn hópur barna og ungmenna fyrir miska af völdum þeirra sem ekki geta greitt. Á þetta hefur umboðsmaður barna ítrekað bent. Þetta er bara spurning um að halda því til haga að okkur ber líka að vernda þann hóp sem á undir högg að sækja og gerendur eru ekki borgunarmenn fyrir.

[11:21]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmönnum fyrir mjög málefnalega umræðu um þetta frv. og ýmsar góðar ábendingar. Hér hefur verið rætt t.d. nokkuð um vitnavernd. Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir ræddi hana sérstaklega. Ég vil benda á að vitnaverndarákvæði sem var breytt fyrir nokkrum árum er í almennu hegningarlögunum þar sem það er gert að sérstöku refsiákvæði og ég tel það ákaflega mikilvægt. Jafnframt er verið að skoða nánari útfærslu á vitnavernd í dómsmrn., t.d. varðandi nafnlaus vitni í dómsal og fleira í þá veru. Það eru hins vegar ákvæði sem snerta lög um meðferð opinberra mála. Þetta eru mál sem ég hef rætt sérstaklega á fundi norrænna dómsmálaráðherra. Það er ljóst að Norðurlöndin hafa gert ýmsar breytingar í þessa veru og ég tel afskaplega mikilvægt að við bregðumst við í þessum efnum því að það hefur sýnt sig, eins og hv. þingmenn benda réttilega á, að þarna skiptir miklu máli að bregðst við skipulagðri glæpastarfsemi, ekki bara varðandi mansal, sölu á konum og börnum, heldur líka varðandi sölu og smygl á fíkniefnum. Ég tel að þetta séu ákaflega mikilvæg mál og fagna því að hv. þm. eru mér sammála um það.

Það hefur líka verið bent nokkuð á og rætt um upphæð miskabóta í tengslum við þetta mál, þ.e. dæmdar bætur vegna kynferðisbrota, og það frv. sem hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir mun mæla fyrir seinna í dag og ég vil taka undir það að ég tel rétt að við skoðum þessi mál. Ég hef rætt það í mínu ráðuneyti. Ég tek undir með hv. þm. Jónínu Bjartmarz sem minntist á það sérstaklega einnig að hækka bæri miskabætur í dómum, þ.e. að dómarar ættu að dæma hærri miskabætur þar sem um væri að ræða alvarleg mál eins og kynferðisbrot gegn börnum þar sem afleiðingarnar geta verið mjög alvarlegar og varað jafnvel alla ævi. Að vísu hafa þessar bætur hækkað talsvert mikið undanfarin ár en það þarf að gera betur. Ég er sammála því.

Ég vil vekja athygli á því að í 26. gr. skaðabótalaganna þar sem fjallað er um slíkar bætur er ekkert hámark. Dómarar hafa því í raun og veru algjörlega frjálsar hendur um hversu háar bætur þeir dæma. Ég þekki líka vel málið um ríkisábyrgð á dæmdum miskabótum vegna þess að ég var 1. flm. þessa máls í þinginu þegar það fór hér í gegn. Það er mál sem mér finnst sjálfsagt að við skoðum líka samhliða þessari tillögu hjá hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir ræddi líka um vitnaverndina. Ég get bætt því við að við höfum skoðað þessi mál, eins og ég sagði áðan, mjög vel í dómsmrn., t.d. hefur fulltrúi minn í dómsmrn. farið til Bandaríkjanna í sérstaka kynnisferð á vegum bandarískra sendiráðsins til að kynna sér þær breytingar sem stjórnvöld hafa verið að gera þar á þessum málum. Ég held að mér sé óhætt að segja að m.a. hefur það verið lagt til að ef þolandi í slíku máli vill bera vitni geti hann fengið skammtímadvalarleyfi í landinu þannig að það er alveg ljóst að það er verið að vinna víða í þessum málum.

Við höfum líka rætt þessi mál sérstaklega á fundum eins og fundi sem var í Vilnius, Konur og lýðræði, þannig að við höfum kynnt okkur þessi mál mjög vel.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kom inn á sænsku leiðina og inn á það að hún hefði viljað sjá kannski fleiri breytingar í frv., heildarendurskoðun á þeim ákvæðum sem snerta kynferðisbrot. Það má til sanns vegar færa að það þarf að fara yfir öll þessi ákvæði og ég mun óska eftir því við refsiréttarnefnd ráðuneytisins að það verði gert. Mig langar kannski aðeins til þess að víkja að þessu nánar. Það er alveg ljóst að refsiréttarnefnd hefur einmitt haft til hliðsjónar skýrslu sem var minnst á hér áðan, bæði skýrslurnar sem fjalla um samanburð á klámi og fleiru á Norðurlöndum og líka um vændi og félagslegar afleiðingar þess. Það var m.a. skoðað sérstaklega í refsiréttarnefnd hvort ætti að fjalla um kynferðislegan lögaldur í þessu frv. Hann er bara 14 ár hér á landi en er hærri annars staðar á Norðurlöndunum, 15 eða 16 ár. Ekki náðist samstaða um það í nefndinni enda gera menn sér grein fyrir því að þetta er nokkuð vandmeðfarið.

Enn fremur var rædd sú gagnrýni sem hefur komið fram á þennan greinarmun sem gerður er á nauðgun annars vegar og kynferðislegri misnotkun á börnum hins vegar í almennum hegningarlögum. Samkvæmt frv. sem við ræðum hér er ekki hróflað við þessari uppbyggingu hegningarlaganna eins og hún kemur hér fram þar sem slíkt krefst mun viðameiri athugunar og undirbúnings. En refsiréttarnefnd mun innan skamms verða falin gagnger endurskoðun á kynferðisbrotakafla hegningarlaganna þar sem þessir þættir verða sérstaklega skoðaðir.

Með þessu frv. er hins vegar á skjótan hátt verið að senda út þau skilaboð að það beri að þyngja refsingar fyrir kynferðislega misnotkun á börnum og færa refsiramma fyrir kynferðislega misnotkun gegn börnum nær refsirammanum í nauðgunarákvæðinu.

Hv. þm. Jónína Bjartmarz kom með ágæta ábendingu, eins og ég reyndi að koma að í framsögu minni, þ.e. spurningu um það hvort ekki þurfi að skoða nánar ástæður þess að ákærum og dómsmálum sé að fjölga í þessum málaflokki. Ég tel alveg ljóst að öll sú opinbera umræða sem hefur átt sér stað og allt það góða starf sem er unnið víða í þjóðfélaginu, bæði hjá Stígamótum, í grasrótarsamtökum og neyðarmóttöku slysadeildar Borgarspítalans sem ég tel að hafi unnið

mjög gott starf á þessu sviði og áhersla lögregluyfirvalda á þessi mál hafi þarna haft ákveðin áhrif. Það er auðvitað ekki sami þagnarmúr í kringum þessi afbrot í dag eins og var. Það er ekki langt síðan þessi mál, t.d. sifjaspellsmál, voru ekkert rædd opinberlega.

Hv. þm. minntist líka á að Danir hafi bent á það sérstaklega þegar var verið að ræða um mansalsákvæðið og koma því í gegn um danska þingið að það mundi væntanlega hafa í för með sér hækkun útgjalda ríkissjóðs, sem sé útgjalda sem tengjast fangavist. Þetta er athyglisverð ábending hjá hv. þingmanni. Ég vona svo sannarlega að ef þetta frv. verður að lögum hafi það ákveðin varnaráhrif í för með sér þannig að vonandi gæti þessum brotum fækkað. Ég geri mér hins vegar alveg grein fyrir því að þarna getum við séð kannski einhver aukin útgjöld hjá ríkissjóði sem þarf þá vissulega að bregðast við. Danir eru ekki bara að hugsa um kostnaðinn af þessum málum vegna þess að þeir hafa nýverið hækkað refsirammann vegna nauðgunarákvæðisins. Refsiréttarnefnd ráðuneytisins telur greinilega að markmið frv. um þyngingu refsinga eigi að nást ef þetta frv. verður að lögum með því að hækka refsirammann og því er ég sammála.

Hér var líka rætt sérstaklega um mansal, þ.e. þetta ákvæði og dönsku lögin og hvernig þýðingin væri í þeim efnum. Það er auðvitað rétt að þetta sé skoðað í hv. allshn. En ég tel að með þessu ákvæði séum við í fullu samræmi við skilgreiningu 3. gr. bókunar við Palermo-samninginn sem fjallar um baráttu gegn verslun með fólk og undir „aðra ótilhlýðilega aðferð" sem getið er í ákvæðinu mundi t.d. falla það að maður misnoti sér það að einstaklingurinn sé honum háður.

Eins og ég sagði í upphafi, herra forseti, þakka ég hv. þingmönnum fyrir málefnalega umræðu um frv. Ég veit að hv. allshn. mun fara vel yfir málið og ég treysti því að það komi til 2. umr. frekar fyrr en seinna vegna þess að skammur tími er til stefnu á þinginu eins og við öll vitum.

[11:32]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði orð á því í ræðu minni að Danir hefðu nýlega hækkað refsirammann fyrir tiltekin ofbeldisbrot og að í greinargerð með því frv. hefði verið að finna áætlun um aukinn kostnað danska ríkissjóðsins sem því var talið samfara enda virtist vera litið til þess að hækkaður refsirammi mundi leiða til lengri fangelsisvistar og þar af leiðandi aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð. Þess vegna finnst mér mjög eðlilegt að spyrja þegar við erum að hækka hér refsiramma, og þá er ég ekki að tala um mansalið eins og hæstv. ráðherra nefndi hér áðan heldur fyrir þessi kynferðisbrot, hvers vegna segi í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. að ekki sé ástæða til að ætla að lögfesting frv. hafi áhrif á útgjöld ríkisins svo nokkru nemi. Þess vegna spurði ég hæstv. ráðherra hvort hún teldi ekki að dómstólar mundu dæma þyngri refsingar á grundvelli frv. og þá með tilheyrandi auknum kostnaði.

Það má segja sem svo að hækkun refsirammans ein og sér geti haft fælandi áhrif eða forvarnaáhrif og aftrað mönnum frá því að fremja þessi brot. En þegar það fylgir svo með að ekki sé gert ráð fyrir því að hækkunin verði nýtt efast ég um að hún hafi þau fælingaráhrif sem lagt er af stað með í þessu frv.

[11:33]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki séð hvernig hv. þm. getur komist að þeirri niðurstöðu að ekki standi til að nýta þessa hækkun refsirammans. Ég held að það komi alveg skýrt fram í þessu frv., í framsögu minni og umræðum hér að markmið frv. er að þyngja refsingar fyrir kynferðisbrot gegn börnum. Hins vegar sagði ég líka áðan að ég teldi þetta athyglisverða ábendingu hjá hv. þm. og ég held að það væri ágætt ef hv. allshn. beindi þá fyrirspurn til fjárlagaskrifstofu fjmrn. út af þessu máli. Þetta er sú umsögn sem dómsmrn. fékk frá þeim í tengslum við framlagningu þessa frv.

[11:34]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðherra sem kom fram í ræðu hennar um að hún hygðist fela refsiréttarnefnd endurskoðun kynferðisbrotakafla hegningarlaganna en eins og ég vék að í ræðu minni er það orðið löngu tímabært.

Það er eitt sem mig langar í því sambandi til að hvetja til. Mig langar til að hvetja hæstv. ráðherra til að tryggja að við þá endurskoðun verði haft öflugt samráð við það fólk sem starfað hefur í þessum geira, t.d. samtök kvennahreyfinga — ég nefni sérstaklega Stígamót sem hæstv. ráðherra gat líka um í ræðu sinni — þannig að það fólk sem starfað hefur úti á akrinum í þessum málum fái öfluga aðkomu að þeirri endurskoðun.

Að lokum langar mig líka til að hvetja hv. allshn. til að skoða vel þessa umræðu sem ég er sammála hæstv. ráðherra um að hafi verið gagnleg. Í henni hafa komið fram ýmsar ábendingar og ég treysti því að hv. allshn. taki þær ábendingar og hugmyndir sem hér hafa komið fram í umræðunni inn á sitt borð og skoði þær. Í því sambandi langar mig sérstaklega til að nefna það, af því að hv. þm. Jónína Bjartmarz talaði hér um orðalag og þýðingar, að það er auðvitað til vansa að við skulum ekki hafa í gögnum okkar þýddan samninginn frá Palermo og bókanirnar við hann. Það verður auðvitað að vinda bráðan bug að því. Þegar við fjöllum um svona mikilvæga samninga sem við erum að fullgilda verður auðvitað að liggja frammi aðgengileg íslensk þýðing þannig að allur almenningur geti fylgst vel með og þingmenn eigi þá líka auðveldara með að nýta sér þessi þungu gögn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 538. mál (heildarlög). — Þskj. 883.

[11:36]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hóf starfsemi 1. janúar 1986 skv. 16. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983, og tók þá við starfsemi athugunardeildarinnar í Kjarvalshúsi. Hlutverk stofnunarinnar var skilgreint ítarlega í þeim lögum og hefur haldist að mestu óbreytt við endurskoðun laga um málefni fatlaðra. Sérstakt frumvarp um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins var lagt fram á 126. löggjafarþingi (2000–2001) ásamt þremur öðrum tengdum frumvörpum vegna fyrirhugaðrar yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga, sem hefði leitt til niðurfellingar laga um málefni fatlaðra. Fallið var frá þessari yfirfærslu og frumvörp þar að lútandi dregin til baka.

Þó að horfið hafi verið frá því að sinni að færa málefni fatlaðra til félagsþjónustu sveitarfélaga þykja full rök vera til

þess að sett verði sérstök lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins enda tengdist efni fyrra frumvarps um Greiningarstöð aðeins að hluta fyrirhugaðri yfirfærslu. Starfsemi Greiningarstöðvarinnar hefur þróast mikið frá því að starfssvið hennar var fyrst skilgreint í lögum um málefni fatlaðra árið 1983. Þá hefur alþjóðleg þekking á eðli þroskaraskana, orsökum og aðferðum til að draga úr áhrifum þeirra aukist mikið á síðustu áratugum. Reynslan hefur þannig leitt í ljós að nokkur hluti barna sem hefur verið vísað á Greiningar- og ráðgjafarstöð með alvarleg þroskafrávik hefur með markvissri meðferð og þjálfun vaxið upp til sjálfstæðis og ekki þurft fjölþættan stuðning þjóðfélagsins til langframa og því ekki þurft aðra þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra.

Auk ofangreinds hefur orðið til þekking og reynsla varðandi þjónustu við fötluð börn og önnur börn með ýmis þroskafrávik víða í þjóðfélaginu, t.d. innan skóla og leikskóla, hjá sveitarfélaga, heilbrigðisþjónustu og ýmsum öðrum sérfræðingum. Þessi þróun gefur tilefni til að efla sérhæfingu Greiningarstöðvar og auka við sérstöðu hennar sem þekkingarmiðstöðvar á sviði alvarlegra þroskaraskana barna.

Greiningarstöðin hefur frá stofnun heyrt undir félagsmálaráðuneyti, eins og önnur meginþjónusta við fatlaða sem skilgreind er í lögum um málefni fatlaðra. Er þetta í samræmi við þann meginskilning að fötlunarhugtakið eigi við um þá skerðingu félagslegrar aðlögunar sem leiðir af viðkomandi röskun. Þó að orsakir röskunarinnar séu oft læknisfræðilegar og skjólstæðingar Greiningarstöðvar sem og þjónustukerfis fatlaðra þurfi oft að nota þjónustu heilbrigðisstofnana þykir eðlilegt í ljósi nútímahugmyndafræði að stofnunin heyri áfram undir félagsmálaráðuneyti en hafi jafnframt samstarf við ýmsar stofnanir innan mennta- og heilbrigðiskerfisins.

Greiningarstöðin hefur frá upphafi þjónað öllu landinu. Rúmlega tvö hundruð börnum og ungmennum hefur verið vísað til þjónustustöðvarinnar árlega á undanförnum árum og skjólstæðingafjöldi stöðvarinnar er rúmlega fimm hundruð á hverju ári þar sem mörg börnin eru í áframhaldandi eftirfylgd. Stöðugildi við stofnunina eru rúmlega þrjátíu, þar af nokkur hlutastörf. Við stofnunina starfa sérfræðingar með sérþekkingu á flestum sviðum þroskaraskana barna. Má þar nefna sérhæfða lækna, sálfræðinga, talmeinafræðinga, sjúkraþjálfara, iðjuþjálfa, þroskaþjálfa, félagsráðgjafa og leikskólasérkennara.

Innra skipulag stöðvarinnar var endurskoðað árið 1997 til að auka skilvirkni og sérhæfingu og hefur náðst umtalsverður árangur á því sviði. Í tengslum við breytt skipulag var fræðslustarf stofnunarinnar styrkt verulega. Tilgangur þessa var að efla þekkingu annarra þjónustuaðila á greiningu, orsökum og meðferðarleiðum hinna ýmsu þroskaraskana og efla þannig faglegt starf á þessu sviði utan stofnunarinnar. Á síðasta ári sóttu yfir þúsund manns fræðslunámskeið stofnunarinnar, að miklum hluta starfsfólk sem vinnur við þjónustu við börn með þroskaraskanir á öðrum vettvangi.

Við samningu frumvarpsins hefur verið leitast við að staðfesta og lögbinda þá starfshætti sem að ofan er lýst. Lögð er áhersla á skyldur stofnunarinnar við að sinna börnum sem búa við alvarleg frávik í þroska eða færni, bæði þeirra sem eru ótvírætt fötluð og þeirra sem má með markvissri þjálfun og meðferð koma til sjálfstæðis á fullorðinsárum. Þá er lögð áhersla á nána samvinnu við aðila sem annast þjónustu við börn með alvarlegar þroskaraskanir og reynt að tryggja að þjónusta við barnið sé sem mest í nánasta umhverfi þess. Hlutverk stofnunarinnar verði þannig ekki síst að miðla þekkingu og reynslu til þessara þjónustuaðila en þjónusta til lengri tíma verði fyrst og fremst fyrir þá einstaklinga sem búa við flóknari eða sjaldgæfari þroskaraskanir.

Þór G. Þórarinsson, skrifstofustjóri í félmrn., var skipaður formaður stjórnar Greiningarstöðvar í júní sl. Hann hófst handa við endurskoðun á starfsemi Greiningarstöðvarinnar ásamt með starfsfólki stöðvarinnar og stjórn hennar. Endurskoðunin beindist bæði að faglegri starfsemi og fjárhagslegum rekstri stöðvarinnar. Á grundvelli þeirrar vinnu verða framtíðarsýn og markmið skilgreind með ákveðnari hætti og áætlun gerð til næstu 3–4 ára. Við athugun stjórnar Greiningarstöðvar ríkisins á starfsemi stöðvarinnar er niðurstaðan sú að þjónusta stofnunarinnar er viðunandi á mörgum sviðum þrátt fyrir að tilvísunum hafi fjölgað og eftirspurn eftir sérhæfðri þjónustu hafi aukist. Þó er þjónustan varðandi endurmat á skólabörnum og greiningu á einhverfu ekki fyllilega í samræmi við 16. gr. laga um málefni fatlaðra.

Ljóst er að stytta þarf biðtíma eftir þjónustu stofnunarinnar til að ná ásættanlegum markmiðum og að því er unnið. Einnig þarf að efla ráðgjöf vegna barna með flóknar og langvinnar fatlanir.

Herra forseti. Ég vil líka taka það fram að ef af lagasetningu verður skulu lögin verða endurskoðuð eftir fjögur ár í ljósi reynslunnar.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, geri ég tillögu um að málið verði sent til hv. félmn.

[11:43]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hæstv. félmrh. hefur mælt fyrir afar þörfu frv. sem að vísu hafði komið fram áður, þ.e. á 126. löggjafarþingi, en síðan þá hafa verið gerðar breytingar á frv. og ég fæ ekki betur séð en að þær séu til bóta frá fyrri tillögum. Flestir sem hér eru inni þekkja kannski þessa forsögu sem hæstv. ráðherra fór yfir en vinna við þetta mál hófst þegar rætt var um að flytja málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaganna og steypa saman í ein lög lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni fatlaðra. Sú sem hér stendur var mjög hlynnt því en af því varð ekki. Í tengslum við það var hins vegar talið mikilvægt að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins væri undir sérlögum enda er þar veitt afar mikilvæg og sértæk þjónusta.

Þar sem ég fæ ekki betur séð en að hér sé um gagnlegt og gott frv. að ræða hef ég eiginlega litlar sem engar athugasemdir við það. Núna er skilgreint mjög vel það hlutverk og þjónusta sem stofnunin á að veita. Auðvitað vitum við vel að saman þurfa að fara fjármunir og sú faglega vinna sem þar er. Reynsla og sú vinna sem fram hefur farið í stjórnarnefndinni undir forsæti Þórs G. Þórarinssonar úr félmrn. er líka afar mikilvæg og ekki síst það að horfa til nokkurra ára og reyna að sjá hlutina komast í horf.

En að sjálfsögðu hefur maður áhyggjur af ákveðnum hópi sem ekki er kannski tekið á sérstaklega í þessu frv. en það er sá hópur skólabarna sem er með vægari þroskatruflanir, þ.e. börn geta verið misþroska, með athyglisbrest, með einhverfu og hæstv. ráðherra nefndi einmitt að það þyrfti kannski að gefa örlítið meira í og tryggja þá þjónustu betur.

Ég hef áhyggjur af þeim hópi skólabarna sem á við lestrarörðugleika að etja, vægar hreyfihamlanir og stærðfræðivanda. Með því að grípa ekki inn í hvað þennan hóp varðar og stuðla að því að hann fái þá greiningu sem er þá viðurkennd þótt ekki sé hún gerð á vegum Greiningar- og

ráðgjafarstöðvar ríkisins, getum við verið að sjá þyngri og erfiðari vandamál til framtíðar. Ég lít svo á að við fyrirbyggjum til framtíðar með því að skoða og skilgreina þann hóp frekar.

Við þekkjum umræðuna um að Lestrarmiðstöð Kennaraháskólans hefur verið lögð niður. Það er spurning hvort ekki þyrfti að gera einhverja ámóta annexíu við Greiningarstöð sem tæki þá á þeim sértæka vanda, en yfirsýnin héldist á einum stað. Ég vil varpa þessari hugmynd fram, kannski til ráðherra og við munum eflaust ræða það líka í nefndinni með þeim gestum sem við munum fá. En skilgreiningar í lögunum um Greiningar- og ráðgjafarstöð eru afar mikilvægar og afar skýrar en, eins og ég segi, við erum þarna með örlítið grátt svæði sem ég átta mig ekki alveg á hvernig væri hægt að taka á. En það sem er ekki síður í þessu frv. er einmitt sú skilgreining um stöðu stofnunarinnar gagnvart sveitarfélögunum. Og kannski er sá vandi sem ég er að tala um hjá skólabörnum með lestrarörðugleika, vægar hreyfihamlanir og stærðfræðivanda og annað, að það komi þar inn. Það skýrist vonandi í umræðu í nefndinni. Ég tel þetta vera sístækkandi hóp eða í öllu falli sýnilegri. Foreldrar eru meira á vaktinni gagnvart þessum hópi. Það er öðruvísi að vera með barn sem er með mjög sýnilega fötlun og afar mikilvægt að halda undir þann styrka stuðning við þá foreldra sem þar eiga í hlut.

Oft er talað um það sem maður vill láta kannski bæta í en ég fagna framkomnu frv. og segi það alveg eins og er að ekki mun ég liggja á liði mínu til að það fari út úr nefnd fyrir þinglok.

[11:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er sömuleiðis þeirrar skoðunar að ánægjuefni er að fá hér inn frv. til laga um sérlög eða heildarlög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Þótt það hafi kannski ekki staðið þeirri stofnun sérstaklega fyrir þrifum að hún hafi ekki haft nógu skýra lagastoð eða lagaumgjörð held ég að þetta sé starfsemi þess eðlis og svo mikilvæg að eðlilegt sé að um stofnunina gildi sérlög, í raun og veru burt séð frá lagaumhverfi málefna fatlaðra að öðru leyti eða þess hvernig því er fyrir komið í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga eða aðra slíka hluti.

Hitt er annað mál, herra forseti, að óhjákvæmilegt er að víkja að því að ekki hefur alltaf verið búið nógu vel að þessari starfsemi. Skemmst er að minnast þess að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins glímdi við mikinn fjárhagsvanda á tímum mjög vaxandi álags eða eftirspurnar eftir þjónustu hennar. Og enn er við að glíma, það ég best veit, ákveðinn vanda sem birtist í biðlistum eftir þjónustu þessarar stofnunar sem er afar bagalegt. Ég held að það sé í raun leitun að hlutum sem er jafnslæmt að spara við sig peninga til og ætti að vera eitt það fyrsta sem menn tryggðu að byggju við viðunandi fjárveitingar og starfsaðstæður. Það er forsendustarf af þessu tagi, eins og það auðvitað er, að greina vandamál barna sem eiga við þroskaraskanir að stríða strax og grunur vaknar um slíkt. Það er auðvitað alveg ljóst að slík greining er forsenda þess sem á eftir kemur, forsenda þess að hægt sé að koma til aðstoðar, og það til lítils að hafa þau úrræði á reiðum höndum ef það er flöskuháls í sjálfri greiningunni. Þess vegna held ég að gjarnan megi fara yfir það í tengslum við afgreiðslu þessa frv. hvort enn hafi verið nóg að gert í því að bæta aðstæður Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra í þessu sambandi hvað líði þá öðrum frv. eða heildarendurskoðun málefna lagaumgjörðarinnar um málefni fatlaðra í ljósi þeirrar niðurstöðu sem nú er orðin, a.m.k. um sinn, að málaflokkurinn verði ekki fluttur til sveitarfélaganna og hverju sæti að hæstv. ráðherra komi þá ekki hingað inn með þau frv. önnur sem tengd voru þessu máli á sínum tíma. Þá er ég sérstaklega að vísa til frv. um réttindi eða réttargæslu málefna fatlaðra. Ég sé ekki að það gildi ekki í raun og veru alveg sömu rök um það eins og gera um þetta mál að það ætti ekkert að vera að vanbúnaði að koma þeim lagaumbótum fram í ljósi þeirrar niðurstöðu sem nú er orðin og ekki stendur til að breyta, a.m.k. um sinn, að málaflokkurinn verði áfram á ábyrgð ríkisins, jafnvel þó að í einhverjum tilvikum sjái sveitarfélög um starfsemina á grundvelli þjónustusamninga við ríkið eða á grundvelli reynslusveitarfélagafyrirkomulags, eða hvað það nú er.

Ég vil líka aðeins víkja að spurningum sem snúa að öðrum hlutverkum Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar heldur en greiningunni sjálfri. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt að sömuleiðis séu skapaðar aðstæður til að sinna þeim þáttum vel. Hér þarf að hugsa um t.d. eftirfylgni og ég er að hugsa um fræðslustarfið. Þar held ég að menn verði að gæta líka hófs í því að fara ekki að setja Greiningar- og ráðgjafarstöðina í þær aðstæður að hún verði að standa alfarið undir kostnaði af slíkum þáttum, eins og fræðslustarfseminni, með gjaldtöku. Það getur virkað að mínu mati of hamlandi á þann mikilvæga þátt, stofnunin þarf klárlega að hafa þar ákveðna fjármuni handa á milli til að geta sinnt því starfi. Það er nú eins og við oft vitum kannski þeir sem mesta hafa þörfina fyrir slíka hluti sem minnsta hafa möguleikana til að nýta sér þá eða greiða fyrir slíka þjónustu sjálfir.

Loks langar mig að nefna einn þátt þessa máls og það er spurningin um aðgengi allra landsmanna að þessari mikilvægu þjónustu. Nú tek ég það skýrt fram að ég er ekki að mæla með því að starfsemi þessarar stofnunar verði skipt upp og henni dreift meira um landið eða hún flutt til. Ég held að mjög margt mæli með því að þetta sé á einum stað í einni öflugri stofnun þar sem safnað sé saman þekkingu og reynslu og búið til eins sterkt umhverfi, faglegt og starfslegt umhverfi og mögulegt er í þessum efnum. En það skiptir þá á hinn bóginn ákaflega miklu máli að þannig sé að málum staðið að mönnum sé ekki mismunað á neinn hátt hvað varðar aðgengi að þessari þjónustu þar sem hún er staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Þá vakna spurningar eins og um kostnað landsbyggðarfólks, aðstandenda barna, við að leita sér þessarar þjónustu, hvort þar sé nægjanlega vel tryggt að um sæmilegan jafnræðisgrundvöll sé að ræða. Ég óttast að svo sé ekki og vil spyrja hæstv. ráðherra hvort það hafi ekki verið athugað í tengslum við undirbúning þessa máls hvort einhvers konar stuðningskerfi þyrfti að koma til sögunnar umfram það sem í gildi er. Ég játa að vísu að ég þekki það ekki í smáatriðum en ég hef þó í gegnum tíðina rekist á dæmi um að aðstandendur barna hafa orðið að leggja mikið á sig til þess að njóta sambærilegrar þjónustu fyrir börn sín hvað varðar greiningu og stuðning eins og þeir sem búa í nágrenni stöðvarinnar. Þá hlyti að koma til álita að skipulega yrði komið til móts við aðstandendur í slíkri aðstöðu og auðvitað í reynd þar með börnin sjálf, að tryggja að þau standi jafnt að vígi í þessum efnum.

Þetta er einn þáttur málsins, herra forseti, sem ég vildi gjarnan fara ofan í saumana á. Sé þetta í sæmilegu lagi er það vel en ég hef ástæðu til að efast um að það sé kannski

nógu vel hugað að þessum þætti málsins og þá þarf að bæta úr því.

[11:56]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst fagna því frv. sem hæstv. félmrh. hefur nú mælt fyrir um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins en eins og fram hefur komið fyrr við þessa umræðu þurfti að draga til baka á 126. löggjafarþingi frv. um Greiningar- og ráðgjafarstöð ásamt tveimur öðrum lagafrv. þegar ekkert varð af fyrirhugaðri yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaganna. Þau frv. gerðu ráð fyrir að gildandi lög um málefni fatlaðra yrðu þá með þeirri gildistöku felld úr gildi.

Mig langar að byrja á að fagna sérstaklega þeirri skilgreiningu sem er að finna í 1. gr. frv. þar sem ekki er einungis talað um fatlaða einstaklinga, heldur talað um börn með alvarlegar þroskaraskanir sem geti leitt til fötlunar.

En ég ætla að fá að taka undir það sem segir í athugasemdum með frv. að full rök séu fyrir því að setja sérstök lög um Greiningar- og ráðgjafarstöðina. Við sem þekkjum til reksturs stöðvarinnar vitum að þarna er að stærstum hluta verið að staðfesta og lögbinda þá starfsemi sem verið hefur á stöðinni undanfarin ár, eins og sú starfsemi hefur verið að þróast frá því að starfssvið hennar var fyrst lögfest 1986, en jafnframt er við þetta verið að taka tillit til þróunar þjónustu annarra sem boðið er upp á, bæði á vegum ríkisins og sveitarfélaganna.

Í athugasemdum með frv. segir um þá þróun hjá öðrum sem veita þjónustu að hún gefi tilefni til að efla sérhæfingu Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar umfram það sem verið hefur og auka við sérstöðu hennar sem þekkingarmiðstöðvar á sviði alvarlegra þroskaraskana barna.

Um áframhaldandi staðsetningu Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar undir félmrn. segir að það sé í samræmi við þann meginskilning að fötlunarhugtakið eigi við um þá skerðingu félagslegrar aðlögunar sem leiði af viðkomandi röskun þótt orsakir röskunarinnar séu oft læknisfræðilegar og kalli jafnframt á þjónustu heilbrigðisstofnana, segir í athugasemdum, en svo er áfram gengið út frá því að stöðin hafi samstarf við ýmsar stofnanir innan menntakerfisins og líka innan heilbrigðiskerfisins. Þá erum við að tala um stofnanir bæði á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Það er einmitt þetta tvennt, herra forseti, þessar tvær forsendur frv., annars vegar fyrir aukinni sérhæfingu stöðvarinnar og hins vegar fyrir fyrirhugað aukið samstarf mismunandi kerfa, sem eru mér áhyggjuefni þótt ég í sjálfu sér gleðjist yfir því sem þetta frv. geymir og trúi því einlæglega að það geti orðið til að efla Greiningar- og ráðgjafarstöðina sem slíka á því verksviði sem henni er ætlað að sinna.

Reyndin hefur orðið sú, ef ég horfi sérstaklega til barna í grunnskóla, að oftar en ekki er það reynsla foreldra sem eiga börn sem þurfa þjónustu vegna alvarlegra þroskaraskana, lesblindu og hvað það nú er sem háir þeim í námi og starfi, að þau falla sýknt og heilagt á milli kerfa. Og þeir sem eru í forsvari fyrir kerfin vísa hver á annan og eins og við vitum er nú engin keðjan sterkari en veikasti hlekkurinn í henni.

En það kemur fram í frv. að frumgreiningin sem slík á að fara fram annars staðar, og jafnframt er gert ráð fyrir því nema í undantekningartilvikum að eftirfylgni fari líka fram annars staðar. Þess vegna segir það sig sjálft hversu miklu máli það skiptir með aðra en þá sem þurfa mesta þjónustu og fá eftirfylgnina á Greiningar- og ráðgjafarstöðinni, að sú þjónusta sem frv. gengur út á sé til reiðu og standi undir nafni, hvort sem það eru aðrar stofnanir á vegum ríkisins eða sveitarfélaga sem eiga að veita hana.

Við þekkjum það mörg að með flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna var sett ný reglugerð um sálfræði- og sérfræðiþjónustu barna í grunnskóla. Með þeirri reglugerð var verulega dregið úr þeirri þjónustu sem börn áttu rétt á, og þau eiga í sjálfu sér samkvæmt þeirri reglugerð einungis rétt á greiningu, sem er þá frumgreining, og síðan ekki á nokkurri meðferð. Það er heldur ekki talað um neina eftirfylgni.

Það sem við verðum líka að horfast í augu við er að ef sveitarfélög fara einungis að lágmarkskröfum þeirrar reglugerðar erum við að tala um einn sálfræðing sem á að þjóna 1.400 börnum fyrir utan kennslufræðilega ráðgjöf sem hann á að veita, fyrir utan það sem segir í reglugerðinni um að hann eigi að veita foreldrum sem eftir því óska ráðgjöf í uppeldishlutverki sínu, sinna forvarnastarfi í skólanum o.s.frv.

En eins og ég sagði, á sama hátt og ég fagna þessu frv. og því sem það kveður á um — ég tel að það styrki starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar — verðum við líka að reyna að sjá þessa hluti svolítið heildstætt og vera vel vakandi yfir því að aðrar stofnanir á vegum ríkisins og sveitarfélaga þurfa líka að standa sig í stykkinu og passa að börn falli ekki á milli þessara kerfa og þau séu að vísa börnunum og foreldrum þeirra með þau á milli sín öllum stundum.

[12:02]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Frv. um Greiningar- og ráðgjafarstöðina kom einnig fram á þinginu fyrir tveimur árum, ég held að það hafi verið á 126. þingi, en nokkrar breytingar hafa verið gerðar á því frv. í því formi sem það kemur fram hér.

Ég er sannfærð um að þetta frv., þegar það verður að lögum, mun verða góð leiðbeining og stuðningur við það starf sem fer fram á Greiningarstöðinni og byrjunin á þeirri uppbyggingu sem þarf að verða í þessum málaflokki. En mig langar til að minnast aðeins á að eins og fram kemur í umsögninni frá fjmrn. er ekki gert ráð fyrir að frv. auki útgjöld ríkisins ef það verður að lögum en til þess að Greiningar- og ráðgjafarstöðin geti sinnt því hlutverki sem henni er ætlað verður að koma aukið fjármagn inn í stöðina. Ég vil minna á að það er fjöldi barna sem enn bíður eftir þjónustu. Tugir barna bíða eftir þjónustu og þó svo að einhver þeirra fái þjónustu á næstunni, þá er það óviðunandi að börn og foreldrar þeirra bíði lengi eftir þeirri þjónustu sem stöðinni ber að veita. Það vantar fleiri stöður inn í Greiningarstöðina eins og allir vita og kom reyndar fram hjá hæstv. ráðherra í framsögunni að það eru börn sem ekki fá þjónustu. Ekki er verið að sinna t.d. einhverfu sem skyldi og börnum með aspergerheilkenni. Þau fá ekki öll þá þjónustu sem þau ættu að fá og sem þeim í rauninni ber hjá stöðinni.

Ég get tekið undir ýmislegt sem kom fram hjá þeim sem töluðu á undan mér. Það þarf auðvitað að tryggja að ekki verði farið út í gjaldtöku á þessum hópum því það bitnar á þeim sem síst skyldi ef á að koma með gjaldtöku og þess vegna er mikilvægt að fjármunir komi frá hinu opinbera til að veita þessa þjónustu. Og það þarf auðvitað líka að tryggja að allir hafi jafnan aðgang að þjónustu stöðvarinnar hvar sem þeir búa á landinu eins og með þátttöku í ferðakostnaði og uppihaldi.

Ég vil minna á það enn einu sinni að ekki er búið að tryggja foreldrum alvarlega veikra barna, fatlaðra barna, sambærilegan rétt til fjarveru frá vinnu eins og er á Norðurlöndunum og það tel ég vera mjög stórt mál sem þyrfti að tryggja þessum hópi sem fyrst, því það er auðvitað óviðunandi að foreldrar skuli ekki eiga rétt á leyfi frá störfum til þess að sinna alvarlega fötluðum börnum sínum eða veikum.

Ég mun koma að vinnu þessa máls í félmn. og þar munum við skoða þetta nánar. En ég get ekki séð annað en að þær breytingar sem gerðar hafa verið frá því við fjölluðum um þetta mál síðast séu allar til bóta.

[12:06]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. fyrir góðar viðtökur við frv. Ég þykist skynja það að menn beri góðan hug til Greiningarstöðvarinnar og vilji að hún geti starfað á sem bestan hátt.

Mig langar til að koma að nokkrum atriðum sem hér hafa komið fram. Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir hafði áhyggjur af ákveðnum hópi skólabarna. En einhvers staðar verður að draga mörkin. Greiningarstöð á að mínu mati að sinna hinum erfiðari tilfellum, hin léttari eða viðráðanlegri tilfelli ættu frekar að heyra undir sérkennsluna eða fara fram á vegum skólafulltrúa og fræðslumiðstöðva, eins og greining á lesblindu, stærðfræðivanda og námsörðugleikum öðrum. En Greiningarstöðin heldur hins vegar námskeið fyrir það fólk sem að því kemur og það tel ég að sé mjög mikilvægt.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon minnti á það að biðlistar hafi verið fyrir hendi. Það er eðlilegt að biðlistar séu einhverjir fyrir hendi á hverjum tíma. Starfsemin er þess eðlis að hún hlýtur að krefjast einhverrar skipulagningar og það er ekki þægilegt að tæma þá alveg. En biðlistinn má ekki vera of langur og mikilvægt er að eyða óvissu aðstandenda um það hvenær þeir eða skjólstæðingar þeirra fái þjónustu frá stöðinni.

Ég kannaði það í gær hvernig þessu er háttað og fékk þær upplýsingar að staðan í dag er þannig hvað varðar börn undir grunnskólaaldri á þessum þremur sviðum, þ.e. fagsviði þroskahamlana, fagsviði hreyfi- og skynhamlana og fagsviði einhverfu og málhamlana að þá fá foreldrar strax bréf þar sem greint er frá að tilvísun hafi borist og á hvaða svið barninu sé vísað og einnig blað sem leitar eftir upplýsingum um núverandi þjónustu og foreldrar eru beðnir um að senda upplýsingar um þjónustuna og skriflegt leyfi til upplýsingaöflunar sem einnig þarf að vera fyrir hendi. Síðan eftir kynningu á sviði er skipaður tengill einum til þremur vikum seinna og tengillinn hefur samband við aðstandendur og segir frá væntanlegum biðtíma og kannar hagi barnsins og núverandi þjónustu. Aðstandendur grunnskólabarna — þetta átti við um börn á leikskólaaldri eða undir grunnskólaaldri — á fagsviði einhverfu, hreyfi- og skynhamlana fá svipaða afgreiðslu. Hvað varðar grunnskólabörn á fagsviði þroskahamlana hafa ekki verið forsendur fyrr en nú að tilkynna um tímasetningu væntanlegrar greiningarvinnu. Nýtt starfsfólk kom inn í september sl., þ.e. 1,8 stöðugildi sálfræðinga, og er nú komið í full afköst með stuðningi. Afköstin eru því ljós núna og verið er að ganga frá niðurröðun fyrir næstu tólf mánuði sem verður kynnt forráðamönnum. Það er hins vegar erfitt að negla tímasetningar niður, segir forstöðumaður Greiningarstöðvarinnar, því öðru hverju koma upp bráðari mál t.d. grunur um afturför og þess háttar sem ef til vill þarf að forgangsraða. Það er því skilið eftir autt pláss í hverjum mánuði vegna þess háttar tilvika.

Hv. þm. spurði einnig um hvað liði öðrum frv. sem voru fylgifrumvörp frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga og afturkölluð með því á sínum tíma. Ég svaraði fyrirspurn í gær varðandi réttindagæslu fatlaðra. Ég get endurtekið það sem ég sagði að 30. september sl. sendi ég bréf og óskaði eftir tilnefningu frá Öryrkjabandalaginu og Landssamtökunum Þroskahjálp. Bréfið var svohljóðandi:

„Félagsmálaráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp sem kanni með hvaða hætti megi tryggja sem best réttaröryggi og jafnrétti fólks með fötlun. Starfshópinn munu skipa fulltrúar frá Öryrkjabandalagi Íslands, Landssamtökunum Þroskahjálp og félagsmálaráðuneytinu.“ — Og óskað er eftir tilnefningu í þennan starfshóp. Þroskahjálp tilnefndi strax, en Öryrkjabandalagið taldi rétt að bíða með tilnefningu og rökin voru þau að væntanlegar væru reglur frá Evrópusambandinu um rétt fatlaðra og rétt væri að bíða eftir þeim áður en sú vinna hæfist. Og það er út af fyrir sig hægt að fallast á það sjónarmið að það geti verið skynsamlegt.

Mikil áhersla hefur verið lögð á fræðslustarfsemi á vegum Greiningarstöðvarinnar.

Hv. þm. hafði réttilega áhyggjur af aðgengi allra landsmanna að þessari þjónustu og það hef ég reyndar líka. En þetta er starf þess eðlis að ekki er hægt að dreifa því um landið, það er betur komið á einum stað og eðlilegast að það sé staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Tryggingastofnun styrkir foreldra vegna ferða með börn sem þurfa á sérfræðiþjónustu að halda. Sveitarfélög hafa í sumum tilfellum skyldur við foreldra sem þurfa að leita út fyrir sitt sveitarfélag eftir aðstoð við börn. Jöfnunarsjóður tekur þátt í aukakostnaði vegna fatlaðra grunnskólabarna.

Það liggur auðvitað í augum uppi að starfsliði á Greiningarstöðinni muni fjölga í framtíðinni eðli málsins samkvæmt. Það er hins vegar ekki tekið á því í eða mælt svo fyrir í þessu frv., enda getum við ekki neglt það niður hvað það þarf að vera mikið, en það verður bara að ákveðast við fjárlagagerð hverju sinni hvernig því verður háttað.

[12:14]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langaði aðeins vegna yfirferðar hæstv. ráðherra um réttindamálin og hvaða stuðning foreldrar fá sem eiga fötluð börn sem þurfa á þjónustu að halda á höfuðborgarsvæðinu að spyrja hæstv. ráðherra hvað liði því að lengja réttindi foreldra langveikra og fatlaðra barna til fjarvista frá vinnu en sá þáttur málsins heyrir einmitt undir hæstv. ráðherra, hvort hann gæti svarað einhverju um það þar sem verið var að kalla eftir frumvörpum og tillögum sem hafa verið lagðar til til úrbóta.

[12:15]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður get ég ekki svarað þessari spurningu svo viðhlítandi sé en það er í gangi vinna við að athuga þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 1. umr.

Stjfrv., 550. mál (vinnutímatilskipun, EES-reglur). — Þskj. 897.

[12:16]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Frv. með sama nafni hafa verið lögð fram á 126. og 127. löggjafarþingi en urðu ekki útrædd. Þau fjölluðu eingöngu um fullgildingu tilskipana frá Brussel. En eftir umföllun í þinginu sl. vor var málið tekið til endurskoðunar í ráðuneytinu. Þetta frv. er talsvert breytt frá fyrri frumvörpum og er tekið á miklu fleiri atriðum.

Meðal breytinga sem lagðar eru til í frv. þessu eru breytingar á skipulagi Vinnueftirlitsins. Þær fjalla m.a. um stefnu stjórnvalda hvað varðar verkaskiptingu forstöðumanna stofnana og stjórna þeirra í ljósi breytinga sem orðið hafa á skipulagi hinnar íslensku stjórnsýslu og gildisitöku laganna. Markmiðið er að samræma stöðu og ábyrgð stofnana sem best við sjónarmið ráðherrastjórnsýslu annars vegar og nýrri áherslur um sjálfstæði stofnana, árangur og ábyrgð hins vegar.

Lagt er til að Vinnueftirlit ríkisins verði áfram sérstök stofnun sem er lægra sett stjórnvald. Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar sem ætlað er að bera lagalega og rekstrarlega ábyrgð á stofnuninni. Hlutverk og ábyrgð stjórnar Vinnueftirlitsins er skilgreind með öðrum hætti en verið hefur. Gert er ráð fyrir að stjórnin beri ábyrgð á faglegri stefnumótun Vinnueftirlitsins og sé ráðherra og forstjóra til ráðgjafar í málum er tengjast vinnuvernd. Er m.a. lagt til að hún geri tillögur til ráðherra um úrbætur en mikilvægt er að náið samráð sé haft við aðila vinnumarkaðarins um þetta efni.

Ekki er gert ráð fyrir að stjórnin komi að daglegum rekstri stofnunarinnar, enda er hann í höndum forstjóra. Til samræmis við framangreint er enn fremur lögð til sú breyting frá gildandi lögum að félmrh. verði falið að setja reglugerðir um nánari framkvæmd laganna í stað stjórnar. Það er viðurkennt sjónarmið að framsali lagasetningarvalds skuli þröngar skorður settar. Þykir í því sambandi eðlilegra að framsalið nái einvörðungu til ráðherra fremur en sérstakrar stofnunar eða fjölskipaðs stjórnvalds, enda ber ráðherra ætíð ábyrgð á efni stjórnsýslufyrirmæla.

Þá er lagt til að ráðherra geti skipað vinnuverndarráð einstakra starfsgreina, en tilgangur þess er sá sami og liggur að baki stofnunar öryggisnefndar samkvæmt gildandi lögum. Er því samhliða gert ráð fyrir að 11. gr. laganna um öryggisnefndir falli brott.

Frv. er einnig lagt fram til innleiðingar á tilskipun nr. 93/104/EB um ákveðna þætti er varðar skipulag vinnutíma. Lagt er til að lögfestar verði meginreglur tilskipunarinnar sem gera aðildarríkjunum skylt að tryggja starfsmönnum rétt á 11 klukkustunda daglegum hvíldartíma, rétt á hvíldarhléi ef daglegur vinnutími er lengri en 6 klukkustundir, samfelldum 24 klukkustunda hvíldartíma í viku hverri sem tengist daglegum hvíldartíma, að virkur vikulegur vinnutími sé takmarkaður og að meðalvinnustundafjöldi fari ekki yfir 48 stundir að yfirvinnu meðtalinni. Einnig er gert ráð fyrir að tryggt verði fjögurra vikna árlegt launað orlof.

Venjulegur vinnutími næturvinnustarfsmanns fari að jafnaði ekki yfir 8 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili, og að þetta viðmið sé hámark ef starfi fylgir mikið andlegt eða líkamlegt álag. Ókeypis heilsufarsskoðun næturvinnustarfsmanna og sé þess kostur tilfærslur í dagvinnustörf ef rekja má heilsufarsvandamál þeirra til næturvinnu.

Frávik frá meginreglu vinnutímatilskipunar eru heimiluðar. Slíkar heimildir byggjast m.a. á því að skipulag vinnutíma í ákveðnum starfsgreinum kunni að vera með þeim hætti að æskilegt sé að heimila tiltekinn sveigjanleika við beitingu þeirra.

Flest ákvæði um vinnutíma hér á landi er að finna í kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins. Þó eru nokkur ákvæði um þetta efni í gildandi löggjöf. Byggist löggjöfin um vinnutíma einkum á því að vernda starfsmenn gegn óhóflega löngum vinnutíma með því að tryggja þeim lágmarkshvíld.

Í frumvarpinu eru enn fremur lagðar til breytingar á ákvæðum laganna um heilsuvernd starfsmanna. Þar á meðal er lagt til að sett verði nýtt ákvæði um heimild félmrh. til að setja reglur er varða einelti á vinnustöðum. Í því efni er lagt til að heimilt verði að setja reglur um ráðstafanir til að koma í veg fyrir og uppræta einelti á vinnustöðum. Er mikilvægt að fyrir hendi séu reglur um vernd gegn einelti þar sem starfsmenn eiga ekki að þurfa að þola áreitni eða aðra ótilhlýðilega háttsemi á vinnustað. Enn fremur er mikilvægt að atvinnurekendur fái þar leiðbeiningar um hvernig bregðast skuli við einelti á vinnustað.

Gert er ráð fyrir að atvinnurekandi beri ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Skal áætlunin fela í sér mat á áhættu og áætlun um heilsuvernd, þar á meðal um forvarnir. Atvinnurekandi skal leita til þjónustuaðila sem hafa hlotið viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins hafi hann eða starfsfólk hans ekki yfir að ráða þeirri færni sem gerð áætlunar krefst. Ákveðnar reglur um hæfi þjónustuaðila eru lagðar til í frv. Er með þessu verið að innleiða efni tilskipunar nr. 89/391/EBE, um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum, sem vísað er til í í 8. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Enda þótt um nýmæli sé að ræða í lögum eru þjónustuaðilar starfandi sem veita fyrirtækjum leiðbeiningar og aðstoð við gerð áhættumats, forvarnir og heilsuvernd starfsmanna. Hafa fyrirtæki í æ ríkari mæli leitað til slíkra þjónustuaðila um vinnuvernd og heilsueflingu á vinnustað, svo sem vinnustaðagreiningu, ýmiss konar fræðslu til starfsfólks og ráðgjöf við stjórnendur fyrirtækja, enda hefur ríkt samkeppni um hæft starfsfólk undanfarin ár. Slíkar aðgerðir leiða til betra vinnuumhverfis sem hefur þau áhrif að veikindaforföll starfsmanna verða minni og ánægja eykst í starfi. Útgjöld fyrirtækjanna og hins opinbera vegna veikinda starfsmanna ættu því að minnka, auk þess sem langtímamarkmið slíkra reglna er að draga úr kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið er ljóst að atvinnulífið mun sennilega fá til baka þann beina kostnað sem lagður er til vegna framangreindra reglna að hluta eða öllu leyti í formi hærri veikindadaga, aukinnar starfsánægju, meiri framleiðni og betri árangurs fyrirtækja. Enn fremur má gera ráð fyrir að kostnaður atvinnurekanda vegna þessara breytinga sé að miklu leyti kominn fram, þó ekki sé rétt að fullyrða það nákvæmlega hversu stór hann er.

Þá er lagt til að lögfest verði ákvæði sem banni markaðssetningu og notkun á tegundum véla og tækja sem og annars búnaðar sem fullnægir ekki settum öryggiskröfum eða formskilyrðum, svo sem um merkingar og vottorði. Í því skyni

ber að tryggja að reglunum sé fylgt eftir og kveðið á um heimild Vinnueftirlits ríkisins til að banna markaðssetningu og notkun tækja sem fullnægja ekki þeim efnis- og formreglum sem settar hafa verið. Við samningu þessara ákvæða var m.a. höfð hliðsjón af ákvæðum laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á ákvæðum laganna til viðbótar við þær sem að framan greinir, ákvæði um skráningu og tilkynningu vinnuslysa og atvinnusjúkdóma, eftirlit ríkisins og dagsektir.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til hv. félmn. að lokinni þessari umræðu.

[12:24]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hæstv. félmrh. hefur nú mælt fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Þetta er í þriðja sinn að frv. af þessu tagi er lagt fram. Sams konar frv. voru lögð fram á 126. þingi og síðan á 127. löggjafarþingi. Á síðustu dögum hef ég reynt að bera saman það sem er í þessu frv. og það sem var í hinum fyrri. Það hefur hins hins vegar verið erfitt. Hér er eiginlega um nýtt frv. að ræða og meiri endurskoðun á lögunum sjálfum, umfram þessa vinnutímatilskipun Evrópusambandsins.

Í félmn. hafa verið miklar umræður um fyrri frv. tvö og m.a. náðum við að afgreiða það frá nefndinni síðast með álitum og öðru. En þá kom læknamálið upp, þ.e. varðandi læknanemana, og eins voru hagsmunaaðilar, bæði verkalýðshreyfingin og vinnuveitendur, ósáttir.

Frv. sem hér liggur nú fyrir er hins vegar unnið í ráðuneytinu ekki af nefnd eins og fyrri frv. voru unnin, samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið. Jafnframt hafa verið gerðar ýmsar tillögur í þessu frv. um að hverfa frá þessu samráði á milli verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda sem hefur gert það þó að verkum að þeir hafa komist að ákveðinni niðurstöðu en ekki bara komið með tillögur hvor úr sinni áttinni. Svo mun auðvitað verða nú og mun þá ráðherra úrskurða um tillögurnar.

Mér finnst þetta afar slæmt og við eigum auðvitað eftir að fara yfir þetta í nefndinni. Það er viðbúið að við séum að búa til viðbótar hund og kött með þessu fyrirkomulagi. Eins er rökstutt með stjórnsýslulögum að hverfa frá því að stjórn Vinnueftirlitsins geti komið með tillögur að breytingum eftir því hvernig mál þróast en núna er það fyrst og fremst ráðherra sem kemur með slíkt. Það er hann sem setur nánari reglur samkvæmt umsögn, ekki samkvæmt tillögum Vinnueftirlitsins.

Það eru mjög margar breytingar sem erfitt er að átta sig á fyrsta kastið. Þess vegna vil ég ekki ræða þetta mikið nánar sem stendur. Fara þarf mjög vel yfir það í nefndinni. Það þarf líka að bera saman öll fyrri mál um þetta efni. Ég harma að vissu leyti að þetta frv. skuli ekki hafa komið fram fyrr ef ætlunin var að reyna að afgreiða það á þessu vorþingi. Félmn. hefur haft það vinnulag að fara vandlega í svona stór mál og þannig hefur það verið varðandi bæði fyrri frv. Nefndin fer mjög vel yfir málið. Við erum náttúrlega líka orðin sjóuð í þessum málum og munum því sjá hvað setur.

Mér segir hins vegar svo hugur um að það eigi eftir að verða talsverður ágreiningur um að ekki skuli meira um þetta formlega samráð, þ.e. að það skuli ekki vera í jafnríkum mæli og áður í mikilvægum málum. Ætlunin virðist fyrst og fremst að ráðherra muni skera þar úr. Eins og ég segi þá eigum við eftir að fara vel yfir þetta mál í nefndinni og kalla til sérfræðinga. Það verður fróðlegt.

[12:28]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það mætti nú ýmislegt segja um vegferð þessa frv. í gegnum stjórnkerfið og hvernig til hefur tekist í innleiðingu hvíldartímaákvæða þess, reglusetningar á Evrópska efnahagssvæðinu. Það má svo sem velta fyrir sér að hve miklu leyti þetta er skynsamlegt fyrirkomulag í sjálfu sér, að búa til einhvern samræmdan lágmarksramma sem taki yfir heila heimsálfu eins og hér á að gera. Það vill nú verða svo að aðstæður geti þrátt fyrir allt verið breytilegar milli landa og ýmis séreinkenni á vinnumarkaði sem falla illa inn í slíkan veruleika. En hitt er auðvitað gott að því marki sem launamönnum er hald í að bera fyrir sig og verja sig með slíkum reglum ef illa er að þeim búið.

Þetta frv. er samansett úr ýmsum þáttum. Í fyrsta lagi er þar ákveðin stjórnkerfisbreyting hvað varðar stöðu Vinnueftirlitsins gagnvart ráðuneytinu. Í öðru lagi eru í frv. þessi ákvæði sem snúa sérstaklega að vinnutímatilskipuninni og eins eru hér ákveðnir þættir sem eru tiltekin nýmæli í íslenskri löggjöf, t.d. það sem snýr að ákvæðum um heilsuvernd starfsmanna. Þau ákvæði sem í gildandi lögum eru hafa a.m.k. ekki verið mjög virk í þeim efnum og skilgreiningar á hlutum eins og einelti á vinnustöðum og jafnvel kynferðisofbeldi eru annaðhvort nýlegar eða alls ekki í íslenskum lögum.

Um stjórnkerfisbreytinguna er það að segja að þetta er hefðbundin ráðherravæðing sem hefur verið mjög í tísku hér á síðustu árum og þá er eitt notað til að réttlæta annað, af því að hæstv. ríkisstjórn hafi haldið inn á þá braut að auka í raun og veru vald ráðherra, boðvald ráðherra, yfir undirmönnum og draga með vissum hætti úr sjálfstæði stofnana sé það fullgild réttlæting í sjálfu sér að vísa í að þetta sé þróunin. Ég hef svo sem aldrei haft neina sérstaka sannfæringu fyrir því að hún væri endilega rétt eða skrifað upp á hana, en út af fyrir sig geta menn sagt sem svo að það sé heppilegt að samræmi ríki í þessum efnum. Hvort það er endilega t.d. þróun í rétta átt að reglusetning á tilteknum fagsviðum, eins og á sviði vinnuverndar, færist frá viðkomandi stofnun til ráðuneytis hef ég efasemdir um. Ég held að í sumum tilvikum sé þessum hlutum jafnvel betur komið í öflugri stofnun og að ráðuneytið sé frekar fámennari yfirstjórn og eftirlitsaðili með því að stofnanir sem undir það heyra sinni verkefnum sínum.

Mér sýnist að þær breytingar sem hér eru á ferðinni séu í þessa átt án þess að þær séu stórvægilegar. Stjórn Vinnueftirlitsins fær minna hlutverk, þar með dregur úr beinni aðild og beinni þátttöku, t.d. aðila vinnumarkaðarins, að þeim verkefnum sem þar eru á ferðinni. Er það endilega jákvætt? Ég hef efasemdir um það. Það dregur nokkuð úr sjálfstæði Vinnueftirlitsins og vægi sem stofnunar, og þetta færist til. Að því marki sem þar er flutningur á ferðinni er það flutningur til ráðuneytisins. Þetta teiknar þá til þeirrar þróunar í íslenska Stjórnarráðinu að ráðuneytin tútna út, miðstýringin vex og þau verða meira afgerandi í meðferð mála.

Það stendur nú svo á, herra forseti, að einmitt á þessu þingi kom til umfjöllunar ný ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella lækna í starfsnámi og fleiri hópa sem höfðu með tilteknum hætti verið undanþegnir ákvæðum vinnutímatilskipunarinnar undir þá hópa þannig að eftir stendur ákveðinn aðlögunartími sem ríkjum er heimilt að hafa í þessum efnum. Það er þá hægt að taka það fyrir í einu

lagi þar sem Íslands bíður nú hvort sem er að taka þá inn undir ákvæði þessara vinnuverndarákvæða. Um það var m.a. deilt og var eitt af því sem var ásteytingarsteinn þegar fyrri frv. um sama efni komu hingað inn á þing og strönduðu þar.

Það sem ég held að sé ástæða til að vekja athygli á og hefði auðvitað þurft að skoða ítarlega í sambandi við þetta mál, og aðeins er vikið að í greinargerðinni, eru hin efnislegu áhrif evrópsku vinnutímatilskipunarinnar, ef tekin yrði upp að fullu og öllu hér, vegna sérkenna á íslenska vinnumarkaðnum og þá fyrst og fremst vegna langs vinnutíma, vegna mun lengri vinnutíma hér á landi heldur en ég held í öllum öðrum Evrópuríkjum og vegna þess að vinnumarkaðurinn íslenski er enn að hluta til árstíðabundinn. Þó að verulega hafi dregið úr því gætir enn nokkurra árstíðabundinna áhrifa. Það eru meiri vinnutarnir og kannski lengri hlé á milli heldur en á skipulagðari og grónari heilsársvinnumarkaði sumra annarra Evrópuríkja.

Það er t.d. nokkuð sláandi að í mörgum hópum launafólks, ég hygg t.d. meðal iðnaðarmanna, er þó nokkuð algengt að vinnuvikan fari upp í 50 klukkustundir. Ég man eftir því að fyrir tveim, þrem árum komu niðurstöður úr samanburðarkönnun milli íslenska og danska vinnumarkaðarins þar sem teknar voru nokkrar stéttir og bornar saman. Út úr því kom að í tilteknum hópum var vinnuárið akkúrat mánuði lengra á Íslandi en í Danmörku. Þetta átti sérstaklega við um tiltekna hópa iðnaðarmanna.

Hér kemur það fram að um 40% launafólks í fullu starfi vinni lengur en 48 klst. á viku að jafnaði og það er jú einmitt þessi hámarkstími sem vinnutímatilskipunin gerir ráð fyrir að geti orðið. Af þessu mætti draga þá einföldu ályktun að upp undir eða um 40% af vinnumarkaðnum gæti orðið fyrir beinum áhrifum af þeim takmörkunum sem vinnutímatilskipunin felur í sér.

Nú er það ekki svo að sá sem hér talar gréti það að vinnuvikan styttist á Íslandi en það verður að horfa til samhengis hennar við kjaramálin í landinu. Það er nú einu sinni dapurleg staðreynd en staðreynd samt að lífskjör á Íslandi eru verulega háð hinum langa vinnutíma fólks og þar með tekjuöflun með mikilli vinnu. Nægir að skoða samanburð annars vegar á greiddu tímakaupi hér á landi og annars staðar og svo hins vegar heildarráðstöfunartekjum þegar allt er talið og er þá auðvitað fyrst og fremst um það að ræða að Íslendingar bæta sér upp lágt tímakaup með mikilli vinnu og ná þannig að halda í við ráðstöfunartekjur eða lífskjör í nágrannaríkjum. Þó leifir víst ekkert af því í mörgum tilvikum.

Þetta hefði að mínu mati, herra forseti, gjarnan mátt kanna miklu nánar og það hefði verið ástæða til að fá samhliða þessu frv. skýrslu um þennan þátt málsins inn á okkar borð. Nú eru að vísu ýmis gögn til frá hinum og þessum tímum sem má sjálfsagt notast við en það hefði verið heppilegt að fá algjörlega nýja og vandaða könnun á samsetningu íslenska vinnumarkaðarins að þessu leyti, lengd vinnuvikunnar og t.d. hversu algeng vaktavinna og næturvinna er hér og hvaða áhrif hin efnislegu ákvæði vinnutímatilskipunarinnar mundu þá hafa miðað við samsetningu og eðli íslenska vinnumarkaðarins þannig að menn a.m.k. áttuðu sig á því hvað þarna væri á ferðinni.

Herra forseti. Þessar reglur gera ráð fyrir tveimur mögulegum aðferðum til þess að fullgilda ákvæði vinnuverndar og vinnutímatilskipananna, sem sagt annaðhvort sé um þá hluti samið í kjarasamningum og/eða fyrir þeim sé beinlínis mælt í lögum. Reyndin er sjálfsagt víðast hvar eitthvert sambland af hvoru tveggja og þannig hefur það verið hér á landi. Að vísu var upphaflega ákveðið að velja þá leið, og það gerðist í samstarfi aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda, að samtök aðila vinnumarkaðarins mundu semja sín á milli um innleiðingu þessara reglna. Niðurstaða þeirra samninga var síðan auglýst í Stjórnartíðindum og öðlaðist þannig sess. En ákveðin ákvæði voru fyrir í vinnuverndarlögum og verða það áfram.

Með þessu frv. er sem sagt lagt til í reynd að utan um þetta allt saman komi síðan lagarammi. En auðvitað er til næsta lítils að setja um þetta lög ef ekki tekst sæmilegt samkomulag við aðila vinnumarkaðarins um að hrinda þeim í framkvæmd. Þess vegna hlýt ég að spyrja hæstv. félmrh., af því að ráðherra skautaði alveg yfir það í framsöguræðu sinni: Hver er staða málsins nú gagnvart samskiptum við aðila vinnumarkaðarins? Er sæmilegt samkomulag um þessa útfærslu málsins sem nú lítur dagsins ljós í frumvarpsbúningi?

Þegar málið var komið til kasta Alþingis og jafnvel inn í félmn. kom því miður í ljós að menn lögðu mjög misjafnan skilning í ákveðna hluta textans og sumir stóðu á því fastar en fótunum að vinnuveitendur reyndu jafnvel að halda því fram að verið væri að ganga lengra en þyrfti í vissum tilvikum og því væru þeir algjörlega andvígir. Þeir nálguðust þetta mál með algjöru lágmörkunarhugarfari, að það ætti hvergi og í engum tilvikum að ganga lengra en algjörlega óumflýjanlegt væri vegna þessara efnislegu ákvæða sem við værum skuldbundin af, en frá hinni hliðinni héldu talsmenn samtaka launafólks því fram að í sumum tilvikum væri verið að hafa af þeim rétt, gengið væri skemmra en ákvæði tilskipunarinnar segðu til um auk þess sem, eðlilega, frá þeirra bæjardyrum séð væri að sjálfsögðu ekkert að því og í mörgum tilvikum rétt og skylt að réttur íslenskra launamanna væri ríkari en lágmarkskröfurnar einar og sér tryggðu. Þeir sem sagt nálguðust þetta ekki með þessu mínímalistahugarfari Vinnuveitendasambandsins, þ.e. Samtaka atvinnulífsins eins og það heitir víst nú, að það væri meiri háttar kórvilla ef íslenskir launamenn fengju nokkurs staðar meiri réttindi heldur en þessi evrópsku ákvæði tryggðu.

Ég hlýt að spyrja um þetta, bæði í ljósi þessarar forsögu, herra forseti, en líka vegna þess að það er alveg augljóst að þetta verður meira og minna ómögulegt í framkvæmd, meira og minna dauður bókstafur, nema um það sé mjög gott samkomulag aðila vinnumarkaðarins og tekið sé mið af þessu í kjarasamningum, þeir sniðnir að þessu og hlutir útfærðir þannig í samningum og á vinnustað, t.d. hvað varðar hvíldir í vinnu, hvað varðar skipulagningu vaktavinnu eða næturvinnu og tilhögun um frítöku og annarra slíkra hluta. Þetta verður gjörsamlega ómögulegt að framkvæma ofan frá með tilskipunum eða lagaákvæðum. Ég spyr því hæstv. ráðherra að því.

Ég vil aðeins spyrja um heilsuvernd starfsmanna. Um það ákvæði var líka deilt því að í fyrri útgáfum þessara frv. átti að læða inn frjálshyggju og koma inn lymskulegum ákvæðum um að þetta yrði þá meira og minna einkarekstur sem tæki að sér gerð heilsuverndaráætlana og skoðun starfsfólks. Mér sýnist að það hafi eitthvað verið bakkað með það og það sé skilið eftir opnara í þessu frv., en ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur hann eitthvað fram að færa um þann þátt málsins? Hvaða breytingum hefur það tekið og er sæmileg sátt um það?

Síðan fagna ég því eins og ég reyndar áður nefndi að hér er vikið að hlutum eins og einelti á vinnustað og reyndar

síðan vísað í ákvæði annarra laga hvað varðar kynferðislega áreitni á vinnustað, þ.e. í 17. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Það kann vel að vera að það sé skynsamlegur frágangur að fara ekki út í að útfæra það sérstaklega hér, í vinnuverndarlöggjöfinni eða þessum ákvæðum hennar, heldur vísa þá til þeirra skilgreininga sem til staðar eru annars staðar í lögum. En það er alveg augljóst mál að þessir hlutir eiga að koma hér inn, og þótt fyrr hefði verið, sem hluti af lögvernduðum rétti fólks til þess að sæta ekki slíkri framkomu á vinnustað. Alveg eins og við höfum á síðari árum orðið upptekin af því vandamáli sem einelti í skólum er hljótum við líka að viðurkenna og horfast í augu við þá staðreynd að þetta fyrirbæri skýtur líka upp kollinum á vinnustöðum, bæði einelti og kynferðisleg áreitni af ýmsum toga. Reyndar er upplýst hér að í evrópskum könnunum, svo seint sem frá árinu 2000, komi fram að um 2% launafólks telji sig hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað og 9% að þau hafi verið lögð í einelti. Það er þá ekki svo lítið, herra forseti, ef upp undir tíundi hver starfsmaður á vinnustað telur sig hafa sætt slíkri framkomu.

Oftast hafa kannanir hér sýnt mikla tölfræðilega fylgni við niðurstöður frá nágrannalöndum okkar, Evrópulöndum, enda ekki skrýtið, margt er jú með svipuðu sniði hér og þar. Þannig gætum við út frá þessu — þó að ekki væru aðrar upplýsingar tiltækar, sem reyndar kann vel að vera að séu, að eitthvað hafi verið reynt að skoða þetta hér — því miður reiknað með því að þessi vandamál væru þó nokkuð útbreidd á íslenskum vinnustöðum. Í raun og veru kæmi meira á óvart ef svo væri ekki, ef staðan hér væri eitthvað verulega frábrugðin því sem annars staðar er. Það er því að sjálfsögðu fagnaðarefni, svo langt sem það nær, að á þessum hlutum sé eitthvað tekið eða um þá fjallað.

[12:46]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er rétt að halda því til haga að þetta frv. er nýtt mál, þ.e. hér er um að ræða endurskoðun á lögum frá 1980 um Vinnueftirlit ríkisins. Þau eru að sumu leyti orðin úrelt, að meginstofni standa þau þó eftir en að ýmsu leyti var þeim áfátt. Árið 1980 þekktu menn held ég ekki orðið „einelti“, ég held að það hafi a.m.k. ekki verið orðið fast í máli 1980. Hér er tekið á því.

Þar að auki er stuðlað að innleiðingu tveggja tilskipana og vinnan við tilskipanirnar, sem er væntanlega meginálitaefni frv. — hitt eru meira sjálfsagðir hlutir sem allir hljóta að geta verið nokkuð sammála um — sú vinna sem lögð hefur verið í þessar tilskipanir á undanförnum þingum í hv. félmn. ætti að nýtast nefndinni núna enda er að miklu leyti um sömu atriðin að tefla eða sömu útfærslurnar. Það er ákveðinn sveigjanleiki innbyggður hvað varðar vinnutímann. Það tel ég ákaflega mikilvægt og deili alveg þeim sjónarmiðum með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni sem hann lét koma fram áðan hvað varðar vinnutímann. Ég held hins vegar að við komumst ekki hjá því að innleiða þessar tilskipanir en ég vil ekki ganga lengra en tilskipanirnar segja nema samkomulag sé um það.

Hv. þm. kvartaði yfir því sem hann kallaði „ráðherravæðingu“. Ég tel kolrangt að stofnanir setji reglugerðir á ábyrgð ráðherra án þess að hann hafi hugmynd um. Það er eðlilegt að ráðherra og ráðuneyti njóti sérfræðiaðstoðar stofnunar en úr því að ráðherrann á að bera ábyrgð á reglugerðunum er eðlilegt að hann setji þær og viti hvað í þeim stendur.

Varðandi læknana, þ.e. lækna í starfsnámi, er talað um átta ára aðlögunartíma að vinnutímatilskipuninni. Mér er kunnugt um að hæstv. núv. heilbrrh. hefur ekki áhuga á því að nota þennan aðlögunartíma. Hins vegar getur þetta skapað einhver vandræði á spítölunum og það mál er í athugun. En persónulega veit ég að hæstv. heilbrrh. vill ekki nota þetta ákvæði nema þá nauðugur.

Varðandi þetta mál og mál af þessu tagi sem snerta vinnumarkaðinn hef ég alltaf lagt megináherslu á að reyna að ná samkomulagi. Það hefur verið lögð óhemjumikil vinna í það í ráðuneytinu varðandi t.d. Evróputilskipanir að reyna að leiða saman sjónarmið verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda. Ég tel að báðir geti sæmilega við unað í þessu efni. Það er enginn vafi á því að verkalýðshreyfingin væri til með að ganga lengra en hér er lagt til og heldur ekki vafi á því að Samtök atvinnulífsins telja óþarflega langt gengið í sumum tilfellum, en ég tel sem sagt að báðir aðilar ættu að geta unað sæmilega við þá niðurstöðu sem hér er sett fram.

Varðandi einkavæðinguna sem hv. þm. gerði að umtalsefni ræður heilsugæslan í landinu ekki við að taka við öllu þessu eftirliti. Ef þetta á annað borð á ekki að vera dauður bókstafur verður að hleypa fleirum að, þá er ekki hægt að leggja þá skyldu alfarið á heilsugæsluna þó að auðvitað verði meginhlutinn af eftirlitinu á vegum hennar.

[12:51]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi heilsugæsluna eða einkavæðingu þess þáttar málsins sem hér hefur orðið tilefni orðaskipta vil ég taka það fram að fyrir mér er það ekki bara spurning um viðhorf til einkarekstrar annars vegar og ríkisrekstrar hins vegar. Þetta er líka spurning um skilvirkt skipulag og þetta er spurning um það að heilsuverndarþáttum í samfélaginu sé ekki dreift óskynsamlega. Ég tel beinlínis rangt að líta ekki á heilsuvernd fólks á vinnustað sömu augum og heilsuvernd manna almennt í samfélaginu. Ég er algerlega sannfærður um að besta fyrirkomulagið sé öflugar opinberar heilsugæslustöðvar, þær tryggja bestu og heildstæðustu þjónustuna, ódýrustu og skilvirkustu, og það væri auðvitað eins og hvert annað fáránleikaleikhús ef einhver maður færi með heilsufarsvandamál sín á vinnustað til einkaaðila en ef hann svo veiktist um helgar færi hann á sína heilsugæslustöð.

Auðvitað er eðlilegast að þessu sé fyrir komið með samræmdum hætti og þetta sé hluti af heilsuvernd og heilsugæslu í landinu. Ég fullyrði að þetta er ekkert vandamál nema þá kannski að einhverju leyti á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að hér hafa menn því miður ekki byggt upp skipulagða og heildstæða heilsugæslu eins og kunnugt er.

Ég fagna því að vilji hæstv. heilbrrh. standi til þess að nýta ekki aðlögunartímann hvað varðar unglækna eða lækna í starfsnámi, kandídata, og ég tel að það sé smámál að leysa þau mögulegu útgjöld sem af því kunna að leiða að taka þá strax inn á þessu venjulega vinnutímaákvæði. Það er búið að því hvað varðar lækna og sérfræðinga. Það hefur þurft að setja verulegar fjárveitingar til t.d. Landspítala – háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri til að unnt væri að uppfylla t.d. hvíldartímaákvæði vakthafandi lækna, og það ætti þá ekki að þurfa að stranda á því að leysa þessi mál gagnvart kandídötunum sem eru miklu fámennari hópur.

[12:53]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er bara spurning um hvað heilsugæslan í landinu ræður við. Ég er sannfærður um að úti á landi

muni heilsugæslan alfarið sinna þessum verkefnum. Hér á Reykjavíkursvæðinu er því miður ástandið þannig að ekki eru horfur á því að heilsugæslan geti að svo komnu máli annað þessu alfarið og þá yrði þetta meira og minna dauður bókstafur á því svæði.

Auðvitað kostar það peninga hvað varðar unglæknana. Það er verið að leita leiða til þess að ekki þurfi að nota þennan frest sem innbyggður er í frv.

[12:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér heyrist sem við ráðherra séum í aðalatriðum sammála um þetta með heilsugæsluna. Þá er auðvitað skaði að ekki skuli vera hægt að búa um þetta með nógu einföldum hætti til að allir skilji sáttir við.

Ég sting strax upp á því að það verði gert með þeim hætti að almenna reglan í lögunum verði sú að þetta verði hlutverk opinberu heilsugæslunnar en það verði heimild til undanþágu frá því ákvæði ef aðstæður eru þannig á einhverjum svæðum að við þær verði ekki ráðið. Verði heilsugæslan t.d. beinlínis ekki í færum til þess að sinna þeim verði hægt að veita heimild til undanþágu en almenna reglan verði sú að heilsugæslan annist þetta. Það er mikilvægt að mínu mati til þess að forðast það að við byggjum upp tvöfalt kerfi. Það er mikilvægt til þess að líta frekar á þetta sem tækifæri til að styrkja heilsugæsluna og efla heilsuvernd sem er eitt af því sem fólk fullyrðir einmitt að þurfi að gera. Það er sem betur fer að vísu víða frjálst samstarf um þessa hluti *án þess að menn hafi verið skyldaðir til þess*. Ég þekki mörg dæmi þess að tekist hafi ágætt samstarf milli stórra vinnustaða, t.d. fiskvinnslustöðva og heilsugæslustöðva, um heilsuvernd, um jafnvel endurhæfingu, þjálfun og annað í þeim dúr. Ég er algerlega sannfærður um að þetta væri skynsamlegasta fyrirkomulagið.

Að lokum, herra forseti, hvað læknakandídatana varðar held ég að menn eigi að horfa til þeirra möguleika sem í því væru fólgnir að bæta starfsaðstæður ungra lækna í starfsnámi til að fá fleiri til að taka að sér störf á heilbrigðisstofnunum innan lands. Eitt vandamál sjúkrahúsa og sérhæfðra heilbrigðisstofnana á Íslandi er að það vantar þetta vinnuafl. Það fer að langmestu leyti beint til útlanda eftir að skyldum var aflétt.

[12:57]

Útbýting þingskjala:

Átraskanir, 575. mál, fsp. KF, þskj. 926.

Fíkniefnameðferð, 573. mál, fsp. KF, þskj. 924.

Fæðingar- og foreldraorlof, 574. mál, fsp. JóhS, þskj. 925.

[12:57]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna um þetta frv., segja örfá orð um það engu að síður. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þetta frv. kemur fyrir þingið, það hefur gert það í tví- eða þrígang, en það hafa verið ákvæði í frv. sem hafa vakið mótmæli, sérstaklega innan verkalýðshreyfingarinnar, og hæstv. félmrh. hefur orðið við óskum um að frv. yrði tekið til endurskoðunar. Það eru vinnubrögð sem a.m.k. ég kann að meta og tel hafa orðið til góðs.

Þetta frv. á eftir að fara til umsagnar hjá aðilum vinnumarkaðar, reyndar hafa verkalýðssamtökin fengið drög að því áður og þeim hefur gefist tóm til að skoða það. Nokkur atriði hafa einnig valdið ágreiningi af hálfu atvinnurekenda og ein ástæðan fyrir því að það versnaði mjög á einhverju stiginu var krafa Vinnuveitendasambandsins, sem Sjálfstfl. var tilbúinn að hlýða, um að draga úr fjárframlögum til þessara mála, og verkalýðshreyfingunni þótti ekki nóg að gert í því efni.

Það er rétt sem hæstv. félmrh. segir, við megum ekki búa svo um hnúta að þessi lög verði dauður bókstafur en svo hefur reyndar verið allar götur frá 1980 þegar lögin voru sett. Það hefur verið ákvæði í lögum þess efnis að það eigi að sinna þessum heilsufarsþáttum á vinnustöðum en það hefur ekki verið gert. Og hvers vegna ekki? Vegna andstöðu frá atvinnurekendasamtökunum. Þau hafa staðið í vegi fyrir því að veittir væru fjármunir til þessara mála. Og það er alveg sama hvert skipulagsformið er, þessara fjármuna er þörf.

Atvinnurekendasamtökin hafa lagt mjög ríka áherslu á að þessi hluti heilbrigðisþjónustunnar verði einkavæddur, að einkafyrirtæki muni reka þessa þjónustu. Við innan verkalýðshreyfingarinnar og sérstaklega innan BSRB höfum haft miklar efasemdir um þetta. Eitt af því sem við höfum bent á er að líklegt megi telja að til verði sérhæfð fyrirtæki sem sinni þessari þjónustu. Og hvar er líklegt að þau verði staðsett? Þau yrðu að öllum líkindum staðsett á höfuðborgarsvæðinu og mundu síðan bjóða þjónustu sína víðs vegar um landið. Það er nákvæmlega þetta sem hefur gerst í eftirlitsiðnaðinum á öðrum sviðum, t.d. í rafmagnseftirlitinu. Þar eru það skoðunarstofur sem eiga að hafa eftirlitið með höndum og menn töldu að þær yrðu víðs vegar um landið. Niðurstaðan varð sú að það urðu til tvær eða þrjár skoðunarstofur, það hefur verið svolítið breytilegt, allar staðsettar á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er sú hætta sem við stöndum einnig frammi fyrir á þessu sviði.

Síðan náðu menn eða reyndu að ná ákveðinni millilendingu um að þeir aðilar sem sinntu þessu eftirliti væru ekki með alla heilsufarsþjónustu á vinnustaðnum. Það er leið sem menn hafa farið í Finnlandi t.d., þar er búið að færa vinnustaðinn inn í heilbrigðisþjónustuna, eða heilbrigðisþjónustuna inn á vinnustaðinn. Þetta teljum við ekki vera heppilega leið, heldur vænlegri þá leið sem Norðmenn hafa farið, að greina þarna á milli.

Ég hef verið þeirrar skoðunar að þetta eigi að vera á vegum almannaþjónustunnar, hins vegar tel ég að menn séu að reyna að finna ákveðna málamiðlun í þessu frv. Það þurfum við hins vegar að setjast yfir og verður gert að sjálfsögðu í nefnd en þetta voru örfá orð sem ég vildi viðhafa um frv. á þessu stigi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:02]

Vátryggingastarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 568. mál (EES-reglur). — Þskj. 919.

[13:34]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, sem er 568. mál þingsins á þskj. 919. Eins og fram kemur í athugasemdum við frv. er um að ræða breytingar og viðbót við ákvæði XI. kafla laganna sem byggir á tilskipun nr. 2001/17/EB og varða endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélags og

slit þess. Frv. felur einnig í sér breytingar til samræmis við ákvæði Vaduz-samningsins á milli EFTA-ríkjanna sem öðlaðist gildi 1. júní 2002.

Megintilgangur frv. er að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á aðgerðum aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins og samvinnu við endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélaga og slit þeirra. Með endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélags er í frv. átt við ráðstöfun sem felur í sér íhlutun dómstóla, sem ætlað er að tryggja eða endurreisa fjárhagslega stöðu félagsins, með greiðslustöðvun eða nauðasamningi, en með slitum vátryggingafélags er átt við aðgerð þar sem eignum félags er komið í verð og verðmætum þess dreift á milli lánardrottna, þar með talið vátryggingataka og vátryggðra, eða eigenda, hvort sem er af frjálsum vilja eða þvingað, þ.e. við gjaldþrotaskipti.

Helstu nýmæli frv. eru að úrskurður íslensks dómstóls um heimild vátryggingafélags með aðalstöðvar hér á landi til greiðslustöðvunar, nauðasamningsumleitana eða um slit þess hefur áhrif á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og í Sviss. Tekur slíkur úrskurður þannig einnig til útibúa félagsins í öðrum aðildarríkjum.

Í frv. er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að ákvæði laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., gildi um greiðslustöðvun, nauðasamningsumleitanir og gjaldþrot vátryggingafélaga nema annað komi fram í lögum um vátryggingastarfsemi. Þar er að finna ýmsar sérreglur. Frv. tekur einnig til frjálsra slita vátryggingafélaga og gilda þá reglur um þvinguð slit eftir því sem við á.

Frumvarpinu er ætlað að koma í veg fyrir að lánardrottnum verði mismunað með því að ólík lög gildi um endurskipulagningu fjárhags eða slit vátryggingafélags og útibúa þess. Er meginreglan sú að íslensk lög gilda við endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélags með aðalstöðvar hér á landi og slit þess. Á þessu eru þó undantekningar og er þar fyrst og fremst um að ræða lagaskilareglu varðandi tiltekna samninga, réttindi og eignir sem eru í öðru aðildarríki en heimaríki vátryggingafélags. Enn fremur felst í frv. vernd fyrir neytendur, þ.e. vátryggingartaka og vátryggða. Við gjaldþrotaskipti við tryggingafélag teljast eignir sem mæta eiga líftryggingaskuldinni ekki með eignum þrotabúsins né er líftryggingaskuldin talin með skuldum þess. Takist ekki að ljúka greiðslu líftryggingakröfu með eignum þeim sem mæta eiga líftryggingaskuldinni telst líftryggingakrafa á hendur þrotabúi forgangskrafa. Þykir rétt að tryggja sérstaklega rétt sem leiðir af líftryggingasamningi en um er að ræða langtímasamninga sem oft og tíðum snúast um verulegan hluta ævisparnaðar fólks.

Við gjaldþrotaskipti vátryggingafélags sem rekur aðra starfsemi en líftryggingastarfsemi eru vátryggingakröfur forgangskröfur. Þá er einnig sérstaklega tekið tillit til vátryggingataka og vátryggða í tengslum við tryggingar og kröfulýsingar.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Færeyska fiskveiðistjórnarkerfið, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ, 56. mál. — Þskj. 56.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, frh. fyrri umr.

Þáltill. KLM o.fl., 18. mál. — Þskj. 18.

[13:40]

Flm. (Kristján L. Möller):

Hæstv. forseti. Við höldum áfram að ræða till. til þál. um vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni sem ég ásamt ýmsum öðrum þingmönnum jafnaðarmanna á Alþingi er flutningsmaður að. Skemmst er frá því að segja að þetta er þriðja atlaga okkar að því að klára þetta mál og ég verð að segja að ég er mjög ánægður með þá umræðu sem farið hefur fram um þetta mál þó að ég sakni þess að sjá ekki stjórnarþingmenn ræða þessi mál, en það er svo oft sem ég sakna þess.

Ég vil, herra forseti, í upphafi ræða lítils háttar um þann lið tillögunnar sem snýr að fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu, samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu, og segja að það er auðvitað þar sem hallar mjög á og það er annað aðalatriði rakanna fyrir því þegar ég segi að lækkun flutningskostnaðar sé brýnasta byggðamálið sem við fjöllum um í dag og það er mál sem þolir ekki nokkra bið. Þess vegna verð ég að segja alveg eins og er, herra forseti, að það olli mér töluverðum vonbrigðum þegar loksins kom út skýrsla nefndar um flutningskostnað sem þrír ráðherrar höfðu tilnefnt sitt fólk til að starfa að og það tók nefndina 15 mánuði að skila þeirri niðurstöðu sem í skýrslunni er.

Herra forseti. Það verður að segjast eins og er að ekkert nýtt kemur fram í þeirri skýrslu, því miður. Það er upptalning á löngu þekktum staðreyndum úr atvinnulífinu, frá vöruverði á landsbyggðinni, um áhrif þungaskatts á flutninga, um áhrif opinberra gjalda en fram hefur komið í máli nokkurra flutningsaðila sem við mig hafa talað að allt að 40–50% af tekjum þeirra, sem eru náttúrlega af flutningsgjöldum, renna á einn eða annan hátt til baka til ríkissjóðs í formi þungaskatts, virðisaukaskatts, gúmmígjalda, alls konar eftirlitsgjalda eða hvað allir þessir skattar eða gjöld nefnast.

Í skýrslunni er líka fjallað um það hvernig virðisaukaskatturinn sem leggst á vöruverð í síðustu álagningu og flutningum íþyngir landsbyggðarfólki umfram höfuðborgarbúa. Í lokin þar sem koma niðurstöður og tillögur er vitnað í þær tillögur og í þau lönd sem eru í þeirri till. til þál. sem við jafnaðarmenn höfum flutt og ég gat um áðan. Allt sem kemur fram í skýrslunni er í þáltill. okkar. Í raun og veru hefði mátt spara sér þessa 15 mánuði í skýrslugerðinni vegna þess að ekkert nýtt kemur þar fram. Og það er kannski engin furða, þess var varla að vænta að róttækar tillögur kæmu frá þeirri nefnd sem þrír ráðherrar hafa tilnefnt í. Ég leiði líkur að því að út úr svona nefndarstörfum fulltrúa ráðuneyta komi ekki fram róttækar tillögur, heldur komi þar fram tillögur

sem ráðherrunum geðjast að eða þegar þeir vilja ekki ganga mikið lengra.

Herra forseti. (**LB:** Er byggðamálaráðherra ekki í húsinu?) Ég vil nota vel þann stutta tíma sem ég á eftir, ég er búinn að ræða um áhrif vöruverðs, ég skýrði frá því í þeirri tillögu sem ég hef lagt fram, þar er verðkönnun sem ég hef gert á eigin spýtur í nokkrum verslunum á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Hún er lögð fram sem fskj. og tafla 1, og þar er sýnt hversu miklu hærra útsöluverð er í landsbyggðarverslunum en á höfuðborgarsvæðinu. Munurinn getur orðið allt að 100%. Þar er fjallað um áhrifin á virðisaukaskattinn þar sem landsbyggðarbúar borga allt að helmingi hærri virðisaukaskatt af sínum vörukaupum en höfuðborgarbúar þar sem lægsta vöruverðið er. Það er því sýnt fram á alla þá landsbyggðarskatta sem settir eru hér inn.

Ég vil líka, herra forseti, vekja athygli á því að í fskj. í frv. okkar er ágætt erindi sem Ásgeir Magnússon, forstöðumaður Skrifstofu atvinnulífsins á Akureyri, hefur birt og sent inn. Það sýnir hvernig þessi háu flutningsgjöld eru að ganga af fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni — ég vil ekki nota það orð sem kemur upp í huga minn — hvernig þau íþyngja rekstrinum.

Það er rétt að geta þess, herra forseti, að hin ágæta grein Ásgeirs Magnússonar er jafnframt birt með skýrslu ráðherranna. Skýrslan er keimlík tillögu okkar.

Ég ætla að nefna nokkur dæmi, herra forseti, tekin af handahófi af fólki sem í mig hefur hringt og sagt mér sitthvað um flutningskostnað. Bónda á Norðausturlandi datt í hug að kaupa sér nýjan vatnabát sem var náttúrlega keyptur í Reykjavík. Báturinn var u.þ.b. 2,73 rúmmetrar mældir til flutnings. Báturinn kostaði 133 þús. kr. Áætlaður flutningskostnaður og tilboð í að flytja þennan bát á þennan bæ á Langanesi var 69 þús. kr. Með því að flytja hann með skipi til Húsavíkur og bíl frá Húsavík til Kópaskers, bóndinn keyrði svo ansi marga kílómetra til að ná í bátinn á Kópasker, var flutningskostnaðurinn orðinn um 25–30 þús. kr. Algengur kostnaður, miðað við þá flutningsreikninga sem ég hef séð, við flutning vöru til verslana á Norðausturlandi, t.d. rúm 150 kg, er 35–40 kr. á kg.

Herra forseti. Hér erum við ekki að tala um flutningsgjaldskrána sem er margfalt hærri. Við erum að sýna fram á hvernig fyrirtæki lækka flutningskostnað eins og þeim er mögulegt og fá það sem þau telja bestu niðurstöðuna.

Ef hótelhaldarinn á Raufarhöfn verður skyndilega uppiskroppa með allan bjór þarf að ná í nýjar birgðir. Hann fær þær fluttar 60 km leið, frá Þórshöfn til Raufarhafnar með póstinum. Þá kostar 1.200 kr. að flytja hvern kassa. Það er með öðrum orðum, herra forseti, eins og ein kippa af bjór hafi dottið út úr kassanum á leiðinni. Vertinn fær bara að selja þrjár kippur. Einhver ætlar sér kannski að kaupa eintak af blaði, e.t.v. danskt eða norskt, frá Akureyri og flytja til smærri staðanna í nágrenninu. Blaðið kostar 500 kr. en flutningsgjöldin til næsta nágrennis eru 650 kr. með póstkröfu.

Þegar við í fjárln. funduðum með sveitarstjórn Þórshafnar kom fram að sem dæmi kostaði jafnmikið að flytja 20 feta gám frá Þórshöfn til Húsavíkur með bíl og að flytja 20 feta gám frá Rotterdam til Íslands. Það hefur líka komið fram, herra forseti, að flutningskostnaður tveggja stærstu kjötiðnaðarfyrirtækjanna á Norðurlandi er um 80–100 millj. kr. á ári, kostnaður við að flytja vörur þeirra á stærsta markaðinn, á höfuðborgarsvæðið. Það hefur líka komið fram, herra forseti, að í tveimur litlum en vel þekktum fiskiðnfyrirtækjum á Norðurlandi er flutningskostnaður að sliga starfsemina. Þetta eru fyrirtæki sem senda margar litlar sendingar. Þar er flutningskostnaðurinn, sama hvort er með pósti eða með bíl, um 45–150 kr. á kg. Framleiðslufyrirtæki með síldarafurðir á Norðurlandi, sem eru vel þekkt vörumerki, greiðir að lágmarki að meðaltali 60 kr. á kg í flutningskostnað. Sláturhús á Austurlandi hafa greint frá því að þau greiði að meðaltali 25 kr. á kg fyrir flutning afurða sinna, nautakjöts, á höfuðborgarsvæðið. Þau segja enn þá dýrara að flytja dilkakjöt.

Herra forseti. Hér hef ég tiltekið örfá vel þekkt dæmi úr atvinnulífinu um flutningskostnað og hvernig hann íþyngir atvinnurekstri á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Það er sennilega sama hvort við ræðum um flutning frá Reykjavík til Norðurlands, Austurlands eða frá Reykjavík til Suðurlands. — Ég sé að hingað er kominn einn hv. stjórnarþingmaður sem heiðrar okkur með nærveru sinni, hv. þm. Drífa Hjartardóttir. — Þær flutningstölur sem maður hefur séð frá Reykjavík á Suðurland, sama hvort það er á Hvolsvöll, að maður tali ekki um allt austur á nýja staðinn í kjördæminu, Hornafjörð, eru svipaðar á hvert kíló (Gripið fram í.)

Herra forseti. Ég hef sagt að ég tel að lækkun flutningskostnaðar sé mikilvægasta byggðamálið í dag. Þess vegna verð ég að segja að ég varð fyrir miklum vonbrigðum þegar þessi skýrsla sem ráðherrar í ríkisstjórn, bæði byggðamálaráðherra og samgrh., hafa talað um og vitnað í þegar við höfum rætt tillögu okkar varðandi flutningskostnað. Ég vil reyndar geta þess að þetta er þriðja þingið í röð sem við flytjum þessa tillögu. Ég verð að segja alveg eins og er, að ég varð fyrir miklum vonbrigðum með niðurstöðuna af þessum tillögum. Það tók, eins og ég sagði áðan, 15 mánuði að setja saman þessa 30 síðna skýrslu. Það hefði mátt spara sér þessa mánuði með samþykkt á tillögunni okkar, skipa þá þverpólitísku nefnd sem við leggjum til að fari ofan í þessi mál og skili af sér tillögu um bráðaaðgerðir. Það hefði reynst betur.

Ég segi eins og er, herra forseti, að ég treysti því ekki fullkomlega og tel það allt of langan veg sem ríkisstjórnin hefur valið, að vísa þessum tillögum til Byggðastofnunar til frekari aðgerðar. Það er stutt í kosningar og, eins og maður segir, gripið í ýmis hálmstrá korteri fyrir kosningar. Ég óttast að því miður verði engar efndir og engar almennilegar tillögur sem hægt yrði að grípa til í hvelli.

Ég vil aðeins leiðrétta, herra forseti, þau öfugmæli sem komu fram í stefnuræðu hæstv. forsrh. við upphaf þings. Hann sagði að flutningskostnaður hefði lækkað vegna þess að samgöngur hefðu batnað, vegir hefðu batnað og vegalengdir styst. Þá var sagt að flutningskostnaður hefði lækkað. Ég hef hvergi, herra forseti, hitt nokkurn í atvinnurekstri á landsbyggðinni sem hefur getað sýnt mér fram á að flutningskostnaður hafi lækkað.

Sama má segja um hv. 1. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal. Hann hefur tuggið hið sama í ræðustól Alþingis og talar um að eina leiðin til að lækka flutningsgjöld sé að stytta vegalengdir. Flutningskostnaður mun sannarlega lækka við styttar vegalengdir en landsbyggðin þolir ekki að bíða eftir vegaframkvæmdum sem koma eftir 10 eða 20 ár, eða guð má vita um hvað hv. þm. er að tala um þegar hann talar um svokallaða Norðurleið. Landsbyggðin getur ekki beðið eftir því.

Atvinnurekstur á landsbyggðinni bíður eftir aðgerðum og krefst þess að gripið verði til þeirra tafarlaust. Það er aðstöðumunur milli landsbyggðar- og höfuðborgarfyrirtækja sem gerir það að verkum að fyrirtæki eru farin að draga úr starfsemi sinni á landsbyggðinni, jafnvel flytja atvinnurekstur sinn suður eða hreinlega hætta honum vegna þess að flutningskostnaðurinn íþyngir svo mjög sem raun ber vitni.

Herra forseti. Það mætti hafa mun fleiri orð um þau atriði sem ég hef verið að tala um. Ég hef gert að umtalsefni í ræðu minni áhrifin á samkeppnisaðstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni. Ég hef vitnað í grein sem Ásgeir Magnússon skrifaði, fskj. með tillögu minni. Þar er sýnt svart á hvítu hvernig atvinnufyrirtæki á landsbygginni eru að kikna undan háum flutningskostnaði.

Það er sárgrætilegt, herra forseti, og ég ætla að ljúka máli mínu á því, að að stærstum hluta er hinn hái flutningskostnaður til kominn vegna aðgerða ríkisstjórnar, samþykkta ríkisstjórnar og ríkisstjórnarflokkanna og þar að auki reglna sem teknar hafa verið upp og samþykktar á hinu háa Alþingi, t.d. vökulögin. Auðvitað virka þau líka á þann veg að hækka flutningskostaðinn. Fyrst og fremst er það þungaskattur og ýmsar aðrar opinberar álögur sem auka kostnaðinn. Ég ætla að ljúka máli mínu með því að ítreka og segja: Margt hefur komið fram eftir að þessi tillaga var flutt. Ég hef stundum sagt að ég hefði gjarnan viljað flytja hana núna á ný með öllum þeim upplýsingum sem ég hef fengið í samtölum við atvinnurekendur á landsbyggðinni og hjá flutningafyrirtækjum sem segja að 40–50% af tekjum flutningafyrirtækja renni beint til ríkissjóðs í formi alls konar skatta.

Að lokum, herra forseti. Niðurstaða mín er sú að verslunarrekendur á landsbyggðinni og flutningafyrirtæki eru ekki að stórgræða á starfsemi sinni. Verslunarrekstur berst í bökkum, verslunareigendur eru ekki með háa álagningu. Flutningafyrirtækin berjast í bökkum vegna þess að stærsti hluti tekna þeirra rennur til baka í ríkissjóð. Þeir verða ekki saddir af tekjum sínum þó að flutningsgjöldin séu há.

[13:55]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við getum öll verið sammála um lýsingarnar sem gefnar eru. Þær hafa margoft verið ræddar á hinu háa Alþingi. En ég vil spyrja hv. þm. hvort hann sé aðallega að tala um niðurgreiðslur til að jafna muninn.

Ég hef margoft bent á að það eru mörg önnur dæmi, og menn vita það, sem íþyngja í þessum málaflokki. Nefna má að eftir að Skipaútgerð ríkisins var lögð niður ruku upp taxtar fyrir alla flutninga. Það er náttúrlega grunnatriði sem þarf að vera í lagi. Ég hef spurt hv. þingmann að því áður hvort hann telji einhvers konar endurreisn Skipaútgerðar ríkisins koma til greina sem aðhalds í sjó- og landflutningum. Það ber öllum saman um að þjónustan hafi stórversnað eftir að sú þjónusta var felld niður. Hún kostaði um það bil 300 millj. á sínum tíma.

Hv. þm. talar um póstinn. Hér hefur verið mikil umræða um hann og ég vil spyrja hv. þm. Kristján Möller hvort hann hafi ekki hugsað sig um þegar breytingar voru gerðar hvað varðar póstinn. Afleiðingarnar eru að koma í ljós og ef ég man rétt studdi hv. þm. þær breytingar sem orðið hafa. Það er gríðarleg íþynging fyrir alla hvað varðar póst- og vörusendingar, sérstaklega út á land. Líknarfélög ýmiss konar hafa við gerð fjárlaga komið og beðið um 1–1,5 millj. hvert vegna aukins kostnaðar við póstflutninga. Þetta er afleiðing af breyttri stefnu við rekstur póstsins. Þá umræðu tókum við í fyrra og ég varaði mjög við að fara þá leið sem farin var.

[13:57]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir það fyrsta þakka hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni fyrir að taka þátt í þessari umræðu. Ég hlustaði á hann á fyrri stigum þegar við ræddum þessi mál og við erum sammála um flesta þætti þess.

Hann spyr mig tveggja spurninga, annars vegar um niðurgreiðslu og hvort ég sé sérstaklega að tala um niðurgreiðslur á flutningskostnaði. Við segjum í tillögunni að hægt sé að leita leiða. Ég hef stúderað þetta vel og niðurgreiðslur koma sannarlega til greina. Þá geta þær verið atvinnugreinatengdar í raun og veru. Það má líka jafna rekstrarskilyrði fyrirtækja á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar á annan hátt, t.d. í gegnum tryggingagjald og annað. Það eru þekkt dæmi um þetta.

Hv. þm. spyr mig út í sjóflutninga og Skipaútgerð ríkisins, hvort ég væri tilbúinn að samþykkja að skipaútgerð á vegum ríkisins tæki aftur til starfa til að veita aukna samkeppni í skipaflutningum á landsbyggðinni. Ég segi nei við því. Ég er ekki hlynntur ríkisrekstri í skipaútgerð, alls ekki. Það eru aðrar aðferðir sem hægt er að nota við það.

Hv. þm. spyr mig líka út í póstinn. Ég er ekki svo viss um að hækkanir á póstflutningsgjöldum séu meiri nú vegna hlutafélagavæðingar fyrirtækisins. Ég er ekki viss um það. Ég minni á að við að póstinum var breytt hefur ýmislegt annað breyst, t.d. hefur þjónustan verið aukin. Hún hefur verið sett út í verðlagið. Það er alltaf spurning hversu langt á að ganga í þjónustu og hvað hún á að kosta. Ég tel t.d. mikinn kost fyrir atvinnurekstur á landsbyggðinni að geta sett vörur í póst, t.d. núna fyrir kl. 4.30 í dag og að varan getur verið komi á flest pósthús landsins í fyrramálið kl. 9. Með öðrum orðum er varan flutt yfir nóttina.

[13:59]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristján Möller áttar sig samt á því að þær breytingar sem gerðar voru, t.d. á póstinum, hafa orðið til þess beint eða óbeint að hækka verðið á þjónustunni. Fólk kvartar náttúrlega sáran undan því. Síðast í umræðunni spurði ég hv. þingmann út í Skipaútgerð ríkisins sem við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum verið með tillögu um að endurreisa, annaðhvort það fyrirtæki eða strandflutninga. Þá sagði hv. þm. að hann væri sammála því að hægt væri að fara þá leið, ekki að stofna endilega ríkisskipafélag heldur að fela einhverjum aðila strandflutninga. Það er líka fær leið. Ég spyr hv. þm. hvort hann hafi skipt um skoðun hvað það varðar vegna þess að einokun einkafyrirtækja í flutningum hefur sannarlega orðið til að hækka verð á þessari þjónustu gríðarlega. Við vitum það öll á hinu háa Alþingi að stóru flutningafyrirtækin ruddu út af markaði öllum smáum flutningsaðilum, eftir strandlengjunni þverri og endilangri. Það hefur leitt til gríðarlegra breytinga og kostnaðarauka. Það þarf greinilega samkeppni við einkareksturinn í einhverju formi. Annars gengur þetta ekki og þetta er stór hluti vandans sem við stöndum frammi fyrir.

Síðan er hitt sem ég vil spyrja hv. þingmann um, verslunarreksturinn sjálfan sem greinilega er mjög íþyngjandi. Þótt menn hafi lágvöruverslun Bónuss í viðkomandi byggðarlagi sem verslar við viðkomandi kjötvinnslufyrirtæki á staðnum er ódýrara fyrir kaupmanninn á horninu að fara út í Bónus

og kaupa sér vörur til endursölu en að fara í verksmiðju og kaupa frá verksmiðjuvegg í sama bæ og fyrirtækið starfar í. Við erum hér með samkeppnsumhverfi sem sannarlega þarf endurskoðunar við. Það er stórt mál. Ég er tilbúinn í þá vinnu ásamt hv. þm. Kristjáni L. Möller.

[14:01]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi svarað öllu sem fram kom í fyrra andsvari. En bara til þess að ítreka það og segja um póstinn hefur það áður komið hér fram í umræðu um Íslandspóst að ég er þeirrar skoðunar — við ræddum m.a. verð fyrir dreifingu blaða, fréttablaða og pólitískra blaða, sem við vitum að hefur stórhækkað — ég hef sagt það áður á Alþingi og skal endurtaka það að ég er þeirrar skoðunar að það eigi að koma fé frá ríkissjóði til Íslandspósts til að halda þessari dreifingu áfram niðurgreiddri eins og hún var. Ég er þeirrar skoðunar. Ég er ekki endilega að andmæla því að póstinum hafi verið breytt í hlutafélag.

Nei, ég hef ekki skipt um skoðun á strandsiglingunum. En það er rétt sem kemur fram hjá hv. þingmanni, og vitnað er til þess í þessari skýrslu sem kemur óyggjandi fram, að við það að flutningastarfsemi á landinu er að leggjast á tvo aðila, Eimskip og Samskip, þar með taldir landflutningar, kenna þeir því um að m.a. lítil samkeppni hækki flutningsgjöldin og það er sannarlega rétt. Við skulum hafa það í huga, herra forseti, að í dag er það eingöngu Eimskipafélagið sem siglir á ströndina. Við skulum líka hafa í huga hvernig það íþyngdi atvinnurekstri á landsbyggðinni þegar Eimskip gerði strúktúrbreytingu sína og lækkaði flutningsgjöldin frá Evrópu til Íslands og setti kostnaðinn meira út í — kostnaðargreiningu eins og sagt var — til hækkunar á flutningum í strandsiglingum, þ.e. þegar þeir tóku upp svokölluð gámagjöld. Þetta fór mjög illa með mörg fyrirtæki á landsbyggðinni.

Varðandi verslunarreksturinn sjálfan hef ég sagt það áður, og það kemur fram í tillögu minni og verðkönnun sem við flm. gerðum og birt er í þessari tillögu, að það ánægjulega er t.d. að hinar stóru verslunarkeðjur Bónus, Nettó og Hagkaup eru með sama vöruverð, sama hvort þær eru með rekstur á höfuðborgarsvæðinu, vestur á Ísafirði, norður á Akureyri eða austur á Egilsstöðum. Það er með öðrum orðum flutningsjöfnun á vegum þessara fyrirtækja. En ég vil líka, herra forseti, segja að ég hef hvergi séð eins lág flutningsgjöld og hjá þessum stóru aðilum sem fá auðvitað mikla magnafslætti.

[14:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að á engan þingmann sé hallað þótt ég segi að hv. þm. Samfylkingarinnar, Kristján Möller, hafi verið ötulasti talsmaður þess í þessum sölum að leitað verði að ráðum til þess að lækka vöruverð á landsbyggðinni.

Hv. þm. gerði að umtalsefni þá skýrslu sem menn hafa lengi beðið eftir, raunar í 15 mánuði, og átti að því er við þingmenn töldum að leggja fram einhvers konar ráð til þess að draga úr flutningskostnaði og lækka vöruverð á landsbyggðinni. Vegna þess að hv. þm. Kristján Möller er manna fremstur sérfræðingur í þessum efnum og það er ljóst af máli hans að hann hefur lesið þessa skýrslu langar mig til þess að spyrja hann hvort hann telji að þær hugmyndir sem koma fram í skýrslunni svari að einhverju leyti þörfum landsbyggðarinnar til þess að lækka vöruverð. Telur hv. þm. Kristján Möller að þarna séu komin einhvers konar ráð til þess að draga úr flutningskostnaði eða lækka vöruverð á landsbyggðinni eða telur hann að þessi skýrsla hafi einfaldlega verið tímaeyðsla og til þess fallin að fela þetta erfiða mál fram yfir kosningarnar? Er hér um einhvers konar blekkingar- eða feluleik að ræða af hálfu stjórnarinnar að mati hv. þingmanns?

[14:05]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spyr mig út í niðurstöður þessarar skýrslu sem þarna kemur fram. Já, það kemur mér ekki á óvart að vitnað er til jafnaðarmannaþjóðfélaganna Svíþjóðar og Noregs þar sem jafnaðarmenn hafa setið við völd stærstan hluta síðustu aldar og eiga þátt í því að búa til það kerfi sem þar er notað til að jafna aðstöðumun fólks á höfuðborgarsvæði viðkomandi landa og landsbyggðinni. Það er t.d. vel þekkt dæmi frá Noregi að þar var þungaskattur í nokkrum þrepum og eftir því sem lengra var ekið, eftir því sem farið var norðar, þeim mun lægri var þungaskatturinn.

Hv. þm. spyr mig hvort niðurstaða þessarar skýrslu sé feluleikur eða jafnvel blekking. Já, að vissu leyti. Ég vil þó nota aðeins betri orð og segja: Ég varð fyrir verulegum vonbrigðum. Ég varð fyrir verulegum vonbrigðum með að ekki komu betri, skýrari og ákveðnari tillögur sem væru þá studdar af hæstv. ríkisstjórn vegna þess að við gerum okkur auðvitað grein fyrir því að þær aðferðir, sama hver er, sem eru notaðar við að jafna flutningskostnað munu alltaf kosta ríkissjóð einhverja peninga, þ.e. réttara sagt mun ríkissjóður ekki fá eins mikið í skatta af flutningskostnaðinum. Það er kannski það versta við þetta.

Herra forseti. Ég vil aðeins í lokin segja að það er auðvitað rétt að skoða þetta í nokkuð víðu sjónarhorni. Lítum á sjónarhorn rekstraraðila á landsbyggðinni sem flytja til sín mjög léttar vörur, t.d. hárgreiðslustofur. Svo eru önnur fyrirtæki sem talað er um að þetta íþyngi allsvakalega, t.d. vélaverkstæði. Það er kannski það eina sem hefur komið út úr þessu, að Byggðastofnun fari í gegnum þetta og kíki á það milli starfsgreina hvort ástæða sé til að beita einhverri mismunun milli þeirra. Það er ljóst, herra forseti, að draga mun úr tekjum ríkissjóðs ef gengið verður í þetta. Ég minni á að þetta er afar brýnt.

[14:08]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég varpaði fram þeirri spurningu til flokksbróður míns í Samfylkingunni, hv. þm. Kristjáns Möllers, hvort hann teldi að skýrsla sú sem kom fram á síðustu dögum um flutningskostnað fæli í sér einhverjar leiðir til þess að lækka vöruverð og flutningskostnað í landinu. Það er ákaflega mikilvægt, finnst mér, að hv. þm. Kristján Möller, sem er mestur sérfræðingur í þessum sölum í þessu máli, er þeirrar skoðunar að ekkert hafi komið fram í þessari skýrslu sem sé líklegt til þess að draga úr vöruverði á landsbyggðinni.

Herra forseti. Flokkur minn, Samfylkingin, hefur lagt ofurkapp á að lækka vöruverð til þeirra sem búa á landsbyggðinni. Við erum talsmenn sanngjarnrar byggðastefnu og við viljum að landið haldist í byggð. Gerðar hafa verið rannsóknir sem sýna, herra forseti, að eitt af því sem menn telja hvað erfiðast við það að búa úti á landi sé hátt vöruverð. Við þurfum auðvitað að grafast fyrir um orsakir þessa. Er það vegna þess, herra forseti, að kaupmenn úti á landi skari eld að eigin köku og taki óhóflegan hagnað af starfsemi sinni? Er það vegna þess að ríkið taki óhóflegan skatt og leggi óhóflega mikil gjöld á flutninga og starfsemi

á landsbyggðinni? Herra forseti. Maður hefði vænst þess að svara við þessu væri leitað í skýrslunni. En ég tek undir með hv. þm. Kristjáni L. Möller að þessi svör er ekki að finna í skýrslunni. Það er athyglisvert að í þeirri þáltill. sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa flutt um rannsókn á orsökum hás vöruverðs á landsbyggðinni, og sem hv. þm. Kristján Möller hefur haft frumkvæði að að flytja ítrekað í þessum sölum, er leitað svara við þessu. Hv. þm. Kristján Möller hefur lagt það á sig sem ríkið hefði auðvitað átt að gera, þ.e. hann hefur gert ítarlega kostnaðarkönnun í fjölda verslana á landsbyggðinni og hann hefur fyrir sitt leyti svarað þeim tveimur spurningum sem ég varpaði hér fram. Hv. þm. hefur t.d. sýnt fram á það með tölum sem hægt er að sannreyna í greinargerð með þessari þáltill. þingmanna Samfylkingarinnar að smásalar á landsbyggðinni, kaupmenn á landsbyggðinni, eru ekki að skara eld að eigin köku. Þeir iðka ekki óhóflega álagningu. Þeir taka ekki of mikið fyrir þjónustu sína. Nei, þvert á móti, framlegð þeirra er oft og tíðum mjög lítil og hún er stundum minni en það sem nemur flutningskostnaðinum.

Herra forseti. Það er Kristján Möller, þingmaður Samfylkingarinnar, sem hefur sýnt fram á það að orsaka hás vöruverðs er ekki að leita hjá þeim sem stunda verslun á landsbyggðinni. Sömuleiðis hefur hv. þm. og aðrir þingmenn Samfylkingarinnar sýnt fram á það svart á hvítu að þungaskattur er verulega íþyngjandi fyrir þá sem búa á landsbyggðinni. Þungaskatturinn leiðir til þess að þeir sem eiga heima fjarri Reykjavík, sem oft og tíðum er uppskipunarhöfnin fyrir þær neysluvörur sem landsbyggðin þarf á að halda, þ.e. hann leiðir til þess að vöruverð á landsbyggðinni er allt of hátt. Sömuleiðis hefur hv. þm. Kristján Möller með útreikningum sem eru lagðir fram hér í þáltill. þingmanna Samfylkingarinnar sýnt fram á það með hvaða hætti virðisaukaskattur er líka íþyngjandi, herra forseti. Það er auðvitað sanngjarnt að þegar menn standa frammi fyrir könnunum hæstv. ríkisstjórnar sem sýna það svart á hvítu að það er vöruverð sem dregur úr þrótti landsbyggðarinnar, sem ýtir fólki af landsbyggðinni, hljóti þeir að kanna og grafast fyrir um orsakir þessa háa vöruverðs.

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Möller, Einar Már Sigurðarson, Margrét Frímannsdóttir, Lúðvík Bergvinsson og fleiri þingmenn Samfylkingarinnar hafa ítrekað gert þetta að umræðuefni á hinu háa Alþingi. Það er alveg ljóst að þarna er snöggur blettur á feldi ríkisstjórnarinnar. Hér er um að ræða mál sem gæti reynst ríkisstjórninni erfitt í kosningum. Hæstv. forsrh. hefur mælt úr þessum stóli um nánast hvaða mál sem tekið er upp að það sé kosningamál. Einu get ég lofað, herra forseti, þingmenn Samfylkingarinnar munu gera hátt vöruverð á landsbyggðinni að kosningamáli á landsbyggðinni. Það er alveg ljóst. Ríkisstjórnin sagði að þessi skýrsla um flutningskostnað sem menn hafa beðið eftir í 15 mánuði ætti að fela í sér svörin, þessi skýrsla ætti að sýna fram á leiðir til þess að draga úr flutningskostnaði, til þess að draga úr háu vöruverði á landsbyggðinni. Hvað kemur í ljós, herra forseti? Niðurstöður skýrslunnar sem raktar eru hér á nokkrum blaðsíðum hafa ekki að geyma nokkurt einasta ráð, meira að segja er þar slegið á ákveðnar hugmyndir sem hv. þm. Kristján Möller hefur þó reifað hér. Þar er t.d. slegið á þann möguleika að kanna það að hafa mismunandi þungaskatt, hlutfallslega minni eftir því sem fjær dregur frá uppskipunarhöfninni. Það er slegið á það. Það er einungis eitt sem kemur fram í niðurstöðum þessarar skýrslu sem ég vil vekja sérstaka eftirtekt á, herra forseti. Það hefur verið dregið fram í þessari umræðu að tveir þingmenn Sjálfstfl., m.a. hv. 1. þm. Norðurl. e., hafa haldið því fram að í tíð þessarar ríkisstjórnar hafi flutningskostnaður lækkað. M.a. sjálfur hæstv. forsrh. hefur haldið þessu fram. Ég vil því spyrja hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrst hann er kominn hér í salinn: Hvaða röksemdir hefur hann fyrir því að í tíð þessarar ríkisstjórnar hafi flutningskostnaður lækkað? Má ég benda hv. þm. Halldóri Blöndal á það að í niðurstöðum skýrslunnar sem ég er hér að rekja er þetta gersamlega hrakið. Þar er frá því greint, herra forseti, að í landflutningum hafi átt sér stað mikil samþjöppun og hún hafi gert það að verkum að í dag eru einungis tveir flutningsaðilar með næstum alla landflutninga á Íslandi. Niðurstaðan í skýrslunni er þess vegna sú að fákeppni er ráðandi í þessum flutningum. Hvaða ályktun draga skýrsluhöfundar síðan af þessu, herra forseti? Þeir draga eftirfarandi ályktun sem hrekur allt það sem hæstv. forsrh. og hv. þm. Halldór Blöndal hafa sagt um lækkun flutningskostnaðar á þessu kjörtímabili. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Samfara þessu hafa gjaldskrár flutningsaðila hækkað verulega umfram þróun neysluvöruvísitölu.“

Herra forseti. Annars staðar segir í niðurstöðum þessarar skýrslu, með leyfi forseta:

„Almennt voru viðmælendur sammála um að greiddur flutningskostnaður færi enn vaxandi og að hann hefði hækkað umfram almenna verðlagsþróun að undanförnu.“

Herra forseti. Þetta er það eina marktæka sem er að finna í þessari skýrslu og það vill svo til að það hrekur þær fullyrðingar sem hv. 1. þm. Norðurl. e. og hæstv. forsrh. hafa verið með hérna um að í þeirra tíð, tíð þessarar ríkisstjórnar, hafi flutningskostnaður lækkað.

[14:16]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú liggur ljóst fyrir og hefur reyndar gert lengi, þrátt fyrir að menn í stjórnarflokkunum mótmæli því að það megi mismuna landsbyggðarmönnum með sköttum, að landsbyggðarmenn borga hærri skatta. Þeir borga hærri þungaskatt og hærri virðisaukaskatt en höfuðborgarbúar borga almennt. Þetta á þó einkum við um þá sem fjærst búa höfuðborgarsvæðinu. Það hefur verið dregið fram í þessari umræðu, kom m.a. mjög vel fram í fyrri hluta þessarar umræðu sem mig minnir að hafi verið í fyrra.

Ég spyr hv. formann Samfylkingarinnar hvort hann sé ekki sammála mér um að það megi taka á þeim vanda sem við erum hér að ræða og hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafa dregið mjög skilmerkilega fram með flutningi þessarar tillögu, og ber að þakka þeim það, að það megi laga stöðu landsbyggðarfólks, m.a. með því að mismuna í sköttum ef ekki er önnur leið fær. Þetta hefur, eins og réttilega hefur verið bent á, verið gert annars staðar, m.a. í Noregi. Þar sem það liggur fyrir að þegnunum er þegar mismunað í gegnum skatta, með þungaskatti og virðisaukaskatti, eru þá þingmenn Samfylkingarinnar sammála mér um að það megi þá alveg eins snúa dæminu við til að leiðrétta stöðuna?

[14:18]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Úr sal er kallað: „Við þingmenn Samfylkingarinnar erum jafnaðarmenn.“ Það er alveg ljóst að við viljum grípa til þeirra ráðstafana sem þarf til að jafna aðstöðuna. Eitt af því sem menn nota sem áveitutæki í samfélaginu til þess að flytja fjármuni á milli þjóðfélagshópa er skattkerf-

ið. Það er í eðli sínu ekkert annað en jöfnunartæki þar sem tekið er frá þeim sem hafa hæstar tekjur og veitt til þeirra með einhverjum hætti sem ekki hafa jafnháar tekjur. Þessir áveituskurðir liggja auðvitað þvers og kruss um samfélagið eins og hv. þm. veit og enda í Íbúðalánasjóði í félagslega kerfinu. Hv. þm. bendir réttilega á að þeir sem búa fjærst höfuðborginni greiða, sökum búsetu sinnar, í vissum tilvikum hærri skatta. Í hvaða tilvikum? Þeir greiða hærri þungaskatta sem koma fram í of háu vöruverði og það hefur sömuleiðis verið rakið með hvaða hætti virðisaukaskattur getur lagst þyngra á þessa íbúa landsins.

Ég hef sagt það í þessari umræðu að við þurfum að kanna alla nothæfa möguleika til þess að jafna muninn millum þéttbýlisins og þeirra sem búa úti á landsbyggðinni. Hugsanlega er ein leið fólgin í því t.d. að hafa mismunandi þungaskatt. Þetta er eitt af því sem ég hef reifað hér í umræðunum. Þetta er leið sem við þurfum að skoða, með hvaða hætti væri leyfilegt gagnvart jafnræðisákvæðum stjórnarskrárinnar að fara þessa leið. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hefur áður, eins og raunar þingmenn Samfylkingarinnar, bent á að í sumum löndum fara menn þessa leið. Ég hef sagt það alveg hikstalaust að ég er ekki þeirrar skoðunar að það eigi t.d. að hafa tekjuskattkerfið breytilegt eftir því hvar menn búa, alls ekki, svo að það komi algerlega skýrt fram. En ég vil að það verði skoðað hvort hægt sé að hafa mismunandi þungaskatt sem er þá þannig að hann lækki hlutfallslega eftir því sem fjær dregur uppskipunarhöfn, þ.e. í þessu tilviki Reykjavík.

[14:20]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson vék hér að jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar. Ég get tekið undir með honum að það er æskilegt að það ákvæði sé virkt í raun. En ég vil þá jafnframt spyrja hv. þingmann hvort hann líti svo á að sú mismunandi skattálagning sem felst núna í þungaskattskerfinu og virðisaukaskattskerfinu, sem eru hvort tveggja tekjur til ríkisins, brjóti þá ekki jafnframt þetta jafnræðisákvæði því menn eru ekki jafnir gagnvart því.

[14:21]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig rekur minni til þess að ég hafi áður átt viðræður af þessu tagi við hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson. Mitt svar þá, eins og núna, er að það er hugsanlegt. Það er hugsanlegt að þarna sé um mismunun að ræða og í þessum sölum, í þessari umræðu, hafa verið færð rök að því af hálfu hv. þm. Kristjáns L. Möllers að það kunni að brjóta í bága við ákvæði stjórnarskrár um jafnrétti þegnanna að mismuna þeim með þessum hætti eftir búsetu. Við erum kannski farnir að toga málið þegar við erum komnir út í þessa umræðu því þá má líka setja það upp með þessum hætti: Erum við að mismuna þegnunum, erum við þá að fara á svig við ákvæði um jafnræði í öðrum málum? Við vitum t.d., herra forseti, að þegnarnir búa ekki allir við sömu þjónustu af hálfu hins opinbera. Ég nefni læknisþjónustu og spítalaþjónustu. Erum við þar með að brjóta ákvæði stjórnarskrár um jafnrétti? Mér er það til efs.

Herra forseti. Að því er varðar þessa skattaumræðu tel ég að þarna séu menn á gráu svæði en það er sjálfsagt að skoða þetta.

[14:22]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Formaður Samfylkingarinnar, hv. 7. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, lauk ræðu sinni hér áðan með því að segja: „Það þarf að skoða þetta." Í miðri ræðu sinni sagði hann: „Það þarf að skoða þetta." Í upphafi ræðu sinnar sagði hann: „Það þarf að skoða þetta." Hvað er það sem hv. þm. segir að þurfi að skoða og sagði að þyrfti að skoða fyrir fjórum mánuðum þegar hann tók til máls í sama máli? Þar talaði hv. þm. um, svo ég vitni til ræðu hans, með leyfi hæstv. forseta:

„Í fyrsta lagi blasir við að hækkun þungaskatts af völdum þessarar ríkisstjórnar hefur leitt til þess að flutningskostnaður hefur orðið mjög hár, allt of hár."

Hann rekur það m.a. til þungaskattsins og segir síðan, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er t.d. bent á að í Noregi er landinu skipt í mismunandi svæði og þungaskattur mismunandi. Þetta væri hægt að gera á Íslandi með þeim hætti að þungaskattur yrði minni eftir því sem fjær dregur frá höfuðborgarsvæðinu."

Svo mörg voru þau orð. Þetta er sá tónn sem þessi formaður Samfylkingarinnar ætlar að hafa þegar hann fer um landið með hinum formanni Samfylkingarinnar einhvern tíma á næstu vikum. Hann hefur haft fjóra mánuði til að velta því fyrir sér hvernig hann ætlar að hafa þungaskattinn stighækkandi frá einu landsvæði til annars.

Ég bað forseta Alþingis um að hlé yrði gert á umræðunni þá til þess að þessi formaður Samfylkingarinnar gæti skýrt það fyrir mönnum í hvaða svæði hann ætlaði að skipta þungaskattsálagningunni og sömuleiðis virðisaukaskattsálagningunni. Hann gerir því skóna að hann vilji hafa mismunandi virðisaukaskatt á landinu og bætir síðan við: „Það þarf að skoða þetta."

Spurning mín til hv. þingmanns er: Hvenær ætlar hann að hætta að skoða þetta?

[14:24]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo er guði fyrir að þakka að það er ákaflega líklegt að sá flokkur sem hv. þm. Halldór Blöndal er enn þá í muni ekki vera við landstjórnina eftir þrjá mánuði. Þá getum við a.m.k. treyst því að við taki ríkisstjórn sem gerir eitthvað annað en bara að drepa málum á dreif eins og sú ríkisstjórn sem hv. þm. styður.

Spurningar hv. þingmanns til mín voru tvær. Hvað þyrfti að skoða og hvenær ætti að hætta að skoða það.

Herra forseti. Ég skal þá upplýsa hann um hvað það er sem ég tel að þurfi að skoða. Ég tel að það þurfi að skoða þróun vöruverðs og rekstrar og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni sl. tíu ár, þ.e. þau ár sem flokkur hv. þingmanns hefur verið við stjórnvöl. Ég tel að það eigi að kanna hvernig þessir þættir hafi helst haft áhrif á vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni annars vegar og hins vegar á höfuðborgarsvæðinu. Ég tel að það þurfi að kanna sérstaklega og meta áhrif þungaskattsins á vöruverð og hvernig það hefur haft áhrif á vöruverð, þá sérstaklega á landsbyggðinni. Ég tel að það eigi að kanna með hvaða hætti þungaskattur hefur haft áhrif á rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni. Síðan tel ég auðvitað sérstaklega að það þurfi að skoða ummæli hv. þm. Halldórs Blöndals ásamt félaga hans, hæstv. forsrh., en þeir hafa ítrekað haldið því fram að flutningskostnaður hafi farið minnkandi á þessu

kjörtímabili. Ég er að segja það, herra forseti, að sú skoðun er ekki lengur í gangi vegna þess að skýrslan sem ríkisstjórn þessara manna hefur lagt fram sýnir að þeir höfðu rangt fyrir sér í því efni.

Herra forseti. Þegar við vorum í umræðum hér fyrir fjórum mánuðum, hvað sögðu talsmenn stjórnarliðsins þá? „Það þarf ekki að bíða lengur eftir þessum málum vegna þess að það er að koma skýrsla. Þið þurfið ekki að hafa neinar skoðanir eða vera uppi með neinn tillöguflutning í þeim vegna þess að það er að koma skýrsla.“ Nú er skýrslan komin. Fjallið tók jóðsótt, og hvað fæddist? Það er rétt að hv. 1. þm. Norðurl. e. svari því. En það var mús.

[14:27]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er von að hann velti því fyrir sér, hv. þm., hvort ég fari úr Sjálfstfl., einn frægasti flokkaflakkari landsins.

Ég vil segja við hv. þingmann að hann á nú um stundir að heita formaður Samfylkingarinnar. Hann kom hingað upp í októbermánuði og lýsti þeirri skoðun sinni að þungaskattur ætti að vera mismunandi eftir því hvar maður væri staddur á landinu. Venjan er sú að ef formaður stjórnmálaflokks gefur svo afdráttarlausa yfirlýsingu, ég tala ekki um ef það er á kosningaári, að hann geri tilraun til að útfæra tillöguna. Það hefur þessi hv. þm. ekki gert. Þetta er með öðrum orðum venjulegt yfirboð sem ekkert stendur á bak við. Það eru yfirboð af þessu tagi sem valda því að fólk hefur almennt séð í gegnum það að það sé ekki mjög að treysta á það sem hv. þm. segir í þessum ræðustól.

[14:28]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilegt að hv. þm. Halldór Blöndal óttast það þegar ég fer ásamt forsætisráðherraefni Samfylkingarinnar í ferðalag um landsbyggðina. Hvers vegna óttast hann það? Vegna þess að eitt af því sem við munum að sjálfsögðu gera að umræðuefni og gera að kosningamáli á landsbyggðinni er þróun vöruverðs þar. Hvert munum við rekja hækkun vöruverðs á landsbyggðinni undanfarin fjögur ár? M.a. til þeirra skattahækkana sem hv. þm. Halldór Blöndal hefur stutt í gegnum aðild sína að þeirri ríkisstjórn sem nú situr. **(Gripið fram í:** Hvað kemur ...?)

Herra forseti. Hv. þm. hefur spurt mig um það með hvaða hætti ég vilji breyta landinu í svæði og hafa mismunandi þungaskatt út frá þeim. Ég tek það svo, herra forseti, að hv. þm. Halldór Blöndal sé ráðþrota og sé í reynd að lýsa yfir stuðningi við þessa hugmynd og sé að biðja Samfylkinguna að koma með ráð í þessum efnum. Það er sjálfsagt að verða við því, herra forseti. Ég hef sagt það skýrt og skorinort að fyrirmynd mín í þessum efnum er Noregur.

[14:29]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur einkennst af því að menn tala sig heita út af ástandinu og það geta í sjálfu sér allir lýst því. En skýrslan umtalaða, þ.e. afleiðing af henni, ber þess merki í umræðunni að hér er um hápólitískar aðgerðir að ræða. Skýrslan kemur ekki með tillögur vegna þess að þær eru mismunandi eftir því hvaða pólitísku sýn menn hafa á það hvernig þeir ætla að fara í þessi mál. Þá vil ég nú spyrja hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formann Samfylkingarinnar: Er það almenn stefna til jöfnunar úti á landsbyggðinni, t.d. í grunnþjónustu fyrirtækja og þess háttar, að beita niðurgreiðslum úr ríkisstjóði? Samfylkingin styður t.d. hlutafélagavæðingu, hún hefur gert það, eins og á Símanum og öðrum grunnþjónustuþáttum.

Næst á t.d. að fara í orkugeirann. Hér er um gríðarlega íþyngjandi breytingar fyrir landsbyggðina að ræða þegar til lengri tíma er litið. Má t.d. búast við því, í breyttu orkuumhverfi, að það verði tillaga Samfylkingarinnar að beita niðurgreiðslum úr ríkissjóði en ekki jöfnun í rekstri fyrirtækjanna eins og annars staðar er gert? Það er gert með sköttum eða þá með orkugjaldi svo ég nefni dæmi.

Það er mjög mikilvægt að fá fram hina pólitísku sýn á hvernig menn ætla að tækla þessi mál. Hvernig á að fara í það ná þessum jöfnuði? Það verðum við að fá fram. Það er pólitísk spurning.

Spurning mín til hv. þm. er því hvort þetta sé leið Samfylkingarinnar til jöfnunar í heildina tekið, ekki bara varðandi vöruverð heldur grunnþjónustu fyrirtækja og einstaklinga úti á landsbyggðinni líka, bankasarfsemi, póstdreifingu, símaþjónustu, orkufyrirtæki o.s.frv.

[14:31]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Svarið er afdráttarlaust nei. Leiðin er ekki sú að beita almennum niðurgreiðslum eins og hv. þm. er að spyrja mig um. Samfylkingin hefur hins vegar lagt fram tillögur sem miða beinlínis að því að ívilna fyrirtækjum á landsbyggðinni í gegnum skattkerfið. Við höfum t.d. lagt fram tillögur í þessum sölum. Við höfum jafnframt reifað tillögur sem ekki hafa verið lagðar fram þar sem gert er ráð fyrir að fyrirtæki í tilteknum atvinnugreinum þurfi ekki að greiða sama tryggingagjald og önnur fyrirtæki meðan þau eru að koma undir sig fótunum. Ég vísa til tillagna okkar, m.a. um fyrirtæki sem tengjast þekkingariðnaði.

Herra forseti. Samfylkingin er algerlega samkvæm sjálfri sér í þessum efnum. Hún hefur ítrekað, m.a. hv. þm. Kristján Möller og ýmsir þingmenn úr öðrum flokkum sem stóðu að stofnun Samfylkingarinnar eins og fyrrv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, barist hatrammlega fyrir niðurgreiðslum á húshitunarkostnaði sem er auðvitað ekkert annað en niðurgreiðsla á orku á landsbyggðinni. Þetta höfum við gert ítrekað og reyndar hefur það haft þverpólitískan stuðning í þinginu.

Hv. þm. spurði fyrr í umræðunni hvort þingmenn Samfylkingarinnar teldu að það ætti t.d. að ýta undir stofnun sérstakrar skipaútgerðar ríkisins. Svarið var alveg klárt nei. Það sem við viljum helst væri að skapa einhvers konar þverpólitíska samstöðu um leiðir sem allir gætu orðið sammála um og miðuðu að því að lækka vöruverð á landsbyggðinni. Við höfum bent á þungaskattinn sem leið til þess. Við höfum bent á að í ýmsum öðrum löndum fara menn þá leið. Hvers vegna ekki að skoða það hér? Hvers vegna ekki að fara einhverjar slíkar leiðir? Við teljum fært að feta þær. Gerum það þá. Skoðum það mál.

[14:33]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni á að almenn samstaða var um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar á hinu háa Alþingi, 900 millj. á sínum tíma. Það er ekki samfylkingarmál. En ég vil spyrja hv. þm. enn og aftur. Hann vill beita markaðslögmálum og tökum flugið sem dæmi. Er hv. þm. t.d. sammála því að þetta sé góð leið sem farin er núna, að hleypa inn samkeppni? Þeir bítast og drepa hver annan. Afleiðingin er einokun og síðan

situr ríkið uppi með óarðbæra staði þar sem beita þarf ríkisframlögum. Eða getur hv. þm. hugsað sér rekstrarform, t.d. í svona þáttum sem byggja á sérleyfum, þar sem menn hafa þjónustuskyldu? Þetta eru grundvallarspurningar sem þarf að svara. Það er ekki hægt að segja já við einu módeli og nei við öðru módeli. Úr því verður ekki heildstæð stefna.

[14:34]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Almennt erum við þeirrar skoðunar að byggja eigi á almennri frjálsri samkeppni. Ég vísa til þess, herra forseti, að þegar hér var hörð samkeppni í flugi innan lands þá lækkuðu flugmiðar verulega. Fargjöld lækkuðu verulega. Það sama sjáum við gerast núna í millilandaflugi. Þar er komin fram hörð samkeppni vegna nýrra flugfélaga. Það leiðir til þess að það er allt annað að ferðast til útlanda nú en áður. Verðið er allt annað og lægra.

Hv. þm. spurði mig síðan hvort ég væri hlynntur því að tekið væri upp kerfi þar sem veitt væru sérleyfi með ákveðinni þjónustuskyldu. Ég tel ekki að það sé góð aðferð. Ég held að sagan hafi sýnt að það sé ekki heppilegt fyrir neytendur. Í vissum undantekningartilvikum kann að vera nauðsynlegt að fara þá leið sem menn hafa gert, þ.e. að veita styrki til að halda uppi samgöngum við ýmsa staði. Ég tel að það séu neyðartilvik, undantekningartilvik, en það á alls ekki að loka á þá möguleika.

[14:35]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið fróðlegt að hlýða á umræðuna sem hér hefur farið fram í dag. Það hefur verið merkilegt að sjá hv. þm. Kristján Möller draga mjög skýrt fram hvernig lífskjör á landsbyggðinni hafa smám saman versnað. Þar hafa margir þættir veruleg áhrif og einn af þeim er einmitt flutningskostnaðurinn.

Það mætti nefna miklu fleiri þætti. Nefna má að núverandi fyrirkomulag í fiskveiðum hefur gert það að verkum að sjávarbyggðir hafa ekki lengur getað notið stöðu sinnar og nálægðar við miðin eins og áður. Á sama hátt hefur verið samdráttur í landbúnaði. Þetta hefur ásamt ýmsu öðru gert það að verkum að lífsjör á landsbyggðinni hafa versnað. Ég held varla að nokkur hér inni deili um þá staðreynd. Þetta hefur verið dregið skýrt fram.

Það var helst að hv. 1. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal, kæmi á ská inn í þessa umræðu og heimtaði útfærslu á því hvernig úr þessu yrði leyst. En sjálfur hefur hann stutt ríkisstjórn, og setið í í a.m.k. átta ár, sem ekki hefur fundið nein ráð í þessum efnum. Þetta er hins vegar sá veruleiki sem við stöndum frammi fyrir og það er einmitt sá veruleiki sem við verðum að takast á við. Ég held að það sé ástæðulaust að berja höfðinu við steininn líkt og í andsvari hv. þm. Halldórs Blöndals við ræðu hv. þm. Össurs Skarphéðinssonar þar sem hann beitti helst þeirri röksemdafærslu að uppnefna þá sem hann var í andsvörum við án þess að leggja neitt inn í umræðuna.

Vitaskuld er það stór yfirlýsing þegar formaður Samfylkingarinnar gefur þá yfirlýsingu að Samfylkingin sé tilbúin að styðja að til einhverra aðgerða verði gripið til að bæta lífskjör á landsbyggðinni. Það er stór yfirlýsing. Þetta er stór pólitísk yfirlýsing. Hins vegar skal það viðurkennt hér, ég ætla ekki að reyna að draga neina fjöður yfir það, að þær hugmyndir og tillögur hafa ekki verið útfærðar í þaula enda er hlutverk stjórnmálamanna kannski fyrst og fremst að draga upp hugmyndafræðina, þær hugmyndir sem þeir hafa.

Mér finnst ekki sanngjarnt í þessari umræðu að halda því fram að þar sem slíkar hugmyndir liggi ekki fyrir sé þetta bara einfaldlega yfirboð. Mér finnst það ekki sanngjarnt og ekki málefnalegt. Ég vísa því algerlega á bug þegar menn hafa komið á þeim forsendum í umræðuna. Veruleikinn er sá að eftir átta ára setu núv. ríkisstjórnar hafa lífskjör á landsbyggðinni versnað. Það er sá veruleiki sem við ætlum að reyna að takast á við og þess vegna er pólitísk yfirlýsing formanns Samfylkingarinnar mjög merkileg inn í umræðuna. Ég held að menn ættu að taka henni sem slíkri en ekki að snúa út úr henni eins og hér hefur verið gert.

Ég nefndi sjávarútveg, að samdráttur í sjávarútvegi á landsbyggðinni hafi haft veruleg áhrif. Ég hef líka nefnt landbúnaðinn. Fyrir liggur eftir alla þennan tíma að landbúnaðarkerfið sem við höfum rekið um nokkuð langt skeið hefur dregið úr tekjum bænda, sérstaklega sauðfjárbænda, enda eru þeir að verða sú stétt í landinu sem á hvað erfiðast.

Enn fremur, virðulegi forseti, er eitt stærsta landsbyggðarmálið samgöngur. Við ræddum í vikunni samræmda samgönguáætlun og vorum almennt sammála um að til mikilla bóta væri að menn skyldu reyna að horfa á samgöngur og samgöngubætur, hvort sem er á láði, legi eða í lofti, á heildstæðan hátt eins og hugmyndafræðin að baki samgönguáætlun ber með sér. Hins vegar hafa menn deilt bæði um forgangsröðun og þá fjármuni sem í hafa verið lagðir. Ég held að fullyrða megi að þó að við leggjum um það bil 5% af ríkisútgjöldum í samgöngumál í landi eins og Íslandi, sem er jafndreifbýlt og raun ber vitni, sé ekki ástæða til að berja sér á brjóst af þeirri ástæðu einni.

Einnig, virðulegi forseti, var fróðlegt að hlýða á það í umræðunni hvernig menn tefla fram hugmyndafræði sinni. Sumir hverjir vildu gera því skóna að hugmyndafræði einstakra manna gengi einfaldlega ekki upp. Ég hjó eftir því að hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson sagði í umræðunni að ein meginástæðan fyrir því að flutningskostnaður á landi hefði hækkað væri sú fákeppni sem ríkti á þessum markaði, eins og hann orðaði það sjálfur sem opnaði jafnvel á að ríkið mundi endurvekja skipaútgerð, m.a. til þess að fara í samkeppni við þá sem eru fyrir. Á sama tíma og í sömu ræðu nefndi hv. þm. hvernig samkeppnin hefði drepið flugið, þ.e. hún hefði skilið eftir eitt félag og í kjölfarið hefði ríkið þurft að koma inn í og niðurgreiða flutninga á aðra staði. Þessi dæmi draga að mínu mati fram að menn verða að fara gætilega í því þegar þeir fullyrða að hugmyndafræði sumra gangi upp og annarra ekki. Hér skarast vissulega hlutir í umræðunni.

Í góðri greinargerð sem fylgir tillögum hv. þm. Kristjáns Möllers kemur m.a. fram að verðmunur milli landsbyggðarinnar annars vegar og höfuðborgarsvæðinu hins vegar er allt að því 108%. Nú ætla ég ekki að halda því fram, þó að stór þáttur skýringar á þessum verðmun liggi í því hvernig ríkisvaldið hefur hagað starfsemi sinni, að hér sé um meðvitaða aðför að landsbyggðinni að ræða. Hins vegar er þetta sá veruleiki sem við búum við. Í þessari stöðu finnst mér mikilvægt að við viðurkennum þennan veruleika og tökumst á við hann í sameiningu í stað þess að koma inn í umræðuna og snúa út úr henni eins og hv. þm. Halldór Blöndal gerði eftirminnilega áðan. Ég legg til að við reynum að takast á við þetta verkefni í sameiningu. Ég held að það þjóni landsbyggðinni hvað best. Við eigum að viðurkenna þær staðreyndir sem hér hafa verið dregnar fram. Við eigum að

taka höndum saman um að reyna að breyta ástandinu og jafna lífskjör í landinu.

[14:44]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst segja að það vakti athygli mína að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl., sagði að ég hefði uppnefnt hv. 7. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, þegar ég talaði um hann í andsvari áðan. Hann á sennilega við það þegar ég kallaði hann formann Samfylkingarinnar. Ég man ekki eftir því að ég hafi farið öðrum orðum um hann en kallað hann hv. þm. Össur Skarphéðinsson og formann Samfylkingarinnar. Ég minnist þess á hinn bóginn ekki að ég hafi rifjað upp að hann hafi verið ritstjóri Þjóðviljans. (Gripið fram í.)

Nú er það svo um ræðu þessa hv. þm. að hann átti í svolitlum erfiðleikum af því að hann gat ekki útskýrt hvort Samfylkingin stendur við það sem hún er að reyna að segja eða ekki öðruvísi en með því að gefa fullkomlega í skyn að Samfylkingin meini það ekki.

Það liggur fyrir að formaður Samfylkingarinnar hefur lýst því yfir að Samfylkingin vilji að þungaskattur verði mismunandi á mismunandi landsvæðum. Samfylkingin var lengi að semja tillögu þar sem þetta kemur fram. Formaðurinn talaði við þær umræður og mig langar að spyrja hv. þm.: Eftir að tillögur Samfylkingarinnar líta loksins dagsins ljós, býst hann þá við því að þungaskatturinn í Vestmannaeyjum verði hærri eða lægri en þungaskatturinn á Ísafirði eða þungaskatturinn á Austurlandi, þungaskatturinn á Norðurlandi eða þungaskatturinn á Höfn í Hornafirði? Af hverju vilja þingmenn Samfylkingarinnar ekki tala efnislega um sínar eigin tillögur? Hvernig geta þingmenn Samfylkingarinnar búist við að tekið sé mark á þeim ef þeir setja fram svo róttæka tillögu sem hér er um að ræða án þess að þora með einum eða öðrum hætti að skýra hana, öðruvísi en með því að að agnúst út í aðra þingmenn? Ég held að hv. þm. ætti einu sinni að vera jákvæður í ræðustólnum og skýra hvað fyrir honum vakir. (Gripið fram í.)

[14:46]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Brosið og jákvæðnin hafa nú einkennt hv. þm. Halldór Blöndal undanfarna daga á hinu háa Alþingi. Það þarf kannski ekki að koma sérstaklega á óvart þó að hv. þm. Halldór Blöndal muni það ekki að hann hafi uppnefnt ræðumenn hér í ræðustóli, enda er u.þ.b. hálftími eða svo síðan hann flutti ræðu sína og því þarf það ekki að koma sérstaklega á óvart þó að hann muni það ekki nákvæmlega.

Hins vegar get ég upplýst hann um það — og kannski það hringi einhverjum bjöllum, því að hann hefur nú verið duglegur á tímum að hringja bjöllum hér á hinu háa Alþingi — að hann kallaði hv. þm. „frægan flokkaflakkara". Hann gerði það í ræðu sinni. En það er náttúrlega orðið talsvert umliðið, 30 mínútur eða svo, síðan hann flutti þá ræðu svo það þarf nú ekki að koma á óvart þó að hann muni það ekkert sérstaklega.

Einnig er rétt að rifja það upp fyrir hv. þm. Halldóri Blöndal, sem að vanda hefur náttúrlega ekki kynnt sér einu sinni þá tillögu sem hann er að fjalla um, að í henni segir, þannig að það liggi fyrir, að lagt er til að skipuð verði nefnd sem móti tillögur sem hafi það að markmiði að draga úr áhrifum þungaskatts á vöruverð og jafni rekstrarskilyrði atvinnufyrirtækja í sambandi við flutningskostnað milli landsvæða. Nefndin kanni sérstaklega hvernig breyta megi skattkerfinu til að ná þessu marki. Nefndin skili Alþingi skýrslu fyrir 1. október 2003.

Hér er því um pólitíska yfirlýsingu að ræða um að við séum tilbúin að styðja hugmyndir af þessum toga. Það er fyrst og fremst hlutverk stjórnmálamanna. Það er kannski ekki endilega hlutverk stjórnmálamanna, eins og mátti ráða af ræðu hv. þm. hér um daginn þegar hann var búinn að teikna sérstakt strik á landið þar sem hann vildi hafa vegi og helst þar sem enginn var á ferð.

En þetta er sú hugmynd sem við setjum fram. Þetta er pólitísk yfirlýsing. Tæknilega nákvæm útfærsla á þessu er sú vinna sem við erum að leggja til að farið verði í.

En hv. þm. Halldór Blöndal getur snúið út úr þessu líka.

[14:48]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti það fróðlegt hjá hv. 6. þm. Suðurl., Lúðvíki Bergvinssyni, að það væri kallað að uppnefna menn í Samfylkingunni að vera flokkaflakkarar. Ég hélt nú satt að segja að það væri frekar regla en undantekning að menn væru flokkaflakkarar í þeim samtökum.

Ég hlýt að láta enn í ljós undrun mína yfir því að þessi hv. þm. og yfirleitt þeir þingmenn Samfylkingarinnar sem hér hafa tekið til máls skuli ekki reyna að hafa djörfung og dug til þess að útskýra hvað þeir meina. Búið er að auglýsa mjög þessa tillögu og þessar umræður Samfylkingarinnar. Það er verið að reyna að slá þessu upp (**Gripið fram í:** Nú.) víðs vegar um landið af samfylkingarmönnum, að hv. þm. Kristján Möller hafi unnið mikið rannsóknarstarf og á þeim grundvelli hefur formaður Samfylkingarinnar komið hér í ræðustól og sagt að við skulum hafa þungaskattinn mismunandi háan eftir því hvar bílnum er ekið á landinu, eftir því hvort bílnum er ekið um Múlasýslur, Ísafjarðarsýslur, Reykjavík eða Borgarfjörð.

Hvernig stendur á því að hv. þm. vill ekki leysa þá gátu og skýra frá því hvaða hugmyndir Samfylkingin hefur um þetta? Hv. þm. er flutningsmaður að tillögunni. Er þetta bara loft? — Ég sé að 1. flm. málsins, hv. þm. Kristján Möller, er farinn að gefa hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni ráð svo það eru um þessar mundir tveir fundir hér í þingsalnum. Og er þá við því að búast að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson geti komið hér upp eftir þetta hljóðskraf við hv. þm. Kristján Möller, og skýrt frá því hvernig mörkin eru?

Aðalatriðið er að Samfylkingin reyni að útskýra hvað fyrir henni vakir. Og ég er að hjálpa Samfylkingunni með því að knýja á um það að hún skýri frá því hvað hún vilji. (Gripið fram í.)

[14:50]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú sem endranær er ekki nokkur leið að skilja hv. þm. Halldór Blöndal þegar hann er hér í ræðustól. Það er nú þrautin þyngri, virðulegi forseti, að reyna að taka þátt í andsvörum við hv. þm., enda er ekki nokkur leið að átta sig á því á hvaða vegferð hv. þm. er, ekki nokkur leið.

Ég fór yfir það að hv. þm. Kristján Möller er búinn að fara í verulegar rannsóknir og sýnir fram á það í tillögu sinni að lífskjör á landsbyggðinni eru síðri en á höfuðborgarsvæðinu að því er varðar verðlagningu á vörum og ýmsu öðru. Þetta hefur hann dregið skýrt fram.

Og hvernig bregðumst við við? Við bregðumst við með því að lýsa því yfir að við viljum leggja því lið að breyta þessu, og það segir í þessari tillögu að við lýsum því yfir

að við munum styðja við aðgerðir sem geta jafnað lífskjör á landsbyggðinni. Við segjum það líka — og hefðum sjálfsagt lagt það fram mjög skilmerkilega ef við hefðum útfært þessar hugmyndir nákvæmlega. Þetta er mjög einfalt og þetta er mjög skýrt.

En hér kemur hv. þm. Halldór Blöndal aftur og aftur í ljósi þeirrar staðreyndar að núverandi ríkisstjórn hefur ekki gert nokkurn skapaðan hlut. En enn og aftur kemur hv. þm. og kallar eftir hugmyndum frá okkur. Og það er kannski ekki nema von því að ríkisstjórnin hefur ekki gert nokkurn skapaðan hlut í að reyna að jafna lífskjör á landsbyggðinni miðað við það sem er á höfuðborgarsvæðinu að því er þessa þætti varðar. Það er ekki nema von að hv. þm. skammist sín og komi síðan hér upp í þessa umræðu með þetta málefnalega innlegg sem hann flutti áðan.

[14:52]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðu sinni áðan ræddi hv. þm. Lúðvík Bergvinsson um kjör bænda. Það er að sönnu rétt að þau eru misjöfn. Ég tel reyndar að staða kúabænda sé mjög góð um þessar mundir og því má þakka góðum búvörusamningi.

Það er von að við höfum áhyggjur af kjörum sauðfjárbænda því að þau eru ekki nægilega góð. Því vil ég spyrja hv. þm., ef hann vill gera svo lítið að hlýða á andsvar mitt (Gripið fram í.) og spurningu mína til hans: Hvaða tillögur hefur hv. þm. til að bæta kjör sauðfjárbænda? Er hann tilbúinn til að standa að auknu fjármagni til greinarinnar? Er hann tilbúinn til þess að verja greinina fyrir innflutningi landbúnaðarvara erlendis frá?

[14:53]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég og hv. þm. Drífa Hjartardóttir getum verið sammála um að það fyrirkomulag sem nú hefur ríkt hjá sauðfjárbændum hefur gert þeim mjög erfitt um vik. Við höfum staðið að og lagt fram á hinu háa Alþingi ýmsar hugmyndir um það á hvern hátt bæta megi kjör sauðfjárbænda.

Reyndar hafa þær hugmyndir í gegnum tíðina fallið í mjög grýttan jarðveg og nánast öllu sem við höfum lagt fram í þessum efnum hefur verið snúið upp á okkur á þann hátt að við séum sérstakir óvinir bænda. Oft og tíðum hefur það verið helsta röksemdafærsla bæði sjálfstæðismanna og framsóknarmanna í dreifbýli að við höfum það eina markmið að reyna að gera veg bænda sem minnstan og á því hafa þeir að mörgu leyti þrifist um nokkuð langt skeið.

Við höfum hins vegar lagt fram ýmsar hugmyndir í þessum efnum.

Hv. þm. spurði mig einnig um það sérstaklega hvort ég mundi standa að því að verja hagsmuni bænda eða hagsmuni sauðfjárbænda, eins og hún orðaði það, gegn innflutningi væntanlega þá á sauðfjárafurðum. Ég geri ráð fyrir því. (**Gripið fram í:** Það var almennt um landbúnaðinn.) Já, ég skildi þetta sem á sauðfjárafurðum eða almennt um landbúnað.

Við höfum sent frá okkur þá pólitísku yfirlýsingu sem er rétt að vitna til. Við höfum sagt að ljóst sé að ef við ætlum að reka landbúnað í harðbýlu landi eins og Íslandi þá verður það ekki gert án styrkja. Það höfum við sagt og við það stend ég.

[14:55]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Heldur voru þessi svör rýr hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni. Hann sagði að það væru margar hugmyndir, það væru ýmsar hugmyndir, en hann kom nánast ekki með nein einustu úrræði, ekki nein einustu.

Ég spyr hann aftur: Hverjar eru þessar hugmyndir Samfylkingarinnar um að standa við bakið á íslenskum bændum?

[14:56]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. getur kynnt sér það í þingskjölum, ef hún hefur sérstakan áhuga á hugmyndum okkar, (Gripið fram í.) alveg frá árinu 1995, hvort heldur hefur verið um ... (**DrH:** Hv. þm. kann þetta ekki einu sinni.) Virðulegi forseti. Þetta er nú svona brosleg athugasemd sem hér er sett fram.

Við höfum hins vegar sagt að þeir sem eiga slíka vini (Gripið fram í.) eins og Framsfl. og sjálfstæðismenn hafa verið í gegnum tíðina þurfi enga óvini.

[14:57]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Suðurl. sagði að hv. 1. þm. Norðurl. e. hefði verið með ósanngjarnar kröfur á hendur Samfylkingunni um að hún útfærði stefnu sína.

Ja, ég veit að þetta er afar ósanngjörn krafa, að Samfylkingin útfæri stefnu sína. Ég skal ekki vera með svo ósanngjarna kröfu um að þeir hafi stefnumál sín alveg á hreinu. Mér dettur ekki í hug að gera svo miklar kröfur á hendur Samfylkingunni að hún hafi stefnumál sín alveg á hreinu.

En eitt vil ég þó fara fram á og gera það af mikilli hógværð og það er að spyrja um meginlínur. Er það stefna Samfylkingarinnar — og nú á ég ekki bara við það sem einstaka menn segja hér í þessari umræðu — mun það koma fram til að mynda í kosningastefnumálum þeirra að mismunandi virðisaukaskattskerfi eigi að vera eftir búsetu? Mun það koma fram að það sé stefna Samfylkingarinnar að virðisaukaskatturinn eigi að vera öðruvísi á vöruverð á landsbyggðinni, hversu stórum hluta landsbyggðarinnar og hvað eiga menn við með hugtakinu landsbyggð? Það getur nú varla talist ósanngjörn krafa að menn hafi a.m.k. lagt þetta niður fyrir sér, vegna þess að hér hafa menn verið að tala í þessa áttina og sama varðandi þungaskattinn.

Ég veit að þetta er hugmynd sem oft er rædd á almennum fundum. En maður hlýtur a.m.k. að gera ráð fyrir því fyrst ýjað hefur verið að þessu í þingsölum að menn hafi lagt það dálítið niður fyrir sér með hvaða hætti þetta skuli gerast í stórum dráttum. Verður það þannig, eins og ég hef skilið að menn eru að tala sig inn á, að það skuli þá vera mismunandi þungaskattskerfi? Mun það koma fram í stefnumálum flokksins?

[14:59]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get alveg upplýst það og sagt það sem mína skoðun að ég ... (**EKG:** Ég var ekki að spyrja um það, heldur stefnu flokksins.) Ja, virðulegi forseti. Þú ert í andsvari við hv. þm. sem hér stendur og hann getur nú kannski lítið annað gert á þessu augnabliki en upplýst um sína tilteknu skoðun.

Skoðun mín er sú að fara verði mjög varlega í það að hafa mismunandi virðisaukaskattstig eftir landshlutum, það

sé mjög erfitt í útfærslu. Það er einfaldlega mín skoðun. Við erum hins vegar að leggja það til í umræðunni og erum að lýsa því yfir að við erum tilbúin að leggja því lið að leita allra leiða til að jafna megi lífskjör.

Ég spyr hv. þingmenn Sjálfstfl. sem hafa komið hér í umræðu hver á fætur öðrum — og ég skil það óskaplega vel að þeim líður ekkert sérstaklega vel í umræðunni vegna þess að þeir hafa farið með landstjórnina um nokkuð langt skeið og þetta er afleiðingin af þeirri stjórn. Ég spyr líka: Hvaða hugmyndir hafa þeir haft? Hvaða hugmyndir hafa þeir lagt til? Hvernig hafa þeir nýtt það vald sem þeir hafa haft? (**GÁS:** Verkin sýna merkin.) Já, já, verkin sýna merkin o.s.frv. Þetta er kannski kjarni málsins.

Hv. þm. reyndi eiginlega að draga dár að því og sagði að það væri til mikils mælst að við legðum fram tæknilega nákvæma útfærslu á því hvaða hugmyndir við hefðum í þessum efnum. Mér finnst langur vegur frá því að við lítum svo stórt á okkur að við höfum „in details" nákvæma útfærslu á þessu. Við erum einfaldlega að segja að við viðurkennum þessa staðreynd. Það er búið að draga það fram með skýrum hætti að lífskjör á landsbyggðinni hafa versnað. Það er það sem við erum að segja. Við erum líka að segja (**Gripið fram í:** Þau hafa batnað.) að við viljum skipa þverpólitíska starfshóp til að takast á við þetta verkefni. Aðeins þessi hugmynd og þessi tillaga og þær rannsóknir sem búa að baki hafa gert það að verkum (Forseti hringir.) að hingað hefur komið hver sjálfstæðismaðurinn á fætur öðrum og ýmist (Forseti hringir.) snúið út úr eða dregið dár til þess eins að draga fjöður yfir eigið getuleysi í þessum efnum.

[15:01]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. sagði að mér liði væntanlega illa í þessari umræðu. Mér hefur liðið mjög vel í þessari umræðu. En nú er mér farið að líða dálítið illa vegna þess að ég hafði satt að segja vonast til þess að Samfylkingin hefði einhvern vísi að hugmynd um það hvaða skoðun þeir hefðu í þessu máli sem ýmsir hv. þm. Samfylkingarinnar hafa verið að tala um, m.a. það að hafa mismunandi skattkerfi sem lýtur bæði að virðisaukaskatti og þungaskatti. Ég var ekki að reyna að snúa út úr einu eða neinu. Ég spurði bara einfaldra spurninga af því að mér fannst ég ekki hafa fengið svör við þeim í umræðunni hingað til. Ég spurði þessarar einföldu spurningar: Hver er stefna Samfylkingarinnar í málinu? Nú kemur hingað einn af þingmönnum Samfylkingarinnar, einn af talsmönnunum í þessu máli, einn af flm. málsins, og getur ekki svarað svona einfaldri spurningu. Hver er stefna flokksins? Vill flokkurinn hafa mismunandi skattþrep eftir búsetu varðandi virðisaukann eða þungaskattinn? Það eina sem ég heyrði var að hv. þm. varaði við þeirri leið. Þá vitum við hver skoðun hv. þingmanns er í því máli. Ég er hins vegar alveg jafnnær um það hver skoðun Samfylkingarinnar er í málinu, nema mér finnst að þögnin sé farin að svara málinu dálítið vel. Þögnin segir mér að hv. þm. hafa ekki treyst sér til að segja að Samfylkingin sé þeirrar skoðunar að það eigi að vera með mismunandi skattkerfi eftir búsetu. Þetta er mjög mikilvægt veganesti fyrir okkur vegna þess að um þetta mál verður örugglega heilmikið rætt í komandi kosningabaráttu. Ég hef litið þannig á að þessi könnunartillaga hérna væri innlegg Samfylkingarinnar í þessa byggðaumræðu. Þetta eru svo sem ekki tillögur, meira verið að kanna, búa til fleiri skýrslur. Það er út af fyrir sig ágætisverkefni. Þetta er hins vegar ekki nein stefnumótun. Því miður er ég engu nær eftir þessi andsvör um það hver stefna þessa flokks er í þessu máli.

[15:03]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér talaði hv. 1. þm. Vestf. Við ræðum þá stöðu sem er uppi, við ræðum þá staðreynd að lífskjör á landsbyggðinni hafa versnað borið saman við höfuðborgarsvæðið, og hann sagði að sér liði alveg sérstaklega vel í þessari umræðu. Það er með hreinum ólíkindum að menn skuli setja þetta fram í umræðunni í ljósi þess að sú tillaga sem við erum að ræða hér hefur fyrst og fremst það að markmiði að sýna fram á þessa staðreynd. Við erum að leita eftir þverpólitískri samstöðu til að takast á við þetta verkefni. Við höfum dregið það fram að ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. hefur ekki gert nokkurn skapaðan hlut annan en að skaða lífskjör á landsbyggðinni. Þá kemur hv. 1. þm. Vestf., Einar K. Guðfinnsson, og lýsir því yfir að honum líði alveg sérstaklega vel í þessari umræðu. (**EKG:** Eru þetta svör við spurningunum?) Þetta er mjög sérstakt.

Ég veit ekki hversu vel hv. þm. þekkir til þeirra hugmynda sem við höfum lagt fram. Við höfum m.a. lagt það fram að því er varðar tekjuskattinn að skoða möguleika þar á mismunandi útfærslu. Það er reyndar alveg rétt. En þar sem ég er hins vegar í andsvari sagði ég að ég hefði efasemdir um virðisaukaskattinn sem við nefndum áðan.

Virðulegi forseti. Það er með ólíkindum hversu illa hv. þingmönnum líður í þessari umræðu þar sem þessi staðreynd er dregin fram. Þegar menn koma fram með hugmyndir um það hvernig takast eigi á við þetta verkefni geta þeir ekkert annað lagt til umræðunnar en útúrsnúning, og þeir reyna að draga upp þá mynd að við meinum ekkert með því sem við segjum. Og þar fer hv. þm. Halldór Blöndal fremstur í flokki. (**Gripið fram í:** Og Einar K. rétt ...?)

[15:05]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég tók svo eftir að formaður Samfylkingarinnar, hv. 7. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, hefði sagt hér fyrr í dag að hann teldi ekki að hægt væri að hugsa sér að tekjuskattur yrði mismunandi á mismunandi stöðum á landinu. (**Gripið fram í:** Af hverju?) Nú má vera að ég hafi ekki tekið rétt eftir. Ég hygg samt að svo sé sem er eftirtektarvert í ljósi þess að nú segir hv. 6. þm. Suðurl., Lúðvík Bergvinsson, þegar hann er að skýra skattalækkunartillögur sínar að hann telji að tekjuskatturinn eigi að vera mismunandi en hefur á hinn bóginn efasemdir — (**LB:** Ég sagði að það hefði verið ...) rólegur, rólegur, rólegur, rólegur — en hefur á hinn bóginn efasemdir um virðisaukaskattinn sem formaðurinn talaði sérstaklega um. Það er svolítið merkilegt að bara í svona venjulegu — ég sé að hv. 6. þm. Reykn., Guðmundur Árni Stefánsson, hefur kvatt sér hljóðs og er það gott því hann hefur venjulega mikið til málanna að leggja.

Ég tók svo eftir að hv. þm. hefði verið að róma það um tekjuskattinn að hann ætti að vera mismunandi á landinu. Hvernig hefur hv. þm. hugsað sér að hann verði mismunandi? Er það kannski líka bara einn grauturinn til, bara að segja það sem manni dettur í hug? Einn þingmaður Samfylkingarinnar segir að tekjuskatturinn eigi að vera mismunandi á landinu, annar þingmaður Samfylkingarinnar segir að virðisaukaskatturinn eigi að vera mismunandi á mismunandi stöðum á landinu og þriðji þingmaður Samfylkingarinnar segir að þungaskatturinn eigi að vera mismunandi á mismunandi stöðum á landinu. Þetta veldur því að hv. 6. þm.

Reykn., Guðmundur Árni Stefánsson, kveður sér hljóðs af því að hann heldur að þetta sé Hafnafjarðarbrandari.

Nú er það auðvitað þannig að við erum að tala hér um háalvarlegt mál. (Gripið fram í.) Rólegur, bara rólegur. Við erum að tala hér um háalvarlegt mál, kjör manna á landsbyggðinni. Þá er eftirtektarvert í þeim ræðum sem ég hef heyrt — að vísu verð ég að biðjast afsökunar á því að ég var í öðrum erindagjörðum í dag og gat ekki hlýtt á allar ræðurnar — en m.a. hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni hefur ítrekað komið fram að lífskjör manna hafi versnað úti á landsbyggðinni á síðustu árum. Þetta er auðvitað algjörlega rangt og merkilegt að heyra svona lagað í þingsölum. Hv. þm. veit að hann er að segja ósatt. Hv. þm. veit að lífskjör manna hvarvetna á landinu hafa batnað. Ef við förum aftur í tímann veit hv. þm. líka, svo ég taki sem dæmi nauðsynjavörur eða matvörur af því að sérstaklega hefur verið um þær fjallað hér, að Bónus hefur opnað verslanir víðs vegar um land, a.m.k. á Selfossi, Egilsstöðum, Akureyri og Ísafirði, og verðið í þessum verslunum er hið sama á öllum þessum stöðum, sömuleiðis verð hjá Hagkaupum og ef til vill hjá Samkaupum. Ég bara veit það ekki. Ég hef ekki gert slíka vörukönnun. Eins og þessi tillaga liggur fyrir og eins og málflutningur samfylkingarmanna er á vöruverð að vera miklu hærra alls staðar úti á landi en í Reykjavík. Þetta er vitaskuld rangt. Og það er annað í málflutningi þeirra sem hefur valdið mér miklum vonbrigðum, og það er að þeir skuli ekki ræða t.d. verðlagsmálin á réttum forsendum.

Sterkar keðjur eins og Hagkaup, Baugur, Samkaup og aðrar slíkar, Jón Loftsson — hvað sem það nú heitir í dag — fá magnafslátt hjá stærstu birgjum. Þær fá magnafslátt hjá Mjólkursamsölunni, hjá Coca Cola og öðrum slíkum aðilum vegna þess að Samkeppnisstofnun hefur kveðið upp þann úrskurð að verslunarkeðjur eigi að fá afslátt frá því verði sem er til smásölukaupmanna. Þess vegna er ósköp eðlilegt að verð hjá smásölukaupmönnum sé hærra en hjá Bónus eða Hagkaupum. Ég get tekið eitt lítið dæmi um þetta. Ég hef það hér fyrir framan mig. Fyrir um hálfum mánuði var á Austurlandi hægt að kaupa hálfan lítra af Carlsberg-pilsner á 39 kr. í Bónus með virðisaukaskatti. Í heildsölu kostaði sami pilsner 69 kr. án virðisaukaskatts til smásöluaðila. (**LB:** Þú varst með þetta dæmi í gær.) Ég var ekki með það. Ég var með aðeins rangar tölur (Gripið fram í.) og vil leiðrétta. En í grófum dráttum eru þær réttar. (**Gripið fram í:** Já.) Tveggja lítra flaska af Pepsi er á 99 kr. í Bónus með virðisaukaskatti, í heildsölu 148 kr. án virðisaukaskatts. Svona er um aðrar vörur einnig. Þetta veldur erfiðleikum, t.d. austur í Neskaupstað af því að ég sé hér hv. þm. Einar Má Sigurðarson sem þar er búsettur, við að halda uppi matvöruverslun. Kaupmaðurinn þar á ekki kost á að kaupa vöruna frá heildsala, hjá birgi eins og nú er sagt, á Egilsstöðum við sama verði og stórmarkaðirnir á Egilsstöðum. Það er algjörlega til þess að ganga á svig við kjarna þessa vandamáls að vera bara að blaðra um að þetta sé út af þungaskatti vegna þess að ... (**LB:** Af hverju bregðist þið ekki við? ... Þú ert ekki í stjórnarandstöðu núna.) vegna þess að þungaskattur skýrir ekki þennan mun og þungaskatturinn er sá sami hvort sem vörunni er ekið til Egilsstaða fyrir þennan smásala eða fyrir Bónus nema þannig liggi í málinu að stórverslanirnar fái einnig meiri afslátt á vöruflutningum en smáverslanirnar. Þess vegna vantar þennan þátt inn í. (Gripið fram í.) Það er verulega ástæða fyrir okkur þingmenn til þess að ræða vandamál á matvörumarkaði í dreifbýlinu á réttum forsendum og reyna að gera okkur grein fyrir því hver staðan raunverulega er. En vitaskuld er einn þátturinn í því að jafna þennan mun að bæta vegi, stytta vegalengdir og ég hef m.a. bent á leið til þess milli Reykjavíkur og Akureyrar.

Vegna þess að ég veit að hv. 6. þm. Reykn. ætlar að taka til máls á eftir, hefur a.m.k. kvatt sér hljóðs, langar mig að beina þeirri spurningu til hans sem þingmanns Hafnfirðinga hvort hann telji að Hafnfirðingar eigi að borga hærri tekjuskatt en Vestmannaeyingar, hvort hann telji að virðisaukaskattur eigi að vera hærri hjá Hafnfirðingum en Vestmannaeyingum eða hvort hann telji að tekjuskattur eigi að vera hærri hjá Hafnfirðingum en í Vestmannaeyjum. Þetta eru þær tillögur sem flokksbræður hans eru hér uppi með án þess að þeir þori sérstaklega að útskýra hvernig þeir ætli að standa að þessu. Þetta eru almennar hugmyndir, óljós loforð, fyrirheit, kosningauppsláttur sem æ færri taka mark á því oftar sem heyrist í samfylkingarmönnum þegar þeir ræða þessi mál. (**BH:** Nei ... taka mark á þessu.)

[15:13]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég velti því eilítið fyrir mér undir ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. hvað ókunnugur hefði haldið, hefði hann komið inn í miðja þessa umræðu, um hver hefði stjórnað þessu landi á umliðnum átta eða 12 árum og hver ekki, hvaða aðilar væru í ríkisstjórn og hverjir ekki, hvaða aðilar væru í stjórnarandstöðu og hverjir ekki. Ég hygg að sá sem þekkti ekki bakgrunn mála hefði verið fljótur að álykta sem svo að síðasti ræðumaður hefði lítið komið nærri stjórn mála hér á umliðnum árum, og hefði örugglega brugðið í brún hefði honum verið sagt að þessi hv. þm. hefði verið samgrh. hér í átta ár samfellt, landbrh. í fjögur ár samfellt og einn ötulasti talsmaður þeirrar stjórnarstefnu sem ráðið hefur ríkjum hér á umliðnum 12 árum þegar málefni landsbyggðar eru annars vegar. Ég hugsa að þessum gesti okkar hefði líka brugðið dálítið í brún hefði hann lesið umsögn í þáltill. í fylgiskjali á bls. 9 þar sem Ásgeir Magnússon, forstöðumaður Skrifstofu atvinnulífsins á Akureyri, tekur saman með nokkrum dæmum stöðu mála í heimabyggð hv. þm. Halldórs Blöndals á Akureyri. Þar segir, með leyfi forseta:

„Dæmi af viðbrögðum forsvarsmanna nokkurra fyrirtækja á Norðurlandi sem rætt var við vegna þessa:

1. Iðnfyrirtæki sem flytur inn allt hráefni (þungavöru), en selur sína þjónustu að talsverðu leyti á höfuðborgarsvæðinu. Áætlaður viðbótarkostnaður 8–10 millj. kr. á ári. Þessi kostnaður er heldur hærri en áætlaður hagnaður fyrirtækisins á árinu 2001.

2. Iðnfyrirtæki sem flytur inn allt hráefni, en selur framleiðslu sína að langmestum hluta á höfuðborgarsvæðinu. Viðbótarkostnaður vegna flutninga gæti haft þau áhrif að stór hluti starfsemi fyrirtækisins flyttist til Reykjavíkur."

Þetta voru tvö dæmi af fjórum sem hér er að finna. Segir þetta ekki meira en mörg orð, herra forseti, um ástand mála eftir samfellda 12 ára stjórnarþátttöku þessa hv. þm.?

[15:16]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson skuli víkja að þessu. Ég hafði ekki tíma til að gera það í ræðu minni áðan og fæ þá tækifæri til þess núna.

Menn sem standa fyrir fyrirtækjarekstri á Akureyri, bæði iðnrekendur, menn í sjávarútvegi og aðrir, hafa mjög margir

komið að máli við mig rætt um nauðsyn þess að hrundið verði í framkvæmd þeirri vegagerð sem ég hef vakið athygli á, að fara um Stórasand sunnan við Mælifell til Akureyrar og stytta leiðina um 81 – 82 km, byggja upp sterkan veg fyrir þungaflutninga sem auðvitað mundi lækka flutningskostnað mjög verulega, kannski um 25% ég þori ekki með það að fara. Það eru einmitt ýmsir atvinnurekendur á Akureyri sem telja að það sé eitthvert mesta hagsmunamál atvinnurekstrar Akureyrar nú um stundir að hrinda þessu í framkvæmd.

Auðvitað er rétt hlutfall á milli vegalengdar og kostnaðar í þessu samhengi. Þess vegna var mjög athyglisverð sú spurning sem hv. þm. Kristján Möller vék að mér í gær þegar hann spurði mig úr ræðustól hvort ég teldi að flutningskostnaður yrði minni ef vegalengdin styttist. Þá spurði ég á móti: Heldurðu að flutningskostnaður verði meiri ef vegalengdin er meiri? En auðvitað var það rétt spurning hjá hv. þm. Flutningskostnaðurinn verður minni ef vegalengdin styttist. Það er af þessum sökum sem mjög þýðingarmikið er að stytta leiðina milli Akureyri og Reykjavíkur og bæta með því rekstrarumhverfi og rekstrarskilyrði almenns iðnaðar á Akureyri sem keppir á innlendum markaði. Mér þykir vænt um að hv. þm. skyldi gefa mér tækifæri til að skýra þetta fyrir honum.

[15:18]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú held ég að sá ímyndaði gestur sem ég dró hér upp hefði algerlega tapað sér. Hér talaði væntanlega stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar, hv. 1. þm. Norðurl. e. sem gegnir trúnaðarstörfum á hinu háa Alþingi fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans.

Hann ræddi um það að hann hefði lausnina: Jú, við styttum leiðina milli höfuðborgarinnar og Akureyrar. Við vorum að ræða í gær útspil ríkisstjórnarinnar í samgöngumálum í þessum efnum. Ég vek athygli hv. þm. og annarra hv. þm. á því að þessa var ekki getið einu orði í þeirri samgönguáætlun sem gildir næstu 12 árin. Ég spyr: Er hv. þm. utan gátta þegar kemur að stjórnarstefnu í þessu sambandi? Er hann að berjast á móti straumnum? Er hann kominn í lið með okkur stjórnarandstæðingum þegar leitað er nýrra leiða í þessum efnum? Hvernig víkur því við að hann nýtur ekki stuðnings með þessar gæfulegu og glæsilegu hugmyndir sínar? Af hverju er hann einn á ferð á hálendinu?

[15:19]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Á hinn bóginn til að ljúka við að svara hv. þm., ef við horfum á hagsmuni útflutningsframleiðslunnar eða innflutningsverslunarinnar mun auðvitað sú höfn sem rís við Reyðarfjörð eftir að álver hefur risið þar nýtast mjög vel bæði innflytjendum og útflytjendum. Flutningskostnaður frá Eyjafjarðarsvæðinu til Reyðarfjarðar verður minni en til Reykjavíkur af því að vegalengdin er styttri, eins og ég vona að hv. þm. viti, og einnig er mun skemmra frá Reyðarfirði til Evrópuhafna en frá Reykjavík.

Þetta verða mjög merkileg tímamót. Það verða reglulegar siglingar til annarra landa einu sinni til tvisvar sinnum í viku og þá verður hægt að rjúfa þá einokun sem Reykjavíkurhöfn og Hafnarfjarðarhöfn hafa haft á inn- og útflutningi landsmanna hvað varðar almennt vöruverð.

[15:20]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var eftirtektarvert að hlýða á hvernig helsta bjargræði landsbyggðarinnar nú um stundir er fyrirtækið Bónus sem sjálfstæðismenn hafa á stundum ekki talað svo vel um. En nú er það orðið þeirra helsta bjargræði í þessum efnum.

Ég lýsti því yfir, virðulegi forseti, að það væri dálítið erfitt að vera í andsvari við hv. þm. Hann talar yfirleitt út og suður og ekki er nokkur leið að henda reiður á því á hvaða vegferð hann er. En ég vildi aðeins leiðrétta hann vegna þeirrar ræðu sem ég flutti. Ég sagði að lífskjör á landsbyggðinni hefðu versnað borið saman við höfuðborgarsvæðið og ítrekaði það margoft, þannig að það liggi fyrir í umræðunni.

Ég ætla þá aðeins að nefna eitt við hv. þm., þótt ég reikni ekki með því að ég fái nokkra umræðu um það. Það er að hækkun tryggingagjalds og eignarskatta leiddi til skattahækkunar á fyrirtækjum á landsbyggðinni þrátt fyrir að tekjuskattur á fyrirtækjum væri lækkaður úr 30% í 18%. Þetta hefur verið lagt fram og staðfest í þingskjölum sem, ef ég man rétt, hæstv. fjmrn. lagði fram, bara til að halda því til haga í þessari umræðu.

Virðulegi forseti. Svo er það orðið dálítið sérstætt að það er nákvæmlega sama hvaða málefni er vakið hér til umræðu á hinu háa Alþingi, það virðist ekki breyta neinu hvert málið er, þegar hv. þm. Sjálfstfl. koma hér upp og fjalla um þau þá eru þau orðin kosningauppsláttur. Meira að segja hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem hefur talað fyrir munn þeirra sem minna mega sín frá árinu 1978 þurfti að þola það í andsvari við hæstv. forsrh. að umræða hennar væri kosningauppsláttur.

Menn verða nú aðeins að gæta að sér þegar þeir eru í þeirri stöðu að geta ekki fært nokkur rök fyrir máli sínu.

[15:22]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nú ekki í fyrsta skipti sem þingmenn Samfylkingarinnar reyna að fela sig í pilsfaldi hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Kannski má segja að hennar þingsaga sé slík borið saman við þingsögu sumra annarra þingmanna Samfylkingarinnar að það sé eðlilegt að þeir reyni að fela sig í þeim pilsfaldi. Má vera að hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni fari það betur en að reyna að standa einn.

Það hefur verið mjög fróðlegt að heyra það sem hv. þm. hefur sagt þegar hann hefur komið hér upp, sérstaklega vegna þess að efnislega hefur hann hvergi reynt að skýra fyrir mönnum hvað felist í þeirri tillögu sem hann er flutningsmaður að. Skýringin er áreiðanlega sú að hann finnur og veit að hann á engan hljómgrunn innan Samfylkingarinnar þegar hann talar um að hann vilji hafa misháan tekjuskatt í landinu. Þegar hv. þm. sagði það áðan sagði hann það í fullvissu þess að Samfylkingin mundi aldrei fallast á þessar hugrenningar hans. Af þeim sökum er veruleg ástæða til að draga í efa að nokkur alvara hafi fylgt þessum orðum.

Ég efast stórlega um að þessi hv. þm. hafi í raun og veru í alvöru í eitt einasta skipti látið sér detta í hug að hann vildi að skattlagning í landinu væri mismunandi eftir landsvæðum. Þegar hann er spurður nánar út í þær hugmyndir hér fer hann úr einu í annað, er með þennan skemmtilega söng sinn sem ég veiti nú ekki hvort á að kalla grallarasöng. Mér finnst hv. þm. ekki nógu grallaralegur til þess að hægt sé að segja það, herra forseti, og biðst afsökunar á þessu orðbragði.

En það er nú svona, að mönnum dettur ýmislegt í hug þegar þeir eru að reyna að velta því fyrir sér hvort nokkur leið sé til að toga manninn hingað upp til að hann geti skýrt skoðanir sínar.

[15:24]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er breytti svo sem litlu í þessari umræðu þótt hv. þm. kæmi hvergi nálægt þeim fyrirspurnum sem að honum er beint frekar en venjulega og fjallaði á sinn hátt um málefni líðandi stundar, hugmyndir og hugrenningar sem hann hefur.

Það var líka fróðlegt að hlýða á það í ræðu hans áðan að hann var að fjalla um ríkjandi ástand. Hann var að fjalla um það ástand sem hér ríkti í verslun og viðskiptum á landsbyggðinni og fjallaði m.a. um pilsnerdæmið sem hann virðist fastur í og kemur hér daglega upp í umræðum um landsbyggðarmál. Og eins og venjulega, þegar um allt þrýtur og sjálfstæðismenn geta ekki fært rök að máli sínu er fundinn blóraböggull. Hann er ekki ríkisstjórnin og ekki meiri hlutinn hér á Alþingi. Nei, það er lítil stofnun inn á Rauðarárstíg, það er Samkeppnisstofnun (Forseti hringir.) sem hér hefur gert það að verkum (Forseti hringir.) að lífskjör á landsbyggðinni hafa versnað (Forseti hringir.) borið saman við lífskjör á höfuðborgarsvæðinu. (Forseti hringir.) Þetta er nú allt og sumt, virðulegi forseti, sem þessi hv. þm. hafði inn í umræðuna leggja. (Forseti hringir.) Ég hef fengið merki frá forseta.

(**Forseti** (ÁSJ): Ég vil biðja hv. þingmenn að virða tímamörk.)

[15:26]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta síðasta atvik hér í þingsalnum gefur mér kærkomið tækifæri til að vekja athygli sjónvarpsáhorfenda og annarra sem ekki þekkja starfshætti hér á Alþingi á því að þingmenn hafa stundum ræðutíma af skornum skammti, stundum ekki nema eina mínútu og stundum ekki nema tvær. Það er þess vegna mjög áríðandi að hægt sé að halda reglu á fundunum, mjög áríðandi að menn (Gripið fram í) haldi sig innan tímamarka og mjög áríðandi (Gripið fram í.) að hv. þingmenn hjálpi hæstv. forseta, hver sem hann er, (Gripið fram í.) við að almenn regla haldist hér.

En varðandi andsvar hv. þm. vil ég segja að ég hef reynt að svara þeim fyrirspurnum sem til mín hafa komið. Það er rangt hjá hv. þm. að (Gripið fram í.) skattar hafi þyngst á landsbyggðinni umfram það sem er hér á höfuðborgarsvæðinu.

[15:27]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að taka upp þráðinn þar sem hv. 1. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal, hætti, um skattastefnu núv. ríkisstjórnar á fyrirtæki á landsbyggðinni. Förum aðeins yfir það.

Skattkerfisbreytingar gagnvart atvinnurekstri: Lækkun tekjuskatts úr 30% í 18%, lækkun á eignarsköttum, á móti kemur hækkun á tryggingargjaldi. Hvaða áhrif hafði þessi skattkerfisbreyting, sem hv. þm. Halldór Blöndal tók þátt í að styðja, á atvinnurekstur á landsbyggðinni? Atvinnurekstur á landsbyggðinni hagnast ekkert á þessari skattkerfisbreytingu, hv. þm. Halldór Blöndal. Eigum við að fara aðeins yfir í Norðurlandskjördæmi eystra? Þar mun þetta leiða til þess að fyrirtæki í Norðurlandskjördæmi eystra munu borga hærri skatta eftir þessa skattkerfisbreytingu hæstv. ríkisstjórnar sem hv. þm. Halldór Blöndal studdi en þau gerðu áður. Þetta eru borðleggjandi staðreyndir í gögnum sem komið hafa frá ríkisskattstjóra.

Hæstv. ríkisstjórn sem hv. þm. Halldór Blöndal hefur stutt hefur verið iðin við að leggja landsbyggðarskatta á atvinnufyrirtæki og almenning í landinu. Það er sorglegt að þingmaður af landsbyggðinni, eins og hv. þm., skuli taka þátt í þessum gjörningi gegn landsbyggðinni.

Eigum við að rifja upp fleiri skatta? Eigum við að rifja upp flugmiðaskattinn sem átti að setja á sem okkur þingmönnum Samfylkingarinnar tókst að reka ríkisstjórnina til baka með? Eigum við að fara aðeins yfir það hvernig þungaskatturinn hefur hækkað? Mér gefst ekki tími til þess núna. Ég skal gera það á eftir vegna þess að við höfum gögn um það frá því að hv. þm. var samgrh. Eigum við að fara aðeins yfir þessi gögn? Það er sama hvar er farið, herra forseti, hæstv. ríkisstjórn hefur verið duglegust við að lækka skatta á stórfyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu en hefur íþyngt fyrirtækjum á landsbyggðinni. Í okkar kjördæmi, í Norðurlandskjördæmi eystra, kemur þetta þannig út að atvinnurekstur þar mun borga hærri skatt en áður.

[15:29]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fer eftir eðli fyrirtækja hvernig skattur leggst á þau og er ekki hægt að gefa almenna reglu um að eignarskattur eða einhver önnur tegund af skatti leggist þyngra á á einum stað á landinu en öðrum. Það fer eftir eðli þeirra fyrirtækja sem þar eru. En hitt veit hv. þm. mjög vel að auðlindaskatturinn sem Samfylkingin telur raunar of lágan er þyngsti skattur sem lagður hefur verið á landsbyggðina.

Þegar ég var á förum um daginn og hitti einn ágætan útgerðarmann úti á landi þá vakti hann athygli mína á því að auðlindaskatturinn hefði étið upp það hagræði sem fyrirtæki í sjávarútvegi hefðu haft af skattalækkunum ríkisstjórnarinnar sem höfðu nýst landsbyggðinni mjög vel. Ég skil ekki hvernig hv. þm. getur komist að þeirri niðurstöðu að þessi ríkisstjórn hafi þyngt þessa skatta án þess að nefna auðlindaskattinn. En þá komum við að því að Samfylkingin telur að sá skattur sé allt of lágur. Ég tel hann vera of háan. Samfylkingin telur að sá skattur sé allt of lágur.

Ég hygg að hv. þingmaður viti að sá skattur mun bitna mjög harkalega á byggðum Eyjafjarðar. Ef við eigum að halda áfram getum við rifjað upp að hv. þm. hefur á sérstakri stefnuskrá sinni að gera upptæk 10% af aflaheimildum hvers einasta útgerðarfyrirtækis á landinu á hverju ári. Hann vill fækka togurum við Eyjafjörð um tvo á ári eða þrjá. Ef þessi hv. þm. telur sig einhvern sérstakan þingmann Eyfirðinga, ef hann telur sig sérstakan þingmann Austfirðinga með þessa stefnu, þá er hann haldinn miklum misskilningi. En ég hygg að hv. þm. ætti að tala um hvernig hann ætlar að svæðaskipta landinu varðandi tekjuskatt, varðandi þungaskatt og virðisaukaskatt. Aðrir þingmenn Samfylkingarinnar hafa ekki orðið til þess.

[15:31]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við skulum halda því til haga að það er hæstv. ríkisstjórn sem hefur komið á auðlindaskatti í landinu, hv. þm. Halldór Blöndal greiddi því atkvæði, sá sem hér stendur sat hjá.

Það er eðlilegt að hv. þingmaður vilji ekki ræða um skattastefnu ríkisstjórnarinnar og þær skattkerfisbreytingar sem áttu öllu að bjarga í atvinnulífi og gerðar voru árið 2001, að mig minnir. Það er eðlilegt að hann vilji ekki ræða þær.

Eins og ég sagði áðan kemur þetta þannig út að fyrirtæki á landsbyggðinni, að meðaltali að sjálfsögðu, munu tapa á þessari skattkerfisbreytingu. Stóru fyrirtækin í Reykjavík

munu græða á henni en fyrirtæki almenns eðlis á landsbyggðinni munu að meðaltali tapa. Þetta er grundvallaratriði og þetta er það sem hv. þm. hefur stuðlað að með samþykkt sinni.

Hitt atriðið er að frá árinu 1998–2000, við þær breytingar sem gerðar voru á þungaskatti, er kristaltært á pappírum frá flutningafyrirtækjum og öðrum að þungaskattur hefur hækkað um 40% hjá þeim sem keyra á lengstu leiðum.

[15:33]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki þessa töflu fyrir framan mig sem hv. þm. vitnar í en ég ætla að minna hann á annað. Ástæðan fyrir hinni sérstöku hækkun á þungaskatti var sú að Samkeppnisstofnun taldi að það samræmdist ekki reglunum á hinu Evrópska efnahagssvæði að hafa mismunandi þungaskatt eins og hann var lagður upp. Hann var raunar ekki lagður upp út frá því hvar bíll væri skráður, sem er misskilningur hjá hv. þingmanni.

Á hinn bóginn hygg ég að hv. þingmaður hljóti að verða að svara því, þó að hann treysti sér ekki til þess hér, og er sjálfsagt að koma að því síðar, ef hægt er, í þessari umræðu eða annarri: Hvað hugsar hann sér þegar hann talar um þungaskatt og segir að hann eigi að vera mismunandi hár á mismunandi stöðum? Því vill hv. þm. ekki svara þessu skýrt? Af hverju vill hann ekki sýna fólki að hann meinar það sem hann segir? Af hverju hagar hann sér svona?

[15:34]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það hefur um margt verið athyglisvert að fylgjast með þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað, og síðustu sviptingar hafa orðið til þess að ýmsir mér þingreyndari menn hafa bent mér á að hv. þm. Halldór Blöndal hafi minnt mjög á þá tíð þegar hann var hér í stjórnarandstöðu, sem er orðið nokkuð langt um liðið. Og það er augljóst mál að hv. þm. tekur mjög alvarlega ýmsar vísbendingar í samfélaginu um að það gæti styst í að hv. þingmenn Sjálfstfl. verði í stjórnarandstöðu og hv. þingmanni þyki rétt að taka hér nokkrar æfingar þannig að hann verði undir þann tíma búinn. Það er ekki sérkennilegt vegna þess að auðvitað þarf svolitla aðlögun að því að breyta úr þeim gír að vera í stjórnarliði og vera síðan í stjórnarandstöðu.

En ég held að nauðsynlegt sé, herra forseti, að rifja það upp fyrir nokkrum hv. þm. Sjálfstfl. sem tekið hafa þátt í umræðunni að kosningarnar eru ekki fyrr en 10. maí. Menn þurfa ekki að fara strax í stjórnarandstöðugírinn eins og þeir hafa verið að gera hér í dag.

Nálgun manna í þessu máli er mjög sérkennileg. Ég hélt að það væri sameiginlegt áhugamál okkar allra, þingmanna landsbyggðarinnar, að reyna að vinna í því að jafna aðstöðu íbúa landsins. Þess vegna skil ég ekki allt þetta upphlaup sem hér hefur orðið, nema sú skýring sé að hv. þingmenn telji að þeir séu í raun og veru að ræða við ríkisstjórnarflokk þar sem Samfylkingin er og þeir séu sjálfir komnir í stjórnarandstöðu. Það er eina skýringin á þessu mikla upphlaupi sem hér hefur átt sér stað.

Herra forseti. Við ræðum hér afar meinlausa en um leið býsna mikilvæga þáltill. Þetta er tillaga um að reynt verði að fara leið sem geti orðið sem mest sátt um. Það er auðvitað alveg augljóst mál að við náum ekki árangri í þessu mikilvæga máli öðruvísi en að við náum víðtækri sátt um þá leið sem við viljum fara. Og hér er verið að nefna þann þátt að skoðuð verði sérstaklega og metin áhrif þungaskatts á vöruverð og á rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni.

Ég taldi það bara sjálfsagt að ekki skipti máli hvar við landsbyggðarþingmenn værum í flokki, að við ættum að geta sameinast um þetta, að setja niður nefnd til að fara yfir málið til að við gætum náð sem mestri samstöðu.

Síðan er sagt í lokin:

„Nefndin kanni sérstaklega hvernig breyta megi skattkerfinu til að ná þessu marki.“

Þessi setning er ekki þarna inni fyrir einhverja tilviljun. Hún er auðvitað til þess að hægt sé að skoða allt þetta kerfi og reyna að fá sem mesta samstöðu um leið til að ná markmiðinu. Og markmiðið er aðalmálið, að við viljum reyna að jafna aðstöðu í landinu.

Það liggur algjörlega ljóst fyrir að íbúar landsbyggðarinnar borga hærri skatt, borga hærri virðisaukaskatt í matvöruverði — það blasir við þar sem matvöruverðið er hærra og ýmis önnur þjónustugjöld eru hærri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna er spurningin um hvaða leið sé vænlegust til að jafna þetta. Menn geta haft mismunandi skoðanir á því en menn ættu a.m.k. að vera sammála um markmiðið, að reyna að jafna þetta og reyna að fara leið skattkerfisins. Ef hv. þm. hafa aðrar færar leiðir er eðlilegt að þeir komi þeim á framfæri og útskýri hvaða aðrar leiðir séu vænlegri.

Ég skil mætavel að hv. þm. Sjálfstfl. séu nokkuð vanstilltir yfir umræðunni, sérstaklega í ljósi þess að nýlega kom út skýrsla frá samgrn., frá nefnd sem fór sérstaklega yfir flutningskostnað. Og, herra forseti, því miður, þrátt fyrir töluvert langa fæðingu þeirrar skýrslu eru ekki skýrar og klárar tillögur um hvaða leiðir eru bestar. Að vísu er bent á að ýmsir leiðir séu verri en aðrar en skoða þurfi síðan nánar aðrar tillögur. Ég hélt að þessi nefnd hefði haft tíma til að skoða þær nánar. En því miður virðist það ekki hafa verið gert.

Ekki er síður athyglisverð í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað sú stöðulýsing sem nefndin gerir á þessum vanda. Í stuttu máli má segja að þessi niðurstaða staðfesti nákvæmlega það sem kemur m.a. fram í greinargerð og fylgigögnum tillögu okkar. Þar er það bara staðfest. Þeir hefðu í raun og veru getað byrjað á því að velta fyrir sér tillögunum vegna þess að þær upplýsingar lágu fyrir.

Það er engar nýjar upplýsingar að sjá í þessari skýrslu sem ekki voru klárar fyrir.

Dæmi úr skýrslunni, með leyfi forseta:

„Samþjöppun aðila í landflutningum og þátttaka skipafélaga gerir það að verkum að tveir flutningsaðilar eru með nær alla landflutninga á Íslandi — fákeppni er því ráðandi á þessum flutningum. Samfara þessu hafa gjaldskrár flutningsaðila hækkað verulega umfram þróun neysluvöruvísitölu.“

Það þurfti ekki á annað ár til að komast að þessu.

Fleiri tilvitnanir, með leyfi forseta:

„Flutningskostnaður ræður oft miklu um afkomu fyrirtækjanna og getur haft úrslitaáhrif á staðarval þeirra. Flutningar og fjarlægðir eru því eðlilega íþyngjandi þáttur í rekstri á landsbyggðinni.“

Það þurfti ekki 15 mánuði til að komast að þessu.

Áfram, með leyfi forseta:

„Almennt voru viðmælendur sammála um að greiddur flutningskostnaður færi enn vaxandi og hann hefði hækkað umfram almenna verðlagsþróun að undanförnu.“

Það þurfti heldur ekki 15 mánuði til að komast að þessu.

Síðan kemur kafli í skýrslunni um það hvað eigi að gera. Þar er m.a. bent á að víða um heim hafi menn farið ýmsar leiðir til jöfnunar með misjöfnum árangri. Jafnvel hafa komið athugasemdir frá Eftirlitsstofnun EFTA við t.d. norska kerfið, um að það samræmdist ekki reglum um Evrópska efnahagssvæðið. En þarna hafa menn þó verið að gera tilraunir til þess að ná markmiðinu, menn telja eðlilegt að beita þessum aðferðum til að jafna aðstæðurnar.

Ég sé, herra forseti, að tíminn verður hér áfram og ég hef því ekki tíma til að fara nánar yfir skýrsluna en ég geri það hugsanlega í seinni ræðu minni.

En vegna þess að ýmsir hv. þm. Sjálfstfl. hafa nokkuð verið að velta fyrir sér hver stefna Samfylkingarinnar í þessum málum væri, og oft og tíðum farið þá nokkuð vítt um byggðamálin, vil ég bara til glöggvunar og þeim til skemmtunar, upplýsingar og fræðslu lesa nokkra örstutta valda kafla úr samþykkt okkar frá síðasta landsfundi þar sem að sjálfsögðu er fjallað sérstaklega um byggðamál.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Landsfundur Samfylkingarinnar, haldinn 16.–18. nóvember 2001, lýsir því yfir að afleiðingar byggðaþróunar síðustu ára er eitt brýnasta úrlausnarefni íslenskra stjórnmála. Of lengi hafa úrræði stjórnvalda einkennst af samþykktum án aðgerða og nú er svo komið að þessi þjóðarvandi kallar í senn á aðgerðir sem verða að koma strax til framkvæmda, auk vandaðrar langtímastefnumótunar.

Ný byggðaáætlun á að vera ítarleg framkvæmdaáætlun með skýr markmið og eftirfylgni. Vegna mikilla breytinga á atvinnuháttum er mikilvægt að stjórnvöld móti og fylgi skilvirkri stefnu um hvernig bregðast skuli við á ákveðnum svæðum. Því þarf að veita uppbyggingastyrki, líkt og í Noregi og í löndum Evrópusambandsins. Búsetu í landinu ber ætíð að styrkja með áherslu á jöfnuð og jafnrétti."

En, herra forseti, ég verð að stikla á stóru vegna þeirra tímamarka sem hér eru í ræðuhöldum. Vegna þess að sérstaklega var spurt um þungaskattinn vil ég lesa hér eina mjög skýra setningu. Hún er svona, með leyfi forseta:

„Dregið verði úr áhrifum staðsetningar á verðlag, til dæmis með breytingum á þungaskatti."

Þarna er augljós viljayfirlýsing um að við viljum skoða sérstaklega þungaskattinn eins og við erum að gera með tillöguflutningnum hér. Það er algjört samhengi í því sem samþykkt var á landsfundi okkar og þeim tillöguflutningi sem hér er til umræðu.

[15:42]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson segir að umrædd skýrsla sé bara skilgreining á vandanum.

Málið er að við eigum öll mjög auðvelt með að skilgreina vandann. Þess vegna eru það svo mikil vonbrigði að þegar hv. þm. Samfylkingarinnar koma fram með þetta mál skuli það ekki vera útfært. Og meira að segja í stefnuskrá flokksins er talað um að taka eigi þennan þátt út úr, þ.e. þungaskattinn. Hvers vegna í ósköpunum er þá ekki sett fram tillaga eins og menn hafa kallað eftir hér? Útfærð tillaga gæti gefið tilefni til þess að menn styddu hana eða væru á móti henni.

En því er alls ekki að fagna. Hér er um almennt snakk að ræða og það er það sem veldur mestu vonbrigðunum. Í tillögunni, t.d. um svæðaskiptingu landsins, er ekkert sett fram. Þess vegna er svo erfitt að ræða þessi mál. Við getum öll talað okkur heit í byggðamálum og farið á póst eftir póst og talað um það hvernig við ætlum að breyta málum þar til þess að laga. En í hinum pólitísku áherslum kemur vandinn fram. Þar verða menn ósammála.

Ég vil því spyrja hv. þingmann hvers vegna ekki sé sett fram heildstæð áætlun í smáatriðum af flokksins hálfu þegar þetta er svona langt rekið og jafnvel komið fram hér í þingmáli sem er stutt af allmörgum þingmönnum Samfylkingarinnar.

Af því að það er ekki gert virkar þetta ótrúverðugt og verður, eins og allar skýrslur sem komið hafa fram, einungis skilgreining á vanda, almennar bollaleggingar og hugmyndir um hvernig væri hægt að gera þetta. Ég lít þannig á málið.

[15:44]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði í ræðu minni áðan að þessi leið hefði verið valin af þeirri einföldu ástæðu að við vildum reyna að ná sem allra mestri sátt um þá leið sem þyrfti að fara. Markmiðin eru skýr og við viljum skoða sérstaklega þungaskattinn, þessi tillaga gengur út á það, og að skattamálin verði skoðuð sérstaklega til að ná þeim markmiðum að jafna aðstöðu í landinu.

Ég hélt að hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson væri sammála okkur um þetta en nú virðist hann finna eitthvað að aðferðafræðinni. Hann vill fá í tillögum okkar nákvæmar útlistanir á hverju einasta smáatriði, að því er mér heyrðist.

Við höfum valið þessa leið, ekki bara í þessu máli heldur ýmsum öðrum, af þeirri einföldu ástæðu að við teljum að tillöguflutningur á Alþingi eigi ekki eingöngu að vera flokkspólitískur, áróðursplagg fyrir flokkinn, heldur teljum við mun nauðsynlegra að ná árangri, ná þeim markmiðum sem við setjum okkur. Við erum alveg klár á því að við náum þessu því miður ekki fram nema það verði mjög víðtæk pólitísk samstaða um málið. Þess vegna veljum við þá leið að setja niður nefnd sem á að fara yfir ákveðna hluti og skila af sér fyrir ákveðinn tíma til að freista þess að við getum náð samstöðu um svo mikilvægt mál sem þetta. Þetta mál er miklu mikilvægara en svo að við ætlum okkur að setja bara okkar merkimiða á og segja: Það vill enginn gera neitt í þessu nema við. Við treystum á samstöðuna þó að af umræðunni í dag megi draga aðrar ályktanir. En við höfðum trú á því fram að þessu að það væri víðtæk samstaða um það, a.m.k. meðal landsbyggðarþingmanna, að þetta væri eitt af þeim málum sem *við þyrftum að ná saman um og við ættum* ekki fyrir fram að gefa okkur nákvæma niðurstöðu í því, að það væri aðeins ein leið sem hægt væri að fara. Ég er alveg klár á því að þetta getur verið flókið að ýmsu leyti, eins og dæmi frá Noregi sem ég nefndi áðan í ræðu minn bendir til. Það hafa komið fram athugasemdir um að þeir séu einnig með aðra útfærslu.

[15:47]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil enn árétta að ég er óánægður með að ekki skuli koma fram heildstæðari tillögur. Eins og hv. þm. Einar Már Sigurðarson veit eru þessar hugmyndir um mismunandi þungaskatt og afslátt af honum ekkert nýjar af nálinni. Við höfum sjálfsagt báðir verið á fundum þar sem við höfum séð og skýrðar hafa verið út fyrir okkur a.m.k. 2–3 hugmyndir sem ég man eftir, algerlega útfærðar og heildstæðar. Það er t.d. hugmynd sem hefur verið útfærð af Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar sem menn geta annaðhvort sagt að þeir séu með eða á móti. Þess vegna væri ekkert

óeðlilegt þegar menn flytja þingmál af þessu tagi að þeir settu inn í umræðuna að þeir aðhylltust t.d. þær hugmyndir sem Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar setti fram, hugmyndir sem ég hef kynnt mér mjög vel og finnst allrar athygli verðar.

Ég er ekki að tala um þetta á þeim grunni að ég sé á móti því að beita þessari aðferð, alls ekki. Ég er að lýsa óánægju minni með að inn í þennan þátt umræðunnar um vanda landsbyggðarinnar, þ.e. háan þungaskatt sem kemur fram í verðlagi, skuli samfylkingarmenn ekki treysta sér til að fara og tileinka sér og tala fyrir hugmyndum sem eru á borðinu. Það eru til útfærðar hugmyndir og ég er viss um að hv. þm. Einar Már Sigurðarson hefur verið á fundum, jafnvel með mér, þar sem þessar tillögur hafa verið reifaðar og útfærðar þannig að hægt væri að setja þær fram sem pólitískt markmið og tala fyrir þeim. Ekkert mál.

Þannig er þessi staða og það er einungis þetta sem ég er að tala um, ef menn vilja taka á þessum málum eftir þessum formúlum eiga þeir bara að ganga þvert.

[15:49]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. heldur sig í raun og veru enn við sama málflutninginn og þrástagast á sömu hlutunum. Ég hélt að bæði í ræðu minni og fyrra andsvari mínu hefði ég svarað hv. þingmanni.

Ég held að ég muni það eins og hann að við höfum verið saman á fundi þar sem þessar tillögur voru útfærðar. Það er margt til í því að það sé hægt að tala fyrir þeim, leggja þær fyrir og mæla fyrir þeim. Ekkert mál, sagði hv. þm. Ég undra mig á því að hann skuli ekki hafa sett þær í búning, lagt þær hér fyrir og mælt fyrir þeim ef það er ekkert mál.

En ég endurtek, herra forseti, enn einu sinni að við teljum að það þurfi að fara vandlega yfir þetta mál þó að við, eins og ég benti á áðan með lestri úr landsfundarsamþykkt okkar — þar höfum við gert samþykkt um málið og teljum að þungaskatturinn sé eitt af því sem eigi að skoða í þessu sambandi — við viljum reyna að ná um þetta pólitískri samstöðu af þeirri einföldu ástæðu, svo að ég endurtaki það enn einu sinni, að þetta mál er það mikilvægt í okkar huga að við ætlum ekki að eigna okkur það ein. Við teljum þurfa pólitíska samstöðu til þess að tryggja jafnrétti landsmanna hvað þetta varðar.

Þess vegna get ég endurtekið, eins og ég sagði áðan, að þrátt fyrir að við höfum bent á þungaskattinn ætlum við ekki að útloka aðrar leiðir fyrir fram ef hv. þm. hafa aðrar leiðir til þess að ná sama markmiði. Skárra væri það. Meginhersla okkar er á að ná þessu markmiði fram en ekki endilega fyrir fram að segja: Þetta er hin eina rétta leið. Aðrar leiðir er ekki hægt að fara. Ég vona að hv. þingmaður hafi áttað sig á þessu markmiði.

[15:51]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson sagði áðan, og vitnaði til samþykktar Samfylkingarinnar, að það væri mat þess flokks að eitt brýnasta úrlausnarefni okkar tíma í stjórnmálum væri byggðamálin. Þetta gerðist eftir að hv. þm. Samfylkingarinnar höfðu verið bryndir mjög á því hver stefna flokksins í byggðamálum væri. Þá kom niðurstaðan, þ.e. þessi: Afar óljós skrif um byggðamál sem hv. þm. las hér upp í því skyni að reyna að sannfæra okkur um að stefna flokksins í þeim málum sem við erum hér að reyna að fjalla um, m.a. flutningsmálin, væri skýr. Þó liggur fyrir að þar var alls ekki talað um neitt með skýrum rómi, öðru nær. Það væri enginn vandi fyrir þennan flokk að toga þetta út og suður og reyna að komast að mismunandi niðurstöðu. Það er alveg augljóst mál að stefna flokksins í þessum málum er mjög óskýr. Það getur vel verið að hv. þingmaður reyni að skýla sér á bak við að hér sé einhver tilraun til þjóðarsáttar um þessi mál og þess vegna leggi flokkurinn fram þessa þáltill.

En það verður bara að segjast eins og er að þessi tillaga er auðvitað ekki stefnumótandi með einum eða neinum hætti. Hér er verið að leggja til — hvað? Í fyrsta lagi að skipa nefnd. Og hvað á nefndin að gera? Hún á að gera nokkurn veginn það sama og þessi hérna, nefndin um flutningskostnað. Þegar við lesum tillögugreinina sjálfa, það er auðvitað tillögugrein sem máli skiptir, segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að kanna þróun vöruverðs og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni“ — o.s.frv.

Hér segir í þessu plaggi, með leyfi virðulegs forseta:

„Ríkisstjórnin fjalladi um flutningskostnað á fundi haustið 2001 og í framhaldi af því ákvað samgönguráðherra að skipa starfshóp“ — að vísu starfshóp en ekki nefnd — „er skyldi fjalla um almennan flutningskostnað, miðað við þarfir atvinnulífsins.“ — Nokkurn veginn sama verkefnið.

Hv. þm. gerði mjög lítið úr niðurstöðum þessarar skýrslu. Það má örugglega ýmislegt að henni finna en þar er þó a.m.k. leitast við að draga saman upplýsingarnar og í öðru lagi að koma fram með ábendingar um hvað hægt væri að gera, hvaða leiðir væru færar til þess að reyna að jafna flutningskostnaðinn. Það er það sem ríkisstjórnin hefur gert. Hún hefur falið fólki að fara í að útfæra þetta nokkru frekar og það er auðvitað mjög virðingarvert og þýðingarmikið.

Ég er alveg sammála því sem stundum hefur verið sagt. Við erum auðvitað búin að fá yfir okkur þvílíka dembu af skýrslum að það hálfa væri oft og tíðum nóg. Þess vegna held ég, satt að segja, virðulegi forseti, að enn ein nefndin ofan á allar hinar frá Samfylkingunni um þetta mál mundi voðalega lítið gagn gera.

Það sem þessi skýrsla aftur á móti dregur fram er að ýmislegt af því sem sagt hefur verið um flutningskostnaðarmál er ekki rétt. Menn hafa t.d. látið í veðri vaka að þungaskatturinn og hækkun hans skýri að öllu leyti þá hækkun sem orðið hefur á flutningskostnaði í landinu. Það er ekki rétt. Þessi skýrsla sýnir fram á það. Þar eru aðrir þættir á ferðinni, aðrir orsakaþættir sem við verðum að líta á þegar við veltum þessu fyrir okkur. Það sem er auðvitað mikilvægt um þessa skýrslu að segja er að hún hefur a.m.k. ýtt burtu enn einni goðsögninni um þessi mál. Menn verða þá a.m.k. að reyna að tala út frá einhverjum staðreyndum en ekki upphrópunum um þetta mál.

Eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. minnti okkur á var gerð breyting, illu heilli, á þungaskattskerfinu. Við vorum neydd til þess vegna þess að það var álit úrskurðaraðila að við mættum ekki hafa það fyrirkomulag sem áður hafði verið, þar sem gefinn var afsláttur ef bílar voru búnir að keyra yfir 90 þús. km eða þar um bil. Þessi breyting var mjög vond fyrir landsbyggðina en hún var eitthvað sem við réðum ekki við vegna þess að okkur var sagt að þetta samrýmdist ekki Evrópureglum. Það voru gerðar tvær atrennur í þinginu, að ég hygg af þingmönnum allra flokka, til að reyna að bregðast við þessu og útfæra með öðrum hætti þannig að við gætum búið við þetta. Það reyndist ekki mögulegt. Við vorum gerð afturreka með málið og urðum því miður að setja upp það

kerfi sem nú er í gildi þar sem ekki er um að ræða þennan afslátt sem gagnaðist landsbyggðinni svo mikið.

Virðulegi forseti. Menn hafa talað utan af því hvort það ætti að beita jöfnunaraðgerðum í gegnum skattkerfið. Ég hef alveg viljað skoða þá hugmynd og hef gert áður. Ég hef hins vegar skynjað að gegn þessari hugmynd er mikil andstaða. Um hana komu m.a. fram efasemdir frá einum hv. þm. Samfylkingarinnar áðan. Ég hygg að þessi andstaða sé víða úti um þjóðfélagið vegna þess einfaldlega að menn telja að þetta verði til að eyðileggja skattkerfi okkar, ýta undir mismunun og misnotkun.

Virðulegi forseti. Ég hef þess vegna litið svo á að þessi leið sé illfær, ekki vegna þess að ég vilji ekki skoða hana heldur vegna þess einfaldlega að það er mikil andstaða við hana. Það eru margir sem telja að hún mundi gera illt verra. Þess vegna hef ég viljað, virðulegi forseti, líta á þetta öðrum augum. Ég hef sagt: Markmiðið með slíkum hugmyndum um skattalegar ívilnanir hefur eingöngu verið að bæta lífskjörin á landsbyggðinni. Út á það gengur þessi umræða. Þess vegna er miklu skynsamlegra og eðlilegra að nýta þær leiðir sem við þekkjum og erum orðin kunnug, þ.e. að beita beinum *jöfnunaraðgerðum, alveg eins og við höfum verið að gera* með góðum árangri, bæði varðandi húshitunarkostnaðinn og námskostnaðinn. Ég hef talið eðlilegt að við færum í að útfæra hugmyndir úr nefnd sem ég og hv. 1. flm. þessa plaggs sátum í. Það var góð nefnd og lagði m.a. það til að við mundum útfæra endurgreiðslukerfið varðandi námslánin þannig að það væri ívilnandi fyrir fólk sem byggi á landsbyggðinni. Líka gegn þessari hugmynd risu menn öndverðir, m.a. í námsmannahreyfingunni, m.a. í flokkum hv. flm. þessa plaggs. Það er auðvitað ekki hlaupið að því. Það er þó allténd komið það lengra að þetta er orðinn hluti af byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar sem samþykkt var hér á Alþingi þó að það hafi ekki verið gert með mínu atkvæði í sjálfu sér.

Virðulegi forseti. Mig langaði aðeins að vekja athygli á þessu. En af því að tíminn líður hratt og maður verður að stikla mjög á stóru í þessari umræðu vil ég segja, af því að ég kom því ekki að í umræðu um þessi mál í gær þegar ég bar fram fyrirspurn varðandi flutningskostnaðinn til að varpa ljósi á það þýðingarmikla mál, að það sem kemur fram í þessari skýrslu er að m.a. vegna fákeppni hefur flutningskostnaður hækkað meira en sem svarar þróun vísitölu *neysluverðs. Þetta er auðvitað alvarleg ábending sem liggur* fyrir. Verðum við þá ekki að reyna að bregðast við þessu með einhverjum hætti? Verðum við þá ekki að gera einhverjar ráðstafanir sem gera það að verkum að við náum að stuðla að meiri samkeppni? Það er auðvitað samkeppni á mörgum sviðum flutningsmála. Við vitum að flutningsfyrirtækin eru ekkert ofhaldin. Öðru nær. Það þekkjum við alveg, m.a. af einyrkjunum sem eru starfandi í þessari grein.

Það sem mér sýnist hafa gerst í þeim efnum er að samkeppnin er þarna á mjög þröngu sviði. Í ákveðnum flutningsgreinum, t.d. í flutningi á ferskum fiski, er sannarlega mikil samkeppni. Hún er á ýmsum öðrum sviðum en einstaklingar, litlar verslanir og ýmsir aðrir á landsbyggðinni njóta þess ekki vegna fyrirkomulags sem bent er á í þessu plaggi samgrn. Ég tel því að samkeppnisyfirvöld, og nú vildi ég gjarnan biðja hv. 1. flm. þessa plaggs að hlusta, eigi að hlutast til um það og banna að sama fyrirtæki geti starfað á mörgum flutningastöðvum, að menn geti verið umboðsaðilar fyrir bæði Samskip og Flytjanda á sama samkeppnissvæðinu, auðvitað með undantekningum á þeim svæðum þar sem um er að ræða litla starfsemi þar sem tiltölulega fáir búa og ekki er svigrúm til þessarar samkeppni. Ég teldi t.d. mjög eðlilegt að samkeppnisyfirvöld hlutuðust til um það, í því skyni að reyna að örva samkeppni, að koma í veg fyrir að menn gætu starfað þannig, til að mynda á stórum flutningasvæðum á sömu stöðinni, og hindrað eðlilega samkeppni á þessu sviði. Þetta væri auðvitað innlegg í málið og væri fróðlegt að heyra viðhorf hv. þingmanna til þess. Mér er kunnugt um að Samkeppnisstofnun hefur því miður ekki treyst sér til að ganga til þess verks þó að eftir því hafi verið leitað.

[15:59]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson kvartaði yfir því að það væri óljóst orðalagið á textanum sem ég las úr landsfundarsamþykkt okkar samfylkingarfólks. Ég vænti þess að ástæða þess sé sú að ég náði því miður ekki að lesa eins mikið og ég hafði ætlað mér. Ég tók bara hinn almenna kafla en ég ætla nú að freista þess, þótt stutt sé andsvarið, að bæta örlítið úr þannig að hv. þingmaður geti enn fræðst um stefnu okkar í þessum málum og vona ég að hann sé sammála því flestu. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Landsfundurinn telur brýnt að efla sveitarstjórnarstigið með því að stækka og fækka sveitarfélögum, auka tekjur þeirra og flytja verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Dæmi um slík verkefni eru framhaldsskólar, málefni fatlaðra og hluti heilbrigðisþjónustu. Slíkar aðgerðir eru nauðsynlegar til að snúa vörn í sókn á landsbyggðinni því til að slíkt takist verða stjórnsýslulegar einingar landsbyggðarinnar að hafa nægan styrk til áhrifa á samfélagsþróunina. Framsækin menntastefna er um leið jákvæð byggða- og atvinnustefna. Því þarf að huga sérstaklega að eflingu menntakerfis á landsbyggðinni."

Þetta er í mörgum liðum og ég ætla að reyna að bæta nokkrum við það sem ég sagði áðan. Enn fremur lýsir landsfundurinn yfir, með leyfi forseta:

„Ný þekkingarfyrirtæki fái að dafna á landsbyggðinni, t.d. með skattaívilnunum til nýrra sprotafyrirtækja og að nýsköpun, háskóla- og rannsóknastörf á landsbyggðinni verði styrkt með markvissum hætti."

Jafnframt segir:

„Sérstakt átak verði gert til að flytja fjarvinnsluverkefni *frá ráðuneytum og ríkisstofnunum* til hinna dreifðu byggða. Jafnhliða verði skattaívilnunum beitt til að örva einkafyrirtæki til að flytja verkefni, sem hægt er að vinna með fjarvinnslu, út á landsbyggðina.

Auk þess ályktar fundurinn:

„Ferðakostnaður þeirra sem þurfa að fara langan veg til vinnu verði metinn til lækkunar á skatti."

Hér tók ég út þá liði sem tengjast skattkerfinu á einhvern hátt til að vekja athygli á því að við erum með margs konar nálgun að skattkerfinu til að reyna að bæta þetta. Hv. þm. benti á að ýmsar tillögur lægju fyrir. Ég tek undir það með hv. þingmanni og það er enginn skortur á þeim. (Forseti hringir.) Það er skortur á framkvæmd og það er auðvitað eðlilegt að hv. þm. sem hafa stutt ríkisstjórnina í 12 ár (Forseti hringir.) séu nokkuð órólegir undir umræðunni við þær aðstæður sem nú eru.

[16:02]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil ekki almennilega þetta tal fullrúa Samfylkingarinnar um að við séum órólegir og að okkur

líði illa. Við höfum aðeins tekið þátt í umræðu um þetta þingmál, farið um það nokkrum orðum og m.a. reynt að beina athyglinni að veilum sem kunna að vera í þessu plaggi, eins og menn eiga að gera í svona umræðu. Hins vegar er alltaf brugðist við með því að segja að okkur líði eitthvað illa eða eitthvað svoleiðis. Okkur líður bara bærilega, takk fyrir.

Það sem ég átti við, virðulegi forseti, var að ég spurði um það fyrr í umræðunni hvort það væri stefna Samfylkingarinnar að beita mismunandi skattlagningu til að lækka virðisaukaskatt á landsbyggðinni og lækka þungaskattinn á landsbyggðinni. Ég hef ekki fengið skýr svör við því. Það er með óljósum hætti daðrað við þessa hugmynd en a.m.k., virðulegi forseti, svo ég haldi áfram þeirri myndlíkingu, ekki gengið alla leið. Þetta daður á auðvitað að gefa til kynna vissan velvilja í málinu. Hins vegar er þess rækilega gætt að stugga ekki við neinum og móðga ekki neinn sem hefur aðra skoðun. Ég þekki það svo sem af öðrum vettvangi að menn hafa áður farið í svona pólitískar málamiðlanir og leikfimisæfingar til þess að ná saman ályktunum. Það er auðvitað einkenni á þessari ályktun. Þetta eru vel meinandi hugmyndir án þess að þær séu mjög ígrundaðar að öllu leyti.

Hv. þm. talaði um skattaívilnanir til sprotafyrirtækja. Þingmenn Samfylkingarinnar áttu þess kost rétt fyrir jólin að taka afstöðu til breytinga á fyrningafyrirkomulagi í skattlagningu fyrirtækja í landinu. Það var verið að breyta þeim á þann veg að það væri ívilnandi fyrir sprotafyrirtæki, ný fyrirtæki, fyrirtæki sem verið væri að stofna. Mig minnir að hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafi ekki treyst sér til þess að styðja það. Þegar á hólminn er komið, virðulegi forseti, er eins og kjarkurinn bresti.

[16:04]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get sannfært hv. þm. um að ekki skortir okkur samfylkingarmenn kjark til að taka á þessum mikla vanda. Þrátt fyrir að hv. þm. hafi talið ýmislegt óljóst í þeim samþykktum sem við höfum gert þá eru meginmarkmiðin mjög skýr. Þar eru líka útfærslur og tekin konkret dæmi. Ég er nú ekki viss um að allar landsfundarsamþykktir á landsfundi Sjálfstfl. séu jafnskýrar.

Hv. þm. talaði um að eitthvað væri verið orða það að mönnum liði illa. Ég kannast ekki við að ég hafi rætt um það. Ég var hins vegar að benda á að það væri svolítill óróleiki í þingmönnum Sjálfstfl. Það er auðvitað ekkert sérkennilegt. Sjálfstfl. er búinn að vera 12 ár við stjórnvölinn og auðvitað er það allt annað að hafa setið 12 ár við stjórnvölinn. Þeir bera þar af leiðandi miklu meiri ábyrgð á því ástandi sem nú er. Við erum bara að skoða ástandið eins og það er núna og benda á leiðir til að bæta það.

Það er rétt sem hv. þm. kom inn á, að hann var í ágætri nefnd sem skilaði býsna mörgum tillögum. Meðal annars einni af þeim mörgu tillögum sem fyrir liggja. Það hefði auðvitað átt að vera búið að fylgja eftir miklu meira af þeim tillögum. Þá værum við að sjálfsögðu ekki í þeim sama vanda gagnvart landsbyggðinni og við erum í í dag.

En vegna þess að hv. þm. talaði um að mjög skiptar skoðanir væru um að nálgast þessi mál á þann hátt, þ.e. að skoða skattkerfið, þá vil ég vekja athygli hv. þm. og annarra þingmanna á því að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur mótað stefnu í byggðamálum sem samþykkt var á 62. fundi fulltrúaráðsins. Þar ræddu þeir um það sérstaklega að nálgast þennan vanda, mismunun fólks, í gegnum skattkerfið. Þeir nefna nokkur dæmi. Ég hef því miður ekki tíma, í þessu stutta andsvari, til að lesa þetta yfir. En hv. þingmenn geta kynnt sér þetta á bls. 10 í tillögu okkar vegna þess að þetta er fskj. III. Þar er þetta í raun mjög skýrt og m.a. komið inn á það sama og við erum að nefna. Hér segir:

„Hér gæti verið um að ræða ýmsa skatta ríkisins, svo sem tekjuskatt, eignaskatt og þungaskatt," — hið sama og við höfum nefnt í tillögu okkar.

[16:06]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Óróleikinn sem hv. þm. talaði um að væri hjá okkur þingmönnum Sjálfstfl. birtist helst í því að tveir okkar hafa talað í þessari umræðu. (Gripið fram í.) Um hvaða mál er verið að ræða? Þetta er mál sem hv. þm. hefur upplýst okkur um að Samfylkingin telji eitt brýnasta úrlausnarefni á stjórnmálavettvangi í landinu.

Hefði þá kannski ekki fremur mátt gagnrýna okkur fyrir það, þegar þetta mál kemur fyrir sjónir Alþingis og við höfum tækifæri til þess að ræða það, að einungis tveir þingmenn Sjálfstfl. hafi kosið að tala í þessu máli? (**EMS:** Það er rétt.) En ástæðan fyrir því er sennilega sú að þegar menn fóru að lesa þetta plagg sáu þeir að fjallið hefði tekið jóðsótt og fæðst þessi litla mús. Þetta plagg. Sennilega féllust mönnum hendur og fannst málið ekki tilefni til að mjög margir töluðu. Mér fannst hins vegar athyglisvert að fá að skiptast aðeins á skoðunum við hv. þingmenn Samfylkingarinnar um þetta mál.

Það sem hér kemur fram og þessi umræða kristallar og dregur fram er að hugmyndir hv. þingmanna um þessi mál eru á margan hátt góðar. Þetta eru hugmyndir sem hafa oft og tíðum komið fram. En þegar kemur að því að setja þær klárt og kvitt niður á blað sem hugmyndir þá grípa menn til þess gamla úrræðis að skipa nefnd í málinu og kanna, hanna og skoða. Það höfum við svo sem séð áður. Það er út af fyrir sig verðugt viðfangsefni en ég hygg, herra forseti, að mörg okkar hafi reiknað með því að fram kæmu eindregnari skoðanir í málinu. En það sem þessi umræða hefur dregið fram er að um þessa skattalækkunarleið, sem menn hafa verið að kallsa við, er greinilega enginn einhugur í liði Samfylkingarinnar enda greip hv. þm. helst til þess ráðs núna í lokin að lesa upp úr samþykktum Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem mér er ekki kunnugt um að sé deild í Samfylkingunni. (**EMS:** Til að sýna hvað samstaðan er mikil.)

[16:08]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrir það fyrsta vil ég þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir að taka þátt í þessari umræðu. Hún hefur verið töluvert málefnaleg hjá hv. þm. Það sama verður ekki sagt um hinn þingmann Sjálfstfl. sem um þetta mál fjallaði.

Herra forseti. Nú er komið að lokum umræðunnar um þessa þáltill. sem ég er 1. flm. að, um vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni. Hún fjallar um, herra forseti, eins og hv. þm. nefndi í lokin, að skipa nefnd til að fara í gegnum þetta mál. Ég var mjög hugsi yfir því í byrjun hvað ég ætti að gera. En ég vil taka fram að mín hugmynd er ekki klár og kvitt, þ.e. hvernig hún á að koma fram. Ég er opinn fyrir öllum góðum hugmyndum um hvernig skuli leysa þessi mál. Ég hef kynnt mér þetta í þaula. Ég hefði gjarnan viljað leggja þetta fram núna eftir að vera búinn að fá allar þær miklu upplýsingar sem ég hef fengið eftir að þessi tillaga kom hér fram og þá miklu umræðu sem hún hefur fengið í þjóðfélaginu.

Hvað á að gera? spyrja hv. þm. Sjálfstfl. Hvað á að gera, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, ef flutningabíll með vagn sem keyrir sex sinnum í viku fram og til baka til Bolungarvíkur allar vikur ársins greiðir 14 millj. í þungaskatt? Auðvitað fara þessar 14 millj. beint út í verðlagið. Hvað á að gera? 40–50% af tekjum flutningafyrirtækjanna fara til ríkisins.

Hvað á að gera? Hv. þm. Halldór Blöndal spyr: Á að skipta þungaskatti niður í einhverja flokka eftir landshlutum? Ég hef staldrað töluvert við ákveðna hugmynd á seinni stigum. Hún er ekki frá mér komin heldur frá hagsmunaaðila, einum af þeim fjölmörgu sem við mig hafa talað um þetta. Tillagan er þessi: Leggjum af megnið af allri skattheimtu ríkisins á flutningastarfsemi í landinu. Það getur enginn bannað okkur það. Þar með krefjumst við þess að kerfið láti það koma fram í lækkuðum flutningskostnaði. Þetta er ágætisleið sem ber að huga að. Ég skal svo á eftir koma að því hvernig framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur fallist á svona ívilnanir til handa Svíum.

[16:10]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri ekki lítið úr áhrifum af skattheimtu hins opinbera á flutningskostnað í landinu. Mér er ljóst að hún hefur sín áhrif. Þó vekur það athygli mína að á bls. 17 í skýrslu sem margoft er búið að tala um, skýrslu frá hæstv. samgrh. um flutningskostnað, er tafla eða súlurit sem sýnir hlutfall flutningskostnaðar af heildarsölu tveggja verslunarsamsteypa fyrri hluta ársins 2002. Taki ég t.d. Vestfirði er hlutfallið innan við 1% og Eyjafjarðarsvæðið innan við 1%. Ég verð að játa, virðulegi forseti, að þetta kom mér dálítið á óvart því ég hafði satt að segja gert ráð fyrir að hlutfallið væri nokkru hærra, hefði meiri áhrif á vöruverðið á landsbyggðinni en raun ber vitni.

Þetta þýðir ekki að þetta hafi ekki einhver áhrif. Þetta hefur sannarlega áhrif. Eins og hv. þm. vakti athygli á þá er verið að innheimta heilmikinn þungaskatt af þessum fyrirtækjum. Mér er það mætavel ljóst að þau eru alls ekki ofhaldin af sínu rekstrarumhverfi. Það er auðvitað þess vegna, virðulegi forseti, sem sú nefnd sem hér um ræðir, sem var að skila af sér þessari athyglisverðu skýrslu, kemst að þeirri niðurstöðu að hyggja þurfi að því að lækka flutningskostnað og leggur fram ákveðna tillögu í því skyni. Nefndin fer yfir ýmsa kosti og galla á tilteknum leiðum, m.a. þeirri að beita virðisaukaskattsaðferðinni, sem menn hafa haft orð á í þessari umræðu. Starfshópurinn kemst hins vegar að þeirri niðurstöðu að það sé ekki skynsamleg leið og leggur fram aðra hugmynd.

Auðvitað geta menn deilt um hvaða hugmynd nákvæmlega eigi að leggja upp með. En það liggur þó fyrir að eftir að menn hafa farið rækilega ofan í flutningskostnaðinn eru uppi hugmyndir um hvernig hægt sé að nálgast þetta mál. Þannig erum við komin nokkrum skrefum lengra en áður en við lögðum af stað í þessa vegferð og fórum að skoða málin skipulega í gegnum þessa nefnd.

[16:13]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. vitnar hér í bls. 17, um flutningskostnað hjá verslunarsamsteypum á Norðurlandi. Það er vafalaust hárrétt sem þar kemur fram. Nú er það svo að maður má ekki nefna nöfn á fyrirtækjum. En í mínum trúnaðarupplýsingum sem ég hef fengið hef ég séð þann lægsta flutningskostnað sem ég þekki á flutningi til landsbyggðarinnar hjá stórum verslunarkeðjum sem m.a. starfa á Akureyri. Það er það allra lægsta sem ég hef nokkurs staðar séð. Ef allir byggju við þann flutningskostnað værum við ekki að takast á við þennan vanda. Þá væri þetta ekki vandamál. Þessu skulum við halda til haga.

Ég sagði áðan, herra forseti, að um leið og dregur að lokum umræðu um þetta ágæta þingmál vildi ég staldra töluvert við þá tillögu sem ég hef fengið frá aðilum í þessari grein og öðrum. Við getum spurt: Hvað mundi gerast ef ríkisvaldið og Alþingi Íslendinga stigi það skref til að koma til móts við landsbyggðarfólk og atvinnurekstur á landsbyggðinni, að stuðla að lækkun flutningsgjalda með því að lækka eða afnema hina ýmsu skatta sem ríkisvaldið leggur á flutningastarfsemi í landinu? Það er hægt og það er er leyfilegt. Eftirlitsstofnun EFTA mundi aldrei banna okkur þetta. Hún getur það ekki. Eftirlitsstofnun EFTA hefur reyndar samþykkt ýmislegt í Noregi og Svíþjóð sem kemur á óvart.

Ungir sjálfstæðismenn notuðu stundum slagorð sem mig minnir að hafi verið á þessa leið: Báknið burt. Þeir vildu minnka álögur og minnka þátttöku ríkisins í ýmsu. Ég get að þessu leyti tekið undir það, herra forseti. Ég er sammála ungum sjálfstæðismönnum hvað þetta varðar. Ef við lítum á 50% skattheimtu af flutningastarfsemi í landinu sem bákn sem íþyngir landsbyggðarfólki þá mundi ég vilja taka þátt í því að afleggja það bákn.

Herra forseti. Rétt í lokin, vegna þess að komið er að lokum þessarar umræðu, vil ég þakka þeim þingmönnum sem hafa tekið þátt í henni. Þessu máli verður vísað til nefndar. Umræðan heldur vonandi áfram vegna þess að ég hverf ekki frá því, herra forseti, sem ég hef áður sagt. Þetta eitt brýnasta úrlausnarefni í byggðamálum á Íslandi í dag, að lækka flutningskostnað til og frá landsbyggðinni, lækka vöruverð og auka samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bætt staða þolenda kynferðisafbrota, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 65. mál. — Þskj. 65.

[16:16]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. sem ég flyt um bætta stöðu þolenda kynferðisbrota. Þeir sem flytja tillöguna með mér eru hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir og Einar Már Sigurðarson.

Efni þessarar tillögu er að fela dómsmrh. að skipa nefnd sérfræðinga sem hafi það verkefni að kanna og gera tillögur um bætta stöðu þolenda kynferðisbrota, einkum barna og unglinga.

Verkefni nefndarinnar verði að gera ítarlega úttekt á stöðu þolenda kynferðisbrota og ferli kærumála í réttar- og dómskerfinu. Sérstaklega skal skoða lagaákvæði er varða starfshætti dómstóla og hvort þörf er á að herða refsiúrræði. Einnig skal nefndin leggja fram tillögur um hvernig bæta megi stuðning og meðferðarúrræði sem fórnarlömb kynferðisbrota eiga kost á.

Í úttektinni skal jafnframt kanna hvaða fyrirbyggjandi aðgerðum hægt er að beita, m.a. gagnvart gerendum, til að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni og ofbeldi. Jafnframt skal nefndin leitast við að benda á leiðir sem eru færar til að hvetja þá sem beittir eru kynferðislegu ofbeldi til að kæra verknaðinn.

Tillögur nefndarinnar og úrbætur skulu lagðar fyrir Alþingi eigi síðar en á haustþingi árið 2003.

Herra forseti. Það var vissulega alvarlegt áfall fyrir þjóðina þegar það kom fram í fjölmiðlum að 17% barna væru misnotuð fyrir 18 ára aldur. Það kom fram í rannsókn um umfang kynferðislegrar misnotkunar á börnum. Kynferðisbrot gegn börnum eru einn alvarlegasti glæpur sem hægt er að fremja, enda er ljóst að slíkt getur eyðilagt líf þolenda um alla framtíð.

Ég tel, herra forseti, að þegar í stað þurfi að bregðast við þessu en í rannsókninni kemur fram að fjórðungur þolenda eru 6 ára börn eða yngri og að í 67% tilvika sé misnotkunin gróf eða mjög gróf. Jafnframt þarf að leita skýringa á því hvers vegna hér er um hærri tölur að ræða en komið hafa fram í rannsóknum annars staðar á Norðurlöndum. Ég tel því mikilvægt að kallaðir verði til færustu sérfræðingar í þá nefnd sem hér er gerð tillaga um að skipa.

Herra forseti. Ég tel að efni þessarar tillögu sé með þeim hætti að þingmenn allir ættu að geta fallist á það að fara í þetta verk. Ég geri mér vissulega grein fyrir því að verkefnið er nokkuð víðtækt en eigi að síður er hér á ferðinni brýnt úrlausnarefni.

Þessa tillögu flutti ég áður á 125. þingi en hef bætt hana nokkuð nú þegar hún er lögð fram á nýjan leik. Herra forseti. Tillagan var send til umsagnar og allir umsagnaraðilar sem fást við þessi mál með einum eða öðrum hætti lýstu sig afar jákvæða fyrir þeirri tillögu sem hér er lögð fram. Ég nefni þar til Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa og ítarlega umsögn Barnaverndarstofu sem mælir eindregið með samþykkt tillögunnar. Barnaverndarstofa segir í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Barnaverndarstofa telur gríðarlega mikilvægt að fá yfirsýn yfir allt það starf sem unnið hefur verið á þessum vettvangi, þ.e. þær réttarreglur sem gilda, þau vinnubrögð sem eru viðhöfð og þau úrræði sem beitt er af öllum þeim mismunandi aðilum sem koma að máli þegar framið er kynferðisbrot. Á þetta sérstaklega við um kynferðisbrot gagnvart börnum en þar er umfram allt nauðsynlegt að þeir sem að málunum koma samhæfi vinnubrögð sín og samræmi aðgerðir í þágu barnanna.

Barnaverndarstofa tekur undir nauðsyn þess að skoða bæði forvarnir, könnun og rannsókn kynferðisbrota hjá barnaverndaryfirvöldum og lögreglu, málsmeðferð fyrir dómstólum, refsingar, meðferð og önnur úrræði bæði fyrir gerendur og þolendur."

Ég nefni líka til umsögn Landssamtakanna Heimili og skóli sem eindregið styður að ráðist verði í það verkefni sem tillagan felur í sér. Ég nefni Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga sem fagnar tillögunni og lýsir sig sammála efni hennar. Ég nefni Barnaheill. Jafnframt nefni ég Stígamót sem þekkja kannski hvað best til þessara vandamála. Í þeirri umsögn segir orðrétt:

„Við tökum efnislega undir allt sem í þingsályktunartillögunni kemur fram og þykir litlu við rökstuðning hennar að bæta."

Af þessu má sjá, herra forseti, að það er breiður stuðningur í samfélaginu við að ráðist verði í þetta verkefni og líka þá sem gerst þekkja til og vinna að lausn þeirra vandamála sem við ræðum hér og eru efni þessarar tillögu.

Hér er ekki síst að lagt er til að hugað verði að fyrirbyggjandi aðgerðum svo börn verði ekki þolendur. Við leggjum líka til að staða gerenda, kynferðisbrotamanna, verði skoðuð og þau meðferðarúrræði sem þeim gefst kostur á enda er oft um mjög sjúka einstaklinga að ræða. Við leggjum því til að skoðaðar séu báðar hliðar á þessu alvarlega máli.

Alþingi kemst ekki hjá því að taka upp alvarlega umræðu um þessi mál á breiðum grundvelli, herta refsingu fyrir kynferðislega misnotkun á börnum og skoða sérstaklega hvernig fyrningu í þessum málum er háttað. Sérstaklega þarf að skoða aðgerðir sem varða stöðu brotaþola kynferðisofbeldis í réttar- og dómskerfinu og hvort herða þurfi refsiúrræði og þá hvernig. Sömuleiðis er brýn þörf á að bæta stuðning og meðferðarúrræði fyrir fórnarlömb kynferðisbrota. Þá þarf að benda á mögulegar leiðir til að hvetja þá sem beittir eru kynferðislegu ofbeldi til að kæra glæpinn. Ástæða er til að endurskoða lagaákvæði um kynferðisbrot gagnvart börnum. Í þeim er engin lágmarksrefsing en hámarksrefsing er allt að 12 ára fangelsi, allt eftir aldri barns og skyldleika geranda við barnið. Aftur á móti er lágmarksrefsingu beitt fyrir nauðgun. Þar er lágmarksrefsing eitt ár og hámarksrefsing 16 ár, en því ákvæði er beitt ef ofbeldi eða hótun um það er beitt án tillits til aldurs þolanda. Erfitt er að sjá af hverju ekki er hér á landi sambærilegt lágmarksákvæði vegna kynferðislegrar misnotkunar gegn börnum.

Ég átti þess því miður ekki kost, herra forseti, að vera í dag viðstödd umræðu um stjfrv. hæstv. dómsmrh. þar sem verið er að fjalla um hertar refsingar. En þar er ekki vikið að því sem ég tala um hér, þ.e. að samræmi sé milli ákvæða í hegningarlögum að því er varðar kynferðisbrot. Ég tel að það þurfi að skoða mjög alvarlega í nefndinni sem fjallar um það mál að koma á lágmarksrefsingu þegar um er að ræða kynferðisbrot gegn börnum, eins og beitt er varðandi kynferðislega misnotkun þegar um eldri er að ræða. Í Noregi er lágmarksrefsing eitt ár og í Svíþjóð er fangelsisvist að lágmarki tvö ár vegna kynferðislegrar misnotkunar á börnum.

Ég vil í þessu sambandi, herra forseti, minna á að fyrir nokkrum þingum, á 122. löggjafarþingi, flutti ég ásamt fleiri þingmönnum frv. sem hafði að geyma tvö efnisatriði að því er varðar breytingar á almennum hegningarlögum. Í fyrsta lagi var mælt fyrir um eins árs lágmarksrefsingu vegna kynferðisbrota gegn börnum og síðan var lögð til breyting þess efnis að fyrningarfrestur varðandi kynferðisbrot gegn börnum hæfist ekki fyrr en þolandi brots hefði náð sjálfræðisaldri, þ.e. væri orðinn 18 ára. Við töldum það afar mikilvægt en um það náðist ekki samkomulag og var miðað við 14 ára aldur en ekki 18 ára og hefði þurft að taka á því máli í tengslum við frv. hæstv. dómsmrh. Eins og allir þekkja þá er það svo að oft líða mörg ár þar til þeir sem í þessu lenda treysta sér til að tala um málið og reyna að leita réttar síns. En þá er það oft orðið of seint af því að brotið er fyrnt. Við teljum að við því þurfi að bregðast og það var gert fyrir nokkrum árum í frv. sem ég flutti.

Við frv. sem ég flutti brást hæstv. dómsmrh., sem þá var formaður allshn., þannig að áður en farið væri út í þyngingar á refsingum, kynferðisbrotum sem öðrum, fíkniefnabrotum og líkamsárásum, þyrfti að fara fram rannsókn á refsingum við afbrotum. Allshn. flutti þá undir forustu Sólveigar Pétursdóttur till. til þál. um að Alþingi fæli dómsmálaráðherra að láta fara fram rannsókn á ákvörðun refsinga við afbrotum. Rannsóknin átti m.a. að taka til líkamsárása, kynferðisbrota og fíkniefnabrota. Með rannsóknninni átti að kanna viðurlög við þessum brotum og hvernig þau hafa þróast á undanförnum árum og áratugum. Rannsóknin átti einkum miða að því

að leiða í ljós hvort unnt væri að sýna fram á að refsingar við fyrrgreindum brotum hefðu þyngst eða væru vægari en áður. Rannsókn þessi átti að taka til dóma Hæstaréttar og óáfrýjaðra héraðsdóma að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að mat verði lagt á viðurlög við þessum afbrotum og þróun þeirra.

Ég vænti þess að hæstv. dómsmrh. hafi í dag farið yfir, þegar hún flutti frv. um að herða refsiákvæði vegna kynferðisbrota gagnvart börnum, þá rannsókn sem ákveðið var að fara í fyrir nokkrum árum. Ég man að til þess voru veittar 5 eða 10 millj. sem áttu að duga til að hægt væri að ráðast í þessa rannsókn þannig að hægt væri að byggja á faglegri niðurstöðu þegar fram kæmi frv. um að herða refsiákvæði vegna kynferðisbrota. Hafi ráðherrann ekki gert það geri ég ráð fyrir að eftir því verði kallað í nefndinni sem fær þetta mál til umfjöllunar. Með þessu er ég ekki að segja að þau ákvæði sem hæstv. ráðherra leggur til í frv. sínu eigi ekki að ganga fram. *Ég er þeirrar skoðunar að það eigi tvímælalaust* að herða refsiákvæði vegna kynferðisbrota, m.a. að koma á þeirri lágmarksrefsingu sem ég hér nefndi, en það væri mjög gott ef þessi faglega rannsókn lægi fyrir þegar við erum að breyta þessari löggjöf.

Ég vil nefna að í svari við fyrirspurn sem ég beindi til félmrh. fyrir nokkru síðan kom fram að búast mætti við því að árlega þyrftu ekki færri en 50 börn á sérhæfðri meðferð að halda vegna kynferðisofbeldis og væru fjölskyldur þeirra teknar með mætti áætla að á annað hundrað manns þyrfti á stuðningi og meðferð að halda á ári hverju. Fram kom að engin hópmeðferð stæði þessum börnum til boða og áfallahjálp og langtímameðferð væri sjaldan skipulögð af barnaverndarnefndum, enda væru lagaskyldur á því sviði óljósar. Búast má við að sá hópur sem þarf á sérhæfðri meðferð og stuðningsúrræðum að halda hafi stækkað verulega frá því að svör við framangreindri fyrirspurn komu fram en mig minnir að það séu svona 4–5 ár eða sennilega 6 ár síðan. Þessi fyrirspurn leiddi síðan til stofnunar Barnahúss en starfsemi þess hefur vakið mikla athygli og í þeirri fyrirspurn komu einmitt fram upplýsingar um gífurlegan fjölda barna sem höfðu verið kynferðislega misnotuð á árabilinu 1992–1996.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um þetta, enda tíma mínum að ljúka. Þessi tillaga hefur líka verið flutt áður og henni gerð ítarleg skil.

Ég vil árétta að það er mjög mikilvægt er að í nefndinni, sem skipa á samkvæmt tillögunni, verði sérfræðingar á sviði kynferðisbrota. Við flutningsmenn leggjum áherslu á að í nefndina verði m.a. skipaðir fulltrúar stéttarfélaga, geðlækna, félagsráðgjafa og sálfræðinga auk fulltrúa Barnaverndarstofu, Stígamóta og lögregluyfirvalda.

Það er skoðun mín, herra forseti, að um þessa tillögu ætti að vera hægt að ná víðtækri sátt á Alþingi. Það þarf að láta gera þessa úttekt enda ætti hún að leiða til úrbóta í kynferðisbrotamálum og bættrar stöðu þolenda.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umræðu og hv. allshn.

[16:31]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Kynferðisleg misnotkun á börnum og kynferðislegt ofbeldi sem börn þurfa að þola í samfélagi okkar er einn alstærsti smánarbletturinn sem samfélagið þarf að burðast með. Þess vegna lýsi ég því yfir, herra forseti, að ég styð heils hugar þá tillögu sem hér er til umfjöllunar, till. til þál. um bætta stöðu þolenda kynferðisafbrota. Það er allsendis með ólíkindum að okkur skuli ekki hafa tekist að vinna betur í þessum málum og ná meiri árangri með þá vinnu sem þó hefur farið fram.

Eins og hv. frsm., Jóhanna Sigurðardóttir, rakti hefur þetta mál komið fyrir þingið áður. Mál þessu tengd hafa komið fyrir þingið í áravís og í sannleika sagt er þetta orðið dálítið ankannalegt að róðurinn í þessum málaflokki skuli vera jafnþungur og raun ber vitni.

Í sjálfu sér mætti segja að hv. þm. ættu ekki að þurfa að vera að flytja tillögur af þessu tagi hér árið 2003, og það eitt að tillagan skuli vera flutt og að full þörf skuli vera fyrir hana segir auðvitað sína sögu um ástand mála í samfélaginu.

Eins og kom fram í máli hv. þm. ræddum við í morgun frv. hæstv. dómsmrh. varðandi breytingar á almennum hegningarlögum og auðvitað koma þar fram ákveðnir hlutir sem varða þyngingu refsinga sem lúta að kynferðislegu ofbeldi *gagnvart börnum. Í þeirri umræðu sem þá fór fram* sagði hæstv. dómsmrh. að hún ætlaði að fela refsiréttarnefnd það að fara að endurskoða allan kynferðisbrotakafla laganna.

Ég hef ekki setið lengi á þingi, herra forseti, en ég hef heyrt hæstv. dómsmrh. segja þetta áður. Ég held að um tvö ár séu síðan ég heyrði hana segja þetta fyrst. Og ég segi: Hvers vegna í ósköpunum þufum við, þing og þjóð, endalaust að bíða eftir úrbótum í þessum málaflokki? Það er ekki forsvaranlegt, það er ekki hægt að sætta sig við það mikið lengur.

Það er löngu vitað að endurskoða þarf allan kynferðisbrotakaflann og gera þarf ítarlegar rannsóknir á öllum dómafordæmum. Við vitum nógu mikið til þess að geta fullyrt að málum er að fjölga, kærum er að fjölga, og málum sem fara fyrir dómstólana er að fjölga en dómum og sakfellingum fækkar, standa í stað eða fækkar. Það höfum við fengið kortlagt í þingskjölum, í fyrirspurnum sem lagðar hafa verið fyrir hæstv. dómsmrh., og þær vísbendingar sem við höfum í svörum sem hæstv. dómsmrh. hefur gefið sýna okkur að hér er gífurlegt verk að vinna og það þarf engan slóðaskap. Það er skömm að slóðaskapnum sem hefur viðgengist í þessum málum.

Varðandi þann þátt þáltill. sem lýtur að lágmarksrefsingum í þessum þungu málum vil ég lýsa því yfir að mér þykir hugmyndin og umræðan um lágmarksrefsingar vera mjög þörf. Við vitum að í Skandinavíu, þeim löndum sem við berum okkur saman við og þeim löndum sem við í raun og veru teljum okkur sækja löggjöf okkar til, eru lágmarksrefsingar við kynferðisbrotum gegn börnum alls staðar nema í Danmörku. Og það er auðvitað ekki eðlilegt að íslensk stjórnvöld skuli ekki hafa svör við því hvers vegna það hafi ekki verið rætt á vettvangi ríkisstjórnarinnar að taka upp lágmarksrefsingar. Hæstv. dómsmrh. hafði ekki svör við þessu í umræðunni sem fór fram hér í morgun.

Í tilefni af umræðum um þessa þáltill. langar mig til að draga fram aðra þáltill. sem er um tengt efni og er flutt af þingmönnum þvert á flokka. Þetta er þáltill. um aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis sem finna má á þskj. 798. Flutningsmenn hennar eru hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson, Katrín Fjeldsted, Jónína Bjartmarz og Sigríður Jóhannesdóttir. Og það verður að segjast eins og er, herra forseti, að ef farið yrði nú að því sem lagt er til í þessum tveimur tillögum, þ.e. annars vegar að skipa nefnd sérfræðinga sem kanni og geri tillögur um bætta stöðu þolenda kynferðisbrota og svo

í framhaldi það sem getið er um í tillögunni sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir mælti fyrir, ásamt með því sem sú tillaga sem ég nú hef dregið fram felur í sér, þ.e. að álykta að fela ríkisstjórninni að undirbúa áætlun um aðgerðir til að draga úr framboði efnis þar sem ofbeldi, þar með talið kynferðisofbeldi, er sýnt í einhverju formi þá værum við að gera eitthvað sem skiptir máli. Því að sannleikurinn er auðvitað sá að þjóðfélag, sem er búið að taka í burtu alla þröskulda sem hafa hingað til verið til staðar í samfélaginu og hafa stemmt stigu við efni sem hefur upp á að bjóða kynferðisofbeldi og annað ofbeldi, það er auðvitað til vansa fyrir okkur að efni af þessu tagi skuli vera til staðar í jafnmiklum mæli og raun ber vitni. Sú staðreynd á auðvitað sinn þátt í þeim grófu afbrotum sem eiga sér stað í samfélaginu, ekki hvað síst í garð barna.

Herra forseti. Ég hef lýst skoðunum mínum varðandi þessa þáltill. og ég sé ekki annað en að hægt væri að afgreiða hana með hraði úr allshn. og ég vona sannarlega að þingið eigi eftir að fá tækifæri til þess sem allra fyrst að greiða um hana atkvæði og þá treysti ég því að það verði einróma jákvætt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innflutningur dýra, fyrri umr.

Þáltill. DrH o.fl., 106. mál. — Þskj. 106.

[16:37]

Flm. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um endurskoðun laga um innflutning dýra. Flutningsmenn auk mín eru Þuríður Backman, Karl V. Matthíasson, Sigríður Jóhannesdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Katrín Fjeldsted.

Tillagan hljóðar svo, virðulegur forseti:

„Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hefjast þegar handa um endurskoðun laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, og búnaðarlaga, nr. 70/1998, með það að markmiði að vernda íslenska dýra- og búfjárstofna."

Hinn 11. desember 1994 öðlaðist gildi hér á landi samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni sem gerður var í Rio de Janeiro 5. júní 1992 og undirritaður af Íslands hálfu 12. júní sama ár. Markmið samningsins er að vernda líffræðilega fjölbreytni, sjálfbæra notkun efnisþátta hennar og réttláta skiptingu hagnaðar sem stafar af nýtingu erfðaauðlinda. Samkvæmt samningnum er viðurkennt að aðildarríkin eigi fullveldisrétt yfir eigin líffræðilegum auðlindum og jafnframt að þau beri ábyrgð á verndun þessara auðlinda.

Undanfarið hefur mikið verið rætt um innflutning á erlendu erfðaefni búfjár og ljóst er að gildandi lög um innflutning dýra eru lítið í takt við ákvæði Ríó-samningsins. Hin norrænu kyn og stofnar nautgripa, sauðfjár, hrossa, geita og alifugla sem hér hafa verið ræktuð þarfnast verndar m.a. vegna þess að þrjú þessara kynja standa undir hefðbundinni búfjárframleiðslu í landinu og í þeim eru fólgnar verðmætar erfðaauðlindir. Undanþáguheimildir landbúnaðarráðherra samkvæmt lögum um innflutning dýra eru allt of rúmar og ekki í samræmi við nútímasjónarmið.

Helstu atriði sem taka þarf til endurskoðunar eru:

1. Herða þarf skilyrði fyrir innflutningi erfðaefnis, einkum þegar það getur leitt til þess að innlendir stofnar verði undir í samkeppninni og þannig lent í útrýmingarhættu.

2. Í gildandi lögum er hvergi minnst á að íslenskir stofnar og eiginleikar þeirra séu auðlind sem beri að varðveita. Í Ríó-samningnum eru hugtökin líffræðileg auðlind og erfðaauðlind skilgreind og væri rétt að laga íslenska löggjöf til samræmis við þau hugtök. Í 6. gr. laga um innflutning dýra er landbúnaðarráðherra veitt heimild til að fela búgreinasamböndum og ræktunarfélögum framræktun kynja. Hugtakið „ræktunarfélag" er hvergi skilgreint í lögum eða lögskýringargögnum en telja verður nauðsynlegt að það liggi alveg ljóst fyrir hvers konar félög megi takast á hendur svo ábyrgðarmikið starf sem framræktun innfluttra kynja óhjákvæmilega er.

3. Gera þarf meiri kröfur til rökstuðnings fyrir hugsanlegum ábata af innflutningi en ljóst er að innflutningur erfðaefnis getur haft verulega neikvæð áhrif á innlenda stofna ef illa tekst til.

4. Gera ætti sérstakt verndunarmat áður en ráðist er í kynblöndun en í 12. gr. laga um innflutning dýra er þess aðeins getið að þess skuli gætt að verðmætir eiginleikar í íslenskum búfjárkynjum tapist ekki við blöndun við innflutt kyn. Tvímælalaust ætti verndunarmat að fara fram á kostnað þess sem fer fram á innflutning erlends kyns. Þá skal á það bent að í lokamálslið 2. mgr. 12. gr. er ráðherra veitt heimild til að setja reglugerðarákvæði um að aðeins megi nota hið innflutta kyn til einblendingsræktar ef ástæða þykir til. Slíkt verndunarákvæði hefur ekki verið sett og í lögunum er ekki að finna ákvæði sem með virkum hætti vernda innlent erfðaefni í búfé. Með sérstöku verndunarmati væri betur hægt að koma í veg fyrir stórslys á þessum vettvangi. Slíkt mat gæti m.a. falið í sér ítarlega skoðun á kostum, göllum og eiginleikum erfðaefnis og efnahagslegir hagsmunir vegnir og metnir gagnvart verndarhagsmunum til lengri tíma litið. Þá gæti slíkt mat einnig kveðið á um hvernig unnt væri að varðveita hið innlenda erfðaefni sem best í samkeppni við innflutt erfðaefni ef innflutningur yrði leyfður.

5. Setja þarf skýrar reglur um ábyrgð innflutningsaðila á sjúkdómum eða erfðagöllum sem fylgt geta innfluttu erfðaefni.

Í 9. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, segir að markmið búfjárræktar sé að tryggja framfarir í ræktun búfjár í þeim tilgangi að auka samkeppnishæfni íslensks búfjár og búfjárafurða og að búfjárræktin skuli taka mið af skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni. Markmiðið er ágætt svo langt sem það nær en efnisreglur skortir að mestu og hugtakanotkun er ekki samræmd við Ríó-samninginn.

Herra forseti. Að lokinni umræðu óska ég eftir að málið verði sent til 2. umr. og hv. landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 1. umr.

Frv. HjÁ og VE, 108. mál (hægri beygja á móti rauðu ljósi). — Þskj. 108.

[16:42]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli nú í í raun í fjórða sinni fyrir sama málinu sem ég flyt ásamt hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni. Við

höfum flutt þetta tvisvar áður sem þáltill. og einu sinni áður sem frv. en freistum þess nú fjórða sinni að flytja málið, enda teljum við það vera afskaplega skynsamlegt. Það er einfalt og til þess gert að bæta umferðarmenningu.

Þetta snýr að breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, og felur í sér að umferðarlögum verði breytt á þann hátt að upp verði tekin sú meginregla að bílstjóra sem kemur að rauðu ljósi en hyggst beygja til hægri sé það heimilt þótt rautt ljós sé, ef hann meti það svo að aðstæður séu þannig að óhætt sé að beygja.

Flóknara er nú frv. ekki og miðað við þau viðbrögð sem ég og meðflutningsmaður minn og meðflutningsmenn áður hafa fengið við frv. og þar áður þáltill. þegar við fluttum hana, þá er ég í rauninni gáttaður á því að það skuli hafa sofnað í meðförum þingsins. Þeir sem hafa brugðist mjög jákvætt við eru einkum þeir sem eru mikið í umferðinni, svo sem atvinnubílstjórar, en þeir sem einkum hafa lagst gegn hugsuninni á bak við frv. eru þeir sem eru að véla um umferð og veita öðrum ráð.

Herra forseti. Ég get nefnt örfá dæmi til að útskýra hvað við er átt með þessu en minni á um leið að þeim hætti sem mælt er með að verði tekinn upp samkvæmt frv. hefur verið viðhaldið og notaður vestan hafs í Bandaríkjunum, Kanada og reyndar í fleiri löndum með einstaklega jákvæðum árangri, enda telja þeir þar vestra að þar sem þessi hægri beygja á móti rauðu ljósi hefur verið leyfð spari það umferðarmannvirki, greiði fyrir umferð og ekki síst bæti það skap bílstjóra því að það leysi þá fyrr úr óþægilegum umferðarhnútum.

Komi bílstjóri að rauðu ljós á einhverjum tilteknum gatnamótum jafnvel þó lítil eða engin umferð sé og bílstjórinn hyggist beyja til hægri, þá er honum það óheimilt, hann verður að bíða þar til langþráð grænt ljós birtist og þá ekur ökumaðurinn af stað. Ökumanninum er í því tilviki ekki treyst til þess að nýta dómgreind sína um það hvort óhætt sé að beygja til hægri ef umferð á aðalgötu leyfir það.

Ég vil, herra forseti, nefna annað dæmi og það eru svokallaðar afreinar sem hafa verið notaðar sem lausnir gagnvart svona vandamáli getum við sagt. En hvað felst í þessum svokölluðu afreinum? Í þeim felst það að bílstjóra sem hyggst fara til hægri frá aksturssstefnu sinni er beint niður á þessa svo kölluðu afrein en þar sem henni lýkur, þar sem hún endar er gjarnan biðskyldumerki og ökumanninum er ætlað að stöðva þar eða a.m.k. að kynna sér aðstæður það vel að hann verði að gera það upp við sig, þá reynir á dómgreind hans, hvort óhætt sé að aka inn á aðalbrautina. Þar er ökumönnum með öðrum orðum treyst, dómgreind þeirra er treyst, hvort þeir þori, geti og vilji fara af afreininni yfir á aðalgötuna. Það skýtur þess vegna, herra forseti, afskaplega skökku við að menn skuli ekki treysta sömu bílstjórum með sömu dómgreind á öðrum gatnamótum. Þetta snýst í rauninni um það að treysta dómgreind og ábyrgð bílstjóra sem alltaf hlýtur að vera útgangspunkturinn í allri umferðarmenningu.

Ég hygg að andstaðan við þetta snúist dálítið um skandinavíska forræðishyggju þar sem spekingar og umferðarljós eigi að hafa vit fyrir öðrum meðan annars staðar er ökumönnum treyst betur og ég vísa enn og aftur til reynslunnar í Kanada og Bandaríkjunum sem er einstaklega jákvæð. Sjálfur bjó ég í Kanada í eitt ár og notaði þessa umferðarmenningu sem gafst alveg sérlega vel.

Herra forseti. Það er engin hætta á öðru, hvort heldur er í Bandaríkjunum eða Kanada, að ef fælist í því mikil slysahætta að treysta ökumönnum með þessum hætti, þá væri búið að afnema þessa meginreglu. Ég segi meginreglu því að samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því að að öllu jöfnu sé bílstjórunum heimilt að taka hægri beygju á móti rauðu ljósi en í undantekningartilvikum, á sérlega erfiðum gatnamótum verði heimilt að banna það. Þetta er með öðrum orðum pósitíft ákvæði sem hægt er að upphefja við sérstök skilyrði. Þannig er það í Bandaríkjunum og Kanada t.d. við þung gatnamót í miðborgum og þá er það merkt sérstaklega að bannað eða óheimilt sé að taka hægri beygju á rauðu ljósi.

Herra forseti. Um þetta þarf ekki að segja mikið meira. *Þetta snýst um að treysta bílstjórum. Það að treysta bílstjórum* og varpa ábyrgðinni í vaxandi mæli til þeirra hygg ég að bæti umferðarmenningu, enda leyfi ég mér að fullyrða að umferðarmenning t.d. í Kanada er eiginlega mun þroskaðri en við eigum að venjast hér, líklega vegna þess að þar gerir löggjöfin ráð fyrir því að bílstjórum sé treyst og þeir beri ábyrgð. Ég held að þetta mundi líka greiða fyrir umferð og jafnvel kæta ýmsa bílstjóra sem stundum sjá lítinn tilgang í því að hanga einbíla á rauðu ljósi þó engin aðvífandi umferð sé sýnileg en rautt ljós bannar þeim að taka eina afskaplega saklausa hægri beygju.

Í þeirri von, herra forseti, að frv. fái farsælan endi af því að ég trúi því að í því sé mikil skynsemi, þá leyfi ég mér, herra forseti, að vísa því til 2. umr. og hv. allshn. þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 118. mál (sálfræðiþjónusta). — Þskj. 118.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vátryggingarsamningar og Viðlagatrygging Íslands, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 119. mál (tjón á húseignum, endurstofnverð o.fl.). — Þskj. 119.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagsleg aðstoð, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 120. mál (umönnunargreiðslur). — Þskj. 120.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:51]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir unnar af sérfræðilæknum á stofum, 582. mál, fsp. RG, þskj. 936.

Afföll húsbréfa, 576. mál, þáltill. PM, þskj. 928.

Áfengis- og vímuefnameðferð fyrir fanga, 583. mál, fsp. KF, þskj. 937.

Bifreiðastyrkir til fatlaðra, 578. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 932.

Ferðaþjónusta og stóriðja, 297. mál, svar forsrh., þskj. 929.

Framkvæmd laga um leikskóla, 585. mál, fsp. ÖJ, þskj. 939.

Lyfjaverð og lyfjakostnaður, 579. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 933.

Milliliðalaust lýðræði, 577. mál, þáltill. BjörgvS o.fl., þskj. 931.

Rannsóknir í heilbrigðisþjónustunni, 581. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 935.

Umfang happdættismarkaðarins, 580. mál, fsp. SvH, þskj. 934.

Þjálfun fjölfatlaðra barna, 584. mál, fsp. ÖJ, þskj. 938.

Stimpilgjald, 1. umr.

Frv. MF, 121. mál (lækkun gjalds). — Þskj. 121.

[16:53]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum, í forföllum hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur sem er 1. og eini flutningsmaður frv.

Herra forseti. Töluvert er síðan þetta mál var lagt fram þannig að nokkrar dagsetningar eru orðnar úreltar og mundi ég vilja beina til nefndarinnar sem fær þetta mál því sem segir í 1. gr. þar sem talað er um að stimpilgjald lækki um fimmtung frá 1. janúar 2003. Það breytist náttúrlega í 2004. Í greinargerð með frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta var áður flutt á 126. og 127. löggjafarþingi, en náði ekki fram að ganga. Það er endurflutt óbreytt.

Í núgildandi lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, er gert ráð fyrir að greitt sé stimpilgjald af íslenskum viðskiptaskjölum. Nokkuð er misjafnt eftir því hvers konar skjal er um að ræða hversu hátt stimpilgjaldið er.

Skattheimta á borð við innheimtu stimpilgjalda hefur verið á hröðu undanhaldi í OECD-ríkjum síðustu áratugi. Slík skattheimta hefur í för með sér neikvæð áhrif, svo sem að mismuna aðilum innan lands og veikja samkeppnisstöðu fyrirtækja gagnvart erlendum fyrirtækjum. Eins og íslenskt viðskiptaumhverfi hefur þróast er óhætt að halda því fram að stimpilgjöldin séu bein samkeppnishindrun fyrir íslensk fjármálafyrirtæki, sem og íslenska útgefendur verðbréfa sem hyggjast skrá þau á erlendum mörkuðum. Jafnframt má halda því fram að með tilkomu rafrænnar eignarskráningar verðbréfa sé hlutverki stimpilskyldu í raun lokið. Ekki er hægt að stimpla rafræn verðbréf, auk þess sem ekki er um skjöl í eiginlegri merkingu þess orðs að ræða. Einnig má líta svo á að með innheimtu stimpilgjalds af lánum til einstaklinga til húsnæðiskaupa eða annarra nauðsynja sé í raun verið að innheimta nokkurs konar „fátækraskatt“, en þessi lán eru oftast veitt þeim sem ekki hafa efni á að fjármagna húsnæðiskaup eða aðrar nauðsynjar með eigin fé. Þá bendir flutningsmaður jafnframt á að óeðlilegt sé að við skuldbreytingar á lánum sem fjölskyldur hafa tekið sé stimpilgjald innheimt æ ofan í æ. Þarna er á ferðinni gjaldtaka sem er langt umfram það sem þjónustan kostar í raun.

Hér er lagt til að stimpilgjald af óþinglýstum skjölum verði afnumið í þrepum, þannig að það lækki um fimmtung árlega og falli endanlega niður 1. janúar 2007. Þá er gert ráð fyrir að frá og með 1. janúar 2003“ — eða 1. janúar 2004, eins og ég gat um í upphafi máls míns — „verði stimpilgjald þinglýstra skjala lækkað niður í raunkostnað við þá þjónustu sem veitt er. Eftir stendur þá þjónustugjald í stað skatts. Jafnframt er gert ráð fyrir að lögin verði endurskoðuð í heild með tilliti til þess hvort fella eigi þau endanlega úr gildi eigi síðar en 1. júlí 2007“ — eða 2008 eins og ég nefndi.

Herra forseti. Þetta er afar sanngjarnt mál og það er alveg furðulegt að þetta skuli ekki hafa verið gert fyrr miðað við hvað þessi skattheimta er geysilega óréttlát, þ.e. að ríkissjóður skuli árið 2003 nýta sér það að leggja stimpilgjöld á lántöku til þess að afla ríkissjóði tekna upp á eina 3,3 milljarða kr. eins og stimpilgjald er talið hafa gefið ríkissjóði á síðasta ári. Eins og fram kemur í greinargerð hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur er þetta mjög ósanngjörn skattheimta, enda er í skýrslu OECD um íslenska skattkerfið gerð ítarleg úttekt á þessu skattkerfi og settar fram fjölmargar hugmyndir, þar á meðal um að stimpilgjöld verði afnumin.

Samtök atvinnulífsins hafa einnig tekið undir þessa kröfu eða tillögu OECD um að stimpilgjöld af útgáfum og viðskiptum ýmiss konar verði felld brott.

Herra forseti. Ég hygg að umræða um stimipilgjald sé töluvert löng. Ég vitna máli okkar til stuðnings, þ.e. um að þetta sé skynsamlegt og að það njóti víðtæks stuðnings í þjóðfélaginu að fella þetta niður, að Davíð Oddsson, formaður Sjálfstfl., hæstv. forsrh., boðaði það á landsfundi Sjálfstfl. 2001 að stórlega yrði dregið úr stimpilgjöldum hér á landi. Það hefur því miður ekki gengið eftir. Þess er skemmst að minnast að þegar fjárlög voru lögð fram á liðnu hausti var gert ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum mundu lækka um 900 millj kr. og að stigið yrði fyrsta skref í að afnema þennan óréttláta skatt. En því miður var Adam ekki lengi í Paradís. Við 3. umr. var þetta fellt út. Þá gekk þetta til baka.

Til þess að gera sér aðeins í hugarlund hversu hár þessi skattur er má taka sem dæmi að stimpilgjald af 5 millj kr. skuldabréfi er hvorki mera né minna en 75 þús. kr. Þjónustugjaldið hins vegar við að gera þetta í stjórnsýslunni er 1.200 kr. Það bætist við. En þegar greidd eru 75 þús. kr. af 5 millj. kr. bréfi eða 150 þús. kr. af 10 millj. kr. bréfi þá sjáum við náttúrlega að þetta er skattheimta sem á ekki að eiga sér stað. Þetta er ósanngjörn skattheimta sem leggst illa á þá sem þurfa að taka lán og mismunar, eins og hér hefur komið fram, lánastofnunum íslenskum og erlendum.

Herra forseti. Í lögum um stimpilgjald eru undanþágur, fordæmi. Undanþágurnar eru m.a. þær sem koma fram í 35. gr. laganna, með leyfi forseta:

„Eftirtalin skjöl eru stimpilfrjáls:

1. Húsbréf og húsnæðisbréf.

2. Skuldabréf og víxlar sem gefin eru út af ríkissjóði, enda séu bréfin skráð á skipulögðum markaði.“

Ríkissjóður greiðir sjálfum sér ekki stimpilgjöld.

„3. Skuldabréf og tryggingarbréf sem gefin eru út til Lánasjóðs íslenskra námsmanna samkvæmt lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

4. Skuldabréf sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarláns samkvæmt lögum um húsnæðismál. Sama gild-

ir um skuldabréf sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna lána til byggingar eða kaupa leiguhúsnæðis, sbr. VIII. kafla laga um húsnæðismál.

5. Heimildarbréf fyrir íbúð þegar viðbótarlán úr Íbúðalánasjóði, sbr. 4. tölul., er veitt til kaupa á henni.

6. Húsaleigusamningar."

Herra forseti. Hér hef ég aðeins tekið nokkur atriði máli þessu til stuðnings þar sem sannarlega eru fordæmi fyrir því að rukka ekki þennan ósanngjarna skatt af öllum verðbréfum og þarna er það gert.

Herra forseti. Í umræðum fyrir jól gerði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir grein fyrir áliti 1. minni hluta efh.- og viðskn. og kannski lýsir það best afstöðu okkar jafnaðarmanna hér á Alþingi til þessa skatts ásamt náttúrlega því tímamótafrv. sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur lagt fram á Alþingi og ég flyt nú í hennar stað. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði m.a. í ræðu sinni, með leyfi forseta:

„Samfylkingin er þeirrar skoðunar að stimpilgjöld séu í eðli sínu ranglát og leggist þyngra á fólk í fjárhagsþröng en aðra í samfélaginu, og þyngra á lítil fyrirtæki en stór. Við leggjum því áherslu á að þegar á næsta ári verði stigið skref í að afnema stimpilgjöld og teljum rétt að um þriðjungur stimpilgjalda verði afnuminn 1. janúar 2003. Við vísum þar til frv. sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur flutt um afnám stimpilgjalda í áföngum en í greinargerð með frv. kemur fram að skattheimta á borð við innheimtu stimpilgjalda hefur verið á hröðu undanhaldi í OECD-ríkjunum síðustu áratugi. Slík skattheimta hefur í för með sér neikvæð áhrif, svo sem að mismuna aðilum innan lands og veikja samkeppnisstöðu fyrirtækja gagnvart erlendum fyrirtækjum."

Síðan er áfram rætt um þetta og sagt að þessa skattheimtu megi, innan gæsalappa, kalla hálfgerðan „fátækraskatt". Ef menn neyðast til að taka lán, að maður tali nú ekki um ef verið er að skuldbreyta, þá leggst þetta áfram á og þannig koll af kolli.

Herra forseti. Það hefur líka komið fram að tekjur ríkissjóðs af stimpilgjaldi eru áætlaðir 3,3 milljarðar á árinu 2003. Samkvæmt lauslega áætluðu mati greiða einstaklingar 35–40% af stimpilgjaldinu en fyrirtækin 60–65%.

Herra forseti. Það hefur áður komið fram að skuldir heimilanna í landinu eru taldar vera um 175% af ráðstöfunartekjum þeirra. Þess vegna held ég að það sé mjög gott á þessum tímapunkti að stíga það fyrsta skref sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir leggur til í þessu frv. við að afnema í áföngum þann rangláta skatt sem stimpilgjaldið er.

Herra forseti. Það hefur oft verið mælt fyrir málum á hinu háa Alþingi. Ég er nú að mæla fyrir frv. sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefði viljað flytja og fylgja eftir með sínum alkunna baráttuvilja. Þetta er mál sem við ættum ekki að þurfa að karpa um á Alþingi heldur ættum við, allir stjórnmálaflokkar á Íslandi, að einhenda okkur í að afnema þessa ranglátu skattheimtu.

[17:04]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það mál sem hér hefur verið mælt fyrir og er flutt af hv. þm. Margréti Frímannsdóttur er stórmál, bæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga í þessu landi. Það er alveg ástæða til þess að árétta að stjórnarflokkarnir hafa svikist um það, núna þegar þetta kjörtímabil þeirra er að enda, að fara í það að afnema eða lækka þennan skatt, stimpilgjöldin. Við tókum mikla umræðu um þetta mál í tengslum við skattalagabreytingar ríkisstjórnarinnar á haustdögum 2001 og þá var það loforð stjórnarflokkanna að þetta mál yrði tekið fyrir í næsta áfanga og yrði lagt fram frv. um það á haustdögum 2002, þ.e. á þessu yfirstandandi þingi, að stíga skref í að lækka stimpilgjöld. Það var gert ráð fyrir því í fjárlögum, þegar þau voru samþykkt í haust, að lækka stimpilgjöldin um 900 millj. kr. en stimpilgjöld eru sennilega nálægt 3,2 eða 3,3 milljörðum kr.

Nú hafa þeir runnið á rassinn með það, herra forseti, að lækka stimpilgjöldin sem margir biðu eftir. Líklega var það gert vegna þess að tryggingagjaldið sem ríkisstjórnin hækkaði á sínum tíma — á haustdögum 2001 þegar stóra skattalagafrv. var lagt fram hækkaði hún tryggingagjaldið verulega, um 2,4 milljarða kr., sem kom sér afar illa fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og sprotafyrirtæki. Á síðasta ári knúði verkalýðshreyfingin í gegn lækkun á þessu tryggingagjaldi í tengslum við kjarasamninga eða rauðu strikin sem mikið voru til umræðu á síðasta ári. Sú lækkun kostar þá ríkissjóð á næsta ári um einn milljarð, og þá bæta þeir sér mismuninn upp, þessir ágætu herrar, með því að svíkja loforðið um lækkun á stimpilgjöldunum. Það hefur ekki skilað sér eins vel til fyrirtækjanna og þau bjuggust við enda er sá hluti af hækkun á tryggingagjaldinu sem var tekinn til baka um síðustu áramót greiddur með stimpilgjaldinu.

Það er alveg ljóst, herra forseti, að það er óhætt að halda því fram að stimpilgjöldin séu bein samkeppnishindrun fyrir íslensk fjármálafyrirtæki sem og íslenska útgefendur verðbréfa sem hyggjast skrá þau á erlendum mörkuðum. Þetta er, eins og við höfum komið inn á hér í þessari umræðu, mjög ósanngjarn skattur gagnvart einstaklingum, einkum þeim sem eru að koma sér upp húsnæði. Með innheimtu stimpilgjalda af lánum einstaklinga til húsnæðiskaupa eða annarra nauðsynja er í raun og veru verið að innheimta, eins og framsögumaður nefndi hér, nokkurs konar fátækraskatt en þessi lán eru oftast veitt þeim sem ekki hafa efni á að fjármagna húsnæðiskaup eða aðrar nauðsynjar af eigin fé. Og það er óeðlilegt að við skuldbreytingar á lánum sem fjölskyldur hafa tekið sé stimpilgjald innheimt æ ofan í æ. Þar er á ferðinni gjaldtaka sem er langt umfram það sem þjónustan kostar.

Herra forseti. Eins og ég nefndi mundu bæði einstaklingar og fyrirtæki hagnast verulega á þessari breytingu. Einstaklingar borga um 1,2–1,3 milljarða stimpilgjaldsins, þ.e. um þriðjung, og fyrirtækin um 2,1 milljarð. Herra forseti, við erum mjög áfram um að ná því í höfn að stimpilgjöld verði lækkuð með það að markmiði að afnema þau algjörlega og munum halda því sjónarmiði á lofti.

Þegar skattalagabreyting ríkisstjórnarinnar var tekin til atkvæðagreiðslu í desembermánuði 2001 fluttum við brtt. þess efnis að stíga fyrsta skrefið í þessu efni og lækka stimpilgjöldin um þriðjung, þ.e. um 1 milljarð kr., sem átti þá að taka gildi 1. janúar 2003. Herra forseti. Stjórnarflokkarnir felldu þá tillögu um leið og þeir lofuðu bót og betrun og lofuðu að gera þetta við fjárlagaafgreiðsluna fyrir þetta ár. Við það hefur ekki verið staðið, og því ber að halda til haga.

Í því frv. sem hér hefur verið mælt fyrir gerum við tilraun til þess, herra forseti, að fá stjórnarflokkana til að stíga þá heldur minna skref en við lögðum til 2001 ef vera mætti að hægt yrði að ná samkomulagi um það. Við leggjum til að það verði lækkað um fimmtung árlega frá 1. janúar 2003 fram til 1. janúar 2007 og teljum að stjórnarflokkarnir ættu að geta skoðað þá leið með opnum huga.

Herra forseti. Afgreiðslan á þessu máli ríkisstjórnarinnar við fjárlagaafgreiðsluna núna þar sem þeir hættu við að lækka stimpilgjaldið sýnir enn eina ferðina að þessi ríkisstjórn er á rangri leið í öllum aðgerðum sínum í skattamálum og þetta er ein sönnun þess. Það frv. sem hér er flutt af hv. þm. Margréti Frímannsdóttur sýnir eindregna og afdráttarlausa stefnu Samfylkingarinnar í skattamálum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. ÖS o.fl., 130. mál (félagsgjöld til stéttarfélags). — Þskj. 130.

[17:11]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. sem ég flyt ásamt hv. þm. Margéti Frímannsdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur og Sigríði Jóhannesdóttur um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Efnislega er þetta frv. ákaflega einfalt. Það leggur til að félagsgjöld sem launþegar greiða til stéttarfélaga verði frádráttarbær frá skatti. Rökin fyrir þessu, herra forseti, eru einföld. Að vinnumarkaðnum standa tvenns konar aðilar, annars vegar verkalýðshreyfingin og hins vegar atvinnurekendur. Yfirskattanefnd hefur markað þá stefnu að félagsgjöld sem fyrirtæki greiða til Samtaka atvinnurekenda megi draga frá stofni tekjuskatts. Það hefur hins vegar ekki verið heimilt til þessa að félagsgjöld sem launþegar greiða til stéttarfélaga sinna verði frádráttarbær frá skatti. Þetta tel ég vera ákaflega mikið ranglæti. Ég sé engin rök fyrir þessu misræmi. Þetta felur í sér ranglæti, jafnt gegn launamönnum sem verkalýðshreyfingunni sjálfri og ég dreg í efa, herra forseti, að þetta standist jafnræðisreglu.

Settar hafa verið ákveðnar leikreglur í okkar lýðræðislega samfélagi. Þær hafa sem grunnstef að engum sé mismunað. Við höfum alltaf virt þá aðila sem standa að vinnumarkaðnum. Við höfum sýnt Samtökum atvinnurekenda virðingu og við sem stundum höfum barist gegn ýmsu því sem þeir hafa beitt sér fyrir höfum eigi að síður tekið ofan fyrir samtakamætti þeirra, og ég sé ekkert athugavert við það því að í krafti þess samtakamáttar tókst Samtökum atvinnurekenda að ná þessu fram fyrir sína meðlimi. Það er hluti af leikreglum lýðræðisins að samtökum sem standa að vinnumarkaðnum sé gert kleift að starfa eðlilega.

Fyrirtækin sem eru aðilar að Samtökum atvinnurekenda greiða stórar fjárhæðir í sjóði þeirra. Þessar fjárhæðir standa undir rekstri samtakanna og hafa látið ýmislegt gott af sér leiða. Átök millum Samtaka atvinnurekenda og verkalýðshreyfingarinnar hafa með vissum hætti verið undirtónninn í kjaraþróun og hinni félagslegu þróun samfélagsins á síðustu öld. Ef Samtökum atvinnurekenda, herra forseti, er gert kleift að fjármagna sig með þessum hætti og auðveldað af ríkisins hálfu að gera það svona finnst mér ekki hægt að meina verkalýðshreyfingunni að hið sama gildi fyrir þá sem innan hennar vébanda starfa.

Herra forseti. Þetta er einfalt mál, þetta er réttlætismál og það nýtur mikils stuðnings meðal verkalýðshreyfingarinnar. Ég tel að það sé ákaflega mikilvægt að þetta mál fái t.d. umsögn Samtaka atvinnurekenda. Eins og ég sagði áðan ber ég virðingu fyrir þeim samtökum og fyrir þeim krafti sem oft hefur fylgt þeim. Mér hefur á stundum fundist ýmislegt skorta upp á réttlætiskenndina hjá þeim. Ég verð hins vegar að segja að á undanförnum árum hefur tekist alveg prýðileg samvinna með þeim og samtökum innan verkalýðshreyfingarinnar og ég vil gjarnan sjá hvaða afstöðu Samtök atvinnurekenda taka til þessa máls.

Það skiptir hins vegar máli að skattkerfið sé réttlátt. Það er hægt að benda á margt í núverandi skattkerfi sem ekki er beinlínis hægt að bendla við fullkomið réttlæti. Við þingmenn Samfylkingarinnar höfum verið iðin við að benda á ýmsar misfellur sem við hyggjumst breyta til batnaðar þegar við komumst að landstjórninni. Þetta er eitt af þeim málum. Þetta er ekki stórt mál. Þetta er ekki dýrt mál fyrir ríkið. Þetta er hins vegar réttlætismál.

Ég tel líka að ef við horfum á efnahagsþróunina, herra forseti, megi segja að ríkisstjórnin sem nú situr við völd skuldi verkalýðshreyfingunni drjúgum. Við vitum öll að efnahagslífið var á brauðfótum fyrri part þessa kjörtímabils. Við vissum að það munaði ekki miklu að hér slitnuðu bönd af verðbólgu. Við sáum hvernig gengið fór um nokkra hríð og við sáum hvernig ákveðin óáran greip um sig. Ríkisstjórnin flaut sofandi að feigðarósi. Hún tók sjálf ákveðið frumkvæði í því að kynda undir verðbólgubálinu með því að samþykkja frumvörp á síðasta ári sem beinlínis leiddu til hækkunar á verðlagi. Þá var það verkalýðshreyfingin sem stappaði niður fæti og sagði: Hingað og ekki lengra. Það var að frumkvæði hennar sem fyrst sveitarfélög, ekki síst Reykjavíkurborg, sem þá laut stjórn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, eins af leiðtogum Samfylkingarinnar, og önnur stærri sveitarfélög tóku af skarið og féllust á þessa kröfugerð verkalýðshreyfingarinnar. Í kjölfarið kom svo ríkisstjórnin. Eins og við þingmenn Samfylkingarinnar sögðum á sínum tíma átti ríkisstjórnin hrós skilið fyrir að hafa hlýtt ráðum verkalýðshreyfingarinnar. En á hinu háa Alþingi stóðum við þingmenn Samfylkingarinnar og studdum þær aðgerðir ríkisstjórnarinnar, við studdum málflutning verkalýðshreyfingarinnar. Þetta hefur leitt til þess, herra forseti, þótt deila megi um það hvort sú lending í efnahagslífinu sem hæstv. fjmrh. vildi kalla snertilendingu sé í reynd mjúk eða hörð. Við sjáum að tölur um atvinnuleysi benda til þess að hún kunni að vera að þróast í mun harðari lendingu en menn töldu. Eitt er þó algerlega ljóst. Ef ríkisstjórnin hefði ekki hlýtt þeim ráðum sem verkalýðshreyfingin setti fram, þrýsti fram, þá hefði stefnt hér í óefni.

Ég nefni þetta, herra forseti, vegna þess að æ sér gjöf til gjalda. Mér finnst að ríkisstjórnin eigi að horfa á þetta mál undan því sjónarhorni sem ég nefndi áðan, þ.e. að verkalýðshreyfingin hefur reynst dyggur stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar alveg eins og Samfylkingin í baráttunni gegn verðbólgu, í baráttunni fyrir því að viðhalda stöðugleika. Verkalýðshreyfingin hafði samninga sem hún hefði getað notað til þess að segja upp launalið og fara í harðar kjaradeilur. Forusta verkalýðshreyfingarinnar tók ábyrga afstöðu alveg eins og Samfylkingin tók ábyrga afstöðu. Þessi þrenning, verkalýðshreyfing, obbi stjórnarandstöðunnar og ríkisstjórnin, vann saman að því að viðhalda þó þeim stöðugleika sem hér er í dag.

Herra forseti. Þetta mál gengur út á það eitt að verkalýðshreyfingin njóti jafnræðis á við atvinnurekendur. Atvinnurekendur fá að draga frá tekjuskattsstofni þær fjárhæðir sem fyrirtæki innan þeirra vébanda greiða þeim í félagsgjöld.

Það er sjálfsagt réttlætismál að almennir liðsmenn verkalýðshreyfingarinnar fái sömuleiðis að draga frá stofni síns tekjuskatts þau gjöld sem þeir inna af höndum sem félagsmenn í sjóði verkalýðshreyfingarinnar. Þess vegna mælist ég til þess, herra forseti, að þegar frv. hefur farið í gegnum 1. umr. verði því vísað til efh.- og viðskn. og mun sem fulltrúi Samfylkingarinnar í henni beita mér fyrir því að þetta litla en sjálfsagða réttlætismál nái fram að ganga.

[17:19]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Það frv. sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, hefur flutt sýnir að oft þurfa frv. ekki að vera stór um sig til að fela í sér aukið jafnrétti og sjálfsagðar breytingar á skattkerfi þar sem menn hafa komið auga á mismun sem er óþolandi og ekki er hægt að sætta sig við, a.m.k. ekki frá hendi okkar jafnaðarmanna. Flm. bendir á það sjálfsagða atriði sem í raun og veru er mjög furðulegt að skuli vera við lýði, að félagsgjöld sem atvinnurekendur greiða til stéttarsambands síns skuli dragast frá tekjuskattsstofni fyrirtækja áður en lagt er á en hins vegar að félagsgjöld sem launþegar greiða til stéttarféalga skuli ekki vera frádráttarbær frá skatti. Í þessu felst mismunun og ég segi, herra forseti, að þetta er lítið mál í raun og veru en ákaflega sanngjarnt og þess vegna trúi ég ekki öðru en að hv. efh.- og viðskn. muni taka frv. upp á sína arma og gera þetta að tillögu sinni til þingsins og við munum klára þetta fyrir vorið.

Herra forseti. Fram hefur komið hjá nokkrum verkalýðsfélögum, sérstaklega á landsbyggðinni, t.d. verkalýðsfélagi Húsavíkur sem er stýrt af ákaflega baráttuglöðum mönnum sem taka oft mál í sínar hendur, álykta um þau og benda á málefni sem betur mega fara, að þau hafa svo sannarlega tekið undir það mál sem hér er flutt. Við höfum áður í dag, og það er rétt að nefna það, herra forseti, að þessi dagur hefur verið má segja dagur umræðna um jafnrétti, aukið jafnrétti á Íslandi og það er eðlilegt að við þingmenn Samfylkingarinnar, jafnaðarmenn í Samfylkingunni skulum hafa haft umræðu uppi um þetta litla mál. Það er nefnilega svo að forverar okkar í Alþýðuflokki, Alþýðubandalagi og Kvennalista voru brautryðjendur í jafnréttismálum á Íslandi. Og það er þar sem Samfylkingin hefur tekið upp sem gunnfána sinn frá þessum gömlu flokkum og berst fyrir auknu jafnrétti í landinu, gegn misrétti, gegn mismun og hér gegn mismun stéttarfélaga og Samtaka atvinnulífsins. Með öðrum orðum, herra forseti, í dag höfum við verið að ræða um hvernig þungaskattur og aðrir skattar ríkisins á flutningastarfsemina í landinu mismunar þegnum landsins. Lagðir eru á landsbyggðarskattar sem landsbyggðarfólk þarf að borga vegna þess að þangað þarf að flytja vörur af því að það býr í örlítilli fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.

Við höfum einnig rætt um skattkerfi fyrirtækja. Hæstv. ríkisstjórn hefur gert breytingar á skattkerfi fyrirtækja sem eru mjög ósanngjarnar vegna þess að misrétti er beitt milli höfuðborgarfyrirtækja og fyrirtækja á landsbyggðinni. Það hefur áður komið fram, herra forseti, að fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu muni græða um 3 milljarða á þeirri skattkerfisbreytingu meðan öll önnur fyrirtæki í öllum öðrum skattumdæmum landsins munu að meðaltali ekki hagnast um eina einustu krónu. Þetta er óþolandi mismunun, þetta er óþolandi misrétti og þetta eru hlutir sem ættu ekki að eiga sér stað í upphafi nýrrar aldar.

Það er eitt mál í viðbót, herra forseti, sem ég ætla að nefna í lok þessa dags. Það er mál sem ég flutti í forföllum hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur, um stimpilgjöld, og ætla ég ekki að endurtaka það sem nýsagt er í því. En auðvitað er það mjög ósanngjörn skattheimta. Það er nú svo, herra forseti, að vafalaust finnst öllum skattur sem þeir greiða vera mjög ósanngjarn. En ég held að við getum, sama hvar í flokki við stöndum, komist að samkomulagi um að það sem við höfum nefnt hér sé sanngirnismál að leiðrétta. Þess vegna er eðlilegt, herra forseti, að þetta litla mál sem þó skiptir svo miklu varðandi jafnrétti, að eyða mismun, sé flutt af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, formanni Samfylkingarinnar, og má segja að þessi dagur sé í takt við það sem okkar stefna snýst um í dag, það er að breyta þjóðfélaginu frá misrétti til jafnaðar og jafnréttis. Og það er eiginlega það sem ég hygg að þjóðin muni greiða atkvæði um 10. maí nk. í komandi alþingiskosningum, um framtíðarstefnu landsins og ég er viss um að þjóðin mun kjósa aukið jafnrétti.

[17:25]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Mér rann blóðið til skyldunnar undir ræðu hv. þm. Ég ætla ekki að lengja umræðuna en það er hárrétt sem hv. þm. sagði að þetta litla frv. sem er grundvallað á stefjum jafnréttis hefur hlotið ákaflega góðar viðtökum hjá verkalýðsfélögum.

Rétt er að greina frá því að upptök frv. eru umræður sem urðu innan verkalýðshreyfingarinnar. Nokkrir ágætir menn í forustu verslunarmannafélags á Suðurnesjum vöktu fyrstir athygli mína og þingmanna Samfylkingarinnar á þessu réttlætismáli sem hér er flutt.

Ég hafði enga hugmynd gert mér um það áður að við byggjum virkilega við það misrétti að fyrirtæki fengju frádráttarbær til skatts þau framlög sem þau reiddu af höndum í sjóði Samtaka atvinnulífsins en liðsmenn verkalýðshreyfingarinnar fengju ekki hið sama þegar þeir greiddu sín gjöld í sjóði verkalýðshreyfingarinnar.

Hv. þm. Kristján Möller, sem er einn af ötulustu talsmönnum landsbyggðarinnar í þessum sölum, nefndi það einmitt að í kjördæmi hans, Húsavík, hefði þetta mál vakið athygli og þá er rétt að greina frá því, herra forseti, að Aðalsteinn Baldursson formaður, einn af forustumönnum innan Alþýðusambands Íslands, starfsgreinasambandsins, og einn af helstu forustumönnum verkalýðsfélagsins á Húsavík, hefur sinnt þessu máli sérstaklega og lýst því yfir að það væri skoðun hans og annarra forustumanna að það bæri að samþykkja þetta hið fyrsta. Þessu til stuðnings tóku þeir sig til, hann og nokkrir aðrir félagar í verkalýðsfélaginu á Húsavík og héldu sérstakan fund innan félagsins þar sem málið var rætt og samþykktu eindreginn stuðning við málefnið.

Þetta vildi ég, herra forseti, að kæmi fram. Þetta mál hangir ekki í lausu lofti, það verður ekki til af engu heldur sprettur það af vilja liðsmanna innan verkalýðshreyfingarinnar sem vilja ekki una þessu ranglæti.

Herra forseti. Ég og hv. þm. Kristján Möller höfum í ræðum lagt fram þau einföldu en þungu rök sem mæla með samþykkt málsins. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu og þessi orð um málið lengri en ég vænti þess að þegar málið kemur til kasta þingsins muni stjórnarliðið sjá sóma sinn í því að leiðrétta þennan mismun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúruvernd, 1. umr.

Frv. ÖS o.fl., 131. mál (rekstur þjóðgarða). — Þskj. 131. [17:28]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Við þingmenn Samfylkingarinnar höfum lagt fram þáltill. um stofnun sérstaks þjóðgarðs um þau svæði sem ósnortin eru norðan og norðaustan Vatnajökuls. Við höfum rétt fram sáttarhönd til þeirra sem hafa strítt í deilum um virkjun við Kárahnúka. Við höfum í reynd sagt að hægt væri að fara bil beggja og jafnvel þó að menn leyfi virkjun við Kárahnjúka, sé eigi að síður nauðsynlegt að slá skjaldborg um þau friðuðu svæði sem eftir eru á hálendinu á þessu mikla flæmi. Við höfum jafnframt í þeirri þáltill. skýrt út sjónarmið okkar um hvernig beri að reka þjóðgarðinn.

Herra forseti. Aðkoma að honum, ef af stofnun hans verður, yrði hugsanlega úr þremur kjördæmum. Mörg sveitarfélög liggja að hinum fyrirhugaða þjóðgarði. Við höfum sem flokkur valddreifingar lagt til að í vaxandi mæli verði verkefni ríkisins flutt út til sveitarfélaga og jafnvel eftir því sem við á til einstaklinga líka.

Hins vegar er það þannig, herra forseti, að núgildand lög um Náttúruvernd ríkisins heimila ekki að Náttúruverndin feli sveitarstjórnum umsjón þjóðgarða eða náttúruverndarsvæða. Þjóðgarður er samkvæmt nýlegum náttúruverndarlögum skilgreindur sem náttúruverndarsvæði og í þeim lögum er sömuleiðis að finna heimild til þess að fela einstaklingum eða lögaðilum umsjón og rekstur slíkra svæða. Ég studdi það á sínum tíma, herra forseti, meðan ég var umhvrh. og beitti mér fyrir því að einstaklingar og eftir atvikum fyrirtæki gætu fengið heimild til að reka slík svæði.

Þegar núv. hæstv. umhvrh., Siv Friðleifsdóttir, lagði fram frv. sem síðar varð að lögum með nokkuð almennum stuðningi í þinginu var hins ekki gert ráð fyrir því að Náttúruverndin gæti falið sveitarstjórn eða eftir atvikum sveitarstjórnum sem eiga land að þjóðgarði, umsjón og rekstur hans. Ef þáltill. okkar um stofnun þjóðgarðs norðan og norðaustan Vatnajökuls verður samþykkt og þjóðgarðurinn verður að veruleika, þá er eins og nú er í pottinn búið ekki lagaheimild fyrir því að fela sveitarstjórnum rekstur eða umsjón hluta af þjóðgarðinum. Þetta tíðkast hins vegar sums staðar erlendis með ákaflega góðri raun.

Við viljum þess vegna til að fyllsta samræmis sé gætt millum viðhorfa okkar gagnvart lagarammanum sjálfum og annars vegar þessarar þáltill. okkar, setja undir þennan leka með því að leggja til að lögum um náttúruvernd verði breytt þannig að Náttúruvernd ríkisins geti falið sveitarstjórn umsjón og rekstur þjóðgarðs. Um það snýst frv., herra forseti, og ég legg til að þegar þessari umræðu lýkur verði málinu vísað til umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsókn á áhrifum háspennulína á mannslíkamann, fyrri umr.

Þáltill. DrH o.fl., 141. mál. — Þskj. 141. [17:32]

Flm. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um rannsóknir á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á líkamann. Flutningsmenn auk mín eru Árni Ragnar Árnason, Ásta Möller, Vilhjálmur Egilsson, Sigríður Anna Þórðardóttir, Katrín Fjeldsted, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Guðjón Guðmundsson og Arnbjörg Sveinsdóttir.

Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að standa fyrir faraldsfræðilegri rannsókn á mögulegum áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann, sérstaklega með tilliti til nýgengis krabbameins.

Rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöðum hennar skilað fyrir 1. október 2012.

Ráðherra gefi Alþingi skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar strax að henni lokinni.“

Herra forseti. Erlendar rannsóknir leiða æ meiri líkur að því að rafsegulsvið hvers konar, eða rafmengun, geti haft alvarleg áhrif á heilsu og líðan fólks og jafnvel valdið krabbameini. Umræðan um rafsegulsvið og áhrif þess á mannslíkamann eykst stöðugt og undanfarin ár hafa augu almennings og fræðimanna beinst æ meira að umhverfi okkar til að skoða hvort orsakir sjúkdóma og vanheilsu sé að finna þar, þ.e. hvort rafmagnsmannvirki geti valdið heilsutjóni hjá þeim sem búa í nágrenni þeirra.

Opinber bresk stofnun hefur viðurkennt opinberlega að tengsl geti verið milli krabbameinstilfella og háspennulína. Rannsóknir framkvæmdar af faraldsfræðingnum Richard Doll leiddu í ljós að börn sem búa í grennd við háspennulínur eiga frekar á hættu að fá krabbamein en önnur börn. Rannsóknarhópur í háskólanum í Toronto í Kanada og Hospital for Sick Children tilkynnti að rannsóknir hefðu sýnt að börn sem búa við há gildi rafsegulsviðs eiga frekar á hættu að fá hvítblæði en börn sem búa ekki við slík skilyrði. Mælingar á heimahögum veikra barna leiddu í ljós að tvisvar til fjórum sinnum meiri líkur væru á að börn með hvítblæði hefðu búið við há gildi rafsegulsviðs.

Jafnframt hafa faraldsfræðilegar rannsóknir Dana og Svía sýnt fram á tengsl milli hvítblæðis í börnum og búsetu í nálægð við rafmagnsmannvirki. Hið sama kann að gilda um fullorðna, en það er ekki vitað fyrir víst. Því er tímabært að hér á landi verði framkvæmd faraldsfræðileg rannsókn á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann, sérstaklega með tilliti til nýgengis krabbameins. Lagt er til að rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöður hennar kynntar Alþingi eigi síðar en 1. október 2012. Flutningsmenn benda á að slík rannsókn geti farið fram á vegum landlæknisembættisins og hugsanlegt er að hún geti verið afturvirk að einhverju leyti.

Herra forseti. Mig langar til að vitna í viðtal við Helga Geirharðsson sem kom í Morgunblaðinu 3. mars árið 2002.

Yfirskriftin er: Hannað til að koma í veg fyrir rafmengun.

Nýbygging Marels reis við Austurhraun í Garðabæ og arkitektinn er Ingimundur Sveinsson. Sú bygging er sérstaklega hönnuð og uppbyggð með það fyrir augum að svokölluð rafmengun valdi ekki vanlíðan starfsfólks eða truflun í rafmagnskerfi. Í viðtalinu segir, með leyfi forseta:

„Nýbyggingin er langt komin og er stefnt að því að Marel flytji starfsemi sína þangað í júní næstkomandi. Að sögn Helga Geirharðssonar, verkefnisstjóra Marels við byggingunа, eru fjölmörg atriði sem hugað hefur verið að í þessu sambandi. „Til dæmis hafa allir lampar, sem eiga að koma í húsið, verið sérstaklega prófaðir út frá þeirri rafmengun sem þeir skapa. Eins höfum við fengið fyrirtæki til að hanna sérstaklega allar jarðbindingar og allar lagnaleiðir þannig að það myndist ekki óæskileg segulsvið í húsinu. Síðast en ekki síst höfum við gert miklar ráðstafanir til að búa til mjög góða jarðtengingu fyrir húsið þannig að öll rafmagnsmengun eigi góða leið niður í jörð," segir hann og undirstrikar að trúarða töfrabrögð komi þarna hvergi nærri heldur sé um hreina og klára rafmagnsfræði að ræða.

Hann segir rafmagnsmengunina geta valdið bæði vanlíðan hjá fólki til lengri tíma sem það eigi kannski erfitt með að útskýra. Því hafi verið ákveðið að leggja sérstaka áherslu á þetta atriði í byggingu hússins. „Við vitum um dæmi þar sem menn hafa ekki gert það og lent í alls konar vandræðum, bæði hvað varðar vanlíðan starfsfólks og rekstur á tölvukerfum." Það er ekki síst lýsingin í húsinu sem sérstaklega er hugað að í þessu sambandi.

Brynjólfur Snorrason, sem er með fyrirtækið Lífafl á Akureyri, fékk svo þessa lampa og mældi hvaða áhrif hver lampi um sig hafði á rafkerfið og hvernig hann mengaði út frá sér í nánasta umhverfi. Út frá þeim upplýsingum þurftum við síðan að hafna nokkrum lömpum sem olli því að þessi framleiðandi kom með nýjar lausnir. Sem dæmi um þetta nefnir hann lýsinguna í vinnusal nýja hússins sem byggist á nýrri tækni sem ekki hefur verið til í heiminum áður og Marel því fyrsti aðilinn sem tekur hana í notkun.

Helgi segir þessa hugsun á bak við uppbyggingu hússins nýmæli hér á landi því þetta sé í fyrsta sinn sem hús er sérhannað að þessu leyti. „Í Ameríku eru menn kannski komnir lengra í að skoða í rafmagn í svona húsum heldur en t.d. í Evrópu. Við höfum heyrt að þær kröfur sem við erum að setja séu sambærilegar og menn gera varðandi dýragarða annars vegar og hjá bandaríska hernum hins vegar.""

Hér með lýkur tilvitnun í þessa grein í Morgunblaðinu.

Herra forseti. Mig langar líka að geta um svar sem ég fékk frá hæstv. heilbrrh. um nýgengi krabbameins á 126. þingi. Í svari ráðherra segir:

„Skipuleg skráning krabbameina á vegum Krabbameinsskrár Krabbameinsfélags Íslands hófst árið 1954 þannig að hægt er að skoða breytingar á tíðni krabbameina í meira en fjóra áratugi. Á þessu tímabili hefur tíðni krabbameina í heild aukist um 1,2% á ári, að teknu tilliti til fjölgunar íbúa og breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar. Miklar breytingar hafa orðið á tíðni einstakra meina. Tíðni krabbameins í blöðruhálskirtli hefur nær fimmfaldast og er þetta mein fyrir nokkru orðið algengasta krabbamein karla. Þessa fjóra áratugi hefur brjóstakrabbamein verið algengasta krabbamein kvenna, en það er nú tvöfalt algengara en við upphaf skráningarinnar. Tíðni lungnakrabbameins hjá körlum hefur nær þrefaldast og meira en fjórfaldast hjá konum, en heldur er farið að draga úr aukningunni. Tíðni magakrabbameins er nú aðeins þriðjungur af því sem áður var og er það meðal annars þakkað breyttum neysluvenjum. Þá er tíðni leghálskrabbameins aðeins þriðjungur af því sem var um skeið, en það skýrist af leit að sjúkdómnum á forstigi.

Um 1.040 krabbamein eru greind hér á landi á ári, 530 hjá körlum og 510 hjá konum, samkvæmt tölum frá Krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands, en þær miðast við meðaltal áranna 1995–99. Alls greinast 147 karlar með krabbamein í blöðruhálskirtli, 57 með lungnakrabbamein, 48 með ristilkrabbamein, 35 með krabbamein í þvagblöðru og 28 með magakrabbamein, svo að fimm algengustu meinin séu talin. Meðal kvenna var brjóstakrabbamein langalgengast. Ár hvert greinast 135 slík mein, 49 lungnakrabbamein hjá konum, 37 ristilkrabbamein, 27 eggjastokkakrabbamein og 24 krabbamein í legbol.

Spáð hefur verið að eftir áratug muni greinast 1.300–1.400 ný tilfelli af krabbameini hér á landi á hverju ári."

Einnig var athyglisvert að í svari frá hæstv. ráðherra kom fram að þegar tekið er tillit til aldurssamsetningar þjóðarinnar eftir landshlutum, þá er nýgengi krabbameins hærra í Reykjavík og á Reykjanesi en annars staðar á landinu og er það í samræmi við stöðu mála í nálægum löndum og það gerir trúlegast þéttbýlið.

Herra forseti. Ég tel að tillagan sé mjög þess virði að hún fái góða umfjöllun í hv. heilbrn. og hún fái afgreiðslu þaðan. Tillaga sama efnis var lögð fram bæði á 126. og 127. löggjafarþingi, en komst ekki á dagskrá og er því lögð fram að nýju.

Að lokinni umræðu óska ég þess að tillagan verði send til hv. heilbrn. og síðari umr.

[17:42]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil lýsa sérstökum stuðningi við þetta mál og fagna því að það skuli vera komið fram og vil þakka hv. 1. flm., Drífu Hjartardóttur, fyrir að hafa haft forgöngu um það. Það er flutt af alls níu þingmönnum. Um er að ræða mál sem ég held að hljóti að njóta stuðnings þingmanna úr öllum flokkum.

Þingmálið gengur út á það að fram fari faraldsfræðileg rannsókn á mögulegum áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkann sérstaklega með tilliti til nýgengis krabbameins. Í grg. með frv. og í máli hv. 1. flm. var vísað í kannanir sem gerðar hafa verið á erlendri grundu, í breska könnun sem hefur sýnt fram á að tengsl geti verið milli krabbameinstilfella og háspennulína og einnig í rannsóknir sem Danir og Svíar hafa gert sem sýna fram á tengsl milli hvítblæðis í börnum og búsetu í nálægð við rafmagnsmannvirki.

Einnig kemur fram í grg. að það eru ekki aðeins sjúkdómar sem menn horfa til, heldur einnig vanlíðan eða hugsanleg vanlíðan af völdum áhrifa frá slíkum spennistöðvum.

Eitt sem ég velti fyrir mér er hvort sá tímarammi sem ætlaður er til slíkra rannsókna sé nokkuð rúmur. Menn tala þarna um áratug, að birtar verði niðurstöður 2012. Ef til vill er annað ekki raunsætt. Ég velti því líka fyrir mér hvort hægt er að finna einhverjar aðrar leiðir til að taka á þessum málum sem iðulega er vísað frá í hálfkæringi sem einhverri bábylju. Það er alveg ljóst að sumt fólk er miklu næmara en annað fyrir slæmum áhrifum af rafsegulssviðinu, ég kann nú varla að tala um þetta af nokkru viti, en hætt er við því að málinu sé einfaldlega vísað frá sem einhverju óútskýranlegu og jafnvel sem bábylju.

Ég hef átt þess kost að ræða við fjölmargt fólk sem er mjög næmt fyrir rafsviðinu og sumir meira að segja mjög illa haldnir. Ég þekki það líka af eigin reynslu af vinnustað sem ég hef starfað á að þar kom upp tilfelli þar sem nánast var ekki hægt að vinna í húsinu vegna rafmagnsbylgna. (Gripið

fram í.) Það tókst um síðir að einangra vinnuvettvanginn frá þessu, en þetta var mjög raunverulegt.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, enda ekki fróður um tæknileg smáatriði málsins. En hitt veit ég að nauðsynlegt er að láta framkvæma rannsókn og gera allt sem við getum til þess að grafast fyrir um hvað hér er á seyði.

[17:46]

Flm. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir stuðninginn við tillöguna. Ég met mikils álit hans. Tillagan er ekki lögð fram til þess að vera með neinn hræðsluáróður. Það eru engar bábyljur eða töframennska í þessu. Þetta er alveg háalvarlegt mál. Eins og kom fram í máli mínu er mjög athyglisvert hvernig Ingimundur Sveinsson arkitekt hefur hannað húsið fyrir Marel með tilliti til þess hvernig komast megi hjá rafmengun.

Faraldsfræðileg rannsókn tekur langan tíma. Ég tek undir með hv. þm. að það þyrfti að reyna að finna aðrar leiðir til þess að draga úr rafmengun. Það er hægt og það þarf náttúrlega sérfræðinga til að koma að þeim málum. Það er hægt að draga úr rafmengun frá tölvum og alls konar rafmagnstækjum og að því er sífellt verið að vinna. Þessi tillaga er ekki lögð fram til þess að hræða fólk heldur til þess að vinna bug á þessu ef það getur leitt til færri krabbameinstilfella.

Eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði eru margir mjög næmir fyrir einmitt þessum bylgjum, rafsegulbylgjum og rafmagni. Ég hef eins og hann heyrt margar sögur af því að fólk geti ekki sofið og að sár grói seint og margir telja að allt of mörg krabbameinstilvik hafi komið upp á ákveðnum svæðum í borgum og bæjum vegna þess að húsin eru nálægt háspennumannvirkjum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjónustugjald á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum, fyrri umr.

Þáltill. ÁMöl o.fl., 142. mál. — Þskj. 142.

[17:48]

Flm. (Ásta Möller):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um þjónustugjald á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum. Flutningsmenn auk þeirrar sem hér talar eru hv. þm. Gunnar Birgisson, Drífa Hjartardóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Árni Ragnar Árnason og Guðjón A. Kristjánsson.

Þáltill. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að undirbúa og ákveða fyrirkomulag innheimtu sérstaks þjónustugjalds á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum sem stæði undir uppbyggingu og þjónustu á slíkum svæðum.“

Þáltill. var lögð fyrir á síðasta þingi og fór til hv. umhvn. án umræðu og er nú mælt fyrir henni í fyrsta sinn og vonandi eina. Var hún send til umsagnar fjölmargra aðila.

Mikil vakning hefur orðið meðal Íslendinga á undanförnum árum að ferðast um eigið land. Jafnframt hefur erlendum ferðamönnum fjölgað verulega á síðustu árum. Milli áranna 1990 og 2000 fjölgaði erlendum ferðamönnum sem komu til landsins um 113%, úr um 142 þúsund í rúmlega 303 þúsund talsins og gert er ráð fyrir að fjöldi erlendra ferðamanna sem sækja landið heim verði um hálf milljón árið 2020.

Fullyrða má að íslensk náttúra sé eitt meginaðdráttarafl erlendra ferðamanna. Íslensk náttúra er því auðlind sem íslensk ferðaþjónusta byggir á og hún er bæði atvinnuskapandi og gjaldeyrisskapandi. Það skiptir því þá atvinnugrein og þjóðina alla afar miklu máli hvernig búið er að íslenskri náttúru og hvernig aðstöðu ferðamönnum er boðið upp á.

Þrátt fyrir að verulegu fjármagni hafi verið varið til uppbyggingar til móttöku ferðamanna á vinsælum ferðamannastöðum á síðustu árum er ljóst að margir þeirra standast tæpast kröfur um aðgengi, aðstöðu og fræðslu sem ferðamenn vænta. Fæstir vinsælla ferðamannastaða eru undir það búnir að taka á móti þessum aukna fjölda ferðamanna. Afleiðingin er að víða hefur land látið á sjá en slíkt leiðir fljótt til minni virðingar fyrir umhverfinu og verri umgengni.

Samhliða auknum áhuga á ferðalögum um landið hefur áhugi á verndun landsins aukist. Það endurspeglast m.a. í stofnun nýrra þjóðgarða og nefni ég þar m.a. þjóðgarðinn Snæfellsjökul sem var formlega opnaður sumarið 2001 og Vatnajökulsþjóðgarð sem er enn á teikniborðinu og sem Skaftafellsþjóðgarður mun sennilega verða hluti af. Auk þess eru þjóðgarðar í Jökulsárgljúfrum og á Þingvöllum. Þjóðgarðar hafa alþjóðlega tilvísun í huga ferðamanna enda eru þeir stofnaðir til að varðveita sérstakar náttúruheildir sem verðugt er að njóta. Í hugtakinu felst ákveðinn gæðastimpill og eru tilteknar kröfur gerðar til aðbúnaðar og umbúnaðar á slíkum stöðum.

Í úttekt OECD árið 2001 á stöðu og þróun umhverfismála á Íslandi segir m.a. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í flestum þjóðgörðum og á öðrum verndarsvæðum þarf fleiri eftirlitsmenn og framkvæmdaáætlanir ... Mikil aukning varð í ferðaþjónustu á síðasta áratug og þar með jókst einnig þörfin fyrir það að hafa hemil á því mikla álagi á náttúru landsins sem þessu fylgir, og þörfin fyrir auknar fjárveitingar til uppbyggingar á betri aðstöðu og fleiri eftirlitsmenn á vinsælustu ferðamannasvæðunum.“

Í skýrslu OECD eru lagðar fram ýmsar tillögur sem geta stuðlað að auknum árangri landsins á sviði umhverfismála. Þar er m.a. lagt til, með leyfi forseta, að:

„... fjölgað verði landvörðum á náttúruverndarsvæðum og fjármagn til náttúruverndar aukið, t.d. með því að beita nytjagreiðslureglunni í ferðaþjónustu og með gjaldtöku af ferðamönnum á friðuðum svæðum ...“

Með hliðsjón af auknum fjölda ferðamanna sem kjósa að ferðast um Ísland, þörf á auknu fjármagni til að standa undir uppbyggingu aðstöðu til móttöku þeirra á vinsælum ferðamannastöðum og um leið nauðsyn þess að vernda íslenska náttúru og koma í veg fyrir landspjöll vegna aukins ágangs er þessi þingsályktunartillaga lögð fram.

Á síðari árum hefur svokölluð mengunarbótastefna rutt sér rúms í umhverfismálum, en meginhugsunin að baki henni er að þeir sem menga greiði fyrir förgun mengunarefna. Á sama hátt hefur stefnan í nágrannalöndum okkar verið að þeir sem njóta náttúrunnar greiði fyrir þá þjónustu og aðstöðu sem þörf er á til að taka á móti ferðamönnum á viðunandi máta. Erlendis þykir það sjálfsagt að ferðamenn greiði aðgangseyri að náttúrufyrirbærum sem eru sérstakt aðdráttarafl ferðamanna. Þjónustugjald að þjóðgörðum er erlendis meginreglan, enda stendur slíkt gjald undir tiltekinni þjónustu sem veitt er innan þjóðgarðsins, svo sem öryggisþjónustu, bæklingum, leiðarlýsingum, aðgangi að fræðslusetrum og

annarri fræðslu eða leiðbeiningum. Einnig stendur það undir gerð og viðhaldi göngu- eða hjólastíga, bílastæða og tjaldstæða, auk þjónustuhúsa, t.d. salerna og þvottaaðstöðu, að ónefndri verndun náttúru svæðisins, sem er meginástæða þess að fólk kýs að sækja staðinn.

Hér á landi þykir eðlilegt að greiða fyrir aðgang að sögusýningum, fornminjum og merkum sögustöðum. Hins vegar hefur ekki þótt eins sjálfsagt að greiða þjónustugjald fyrir aðgang að náttúrufyrirbærum eða þjóðgörðum. Mörg rök hafa verið færð fyrir því. Mun ég ekki tíunda þau hér en vísa í greinargerð með tillögunni. Hins vegar er ljóst að ákveðin hugarfarsbreyting hefur átt sér stað að undanförnu og hafa ýmsir hagsmunaaðilar sem áður þvertóku fyrir allar slíkar hugmyndir opnað á þær nú.

Herra forseti. Í umsögnum sem bárust umhvn. um tillöguna mæltu m.a. Vegagerðin, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og Náttúruvernd ríkisins með samþykkt hennar.

Í jákvæðri umsögn Ferðamálaráðs kemur m.a. fram að ráðið hafi verið og sé, með leyfi forseta:

„... þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að innheimta þjónustugjöld fyrir skilgreinda þjónustu á umræddum svæðum enda sé gjaldinu varið til að byggja upp þjónustu á viðkomandi svæði.“

Ferðamálaráð leggur jafnframt áherslu á í umsögn sinni að ekki sé um að ræða almennan aðgangseyri að svæðunum, heldur þjónustugjöld fyrir skilgreinda þjónustu. Einnig bendir ráðið á að mikilvægt sé að gera sér grein fyrir á hvaða svæðum slík innheimta sé raunhæf bæði hvað varðar að veita þjónustu til ferðamanna og einnig með vísan til þess að kostnaður við innheimtuna á vissum svæðum gæti orðið meiri en umrætt þjónustugjald.

Umsögn Bændasamtakanna er hliðstæð umsögn umsögn Ferðamálaráðs og leggur jafnframt áherslu á að ekki verði farið út á þessa braut nema í góðri sátt við hagsmunaaðila í ferðaþjónustu.

Í tillögunni sem hér er mælt fyrir er lagt til að tekið verði upp þjónustugjald sem endurgjald fyrir tiltekna þjónustu en ekki er gert ráð fyrir almennum aðgangseyri að náttúruverndarsvæðum. Slíkt gjald vilja sumir kalla góngjald eða glápjald þar sem einungis er greitt fyrir að horfa og njóta. Um það er ekki að ræða í þessari tillögu.

Í umsögn Ferðamálaráðs er bent á þá staðreynd að aðsókn á suma ferðamannastaði sé ekki í þeim mæli að innheimta af þjónustugjaldi standi undir meiru en kostnaði við innheimtu.

Ég er sammála umsögn Ferðamálaráðs varðandi það að ekki sé vit í að leggja þjónustugjald á við slíkar aðstæður. Ég bendi á hinn bóginn á að ýmsir vinsælir ferðamannastaðir eru tilvaldir í þessu sambandi, bæði af landfræðilegum ástæðum en einnig vegna fjölda ferðamanna og þeirrar þjónustu sem þarf að standa til boða. Hér má nefna staði eins og Dimmuborgir, Gullfoss, Geysi, Þórsmörk og Öskju, að ónefndum þjóðgörðunum Snæfellsjökli, í Skaftafelli og í Jökulsárgljúfrum. Þar eru Ásbyrgi og Dettifoss innifalin. Þar er fullkomlega eðlilegt að leggja á þjónustugjald við aðgang, enda þarf að gera miklar kröfur til öryggisgæslu, aðstöðu og þjónustu á slíkum stöðum eðli málsins samkvæmt. Þjónustugjald gæti í ákveðnum tilvikum, t.d. í Þórsmörk, einnig virkað takmarkandi á aðgang, þar sem þegar er um oftroðslu á landi að ræða.

Herra forseti. Að gefnu tilefni vil ég taka fram að ég er þeirrar skoðunar að þjóðgarðurinn á Þingvöllum verði ávallt undanskilinn þjónustugjaldi, enda hefur hann slíka sérstöðu meðal þjóðarinnar að eðlilegt er að kostnaður við hann sé alfarið greiddur úr sameiginlegum sjóðum landsmanna.

Sem dæmi um fjölda ferðamanna á einstökum stöðum má nefna að um 140 þúsund ferðamenn komu í þjóðgarðinn í Skaftafelli á árinu 2001 og um 200 þúsund manns koma að Gullfossi á ári hverju. Ef hver ferðamaður sem skoðar Gullfoss og nýtur þjónustu þar greiðir sem nemur 200–250 kr. gætu árlegar tekjur numið 40–50 millj. kr. Á sama hátt gæfu árleg þjónustugjöld fyrir aðgang að Skaftafelli 28–35 millj. kr. eða 23–28 millj. kr. ef miðað er við að börn fái ókeypis aðgang og að þau séu 20% gesta. Innheimtukostnað þar má áætla 4–5 millj. kr. á ári miðað við að þjónustugjald sé innheimt einungis yfir sumartímann. Þess má geta að algengt aðgangsgjald og þjónustugjald í þjóðgörðum í Kanada er sem samsvarar um 130–350 kr. íslenskar eftir því hvort um börn, fullorðna eða eftirlaunaþega er að ræða. Þessi gjöld standa að mestu undir rekstri viðkomandi þjóðgarða. Þar er litið svo á að greiðsla aðgangseyris jafngildi því að fjárfest sé í verndun garðsins fyrir óbornar kynslóðir.

Í greinargerð með þáltill. er fjallað um ástand og uppbyggingu vinsælla ferðamannastaða og vísað í skýrslu sem unnin var og gefin út af Ferðamálaráði, Náttúruvernd ríkisins og Vegagerðinni frá 1999. Þar kemur m.a. fram það álit að vegna stóraukins fjölda ferðamanna sé nauðsynlegt að fara í ýmsar framkvæmdir á friðlýstum svæðum og öðrum vinsælum ferðamannastöðum í mun ríkara mæli en áður hefur verið gert, enda sé aðstaða og aðgengi ferðamanna að helstu náttúruperlum landsins víðast hvar í mjög bágu ástandi.

Í greinargerð með þáltill. er gert grein fyrir að lagaheimild er fyrir lagningu þjónustugjalds á náttúruverndarsvæðum, en sú heimild hefur ekki verið notuð. Heimildin er í 32. gr. laga um náttúruvernd og er áskilið að gjaldið skuli renna til verndunar og fegrunar eða uppbyggingar á því svæði.

Því er ljóst að lagaheimild er fyrir því að innheimta þjónustugjald á náttúruverndarsvæðum. Hins vegar þarf sennilega lagabreytingu ef nýta á þjónustugjöld á einum stað einnig til uppbyggingar á öðrum stöðum, þar sem aðstæður, fjöldi ferðamanna eða aðrar ástæður eru í vegi fyrir innheimtu þjónustugjalda, þ.e. ef niðurstaða umhvrh. yrði á þann veg eftir að þessi þáltill. hefur verið samþykkt og fengið umfjöllun hjá umhvrh.

Að lokum, herra forseti: Ljóst er að verulegt viðbótarfé þarf til að byggja upp aðstöðu á vinsælum ferðamannastöðum svo að unnt verði að taka á móti auknum fjölda ferðamanna og vernda um leið íslenska náttúru. Vægt þjónustugjald sem innheimt yrði við aðgang að fjölsóttum náttúruverndarsvæðum gæti mætt þessari fjárþörf að hluta.

Lögð skal á það áhersla að gjaldtaka á vinsælum ferðamannastöðum er fyrst og fremst hugsuð til að standa undir óskum ferðamanna um þjónustu og aðbúnað á slíkum svæðum.

Núverandi umhverfisráðherra hefur margoft lýst því yfir að hún telji að í framtíðinni verði tekin upp gjöld í formi aðgangseyris og rekstrarleyfisgjalda á stöðum sem margir ferðamenn fara um. Þá hefur fyrrverandi forstjóri Náttúruverndarráðs, sem nú hefur verið lagt niður, lýst því yfir að augljóst sé að slík gjaldtaka væri markmið sem stefna bæri að. Í úttekt OECD 2001 á stöðu og þróun umhverfismála á Íslandi var íslenskum stjórnvöldum bent á að til að stuðla að auknum árangri landsins á sviði umhverfismála þyrfti meira fjármagn til náttúruverndar sem yrði aflað m.a. með því að

beita nytjagreiðslureglunni í ferðaþjónustu og með gjaldtöku af ferðamönnum á friðuðum svæðum.

Það eru hagsmunir ferðaþjónustunnar, íslenskrar náttúru og þjóðarinnar allrar að staðinn sé vörður um fjölsótt náttúruverndarsvæði. Fjármagn til þessa þáttar hefur á undanförnum árum ekki verið nægilegt og ljóst að munar um þótt ekki sé nema hóflegt þjónustugjald við aðgang að tilteknum stöðum.

Í bláendann, herra forseti, um leið og ég þakka forseta áheyrnina, sem er einn fárra hér inni, legg ég til þáltill. verði send til umhvn. til umfjöllunar og afgreiðslu.

[18:01]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég verð að lýsa andstöðu minni við þessa tillögu. Eins og nú standa sakir fer því víðs fjarri að hægt sé að tala um að sæmilegt aðgengi sé til þjóðgarða ef við a.m.k. tölum um þá þjóðgarða sem eru á Norðurlandi, Jökulsárgljúfur, Öskju — sem er að vísu ekki þjóðgarður — Ásbyrgi og Dettifoss, þá er aðgengi á þessa staði ekki slíkt að hægt sé eða verjandi að leggja þjónustugjald á þá sem þangað fara. Hið sama má raunar segja um Dimmuborgir og Mývatnssveit almennt, vegna þess að þjónusta við ferðamenn er þar mjög af skornum skammti. En á hinn bóginn háttar svo til þar að sveitarfélagið hefur tekið sig fram um að hafa þar fallegan reit, Höfða, yndislegan reit, sem seldur er aðgangur að yfir sumartímann og væri auðvitað fráleitt ef ríkið færi að keppa við það sveitarfélag um aðgang að því svæði sem þar er, líka vegna þess að mér er ekki kunnugt um að umhvrn. né stofnanir þess hafi lagt neitt á sig til þess að reyna að taka vel við ferðamönnum eða skýra svæðið fyrir þeim sem þangað koma.

Ég hef haft áhuga á því á undanförnum árum að leggja heitt vatn að Ásbyrgi til þess að fólk sem þar er í tjöldum eða á leið um geti farið í sund og notið hvíldarinnar eins og við Íslendingar viljum helst gera það, en fengið litlar undirtektir. Yfirleitt er það þannig að þeir fjármunir sem við verjum til þjóðgarða og náttúruverndar hafa lítið snúið að því að bæta aðgengi að slíkum stöðum. Meðan ég var samgrh. gekk ég fram í því að reyna að bæta aðgengi í Dimmuborgum og að leirhverunum í Námafjalli. Það kom af stað verkefninu „Fossar í fóstri" við Dettifoss, og auðvitað ástæðulaust að skattleggja vegfarendur með þessum hætti til umhvrn.

Nú er það svo að hugmyndir um þjóðgarð, Vatnajökulsþjóðgarð, eru umdeildar og ég hef ekki séð þær hugmyndir. En ég hef aldrei skilið hvers vegna menn telja það eiga saman að Öræfasveit eigi að vera í þjóðgarði með Kelduhverfi, mér þykir mjög undarlegt þegar ég heyri slíkar hugmyndir og sé satt að segja ekki hvað er sameiginlegt með þeim. Í mínum huga kemur til greina að friða svæðið norðan Vatnajökuls, ég hef alltaf litið svo á að það yrði þá sjálfstæð eining og byggð upp með þeim hætti að það yrðu sveitarfélögin þar fyrir norðan sem bæru ábyrgð á vernd og gæslu svæðisins. Þar yrði komið upp öflugum rannsóknarstöðvum sem væru sjálfstæðar og í engum tengslum við sambærilegar stofnanir í Reykjavík til að tryggja að eðlilegt fjármagn berist þangað og til að tryggja að þær rannsóknir sem þar verði unnar séu unnar af fólki sem þar starfar og þar býr og er í sátt við aðra þá sem eiga þar heima. Við erum nú að byggja bæði upp Akureyri og Austurland og engin ástæða til að ætla annað en að þau svæði verði í framtíðinni fær um að stjórna sínum málum, þar á meðal þessum fögru sveitum og þeim víðáttum sem þarna eru, en við erum á hinn bóginn víðs fjarri því að geta lagt skatta á þá sem þangað koma.

Það er verið að reyna að byggja upp ferðaþjónustu á þessum stöðum vanburða, og eins og hæstv. forseti veit er það nú svo t.d. um þjóðgarðinn niður með Jökulsá á Fjöllum að það má þakka fyrir ef hægt er að aka um hann í júlímánuði, algjörlega vonlaust að ætla sér að komast niður með Jökulsá að vestan fyrr en þá eftir miðjan júní, alls ekki í maímánuði í venjulegu veðurfari. Við erum því að tala um hugmyndir sem gætu kannski átt rétt á sér eftir áratug eða tvo en eins og nú standa sakir og eins og vegáætlun lítur núna út er ekki við því að búast að þeir menn sem búa á þessum svæðum sjái eitthvert réttlæti í því að skattleggja eigi ferðaþjónustu á þessum svæðum til Reykjavíkur. Það er auðvitað algjörlega út í hött.

Ekki má gleyma því að þeir skattpeningar sem eru lagðir á eiga að fara til landsmanna allra. Búið er að verja verulegum opinberum fjármunum til þess að styrkja og styðja aðgengi að ferðamannastöðum hér um slóðir sem ekki hefur verið gert á þessum afskekktari stöðum. Ég held þess vegna að tillagan sé vanhugsuð og að sumu leyti sé þar um að kenna ókunnugleika.

Ef ég tæki t.d. Herðubreiðarlindir og Öskju þá hefur ríkið ekkert komið að því nema með litlum styrkjum að byggja upp þá aðstöðu sem þar er. Það hefur verið mestan part Ferðafélag Akureyrar og þeir sem þar starfa og örðugt að sjá hvers vegna ríkið ætti svo að hlaupa til og geta skattlagt menn til sín. Hið sama er að segja um Vesturdal eða Hljóðakletta, það er erfiður vegur þangað upp eftir og ég tala nú ekki um ef maður reynir svo að komast áfram upp að Dettifossi. Það er fjöldi fólks sem beinlínis segist ekki leggja bíla sína í slíka ófæru og kýs fremur að aka hjá. Fyrst er að reyna að tryggja það að menn komist sæmilega á þessa staði, síðan geta menn velt fyrir sér að skattleggja þá.

[18:10]

Flm. (Ásta Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ósammála því sem kom fram hjá hv. þm. Halldór Blöndal að þáltill. sé vanhugsuð og byggð á ókunnugleika. Hún er þaulhugsuð og byggð á kunnugleika. Ég legg til að þingmaðurinn lesi betur þáltill. vegna þess að hér er ekki um það að ræða að leggja skatt á landsmenn eða ferðamenn, skatt sem mundi flytjast til Reykjavíkur, öðru nær. Ég held að við séum sammála um að ekki er vanþörf á uppbyggingu á þessum svæðum sem við höfum verið að ræða hér um, m.a. í Ásbyrgi og Hljóðaklettum, Öskju og slíkum stöðum, til þess að bæta aðstöðu ferðamanna. Hugmyndin er sú að þjónustugjald sem hér er lagt til að verði lagt á verði nýtt til uppbyggingar á þessum stöðum, þannig að aðstaða í Dimmuborgum, Öskju og á öðrum þeim svæðum sem hér hafa verið nefnd til sögunnar mundi batna einmitt með því fjármagni sem kemur til þessara staða. Hugmyndin er ekki að flytja — það er ekki heimild fyrir því samkvæmt lögum, eins og kom fram í ræðu minni, að flytja þetta fjármagn sem verður til á einum stað til annars. Með því að þjónustugjaldið yrði lagt á mætti m.a. bæta veginn upp að Hljóðaklettum, það mætti leggja betri göngustíga og gera betri öryggislínur við Dettifoss o.s.frv.

Við erum ekki heldur að tala um neinar háar upphæðir. Við erum að tala um 200–250 kr. en það eru þær hugmyndir sem hugleiðingar mínar snúast um og tek ég þar m.a. mið af gjaldi, þjónustugjaldi sem t.d. Kanadamenn greiða til þess að fara inn í þjóðgarða sína, en það er á bilinu 130–350 kr. á mann eftir því hvort um er að ræða barn, fullorðinn eða eftirlaunaþega.

Ég held því að þessi tillaga geti leitt til þess að bæta verulega aðstöðuna á fjölsóttum ferðamannastöðum.

[18:12]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér hefur verið boðið að fara um þjóðgarða í Kanada og ef ég man rétt var t.d. hægt að komast þar á vatnssalerni, svo ég taki nú dæmi. Við erum auðvitað að tala um staði sem alls ekki er hægt að hugsa sér að leggja gjald á.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði, að af almennum skattekjum er búið að byggja upp töluvert í ferðaþjónustu. Búið er að gera ýmislegt í nágrenni Reykjavíkur og á Suðurlandi. En á hinn bóginn hefur það setið á hakanum að vinna að sams konar hlutum fyrir norðan þó að þau svæði séu mjög fjölsótt.

Ég vil ítreka það sem ég sagði, herra forseti, það er næsta grátbroslegt að sjá að skattheimtumaðurinn skuli vera kominn á þessa staði áður en búið er að leggja veginn þangað. Það er náttúrlega varla hægt að hugsa sér annað aumara. Eins og ég man þetta helst, það má vera, herra forseti, að ég muni þetta ekki rétt frá því í sumar, en ég man ekki hvort einhverjir útikamrar eru við Dettifoss að vestan, en aðstaða þar er nú slík að ég skil bara ekki hvernig mönnum dettur í hug að tala um að skattleggja slíkt, það er algjörlega fráleitt. Og eiga svo að vera einhverjir aurakarlar á hverjum stað, einhver aurakarl við Dimmuborgir, aurakarl við leirhverina, aurakarl í Herðubreiðarlindum, aurakarl í Hvannalindum, aurakarl á Öskjuleið, aurakarl við Dettifoss, bæði fyrir austan og vestan, aurakarl við Hafragilsfoss, Forvöð, Hljóðakletta, Ásbyrgi? Hvað eiga margir aurakarlar að vera þarna til þess að safna þessum peningum?

Það er náttúrlega fráleitt að menn uni ofríki af þessu tagi.

[18:14]

Flm. (Ásta Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við hv. þm. Halldór Blöndal séum sammála um það að verulega þurfi að bæta aðstöðu á þessum stöðum og vatnssalerni ættu náttúrlega að vera sjálfsagðir hlutir sem víðast. Og þá spyr maður: Hvort kemur fyrst, hænan eða eggið? Kemur fyrst þjónustugjaldið og síðan vegurinn eða fyrst vegurinn og síðan þjónustugjaldið? Ég get í sjálfu sér alveg tekið undir það með hv. þm. að það þarf að byrja á því að leggja til ákveðið fjármagn til að bæta þjónustuna áður en þjónustugjaldið væri lagt á eða ákveðið samspil væri þar á.

En ég legg áherslu á að hér er ekki um skatt að ræða. Verið er að leggja til þjónustugjald sem verður eftir á þeim svæðum sem það verður til á. Skattur er þetta ekki, þetta er gjald fyrir þjónustu, þetta er ekki „góngjald" eða „glápgjald", eins og sumir hafa viljað kalla það, þannig að fólk sé að borga eingöngu fyrir það að horfa á náttúruna, öðru nær, það er að borga fyrir þjónustu sem það væntir að mæti þeim, t.d. í þjóðgörðum.

Þjóðgarðar hafa ákveðna merkingu í hugum fólks. Þjóðgarðar þýða í hugum fólks að ákveðin öryggisþjónusta sé, göngustígar séu öruggir, það séu leiðarlýsingar, það séu bæklingar, aðgangur sé að fræðasetrum, bílastæði, tjaldstæði, salerni og þvottaaðstaða. Þetta er það sem ég er að tala um að þjónustugjald standi undir rekstri slíkrar þjónustu fyrst og fremst.

Varðandi aurakarlana þá geri ég líka ráð fyrir að þeir staðir séu valdir þar sem þetta stendur undir sér. Það er náttúrlega algerlega fráleitt að fara að rukka inn þjónustugjald þar sem það gerir ekki annað en að standa undir kaupi aurakarlsins. Það er náttúrlega út úr kortinu, enda legg ég það ekki til.

[18:16]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki einu sinni komið bundið slitlag upp í Mývatnssveit frá Akureyri. Því fer víðs fjarri að það sé komið bundið slitlag á hringveginn frá Mývatnssveit til Egilsstaða, hvað þá frá Egilsstöðum til Hafnar í Hornafirði. Þjóðvegurinn í þjóðgarðinum meðfram Jökulsá að vestan opnast ekki, eins og ég sagði áðan, fyrr en kannski um miðjan júní, kannski í júlí.

Hvernig í ósköpunum, herra forseti, er svo hægt að tala um að fara að skattleggja þetta fólk? Þetta aumingja fólk sem þarna er að berjast í ferðaþjónustu má hafa sig allt við til þess að reksturinn standi undir sér og það verði því ekki ofviða að standa undir þeirri fjárfestingu sem það hefur ráðist í. Á sama tíma og menn eru þannig að leggja sig alla fram um það að byggja upp lágmarksþjónustu, algjöra lágmarksþjónustu, fyrir gesti og gangandi er byrjað að tala um að ríkið ætli að fara að hirða til sín.

Er ríkinu nokkur ofrausn í því að styrkja þessar fámennu byggðir? Er ekki allt í lagi að ríkið komið eitthvað til móts við staði eins og Kelduhverfi og reyni aðeins að leggja sína hönd á plóginn þar? Og væri ekki nær að ríkið reyndi að ganga í það að nýta þann jarðhita sem þar er og koma honum upp í Ásbyrgi svo hægt sé að byggja þar upp sómasamlega aðstöðu til að taka á móti fólki og með þeim hætti sýna að það er ekki alltaf hugmyndin bara að taka?

Það var einhvern tíma talað um að menn mættu ekki hafa eina hönd, bara þá sem tekur. Þess vegna segi ég að mér finnst algjörlega út í hött ef það á að fara að skattleggja þá sem leggja leið sína á þessa staði.

[18:19]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt að fá þetta þingmál fram vegna þess að það gefur tilefni til umræðu sem þarf að fara fram í þjóðfélaginu áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar. Eins og hér hefur komið fram gengur þáltill. út á að ákveða fyrirkomulag innheimtu sérstaks þjónustugjalds á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum.

Ég hef um þetta miklar efasemdir og er þessu reyndar mjög andvígur. En þannig er að það er þegar fyrir hendi lagastoð til að innheimta slík gjöld. Í 32. gr. laga um náttúruvernd er veitt heimild til að ákveða gjald fyrir veitta þjónustu og aðgang að náttúruverndarsvæðum, og í greinargerð með frv. er vísað í nefnd sem var sett á fót haustið 1999 til þess að fara í saumana á þessu máli. Samkvæmt nefndinni komu nokkrir staðir til greina sem hugsanleg gjaldtökusvæði. Ásbyrgi, Skaftafell, Dimmuborgir og Gullfoss voru nefnd í því sambandi.

Það kemur jafnframt fram í greinargerðinni að meiri hluti þessarar nefndar var mjög andvígur því að innheimta slík þjónustugjöld. Og eftir því sem ég best veit hefur hvergi verið tekin ákvörðun um innheimtu.

Það er alveg rétt sem kom fram í máli hv. þm. Ástu Möller að það er mikilvægt að fá fjármagn til þess að standa straum af kostnaði við aðstöðu við ferðamannastaði en ég er þeirrar skoðunar að þetta eigi að koma af almennu skattfé. Mér finnst vel koma til greina að íhuga einhverja gjaldtöku

sem þá tekur til ferðamennskunnar í heild sinni en ekki sértæka gjaldtöku á ferðamannastöðum. Leiðina til að hafa hag af ferðamennskunni tel ég liggja fyrst og fremst í gegnum atvinnurekstur sem þróast við náttúruperlur, og ég vil nefna t.d. veitingarekstur við Geysi sem ég veit ekki betur en að gangi mjög vel. Þar er risin mjög vönduð þjónustuaðstaða og stórt veitingahús sem menn koma á og það er svona sem ég tel að ferðamennskan eigi að innheimta peninga.

Litlir peningar, segir hv. þm., það er ekki verið að tala um að taka hátt gjald. Ég held að það snúist ekki bara um það hversu hátt gjaldið er, þó að það geti að sönnu skipt máli, heldur það yfirbragð sem verður yfir stöðunum eftir að farið er að innheimta gjaldið. Staðreyndin er sú að menn hrífast mjög, ekki síst aðkomumenn til landsins, af hinu villta og ósnortna í náttúru okkar, og menn hrífast af því að geta farið inn á Geysissvæðið eða að Gullfossi án þess að vera látnir greiða fyrir það. Ég þekki ekki sjálfur hvernig þessu er háttað erlendis. Það hefur verið vísað til Kanada og annarra staða, ég geri mér grein fyrir því að það er mismunandi háttur hafður á. En hitt man ég vel þegar ég einhvern tíma keypti mig inn á foss í Wales á Bretlandi, mér fannst fossinn ekkert sérstakur og ég er ekki í nokkrum vafa um að hann var orðinn að einhverju öðru en hann var áður en gjaldið var innheimt.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta þingmál. Mér finnst mjög mikilvægt að fram fari umræða í þjóðfélaginu um þetta efni, hvort við eigum að fara út á þessa braut. Mér finnst skipta mjög miklu máli að við ræðum í þaula hvað við viljum gera og að því leyti fagna ég því að fá þingmál sem gefur tilefni til slíkrar umræðu. Sjálfur er ég því mjög andvígur að við förum inn á þessa braut.

[18:24]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Þessi till. til þál. sem hér er til umræðu um þjónustugjald á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum sem flutt er af hv. þm. Ástu Möller ásamt samflutningsmönnunum Gunnari Birgissyni, Drífu Hjartardóttur, Guðmundi Hallvarðssyni, Árna R. Árnasyni og Guðjóni A. Kristjánssyni fjallar um að Alþingi álykti að fela umhvrh. að undirbúa og ákveða fyrirkomulag og innheimtu sérstaks þjónustugjalds á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum sem stæði undir uppbyggingu og þjónustu á slíkum svæðum.

Ég vil lýsa því yfir hér að ég er andvígur þessari tillögu algjörlega, tek undir gagnrýni hv. 1. þm. Norðurl. e., Halldórs Blöndals, og bendi á það að við erum algjörlega vanbúin til þess að vera með hugsun og framkvæmd af þessu tagi. Við erum engan veginn samanburðarhæf við þau lönd sem er verið að bera sig saman við. Á náttúruverndarsvæði í Kanada, sem við höfum sjálfsagt flest heimsótt, og í öðrum löndum er búið að byggja upp fyrir milljarða og milljarðatugi, bæði aðkomu og aðra þjónustu á svæðunum þannig að hér erum við kannski 20–30 árum á eftir. Þetta eru bara ósnortin víðerni. Hv. þm. Halldór Blöndal kom inn á það, ef við tölum um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum, að segja má að hér um bil sé ófært um hann. Það eru ekki nema harðsvíruðustu menn sem treysta sér til þess að keyra t.d. niður með Jökulsá að vestanverðu. Það þyrfti því að fara í svo gríðarlega fjárfestingu ef menn ættu að geta réttlætt það fyrir sér að taka einhvers konar gjald.

Ég vil benda á það líka að hv. þm. Ásta Möller talaði um að það væri sjálfsagt að borga þjónustugjald fyrir hluti eins og þvottavélar, tjaldstæði og þess háttar. Við erum í sjálfu sér ekkert að tala um það vegna þess að nú þegar er náttúrlega greitt fyrir beina þjónustu af þessu tagi. Og ef við tökum þjóðgarðana eins og í Skaftafelli og Ásbyrgi eru þar tjaldstæði sem er greitt inn á og þau skila allverulegum tekjum, það er augljóst. Innan þessara svæða er full heimild til að reka þvottaþjónustu, eins og gert er t.d. á tjaldstæðunum á Akureyri, og þá er greitt fyrir slíka þjónustu. Ég held að hér sé verið að tala um algjörlega óskylda hluti.

Eins og hv. þm. Halldór Blöndal kom inn á eru þjóðgarðarnir utan þessa daghrings frá höfuðborgarsvæði algjörlega vanbúnir og 10, 15 árum á eftir hvað varðar alla uppbyggingu miðað við það sem gerist hér. Náttúrlega er langbesta ástandið í nágrenni höfuðborgarinnar og það á reyndar að skilja undan í þáltill., þ.e. þjóðgarðinn á Þingvöllum. Þar má kannski segja að sé komið einhvers konar skikk á hlutina, þar er a.m.k. hægt að leggja bílum, fá viðunandi leiðsögn og komast um svæðið eftir göngustígum og þess háttar þó að enn sé langt í land með að þar sé um viðunandi aðstæður að ræða.

Ég tel að hugmyndin um að skattleggja ferðaþjónustuna á þennan hátt sé langt frá því að vera raunhæf og hún muni verða ferðaþjónustunni til tjóns. Sérstaklega mun hún verða ferðaþjónustunni til tjóns úti á landi þar sem þau svæði eru svo langt á eftir.

Hins vegar bendi ég á það enn og aftur að á langflestum tjaldstæðum — ef það er hugsun manna er það þegar fyrir hendi — er greitt fyrir beina þjónustu sem stendur til boða. Það er greitt fyrir tjaldstæðin og fyrir þjónustu á tjaldstæðum og í sumum tilfellum náttúrlega er verið að selja vörur, eins og gosdrykki og annað slíkt. Þessir hlutir eru þegar fyrir hendi.

Síðan vil ég segja það, virðulegi forseti, að umræða um lágar upphæðir er á villigötum. Samkvæmt skilgreiningunni eru lágar upphæðir taldar 200–250 kr. Við gætum t.d. tekið fimm manna fjölskyldu sem vildi fara dagstur austur um frá Akureyri, sunnudagstúr sem vel er gerlegt, og þá erum við að tala um fjölskyldu sem þyrfti að reiða fram hér um bil 4.000 kr. með því að stoppa á þessum þremur stöðum. Það er veruleg upphæð.

Ég held að við séum engan veginn á þeim tímamótum hér og nú að geta réttlætt það að fara að heimta skatta í þessum mæli af náttúruperlum okkar sem eru stærsta aðdráttarafl fyrir ferðamanninn sem kemur til landsins. Ég held að það yrði til tjóns og ég held að í raun og veru séu einu svæðin sem væri hægt að segja að stæðu undir nafni í samanburðinum við önnur land kannski grasagarðarnir í Reykjavík og á Akureyri þar sem er búið að koma hlutum þannig fyrir að fólk getur komið, gengið um og notið, og notið þjónustu o.s.frv. Það er svo mikill reginmunur á þjóðgörðum erlendis, eins og í Kanada, Bandaríkjunum og í Evrópu. Þar erum við með einingar, þó að landflæmin séu stór, þar sem hver einasti fermetri er skipulagður í þaula. Kannski má segja að í mörgum tilfellum sé vafamál orðið hvort um náttúruverndarsvæði eða náttúruleg svæði er að ræða, e.t.v. bara risastóra garða í raun og veru, svo þaulskipulagðir eru þeir. Þangað koma hundruð þúsunda og milljónir manna og um þetta gilda allt önnur lögmál.

Með þessum rökum held ég að tillagan verði ferðaþjónustunni til tjóns, sérstaklega ferðaþjónustunni úti á landi, og ég held að við eigum ekki að stuðla að því að hún fái framgang hér í þinginu.

[18:31]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Hér er til umræðu mál sem oft hefur komið upp í umræðu um ferðaþjónustu á Íslandi, þ.e. hvort eðlilegt sé að taka þjónustugjöld á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum. Í fljótu bragði get ég sagt að ég er ekki hlynntur þeirri tillögu. Þetta mál hefur oft komið til tals í Ferðamálaráði. Þar eru fremur skiptar skoðanir um þetta mál eins og reyndar víðar í þjóðfélaginu og komu fram í ágætri röksemdafærslu, m.a. hjá hv. 1. þm. Norðurl. e. og reyndar 6. þm. Norðurl. e. líka. Þetta er bara alls ekki tímabært. Það er í raun sama hvert litið er á landi okkar. Við erum hreinlega ekki undir þetta búin. Það er allt annað þegar menn tala um einhvers konar þjónustu eins og tjaldstæði, gistingu, þvottaaðstöðu og þess háttar. Það er auðvitað sjálfsagt að ferðamenn greiði fyrir slíkt á sama hátt og þegar þeir fara í gufubaðið á Laugarvatni, í Bláa lónið eða eitthvað slíkt. Þá er sjálfsagt að greiða fyrir slíka þjónustu en ekki inn á þessi svæði.

Einstaklingar hafa ráðist í að byggja upp mjög myndarlega á Geysi í Haukdal, hótel, þjónustumiðstöð og síðan sýningaraðstöðu sem er til mikillar fyrirmyndar. Hlutur ríkisins í þeim efnum, þar sem kemur að Geysissvæðinu sjálfu, er alls ekki nógu góður og auðvitað mjög nauðsynlegt að taka þar til hendinni. Þess vegna er líka mjög brýnt að ríkið kaupi af einstaklingum sem eiga Geysissvæðið, þ.e. hverasvæðið, að ríkið eigi það svæði og geti stýrt umferð þar. Ég hef margoft tekið þetta mál upp í þinginu og það er auðvitað brýnt að ganga frá því sem allra fyrst. Eftir því sem fleiri eigendur verða að þessu svæði, eftir því sem tíminn líður verða eigendur þessa svæðis auðvitað fleiri. Það mun fjölga í þeirri fjölskyldu sem á þetta svæði núna og því er nauðsynlegt að ganga frá slíku.

Í Skaftafelli var komið á svona sýningaraðstöðu fyrir fáeinum árum þar sem hluti af húsnæðinu í Skaftafelli var notaður undir svona sýningaraðstöðu. Ef ég man rétt þá kostar 200–300 kr. að koma þar inn, og ferðamenn fara bara ekki þangað inn. Þeir kaupa sér þjónustu þar sem veitngaaðstaðan er en fara ekki inn á þessa merkilegu sýningu sem þar er bara vegna þess að þeir þurfa að borga þessar 200–300 kr.

Þessi umræða er auðvitað mjög nauðsynleg og þörf en í stuttu máli get ég sagt að ég tel alls ekki tímabært að ferðamenn greiði þjónustugjald á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum, m.a. vegna þess að það getur líka verið mjög dýrt að sinna því, í stafsmannahaldi og þess háttar. Ég ímynda mér að af því verði lítill gróði þegar upp er staðið.

[18:34]

Flm. (Ásta Möller):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram þó að ég hefði kosið að fleiri jábræður og jásystur fylgdu mér í stólinn til að styðja tillögu mína. En það eru samt sem áður til þingmenn hér inni sem eru sammála mér í þessum efnum.

Tilgangur minn með að leggja fram þessa þáltill. var fyrst og fremst að fá fram umræðu um þetta mál. Ég geri mér grein fyrir því að þetta er umdeilt. Það hafa verið deilur um þessi mál, m.a. innan ferðaþjónustunnar, en hins vegar er það ekki rétt sem hér kom fram í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar, að meiri hluti nefndar Vegagerðarinnar, Ferðamálaráðs og Samtaka ferðaþjónustunnar, væri mótfallnir tillögu í þessa veru. Reyndar er segir í umsögn Ferðamálaráðs að þeir séu samþykkir þessu. Ferðamálaráð er samþykkt gjaldtöku svo framarlega sem þar er þjónustugjald en ekki aðgangseyrir.

Ég vísa í grg. með þáltill. minni þar sem fjallað er um skýrslu um tekjuöflun af náttúruperlum frá 1999, sem hv. þm. Ögmundur Jónasson vísaði til. Þá fjallaði nefndin um innheimtu aðgangseyris af friðlýstum svæðum. Meiri hluti nefndarinnar var mótfallinn þessu, að það væri aðgangseyrir. Ég legg á það áherslu að í þessari þáltill. er ég ekki að tala um aðgangseyri, ég er að tala um þjónustugjald. Ég er ekki að tala um skatt, ég er að tala um þjónustugjald.

Við gætum með sama hætti kallað aðgangseyri að sundstöðum skatt, en það er þjónustugjald. Það stendur reyndar ekki undir rekstri sundstaðanna, er aðeins upp í nös á ketti, sem það kostar að reka sundstaðina. Á sama máta er ég að tala um þjónustugjald sem stendur undir ákveðinni þjónustu á þessum fjölsóttu ferðamannastöðum. Ég legg áherslu á að þetta á við fjölsótta staði. Ég er ekki að tala um litla staði sem standa ekki undir þessu, þ.e. þar sem engan veginn borgar sig að rukka þjónustugjald þar sem fáir koma og sækja staðinn.

Ég er að tala um fjármagn sem verður eftir í héraði. Ég er að tala um fjármagn sem fer ekki suður og skapar ákveðin störf í héraði yfir sumartímann. Margir þingmenn hér inni hafa lýst þeirri skoðun sinni að það veiti ekki af því að finna atvinnutækifæri úti á landi. Þetta er eitt af þeim atvinnutækifærum.

Skaftafell kom hérna til umræðu og ég fjallaði einmitt um Skaftafell í grg. með þáltill. Skaftafellsþjóðgarðurinn er elsti þjóðgarðurinn hér á landi og var settur á laggirnar með miklum myndarbrag á sínum tíma. Hann var til fyrirmyndar og var í fararbroddi á þeim tíma er þjóðgarðar voru að byggjast. Hann hefur frá fyrstu tíð verið vinsæll viðkomustaður ferðamanna en því miður hefur aðstaðan og þjónustan í garðinum ekki náð að þróast í samræmi við breyttar kröfur og hugmyndir manna um rekstur þjóðgarða.

Hv. umhvn. og nefndarmenn þar komu í Skaftafellsþjóðgarð fyrir einhverjum missirum, sem varð nú í rauninni kveikjan að þessari þáltill., og ég verð að segja að maður var hálfmiður sín yfir því hvernig búið var að þjóðgarðinum. Á þeim tíma voru yfir 100 þúsund manns sem komu þar yfir sumartímann og 95% af þeim sem fóru að Skaftafelli gengu upp að Svartafossi. Gönguleiðin upp að Svartafossi var niðurtroðin — niðurtroðið forarsvað, svo ég bara segi það eins og það er. Til viðbótar forðaðist fólk nánast að ganga göngustíginn og tróð fremur jarðveginn þar í kring. Hvað er eftir af þessu fallega svæði þegar fólk er farið að fara út um allar trissur?

Þjónustugjald í Skaftafelli mundi m.a. standa undir uppbyggingu göngustíga og vegvísum þannig að það verði ekki 95% fólksins sem fer upp að Svartafossi heldur sjái það möguleika á að fara á einhverja aðra staði, fallega staði í Skaftafelli, í skipulögðum gönguferðum á ákveðnum tíma og fái aðgang að Gestastofu.

Eins og hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason benti réttilega á áðan í ræðu sinni var aðgangur að Gestastofu nánast enginn vegna þess að fólk þurfti að borga ákveðið gjald. En ef aðgangur að Gestastofu væri hluti af þjónustugjaldinu og hluti af þjónustunni við fólkið sem kemur og nýtur náttúrunnar þá mundi það greiða þetta gjald, enda fengi það þjónustu til baka.

Það sem ég sá líka varðandi göngustígana í Skaftafelli var að að þeir voru ekki bara ljótir. Þeir voru hættulegir. Fólk vill ganga að því vísu þegar það kemur í þjóðgarða að það sé

ekki hættulegt að ganga þar um. Það gerir líka kröfu til þess að þar sé ákveðin öryggisþjónusta, fólk til þess að sinna því.

Undir þessu tel ég að þjónustugjaldið eigi að standa. Það er ekki „góngjald", ekki „glápgjald", ég er ekki að tala um það. Ég er að tala um að gjaldið standi undir ákveðinni uppbyggingu og tiltekinni þjónustu. Áðan var rætt um að fólk borgar núna fyrir tjaldleyfi. Mín hugmynd er sú að um leið og fólk borgar tjaldleyfið sé inngangur á staðinn innifalinn.

Í grg. hef ég einnig gert ráð fyrir því, af því að það kom hérna fram í umræðunni, að fjölskylda frá Akureyri, 4–5 manna fjölskylda, sem ætlaði að fara á þá staði sem til greina kæmu að innheimta þjónustugjald fyrir þarna fyrir norðan. Þá mætti vel hugsa sér að menn keyptu kort sem væri aðgangur að öllum þessum stöðum í einu. Þá mundi athyglin líka beinast nákvæmlega að þessum stöðum. Fólk mundi gera sér ferð til að skoða þá staði sem sérstök áhersla hefur verið lögð á að byggja upp, úr því yrði ákveðin fræðsluferð, hvort sem er austur fyrir fjall í Skaftafell, á Geysissvæðið, Gullfoss, fyrir norðan eða á Snæfellsnesi við Snæfellsjökul.

Ég þakka fyrir að þessi tillaga hafi komist í umræðuna. Þetta er í annað sinn sem hún kemur inn á þingið. Fyrir ári fór hún til nefndar án umræðu. Þetta er því í fyrsta sinn sem málið er rætt í þinginu. Reyndar varpaði ég fram fyrirspurn til hæstv. umhvrh. fyrir nokkrum missirum um þjónustugjald. Hún hefur m.a. lýst þeirri skoðun sinni að hún sé almennt hlynnt því að hafa þjónustugjald að þjóðgörðum. Ég hef fyrir framan mig frétt sem birtist í Morgunblaðinu fimmtudaginn 9. ágúst 2001 þar sem hæstv. umhvrh. er að skoða þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum. Hún var þá nýkomin frá Kanada þar sem hún hafði skoðað þjóðgarða. Hún er þar sérstaklega spurð um þjónustugjald af gestum. Og hér segir, ef ég má vísa hér í þessa grein, með leyfi forseta:

„Aðspurð kvaðst Siv ekki velkjast í vafa um að í framtíðinni muni innheimt þjónustugjald af gestum þjóðgarða á Íslandi. „Það er alveg ljóst í mínum huga, að við munum taka upp þjónustugjald, til dæmis á þeim stöðum, sem mikill fjöldi fer um, til þess að geta sinnt betur rekstri slíkra svæða," sagði Siv. Hún bendir á, að í nýlegri skýrslu OECD um umhverfismál á Íslandi sé lögð áhersla á mikilvægi þess að taka upp þjónustugjöld á fjölsóttum ferðamannasvæðum."

Neðar í greininni segir síðan, með leyfi forseta:

„Siv segir, að Íslendingar standi á krossgötum í málefnum þjóðgarða og náttúruverndar á Íslandi. Það mikilvægasta, sem hún hafi lært í ferð sinni til Kanada hafi verið, að það gangi vel, að láta fólk greiða fyrir aðgang að þjóðgörðunum og gestir telji það sjálfsagt, enda fái það aðstöðu til að ganga um svæðið, þjónustu og fræðslu, og vel sé hugað að öryggismálum. Hún er þeirrar skoðunar, að hér á Íslandi þurfi breiðari samstarfsvettvang um málefni þjóðgarðanna og friðlýstra svæða."

Mér er það fullkomlega ljóst að fólk er ekki sammála um þetta en ég fagna því að umræðan er komin af stað.

[18:46]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á tvennu. Í fyrsta lagi þegar talað er um Gullfoss og Geysi þá hefur veruleg uppbygging átt sér þar stað en á hinn bóginn hefur engin sambærileg uppbygging átt sér stað í þeim þjóðgarði sem kallaður er með Jökulsárgljúfrum nema einungis í Ásbyrgi. Svo eru auðvitað tjaldstæði og leiðbeiningar upp í Vesturdal. Þau tjaldstæði voru rekin af einstaklingi en þóttu gefa það mikið af sér eftir að einstaklingurinn kom til sögunnar að mér skilst að Náttúruvernd ríkisins hafi ekki efni á að leyfa honum að reka það áfram. Látum það nú vera.

Aðalatriðið er þegar talað er um Skaftafell, og þingmaðurinn talaði þar um einhvern svartan vegslóða sem væri til skammar og fólk gengi ekki eftir honum, en á hinn bóginn skildist mér að lausnin væri sú að fara að skattleggja fólk sem gengur eftir þessum vegslóða til að einhvern tíma seinna kæmi annar betri vegslóði.

Ef hugmyndin er sú að skattleggja fólk fyrir að vera á einhverju svæði þá er óhjákvæmilegt að byrja á því að byggja upp svæðið, laga svæðið þannig að auðvelt sé að komast að því og um það. Ég vil einnig minna á að þá fylgir væntanlega sú kvöð þeim sem tekur gjaldið að bera ábyrgð á ferðamönnum innan svæðisins, innan þjóðgarðsins, ef þeir slasast eða eitthvað þvílíkt kemur fyrir, þeir hafi þá skaðabótaskyldu, og væri þá gaman að sjá hvað út úr því kæmi. Má kannski segja að eðlilegt sé að allir sem til landsins komi tryggi sig með þeim hætti, ég skal ekki um það segja.

En eins og hv. þm. heyrði eru þeir mest á móti þessu sem eru kunnugastir og meðan ekki er hægt að komast meðfram Jökulsá á Fjöllum, þá er ekki hægt að byrja á því að skattleggja menn.

[18:47]

Flm. (Ásta Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil í rauninni alveg það sem hv. þm. er að segja um að hann telji að fyrst þurfi að fara fram uppbygging áður en sett er á þjónustugjald. Ég skil það fullkomlega og er í rauninni að sumu leyti sammála honum að slík uppbygging þurfi að fara fram.

Í því sambandi mundi ég vilja benda einmitt á Skaftafell. Ég sagði í ræðu minni áðan að þegar Skaftafellsþjóðgarðurinn var tekinn í notkun var hann einn fullkomnasti þjóðgarður Evrópu. Segjum sem svo að tekið hefði verið upp þjónustugjald þegar staðan var slík að hann var í góðu standi, hann var nýr, allt saman eins og best var á kosið, þá hefði slíkt þjónustugjald staðið undir viðhaldi á göngustígum og þar að auki skapað möguleika á að búa til fleiri göngustíga að fleiri svæðum innan þjóðgarðsins til þess að fólk gæti notið hans í víðtækara mæli en það gerir í dag.

Þetta er því stundum spurning hvort komi á undan eggið eða hænan. Kannski er það ákveðin óþolinmæði mín sem kemur þar til að ég vil setja þetta inn í umræðuna og tel jafnvel réttlætanlegt að taka upp þjónustugjöld áður en aðstaðan verður algjörlega fullkomin á þessum stöðum.

Um ábyrgðina á þeim sem ferðast innan slíkra svæða ef þeir verða fyrir slysum, þá hljótum við aðeins að velta fyrir okkur einmitt ábyrgð þeirra sem setja merkimiðann þjóðgarður á svæði sem stendur í rauninni ekki undir þeim kröfum sem gerðar eru til þjóðgarða. Má velta fyrir sér hvort það er bjóðandi að bjóða upp á göngustíga þar sem fólk er í hættu að renna og þess vegna fótbrjóta sig eins og hefur náttúrlega gerst.

[18:49]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. um það að sú hugmynd sem liggur á bak við þjóðgarðana hér á landi er röng og stenst ekki og væri mjög glaður ef hv. þm. vildi standa með mér í því að leggja þá niður. Því auðvitað nær það ekki nokkurri átt að friðlandi úti um landið sé stjórnað héðan frá Reykjavík. Auðvitað á þetta að vera í höndum heimamanna.

En í annan stað gleymdi ég að segja að mér finnst hálfspaugilegt ef menn hugsa sér það ef fjölskylda á Akureyri vill nú aðeins fá að líta í kringum sig eigi hún að kaupa árskort á Mývatnssveit og Kelduhverfi. Það líst mér nú ekki á.

[18:50]

Flm. (Ásta Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sammála hv. þm. Halldóri Blöndal um að leggja eigi niður þjóðgarða. Hins vegar hef ég haft ákveðnar efasemdir um þá stefnu sem hefur verið undanfarin ár að fjölga þjóðgörðum enn meir en verið hefur. Og þá er það fyrst og fremst einmitt út af þeirri stefnu eða stefnuleysi að halda ekki betur utan um þá þjóðgarða sem þegar eru starfandi. Ég hef haft efasemdir um að bæta eigi við þjóðgörðum meðan ekki er nægilega vel séð um þá sem þegar eru starfandi í dag.

Varðandi áskriftargjaldið, eins og hv. þm. leggur það fram, þá er það nú hálfhlægilegt. En ég hafði nú samt sem áður hugsað þetta í víðara samhengi að með því móti væri verið að skapa ákveðna menningu og ákveðna stefnu í kringum þau ferðalög sem fjölskyldan fer um landið, að hún sækist sérstaklega eftir að sjá þau náttúruundur sem landið hefur upp á að bjóða og þetta væri m.a. ákveðin stýring á því.

[18:51]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem upp í andsvar við hv. þm. Ástu Möller vegna þess að mér fannst seinni ræða þingmannsins lúta að því sem í raun og veru er, hún dregur í land með þessa tillögu og tillagan er því óþörf. Vegna þess að ef við tökum umræddan túr frá Akureyri er það skilningur hennar samkvæmt seinni ræðunni að þjónustugjöldin eigi að vera í formi þeirrar þjónustu sem veitt er.

Ef ég mundi stoppa í Mývatnssveit og vera þar yfir nótt borgaði ég þjónustugjald á tjaldstæðinu ef ég væri þar, ekki statt? Eða á hótelinu eða ef ég fengi mér kaffi.

Ef ég héldi svo lengra áfram og færi austur um og niður í Ásbyrgi og vildi vera þar aðra nótt borgaði ég þjónustugjald á tjaldstæðunum þar sem mér er veitt gistiþjónusta og þar sem ég get notið þess að þvo af mér þvott og því um líkt. Ég held að hv. þm. sem standa að þessu ættu að vita að slík þjónusta er til staðar úti um allt land og fyrir hana er greitt. Við greiðum líka fyrir einkaþjónustu sem er innan þessara náttúrusvæða. Ef ég fæ mér kaffi á Hótel Reynihlíð greiði ég fyrir það, og ef ég fæ mér kaffi eða kaupi eitthvað í verslun í Ásbyrgi greiði ég fyrir það og það er þjónusta við mig sem er á svæðinu.

En það er fáránlegt að eiga að kaupa dagskort í Víkurskarði til þess að fara í sunnudagstúrinn minn austur um sem ég fer mörgum sinnum á ári, maður er nú að tala um það sem maður þekkir langbest, til að skoða og njóta þessara staða. Vegna þess að ef ég stoppa ekki og ef ég tek nesti með mér þá er engin þjónusta við mig. Hv. þm. talar um að hún sé ekki að tala um glápgjald. Hvernig er þetta þá hugsað?

Þjónustugjöld í því formi sem hv. þm. talar um í seinni ræðu sinni eru þar sem þjónusta er veitt.

[18:53]

Flm. (Ásta Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég talaði um varðandi tjaldstæði og slíkt sneri náttúrlega einmitt að því fólki sem kýs að gista yfir daginn. En við vitum að það er fullt af ferðamönnum sem stoppar stutt, t.d. í Skaftafelli eða Dimmuborgum, eins og við höfum öll gert. Við höfum komið dagstund og notið þeirrar þjónustu sem þar er án þess að borga nokkuð fyrir. Er það ekki svo? Til dæmis í Dimmuborgum. Það er nú reyndar nokkuð síðan ég hef komið í Dimmuborgir en eins og ég man Dimmuborgir er veruleg þörf á endurbótum á því svæði. Hvar ætlar fólk t.d. að komast á salerni þar? Síðast þegar ég vissi var þar ekki salerni. Hvert fer fólk þá sem þarf að komast á salerni? Hvað fylgir þeim athöfnum? Pappír hér og þar o.s.frv. Það er nákvæmlega þetta sem ég á við. Við erum að tala leiðarvísa, við erum að tala um gönguferðir, t.d. skipulagðar gönguferðir um þetta svæði þar sem fólk getur fræðst með miklu betra móti en annars. Það fær miklu meira út úr heimsókninni á þennan stað með þessu móti.

Það er þetta sem ég á við með þjónustugjaldi, ég er ekki að tala um glápgjald. Ég er á móti glápgjaldi. En ég er með þjónustugjaldi þar sem ákveðin þjónusta stendur að baki.

[18:55]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held enn og aftur að hv. flm. þessarar tillögu séu ekki nógu kunnugir því hvernig ferðaþjónustan fer fram, vegna þess að ef ég vil t.d. fá leiðsögn um Dimmuborgir skulum við segja, þá á ég þess kost að kaupa mér rútuferð með leiðsögn um Dimmuborgir. Það er ekkert mál.

En það sem ég er að tala um er að það er náttúrlega fáránleg staða ef ætti að innheimta í Víkurskarði þúsund krónur á haus til að fara sunnudagsrúntinn sem tilfallandi er um þessi náttúruverndarsvæði. Það er heilmikill peningur. Og hvers vegna í ósköpunum ætti að fara að innheimta peninga þegar, eins og hv. þm. Ásta Möller bendir á, þar er engin þjónusta, ekki salerni t.d., á þessum stöðum?

Þjónustugjöldin eru innheimt, eins og ég sagði, á öllum þessum stöðum. Ég get jafnvel farið til bæjarins Akureyri. Þar eru tjaldstæði innan bæjar og þar eru innheimt þjónustugjöld. Þú borgar þig inn á tjaldstæði eða borgar þig inn á hótel, þú borgar fyrir að nota þvottavél o.s.frv.

Mér finnst miðað við hugsun þingmannsins núna í seinni ræðunni og það sem hv. þm. hefur talað um, að það sé ástand sem í raun veru er til staðar vegna þess að það borga allir fyrir þessa þjónustu. Þú getur fengið þér kaffi á nokkrum stöðum alla leiðina, úr því að við tölum um þennan umrædda demantshring okkar Norðlendinga, og auðvitað eru það þjónustugjöld sem leggja sig alla vega, t.d. með aðgangi að salerni ef þú ferð inn á hótelin, veitingastaðina eða skálana til þess að kaupa þér þjónustu.

(Forseti (HBl)**)**: Ég vil biðja hv. þm. að segja hv. þm. Ég tók það svo að hv. þm. notaði þú sem óákveðið fornafn en ...)

Virðulegi forseti. Þetta var vegna þess að við horfðumst svo sterkt í augu, ég og hv. þm. Ásta Möller.

[18:57]

Flm. (Ásta Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit svo sem ekki hverju ég á að bæta við, mér finnst við vera farin að endurtaka okkur hérna. En það er náttúrlega ekkert um það að ræða í hugmyndum mínum að rukkunarmaður standi í miðju Víkurskarði og heimti aðgangseyri, og ég held að hv. þm. sé vísvitandi að misskilja mig í þeim efnum. Ég held að það sé orðið nokkuð ljóst hvað átt er við. Ég held að einnig sé nokkuð ljóst að ákveðin þjónusta þarf að vera til staðar til að hægt sé að ganga að þjónustugjaldi, orðið sjálft segir það. Við erum ekki að tala um aðgöngugjald, við erum að tala um þjónustugjald.

Ég held að það sem skipti náttúrlega mestu máli sé að við stöndum frammi fyrir því að við erum með aukinn ferðamannastraum Íslendinga innan lands, við erum með verulega aukinn ferðamannastraum erlendis frá og við þurfum að hlúa að landinu. Við þurfum að búa ferðamönnum góða aðstöðu þegar þeir koma hingað, hættulausa aðstöðu. Við þurfum að skapa þeim tækifæri til að njóta þeirrar náttúru sem við höfum upp á að bjóða og við þurfum að búa þeim ákveðna þjónustu. Við þurfum að passa að þessi aukni ferðamannastraumur verði ekki til þess að gengið sé á landið eins og Skaftafell er núna í hættu og ekki bara í hættu heldur er það raunveruleikinn, eins og raunveruleikinn er í Þórsmörk. Við verðum með einhverjum ráðum að finna leiðir til að auka fjármagn í þetta og OECD hefur m.a. bent á að þetta sé ein af þeim leiðum sem eigi að skoða.

[18:59]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var um margt merkileg og ágæt ræða. Hv. 19. þm. Reykv. er skynsamur þingmaður og mér finnst eins og hún hafi verið að bakka svolítið út úr þessari tillögu vegna þess að hv. þm. talaði um að þetta væri sett svona fram til að vekja umræðu um málið, enda hefur verið fjörleg umræða um það.

Hv. þm. talaði mjög mikið um salernisaðstöðu og þess háttar. Í Þórsmörk t.d. er auðvitað salernisaðstaða sem fólk er ekkert endilega að borga fyrir. Fegursta kamarstæði landsins er á Emstrum ef ég þekki rétt. Mér finnst sjálfsagt að koma sunnlenskum perlum inn í umræðuna af því að norðanmenn hafa mjög verið að guma af náttúrunni þar.

Hv. þm. vitnaði einnig í orð hæstv. umhvrh. þar sem talað er um framtíðina og að hugsanlega gæti orðið gjaldtaka í framtíðinni, eins og hæstv. umhvrh. talaði, en við vitum í raun og veru ekki hvað framtíðin ber í skauti sér. Eins og fram hefur komið í umræðunni er alveg nauðsynlegt að skapa aðstöðu, byggja upp aðstöðu þar sem hægt er að selja inn á. Við erum í sjálfu sér ekkert svo ósammála um það en tillagan er á engan hátt tímabær.

Það hefur líka komið fram í umræðu hér og það höfum við séð, t.d. við sem sitjum í umhvn. sem höfum komið bæði í Skaftafell og í þjóðgarðinn á Snæfellsnesinu, að þar hafa sjálfboðaliðar unnið mjög merkilegt og gott starf og fyrir það eigum við að vera þakklát. Það eru erlendir sjálfboðaliðar sem koma á hverju einasta ári og vilja njóta þess að vera á Íslandi. Þeir vinna mjög gott starf í þessum efnum. En við getum verið sammála um að vissulega vantar meiri peninga inn í þjóðgarðana okkar en það er á engan hátt tímabært að setja upp gjaldtöku. Þess vegna er ég svolítið glaður yfir því að hv. þm. skuli vera að bakka út úr tillögunni.

[19:01]

Flm. (Ásta Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er náttúrlega algjör misskilningur að ég sé að bakka út úr tillögunni. Það er algjörlega út úr kortinu.

Hins vegar vil ég þakka fyrir þá ferð sem við höfum farið í huganum um landið hér undir kvöldmatinn. Þetta hefur verið ánægjuleg ferð um Dimmuborgir, Ásbyrgi, upp í Emstrur og Skaftafell og víða. Við höfum haft mjög mikla útsýn hér í þingsalnum um eftirmiðdaginn.

Lögð hefur verið áhersla á mikla samstöðu með hagsmunaaðilum varðandi útfærslu á þjónustugjaldi. Ég vil benda þær umsagnir sem bárust við þáltill. Ein kom t.d. frá Vegagerðinni og Vegagerðin er hlynnt þessu. Samtök sunnlenska sveitarfélaga eru hlynnt þessu. Náttúruvernd ríkisins, sem er komin inn í Umhverfisstofnun núna, er hlynnt þessu eins og kemur fram, með leyfi forseta:

„Náttúruvernd ríkisins styður því að umhvrh. verði falið að undirbúa og ákveða fyrirkomulag innheimtu sérstaks þjónustugjalds á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum."

Ferðamálaráð er hlynnt þessu og bendir einmitt á að þetta sé þjónustugjald en ekki aðgangsgjald og mér er kunnugt um að Samtök ferðaþjónustunnar eru hlynnt þessu að því marki að gjaldið standi undir þjónustu og þetta sé ekki aðgangseyrir.

Ég sé því ekki betur en að almenn samstaða sé meðal þjónustuaðila, meðal hagsmunaaðila varðandi þessa tillögu. Ég bakka ekki fet hér, ekki mílu, ekki kílómetra, ekki sentimetra. Hún stendur fyrir sínu.

[19:03]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Upptalningin hv. þm. var góð á þeim samtökum sem hv. þm. nefndi að væru samþykk þessari tillögu. En það er greinilegt að þátttakendur í þessari umræðu eru ósammála þeirri upptalningu.

En umræðan er góð og mér þótti sérstaklega vænt um það þegar hv. þm. sagði áðan að tillagan væri fyrst og fremst fólgin í því að vekja umræðu hér í þinginu og svo sannarlega hefur verið fjörleg umræða um tillöguna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landsdómur, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 151. mál. — Þskj. 151.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðherraábyrgð, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 152. mál. — Þskj. 152.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samfélagsleg áhrif álvers- og virkjunarframkvæmda, fyrri umr.

Þáltill. SvanJ, 511. mál. — Þskj. 849.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 196. mál. — Þskj. 199.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 197. mál (þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 200.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þingsköp Alþingis, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 198. mál (rannsóknarvald þingnefnda). — Þskj. 201.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðsla ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, 1. umr.

Frv. GÖ, 316. mál (hámarksfjárhæðir bóta). — Þskj. 341.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfslok fyrrverandi forstjóra Landssíma Íslands hf., fyrri umr.

Þáltill. GÁS o.fl., 551. mál. — Þskj. 898.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7., 21.–23., 26.–31. og 36.–38. mál.

Fundi slitið kl. 19:08.

75. FUNDUR

mánudaginn 10. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Íslenskur ríkisborgararéttur, stjfrv., 242. mál, þskj. 246. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Úrvinnslugjald, frv., 566. mál, þskj. 914. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Almenn hegningarlög, stjfrv., 567. mál, þskj. 918. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, stjfrv., 538. mál, þskj. 883. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 550. mál, þskj. 897. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 568. mál, þskj. 919. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, þáltill., 18. mál, þskj. 18. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Færeyska fiskveiðistjórnarkerfið, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Bætt staða þolenda kynferðisafbrota, þáltill., 65. mál, þskj. 65. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Innflutningur dýra, þáltill., 106. mál, þskj. 106. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Umferðarlög, frv., 108. mál, þskj. 108. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Almannatryggingar, frv., 118. mál, þskj. 118. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Vátryggingarsamningar og Viðlagatrygging Íslands, frv., 119. mál, þskj. 119. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
15. Félagsleg aðstoð, frv., 120. mál, þskj. 120. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
16. Stimpilgjald, frv., 121. mál, þskj. 121. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
17. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 130. mál, þskj. 130. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
18. Náttúruvernd, frv., 131. mál, þskj. 131. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
19. Rannsókn á áhrifum háspennulína á mannslíkamann, þáltill., 141. mál, þskj. 141. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
20. Þjónustugjald á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum, þáltill., 142. mál, þskj. 142. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
21. Landsdómur, þáltill., 151. mál, þskj. 151. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
22. Ráðherraábyrgð, þáltill., 152. mál, þskj. 152. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
23. Samfélagsleg áhrif álvers- og virkjunarframkvæmda, þáltill., 511. mál, þskj. 849. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
24. Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, þáltill., 196. mál, þskj. 199. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
25. Stjórnarskipunarlög, frv., 197. mál, þskj. 200. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
26. Þingsköp Alþingis, frv., 198. mál, þskj. 201. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
27. Greiðsla ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, frv., 316. mál, þskj. 341. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
28. Starfslok fyrrverandi forstjóra Landssíma Íslands hf., þáltill., 551. mál, þskj. 898. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
29. Skráning skipa, stjfrv., 157. mál, þskj. 157, nál. 886, 916 og 917. — 2. umr.
30. Lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk, þáltill., 143. mál, þskj. 143. — Fyrri umr.
31. Afkomutrygging aldraðra og öryrkja, þáltill., 149. mál, þskj. 149. — Fyrri umr.
32. Meðlagsgreiðslur, frv., 150. mál, þskj. 150. — 1. umr.
33. Nýting innlends trjáviðar, þáltill., 154. mál, þskj. 154. — Fyrri umr.
34. Niðurfelling lendingargjalda fyrir millilandaflug á Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllum, þáltill., 155. mál, þskj. 155. — Fyrri umr.
35. Meðferðardeild við fangelsi fyrir sakhæfa geðsjúka afbrotamenn, þáltill., 156. mál, þskj. 156. — Fyrri umr.
36. Uppbygging fiskeldisfyrirtækja vegna eldis kaldsjávarfiska, þáltill., 167. mál, þskj. 167. — Fyrri umr.
37. Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla, þáltill., 171. mál, þskj. 172. — Fyrri umr.
38. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 184. mál, þskj. 185. — 1. umr.
39. Erfðafjárskattur, frv., 398. mál, þskj. 471. — 1. umr.
40. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 206. mál, þskj. 209. — 1. umr.
41. Vegamál á höfuðborgarsvæðinu, þáltill., 208. mál, þskj. 211. — Fyrri umr.
42. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv., 298. mál, þskj. 320. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.

Fjarvistarleyfi:

Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Páll Magnússon, 7. þm. Reykn.,
Páll Pétursson félmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Sturla Böðvarsson samgrh.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Notkun þunglyndislyfja, 222. mál, svar heilbrrh., þskj. 927.

Stjórnsýslulög, 348. mál, nál. allshn., þskj. 941.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Varnarskylda NATO-ríkja gagnvart Tyrklandi.

[15:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að beina spurningum til hæstv. utanrrh. varðandi afstöðu Íslendinga á vettvangi NATO hvað varðar áform um að virkja einhvers konar sameiginlega varnarskyldu NATO-ríkja gagnvart Tyrklandi ef eða öllu heldur kannski þegar, því miður, ráðist verður á Írak. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. hvort það geti verið rétt að Ísland hafi ákveðið að skipa sér þar í hóp að eðlilegt sé að öll NATO-ríki taki á sig einhvers konar ábyrgð á vörnum Tyrklands. Ekki vegna þess að Írak sé í þann veginn að ráðast inn í Tyrkland, nei, heldur öfugt, vegna þess að Bandaríkin

eru í þann veginn að ráðast inn í Írak gegnum Tyrkland og Tyrkir e.t.v. með í kjölfarið inn á Kúrdasvæðin í Norður-Írak. Hverju sætir það að Ísland skuli þá ekki frekar skipa sér í hóp með Evrópuríkjum eins og Belgíu, Þýskalandi og Frakklandi sem hafa beitt valdi sínu innan Atlantshafsbandalagsins til að stöðva slíka sameiginlega varnarskyldu og nota m.a. þær röksemdir, sem ég hygg að séu fullgildar, að tækju menn slíka ákvörðun nú jafngilti það því að næstum lýsa yfir að stríð gegn Írak væri hafið?

Mig undrar mjög, herra forseti, ef það er rétt sem ráða hefur mátt af fréttum, að ríkisstjórn Íslands hafi tekið slíka afstöðu. Ég vona að það sé misskilningur og ég vona að Ísland, í anda friðarhefðar þjóðarinnar, skipi sér í öndverða sveit.

Þá vil ég einnig spyrja hæstv. utanrrh. hvernig hann útskýri það að hægt sé að líta svo á að einhvers konar sameiginleg varnarskylda í anda 5. gr. NATO-sáttmálans vakni við aðstæður af þessu tagi.

[15:05]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Sérhvert aðildarríki Atlantshafsbandalagsins á rétt á því að fjallað sé um mál þess á grundvelli 4. gr. Atlantshafssáttmálans. Við höfum talið, Íslendingar, eins og flestar aðrar aðildarþjóðir Atlantshafsbandalagsins mjög eðlilegt að huga að vörnum Tyrklands ef kæmi til hugsanlegra átaka við landamærin þar. Það er ekki útilokað að á Tyrki verði ráðist og það vill svo til að það er einmitt fundur í fastaráði Atlantshafsbandalagsins nú kl. hálffimm þar sem Tyrkland hefur farið þess á leit að fjallað verði um þetta mál.

Íslenska ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar að Atlantshafsbandalagið geti ekki neitað þessu á grundvelli 4. gr. Atlantshafssáttmálans og 5. gr. jafnframt. Okkur finnst þetta mál liggja augljóst fyrir, eins og flestum öðrum ríkjum Atlantshafsbandalagsins, og tökum þess vegna afstöðu á efnislegum grundvelli. Það er því rétt skilið hjá hv. þingmanni að þetta er afstaða Íslendinga eins og flestra annarra Evrópuþjóða, og ég vænti þess að eftir að Tyrkir biðja um þessa umfjöllun í fastaráðinu geti aðrar þjóðir ekki neitað þessari umfjöllun, eins og 4. gr. gerir ráð fyrir, en það kemur væntanlega í ljós eftir fundinn sem boðað er til kl. hálffimm í dag.

[15:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að það sé augljóst mál að þetta er ekki bara eitthvað efnislegt, lögfræðilegt, þetta er líka pólitískt. Það kann að vera að menn eigi rétt á því að fá sín mál tekin fyrir skv. 4. gr. NATO-sáttmálans en hitt er augljóst mál að það er ekkert annað en pólitísk ákvörðun og túlkunaratriði hvort menn ætli að seilast svo langt í túlkun á sameiginlegu varnarskylduákvæðunum í 5. gr. að vegna þess að Bandaríkjamenn og Tyrkir ætla að ráðast á Írak sé mögulegt að virkja þá grein til varnar Tyrkjum. Má ég minna á að þetta hefur nánast einhliða snúið í hina áttina. Tyrkir hafa ráðist yfir landamærin inn í Írak aftur og aftur en mér er ekki kunnugt um eitt einasta dæmi þar sem það hefur verið í hina áttina.

Hæstv. ráðherra segir „vegna hugsanlegra átaka við landamæri Tyrklands“ og „það er ekki útilokað að á Tyrki verði ráðist“. Er ekki dálítið bráðræði að ætla að fara svona að þessu, herra forseti? Ég minni á að þetta er til komið vegna þess að Robertson lávarður ætlar að bjóða þetta fram til fylgispektar við Bandaríkjamenn. Og er þetta þá orðin stefna Íslands, skilyrðislaus undirgefni og hlýðni við stríðshaukana í Washington?

[15:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ríkisstjórn Íslands hefur tekið efnislega afstöðu til þessa máls og ég hef gert grein fyrir ástæðunni. Það liggur alveg ljóst fyrir að ef til átaka kemur er hugsanlegt að ráðist verði á Tyrkland. Tyrkir hafa af því áhyggjur.

Ég minni hv. þingmann á að á sínum tíma réðist Írak og Saddam Hussein á Ísrael og það er ekkert útilokað þegar sá maður er annars vegar. Ætli við hefðum ekki einhverjar áhyggjur af eigin öryggi ef við ættum landamæri að þessu ríki? Ég býst við því. Okkur ber að virða skuldbindingar samkvæmt Atlantshafssáttmálanum, samkvæmt því sem við höfum undirgengist um gagnkvæmar skuldbindingar í öryggismálum. Það er það sem við höfum gert hvort sem hv. þingmanni líkar betur eða verr. Við höfum einfaldlega virt þær skuldbindingar sem Ísland gekkst undir þegar við gengum í Atlantshafsbandalagið.

[15:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í fyrsta lagi gekk Ísland í Atlantshafsbandalagið með fyrirvara um að það mundi aldrei segja annarri þjóð stríð á hendur og aldrei taka þátt í stríðsátökum. Þessi fyrirvari er enn í gildi og hæstv. ríkisstjórn væri í lófa lagið að vísa til hans ef hún vildi viðhalda friðararfleifð og friðarhefðum íslensku þjóðarinnar en það vill hún greinilega ekki. Fylgispektin við Bandaríkin er orðin alger í þessum efnum.

Nú er Ísland að skilja sig frá þeim Evrópuþjóðum sem eru þó að reyna að andæfa stríðsæsingamönnunum í Washington og velur að vera ekki í sveit hjá þeim þjóðum sem innan NATO eða á vettvangi alþjóðastjórnmála og öryggisráðsins reyna allt sem mögulegt er til að koma í veg fyrir yfirvofandi styrjöld. Það er dapurlegt að sjá Ísland í þessum félagsskap. Og ég verð að segja að mér fyndist fara betur á því að utanrrh. íslensku þjóðarinnar léti Donald Rumsfeld eftir að halda ræður af því tagi sem hér voru fluttar áðan. Hann er miklu betri í því að skella skuldinni á Saddam Hussein og réttlæta þannig þann hildarleik sem er í vændum.

[15:11]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég bið hv. þingmann að gæta orða sinna. Ég veit ekki betur en að Íslendingar skipi sér í hóp með þjóðum eins og Norðmönnum og Dönum og að kalla þær þjóðir eða Íslendinga stríðsæsingamenn finnst mér ekki vera samboðið hv. þingmanni. Ég veit ekki betur en að hin norræna hefð og hið norræna samstarf sé mjög ríkt í okkur Íslendingum og viðhaldi samstöðu og samstarfi við hinar Norðurlandaþjóðirnar í mjög viðkvæmum málum eins og þessu. Það höfum við gert og ekki hefur gengið hnífurinn á milli Norðurlandaþjóðanna í þessu máli. Að vera að tala um að við séum með einhverja fylgispekt við Bandaríkjamenn í þessu máli er ekki rétt. En mér heyrist hv. þingmaður vilja fylgja Þjóðverjum og Frökkum í þessu máli án frekari gagnrýni og án efnislegs rökstuðnings vegna þess að það hentar málflutningi hans. (**Gripið fram í:** Þeir eru ekki ...) Þetta er ekki frambærilegt, hv. þm.

Afstaða ríkisstjórnarinnar til tillögu Frakka og Þjóðverja í Íraksdeilunni.

[15:12]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Það má svo sannarlega segja að það séu blikur á lofti í alþjóðamálunum vegna hugsanlegs stríðs í Írak. En, hæstv. forseti, stríðið væntanlega er ekki óumflýjanlegt frekar en önnur mannanna verk og við sem höfum fylgst með fréttum af þessu frá degi til dags vitum að það getur brugðið til beggja vona.

Næstkomandi föstudag verður haldinn fundur í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna þar sem Hans Blix og Mohamed ElBaradei munu kynna stöðuskýrslu sína um vopnaleitina í Írak. Það hefur legið í loftinu að þar muni Bandaríkjastjórn láta reyna á tillögu, væntanlega eftir því hver niðurstaða vopnaleitarmannana verður, sem hún leggur fyrir öryggisráðið um árás á Írak.

Svo hefur það líka gerst að forseti Frakklands og kanslari Þýskalands hafa kynnt hugmyndir sínar um tillögu að stóraukinni vopnaleit í Írak, tillögu sem væntanlega verður líka kynnt á fundi öryggisráðsins á föstudaginn kemur. Það mátti lesa í fréttum í morgun að Vladimir Pútín, forseti Rússlands, hefði lýst sig samþykkan þeirri tillögu, tillögu Þjóðverja og Frakka. Af þessu tilefni langar mig að spyrja hæstv. utanrrh. um afstöðu ríkisstjórnarinnar til þeirra hugmynda sem Frakkar og Þjóðverjar hafa nú kynnt.

[15:14]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hugmyndir Frakka og Þjóðverja eru góðra gjalda verðar enda fjalla þær um það að auka eftirlit í Írak. Næstkomandi föstudag, eins og hv. þm. gat um, mun Hans Blix kynna sjónarmið sín í sambandi við vopnaeftirlitið þar sem m.a. mun væntanlega koma fram hvort hann telur einhverja þörf á því að fjölga vopnaeftirlitsmönnum. Því miður eru flestir sammála um það, hvar sem þeir standa í þessu máli, að Írakar hafi ekki komið fram í samræmi við ályktun Sameinuðu þjóðanna nr. 1441 og hafi reynt að fela efnavopn og önnur gereyðingarvopn. Hvort það muni eitthvað breytast með því að fjölga eftirlitsmönnum skal ég ekki fullyrða neitt um en allar þjóðir heims bíða eftir því sem gerist nk. föstudag. Það getur orðið mjög ráðandi um það hvað verður í framhaldinu.

Eins og allir aðrir Íslendingar vonast ég eftir því að ekki komi til átaka vegna þess að stríð á þessu svæði er mjög vondur kostur fyrir heimsbyggðina. Óbreytt ástand er líka vondur kostur miðað við allar þær hörmungar sem eru í Írak. Besti kosturinn er að sjálfsögðu að Saddam Hussein fari frá völdum og ný ríkisstjórn geti tekið við í Írak sem virðir lýðræðislega stjórnarhætti og geti notið aðstoðar heimsbyggðarinnar við að byggja upp á nýjan leik. Það er rétt sem hv. þm. sagði að það sem gerist næsta föstudag getur orðið mjög ráðandi um framhaldið og við, eins og aðrir, hljótum að binda vonir við það og trúa á það að Hans Blix og menn hans komi með tillögur sem hugsanlega geti afstýrt átökum.

[15:16]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Já, tillögur Frakka og Þjóðverja eru góðra gjalda verðar, ég tek undir það með hæstv. utanrrh., og það skiptir líka máli á næstu sólarhringum, fram að fundinum í öryggisráðinu á föstudaginn, að það komi skýrt fram hjá þjóðum heims, bæði NATO-þjóðum og öðrum þeim sem taka þátt í þessari almennu umræðu, ekki síst þeim sem sitja í öryggisráðinu, að allra leiða verði leitað til þess að koma í veg fyrir stríð.

Ég geri mér alveg grein fyrir því, herra forseti, að stjórnin í Írak hefur ekki verið mjög samstarfsfús, það vitum við öll, og það verður engin eftirsjá í Saddam Hussein fari hann frá völdum. Aðalatriðið núna í þessari umræðu, hæstv. forseti, er að koma í veg fyrir átök í Írak og við hljótum að líta til öryggisráðsins um það og bíða þess að það axli þá ábyrgð að koma í veg fyrir stríð í Írak. Um það hljótum við öll hér inni að vera sammála, og það er ekki sama hvernig við endum það mál.

[15:17]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er rétt að minna á í þessu samhengi að Írakar hafa skuldbundið sig til og eru skuldbundnir til að afvopnast. Ályktun 1441 gerir ráð fyrir því að þeir afvopnist. Þeir verða að hlíta þeim skilmálum þannig að eitt af grundvallaratriðunum ef á að vera hægt að komast hjá átökum eins og við öll vonumst eftir er að Írak leggi sig meira fram í þessu máli og hlíti því eftirliti sem þar fer fram.

Auðvitað vonast allir til þess að hægt verði að komast hjá átökum. En ég held að það megi alveg ljóst vera að Saddam Hussein verður að standa frammi fyrir alvarlegum hlutum. Hann mun aldrei gefa sig nema hann viti að þjóðir heims ætli sér að afvopna hann og Írak. Það verður að vera alveg ljóst.

[15:19]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Það er ekki bara Saddam Hussein sem stendur frammi fyrir mjög alvarlegum hlutum. Við gerum það öll. Verði farið í stríð við Írak er það á ábyrgð okkar allra, og ekki síst afleiðingar þess hverjar sem þær verða. Þess vegna hljótum við, ríkisstjórn Íslands sem og aðrar þær stjórnir sem hafa mest um þetta að segja, að beita öllum tiltækum ráðum til að koma í veg fyrir stríð.

Að sjálfsögðu liggur það fyrir að Saddam Hussein hefur verið gert að afvopnast. En er hægt að kaupa þá afvopnun hvaða verði sem er? Það er væntanlega sú spurning sem þjóðir heims þurfa að svara í þessari viku.

Fullgilding Árósasamningsins.

[15:20]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og bæði þingi og þjóð er kunnugt hafa deilur í umhverfismálum magnast hér á landi eins og í nágrannalöndum okkar seinasta áratuginn og áratugina og þjóðir heims hafa komið sér saman um leikreglur sem tryggja eiga almenningi og félagasamtökum aðgang að upplýsingum, þátttöku í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Þær leikreglur er að finna í samningi sem kallaður hefur verið Árósasamningurinn og gerður var í Árósum 25. júní 1998.

Í háskólanum var haldinn merkilegur fundur á föstudaginn var, herra forseti, sem fjallaði um þennan samning og þátttöku nágrannaþjóða okkar í honum. Þar kom fram nokkur gagnrýni á íslensk stjórnvöld fyrir að vera ekki búin að lögfesta þennan samning eins og þeim ber að gera þar sem þau staðfestu hann á sínum tíma. Hæstv. utanrrh. hefur sjálfur lagt fram till. til þál. um fullgildingu Árósasamningsins en hefur sagt í umræðum hér í þinginu að málið sé flókið og

hafi þurft sérstakrar lögfræðilegrar skoðunar við og því hafi afgreiðsla málsins dregist. Ég ítreka spurningu mína: Hvað líður fullgildingu og lögleiðingu Árósasamningsins hér á Íslandi? Tilefnið er auðvitað það að nú stendur almenningur í málaferlum sem lúta að málum sem tengjast umhverfismálum og það er greinilegt og var staðfest á þessum fundi í háskólanum á föstudaginn að Íslendingar, íslenskur almenningur og félagasamtök, eiga mjög þröngan aðgang að dómstólum í svona málum ólíkt því sem gerist hjá nágrannaþjóðum okkar. Ég tel það alveg einsýnt að við verðum að fara að fá bragarbót í þessum málum. Árósasamninginn verður að lögfesta.

[15:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tel að Íslendingar standi jafn vel ef ekki betur á sviði umhverfismála en nágrannaþjóðir okkar. Ég tel að réttarfar okkar og framganga í þeim málum sé síst til þess að kvarta yfir.

Það hefur sýnt sig í þeim stóru málum sem hafa verið hér til umfjöllunar á undanförnum árum og mánuðum að allur almenningur hefur átt mjög góðan aðgang að því að koma fram andmælum, mótmælum, sem hafa síðan verið tekin til efnislegrar umfjöllunar.

Árósasamningurinn er um margt merkilegur en hann leggur nýjar skuldbindingar á herðar okkar sem yrði ekki auðvelt að standa undir miðað við íslenskar aðstæður. Við höfum þess vegna ákveðið að taka ákvæði þessa samnings til ítarlegrar umfjöllunar og við erum ekki tilbúin með niðurstöðu í því sambandi. Ég geri því ekki ráð fyrir því að þessi samningur verði lagður fram á yfirstandandi þingi. Hann bíður væntanlega umfjöllunar næstu ríkisstjórnar sem tekur við völdum eftir kosningar.

[15:23]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég lýsi vonbrigðumm mínum með það að ráðherrann skuli ætla að láta þetta dankast enn um sinn en lýsi um leið ánægju minni með það að hann skuli hafa staðfest að hér verði stjórnarskipti eftir næstu kosningar. Ég vona að sú ríkisstjórn sem tekur við völdum gangi fram í þessum málum þannig að sómi verði að.

Hæstv. ráðherra segir ekki auðvelt að standa undir þessum skuldbindingum „miðað við íslenskar aðstæður". Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Við hvað á hann? Eru aðstæður okkar eitthvað öðruvísi en nágrannalanda okkar sem sum hafa þegar lögfest þennan samning og önnur hafa viðurkennt grundvallarreglur hans? Þjóðir eins og Noregur hafa séð til þess að aðildarskortur í málum er varða umhverfisvernd þvælist ekki fyrir dómstólunum sem hann greinilega gerir hér. Nú erum við að tala um ákveðið mál sem verið er að reka fyrir íslenskum dómstólum og það er með ólíkindum hvað búið er að þvæla það í formlegheitum og gera félagasamtökum í því máli erfitt fyrir að nálgast dómstólana og ná þar fram rétti sínum.

[15:24]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ef hv. þm. á með orðum sínum við að öll félagasamtök í landinu eigi rétt á því að koma í veg fyrir tilteknar framkvæmdir, eins og ég á heldur von á að hún eigi við, er sá réttur sem betur fer ekki fyrir hendi hér á landi. Félagasamtök geta að sjálfsögðu komið fram með mótmæli og athugasemdir og ég veit ekki betur en fjallað hafi verið um öll þessi mótmæli og athugasemdir í þeim úrskurðum sem nýlega hafa fallið.

Það er hins vegar álitamál hvað á að ganga langt í þessum efnum og um það fjalla einmitt þau álitaefni sem ég gerði að umtalsefni áðan.

En ég vona að hv. þingmaður hafi mismælt sig þegar hún sagði að það væru fréttir fyrir hana að til stæði að skipta um ríkisstjórn. Ég hélt að öllum væri ljóst að þess vegna væru kosningar.

[15:26]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Stjórnir hafa haft tilhneigingu til að sitja áfram þrátt fyrir kosningar, jafnvel þótt annað mætti lesa út úr vilja kjósenda en ríkisstjórnirnar kjósa að lesa út úr niðurstöðunum. En látum það liggja á milli hluta og höldum okkur við málefnið sem hér er til umræðu, þ.e. aðild Íslands að Árósasamningnum.

Auðvitað er ekki verið að ræða um það hér að frjáls félagasamtök hafi einhvern lögbundinn rétt til að koma í veg fyrir framkvæmdir. Það veit hæstv. utanrrh. fullvel og það er útúrsnúningur að halda slíku fram. Hins vegar er sannleikurinn sá að íslensk félagasamtök á sviði umhverfismála eiga ekki greiðan aðgang að dómstólum með sín mál eins og ég nefndi dæmi um. Það er andstætt við það sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndunum. Þar hefur allt verið gert í anda Árósasamningsins til að opna leiðir umhverfissamtaka að dómstólum til þess að tryggja það að ríkisstjórnir beiti ekki gerræðislegum aðferðum á borð við þá sem íslenska ríkisstjórnin beitti þegar úrskurði Skipulagsstofnunar um Kárahnjúkavirkjun var snúið við með pólitísku handafli.

Brot á reglugerð um grásleppuveiðar.

[15:27]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. sjútvrh. Þetta mál hefur áður verið til umræðu. Reglugerð um þennan nytjastofn, þ.e. grásleppu, varð til eftir umræður hér og fyrirspurnir undir þessum lið.

Nú stendur málið þannig að það er óheimilt að landa grásleppu úr öðrum veiðarfærum en grásleppunetum og af bátum sem hafa leyfi tl veiðanna. Það virðist því vera tekið almennt á ákveðnum brotum á reglugerðum varðandi fiskveiðar en ekki þegar kemur að því að fylgja eftir brotum við grásleppuveiðar. Nú þegar er búið að landa um það bil 20 tonnum af hrognkelsum á mörkuðum og allir sem til þekkja vita að þó að grásleppan náist í önnur veiðarfæri en til þess gerð á að sleppa henni aftur í sjó. Hún er eitt af þeim sjávardýrum sem þola nokkurn tíma á þurru og lifir af verði hún sett í sjó að nýju. Því spyr ég: Hvernig stendur á því að það er látið óátalið að landa þessari fisktegund án afskipta? Á bara að fara eftir sumum reglugerðum samanber umrædd tilvik? Ég spyr hæstv. sjútvrh.: Til hvaða aðgerða ætlar hann að grípa í þessu tilviki?

[15:29]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það á auðvitað að fara eftir öllum reglugerðum sem settar eru. Ég hef sjálfur ekki neinar upplýsingar um það mál sem hv. þm. nefndi hér en ég þakka honum fyrir að vekja athygli mína á því og mun grennslast fyrir um það hjá Fiskistofu hvernig á þessu standi.

[15:29]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svarið og að hann ætli að grennslast fyrir um þetta. En málið er að þetta er búið að vera á opnum síðum Morgunblaðsins á hverjum degi undanfarið þar sem gerð er grein fyrir lönduðum afla. Ég hélt að það færi ekki fram hjá mönnum sem eru með málaflokkana hvernig þetta stendur. Mér þykir ótrúlegt að það skuli gerast en menn eru önnum kafnir og mega ekki vera að því að fylgjast með þessu litla. En það eru verulegar líkur á því að landanir á þessari fisktegund hafi veruleg áhrif á þá aðila sem eiga afkomu sína undir veiðum á hrognkelsum. Þess vegna er verið að vekja máls á þessu og ég þakka aftur fyrir að á þessu máli skuli verða tekið. Það er ástæða til.

Íslenskur ríkisborgararéttur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 242. mál (tvöfaldur ríkisborgararéttur). — Þskj. 246.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]
Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMM, ÁMöl, BjörgvS, BBj, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VÞV, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
26 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, BH, DO, EKG, GÁS, GÖ, HÁs, ÍGP, JB, KVM, KF, LMR, LB, PM, PP, RG, SI, SAÞ, SP, StB, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 954).

Úrvinnslugjald, frh. 2. umr.

Frv. umhvn., 566. mál (frestun gjaldtöku, brottfall tollnúmera). — Þskj. 914.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 567. mál (kynferðisbrot gegn börnum og mansal). — Þskj. 918.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 538. mál (heildarlög). — Þskj. 883.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 550. mál (vinnutímatilskipun, EES-reglur). — Þskj. 897.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Vátryggingastarfsemi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 568. mál (EES-reglur). — Þskj. 919.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, frh. fyrri umr.

Þáltill. KLM o.fl., 18. mál. — Þskj. 18.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Færeyska fiskveiðistjórnarkerfið, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ, 56. mál. — Þskj. 56.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Bætt staða þolenda kynferðisafbrota, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 65. mál. — Þskj. 65.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Innflutningur dýra, frh. fyrri umr.

Þáltill. DrH o.fl., 106. mál. — Þskj. 106.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Frv. HjÁ og VE, 108. mál (hægri beygja á móti rauðu ljósi). — Þskj. 108.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. MF o.fl., 118. mál (sálfræðiþjónusta). — Þskj. 118.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Vátryggingarsamningar og Viðlagatrygging Íslands, frh. 1. umr.

Frv. MF o.fl., 119. mál (tjón á húseignum, endurstofnverð o.fl.). — Þskj. 119.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Félagsleg aðstoð, frh. 1. umr.

Frv. MF o.fl., 120. mál (umönnunargreiðslur). — Þskj. 120.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu **já:** AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BjörgvS, BBj, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VÞV, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (DrH) greiddi ekki atkv.
20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DO, GÖ, HÁs, ÍGP, KVM, KÓ, LMR, LB, ÓÖH, PM, PP, RG, SI, SP, StB, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Stimpilgjald, frh. 1. umr.

Frv. MF, 121. mál (lækkun gjalds). — Þskj. 121.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. ÖS o.fl., 130. mál (félagsgjöld til stéttarfélags). — Þskj. 130.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Náttúruvernd, frh. 1. umr.

Frv. ÖS o.fl., 131. mál (rekstur þjóðgarða). — Þskj. 131.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Rannsókn á áhrifum háspennulína á mannslíkamann, frh. fyrri umr.

Þáltill. DrH o.fl., 141. mál. — Þskj. 141.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Þjónustugjald á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁMöl o.fl., 142. mál. — Þskj. 142.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Landsdómur, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 151. mál. — Þskj. 151.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Ráðherraábyrgð, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 152. mál. — Þskj. 152.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Samfélagsleg áhrif álvers- og virkjunarframkvæmda, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvanJ, 511. mál. — Þskj. 849.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 196. mál. — Þskj. 199.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 197. mál (þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 200.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

Þingsköp Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 198. mál (rannsóknarvald þingnefnda). — Þskj. 201.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Greiðsla ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, frh. 1. umr.

Frv. GÖ, 316. mál (hámarksfjárhæðir bóta). — Þskj. 341.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Starfslok fyrrverandi forstjóra Landssíma Íslands hf., frh. fyrri umr.

Þáltill. GÁS o.fl., 551. mál. — Þskj. 898.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]
Till. vísað til síðari umr. með 40:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BjörgvS, BBj, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, ÓÖH, SJóh, SAÞ, SJS, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: GunnB, PHB.

21 þm. (AHB, ÁSJ, ÁRJ, BH, DO, GHH, GÖ, HÁs, ÍGP, KVM, LMR, LB, PM, PP, RG, SI, SP, StB, VS, VÞV, ÖS) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [15:42]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Nú er verið að greiða atkvæði um að vísa til síðari umr. þáltill. hv. þingmanna Samfylkingarinnar sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að birta nú þegar skýrslu þá sem tekin var saman af Ríkisendurskoðun um starfslok fyrrverandi forstjóra Landssíma Íslands hf. og tengd efni á árinu 2002."

Því miður get ég ekki greitt atkvæði með því að þessi þáltill. verði rædd frekar því að hún er stjórnskipulega röng. Hv. Alþingi hefur ekkert beint vald yfir hlutafélaginu Landssíma Íslands hf. Landssíminn er ekki lengur stofnun ríkisins.

Það er hluthafafundur sem markar stefnu fyrir hlutafélag og kýs því stjórn. Á þeim vettvangi mætti afla umræddra upplýsinga. Ekki gengur að skylda fyrirtækið til að birta skýrslu þá sem tekin var saman af Ríkisendurskoðun um starfslok fyrrverandi forstjóra Landssíma Íslands hf. og tengd efni á árinu 2002 þar sem hún var ekki ætluð til birtingar og gæti innihaldið annað óskylt efni sem kynni að skaða fyrirtækið ef birt yrði.

Þetta mál fékk enga umræðu þar sem hv. frsm. var ekki til staðar á fimmtudag þegar málið var til umræðu og því bendi ég á þetta hér. Ég segi nei.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Skráning skipa, 2. umr.

Stjfrv., 157. mál (þurrleiguskráning fiskiskipa). — Þskj. 157, nál. 886, 916 og 917.

[15:44]

Frsm. meiri hluta samgn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta samgn. um frv. til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

Nefndin fékk fjölmarga gesti á sinn fund eins og rakið er á þskj. 886. Að auki bárust fjölmargar umsagnir eins og rakið er í áðurnefndu þingskjali.

Markmið þessa frv. sem er einungis í þremur greinum með gildistökuákvæðinu — það er í rauninni bara tvær efnislegar greinar — markmið þessa frv. er að auðvelda íslenskum útgerðum að stunda veiðar í lögsögu erlendra ríkja. Það er í rauninni markmið þessa frv. og má segja, herra forseti, að með því sé verið að fara svipaðar slóðir og Færeyingar hafa stundað mjög grimmilega, má segja, á síðustu árum, en það er markmið í fiskveiðistefnu stjórnvalda í Færeyjum að um það bil helmingur afla færeyska flotans komi úr veiðum í erlendri lögsögu.

Með þessu frv. er verið að auðvelda íslenskum útgerðum að fara svipaða leið og geta með sem einföldustum hætti aflað sér veiðiheimilda í erlendri efnahagslögsögu. Það er með öðrum orðum verið að skapa svipaðar aðstæður hérlendis og þekkjast í Færeyjum og er verið að gera tilraun til þess að auka við aflaverðmæti og afla íslenska fiskiskipaflotans.

Það má segja, herra forseti, að undir þeim formerkjum sé verið að styrkja íslenskar útgerðir og þá um leið íslenska sjómenn og íslenskt efnahagslíf. Það eru í rauninni þau sjónarmið sem hv. meiri hluti samgn. styður með nál. sínu. Hann samþykkir frv., þó með þremur breytingum við 1. gr. frv. sem gerð er grein fyrir á þskj. 886. Þær breytingar snerta í fyrsta lagi 4. málsl. 1. efnismgr. þar sem efnislega er lagt til að heimildin til svokallaðrar þurrleiguskráningar verði framlengd í fimm ár í stað eins árs. Í annan stað er lögð til breyting við 1. efnismgr. þar sem bætist nýr stafliður, c-liður, svohljóðandi: „upplýsingar um hvar skipi er ætlað að stunda veiðar og á hvaða tegundum.“ Hugsunin á bak við þessa breytingu er einmitt það varúðarsjónarmið að áður en skipi er veitt slík heimild verði það að tilkynna hvar skipið muni stunda þær veiðar sem sótt er um heimild fyrir til þurrleiguskráningar. Í þriðja lagi leggur meiri hlutinn til breytingu á 5. efnismgr. þar sem bætast tveir nýir málsliðir svohljóðandi við: „Uppfylli skipið ekki skilyrði íslenskra laga ber forráðamönnum þess að sjá til þess að úr því sé bætt innan þriggja sólarhringa frá því að tilkynning berst um að það hafi verið afmáð af hinni erlendu skipaskrá. Þegar skilyrði hafa verið uppfyllt skal tilkynna það til Siglingastofnunar.“ Hugsunin á bak við þessa breytingu, herra forseti, er sú að ef skip missir heimild til að veiða í erlendri efnahagslögsögu og er afmáð af skipaskrá þess ríkis skuli það uppfylla þegar í stað skilyrði íslenskra laga en eru gefnir þrír sólarhringar af hagkvæmnisástæðum til þess að uppfylla þau skilyrði.

Þetta eru þær þrjár breytingar, herra forseti, sem meiri hluti samgn. leggur til við frv. en styður það að öðru leyti og leggur áherslu á meginmarkmið frv. um að auka svigrúm og möguleika íslenskra útgerða til að sækja verðmæti í efnahagslögsögu annarra ríkja. Við leggjum í meiri hlutanum áherslu á þá varnagla sem slegnir eru í frv. og koma skýrt fram í greinargerð með nál. frá meiri hlutanum. Í fyrsta lagi viljum við nefna að þurrleigan svokallaða gildir einungis erlendis, þ.e. utan efnahagslögsögu Íslands, og þegar skipið kemur aftur inn til íslenskrar lögsögu taka að sjálfsögðu við íslensk lög að öllu leyti.

Það er lögð áhersla á það í annan stað að einungis er átt við veiðar úr veiðistofnum sem náðst hafa alþjóðlegar samþykktir um. Það er í þriðja lagi lögð áhersla á það sem varla þarf að taka fram að í íslenskri efnahagslögsögu skulu gilda íslensk lög, þ.e. íslenski fáninn kemur aftur upp þegar skipið kemur inn í íslenska lögsögu og hefur lokið hlutverki sínu í þurrleigunni. Ég vil líka, herra forseti, draga fram að lögð er þung áhersla á það að útgerðir þurfa að sækja um til Siglingastofnunar og til sjútvrn. og þurfa að uppfylla ströng skilyrði áður en heimild til þurrleigu eða breyttrar skráningar er veitt. Þar er m.a. um það hvar eigi að veiða, á hvaða forsendum þær veiðar eigi að fara fram og jafnframt þarf að tilkynna til hvaða ríkis, á hvaða miðum og úr hvaða veiðistofnum eigi að fara að veiða. Það er ekki fyrr en að uppfylltum öllum þeim skilyrðum sem talin eru upp í þingskjali sem Siglingastofnun og sjútvrn. gefa grænt ljós á þessa svokölluðu þurrleigu. Þessu fylgir jafnframt afdráttarlaus tilkynningarskylda um það hvar veitt sé og þar fram eftir götunum.

Í rauninni þarf ekki mikið meira um þetta að segja. Ég árétta annars vegar það að hér er verið að liðka til fyrir íslenskum sjómönnum og íslenskum útgerðum um að geta aflað sér aukinna verkefna fyrir fiskiskipaflota okkar án þess að þurfi að verða kerfislegar hindranir á því, jafnframt að þegar þeim verkefnum er lokið og skipin snúa aftur gilda þau lög sem eiga við um íslenska efnahagslögsögu og er í rauninni ekki mikið meira um það að segja.

Auk þess árétta ég þá varnagla sem hér hefur verið lýst og koma fram í þingskjalinu.

Undir þetta nál., herra forseti, skrifa hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Magnús Stefánsson og Sigríður Ingvarsdóttir.

Legg ég til, herra forseti, að frv. gangi fram til 3. umr.

[15:52]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins ein spurning sem ég hefði viljað leggja fyrir frsm. meiri hlutans sem hefur fylgt nál. úr hlaði sem kemur m.a. fram vegna þess að ég átti þess ekki kost að vera á þessum fundi samgn. þegar málið var tekið út. Það

lýtur að þeirri brtt. sem hér er merkt b við 1. efnismgr. þar sem bætist við nýr stafliður, c-liður, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Upplýsingar um hvar skipi er ætlað að stunda veiðar og á hvaða tegundum."

Eins og segir í nál. er með þessari breytingu lagt til að það skuli fylgja með hvar skipi er ætlað að stunda veiðar og á hvaða tegundum. Eins og segir hér enn fremur er eðlilegt að þessar upplýsingar liggi fyrir svo að sjútvrn. geti metið hvort skilyrði 2. efnismgr. 1. gr. séu uppfyllt. Spurning mín, herra forseti, til hv. þm. Hjálmars Árnasonar, frsm. meiri hluta nefndarinnar, er þessi: Hvað á að gera ef skip er sent á ný mið eða að veiða nýjar tegundir sem ekki voru tilgreindar þegar skráningin átti sér stað?

[15:53]

Frsm. meiri hluta samgn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Minn skilningur á þessu ákvæði er sá að tilkynningarskyldan er mjög afdráttarlaus, í hvaða efnahagslögsögu hyggst útgerðin stefna skipi sínu, úr hvaða veiðistofnum á að veiða og á þeim grundvelli er heimildin til þurrskráningar gefin út. Verði breyting á því þarf að koma ný tilkynning, m.a. til sjútvrn. Á bak við það að tilkynna til sjútvrn. býr ekki síst sú hugsun að sjútvrn. er ætlað að ganga úr skugga um það að með því að veiða á skipum sem eru íslensk að uppruna í efnahagslögsögu erlends ríkis má ekki skapast sá réttur að það erlenda ríki ávinni sér síðan rétt ef tegundir verða kvótabundnar síðar meir, og þá erum við að tala um alþjóðlega stofna.

[15:54]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka skýrt fram að ég held að þetta sé eitt af þeim ákvæðum sem bæti frv. örlítið en ég held að ég misskilji þetta ekki. Hér kemur hvergi fram að það skuli tilkynna til sjútvrn. ef skip fer að veiða á nýjum slóðum eða nýjar tegundir. Það er getið um það í byrjun að það þurfi að leggja fram gögn um hvar skip þetta ætlar að veiða og hvaða tegundir á að veiða þegar þurrleiguskráningin á sér stað. Við breytingar sem gætu orðið eftir 1, 2 eða 3 ár, guð má vita, er ekkert fjallað um að það þurfi að tilkynna það inn. Viðkomandi skip getur þannig farið að veiða aðrar tegundir og á öðrum miðum án þess að tilkynna það inn og ég spyr: Hvernig á að fara í gegnum það eins og hér er? Ég tel að þetta ákvæði sé til bóta en mér sýnist samt sem áður að það sé ekki sú kvöð á að það sé tilkynnt í hvert og eitt skipti um breytingu á miðum eða fiskitegundum.

[15:55]

Frsm. meiri hluta samgn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að breytingarnar, eins og aðrar breytingar sem koma frá hv. samgn., eru til bóta. Ég hygg hins vegar að þessi ákvæði og forsendur fyrir þessum ákvæðum séu til staðar í frv. sjálfu þar sem segir í 1. gr. að heimild til þurrleiguskráningar samkvæmt 1. mgr. falli niður þegar — síðan kemur upptalning í einum 5 liðum og þar segir m.a.: „skilyrði fyrir heimild til þurrleiguskráningar skv. 2. mgr. er ekki lengur uppfyllt að mati sjávarútvegsráðuneytisins". Sama kemur svo fram hvað varðar Siglingastofnun Íslands í b-liðnum þannig að heimildir þessara stofnana eru alveg afdráttarlaust til staðar til þess að afturkalla skráninguna og þá taka íslensk lög gildi ef sú skráning er afturkölluð.

[15:56]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hluta samgn. um frv. til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum, þ.e. mál nr. 157. Ég mæli fyrir þessu nál. í fjarveru frsm. 1. minni hluta, hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, sem er með mér á þessu nál. Það er svohljóðandi:

Tilurð þessa frumvarps má rekja til bréfs Landssambands íslenskra útvegsmanna til samgönguráðuneytisins, dags. 29. apríl 1999, þar sem þess var farið á leit við íslensk stjórnvöld að þau leyfðu tvískráningu íslenskra fiskiskipa. Efni frumvarpsins er í samræmi við þá ósk. Tilgangurinn er sagður vera að auka möguleika íslenskra útgerða á að nýta skip sín til verkefna erlendis. Lagt er til að heimilt verði að skrá fiskiskip þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá en þau séu eftir sem áður frumskráð á íslenska skipaskrá.

Íslenskar útgerðir sem hafa sóst eftir að nýta veiðiheimildir annarra ríkja hafa fært skip sín undir erlendan fána í þessum tilgangi og leigt þau til tengdra eða ótengdra aðila í erlenda ríkinu. Í þeim tilvikum hafa þau afskráð skip sín af íslenskri skipaskrá, skráð þau í öðru ríki, jafnvel þurrleiguskráð þau þaðan, og siglt undir fána þess ríkis sem á veiðiheimildirnar sem ætlunin er að nýta. Dæmi um veiðar sem Íslendingar hafa sótt í eru rækjuveiðar undir rússneskum fána í Barentshafi, rækjuveiðar undir fánum Eystrasaltsríkjanna á Flæmingjagrunni og þorskveiðar undir færeyskum fána í Barentshafi.

Ljóst er að frumvarpið er mjög umdeilt og skiptast hagsmunaaðilar algerlega í tvö horn. Samtök sjómanna hafa lýst þeirri skoðun að „útgerðarmenn séu að þrýsta á stjórnvöld um að heimila tvískráningu fiskiskipa í þeim tilgangi að fá ódýrt erlent vinnuafl til starfa á skipum sínum í samkeppni við íslenska sjómenn". Athugasemdirnar hafa einkum snúið að tveimur atriðum, annars vegar þeim aðstæðum þegar skip kæmi aftur til Íslands með erlenda áhafnarmeðlimi að lokinni þurrleigu, hins vegar að því að útgerðir noti þurrleigu til þess að stunda veiðar undir erlendum fána sem stunda mætti undir íslenskum fána, í því skyni að draga úr kostnaði við veiðarnar. Fram hefur komið að samtök sjómanna telja að við núverandi aðstæður sé opinberu eftirliti ábótavant, bæði varðandi það að erlendir sjómenn starfi á íslenskum skipum án atvinnuleyfis og varðandi þau laun sem erlendir sjómenn fái greidd. Sjómannasambandið óttast að við þurrleiguskráningu mundi þetta vandamál versna.

Fyrsti minni hluti telur að ekki hafi komið fram nógu sterk rök fyrir þessari breytingu en þeim mun sterkari varnaðarorð og styður því ekki frumvarpið.

[16:00]

Frsm. 2. minni hluta (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál 2. minni hluta um frv. til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa, með síðari breytingum.

Hv. varaformaður samgn., Hjálmar Árnason, hefur gert grein fyrir nál. meiri hlutans og þeim litlu brtt. sem þar eru lagðar til.

Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar er endurflutt nánast óbreytt frá síðasta þingi. Frumvarpið var þá afgreitt úr nefndinni en fékk þó ekki endanlega afgreiðslu í þinginu sl. vetur.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er megintilgangur þess að heimila að íslensk skip sem skráð eru á íslenska skipaskrá séu jafnframt skráð svokallaðri þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá, þ.e. að skipið geti verið á skrá í tveim löndum samtímis.

Mál þetta er rekið sem mikið hagsmunamál íslenskra útgerða, en með samþykkt þess telja útgerðirnar að möguleikar þeirra aukist til að nýta skip sín erlendis. Með svokallaðri þurrleiguskráningu er skip skráð á skipaskrá erlends ríkis en er þó jafnframt skráð á íslenska skipaskrá. Í frumvarpinu eru rakin ýmis skilyrði og takmarkanir sem þessar heimildir eru háðar. Nokkuð er skerpt á þeim takmörkunum í breytingartillögum meiri hlutans, sem allar eru til bóta, en þó fer fjarri að þar sé um grundvallarbreytingar á frumvarpinu að ræða.

Fram kom í máli fulltrúa útgerðarinnar, sem komu fyrir nefndina, að kjarasamningar íslenskra sjómanna leiddu til svo mikils launakostnaðar að trauðla væri rekstrargrundvöllur fyrir sókn á fjarlæg fiskimið undir íslenskum fána og á íslenskum kjarasamningum.

Við þurrleigu færist skipið undir lögsögu fánaríkis leigutakans og gilda þá lög þess um allan rekstur skipsins, þar með talið um veiðileyfi, veiðieftirlit, öryggismál, kjaramál, tryggingamál og atvinnuréttindi. Öll þessi mál færast undir hið erlenda ríki sem skipið verður skráð hjá. Veiðireynsla sem verður til með veiðum skipsins meðan það er undir erlendum fána á þurrleigu verður veiðireynsla þess ríkis sem flaggað er undir með þurrleiguskráningu. Þannig vinnur þurrleiguskráning gegn hagsmunum sem verið hafa grundvöllur skiptingar veiðiréttar úr fiskstofnum og má nefna dæmi þar um eins og skiptingu kvótans í úthafskarfa á Reykjaneshrygg, rækju á Flæmingjagrunni, norsk-íslenska síldarsamninginn og fyrirséða skiptingu á veiðireynslu á kolmunna. Hins vegar eru veðbönd skipsins skráð hjá hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum hér á landi. Það er að sjálfssögðu til mikilla hagsbóta fyrir útgerðina og skipaeigandann en með því gilda mismunandi reglur um áhöfn og skip. Það tel ég vera afar ósanngjarnt, virðulegi forseti, að hin íslensku lög skuli gilda um veðböndin en allt sem lýtur að öryggismálum og kjaramálum sjómanna skuli lúta þeim samningum sem eru hjá hinu erlenda ríki.

Samtök sjómanna eru mjög gagnrýnin á þessa tvöföldu skráningu skipa. Lýtur sú gagnrýni bæði að kjaramálum, öryggismálum og atvinnuréttindamálum. Erfitt verður að halda úti því skipulagi að kjara- og öryggismál breytist eftir því hvort skip er að fara út úr eða að koma inn í íslenska lögsögu. Þrýstingur mun aukast á að í áhöfn verði erlendir ríkisborgarar á allt öðrum og lélegri kjarasamningum en skylt er samkvæmt íslenskum lögum um skip undir íslenskum fána. Sjómannasambandið telur eðlilegri leið til að afla útgerðum aukinna verkefna að leita eftir samningum við önnur ríki um veiðiheimildir innan lögsögu þeirra.

Slík nálgun væri í fullu samræmi við stefnu okkar í alþjóðlegum hafréttarmálum, fiskverndar- og fiskveiðimálum. Það er reyndar sú stefna sem við höfum barist fyrir á undanförnum áratugum þegar við höfum verið að berjast fyrir rétti okkar í okkar lögsögu. Hví skyldum við þá ekki einnig vinna þannig á alþjóðlegum vettvangi? En því miður hefur sú stefna sem lögð er upp í frumvarpinu og meiri hlutinn flytur á sér alþjóðlegan sjóræningjablæ og að mati 2. minni hluta samræmist hún alls ekki áherslum Íslands í þessum málum á alþjóðavettvangi. Gildir það einnig um aðbúnað, öryggi og kjör sjómanna. Stefna Íslands á að vera sú að einu gildi hvort áhöfnin hafi íslenskt eða erlent ríkisfang. Íslensk lög skulu gilda á íslenskum skipum.

Virðulegi forseti. Með þessu nál. fylgja umsagnir meiri og minni hluta sjávarútvegsnefndar um frumvarpið frá síðasta þingi og frétt um löndunarbann á rússneska tvíflöggunartogara í Vestur-Evrópu. Enn fremur er vísað til umsagna samtaka sjómanna og útvegsmanna í greinargerð með frumvarpinu.

Annar minni hluti leggst alfarið gegn samþykkt þessa frumvarps.

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að vitna til umsagnar minni hluta sjútvn. Alþingis sem er fylgiskjal með þessu nál., með leyfi forseta:

„Tilurð þessa frumvarps má rekja til bréfs Landssambands íslenskra útvegsmanna til samgönguráðuneytisins, dags. 29. apríl 1999, þar sem þess var farið á leit við íslensk stjórnvöld að þau leyfðu tvískráningu íslenskra fiskiskipa. Efni frumvarpsins er í samræmi við þá ósk. Tilgangurinn er sagður vera að auka möguleika íslenskra útgerða á að nýta skip sín til verk efna erlendis. Lagt er til að heimilt verði að skrá fiskiskip þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá ...“

Ljóst er að frumvarpið er mjög umdeilt og skiptast hagsmunaaðilar algerlega í tvö horn. Samtök sjómanna hafa lýst þeirri skoðun að „útgerðarmenn séu að þrýsta á stjórnvöld um að heimila tvískráningu fiskiskipa í þeim tilgangi að fá ódýrt erlent vinnuafl til starfa á skipum sínum í samkeppni við íslenska sjómenn“. Athugasemdirnar hafa einkum snúið að tveimur atriðum. Annars vegar þeim aðstæðunum þegar skip kæmi aftur til Íslands með erlenda áhafnarmeðlimi að lokinni þurrleigu. Hins vegar að því að útgerðir noti þurrleigu til þess að stunda veiðar undir erlendum fána sem stunda mætti undir íslenskum fána, í því skyni að draga úr kostnaði við veiðarnar. Fram hefur komið að samtök sjómanna telja að við núverandi aðstæður sé opinberu eftirliti ábótavant, bæði varðandi það að erlendir sjómenn starfi á íslenskum skipum án atvinnuleyfis og varðandi þau laun sem erlendir sjómenn fái greidd. Sjómannasambandið óttast að við þurrleiguskráningu mundi þetta vandamál versna.“

Virðulegi forseti. Það ættu því að vera ærin varnaðarorð sem flutt eru af öllum launþegasamtökum, öllum stéttum þess fólks sem þessum réttindum er ætlað að ná til, þ.e. Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Alþýðusambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands. Öll þessi sambönd leggjast alfarið gegn frv. og vara við þeim skrefum sem hér er verið að stíga, þ.e. að leiða íslenska flotann út í lögsögur annarra ríkja á vissan sjóræningjahátt, á vissan hátt gegn þeirri stefnu sem við höfum haldið fram og barist fyrir og sem hefur verið flagg okkar á alþjóðlegum vettvangi, þ.e. að virða rétt annarra þjóða til fiskveiðilögsögu sinnar og fiskveiðiheimilda sinna. Jafnframt því höfum við krafist þess að réttur okkar væri einnig virtur og að þar sem fiskimið eru á opinberum hafsvæðum, á alþjóðlegum hafsvæðum, yrði líka samið bæði um vernd og nýtingu fiskstofna.

Þetta hefur verið hornsteinn íslenskrar fiskveiðistjórnarstefnu og fiskverndarstefnu og hana ættum við því, virðulegi forseti, að hafa í heiðri í stað þess að fara með þessu út í hálfgerðan sjóræningjaflotarekstur bæði hvað það varðar að sækja á önnur fiskimið og eins það að sigla undir fána annarra ríkja til þess að geta ráðið sjómenn á öðrum og þá jafnvel lakari kjörum en við annars viljum ráða íslenska sjómenn á.

Virðulegi forseti. Það er svo sem hægt að benda á dæmi. Í fylgiskjali með þessu nál. er frétt úr blaðinu Skerplu sem ber yfirskriftina: „Löndunarbann sett á rússneska tvíflöggunartogara í Vestur-Evrópu frá og með áramótum?“ Þessi frétt er frá 4. desember 2002. Ég held að rétt sé að vekja athygli á henni til að benda á í hvaða félagsskap við lendum þarna ef af því verður að við gerum hér út skip undir fána tveggja landa, með leyfi forseta:

„Norsku sjómannasamtökin ætla að koma í veg fyrir að afla verði landað úr rússneskum togurum, sem gerðir eru út samkvæmt svokölluðum þurrleigusamningum, í norskum höfnum frá og með næstu áramótum.“ – Þetta er nákvæmlega það sama og við erum að fara út í. Við ætlum að fara út í þessa þurrleigusamninga. — „Önnur verkalýðs- og sjómannafélög í Vestur-Evrópu hafa lofað að gera slíkt hið sama.

Ástæðan fyrir þessu er sú að sjómannasamtökin telja að rússnesku útgerðirnar, og ekki síður norsku fyrirtækin sem í raun sjá um útgerð skipanna og sölu afurðanna, hlunnfari rússnesku sjómennina. Dæmi eru um að sjómenn á einstaka togurum hafi allt niður í 40 bandaríkjadollara í mánaðarlaun, að því er fram kemur í frétt Fiskeribladet um málið. Sú tala er reyndar svo lág að talan hlýtur að hafa misritast og að átt sé við 400 dollara eða jafnvirði um 34 þúsund íslenskra króna. Alls eru gerðir út 120 togarar frá Rússlandi samkvæmt svokölluð um tvíflöggunar- eða þurrleigusamningum sem norskir bankar eiga veð í. Oftast er um að ræða togara frá Noregi eða öðrum vestrænum ríkjum sem seldir hafa verið til rússneskra útgerðarfyrirtækja gegn því skilyrði að aflaverðmætið verði notað til að greiða niður kaup- eða kaupleiguverðið. Hafa norskir kaupsýslumenn gjarnan séð um útgerðarstjórnina.“

Virðulegi forseti. Viljum við slást í hóp með þessum aðilum sem reyna að komast til veiða á fiskveiðistofnum inn um bakdyrnar og þá slást í hóp þeirra sem fá aðstöðu til að ráða sjómenn á skertum kjörum eða kjörum sem undir hælinn er lagt hvernig eru samkvæmt samningum þeirra landa sem fánarnir verða teknir upp hjá?

Ég held að það sem er að gerast í Evrópu ætti að vera okkur víti til varnaðar hér. Þar er þegar verið að reyna að stöðva þetta sem við ætlum þarna að fara að gerast fánaberar fyrir.

Virðulegi forseti. Ef þetta frv. verður að lögum þá er það veruleg afturför hvað varðar vinnuvernd, kjör og réttindamál sjómanna. Þetta er líka veruleg afturför hvað varðar sýn okkar og stefnu varðandi nýtingu og umgengni við fiskstofnana, hvort sem er í lögsögu annarra ríkja eða á alþjóðlegum hafsvæðum þar sem við höfum lagt áherslu að unnið sé samkvæmt alþjóðlegum samningum eða tvívirkum samningum á milli ríkja. Það er sú nálgun sem við viljum.

Herra forseti. Ég tel ástæðu til þess áður en þetta frv. verður afgreitt eða samþykkt frá þinginu að aftur yrði leitað umsagnar hagsmunaaðila um málið til þess að vita hvort t.d. sjómannasamtökunum finnist hér nóg að gert í þeim brtt. sem meiri hlutinn leggur til. Ég er reyndar viss um að svo er ekki. Við erum hérna á afar hættulegri braut sem við ættum að snúa af áður en verulegt tjón hlýst af. Ég leggst því eindregið gegn því að frv. verði samþykkt, virðulegi forseti.

[16:13]

Frsm. meiri hluta samgn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að ekki sé nú alveg rétt með farið hjá hv. þm. að hér sé um mikla stefnubreytingu að ræða því að við höfum verið að veiða í fiskveiðilögsögu annarra þjóða. Það liggur líka fyrir að útgerðir fá ekki heimildir til þess að flagga út skipi með þeim hætti sem frv. fjallar um nema um það sé samkomulag við stjórnvöld í viðkomandi ríki.

Ég vil líka draga það fram að með frv. og breytingum meiri hluta samgn. er verið að skerpa á eftirliti, annars vegar eftirliti sjútvrn., þar sem útgerðirnar eru tilkynningaskyldar þangað, og eins til Siglingamálastofnunar. Báðar þessar stofnanir hafa síðan fulla heimild til þess að afturkalla þurrskráningarheimildina ef þeim sýnist svo, ef þær stofnanir meta það svo að verið sé að fara á svig við það sem samræmist íslenskum hefðum og íslenskum lögum.

Hv. þm. gerði rússneska tvíflöggunarflotann nokkuð að umtalsefni og spyr: „Í hvernig félagsskap erum við að stefna?“ Ég nefndi það í framsöguræðu minni að við erum að stefna í félagsskap með Færeyingum. Það er kannski þangað frekar sem við sækjum fyrirmyndina. Hafi hv. þm. komið til Þórshafnar í Færeyjum hefur hann væntanlega séð þar stóran rússneskan flota sem landar þar, ýmist á milli skipa eða í land og skapar mikla atvinnu. En ekki síst má nefna að helmingurinn af veiðum færeyska flotans byggir á veiðum í efnahagslögsögu erlendra ríkja. Það er beinlínis stefna þeirra til þess að skapa flota sínum aukin verðmæti og verðmæti fyrir færeyska þjóðarbúið.

[16:16]

Frsm. 2. minni hluta (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel alveg í hæsta máta eðlilegt að íslensk skip og íslenskar útgerðir eigi möguleika á að stunda veiðar í öðrum hafsvæðum en hérna kringum Ísland. En þá legg ég áherslu á að það sé gert á íslenskum lagagrunni þannig að það séu ekki aðeins skipin og réttarstaða skipseigandans sem eigi að vera tryggð hér á landi, því það gerir frumvarpið, það tryggir réttarstöðu skipseigandans, það tryggir réttarstöðu útgerðarinnar gagnvart skipinu. Það á áfram að vera tryggt samkvæmt íslenskum lögum og njóta þeirra réttinda, þeirrar stöðu sem það býður upp á, en sjómennirnir eiga að vera á kjörum og réttindum sem fánaríkið, sem viðkomandi ætlar að flagga undir hinum fánanum, býður upp á. Ég hef enga trú á því að hægt sé að fylgja því eftirliti eftir héðan á fjarlæg mið og að það veiti þessum einstökum sjómönnum það öryggi sem hv. þm. Hjálmar Árnason er hér að minnast á að lögin hafi verið að skerpa á. Ég hef enga trú á því. Það er nógu erfitt að gera það þegar undir þeim lögum sem við nú búum við hvað þá heldur þegar búið verður að opna þetta með þeim hætti að þetta verði opið þarna í báða enda með þessum tvíflöggunarmöguleikum.

Ég ítreka það að þarna er verið að fara fram af miklu óréttlæti gagnvart áhöfnum skipanna, en réttindi og öryggi skipseigandans á verðmætum skipsins er tryggt áfram á Íslandi og ég tel þetta bara alranga stefnu.

[16:18]

Frsm. meiri hluta samgn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að rétt sé að árétta það að með þessu frv. er ekki verið að taka neitt af íslenskum sjómönnum. Það má skýra með einföldu dæmi af skipi, við skulum segja öfl-

ugum frystitogara sem hefur sínar veiðiheimildir, og á þeim veiðiheimildum byggja kjör sjómanna þar um borð og ekki meira. Með tvíflöggun, þegar skipið hefur lokið verkefnum sínum hér og sjómenn og útgerð fengið tekjur sínar af þeim veiðiheimildum, lýkur þar með eiginlega tekjumöguleikum bæði útgerðar og áhafnar ef ekkert er frekar að gert. En með þessu er verið að liðka til þannig að hægt sé að senda skipið til að afla frekari heimilda.

Ég spái því að í flestum tilvikum verði notast við íslenska sjómenn. En það er ekkert verið að taka af því sem íslenskir sjómenn hafa innan íslenskrar lögsögu, það er meginatriðið. Hins vegar er verið að liðka til fyrir auknum möguleikum á frekari tekjum fyrir útgerð, væntanlega fyrir sjómenn sem ætti að koma samfélaginu öllu til góða.

[16:19]

Frsm. 2. minni hluta (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég segi fyrir mig að ég kann ekki við orðalagið „að notast við íslenska sjómenn". Ég vil miklu frekar nálgast það mál á virðulegri hátt.

En hvers vegna er þá ekki verið að gera báðum aðilum jafnt undir höfði, að skipið allt fari undir lögsögu fánaríkisins? Hvers vegna eiga útgerðaraðilarnir að njóta allra hinna íslensku réttinda gagnvart skipi sínu en ekki sjómennirnir?

Þessi tvíhyggja finnst mér vera siðlaus. Ef menn vilja leggja ofurkapp á að komast inn í landhelgi annarra ríkja án þess að gera um það tvíhliða samninga eða komast í alþjóðlega fiskstofna án þess að það sé gert á grundvelli alþjóðlegra samninga, ef menn vilja leggja svona ofurkapp á að komast aftan að hlutunum með hálfgerðum sjóræningjablæ, þá er eins gott að það séu bæði skip og áhöfn sem fylgi, en það séu ekki bara sjómennirnir sem séu látnir búa við öryggisleysið, en skipið njóti allra réttinda hér á Íslandi. Því fyrir mér eru sjómenn ein mikilvægasta og öflugasta stétt manna og við erum ekki að notast við þá, við erum að njóta verka þeirra og starfa.

[16:21]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég skal játa að ég legg við hlustir þegar Farmanna- og fiskimannasambandið, sjómannasamtökin, Vélstjórafélag Íslands, Samtök smábátaeigenda og Alþýðusamband Íslands tala einum rómi og vara okkur við því að samþykkja tiltekið lagafrv. Það á við um það frv. sem nú er til umfjöllunar.

Staðreyndin er sú að á höfum heimsins hefur farið fram mjög harðvítug kjarabarátta undir mjög neikvæðum formerkjum á undanförnum árum og áratugum. Hún á sér stað þannig að útgerðir reyna að undirbjóða hver aðra með því að bjóða upp á eða tryggja sem lökust kjör og þar með minnstan tilkostnað fyrir útgerðina. Þetta er samkeppnin og Íslendingar hafa því miður ekki farið varhluta af henni og þar eiga í hlut helstu skipafélög landsins. Eimskipafélag Íslands og Atlantsskip hafa ekki farið að samningum, íslenskum samningum, ekki virt íslenska samninga á sínum skipum. Við höfum fengið að kynnast því á undanförnum árum þegar íslenskir sjómenn, ekki síst úr Sjómannafélagi Reykjavíkur sem hafa haldið þessum baráttufána að húni á undanförnum árum, hafa reynt að stöðva skip sem eru á vegum þessara félaga en eru að koma hingað til hafnar með áhafnir sem eru á kjörum langt undir því sem viðgengst í íslenskum kjarasamningum og jafnvel í alþjóðlegum samningum sem Alþjóðaflutningaverkamannasambandið leggur áherslu á að séu virtir.

Og nú erum við að stíga enn lengra út á þessa braut. Þetta frv. gerir ráð fyrir því að heimila að íslensk skip sem skráð eru á íslenska skipaskrá séu jafnframt skráð svokallaðri þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá. Hvers vegna er þetta til komið? Jú, að kröfu útgerðarmanna, að kröfu útgerðanna. Það vekur athygli þegar grg. með frv. er athuguð, að fulltrúar sjómanna, Alþýðusambandsins eða sjómannasamtakanna hafa ekki komið nærri samningu þessa frv. Það eru fulltrúar úr embættismannakerfinu fyrst og fremst, en síðan kemur fram í þessum texta að þetta sé allt blessað í bak og fyrir af hálfu útgerðarmanna. En öll þessi samtök sem ég hef vísað til hafa varað okkur við þessu.

Það mun hafa komið fram í máli fulltrúa útgerðarinnar sem komu fyrir samgn. þingsins að kjarasamningar íslenskra sjómanna leiddu til svo mikils launakostnaðar að trauðla væri rekstrargrundvöllur fyrir sókn á fjarlæg fiskimið undir íslenskum fána og íslenskum kjarasamningum. Þetta er ástæðan fyrir því að samtök sjómanna eru mjög gagnrýnin á þessa tvöföldu skráningu skipa eða er ein helsta ástæða þess. Sú gagnrýni lýtur bæði að kjaramálum, öryggismálum og atvinnuréttindamálum. Eins og segir í nál. 2. minni hluta samgn., með leyfi forseta: „Erfitt verði að halda úti því skipulagi að kjara- og öryggismál breytist eftir því hvort skip er að fara út úr eða að koma inn í íslenska lögsögu."

Einnig kemur fram að um allt það sem lýtur að öryggi og starfsumhverfi kjaramálum, tryggingamálum, og eins og ég gat um, atvinnuréttindum sjómannanna, muni fara samkvæmt þeim fána sem dreginn verður að húni eftir að skipið er komið undir aðra aðila.

Hér var því haldið fram af hálfu hv. þm. Jóns Bjarnasonar að líklegt væri að aðrar áhafnir yrðu ráðnar á skipið og þá á lakari kjörum en hinar íslensku voru, og svaraði hv. þm. Hjálmar Árnason því til að hann hefði trú á því að íslensku áhafnirnar mundu fylgja skipunum, þar væri reynslan fyrir hendi. En reynslan segir einmitt að á þessum skipum eru iðulega blandaðar áhafnir, annars vegar eru þeir sem eru á íslenskum kjarasamningum og hins vegar hinir sem eru á einhverjum allt öðrum og lakari kjörum.

Ég hef kynnt mér þetta nokkuð hjá þeim skipafélögum sem ég nefndi áðan, Eimskipafélaginu, ekki í gegnum fulltrúa þess heldur fulltrúa sjómanna, og einnig hjá Atlantsskipum. Ég fór um borð í skip sem kom á vegum þess skipafélags ekki alls fyrir löngu. Í fyrsta lagi var mjög erfitt að fá upplýsingar um hver kjörin voru á skipinu. Síðan var greinilegt að áhöfnin var ekki öll á sömu kjörunum, heldur var mismunað eftir þjóðerni. Ég sá þessa kjarasamninga að vísu ekki, en þetta var sú tilfinning sem ég fékk eftir að koma þarna um borð.

Viljum við Íslendingar hafa forgöngu um að stuðla að þessari þróun á höfunum? Ég held ekki. Ég held að við eigum að taka undir með samtökum íslenskra sjómanna og við eigum að taka undir og styðja viðleitni alþjóðlegra verkalýðssamtaka á borð við Alþjóðaflutningaverkamannasambandið, um að útrýma þessu svokallaða tvíflöggunarfyrirkomulagi. Við eigum að hafa það stolt að á íslenskum skipum, sem þess vegna fara á fjarlæg mið, verði íslenskir kjarasamningar hvaðan svo sem áhöfnin á uppruna sinn.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa lengra mál um frv. Ég vil taka undir með samtökum sjómanna og varnaðarorð þeirra og get af þeim sökum ekki stutt frv.

[16:29]

Frsm. meiri hluta samgn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek auðvitað undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni um virðingu fyrir íslenskum sjómönnum og tel einmitt að með frv. aukist hugsanleg verkefni fyrir íslenska sjómenn og hygg ég að það verði kærkomið hjá mörgum þeirra.

En þá er líka rétt að benda á að mér fannst þess gæta nokkuð í orðum hv. þm. eins og hér væri verið að fara inn á nýja braut hvað varðar þurrleigu. Hún hefur verið til staðar, menn hafa afskráð skip sín af íslenskri skipaskrá og skráð þau síðan inn hjá öðrum ríkjum, siglt undir rússneskum fána við þorskveiðar á Barentshafi og undir færeyskum fána og þar fram eftir götunum, þannig að menn hafa verið að gera þetta. Það er hins vegar tímafrekt og kostnaðarsamt. Með þessu frv. og viðbótum samgn. er verið í rauninni að bæta við eftirliti, vegna þess að sá þáttur sem hér hefur verið til umræðu, þ.e. tilkynningarskyldan og það vald sem Siglingastofnun Íslands fær sem og sjútvrn., þar með er um leið verið að auka eftirlitið sem er ekki hvað þetta varðar í dag hjá þeim skipum sem hafa verið í þessari útflöggun.

[16:31]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við eigum að sýna virðingu okkar fyrir íslenskum sjómönnum í verki með því að fara að ábendingum samtaka þeirra. Eins og ég gat um áðan og komið hefur fram í máli annarra þingmanna hafa nánast öll samtök íslenskra sjómanna, Farmanna- og fiskimannasambandið, Sjómannasambandið, Samband smábátaeigenda, Vélstjórafélag Íslands svo og Alþýðusamband Íslands ályktað gegn þessu frv. Ef við viljum sýna virðingu okkar fyrir íslenskum sjómönnum í verki þá eigum við að virða ábendingar þeirra.

Ég geri mér grein fyrir því að það hefur tíðkast á heimshöfunum að hafa þennan hátt á og ég gat um þá neikvæðu samkeppni sem leitt hefur til þess að kjör sjómanna á skipum, þar á meðal íslenskum skipum, hafa rýrnað. Íslenskir kjarasamningar hafa ekki verið virtir í þeim tilvikum og samtök sjómanna hafa reynt að sporna gegn þessari þróun. Við eigum að leggjast á árarnar með sjómönnum í þessu efni. Ef við viljum sýna þeim virðingu þá á að gera það í verki.

[16:32]

Frsm. meiri hluta samgn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins örstutt. Það er rétt að árétta enn einu sinni að verði frv. að lögum getur skip sem er flaggað út í fyrsta lagi fært verkefni til íslenskra sjómanna. Í annan stað er rétt að muna að strax og því verkefni er lokið og skipið kemur aftur til þess að sinna veiðiheimildum sínum hér innan íslenskrar lögsögu þá gilda íslensk lög, íslenskir kjarasamningar og allt sem því fylgir. Þar er engin breyting á. Það er engin breyting á hvað varðar þau verkefni sem skipin hafa í dag innan íslenskrar lögsögu, nákvæmlega engin breyting á því.

Ótti manna hefur verið sá að fari skip út og ráði hugsanlega erlendar áhafnir, sem auðvitað kann að verða, þá fylgi þær áhafnir til baka aftur. Þetta frv. hefur ekkert með það að gera og stuðla að því frekar en er í dag. Íslensk lög munu gilda um skipin jafnskjótt og þau eru komin í íslenska efnahagslögsögu, jafnvel um leið og þau missa þurrleigusamninginn.

[16:34]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli mínu er ástæðan fyrir því að íslensku útgerðirnar berjast fyrir þessu frv. sú að þær telja kjör íslenskra sjómanna, kjarasamninga íslenskra sjómanna, það góða að það muni torvelda útgerðinni rekstur skipanna á fjarlægum miðum. Þeir telja sig með öðrum orðum aðeins geta boðið upp á lakari kjör en íslenskir sjómenn hafa barist fyrir og náð í kjarasamningum.

Ég vil benda á að vandinn verður þess ríkis sem fær slík aðkomuskip, þessi neikvæða samkeppni, samkeppni niður á við, bitnar á þeim aðilum sem skipin leita til eins og við höfum einnig fengið að finna fyrir þegar slík skip koma á okkar vettvang. Þar vísa ég til Eimskipafélagsins og Atlantsskipa sem hafa ekki virt íslenska kjarasamninga. Þetta fyrirkomulag kemur á endanum sjómönnum í koll og við eigum að hlusta á varnaðarorð íslenskra sjómanna.

[16:36]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Þetta mál er ekki ágreiningslaust, síður en svo. Varðandi þær lagfæringar sem gerðar hafa verið í hv. samgn. tel ég að kannski megi segja að hugsunin í þeim sé til bóta. En ég held að svo sé ekki um framkvæmdina.

Ég tók eftir því í umræðunni að hv. framsögumaður, hv. þm. Hjálmar Árnason, sagði í tvígang í þessum ræðustól að við að heimila þurrleiguskráningu á íslenskum skipum gæti störfum íslenskra sjómanna fjölgað. Ef ég hef lesið frv. rétt og greinargerðina með því er einmitt tekið fram að við þurrleiguna fari skip undir erlendan fána. Það er yfirleitt þannig, herra forseti, að þá gangast menn undir reglur þess ríkis, þar með talið varðandi mönnun og fjöldamörg önnur ákvæði. Þá ráðum við Íslendingar ekki hvernig skipin eru mönnuð, nema þá að heimilt sé að ráða Íslendinga á skipin vegna þess hvernig lög fánaríkisins eru. Í mörgum tilfellum heimilar fánaríki ekki skráningu og ráðningu erlendra manna.

Ég vil hins vegar sérstaklega vekja athygli á því, herra forseti, að eins og fram kemur í textanum í greinargerð með frv. er það auðvitað að kröfu íslenskra útgerðarmanna sem gengið er í að lögfesta þetta frv. Það er auðvitað verið að láta undan þrýstingi LÍÚ að fá þetta í gegn og tryggja að hér sé hægt að hafa skip á þurrleigu. Í nál. segir síðan að það hafi komið fram hjá Landssamtökum útgerðarmanna að trauðla væri hægt að gera út á veiðar á þeim stofnum sem menn eru að sækjast eftir, þ.e. þeim heimildum, með íslenskum kjarasamningum. Hér segir í nál. 2. minni hluta:

„Fram kom í máli fulltrúa útgerðarinnar, sem komu fyrir nefndina, að kjarasamningar íslenskra sjómanna leiddu til svo mikils launakostnaðar að trauðla væri rekstrargrundvöllur fyrir sókn á fjarlæg fiskimið undir íslenskum fána og á íslenskum kjarasamningum."

Ég fæ ekki botn í það hvernig hv. framsögumaður getur haldið því fram að við séum að undirbyggja hér störf íslenskra sjómanna á sama tíma og því er haldið fram af útgerðunum þeim sem eiga skipin að það verði að ná niður launakostnaðinum. Þar af leiðandi hljóta þeir með þessu að sækjast eftir því að færa starfskraftinn yfir á önnur kjör en íslenska kjarasamninga. Ég held að það sé rauði þráðurinn í þessu, herra forseti. Því miður virðast útgerðarmenn sækjast eftir því að ráða sér vinnuafl á lægri kjörum eða öðrum kjörum en samið er um á okkar skipum. Reyndar eru kjörin á íslensku fiskiskipunum ekkert mjög ólík ráðningarkjörum

annarra, t.d. færeyskra sjómanna eða norskra. Ég held því að íslenska og færeyska vinnuaflið á skipunum sé mjög svipað. Það er aðeins öðruvísi upp sett í sumum veiðigreinum í Færeyjum, þ.e. áhöfnin tekur meiri áhættu við upphafsrekstur skips ef um er að ræða ný skip og dýr í rekstri. En um leið og skipin eru farin að skila af sér ákveðinni upphæð lagast kjörin allverulega.

Hér hefur ævinlega verið beitt lagasetningu við að ljúka deilum sjómanna á undanförnum árum. Sú ríkisstjórn sem nú situr hefur verið sérstaklega ötul við það og reyndar sú fyrri líka sem sömu flokkar skipuðu, að festa niður kjörin með lögum. Þróun kjarasamninga íslenskra sjómanna hefur kannski ekki verið með þeim hætti sem menn vildu, breytingar og aðlögun á annan veg en ef menn hefðu náð kjarasamningunum saman. Það hefur auðvitað er verið mjög erfitt í því lagahótunarumhverfi sem ævinlega hefur mætt íslenskum sjómannasamtökum, að ná fram eðlilegri samningsstöðu við viðsemjendur sína. Menn hafa nánast getað gengið að því sem vísu að í hvert skipti sem komið hefur til deilna um kaup og kjör að lagavendinum yrði veifað. Fyrir vikið hefur kannski ekki verið eins mikill þrýstingur á að lenda málinu.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar, herra forseti, svo ég ítreki það, að íslenskir útgerðarmenn hafi oft á tíðum skákað í því skjólinu að vita það að lög yrðu sett frekar en að ganga í það að leysa deilur í kjarasamningum. Ég vil láta það koma alveg skýrt fram.

Við Íslendingar höfum stundað veiðar úr ýmsum stofnum á skipum undir erlendum fánum, t.d. á Flæmingjagrunni. Ég tel ekki hægt að halda öðru fram, herra forseti, en að þau verk okkar á Flæmingjagrunni hafi orðið til að bæta verulega við veiðireynslu ríkja sem skip okkar hafa veifað fánum fyrir, þ.e. Eystrasaltsríkin og sennilega einnig Pólland. Þar höfum við í raun tryggt að veiðidagar sem hafa verið til boða fyrir þessi ríki úr þeim stofni sem við veiðum úr á Flæmingjagrunni héldust, þar sem við höfum tekið upp sérstakt kvótakerfi en í raun aldrei klárað þann kvóta á undanförnum árum og skilið talsvert eftir. Við höfum hins vegar nýtt veiðidaga annarra þjóða og þar af leiðandi byggt undir veiðireynslu þeirra.

Það er alveg ljóst, herra forseti, að hvort sem fylgt yrði þeirri framkvæmd sem verið hefur hingað til eða tekið upp það fyrirkomulag sem hér er verið að leggja til munum við byggja upp veiðireynslu fyrir önnur ríki. Þetta á jafnt við hvort við tökum yfir veiðar á ónotuðum úthafskarfaheimildum annarra ríkja en Íslendinga á Reykjaneshrygg, rækju á Flæmingjagrunni, eða aðrar veiðar sem við sjáum svo sem ekki endilega fyrir hverjar ættu að vera hér í Norður-Atlantshafinu.

Í þessari greinargerð, herra forseti, er sagt frá því að e.t.v. gæti okkur staðið til boða veiðireynsla úr rússneskum kvótum í Barentshafi. Norðmenn hafa verið nokkuð drjúgir við að veiða þar og ef ég veit rétt, ég held að það komi skýrt fram í áliti 2. minni hluta, hefur beinlínis verið greint frá því að Norðmenn, norsku sjómannasamtökin, geri kröfu um það núna að gerðir verði viðunandi kjarasamningar við rússneska sjómenn sem veiða úr rússneskum kvótum.

Það er alveg ljóst að verði því ekki fylgt eftir munu norsku sjómannasamtökin efna til sérstakra aðgerða gegn þessum skipum, bæði varðandi landanir og annað, og ég hygg að þau njóti þar fulls stuðnings Alþjóðaflutningaverkamannasambandsins í því að tryggja sjómönnum lágmarkskjör. Það er ekki eins og að þeir sem hafa nýtt sér þessar leiðir á undanförnum árum hafi verið að gera það í mikilli sátt í öðrum löndum þótt það megi lesa hálfpartinn út úr greinargerðinni að við séum svolítið sérstakir, Íslendingar, að því leyti að við höfum ekki verið með þurrleiguskráninguna. Ég hygg reyndar, herra forseti, að aðeins Færeyingar séu með eitthvert fyrirkomulag sem er líkt því sem við erum hér að bjóða upp á varðandi fiskiskipin. Það er alþekkt í flutningabransanum að þar eru menn með skip á þurrleigu og þá á sérstökum kjörum sem samið hefur verið um í því tilviki.

Síðan kemur auðvitað þessi spurning, herra forseti, sem er verið að reyna að svara í frv. með því að breyta skráningunni, þ.e. ef hún fellur undan fánaríkinu og beint undir íslenska skráningu skuli það hafa þriggja daga aðlögun til þess að koma skipinu aftur undir íslenskan fána. Ég held, herra forseti, og tel mig vita að það sé ekki alveg hlaupið að því að koma skipum undir íslenska fána á nýjan leik þegar þau hafa verið undir erlendum fánum, jafnvel þótt íslensk hafi verið fyrir, og það hafi tekið jafnvel öflugar útgerðir hér á landi þó nokkra daga, jafnvel upp í tíu daga, að koma skipi sem áður var skráð á Íslandi aftur undir íslenska skráningu, hvað þá heldur ef skipin eru búin að vera mjög lengi undir þurrleiguskráningu og eftirliti annars staðar. Sumar íslenskar reglur eru jú talsvert stífar varðandi skráningu inn á íslenska skipaskrá.

Það hefur verið talið okkur til tekna, held ég frekar, að við vildum sjá til þess að skip væru nokkuð örugg. Hins vegar held ég að það hafi verið tíðkað af íslenskum siglingayfirvöldum að gefa mönnum einhvern aðlögunartíma, bráðabirgðahaffæriskírteini eða eitthvað slíkt, ef einhver atriði sem ekki beinlínis teldust hættuleg hefði þurft að lagfæra eða sem tæki lengri tíma. Það er að ýmsu að hyggja þegar menn ætla að koma aftur með skip undir íslenskt flagg. En ég lít svo á að hér sé verið að koma fram með frv. sem sé mjög óásættanlegt að fari í gegnum þingið og muni vinna okkur skaða í raun og veru.

Það er alveg ljóst að öll íslensku sjómannasamtökin eru algerlega andvíg því að þetta frv. verði að lögum. Það er verið að keyra það fram að kröfu íslenskra útgerðarmanna og að kröfu núverandi samgrh. sem vill endilega koma þessari mistakaskrautfjöður í sinn hatt og bæta þar við þau verk sem hann telur sín afrek sérstaklega. Ég er hins vegar mjög ósammála honum í því að hann vinni sér neitt til frægðar í þessu, ég tel að hér sé verið að vinna ógæfuverk og í raun og veru alveg furðulegt að ráðherrann skuli leggja svona mikið kapp á að koma þessu máli í gegnum þingið.

Það er auðvitað hægt að tala langt mál um þetta frv., herra forseti, en ég hef svo sem haldið ræður um þetta mál áður. Það kom hér til umræðu á síðasta þingi og varð þá ekki afgreitt sem betur fer, er nú komið aftur og í sama ósættinu. Og þó að meiri hlutinn leggi hér til þrjár breytingar á frv., sem gætu e.t.v. sumar orðið til bóta, er ég ekkert viss um að svo sé ef að er gáð, t.d. er hér ákvæði um að þurrleigan megi standa í fimm ár og síðan framlengjast um eitt ár í senn. Hér er verið að opna þessa heimild mun meira en var í eldri texta frv. Þar var heimilað að skrá til allt að eins árs og framlengja síðan í sex mánuði í senn. Síðan eru sett inn ákvæði um að það skuli vera upplýsingar um hvar skipi er ætlað að stunda veiðar og á hvaða tegundum. Af því tilefni vil ég spyrja þann sem mælti fyrir nál., hv. þm. Hjálmar Árnason, hvort hann vilji ekki nefna okkur alveg sérstaklega þau ríki sem hann álítur eða hefur upplýsingar um að fari inn með veiðar.

Það hljóta að hafa legið fyrir upplýsingar í hv. samgn. um það hvar mönnum stæði það beinlínis til boða því það væri varla lagt svo mikið kapp á að keyra þetta frv. hér í gegn í ósætti við öll sjómannasamtökin ef menn væru ekki að sækjast eftir einhverjum sérstökum ávinningi, einhverju sem menn geta bent á. Þess vegna spyr ég beint, herra forseti: Hvaða upplýsingar liggja núna fyrir um það hvar íslenskir útgerðarmenn geta sérstaklega farið að gera út undir þessari reglu sem hér á að heimila, þar sem þeir eru ekki að aðhafast neitt núna, þar sem þeir eru sem sagt ekki að veiða og starfa?

Svo vil ég líka aðeins fá útskýringar á því hvort menn hafa velt því fyrir sér, þó að hér sé talað um þriggja sólarhringa aðlögun til þess að komast undir íslenska skipaskrá, hvort menn óttuðust ekki ef svona tilfelli kæmu upp, að skip þyrfti nauðsynlega að fara undan erlendu þurrskráningunni og undir íslenskan fána, að þeir lentu í erfiðleikum með þann mannskap sem þar er ráðinn og er ekki með íslenskt atvinnuleyfi. Á að láta hann hafa íslenskt atvinnuleyfi innan þriggja sólarhringa til þess að honum sé heimilt þá að sigla skipinu heim eða hvernig hyggjast menn framkvæma þennan hlut?

Í annan stað spyr ég: Ræddu menn ekki þann möguleika að mikill þrýstingur gæti orðið til þess að leysa viðkomandi útgerðarmann undan ráðningarskyldu ef svo skyldi fara að það væru marktækir kjarasamningar fyrir þessar erlendu áhafnir, með uppsagnarfresti og öllu tilheyrandi? Ræddu menn þá hvernig ætti að bregðast við ef menn eru þarna í ráðningarskyldu og ráðningarsambandi og eiga rétt á launum? Hvernig á þá að tryggja áhöfninni laun þegar skipið fer allt í einu undan þurrleigufánanum og undir íslenskan fána? Hvar er þá réttarstaða þessa fólks?

Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. Hjálmar Árnason muni, rétt eins og ég, eftir deilum manna hér á Íslandi í Reykjavíkurhöfn um kaup sín og kjör á erlendum skipum. Mér finnst að þegar menn ætla að fara að útvíkka þessi verk enn frekar þar sem erlendir menn eru ráðnir á íslensk skip í eignarhaldi þó að um tíma hafi þau verið undir erlendum fánum þurfi menn að hafa svör við þessu.

Við hljótum jú, Íslendingar, að ætla að virða öll mannréttindi að þessu leyti og getum varla fest í lög eitthvað sem við sjáum fyrir að muni valda okkur ýmsum örðugleikum að því er varðar réttindi fólks til launa sinna og annarra starfsbundinna réttinda. Ég átta mig ekki alveg á því og hef ekki séð nein dæmi lögð fram með þessu frv. um það hvar þessir möguleikar liggja og hvernig starfskjör manna séu í þeim löndum þar sem fyrirhugað er að möguleikar opnist fyrir þurrleiguskráninguna né hvaða skyldur mundu þá falla á viðkomandi eignaraðila, þar af leiðandi yfir á fánalandið, ef reglur yrðu brotnar.

Ég sakna þess, herra forseti, að bæði ráðuneytið sem lagði þetta frv. fram og ráðherrann sérstaklega skyldu ekki afla slíkra upplýsinga frá löndum eins og Eystrasaltsríkjunum þar sem við höfum verið með fjölda skipa í útgerð í íslenskri eigu í hálfgerðum skúffufyrirtækjum eða með rekstrarfyrirkomulagi sem hefur náð að veiða undir þeirra fána, og að menn skyldu ekki kynna sér það og leggja það þá með hér í umræðuna hvaða kjör og skyldur fylgja því.

Ég hef bara ekki heyrt nein rök um það, herra forseti, að við séum að missa af einhverjum stóravinningi í þessu máli. Þess vegna ítreka ég aftur athugasemd mína um það hvers vegna menn sem mæla fyrir þessu máli sérstaklega og leggja svona mikið upp úr því að koma því hér inn hafa ekki verið látnir leggja fram einhver gögn um það hvaða möguleikar þeim stæðu til boða, hvar þeir lægju nú. Ég sé ekkert í spilunum, herra forseti, sem í raun og veru uppfyllir þetta frv. Skoðum þau gaumgæfilega, öll skilyrði 2. mgr. 1. gr. um það að skipið megi ekki vera að vinna sér inn veiðirétt sem geti talist fánaríkinu til hagsbóta eins og segir hér í f-lið 2. mgr. 1. gr., með leyfi forseta:

„Þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur veiti ekki því ríki þar sem þurrleiguskráning fer fram veiðireynslu sem gæti nýst því síðar í samningum við íslenska ríkið um skiptingu aflaheimilda eða gangi að öðru leyti gegn hagsmunum Íslendinga."

Ég er alveg sannfærður um það, herra forseti, að ef við skoðum veiðar á Flæmingjagrunni hefur útgerð okkar þar undir erlendum fána, miðað við þá skiptingu sem þar er, styrkt veiðirétt þess ríkis og það mundi jafnt gerast með þessu frv. þannig að samkvæmt orðanna hljóðan, ef þetta frv. verður að lögum, herra forseti, tel ég að sjútvrh. gæti aldrei mælt með því að slík þurrleiguskráning yrði heimiluð þar sem skip mundi stunda veiðar á Flæmingjagrunni.

Sama á við um Reykjaneshrygginn. Þar erum við með skiptar aflaheimildir. Og það eru sennilega til dæmi um að sum ríki sem þar eiga heimildir hafi ekki nýtt þær. Ég hygg t.d. að Pólland hafi ekki endilega nýtt veiðirétt sinn hér á Reykjaneshrygg að fullu og þá kemur auðvitað spurningin: Ef við þurrleigjum skip þangað til þess að veiða þau tonn erum við tvímælalaust að viðhalda veiðireynslu Póllands því við förum undir fána þess ríkis og erum þar með að tryggja að heimildirnar sem þar standa til boða séu veiddar eins og samningurinn gefur tilefni til. Það þýðir aftur að ef samningurinn yrði endurskoðaður værum við að byggja upp veiðirétt mótaðilans. Þetta mundi jafnt eiga við um veiðirétt rússneskra skipa á Reykjaneshrygg ef um það yrði samið að við veiddum úr kvótum þeirra eða þyrftum að flagga undir þeirra fánum.

Það vill líka svo til, herra forseti, að við erum búin að semja um veiðiheimildir við Rússa og Norðmenn í Barentshafi og kannski þarf einhvern tíma að skoða þá samninga upp á nýtt. Fæstir samningar blífa að eilífu og ætti okkur að vera það mjög vel ljóst, við erum með lausan síldarsamning við Norðmenn, Rússa og Færeyinga og við erum með lausan loðnusamning við Norðmenn, Færeyinga og Grænlendinga. Ekki hefur enn þá verið samið um veiðar á kolmunna, svo dæmi sé tekið, þannig að það er alveg ljóst að uppsögn samninga er vegna þess að menn vilja breyta samningsfyrirkomulaginu, einhver samningsaðilanna vill það. Þar af leiðandi liggur það í hlutarins eðli að ef við höfum verið þátttakendur í því að hjálpa einum samningsaðilanum að viðhalda veiðireynslu sinni höfum við verið að tryggja samningsstöðu hans gagnvart okkur þegar fram í sækir. Á móti eru auðvitað þau rök að menn segja sem svo: Ja, ef við gerum þetta ekki, Íslendingar, tökum ekki þátt í þessu, gerir það bara eitthvert annað ríki. Það eru vissulega rök í málinu.

En þau rök standast hins vegar ekki þetta frv. eins og það er uppsett, því það segir beinlínis að ekki skuli heimila veiðina ef sýna megi fram á að veiðireynsla undir þurrleiguskráningunni afli eða styrki veiðireynslu, þ.e. „... gæti nýst því síðar í samningum við íslenska ríkið um skiptingu aflaheimilda ..."

Það er því alveg ljóst, herra forseti, að það sem snýr að okkar næsta nágrenni, þ.e. veiðum á lögsögumörkum í Norður-Atlantshafinu, á Flæmingjagrunni og sennilega veið-

um í norsku og rússnesku lögsögunni, ef við værum að standa að því sérstaklega með skráningu undir fána þeirra ríkja að viðhalda veiðireynslu þeirra í Barentshafinu og tryggja að allur þeirra afli veiddist, þá værum við ekki að vinna framtíðarhagsmunum Íslands stöðu að því leyti að við værum ekki að styrkja samningsstöðu okkar gagnvart þeim ríkjum. Þvert á móti, við værum að styrkja samningsstöðu þeirra ríkja sem við flögguðum skipunum undir.

Þetta vildi ég sagt hafa, herra forseti, og fæ þar af leiðandi ekki séð að neitt í frv. mæli með því að það fari í gegnum hv. Alþingi og það séu beinlínis engin efnisleg rök til þess að keyra málið fram með þeim hætti sem hæstv. samgrh. virðist leggja á málið, að það skuli úr nefnd og hér inn í þing til efnislegrar meðferðar og afgreiðslu. En eins og ég sagði áður, herra forseti, er ráðherrann auðvitað þar með að þjóna hagsmunum LÍÚ sem gera kröfu um að ná þessu máli í gegn.

Það hefði náttúrlega verið fróðlegt, herra forseti, fyrir umræðuna ef hæstv. sjútvrh. hefði verið hér í salnum og upplýst okkur um það, ef hv. þm. Hjálmar Árnason veit það ekki, hvaða möguleikar það eru sem hér er um að tefla og ráðherrann hefði bara getað lagt það á borðið hvaða möguleikar það væru sem hann teldi að ráðuneyti hans gæti samþykkt einn, tveir og þrír til þess að heimila veiðar, því það er jú hæstv. sjútvrh. samkvæmt g-liðnum sem getur það, en þar segir: „.... önnur skilyrði sem sjávarútvegsráðherra getur kveðið á um í reglugerð." Hann þarf sem sagt að leggja mat á ýmis atriði.

Samtök sjómanna hafa auðvitað mótmælt frv. og gert það ítrekað og mörgum sinnum. Það kemur reyndar skýrt fram í fylgiskjali með frv. þar sem vitnað er í afstöðu þeirra. Þar segir Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, með leyfi forseta:

„Farmanna- og fiskimannasambandið taldi að áhætta væri fólgin í þurrleiguskráningu þar sem óvissa gæti ríkt um réttarstöðu áhafnar, eigenda og skips gagnvart öðrum ríkjum. Vísaði sambandið í því efni til ákvæðis 2. tölul. 92. gr. hafréttarsamningsins.

Svo virðist sem þessi athugasemd sé byggð á þeim misskilningi að þurrleiguskráning sé hið sama og tvíflöggun." — Þetta er sem sagt álit nefndarinnar. — „Vísað er til umfjöllunar um þjóðarétt hér að framan. Niðurstaða þeirrar umfjöllunar er sú að þurrleiguskráning sé heimiluð samkvæmt þjóðarétti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum."

Vafalaust er það, herra forseti, og er ekki dregið í efa í máli mínu að hægt sé að þurrleigja fiskiskip alveg eins og farskip ef lagaramminn er þannig. En ég tel hins vegar vafasamt að frv. þjóni hagsmunum okkar Íslendinga þegar betur er að gáð og allir hagsmunir okkar vegnir saman.

Ég tel líka að þetta veiki stöðu okkar að því leyti að við Íslendingar höfum talið okkur það til tekna að halda uppi því sjónarmiði að menn skyldu búa við mannsæmandi kjör og ég held að ýmis þau kjör sem sjómönnum eru boðin undir því sem við erum hér að sækjast eftir, þ.e. að komast inn í þurrleiguskráningu hjá ríkjum þar sem launakjörin eru miklu lakari en hjá okkur, sé ekki eftirsóknarvert hlutverk Íslands og að þræða þá braut að opna því sérstakan farveg í íslenskri löggjöf að menn vinni á tiltölulega lágum launum.

En ljóst er, herra forseti, að útgerðarmenn eru að þrýsta á stjórnvöld um að heimila þessa tvískráningu og í þeim tilgangi, eins og segir í sjónarmiði Sjómannasambandsins, „að fá ódýrt erlent vinnuafl til starfa á skipum sínum í samkeppni við íslenska sjómenn ..."

Ég held, herra forseti, að þróunin sé sú að það verði fyrst og fremst eftirsóknarvert fyrir útgerðina að fara í þennan farveg þegar útgerðarmenn, eins og þeir segja réttilega sjálfir, ná niður launakostnaði. Það er nákvæmlega það sem íslenskir útgerðarmenn eru að sækjast eftir, að komast inn í veiðiheimildir þar sem launakostnaðurinn er miklu lægri í okkar samningum en í norskum og færeyskum samningum. Komast sem sagt undir það sem við höfum oft verið að kalla hér á landi „hentifánaskráningu og hentifánalaun" og hefur ekki þótt neitt sérstaklega eftirsóknarvert að þurfa að vera í þeim sporunum.

Herra forseti. Ég held ég bæti málið ekkert þó ég fari að halda lengri ræðu um það. Ljóst er að mínu viti, herra forseti, að málið er talið mjög slæmt af fulltrúum sjómannasamtakanna og ég vil enda mál mitt, herra forseti með því að lesa úr nýsamþykktri ályktun um kjara- og atvinnumál frá þingi Sjómannasambandsins frá 14. og 15. nóvember árið 2002, en þar segir, með leyfi forseta:

„23. þing Sjómannasambands Íslands krefst þess að lög verði sett um fjárhagslegan ..." — nei, nú hef ég farið hér villt, herra forseti, og er ekki að vitna í rétta tilvitnun. (**ÖJ:** ... styðja málið bara?) Nei, þetta er um aðskilnað, veiði og vinnslu og er annað mál sem ég flutti hér á hv. þingi þar sem Sjómannasambandið lýsti yfir stuðningi við það mál.

Það er sem sagt alveg ljóst, herra forseti, að Sjómannasamband Íslands hefur ítrekað afstöðu sína í þessu máli ásamt öðrum samtökum sjómanna. Það liggur fyrir að verið er að fara með þetta mál í algjörri andstöðu við íslenska sjómenn. Ég tel að við séum að fara inn á ógæfubraut, herra forseti, að þessu leyti sem muni ekki færa okkur þann ávinning sem eftir er sóst og við séum í raun og veru til framtíðar að bjóða upp á hagsmuni sem ganga gegn hagsmunum íslenska ríkisins.

[17:10]

Frsm. meiri hluta samgn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki alveg sammála meginniðurstöðu hv. þm., enda hefði ég þá ekki sett nafn mitt undir nál. meiri hluta samgn. Ég hygg einmitt að nettóniðurstaðan af þessu sé jákvæð fyrir þjóðarbúið, hún muni styrkja útgerðir og gefa íslenskum sjómönnum möguleika á auknum tekjum.

Það er líka vert, herra forseti, að minna enn einu sinni á það að svokölluð þurrleiga er til staðar í dag og hefur verið stunduð með þeim hætti þó að menn verði að afskrá sig af skipaskrá hér á Íslandi á meðan þeir eru að veiðum undir erlendum fána og skrá sig þá hjá viðkomandi þjóðríki og síðan að skrá sig aftur inn á íslenska skipaskrá, með viðeigandi kostnaði og fyrirhöfn. Hér er í rauninni ekki um nýmæli að ræða. Það er ekkert verið að feta inn á nýjar brautir.

Hv. þm. spurði hvaða dæmi byggju þarna á bak við. Ég get í sjálfu sér ekki nefnt nein bein dæmi, enda finnst mér að löggjöf eigi að vera almenns eðlis og ég lít svo á að hér sé um löggjöf sem er almenns eðlis að ræða. Ég geri hins vegar ráð fyrir að menn hafi þarna í huga það sem hefðin er og reynslan sýnir að menn hafa farið í útflöggun á skipum, ég nefni Barentshafið og Flæmska hattinn. Hins vegar til allrar hamingju eru íslenskir sjómenn og útgerðarmenn sóknd jarfir í að leita að nýjum fiskislóðum og ég þarf ekki annað en að nefna hvernig menn eltast við túnfisk suður eftir öllum hnetti má segja og jafnvel suður fyrir miðbaug. Það er því sóknarhugur bæði í íslenskum útgerðarmönnum og sjómönnum.

Hvað varðar þriggja sólarhringa regluna, um að ef menn missa þurrleiguna og fara af erlendri skipaskrá ...

Herra forseti. Ég er víst fallinn á tíma og mun þá víkja að frekari svörum í síðara andsvari.

[17:12]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, því miður virðist málið vera unnið þannig að ekki virðist einu sinni hafa verið gengið eftir því, herra forseti, við íslenska útgerðarmenn að þeir nefndu nein dæmi í viðræðum við hv. þm. í samgn. hvar hagsmunir Íslendinga lægju sérstaklega í þessu máli. Það er ekki einu sinni hægt að draga það fram í umræðunni.

Ég ætlaði að vitna áðan í samþykkt Sjómannasambands Íslands frá sl. hausti og er búinn að fletta upp á réttri tillögu, en þar segir, með leyfi forseta, og vil víkja að því í þessu andsvari:

„23. þing Sjómannasambands Íslands hafnar því alfarið að tvískráning fiskiskipa verði heimiluð hér á landi eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi sem lagt hefur verið fyrir Alþingi. Með því að heimila útgerðarmönnum að skrá fiskiskip í skipaskrá annars ríkis undir þjóðfána þess, án þess að skipið sé tekið af íslenskri skipaskrá, er verið að bjóða útgerðarmönnum upp á leið til að ráða til sín ódýrt erlent vinnuafl í samkeppni við íslenska sjómenn."

Síðan segir:

„Reynsla undanfarinna ára hefur kennt forustumönnum sjómanna að stjórnvöld fást ekki til að taka á brotum útgerðarmanna sem reka skip undir íslenskum fána. Því síður geta samtök sjómanna vænst þess að stjórnvöld taki á málum þegar fiskiskip undir erlendum fána hlítir ekki þeim skilyrðum sem sett eru þó skipið sé skráð í íslenskri skipaskrá."

Þessi yfirlýsing er náttúrlega afdráttarlaus, herra forseti, og kemur inn á það mál sem við vorum að ræða. Það er alveg rétt sem hér er vitnað til að við höfum setið uppi með dæmi um að ekki hefur verið tekið á lögskráningu að þessu leyti varðandi íslensk skip, herra forseti.

[17:14]

Frsm. meiri hluta samgn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir andsvar hv. þm. Það gefur mér færi á að svara þeim spurningum sem hann beindi til mín og ég náði ekki að svara í fyrra andsvari.

Það kom að sjálfsögðu fram í nefndinni að útgerðarmenn eru að velta fyrir sér því sem ég nefndi áðan, Barentshafinu, Flæmska hattinum og hugsanlega einhverju öðru. Og þau svör duga mér alveg fullkomlega, enda á löggjöf að vera almenns eðlis.

Hvað varðar þriggja sólarhringa regluna, ef svo má kalla, ef skip missir eða fer af þurrleigunni, þá er útgerð og skipstjórnarmönnum gefinn þriggja sólarhringa frestur til að laga sig að íslenskum lögum aftur. Það tel ég vera skynsamlegt og gert af praktískum ástæðum. En ég deili auðvitað áhyggjum hv. þm. yfir því hvað yrði ef slíkt gerðist skyndilega úti í hafi, hvað yrði þá um hina erlendu áhöfn, og það er mjög réttmæt ábending hjá honum.

En það gerist í rauninni með tvöföldu eftirliti. Annars vegar með eftirliti Siglingastofnunar því að um leið og skipið er komið aftur inn á skipaskrá hér og undir íslenskan fána, þá ganga íslensk lög í gildi en jafnframt verður skipi ekki flaggað út nema það hafi komist á skipaskrá viðkomandi ríkis og í viðkomandi ríki gilda væntanlega lög alveg eins og hér hjá okkur. Það má því segja að aðhaldið sé tvíþætt.

Rétt að lokum vil ég árétta að hér er ekkert verið að taka af íslenskum sjómönnum. Skip sem hefur veiðiheimildir, á þeim byggja allar tekjur til útgerðar og til áhafna skipsins og ef ekki koma viðbótarmöguleikar til þess að veiða fyrir viðkomandi skip, þá skapast heldur ekki viðbótartekjur hvorki fyrir útgerð né áhöfn. Hér er ekkert verið að taka af íslenskum sjómönnum heldur þvert á móti að skapa möguleika á viðbótartekjum fyrir sjómenn og útgerð.

[17:16]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef það er virkilega trúa manna að hér sé verið að skapa ný störf þá held ég að menn hefðu átt að fara allt öðruvísi í þetta mál. Þá hefðu menn beinlínis átt að leita eftir því við þau ríki sem um er að ræða því að þau virðast ekki vera mörg. Hv. þm. nefndi aðeins tvö. Hann nefndi svæðið í Barentshafi og á Flæmingjagrunni (Gripið fram í.) og það er alveg vitað hvaða ríki eiga þar veiðiheimildir. Það er alveg ljóst. Ef menn voru raunverulega að sækjast eftir því annars vegar að koma skipum til veiða á þessum stofnum og hins vegar að tryggja íslenskum sjómönnum aukin atvinnutækifæri þá hefðu menn átt að fara beint í samning við viðkomandi ríki og gera um það samkomulag að íslenskar áhafnir mættu að hluta til starfa á skipum sem væru að veiða úr þessum kvótum og við tryggðum það þá. Þar með hefðu menn í raun verið að tryggja réttarstöðu íslenskra sjómanna og störf þeirra með slíkum beinum samningum. En með þessu fyrirkomulagi er það alls ekki, herra forseti. Það er bara hinn kaldi veruleiki þessa frv. að við erum ekkert að tryggja nein störf íslenskra sjómanna. Og það sem meira er er að mér sýnist miðað við að hafa nefnt aðeins þessi tvö dæmi, um Flæmingjagrunnið og Barentshafið, að við séum enn þá í samkeppnisveiðum við okkar eigin veiðireynslu og okkar eigin samninga. Ég sé bara ekki, herra forseti, eins og frv. er upp sett og ef hæstv. sjútvrh. ætlar að vera samkvæmur sjálfum sér og fylgjast með því að við séum ekki að vinna okkur skaða upp á samningsstöðu í framtíðinni, að hann geti heimilað slíka tillögu. Og fyrir hverju er þá verið að berjast? Þetta er bara vindur eða fúlegg.

[17:18]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum, og fjallar frv. um þurrleiguskráningu skipa.

Þurrleiguskráning skipa felur það í sér að skip er skráð grunnskráningu í einu landi en skráð í öðru landi á leigutímanum. Rétt er að undirstrika að meðan á þurrleiguskráningu stendur verða skipin ekki íslensk heldur lúta þau lögum viðkomandi skráningarríkis þó þannig að eignarheimild og veðbönd eru skráð á Íslandi. Þurrleiguskráning nýtist aðila í tvennum tilgangi, annars vegar við sölu á skipum samkvæmt kaupleigusamningi og hins vegar í tengslum við tímabundin verkefni erlendis. Heimild til þurrleiguskráningar íslenskra fiskiskipa gefur möguleika til nýtingar fiskiskipa sem ella færu forgörðum. Með því skapast auknar tekjur fyrir íslenska útgerð, sjómenn, þjónustufyrirtæki og íslenskt þjóðarbú. Markmiðið með þurrleiguskráningunni er að nýta betur þá kosti sem felast í verkefnum erlendis og það þarf að vera unnt að gera þetta á eins skömmum tíma og mögulegt er. Þannig er íslenskum fiskiskipum gefið tækifæri til að stunda ákveðnar veiðar sem ekki eru færar nú og þar með er vonast til að ýmis tækifæri sem ekki er hægt að nýta í dag geti nýst útgerðum okkar í framtíðinni. Þær veiðar sem nást mundu

með þurrleiguskráningu eru því hrein viðbót við þær veiðar sem verið er að stunda nú.

Ef íslensk skip geta stundað ákveðnar veiðar er ekki hægt að fá þurrleiguskip til að stunda þær. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að skip eru ekkert öðruvísi en hver önnur rekstrartæki sem útgerð þarf að nýta sem best til að hámarka arðsemina. Hvort sem um er að ræða sölu skipa eða tímabundið verkefni fela samningar aðila það gjarnarn í sér að íslenska útgerðin eða annar íslenskur aðili aðstoðar kaupandann eða leigjandann við útgerð skipsins þar til leigukaupverðið er að fullu greitt eða leigutímanum lýkur. Slíkt skapar umtalsverðar tekjur fyrir útgerðina, störf fyrir Íslendinga, þar með talið íslenska sjómenn, og ýmsar tekjur íslenskra fyrirtækja vegna þjónustu við skipin, svo sem við sölu afurða, sölu veiðarfæra, tækja og búnaðar, vátryggingar, flutninga, hafnargjöld o.fl. Að auki er afli viðkomandi skipa í ýmsum tilfellum að hluta til unninn á Íslandi. Þá getur þessi möguleiki riðið baggamuninn um það hvort íslenskar fjármálastofnanir sjái sér fært að fjármagna verkefni sem þessi þar sem hagsmunir þeirra verða í mörgum tilfellum mun tryggari en ella og verulegur kostnaður sparast.

Dæmi má nefna þar sem íslenskt skip var sett á kaupleigu til erlends aðila sem að hluta er í eigu íslenskra aðila og síðan kaupleigt til annars erlends aðila sem hefur yfir að ráða veiðiheimildum í heimalandi sínu. Kaup skipsins frá íslenska eiganda þess voru að verulegu leyti fjármögnuð af íslenskri fjármálastofnun. Útlagður kostnaður við verkefnið var á sjöundu millj. kr. og er vinnuframlag starfsmanna þeirra aðila sem að verkefninu komu þá ekki talið eða lántökugjöld og áhrif á vaxtakjör. Kostnaður vegna flóknar samningagerðar og öflunar erlendra lögfræðiálita vegur þyngst í útgjöldunum. Ljóst er að verulegur hluti þessa kostnaðar hefði sparast hefði skipið getað verið skráð grunnskráningu á Íslandi á kaupleigutímanum.

Herra forseti. Eins og staðan er nú þarf sem sagt að afskrá skipin hér og skrá þau grunnskráningu erlendis. Þetta tekur tíma og skipin eru frá veiðum á meðan með tilheyrandi tekjutapi. Þetta er bæði afskaplega seinvirkt í kerfinu og kostnaðarsamt og á meðan þessu er svona háttað erum við að missa af tækifærum. Sem dæmi þá gátu Færeyingar nýtt sér veiðar í Barentshafi í vor en við ekki. Við töpum sem sé bæði tækifærum og peningum miðað við óbreytt ástand. Það að skrá skip alfarið tímabundið undir fána annarra þjóða er talið kosta á bilinu 5–7 millj. kr. sem m.a. felst í lögfræðikostnaði, kostnaði við að færa veðbönd, stimpilgjöld og fleira og því hærri upphæðir ef mikið hvílir á skipunum. Það hefur því miður verið þó nokkuð algengt að þeim skipum sem flaggað hefur verið út hefur ekki verið flaggað aftur inn til landsins vegna kostnaðar, en síðustu fimm ár hafa um 25 fiskiskip farið undir erlenda fána til að veiða undir erlendu flaggi.

Herra forseti. Þurrleiguskráning fiskiskipa eykur tekjumöguleika íslenskra sjómanna og útgerðarmanna. Dæmi má taka frá því á síðasta vori en þá hafði Pólland heimild til að veiða 1.200 tonn af þorski auk meðafla í öðrum tegundum í Barentshafi. Pólskt fyrirtæki bauð íslenskri útgerð að nýta eitt af þremur veiðileyfum sem gefin voru út vegna veiðanna. Íslenska útgerðin átti ekki möguleika á að nýta sér leyfið þar sem heimildin til þurrleiguskráningar var ekki til staðar. Það féll því í hlut færeyskrar útgerðar, en þar er þurrleiguskráning fiskiskipa heimil. Í þessu tilfelli hefði yfirgnæfandi hluti áhafnar skipsins verið íslenskur.

Það sem stendur upp úr er að við fáum ýmis tækifæri fyrir íslenska flotann ef þurrleiguskráning verður heimiluð. Fjölmörg verkefni eru í boði fyrir íslensk fiskiskip erlendis. Sem dæmi er hægt að taka að ef skip erlends ríkis ferst eða stöðvast af öðrum orsökum þarf að fá annan aðila til að veiða kvóta þess og veiðiheimildir annarra ríkja innan eða utan lögsögu þeirra er yfirleitt einungis hægt að nýta með skipum sem bera fána viðkomandi ríkis. Þegar eru þó nokkur dæmi um að við höfum misst af svona verkefnum en með þessari lagabreytingu er verið að gera íslenskum útgerðum kleift að taka að sér slík verkefni.

Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands, sagði í Fréttablaðinu nýverið að hann væri hundfúll út í þá sem ætla að keyra frv. um tvískráningu íslenskra fiskiskipa í gegn, tilgangurinn sé sá einn að heimila útgerðarmönnum að ráða ódýrt erlent vinnuafl til starfa á skipum sínum. Herra forseti. Ég tel þennan málflutning og þessa gagnrýni ekki á rökum reista því verði þetta frv. að lögum felast ekki eingöngu í því auknir möguleikar fyrir íslenskar útgerðir heldur einnig, eins og fram hefur komið í máli mínu, möguleikar fyrir íslenska sjómenn.

Hvað varðar tryggingu sjómanna er hér ekki um breytingu á stöðu þeirra að ræða sem sigla á íslenskum skipum. Um skip sem sigla undir íslenskum fána gilda íslensk lög og kjarasamningar og þar verður engin breyting á. Í dag getur fólk af öllum þjóðernum fengið vinnu um borð í íslenskum skipum. Í fyrsta lagi er frjálst flæði vinnuafls á EES-svæðinu og í öðru lagi er hægur vandi fyrir þá sem búa utan þess að sækja um atvinnuleyfi. Allt þetta fólk lýtur íslenskum lögum og kjarasamningum. Aftur á móti gilda erlend lög um skip á meðan það er skráð erlendis. Flóknara er það nú ekki. Því hlýtur að vera betra fyrir sjómenn að útgerðarmenn sjái hag sinn í því að flagga skipi sínu aftur heim að loknu verkefni erlendis. Vilji þeir halda erlendu vinnuafli áfram þá er ekkert sem bannar það í dag að ráða erlent vinnuafl á íslensk fiskiskip, en að sjálfsögðu þarf að fara eftir lögum og kjarasamningum hér heima eins og ég hef fyrr sagt.

Íslensk fiskiskip eru vel búin og dýr. Hag útgerðarinnar er ekki borgið með því að ráða eintómt erlent vinnuafl ef skipi er flaggað út tímabundið heldur hlýtur ævinlega að þurfa að hugsa um þá dýru fjárfestingu sem fiskiskipið er og hafa a.m.k. vana yfirmenn um borð og hluta áhafnar einnig. Í dag er í fleiri tilfellum en ekki íslenskir yfirmenn um borð í þeim fiskiskipum sem skráð hafa verið undir erlend flögg. Varðandi öryggisþátt áhafna um borð þá eru komnar í gildi samevrópskar reglur um öryggismál skipa sem allir þurfa að uppfylla sem og að í gildi er samstarf um hafnarríkisreglur og eftirlit.

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í máli mínu hefur þurrleiguskráning á fiskiskipum verið leyfð í Færeyjum frá 1997 en í Noregi er eingöngu leyfð þurrleiguskráning á kaupskipum. Á fundi hv. samgn. Alþingis með fulltrúum Siglingastofnunar óskaði nefndin svara við nokkrum spurningum, m.a. af hverju ekki væri komin á þurrleiguskráning á fiskiskipum í Noregi og hver væru sjónarmið útgerðarinnar þar. Í svari frá samtökum útgerða í Noregi kom fram að þessi leið hafi ekki verið farin fyrst og fremst vegna fjárhagsatriða, vegna samþykkis veðhafa. Í þessu sambandi er rétt að velta fyrir sér hvort sjóveðskröfur séu þá tryggðar hér á landi.

Í f-lið 1. mgr. 1. gr. frv. kemur fram að með umsókn um heimild til þurrleiguskráningar skuli fylgja skriflegt samþykki veðhafa fyrir þurrleiguskráningunni. Því er alveg ljóst að heimild til þurrleiguskráningar hér á landi verður ekki

veitt nema samþykki veðhafa liggi fyrir. Veðhafa er frjálst að skilyrða samþykki sitt við það að heimild verði veitt til skemmri tíma en þriggja ára telji hann það nauðsynlegt til að tryggja hagsmuni sína. Verður því hvorki séð að þessi breyting raski hagsmunum þeirra né annarra.

Í annan stað óskaði hv. samgn. upplýsinga um hvernig þurrleiguskráning hefði reynst í Færeyjum og hver afstaða samtaka sjómanna væri þar. Fram kom í svari Miu Krog frá færeysku skipaskránni að þessi heimild hafi verið í lögum í Færeyjum í nokkur ár og nokkur dæmi eru þess að skip hafi verið leigð til Póllands. Hún sagðist ekki vita til þess að þetta hafi skapað vandamál, aflað sé veðhafa áður og áhafnir hafi verið blandaðar.

Óli Jacobsen hjá færeysku sjómannasamtökunum sagði að þeirra samtök litu þetta jákvæðum augum, nokkur dæmi væru um að þetta hafi verið nýtt einkum þá að skip hafi verið leigð til Póllands og þau veitt úr pólskum kvóta í norskri lögsögu, yfirleitt hafi skipverjar verið færeyskir og ráðnir á færeyskum kjörum. Óli Jacobsen sagði færeysku sjómannasamtökin telja þetta af hinu góða og að þessi möguleiki skapi aukin atvinnutækifæri fyrir færeyska sjómenn.

Herra forseti. Við vitum vel að afkastageta íslenska flotans er langt umfram það sem fiskstofnarnir hér við land þola og vegna tæknilegra framfara er afkastageta íslenskra fiskiskipa að aukast um 5–7% árlega að því er talið er. Kjarni málsins er auðvitað sá að þær veiðar sem á þurrleiguskráðum skipum verður heimilt að stunda eru hrein viðbót við þær veiðar sem nú eru stundaðar undir íslenskum fána.

[17:31]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. vék að því í ræðu sinni að við ættum kost á að nýta betur þá möguleika okkar í Barentshafi og víðar en nú stendur til boða.

Herra forseti. Í umfjöllun meiri hlutans um f-lið 2. mgr. 1. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Í f-lið, sem tekinn var upp í frumvarpið í samræmi við breytingartillögu meiri hluta nefndarinnar á síðasta þingi, segir að sjávarútvegsráðuneytið skuli staðfesta, áður en heimild til þurrleiguskráningar sé veitt, að þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur veiti ekki því ríki þar sem þurrleiguskráning fer fram veiðireynslu sem gæti nýst því síðar í samningum við íslenska ríkið um skiptingu aflaheimilda eða gangi að öðru leyti gegn hagsmunum Íslendinga.“

Með öðrum orðum er ekkert sjálfgefið að það þjóni hagsmunum Íslendinga til framtíðar að nýta allar þær smugur í kvóta eða veiðiheimildum sem við hugsanlega komumst í. Við getum unnið sjálfum okkur skaða. Við værum að efla veiðireynslu annars ríkis á kostnað okkar eigin. Sem dæmi má nefna Flæmingjagrunn eða veiðar í Barentshafi.

Það er ekki sjálfgefið, herra forseti, að við nýtum betur kosti sem reynist okkur þegar upp verði staðið betri kostur. Það gæti einfaldlega þýtt að við værum að búa til veiðireynslu sem síðar kæmi niður á framtíðarhagsmunum okkar í skiptingu veiðiheimilda.

Síðan vék hv. þm. að því, ef ég hef tekið rétt eftir og ég held ég hafi gert það, að ekkert bannaði að ráða erlenda sjómenn á íslensk fiskiskip. Út af fyrir sig kann það að vera rétt en það er þó þannig, herra forseti, að ef sjómennirnir sem um ræðir eru ekki af Evrópska efnahagssvæðinu og falla ekki undir ákvæði EES-samningsins þá þarf atvinnuleyfi. Það er atvinnuleysi hjá íslenskum sjómönnum um þessar mundir.

[17:33]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, það er atvinnuleysi hjá íslenskum sjómönnum um þessar mundir. Þess vegna finnst mér tilvalið að auka möguleika þeirra á vinnu.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson vék að nál. meiri hlutans. Ég vildi fá að botna, með leyfi forseta, það sem hv. þm. byrjaði þar á. Hann var að ræða um að þurrleiguskráning fiskiskipa væri ekki í andstöðu við íslenska hagsmuni. Hér segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Við þessu er séð í frumvarpinu, sbr. a- og f-lið 2. efnismgr. 1. gr. Í f-lið, sem tekinn var upp í frumvarpið í samræmi við breytingartillögu meiri hluta nefndarinnar á síðasta þingi, segir að sjávarútvegsráðuneytið skuli staðfesta, áður en heimild til þurrleiguskráningar sé veitt, að þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur veiti ekki því ríki þar sem þurrleiguskráning fer fram veiðireynslu sem gæti nýst því síðar í samningum við íslenska ríkið um skiptingu aflaheimilda eða gangi að öðru leyti gegn hagsmunum Íslendinga. Fáist slík staðfesting ekki er Siglingastofnun ekki leyfilegt að veita heimild til þurrleiguskráningar.“

[17:35]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Okkur greinir ekki á um að þetta stendur svona í frv. Ég var að draga fram að þó að hv. þm. hafi bent á veiðar eins og í Smugunni, sem e.t.v. hefðu staðið okkur til boða, er alls ekki víst að þær falli undir þessa skilgreiningu, þær gætu hafa unnið gegn framtíðarhagsmunum okkar. Þess vegna hef ég sagt, herra forseti, að ef fylgja á efnismálsgreinum þessa frv. algjörlega og tryggja að við séum ekki að búa til veiðireynslu fyrir önnur ríki, sem við gerum alltaf undir fána þeirra, er frv. eins og það er sett fram ekki að færa okkur nokkur ný tækifæri í næsta nágrenni okkar, herra forseti.

Varðandi sjómennina og störf þeirra segir í greinargerð með þessu frv., herra forseti, að íslenskir útgerðarmenn hafi sérstaklega sóst eftir því að þetta frv. færi í gegn. Það er það sem stjórnarflokkarnir ætla að sjá til. Útgerðarmenn telja sig þurfa að ná niður launakostnaði og telja of dýrt að vera með íslenska sjómenn. Ég harma það ef menn eru almennt á þeirri skoðun að eftirsóknarvert sé að tryggja íslenskum sjómönnum lakari kjör en þeir búa við í dag.

[17:36]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli mínu tel ég þennan málflutning á misskilningi byggðan. Við erum með íslensk lög og íslenska kjarasamninga sem eru í gildi hér heima. Það er ekkert að breytast hvað það varðar. Við erum að reyna að auka tækifæri fyrir íslenskar útgerðir og íslenska sjómenn til að stunda veiðar annars staðar.

Þetta er leyfilegt í dag, eins og kom fram í máli mínu, en það er kostnaðarsamt. Það kostar 5–7 milljónir að flagga út skipi og það tekur langan tíma. Á meðan við sitjum og bíðum getum við verið að missa af tækifærum.

[17:37]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sigríður Ingvarsdóttir gerir mikið úr möguleikum okkar til að sækja á fjarlæg fiskimið. Ég tek

undir það. Ég tek undir það að við eigum að nýta möguleika til að sækja á önnur og fjarlæg fiskimið. En það gerum við fyrst og fremst með samningum við viðkomandi lönd um veiðiheimildir og á alþjóðlegum hafsvæðum á grundvelli alþjóðasamninga. Við náum ekki árangri með þeim hætti að fara undir fána ríkisins einungis til að koma áhöfninni á lélegri kjör.

Finnst hv. þm. eitthvert réttlæti í að skip útgerðarinnar skuli njóta allra íslenskra réttinda, veða og vátrygginga samkvæmt íslenskum lögum en áhöfnin ein verði að fara undir lög, kjör og öryggisreglur fánaríkisins, sem geta verið allt önnur en þau sem hér eru? Finnst hv. þm. eitthvert réttlæti í svona meðferð?

Ég legg áherslu á að það hefur verið stefna okkar að sækja fiskveiðiheimildir á grundvelli samninga, virða samningsrétt og fiskveiðilögsögur annarra ríkja. Við sækjum þangað inn á grundvelli gagnkvæmra samninga en ekki með svona sjóræningahætti, að hafa skipið undir tveimur fánum. Finnst hv. þm. réttlæti í að það gildi önnur lög um skipið en um sjómennina?

[17:39]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli mínu áðan hefur um 25 fiskiskipum verið flaggað út á sl. fimm árum. Ég spyr á móti: Vill hv. þm. Jón Bjarnason frekar að útgerðin þurfi að borga á bilinu 5–7 milljónir og eiga enn fremur á hættu verða ekki flaggað inn aftur, frekar en að gera henni kleift að fá að gera eins og hér er lagt til? Eigum við ekki að rýmka lagarammann fyrir þessi fiskiskip til að geta sótt tækifæri annað? Þau standa vissulega til boða. Við sjáum t.d. Færeyinga nýta sér þetta með góðum árangri.

[17:40]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við getum sett í lög að skipið sjálft lúti íslenskum lögum, rétti og hlunnindum. Þá ættum við alveg eins að geta sett í lög að viðkomandi skipi, viðkomandi skipseiganda, væri skylt að ráða sjómenn samkvæmt íslenskum kjarasamningum, þó að þeir færu síðan og flögguðu undir öðrum fánum.

Á sama hátt er hægt að setja í lög að á íslenskum skipum skuli gilda íslenskir kjarasamningar. Það heftir ekkert möguleika þessara skipa til að sækja á önnur fiskimið. Hvers vegna á að mismuna svona? Einungis skipseigandinn fær að njóta góðrar tryggingalöggjafar á Íslandi gagnvart skipinu sínu en ekki áhöfnin.

Ég vil líka spyrja hv. þm. hvort það veki henni ekki nokkurn ugg, frétt sem birtist hér 4. des. í blaðinu Skerplu, um löndunarbann sem sett er á rússneska tvíflöggunartogara í Vestur-Evrópu frá og með áramótum. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Norsku sjómannasamtökin ætla að koma í veg fyrir að afla verði landað úr rússneskum togurum, sem gerðir eru út samkvæmt svokölluðum þurrleigusamningum, í norskum höfnum frá og með næstu áramótum. Önnur verkalýðs- og sjómannafélög í Vestur-Evrópu hafa lofað að gera slíkt hið sama.“

Finnst hv. þm. lofsvert fyrir okkur að slást í hóp með öðrum hálfgerðum sjóræningjaskipum sem verkalýðsfélög og samtök í öðrum löndum banna að landa í löndum sínum? Finnst hv. þm. góð leið að slást í fylgd með hálfgerðum sjóræningjaflotum sem aðrir eru að reyna að hindra að komi inn í lögsögu þeirra?

[17:42]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að Jón Bjarnason hafi ekki lagt nógu vel við eyru þegar ég flutti ræðu mína áðan.

(Forseti (GÁS): Hv. þm., ekki satt?)

Hv. þm., þakka þér fyrir, Jón Bjarnason. Í ræðu minni áðan kom fram að varðandi tryggingu sjómanna er ekki verið að breyta neinu um stöðu þeirra. Þeir sem sigla undir íslensku flaggi lúta að sjálfsögðu íslenskum kjarasamningum og íslenskum lögum.

Sé skip undir erlendum þjóðfána förum við að sjálfsögðu eftir lögum þess ríkis og kjarasamningum þess ríkis. Auðvitað er sjómönnum í sjálfsvald sett hvort þeir vilja taka þann kost eða ekki. Eins og fyrr hefur komið fram í máli mínu þá er þetta hrein viðbót. Þessi tilhögun gefur okkur frjálst val um hvort við nýtum okkur þetta eða ekki. Tækifærum fyrir íslenska sjómenn og íslenskar útgerðir er sem sagt að fjölga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk, fyrri umr.

Þáltill. JóhS, 143. mál. — Þskj. 143.

[17:44]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Megintilgangur tillögunnar sem ég flyt hér, um lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk, er að tryggja að réttur þeirra sem þörf hafa fyrir lögfræðiaðstoð verði ekki fyrir borð borinn sökum fátæktar eða vanefna.

Tillaga þessi hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að koma á opinberri lögfræðiaðstoð með það að markmiði að tryggja að efnalítið fólk geti leitað réttar síns. Aðstoðin taki til lausnar á lögfræðilegum álitaefnum og til mála sem lögð eru fyrir dómstóla og falla ekki undir ákvæði um endurgjaldslausa lögfræðiaðstoð vegna gjafsóknar.

Dómsmálaráðherra leggi fram frumvarp þar að lútandi eigi síðar en á haustþingi 2003.“

Herra forseti. Áður hefur verið reynt að freista þess að fá slík frumvörp lögfest hér. Þrívegis hafa verið lögð fram stjórnarfrv. um opinbera lögfræðiaðstoð sem greidd yrði úr ríkissjóði að hluta eða að fullu til að tryggja að réttindi einstaklinga glatist ekki sökum lítilla efna. Síðast var slíkt frv. lagt fram á 118. löggjafarþingi en áður á 112. og 113. löggjafarþingi.

Einnig má nefna að árið 1974 var lögð fram tillaga á Alþingi, frá þingmönnum um sama efni, sem ekki náði fram að ganga. Af umræðum um fyrrgreind stjórnarfrv. á sínum tíma er ljóst að mikill vilji var fyrir framgangi málsins og má í því sambandi nefna að á 113. löggjafarþingi var málið afgreitt samhljóða úr allshn. Það náði þó ekki fram að ganga.

Þó ekki hafi verið sett lög um lögfræðiaðstoð fyrir efnalítið fólk þá hefur lögfræðiaðstoð Orators og Lögmannafélags Íslands gegnt veigamiklu hlutverki við að aðstoða fólk í lögfræðilegum málefnum og við að leita réttar síns. Einnig ber að geta þess að ýmis önnur félagasamtök hafa veitt lögfræðilega leiðbeiningaþjónustu fyrir félagsmenn sína. Slík aðstoð kemur þó aldrei í stað þeirrar lögfræðiaðstoðar sem efnalítið fólk hefur áratugum saman átt rétt á í nágrannaríkjum okkar,

enda felst þjónusta þessara félaga fyrst og fremst í ráðgjöf um réttarstöðu þeirra sem þangað leita og hugsanlega leiðbeiningar um framvindu máls þeirra. Ef frekari aðstoðar er þörf verður viðkomandi að leita annað og greiða fyrir þá þjónustu.

Eins og ég nefndi er víðast hvar í þeim löndum sem við berum okkur saman við boðið upp á slíka lögfræðiaðstoð fyrir efnalítið fólk sem greitt er fyrir að hluta eða öllu leyti.

Ég tel, herra forseti, fulla ástæðu til að láta á nýjan leik reyna á framgang þessara mála sem nokkrum sinnum hafa komið fyrir þingið. Samfélagið er sífellt að verða flóknara og tæknivæddara og miklar breytingar hafa orðið á réttindum og skyldum fólks, m.a. með aukinni alþjóðavæðingu. Oft er því ekki á færi hins almenna borgara að fylgjast með réttindum sínum eða leita réttar síns nema með lögfræðilegri aðstoð. Einnig verður sífellt dýrara að leita sér slíkrar aðstoðar í lögfræðilegum málum og að reka mál fyrir dómstólum.

Mál þetta snýst því að verulegu leyti um að allir séu jafnir fyrir lögum og hafi sömu möguleika á að leita réttar síns í þjóðfélaginu. Að öðrum kosti er hætta á að efnalítið fólk glati réttindum sínum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég vonast til að það eigi greiða leið í gegnum þingið og legg til að að lokinni þessari umræðu verði því vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afkomutrygging aldraðra og öryrkja, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 149. mál. — Þskj. 149.

[17:48]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Samfylkingin hefur um langan tíma haft efni þeirrar þáltill. sem hér er tekin á dagskrá í stefnu sinni en hún felur í sér að komið verði á afkomutryggingu svo enginn þurfi að una fátækt og óvissu um kjör sín. Með þeirri tillögu sem hér er flutt er stigið fyrsta skrefið í þessa átt og hún lýtur að afkomutryggingu aldraðra og öryrkja. Til að ná því markmiði sem er stefnt að er hér lagt til að teknar verði upp viðræður milli stjórnvalda og samtaka lífeyrisþega um nýjan samning um afkomutryggingu sem komi til framkvæmda, eins og hér er lagt til, 1. janúar 2003. Síðan verði þessi afkomutrygging undirstaða nýrra laga um almannatryggingar.

Þingmenn Samfylkingarinnar hafa á þessu þingi einnig lagt fram till. til þál. um skattfrelsi lágtekjufólks sem felur m.a. í sér að atvinnuleysisbætur og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga verði ekki skattlögð. Markmið beggja þessara tillagna er að enginn þurfi að una því að eiga ekki fyrir nauðþurftum.

Herra forseti. Svo lengi sem ég hef verið á þingi man ég ekki eftir því að eins mikið hafi verið rætt um fátækt í þjóðfélaginu, bæði innan þessara veggja og úti í samfélaginu. Ég hygg að það sé ljóst að það er allt of stór hópur fólks sem þarf að lifa við kjör sem ekki duga fyrir brýnustu nauðþurftum, þar á meðal allt of stór hópur aldraðra og öryrkja, og í heild hefur þessi hópur aldraðra og öryrkja ekki fengið sanngjarnan eða eðlilegan hlut í góðæri liðinna ára. Í því efni hefur verulega dregið sundur með lífeyrisþegum og þeim sem verst hafa kjörin á vinnumarkaðnum og sama gildir um bilið milli meðallauna verkamanna og lífeyrisgreiðslna. Þegar á allt er litið fer því fjarri að afkoma og aðbúnaður margra aldraðra hér á landi sé mannsæmandi. Sú staðreynd að meira en helmingur aldraðra er með framfærslulífeyri undir lágmarkslaunum staðfestir bág kjör allt of stórs hóps aldraðra í íslensku þjóðfélagi. Það segir líka sína sögu að 40% lífeyrisþega hafa óskerta tekjutryggingu en í skýrslu sem lögð var fram á hv. Alþingi fyrir nokkrum missirum kom fram að 43% allra öryrkja fá engar greiðslur úr lífeyrissjóði.

Herra forseti. Fyrir einu ári eða einu og hálfu ári tók Þjóðhagsstofnun saman fyrir mig hækkanir á grunnlífeyri og tekjutryggingu aldraðra samanborið við lágmarkslaun. Einnig var tekið saman fyrir mig hvernig kaupmáttur lífeyris hefur þróast samanborið við kaupmátt lágmarkslauna. Við þessa umræðu, herra forseti, er full ástæða til að fara aðeins yfir það talnaverk sem ekki er langt, ekki síst í ljósi þess að hæstv. forsrh. barði sér á brjóst í síðustu viku og gerði þar mikið úr því að kaupmáttur atvinnulausra, eins og hann nefndi það, hefði vaxið um 13%. Það var hálfömurlegt, herra forseti, að hlusta á hæstv. forsrh. þegar verið var að ræða hlutskipti fátækra og hvort ekki væri eðlilegt að skilgreina lágmarksframfærsluviðmið fólks í þjóðfélaginu. Hann vísaði þessu frá, ríkisstjórninni reyndar, yfir á sveitarfélögin og sagði að það væri í verkahring sveitarfélaganna að sjá um lágmarksframfærslu þessara hópa.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að vegna þess að kjör þessara hópa sem ég hef hér nefnt hafa verið skert hefur framfærslueyri þeirra í auknum mæli verið ýtt yfir á sveitarfélögin sem í vaxandi mæli hafa þurft að láta aukið fjármagn í fjárhagsaðstoð sem vaxið hefur, í Reykjavík einni saman, 40–50% á einu ári. Það er bein afleiðing þess að kjör þessara hópa í gegnum almannatryggingakerfið og gegnum skerðingu á atvinnuleysisbótum hafa verið skert. Þessir hópar hafa ekki fengið hlutdeild sína í því góðæri sem við höfum búið við.

Ég nefni hér, herra forseti, t.d. kaupmátt grunnlífeyris og tekjutryggingar. Hann hefur, eins og sjá má á þessari súlu sem ég hef látið útbúa á grundvelli þeirra upplýsinga sem ég fékk frá Þjóðhagsstofnun, hækkað á árabilinu 1995–2001 um rúm 11% á sama tíma og kaupmáttur lágmarkslauna hefur hækkað um tæp 42%. Aukning á kaupmætti lágmarkslauna er því 28% umfram aukningu á kaupmætti grunnlífeyris og tekjutryggingar á þessu árabili.

Sama gildir um hina atvinnulausu. Hæstv. forsrh. taldi sérstaka ástæðu til að draga þann hóp fram með ummælum sínum í síðustu viku og taldi þessari ríkisstjórn sérstaklega til ágætis að kaupmáttur atvinnulausra hefði hækkað um 13% á síðustu árum. Staðreyndin er sú, og það staðfesti hæstv. félmrh. með svari við fyrirspurn minni í nóvembermánuði, að með því að ríkisstjórnin aftengdi atvinnuleysisbætur kjörum fiskverkafólks á árinu 1996 hafa atvinnulausir verið snuðaðir um 15 þús. kr. á hverjum mánuði, þ.e. 180 þús. kr. á ári. Það kæmu sem sagt 180 þús. kr. meira á ári í buddu atvinnulausra nú ef ríkisstjórnin hefði ekki farið þá leið að slíta þessi tengsl við lágmarkslaun fiskverkafólks og slíta á tengingu þá sem var við kjör aldraðra og öryrkja á sínum tíma, 1995, þegar ríkisstjórnin tók við. Það sést á þessu línuriti sem ég hef hér undir höndum að þróun atvinnuleysisbóta er með allt öðrum hætti en bæði þróun launavísitölu sem er verulega hærri að ekki sé talað um þróun lágmarkslauna fiskvinnslufólks. Hér sést í hnotskurn, herra forseti, á þessu línuriti hvernig

ríkisstjórnin hefur farið með atvinnulausa á því tímabili sem hún hefur setið við völd.

Fólk verður að gæta þess við hvað þessi ríkisstjórn miðar þegar hún talar um kaupmátt. Þegar hún talar um kaupmátt elli- og örorkulífeyrisþega hefur hún farið í þann nöturlega talnaleik, herra forseti, að blekkja með tölum og taka í þá útreikninga bæði heimilisuppbót og tekjutryggingarauka sem aðeins lítill hluti aldraðra og öryrkja fær. Má t.d. nefna að aðeins 1,3% aldraðra fengu á árinu 2001 tekjutryggingarauka, þ.e. 330 aldraðir, og 9,3% öryrkja, þ.e. 908. Einnig fá einungis 16–20% aldraðra og öryrkja heimilisuppbót. Langstærstur hluti lífeyrisþega fær því ekki heimilisuppbót eða tekjutryggingarauka en það er einmitt við þennan fámenna hóp sem ég var hér að nefna, örfá hundruð aldraðra sem fá eðli máls samkvæmt meira úr Tryggingastofnun af því að þeir fá ekki úr lífeyrissjóði, sem kaupmáttarútreikningar ríkisstjórnarinnar eru ávallt miðaðir meðan hinn hópurinn telur sennilega um 30 þús. manns. Síðan er alhæft yfir allan hópinn að kaupmáttur öryrkja og aldraðra hafi hækkað um svo og svo mikið. Þetta er brýnt, herra forseti, að hafa í huga þegar við ræðum um kjör aldraðra, og öryrkja reyndar líka eins og þessi tillaga gengur út á.

Samtök aldraðra hafa verið ötul í að berjast fyrir kjörum aldraðra og náðu því m.a. fram, herra forseti, núna í nóvembermánuði að kjör aldraðra voru eilítið hækkuð fyrir tilstuðlan þeirra. En það var líka nöturlegt að horfa upp á það, herra forseti, að nokkrum vikum síðar, í janúar, gaf hæstv. heilbrrh. út reglugerð sem hækkaði verulega bæði lyfja- og lækniskostnað sem ekki síst aldraðir og öryrkjar þurfa að nota mikið. Því var umtalsverður hluti þeirrar hækkunar á lífeyrisgreiðslum sem þeir fengu í nóvember tekinn aftur í janúarmánuði. Það er einmitt sá leikur sem þessi ríkisstjórn hefur leikið allt frá árinu 1995 að það hafa orðið verulegar kostnaðarhækkanir, herra forseti, í heilbrigðiskerfinu, ekki síst í lyfjakostnaði. Svo er nú komið, herra forseti, að einhver hópur öryrkja og aldraðra getur ekki leyst út lyfin sín og hefur það komið fram, bæði hjá forustumönnum verkalýðsfélaga og heilbrigðisstéttunum og einnig frá þeim sem aðstoða þetta fólk þegar það á ekki orðið fyrir mat, að það hefur oft þurft að leita til hjálparstofnana til þess að geta leyst út lyfin sín. Ég er ekki að segja, herra forseti, að hér sé um stóran hóp að ræða en það er nöturlegt í velferðarsamfélaginu Íslandi að fátækt verður sífellt sýnilegri í þessu þjóðfélagi og sífellt koma fram fleiri og fleiri dæmi um það að fólk geti ekki leyst út lyfin sín.

Ég hef heyrt þó nokkur dæmi um það varðandi öryrkja, herra forseti, sem þurfa á miklum lyfjum að halda að þeir fara með samtals eins mánaðar lífeyri í lyfjagreiðslur á ári fyrir utan það, sem ber að halda til haga, að eins mánaðar lífeyrisgreiðslur fara líka í að greiða skatt hjá þessum hópi en hann greiddi enga skatta á árinu 1995. Það er ágætt, herra forseti, að halda því til haga í þessari umræðu líka, sem kom fram í haust í fjölmiðlum, hvernig ríkisstjórnin hefur sérstaklega hækkað skatta hjá þessum hópi og sýnt var fram á það á annarri sjónvarpsstöðinni að skattbyrði þeirra sem minnst hafa hefur þyngst verulega. Skattbyrðin í heild hefur þyngst um 24–27% á árunum 1995–2002 og þar var sýnt fram á að verkamenn greiða 6,2% meira af launum sínum í skatt eða um 109 þús. meira á árinu 2002 en þeir gerðu á árinu 1995. Skattbyrði þeirra sem eru á meðallaunum hefur aukist um 2,8% þannig að þeir greiða 77 þús. meira á árinu 2002 en þeir greiddu árið 1995 og þeir sem eru með 344 þús. í tekjur greiða 29 þús. meira á árinu 2002 en á árinu 1995. Með öðrum orðum hefur skattbyrði verkafólks aukist fjórfalt meira á þessu tímabili, á árunum 1995–2002, en hjá hálaunamanninum sem er með 344 þús. Skattbyrði hans hefur aukist um 29 þús. meðan skattbyrði á verkamanninum hefur aukist um 109 þús. Þetta sýnir í hnotskurn, herra forseti, hvernig sífellt er verið að níðast á þessum sama hópi, og því miður er það sá hópur sem verst hefur það í þessu þjóðfélagi.

Þessi tillaga sem ég hef mælt fyrir og flutt er af þingmönnum Samfylkingarinnar gerir ráð fyrir, herra forseti, eins og ég sagði í upphafi máls míns að koma á afkomutryggingu fyrir aldraða og öryrkja. Hún gerir ráð fyrir því líka að kjör ungra öryrkja verði sérstaklega bætt og með því verði sérstaða þeirra viðurkennd. Framfærslubyrði ungra öryrkja er oft mikil, ekki síst ef þeir hafa fyrir fjölskyldu að sjá. Í tillögunni er líka lagt til nýtt ákvæði sem ekki var á síðasta þingi en þar er lagt til að skoðaðir verði möguleikar á því að tryggja öryrkjum sem ekki eru á almenna vinnumarkaðnum aðgang að lífeyrissjóðakerfinu. Tæplega 49% öryrkja eða 4.700 af 9.780 fengu óskertan lífeyri og tekjutryggingu á síðasta ári. Þetta er hópur sem lítið sem ekkert fær út úr almenna lífeyrissjóðakerfinu og 10% iðgjaldagreiðslur vegna þessa hóps væru um 325 millj. kr. á ári sem semja yrði um að kæmi úr ríkissjóði. Þetta tryggði öryrkjum sem ekki geta verið á vinnumarkaði um 100 þús. kr. á ári í 10 ár í aukinn lífeyri. Þetta er tillaga sem mér finnst að eigi að skoða, herra forseti, þegar mál þetta fer til afgreiðslu, væntanlega í heilbr.- og trn.

Ég legg til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. heilbr.- og trn.

[18:04]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. 1. flm. þáltill. fyrir að hafa flutt þetta mál inn í þingið. Ég tel að afkomutrygging fyrir aldraða og öryrkja sé eitthvað sem menn þurfi virkilega að horfa til í þjóðfélagi okkar um þessar mundir þar sem frekar dregur alltaf í sundur með þeim sem betur mega sín í þjóðfélaginu annars vegar og hinna sem búa við lakari kjör og lakari kost.

Hér erum við að tala um tvo hópa, annars vegar aldraða og hins vegar öryrkja og síðan er auðvitað staða öryrkjanna breytileg eftir því hversu ungir menn verða öryrkjar því að það liggur í hlutarins eðli, herra forseti, að verði menn ungir fyrir því að verða öryrkjar eða búi við slíkt e.t.v. frá fæðingu öðlast þeir eðlilega mjög lítil réttindi í lífeyrissjóðunum okkar og eru þess vegna ekki innan þess framtíðarkerfis sem menn hafa verið að hugsa um varðandi réttindi í lífeyrissjóðum, þ.e. að lífeyrissjóðirnir muni í vaxandi mæli tryggja ellilífeyrisþegum betri framtíð. Talið hefur verið til þessa, herra forseti, að innan ekki mjög langs tíma mundu lífeyrissjóðirnir að mestu leyti tryggja fólki lágmarksöryggi í afkomu og kjörum. Ég held, herra forseti, að það sé kannski rétt að víkja aðeins að því sjónarmiði hvort það fái endilega staðist inn í framtíðina. Menn hafa sagt sem svo að staða flestra lífeyrissjóða væri traust og lífeyrissjóðirnir hafi verið að auka vel og ávaxta sitt pund og tryggja eignarstöðu sína en því miður, herra forseti, hefur það gerst á síðustu árum að sú hefur ekki orðið reyndin. Lífeyrissjóðir í landinu hafa ekki verið að ávaxta sjóði sína sérstaklega vel margir hverjir. Það er auðvitað misjafnt en almennt held ég að

ávöxtun lífeyrissjóðanna hafi ekki verið eins og væntingar stóðu til. Það kann að vera í samræmi við það að menn hafi verið nokkuð glaðir við að fara í það fjárfestingarfrelsi sem stjórnum lífeyrissjóðanna var fengið í að fjárfesta erlendis í miklum mæli og auðvitað geta menn svo sem hafa lent í því einnig innan lands að ávöxtun í fyrirtækjum hafi ekki verið með þeim hætti sem menn bjuggust við. Ég hygg því að mjög margir íslenskir lífeyrissjóðir hafi í raun og veru ekki tryggt verðgildi fjármuna sinna vegna þess að menn hafi tekið verulega áhættu í erlendri fjárfestingu.

Ef sú staða heldur áfram í einhver ár, herra forseti, að lífeyrissjóðirnir, sumir hverjir a.m.k., verði með neikvæða ávöxtun eigin fjár, þá mun sá frekari réttur sem menn áttu von á að lífeyrissjóðirnir yfirtækju smátt og smátt ekki verða eins auðfenginn og menn ætluðu, þ.e. lífeyriskerfið verður þá ekki eins sterkt og gert var ráð fyrir. Þetta þarf virkilega að athuga og er komið vel inn á það í þáltill. þegar talað er um að lífeyrissjóðirnir muni á næstu árum verða að bera uppi meira en helminginn af greiðslunum í kjörum ellilífeyrisþega. Ég held að það sé öllum ljóst og örugglega hv. flm. þáltill. að margar stéttir í landinu, því miður, búa við lakan lífeyrisrétt, mjög lakan af ýmsum orsökum. Menn hafa annaðhvort greitt af litlum upphæðum upprunalega eða eins og áður sagði að ávöxtunin hefur ekki verið góð núna og þar af leiðandi er verið að skerða lífeyrisrétt. Við höfum dæmi um þetta. Við lækkuðum síðast lífeyrisrétt t.d. í Lífeyrissjóði sjómanna nú fyrir áramótin, m.a. vegna þess að ávöxtun sjóðsins hafði verið rýr þó að vissulega væru aðrar ástæður sem þar komu inn í eins og vanefndir ríkisis að því er ég tel varðandi 60 ára regluna og fleiri atriði.

Ég held, herra forseti, að á næstu árum, hvað eigum við að segja, 10, jafnvel 20 árum, muni enn um sinn verða þó nokkuð mikið af ellilífeyrisþegum sem verða almennt að treysta á almannatryggingakerfið og treysta á þann lífeyri sem þaðan kemur, grunnlífeyri og tekjutryggingu og aðrar þær heimildir sem almannatryggingar geta fært þeim. Það er því auðvitað afar nauðsynlegt að skoða þessi mál upp á nýtt.

Ég hygg að sú breyting sem menn bjuggust við geti verið aðeins lengra fram undan en menn áður ætluðu að því leyti að lífeyrissjóðirnir yfirtaki þetta, m.a. eins og ég vék að áður vegna ávöxtunar sjóðanna. Þetta er auðvitað misjafnt. Sumir sjóðirnir veita góð réttindi og standa betur en aðrir en enn aðrir eru að lenda í ákveðnum erfiðleikum sem þýðir þá, miðað við lögin frá 1977 um almenna starfsemi lífeyrissjóða, að stjórnum sjóðanna beri skylda til að skerða réttindin ef ekki koma auknar tekjur inn í sjóðina. Það eru ekki nema þessar tvær leiðir til, herra forseti. Þess vegna held ég að huga þurfi virkilega að því hvort lausn sé á því vandamáli sem við héldum að lífeyrissjóðirnir tækju betur yfir á næstu árum. Ég hygg að svo sé ekki og menn þurfi að huga að því að skoða þessi mál upp á nýtt og með nýrri sýn. Síðan standa auðvitað eftir vandamál þeirra öryrkja sem verða öryrkjar ungir, þeir munu aldrei eignast neinn rétt í lífeyrissjóði og það þarf auðvitað að taka sérstaklega á því og skoða það vandamál alveg sérstaklega þegar við erum að tala um að tryggja afkomu ellilífeyris- og örorkuþega. Ég held að þetta mál sem hér er lagt fram í hv. Alþingi sé mjög til góða og hvet til þess að það verði vandlega skoðað.

[18:12]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Umræðan um þáltill. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur o.fl. þingmanna Samfylkingarinnar um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja leiðir svo sannarlegan hugann að þeirri stöðu í þjóðfélaginu að bilið á milli hinna ríku og hinna fátæku eykst stöðugt. Ef svo heldur fram sem horfir, þá stefnir hér í þjóðfélag sem er tvískipt á grundvelli tekna. Slík þróun er andstæð hugsjónum flestra Íslendinga í raun.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram þingmál þar sem lögð er áhersla á að styrkja og efla velferðarkerfið og þannig verði búið að öllum einstaklingum að þeim verði tryggð ákveðin grunnsamfélagslaun hvort sem það eru aldraðir, öryrkjar, atvinnulausir eða aðrir sem ekki hafa tök á að vera á vinnumarkaði eða sjá fyrir sér með öðru móti.

Það er mjög mikilvægt að við hugsum um þetta mál heildstætt, að þetta sé sá grunnur sem við viljum byggja íslenskt samfélag á, að enginn samborgari okkar þurfi að líða skort vegna stöðu sinnar, aldurs eða annarra þjóðfélagsaðstæðna og jafnframt að tryggt sé að hverjum einasta Íslendingi séu tryggð ákveðin grunnsamfélagslaun, það sé sameiginleg ábyrgð okkar allra. Því miður höfum við séð þá þróun gerast á síðustu árum að stöðugt er verið að þrengja í raun hag þess fólks sem hlutfallslega hefur lægstar tekjur. Við höfum séð það í skattbreytingunum sem hafa orðið á síðustu árum að fólkið sem er með lægri og lægstu tekjur er farið að bera hlutfallslega mun meiri skattbyrði en áður var í skattheimtu ríkisins. Þetta er að mínu mati og þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs röng stefna. Það er rangt að færa til skattbyrði í þjóðfélaginu yfir á þá sem hafa lægri tekjur. Þetta höfum við rætt um áður á þinginu.

Einnig er rangt að mati Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að reka heilbrigðisþjónustuna á þann hátt að þeir sem þurfa að njóti hennar þurfi stöðugt að greiða hærri og hærri hlut í heilbrigðisþjónustunni. Þetta mismunar aftur þeim sem lægstar hafa tekjurnar.

Það var minnst t.d. á símann. Mjög mikilvægt er fyrir fólk, ekki síst það fólk sem er meira bundið heima hjá sér að hafa aðgang að síma en tengigjöld og afnotagjöld símans hafa einmitt verið að hækka. Þó að það séu nokkur hundruð krónur á mánuði sem hækkunin er, þá munar það miklu fyrir það fólk sem er tekjulægst.

Virðulegi forseti. Ég vildi koma í ræðustól til að taka undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram og árétta hversu mikilvægt og sjálfsagt það er fyrir okkur í íslensku samfélagi að allir þegnar landsins búi við afkomuöryggi og að öllum skuli tryggð samfélagslaun hvernig sem aðstæður þeirra annars kunna að vera. Jafnframt er fráleitt að binda t.d. samfélagslaun öryrkja við tekjur maka eða tengja þau öðrum en einstaklingnum sjálfum. Einstaklingurinn á að hafa þennan rétt og einstaklingurinn á að eiga þann sjálfstæða rétt að fá eðlileg grundvallarsamfélagslaun. Það er skylda okkar allra að sjá til þess að svo verði, ekki síst hv. Alþingis, að þannig sé búið um hnútana að allir búi við viðunandi afkomuöryggi og viðunandi samfélagslaun.

[18:17]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum till. til þál. um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja og þar er sérstaklega minnst á sérstöðu ungra öryrkja sem verða fyrir varanlegri örorku á æskuárum. Lengi vel voru afskaplega litlar líkur á því að 16 ára maður sem var með fulla vinnugetu yrði öryrki fyrir 35 ára aldur. Þetta hefur breyst, örugglega, á síðustu árum og það er eitthvað sem verður að taka mið af þegar menn eru að hanna kerfið og ég get tekið undir þennan þátt í þáltill.

Hins vegar vil ég minna á það að lífeyrissjóðirnir voru settir á með kjarasamningi 1969, fyrir 34 árum, og sett voru um þá lög árið 1974 sem skylda alla launþega til að vera í lífeyrissjóði, sem sagt fyrir 29 árum, og það voru sett lög 1980 sem skylda alla landsmenn til að vera í lífeyrissjóði, þ.e. fyrir 23 árum. Allir á vinnumarkaði eiga sem sagt að vera í lífeyrissjóði og afla sér réttinda þar. Umræðan, án þess að taka lífeyrissjóðina inn í málið, er eiginlega tóm nema að því er varðar þá einstaklinga sem aldrei fara á vinumarkað vegna þess að þeir verða öryrkjar mjög snemma, og það eru kannski vaxandi líkur á því.

Í frétt frá Samtökum atvinnulífsins 6. janúar sl. kemur fram að lágmarkskauptaxti hefur hækkað um 106%, úr 43.116 kr. í janúar 1995 í 88.794 kr. Þetta er kaupmáttaraukning um 58% á þessu tímabili og hefur lágmarkskauptaxti hækkað meira en nokkur önnur laun í þjóðfélaginu, sem þó hafa hækkað mjög umtalsvert.

Á sama tíma hefur lágmarkstekjutrygging lífeyrisþega hækkað úr 43.116 kr., sömu tölu, í 93.000 kr. samkvæmt þessari frétt, þ.e. um 116%. Kaupmáttur þessarar tryggingar, sem er lágmark, hækkaði um 65%. Hafi menn einhverjar aðrar tekjur úr lífeyrissjóði eða af atvinnu sinni skerðast þessar lágmarkstekjur en það þýðir þá líka að viðkomandi er með enn hærri tekjur til framfærslu.

Þetta sýnir okkur að það var rétt stefna hjá páv. ríkisstjórn Sjálfstfl. að huga að stöðu atvinnulífsins og bæta hana þannig að það hefur síðan getað greitt sífellt hærri laun. Það er heimsmet, laun hafa hækkað hér á landi sem hvergi annars staðar á síðustu sjö árum eða svo. Lífeyrisbætur samkvæmt þessu hafa líka hækkað umtalsvert, mun meira en laun. Og það er náttúrlega mjög mikilvægt, herra forseti, að við viðhöldum þessari getu atvinnulífsins til þess að borga há laun og viðhöldum þeirri góðu afkomu fyrirtækja sem gerir það að verkum að þau geta borgað mikla skatta til samfélagsins. Launþegarnir, sem hafa sífellt hærri laun, geta líka borgað hærri skatta til samfélagsins til að standa undir þessu velferðarkerfi. Þetta er náttúrlega mjög mikilvægt og menn þurfa að hafa sérstaklega í huga við kosningarnar sem standa fyrir dyrum að menn standi vörð um það sem áunnist hefur og að menn standi vörð um það að ekki verði glutrað því sem hefur náðst í stöðu fyrirtækja, í stöðu efnahagsmála og í stöðu þjóðarbúsins í heild sinni.

[18:22]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé kannski ekki af miklu að státa þegar verið er að tala um það hvað lágmarkslaunin hafi hækkað hér mikið. Vissulega voru þau lág og þau hafa hækkað en ég býst við að það sé leitun að því landi, sem við a.m.k. berum okkur saman við, þar sem launin eru lægri, þar sem matvælaverðið er hærra og þar sem vextir eru hærri. Þegar hv. þm. talar um kaupmátt lífeyrisgreiðslna finnst mér hann brenna sig á nákvæmlega því sama og sjálfstæðismenn brenna sig alltaf á þegar þeir eru að tala um kaupmáttinn, þeir tala einungis um þann litla hóp lífeyrisþega sem er með fullar bætur úr tryggingunum, þ.e. þennan sem fær tekjutryggingarauka og ég nefndi áðan, en það voru 1,3% aldraðra sem fengu á árinu 2001 tekjutryggingarauka, þ.e. 330 aldraðir, og 9,3% öryrkja, þ.e. 908 manns. Það var sá hópur sem var mest gert fyrir hér í nóvembermánuði, og það er ekki hægt og ekki sanngjarnt að miða kaupmáttinn bara út frá þeim hópi. Það á að miða, þegar við erum að tala um kaupmáttinn, við þann stóra hóp aldraðra og öryrkja, t.d. þann sem hefur fulla tekjutryggingu. Hann hefur eitthvað úr lífeyrissjóði, það er rétt, en tekjurnar eru þar alls ekki miklar.

Samkvæmt þeim tölum sem ég hef hér, það getur vel verið að þær hafi breyst eitthvað lítillega, fá 43% allra öryrkja engar greiðslur úr lífeyrissjóði og það eru 40% lífeyrisþega sem hafa óskerta tekjutryggingu. Það vill svo til að þó að þessar bætur hafi hækkað í nóvember fyrir tilstuðlan Samtaka aldraðra var hluti þeirra tekinn aftur eins og þeir gera svo gjarnan, sjálfstæðismenn, með hækkun á lækniskostnaði nú í janúarmánuði.

Og þegar hv. þm. talar um kaupmátt þessa fólks ætti hann líka að hafa til viðmiðunar hvað búið er að fara illa með það vegna húsnæðismála. Stærsti hluti þessa fólks þarf að vera á leigumarkaðnum þar sem hefur orðið hrikaleg hækkun á leigukostnaði sem hefur komið sér afar illa fyrir stóran hluta þess hóps sem við hér ræðum.

[18:24]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Lágmarkstekjutrygging lífeyrisþega hefur hækkað úr 43 þús. kr. — en þannig var það þegar Alþýðuflokkurinn fór úr stjórn og var með þennan málaflokk — í 93 þús. kr. á þessu tímabili. Það mundi ég segja að væri bara mjög vel að verki staðið. Auðvitað má gera betur en þetta er miklu meiri hækkun en öll laun hafa hækkað, eða um 65% umfram verðlag, þ.e. kaupmátturinn hefur hækkað um 65%.

Hv. þm. sagði að 45% fengju engar greiðslur úr lífeyrissjóðum. Það er dálítið undarlegt í ljósi þess að það eru 23 ár síðan það varð skylda að borga í lífeyrissjóð. Það er virkilegt rannsóknarefni hvernig stendur á því að svona stór hluti þjóðarinnar komst hjá því að borga í lífeyrissjóð þrátt fyrir lagaskyldu.

Þá gat hv. þm. þess að húsnæðiskostnaðurinn hefði vaxið mikið, sérstaklega hjá þeim sem væru á leigumarkaði. Ég vil benda á það að hv. þm. sem þá var hæstv. ráðherra kom einmitt húsaleigubótum á sem hafa bætt stöðu þeirra sem eru á leigumarkaði — en jafnframt hafa húsaleigubæturnar, eins og þekkt er alls staðar, hækkað leiguna. Kannski stendur því leigjandinn ekkert betur eftir með húsaleigubæturnar en áður. En þetta er líka eitt atriðið sem hefur bætt stöðu lífeyrisþega og sjaldan er minnst á, þ.e. að það voru teknar upp húsaleigubætur 1995.

[18:26]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar hv. þm. ber saman kjör aldraðra og öryrkja fyrir nokkrum árum — sennilega miðað við þá 1995, er það ekki? (**PHB:** Jú.) verður hann að halda því til haga að þá greiddu elli- og örorkulífeyrisþegar engan skatt af tekjum sínum eða greiðslum sem þeir höfðu úr Tryggingastofnun ríkisins. Nú er þessi hópur farinn að greiða sem samsvarar eins mánaðar lífeyri í skatta til ríkis og sveitarfélaga.

Hv. þm. verður líka að halda því til haga að á þessu tímabili héldust lífeyrisgreiðslur og hækkun þeirra í hendur við launavísitölu, t.d. að því er varðaði lágmarkslaunin.

Hv. þm. verður líka að halda því til haga að húsaleigubætur hefðu verið fyrir löngu komnar á ef Sjálfstfl. hefði ekki streist á móti því í mörg ár, og hv. þm. hefur ekkert fyrir sér í því þegar hann talar um að húsaleigubætur hafi hækkað leiguna. Það sem fyrst og fremst hefur hækkað leiguna var að Sjálfstfl. og Framsfl. felldu niður félagslega aðstoð í húsnæðismálum og lokuðu húsnæðiskerfinu með þeim afleiðingum að leiguverðið hækkaði alveg svakalega mikið. Og hv. þm. skal líka halda því til haga fyrir þessa hópa að þeir hafa

staðið að hækkun á vöxtum á leiguíbúðum úr 1%, sem var sátt um alveg fram til ársins 1995, í allt að 4,9%. Það er það sem er að sliga húsnæðiskerfið en ekki húsnæðisbæturnar sem hafa verið veruleg kjarabót fyrir láglaunafólk, öryrkja og lífeyrisþega sem eru á leigumarkaðnum.

[18:28]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gleður mig að heyra hjá hv. þingmanni að húsaleigubæturnar hafi verið veruleg kjarabót fyrir þann hóp sem við hér erum að ræða. Það er mjög ánægjulegt að það skuli koma fram í umræðunni því að það eru um 10% af lífeyrinum, eða getur verið það.

Varðandi það að lífeyrisþegar borgi núna tekjuskatt er það þannig að frítekjumarkið hefur hækkað nokkurn veginn eins og verðlag, og lífeyrir frá lífeyrissjóðunum hefur líka hækkað eins og verðlag (Gripið fram.) en launin hafa hækkað miklu meira og þess vegna lendir fólkið sem áður var undir skattleysismörkum í því að borga skatt — vegna þess hvað launin hafa hækkað mikið. Og lífeyririnn, sem hefur hækkað enn þá meira, töluvert umfram laun — eins og þessi frétt frá Samtökum atvinnulífsins segir hefur lágmarkstekjutryggingin hækkað umtalsvert umfram laun — gerir það að verkum að þeir eru farnir að borga tekjuskatt eins og aðrir sem hafa hækkað mikið í launum.

Hv. þm. sagði að þetta hefði ekki hækkað eins og launavísitalan. Það er ekki rétt, þessar bætur hafa hækkað umfram launavísitöluna, a.m.k. eftir að Alþýðuflokkurinn sleppti tökum á þessum málaflokki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðlagsgreiðslur, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 150. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 150.

[18:29]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra, sem ég flyt ásamt nokkrum öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar.

Markmið þessa frv. er tvíþætt. Það er að afnema skattlagningu á öllum meðlagsgreiðslum, hvort sem um er að ræða einfalt, tvöfalt eða jafnvel margfalt meðlag, og fela Innheimtustofnun sveitarfélaga að innheimta meðlagsgreiðslur umfram lágmarksmeðlag líkt og nú er gert varðandi lágmarksmeðlag, sem og innheimtu á menntunarframlögum og sérstökum framlögum sem foreldri fær úrskurð um.

Samkvæmt 25. gr. barnalaga er Tryggingastofnun ríkisins skylt að greiða foreldri barns sem á framfærslurétt hér á landi og öðrum sem eru nefndir í 27. gr. laganna framfærslueyri (meðlag) með barni samkvæmt lögmætum úrskurði eða staðfestum samningi, þó innan þeirra marka um fjárhæð og aldur barns sem greinir í almannatryggingalögum.

Í barnalögunum er gengið út frá því að óheimilt sé að ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma í almannatryggingalögum. Hvergi er að finna ákvæði sem kveður á um hámark meðlagsgreiðslna.

Samkvæmt lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga er það hlutverk stofnunarinnar að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlag sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra samkvæmt almannatryggingalögum. Heimild er fyrir því að stofnunin taki að sér innheimtu á aukameðlögum. Þessa heimild hefur stofnunin aldrei nýtt, þrátt fyrir að ítrekað hafi verið eftir því leitað. Sé samið um hærra meðlag en lágmarksmeðlag eða sýslumaður úrskurðar slíkt þarf foreldrið sjálft að innheimta það sem er umfram lágmarksmeðlag eftir öðrum leiðum. Í frumvarpinu er þessi innheimta gerð að skyldu Innheimtustofnunar ásamt því að felld er brott heimild stofnunarinnar til að taka greiðslu fyrir innheimtuna.

Algengast er að meðlagsgreiðendur, sem í flestum tilvikum eru feður, séu aðeins krafðir um lágmarksmeðlag, þótt heimild sé fyrir aukameðlagi miðað við að mánaðartekjur greiðenda fari yfir 200 þús. kr. Að vísu hefur færst í vöxt að í samningum um skilnaðarkjör og forsjá barna sé kveðið á um greiðslu hærra meðlags en sem nemur fjárhæð barnalífeyris. Þannig hefur þeim samningum fjölgað nokkuð sem kveða á um greiðslu tvöfalds meðlags. Dómsmálaráðuneytið gefur út viðmiðunarreglur til leiðbeiningar við ákvarðanatöku í málum vegna krafna um hærra meðlag með börnum. Ástæða þess að meðlög umfram lágmarksmeðlag eru þó ekki algengari en raun ber vitni er einkum sú að viðtakendur aukameðlaganna, oftast mæður, verða að sjá um innheimtu þeirra.

Komið hefur fram að sérfræðingar telja þessa tilhögun eina helstu ástæðu þess að margir einstæðir foreldrar sem fara með forræði barna treysti sér ekki til þess að krefjast aukameðlags þótt meðlagsgreiðandi hafi háar tekjur. Meðlag með einu barni er um 15 þús. kr. á mánuði og það segir sig sjálft að það er ekki stór hluti af framfærslukostnaði hvers barns. Þess vegna er mikilvægt að breyta tilhögun um innheimtu meðlags eins og hér er gert ráð fyrir og skylda Innheimtustofnun til þess að innheimta það sem er umfram lágmarksmeðlag einnig.

Annað meginefnisatriði frumvarpsins er að leggja til breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og þar er gert ráð fyrir að meðlögin verði alfarið skattfrjáls. Í hugum flestra er meðlag foreldris með barni ekki tekjur móttakanda heldur fremur ráðstöfun tekna meðlagsgreiðanda í þágu barnsins. Má í því sambandi benda á að í 19. gr. barnalaga kemur fram að þessi framfærslueyrir tilheyri barni. Illskiljanlegt er því að takmarka undanþágu frá tekjuskatti við tvöfalt meðlag, en gera meðlagsgreiðslur umfram það skattskyldar. Reyndar má segja að í slíkum tilvikum sé um tvísköttun að ræða, þ.e. fyrst er greiddur skattur af tekjum meðlagsgreiðanda og síðan af meðlaginu þegar það er komið í hendur þess sem hefur forræði yfir barninu.

Breytingin sem hér er lögð til á lögum um tekjuskatt og eignarskatt felur í sér að barnsmeðlag á grundvelli meðlagsúrskurðar sýslumanns eða samkomulags um framfærslu barns sem staðfest hefur verið af sýslumanni teljist ekki til tekna og verði skattfrjálst.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar en vil þó nefna að efni frv. sem hér um ræðir og ég mæli fyrir er nokkuð breytt frá því að það var fyrst lagt fram sem 547. mál á 125. löggjafarþingi. Þá var lagt til í frv. að meðlög umfram lágmarksmeðlög yrðu skattfrjáls. Efh.- og viðskn. tók þann hluta þess frv. inn sem brtt. við stjfrv. um tekjuskatt og eignarskatt þannig að hluti af því sem ég lagði

til þá var tekinn upp og eru lögin nú með þeim hætti að tvöfalt meðlag er skattfrjálst, en ég tel að ganga þurfi lengra eins og ég hef hér lagt til þannig að allar meðlagsgreiðslur verði skattfrjálsar.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Erfðafjárskattur, 1. umr.

Frv. GunnB o.fl., 398. mál (flatur skattur). — Þskj. 471. [18:36]

Flm. (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga sem ég flyt ásamt hv. þm. Hjálmari Árnasyni, Þorgerði Gunnarsdóttur, Ástu Möller, Drífu Hjartardóttur, Einari Oddi Kristjánssyni, Katrínu Fjeldsted og Sigríði Önnu Þórðardóttur, um breytingu á lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum.

Í 1. gr. frv. er mælt með að 1. mgr. 3. gr. laganna falli brott.

Í 2. gr. frv. segir að 3. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

„Aðrir erfingjar en að framan greinir skulu greiða erfðafjárskatt sem nemur 5 af hundraði af arfi sem fellur til þeirra, svo og af arfshluta sem ráðstafað hefur verið til þeirra með erfðaskrá samkvæmt ákvæðum erfðalaga, nr. 8/1962."

Í 3. gr. frv. er lagt til að 5. gr. laganna orðist svo:

„Af þeim réttindum sem lög þessi taka til skv. 1. gr. og afhent eru sem greiðsla til erfingja fyrir fram upp í arf skal greiða erfðafjárskatt sem nemur 5 af hundraði."

Og 4. gr. frv.: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í frumvarpinu er lagt til að hætt verði að miða fjárhæð erfðafjárskatts við sifjatengsl erfingja og arfleiðanda og þess í stað lagður flatur 5% erfðafjárskattur á alla erfingja, hver sem sifjatengslin eru. Áfram er þó gert ráð fyrir að af arfi sem fellur til þess hjóna sem lifir hitt verði enginn erfðafjárskattur greiddur, svo og arfi sem fellur til kirkna, opinberra sjóða, líknar- og menningarstofnana eða félaga. Sama gildir um arf sem fellur til sambýlismaka samkvæmt arfleiðsluskrá, sbr. A-lið 2. gr. laga um erfðafjárskatt. Jafnframt er gert ráð fyrir að greiddur verði 5% erfðafjárskattur af fyrir fram greiddum arfi. Gert er ráð fyrir að með 5% erfðafjárskatti fáist nægjanlegt fé til að standa undir kostnaði af skiptum hvers dánarbús fyrir sig.

Samkvæmt lögum um erfðafjárskatt greiða niðjar hins látna, kjörbörn, stjúpbörn eða fósturbörn eða niðjar þeirra erfðafjárskatt þannig að af fyrstu 140.000 kr. eru greiddir 5 af hundraði, af næstu 140.000 kr. 6 af hundraði og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 1 af hundraði af hverjum 140.000 kr. sem arfur hækkar um, allt til þess að hann nær því að verða 10 af hundraði.

Foreldrar hins látna eða niðjar þeirra greiða 15 af hundraði af fyrstu 140.000 kr., 17 af hundraði af næstu 140.000 kr. og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 2 af hundraði af hverjum 140.000 kr. sem arfur hækkar um, allt til þess að hann nær því að verða 25 af hundraði.

Afi eða amma hins látna eða börn þeirra eða fjarskyldari eða óskyldir aðilar skulu greiða 30 af hundraði af fyrstu 140.000 kr., 33 af hundraði af næstu 140.000 kr. og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 3 af hundraði við hverjar 140.000 kr. sem arfur hækkar um, allt til þess að hann nær því að verða 45 af hundraði.

Þær hámarkstölur sem nefndar eru hér að framan eiga einnig við um greiðslu fyrir fram greidds arfs eftir sifjatengslum.

Í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns um erfðafjárskatt á 125. lög gjafarþingi (609. mál, þskj. 1171) kom fram að ríkissjóður hefði innheimt eftirfarandi upphæðir sem erfðafjárskatt á árunum 1990–1999:

Árið 1990 234 millj., árið 1991 325 millj., árið 1992 272 millj., árið 1993 291 millj., árið 1994 408 millj., árið 1995 390 millj., árið 1996 460 millj., árið 1997 479 millj., árið 1998 523 millj. og árið 1999 599 millj.

Með innheimtu erfðafjárskatts er skattlagning í raun tvöföld þar sem búið er að greiða skatt af þeim fjármunum og verðmætum sem erfast. Samkvæmt núgildandi lögum eru erfingjar látnir greiða mismikla skatta af arfinum. Og má segja varðandi það fé sem er of mikið skattlagt að það leitar sér skjóls.

Mörgum dánarbúum er skipt á þann hátt að engir skattar eru greiddir. Með þessu frumvarpi mundi draga úr slíku og fólk greiddi þess í stað 5% skiptakostnað. Áætla flutningsmenn að tekjutap ríkisins með tilkomu þessa frv. verði ekkert. Með frumvarpinu er jafnframt komið í veg fyrir að greiddur verði hár erfðafjárskattur af eign sem í raun er lítils virði, eins og gerst hefur í þeim tilvikum þar sem illseljanlegar eignir hafa fallið erfingjum í skaut svo sem úti á landi á afskekktari stöðum.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að fellt verði brott ákvæði um að fjárhæð erfðafjárskatts ráðist af sifjatengslum erfingja við arfleiðanda.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að lagður verði 5% erfðafjárskattur á alla þá sem taka arf eftir arfleiðanda, aðra en maka eða sambýlismaka og kirkjur, opinbera sjóði, líknar- og menningarstofnanir eða félög.

Erlends er afar misjafnt hvernig þetta er. Yfirleitt er þessi skattur hár. Til að fara í kringum það — því eins og ég segi, fé leitar skjóls — eru stofnaðir af erfingjum minningarsjóðir um arfinn eða fjármunina og erfingjar skipa sig í stjórn þessara sjóða og greiða sér út há stjórnarlaun. Hins vegar eru svo kallaðir „trustfunds" sem eru oft peningar eða fé án hirðis eins og sagt hefur verið áður í þessum sal. Mikið réttlætismál er að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi. Eins og staðan er í dag er um hreina og klára tvísköttun að ræða og það er mjög ósanngjarnt gagnvart þeim kynslóðum sem núna eru að eftirláta eignir til þeirra kynslóða sem á eftir þeim koma. Ég vona því að málið fái brautargengi.

Að lokum legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 1. umr.

Frv. PHB, 298. mál (aðild að stéttarfélagi). — Þskj. 320. [18:43]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Í frv. er lagt til að 2. mgr. 7. gr. laganna falli brott. Þessi málsgrein er eftirfarandi, með leyfi herra forseta:

„Starfsmaður, sem lög þessi taka til“ — og er þar átt við opinbera starfsmenn — „og eigi er innan stéttarfélags samkvæmt lögum þessum, greiði til þess stéttarfélags, sem hann ætti að tilheyra, gjald jafnt því sem honum bæri að greiða væri hann í því, enda fari um laun hans og önnur starfskjör samkvæmt samningum þess samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra eða sveitarstjórnar. Þá ákvörðun skal tilkynna viðkomandi stéttarfélagi.“

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta og næstsíðasta löggjafarþingi og var vísað til efnahags- og viðskiptanefndar. Nefndin sá ekki ástæðu til þess að afgreiða málið og lagði ekki til að það yrði samþykkt, því yrði breytt eða að það yrði fellt með viðeigandi rökstuðningi. Er það athyglisvert þar sem í greinargerð með frumvarpinu er því haldið fram og færð fyrir því rök að ákvæði 7. gr. laganna kunni að brjóta gegn stjórnarskrá lýðveldisins Íslands á tvennan hátt:

Það sé í andstöðu við 74. gr. stjórnarskrárinnar sem segir að menn eigi rétt á að taka þátt í félögum, en ekki sé hægt að skylda menn til þátttöku í félögum. Það sé enn fremur í andstöðu við 40. gr. stjórnarskrárinnar sem segir að engan skatt megi á leggja nema með lögum og í andstöðu við 77. gr. sem segir að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Þessi grein er í raun dulbúin skylda til aðildar að stéttarfélagi. Það væri mjög óskynsamlegt fyrir starfsmann að njóta ekki allrar þjónustu stéttarfélags með því að gerast félagi, þótt honum væri það þvert um geð, þar sem hann er búinn að greiða fyrir hana. Má þar nefna orlofsheimili sem dæmi. Þannig brýtur þetta ákvæði hugsanlega gegn ákvæði 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, um félagafrelsi.

Þegar þetta frv. var fyrst lagt fram bárust nokkrar umsagnir sem, allar nema tvær, voru frá aðilum sem njóta þessa ákvæðis, þ.e. stéttarfélögum opinberra starfsmanna. Engin þessara umsagna tók afstöðu til þess hvort hér gæti verið um skattlagningu að ræða. Ég ætla ekki að fara í gegnum þessar umsagnir en um þær er rætt í grg. með frv.

Í grg. með frv. er einnig rætt um dóm Félagsdóms nr. 4/1998, en hann komst að þeirri niðurstöðu í ákveðnu máli að þessi grein samrýmdist ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi, herra forseti. Félagsdómur taldi sig þess umkominn að taka afstöðu til þess hvort ákvæði stjórnarskrárinnar væru gild.

Ég færi fyrir því rök í grg. með frv. að þessi dómur fái ekki staðist vegna þess að ef honum yrði áfrýjað eða hann kærður til almenns dómstóls færi hann til Hæstaréttar. Á endanum yrði það Hæstiréttur sem tæki afstöðu til þess hvort slíkt ákvæði samrýmdist ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þannig eru færð rök fyrir því að enginn dómstóll annar en Hæstiréttur Íslands geti tekið afstöðu til þess hvort ákveðin ákvæði laga frá hinu háa Alþingi samrýmist stjórnarskrá Íslands.

Herra forseti. Félagsgjaldið, þar með skyldugjald, þeirra sem ekki eru félagar er yfirleitt prósenta af launum, 1% eða 1,5% og jafnvel hærra. Er það dregið af launum starfsmannsins án sérstakrar heimildar hans. Þeir greiða mest sem hæst hafa launin þó að þeir þurfi oft á tíðum sjálfir að semja um þau laun. Þannig er hægt að rökstyðja að þetta gjald er ekki þjónustugjald þar sem það er ekki í samræmi við þá vinnu sem felst í að semja um laun og kjör starfsmannsins. Það getur ekki verið tvöfalt dýrara að semja um laun fyrir mann sem er með 200 þús. kr. á mánuði en annan sem er með 100 þús. kr. á mánuði.

Enn fremur má benda á að með þeirri stefnu að heimila forstöðumönnum ríkisstofnana að gera persónulega samninga við starfsmenn um launakjör njóti starfsmaður utan stéttarfélags ekki þjónustu stéttarfélagsins nema í samningum um lágmarkslaun. Sjálfur þarf hann að semja um hærri laun.

Þá er athyglisvert, herra forseti, að lögin kveða ekki á um hámark þess sem félagsgjald má vera, t.d. sem hlutfall af launum. Ef félagsfundur í litlu stéttarfélagi ákvæði að félagsgjaldið þyrfti og ætti að vera 100% af launum yrði launaskrifstofa ríkisins að innheimta það gjald samkvæmt þessari grein og greiða til stéttarfélagsins, án þess að launþeginn gæti borið vörnum við. Þannig er stéttarfélaginu í raun falin ákvörðun um upphæð skatts sem lagður er á launþegann og hann hefur ekkert um það segja hversu hár sá skattur er eða hversu mikið honum ber að greiða. Þetta félagsgjald er enda mismunandi eftir stéttarfélögum.

Herra forseti. Í 77. gr. stjórnarskrárinnar kveður svo að orði:

„Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.“

Í þessu ákvæði sem lagt er til að fellt verði niður er ekki aðeins lagt í hendur stjórnvalda að ákvarða skattinn heldur er það lagt í hendur félags, stéttarfélags um að ákvarða skatt á launþegann. Þannig má ljóst vera að þetta brýtur allverulega í bága við stjórnarskrána. Þess vegna skora ég á hv. efh.- og viðskn., sem fær þetta frv. til skoðunar, að taka mark á því sem fram kemur í grg. og láta skoða mjög nákvæmlega hvort brotin séu ákvæði stjórnarskrárinnar um félagafrelsi annars vegar og hins vegar, ef ekki er um að ræða þjónustugjald, hvort þetta geti verið skattur og hvort eðlilegt sé að borgurum þessa lands sé gert að greiða gjald til félags sem ekki er opinber stofnun, ríkið eða sveitarfélag og það gjald geti verið í ákvörðunarvaldi félagsins sjálfs, sem greiðandinn er ekki einu sinni aðili að.

Herra forseti. Í grg. með frv. eru nefnd nokkuð mörg dæmi um slík gjöld sem ýmist eru innheimt í gegnum fjárlög, þ.e. til ríkisins sem skattur og síðan send aftur til viðkomandi félags eða stofnunar á fjárlögum. Þar er t.d. búnaðargjald sem lagt er á alla bændur og rennur til Bændasamtaka Íslands og Lánasjóðs landbúnaðarins. Það er meira að segja þannig að lágtekjubændum, bændum með mjög lág laun, t.d. sauðfjárbændum, er gert að borga búnaðargjald sem rennur til Lánasjóðs landbúnaðarins jafnvel þó að þeir, vegna bágrar stöðu sinnar, tekna og eigna, geti aldrei fengið lán úr þeim sjóði. Þannig má líta á búnaðargjaldið sem skattlagningu á fátæka bændur til að lána ríkum bændum.

Sóknargjaldið er sömuleiðis nefskattur sem hækkar eins og laun og rennur til trúfélags viðkomandi ellegar til Háskóla Íslands. Verður ekki séð að trúlausir fái neina sérstaka þjónustu hjá guðfræðideild háskólans umfram aðra menn.

Þá er það stefgjaldið sem nokkuð hefur verið til umræðu undanfarið, þar sem lagður er skattur á t.d. tölvur, disklinga, segulbönd og annað slíkt sem rennur til samtaka tónlistarhöfunda en t.d. ekki til þeirra höfunda sem semja forrit og sem eru meira notuð í tölvum en hljómlist. Þar er lagður skattur á ákveðna einstaklinga til að standa undir greiðslum beint til félagasamtaka sem hvorki eru opinber aðili, sveitarfélag né ríki.

Þá er það afnotagjaldið til RÚV, sem vel er þekkt. Mönnum er gert að greiða gjald til Ríkisútvarpsins hvort sem þeir vilja horfa á ríkissjónvarpið eða ekki. Manni sem vill horfa á Skjá einn ber að greiða gjald til RÚV þó að hann langi ekkert sérstaklega til að horfa á það.

Iðnaðarmálagjald er lagt á öll iðnfyrirtæki og rennur til Samtaka iðnaðarins. Það fer reyndar í gegnum fjárlög.

Iðgjald til lífeyrissjóða er þekkt sömuleiðis. Það er skylda allra landsmanna að borga í lífeyrissjóð og lífeyrissjóður er ekki opinbert fyrirtæki eða stofnun.

Nokkur fleiri dæmi má nefna, t.d. Fiskræktarsjóð þar sem vatnsaflsstöðvum í landinu ber að greiða 3 prómill af óskírum tekjum sínum til Fiskræktarsjóðs sem ætlaður er til stuðnings fiskrækt og fiskeldi í landinu. Hér er viðtakandinn ekki opinber aðili og lagður skattur á vatnsaflsstöðvar með þessum hætti.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni umræðu að þetta frv. verði því vísað til hv. efh.- og viðskn. Ég vona að hv. efh.- og viðskn. skoði í alvöru þær athugasemdir sem gerðar eru í grg. með frv. um að þessi grein, sem lagt er til að verði felld niður, sé í andstöðu við ákvæði stjórnarskrárinnar.

[18:54]

Útbýting þingskjala:

Átaksverkefni til að sporna við atvinnuleysi, 591. mál, fsp. SJS, þskj. 948.

Birting skoðanakannana rétt fyrir kosningar, 590. mál, fsp. PM, þskj. 947.

Háspennulínur yfir miðhálendið, 587. mál, fsp. KolH, þskj. 944.

Rekstraröryggi Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði, 588. mál, fsp. KolH, þskj. 945.

Tjónaskuldir vátryggingafélaga, 499. mál, svar viðskrh., þskj. 940.

Úthlutun byggðakvóta, 586. mál, fsp. KLM, þskj. 943.

Úthlutun sérstaks greiðslumarks í sauðfjárrækt, 589. mál, fsp. ÞBack, þskj. 946.

[18:55]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. sem áður hefur komið fram á Alþingi, eins og fram kemur í grg. Það mun hafa verið lagt fram á síðasta þingi og einnig næstsíðasta löggjafarþingi og kveður á um að fólk verði ekki skyldað til að greiða til stéttarfélaga iðgjald sem hugsað er til að standa straum af gerð kjarasamninga. Eins og fram kom í máli hv. þm., flutningsmanns frv. Péturs H. Blöndals, tínir hann til fjölmarga aðra samninga og vísar í fyrirkomulag sem hann telur ekki standast stjórnarskrá og ganga freklega á einstaklingsrétt.

Ég verð að segja að mér finnst þetta frv. verðskulda mikla umræðu. Ég er mjög ósammála því. Þessi hugsun var kjarninn í stefnu Margrétar Thatcher á sínum tíma í Bretlandi, Ronalds Reagans og annarra gunnfánabera frjálshyggjunnar sem fram komu undir lok áttunda áratugarins og á fyrri hluta hins níunda. Hér er gerð aðför að félagslegri aðkomu launafólks að kjarasamningum. Flytjandi frv. þessa, hv. þm. Pétur H. Blöndal, er að segja okkur að í rauninni eigi enginn að þurfa að greiða í sjóði sem viðkomandi hefur ekki beinan ávinning af, hann á ekki að þurfa að greiða fyrir annan mann, eins og kemur fram hér með tilvísan í iðgjald til lífeyrissjóðs.

Hér segir, með leyfi forseta:

„Iðgjald til lífeyrissjóðs, sbr. lög nr. 129/1997, er sömuleiðis ekki hreint þjónustugjald þar sem einhleypum barnlausum karlmanni er gert að greiða of hátt iðgjald sem að hluta til stendur undir barna- og makalífeyri annarra einstaklinga og dýrari ellilífeyri kvenna. Hér er því að hluta til um skattlagningu að ræða sem ekki hlítir ákvæðum stjórnarskrár því viðtakandi er ekki opinber aðili, ákvörðun greiðslunnar er ekki samkvæmt lögum og álagningin er ekki samkvæmt lögum. Iðgjald til lífeyrissjóðs fer ekki í gegnum fjárlög."

Þarna koma reyndar til álita ýmsir aðrir þættir en þetta skilst mér að sé hugsunin, að þú eigir einvörðungu að greiða gjald til réttinda sem stofnað er til fyrir þig einan sem einstakling. Þegar kemur að stéttarfélögunum lítur hv. þm. í fyrsta lagi á það sem mannréttindamál að hverjum og einum sé í sjálfsvald sett hvort hann greiðir slíkt gjald. Hin hugsunin er að þú ert að greiða fyrir verk sem unnin eru fyrir aðra og það er að sönnu hlutverk stéttarfélaganna, að sinna málum sem upp koma fyrir hugsanlega mikinn minni hluta manna.

(**Forseti** (GÁS): Forseti biður hv. þm. afsökunar en ráð var fyrir því gert að þessum fundi lyki nú kl. sjö. Forseti væntir þess að hv. þm. eigi enn þá talsverðu ólokið af ræðu sinni.)

Já.

(**Forseti** (GÁS): Þá vill forseti fara þess á leit við hv. þm. að hann geri hlé á henni og haldi henni áfram síðar.)

Það er sjálfsagt.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 33.–38. og 40.–41. mál.

Fundi slitið kl. 19:00.

---

76. FUNDUR

þriðjudaginn 11. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Skráning skipa, stjfrv., 157. mál, þskj. 157, nál. 886, 916 og 917. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk, þáltill., 143. mál, þskj. 143. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Afkomutrygging aldraðra og öryrkja, þáltill., 149. mál, þskj. 149. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Meðlagsgreiðslur, frv., 150. mál, þskj. 150. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Erfðafjárskattur, frv., 398. mál, þskj. 471. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Úrvinnslugjald, frv., 566. mál, þskj. 914. — 3. umr.
7. Stjórn fiskveiða, frv., 24. mál, þskj. 24. — 1. umr.
8. Kirkjuskipan ríkisins, frv., 64. mál, þskj. 64. — 1. umr.
9. Greining lestrarvanda, þáltill., 107. mál, þskj. 107. — Fyrri umr.
10. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frv., 153. mál, þskj. 153. — 1. umr.
11. Nýting innlends trjáviðar, þáltill., 154. mál, þskj. 154. — Fyrri umr.

12. Niðurfelling lendingargjalda fyrir millilandaflug á Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllum, þáltill., 155. mál, þskj. 155. — Fyrri umr.

13. Meðferðardeild við fangelsi fyrir sakhæfa geðsjúka afbrotamenn, þáltill., 156. mál, þskj. 156. — Fyrri umr.

14. Uppbygging fiskeldisfyrirtækja vegna eldis kaldsjávarfiska, þáltill., 167. mál, þskj. 167. — Fyrri umr.

15. Almannatryggingar, frv., 169. mál, þskj. 169. — 1. umr.

16. Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla, þáltill., 171. mál, þskj. 172. — Fyrri umr.

17. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 184. mál, þskj. 185. — 1. umr.

18. Umsvif deCODE Genetics Inc. í íslensku fjármálakerfi, þáltill., 186. mál, þskj. 187. — Fyrri umr.

19. Samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs, þáltill., 191. mál, þskj. 192. — Fyrri umr.

20. Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, þáltill., 192. mál, þskj. 193. — Fyrri umr.

21. Verndun íslensku mjólkurkýrinnar, þáltill., 193. mál, þskj. 194. — Fyrri umr.

22. Verndaráætlanir samkvæmt Ramsar-samþykktinni, þáltill., 194. mál, þskj. 195. — Fyrri umr.

23. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 206. mál, þskj. 209. — 1. umr.

24. Innheimtulög, frv., 209. mál, þskj. 212. — 1. umr.

25. Sýslur, þáltill., 214. mál, þskj. 217. — Fyrri umr.

26. Tryggur lágmarkslífeyrir, þáltill., 225. mál, þskj. 228. — Fyrri umr.

27. Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, þáltill., 226. mál, þskj. 229. — Fyrri umr.

28. Húsnæðismál, frv., 227. mál, þskj. 230. — 1. umr.

29. Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, þáltill., 228. mál, þskj. 231. — Fyrri umr.

30. Lágmarkslaun, frv., 313. mál, þskj. 338. — 1. umr.

31. Lögbinding lágmarkslauna, þáltill., 314. mál, þskj. 339. — Fyrri umr.

32. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 326. mál, þskj. 354. — 1. umr.

33. Flutningur starfa Ferðamálaráðs til aðila innan ferðaþjónustunnar, þáltill., 373. mál, þskj. 419. — Fyrri umr.

34. Notkun hagrænna stjórntækja við umhverfisvernd, þáltill., 374. mál, þskj. 420. — Fyrri umr.

35. Lífskjarakönnun eftir landshlutum, þáltill., 389. mál, þskj. 448. — Fyrri umr.

36. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, frv., 399. mál, þskj. 475. — 1. umr.

37. Hlutafélög, frv., 410. mál, þskj. 513. — 1. umr.

38. Þingsköp Alþingis, frv., 411. mál, þskj. 514. — 1. umr.

39. Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis, þáltill., 486. mál, þskj. 798. — Fyrri umr.

40. Grunnskólar, frv., 492. mál, þskj. 808. — 1. umr.

41. Gjaldþrotaskipti o.fl., frv., 493. mál, þskj. 809. — 1. umr.

42. Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, frv., 508. mál, þskj. 841. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Páll Magnússon, 7. þm. Reykn.,
Páll Pétursson félmrh.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Nú að loknum atkvæðagreiðslum fer fram umræða utan dagskrár um tækni- og iðnmenntun. Málshefjandi er hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson. Hæstv. menntmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Mótmæli gegn Kárahnjúkavirkjun erlendis frá, 529. mál, svar umhvrh., þskj. 942.

Staða óhefðbundinna lækninga, 592. mál, fsp. LMR, þskj. 949.

Þjónusta við sjúk börn og unglinga, 593. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 950.

Þjónusta við sjúk börn og unglinga, 594. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 951.

Þjónusta við sjúk börn og unglinga, 595. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 952.

Þjónusta við sjúk börn og unglinga, 596. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 953.

Skráning skipa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 157. mál (þurrleiguskráning fiskiskipa). — Þskj. 157, nál. 886, 916 og 917.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Brtt. í nál. 886 samþ. með 30:19 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, StB, TIO, VÞV.

nei: ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁSJ, EMS, GunnB, HBl, KVM, KHG, KLM, PM, PP, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:34]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Megintilgangur þess frv. sem hér er verið að flytja er að heimila að íslensk skip sem skráð eru á íslenska skipaskrá séu jafnframt skráð þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá. Við þurrleigu færist skipið undir lögsögufána ríkis til leigutakans og gilda þá lög þess um allan rekstur skipsins, þar með talið veiðileyfi, veiðieftirlit, öryggismál, kjaramál, tryggingamál og atvinnuréttindi. Hins vegar eru veðbönd skipsins skráð hjá hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum hér á landi þannig að það gilda mismunandi reglur um áhöfn og skip.

Virðulegi forseti. Með þessum lögum er verið að opna fyrir það að íslensk skip sem eru skráð á Íslandi geti ráðið áhafnir á kjörum sem ekki eru samkvæmt kjarasamningum íslenskra sjómanna og íslenskum kjarasamningum. Þess vegna erum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði á móti þessu frv. Við teljum að það eigi að vernda lögvarinn rétt íslenskra sjómanna og á íslenskum skipum skulu gilda íslenskir kjarasamningar.

[13:35]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég tel að þetta frv. snúist einvörðungu um það að koma íslenskum áhöfnum af skipunum og skapa rými fyrir erlendar áhafnir á lægri launum og lakari kjörum. Ég hlýt að leggjast gegn þessu af fullum þunga, geri það og segi nei.

1. gr., svo breytt, samþ. með 30:17 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, StB, TIO, VÞV.

nei: ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (SJóh) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁSJ, EMS, GunnB, HBl, KVM, KHG, KLM, PM, PP, RG, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 30:19 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, StB, TIO, VÞV.

nei: ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁSJ, EMS, GunnB, HBl, KVM, KHG, KLM, PM, PP, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43:3 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PHB, RG, SI, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, TIO, VÞV, ÞBack.

nei: GAK, SvH, ÖJ.

2 þm. (GE, KolH) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁSJ, EMS, GunnB, HBl, KVM, KHG, KLM, PM, PP, SJóh, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS, 143. mál. — Þskj. 143.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Afkomutrygging aldraðra og öryrkja, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 149. mál. — Þskj. 149.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Meðlagsgreiðslur, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 150. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 150.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Erfðafjárskattur, frh. 1. umr.

Frv. GunnB o.fl., 398. mál (flatur skattur). — Þskj. 471.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Úrvinnslugjald, 3. umr.

Frv. umhvn., 566. mál (frestun gjaldtöku, brottfall tollnúmera). — Þskj. 914.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VÞV, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ÁSJ, GHH, GunnB, HÁs, HBl, KVM, KHG, KLM, PM, PP, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 957).

Umræður utan dagskrár.

Tækni- og iðnmenntun.

[13:39]

Björgvin G. Sigurðsson:

Herra forseti. Íslensk verkmenntun er í kreppu í kjölfar fjársveltis og metnaðarleysis menntayfirvalda undanfarinn áratug. Iðn- og tæknimenntun á í djúpstæðum vanda sem lýsir sér m.a. í því að aðsókn að náminu hefur minnkað, verknámið hefur að hluta færst af landsbyggðinni og framboð á verkmenntun minnkað í fjölbrautaskólum landsins. Auk þess er námsefnið staðnað og úrelt í mörgum greinum. Afleiðingarnar eru lítil nýliðun í iðngreinum og atgervisvandi íslensks iðnaðar.

Undirstaða nýsköpunar í atvinnulífinu er gott list- og verknám sem svarar kröfum tímans og er eftirsótt af ungu fólki. Öflug og framsækin menntun sem uppfyllir þarfir atvinnulífsins á hverjum tíma er forsenda þess að viðgangur og vöxtur iðnaðar, þekkingarsamfélags og hátækni verði svo sem vonir og væntingar standa til. Í kjölfar fjársveltis hafa hinar hefðbundnu iðngreinar verið að gefa eftir og má nefna sem dæmi að sveinsprófum hefur fækkað um 14% á liðnum árum. Það má því fullyrða að bágborið ástand iðn- og tæknináms og minnkandi ásókn í það sé farið að grafa undan uppbyggingu og útrás atvinnulífsins og standa samkeppnishæfi þess fyrir þrifum. Að hluta liggur þessi fjárhagsvandi verknámsins í reiknilíkandi sem notað er til dreifingar á fjármagni til framhaldsskólanna. Líkanið skilar verknámi ekki því sem eðlilegt er til að hægt sé að halda því úti með sómasamlegum hætti og alls ekki því fjármagni sem nauðsynlegt er til að halda úti metnaðarfullri iðn- og tæknimenntun sem stenst kröfur námsmanna og atvinnulífsins.

Samtök iðnaðarins hafa gagnrýnt reiknilíkanið harkalega og segja það algjörlega ónothæft mælitæki á fjárþörf íslenskra framhaldsskóla, sérstaklega iðnskóla og verkmenntaskóla eins og fram kemur í yfirlýsingu frá samtökunum í nóvember sl. Innan fjölbrautaskólanna hefur átt sér stað dapurleg þróun. Þeir lögðu upp með háleit markmið um metnaðarfullt verknám og fjölbreyttar verknámsgreinar en hafa horfið frá þeirri braut og snúið sér að bóknámi að mestu þar sem hver kennslustund er margfalt ódýrari. Verknámsgreinarnar hafa gefið eftir og eru nú hornreka í starfsemi skólanna. Það er áríðandi að gripið sé til markvissra aðgerða til að rétta hlut verknámsins samhliða því að tryggja því það fjármagn sem til þarf. Það mun hafa alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskt atvinnulíf ef hrunadans verknámsins heldur áfram. Fyrst og fremst þarf þó að breyta uppbyggingu og samsetningu náms í grunnskólum og gera list- og verknámsgreinunum hærra undir höfði. Nánast engin verkleg kennsla á sér stað á grunnskólastiginu, heldur er að mestu lögð áhersla á bóklegu greinarnar. Þetta fyrirkomulag mismunar nemendum verulega og tekur ekkert tillit til þess hve ólíkir einstaklingarnir eru að gerð og þess á hve ólíkum sviðum hæfileikar manna liggja. Til að skapa börnum jöfn tækifæri strax í grunnskóla þarf að byggja upp fjölbreyttara nám sem þroskar verksvitið samhliða bókvitinu.

Staðreyndin er því miður sú að bóknám er álitið skör hærra hér á landi en list-, verk- og iðnmenntun. Það verður að veita til verknámsins nægilegt fjármagn, endurskoða námsefnið, kynna kosti þess markvisst fyrir ungu fólki, auka kennslu þess í grunnskólum, vinna að hugarfarsbreytingu til námsins og treysta tengsl þess við atvinnulífið. Einungis með því móti fær það notið sannmælis og virðingar samtímans.

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hefur lýst áhuga á að efla verknám. Er það vel og vonir bundnar við störf hans og áhuga á náminu. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Hvernig ætlar hæstv. menntmrh. að bregðast við þeirri staðreynd að hefðbundnar iðngreinar hafa verið í sívaxandi vörn eins og 14% fækkun sveinsprófa sl. áratug vitnar um?

2. Hvernig hyggst hæstv. menntmrh. bregðast við þeirri gagnrýni sem fram hefur komið upp á síðkastið að reiknilíkanið sem notað er til dreifingar á fjármagni til framhaldsskóla skili verknámi ekki því sem eðlilegt er til að halda því úti með sómasamlegum hætti?

[13:43]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Það er álit hv. fyrirspyrjanda að fækkun sveinsprófa merki að hefðbundnar iðngreinar hafi verið í sívaxandi vörn hér á landi. Þetta er fullkomið álitaefni og verður að skoða í mun víðara samhengi en hér var gert. Aðsókn að námi á framhaldsskólastigi hefur aukist jafnt og þétt undanfarna áratugi. Aðsóknin er nokkuð breytileg frá einu tímabili til annars þegar litið er til einstakra námsbrauta eða tegunda náms. Aðsókn að námi í löggiltum iðngreinum hefur dregist nokkuð saman á tímabilinu 1991–2000, eða um 9,5%. Á þeim tíma fjölgaði nemendum í öðru starfsnámi hins vegar um 10,5%. Iðnnemum fjölgaði um 2% milli áranna 1995 og 2001, og nemendum í öðru starfsnámi fjölgaði þá um 14,5%. Á árunum 1995–2001 fjölgaði nemendum í framhaldsskólum alls um 5,6%. Af þessum tölum sést að aðsókn er nokkuð sveiflukennd að mismunandi tegundum náms en nýjustu innritunartölur benda til þess að aðsóknaraukningin sé mest í öðru starfsnámi. Áhrifa af inntökuskilyrðum í nám í framhaldsskóla er nýlega farið að gæta og ekki ólíklegt að þau breyti aðsókn að námi þegar til nokkuð lengri tíma er litið.

Menntamálayfirvöld hafa beitt sér fyrir margvíslegum aðgerðum til að styrkja undirstöður iðn- og starfsmenntunar í landinu og sá málaflokkur er búinn að vera í forgangi hjá þeim lengi. Það verður að skoða þróun aðsóknar að námi í heild sinni og festast ekki í klisjukenndri umræðu um minnkandi aðsókn að námi í löggiltum iðngreinum. Margt bendir til þess að starfsmenntun sé í sókn og menn verða að taka tillit til þess að þjóðfélagið er að taka breytingum. Menn geta ekki rætt þessi mál á grundvelli þess hvernig þetta þjóðfélag var fyrir meira en 10 árum.

Að því er varðar fjármál starfsmenntaskólanna, en um það var einnig spurt og reiknilíkanið sérstaklega, er það rangt að reiknilíkan sem notað er til að reikna framhaldsskólum fé taki ekki tillit til sérstaks kostnaðar sem leiðir af kennslu verknáms. Fjárveitingar til rekstrar framhaldsskóla eru lögum samkvæmt byggðar á reiknilíkani og var slíkt líkan í fyrsta sinn notað við undirbúning fjárlaga 1998. Regluleg endurskoðun á reiknilíkaninu á síðustu árum hefur snúist um að finna réttar forsendur við ólíkar tegundir náms, einkum með sérstöðu verknámsins í huga. Mikil vinna hefur verið lögð í það af hálfu ráðuneytisins í góðri samvinnu við skólana að sníða vankantana af reiknilíkaninu, og fyrirsjáanlega þarf að sæta sífelldri endurskoðun þegar reiknilíkön af þessu tagi eru notuð. Hið endanlega markmið er að fjárframlög til einstakra skóla endurspegli kostnað vegna fjárfestingar og starfsemi þeirra. Endurskoðun á reiknilíkani til útdeilingar fjárveitinga átti markvisst að leiða til þess að aukningin skilaði sér til starfs-, iðn- og verkmenntunar, hvort heldur litið er til dreifbýlis eða þéttbýlis, smárra skóla eða stórra.

Einfaldur samanburður á fjárveitingum samkvæmt fjárlögum 2002 og 2003 sýnir að þetta markmið hefur náðst hvað varðar nokkra helstu verknámsskóla landsins. Iðnskólinn í Reykjavík hækkar um 3,9%, Verkmenntaskólinn á Akureyri hækkar um 4,4%, Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi hækkar um 4,3%, Fjölbrautaskóli Suðurnesja hækkar um 5,1%, Borgarholtsskóli hækkar um 8,9% en mest þó Iðnskólinn í Hafnarfirði eða um 24% en þar var gert ráð fyrir nokkurri fjölgun nemenda. Það er rétt að taka það fram að samkvæmt reiknilíkani fyrir árið 2001 kemur fram að nokkrir skólar með umtalsverða verkmenntun hafa verið reknir með afgangi undanfarin ár. Þetta þýðir í raun og veru að það er ekki hægt að líta til einstakra skóla. Sumum gengur vel að halda utan um rekstur sinn og skila afgangi, jafnvel í verkmenntun, en öðrum tekst það eins og gengur ekki eins vel. Það er mikilvægt atriði í þessu sambandi að menn geri sér grein fyrir því að með reiknilíkaninu er verið að gera skólana samanburðarhæfa. Með þeim breytingum sem gerðar voru á reiknilíkaninu er verið að bæta stöðu verknámsins og það er misskilningur hjá hv. fyrirspyrjanda og það er misskilningur líka hjá Samtökum iðnaðarins að það hafi ekki verið gert enda hefur þetta verið viðurkennt af skólameisturum verkmenntaskóla.

Ég nefni sérstaklega að það kom fram í máli Baldurs Gíslasonar, skólameistara Iðnskólans, að það væri verið að bæta verulega stöðu verkmenntaskólanna, og þeir vonast til þess að væntingar þeirra að því er það varðar nái fram. Þær tölur sem ég benti á áðan benda til þess að svo sé. Ég held að það sé mikilvægt að menn ræði ekki um iðn- og verknám á grundvelli fortíðarinnar heldur taki menn tillit til þess sem hefur verið að breytast í starfsnáminu. Þjóðfélagið hefur verið að breytast. Kröfur til starfsnáms hafa verið að breytast og það hefur verið mestur vöxtur í starfsnámi þegar við lítum á innritunartölur skólanna. Það er því mikilvægt að við höldum þessu til haga í þessari umræðu. Það er verið að breyta líkaninu til góða fyrir starfsnámið. Við munum halda því áfram og breyta líkaninu eftir þörfum. Það verður gert á komandi árum vegna þess að líkan er með þeim hætti að það þarf að vera í stöðugri endurskoðun.

[13:49]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. segir að horft sé björtum augum til framtíðar í menntmrn. hvað varðar iðnnám, starfsnám og verknám. Guð láti gott á vita, við skulum sjá til þegar líður nær framtíðinni en hér erum við stödd í núinu. Það er núna sem við þurfum á því að halda að efla starfstengt nám á öllum skólastigum og það er núna sem ákveðin mismunun ríkir í skólakerfinu út af gölluðu reiknilíkani. Það er núna sem Verkmenntaskólinn á Akureyri kvartar yfir því að hann þurfi að endurgreiða ríkinu 28 millj. kr. fyrir árið 2001 vegna brottfalls nemenda. Og ég spyr, herra forseti: Er forsvaranlegt að reka svona refsistefnu? Það er verið að gera það í dag gagnvart verknámsskólunum. Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst við hafa haldið verknámsskólunum í fullmikilli spennitreyju. Ef við höfum í alvöru vilja og döngun í okkur til að efla ímynd verknáms og iðnnáms út um allt land, þá eigum við að gera það með bros á vör og vera hnakkakerrt við það. Við eigum ekki alltaf að karpa um það hvort þetta reiknilíkan sé gott eða ekki gott. Það er ekki gott eins og framhaldsskólastjórnendur hafa margoft vikið að. Reiknilíkanið er gallað. Það er gott að reynt skuli að leiðrétta það í menntmrn. en það er ekki nógu gott að við skulum ekki geta unnið hlutina hraðar en raun ber vitni. Það er auðvitað mjög miður að það skuli þurfa að bíða jafnlengi og raun ber vitni eftir þeim leiðréttingum sem nauðsynlegt er að gera á þessu reiknilíkani. Það er t.d. sárgrætilegt að þessar þreyttu einingar sem gerð er krafa um að skólarnir fái beinlínis greitt eftir samkvæmt reiknilíkaninu, skuli vera ófrávíkjanleg krafa því að það gerir það að verkum að nemendur sem eiga erfiðara í námi eru látnir mæta afgangi. Ég fullyrði það, herra forseti, að nemendur sem ekki fylla þreyttar einingar verða meiri baggi á samfélaginu síðar heldur en ef við leggjum þeim lið á námstíma.

[13:51]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Þær ræður sem nú eru fluttar um stöðu iðnmenntunar og starfsmenntunar voru líkar fluttar á Alþingi og í samfélaginu öllu fyrir 20 árum, sömu ræðurnar. Þá var ástandið þannig að um 70% nemenda sem fóru í framhaldsskóla fóru inn á stúdentsbrautir en 30% nemenda í starfsnám, öfugt við það sem tíðkast í nágrannaríkjum okkar, og brottfall nemenda í framhaldsskólum var um 40%.

Þessar tölur eru óbreyttar í dag. Það hefur með öðrum orðum lítið gerst hvað þetta varðar og við hljótum þess vegna að spyrja: Hvers vegna?

Í lögum um framhaldsskóla er ekkert sem meinar skólunum að taka upp nýjar starfsmenntabrautir. En málið er flóknara en svo. Í fyrsta lagi vil ég nefna sem kannski meginástæðu fyrir stöðu starfsnáms á Íslandi í dag. Það er viðhorfið, hið almenna viðhorf í samfélaginu þar sem má segja að svokallað stúdentssnobb sé mun æðra talið en hið mikilvæga starfsnám og það birtist í aðsókn nemenda inn á starfsnámsbrautir.

Í annan stað vil ég segja: Viljaleysi atvinnulífsins að viðurkenna í verki þörfina á því að fá vel menntað fólk í allar þær starfsgreinar sem þekkjast innan íslensks atvinnulífs. Sá vilji er afskaplega takmarkaður í verki.

Í þriðja lagi vil ég síðan nefna að sú atvinnugrein sem mannfrekust er í íslensku atvinnulífi, nefnilega þjónusta, endurspeglast ekki í skólakerfinu en við eigum hins vegar ýmsa þjónustuskóla, lokaða skóla, bankaskóla, tollvarðaskóla, lögregluskóla og þar fram eftir götunum sem hinn almenni nemandi í framhaldsskóla á enga möguleika á að komast í. Þetta, herra forseti, eru að mínu mati þær meginástæður fyrir því að nemendur skuli ekki fara í starfsnám hér á landi eins og tíðkast í nágrannalöndum okkar og það er grafalvarlegt fyrir íslenskt atvinnu- og efnahagslíf til framtíðar litið.

[13:53]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Iðnnám hefur átt undir högg að sækja í menntakerfinu að því leyti að bóknámið hefur oft verið skilgreint sem hið svokallaða æðra nám og meiri áhersla hefur verið lögð á það en iðn- og verknámið. Þróunin hefur kallað á nýja tækni við kennslu tækjabúnaðar og stöðuga endurnýjun þarf til þess að skólarnir hafi yfir að ráða tækjum og tölvubúnaði sem er sambærilegur þeim sem algengastur er og atvinnulífið notar. Ávallt þarf að standa vel að endurnýjun kennslubúnaðar ef námið á að uppfylla skilyrði atvinnulífsins. Námið verður dýrara vegna endurnýjunar kostnaðarsams tækjabúnaðar.

Vandi iðn- og tæknináms er fjármagnsvöntun. Reiknilíkanið svokallaða hefur verið gagnrýnt af stjórnendum framhaldsskólanna m.a. af því að það taki ekki nægilegt mið af

mismunandi starfsemi skólanna. Stjórn Kennarasambands Íslands hefur bent á að árum saman hafi verið mörg hundruð millj. kr. mismunur á fjárveitingum og raunverulegum rekstrarkostnaði skólanna. Fjárhagsvandi framhaldsskólanna í landinu nam í árslok 2002 samanlagt 1.270 millj. kr. að mati Skólameistarafélags Íslands og Félags íslenskra framhaldsskóla. Hluti af þessu er uppsafnaður fortíðarvandi. Af þessum ástæðum er hætta á að iðn- og tæknínám verði eftirbátur atvinnulífsins og nái ekki að fylgja eftir þróuninni og verði þar með dragbítur á vöxt og nýsköpun í iðnaði.

[13:55]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Tæpast verður um það deilt að fjölbreytt tæknimenntun er undirstaða aukinnar velferðar á 21. öldinni. Það er því þjóðfélaginu mjög mikilvægt að fá sem flesta nemendur til að velja sér bæði lengra og styttra tæknínám. Við það að Tækniskólinn var færður á háskólastig sköpuðust ný sóknarfæri í að efla námið mjög á því sviði en því miður hefur þróunin ekki verið eins og best hefði verið á kosið þegar litið er til kennslu tæknigreina á framhaldsskólastigi. Lengi vel voru þeir fjölbrautaskólar sem buðu upp á iðnnám hlunnfarnir fjárhagslega. Á síðasta hausti var reiknilíkanið lagfært en þá kom ríkissjóður með flatan niðurskurð við fjárlagagerðina og þessir skólar voru skornir niður í fjárlögum þannig að ávinningurinn varð minni en vonir stóðu til svo að enn þurfa þeir skóla sem eru þó að standa fyrir verkmenntakennslu að líða sakir fjárhagsvandræða. Er nú mál að linni.

Ég vil ítreka það sem ég hef áður sagt að endurskoða þarf í gildandi framhaldsskólalögum ákvæði um kjarnaskóla. Þau hafa m.a. haft það í för með sér að t.d. á gjörvöllu Akureyrarsvæðinu og Suðurnesjum er nánast enginn við nám í bifvélavirkjun og sama er að segja um kjötiðnað sem mikið er stundaður á Eyjafjarðarsvæðinu og af miklum metnaði. Það er ekki hægt að læra slíkt á Akureyri.

Auðvitað geta fjölbrautaskólar úti á landi haft þessa nemendur í grunnnámi og starfstengda hlutann má þá taka á fagvottuðum vinnustöðum. Hugsanlega má senda nemendur á styttri námskeið ef eitthvað það sem þarf að læra er ekki fyrir hendi á staðnum á viðkomandi svæði. Þennan þátt er brýnt að endurskoða.

[13:57]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Herra forseti. Á síðustu árum hafa átt sér stað ýmsar markverðar breytingar sem varða iðn- og verknám og líklegar eru til að hafa áhrif á þróun þess. Áhersla menntamálayfirvalda hefur um langt skeið miðað að því að auka veg starfsnáms og má segja að lög um framhaldsskóla frá 1996 endurspegli þá áherslu mjög skýrt. Einkum hefur verið lögð áhersla á að koma á markvissari tengslum menntunar og atvinnulífs. Í því sambandi má nefna að gerðar voru ákveðnar breytingar á hinni stjórnsýslulegu umgjörð starfsnáms sem fram fer í skóla í lögum um framhaldsskóla frá 1996. Sett var á laggirnar samstarfsnefnd um starfsmenntun á framhaldsskólastigi til að vera ráðgefandi um aðgerðir í starfsmenntamálum og er hún að mestu skipuð aðilum frá íslensku atvinnulífi.

Starfsgreinaráðum í öllum starfsgreinaflokkum var komið á fót til að vinna að samningu námskráa fyrir starfsmenntunina og gera tillögur að nýju námi. Áhersla á símenntun hefur aukist hröðum skrefum en þar er meginmarkmiðið að vekja fólk til meðvitundar um mikilvægi þess að viðhalda menntun sinni eða afla sér menntunar á nýju sviði eftir að hefðbundinni skólagöngu lýkur. Starfsmenntun er veigamesti þáttur símenntunarinnar. Opnað er fyrir að einkaskólar á framhaldsskólastigi geti fengið viðurkenningu menntmrn. til að starfa og hafa slíkir skólar einkum boðið upp á starfsmenntun.

Herra forseti. Ýmissa leiða hefur verið leitað til að gera iðn- og tæknimenntun hærra undir höfði og stórt skref var stigið er Tækniskóli Íslands var færður á háskólastig. En það sem á vantar er helst viðhorfsbreyting almennings til að meta þetta nám til jafns á við hefðbundið framhalds- og háskólanám í bóklegum greinum.

[13:59]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Metnaðarfullt verk og listnám skiptir öllu máli fyrir samfélög, bæði Ísland sem og önnur lönd. Við megum gefa þessum málun mun meiri gaum en við gerum og þess vegna er ágætt að ræða þau hér í dag. Bóknámi hefur verið gert hærra undir höfði en list- og verknámi, enda hefur ungt fólk sótt meira í þann geira en verknámsgeirann. Þegar við horfum á t.d. mannvirkjagerð svo sem húsbyggingar og þess háttar, þá skipta góðir iðnaðarmenn gríðarlega miklu máli og við þurfum að halda því mjög á lofti.

Við megum ekki gleyma því að við eigum líka glæsilegar menntastofnanir í verknámsgreinum og vil ég nefna t.d. Hótel- og veitingaskólann sem er í Kópavogi. Sá skóli er í miklum sérflokki. Það er líka mjög jákvætt að horfa til þess að ýmsar iðngreinar á Íslandi eru taldar á heimsvísu. Ég nefni t.d. hárgreiðslumeistara sem þykja afar flinkir hér á landi. Á sama hátt fá kjötiðnaðarmeistarar viðurkenningar víða og breitt um Evrópu fyrir það sem framleitt er á Íslandi.

Þá vil ég líka nefna matreiðslumeistara sem hafa verið að taka þátt í mjög mörgum keppnum víða og breitt um heiminn. Nefna má t.d. Bocuse d´Or keppnina sem var í Lyon í Frakklandi ekki alls fyrir löngu en Íslendingar hafa keppt þar núna í þrjú skipti og staðið sig með miklum ágætum. Ég segi líka að matreiðslumeistarar eru þeir menn og reyndar kjötiðnaðarmeistarar líka sem geta kynnt íslenskar matvörur og eru í raun og veru nýir sendiherrar Íslands á erlendri grundu. Þess vegna verðum við að horfa til þess þegar við tölum um verknámið að við eigum mjög góða iðnaðarmenn og okkur ber að sinna þeim skyldum okkar. Þess vegna er gott að ræða þessi mál en við megum heldur ekki gleyma því sem vel er gert þegar við ræðum um verknám á Íslandi.

[14:01]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég hygg að bæði fjölbreytni atvinnulífs á næstu árum og varanlegur hagvöxtur meðal þjóðarinnar muni hvíla á menntuninni, sérstaklega á iðn- og tæknimenntun. Því er ekki að undra þó að Samtök atvinnulífsins hafi lýst þungum áhyggjum yfir þeirri þróun sem hefur orðið í menntamálum á síðustu árum, þ.e. að iðn- og tæknimenntun hefur stöðugt átt undir högg að sækja og vegur hennar farið síminnkandi í menntunarlífi þjóðarinnar.

Hv. þm. Hjálmar Árnason, sem jafnframt er aðili að þessari ríkisstjórn, lýsti því hér áðan að ekkert hefði gerst sl. 20 ár. Varla getur maður eins og hv. þm. Hjálmar Árnason sem styður þessa ríkisstjórn sem setið hefur nú a.m.k. um 12 ára skeið tekið sterkar til orða. Þó að Framsókn hafi ekki verið þar allan tímann hefur lítil breyting orðið á.

Ég held að það þurfi alveg gjörbreytta skólastefnu. Staðreyndin er sú að flest barna okkar ætla að ljúka framhalds-

skóla. Það er orðinn sjálfsagður hlutur að fara í framhaldsskóla. Staðreyndin er hins vegar sú að innan við helmingur nemenda lýkur framhaldsskólanum þannig að þeir eru að verja þarna tíma sem ekki nýtist og lenda auk þess í skipbroti. Nemendum sem ekki eiga greiða leið í gegnum framhaldsskólann er refsað með fallsköttum.

Sú staðreynd að sjö af hverjum tíu nemendum sem ljúka svokölluðu iðnnámi koma úr sveit segir okkur líka að það er einmitt úti um hinar dreifðu byggðir landsins sem þarf að efla og styrkja iðnnámið og starfsnámið. En því miður, þessu er öfugt farið. Þeir skólar úti um land sem bjóða nám á þessu stigi eiga stöðugt undir högg að sækja og það er röng stefna.

[14:04]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það var rétt hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni að þessi umræða hefði að mestu leyti getað farið fram fyrir 20 árum síðan. Það segir okkur enn einu sinni að allt of lítið hefur verið gert í þessum málum, þ.e. að efla hlut verknáms á kostnað bóknáms. Ástæðurnar eru að sjálfsögðu margar, m.a. þær að ekki hefur verið unnið nóg í því að breyta því kerfi sem við búum við hvað varðar verknám. Það er augljóst að áhugi nemenda t.d. er mun meiri en kemur í ljós við það hverjir sækja iðnnám þannig að hér er mikið verk að vinna og kominn tími til að tekið verði til hendinni.

Hæstv. menntmrh. fullyrti að það væri rangt að ekki væri tekið nægilegt tillit til verknáms í reiknilíkaninu. Herra forseti. Ég held því miður að hæstv. menntmrh. geti ekki staðið við orð sín hvað þetta varðar. Margoft hefur verið bent á að þrátt fyrir að örlitlar breytingar hafi verið gerðar á reiknilíkaninu hafi ekki nægilegt tillit verið tekið til verknámsins. Ég hygg að þegar það verður skoðað í þaula muni það koma í ljós enn einu sinni.

Herra forseti. Af þessu tilefni langar mig til að rifja upp nokkur ummæli eða skýringar sem m.a. koma fram í greinargerð með fjárlögum fyrir árið 2003. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Að öðru leyti er áætlanagerðin byggð á nýrri útgáfu reiknilíkans fyrir framhaldsskóla sem breyst hefur í veigamiklum atriðum."

Örlitlu síðar segir, með leyfi forseta:

„Endurskoðað reiknilíkan leiðir til nokkurrar tilfærslu framlaga á milli skóla ..."

Og síðan þetta, herra forseti:

„Meginbreytingin er þó sú að framlög færast frá bóknámi til verknáms og frá skólum með slaka nýtingu á kennslukröftum til þeirra sem eru með betri nýtingu."

Herra forseti. Þetta þýðir að það sem segir í fyrri hluta setningarinnar er í raun tekið að mestu af í seinni hluta setningarinnar vegna þess að því miður er það þannig að í verknámi er eðlilega minni nýting á kennslukröftum. En það verður að segjast, herra forseti, þegar reynt var að kanna hvað stæði í þessum breytingum reiknilíkansins og farið var fram á það 15. október í fjárln. að fá afrit af reiknilíkaninu, þá tókst það ekki. En vegna snarræðis eins ákveðins starfsmanns í menntmrn. tókst mér að fá þetta reiknilíkan núna kl. 12.10 og hef því ekki haft nægilegan tíma til þess að kanna það. En það verður gert.

[14:06]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Hér erum við að ræða um tækni- og iðnmenntun. Segja má að þetta sé ekki beinlínis utandagskrárefni í sjálfu sér. En málið er mikilvægt. Það er ljóst. Þetta sýnir að kosningar eru í nánd og þess vegna er það kannski hér til umræðu utan dagskrár.

Reiknilíkanið hefur komið til tals í þessari til umræðu. Það kom skýrt fram á menntadegi iðnaðarins þar sem farið var nokkuð yfir þessi mál að tekið er tillit til mismunandi fjárfestinga í hinum breytilegu skólum, hvort heldur þeir eru með bóknám eða dýrt nám á við iðnmenntun og tæknimenntun. Það er gert. Það er að sönnu rétt.

Jafnframt hefur margoft komið fram að skólarnir eru reknir mjög mismunandi. Um það bil einn þriðji af framhaldsskólunum er rekinn fyrir ofan núllið og með hagnaði. Aðrir skólar, um einn þriðji þeirra, er svona við núllið, við þau mörk sem gert er ráð fyrir og um það bil einn þriðji er undir þessum mörkum. Það hlýtur að segja að með framþróun þessa reiknilíkans er verið að ganga veginn til réttrar áttar. Mér finnst að hv. fyrirspyrjandi og málshefjandi hefði þurft að kynna sér betur reiknilíkanið sem slíkt.

Við ræðum nú um framhaldsskólana og sérhæfingu þeirra og ég held að nauðsynlegt sé í þessari umræðu að huga að sérhæfingu framhaldsskólanna, ekki síst úti á landsbyggðinni þar sem nemendur vilja stunda sitt nám og það hlýtur að gerast með því að grunnnámið, upphafsnámið í framhaldsskólunum verði úti á landsbyggðinni og síðan verði sérnámið tekið við þá skóla sem taka það að sér og eru sérútbúnir til þess að veita þá sérfræðimenntun. Ég held að það sé alveg ljóst.

Ég vil leggja mikla áherslu á mikið og gott samstarf við aðila vinnumarkaðarins og vitna til þess að í lögum frá 1996 er gert ráð fyrir víðtæku samstarfi skólanna og atvinnulífsins með starfsgreinaráðunum.

[14:08]

Björgvin G. Sigurðsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra umræðuna og þeim þingmönnum sem þátt í henni tóku um þetta mikilvæga mál. En þrátt fyrir fögur fyrirheit og fullyrðingar ráðherra um forgang og metnað í iðn- og tækninámi verður ekki fram hjá þeim staðreyndum horft að fjárskortur um langt árabil og það reikninlíkan sem notast hefur verið við og hefur ekki fullnægt kröfum námsins, tala sínu máli. Í kynningu á iðnnámi þarf að leggja megináherslu á að það sé ekki andstæða langskólanáms og það þarf að vinna gegn því hvernig skorið er á milli verknáms og bóknáms. Úrelt og fjársvelt verknám má ekki hamla útrás og uppbyggingu íslensks iðnaðar heldur eigum við þvert á móti að stuðla að því að nútímalegt og kraftmikið list-, iðn- og tækninám ýti undir þá uppbyggingu og sókn iðnaðarins og hátæknifyrirtækjanna.

Vona ég því, herra forseti, að hæstv. menntmrh. bæti hið bráðasta úr fjárhagvandanum og endurskoði reiknilíkanið hið fyrsta því að staðreyndirnar tala sínu máli.

Eitt af því sem þarf að gera er að gera fyrirtækjum landsins kleift á hverjum tíma að koma hæfniskröfum sínum inn í námskrána auk þess að skapa verknámsskólunum aðstöðu og tæki til að geta kennt samkvæmt þeim námskrám sem henta hverju sinni. Þá er mikilvægi aðgengilegs námsefnis sem hæfir kröfum tímans ómetanlegt en á síðasta ári var varið í það 18,2 millj. í það heila fyrir alla framhaldsskóla landsins og fær iðnútgáfan ekki nema brot af því.

[14:10]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Það er sjálfsagt að ræða þessi mál á hinu háa Alþingi. Þetta eru mikilvæg málefni. En að sjálfsögðu verður að gera lágmarkskröfur um að menn fylgi umræðum að þessu leyti úr hlaði af nokkurri alvöru en ekki alvöruleysi.

Það hefur komið fram í málflutningi Samfylkingarinnar að hv. fyrirspyrjandi telur að líkanið sé ónothæft. Hér kom áðan ágætur þingmaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir, og gat þess að farið hefði fram leiðrétting á líkaninu sem hefði orðið til bóta, en því hefði ekki verið fylgt eftir í fjárlagagerðinni. Það er að vísu rétt að ég hef gefið mér tvö ár til þess að laga þetta nýja líkan að þörfum skólanna. En þarna eru tveir þingmenn Samfylkingarinnar sem geta ekki einu sinni orðið sammála um hvort líkanið sé nothæft eða ekki. Hvers vegna er það? Það er að sjálfsögðu vegna þess að hv. fyrirspyrjandi hefur ekki kynnt sér málið. Hann sagði réttilega áðan að líkanið hefði verið umdeilt og gagnrýnt, en virtist ekki gera sér grein fyrir því að það er komið nýtt líkan í notkun. Ekki er enn þá komin reynsla á það líkan en það bætir verulega stöðu verknámsins.

Ég vil einnig gera athugasemd við það sem kom fram áðan og en menn hafa vitnað mjög í ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar um að ekkert hafi breyst í 20 ár. Hér áðan var sagt að hrunadans verknámsins, eins og það var orðað svo snyrtilega, hái nú samkeppnishæfni atvinnulífsins. Hvað hefur gerst í samkeppnishæfni atvinnulífsins sl. sjö ár? Hagvöxturinn hefur vaxið um 25%. Aldrei hefur verið eins mikil uppbygging í atvinnulífi nokkru sinni í sögu lýðveldisins og nú á síðustu árum. Og styðst það við verkmenntun eða styðst það ekki við verkmenntun? Auðvitað styðst það við starfið innan skólanna og væri gjörsamlega óútskýranlegt ef skólarnir hefðu ekki fylgt eftir þróun samfélagsins og byðu upp á gott nám. Þessi málflutningur gengur því ekki upp. Samkeppnishæfni atvinnulífsins er með því sterkasta sem verið hefur og það er að sjálfsögðu þannig að skólakerfið styður það.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. JÁ o.fl., 24. mál (úthlutun aflaheimilda o.fl.). — Þskj. 24.

[14:13]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég er 1. flm. að frv. sem allur þingflokkur Samfylkingarinnar flytur um stjórn fiskveiða.

Meginatriði frv. eru þessi:

1. Úthlutun aflahlutdeilda án endurgjalds verður afnumin í jöfnum áföngum á tíu árum en útgerðum fiskiskipa þess í stað gefinn kostur á aflahlutdeildarsamningi til fimm ára í senn á markaði þar sem öllum útgerðum sambærilegra fiskiskipa er fenginn jafn réttur og nýliðun þar með auðvelduð. Greiðslum fyrir veiðiheimildir verður dreift á það ár sem þær eru nýttar á. Allar aflahlutdeildir verða komnar á markað eftir tíu ár samkvæmt þessari tillögu.

2. Fiskveiðiflotanum verður skipt í þrjá útgerðarflokka, m.a. til að tryggja hagsmuni landvinnslunnar og strandveiðiflotans, og fær hver um sig tiltekinn hluta heildaraflahlutdeilda. Smábátunum er heimilað að leigja til sín aflakvóta frá öðrum útgerðarflokkum en útgerðarmenn annarra fiskiskipa öðlast ekki heimild til að leigja til sín aflakvóta frá smábátum.

3. Sérstakt tillit verður hægt að taka til sjávarbyggða þar sem við mikla atvinnuerfiðleika er að etja vegna skorts á afla til vinnslu með því að heimila sérstakt útboð á aflahlutdeildum til útgerða sem skuldbinda sig til að landa fiski til vinnslu á viðkomandi stað.

4. Vilji útgerð ekki nýta aflahlutdeild sem hún hefur aflað sér á markaði er henni ekki heimilt að framselja hlutdeildina heldur skal skila henni inn og verður hún þá umsvifalaust boðin öðrum útgerðum. Einungis verður hægt að leigja frá sér innan ársins allt að 50% af aflaheimildum hvers árs, enda hafi útgerð staðið skil á greiðslu vegna heimildanna. Framsalskerfi aflahlutdeilda og aflamarks samkvæmt núverandi úthlutunarkerfi verður óbreytt þau tíu ár sem tekur að hverfa frá því, þ.e. því kerfi sem er í gildi núna.

5. Tekið er á brottkasti með því að leyfa löndun á afla utan kvóta. Verð aflans skal miðast við að útgerðir hagnist ekki á slíkum veiðum en skaðist þó ekki við að koma með fiskinn að landi. Slíkur afli skal seldur hæstbjóðanda og mismunur af andvirði þess sem útgerðin fær og greidds verðs skal renna til hafrannsókna.

6. Fiskistofu verður falið að hafa umsjón með útboðum aflahlutdeilda en henni jafnframt gefin heimild til þess að fela öðrum aðilum einstaka þætti framkvæmdarinnar. Innheimta leigugjalda á sér stað þrisvar á ári á leigutímanum, jafnóðum og veiðum vindur fram. Leigutekjur renna í ríkissjóð og er m.a. ætlað að standa undir kostnaði hins opinbera af nýtingu auðlindarinnar, svo sem vegna hafrannsókna og eftirlits.

7. Skipuð verður sérstök nefnd sérfræðinga til þess að fylgjast með áhrifum og afleiðingum þessara breytinga, svo sem hvað varðar framsal aflaheimilda og vanda sjávarbyggða, og getur hún lagt til breytingar ef þurfa þykir hvenær sem er á tímabili kerfisbreytingarinnar. Innan fimm ára skal nefndin skila Alþingi sérstakri skýrslu um málið.

Þá kem ég að grundvelli stefnumörkunarinnar.

Stjórn fiskveiða hefur um árabil verið eitt helsta deilumál meðal þjóðarinnar. Eftir að ljóst varð að takmarka þyrfti aðgang að auðlindinni hefur verið harðlega gagnrýnt að sameign þjóðarinnar skuli hafa verið afhent tilteknum aðilum án endurgjalds og að þeir hafi síðan verið sjálfráðir um hvort þeir nýttu veiðiréttindi sín til eigin veiða, leigðu þau öðrum eða seldu. Atvinnuréttindum í greininni og aðgangi að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar var þannig breytt í sérréttindi. Þar með var jafnræði og atvinnufrelsi í þessari grein raskað. Útgerðarmenn hafa fengið að hagnast í skjóli sérréttinda samkvæmt núgildandi kerfi. Það verður aldrei sátt meðal þjóðarinnar um núgildandi úthlutun veiðiréttinda. Það stangast á við réttlætiskennd landsmanna að helsta auðlind hennar skuli þannig afhent fáum sem ígildi eignar.

Við framboð Samfylkingarinnar var sú stefna mótuð að komið skyldi á jafnræði þeirra sem nýta sjávarauðlindina. Þær vonir voru bundnar við niðurstöðu auðlindanefndar, að tillögur hennar gætu skapað grundvöll sátta um nýtingu auðlinda í þjóðareign. Sú von brást.

Þegar tillögur endurskoðunarnefndarinnar um stjórn fiskveiða komu fram var sú nefnd klofin. Meiri hluti hennar, fulltrúar Sjálfstfl. og annar fulltrúi Framsfl., vildi fara afbrigði að veiðigjaldsleið. Fulltrúi Samfylkingarinnar, sá sem hér stendur, vildi ásamt fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og hinum fulltrúa Framsfl. hins vegar fara

fyrningarleið. Fulltrúi Samfylkingarinnar lagði til að farin yrði fyrningarleið á grundvelli tillagna Samfylkingarinnar.

Góð samstaða virtist á tímabili í nefndinni um að breyta ætti veiðiréttinum í aflahlutdeildarsamninga. Til þess hefði þurft innköllun veiðiheimilda og nýja úthlutun. Þeir sem skipuðu meiri hlutann hlupu frá þeirri umræðu þegar þeim var ljóst að Samfylkingin mundi aldrei samþykkja að þessum samningum yrði úthlutað eingöngu til þeirra sem eru nú handhafar kvótans. En það var þeirra krafa.

Ég sem fulltrúi Samfylkingarinnar gerði þá kröfu að þeir sem vildu stunda útgerð fengju jafnan rétt til að keppa um þessar veiðiheimildir sem breytt yrði í hlutdeildarsamninga. Helstu rök andstæðinga þeirrar leiðar voru þau að útgerðir mundu ekki þola innköllun veiðiheimilda vegna þess að þær yrðu að kaupa sambærilegar heimildir á markaðnum og þær misstu við innköllunina. Margar þessara útgerða höfðu goldið þessar veiðiheimildir fullu verði. Slík aðferð væri skattur á útgerðina, sögðu fulltrúar meiri hlutans.

Meiri hlutinn sleit síðan öllum viðræðum, lagði hugmyndir um aflahlutdeildarsamninga á hilluna og lagði fram tillögur sínar um þá leið sem Landssamband íslenskra útvegsmanna féllst á þegar auðlindanefnd skilaði af sér. Ekki fór þó meiri hlutinn að tillögum auðlindanefndar um aukinn aðgang að veiðiheimildum eða uppboð á heimildum vegna kostnaðargjalda.

Fyrirsjáanlegt er að ekki er unnt að fara þessa leið þannig að jafnræði og réttlæti verði tryggt. Í þessari leið felst áframhaldandi einokun og greinin verður áfram undir pilsfaldi stjórnvalda þar sem gert er ráð fyrir pólitískum ákvörðunum um upphæð veiðigjaldsins. Þessi tillaga er auk þess ekki í samræmi við meginlínu tillagna auðlindanefndarinnar. Þar er gert ráð fyrir jafnræði aðila til nýtingar auðlinda í þjóðareign með útboðum nýtingarréttinda, að því tilskildu að samkeppnisaðstæður séu fyrir hendi. Tillaga auðlindanefndarinnar um svokallaða fyrningarleið er hins vegar í þeim anda. Þetta frumvarp þingflokks Samfylkingarinnar er því í samræmi við aðaltillögu auðlindanefndar um ráðstöfun annarra auðlinda í þjóðareign þar sem jafnræði og opinn aðgangur að nýtingunni er hafður að leiðarljósi.

Enginn vafi er á því að fyrningarleiðin, og þar með þetta frumvarp þingflokks Samfylkingarinnar, leysir úr aðalágreiningnum um aðgang og gjaldtöku fyrir aðgang að sjávarauðlindinni. Veiðigjaldsleiðin gerir það ekki og átökin um auðlindina halda áfram til óbætanlegs tjóns fyrir útgerð á Íslandi og þar með eiganda auðlindarinnar, þjóðina sjálfa.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að úthlutun aflaheimilda verði í stigvaxandi mæli í formi aflahlutdeildarsamninga sem verði seldir á markaði þar sem jafnræði ríkir. Með vísan til þess sem fram kemur í þessari greinargerð um að löggjafinn hafi heimildir til að breyta núgildandi fiskveiðistjórnarkerfi sýnist þingflokknum ekkert því til fyrirstöðu að komið verði á kerfi sem byggist á gerð slíkra samninga við þá sem reiðubúnir eru að greiða fyrir þá hæsta verð enda sé jafnræðis gætt meðal bjóðenda. Það er mat þingflokksins, stutt lögfræðilegum úttektum, að kerfi af þeim toga sem lagt er til að komið verði á rúmist fyllilega innan marka stjórnskipunarinnar.

Aflamarkskerfið hefur verið notað annars vegar sem fiskveiðistjórnarkerfi og hins vegar í hagrænum tilgangi. Leiga veiðiheimilda er aðferð sem tryggir að mati hagfræðinga að fiskveiðiarðurinn verði áfram til staðar en hann mun skiptast með öðrum hætti en hann gerir nú. Sú aðferð sem notuð verður við uppboð veiðiréttarins mun ráðast af þeim markmiðum sem stefnt verður að. Þingflokkur Samfylkingarinnar telur að með þeim reglum sem settar verði skuli gæta sérstaklega að eftirfarandi:

Að fulls jafnræðis milli þeirra sem starfa í greininni verði gætt,

að stöðugleiki skapist í greininni,

að reglur verði einfaldar og skýrar og þátttaka á markaðnum aðgengileg um allt land,

að framboði veiðiheimilda verði dreift með það að markmiði að verðlag verði sem stöðugast og útgerðarmenn hafi gott ráðrúm til að meta stöðu sína með tilliti til verðlags á heimildunum.

Heildarafli einstakra fisktegunda verður áfram ákveðinn árlega samkvæmt tillögum vísindamanna og fiskveiðiárið verður óbreytt. Lagt er til að sú leið verði valin að bjóða til sölu aflahlutdeildarsamninga. Með því móti verður auðveldara að gefa útgerðinni kost á veiðiheimildum til lengri tíma og það einfaldar kerfið hvað varðar breytileika fiskstofnanna.

Leiga veiðiheimilda innan ársins hefur verið hluti af viðskiptum með aflaheimildir á undanförnum árum. Eftir að frjálst framsal aflaheimilda var leyft árið 1990 myndaðist strax markaður með slíkar leiguheimildir. Útgerðarmenn þekkja vel til þessa leigukerfis. Takmarkað framboð hefur hins vegar spennt leiguverð langt upp fyrir þau mörk sem jafnvel bestu útgerðir geta borgað. Verðið sem þar hefur ríkt er jaðarverð sem ræðst af ýmsum öðrum aðstæðum en hagnaði af veiðum á viðkomandi tegund. Að loknu aðlögunartímabili, þegar allar aflahlutdeildir eru komnar á markað, má ætla að leigugjald verði í fullu samræmi við afkomumöguleika útgerðarinnar.

Aflahlutdeildarsamningar sem útgerðir leigja til sín til fimm ára verða ekki framseljanlegir. Útgerðirnar geta hins vegar skilað samningunum til baka ef þær af einhverjum ástæðum sjá sér ekki hag í að nýta þá. Er með því horfið frá meginreglu núgildandi laga um óheft framsal aflahlutdeildar. Þingflokkurinn telur þó ekki skynsamlegt að breyta reglum um framsal aflahlutdeilda eða aflamarks í núgildandi kerfi meðan á aðlögunartímanum stendur. Fráleitt væri hins vegar að leyfa eingöngu þeim sem eru handhafar þeirra heimilda úr því kerfi að leigja frá sér og til sín. Af þessum ástæðum og til að viðhalda nauðsynlegum sveigjanleika í kerfinu er lagt til að þeir sem leigja til sín aflahlutdeild eftir nýju kerfi geti leigt frá sér 50% aflamarks innan ársins, enda hafi þeir þá staðið skil á leigugjaldinu.

Leigugjald verður innheimt árlega á þremur gjalddögum. Í því er fólgið mikið hagræði fyrir útgerðina þar sem aðgangur hennar að veiðiheimildum verður allur annar en ef reiða þyrfti fram fimm ára leigu á einu bretti. Þetta auðveldar líka aðgang nýliða að greininni.

Þetta gerbreytir í raun og veru möguleikum nýliða til þess að hefja útgerð.

Þingflokkur Samfylkingarinnar telur mikilvægt að útgerðinni verði gert fært að laga sig að þeim breytingum sem hér er lagt til að gerðar verði á stjórn fiskveiða. Í frumvarpinu er lagt til að aðlögun að leigukerfinu ljúki á fiskveiðiárinu 2011/2012.

Aðlögunartíminn miðast við að komið verði í veg fyrir fjárhagsleg áföll útgerðarinnar eða annarra sem hagsmuna eiga að gæta, m.a. vegna fyrri fjárfestinga í aflahlutdeildum. Hann má þó ekki vera mjög langur vegna þess að hann skekkir verulega samkeppnisaðstöðu útgerða á leigumarkaðnum. Úthlutun samkvæmt eldra kerfi, til þeirra útgerða

sem hafa besta kvótastöðu, veitir þeim forskot í samkeppninni og virkar með sama hætti og um ríkisstyrk væri að ræða.

Í núgildandi lögum um stjórn fiskveiða kemur sú regla fram í 2. mgr. 7. gr. að veiðiheimildum á þeim tegundum sem heildarafli er takmarkaður af skuli úthlutað til einstakra skipa. Hverju skipi er úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar og nefnist hún aflahlutdeild skips. Aflahlutdeild skips helst óbreytt frá ári til árs og er því varanleg.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að varanleg aflahlutdeild þeirra sem notið hafa úthlutunar á grundvelli núgildandi laga skerðist til fulls á tíu árum. Lagt er til að á aðlögunartímanum verði veiðirétturinn skertur jafnmikið öll árin. Með þessari aðferð fæst einföld og jöfn aðlögun. Þessi leið er valin með það fyrir augum að koma á jafnræði og samgirni í atvinnugreininni en á sama tíma að veita þeim sem hafa aflahlutdeild samkvæmt núgildandi kerfi hæfilegt svigrúm til aðlögunar að breyttum aðstæðum.

En það þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu. Það þarf að gera öryggisráðstafanir.

Við breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða þarf að leitast við að skapa greininni sem best starfsumhverfi og tækifæri til að laga sig að breyttum aðstæðum og eru þær breytingar sem hér er lagt til að verði gerðar við þetta miðaðar.

Margir óttast að rask geti orðið á útgerðarmynstri við breytingar á aðgangi að veiðiheimildum. Stórar og öflugar útgerðir geti náð til sín enn meiri veiðirétti og aukið vanda smærri útgerðarstaða og útgerða. Þingflokkurinn telur rétt að farið verði varlega í þessu efni meðan reynsla kemst á nýja skipan. Þess vegna er lagt til að heimilt verði að skipta flotanum í útgerðarflokka og eru þrír útgerðarflokkar skilgreindir sérstaklega. Með þessu er stórskipaútgerðin skilin frá grunnslóðarveiðiflotanum og smábátum afmarkaður sérstakur „pottur". Þessi tilhögun á að tryggja að tilfærslur veiðiheimilda valdi ekki stórkostlegri röskun. Einnig munu allar heimildir til sérveiða verða boðnar sérstaklega til leigu.

Enginn vafi er á að staða sjávarbyggðanna mun batna við þá breytingu sem hér er lögð til ef stjórnvöld móta reglur um aðlögun að nýju kerfi og meðferð leiguheimilda með jafnræði og réttlæti í huga. Stöðugt framboð leiguheimilda og lækkun stofnkostnaðar í útgerð mun tryggja stöðu nýliða í greininni. Sjávarbyggðirnar munu líka hafa allt aðra og betri stöðu en þær hafa nú í samkeppninni um veiðiréttinn.

Þingflokkurinn telur þó rétt að gæta fyllstu varúðar hvað varðar byggðarlög sem standa höllum fæti og er þess vegna gert ráð fyrir að Byggðastofnun geti, að ósk viðkomandi sveitarstjórnar, lagt mat á stöðu slíkra útgerðarstaða. Ráðherra getur á grundvelli slíks mats tekið til ráðstöfunar veiðiheimildir í því skyni að tryggja atvinnu á viðkomandi svæði.

Lagt er til að Fiskistofa beri ábyrgð á útleigu veiðiheimildanna. Stofnunin sér um eftirlit með veiðum og að þær séu í samræmi við úthlutaðar heimildir. Allar upplýsingar um flotann og veiðirétt hans eru þar ævinlega til reiðu og þess vegna er skynsamlegt og hagkvæmt að fela stofnuninni þetta verkefni. Fiskistofu yrði hins vegar gefin heimild til að fela öðrum aðilum að sjá um framkvæmd einstakra þátta en bæri þá ábyrgð á eftirliti með þeirri starfsemi.

Í frumvarpinu er lagt til að þeir fjármunir sem til falla vegna leigu veiðiheimilda renni í ríkissjóð. Þingflokkur Samfylkingarinnar telur að við ákvarðanir um nýtingu fjármunanna hljóti hafrannsóknir og annar kostnaður við nýtingu auðlindarinnar að verða efst á blaði en einnig að taka eigi sérstakt tillit til byggðasjónarmiða og hagsmuna sveitarfélaga þegar þessum fjármunum verður ráðstafað.

Jafnframt er gert ráð fyrir breytingum á öðrum lögum. Þar má nefna breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Í þeim breytingum felst að útgjöld vegna leigu veiðiheimilda á uppboði skuli heimilt að færa til rekstrargjalda innan hvers rekstrarárs í samræmi við það hvernig útgjöldin falla til. Jafnframt skuli heimilt að afskrifa á næstu tíu árum með 10% afskriftahlutfalli ár hvert þær aflahlutdeildir sem keyptar hafa verið og óafskrifaðar eru.

Einnig verða lagðar til þær breytingar á 17. gr. laganna að óheimilt verði að fresta greiðslu skatts af söluhagnaði hlutabréfa eða komast hjá skattgreiðslu söluhagnaðar af hlutabréfum með kaupum á nýjum.

Breytingar á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins eru líka lagðar til.

Í þeim breytingum felst að gjald í Þróunarsjóð sjávarútvegsins skuli aðeins greiða af þeim afla sem ekki er tilkominn vegna uppboðs á aflahlutdeild og skal þróunarsjóðsgjaldið aðlagað þeim breytingum þannig að sjóðurinn geti lokið þeim verkefnum sem hann nú hefur innan tiltekins tíma.

Hæstv. forseti. Ég hef nú lokið við að fara yfir greinargerðina sem fylgir frv. Mig langar til þess að bæta við fáeinum orðum.

Ég vil byrja á því að tína það til að í Morgunblaðinu á gamlársdag skrifaði hæstv. forsrh. Davíð Oddsson í miðopnu grein sem hann kallaði: Við áramót. Í VIII. kafla þeirrar greinar fjallaði forsrh. um þá niðurstöðu Framsfl. og Sjálfstfl. að setja á veiðigjald, en með þeirri ákvörðum lýstu flokkarnir yfir að þeir hefðu uppfyllt kosningaloforðin sín um sátt um sjávarútvegsmálin.

Allt sem Davíð hefur að segja um þetta mikla átakamál fer hér á eftir. Hæstv. forsrh. skrifaði, með leyfi hæstv. forseta:

„Umræðan um ókosti og ágæti svonefnds veiðileyfagjalds var yfirþyrmandi á síðasta áratug. Hún var stundum á undarlegasta plani, vafin inn í vanþekkingu, útbíuð í áróðri og slengt fram í slagorðastíl. Virtist þessu aldrei ætla að linna og þekkingin og skilningurinn virtist verða veikari við vaxandi umræðu. Að lokum náðu menn þó saman um að láta skoða málið af yfirvegun og festu. Þeir sem til þess voru fengnir höfðu mjög ólíkar forsendur í sínu farteski. En það breytti því ekki að það tókst að greina deiluefnið á málefnalegan hátt og sigta mesta bullið burtu. Og það sem meira var, það fékkst niðurstaða í formi sanngjarnrar sáttargjörðar. Og þótt sumum líki það ekki er bersýnilega furðu góð eining um þá niðurstöðu."

Svo mörg voru þau orð. Forsrh. þjóðarinnar hefur talað og kveðið upp sinn dóm. Fyrst kvartar hann og vælir yfir umræðu síðasta áratugar, sem hefur farið fram um mesta ránsskap sögunnar, ránsskap sem var framkvæmdur af kjörnum leiðtogum landsins og hefur verið reynt með öllum ráðum að festa í sessi undir forustu hæstv. forsrh. Samstarfsmenn hans hafa allan tímann, þrátt fyrir staðfasta andstöðu þjóðarinnar gegn þessari gripdeild, kosið að tala fögrum orðum um sameiginlega auðlind þjóðarinnar á meðan þeir hafa verið að færa þessa auðlind fáum útvöldum.

Það eru sem betur fer ekki önnur dæmi um jafnóheiðarlega framgöngu í stjórnmálum á Íslandi. Fyrir síðustu kosningar óttuðust þeir sem þarna hafa farið fram að nú

væri komið að skuldadögunum við kjörborðið og þorðu ekki annað en að lofa því að gangast fyrir þjóðarsátt um málið. Niðurstöðuna þekkir þjóðin. Það er stóra sáttin sem var gerð af hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni og hæstv. utanrrh. Halldóri Ásgrímssyni við LÍÚ og kannski Moggann. Engir aðrir fögnuðu a.m.k. niðurstöðunni enda er gert ráð fyrir því að óbreytt kerfi einkaeinokunar verði í gildi. Áfram skal fótumtroða jafnræði og atvinnufrelsi til að stunda sjávarútveg. Möguleikar til nýliðunar í greininni eru engir og framtíð margra sjávarbyggða algerlega á valdi duttlunga þeirra sem fara nú með eignaréttinn og kasta á milli sín fjöreggjum sjávarbyggðanna á hlutabréfamarkaðnum.

Fólkið sem vill geta látið til sín taka í atvinnulífi sér ekki framtíð í slíku umhverfi. Þess vegna hefur vilji ungs fólks til að setjast að í sjávarbyggðum verið að fjara út því meir sem afleiðingar þessarar helstefnu hafa komið í ljós.

Það er alveg ljóst af þessum orðum formanns Sjálfstfl. að hann er svo veruleikafirrtur í mati sínu á þessu máli að hann ætlar, og líklega formaður Framsfl. líka, að reyna að skrökva því inn á þjóðina að það hafi orðið einhver sátt um þessa niðurstöðu þeirra félaganna. Þjóðinni er hins vegar alveg ljóst að kosningaloforðið um sáttina í þessu mikilvæga máli var svikið með öllu. Það er þó gott við þá stöðu sem upp er komin að nú verða stjórnarflokkarnir að verja niðurstöðu sína í málinu undanbragðalaust. Það þýðir ekki að skrökva meira sáttatali í eyru kjósenda og nú verða kjósendur, sem langflestir eru andstæðingar þess að gefa úterðarmönnum auðlindina, að gera það upp fyrir sig hvort þeir styðja stjórnarflokkana og þar með þessa niðurstöðu þeirra höfðingjanna hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar og hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar.

Atvinnufrelsi í sjávarútvegi verður ekki endurheimt með þessa tvo sáttasemjara í forustu ríkisstjórnar. Það er alveg ljóst. Þjóðin vill ekki sáttina þeirra og kjósendur verða því að horfast í augu við að þeir verða að tryggja þeim flokkum fylgi sem vilja endurheimta þjóðarauðlindina ef þeir ætla sér að knýja fram breytingar á þessari ógæfustefnu. Það verður kosið um eignarhaldið á þjóðarauðlindinni í vor.

[14:38]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur farið hér yfir frv. Samfylkingarinnar um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða og komið til skila helstu áherslum flokksins í þessum málum.

Herra forseti. Ég ætla aðeins að fara yfir það kerfi sem við nú búum við og einnig að fara yfir og dýpka það sem hér kom fram í ræðu hv. þm. þannig að sem flestum megi vera ljóst hvernig staðan er og hvernig hún gæti orðið.

Við búum núna við það kerfi að útgerðarmenn á Íslandi fá úthlutað veiðirétti í samræmi við reynslu sem menn öðluðust fyrir u.þ.b. 20 árum síðan. Sú reynsla hefur gengið kaupum og sölum og ekkert fyrir löngu kom forusta útvegsmanna upp með það að það væri mikið óréttlæti að ætlast til þess að menn borguðu fyrir veiðiheimildir af því að þeir væru búnir að kaupa þær. En af hverjum keyptu þeir þær, herra forseti? Jú, þeir keyptu þær af öðrum útvegsmönnum. Þessir nýju eigendur urðu líka til við samruna fyrirtækja, við breytingar hjá smábátaútgerðarmönnum sem bjuggu til ehf. úr útgerðinni sinni og við ýmislegt fleira sem hefur verið að gerast á síðustu árum.

Forusta útvegsmanna gleymdi líka að segja þjóðinni frá því að lögin eru þannig að enginn hefur getað gengið að því nokkurn tíma vísu að þó að hann seldi eitthvað eða keypti þá stæði það til eilífðarnóns. Þvert á móti hefur það legið fyrir, m.a. í hæstaréttardómi, að Alþingi gæti með tiltölulega stuttum fyrirvara gjörbreytt þessari umgjörð. Þeir sem hafa verið að kaupa og selja hafa því gert það fullkomlega á eigin ábyrgð og í trausti þess að um það yrði séð að engu yrði raskað. Því hefur enda verið lofað og við það hafa ákveðnir aðilar reynt að standa.

Herra forseti. Þó svo að mál standi enn þannig að hér er úthlutun á ókeypis veiðirétti árlega þá er býsna mikill pólitískur þrýstingur enn þá á þetta mál. Mitt mat er að ýmislegt af því sem þau stjórnvöld sem þéttast hafa staðið utan um ókeypis úthlutun veiðiréttar hafa verið að gera á undanförnum árum hafi beinlínis grafið undan kerfinu með þeim hætti að einn góðan veðurdag hljóti það að bresta. Þá er spurningin, herra forseti, hvernig það muni gerast, eftir hvaða leikreglum þá verður unnið, hverjir munu þá verða til þess að leiða þær breytingar sem óhjákvæmilegar eru að mínu mati.

Það hefur verið sárgrætilegt fyrir býsna marga að horfa upp á það hvernig farið hefur verið með veiðiréttinn þegar þeir sem hafa fengið honum úthlutað hafa mátt ráðstafa honum eins og einkaeign sinni. Það er nefnilega þannig að eftir að búið er að úthluta veiðiréttinum þá eru lög og reglur þannig að það er nánast fullur einkaeignarréttur á veiðiréttinum. Hann má ganga kaupum og sölum. Hann má leigja. Þær takmarkanir sem settar hafa verið eru afar litlar og hafa ekki staðist. Menn hafa fundið leiðir.

En það er ekki eins og það hafi verið nóg, herra forseti, heldur var skattalögum breytt til þess að þeir sem eru að losa stóru fúlgurnar úr sjávarútvegi gætu nú áfram ávaxtað sitt pund og það án þess að greiða skatta. Um það vitna m.a. eignarhaldsfélögin í Lúxemborg og víðar þangað sem menn hafa getað flutt peningana sína og komist hjá því að greiða eðlilega skatta á Íslandi. Þetta sviður venjulegum skattþíndum launaþræl á Íslandi og þarf engan að undra.

Við höfum ekki bara verið með tillögur um að breyta þessu úthlutunarkerfi fiskveiða. Við höfum líka verið með tillögur um að breyta skattkerfinu frá þessari tilhögun. Það var jú þannig að mönnum ofbauð svo hér fyrir tveimur eða þremur árum að ríkisstjórnin fór í að lagfæra þetta ákvæði örlítið. En tillaga okkar, sem var rædd og skoðuð samhliða, náði ekki fram að ganga. Menn voru einfaldlega ekki tilbúnir að setja skorður við því að menn gætu haldið áfram að losa peninga út úr sjávarútveginum og flytja skattlítið til útlanda.

Herra forseti. Auðvitað gremst íslenskri alþýðu. Auðvitað gremst fólki að horfa upp á þetta. Annað væri óeðlilegt. Sem betur fer er réttlætiskennd þjóðarinnar enn þá slík.

Herra forseti. Ég hef ekki nefnt þau félagslegu áhrif sem þetta kerfi hefur haft, þau félagslegu áhrif sem það hefur haft að sumir gátu skyndilega haft líf og eignir fólksins í þorpinu í hendi sér. Þetta hefur orðið til þess að heilu sjávarbyggðirnar hafa nánast rifnað í sundur og fólksflóttinn hefur verið meiri en nokkru sinni fyrr. Til þess að reyna að bjarga einhverju hafa menn farið í nokkra leiðangra, búið sér til nokkra potta, farið í handstýrðar, viðbótarhandstýrðar útdeilingar á veiðiréttí og nú er svo komið að yfir 12 þús. tonn eru komin í sex potta sem deilt er úr eftir atvikum. En, herra forseti, þessir pottar hafa ekki bætt ásýnd fiskveiðistjórnarkerfisins.

Menn velta því stundum fyrir sér þegar verið er að tala um tillögur Samfylkingarinnar um fyrningu hvort hér sé ekki farið fram með of mikilli ákefð, hvort hér sé ekki verið að

ganga of nærri útgerðinni, hvort menn muni láta sér þetta nokkurn tíma lynda, hvort ekki sé verið að fara úr öskunni í eldinn. Það er ágætt að menn velti því fyrir sér.

En ég vil, herra forseti, nefna að það eru fordæmi fyrir skerðingum. Það eru fordæmi fyrir því að menn hafi ekki fengið það sem þeir töldu sig eiga. Hvaðan halda menn að aflinn sem er í pottunum sex komi? Auðvitað hefur sá veiðiréttur sem menn töldu sig einu sinni hafa nokkuð vísan aðgang að verið að breytast frá ári til árs eftir ýmsum þeim leiðum sem stjórnvöld hafa viðhaft þegar þau hafa þurft að grípa inn í eða viljað grípa inn í, eftir atvikum — stundum rétt fyrir kosningar.

Það hefur líka verið nefnt, herra forseti, að þeir sem fengu veiðiréttinum úthlutað, miðað við reynsluna fyrir um 20 árum, hafa sannarlega fengið umþóttunartíma. Það var varið af *býsna mörgum að menn yrðu að fá veiðiréttinn ókeypis*, að útgerðin hefði liðið fyrir stjórnleysi, væri skuldug o.s.frv. En, herra forseti, sannarlega hafa menn fengið tækifæri.

Í 20 ár hafa menn fengið veiðiréttinum á Íslandsmiðum meira og minna úthlutað ókeypis og sannarlega hefðu menn getað lagað til hjá sér. Reyndar hefur alltaf verið gripið reglulega inn í þá tiltekt. Stundum hefur stjórnvöldum ekki fundist nóg um og komið til skjalanna til þess að enn frekar mætti skúra út, t.d. með Þróunarsjóði og fleiri slíkum aðgerðum sem hafa verið ætlaðar til að menn tækju enn betur til hjá sér. En sannarlega hafa menn fengið umþóttunartíma.

Herra forseti. Til viðbótar því sem ég talaði um áðan, að menn hafi raunverulega aldrei getað gengið að því vísu í *löggjöfinni að þeir ættu eitt eða neitt, kemur auðvitað það* að ef fyrirkomulag okkar yrði tekið upp, fengju menn jú samning um veiðirétt, menn væru í raun að gera samkomulag við stjórnvöld um frið í ákveðinn tíma. Við erum að bjóða upp á starfsöryggi sem er ekki að finna í núgildandi löggjöf.

Herra forseti. Menn hafa líka haft áhyggjur af því að útgerðin kynni sig ekki á uppboðum á veiðirétti, menn kynnu ekki að athafna sig við slíkar aðstæður. Það finnast mér einhver skemmtilegustu mótrökin sem ég heyri vegna þess að á Íslandi hefur verið virkur markaður með veiðirétt árum saman. Veiðiréttur gengur kaupum og sölum. Veiðiréttur er leigður og útgerðarmenn vita nákvæmlega hvernig þeir eiga að bera sig til og hvernig á að verðleggja auðlindina þegar *þeir sjálfir höndla með hana*. Þeim hefur ekkert förlast í þeim efnum trúi ég. Þótt okkar fyrirkomulagi væri komið á, þá mundu þeir væntanlega halda áfram þaðan sem frá væri horfið og taka þátt í að afla sér veiðiréttar með því að kaupa hann, nýta hann síðan og eftir atvikum að vinna með hann eins og sú löggjöf sem þá tekur við mun leyfa.

Herra forseti. Veiðigjaldið sem ríkisstjórnin setti á sl. vetur og átti að vera til sátta mun aldrei sætta neitt. Útgerðin greiðir nú þegar ákveðin gjöld, þróunarsjóðsgjald sem hér var áður nefnt og veiðieftirlitsgjald, fyrir utan smáskítaskatta eins og vitagjöld og fleira skemmtilegt. Ríkisstjórnin vill hafa það þannig að þegar kemur að því að útgerðin greiði veiðigjald falli önnur gjöld niður á móti. Ekki er það líklegt til sátta, herra forseti. Þar skiptir þó mestu máli að kerfi ríkisstjórnarinnar breytir í engu því sem styrinn hefur staðið um, sem er úthlutun veiðiréttarins, hverjir fá. Það breytir í engu því að það ríkir ekki jafnræði meðal þeirra sem vilja stunda útgerð á Íslandsmiðum.

Að því leyti er málið kannski alvarlegast, herra forseti. Ein af undirstöðum efnahagslífsins á Íslandi, einn burðarásinn, fiskveiðar og sjávarútvegurinn eru orðinn lokað einokunarkerfi þar sem mismiklar kröfur eru gerðar til manna.

Því hefur verið haldið fram í mín eyru að í mörgum þeirra útgerða sem hafa verið á gjafakvótum sé býsna mikill slaki, enda þurfi menn svo sem ekkert að sperra sig. Þeir fá bara kvótann sinn hvort eð er. Aðrir hafa reynt að hasla sér völl, hafa þurft að kaupa allar sínar veiðiheimildir á því uppsprengda verði sem félagar þeirra í bransanum hafa talið eðlilegt á þeim tíma að selja veiðiréttinn á. Þeir hafa þurft að vanda sig og sýna útsjónarsemi. Það er dálítið mikill munur þarna á. Það er munur á því, herra forseti, hvort menn eru í stöðu þess sem fær veiðiréttinn þegar nýtt fiskveiðiár hefst, fær að vita hvað hlutdeildin hans gefur, eða hinna sem þurfa reglulega að greiða fyrir veiðiréttinn og til þeirra sem fá bréf um ókeypis úthlutun.

Herra forseti. Það verður aldrei sátt um þessa aðferð við úthlutun á réttindum. Hér erum við að tala um sameiginlega auðlind þjóðarinnar. Við erum að tala um auðlind sem er takmörkuð. Þegar menn ræða um úthlutun á takmörkuðum gæðum í almannaeigu eru menn almennt sammála um að mest réttlæti, það jafnræði sem hægt er að ná, náist fyrst og fremst í gegnum uppboð. Mesta jafnræðið fæst í gegnum *það að öllum sé gefinn kostur á* að bjóða í, *gefinn kostur á* þátttöku.

En það er svo sérkennilegt að þegar röðin kemur að sjávarauðlindinni þá hverfa menn frá. Þá verða talsmenn þess að hér ríki frelsi í viðskiptum skyndilega stuðningsmenn einokunar. Þá verða þeir sem áður hafa viljað uppboð eða útboð, þegar um er að ræða takmörkuð gæði, skyndilega allt annarrar skoðunar og vilja vernda þann hóp sem hefur notið forréttinda.

Herra forseti. Samfylkingin getur ekki tekið undir með slíkum. Það er grundvallaratriði í stefnu okkar að vinna gegn sérhagsmunum fyrir almannahagsmuni. Almannahagsmunir verða aldrei tryggðir nema við tryggjum jafnræði þegnanna. Sem betur fer hefur mannréttindabarátta síðustu aldar leitt okkur áfram til ríkari mannréttinda á hverjum tíma og ríkari réttinda hvers og eins. Það er samt svo, herra forseti, að stjórnvöld sem bundin eru af hagsmunum einstakra hópa beita sér fyrir hönd þeirra og komast upp með það.

Herra forseti. Ég er nokkuð viss um að stjórnvöld muni ekki öllu lengur komast upp með það sem þau hafa þó komist upp með í *þessu máli. Ég held að þjóðin sé löngu orðin södd* þegar horft er til þess hvernig farið hefur verið með þessa sameiginlegu auðlind. Ég held líka að þjóðinni muni ofbjóða þegar hún lítur til þess hvernig núverandi ríkisstjórn fer með og vill fara með aðrar sameiginlegar auðlindir.

Herra forseti. Ég er sammála orðum 1. flm. þessa frv. Þjóðin mun örugglega kjósa um þetta í vor. Hún mun kjósa um það hvort ríkja eigi jafnræði meðal þegnanna eða hvort sérhagsmunagæslan á að halda áfram. Herra forseti. Ég er nokkuð viss um hver niðurstaðan verður.

[14:55]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Í mínum huga er ekki vottur efa um að framkvæmd núverandi fiskveiðistjórnarkerfis hafi leitt til hnignunar fjölmargra byggða sem hafa viðurværi af fiskveiðum og úrvinnslu á afla úr hafinu. Við samfylkingarþingmenn höfum flutt þetta frv. sem hér er til umræðu nú ár eftir ár, frv. um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem nauðsyn er að komist í framkvæmd. Við erum sannfærð um að fiskveiðistjórnarkerfið sem nú er við lýði komi í veg fyrir

eðlilega endurnýjun og nýliðun í starfsgreininni. Frv. sem við tölum fyrir getur skapað sátt um fiskveiðistjórnina.

Mér virðist, virðulegur forseti, að hin ógnvænlega hönd markaðarins hafi náð yfirtökum og stýri aflaheimildum og dreifingu þeirra á milli útgerða. Landsmenn þekkja afleiðingarnar. Hver útgerðin á fætur annarri fellur inn í samrunaferli og sá sem var að gleypa er gleyptur af öðrum stærri áður en hann áttar sig á hinni stóru, köldu krumlu.

Til dæmis má nefna að eitt sinn var til útgerðarbærinn Sandgerði. Þar voru menn sannfærðir um að þeir væru svo stöndugir að ekki kæmi til greina að útgerð legðist þar af. Byggðin lá svo vel við fiskimiðum og hentaði til úrvinnslu afla. Hvað er að gerast? Einn aðili gleypti nánast allt sunnan úr Sandgerði og sá aðili hefur nú verið gleyptur af öðrum.

Hvað er að gerast í Grindavík, einum besta útgerðarstað á landinu? Þar fækkar útgerðum. Þær renna saman við aðrar. Þar er minna landað og aflaheimildir eru fluttar í burtu. Þetta eru dæmi sem hægt er að taka upp nánast hvar sem er á landinu. Hagkvæmnisjónarmiðin horfa fram hjá því hverjir eiga kvótann, hvar eigandinn hefur aðsetur á landinu og hvar hann nýtist. Sjónarmiðin sem ráða eru að kvótinn skapi eins mikinn arð og unnt er hverju sinni. Svona er þetta.

Við getum skoðað hvernig þetta hefur þróast í öðrum löndum. Þar hafa orðið alvarleg áföll varðandi almenninga. Almenningur eru jú eitthvað sem á að vera þjóðareign. Víða hafa áföll dunið á almenningum og ég vísa til greinar Gísla Pálssonar og Agnars Helgasonar í Skírni frá 1999, þar sem sýnt er fram á þessa hluti, t.d. tilvitnun í bandaríska mannfræðinginn Bonnie McCay. Hann heldur því fram að mikilvægar auðlindir hafi safnast á fárra hendur og þorri þeirra sem hafi nýtt sér þær auðlindir mann fram af manni sitji uppi eigna- og réttindalaus.

Málið snýst um þetta. Það er þess vegna sem samfylkingarmenn flytja tillögu um breytingu á fiskveiðistjórninni. Við erum sannfærð um að fiskveiðistjórnin, eins og hún er nú rekin, muni leiða til enn meiri hnignunar byggðanna, sérstaklega dreifðra sjávarbyggða. Þess vegna flytjum við þetta frv.

Það má líkja atburðarásinni hér á Íslandi við lénsveldi miðalda þegar rétturinn til beitar og veiða í almenningum lands og sjávar var afnuminn og bændur voru hraktir af löndum sínum, gerðir að leiguliðum aðalsmanna. Þetta er nákvæmlega það sem er að gerast með framkvæmd íslenska fiskveiðistjórnarkerfisins. Hvað eru þeir svo kallaðir sem eru í forsvari fyrir kerfið sem nú er við lýði? Þeir eru kallaðir sægreifar. Þeir eru kallaðir sægreifar vegna þess að þeir sópa að sér aflaheimildum í skjóli aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar.

En það eru ekki sægarparnir, það eru ekki þeir sem stunda sjóinn, sem njóta veiðiheimildanna. Nei, í rauninni er þeim gert að hunskast í land þegar þeirra tími rennur upp, þeir eru reknir í land án þess að hafa heimild til að veiða einn einast fisktitt þó að þeir hafi dregið í land og aflað útgerðinni sem þeir starfa hjá auðæfa. Það er litið fram hjá því að þeir sem vinna við útgerð í landi, svo sem við fiskvinnslu, netagerð, heimilisstörf, bókhald og við útgerðina almennt eigi nokkurn veiðirétt. Íslenskt fiskveiðistjórnarkerfi, eins og það er rekið, lítur svo á að þeim sem hafa unnið við þetta árum saman sem sjómenn og sem landverkamenn komi þetta nánast ekkert við. En þó eru þetta störf sem unnin eru í landi og eru hluti af fiskveiðum, hvort sem það er beitning, landverkakonan sem vaskar fiskinn eða hvað sem er, pakkar fiski í frystihúsi, þetta er allt fólk sem á rétt til auðlindarinnar.

Kvótinn, þ.e. aflinn í sjónum, er ekki sameign þó að samkvæmt lögum eigi hann að vera það. Tæplega 17 ára reynsla er búin að leiða það í ljós að framkvæmd stjórnar fiskveiða með kvótakerfi er stórgölluð leið. Það er hins vegar hægt að bæta úr þessari leið. Hvort það þarf salómonsdóm, eins og nú er orðið í tísku að tala um, salómonsdóm eins og var felldur vegna annarrar auðlindar — það getur verið að það þurfi að ráða einhverja nefnd til þess að búa til nýjan salómonsdóm.

Við erum með í okkar frv. möguleika til að hverfa frá þeirri framkvæmd sem nú er, og það er réttlæti í að taka það kerfi upp. Það er enginn vafi í mínum huga að staða sjávarbyggðanna mun batna við þær breytingar sem við erum að leggja til með þessu frv., þ.e. ef stjórnvöld móta reglur sem aðlagast hinu nýja kerfi og meðferð leiguheimilda með jafnrétti og réttlæti í huga.

Stöðugt framboð leiguheimilda, eins og við erum að ræða um hér, og lækkun stofnkostnaðar í útgerð mun tryggja stöðu nýliða í greininni. Það er það sem málið snýst um. Og sjávarbyggðirnar, sem ég var að ræða um áðan, munu hafa allt aðra og betri stöðu en þær hafa nú í samkeppni um veiðiréttinn. Um þetta snýst málið og þess vegna segi ég að kannski þurfi salómonsdóm. Það er alveg ljóst að hvernig sem fer eftir komandi kosningar verður hér samsteypustjórn sem þarf á einhvern hátt að ná sátt um breytingar á því kerfi sem nú er við lýði. Og við erum með tillögurnar, við getum sannarlega framkvæmt breytingar sem yrðu til góða fyrir alla þjóðina.

Kannski er ekki hægt að segja að neitt hafi áunnist með núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Okkur er þó alveg ljóst að sú reynsla sem við höfum af þessu kerfi er mjög dýru verði keypt. Mjög fámennur hópur ráðskast með auðlindina án þess að greiða fyrir afnot af henni.

Ég hef velt því fyrir mér hvort það sé rétt að kalla til valinn hóp fræðimanna til þess að mynda salómonsdóm sem má setja lög um. En ég er sannfærður um að það frv. sem við samfylkingarmenn erum með, frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, frá 15. maí 1990, leysir mestan vandann sem við er að eiga í fiskveiðistjórnarkerfinu. Ég tel að allir eigi að eiga aðgang að auðlindinni, það þarf a.m.k. að ná jafnræði um aðgang að henni, og það þarf að ná sátt um það að endurnýjun geti átt sér stað í greininni. Ef ekki, hvað verður þá um að ræða? Við þekkjum reynsluna af öðrum starfsgreinum, það verður úrkynjun ef ekki verður um endurnýjun að ræða.

Ég tel að öll útgerðarmynstur þurfi sambærileg skilyrði. Ég tel að menn verði að virða mannréttindaákvæði í stjórnarskrá varðandi frjálst val á atvinnu. Það er ekki í dag varðandi sjávarútveginn.

Það verður að viðurkenna að það er ekki hægt að einkavæða fiskstofna. Það er það sem menn hafa verið með í huga í dag, að einkavæða fiskstofnana. Það er grundvallaratriði að þeir sem nýta auðlind, hvort sem það er sjávarauðlindin sem við erum að tala um eða aðrar auðlindir sem við eigum, greiði fyrir það eðlilegt gjald sem renni í sjóði til hagsbóta fyrir alla landsmenn og síðan til þess að greiða fyrir stoðgreinar sem eru tengdar viðkomandi auðlind. Þá er ég að tala um stoðgreinar eins og hjá Hafrannsóknastofnun, allt öryggiseftirlit sem þarf að fara fram á hafinu, möguleika á að breyta rekstri þeirra stofnana sem tengjast sjávarútveginum. Ég er að tala um að það megi t.d. breyta rekstri Landhelgisgæslunnar.

Það er kannski rétt að nefna það hér, virðulegi forseti, af því að það gefst til þess tími, að það er náttúrlega ótrúlegt að

þessi stóru skip sem við eigum, sem sinna gæslu í landhelginni, skuli láta reka hér dögum saman uppi á grunnslóð af því að það er svo dýrt að halda skipunum úti á djúpslóðinni. Það er verið að skoða og fylgjast með grásleppukörlum og körlum sem leggja kannski 30, 40 króka í sjó. Þessir stóru drekar eru að senda út gúmmítuðrur til þess að fylgjast með því hvort einhver dregur sér í soðið 20, 30 kíló. Þetta er fáránlegt. Þessari gæslu væri hægt að sinna með miklu minni bátum og það ætti að leiða hugann að einkavæðingu í þessu tilviki. Þar er hægt að benda á leiðir sem væru miklu ódýrari en þær sem farnar eru í dag.

Ég sagði áðan að það væri grundvallaratriði að þeir sem nýta auðlind greiði fyrir hana eðlilegt gjald sem renni í sjóði til hagsbóta fyrir almenning. Ég tel að almennar reglur um nýtingu og umgengni við almenninga eða auðlindir þurfi að vera svo einfaldar og skýrar að þær séu óumdeildar. Eins og kerfið er nú rekið geta menn aldrei aftur orðið hinn frjálsi og sjálfstæði sjómaður og trillukarl. Það eru að sjálfsögðu til einfarar á miðunum enn þá en þeir hverfa smátt og smátt undir því kerfi sem nú er rekið. En ég tel að með því að breyta nú til — það er hægt að gera og kjósendur á Íslandi eiga þess kost í næstu kosningum að koma Samfylkingunni til valda þannig að það frv. sem hér er til umræðu komist í framkvæmd. Það mun verða til heilla fyrir íslenskt samfélag.

Ég vil minna á það að hagur landsbyggðarinnar, sem hefur byggst á þeim hugtökum að það sé frelsi til að sækja sjávarafla, er með núverandi framkvæmd kerfisins fótumtroðinn. Ég tel að fiskveiðistjórnarkerfið sé að eyða byggð. Ágallar framkvæmdar fiskveiðistjórnarkerfisins eru svo alvarlegir, og verst er braskheimildin og útfærsla hennar. Það er vitað að menn sem hafa úthlutun í hendi sér veiða aðeins helming úthlutunarinnar, leigja afganginn og hafa fundið hagræðingu í því að hafa skip sitt bundið við bryggju. Síðan er eitt mikið vandamál, brottkastið, það er sennilega í miklum mæli enn þann dag í dag þó að menn hafi breytt umgengninni á einhvern hátt. Síðan er þessi stóri galli, að stórkvótahafar leigja frá sér kvóta á grimmdarlegan hátt fyrir ótrúlegar upphæðir, semja síðan við eigin sjómenn upp á hlutaskipti sem nema kannski 70–90 kr. á kíló miðað við þorsk, og þeir hafa til þess getu að í stað þess að veiða úthlutaðan afla leigja þeir frá sér heimildir undir skyni hagræðingar og binda jafnvel skipin og segja upp áhöfnum að geðþótta. Það er út af því að veiðiskyldan er ekki nema 50% af úthlutaðri heimild.

Þetta eru hlutir sem ég vil breyta, þetta eru hlutir sem við viljum breyta með því frv. sem samfylkingarmenn tala fyrir hér í dag. Ég tel að það þurfi aðgerðir strax.

Frv. sem við erum með felur ekki endilega í sér auðvelda lausn eða einföld svör. En það felur í sér jafnræði og það er það sem meiri hluti þjóðarinnar getur örugglega sætt sig við, jafnræði að aðgangi og jafnræði til þess að stunda þessa vinnu. Það er það sem frv. felur í sér.

[15:13]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það fer ekki hjá því að gömlum Vestfirðingi renni blóðið til skyldunnar í þeirri umræðu sem hér fer fram, og svo sannarlega hefði ég viljað sjá enn þá fleiri koma inn í umræðuna vegna þess að það sem við ræðum hér er stærsta hagsmunamál þjóðarinnar í dag og uppstokkun á kerfi sem hefur verið talið óréttlátasta kerfið og mesta misréttið á síðari tímum.

Sem þingflokksformaður Samfylkingarinnar og verkstjóri þegar starfshópur á vettvangi þingflokksins mótaði þær tillögur sem leitt hafa til þessa frv. verð ég að segja að ég er afskaplega ánægð með þá vinnu sem þá fór fram og hvernig haldið var á málum í þingflokknum. Í gegnum árin hafa komið upp fjölmargar tillögur um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu og ég minnist þess ekki að það hafi komið fram tillögur, hvort heldur í stjórnarflokki eða stjórnarandstöðuflokki, að ekki hafi verið um þær deilur í viðkomandi flokki og menn hafi skipst í hópa og ekki náð saman um þá leið sem mikilvægt væri að fara. Þess vegna er ég mjög stolt af því að þetta mál var unnið í þingflokki Samfylkingarinnar af öflugu fólki sem þekkti mjög vel til mála og lagði upp umræðuna í þingflokknum með þeim hætti að þeir sem minna höfðu komið að málinu gátu rætt það fram og til baka og við tekið á því þannig að full sátt var um frv. þegar það var lagt fram. Þess vegna er þetta frv. lagt fram af öllum þingmönnum Samfylkingarinnar og hver einasta manneskja hefur talað fyrir þeirri leið sem hér er lögð til. Við viljum taka á þessu stóra máli og breyta óréttlætinu.

Þetta þýðir auðvitað að Samfylkingin hefur skoðað afskaplega vel þróun mála í sjávarútveginum síðustu áratugi og farið yfir málin. Við erum sannfærð um að sú leið sem kynnt hefur verið í frv. okkar og Jóhann Ársælsson mælti fyrir hér í dag, fyrningarleiðin, skili okkur þangað einhvern daginn í framtíðinni, að réttlætinu hafi verið fullnægt og við höfum sótt eign okkar, eign fjöldans, heim til sín og að farið verði með hana á annan hátt. Tillaga okkar er að við lánum hana, að við lánum heimildina til að veiða í auðlindinni, að við hleypum duglegum og þróttmiklum sjómönnum í auðlindina til að sækja björg í bú og skaffa okkur þau auðævi sem þjóðin á að eiga og deila með sér.

Ég hef nokkrum sinnum lent í því að ræða þessi mál við fólk sem ekki er mjög mikið inni í umræðunni um sjávarútveg og ekki síst hafa margar konur orðað það að þeim finnist þetta mjög mikið óréttlæti og þær tala um öll dæmi sem þær þekkja úr því sem hefur verið að gerast á liðnum árum þegar aflaheimildir hafa verið að færast á milli aðila og miklir fjármunir sömuleiðis, og það sé svo erfitt að átta sig á talsmátanum hjá okkur á þinginu. Þess vegna, virðulegi forseti, ætla ég að leyfa mér — af því að við erum bæði að tala hvert við annað um hvaða leið eigi að fara í stjórn fiskveiða og við erum jafnframt að tala til þess fólks sem fylgist með þinginu og það eru orðnar allmargar þúsundir — í stuttri ræðu minni að nefna hvað felist í nokkrum af þeim orðum sem okkur er gjarnt að nota og notuð eru í tillögu okkar sem er um fyrningarleiðina.

Fyrningarleið þýðir að sá sem er handhafi aflaheimilda eða kvóta lætur ákveðinn hluta kvótans af hendi árlega til ríkisins og afskrifar hann. Eftir tiltekinn tíma er ríkið eigandinn af óveidda fiskinum fyrir hönd fólksins í landinu, búið að innkalla til sín allan kvótann sem nú er í eigu einstakra aðila, sjávarútvegsfyrirtækja, eða fyrirtækja sem hafa fjárfest í kvóta. Og þegar við tölum um kvóta, þá erum við að tala um aflaheimild. Aflaheimild og kvóti er það sama. Aflaheimild er úthlutað af stjórnvöldum t.d. í því formi að útgerðarmaður fær úthlutað ákveðnum fjölda tonna af t.d. þorski fyrir eitt ár, eða ákveðinni hlutdeild, ákveðinni prósentu af leyfilegum heildarafla í þorski eða öðrum tegundum, en kvóti er orðinn í allflestum fisktegundum hérlendis nú. Þess vegna erum við að tala um aflaheimild eða kvóta eða hlutdeild en það þýðir einfaldlega partur af því sem heimilt er að veiða á því ári.

Ég vil líka taka fram að ekki er mjög mikill ágreiningur um það, tel ég, að taka þurfi ákvörðun um það á hverjum

tíma hvað eigi að veiða mikið, hvað megi veiða mikið magn af ákveðinni tegund miðað við þær rannsóknir sem farið hafa fram og mat sérfræðinga á stöðu fiskstofnana. Ekki er stórkostlegur munur á milli flokka eða fólks á því að slíka ákvörðun þurfi að taka og eitthvert leyfilegt heildarmagn af fiski þurfi að ákveða á hverju ári. En það er þegar við komum að því með hvaða hætti eigi að skipta á milli báta þeim árlega heildarafla sem ákveðinn er, sem átökin hefjast. Um það er ágreiningurinn, hvernig eigi að skipta á milli sín þeim heildarafla sem leyfilegt er að veiða á hverju ári.

Svanfríður Jónasdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, fór ágætlega yfir það áðan hvernig aflanum var úthlutað í upphafi þegar verið var að kvótasetja, og skipt á milli þeirra báta sem höfðu veitt í auðlindinni. Gerður var listi yfir alla þá báta. Þeir höfðu veitt tiltekið magn á tilteknum þremur árum á undan og stuðst var við þá reynslu þeirra af veiðum þegar auðlindinni var síðan úthlutað. Og það er sú úthlutun sem er búin að draga dilk á eftir sér og hefur gert það að verkum að óveiddi fiskurinn hefur orðið eins konar eign þeirra sem hafa haft leyfi til að veiða.

Eins og hér hefur komið fram er tillaga Samfylkingarinnar í stórum dráttum sú að á tilteknum árafjölda, í tillögu okkar eru það tíu ár, skili handhafar veiðiheimildanna $^{1}/_{10}$ af heimildum sínum, kvótanum, til ríkisins. Ríkið leigir innkomnar heimildir á hverju ári, þær sem koma inn, til fimm ára í senn með því að bjóða þær út á markaði.

Öllum útgerðum sambærilegra fiskiskipa er fenginn jafn réttur og þeir sem eru nýir í greininni eiga möguleika á því að fá kvóta og sækja sjóinn. Þeir sem öðlast kvóta til tiltekins tíma, þessara fimm ára til dæmis, með þessum hætti, greiða fyrir heimild til veiða. Þetta er leigugreiðsla og greiðslunni fyrir heimildina er dreift á það ár sem heimildir eru nýttar.

Flotanum er skipt í þrjá flokka til að gæta hagsmuna landvinnslunnar og strandveiðikvótans. Hver um sig fær tiltekinn hluta af heildaraflahlutdeildinni, kvótanum, þannig að það sé skýrt hvað menn ætli sér að leyfa vertíðarbátunum að veiða og hvað fari til smærri báta og annarra.

Ekki er heimilt að framselja þá hlutdeild sem menn leigja til sín, þetta magn af fiski sem menn hafa gert samning við ríkið um að þeir megi veiða á hverju ári í fimm ár. Útgerðin hefur aflað sér á markaði heimildar til að veiða og ef hún nýtir ekki þá heimild sjálf, skal hún skila henni inn og þá verður henni umsvifalaust ráðstafað upp á nýtt, hún verður boðin öðrum.

Þá ætla ég að leyfa mér að útskýra hvað framsal er. Framsal er þegar einn útgerðarmaður afhendir kvóta öðrum til leigu innan árs eða varanlega, sem þýðir að hann selur kvótann sinn. Þetta er dæmi um það sem við erum alltaf að benda á, að það er einhver sem telur að hann eigi óveidda fiskinn. Og ef hann ætlar ekki að nota hann sjálfur vegna þess að eitthvað hafi komið upp á, báturinn bilað eða hreinlega hann finni það út að það sé miklu betra að vera heima í stofu og hafa það náðugt og leigja kvótann sinn, eða jafnvel bara hætta þessu, þá selur hann kvótann sinn. Það er framsal.

Það er grundvallaratriði að Samfylkingin með tillögu sinni stöðvar braskið með kvótann. Óveiddur fiskur í sjónum verður ekki til ráðstöfunar fyrir þann sem fékk veiðirétt í upphafi eins og nú er. Samfylkingin gerir sér grein fyrir því að ekki fengu allir gefins kvóta. Allmargir sem nú hafa undir höndum aflaheimildir eða kvóta til ráðstöfunar og eru að veiðum, hafa þurft að kaupa hann af öðrum. Þess vegna er svo mikilvægt að finna réttlátan árafjölda til að kalla inn kvótann. Þegar við förum á vinnustaði eða við erum einhvers staðar innan um fólk þar sem við erum að útskýra tillögu Samfylkingarinnar, þá er oft sagt við okkur: Af hverju ætlið þið að nota svona langan tíma, tíu ár, af hverju ekki fimm? Er ekki nóg komið af braskinu? Er ekki nóg komið að þessi eða hinn hafi getað ráðstafað kvótanum til annarra? Takið bara á þessu, þrjú ár. En það er vegna þess að þessi langi tími hefur alið af sér afstyrmi sem er það að sumir hafa fengið allt fyrir ekkert og aðrir hafa þurft að hafa mjög mikið fyrir þeim aflaheimildum sem þeir eru að nýta.

Þess vegna hefur Samfylkingin talið rétt að tíu ár dugi vegna þess að Samfylkingin ætlast líka til þess að sá sem hefur leiðst út í að kaupa rándýran kvóta af þeim sem hafði svokallaðan eignarrétt á honum, hafi gert sér grein fyrir því að ekki sé hægt að treysta því að kvótinn, óveiddi fiskurinn í hafinu, hafi verið látinn af hendi til eilífðar til þeirra sem hafa hann nú undir höndum. Við ætlumst til þess að menn hafi gert sér grein fyrir því að þeir hafi verið að taka ákveðna áhættu með því að kaupa og þeir hafi þegar notið réttarins í nokkurn tíma og þeim er gefinn þessi tími til breytinganna.

Félagar mínir hafa farið yfir muninn á gjaldtöku eins og ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir, veiðigjaldinu og þróunarsjóðsgjaldinu, og auðlindagjaldinu sem við viljum taka upp fyrir leyfi til veiða samkvæmt uppboði aflaheimilda eða hlutdeildar. Ég ætla þess vegna ekki að fara nánar yfir það og tek fram að ræða mín er ekki tæmandi um það sem þessi tillaga stendur fyrir, heldur vil ég fyrst og fremst koma inn í umræðuna með félögum mínum og stikla á því sem mér finnst vera stóru atriðin og helst á þann hátt að þeir sem eru ekki vanir að fjalla um sjávarútvegsmál geri sér grein fyrir hvað við erum að fara með tillögunni okkar.

Ég er Ísfirðingur í húð og hár. Ég fylgdist mjög vel með því þegar Guðbjörgin, flaggskipið glæsilega, og þær höfðu verið margar Guðbjargirnar á undan þeirri Guðbjörgu, lítil skip, vertíðarbátar, alltaf fengsæl skip. En þegar Guðbjörgin hin eina sanna var seld var því lofað að hún yrði gerð áfram út frá Ísafirði á komandi árum. Tveimur árum seinna var hún farin til Þýskalands og hefur ekki komið heim aftur. Á þeim tíma skrifaði ég litla grein og kallaði hana Byggðastofnunina hf. og hélt því fram að ef svo færi sem horfði yrðu það stórfyrirtæki í sjávarútvegi sem mundu ráða því hvaða sjávarpláss lifðu og hvaða sjávarpláss dæju séu þau alfarið bundin við að lifa af hafinu, vegna þess að það væri í þeirra höndum hvar væri lagt upp og hvar væri ekki lagt upp. Ég minnist þess að ég lenti í orðaskaki þá við stjórnarliða sem bentu mér á að það væri hámark á heimildum sem eitt fyrirtæki gæti átt. Það er alveg rétt. Þetta hámark er 12%. Eitt fyrirtæki má ekki eiga meira, sem þýðir auðvitað að hafa ráðstöfunarrétt á meiru, en það telur sig eiga 12% af öllum heimildunum. Það er þakið eins og það er kallað. Af þeim 100% sem fiskurinn í hafinu sem á að veiða á hverju ári er, þá á t.d. Eimskip núna yfir 11%. Það er mjög stutt síðan að framkvæmdastjóri sjávarútvegssviðs Eimskips benti á að þetta væri ekki nógu gott, þakið væri of lágt og að taka þyrfti upp umræðu um hvort ekki ætti að hækka þakið. Það væru fyrirtæki sem þyrftu að eiga meira en 12% og þetta 12% þak væri of lágt.

Við verðum að gera okkur grein fyrir því að að auðlindin okkar í hafinu, óveiddur fiskurinn, er markaðsvara. Óveiddur fiskurinn, heimildin er markaðsvara. Það er þessi heimild til að veiða sem gengur kaupum og sölum. Og þessi auðlind hefur verið að safnast á æ færri hendur. Ég hef það ekki

alveg á hreinu hve fáir þeir eru orðnir eftir sem eiga megnið af heimildunum en stórfyrirtækin kaupa upp smærri útgerðir og stórfyrirtækin eða undirfyrirtæki þeirra sameinast.

Sögurnar um þá sem voru svo heppnir að fá úthlutað á sínum tíma og hafa selt réttinn sinn fyrir tugi og hundruð milljóna eru ófáar. Ég ætla ekki að rekja neina þeirra hér en ég þekki margar. Það er skoðun okkar í Samfylkingunni að nóg sé komið. Samfylkingin vill taka á þessu máli. Samfylkingin ætlar að taka á þessu máli þegar hún fær umboð til þess. Hún vill opna aðgang að miðunum fyrir fleiri, gera nýliðun mögulega, en fyrst og fremst ætlar Samfylkingin að afnema mesta óréttlæti og mismunun Íslandssögunnar.

[15:31]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við erum að ræða frv. Samfylkingarinnar um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Í sjálfu sér fagna ég því að Samfylkingin skuli hafa tekið þá afgerandi afstöðu hin síðari ár að þessu kerfi sem við búum við þurfi að breyta, og þurfi að breyta því varanlega til framtíðar, og að það þjóni ekki hagsmunum Íslendinga, hagsmunum þjóðarinnar, hagsmunum fólksins í hinum dreifðu byggðum landsins, að viðhalda kerfinu eins og það er. Um það atriði er ég hv. samfylkingarþingmönnum algerlega sammála.

Í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða segir: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum."

Ég held að allir sem á annað borð eru ekki búnir að taka einhverja sérstaka trú á að lögin um stjórn fiskveiða séu eitthvað sem aldrei megi breyta og séu komin til að vera um alla eilífð hljóti að viðurkenna að markmið kvótalaganna hafa engan veginn náðst, þ.e. við höfum ekki tryggt trausta atvinnu og byggð í landinu og við höfum ekki verið að byggja upp fiskstofnana.

Sú hugsun sem felst almennt í kvótakerfinu í dag hjá kvótaréttarhöfunum, þ.e. þeim sem horfa á þetta kerfi sem við búum við sem hina einu varanlegu lausn, er sú að þeir eigi fiskinn í sjónum, þeir eigi aflahlutdeildina, eigi hana til framtíðar, og að kerfið sé þannig búið að skammta fyrir fram hverjir eigi að vera í útgerð á Íslandi og hverjir ekki. Þannig mun þessi klúbbur smátt og smátt lokast enn meir en verið hefur með áframhaldandi samþjöppun. Það er í raun og veru það sem hefur verið að gerast hér á landi, hinir stóru hafa orðið stærri í útgerð og öflugri enda gat ekki öðruvísi farið í framseljanlegu kvótakerfi þar sem engin stýring var á því að það skyldi taka tillit til neinna annarra sjónarmiða en þeirra sem útgerðarréttinn fengu afhentan í upphafi.

Ég veit ekki hvort allir muna það, herra forseti, en þegar þessu kerfi var komið á 1984 settu menn það fyrst og fremst á vegna þess að þá var ákveðið að skera verulega niður aflaheimildir samkvæmt tillögu fiskifræðinga. Menn voru í raun og veru að útfæra kerfið þá sem dygði til þess að halda flotanum í drift, tryggja að atvinna héldist uppi í landinu. Það var gert með ýmsum aðferðum sem of langt mál yrði að fara hér yfir, en það var m.a. gert með því að úthluta heimildum á ákveðnum fisktegundum til þeirra sem höfðu orðið fyrir mestri skerðingu í þorskaflanum, en það var jú fyrst og fremst þorskurinn sem var skertur í upphafi vega. Síðan hefur þetta kerfi þróast í það að verða verslunar- og sölukerfi þeirra sem í kerfinu eru, og nú líta útgerðarmenn svo á að þetta sé einkaréttarkerfi þeirra sem þeir eigi að geta veðsett, selt og gert við nánast hvað sem er.

Þegar sú hugsun er komin inn í kerfið, herra forseti, er algerlega orðið skilið á milli þess sem þarf að vera í atvinnugrein eins og sjávarútveginum, sérstaklega í landi eins og Íslandi þar sem sjávarútvegurinn skiptir geysilega miklu máli. Þá er algerlega skilið á milli þess að hagsmunir fólksins og hagsmunir útgerðarmannsins fari lengur saman. Og það gerist þannig að sjósóknarrétturinn er ekki endilega lengur tekjutæki útgerðarmannsins. Hann getur náð sér í tekjur með því að leigja frá sér heimildirnar innan ársins, leigja á svokölluðu aflamarki, eða hann getur jafnvel ákveðið að hætta útgerðinni og selja frá sér veiðiréttinn, aflahlutdeildina. Í hvoru tveggja tilvikinu, svo framarlega sem aflinn fer út úr verstöðinni eða plássinu, hefur algerlega skilið á milli hagsmuna fólksins í landinu og hagsmuna útgerðarmannsins.

Útgerðarmaðurinn hefur sem sagt fjárhagslega hagsmuni af því að ná til sín fjármununum fyrir heimildirnar en fólkið hefur enga hagsmuni af því. Það beinlínis tapar, tapar miklum fjármunum. Það tapar atvinnu sinni oft og tíðum og eignirnar í plássinu snarfalla í verði. Með þessum breytingum sem í upphafi eru teknar, sérstaklega eftir árið 1990 þegar kvótaframsalið var gefið algerlega frjálst, hefur alveg skilið á milli hagsmuna útgerðarmannanna og hagsmuna fólksins í landinu að þessu leyti.

Við eigum sem betur fer einstaka útgerðarmenn enn þá sem eru með aflahlutdeildir og starfa í þessu kerfi, útgerðarmenn sem sjá að þarna skilur á milli hagsmuna fólks og útgerðarmanna og telja að það sé eðlileg og sjálfsögð skylda þeirra sem aflaheimildirnar hafa að veiða heimildir sínar. Það eigi að vera hlutverk útgerðanna að fá að gera út á heimildirnar sínar og menn eigi að hafa vissu fyrir því að geta gert út í hvaða stjórnkerfi sem er en eigi ekki að hafa leigu- og söluréttinn. Ég verð að segja, herra forseti, að þeim útgerðarmönnum er ég algerlega sammála. Og Frjálslyndi flokkurinn er tilbúinn til þess að standa að þeirri breytingu eins fljótt og verða má að taka í burtu leigu- og sölurétt útgerðarmanna, skera algerlega á þann þátt. Ég held að það þurfi að gera eins hratt og mögulegt er, tel þess vegna að tíu ára aðlögunartími í þessu frv. Samfylkingarinnar sé of langur og mundi vilja fara þetta hraðar.

Ég hef oft verið spurður að því á fundum úti um land og víðar hvort ég teldi ekki að við værum að setja útgerðina á kaldan klaka ef við tækjum af útgerðarmönnum leigu- og söluréttinn einn, tveir og þrír. Ég hef svarað þessu einfaldlega: Ef útgerðin getur áfram fengið að gera út og veiða heimildir sínar, fær aðgang að þeim, hvort sem er í aflamarks-, kvóta- eða sóknarkerfi, á hún að geta haft sömu tekjur ef það hefur verið markmið útgerðarmannanna að gera út. Og ég tel að það eigi að vera í löggjöfinni, að það sé markmið útgerðarmanna. Mér finnst að þeir útgerðarmenn sem ekki vilja gera út á heimildir sínar hafi ekkert með þær að gera og eigi að skila þeim inn. Ég vil sem sagt að leigu- og söluréttinn verði afnuminn en þeim sem áfram vilja starfa verði boðinn aðlögunartími áður en fyrningarreglunum er beitt til þess að fá að veiða þær heimildir sem þeir hafa tímabundið.

Í þessu frv. Samfylkingarinnar er lagt til að gerðir verði þrír útgerðarflokkar. Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til að þeir yrðu fjórir. Það er auðvitað útfærsluatriði. Það

er hins vegar annað atriði sem við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til, og það er að smábátaflotinn og strandveiðiflotinn yrðu færðir yfir í sóknarkerfi. Fyrir því eru margar ástæður og þær felast sérstaklega í því að meðan menn eru með leigu- og sölukerfi heldur hvatinn til brottkasts áfram og jafnframt hvatinn til þess að velja úr þeim stærðum eða tegundum fisks sem menn fá í veiðarfærin. Það er mikill galli á útfærslu kvótakerfis þegar hún leiðir til slíks.

Þó að opnað sé fyrir það að menn geti landað afla fram hjá eða utan kerfisins til þess að koma í veg fyrir þetta er hætt við að samt sem áður sé sá hvati til staðar, og alveg sérstaklega verður sá hvati áfram til staðar, herra forseti, ef menn ætla að vera með leiguna inni. Það er einn af þeim ágöllum sem mér finnst vera í þessari útfærslu, að við erum að ræða útfærslu þar sem leigan varir í tíu ár. Þeir sem leigja til sín heimildir í fimm ár geta líka leigt 50% frá sér eins og er í núgildandi reglu.

Í þessum atriðum sem ég hef hér lýst kristallast kannski hluti af þeim ágreiningi sem er á milli Frjálslynda flokksins og Samfylkingarinnar í þessu máli. Báðir flokkarnir hafa hins vegar nákvæmlega sömu markmiðin. Og auðvitað er það svo að ef menn þyrftu að ná saman um útfærslur mundi ég ekki telja það flókinn farveg. En það þyrfti auðvitað að skoðast.

Hvers vegna segi ég þetta? Ég segi þetta, herra forseti, vegna þess að ég tel að það eigi að vera raunhæfur möguleiki að fella þessa ríkisstjórn. Og ég held að aðalmarkmið næstu alþingiskosninga sé að fella þessa ríkisstjórn og ná fram fleti á því að þeir flokkar fái stjórnartaumana sem hafa lýst því yfir að þeir vildu snúa frá þessu fiskveiðistjórnarkerfi sem er eitthvert mesta mein sem hefur verið komið á og sem vegur að hagsmunum fólks í þessu landi. Það er afar óréttlátt hvernig þessir hlutir hafa þróast og ég lít svo á að breyting á sjávarútvegsstefnunni og kvótakerfinu sé eitthvert mesta byggðamál sem uppi er í þessu landi nú um stundir. Það skiptir sköpum fyrir framtíðina að þessu kerfi verði breytt ef menn á annað borð ætla sér að tryggja það að fólkið í landinu njóti þess réttlætis að geta búið í hinum dreifðu sjávarbyggðum og geti fengið að viðhalda atvinnurétti sínum, eignastöðu og framtíð, að það sé ekki bara einkaréttur útgerðarmanna að fá að gera það heldur verði veiðiréttinum breytt með þeim hætti að hagsmunir fólksins í byggðunum og hagsmunir útgerðarmanna fari saman. Það gera þeir ekki í dag vegna hins sérstaka ákvæðis útgerðarmanna að mega selja frá sér aflaréttinn, mega selja bæði aflahlutdeildina og leigja frá sér veiðiréttinn.

Og það er ömurlegt, herra forseti, að ferðast hér um landið eins og ég hef verið að gera undanfarið, á ýmsa staði þar sem maður sér að þeir sem aflaréttinn hafa í dag nýta hann ekki, eru hreinlega að leigja hann frá sér. Það eru aðeins örfáir menn kannski í sumum minni sjávarþorpunum sem raunverulega nýta útgerðarréttinn sinn og skapa mikil verðmæti og mikla atvinnu fyrir það fólk sem fær vinnu hjá þeim við það bæði að veiða fiskinn og verka hann.

Ég get vel sagt frá því, herra forseti, að einn útgerðarmaður á litlum stað austur á Bakkafirði skaffar fimm mönnum störf þar sem meðallaunin eru 3,8 millj. fyrir að gera út á rúmlega 100 tonn af fiski. Ég tel að akkúrat þannig hugsun sé virðingarverð og að slíkir menn sem gera út á heimildirnar sínar skaðist í engu, herra forseti, þó að leigu- og söluréttur-inn sé tekinn í burtu einn, tveir og þrír. Það er bara svoleiðis. Þeir sem raunverulega eru að nýta heimildirnar sínar til veiða skaðast í engu þó að leigu- og söluréttur-inn sé tekinn í burtu ef þeir vita að reglurnar eru þannig að þeir geti haldið áfram að gera út.

Síðan er það spurningin um aðlögunartímann, hvernig menn ætla að kalla þennan rétt inn til þess að nálgast það að greiða þjóðinni eðlilegt afgjald fyrir að nýta veiðiréttinn.

Ég tel að þetta eigi að gera í fjórum flokkum og fara brattast í það að snúa við veiðikerfi smábátanna, gera það bara einn, tveir og þrír, fækka fisktegundum í kvótakerfinu eins fljótt og verða má og einfalda kerfið og stíga þá fyrstu skrefin með smábátaflotann og síðan með strandveiðiflotann og leyfa ýsutogurunum og autolínurunum að vera í einum flokki, þeir bíða þá einhverra lagfæringa, og síðan er frystitogaraflotinn og nótaflotinn í einum flokki.

Þannig horfi ég á málið og er þar af leiðandi ekki alveg sammála því sem Samfylkingin leggur upp með að gera þetta á tíu árum þar sem áframhald er á leigunni. Ég er að lýsa því, herra forseti, að ég er ósammála þeirri framsetningu, en tel að öðru leyti að stefnumörkun Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins að því leyti að komst út úr þessu kerfi sé skýr, þótt menn horfi á þetta með mismunandi útfærslu og mismunandi leiðum.

Ekki verður að mínu viti hægt að stöðva útflæði fjármagns út úr þessari grein nema menn taki á því að afnema leigu- og söluréttinn á óveiddum fiski. Meðan það er ekki gert verður alltaf útflæði fjármagns eins og verið hefur út úr greininni og áframhaldandi jafnvel skuldasöfnun inn í sjávarútveginn. Því það er ekki eins og þeir peningar sem þarf til að kaupa sig inn í kerfið detti af himnum ofan. Þeir eru yfirleitt teknir að láni um skamman tíma meðan menn eru að komast inn í fyrirtækin og síðan eru þeir settir með einhverjum hætti inn í fyrirtækin sem skuld. Því einhvers staðar eru þeir teknir að láni, herra forseti.

Í gegnum árin hafa íslenskir útgerðarmenn sýnt okkur fram á það með hegðun sinni í kerfinu að í því eru miklir fjármunir. Þegar menn treysta sér til þess að leigja eitt kíló af þorski á 150–160 kr. kílóið og eru þá í raun og veru leiguliðar þeirra sem aflaheimildirnar hafa, þá er auðvitað verið að sýna mönnum fram á það að miklir peningar eru í kerfinu.

Þess vegna er það alveg klárlega rétt hugsun þegar menn líta til framtíðar að eitthvert afgjald verði tekið fyrir að nýta þessar heimildir. Ég lít hins vegar svo á að þegar menn fara uppboðsleið verði menn að gera það stýrt. Menn verða að tryggja að ákveðin útgerðarmunstur haldi velli, a.m.k. meðan aðlögunin á sér stað, því okkur Íslendingum er enginn greiði gerður, ekki neinum, þó okkur hafi fundist að útgerðarmenn hafi misnotað þennan rétt margir hverjir á undanförnum árum, þá er okkur enginn greiði gerður með því að valda hér kollsteypu meðan við erum að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu.

Það er ekki stefna Frjálslynda flokksins og ég get heldur ekki séð að það sé stefna Samfylkingarinnar í þeirri tillögu sem hér er, heldur er beinlínis verið að horfa til þess hvernig þessir hlutir geti gerst án þess að valda endalausri kollsteypu.

Ég tel hins vegar að við eigum að gera þetta mjög hratt, sérstaklega að því er varðar strandveiðiflotann og að fara eigi mjög hratt í það að auðvelda mönnum að komast að í þeim greinum og komast þar í mögulegt útgerðarmunstur. En eins og kerfið er í dag er nánast orðið vonlaust fyrir menn að kaupa sig jafnvel inn í smábátakerfið, þar sem menn þurfa að koma með 100 milljónir með sér í vasanum til að komast

inn í það sem núna er kallað krókaaflahlutdeildarkerfi og tók við af þorskaflahámarkinu sem áður var með þeirri kvótasetningu sem stjórnarliðar beittu sér fyrir. Þrátt fyrir margar yfirlýsingar um að sumir stjórnarliðar mundu aldrei styðja ríkisstjórn sem mundi festa kvótakerfið í sessi hafa menn nú samt farið þá ógæfuleið.

Herra forseti. Sú stefnumótun sem við erum að ræða getur vissulega gengið upp. Mér finnst hún ná yfir of langan tíma og vil fara í þetta öðruvísi. En ég fagna því að stjórnarandstaðan skuli vera með tillögur um hvernig á að fara út úr þessu bjagaða kerfi, kerfi óréttlætis, sem við höfum komið á á undanförnum árum, kerfi sem hefur vegið að byggðunum og tekið atvinnuréttinn og eignarréttinn frá fólki, en alið undir og aukið eignarrétt þeirra stóru í sjávarútvegi.

[15:51]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get út af fyrir sig sagt að ég er sammála hv. þm. að æskilegt væri að þessi úrelding veiðiréttarins færi hratt fram. Ég hef hins vegar talið að ef menn styðjast eingöngu við úreldingarfyrirkomulag sé mönnum svolítið þröngur stakkur skorinn í því að taka veiðiréttindin mjög hratt af þeim sem hafa sett sig í miklar skuldir vegna kaupa á veiðirétti.

En einnig eru til leiðir til að fara hraðar í fyrninguna sem bent hefur verið á og ég ætla ekki að fara yfir hér enda ekki tími til. Ég tel að full ástæða sé til að skoða slíkar leiðir þegar búið er að taka ákvörðun eða einhver ríkisstjórn hefur manndóm í sér til að leysa þetta stórkostlega vandamál sem það er að ekki skuli vera atvinnufrelsi og réttlæti ríkjandi í grundvallaratvinnuvegi okkar, sjávarútveginum.

Og auðvitað er þetta mesta byggðamálið sem við stöndum frammi fyrir, ég get verið sammála hv. þm. um það. Þetta er einfaldlega þannig að ef þeir sem eiga þennan veiðirétt fara úr einu byggðarlagi, þá situr allt fólkið í byggðarlaginu eftir bjargarlaust. Það er enginn möguleiki að stofna til nýrrar útgerðar á grundvelli eigna venjulegs fólks í dag. Og þó menn ættu mikla peninga, þá er glórulaust að gera það. Þannig er nú þetta jaðarverð sem er á veiðiheimildunum.

En ég vil þó segja að auðvitað er hægt að bæta þær hugmyndir sem hér eru. Ég er ekki að halda því fram að þetta sé sú eina niðurstaða sem hægt er að hafa í öllum tilvikum. Við vildum setja fram nógu glögga, nógu skýra, nógu einfalda leið til þess að fólk skildi hvað við erum að fara. En við erum auðvitað til viðræðu um að útfærslan sé kannski tekin til skoðunar, enda vitum við að það þarf þegar stofnuð verður ríkisstjórn sem vill taka á þessum málum.

[15:53]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að eiga orðastað við hv. þm. Jóhann Ársælsson í andsvari um þetta mál vegna þess að hann gerir sér auðvitað grein fyrir því eins og ég að við skrifum hvor okkar óskatexta inn í þetta mál og vissulega þarf að finna flöt á því að vinna sig út úr því kerfi sem við höfum komið upp og hefur verið fest í sessi á undanförnum árum. Það er náttúrlega verðugt verkefni næstu ríkisstjórnar tel ég vera að vinna sig út úr því sem formenn stjórnarflokkanna hafa kallað sáttina miklu, sáttina um óbreytt fyrirkomulag. Þegar menn náðu að tala sig frá því í síðustu alþingiskosningum að um þetta mál yrði ekki sérstaklega kosið vegna þess að búið væri að ákveða það í ríkisstjórnarflokkunum að sköpuð yrði sátt í málinu, þá verður þeirri sátt ekki logið aftur yfir þjóðina. Það er alveg ljóst. Íslendingar eru að langmestu leyti mjög vel gefið fólk. Og forsrh. lýgur því ekki eina ferðina enn að sáttin sé eitthvað sem menn eigi að kjósa um. Það er búið að segja þjóðinni það. Sú sátt er ekki til. Hún er ekki á borðunum. Það er engin sátt um þetta kerfi. Það eina sem er að gerast er að áfram er verið að rífa réttinn af byggðunum og réttinn af fólkinu. Og um slíka framtíð getur aldrei orðið nein sátt í þjóðfélaginu. Þess vegna tek ég undir það sem hv. þm. sagði hér áðan: Auðvitað er hægt að leysa þetta mál með viðræðum.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill beina þeim góðfúslegu ábendingum til hv. þm. að gæta aðeins að orðavali.)

Það er mín skoðun, herra forseti.

(**Forseti** (GÁS): Forseti virðir hana.)

[15:55]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það voru mjög áhugaverð viðhorf sem þingmaðurinn setti fram í ræðu sinni og ég fagna því alveg sérstaklega að hann tekur undir með okkur um þau meginatriði sem Samfylkingin setur fram um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu.

Ég skil hann mjög vel þegar hann talar um aðlögunartímann, vegna þess að ég var þannig sjálf að finna þörfina fyrir að gera breytingarnar hraðari og taka fyrr á. Ég er samt sannfærð um að nú er mikilvægast að gera breytinguna, að gera rétta breytingu og taka á þessu máli, hvort það tekur árinu lengur eða skemur að ná heimildunum til baka til eigenda sinna er ekki meginmálið, heldur hitt að setja þetta í gang og gera breytinguna.

Ég hef líka áhyggjur af því og kom inn á það í ræðu minni að sumir hafa verið að kaupa kvótann, en við erum sannfærð um að þeir aðilar munu hafa talsverða möguleika þegar allt er komið á markað vegna þess að þeir þekkja þetta umhverfi.

En mig langar að drepa á orð hans um að nauðsynlegt væri að koma núv. ríkisstjórn frá. Já, það er stóra málið að koma þessari ríkisstjórn frá í vor. Þetta er ríkisstjórn sérhagsmunanna. Þetta er ríkisstjórnin sem hefur komið því kerfi á sem við erum að gagnrýna og erum sannfærð um að sé mesta réttlætismál í landinu að taka á. Það er þjóðin sem ákveður það hvort hægt verður að koma ríkisstjórninni frá. Og sem betur fer eru það alltaf fleiri og fleiri sem gera sér grein fyrir því að það er líf að loknum Davíð Oddssyni. Ég er alveg sannfærð um að þeir hlutir eiga eftir að gerast á þeim 90 dögum sem fram undan eru til kosninga að líkurnar verða sífellt meiri á því, virðulegi þingmaður, að við getum komið ríkisstjórninni frá í vor.

[15:58]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil víkja aðeins að einu atriði í þessu andsvari og það er að aðlögun þurfi fyrir þá sem hafa verið að kaupa kvótana. Ef þeir sem hafa verið að kaupa kvóta á undanförnum árum hafa vissu fyrir því að þeir fái að gera út á þær aflaheimildir sem þeir hafa verið að kaupa um einhvern tíma, þá er það þeim nægileg aðlögun. Þaðan eiga þeir að taka tekjurnar. Þess vegna held ég að menn eigi að fara í þetta tiltölulega bratt og byrja á strandveiðiflotanum, því þar er styst síðan menn fóru inn í þetta kvótakaupakerfi, þar voru menn í þorskaflahámarkskerfi fyrir eigi löngu síðan og ef þar er breytt yfir í sóknarstýrt kerfi er ekki verið að taka veiðiréttinn af mönnum og ekki atvinnuréttinn, þeir þurfa eingöngu að sækja tekjurnar í sjóinn.

[15:59]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mat okkar í Samfylkingunni að sú niðurstaða sem við höfum komist að sé afskaplega góð niðurstaða. Það er mikilvægast að okkar mati að með þeim tillögum sem hér hafa verið til umræðu og koma fram í frv. er verið að taka á öllum stóru þáttunum í þessu óréttláta fiskveiðistjórnarkerfi sem hefur flutt gífurlegt fjármagn frá einni hendi til annarrar án þess að nokkur hafi fengið rönd við reist. Við höfum sameinast um þessi meginatriði og það eru þau meginatriði sem okkur finnst skipta máli að koma til skila til þess fólks sem vill að sé tekið á þessum málum.

Mér finnst ekki vera aðalmálið hvort einhver útfærsluatriði þurfi að skoða vegna þess að ef við náum saman um meginatriðin alveg eins og þingflokkur Samfylkingarinnar gerði og fleiri og fleiri aðhyllast þau sjónarmið, þá er nokkuð ljóst að við verðum til þess bær að taka vel á þessu máli þegar við fáum til þess tækifæri.

Ég er alveg sannfærð um, virðulegi forseti, að þetta mál sem er eitt af stóru málunum í íslenskri pólitík og það hvernig Samfylkingin hefur tekið á því er eitt af því sem mun draga fram mismuninn á því hvernig Samfylkingin vill stjórna og hvernig sá stjórnarmeirihluti sem hér hefur verið við völd í átta ár hefur stjórnað, og verður með í að leggja þau lóð á vogarskálarnar sem munu skipta máli í vor og leiða í ljós hverjir munu halda um þessi mál á komandi árum.

[16:01]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er ekki til umræðu í fyrsta sinn og svokölluð fyrningarleið hefur verið margrædd hér á Alþingi. Ég hef velt fyrir mér hvernig framkvæmdin á slíku máli gæti orðið ef farið væri að vinna eftir þessum hugmyndum. Það sem ég hef séð stoppa allt svona af er í raun sú heimild sem er í lögum um að veðsetja aflaheimildir. Veðsetning þessara heimilda er heimil samkvæmt lögum. Hún er ekki bönnuð, hún er heimil með skipum. Og þar sem aflaheimildirnar eru veðsetjanlegar með skipunum er ekki hægt að horfa fram hjá því að einhver réttur hlýtur að vera hjá útgerðarmanninum. Við getum sagt að það sé eitthvað sem Alþingi hefur heimilað að gera og ekki verður tekið af mönnum öðruvísi en að bæta það.

Ég hef ávallt verið stuðningsmaður þess að reyna að stjórna fiskveiðunum þannig að við sæjum að fiskstofnarnir viðhéldust og að veiðarnar væru til þess að viðhalda byggð í landinu. Það var hugmynd okkar þegar þessi aðferð var tekin upp á sínum tíma. Ég held að allir sem tóku þátt í kvótasetningunni 1983 og 1984 hafi verið sammála því að þetta væri neyðarbrauð, það væri verið að bregðast við síminnkandi fiskstofnum og sívaxandi sóknarþunga, og einhvern veginn þyrfti að ná utan um málið.

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og það hefur ýmislegt komið upp í þessari stjórnun sem ég hef verið ósáttur við, og fleiri. Ég var mjög ósáttur við það að veðsetningin yrði heimiluð á sínum tíma og taldi að þar með væru menn búnir að geirnegla sig þannig að það yrði mjög erfitt að komast frá þessu aftur. En allt þetta þarf náttúrlega skoðunar við.

Ég fylgdist með því, eins og aðrir, að hæstv. sjútvrh. tók steinbítinn út úr kvóta fyrir þremur árum, og af því urðu engin eftirmál. Steinbíturinn var settur inn í kvóta aftur reyndar. Síðan hefur verið tekið upp á því að setja miklu fleiri tegundir inn í kvóta en nokkrum manni hafði dottið í hug, m.a. skötusel, keilu, löngu o.s.frv. þannig að nú eru nánast allar fisktegundir sem synda í kringum landið komnar í kvóta. Ég hefði aldrei getað ímyndað mér það sjálfur að svona margar tegundir yrðu settar í kvóta. Ég hef það fyrir satt frá mönnum hjá Hafrannsóknastofnun að það væri alveg nægjanlegt að vera með þorsk, ýsu, karfa og grálúðu í kvóta ef við ætluðum að halda utan um meginfiskstofnana. Allt hitt er meira og minna meðafli og ástæðulaust að vera með það í kvóta.

Síðan er spurningin hvað gerðist ef kvóti yrði tekinn af grálúðunni og karfanum. Er útgerðin með skaðabótarétt? Ég velti því fyrir mér eftir að sjútvrh. afnam kvótasetningu á steinbít hvort svo sé. Sjútvrh. hefur nefnilega alveg gríðarleg völd. Hann getur sett kvóta á tegundir og afnumið kvóta af tegundum, virðist vera, eftir því sem honum sýnist. Því hefur ekki verið mótmælt. Ég hef sjálfur haldið því fram að veðsetningin geirnegldi þetta en það má vel vera að ég hafi rangt fyrir mér. Það hefur ekki reynt á það. Ég hef hugleitt dálítið þessar aðferðir sem Samfylkingin reynir að fara, að afnema kvótann á tíu árum. Þetta er gríðarlega langur tími. Það fara í þetta tvö, þrjú kjörtímabil og ég veit ekki ... (**RG:** En leiðin sjálf?) Ég held að leiðin sé mjög erfið. (**RG:** En leiðin sjálf?) Það er mjög erfið leið að afnema 10% af kvótanum á ári og úthluta þeim svo einhverjum öðrum.

Ég er enn á þeirri skoðun að þeir sem keyptu kvótann eða fengu honum úthlutað hafi fengið hann vegna heimilda frá Alþingi og við séum þá skuldbundin til þess að leiðrétta það, að greiða þeim til baka það sem þeir hafa fjárfest í ef við ætlum að afnema þennan rétt. Ég mundi segja að það væri heiðarlegri afstaða ef menn vildu bara afnema kvótann með því að greiða skaðabætur og ná inn skaðabótunum með leigu. Þar með væri búið að setja undir þann leka.

Ýmsir aðilar ráku sjálfsagt upp stór augu, það gerði ég þegar ég heyrði að stærstu útgerðarfyrirtækin í landinu eru að biðja um að þakinu á kvótanum verði lyft og að heimilað verði að sama útgerðarfyrirtækið eigi 20% af öllum heildarkvóta landsmanna. Ég verð að segja eins og er að það er ansi langt seilst ef það verða ekki nema fimm útgerðarfyrirtæki eftir á landinu eftir 10–15 ár. Ég velti því þá fyrir mér hvernig menn hugsa sér að framkvæma það. Ég geri ekki ráð fyrir að það verði hægt að stjórna því neitt. Ég hugsa að það þýddi mun meiri byggðaröskun en við höfum séð fram að þessu ef útgerðarfyrirtækjum yrði fækkað niður í fimm. Við sem vorum að þessu á sínum tíma, fyrir 20 árum, veltum því reyndar aldrei fyrir okkur svo að ég muni að samþjöppunin í kvótakerfinu eða í aflaheimildunum yrði slík að við sæjum fram á að hér yrðu aðeins fimm fyrirtæki. Þegar svona öflug fyrirtæki eins og Eimskipafélag Íslands er farið að krefja um þetta gæti verið stutt í að það yrði heimilað. En ég er ekki að segja að það verði. Ég hef ekki heyrt annað á stjórnvöldum en að þau muni ekki geta sætt sig við það. Ég hef reyndar heyrt það frá sjútvn. að þau telji þetta ekki óeðlilegt en það eru skiptar skoðanir um málið.

Ég held að menn hljóti að verða að skoða mjög rækilega hvernig eigi að halda við því kerfi sem við notum í dag án þess að nánast verði komið á örfáar hendur allt sem veiðanlegt er í sjónum. Ég held að þetta geti líka tengst umræðunni um Evrópusambandið því nú hefur það verið eitt helsta ágreiningsefni manna um inngöngumöguleika í Evrópusambandið að sjávarútvegurinn væri það mikilvægur fyrir okkur og fyrir byggð í landinu að það væri ekki hægt undir núver-

andi kringumstæðum að flytja þetta allt út til Brussel. En ef það eru orðin örfá útgerðarfyrirtæki sem stjórna þessu öllu hvort sem er, sem þar að auki hafa lýst því yfir að þau væru jafnvel tilbúin til þess að fara með vinnsluna úr landi, er náttúrlega spurning hvað við séum þá að tala um. Ég held að þessi mál séu farin að fara í dálítið annan farveg núna en við höfum séð áður. Ég vara við því að farið verði að auka við aflaheimildir á hvert einstakt fyrirtæki eins og talað er um núna eða lyfta kvótaþakinu úr 12% upp í 20%. Ég mundi segja að það væri afskaplega alvarleg þróun. Frekar ætti að lækka þetta þak. Vald útgerðarmanna yfir byggðarlögunum er orðið nógu mikið. Þeir eru náttúrlega eins misjafnir og þeir eru margir. Sem betur fer eru útgerðarmenn flestir hinir vænstu menn og hafa keypt kvóta samkvæmt þeim lögum sem sett voru á Alþingi þannig að það er ekki við útgerðarmennina að sakast í þessum efnum. Það erum við sem settum þessi lög, og forverar okkar á þingi.

Mig langaði aðeins til að spyrja hv. þm. Jóhann Ársælsson að því hvort hann og hans flokkur hefðu eitthvað skoðað það hvernig mætti gera þetta hraðar fyrst þau á annað borð vilja taka kvótann af, hvort það hafi verið skoðað út frá lagalegu sjónarmiði hvort skaðabótaréttarinn sé til staðar og hvort skapast mundi einhver skaðabótaskylda ef t.d. kvótinn yrði tekinn af mörgum þessara tegunda sem eru svokallaður meðafli. Ég held að það væri alveg full ástæða til að skoða þessi mál þannig að menn vissu hvar þeir stæðu, fara a.m.k. eins langt í því og hægt er.

[16:13]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg hægt að svara því. Það liggja fyrir álit lögfræðinga á því að þeir telji, og það er meira að segja innifalið í niðurstöðum dómara, að stjórnvöld geti tekið þennan kvóta til baka. Það má hins vegar velta fyrir sér hversu hratt sé hægt að gera það, hvort skapist skaðabótaréttur ef kvótinn er tekinn mjög hratt af útgerðarmönnum. En auðvitað er hægt að fara hraðar í sakirnar. Það er hægt að gera það með því að útgerðarmenn fái þá bætur í staðinn fyrir þann kvóta sem er tekinn frá þeim og ég verð að segja alveg eins og er að ég tel að hv. þingmaður hafi kannski ekki munað þetta alveg rétt með lögin um samningsveð. Það eru tvær greinar í þeim lögum. Önnur segir að það sé bannað að veðsetja veiðiheimildir. En svo segir hin að menn megi ekki flytja veiðiheimildir af skipi nema með samþykki veðhafa í skipinu. Þannig fóru stjórnvöld hringferð í þessu máli til þess að reka út úr sér tunguna eða gefa þjóðinni langt nef í enn eitt skiptið.

Mér finnst hins vegar svolítið dapurlegt að hlusta á hv. þingmann segja hér að hann telji sig bókstaflega hafa stutt ríkisstjórn sem sé bara búin að gefa auðlindina endanlega í hendur útgerðarinnar. Mér fannst hv. þm. vera að segja það hérna áðan. Ég er aldeilis alls ekki á þeirri skoðun að stjórnvöld hafi gengið eins langt og hv. þm. lýsti og tel að það sé alveg augljóslega hægt að ganga þessa leið sem við leggjum til. Það er líka hægt að fara hana hraðar með vissum aðferðum.

[16:15]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hv. þm. segja í einu orðinu að bannað væri að veðsetja aflaheimildir en í hinu að það væri leyfilegt. Ég hélt að ég hefði verið að segja nákvæmlega það sama áðan.

Það er leyfilegt að veðsetja aflaheimildir með skipi en ekki einar og sér. Ég hef aldrei litið á það öðrum augum en að þetta væri nákvæmlega sami hluturinn. Menn eru hvort eð er ekki með neinar aflaheimildir nema á skipi. Það er ekki hægt að eiga aflaheimild án þess að eiga skip.

Það sem ég var að meina áðan í sambandi við að kvótakerfið hefði verið geirneglt með veðsetningunni þá lít ég svo á að með því hafi útgerðarmenn fengið heimildir til þess að taka lán og veðsetja skip og aflaheimild fyrir láninu. Lánin geta verið til ákveðins tíma og eru það náttúrlega, segjum bara 10, 20 ár, og á þeim tíma mundi ég segja að veðheimildin gilti.

Ég er ekki að segja og sagði það alls ekki að þetta gilti til eilífðarnóns. Auðvitað gildir ekkert til eilífðarnóns. Aftur á móti hlýtur veðsetning að gilda meðan veðið er á hafi það verið sett á eignina með lögformlegum hætti.

En svo var ég að segja áðan að kannski sé þetta misskilningur hjá mér. Kannski er veðsetningin ekki svona sterk eins og ég hef haldið og kannski er jafnvel hægt að afnema þetta kvótakerfi bara með einu pennastriki ef sjútvrh. ákveður það. Því var ég að velta fyrir mér hérna áðan.

[16:17]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það stendur í þeim lögum sem við nefndum hér áðan um samningsveð að veðsetning veiðiheimilda væri bönnuð. Því er ekki hægt að líta svo á að verið sé að veðsetja veiðiheimildir þó að það standi annars staðar í lögunum að menn megi ekki flytja þær af nema með samþykki veðhafa.

Síðan er annað. Stjórnvöld hafa frá því að þessi lög voru sett ítrekað skert veiðiheimildir skipa sem eru í þeirri stöðu sem hv. þm. var að lýsa. Það hlýtur að segja okkur að ekkert standi í raun í vegi fyrir því að skerða veiðiheimildir meira en gert hefur verið. Eins og hv. þm. þekkir þá eru búnar að vera í gangi skerðingar á veiðiheimildum.

Hv. þm. nefndi líka áðan Evrópusambandið og þá stöðu sem snýr að fiskveiðistjórnarkerfinu og því ef örfá fyrirtæki væru búin að eignast veiðiréttinn á Íslandsmiðum. Ég er einn af þeim sem halda því fram að við megum til með að taka eignarréttinn aftur til þjóðarinnar vegna þeirrar þróunar í alþjóðamálum. Jafnvel þó að við gengjum ekki í Evrópusambandið gætum við endað með því að eignarhald útlendinga yrði hér almennt í sjávarútvegi. Ef það fyrirkomulag sem er í gildi í dag verður þá í gildi þá getum við séð fram á það að Ísland verði í hlutverki kvótalausa sjávarþorpsins sem situr uppi með að veiða fyrir þann sem á auðlindina eins og við höfum séð á Íslandi í dag. Allur arður af veiðinni, eins og við vitum, endar hjá þeim sem á auðlindina. Hann endar hjá þeim sem á kvótann í dag og þannig mun það verða ef þetta kerfi heldur áfram. Þess vegna þurfum við að taka á þessu máli, líka vegna alþjóðastöðunnar.

[16:19]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eflaust má deila heilmikið um þessa veðsetningu og hversu sterk hún er. En ég get ekki tengt þetta við mismunandi ástand fiskstofna. Veðsetningin á ekkert við það. (**JÁ:** En byggðakvótann?) Veðsetningin á einvörðungu við þann afla sem úthlutað er á skipi hverju sinni. Hún á sem sagt við aflahlutdeildina. Ef kvótinn minnkar úr 200 þúsund tonnum niður í 150 þá er það aflahlutdeildin af þessum 150 þúsund tonnum sem gildir en ekki af 200. Ég mundi því ekki

segja að þetta væri fordæmi til þess að segja að veðsetningin héldi ekki.

En varðandi kvótakerfið og Evrópusambandið og þá þróun sem er að verða þar þá tek ég alveg undir það að þetta er atriði sem þarf að skoða sérstaklega. Það er náttúrlega orðið þannig í dag að útgerðin fer með þessar heimildir eins og henni finnst best og réttast, setur kvótann út á fullvinnsluskip eða sendir fiskinn út í gámum eða getur bráðum farið að vinna þetta með útlendingum þess vegna um borð í skipum. Ég get alveg séð það fyrir mér. Það væri erfitt að stjórna því.

Hvort þetta getur haft einhver áhrif á annað í sambandi við Evrópustefnuna veit ég ekki. Ég velti því samt fyrir mér hvað við erum í rauninni að tala um þegar þetta eru orðnir örfáir menn sem stjórna veiðum við landið. Þeir geta landað þar sem þeim sýnist og stjórnvöld geta lítið skipt sér af málinu. Þá skiptir kannski ekki öllu máli hvort við erum innan eða utan Evrópusambandsins ef við lítum á dæmið frá þeim sjónarhóli.

[16:22]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú ekki margt sem ég ætla að fara í andsvar út af en það er þó aðeins eitt atriði sérstaklega.

Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, af því að ég tel mig vita það, að steinbíturinn er búinn að fara tvisvar inn og út úr kvótakerfinu. Hann var í kvótakerfinu þegar það var sett á. Við settum kvótakerfið á með sjö fisktegundum. Steinbítur og skarkoli voru teknir inn í kvótakerfið hálfpartinn til þess að búa til uppbætur fyrir þau skip sem urðu fyrir mestri skerðingu í þorski. Ég held að hann hafi verið í kvótakerfinu í tvö ár frekar en þrjú og var síðan tekinn út. Hann var ekkert í kvótakerfinu í fjölda ára og í raun ekki fyrr en hann var svo settur aftur inn í kvóta fyrir nokkrum árum síðan. (**JÁ:** Svo tekinn út og settur aftur inn.) Svo var hann tekinn út aftur og sú úttekt hjá hæstv. sjútvrh. varaði aðeins í nokkrar vikur, ef ég man rétt, og þá kippti hann honum inn aftur. Það er svo sem búið að taka þá virðulegu fisktegund, bjargræði Vestfirðinga, inn og út úr kvóta í tvígang (Gripið fram í.) og engin málaferli urðu út af því. Þar fyrir utan náttúrlega, eins og réttilega hefur verið vakin hér athygli á, er auðvitað búið að setja í gang alls konar skerðingar, m.a. þessa nýjustu potta sem voru bornir út í smábátakerfinu. Þeir voru teknir út úr aflaheimildum annars staðar frá og höfðu einhvers staðar áhrif.

Ég held því að það liggi algerlega fyrir, herra forseti, með framkvæmd laganna að menn geta tekið tegundir út úr kvótakerfinu alveg eins og ráðherra getur sett þær inn.

[16:24]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé hárrétt hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að nokkuð margar fisktegundir voru inni í kvótanum fyrsta árið og síðan felldar út. Þá var nú reyndar, eins og hv. þm. man örugglega betur en ég, verið að keyra áfram á kvótakerfi og sóknardagakerfi. Það var verið að taka úr öllum stofnum eftir mörgum kerfum. Síðan veiddu aðrir bara frjálst, t.d. smábátar sem voru reyndar mjög fáir í þá daga. Þetta er því búið að breytast mjög mikið á þessum 20 árum.

Ég velti einmitt þeirri spurningu fyrir mér eins og hv. þm. hvort sú staða gæti verið uppi, þó að maður hafi haldið annað, að sjútvrh. geti kippt öllu út úr kvóta ef honum sýnist svo án þess að nokkur einasta ástæða sé til að hafa áhyggjur af því að fyrir það mætti krefjast skaðabóta af ríkinu. Ég verð að segja eins og er að mér finnst það dálítið sérstakt að þetta skuli vera hægt.

En bara varðandi kvótakerfið sem slíkt þá held ég að það hafi þjónað markmiði sínu þokkalega, þó ekki alveg nægjanlega á öllum sviðum. En það er samt ekki kerfi sem ég get séð að þurfi að vera hér til eilífðarnóns og auðvitað hljóta menn að velta fyrir sér nýjum leiðum sem meiri sátt getur orðið um og þjónuðu betur þeim tilgangi sem upphaflega var farið af stað með.

[16:26]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi síðustu orð hv. þm. eru alveg rétt að því leyti til að ef menn hefðu viljað stjórna fiskveiðum eingöngu með kvótakerfi þá þurfti náttúrlega aldrei að tína öll þessi kvikindi þar inn eins og skötusel og sólkola og fleiri tegundir. Það var algjör óþarfi til að stýra heildarmynd nýtingar auðlindarinnar hér við land og í raun þurftu þetta kannski aldrei að vera nema þrjár tegundir, svona burðarás í veiðum hverrar flotaeiningar. Ef menn hefðu farið í að skipta flotanum upp í aðgreinda útgerðarflokka þá hefðu þeir auðvitað getað stýrt veiðunum með fáum fisktegundum í hverju munstri. Sennilega hefðu fjórar fisktegundir algjörlega nægt til þess að stjórna t.d. togaraflotanum. Það hefðu þá verið karfi, grálúða, þorskur og ufsi, þ.e. ef menn á annað borð vilja hafa ufsa inni í kvóta, sem ég dreg nú mjög í efa því að hann er flökkutegund eins og hefur margsýnt sig.

Síðan langar mig aðeins, herra forseti, að víkja að því sem hv. þm. nefndi, þ.e. að við gætum ekki verið að skamma útgerðarmenn. Í raun og veru er maður ekkert að skamma útgerðarmenn. Þeir eru hins vegar notendur kvótans og þeir fara misjafnlega með hann. En það vald fengu þeir frá Alþingi. Það var héðan sem þeir fengu þá heimild að gera nánast hvað sem þeim sýndist við kvótann. Það hefur aftur orðið til þess í mörgum tilvikum að fólk hefur misst atvinnu sína. Það er þess vegna sem þetta er umdeilanlegt og það er þess vegna sem mönnum svíður það að einn aðili í þorpinu — aðeins einn vegna þess að hann átti hlut í bát. Svo gerðu einhverjir tveir, þrír menn út bátinn með honum og þrír, fjórir unnu í landi. En það var bara þessi eini sem átti bátinn sem fékk veiðireynsluna. Allir hinir sem voru búnir að vinna áratugum saman hafa ekkert um það að segja og um leið og hann selur gerir það þá eignalausa þar að auki.

[16:28]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að með framsalsheimildunum opnuðust leiðir sem voru kannski ekki alveg sýnilegar fyrir. Menn fóru að versla mjög grimmt með þessar heimildir fram og til baka og gerðu jafnvel ekkert út sjálfir heldur treystu einvörðungu á leiguna.

Auðvitað er þetta allt mjög vandmeðfarið. Þetta var samt hugsað á sínum tíma til þess að gefa mönnum tækifæri til þess að hámarka ávöxtunina, arðsemina af þessari auðlind. Ég held að þetta hafi alveg verið tilraunarinnar virði en reyndar, eins og með margt annað í kringum kvótakerfið, þá hefur þetta haft alveg feikilega erfið hliðaráhrif. Þessi hliðaráhrif eru mjög erfið og maður verður bara að taka undir það.

Kvótagreifarnir svokölluðu, þeir útgerðarmenn sem hafa fengið þessar heimildir, hafa auðvitað farið eftir þeim reglum sem settar voru. En það sem er að breytast og hefur breyst núna bara á síðustu árum er að þeir menn sem settu upp þessi

stóru fyrirtæki — þetta er nú ekki eldra hjá okkur en það á Íslandi að við þekktum mennina sem reru á árabátunum. En við munum samt eftir þessu. Við þekktum menn sem lifðu við þetta og við sjálfir erum aldir upp á bátatímabili þegar togarar voru að koma til sögunnar. Nú er þetta að þróast þannig að þeir hugsjónamenn sem settu upp útgerðarfyrirtæki í sínu byggðarlagi eru horfnir og við er að taka allt annað umhverfi. Við erum núna að tala um stórgróðafyrirtæki sem hugsa fyrst og fremst um að græða og græða meira og meira. Hugmyndir um byggðir og annað slíkt eru ekki endilega aðalatriðið lengur í hugmyndum þeirra um rekstur fyrirtækja.

[16:30]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hefur farið hér fram en samt hefur hún sannfært mig um það að stjórnarliðar Framsfl. og Sjálfstfl. þora ekki að taka umræðuna um sjávarútvegsmál. Einungis einn þingmaður úr stjórnarliðinu hefur mætt til þessarar umræðu. Aðrir hafa ekki heldur fylgst með henni í salnum a.m.k. Það er augljóst að þeir virðast telja það þjóna hagsmunum sínum frekar að reyna að þegja umræðuna í hel en koma og rökstyðja mál sitt og rökstyðja þá afstöðu sem fram kom í þeirri niðurstöðu stjórnarflokkanna að lögfesta það veiðigjald sem sett var á.

Auðvitað hefðu stjórnarliðar átt að mæta til umræðunnar galsvaskir til að verja sáttaleið sína og segja frá því hvernig þeir leystu úr deilum þjóðarinnar með þeirri fínu og miklu sátt sem þeir náðu. En það gera þeir ekki. Þeir gera það ekki vegna þess að þeir vita upp á sig skömmina. Þeir vita að þetta var auðvitað aldrei nein sátt nema milli þeirra og einhverra örfárra sem vilja hafa kerfið áfram svona, einokunarkerfi.

En þetta er ekki bara einokunarkerfi. Þetta er einkavæðing einokunar. Mér finnst dapurlegt að hafa orðið var við það í ræðu hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni, sem ég geri ráð fyrir að sé bergmál innan úr stjórnarflokkunum, að þeir telji sig vera búnir að ganga þannig frá málum og það sé ekkert hægt að gera, það sé búið að afhenda þetta endanlega og búið sé að veðsetja þetta í bak og fyrir, út og suður og ekkert sé hægt að gera. Ég er sem betur fer ekki á þeirri skoðun og tel reyndar að mjög skýr rök séu fyrir því að við getum breytt þessu og ég tel meira að segja að hægt sé að ganga hraðar og harðar fram en við höfum þó lagt til að verði gert.

Við höfum aftur á móti valið kost sem við teljum að sé vel fær og ef farið yrði eftir þeirri tillögu sem við erum með til umræðu muni allar alvöruútgerðir í landinu geta lifað það af. Þær muni fá góða stöðu til að aðlaga sig að nýju umhverfi og samkeppnisumhverfið í sjávarútveginum muni í heildina batna og að einu leyti gerbreytast, þ.e. að í því umhverfi sem við erum að leggja til að verði komið á verður alvörujafnræði. Það verður allt í einu aftur hægt að stofna til fyrirtækja í sjávarútvegi og keppa á jafnræðisgrundvelli við þá sem fyrir eru. Það er ekki hægt í dag. Og munurinn á stöðu fólksins í sjávarbyggðunum eftir að búið væri að koma á kerfi með leiguveiðiheimildum eins og við erum að leggja til yrði allur annar en er í dag vegna þess að þá gæti fólkið sem býr á ströndinni stofnað til nýrra atvinnufyrirtækja í útgerð eins og það gerði áður fyrr þegar útgerðarmaðurinn hætti, flutti í burtu eða fór á hausinn, þá stóðu menn einfaldlega upp, stofnuðu fyrirtæki og fóru að gera út á þeim stöðum þar sem gott var að gera út, stöðum sem urðu til af því að þeir voru í námunda við góð fiskimið. Þetta er ekki hægt í dag. En það er hægt að leggja niður atvinnuvegi í bestu sjávarútvegsbyggðum landsins ef það af einhverjum ástæðum þjónar hagsmunum stórútgerðarmannanna. Þeir eru orðnir svo uppteknir af hlutverki sínu að þeir telja sér trú um að þeir eigi auðlindina. Menn hafa með þessu fyrirkomulagi komið þeim einhvern veginn í skilning um að þeir eigi auðlindina og þeir eru bara stórmóðgaðir yfir því að ekki skuli allir skrifa upp á það að þetta sé þeirra eign. Við höfum séð þetta í yfirlýsingum þeirra. Og hvað eru þeir svo að tala um, sumir hverjir af þeim útgerðarmönnum eða þeir sem eru í forsvari fyrir hinum stóru útgerðarfyrirtækjum?

Ég er með þrjú blöð fyrir framan mig, hæstv. forseti, af Útveginum sem Landssamband íslenskra útvegsmanna gefur út. Í einu af þessum tölublöðum lýsir einn af forustumönnum stórs sjávarútvegsfyrirtækis því yfir að hann hafi misst 350–400 tonn af þorski til smábáta — hann hafi misst. Það er greinilegt að hann telur sig hafa átt einhvern rétt á Íslandsmiðum sem hafi verið tekinn frá honum og látinn í hendurnar á einhverjum öðrum. Það er greinilegt að hann telur sig eiga Íslandsmið, þessi ágæti maður.

Svo er hér annar forstjóri stórútgerðarfyrirtækis á Íslandi sem segir að við eigum að leyfa erlenda fjárfestingu í sjávarútveginum. Hann telur reyndar að engin hætta sé fólgin í því. Það er forstjóri Síldarvinnslunnar sem segir þetta í viðtali við blaðið. Ég deili áhyggjum með hv. þm. Kristjáni Pálssyni sem lét það koma fram áðan að hann hefði áhyggjur af því ef niðurstaðan yrði sú að hér færu útlendingar að eignast hlut í íslenskum útgerðarfyrirtækjum með kvótann sem séreign eins og hann er í dag. Ég geri ráð fyrir að það hafi verið það sem angraði hv. þm. eins og það angrar mig. Ég tel það reyndar algert grundvallaratriði að við komumst út úr þessu eignarhaldsfyrirkomulagi til þess að koma í veg fyrir að auðlindin renni úr greipum þjóðarinnar með þeim hætti sem hún hefur runnið úr greipum fólksins í sjávarbyggðunum þar sem sitja eftir heilu byggðarlögin án þess að mega stunda sjó.

Enn annar hefur önnur áhugamál í þessari grein. Hér er þriðja blaðið af fréttabréfi Landssambands íslenskra útvegsmanna og þar er forstjóri Brims hf. Og hvað er helsta áhugamál hans? Það er að hækka þakið. Þeir eru komnir með höfuðið upp undir þakið. Þeir vilja eiga meira. Hvað skyldi vera langt síðan meiri hlutinn á Alþingi ákvað að hækka þakið síðast? Ætli það hafi ekki verið fyrir tæpu ári? Var þá ekki verið að gefa mönnum tækifæri til að eignast allt að því 50% í sumum fiskstofnum? (Gripið fram í.) Ja, tillaga kom fram um 50%. Ætli sú tillaga gæti ekki komið fram aftur? Það hefur farið þannig að nú eru það 35%. Tæknilega séð gætu þrjú útgerðarfyrirtæki átt allan karfastofninn. Hvað kæmi svo sem í veg fyrir að það væru sömu eigendur að þessum fyrirtækjum? Ég hef ekki séð annað en að þeir eigi þannig hver í öðrum og það áttar sig ekki nokkur maður á í raun og veru hvernig valdaþræðirnir liggja. Þannig er þetta að verða. En það er leið út úr þessu. Leiðin er að taka veiðiréttinn til baka til þjóðarinnar og láta menn keppa um þennan veiðirétt á eðlilegum markaði þar sem framboðið er jafnt og stöðugt og allir standa jafnir gagnvart því að fá veiðiréttinn til að nýta hann. Það er eina leiðin í því þjóðfélagi sem við lifum í sem uppfyllir í rauninni þær kröfur sem verður að gera til viðskiptanna og samfélagsins, þ.e. jafnræði og réttlæti. Allar úthlutanir með handafli eru gersamlega vonlausar og það hefur líka sýnt sig afskaplega vel í þeim tilfellum þegar stjórnvöld hér hafa staðið í því að úthluta veiðiréttinum að

það er endalaus uppspretta illdeilna, óréttlætis og ójafnræðis sem það elur af sér.

Ég tel, hæstv. forseti, að ekki sé vansalaust að hv. þm. Framsfl. hafi ekki komið hér og útskýrt stefnu Framsfl. í sjávarútvegsmálum. Það liggur að vísu fyrir að Framsfl. stóð að því að setja þetta veiðigjald á en það liggur líka fyrir að í þeim flokki eru greinilega mjög margir sem hafa allt aðra skoðun en varð ofan á þegar verið var að fjalla um veiðigjaldið. Ég hef hlustað á forustumenn og fræðinga Framsfl. sem hafa verið helstu sérfræðingar flokksins í málinu, fjalla um þetta mál og halda því fram að eina leiðin inn í framtíðina með þetta kvótafyrirkomulag sé að fara fyrningarleiðina og Framsfl. ætti að fallast á veiðigjaldsleiðina með það í farteskinu að breyta yfir í fyrningarleiðina í framhaldinu. Þannig lýsti einn af helstu sérfræðingum Framsfl. afstöðu sinni til málsins. Eins og við vitum hefur formaður þingflokks Framsfl. verið alfarið á því að fara ætti fyrningarleiðina en ekki þessa veiðigjaldsleið sem ríkisstjórnin fór að lokum.

En ríkisstjórnin tók þessa ákvörðun og þetta var hennar svar eða efndir á loforðunum fyrir síðustu kosningar um að ná sátt í sjávarútvegi. Mér finnst það ömurlegt, mér finnst það dapurlega ömurlegt að menn skuli ekki vera meiri sanda og sæva sem styðja þessa ríkisstjórn en það að geta ekki komið hér til að verja þá niðurstöðu sína og fara yfir það af hverju þeir vilji hafa þetta svona og af hverju það er svona gott og hvað þeir ætli að segja í kosningabaráttunni um það hvernig þeir fóru að því að uppfylla loforðin um sátt við þjóðina um sjávarútvegsmál. Það er ömurlegt að það skuli nú vera svona komið fyrir öllum þingmönnum hæstv. ríkisstjórnar nema hv. þm. Kristjáni Pálssyni að þeir leggja ekki í umræðuna. Þeir leggja ekki í að koma og verja niðurstöðu sína og segja þjóðinni af hverju best var fyrir þjóðina að fara svona að eins og þeir ákváðu það. En auðvitað munu þeir ekki geta haft það aftur uppi fyrir þessar kosningar að þeir ætli að gangast fyrir einhverri sátt við þjóðina. Því verður varla trúað í eitt skiptið enn.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri. Ég er sannfærður um að hægt er að fara þá leið sem hér er lögð til án þess að kollsteypa verði í sjávarútveginum. Ég er sannfærður um að slík leið sem hér er lögð til verði til heilla fyrir þjóðina inn í framtíðina og hún mun koma á réttlæti og jafnræði gagnvart fólki sem vill starfa að útgerð og fiskvinnslu og jafnræði milli byggðarlaga í landinu sem þýðir það að fólkið sem býr úti í hinum dreifðu byggðum landsins fengi tækifæri með sama hætti til að lifa þar áfram eins og það hafði áður en kvótakerfið var sett á. Ég er ekkert að halda því fram að allir geti farið í útgerð. En það er þó alla vega hægt að koma á kerfi þar sem fólkið hefði sama rétt til þess að gera út hvar sem það býr og hefði jafnræði gagnvart þeim sem fyrir eru til að hefja útgerð ef því sýndist svo.

[16:45]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta hv. þm. þar sem hann talar um að ég bergmáli eitthvað úr stjórnarflokkunum varðandi veðsetninguna. Ég vil bara rifja það upp fyrir þingmanninum að ég var á móti veðsetningunni ásamt einum öðrum hv. þm. Sjálfstfl. og sá þriðji sat hjá þannig að við höfðum sömu áhyggjur af veðsetningunni og hv. þm.

Ég var ekki að segja að þar með væri ég að túlka það sem stjórnarflokkarnir hefðu talið gerast. Það er ekki þannig.

Varðandi erlenda fjárfestingu, ég var ekkert að tala um að erlend fjárfesting væri slæm í sjávarútvegi. Ég var að tala um Evrópusambandið, sem sagt þá þróun sem er að verða í íslenskum sjávarútvegi að útgerðarfyrirtækin eru að verða sífellt færri og við erum að horfa upp á það að þetta verði kannski hálfur tugur fyrirtækja, jafnvel enn færri áður en yfir lýkur, og ég á erfitt með að sjá hvernig því verði nokkurn tíma stjórnað af neinu viti. Ég held að það verði alger einokun í raun sem muni ríkja ef svo heldur fram sem horfir. Þess vegna er ég að velta fyrir mér færum leiðum til að breyta þessu kerfi með einhverju móti. Ég er ekki með neina lausn. Þessi fyrningarleið er ein hugmynd sem menn hafa sett fram. Ég ætla ekki að gera neitt lítið úr henni. Ég held samt að hún taki allt of langan tíma.

Ég held líka að allar breytingar á því sem þarf að gera þegar þar að kemur þurfi auðvitað að gerast í sátt við þessa atvinnugrein í heild sinni. Það verður aldrei hægt að gera þetta einhliða. Þjóðin verður að verða sæmilega sammála um að það sé komið að endimörkum, nú þurfi einhverjar breytingar og um þær breytingar verðum við að ná sátt ef við förum á annað borð af stað með þetta.

[16:47]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. var á móti veðsetningarfrv., hann má eiga það. Það var hin rétta afstaða og ég tek ofan fyrir honum fyrir það. Hann hefur áhyggjur af því að það stefni í einokun í þessari grein, og það hef ég líka. Með tillögu okkar yrði hins vegar einokuninni alveg tvímælalaust aflétt vegna þess að þá eignast ekkert fyrirtæki framtíðarrétt til að veiða. Það verður alltaf að keppa við önnur fyrirtæki á markaðnum um veiðiréttinn, og það hafa allir sama rétt til þess að fara í þessa atvinnugrein og menn hafa til þess að fara í aðrar atvinnugreinar. Hún er ekki lokuð. Menn þurfa ekki að kaupa réttinn af þeim sem fyrir eru til þess að hefja rekstur í útgerð. Til þess að hægt verði að breyta þessu í sátt við atvinnugreinina þurfa menn að velta fyrir sér við hverja á að tala. Það verður örugglega ekki hægt að breyta þessu í sátt við atvinnugreinina ef það er meiningin að tala bara við stórútgerðarmenn, þá sem eiga auðlindina samkvæmt fyrirkomulaginu sem er núna. Ég tel að menn verði að horfast í augu við að þetta getur orðið dálítið erfitt. Það getur orðið erfitt að fara þessa leið vegna þess að öflugir aðilar verði á móti.

Ég segi eins og er, og það kom í ljós á þessu kjörtímabili, að í stjórnarflokkunum hafa þessir aðilar slík heljartök á forustumönnum stjórnarflokkanna og þinginu að það var ekki hægt að ganga lengra. Menn gáfust upp og kiknuðu fyrir því valdi sem er fólgið í stóru fyrirtækjunum og þeim sem þar stjórna.

[16:49]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef orðið var við það að útgerðarmenn eru tilbúnir til þess að beita valdi sínu óvægilega. Ég kynntist því þegar við lögðum fram frv. til laga um að skylda skip til að koma með allan afla að landi af fullvinnsluskipum, og önnur eins áróðursskrif hef ég ekki séð lengi frá útgerðarmönnum í garð okkar flm. sem voguðum okkur að leggja þetta fram í þinginu. Ég verð að viðurkenna að ég hrökk illilega við þeim ofsa sem mér fannst koma fram hjá útgerðarmönnum gegn öllu því sem átti eitthvað að leiða til minni hagnaðar en eigi að síður sambærilegrar arðsemi fyrir þjóðarbúið og jafnvel meiri arðsemi fyrir þjóðarbúið. Í

þessu tilfelli var það tvímælalaust. Þegar ég tala um sátt við atvinnugreinina minni ég á að í henni eru sjómenn, útgerðarmenn, fiskverkendur og fiskverkafólk. Síðan er fólk úti um allt land, sveitarstjórnarmenn og aðrir. Auðvitað er það meiri háttar mál að gera grundvallarbreytingu á þessu kerfi í dag. Það er meiri háttar mál.

Ég held, eins og ég sagði áðan, að menn hljóti að þurfa að fara að hugsa sig dálítið um hvernig þetta er að þróast. Við megum ekki láta þetta þróast þannig að ekki verði aftur snúið. Það er enn hægt að breyta ýmsu í þessu kerfi án þess að það hafi alvarlegar afleiðingar og ég hef bent á að það er fullt af tegundum í kvóta sem þurfa ekkert að vera þar. Þeim má kippa út úr kvóta hvenær sem er án nokkurra afleiðinga og síðan má reyna að þróa sig út úr þessu kerfi. Ég er ekki með neina formaða tillögu um það en ég tel fulla ástæðu til þess að skoða fleiri leiðir en þessa.

[16:51]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir það með hv. þingmanni að það er meiri háttar mál að breyta þessu. Ég er hins vegar algjörlega sannfærður um að það er hægt að fara þá leið sem við erum að leggja fram tillögu um að verði farin og að það muni ekki valda neinum kollsteypum heldur gera sjávarútveg og útgerð á Íslandi heilbrigðari en er í dag. Það verður meiri sátt í framtíðinni um það fyrirkomulag sem við erum að leggja til heldur en það fyrirkomulag sem er núna. Það er ég sannfærður um.

Hv. þm. nefndi það hvers konar viðbrögð hann fékk þegar hann bar fram tillögu um það að menn yrðu skyldaðir til að koma með allan afla að landi. Það sýnir í hnotskurn hvers konar yfirhalningar ýmsir þeir hafa fengið sem hafa viljað fara aðrar leiðir en forustan í LÍÚ hefur viljað fara á undanförnum árum. Þar hafa menn sko fengið til tevatnsins. Og það var það sem ég meinti áðan þegar ég sagði að þessir flokkar sem eru nú við völdin á Íslandi og hafa verið undanfarin átta ár væru ófærir um að breyta þessu kerfi. Það sýndi sig þegar Framsfl. ætlaði að fjalla um sjávarútvegsmálin og setti upp stóru nefndina, þá hvolfdu sér inn í hana áhrifamiklir útgerðarmenn til þess að snúa ofan af þeim sem vildu fara aðrar leiðir en þá að hafa kerfið óbreytt. Og þeir kiknuðu og gengu til liðs við þá sem vildu hafa þetta svona áfram í Sjálfstfl. og lufsuðust til þess að samþykkja þetta. Sá eini sem stóð eitthvað í lappirnar var formaður þingflokksins en hann réð auðvitað engu og er svolítið eins og hrópandinn í eyðimörkinni. En hvort einhvern langaði til að styðja hann er svo önnur saga, hæstv. forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kirkjuskipan ríkisins, 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 64. mál (aðskilnaður ríkis og kirkju). — Þskj. 64.

[16:54]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Við förum hér úr umræðum um kvótakerfið beint yfir í kirkjuskipan ríkisins. Ég ætla að mæla fyrir frv. til laga um breytingu á kirkjuskipan ríkisins. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson og Sverrir Hermannsson. Frv. hljóðar svo:

1. gr. Allar kirkjudeildir og trúarsöfnuðir skulu njóta jafnréttis að lögum.

2. gr. Fullum aðskilnaði ríkis og hinnar evangelísku lútersku kirkju skal náð innan fimm ára frá gildistöku laga þessara. Með fullum aðskilnaði er átt við lagalegan, stjórnunarlegan og fjárhagslegan aðskilnað.

3. gr. Dóms- og kirkjumálaráðherra skal skipa nefnd fimm manna til að undirbúa nauðsynleg lagafrumvörp og sjá um annan undirbúning fyrir aðskilnað ríkis og kirkju skv. 2. gr.

Nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar. Formaður og varaformaður nefndarinnar skulu hafa lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands.

4. gr. Eftir að lög þessi hafa verið lögð fyrir forseta Íslands til staðfestingar skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar skal leggja málið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar í samræmi við 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram samhliða næstu alþingiskosningum, vorið 2003. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið annast undirbúning atkvæðagreiðslunnar. Hún skal vera leynileg og ræður meiri hluti greiddra atkvæða úrslitum. Um nánari framkvæmd kosninganna fer eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

5. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó öðlast ákvæði 1.–3. gr. gildi að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar, enda hafi meiri hluti þeirra er greiddu atkvæði veitt þeim samþykki sitt.

Með frv. fylgir svohljóðandi greinargerð:

Efnislega felur þetta frumvarp í sér að öllum trúfélögum skuli gert jafnhátt undir höfði og í samræmi við það skuli stefnt að aðskilnaði ríkis og hinnar evangelísku lútersku kirkju.

Kirkjuskipan sú sem við búum við er bundin í stjórnarskrá, nánar tiltekið í 62. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir í 1. mgr.:

„Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styrkja hana og vernda.“

Í 2. mgr. 62. gr. stjórnarskrárinnar er síðan tekið fram að þessu megi breyta með lögum, og þýðir það að sú kirkjuskipan sem mælt er fyrir um í greininni nýtur ekki verndar 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Í 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um hina hefðbundnu meðferð sem frumvörp til breytinga á stjórnarskránni verða að hljóta áður en þau geta talist gild stjórnarskipunarlög. Einungis þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem varin eru af 1. mgr. 79. gr. teljast til grundvallarlaga í íslenskum rétti. Ákvæði 1. mgr. 62. gr. stjórnarskrárinnar er ekki í þeim flokki þar sem breyta má þeirri kirkjuskipan sem þar er kveðið á um með almennum lögum frá Alþingi. Þótt ákvæði 1. mgr. 62. gr. teljist ekki til grundvallarlaga nýtur það þó sérstakrar verndar sem kveðið er á um í 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir:

„Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins skv. 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.“

Frumvarp það sem hér liggur fyrir miðar að því að breyta kirkjuskipan ríkisins samkvæmt 62. gr. stjórnarskrárinnar og því ber að leggja málið, hljóti það samþykki á Alþingi, undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu skv. 2. mgr. 79. gr. og ræður niðurstaða þeirra kosninga úrslitum um það hvort lögin öðlast gildi eða ekki.

Þótt kirkjuskipan sú sem kveðið er á um í 62. gr. stjórnarskrárinnar teljist ekki til grundvallarlaga eins og flest önnur ákvæði stjórnarskrárinnar má segja að sú vernd sem ákvæðinu er veitt í 2. mgr. 79. gr. sé ekki minni en felst í 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar þótt annars eðlis sé. Þjóðaratkvæðagreiðsla um löggjafarmál er einungis stjórnarskrárbundin í tveimur tilvikum, annars vegar skv. 2. mgr. 79. gr. sem hér hefur verið rædd og hins vegar þegar forseti hefur synjað staðfestingar á lögum skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Því er ljóst að stjórnarskráin veitir ríkjandi kirkjuskipan mikla og sérstaka vernd sem tryggir að henni verður ekki breytt án mikillar og almennrar umræðu í þjóðfélaginu.

Í 1. gr. frumvarpsins segir að allar kirkjudeildir og trúarsöfnuðir skulu njóta jafnréttis að lögum. Þetta er í samræmi við ákvæði 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar sem hljóðar svo:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

Núverandi ástand er í andstöðu við þau meginsjónarmið sem þetta ákvæði stjórnarskrárinnar byggist á. Ef 63. gr. stjórnarskrárinnar um trúfrelsi er skoðuð með hliðsjón af 65. gr. er eðlilegast að draga þá ályktun að hvers kyns forréttindi eins trúfélags umfram önnur gangi gegn þeim grundvallarsjónarmiðum sem trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og jafnræðisregla eru byggð á. Ákvæði 1. gr. frumvarpsins felur í sér að óheimilt er að mæla fyrir um það í lögum að eitt trúfélag skuli njóta einhverra sérréttinda umfram önnur og kemur þannig til móts við þá kröfu að menn skuli hafa jafnan rétt og jafna möguleika á að iðka trú sína.

Í 2. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um aðskilnað ríkisins og hinnar evangelísku lútersku kirkju og skal honum náð innan fimm ára frá gildistöku laganna. Kveðið er á um fullan aðskilnað og með því átt við lagalegan, stjórnunarlegan og fjárhagslegan aðskilnað. Ákvæði 2. gr. er í samræmi við 1. gr. frumvarpsins og í raun rökrétt afleiðing þeirrar greinar þar sem jafnrétti verður ekki talið ríkja meðal trúarsafnaða og kirkjudeilda fyrr en þessi aðskilnaður hefur farið fram.

Aðskilnaður ríkis og kirkju er flókið verk og margt sem þarf að huga að og því er ekki gert ráð fyrir því í frumvarpinu að aðskilnaðurinn sé að fullu yfirstaðinn fyrr en að fimm árum liðnum frá gildistöku laganna að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2002." — Sem yrði þá í vor, 2003, en ekki 2002 eins og stendur þarna.

„Hér verður ekki fjallað að öðru leyti um það samkomulag sem ríkisvaldið og kirkjan hafa gert með sér hvað varðar eignaskiptingu o.fl., enda varðar það ekki grundvallaratriði þessa frumvarps, heldur er það framkvæmdaratriði sem leysa verður þegar grundvallaratriðið um aðskilnað ríkis og kirkju hefur verið fest í lög.

Fleiri rök eru fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju. Íslenskir söfnuðir, sem standa utan þjóðkirkjunnar, eru margir og þeim hefur fjölgað ört á undanförnum árum.

Hér á landi hafa lengi starfað fríkirkjusöfnuðir, sumir hverjir evangelísk-lúterskir eins og þjóðkirkjan, en hafa þó ekki notið aðstoðar ríkisvaldsins með sama hætti og þjóðkirkjan.

Sífellt fleira fólk flyst hingað til lands frá öðrum þjóðlöndum, fólk sem iðkar ólík trúarbrögð. Því fólki og þeim trúarbrögðum ber okkur skv. 65. gr. stjórnarskrárinnar að sýna fyllstu virðingu. Mismunun gagnvart þeim er engan veginn sæmandi.

Með núverandi skipan mála má segja að öðrum trúarhópum en þjóðkirkjunni sé sýnt óréttlæti sem ekki samrýmist eiginlegu trúfrelsi.

Skoðanakannanir hafa leitt í ljós að 60–65% þjóðarinnar styðja aðskilnað ríkis og kirkju. Skoðanakannanir Gallups á Íslandi um aðskilnað ríkis og kirkju hafa verið gerðar átta sinnum á síðastliðnum átta árum. Alltaf hefur verið spurt sömu spurninganna. Úrtakið hefur verið um 1.200 manns í hvert sinn. Samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunar, sem Gallup gerði í september 2000, voru tæplega tveir af hverjum þremur fylgjandi aðskilnaði ríkis og kirkju en rúmur þriðjungur andvígur. Á sama tíma eru nær níu af hverjum tíu landsmönnum skráðir í þjóðkirkjuna og bendir það til þess að þeir vilji þrátt fyrir það hverfa frá núverandi skipan mála.

Ég tel að tengsl þjóðkirkjunnar við fólkið í landinu hafi að slævst. Til marks um það var kristnihátíð á Þingvöllum sumarið 2000 sem almenningur sýndi frekar mikið tómlæti.

Flytjendum þessa frumvarps er öldungis ljóst mikilvægi hins menningarlega og félagslega hlutverks kirkjunnar í samfélaginu. Því felur frumvarpið ekki á neinn hátt í sér óvild í garð kirkjunnar. Með því er einungis ætlunin að tryggja jafnrétti allra þegnanna á þessu sviði sem öðrum í samfélaginu.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins skal ráðherra skipa sérstaka nefnd sem verði honum til aðstoðar við gerð nauðsynlegra lagafrumvarpa og við annan undirbúning fyrir aðskilnað ríkis og kirkju skv. 2. gr. Til þess að fyllsta hlutleysis verði gætt er lagt til að ráðherra skipi nefndarmenn samkvæmt tilnefningum frá Hæstarétti Íslands. Þá er gert ráð fyrir að a.m.k. tveir nefndarmenn hafi lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands sem er eðlileg krafa ef horft er til þeirra verkefna sem nefndinni er ætlað að inna af hendi.

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um það með hvaða hætti skuli leggja málið undir atkvæði kosningarbærra manna í landinu, sbr. 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Í greininni er síðan kveðið á um að um nánari framkvæmd kosninganna skuli fara eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á sem felur meðal annars í sér að um kosningarrétt manna fer eftir þeim lögum.

Álitaefni er með hvaða hætti eigi að fara með frumvarpið eftir að það hefur verið samþykkt frá Alþingi. Samkvæmt orðalagi 2. mgr. 79. gr. virðist nærtækast að skilja ákvæðið svo að efnt skuli til þjóðaratkvæðagreiðslu áður en málið er lagt fyrir forseta Íslands til staðfestingar, enda veitir staðfesting forseta því lagagildi, sbr. 26. gr. stjórnarskrárinnar, nema það öðlist gildi síðar samkvæmt ákvæðum sínum. Þetta fyrirkomulag vekur hins vegar spurningar um það hvernig með skuli fara ef forseti, eftir að málið hefur verið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu, synjar frumvarpinu staðfestingar. Hér vaknar það álitaefni hvort leggja beri frumvarpið undir þjóðaratkvæðagreiðslu að nýju, sbr. 26. gr., eða hvort synjunarréttur forseta sé niður fallinn í þessum tilvikum. Í riti Ólafs Jóhannessonar, Stjórnskipun Íslands, annarri útgáfu 1978, bls. 300, segir svo um þetta efni:

„Eigi er þess getið í stjórnarskránni hvernig með skuli fara, ef forseti synjaði slíku frumvarpi staðfestingar, sem reyndar er ekki sennilegt, en þó ekki fræðilega útilokað. Samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar er að vísu ljóst, að lögin taka þegar gildi, þrátt fyrir synjun forseta, en spurningin er, hvort leggja þurfi málið að nýju undir þjóðaratkvæði

vegna synjunar á staðfestingu. Eftir orðanna hljóðan mætti ætla að lögin þyrftu að nýju að ganga til þjóðaratkvæðis, en það væri þó heldur umsvifamikið að láta þannig tvisvar sinnum hvað eftir annað fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um sama frumvarpið. Sennilega yrði því ekki talin þörf á nýrri atkvæðagreiðslu, heldur yrði hin fyrri talin fullnægjandi, og fengju þá lögin fullt gildi til frambúðar, þótt forseti synjaði staðfestingar. Þýðir það í reyndinni, að forseti hefur ekki málskotsrétt gagnvart þeim lögum, sem þegar hafa gengið til þjóðaratkvæðis, og ber því að staðfesta þau. Hin aðferðin, að bera frumvarpið fyrst upp fyrir forseta, verður ekki höfð, því að lögin fá gildi við staðfestingu hans eða synjun samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar, en það er ekki ætlunin samkvæmt 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar."

Síðan segir í sama riti:

„Reyndar mætti mæla svo fyrir í lögunum, að þau öðluðust ekki gildi fyrr en þau hefðu verið samþykkt af kjósendum við almenna atkvæðagreiðslu. Mætti þá sjálfsagt leita staðfestingar forseta fyrir þjóðaratkvæðið, þótt ekki sé það alveg í samræmi við bókstaf 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar."

Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir er síðastnefnda leiðin farin. Gert er ráð fyrir því að frumvarpið verði lagt fyrir forseta Íslands til staðfestingar með hefðbundnum hætti eftir að það hefur verið samþykkt frá Alþingi. Eftir að lögin hafa verið lögð fyrir forseta Íslands til staðfestingar skal leggja málið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu og er lagt til að kosningarnar fari fram samhliða næstu alþingiskosningum, vorið 2003. Þessi leið hefur þann kost að ef hún er farin reynir ekki á það álitaefni, sem nefnt var hér að framan, hvað skuli gera ef forseti synjar staðfestingar eftir að lögin hafa verið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Með því að setja málið fram með þeim hætti sem hér er gert hefur synjun forseta enga réttarlega þýðingu því skyldan til þjóðaratkvæðagreiðslu er þegar fyrir hendi og um leið tryggt að ekki þurfi að fara fram tvær þjóðaratkvæðagreiðslur um sama málið. Þá gefur þessi leið möguleika á því að kveða nánar á um þjóðaratkvæðagreiðsluna í sama lagafrumvarpinu og þar sem kveðið er á um hina breyttu kirkjuskipan, svo sem gert er í því frumvarpi sem hér liggur fyrir. En telja verður nauðsynlegt að kveða nánar á um framkvæmd kosninga í lögum þar sem ekki er kveðið á um einstök framkvæmdaratriði kosninganna í 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Í samræmi við framangreint er gildistaka laganna tvískipt. Annars vegar öðlast 4. gr. laganna gildi með hefðbundnum hætti en hins vegar ræður þjóðaratkvæðagreiðslan, sbr. 4. gr., úrslitum um hvort ákvæði 1.–3. gr. öðlast gildi eða ekki, eins og gert er ráð fyrir í 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Frumvarp sama efnis og ég hef hér kynnt var lagt fram á 127. þingi en var þá ekki afgreitt frá nefnd og er því endurflutt hér.

Herra forseti. Hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir hefur spurt um þetta efni. Svör dómsmrh. við spurningunum, sem voru tvær, voru í flestum efnisatriðum nákvæmlega eins og ég hef rakið í grg. með þessu frv. Verður því að álykta sem svo að eins og frv. er upp byggt þá svari það öllum álitamálum, bæði í lagatexta og grg., sem upp koma í málinu. Hins vegar er alveg ljóst að það eru skiptar skoðanir um það á hv. Alþingi hvort fara eigi þá leið sem þetta frv. leggur til.

Við hv. flutningsmenn leggjum auðvitað til að það sé þjóðin sjálf sem ákveði hvort þessi leið verði farin og ef hún verði farin þá sé gefinn fimm ára aðlögunartími meðan aðskilnaðurinn gengur í gegn. Um það yrði sérstaklega samið. Ég held að þetta sé skynsamlegt, í raun kannski sama leið og aðrar þjóðir hafa farið í svipuðum málum, t.d. Svíar.

Herra forseti. Við lítum svo á, hv. flutningsmenn þessa frv., að hér sé eingöngu um réttlætismál að ræða, mál sem tengist réttarstöðu þegnanna gagnvart stjórnarskrá landsins. Við flytjum þetta mál ekki til að vega að kirkju landsins eða störfum kirkjunnar og menningu sem tengist kirkjunni. Kirkjan er mikil stofnun og nauðsynleg í þjóðfélagi okkar. En við teljum að á Íslandi eigi allir menn að vera jafnir fyrir trúnni og uppfylla þau ákvæði sem stjórnarskráin kveður á um að þessu leyti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greining lestrarvanda, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 107. mál. — Þskj. 107.

[17:11]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég flyt hér till. til þál. um greiningu lestrarvanda. Þetta er þskj. 107 og er 107. mál þingsins. Flutningsmenn auk mín eru hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson og Kolbrún Halldórsdóttir.

Tillagan er svohljóðandi:

Alþingi ályktar að Háskólinn á Akureyri og Kennaraháskóli Íslands fái sérstakt framlag í fjárlögum að upphæð 30 millj. kr. til að greina lestrarvanda barna, unglinga og fullorðins fólks, veita ráðgjöf um viðbrögð og skipuleggja forvarnir.

Herra forseti. Þessi till. til þál. var lögð fram í haust. Við teljum að a.m.k. 30 millj. kr. sé þörf árlega af fjárlögum ríkisins til að standa undir þessari þjónustu og miðaði þáltill. við að þetta framlag hefði komið til afgreiðslu síðustu fjárlaga. En upphæðin er til viðmiðunar og má ekki lægri vera. Í grg. segir:

„Kennaraháskóli Íslands rak í u.þ.b. áratug sérstaka stofnun innan sinna vébanda, Lestrarmiðstöð KHÍ. Meginhlutverk hennar var að greina lestrarörðugleika nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum og fólks utan skólakerfisins, veita ráðgjöf, miðla þekkingu og vinna að rannsóknum á sérsviði sínu. Mikil þörf var fyrir þjónustu miðstöðvarinnar sem m.a. má sjá af því að allan tímann sem hún starfaði mynduðust langir biðlistar eftir greiningu.

Kennaraháskólinn fékk sérstakt framlag í fjárlögum til að standa að hluta til straum af kostnaði við rekstur Lestrarmiðstöðvarinnar en að auki aflaði miðstöðin nokkurra tekna með starfi sínu. Nú hefur það framlag verið fellt niður og Kennaraháskólinn hætt rekstri miðstöðvarinnar.

Afar mikilvægt er að greina lestrarvanda barna og fullorðinna og bregðast við honum. Þessi vandi er vaxandi og augljóst að nemendur á öllum skólastigum og fjöldi fullorðins fólks á við verulegan vanda að stríða sem dregur úr möguleikum til náms og hair því í daglegu starfi í atvinnulífi auk þess sem hömlun af þessu tagi hefur veruleg áhrif á andlega líðan og almennt gengi í lífinu.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu telja mikilvægt að brugðist sé við þeim vanda sem skapast þegar Lestrarmiðstöðvar Kennaraháskóla Íslands nýtur ekki lengur við. Eðlilegt hlýtur að teljast að tengja verkefnið þeim

stofnunum sem sinna rannsóknum á sviði fræðslumála, annars vegar á höfuðborgarsvæðinu, hins vegar úti á landi. Af þessum sökum er lagt til að Háskólinn á Akureyri annars vegar og Rannsóknarstofnun Kennaraháskólans hins vegar fái sérstakt framlag í fjárlögum til þess að greina lestrarvanda barna, unglinga og fullorðins fólks, veita ráðgjöf um viðbrögð og skipuleggja forvarnir."

Herra forseti. Eftir að greiningarstöð Kennaraháskóla Íslands var lögð niður eða um leið og fjárframlög til stöðvarinnar voru lögð af, var greiningunni í raun vísað til grunnskólanna og framhaldsskólanna. Þar á greiningin að fara fram og gerir það í mörgum tilfellum. En við verðum að vera raunsæ og viðurkenna að aldrei verður hægt að uppfylla þær kröfur að til séu sérfræðingar í hverjum skóla eða í hverju sveitarfélagi sem hafi þá sérþekkingu að greina lestrarvanda til fullnustu, leiðbeina, koma með úrræði og kenna eftir því sem við á. Í flestum tilfellum er hægt að átta sig á því að lestrarvandi sé til staðar. En nákvæmri greiningu verður aldrei hægt sinna nema með sérstökum greiningarmiðstöðvum og þá fleiri en einni. Enda sýnir það sig af einhverjum ástæðum að lestrarvandi virðist frekar vera að færast í vöxt hjá fullorðnum, hvað svo sem í nútímasamfélagi orsakar það. Það er spurning hvort fleiri eiga núna í raun við lestrarörðugleika að stríða eða hvort þjóðin sé bara að átta sig betur á þessu vandamáli. Hugsanlega var þetta ekki eins mikil fötlun áður fyrr og nú. Þjóðfélagið hefur breyst svo mikið og því á fólk með lestrarerfiðleika í miklu meiri vandræðum nú en fyrir nokkrum áratugum. Í dag er ekki hægt að komast hjá því að vera læs og skrifandi. En því miður á stór hópur fólks við þetta vandamál að stríða. Það lagast ekki af sjálfu sér. Talið er að um 18% fullorðinna eigi við lestrarvanda að stríða. Í frétt á síðu Fréttapósts Samtaka verslunar og þjónustu er sagt frá þessu í örstuttu máli. Þar segir, með leyfi forseta:

„Um 18% Íslendinga á aldrinum 15–65 ára eiga við svo mikla lestrarerfiðleika að stríða að það hindrar þá í að afla sér starfs- og endurmenntunar. Þetta eru um 35.000 manns á umræddum aldri. Niðurstaðan kemur fram í skýrslu nefndar um læsisvanda fullorðinna á vinnumarkaði sem menntamálaráðherra skipaði. Fulltrúi SA/SVÞ átti sæti í nefndinni."

Þarna vitna ég í fréttapóstinn en ekki í sjálfa skýrslu nefndarinnar.

Það er ekki bara fullorðna fólkið sem á við lestrarvanda að stríða. Það eiga líka börn og unglingar. Mjög mikilvægt er að greina þennan vanda strax í grunnskóla og þó ekki sé um algera lesblindu að ræða þá getur torlæsi verið það mikið að það hái börnum og unglingum svo mikið að þau gefist upp við allt nám þó svo ekkert ætti að hindra þessa nemendur í námi hvað gáfur snertir og hæfileika annað en lesblindan eða torlæsið.

Fyrir nokkrum dögum kom lesblindur fullorðinn maður fram í fjölmiðlum, ljósvakamiðlunum til þess að skýra frá því hvernig hann hafi sem barn og unglingur og fullorðinn maður upplifað og gengið í gegnum lífið lesblindur. Þessi maður þurfti töluvert áræði og kjark til þess að gera þetta. Hann segir réttilega að til lítils hefði verið að setja frétt í dagblöðin um lesblindu. Það hefði lítið þýtt þótt hann hefði skrifað grein og birt í einhverjum fjölmiðlanna því að lesblindir sem hann sérstaklega vildi höfða til og beina máli sínu til hefðu þá ekki tekið eftir henni því þeir vakta ekki blöðin og pikka ekki út greinar til lestrar. Mig langar til þess að grípa aðeins niður í viðtal við hann sem birtist í þættinum Ísland í dag, þann 4. þessa mánaðar. Þar segir þessi maður sem heitir Sigurjón Sigurðsson og er á miðjum aldri, með leyfi forseta:

„Lesblindur maður er alltaf í felum með eitthvað. Hann þarf í hrakningum sínum að finna leiðir til að klífa hina ýmsu þröskulda sem mæta honum í þjóðfélaginu. Lesblindur maður nýtir sér ekki tölvuþekkingu. Hann sækir ekki skriflega um neitt, t.d. um vinnu eða námskeið og hann fer ekki ótilneyddur í bankann og fer helst ekki á mannamót af ótta við að þurfa að lesa eða skrifa."

Sigurjón mætti í viðtalið ásamt kennara og Guðrúnu Gunnarsdóttur. Þar sagði hann frá því hvernig það var að vera barn og unglingur í skóla. Hann segir þegar hann er spurður að því hvort hann mundi lýsa því þannig að líf hans hafi bara verið einn stór feluleikur. Hann svarar, með leyfi forseta:

„Þeir sem eru lesblindir eru alltaf í feluleik og ég hef alltaf verið það. Það má bara tala um það eða eins og þegar ég var í barnaskóla. Þú gast ekki gert hlutina sem þú áttir að koma með heim. Það var bara: „Í skammarkrókinn með þig.""

Hann segir síðan:

„Þannig var þegar ég var í skóla. Svo hætti ég bara í skóla vegna þess að maður heyrði alltaf: „Þú kannt ekki neitt. Þú getur ekki neitt. Í skammarkrókinn með þig.""

Hann hættir í grunnskóla 11–12 ára gamall. Saga hans er ekkert einsdæmi. Lesblindir, þeir sem eru með dyslexíu, búa oft yfir miklum hæfileikum á öðrum sviðum, en því miður geta þeir ekki notið sín. Mjög margir listamenn, arkitektar og fólk í byggingargreinum er haldið dyslexíu en nýtur þess að hafa mjög sterkt formskyn. Það er hæfileiki sem hentar á ákveðnum sviðum. En það fólk verður að hafa úthald og þol til að komast áfram í menntakerfinu og/eða fá stuðning til þess að geta látið aðra hæfileika sína njóta sín.

En dyslexía, þ.e. að vera lesblindur, er ekki eina lesfötlunin. Mjög margir nemendur og fólk er líka seinlæst, meira að segja svo seinlæst að það les ekki nema um 70–80 orð á mínútu meðan venjulegur maður les um það bil 370 orð á mínútu. Það segir sig sjálft að torlæsi er öllum fötlun, sérstaklega nemum, hvort heldur er í grunnskóla eða framhaldsskóla. Þar sem við höfum verið að ræða um samræmd próf í framhaldsskólum þá er það alveg víst að það form sem á að taka upp núna á samræmdum prófum grunnskólanna mun verða öllum þeim nemendum sem seinlæsir eru og torlæsir mjög erfitt. Það er erfitt fyrir þessa nemendur að komast í gegnum krossapróf og eingöngu form prófsins getur orðið til þess að margir nemendur sem eiga við þessa fötlun — því þetta er fötlun — að stríða fá lægri einkunnir en þeir í raun og veru ættu skilið. Þetta ýtir undir það að áhugi þeirra minnkar og vonleysi eykst og þetta ýtir undir það að þeir flosna upp úr skóla.

Herra forseti. Ég tel að flest okkar þekki annaðhvort úr eigin fjölskyldu eða kunningjahópi sínum einhverja sem eru a.m.k. seinlæsir. En í langflestum tilfellum er hægt að hjálpa fólki til þess að ráða við þessa fötlun að miklu leyti. Svo mikil verðmæti liggja í öllu þessu fólki, ungu sem öldnu, að ég tel rétt að koma aftur á fót greiningarstöð við Kennaraháskóla Íslands og þá til viðbótar við Háskólann á Akureyri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:27]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuréttindi útlendinga, 598. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 959.

Fjarskipti, 599. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 960.

Flutningur opinberra starfa og stofnana, 278. mál, svar félmrh., þskj. 930.

Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, 597. mál, stjfrv. (utanrrh.), þskj. 958.

Póst- og fjarskiptastofnun, 600. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 961.

Stjórn fiskveiða, 602. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 963.

Tekjuskattur og eignarskattur, 601. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 962.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 1. umr.

Frv. ÁRÁ o.fl., 153. mál (fjárfesting í sparisjóðum). — Þskj. 153.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. ÞBack, 169. mál (sjúkraflug). — Þskj. 169.

[17:28]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég flyt frv. til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar. Það er á þskj. 169 og er 169. mál. Þetta frv. til laga var áður flutt á 125., 126. og 127. löggjafarþingi en varð aldrei útrætt. Á þessum tíma hafa verið gerðar þó nokkrar breytingar á lögum um almannatryggingar og tel ég að kominn sé tími til að gera enn eina á margstöguðum lögum og koma þessu frv. til afgreiðslu á þessu þingi. 1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„6. málsl. i-liðar 36. gr. laganna orðast svo:“ — Herra forseti. Þessi grein er um sjúkraflutninga. — „Séu liðnar 36 klst. eða meira frá innritun sjúklings greiðist flutningskostnaður milli sjúkrahúsa að fullu af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.“

2. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Greinargerðin er stutt og les ég hana, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta hefur verið flutt á síðustu þremur löggjafarþingum en aldrei orðið útrætt. Frumvarpinu fylgdi svohljóðandi greinargerð: „Samkvæmt gildandi lögum greiðir Tryggingastofnun ríkisins kostnað við sjúkraflug ef sjúklingur er fluttur beint að heiman frá sér en sé hann fluttur af sjúkrahúsi greiðir viðkomandi stofnun flutninginn. Þetta fyrirkomulag hefur þann galla að minni sjúkrahús veigra sér við að innrita sjúklinga sem gætu þurft á sjúkraflugi að halda vegna þess að kostnaðurinn gengur nærri fjárhag lítilla stofnana. Það ýtir undir að sjúklingar séu strax sendir á sjúkrahús í Reykjavík eða á Akureyri í stað þess að gangast undir rannsókn heima fyrir til að ganga úr skugga um hvort sjúkraflug reynist nauðsynlegt. Einnig leiðir þetta til ónákvæmrar skráningar í þeim tilfellum þegar sjúklingur nýtur aðhlynningar á litlu sjúkrahúsi áður en til flutnings kemur. Sú breyting sem hér er lögð til mundi koma minni sjúkrahúsunum til góða, bæta nýtingu þeirra og draga úr sjúkraflugi.““

Ég hef furðað mig á því að þetta frv. hafi ekki fengið brautargengi á hinu háa Alþingi þar sem það mun leiða til sparnaðar í heilbrigðiskerfinu. Það mundi aldrei verða til kostnaðarauka, eingöngu til sparnaðar ef á þarf að halda. Það mundi gera rekstrarumhverfi og þjónustu við sjúklingana markvissari en er í dag. Þetta ákvæði á eingöngu við þau sjúkrahús sem fjærst eru höfuðborgarsvæðinu eða Akureyri og eingöngu á stöðum þar sem nota verður sjúkraflug. Það gefur augaleið að þetta á ekki við sjúkrahúsið á Selfossi, Keflavík eða Akranesi, þetta á eingöngu við þau sjúkrahús sem eru það fjarri að nota þarf sjúkraflug til að koma fólki á milli, þ.e. flug í staðinn fyrir venjulegan sjúkrabíl.

Ef þetta frv. verður að lögum er hægt að nýta þessa 36 klukkutíma til að athuga hvort bráir af sjúklingi eða hvort eitthvað er að sem heimamenn geta ráðið við og læknað. Ef ekki gefur þetta svigrúm til að meta sjúklinginn og senda hann áfram ef í ljós kemur að hann þarf á frekari meðferð að halda.

Í dag er, eins og fram kemur fram í greinargerðinni, öruggast fyrir stofnunina ef eitthvað tvísýnt er með sjúklinginn að innrita hann ekki á stofnunina heldur senda hann beint. En ef menn vilja aðeins skoða hlutina og sjá hvort ekki fari á betri veg þann tíma sem sjúklingur er í læknismeðferð og hjúkrun inni á stofnuninni þá fellur óneitanlega alltaf til einhver kostnaður. Sá kostnaður er þá stofnuninni óbættur. Þetta eru hreinlegri vinnubrögð sem leiða í flestum tilfellum til þess að hægt er að meta með meiri yfirvegun hvort á sjúkrafluginu þurfi að halda, í stað þess að panta sjúkraflugvél strax til að vera alveg öruggur um að kostnaðurinn falli ekki á viðkomandi stofnun.

Mig langar, herra forseti, að lesa upp bréf frá Stefáni Þórarinssyni sem stílað er á heilbrrh. vegna þessarar tillögu. Það er orðið ársgamalt en stendur alveg fyrir sínu og hljóðar svo:

„Vegna þess að ég varð þess áskynja að verið var ...“

(**Forseti** (ÍGP): Má ég biðja hv. þm. að minnast þess að þegar um beinar tilvitnanir er að ræða þá þarf leyfi forseta til.)

Herra forseti. Ég er meðvituð um að mér ber að biðja um leyfi og ég biðst afsökunar ef ég hef ekki gert það. Ég ætla þá að vitna í bréfið, með leyfi forseta. Ég ætla að lesa það og láta það vera mín lokaorð. Það er svohljóðandi:

„Vegna þess að ég varð þess áskynja að verið var að taka upp á Alþingi lög um almannatryggingar vil ég fá að vekja máls á atriði í þeim lögum sem kemur sér illa fyrir heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni og þeim mun verr sem þær eru minni og lengra frá Reykjavík. Hér á ég við það ákvæði að heilbrigðisstofnun skuli borga flutning sjúklings á milli stofnana. Þetta ákvæði hefur það í för með sér eins og það er að litlar stofnanir með lítinn rekstur veigra sér við að taka við sjúklingi ef hætta er á því að það þurfi að senda hann áfram á stærri stofnun.

Sjúkdómar byrja oft með óljósum hætti og í upphafi veikinda verður oft ekki skilið með neinni vissu á milli alvarlegra

eða flóknari tilfella og hinna sem reynast minni háttar og eru á færi minni stofnana að hjálpa fólki með. Tryggingastofnun ríkisins borgar flutninginn ef sjúklingurinn kemur að heiman í flugið, annars verður sjúkrahúsið eða hjúkrunarheimilið sem tekur við honum að borga sjálft af sínum rekstrartekjum. Það er þeim mun tilfinnanlegra sem rekstrareiningin er minni og vegalengdin frá stóru sjúkrahúsunum er meiri.

Afleiðing þessa er að sjúklingar eru sendir oftar en ella í burtu með sjúkraflugi til Reykjavíkur eða Akureyrar strax í upphafi veikinda, fremur en að reynt sé fyrst að glíma við veikindin í heimabyggð. Núverandi reglur ýta undir þetta eða undanbrögð við skráningu. Þetta fyrirkomulag ýtir þannig undir bráðasjúkraflutninga og sjúkraflug og vinnur gegn því að beðið sé t.d. birtingar, betra veðurs, niðurstöðu rannsókna, þess hver framvindan verður fyrstu tímana og þannig gegn því að lítil sjúkrahús og hjúkrunarheimili á landsbyggðinni séu nýtt eins og hægt væri.

Ég geri það því að tillögu minni að 36. gr. laga um almannatryggingar verði breytt þannig að Tryggingastofnun ríkisins greiði flutning milli stofnana fyrstu 36 klukkustundir innlagnar, þurfi til hans að koma."

Undir þetta ritar, eins og ég sagði áðan, Stefán Þórarinsson, yfirlæknir á Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Þar sem reglurnar eru á þann veg að Tryggingastofnun ríkisins greiðir flutning sjúklings beint að heiman er það í langflestum tilfellum svo að ekki er búið um sjúklinginn í sjúkrabörunum og farið með hann út í flugvél heldur komið við á heilbrigðisstofnuninni. Það þarf ýmislegt til undirbúnings fyrir flutning með flugvél. Oft þarf að setja upp vökva áður en farið er af stað og búa sjúklinginn sem best til ferðarinnar. Það er langheppilegast að gera á heilbrigðisstofnuninni sjálfri frekar en inni á heimilinu og því er komið við þar.

Ég hef áður lesið þetta bréf þegar ég flutti þetta frv. síðast en aldrei er góð vísa of oft kveðin. Ég leyfði mér því að lesa bréfið upp aftur.

Eftir þessa umræðu óska ég eftir að frv. verði vísað til heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla, fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 171. mál. — Þskj. 172.

[17:39]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir till. til ál. um framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir er 1. flm. þessarar tillögu og flyt ég tillöguna í hennar stað. Aðrir meðflutningsmenn hennar eru Össur Skarphéðinsson, Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson, Magnús Stefánsson, Ólafur Örn Haraldsson, Guðjón A. Kristjánsson, Katrín Fjeldsted og Drífa Hjartardóttir.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skipaður verði starfshópur með fulltrúum ráðuneytis félagsmála, menntamála, umhverfismála, heilbrigðis- og tryggingamála, dómsmála, samgöngumála og fjármála og fulltrúum frá hagsmunasamtökum fatlaðra til að semja framkvæmdaáætlun sem hefur að markmiði að tryggja aðgengi fyrir alla með hliðsjón af meginreglum Sameinuðu þjóðanna um þátttöku fatlaðra til jafns við aðra. Jafnframt geri starfshópurinn kostnaðaráætlun um verkefnið. Fulltrúi félagsmálaráðuneytisins verði formaður starfshópsins.

Starfshópurinn leggi fram tillögur sínar fyrir 1. október 2003."

Í greinargerð með tillögunni er gerð grein fyrir því hvernig Sameinuðu þjóðirnar hafa ályktað í þessum málum varðandi mikilvægi þess að þessi mál verði tryggð, þ.e. að aðgengið í víðasta skilningi þess orðs verði tryggt.

Grunntónninn í meginreglum Sameinuðu þjóðanna er réttur fatlaðra á við aðra þegna landsins. Lögð er skylda á aðildarríki Sameinuðu þjóðanna til leiðbeiningar um hvernig skuli staðið að aðgengismálum. Meginreglur Sameinuðu þjóðanna leggja ekki lagaskyldur á herðar ríkisstjórnum aðildarríkja en þær skuldbinda engu síður ríkin bæði siðferðislega og pólitískt.

Þegar unnið er að aðgengismálum er í langflestum tilvikum aðeins hugsað fyrir ytra að gengi, þ.e. aðgengi fyrir hreyfihamlaða. En í aðgengi felst meira en það. Til að tryggja aðgengi fyrir alla þarf að huga að aðgengismálum sjónskertra og blindra, heyrnarlausra og heyrnarskertra og einstaklinga með þroskafrávik. Hafa ber þó í huga að með bættu aðgengi er ekki aðeins verið að mæta þörfum fatlaðra heldur allra þegna því öll eigum við það sameiginlegt að eldast sem felur í sér lakari sjón, heyrn og hreyfigetu. Við þetta má bæta hinu ytra aðgengi er varðar bæði vagna, hjól og annað slíkt.

Aðgengismál heyra fyrst og fremst undir skipulags- og byggingarlög en þegar talað er um aukið aðgengi er auðvitað verið að tala um aðgengi að menningu, tómstundastörfum og öðru slíku.

Árið 1999 kom út skýrsla starfshóps um menningar- og tómstundastörf fatlaðra. Skýrslan var unnin af starfshópi á vegum félagsmálaráðuneytisins sem var skipaður samkvæmt þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 1996. Ég sat í þessum starfshópi fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga og þar leituðum við eftir bæði að fá upplýsingar um þátttöku barna og unglinga í skipulögðu tómstundastarfi, möguleika fatlaðra til ferðalaga og sumardvalar og aðgengi þeirra að menningarstarfsemi. Þá skoðaði nefndin sérstaklega möguleika fatlaðra til þess að njóta leiklistar, sækja söfn og listsýningar, nýta sér þjónustu bókasafna og taka þátt í starfsemi á vegum þjóðkirkjunnar. Einnig lagði starfshópurinn fram tillögur og ábendingar um úrbætur til þeirra ráðuneyta og sveitarfélaga sem hlut áttu að málinu. Þar kom fram mjög mikið af góðum tillögum.

Starfshópurinn mælti með að tryggja í lögum fjárhagsaðstoð, svo að ég nefni hér nokkrar tillögur hópsins, við fatlaða til að standa straum af kostnaði vegna aðstoðarmanna á ferðalögum. Því miður lágu ekki fyrir upplýsingar um aðgengi að gisti- og veitingahúsum eða ferðamannastöðum. Væri slíkt skoðað í dag af nýjum starfshópi mundum við strax sjá breytingar hér á milli ára. Flest ráðuneyti hafa fengið þessa skýrslu. Hún er því mjög góður grundvöllur fyrir þá vinnu sem tillagan gerir ráð fyrir.

Einnig má nefna verkefnaáætlun menntmrn. „Menntun og menning fyrir alla". Markmiðið með áætluninni var skýrt: Menntun og menning fyrir alla. Fram kom að til að ná raunverulegur árangri mundi menntamálaráðuneytið fylgja þeirri áætlun af mikilli festu. Meðal annars mundi ráðuneytið

fylgja eftir hinu víðtæka menningarátaki ársins 2000. Menningarstarf átti jafnframt að efla um land allt. Hópar fatlaðra hafa orðið sýnilegri í menningu og listum.

Í greinargerð er farið yfir stöðuna á Norðurlöndunum og sé ég ekki ástæðu til þess að gera það hér, heldur mun hv. félmn. væntanlega fara yfir þau mál. Ég reikna með að tillögunni verði vísað þangað en í niðurlagi greinargerðar með þessari þáltill. segir:

Ýmislegt hefur áunnist hér á landi í réttindamálum fatlaðra á undanförnum árum og áratugum en af samanburði við stöðuna annars staðar á Norðurlöndum má sjá að enn er mikið verk óunnið, ekki síst hvað varðar aðgengismál í víðum skilningi. Flutningsmenn vilja með tillögu þessari hvetja til þess að unnið verði markvisst að úrbótum í aðgengismálum í samræmi við meginreglur Sameinuðu þjóðanna um þátttöku fatlaðra til jafns við aðra.

Virðulegur forseti. Ég hef lokið máli mínu með því að mæla fyrir þessari tillögu og legg til að henni verði vísað til hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 184. mál (vextir og verðbætur af námslánum). — Þskj. 185.

[17:47]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem ég flyt ásamt hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur og Einari Má Sigurðarsyni. Í frv. eru lagðar til breytingar eins og áður sagði á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þess efnis að heimilt verði að draga vexti og verðbætur af námslánum frá skattskyldum tekjum manna. Það er sanngirnismál að þeim sem þurfa að greiða af námslánum verði gert það léttara með því að vextir og verðbætur af lánunum verði frádráttarbært af skattskyldum tekjum, en endurgreiðslur lánanna miðast að hluta til við tekjur. Með því væri í raun um að ræða fjárfestingu í menntun en benda má á að sambærilegar skattaívilnanir tíðkast á ýmsum sviðum atvinnurekstrar.

Mjög gagnrýnisvert er hvernig framkvæmd námslána er háttað og að ekki skuli vera um samtímagreiðslur að ræða. Námsmenn eru settir í þá óviðeigandi stöðu að þurfa að taka yfirdráttarlán í bönkum og fá ekki námslán nema þeir skili tilskildum námsárangri í lok hverrar annar. Mikið óöryggi og álag fylgir slíku fyrirkomulagi fyrir námsmanninn og fjölskyldu hans. Hver umsækjandi fær útreikning væntanlegs láns frá Lánasjóði íslenskra námsmanna miðað við fullt nám og 100% námsframvindu (svonefnda náms- og lánsfjáráætlun) þegar hann hefur skilað öllum tilskildum gögnum til lánasjóðsins. Námslán greiðast inn á bankareikning námsmanns eftir hverja önn eða skólaár þegar lánasjóðnum hafa borist gögn um árangur í námi og önnur tilskilin gögn. Af lánunum er tekið 1,2% lántökugjald sem íþyngir verulega fjárhag námsmanna. Umsækjendur þurfa því að fjármagna nám sitt sjálfir með skammtímalánum eða yfirdráttarlánum þar til námslán fást greidd að lokinni einkunnagjöf. Skólar á Íslandi senda árangurinn beint til lánasjóðsins en námsmenn erlendis verða að sjá um það sjálfir. Þeir sem ekki taka próf á miðjum vetri verða að senda staðfestingu á námsástundun.

Námslán eru verðtryggð og bera allt að 3% vexti frá námslokum en samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar er vaxtaprósentan nú 1%. Endurgreiðsla hefst tveimur árum eftir námslok og er árleg endurgreiðsla 4,75% af vergum tekjum næsta árs á undan. Greiðslubyrði af námslánum getur því verið þung, en samkvæmt upplýsingum af heimasíðu Lánasjóðs íslenskra námsmanna er árið 2002 árleg lágmarksendurgreiðsla liðlega 65.000 kr., og sem dæmi má nefna að árs afborgun af 2 millj. kr. tekjum er 95.000 kr., eða tæpar 8.000 kr. á mánuði, og af 3 millj. kr. tekjum er ársafborgunin 142.500 kr., eða tæpar 12.000 kr. á mánuði.

Í úthlutunarreglum lánasjóðsins kemur fram að við útborgun lána fyrir framfærslu- og bókakostnaði, sem greiðist eftir hverja önn, missiri eða skólaár, skal greiða vaxtastyrk. Styrkur til haustmissiris skal nema 1,4% af framfærslu- og bókaláni missirisins, en styrkur til vormissiris 1,8% af framfærslu- og bókaláni missirisins. Ef lán eða hluti láns fyrir missiri er greitt út á grundvelli árangurs sem skilað er á síðara missiri námsársins eða niðurstaðna upptökuprófa að hausti skal miða styrkinn við 3,7% af framfærslu- og bókaláninu, eða þeim hluta lánsins sem þá er greiddur út á grundvelli árangurs sem skilað er. Ljóst er að vaxtastyrkurinn dugar ekki til að mæta þeim kostnaði sem námsmenn verða fyrir vegna þeirra skammtímalána sem þeir verða að taka í formi yfirdráttarlána til að brúa bilið þar til námslánið er greitt að lokinni námsframvindu á vori og hausti. Samkvæmt útreikningum sem gerðir hafa verið vegna flutnings þessa frumvarps kemur í ljós að ef miðað er við framfærslugrunn lánasjóðsins, 75.500 kr. á mánuði, auk bókaláns að upphæð 20.000 kr. á haustönn, miðað við haust- og vorönn og þá vaxtastyrki sem lánasjóðurinn greiðir vegna þess, kemur í ljós að með lántökukostnaði, sem er 1,2% af greiddri fjárhæð, er mismunurinn sem námsmaður þarf að greiða tæpar 9.000 kr.

Í frumvarpinu er lagt til að í fimm ár eftir að námi lýkur og endurgreiðslur hefjast geti námsmenn dregið vexti og verðbætur af námslánum frá tekjuskattsstofni. Flutningsmenn þessa frumvarps telja að íhuga eigi þann möguleika í meðferð efnahags- og viðskiptanefndar á þessu máli að heimilt verði að greiða mismun á vaxtastyrkjum og sannanlegum kostnaði af yfirdráttarlánunum og lántökugjöldum á námstímanum frá tekjuskattsstofni eftir nánari reglum sem ríkisskattstjóri setji. Samkvæmt gögnum ríkisskattstjóra voru eftirstöðvar námslána, sem færðar voru á framtöl 2001, um 44,8 milljarðar kr. og vextir og verðbætur um 683 millj. kr. hjá tæplega 31.000 aðilum. Við framtal 2002 voru eftirstöðvarnar 49,5 milljarðar kr. og vextir og verðbætur um 796 millj. kr. hjá 30.000 aðilum. Framangreindar tölur ná eingöngu til þeirra sem voru taldir skattskyldir hér á landi en ekki til þeirra sem hafa skattalega búsetu erlendis og eru ekki á skrá skattyfirvalda hér á landi af öðrum ástæðum. Tekjutap ríkissjóðs vegna þessara breytinga er um 100 millj. kr. Námsmenn munar verulega um slíkar fjárhæðir þegar þeir koma úr námi með miklar skuldir á bakinu, ekki síst ef um barnafjölskyldur er að ræða.

Herra forseti. Ég er alveg sannfærð um að þessi leið mun jafna aðstöðu til náms og ýta undir fjárfestingu í menntun. Það er alveg ljóst að á umliðnum árum hefur dregið úr jöfnum aðgangi unga fólksins til náms, ekki bara vegna þess að lánin sem námsmenn þurfa að taka eru dýr, heldur hafa allar

aðstæður námsmanna versnað. Nefni ég þar ekki síst kostnað við búsetu. Leigumarkaðurinn er orðinn mjög erfiður og dýr og það eru vaxandi biðlistar eftir íbúðum námsmanna. Félagsstofnun stúdenta hefur verið gert erfitt fyrir alveg eins og öðrum félagasamtökum og sveitarfélögum sem hafa það á sinni verkefnaskrá að koma á fót leiguíbúðum vegna þeirra miklu hækkana sem hafa orðið á vöxtum á leiguíbúðum. Því munar námsmenn verulega um það ef þetta frv. nær fram að ganga og heimilt verður að draga vexti og verðbætur af námslánum frá skattskyldum tekjum manna.

Það er ekki bara að það séu erfiðleikar hjá námsmönnum við að koma sér upp húsnæði heldur hefur dregið verulega úr barnabótum á þessu kjörtímabili. Þær eru í raun og sanni, herra forseti, lægri en þær voru árið 1995 þegar þessir flokkar tóku við sem nú stýra landinu. Tekjutengingin hefur vaxið verulega þannig að hér er í raun og sanni bara um að ræða láglaunabætur en ekki barnabætur. Ótekjutengdi hluti barnabótanna hefur dregist verulega saman og er einungis greiddur með börnum til 7 ára aldurs í stað 16 ára aldurs eins og var á árinu 1995.

Það nægir að nefna þessa tvo veigamiklu þætti í kjörum námsmanna sem skipta þá miklu til þess að sýna fram á að aðstæður námsmanna hafa versnað sem er þá rökstuðningur fyrir því að farin verði þessi leið, sem ég mæli fyrir, að heimilt verði að draga vexti og verðbætur af námslánum frá skattskyldum tekjum manna. Það kostar ríkissjóð ekki mikið en skiptir verulegu máli fyrir námsmennina.

Það er ástæða til þess að geta þess líka í tengslum við þetta frv. að það er vaxandi umræða meðal hagsmunasamtaka háskólamanna og námsmanna til að finna leiðir til að létta á endurgreiðslubyrði af námslánum hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna og hafa þeir skoðað mjög og lagt fram gögn máli sínu til stuðnings, og eru m.a. með á borðunum þá hugmynd sem ég hef fært í frumvarpsbúning nema hvað þeir ganga nokkru lengra en frv. þetta gerir ráð fyrir. Frv. gerir ráð fyrir að heimilt verði að draga vexti og verðbætur af námslánum hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna frá skattskyldum tekjum í fimm ár frá og með þeim tíma þegar endurgreiðsla hefst en hugmynd þeirra gerir ráð fyrir því að vexti og verðbætur sé heimilt að draga frá ótímabundið og binda þeir það ekki við tiltekinn árafjölda eins og ég hef gert í því frv. sem ég mæli fyrir. Þeir ganga því mun lengra.

Í gögnum sem þeir hafa m.a. lagt fram þar sem þeir bera saman tilhögun námslána á Íslandi við önnur lönd kemur orðrétt fram í gögnum sem ég hef undir höndum frá þeim að „tekjuskattskerfi Norðurlandanna eigi margt sameiginlegt, þannig séu t.d. vaxtatekjur skattlagðar í öllum löndum“ en þeir segja hér að „vaxtagjöld sé leyfilegt að nýta til frádráttar frá vaxtatekjum áður en til skattlagningar kemur nema á Íslandi“. Þeir benda á að þegar Norðurlöndin eru skoðuð komi í ljós að „þau eiga það sameiginlegt að settar eru fram ákveðnar kröfur við ákvörðun um veitingu lána og styrkja. Námsaðstoð er á formi námslána og styrkja nema hér á landi en Ísland er eina landið sem ekki veitir námsmönnum beina styrki. Styrkhlutfallið er hæst í Danmörku eða Finnlandi, eða um 66%, og úthlutunarreglur þjóðanna eru mjög svipaðar en það sem helst sker sig úr er frítekjumarkið sem er lægst á Íslandi.“ Það er stór samráðshópur sem vinnur að þessu sem ég var hér að lýsa um endurgreiðslu námslána. Í honum eru Bandalag háskólamanna, Bandalag íslenskra sérskólanema, BSRB, Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag prófessora, Félag unglækna, Iðnnemasambandið, Kennarasamband Íslands og fleiri aðilar.

Þeir nefna líka í greinargerð sinni, herra forseti, að „núverandi fyrirkomulag námslána auki líkur á því að námsmenn breyti námsvali sínu og velji frekar námsgreinar sem þykja tryggja öruggar tekjur að námi loknu, og leitt er getum að því að kerfið beini nemendum frá námi, m.a. í listgreinum og sumum greinum raunvísinda“.

Margt annað fróðlegt kemur fram í samantekt þeirra. Þeir segja að rannsókn sem þeir hafa gert sýni að hlutfall endurgreiðslu af heildartekjum þeirra er hófu að greiða af námslánum árið 2001 er allt að því þrisvar sinnum hærra en þeirra er hófu endurgreiðslu námaslána á árunum upp úr 1982. Þannig greiða lántakendur svokallaðra R-lána fast að 5,1% af heildartekjum sínum til LÍN og greiðendur R-lána greiða því lánasjóðnum að jafnaði eina útborgun mánaðarlauna sinna á ári.

Hér er ég með frétt úr Fréttablaðinu, herra forseti, sem ég vil vitna í í lokin, þar sem verið er að fara yfir þá leið sem ég hef mælt fyrir nema að því leyti að hún gengur lengra, þ.e. sú leið sem námsmenn mæla fyrir og forsvarsmenn þeirra.

Þar segir, herra forseti og vitna ég í Fréttablaðið, með leyfi forseta:

„Á sama tíma er fjöldi þeirra t.d. að koma sér upp húsnæði“ — verið er að tala um námsmenn, herra forseti — „eftir margra ára háskólanám þar sem endurgreiðslubyrði margra af námslánum er ígildi mánaðarlauna á ársgrundvelli. Til að reyna að ná fram sem víðtækastri samstöðu um þetta mál hefur verið boðað til samráðsfundar um það og er vænst til að þar muni m.a. mæta fulltrúar frá samtökum háskólamenntaðs launafólks og námsmannahreyfingar auk fulltrúa frá ASÍ og BSRB.

Gísli Tryggvason, framkvæmdastjóri Bandalags háskólamanna BHM, segir að ætlunin sé að hrinda af stað forkönnun á því hvernig unnt sé að taka tillit til endurgreiðslubyrði í skattkerfinu eða með öðrum hætti. Í því sambandi hefur einkum verið rætt um fjórar leiðir sem gætu komið til greina, þ.e. skattafsláttur, þannig að endurgreiðslur námslána séu ekki álitnar hluti af skattstofni, sveigjanleiki í endurgreiðslum, lækkun hlutfallsgjalds, sem er um 4,75% af heildarlaunum auk þess sem bent hefur verið á þann möguleika að miða hlutfallsgjaldið við nettólaun, þ.e. laun eftir skatta.“

Herra forseti. Það er alveg ljóst að þetta er ein af þeim leiðum sem verið er að kanna í þeirra hópi til að létta námsmönnum endurgreiðslu á námslánum. Ég hvet eindregið til þess að efh.- og viðskn. sem fær þetta mál til skoðunar íhugi þetta vel. Við þurfum að bæta menntakerfi okkar og örva unga fólkið til náms. Það er í því fólgin framtíðarfjárfesting að styðja og styrkja við bakið á menntun og ég er alveg sannfærð um að sú leið sem hér er farin, sem kostar nú ríkissjóð ekki nema 100 millj. kr., muni verða verulegur hvati til þess að fjölga þeim sem leita sér menntunar. Og það skulu vera lokaorð mín, herra forseti, að hér er virkilega um fjárfestingu í menntun að ræða að veita þetta fjármagn úr ríkissjóði til að létta undir með námsmönnum.

Ég legg til að að lokinni umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umsvif deCODE Genetics Inc. í íslensku fjármálakerfi, fyrri umr.

Þáltill. SvH, 186. mál. — Þskj. 187.

[18:04]

Flm. (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Ég er hér með tillögu til þál. um skipun rannsóknarnefndar með vísan til 39. gr. stjórnarskrár, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi getur skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum."

Með vísan til þessa legg ég til að ályktað verði að kosin verði slík rannsóknarnefnd alþingismanna til þess að rannsaka umsvif bandarískra fyrirtækisins deCODE Genetics Inc. og aðstoðarmanna þess, eins og ég nefni þá í íslensku fjármálakerfi.

Það fer ekkert milli mála að þeir viðskiptahættir sem viðhafðir voru við sölu hlutabréfa í deCODE á Íslandi hafa verið með þeim hætti að það krefst ítarlegrar rannsóknar, og einnegin og ekki síður hvaða ábyrgð íslensk stjórnvöld kunna að bera í sambandi við þau fjármálaumsvif. Það er svo að sjá að með ótrúlegum blekkingum hafi starfsmönnum ýmissa fjármálafyrirtækja, þar með talinna banka, tekist að selja fjölmörgum Íslendingum bréf í deCODE sem verðlítil, svo ekki sé meira sagt, hafa reynst og margur maðurinn sem stendur frammi fyrir eða hefur þegar hlotið gjaldþrot. Slíkar aðferðir voru, eins og ég sagði, m.a. stundaðar af bönkum og bönkum í ríkiseign, og þess vegna er ekki að fara yfir bæjarlækinn eftir vatni að snúa sér sérstaklega til þeirrar stofnunar og í því sambandi að ábyrgð ríkisins verði rannsökuð sérstaklega og kölluð þar af leiðandi til fjárhagslegrar ábyrgðar.

Þeir viðskiptahættir, og margir menn geta borið vitni um, sem viðhafðir voru í sambandi við sölu þessara verðbréfa, ef verðbréf má kalla, voru með þeim hætti að einsdæmi verður að telja í íslensku viðskipta- og fjármálalífi, hvorki meira né minna. Bankar keyptu, segjum t.d. á genginu 18, og þeir seldu fyrir margfalt það verð löngu eftir að ljóst var að hér var allt að hrynja til grunna og hefði þess vegna borið skylda til að hætta sölunni, hvað þá heldur að telja mönnum trú um að þetta yrði að miklum auðæfum innan skamms, eins og sagt var við mann nokkurn sem narraður var til þess að kaupa fyrir 18 millj. kr. á genginu 64 dollarar, og honum talin trú um að það mundu ekki líða margar vikur þar til þetta færi í 100. En þær liðu fáar vikurnar þar til þetta fór í svo til ekki neitt.

Og bankarnir stunduðu lánveitingar til manna til að ná fram þessum kaupum og kröfðust veða, og það er ekkert spurt að því hvernig þetta varð til þegar gengið er að þessum mönnum.

Meginmálið er að þessi rannsókn fari fram til að hindra að þessi saga endurtaki sig eða a.m.k. reyna að leggja drög að því að hindra að slíkt og þvílíkt endurtaki sig.

Ég þarf ekki að orðlengja um þetta mál sem fjölmargir og lunginn úr þjóðinni þekkir og legg þess vegna til, herra forseti, að þegar fyrri umræðu lýkur verði tillögunni vísað til allshn. og síðari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 192. mál. — Þskj. 193.

[18:09]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég flyt till. til þál. um aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað. Auk mín eru hv. þm. Jón Bjarnason og Kolbrún Halldórsdóttir meðflytjendur að málinu.

Þessi tillaga hefur verið flutt áður á 125. og 126. löggjafarþingi en er nú endurflutt og verður ekki hætt við slíkan flutning fyrr en málið verður komið í höfn og vona ég að ekki þurfi fleiri þing en þetta til að koma málinu af stað.

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir aðgerðum til að veita bændum sérstakan aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað sambærilegan þeim sem veittur er annars staðar á Norðurlöndum."

Árið 1998 samþykktum við á hinu háa Alþingi þáltill. þar sem Alþingi skorar á ríkisstjórnina að undirbúa viðeigandi breytingar á landbúnaðarlöggjöfinni til að unnt verði að veita bændum stuðning við aðlögun búskapar að lífrænum búskaparháttum. Síðan þá höfum við gert breytingar á landbúnaðarlöggjöfinni án þess að auka nokkuð þann stuðning sem hefur verið nú til nokkurra ára við bændur í lífrænni ræktun og eru það allt styrkir sem eru eingreiðsla en ekki stuðningur til einhvers tíma. Þá má nefna að núna er veittur styrkur til lífrænnar ræktunar eða endurræktunar lands. Stuðningurinn má vera að hámarki 25.000 kr. á hektara lands og 250 kr. á fermetra í gróðurhúsi. En þar er um eingreiðslur að ræða, eins og ég sagði áðan. Átaksverkefni, sem gengur undir nafninu ÁFORM – átaksverkefni, sem unnið er samkvæmt lögum frá 1995, veitti tímabundið stuðning við framleiðslu á dilkakjöti, og það hefur hvorki verið tekinn upp áframhaldandi stuðningur við framleiðslu á dilkakjöti né einhver markmið sett til þess að styrkja bændur við áframhaldandi framleiðslu á lífrænt vottuðu dilkakjöti.

En þó að þessar greiðslur séu til staðar hér á landi eru þær langt í frá að vera sambærilegar þeim stuðningi sem bændur annars staðar á Norðurlöndum búa við. Því leggjum við til að við tökum upp þeirra siði og stuðning við bændur sem vilja breyta um búskaparhætti því framleiðslan við lífræna ræktun er dýrari í byrjun og fellur þar til nokkur kostnaður við umbyltingu á ræktun lands og eins hvað varðar tækjabúnað og húsakost.

Nokkuð hefur verið fjallað um lífræna ræktun innan samtaka bænda, bæði hjá sérgreinafélögunum og eins hjá Bændasamtökunum, en við höfum enn ekki markað okkur ákveðna stefnu, eins og t.d. Danir hafa gert, að setja sér það markmið að um 20% allrar framleiðslu í landbúnaði verði vottað lífrænt á ákveðnu árabili. Við höfum ekki sett okkur slík markmið enda er ekki nema rétt rúmlega 1% af framleiðslunni í landbúnaði lífrænt vottað hér á landi í dag.

Árið 1996 fjallaði búnaðarþing um þetta mál. Í framhaldinu var settur á stofn vinnuhópur sem skilaði áliti til Bændasamtakanna og sem nokkuð hefur verið stuðst við fram á þennan dag. Eins ályktaði búnaðarþing aftur árið 1999 og taldi þá að stefna bæri að því að stærri hluti landbúnaðarframleiðslunnar yrði vottaður lífrænn, m.a. vegna möguleika á útflutningi lífræns dilkakjöts. Sá útflutningur hefur kannski ekki fyllilega gengið eftir, að hluta til vegna

þess að það hefur vantað lífrænt dilkakjöt í útflutninginn. Íhugunarefnið er kannski ekki eingöngu markaðurinn heldur líka möguleikarnir á að fá nægilegt kjöt til útflutnings, ef hægt er að komast inn á stærri markaði eins og Bretland, því að það magn sem framleitt er í dag er svo takmarkað að það getur líka verið markaðshindrandi að fara inn á þessa stóru markaði og hafa síðan ekki vöruna tiltæka.

Það er alveg ljóst að áhugi almennings, sérstaklega á Vesturlöndum og í hinum iðnvæddu ríkjum, fyrir lífrænt vottuðum vörum eykst stöðugt. Ástæðan fyrir því er augljós, með auknum verksmiðjubúskap höfum við ekki komist hjá því að fá upp sýkingar í bústofnum, sama hvaða tegund það er. Við urðum illilega vör við það á liðnum vetri og fyrir tveimur vetrum þegar upp kom fár í löndunum í kringum okkur í búpeningi, sérstaklega nautgripum. Að stórum hluta má kenna breyttum búskaparháttum um þessar auknu sýkingar í búfénaði. Verksmiðjubúskapur hefur nær alfarið tekið við með stóraukinni notkun á sýklalyfjum og bakteríudrepandi lyfjum sem hafa orðið til þess að upp hafa komið sterkir bakteríustofnar sem erfitt hefur verið að ráða við. Það eru sem sé komnar upp fjölónæmar bakteríur sem valdið hafa fjölda manns alvarlegum veikindum.

Því hafa þjóðir litið til þess að snúa þróuninni við, setja sér það markmið að auka þátt lífræns landbúnaðar þar sem notkun sýklalyfja er ekki fyrir hendi, ekki fyrirbyggjandi eins og í verksmiðjubúskapnum, og í þeim tilfellum þar sem þarf að grípa til sýklalyfja er það allt skráð, og dýrin tekin frá á meðan. Það á að vera hægt að treysta því að sú vara, það dýr sem þarf að nota sýklalyf tímabundið, fari ekki inn í kjötframleiðsluna. Eins er með aðrar vörur eins og korn og grænmeti, í lífrænni ræktun er ekki heimilt að eitra eins og gert er í þessum mikla verksmiðjubúskap sem fyrirbyggjandi aðgerð, heldur eru notaðar aðrar aðferðir sem kosta þá meiri mannafla og meiri vinnu en skilar sér til fólks með betri og heilnæmari vöru. Þetta hefur farið saman, við höfum kallað það „heilsubylgju" sem hefur gengið yfir hinn vestræna heim. Samhliða henni hefur vaknað áhugi á að borða hollan mat, og hann fæst ekki í dag hollari heldur en með lífrænni ræktun. Með vottun á vöru á fólk að geta treyst því að ekki sé um aukefni að ræða, þ.e. að fólk eigi ekki á hættu að við framleiðslu á vörum sé notað eitur eða sýklalyf.

Því miður er staða okkar þessi þrátt fyrir að við búum hér í hreinu landi sem við grobbum okkur oft af. Vissulega eru skilyrðin hér til lífrænnar ræktunar að nokkru leyti erfið vegna legu landsins, vegna þess loftslags og kulda sem við búum við, en það er engin ástæða til þess að láta sér fallast hendur og telja úr sér kjarkinn og halda því fram að það sé ekki hægt að vera hér með umtalsverða lífræna ræktun vegna legu landsins. Það er hægt að beita ýmsum ráðum til þess að vega þar upp á móti en til þess þurfa bændur fræðslu og stuðning. Sá stuðningur á m.a. að koma okkur út úr því kerfi sem við erum með í dag, sem sé framleiðsluhvetjandi kerfi, yfir í búsetutengda styrki, umhverfisstyrki, styrki til bænda til þess að vera eins konar umsjónarmenn lands og landgæða og styrki til þess að nýta ýmis gæði jarðarinnar sem við notum kannski ekki svo mikið í dag. En það má nefna að hægt er að tala um lífræn hlunnindi, svo sem æðardún, fjallagrös, jurtir, söl, þangmjöl, sveppi, trjáafurðir, vatnasilung, lax og hreindýraafurðir, og þá yrði miðað við afurðamagn eða aðra heppilega einingu til þess að hafa það form á styrkingu en ekki sem framleiðsluhvetjandi. Aðlögunarstuðningur mundi þá miðast einkum við eftirlits- og vottunarkostnað.

Það væri hægt að hafa hér langa framsögu um þetta mál því að það snertir ekki eingöngu bændur, það snertir okkur öll. Það skiptir okkur máli að eiga aðgang að og geta keypt íslenskar lífrænt vottaðar vörur því að eftirspurnin er langt umfram það sem þeir bændur sem nú eru í þessari ræktun hafa getað sinnt. Það er mikið um innfluttar lífrænt vottaðar vörur og ég tel að við eigum að leggja metnað í það að geta uppfyllt þarfir markaðarins með íslenskri framleiðslu og að styðja bændur til þess.

Vel á minnst, herra forseti, það er ánægjulegt að fylgjast með þeirri þróun í verslunum erlendis — við sjáum sprota af því hér á landi — að maður kemur varla svo í stórverslun, matvöruverslun, að ekki sé heil deild þar sem eru eingöngu lífrænt vottaðar vörur þar sem maður getur valið sér alla flóruna af matvælum. Víða erlendis er það orðinn eðlilegur hluti af smásölunni að vera með lífrænt vottaðar vörur, og ég tel að við eigum að vera frekar fyrri til en seinni að stuðla að frekari innflutningi á þessum vörum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verndun íslensku mjólkurkýrinnar, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 193. mál. — Þskj. 194.

[18:25]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég flyt hér till. til þál. um verndun íslensku mjólkurkýrinnar. Þessi þáltill. er á þskj. 194 og þetta er 193. mál. Það var áður flutt á 127. löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt og því er málið hér endurflutt óbreytt ásamt greinargerð. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Drífa Hjartardóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Katrín Fjeldsted og Sverrir Hermannsson.

Ég vil fara aðeins yfir greinargerðina án þess að lesa hana alveg. Tillögunni fylgir töluvert af fylgiskjölum. Mikil umræða um verndun eða a.m.k. stöðu íslensku mjólkurkýrinnar kom upp í sambandi við áhuga hjá sumum mjólkurframleiðendum á að flytja inn norska fósturvísa og kynbæta íslensku mjólkurkúna til þess að fá meira mjólkurmagn. Þegar þessi beiðni kom fram voru nokkuð ákafar umræður í þjóðfélaginu, ekki bara meðal kúabænda heldur kom þetta mál einnig inn á þingið. Það hefði þurft lagabreytingu til þess að heimila innflutning á fósturvísunum. Það var fallið frá þessari fyrirhuguðu tilraun sem átti að gera og tel ég það vel að þær hugmyndir séu út af borðinu í bili. Eftir standa áhyggjur margra af stöðu íslensku mjólkurkýrinnar og hvernig við getum staðið að því að vernda hana áfram.

Nú vill svo heppilega til, herra forseti, að á allra síðustu árum hefur nyt íslensku kúnna stóraukist að meðalatali, og er meðaltalið komið yfir 5.000 lítra. Hefðu fáir trúað því fyrir bara 10–15 árum að þessi árangur næðist. En þetta er nú staðreynd og ber þess vissulega vott að íslenskir kúabændur hafa staðið vel að kynbótum og bætt aðbúnað kúnna. Eins hefur fóðrun tekið stakkaskiptum og það er mikil fræðsla og rannsóknir í gangi, fræðsla til bænda sem byggir á rannsóknum sem hjálpar bændum til þess að fóðra kýrnar rétt svo að það sé hvorki um of- né vanfóðrun að ræða. Það er margt sem hjálpast að en árangurinn hefur sýnt sig í meira mjólkurmagni.

Þó að hugmyndir um að flytja inn fósturvísa séu út af borðinu og þó að við séum búin að fjalla um till. til þál. um

endurskoðun laga um innflutning dýra þar sem lagt er til að samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, sem gerður var í Rio de Janeiro 1992 og undirritaður af Íslands hálfu 12. júní sama ár, er umræðuefnið ekki dautt. Í samningnum segir að „... markmið samningsins er að vernda líffræðilega fjölbreytni, sjálfbæra notkun efnisþátta hennar og réttláta skiptingu hagnaðar sem stafar af nýtingu erfðaauðlinda. Jafnframt er viðurkennt að aðildarríkin eigi fullveldisrétt yfir eigin líffræðilegu auðlindum og jafnframt að þau beri ábyrgð á verndun þessara auðlinda."

Það er búið að vísa þessari þáltill. til hv. landbn. en ég ásamt meðflm. tel að þrátt fyrir þessa tillögu eigi að fjalla sérstaklega um verndun íslensku mjólkurkýrinnar og taka tillit til hennar í þessari vinnu.

Við búum á eylandi sem vissulega hefur hjálpað okkur til þess að vernda íslenskt búfjárkyn gegn smitsjúkdómum og okkur ber að standa vörð um búfjárkyn okkar og hafa mjög harðar og virkar smitvarnir hvað varðar innflutning bæði á matvælum og öðrum vörum sem hugsanlega geta smitað búfjárstofna okkar. En okkur ber einnig að lúta því að við erum með einstakt kyn sem okkur ber að vernda og út á það gengur þáltill.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara neitt í þessa greinargerð og rökstuðning frekar en þann að við höfum ákveðnar skyldur gagnvart okkar íslensku búfjárstofnum. Mjólkurkýrin er hér tekin sérstaklega út fyrir sviga þar sem áhugi er til staðar um sérstakar kynbætur og þá er ekki auðséð hvernig hægt er að vernda hluta stofnsins ef það yrði einhvern tímann leyft burt séð frá hugsanlegum smitleiðum með fósturvísum og tilraunastarfi af þeim toga, sem gerð er hér góð grein fyrir.

Ég óska eftir því að eftir fyrri umræðu verði tillögunni vísað til hv. landbn.

[18:33]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Sem einn af meðflutningsmönnum að þessari þáltill. vil ég fylgja henni úr hlaði með nokkrum orðum. Eins og skýrt hefur verið ágætlega frá gengur tillagan út á það að koma á fót sérstakri áætlun um vernd íslensku mjólkurkýrinnar.

Þetta eru vissulega orð í tíma töluð því á undanförnum árum hafa verið gerðar tilraunir til að flytja inn fósturvísa úr norskum kúm til að setja í íslenskar kýr og rækta þar með nýjan kúastofn út frá norsku kúnum. Ég verð að segja að ég hef átt mjög erfitt með að meðtaka þau rök sem hafa verið færð fyrir þessu. Ýmsir erfiðleikar eru í sambandi við það að ala hér á landi norskar kýr miðað við það kúakyn sem við höfum verið með. Þær eru miklu stærri og þyngri og það mundi valda erfiðleikum vegna sumarbeitar og er þá aðeins fátt eitt talið. En þó er náttúrlega einkum og sér í lagi það að þarna erum við að taka mikla áhættu á að flytja sjúkdóma inn í landið því sjúkdómar geta flust með fósturvísum, það er vísindalega sannað, og ýmsir sjúkdómar sem við óttumst mest geta leynst í viðkomandi dýrakyni lengi áður en þeir brjótast út. Þannig gætum við verið að flytja inn fósturvísa sem væru með kúariðusmit t.d. og það eru reyndar margir aðrir alvarlegir sjúkdómar sem gætu borist á þennan máta.

Við höfum notið einangrunar landsins hingað til, þannig að okkar ágæta íslenska mjólkurkúakyn er mjög einstætt í veröldinni. Það hafa t.d. verið leiddar mjög sterkar líkur að því við rannsóknir í Háskóla Íslands að íslensk mjólk, mjólk úr íslenskum kúm myndi vernd gegn sykursýki. Og ef tekst í raun og veru að sanna þetta vísindalega, þá ættu að opnast ómældir markaðir fyrir íslenska mjólk, t.d. til að framleiða þurrmjólkurduft handa ungbörnum. Ég er satt að segja svolítið hissa á því að slík framleiðsla skuli ekki þegar vera hafin, svo sterkar eru þessar vísbendingar sem hafa komið fram.

Ég held að við værum að taka mikla áhættu og eyðileggja fyrir okkur mikla möguleika á markaðssókn með íslenska mjólk í framtíðinni ef við flyttum inn þessa fósturvísa, þó að vísu hafi verið sagt að þeir yrðu aðeins hafðir á ákveðnum búum og einangruðum stöðum o.s.frv., þá er það bara svo á Íslandi að mjög erfitt hefur reynst að einangra pestir og þær pestir sem hafa flust hingað hafa breiðst út með ógnarhraða. Það er gott að minnast hrossasóttarinnar sem kom hér upp fyrir nokkrum árum og reyndist ógerningur að stöðva, hún var bókstaflega út um allt.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um tillöguna en ég vil lýsa stuðningi mínum við þetta mál og vona að við náum því á þessu þingi að samþykkja þessa ágætu þáltill. svo því verði komið í verk sem hér er stungið upp á, að koma á fót sérstakri áætlun um vernd íslensku mjólkurkýrinnar.

[18:38]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég held að með þeirri þáltill. sem við ræðum, verndun íslensku mjólkurkýrinnar, sé verið að hreyfa þörfu máli. Tillagan er flutt af þingmönnum allra flokka og ég ætla að leyfa mér að vona eins og hv. síðasti ræðumaður að tillagan fái hér afgreiðslu.

Ljóst er og það vita allir sem vilja vita að við lifum í nokkuð vernduðu umhverfi á Íslandi að því er varðar dýrastofnana okkar. Ýmsir sjúkdómar sem þekktir eru í öðrum löndum eru ekki þekktir hér. Og það er alls ekki fyrirséð hvaða afleiðingar það hefði ef hingað til lands bærust sjúkdómar sem hafa ekki verið landlægir hér og hafa ekki lagst á íslenska dýrastofna, og hvernig búfjárstofnar okkar mundu bregðast við vegna þess að þeir hafa engin mótefni gegn ýmsum sjúkdómum. Þetta er auðvitað alþekkt, ekki bara hvað varðar dýr, þetta er alþekkt varðandi manninn og er hægt að finna sögur um það í sambandi við þjóðflutninga hér fyrr á öldum þegar Evrópumenn voru t.d. að koma til Suður-Ameríku að þá báru þeir auðvitað með sér sjúkdóma sem voru algjörlega óþekktir þar.

Ég tel því, herra forseti, að hér sé verið að hreyfa hinu þarfasta máli. Ég tel að við höfum ágæta dýrastofna í landinu sem okkur beri að varðveita. Við höfum sérstaka stofna sem eru búnir að vera hér öldum saman með íslensku þjóðinni og við höfum ákveðnar skyldur, ekki bara gagnvart okkur sjálfum, heldur einnig gagnvart veröldinni um að vernda þá sérstöðu sem felst í sauðfé okkar, í hestakyninu og íslensku mjólkurkúnni, svo ekki sé talað um ýmsar aðrar tegundir dýra sem hér eru auðvitað í minna mæli eins og geitur og íslensku hænsnin, svo dæmi sé tekið.

Ég held því að við eigum að líta svo á að við séum með ákveðin verðmæti í höndunum sem okkur beri að varðveita. Það er ekki hægt að keyra endalaust á hagkvæmninni einni saman. Það er ýmislegt annað sem er verðmæti og ég sé ekki annað en að með markvissu ræktunarstarfi bænda hafi þeim tekist á undanförnum árum að auka afurðir íslensku mjólkurkýrinnar mjög mikið og er alls ekki séð fyrir endann á því hvaða árangri þeir muni ná í því í framtíðinni. Ég sé

í raun og veru enga þörf á því að flytja hingað inn annað mjólkurkyn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. LB o.fl., 206. mál (íþróttastyrkir og heilsuvernd). — Þskj. 209.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innheimtulög, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 209. mál. — Þskj. 212.

[18:42]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Markmiðið með því frv. sem ég mæli fyrir, sem er frv. til innheimtulaga, er að settar verði ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. um góða innheimtuhætti, innheimtuviðvörun. Ég flyt málið ásamt hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni og Sigríði Jóhannesdóttur.

Frumvarpinu er einnig ætlað að draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara af innheimtuaðgerðum á frumstigi, þ.e. áður en til innheimtu á grundvelli réttarfarslaga kemur, t.d. með því að takmarka hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar sem heimilt er að krefja hann um. Slík löggjöf er vel þekkt hjá flestum nágrannaþjóðum okkar, m.a. á Norðurlöndum. Neytendasamtökin hér á landi hafa margoft kallað eftir að sett verði innheimtulöggjöf. Með réttu telja þau að staða skuldara hér á landi sé afar veik og innheimtumenn geti hagað sér eins og þeir vilja við gjaldtöku af þeim sem lenda í fjárhagserfiðleikum og vanskilum.

Herra forseti. Ástæða er til að benda á að tvívegis hefur viðskiptaráðherra lagt fram á Alþingi sambærilegt frumvarp og hér er lagt fram. Það var á 122. og 123. löggjafarþingi. Það náði ekki fram að ganga m.a. vegna ágreinings milli stjórnarflokkanna um málið.

Ég spurði hæstv. viðskrh. um það í fyrirspurn á síðasta þingi hvort ekki væri ætlan ráðherra að leggja fram frv. á nýjan leik. Ráðherra svaraði því til að hann teldi mikla þörf á slíkri löggjöf og sagði að það væri til skoðunar að viðskiptaráðherra yrði veitt heimild til að ákveða hámark innheimtukostnaðar í reglugerð eða að setja í staðinn á fót sérstaka úrskurðarnefnd um kvartanir. Þetta lýsir auðvitað í hnotskurn að ágreiningur er milli stjórnarflokkanna um málið og greinilegt að sjálfstæðismenn eru að bregða fæti fyrir þetta þarfa neytendamál sem er til hagsbóta fyrir skuldara. Eftir því sem ég kemst næst stendur ágreiningurinn um það að viðskiptaráðherra fái heimild til þess að ákveða hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar sem heimilt er að krefja skuldara um samkvæmt lögum þessum en það tel ég eitt brýnasta ákvæði þessa frv., enda er kveðið á um það í frumvarpsgreininni að fjárhæðin taki mið af öllum þeim kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur getur talist. Það er örugglega verið að vernda lögfræðistéttina hjá sjálfstæðismönnum með því að bregða fæti fyrir þetta mál. En það er ljóst, herra forseti, að þessi ágreiningur virðist óleystur.

Ég taldi svo brýnt mál á ferðinni að ekki væri rétt að bíða með að leggja það fram á Alþingi. Ég hef endurbætt málið verulega frá því að viðskrh. lagði það fram hér fyrir nokkrum árum, m.a. með tilliti til athugasemda og ábendinga frá ýmsum umsagnaraðilum sem bárust þinginu þegar málið var lagt fram á sínum tíma.

Þær breytingar sem ég hef gert lúta m.a. að því að innheimtuleyfi skal eigi veita til lengri tíma en fimm ára í senn og gert er að skilyrði að umsækjandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld eða vörsluskatta. Ákvæði 6. gr. um góða innheimtuhætti er gert fyllra án þess þó að um tæmandi upptalningu sé að ræða. Einnig er skýrt nánar í ákvæði 7. gr. um innheimtuviðvörun hvenær krafa telst greidd. Þá er viðskiptaráðherra nú gert að ákveða hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar í reglugerð en áður var um heimild til ráðherra að ræða og ég tel afar brýnt að um skyldu verði að ræða hjá viðskrh. en ekki heimild til að setja slíkar reglur um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar. Jafnframt þykir rétt að eftirlit með lögmönnum samkvæmt lögunum verði í höndum stjórnar Lögmannafélags Íslands í stað úrskurðarnefndar lögmanna. Loks er lagt til að lögum nr. 77/1998, um lögmenn, verði breytt á þann veg að dómsmálaráðherra verði gert skylt að gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim er hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Sú skylda dómsmálaráðherra mun að sjálfsögðu takmarkast við fyrrnefnda skyldu viðskiptaráðherra til að setja reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar á grundvelli frumvarpsins.

Full ástæða er til að nefna að þó að hæstv. dómsmrh. hafi fengið heimild til þess í lögum 1998 að setja slíka reglugerð, þ.e. að gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald, þá hefur slík reglugerð ekki enn verið sett. Ég minnist þess, af því að ég átti sæti í hv. allshn., að frv. viðskrh. um innheimtulög var lagt til hliðar einmitt vegna þessa ákvæðis, að stjórnarflokkarnir töldu réttara að setja þetta frekar í hendur dómsmrh. sem síðan hefur ekkert gert, herra forseti, í öll þessi ár frá 1998 í því að setja lögmönnum slíkar leiðbeiningarreglur. Það undirstrikar auðvitað hve brýn þörf er á þessu máli.

Herra forseti. Eins og ég nefndi í máli mínu, að þó að hér sé um nokkuð ítarlegt frv. að ræða til innheimtulaga — það er einar 18 greinar — þá ætla ég að láta nægja að gera bara grein fyrir þessu meginatriði sem ég hér hef lýst í frv., auk þess að geta forsögu þessa máls og þeirra breytinga sem við flutningsmenn höfum gert á frv. frá því að hæstv. viðskrh. var með það fyrir nokkrum árum síðan. Því voru þá gerð ítarleg skil og það hefur auk þess farið til nefndar þannig að ég ætla að láta máli mínu lokið en láta þá ósk og von í ljós að nefndin sem fær málið til meðferðar afgreiði það fyrir þinglok vegna þess að hér er á ferðinni afar brýnt neytendamál sem bætir mjög hag skuldara í þessu landi.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[18:49]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er ákaflega brýnt mál á ferðinni sem vart er hægt að bíða lengur eftir að verði gert að lögum.

Ég hef undrað mig á því undanfarin ár, meðan ég hef fylgst með því, hversu lausum hala íslenskir innheimtuaðilar leika og geta smurt ofan á skuldir sem fólk hefur lent í vandræðum með af einhverjum ástæðum, alveg ótrúlegum fjárhæðum sem manni finnst að séu ekki grundaðar með nokkrum hætti. Þeir segja kannski að send hafi verið út einhver bréf eða eitthvað slíkt og það þýðir bara tugi þúsunda aukakostnað.

Eitt ljótasta dæmið sá ég núna nýlega. Það var reikningur frá bókaútgáfu þar sem gleymst hafði að borga síðustu 8 þús. krónurnar af reikningnum. Send höfðu verið einhver viðvörunarbréf, sem að vísu hafði ekki verið ansað, og þá hafði verið drifið í því að gera lögtak í húseign viðkomandi fyrir þessar 8 þús. krónur. Fólkið vildi náttúrlega ekki láta bjóða upp húsið þó að það væri ósátt við kröfuna og það varð að borga 60 þús. krónur til að aflétta þessari innheimtukröfu upp á 8 þúsund krónur. Og í rauninni hafði aldrei neitt verið gert nema að skrifuð höfðu verið einhver bréf.

Ég verð að segja að á meðan svoleiðis er farið fram í þessu landi og það látið óátalið af hinu opinbera þá er þetta náttúrlega bara algjört siðleysi. Ég verð að segja að ég vona svo sannarlega að hæstv. ríkisstjórn taki nú við sér og samþykki þetta frv. sem er mjög vel gert og sniðið eftir því sem viðgengst í nágrannalöndum okkar. Ég tala nú ekki um eitt atriði í þessu sem er mjög nauðsynlegt að samþykkja og það eru einhverjar viðmiðunarreglur um hvað lögmenn eða innheimtuaðilar mega taka í innheimtukostnað á kröfu.

Alltaf er talað um skuldara sem vont fólk sem vill ekki borga skuldirnar sínar og gerir guð má vita hvað við peningana sína. En oft lendir fólk í þessari aðstöðu þegar það er í persónulegum erfiðleikum vegna veikinda, atvinnumissis eða einhvers slíks. Það tekur svo mjög langan tíma að reyna að komast út úr því öngþveiti sem myndast þegar fólk getur kannski hafið störf á ný. Það er ekki nokkru lagi líkt að hægt sé með löglegum hætti að ráðast á fólk við þessar aðstæður eins og gert er hér á landi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flutningur starfa Ferðamálaráðs til aðila innan ferðaþjónustunnar, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 373. mál. — Þskj. 419.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, 1. umr.

Frv. HjÁ o.fl., 399. mál (flugvallagjald). — Þskj. 475.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11.–14., 19., 22., 25.–32., 34.–35. og 37.–42. mál.

Fundi slitið kl. 18:54.

---

77. FUNDUR

miðvikudaginn 12. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til fjármálaráðherra:

1. Niðurstöður starfshóps um samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis, fsp. KolH, 531. mál, þskj. 875.

Til sjávarútvegsráðherra:

2. Skelfiskveiðar og ástand lífríkis í Breiðafirði, fsp. ÁSJ og JB, 555. mál, þskj. 902.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Margréti Guðnadóttur, fyrrv. prófessor.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Um kl. 3.30 síðdegis fer fram utandagskrárumræða um ákvörðun ríkisstjórnarinnar um opinberar framkvæmdir. Málshefjandi er Steingrímur J. Sigfússon. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Niðurstöður starfshóps um samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis.

Fsp. KolH, 531. mál. — Þskj. 875.

[13:32]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Fjárlög ríkja og útgjöld úr sameiginlegum sjóðum þjóða er hægt að skoða á ýmsan hátt. Það er hægt að mæla þau á ólíkum mælistikum og rýna í þau með ólíkum gleraugum. Það færist í vöxt að fjárlög séu skoðuð sérstaklega út frá sjónarmiðum t.d. umhverfisverndar og farið að tíðka það í nágrannalöndum okkar að sérstök græn bók fylgi fjárlögum sem ætlað er að leggja mat á það hvernig umhverfismálum er sinnt á viðkomandi fjárlögum eða hvort tekið sé tillit til skuldbindinga sem ríkisstjórnir hafa gert, t.d. á alþjóðlegum vettvangi eins og í Ríó-samþykktum, eða hvort fylgt er yfirlýstri stefnu á innlendum vettvangi eins og í áætlun um sjálfbært samfélag.

Þá hefur einnig verið rudd sú braut, herra forseti, í nágrannalöndum okkar að farið er að leggja mælistiku velferðar á fjárlögin og rýna í þau út frá sérstaklega afmörkuðum hópum fólks, t.d. með tilliti til þess hvernig þau í heild sinni nýtast eða koma niður á t.d. fötluðum eða sjúkum.

Ein þeirra gleraugna sem nágrannalönd okkar eru farin að bregða upp þegar ráðstöfun opinbers fjár er skoðuð eru kynjagleraugun. Þau greina hvernig fjármunir hins opinbera gagnast kynjunum og hvort kynjunum, þ.e. mögulega ólíkum þörfum þeirra, sé á einhvern hátt mismunað í fjárlögum hins opinbera. Vinnubrögð af þessu tagi eru nú tíðkuð í auknum mæli í nágrannalöndum okkar og mér er kunnugt

um að norræna ráðherranefndin hafi samþykkt reglur varðandi það hvernig unnið er að þessum málum innan húss hjá sér. Sumarið 2001 ákváðu svo fjármálaráðherrar Norðurlandanna að setja á fót starfshóp sem hefði það hlutverk að koma með tillögu að sameiginlegu norrænu verkefni um samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis. Hópurinn starfaði frá janúar 2002 til september 2002 og þar sem hann hefur nú lokið störfum þykir mér tilhlýðilegt að leggja fyrir fjmrh. eftirfarandi spurningar:

1. Hverjar eru tillögur starfshópsins?
2. Hverjir áttu sæti í hópnum fyrir Íslands hönd?
3. Hvernig má gera ráð fyrir að farið verði með tillögur hópsins og hvernig verður háttað áframhaldandi vinnu við verkefnið?

[13:34]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda hefur á vettvangi Norðurlandanna og norrænu ráðherranefndarinnar verið unnið að því máli sem fyrirspyrjandi drap á. Er nánar gerð grein fyrir því í skýrslu samstarfsráðherra Norðurlanda sem hér liggur frammi í þingsölum sem þskj. 923.

Tillögur þess starfshóps sem spurt er um felast í því að unnið verði að einstökum verkefnum í hverju landi fyrir sig, hverju Norðurlandanna fimm, en að stjórnun, ráðgjöf, ráðstefnuhald og kynningar fari fram í gegnum samnorrænan vinnuhóp sem verði þá komið á fót í því skyni. Lagt er til að í norræna vinnuhópnum verði fulltrúar frá fjármálaráðuneytum og jafnréttisgeirum hvers lands sem hafi einnig tengingu inn í vinnuhóp einstakra landa. Síðan er fyrirhugað að auglýsa eftir stjórnanda þessa verkefnis á öllum Norðurlöndunum. Það er lagt til að með íslenska verkefninu verði skoðað hvernig fjármunir og önnur úrræði á sviði almannatryggingakerfisins dreifast á milli kynjanna. Miklum fjármunum er sem kunnugt er varið af opinberri hálfu í þennan málaflokk en takmarkaðar upplýsingar til um á hvern hátt þeim er varið með hliðsjón af kynjasjónarmiðum, t.d. eins og hverjir sækja um aðstoð og hverjir fá hana, einnig á hvaða sviðum þessi mælikvarði er matskenndur og á hvaða sviðum rétturinn kann að vera afdráttarlaus og fleira í þeim dúr.

Þetta er sem sagt verkefnið, herra forseti, af Íslands hálfu en uppbyggingin er að öðru leyti eins og ég áður drap á þannig að einstök verkefni verða unnin í löndunum hverju fyrir sig en sameiginlegur vinnuhópur sér um samræmingu og utanumhald.

Fyrirspyrjandinn spyr hverjir hafi átt sæti í þessum hópi fyrir Íslands hönd. Því er til að svara að fulltrúar Íslands voru Helga Jónsdóttir, hagfræðingur í fjmrn., og Margrét María Sigurðardóttir, lögfræðingur hjá Jafnréttisstofu.

Síðan er spurt hvernig gera megi ráð fyrir að farið verði með tillögur hópsins og hvernig áframhaldandi vinnu við verkefnið verði háttað. Svarið er það að hvað varðar vinnu við samnorrænan hluta verkefnisins er, samkvæmt tillögu starfshópsins, gert ráð fyrir því að haldin verði norræn ráðstefna sem marki upphaf þessa verkefnis. Þessi ráðstefna hefur ekki enn þá verið boðuð en það er á ábyrgð norrænu ráðherranefndarinnar að boða til hennar.

Vegna íslenska verkefnisins er lagt til að stofnaður verði stýrihópur sem stjórni verkefninu. Í honum mætti hugsa sér að væri einn fulltrúi frá fjmrn., annar frá heilbr.- og trmrn., einn frá Jafnréttisstofu og einn frá Tryggingastofnun ríkisins. Jafnframt er lagt til að gefinn verði möguleiki á því að með stýrihópnum vinni rannsóknaraðili sem hafi þekkingu á jafnréttismálum, t.d. frá Háskóla Íslands eða annarri stofnun. Kostnaður við íslenska verkefnið hefur hvorki verið metinn né hvernig ætti að fjármagna hann. Væntanlega væri hægt að ganga út frá því að í slíkum stýrihópi gætu aðilar starfað á kostnað þeirrar stofnunar sem þeir vinna fyrir enda teldu þær sig hafa nokkurn hag af þátttökunni. Kæmi til þess að rannsóknaraðili yrði fenginn til að vinna að verkefninu kæmi til greina að verkefnið yrði sett inn í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Sú tilhögun gæti gert það auðveldara að fjármagna þann sérstaka kostnað sem þessu kann að fylgja.

[13:38]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi hreyfir hér mjög mikilvægu máli og gott að fá þær upplýsingar frá hæstv. fjmrh. að undirbúningur sé hafinn og að þetta starf sé að fara af stað. Mig fýsir þó að vita hvort hæstv. ráðherra telji einhverja fyrirstöðu hér heima gegn því að geta tekið þátt í þessu með sama hætti og löndin í kringum okkur, aðallega vegna þess að við ræddum fyrir ekki mjög löngu um launamun kynjanna og kyngreindar upplýsingar. Það kemur í ljós að þær vantar víða á Íslandi, þ.e. að undirstöðuupplýsingar sem nýtast mjög vel í svona verkefni séu kyngreindar. Það væri gott að fá svör við því hvort þar sé einhver fyrirstaða hvað þetta verkefni varðar. Að auki þótti mér verra að heyra að hæstv. ráðherra sagði að ekki væri alveg ljóst hversu mikið þetta mundi kosta eða hvernig ætti að fjármagna verkefnið. Það væri mjög gott að fá skýr svör um það.

[13:39]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin og lýsi því yfir að ég fagna því að þetta verkefni skuli vera komið af stað. Ég segi alveg satt að ég vænti þess að niðurstöður þess eða það sem út úr því kemur geti orðið okkur mjög dýrmætt veganesti inn í áframhaldandi vinnu. Ég held að fyrir okkur liggi að skoða fjárlögin okkar, ekki einungis þetta afmarkaða svið, almannatryggingamálin, heldur öll fjárlögin eins og þau leggja sig með kynjagleraugunum. Ég held að það sé orðið mjög mikilvægt að við gerum það af alvöru og þess vegna fagna ég því að hæstv. ráðherra skuli sjá fyrir sér að rannsóknaraðili vinni með stýrihópnum því að ég tel mjög mikilvægt að vinna sem fer fram á þessu sviði og á vegum hins opinbera lúti þeim lögmálum sem vísindamenn í þessari grein og þessum geira, mundu setja. Ég fagna því að það skuli vera horft til þess í þessu íslenska verkefni.

Einnig hefði verið gaman, herra forseti, að heyra aðeins á hvern hátt íslenska verkefnið er ólíkt þeim hluta verkefnisins sem verður unninn áfram annars staðar á Norðurlöndunum og satt að segja væri gaman að sjá líka greiningu á því hversu langt Norðurlöndin eru komin fram úr okkur á þessu sviði, hvort það hafi komið fram í vinnu starfshópsins að Íslendingar séu að einhverju leyti eftirbátar eða á hvern hátt staða okkar sé önnur en hinna Norðurlandanna.

Það væri líka spennandi að heyra, herra forseti, hvort jafnvel kæmi til greina að þessi norræna upphafsráðstefna, þessi ráðstefna sem hæstv. ráðherra segir að eigi að marka upphaf verkefnisins, verði haldin á Íslandi. Ég verð að segja að það væri fengur að því að fá ráðstefnu af því tagi hingað til lands þannig að ég hvet hæstv. ráðherra til að sækjast eftir því. Ég tel að það gæti orðið okkur til framdráttar og

það gæti orðið verkefninu til framdráttar á Íslandi og styrkt stoðir þess sem ég tel nauðsynlegt að verði gert.

[13:41]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Vissulega gæti verið athyglisvert að hafa hér á Íslandi þá ráðstefnu sem fyrirspyrjandi nefndi. Mér er ekki kunnugt um hvaða verkefni nákvæmlega hafa orðið fyrir valinu í hinum löndunum og get þess vegna ekki svarað því. Vegna þess sem hv. 12. þm. Reykn. nefndi er ástæðan fyrir því að þessi mál ganga hægt fyrir sig kannski sú að þetta eru verkefni sem mjög erfitt er að skilgreina. Það getur verið erfitt að festa hönd nákvæmlega á því hvert viðfangsefnið er í hverju tilviki. En þetta er sem sagt farið í gang og vonandi gengur það allt saman vel og þjónar tilgangi sínum.

Að því er varðar kostnaðinn og spurningu hv. þingmanns um hann hef ég því miður engu við það að bæta sem ég sagði áðan. Þetta er ekki alveg komið á hreint.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 13:43.

---

78. FUNDUR

miðvikudaginn 12. febr.,
að loknum 77. fundi.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, frv., 24. mál, þskj. 24. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Kirkjuskipan ríkisins, frv., 64. mál, þskj. 64. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Greining lestrarvanda, þáltill., 107. mál, þskj. 107. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frv., 153. mál, þskj. 153. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Almannatryggingar, frv., 169. mál, þskj. 169. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla, þáltill., 171. mál, þskj. 172. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 184. mál, þskj. 185. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Umsvif deCODE Genetics Inc. í íslensku fjármálakerfi, þáltill., 186. mál, þskj. 187. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, þáltill., 192. mál, þskj. 193. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Verndun íslensku mjólkurkýrinnar, þáltill., 193. mál, þskj. 194. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 206. mál, þskj. 209. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Innheimtulög, frv., 209. mál, þskj. 212. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Flutningur starfa Ferðamálaráðs til aðila innan ferðaþjónustunnar, þáltill., 373. mál, þskj. 419. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
14. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, frv., 399. mál, þskj. 475. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
15. Nýting innlends trjáviðar, þáltill., 154. mál, þskj. 154. — Fyrri umr.
16. Niðurfelling lendingargjalda fyrir millilandaflug á Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllum, þáltill., 155. mál, þskj. 155. — Fyrri umr.
17. Meðferðardeild við fangelsi fyrir sakhæfa geðsjúka afbrotamenn, þáltill., 156. mál, þskj. 156. — Fyrri umr.
18. Uppbygging fiskeldisfyrirtækja vegna eldis kaldsjávarfiska, þáltill., 167. mál, þskj. 167. — Fyrri umr.
19. Samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs, þáltill., 191. mál, þskj. 192. — Fyrri umr.
20. Verndaráætlanir samkvæmt Ramsar-samþykktinni, þáltill., 194. mál, þskj. 195. — Fyrri umr.
21. Sýslur, þáltill., 214. mál, þskj. 217. — Fyrri umr.
22. Tryggur lágmarkslífeyrir, þáltill., 225. mál, þskj. 228. — Fyrri umr.
23. Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, þáltill., 226. mál, þskj. 229. — Fyrri umr.
24. Húsnæðismál, frv., 227. mál, þskj. 230. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Tómas Ingi Olrich menntmrh.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Tilkynning um afturköllun þingmála.

[13:44]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Hér er tilkynning: „Hér með afturkalla ég fyrirspurnir mínar á þskj. 879 og 880.

Björgvin G. Sigurðsson."

Nýting innlends trjáviðar, fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 154. mál. — Þskj. 154.

[13:44]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um nýtingu innlends trjáviðar en flm. auk mín eru Jónas Hallgrímsson og Magnús Stefánsson. Þáltill. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á landbúnaðarráðherra að kanna möguleika á að nýta innlendan trjávið, sem fellur til við grisjun, til framleiðslu listmuna, byggingarefnis, límtrés eða til eldiviðarframleiðslu. Jafnframt verði gerð fagleg úttekt á því hvernig fullnýta megi þau verðmæti er til falla í skógum landsins."

Ég vil meina að hér sé um vannýtta auðlind að ræða sem ber að gefa gaum.

Með aukinni skógrækt víða um land fellur mikið til af trjáviði við grisjun skóga. Miklu máli skiptir að nýta þann trjávið sem best. Eðlilegt er talið að 30–50 ár líði frá gróðursetningu skógarplantna þar til grisjunarviðurinn verður nýtanlegur. Á næstu árum mun magn hans aukast mikið

víða um land. Benda má á eftirtaldar leiðir til að hámarka verðmætasköpun úr grisjunarviði:

Á vegum Skógræktar ríkisins hefur verið komið upp sérstökum viðarlager (viðarmiðlun). Þar geta handverks- og listamenn orðið sér úti um íslenskan við til handverks- og listmunagerðar eða sem byggingarefni. Einnig má nýta viðinn sem efni til handmenntakennslu í skólum landsins. Notkun íslensks viðar hefur uppeldislegt gildi fyrir nemendur og í henni er fólgin kynning á því hvernig nýta má afurðir skógarins.

Til gamans má geta að fundarhamarinn sem er hjá forseta, þessi fallegi fundarhamar, er einmitt búinn til úr hegg úr Alþingisgarðinum en það var Úlfar Sveinbjörnsson tæknimaður hjá okkur hér í þinginu sem renndi þennan fallega hamar. Og undirstaða bjöllunnar er búin til einmitt úr birki úr Hallormsstaðaskógi. (Gripið fram í.) Ég sé að hv. þm. sem kemur af Austurlandi hefur kannski ekki gefið því gaum að hér er um birki að ræða úr Hallormsstaðaskógi.

Límtré er víða talið mjög heppilegt byggingarefni mannvirkja. Benda má á að ending timburs er í mörgum tilfellum margfalt betri en ending steinsteypu. Fram til þessa hefur mestallt hráefni til vinnslunnar verið innflutt.

Fyrir nokkrum árum gekkst límtrésverksmiðjan á Flúðum fyrir tilraunaverkefni þar sem 36 ára íslensk lerkitré af síberískum uppruna voru notuð til framleiðslu límtrésbrúar. Sú tilraun þótti takast mjög vel. Eðlilegt er að allar göngubrýr í íslenskum skógum og þjóðgörðum verði gerðar úr slíku efni. Þetta er í raun táknrænt dæmi um hvað hægt er að gera úr íslenskum viði.

Lerki er ákjósanlegt efni til framleiðslu gluggaviðar, skjólgirðinga, sólpalla o.fl. Afgangsvið og úrgangsvið má einnig nota til framleiðslu á eldivið til upphitunar heimila og stofnana, svo og sem eldivið í ál- eða járnblendiframleiðslu. Kurl hentar afar vel í göngustíga en það verður þannig til að trjábolir eru settir í sérstaka maskínu sem tætir bolina niður og kurlið er mjög gott í göngustíga t.d. í görðum, skógum og þess háttar.

Alþekkt er að skógur sem ekki er grisjaður liggur undir skemmdum. Víða á landinu má finna þéttan skóg sem brýn þörf er á að grisja. Einnig fellur mikið til af trjáviði í þéttbýli þegar verið er að grisja tré á húsalóðum.

Þess má geta að t.d. á Landeyjasand hefur verið farið með mjög mikið af trjám úr þéttbýli í Rangárvallasýslu, t.d. á sandana við Hallgeirsey en þar hefur Jón Guðjónsson bóndi notað tré til þess að sá síðan melgresi í. Þannig festist í raun melgresfræið í þessum trjáviði og nær að skjóta rótum. Þetta á einnig við um Krossfjöru, Bakkafjöru og reyndar víðar. Hér er um mjög merkilegar tilraunir að ræða sem vert að gefa gaum.

Flutningsmenn leggja til að Alþingi beini þeirri áskorun til landbúnaðarráðherra að hann kanni möguleika á að allur viður sem fellur til við grisjun í skógum landsins og skrúðgörðum verði nýttur þannig að sem mest verðmæti skapist.

Nefna má nokkur dæmi um fyrirtæki á Íslandi sem vinna að tilraunum með vinnslu á íslenskum trjáviði. Límtré hf. á Flúðum hefur kannað notkunarmöguleika lerkis og Byko hf. hefur í hyggju að reyna lerki í gólfefni, sólbekki o.fl. Trésmiðja Fljótsdalshéraðs mun gera tilraunir með smíði glugga úr lerki og hjá nokkrum aðilum er hafin önnur vinnsla, svo sem smíði húsgagna og ýmissa handverksmuna.

Landshlutabundin skógræktarverkefni hafa nú verið sett á laggirnar í öllum landshlutum. Löng hefð er fyrir skógrækt á Héraði, sem og á Suðurlandi, við Eyjafjörð, í Borgarfirði og víðar um land. Þessi verkefni leiða til þess að mjög brýnt er og nauðsynlegt að skoða nýtingu innlends trjáviðar til hlítar og nýta sem best öll þau verðmæti sem skógurinn gefur.

Það er t.d. afar fróðlegt og skemmtilegt að koma í kirkjuna á Djúpavogi en innviðir þeirrar kirkju eru einmitt úr íslenskum viði. Á sama hátt eru innréttingar á skrifstofum Skógræktar ríkisins á Egilsstöðum úr innlendum viði.

Til gamans má einnig geta þess að mér barst í hendur ekki alls fyrir löngu fréttabréf frá trérennismiðum á Íslandi en þeir hafa kappkostað að nýta við sem til fellur hér á landi til listmunagerðar og það má glöggt sjá, ágætir þingmenn, að nýta má þennan við með ýmsum hætti.

Það vill líka þannig til að mér barst í hendur Bændablaðið sem okkur þingmönnum var sent í vikunni. Á forsíðu Bændablaðsins eru myndir af ágætum mönnum sem hafa látið sig þessi mál mjög varða. Það eru þeir Guðmundur Magnússon, handverksmaður á Flúðum, og Ólafur Oddsson sem er starfsmaður Skógræktar ríkisins en þeir hafa gefið út bók sem heitir Lesið í skóginn og tálgað í tré. Það hittist svona skemmtilega á akkúrat þegar ég er að mæla fyrir tillögunni er verið að vekja athygli á svona málum í Bændablaðinu.

Við flutningsmenn tillögunnar hvetjum til þess að hæstv. landbrh. gefi þessum málum gaum. Hér er um vannýtta auðlind að ræða sem skiptir miklu máli fyrir land og þjóð. Við eigum að vera stolt af þeirri framleiðslu sem við höfum og ég hvet bæði ráðherra og reyndar þingmenn alla til að gefa þess máli gaum.

[13:52]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég styð þessa tillögu um nýtingu innlends trjáviðar sem hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason, Jónas Hallgrímsson og Magnús Stefánsson flytja. Ég ítreka að við erum nú í síauknum mæli að rækta skóg á Íslandi og það er höfðað mjög til bænda að rækta skóg. Það átak hefur gengið vel en það er ekki nægilegt að rækta skóg. Til einhvers ætlum við að nýta hann og svo langt erum við ekki komin í okkar skógræktaráætlunum að sjá næstu skref til hvers á að nýta allan þann skóg sem verið er að rækta og á hvern hátt er hægt að ná sem mestum verðmætum út úr þeim skógi. Ég held að við gerum okkur öll grein fyrir því að það timbur sem til fellur mun ekki vera samkeppnishæft við borðviði og stórviði sem hægt er að fá víða erlendis þannig að við þurfum að finna okkar eigin markaði og okkar eigin nýtingu. Ég tel mikilvægt að taka þessi næstu skref og það sem fyrst til þess að skoða með hvaða hætti bændur sjálfir geta nýtt þá afurð, ekki bara að grisja og flytja vöruna í burtu heldur að framleiðslan sitji eftir heima sem bændur sjálfir geta unnið að.

Það námskeið sem vísað var til, Lesið í skóginn og tálgað í tré, hefur gefið mörgum, ekki bara skógarbændum heldur áhugamönnum um þessa nytjalist að tálga í tré, trú á það að ekki sé bara hægt að gera þetta í útlöndum. Við Íslendingar höfum þetta í okkur líka og við þurfum að læra handbragðið og hafa rétt áhöld til þess. Mér er mjög minnisstætt í þessu sambandi að ég var stödd í Þýskalandi núna um jólin og fór þar á jólamarkaði og uppistaðan á þeim jólamörkuðum sem ég fór á voru handverksmunir, trémunir sem bændur í ákveðnum héruðum Þýskalands vinna að allt árið. Þetta eru munir tengdir jólum og páskum, ákveðin listgrein, en

það eru bændur sem framleiða þetta, heilu þorpin þar sem þetta er uppistaðan í atvinnunni og er orðin aðalsmerki á jólamörkuðunum í Þýskalandi. Ég veit að svona er þetta víða í Mið-Evrópu. Þetta eigum við auðvitað að geta gert líka.

Ég veit að ferðamenn hafa kvartað yfir því eða verið undrandi á því að hér skuli ekki vera meira framboð af handunninni vöru en þó er og fjölbreyttari en hún er í dag. Þarna er markaður, og eins þurfum við að þróa áfram tækni í að framleiða gólfefni, parket og panel, því að við þurfum að öllum líkindum að nota aðrar aðferðir en gerist við stærri trjáviði erlendis.

Því hvet ég til þess að tillagan verði vandlega skoðuð. Hún á að geta skapað mörgum atvinnu og það uppbyggilega atvinnu. Það er forkastanlegt að setja í gang stórar og miklar skógræktaráætlanir til trjáviðarframleiðslu og uppgræðslu án þess að sjá fyrir endann á því til hvers við ætlum að nota það sem til fellur og ætlum umtalsverða atvinnu við grisjun og umhirðu skóganna..

[13:57]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Við ræðum till. til þál. um nýtingu innlends trjáviðar eins og hv. 1. flm., hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason, hefur gert grein fyrir.

Ljóst er eins og fram kemur í greinargerðinni og við vitum öll að trjárækt er vaxandi atvinnugrein hér á landi og með uppbyggingu landshlutabundinna skógræktarverkefna, eins og gert hefur verið undanfarin ár, hefur þessi grein verið byggð markvisst upp. Sú uppbygging stendur yfir og gengur sem vonandi best á næstu árum. Enginn vafi er á því að skógræktin og uppbygging hennar er til þess fallin að styrkja atvinnulíf víða um land og þá kannski sérstaklega í sveitum landsins. En það er auðvitað eins og við vitum ekki nóg að planta og rækta upp skóga. Það er ekki síður mikilvægt að grisja þá og fella tré eftir því sem þurfa þykir hverju sinni og eftir því sem trjáræktinni vex fiskur um hrygg mun það verða svo að meira og meira fellur til á hverju ári vegna grisjunar og nýtingar viðarins eftir því sem tímar líða. Það er því mjög mikilvægt fyrir okkur að móta um það stefnu og finna út úr því hvernig við getum nýtt þá auðlind sem er vaxandi á næstu árum og tillagan gengur út á það.

Hér er því um að ræða mjög markvert verkefni fyrir landbrn. og hæstv. landbrh. að láta þetta mál til sín taka og ég tel einboðið að hæstv. ráðherra og ráðuneytið muni leita samstarfs við iðnaðinn í landinu og handverksfólk og fleiri til þess að móta um þetta markvissa stefnu þannig að við getum nýtt þá auðlind sem eins og fram hefur komið er mjög vaxandi á næstu árum og til framtíðar ættu að felast í þessu ákveðin sóknarfæri varðandi atvinnulífið.

Herra forseti. Ég vildi rétt koma hér og fagna því að þessi tillaga er komin fram. Ég tel að hér sé um mjög markvert mál að ræða sem er mikilvægt að við mótum stefnu um og reynum að ná samstöðu um að nýta það hráefni sem hér um ræðir. Ég leyfi mér að hvetja til þess að Alþingi samþykki tillöguna og hæstv. landbrh. láti til sín taka við að vinna úr henni eins og upp er lagt.

[14:00]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 1. flm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni fyrir að færa þetta mál inn í þingið. Ég tel að það sé af hinu góða þegar flutningsmaður flytur þáltill. um að nýta gæði og gögn landsins. Það er auðvitað mjög ánægjulegt að menn skuli koma auga á að nýta má trjáviðinn okkar betur. Ég vil hins vegar benda á að líka má nýta rekaviðinn betur þó að við þurfum ekki að stinga honum ofan í jörðina til þess að láta hann vaxa heldur flytja hafstraumar og vindar hann til okkar. Þar er því líka ónýtt auðlind.

Auðvitað breytist fjöldamargt annað í landinu við aukna skógrækt. Það er t.d. alveg gefið að náttúrufar í landinu mun smátt og smátt breytast með aukinni skógrækt. Hér mun fuglategundum fjölga og gróðurfarið mun vafalaust breytast. Fleiri landnytjar kunna því að tengjast breyttri ræktun landsins en það sem hér er lagt til — þetta er ágæt tillaga — og kunna að fylgja með þegar menn huga að því hvað má nytja hér á landi.

Svo vill til að á seinni árum hafa hugvitsamir menn komist að niðurstöðu um að margt sé hægt að gera að söluvöru. Ég minni á fjallagrösin sem menn hafa verið að gera að söluvöru og þó að hv. 1. flm. hafi stundum nefnt fjallagrös í hálfkæringi þá veit ég að hann vill vel og hefur eingöngu notað það sem dulbúið skot á aðra og í raun talað í pólitískum tilgangi þegar slík umræða hefur farið fram. Það er ekki endilega víst að hann hugsi sem svo að ekki megi nytja fleiri afurðir landsins en skógviðinn sem hann fjallar um í tillögunni.

Ég vil bara lýsa því yfir að ég tel að það sé af hinu góða að fela landbrh. að kanna þá möguleika sem við höfum í innlendum trjáviði. Ég treysti því að landbrh. sem hefur mikinn áhuga á landsins gagni, gæðum og nauðsynjum, lifandi dýrum sem trjávexti, muni taka vel undir þetta mál og koma því til framgangs.

[14:02]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég þakka fyrir góðar undirtektir í þessu máli. Það er hárrétt sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði, að við getum rætt um málin út frá ýmsum sjónarmiðum. Ég þykist sjálfur vera heilmikill umhverfissinni þó að á köflum sé heitt í kolunum í þinginu. Af því að fjallagrösin komu hér aðeins til tals þá dáist ég auðvitað að því fólki sem nýtir þau. Eins og ég hef reyndar áður sagt getum við ekki lifað á þeim einum en þetta er allt gott hvað með öðru.

Ég er þakklátur hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir að benda á nokkuð merkilegt sem vantaði kannski í þessa tillögu mína og það er að auðvitað er sjálfsagt að nýta rekaviðinn enn betur en við gerum því að þar er vissulega um auðlind að ræða sem við nýtum ekki sem skyldi þó að ég viti að t.d. á Ströndum er rekaviðurinn nýttur, m.a. til upphitunar og margir hafa nýtt rekavið til byggingarframkvæmda og þess háttar. Heilu húsin hafa verið byggð úr rekaviði. Auðvitað er mjög nauðsynlegt að nýta afurðirnar sem best.

Við höfum stundum líka sagt í hálfkæringi í þinginu að við verðum að gera eitthvað annað, eins og frægt er orðið, en þetta er einmitt einn þáttur í því þar sem við getum svo sannarlega gert eitthvað annað, þar sem við höfum afurðir og verðmæti sem við þurfum að nýta betur en við gerum. Það kom einmitt mjög vel fram í ræðum hv. þm. Þuríðar Backman og Magnúsar Stefánssonar. Ákveðnar hefðir eru að myndast hjá skógarbændum. Þeir eru með mjög öflug samtök þar sem þeir velta fyrir sér hvernig hægt er að nýta skóginn. Þeir halda einmitt fund í lok þessa mánaðar á Kirkjubæjarklaustri þar sem þeir ætla að ræða þessi mál á breiðum grundvelli.

Þess eru líka dæmi að verið er að skapa mikið af listmunum úr íslenskum viði. Á Víkingaeyjunni á Höfn í Hornafirði eru t.d. mjög margir fallegir gripir smíðaðir úr viði. Einnig hef ég séð marga mjög merkilega og fallega muni sem unnir hafa verið í Miðhúsum á Austur-Héraði. Á sama hátt

má nefna dæmi frá Villingaholtshreppi þar sem listakonan Sigríður Kristjánsdóttir á Grund hefur búið til mjög marga glæsilega muni úr íslenskum viði og bókin sem ég ég minntist á í ræðu minni áðan er í raun ákveðinn þáttur í því að nýta trjáviðinn sem best. Við getum fengið þar mjög margar skemmtilegar hugmyndir.

Skógrækt er bæði gömul og ný búgrein á Íslandi, en sagan segir að hér hafi verið skógur milli fjalls og fjöru þegar landámsmennirnir komu hingað forðum daga. Elstu tré á Íslandi eru orðin yfir 100 ára gömul þannig að efniviðurinn er svo sannarlega fyrir hendi. Nú er svo komið að landshlutarnir eru jafnvel farnir að keppa um hverjir eigi hæstu trén. Þannig hafa verið mæld á hverju ári tré í Múlakoti í Fljótshlíð annars vegar og svo tré á Héraði hins vegar og það hefur verið svolítið mismunandi hvorir hafa haft vinninginn.

Ég fagna þessari umræðu og þeim góðu móttökum sem þessi þáltill. hefur fengið og vænti þess að hæstv. landbrh. skoði hana ofan í kjölinn og tillagan verði afgreidd héðan úr þinginu þannig að við getum unnið áframhaldandi í þessa veru.

[14:07]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um þessa till. til þál. á þskj. 154 sem flutt er af hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni um að Alþingi álykti að skora á landbúnaðarráðherra að kanna möguleika á að nýta innlendan trjávið sem fellur til við grisjun. Ég held að þetta sé hið besta mál og að það eigi að stuðla að framgangi slíkrar tillögu enda held ég að þessi tillaga muni ýta við landbrh. og landbrn. til að hugsa meira um þessi mál, þ.e. um nýtingu á landsins gæðum og þá ekki síst jarðargróðri. Ég held að í framhaldi af umræðunni í nefnd um þetta mál væri mjög mikilvægt að ráðuneytið beitti sér fyrir því og þar með ráðherrann að nota nú tækifærið og stórefla alls konar kennslu með námskeiðahaldi þar sem almenningi væri boðið að fríska sig upp og fá nýjar hugmyndir, bæði tæknilega og eins andlega, þ.e. um það hvernig hægt er að vinna úr málum. Það er mjög nauðsynlegt.

Löngum hefur verið rætt um að stórefla ætti þennan þátt í landbúnaðarmenntageiranum. Þrír landbúnaðarskólar eru í landinu sem gætu eflaust, ef þeir fengju möguleika til, eflt kennslu í þessum greinum og þá meina ég á breiðum grundvelli hvað varðar nýtingu landafurða. Ég held að þetta sé liður í því að nota landsins gæði. Á næstu áratugum mun falla til gríðarlegt magn af trjávið í landinu vegna þess að, eins og kunnugt er, núna plöntum við milljónum trjáa á hverju ári. Þetta þarf þróunar við. Bændur og aðrir sem planta trjánum þurfa að kunna til verka, þ.e. að passa upp á trjáviðinn þannig að hann geti nýst sem best til þeirrar framleiðslu sem menn síðan hugsa sér í framtíðinni. Því er ábótavant og þess vegna tala ég um mikilvægi þess að efla kennslu, efla námskeiðahald úti í grasrótinni en ekki síður efla kennslu hjá búnaðarskólunum.

Margar aðrar auðlindir geta fallið undir þessa hugsun. Í sjálfu sér er ástæðulaust að nefna tegundir en verðmæti má úr mörgu vinna og margar landafurðir eru grunnur gríðarlegra auðæfa. Eins og ég hef áður komið að í ræðum mínum er gróður á norðurhjara nú þegar undirstaða milljarðaiðnaðar t.d. í lyfjabransanum. Þetta eru hlutir sem við þurfum að afla okkur þekkingar á og mennta okkur í þannig að menn fái áhuga og að þeir sem hafa getu fari í að vinna úr þessum mikilvægu hráefnum.

Þetta vildi ég bara segja um þáltill. Ég held að hún sé allra góðra gjalda verð. Ég held að breikka ætti umræðuna í nefndinni þannig að farið væri meira inn á menntun almennings og menntun þeirra sem hafa áhuga á að leggja slíkan iðnað fyrir sig til þess að lifa af honum. Sem kunnugt er þá verður oft svona iðnaður á grunni trjáviðar heimaiðnaður, þ.e. hluti af tekjum heimilis og er það allra góðra gjalda vert og getur nýst mörgum. En síðan geta aðrir fengið hugmyndir um að fara í stærri hluti eins og verksmiðjur sem framleiða gólfefni, parket og þess háttar. Þetta er því allt undir og mjög gott að þetta skuli koma fram hér. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið, eins og ég sagði áðan í ræðunni, þar sem við plöntum nú árlega milljónum trjáa og þetta verður vaxandi auðlind eftir því sem áratugirnir líða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Niðurfelling lendingargjalda fyrir millilandaflug á Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllum, fyrri umr.

Þáltill. ÁSJ o.fl., 155. mál. — Þskj. 155.

[14:12]

Flm. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 155 um niðurfellingu lendingargjalda fyrir reglubundið millilandaflug á Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllum.

Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Jón Bjarnason og Þuríður Backman úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Tillagan hljóðar svona, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að gera áætlun um niðurfellingu lendingargjalda á Akureyrarflugvelli og Egilsstaðaflugvelli til næstu fimm ára. Lendingargjöldin verði felld niður hjá þeim flugfélögum sem hyggja á reglubundið flug frá þessum flugvöllum til útlanda."

Í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

„Á Íslandi eru fjórir alþjóðlegir flugvellir. Þeirra langstærstur er Keflavíkurflugvöllur, þá Reykjavíkurflugvöllur síðan Akureyrarflugvöllur og loks Egilsstaðaflugvöllur. Ferðaþjónustuaðilar eru sammála um að mjög mikil hagsbót væri að því fyrir ferðaþjónustuna, sérstaklega á landsbyggðinni, að flugvellirnir á Akureyri og á Egilsstöðum nýttust betur í þágu hennar en nú er. Sama má segja um möguleika eða áform manna um inn- og útflutning frá þessum flugvöllum.

Gerðar hafa verið tilraunir til þess að auka samgöngur við útlönd frá þessum flugvöllum í allnokkur ár. Til dæmis stóð Akureyrarbær ásamt hagsmunaaðilum að samningi við flugfélag sem flaug reglubundið milli Zürich í Sviss og Akureyrar. Sú tilraun stóð í nokkur ár en er nú aflögð. Það flug var styrkt beint af Akureyrarbæ og óbeint af öðrum aðilum í ferðaþjónustu, t.d. með auglýsingum.

Nú um skeið hefur Egilsstaðabær staðið fyrir svipuðum samningi þar sem flogið hefur verið á milli Egilsstaða og Düsseldorf og auk þess eru áform um að fljúga á milli Egilsstaða og München næsta sumar. Í báðum þessum tilvikum hefur verið um sumarflug að ræða.

Nokkrir aðilar hafa átt í viðræðum við erlend flugfélög um að auka þjónustuna við þessa staði. Þar má m.a. nefna Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar sem staðið hefur í viðræðum við flugfélag erlendis um að hefja beint flug til Akureyrar. Það er mat allra þeirra sem að þessu máli koma að einhvers

konar stuðningur þurfi að koma til eins og dæmin frá fyrrgreindum stöðum sýna svo að þessi kostur á notkun vallanna sé fýsilegur.

Það er mat flutningsmanna að vænlegt sé að gera tilraun til næstu fimm ára með niðurfellingu lendingargjalda á þessum tveimur flugvöllum þannig að öllum þeim flugfélögum sem hafa áhuga sé með því móti gert fært að lækka kostnað vegna flugsins á jafnréttisgrundvelli.

Að því er best verður séð væri hægt að líta á niðurfellingu lendingargjaldanna sem byggðastyrk og væri hún því í fullu samræmi við þær reglur sem settar eru varðandi byggðastyrki á Evrópska efnahagssvæðinu."

Virðulegi forseti. Ég hef nú lesið greinargerðina með *tillögunni en vil að endingu bæta því við að lendingargjöld*, t.d. í norðanverðu Skotlandi, norðan við Aberdeen, eru engin á flugvöllum þar. Það er skilgreint sem strjálbýli og Bretar hafa komist upp með að fella niður öll lendingargjöld sem lið í byggðaáætlun. Þetta er lína sem dregin er norðan við Aberdeen og á þessu landsvæði í Norður-Skotlandi búa um 400 þúsund manns eða nokkru fleiri en Íslendingar allir. Ef vilji er fyrir hendi er því ekkert vafamál að þessir tveir flugvellir geta verið skilgreindir af Íslendingum sem strjálbýlisflugvellir og má segja að akkur sé í því fyrir ferðaþjónustuna og fyrir landið í heild sinni að notkun þeirra verði aukin og þar verði aukin áhersla á að fljúga með ferðamenn til landsins. Ferðamennskan er nú um stundir okkar önnur stærsta atvinnugrein. Við verðum að hlúa að henni. Enda þótt flogið sé að einhverju leyti til útlanda og þá til Færeyja frá Reykjavíkurflugvelli er það samdóma álit ferðaþjónustuaðila að möguleikinn á því að komast til útlanda frá fleiri en einum flugvelli mundi styrkja ferðaþjónustuna verulega, þ.e. ef ferðamenn ættu þess kost að lenda á einum stað á landinu og þá hér suðvestanlands og fara heim á leið frá flugvöllum norðan lands eða austan lands og dreifa þar með álagi ferðaþjónustunnar vítt og breitt um landið. Það gerði mönnum þæglegra að ferðast hér.

Þetta er ástæðan fyrir því, virðulegi forseti, að við leggjum til þessa þáltill. og vonumst til þess að hún verði tekin til vinsamlegrar meðferðar. Þetta er tillaga til samgrh. og ég geri ráð fyrir því að best sé að henni verði vísað til hv. samgn.

[14:18]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég er einn af flutningsmönnum þessarar þáltill. og vil bæta nokkrum orðum við greinargerð og ræðu hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar.

Eins og fram kom í máli hans er ferðaþjónusta orðin ein af öflugustu atvinnugreinum okkar og skilar hvað mestum gjaldeyri. En vandamálið, ef hægt er að tala um vandamál í þessari grein, er að uppbyggingin hefur verið hvað mest á höfuðborgarsvæðinu. Við höfum ekki náð jafnri dreifingu út um allt land. Þetta væri í sjálfu sér í lagi ef svæðin í kringum höfuðborgina sem vinsælast er að fara með ferðamenn á, hinn svokallaði Gullfoss/Geysis-hringur og hér um nærsveitir, væru ekki oft og tíðum orðin ofsetin. Í rauninni er farið að sjá á landinu og eru uppi ráðagerðir um að finna einhverjar leiðir til að takmarka aðgang eða skipuleggja aðgang ferðamanna inn á þessi svæði. Því er mikilvægt að dreifa ferðamönnum um landið allra hluta vegna, bæði til þess að dreifa tekjum af ferðamönnum, dreifa álagi á náttúruna og eins að nýta þær fjárfestingar sem við höfum þegar lagt í því það eru ekki bara fjárfestingar á höfuðborgarsvæðinu. Víða um land er búið að fjárfesta með tilliti til aukinnar ferðaþjónustu en nýtingin hefur ekki skilað sér eins og væntingar hafa verið og er þá margt sem kemur til. Okkur hefur ekki tekist, eins og ég sagði áðan, að dreifa ferðamönnunum eða lengja ferðamannatímann.

Við búum svo vel að hafa í raun og veru þrjá flugvelli sem eru vel útbúnir til millilandaflugs. Keflavíkurflugvöllur er okkar aðalflugvöllur en við eigum tvo aðra sem eru vel útbúnir og gætu tekið við töluverðri umferð ef okkur tækist að fá flugfélög til að lenda þar. Þá þarf eitthvað til. Í fyrsta lagi þarf að markaðssetja svæðið utan höfuðborgarsvæðisins, að það sé ekki bara samasemmerki milli Íslands, Reykjavíkur og Bláa lónsins, heldur að samasemmerki sé milli Akureyrar og náttúrunnar þar í kring og Egilsstaðaflugvallar og náttúrunnar á því svæði, á Austurlandi og Norðausturlandi, þannig að við dreifum innkomu ferðamanna inn í landið. Það er númer eitt, tvö og þrjú að markaðssetja þessa tvo flugvelli til viðbótar því að markaðssetningin hefur fram að þessu nær eingöngu verið á Keflavíkurflugvöll, þ.e. það þarf ekki að auglýsa hann heldur höfuðborgarsvæðið. En við þurfum að gera meira, það þarf að kosta einhverju til í byrjun til að tryggja og treysta þá markaðssetningu, þ.e. hafa eitthvert agn, eitthvað sem flugfélögunum þykir til vinnandi að reyna fyrir sér á nýjum stöðum sem eru ekki eins öruggir og Keflvík. Niðurfelling lendingargjalda gæti verið einn liður í því.

Eins og hér kom fram hafa sveitarfélögin fyrir norðan og austan lagt fram fé til þess að fá flugfélög til að reyna reglubundið flug yfir sumartímann og það er auðvitað ekki þannig að þetta eigi eingöngu að lenda á þeim sveitarfélögum og fyrirtækjum sem eru á viðkomandi svæði, heldur á þetta að vera inni í þeirri heildarsýn sem er hluti af opinberri stefnu að styrkja þessa tvo flugvelli fyrir utan Reykjavík til þess að dreifa ferðamönnunum, dreifa þjónustunni og auka í raun tekjurnar af ferðamönnum því að það er staðreynd að aukin ferðaþjónusta úti um land styrkir ferðaþjónustuna í höfuðborginni líka.

Herra forseti. Árið 1997 setti samgrn. fram markmið í ferðaþjónustu sem voru í einum sjö liðum um hvernig byggja ætti upp áherslur í ferðaþjónustunni. Nýverið barst okkur í hendur greinargerð sem birt var í janúar sl., sem Anton Antonsson og Pétur Óskarsson tóku saman, og kallast „Markaðssetning ferðaþjónustu á landsbyggðinni á erlendum mörkuðum" þar sem þeir fara mjög vandlega yfir markmið samgrn. frá 1997 og skoða hvernig þau hafa náðst úti um land. Það er í raun og veru sorglegt frá því að segja, herra forseti, að niðurstaða þeirra er sú að markaðssetning landsbyggðarinnar hafi orðið út undan, að markaðssetningin hafi gerst með þeim hætti að hún hafi að miklu leyti farið í gegnum okkar eigið flugfélag og þar með allri áherslunni *beint á Keflavíkurflugvöll*.

Þeir telja líka að mikilvægt sé að leggja áherslu á að laða hingað fleiri flugfélög, ekki leggja aðaláhersluna á okkar eigið flugfélag, Flugfélag Íslands eða Icelandair, heldur leggja áherslu á að fá önnur flugfélög til þess að lenda. Hluti af þeim vanda er markaðssetningin eins og ég sagði og síðan hefur verið leitað til ýmissa flugfélaga og einnig svokallaðra lággjaldaflugfélaga en í ljós hefur komið að lággjaldaflugfélögin setja fyrir sig flugvallarskattinn eins og hann er í dag, hvað þá að þeim finnist það vera spennandi kostur að leggja auk þess á sig aukakostnað við lendingu

og flugtak ef flugvélunum er beint annaðhvort til Egilsstaða eða Akureyrar með millilendingu í Keflavík sem heppilegt gæti verið. Flugvallarskatturinn er hindrun í Keflavík hvað þá þegar við erum að tala um hin tvö svæðin sem við höfum hér nefnt þannig að allt stórt og smátt hjálpar til þess að laða að.

[14:26]

Flm. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að bæta örstuttu við í sambandi við markaðssetningu landsbyggðarinnar. Hún er mjög mikilvæg og ég held að við gerum okkur öll grein fyrir því að ekki er verið að hefja samkeppni um þá ferðamenn sem nú þegar koma vegna þess að allt bendir til þess að við eigum gríðarlega möguleika í aukningu í heimsóknum ferðamanna til landsins þannig að við þurfum að vera undirbúin undir að hingað komi miklu fleira fólk en nú er. Eðli málsins samkvæmt hafa þeir farþegar sem komið hafa til Keflavíkur og stoppað stutt fyrst og fremst lagt áherslu á suðvesturhornið og Suðurland, þeir sem hafa haft tíma. Það er í sjálfu sér góðra gjalda vert. En hitt er mikilvægara fyrir ferðaþjónustuna í heild sinni að við berum gæfu til þess að auka framboð og auka möguleika þeirra ferðamanna sem vilja koma til landsins og þá eru flughafnirnar á Akureyri og Egilsstöðum tilbúnar til þess að fara í slíkan slag en til þess þarf eins og fram hefur komið stuðning á svipuðum nótum og gerist erlendis. Við höfum dæmin fyrir okkur eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni um t.d. norðurhluta Skotlands sem er landsvæði þar sem fleiri búa en á Íslandi en er samt skilgreint sem dreifbýli og er ekki amast við því þó að lendingargjöldin séu tekin af eða séu ekki innheimt á þeim svæðum.

Hvað varðar landsbyggðina höfum við fyrir okkur alveg gríðarlega vel heppnað markaðsátak og vil ég nefna til sögunnar markaðsátak hafnanna til að fá fleiri skemmtiferðaskip til landsins. Það var samstillt átak, ef ég man rétt, hafnanna í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Húsavík og e.t.v. Seyðisfirði þó að ég sé ekki alveg viss á því, en það var eins og við manninn mælt að með aukinni kynningu hafnanna og samstilltu átaki varð gríðarleg aukning bæði í komu skipa til landsins og í fjölda farþega. Ef ég er með réttar tölur er farþegafjöldinn bara til Akureyrar kominn upp í ein 24 þúsund á sumri. Hér hefur því orðið alveg gríðarlegur vöxtur.

Ég er ekki í neinum vafa um að ef við höfum slíka möguleika hvað varðar þessa tvo flugvelli úti á landi, þá mun það vinda upp á sig á ekki ósvipaðan hátt og gerðist varðandi farþegaskipin vegna frumkvæðis hafnarsjóðanna sjálfra. Það var ekki opinbert fé heldur voru það hafnarsjóðirnir sjálfir sem stilltu sig saman um að markaðssetja hafnirnar á þeim stöðum þar sem útgerðarmenn þessara skipa koma og ráða ráðum sínum til lengri tíma litið. Þetta er því mjög mikilvægt og mjög mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því að við horfum fram á mikla aukningu í straumi ferðamanna til landsins og við verðum að gera ráðstafanir til dreifingar fyrir allra hluta sakir. Hér hefur náttúruvernd verið nefnd til sögunnar og álagið á landið og náttúrlega möguleikar okkar sem víðast á því að afla tekna í þeirri þjónustugrein.

Ég vildi að þetta kæmi fram. Alls staðar þar sem ég hef komið hafa menn talað um nauðsyn þess og ágæti þeirrar hugsunar að hér verði ráðist í nýja markaðssókn á nýjum grunni með tveimur nýjum innkomuflugvöllum til landsins, þ.e. þar sem verður flogið frá útlöndum í reglubundnu flugi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferðardeild við fangelsi fyrir sakhæfa geðsjúka afbrotamenn, fyrri umr.

Þáltill. ÍGP, 156. mál. — Þskj. 156.

[14:31]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um meðferðardeild við fangelsi fyrir geðsjúka afbrotamenn. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra að hefja þegar í stað undirbúning að uppbyggingu meðferðardeildar við fangelsi fyrir sakhæfa geðsjúka afbrotamenn í tengslum við starfsemi Heilbrigðisstofnunar Selfoss, fangelsið á Litla-Hrauni og réttargeðdeild að Sogni. Ákvörðun um úrræði fyrir þennan hóp sjúkra afbrotamanna liggi fyrir eigi síðar en 1. maí 2003."

Með þessari þáltill. er svohljóðandi greinargerð:

Um langt skeið hefur verið mikið rætt um meðferðarúrræði fyrir sakhæfa geðsjúka afbrotamenn og hvernig hægt væri að koma þeim til aðstoðar. Hér er um mjög viðkvæman og alvarlegan málaflokk að ræða sem nauðsynlegt er að taka á svo fljótt sem auðið er. Sakhæfir geðsjúkir einstaklingar sem brotið hafa af sér hafa ekki í mörg hús að venda því að engin sérhæfð stofnun er til. Aðstandendur geðsjúkra afbrotamanna, sem og forsvarsmenn Geðhjálpar og Samhjálpar, hafa margoft bent á alvöru þessara mála og þau vandræði sem steðja að þessum hópi.

Jákvæð reynsla er af starfsemi réttargeðdeildarinnar að Sogni sem og fangelsisins að Litla-Hrauni við Eyrarbakka. Hvorug þessara stofnana er þó ætluð til að hýsa sakhæfa geðsjúka afbrotamenn. Því er brýnt að byggja eða kaupa húsnæði í grennd við þessa staði þar sem þeir geta átt athvarf.

Nauðsynlegt er að þessir afbrotamenn fái uppbyggilega meðferð um leið og þeir afplána dóma. Starfsmenn heilbrigðisstofnana á Suðurlandi eru vanir að liðsinna þessum sérhæfðu og viðkvæmu stofnunum og nokkur samvinna er á milli starfsmanna á Sogni og Litla-Hrauni. Sú reynsla mundi nýtast nýrri meðferðarstofnun og því er hyggilegt að byggja upp meðferðarfangelsi á þessum slóðum. Talið er að um sé að ræða um 20 sakhæfa geðsjúka einstaklinga. Verkefnið er brýnt og nauðsynlegt að taka á vandanum sem allra fyrst.

Ég hef reyndar heimsótt stofnanir eins og Sogn og rætt þar við forustumenn. Þar eru ákveðnar hugmyndir í gangi hvað þetta varðar og þar þarf að byggja við deild sem þessa, en starfsemin að Sogni mundi eflast ef byggð yrði meðferðardeild af þessum toga.

Það kemur líka fram í rökstuðningi að heilmikið samstarf er á milli þessara stofnana, þ.e. þeirra starfsmanna sem starfa á Litla-Hrauni, þeirra sem starfa að Sogni og einnig Heilbrigðisstofnunarinnar á Selfossi.

Bæjarstjórn Árborgar hefur ályktað í þessa veru, þ.e. talið eðlilegt að þar sem um mjög sérhæfða starfsemi sé að ræða beri að efla starfsemi sem þessa á því svæði, enda er góð reynsla af henni.

Þannig vill til að hér í þingsal er fyrrverandi framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi, hv. 2. þm. Vesturl., Magnús Stefánsson, sem ég veit að þekkir þessi mál

býsna vel og ég gladdist þegar ég heyrði að hann bankaði í borðið og hefur kvatt sér hljóðs um þetta mál sem ég tel mjög brýnt að leysist sem allra, allra fyrst.

[14:36]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Hér er hreyft mjög mikilvægu máli þar sem um er að ræða tillögu um að byggð verði upp meðferðardeild við fangelsi fyrir sakhæfa geðsjúka afbrotamenn. Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason hefur gert grein fyrir tillögunni og farið yfir meginröksemdir fyrir henni.

Ljóst er að þarna er ákveðið grátt svæði á ferðinni sem þarf að brúa á einhvern hátt, þ.e. ef við lítum til geðsjúkra sakhæfra afbrotamanna annars vegar og geðsjúkra ósakhæfra afbrotamanna hins vegar. Eins og við vitum er rekið meðferðarheimili á Sogni fyrir ósakhæfa geðsjúka afbrotamenn þar sem veitt er mjög markviss og góð þjónusta fyrir viðkomandi einstaklinga. Þess ber að geta að sú þjónusta hefur skilað mjög góðum árangri þar sem tekist hefur að útskrifa nokkra einstaklinga sem þar hafa dvalist og talið er að hafi náð bata. Sú starfsemi hefur því sannað að með markvissri þjónustu er hægt að veita viðkomandi einstaklingum þá þjónustu og þann bata sem þeir þurfa á að halda.

Í fangelsinu á Litla-Hrauni er á hverjum tíma einhver tiltekinn fjöldi afbrotamanna sem dæmdir hafa verið til fangelsisvistar en eiga í raun við geðsjúkdóma að stríða að einhverju leyti. Í fangelsinu á Litla-Hrauni er ekki aðstaða til að veita þeim þá þjónustu sem þeir þurfa og ljóst að fangelsisvist í venjulegu fangelsi er ekki heppilegur vettvangur fyrir þá einstaklinga sem eiga við slíkar aðstæður að glíma. Þess vegna er mjög mikilvægt að hið fyrsta verði ráðist í að veita slíkum einstaklingum þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda.

Á Sogni hafa þau rými sem þar eru ætluð fyrir ósakhæfa afbrotamenn ekki verið fullnýtt síðustu tvö, þrjú árin. Sogn hefur því vistað sakhæfa einstaklinga sem hafa verið dæmdir til fangelsisvistar þar sem þeir hafa fengið geðþjónustu og fengið þá aðstoð sem þeir þurfa á að halda. Reynslan af því er mjög góð eftir því sem ég best veit. Það er kannski gleggsta dæmið um hvað hægt er að gera í þessum málum og hvað nauðsynlegt er að gera.

Hins vegar er vandinn sá hjá Sogni að stoð í lögum um starfsemi Sogns er jú sú að þar skuli vista ósakhæfa afbrotamenn. Þess vegna hefur verið spurning um réttarstöðuna á alla kanta getum við sagt varðandi vistun sakhæfra einstaklinga á þeirri stofnun. Og sem fyrrverandi framkvæmdastjóri Sogns og Heilbrigðisstofnunarinnar á Selfossi sem veitir þessa þjónustu einnig, þá veit ég að þetta hefur verið ákveðið grátt svæði sem ekki hefur verið augljóst hvernig ætti að meðhöndla.

En eins og fram kom hjá flutningsmanni tillögunnar hefur verið mikið samstarf milli starfsfólks Heilbrigðisstofnunarinnar á Selfossi, starfsmanna á Sogni, fangelsisins á Litla-Hrauni og Fangelsismálastofnunar um þessi mál og þessir aðilar hafa fjallað um það með hvaða hætti heppilegt væri að veita þá þjónustu sem hér um ræðir. Ég tel að þar liggi töluverð reynsla og þekking vegna þeirrar vinnu undanfarin ár sem beri að nýta.

Það er skoðun mín, herra forseti, að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða og það sé í raun ekki verjandi að það ástand sem nú er vari öllu lengur. Þess vegna tek ég undir þá tillögu sem hér liggur fyrir, að ráðist verði í að leysa þessi mál og það er skoðun mín miðað við þá reynslu sem ég hef af þessum málum og þekkingu, að heppilegast væri að þessi þjónusta væri í sem nánustum tengslum við Sogn þar sem fagþekkingin og það allt saman er fyrir hendi. Ég mundi því leggja það til í þessari umræðu að sú þjónusta verði byggð upp á Sogni.

Eins og ég sagði áðan tel ég skynsamlegt að þessi mál verði leidd til lykta í samstarfi við þá aðila sem ég hef talið upp sem sinnt hafa þessum málum. Dómsmrn. og heilbrrn. þurfa að sjálfsögðu að koma að því og leysa þau mál, það er mjög brýnt og ég tel að mjög mikilvægt sé að leysa þau sem allra fyrst, vegna þess að eins og ég sagði fyrr í máli mínu er það auðvitað ekki verjandi að einstaklingar sem dæmdir eru til fangavistar og eiga við geðsjúkdóma að glíma, séu vistaðir eins og hverjir aðrir fangar í venjulegu fangelsi. Það er því miður ekki bjóðandi upp á það. Og þetta ástand getur ekki varað lengur, ég held að við getum öll verið sammála um það.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um málið. Ég fagna þessari tillögu, ég tel hana tímabæra og hvet eindregið til þess að stjórnvöld láti þetta mál til sín taka. Raunar veit ég að töluvert hefur verið fjallað um það í viðkomandi ráðuneytum, en það er orðið mjög brýnt að leysa þessi mál og koma þeim í þann farveg sem vera ber, fyrst og fremst auðvitað með hagsmuni viðkomandi einstaklinga í huga, þannig að þeir fái bót meina sinna og þá aðstoð sem þeir þurfa sannarlega á að halda.

[14:42]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég kem hér upp til að taka undir þáltill. og hvet til þess að hún fái góða afgreiðslu á þinginu. Ég held að um tillöguna hefði örugglega náðst þverpólitísk samstaða í flutningi og því trúi ég því að hún nái þverpólitískri samstöðu með afgreiðslu ef hún fær eðlilegan framgang á þinginu.

Málið er, herra forseti, að þegar menn eru dæmdir til fangelsisvistar eru þeir dæmdir fyrir einhver afbrot, einhverja glæpi til refsingar. Fangelsisvist er refsing, en tilgangur afplánunar er einnig að bæta menn en ekki að brjóta þá niður og inn í afplánunina vantar að mínu mati þennan uppbyggilega þátt í meira mæli en nú er fyrir alla fanga.

Hvað varðar sakhæfa geðsjúka afbrotamenn er staða þeirra mjög alvarleg því þeir eiga í raun og veru hvergi heima. Þeir eiga ekki heima inni á Litla-Hrauni og þeir eiga ekki heima að Sogni sem er fyrir ósakhæfa afbrotamenn. Geðheilsa þeirra er oft það léleg að afplánunin verður hreinlega til þess að brjóta þá endanlega niður en það er ekki tilgangurinn með afplánuninni.

Því styð ég það sem hér hefur komið fram að halda áfram að byggja upp á Sogni. Sú stofnun hefur sérfræðiþekkingu á meðferð ósakhæfra afbrotamanna, þekkingu sem nýtist vel fyrir sakhæfa og geðsjúka afbrotamenn, og hafa Sogn bæði fyrir ósakhæfa og sakhæfa geðsjúka afbrotamenn. Þar er þekkingin til staðar og mér finnst í rauninni alveg ástæðulaust að byggja upp aðra deild eða aðra þjónustu einhvers staðar annars staðar. Við erum með Litla-Hraun sem ríkisfangelsi og ég tel að einhver bið verði á því að við byggjum upp ríkisfangelsi á öðrum stað. Þetta tel ég að sé næsta skref í þessu máli.

Fram að þeim tíma þarf að aflétta réttaróvissu varðandi innlagnir sakhæfra, geðsjúkra afbrotamanna á Sogn. Réttarstaða þeirra má ekki vera í neinni óvissu. Ef það eru tímabil þar sem plássin á Sogni eru ekki öll nýtt en þörf á þjónustu fyrir sakhæfa og geðveika afbrotamenn sem vistaðir eru á

Litla-Hrauni tel ég að við eigum að nýta þau pláss en það er eingöngu neyðarúrræði.

En það er ekki nóg að hugsa um tímann sem þessir einstaklingar eru í afplánun. Það þarf ekki síður að hugsa um tímann eftir að afplánuninni lýkur og menn útskrifast. Þá vaknar spurning um heimili, hvort það er til staðar. Því miður er það ekki sjálfgefið vegna þess að í mörgum tilfellum eru menn búnir að brjóta svo allar brýr að baki sér að þeirra bíður ekki lengur fjölskylda. Húsnæði er ekki alltaf til staðar. Atvinnu getur verið erfitt að fá og þá líður oft á tíðum ekki langur tími þar til allt fer í sama horfið aftur.

Eftirmeðferðin, að það sé tryggt umhverfi, húsnæði, atvinna og faglegur stuðningur, er mjög mikilvæg. Eins þarf að horfa til lengri tíma. Til þess að maður geti sagt að sakhæfur geðsjúklingur geti bjargað sér úti í þjóðfélaginu og þurfi ekki lengur stuðning þá þarf hann til lengri tíma faglegan stuðning. Það þarf líka að horfa á heildarmyndina þegar talað er um að byggja upp hvað afplánunina varðar, að fylgja því líka eftir með eftirmeðferðinni.

[14:47]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Magnúsi Stefánssyni, 2. þm. Vesturl., og hv. 5. þm. Austurl., Þuríði Backman, fyrir að taka undir þessa tillögu. Við erum afar samstiga í þessu máli og það er vel, enda held ég að flestir séu það. Fólk gerir sér almennt grein fyrir því að þetta er mjög brýnt mál. Það fylgja mörg vandamál þessum hópi sem er sem betur fer fámennur hér á landi en þó svo stór að nauðsynlegt er að sinna honum og það fljótt og vel.

Verkefnið er afar brýnt. Mjög margir hafa unnið gott verk í þessum efnum. Þar má nefna t.d. Geðhjálp, Samhjálp hvítasunnumanna og marga fleiri sem reynt hafa að aðstoða þessa hópa. En það er mjög brýnt að ríkið komi að þessu máli og á því verði tekið svo fljótt sem mögulegt er, enda er gert ráð fyrir því í þessari þáltill. að lausn fáist á málinu fyrir 1. maí. Þetta mál lagði ég fyrir þingið í upphafi þings en það tekur alltaf sinn tíma að ná málum til umræðu eins og gengur og gerist. En hér er auðvitað um afar brýnt mál að ræða.

Ég gleðst yfir því að í þessari umræðu kemur fram að við erum sammála um að Sogn sé sá staður sem hentar hvað best fyrir þessa starfsemi. Við erum líka sammála um að á svæðinu er mjög sérhæft starfsfólk sem vant er að fást við vandamál af þessu tagi. Þarna er um góða samtengingu að ræða. Það er auðvitað mjög nauðsynlegt að afbrotamenn fái uppbyggilega meðferð á meðan á afplánuninni stendur. Það er í raun og veru grundvallaratriði. Ég hvet dómsmrh. í samvinnu við heilbrrh. og þess vegna félmrh. til að reyna að koma þessu máli í höfn sem allra fyrst þannig að við getum tekið á málinu.

Eins og fram kom í fyrri ræðu minni er um nokkuð víðtæk samstaða á svæðinu. Bæjarstjórn Árborgar hefur ályktað í þessum efnum og okkur er í raun og veru ekkert að vanbúnaði að drífa þetta mál áfram.

Að lokinni þessari umræðu hvet ég til að tillögunni verði vísað til allshn., sem ég treysti að afgreiði þetta mál fljótt og vel.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Uppbygging fiskeldisfyrirtækja vegna eldis kaldsjávarfiska, fyrri umr.

Þáltill. ÁSJ, 167. mál. — Þskj. 167.

[14:51]

Flm. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. á þskj. 167 um stofnframlög til uppbyggingar fiskeldisfyrirtækja vegna eldis kaldsjávarfiska.

Tillagan hljóðar svona:

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að setja fram tillögur um stofnframlög til uppbyggingar fiskeldisfyrirtækja vegna eldis kaldsjávarfiska.

Í grg. segir:

Eins og kunnugt er hefur Fiskeldi Eyjafjarðar hf. á Hjalteyri og Dalvík náð góðum árangri við klak á lúðuseiðum á undanförnum árum. Fyrirtækið er nú í fararbroddi í heiminum á þessu sviði og mun u.þ.b. 80% af klöktum lúðuseiðum í heiminum koma frá þessari stöð.

Eins og er getur Fiskeldi Eyjafjarðar hf. klakið út um 400 þús. lúðuseiðum á ári en gert er ráð fyrir að innan tveggja til þriggja ára muni seiðaframleiðslan vera orðin allt að einni milljón seiða.

Áframeldi lúðuseiðanna fer að mjög litlu leyti fram á Íslandi. Um 50–60 þús. seiði eru í áframeldi í fiskeldisstöð í Þorlákshöfn en talið er að til þess að skila arði í áframeldi sem er viðunandi þurfi seiðamagnið að vera um 100 þús. seiði í hverri stöð. Víða á landinu eru ákjósanleg skilyrði til að setja upp og starfrækja áframeldi á lúðuseiðum. Nú er megnið af lúðuseiðunum flutt út, m.a. til stöðva í Kanada og Wales. Þær hafa báðar notið stofnstyrkja til framleiðslunnar frá viðkomandi yfirvöldum í Wales frá Evrópusambandinu og í Nova Scotia frá ríkisstjórn Kanada. Hér eru miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi þar sem um er að ræða verðmætt hráefni og gott aðgengi að því. Því er fyllsta ástæða til að styðja opinberlega við áframeldi á þessum lúðuseiðum. Sama á að sjálfsögðu við um áframeldi þorskseiða og annarra tegunda kaldsjávarfiska sem nú er í þróun.

Virðulegi forseti. Við rekum okkur á það svo víða í atvinnulífinu að fyrirtækjaeigendur njóti ekki sama bakstuðnings og annars staðar gerist, þá sérstaklega hvað þetta varðar, áframeldið á lúðunni. Íslendingar eiga þess vegna nánast enga möguleika til að þróa þessa atvinnugrein á eigin forsendum, þ.e. áframeldi á þeim lúðuseiðum sem klakin eru hér í landinu. Það er miður og ein ástæðan til þess að hægt er að stunda þessa starfsemi í Þorlákshöfn er að það fyrirtæki fór á hausinn, var afskrifað af bönkum og þess vegna áframselt á mjög vægu verði, sem er ígildi stofnstyrks.

Það er þess vegna mjög mikilvægt að við hugum að þessum málum í þessari atvinnugrein til framtíðar, en eins og ég gat um í greinargerð eru áform fyrirtækisins á Hjalteyri þau að aukningin verði fleiri hundruð þús. seiði í framleiðslu á næstu árum.

Það er augljóst að margir staðir á Íslandi eru vel til þess fallnir að stunda áframeldi á kaldsjávarfiskum eins og lúðu, ekki síst í djúpum og lygnum fjörðum fyrir vestan þar sem aðgengi er að hreinum sjó og fyrir náttúrufarið væri gott að stunda þessa atvinnugrein.

Ég tel því mjög mikilvægt að þessi tillaga fái greiðan framgang í sjútvn. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu að verði tillögunni vísað til hv. sjútvn. til umfjöllunar og skoðunar. Ég vænti þess að málið fái vandaða umfjöllun.

Það er mikilvægt í þessu máli að hér um fiska að ræða sem eru úr okkar lífríki. Þar af leiðandi er miklu, miklu minni hætta á því að við spillum náttúrunni því við erum ekki að koma með utanaðkomandi tegundir inn í lífríkið eins og og raunin er t.d. hvað varðar laxeldi. Hér er fyrst og fremst rætt um lúðuna sem er úr okkar lífríki, eins og ég sagði áðan. Það á náttúrlega við aðra kaldsjávarfiska sem menn eru að fikra sig áfram með, t.d. þorskeldi. Þar hefur slátrun í smáum stíl farið fram og menn fikra sig áfram til að bæta þann rekstur.

Virðulegi forseti. Að svo mæltu óska ég eftir að þessari tillögu verði vísað til hv. sjútvn.

[14:57]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil segja nokkur orð varðandi þessa till. til þál. um stofnframlög til uppbyggingar fiskeldisfyrirtækja vegnis eldis kaldsjávarfiska. Ég tel að hér sé um merka og góða þáltill. að ræða og hvet til afgreiðslu hennar. Það leikur enginn vafi á að við erum að missa af miklum tekjum inn í þjóðarbúið ef við ætlum ekki að nýta það að þekking til áframeldis er til staðar.

Núverandi ríkisstjórn hefur unnið að því hörðum höndum að koma öllum atvinnuvegi inn í samkeppnisumhverfi. Það er samkeppnin og markaðurinn sem á að ráða. Það má segja að það sé í lagi, svo langt sem það nær, ef menn standa jafnfætis. Þetta á bæði við markaðinn hér innan lands, þéttbýlið gagnvart dreifbýlinu og Ísland gagnvart öðrum löndum, öðrum mörkuðum. Sérstaklega þarf að huga að mörkuðum sem við erum að keppa á og keppa við. Ég tel því brýnt að horfa til, eins og hér er gert, áframeldis á lúðuseiðunum í dag og rekstrarumhverfis þessarar atvinnugreinar á samkeppnismörkuðum. Ef fyrirtæki í áframeldi fá stofnstyrki til framleiðslunnar þá verðum við auðvitað að horfa til þess að veita samsvarandi stofnstyrki hér heima til að missa þetta ekki allt úr höndunum á okkur. Ef virðisauki verður við áframeldið eigum við auðvitað að halda honum hér heima.

Ég tel að þetta geti orðið arðvænleg atvinnugrein ef vel er að staðið, fyrir marga um allt land. Seiðin er hægt að flytja á milli staða og aðstaðan til áframeldisins er víða góð. Mikilvægt væri að hafa þennan möguleika og stuðning til að koma fyrirtækjunum á laggirnar.

Herra forseti. Mig langar að taka fram að þetta er ein af þeim atvinnugreinum sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði gætum nefnt sem „eitthvað annað" rétt eins og sú tillaga sem var rædd áðan um nýtingu innlends trjáviðar. Þar er eins og sagt er „eitthvað annað". Við nefnum ekki ákveðin fyrirtæki vegna þess að það er ríkisins að sjá til að rekstrarumhverfi fyrirtækja og atvinnulífsins sé með þeim hætti að fólk geti komið á legg nýjum fyrirtækjum eða eflt þá starfsemi sem fyrir er eða nýtt tækifæri eins og þetta. Það er eitthvað annað en stóriðja sem hér hefur verið allsráðandi. Það er heilbrigt og eðlilegt atvinnulíf sem mun örugglega styrkja okkur til framtíðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs, fyrri umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 191. mál. — Þskj. 192.

[15:01]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um bætta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Tillaga sama efnis, lítillega breytt greinargerð, var flutt á 126. og svo aftur á 127. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Það er þó ástæða til að geta þess, herra forseti, að við vinnslu tillögunnar eða skoðun eftir að henni hafði verið vísað til nefndar var á það bent að í þeirri byggðaáætlun sem þá var til vinnslu af hálfu ríkisstjórnarinnar væru ákvæði sem mundu að sínu leyti uppfylla, a.m.k. að einhverjum hluta, það sem hér er verið að tala um, þ.e. að búinn verði til öflugur stuðningssjóður, sambærilegur þeim sem Noregur hefur, að fyrirmynd Evrópusambandsins. Það varð hins vegar ekki. Það var með þá tillögu, eins og ýmsar fleiri sem menn höfðu ýtt inn á borðið varðandi gerð byggðaáætlunar, að ekki náðist samkomulag um hana og í stað þess að þeir sjóðir sem einhverjir höfðu séð fyrir sér að hægt yrði að sameina og búa þá til úr einn öflugan kemur máttlaust orðalag um samvinnu. Það er, herra forseti, full ástæða til þess að halda þessu máli vakandi enda er mikilvægt að við sköpum atvinnulífi á Íslandi sambærilegar aðstæður og það atvinnulíf hefur sem það keppir við í nágrannalöndum og annars staðar í Evrópu.

Sú þáltill. sem var rædd hér á undan laut að sumu leyti að sama máli en varðaði þó einkum eina atvinnugrein. Það sem við, þingmenn Samfylkingarinnar, erum að tala um með þessari þáltill. er að ríkisstjórninni verði falið að láta kanna möguleika á stofnun uppbyggingarsjóða sambærilega þeim sem Evrópusambandsríkin og Noregur hafa til að efla atvinnu á tilteknum svæðum, til að endurskipuleggja atvinnulífið og til að styrkja samkeppnisstöðu þess. Okkur fannst, herra forseti, ástæða til þess að menn gengju skarplega til verka, skoðuðu þessa hluti og skiluðu skýrslu um þá fyrir haustið eða snemma í haust þannig að hægt yrði að takast á við málið á haustdögum.

Það liggur fyrir að núverandi stjórnvöld hafa ekki fyrirætlanir um að Ísland gangi í Evrópusambandið, ekki einu sinni að á það væri látið reyna hverju væri hægt að ná fram í viðræðum. En það stendur þó upp á stjórnvöld að þau búi íslensku atvinnulífi sambærileg kjör þeim sem atvinnulífinu eru búin annars staðar í Evrópu. Hér hafa menn aðallega verið uppteknir af skattaumhverfi atvinnulífsins, og breytingar á því eins og þær sem síðast voru gerðar, býsna stórtækar, gjarnan útskýrðar eða réttlættar með samkeppnisstöðu gagnvart öðrum löndum.

Menn geta velt því fyrir sér fyrir hvern þessar breytingar voru gerðar síðast. Það er a.m.k. ljóst að þær voru ekki gerðar fyrir fyrirtæki sem eru að reyna að verða til, ekki fyrir litlu fyrirtækin, ekki fyrir mannfreku fyrirtækin, ekki fyrir þau fyrirtæki sem eru í nýsköpun. Herra forseti. Þær voru aðallega gerðar, að því er manni sýnist, fyrir stóru, grónu fyrirtækin. Nú er ég ekki á móti stórum og grónum fyrirtækjum en lítið verður um okkur ef ekki fá fleiri að skjóta rótum.

Og það eru líka fleiri þættir sem hafa áhrif á samkeppnisstöðuna, einkum ef við viljum skjóta fleiri rótum undir atvinnulífið og ef við viljum ná nýjum atvinnufyrirtækjum og tæknikunnáttu inn í landið. Þessi mál hafa nýverið komist í sviðsljósið vegna þeirra samninga sem Alcoa hefur gert við

íslensk stjórnvöld um skattalega meðferð eftir að það fyrirtæki hefur hér starfsemi undir heitinu Fjarðaál. Það hefur líka orðið til þess að þeir samningar sem önnur stóriðjufyrirtæki hafa gert hafa komist í sviðsljós. Menn hafa farið í samanburð og nú síðast heyrum við að eigendur eða forsvarsmenn álversins í Straumsvík vildu gjarnan sjá sambærilegan samning fyrir sitt fyrirtæki hvað varðar skatta og liggur í samningi við Alcoa.

Herra forseti. Þeir sem hafa fjallað um þennan samning eins og hann birtist í því frv. sem Alþingi er að fjalla um eru, held ég, flestir sammála um að e.t.v. birtist þar nákvæmlega það sem íslenskt atvinnulíf þarfnast, ekki bara eitt stóriðjufyrirtæki eða þótt þau væru þrjú, heldur vildu auðvitað öll önnur íslensk atvinnufyrirtæki njóta þess að stimpilgjald væri ekki nema 0,15%, fasteignagjöld ekki nema 1% o.s.frv. Við í Samfylkingunni höfum reyndar verið með tillögu hér um það að stimpilgjöld yrðu lækkuð í áföngum og afnumin. Fyrir henni var mælt hér fyrir nokkrum dögum, líklega í þriðja skipti. Við höfum líka verið með tillögur um það að menn skoðuðu þetta umhverfi úr fleiri áttum. Þær skattatillögur sem ríkisstjórnin lagði fram í fyrra eins og ég rakti hér áðan tóku ekki tillit til þeirra litlu og mannfreku fyrirtækja sem eru að verða til eða reyndu að verða til meðan betur viðraði í íslensku efnahagslífi.

En, herra forseti, ríkisstjórnin hefur einblínt á stóru, gömlu fyrirtækin og einblínir nú helst á stóriðjufyrirtæki.

Eins og fram kemur hér í greinargerð er Evrópusambandið með öfluga uppbyggingarsjóði sem það notar til að ná markmiðum sínum, bæði í byggðamálum og í því að endurskipuleggja atvinnulífið. Norðmenn hafa einnig, á þeim grundvelli að þeir ákváðu að hafna aðild að ESB, síðast 1994, byggt upp öflugan sjóð sem veitir stofnstyrki við uppbyggingu atvinnulífsins. Fyrirmynd sjóðs þeirra er evrópski byggðaþróunarsjóðurinn. Við skoðun á uppbyggingarsjóðum væri því rétt að líta einnig til þess hvernig uppbygging og framkvæmd er í Noregi. Það hafa orðið miklar breytingar á atvinnuháttum á undanförnum árum og enn eru þær breytingar að eiga sér stað. Hér á Íslandi þyrftum við sannarlega að hafa annars konar umhverfi fyrir atvinnureksturinn en nú er og það er mikilvægt að stjórnvöld geti mótað og fylgt eftir skilvirkri stefnu um það hvernig skuli brugðist við á hverjum tíma, ekki síst að þau geti brugðist við með mismunandi hætti eftir því hvar á landinu er talið eðlilegt að grípa inn í.

Iðnrn. hefur skilgreint landið með tilliti til möguleika hvers svæðis og það er mikilvægt, herra forseti, vegna þess að pakkalausnir eins og fimm menningarhús eða milljarður hér og milljarður þar í framkvæmdir eru kannski ekki beinlínis það skilvirkasta sem við getum gert gagnvart atvinnulífinu á hverjum tíma. Ég hélt satt að segja að tími hinna miðstýrðu pakkalausna væri liðinn en það er greinilega ekki, það eru ekki allir búnir að átta sig á því að við erum komin inn í 21. öldina.

Við erum komin með byggðakort fyrir Ísland sem tók gildi í ágúst 2001 og á að gilda til 2006. Slíkt kort er grundvöllur byggðaaðgerða, bæði við núverandi aðstæður og einnig ef það yrði niðurstaðan að stofna til uppbyggingarsjóða á Íslandi. Í því ljósi, herra forseti, hygg ég að sá stuðningur sem íslenska ríkið er með við Alcoa standist. Það er jú verið að staðsetja þessa verksmiðju á þeim stað á byggðakortinu þar sem má vera með stuðning af ýmsu tagi. Við viljum hins vegar að sá stuðningur sem veittur er hverju sinni sé gegnsær og byggi á jafnræðisreglu. Stuðningur sem er handahófskenndur, jafnvel pólitískur, hefur ekki föst viðmið, engar reglur og ekkert gegnsæi er okkur ekki að skapi.

Við teljum að allt það sem lýtur að atvinnulífinu, hvort sem það eru álögur eða stuðningur, verði að byggja á jafnræði þeirra aðila sem koma við sögu, að það sé alveg ljóst og yfir allan vafa hafið að það sama eigi við um alla sem eins er ástatt um.

Herra forseti. Á Íslandi eru stór og strjálbýl svæði með einhæft atvinnulíf. Ákvörðun ESA um þetta byggðakort sem ég hef hér getið um byggist á því mannfjöldaviðmiði á þessum svæðum sem styrkja má. Það eru dæmi um það, herra forseti, að fyrirtæki sem von var um að stofnsett yrðu hérlendis hafi endað í öðru landi sem býður stofnstyrki í samræmi við þær leikreglur sem við verðum að stætta okkur við að aðrar þjóðir viðhafi, en höfum ekki tekið upp sjálf.

Við, flm. þessarar tillögu, teljum rétt að stofnun uppbyggingarsjóða og úthlutun stofnstyrkja verði könnuð með tilliti til þess að samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs verði sem best. Við vitum að Evrópusambandsríkin hafa tekist á við endurnýjun atvinnulífsins á svæðum sem dregist hafa aftur úr í tækniþróun með tilstyrk sjóða eins og þessara. Menn nefna gjarnan til sögunnar Írland og Skotland, og sannarlega horfa menn til þess hvernig muni verða unnið á þeim svæðum sem verst eru stödd í hinum nýju ríkjum sem væntanlega verða aðilar að Evrópusambandinu innan ekki svo langs tíma.

Herra forseti. Þetta mál snýst kannski fyrst og fremst um það að íslensk stjórnvöld séu meðvituð um það eða marki um það stefnu hvort og þá hvernig þau vilja hafa áhrif á byggðaþróun, hafa áhrif á atvinnuþróun. Það er alveg ljóst reyndar að það vilja þau í einhverjum tilfellum. Við sjáum það alltaf annað veifið. Ég hef nefnt Alcoa sem nýtt fyrirtæki sem stjórnvöld vilja, og beita því ákveðnum niðurgreiðslum til að fá inn í landið. Við verðum alltaf annað veifið vör við slíkar tilhneigingar, ýmist með beinum eða óbeinum hætti. Ekki er langt síðan hér var rætt um ríkisábyrgð fyrir eitt tiltekið fyrirtæki.

Herra forseti. Við viljum að það séu mótaðar reglur með meðvituðum hætti, reglur sem segja til um það hvað íslensk stjórnvöld eru tilbúin til að gera, reglur sem gilda fyrir alla sem eins er ástatt um, reglur sem eru hafnar yfir tortryggni og hafnar yfir það að mönnum verði fyrst fyrir að hugsa um pólitískar ívilnanir þegar þær eru framkvæmdar. Í okkar fámenna samfélagi er líklega mikilvægara en víðast annars staðar að reglur séu skýrar og gegnsæjar og þess vegna er slæmt að hið öndverða skuli vera staðreyndin. Það skapar hér endalausar deilur, ég segi ekki illdeilur, um hvert það skipti sem stjórnvöld með einhverjum hætti blanda sér í það sem er að gerast á vinnumarkaði, þ.e. þegar það beinist gegn einstökum fyrirtækjum, herra forseti.

Það má hins vegar segja að íslensk stjórnvöld skapa hinn almenna ramma hverju sinni og þar er auðvitað eitt látið yfir alla ganga sem eins er ástatt um og ekkert við því að segja þó að maður geti verið ósáttur við þann ramma almennt. En hér er sem sé verið að tala um það þegar stjórnvöld á hverjum tíma vilja beita áhrifum sínum til að efla atvinnu á tilteknum svæðum, vilja endurskipuleggja atvinnulífið og styrkja samkeppnisstöðu þess, að til séu skýrar reglur sem menn geta treyst að farið verði eftir og að jafnræði gildi gagnvart aðilum.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni umræðu um þetta mál verði því vísað til iðnn.

[15:15]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil segja nokkur orð um þessa þáltill. Ég held að hún sé góðra gjalda verð og að þetta sé vinna sem við þurfum að einhenda okkur í.

Ég vil þakka hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur fyrir að nefna þau tvö mál sem ég var með hér fyrr í dag og voru í raun af sama meiði og ganga inn í þetta púkk. Það er alveg nauðsynlegt fyrir okkur að kortleggja það hvernig við ætlum að standa að þessum málum. Fregnir voru að berast af því nýverið að við séum að missa iðnaðarmöguleika t.d. norður í Eyjafirði, sem eru stóriðja í okkar huga, sem hafi farið til Svíþjóðar vegna stofnstyrkja þar sem það er klárt og skorið hvaða umhverfi fyrirtækin geta vænst að fá.

Ég held að það sé líka alveg hárrétt hjá hv. þm. að undanfarnar aðgerðir í efnahagsmálum og umhverfi fyrirtækja hafa byggst á því að laga til fyrir þá sem eru en síður fyrir þá sem vilja hasla sér völl og fara í eitthvað nýtt. Ég er sammála hv. þm. um það.

Við getum líka nefnt til sögunnar að kísilduftverksmiðja í tengslum við Kísiliðjuna við Mývatn endaði, að okkur er sagt, í Noregi vegna stofnstyrkja. Eins og kom fram hjá hv. þm. þá getum við auðvitað sett okkur sömu formúlur og Norðmenn hafa gert, sett okkur ákveðnar reglur og gera það mögulegt fyrir fyrirtæki að sækja inn í stofnsjóði og bæta þar með samkeppnisaðstöðu sína.

Ástæðan fyrir því að ég tók sérstaklega kaldsjávarfiskana og lúðueldið er einfaldlega sú staðreynd að við erum þar í hundruð þúsunda eldi og erum fremstir í heiminum hvað varðar þessa grein og er náttúrlega alveg sárgrætilegt að horfa upp á að ramminn skuli ekki vera þannig að hægt sé að staldra við og fara í þessa starfsemi hér þegar það er borðleggjandi að þeir geta farið í þessa atvinnugrein bæði í Kanada og Wales á grunni stofnstyrkja.

Ég vildi bara leggja þetta inn í umræðuna. Ég held að sama grunnhugsun liggi að baki öllum þessum þremur málum og ég held að mjög gott sé að hreyfa því hvernig við ætlum að haga þessum málum til framtíðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verndaráætlanir samkvæmt Ramsar-samþykktinni, fyrri umr.

Þáltill. ÞSveinb o.fl., 194. mál. — Þskj. 195.

[15:18]

Flm. (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um gerð verndaráætlana samkvæmt Ramsar-samþykktinni. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Samfylkingarinnar Jóhann Ársælsson og Össur Skarphéðinsson.

Þessi tillaga var flutt á 127. þingi. Þá var henni vísað til nefndar en var ekki útrædd. Tillagan felur það í sér að Alþingi álykti að fela umhverfisráðherra að gera verndaráætlanir samkvæmt Ramsar-samþykktinni, um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, fyrir þau svæði hér á landi sem falla undir samþykktina. Þau eru Mývatns- og Laxársvæðið, Þjórsárver og Grunnafjörður.

Ramsar-samþykktin tók gildi hér á landi árið 1978. Þrjú svæði sem hér voru áðan nefnd hafa verið tilkynnt á skrá Ramsar-samþykktarinnar af Íslands hálfu, við gildistöku hennar Mývatns- og Laxársvæðið, Þjórsárver árið 1990 og Grunnafjörður í Borgarfirði árið 1996, eða skömmu eftir að hann var friðlýstur. Samkvæmt 3. gr. samþykktarinnar ber aðildarríkjum að semja og hrinda í framkvæmd áætlun sem stuðlar að vernd skráðra Ramsar-svæða, svo og að skynsamlegri nýtingu votlendis.

Svo er mál með vexti, herra forseti, að verndaráætlunin sem hér er verið að ýta á að verði samin hefur ekki litið dagsins ljós þó að um 23 ár séu liðin síðan við fullgiltum Ramsar-samþykktina. Því er í hæsta máta tímabært að taka til hendinni í þessu máli og semja verndaráætlanir fyrir þessi mjög svo mikilvægu náttúruverndarsvæði, þessi mikilvægu votlendissvæði, því að eins og við vitum þá eru þau ekki bara mikilvæg á landsvísu heldur líka á heimsvísu og hafa þess vegna verið tekin inn á skrá Ramsar-samþykktarinnar. Ábyrgð okkar er því ekki bara gagnvart Íslendingum og óbornum kynslóðum þeirra heldur einnig gagnvart alþjóðasamfélaginu.

Ramsar-svæðin á Íslandi eru samtals tæpir 59.000 hektarar. Aðildarríki sáttmálans eru 133 og samkvæmt upplýsingum mínum eru Ramsar-svæði í heiminum um 1.180 talsins.

Það liggur í hlutarins eðli, herra forseti, að vinna við gerð verndaráætlana kostar peninga. Þetta gerist ekki af sjálfu sér. Því finnst mér mjög mikilvægt að fram komi, þegar ég fylgi þessari tillögu úr hlaði í annað sinn á hinu háa Alþingi, að á núgildandi fjárlögum fyrir árið 2003 er ekki gert ráð fyrir neinum sérstökum fjárframlögum til gerðar verndaráætlana. Í raun hafa aldrei verið gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að setja fjármagn í gerð verndaráætlana nema þegar gerð var áætlun fyrir Jökulsárgljúfur. Þetta verður að hafa í huga því að án fjármagnsins verður illa staðið við góð fyrirheit samkvæmt því sem við höfum skuldbundið okkur til að gera samkvæmt Ramsar-samþykktinni.

Ég vænti þess, herra forseti, að þetta mál fái jákvæða afgreiðslu á Alþingi í vetur og að strax verði hugað að því við fjárlagagerð í haust á nýju kjörtímabili að Náttúruvernd ríkisins, sem nú heyrir undir Umhverfisstofnun, fái nægilegt fjármagn til þess að vinna að gerð þessara áætlana. Hér er ekki um neina stórkostlega fjármuni að ræða, herra forseti. Fram kemur í fréttaviðtali við starfsmann Náttúruverndar ríkisins frá því í sumar — ég leyfi mér að vitna í það, herra forseti — að tvö til þrjú mannár til dæmis taki að ljúka við gerð verndaráætlunar fyrir Þjórsárver. Ég mundi halda, herra forseti, að það væri algjört forgangsverkefni eins og málum er háttað að ljúka þeirri verndaráætlun og auðvitað að semja líka verndaráætlanir fyrir hin tvö svæðin sem Ísland hefur sett á skrá Ramsar-samþykktarinnar um svæði sem ber að vernda vegna þess að þau eru ómetanleg votlendi.

Að þessu sögðu, herra forseti, leyfi ég mér að æskja þess að málinu verði vísað til umhvn. og líka lýsa þeirri von minni að það fái afgreiðslu á 128. löggjafarþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 15:24]

[15:30]

Útbýting þingskjals:

Úrræði fyrir fullorðna sem eiga við læsisvanda að etja, 603. mál, fsp. KolH, þskj. 964.

Umræður utan dagskrár.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um opinberar framkvæmdir.

[15:30]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þannig er mál með vexti að sl. mánudag, þ.e. í fyrradag, óskaði ræðumaður eftir umræðum utan dagskrár um vaxandi atvinnuleysi og slaka í efnahagslífinu. Ég hugðist inna hæstv. ríkisstjórn eftir því hvort þaðan væri að vænta tillagna um aðgerðir til þess að slá á vaxandi atvinnuleysi, svo sem að flýta mannaflsfrekum framkvæmdum eða fara í einhver átaksverkefni til þess að skapa atvinnu. Atvinnulausum fjölgaði í síðasta mánuði, janúarmánuði, um rúmlega eitt þúsund manns frá áramótum og sem stendur eru um 6.150 manns á atvinnuleysisskrá, það eru rúmlega 3.300 karlar og tæplega 2.850 konur. Atvinnuleysi mælist þannig liðlega 4% og er þar með orðið hið mesta í fimm ár.

Þetta fer saman við það að hagkerfið hefur kólnað hratt niður, verðbólga er komin niður fyrir 2%, og þrátt fyrir nokkrar vaxtalækkanir að undanförnu virðast horfur á áframhaldandi samdrætti og uppsögnum. Aðstæður eru þar af leiðandi hagstæðar til þess að grípa til örvandi aðgerða, svo sem að flýta framkvæmdum eða fara út í sérstök átaksverkefni eins og áður hefur verið gert við sambærilegar aðstæður með því að hvetja til samstarfs ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífsins um slíka hluti.

Það var svo síðdegis í gær, herra forseti, sem ríkisstjórnin boðaði mikið útspil; 6.300 millj. kr. á að verja til vegagerðar, menningarhúsa og atvinnuþróunar. Ég vil taka það fram að það er fagnaðarefni að ríkisstjórnin horfist þannig í augu við aðstæður og vaxandi atvinnuleysi og vilji grípa til aðgerða. Það er einnig ánægjulegt, herra forseti, að sjá gömul kosningaloforð endurunnin. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum hlynnt endurvinnslu og erum þar af leiðandi sátt við það að ríkisstjórnin fari inn á þá braut og endurvinni gömul kosningaloforð eins og um menningarhúsin sem nú á að veita til peninga réttum og sléttum fjórum árum eftir að þeim var fyrst lofað í aðdraganda kosninga sem þá voru í vændum. (Gripið fram í.)

Það er enginn vafi á því, herra forseti, að aukið fjármagn til uppbyggingar í samgöngumálum er skynsamleg ráðstöfun í atvinnu- og byggðalegu tilliti. Það mun án vafa hleypa lífi í verktakastarfsemi og byggingariðnað. Talandi um aukin verkefni í vegagerð og atvinnuleysi, herra forseti, er ekki úr vegi að spyrja að því í leiðinni: Er þess þá að vænta að Vegagerðin sjálf muni draga til baka áform um uppsagnir á fólki í ljósi aukinna verkefna á því sviði? Það skaut skökku við að fá fréttir af því nú á dögunum að meira að segja Vegagerð ríkisins hygðist segja sérstaklega upp fólki mitt í atvinnuleysinu.

En sá er galli á þessum ráðstöfunum að ætla má að þau störf sem að mestu leyti verði þarna til verði fremur einhæf, þ.e. fyrst og fremst í verktakastarfsemi og byggingariðnaði. Atvinnuleysi er auðvitað ekkert síður meðal kvenna og í mörgum starfsgreinum sem ekki er líklegt að fái, a.m.k. ekki beint, vinnu við störf af þessu tagi. Þar af leiðandi er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. forsrh., talsmann fyrir þessar ráðstafanir: Kemur það til greina af hálfu ríkisstjórnarinnar að líta jafnframt til fleiri sviða framkvæmda eða rekstrar til þess að efla atvinnu, t.d. í opinberri þjónustu varðandi framkvæmdir og uppbyggingu starfsemi á því sviði? Þar má t.d. líta til velferðarmála og þess að eyða biðlistum þar sem þeir eru fyrir hendi, fjölga starfsfólki þar sem á slíkt er kallað og bæta þjónustu þar sem henni er sannarlega ábótavant.

Í öðru lagi vil ég inna eftir því hvenær sé að vænta fjáraukalagafrv. fyrir Alþingi með þessum ráðstöfunum. Það liggur í hlutarins eðli að slíkt hlýtur að gerast sem og að auknar vegaframkvæmdir komi þá til umfjöllunar samhliða afgreiðslu vegáætlunar sem svo vel háttar til að þingmenn og þingmannahópar kjördæma eru einmitt með í höndunum þessa dagana.

Í þriðja lagi, herra forseti, væri fróðlegt að fá um það upplýsingar hvort hæstv. ríkisstjórn hefur á bak við þessar aðgerðir áætlanir eða mat eða úttekt á því hversu mörg störf sé líklegt að þessar aðgerðir skapi, hversu mikið þetta dugi til að höggva í atvinnuleysið og hvar þau störf muni þá fyrst og fremst koma fram þannig að hægt sé að átta sig á því og greina það hversu mikil úrlausn gagnvart atvinnuleysisvandanum þessar aðgerðir verði.

[15:36]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hefja þessa umræðu. Allur aðdragandi hennar er með þeim hætti sem hv. þm. lýsti. Mér þykir út af fyrir sig, þó að aðstæður hafi nokkuð breyst, ágætt að umræðan eigi sér stað á þeim nótum sem hv. þm. opnaði á.

Það hefur verið töluvert kallað eftir því af hálfu aðila vinnumarkaðar, og reyndar stjórnarandstöðu líka, að gripið yrði til slíkra aðgerða. Eins hafa þingmenn stjórnarflokkanna mjög hvatt til þess á þingflokksfundum með sínum forustumönnum að til slíkra aðgerða yrði gripið. Það hefur verið meginkeppikefli ríkisstjórnarinnar að tryggja að atvinnuástand væri sterkt hér á landi. Atvinnuleysi upp á 3,5%, sem er reyndar ekki hátt á alþjóðlega mælikvarða, er á íslenskan mælikvarða og í vitund og vilja þingmanna, hygg ég allra, hvar í flokki sem þeir standa, of mikið. Við viljum að allar vinnufúsar hendur geti fundið viðnám fyrir vilja sinn til þess að sjá sér og sínum borgið og stunda heilbrigða og eftirsóknarverða vinnu.

Það fljótlegasta sem hægt var að gera í þessum efnum var að veita fjármuni sem hægt var að leysa úr læðingi með sölu, bæði af eftirstöðvum í bönkum og eins Íslenskum aðalverktökum, til að efna til vegagerðar. Sú er reynsla manna að það er fljótvirkasta aðferðin í þessum efnum. Reyndar hittist nú þannig á að það voru ýmsir þingmenn, þar á meðal hv. málshefjandi, sem voru þeirrar skoðunar, eins og ég kannast við, að það væri skynsamlegt að leggja aukið fé til vegagerðar á tilteknum svæðum við þessar aðstæður. Við ímynduðum okkur að um þetta gæti náðst góð sátt í þinginu og í þjóðfélaginu. Og mér hefur sýnst að langflestir sem hafa tjáð sig um þetta opinberlega, kannski ekki nákvæmlega alveg allir, hafi tekið þessum ákvörðunum vel og með málefnalegum hætti.

Varðandi spurningu um uppsagnir hjá Vegagerð verð ég að viðurkenna að ég er ekki alveg tilbúinn til að svara því beint en segi þó að í mínum huga er algjörlega ljóst að Vegagerðin mun þurfa á öllu sínu að halda til að glíma við þessi verkefni. Þetta eru svo mikil verkefni á svo skömmum tíma að Vegagerðin mun þurfa á öllu sínu að halda. En ég er ekki að tala fyrir hönd Vegagerðarinnar varðandi einstakar uppsagnir, ég hef bara ekki hjá mér þau svör.

Varðandi fjáraukalögin eru fjmrh. og hans menn að huga að þeim þætti þessa dagana. Ég sé ekki annað en að menn mundu taka því vel að hraða því í gegnum þingið þó að

skammt sé til loka þess vegna þess að um þetta efni er slík samstaða.

Við höfum ekki í sjálfu sér gert mat á því nákvæmlega, þó að til sé þumalfingursregla sem hv. þm. sjálfsagt þekkir, hvað framkvæmd við vegi af þessu tagi skapi mörg störf. Við teljum að svona mikil innspýting fari fram úr þeirri þumalfingursreglu vegna þess að hún sé það mikil og á það skömmum tíma að hún muni leiða til töluvert mikils af afleiddum störfum. Það er þá ekki hægt að binda störfin eingöngu við nákvæmlega þessi verkefni ein og sér. Við teljum einnig augljóst að þessi innspýting muni í raun ná til landsins alls. Það má auðvitað segja að meginþungi verkefnanna sé bundinn við landsbyggðina. Það er þó ekki hægt að segja, kannski því miður landsbyggðarinnar vegna, að öll störfin sem af þessu hljótast muni koma landsbyggðinni til góða, það þekkjum við bara. Ísland er orðið eitt atvinnusvæði og þegar svona mikið er tekið á mun það auðvitað skila sér um landið allt. En verkefnin sem eftir standa, því að þetta eru ekki nein atvinnubótaverkefni af gamla skólanum, þetta eru allt saman mikilvæg verkefni sem menn, m.a. í þessum sal, hafa lagt áherslu á, munu áfram standa og auðvitað duga þau best því fólki sem er næst þeim þegar til framtíðar er horft.

Ég tel að þetta hafi verið hinn skynsamlegi tími, eins og utanrrh. hefur bent á í samtölum, og það var með það í huga sem við tveir unnum þetta mál, aðallega sjálfir og með hjálp vegamálastjóra reyndar, til þess að nýta þá fjármuni sem við gátum leyst úr læðingi. Við höfum alltaf sagt að fjármunir sem við leysum úr læðingi vegna seldra eigna eigi að nota í þeim tilgangi nákvæmlega sem hér er gert. Og þetta var rétti tíminn til þess.

[15:41]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Því ber vissulega að fagna að ríkisstjórnin flýti framkvæmdum til að bregðast við vaxandi atvinnuleysi og þeim slaka sem nú er í efnahagslífinu. Öðrum þræði lýsir þetta þó nokkrum kosningaskjálfta, ekki síst þegar um er að ræða fjármögnun með kosningavíxli sem næstu ríkisstjórn er ætlað að greiða fyrir. Nöturlegt er þó að sjá hvernig hlutur höfuðborgarsvæðisins og kvenna, sem að meiri hluta til fylla hóp atvinnulausra, er fyrir borð borinn.

Í hlut höfuðborgarsvæðisins kemur aðeins um einn milljarður af 6,3 milljörðum sem verja á til atvinnuskapandi aðgerða, þ.e. rúmlega 15%. Samt er hægt að flýta fjölda framkvæmda í Reykjavík og nefni ég bara hér flutning Hringbrautar, Hallsveg, breikkun á Vesturlandsvegi og byggingu göngubrúa, auk þess sem hraða hefði mátt undirbúningi við mislæg gatnamót við Kringlumýrarbraut.

Ríkisstjórnin lítur líka algjörlega fram hjá því að 64% atvinnulausra á landinu öllu eru á höfuðborgarsvæðinu auk þess sem höfuðborgarsvæðið hefur aðeins fengið 17% af fjárveitingum til nýframkvæmda á síðustu fjórum árum, eða rúma 4 milljarða af 24 milljörðum.

Ég spyr líka hæstv. forsrh. hvers vegna ekki sé hægt að verja hluta þessa fjármagns til starfa sem nýtast betur konum þegar meiri hluti atvinnulausra er konur. Vegaframkvæmdir nýtast ekki til að draga úr atvinnuleysi kvenna og ég spyr: Getur ráðherrann upplýst hve mörg kvennastörf þessi verkefni muni skapa? Maður spyr líka: Hvar voru kvenráðherrarnir í ríkisstjórn þegar ákveðið var að verja 6,3 milljörðum að mestu til starfa sem nýtast körlum? Ég spyr líka hvort ekki hefði verið skynsamlegt að greiða fyrir framkvæmdum vegna byggingar þekkingarþorps í Vatnsmýrinni sem renna mun stoðum undir atvinnusköpun til framtíðar.

Mín niðurstaða er því sú að þó að fagna beri því að verja eigi auknu fjármagni til atvinnumála vanti mikið upp á að þetta útspil sé nægjanlega vel ígrundað eða undirbyggt.

[15:43]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Núverandi ríkisstjórn hefur haft mjög mörg mál á sinni dagskrá. Tvö af stærstu málum ríkisstjórnarinnar hafa annars vegar verið einkavæðing ríkisbankanna og hins vegar stóriðju- og virkjanaframkvæmdir. Nú, þegar þessi mál eru nánast í höfn, annars vegar lokið við sölu bankanna og hins vegar vonumst við til með nokkuð mikilli vissu að það verði úr þeim miklu framkvæmdum sem unnið hefur verið að árum saman á Austurlandi, er rétti tíminn til þess að taka þær ákvarðanir sem nú hafa verið teknar.

Allan tímann hefur verið lögð á það áhersla af hálfu ríkisstjórnarinnar að hluti af ágóða af sölu ríkisbankanna ætti að renna til samgöngumála, til atvinnuþróunar og til byggingar menningarhúsa á landsbyggðinni. Þetta hefur ríkisstjórnin alltaf sagt og sá málflutningur hefur verið skýr í mörg ár. Hér er því ekki um nein endurunnin kosningaloforð að ræða, heldur eru efndir hér á ferðinni í samræmi við stefnu sem hefur verið uppi í langan tíma.

Það er afskaplega miður í þessu samhengi að fara að ala á sundurlyndi milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins af þessu tilefni, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði hér, og tekur hún þar upp sama málflutning og nýskipaður talsmaður Samfylkingarinnar, fyrrverandi borgarstjórinn í Reykjavík. Þetta er landsmál sem skiptir alla íbúa landsins miklu máli og það verður ekki leyst með því að vera stöðugt að ala á sundurlyndi milli höfuðborgar og landsbyggðar. Það ætti Samfylkingin að hafa í huga og það er miður ef þetta á að verða uppistaðan í kosningabaráttu þess flokks.

[15:45]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Frjálslyndi flokkurinn styður góð mál. Við höfum marglýst því yfir í hv. Alþingi að við styddum mál sem væru til framfara og heilla þjóðarinnar hvaðan sem þau kæmu, hvort sem þau kæmu frá ríkisstjórn eða stjórnarandstöðunni.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að mikil nauðsyn væri á að lagfæra vegakerfi landsins og það á auðvitað sérstaklega við um svæði eins og Vestfirði og Norðausturland þar sem vegir eru hvað lakastir, margir enn þá með óbundnu slitlagi, gömlu malarvegirnir að hluta til, þar þarf virkilega að gera átak. Þess vegna fagna ég því sem hér er lagt upp með að verja skuli sérstaklega inn á þessi svæði verulegum fjármunum til þess að gera þar gott átak í vegamálum til viðbótar við þær áætlanir sem menn hafa verið að reyna að vinna að á undanförnum árum og frekar lítill ágreiningur hefur verið um meðal þingmanna.

Það er auðvitað svo að við höfum öll okkar áherslur í því hvað best sé að gera í framkvæmdum á landi hér. Hér er verið að bregðast við vaxandi atvinnuleysi sem hefur verið að aukast mikið á undanförnum missirum, en jafnframt að fara inn í verkefni sem geta orðið okkur til mikillar gæfu um langa framtíð þegar við byggjum upp þjóðvegi landsins. Það er einfaldlega þannig að á Vestfjörðum höfum við iðulega getað bent á næg verkefni að þessu leyti og þar er hægt

að stytta vegalengdir mikið með markvissum aðgerðum. Ég tel að það sé ein besta fjárfesting Íslendinga nú um stundir að geta bætt vegakerfið á þeim svæðum sem mikil þörf er fyrir það og jafnframt að stytta vegalengdir og efla þannig byggðir landsins um alla framtíð.

[15:47]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Um 6.000 manns eru nú án atvinnu í landinu og fagna ég vilja stjórnvalda til að slá á atvinnuleysið með innspýtingu í efnahagslífið. Ég hef hins vegar ákveðna fyrirvara um ráðstöfun fjárins og tek ég þar undir með málshefjanda, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni.

Almennt teljum við hins vegar rétt að flýta framkvæmdum á samdráttarskeiði. En í því sambandi má ekki einblína um of á verktakastarfsemi á sviði vegagerðar og byggingariðnaðar. Það er víða sem atvinnuleysið gerir vart við sig og það er víðar sem verk er að vinna í samfélaginu, t.d. á sjúkrahúsum, á öldrunarstofnunum, í heimaþjónustu, stofnunum fyrir fatlaða og í löggæslunni sem frægt er orðið. Á öllum þessum sviðum er greinileg þörf á fjölgun starfa. Ýmis mikilvæg verk eru látin sitja á hakanum, annars staðar er vinnuálagið á starfsfólki óbærilegt eftir samdrátt og óhóflegt aðhald og niðurskurð um nokurra ára skeið.

Það er ekki nóg, herra forseti, að reisa mannvirkin, það þarf einnig að hyggja að sjálfri starfseminni sem þar á að fara fram innan dyra. Og í stéttum sem starfa á sviðum þjónustu er auk þess mikið og vaxandi atvinnuleysi og einnig á meðal ungs fólks. Í tillögunum er ekki gert ráð fyrir því miður að taka á þeim vanda.

Að lokum: Sú ábyrgð sem hvílir á atvinnufyrirtækjum á almennum vinnumarkaði má ekki gleymast. Fréttir berast nær daglega að fyrirtæki sem skila miklum hagnaði, jafnvel milljarðahagnaði, eru að segja upp stórum hópum starfsfólks og það er alvarlegt ef þjóðfélagið sameinast ekki um að taka á þeim alvarlega vanda sem atvinnuleysið er.

[15:50]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Viðbrögðum ríkisstjórnarinnar til að draga úr slaka í efnahagslífinu hefur hvarvetna verið vel tekið. Það er helst að Samfylkingin setji á sig skeifu eins og barn í fýlukasti. En, hæstv. forseti, það sýnir á hve traustum efnahagslegum grunni við stöndum nú að ríkisstjórnin getur brugðist við á hárréttu augnabliki þegar á þarf að halda til að smyrja hjól atvinnulífsins, enda er það svo að Samtök atvinnulífsins og ASÍ hafa sérstaklega fagnað þessum ákvörðunum.

Það fé sem bundið er í hlutabréfum banka og verktakafyrirtækja er betur komið til að styrkja innviði þjóðfélagsins. Það að geta brugðist við núna er dýrmætt. Það er dýrmætt að geta ráðist í vegaframkvæmdir sem hafa sérstaklega byggðalega þýðingu. Það er óumdeilt að vegaframkvæmdir á Vestfjörðum og Norðausturlandi munu hafa mikla þýðingu. Ég nefni þessi svæði sérstaklega þar sem ekki verður séð fyrir endann á því hvernig ætti að koma þéttbýlisstöðum þar í gott vegasamband nema á löngum tíma. Nú er hægt að flýta því að Raufarhöfn, Þórshöfn og Vopnafjörður tengist þjóðvegakerfinu með bundnu slitlagi. Þarna er um mikið hagsmunamál að ræða fyrir íbúa þessara svæða, en ekki síður fyrir aðra landsmenn og ferðaþjónustuna. Jarðgöng um Almannaskarð eru mikilvæg, en er ekki síst spurning um að vegabætur þar verði leystar á ásættanlegan hátt út frá umhverfissjónarmiðum.

Vil hljótum að fagna því að 700 millj. kr. ganga til atvinnuþróunarátaks á vegum Byggðastofnunar. Stjórn stofnunarinnar mun vinda sér í að vinna tillögur um efnið hratt og vel. Miða þarf við að við núverandi aðstæður verði til sem flest störf á þeim svæðum sem veikar standa atvinnulega séð og að þar verði sérstaklega litið til atvinnumála kvenna á landsbyggðinni.

Að síðustu, hæstv. forseti. Framlög til menningarhúsa eru mikilvæg. Starfsemi í menningarhúsum er ekki eingöngu mikilvæg til þess að bæta mannlífið og hressa upp á sálartetrið, menning sem atvinnugrein er sífellt að verða mikilvægari í íslensku efnahags- og atvinnulífi.

[15:52]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það hafi komið skýrt fram hjá þeim sem hafa talað fyrir hönd Samfylkingarinnar að hún fagnar þessum aðgerðum og telur mikilvægt að gripið sé til tiltekinna aðgerða á þessum tímapunkti. Það velkist hins vegar örlítið fyrir okkur vegna þess að þegar við fórum að skoða málið þá er ljóst að mjög erfitt verður að ráðast í nokkrar framkvæmdir fyrr en eftir sex til tólf mánuði í fyrsta lagi. Þegar við höfðum samband við Vegagerðina kom fram að svo mikill undirbúningur er eftir í mörgum framkvæmdum að ólíklegt er að hægt verði að hefjast handa að nokkru marki fyrr en eftir þann tíma.

Í öðru lagi hefði ég viljað nefna það líka að kannski er ótti okkar í þessu örlítið í því fólginn að við óttumst að Seðlabankinn muni ekki sýna af sér nægan vilja til þess að lækka vexti. Raunvextir hér á landi eru mjög háir og má nefna í því samhengi að skuldir heimilanna eru u.þ.b. 95% af landsframleiðslu, þannig að það sér hver maður hversu miklu skiptir að það náist að lækka vexti.

Mér kom líka á óvart sá leiði sem birtist hjá hæstv. utanrrh. út í það hversu menn hafa tekið þessu vel almennt að hann fann sér tilefni til þess að finna að Samfylkingunni og það er kannski dálítið sérstakt, því hæstv. ráðherra tók nýverið þá ákvörðun að flytja sig af landsbyggðinni og upp í Breiðholt og bjóða sig fram í Reykjavík. Þess vegna fannst mér skrýtið að hæstv. ráðherra skyldi vera að nefna það sjálfur sérstaklega í þessari umræðu að einhver væri að reyna að mynda skörð eða skipa fólki í tvær fylkingar eftir því hvort það byggi á landsbyggðinni eða í höfuðborginni. Þetta kom mér verulega á óvart, virðulegi forseti.

En það breytir ekki hinu að það er líka mikilvægt í þessu samhengi að menn fái upplýsingar um hversu mörg störf verða til vegna þessara aðgerða, því atvinnuleysið hefur ekki verið jafnmikið í mörg ár og rakið hefur verið í umræðunni.

[15:54]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ekkert er mikilvægara fyrir íslenskt efnahagslíf en að sýna fyrirhyggju og stöðugleika, sýna kjarkinn til að stuðla að aukinni verðmætasköpun með nýjum atvinnutækifærum, en um leið sveigjanleika í efnahagsstjórn, til að slá á þenslu og berjast gegn atvinnuleysi.

Það mál sem hér er til umræðu snýst í rauninni um þrennt:

Í fyrsta lagi er verið að slá á þenslu vegna þess að það er þörf á því.

Í annan stað er verið að vinna gegn þenslu, ekki síst í framtíðinni, vegna þess að framkvæmdir fyrir austan munu ná hámarki á árunum 2005–2006.

Og í þriðja lagi er hér enn verið að leggja grunn að íslensku velferðarkerfi.

Um það snúast þessar aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar. Því fagna allir hagfræðingar. Því fagnar þjóðin. Og meira að segja ber svo við, herra forseti, að það örlar á fögnuði hjá hv. stjórnarandstöðu. En verandi sjálfri sér samkvæm, þá leitar hún að sjálfsögðu í hjárænulegum hætti að neikvæðum þáttum þessa máls en gengur það reyndar hálfbrösuglega eins og von er. Það kemur hins vegar ekki á óvart, því flestum aðgerðum í atvinnumálum hafa þessar sömu raddir lagst gegn en verið þeim mun duglegri að kalla á ný útgjöld úr ríkiskassanum. Þetta er hagfræði sem einhvers staðar yrði flokkuð undir ábyrgðarleysi og skammsýni og er líklega ein aðalógnunin við íslenskt efnahagslíf.

Það yrði ekki gæfulegt fyrir íslenska þjóð að fá yfir sig fulltrúa með röddum hinnar neikvæðu hagfræði með tilheyrandi óðaverðbólgu og bruðli. En með þessum aðgerðum, herra forseti, er hæstv. ríkisstjórn enn að styrkja íslenska velferðarkerfið. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (ÍGP): Má forseti biðja um betra hljóð í salnum.)

[15:57]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Í umræðum á Alþingi fyrir nokkrum dögum um samgönguáætlun lagði ég í máli mínu þunga áherslu á að leitað yrði allra leiða til að flýta framkvæmdum í samgöngumálum. Ég hvatti þá hæstv. samgrh. til þess að kalla fram þau verkefni sem nokkur möguleiki væri á að flýta. Allt yrði sett í gang hvað það varðaði, bæði vegna atvinnuástandsins og einnig líka ef yrði af þeim stórframkvæmdum sem ráðgerðar eru á Austurlandi eftir nokkur ár. Allt kallaði á að þetta yrði gert.

Ég minntist líka á það þá hversu mikilvægt væri að vegasamgöngur á Vestfjörðum og á Norðausturlandinu nytu alveg sérstaks forgangs. Það ætti að vera krafa, nútímakrafa, til samfélagsins alls að íbúar vítt og breitt um landið byggju við nokkurn veginn viðunandi samgöngur á landi. Að vegur með bundnu slitlagi kæmi um allar meginbyggðir landsins væri frumkrafa í samfélaginu. Og það væri sú krafa sem við ættum fyrst að stefna að að uppfylla.

Það er því fagnaðarefni, herra forseti, að nú þegar verið er að grípa til svona stóraukinna aðgerða til að styrkja samgöngur í landinu, þá skuli einmitt vera horft sérstaklega til þessara landshluta. En ég legg áherslu á að horfa mætti til fleiri samgöngubóta.

Lögð hefur verið áhersla á mikilvægi þess að styrkja safn- og tengivegina út um sveitir landsins og ég mun leggja áherslu á þegar þetta mál kemur til umræðu á Alþingi og í fjárln. og samgn. að það verði skoðað hvernig megi gera enn betur með þeim fjármunum sem hér eru ætlaðir til samgöngubóta.

[15:59]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það hefur greinilega komið í ljós á síðustu 24 tímum að þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar mælist ákaflega vel fyrir meðal þjóðarinnar allrar, eða nærri því allra. Það er smá undantekning. Það virðist einn og einn aðili vera dálítið súr yfir þessu, samanber viðtal við formann Samfylkingarinnar í Morgunblaðinu í morgun sem ber yfirskriftina: Ber sterkan keim af taugaveiklun. Og svo segir í viðtalinu við hann: „Hinu er ekki að leyna að þessi áætlun ber sterkan keim af þeirri taugaveiklun sem ríkir nú innan stjórnarliðsins í ljósi þess að það er skammt til kosninga ...“

(**Forseti** (ÍGP): Má ég fá örlítið betra hljóð í salinn — og auk þess minni ég hv. þm. á að það þarf leyfi forseta til beinna tilvitnana.)

Ég bið forseta afsökunar á þessu. Ég bið þá um leyfi eftir á, eða á ég að lesa þetta aftur? Ekki er talin þörf á því.

Nú er það svo að það eru kosningar á fjögurra ára fresti, eins og allir vita, og ríkisstjórnin er að bregðast við aðstæðum í efnahagslífinu sem þarf að bregðast við hratt. Ef það skyldi vera að Samfylkingin vildi hafa þetta mál sem kosningamál tel ég það ákaflega vænlegt. Við skulum þá bara segja að þetta sé kosningamál, þá veit fólkið það og minnist þess í kosningunum hverjir voru í fýlu. Það liggur þá alveg fyrir. (**SvanJ:** Menningarhús á fjögurra ára fresti.) Við skulum vona það sem við vitum að þetta muni verða landsbyggðinni til gríðarlegrar blessunar. Að fjárfesta í þeim infrastrúktúr sem samgöngurnar eru er það albesta sem við getum gert og við skulum vera þakklát fyrir það. Það er vegna þess að við höfum verið að selja ríkisfyrirtæki sem peningarnir eru nú til til að gera þetta strax, þetta er enginn kosningavíxill eins og sagt var hér áðan.

Við skulum líka minnast þess að það eru fleiri atriði sem má skoða, eins og atvinnuleysi. Það er stórhættulegt. Það er mikil þörf á því að við ræðum opinberlega þá kreppuhagfræði sem menn eru að boða hér í Seðlabankanum. Við verðum að horfast í augu við það og tala um það.

[16:01]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka fyrir svörin og fyrir þessa umræðu. Ég held að það hafi verið eðlilegt að við tækjum smáupphitun á þessu máli hér á þingi í beinu framhaldi af tilkynningu ríkisstjórnarinnar, auk þess sem það bíður okkar á næstu dögum að fjalla um málið þegar það birtist í formi fjáraukalagafrv. og væntanlega einnig breytinga á vegáætlun, sem svo vel vill til að er hér opin í meðförum þingsins. Varðandi útfærslu einstakra framkvæmda þar tel ég augljóst mál að það sé eðlilegast að þetta aukna fjármagn til vegagerðar fari í þann lögboðna vinnufarveg sem vegalög gera ráð fyrir, sem felur þá í sér að þingmannahópar kjördæma fjalla um framkvæmdir á sínu svæði o.s.frv.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði fögnum því að sjálfsögðu að auknu fjármagni sé varið til samgöngubóta, atvinnuþróunarstarfsemi og slíkra hluta. Það er jákvætt hvað sem öðru líður að fjárfesta í nútímalegu samgöngukerfi og sú fjárfesting mun standa eftir. Ég held að það sé líka rétt að þau verðmæti sem þjóðin hefur byggt upp í þjónustufyrirtækjum sínum, ef þau eru seld á annað borð og leggjum þá til hliðar deilur um einkavæðingu þeirra eða ekki einkavæðingu, séu færð yfir í að styrkja innviði samfélagsins, bæta samgöngur, fjarskipti og aðra slíka hluti.

Það hefði að sjálfsögðu mátt líta til fleiri hluta, og það komu í sjálfu sér ekki svör við því hvort mögulegt væri að líta til fleiri málaflokka, svo sem opinberrar þjónustu. Þar eru byggingar, þar er starfsemi, þar eru viðhaldsverkefni sem að sjálfsögðu mætti einnig ráðast í og mundu kannski dreifa afrakstrinum af þessu átaki betur um þjóðarlíkamann en ella.

Það er rétt, það er ástæða til að hafa áhyggjur af því að hér sé aðallega um karlastörf að ræða, og að því mætti huga. En reyndar er það svo, og það er nýtt, að karlar eru nú meiri hluti atvinnulausra í landinu. Það má því segja að það séu að nokkru leyti nýjar aðstæður.

[16:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Við vitum auðvitað að þessi aðgerð mun hafa óbein áhrif á fjölda annarra starfa, ekki bara þau sem snúa að jarðýtum, gröfum og vegagerð. Við skulum átta okkur á því.

En ég tek undir með málshefjanda, þetta voru ágætisumræður. Að vísu átti refurinn hér kollega sem sögðu að berin væru súr, það getur alltaf gerst. Meginatriðið er þó það að vera ekki bundinn með hugann við það heldur raunhæf verk; verk sem skila árangri, verk sem koma þjóðinni í heild vel, en ekki vera að hugsa um flokkspólitíska hagsmuni í því sambandi.

En vegna þess að minnst var á Reykjavík, ég vék ekki að henni í ræðu minni en það kom okkur á óvart, okkur utanrrh., þegar við fórum yfir þessi mál með vegamálastjóra að skipulagsmál höfuðborgarinnar skyldu vera í því ástandi sem þau eru. Það verður bara að segjast eins og er. Og ég sem gamall borgarstjóri, borgarfulltrúi í 20 ár og 1. þm. Reykv. verð að segja að ég hef verulegar áhyggjur af því að skipulagsmálin skuli vera í þeirri stöðu sem þau eru, til að mynda hin mislægu gatnamót á mörkum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Vegamálastjóri tjáði okkur að það væri engin leið til þess, eins og skipulagsmálum væri háttað hjá borgaryfirvöldum, að hægt yrði að byrja á því verki innan 18 mánaða. (**LB:** Það eru nú aðrir ...) Það eru auðvitað mikil vonbrigði að skipulagsmálum sjálfrar höfuðborgarinnar skuli vera þannig komið að þegar menn vilja grípa til aðgerða sé ekki hægt að koma peningum til hjálpar borgarbúum einu sinni vegna þess hvernig menn hafa búið í haginn fyrir sér í þessu sveitarfélagi. (Gripið fram í.) Ég ætlaði ekki að taka þetta upp en þingmaður Samfylkingarinnar gerði þetta að umtalsefni og því var nauðsynlegt að svara þessu hér. (**JóhS:** ... skipulagsmálum Reykjavíkurborgar.) Ónei, ónei, ónei, frú þingmaður, ónei — og þú veist betur.

[16:06]

Útbýting þingskjals:

Frádráttur gjafa og framlaga frá tekjum við álagningu skatta, 604. mál, fsp. JóhS, þskj. 965.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. JÁ o.fl., 24. mál (úthlutun aflaheimilda o.fl.). — Þskj. 24.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Kirkjuskipan ríkisins, frh. 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 64. mál (aðskilnaður ríkis og kirkju). — Þskj. 64.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Greining lestrarvanda, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 107. mál. — Þskj. 107.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frh. 1. umr.

Frv. ÁRÁ o.fl., 153. mál (fjárfesting í sparisjóðum). — Þskj. 153.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. ÞBack, 169. mál (sjúkraflug). — Þskj. 169.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla, frh. fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 171. mál. — Þskj. 172.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 184. mál (vextir og verðbætur af námslánum). — Þskj. 185.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umsvif deCODE Genetics Inc. í íslensku fjármálakerfi, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvH, 186. mál. — Þskj. 187.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:10]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 192. mál. — Þskj. 193.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Verndun íslensku mjólkurkýrinnar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 193. mál. — Þskj. 194.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. LB o.fl., 206. mál (íþróttastyrkir og heilsuvernd). — Þskj. 209.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Innheimtulög, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 209. mál. — Þskj. 212.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Flutningur starfa Ferðamálaráðs til aðila innan ferðaþjónustunnar, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 373. mál. — Þskj. 419.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:13]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, frh. 1. umr.

Frv. HjÁ o.fl., 399. mál (flugvallagjald). — Þskj. 475.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Nýting innlends trjáviðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 154. mál. — Þskj. 154.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:14]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Niðurfelling lendingargjalda fyrir millilandaflug á Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllum, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁSJ o.fl., 155. mál. — Þskj. 155.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:14]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Meðferðardeild við fangelsi fyrir sakhæfa geðsjúka afbrotamenn, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÍGP, 156. mál. — Þskj. 156.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:15]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Uppbygging fiskeldisfyrirtækja vegna eldis kaldsjávarfiska, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁSJ, 167. mál. — Þskj. 167.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:15]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 191. mál. — Þskj. 192.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:16]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Verndaráætlanir samkvæmt Ramsar-samþykktinni, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞSveinb o.fl., 194. mál. — Þskj. 195.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:16]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 22.–24. mál.

Fundi slitið kl. 16:17.

---

79. FUNDUR

fimmtudaginn 13. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Skráning skipa, stjfrv., 157. mál, þskj. 956. — 3. umr.
2. Fjarskipti, stjfrv., 599. mál, þskj. 960. — 1. umr.
3. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 600. mál, þskj. 961. — 1. umr.
4. Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, stjfrv., 597. mál, þskj. 958. — 1. umr.
5. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 601. mál, þskj. 962. — 1. umr.
6. Sýslur, þáltill., 214. mál, þskj. 217. — Fyrri umr.
7. Tryggur lágmarkslífeyrir, þáltill., 225. mál, þskj. 228. — Fyrri umr.
8. Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, þáltill., 226. mál, þskj. 229. — Fyrri umr.
9. Húsnæðismál, frv., 227. mál, þskj. 230. — 1. umr.
10. Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, þáltill., 228. mál, þskj. 231. — Fyrri umr.
11. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv., 298. mál, þskj. 320. — Frh. 1. umr.
12. Lágmarkslaun, frv., 313. mál, þskj. 338. — 1. umr.
13. Lögbinding lágmarkslauna, þáltill., 314. mál, þskj. 339. — Fyrri umr.
14. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 326. mál, þskj. 354. — 1. umr.
15. Notkun hagrænna stjórntækja við umhverfisvernd, þáltill., 374. mál, þskj. 420. — Fyrri umr.
16. Lífskjarakönnun eftir landshlutum, þáltill., 389. mál, þskj. 448. — Fyrri umr.
17. Hlutafélög, frv., 410. mál, þskj. 513. — 1. umr.
18. Þingsköp Alþingis, frv., 411. mál, þskj. 514. — 1. umr.
19. Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis, þáltill., 486. mál, þskj. 798. — Fyrri umr.
20. Hernaðaraðgerðir gegn Írak, þáltill., 491. mál, þskj. 807. — Fyrri umr.
21. Grunnskólar, frv., 492. mál, þskj. 808. — 1. umr.
22. Gjaldþrotaskipti o.fl., frv., 493. mál, þskj. 809. — 1. umr.
23. Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, frv., 508. mál, þskj. 841. — 1. umr.
24. Afföll húsbréfa, þáltill., 576. mál, þskj. 928. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Tómas Ingi Olrich menntmrh.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv. [10:30]

Útbýting þingskjala:
Skráning skipa, 157. mál, þskj. 956.
Verðtryggðir skuldabréfavextir, 506. mál, svar viðskrh., þskj. 955.

Tilkynning um dagskrá.

[10:30]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Áður en gengið er til dagskrár fara fram tvær umræður utan dagskrár, hin fyrri um skýrslu nefndar um flutningskostnað. Málshefjandi er hv. þm. Jón Bjarnason. Hæstv. samgrh. Sturla Böðvarsson verður til andsvara.

Hin síðari hefst kl. 11 um flugvallarskatta. Málshefjandi er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Hæstv. samgrh. Sturla Böðvarsson verður til andsvara. Umræðurnar fara fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og standa í hálfa klukkustund.

Umræður utan dagskrár.

Skýrsla nefndar um flutningskostnað.

[10:31]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Flutningar og flutningsmál skipta afar miklu máli fyrir allt atvinnulíf og búsetu hvarvetna á landinu. Það eru stöðugt umræður um flutningana, hvernig megi bæta þá, hvernig þeir hafi þróast, hvernig verðlag hafi breyst og í tilefni af því var skipuð nefnd fyrir rúmu ári síðan á vegum samgrh. til þess að gera úttekt á þessum málum.

Þessi starfshópur skilaði áliti nú fyrir skömmu og birti í skýrslu. Þar kemur fram sem við öll vitum að miklar breytingar hafa orðið á sviði flutninga á síðustu árum. Þær felast m.a. í fækkun strandferðaskipa og fækkun viðkomustaða þeirra, mikilli aukningu flutninga með vörubifreiðum og sameiningu og stækkun fyrirtækja í þessari grein. Háværar raddir hafa verið um að flutningskostnaður fyrirtækja og íbúa á landsbyggðinni hafi aukist verulega og sé enn að aukast.

Í skipunarbréfi þessa starfshóps sem vann á vegum samgrh. var honum falið að vinna greinargott yfirlit yfir flutningskostnað og þróun hans og fjalla um leiðir til að lækka flutningskostnaðinn og kanna hvort aðgerðir stjórnvalda hafi leitt til ójöfnuðar í samkeppni hinna ólíku flutningafyrirtækja. Þá skal hópurinn gera tillögur um hvernig megi ná sem mestri samkeppni og lágum flutningskostnaði á landsbyggðinni.

Meðal þess sem kemur fram í skýrslunni og við vitum öll er að nú er aðeins eitt skipafélag, Eimskip, með eitt skip í siglingum meðfram ströndum landsins og viðkomustöðum fækkar stöðugt. Jafnframt er það staðreynd að bæði Eimskip og Samskip, aðalsjóflutningsaðilar hér á landi, ráða nú einnig yfir landflutningsfyrirtækjunum.

Einnig kemur fram í skýrslunni að ef litið er á gjaldskrárbreytingar á flutningi innan lands síðustu sex árin þá hefur vísitala neysluverðs hækkað um 25% en flutningskostnaður, t.d. til Akureyrar, samkvæmt almennri gjaldskrá um sirka 100% og til Egilstaða um sirka 120% og til annarra staða tilsvarandi. Því er ljóst, herra forseti, að flutningskostnaður hefur aukist og hlutur hans í heildarverðmynduninni, bæði á vörum og þjónustu út um land langt umfram þróun vísitöluverðs.

Í skýrslunni er fjallað um ýmis atriði sem gætu hafa haft þarna áhrif. En á eitt er bent, ekki liggur lengur fyrir nein raunveruleg gjaldskrá. Það liggur kannski fyrir einhver almenn gjaldskrá, en síðan semja menn sig frá henni með einum eða öðrum hætti þannig að í raun er ekkert vitað hver hinn eiginlegi flutningskostnaður er, þ.e. ef maður ætlaði að fara að kaupa flutning. Þetta er svipað og að fara út í búð og það stæðu nánast engar verðmerkingar á vörunni heldur yrði að fara á bak við til þess að semja um verðið. Það er enginn sýnileiki í verðlagningunni. Þetta er eitt af því sem skýrsluhöfundar benda á að hamli bæði eðlilegri samkeppni og eðlilegri umfjöllun um þetta mál.

Herra forseti. Ég hef því beint nokkrum spurningum til hæstv. samgrh. sem hljóða svo:

Hverjar eru meginniðurstöður skýrslunnar varðandi þróun flutningskostnaðar í landinu? Telur ráðherrann að grípa eigi inn í með opinberum aðgerðum til að jafna flutningskostnað í landinu? Kæmi til greina að fara leið Svía eða Norðmanna í jöfnun flutningskostnaðar? Er ráðherrann sammála skýrsluhöfundum um að fákeppni ríki í flutningum hér á landi og sé svo hvaða leiðir sér ráðherrann til að láta þá fákeppni sem er í flutningum ganga til baka? Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að gjaldskrár flutningafyrirtækja verði gagnsæjar og að settar verði siðareglur milli kaupanda flutningsþjónustu og flutningsaðila hliðstætt því sem Samkeppnisstofnun hefur sett um viðskipti milli smásala og birgja? Hyggst ráðherra beita sér fyrir endurskoðun á því flutningsjöfnunarkerfi sem nú er við lýði og miðast við sjóflutninga en hefur nú verið flutt upp á land? Að lokum, herra forseti: Hvaða leiðir sér ráðherrann til að styrkja samkeppnisstöðu sjóflutninga?

[10:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. frummælanda fyrir að taka þetta mál upp utan dagskrár á Alþingi. Ég tel að sú skýrsla sem hér hefur verið nefnd sé afar mikilvæg og afar mikilvægt innleg í þá nauðsynlegu umræðu sem þarf að fara fram um flutningskostnað í okkar stóra og dreifbýla landi. Við þurfum að hafa mjög auga á þeim hlutum.

Vinnan við skýrsluna endurspeglar að sjálfsögðu þann ríka vilja sem stjórnvöld hafa til þess að beita öllum leiðum sem færar eru til þess að draga úr flutningskostnaði og það viljum við svo sannarlega gera.

Ekki síst í ljósi umræðunnar síðustu dagana er ástæða til að benda á það hér að allra mikilvægasta aðgerðin til þess að lækka flutningskostnað er uppbygging vegakerfisins, endurbætur á vegakerfinu, stytting leiða til þess að gera flutningakerfið í landinu hagkvæmara, uppbygging og endurbætur í höfnum landsins og endurbætur á flugvallakerfi landsins. Allt þetta er liður í því að lækka flutningskostnað. Við erum um þessar mundir að undirbúa eitt allra mesta átak í þeim efnum sem ráðist hefur verið í. Þetta vil ég nefna í tengslum við þessa umræðu alveg sérstaklega.

Í skýrslunni kemur m.a. fram að þungaskatturinn er ekki eins afgerandi þáttur í flutningskostnaði og menn hafa kannski metið að væri og í samræmi við þá umræðu sem um það hefur verið. Flutningskostnaðurinn hefur hins vegar vaxið á undanförnum árum samkvæmt því sem fram kemur í skýrslunni, umfram hækkun verðlags. Ástæður þess eru margvíslegar að ég tel. Ég tel að kannski sé ekki hægt að gefa sér það algerlega, þó að því sé látið liggja í skýrslunni, að það sé vegna fákeppni. Fáir keppa á þessum markaði. Það er alveg rétt og á það er bent í skýrslunni. En ég tel að sú mikilæga endurskipulagning sem átt hefur sér stað hjá flutningafyrirtækjunum endurspegli m.a. þessa breytingu á verðlagi. Kannski er þarna komin fram rauntekjuþörf greinarinnar vegna þess að á undanförnum árum hafa of litlar tekjur komið inn í þessa starfsemi og á það þarf að líta í þessu ljósi. Ég held að ekki sé hægt að gefa sér það algerlega að fákeppni hafi leitt til stöðugt vaxandi kostnaðar umfram það sem við mátti búast vegna þess kostnaðar sem fylgir þessum flutningum.

En hvað um það. Ég legg á það áherslu að gjaldskráin þurfi að vera gegnsæ og ég tek undir það sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að auðvitað þurfa samkeppnisreglur að vera í heiðri hafðar og samkeppnisyfirvöld þurfa að beita sér þarna. Það er ekki nóg að ráðherrar og þingmenn gefi yfirlýsingar um að gott siðferði þurfi að ríkja í þessum viðskiptum og í samkeppni á flutningamarkaði heldur þurfa flutningsaðilarnir og eftirlitsstofnanir eins og Samkeppnisstofnun að líta til þess.

Sjóflutningar eru í mörgum tilvikum ódýrari. En það er alveg ljóst að þróunin hefur verið sú að landflutningarnir hafa yfirburði. Landflutningarnir geta oft og tíðum tryggt miklu betri og fljótvirkari þjónustu. Engu að síður tel ég að stuðla þurfi að sjóflutningum þar sem það er hagkvæmt. Ég tel að sú leið sem þarf m.a. að líta til í þeim efnum sé að lækka vörugjöld hafnanna. Það er töluverður kostnaður og ég tel að líta þurfi til hans. Málið er núna á vettvangi Byggðastofnunar. Ríkisstjórnin fjallaði um þessa skýrslu og við gerum ráð fyrir því að Byggðastofnun fari mjög vandlega ofan í skýrsluna og leggi á ráðin um að stuðla að aðgerðum í samræmi við aðrar byggðaaðgerðir okkar um þessar mundir. Að því munum við vinna og á það leggur ríkisstjórnin mikla áherslu.

[10:42]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Allt þetta kjörtímabil höfum við þingmenn Samfylkingarinnar bent á þann mikla byggðavanda sem felst í stórhækkun flutningsgjalda. Það er staðreynd, þó að samgrh. skelli skollaeyrum við henni, að þungaskattur

hefur hækkað hjá flutningsaðilum um 40–50% frá árinu 1998. Þessi hækkun þungaskatts ásamt öðrum sköttum sem ríkisstjórnin leggur á flutningastarfsemi í landinu fer auðvitað þráðbeint út í verðlagið og það er aðalorsök hárra flutningsgjalda til og frá landsbyggðinni.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að eitt brýnasta byggðamálið sé að lækka flutningskostnað í landinu. Flutningskostnaðurinn heldur uppi allt of háu vöruverði til íbúa landsbyggðarinnar og það sem verra er, hann er að drepa alla atvinnustarfsemi líka. Þess vegna þolir þetta enga bið.

Ríkisstjórnin hefur nú eytt 15 mánuðum í að láta skrifa skýrslu þar sem niðurstöðurnar eru engar nýjar heldur vissum við þær allar fyrir. Þetta hefur þess vegna í raun verið tímaeyðsla. En það er líka dæmi um aðgerðaleysi hæstv. ríkisstjórnar í þessum málum að ekkert hefur verið gert allt kjörtímabilið. En nú á að koma korteri fyrir kosningar með enn eina skýrsluna, vísa þessu til Byggðastofnunar og biðja um eitthvað meira til þess að ganga í málið.

Herra forseti. Ég hef allt þetta kjörtímabil bent á atriði í þessu sambandi. Núna á síðustu stigum eftir tillögur frá mörgum sem við mig hafa talað um flutningskostnað í landinu held ég að best sé að tillagan komi fram. Hún er að ef hæstv. ríkisstjórn og við á Alþingi kæmum okkur saman um að lækka eða fella niður alla skatta af flutningastarfsemi í landinu, opinberar álögur á flutningastarfsemi, þá gætum við gengið fljótt til verks. Þá þarf ekki fleiri skýrslur. Þá þarf ekki fleiri álit frá Byggðastofnun. Þá getum við strax séð lækkun flutningskostnaðar koma fram vegna þess að það er vitað mál að helmingur af tekjum flutningafyrirtækja renna beint til ríkissjóðs í formi ýmiss konar skatta.

[10:44]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Þróunin á undanförnum áratug eða svo hefur verið misjöfn eftir því á hvaða þátt málsins menn líta. Hvað þjónustuna varðar hefur orðið bylting í því að hún hefur batnað mjög mikið á þessum tíma. Afhendingarhraði á vöru er orðinn allur annar en hann var áður þegar vörur voru fyrst og fremst fluttar með skipum. Nú er nær eingöngu flutt landleiðis sem þýðir að menn geta afhent vöruna mun hraðar og oftar en mögulegt er með skipum. Að því leytinu til hefur þjónustan batnað og landsbyggðarmenn hafa notið þess. Hins vegar hefur eitt og annað gerst sem ekki er endilega til betri vegar.

Með því að leggja niður útgerð eða styrkja útgerð Ríkisskipa þá hafa menn í fyrsta lagi lagt niður ríkisstyrkinn sem greiddur var í gegnum það fyrirtæki og þeir sem fluttu með því sínar vörur nutu góðs af. Auðvitað hefur það að afnema þann styrk komið fram í verði þjónustunnar.

Í öðru lagi hefur dregið verulega úr samkeppni, en fyrstu árin eftir að þessi þróun fór í gang var um nokkra samkeppni að ræða því þá stunduðu allmargir vöruflutninga. En nú hefur fákeppnin haldið innreið sína í þessa atvinnugrein eins og ýmsar fleiri á seinni árum. Nú eru ekki eftir nema tvö fyrirtæki. Því má segja að fákeppnisástand sé á markaðnum og það kemur greinilega fram í því að verðið fyrir þjónustuna tekur mið af þeim aðstæðum og hækkar. Aðeins stórir og öflugir aðilar eins og t.d. Bónus og slíkir geta náð samningum við þessa flutningsaðila um viðunandi kjör.

Ég held, herra forseti, að skoða þurfi þessi mál af mikilli alvöru. Ég heyrði að hæstv. forsrh. boðaði hér skattalækkanir. Ég held að það væri vel til fundið að menn byrji á því að skoða möguleikana á því að greiða styrki eða lækka skatta á flutningum innan lands.

[10:47]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Landsmenn eru ekki jafnsettir í skattgreiðslum til ríkisins. Landsbyggðarmenn hafa áratugum saman borgað hærri skatt í ýmsu formi en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Til skamms tíma borguðu landsbyggðarmenn fasteignaskatta af verðmæti eigna sinna eins og húsin í sjávarbyggðunum og til sveita væru öll staðsett á höfuðborgarsvæðinu.

Virðisaukaskatturinn leggst ofan á vöruverð og flutningskostnað og þeir sem fjærst búa frá höfuðborgarsvæðinu, mestu inn- og útflutningshöfn landsins, borga daglega hærri virðisaukaskatt og þungaskatt en höfuðborgarbúar. Í skýrslunni segir í niðurstöðukafla, með leyfi forseta:

„Sé vilji til staðar að styrkja flutninga er að öllum líkindum ráðlegast að taka upp einhvers konar beina flutningastyrki til atvinnugreina sem talið er að eigi undir högg að sækja staðsetningar sinnar vegna."

Herra forseti. Hvers vegna á bara að leiðrétta samkeppnisstöðu atvinnugreina en ekki einstaklinga á landsbyggðinni? Finnst þingmönnum það eðlilegt að halda áfram að mismuna landsbyggðarmönnum með hærri skattgreiðslum? Tryggingagjald kemur misjafnlega niður á atvinnugreinar og á landsvæði. Allt þetta hefur verið vitað um nokkurn tíma. Það þurfti ekki sérstaka skýrslu til að leiða það í ljós. Það hefur hins vegar skort vilja til að leiðrétta þessa stöðu.

Ég held að þegar farið er að boða skattbreytingar og skattalækkanir í landinu ætti sérstaklega að taka tillit til þess misræmis sem viðgengist hefur árum saman.

[10:49]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við búum í markaðsvæddu samfélagi. Öllum atvinnurekstri og stórum hluta samfélagsþjónustunnar er beint út í samkeppnisumhverfi og það væri í sjálfu sér allt í lagi ef allir sætu þá við sama borð en því miður er svo ekki. Búferlaflutningar undanfarin ár hafa verið miklir af landsbyggðinni og yfir á höfuðborgarsvæðið og helstu ástæður þessara búferlaflutninga hafa verið greindar. Ein af mörgum ástæðum er m.a. hár flutningskostnaður, á matvörum, nauðsynjavörum og í öllum framleiðslukostnaði. Skýrslan sem við erum hér að fjalla um hefur greint þróun vöruflutninga undanfarin ár og hvernig flutningskostnaðurinn hefur þróast og aukist.

Skýrslan er í sjálfu sér fróðlegt yfirlit um stöðu mála í dag og greint er frá því í skýrslunni hvernig hugsanlega er hægt að rétta hlut landsbyggðarinnar ef pólitískur vilji er til staðar. Greiningin liggur því fyrir. Það sem vantar aftur á móti, í ljósi skýrslunnar, er að koma með pólitíska yfirlýsingu um vilja til að rétta hlut landsbyggðarinnar, koma með nauðsynlegar aðgerðir til að bregðast við og því kalla ég eftir pólitískri ákvörðun. Greiningin liggur fyrir en framkvæmdina vantar.

Ég bendi sérstaklega á þá leið sem tekin er fram í skýrslunni að koma á beinum flutningsstyrkjum en eftir er þá að velja leiðir.

[10:51]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Á undanförnum árum hefur verið unnið markvisst að jöfnun búsetuskilyrða á milli landshluta. Má þar nefna jöfnun á símkostnaði, jöfnun á námskostnaði fram-

haldsskólanema og jöfnun á húshitunarkostnaði. Jafnframt hefur verið hugað að flutningskostnaði og vöruverði.

Öllum hefur verið ljóst að flutningskostnaður leggst mjög misjafnlega á atvinnulíf og vöruverð í landinu. Það er jafnframt ljóst að ekki eru til neinar auðveldar lausnir á því máli eins og fram kom í skýrslunni sem við höfum verið að fara yfir. Mikilvægt er að lögð var vinna í þá skýrslu og vandinn greindur. Einnig er upplýsandi að lesa um styrkjakerfið í Noregi og Svíþjóð.

Virðisaukaskatturinn á flutningskostnaði kemur fram sem hækkun á þeim hluta vöruverðsins sem innifelur aukinn flutningskostnað. Þungaskatturinn hefur líka nokkur áhrif samkvæmt niðurstöðu skýrslunnar en það verður að segjast eins og er að úrskurður Samkeppnisstofnunar um að ekki mætti veita afslátt á þungaskatti, sem gert var þegar komið var að markinu 95 þúsund km, hafði mjög slæm áhrif á vöruverðið.

Sú þróun sem verið hefur á undanförnum árum að flutningarnir hafa flust upp á þjóðvegakerfið frá sjónum hefur framkallað betri og örari þjónustu en dýrari. Birgðahald fyrirtækja hefur minnkað og fjárbinding sem því fylgir. En hvað er til ráða? Stærsta og besta ráðið er að auka fé til vegagerðar og auka fé til að stytta vegalengdir. Við hljótum að leggja megináherslu á það og er augljóst að stytting vegalengda hvar sem hægt er að koma slíku við hlýtur að hafa bein áhrif á flutningskostnaðinn. Það er því ánægjulegt að nú hefur verið ákveðið að auka mjög verulega fé til vegagerðar eins og komið hefur fram nú í vikunni.

Hæstv. forseti. Ég tek undir þá meginniðurstöðu skýrslunnar að beinir flutningsstyrkir til fyrirtækja er það fýsilegasta sem ríkisvaldið getur horft til. Það skiptir meginmáli að auka samkeppnishæfni atvinnulífsins á landsbyggðinni.

[10:53]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Hækkun vöruflutningskostnaðar á Íslandi er langt umfram neysluverðsvísitölu samkvæmt þeirri skýrslu sem hér er til umræðu með vísun til bls. 14 í þeirri sömu skýrslu. Staðfestingar eru einnig með gögnum frá flutningsfyrirtækjunum Flytjanda og Landflutningum. Þar er staðfest að flutningskostnaðurinn bitnar mest á hinum smæstu.

Stóru verslunarkeðjurnar virðast halda uppi eigin verðjöfnunarkerfi en kaupmaðurinn á horninu verður að greiða fullt gjald fyrir flutning og leggja á selda vöru ef hann á að lifa af. Því miður eru allt of margir þeirra að leggja upp laupana. Óskyldir aðilar, hvor í sínum staðnum á Vestfjörðum, eru sammála um að flutningskostnaður hafi hækkað um 25% að undanförnu á landflutningunum.

Virðulegi forseti. Fákeppni er ráðandi í landflutningum. Í því skjóli hafa orðið miklar verðhækkanir langt umfram vísitölu neysluvöruverðs. Ég leyfi mér að benda á að til eru ýmsar leiðir til að snúa þeirri þróun við. Með viljann að vopni er það hægt. Ég bendi á að unnt er að lækka flutningskostnað til Vestur- og Norðurlands verulega með lækkun gjalds í Hvalfjarðargöng. Spölur hf. skuldar ríkissjóði hátt í einn milljarð vegna ganganna. Um það er hægt að semja. Með niðurfellingu skuldarinnar má lækka gangagjaldið um allt að 20%. Ég skora á ríkisvaldið að beita sér fyrir þeirri landsbyggðarvænu aðgerð. Ég skora á ríkisvaldið að lækka almennt skatta á flutningskostnað. Þá næst árangur en það þarf að grípa til aðgerða strax.

[10:55]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Sú skýrsla sem hér er til umræðu um flutningskostnað, skýrsla nefndar, er góðra gjalda verð en hún er aðeins úttekt á stöðunni eins og hún er og manni finnst á umræðunni hér að það sé heldur fátt um ábyrgar ákvæðnar leiðir að fara til þess að ná settu marki sem allir virðist vera sammála um.

Við getum verið sammála um að aukin vegagerð og stytting leiða sé nauðsynleg. En á sama tíma og allar aðrar þjóðir leggja áherslu á aukna sjóflutninga og aukna flutninga á ódýran hátt með járnbrautum, þá stefnum við öllu upp á land. Auknir flutningar á sjó eru nauðsynlegir og Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur það eina virkustu leiðina til þess að ná niður vöruverði á landsbyggðinni. Með niðurgreiðslu á slíkri þjónustu veitist líka aðhald til fyrirtækja sem stunda flutninga á landi. Stór hluti þeirra vöruflokka sem verið er að flytja á landi á að flytja á sjó af umhverfislegum ástæðum. Stór hluti þessara vara þarf ekki að komast á nokkrum klukkutímum á milli staða. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að skoða þetta dæmi pólitískt, taka póltískar ákvarðanir, líka í umhverfislegu tilliti hvað varðar flutninga um landið.

Fákeppnin sem afleiðing af stefnu undanfarinna ára hefur leitt til hækkunar ekki bara á landflutningum heldur í lofti líka. Við erum komnir með fákeppni í loftflutningum sem hafa leitt af sér alveg ótrúlegar kostnaðarhækkanir fyrir landsbyggðarfólk, bæði hvað varðar farþegaflutninga og auðvitað einnig hvað varðar vöruflutninga. Þess vegna er þörf á ákveðinni stefnu og við höfum það sem stóra málið hjá okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að efla strandflutninga til að ná niður vöruverði til iðnaðar og einstaklinga á landsbyggðinni.

[10:57]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Því hefur oft verið haldið fram að hækkun flutningskostnaðar í landinu stafi af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á skattlagningu hins opinbera. Skýrslan sem við höfum verið að ræða sýnir fram á að þetta er röng fullyrðing. Það verður að skýra breytingar á flutningskostnaði á allt annan hátt. Það er mjög mikilvægt að þetta liggi fyrir og þess vegna er nauðsynlegt að árétta það að það sem Samfylkingin hefur verið að halda fram t.d. með málflutningi sínum í dag er einfaldlega rangt.

Það er ljóst mál að þjónusta flutningafyrirtækjanna í heild sinni hefur verið að batna. Nú er það þannig að stóru flutningafyrirtækin flytja daglega inn á 90 staði vörur sínar og sumar hverjar oftar en einu sinni á dag. Það liggur líka fyrir að flutningskostnaður hefur lækkað á þeim mörkuðum þar sem eðlileg samkeppni hefur verið til staðar. Ferskfiskflutningar eru t.d. gott dæmi um þetta. Einnig liggur fyrir hvað varðar flutninga fyrir stóru matvörufyrirtækin og er það athyglisvert að í skýrslunni kemur fram að flutningskostnaður af heildarsölu flutninga stóru matvörufyrirtækjanna á Vestfjörðum og Eyjafjarðarsvæðinu er innan við 1% af heildarsölunni. Þetta er mjög athyglisvert.

En þá er spurningin: Hvað ætlum við að gera? Hvað á að gera? Það sem skiptir auðvitað mestu máli eins og hæstv. samgrh. nefndi áðan er að við getum eflt og aukið samgöngubætur og það er það sem verið er að gera, stytta flutningaleiðir og bæta vegi. Það leiðir til þess að flutningskostnaður mun lækka.

Einnig er alveg rétt sem kemur fram í skýrslunni og menn hafa tekið undir að við eigum að skoða það hvort við eigum að fara í að endurgreiða kostnað á skilgreindum svæðum vegna flutningskostnaðar. Hins vegar vil ég vekja athygli á því að í skýrslunni kemur fram að þar sem þessu er beitt, t.d. í Noregi, þá er þó ekki veitt til þessara hluta nema innan við 200 millj. íslenskra króna sem segir okkur að jafnvel þar sem verið er að beita þessu er alveg augljóst mál að þetta hefur ekki afgerandi áhrif á flutningskostnaðinn í landinu.

Síðan eigum við auðvitað að stuðla að aukinni samkeppni á þessum sviðum. Ljóst er að á ýmsum svæðum er þessi samkeppni ekki til staðar þar sem hún ætti að vera til staðar og gæti verið til staðar og það er auðvitað það sem þarf að beina sjónum okkar að vegna þess að við sjáum að þar sem er virk samkeppni á þessu sviði hefur flutningskostnaður lækkað.

[11:00]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka þessa umræðu og hæstv. ráðherra fyrir svörin þótt þau hefðu mátt vera skýrari. Hann kemur kannski inn á það á eftir.

Það er svo sem táknrænt að í lok kjörtímabilsins skuli loks talað um hvernig jafna megi flutningskostnað í landinu og styrkja hag landsbyggðarinnar. Þetta er svona síðustu dagana fyrir kosningar. Ég minnist þess frá kosningabaráttunni fyrir fjórum árum að þá var nákvæmlega hliðstæð umræða.

Þessi skýrsla segir skýrt að það er mismunun í gangi gagnvart atvinnulífi og einstaklingum eftir búsetu. Hún bendir líka á alvarlegt ástand sem upp er komið. Hún bendir á fákeppni. Hún bendir á að gjaldskrá er ekki gagnsæ heldur er hún samningsjukk sem hindrar eðlilegan samanburð og alla eðlilega þróun í viðskiptum, flutningum og öðru. Skýrslan dregur einnig fram að það er verið að flytja vörur á landi, eftir þjóðvegunum sem alls ekkert bera hina gríðarlega þungu flutninga nema með ærnum og miklum fjárfestingum, flutninga sem væru miklu betur komnir úti á sjó, þungaflutningar, áburðarflutningar, olíuflutningar o.s.frv.

Það sem á vantar er að í stað þess að vísa málinu til Byggðastofnunar til enn frekari skoðunar þarf pólitíska ákvörðun um hvað skuli gera. Er vilji til að taka á málunum og jafna flutningskostnað? Það eru til leiðir en hins vegar vantar hina pólitísku ákvörðun.

Það hefur enga þýðingu að senda þetta mál til Byggðastofnunar til frekari skoðunar ef því fylgja ekki skýr pólitísk skilaboð um hvað á að gera, hverju ætlunin er að ná fram.

[11:02]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Vissulega fylgja skýr pólitísk skilaboð því sem við höfum gert, þ.e. að vinna þessa skýrslu til að hafa fast land undir fótum til að geta gert tillögur og Byggðastofnun geti lagt upp með tillögur, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, um aðgerðir til lækkunar á flutningskostnaði í aukinni samkeppni á flutningamarkaði í landinu. Þetta er liður í aðgerðum ríkisvaldsins gagnvart byggðunum. Það eru klár og skýr pólitísk skilaboð og ég vísa því algjörlega á bug sem fram kom hjá hv. þm. Kristjáni L. Möller að við skellum skollaeyrum við þörfinni fyrir lækkun á flutningskostnaði. Það er fjarri öllu lagi. Við erum að vinna í þessum málum.

Það sem kemur fram í þessari skýrslu er auðvitað athyglisvert, m.a. að það eru ekki einfaldar leiðir til lausnar á málinu, eins og fram kom hjá hv. þm., að það ætti bara að leggja af alla skatta. Það er auðvitað einfaldasta leiðin hvarvetna. Þá mundi væntanlega fara hrollur um alla fjármálaráðherra allra tíma ef það væri niðurstaðan.

Leið númer eitt er úrbætur í samgöngukerfinu og að tryggja eðlilegt og betra samkeppnisumhverfi. Það er mikilvægasta verkefnið.

Hins vegar tel ég að það eigi að skoða, sem gert verður á vettvangi Byggðastofnunar, leiðir til beinna styrkja. Það eru leiðir sem nágrannar okkar hafa farið. Eins og fram kom hér hjá hv. þm. Einari Kristni Guðfinnssyni hafa Norðmenn farið mjög varlega í þetta og það eru afar lágar upphæðir sem þeir leggja inn í þetta.

En stóru styrkirnir eru til uppbyggingar hafnanna og vegakerfisins. Það eru hinir stóru og mikilvægu byggðastyrkir til lækkunar á flutningskostnaði.

Um fundarstjórn.

Umræða um flugvallarskatta.

[11:05]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Nú mun vera að hefjast utandagskrárumræða um afnám flugvallarskatta. Í sjálfu sér fagna ég umræðu um það mál enda er það afskaplega mikilvægt og krefst vandaðrar umræðu. En ég geri þá athugasemd, herra forseti, við yfirstjórn þingsins að það mál skuli tekið hér sem utandagskrárefni þar sem frv. sama efnis var hér á dagskrá fyrir tveimur dögum og hefur verið vísað til hv. samgn. Ég veit ekki betur en að hv. frummælandi í þessari utandagskrárumræðu sé í hv. samgn.

Ég geri svo sem ekki athugasemd við að hv. frummælandi skuli óska eftir umræðunni. En ég geri alvarlega athugasemd við að yfirstjórn þingsins skuli opna fyrir utandagskrárumræðu um málefni sem hefur þegar verið tekið á dagskrá í formi frv., fyrir tveimur dögum og kemur til umfjöllunar hjá hv. samgn.

[11:06]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti vill láta þess getið að í samráði við forseta og samgrh. var ákveðið að þessi utandagskrárumræða færi fram og hefur forseti í raun ekki meira um það að segja að svo komnu máli.

[11:06]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Í tilefni af orðum hv. þm. Hjálmars Árnasonar vil ég segja að það er vissulega hárrétt ábending að þau mál sem hér á að ræða utan dagskrár á eftir hafa verið á dagskrá þingsins. Ég vil á hinn bóginn vekja á því athygli að á allra síðustu sólarhringum hafa orðið þeir atburðir í tengslum við þetta mál sem kalla eftir því að þessi mál séu rædd undir þeim nýju formerkjum.

Ég vísa hér einkanlega til þriggja atriða. Í fyrsta lagi minni ég á útspil ríkisstjórnarinnar í samgöngumálum frá í gær. Í öðru lagi er ég að vísa til yfirlýsingar forsrh. um skattamál almennt frá í gær. Í þriðja lagi vísa ég til ákvörðunar samgrh. frá í fyrradag er lýtur að markaðssókn í ferðamannaiðnaði upp á um hálfan milljarð kr. samtals. Öll þessi atriði kalla á nýja nálgun að þessu viðfangsefni.

Ég held að full ástæða sé til að fara í þessa umræðu.

[11:07]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ekki ætla ég að skattyrðast við hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson, sem jafnframt situr í forsn.

Ég vek hins vegar athygli hans á því, sem ætti að vera óþarfi, að frv. sem ég vísaði til hefur verið vísað til hv. samgn. Eins og hv. þm. veit er það fagnefnda þingsins að fara yfir einstök frv. í ljósi nýrra og eldri atburða með skírskotun til framtíðar.

Mér finnast þessi rök hjá hv. þm. því vera nokkuð hæpin. Meginatriðið er að við þurfum að fara mjög vandlega með utandagskrárumræður og skoða hvaða mál eru hér til umræðu og vinnslu í þinginu hverju sinni.

En ég tek fram að ég fagna allri umræðu um þetta *merkilega mál*, þ.e. *afnám flugvallarskatta, einkum af milli*landaflugi.

[11:08]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Þetta er undarleg uppákoma hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni. Honum er leitt fyrir sjónir að nýjar aðstæður kalla sérstaklega á umræður um skatta, ég tala nú ekki um í samgöngumálum. Öll þau rök sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson flutti eru alveg gallhörð og óvefengjanleg. *Það eru engin lok á máli þótt það sé komið í hendur samgn.* eða einhverrar nefndar þingsins, aktúel og líðandi mál, svo að ég tali nútímaíslensku. Það er fjarri öllu lagi.

Þess vegna skulum við, á því höfrungahlaupi sem mönnum er gefið til að ræða málin, ræða þetta mál. Þetta er afar mikilvægt miðað við þær þrjár röksemdir sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson flutti hér fram.

[11:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil koma til varnar forseta og stjórn þingsins. Ég held að virðulegur forseti sé í fullum rétti að leyfa þessa umræðu. Það er auðvitað ekki svo að flutningur dagskrármáls loki á Alþingi öllum umræðum um viðkomandi málaflokk. Það geta alltaf komið upp einstök tilvik eða jaðarviðfangsefni á sviði mála af þessu tagi sem gera eðlilegt að um þau sé skipst á skoðunum.

Auk þess er nú hv. þm. Hjálmar Árnason ekki einn um það að hafa hreyft við þessum málum. Það er t.d. annað þingmál hér sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson er 1. flm. að. Það varðar niðurfellingu lendingargjalda fyrir millilandaflug frá Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllum. Ekki hefur 1. flm. þess máls eða aðrir sem að því standa amast við því að málið sé rætt hér í almennu samhengi.

Hv. þm. Hjálmar Árnason verður bara að sætta sig við að hann hefur ekki fengið einkaleyfi á þeirri hugsun að hreyfa eitthvað við lendingargjöldum í flugi þó að hann hafi flutt um það merkt frv. örugglega að eigin áliti.

Svo verð ég að vekja athygli hv. þm. á því að hann er stuðningsmaður ríkisstjórnar — eða hvað? Hann hefur því væntanlega hæg heimatökin til að, ekki bara til að flytja eitthvert sýndarmál heldur til að láta hrinda þessu í framkvæmd. Hvar eru nú áhrif og mekt hv. þm., að kippa þessu ekki í liðinn, háttsetts manns í stjórnarliðinu? (**EMS:** Formaður samgn.) Nú, það er ekkert annað. Það er upplýst hér að hv. þm. er bara hvorki meira né minna en formaður samgn. Af hverju fór ekki hv. þm. á fund samgrh. og samdi um þetta við hann og kippti þessu í liðinn í staðinn fyrir að vera að vandræðast hér með eitthvert frv.? Heldur amast hann við því að aðrir leggi honum lið í málinu.

Umræður utan dagskrár.

Flugvallarskattar.

[11:12]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hún var fremur sérstök, umræðan sem hér fór fram í aðdraganda þessarar umræðu. Ég tel að í henni hafi kannski birst að í þinginu er mikil samstaða um að takast á við stöðuna sem nú er uppi hvað varðar álögur á flug til landsins og mikill vilji til þess að ná fram breytingum. Það eru ekki aðeins þeir hv. þm. sem hér voru nefndir áðan, hv. þm. Hjálmar Árnason og hv. þm. Þuríður Backman, sem hafa hreyft við þessu máli. Eins hefur hv. þm. Kristján Pálsson vakið á því máls og ljóst að mikill vilji er til þess að taka á þessu.

En til að koma umræðunni út þeirri formumræðu sem hér fór fram áðan vil ég segja að tilefni þess að ég óskaði eftir umræðu utan dagskrá er fyrst og fremst sú að fyrir liggur að fjögur lággjaldaflugfélög sem hafa haft hug á því að fljúga til Íslands og gefa Íslendingum þannig kost á að ferðast til útlanda fyrir lægri fjárhæðir hafa hætt við eða látið af hugmyndum um að hafa hér viðkomu. Þeir hafa fyrst og fremst sett fyrir sig flugvallargjaldið.

Það er sérstakt í þessu máli að Halldór Ásgrímsson hæstv. utanrrh. hefur líka lýst stuðningi við þessi sjónarmið. Síðast en ekki síst hefur Eftirlitsstofnun EFTA lagt málið fyrir EFTA-dómstólinn í Brussel, þ.e. að skoðaður verði sá mismunur sem er á flugvallargjöldum að því er varðar millilandaflugið og hins vegar að því er varðar innanlandsflugið.

Til að reyna að skýra þetta, virðulegi forseti, er kannski rétt að ég reyni að draga fram hvernig málum er háttað núna. Ef flugfélögin sem hingað vildu koma seldu farmiða á u.þ.b. 10.000 kr. til landsins væru gjöldin í Keflavík um 3.000 kr. af því. Það hefur gert það að verkum að þessi flugfélög hafa leitað annað.

Af þessum 3.000 kr. eru um 1.550 kr. álögur beint frá íslenska ríkinu, þ.e. vopnaeftirlitsgjald og hins vegar svokallað flugvallargjald. Rúmlega 15% af þeim farmiða sem seldur yrði á tíu þús. kr. til Íslands mundi renna til ríkisins. Þetta hafa menn sett fyrir sig. Menn hafa litið svo á að þetta sé of hátt og þess vegna höfum við misst af því að þessi fjögur flugfélög tækjust á hendur að fljúga hingað.

Þá hefur hæstv. samgrh. sett fram þau rök að þessir fjármunir sem inn koma, u.þ.b. 600 millj., fari í að byggja upp flugvelli annars staðar á Íslandi. Það er alveg ljóst að það er einfaldlega ríkissjóður sem leggur út fyrir þessum gjöldum þannig að þau rök halda engan veginn. Á sama hátt má halda því fram að millilandaflugið greiði niður innanlandsflugið, og það gengur ekki heldur. Má nefna sem dæmi að u.þ.b. 13 milljarðar af innheimtum umferðarsköttum, u.þ.b. helmingur, rennur ekki til umferðarmála þannig að þessi röksemdafærsla heldur ekki, fyrst og fremst af þessum sökum. Það verður að segja það líka alveg eins og er, virðulegi forseti, að það er einfaldlega ríkissjóður sem leggur út fyrir þessu og það er ekki hægt að leggja út af því að ef þessi gjöld verða ekki innheimt muni það koma niður á uppbyggingu flugvalla. Sjónarmiðið er að með því að ná þessum gjöldum niður hníga líkur til þess að við fáum fleiri farþega til landsins sem væri þá uppbygging fyrir ferðaþjónustuna. Við hljótum að æskja eftir því að reyna að fá fleiri farþega

til landsins. Það er kannski þetta sjónarmið sem menn hafa rakið hér og hefur sýnt fram á að þetta heftir ferðamenn í að koma til landsins. Eiginlega einu mennirnir sem mæla þessu bót eru hæstv. samgrh., íslensku flugfélögin og ferðamálaráð — það er dálítið sérstakur hópur — og hugsanlega hæstv. fjmrh. Það er dálítið sérstakt að þessir aðilar skuli einir mæla þessu bót og maður spyr þá og beinir þeirri spurningu til hæstv. samgrh. hvort og hvernig hann hyggist bregðast við.

Nú liggur fyrir að við erum hjá EFTA-dómstólnum, og það hníga eiginlega allar líkur til þess að þetta gangi ekki upp. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvaða raunverulegu rök eru hér á ferðinni? Flest bendir til þess að hér sé á ferðinni tæknileg viðskiptahindrun gagnvart öðrum að komast inn á þennan markað.

[11:17]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka þetta mál upp og tel að það sé á engan hátt óeðlilegt þrátt fyrir að uppi séu tillögur inni í þinginu um lækkun flugvallarskatta. Þetta mál á sér svo margar hliðar.

En fyrst vil ég segja, vegna þess sem hv. þm. sagði, að ég held að það sé fyrirsláttur hjá flugfélögum sem hafa hætt að fljúga hingað og sagt það vera vegna hárra gjalda. Eins og kom fram í svari hjá hæstv. utanrrh. í þinginu fyrir nokkru eru gjöldin á Keflavíkurflugvelli ekki á nokkurn hátt frábrugðin því sem er hvað varðar fjárhæðir, nema síður sé, miðað við aðra flugvelli. Ég held að sú samkeppnisstaða sé alls ekki lök hjá okkur. Hitt vil ég segja að auðvitað vil ég sem samgrh. og ráðherra ferðamála lækka gjöld sem leggjast á flugfélög ef það mætti verða til þess að auka umferðina hingað til landsins. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Mitt vandamál, ef vandamál skyldi kalla, er það að ég verð auðvitað að fara að lögum sem Alþingi hefur sett. Alþingi samþykkti árið 1987 að leggja á farþegagjöld til þess að standa undir flugmálaáætlun. Það er Alþingi sem tók þessa ákvörðun. Við höfum hins vegar staðið frammi fyrir því núna um nokkurn tíma að Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemdir við þetta mál og það verður að segjast alveg eins og er að þær athugasemdir eru nokkuð sérstakar þegar við lítum til þess hvað er að gerast í þessum efnum í Evrópu að öðru leyti. Svíar, Finnar, Spánverjar og Grikkir nota farþegaskatttekjur til þess að reka flugvallakerfi sín og færa á milli flugvalla. Það er vitað mál að meðal annarra ríkja innan Evrópusambandsins eru mismunandi flugvallarskattar þannig að ESA gerir þarna ríkari kröfur til okkar en gerðar eru til annarra ríkja á hinu Evrópska efnahagssvæði. Þetta er staðreynd málsins og segir okkur kannski í hvaða stöðu við Íslendingar erum á þessum sviðum.

Hins vegar er á það að líta að við þurfum auðvitað að reyna allar leiðir til þess að lækka gjöld, lækka þjónustugjöld á flugvöllunum og lækka skatta, og um það verður væntanlega rætt á næstunni. Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að ræða lækkun farþegaskattanna, en ég vil tryggja tekjuhlið málsins. Við getum ekki bara sagt eins og hv. málshefjandi hér að ríkissjóður borgi að sjálfsögðu brúsann. Við verðum að tryggja rekstur og uppbyggingu flugvallakerfisins í landinu og ég vil benda á það alveg sérstaklega að varaflugvellirnir á Íslandi eru forsenda fyrir því að hægt sé að reka með góðu móti Keflavíkurflugvöll. Og við verðum að tryggja þeim, Egilsstaðaflugvelli, Akureyrarflugvelli og Reykjavíkurflugvelli, tekjur til þess að geta staðið undir því að vera varaflugvellir.

Við höfum í rauninni komið mjög til móts við flugfélög, t.d. flugfélagð LTU sem flaug á síðasta ári frá Þýskalandi til Egilsstaða og síðan til Keflavíkur. Við veittum þar markaðsstyrki sem eru í rauninni, ef á það er litið þannig, niðurgreiðsla á sköttum sem það flugfélag greiðir vegna lendingargjalda og farþegaskatta. Við komum í rauninni til móts við þessi flugfélög.

Ég vil líka vekja athygli á því að forsvarsmenn fyrirtækja í Keflavík sem stóðu fyrir flugi kanadísks flugfélags hingað til landsins sögðu, þegar þeir ákváðu að hefja flug, að hér væru allar aðstæður hvað varðar gjaldtöku á Keflavíkurflugvelli æskilegar og ákjósanlegar og þess vegna ætluðu Kanadamenn að fljúga til Íslands. Það er ekki hægt að fullyrða að flugfélög séu að hætta að fljúga hingað vegna þess að gjöldin á vellinum séu há. Engu að síður, og það er mín niðurstaða, verðum við í fyrsta lagi að tryggja tekjur til þess að halda úti rekstri flugvallanna í landinu en jafnframt eigum við að leita leiða, m.a. með því að lækka farþegaskattana, til að efla millilandaflug.

[11:22]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að árétta að það er sjálfsagt að ræða um öll þessi mál en jafnframt vil ég vekja athygli þingsins á því að ég mælti fyrir þáltill. í gær um niðurfellingu lendingargjalda fyrir reglubundið millilandaflug á Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllum.

Staðreynd málsins er sú að þó að við séum að tala um 10 þús. kr. farmiðaverð héðan frá Keflavík erum við með um 40 þús. manns á áhrifasvæði Akureyrar- og Egilsstaðaflugvalla sem þurfa að hefja sitt flug með 18–24 þús. kr. kostnaði. Það er talin fær leið ef maður lítur til Evrópu að fella niður lendingargjöld og kostnað á flugvöllum úti á landi. Þannig er allt norðursvæði Skotlands skilgreint sem landsbyggð. Þar búa 400 þús. manns og þar eru ekki innheimtir skattar. Það er þessi hugsun sem ég set fram hvað varðar niðurfellingu lendingargjalda og ef menn eru tilbúnir að skoða þessa leið er leiðin fyrir Flugfélag Íslands, Icelandair, og öll önnur flugfélög opin til þess að notfæra sér þjónustuna inn á þessa velli með lággjaldafarmiðum.

Ég vildi bara að þetta kæmi fram í þessari umræðu, virðulegi forseti. Það er álit ferðaþjónustuaðila að það mundi mjög styrkja ferðaþjónustuna að fá aukið millilandaflug inn á aðra staði á landinu. Þarna eru tilbúnir tveir millilandaflugvellir sem, eins og kom fram hjá hæstv. samgrh., eru grundvallaratriði þess að við getum haft sterkan og góðan millilandaflugvöll eins og Keflavík í gangi. Öryggisins þarf að gæta með því að hafa varaflugvelli. Þess vegna vona ég að umræðan leiði til þess að menn skoði í alvöru þessa þáltill. sem ég setti fram í gær og fari í þá vinnu sem nauðsynleg er til þess að hefja og skapa grunn fyrir reglubundnu millilandaflugi á varavellina á Akureyri og Egilsstöðum.

[11:25]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hvað varðar gjaldeyrisöflun er ferðaþjónustan í öðru sæti fyrir íslenskt efnahagslíf. Hún er með öðrum orðum ein af mikilvægustu atvinnugreinum landsmanna enda hefur mikið verið byggt víða um land, nánast um allt land, til þess að örva möguleika ferðamanna á að njóta landsins. Þar liggur mikil fjárfesting en illu heilli nýtist hún afskaplega lítið, ekki síst yfir vetrarmánuðina.

Það vantar sem sagt fleiri ferðamenn til landsins, sérstaklega á veturna. Það er dýrara fyrir ferðamenn að fjúga til Íslands heldur en á milli borga í Evrópu og veldur þar auðvitað hin landfræðilega lega okkar litlu eyju. Þess vegna er afskaplega mikilvægt fyrir okkur að hafa verðið í flugi til Íslands sem lægst þannig að það verði sem aðgengilegast fyrir erlenda ferðamenn í harðri samkeppni við önnur lönd. Það fer ekkert á milli mála að flugvallarskattar eru þar álögur, það er ekki leið hins opinbera til þess að lækka flugfarmiða fyrir ferðamenn sem hingað vilja koma. Þess vegna er það auðvitað mjög rökrétt, eins og hér hefur verið dregið fram, að fella þessa flugvallarskatta niður og þá er ekki verið að tala um afgreiðslugjöld og lendingargjöld sem eru mjög samkeppnisfær heldur þessar viðbótarálögur sem kunna að hindra að fleiri ferðamenn komi hingað.

Það er líka rétt að vekja athygli á því hvað varðar tekjutap ríkissjóðs að fyrir hvern nýjan ferðamann sem kemur til landsins fær ríkissjóður tekjur strax á fyrsta sólarhring sem nemur þessum flugvallarsköttum. Þetta er tiltölulega lítil aðgerð sem kann að hafa mikil áhrif. Miðað við yfirlýsingar frá hæstv. ráðherra, frá þingmönnum allra flokka, sé ég ekki annað en að það gæti verið létt verk fyrir samgn. að vinna áfram frv. sem þar liggur fyrir og gera það að lögum.

[11:27]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Þegar grannt er skoðað eru flugvallarskattar ekkert annað en skattar á flugfélögin. Ef þeir væru ekki til staðar gæti maður að öðru jöfnu gert ráð fyrir því að flugfélögin gætu hækkað farseðla sína sem því næmi.

Það virðist liggja fyrir, og hefur raunar komið hér fram, að Eftirlitsstofnun EFTA telur að hér séu brotnar reglur. Ég man ekki betur en að það kæmi fram í máli hæstv. utanrrh. að með nokkurri vissu mætti telja að það mál gengi þann veg að við værum að brjóta reglurnar.

Hér var minnst á ferðaþjónustuna. Menn leggja hver í kapp við annan áherslu á mikilvægi hennar. Hér fullyrti meira að segja hv. þm. Hjálmar Árnason sem telur sig hafa einkarétt á þessu máli eftir að því var komið í nefndina hans að það mundi græðast á hverjum og einum einasta farþega sem kæmi til landsins sem svaraði þessu gjaldi.

Hæstv. samgrh. margtók fram að það yrði að tryggja fjármagn til flugvallanna sem þessu næmi, þessa 600 millj. kr. hnyskju. Hvað er hann að tala um? Er ekki nýbúið að reiða fram milljarða á milljarða ofan af fé sem enginn borgar? Formaður Framsfl. tók fram að þetta væri Íslandsmet í sögunni af fjármagni sem enginn þyrfti að borga þar sem menn hafa hirt þetta af götu sinni. Ætli það finnist ekki einhverjar 600 millj. til þess að jafna þetta? Maður skyldi halda það.

Þetta eru óeðlilegir skattar og það hefur jafnan verið reyndin á Íslandi að það hefur verið afar erfitt að ná sköttum til baka sem einu sinni hafa verið lagðir á. Þessum skatti skulum við henda fyrir róða.

[11:29]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Þetta er þakkarverð umræða og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson á þakkir skildar fyrir að vekja máls á henni því að hún hefur leitt það í ljós að hér er þverpólitísk samstaða um það að leggja af eða lækka til muna þennan óvinsæla og óskynsamlega farþegaskatt. Ég heyrði ekki betur en það vantaði eingöngu herslumuninn á að hæstv. samgrh. fyllti flokk annarra þingmanna í þessum efnum. Helsta vandamálið var að lög voru sett árið 1987 í þessa veru. Þá er málið einfalt, þá breytum við þeim lögum. Það tekur ekki nema 1–2 daga, herra forseti. Menn hafa breytt stærri hlutum á skemmri tíma en það.

Það er rétt í þessu samhengi að vísa til þess að í gær fór fram umræða um hvernig verja ætti og hvar fyndust fjármunir sem voru sannarlega tíndir upp úr hatti til þess að ráðast í aðgerðir í samgöngu- og menningarmálum, allt undir formerkjum þess að ráðast að atvinnuleysinu. Mér er skapi næst að halda, herra forseti, að einmitt aðgerð eins og þessi, að leggja af farþegaskatt og sprauta vítamíni inn í ferðaþjónustuna væri akkúrat leið til þess að bregðast skjótt og vel við í þessu erfiða atvinnuástandi. Ferðaþjónustan er mannaflafrek og svona aðgerð mundi taka fljótt við sér. Ég er sannfærður um það.

Í öðru lagi vil ég nefna það líka, eins og ég gat um undir öðrum formerkjum, að samgrh. hefur sótt sér fjármuni til þess að fara í markaðssókn í ferðamálum, sem er sannarlega hið besta mál. Það er svipuð upphæð sem hann hefur handa á millum í þeim efnum og við erum að tala um í lækkun skatta á ferðamenn. Mér er líka skapi næst að halda að þessi aðgerð, að leggja af þennan óskynsamlega skatt, væri sennilega betri í þessari markaðssókn en hin, að verja peningum og ráðstafa þeim hingað og þangað.

En allt að einu, það er ekkert vandamál, herra forseti, nú er bara að bretta upp ermar og vinda sér í verkið.

[11:32]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Þetta mál hefur alloft verið vakið í umræðum þingmanna á hv. Alþingi, oftast með fyrirspurnum en nú sem utandagskrárumræða. Ég tel raunar að allir þeir hv. þm. sem hafa vakið máls á þessu hafi haft rétt fyrir sér og að þeir hafi allir saman dregið fram réttmætar ástæður til þess að huga að breytingum á þeim skatti sem við ræðum nú.

Þó er rétt að geta þess að það lággjaldaflugfélag sem hætti flugi til Keflavíkurflugvallar og bar fyrir sig há afgreiðslugjöld það greiddi á Keflavíkurflugvelli aðeins um fjórðungi meira en á næstdýrasta flugvelli sem það sama flugfélag notaði.

Vel að merkja, gjöld fyrir þjónustuna til annarra fyrirtækja, ekki skattarnir, voru fjórfalt hærri, sérstaklega gjald til annars flugfélags. Ég held raunar að það þurfi að taka heildarmynd þessa kostnaðar til athugunar. En við verðum líka að gæta okkar í því að flytja fjármuni með þessum hætti á milli starfsemi sem er ekki sú sama.

Keflavíkurflugvöllur er eitt langstærsta hlið okkar að umheiminum og umheimsins að Íslandi. Það er langstærsta hlið íslensku ferðaþjónustunnar fyrir allt landið til þess að sækja sér viðsipti, sækja sér gesti og ferðalanga. Mikill meiri hluti þeirra sem koma hingað um Keflavíkurflugvöll fara ekki um innlenda flugvelli heldur eingöngu um vegakerfið. Og hvers vegna í ósköpunum ættu þeir þá líka að greiða fyrir aðra flugvelli sem þeir nota ekki einu sinni? Það finnst mér stærsta spurningin. Ég tel að hæstv. ráðherra eigi að beita sér fyrir heildstæðri endurskoðun í þessu máli (Gripið fram í.) og vek athygli á því að einn samstarfsráðherra hans í ríkisstjórninni hefur nýlega svarað því til að þetta beri að taka til athugunar í því ljósi og í þeim tilgangi að lækka gjöld á millilandaflug vegna þess að ekki verði unnt að hækka gjöld á innanlandaflug.

[11:34]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við ræðum flugvallarskatta eða gjald af farþegum. Þetta er sérstakur skattur sem lagður var á 1987 og er sérstaklega til þess ætlaður að tryggja tekjur til flugvallarreksturs. Eftir orð hv. þm. Árna R. Árnasonar, vil ég leggja á það áherslu að til eru tveir varaflugvellir, Egilsstaðaflugvöllur og Akureyrarflugvöllur. Þeir eru varaflugvellir fyrir millilandaflug og við eigum að horfa á Keflavíkurflugvöll og þessa tvo flugvelli sem eina heild.

Varðandi þá skatta sem við leggjum á, bæði farþegaskattana og eins þjónustuskatta, þá er ljóst að með þessari skattlagningu styrkjum við í raun samkeppnisstöðu Flugleiða eða Icelandair eins og það heitir núna og þá sérstaklega gagnvart lággjaldaflugfélögunum. Lággjaldaflugfélög hafa styrkst og rekstur þeirra hefur aukist. Mörg þeirra hafa áhuga á að fljúga hingað til lands yfir sumartímann og það segir sig sjálft að þegar fargjaldið er um 10 þús. kr. þá vegur 3 þús. kr. skattur þungt. Ég tel að við þurfum að horfa á málið sem eina heild, þ.e. á heildarhagsmunina. Hvað vega þessar 600 millj. á ári sem við fáum í skatt á móti hagsmunum ferðaþjónustunnar og að hluta til samkeppnisstyrkingu fyrir okkar íslenska flugfélag, þ.e. á móti því að fá hingað fleiri flugfélög, lággjaldaflugfélög, fleiri ferðamenn og aukna ferðaþjónustu og dreifa henni út um land?

[11:36]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Komið hefur í ljós í þessari umræðu að hún var býsna þörf. Þrátt fyrir athugasemdir hv. þm. Hjálmars Árnasonar virðist niðurstaðan vera sú að ótrúlega víðtæk samstaða er um að nýta beri það tækifæri sem hæstv. forsrh. skapaði með tillögum sínum um skattalækkun á þessu sviði. Að vísu er það þannig að hv. þingmenn Sjálfstfl. og hæstv. samgrh. eru einna tregastir í taumi í málinu. Þeir slá svona úr og í. Þó sagði hæstv. samgrh., sem ég tel nýlundu í þessu máli, að hæstv. ráðherra væri reiðubúinn til þess að ræða lækkun skattsins. Þetta er vissulega nokkuð stórt skref hjá hæstv. ráðherra og ég vona að hæstv. ríkisstjórn drífi sig nú í að ræða þær skattalækkanir sem boðaðar hafa verið. Í morgun hefur verið bent á tvær leiðir sem hægt væri að fara og mundu skila sér nokkuð vel til samfélagsins, þ.e. að lækka skatta af flutningum innan lands og síðan að afnema eða lækka verulegan þennan svokallaða flugvallarskatt.

Hér hafa mörg rök verið færð fyrir málinu. Það hafa menn verið að gera á undanförnum missirum. Hins vegar er sérkennilegt að heyra hæstv. ráðherra tala um að það sé fyrirsláttur hjá lággjaldaflugfélögum að segja að flugvallarskatturinn hindri það að þau fljúgi hingað. Það kemur hins vegar fram hjá talsmönnum m.a. ferðaþjónustunnar að þeir skilja ekki að hæstv. ráðherra skuli þannig mæla gagnvart þessu máli og stjórnendur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar benda á að stöðin standi í raun býsna vel í samkeppni við aðrar stöðvar gagnvart öllum öðrum gjöldum en þessum gjöldum.

Herra forseti. Ég held að ljóst sé að við hljótum að stefna að því fyrir þinglok að breyta þeim lögum sem hindra það að við lækkum eða afnemum þennan skatt.

[11:38]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Á síðustu árum hefur íslenskt efnahagsumhverfi gerbreyst. Fyrirtækjum hefur verið auðveldaður reksturinn með lækkun skatta, opnara bankakerfi og minni ríkisafskiptum. Ríkisstjórnin hefur mótað rammann þannig að svigrúm fólks og fyrirtækja til atvinnusköpunar hefur aldrei verið betra. Þetta nýja og frjóa umhverfi hefur m.a. leitt af sér mikla útrás íslenskra fyrirtækja og þekkingar sem skiptir þjóðarhaginn auðvitað miklu máli. Forsvarsmenn þessara fyrirtækja hafa samhliða því að fagna þessu breytta en nú stöðuga efnahagsumhverfi bent á að eitt af þeim atriðum sem mikilvægt er að hlúa að svo útrás þessara fyrirtækja haldi áfram, eru öruggar og traustar flugsamgöngur til og frá landinu.

Síðast í gær á viðskiptaþinginu nefndu forstjóri Flugleiða og Kaupþings þessa gleðilegu útrás íslenskra fyrirtækja. En um leið bentu þeir á hversu mikilvægt það er að treysta grundvöll öruggra og reglulegra samgangna við landið. Þetta sama hafa að sjálfsögðu aðilar innan ferðaþjónustunnar margoft bent á og sömuleiðis hv. þingheimur.

Við höfum líka sé það á allra síðustu dögum að oft leiða önnur atriði en þau sem við sköpum okkur sjálf hér heima til þess að flugfélög hætta við flug hingað til lands. Má benda á kanadíska flugfélagið sem hætti við flug hingað til lands í þessari viku. Engu að síður, herra forseti, hljótum við að spyrja hvaða þættir megi verða til þess að styrkja enn frekar flugsamgöngur við landið, hvaða þættir séu hamlandi og hvaða þættir styrki þessar traustu samgöngur. Má í því sambandi líta til þess sem gamalreyndir menn í flugþjónustunni hafa m.a. bent á og það er að sameina flugmálastjórn í Keflavík og hér. Það getur leitt til mikillar hagræðingar og kannski vegið upp á móti skattalækkun sem menn eru að krefjast hér. Síðan verður, herra forseti, ekki síður að skoða vel þá flugvallarskatta sem samþykktir voru fyrir löngu síðan í allt öðru efnahags- og atvinnuumhverfi en er nú í dag. Ég er sammála því sem fram hefur komið að best sé að drífa sig í þá skoðun.

[11:40]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Um leið og menn hafa komið sér upp úr því fari að deila um hver kvað Liljuna þá sýnist mér vera nokkuð þverpólitísk samstaða um að þessa skatta beri að lækka eða afnema.

Umræðan er í sjálfu sér ekkert flókin og ekkert snúin. Hún snýst aðeins um það hvort menn séu tilbúnir að lækka opinberar álögur á gjaldtöku á Keflavíkurflugvelli til þess að fá hingað fleiri ferðamenn. Þetta er ekki stærra og meira mál en þetta. Eitt þó er dálítið sérstakt. Einn tiltekinn stjórnmálaflokkur hefur lengi barið sér á brjóst og kynnt sig þannig fyrir fólki að hann sé skattalækkunarflokkurinn, að hann sé flokkurinn sem ætli að lækka skatta á almenning. Einungis fulltrúar þess flokks, Sjálfstfl., hafa ekki kveðið skýrt á um hvaða afstöðu þeir hafa til þessa máls. (**ÁRÁ:** Hvaða fulltrúar Sjálfstfl.?) (**Dómsmrh.:** Þú þarft nú að hreinsa út úr eyrunum.) Og vitaskuld, virðulegi forseti, er það líka eftirtektarvert (Gripið fram í.) að hæstv. samgrh. skuli bera fyrir sig löggjöf frá árinu 1987 líkt og það sé einhver vörn í því að breyta ekki þessum reglum til þess að styrkja samkeppnisstöðu (Gripið fram í.) þjóðarinnar því að vitaskuld er landið í samkeppni við önnur lönd um að fá til sín ferðamenn. Það er kjarni málsins. Mér finnst það alveg einboðið og ljóst þó ekki sé nema talað um kosningaloforð tveggja síðustu daga. Í fyrradag voru það 6,3 milljarðar og í gær voru það óskilgreindar skattalækkanir. Ég segi, virðulegi forseti, í ljósi alls þessa sem hægt er að ráðast í þá held ég að litlar 587 millj. nákvæmlega sem teknar eru af farþegum í

millilandaflugi (Gripið fram í.) geti ekki vafist fyrir þessum skattalækkunarflokki, virðulegi forseti.

[11:43]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að það mun ekki og hefur ekki vafist fyrir sjálfstæðismönnum að standa fyrir lækkun skatta. (Gripið fram í.) Það þekkir hv. þm. mjög vel. (Gripið fram í.) Hann veit það og þekkir. Það er nauðsynleg upprifjun, ekki síst fyrir þingmenn í yngri kantinum, að fara yfir það hverjir voru við völd þegar þessi löggjöf var sett. Þingmaðurinn gæti kannski flett því upp í minninu hverjir voru við völd 1987, hver var í fjmrn. þá m.a. Af mörgu er að taka (Gripið fram í.) ef hv. þm. vilja fara inn í þessa umræðu á þann veg.

Ég hef sagt að í fyrsta lagi þurfum við að standa þannig að gjaldtöku á flugvöllum, ekki síst millilandaflugvöllunum okkar, að það hefti ekki flug og hins vegar þurfum við af mikilli ábyrgð að tryggja ríkissjóði tekjur til þess að standa undir flugvallarrekstri, uppbyggingu flugvalla og flugöryggismála. Þetta er grundvallaratriði.

Lítum nú á stöðuna vegna þess að hér er látið að því liggja að flugfélögin fljúgi ekki til landsins vegna þess að skattar séu háir. Sjö svokölluð lággjaldaflugfélög munu fljúga til Íslands á þessu ári, sjö flugfélög. Að vísu hefur eitt hætt við vegna sérstakra aðstæðna sem tilgreindar voru af þeirra hálfu. Það vekur athygli okkar Íslendinga á því hversu mikilvægt er að eiga okkar eigin flugfélög. Við treystum á okkar flugfélög til þess að hafa öruggt samband við landið. Þetta minnir okkur á það.

Að sjálfsögðu er ég reiðubúinn til þess, og vil bara endurtaka það og ítreka, að ég er reiðubúinn til þess að sjálfsögðu — það hefur margsinnis komið fram af minni hálfu — að standa að því að lækka gjöld, bæði skatta og þjónustugjöld á flugvöllunum. En við þurfum að standa eðlilega að því. (Forseti hringir.) Ekki þarf að grípa til nokkurrar neyðaraðgerðar núna. (Forseti hringir.) Ferðamönnum fjölgar stöðugt m.a. með lággjaldaflugfélögum. (**SvH:** Davíð á nóga peninga.) (**LB:** Matthías Á. Mathiesen var samgrh. 1987.)

Fjarskipti, 1. umr.

Stjfrv., 599. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 960.

[11:46]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um fjarskipti.

Miklar breytingar hafa orðið í fjarskiptum á undanförnum árum. Tímamót urðu hér á landi er lögbundinn einkaréttur ríkisins til þess að reka fjarskipti var afnuminn 1. janúar 1998. Þá jókst fjöldi fjarskiptafyrirtækja umtalsvert og neytendum bauðst aukið úrval þjónustu á lægra verði, einkum á útlandasamtölum og í farsímaþjónustu.

Er Póst- og fjarskiptastofnun auglýsti eftir umsóknum um leyfi til að reka GSM-farsímaþjónustu í 1800 MHz tíðnisviðinu í byrjun ársins 2000 reyndist mikill áhugi og var fjórum umsækjendum úthlutað tíðnisviði og rekstrarleyfum. Þessi gróska ásamt fjölda farsímanotenda hérlendis vakti athygli erlendis. Farsímanotkun jókst mjög mikið og fjarskiptafyrirtæki fjárfestu í farsímakerfum og búnaði. Þar að auki var talið að notkun farsíma ætti enn eftir að aukast með tilkomu þriðju kynslóðar farsíma sem bjóða upp á aukinn gagnaflutningshraða og ýmsa nýja notkunarmöguleika sem ekki væru mögulegir með GSM-tækni.

Á árunum 2000 og 2001 voru í Evrópu og víðar haldin útboð á tíðnum fyrir þriðju kynslóðar farsíma. Mikil bjartsýni ríkti og greiddu fjarskiptafyrirtæki í mörgum tilvikum verulegar fjárhæðir fyrir tíðniúthlutunina. En í kjölfarið komu erfiðleikar í ljós, mörg fjarskiptafyrirtæki höfðu skuldsett sig um of. Einnig hefur komið í ljós að tæknileg þróun þriðju kynslóðar farsímatækja og kerfa hefur ekki gengið eins og væntingar stóðu til. Fjárfestar hafa í kjölfar þessa haldið nokkuð að sér höndum við fjárfestingar í fjarskiptastarfsemi og lánastofnanir orðið varfærnari. Ýmislegt virðist þó benda til breytinga. Sem dæmi má nefna að undirbúningur fyrir rekstur þriðju kynslóðar farsímakerfa er á lokastigi í Bretlandi. Fjarskiptafyrirtækið Hutchison ætlar að hefja rekstur í mars en fjögur önnur sem hafa til þess leyfi ætla að hefja starfsemi undir lok ársins.

Framangreind þróun hefur sett mark sitt á íslensk fjarskiptafyrirtæki sem sum hver hafa orðið að draga saman seglin. Þannig hafa tvö þeirra fyrirtækja sem á árinu 2000 fengu leyfi til að reka GSM-farsímaþjónustu í 1800 MHz tíðnisviðinu ekki hafið slíka starfsemi og önnur fyrirtæki dregið úr fjárfestingum sínum í fjarskiptaþjónustu. Viðhorf til fjarskipta og ávinnings fjárfestinga í þeirri atvinnugrein er orðið raunsærra en áður. Ein afleiðing þessa er fækkun fjarskiptafyrirtækja. Ber þar hæst að nokkrir helstu keppinautar Landssíma Íslands hf., þ.e. Íslandssími hf., Halló – frjáls fjarskipti hf. og Tal hf., hafa sameinast og eru því aðeins tvö fjarskiptafyrirtæki hér á landi sem bjóða alhliða fjarskiptaþjónustu til einstaklinga og fyrirtækja. Fjöldi fjarskiptafyrirtækja býður sérhæfðari þjónustu. Því er nauðsynlegt að regluverk fjarskipta sé þannig úr garði gert að möguleikar séu fyrir nýja aðila að koma inn á fjarskiptamarkaðinn og keppa við þá sem fyrir eru.

Gildandi fjarskiptalög tóku gildi hinn 1. janúar 2000 ásamt lögum um Póst- og fjarskiptastofnun. Með þeirri löggjöf voru gerðar grundvallarbreytingar sem stuðla áttu að aukinni samkeppni í fjarskiptum auk þess að tryggja aðgang allra landsmanna að ákveðinni lágmarksþjónustu í gagnaflutningum. Opnað var fyrir númeraflutning og notendum gert mögulegt að halda símanúmeri sínu ef þeir vilja skipta um fyrirtæki sem verslað er við, ákvæði um reikisamninga þegar uppbygging eigin nets er talin óraunhæf var innleitt, fjarskiptafyrirtækjum var heimilaður aðgangur að heimtaug fyrirtækis með umtalsverða markaðshlutdeild. Allt voru þetta mikilsverð nýmæli sem hafa nú þegar auðveldað innkomu nýrra fyrirtækja á markaðinn og aukið útbreiðslu fjarskiptaþjónustu, bæði gagnaflutningsþjónustu og farsímaþjónustu um allt land. Máli mínu til stuðnings vil ég nefna eftirfarandi dæmi:

Lögfesting ISDN-alþjónustukvaðar hefur þegar skilað miklum árangri. Samkvæmt upplýsingum frá Landssíma Íslands hafa yfir 98% landsmanna aðgang að ISDN-gagnaflutningsþjónustu og er unnið að því að uppbygging þjónustunnar nái til allra landsmanna. Því hefur verið haldið fram að innlendir reikisamningar hafi dregið úr útbreiðslu GSM-netsins, það sé ekki lengur nein samkeppni um að setja upp nýja senda og bæta þannig þjónustuna því að allir sitji við sama borð. Þetta er að mínu mati hæpin fullyrðing enda hefur Landssíminn selt öðrum fjarskiptafyrirtækjum aðgang að neti sínu umfram það sem unnt væri að gera kröfu um

samkvæmt gildandi lögum.

Þegar fjarskiptalögin tóku gildi 1. janúar 2000 samanstóð GSM-kerfið af 150 dreifistöðvum. Síðan þá hefur dreifistöðvum verið fjölgað um a.m.k. þriðjung, móðurstöð tvöfölduð og áhersla lögð á að bæta sambandið á vinsælum ferðamannastöðum og á fjölfarnari vegum. Í dag nær GSM-þjónustan til allra þéttbýlisstaða með meira en 200 íbúum og þar með til 98% landsmanna. Ber að fagna þeim árangri þó að vissulega þurfi að bæta úr á ákveðnum stöðum.

Ég hef t.d. að undanförnu beitt mér fyrir því að Vegagerðin auki öryggi vegfarenda á þjóðvegum landsins með því að ganga til samstarfs við símafyrirtækin um uppbyggingu á sendum meðfram þjóðvegum landsins. Er það mál í undirbúningi.

Landfræðileg útbreiðsla og uppbygging nýrra GSM-neta byggist á eðli og megineinkennum markaða fyrir innlent reiki í hverju tilviki fyrir sig. Dreifbýli sem er líklega meira á Íslandi en í nokkru öðru Evrópuríki kynni að valda því að án innlendra reikisamninga mundu samkeppnisaðilar þurfa að leggja í mikinn kostnað við að byggja upp GSM-sellur. Þannig er ljóst að uppbygging nets um allt land gæti orðið nýju farsímafyrirtæki ofraun sem kynni að útiloka stofnun þess strax í upphafi. Þessu til viðbótar má nefna að samkeppnin hefur stækkað farsímamarkaðinn verulega hér á landi sem hefur aftur þau áhrif að uppbygging GSM-fjarskiptanets á dreifbýlu svæði verður arðbærari en ella.

Þrátt fyrir tímabundna erfiðleika markaðarins frá lögfestingu gildandi laga hefur ýmislegt áunnist og aukinnar bjartsýni gætir. Mikill vöxtur hefur orðið í háhraða internetnotkun. Reglur sem skylda fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild á talsímamarkaði til að leigja fjarskiptafyrirtækjum heimtaugar hafa komið af stað framboði á bandbreiðum tengingum fyrir fyrirtæki og heimili sem byggjast á DSL-tækni. Með notkun svokallaðrar DSL-tækni er hægt að hraða internet-samskiptum og notendur geta betur nýtt sér nýja þjónustu á netinu, svo sem hljóm- og myndflutning. Þá gera reglur um númeraflutning og fast forval notendum auðveldara fyrir að skipta um þjónustuveitanda. Frumkvæði löggjafans á þessu sviði hefur haft í för með sér breytta markaðsstöðu þar sem ný fjarskiptafyrirtæki eiga aukna möguleika á að láta að sér kveða í samkeppninni. Auk þess eru vonir bundnar við stafrænt gagnvirkt sjónvarp og innleiðingu þriðju kynslóðar farsíma.

Fjarskipta- og upplýsingatækni hefur mikla efnahags- og þjóðfélagslega þýðingu á Vesturlöndum. Sú þýðing hefur vaxið mjög á síðustu árum og gengur langt út fyrir svið hins hefðbundna fjarskiptamarkaðar. Ein ástæða þessa breytta hlutverks er að nútímaleg fjarskipti hafa átt þátt í hagvexti og aukinni framleiðni auk þess sem nýjar atvinnugreinar sem byggja á fjarskiptatækni hafa komið fram á undanförnum árum. Ísland er hér engin undantekning, enda sýnir ný rannsókn Hagstofu Íslands að tölvur eru notaðar við starfsemi 98% fyrirtækja, alls 92% fyrirtækja hafa internet-tengingu og 64% eru búin að koma sér upp heimasíðu á internetinu. Þá sýndi könnunin að rafræn viðskipti eru orðin nokkuð algeng meðal fyrirtækja. Til marks um það höfðu 44% fyrirtækja pantað vörur eða þjónustu um pöntunarkerfi á heimasíðu annarra fyrirtækja eða einstaklinga í árslok 2001.

Þessu til viðbótar má nefna að tekjur hefðbundinna fjarskiptafyrirtækja hér á landi hafa um nokkurt skeið numið meira en 20 milljörðum kr. Þá eru ótalin fjölmörg fyrirtæki sem teljast starfa á sviði upplýsingatækni. Talið er að landsframleiðsla fjarskipta- og upplýsingatæknigeirans nemi meira en 80 milljörðum kr. á ári. Margir hafa talið, þar á meðal sérfræðingar Efnahags- og þróunarsamvinnustofnunar Evrópu, að ef ný samskiptatækni, svo sem internetið og þráðlaus fjarskipti, hafi aukið vöxt á síðari hluta 10. áratugarins þá skipti næstu skref í átt að breiðbandsaðgangi lykilmáli, langt út fyrir svið fjarskiptanna.

Heildsöluverð milli fjarskiptafyrirtækja á samtengingu í farsímanetum hafa verið til umfjöllunar hjá fjarskiptaeftirlitsstofnunum í Evrópu undanfarin missiri. Nýlega ákvað breska eftirlitsstofnunin Oftel að lækka heildsöluverð farsímafyrirtækja um 40% og kemur lækkunin til framkvæmda á næstu þremur árum með 15% lækkun í ár. Þrátt fyrir þá lækkun sem Oftel hefur fyrirskipað er sambærilegt heildsöluverð lægra hjá Landssíma Íslands en það verður í Bretlandi eftir lækkunina.

Á Norðurlöndum hefur heildsöluverð fyrir samtengingu í farsímanetum einnig verið til skoðunar og í Noregi og Svíþjóð hefur það leitt til lækkunar. Hér á Íslandi höfum við nýlegt dæmi þar sem Íslandssími hefur kvartað til Póst- og fjarskiptastofnunar yfir því að Landssími Íslands innheimti of hátt heildsöluverð af farsímanetum í krafti stærðar sinnar á markaði. Sú kvöð hvílir á Landssímanum, sem fjarskiptafyrirtækis með umtalsverða markaðshlutdeild, að heildsöluverðið skuli vera á kostnaðarverði auk hæfilegrar álagningar en ekki er um sömu skyldur að ræða varðandi Íslandssíma þar sem félagið hefur ekki verið útnefnt með umtalsverða markaðshlutdeild.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur afar mikilvægu hlutverki að gegna í þessu sambandi. Það skiptir neytendur miklu máli að heildsöluverð sé rétt auk þess sem það er grundvöllur þess að ný fyrirtæki geti komið inn á þennan markað.

Leikreglur fjarskiptamarkaðar eru enn sem komið er um margt frábrugðnar leikreglum almennrar atvinnustarfsemi. Sem dæmi um það má nefna sérreglur sem lúta að samtengingu, kostnaðargreiningu á gjaldskrám fjarskiptafyrirtækja, reglur um opinn aðgang að netum og alþjónustu. Fleiri dæmi mætti telja svo sem umsjón stjórnvalda með tíðnimálum og úthlutun númera. Þessi sérsjónarmið stafa af því að fjarskiptamarkaður var fyrst fyrir fáum árum leystur undan vernd einkaréttarins.

Þrátt fyrir að stutt sé frá lögfestingu gildandi fjarskiptalaga leiða skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum til þess að nauðsynlegt er að endurskoða fjarskiptalöggjöfina og þess vegna er mælt fyrir þessu frv. hér. Hin nýja fjarskiptalöggjöf ESB sem er innleidd með þessu frv. leysir af hólmi flestar þær gerðir sem fyrir eru um fjarskiptamál. Efni gerða er sameinað og þeim fækkað töluvert með það að markmiði að draga úr flóknu regluverki fjarskipta og færa það jafnframt í átt til samkeppnisréttar.

Eins og áður sagði hafa höfuðmarkmið fjarskiptalaga frá því að lögbundinn einkaréttur ríkisins til fjarskiptastarfsemi var afnuminn einkum verið tvenns konar, annars vegar að efla virka samkeppni og hins vegar að tryggja að allir landsmenn eigi kost á ákveðinni lágmarksfjarskiptaþjónustu. Sérstök fjarskiptalöggjöf er talin nauðsynleg til að þeim markmiðum verði náð. Til að stuðla að því að fjarskiptamarkaðurinn þróist í átt til almenns samkeppnismarkaðar og tryggja fjarskiptaþjónustu fyrir alla landsmenn eru eftirfarandi breytingar m.a. lagðar til á þeim lögum sem nú eru í gildi til að auðvelda aðgang fyrirtækja að fjarskiptamarkaðnum:

1. Ekki er lengur krafist rekstrarleyfis til að stunda fjarskiptastarfsemi en í staðinn munu fjarskiptafyrirtæki starfa eftir almennum heimildum.

2. Við mat á því hvort fyrirtæki hafi umtalsverða markaðshlutdeild er beitt reglum samkeppnisréttarins um mat á markaðsráðandi stöðu í stað þess að miða við 25% markaðshlutdeild eins og gert er í núgildandi lögum.

3. Staðfestur er formlegur samruni fjarskipta og útvarps sem leiðir til þess að reglur um dreifingu útvarps er að finna í frumvarpinu.

4. Heimild er veitt til þess að gera dreifingu ákveðinna útvarpsdagskráa að skyldu.

5. Ítarlegri ákvæði en áður eru um vernd notenda fjarskiptaþjónustu.

6. Tryggður er réttur notenda til lágmarksþjónustu í talsíma- og gagnaflutningi í alþjónustu auk þess sem stefnt er að því að bæta fyrirkomulag jöfnunarsjóðs sem annast greiðslur fyrir alþjónustu sem ekki stendur undir sér.

7. Skilmálar um aðgang að netum og þjónustu eru endurskoðaðir.

8. Settar eru markvissari reglur um samnýtingu á aðstöðu.

Með hliðsjón af framansögðu hlýtur markmið okkar að vera að Ísland verði í fremstu röð tæknivæddra ríkja með ódýra, góða og aðgengilega fjarskiptaþjónustu. Atvinnufyrirtæki, menntastofnanir og heimilin í landinu eiga stöðugt meira undir góðri flutningsgetu fjarskiptakerfanna. Okkur hefur miðað vel eftir að nýju fjarskiptalögin skylduðu símafyrirtækin til að veita öllum sem þess óskuðu að lágmarki ISDN-tengingu eins og ég gat um fyrr í ræðu minni.

Lækkun kostnaðar við gagnaflutninga skiptir einnig miklu máli. Með samningi samgrn. og Símans var stigið mikilvægt skref í átt að jöfnun gagnaflutningskostnaðar um landið allt. Eitt af því sem ég hef lagt ríka áherslu á í ráðherratíð minni er að jafna sem frekast er unnt gagnaflutningskostnað um landið allt. Nýverið skilaði af sér nefnd sem ég skipaði til þess að fara yfir gagnaflutningskostnað almennt. Í tillögu þeirrar nefndar er lagt til að endurgreiddur verði í ADM-kerfinu mismunur sá sem notendur greiða vegna fjarlægða. Með samþykkt þeirrar tillögu yrði stórt skref stigið í þá átt að fjarskiptakostnaður á Íslandi verði sá sami. Þá verður með sanni hægt að segja að öll almenn fjarskiptaþjónusta svo sem hefðbundinn talsími og farsími, ISDN, ADSL og ADM og þar með IP-þjónusta verði seld á sama verði um landið allt.

Næstu skref sem stefna ber að er að tryggja breiðband um landið allt sem gæfi öllum færi á tveggja megabæta tengingu. Uppbygging þessarar þjónustu verður að miðast við að sami kostnaður verði við gagnaflutninga óháð vegalengd. Þar mun tæknin hjálpa okkur svo og þeir hagsmunir fjarskiptafyrirtækjanna að nýta sem best fjárfestingu sem þegar er fyrir hendi í ljósleiðurum og búnaði. Breiðbandsþjónusta um land allt er stefnumörkun sem mun verða einhver mikilvægasta byggðaaðgerð sem við getum ráðist í.

Mikill árangur hefur náðst. Fjarskiptanotkun Íslendinga er með því mesta sem gerist í heiminum. Auk þess er kostnaður með því allra lægsta sem þekkist. Sem dæmi má nefna að í síðustu viku greindi blaðið Computer World frá því að á Íslandi eru hlutfallslega flestir notendur tengdir háhraðasítengingu af öllum löndum í Evrópu. Þessi frétt vakti mjög mikla athygli. Alþingi og stjórnvöld bera ábyrgð á því að tryggja réttlátar leikreglur í fjarskiptamálum, leikreglur sem stuðlað geta að aukinni velferð og hagsæld í þjóðfélaginu. Ég er sannfærður um að þetta frv. og frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun, sem ég mun mæla fyrir síðar í dag, stuðla að því að svo megi verða.

Ég vil að lokum geta þess að frv. var sent út til umsagnar og hefur verið unnið í samráði og samvinnu við hagsmunaaðila og hlutaðeigandi ríkisstofnanir.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[12:06]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Frv. sem hæstv. ráðherra var að mæla fyrir kemur í stað laga sem sett voru á þessu kjörtímabili. Það sýnir það hvað þróunin er hröð að á þessum skamma tíma þarf að skipta út reglum og koma með nýjar. Ég kem að því síðar í ræðu minni.

Það er aðeins eitt sem ég vil spyrja hæstv. ráðherra út í sem stendur. Í frv. er mikið fjallað um jöfnunartæki eins og jöfnunargjald, alþjónusta og fleira sem ég er mjög hrifinn af. Þau gera það að verkum að öllum landsmönnum, sama hvar þeir eru á landinu, verði tryggð ákveðin þjónusta. Þetta er mjög í anda jafnaðarmennsku. Þarna er jafnaðarstefnan í framkvæmd sem er allt hið besta mál.

Herra forseti. Reyndin er sú að nú, árið 2003, búa ekki allir staðir á landinu við jafnræði, þ.e. möguleika til jafns við aðra á tengingum, t.d. möguleika á ljósleiðara. Það kom upp í huga minn þegar mælt var fyrir frv. að fara þarf í aðgerðir sem gera þarf til að tryggja íbúum á ákveðnu svæði ljósleiðaratengingu. Þar á ég við íbúa á Kópaskeri og Raufarhöfn. Á kortum sem sýna ljósleiðarakerfi Landssímans skera þessi tvö byggðarlög sig úr. Þetta landsvæði er ekki með ljósleiðaratengingu. Vegna þessa vil ég spyrja hæstv. samgrh. út í það, þann sem heldur um hlutaféð í Landssíma Íslands, hvaða áætlanir séu á næstu missirum uppi um að koma m.a. þessum tveimur byggðarlögum í samband við ljósleiðaratengingu. Auðvitað háir þetta atvinnustarfsemi, fjarkennsluhugmyndum og fjarvinnsluhugmyndum íbúa á þessu svæði.

[12:08]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef nokkrum sinnum, að mig minnir, svarað, bæði skriflega og munnlega, fyrirspurnum um fyrirhugaða uppbyggingu bæði ljósleiðarakerfisins og gagnaflutningsþjónustu við hinar dreifðu byggðir. Þetta hefur oft verið til umræðu.

Ég hef ekki við höndina, við þessa umræðu, upplýsingar frá Landssímanum um næstu skref. Hins vegar er alveg ljóst að á Landssímanum hvílir alþjónustukvöð hvað varðar hinar almennu ISDN-tengingar til gagnaflutninga gagnvart símnotendum. Það verður ekki undan því vikist í þessum byggðum fremur en öðrum að sú þjónusta verði veitt. Auk þessa hef ég lagt á það ríka áherslu að símafyrirtækin, og þá ekki bara Landssíminn þó að hann sinni mest og nær eingöngu dreifðu byggðunum, standi þannig að verki að þessi uppbygging á fjarskiptakerfinu nái sem víðast um landið.

Ég get ekki svarað spurningunni sem stendur hvað varðar þessi tilteknu byggðarlög en þetta er hin almenna stefnumótun og eins og kom fram í ræðu minni er það stefna mín að tveggja megabæta háhraðasamband sé um allt land. Það er það markmið sem við Íslendingar eigum að stefna að.

[12:10]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála því meginmarkmiði sem hér er lýst, með tveggja megabæta samband til allra byggðarlaga landsins. Ég skil jafnframt að hæstv. ráðherra geti ekki hér og nú svarað spurningu minni hvað varðar þessi tvö byggðarlög.

En í skýrslunni sem hæstv. ráðherra vitnaði til áðan er mynd af okkar ágæta landi, Íslandi, sem sýnir ljósleiðarakerfi Landssímans, hvernig það fer um strandirnar og til flestallra byggðarlaga. Það stingur hins vegar í stúf að þetta svæði er ekki komið með ljósleiðaratengingu. Ég vil því óska eftir því að hæstv. samgrh. segi okkur frá því síðar í dag eða í lok þessarar umræðu hvaða áform eru um lagningu ljósleiðara til þessara tveggja byggðarlaga.

Herra forseti. Það hefur komið fram í samþykktum og bréfasendingum sveitarstjórna á þessu svæði að þetta er mjög ofarlega í hugum íbúa þessara byggðarlaga að þau séu nánast, ég segi ekki þau einu en a.m.k. meðal þeirra fáu sem enn hafa ekki fengið lagðan ljósleiðara til sín. Mig minnir, herra forseti, að það hafi komið fram á fundi sem ég átti á Raufarhöfn ásamt öðrum fjárlaganefndarmönnum sem þar voru á ferð á því svæði, með sveitarstjórnum Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnar, að 26 kílómetra leið sé frá ljósleiðaranum þar sem hann liggur þarna yfir og til þessara staða. Ég hvet til þess, herra forseti, að hæstv. samgrh. beiti sér sem allra fyrst fyrir því að Landssíminn standi við að sinna þessum byggðarlögum eins og öllum öðrum. Auðvitað er það svo að við getum verið hreykin af ljósleiðaratengingum landsins en við viljum sjá þetta fullkomið.

[12:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. þm. veit væntanlega er út af fyrir sig ekki þörf á að ljósleiðari liggi inn á gafl hverrar byggðar heldur nýtist þar örbylgjutæknin sem er nýr möguleiki. Í þessu tilviki er það svo. Ég veit ekki betur en að þörfum fyrirtækja og stofnana á þessu svæði sé fullnægt með þeirri tækni þó að ljósleiðarinn liggi ekki alla leið þangað. Það er auðvitað aðalatriðið og við þekkjum það.

Ég þekki það frá byggðum í Borgarfirði, að þar er flutningsgetan aukin með slíkri tækni þannig að fullnægjandi reynist. Það er ekki hægt að einblína eingöngu á ljósleiðara, eins og ég segi, inn á gafl í hverri byggð eða inn á hvert heimili. Sem betur fer má fullnægja þessari eftirspurn öðruvísi.

Ég vil aðeins benda á útboð og samninga um þjónustu fyrir rannsóknastofnanir, háskólastofnanir og skólastofnanir. Það er afar mikilvægt og segir okkur hve mikla áherslu ríkisstjórnin leggur á uppbyggingu fjarskiptaþjónustunnar. Menntmrh. beitti sér fyrir því að ríkið keypti gagnaflutningsþjónustu og að því er unnið. Ég trúi því að ríkisstofnanir vítt og breitt um landið og fleiri stofnanir verði áður en varir komnar inn í það net skólastofnananna. Það verður kannski mikilvægasta aðgerðin ásamt öðru til að byggja þetta upp.

[12:14]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. fór yfir ýmis atriði þessa frv. sem hér liggur fyrir. Hann gerði m.a. mjög rækilega að umtalsefni GSM-farsímakerfið og mikilvægi þess. Hann minntist á að uppi væru hugmyndir um að Vegagerðin og ýmsir aðilar settu upp senda fyrir GSM-farsíma vítt og breitt um landið þar sem hver og einn teldi nauðsyn á. Að mínu mati er þetta röng nálgun. GSM-farsímakerfið er orðið hluti af hinu almenna samskiptakerfi landsmenna. Sem dæmi má nefna að um 240.000 GSM-farsímatæki eru í notkun í landinu. Ég tel því tíma til kominn til að GSM-farsímakerfið verði látið falla undir alþjónustukvaðir, það verði skilgreint þannig að allir eigi aðgang að GSM-farsímakerfinu.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort ekki sé miklu eðlilegra að þetta sé hluti af hinu almenna gagnaneti sem t.d. Landssímanum, sem byggir upp fjarskiptanetið vítt og breitt um landið, væri falið að koma upp, axla ábyrgð á og standa að rekstri þess. GSM-farsímarnir eru orðnir undirstaða fyrir bara samkeppnishæfni í atvinnulífi og fyrir búsetu vítt og breitt um landið. Því er mikilvægt að GSM-farsímaþjónustan og uppbygging slíkra fjarskipta verði tekin þannig föstum tökum.

[12:17]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Uppbygging GSM-kerfanna á Íslandi hefur verið tekin mjög föstum tökum. Það er raunveruleiki. Símafyrirtækin hafa verið að byggja upp GSM-símakerfið í landinu og segja má að sú uppbygging hafi gengið hraðar en allra bjartsýnustu menn þorðu að vona. Það þekkja þeir sem ferðast um önnur lönd að mjög víða er ekki hægt að nota GSM-síma, því miður. Hvers vegna skyldi það nú vera? Jú, það er vegna þess að símafyrirtækin og þá um leið notendur treysta sér ekki til þess að byggja þetta hraðar upp en raun ber vitni.

Ég tel ekki skynsamlegt að gera það að alþjónustukvöð á símafyrirtæki að alls staðar í landinu sé hægt að nota GSM-síma. Hvers vegna? Jú, allt bendir til þess og þær upplýsingar sem við höfum, að það yrði svo dýrt — og sá kostnaður mundi leggjast á alla notendur — að það væri óframkvæmanlegt miðað við þá tækni sem við búum yfir í dag.

Ég er hins vegar sannfærður um að tækninni muni fleygja svo hratt fram að áður en langt um líður verði þessi þjónusta til staðar. Ég spái því. En ég held að ekki sé skynsamlegt að leggja þær kvaðir á símafyrirtækin eins og hlutirnir eru núna. Við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti í þessum efnum sem öðrum og verðum að bíða með eitthvað af samtölunum okkar þangað til við komumst inn á svæðið sem þjónusta er veitt á.

[12:19]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara vekja athygli á því að GSM-farsímanotkunin er eiginlega orðin mjög snar þáttur í lífi fólks og í daglegu viðskiptalífi líka. Hún er farin að snerta samkeppnishæfni, búsetu og atvinnulíf hvarvetna á landinu. Tökum ferðaþjónustuna sem dæmi eða samgöngurnar. Ég er ekki að segja að við eigum að byggja hana upp fjarri mannabyggðum en vil að það verði sett sem markmið að þetta væri í byggð og á aðalþjóðvegum landsins. Nú þegar er farsímanotkunin í raun orðin hluti af öryggis- og neyðarkerfinu en ekki viðurkennd. Þar liggur kannski vandinn, þ.e. að það væri mun nær að viðurkenna nú þegar og staðfesta og skilgreina hana sem hluta af öryggiskerfi landsins, en ekki láta hana vera óbeinan hluta af því eins og nú er.

Ég veit líka að uppbygging farsímakerfisins hefur einmitt strandað á arðsemiskröfu til sendanna. Mér hugnast ekki — og vil inna ráðherrann frekar eftir því hvort hann sé virkilega þeirrar skoðunar að rétt sé að fela Vegagerðinni að reka

GSM-farsímasenda á þjóðvegunum þar sem Landssíminn telur það ekki arðbært. Á að fela einstökum skíðasvæðum, einstökum ferðamannastöðum eða einstökum björgunarsveitum að reka GSM-farsímasenda þar sem það er ekki arðbært að mati Landssímans miðað við þær arðsemiskröfur sem hann setur? Hvers vegna ekki að stíga bara skrefið til fulls og segja: Þetta er hluti af alþjónustukvöð til fjarskipta því þetta er orðinn svo snar þáttur, mikilvægur þáttur og einnig í öryggis- og neyðarkerfinu, en að sjálfsögðu tilbótar við það kerfi sem fyrir er. Ekki veitir af í okkar strjálbýla landi.

Ég vil leggja áherslu á það, herra forseti, og mitt mat er að þetta á að vera hluti af þessu heildarkerfi, þ.e. GSM-farsímanotkunin.

[12:21]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. er rétt að taka fram að ég tel ekki að Vegagerðin eigi að fara að reka símafyrirtæki. Það er alveg af og frá. Hins vegar eru erfiðleikar með uppbyggingu á farsímakerfunum á ýmsum *fáfarnari fjallvegum. Þess vegna hefur verið lagt á ráðin* um að Vegagerðin kæmi að þessu með símafyrirtækjunum með einhverjum hætti og gæti þannig hraðað þessari uppbyggingu. En ég tel að Vegagerðin eigi alls ekki að reka farsímasenda. Það tel ég ekki skynsamlega leið.

En eins og ég sagði áðan þá held ég að tækninni fleygi svo hratt fram að við þurfum að nýta okkur það. Áður en langt um líður verður, held ég, farsímatæknin komin svo vítt um að fullnægjandi sé.

Ég tek undir með þingmanninum að gerðar eru miklar kröfur um þessa þjónustu. Eins og kom fram í ræðu minni hefur hún orðið til þess að skapa okkur algerlega nýjar aðstæður í viðskiptum og öllum samskiptum og það er vegna þess frumkvæðis og þeirrar framsýni sem við höfum sýnt með setningu fjarskiptalaga á Íslandi — það er mergurinn málsins — og með þeirri framsýni sem símafyrirtækin og stjórnendur þeirra hafa sýnt við uppbyggingu þessara kerfa.

Staða okkar Íslendinga er þess vegna betri en flestra annarra þjóða og það er afar mikilvægt fyrir okkur að geta sagt frá því.

[12:23]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. hefur mælt hér fyrir frv. til laga um fjarskipti sem kemur í stað laga sem samþykkt voru 1999. Það er kannski besta staðfestingin á því, herra forseti, hvað mikið hefur gerst í fjarskiptaheiminum að þau lög sem við settum 1999 þurfum við að taka nú upp og í raun semja ný. Það er hið besta mál og ekkert annað en fagnaðarefni.

Það sem er kannski merkilegt í þessu nú og hæstv. samgrh. hælir sér mikið af er sú framþróun og framsýni sem átt hefur sér stað á Íslandi í fjarskiptum eða símaeign manna eða hvað það er. Áður hefur komið fram, herra forseti, að við Íslendingar höfum að sjálfsögðu sett Íslandsmet í farsímaeign eins og ýmsu öðru ... (**Samgrh.:** Heimsmet.) Heimsmet vildi ég nú sagt hafa — eins og í svo mörgu öðru þegar miðað er við höfðatölu.

En stóri aðilinn úti í heimi sem menn eru sem betur fer misjafnlega ánægðir með og bera misjafnan hug til, þ.e. Evrópusambandið og EFTA, hefur verið þar í fararbroddi við að senda frá sér tilskipanir, ályktanir og reglur sem ríki hafa þurft að taka upp. Eiginlega má segja sem svo að þessi hraða bylting hafi verið mikið knúin áfram af þessu apparati þarna úti í heimi sem ég ætla að fá að kalla svo.

Kannski er það merkilegasta við þetta, eins og ég sagði áðan, að við þurfum að breyta þessum lögum svo skömmu eftir að þau tóku gildi sem var 1999. Það er auðvitað til þess að innleiða í íslensk lög þær breytingar sem orðið hafa á fjarskiptalöggjöf Evrópusambandsins og EFTA og hafa verið birtar í nýjum tilskipunum Evrópusambandsins sem m.a. er getið hér um. Þetta eru fimm tilskipanir og ein ályktun eða hvað það nú heitir.

Það merkilegasta í þessu frv. svona fljótt á litið er í 22. gr. frv. þar sem lagt er til að jöfnunargjaldið skuli lagt á fjarskiptafyrirtæki nú. En áður og í gömlu lögunum var það eingöngu lagt á fyrirtæki sem voru með talsímaþjónustu eða gagnaflutning. Þetta er ákaflega merkileg breyting og henni ber að fagna, eins og ég sagði áðan, vegna þess að við þurfum á því að halda í okkar dreifbýla landi að efla vel jöfnunarsjóðinn, jöfnunargjaldið, sem á að standa undir alþjónustukvöðinni. Hér er lagt til að þetta verði 0,12% af bókfærðri veltu fyrirtækja sem þá verða á fjarskiptamarkaði. *Veltan á fjarskiptamarkaði hér er talin vera að stofni til í* kringum 26 milljarðar kr. og áætlaðar tekjur fyrsta árið eftir að þetta fer að virka — þetta á að taka gildi 1. janúar 2004 — eru í kringum 31 millj. kr.

Þetta eru kannski þau merkustu nýmælin í frv. sem við setjum hér upp. Ég ítreka og segi: Mér hugnast mjög slíkir jöfnunarsjóðir, jöfnunarsjóðir sem m.a. verður hægt að nota til þess, sbr. það sem ég kom inn á í stuttu andsvari við hæstv. ráðherra áðan, til þess að búa svo í haginn að allir landsmenn sitji við sama borð, hvar svo sem þeir búa á landinu, við að fá þessa sjálfsögðu þjónustu sem er tenging við ljósleiðaranet og tenging með tveggja megabæta tengingu í framtíðinni sem auðvitað er hið besta mál.

Ég vil segja það líka, herra forseti, að ég held ekki að mikill ágreiningur sé um það frv. sem hér er lagt fram. Eftir að hafa farið í gegnum það sýnist mér það vera allt hið besta mál. Spurningin er kannski frekar eins og svo oft áður hvort eitthvað vanti hér inn miðað við íslenskar aðstæður eða miðað við þær aðstæður sem þó eru nú sífellt að detta út af. Því er ekki að leyna, herra forseti, að um frv. um fjarskipti sem við ræddum og samþykktum 1999, voru deilur og við það blönduðust deilur um hugsanlega sölu Landssíma Íslands og hlutafélagavæðingu hans vegna þess að þar fannst mörgum, hinum litlu í þessum rekstri, ýmis löggjöf byggjast allt of mikið í kringum stóra bróður, þ.e. Landssíma Íslands.

Þar sem ég á sæti í samgn., herra forseti, minnist ég þess að bæði í umræðunni um fjarskiptin, Póst- og fjarskiptastofnun, og um hlutafélagavæðingu Landssímans kvörtuðu mjög margir litlir aðilar yfir markaðsyfirburðum Landssímans og töldu oft að þeir markaðsyfirburðir væru notaðir til þess að koma í veg fyrir, þ.e. hamla vexti minni fyrirtækja sem voru að hasla sér völl á þessu sviði.

Nú hefur ánægjuleg þróun átt sér stað, herra forseti. Ég er 100% sammála því að mikil og öflug samkeppni á þessum markaði kemur neytendum til góða. En nú hefur það gerst að fyrirtæki hér á fjarskiptamarkaði sem voru að hasla sér völl á þessum árum sem ég hef gert að umtalsefni, t.d. Tal, Halló – frjáls fjarskipti og Íslandssími, hafa öll verið sameinuð í eitt fyrirtæki sem heitir í dag Íslandssími. Það verði að *leita að nýju nafni og ekki er nema gott eitt um það að* segja. Nú hafa þessi fyrirtæki verið sameinuð og eru sterkari og öflugri til að veita stóra aðilanum, Landssíma Íslands,

verðuga og harða samkeppni sem alveg hiklaust mun koma landsmönnum öllum og neytendum til góða. Það er ekkert nema gott eitt um það að segja að samkeppnin skuli vera sem allra mest í þessu. Hún verður náttúrlega eins og önnur samkeppni að vera innan skynsamlegra marka þannig að menn baki sér ekki fjárhagsleg vandræði sem geta leitt til gjaldþrots einhvers aðila sem fer af markaðnum vegna þess að þá er það nú skammgóður vermir.

Herra forseti. Það kom fram áðan að það hafa átt sér stað geysilega miklar og örar breytingar frá því að við ræddum þau frv. sem ég hef hér gert að umtalsefni, gömlu lögin um fjarskipti og Póst- og fjarskiptastofnun. Þetta var mikil og hröð breyting sem átti sér stað, það má segja að bylting hafi átt sér stað, en auðvitað er það hárrétt sem hér hefur komið fram að vegna bakslags í efnahagsmálum heims, skulum við orða það, hefur auðvitað slegið svolítið í baksegl, eins og hér kom fram, með þriðju kynslóð farsíma og fjárfestingar á því sviði. Það er sannarlega rétt að ýmsar væntingar sem voru á þessum uppgangsárum hafa brugðist, mörg fyrirtæki smá sem voru að þróa alls konar hugbúnað inn í þessa veröld alla hafa því miður gefist upp og farið á hausinn.

Eitt atriði vildi ég nefna líka. Eins og við vorum svakalega ánægð, og sumir allt að því mjög grobbnir, yfir því sem við settum í gömlu lögin, þ.e. um alþjónustukvöð í ISDN eða, eins og menn segja, „128 kb flutningi", hygg ég að við getum sagt í dag, og sennilega verið sammála um það, að það sem vorum svo ánægð með á þessum árum, fyrir þremur árum, er nánast orðið úrelt í dag, þ.e. ISDN-hugmyndin inn á nánast hvert heimili, alþjónustukvöðin. Ég held að í dag sé þetta, ef maður tekur líkingu af bíl, eins og að ef við hefðum verið að keyra um á Bens á þessum árum værum við komin yfir á Trabant í dag. Þróunin er nefnilega, herra forseti, svo geysilega hröð í þessu, það sem var sjálfsagður hlutur og mikið og gott atriði fyrir nokkrum árum er úrelt í dag, og þarna er ég auðvitað að tala um muninn á ISDN- og ADSL-þjónustu. Um þessar mundir er náttúrlega svo geysilega hröð bylting að eiga sér stað í þessum heimi, t.d. úti um allt land eru á æ fleiri stöðum hópar að taka sig saman til þess að tryggja sér ADSL-þjónustu inn í sitt byggðarlag. Það má aðeins geta þess, herra forseti, að Landssíminn setti þau skilyrði á mörgum smærri stöðum á landsbyggðinni að ekki færri en 30 aðilar tækju sig saman til þess að eiga möguleika á að fá ADSL-þjónustu. Þetta er allt hið besta mál.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess hér og nú að fara í gegnum það frv. sem hér er. Þetta eru margar greinar og eins og ég sagði áðan er þetta sett eftir hinni nýju fjarskiptalöggjöf Evrópusambandsins til þess að innleiða hana, það eru þessar fimm tilskipanir sem hafa komið til og ein ákvörðun um tíðnimál sem hér er verið að innleiða ásamt því að færa þetta kannski meira í takt við það sem er í dag miðað við þau fjarskiptalög sem tóku gildi 1. janúar 2000. Þau tóku ekki gildi fyrr en þá, og sama má segja um það sem við ræðum hér á eftir, þ.e. um Póst- og fjarskiptastofnun. Margt af því sem við settum þarna í lög hefur gengið eftir. Margt hefur hins vegar ekki gengið eftir og kemur þá upp í huga minn t.d. það að menn geti skipt um símafyrirtæki og farið með sitt eigið farsímanúmer. Það hefur dregist, og það ber að hafa í huga, herra forseti, að það er náttúrlega í takt við ýmislegt annað sem sló í baksegl í efnahagsmálum heimsins að þetta hefur kannski ekki heldur gengið eftir eins hratt og menn vonuðu vegna þess að það er mjög mikill kostnaður fyrir aðila að setja upp þær stöðvar sem þarf til þess að þetta geti átt sér stað. Vonandi skapast sú staða í efnahagsmálum og rekstrarskilyrðum fjarskiptafyrirtækja að þetta komi sem allra fyrst.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, tel ég ekki ástæðu til að fara mikið meira í gegnum þetta, það gefst kannski tími til þess á eftir, og þó, jú, hér í lokin vildi ég segja, herra forseti, vegna þess að ég greip með mér skýrsluna sem hæstv. ráðherra vitnaði til áðan, þ.e. niðurstöðu starfshóps um kostnað við gagnaflutning og eflingu fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu á Íslandi sem gefin var út af samgrn., að auðvitað kemur hér upp í huga minn sá munur sem er á milli íbúa í þessu landi, þ.e. hvað varðar kostnað við fjarskipti. Þá hefur það komið fram og er enn að sá kostnaður er því miður of mikill og ekkert annað en 100% jöfnuður milli landsbyggðarbúa og höfuðborgarbúa er það sem stefnt skal að í þessum málum. Og ég tel, herra forseti, að í okkar litla landi, þó að það sé dreifbýlt, sé það einn besti möguleikinn til þess að allir sitji við sama borð, þ.e. í sambandi við greiðslu fyrir fjarskipti. Sannarlega voru góðar tillögur settar fram við sölu Landssímans um að jafna þennan kostnað — það var auðvitað tengt sölu Landssímans þannig að í þeim efnum hefur slegið í baksegl. En bara til þess að hafa sagt það enn einu sinni hér, herra forseti, þeim jafnaðarmannahugsjónum sem felast í þessum tilskipunum og öllu sem sett er fram varðandi fjarskipti er ég innilega sammála og ánægður með og vil hafa sagt það hér undir þessum lið að ekkert annað en fullkomið jafnrétti milli íbúa landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis til greiðslu á kostnaði fyrir fjarskipti, án tillits til hvar þeir búa, er það sem við auðvitað eigum að stefna að.

[12:38]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Í þessu frv. til laga um fjarskipti er fyrst og fremst kveðið á um ákveðin atriði sem lúta að erlendum samningum sem við eigum aðild að og kveða á um fjarskiptaþjónustu hér á landi en einnig eru í því önnur ákveðin stefnumarkandi atriði. Eins og hæstv. ráðherra gerði grein fyrir í framsögu sinni er þróun fjarskiptamála mjög ör, þó ekki endilega örari en menn bjuggust við á allra síðustu 3–5 árum þegar menn voru með hugmyndir um og trú á að þetta mundi breytast miklu hraðar. Sú tilfinning var þá að það tæki því ekki að fara í uppbyggingu á ákveðnu fjarskiptakerfi, borgaði sig ekki vegna þess að breytingar voru svo hraðar að það kerfi yrði orðið úrelt áður en það næsta byðist.

Þetta hefur samt ekki reynst svo. Í grunninn er fjarskiptakerfið í sjálfu sér nokkuð ákveðið og þróun þess byggist fyrst og fremst á ákveðnum föstum grunni. Þess vegna er mjög mikilvægt að átta sig á því að það er allt í lagi að ráðast í framkvæmdir á fjarskiptasviðinu þó að tækniþróunin sé kannski nokkuð ör, þær munu nýtast áfram til að taka á móti þá þeim nýjungum sem koma. Þetta er vert að hafa í huga einmitt í svo stóru og dreifbýlu landi sem Ísland er.

Hér hefur verið rakið hið mikla mikilvægi fjarskipta fyrir þessa þjóð. Það var metnaðarmál á sínum tíma þegar Landssíminn var lagður hér á landi að hann bærist heim á alla bæi, í öll hús. Það var metnaðarmál að engin byggð væri svo afskekkt að þangað skyldi ekki kappkostað að leggja síma. Um þetta var ekki neinn ágreiningur meðal þjóðarinnar. Þetta var hluti af þeirri samkennd og þeirri sýn sem við höfum haft lengst af í gegnum aldirnar um að við værum ein þjóð og að aðgengi að grunnþjónustu, almannaþjónustu eins og samskiptum, fjarskiptum, ætti að vera jafnt fyrir alla.

Þessi sýn á að vissu leyti í vök að verjast þar sem sú afstaða hefur orðið æ sterkari að hin og þessi þjónusta eigi ekki að vera í boði nema þar sem hún borgi sig, sem kallað er, þ.e. að einhver ákveðin rekstrareining sem menn skilgreina verði að borga sig til þess að bjóða hana. Þessi afstaða er einnig að færast inn í fjarskiptaþjónustuna, að skipta eigi landinu upp í svæði eftir því hvar borgar sig að veita þessa þjónustu, hvar borgar sig að byggja hana upp, hvar það borgar sig ekki, og reynist það ekki borga sig samkvæmt einhverju arðsemismati sem lagt er til grundvallar skuli ríkið greiða þá þjónustu sérstaklega í gegnum skattkerfið með einum eða öðrum hætti. Það er svo sem leið en hún víkur frá þeirri grundvallarhugsun sem við Íslendingar höfum byggt upp sem ein þjóð, að grunnalmannaþjónusta skuli rekin sem ein þjónusta, einn vettvangur gagnvart þjóðinni og þó að það sé hagkvæmara að reka það á einum stað en öðrum eigi það að leiða sjálfkrafa til jöfnunar á kostnaðinum.

Ég vil taka þetta fram hér, herra forseti, því að þessi almenna grunnþjónusta, sú hugsjón, á undir högg að sækja en er engu að síður mikilvæg og einn grundvöllur að því að við byggjum upp þetta þjóðfélag, byggjum landið úti um allt og að allir íbúar landsins eigi hér jöfn réttindi.

Það eru miklir möguleikar núna í fjarskiptunum, og ráðherrann hæstv. kom einmitt inn á það. Hann gerði að umtalsefni breiðbandsvæðinguna, þessa miklu möguleika sem liggja í því að leggja ljósleiðara um landið, hina miklu möguleika sem í því felast fyrir öll samskipti og gagnaflutninga. Hæstv. ráðherra sagði að það væri vissulega markmið að breiðband færi sem víðast um land og ég tek alveg undir það með hæstv. ráðherra. Hins vegar hefði ég viljað sjá hér, bæði í umfjöllun í þessu frv. og í þeim skilyrðum sem frv. mundi innifela, markmiðssetningu um breiðbandsvæðingu landsins, *tímasetta markmiðssetningu um breiðbandsvæðingu* landsins. Hún yrði skilgreind og þetta yrði skilgreint sem alþjónustukvöð, alþjónusta — þetta er sama og ég mundi leggja þann skilning í að væri almenn grunnþjónusta sem allir ættu að eiga aðild að. Síðan væri þá gefinn einhver lágmarkstími til þess að uppfylla þessa kvöð, veita þessa þjónustu.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum einmitt lagt fram hér á Alþingi till. til þál. sem kveður á um breiðbandsvæðingu landsins. Þar leggjum við áherslu á að mörkuð verði tímasett stefna um uppbyggingu fjarskipta og gagnaflutningsnets landsins á næstu þremur árum þannig að fyrirtæki, stofnanir og heimili hvar sem er á landinu hafi aðgang að bestu fáanlegum fjarskipta- og gagnaflutningsmöguleikum með breiðbandinu eða annarri jafngildri tækni, eins og segir í tillögu okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

Við teljum jafnframt að fela eigi Landssímanum þetta verk. Landssíminn er þjónustustofnun í eigu Íslendinga, í eigu þjóðarinnar. (**Gripið fram í:** Ekki stofnun, Jón.) Þetta er þjónustustofnun. Þó að breytt hafi verið um og sett hf. aftan við Landssímann og hann hlutafélagavæddur voru það bara mistök því að þetta er fyrst og fremst þjónustustofnun og sem betur fer tókst ríkisstjórninni ekki það ætlunarverk sitt að selja Landssímann, sem betur fer, enda var þjóðin afar andvíg því. Hún hefur litið á Landssímann sem hluta af hinum almennu þjónustustoðum byggðar, búsetu og atvinnulífs í landinu sem eigi ekki að ganga kaupum og sölum innan lands og utan, heldur eigi að beita styrk Landssímans til þess að byggja upp og reka öflugt fjarskiptakerfi. Við erum þess vegna andvíg því að ríkið geri sem eigandi svo háar arðsemiskröfur á Landssímann og rekstur hans að þær verði honum til trafala við að byggja upp rekstrar- og þjónustukerfi um landið. Við leggjum til í þessari þáltill. að í þetta verði ráðist á næstu þremur árum. Þetta er eitt brýnasta verkefnið fyrir okkur í fjarskiptamálum.

Sömuleiðis gerði hæstv. ráðherra hér að umtalsefni GSM-farsímaþjónustuna og rakti það sem var alveg hárrétt, og ég tek heils hugar undir með hæstv. ráðherra, að GSM-farsímaþjónustan er orðin eiginlega bara hluti af hinu daglega lífi einstaklinga og fyrirtækja í atvinnurekstri og þjónustu. Þá er líka í hæsta máta eðlilegt að jafnframt því að maður viðurkenni þetta og geri sér grein fyrir því — þetta er bara hið besta mál — séum við fljót að tileinka okkur þessa þjónustu. Ísland er dreifbýlt land og við viljum hafa ör og góð fjarskipti og samskipti. Og þá náttúrlega grípum við til bestu fáanlegu tækninnar. GSM-farsímaþjónustan hefur fengið feikna útbreiðslu og notkun og þá er næsta skref að hún verði skilgreind sem þjónusta fyrir alla landsmenn sem allir landsmenn skuli eiga jafnan aðgang að og að við sameiginlega tökum ábyrgð á því að þessi þjónusta verði byggð upp um allt land, verði hluti af hinu almenna fjarskiptakerfi landsins í byggð og á aðalvegum og jafnframt að hún verði viðurkennd og fái réttarstöðu í kerfinu okkar sem hluti af öryggis- og neyðarkerfi í byggð og á aðalþjóðvegum landsins. Hún er það þar sem eru tök á því og fólk fær nú orðið öryggisleysistilfinningu þegar það finnur að það er ekki í GSM-farsímasambandi á svæðum þar sem það teldi annars líklegt eða sjálfsagt að svo væri. Þessi mismunun sem nú er að verða í þessu tilliti er farin að skipta landinu og mismuna því mjög sterkt eftir því hvar þessi þjónusta er í boði og hvar ekki. Þetta snertir búsetuna, atvinnulífið, ferðaþjónustuna o.s.frv.

Ég tel, herra forseti, að þetta tvennt sé það brýnasta fyrir okkur til að takast á við nú, að GSM-farsímakerfið verði byggt upp um allt land í byggðum og á aðalþjóðvegum landsins og sömuleiðis, sem fylgist þá líka að, að breiðbandsvæðing nái til allra landsmanna,

Ég hefði viljað sjá, herra forseti, þessa stefnumörkun og þessa ákvörðun tekna og mun leggja til í hv. samgn. að þetta verði tekið inn í frv. í skilgreiningu á alþjónustukvöðum, sé þess nokkur kostur.

Ég hefði viljað sjá, t.d. í tillögum ríkisstjórnarinnar sem voru birtar fjölmiðlum í gær um að auka fjármagn til samgöngumála, sem var hið besta mál, hluta af þessum áherslum fara í fjarskiptin. Ég tel að svo brýnir séu þessir þættir fyrir samkeppnishæfni búsetu og atvinnulíf úti um hinar dreifðu byggðir. Ég hefði viljað sjá það og ég mun jafnframt gera það að umtalsefni við umfjöllun um fjáraukalagatillögur ríkisstjórnarinnar þegar þær koma fram að þarna væri virkilega vettvangur til að setja fjármagn inn í til þess að styrkja og jafna samkeppnishæfni atvinnulífs og búsetu í landinu.

Herra forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt fram þessar tvær þáltill., annars vegar um breiðbandsvæðingu landsins og hins vegar um aðgang allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu. Með leyfi forseta ætla ég að fá að vitna í þessa tillögu okkar sem fjallar að hluta til um það sama mál og hér er verið að ræða í frv. hæstv. ráðherra, þ.e.:

„... að fela samgönguráðherra að beita sér í krafti eignarhluta ríkisins í Landssíma Íslands fyrir því að fyrirtækið setji sér það markmið og hefjist þegar handa um að tryggja

öllum landsmönnum aðgang að GSM-farsímakerfinu. Jafnframt felur Alþingi ráðherra að undirbúa og leggja fram frumvarp til breytinga á fjarskiptalögum þess efnis að GSM-farsímakerfið verði skilgreint sem öryggis- og neyðarkerfi í byggð og á aðalþjóðvegum landsins."

Einmitt nú með þessu frv. sem hæstv. ráðherra hefur lagt fram gefst tækifæri til þess að fella þetta mál okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um GSM-farsíma inn í þetta frv. hæstv. ráðherra. Það tel ég hið allra merkasta mál.

Annað atriði vil ég líka gera að umtalsefni, herra forseti, í umfjöllun um þetta frv. Þar er kveðið á um að draga þurfi úr flóknu regluverki í kringum fjarskipti. Ég verð að segja fyrir mig að þessi gjaldskrármál fjarskiptanna eru mér fullkominn frumskógur. Hvað kostar ef ég hringi núna úr mínum GSM-síma sem byrjar á 861 í t.d. einhvern GSM-síma sem byrjar á 899? Ég hef ekki hugmynd um hvort sá GSM-farsími er á ábyrgð Landssímans eða e.t.v. Íslandssíma. Ég hef ekki hugmynd um það. En það skiptir máli í hvorn þeirra er hringt hvað símtalið kostar. Ég hef ekki hugmynd um hver munur er á því að hringja úr fastlínusíma í GSM-síma eða úr GSM-síma í fastlínusíma.

Ég hef heyrt um að til sé langur listi af einhverjum afsláttarmöguleikum í símnotkun. En það eru svo flóknir listar að það þarf meiri háttar yfirlegu til þess að átta sig á því hvernig þetta gjaldskrárkerfi er byggt upp. Mér finnst það vera núna forgangskrafa að gjaldskrármál í fjarskiptum verði í fyrsta lagi einfölduð verulega og í öðru lagi verði þau gerð rækilega sýnileg þannig að þegar við hringjum vitum við til hvaða kostnaðar við erum að efna. En eins og núna er upplifir maður þetta eins og maður fari út í búð, kaupi sér t.d. flík, það er ekkert vöruverð á henni en svo fær maður í pósti heim hvað varan kostaði. Neytendasamtökin hafa gert úttekt á þessum frumskógi gjaldskrármála, bæði innan símfyrirtækjanna og á milli þeirra. Ég er hérna með á þrem blöðum bara brot af þessari úttekt.

Ég tel mjög mikilvægt, herra forseti, að þegar við fjöllum nú um þetta fjarskiptamál í samgn. komi ráðuneytið eða Póst- og fjarskiptastofnun, hvaða aðili sem væri hægt að skylda til þess, með inn í þessa umfjöllun rækilega útlistun á þessum frumskógi gjaldskrármála í fjarskiptum þannig að hægt sé að kanna með hvaða hætti megi einfalda þau og gera þau skiljanleg venjulegum símnotanda. Einmitt í gegnum þennan frumskóg er hægt að reka yfirtökur í gjaldskrármálum. Það er kannski markmiðið þó að ég ætli þessum fyrirtækjum það ekki að það sé markmiðið að hafa gjaldskrána svo flókna að enginn leggi það á sig að setja sig inn í hana og þannig sé hægt að ná inn auknum tekjum. Ég ætla þeim það ekki en það er skýlaus krafa í nútímaþjóðfélagi að allar gjaldskrár séu einfaldar og rækilega sýnilegar neytandanum þegar hann stofnar til þeirra þjónustu og gjaldtöku. Þetta vildi ég draga hér mjög skýrt fram, herra forseti.

Þá verð ég líka að ítreka mikilvægi þess að við stöndum vörð um Landssíma Íslands. Þó að hann hafi fengið hf. er hann nærri því 100% í eigu þjóðarinnar. Hann á að vera það áfram og við eigum að treysta honum og nýta styrk hans til þess að byggja upp öflugt fjarskiptakerfi í landinu.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:57]

Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, 1. umr.

Stjfrv., 597. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 958. [13:30]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, tók gildi 1. júní árið 2002. Af þeim ástæðum var nauðsynlegt að breyta íslenskri löggjöf og var það að stórum hluta gert með frv. því sem síðar varð að lögum nr. 76/2002. Ljóst var hins vegar að gera þyrfti breytingar á fleiri lögum af þessum ástæðum. Úr því er bætt með frv. því sem liggur fyrir á þskj. 958 og ber heitið frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Hér er um svokallaðan bandorm að ræða, því frv. tekur til breytinga á lögum sem heyra undir nokkur ráðuneyti, en frv. er unnið í samvinnu þessara ráðuneyta og utanrrn.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hæstv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjarskipti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 599. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 960. [13:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hafði vonast til að hæstv. samgrh. yrði hér fljótlega viðstaddur. Ég hefði áhuga á að leggja aðeins fyrir hann spurningar í tengslum við þetta mál.

(**Forseti** (GuðjG): Hæstv. ráðherra er í húsinu og það verða send boð.)

Ég ætla ekki að hafa hér langa ræðu enda eru kannski ekki mikil efni til. Hv. þm. Jón Bjarnason hefur þegar talað af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs og gert grein fyrir áherslum okkar og þar á meðal einnig tveimur tillögum sem varða fjarskiptamál sem við höfum flutt og liggja báðar fyrir þinginu. Það eru 46. og 546. mál þessa þings. Önnur fjallar um breiðbandsvæðingu landsins. Það er tillaga um að gert verði stórátak í að ljúka uppbyggingu fjarskipta og gagnaflutninganetsins á landinu á næstu þremur árum þannig að fyrirtæki, stofnanir og heimili, hvar sem er á landinu hafi aðgang að bestu fáanlegu fjarskipta- og gagnaflutningsmöguleikum með breiðbandi eða annarri jafngildri tækni. Hin tillagan fjallar um aðgang allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu og að GSM-farsímakerfið verði skilgreint sem öryggis- og neyðarkerfi í byggð og á helstu þjóðvegum landsins.

Herra forseti. Ég hygg að báðar þessar tillögur séu þess eðlis að því verði ekki á móti mælt að þær taka á brýnum þjóðþrifamálum. Það er eðlilegt að það sé rætt hér í tengslum við ný fjarskiptalög eða endurskoðun á fjarskiptalögum. Hér er um að ræða ný heildarlög um fjarskipti. Þau fela að vísu ekki í sér umtalsverðar breytingar á því fyrirkomulagi sem innleitt var í áföngum á árunum frá því um 1995–1996 og fram um 2000, en þá tók umhverfi fjarskiptamála hér miklum breytingum eins og kunnugt er. Það gerði það annars vegar

með breytingum á ríkisfyrirtækinu Pósti og síma sem var hlutafélagavætt og síðan skipt upp í tvö fyrirtæki. Til stóð síðan að einkavæða það og mætti margt um þær hörmungar allar segja. En af því varð ekki og nú er það fyrirtæki rekið nær alfarið í eigu ríkisins.

Síðan hefur löggjöfin auðvitað tekið miklum breytingum og allt lagaumhverfi og starfsumhverfi fjarskiptanna. Það er í og með vegna þess að við höfum innleitt og okkur ber að innleiða evrópskan rétt á þessu sviði eins og svo mörgum öðrum þar sem opnað er fyrir samkeppni. Menn fara reyndar út í alls konar lagaflækjur, ef svo má að orði komast, til þess að reyna að gera samkeppni mögulega við aðstæður þar sem einn af samkeppnisaðilum á kannski að uppistöðu til þær fjárfestingar, þau tæki sem notuð eru fyrir viðskiptin, í þessu tilviki samgönguæðar fjarskiptanna um landið. Þá koma til sögunnar ákvæði af því tagi að mönnum sé skylt að opna net sitt fyrir öðrum og skylt að gera samninga þar um hvernig samkeppnisaðilar geti þá keppt á þessu þjóðvega- eða æðakerfi fjarskiptanna þó svo það sé í eigu eins aðila.

Um þetta ætla ég nú ekki að ræða sérstaklega í löngu máli hér, herra forseti, enda er kannski ekki verið að breyta því mikið. Það sem ég vildi nefna er í fyrsta lagi staðan í fjarskiptamálum okkar almennt. Ég vil fara nokkrum orðum um hana. Hún er sumpart góð. Ég held að segja megi að enn njótum við góðs af því að hér byggðist upp mjög öflugt fyrirtæki á sviði fjarskipta, þ.e. Póstur og sími. Ég hef stundum nefnt það í tengslum við deilur um einkavæðingu eða ekki einkavæðingu fyrirtækja að það er dálítið merkilegt að ofan í allan róginn sem búið er að syngja yfir þjóðinni um opinberan rekstur og hversu hann sé allur saman hábölvaður og að mikið markmið sé og keppikefli í sjálfu sér að koma þessu úr höndum hins opinbera, að útkoman á því var nú ekki verri en svo í tilviki Pósts og síma að Ísland bjó við fjarskipti alveg í fremstu röð í Evrópu og þau voru með því ódýrasta sem þekktist. Tækninýjungar voru innleiddar þannig að Ísland var í allra fremstu röð við að taka upp hluti eins og NMT-símakerfið þegar það kom og síðar GSM-símakerfið. Gagnaflutningamöguleikar verða að teljast allgóðir hér innan lands. Þeir voru það a.m.k. En því er ekki að neita að það læðist að manni sá grunur að nú sé að hægja á þeirri þróun og það skorti orðið talsvert upp á að við höldum í við kröfurnar eins og þær fara hraðvaxandi.

Menn þurfa ekki að vera neinir sérstakir sérfræðingar á sviði tölvumála eða gagnaflutninga til að átta sig á því hve kröfurnar vaxa gríðarlega. Með hverri nýrri kynslóð eða nánast hverju nýju framleiðslunúmeri á vélum vaxa afköstin eða geta tækjanna margfalt. Að sama skapi þarf auðvitað flutningsgetan að að vera í samræmi við afl þeirra véla og þess búnaðar sem notaður er. Það sem maður óttast í því sambandi er að landsbyggðin verði sérstaklega út undan í þeim efnum.

Herra forseti. Þess vegna höfum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, flutt þessa tillögu um sérstakt átak í breiðbandsvæðingu landsins, þ.e. að með breiðbandinu eða annarri jafngildri tækni hvað varðar afköst og gæði verði öllum landsmönnum, án tillits til búsetu, tryggðir þessir möguleikar, bestu fáanlegu fjarskipta- og gagnaflutningsmöguleikar. Það er gríðarlega stórt jafnréttis- og framfaramál og kannski eru fá mikilvægari jafnréttismál í nútímanum en það, ef við lítum til þeirra almennu aðstæðna sem mönnum eru búnar og möguleika til að keppa á sviði viðskipta eða vera fullgildir þátttakendur í upplýsingasamfélaginu á hvaða vegum sem það nú er.

Ég vil láta það koma hér fram, herra forseti, að ég hef setið í nefndum og starfshópum á vegum Norðurlandaráðs sem hafa fjallað sérstaklega um þessi mál. Þar á meðal var starfshópur sem skilaði einmitt skýrslu fyrir um tveimur árum síðan ekki síst um hlutverk hins opinbera í sambandi við fjarskiptabyltinguna og upplýsingasamfélagið. Eindregin niðurstaða þeirra þingmanna sem þar sátu í starfshópi og komu úr öllum flokkum eða spönnuðu allt hið pólitíska litróf var að við aðstæður eins og þær sem við væri að glíma á Norðurlöndunum, kannski helst að slepptri Danmörku, þá væri borin von til annars en að hið opinbera yrði að standa á bak við það að tryggja landsmönnum úti í hinum strjálbýlli héruðum og afskekktari landshlutum sambærileg gæði og sambærilegan aðgang að þessari þjónustu.

Eigi ekki að koma til ný stéttaskipting í nútímanum og í framtíðinni sem m.a. og ekki síst grundvallist á því hverjir hafa þessa þekkingu og tækni á valdi sínu og hverjir hafa aðgang að henni, bæði tæknilega hvað varðar gæði og hvað varðar kostnað, þá verður að tryggja þarna jafnrétti og það getur enginn annar en hið opinbera. Markaðurinn mun aldrei sjá um að menn fái jafnóðum innleiddar nýjustu tækniframfarir í þessum efnum í Finnmörku, Norður-Skandinavíu eða þess vegna á landsbyggðinni á Íslandi. Markaðurinn getur annast um þjónustuna og hann getur sinnt verkefnunum. En það opinbera verður með einum eða öðrum hætti að standa þarna á bak við. Það var niðurstaða þessa starfshóps og það var ekki vegna þess að menn væru sérstakir ríkisrekstrarsinnar þar sumir hverjir, gallharðir hægri menn sem í þessu störfuðu, heldur einfaldlega vegna þess að menn voru raunsæir, þeir horfðust í augu við veruleikann. Þá er að svara spurningunum um það hvernig þetta verði best tryggt? Jú, það er auðvitað handhægt að gera það og var einfalt að gera það á Íslandi á meðan ríkið rak fjarskiptafyrirtæki og leit á það sem þjónustufyrirtæki og lagði því skyldur á herðar, skaffaði því ekki bara réttindi sem menn geta sagt að einkaréttur hafi verið. Því fylgdu líka skyldur. Skyldurnar voru að veita öllum landsmönnum góða þjónustu. Í gegnum eign sína á Landssímanum gat ríkið ákveðið að jafna símkostnað að fullu og það var gert á ákveðnu árabili í áföngum. Menn þurftu ekkert að láta það vefjast neitt fyrir sér. Þetta var hægt vegna þess að þetta var opinbert almannaþjónustufyrirtæki. Það vill svo vel til að þannig er staðan enn í dag. Landssíminn er í eigu hins opinbera. Öðrum hluthöfum, þeim sárfáu sem eftir eru, hefur boðist það að þeirra hlutur yrði innleystur þannig að ekki er hægt að segja að illa væri komið fram við einn eða neinn þó að ríkið leggi þessu fyrirtæki sínu áfram kvaðir og skyldur á herðar. Við teljum að nýta eigi styrk Landssíma Íslands hf. og fela honum átak í þessum efnum. Þeim fjármunum væri vel varið. Það gæti líka skapað atvinnu. Það gætu verið framkvæmdir sem færu ágætlega með því sem menn eru núna að gera á öðrum sviðum eins og í vegamálum.

Herra forseti. Hér bar aðeins á góma fjarskipti á norðausturhorni landsins í orðaskiptum áðan. Því er rétt að rifja það upp, herra forseti, að ég lagði fyrirspurn fyrir hæstv. samgrh. fyrir rétt tæpu ári síðan. 20. mars 2002 svaraði samgrh. fyrirspurn frá mér um úrbætur í fjarskiptamálum á norðausturhorni landsins. Ég leyfði mér þar að spyrja hvort hæstv. ráðherra væri til í að fela Landssímanum að ráðast í þær fjárfestingar sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja þarna fullnægjandi úrlausn mála. Þetta snýst fyrst og fremst

um að þéttbýlisstaðirnir á Raufarhöfn og Kópaskeri sem ekki eru tengdir ljósleiðaranum í dag og búa við ónóg og óörugg og ótrygg fjarskiptasambönd fái úrbót sinna mála.

Hæstv. ráðherra — ef ég man svörin rétt, ég er með þetta í höndunum en ætla ekki að þreyta menn á því að lesa það — taldi sig ekki geta gefið loforð um að þetta yrði gert á því ári, á því herrans ári 2002. En nú er upp runninn annar dagur. Það er komið árið 2003 og kosningar eru meira að segja í vændum þannig að menn eru óvenjurausnarlegir á köflum þessa dagana. Nú ætla ég að gera aðra tilraun í þessari umræðu og spyrja hæstv. ráðherra: Er hann nú tilbúinn til, í ljósi þess að komið er nýtt ár, að fara fram á það við Landssímann að hann ráðist í þessar úrbætur sem snúast um hvorki meira né minna en 30–35 millj. kr., kannski 30–50 milljónir, til þess að tryggja þarna fullnægjandi úrlausn mála? Staðan er þannig í dag að hvorki Kópasker né Raufarhöfn eru tengd ljósleiðara. Raufarhöfn er þjónað með örbylgjusamböndum frá Viðarfjalli og Kópaskeri er þjónað með gömlum koparlínum frá Lundi í Öxarfirði annars vegar og örbylgjusamböndum frá Kópaskeri og yfir á Auðbjargarstaðabrekkubrún hins vegar.

Ég hygg að gagnvart Raufarhöfn eigi að heita svo að flutningsgetan sé fullnægjandi og kannski ekki fullhlaðin. En hún er ótrygg og margoft hefur borið við að t.d. fjarvinnsla og fjarfundastarfsemi þaðan hefur truflast vegna þess að um eina og ótrygga tengingu er að ræða.

Hvað varðar stöðuna á Kópaskeri var hún þegar ég vissi síðast þannig að þar var flutningsgetan fullhlaðin. Það er ekki hægt að verða við óskum fyrirtækja eða aðila um nýjar línur, t.d. til einhverra umtalsverða gagnaflutninga, af því að þetta gamla kerfi, þessi veiku örbylgjusambönd yfir á Tjörnes og koparlínur fram í Lund, er fullhlaðið.

Tillögur tæknimanna Landssímans um úrbætur hafa falið í sér tvær eða kannski fleiri mismunandi leiðir. Nærtækt og handhægt og myndarlegast væri auðvitað ósköp einfaldlega að leggja ljósleiðara á báða staðina, ljósleiðara frá Viðarfjalli út á Raufarhöfn og ljósleiðara frá Lundi og út á Kópasker. En einnig væri möguleg sú leið, segja tæknimenn Landssímans, og tiltölulega mjög viðráðanleg hvað kostnað snertir að leggja ljósleiðara frá Lundi í Öxarfirði út á Kópasker og jafnvel áfram upp á Snartarstaðanúp, þaðan örbylgjusamband af Snartarstaðanúpi yfir á Raufarhöfn og þá hefðu báðir staðirnir tvöfalda tengingu. Raufarhöfn hefði örbylgjusambönd úr tveimur áttum og Kópasker annars vegar ljósleiðarastreng inn á kerfið og hins vegar örbylgjusambönd yfir flóann.

Ef þetta stendur svona enn, sem mér býður í grun að það geri, að þarna hafi ekki verið ráðist í neinar úrbætur, og það þykist ég vita, og jafnvel ekki einu sinni teknar um það neinar ákvarðanir, ítreka ég spurningar mínar til hæstv. samgrh.: Er hann tilbúinn til að beita sér fyrir því að í þetta verði ráðist? Það munar ekki um einn kepp í sláturtíðinni, hefði einhvern tímann verið sagt. Þegar milljarðarnir fjúka út og suður snýst þetta ekki um meira en 30, 35, 40 millj. eða svo að koma þarna á fullnægjandi úrlausn til þessara tveggja þéttbýlisstaða og nágrennis.

Úr því að nú á að gera þarna átak í vegamálum vill maður trúa því að það sé einhver metnaður í stjórnvöldum til þess að standa við bakið á byggð og mannlífi á þessum slóðum og þá á náttúrlega ekki að vera með neitt hálfkák í þeim efnum. Það þýðir ekki að vera að leggja vegi til manna ef þeir eiga svo að dæma sig úr leik í nútímasamfélagi vegna þess að þeir hafa ekki eðlileg fjarskiptasambönd. Það á bara að gera þetta myndarlega á sem flestum sviðum og auðvitað þarf að taka til hendi gagnvart miklu fleiru þarna eins og víða annars staðar á landsbyggðinni á Íslandi.

Ég vona að hæstv. ráðherra geti flutt einhverjar gleðifréttir inn á þennan drungalega fund og glatt okkur með því að þarna standi úrbætur til.

Varðandi GSM-símann og þá stöðu vil ég bara taka undir það sem hv. þm. Jón Bjarnason var hér að ræða um samtímis því sem hann minnti á þá tillögu sem liggur fyrir þinginu um úrbætur á því sviði. Ég held að veruleikinn sé einfaldlega sá að GSM-kerfið er það kerfi sem tekið hefur algerlega við sem þráðlaust fjarskiptakerfi í landinu, NMT-símarnir eru á útleið, svo ágætir sem þeir eru til síns brúks. Það er að sjálfsögðu rétt að starfrækja það kerfi á meðan það er þó mögulegt tæknilega séð, þ.e. meðan fæst til þess búnaður og annað í þeim dúr. Einhverjar fregnir hefur maður af því heyrt að það kunni að fjara undan því, einfaldlega af þeim ástæðum, eins og stundum áður hefur gerst þegar ný tækni hefur rutt annarri eldri út, að hún líður undir lok sjálfkrafa. Búnaður hættir að fást og annað í þeim dúr.

GSM-kerfið er auðvitað gríðarlega mikilvægt og þar af leiðandi er að sama skapi mikilvægt að þétta það. Þar komum við t.d. aftur að strjálbýlinu og sveitum. Það er mjög kvartað undan því, eins og ég veit að hæstv. samgrh. þekkir ekki síður en aðrir menn, að það verði með hverju árinu sem líður tilfinnanlegra ef menn eru utan GSM-þjónustu, t.d. að reyna að byggja upp ferðaþjónustu eða annað því um líkt í sveitum. Nú vilja ferðamenn einfaldlega geta notað sinn GSM-síma og þeir keyra þá í burtu þangað til þeir eru komnir inn í merki og láta ekkert bjóða sér að gista. Ef mönnum dettur í hug að setja niður fundi, ráðstefnur eða annað í þeim dúr líta þeir líka til þessara möguleika. Það eru að vísu einstöku menn svo vitrir að þeir hafa þetta öfugt og leita uppi þá örfáu staði sem eftir eru þar sem hægt er að vera í friði. (**Gripið fram í:** Mjög erfitt.) Mjög gott. Það er sjálfsagt að varðveita einstöku vinjar af því tagi þannig að einhvers staðar fái menn að vera ótruflaðir af þessum ósköpum.

Ég held þó að við verðum að horfa aðallega og ekki síst á hitt að frá öryggissjónarmiðum og ýmsum þjónustu-, þæginda- og rekstrarsjónarmiðum er þetta auðvitað einfaldlega bara það sama og að dæma menn úr leik. Þetta er eins og með margt annað sem bara tilheyrir því að vera fullgildur þátttakandi í nútímasamfélagi, og fólk lætur ekki bjóða sér það að vera í reynd flokkað sem annars flokks borgarar í landinu með því að því standi ekki til boða svona þjónusta. Það er ekkert óskaplegt mál að þétta þannig GSM-kerfið að það taki t.d. til meginþjóðvegakerfisins og svona að langstærstu leyti til byggðra svæða byggðakeðjuna hringinn í kringum strönd landsins. Það ræðir ekkert um það og enginn er að tala t.d. um að dekka allt hálendið, þar hefur auðvitað langdrægara kerfi NMT og talstöðva algera yfirburði og það er það sem menn sem leggja leið sína þangað verða að nota og treysta á. En gagnvart þéttbýlisstöðunum og héruðunum almennt, þjóðvegakerfinu, á að ráðast í þetta verkefni og gera það af metnaði. Eins og ég segi, það er ekki stórt miðað við margt annað sem menn hafa ráðist í.

Það hefði verið gaman, herra forseti, að ræða hérna aðeins um fjarskiptablöðruna sem sprakk, um væntingarnar um þriðju kynslóð farsíma og útboð á margra milljarða verðmætum réttindum handa þeim fyrirtækjum. Það er hljótt um slíkt tal í dag. Og þeir sem þöndu sig mest um þá svívirðu að fara ætti að úthluta þessu á faglegum forsendum eða á grundvelli einhvers konar vals en ekki bjóða það upp eru

þögulir í dag, sem og leiðarahöfundar ónefndra blaða sem skömmuðu mann og annan fyrir að sjá það ekki í hendi sér að það ætti að bjóða þetta allt saman upp. En við tökum kannski þá umræðu einhvern tíma seinna.

[13:52]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og kom fram í ræðu minni þegar ég mælti fyrir frv. fyrr í dag er það vilji minn og klár stefna að um allt land geti tveggja megabæta háhraðasamband verið til allra staða. Ég tel að það sé framtíðin og það tengist m.a. uppbyggingu þess kerfis sem lýtur að stafrænni sjónvarpsþjónustu.

Hvað varðar það sem hv. þm. nefndi um uppbyggingu á gagnaflutningatengingum inn á norðaustursvæðið liggur fyrir að verið er að vinna að henni. Ég nefndi hér sérstaklega fyrr í dag að ég legg á það áherslu og get lýst því sem vilja mínum að það á að byggja þetta kerfi upp miðað við að geta veitt þá þjónustu sem hv. þm. nefndi.

Það er mjög athyglisvert að um þessar mundir er búið að semja um svokallað FS-net sem á að tengja saman alla framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar í landinu, samtals yfir 60 staði, með 100 megabæta samböndum, og þar á meðal er Kópasker. Við stefnum inn í algerlega nýja veröld. Þetta er klár vilji stjórnvalda og þetta er kostað af ríkissjóði í gegnum menntakerfið þannig að þessar stofnanir munu tengjast með þessum hætti og það mun síðan leiða til þess að í þessum byggðum skapist slíkur þjónustumöguleiki. Þegar búið er að tengja menntamiðstöðvarnar með þessum hætti skapast aðstæður til þess að veita öðrum sömu þjónustuna.

[13:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála hæstv. menntmrh. um það að þetta eru ... (**Samgrh.:** Samgönguráðherra.) ... hæstv. samgrh., en hæstv. ráðherra var eiginlega farinn að tala hér undir lokin aðallega sem menntmrh., sem er líka ágætt, um símenntunarmiðstöðvar og mikilvægi þessarar tækni einmitt í sambandi við fjarnám og fræðslumöguleika, ekki síst úti í hinum dreifðari byggðum. Það er einn angi þessa máls sem gerir það að verkum að það er gríðarlega mikilvægt að þessar undirstöður verði til staðar.

Auðvitað gef ég mér í gegnum hin óbeinu svör hæstv. ráðherra að staðið verði af metnaði við þessi áform um tveggja megabæta háhraðatengingar úti um allt land og þá til þess líka að innleiða möguleika á stafrænu sjónvarpi, sem er sömuleiðis mikið framfaramál, og þá fái staðir af því tagi sem hér hefur borið sérstaklega á góma úrlausn. Ég vona bara að það gerist þá fyrr en síðar þannig að ekki þurfi að láta það mæta einhverjum afgangi. Þetta eru ekki stórar tölur og auðvitað löngu tímabært hvort sem er að bæta t.d. hlustunarskilyrði bæði útvarps og sjónvarps á þessum svæðum. Þarna á í hlut, a.m.k. í öðru tilvikinu, þ.e. Kópasker, svæði sem hefur lengi búið við aðstæður að því leyti sem eru algerlega til háborinnar skammar. Það er meira að segja svo langt gengið í því að ég hef grun um að sjálft Ríkisútvarpið hafi jafnvel heykst á því að fara í hart við að innheimta afnotagjöld hjá mönnum sem hafa reist ágreining um það að þeir væru látnir borga afnotagjöld af sjónvarpi sem þeir sæju bara alls ekki nema bara einhverjar gráar flygsur. Þannig hefur ástandið verið þarna. Það er af nógu að taka ef menn ætla að ráðast í þær úrbætur sem þarf á sviði fjarskiptamála til þess að menn geti verið þátttakendur í því öllu saman og líka hvað varðar hlustunar- og áhorfsskilyrði útvarps og sjónvarps.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Póst- og fjarskiptastofnun, 1. umr.

Stjfrv., 600. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 961.

[13:57]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun. Frv. þetta hefur það að markmiði að efla stofnunina og færa löggjöf að nýjum skuldbindingum Íslands vegna aðildar okkar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Langt fram eftir 20. öldinni má segja að í fjarskipta- og póstmálum hafi mörk stjórnsýslu og rekstrar verið um margt óljós. Árið 1997 varð þar hins vegar talsverð breyting á. Annars vegar var stofnað hlutafélag um rekstur Póst- og símamálstofnunar, en hins vegar var komið á fót opinberri stofnun, Póst- og fjarskiptastofnun, á grundvelli sérstakra laga frá Alþingi.

Póst- og fjarskiptastofnun var frá öndverðu falið almennt stjórnsýsluhlutverk á sviði fjarskipta og póstþjónustu og sér í lagi eftirlit með framkvæmd þágildandi laga um fjarskipti og laga um póstþjónustu. Þannig var í fyrsta sinn gerður skýr greinarmunur á meðferð opinbers valds og rekstrar á þessum sviðum.

Við undirbúning lagasetningar um Póst- og fjarskiptastofnun árið 1996 þurfti að marka verksvið stofnunarinnar, gera grein fyrir verkefnum hennar og setja starfsreglur um ýmis mál sem ekki hafði reynt á áður hér á landi. Við það starf var höfð hliðsjón af þágildandi tilskipunum Evrópska efnahagssvæðisins en frekari breytinga var senn að vænta, einkum á fjarskiptasviðinu. Hinn 1. janúar 1998 tóku gildi nýjar fjarskiptatilskipanir á Evrópska efnahagssvæðinu sem afnámu heimild aðildarríkja til þess að mæla fyrir um einkarétt á fjarskiptaþjónustu.

Í gildandi lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, sem samþykkt voru á Alþingi í lok desember 1999, er leitast við að efla samkeppnishlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar. Einn þáttur þess var að mælt var fyrir um samstarf við Samkeppnisstofnun um samskipti stofnana og afgreiðslu mála. Reglur þar að lútandi hafa verið settar. Jafnframt fékk Póst- og fjarskiptastofnun með lögunum heimild til þess að taka bráðabirgðaákvörðun í einstökum deilumálum.

Það leið ekki á löngu áður en reyna fór á hina nýju stofnun því í kjölfar afnáms einkaréttar á fjarskiptaþjónustu varð mikil gróska á fjarskiptamarkaðnum hér á landi eins og annars staðar þar sem atvinnufrelsi hefur verið aukið. Á undanförnum missirum hefur hins vegar nokkuð dregið úr nýfjárfestingum þrátt fyrir að fjarskiptamarkaðurinn fari enn víðast hvar stækkandi. Nú er reyndar svo komið að meiri tilhneiging virðist vera til samruna fjarskiptafyrirtækja en stofnunar nýrra slíkra fyrirtækja.

Þróun lagasetningar hér á landi hefur hin síðari ár staðið í nánum tengslum við löggjöf Evrópska efnahagssvæðisins. Lögin sem sett voru í lok ársins 1996 um Póst- og fjarskiptastofnun og fjarskiptalög tóku þannig um margt mið af fyrstu tilskipunum Evrópska efnahagssvæðisins. Í fyrstu mæltu þær fyrir um aðskilnað stjórnsýslu og rekstrar og

einkaleyfisstarfsemi og samkeppnisrekstrar en þegar líða tók á 10. áratuginn var stórt skref stigið í afnámi ríkiseinokunar á fjarskiptastarfsemi.

Með lögum nr. 110/1999, um Póst- og fjarskiptastofnun, og lögum nr. 107/1999, um fjarskipti, varð mikil breyting á lagaumhverfinu sem hafði ótvírætt þjóðfélagsleg áhrif. Á síðustu árum hefur heildarendurskoðun fjarskiptalöggjafar Evrópska efnahagssvæðisins staðið yfir. Sú heildarendurskoðun hefur leitt til löggjafar sem taka mun gildi 25. júlí nk. Þess vegna er afar mikilvægt að ljúka afgreiðslu þessa frv. á yfirstandandi þingi.

Ný rammatilskipun Evrópusambandsins um fjarskiptamál inniheldur fjölmörg ákvæði sem lúta að starfsemi fjarskiptastofnana. Auk rammatilskipunarinnar er í allri þessari löggjöf að finna tilvísun í verkefni sem fjarskiptastofnunum eru falin. Eitt megineinkenni hinna nýju tilskipana er að minni greinarmunur er gerður á fjarskiptarekstri og almennri atvinnustarfsemi en áður hefur verið. Meginreglan verður því að sömu sjónarmið munu gilda um rekstur fjarskiptanets og gilda um almenna atvinnustarfsemi nema sýnt sé fram á að verulega skorti á samkeppni. Af þessu leiðir að mikla áherslu verður að leggja á að skilgreina markaði fyrir fjarskiptanet og þjónustu.

Í nýju löggjöfinni er skilgreining á umtalsverðri markaðshlutdeild breytt nokkuð. Í stað þess að miða við 25% markaðshlutdeild verða notaðar aðferðir samkeppnisréttar við skilgreiningu á markaðsráðandi stöðu. Þetta hefur í för með sér ný verkefni fyrir Póst- og fjarskiptastofnun. Niðurstaðan getur leitt til breytinga á stöðu fyrirtækja og kvöðum sem lagðar eru á þau eins og að framan er vikið.

Af hinni nýju EES-löggjöf leiðir að auka þarf samráð við eftirlitsstofnanir annarra aðildarríkja. Þannig mun Póst- og fjarskiptastofnun þurfa að leggja drög ákvarðana sinna í málum sem hafa áhrif í öðrum löndum undir systurstofnanir sínar með milligöngu Eftirlitsstofnunar EFTA. Hins vegar mun löggjöf EES-samningsins gera þetta óhjákvæmilegt.

Fyrir utan aukið samráð við aðrar fjarskiptastofnanir innan EES eru gerðar kröfur til þess að Póst- og fjarskiptastofnun hafi meira samráð við hagsmunaaðila áður en ákvarðanir eru teknar sem hafa umtalsverð áhrif á viðkomandi markað og gefi aðilum kost á að gefa umsögn um fyrirhugaðar ákvarðanir. Á hinn bóginn er kveðið á um aukna möguleika notenda til þess að fá skorið úr kvörtunum yfir þjónustu og er Póst- og fjarskiptastofnun ætlað stærra hlutverk en áður í því sambandi.

Hér hefur verið vikið að þeim þætti í starfsemi Póst- og fjarskiptastofnunar sem lýtur að fjarskiptum, en stofnunin hefur einnig mikilvægu hlutverki að gegna á sviði póstþjónustu. Breytingar á póstþjónustu eru ekki eins stórfelldar og á fjarskiptasviðinu en breytinga er senn að vænta. Ný tilskipun Evrópska efnahagssvæðisins um aukið frelsi í póstþjónustu kveður á um að einkaréttur ríkisins fyrir bréf megi í framtíðinni ekki taka til sendinga sem eru yfir 100 g að þyngd en miðað hefur verið við að aðildarríkjum Evópska efnahagssvæðisins sé heimilt að kveða á um einkarétt á bréfasendingum undir 350 g að þyngd. Einkaréttur Íslandspósts hf. mun því einungis miðast við bréfasendingar undir 100 g að þyngd í stað gildandi 250 g eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Þessar breytingar munu eflaust hafa talsverðar breytingar í för með sér hér á landi.

Breytingar á löggjöf fjarskipta- og póstmála sem hér hafa verið raktar hafa í för með sér að nauðsynlegt er að breyta á ný lögum um Póst- og fjarskiptastofnun. Helstu nýmæli og breytingar eru eftirfarandi:

1. Verkefnalisti Póst- og fjarskiptastofnunar hefur verið endurskoðaður, m.a. með hliðsjón af samruna fjarskipta- og upplýsingatækni.

2. Nánar er kveðið á en áður um upplýsingaskyldu fjarskiptafyrirtækja og póstrekenda gagnvart Póst- og fjarskiptastofnun. — Og þar er einmitt komið inn á það sem fram kom í ræðum manna fyrr í dag sem snýr að því að upplýsa neytendur, ekki síst á sviði gjaldskrármála, en hv. þm. Jón Bjarnason nefndi það alveg sérstaklega að gjaldskráin væri orðin mikill frumskógur. Þetta frv. skapar Fjarskiptastofnun einmitt enn betri skilyrði til þess að beita sér í þágu neytenda þannig að við erum að gera hér afar mikilvægar breytingar. Ég vænti þess að hv. þingmaður leggist á árar með okkur og styðji okkur í því að koma þessu fram, og efast raunar ekki um að svo verði.

3. Lagt er til að Póst- og fjarskiptastofnun veiti hagsmunaaðilum rétt til umsagnar áður en teknar eru ákvarðanir sem munu hafa veruleg áhrif á fjarskiptamarkaðinn. — Þetta er með sama hætti nýmæli sem hefur mikla þýðingu og allt snýst þetta um að tryggja hagsmuni neytenda og einnig að tryggja hagsmuni fjarskiptafyrirtækjanna með öflugu samráði.

4. Ef Póst- og fjarskiptastofnun hyggst taka ákvörðun sem getur haft áhrif á viðskipti milli ríkja EES verður stofnuninni gert að skyldu að hafa samráð við Eftirlitsstofnun EFTA og eftirlitsstofnanir í öðrum ríkjum EES eins og fram kom fyrr í ræðu minni.

5. Í stað einnar greinar í gildandi lögum um kvartanir til stofnunarinnar koma tvær ítarlegri greinar. Önnur fjallar um deilumál fjarskiptafyrirtækja og póstrekenda og hin fjallar um kvartanir neytenda.

6. Lagt er til að breyta ákveðnum lögbundnum gjöldum sem fjarskiptafyrirtækjum er gert að greiða til Póst- og fjarskiptastofnunar. Helsta breytingin er að ákveðið er gjald fyrir úthlutuð númer og á móti kemur lækkun á veltutengdu rekstrargjaldi. — Í dag eru gjöldin sem fyrirtækin greiða eingöngu veltutengd, en talið er eðlilegra að hafa þetta með þeim hætti að tengja það annars vegar úthlutun númera og hins vegar veltu fyrirtækjanna.

Á undanförnum árum hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins beitt sér fyrir því að stofnuð verði sérstök evrópsk fjarskiptastofnun sem hefði það hlutverk að samræma reglur og framkvæmd eftirlits í ríkjum sambandsins. Slíkar stofnanir hafa tekið til starfa á nokkrum öðrum sviðum svo sem í siglingamálum og flugöryggismálum og eru að mati okkar sem fjöllum um samgöngumálin í samgrn. afar mikilvægar stofnanir. Framkvæmdastjórninni hefur ekki orðið ágengt í þessu efni, a.m.k. ekki enn sem komið er vegna andstöðu aðildarríkja sambandsins. Hins vegar er hugsanlegt að þegar tímar líða fram muni samræming stjórnsýslunnar jafnvel aukast enn meira en nú er.

Þrátt fyrir að aukinn samruni evrópskrar stjórnsýslu á sviði fjarskipta og póstmála kunni að orka tvímælis frá sjónarhóli okkar Íslendinga er óhætt að fullyrða að fjarskiptalög síðustu ára hafi verið farsæl.

Undanfarna mánuði hefur stefnumörkun Póst- og fjarskiptastofnunar verið endurskoðuð með það að markmiði að efla stofnunina og skýra verkefni hennar í samræmi við þróun löggjafar og breytingar á markaðnum. Í framtíðarsýn stofnunarinnar er lögð áhersla á öfluga samkeppni til hagsbóta

fyrir neytendur þar sem tryggt verði lágt verð, gæði, úrval þjónustu og auðvelt aðgengi hennar. Helstu áhersluatriði þessarar nýju stefnumörkunar eru:

að efla vitund almennings um þjónustu fjarskiptafyrirtækja og skapa þannig aðhald og samkeppni,

að efla samkeppni á fjarskiptamarkaði með upplýsingamiðlun, markaðsgreiningu og réttri verðlagningu grunnþjónustu markaðsráðandi fyrirtækja,

gagnsæjar og skýrar reglur sem auðvelda aðgengi og starf innlendra og erlendra aðila á fjarskiptamarkaði á Íslandi,

framþróun upplýsingasamfélagsins með samhæfingu krafta opinberra og einkaaðila er starfa að þróun upplýsingasamfélagsins og samruni í fjarskiptatækni og upplýsingatækni.

Með lagafrv. þessu er enn haldið á þeirri sömu braut að efla póst- og fjarskiptamarkaði hér á landi, og frv. miðar allt að því.

Ég vil að lokum geta þess að frv. var sent út til umsagnar og hefur verið unnið í samráði og samvinnu við ýmsa hagsmunaaðila og hlutaðeigandi ríkisstofnanir.

Ég vil að lokum leggja til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn. að lokinni þessari umræðu.

[14:10]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hæstv. samgrh. hefur fylgt hér úr hlaði um Póst- og fjarskiptastofnun er náttúrlega í sjálfu sér svipuð breyting og gerð var á frv. sem við ræddum hér rétt áðan um fjarskipti. Verið er að breyta lögum sem eru ekki mjög gömul, þ.e. lögum nr. 110/1999. Eins og fram hefur komið tók Póst- og fjarskiptastofnun við 1. apríl 1997 og hefur þar stjórnsýsluhlutverk sem Alþingi hefur falið henni að vinna á þessum nýja markaði, og sannarlega var ekki vanþörf á að setja þetta undir sérstaka stofnun miðað við þær miklu breytingar og byltingar sem hafa átt sér stað á sviði þessa heims.

Það þarf ekki að hafa langt mál um þetta frv., herra forseti, mér sýnast bara sjálfsagðir hlutir hafa verið settir inn, en hef náttúrlega alltaf þessa venjubundnu fyrirvara á því að e.t.v. vantar eitthvað og yfir það verður farið í hv. samgn.

Það eru þó nokkur atriði sem koma hér inn sem er vert að hafa í huga, sem við þurfum að ræða um vegna þess að þessi þróun hefur verið á fleygiferð. Það er nauðsynlegt að hún gagnist öllum landsmönnum og það sé jafnrétti í þessum málum eins og svo mörgum öðrum, með öðrum orðum að landsbyggðarbúar sitji ekki eftir í þessari þróun sem geri það þá að verkum að samkeppnishæfni, hvort sem er einstaklinga eða fyrirtækja á landsbyggðinni, skerðist við það að taka ekki þátt og hafa ekki aðstöðu eða tækifæri til að taka þátt í þessari „samgöngubyltingu" sem við erum hér að ræða um, þ.e. þeirri byltingu sem hefur átt sér stað á sviði fjarskipta.

Eins og fram kemur í 3. gr. frv. er það meðal verkefna Póst- og fjarskiptastofnunar að annast framkvæmd laga um fjarskipti og laga um póstþjónustu og hafa eftirlit með fjarskiptum og póstþjónustu. Þetta er allt góðra gjalda vert. Og í 2. tölul. segir: „Að stuðla að samkeppni á sviði póst- og fjarskiptaþjónustu og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti með því m.a. að:" og svo er talið upp.

Þó að ekki séu liðin nema þrjú, fjögur ár síðan mesta umræðan var um þetta og þessir ólögmætu viðskiptahættir heyri vonandi sögunni til er það sem gerst hefur á þessum árum náttúrlega þvílík bylting og krafa markaðarins það mikil að sem betur fer kemst bara ekkert eitt fyrirtæki upp með það lengur að beita óréttmætum viðskiptaháttum í starfsemi sinni til þess að hamla eða koma í veg fyrir að aðrir skjóti rótum og tefji þar eða hefti samkeppni sem á að koma notendum til góða eins og við höfum hér rætt um.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu eða fara aftur í þessi gömlu mál sem ég vildi óska að heyrðu fortíðinni til. En upp í huga manns kemur hins vegar það sem ég ræddi hér áðan um fjarskipti, áhyggjur margra aðila á þessum árum um yfirburðastöðu Landssímans á þessu sviði, þar sem menn sögðu í umsögnum að beitt væri ólögmætum viðskiptaháttum á þessu sviði. Og það sem ég vildi bara nefna nú er umræðan um gjaldskrá fyrir hina gömlu koparlínu eða heimtaugarnar sem margir hafa gagnrýnt Landssímann fyrir að halda allt of háu verði uppi fyrir enda eru koparlínurnar löngu afskrifaðar. Póst- og fjarskiptastofnun hefur á undanförnum árum gengið eftir því að fá upplýsingar frá Landssímanum um verðlagninguna og hefur síðan samþykkt gjaldskrána. Einhvern tíma var bara verið að diskútera nokkrar krónur.

Herra forseti. Vonandi er það svo að árið 2003, þótt við séum að ræða ný lög um Póst- og fjarskiptastofnun, heyri þetta allt saman fortíðinni til. Vonandi munu þá engir komast upp með að beita markaðsyfirráðum sínum til þess að hamla samkeppni eða koma í veg fyrir að aðrir skjóti rótum eða beita óréttmætum viðskiptaháttum gagnvart öðrum aðilum sem eru að fóta sig.

Herra forseti. Ég hef gert að umtalsefni nokkur verkefni sem Póst- og fjarskiptastofnun er falið samkvæmt þessu frv. Í 4. tölul. 3. gr. er fjallað um að Póst- og fjarskiptastofnun skuli gæta hagsmuna almennings. Svo kemur upptalning og í staflið a kemur strax fram nokkuð sem ég er ákaflega sáttur við og ánægður með. Maður getur hins vegar alltaf spurt sig um hvernig komi til með að ganga að uppfylla þetta skilyrði. Verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar eru, með leyfi forseta:

„Að gæta hagsmuna almennings með því m.a. að:

a. vinna að því að allir landsmenn eigi aðgang að alþjónustu."

Þannig er þetta náttúrlega gert. Eins og ég sagði áðan í umræðu um frv. til laga um fjarskipti, nýju lögin, þá hafa kröfurnar breyst. Á nokkrum árum sem liðin eru frá því að sett var fram krafa um alþjónustu eru ISDN-tengingarnar í raun orðnar úrelt dæmi. Þeir sem eru með ISDN-þjónustu, mig minnir að hafi komið fram hjá hæstv. ráðherra að 98% landsmanna eigi kost á því, eru á fleygiferð að ná sér í ADSL. Það er ekki gott fyrir samkeppnisstöðu fyrirtækjanna að hafa ekki upp á þessar tengingar að bjóða, að maður tali ekki um fjölmarga einstaklinga og heimili sem vilja hafa þennan möguleika líka. Um það var lítils háttar rætt hér áðan.

Inn í þetta blandast síðan þættir sem við vorum að ræða um áðan varðandi fjarskiptaþjónustuna. Ég vil fara aðeins yfir á bls. 10 í þessu frv. þar sem fjallað er um skýringar, athugasemdir með þessum greinum:

„Í 4. tölul. er getið verkefna sem snerta hagsmuni almennings. Póst- og fjarskiptastofnun skal gæta hagsmuna almennings með því að vinna að því að allir landsmenn sem þess óska fái aðgang að alþjónustu, stuðla að vernd neytenda gagnvart fjarskiptafyrirtækjum og póstrekendum, leggja lið ráðstöfunum sem gerðar eru til að vernda persónuupplýsingar ..."

Þetta er allt gott og góðra gjalda vert. En í 23. gr. frv. til laga um fjarskipti þar sem fjallað er um þetta er talað um

sértæka fjarskiptaþjónustu. Ég ég ætla að leyfa mér að lesa aðeins upp úr þeirri grein vegna þess að þetta fléttast töluvert saman, með leyfi forseta. Í frv. sem var hér áðan á dagskrá er 23. gr. um sértæka fjarskiptaþjónustu. Hún er svohljóðandi:

„Nú óskar samgönguráðherra eftir því að lagt sé í framkvæmdir, rekstur eða þjónustu sem er til almannaheilla, í öryggisskyni, af umhverfisástæðum eða samkvæmt byggðasjónarmiðum, og ætla má að skili ekki arði, án þess þó að um alþjónustu sé að ræða, og skal Póst- og fjarskiptastofnun þá falið að gera um slíkt samning við fjarskiptafyrirtæki í kjölfar útboðs.

Kostnaður sem rekja má til ákvarðana samgönguráðherra skv. 1. mgr. skal að jafnaði greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum."

Þetta ákvæði finnst mér ákaflega mikilvægt að hafa þarna inni. En það er ekki nóg að hafa þetta ákvæði í lögum ef ekki er farið eftir því. Ég vildi því leiða umræðuna að því aftur sem við vorum að ræða hér áðan, þ.e. norðausturhorninu og hvernig íbúum þess svæðis er sinnt með hliðsjón af þeim þáttum sem við erum hér að ræða. Það er spurning hvort þessi 23. gr. eigi ekki að koma inn í þetta frv. Ég ítreka það sem ég spurði um áðan, þ.e. hvaða áætlanir væru uppi um að flýta ljósleiðaralagningu frá Lundi að Kópaskeri, þessa tæplega 26 km sem þar eru. Talað er um að það kosti 26 millj. kr. En eru það svo stórar upphæðir í þessum efnum?

Vegna þess sem fram kom í andsvari hæstv. samgrh. áðan í umræðum um þetta, að þeir hafi örbylgjusamband, þá er það ekki nægjanlegt. Það er ekki nægjanlegt. Þetta er hægt að leysa með því að leggja þangað ljósleiðarann sem liggur rétt hjá þessu kauptúni. Eins og fram kemur í skýrslunni sem ég vitnaði til áðan, þ.e. skýrslu starfshóps um kostnað við gagnaflutninga og eflingu fjarskipta á Íslandi, kemur þetta fram. Við sjáum þar á mynd hvernig þetta er gert með örbylgjusambandi. Ég vænti þess að hæstv. samgrh. fái svar við þessum þáttum og gefi okkur hér skýlaus svör um hvernig eigi að gera þetta.

Það getur vel verið að margir hverjir á höfuðborgarsvæðinu, e.t.v. margir þingmenn, líti svo á að þetta sé svo lítið svæði og þar búi svo fáir að það taki því jafnvel ekki að leggja ljósleiðara þangað. Ég mótmæli því harðlega. Auðvitað verður þetta kauptún og aðrir staðir í næsta nágrenni að sitja við sama borð og aðrir.

Í þessu efni ætla ég aðeins að nefna eitt atriði. Á Kópaskeri eru höfuðstöðvar Fræþings, Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga. Þetta er eina fræðslumiðstöðin sem var undanskilin í samningi Skýrsluvéla ríkisins við fræðslumiðstöðvar um sambandið sem allar aðrar fræðslumiðstöðvar á landinu hafa. Þetta er mjög alvarlegt mál. Þarna var ekki hægt að skila nema tveggja megabæta sambandi meðan aðrar hafa 100 megabæta samband.

Það hlýtur auðvitað að vera þannig, ef íbúar á þessu landsvæði komast að þeirri góðu niðurstöðu, að höfuðstöðvar þessarar stofnunar skuli vera á Kópaskeri fyrir hönd alls svæðisins, að opinberar aðgerðir eða aðgerðaleysi komi ekki í veg fyrir að slík miðstöð geti þrifist. Þetta er mikilvægt mál sem ég vildi leggja inn í þessa umræðu.

Við skulum líka hafa í huga, herra forseti, að Kópasker er töluvert stórt nafn hvað varðar internetsamband og alla þá fjarskiptabyltingu sem átt hefur sér stað. Við skulum hafa það í huga. Þar var frumkvöðullinn Pétur Þorsteinsson sem stofnaði og kom á fót Íslenska menntanetinu. Þar var lagður grundvöllurinn að tengingu skóla við internetið. Ég vil ekki trúa því, herra forseti, að þannig sé komið fyrir hæstv. ríkisstjórn og hæstv. samgrh. að ekki sé hægt að beita þeim lögum sem ég hef hér vitnað í, 23. gr. fjarskiptafrv., þar sem fjallað er um að samgrh. geti óskað eftir því við fyrirtæki að ljósleiðari verði lagður í nafni byggðasjónarmiða og kostnaður greiddur úr ríkissjóði, hvort sem það fer um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga eða hvaða leið verður valin. Ég vil ekki trúa því að þetta verði látið stranda á þessum atriðum.

Það er þetta atriði, herra forseti, sem ég vildi enn einu sinni impra á og óska eftir svörum hæstv. samgrh. um: Hvernig og hvenær mega íbúar á þessu landsvæði búast við að fá ljósleiðaratengingu til sín, þessa 26 km? Þó að þjónustan sé veitt í dag með örbylgjusambandi eins og hæstv. ráðherra gat um áðan er það ekki fullnægjandi lausn. Það er ekki varanleg lausn. (**Samgrh.:** Að mati hverra?) Að mati hverra? (**Samgrh.:** Að mati hverra er þetta ekki fullnægjandi lausn?) Ég held ég hafi tekið það hérna skýrt fram áðan. Það getur vel verið að hæstv. ráðherra hafi verið að leita sér upplýsinga um þetta mál en við skulum bara fara aftur yfir það. (**Samgrh.:** Ég heyrði alla ræðu þingmannsins og bið ekki um hana aftur.) Mér heyrðist hæstv. ráðherra spyrja að mati hverra ástandið væri ófullnægjandi. Það er mat þeirra sem stjórna Fræþingi. Að þeirra mati er ekki hægt að una við að þetta sé eina fræðslumiðstöðin sem tekin var út úr þeim samningi sem ég gat um áðan. Það er ekki fullnægjandi, herra forseti. Þó að þetta nægi jafnvel að mati örfárra aðila þá er það ekki fullnægjandi eins og þetta er gert hér í dag.

Við erum að tala um hvenær þetta verði gert. Ég er að vitna í 23. gr. frv. um fjarskipti sem heimilar samgrh. að leggja fé í framkvæmdir eða rekstur, m.a. vegna byggðasjónarmiða. Út frá því mætti leggja slíka línu sem ekki er talið að skili arði, eneins og greinin fjallar um væri hægt að gera þetta á þennan hátt.

Það er þetta, herra forseti, sem ég vildi koma að í þessari umræðu vegna þess að þetta skarast töluvert. Að öðru leyti vil ég segja að frv. sem við erum að ræða um, þ.e. frv. til nýrra laga um Póst- og fjarskiptastofnun sem mér sýnist í fljótu bragði ekki eiga að taka langan tíma að renna í gegnum þingið vegna þess að mér sýnist um sjálfsagða hreingerningu, ef svo má að orði komast, á gömlu lögunum að ræða, er að færast í átt til þess sem tilskipanir Evrópusambandsins og EFTA geta. Mér virðist það færast til betri vegar.

Hitt atriðið, herra forseti, vildi ég leggja áherslu á vegna þess að auðvitað blandast inn í þetta skýrsla sem ég hef vitnað í og menn hafa verið að tala um. Ég ætla svo sem ekki að lengja umræðuna mikið með því að ræða um hana eða með því að fara inn í jafnsjálfsagt mál og jöfnunargjöld og hvernig sumir íbúar á þessu landi greiða meira fyrir þessa þjónustu en aðrir. Það fer bara eftir hvar þeir eru miðað við einhverja ákveðna punkta.

Ég ætla aðeins í lokin að vitna í áðurnefnda skýrslu um kostnað við gagnaflutninga og fjalla um það sem þar kemur fram um opinberar stofnanir. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ófullkomnar upplýsingar liggja fyrir um nethögun, afkastagetu og kostnað vegna nettenginga framhaldsskóla og símenntunarstöðva inn á internetið. Hins vegar má draga ákveðnar ályktanir af þeim upplýsingum sem tiltækar eru. Allir framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar tengjast nú internetinu." — Ég ætla að vísu að hafa þann fyrirvara sem ég nefndi með símenntunarmiðstöðina og fræðslumiðstöðina á Kópaskeri.

„Almennt eru skólar á Reykjavíkursvæðinu betur tengdir en skólar annars staðar. Á Akureyri njóta framhaldsskólarnir Háskólans á Akureyri í þessum efnum. Allmargir skólar tengjast internetinu yfir örbylgjunet, frá 256 kb/s og allt að 2 Mb/s, og kvarta þeir undan breytilegri burðargetu. Verslunarskóli Íslands stendur upp úr með 10 Mb/s tengingu og er eini skólinn með meira en 2 Mb/s. Framhaldsskólinn á Laugum rekur lestina með aðeins 64 kb/s." (**Samgrh.:** Þá.)

Vel kann að vera að sú skýrsla sem hér er komin fram, sem ég man ekki hvaða dagsetning var á, (**Samgrh.:** Hún er ársgömul.) sé orðin úrelt. Það væri óskandi að svo væri. En þetta er atriði, herra forseti, sem vert er að skoða. Enn fremur segir hér um grunnskóla, með leyfi forseta:

„Grunnskólar njóta mismunandi sambands við internetið. Grunnskólar í Reykjavík eru almennt vel tengdir en mikið vantar á að grunnskólar á landsbyggðinni njóti viðunandi fjarskiptaþjónustu."

Herra forseti. Skýrslan sem ég hef hér verið að vitna í kom út á vegum samgrn. í apríl 2002, eins og hér stendur, segir allt um þetta. Það væri óskandi, herra forseti, að í þessari fjarskiptabyltingu og þeirri byltingu sem hefur átt sér stað á þessu sviði legg ég ríka áherslu á verði hlutur landsbyggðarinnar ekki lakari. Ég fagna þróuninni auðvitað og tel að hún sýni hve framarlega við Íslendingar stöndum við að taka upp nýjungar, eins og ég hef verið að ræða um. En ég vil jafnframt ítreka og óska eftir því að á þessu sviði sem öðrum verði íbúum landsins ekki mismunað eftir því hvar þeir búa á landinu, hvort þeir búa á landsbyggðinni eða í Reykjavík, á Kópaskeri eða í Kópavogi. Í þessu tilfelli eiga þeir að njóta jafnréttis til þessarar þjónustu sem ríkið á að standa undir.

[14:29]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er alveg ótrúlegur málflutningur á ferðinni. Ef hv. þm. grunar að búið sé að bæta verulega úr þá les hann upp úr ársgamalli skýrslu til að reyna að koma inn hjá áheyrendum að hlutirnir séu ekki í lagi. Þessi skýrsla vakti mikla athygli á sínum tíma og varð m.a. til þess að hert var á uppbyggingunni og þessari þróun til hagsbóta fyrir þá sem nýta fjarskiptin. Þannig var hv. þm. að lesa upp ársgamla lýsingu á hlutum sem hafa gengið í framfaraátt og sem skipta miklu máli.

Ég ætla aðeins að nefna hins vegar að hv. þm. talaði um að heimtaugin hjá Landssímanum væri of hátt verðlögð og Póst- og fjarskiptastofnun ætti að koma þar til skjalanna.

Það er rétt, Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með fjarskiptamarkaðnum.

En eitt af þeim grundvallaratriðum til að reyna að tryggja samkeppni við Símann er að Síminn komist ekki upp með að lækka verðið á þjónustu um heimtaugina. Síminn er með sínar afskrifuðu heimtaugar og getur þess vegna haldið verði niðri. Þess vegna er þetta regluverk sett upp um sérstaka aðferðafræði í verðlagningu á heimtauginni. Það er í þágu neytenda og það er í þágu samkeppni að hafa reglur um það að markaðsráðandi fyrirtæki færi ekki niður verðið á heimtauginni. Þetta er mjög mikilvægt atriði.

Aðeins út af háhraðatengingunum. Það er staðreynd hvað varðar Kópasker og norðausturhornið að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef frá Landssímanum er ekkert fyrirtæki sem ekki fær þá þjónustu, fær ekki þau afköst sem fyrirtækin telja sig þurfa að fá. Það er stefnt að 100 megabæta sambandi fyrir fræðslumiðstöðvarnar allar, auðvitað tekur það einhvern tíma, en gert er ráð fyrir því í samningunum.

[14:31]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki blandað mér inn í þá umræðu að þessi skýrsla sem ég hef hér gert að umtalsefni frá apríl 2002 sé öll orðin úrelt, það væri óskandi að svo væri. En þetta er nú það nýjasta sem við, a.m.k. fulltrúar í samgn., höfum séð um þetta atriði.

Í sambandi við það sem rætt var um varðandi tengingu við þann stað sem við höfum gert að umtalsefni, þ.e. Kópasker, liggur það ljóst fyrir, og það var gott að það kom fram í lokin hjá hæstv. samgrh., að stefnt sé að því að þessi fræðslumiðstöð hafi jafngóða tengingu og aðrar fræðslumiðstöðvar á landinu, þ.e. við erum að tala um er Fræþing. Við skulum hafa það í huga að þetta er eina stöðin sem tekin var út fyrir í þessum samningi og ekki var hægt að uppfylla það samband sem hæstv. ráðherra nefndi að allir aðrir hefðu. Það er gott ef kippa á því í liðinn.

En ég spyr: Hvenær verður það? Að mínu mati verður það ekki gert almennilega fyrr en ljósleiðarinn verður lagður frá Lundi að Kópaskeri, þessa 26 km, með þeim skilyrðum sem ráðherra hefur heimild til að gefa „ordrur" um að skuli vera gert. Ef til vill telur Landssíminn sig ekki hafa nógu mikinn bisness í því að leggja hann núna og þá þarf að koma til þeirra ákvæða sem eru í þeim lögum sem ég gat hér um. Hæstv. samgrh. hefur vald til að gefa fyrirskipun um að þessi tenging verði inni af hendi. Og við skulum vona, guð láti gott á vita ef það verður þá núna á næstunni, að sú tenging verði inni af hendi sem allra fyrst. Það er ljóst að þetta hamlar þeirri starfsemi sem ég hef gert að umtalsefni.

[14:33]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. um Póst- og fjarskiptastofnun er samhliða því lagafrv. sem við fjölluðum um áðan, um fjarskipti. Póst- og fjarskiptastofnun hefur veigamiklu hlutverki að gegna í að fylgjast með, hafa eftirlit með þessari þjónustu og setja um hana reglur.

Ég vil í upphafi máls míns taka fram að ef allt er með felldu hef ég ekki áhyggjur af markaðsráðandi stöðu Landssímans. Meðan hann er í eigu þjóðarinnar og lýtur boðvaldi Alþingis í gegnum ráðherra sem fer með mál hans hef ég ekki áhyggjur af því þó að Landssíminn hafi yfirburðastöðu. Ég tel það reyndar kost, þá er hægt að gera kröfur til Landssímans um þjónustu, og gera þær kröfur fyrir hönd þjóðarinnar. Ég er því ekki sammála hv. þm. Kristjáni L. Möller sem hafði áhyggjur af markaðsráðandi stöðu Landssímans og taldi að hún gæti orðið framþróun fjarskipta til trafala. Ég tel einmitt að við eigum að nýta okkur styrk Landssímans til þess að efla og styrkja fjarskiptakerfið um allt land. Við eigum að beita valdi okkar sem eignaraðila á Landssímanum til þess að svo megi verða á sem bestan hátt. Við eigum að gæta hófs í arðsemiskröfu til Landssímans sem fyrirtækis en krefjast þess að hann leggi krafta sína alla fram í að byggja upp og styrkja þjónustuna.

Ég hef því ekki áhyggjur af því, herra forseti. Ég hefði meiri áhyggjur af því ef staða Landssímans veiktist og við yrðum einkavæddri fákeppni að bráð í þeim þjónustuflokki sem varðar fjarskiptin.

Ef eitthvað er sérstaklega að óttast í framtíðinni á næstu árum er það einkavæðingarkrafan og krafan um hámarksarðsemi á fjarskiptamarkaði gagnvart Landssíma Íslands. Ef

hún nær auknum tökum á þeirri þjónustu er vá fyrir dyrum. Við þurfum ekkert að vera svo skyni skroppin að halda að á Íslandi sé hægt að reka einhvern fjölda fjarskiptafyrirtækja sem geti sinnt góðri þjónustu um allt land. Í þessu dreifbýla og fámenna landi er útilokað að ætla sér að hér geti ríkt einhver samkeppni sem tryggi þjónustu um allt land með líkum hætti og t.d. í þéttbýlustu löndum Mið-Evrópu.

Þess vegna vil ég taka fram í upphafi að ég tel að hagsmunir fjarskiptamála, hagsmunir þjóðarinnar, séu fólgnir í því að Landssíminn haldist helst í 100% eigu þjóðarinnar og lúti boðvaldi hennar hvað varðar uppbyggingu og eflingu þjónustunnar. Það tel ég að sé alveg númer eitt. Fari það á hinn veginn að þetta verði alfarið á torgi markaðarins í okkar dreifbýla landi óttast ég að við lendum í einkavæddri fákeppni og þeim vandamálum sem henni fylgja, svipað og við ræddum hér fyrr í morgun þar sem við ræddum um flutningana, landflutningana, sem eru núna að langmestu komnir í hendur tveggja aðila og orðin er einkavædd fákeppni á því sviði.

Ég vil taka þetta fram hér í upphafi til þess að árétta það að ég óttast ekki að vandinn sé sá að Landssími Íslands sé sterkur á þessum vettvangi. Frekar er í því fólginn styrkur okkar í fjarskiptum.

Þau frv. sem við erum að fjalla um fjalla um Póst- og fjarskiptastofnun og þau verkefni sem henni eru falin. Henni er falið að annast framkvæmd laga um fjarskipti og laga um póstþjónustu og hafa eftirlit með fjarskiptum og póstþjónustu, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um það efni. Þetta er ærið verkefni að annast. Í 3. gr. eru rakin frekari atriði sem ætlunin er að Póst- og fjarskiptastofnun hafi eftirlit með. Þar segir m.a. í 2. lið, með leyfi virðulegs forseta:

„Að stuðla að samkeppni á sviði póst- og fjarskiptaþjónustu og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti ...“

Þetta er svo sem mjög mikilvægt. Ég hefði þó viljað setja framar í þennan texta að Póst- og fjarskiptastofnun ætti að fylgjast með því að þeirri þjónustu sem ákveðin væri yrði fylgt. Þjónustan, þjónustukvaðirnar og þjónustuskyldurnar væru settar númer eitt í því eftirlitshlutverki sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur.

Í frv. er einnig kveðið á um að Póst- og fjarskiptastofnun skuli gæta hagsmuna almennings með því að vinna að því að allir landsmenn eigi aðgang að alþjónustu. Já, alþjónusta er sú þjónusta sem við viljum að allir landsmenn hafi aðgang að. Við töluðum áðan um mikilvægi þessi að breiðbandsþjónustan yrði alþjónusta. Ég talaði einnig áðan um mikilvægi þess að GSM-símakerfið yrði hluti af alþjónustunni. Við höfum talað um að ISDN- og ADSL-tengingarnar yrðu hluti af alþjónustunni. Þetta er mjög mikilvægt, en þarna er einungis kveðið á um að hafa skuli eftirlit en til þess að eftirlitið geti verið virkt þarf að vera tímasett áætlun um hvenær við ætlum að ná markmiðum eða áföngum í uppbyggingu þessa kerfis. Þá tímasettu áætlun vantar. Þá tímasettu áætlun í uppbyggingu á slíku þjónustukerfi vantar til þess að hægt sé að fylgja því eftir að unnið sé samkvæmt þeirri áætlun.

Ég legg áherslu á að þau markmið varðandi uppbyggingu og eflingu þessarar þjónustu ætti að vera fyrir hendi.

Þá vil ég og vekja athygli á því að Póst- og fjarskiptastofnun ætlaði að fylgjast með gæðum þjónustunnar og öryggi hennar. Mér er ekki kunnugt um að þarna liggi heldur fyrir neinar reglur. Liggja t.d. fyrir reglur um það hvernig skuli háttað viðbragðs- og viðgerðarþjónustu um land allt? Liggja fyrir einhverjar reglur um það hve langt skuli vera að sækja varahluti í hin almennu fjarskipti eða tæki og búnað sem lúta að fjarskiptum í grunnnetinu eða í alþjónustunni? Kannski þarf að keyra mörg hundruð kílómetra til að nálgast símasnúru, eins og er í sumum landshlutum eftir að þjónusta Pósts og síma sem var sameiginleg víða um land rak þar öfluga og góða viðhalds- og viðgerðaþjónustu.

Mér finnst að þjónustustigin ættu að vera skilgreind í viðhalds-, viðbragðs- og viðgerðarþjónustu. Ég spyr eftir því: Er hún fyrir hendi? Eða er ætlunin að setja upp slíka gæðastaðla á þjónustunni?

Við höfum rætt allmikið og oft um póstþjónustuna og hvernig hún er stöðugt að verða einkavædd. Æ stærri bitar eru teknir út úr hinni almennu póstþjónustu og boðnir út eða þjónustunni hleypt út á einkamarkað, einkum arðbærustu þáttunum. Nú síðast um daginn, og ráðherra vék að því í ræðu sinni, urðu þær breytingar á lögunum um póstþjónustu að lækka þyngd þeirra bréfa og póstsendinga sem lytu alþjónustukröfum.

En hæstv. ráðherra hefði jafnframt getað greint okkur frá hvað liði störfum nefndar og hvað liði úrbótum eða ákvörðunum af hálfu samgrn. varðandi kostnað við dreifingu á blöðum og tímaritum um landið. Eftir að lögum um póstþjónustu var breytt á þann veg að hin almenna póstþjónusta sæti eftir með óarðbærustu hlutina í póstþjónustunni og gat ekki fært á milli einstakra sendinga, það var farið að skilgreina á milli þyngdar í sendingum o.s.frv., að hver þáttur átti að fara að bera sig sérstaklega, þá hefur það lent mjög harkalega á blöðum og tímaritum. Mig minnir að í umræðu hér á Alþingi fyrir skömmu hafi ráðherra einmitt greint frá því að vænta væri tillagna um það hvernig skyldi jafna eða bæta útgefendum blaða og og tímarita þá miklu hækkun sem Íslandspóstur nú krefðist fyrir að bera út þessi blöð og tímarit.

Mér er ekki kunnugt um að þetta hafi komið fram. Mér er hins vegar kunnugt um að eigendur og útgefendur þessara blaða eru afar áhyggjufullir og æ fleiri færast nær þeim barmi að hætta þessari útgáfu, hætta þessari dreifingu vegna þess að póstburðargjöldin á þeim eru svo há að það er útilokað að sá rekstur geti gengið. Ég veit um dagblaðið Feyki, ritstjóri Feykis á Sauðárkróki var einmitt að tala við mig í gær og sagði að þetta skipti hann hundruðum þúsunda króna og réði því hvort hann gæfi blaðið út eða ekki. Ég spyr hæstv. ráðherra hér: Hvað líður tillögum sem hæstv. ráðherra hefur boðað á Alþingi að yrðu kynntar, og það fyrir nokkru síðan, hvað varðaði jöfnun á póstburðargjöldum?

Herra forseti. Það er gott og gilt að setja hér í lög að Póst- og fjarskiptastofnun skuli gæta hagsmuna landsmanna hvað varðar hina ýmsu póst- og fjarskiptaþjónustu. En þá er líka mjög mikilvægt að það liggi klárt fyrir af hálfu stjórnvalda hvert þjónustustigið skuli vera sem Póst- og fjarskiptastofnun á að sjá til að fylgt sé. Og þar skortir mikið á. Þar fara menn enn þá undan í flæmingi við að skilgreina þjónustustigið gagnvart neytendum vítt og breitt um landið, en það er það sem skiptir máli. Orð eru svo sem til alls fyrst en það eru ekki þau sem ráða hér, hér er það framkvæmdin í verki og kröfurnar, hreinar og klárar, á borðið.

Þetta vil ég hér draga fram, herra forseti. Verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar verða meira eða minna út í loftið ef ekki liggja fyrir nákvæmar skilgreiningar á því hverju hún á að fylgjast með og hvers Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist. Mér vitanlega eru ekki enn komnir gæðastuðlar varðandi fjarskiptaþjónustu. Og ég auglýsi eftir gæðastuðl-

um hvað varðar síma- og fjarskiptaþjónustu og póstþjónustu eins og ég hef hér rakið.

Ég fagna því, herra forseti, að hæstv. ráðherra tók undir með mér frá því í ræðu fyrr í dag þar sem ég lagði áherslu á að gjaldskrár yrðu að vera sýnilegar, yrðu að vera klárar og opnar og öllum aðgengilegar, einfaldar. Og þá ekki aðeins hinar almennu gjaldskrár sem snúa að hinum almenna neytanda heldur líka þær gjaldskrár sem fyrirtæki bjóða á markaði sem eru tengdar magni eða öðru slíku. Það á allt að koma upp á borðið, það á allt að vera sýnilegt, líka samningar á milli aðila um þessa þjónustu.

Það þótti ástæða til af hálfu Samkeppnisstofnunar að snerpa á reglum á milli smásala og birgja. Ég spyr: Hvernig er háttað hér reglum um samninga um gjaldskrár og samskipti, þjónustuskipti, á milli fjarskiptafyrirtækja og neytenda og neytendahópa? Er ekki ástæða til þess að þar séu líka settar reglur og sett skilyrði um að þau mál séu opinber og gagnsæ? Öll leynd, allur feluleikur, er allri heilbrigðri samkeppni til trafala og leiðir af sér undirheimsrekstur og undirheimsverð.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Er á döfinni að settar verði snarpari reglur sem lúta að því að gjaldtökusamningar milli fjarskiptafyrirtækja og neytendahópa verði gerðir gagnsæir þannig að hægt verði að fylgjast með þeim? Annars er hættan sú að hinn almenni neytandi verði látinn borga niður þjónustuna við stórneytendurna. Við rekum okkur á það á svo mörgum sviðum, hvort sem er í raforku, vöruinnflutningi eða flutningum, og mér kæmi ekki á óvart þó að sú staða væri einnig í fjarskiptum. Og það getur ekki verið tilgangur samkeppninnar, að efla og styrkja samkeppni, ef hún á að fara fram í krafti leyndar og samninga sem fram fara undir borðum en almenningur síðan látinn bera kostnað af því sem út af ber.

Herra forseti. Ég gleðst yfir því að hæstv. samgrh. tók undir það að afla upplýsinga um þessar gjaldskrár hjá hinum ýmsu símafyrirtækjum, hjá fjarskiptafyrirtækjum, sem gætu komið inn í þessa umræðu þannig að hægt yrði að beita sér fyrir því eins og kostur væri að reglur um gjaldskrár yrðu einfaldaðar og þær gerðar sem sýnilegastar.

Virðulegi forseti. Þetta mál kemur síðan til hv. samgn. þar sem ég á sæti og þar gefst tækifæri til að fjalla ítarlegar um það. En ég legg áherslu á það að fjarskipti eru grunnalmannaþjónusta okkar Íslendinga, tengir okkur saman sem þjóð og við eigum það undir þeim að jöfnuður verði á milli þjóðfélagsþegna óháð búsetu, samkeppnishæfni atvinnulífs verði jöfn og sterk hvar sem er á landinu.

En einnig er í gegnum þessa þætti hægt að beita mismunun. Gegn henni þarf að verjast. Ég held, virðulegi forseti, að lykillinn að þessu sé m.a. að við höldum helst 100% eign okkar í Landssímanum og beitum styrk hans til þess að efla fjarskiptaþjónustuna, standa vörð um þjónustugæðin og beita eignarhaldi okkar, þjóðarinnar allrar, í gegnum hlutabréfið til þess að svo megi verða.

[14:53]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil í lok þessarar umræðu þakka hv. þingmönnum fyrir ágætar undirtektir við það frv. sem hér er til meðferðar en vil síðan vekja athygli á því, ekki síst vegna þess sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að staðreyndin er sú að það er komin á samkeppni í fjarskiptum á Íslandi sem er í samræmi við þá löggjöf sem við höfum sett og það er í samræmi við þær reglur sem við höfum undirgengist á hinu Evrópska efnahagssvæði. Þar með gildir það að við getum hvorki mismunað fyrirtækjum með framlögum né mismunað fyrirtækjum með því að leggja mismunandi kvaðir á fjarskiptafyrirtækin umfram það sem við gerum gagnvart markaðsráðandi fyrirtækjum. Þetta er afar mikilvægt að undirstrika hér.

Eins vil ég vegna þess sem kom fram hjá hv. þingmanni minna á að í kjölfar samkeppni á fjarskiptamarkaði og vegna geysilega örra tæknibreytinga hefur okkur tekist að ná miklum árangri á sviði fjarskiptanna. Staðan er sú í dag að notkun fjarskipta og tölvutækni, gagnaflutningar, farsímanotkun o.s.frv. er með því sem best gerist í veröldinni, hér hjá okkur á Íslandi, bæði þjónustan og uppbyggingin og það sem er mikilvægast, verðið á þessari þjónustu er mjög hagstætt fyrir okkur Íslendinga enda notum við mikið bæði tölvur og síma. Það skiptir því miklu máli að svo vel hefur tekist til með að koma á samkeppni og uppbyggingu á þessum sviðum þjóðinni til mikilla hagsbóta. Staða okkar er sterk, staða okkar á sviði fjarskiptanna sérstaklega er mjög sterk.

[14:56]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek alveg undir það með hæstv. ráðherra að staða okkar í fjarskiptum er sterk enda hafa öflug og góð fjarskipti kannski meiri þýðingu fyrir okkur en margar aðrar þjóðir. Það er líka fagnaðarefni að verð á þessari þjónustu, a.m.k. almennri grunn- og fjarskiptaþjónustu, hefur verið hér með því lægsta sem gerist í heiminum og það held ég að sé einmitt að þakka því að við höfum búið við það að sími þjóðarinnar allrar, Landssími Íslands, hefur þar staðið að og þjóðin haft metnað til þess að efla og styrkja fjarskiptin til allra landshluta og til allra neytenda.

Það er allt gott um það að koma á samkeppni í ákveðnum þáttum fjarskipta þar sem því verður við komið á eðlilegan hátt, það er bara hið besta mál. En þess mikilvægara er að fleiri grunnþættir fari inn í hina skilgreindu alþjónustu sem allir landsmenn geta átt aðgang að. Það er mjög mikilvægt að það gerist. Þess vegna hef ég lagt áherslu á að GSM-þjónustan og breiðbandsþjónustan komi inn í alþjónustuna og verði byggð upp um allt land. Þetta tel ég líka mjög mikilvægt.

Ég vil kannski spyrja hæstv. ráðherra hér í andsvari: Hefur hann hugleitt hvort það sé mögulegt að koma inn í að efla fjarskiptakerfið í því átaki sem núna er verið að gera í samgöngumálum? Eru einhver skilgreind verkefni sem þegar í stað væri hægt að hleypa af stokkunum eða ýta hraðar á eftir í eflingu fjarskiptakerfisins, einmitt í tengslum við þetta átak í samgöngumálum sem hæstv. samgrh. boðaði í gær?

[14:58]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Uppbygging fjarskiptakerfisins er á vegum fjarskiptafyrirtækjanna og rétt að undirstrika það. Það eru ekki áform um að setja neina sérstaka fjármuni inn í það enda mundi það þá verða að gerast með einhverjum skilgreindum hætti sem ekkert liggur fyrir um. Það eru engin áform um að leggja fjármuni til uppbyggingar í samgöngukerfinu umfram það sem fyrirtækin eru að gera, fyrir utan það sem kom hér fram fyrr þar sem um er að ræða svokallað FS-net þar sem ríkissjóður hefur boðið út tiltekna þjónustu og greiðir fyrir hana. Hún er afar mikilvæg og mun skapa mennta-, rannsókna- og ríkisstofnunum hvers konar algerlega nýja

aðstöðu með 100 megabæta flutningsgetu um allt land. Það skiptir mjög miklu máli.

Við erum á mjög góðu róli í þessu og í raun í miklu betri stöðu en við t.d. uppbyggingu vegakerfis. Þess vegna leggjum við svo mikla áherslu á uppbyggingu vegakerfisins með ríkisframlögum, og með útboðum eins og á FS-netuppbyggingunni. Þannig er leyst úr þeim málum á vegum þeirra aðila sem þar að koma. Ég sé því enga sérstaka ástæðu til þess að hafa áhyggjur af þessu eins og sakir standa.

[15:00]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvert átak sem ráðist er í er fagnaðarefni. Ég tek undir með hæstv. ráðherra, að það er afar mikilvægt að tengja skóla og menntastofnanir öflugu fjarskiptakerfi, bæði innbyrðis og þannig að þeir hafi aðgang að þeim möguleikum sem öflugt fjarskiptakerfi býður upp á. Það er mjög mikilvægt.

Engu að síður erum við líka að tala um afar mikilvæga þætti til þess að styrkja og efla atvinnulíf og búsetu um allt land í gegnum fjarskiptakerfið. Við höfum hér t.d. talað um breiðbandsvæðingu Norðausturlands sem þarf ekki mikla fjárveitingu til. Við höfum talað um GSM-símakerfið sem skiptir líka miklu máli fyrir samkeppnishæfni atvinnulífs og búsetu. Ég tel að bara í þessum tveim þáttum mætti taka virkilega á við að efla og styrkja atvinnulíf og byggð um allt land ef til þess væri veitt aukið fé og aukið fjármagn, þ.e. átak á ákveðnum stöðum, ákveðnum svæðum. Ég skora á hæstv. ráðherra og Alþingi að í meðförum þessa máls sem núna liggur fyrir um aukið fjármagn til samgöngumála verði einnig skoðað hvort auka megi fjárveitingar til ákveðinna átaksverkefna í fjarskiptamálum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lágmarkslaun, 1. umr.

Frv. GE o.fl., 313. mál. — Þskj. 338.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögbinding lágmarkslauna, fyrri umr.

Þáltill. GE o.fl., 314. mál. — Þskj. 339.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög, 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 410. mál (réttur alþingismanna til upplýsinga). — Þskj. 513.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þingsköp Alþingis, 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 411. mál (upplýsingar um hlutafélög). — Þskj. 514.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðaþingmannasambandið 2002, 607. mál, skýrsla ÍAÞ, þskj. 970.

Norrænt samstarf 2002, 605. mál, skýrsla ÍNR, þskj. 966.

Skráning skipa, 3. umr.

Stjfrv., 157. mál (þurrleiguskráning fiskiskipa). — Þskj. 956.

[15:04]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við erum hér í 3. umr. um frv. til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa. Í raun og veru er efni þess það að heimila þurrleiguskráningu íslenskra fiskiskipa.

Herra forseti. Áður en þetta mál verður afgreitt héðan frá hv. Alþingi held ég að rétt sé að fara nokkuð vel yfir það, aðdraganda þess og hvaða sjónarmið hafa komið fram í málinu. Ég tel, herra forseti, og vil láta það koma í ljós nú í upphafi máls míns, að með lögfestingu þeirra ákvæða sem hér er verið að leggja til sé verið að vinna mikið óhappaverk. Mörg rök hníga að því að svo sé.

Herra forseti. Ég held að ég geri best til þess að varpa nokkru ljósi á þetta mál að byrja að vitna örfáum orðum í umsögn meiri hluta sjútvn. frá 14. mars 2002. Þar segir, með leyfi forseta:

„Verði þetta frumvarp að lögum verður bæði auðveldara og ódýrara fyrir íslenskar útgerðir að sækja á erlend mið en nú er.“

Þessi fullyrðing er sett fram, herra forseti. En mér er ekki kunnugt um það að á neinum stigum þessa máls hafi verið lögð fram dæmi sem sanna þennan málflutning, sem sanna að málin séu þannig í pottinn búin að þá verði miklu auðveldara og ódýrara fyrir íslenskar útgerðir að sækja á erlend mið en við núverandi ástand.

Ég hygg nefnilega að besta leiðin til þess að sækja á erlend mið og sú hagkvæmasta fyrir íslenskar útgerðir sé ekki að fara þessa þurrleiguleið heldur þegar íslenska ríkið gerir beina samninga um veiðiheimildir við önnur ríki, eins og hefur verið gert t.d. við Norðmenn og Rússa um veiðar uppi í Barentshafi. Ég tel algjörlega ósannað að það fyrirkomulag sem á að taka upp með þessu frv. færi okkur og útgerðunum verulega hagsmuni.

Herra forseti. Í þessari umsögn meiri hluta sjútvn. segir einnig, með leyfi forseta:

„Ákveði Alþingi að veita heimild í lögum til þurrleiguskráningar verður að tryggja að með því sé ekki unnið gegn heildar- og langtímahagsmunum Íslands.“

Einnig segir í umsögninni, með leyfi forseta:

„Leiða má að því líkur að kostnaður útgerðarinnar vegna veiðanna sé minni sigli skipið undir erlendum fána ...“

Ég endurtek: „Leiða má að því líkur“. Ég ætla sem sagt að halda því fram að það sé ósannað að svo sé. Það hefur ekki verið sýnt fram á það með beinum dæmum í öllum þessum málflutningi að þessar fullyrðingar fái staðist, séu sannaðar, enda orðar meiri hluti sjútvn. textann með þessum hætti, þ.e. að leiða megi að því líkur. Það er sem sagt ekki sannað mál.

Á undan segir, með leyfi forseta:

„Spyrja má hvað valdi því að íslenskar útgerðir kjósi fremur að stunda veiðar á alþjóðlegum hafsvæðum undir fánum erlendra ríkja en undir íslenskum fána.“

Síðan kemur þessi setning sem ég vitnaði til áðan.

Svo segir, með leyfi forseta:

„... og þá einkum launakostnaður því íslensk lög og íslenskar reglur og þar af leiðandi íslenskir kjarasamningar gilda ekki um þessi skip.“

Þarna er verið er að vitna til kostnaðarins. Það er sem sagt eingöngu verið að færa fram þau rök að launakostnaður íslenskra sjómanna náist niður og að íslenskir kjarasamningar gildi ekki.

Síðan segir áfram, með leyfi forseta:

„Hagsmunir sjómanna og heildarhagsmunir þjóðarinnar fara því saman í þessu efni ...“

Herra forseti. Ég ætla að endurtaka þessa setningu:

„Hagsmunir sjómanna og heildarhagsmunir þjóðarinnar fara því saman í þessu efni og þessa hagsmuni ber að vernda.“

Herra forseti. Þessa hagsmuni ber að vernda, segir hér og svo kemur, með leyfi forseta:

„Það er álit nefndarinnar, verði frumvarpið samþykkt, að það verði að vera skýrt að þurrleiguskráning sé óheimil fari hún á einhvern hátt gegn hagsmunum Íslands og að þeir hagsmundir séu ávallt teknir fram yfir stundarhagsmuni einstakra útgerða.“

Herra forseti. Hér segir að hagsmunir Íslands séu teknir fram yfir stundarhagsmuni íslenskra útgerða.

Í þessu frv. er því miður verið að taka stundarhagsmuni einstakra útgerða e.t.v. fram yfir hagsmuni Íslands vegna þess að verið er að taka niður launakjör sjómanna. Það er verið að færa Ísland undir hentifánahagsmuni. Við erum að verða hentifánaríki að þessu leyti.

Ég spyr enn, herra forseti: Hvar eru dæmin um þær útgerðir þar sem hagsmunir Íslands, íslenskra sjómanna og einstakra útgerða fara saman að þessu leyti? Miðað við umsögn meiri hluta sjútvn. liggur það alveg skýrt fyrir að í þeirri umsögn meiri hlutans voru menn að túlka þetta með þeim hætti að þessir hagsmunir yrðu að fara saman, þ.e. hagsmunir Íslands, hagsmunir íslenskra sjómanna og einstakra útgerða, til þess að menn treystu sér til að mæla með þessu frv. enda er ekki hægt að lesa það út úr umsögn meiri hluta sjútvn. að menn hafi beinlínis mælt með þessari lagasetningu.

Svo segir neðar í umsögninni, með leyfi forseta:

„Þegar um alþjóðleg hafsvæði er að ræða verðum við að gera þá kröfu að þær veiðar sem við stundum gangi ekki gegn skynsamlegum stjórnunar- og verndunarsjónarmiðum.“

Hvernig skyldu menn skilja þetta ef þeir skoðuðu nærtæk dæmi hér í kringum okkur, þ.e. að þær veiðar sem við hyggjumst stunda gangi ekki gegn skynsamlegum stjórnunar- og verndunarsjónarmiðum? En það kemur skýring, herra forseti, í þessari umsögn meiri hluta sjútvn. á þessari setningu. Hún er svona, með leyfi forseta:

„Sem ábyrg fiskveiðiþjóð verðum við að tryggja að þessi sjónarmið séu í heiðri höfð jafnvel þótt aðrar þjóðir“ — takið eftir — „telji sér það ekki skylt.“

Hér segir að sjónarmið um verndun og ábyrgar fiskveiðar verði tryggð, í heiðri höfð af okkur Íslendingum jafnvel þó að aðrar þjóðir telji sér það ekki skylt.

Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls bað ég um að hér yrðu nefnd einhver dæmi, að sá maður sem hefur knúið það fram að þetta mál skyldi tekið hér til endanlegrar afgreiðslu, þ.e. hæstv. samgrh., kæmi með dæmin hér á borðið, legði þau fyrir okkur, sýndi okkur fram á hvaða dæmi væru sýnileg fram undan um að íslenskar útgerðir gætu farið að veiða og uppfyllt þau skilyrði sem hafa verið sett hér inn í lagatextann, að því er meiri hluti samgn. telur, um að hagsmunir Íslands séu í fyrirrúmi, að hagsmunir íslenskra sjómanna séu í fyrirrúmi og að hagsmunir einstakra útgerða séu í fyrirrúmi, og uppfylli jafnframt það skilyrði, herra forseti, að veiðar okkar, hvar svo sem við hefjum þær, innan eða utan lögsögu annarra ríkja, úr skiptum stofnum eða óskiptum, teljist ábyrgar af okkar hálfu. Meira að segja er sett svo strangt skilyrði um þetta að menn telja að við verðum að hafna því að taka þátt í slíkum veiðum jafnvel þó að aðrar þjóðir telji sér það ekki skylt.

Ætli það verði ekki að skilja þetta þannig, herra forseti, að þar sem ráðgjöf hefur verið gefin út um veiðar á stofnum og ekki hefur verið farið eftir henni í ákvörðunum stjórnvalda — við skulum segja sem svo að Alþjóðahafrannsóknaráðið hafi gefið ráðgjöf um veiðar úr einstökum stofnum, fiskifræðingar í Noregi og Rússlandi hafi lagt til ákveðna veiðitölu í Barentshafi, sem þeir hafa reyndar gert undanfarin þrjú ár, og það hafi verið samþykkt á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins að það væri rétt ráðgjöf og eftir henni bæri að fara, svo ákveða þjóðirnar Rússland og Noregur sameiginlega að auka veiðarnar í Barentshafi verulega umfram ráðgjöfina, sem reyndar hefur átt sér stað í nokkur ár. Síðan held ég að það sé nokkuð vitað, herra forseti, að veiðin fer oft talsvert fram úr jafnvel þeim leyfða afla í Barentshafinu og þá kemur auðvitað spurningin, herra forseti: Verður ekki að skilja þessi viðvörunarorð í meirihlutaumsögn sjútvn. og þá texta sem settir hafa verið hér inn í frv. um að sjútvrh. telji að veiðarnar sem íslensku skipin ætla að fara að stunda undir þurrleigufána séu ábyrgar og valdi ekki skaða, séu ekki að mynda veiðireynslu fyrir fánaríkin, sem þau gera náttúrlega yfirleitt í öllum tilvikum þegar við flöggum skipunum undir fána annarra ríkja, og að jafnvel þó að öðrum þjóðum þyki þær veiðar sem í boði eru eftirsóknarverðar beri okkur sem ábyrgri fiskveiðiþjóð að taka afstöðu á þann hátt að hefja ekki slíkar veiðar, taka ekki þátt í þeim?

Herra forseti. Ég held að ég hafi dregið hér fram í máli mínu að í fyrsta lagi sé ekki verið að vernda íslensk kjör. Kjör íslenskra sjómanna eru beinlínis lögð til hliðar. Og ef einhver atvinnutækifæri felast í þessari lagabreytingu er beinlínis verið að ætlast til þess að íslenskir sjómenn vinni á lægri launum en þeir þiggja á sömu skipum í dag við sams konar veiðar, herra forseti, þótt á öðrum hafsvæðum séu. Það liggur því alveg fyrir að sá ávinningur sem íslenskum

sjómönnum er ætlaður í þessu er sá að fara á lakari kjör, jafnvel þó að menn starfi verulega fjarri heimilum sínum.

Það liggur líka fyrir, herra forseti, að þegar við förum að veiða á þurrleiguskráningu undir fána annarra ríkja erum við að vinna inn veiðireynslu í öllum tilvikum fyrir þau ríki sem við erum búin að skrá skipin undir. Þar þjónum við ekki hagsmunum Íslands í neinu tilviki svo mér sé kunnugt um, a.m.k. ekki hér í Norður-Atlantshafinu.

Ég fæ ekki betur séð, herra forseti, eins og frv. er uppbyggt, en að þurrleiguskráningin muni eingöngu vinna gegn hagsmunum Íslands. Þegar maður hefur spurt hér um dæmi, eins og ég óskaði reyndar eftir í 2. umr., koma akkúrat engin svör, herra forseti. Þar sem þau svör hafa ekki komið óska ég eftir því, herra forseti, að hæstv. samgrh. eða sjútvrh. mæti hér til þessarar umræðu og geri okkur grein fyrir því með svörum við þessum spurningum í hverju hagsmunirnir liggja. Ég fer fram á það að annar hvor þeirra verði beðinn að mæta hér.

(**Forseti** (GÁS): Það er von á hæstv. samgrh. hingað innan tíðar. — Forseti veit ekki hvort það verður kannski alveg á næstu sekúndum.)

En mér er þá ekki alveg ljóst, herra forseti, hvort ég á að halda áfram ræðu minni.

(**Forseti** (GÁS): Forseti býður hv. þingmanni upp á það að gera hlé á ræðu sinni ef hann kýs það.)

Já, ég held að ég geri stutt hlé á ræðu minni, herra forseti.

Umræðu frestað.

Tryggur lágmarkslífeyrir, fyrri umr.

Þáltill. GAK og SvH, 225. mál. — Þskj. 228.

[15:21]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um tryggan lágmarkslífeyri. Flm. ásamt mér er hv. þm. Sverrir Hermannsson.

Tillögugreinin hljóðar svo:

Alþingi ályktar að bæta skuli þjóðfélagsstöðu lífeyrisþega sem fá minni lífeyri greiddan úr lífeyrissjóði sínum en 40 þús. kr. á mánuði með því að breyta bótareglum almannatrygginga þannig að lífeyrisgreiðslur undir 40 þús. kr. á mánuði skerði ekki grunnlífeyri, tekjutryggingu, heimilisuppbót eða aðrar bætur lífeyrisþegans. Fyrir hverjar 10 þús. kr. sem lífeyrir er umfram 40 þús. kr. verði skerðing $^1/_4$ þess sem nú er, minnki sem sagt niður í $^3/_4$, og fyrir hverjar 10 þús. kr. sem lífeyrir er umfram 50 þús. kr. verði skerðing $^1/_2$ þess sem nú er og fyrir hverjar 10 þús. kr. umfram 60 þús. kr. $^3/_4$ þess sem nú er.

Herra forseti. Þessari tillögu fylgir svofelld greinargerð:

Tillaga þessi er flutt til þess að fá fram hver vilji meiri hluta Alþingis er gagnvart þeim lífeyrisþegum sem búa við lökust lífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum. Hér er í flestum tilfellum um að ræða fólk sem á starfsævi sinni hafði frekar lág laun eða naut ekki greiðslu af launum sínum í lífeyrissjóð að hluta eða öllu leyti fyrr en of seint miðað við aldur til þess að öðlast lífeyri sem dugar til framfærslu á efri árum.

Vitað er að lífeyrisgreiðslur eru enn of lágar til þess að geta verið meginstoð lífeyrisþega. Sú aðferð sem hér er lögð til leiðir til þess að greiðsla úr lífeyrissjóði undir 40 þús. kr. á mánuði skerðir engar bætur sem lífeyrisþeginn fær út úr almannatryggingum. Útfærslan virkar einnig þannig að eftir því sem fleiri landsmenn fá hærri lífeyri en 40 þús. kr. á mánuði, en þeim fjölgar vonandi hratt á næstu árum, fækkar þeim sem njóta þessarar reglu að öllu leyti, sem leiðir til þess smám saman að kostnaður ríkissjóðs minnkar. Rétt er að vekja athygli á því að eins og reglan er útfærð minnkar hún svokölluð jaðarskattaáhrif. Verði tillagan samþykkt og framkvæmd eftir efni sínu verður hagur lífeyrisþega með lágan lífeyri mun tryggari en nú er.

Herra forseti. Ég held að það sé rétt að segja frá því að á sl. hausti gerði ríkisstjórnin samkomulag við Landssamband eldri borgara um það m.a. að ganga í nokkra átt að því efni sem hér er lagt til en þó ekki nándar nærri eins og tillagan gerir ráð fyrir. Það var hins vegar gert þannig að skerðingin, sem var 67%, var með samkomulagi við Landssamband eldri borgara lækkuð niður í 45%. Var það samþykkt hér á hv. Alþingi og er það vissulega til bóta. Sú tillaga er efnislega sú sama og ég er að kynna hér nema tillaga mín gengur einfaldlega mun lengra og hefði í raun tryggt það að rauntekjur þeirra, sem eiga þetta lágan lífeyri eins og hér er notað sem viðmiðun og eru jafnframt á bótum almannatrygginga, eftir skatta hefðu hækkað um á bilinu 12–15 þús. kr. Þetta hefði jú þýtt það að jaðarskattaáhrifin á bæturnar hefðu horfið, a.m.k. af 40 þús. kr., og síðan minnkað af hverjum 10 þús. kr. þar á eftir uns 70 þús. kr. var náð, og þá hefði skerðingin sem sagt verið sú sama og nú hefur verið samið um. Að öðru leyti hefði staða lífeyrisþeganna batnað sem þessu nemur. Eftir sem áður hefðu auðvitað lífeyrisþegar eins og aðrir greitt tekjuskatta og útsvar af þeim tekjum sem væru umfram skattleysismörk en ekki verið nánast tvískattaðir eins og nú er, þ.e. að fyrst eyðir lífeyrisrétturinn bótaréttinum og síðan er skattlagt það sem umfram skattleysismörk er.

Við flm., herra forseti, teljum að þessi útfærsla hefði verið þeim sem lökust eiga réttindi í lífeyrissjóði til mikilla bóta. Þó að það sé sagt hér í greinargerð að á næstu árum muni lífeyrisréttindi fólks almennt lagast miðað við það sem nú er verður samt að geta þess, herra forseti, að á undanförnum árum hefur ávöxtun margra lífeyrissjóðanna ekki verið sem skyldi. Eignastaðan í lífeyrissjóðunum, sem menn reiknuðu með að héldi áfram að vaxa, hefur kannski ekkert vaxið í sumum lífeyrissjóðunum undanfarin þrjú ár. Þvert á móti hefur ávöxtunin verið neikvæð.

Það kann því að vera lengra í það, herra forseti, heldur en almennt hefur verið gert ráð fyrir í umræðum, m.a. hér á Alþingi, að innan 15–20 ára, sumir hafa jafnvel nefnt 10 ár, yrði megintekjustoð allra lífeyrisþega orðin úr lífeyrissjóðum en ekki frá almannatryggingabótum. Ég hygg að þetta sé of mikil bjartsýni miðað við það hvernig málin hafa þróast. Eftir sem áður er alveg ljóst að það verður alltaf einhver hópur í þjóðfélagi okkar sem mun eignast mjög lítinn lífeyri, annars vegar vegna þess að það er til fólk, því miður, sem starfar á mjög lágum launum og greiðir af þeim ekki háar upphæðir í lífeyrissjóð og eignast þar af leiðandi lítil lífeyrisréttindi, þar sem réttindin eru tengd inngreiðslum sem hlutfalli af tekjum. Í annan stað er auðvitað enginn tryggging fyrir því til framtíðar litið, eins og dæmin sanna núna um ávöxtun lífeyrissjóðanna, að lífeyrissjóðirnir verndi rétt þeirra peninga sem lagðir hafa verið inn og ávaxti hann með þeim hætti sem menn hafa gert sér vonir um.

Þess vegna er, herra forseti, orðið meira en tímabært að líta til þess hvernig lífeyrisréttindi eru almennt skattlögð.

Með því að fara þá leið sem hér er lögð til hefðu menn verið að samþykkja að þeir sem áttu minnstan lífeyri í lífeyrissjóðum og höfðu meginlifibrauð sitt af almannatryggingum nytu þess og yrðu minnst skertir, við værum í raun og veru með þessari útfærslu að hækka rauntekjur bótaþeganna um 12–15 þús. kr., eins og ég nefndi, og það er ekki vanþörf á, herra forseti, þegar rætt er um aldraða og öryrkja sem eru þeir sem mest njóta í bótum almannatrygginga og þurfa mest á því að halda.

Hluti af hugsuninni í þessari tillögu er sem sagt, eins og ég gat um áður, að með samningum við Landssamband eldri borgara var farið inn í pakka sem var samið um milli ríkisstjórnarinnar og landssamtakanna á sl. ári, og vissulega er það vel. En við teljum að fara hefði mátt þá leið sem við leggjum hérna til.

Síðan er það annar handleggur, herra forseti, sem vel má ræða undir þessari tillögu að skattlagning lífeyrisgreiðslna yfir höfuð mál er sem þarf að skoða. Það er auðvitað svo þegar menn leggja fé sitt inn í lífeyrissjóð og ávaxta það þar í áratugi endar það með því að ef menn eiga peningasafnið inni í 40 ár, þ.e. frá því menn byrjuðu að greiða í lífeyrissjóð og fara síðan að taka út lífeyri á elliárunum, þá er meginútgreiðslan til lífeyrisþeganna ekki það sem menn borguðu inn heldur vaxtatekjur. En þá gerist það að lífeyristekjurnar eru skattlagðar eins og hverjar aðrar tekjur en þeir sem eiga hins vegar fjármagn í banka og hafa ávaxtað það þar borga 10% skatt af sinni ávöxtun. Það er alveg hægt að færa rök fyrir því, herra forseti, að yfir 60% af útgreiðslum til lífeyrisþega eftir að hafa lagt fyrir alla ævina eru ávöxtunartekjur, ávöxtun af því fé sem þeir hafa smátt og smátt lagt inn í lífeyrissjóð og mikill minni hluti útgreiðslunnar, teknanna þegar þær eru greiddar út eru þá í raun og veru uppsöfnuð laun.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[15:31]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í tillögu þeirri sem við ræðum hér er lagt til að stærri hluti af lífeyrisgreiðslum úr lífeyrissjóði skerði ekki bætur almannatrygginga. Þetta er góð hugsun eins og vel flest en þetta ruglar kerfið vegna þess að við búum við þann vanda að eftir því sem við gerum lágmarksbætur almannatrygginga hærri, þá þarf að skerða greiðslur úr lífeyrissjóði meira nema við viljum upplifa þá stöðu að lífeyrisþegar sem eru með bætur úr almannatryggingum og lífeyrissjóði verði með hærri tekjur en meðan þeir voru að vinna. Það gengur ekki heldur vegna þess að þeir sem eru vinnandi borga bætur almannatrygginga beint með sköttum sínum. Og þá er verið að láta fólk með lægri ráðstöfunartekjur borga bætur til annars fólks sem er með hærri ráðstöfunartekjur. Þetta er sá vandi sem við stöndum alltaf frammi fyrir.

Ef við ætlum að fara að veita stærri hluta úr lífeyrissjóðunum til lífeyrisþega án skerðingar kemur upp sú staða að fólk, sérstaklega lágtekjufólk, verður með lægri tekjur en sambærilegir aðilar sem komnir eru á lífeyri og það gengur ekki upp. Það er mjög varasamt að rugga þessum báti mjög mikið. Það þarf að gera að mjög vel yfirveguðu máli og menn þurfa að hafa skoðað mjög nákvæmlega hvaða áhrif það hefur í þjóðfélaginu. Ég vil benda á að enda þótt meðallaun séu nokkuð rífleg í sumum stéttum, sérstaklega hjá sjómönnum, eru líka til aðrar stéttir sem eru með mjög lág laun. Það þekkjast laun 120–150 þús. kr. og ef menn eiga að geta fengið 40 þús. kr. úr lífeyrssjóði án skerðingar, þá eru þeir komnir upp í þau laun með lágmarksbótum almannatrygginga sem eru 93 þús. kr., lágmark til aðila, þannig að menn geta verið með 133 þús. kr. úr lífeyrissjóði og almannaryggingum án skerðingar þannig að þetta þarf dálítið að íhuga.

Það sem olli því að ég kom upp í ræðustól var síðasta athugasemd hv. þm. um að stór hluti af lífeyri væru verðbætur og vextir. Það er hárrétt. En það gleymist í því sambandi að iðgjöld í lífeyrissjóð hafa nánast alltaf verið frádráttarbær frá skatti. Iðgjöld atvinnurekenda, 6%, hafa ætíð verið frádráttarbær og iðgjöld launþega hafa nánast alltaf verið frádráttarbær nema á árunum 1989, ef ég man rétt, til 1997. Þá voru þau sett inn í sérstaklega háan persónuafslátt sem var hækkaður mjög mikið til þess að taka yfir m.a. iðgjöld í lífeyrissjóð þegar staðgreiðslan var tekin upp. Þetta hafði það í för með sér að maður sem lagði fyrir 10 þús. kr. af tekjum sínum í lífeyrissjóð fékk vexti og verðbætur á alla upphæðina. En annar maður sem keypti spariskírteini fyrir sömu upphæð hafði ekki nema 6 þús. kr. til ráðstöfunar eftir að hafa borgað 4 þús. kr. í skatt. Hann gat því ekki ávaxtað nema 6 þús. kr. og fær þá fjármuni, vexti og verðbætur. Síðan þegar kemur að töku lífeyris hjá þeim sem borgar í lífeyrissjóð, þá fær hann tíuþúsundkallinn plús vexti og verðbætur og er sem sagt búinn að fá vexti og verðbætur á það sem hann hefði greitt í skatt. Þetta leiðir til þess að hann er jafnvel betur settur hafandi borgað í lífeyrissjóð en hinn sem borgaði fyrst 40% af tekjunum í skatt og keypti síðan spariskírteini vegna þess að lífeyrissjóðirnir borga ekki fjármagnstekjuskatt en það munar ekkert mjög miklu, þetta er mjög svipað. Þetta er ekkert annað en frestun á skattlagningu. Og sú hugsun sem menn hafa verið að segja að $^2/_3$ hlutar lífeyrisgreiðslna væru vextir og verðbætur og ættu að falla undir 10% skatt, er rökleysa og kemur auk þess aðallega hátekjulífeyrisþegum til góða. Þeir sem eru með kannski 200–300 þús. kr. í lífeyri, bankastjórar og slíkir, mundu njóta þess sérstaklega en aðrir sem eru nálægt skattleysismörkum mundu í engu njóta þess því þeir borga engan eða lítinn skatt.

[15:36]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara gera þá athugasemd að iðgjöld í lífeyrissjóð voru náttúrlega skattlögð á árum áður en hafa um nokkurra ára skeið verið frádráttarbær en því verður ekkert á móti mælt að megnið af lífeyristekjum, sem menn taka úr lífeyrissjóði mánaðarlega þegar þeir fara að taka lífeyri, eru tekjur sem hafa myndast af fjármagninu inni í sjóðunum. Þar af leiðandi væri eðlilegt að hluti lífeyrisgreiðslnanna, miðað við þær skattgreiðslur sem við erum með af fjármagni í dag, væri samræmdur við það.

Ef það er vandamál, herra forseti, að fólk geti haft tekjur upp á 130 þús. án þess að fara fyrst í jaðarskattagreiðslur eins og er núna því að viðbótargreiðslurnar skerða bæturnar eins og þetta er í dag og ég vona að hv. þm. hafi tekið þátt í því með okkur hinum hv. þm. í Alþingi að greiða því atkvæði að lækka þessa skerðingu úr 67% niður í 45% sem samið var um við eldri borgara á síðasta hausti. Ég er að færa rök fyrir því að óeðlilegt sé að láta skerðinguna virka og hún eigi ekki að virka á þessar lægstu greiðslur úr lífeyrissjóðunum.

Einnig er hægt að fara aðra leið í þessu máli og það er að hækka persónuafslátt og þá njóta allir sem hafa lægstar tekjurnar og ég vona að hv. þm. geti verið mér sammála um að það kæmi sér vel fyrir alla sem eru með lágar tekjur.

[15:38]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Alla tíð hafa iðgjöld launagreiðenda í lífeyrissjóð verið frádráttarbær frá skatti, frádráttarbær frá hagnaði fyrirtækja. Fyrirtæki hafa aldrei greitt skatt af iðgjaldinu í lífeyrissjóð, 6%, sem er stærsti hlutinn af greiðslum í lífeyrissjóð. Alla tíð nema frá árinu 1989 þegar staðgreiðsla var tekin upp til 1997 var hluti launþega í lífeyrissjóð frádráttarbær, alla tíð, þannig að menn hafa ekki borgað skatt af þeim tekjum sem geymdar eru í lífeyrissjóði. Það er frestun á skattlagningu. Lífeyrissjóðirnir fá þar með ávöxtun á skattinn sem menn hefðu greitt og það segir bara það að þegar menn síðan borga skatta, 40%, þá er það nákvæmlega það sama eins og ef þeir hefðu borgað skatt strax og ekki fengið vexti af þeim. Þessi hugsun er því ekki rökrétt.

Varðandi það að menn með 130 þús. fái óskertar bætur. Ég benti á að þá kæmi upp misræmi í kerfinu. Það er grundvallaratriði að menn eiga ekki að hafa betri bætur fyrir eitthvert tjón eða eitthvað sem þeir verða fyrir en þeir höfðu áður. Menn eiga ekki að hækka í launum við það að fá bætur úr almannatryggingum eða frá velferðarkerfinu miðað við það sem þeir höfðu í laun áður. Það er grundvallaratriði.

Það að hækka persónuafsláttin er stefna sem sumir vilja en svo eru aðrir sem halda því fram að það sé betra að fleiri taki þátt í að borga velferðarkerfið. Í flestum löndum eru skattleysismörkin miklu lægri en hérna. Það er í mjög fáum löndum sem heilar 70 þús. kr. eru skattfrjálsar.

[15:40]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í að deila um sjónarmið okkar um álagningu skatta og sérstaklega á eldri borgara og öryrkja. Ég lýsi þeirri almennu skoðun minni að ég tel að bæta eigi kjör þeirra sem lægst hafa launin og þeirra sem þurfa að lifa af bótum almannatrygginga, hvort sem menn vilja gera það með hækkun persónuafsláttar eða þeirri efnislegu tillögu sem við höfum lagt hér fram sem þáltill., sem vonandi fær þá efnislega afgreiðslu í efh.- og viðskn. eða félmn. um það hvernig þessu verði best fyrir komið. Ég tók hins vegar eftir því, eins og ég gat um fyrr í máli mínu, að á síðasta hausti tóku eldri borgarar undir þá hugsun og um það var samið við ríkið að lækka skerðinguna, að vísu ekki eins og við lögðum hana til heldur lækka hana úr 67% niður í 45%. Ég held því að það liggi alveg fyrir að menn féllust á þá kröfu frá samtökum eldri borgara og ég tel, herra forseti, að bæta þurfi kjör þeirra meira en orðið er og það væri auðvitað hægt að gera m.a. með persónuafslætti. En það er líka hægt að gera með því að draga úr jaðarskattaáhrifum þannig að fólk finni hjá sér hvöt til þess að hafa einhverjar aðrar tekjur.

[15:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Vandinn er sá að hv. þm. er að biðja um skattahækkun. Hann er að biðja um skattahækkun vegna þess að þær bætur sem hann vill auka verður að greiða einhvern veginn og þær eru greiddar af launþegum landsins. Þær eru greiddar af sjómönnum, landverkafólki, verkamönnum og iðnaðarmönnum, þær eru greiddar af öllum borgurum þessa lands. Og mér skilst að menn séu ekkert voðalega hrifnir af því hvað skattarnir eru miklir. Ef við hækkum t.d. bætur almannatrygginga um 10 þús. kall á hvern mann á mánuði, þá eru það 100 þús. kr. á ári, rúmlega. Það eru 30 þúsund bótaþegar og það hægt er að reikna út að það mundu vera 3 milljarðar sem þetta mundi kosta. Það þýðir bara skattahækkun sem því nemur þannig að þeir sem eru að biðja um að bæta stöðu lífeyrisþega og annarra, sem ég er alveg sammála að þyrfti að skoða, eru í rauninni að biðja um skattahækkun. Þarna þarf að finna hinn gullna meðalveg milli þess að leggja miklar álögur t.d. á barnafólk, fólk sem er að koma yfir sig húsnæði og fólk sem stendur í atvinnurekstri, á móti hinu að lífeyrisþegar hafi það viðunandi og gott í ellinni.

[15:44]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í annarri ræðu minni um þetta mál en vil almennt segja að ég lít ekki svo á að það sé vandamál að fólk hafi tekjur sér til framfærslu. Ég lít svo á, herra forseti, að vandamálið felist í því að fólk hafi of litlar tekjur sér til framfærslu og í skattahugsuninni eigi að vera innbyggð sú hugsun að fólk hafi tekjur og því séu tryggðar lágmarkstekjur sem geti gert því kleift að framfleyta sér. Ég hygg, herra forseti, að flestallir telji að tekjur undir 120–130 þús. kr. á mánuði séu algert lágmark sem þarf til þess að fólki geti lifað sæmilegu og mannsæmandi lífi og þá er ég að tala um að fólk geti veitt sér eitthvað pínulítið meira en bara akkúrat nauðþurftirnar í mat. Það geti leyft sér að fara í bíó, það geti leyft sér að fara einu sinni í mánuði í leikhús og það geti notið einhverrar þeirrar þjónustu sem þjóðfélagið býður upp á. Erum við ekki að greiða stórar fjárfúlgur með því að halda úti þjóðleikhúsi? Erum við ekki að greiða stórar fjárfúlgur með því að halda úti sinfóníuhljómsveit? Er það bara fyrir þá efnuðu? Erum við ekki að greiða það til að reyna að halda niðri kostnaði við þessar stofnanir til að fólk eigi almennt einhvern kost á því að njóta þeirra, líka þeir sem hafa lág laun? Ég tel að það eigi að horfa á skattadæmið út frá þeirri hugsun að fólk eigi að hafa nægilegar tekjur sér til lágmarksframfærslu og menn eigi að setja sér það sem markmið en ekki að horfa alltaf á hina hliðina hvernig þurfi svo að breyta skattkerfinu til þess að þau markmið geti náðst.

Því miður var ríkisstjórnin að lækka hátekjuskattinn á sama tíma og það hefði verið miklu nær að hækka persónuafsláttinn gagnvart láglaunafólkinu. En þetta eru áherslurnar í skattamálunum og við erum greinilega ósammála um það, ég og hv. þm. Pétur Blöndal, hvernig þessi hugsun eigi að vera. Ég tel að horfa eigi á það hvaða tekjur fólk þurfi að hafa til að komast af og miða skattleysismörkin við það. Og það er örugglega fyrir ofan það sem er í dag sem það þarf að vera til þess að fólk geti komist skikkanlega af.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál en lýsi því yfir að ég tel að við eigum að leggja okkur fram um það í hv. Alþingi að finna leiðir sem tryggja það að fólk hafi lágmarksafkomu og lágmarkstekjutryggingu.

[15:47]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf jafngaman að hlusta á menn sem eiga miklar draumsýnir. Menn segja að launin séu of lág. Af hverju í ósköpunum stofna mennirnir ekki fyrirtæki og borga há laun? Ég bara spyr. Ef það er svona auðvelt að borga há laun, af hverju gera þeir það ekki? Af hverju krefjast þeir ekki að fyrirtæki úti á landsbyggðinni sem eru að niðurlotum komin borgi hærri laun? Af hverju gera þeir alltaf þá kröfu á annað fólk að það borgi há laun? Af hverju stofna þeir ekki sjálfir fyrirtæki og borga há laun? Ég hef gert það. Það vill bara svo til.

Síðan segja þeir að enginn eigi að borga skatta, helst ekki. Í öðrum löndum, annars staðar á Norðurlöndum sem við horfum mikið til, eru teknir skattar af miklu lægri tekjum. Það eru miklu lægri skattleysismörk þar heldur en hérna. Það á sem sagt að hækka bætur, það á samtímis að lækka skatta og það á að hækka laun sem einhver önnur fyrirtæki eiga að borga heldur en þau sem eru að fara á hausinn. Þetta er bara draumsýn. Hv. þm. er í reynd að krefjast þess að það séu hækkaðir skattar á sjómenn, hækkaðir skattar á landverkafólk, hækkaðir skattar á fólk úti á landsbyggðinni, á Ísafirði, í frystihúsinu þar. Hann er að fara fram á það að hækka skatta til þess að bæta kjör fólks sem hefur borgað í lífeyrissjóð og er með lífeyrisbætur frá almannatryggingum, að þær verði ekki skertar. Dæmið snýst um þetta. Þetta er hinn bitri raunveruleiki. Það verður alltaf einhver að borga. Guð almáttugur borgar þetta ekki.

[15:48]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sennilega rétt hjá hv. ræðumanni Pétri Blöndal að guð almáttugur borgar þetta ekki. Hann tekur við okkur þegar við erum búin að njóta þessara lífsins gæða hér á jörð og komin undir græna torfu, vonandi öllum, hvaða skoðanir sem við höfum.

Hv. þm. Pétur Blöndal vék að því að á Norðurlöndum væru miklu lægri skattprósentur. Ég veit að hv. þm. Pétur Blöndal veit nokkurn veginn hvernig skattkerfin á Norðurlöndunum eru uppbyggð. Ég er alveg viss um að honum er einnig kunnugt um marga frádráttarliði í skattkerfum Norðurlandanna sem við erum ekki með hér, þar sem fólk má draga frá bifreiðakostnað og notkun bifreiðarinnar í eigin þágu. Svo eru ýmsir aðrir liðir sem menn mega draga frá sem við erum ekki með inni í frádrættinum hér, nema þá eins og við, ég og hv. þm., sem njótum þess að fá greiddar bætur frá ríkinu til að ferðast í okkar vinnu. Við megum náttúrlega færa kostnað á móti því. Ég veit að hv. þm. veit þetta þó að hann nefni eingöngu lægri skattprósentu en gleymi að tala um frádráttarliði sem eru annars staðar til staðar.

[15:50]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. verður nú að undanskilja mig því ég hirði ekki 40 þús. kallinn sem þingmenn fá almennt þannig að hann getur alla vega undanskilið mig frá þeirri tölu.

Það getur vel verið að það séu frádráttarliðir í skattkerfum Norðurlandanna. Það er engu að síður staðreynd að fólk borgar skatta af miklu lægri tekjum heldur en hér. Stefnan er sú að hinum almenna borgara er treyst til þess að standa undir velferðarkerfinu, almennt af öllum sínum tekjum. Mér finnst ákveðin lítilsvirðing að segja við einhvern mann að hann sé svo aumur, hann sé með svo lágar tekjur, að hann geti ekki borgað neitt til velferðarkerfisins. Það má þá lækka skattprósentuna og ég hef meira að segja lagt til að taka upp flatan tekjuskatt sem yrði miklu lægri en er í dag, 20%, en gæfi ríkissjóði og sveitarfélögum sömu tekjur. En þá mundu allir borga.

En við erum hérna að tala um — það frv. sem við ræðum um — þessar 40 þús. kr. sem eiga ekki að koma til frádráttar hjá almannatryggingum. Það er verið að tala um að hækka bætur, gott og vel. Þá hækkun þarf að borga. Það þýðir hærri skatta og ef við ætlum að fara að leggja hærri skatta á t.d. fólk sem er með 130 þús. kr. í tekjur, þá segir hv. þm. að þá eigi að hækka launin. Það þýðir að fleiri fyrirtæki fara á hausinn, væntanlega. Í dag var einmitt á dagskrá frv. um lágmarkslaun, 120 þús. kr. minnir mig. Það þýðir að fleiri fyrirtæki geta ekki borgað þau laun, fara á hausinn. Það þýðir atvinnuleysi. Er það það sem hv. þm. vill? Þetta er ekkert annað en draumsýn.

[15:52]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að ég á mér draum. Ég á mér þann draum að við getum búið í landi þar sem menn almennt geta haft það þokkalega gott, líka þeir sem eru ellilífeyrisþegar og öryrkjar, þar sem fólk getur lifað nokkurn veginn mannsæmandi lífi af lágmarkstekjunum og að við hin sem erum fullvinnandi í þjóðfélaginu tökum að okkur að tryggja það.

Ég á mér líka þann draum að þjóðfélagið okkar hverfi frá misheppnuðum stjórnunarleiðum eins og stjórn fiskveiða sem eru að leggja byggðina í rúst. Mér finnst mjög gott að eiga mér draum um að þjóðfélagið geti batnað og þori alveg að tala fyrir því, herra forseti.

Ég verð að lýsa því yfir, herra forseti, að ég er ekki sammála þeirri hugsun hv. þingmanns að taka upp flatan 20% tekjuskatt sem allir borguðu. Á þá maðurinn með 70 þús. kr. að borga 20% flatan tekjuskatt? Er það hugsunin í dæminu? Hvernig á hann þá að komast af?

Ég verð bara að viðurkenna það, herra forseti, að ég skil ekki þessa framsetningu, hvernig fólk á að komast af ef allir eiga að borga flatan 20% tekjuskatt, sama hvaða tekjur þeir eru með.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:53]

Útbýting þingskjala:

Kostnaður við viðgerðir á varðskipum, 526. mál, svar dómsmrh., þskj. 967.

Rekstur framhaldsskóla, 606. mál, fsp. GE, þskj. 968.

Tollalög, 611. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 974.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 610. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 973.

Afföll húsbréfa, fyrri umr.

Þáltill. PM, 576. mál. — Þskj. 928.

[15:54]

Flm. (Páll Magnússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um vaxtabætur vegna affalla húsbréfa. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórn að skipa starfshóp sem kanni hvort mögulegt sé að við greiðslu vaxtabóta verði heimilt að reikna hærra hlutfall affalla húsbréfa til stofns vaxtabóta en nú er. Starfshópurinn geri og tillögur um að hækka hámark vaxtabóta samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt."

Húsbréf eru markaðsverðbréf og verðgildi þeirra ræðst af framboði og eftirspurn á hverjum tíma. Framboðið kemur að mestu frá einstaklingum þegar þeir selja húsbréf í fasteignaviðskiptum. Eftirspurnin kemur frá fjárfestum og því eru húsbréf einn af fjárfestingarkostum sem þeir skoða. Húsbréfamarkaðurinn er þannig í samkeppni við skuldabréfamarkaðinn. Á markaðnum myndast ákveðin ávöxtunarkrafa.

Ef ávöxtunarkrafan er hærri en nafnvextir bréfanna myndast afföll. Hér er hægt að taka dæmi um hvernig afföll verða til.

Fjárfestir ætlar að kaupa bréf fyrir 1 millj. kr. Honum stendur til boða að kaupa skuldabréf með 7% vöxtum og fær hann þá 70 þús. kr. í vexti á ári af því bréfi. Hins vegar stendur honum til boða að kaupa húsbréf án affalla sem bera 5% vexti og fær hann þá 50 þús. kr. í vexti af því bréfi á ári. Fjárfestir sættir sig ekki við það og gerir kröfu um að fá 70 þús. kr. vexti á ári af húsbréfinu. Þá er spurning hvað afföllin þurfi að vera mikil til að sú ávöxtun náist.

Nafnverð húsbréfa þarf að vera 1.400 þús. kr. til að þau skili af sér 70 þús. kr. ávöxtun. Því er fjárfestir ekki tilbúinn að greiða meira en 1 millj. kr. fyrir 1.400 þús. kr. húsbréf og nema afföllin því 400 þús. kr. í þessu tilbúna dæmi mínu.

Afföll geta myndað stofn til vaxtabóta við kaup einstaklinga á íbúðarhúsnæði og hjá þeim sem byggja íbúðarhúsnæði til eigin nota. Afföll reiknast sem stofn til vaxtabóta með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir afborgunartíma bréfsins. Þetta kemur fram í 69. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981. Sem dæmi má nefna 40 ára skuldabréf sem gefið er út og selt með afföllum sem nema 500.000 kr. og getur viðkomandi þá fært árlega $^1/_{40}$ affallanna sem vaxtakostnað, eða 12.500 kr.

Þegar einstaklingur ræðst í íbúðarkaup eða byggingu er í flestum tilfellum afar þungbært þegar afföll eru af húsbréfum. Í viðskiptum með húsnæði, þ.e. þegar einstaklingur er ekki sjálfur húsbyggjandi, er því oft komið þannig fyrir, samkvæmt upplýsingum fasteignasala sem komið hafa fram í fjölmiðlum, að seljandi íbúðar taki á sig afföll húsbréfa. Einnig er nokkuð um að seljendur húseigna og kaupendur skipti afföllum með sér.

Þegar seljandi húsnæðis tekur afföllin á sig leiðir það hins vegar að sjálfsögðu til hækkunar á fasteignaverði því að með einhverjum hætti verður seljandinn að ná inn markaðsverðmæti eignarinnar. Óbeint ber kaupandinn því kostnaðinn vegna affallanna.

Þegar einstaklingur byggir eigið húsnæði lendir það á seljanda bréfanna, í þessu tilviki lántakandanum, að greiða í einu lagi það sem ber á milli. Þá lenda afföllin strax með beinum hætti á lántakandanum.

Með þáltill. þeirri sem hér er mælt fyrir fylgir mynd sem sýnir að afföll húsbréfa hafa sveiflast verulega síðastliðin fjögur ár. Náðu þau hámarki um mitt ár 2000 þegar afföll af 40 ára bréfum fóru yfir 15%. Árin 2000–2002 voru afföll um 10% miðað við sölu húsbréfa á Verðbréfaþingi Íslands. Það heitir nú Kauphöll. Einstaklingur sem þá tók hámarkshúsbréfalán til nýbyggingar hafði um 1 millj. kr. minna til ráðstöfunar vegna húsbyggingarinnar en ella. Það gefur augaleið að í langflestum tilfellum bitnar þetta hart á íbúðakaupendum og húsbyggjendum og leiðir oftast til skuldaaukningar heimilanna sem þessum upphæðum nemur. Nú síðustu vikurnar hafa afföll húsbréfa minnkað verulega og voru nánast horfin. En, herra forseti, í dag hafa afföll aftur aukist samkvæmt fréttum fjölmiðla sem lýsir auðvitað vel hvernig afföllin eru háð sveiflum á mörkuðum. Líklegt er að afföll myndist og aukist á nýjan leik þegar ávöxtun hlutabréfa hækkar.

Í fyrrefndum lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, segir að afföll af verðbréfum reiknist hlutfallslega miðað við afborganir á lánstímanum. Með þessari tillögu er lagt til að skoðað verði hvort ekki sé hægt að veita lántakendum heimild til að færa hærra hlutfall af afföllunum sem vaxtakostnað við skattlagningu þess árs sem húsbréf er selt. Þannig komi ríkissjóður til móts við lántakandann. Samkvæmt gildandi lögum getur lántakandi fært afföllin sem vaxtakostnað út lánstímann og fengið afföllin þannig greidd í formi vaxtabóta frá ríkissjóði á allt að 40 árum. Það er hins vegar oft íþyngjandi fyrir lántakandann að bíða í 40 ár eftir að fá þennan kostnað greiddan. Reyndar fæst kostnaðurinn aldrei að fullu greiddur þar sem vaxtabætur falla niður vegna eignamyndunar talsvert fyrr. Því getur talist sanngjarnt að ríkissjóður greiði hærri hlut af afföllunum strax í formi vaxtabóta og mætti skoða hvort ekki væri hægt að bæta afföllin að fullu fimm árum eftir sölu skuldabréfanna. Líklegt er að með þessari aðgerð þurfi að hækka hámarksfjárhæð vaxtabóta, sem nú nemur 258.459 kr. fyrir hjón eða sambýlisfólk, samkvæmt reglugerð nr. 990/2001, um greiðslu vaxtabóta. Starfshópnum verði einnig falið að gera tillögur í þeim efnum.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að þessi þáltill. verði send hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðismál, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 227. mál (matsverð fasteigna). — Þskj. 230.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, fyrri umr.

Þáltill. SJS, 226. mál. — Þskj. 229.

[16:01]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um eflingu vestnorræns samstarfs og mótun íslenskrar nærsvæðastefnu. Hér er um að ræða endurflutta till. til þál. frá tveimur síðustu þingum. Tillagan varð í hvorugt skiptið útrædd en fékk hér reyndar allmikla umfjöllun í bæði skiptin, sérstaklega á síðasta þingi. Þá urðu um þessa tillögu allmiklar umræður og ég leyfi mér að segja að hún hafi fengið góðar undirtektir. Reyndar var það tækifæri notað til að fara út í allmikla umræðu um stöðu vestnorræns samstarfs almennt en það er jú stór hluti þessarar tillögu að Alþingi álykti að fela ríkisstjórn landsins að gera sérstakar tillögur um einmitt eflingu vestnorræns samstarfs.

Tillagan felur einnig í sér að móta það sem hér er valið að kalla íslenska nærsvæðastefnu, og er sennilega nýmæli að taka svo til orða. Það hefur farið í vöxt í nálægum löndum og víða í heiminum, hygg ég, að menn hafa mótað sérstakar áherslur í utanríkisstefnu landa sem taka til svæðisbundins samstarfs og nærsvæða þeirra. Þekkist þetta bæði hjá einstökum ríkisstjórnum og hjá fjölþjóðasamtökum. Þannig hafa, svo dæmi sé tekið, samstarfsaðilar eins og Norðurlandaráð

mótað ýmsar áherslur sem flokka mætti undir nærsvæðastefnu eða nærsvæðapólitík. Reyndar var sjálfu grundvallarskipulagi Norðurlandaráðs breytt í þá veru fyrir nokkrum árum að taka sérstaklega mið af uppbyggingu samstarfs við nágrannaríkin, þá einkum og ekki síst Eystrasaltsríkin. Evrópusambandið hefur mótað ýmiss konar nærsvæðastefnu. Þannig hefur Evrópusambandið mótað ákveðnar áherslur í samskiptum sínum við norðursvæði. Bæði alríkisstjórnin í Kanada og í Bandaríkjunum hafa mótað sérstakar norðursvæðastefnur og þannig mætti áfram telja.

Hugsunin að baki þessu er auðvitað sú að á tímum sívaxandi alþjóðasamstarfs og hnattvæðingar þurfi líka að hyggja að samstarfi á svæðisbundnum grundvelli og það hefur víða orðið reynslan að um leið og heimurinn allur rennur að hluta til saman sem markaðssvæði og pólitískt samstarfssvæði vex frekar en minnkar mikilvægi ýmiss konar svæðisbundinnar samvinnu. Tillagan er mjög víðtæk og ef ég hleyp yfir helstu töluliðina eru þeir í fyrsta lagi að áætlun um aðgerðir til þess að efla vestnorrænt samstarf og móta íslenska nærsvæðastefnu feli í sér að efla vestnorrænt og fjölþjóðlegt samstarf við norðan- og norðvestanvert Atlantshaf með frumkvæði af Íslands hálfu sem landfræðilegum, sögulegum og menningarlegum tengipunkti slíks samstarfs og að mótuð verði í því skyni íslensk nærsvæðastefna.

Það má nefna í þessu sambandi, herra forseti, að haldnar hafa verið stórar ráðstefnur í tvígang, fyrst á Íslandi og síðan í Færeyjum, þar sem gerð hefur verið tilraun til þess að safna saman eyþjóðum og strandsvæðum við norðanvert Atlantshaf. Þátttakendur hafa bæði verið sjálfstæð fullvalda ríki eins og Ísland, heimastjórnar- eða sjálfstjórnarsvæði eins og Grænland og Færeyjar, héruð eða fylki í Norður- og Vestur-Noregi, á norðurströnd Skotlands, svæði eins og Hjaltlandseyjar, Suðureyjar, Nýfundnaland og fleiri slíkir aðilar.

Íslensk nærsvæðastefna hlyti að sjálfsögðu einkum og ekki síst að miða að því að koma á meiri tengslum og efla samstarf þessara aðila við norðan- og norðvestanvert Atlantshafið sem eru eðlilegir nágrannar og samstarfsaðilar okkar en það hefur ekki verið viðurkennt í miklum mæli sem landfræðilegt eða stjórnmálalegt svæði í þessum skilningi. Fyrst og fremst er það vestnorræna samstarfið sem er þekkt og komið á kortið í gegnum Vestnorræna ráðið, áður vestnorræna þingmannasambandið, og samstarf á sviði ferða- og atvinnuþróunarmála á Vestur-Norðurlöndum. Í anga þess samstarfs taka strandhéruð Noregs einnig þátt, þ.e. í svonefndu NORA-samstarfi en að þessu slepptu eru satt best að segja ótrúlega lítil tengsl milli þess sem maður skyldi ætla að væru eðlilegir samstarfsaðilar eyþjóðanna og strandríkjanna beggja vegna Atlantshafsins. Þannig eru tiltölulega lítil reglubundin eða skipulögð samskipti á milli vestnorrænu landanna annars vegar og skosku eyjanna eða Nýfundnalands hins vegar og það hlýtur auðvitað að teljast óeðlilegt í ljósi þess að um næstu nágranna er að ræða og í ljósi þess að mjög margt eiga þessar þjóðir sameiginlegt.

Í öðru lagi er lagt til að fylgja eftir uppbyggingu vestnorrænnar samvinnu sem unnið hefur verið markvisst að síðustu tvo áratugi. Þar hefur ýmislegt áunnist og margt verið vel gert en þar mætti taka betur til hendi. Það væri mikil þörf á því að auka nokkuð fjárveitingar til samvinnu á sviði menningar- og menntamála, atvinnu- og byggðamála, umhverfis- og náttúruverndarmála, samgöngu- og ferðamála svo að eitthvað sé nefnt.

Í þriðja lagi að efla tengslin við nágrannalönd vestnorrænu landanna í austri og vestri, eins og ég vék reyndar að áðan, með uppbyggingu skipulagðrar svæðissamvinnu með Norðvestur-Atlantshafssvæðið í huga.

Þá er vikið að sameiginlegri sögu og menningararfleifð við norðvestanvert Atlantshaf þar sem nefna má landnám Íslendinga á Grænlandi og sögu búsetu norrænna manna þar. Það má nefna sérstök tengsl Íslands og Færeyja, einstakan menningarlegan skyldleika og samstarf þar á milli, samvinnu á sviði atvinnumála og samstöðu og skyldleika þessara þjóða almennt.

Það má nefna norræna arfleifð á skosku eyjunum og Írlandi, Bretlandi og vesturströnd Evrópu. Það má nefna landnám norrænna manna á austurströnd Norður-Ameríku, söguleg tengsl Íslands og Vestur-Noregs, sögur siglinga, landafunda, byggðar og búsetu almennt við strendur norðan- og norðvestanverðs Atlantshafsins. Þá var einnig í þessari tillögu vikið að því að fylgja eftir þeirri miklu kynningu sem varð á vestnorrænni sögu og framlagi Íslands á sviði landafunda og landnáms í Vesturheimi í kjölfar þúsund ára afmælis Vínlandsfundar árið 2000, siglingar skipsins Íslendings til Vesturheims og annarra atburða sem urðu í tilefni af landafundaafmælinu.

Þá má enn nefna að rækta tengsl Íslands við Íslendingabyggðir í Kanada og Bandaríkjunum. Í þeim efnum varð einnig mikil vakning í tengslum við þúsaldarafmælið og opnun sendiskrifstofa Íslands í Ottawa og Winnipeg, og þessu starfi, herra forseti, er ástæða til að fylgja eftir því enginn vafi er á að mikill áhugi er á því, bæði í byggðum vestan hafs og eins á Íslandi, að það sé gert. Nú hefur sem betur fer tekist samkomulag um að efla Vesturfarasetrið á Hofsósi sem að sjálfsögðu er mikilvægur liður í þessari uppbyggingu af okkar hálfu hér heima fyrir, Íslendinga, og enginn vafi er á því að það mun hafa mikið aðdráttarafl og verka sem segull fyrir fólk af íslensku bergi brotið í Vesturheimi.

Þá er enn vert að nefna stöðu Íslands sem tengipunkts á sviði samgöngu- og ferðamála á þessu svæði. Um það vil ég fara nokkrum orðum, herra forseti. Að vísu hefur nú sé gleðilegi atburður orðið að fyrir utan samkomulag um að halda uppi flugi milli Íslands og Suður-Grænlands sem ríkisstjórnir bæði Íslands og Grænlands hafa styrkt hefur nú tekist samkomulag við grænlenska flugfélagið um að hefja millilandaflug til Akureyrar, að vísu ekki með millilendingu og áframhaldandi flugi til Grænlands eins og upphaflega stóð til heldur fyrst og fremst með beinu flugi frá Kaupmannahöfn, ef ég veit rétt. Þetta er engu að síður ánægjulegur áfangi og til marks um sívaxandi samvinnu þessara aðila á sviði ferðamála.

Í flugi frá Íslandi til Narsarsuaq á Suður-Grænlandi verður notuð færeysk flugvél þannig að í þessu samgöngu- eða ferðamálastarfi öllu þéttast vestnorrænu þjóðirnar allar saman en enn stendur það út af og háir stórkostlega samskiptum, uppbyggingu ferðaþjónustu og hvers konar pólitískri samvinnu, viðskiptalegri samvinnu á þessu svæði, að ekkert reglubundið áætlunarflug er milli höfuðstaðanna þriggja, Þórshafnar í Færeyjum, Reykjavíkur og Nuuk. Þar stendur flugleiðin milli Íslands og Nuuk út af og því fylgir óheyrilegur kostnaður og mikil óþægindi, og tími er því samfara að komast þar á milli. Það má geta þess til gamans, herra forseti, að það lætur nærri að kostnaðurinn við að fljúga um Kulusuk og Syðri-Straumsfjörð eða Kangerlussuaq á Grænlandi og áfram til Nuuk frá Reykjavík sé um 150–180 þús.

kr. með flugvélaskiptum og millilendingum. Velji menn hins vegar að fara sömu leið á dýrasta fargjaldi gegnum Kaupmannahöfn, þ.e. fljúga fyrst frá Íslandi til Kaupmannahafnar og þaðan áfram til Syðri-Straumsfjarðar og síðan yfir til höfuðstaðar Grænlands, Nuuk, er það væntanlega í flestum tilvikum eins til tveggja daga ferðalag hvora leið og kostnaðurinn er af stærðargráðunni 200–215 þús. kr., ef ég veit rétt hvað fargjald snertir. Það liggur í augum uppi að það er ekki beinlínis til að greiða fyrir samskiptum og samvinnu, hvort sem heldur er í viðskiptalífinu, á menningarsviðinu, pólitískt eða hvað það nú væri. Þarna þarf að taka til hendi og er dapurlegt til þess að vita að sumpart strandar þetta á skorti á samstarfsvilja flugrekstraraðila. Það er spurning hvort stjórnvöld geta eitthvað lagt af mörkum þar.

Að síðustu, herra forseti, kveður tillagan á um að mótuð verði stefna um fjárveitingar til framangreindra verkefna þessara tölusettu markmiða sem talin eru upp í tillögunni. Það er lagt til að mótuð verði áætlun um fjárveitingar til framangreindra verkefna til fjögurra ára í senn sem verði svo lögð fyrir Alþingi og endurskoðuð með reglubundnu millibili.

Herra forseti. Ég vonast til þess að þessi tillaga fái skoðun af svolítið meiri alvöru en tekist hefur á tveimur síðustu þingum þar sem hún hefur í hvorugt skipið orðið útrædd. Ég hef ástæðu til að ætla að um efnisatriði tillögunnar sé í öllum aðalatriðum mikil samstaða á þingi. Það réð ég m.a. af góðum undirtektum við málið á síðasta þingi þegar það var til umræðu. Mér þykir þess vegna ástæða til að ætla að ef menn gæfu sér tíma til þess að skoða málið kynni að vera góð samstaða um að grípa til aðgerða af þessu tagi. Ég held að það væri tvímælalaust til bóta og þarft í mótun íslenskrar utanríkisstefnu að fara yfir og kortleggja það sérstaklega hvernig við högum samskiptum okkar við næstu nágranna í austri og vestri og þá ekki aðeins vestnorrænu þjóðirnar, nágranna okkar í Færeyjum og Grænlandi, heldur einnig nálæg svæði og reyndum að sinna því hlutverki okkar vel að vera á margan hátt hinn eðlilegi landfræðilegi tengipunktur slíkrar samvinnu. Það liggur t.d. í hlutarins eðli að að mörgu leyti liggur það beint við og væri öllum þjóðunum fremur hagstætt að gera Ísland að miklu meiri miðpunkti flugsamgangna í norðvestanverðu Atlantshafinu heldur en er í dag. Þannig gæti umferð frá Grænlandi í stórum stíl legið um Ísland, t.d. um Keflavíkurflugvöll sem að mörgu leyti byði þá upp á áframhaldandi flug í allar áttir til Evrópu og Vesturheims. Umferð frá Færeyjum og vestur um haf lægi auðvitað miklu betur við að tengjast Íslandi og áfram áætlunum til þriggja, fjögurra, fimm áfangastaða í Vesturheimi á degi hverjum heldur en að halda fyrst í austurátt til Kaupmannahafnar og fljúga síðan til baka yfir hafið og þá gjarnan rétt norður af Íslandi.

Herra forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umræðu og hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:17]

Útbýting þingskjals:

Komugjöld á heilsugæslustöðvum, 609. mál, fsp. KPál, þskj. 972.

Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 228. mál. — Þskj. 231.

[16:18]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um stefnu Íslands í alþjóðasamskiptum. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs; hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman og Ögmundur Jónasson.

Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að hagsmuna Íslands verði best gætt með því að landið varðveiti sjálfstæði sitt og fullveldi og standi utan ríkjasambanda en hafi við þau sem besta samvinnu með sérsamningum án aðildar. Þannig verði sjálfstæð og óháð staða landsins nýtt til að treysta samskiptin við ríki, bandalög og markaði beggja vegna Atlantshafsins og við aðra heimshluta. Sérstök áhersla verði lögð á þátttöku í vestnorrænu og norrænu samstarfi og aðra svæðisbundna samvinnu í okkar heimshluta, þátttöku í starfi Sameinuðu þjóðanna, starfi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og starfi Evrópuráðsins.

Vegna EES-samningsins og annarra framtíðarsamskipta við Evrópusambandið verði af Íslands hálfu leitast við að þróa þau í átt til tvíhliða samninga um viðskipti og samvinnu.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að vinna með ríkisstjórninni að nánari útfærslu slíkrar stefnumótunar.“

Tillaga þessi, herra forseti, hefur verið flutt á þremur síðustu þingum en aldrei orðið útrædd. Hún er nú endurflutt nær óbreytt frá síðasta þingi. Henni fylgir lítillega breytt greinargerð en tillagan hefur áður tekið nokkrum breytingum frá því að hún var fyrst flutt, eins og eðlilegt má telja.

Efni tillögunnar gengur út á það, herra forseti, að leitast verði við að móta ákveðinn og almennan ramma um þessi utanríkissamskipti Íslands, þ.e. á hinu pólitíska sviði, og á hvað sé lögð sérstök áhersla í þeim efnum. Það er okkar skoðun að við eigum að hafa þann útganspunkt í því sambandi að horfa fyrst til okkar hefðbundnu vestnorrænu og norrænu samvinnu sem hefur verið hornsteinn í utanríkismálum okkar og alþjóðasamvinnu okkar. Næst ber að skoða aðra svæðisbunda samvinnu í okkar heimshluta. Þar má t.d. nefna þátttöku í heimskautaráðinu sem enginn vafi er á að Ísland þarf að leggja mikla rækt við. Þar hefur orðið ánægjuleg þróun og mikil uppbygging í gangi. Ísland fer sem stendur með formennsku í heimskautaráðinu og hér hafa byggst upp stofnanir sem hluti af þátttöku okkar á því sviði. Hér eru einar tvær samstarfsstofnanir eða samstarfsverkefni innan vébanda heimskautasamvinnunnar staðsett á Íslandi, nánar tiltekið á Akureyri. Stofnun Vilhjálms Stefánsson í tengslum við Háskólann á Akureyri sinnir veigamiklu hlutverki í okkar þátttöku í heimskautasamvinnu.

Þátttaka í starfi Sameinuðu þjóðanna á sömuleiðis tvímælalaust að vera einn af traustustu hornsteinum alþjóðasamstarfs okkar. Þegar hefur verið tekin ákvörðun um að Ísland sækist eftir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna á árunum 2009–2010, ef ég man rétt. Þar af leiðandi þarf að efla þátttöku okkar á þeim vettvangi og undirbúa okkur fyrir það ábyrgðarmikla hlutverk. Þar mun Ísland bjóða sig fram sem sameiginlegur fulltrúi Norðurlandanna og verður auðvitað sögulegt ef það framboð gengur eftir og við ná-

um okkar takmarki, að fulltrúi Íslands setjist í fyrsta skipti sögunnar í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna.

Starf Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu er sömuleiðis gríðarlega mikilvægt og starf Evrópuráðsins. Þessar tvær stofnanir eru heildarstofnanir þar sem öll Evrópuríki koma saman að borðinu. Á slíka lýðræðislega og friðsamlega alþjóðasamvinnu viljum við leggja áherslu.

Þarna er sömuleiðis hvatt til að reynt verði að móta einhverjar línur á næstunni um tilhögun framtíðarsamskipta okkar við Evópusambandið. Nú er auðvitað ljóst, herra forseti, að um það mál eru býsna skiptar skoðanir. En við viljum gera grein fyrir því af okkar hálfu hvernig við sæjum fyrir okkur að menn vildu láta þá samvinnu þróast að svo miklu leyti sem hún hlýtur að taka breytingum frá þeim grundvelli sem byggt er á í dag, þ.e. tveggja stoða kerfis Evrópska efnahagssvæðisins.

Nú vill svo til, sem tengist einnig síðasta málslið tillögugreinarinnar um nefndarskipan af hálfu Alþingis til að vinna með stjórnvöldum að útfærslu slíkrar stefnumótunar, að hæstv. forsrh. hefur skrifað formönnum stjórnmálaflokka bréf og óskað eftir tilnefningum eða samstarfi um skipan sérstakrar nefndar sem yrði umræðu-, samskipta- og samráðsvettvangur stjórnmálalífsins um Evrópumál. Það upplýsist hér að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur sem stjórnmálaflokkur tekið vel í þá málaleitan og er fyrir sitt leyti tilbúin að skipa fulltrúa í slíkt nefndarstarf. Það má því segja að slík nefnd væri þá að hluta til með þau verkefni sem hugsunin var að nefndarskipan ætti að uppfylla samkvæmt þessari tillögu.

Herra forseti. Í sjálfu sér er ekki ástæða til að fara mikið fleiri orðum um þetta mál. Það er bjargföst skoðun okkar, þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að í sjálfstæði og fullveldi þjóðarinnar séu fólgin mikil verðmæti, það hafi gefist okkur vel að standa á eigin fótum og axla ábyrgð á eigin örlögum í gegnum fullt sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétt. Við höfum náð að taka mikilvægar ákvarðanir við gæslu eigin hagsmuna gegnum sjálfstæði okkar. Á grundvelli þess færðum við út landhelgi og á grundvelli þess höfum við samið við önnur ríki um úrlausn deilumála, t.d. á sviði sjávarútvegs þar sem deilur hafa staðið um skiptingu afraksturs sameiginlegra auðlinda. Á grundvelli sjálfstæðis síns og fullveldis hefur Ísland sem sjálfstæður þátttakandi í ýmiss konar alþjóðasamvinnu stundum náð að setja sitt mark á þróun mála.

Það er óumdeilt að Ísland hefur haft þó nokkur áhrif á mótun hafréttarins í heiminum gegnum þátttöku sína, fyrst á hafréttarráðstefnunni þegar hafréttarsamningurinn var undirbúinn og gerður og seinna á úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem leiddi til úthafsveiðisamningsins sem að formi til er viðauki við hafréttarsamninginn. Einnig hefur Ísland oft verið í fararbroddi ríkja sem barist hafa gegn mengun sjávar og fleira mætti nefna í þeim dúr.

Í allítarlegri greinargerð með þessari tillögu er farið yfir sviðið í sambandi við alþjóðasamskipti og alþjóðaviðskipti. Það er rætt um tengsl Íslands og Evrópusambandsins, færð fram rök bæði með og á móti því að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu. Niðurstaðan er sem sagt sú, eins og ég hef þegar gert grein fyrir, að við teljum að ókostirnir mundu vega þar þyngra en kostirnir og eins og málum er háttað sé ekki skynsamleg stefna af Íslands hálfu að reikna með aðild að Evrópusambandinu.

Tillagan tekur hins vegar á fleiri þáttum másins og er af okkar hálfu innlegg í umræður um þessi mál. Burt séð frá pólitískum ágreiningi, sem sjálfsagt má segja að sé yfirleitt til staðar í einhverjum mæli og valdi því að erfitt geti verið fyrir stjórnmálaflokka á Alþingi að sameinast um einhverjar meginlínur í utanríkisstefnu eða stefnu í alþjóðasamskiptum þjóðarinnar, getur umræðan nú engu að síður varla orðið nema til góðs. Eitt er víst, þ.e. að að svo miklu leyti sem hægt væri að skýra línur og eyða óvissu um stöðu landsins og tilhögun framtíðarsamskipta þess við nágrannaríki, bandalög og blokkir, þá væri það auðvitað af hinu góða. Óvissan ein og sér er slæm og það er ekki neinu landi til framdráttar að um framgöngu þess á alþjóðavettangi geisi hatrammar innanríkispólitískar deilur. Það er engu ríki til framdráttar að stjórnsýsla, viðskiptalíf og stjórnmálalíf sé í mikilli óvissu, þ.e. hvernig hlutunum verði fyrir komið dag frá degi eða mánuð frá mánuði, ári til árs. Því meiri festa sem er í stefnunni og þeim mun fastara land sem menn hafa undir fótum hvað varðar samskipti og viðskipti sín, þeim mun betra.

Viðhorf okkar er að að svo miklu leyti sem pólitískar aðstæður eru fyrir hendi til þess að skýra línur í þessum efnum, t.d. til nokkurra ára í senn eins og í tilviki samskipta okkar við Evrópusambandið, *væri það tvímælalaust af hinu góða* og skynsamlegt. Því ber sérstaklega að fagna í því samhengi að nú bendir allt til að til starfa taki á nýjan leik stjórnskipuð nefnd með fulltrúum allra flokka til að ræða um fyrirkomulag samskipta okkar við önnur Evrópuríki.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég svo til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frh. 1. umr.

Frv. PHB, 298. mál (aðild að stéttarfélagi). — Þskj. 320. [16:29]

Ögmundur Jónasson (frh.):

Herra forseti. Þetta mál kom til umræðu hér í þingsölum fyrir fáeinum dögum. Ég var þá beðinn um að gera hlé á mínu máli eftir að ég hafði farið nokkrum orðum um frv. Nú skal ræðu minni fram haldið þótt ég verði að játa að ég muni ekki vel hvar ég var staddur. En þetta frv. fjallar um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frumvarpið sjálft er mjög stutt. Það er gert ráð fyrir að 2. mgr. 7. gr. laganna verði felld brott, og í öðru lagi að lögin öðlist þegar í stað gildi.

Sú lagaklásúla sem tillaga er gerð um að fella niður er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Starfsmaður, sem lög þessi taka til og eigi er innan stéttarfélags samkvæmt lögum þessum, greiði til þess stéttarfélags, sem hann ætti að tilheyra, gjald jafnt því sem honum bæri að greiða væri hann í því, enda fari um laun hans og önnur starfskjör samkvæmt samningum þess samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra eða sveitarstjórnar. Þá ákvörðun skal tilkynna viðkomandi sveitarfélagi.“

Síðan segir í greinargerð hv. flm., Péturs H. Blöndals, með leyfi forseta:

„Málsgreinin sem lagt er til að felld verði brott á rætur sínar að rekja til laga nr. 29/1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og laga nr. 62/1985, um kjarasamninga opinberra starfsmanna."

Síðan heldur áfram, með leyfi forseta:

„Þetta er í raun dulbúin skylda til aðildar að stéttarfélagi. Það væri mjög óskynsamlegt fyrir starfsmann að njóta ekki allrar þjónustu stéttarfélags með því að gerast félagi, þótt honum væri það þvert um geð, þar sem hann er búinn að greiða fyrir hana. Má þar nefna orlofsheimili sem dæmi."

Síðan heldur hv. flm. Pétur H. Blöndal áfram og segir að þetta stríði að sínu mati gegn ákvæðum stjórnarskrár Íslands um félagafrelsi m.a. Sú lagagrein sem ég las upp er með allknúsuðum texta en hún segir að kjósi einstaklingur að standa utan stéttarfélags þá skuli hann engu að síður greiða stéttarfélagsgjald til þess félags sem kjör hans grundvallast á, sem hefur gert kjarasamninga, og hann tekur laun og þiggur kjör samkvæmt. (**PHB:** Ef hann er opinber starfsmaður.) Ef hann er opinber starfsmaður, þetta fjallar um kjarasamning opinberra starfsmanna. Reyndar er rétt að fram komi að nú fer fram endurskoðun á þessum lagabálkum öllum sem snerta opinbera starfsmenn og er verið að skoða ýmsa þætti í þeim efnum. En ég vil lýsa því yfir og ítreka þá skoðun mína að ég er þessu algerlega andvígur og ætla að færa rök fyrir því og er þar ekki einn á báti því að eftir því sem ég kemst næst og fram kemur í grg. með frv. eru allir þeir sem leitað var til andvígir frv. Það eru reyndar hagsmunaaðilar allt saman, Læknafélag Íslands, BSRB, Bandalag háskólamanna, Landssamband lögreglumanna og Starfsmannafélag Reykjavíkur lýsir andstöðu við frv. og vísar til umsagnar BSRB og Alþýðusamband Íslands mælir einnig gegn frv.

Ástæðan fyrir því að ég er andvígur frv. er fyrst og fremst þessi: Jafnvel þótt við gæfum okkur það — og ég ætla ekki að gefa mér annað en það vaki fyrir hv. þm. að stuðla að félagafrelsi í landinu — þá er hætt við því að sá ásetningur snúist upp í andstæðu sína þegar á reynir. Hv. þm. vill tryggja eins og fram kemur í frv. að hver og einn geti valið um það í hvaða félag hann gengur og það eigi einnig við um stéttarfélög á vinnumarkaðnum. Það eigi að vera honum í sjálfsvald sett hvað hann gerir. (**PHB:** Að sjálfsögðu.) Að sjálfsögðu, segir hv. þm. Reyndin hefur hins vegar orðið sú að þar sem lagabreytingar hafa verið gerðar í þessa veru og misjafnt hvað ríki hafa gengið langt í því efni, þá hefur þetta snúist upp í rétt atvinnurekandans til þess að útiloka launamenn frá stéttarfélögunum Þetta hefur verið sérstaklega slæmt á atvinnuleysistímum og margar fréttir um það t.d. í Bretlandi þegar atvinnurekendur á slíkum tímum þegar atvinnuleysi var mikið sögðu við fólk sem var í vinnuleit: „Jú, við skulum ráða þig í vinnu en með einu skilyrði: Að þú standir utan stéttarfélaga." Þannig voru stéttarfélögin í Bretlandi smám saman brotin niður eða veikt stórlega. Þau eru ekki svipur hjá sjón nú samanborið við reyndina fyrir einum áratug eða svo, að ekki sé minnst á ef farið er lengra aftur í tímann.

Það var ásetningur hjá Thatcher-stjórninni á sínum tíma að brjóta niður stéttarfélögin, að veikja grundvöll þeirra. Það var m.a. gert með lagabreytingum af þessu tagi. Ég hélt sannast sagna að víðtæk samstaða væri að myndast að nýju í þjóðfélaginu um að viðurkenna stéttarfélögin sem mikilvægan póst í lýðræðissamfélaginu. Ef við ætlum að gera það á annað borð og ef við viljum styrkja stéttarfélögin, þá samþykkjum við náttúrlega ekki frv. eins og þetta sem er beinlínis sniðið til þess — eða verður til þess öllu heldur að veikja grundvöll stéttarfélaganna. Ástæðan er sú að jafnvel góður ásetningur um að tryggja félagafrelsi snýst upp í einhliða rétt atvinnurekandans til að stilla mönnum upp við vegg. Það er ekkert sagt út í loftið vegna þess að reynslan erlendis frá sýnir þetta. Verst var þetta í Bretlandi og við vitum hvernig ástandið er í Bandaríkjunum þar sem stórir vinnustaðir eru ekki með nein stéttarfélög, það eru engin stéttarfélög sem semja fyrir hönd starfsfólksins og öll kjör fólksins eru eftir því. Er það þetta sem við erum að sækjast eftir?

Mér þætti vænt um að heyra frá hv. þm. Pétri H. Blöndal hvort hann telji ekki sannleikskorn í því sem ég er að segja og hvort það sé draumsýn hans að stéttarfélögunum verði hreinlega vikið til hliðar. Við búum í markaðsþjóðfélagi þar sem þeir sem hafa peningana á hendi eða völdin í fyrirtækjunum hafa í rauninni öll ráð yfir þeim sem þar starfa. Stéttarfélögin hafa verið eins konar mótvægi á vinnustaðnum og í þjóðfélaginu almennt gegn atvinnurekendavaldinu og gegn valdi fjármagnsins. Ég held að það sé eftirsóknarvert jafnvægi að koma í veg fyrir að atvinnurekendur og fjármagn geti farið sínu fram hvort sem er á vinnustaðnum eða í þjóðfélaginu almennt. Ég tel að lagafrv. af þessu tagi verði til þess að veikja stéttarfélögin og draga úr mætti þeirra í þjóðfélaginu.

[16:38]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gengur út frá því að atvinnurekendur ráði fólk í vinnu út frá öðrum sjónarmiðum en að njóta vinnukrafts fólksins. Góður starfsmaður fær vinnu hvort sem hann vill vera í stéttarfélagi eða ekki. Það sem gæti komið upp ef mikið misræmi yrði á vinnumarkaði, þ.e. atvinnuleysi, mikið atvinnuleysi eða of lítið atvinnuleysi, þegar mismunur myndast, þá getur vel verið að menn fari að beita einhverjum öðrum kröfum á launþega en að þeir skili góðri vinnu.

Hv. þm. skildi ekki af hverju ekki er hægt að skikka menn í eitthvert félag, af hverju þeir ættu að geta valið sér félag. Það er bara einu sinni þannig, herra forseti, að það er stjórnarskrárbundið og við hv. þm. höfum svarið eið að henni. Og ef maður er ekki sáttur við hana, þá verður að vinna að því að breyta henni og setja inn í hana að öllum launþegum sé skylt að vera í viðkomandi stéttarfélagi, ef menn ná því í gegn. Við verðum að beygja okkur undir vald stjórnarskrárinnar. Hún segir: Það má ekki skikka fólk í stéttarfélag. Ég get vel ímyndað mér að núna sérstaklega á síðustu dögum fyrir kosningar líki mörgum opinberum starfsmönnum það illa að formaður þeirra félags skuli vera á fullu í stjórnmálabaráttu og það félag hafi verið notað til að koma með fulltrúa erlendis frá sem tala gegn einkavæðingu t.d., sem félagsmenn BSRB eru ekkert endilega á móti að einkavæða. Það hefur margt annað komið fram frá BSRB sem er mjög pólitískt og það er ekki víst að allir opinberir starfsmenn séu í flokki hv. þm. og vilji endilega að hann sé að vasast í pólitík með félagsgjöldum þeirra. En þeir eru skyldaðir samt sem áður til þess að borga í þessi stéttarfélög hvort sem þeir vilja eða ekki og þeir eru skyldaðir til þess að styðja þessa baráttu.

[16:40]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í rauninni er ég mjög fylgjandi félagafrelsi, að einstaklingar geti valið um félög. Þetta frv. fjallar hins vegar um það hvort launafólki beri að greiða stéttarfélagsgjald til þess félags sem semur fyrir hönd þess sem skapar

því þau kjör sem það býr við. Það er staðreynd að með félagslegu átaki hefur okkur tekist að bæta ýmis réttindi launafólks hvort sem um er að ræða lífeyrisréttindi, veikindaréttindi, fæðingarorlof eða náttúrlega launakjörin svo dæmi séu tekin. Fyrir þessa vinnu greiða menn afgjald, stéttarfélagsgjald til viðkomandi félags. Og það sem hv. þm. er að leggja til er að þeir sem þóknast að greiða ekki til þessa starfs eigi að geta komist upp með það jafnvel þó þeir þiggi öll þau kjör sem í boði eru, jafnvel þó þeir njóti allra þeirra réttinda sem í boði eru.

Ég held sannast sagna að flest fólk sé það stolt að það vilji leggja til þessarar sameiginlegu baráttu. En ég óttast það hins vegar að sérstaklega á atvinnuleysistímum fyrirfinnist óprúttnir vinnuveitendur og atvinnuveitendur sem vilji nýta sér slík ákvæði til að útiloka fólk frá stéttarfélagsaðild og ég tek í rauninni alveg undir það með hv. þm. að með þessu er verið á ákveðinn hátt að þröngva fólki inn í félög. Ég tek alveg undir það, en mér finnst það eðlilegt. Ég lít á stéttarfélögin og verkalýðshreyfinguna sem mikilvægan þátt í lýðræðisþjóðfélagi okkar.

[16:42]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Gott er að það kom fram að hv. þm. lítur á það sem skyldu að borga í stéttarfélag eða vera í stéttarfélagi óbeint. En ég vil spyrja hv. þm. hvort þetta gjald, þessi skattur sem ég kalla, hvort þetta sé þjónustugjald eða hvort þetta sé skattur. Ef þetta er þjónustugjald, af hverju borga menn þá tvöfalt meira til stéttarfélagsins sem semur um tvöfalt hærri laun? Segjum að stéttarfélag semji um 300 þús. kr. laun. Er það þá tvöfalt dýrara að semja um þau en að semja um 150 þús. kr. laun?

Svo vil ég líka segja að eftir að þetta var sett í lög og skylt að greiða til stéttarfélaga almennt og farið að innheimta það beint frá atvinnurekendunum, þá breyttist samband stéttarfélaganna við félagsmenn sína. Síðan þá heyrir maður mjög mikið um það að launþegar líta á félagsgjaldið sem eins konar skatt. Þeir verði að borga, fái ekkert fyrir og hafi engan skilning á félagsgjaldinu og samband stéttarfélaganna við félagsmenn sína er nánast að rofna þannig að ég held að þetta skaði stéttarfélögin og samtök þeirra allverulega.

Svo segir hv. þm. að félagið skapi þau kjör sem maðurinn nýtur. Ég veit ekki betur en þessi kjör séu komin í lög og það sé hlutverk hv. þingmanna á Alþingi að setja þjóðfélaginu lagaramma t.d. um starfskjör og annað slíkt, uppsagnarfresti, fæðingarorlof o.s.frv. Ég sé því ekki að stéttarfélögin hafi lengur þetta hlutverk. Það er Alþingi sem hefur það.

Varðandi völdin og peningana, það er dálítið yndislegt að tala um það því að mestu peningarnir í landinu eru hjá lífeyrissjóðunum sem stéttarfélögin stjórna að helmingi a.m.k. og þar eru völdin. Það eru lífeyrissjóðirnir sem meira og minna stýra atvinnulífi landsmanna og er þetta fjármagn sem stéttarfélögin eiga svo að berjast við. Það er undarleg barátta að berjast við sjálfan sig.

[16:44]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki einhlítt alveg hvernig stéttarfélagsgjöldin eru innheimt. Sum stéttafélög taka fast gjald af félagsmönnum sínum, önnur taka hlutfall af launum og það er bara hluti af samstöðuhugsun okkar að þeir sem eru betur aflögufærir greiða meira en hinir sem hafa minna fé á milli handa. Þetta er hluti af samstöðuhugsun sem er einkennandi fyrir störf í verkalýðshreyfingunni.

Að það sé almennt viðhorf að fólk fái ekkert fyrir sinn snúð, það held ég að sé rangt hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal. Það er að vísu minni hluti fólks sem þarf verulega á þjónustu stéttarfélaganna að halda þegar brotið er á því fólki og þarf að leita fyrir dómstóla en almennt held ég að allir njóti góðs og uppskeri vel af starfi stéttarfélaganna því að stöðugt er þar verið að vinna að margvíslegum réttarbótum fyrir launafólk. Að tengslin við stéttarfélögin séu að rofna held ég að sé ekki rétt. Ég held að þetta byggist á ákveðinni vanþekkingu á starfinu sem fram fer innan stéttarfélaganna. Hv. þm. gerir sér greinilega ekki grein fyrir því mikla félagsstarfi sem þar fer fram.

Að þetta sé allt gert á Alþingi og þurfi enga baráttu í þjóðfélaginu. Ég held að það sé ekki rétt. Þær réttarbætur og kjarabætur sem unnist hafa og eru settar í lög koma hingað inn á Alþingi iðulega eftir mikla baráttu launafólks. Ég nefni þar t.d. lífeyrisfrv. af því að hv. þm. er upptekinn af lífeyrisréttindum. Þau komu hingað fyrir þingið og náðu fram að ganga eftir mikla baráttu stéttarfélaganna en gegn mjög harðri og miklum andróðri ýmissa þingmanna og ég held að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi verið þar fremstur í flokki ef ég man rétt.

[16:47]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Vegna þess sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði áðan um vanþekkingu mína á þessum málum vil ég geta þess að ég var forstjóri Lífeyrissjóðs verslunarmanna í sjö ár og átti þátt í því að forrita félagsgjöldin og orlofsheimilagjöldin og sjúkrasjóðsgjöldin inn í innheimtukerfi lífeyrissjóðsins. Ég hafði það fyrir sið, herra forseti, að ég bauð 50 félagsmönnum lífeyrissjóðsins í kaffi 3–4 sinnum á ári, valdi þá handahófskennt út úr sjóðfélagaskránni, bauð þeim í kaffi, borgaði fyrir þá ferðir og vinnutap og spjallaði við þá um lífeyrissjóðinn, spurði hvað þeir vissu um lífeyrissjóðinn og stéttarfélagið. Það var ótrúlegt sem kom út úr því. Ég ráðlegg hv. þingmanni að gera það sama, að bjóða til sín af handahófi einhverjum opinberum starfsmönnum og vita hvað þeir vita um stéttarfélagið.

Það kom nefnilega í ljós að mjög fáir vissu nokkuð um lífeyrissjóðinn. Það er reyndar dálítið langt síðan en ég hugsa að það hafi ekki breyst neitt voðalega mikið. (**ÖJ:** Jú, jú.) Mjög fáir vissu eitthvað um lífeyrissjóðinn, t.d. vissu þeir ekki að hann borgar örorkulífeyri sem er framreiknaður og getur verið um 60% af launum. Það var dálítið merkilegt að heyra umræðuna um örorkulífeyrinn í dag í ljósi þess. Eitthvað fleiri vissu um stéttarfélagið en ekkert voðalega miklu fleiri, og flestir litu á félagsgjaldið sem skatt. Ég hef því dálitla þekkingu á þessu þó að hún sé orðin gömul og farin að ryðga. (**ÖJ:** Hvenær var þetta?) Þetta hefur verið 1980–1985. En þá gerði ég þetta, að bjóða fólki í kaffi, og það var mjög lærdómsríkt. Þá fær maður afstöðu fólks. Af því að þetta var slembival fékk ég afstöðu fólks til lífeyrissjóðsins, stéttarfélagsins og sjúkrasjóðsins og alls þess sem verið var að innheimta, orlofsheimilasjóðs, félagsheimilasjóðs o.s.frv.

En hv. þm. svaraði því ekki hvort félagsgjaldið, þetta sem menn verða að greiða hvort sem þeir eru í félaginu eða ekki og getur þá varla verið félagsgjald — það er varla félagsgjald sem menn eru að borga til einhvers félagsskapar sem þeir eru ekki félagar í. Ég spyr: Er þetta þjónustugjald eða er þetta skattur? Eða er þetta eitthvað annað?

Ég vildi gjarnan spyrja hv. þingmann að því hvernig honum litist á það ef félagsfundur teldi nauðsynlegt að hækka

félagsgjaldið upp í 50% eða 100% af launum. Það er svo merkilegt við lögin að það stendur ekkert í þeim um hámark þessa gjalds og félagsfundur getur ákveðið gjaldið; félag sem maðurinn er ekki félagi í getur ákveðið gjald á manninn allt upp í 100% og jafnvel meira en það af tekjum og launaskrifstofa ríkisins yrði að innheimta það. Hvað mundi hv. þm. segja ef hann kæmi í pontu og svaraði þessu?

[16:50]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér litist afskaplega illa á það ef öll launin yrðu látin renna til félagsins. (**PHB:** Þetta er möguleiki.) Þetta er möguleiki, 50% eða 100%. Finnst hv. þingmanni þetta mjög málefnalegt innlegg? (**PHB:** Já.) Þetta eru ákvarðanir. Ákvarðanir um félagsgjöld eru teknar af lýðræðislega kjörnum fulltrúum starfsmanna (**PHB:** En ef maðurinn er ekki í félaginu?) og þeir reyna að sjálfsögðu að leita hófs og sanngirni vegna þess að þeir eru að leggja gjöld á sig sjálfa. Það er gert samkvæmt því sem menn telja að þurfi til að standa straum af kostnaði við félagsskapinn. Þegar á heildina er litið renna þessir fjármunir í réttindabaráttu starfsmanna. Ég leyfi mér að fullyrða að þrátt fyrir reynslu hv. þm. Péturs H. Blöndals frá Kaupþingsárum sínum ... (**PHB:** Kaupþingsárum?) Var þetta ekki á Kaupþingsárunum? (**PHB:** Nei, nei.) Hv. þm. hefur gjarnan verið mjög ákafur að reyna að grafa undan lífeyrissjóðunum og koma lífeyrissparnaði út á frjálsan markað og mér finnst svolítið undarlegt hvað hann er — kannski á maður að óska honum til hamingju fyrir staðfestuna — hve duglegur hann er að reyna að grafa undan félagslegum sjóðum og reyna að koma öllum sem einstaklingum án samstöðu inn á fjármagnsmarkað.

Ég held að þetta svari spurningunum.

[16:51]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fékk ekki svar við því hvort þetta væri skattur eða þjónustugjald. Það er grundvallaratriði. Ef þetta er þjónustugjald fer maður að spyrja sig hvort sú þjónusta sem maðurinn fær sé í samræmi við gjaldið og hvort það sé einhver sem gætir þess að þjónustan verði ekki of dýr.

Hv. þm. sagði að þessir fjármunir rynnu til réttindabaráttu. Nei, þeir renna til launa á skrifstofu viðkomandi fyrirtækis, stéttarfélags. Þangað renna þeir. E.t.v. starfar fólkið svo að réttindabaráttu eða einhverju öðru en það er í rauninni ekkert kostnaðareftirlit með því. Það er einhver félagsfundur sem ákveður þetta, gott og vel, en segjum að maðurinn sé ekki í félaginu, þá hefur hann engin áhrif á hve hátt gjaldið er. Mér er kunnugt um að gjaldið er mjög mismunandi og í sumum félögum er það upp í 1,75% af launum, að mér skilst, af öllum launum alveg niður í 50 þús. kall þannig að jafnvel maður sem er með 50 þús. kr. á mánuði þarf að borga stéttarfélagsgjald, a.m.k. 1%, 500 kr. á mánuði, sem hann getur munað mjög mikið um. Þetta gjald getur því oft verið mjög ófélagslegt og hitt menn illa fyrir, sérstaklega þá sem eru á lágum launum og stéttarfélögin hafa ekki gert það beysna kjarasamninga að þeir séu til að hrópa húrra fyrir.

[16:53]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Gjöldin til stéttarfélaganna renna að sjálfsögðu að hluta til launagreiðslna starfsfólks laun sem heldur utan um félagsstarfsemina og sinnir þeim verkefnum sem félagsmenn ætlast til að þeir ræki. En ég tek eftir því hvað hv. þm. er upptekinn af því að gjöld og réttindi sem þau skapa standist alltaf á. Hann segir t.d. hér um iðgjald til lífeyrissjóðs, með leyfi forseta:

„Iðgjald til lífeyrissjóðs, sbr. lög nr. 129/1997, er sömuleiðis ekki hreint þjónustugjald þar sem einhleypum barnlausum karlmanni er gert að greiða of hátt iðgjald sem að hluta til stendur undir barna- og makalífeyri annarra einstaklinga og dýrari ellilífeyri kvenna.“ — Þetta er þankagangur sem mér er alls ekki að skapi og er ekki einkennandi fyrir viðhorf innan verkalýðshreyfingarinnar.

Varðandi handahófskennt boð hv. þingmanns til lífeyrisþega fyrr á árum, á fyrri hluta 9. áratugarins, ætla ég ekkert að vefengja það. (**PHB:** Sjóðfélaga.) Sjóðfélaga. Ég ætla ekkert að vefengja hann í því efni. En ég vil benda honum á og upplýsa hann um að stéttarfélögin, innan BSRB t.d., hafa farið út á þá braut á síðustu missirum að bjóða fólki handahófskennt til að leita ráða hjá því og heyra viðhorfin auk hinna hefðbundnu fulltrúafunda, funda með trúnaðarmönnum. Viðhorfin, eftir því sem mér er tjáð, eru mjög jákvæð. Þar gætir ekki þessarar neikvæðni sem verður vart í málflutningi hv. þm. Péturs H. Blöndals, sem betur fer.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:55]

Útbýting þingskjals:

ISDN-tenging í dreifbýli, 515. mál, svar samgrh., þskj. 969.

Sýslur, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack og JB, 214. mál. — Þskj. 217.

[16:55]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég flyt þáltill. um sýslur. Flm. auk mín er hv. þm. Jón Bjarnason. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd sem hafi það verkefni að fjalla um stöðu sýslna í íslenskri löggjöf, landfræðileg mörk þeirra og hvort festa skuli þau í sessi með löggjöf. Að starfi nefndarinnar loknu leggi ráðherra málið fyrir Alþingi til upplýsinga og ákvörðunar um framtíðarstöðu sýslna.“

Greinargerð með þessari þáltill. er svohljóðandi:

Tillaga þessi var flutt á 123. löggjafarþingi 1999 af Hjörleifi Guttormssyni en þá náðist ekki að mæla fyrir henni. Tillagan var endurflutt á 126. löggjafarþingi af sömu flutningsmönnum og endurflytja hana nú. Þau fylgiskjöl sem fylgdu tillögunni þegar hún var fyrst flutt fylgja hér einnig með. Það eru þó nokkur fylgiskjöl og ítarefni, og mun ég gera grein fyrir þeim að hluta.

Eftir breytingu á sveitarstjórnarlögum 1986 (lög nr. 8/1986) og aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði með lögum nr. 92/1989 heyra sýslur í íslenskri stjórnsýslu að mestu eða öllu leyti sögunni til. Orðið sýslumaður vísar ekki lengur til landfræðilegs umdæmis og fylgja stjórnsýsluumdæmi þeirra nú ekki þeim mörkum sem áður voru hefðbundin sýslumörk heldur miðast við mörk og heiti sveitarfélaga. Um þetta vísast til skriflegs svars dómsmálaráðherra við fyrirspurn um sýslur á 122. löggjafarþingi, 668. máli, sem birt

er sem fylgiskjal I með tillögunni. Stjórnskipuleg staða einstakra sýslna er þar sögð mismunandi eftir því hvort mörk þeirra falla saman við mörk stjórnsýsluumdæmis einstaks sýslumanns.

Almenningur er almennt ekki meðvitaður um þessar breytingar á stöðu sýslna og jafnvel embættismenn og stjórnmálamenn velkjast í vafa um stöðu þeirra. Um það vísast meðal annars til fyrrgreinds svars ráðherra á Alþingi og til auglýsinga ráðuneyta, samanber meðfylgjandi frásögn úr Morgunblaðinu 9. maí 1996 í fylgiskjali II. Skýrt dæmi um þetta er að finna í nýlegum bæklingi, Um hálendi Íslands – fjársjóður þjóðarinnar, gefnum út af ríkisstjórn Íslands. Þar er birtur uppdráttur af Íslandi sem í texta er sagður sýna sýslumörk en í skýringum kemur fram að um er að ræða umdæmamörk sýslumanna.

Í máli almennings, handbókum og kennsluefni fyrir skóla og víðar lifa sýslur áfram góðu lífi. Þá er í lögum enn vísað til sýslna í nokkrum tilvikum. Sýslumörk eru hins vegar farin á flot í meðförum manna, eins og að framan greinir, þar eð ruglað er saman umdæmum sýslumanna og sýslum sem landfræðilegum einingum. Að mati flutningsmanna er full ástæða til að varpa ljósi á þetta samhengi og að Alþingi taki síðan afstöðu til stöðu sýslna framvegis. Þetta er bæði menningarsögulegt og hagnýtt viðfangsefni. Það sýnir sig að þörf er á stærri landfræðilegum einingum að vísa til en sveitarfélögum. Þótt þau fari stækkandi með sameiningu getur orðið bið á að þau fylli út í sýslurnar í landfræðilegum skilningi og með öllu óvíst að mörk yrðu hin sömu. Allt eru þetta rök fyrir því að rýna þurfi í málið af vísum mönnum.

Um tilurð og þróun sýslna hérlendis má meðal annars vísa í fróðlega ritgerð Axels Kristinssonar, Embættismenn konungs fyrir 1400 (Saga XXXVI (1998), bls. 113–152), þar sem nefndar eru ýmsar heimildir. Í ritgerð þessari segir m.a. (bls. 121–122):

„Á síðari tímum hafa sýslur verið fastar landfræðilegar einingar með ákveðin nöfn. Þannig var það ekki á miðöldum. Sýsla merkti þá það svæði sem embættismaður hafði til yfirsóknar. Áherslan var á embættismanninn en ekki landsvæðið. Sýsluheitið var heldur ekki einskorðað við veraldlega valdsmenn því oft var talað um sýslur biskupa framan af. Sýsla var embætti valdsmannsins og það svæði sem hann stjórnaði, hversu stórt eða lítið sem það var. Flest bendir til að stærð sýslna og mörk þeirra hafi verið mjög á reiki og farið mest eftir því samkomulagi sem hver sýslumaður náði við konung eða hirðstjóra.

Landshættir hafa þó oft sett sýslum eðlileg mörk sem gátu haldist þótt nýir sýslumenn kæmu til. Einnig hafði þinga- og fjórðungaskipanin áhrif á sýsluskiptinguna og smám saman mynduðust hefðir um það hvar sýslumörk skyldu vera. Það er þó ekki fyrr en eftir lok miðalda að sýslurnar verða að föstum landfræðilegum einingum. Þetta sést vel á því að sýslunöfn þau sem við þekkjum koma ekki til sögunnar fyrr en á 16. öld, þau elstu eru frá fyrri hluta aldarinnar en flest birtast ekki í heimildum fyrr en um miðja öldina þegar konungsvald var mjög að eflast og má þannig setja þau í samband við skilvirkara stjórnkerfi konungs á þeim tíma."

Eðlilegt þykir að forsætisráðherra skipi þá nefnd sem tillagan gerir ráð fyrir þar eð málið er ekki sérstaklega á borði dómsmálaráðherra og varðar stjórnsýslu og menningarsögu í víðu samhengi. Vonandi verður tillagan til þess að óvissu um mörk og stöðu sýslna verði eytt og staða þeirra verði lýðum ljós.

Það skal tekið fram vegna svars dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um sýslur, samanber fylgiskjal I með máli þessu, að skv. 2. gr. núgildandi laga um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, skiptist landið í 25 stjórnsýsluumdæmi auk Reykjavíkurumdæmis, sem nær yfir Reykjavíkurborg, samanber einnig reglugerð nr. 102/2001, um breyting á reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna, nr. 57/1992. Þá skal jafnframt tekið fram að nöfn á sýslum og sýslumörk er ekki lengur að finna í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, né lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nú lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989.

Herra forseti. Hér er birt með þingsályktunartillögunni svar dómsmrh. við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um sýslur. Ég ætla að leyfa mér að grípa hér aðeins niður í fyrsta fylgiskjalið. Þá er spurningin þessi:

„Hver er stjórnskipuleg staða sýslna samkvæmt gildandi lögum?

Orðið sýslumaður í 10. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/ 1989, vísar ekki til landfræðilegs umdæmis heldur til þeirra athafna sem sýslumaður hefur með höndum. Sýslumenn fara hver í sínu umdæmi með stjórnsýslu ríkisins eftir því sem lög og reglugerðir kveða á um. Skv. 11. gr. i.f. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði skiptist landið í 26 stjórnsýsluumdæmi auk Reykjavíkurumdæmis og mörk umdæma sýslumanna eru ákveðin með reglugerð, sbr. reglugerð nr. 57/1992, um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna, sbr. og reglugerðir nr. 500/1996 og 74/1998. Mörk og heiti sveitarfélaga eru þar notuð til að skilgreina stjórnsýsluumdæmi sýslumanna. Stjórnskipuleg staða einstakra sýslna er því mismunandi eftir því hvort mörk þeirra falla saman við mörk stjórnsýsluumdæmis einstaks sýslumanns."

Herra forseti. Ég er búsett austur á Egilsstöðum og sýslumaðurinn er staðsettur á Seyðisfirði með útibú á Egilsstöðum. En enn tölum við um Norður- og Suður-Múlasýslu og flestir eru vel meðvitaðir um hvaða svæði þau gömlu sýslumörk náðu yfir. Enn er þetta nokkuð á reiki, þ.e. hvað varðar starfssvæði sýslumanna og gömlu sýslumörkin. Þetta fer ekki saman.

En ég ætla að nefna nokkur lög í lagasafni okkar þar sem sýslur eru enn nefndar. Þessi lög ná aftur til Jónsbókar eða ársins 1281.

Sýslur eru nefndar í lögum um verkfall opinberra starfsmanna, lögum um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, vatnalögum, lögum um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts, í jarðalögum, lögum um tekjuskatt og eignarskatt, um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., lögum um jarðasjóð og búnaðarlögum. Hugsanlega er hægt að finna sýslur nefndar í fleiri lögum en þetta kemur upp ef maður slær inn orðið sýslur. Þá koma öll þessi lagaheiti upp.

Það er full ástæða til að skoða þetta og gera þetta skýrara. Þetta er eitt af mörgum málum sem okkur hættir til að leggja til hliðar. Það skiptir okkur kannski ekki meginmáli á líðandi stundu, sem sjá má af því að málið var fyrst flutt 1999 og fékkst þá ekki afgreitt og eins á 126. löggjafarþingi en fékkst ekki afgreitt þá heldur. Hjörleifur Guttormsson náði á sínum tíma ekki að tala fyrir þessari þáltill.

Þetta er mál sem gott væri að setja nefnd í, koma til hæstv. forsrh. til skoðunar og gefa sér tíma til að skoða málið vel.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Notkun hagrænna stjórntækja við umhverfisvernd, fyrri umr.

Þáltill. ÞSveinb o.fl., 374. mál. — Þskj. 420.

[17:09]

Flm. (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um aukna notkun hagrænna stjórntækja við umhverfisvernd. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Samfylkingarinnar Össur Skarphéðinsson, Jóhann Ársælsson, Svanfríður Jónasdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Karl V. Matthíasson.

Í tillögugreininni segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sérfræðinga til þess að gera tillögu að heildarstefnu um notkun hagrænna stjórntækja við umhverfisvernd. Stjórnmálaflokkar sem sæti eiga á Alþingi tilnefni einn mann hver, Umhverfisstofnun Háskóla Íslands tilnefni einn fulltrúa, náttúruverndarsamtök einn fulltrúa, Samtök atvinnulífsins einn og umhverfisráðherra einn fulltrúa, sem er jafnframt formaður nefndarinnar. Nefndin skili niðurstöðum sínum í skýrslu til Alþingis.“

Á undanförnum áratugum hefur notkun hagrænna stjórntækja við umhverfisvernd farið vaxandi, m.a. innan OECD-landanna. Á landsfundi Samfylkingarinnar árið 2001 var samþykkt að beita þyrfti hagrænum stjórntækjum, svo sem umhverfisgjöldum og skilagjöldum, í ríkari mæli til þess að vernda umhverfi og í því sambandi lagðar auknar skyldur á framleiðendur og seljendur að taka við umbúðum, varningi og tækjum sem neytendur þurfa að losa sig við. Notkun hagrænna stjórntækja við umhverfisvernd tengist beint framfylgd mengunarbótareglunnar svokölluðu sem er ein af meginreglum Ríó-yfirlýsingarinnar, en hún kveður á um að þeir sem menga skuli greiða fyrir þann skaða sem mengunin veldur.

Umhverfisgjöld hafa um nokkurt skeið verið lögð á hér á landi með það að markmiði að stuðla að betri umgengni við umhverfið. Með lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, var stigið fyrsta skrefið í þessa átt. Spilliefnagjöld voru lögleidd árið 1996 og á yfirstandandi þingi voru samþykkt lög um úrvinnslugjald.

Í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til 2020, sem ber yfirskriftina Velferð til framtíðar, er á það minnt að hagræn stjórntæki séu eitt margra tækja sem nota má til að stuðla að sjálfbærri þróun og nýtingu náttúrunnar, en önnur tæki eru til dæmis gerð skipulags- og náttúruverndaráætlana og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Þrátt fyrir þessa stefnumörkun er enn langt í land með að þeir hvatar séu til staðar í atvinnu- og efnahagslífi sem stuðli að sem bestri nýtingu auðlinda og umhverfisvernd. Þessi tillaga til þingsályktunar er lögð fram með það að markmiði að stjórnvöld móti stefnu um notkun hagrænna stjórntækja í umhverfismálum og grípi til viðeigandi lagabreytinga til að hrinda megi stefnunni í framkvæmd.

Umhverfisgjöld hafa það að meginmarkmiði að fella allan framleiðslukostnað, þar með talinn ytri kostnað, inn í verð tiltekinnar vöru svo að verðið endurspegli betur hinn raunverulega samfélagslega kostnað sem hlýst af framleiðslu hennar og neyslu. Markmið þeirra er einnig að stuðla að betri umgengni við umhverfið og sjálfbærri þróun með því að umbuna fólki og fyrirtækjum fyrir að ástunda umhverfisvernd og betri nýtingu náttúruauðlinda en láta þeim eftir að greiða kostnaðinn sem gera það ekki. Hafa verður að leiðarljósi að upptaka umhverfisgjalda þarf ekki nauðsynlega að auka heildarskattbyrði í þjóðfélaginu, heldur að færa byrðina yfir á þá þætti framleiðslunnar sem leiða til aukins umhverfiskostnaðar.

Umhverfisgjöldin verður að skoða sérstaklega með tilliti til áhrifa þeirra á samkeppni í framleiðslu og á markaði. Því hefur verið haldið fram að gjöld af þessu tagi geti dregið úr samkeppnishæfni atvinnulífsins en hins vegar verður að hafa í huga að framþróun atvinnulífs veltur ekki síst á þróun í anda sjálfbærrar þróunar og má með góðum rökum halda því fram að grafið sé undan stoðum atvinnulífsins þegar til langs tíma er litið sé ekki tekið tillit til umhverfiskostnaðar framleiðslunnar. Með því að auka umhverfisgjöld þannig að aðrir skattar lækki á móti má draga úr neikvæðum áhrifum á samkeppnisstöðu fyrirtækja. Í löndum sem glíma við mikið atvinnuleysi hefur því verið haldið fram að auknum umhverfisgjöldum ættu að fylgja lækkandi skattar á vinnuafl og með því mætti ná fram minni mengun og hærra atvinnustigi. Þetta er kallast tvöfaldur ávinningur.

Í stuttu máli geta umhverfisgjöld verið mjög góð leið til að fella umhverfiskostnað við framleiðslu tiltekinnar vöru inn í verðið. Í annan stað geta þau virkað sem hvati á neytendur og framleiðendur til að taka upp vistvænni neyslu og framleiðslu. Í þriðja lagi hafa umhverfisgjöld hingað til verið notuð til að auka tekjur ríkissjóðs, t.d. með skattlagningu bifreiða. Full ástæða er til þess að skoða hvernig grænar álögur geti aflað ríkissjóði tekna á kostnað annarrar skattlagningar. Umhverfisgjöld þurfa að vera hluti af heildarstefnumótun í umhverfismálum sem tekur mið af sjálfbærri þróun. Þess vegna er full ástæða til að skoða ofan í kjölinn hvernig beita megi umhverfisgjöldum á heildstæðan og samræmdan hátt hér á landi.

Skatta og álagningu á samgöngur, t.d. álagning bifreiða- og eldsneytisgjalda, þyrfti að endurskoða með það að markmiði að minnka útblástur og stuðla að notkun minni og sparneytnari bifreiða og í því augnamiði að stuðla að auknu öryggi vegfarenda. Sem kunnugt er hafa landflutningar með þungaflutningabifreiðum aukist gífurlega á liðnum árum og ljóst að mikil umferð vöruflutningabifreiða um þjóðvegi landsins eykur slit og kostnað við vegagerð til framtíðar. Markvissar breytingar á skattlagningu bifreiða og eldsneytis gætu haft mikil áhrif til hins betra fyrir umhverfið.

Umhverfisgjöld má hugsanlega einnig nýta til þess að minnka ágang á viðkvæmu landi, ekki síst á mestu náttúruperlum Íslands, eða standa undir kostnaði við þjónustu við ferðamenn. Að mati flutningsmanna verða gjöld af þessu tagi að hafa það skýra markmið að vernda viðkvæma náttúru með því að draga úr umferð fólks og bifreiða. Mikil umferð stórra jeppabifreiða um hálendi Íslands, jafnvel utan vega, er vaxandi vandamál, sérstaklega yfir sumartímann. Ýmsar lausnir gætu komið til greina, t.d. farartækjagjald á fjallvegum ellegar notkun ítölu eða þjónustugjalds á viðkvæmustu staðina.

Við slíka vinnu, sem hér er verið að leggja til, þ.e. að leggja drög að heildarstefnu við notkun hagrænna stjórntækja við umhverfisvernd, er rík ástæða til þess að hafa samráð við hagsmunaaðila, svo sem Samtök atvinnulífsins, Neytendasamtökin og Samtök ferðaþjónustunnar, auk þess sem stórauka þarf fræðslu til almennings um gildi umhverfisverndar í anda sjálfbærrar þróunar fyrir samfélagið allt, viðgang þess og vöxt.

Hæstv. forseti. Ég læt máli mínu lokið, en vænti þess að tillögunni verði vísað til hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hernaðaraðgerðir gegn Írak, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 491. mál. — Þskj. 807.

[17:17]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég tala fyrir till. til ál. um að ríkisstjórnin beiti sér gegn áformum um innrás í Írak og að Ísland standi utan við hvers kyns hernaðaraðgerðir gegn því landi. Þessa þáltill. flytja allir þingmenn þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Texti þáltill. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma þeirri afstöðu á framfæri á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annars staðar þar sem við á að leita skuli allra leiða til að afstýra innrás í Írak, þar á meðal að veita vopnaeftirlitsmönnum Sameinuðu þjóðanna nægan tíma til að ljúka störfum sínum. Komi til hernaðaraðgerða gegn Írak á næstu mánuðum skal Ísland tilkynna að ekki verði heimiluð afnot af aðstöðu á íslensku yfirráðasvæði né verði um neins konar þátttöku að ræða af Íslands hálfu í slíkum aðgerðum."

Í greinargerð eru málsatvik og reifuð og bent á að allt frá því að vopnaeftirlit á vegum Sameinuðu þjóðanna hófst að nýju í Írak í lok nóvember á síðasta ári hafi það legið í loftinu að óháð niðurstöðum eftirlitsmanna yrði ráðist inn í landið. Fyrir því hafa verið færðar ástæður eins og þær að stjórnvöld í Írak búi yfir gereyðingarvopnum, heimsbyggðinni stafi hernaðarógn af Írak, í landinu sitji harðstjórn að völdum og að hún styðji hryðjuverkamenn. Það er sannfæring flutningsmanna að enginn vandi verði leystur með stríðsaðgerðum og þess vegna eigi Ísland ekki að styðja slíkar aðgerðir ef til þeirra kemur. Vert er að hafa í huga að þetta er ekki í fyrsta skipti sem vesturveldin reyna að hafa afskipti af gangi mála á þessum slóðum. Lengst af 20. öldinni voru ítök Breta og Bandaríkjamanna mjög mikil í Miðausturlöndum, ekki síst við Persaflóann. Reyndar var Írak var stofnað af hálfu Breta. Það voru þeir sem stofnuðu landið árið 1921 en framan af var það í umboði þjóðabandalagsins sem þeir fóru með völd í landinu.

Við bendum á í greinargerð okkar að aðkoma Vesturlanda að þessu svæði sé saga mistaka. Írak var upphaflega stofnað sem konungsríki og konungurinn var sóttur til annars lands. Fyrir valinu varð Faysal, sonur Husseins konungs Sádi-Arabíu og bróðir Abdullah Jórdaníukonungs. Stjórn Faysals ávann sér aldrei trausts þjóðarinnar og var honum og þessari konungsætt steypt af stóli með blóðugri byltingu árið 1958. Fimm árum síðar, árið 1963, kemst síðan Baath-flokkurinn til valda í Írak og naut við það stuðnings bandarísku leyniþjónustunnar CIA. Um þetta er ekki deilt.

Þá var það að gerast í grannríkinu á þessum tíma, um miðja öldina, að Muhammad Mossadeq var steypt af stóli að undirlagi Bandaríkjastjórnar árið 1953 og komst þá til valda í Íran Mohammed Reza Pahlavi keisari, sem svo aftur var steypt af stóli í blóðugri uppreisn árið 1979, en þá komust bókstafstrúarmenn shíta-múslima til valda í Íran, en eins og menn muna var grunnt á því góða með Írönum eða írönskum stjórnvöldum og Bandaríkjamönnum eftir það.

Bandaríkjamenn og Bretar hafa viljað styrkja stöðu sína á ný í þessum heimshluta. Það hefur komið fram að áður en olíulindir Íraka voru þjóðnýttar árið 1972 réðu bresk og bandarísk olíufyrirtæki yfir þveimur þriðja hluta olíuauðsins og þau hafa verið að sækjast eftir yfirráðum á nýjan leik. Talið er að Írak búi yfir álíka miklum olíuauðæfum og Sádi-Arabía sem eru mesta olíuframleiðsluríki veraldarinnar. Írak hefur haft mjög mikla framleiðslugetu. Það getur náð 11% af olíuframleiðslunni í heiminum. En eins og ég segi þá ætla sérfræðingar að olíuauðæfin séu meiri en þegar er vitað um. Talað er um 112 milljarða olíutunna. Menn geta sér til um að þetta sé mun meira eða 250 milljarðar olíutunna sem er svipað magn og er að finna í Sádi-Arabíu. En þá er einnig bent á það að olían sé að mörgu leyti auðunnari í Írak en hún er í Sádi-Arabíu. Eftir miklu er því að slægjast.

Athyglisvert er að á undanförnum árum hafa annað veifið verið að berast fréttir af því að frönsk, þýsk, kínversk og rússnesk fyrirtæki séu að semja við Íraka á bak við tjöldin um nýtingu olíunnar þegar viðskiptabanninu sleppir og er þetta að sjálfsögðu mjög í óþökk Bandaríkjastjórnar sem vill hygla sínum olíufyrirtækjum. Og við skulum ekki gleyma því að varaforseti Bandaríkjanna, Dick Cheney, sem var varnarmálaráðherra Bush þegar ráðist var inn í Írak 1991, er innsti koppur í búri í olíuiðnaðinum. Hann var framkvæmdastjóri Haliburton-fyrirtækisins sem er stærsta þjónustufyrirtæki við olíuiðnaðinn í heiminum. Bush var sjálfur einnig nátengdur þessum iðnaði. Við erum að tala um mikla hagsmuni.

Þetta kemur upp í hugann þegar maður hlustar á hæstv. utanrrh. okkar, Halldór Ásgrímsson, tala um að nú sé tíminn að renna út fyrir Saddam Hussein. Og hvað er þar að gerast? Jú, það er í þessu kapphlaupi Bandaríkjamanna að skipta um stjórn í Írak og setja þar á laggirnar stjórn sem er hliðholl Bandaríkjamönnum.

Þegar rætt er um hvort rétt sé að gera innrás í Írak til að umbylta stjórnarfarinu hafa menn talað um hve árásargjarn Saddam Hussein sé og að vonlaust sé að halda aftur af honum enda hafi hann tvívegis ráðist á önnur ríki. Það var árið 1980 þegar hann réðst gegn Íran og síðan í árslok 1990 þegar ráðist var inn í Kúveit. Í báðum tilvikum var um veikburða einangruð ríki að ræða. Íran var þá nýkomið með klerkastjórnina í andstöðu við Bandaríkjamenn, sem reyndar studdu Íraka í þessum hernaði gegn Íran. Og vel að merkja, sá sem nú fer með varnarmálin í Bandaríkjunum, Donald Rumsfeld, var sérstakur sendimaður Bandaríkjastjórnar árið 1983 þegar þeir voru að búa Saddam Hussein vopnum, m.a. efnavopnum, í baráttunni við Íran.

Kúveit var einnig einangrað ríki. Það naut stuðnings vesturveldanna að sönnu. En það hefur margoft verið vitnað í samtöl sem Írakar áttu á þessum tíma við fulltrúa Bandaríkjastjórnar, sem voru mjög misvísandi. Hvernig sem það er þá verður ekkert skafið af Saddam Hussein að hann er ófyrirleitinn harðstjóri sem hefur beitt landsmenn sína hörðu.

Hann beitti efnavopnum gegn þeim á sínum tíma. En hann hefur ekki ráðist gegn þjóðum sem honum sjálfum stafar ógn af. Hann hefur ráðist gegn þjóðum sem hann telur sig geta ráðið við. Þetta er staðreynd. Og við skulum ekki gleyma því að þegar hernaðarsaga þessa svæðis er rifjuð upp kemur í ljós að aðrar þjóðir hafa verið mun árásargjarnari en Írakar hafa verið.

Varðandi hættuna sem stafar af notkun gereyðingarvopna má taka það fram að Írakar skutu tvívegis eldflaugum á önnur ríki í Persaflóastríðinu 1991, annars vegar gegn Sádi-Arabíu og hins vegar gegn Ísrael. Í báðum tilvikum var um að ræða flaugar sem gátu borið sýklavopn. Það gerðu þær hins vegar ekki. Og maður spyr sjálfan sig: Ef hann býr yfir þessum vopnum, hvaða aðstæður eru líklegastar til þess að vopnunum verði beitt? Er það ekki þegar öryggi stjórnarinnar er mest ógnað? Því er mjög undarlegt þegar maður heyrir síðan þessar yfirlýsingar sem ég vitnaði til hér áðan um að tíminn sé að renna út.

Þetta hefur verið tíundað í mörgum merkilegum greinum sem eru að birtast núna ótt og títt eftir því sem heimsbyggðin vaknar upp við þá ógn sem henni stafar af George Bush Bandaríkjaforseta og haukunum í Washington. Það eru þessir aðilar sem eru heiminum hvað hættulegastir núna.

Í einni slíkri grein sem prófessor við Harvard-háskóla hefur ritað, Stephen M. Walt, og heitir „Can Saddam Be Contained? History Says Yes“, og birtist ekki alls fyrir löngu, kemur fram að yfirmenn CIA hafi skýrt Bandaríkjaþingi frá því, að mati sinnar stofnunar, að ólíklegt væri að Saddam Hussein beitti gereyðingarvopnum gegn Bandaríkjamönnum nema því aðeins að þeir ógnuðu stjórn hans í Írak.

Þegar öllu er á botninn hvolft verður að telja undarlegt að sömu aðilar og á sínum tíma lögðu ofuráherslu á að viðhalda ógnarjafnvægi og hótun um „fullt endurgjald“ til að „halda aftur af“ Sovétríkjunum skuli nú telja ógn stafa af hugsanlegum vopnabúrum Íraka. Það er ekki sannfærandi og ber ekki vott um heilsteypta málafylgju ef svokölluð fælingaráhrif eru stundum tekin með í reikninginn og stundum ekki.

Herra forseti. Þetta er rökstuðningur með þessari þáltill. Sá rökstuðningur gæti verið miklu lengri og miklu ítarlegri. Málið er mjög alvarlegt. Við erum að leggja til að Íslendingar taki afdráttarlausa afstöðu í þessu máli, að við lýsum því yfir að við munum ekki heimila afnot af aðstöðu á íslensku yfirráðasvæði eða taka á nokkurn hátt þátt í aðgerðum gegn Írak.

Ég legg til að þessari þáltill. verði vísað til utanrmn. til umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5., 14., 16., 19. og 21.–23. mál.

Fundi slitið kl. 17:31.

80. FUNDUR

mánudaginn 17. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, stjfrv., 597. mál, þskj. 958. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Fjarskipti, stjfrv., 599. mál, þskj. 960. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 600. mál, þskj. 961. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Húsnæðismál, frv., 227. mál, þskj. 230. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv., 298. mál, þskj. 320. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Lágmarkslaun, frv., 313. mál, þskj. 338. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Hlutafélög, frv., 410. mál, þskj. 513. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Þingsköp Alþingis, frv., 411. mál, þskj. 514. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Sýslur, þáltill., 214. mál, þskj. 217. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Tryggur lágmarkslífeyrir, þáltill., 225. mál, þskj. 228. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, þáltill., 226. mál, þskj. 229. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, þáltill., 228. mál, þskj. 231. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Lögbinding lágmarkslauna, þáltill., 314. mál, þskj. 339. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
14. Notkun hagrænna stjórntækja við umhverfisvernd, þáltill., 374. mál, þskj. 420. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
15. Hernaðaraðgerðir gegn Írak, þáltill., 491. mál, þskj. 807. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
16. Afföll húsbréfa, þáltill., 576. mál, þskj. 928. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
17. Skráning skipa, stjfrv., 157. mál, þskj. 956. — Frh. 3. umr.
18. Stjórnsýslulög, stjfrv., 348. mál, þskj. 384, nál. 941. — 2. umr.
19. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 598. mál, þskj. 959. — 1. umr.
20. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 602. mál, þskj. 963. — 1. umr.
21. Skipulag og framkvæmd löggæslu, þáltill., 195. mál, þskj. 198. — Fyrri umr.
22. Stjórnarskipunarlög, frv., 207. mál, þskj. 210. — 1. umr.
23. Vegamál á höfuðborgarsvæðinu, þáltill., 208. mál, þskj. 211. — Fyrri umr.
24. Innflutningur dýra, frv., 249. mál, þskj. 253. — 1. umr.
25. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 326. mál, þskj. 354. — 1. umr.
26. Lífskjarakönnun eftir landshlutum, þáltill., 389. mál, þskj. 448. — Fyrri umr.
27. Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis, þáltill., 486. mál, þskj. 798. — Fyrri umr.
28. Grunnskólar, frv., 492. mál, þskj. 808. — 1. umr.
29. Gjaldþrotaskipti o.fl., frv., 493. mál, þskj. 809. — 1. umr.
30. Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, frv., 508. mál, þskj. 841. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Siv Friðleifsdóttir umhvrh.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, 8. þm. Reykv.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Lögmenn, 612. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 975.

Stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri, 608. mál, þáltill. ÍGP o.fl., þskj. 971.

Vatnsréttindi til virkjunar í Þjórsá, 613. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 976.

Athugasemdir um störf þingsins.

ESA og samningar við Alcoa.

[15:01]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Efh.- og viðskn. Alþingis hefur fjallað um frv. ríkisstjórnarinnar um heimild til að reisa álver í Reyðarfirði. Nefndin hefur nú sent álitsgerð sína til iðnn. en ég vil vekja athygli á því að efh.- og viðskn. hefur ekki verið kölluð saman til að upplýsa nefndina um nýframkomnar kröfur frá ESA, eftirlitsstofnuninni, þar sem kallað er eftir frekari gögnum til að kanna hvort skattaákvæði samninga og annar stuðningur ríkis og sveitarfélaga við álverkefnið standist ákvæði EES-samninganna. Við fáum nú fréttir af því í fjölmiðlum að þetta mál sé í uppnámi, sé enn ófrágengið.

Hæstv. ráðherra segir í fjölmiðlum að hann trúi því að álverkefnið komi til með að standast EES-reglur og -samninga og þetta muni ekki verða þess valdandi að undirritun samninga dragist á langinn, nokkuð sem ég mundi ekki gráta. En þetta verkefni er stærra en svo að það eigi að geta hvílt á trú einstakra ráðherra eða ríkisstjórnar. Ég vil, herra forseti, mótmæla þeim vinnubrögðum að þingnefndir skuli ekki vera upplýstar um stöðu mála eins og ekki hefur verið gert í þessu máli. Það er mikilvægt að hæstv. iðnrh. upplýsi þingið um hvernig þessi mál standa.

[15:03]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. að þetta mál sé í uppnámi. Það er alls ekki svo. Það er hins vegar þannig að samkvæmt EES-samningnum ber okkur að tilkynna til ESA um opinberan stuðning við rekstur fyrirtækja og í þessu tilfelli er um opinberan stuðning að ræða. Það er ekkert launungarmál og þess vegna ber að tilkynna það til ESA. Þetta var gert nokkru fyrir jól með formlegu erindi sem sent var af hálfu fjmrn. en sameiginlega hafa fjmrn. og iðnrn. unnið að þessu máli.

Síðan komu óskir um frekari upplýsingar frá stofnuninni og er svo sem ekkert meira um það að segja. Við erum að vinna þau svör og þau verða send, ef þau fóru ekki í dag þá fara þau á morgun. Þetta er því stormur í vatnsglasi. En ég tel að það sé ekki nokkur vafi á því og er reyndar nokkuð sannfærð um að þetta verður heimilað því að sá opinberi stuðningur sem þarna er um að ræða er mjög í samræmi við það sem var þegar Norðurál var reist og þar var stuðningurinn samþykktur af hálfu ESA en það er eðlilegt að stofnunin vilji fá allar hugsanlegar upplýsingar til að hafa á borðinu áður en endanlegt svar er gefið. Ég reikna með því að það geti tekið einhvern tíma að ljúka þeirri vinnu af hálfu stofnunarinnar en eins og ég hef sagt opinberlega eru þarna engin hættumerki á ferð og ég get glatt hv. þm. með því.

[15:05]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er alveg með ólíkindum, þetta ábyrgðarleysi sem kemur fram í svari hæstv. ráðherra, stormur í vatnsglasi. Eftirlitsstofnunin, ESA, hefur kallað eftir viðbótarupplýsingum, viðbótargögnum. Svo kynni að fara að samningurinn standist ekki ákvæði EES-samningsins. Hvað gerist þá? Þá fá Íslendingar á sig kæru. Það mun leiða til þess að taka verður upp samninginn, ákvæði samninganna. Nú stendur til að undirrita samninga í næsta mánuði ef áform ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga og ég spyr: Hver kemur til með að verða skaðabótaskyldur ef þörf reynist á því að taka samninginn upp samkvæmt kröfu ESA?

Herra forseti. Að afgreiða þetta mál sem storm í vatnsglasi er fullkomið ábyrgðarleysi.

[15:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tek undir að ástæða er til þess að fara fram á það hér að öll gögn sem lúta að þessum þætti málsins liggi opin fyrir Alþingi. Það geta varla verið nein ríkisleyndarmál sem fjalla um það hvað hæstv. ríkisstjórn lítur á sem opinberan stuðning við þetta verkefni, beinan og óbeinan. Hversu umfangsmikill er hann og til hvaða þátta tekur hann? Hvað er þar talið með í reikninginn og gæti átt eftir að bætast við þann lista ef betur er að gáð? Hvað með t.d. rekstraröryggi þessa fyrirtækis, ef reist verður og háð orku frá þessari einu virkjun, varaafl og annað í þeim dúr, hugsanlega línulagnir og fleira sem þessu gæti tengst, verður það allt samviskusamlega fram talið og tíundað? Ég held, herra forseti, að það sé ástæða til að fara fram á það að þessi gögn verði látin fylgja með greinargerð eða nefndarálitum þingnefnda til þingmanna þannig að þetta liggi fyrir og opið uppi á borðum. Það væri ákaflega fróðlegt að sjá t.d. upplýsingar ríkisstjórnarinnar til ESA um það hvað ríkið telji beina aðstoð og það er út af fyrir sig fróðlegt að heyra það viðurkennt hér, sem hefur verið hálfgert feimnismál, að um beinan ríkisstuðning sé að ræða í formi auðvitað margs konar framlaga á undirbúningsstigi, í formi ábyrgðar, beinnar ríkisábyrgðar og eigendaábyrgðar ríkisins, í formi ókeypis mengunarlosunarkvóta og fleiri slíkra hluta. Það kann líka að vera svo, herra forseti, að umhverfið hafi að þessu leyti breyst frá því að hin miklu minni framkvæmd var á döfinni á Grundartanga þar sem að mörgu leyti voru alls ekki sambærilegir hlutir á ferð og t.d. engin niðurstaða komin þá í sambandi við Kyoto og mengunarkvóta.

Sömuleiðis væri fróðlegt að sjá viðbótargögn hæstv. ríkisstjórnar því að eitthvað hefur erindið verið illa útbúið úr því að ESA sá sig knúið til að biðja um frekari gögn.

[15:08]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tel að hv. þm. Vinstri grænna séu komnir dálítið fram úr sjálfum sér þegar þeir eru jafnvel farnir að tala um kærur og að samningurinn sé í uppnámi og annað slíkt. Það sem hér er um að ræða kemur fram í frv. sem nú hefur verið afgreitt frá iðnn. og lýsi ég sérstakri ánægju með það. Frv. um álver í Reyðarfirði var afgreitt nú í morgun frá iðnn. og það var aðeins fulltrúi Vinstri grænna sem treysti sér ekki til að vera þar á nefndaráliti með meiri hlutanum.

Hvað ríkið telur vera opinberan stuðning er ekki aðalatriði. Það sem ríkið þarf að gera í þessu tilfelli er að gefa allar upplýsingar. Síðan er það ESA sem ákveður hvað er opinber stuðningur og hvað ekki. Þannig fer þetta fram. Þetta er bara hluti af því sem við búum við, Íslendingar, eftir að við urðum aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði og við beygjum okkur að sjálfsögðu undir það og veitum allar þær upplýsingar sem beðið er um og væntum þess þá einnig að fá jákvæða niðurstöðu. Þetta mál er mjög sambærilegt við Norðurál þó að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vilji ekki viðurkenna það. Það skiptir kannski ekki öllu því að hann styður hvorugt málið.

Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 597. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 958.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Fjarskipti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 599. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 960.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Póst- og fjarskiptastofnun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 600. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 961.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Húsnæðismál, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 227. mál (matsverð fasteigna). — Þskj. 230.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frh. 1. umr.

Frv. PHB, 298. mál (aðild að stéttarfélagi). — Þskj. 320.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lágmarkslaun, frh. 1. umr.

Frv. GE o.fl., 313. mál. — Þskj. 338.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Hlutafélög, frh. 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 410. mál (réttur alþingismanna til upplýsinga). — Þskj. 513.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Þingsköp Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 411. mál (upplýsingar um hlutafélög). — Þskj. 514.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Sýslur, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack og JB, 214. mál. — Þskj. 217.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Tryggur lágmarkslífeyrir, frh. fyrri umr.

Þáltill. GAK og SvH, 225. mál. — Þskj. 228.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS, 226. mál. — Þskj. 229.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:15]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 228. mál. — Þskj. 231.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:15]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Lögbinding lágmarkslauna, frh. fyrri umr.

Þáltill. GE o.fl., 314. mál. — Þskj. 339.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:16]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Notkun hagrænna stjórntækja við umhverfisvernd, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞSveinb o.fl., 374. mál. — Þskj. 420.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:16]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Hernaðaraðgerðir gegn Írak, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 491. mál. — Þskj. 807.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:17]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Afföll húsbréfa, frh. fyrri umr.

Þáltill. PM, 576. mál. — Þskj. 928.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:17]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Skráning skipa, frh. 3. umr.

Stjfrv., 157. mál (þurrleiguskráning fiskiskipa). — Þskj. 956.

[15:18]

Guðjón A. Kristjánsson (frh.):

Herra forseti. Mætti ég fá upplýsingar um það hvort hæstv. ráðherra samgöngumála verður hér viðstaddur eða hæstv. sjútvrh. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (ÍGP): Forseti vill láta þess getið að samgrh. er á leiðinni til þings.)

Má ég þá ekki fresta ræðu minni, herra forseti, þangað til hann er kominn?

(**Forseti** (ÍGP): Fyrir u.þ.b. fimm mínútum hringdum við í samgrn. Þá var hæstv. samgrh. um það bil að leggja af stað. Forseti telur því fulla ástæðu til þess að hv. þm. haldi áfram ræðu sinni.)

Herra forseti. Þessari ræðu var frestað síðast vegna þess að ég vildi að hæstv. ráðherra væri viðstaddur. Ég ætla að leggja fyrir hann nokkrar spurningar. Ef beinlínis er mælst til þess að ég haldi áfram ræðu minni þá yrði það aðallega til að lengja mál mitt, herra forseti, þannig að þú ræður þessari för.

(**Forseti** (ÍGP): Forseta er vandi á höndum en ákveður að fresta fundi í fimm mínútur.)

Takk.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 15:20]

Stjórnsýslulög, 2. umr.

Stjfrv., 348. mál (rafræn stjórnsýsla). — Þskj. 384, nál. 941.

[15:25]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 941 um frumvarp til laga um breytingu á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, 348. mál.

Við fórum gaumgæfilega yfir þetta frv. — þetta er nokkuð athyglisvert frv. inn í stjórnsýsluna sem slíka — og fengum góða menn á fund til okkar sem fóru vel yfir þetta og þá möguleika sem frv. hefur í för með sér.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á stjórnsýslulögum sem miðar að því að gera rafræna stjórnsýsluhætti jafngilda hefðbundnum starfsháttum stjórnvalda við meðferð stjórnsýslu mála. Frumvarpið er byggt á tillögum nefndar sem forsætisráðherra skipaði hinn 7. nóvember 2000 til að fara með skipulegum hætti yfir hvaða hindranir kynnu að standa rafrænum stjórnsýsluháttum í vegi og hvaða lagalega umhverfi væri almennt æskilegt að búa rafrænni stjórnsýslu til frambúðar.

Með frumvarpinu er lagt til að við stjórnsýslulögin verði bætt sérstökum kafla þar sem lýst er þeim lágmarkskröfum sem þykir verða að gera til rafrænnar málsmeðferðar í stjórnsýslunni. Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að með þessum breytingum sé rutt úr vegi þeim lagalegu hindrunum sem almennt kunna að standa upptöku rafrænna stjórnsýsluhátta í vegi en frekari breytingar kunni þó jafnframt að vera nauðsynlegar á einstökum sviðum stjórnsýslunnar. Þá er vakin athygli á því að upptaka slíkra stjórnsýsluhátta krefst þess jafnframt að áður sé leyst úr ýmsum tæknilegum og skipulagslegum álitaefnum.

Við erum með öðrum orðum að veita þennan lagalega ramma. En að sjálfsögðu kom það margoft fram á fundi nefndarinnar að síðan kemur hinn tæknilegi og skipulagslegi rammi og úr þeim álitaefnum sem upp kunna að koma verður leyst.

Á það m.a. við um þann vél- og hugbúnað sem stjórnvöld munu nota við rafræna meðferð mála sem og um ýmis álitamál tengd varðveislu rafrænna gagna. Nefndin leggur ríka áherslu á að stjórnvöld nálgist framkvæmd þessara úrlausnarefna á skipulegan og agaðan hátt þannig að hagkvæmni sé gætt og að sem flestir geti notið þess hagræðis sem í rafrænni málsmeðferð getur falist, jafnt almenningur sem stjórnvöld. Rík áhersla er lögð á þetta.

Nefndin leggur áherslu á að frumvarpið miðar eingöngu að því að gera stjórnvöldum kleift að nýta rafræna upplýsingatækni við meðferð stjórnsýslumála en gerir þeim það ekki skylt. Þetta er ekki skylda. Þetta er heimild. Auk þessa verður þeim stjórnvöldum sem taka upp slíka stjórnsýsluhætti skylt að bjóða jafnframt upp á hefðbundna meðferð máls. Með þessu erum við engan veginn að útiloka þá sem hafa ekki aðgang eða kunnáttu til þess að nýta sér hina rafrænu málsmeðferð og tölvutæknina. Í frumvarpinu er fylgt sömu löggjafarstefnu og mörkuð var með lögum nr. 28/2001, um rafrænar undirskriftir, og þannig lagt til grundvallar að fullgild rafræn undirskrift fullnægi ávallt kröfum um eiginhandarundirritun. Frumvarpið gerir þó jafnframt ráð fyrir að heimilt verði að nota aðrar rafrænar staðfestingar þegar lög krefjast þess ekki sérstaklega að gögn séu undirrituð. Við umræður í nefndinni var þó talið líklegt að stjórnvöld geri fremur ríkar kröfur til rafrænna staðfestinga og að rafræn stjórnsýsla verði því vart tekin upp í stórum stíl fyrr en notkun fullgildra rafrænna undirskrifta verði almenn og á færi alls þorra almennings að gera grein fyrir sér á þann hátt.

Í rauninni kom í ljós að þetta er eitthvað sem kemur kannski til framkvæmda innan einhverra missira. Engu að síður er hinn lagalegi rammi tilbúinn og stjórnvöld hafa þá heimild til þess að undirbúa enn betur rafræna stjórnsýslu

þannig að allir geti notað sér þá hagkvæmni sem iðulega fylgir *rafrænni stjórnsýslu*.

Með sama hætti og við aðra lagasetningu er snertir stjórnsýsluna í heild leggur nefndin áherslu á að stjórnvöld fylgi henni eftir með öflugu kynningarstarfi — það skiptir miklu máli að þessu verði fylgt eftir með öflugu kynningarstarfi — bæði innan stjórnsýslunnar og ekki síður meðal almennings.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Undir þetta rita þeir nefndarmenn sem voru viðstaddir fund allshn. þann 7. febrúar 2003.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skráning skipa, frh. 3. umr.

Stjfrv., 157. mál (þurrleiguskráning fiskiskipa). — Þskj. 956.

[15:29]

Guðjón A. Kristjánsson (frh.):

Herra forseti. Þegar þessari umræðu var frestað í síðustu viku hugðist ég leggja nokkrar spurningar fyrir annaðhvort sjútvrh. eða samgrh., og þá kannski helst báða í einu vegna þess að frv. snýr að sumu leyti að því að sjútvrh. þarf að leggja mat á ákveðna hluti til þess að þurrleiguskráningin geti átt sér stað þannig að ekki sé verið að vinna gegn hagsmunum Íslands og þar af leiðandi ekki neinir meinbugir á því að þurrleigan geti átt sér stað. Ég vitnaði til nál. 1. minni hluta samgn. í máli mínu í síðustu viku og fór yfir umsögn meiri hluta sjútvn. sem þar er og rakti hvað í henni stóð. Þar var beinlínis vikið að því hvað þyrfti að hafa til hliðsjónar til þess að útflöggun eða þurrleiga stangaðist ekki á við hagsmuni Íslands til framtíðar, í þessu tilviki hvernig íslenskt skip með tvöfalda skráningu og þar af leiðandi komið undir erlendan fána geti uppfyllt skilyrði í texta frv., t.d. 1. gr. þess, fyrir því að fara undir erlendan fána og vera með baktryggingu í íslenskri skráningu án þess að nein af þeim atriðum frv. sem hér eru upp talin skaði íslenska hagsmuni. Til upprifjunar áður en ég ber fram spurningar mínar, herra forseti, er kannski rétt að vitna örstutt í umsögn meiri hluta sjútvn. frá 14. mars árið 2002 þegar þetta mál var til umræðu á síðasta þingi. Þar segir m.a, með leyfi forseta:

„Ákveði Alþingi að veita heimild í lögum til þurrleiguskráningar verður að tryggja að með því sé ekki unnið gegn heildar- og langtímahagsmunum Íslands."

Þetta eru ein af þeim viðvörunarorðum og viðvörunarsetningum sem meiri hluti sjútvn. setti fram í umsögn sinni. Einnig kemur eftirfarandi fram:

„Verði þetta frumvarp að lögum verður bæði auðveldara og ódýrara fyrir íslenskar útgerðir að sækja á erlend mið en nú er."

Ég hef margspurt að því í umræðunni, herra forseti, hvaða dæmi menn leggi með sér inn í umræðuna um að þannig sé málunum fyrir komið að þetta sé miklu ódýrara og auðveldara. Ég hef beðið um að menn legðu þau dæmi á borðið í þeim umræðum sem við höfum átt um þetta mál, bæði í fyrra og núna, þannig að óyggjandi væri og ekki yrði dregið í efa að þetta væru beinir hagsmunir sem uppfylltu öll þau skilyrði sem frv. kveður á um.

Síðan segir áfram, með leyfi forseta, í umsögn meiri hluta sjútvn. frá síðasta þingi: „Leiða má að því líkur að kostnaður útgerðarinnar" — leiða má að því líkur, það hefur nefnilega aldrei verið sannað, herra forseti. Það er akkúrat það sem ég er að biðja um, að hér verði lögð fram greinileg og skýr dæmi sem menn geta þá haft með sér sem rökstuðning. Varla erum við að lögfesta þetta svona mikið út í bláinn. „Leiða má að því líkur að kostnaður útgerðarinnar vegna veiðanna sé minni sigli skipið undir erlendum fána og þá einkum launakostnaður því íslensk lög og íslenskar reglur og þar af leiðandi íslenskir kjarasamningar gilda ekki um þessi skip."

Þetta er svona til upprifjunar. Svo segir hér áfram: „Þetta er skiljanlega áhyggjuefni íslenskra sjómanna. Hagsmunir sjómanna og heildarhagsmunir þjóðarinnar fara því saman í þessu efni og þessa hagsmuni ber að vernda." — Herra forseti. Þessa hagsmuni ber að vernda, segir í umsögn frá meiri hluta sjútvn.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég dreg mjög efa að við séum að vernda þá hagsmuni sem vikið er að í umsögninni, en undir hana skrifuðu, til upplýsingar, herra forseti, hv. eftirtaldir þm. og fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna, Einar K. Guðfinnsson, Kristinn H. Gunnarsson, Vilhjálmur Egilsson, Helga Guðrún Jónasdóttir, Jónas Hallgrímsson og Guðmundur Hallvarðsson, með fyrirvara. Í umsögninni kemur fram að þessa hagsmuni beri að vernda, bæði heildarhagsmuni þjóðarinnar og heildarhagsmuni sjómanna, og taka verði tillit til þess þegar þessi lög verða sett.

Síðan segir áfram, með leyfi forseta: „Það er álit nefndarinnar, [þ.e. sjútvn. í þessu tilviki] verði frumvarpið samþykkt, að það verði að vera skýrt að þurrleiguskráning sé óheimil fari hún á einhvern hátt gegn hagsmunum Íslands og að þeir hagsmundir séu ávallt teknir fram yfir stundarhagsmuni einstakra útgerða."

Það er alveg greinilegt eins og þetta var lagt upp og menn hafa verið að leggja áherslu á, að reynt hefur verið að færa það inn í textann, m.a. í áliti hv. samgn. þar sem lagt er til að hert verði á nokkrum liðum í frv. Brtt. eru þrjár sem voru samþykktar við 2. umr. og það er m.a. þriggja sólarhringa reglan og upplýsingar um hvar skipi er ætlað að stunda veiðar og á hvaða tegundum. Þetta á að liggja fyrir áður en skráð er, áður en við samþykkjum skráninguna, því að það virðist vera svo þegar álit meiri hluta samgn. er lesið að menn hafi ætlað sér að mæta þeim sjónarmiðum sem komu fram í umsögn sjútvn. frá því á síðasta þingi með þeim breytingum á frv. sem þeir hafa lagt til og eru núna komnar inn í lagatextann. Það er einmitt af þeim sökum, herra forseti, sem ég óskaði eftir því að annar hvor ráðherranna eða báðir yrðu viðstaddir, svo að þeir gætu svarað spurningum mínum.

Ekki er hægt að lesa annað út úr afgreiðslu nefndanna en að vilji sé til þess að í þeim efnum sem við erum hér að ræða felist það meginmarkmið í fyrsta lagi að skaða ekki íslenska hagsmuni til lengri eða skemmri tíma, að skaða ekki hagsmuni sjómanna, og raunar má lesa það út úr orðalaginu hér að menn telji að þetta séu þá störf sem Íslendingum gætu jafnvel staðið til boða. Af því tilefni öllu saman sem ég hef hér rakið svo ég fari ekki að endurtaka alla ræðu mína, herra forseti, og stytti mál mitt eins og ég frekast get vil ég bera fram eftirfarandi spurningar og vona að hæstv. samgrh. leitist við að svara þeim:

Í fyrsta lagi vil ég reyna að fá skýr svör við því hvernig hægt sé að styðja þá fullyrðingu rökum að það verði bæði ódýrara og auðveldara fyrir íslenskar útgerðir ef frv. verður að lögum. Ég er oft búinn að óska eftir slíkum dæmum í umræðunni og mér finnst að hæstv. ráðherrar eða formenn

nefnda eigi að geta sagt okkur það í þessari umræðu, úr því að þeir telja að hér séu svona miklir hagsmunir í húfi, hver þessi dæmi eru. Hvar eru þau dæmi sem íslenskar útgerðir geta beinlínis farið inn í og uppfyllt þau skilyrði sem frv. og greinargerðir í nál. sem mæla með samþykkt frv. og hljóta að skoðast sem lögskýringar við frv. tryggja að gangi eftir, þ.e. að ódýrara verði fyrir útgerðirnar að gera út og þetta sé hagkvæmasta leiðin til þess?

Hvers vegna spyr ég að þessu, herra forseti? Vegna þess að ég er á þeirri skoðun að hagkvæmasta formið fyrir íslenskar útgerðir til að sækjast eftir veiðirétti hjá öðrum þjóðum sé samningar beint, að íslenska ríkið geri beina samninga við viðkomandi ríki, hvort sem um Rússland eða önnur ríki væri að ræða, þar sem það væri beint fyrir forgöngu íslenskra stjórnvalda samið um það að Íslendingar hefðu aðgang að því að sækjast í aflaheimildir sem almennt standa til boða fyrir skip annarra þjóða. Því miður hefur það ekki verið gert af hálfu íslenskra stjórnvalda, að sækjast eftir beinum samningum. Við höfum samið beint við Norðmenn og Rússa um veiðar í Smugunni, réttara sagt uppi í Barentshafi, út á veiðireynsluna sem við öfluðum okkur í Smugunni og erum að veiða þann botnfisk innan norskrar og rússneskrar lögsögu. En ég spyr, herra forseti, hvers vegna menn hafa ekki, úr því að þeir telja sig vita að mikið sé af lausum kvótum sem hægt sé að nálgast, hvers vegna íslenska ríkið hafi þá ekki leitað eftir beinum samningum sem hlýtur að vera ódýrasta formið fyrir íslenskar útgerðir að sækja í. Ekki er þessi veiðiréttur ókeypis, herra forseti. Ég þykist vita að hvort sem við erum að sækjast í veiðirétt sem Pólland, Lettland, Litháen, Rússland eða önnur ríki eiga sé hann ekki ókeypis. Það þarf að greiða fyrir aðganginn og ég sé ekki, ef menn sætta sig við greiðsluna fyrir aðganginn, hvers vegna íslenska ríkið getur ekki samið um slíka samninga beint þannig að við þurfum ekki að fara þær leiðir sem hér eru lagðar til.

Í annan stað spyr ég hæstv. ráðherra hvort veiðireynslan í Norður-Atlantshafi, því að hér hafa einkum verið nefnd dæmi um það — ég man eftir einu dæmi sem var nefnt af hv. frsm. Hjálmari Árnasyni um að við hefðum hugsanlega misst af einhverjum samningi sem eitt færeyskt skip hefði getað sinnt á síðasta ári, sem hefði getað staðið okkur til boða. En ég spyr hvort veiðireynslan í Norður-Atlantshafi sem aflað er undir fána erlendra þjóða muni ekki ævinlega teljast veiðireynsla sem ekki þjónar hagsmunum okkar á þessu hafsvæði vegna þess að ef svo er, eins og ég geri ráð fyrir að menn viti almennt, að þjóðir veiða ekki réttindi sín árum saman og á það jafnt við um okkur Íslendinga, ef við fullnýtum ekki heimildir okkar innan lögsögunnar, þá getur komið upp sú staða í alþjóðasamningum og byggð á hafréttarsamningnum m.a. að önnur ríki eigi rétt til þeirrar veiðiheimildar, eigi rétt til að nálgast þær veiðiheimildir. Þess vegna spyr ég, herra forseti, hvort einhver dæmi séu um það sem hægt er að nefna hér að ef við færum undir fána með tvískráningu og þurrleigu erlends ríkis værum við í raun og veru ekki að skaða framtíðarhagsmuni Íslands, eins og frv. segir til um, vegna þess að við værum þá að tryggja veiðireynslu einhverra annarra ríkja. Svo lengi sem þjóðum sem ekki hafa notað veiðirétt sinn er tryggður slíkur réttur með veiðum annarra skipa undir þeirra fána, er verið að viðhalda veiðirétti þeirra. Þetta þekkja menn auðvitað af Flæmingjagrunninu þar sem Íslendingar hafa verið að veiða undir fána fjölda ríkja og í rauninni verið að tryggja þeim veiðirétt út á veiðimunstur sitt.

Herra forseti. Ég spyr: Hvaða dæmi er hægt að nefna um að slíkir samningar vinni ekki gegn heildarhagsmunum okkar til skamms tíma eða til langs tíma litið því það er beinlínis vikið að þessu í frv. og greinargerðunum?

Í fjórða lagi, herra forseti, vil ég spyrja hæstv. samgrh.: Þar sem sagt er að aðalávinningur íslenskra útgerða felist í því að íslenskir sjómenn geti gegnt þessum störfum þá vil ég spyrja hvort hæstv. samgrh. líti svo á að í felist því mikill ávinningur fyrir íslenska sjómenn að sækjast eftir störfum þar sem launin eru allt að því helmingi lægri en samkvæmt núverandi kjarasamningum — allt að því, segi ég.

Ég held að maður geti skoðað þessi dæmi. Menn vita jú nokk hvaða kjarasamningar gilda á rússneskum skipum og menn þekkja baráttu Norðmanna fyrir því að tryggja áhöfnum á rússneskum skipum sem landa afla í Noregi „raunverulega samninga" eða lágmarkskjör, ef það er hægt að orða það þannig. Norðmenn hafa lýst því yfir, þ.e. sjómannasamtökin þar, að þau mundu beita sér fyrir því að hætt yrði að þjónusta þessi skip að öllu leyti og fá verkalýðshreyfinguna í Noregi með sér í það, ef ekki yrði samið um lágmarkskjör fyrir rússneska sjómenn. Telja menn að íslenskir sjómenn eigi að sækjast eftir þessu og telja þeir að í því felist ávinningur? Á að líta svo á, herra forseti, að það sé ávinningur íslenskra sjómanna að lækka um helming í kjörum? Þetta á auðvitað líka við ef við værum að fara inn á lettneska eða litháíska samninga sem eru tiltölulega mjög lágir. Þetta er sem sagt spurning um það hvort menn telji almennt ávinning felast í þessu. Það má lesa út úr greinargerðum og heyra í ræðum sem hér hafa verið fluttar að íslenskir sjómenn hagnist í þessum störfum og að þetta þjóni ekki bara íslenskum útgerðum.

Þá kemur að því sem mér finnst skína út úr og segir beinlínis í umsögn sjútvn, þ.e. að hagsmunir sjómanna skuli tryggðir og að þeir fari saman við heildarhagsmuni þjóðarinnar að þessu leyti. Þess vegna spyr ég að lokum, herra forseti: Telur hæstv. samgrh. að hægt sé að leggja einhver dæmi inn í þessa umræðu um að íslenskir sjómenn og heildarhagsmunir þjóðarinnar fari svo vel saman að öll ákvæði þessa frv. sem við erum að ræða verði uppfyllt? Þau eru auðvitað fjölmörg. Ég vil ekki að tefja umræðuna með því að rifja þau upp. Þau birtast í 1. gr. frv. í mörgum liðum og kveða skýrt á um hvaða skilyrði þurfi að uppfylla svo hægt sé að fara undir þurrleigufána.

Ég fæ ekki séð, herra forseti, og þessar spurningar mínar lúta auðvitað að því, að þeir hagsmunir sem við virðumst vilja tryggja miðað við textann sem í frv. er, með þessari lagasetningu, fái nokkurs staðar staðist. Þess vegna spyr ég þessara spurninga og bið nú um það í lok umræðunnar að hæstv. ráðherra leggi dæmin með sér þannig að við höfum efnislega rökræðu um málið.

[15:49]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni fyrir þá ræðu sem hann flutti og þau varnaðarorð sem hann hefur haft uppi vegna efnis þessa frv. því að vissulega þurfum við að gæta mjög ríkulega að hagsmunum okkar Íslendinga þegar fjallað er um veiðar, nýtingu stofna og sókn skipa okkar á önnur mið. Það er afar mikilvægt og þess vegna tel ég í fyllsta máta eðlilegt að þingmenn sem hafa svo ríka reynslu og þekkingu á þessum sviðum fari rækilega yfir þessi mál og þau ákvæði sem í frv. felast.

Hv. samgn. hefur farið mjög vandlega yfir þetta mál og kallað eftir umsögnum og viðbrögðum. Vitað er að sjó-

mannasamtökin hafa haft uppi efasemdir. En það er mat mitt og ríkisstjórnarinnar að afar mikilvægt sé að skapa þau skilyrði sem frv. felur í sér um tvískráningu fiskiskipa í þeim tilgangi að auðvelda útgerðarmönnum að nýta skipin og beita sókn þeirra á mið utan efnahagslögsögu okkar, þ.e. innan lögsögu annarra ríkja. Það er þekkt og við vitum að eins og þessu fyrirkomulagi er háttað í dag eru skip seld og þeim er beitt innan lögsögu annarra ríkja í þeim tilgangi að nýta þau. En þá standa menn frammi fyrir þeim vanda að þurfa að selja skipin úr landi og búa þannig um hnúta. Oft og tíðum er það mjög miklum erfiðleikum háð og felur í sér mikinn kostnað.

Þá kemur að þessu sem hv. þm. var að spyrjast fyrir um, þ.e.: Hvernig á að tryggja þetta, að hagsmunum okkar sé til haga haldið?

Þetta kemur mjög glöggt fram í 1. gr. frv. því áður en Siglingastofnun Íslands veitir heimild til þurrleiguskráningar skips skv. 1. mgr. skal liggja fyrir staðfesting sjútvrn. Það er skilgreint síðan nánar í 1. gr. Ég vitna ekki nánar í hana. En þar er fjallað nákvæmlega og mjög ræklega um þau skilyrði sem þarf að uppfylla áður en þurrleiguskráningin er veitt.

Hv. þm. spurði í fyrsta lagi um það hvað fæli í sér þessa hagkvæmni og hvaða dæmi væru um það. Hagkvæmnin felst fyrst og fremst í því, að mínu mati, að viðkomandi útgerð hefur yfirráð yfir skipi sínu og þarf ekki að eiga undir öðrum með það og getur skráð skipið undir öðrum þjóðfána. Samkvæmt upplýsingum okkar og því sem fram kemur í grg. með frv. og þeirri skýrslu sem frv. var byggt á, sem unnin var á vegum samgrn., sjútvrn. og utanrrn., eru þarna býsna miklir hagsmunir á ferðinni, beinir og óbeinir, heilmiklir hagsmunir fyrir útgerðina.

Þegar um er að ræða að beinir og óbeinir hagsmunir felast í því fyrir útgerðina að geta haldið skipum úti gefur það að sjálfsögðu augaleið að það auðveldar útgerðinni að standa betur að málum gagnvart starfsmönnum sínum, sjómönnunum. Þar af leiðandi er alveg ljóst að þarna fara saman hagsmunir því þetta skapar störf og möguleika á því að sjómenn geti fengið verkefni á þeim skipum sem sækja inn í efnahagslögsögu annarra ríkja. Það eru fyrst og fremst þessir hagsmunir sem eru þarna á ferðinni, þ.e. að auðvelda útgerðunum að standa að því að gera skipin út eins og þetta frv. og ákvæði þess fela í sér.

Hv. þm. óskar eftir sérstökum dæmum um þetta. Ég get út af fyrir sig því miður ekki tilgreint einstök dæmi um þessa auknu hagkvæmni. Ég lít fyrst og fremst á þetta sem heildarhagsmunamálefni, þ.e. að þessi heimild styrkir stöðu útgerðanna til að standa að veiðum í lögsögu annarra ríkja. Ég tel að að öðru leyti komi þetta mjög ræklega fram og hafi komið fram í viðræðum í samgn. þannig að það ætti að liggja nokkuð vel fyrir.

Spurt var hvort við getum ekki sótt réttindi með samningum og það nefnt að veiðireynsla í Norður-Atlantshafinu sem aflað er undir fána erlendra þjóða nýtist ekki þeim þjóðum. Það fer að sjálfsögðu eftir þeim reglum sem í gildi eru. Það liggur alveg ljóst fyrir. Grundvallaratriðið í þessu er, og það er svar mitt, að til þess að við getum veitt heimild til þurrleiguskráningarinnar þarf sjútvrh. að fjalla um það mál og meta þessa hagsmuni og að sjálfsögðu eru þeir metnir þá ríkari þegar um er að ræða heildarhagsmuni þjóðarinnar og heildarhagsmuni sjávarútvegsins fremur en að blint og eingöngu sé litið á hagsmuni einstakra útgerða. Ég tel að við verðum að fara afskaplega varlega þarna og gæta þess að heimila ekki tvískráningu ef nokkur vafi leikur á því að við séum að glata einhverjum hagsmunum sem tengjast veiðireynslu. Þetta er svar mitt við því. Sjútvrh. á samkvæmt frv. og verður að sjálfsögðu að meta þetta.

Hv. þm. spurði hvort nokkrar líkur séu á því að sjómenn hafi einhvern ávinning af þessu vegna þess að ekki sé í annað að sækja en mjög lágt launuð störf. Ég ætla ekki að gefa neinar yfirlýsingar um það. Við vitum að kjaramál sjómanna eru víða í öðru fari en við viljum. Við hvetjum Íslendinga að sjálfsögðu til þess að sjómenn hjá öðrum ríkjum hafi réttindi á borð við þau sem við veitum þeim á Íslandi. Ég held að það sé hins vegar alveg ljóst að þessi tvískráningarmöguleiki gefur útvegsmönnum möguleika á að skapa störf og að sjálfsögðu verðum við að gera ráð fyrir því að sjómenn gangi ekki í önnur störf en þau sem þeir eru sæmilega sáttir við í miðað við þau laun sem í boði eru. Við getum að sjálfsögðu ekki ákveðið það hér með löggjöf.

Herra forseti. Að lokum vil ég ítreka að ég tel að það komi skýrt fram í frv. og í greinargerðinni að við erum að leita leiða til þess að auðvelda útvegsmönnum að nýta skip sín. Það er aðalatriði þessa máls. Að sjálfsögðu þarf að tryggja hagsmuni sjómanna í þeim efnum. Ég tel að þeir fyrirvarar og þau skýru og eindregnu ákvæði sem um þetta gilda tryggi hagsmuni okkar. Yfir það er búið að fara mjög vandlega. Hv. samgn. hefur unnið vel að þessu máli og komist að þeirri niðurstöðu sem nál. meiri hlutans felur m.a. í sér. Ég vil ítreka að ég tel eðlilegt að yfir þetta sé ræklega farið. Þetta eru þau svör sem ég veiti á þessari stundu.

[16:00]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans en það fór auðvitað eins og mig grunaði, dæmin liggja ekki á lausu, herra forseti. Hæstv. ráðherra lítur svo á að hann sé að tryggja almenn skilyrði til þess að bæta hag útgerðanna. Ég verð að líta svo á, herra forseti, að hér sé verið að fara að kröfu LÍÚ í því að ná þessu máli fram. Ég verð einnig að segja það, herra forseti, að mér finnst það ekki burðugt að forusta LÍÚ skuli ekki einu sinni leggja fram dæmi þar sem menn geta beinlínis sýnt fram á að það sem þeir sækjast eftir sé þess virði og réttlæti þann lagatexta sem við erum með í höndunum, herra forseti.

Eina dæmið sem ég man eftir tengist Færeyjum, ég vék að því áðan. En í umsögn sjútvn. segir:

„Þegar um alþjóðleg hafsvæði er að ræða verðum við að gera þá kröfu að þær veiðar sem við stundum gangi ekki gegn skynsamlegum stjórnunar- og verndunarsjónarmiðum. Sem ábyrg fiskveiðiþjóð verðum við að tryggja að þessi sjónarmið séu í heiðri höfð jafnvel þótt aðrar þjóðir telji sér það ekki skylt."

Sá fiskur sem verið er að tala um að við höfum hugsanlega getað fengið — eina dæmið sem ég hef heyrt um það, varðandi Færeyjar, var uppi í Barentshafi og þar hefur verið leyfður 360 þús. tonna afli á ári samanlagt af Norðmönnum og Rússum sem er langt umfram heimildir Alþjóðahafrannsóknaráðsins á undanförnum árum. Því spyr ég enn: Mundi þetta ákvæði nægja til þess að við færum ekki að veiða þar?

[16:02]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var mat þess hóps þriggja ráðuneyta sem undirbjó frv. að það færi ekki á milli mála að við ættum alla möguleika á því að uppfylla þessar kröfur og tryggja

hagsmuni okkar. Ég sé enga ástæðu til þess að efast um að þau ákvæði sem frv. gerir ráð fyrir og fela sjútvrh. að setja skilyrði geti ekki tryggt hagsmuni okkar. Við verðum að sjálfsögðu að gera ráð fyrir að svo sé og gera kröfu um að svo verði í framkvæmdinni.

[16:03]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð þá að líta svo á að svarið frá hæstv. samgrh. þýði að sjútvrh. muni leggjast gegn því, samkvæmt því sem hér segir um að við stundum skynsamleg stjórnunar- og verndunarsjónarmið. „Sem ábyrg fiskveiðiþjóð verðum við að tryggja að þessi sjónarmið séu í heiðri höfð jafnvel þótt aðrar þjóðir telji sér það ekki skylt.“ Ég lít þá svo á miðað við svar ráðherra að hann telji að sjútvrh. muni ekki heimila íslenskum skipum veiðar uppi í Barentshafi samkvæmt þessu ákvæði. Eða hvað? Hvernig á að túlka svarið? Á að túlka það þannig að veiðiréttur sem við sækjumst eftir sé sá veiðiréttur sem er ákveðinn og útdeilt af stjórnvöldum umfram ráðgjöf, það séu viðmiðunarreglur, það teljist ábyrgar fiskveiðar, eða á að skilja það svo að jafnvel þó að aðrir telji það óábyrgt eigum við að gera það?

[16:04]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við Íslendingar leggjum að sjálfsögðu þunga áherslu á að stunda ábyrgar fiskveiðar, um annað þarf ekki að ræða. Ég get hins vegar ekki gefið nein fyrirframsvör um hvaða skilyrði og hvaða leyfi sjávarútvegsráðherrar framtíðarinnar muni veita. Verði þetta frv. að lögum sem ég vona að verði verða að sjálfsögðu bæði samgrh. og sjútvrh. að fara að þeim ákvæðum sem lögin fela í sér, setja þau skilyrði sem þar er gert ráð fyrir að séu sett, en að öðru leyti er ekki hægt að gefa neinar yfirlýsingar um það fyrir fram hvaða leyfi verða veitt. En ég undirstrika, endurtek og ítreka að það eru heildarhagsmunir okkar Íslendinga sem þarf að hafa að leiðarljósi.

[16:06]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. sagði að sér væri kunnugt um að sjómenn hefðu ákveðnar efasemdir um þetta frv. Hér er talað af mjög mikilli hógværð, reyndar svo mjög að ég leyfi mér að fullyrða að þetta orðalag gefur alranga mynd. Staðreyndin er sú að öll helstu samtök sjómanna hafa harðlega fordæmt frv. og vísa ég þar í Farmanna- og fiskimannasambandið, Vélstjórafélagið, Sjómannasamtökin, Félag smábátaeigenda og Alþýðusamband Íslands. Við þekkjum öll baráttu t.d. Sjómannafélags Reykjavíkur gegn hentifánastefnunni þannig að þetta er rangt hjá hæstv. ráðherra. Staðreyndin er sú að íslenskir sjómenn ásaka ríkisstjórnina fyrir að ganga erinda útgerðarmanna í þessu efni.

Það sem verið er að gera með þessu frv. er að auðvelda undirboð á kjörum sjómanna á heimshöfunum. Um það snýst þetta mál enda kom fram í máli fulltrúa útgerðarinnar sem komu fyrir samgn. þingsins að kjarasamningar íslenskra sjómanna leiddu til svo mikils launakostnaðar að trauðla væri rekstrargrundvöllur fyrir sókn á fjarlæg fiskimið undir íslenskum fána og íslenskum kjarasamningum. Hér kom fram hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að það væri mótsagnakennt þegar þetta kæmi fram annars vegar og hins vegar fullyrðingar eða a.m.k. getgátur um að líklegt væri að íslenskar áhafnir mundu fara á þessi fjarlægu mið. Síðan kemur hæstv. ráðherra og segir að þetta fyrirkomulag muni verða til þess að styrkja kjaralega stöðu íslenskra sjómanna. Allt er þetta ein bullandi mótsögn. Staðreyndin er sú að hér er á ferðinni frv. þar sem ríkisstjórnin gengur erinda útgerðarinnar á kostnað íslenskra sjómanna.

[16:08]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað með öllu rakalaust að ríkisstjórnin og þar með samgrh. gangi erinda aðila sem vinna gegn hagsmunum sjómanna. Það er fjarri öllu lagi. Ég hef lagt á það áherslu að við stöndum hér fyrir breytingum sem munu styrkja stöðu útgerðanna. Ég hef haldið því fram að þeim mun öflugri sem íslensk útgerð er, þeim mun meiri líkur eru á að hagsmunir sjómanna séu tryggðir. Þetta hlýtur að fara saman og hv. þm. Ögmundi Jónassyni á að vera þetta fullkomlega ljóst.

Að ganga erinda útgerða. Mér fannst ansi neikvæður tónn í þessari setningu hjá hv. þm. Ef við gengjum sérstaklega erinda útgerðarmanna, væri það alvont? Er það algerlega fordæmanlegt? Ég tel mig ekkert vera minni mann þótt ég gangi erinda útgerðarmanna þegar ég er sannfærður um að það er í þágu heildarhagsmuna. Ég þekki marga sjómenn á skipum sem eru við veiðar í lögsögu annarra ríkja sem yrðu á skipum í eigum Íslendinga ef þessi breyting yrði gerð. Það liggur alveg fyrir að þær útgerðir yrðu til þess að skapa fleiri störf og treysta betur hagsmuni sjómanna þar með. Ég held að þarna séu hv. þm., eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson, að mála skrattann á vegginn og reyna að gera málið neikvætt og ég tel það ekki vera í þágu íslenskra sjómanna.

[16:10]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mér ekki á óvart að hæstv. ráðherra skuli lýsa því yfir að hann telji það til góðs þegar hann og ríkisstjórnin ganga erinda útgerðarinnar. Ég tek hins vegar undir með sjómönnum sem vara við því að þetta sé gert, að það sé hugað að hagsmunum útgerðarinnar á kostnað sjómanna. Það telja þeir að sé að gerast með þessum lögum sem opna á undirboð á kjarasamningum.

Hæstv. ráðherra sagði áðan að kjaramál sjómanna væru ekki í þeim farvegi sem við óskuðum. Ég held að hann eigi að tala fyrir sjálfan sig og fyrir hönd ríkisstjórnarinnar í þessu efni því að kjaramál sjómanna hafa ítrekað komið upp á borð á Alþingi, síðast í harðvítugum verkfallsdeilum sjómannasamtakanna gegn útgerðinni. Þá gerðist það aftur að ríkisstjórnin gekk erinda útvegsmanna á kostnað sjómanna. Þetta endurtekur sig því eina ferðina enn.

[16:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sem betur fer hefur verið haldið þannig á málum sjómanna gegnum tíðina af forustumönnum sjómannasamtakanna að kjör þeirra eru, að ég tel, allgóð. Borið saman við kjör stétta í landinu skera sjómenn sig úr hvað það varðar þannig að þeir hafa náð býsna góðum samningum, að ég tel.

Hv. þm. segir að með þessu frv. sé verið að opna á undirboð. Ég tel að það sé alveg fjarri öllu lagi. Þessi breyting skapar ekki nokkur slík skilyrði heldur hið gagnstæða, að mínu mati. Ég tel að með þessari breytingu styrkist staða þeirra útgerða sem sækja á þessi mið sem á að geta leitt til þess, eins og ég hef margsinnis sagt, að þegar á allt er litið nái sjómenn betri kjörum en áður.

[16:13]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra talaði um heildarhagsmuni í þessu máli og mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann eða þeir sem komu að því að semja þetta frv. hafi velt fyrir sér hvaða viðbrögð verða við því ef aðrar þjóðir óska þess sama hér, að fá að skrá skip hér með skipaskráningu sem hér er um að ræða og/eða ef því verður til svarað í þeim ríkjum sem Íslendingar vilja fá slíka skráningu að hún verði einungis heimiluð með gagnkvæmum hætti, að útgerðarmenn frá þeim svæðum geti fengið að skrá skip á Íslandi með sama hætti. Ég held að það sé ástæða til að spyrja að þessu vegna þess að ég vissi af því að a.m.k. ein eða tvær útgerðir gerðu tilraunir til þess að flytja skip til landsins til þess að fara að gera héðan út, erlendar útgerðir, og ég held að það sé þannig í samskiptum milli þjóða að menn ætlist til ákveðinnar gagnkvæmni. Menn geta ekki ætlast til þess að fá réttindi í einu landi af einhverju tagi og neita svo um slík réttindi í sínu landi ef þeim hentar ekki að skrifa upp á það. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er hann tilbúinn til þess? Á að líta þannig á að þetta lagafrv. segi okkur það að menn séu tilbúnir til þess að leyfa erlendum aðilum að skrá skip hér á sama hátt og hér er lagt til að Íslendingar geti gert erlendis?

[16:15]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get svarað því með fáum orðum að ég tel að það komi ekki til greina að leyfa erlendum útgerðum að hefja veiðar í lögsögu okkar, það er ekki á dagskrá. Þetta frv. felur það ekki í sér. Það kann vel að vera að önnur ríki sækist eftir því að fá fiskveiðiþjóðina Ísland, þ.e. útgerðarmenn og öfluga sjómenn, til þess að nýta fiskimið innan sinnar lögsögu. Við erum fullfær um að nýta auðlindir okkar hafsvæða fullkomlega og þurfum ekki að gera neina gagnkvæma samninga á þeim nótum. Það er ekki á dagskrá og ég vona að svo verði ekki.

[16:16]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst fullmikill hroki í þessu svari. Það kunna fleiri að fiska en Íslendingar. Það eru til ágætisútgerðir í fleiri löndum en á Íslandi og ég tel að í þeim löndum geti vel verið útgerðarmenn sem gætu hugsað sér að gera út á Íslandsmiðum og þeim finnist það svolítið undarlegt ef þjóðir þeirra skrifi upp á það að flagga megi út skipum til þeirra, en að þeir megi ekki flagga út upp á Íslandsmið. Þannig held ég að menn geti alveg látið sér detta í hug að líta á málin.

Mér finnst að í þessu sé töluverður tvískinnungur af hálfu Íslendinga að ætla að fara að sækjast eftir réttindum af þessu tagi í þeirri stöðu sem menn eru og fyrir fram ákveðnir í því að gagnkvæm réttindi komi ekki til greina. Ég gæti ímyndað mér að sumum þætti það heldur harðir kostir ef þeim væri boðið upp á þau býti. Ekki er ég að leggja til að þetta frv. verði samþykkt en ég tel að verið sé að bjóða upp á umræðu um það að hleypa erlendum skipum inn í lögsöguna hér með því að samþykkja það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 602. mál (meðafli). — Þskj. 963.

[16:18]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum.

Frumvarpið er einungis tvær greinar og í 1. gr. segir:

„Í stað orðanna „og á fiskveiðiárinu 2002/2003“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIX í lögunum, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 129 20. desember 2001, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, kemur: á fiskveiðiárunum 2002/2003, 2003/2004 og 2004/2005.

Herra forseti. Í athugasemdum með frv. segir:

Með b-lið 7. gr. laga nr. 129 20. desember 2001, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, var lögfest að hverju fiskiskipi væri heimilt að koma með að landi allt að 5% af heildarafla í botnfiski sem ekki reiknaðist til aflamarks skipsins, svokallaður Hafró-kvóti. Ákvæði þetta tekur til afla sem veiddur er á tímabilinu 1. febrúar 2002 til 31. ágúst 2002 og fiskveiðiárinu 2002/2003. Heimild þessi er bundin því skilyrði að aflinn sé seldur á opinberum fiskmarkaði og að andvirði hins selda afla renni til Hafrannsóknastofnunarinnar. Þó skulu 20% af andvirði aflans skiptast milli útgerðar og áhafnar.

Tilgangur þessa ákvæðis var fyrst og fremst að koma í veg fyrir brottkast með því að opna leið fyrir útgerðir til koma með fisk að landi sem að öðrum kosti hefði getað farið í sjóinn aftur, annaðhvort vegna þess að fiskurinn væri verðlítill eða skip hefði ekki aflamark í viðkomandi tegund. Í athugasemd með frumvarpi til laga nr. 129/2001 kom fram að óvíst væri að hve miklu marki þessi heimild yrði nýtt og þætti því rétt að hafa hana tímabundna. Niðurstaða umræðu á Alþingi var að heimildin gilti til loka fiskveiðiársins 2002/2003, eða til 31. ágúst 2003.

Nú liggur fyrir að á tímabilinu 1. febrúar 2002 til loka fiskveiðiársins 2001/2002, eða á sjö mánaða tímabili nýttu um það bil 250 fiskiskip þessa heimild og komu þau samtals með tæpar 800 lestir að landi sem ekki reiknuðust til aflamarks. Má ætla að þannig hafi um það bil 70 millj. kr. runnið til Hafrannsóknastofnunarinnar. Eðli málsins samkvæmt er heimild þessi því meir nýtt sem á fiskveiðiárið líður og því er nú ekki unnt að segja til um hvernig hún nýtist á yfirstandandi fiskveiðiári en hún fellur úr gildi í lok þess, eða í byrjun september 2003, nema til lagabreytingar komi. Er hér lagt til, herra forseti, að gildistími ákvæðisins verði framlengdur um tvö fiskveiðiár.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til hv. sjútvn.

[16:21]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessu frv. hæstv. ráðherra og vil segja að allar líkur eru til þess að sú breyting sem gerð var á lögunum sem hér um ræðir hafi mjög jákvæð áhrif. Hæstv. ráðherra lýsti því yfir að verulegur afli hefur komið á land vegna þessa ákvæðis og má ætla að a.m.k. hluti hans hefði aldrei komið að landi ef þetta ákvæði hefði ekki verið tekið upp.

Ég held að þetta sé kannski eitt af því skynsamlegasta sem gert hefur verið til að reyna að draga úr og koma í veg

fyrir brottkast. Það eru að vísu æðimörg ár frá því að fyrst voru flutt frv. hér á Alþingi um að gera tilraun með ákvæði af þessu tagi en það bar ekki árangur fyrr en þetta var gert og ber að þakka það sem skynsamlegt og gott er gert og ég geri það hér með.

Mér fannst það hins vegar dálítið skemmtileg tilviljun að við vorum á fundi í sjútvn. á þriðjudaginn var og þá voru mættir fulltrúar frá bæði Fiskistofu og ráðuneytinu. Þar var það einmitt til umræðu að þetta ákvæði mundi renna út næsta haust og það þyrfti að bregðast hratt við ef það ætti ekki að falla úr gildi við upphaf næsta fiskveiðiárs. Ráðherrann hefur annaðhvort brugðist við svo hratt sem raun ber vitni núna eða þá að hann hefur fyrir tilviljun verið tilbúinn með frv. sitt því frv. var dreift í þinginu líklega daginn eftir. Hvort sem hefur verið þá vissu starfsmenn ráðuneytisins sem þarna voru ekki um stöðu málsins. En hvað um það, það skiptir ekki öllu máli í þessu.

Ég lýsi yfir stuðningi við frv. eins og það er lagt hér fram þó svo ég hafi allan tímann sagt að ég vildi ganga lengra en þarna er gert. En ég get vel fallist á að þurfi að halda reynslu hvað þetta ákvæði varðar. Það hefur nú þegar komið fram að fiskeftirlitsmennirnir telja að þetta ákvæði hafi hjálpað þeim við starf sitt þar sem þeir hafi þá jákvæðari stöðu gagnvart þeim sem þeir eiga við í sambandi við brottkast, að geta bent þeim á þessa leið. Kynning á þessu ákvæði hefur raunverulega tekið töluverðan tíma. Fram hefur komið og kom fram í nefndinni að fiskeftirlitsmennirnir hafa eytt töluverðum tíma í að kynna þetta ákvæði fyrir útgerðarmönnum og sjómönnum og full ástæða er til að halda að það verði ekki minna notað, líkast til meira í framtíðinni en verið hefur fram að þessu. En það er greinilegt að ákvæðið virkar og það virkar í jákvæða átt.

[16:24]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. jákvæð orð í garð frv. Þar sem hann velti því fyrir sér hvernig frv. varð til, þá var það búið að fara í gegnum ríkisstjórn og þingflokka vikunni áður en fundurinn sem hann vitnaði til var haldinn og væntanlega hefur viðkomandi starfsmaður ráðuneytisins ekki vitað að þingflokkar voru búnir að afgreiða frv. frá sér og að það kæmi inn í þingið daginn eftir.

En eins og hv. þm. vita þarf fyrst að afgreiða stjórnarfrv. í ríkisstjórninni og síðan í þingflokkunum og þess vegna getur það tekið einhverja daga að frv. birtist í þingsalnum þó svo þau séu farin frá ráðuneytinu.

[16:25]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að lýsa því yfir að ég tel að þetta frv. sé til bóta. Það hefði verið afar slæmt ef þessi heimild hefði dottið sjálfkrafa út 1. september nk., einkum þar sem komið hefur í ljós hvaða verðmæti eru að koma að landi samkvæmt þessari 5% reglu og að 250 fiskiskip hafa þegar nýtt sér regluna á fyrsta tímabilinu, á sjö mánaða tímabili. Þar eru auðvitað að koma mikil verðmæti að landi sem við vitum ekki hvort komið hefðu ella ef þetta ákvæði hefði ekki verið inni, a.m.k. tel ég að talsvert af þeim afla sem hér um ræðir hefði ekki gert það.

Þess vegna velti ég því fyrir mér, herra forseti, og vil láta það koma fram í þessari stuttu ræðu minni, hvort ekki ætti að vera heimild fyrir því að ráðherra hefði heimild til að hækka þetta ákvæði. Nú kemur af þessu reynsla á heilu fiskveiðiári sem liggur fyrir þegar þetta fiskveiðiár er liðið og væri náttúrlega fróðlegt að skoða það hve mörg fiskiskipanna fullnýta í rauninni þessa reglu, 5% regluna, eða hvort menn fullnýta hana í einhverjum sérstökum tegundum.

Ég hefði talið að það væri meira en einnar messu virði að skoða hvort sú heimild ætti að vera rýmri því það þjónar auðvitað engum tilgangi að hafa reglu í gildi, sem var eins og áður, að ef menn lenda í þröngri stöðu einhverra hluta vegna eða aðrar aðstæður eru uppi eins og núverandi kerfi býður upp á að menn eigi ekki kost á að afla sér heimilda en fá aflann í veiðarfærin, það geta verið margar ástæður fyrir því, að þá séu menn komnir aftur í þá stöðu að þurfa að losa sig við aflann eða menn freistist til þess til að missa ekki veiðileyfið.

Þess vegna vil ég velta því upp í þessari umræðu hvort eðlilegt væri að setja heimildarákvæði til viðbótar við 1. gr. um að ráðherra væri heimilt að hækka þessa viðmiðun um einhverjar prósentur, hvort sem það eru 2% eða 5%, þannig að menn séu þá raunverulega að mæta því sem ella kæmi einfaldlega ekki að landi og yrði ekki að verðmæti.

Ég held að það hljóti að vera svo, herra forseti, að eins og þetta ákvæði var sett inn hafi menn verið að reyna að tryggja það að til þess að brottkast yrði minna væri heimild til þess að koma með aflann að landi án þess að menn lentu beint í refsiákvæðum og veiðileyfissviptingu fyrir það.

Ég vil líka láta þess getið, herra forseti, að komið hefur í ljós eftir að menn fóru að stunda hér síldveiðar, kolmunnaveiðar og loðnuveiðar með flotvörpu að þau skip hafa annað slagið verið að fá meðafla af botnfiskstegundum sem ekki hefur verið kvótareiknaður og án þess að neitt sérstaklega væri verið að taka á þeim málum. Auðvitað munu menn fá meðafla af og til við þá veiðarfæranotkun. Spurningin er hins vegar hvort þetta sé annað slagið í óeðlilegu miklu magni. Það er kannski ekki beint þáttur þessa máls. En það vekur þó athygli á því að við erum að taka hér upp þó nokkra nýbreytni í veiðum á uppsjávarfiski með flotvörpu sem getur haft þennan fylgifisk, þ.e. að menn fá meðafla. Það er auðvitað spurning hvernig með á að fara. Fróðlegt væri ef ráðherra vildi upplýsa okkur aðeins um það, af því að ég þykist vita að honum sé kunnugt um þetta málefni, hvernig með þann meðafla er farið sem fæst með uppsjávarveiðum í troll og hvaða hugmyndir ráðherrann hefur um að taka á því máli. Ætlar hann þá að setja svona meðaflareglu eins og hér er? Hefur það verið rætt sérstaklega í ráðuneytinu? Hafa menn verið að ræða það í sjútvrn. hvernig skyldi með farið? Það væri fróðlegt ef ráðherrann vildi upplýsa okkur um hvaða stærðir er þar að ræða. Ég þykist vita að veiðieftirlitsmenn sem hafa verið að skoða þau mál að undanförnu hafi þessar upplýsingar og ég geri ráð fyrir að ráðherrann sem fylgist með sjávarútvegsmálum viti það einnig. Því væri fróðlegt að fá það upplýst hér í umræðunni. Það er auðvitað meðaflamál alveg eins og þessi 5% regla sem við erum með hér.

Ekki verður hjá því komist, herra forseti, að ræða þetta vandamál. Það er til staðar nákvæmlega eins og þetta vandamál var til staðar áður en við settum 5% regluna og er jafnvel enn þá til staðar umfram 5% þó að við vitum ekki nákvæmlega hvar þessi lína liggur í prósentutölu, þ.e. hvað hún þarf að vera svo að menn lendi sem betur fer nánast aldrei í einhverjum virkilegum skakkaföllum vegna þess að þeir fá afla sem þeir sækjast ekki beinlínis eftir.

En þetta er auðvitað vandinn við allar kvótastýrðar fiskveiðar. Við skulum ekki gleyma því að síldartrollin og

kolmunnatrollin og loðnutrollin eru dregin áfram af stórum skipum með mikið vélarafl og mikinn spilkraft. Það er auðvitað þannig að botnfiskstegundirnar eru ekkert alltaf klesstar niður í botninn. Þær eru uppi í sjó og fást annað slagið í vörpur af þessu tagi því að möskvinn er smár og hann getur ekkert sleppt þessu út ef þetta er innan um þær fisktegundir sem verið er að sækjast eftir.

Ég mælist til þess við hæstv. sjútvrh. að hann víki að þessu vandamáli. Ég hygg að það þurfi að ræða þetta fyrir opnum tjöldum alveg eins og við þurftum að ræða brottkastsvandann á sínum tíma sem við ræddum reyndar í fjölda ára. Menn deildu um hvort brottkast ætti sér stað eða ekki. Lengi var búið að leggja til að sett yrði svona meðaflaregla til þess m.a. að tryggja það að afli gæti komið að landi. Þess vegna vek ég máls á þessu hér, herra forseti. Við erum farnir að halda úti þessum veiðum sem ég vék hér að og ég held að mönnum sé ljóst að þessi kraftmiklu skip og kraftmiklu veiðarfæri munu annað slagið lenda í bolfiski, jafnvel seiðum nytjafiska okkar, eins til tveggja ára fiski. Ég held að nauðsynlegt sé að menn opni þá umræðu og reyni að taka á því vandamáli. Ég ætla rétt að vona, herra forseti, að ekki þurfi þrjú, fjögur ár eða réttara sagt kannski tíu ár til þess að menn fáist loksins til að taka á því vandamáli. Ég held að vandamálið sé til staðar. Ég er alveg viss um að sjútvrh. hefur heyrt ýmislegt um það mál frá veiðieftirlitinu og Hafrannsóknastofnun. Ég vek máls á þessu hér vegna þess að þetta tengist beinlínis málinu sem hér er í umræðunni. Þetta mál var opnað inn á þessi 5% á nákvæmlega sömu forsendum að því leyti til að menn voru að reyna að tryggja að afli sem þeir fengju í veiðarfæri og höfðu kannski ekki kvóta fyrir eða gátu ekki nýtt að fullu með öðrum aðferðum — hann varð e.t.v. fyrir einhverjum skemmdum. Þannig getur bolfiskur vissulega farið í dælum nótaveiðiskipanna. En hann er samt að hluta til nýtanlegt hráefni og jafnvel óskemmdur, eins og sést hafa myndir af. Ég vona að hæstv. sjútvrh. efist ekkert um að þær myndir eru ekki settar á svið. Þær hafa birst á forsíðum virtra sjávarútvegsblaða eins og Fiskifrétta og engin ástæða er til þess að halda að þær séu settar á svið.

Það tók okkur mörg ár, herra forseti, að komast að þeirri niðurstöðu að eðlilegt væri að opna meðaflareglu eins og hér var sett, þ.e. þessa 5% reglu. Við höfum örugglega fórnað tugum ef ekki hundruðum milljóna í verðmætum á öllu kvótatímabilinu vegna þess að við vildum ekki viðurkenna að þetta vandamál væri til staðar og tókum ekki á því. Ég veit ekkert hversu stórt vandamálið er varðandi togveiðar nótaskiptanna en ég hygg að það geti stundum verið til staðar og stundum jafnvel í miklum mæli. Ég þykist þess alveg fullviss að ráðherra veit um þessi dæmi og ég held að það sé langbest fyrir okkur öll að þora að ræða þau opinskátt alveg eins og við fórum að ræða um brottkastið á sínum tíma og höfum vonandi tekið á hluta af því vandamáli með þessari reglu sem hér er í lögum og við erum nú að tala um að framlengja til tveggja ára.

Þess vegna mælist ég til þess, herra forseti, að ráðherrann ræði þetta mál við okkur alveg af fullri hreinskilni og sé ekki að fela neinar þeirra upplýsinga sem ég þykist vita að hann búi yfir. Ég mælist til þess að hann leggi þetta mál hér fyrir. Það er óþarfi að dingla með þetta vandamál tvö, þrjú ár í viðbót án þess að þora að taka á því. Ég skora á ráðherrann að tala um þetta mál eins og það liggur fyrir.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti vill að gefnu tilefni minna hv. þingmenn á að ávarpa hæstv. ráðherra.)

Hæstv. ráðherra mörgum sinnum.

[16:37]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir stuðning við frv. Ég held að vangaveltur hans um það hvort hækka beri prósentuna séu réttmætar. Ég held hins vegar að við þurfum a.m.k. eitt heilt fiskveiðiár ef ekki tvö til þess að meta hvernig þetta raunverulega virkar. Miðað við það hversu góðan hljómgrunn frv. hefur fengið í þinginu og eins auðvitað upprunalega frv. á sínum tíma verður ekkert vandamál að fá prósentunni breytt þegar við erum komin með nægar upplýsingar byggðar á reynslu. Þar af leiðandi held ég að ekki þurfi sérstaka heimild til ráðherra til þess að hækka hana í lögunum.

Varðandi síðara atriðið sem hv. þm. nefndi, þ.e. meðafla í uppsjávarveiðum og hugsanlega meðafla af bolfiski með uppsjávaraflanum, þá er þetta þekkt vandamál sem ég kannast við. Auðvitað eiga sömu reglur að gilda um allar fiskveiðar. Við eigum ekki að hafa reglurnar þannig að sjómenn séu settir í erfiða stöðu vegna aðstæðna. Ég hef rætt þetta mál við fulltrúa samtaka sjómanna og útvegsmanna og mér skilst að frekar sé fátítt að þetta gerist í miklu magni, það séu frekar einstaka slys, en að öllu jöfnu sé þetta eitthvað sem hægt er að telja á fingrum sér.

Uppi hafa verið hugmyndir, herra forseti, um það hvernig megi leysa þetta með tilteknum skiljum þegar uppsjávaraflanum er dælt niður í lest. En þær athuganir eru ekki komnar lengra en svo að ég get eiginlega ekki sagt meira um það hér.

[16:39]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég þakka svörin. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála að í þessum skipum má leysa hluta af þessu vandamáli með skiljum, þ.e. ef meðaflinn er af þeirri stærð að hann skiljist frá síldinni eða loðnunni. Seiðin gera það auðvitað ekki og ekki smærri fiskur. En menn sæju þá alla vega hvað kæmi af stærri nýtanlegum fiski með í veiðarfæri skipa. Ég held að rétt væri að huga sem fyrst að því að taka á því máli með þeim hætti. Við erum ekki að ræða hér um neinar smáfleytur. Flestöll skip sem stunda togveiðar eru stór og öflug. Í þeim er mikið pláss og ekki ætti að vera til trafala að koma slíkum búnaði fyrir í skiljunum og síðan þá einhvern rennubúnað til þess að fleyta þeim fiski frá þannig að hægt væri að halda honum sér og nýta hann. Það er jú afar léleg nýting á bolfiski að landa honum með öðrum afla til bræðslu. Það eru nú reyndar nokkur ár, held ég, síðan menn hafa stundað þær veiðar að vera með bolfisk til bræðslu. Þess vegna væri það æskilegt. Ég held að kortleggja þurfi þetta vandamál. Það er þekkt, eins og ráðherrann vék hér að. Í hversu miklum mæli þekki ég ekki nákvæmlega. En maður hefur auðvitað heyrt þessar sögur frá sjómönnum, að stundum gerist þetta, og æskilegt er að menn séu jafnir fyrir lögum að þessu leyti varðandi meðafla.

[16:41]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þetta eru athyglisverð sjónarmið hjá hv. þingmanni og þau verða okkur hvatning þegar við förum dýpra ofan í þessi mál í ráðuneytinu.

[16:42]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum um frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv., virðulegi forseti. Ég vil bara að það komi fram hér að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði styðjum það. Þessi 5%-meðaflaregla sem nú hefur verið keyrð á tímabilinu frá 1. febrúar 2002 fer fram úr björtustu vonum. Komnar eru á land 800 lestir. Í peningum eru það um 70 millj. kr. þannig að ég held að allir séu sammála um að vel hafi til tekist. Framlenging í þeim dúr sem nú er lögð til í frv. er því hið besta mál.

Ég vil taka undir bollaleggingar eða spurningar hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar um hvort ekki séu efni til þess að heimila ráðherra að hækka heimildirnar. Við verðum að skoða það í nefnd. Ég held að það sé hið besta mál og umhugsunar virði.

Ég vil líka taka undir bollaleggingar hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar um síldina. Þannig vill til að ég hafði frumkvæði núna í haust að sérstökum fundi í sjútvn. um málefni síldarinnar fyrir austan. Það verður að segjast eins og er að sjómenn og skipstjórnendur segja hrollvekjandi sögur um þennan veiðiskap. Ég held að við verðum að fara gaumgæfilega ofan í það. Menn eru að tala um hundruð og jafnvel þúsundir tonna í meðafla, enda er veiðiskapurinn kannski í öðrum dúr en fyrst var lagt upp með. Þegar þessi 20 skip sem núna eru á flottrolli fyrir austan fengu leyfi til þess að nota flottroll var hugsun manna sú að þeir ættu hreinlega að dýfa trollinu ofan í flekkinn og taka upp úr síldarflekknum þar sem síldin óð ekki. Staðreyndin er samt sú að veiðiskapurinn er orðinn allt annars eðlis vegna þess að í raun er verið að trolla síldina. Menn eru að toga í fleiri klukkutíma og það gefur augaleið að ef veiðiskapurinn hefur þróast í þá áttina kemur mikill meðafli. Um það eru miklar sögur og taka verður mark á því. Margir sjómenn taka svo djúpt í árinni að segja að hér sé um hundruð eða þúsundir tonna að ræða. Þá erum við með gríðarlegt meðaflavandamál ef á að leyfa þennan veiðiskap í þessu formi áfram.

Ég vil gera töluvert úr því máli. Ég held að við verðum að skoða það í nefndinni alveg sérstaklega og í ráðuneytinu þarf náttúrlega að skoða þennan veiðiskap, þ.e. hvernig á að halda á málum þar og hvort við erum á réttri braut.

Ég hef í sjálfu sér ekki fleira um frv. að segja. Við styðjum það. Við teljum að vel hafi tekist til. Ég geri mér grein fyrir því að skoða þarf heilt ár eða e.t.v. lengra tímabil til þess að velta fyrir sér möguleikum á því að hækka heimildir. Ég held að það sé góðra gjalda vert að skoða þau mál.

[16:45]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni jákvæð orð í garð frv. Það er alltaf ánægjulegt þegar þingheimur nær eins vel saman og hann virðist gera í þessu máli.

Varðandi síðan flottrollsveiðarnar sem hann nefndi er það nú þannig að flottrollið er tiltölulega nýtt veiðarfæri, a.m.k. miðað við mörg önnur sem við notum, og ef ég man rétt hannað að miklu leyti hér á íslenskum fiskimiðum. Í upphafi hefur kannski ekki verið nákvæmlega fyrirséð hvernig það yrði notað. Því er það rétt sem fram hefur komið hjá hv. þingmanni að við þurfum að fylgjast mjög vel með því hvaða áhrif veiðarnar hafa og meta þá viðbrögð okkar, bæði hvað varðar reglusetningu og auðvitað hvernig við hönnum þau tæki og tól sem við notum með veiðarfærinu til þess að koma í veg fyrir óæskileg áhrif af veiðunum.

[16:46]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara þakka hæstv. sjútvrh. fyrir góðar undirtektir. Við höfum öll áhyggjur af síldveiðinni. Auðvitað þarf að skoða þau mál og ég bara vil þakka fyrir góðar undirtektir við hugmyndir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:47]

Útbýting þingskjals:

Vátryggingastarfsemi, 377. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 978.

Atvinnuréttindi útlendinga, 1. umr.

Stjfrv., 598. mál (búsetuleyfi, EES-reglur). — Þskj. 959.

[16:47]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á síðasta vori afgreiddum við á Alþingi lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002. Aðstæður hafa breyst nokkuð síðan gengið var frá þeim lögum og þess vegna þarf ég að flytja hér lítið frv. til að laga þessi lög um atvinnuréttindi útlendinga að nútímanum.

Í fyrsta lagi þarf að breyta skilgreiningu á hugtakinu „búsetuleyfi" því samkvæmt lögunum um atvinnuréttindi útlendinga er það ekki með sömu merkingu og í lögunum um útlendinga. Í útlendingalögunum er þetta „dvalarleyfi" en í 7. lið 3. gr. laganna um atvinnuréttindi útlendinga er skilgreiningin á búsetuleyfi sú að það sé „leyfi sem gefið er út með varanlega dvöl í huga samkvæmt lögum um útlendinga".

Í lögunum um útlendinga er það hins vegar dvalarleyfi án takmarkana sem getur orðið grundvöllur búsetuleyfis. Og búsetuleyfi er skilgreint sem leyfi sem „felur í sér rétt til ótímabundinnar dvalar" og það megi veita útlendingi „sem dvalist hefur hér á landi samfellt síðustu þrjú ár samkvæmt dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum". Hér er um einfalda breytingu að ræða til samræmis við lögin um útlendinga.

Í öðru lagi höfum við gerst aðilar að svokölluðum Vaduz-samningi, sem er nýr stofnsamningur EFTA. Þar var ákveðið að reglur EES-samningsins um frjálsa fólksflutninga skuli einnig gilda gagnvart EFTA-ríkjunum og líka því EFTA-ríki sem ekki er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Því er lagt til að a- og b-liðir verði sameinaðir og reglugerðarheimild sett inn í lögin svo unnt sé að kveða nánar á í reglugerð um stöðu þeirra útlendinga sem hvorki eru ríkisborgarar í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið né Sviss.

Herra forseti. Ég legg til að þetta mál verði sent hv. félmn. til skoðunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegamál á höfuðborgarsvæðinu, fyrri umr.

Þáltill. ÞKG o.fl., 208. mál. — Þskj. 211.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulag og framkvæmd löggæslu, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 195. mál. — Þskj. 198.

[16:50]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. sem ég flyt um úttekt á skipulagi og framkvæmd löggæslu, en þessa tillögu flytja með mér hv. þm. Jónína Bjartmarz, Þuríður Backman, Guðjón A. Kristjánsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Hjálmar Árnason og Kolbrún Halldórsdóttir.

Herra forseti. Eins og heyra má af þeim flm. sem standa að tillögunni er mikil og breið samstaða um þetta mál utan þess að þingmenn Sjálfstfl. standa ekki að henni. Því ber vissulega að halda til haga að það var reynt til þrautar að fá þingmenn Sjálfstfl. til þess að standa einnig að henni en án árangurs.

Því ber einnig að halda til haga, herra forseti, hér í upphafi máls míns að tillagan er unnin með og í sátt við Landssamband lögreglumanna sem leggur mikla áherslu á að þetta mál nái fram að ganga. Hér er því eins og heyra má á ferðinni tillaga sem ætti að geta náðst breið og góð samstaða um en um þetta mál, skipulag og framkvæmd löggæslu, hafa verið deilur miklar á hv. þingi. Hér er farin leið og nálgun að þessu máli sem ég hefði talið, herra forseti, að þingheimur gæti staðið að.

Þessi tillaga felur í sér að dómsmrh. skipi nefnd sem skilgreini, meti og geri tillögur um skipulag og framkvæmd löggæslu í landinu og móti reglur um lágmarksþjónustu og lágmarksfjölda lögreglumanna í hverju umdæmi, með það að markmiði að ná fram hagræðingu, aukinni skilvirkni og samhæfingu innan lögreglunnar svo að tryggja megi aukna þjónustu við íbúa og öryggi þeirra. Þá fari nefndin einnig yfir menntunarmál lögreglumanna og geri tillögur til úrbóta ef þörf krefur.

Nefndin á sérstaklega að kanna:

breytingar á skipulagi lögreglumála með hliðsjón af kröfum um lágmarksþjónustu og lágmarksfjölda lögreglumanna í hverju umdæmi. Nefndin meti einnig hvort hægt væri að auka hagkvæmni með því að greina lögregluumdæmi frá sýslumannsembættum, jafnframt því sem lögregluumdæmi yrðu stækkuð og rannsóknardeildir styrktar eða stofnaðar við hvert embætti,

kosti þess og galla að *flytja tiltekin verkefni lögreglu til* sveitarfélaga,

grunnmenntun og framhaldsmenntun lögreglumanna og leita þar leiða til úrbóta,

önnur þau atriði sem nefndin telur að geti orðið lögreglu til framdráttar.

Dómsmálaráðherra skipi í þessu skyni nefnd með aðild dómsmálaráðuneytis, ríkislögreglustjóra, Sýslumannafélags Íslands, Lögregluskóla ríkisins, Landssambands lögreglumanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Niðurstöður skulu lagðar fyrir Alþingi á haustþingi 2003.

Herra forseti. Eins og kemur fram í greinargerðinni hefur síðastliðinn áratug orðið gífurleg þróun í íslensku samfélagi og umhverfið allt orðið flóknara og alþjóðlegra. Fólksfjölgun hefur verið mikil og þróun byggðar þannig að fleiri og fleiri flytjast til höfuðborgarsvæðisins.

Vínveitingastöðum á landinu, utan Reykjavíkur, hefur fjölgað úr 275 árið 1997 í 366 árið 2001, þ.e. um 91 stað. Á sama tíma hefur vínveitingastöðum í Reykjavík fjölgað um 34 og eru nú orðnir 198. Í Reykjavík hefur vínveitingastöðum fjölgað úr 79 árið 1990 í 198 árið 2001, þ.e. um 119 staði.

Þá hefur bifreiðaeign landsmanna stóraukist og hefur það *leitt til mikillar útþenslu í umferðinni, auk þess sem ég nefndi* með vínveitingastaði og veitingastaði almennt, fyrirtækjum og verslunum hefur fjölgað ört á þessu tímabili, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Þar er umferðarþunginn sívaxandi vandamál og brýnt er að taka á hinum mikla fjölda banaslysa og alvarlegra umferðarslysa á landinu.

Samfara þessum breytingum hefur afbrotum fjölgað, ekki síst auðgunar-, ofbeldis- og fíkniefnabrotum sem oft tengjast innbyrðis. Einnig hefur kærum vegna kynferðisbrota fjölgað og nýir brotaflokkar orðið til, svo sem skipulögð glæpastarfsemi, efnahagsbrot, tölvubrot og brot gegn ýmsum sérrefsilögum.

Margir telja að þróun framlaga til lögreglunnar hafi ekki fylgt þeim breytingum sem orðið hafa á samfélaginu og tilflutningi íbúa. Alls ekki er þó við lögregluna að sakast sem hefur oft við erfið skilyrði tekist vel til við löggæsluna *þrátt fyrir aukin verkefni, minnkandi yfirvinnu og verulega* fækkun óbreyttra lögreglumanna. Miklar umræður og deilur hafa verið um það hvort almanna- og réttaröryggi sé tryggt með hliðsjón af núverandi fjölda lögreglumanna og skipulagi löggæslumála í landinu.

Óánægja ýmissa aðila í þjóðfélaginu með fjárveitingar til löggæslunnar er þó engan veginn bundin við höfuðborgina, og hafa sveitarfélög víða ályktað vegna ófullnægjandi löggæslu og öryggisleysis íbúanna að þeirra mati.

Herra forseti. Það er full ástæða til að vekja athygli á því sem ekki síst er tilefni þess að tillagan er flutt. Á árunum 1990–2001 hefur yfirmönnum og stjórnendum í lögreglu fjölgað mikið en á sama tíma, herra forseti, hefur óbreyttum lögreglumönnum á landinu öllu fækkað um tæp 30% þrátt fyrir að íbúum hafi fjölgað á þessu tímabili um 30.000. Þetta kemur fram, herra forseti, í skýrslu dómsmrh. um stöðu og þróun löggæslu sem lögð var fram á síðasta þingi.

Þess vegna er mjög brýnt, herra forseti, eins og gert er ráð fyrir í tillögunni að nefndin skilgreini, meti og geri tillögur um skipulag og framkvæmd löggæslu í landinu og móti reglur um lágmarksþjónustu og lágmarksfjölda lögreglumanna í hverju umdæmi með það að markmiði að ná fram hagræðingu, aukinni skilvirkni og samhæfingu innan lögreglunnar svo að tryggja megi aukna þjónustu við íbúana og öryggi þeirra.

Herra forseti. Meðal þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á umliðnum árum á lögreglulögum var að stofnað var embætti ríkislögreglustjóra. Við það breyttist skipulag löggæslunnar verulega og ríkislögreglustjóri tók við fjölmörgum verkefnum sem höfðu verið í höndum dómsmrn., Rannsóknarlögreglu ríkisins og lögreglustjórans í Reykjavík. Meginröksemdin fyrir stofnun embættis ríkislögreglustjóra

var sú að nauðsynlegt væri að fela einum aðila yfirstjórn og samræmingu í störfum allra lögregluembætta í landinu.

Það má segja, herra forseti, að helstu gallar á núverandi skipulagi séu að flest embættin eru of litlar löggæslueiningar sem kemur meðal annars í veg fyrir aukna sérhæfingu, svo sem varðandi rannsóknir, en nauðsynlegt er að koma upp öflugum rannsóknardeildum um landið. Stærð lögregluliða þarf m.a. að taka mið af staðháttum, samgöngum, stærð landsvæðis, lengd vegakerfis, fjölda íbúa og samsetningu byggðar, hvort heldur er í dreifbýli eða þéttbýli. Hafa verður í huga, herra forseti, tíðni afbrota og heppilegt skipulag og stærð lögregluliðs með það að markmiði að hvert lögreglulið hafi sem mesta getu til að ráða við þau verkefni sem upp geta komið í umdæminu. Þjónusta við almenning hvað varðar löggæslu er í reynd mismunandi eftir búsetu. Hvað skipulag snertir er þó nægjanlegt að hafa margvíslega umsýslu verkefna á einum stað fyrir allt landið, svo sem varðandi starfsmannamál.

Núverandi skipting lögreglu í 26 embætti með 26 lögreglustjórum er vissulega mjög þunglamaleg og margir telja að þessi skipan mála standi þróun lögreglunnar fyrir þrifum. Ef lögreglustjórar væru jafnmargir og t.d. héraðsdómstólar væri hægt að efla lögregluliðin. Í reynd má segja að núverandi kerfi sé þess eðlis að íbúar fái misjafna þjónustu lögreglu eftir búsetu.

Miklar umræður hafa verið um skipulag löggæslumála, m.a. vegna þess að ríkisvaldið fer alfarið með stjórn lögreglumála. Sum sveitarfélög, t.d. Reykjavíkurborg, hafa óskað eftir því að taka til sín tiltekin verkefni lögreglu. Í því sambandi hefur helst verið nefnd grenndarlöggæsla og hverfaþjónusta lögreglunnar, en þessir löggæsluþættir hafa gegnt sífellt stærra og þýðingarmeira hlutverki, ekki síst í höfuðborginni.

Það er því full ástæða til að kanna sérstaklega kosti þess og galla að færa tiltekna þætti löggæslu yfir til sveitarfélaga. Ýmsir sveitarstjórnarmenn telja að með slíkum breytingum megi auka öryggi íbúa í nánari samvinnu við lögregluyfirvöld, félagasamtök og fagaðila á hverjum stað. Það gæti ekki einungis tryggt aukið öryggi og þjónustu, heldur einnig að hægt verði að skipuleggja markvisst átak gegn vímuefnavandanum með aðgerðaáætlun, ekki síður gæti það tryggt nauðsynlegar aðgerðir til að koma umferðaröryggismálum í betra horf.

Allar þær breytingar sem orðið hafa á starfsumhverfi lögreglunnar kalla óhjákvæmilega á aukna menntun lögreglumanna, bæði grunnmenntun, framhaldsmenntun og aukna menntun stjórnenda í lögreglunni. Því er það lagt til, herra forseti, í þessari tillögu einnig að allir þessir þættir séu skoðaðir þegar gera á úttekt eins og hér er lögð til sem hefur það að markmiði að auka hagkvæmni, jafnframt því að bæta þjónustu við íbúana. Í sérstökum kafla í greinargerð er tekið á þessu máli og lagt til að nefndin skoði sérstaklega menntunarmál lögreglumanna og geri tillögur til úrbóta ef þörf er á.

Herra forseti. Megintilgangurinn með skipun nefndar sem þessi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir er að farið verði gaumgæfilega yfir hvaða leiðir séu skynsamlegastar til að auka hagkvæmni, skilvirkni, þjónustu við íbúana og öryggi þeirra. Sú mikla breyting sem orðið hefur í þjóðfélaginu á umliðnum árum og ég hef farið hér yfir gefur tilefni til að lagt sé í þá vinnu sem hér er lögð til.

Loks má nefna að einn megintilgangur þessarar tillögu er að ráðist verði í það brýna verkefni að móta reglur um lágmarksþjónustu og lágmarksfjölda lögreglumanna í hverju umdæmi fyrir sig til að gætt sé almannaöryggis og réttaröryggi íbúa sé tryggt í samræmi við lögreglulög. Í mínum huga, herra forseti, er þetta efnisatriði tillögugreinarinnar það langmikilvægasta.

Umræður og deilur hafa staðið um það hérlendis eins og allir þekkja, bæði innan og utan þingsala, hvort hin almenna löggæsla sé fullnægjandi og hvort fjárframlög til lögreglu á undanförnum árum hafi fylgt verðlagsþróun og þeim auknu verkefnum sem lögreglan þarf nú að takast á við. Til að ná sátt um uppbyggingu og stöðu lögreglunnar í landinu verður að fara af kostgæfni og vandvirkni yfir framangreind atriði til að tryggja sem best öryggi og þjónustu við borgarana. Í þá vinnu verður dómsmálaráðuneytið að ráðast með fulltrúum sveitarfélaga, ríkislögreglustjóra, Sýslumannafélags Íslands, Lögregluskóla ríkisins og Landssambands lögreglumanna.

Herra forseti. Ástæða er við fyrri umr. þessa máls að þakka Landssambandi lögreglumanna og stjórn þess fyrir það framlag sem þeir hafa veitt til þessarar tillögu. Þeir hafa tekið tillöguna eins og hún liggur fyrir til umræðu í sínum hópi og er almenn sátt um það í þeirra röðum að sú leið verði farin sem hér er lögð til. Ég vil líka þakka þeim meðflutningsmönnum mínum sem ég gat um hér í upphafi og koma frá öllum flokkum nema Sjálfstfl. fyrir að styðja þetta mál og vera meðflutningsmenn á því. Ég tel brýnt að menn slíðri sverðin og reyni að ná sátt um skipulag lögreglumála í landinu sem deilur hafa staðið um í langan tíma. Það er því von mín að með tillögunni sé hægt að ná víðtækri sátt og að hraðað verði þeirri úttekt sem hér er lögð til, en niðurstaða og mat á kostum sem til greina koma verði síðan lagt fyrir haustþing 2003.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umræðu og hv. allshn.

[17:05]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Í þessari till. til þál. er hreyft mikilvægu og veigaþungu máli. Ég held að ekki sé ofsagt að þessi málaflokkur, þ.e. skipulag og framkvæmd löggæslu hafi á því kjörtímabili sem nú er senn á enda runnið, hafi verið eitt af þeim stóru málum sem uppi hafa verið og menn með réttu bent á tilteknar ákveðnar veilur í skipulagi löggæslu og þeirri þjónustu sem borgararnir eiga rétt á þegar kemur að vernd lögreglunnar.

Það er kannski óþarfi að rifja það upp en þó geri ég það að strax í upphafi þessa kjörtímabils fór fljótlega í þann farveg að hæstv. núv. dómsmrh. lenti strax upp á kant við löggæsluna í Reykjavík, þá af ástæðum sem lutu að kjaramálum og ýmsum réttindamálum. Það verður að segjast eins og er að allt þetta kjörtímabil hafa þau mál þróast öll á þann veginn og við erum kannski fjær sáttum um skipulag, umgjörð og styrkleika lögreglunnar nú en var í upphafi kjörtímabils.

Það er líka óþarfi að rifja það upp fyrir hv. þingmönnum að hér í þessum sal hafa menn oftar en einu sinni og oftar en tvisvar hafið umræðu og farið í gegnum umræðu um veikleika í löggæslu í Reykjavík, á höfuðborgarsvæðinu, í nágrannabyggðum, ég nefni Mosfellsbæ og Kópavog. Við getum farið víðar um land þar sem hv. þm., sem þekkja til í sinni heimabyggð, hafa bent á með dæmum hvernig löggæslu hefur hrakað á hinum ýmsu stöðum. Þessum jákvæðu

ábendingum hefur hæstv. ráðherra gjarnan svarað með talsverðri stirfni og forðast það eins og heitan eldinn að fara í málefnalega og uppbyggilega umræðu um hvernig styrkja megi þennan mikilvæga þjónustuþátt í samfélagi okkar, hefur fremur viljað berja höfðinu við steininn og neita þeim staðreyndum sem við okkur blasa.

Staðreyndirnar eru auðvitað þær, herra forseti, að skipulag löggæslumála hefur þróast á þann veg eins og kunnugt er að ríkislögreglustjóri hefur frá einum tíma til annars fengið vaxandi hlutverk og stærri hluta þeirra fjárframlaga sem til staðar eru og gegnt æ stærra hlutverki í löggæslunni. Það þarf svo sem út af fyrir sig ekki endilega að vera slæm þróun ef annað og meira fylgir, nefnilega það að menn tryggi að nærlöggæslu, grenndarlöggæslu, hverfislöggæslu sé haldið til haga á sama tíma. Það hefur hins vegar ekki gerst. Þessi styrking miðstjórnarvaldsins í formi ríkislögreglustjóra hefur þýtt það að dregið hefur úr hinni almennu þjónustu á vettvangi og löggæslan hefur því miður ekki verið eins sýnileg og nauðsyn væri á. Lögreglumönnum á vettvangi, lögreglumönnum á ferðinni hefur því miður fækkað í hinni almennu þjónustu og það er öfugþróun og við því verður að bregðast.

Þess vegna er svo mikilvægt að tillaga af þeim toga sem hér er kynnt nái fram að ganga og menn fari yfir þessi mál frá a til ö og geri þær betrumbætur sem kallað er eftir. Ég held nefnilega að hægt sé að segja það með nokkurri vissu að borgarar landsins, borgarar á höfuðborgarsvæðinu þar sem margmennið er nú hvað mest, finna til ákveðins óöryggis af þessum sökum. Borgararnir finna ekki til þess öryggis sem þeir eiga rétt á, að löggæslan sé á næstu grösum og sé öflug og hafi til þess mannafla, tól og tæki til þess að sinna þeim þörfum sem eftir er kallað. Á sama hátt er löggæslan sjálf og lögreglumennirnir sjálfir ósáttir við stöðu mála, að geta ekki sinnt þeirri þjónustu sem þeir vilja og öll efni eiga að standa til.

Ég rifja upp í þessu samhengi eitt dæmi á yfirstandandi kjörtímabili þar sem ég leitaði eftir því hjá hæstv. dómsmrh. hver væri viðbragðsflýtir lögreglunnar í Reykjavík. Það kom í ljós að hann var auðvitað miklu minni en hægt var að búa við og í einstaka tilfellum skipti það fjörutíu og eitthvað mínútum. Það var að vísu eitt einstakt tilfelli sem ég hafði spurnir af, en hættan er sú að eitt einstakt tilfelli geti breyst í fleiri og hafi gert það í undantekningartilfellum. Það er við slíkar aðstæður sem við getum ekki búið.

En staðreynd málsins er sú að okkur hefur því miður ekki tekist að nálgast kjarnaatriði í þessari umræðu, atriði á borð við þau sem nefnd eru í tillögunni, hvort skynsamlegt sé að tilteknir þættir löggæslunnar fari heim í hérað, verði með öðrum orðum á hendi sveitarfélaga. Mér er kunnugt um að margir sveitarstjórnarmenn eru efins um ágæti þess, fyrst og síðast á grundvelli fjárhagslegra samskipta við ríkisvaldið fyrr og síðar og eru ekki vissir um að nægilegt fjármagn fylgi. Og lögreglumennirnir sjálfir, a.m.k. margir af eldri kynslóðinni, vísa til þess að á árum áður þegar sú skipan var fyrir hendi að sveitarfélögin héldu utan um ákveðna þætti löggæslunnar þá hafi gengið á ýmsu en blankheit hafi verið talsverð og sveitarfélögin hafi ekki verið í stakk búin á þeim tíma, mörg hver, til að standa undir þeirri lágmarksþjónustu sem þörf er á.

Ég held að í þessum efnum hafi orðið gjörbreyting og sveitarfélögin víðast hvar séu nægilega sterk til þess að axla þessa ábyrgð. Þá er hugmynd mín sú að menn horfi til þeirra þátta sem lúta að grenndarþjónustu, hverfislöggæslu, umferðarstjórnun og þeim málum sem ber og skynsamlegast er að leysa og finna lausn á heima í héraði, á vettvangi, þar sem staðarþekking er algert grundvallaratriði. Ég hef áhyggjur af því að séum að tapa henni í stórauknum mæli og við því þarf að bregðast hið allra fyrsta.

Ég er ekki með neinar patentlausnir á hendi, herra forseti, í þessum efnum og ætla mér ekki að reyna að útlista mál með þeim hætti en ljóst er að við þeirri öfugþróun sem orðið hefur í löggæslumálum þjóðarinnar þarf að bregðast. Þessi till. til þál. er eitt lóðið á þær vogarskálar. Um hinar stóru spurningar, um stöðu og framtíð löggæslunnar í landinu, verður auðvitað líka vélað í þeim kosningum sem styttist í með degi hverjum og mínútu hverri. Þar munu borgarar landsins kveða upp sína dóma, m.a. á þessum vettvangi, hvort þeim finnist að haldið sé nægilega þétt og vel utan um lög og reglu í landinu. Mín tilfinning er sú að þeim hafi farið fjölgandi sem telja að svo hafi því miður ekki verið.

[17:13]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég er einn af meðflm. þessarar þáltill. um að fela dómsmrh. að skipa nefnd sem skilgreini, meti og geri tillögur um skipulag og framkvæmd löggæslumála í landinu og móti reglur um lágmarksþjónustu og lágmarksfjölda lögreglumanna í hverju umdæmi.

Hv. 1. flm. Jóhanna Sigurðardóttir fór vel yfir efni málsins og ég get ekki bætt þar um betur að fara að rekja það. Ég vil eingöngu vekja athygli á því að bifreiðaeign landsmanna hefur aukist mikið og umferðarþungi aukist sem því nemur og það hefur margt breyst í þjóðfélagi okkar á seinni árum og að mörgu að hyggja. Þess vegna er full ástæða til að kanna sérstaklega kosti og galla þess að færa tiltekna þjónustu til sveitarfélaganna og kanna hvaða hagkvæmni getur falist í því. Hins vegar þarf að tryggja að við slíka tilfærslu fái sveitarfélögin tekjur sem nemi þeirri tilfærslu. Því miður hefur það oft gerst á undanförnum árum að þegar tilfærsla hefur orðið á verkefnum til sveitarfélaganna frá ríkinu hefur iðulega þurft að þvarga um það hér hvaða tekjustofnar ættu að fylgja og sveitarfélögin að mörgu leyti borið þar skaða af um einhvern tíma og orðið að leggja í talsverða vinnu við það að tryggja tekjustreymi til sveitarfélaganna sem eðlilegt mætti teljast miðað við þau verkefni sem þau taka við. Það er auðvitað nauðsynlegt að allir þættir þessa máls séu skoðaðir gaumgæfilega og gerð úttekt eins og hér er lagt til með það að markmiði að auka hagkvæmni jafnframt því að bæta þjónustu við íbúana.

Tillagan hefur að megintilgangi að kanna það hvað megi til betri vegar horfa að þessu leyti og því er lagt til að skipuð verði sérstök nefnd sem fari yfir þessi mál í heild sinni og kanni gaumgæfilega hvaða leiðir séu skynsamlegar til að auka hagkvæmni, skilvirkni og þjónustu við íbúana og tryggja öryggi þeirra ekki síst.

Eins og ég sagði áðan hefur orðið mikil breyting á þjóðfélagi okkar á umliðnum árum og ýmsar hættur steðja í auknum mæli að fólki, sérstaklega ungu fólki, varðandi fíkniefni og annað slíkt sem þarf að huga að. Ég held að þessi tillaga komi fram á réttum tíma og það eigi mjög vel við að skoða þessi mál upp á nýtt. Það er auðvitað von okkar flutningsmanna að tillagan geti orðið víðtæk sátt um þessi málefni og verði til þess að hér verði betur að málum staðið í framtíðinni og annar er ekki tilgangur málsins en að reyna að bæta það sem við höfum og gera betur, bæði í menntun og störfum

lögreglunnar sem og í öryggi og vörnum íbúanna.

[17:17]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem við þingmenn ræðum löggæslumál. Oftast nær er verið að togast á um stöðu mála í einstökum byggðarlögum eða þær breytingar sem hafa verið gerðar á löggæslumálunum. Hv. þm. Samfylkingarinnar Jóhanna Sigurðardóttir, framsögumaður í þessu máli, og Guðmundur Árni Stefánsson, hafa farið ágætlega yfir það hvernig þessum málum er háttað og hvaða þróun hefur orðið í íslensku samfélagi og því umhverfi sem kallar á öfluga og markvissa löggæslu. Við sem komum úr nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur höfum oft flutt inn í þennan sal upplýsingar um það neyðarástand sem hefur komið upp hvað eftir annað í bæjunum í kringum Reykjavík og ákall á okkur þingmenn í þingmannaheimsóknum okkar um að gera úrbætur í þessum sveitarfélögum.

Það er skemmst frá því að segja að oftar en ekki snúast þessar umræður upp í karp á milli stjórnarliða og stjórnarandstæðinga þegar í þingsal er komið. Það eru, eins og við heyrum, ekki sömu frásagnirnar af heimsóknum þingmanna í sveitarfélögin þegar komið er í þennan sal og á að fara að ræða t.d. löggæslumálin. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson fór einmitt yfir að það hafa orðið miklar breytingar á skipulagi lögreglunnar í Reykjavík og löggæslumálanna. Embætti lögreglustjóra hefur orðið mjög viðamikið á þessum tíma og það er engin leið fyrir okkur, þingmenn sem um fjöllum, að leggja mat á það hvort þessi breyting varð til góðs eða ekki. Það sem við sjáum eru gífurlegir fjármunaflutningar frá lögreglustöðvum og til þessa nýja embættis en aftur á móti höfum við ekki fengið neinar þær upplýsingar sem sannfæra okkur um að breytingin hafi orðið til góðs eða að skýringar séu á því að það hefur dregið mjög úr löggæslunni, ekki síst í höfuðborginni og bæjunum í kring.

Þess vegna er mjög mikilvægt að þessi tillaga komist til framkvæmdar, að skipuð verði nefnd sem kanni breytingar á skipulagi lögreglumála og taki þá tillit til krafnanna um lágmarksþjónustu og lágmarksfjölda lögreglumanna í hverju umdæmi, kosti þess og galla að flytja verkefni lögreglu til sveitarfélaga og að sjálfsögðu að líta til menntunar. Þetta er mjög mikilvægt og þetta er eina leiðin til þess að við getum lagt heiðarlegt mat á stöðu löggæslumálanna og unnið úr þessum málum.

Því er ekki að neita að þegar stjórnarandstaðan kemur upp með gagnrýni út af breytingum sem orðið hafa, t.d. gagnrýni á löggæslumálin eins og þau hafa þróast, er svo einfalt og auðvelt fyrir stjórnarliðana að gefa til kynna að stjórnarandstaðan sé með yfirboð, vilji bara fjölga lögreglumönnum hér og þar og þetta sé bara partur af því hvernig stjórnarandstaðan eða flokkur eins og Samfylkingin muni leggjast í eyðslu og útgjöld komist slíkur flokkur til valda.

Þetta snýst hins vegar ekki um það að fjölga alls staðar. Þetta snýst um að skipuleggja málin þannig að löggæslan verði markviss. Og það kemur fram hér í þessari tillögu hvernig menn hafa verið að taka á þessum málum á Norðurlöndunum. Í Noregi hafa orðið breytingar á skipulagi lögregluembætta, í Svíþjóð og Finnlandi er unnið að slíkri breytingu á fækkun embætta og í Danmörku eru þessi mál í skoðun. Það kemur líka fram að lögreglumönnum eða lögreglustöðvum hefur ekki fækkað, heldur hefur fyrst og fremst skipulaginu verið breytt og stjórnun orðið markvissari.

Hér er líka komið inn á hlutverk ríkis og sveitarfélaga við stjórn og framkvæmd löggæslu. Það er auðvitað óviðunandi, þó að hugsunin á bak við það sé að sveitarfélög taki þátt núna í framkvæmd löggæslu, að það hefur gerst að sveitarfélögin hafa verið beðin um að leggja til eða það hefur orðið niðurstaða að sveitarfélög legðu til stöðugildi. T.d. í mínum heimabæ, Kópavogi, kostar bæjarsjóður eitt stöðugildi þar sem unnið er að forvörnum og fíkniefnamálum. Þetta er þróun sem hefur orðið víðar. Af því að það eru ekki til úrræði eða mannskapur til að sinna málum af þessu tagi hlaupa sveitarfélögin undir bagga. Þetta er enn einn þáttur þess að það er farið inn á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga með ómarkvissum hætti og af því að sveitarfélögin þekkja best hvar brennur á láta þau það yfir sig ganga að koma inn með þátttöku í slíkum verkefnum. Þau eru svo brýn og þýðingarmikil og það eru svona verkefni sem fólkið í sveitarfélögunum vill að tekið sé á.

Í apríl í fyrra ályktaði Landssamband lögreglumanna að það væri óviðunandi ástand á mörgum stöðum, tók sérstaklega fram ástand löggæslumála í Kópavogi og óviðunandi fjölda lögreglumanna þar. Síðan hefur það gerst að umferðardeild hefur verið flutt frá Reykjavík til Kópavogs, ekki með frekari skipulagsbreytingu á löggæslunni eða löggæslu umferðarmála, heldur einfaldlega flytja flotann og það sem snýr að honum undir Kópavog, án nokkurra annarra breytinga. Að sjálfsögðu eru menn því að vinna áfram á sama hátt og áður en stöðugildafjöldinn er skyndilega orðinn miklu meiri á þessum stað en áður hefur verið.

Ég kem hins vegar ekki hingað, virðulegi forseti, til þess að tala um löggæslu í mínu bæjarfélagi þó að ég hafi í pappírum mínum bunka af skjölum um álit stjórnar Lögreglufélags Kópavogs á nauðsyn á fjölgun lögreglumanna í lögregluliði. Ég gæti bent á mjög marga staði í Reykjaneskjördæminu þar sem menn hafa kallað eftir úrbótum og kvartað undan því að þær breytingar sem hafa orðið hafi dregið úr þjónustu. Við í Samfylkingunni viljum að farið verði í fagleg vinnubrögð á þessu sviði. Því er það lagt til hér að úttekt verði gerð á skipulagi og framkvæmd löggæslu, að nefnd fari ofan í þessi mál og hafi útgangspunkt í því að hvergi sé þjónusta undir því lágmarki sem gerð er krafa um og að lágmarksfjöldi lögreglumanna sé í hverju umdæmi.

Virðulegi forseti. Ég treysti því að þessi tillaga fái góðar undirtektir og að þingmenn sameinist um að skipa þessum málum og leggja upp með verkefni sem geti breytt skipulagi þeirra til góðs.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífskjarakönnun eftir landshlutum, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 389. mál. — Þskj. 448.

[17:25]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um lífskjarakönnun eftir landshlutum sem allir hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs standa að.

Tillaga samhljóða þessari var flutt á 125. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Það var mælt fyrir henni en það er full ástæða til þess að taka hana upp hér aftur og þá í beinum

tengslum við þær aðgerðir sem við teljum að þurfi að fara í til þess að treysta byggð og búsetu í landinu.

Herra forseti. Þáltill. er svohljóðandi:

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að láta gera ítarlega könnun á lífskjörum landsmanna, sundurliðaða eftir helstu þáttum og flokkaða eftir landshlutum þannig að marktækur samanburður fáist. Kannaðir verði allir sömu þættir og skoðaðir hafa verið í neyslukönnunum Hagstofu Íslands svo að nota megi hana til að meta framfærslukostnað fjölskyldna. Auk þess verði metnir allir helstu þættir sem áhrif hafa á almenn lífskjör, svo sem laun, verðlag, kostnaður við skólagöngu barna og ungmenna, kostnaður við heilbrigðisþjónustu og samgöngur, húshitunarkostnaður og aðgangur að almennri þjónustu.

Herra forseti. Hagstofa Íslands hefur gert ítarlegar kannanir, svokallaðar lífskjarakannanir, þar sem sem flestir þættir eru teknir inn í. Það er nauðsynlegt að gera slíkar kannanir með reglulegu millibili. Nú er nokkuð um liðið síðan síðasta könnun var gerð, það var árið 1995, og nú er kominn tími til að gera slíka aftur. Ástæðan er margþætt. Hér á landi hafa verið miklir búferlaflutningar undanfarin ár. Ástæður eða orsakir þeirra eru að mörgu leyti kunnar en þó hafa ekki allir þættir verið skoðaðir. Við ræddum hér í síðustu viku áhrif á skattlagningu hvað varðar flutninga og flutningskostnað, vöruverðsþróun. Við höfum rætt hér á þingi mjög aukinn kostnað fólks úti í hinum dreifðu byggðum við að mennta börn sín og við höfum rætt um hátt vöruverð og fleiri þætti sem hafa áhrif á búsetuþróunina. Því er nauðsynlegt að hafa þessa heildarsýn.

Það er ör þróun í gangi í þjóðfélagi okkar á öllum sviðum, t.d. í landbúnaði, fiskveiðum, í atvinnu tengdri fiskveiðum við sjávarstrendurnar. Það þarf góða skönnun á öllum þessum hlutum til að geta brugðist markvissara við byggðaröskuninni og treyst styrkingu byggða en við höfum í höndunum í dag.

Í janúarmánuði árið 2002 kynnti Hagfræðistofnun Háskóla Íslands skýrslu um tekjuskiptingu á Íslandi þar sem fram kemur að misskipting hafi aukist á síðustu árum þrátt fyrir að heldur vel hafi árað í efnahagslífinu. Skýrslan sýnir að meðallaun hafa hækkað mun hraðar á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni frá miðjum tíunda áratugnum og jafnframt hafi misskipting aukist á höfuðborgarsvæðinu en minnkað á landsbyggðinni. Það má ætla að þessi þróun hafi haldið áfram.

Í skýrslu sem Stefán Ólafsson vann fyrir Byggðastofnun um orsakir búferlaflutninga á Íslandi og gefin var út *í nóvember 1997 kemur fram að einn helsti orsakavaldur* byggðaröskunarinnar er mismunur á launakjörum og vöruverði milli landshluta. En þar að auki er nauðsynlegt að átta sig á því hvernig einstök byggðarlög eru í stakk búin til að tryggja almenna velferð íbúanna. Aðgangur að hvers kyns félagslegri þjónustu er snar þáttur í almennum lífskjörum og er vissulega misjafn eftir byggðarlögum. Nauðsynlegt er að draga þennan mun fram og í kjölfarið að stuðla að sem jöfnustum rétti allra landsmanna í þessum efnum sem öðrum.

Til að bregðast markvisst við þessum vanda er nauðsynlegt að vinna úr traustum grunnupplýsingum. Mikilvægt er að fá fram vandaða skýrslu um alla þá þætti sem skapa aðstöðumun milli byggðarlaga þannig að í ljós komi til hvers konar aðgerða þarf að grípa á hverju svæði. Sem stendur liggja þessar upplýsingar ekki fyrir þótt finna megi ýmsar vísbendingar um ástand mála í eldri skýrslum. Þar má helst nefna síðustu neyslukönnun Hagstofu Íslands, sem unnin var árið 1995, og vitnað var til áðan, og ýmsar tölfræðilegar upplýsingar frá sama ári sem fram koma í skýrslu þróunarsviðs Byggðastofnunar um forsendur stefnumótandi byggðaáætlunar 1998–2002.

Herra forseti. Ekki er nægilegt að gera svona úttekt og það mjög ítarlega nema að ætla sér að nota hana og það er einmitt tilgangur okkar með þessari tillögu, þ.e. að hið fyrsta verði farið í að gera þessa ítarlegu lífskjarakönnun, niðurstöðurnar síðan nýttar og notaðar til þess að byggja grunn fyrir svæðisbundna uppbyggingu því þarfirnar eru mismunandi eftir landshlutum og við eigum að taka tillit til þess þegar við leggjum fram fjármagn og vinnu til þess að styrkja byggðirnar. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs höfum lagt til að þróunarfélögin, þróunarstofurnar eða atvinnuþróunarfélögin verði sá vettvangur sem komi markvissast að þeirri vinnu, en þá þurfa þróunarfélögin þennan grunn til að byggja á.

Herra forseti. Frekari gögn og töflur fylgja þessari þáltill. sem sýna fram á mismunandi kostnað á milli svæða á hinum ýmsu sviðum. Nefna má mat- og drykkjarvöru, föt og skó, húsnæði, heilsugæslu, tómstundir, menntun o.fl. Þessi munur er áberandi. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum jafna kjör landsmanna og nota þau tæki sem við höfum, fjármagn og atvinnuþróunarfélögin, til þess að treysta þann grunn sem búseta í landinu er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 486. mál. — Þskj. 798.

[17:35]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Guðjón A. Kristjánsson, Katrín Fjeldsted, Jónína Bjartmarz og Sigríður Jóhannesdóttir.

Hér er um að ræða endurflutta tillögu, herra forseti. Ég hygg að hún hafi verið flutt á einum fimm þingum. Hún var síðast flutt á 126. löggjafarþingi, þ.e. næstsíðasta þingi, en varð þá ekki útrædd frekar en endranær. Það eru nú dálítið *merkileg örlög einnar lítillar þáltill. af* þessu tagi sem fjallar um tiltölulega sjálfsagt framfaramál að mati okkar flm. a.m.k., og þeir eru nú sem endranær úr öllum þingflokkum. Ég hef aldrei orðið var við neina andstöðu við þessa tillögu, herra forseti, þannig að eitthvað annað virðist valda því að hún hefur ekki náð fram að ganga. Er þó ekki fram á meira farið, herra forseti, en að hæstv. ríkisstjórn hlutist til um aðgerðir til þess að reyna að stemma stigu við flæði efnis þar sem ofbeldi, þar með talið kynferðisofbeldi, er sýnt í einhverju formi. „Sérstaklega verði athygli beint að hvers kyns efni eða athöfnum sem líklegt má telja að börn eða unglingar verði fyrir áhrifum af.“ Þetta segir í tillögugreininni, með leyfi forseta, sem sagt að Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa slíkar aðgerðir.

Þessi áætlun ætti að mati okkar flutningsmanna að miðast að því að takmarka eins og kostur er:

a. hvers kyns ofbeldi, misþyrmingar, limlestingar og manndráp í myndefni sjónvarpsstöðva, kvikmyndahúsa og á myndböndum,

b. tölvuleiki, leiktæki og leikföng sem byggjast á ofbeldi,

c. ofbeldi á tölvunetum,

d. ofbeldi í sýndarveruleikatækjum,

e. ofbeldisefni í bókum, blöðum og tímaritum,

f. annað efni eða athafnir þar sem ofbeldi er hafið til vegs, réttlætt eða dýrkað, þar sem ástæðulausar eða tilgangslausar ofbeldisathafnir eru sýndar eða ofbeldi yfirleitt án listræns eða fræðandi gildis, og síðast en ekki síst að reyna síðan að stemma stigu við aðgengi barna og unglinga að hvers kyns ofbeldisefni sem undir þetta fellur.

Tillagan gerir ráð fyrir því að forsrh. fari með samræmingu mála hvað þetta varðar og skipi nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að vinna með viðkomandi ráðuneytum, stofnunum og samtökum að gerð framkvæmdaáætlunar um aðgerðir á þessu sviði, þar með talið og ekki síst fræðslu sem yrði veigamikill þáttur í aðgerðum af þessu tagi, og að slík framkvæmdaáætlun verði lögð fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu.

Herra forseti. Því miður verður að segja það eins og er að frá því að þessi tillaga eða forveri hennar leit fyrst dagsins ljós hefur umræðan um nákvæmlega þetta viðfangsefni, sívaxandi flæði ofbeldisefnis, þyngst og ekki síst á það við um umræðu sem tengist gríðarlegu framboði af þessu efni og gríðarlegri miðlun á efni af þessu tagi í tölvuleikjum.

Herra forseti. Út af fyrir sig eru í lögum ýmsir möguleikar til að stemma stigu við þessu. Þannig eru t.d. í höndum hæstv. dómsmrh. heimildir til að setja reglugerð um að tölvuleikir verði skoðaðir áður en þeir eru settir í umferð með sambærilegum hætti og gert hefur verið með kvikmyndir. En þessar heimildir hafa ekki verið nýttar og það þrátt fyrir að umboðsmaður barna hafi talað fyrir slíku eftirliti árum saman. Svo virðist sem ofbeldisfyllstu leikirnir og þeir nýjustu af slíkum toga hverju sinni njóti mikillar og vaxandi hylli unglinga og athafnir á borð við gegndarlaus manndráp eru upphafin í slíkum leikjum sem ætla má að börn alveg niður í 12, 13 ára aldur spili. Þetta gerist þrátt fyrir það að slíkir leikir séu bannaðir t.d. miðað við 18 ára aldursmörk í Bandaríkjunum.

Að sjálfsögðu, herra forseti, er ekki ætlunin að firra forráðamenn barna og unglinga ábyrgð með því að reyna að koma á eftirliti með innflutningi og dreifingu tölvuleikja, rétt eins og myndbanda, en slíkt hlyti að sjálfsögðu að auðvelda forráðamönnum að fylgjast með hvers konar leiki börn þeirra spila eða hvers konar leikir eru keyptir til gjafa o.s.frv.

Herra forseti. Rétt er að geta þess að mikil umfjöllun er um sálfræðileg áhrif ofbeldisfullra tölvuleikja, enda væri nú annað undarlegt eins og þessi nýjasta afurð hins rafræna heims tröllríður heimsbyggðinni um þessar mundir. Þannig hefur t.d. Guðbjörg Hildur Kolbeins, lektor við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, fjallað mikið um þetta mál. Hún hefur reyndar unnið upp gögn fyrir flutningsmenn tillögunnar og er fskj. I með tillögunni greinargerð frá henni um áhrif ofbeldis í kvikmyndum, sjónvarpi og tölvuleikjum á börn og unglinga. Ég hvet hv. þm. eindregið, sem vilja kynna sér þessi mál, að fara yfir þessa vönduðu greinargerð þar sem farið er yfir þetta mjög skipulega og getið ýmissa heimilda, þ.e. ef menn vilja kynna sér efnið nánar. Ekki skortir á það, herra forseti, að um þetta sé mikil umfjöllun og víða áhyggjur á byggðu bóli víðar en á Íslandi af því að eitthvað verði að reyna að gera til að stemma stigu við þessu gegndarlausa flæði ofbeldisefnis og í raun og veru þeirri miklu ofbeldisdýrkun samfélagsins sem birtist í öllu þessu framboði.

Þá má vísa í gögn sem eru sömuleiðis fylgiskjöl með þessari tillögu. Í fskj. II eru kaflar úr skýrslu umboðsmanns barna um ofbeldi í sjónvarpi, unnir af Hilmari Thor Bjarnasyni frá því í október 1996. Það er sömuleiðis mjög gagnleg yfirferð um ýmsar kenningar um ofbeldi og áhrif ofbeldisefnis. Sömuleiðis eru fylgiskjöl með tillögunni gögn sem tengjast fyrri tilraunum 1. flm. til að koma þessum málum hér á dagskrá eða hreyfa við þeim svo sem eins og með fyrirspurnum til þáv. menntmrh. og viðskrh. á 120. löggjafarþingi, en þá spurði ég bæði menntmrh., út frá ákvæðum útvarpslaga, og viðskrh. út frá áhrifum samkeppnislaga um auglýsingar, hvort þeir sæju ástæðu til að reyna að grípa til einhverra aðgerða í þessu efni. En harla lítið hefur í raun og veru gerst, herra forseti, og verður það að teljast nokkuð undarlegt í ljósi þess að ýmsir aðilar í þjóðfélaginu, fræðimenn, talsmenn úr uppeldisstéttum, umboðsmaður barna og fleiri og fleiri hafa ítrekað á undanförnum árum reynt að hreyfa þessum málum og ýta á um að eitthvað væri aðhafst.

Herra forseti. Ég ætla ekki hér að reyna að gera í örstuttu máli einhverja grein fyrir þeim rannsóknum og þeim upplýsingum og gögnum sem fylgja með tillögunni og langheppilegast er að menn skoði fyrir sig sjálfir. En ég er þó löngu sannfærður og allt sem ég hef síðan lesið um þessi efni hefur enn frekar styrkt þá skoðun mína að við séum á mjög háskalegri braut, herra forseti, að berast áfram tiltölulega meðvitundarlítil í þessum efnum. Það örlar mjög lítið á viðleitni í samfélaginu til þess að stemma stigu við þessari miklu miðlun á ofbeldistengdu efni, ofbeldisefni og þessu flæði ofbeldis sem gegnsýrir í raun í óhugguleg a miklum mæli hinn hversdagslega veruleika barna og ungmenna í landinu. Þar hefur auðvitað orðið alger umbreyting á frá því að slíkt efni var fyrst og fremst á boðstólum í kvikmyndum sem voru þá bannaðar börnum og tiltölulega öflugt eftirlit var með að þau færu ekki að sjá. Eitthvað var kannski um slíkt efni á prentuðu formi. En með tilkomu annars vegar sjónvarps, stóraukinna sjónvarpsútsendinga, myndbanda og síðast en ekki síst nú tölvuleikja sem taka upp mikinn tíma — það nemur jafnvel mörgum klukkustundum á sólarhring að því talið er hjá börnum og ungmennum eða unglingum sérstaklega — þá hefur náttúrlega orðið alveg gríðarleg breyting.

Uppistaðan í þessum leikjum er ofbeldi, stríðsleikir og manndráp. Og langvinsælustu leikirnir, þeir sem mest eru stundaðir, jafnvel keppt í, snúast um eftirlíkingu af átökum, skotbardögum þar sem takmarkið er að fella andstæðinginn og jafnvel blóðið rennur þegar það heppnast. Það er eitt sem menn þurfa að hafa í huga í þessum efnum að tölvutæknin, þ.e. tölvugerð slíkra leikja tekur stórstígum framförum, þannig að þetta er að verða sífellt raunverulegra og raunverulegra, líkist veruleikanum meir og meir og þar af leiðandi kannski erfiðara að gera greinarmun þarna á milli.

Hér vill líka lögmál stigmögnunarinnar láta á sér bera, hver nýr leikur verður, rétt eins og hver ný ofbeldismynd, helst að taka þeim síðasta fram, ganga aðeins lengra og menn eru fastir í einhvers konar vítahring stigmögnunar sem leiðir til þess að ofbeldisefnið virðist verða sífellt grófara.

Einhverjir kunna að segja að við þessu sé ekki mikið að gera, litla Ísland geti ekki haft áhrif á þessa þróun og maður heyrir oft slíkar kenningar og fólk jafnvel ypptir öxlum og

ímyndar sér að þetta sé tilgangslaus barátta á móti straumnum. En nú er það auðvitað ekki svo, því þó við höfum ekki áhrif á framleiðslu þessa efnis eða komum í veg fyrir að eitthvert framboð verði á því, þá getum við sett reglur um það og höfum gert. Ég sé ekki að það sé minni ástæða, þvert á móti miklu meiri ástæða kannski heldur en nokkru sinni fyrr til að taka þessi mál alvarlega á dagskrá og ræða hvers konar reglur og takmarkanir við viljum setja til að spyrna eitthvað við fótum gagnvart því að þessir hlutir, þetta gríðarlega ofbeldisflæði, gegnsýri okkar daglega veruleika og þá auðvitað ekki síst barna og unglinga í uppvexti á Íslandi á þessum árum.

Þar geta ýmsar aðgerðir komið til greina og eru svo sem þekktar víða að. Ég nefni þar í fyrsta lagi og komið er inn á það í grg. með tillögunni, að setja strangar reglur almennt um sýningartíma efnis sem bannað er börnum, gera t.d. sjónvarpsstöðvum að hafa ekki slíkt efni á dagskrá fyrr en þá mjög seint á kvöldi, vara skilmerkilega við því o.s.frv.

Banna ætti í öðru lagi auglýsingar á efni sem ekki er leyft til sýningar fyrir alla aldurshópa, nema þá seint í kvölddagskrám sjónvarpsstöðva. Sá plagsiður hefur verið uppi að ofbeldisfullar kvikmyndir sem eru bannaðar börnum hafa verið auglýstar eða kynntar í dagskrá sjónvarpsstöðva á öllum tímum sólarhrings.

Ein möguleg leið væri að láta aðgöngumiða að kvikmyndahúsum og útleigu á myndböndum, jafnvel sölu á tölvuleikjum sem sýna ofbeldisefni, bera viðbótargjald, þannig að þar myndaðist tekjustofn sem síðan mætti verja til fræðslu- og forvarnastarfs á viðkomandi sviði.

Það ber að okkar mati að stórefla kvikmyndaskoðun og bæta aðstöðu barnaverndaryfirvalda og löggæslu til eftirlits, sbr. 9. gr. laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 47/1995. Þetta hafa menn að vísu verið að ræða um að fella jafnvel niður, en hefur nú ekki orðið af því enn.

Í fimmta lagi mætti hugsa sér að framfylgja mjög ströngum reglum og hafa miklu virkara eftirlit en við lýði er í dag með því að kvikmyndir séu ekki sýndar eða myndbönd leigð út eða afhent öðrum en þeim sem aldur hafa til að horfa á viðkomandi efni.

Framfylgja þarf reglum um aðgang að leiktækjum sem byggja á ofbeldisefni og beina fræðslustarfi að foreldrum jafnt sem börnum þar sem hvatt er til þess að virða aldursmörk, takmarka áhorf að ofbeldismyndum og aðgang að öðru ofbeldisefni o.s.frv.

En fyrst og síðast, herra forseti, hlýtur að vera þörf á því að við hér á löggjafarsamkomunni tökum þessi mál til einhverrar umfjöllunar og látum það ekki algerlega eftir öðrum aðilum sem af veiku megni hafa verið að reyna að benda á hvert stefnir í þessum efnum og þrýsta á um úrbætur. Ég er þar að vitna til einstöku fræðimanna og vísindamanna, einstöku aðila úr fræðslu- og uppeldisgeiranum, umboðsmanns barna, talsmenn barnaverndar og aðra slíka, sem vissulega ber að þakka lofsvert framtak og lofsverða málafylgju að þessu leyti. En það hefur lítið náð til eyrna stjórnvalda, herra forseti, samanber það sem ég kom hér inn á fyrr í máli mínu, að ekki einu sinni þær heimildir sem til staðar eru í lögum hafa veið nýttar til þess að setja hér um reglur.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[17:50]

Útbýting þingskjala:

Ársreikningar, 427. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 979; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 980.

Ferðakostnaður ráðherra, 614. mál, fsp. JóhS, þskj. 981.

Greiðslur Tryggingastofnunar fyrir sjúkranudd, 616. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 983.

Ráðning sjúkrahúsprests við Barnaspítala Hringsins, 615. mál, fsp. RG, þskj. 982.

Þriggja fasa rafmagn, 617. mál, fsp. DrH, þskj. 984.

Ættleiðingar frá útlöndum, 513. mál, svar dómsmrh., þskj. 977.

[17:51]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli framsögumanns þessarar till. til þál. hefur hún verið flutt alloft. Þetta er í fimmta sinn. Hún var síðast flutt á 126. löggjafarþingi sem undirstrikar að hún hefur ekki verið flutt á hverju þingi og það eru orðin allmörg ár síðan hún var fyrst flutt. Þau eru orðin allnokkur skiptin sem ég hef tekið þátt í umræðum um þetta mál og ég deili þeim áhyggjum sem fram koma hjá flutningsmönnum varðandi ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis og það er nákvæmlega eins og framsögumaður orðaði það að umræðan í öðrum löndum um ofbeldi, ofbeldisdýrkun og efni með ofbeldi hefur verið að aukast. Það er orðin miklu meiri umræða um það út um allan heim en var fyrir fimm eða tíu árum þar og líka hér hjá okkur.

En það er nú svo undarlegt að þrátt yfir að mikil umræða sé víða um framboð á myndum og tölvuefni með ofbeldi í og mikil umræða og úttektir á því hvað sé að finna í tölvuleikjum og kvikmyndum, þá er eins og ekkert gerist annað en að enn tæknilegri tölvuleikir eru framleiddir og nú er svo komið að börn geta setið hvort við sína tölvuna og lifað sig inn í leikinn og verið sinn karlinn hvor og tekist á og stjórnað þeim vopnum sem eru í boði í leiknum og þau eru í stríði eða fremja ofbeldisverknaðinn sjálf, ef svo má að orði komast, vegna þess að tæknin býður upp á þetta. Fyrir börnum sem eru við leikinn er þetta kannski fyrst og fremst leikur og hæfni, spurning um hæfni, en áhrifin sitja eftir og ekkert okkar getur staðhæft hver áhrifin eru, en því er ekki leyna að það eru æ fleiri sem hafa áhyggjur af því að áhrifin séu bæði alvarleg og vond.

Eins og fram kemur í fylgiskjölum og ágætum úttektum sem fylgja tillögunni er alveg ljóst að hlutfall ofbeldis í afþreyingarefni er mjög hátt, sérstaklega í barnaefni. Það er auðvitað umhugsunarefni þegar t.d. farið er ofan í rannsóknirnar sem Georges Gerbner og nemendur hans við Annanberg School of Communication voru frumkvöðlar í, að tíðni ofbeldis í sjónvarpi hefur verið mæld mjög reglulega í bandarísku sjónvarpi og rannsóknir hafa leitt í ljós að ofbeldi var að finna í 70% af sjónvarpsefni sem sýnt var á kjörtíma. Enn þá merkilegra er að ofbeldi var í 94% af barnaefninu og að meðaltali 20 ofbeldisatriði á hverjum klukkutíma í barnaefninu. Enn fremur sýna rannsóknir að 69% af efni sem ætlað er börnum undir 13 ára aldri er gegnsýrt af ofbeldi, en 57% af öðru efni, 14 ofbeldisatriði voru á hverjum klukkutíma í barnaefninu, sex í öðru efni.

Þess vegna endurtek ég það sem ég hóf mál mitt á að verið er að gera rannsóknir, jafnvel hafa rannsóknir verið gerðar í 35 ár í Bandaríkjunum á sjónvarpsefni. En til hvers úr því að staðan er sú að enn meira ofbeldi er í kvikmyndum,

það er enn meira ofbeldi í tölvuleikjunum og tæknin enn þá fullkomnari?

Ef litið er á rannsóknir sem hafa verið framkvæmdar er alveg ljóst að samband er á milli tölvuleikjanotkunar og árásarhneigðar og enn fremur á milli ofbeldis í sjónvarpi og árásarhneigðar. Því raunverulegra sem ofbeldið er, því meiri eru áhrifin.

Ég man hvað það var áhrifaríkt að sjá fyrstu stórmyndina með verulegum ofbeldisatriðum þar sem blóðið rann og nærmyndir voru af bæði hnífsstungum og alvarlegum höggum. Í dag er þetta nærri því í hverri mynd. Og það sem ég hef áhyggjur af er annars vegar það að ekki er verið að gera neitt til að vinna bug á áhrifunum af þessu og fyrir mér er þetta eins og vitnisburður um slævingu, að eftir því sem við sjáum meira af myndum með alvarlegu ofbeldisefni, þá slævumst við öll, þetta er orðið svo alvanalegt. Það er ofbeldi í öllum myndum nærri því, nema einhverjum saklausum söngvamyndum og barna- og fjölskyldumyndum. Það eru mjög alvarleg ofbeldisatriði í tölvuleikjunum og gjarnan í þeim sem vinsælastir eru hjá ungum drengjum. Og við slævumst varðandi þessi efni og það er lítið gert.

Á sama tíma og þetta er að gerast hefur samfélag okkar verið að breytast gífurlega. Það er orðin miklu meiri harka. Það er orðið miklu meira ofbeldi og miklu alvarlegri glæpir. Morð og alvarlegri glæpir eru orðnir daglegt brauð í samfélagi okkar sem voru viðburðir sem menn töluðu um í mörg ár eftir að slíkt hafði gerst á mínum yngri árum.

Heimurinn ber mikinn vott um þetta hið sama, að kynferðisofbeldið elur líka af sér annan markað og við blasir að gífurlegt mansal á sér stað og að stúlkur og börn eru seld á milli landa. Þar erum við að tala um svo gífurlegan markað að líkt er við olíuiðnað og fíkniefnaiðnað. Það er engin leið að líta fram hjá því að allt helst þetta í hendur og er angi af sama meiði.

Þess vegna hvet ég til þess að tillaga sem þessi sé flutt aftur og aftur þar til stjórnvöld taka við sér og reyna að bregðast við og setja einhverjar þær reglur sem geta stefnt stigu við að þessi alvarlegu ofbeldisáhrif nái hverju saklausu barninu á fætur öðru. En auðvitað er það alvarlegast að ekkert skuli gerast þrátt fyrir viðtækar rannsóknir í þeim löndum þar sem þessi iðnaður er stærstur, t.d. í Bandaríkjunum þar sem bæði kvikmyndaiðnaðurinn og tölvuleikjaframleiðslan er svona gífurleg.

Þess vegna tek ég undir tillöguna. Það á að undirbúa einhverja áætlun og það á að leita leiða til að stemma stigu við þessu. Ég veit ekki hverjar leiðirnar eiga að vera, en ég styð tillögu um að gripið sé til aðgerða til að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis.

[17:59]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Aðeins örfá orð til að þakka hv. þm. fyrir undirtektirnar. Ég hygg að hv. þm. muni það rétt að hún hafi áður verið í þeim hópi sem hefur tekið undir þessa tillögu, stundum kannski ein viðstaddra ræðumanna eins og áður.

Ég held ég geti ekki annað en lofað því að meðan mér endist aldur til og þess þarf og ég verð hér til staðar muni ég halda áfram að reyna að þrjóskast við með þessi mál. Það hefur svo sem áður þurft að hafa dálítið fyrir því að fá hluti á dagskrá og koma þeim að. Ég minnist þess t.d. í einu tilviki að hafa fengið að lokum afgreidda þáltill. sem ég hafði þá flutt átta sinnum, um endurskoðun viðskiptabanns á Írak.

Fyrir mörgum árum síðan, sem ég eiginlega hirði ekki um að rekja hversu mörg eru orðin, var ég að berjast hér á Alþingi fyrir svipuðu máli. Ég hafði margflutt tillögu um að inn í lög kæmu ákvæði sem vernduðu börn og unglinga fyrir innrætandi auglýsingum, að það væri sem sagt sérstaklega tekið á því í lögum — það tengist mjög þessu máli — að þegar menn auglýsa varning, kvikmyndir eða annað í þeim dúr, væri tekið mið af því að auglýsingarnar gætu komið fyrir augu barna og ungmenna og það væri beinlínis bannað að höfða sérstaklega til trúgirni eða áhrifagirni barna og unglinga við markaðssetningu á vörum. Þetta tók allmikinn tíma. Það þurfti að endurflytja þetta mál nokkrum sinnum og hreyfa við því með ýmsum hætti, og reyndar var hér einn ágætur og áhugasamur viðskrh. sem flutti hreinlega frv. í þessa veru, Jón Sigurðsson, þáv. viðskrh. Það náði ekki fram að ganga en að lokum tókst sú sátt um málið að inn í samkeppnislög komu ákvæði sem akkúrat taka á þessu, en þar segir m.a. í 22. gr., með leyfi forseta:

„Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim.

Í auglýsingum verður að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirni barna og unglinga og áhrifa á þau."

Þessum ákvæðum samkeppnislaga hefur síðan nokkrum sinnum verið beitt eða til þeirra verið vitnað og aðilar hafa verið fengnir, mér er vel kunnugt um það, t.d. til að draga auglýsingar af markaðnum vegna þess að þær hafa þótt hæpnar gagnvart þessu ákvæði, verndandi ákvæði í lögum.

Það er um hluti af þessu tagi sem við erum í raun og veru að tala, að í fyrsta lagi horfist menn í augu við málin eins og þau eru og spyrji sig spurninga. Þær eru erfiðar og áleitnar eins og þessar: Viljum við hafa þetta svona? Sættum við okkur við ástandið eins og það er, að flæði ofbeldisefnis og þessi gegndarlausa ofbeldisdýrkun vaði uppi í samfélaginu án þess að nokkurs staðar sé reynt að sporna við fótum? Það er kannski fulldjúpt í árinni tekið en án þess a.m.k. að þó sé reynt að gera sýnilega eitthvað meira en nú er.

Ég verð að segja það bara alveg eins og er að ég sætti mig ekki við það baráttulaust að það sé ekki meiri meðvitund um það í samfélaginu hvernig þessir hlutir eru að þróast. Mér finnst það svo ömurleg tilhugsun að sætta mig við að dagsdaglegur og hversdagslegur veruleiki okkar og fjölskyldna okkar, barna og ungmenna, verði svona gegnsýrður af þessu eins og raun ber vitni. Er þó hægara um að tala en í að komast kannski, eins og við getum sjálfsagt mörg viðurkennt, þar á meðal og ekki síst einmitt foreldrar barna og ungmenna á þessum síðustu tímum, eins og ræðumaður er. Það þýðir þó ekki að menn eigi ekki að hafa einhverja viðleitni uppi þó að straumurinn sé þungur.

Að síðustu bara um áhrifin. Ég held að við eigum kannski aðallega að láta sérfræðingunum það eftir og styðjast þar við niðurstöður rannsókna og hafa þær til hliðsjónar. Ég held að það sé algerlega útilokað að neita að horfast í augu við þær sterku vísbendingar og þær margendurteknu sterku vísindalegu niðurstöður úr rannsóknum sem sýna a.m.k. að ef saman fara erfiðar eða „félagslega hættulegar" aðstæður ungmenna og mikið áhorf ofbeldisefnis eða iðkun ofbeldistengdra athafna er það mjög hættuleg blanda. Hún sýnir mikla fylgni, sem virðist leita út í árásarhneigð, og aukna tíðni ofbeldistengdra glæpa eða afbrota síðar meir á lífsleiðinni. Það er deilt í sjálfu sér um það hversu mikil eða hvort þessi orsakatengsl séu sannanlega til staðar, við venjulegar uppeldisaðstæður getum við sagt. En ég held að það sé ekki

um það deilt að ef umhverfið er hættulegt og ef félagslegar aðstæður eru jafnframt erfiðar býður það hættunni heim. Þær kenningar eru mjög útbreiddar að vaxandi eða aukin árásarhneigð sem víða gerir vart við sig tengist, a.m.k. að hluta til, þessu mikla ofbeldisáhorfi og framboði ofbeldisefnis sem gegnsýrir samfélag okkar í nútímanum. Ekki þarf annað en að fylgjast með fjölmiðlafréttum og/eða ræða við t.d. kennara og aðra fræðara og uppalendur til þess að heyra um agavandamál og þá auknu tilhneigingu til árásargirni sem víða gerir vart við sig. Vissulega geta aðrir hlutir verið orsakavaldar, samverkandi eða sjálfstætt, og þá koma til hlutir sem við Íslendingar mættum gjarnan líka ræða meira, eins og almennar aðstæður fjölskyldna hér, langur vinnudagur, hraði og stress í mannlífinu. En eitt er víst og það er að hættan er væntanlega mest ef þetta leggst allt saman á eitt, unglingar sem eiga kannski misgóðan dag í skólanum sínum, koma svo heim að tómu húsi og eyða næstu klukkutímunum, þangað til dauðþreyttir foreldrarnir skreiðast heim um kvöldmatarleytið, í ofbeldisfulla tölvuleiki o.s.frv. — við sjáum alveg í hendi okkar það umhverfi sem þannig getur skapast. Reyndar er dregin upp dapurleg mynd af slíku dæmi í greinargerð með tillögunni sem við gætum kallað dag í lífi ungmennis sem er umvafið þessum veruleika eiginlega frá morgni til kvölds, hvernig hann gæti litið út og það ætti að fá okkur öll til að hugsa málin.

En ekki meira um þetta, herra forseti. Ég þakka fyrir undirtektir við þessa tillögu, hvort sem þær duga til þess að fá hana afgreidda eður ei, en við sjáum til og höldum svo bara áfram.

[18:07]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að bæta miklu við það sem ég hef þegar sagt um þessa tillögu. Vegna þess að Steingrímur J. Sigfússon rifjaði upp auglýsingatillögu sína og afgreiðslu Jóns Sigurðssonar, þáv. viðskrh., á henni finnst mér það eiga erindi inn í þessa umræðu nákvæmlega þetta sem hann orðaði, að það er verið að nýta sér trúgirni og áhrif á börn. Það er oft talað um það í auglýsingaheiminum að börn séu orðin einhver þýðingarmesti markhópurinn að beina auglýsingum að, líka þegar á að ná til foreldranna. Þá samt er markhópurinn börn af því að þau eru móttækileg og hafa sína skoðun á vöruvali og beina skoðun sinni til foreldranna og hafa mótandi áhrif.

Þetta er þekkt en ef auglýsingaheimurinn er svo meðvitaður um að börnin séu móttækileg, ef hann er svo meðvitaður um trúgirni barna og að unnt sé að hafa áhrif á þau, undirstrikar það mjög að svona efni nær vel til barna og að þau eru viðkvæm fyrir þessu áreiti, hvort heldur er myndefni eða texti sem beint er til þeirra beinlínis til að hafa áhrif.

[18:08]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Þetta gat nú varla talist andsvar en hv. 3. þm. Norðurl. e. ætlar samt að svara þessu andsvari.

(**RG:** Andsvar er bara viðbrögð, ekki andmæli.)

[18:08]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að andsvör geti falið í sér skoðanaskipti milli ræðumanns og þeirra sem þau veita.

Ég held að hv. þm. hafi einmitt komið hér inn á mjög mikilsverðan hlut sem er auðvitað viðskiptahliðin á þessum málum. Þetta er að verða einhver stærsti iðnaður nútímans og mér er sagt að mesti hagnaður í gervöllum rafeindaiðnaðinum og tölvuiðnaðinum sé núna í tölvuleikjum. Þar af leiðandi er mikið lagt undir og við þurfum ekkert að fara í grafgötur um það að þar sem er hagnaðarvon verða einhverjir til þess að reyna að nýta sér þá möguleika í viðskiptum. Það er að hluta til auðvitað verið að spila inn á trúgirni og spennufíkn barna og unglinga. Það er alveg ljóst.

Við þekkjum við hvað er að glíma á netinu þar sem auðvitað er háð erfið, ég segi ekki vonlaus, en a.m.k. mjög erfið barátta gegn því gríðarlega flóði ofbeldisefnis og kláms sem þar er á ferðinni og er ákaflega erfitt kannski að koma að öllu leyti í veg fyrir að sé aðgengilegt milljónum barna úti um allan heim við heimilistölvurnar í dag.

Ég held við þurfum ekkert annað en bara minna okkur á þá staðreynd að sölumenn eiturlyfja eru orðnir daglegir gestir utan við suma af grunnskólum landsins. Úr því að menn hika ekki einu sinni við að gera grunnskólabörn að markhópi við sölu á eiturlyfjum þurfum við varla að vænta þess að einhverjum verði flökurt af því að pranga inn á þau ofbeldisefni og nýta sér trúgirni þeirra gagnvart slíkum hlutum. Ég held að við verðum bara að horfast í augu við það að þarna verður að reyna að koma einhverjum vörnum við. Samfélagið verður að setja sér einhverjar reglur og hafa einhverja meðvitaða stefnu uppi í þessum efnum ef við ætlum ekki að fljóta algjörlega sofandi að feigðarósi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 22., 24.–25. og 28.–30. mál.

Fundi slitið kl. 18:11.

---

81. FUNDUR

þriðjudaginn 18. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál í 197. máli, sbr. 42. gr. þingskapa.

2. Skráning skipa, stjfrv., 157. mál, þskj. 956. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

3. Stjórnsýslulög, stjfrv., 348. mál, þskj. 384, nál. 941. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 598. mál, þskj. 959. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 602. mál, þskj. 963. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Skipulag og framkvæmd löggæslu, þáltill., 195. mál, þskj. 198. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

7. Vegamál á höfuðborgarsvæðinu, þáltill., 208. mál, þskj. 211. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

8. Lífskjarakönnun eftir landshlutum, þáltill., 389. mál, þskj. 448. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

9. Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis, þáltill., 486. mál, þskj. 798. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

10. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 601. mál, þskj. 962. — 1. umr.

11. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 610. mál, þskj. 973. — 1. umr.

12. Tollalög, stjfrv., 611. mál, þskj. 974. — 1. umr.

13. Aukinn tollkvóti hreindýrakjöts, þáltill., 250. mál, þskj. 254. — Fyrri umr.

14. Fjárhagslegt sjálfstæði þjóðgarðsins í Skaftafelli, þáltill., 256. mál, þskj. 266. — Fyrri umr.

15. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv., 325. mál, þskj. 353. — 1. umr.

16. Breytt hlutföll aldurshópa eftir árið 2010, þáltill., 397. mál, þskj. 470. — Fyrri umr.

17. Framboð á leiguhúsnæði, þáltill., 512. mál, þskj. 850. — Fyrri umr.

18. Reynslulausn, þáltill., 517. mál, þskj. 857. — Fyrri umr.

19. Aðgangur landsmanna að GSM-farsímakerfinu, þáltill., 546. mál, þskj. 893. — Fyrri umr.

20. Milliliðalaust lýðræði, þáltill., 577. mál, þskj. 931. — Fyrri umr.

21. Stjórnarskipunarlög, frv., 207. mál, þskj. 210. — 1. umr.

22. Innflutningur dýra, frv., 249. mál, þskj. 253. — 1. umr.

23. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 326. mál, þskj. 354. — 1. umr.

24. Grunnskólar, frv., 492. mál, þskj. 808. — 1. umr.

25. Gjaldþrotaskipti o.fl., frv., 493. mál, þskj. 809. — 1. umr.

26. Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, frv., 508. mál, þskj. 841. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Jón Kristjánsson heilbrrh.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:30]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf., getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér með vísun til 53. gr. þingskapa að óska þess að varamaður hans taki sæti á meðan eða frá og með deginum í dag, 18. febrúar.

Því er þess óskað að 1. varaþm. flokksins í Vestf., Pétur Bjarnason, taki sætið."

Pétur Bjarnason hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Álverksmiðja í Reyðarfirði, 509. mál, brtt. meiri hluta iðnn., þskj. 986.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, 618. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 989.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, 619. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 990.

Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál í 197. máli, sbr. 42. gr. þingskapa.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Ögmundur Jónasson (B),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Jónína Bjartmarz (A).

Skráning skipa, frh. 3. umr.

Stjfrv., 157. mál (þurrleiguskráning fiskiskipa). — Þskj. 956.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Frv. samþ. með 22:18 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMöl, EOK, GuðjG, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VÞV.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, PBj, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

23 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KVM, KLM, LMR, LB, SF, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 994).

Stjórnsýslulög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 348. mál (rafræn stjórnsýsla). — Þskj. 384, nál. 941.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, EOK, GuðjG, GÖ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PBj, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VÞV, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
26 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KVM, KolH, KLM, LMR, LB, SF, SJS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

2.–8. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, EOK, GuðjG, GÖ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PBj, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VÞV, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
23 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KVM, KLM, LMR, LB, SF, ÞKG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi útlendinga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 598. mál (búsetuleyfi, EES-reglur). — Þskj. 959.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 602. mál (meðafli). — Þskj. 963.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Skipulag og framkvæmd löggæslu, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 195. mál. — Þskj. 198.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Vegamál á höfuðborgarsvæðinu, frh. síðari umr.

Þáltill. ÞKG o.fl., 208. mál. — Þskj. 211.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Lífskjarakönnun eftir landshlutum, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 389. mál. — Þskj. 448.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 486. mál. — Þskj. 798.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Aukinn tollkvóti hreindýrakjöts, fyrri umr.

Þáltill. SI o.fl., 250. mál. — Þskj. 254.

[13:40]

Flm. (Sigríður Ingvarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um aukinn tollkvóta hreindýrakjöts en ásamt mér eru flm. að tillögunni hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Ásta Möller, Árni Steinar Jóhannsson, Sigríður Jóhannesdóttir og Drífa Hjartardóttir.

Landbúnaðarráðherra hefur með stoð í 65. gr. A laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum sett reglugerð nr. 410/2002, um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti. Samkvæmt reglugerðinni er sameiginlegur tollkvóti á frystu hreindýrakjöti, dádýra-, dúfu-, fasana-, lynghænu- og strútakjöti samtals 12.000 kg og var sá kvóti boðinn út samkvæmt auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar, vegna mikillar eftirspurnar. Fjórir aðilar buðu í tollkvóta hreindýrakjöts og varð niðurstaða útboðsins sú að ráðherra úthlutaði kvótanum til hæstbjóðanda, aðila í veitingarekstri, samkvæmt tillögum ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara, sem fékk 3.000 kg. Á síðasta ári voru umsóknir um tollkvótann mun færri svo að hann var ekki fullnýttur, einungis 10.200 kg var úthlutað, þar af 8.000 kg í hreindýrakjöti.

Ákvörðun landbúnaðarráðherra um lækkun tolls skal samkvæmt greinargerð með frumvarpi til tollalaga ráðast af því hvort nægilegt framboð sé af viðkomandi vörum á hæfilegu verði á innanlandsmarkaði. Tollhlutfall hverrar vöru skal hækka eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu er meira en lækka að sama marki eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu minnkar. Þau tollgjöld sem í gildi eru um almennan innflutning á hreindýrakjöti eru það há að það takmarkar möguleika til að flytja kjötið inn og vinna það hérlendis vegna mikils kostnaðar. Þá hefur framboð hér innan lands verið frekar lítið og verðið mjög hátt þannig að ekki hefur tekist að auka markaðshlutdeild á hinum almenna neytendamarkaði.

Hreindýrakjöt hefur einkum verið flutt til Íslands frá Grænlandi og er hreindýrum á Grænlandi slátrað við bestu mögulegu aðstæður, í sláturhúsi sem hefur fengið ESB-viðurkenningu til útflutnings. Um er að ræða ósýkt, stimplað úrvalskjöt sem tilvalið er að flytja inn og fullvinna hér á landi, jafnvel sem lúxusvöru fyrir erlendan markað. Þannig mundi skapast atvinna og virðisaukinn af verðmætasköpuninni við vinnsluna verða eftir í landinu. Til þess að það væri gerlegt þyrfti að lækka tolla eða jafnvel skipta upp í fleiri tollflokka eftir því hvort kjötið er með beini eða unnið. Í Noregi er tollum t.d. skipt þannig að tollur á hreindýrakjöti með beini er lægri, en hærri ef búið er að úrbeina kjötið. Á Íslandi er magntollur 960 kr./kg að viðbættum 30% verðtolli, hvort sem kjötið er með beini eða beinlaust.

Flutningsmenn telja að innflutningur á hreindýrakjöti muni ekki hafa áhrif á sölu lambakjöts, enda vörurnar ólíkar. Þá hafa vinsældir villibráðar sem hátíðarmatar aukist mjög mikið og kom það berlega í ljós í útboði ráðuneytisins að áhuginn á hreindýrakjöti er mikill, en kvótanum sem úthlutað var í þetta skiptið, einungis 3.000 kg á móti 8.000 kg á síðasta ári, var úthlutað til eins aðila í veitingahúsarekstri. Mikilvægt er að auka fjölbreytni og framboð á almenna markaðnum og eru viðbótarkvótar ætlaðir til að tryggja meira svigrúm á markaðnum til innflutnings. Með því að úthluta einungis 3.000 kg tollkvóta hefur ekki tekist að tryggja nægilegt svigrúm á hinum almenna markaði fyrir hreindýrakjöt og því nauðsynlegt að hann verði aukinn nú þegar og enn fremur að tollkvótanum verði skipt innbyrðis milli afurða, þannig að hreindýrakjöt fái sérstakan tollkvóta og dádýra-, dúfu-, fasana-, lynghænu- og strútakjöt sérstakan.

Því má reyndar bæta við að þetta var gert, held ég um síðastliðin áramót, í landbrn. svo að eftir að þessi þáltill. kom fram hefur verið brugðist við þessum tillögum. Með þessari tillögu minni er ég þó ekki síst að horfa til þess að flutt verði inn hreindýrakjöt og það unnið hér á landi til áframhaldandi útflutnings. Eins og staðan er í dag er mikið magn af hreindýrakjöti flutt frá Grænlandi til Noregs og það unnið þar en vilji er fyrir því að flytja kjötið hingað til lands og vinna það, t.d. á Húsavík. Þar hafa áhugasamir einstaklingar verið í sambandi við grænlenska aðila um að vinna kjötið á Húsavík til áframhaldandi útflutnings þaðan.

Ég legg að lokum til að þáltill. þessari verði vísað til síðari umr. og hv. landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárhagslegt sjálfstæði þjóðgarðsins í Skaftafelli, fyrri umr.

Þáltill. MF, 256. mál. — Þskj. 266.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 1. umr.

Frv. KHG, 325. mál (færsla Hafrannsóknastofnunar undir umhverfisráðuneyti). — Þskj. 353.

[13:48]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú grundvallarbreyting að verkefni sem nú heyrir undir sjávarútvegsráðuneyti verði flutt til umhverfisráðuneytis. Er þar um að ræða hafrannsóknir, friðun og ákvörðun um heildaraflamark úr einstökum fiskstofnum. Samhliða er gert ráð fyrir því að yfirstjórn Hafrannsóknastofnunarinnar verði færð frá sjávarútvegsráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Nái þessi breyting fram að ganga mun umhverfisráðuneyti ákvarða heildaraflamark ár hvert, hafa umsjón með rannsóknum og gera tillögur varðandi almennt skipulag veiða innan efnahagslögsögunnar, ekki síst þær er tengjast hafsbotninum. Þá mun ráðuneytið veita ráðgjöf um friðunaraðgerðir og notkun veiðarfæra, jafnframt því að setja almennar reglur um notkun veiðarfæra. Sjávarútvegsráðuneyti mun eftir sem áður annast stjórn veiðanna innan framangreindra marka og hafa yfirumsjón með eftirliti með veiðum og mati á sjávarafurðum.

Nauðsynlegt þykir að gera umræddа breytingu og leggja þannig ríkari áherslu en verið hefur á umhverfisþátt rannsókna og stjórn á álagi við hagnýtingu auðlindanna. Þetta er ítrekað með því að færa mikilvægar ákvarðanir og tillögugerð úr höndum beinna hagsmunaaðila til umhverfisráðuneytis. Ekki er eðlilegt að hagsmunaaðilar geti ráðið miklu um ákvörðun sem þá varðar miklu fjárhagslega þegar í húfi eru náttúruauðlindir sem þjóðin byggir afkomu sína á í svo ríkum mæli sem raun ber vitni. Það skiptir miklu máli að við ákvarðanir um hagnýtingu auðlindar sé litið til langs tíma og þjóðarhags.

Ekki er eðlilegt að hagsmunaaðilar geti haft áhrif á tillögugerð í þessum efnum og fullkomlega er það fráleitt að stórútgerðarmenn sitji í stjórn Hafrannsóknastofnunar og ráði þar um tillögur stofnunarinnar um veiðar úr einstökum stofnum. Eitt er víst að ekki hafa hagsmunaaðilar, t.d. útgerðarmenn sóst eftir því að sitja í stjórn stofnunarinnar til þess að hafa engin áhrif.

Í sjávarútvegi eru fleiri hagsmunir en hagsmunir stórútgerðarmanna og LÍÚ og fræði- og vísindastofnun verður að geta skilið sig frá einstökum hagsmunahópum. Æ sér gjöf til gjalda, segir gamalt máltæki og það skyldi enginn láta sér detta í hug að Kristján Ragnarsson og félagar hans hjá LÍÚ skattleggi sjálfa sig um liðlega 1 milljarð kr. til þess að gefa Hafrannsóknastofnun nýtt og fullkomið skip án þess að ætla sér að fá eitthvað í staðinn.

Herra forseti. Frumvarpið er fjórar greinar. Í 1. gr. er lögð til breyting á 10. gr. gildandi laga þess efnis að: „Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytið“ í 10. gr. laganna kemur: umhverfisráðuneytið.“

Í 2. gr. frv. er lagt til að gera breytingar á stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar. Í henni „skulu vera fimm menn, skipaðir af umhverfisráðherra til fjögurra ára í senn, þar af þrír án tilnefningar, einn tilnefndur af Fiskifélagi Íslands og einn tilnefndur af starfsmönnum stofnunarinnar.“ Er sú breyting þá gerð að fulltrúar hagsmunaaðila fara úr stjórninni.

Í 3. gr. frv. eru gerðar breytingar á viðeigandi stöðum í þessum lagabálki í samræmi við efni frv. sem skiptir út orðinu „sjávarútvegsráðherra“ og setur inn á réttum stöðum orðið umhverfisráðherra.

Verði frv. þetta samþykkt er rétt í framhaldinu að breyta viðeigandi ákvæðum reglugerðar um Stjórnarráð Íslands sem fjallar um skiptingu verkefna á milli einstakra ráðuneyta. Lagt er til að frv. þetta verði þegar að lögum og þegar það hefur gerst verði skipuð ný stjórn stofnunarinnar.

Ég hygg að ekki þurfi að hafa mörg orð til viðbótar til að rökstyðja efni frv. Það er orðin almenn stefna í þjóðfélaginu að skipa málum með þeim hætti að losa í sundur hagsmunatengsl þannig að hagsmunaaðilar geti ekki hlutast til um mál er varða þá sjálfa þegar í hlut eiga aðstæður innan stjórnsýslunnar og þessi breyting hlýtur að teljast eðlileg í ljósi þeirrar þróunar.

Í öðru lagi verður að telja það eðlilega breytingu að færa rannsóknaþáttinn og starfsemi Hafrannsóknastofnunar til umhvrn. til að undirstrika að um er að ræða fyrst og fremst umhverfismál, hvernig staða fiskstofna er og hvernig veiðar leika lífríki hafsins, botn og annað sem þar kemur við.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. umhvn. og vil geta þess að efni þessa frv. hefur áður verið flutt á 122. löggjafarþingi. Þá var þetta hluti af frv. sem ég flutti ásamt þáv. hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og frv. var þá vísað til hv. umhvn.

Sem dæmi um áhrif hagsmunaaðila á ákvarðanir, t.d. um heildaraflamark, vil ég rifja upp tvær ákvarðanir sem nýlega hafa verið teknar um breytingu á leyfilegum heildarafla í nokkrum fisktegundum. Í desember 2001 ákvað sjútvrh. að breyta leyfilegum aflaheimildum í fjórum tegundum, ýsu, ufsa, skarkola og steinbít og auka aflaheimildir í þeim tegundum töluvert; á ýsu úr 30 þús. tonnum í 41 þús., ufsa úr 30 þús. tonnum í 37 þús., skarkola úr 4 þús. tonnum í 5 þús. og steinbít úr 13 þús. tonnum í 16.100. Þarna er um að ræða miklar breytingar til hækkunar á leyfilegum heildarafla þessara fjögurra tegunda sem teknar eru þegar aðeins eru liðnir tæplega fjórir mánuðir af fiskveiðiárinu. Þegar maður les rökstuðning ráðuneytisins fyrir þessari breytingu í fréttatilkynningu sem gefin var út 21. desember 2001 er hann sá að þessar breytingar í þorskígildum séu ríflega 33 þús. þorskígildistonn sem er heldur meira en nam skerðingunni í þorski í upphafi þess fiskveiðiárs sem var 30 þús. tonn. Í öðru lagi er rökstuðningurinn sá að aflaverðmæti aukist við þessa breytingu um 3 milljarða kr.

Mjög athyglisvert er að röksemdirnar fyrir aukningunni skuli vera annars vegar að aukningin eigi að vega upp á móti samdrætti í þorskveiðum og hins vegar að það auki aflaverðmæti útflutningstekna sjávarafurða. Í þeim rökstuðningi er hvergi vikið að því sem ætti auðvitað að vera eðlilegast að koma inn á, ástand fiskstofnanna og að ákvörðun um heildaraflamark sé tekin með hliðsjón af því.

Í öðru lagi vil ég nefna breytingu sem varð á fjórum tegundum, aflamarki þeirra fyrir skömmu í janúar sem var í ufsa, sandkola, kolmunna og úthafsrækju, og þar eru sömu röksemdir færðar fram í fréttatilkynningu sjútvrn. Annars vegar er þess getið að breytingarnar til hækkunar á leyfðum heildarafla í þessum tegundum séu í þorskígildum meiri en nam samdrætti í leyfðum þorskafla í upphafi yfirstandandi fiskveiðiárs eða aukningin sé í þessum fjórum tegundum sem nemur 12 þús. þorskígildistonnum en samdrátturinn í þorski hafi verið 11 þús. tonn.

Í öðru lagi er þess getið að þessi hækkun á heildarafla auki útflutningsverðmæti sjávarafurða um 2,5–2,8 milljarða kr. Það eru því alveg sömu röksemdir færðar fram í báðum tilvikum fyrir þessari breytingu sem gerð er á miðju fiskveiðiári og tæplega það. Ég er þeirrar skoðunar að þegar búið er að taka ákvörðun um leyfilegan heildarafla til eins árs, þá sé það svo stuttur tími að menn eigi ekki að vera að taka það upp á miðju fiskveiðiári. Ef aðstæður á þeim tíma eru eitthvað betri en menn ætluðu að mundu verða, þá ætti það væntanlega að koma uppbyggingu fiskstofnanna til góða og menn ættu því ekki að vera að auka leyfðan afla. Og ef menn eru að taka upp ákvarðanir á miðju tímabili, þá hljóta menn líka að þurfa að skoða breytingar á hinn veginn þar sem ástæða væri til að draga úr leyfðum heildarafla því að ekki geta menn búist við því að það að taka upp ákvörðun um leyfðan heildarafla leiði ævinlega til þess að menn auki hann. Ég er miklu frekar á þeirri skoðun og hallast æ meira að því sem var töluvert rætt í upphafi fiskveiðistjórnar af þessu tagi að menn ákvörðuðu svonefndan jafnstöðuafla sem væri þá ákvörðun til lengri tíma en eins árs í senn. Það skapar meiri stöðugleika í útgerð og er vænlegra að mínu viti til þess að tryggja samræmi í veiði og uppbyggingu fiskstofna eða því markmiði sem menn setja sér í þeim efnum. Ég hefði því talið eðlilegra að fara þá frekar hina leiðina, að hafa ákvörðunina um leyfilegt aflamark til lengri tíma heldur en hafa hana til skemmri tíma eins og þessi tvö dæmi bera með sér.

Þegar maður skoðar rökstuðninginn hjá sjútvrh. í báðum þessum tilvikum er ljóst að hann er að bregðast við þrýstingi um að auka veiðar í þessum tegundum og sá þrýstingur kemur m.a. vegna þess að dregnar hafa verið saman aflaheimildir í þorski. Þarna eru því tvö dæmi sem benda mjög sterkt á það að sjútvrh. er að gera breytingar og taka ákvörðun um leyfilegt heildaraflamark út frá þrýstingi sem á hann er settur eins og rökstuðningurinn í raun ber með sér en síður út frá því hvað niðurstöður Hafrannsóknastofnunar gefa til kynna um hvað rétt sé að veiða úr stofnunum því að í sumum þessum tilvikum er farið gegn tillögu Hafrannsóknastofnunar um aukningu í veiðinni. Þessi tvö dæmi draga það í raun og veru fram hve sterkur þrýstingur er á sjútvrh. frá hagsmunaaðilum við ákvörðun á heildaraflamarki og eru þar af leiðandi enn frekari rökstuðningur fyrir því en fram hefur komið í ræðu minni fyrr, að færa þetta ákvörðunarvald úr höndum þess ráðherra sem fer með málefni atvinnugreinarinnar yfir í umhvrn.

[14:03]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tel að frv. sem hér var mælt fyrir af hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni eigi fullt erindi til umræðu í þinginu. Ég held að ég geti tekið undir flest eða allt sem hv. þm. sagði um þetta mál.

Til viðbótar vil ég segja að það hefur því miður verið þannig um langa tíð að sjútvrn. og sjútvrh. hafa verið undir miklum þrýstingi og áhrifum frá öflugum útgerðaraðilum í landinu. Stjórnvöld hafa ekki, að mínu viti, brugðist rétt við þeim þrýstingi og virðast hafa talið að það væri jafnvel sjálfsagt mál að forstjórar stærstu sjávarútvegsfyrirtækja landsins væru jafnframt stjórnarformenn í Hafrannsóknastofnun. Það segir auðvitað sitt um það hvaða hugsunarháttur hefur ráðið ríkjum í þessu efni, að það ætti sem sagt að láta þá sem eru hagsmunaaðilar í þessum atvinnuvegi ráða svona gífurlega miklu um það hvernig málum er þar stjórnað. Það

hlýtur auðvitað að kalla á ákveðna tortryggni gagnvart því að viðkomandi aðilar séu þá frekar líklegir til þess að draga taum þeirra útgerða eða útgerðarforma sem þeir eru sjálfir að vinna við, og það er ekki heppilegt.

Það að hafa t.d. formann stjórnar Hafrannsóknastofnunar árum saman frá einu stærsta togskipafélagi í landinu hefur auðvitað vakið tortryggni. Þó að sá maður hafi staðið sig að mörgu leyti mjög vel og sé hinn besti maður eru þeir sem starfa í öðrum geirum þessa atvinnuvegar kannski ekki endilega sannfærðir um að það sé heppilegt að ákvarðanir séu í höndum forstjóra úr einhverjum öðrum geira en þeir eru úr sjálfir. Þannig er þessi gagnrýni.

Það er annað sem mig langaði til að nefna í þessu sambandi. Ég tel að það þurfi að endurskoða stjórnskipanina kannski miklu meira en hér er verið að leggja til. Sú breyting sem hér er verið að tala um gæti hins vegar gæti alveg gengið inn í slíka endurskipulagningu. Mér finnst að það eigi að velta því fyrir sér og skoða mjög alvarlega að hér verði sett upp atvinnuvegaráðuneyti. Samt sem áður finnst mér að þetta vald sem þarna er verið að tala um, þetta ákvörðunarvald um veiðar úr stofnunum og eftirlit með rannsóknum og störfum Hafrannsóknastofnunar, eigi miklu frekar heima hjá umhvrn. Þetta er orðið allt saman ákaflega ankannalegt. Við erum að fást við eitt frv. núna sem liggur inni hjá umhvn. um verndun hafs og stranda, og það hefur auðvitað sýnt okkur fram á að þetta er orðin ein allsherjarflækja þar sem fjögur, jafnvel fimm, ráðuneyti eru í raun og veru með skarað áhrifavald á sömu blettunum. Jafnvel í sama firðinum eru fjögur ráðuneyti að vasast í hinum ýmsu málum.

Þetta er auðvitað ekki gott og þarf að endurskoða allt saman. En það hefur einhvern veginn verið slík togstreita í gangi að það hefur ekki fram að þessu verið sjóveður í að taka á þessari endurskoðun sem er þó mjög nauðsynleg.

Ég ætla samt ekki að ræða í smáatriðum hvernig mér finnst að eigi að skipa þessum málum, vildi engu að síður koma hingað og taka undir það sem hér hefur verið sagt með flutningi þessa frv. og rökstuðningnum sem hefur verið færður fram fyrir því. Ég sé fulla ástæðu til að þessi breyting verði tekin til alvarlegrar skoðunar.

[14:08]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég vil bara þakka fyrir þær undirtektir sem hér hafa komið fram við efni málsins og tek jafnframt undir þau sjónarmið sem hv. þm. Jóhann Ársælsson setti fram varðandi rannsóknir og stöðu þeirra í dag þar sem mörg ráðuneyti koma að málum og erfitt að taka ákvarðanir í þeim efnum.

Það er alveg ljóst að þegar öflugir talsmenn stærstu hagsmunaaðila sitja í stjórn rannsóknastofnunar er það ekki tilviljun. Og þó að þeir vilji stofnuninni allt vel eru þeir auðvitað að gæta sinna hagsmuna, þar eins og annars staðar.

Það hefur verið þannig nokkuð lengi að í stjórn Hafrannsóknastofnunar hafa setið tveir menn sem voru umsvifamiklir áhrifamenn innan stórra útgerðarfyrirtækja og vinnslufyrirtækja og annar þeirra var um nokkurt skeið formaður stjórnar Hafrannsóknastofnunar, Brynjólfur Bjarnason, sem var forstjóri Granda hf. Auk þess hefur verið í stjórninni Eiríkur Tómasson, sem er einn af háttsettustu mönnum innan Þorbjarnar Fiskaness í Grindavík. Þetta er sú staða sem menn eru að taka á með þessu frv. — auk þeirra hefur setið fulltrúi frá sjómönnum, — að beinir hagsmunaaðilar séu ekki að taka ákvarðanir og vera stjórnendur í stofnun sem í eðli sínu er rannsókna- og vísindastofnun. Þeir eru ekki á réttum stað þegar svo er.

Ég vil árétta það og jafnframt geta þess að það hafa orðið breytingar í stjórninni. Eftir að Brynjólfur Bjarnason hætti hjá Granda og fór til Símans fór hann auðvitað úr stjórn Hafró. En ég vil, herra forseti, bara þakka fyrir þessar undirtektir og árétta það að ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breytt hlutföll aldurshópa eftir árið 2010, fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 397. mál. — Þskj. 470.

[14:11]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um könnun á áhrifum breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010. Flm. auk mín eru hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, Hjálmar Árnason og Magnús Stefánsson.

Þetta mál hefur verið flutt áður, fyrst árið 1996, og um nokkurt skeið hefur verið talsverð umræða í þjóðfélaginu einmitt um þetta breytta hlutfall aldurshópa þar sem íslenska þjóðin er, eins og reyndar aðrar þjóðir, að eldast. Tillagan gengur út frá því að mæta breytingum sem verða á þjóðfélaginu við það að þjóðin eldist.

Greinargerðin hljóðar í stuttu máli þannig:

Frá árinu 1970 til 1995 fjölgaði Íslendingum 65 ára og eldri úr 5,9% þjóðarinnar í 11,3%. Árið 1970 voru íbúar landsins um 205 þús. manns. Þá voru 65 ára og eldri 18.100. Árið 1995 eru íbúar orðnir 268 þús. og þar af 65 ára og eldri 30.540. Við síðustu áramót, þ.e. 1. desember 2002, voru Íslendingar á bilinu 280–290 þús. Enn fjölgar þeim sem ná háum aldri og við getum glaðst yfir því.

Í spá sem gerð hefur verið um hlutfall þessa aldurshóps til ársins 2030 kemur fram að veruleg fjölgun verður frá árinu 2010, og árið 2030 verður þetta hlutfall orðið 19% þjóðarinnar. Og þá sjáum við, miðað við þær tölur sem ég hef verið að nefna, frá 1970 þegar um 5,9% þjóðarinnar voru 65 ára og eldri, að þetta er gríðarleg fjölgun. Í spá sem Hagstofa Íslands hefur gert fyrir árið 2030 kemur í ljós að gert er ráð fyrir að Íslendingar verði um 320 þús., þar af 60.400 sem verða 65 ára og eldri. Hér er greinilega um miklar breytingar á þjóðfélagsmynstri að ræða.

Þessi fjölgun hefur miklar þjóðfélagsbreytingar í för með sér. Ætla má að kostnaður heilbrigðiskerfisins aukist verulega og útgjöld vegna eftirlauna og lífeyris aukist að sama skapi. Af sjálfu leiðir að færri vinnandi hendur munu standa undir velferðarkerfinu.

Um leið og við gleðjumst yfir því að sífellt fleiri ná háum aldri vegna betri aðbúnaðar og framfara í læknavísindum er umræða nauðsynleg um breytingu á aldurssamsetningu þjóðarinnar og á hvern hátt við eigum að mæta þessari þróun þegar horft er til framtíðar.

Enginn má misskilja þessa þáltill. okkar, þ.e. við erum alls ekki að hnýta í aldraða, síður en svo. Við erum að benda á hve nauðsynlegt það er að búa þjóðfélagið undir þær gríðarlega miklu breytingar sem fram undan eru. Flestir eiga vonandi fyrir höndum að ná háum aldri. Það á væntanlega

við um okkur í þessum þingsal, hæstv. forseti, eins og aðra þegna landsins. Við viljum tryggja að við megum áfram búa við eitt besta heilbrigðis- og tryggingakerfi í veröldinni.

Umræðan um framtíðina þarf að miða að því að leita að sameiginlegum lausnum eins og aðrar þjóðir hafa reynt að gera, enda er hér ekki um sérislenskt málefni að ræða heldur málefni sem önnur vestræn ríki hafa skoðað. Það versta er að gera ekki neitt af því að við höldum að við getum ekki gert neitt en það er auðvitað mjög nauðsynlegt að skoða þessi mál.

Sú staðreynd blasir við meðal margra auðugra þjóða að þeir sem komast á eftirlaunaaldur 65 ára geta búist við að lifa áfram í 15–20 ár. Ef heilsan er í lagi er oft og tíðum um skemmtileg og notaleg ár að ræða og við eigum að kappkosta að skapa öldruðum áhyggjulaust ævikvöld. Þess eru sem betur fer mörg dæmi hér á landi að aldraðir lifi góðu lífi og við viljum tryggja að áframhald verði á því.

Eins og horfur eru nú og hefur komið fram víða á Vesturlöndum mun háöldruðum fjölga gríðarlega á næstu árum og áratugum. Af þeim sökum mun kostnaður þjóðfélagsins eðlilega aukast í sambandi við umönnun og þjónustu aldraðra. Nauðsynlegt er að byggja upp samfélag sem eyðir óvissu og eykur öryggi þessara aldurshópa.

Á síðari hluta þessarar aldar hefur verið stefnt að því að lækka eftirlaunaaldurinn og stundum talið eftirsóknarvert að komast á eftirlaun. Á næstu 30–40 árum munu hlutföll aldurshópa breytast æ meir sökum hærri lífaldurs og færri barnsfæðinga. Ekki verður hjá því komist að skoða áhrif þess á eftirlauna- og heilbrigðiskerfi. Reiknað hefur verið út í erlendum rannsóknum að árið 2030 geti aldurssamsetningin verið þannig í iðnvæddum ríkjum að aðeins tveir vinnandi menn verði fyrir hvern eftirlaunaþega. Þetta getur leitt til þess að aldurshópar komi til með að takast á um fjármagn og öll fjármögnun félagslegrar aðstoðar verði erfið. Þegar þess er gætt að íbúar auðugra landa lifa 20–30 árum lengur en fyrir einni öld verður að huga að breytingum á lífeyris- og heilbrigðismálum langt fram í tímann, en forsenda fyrir því að það sé hægt er að sjá áhrifin fyrir fram. Því er lagt til að skora á ríkisstjórnina að koma á fót vinnuhópi sem kanni þessi mál. Og eins og fyrrv. forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, orðaði það einu sinni sagði hún eitthvað á þá leið að enginn getur séð fyrir um framtíðina en saman getum við haft hönd á stýri fyrir framtíðina og það tel ég mjög nauðsynlegt.

Eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar áðan hafa æ fleiri gefið því gaum hve nauðsynlegt er að byggja upp samfélagið með tilliti til þessara aldurshópabreytinga. Það sjáum við í heilbrigðiskerfinu, við sjáum það vítt og breitt um landið hve nauðsynlegt er að vita hversu mörg dvalarheimili við þurfum að byggja, hversu mörg sjúkrahús við þurfum að byggja og á hvern hátt við eigum að móta og bregðast við þeim breytingum sem eiga sér stað í þjóðfélaginu hvað þetta varðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framboð á leiguhúsnæði, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 512. mál. — Þskj. 850.

[14:19]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um átak til að auka framboð á leiguhúsnæði. Þingmálið er flutt af öllum þingflokki Samfylkingarinnar.

Efni þessarar tillögu er að Alþingi álykti að fela ríkisvaldinu að ráðast í átak til að fjölga leiguíbúðum og stuðla að viðráðanlegum leigukjörum í samráði við sveitarfélögin, verkalýðshreyfinguna og félagasamtök. Í því skyni á að gera fjögurra ára áætlun með það að markmiði að leysa húsnæðisvanda þeirra sem eru á biðlista eftir leiguhúsnæði og þeirra sem nú eiga hvorki rétt til almennra né félagslegra lána.

Ég held, herra forseti, að allir viðurkenni núorðið að neyðarástand ríkir í húsnæðismálum láglaunafólks, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu. Biðlisti hefur tvöfaldast á stuttum tíma og bíða nú 2–3 þúsund manns á landinu öllu eftir leiguhúsnæði.

Herra forseti. Óhætt er að segja að beint samhengi er á milli þess að félagslega húsnæðiskerfið var lagt niður og langra biðlista. Þótt leitað sé langt aftur í tímann eru fáar ef nokkrar aðgerðir sem hafa haft eins afgerandi áhrif til að draga niður lífskjör láglaunafólks og að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið án þess að á sama tíma lægi fyrir önnur lausn á húsnæðismálum láglaunafólks. Afleiðingarnar voru mjög víðtækar, herra forseti. Auk langra biðlista hefur bæði fasteignaverð og leiguverð rokið upp í kjölfar breytinganna sem gerðar voru á húsnæðiskerfinu. Þannig hækkaði íbúðaverð fljótlega eftir að félagslega húsnæðiskerfið var lagt *niður um 30–40% og leiguverð íbúða enn meira, en algengt* er að leiguverð tveggja til þriggja herbergja íbúða í Reykjavík sé nú 70–90 þús. kr. sem samsvarar hátt í mánaðarlaunum láglaunafólks. Niðurlagning á húsnæðiskerfinu eins og ég *nefndi og síðan mikill flutningur fólks af landsbyggðinni á* höfuðborgarsvæðið hefur átt hér stærstan hlut að máli.

Áhrif þessara breytinga á húsnæðiskerfinu urðu mjög víðtæk en auk langra biðlista og sprengingar á íbúða- og leiguverði hækkaði fasteignaverð verulega í kjölfarið og fasteignamat síðan og þar með fasteignagjöld og því fylgdi í mörgum tilvikum skerðing á barna- og vaxtabótum og hækkun á eignarskatti. Enginn einn þáttur, herra forseti, hefur því átt eins drjúgan þátt í að hækka íbúða- og leiguverð ef undan eru skildar miklar kostnaðarhækkanir sem hafa verið og má þá t.d. nefna bensínverðshækkun.

Herra forseti. Það er ekki bara mitt álit eða Samfylkingarinnar hvaða afleiðingar það hafði að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið. Vil ég vitna í ársfund Alþýðusambands Íslands á síðasta ári en þar var ályktað eftirfarandi um húsnæðismál:

„Leiga eða húsnæðiskostnaður er langstærsti liðurinn í framfærslukostnaði fólks með lágar bætur og tekjur. Eyðilegging félagslega íbúðakerfisins og hækkun húsaleigu vegna afnáms vaxtaniðurgreiðslu kemur mjög illa við þessa hópa, sem í raun hafa enga möguleika til að standa undir þessum hækkunum."

Við fögnum því auðvitað í Samfylkingunni að sjónarmið okkar og heildarsamtaka launafólks fari í meginatriðum saman í þessu brýna hagsmunamáli láglaunafólks sem setja þarf í forgang að okkar mati við endurreisn á velferðarkerfinu.

Mig langar, herra forseti, að fara yfir nýjustu tölur sem liggja fyrir um langa biðlista eftir leiguíbúðum en nýlegar upplýsingar benda til að í Reykjavík einni séu um 1.800 einstaklingar og fjölskyldur á biðlistum. Hjá Félagsstofnun stúdenta voru umsóknir um 835 á síðasta ári og ekki var hægt að leysa þörf nema um 50–60% nemenda. Af þessum fjölda eru um 550 af landsbyggðinni og fjölgun á biðlistum námsmanna eftir leiguíbúðum er um 30–40% milli ára. Hjá Öryrkjabandalaginu eru nú um 375 öryrkjar á biðlista og við þann biðlista bætast um 100 öryrkjar á ári.

Hjá stórum hluta þessara hópa sem ég hef talið upp og eru á biðlistum ríkir hreint neyðarástand. Ég verð vör við það, herra forseti, því mörgum sinnum í viku hringir til mín fólk sem er á þessum biðlistum til að lýsa því neyðarástandi sem það býr við. Sumt af því hefur neyðst til að fara á almenna leigumarkaðinn og er þar ofurselt háum leigukjörum og ég býst við því að þetta sé ein stærsta ástæða þess að fátækt hefur farið vaxandi í þjóðfélaginu og fleiri og fleiri þurfa að leita sér mataraðstoðar hjá mæðrastyrksnefnd og Rauða krossinum eða fjárhagsaðstoðar hjá Reykjavíkurborg.

Auk þess að vitna í ASÍ vil ég líka vitna í það sem félagsmálastjóri Reykjavíkur sagði þegar þessi tillaga var lögð fram í fyrra, en þá var einmitt haft viðtal við félagsmálastjóra sem sagði opinberlega að ástandið á leigumarkaðnum færi stöðugt versnandi. Biðlistarnir lengdust sífellt og fjöldi manns byggi við algerlega óviðunandi aðstæður. Orðaði hún það svo að hún gæti af fullri einlægni sagt að það hefði aldrei verið eins slæmt ástand á leigumarkaðnum í Reykjavík frá því að hún hóf störf sem félagsmálastjóri fyrir nokkrum árum.

Herra forseti. Við blasir sú staðreynd að loknu kjörtímabili núverandi ríkisstjórnar að þrátt fyrir það góðæri sem við höfum búið við, þá skilur ríkisstjórnin við fólk á leigumarkaði og þá sem eru á biðlistum í algeru neyðarástandi, og leigumarkaðurinn og ástandið að því er varðar leiguíbúðir er komið í hreint öngstræti. Það sérkennilega er, herra forseti, að þessari miklu neyð sem ríkir hjá öllum þessum fjölskyldum hefur ríkisstjórnin svarað með sérstakri vaxtahækkun á húsnæðislán og lán þeirra sem við verst kjörin búa. Flestir þeirra sem eru á biðlistum eru einstæðir foreldrar, námsmenn, öryrkjar, lífeyrisþegar og tekjulágar barnafjölskyldur og hópur einstæðinga. Vextir hafa hækkað frá 1998 frá 1% í allt að 4,9% sem hækkað hefur leiguverðið verulega og þeir sem byggja leiguíbúðir, félagasamtök eða sveitarfélög, hafa engra annarra kosta völ en annaðhvort að hækka leiguna eða hreinlega hætta að koma á fót leiguíbúðum.

Viðbótarlánin sem áttu að vera ígildi félagslegra lána til eignaríbúða fyrir fólk sem býr við erfiðar aðstæður hafa hækkað úr 2,4% í 5,7% og 1% lánaflokkur til leiguíbúða hefur verið lagður af en því ber að halda til haga að áður fyrr, líka á tímum niðursveiflu í efnahagsmálum, var samstaða um það meðal þeirra sem þá fóru með stjórn landsins að þrátt fyrir erfiðar aðstæður í efnahags- og atvinnumálum var eining og sátt um að hafa aðeins 1% vexti á lánum til leiguíbúða. Það var sem sagt samstaða um að hér þyrfti að vera til félagslegur valkostur fyrir fólk sem hefði litlar tekjur og hefði enga möguleika á að koma sér upp sínu eigin húsnæði. Á þessu hefur núverandi ríkisstjórn ekki haft skilning og gert sér sérstakt far um að hækka vexti á leiguíbúðum.

Herra forseti. Þó að verulega miklar lánveitingar hafi verið veittar til þess að koma á fót leiguíbúðum í tíð núverandi ríkisstjórnar, þá er það svo að þegar lánskjörin og vextirnir nálgast orðið markaðskjörin er alveg sama hve mikið er látið í lán til að koma á fót þessum íbúðum, það eru ekki til neinir sem eru reiðubúnir til þess að byggja þær íbúðir, hvorki félagasamtök né sveitarfélög.

Herra forseti. Ég vil aðeins fara yfir þær aðgerðir sem við viljum grípa til. Þær þurfa bæði að ná til þeirra sem uppfylla skilyrði til að fá leiguíbúðir og eru á biðlistum en sá hópur fer stækkandi sem hvorki uppfyllir skilyrði til að fá leiguíbúðir né lánafyrirgreiðslu annarra aðila sem hafa það að markmiði að koma á fót leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum fyrir láglaunafólk og því viljum við breyta. Ástæða er til að nefna kaupleiguíbúðir sem ríkisstjórnin lagði af sem var verulegur kostur í húsnæðiskerfinu. Bæði gat fólk byrjað á því að leigja fyrstu fimm árin og síðan gat það að fimm árum liðnum ákveðið að kaupa viðkomandi íbúð ef hagur hefði vænkast. Eins voru almennar kaupleiguíbúðir sem ekki voru með neinum tekjumörkum sem voru kostur fyrir þá sem ekki voru innan tekjumarkanna.

Það sem við leggjum til er að stofnað verði til sérstaks lánaflokks hjá Íbúðalánasjóði þar sem settar verði samræmdar reglur og skilyrði fyrir slíkum lánum. Í fyrsta lagi leggjum við til að vaxtaendurgreiðsla og/eða stofnstyrkir, svo og húsaleigubætur tryggi að leigukjör fari ekki yfir 6% af stofnverði.

Við teljum að það sé afar mikilvægt að fara þá leið að miða við að leigugreiðslur fari ekki yfir 6% af stofnverði íbúðar en ef við það er miðað þá mundu leigugreiðslur duga til þess að standa straum af afborgunum og vöxtum af 95% láni, vöxtum af framlagi framkvæmdaraðila, fasteigna- og brunabótaiðgjöldum og viðhaldi íbúðar og sameignar.

Forsendur þessara útreikninga eru svipaðar og notaðar eru hjá sveitarfélögunum vegna leiguíbúða. Leiguverð á tveggja til þriggja herbergja íbúð gæti með þeim aðgerðum sem tillagan gerir ráð fyrir numið 25–30 þús. kr. á mánuði, og sjá menn að hér munar verulega þegar fólki á almenna leigumarkaðnum er gert að greiða fyrir þriggja herbergja íbúð kannski um 70–80 þús. kr. Nú er leigan á leiguíbúðum í félagslega kerfinu töluvert meiri eða sennilega um 45 þús. kr.

Við leggjum líka til að stimpilgjöld falli niður hjá framkvæmdaraðilum leiguíbúða, enda verði slík niðurfelling skilyrt útleigu á íbúðum. Jafnframt verði kannað hvort rétt sé að veita afslátt af gatnagerðargjöldum vegna byggingar slíkra íbúða.

Við leggjum til að leitað verði samstarfs við lífeyrissjóði um að styrkja átakið með kaupum á sérstökum húsnæðisbréfum. Við leggjum einnig til að tekjuskilyrði fyrir rétti til leiguíbúða verði rýmkuð fyrir fólk sem nú á hvorki rétt til almennra né félagslegra lána. Loks leggjum við til að ríkissjóður greiði 85% þess framlags sem til þarf til að ná því markmiði og sveitarfélögin 15%.

Við höfum látið skoða þessar tillögur okkar og teljum að með þeirri framkvæmdaáætlun sem við leggjum til til fjögurra ára og lögð verði fyrir Alþingi ásamt nauðsynlegum lagabreytingum, verði hægt að koma á fót 600 leiguíbúðum á ári á viðráðanlegum kjörum bæði fyrir þá sem eru að koma á fót þessum íbúðum og þá sem þurfa á leiguíbúðum að halda. Með þessari leið væri hægt að útrýma biðlistum á fjórum árum.

Herra forseti. Þegar þessi tillaga var flutt á síðasta þingi var einn liður í viðbót við þá sem ég hef talið hér upp sem var að afnema skatta af húsaleigubótum. Frá því á síðasta ári

hefur verkalýðshreyfingunni tekist að knýja ríkisstjórnina til þess að hætta að skattleggja húsaleigubætur og því hefur sá liður fallið brott. En ég vil vekja athygli á því að láðst hefur að leiðrétta samsvarandi ákvæði í greinargerðinni að því er þennan þátt varðar og mun ég skoða hvort ekki sé þá ástæða til að prenta þingskjalið upp að nýju þannig að það bæti hér úr og tilgreini það sem rétt er í þessu, að það komst í gegn fyrir tilstuðlan verkalýðshreyfingarinnar að hætta að skattleggja húsaleigubætur sem var veruleg kjarabót fyrir þessa láglaunahópa.

Herra forseti. Ég sé að tíma mínum er að ljúka. Ég vona að þingið beri gæfu til þess að fara vel yfir stöðu láglaunahópa áður en þingi lýkur og stórt atriði í því er að taka á vandanum á leigumarkaðnum sem tillagan gerir ráð fyrir.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umræðu og hv. félmn.

[14:35]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get í sjálfu sér tekið undir flest af því sem stendur í þessari þáltill. Ég held að mjög nauðsynlegt sé að taka heildstætt á húsnæðisvanda fólks og þá ekki síst í höfuðborginni.

En mig langar til að spyrja hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hvort hún telji — það er nú einn liðurinn í öllum þessum málum að sveitarfélögin hafa verið að breyta um rekstrarform á leiguíbúðum sínum eins og gert hefur verið t.d. í Reykjavík með félagsíbúðir sem leiddi til hækkunar í annan endann og aukinna framlaga í hinn endann — að markaðsvæðing leiguíbúðanna að hluta til, má segja, hafi verið réttar aðgerðir.

Það sem stendur upp úr er að mörg önnur sveitarfélög hafa fetað í fótsporin eða eru að taka leiguíbúðir sínar út og stofna um þær fyrirtæki sem síðan leigir þær út. Í flestum tilfellum hefur það leitt til mjög hækkandi leigu vegna þess að hún er látin lúta markaðslögmálum en ekki beinum inngripum borgar- eða bæjaryfirvalda til þess að hækka leigu eins og þeim sýnist og þá er það náttúrlega inni í borgar- og bæjarreikningi. Ég tel því að þetta séu hlutir sem þurfi að skoða alvarlega og hvaða form menn sjái fyrir sér á þessu. En ég tek heils hugar undir innihald þáltill. Ég held að skoða þurfi öll þessi mál og þá ekki síst stöðu námsmanna, og ég hef lýst því áður að það væri kannski auðveldasta leiðin að stórauka framboð á íbúðum stúdenta til þess að létta á hinum almenna markaði.

[14:37]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þær undirtektir sem komu fram hjá síðasta ræðumanni og koma þær ekki á óvart því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur vissulega borið hag þessa fólks fyrir brjósti og lagt til að gert verði sérstakt átak í þessum málum, þannig að ég hygg að við eigum samleið hér.

Ég tek undir með hv. þm. að gera þarf sérstakt átak að því er varðar námsmenn sem ég nefndi sérstaklega í framsögu minni áðan. Mjög mikið er um það og stór hópur af þeim sem eru á biðlistum eru einmitt námsmenn sem koma utan af landi og eru að leita fyrir sér hér til að fá húsnæði á hóflegum kjörum. Þarna fer því ekkert á milli mála að leiðir okkar liggja saman í þessu máli.

Í sambandi við rekstrarformið sem hér hefur verið tekið upp hvað varðar félagsíbúðir, þá finnst mér það ekki skipta meginmáli, heldur er það grundvallaratriði að gæði íbúðanna breytist ekki og að leigukjör þeirra sem sækja í þetta húsnæði og þurfa á því að halda, breytist ekki. Það er grundvallaratriði.

Ég er ekki sammála hv. þm. um það að vegna þess að rekstrarforminu hafi verið breytt t.d. í Reykjavík, ég þekki nú ekki vel hvernig það er annars staðar, að þá hafi leigan hækkað. Ástæðan fyrir því að leigan hefur hækkað og að fara þurfti út í 12% hækkun á leigunni sem náði yfir allan leigustokkinn hjá Reykjavíkurborg var sú mikla hækkun, sem ég gerði mjög að umtalsefni hjá ríkisstjórninni, á lánskjörum til leiguíbúða sem hafa hækkað úr 1% í allt að 4,9%. Það var ástæðan fyrir því að Reykjavíkurborg þurfti að fara út í ákveðnar jafnaðargreiðslur eða hækkun á leigunni, og það er miður. En ég rek það ekki til breytinga á rekstrarformi, *herra forseti, heldur til þeirrar hækkunar á vöxtum* sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir.

[14:39]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held reyndar að fullt tilefni sé til þess að velta fyrir sér rekstrarforminu vegna þess að inngrip sveitarfélaganna af *því tagi sem ég lýsti, að breyta um* rekstrarform, byggjast náttúrlega á þeirri grunnhugsun að sveitarsjóðir komi betur út úr þessum málum þannig að þetta er spurning um hvar er niðurgreitt, hvar hjálpin er veitt. Er það á sveitarstjórnarstigi eða er það á ríkisplani? Auðvitað skarast þetta því að ríkisvaldið er með ýmsum hætti, eins og hv. þm. kom inn á, með ákvörðunum um vaxtakjör og því um líkt að grípa verulega inn í. En rekstrarformið eða það hver léttir undir með þeim sem minna mega sín, hvort það er borgar- og bæjarsjóður eða hvort það er ríkissjóður, um það snýst umræðan líka. Það var að margra dómi mjög röng aðferð að fara yfir í að hluta til markaðsvæðingu félagslegra íbúða af hálfu borgar- og bæjarfélaga í stað þess að hafa fullt umboð til þess að stýra aðstoðinni með ákvörðunum um lága leigu.

Ég vildi spyrja hv. þm. einmitt um þetta og fá innstillingu til. Reyndar kom fram í andsvari hv. þm. að hún telur að það skipti ekki meginmáli. En ég held að það skipti töluverðu máli. Návígið við notandann sem þarf á aðstoð að halda er miklu meira að mínu mati hjá borg og bæ og þess vegna held ég að slík bein aðstoð leiði til þess að lausnirnar verði jákvæðari fyrir þá sem minna mega sín og þurfa á slíkri aðstoð að halda.

[14:41]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg tilbúin að fara yfir það með hv. þm. sem hann talar aðallega um hér sem er rekstrarformið. En ég er bara alls ekkert sannfærð um, eins og mér finnst hann vera að ályktа út frá, að með því að breyta rekstrarforminu í Félagsbústaði hf. hafi það leitt til þess að kjör þeirra sem þurfa að leigja séu verri. Sveitarfélögin hafa ýmsar leiðir til að lækka leiguna og gera leigukjörin hagstæð fyrir leigjendur, t.d. með húsaleigubótunum, og ég held að t.d. Reykjavíkurborg hafi gert verulega mikið í því varðandi greiðslu húsaleigubóta og látið verulega fjármuni til þess og notað einmitt húsaleigubótakerfið til að jafna þá hækkun sem varð á leigunni á íbúðum vegna hækkunar sem ríkisvaldið stóð fyrir á leigukjörum.

Og það er auðvitað spurning hvaða leið Reykjavíkurborg hefur þá til þess að mæta þeirri kostnaðarhækkun sem óhjákvæmilega verður á leiguíbúðum, hvort sem þær eru í þessu rekstrarformi sem hv. þm. nefndi eða með hefðbundna

hættinum, að þá verður Reykjavíkurborg einhvern veginn að mæta þeirri kostnaðarhækkun. Það þarf alls ekki að bitna á leigjendunum sjálfum þó að ríkið hafi farið út í þessa kostnaðarhækkun ef sveitarfélögin taka það á sig.

Ég tel að Reykjavíkurborg hafi að verulegu leyti gert það, t.d. með húsaleigubótum, sem hafa hækkað verulega hjá Reykjavíkurborg, og síðan var farið út í það að jafna þessar vaxtagreiðslur og setja það á allar leiguíbúðir sem Reykjavíkurborg á. Ef farin hefði verið sú leið að hækka leigugreiðslur bara á nýjum íbúðum vegna þeirra miklu breytinga sem urðu á vaxtakjörunum hefði leiguverðið hækkað alveg gríðarlega mikið, sem það gerði ekki. Það var auðvitað slæmt að þurfa að fara út í þá hækkun sem varð á sínum tíma hjá Reykjavíkurborg en ég skrifa hana alfarið á reikning ríkisstjórnarinnar.

[14:43]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Tillaga Samfylkingarinnar um átak til að auka framboð á leiguhúsnæði er að mínu viti bæði skynsamleg og hófsöm. Þar er leitað leiða til að taka á þeim vanda sem búinn er að blasa við um þriggja, fjögurra ára skeið og sem ljóst var að mundi skapast við þær breytingar sem voru gerðar á húsnæðiskerfinu á sínum tíma.

Í tillögu okkar er lagt til að leitað verði samstarfs við sveitarfélög, verkalýðshreyfingu og félagasamtök og að gerð verði fjögurra ára áætlun til að leysa þann húsnæðisvanda sem svo brýnt er að leysa. Það er tillaga um að veita 95% lán til sveitarfélaga og félagasamtaka, að stofna til sérstaks lánaflokks hjá Íbúðalánasjóði, að vaxtaendurgreiðslur og/eða stofnstyrkir, svo og húsaleigubætur, tryggi að leigukjör fari ekki yfir 6% af stofnverði íbúðar, og, virðulegi forseti, að stimpilgjöld falli niður hjá framkvæmdaraðilum leiguíbúða. Það er mál sem Samfylkingin hefur aftur og aftur vakið athygli á og flutt tillögur um, nú síðast við fjárlagagerð ríkisins, að breyta ákvæðum um stimpilgjöldin sem eru afar þung byrði hjá venjulegum íbúðareigendum og litlum fyrirtækjum. Ég vil minna á það líka að það litla skref sem ríkisstjórnin hafði ákveðið að taka í þeim efnum við fjárlagagerðina, að veita um 900 millj. kr. til þess að lækka stimpilgjöldin, var hætt við að stíga á síðustu stundu þegar menn voru búnir að fara yfir dekurverkefnin og sáu hvaða útgjöld blöstu við.

Flestir á biðlistum eru einstæðir foreldrar, lífeyrisþegar, námsmenn og fjölskyldur með mjög lágar tekjur. Eins og kom fram í framsöguræðu hafa vextir á þessum íbúðum hækkað úr 1% frá árinu 1998 upp í tæp 5% og viðbótarlán sem áttu að vera ígildi félagslegra lána til eignaríbúða fyrir fólk sem býr við erfiðar aðstæður hafa hækkað úr 2,4% í 5,7%. 1%-lánaflokkur til leiguíbúða sem lagður var af hefur verið í raun og veru við lýði afskaplega lengi og var grundvöllur þess að hér væri hægt að bjóða upp á þokkaleg kjör á leigumarkaði fyrir þá sem minnst hafa.

Skýrsla nefndar sem hér hefur verið gerð að umræðuefni benti á afleiðingar þess að gera þær breytingar sem gerðar voru á húsaleigumarkaðnum og taldi að 60 fermetra íbúð sem kostaði um 7,6 millj. mundi hækka í leigu úr 24.800 kr. í liðlega 41 þús. kr. eftir greiðslu húsaleigubóta, þ.e. um rúmar 16 þús. kr. á mánuði, og eru það gífurlegar fjárhæðir á ársgrunni. Þessi spá nefndarinnar sem félmrh. skipaði á sínum tíma hefur gengið eftir. Og af því að hér urðu orðaskipti fyrir nokkrum mínútum á milli tveggja þingmanna um fyrirkomulag leiguhúsnæðis hjá Reykjavíkurborg langar mig að taka dæmi sem var sett fyrir mig núna um helgina af einstæðri móður sem hefur fengið íbúð til leigu í Kópavogi. Þar er allt annað rekstrarform heldur en hjá Félagsbústöðum í Reykjavík. Kópavogsbær er með hefðbundið fyrirkomulag á leiguíbúðum sem bærinn hefur verið að kaupa og leigja. En það sem er líkt alls staðar er að verið er að reyna að láta leiguna standa undir kostnaði við rekstur íbúðanna. Hér er um að ræða einstæða móður með eitt barn. Hún hefur verið atvinnulaus um sinn og fær í atvinnuleysisbætur 64 þús. kr. Hún fær líka meðlag með barni sínu. Það er 15 þús. kr. Hún fær barnabætur en þá mánuði sem hún fær ekki barnabætur á hún möguleika á að fá framfærslu þannig að heildartekjur nái 100 þús. kr. Ef hún fær barnabætur fær hún ekki framfærsluframlag vegna þess að mörkin í Kópavogi eru 100 þús. Hún hefur fengið tveggja herbergja íbúð á leigu hjá Kópavogsbæ vegna þess að hún er í þeirri félagslegu aðstöðu og hún þarf að borga fyrir þá íbúð 61.400 kr. á mánuði, 61.400 kr. fyrir tveggja herbergja íbúð. Þetta er einstæð móðir með barn. Mér skilst að miðað við fjölskylduaðstæður hennar fái hún hæstu húsaleigubætur miðað við tekjur og leigu en þær nema 19.500 kr. 61.400 kr. og 19.500 kr. í húsaleigubætur, 64 þús. í atvinnuleysisbætur. Húsaleiga, barnagæsla. Ætli barnagæslan taki ekki nokkurn veginn meðlagið? Svo er það framfærsla og önnur útgjöld. Allir sjá að jafnvel þegar um eitt barn er að ræða nást endar ekki saman. Þetta er íbúð í leigukerfi Kópavogsbæjar. Ég geri mér alveg grein fyrir því að þar er ekki verið að leggja meira á húsaleiguna en sem nemur rekstrarkostnaðinum á íbúðinni. Á hefðbundnum leigumarkaði eru aðrar tölur. Þar erum við að tala um allt upp í 70–90 þús. kr.

Þegar verið var að reikna út þessar breytingar á sínum tíma var talað um að leiguverð á tveggja og þriggja herbergja íbúðum væri 25–30 þús. kr. Þetta hefur farið miklu meira úr böndunum en nokkurn óraði fyrir. Húsnæðiskostnaður fólks er langstærsti liðurinn í framfærslukostnaði. Há leiga er afskaplega þung byrði fyrir fólk með lágar bætur eða lágar tekjur.

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en minnt á að á sínum tíma, þegar þessar breytingar voru gerðar hjá ríkisstjórninni, var bent á það aftur og aftur að óráðlegt væri að gera þessar breytingar svona hratt og án þess að neitt kæmi í staðinn vegna þess að t.d. sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu höfðu byggt fleiri hundruð íbúðir árlega. Við erum enn að kljást við eftirköstin af því að hætt var að byggja þær íbúðir og ekkert kom í staðinn.

[14:51]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Árið 1998 var gerð grundvallarbreyting á húsnæðislöggjöfinni á Íslandi. Þetta var gert þvert á mótmæli gjörvallrar verkalýðshreyfingarinnar og stjórnarandstöðunnar á Alþingi. Það myndaðist reyndar mjög breið samstaða í þessum efnum. Við vöruðum við því að þær breytingar sem hér voru knúðar í gegn mundu hafa mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér, auka og hækka húsnæðiskostnað hjá láglaunafólki þannig að sá vandi sem þá blasti við yrði sýnu verri þegar fram liðu stundir. Allt þetta hefur því miður gengið eftir.

Í hverju fólust þessar breytingar á húsnæðiskerfinu? Þær fólust fyrst og fremst í því að hverfa frá félagslegum lausnum. Við höfum búið við margs konar kerfi í þessum efnum, verkamannabústaði og síðan kaupleigufyrirkomulag með ýmsum afbrigðum. En stuðningurinn frá hinu opinbera hefur yfirleitt verið í því formi að vaxtagreiðslur hafa verið lágar.

Fjármagn sem hefur komið frá ríkinu hefur verið á viðráðanlegum vaxtakjörum. Einmitt í þessu fólst breytingin sem gerð var 1998, þ.e. að fara með vextina í húsnæðiskerfinu yfir á markaðskjör. Þetta átti ekki aðeins að gilda um þá einstaklinga sem voru að kaupa húsnæði heldur einnig um hina sem sjá skjólstæðingum sínum fyrir leiguhúsnæði. Þar er ég að vísa í félagslega leigukerfið. Að því standa margir aðilar, námsmannahreyfingar, Öryrkjabandalagið, Sjálfsbjörg og Reykjavíkurborg svo að dæmi séu tekin. Þessir aðilar hafa fengið lánsfjármagn á lágum vöxtum, 1%. Nú er stefnt að því að fara með þessa vexti upp í markaðsvexti. Þetta er gert í áföngum. Síðast voru þeir hækkaðir úr 1% upp í 3,5%.

Hvað þýddi þetta? Hvað þýddi þetta fyrir skjólstæðinga þessara samtaka, Öryrkjabandalagsins, Sjálfsbjargar, námsmannahreyfingarinnar? Þetta þýddi 25% hækkun á húsaleigu. Þetta eru afleiðingarnar. (**RG:** Orðin miklu hærri.) Og orðið meira. En þessi hækkun ein hafði þessa breytingu í för með sér.

Hvað skal gera? Hér hefur verið lögð fram tillaga um úrbætur og mér finnst hún vera ágæt. Ég hef ekki skoðað í þaula allar þær leiðir sem hér eru lagðar til en ég er ekki í vafa um að menn geti náð saman um tæknilegar útfærslur í þessum málum.

Á sínum tíma kom fram hugmynd innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að lífeyrissjóðirnir kæmu á virkari hátt að húsnæðiskerfinu en verið hefur. Hvernig geta þeir gert það? Okkar hugmyndir voru af tvennum toga. Annars vegar væri það skylda lífeyrissjóðanna, og ekki óeðlilegt að ætlast til þess að þeir gæfu um það skuldbindandi yfirlýsingu, að halda uppi stöðugri eftirspurn á húsbréfum. Þegar afföll húsbréfanna ruku upp úr öllu valdi eitt sumarið, 2001 frekar en 2000, var það vegna þess að fjármagnseigendur voru í miklum spekúlasjónum á markaði. Þetta var sumarið sem gengisbraskið var sem mest og þá dró úr eftirspurn eftir húsbréfum. Þegar lífeyrissjóðirnir komu síðan af fullum krafti inn á þennan markað og keyptu húsbréf varð grundvallarbreyting þarna á. Þetta ber lífeyrissjóðunum að gera að mínum dómi, og að okkar dómi.

Hitt sem lífeyrissjóðirnir hljóta að taka til íhugunar er að koma með beinum hætti inn í húsnæðiskerfið. Hið endanlega takmark ætti að vera að lífeyrissjóðirnir yrðu virkur og beinn eignaraðili að félagslegum íbúðum. Slíkt fyrirkomulag þekkist í Hollandi og Þýskalandi svo að dæmi séu tekin. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að það eigi að gerast í áföngum og ekki er hægt að ætlast til þess að lífeyrissjóðirnir komi að eignaraðild fyrr en til eru orðnir stöndugir aðilar sem reki þetta kerfi. Fram að því geta lífeyrissjóðirnir engu að síður komið inn með fjármagn til þess að byggja kerfið upp og þar held ég að hugmyndir okkar fari nokkuð saman, að þar sé eðlilegt að ríkið standi að baki sem ábyrgðaraðili að þessu fjármagni, ríkið veiti ríkisábyrgð á lánsfjármagni gegn því að lífeyrissjóðirnir haldi vöxtunum niðri, lágir vextir verði framlag lífeyrissjóðanna en framlag ríkisins verði hins vegar ábyrgð á lánunum. Þá ætti dæmið að geta gengið upp. Fyrir lífeyrissjóðina er þetta ekki slæmur kostur. Lífeyrissjóðirnir hafa verið á ótryggum hlutabréfamarkaði og verðbréfamarkaði, ekki aðeins á Íslandi heldur víðs vegar um heiminn, og ekki alltaf vegnað vel. Þegar sveiflur hafa orðið á verðbréfamarkaði og gengi bréfa farið niður í öldudalinn hafa lífeyrissjóðirnir tapað. Þarna yrði hins vegar um trygga stöðuga ávöxtun að ræða. Þótt hún væri ekki ýkja mikil væri hún traust og stöðug og hitt kæmi þarna einnig til sögunnar, þ.e. að lífeyrissjóðirnir tækju þátt í félagslega mikilvægu uppbyggingarstarfi í þjóðfélaginu og að sjálfsögðu á að beina lífeyrissparnaði landsmanna inn á slíkar brautir.

Tími minn er senn á þrotum. Ég vek athygli á því að verkalýðshreyfingin hefur látið sig þessi mál miklu skipta. Hér var vísað í ályktanir og samþykktir Alþýðusambands Íslands. Ég vek athygli á mjög ítarlegum tillögum sem komið hafa frá BSRB. BSRB ályktaði um húsnæðismálin um miðjan nóvember og sendi ályktunina öllum stjórnmálaflokkum til skoðunar og það má vel vera að ég geri nánar grein fyrir þeim í ræðu hér á eftir ef umræðan verður lengri.

[15:00]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar til að bregðast við þessum athyglisverðu ábendingum hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Hann er að rifja upp hugmyndir þeirra um að lífeyrissjóðirnir gætu verið beinn eignaraðili að leiguhúsnæði, þeir gætu komið með fjármagn, en ríkið stæði að baki. Það má segja að þetta falli nokkuð að þeim hugmyndum og tillögum sem koma fram í tillögu okkar, Samfylkingarinnar, vegna þess að í d-lið tillögunnar er það nefnt að leitað verði samstarfs við lífeyrissjóði um að styrkja átakið með kaupum á sérstökum húsnæðisbréfum.

Ég tek alveg undir það með þingmanninum að ekki er óeðlilegt að lífeyrissparnaður landsmanna komi með einhverjum hætti að hagsmunamálum fjölskyldunnar og fátt er nú stærra en þessi mikli húsnæðiskostnaður. En mig langaði að benda á að þegar við vorum að ræða þessa tillögu fyrir tveimur árum þá kom hæstv. félmrh. skyndilega í ræðustól og fagnaði tillögu Samfylkingarinnar alveg sérstaklega. Hann lýsti því þá yfir að viðtæk samstaða væri að myndast um að bæta úr skorti á leiguíbúðum á höfuðborgarsvæðinu með svipuðum hætti og við erum að setja fram og upplýsti um góðar undirtektir lífeyrissjóða, verkalýðshreyfingar og Samtaka atvinnurekenda um að koma að átaki og þá hugmynd að viðkomandi sveitarfélög leggi lóðir og gatnagerðargjöld fram sem hlutafé í eignarhaldsfélög sem lífeyrissjóðir og fleiri legðu fjármagn í. En hvað hefur gerst, virðulegur forseti? Hér eru hrikalegar tölur um leigu á markaði og þeim fjölgar stöðugt sem búa við bág kjör, ekki síst í húsnæðismálum og ekkert gerist í samræmi við þessa góðu viljayfirlýsingu sem sett var fram fyrir tveimur árum.

[15:02]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessir hlutir taka allt of langan tíma. Ég tek undir það með hv. þm. Fólk sem er í biðröðum eftir húsnæði sættir sig ekki við aðgerðarleysi. Ágreiningur hefur verið innan ríkisstjórnarinnar um hvaða áherslur eigi að vera uppi. Annars vegar voru þeir sem vildu styðja félagslegt húsnæði með lágum vöxtum og hins vegar hinir sem vildu stofnstyrki, að til kæmu stofnstyrkir til félagslegra aðila. Hvorug leiðin hefur verið farin þannig að við stöndum frammi fyrir aðgerðarleysi stjórnvalda.

Það er alveg rétt rifjað upp hjá hv. þm. að eftir að hugmyndir voru reifaðar um aðkomu lífeyrissjóðanna — og ég ætla nú í fullri hógværð að nefna að það var ég sem setti það fram upphaflega á fundi hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, auk þess sem þetta hefur verið rætt í verkalýðshreyfingunni, ekki síst hjá BSRB — þá fór í gang ákveðin umræða. En staðreyndin er sú að vaxtakjörin sem lífeyrissjóðirnir bjóða upp á eru of há. Það verður að halda þessum vöxtum í lágmarki. Ég segi að vextir, raunávöxtun í

slíkum lánum má alls ekki undir nokkrum kringumstæðum fara yfir 4% og þyrfti í raun að vera enn lægri. Hins vegar hafa lífeyrissjóðirnir ekki treyst sér til að bjóða slík kjör.

[15:04]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tillögu okkar eiga vaxtaendurgreiðslur, stofnstyrkir og húsaleigubætur að tryggja að leigukjör verði viðunandi og hjá okkur er miðað við að leigukjör fari ekki yfir 6% af stofnverði íbúðar. Mér finnst ekki meginmál hvort við förum nákvæmlega þessa leið sem við erum að leggja til eða hvort við getum blandað saman góðum tillögum. En eitt er alveg víst og það er að brýna fyrir fólki að sem allra flestir á Alþingi taki höndum saman og reyni að leita þeirra úrræða sem duga þannig að viðunandi sé fyrir fólk að vera á leigumarkaði.

Ég tók dæmi áðan um unga einstæða móður sem er að leigja íbúð í sveitarfélagi á félagslegum leigukjörum og leigan fyrir litla tveggja herbergja íbúð er 61.400 kr. Við getum rætt það fram og til baka hvernig kerfin eru og hvernig kerfin eigi að vera. En það blasir við að krónutala upp á 61.400 kr. er óviðunandi og að 19.500 í húsaleigubætur miðað við þessa leigu og miðað við lágmarkslaun, atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga eru óviðunandi. Þess vegna þarf að endurskoða fjárhæðir húsaleigubótanna. Það þarf að fara í gegnum það hvernig við getum tekið á þessu máli og um það eigum við að taka höndum saman, þingið, sveitarfélögin, lífeyrissjóðirnir og allir sem að geta komið til að skapa það góða kerfi að fólk geti lifað hér af sínum lágu launum.

[15:06]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í rauninni er engu við þetta að bæta. Við erum alveg sammála. Það er hægt að fara mismunandi leiðir í tæknilegri útfærslu til þess að endurreisa félagslegt húsnæðiskerfi. Við erum ekki á þeirri skoðun að snúa klukkunni til baka þó mjög margt gott hafi verið í því kerfi sem við bjuggum við, heldur finna nýjar lausnir. Ég held að við séum að feta okkur inn í farveg sem geti fært okkur slíkar lausnir. Til þess þarf víðtækt samstarf eins og hv. þm. nefndi, verkalýðshreyfingar, stjórnmálaflokka, sveitarfélaga og ríkisvalds, og þá skiptir náttúrlega öllu hver heldur þar um stjórnartaumana og við erum svo ljónheppin að það verður kosið í vor.

[15:07]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. þingmönnum Samfylkingarinnar fyrir að vera með tillögur um það hvernig megi ná betri tökum á húsnæðiskerfinu. Ég vil nú samt sem stjórnarmaður í Íbúðalánasjóði segja að á vegum Íbúðalánasjóðs og stjórnvalda er mikið átak í gangi og er búið að vera sl. tvö ár til þess að auka framboð leiguhúsnæðis. Bara á þessu og síðasta ári er verið að byggja um 700 leiguíbúðir fyrir yfir 8 milljarða kr. og ýmis kjör eru í gangi. Farið var af stað með sérstakt átak með lífeyrisjóðunum m.a. Þetta átak er þrískipt, getum við sagt, þ.e. leiguíbúðir sem eru með 3,5% vexti, leiguíbúðir með 4,5% og svo eru leiguíbúðir með 4,9%. Þetta átak gerði ráð fyrir því að byggðar yrðu um 400 íbúðir á ári í fjögur ár, eða um 1.600 íbúðir. Við úthlutun á íbúðum í þessum flokkum hafa allir fengið það sem þeir báðu um, sérstaklega þá í þessum föstu vaxtaflokkum, þ.e. í 3,5% og 4,5% Þar hafa nánast allir fengið sem rétt áttu og þessi flokkur hefur að því er virðist þjónað tilgangi sínum.

Ég sé að flutningsmenn gera ráð fyrir því að leigukostnaður megi ekki fara yfir ákveðið hámark og talað er um 6% af stofnkostnaði eða stofnverði íbúðar. Ef við lítum nú á leiguíbúð sem kostar 7 millj. með 3,5% vöxtum þá erum við að tala þar um að afborganir og vextir, þ.e. greiðslubyrði af íbúð með 7 millj. kr. láni, sé um 24.000 kr. á mánuði. Ef við gerum ráð fyrir því að þetta sé 100% lán þá eru 6% af þeirri tölu yfir 40.000. Ég get því ekki séð annað en að þessi 3,5% flokkur fullnægi þeim kröfum sem hv. flutningsmenn gera ráð fyrir að ná með þessu frv., að kostnaður við leigugreiðslur verði ekki yfir 6% af stofnverði íbúðar.

Auðvitað fer þetta svo eftir vöxtum. Það eru ekki allir sem fá þessa vexti. En þessi 3,5% vaxtaflokkur er niðurgreiddur af ríkinu og 4,5% flokkurinn líka.

Það hefur verið ágætissamkomulag við lífeyrissjóði um það hvernig ætti að fjármagna þetta dæmi og í sjálfu sér er ekkert vandamál að fjármagna það. Síðan er spurningin hvað lífeyrissjóðirnir vilja yfirleitt koma mikið inn í þetta. Þegar lífeyrissjóðirnir komu inn í þetta átak þá kröfðust þeir t.d. þess að fá fyrsta veðrétt í öllum íbúðunum. Það var út af fyrir sig dálítið sérstakt að lífeyrissjóðirnir skyldu krefjast þess að fá fyrsta veðrétt þegar um er að ræða leiguíbúðir og ekki hægt að ætla annað en þarna séu allir jafnréttháir og kostnaður allur í lágmarki þannig að veðin sem slík væru ekki í neinni hættu. En látum það nú vera.

Ég lít svo á að átakið sem er í gangi sé að mestu leyti að metta þann leigumarkað sem er núna til og biðlista sem verið er að tala um að séu hérna inni. Það er verið að tala um biðlista síðan í apríl árið 2000. Ég get ekki séð annað en að verið sé að eyða þeim biðlistum mjög hratt. Nú er reyndar komið árið 2003 þannig að við getum ímyndað okkur að þessar 700 íbúðir sem voru í byggingu í fyrra og aðrar 700 á þessu ári muni fara langt í að eyða þeim og svo þeirri þörf sem hefur bæst við.

Herra forseti. Ég vildi aðeins koma þessu að vegna þess að ég tel nausðynlegt að í þessari umræðu sé því til skila haldið sem komið hefur verið af stað af hæstv. félmrh. og ríkisstjórn þó menn fagni því að sjálfsögðu þegar nýjar hugmyndir koma um það hvernig eigi að leysa þetta öðruvísi og ef þær tillögur eru betri geri ég fastlega ráð fyrir því að menn séu tilbúnir til að skoða þær í fullri alvöru.

[15:13]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Af ræðu hv. þm. að dæma virðist hann harla ánægður með ástandið á leigumarkaðnum og virðist í engu deila skoðun með okkur á því neyðarástandi sem er á markaðnum og þeir sem við þurfa að búa hafa marglýst yfir. Það er ekki að ástæðulausu sem bæði BSRB og ASÍ hafa verið að kalla eftir átaki í uppbyggingu leiguíbúða. Það er ekki svo að biðlistarnir séu að styttast. Ég bið hv. þm. að athuga það. Þeir hafa verið að lengjast. Um 2.000–3.000 manns eru á biðlistum. Ástæðan er fyrst og fremst sú vaxtahækkun sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir á leiguíbúðum. Það er hægt að byggja hér þúsundir leiguíbúða á kjörum sem fólk ræður ekki við eins og þessi ríkisstjórn hefur verið að gera. Það gagnast bara ekki þeim 2.000–3.000 einstaklingum og fjölskyldum sem nú bíða eftir leiguíbúðum.

Það er töluverður munur á núverandi ástandi og því þegar jafnaðarmenn stjórnuðu vegna þess að þá var láglaunafólki gefinn kostur á því líka að eignast húsnæði með því að við

niðurgreiddum vexti til uppbyggingar á félagslegum íbúðum. Við lánuðum fólki 90% lán með 2,4% vöxtum til eignaríbúða og sátt var um það hjá þeim sem þá stjórnuðu að hafa bara 1% vexti á leiguíbúðum. Nú er fólki boðið upp á 3,5% vexti og 4,5% vexti ef um félagasamtök er að ræða, en 3,5% hjá öðrum, og síðan 5,6% í viðbótarlán og það eru engar smábreytingar sem verða hér á vaxtakjörum.

Hv. þm. ber saman hver leigukjörin mundu verða og segir að þetta sé sambærilegt við 3,5% vexti. Við segjum að leiga á þriggja herbergja íbúð muni verða 24–30 þús. á mánuði. Við erum þá að gera ráð fyrir ýmsum öðrum aðgerðum sem hv. þm. hefur ekki tekið tillit til, eins og að stimpilgjöld falli niður hjá framkvæmdaraðilum leiguíbúða og jafnframt kannað hvort veita eigi afslátt af gatnagerðargjöldum o.s.frv. Við erum því að tala um margþættar aðgerðir.

En það er auðvitað líkt sjálfstæðismönnum, herra forseti, að þeir hafa aldrei neinar áhyggjur af fólki sem er á leigumarkaðnum og það hefur komið fram í máli hv. þm.

[15:15]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta högg undir beltisstað hjá hv. þingmanni og alls ekki í takt við það sem ég sagði. Ég sagðist einfaldlega fagna því ef menn væru með tillögur sem gætu komið betur til móts við fólk. Ég benti á það sem gert hefur verið. Það er búið að gera ýmislegt til þess að eyða þeim biðlistum sem voru komnir fyrir tveimur árum. Ég get því ekki séð að hv. þingmaður hafi ástæðu til að fyrtast eitthvað við því þótt komið sé hér með tölur. Tölurnar tala sínu máli. 3,5% vextir eru miðaðir við leiguíbúðir sem sveitarfélögin byggja. Það eru sveitarfélögin sem ættu síðan að úthluta þeim og standa straum af þeim kostnaði. Þau hafa alla möguleika til að veita þau kjör sem þeim sýnist. Það snýr að sjálfsögðu að sveitarfélögunum að fella niður gatnagerðargjöld. Mér fyndist alveg athugandi í þessu tilfelli að fara fram á það við sveitarfélögin til þess að geta lækkað leigu.

Að ég deili ekki áhyggjum hv. þingmanns yfir neyðarástandi á markaði — auðvitað hef ég fulla samúð með fólki sem á ekki þak yfir höfuðið eða er í miklum vandræðum. Og það er náttúrlega ástæðan fyrir því að menn hafa gripið til ýmissa aðgerða. Það er alveg full ástæða fyrir hv. þingmann að viðurkenna að búið er að gera ýmislegt. Hún hefur kannski átt einhvern þátt í því að ýta á að það yrði gert. En að byggja 700–800 íbúðir á ári í tvö ár og vera með áætlun til næstu fjögurra ára um enn frekari leiguíbúðauppbyggingu er náttúrlega mikil viðleitni til þess að lina þetta ástand.

[15:17]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar við ræddum fátækt um daginn vísaði hæstv. forsrh. bara vandanum yfir á sveitarfélögin. Það er alveg ljóst að fjárhagsaðstoð hefur blásið út hjá sveitarfélögunum vegna þess að ríkisvaldið hefur skert kjör lífeyrisþega og atvinnulausra og ekki greitt þeim þær bætur og þann lífeyri sem samræmist hækkun á launavísitölu. Þess vegna hefur fjárhagsaðstoð sveitarfélaga blásið út, og hæstv. forsrh. segir að fátækt sé bara málefni þeirra.

Mér heyrðist þess sama gæta hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni. Hann segir: „Ja, vextirnir eru svona háir en sveitarfélögin geta þá gert sitt til þess að þurfa ekki að hækka leiguna.“ Vandanum er bara vísað yfir á sveitarfélögin og það leysir ekki neyð þess fólks sem er á biðlistunum. Og það er rangt hjá hv. þingmanni að biðlistarnir hafi styst. Þeir hafa þvert á móti verið að lengjast vegna þess að þeim fjölgar sem geta ekki nýtt sér það sem annars er í boði hjá Íbúðalánasjóði, þ.e. þessi viðbótarlán eða bara húsbréfakerfið almennt. Við eigum að viðurkenna að það þurfi að vera valkostir í húsnæðismálum, raunverulegir valkostir með viðráðanlegum kjörum fyrir alla hópa fólks hvar sem þeir standa í tekjuskalanum. Það sem því miður hefur ekki verið gert hér á landi á síðustu árum er að viðurkenna að hópar eru mismunandi settir í þjóðfélaginu. Við erum með allt of stóran hóp sem þarf að lifa af kannski 90 þús. upp í 140–150 þús. á mánuði. Þetta er mjög stór hópur, og hann getur ekki með góðu móti eignast þak yfir höfuðið heldur er ofurseldur leigumarkaðnum. Það þýðir ekki að bjóða þessu fólki upp á það að vextir séu frá 3,5% upp í nærri markaðsvexti sem *mér heyrist að stefnt sé að vegna þess að alltaf er verið* að draga úr niðurgreiðslum til leiguíbúða. Ég þykist vita að hv. þingmaður hafi einhvern skilning á þessu máli en því miður hefur hann stutt aðgerðir ríkisstjórnarinnar sem hafa torveldað fólki á leigumarkaðnum að eignast íbúðir á viðráðanlegum kjörum.

[15:20]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Hv. þm. er snillingur að snúa út úr. Ég verð að segja eins og er að það er út í bláinn að ég hafi sagt að ég vildi snúa vandanum einfaldlega yfir á sveitarfélögin. Það er náttúrlega alls ekki það sem ég sagði. Ég sagði að sveitarfélögunum væri í lófa lagið að fella niður fasteignagjöldin eða gatnagerðargjöldin ef þau kærðu sig um það. Það er þeirra tekjustofn. Auðvitað er það þeirra að taka ákvörðun um það, nema hv. þm. ætli sér að setja lög um að sveitarfélögin megi ekki leggja gatnagerðargjöld á leiguíbúðir. Vel má vera að það sé meiningin. Ég veit bara að sveitarfélögin kvarta mjög yfir því að sífellt sé verið að skerða tekjustofna þeirra og ég geri ekki ráð fyrir að þeir peningar verði teknir frá þeim öðruvísi en tapið verði þá bætt.

Ef ég skoða t.d. kostnað við leigu á einni íbúð — þegar við fáum það út að 7 millj. kr. skuld með 3,5% vöxtum geti verið um 25 þús. kr. greiðslubyrði á mánuði er hún aðeins lægri en með þessum 6% sem hv. þm. talar um að eigi að vera hámark leigu miðað við stofnkostnað íbúða. Auðvitað yrði því 1% vaxtakostnaður lægri. Það þýddi lægri leigu. En þessi 6% sem hv. þm. talar um í sinni tillögu leiðir einfaldlega til þess að það gæti alveg orðið 42 þús. kr. leiga af 7 millj. kr. íbúð. (**JóhS:** Það eru aðrar aðgerðir sem ...) Þess vegna get ég ekki séð að mikill munur sé á því hvað hv. þm. ætlar að leggja á sem hámarksleigu og þeirri leigu sem væri hægt að taka af íbúðum sem eru núna í byggingu upp á 3,5% vexti.

Ég ætla ekki að fara að deila við hv. þingmann um annað sem ekki kemur þessu við beinlínis eins og viðbótarlán og kjör aldraða og annarra. Það er önnur umræða. Í þessu máli er ýmislegt verið að gera. Ég get samt alveg tekið undir það að eflaust má gera betur og það er *sífellt* verið að reyna það.

[15:22]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Menn skulu ekki tala af léttúð um prósentustigin í húsnæðiskerfinu. Hvert prósentustig vegur æðibungt þegar milljónirnar eru orðnar margar. Þegar þær eru t.d. orðnar 10 erum við að tala um hvert prósentustig upp á 100 þús. kr. Og 3,5% vextir, þegar milljónirnar eru 10, eru

350 þús. kr. á ári. Það sem byggingaraðilarnir sem sjá fyrir félagslegu leiguhúsnæði segja er að þessi vaxtakostnaður sé óheyrilega mikill. Við skulum ekki gleyma því heldur að við erum ekki að tala um þessa tölu eina því hér erum við að tala um raunávöxtun, vexti ofan á verðbólgu. Og nú er það náttúrlega háð því hvernig fyrirtækjunum vegnar í ólgusjó efnahagslífsins hvort þau halda í við verðbólguna. En við erum að tala um verðbólgu og svo þennan vaxtakostnað ofan á verðbólguna.

Þegar lífeyrissjóðirnir eru annars vegar er staðreyndin sú að þeim var með lögum sem samþykkt voru á Alþingi árið 1996 búinn mjög strangur rammi, því miður, illu heilli. Þá var þeim gert lögum samkvæmt að fjárfesta jafnan þar sem ávöxtun væri mest, þar sem vextirnir væru mestir, að því tilskildu að vísu að um trygga ávöxtun væri að ræða. Þeir eiga lögum samkvæmt alltaf að sækja eftir hámarksávöxtun. Er þetta gott? Er þetta ekki til góðs fyrir lífeyrisþegana sem eiga aðild að sjóðnum? Nei, ekki endilega. Þegar dæmið er gert upp byggja lífeyrissjóðirnir endanlega afkomu sína á því efnahagsumhverfi sem þeir eru sprottnir úr. Þeir eru núna í ríkara mæli en áður farnir að fjárfesta í fyrirtækjum, í verðbréfum, einfaldlega vegna þess að hið opinbera vill ekki kaupa af þeim fjármagnið, er að reyna að losa sig við allar skuldir og vill ekki koma að neinu félagslegu átaki í samfélaginu, þar á meðal uppbyggingu húsnæðiskerfisins. Þá leita lífeyrissjóðirnir út í efnahagslífið til fjárfestinga og ef þeir í græðgi sinni reisa mjög háar vaxtakröfur eru þeir jafnframt að reisa mjög háar kröfur á því sama efnahagslífi og þeir eiga síðan allt sitt undir komið að vegni vel. Þetta er nú bara samhengi hlutanna. Þess vegna ættu það að vera hagsmunir lífeyrissjóðanna að halda vöxtum hófstilltum í samfélaginu almennt þannig að þeir spenni ekki bogann of hátt fyrir fyrirtækin og heimilin sem síðan leita á þeirra náðir eftir fjármagni. Mér finnst á síðustu árum að lífeyrissjóðirnir hafi ekki kunnað sér hóf í þessu efni. Hins vegar er eðlilegt og sjálfsagt og nauðsynlegt að lífeyrissjóðirnir tryggi það fjármagn sem þeim er treyst fyrir.

Ég held að þessar tillögur sem hér eru og sem ég hef talað fyrir fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar um sameiginlegt átak lífeyrissjóða og hins opinbera til að endurreisa hér félagslegt húsnæðiskerfi í breyttri mynd frá því sem það áður var séu til góðs fyrir alla aðila, líka lífeyrissjóðina.

Ég vék að tillögum sem fram hafa komið frá BSRB. Þær voru settar fram um miðjan nóvember og ríma mjög við það sem hér hefur verið sagt og mjög við það sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt áherslu á í málflutningi sínum, nú nýlega á mjög fróðlegri ráðstefnu sem flokkurinn efndi til um velferðarmál ekki alls fyrir löngu þar sem húsnæðismálin komu mjög við sögu. Þar er tónninn sá að það eigi að reyna að samræma stuðninginn á milli þeirra sem annars vegar kaupa húsnæði og hins vegar hinna sem leigja það, eins konar húsnæðisbótakerfi. Um það hefur verið fjallað af okkar hálfu í alllangan tíma. Síðan gerir BSRB ráð fyrir því að lífeyrissjóðirnir taki um það skuldbindandi ákvörðun að tryggja með kaupum á húsbréfum að afföllum verði haldið í lágmarki. Þetta er lykilatriði sem ég vék að áðan og ætla ekki að eyða fleiri orðum að núna. Lífeyrissjóðirnir sjái félagslegum byggingaraðilum fyrir lánsfjármagni með 4% raunávöxtun að hámarki að því tilskildu að ríkið gangist í ábyrgð fyrir lánin. Hér eru nefnd 4% en eins og ég gat um áðan er það of hátt hlutfall fyrir félagslega aðila til að byggja afkomu sína á og sjá fólki fyrir skaplegri leigu. Aðrir þættir þurfa einnig að koma inn og þar kæmi stuðningurinn við leigjandann í húsnæðisbótum annars vegar og hins vegar í stofnstyrkjum frá hinu opinbera til félagslegra aðila.

Hér er nefnt að sveitarfélög tryggi nægjanlegt framboð af lóðum til félagslegra byggingaraðila og kanni með hvaða hætti unnt sé að greiða fyrir hraðvirkum framkvæmdum. Sveitarfélög veiti byggingaraðilum sem reisa leiguhúsnæði á félagslegum forsendum tímabundinn afslátt á gjöldum til sveitarfélagsins. Í síðasta liðnum í þessari tillögusmíð BSRB sem kynnt var um miðjan nóvembermánuð segir, með leyfi forseta:

„Þar sem biðlistar eru eftir leiguhúsnæði hafi viðkomandi sveitarfélög frumkvæði að því að reisa eða kaupa húsnæði til útleigu í samræmi við lagaskyldu sveitarfélaganna."

Þetta er náttúrlega grundvallaratriði, að sveitarfélögin gleymi því ekki að þau hafa þarna lagalega skyldu. Þau hafa lagalega skyldu til að sjá fólki fyrir húsnæði. Hér á enginn að vera án húsnæðis þannig að húsnæði á að sjálfsögðu að vera í forgangsröð hvers sveitarfélags ef fólk býr við þær aðstæður sem eru hér víða á suðvesturhorninu.

Ég verð að segja það, herra forseti, að ég hefði kosið að hluta af því fjármagni sem hér hefur verið ráðstafað til vegagerðar í tillögum ríkisstjórnarinnar nýlega hefði verið veitt inn í húsnæðiskerfið, t.d. í stofnstyrki til félagslegra aðila til að reisa félagslegt leiguhúsnæði. Það hefði komið að gagni varðandi þau markmið að tryggja atvinnu og slá á atvinnuleysið en hefði, held ég, verið skynsamlegri ráðstöfun, a.m.k. hefði það átt að vera inni í þeirri blöndu sem þessu fjármagni var ráðstafað til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Reynslulausn, fyrri umr.

Þáltill. ÞKG o.fl., 517. mál. — Þskj. 857.

[15:31]

Flm. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. sem fjallar um reynslulausn. Þessa þáltill. er að finna á þskj. 857. Hún er mál nr. 517. Flm. eru auk mín hv. þingmenn Jónína Bjartmarz, Guðrún Ögmundsdóttir og Ögmundur Jónasson.

Þáltill. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til að kanna og gera úttekt á veitingu reynslulausnar skv. 40.–42. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Kannað verði m.a. hversu algengt er að beita því úrræði, hvernig háttað er eftirliti með því að skilyrði reynslulausnar séu haldin og hversu mörg brot eru framin af einstaklingum á reynslulausn. Jafnframt verði sérstaklega kannað hvort ástæða sé til þess að breyta framkvæmd reynslulausnar á þann veg að það verði hlutverk dómara að ákveða hvort fangi skuli látinn laus til reynslu í stað Fangelsismálastofnunar ríkisins, sbr. 1. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga."

Í greinargerðinni segir m.a., með leyfi forseta:

Reynslulausn er stjórnsýsluákvörðun sem fólgin er í því að fangi er látinn laus til reynslu þegar hann hefur afplánað tiltekinn hluta dæmds refsitíma. Samkvæmt heimild í 1. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga getur Fangelsismálastofnun ríkisins þannig ákveðið að fangi skuli látinn laus til reynslu

þegar hann hefur afplánað $^2/_3$ hluta refsitímans. Reynslan hefur verið sú að nær allir fangar fá reynslulausn ef þeir uppfylla skilyrði 40. gr. almennra hegningarlaga og eiga ekki mál í refsivörslukerfinu, þ.e. eiga ekki ódæmt í málum sem eru til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum á þeim tíma þegar umsóknir þeirra um reynslulausn koma til afgreiðslu.

Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er hér á landi byggt á þrískiptingu ríkisvaldsins. — Það þekkjum við vel. — Þannig fara Alþingi og forseti Íslands saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið og dómendur fara með dómsvaldið. Hugsunin á bak við þrígreiningu ríkisvaldsins er sú að hver aðili — þ.e. dómsvaldið, löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið — fari með sína grein þess. Með 1. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga á sér hins vegar stað framsal valds frá dómsvaldi til framkvæmdarvalds. Þar er stjórnsýsluaðila þ.e. í 40. gr. falið að endurskoða ákvörðun dóms og breyta dómsorði sem upp hefur verið kveðið hjá innlendum dómstóli.

Framsal valds á milli þriggja þátta ríkisvaldsins er í ósamræmi við það sem stjórnskipan landsins byggist á. — Þ.e. að mínu mati. — Í framkvæmd hefur verið reynt að sporna við slíku framsali eftir fremsta megni þó svo að hægt sé að réttlæta slíkt í einhverjum tilvikum. Er hér sérstaklega átt við skýrt afmarkaðar og lögákveðnar reglugerðarheimildir ráðherra, þar sem erfitt er í framkvæmd að breyta lögum í hvert sinn sem útfæra þarf nánar tilgreindar reglur í gildandi löggjöf.

Í þessu samhengi, herra forseti, má velta því fyrir sér hvort ein leiðin við þessa endurskoðun verði sú að dómurum beri að kveða á um það hvort viðkomandi fangi eigi möguleika á reynslulausn eða ekki og þannig, ef við reynum að líkja þessu við Alþingi, að veita í rauninni framkvæmdarvaldinu reglugerðarheimild til að nýta þetta stjórnsýsluúrræði. En það er alveg ljóst að í augum flutningsmanna er 40. grein, þessi stjórnsýsluákvörðun sem reynslulausn er, ákveðið inngrip inn í dómsvaldið og því erum við flutningsmenn að leggja til að farið verði mjög vel yfir öll þessi atriði sem eru tiltekin í þáltill.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að kannað verði gaumgæfilega hvort rétt sé að takmarka það framsal valds sem á sér stað í 1. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga. Þannig má færa sterk rök fyrir því að óeðlilegt sé í ljósi þess sem að framan greinir að framkvæmdarvaldshafi — í þessu tilviki Fangelsismálastofnun ríkisins — geti breytt uppkveðnum dómi.

Jafnframt telja flutningsmenn nauðsynlegt að fram fari nákvæm könnun á reynslulausn í heild sinni sem refsigæsluúrræði og sérstaklega verði þá hugað að þeim atriðum sem hér hafa verið nefnd, ekki síst í ljósi þeirra ofbeldisbrota sem framin hafa verið undanfarið.

Í þessu samhengi hefur samfélagsþjónusta einnig verið oft nefnd. Það er kannski óháð þessu. Engu að síður má líkja því við þetta mál. Það er í rauninni úrræði líka sem Fangelsismálastofnun getur veitt föngum sem hafa fengið dóm, sex mánuði eða styttri. Hafa dómstólar m.a. bent á og merkar ritgerðir í lagadeild Háskóla Íslands hafa verið ritaðar um það, að þetta vald, þ.e. að ákveða hver eigi að meta það að viðkomandi fangi eigi að falla undir samfélagsþjónustu, eigi að heyra undir dómstóla líka, því að mörgu leyti er um það sama að ræða. Þetta er ákveðið inngrip inn í dómsvaldið.

En það er kannski seinni tíma mál. Hér erum við að ræða um reynslulausnina og ef maður veltir fyrir sér því ferli þegar reynslulausnin er tekin til skoðunar venjulega eftir $^2/_3$ af afplánuðum tíma þá verður maður að huga að þeim sem hafa komið áður að málinu. Það eru dómstólar. Þeir hafa hlýtt á allan málflutning. Þeir hafa séð skýrslur. Það eru þeir sem hafa metið sekt eða sýknu og þeir meta líka hvað kemur til álita við dómsúrlausn, hvort atriði komi til refsihækkunar eða refsilækkunar. Það verður að segjast eins og er að þá er Fangelsismálastofnun yfirleitt ekki viðstödd flutning málsins og getur því ekki í rauninni metið af hverju viðkomandi fangi eigi að fá reynslulausn eða ekki. Því má í rauninni segja að óeðlilegt sé að þeir sem koma að þessari ákvörðun um reynslulausn hafi ekki einhvern tíma áður komið að viðkomandi sakamáli.

Síðan má líka tengja þetta enn þá stærra máli en það er um refsingar almennt og hvort að þyngja eigi refsingar. Það er alveg ljóst að meðan þetta stjórnsýsluúrræði er til staðar — og menn átta sig kannski ekki alveg á hvenær því er beitt — þá sjá menn að þegar verið er að auka refsiramma segjum úr sex árum í átta ár eða átta árum í tíu ár, þá gefur það ekki alveg rétta mynd af raunverulega afplánuðum tíma. Það er ekki hinn eðlilegi tími sem er kveðinn upp. Segjum að dómari kveði upp sex ára dóm. Þá er mjög líklegt að viðkomandi komi út eftir fjögur ár.

Ég held í ljósi þessa alls, herra forseti, að mikilvægt sé að hér verði um gegnsæi að ræða og að það verði að fara vel yfir það sérstaka og í rauninni óeðlilega ástand sem er fólgið í því að reynslulausn er stjórnsýsluákvörðun en ekki ákvörðun dómara. Ég held að rétt sé að fara einmitt þá leið sem flutningsmenn benda á, þ.e. að skipuð verði nefnd fagmanna til að kanna og gera úttekt á veitingu reynslulausnar og sérstaklega til þess, eins og ég gat um áðan, að auka gegnsæi í réttarkerfinu og ekki síður að auka réttaröryggi kerfisins.

[15:39]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þessa þáltill. sem ég styð heils hugar enda er ég einn af flm. Ég þakka 1. flm., hv. þm. Þorgerði K. Gunnarsdóttur, fyrir það frumkvæði sem hún tók í þessu máli.

Ég vona hins vegar að nefndin sem við erum að gera tilögu um að fari í saumana á þessu máli vinni á hraðvirkari hátt en ýmsar nefndir gera í kerfinu. Vísa ég þar í nefnd sem hefur endurskoðun laga um meðferð opinberra mála m.a. með höndum og vísa ég þar í þingmál sem ég hafði frumkvæði að hér í fyrra, þar sem ég vildi láta endurskoða ákvæði þess efnis að Hæstiréttur geti tekið nánast á geðþóttavísu ákvörðun um hvort máli úr undirrétti er vísað til Hæstaréttar. Þetta á við um mál sem eru undir tiltekinni sektarsummu sem er þó allhá. Við urðum sammála um það í allshn. að vísa málinu til þessarar nefndar til skoðunar. Ég hef innt hæstv. dómsmrh. eftir því hvað líði vinnunni í þeirri nefnd. En hún hefur ekki getað gert annað en að reyna að reka á eftir nefndinni og geri ég það hér með, nota ég tækifærið til þess.

Um efnisatriði þessa máls hefur hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir flutt ágæta ræðu hér þannig að ekki þarf að endurtaka það. Það sem mér finnst vera grundvallaratriði í þessu er að framkvæmdarvaldið á ekki að geta tekið ákvörðun sem breytir dómi eða niðurstöðu dóms. Að sjálfsögðu á að vísa málinu aftur inn á það svið til að breyta dómnum.

Þetta finnst mér vera grundvallaratriðið í þessu máli, sem ég styð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgangur landsmanna að GSM-farsímakerfinu, fyrri umr.

Þáltill. JB o.fl., 546. mál. — Þskj. 893.

[15:42]

Flm. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um aðgang allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu. Flutningsmenn auk mín eru hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson og hv. þm. Þuríður Backman.

Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að beita sér í krafti eignarhluta ríkisins í Landssíma Íslands fyrir því að fyrirtækið setji sér það markmið og hefjist þegar handa um að tryggja öllum landsmönnum aðgang að GSM-farsímakerfinu. Jafnframt felur Alþingi ráðherra að undirbúa og leggja fram frumvarp til breytinga á fjarskiptalögum þess efnis að GSM-farsímakerfið verði skilgreint sem öryggis- og neyðarkerfi í byggð og á aðalþjóðvegum landsins."

Með þessari till. til þál. fylgir greinargerð sem ég ætla einnig að gera grein fyrir:

Þess er skemmst að minnast að að morgni jóladags á nýliðnu ári olli þrumuveður á Austfjörðum því að GSM-kerfi Landssímans á Fáskrúðsfirði datt út. Kerfið lá niðri til klukkan fjögur síðdegis. Sú kerfisbilun sem þarna varð hafði að sjálfsögðu óþægindi í för með sér og má hrósa happi að afleiðingar urðu ekki grafalvarlegar. Kerfið er notað til að kalla út lögreglu, slökkvilið og björgunarsveitir og því ljóst að illa hefði getað farið ef slys eða eldsvoða hefði borið að höndum. Nefna má fleiri hliðstæð dæmi úr flestum héruðum landsins.

Virðulegi forseti. Framangreint dæmi sýnir hversu mikilvægt það er að fjarskipti séu traust. GSM-kerfið hefur vaxið jafnt og þétt á undanförnum árum og almenningur sem og opinberir aðilar treysta á það í æ ríkari mæli. Nokkuð vantar þó upp á að kerfið nái til allra landsmanna. Þá er það algjörlega undir símrekanda komið hversu hratt brugðist er við bilunum í kerfinu en slíkt getur haft verulega þýðingu í öryggistilliti. Í því tilviki sem hér var nefnt og kom upp á Fáskrúðsfirði var það til að mynda gagnrýnt hversu seint Landssíminn brást við biluninni þótt ekki verði lagt mat á það hér hvort sú gagnrýni eigi við rök að styðjast.

Það er hins vegar alveg ljóst að samkeppnishæfni búsetu og atvinnulífs er mjög háð nútímafjarskiptum. Notkun GSM-farsíma hefur breiðst hratt út, einkum meðal ungs fólks og í viðskiptalífinu. Samkvæmt upplýsingum Póst- og fjarskiptastofnunar eru nú um 235 þús. GSM-farsímanúmer í notkun hér á landi. Það að svæði í byggð séu í GSM-símasambandi er í huga fjölmargra einn af mælikvörðum á það hvort nútíminn hafi haldið þar innreið sína. GSM-símasamband er afar mikilvægt fyrir eflingu ferðaþjónustu og viðskipta í hinum dreifðu byggðum landsins. Ferðafólk og vegfarendur vítt og breitt um landið treysta á að í byggð og á helstu þjóðvegum sé GSM-símasamband. Það er því gríðarlegt hagsmunamál fyrir atvinnulífið og alla íbúa þessa lands að eiga greiðan og öruggan aðgang að nútímafjarskiptum. Annað felur í sér hreina mismunun. Gagnvart svo mikilvægri almannaþjónustu sem GSM-símafjarskipti eru nú orðin eiga íbúar landsins alls að búa við jafnrétti óháð búsetu hvað varðar aðgengi að þessari þjónustu. Í þessu samhengi verður jafnframt að leggja áherslu á að ekki verði slegið slöku við í að efla gæði og öryggi annarrar fjarskiptaþjónustu, svo sem í almenna símkerfinu og NMT-farsímakerfinu.

Ljóst er að talsverður kostnaður fylgir því að tryggja öllum landsmönnum aðgang að GSM-kerfinu og því augljóst að víða verður það ekki rekið á viðskiptagrunni frekar en mörg önnur almannaþjónusta vítt og breitt um landið. Því er nauðsynlegt og eðlilegt að gera þá kröfu að ríkisvaldið tryggi öllum íbúum þjóðarinnar jafnt aðgengi að þessari þjónustu.

Unnt er að tryggja hámarksöryggi og útbreiðslu GSM-farsímakerfisins með ýmsum hætti. Nærtækast er einfaldlega að fela Landssíma Íslands, sem er að nær öllu leyti í eigu þjóðarinnar, að ráðast í verkefnið. Með því t.d. að lækka arðsemiskröfuna sem gerð er til fyrirtækisins má ná markmiðinu án þess að veita til þess fé úr ríkissjóði. Hvað varðar aðra hluthafa í félaginu þarf að vera tryggt að þeir eigi innlausnarrétt á hendur ríkinu á sínum hlutum.

Hugnist mönnum ekki sú leið sem að framan greinir má tryggja útbreiðslu kerfisins með alþjónustukvöðum en slíkar kvaðir falla að uppbyggingu þeirra fjarskiptalaga sem nú eru í gildi. Verði sú leið farin hlýtur að teljast eðlilegt að fela Landssímanum að sjá um að uppfylla slíkar kvaðir enda rekur fyrirtækið stærstan hluta þess fjarskiptakerfis sem fyrir er í landinu.

Skilgreining GSM-farsímakerfisins sem öryggis- og neyðarkerfis í fjarskiptalögum leiðir sjálfkrafa til þess að tryggja verður þjónustuna, annaðhvort með því að fela Landssímanum að sjá um hana eða með alþjónustukvöðum sem jafnframt yrðu að öllum líkindum lagðar á Landssímann.

Virðulegi forseti. Ég hef hér gert grein fyrir þessari þáltill. og grg. sem henni fylgir. Ég vil árétta að ekki liggur fyrir nein skilgreind áætlun um uppbyggingu á GSM-fjarskiptakerfinu í landinu. Í svari frá hæstv. samgrh. við fsp. frá Guðmundi Árna Stefánssyni fyrr í vetur sagði ráðherra, með leyfi forseta:

„Landssími Íslands gefur ekki upp, frekar en hin fjarskiptafyrirtækin, neinar áætlanir um stórbætt skilyrði GSM-farsímanotenda enda nær dreifikerfið yfir það stóran hluta landsins að erfitt er að finna möguleika til stækkunar kerfisins sem líklegt er að skili fyrirtækinu fullnægjandi arðsemi, eins og sagði í svari fyrirtækisins."

Það er því ljóst að það sem stendur hér í vegi fyrir frekari og hraðari útbreiðslu á GSM-farsímakerfinu er arðsemiskrafa Landssímans, arðsemiskrafan sem ríkisvaldið gerir á hendur Landssímanum til starfsemi sinnar til að fá af henni aukinn arð. Því er hér lagt til að arðsemiskröfuna megi lækka en jafnframt setja þessar alþjónustukvaðir eða kvaðir á Landssímann að byggja upp farsímakerfið.

Það kom einnig fram í umræðum um fjarskiptamál fyrr í vetur að NMT-farsímakerfið er í óvissu og framtíð þess, bæði hvað varðar þróun og endurnýjun.

Í viðtali við forstjóra Landssímans, Brynjólf Bjarnason, sem birtist sunnudaginn 12. janúar í Morgunblaðinu segir hann um NMT-kerfið þegar hann var spurður hvort verið sé að leggja það kerfi niður í öðrum löndum, með leyfi forseta:

„Það er erfitt að svara því nú hvað NMT-kerfið lifir lengi. Síminn er með rekstrarleyfi til ársins 2007. Við eigum orðið í vanda með að fá ný NMT-símtæki og í haust auglýstum við í Finnlandi eftir notuðum tækjum. Framleiðsla á NMT-símum fer minnkandi. Það er ekki hægt að svara því nú hvað tekur við af NMT-kerfinu, hvort það verður örbylgja eða Tetra-kerfið."

Þess vegna er alveg ljóst, herra forseti, að það verður að taka stefnumörkun varðandi þessi farsímakerfi. GSM-símkerfið hefur nú þegar náð gríðarlegri útbreiðslu, eins og ég hef hér rakið, og það liggur því beint við nú að gera það hluta af alþjónustukvöðum í þjónustu fjarskipta og vinna framkvæmdaáætlun sem miðar að því að GSM-farsímakerfið verði tiltækt í byggð og á aðalþjóðvegum landsins.

Herra forseti. Þetta er orðið svo inngreypt í þjóðarsálina má segja hvað varðar GSM-farsímakerfið að allir búast við því eða mjög stór hluti þjóðarinnar býst við því að hann eigi aðgang að því. Meira að segja neyðarkerfið býst við því.

Ég get sagt litla sögu. Norður á Ströndum þar sem ekki er GSM-farsímakerfi varð bílslys og var farið heim á næsta bæ til þess að tilkynna til Neyðarlínunnar að slys hefði orðið. Sá sem svaraði í Neyðarlínunni sagði: „Við viljum helst að það sé hringt úr GSM-síma, geturðu ekki hringt úr GSM-síma?" — „Ja, það er bara ekkert GSM-símasamband hér." — „Já, en við viljum helst að það sé hringt úr GSM-síma því að þá getum við staðsett viðkomandi. Ef þú hringir úr svona venjulegan síma getum við ekki staðsett hann."

Meira að segja í þessu neyðarkerfi sem er til að svara er svo fullkomlega gengið út frá því að GSM-símkerfið sé til staðar og ekki einu sinni þar átta menn sig alltaf á að svo er ekki.

Herra forseti. Meginrök fyrir þessari þáltill. eru þau að fjarskiptakerfi eins og GSM-kerfi skiptir miklu máli hvað varðar jafnrétti til búsetu og viðskipta hvar sem er á landinu. Þetta er einn mikilvægasti þátturinn í að styrkja og efla atvinnu- og viðskiptalíf um allt land og er jafnframt hluti af öryggis- og viðvörunarkerfi í byggð og á aðalþjóðvegum landsins.

Það vill svo vel til, herra forseti, að fyrir þinginu liggur tillaga, einnig frá okkur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, um breiðbandsvæðingu landsins þar sem við leggjum áherslu á að að leggja breiðband um allt land og að Landssímanum verði einnig falið það verkefni. Það er þá hluti af þeirri sömu heild að tryggja öflugt og gott fjarskiptakerfi sem allir landsmenn eigi aðgang að.

Fyrir nokkrum dögum var mælt fyrir stjfrv. um breytingu á lögum um fjarskipti. Þær lagabreytingar eru nú í hv. samgn. til meðferðar og þar gefst einmitt tækifæri til að taka þetta mál, GSM-farsímakerfið, GSM-þjónustuna, inn í þau lög og gera þau að hluta af alþjónustuskyldu. Við setjum okkur það markmið að GSM-farsímaþjónusta standi innan skamms til boða og verði aðgengileg fyrir alla íbúa landsins í byggð og á aðalþjóðvegunum.

Virðulegi forseti. Ég legg svo til að að umræðu lokinni verði þessari tillögu vísað til hv. samgn.

[15:56]

Útbýting þingskjala:

Norðurskautsmál 2002, 620. mál, skýrsla ÍNSM, þskj. 991.

VES-þingið 2002, 621. mál, skýrsla VES, þskj. 992.

[15:57]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum um till. til þál. um aðgang allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu. Ég ætla aðeins að fara nokkrum orðum um hana en hv. þm. Jón Bjarnason hefur farið yfir grg. hennar. Ég er meðflm. að henni ásamt hv. þm. Jóni Bjarnasyni og Þuríði Backman. Tillagan fjallar um að Alþingi álykti „að fela samgönguráðherra að beita sér í krafti eignarhluta ríkisins í Landssíma Íslands fyrir því að fyrirtækið setji sér það markmið og hefjist þegar handa um að tryggja öllum landsmönnum aðgang að GSM-farsímakerfinu. Jafnframt felur Alþingi ráðherra að undirbúa og leggja fram frumvarp til breytinga á fjarskiptalögum þess efnis að GSM-farsímakerfið verði skilgreint sem öryggis- og neyðarkerfi í byggð og á aðalþjóðvegum landsins".

Virðulegi forseti. Ég held að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða. Eins og menn vita hefur orðið gjörbreyting á áherslum og stjórn Landssíma Íslands eftir þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fyrirtækið skyldi selt. Stjórnin vinnur nú eftir öðruvísi áherslum þar sem kappkostað er að allar deildir og öll starfsemi Símans skili fullnægjandi arðsemi, eins og það er orðað, sem lið í því að gera fyrirtækið markaðshæft.

Við vitum öll að þessi aðferðafræði leiðir til þess að uppbygging stöðvast á hlutum eins og GSM-væðingu landsins á þeim svæðum þar sem, að mati stjórnarinnar, er ekki talið arðbært að setja slíka starfsemi upp. Þetta hafa landsmenn allir fundið, að mjög hefur hægt á uppbyggingu. Það er mjög miður vegna þess að GSM-tenging og notkun á GSM-símum er orðin mjög almenn og fólk gerir hreinlega kröfu um að það sé í símasambandi við vinnu og sín störf og náttúrlega ekki síst þegar fólk ferðast um landið.

Ég nefni sem dæmi að staðarhaldari á einum stórum ferðamannastað úti á landi kvartaði mjög yfir því að vöntun á GSM-tengingu inn á svæðið yrði þess valdandi að fólk hreinlega hætti við að slá sér niður, t.d. að tjalda eða stoppa með hjólhýsi sín á staðnum vegna þess að það hefði ekki slíka tengingu.

Gengið var í það mál fyrir ári síðan að tenging var sett upp við þennan ferðamannastað þannig að GSM-möguleikar opnuðust og þar með GSM-tenging. Gistinóttum sem áður höfðu verið 18 þús. fjölgaði upp í 24 þús. og staðarhaldari meinar að það sé að verulegu leyti að þakka GSM-tengingunni inn á það svæði. Hér er því um gríðarlegt hagsmunamál að ræða fyrir alla, gríðarlegt öryggismál, eins og hv. þm. Jón Bjarnason benti á þegar hann ræddi um tengingarmöguleika norður á Ströndum þar sem lögreglan á Hólmavík á við verulega örðugleika að etja hvað varðar símasamband þar sem ekki er GSM-tenging á svæðinu og þetta varðar öryggi landsmanna allra og vegfarenda sem þarna fara um.

Þess vegna er mjög mikilvægt að samþykkt sé till. til þál. af því tagi sem hér er sett fram þar sem fyrirtækjum er gert í krafti eignarhalds ríkisins að sinna því að byggja upp það öryggisnet sem við viljum hafa og þar er stór liður einmitt að hafa GSM-tengingu sem víðast um landið. Og það er nú algjör lágmarkskrafa að GSM-símtenging sé möguleg á aðalþjóðleiðum, aðalþjóðbrautum landsins, en eins og þeir vita sem ferðast mikið um landið er það mjög gloppótt og hefur á síðustu missirum ekki skánað í takt við það sem áður var. Ég held að meginskýringin sé sú að nýrri stjórn Landssímans er falið að leggja allt aðrar áherslur en áður var, þ.e. að hámarka arðsemi og að allar deildir skili fullnægjandi

arðsemi, og þá er það náttúrlega augljóst að stjórn fyrirtækisins leggur ekki áherslu á uppbyggingu í dreifbýli og þá kannski sérstaklega ekki varðandi uppsetningu á búnaði til þess að ná GSM-tengingu í dreifbýli.

Þetta er algjörlega ótækt fyrir landið í heild sinni. Við þurfum á því að halda t.d. varðandi ferðamannaþjónustuna, sem er okkar næststærsta atvinnugrein, að slíkir hlutir séu í lagi. Þetta er stoðkerfi samfélagsins, fjarskiptin, og í okkar strjálbýla landi verða þessi mál að vera í lagi.

En umbreytingin á Landssíma Íslands þar sem á að hámarka arðsemina, undirbúa fyrirtækið undir markaðsvæðingu, gerir það auðvitað að verkum að menn leggja nýjar áherslur, þeir draga úr kostnaði, þeir setja kostnað yfir á notendur eins og hægt er og að sjálfsgöðu, miðað við þær forsendur sem hæstv. ríkisstjórn gefur stjórninni, fara menn ekki í uppbyggingu á óarðbærum hluta dreifikerfisins miðað við þær aðstæður sem uppi eru í dag.

Virðulegi forseti. Þessi þáltill. fjallar um það og gefur í raun og veru ráðherranum fyrirmæli um að gefa stjórn Símans önnur skilaboð, þ.e. að lágmarka arðsemiskröfu, fara með hana niður og nota fyrirtækið til að sinna þessum félagslega þætti.

Þeir sem keyra fram markaðsvæðingu átta sig ekki á því að ef þeir keyra hana fram á þann hátt sem verið er að gera, þ.e. að umbreyta ríkisfyrirtæki í einkavæðingarhæft fyrirtæki, þá verða menn þó að taka á þessum málum eftir öðrum leiðum. Og þeir sem tala fyrir einkavæðingu ríkisfyrirtækja segja sem svo að þjónustan verði veitt, bara á annan hátt, með stofnframlagi ríkisins. Það er ekki tilfellið í neinum af þeim málum sem við erum að tala um í framhaldi af einkavæðingu eða undirbúningi ríkisfyrirtækja fyrir einkavæðingu, því miður. Það er sorglegt til þess að vita að staða okkar skuli vera þannig að við skulum vera komin með fjarskiptamálin hvað þetta varðar í status quo og heldur er þjónustan að fara niður á við en að uppbygging eigi sér stað. Það er vegna þeirrar stöðu sem stjórn Landssímans er í, undirbúningi fyrir einkavæðingu Landssímans og allt önnur markmið og sjónarmið uppi en að gera fjarskipti í landinu auðveld og ódýr og aðgengileg öllum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Milliliðalaust lýðræði, fyrri umr.

Þáltill. BjörgvS o.fl., 577. mál. — Þskj. 931.

[16:05]

Flm. (Björgvin G. Sigurðsson):

Herra forseti. Ég mæli í annað sinn fyrir till. til þál. um milliliðalaust lýðræði. Flutningsmenn auk mín eru hv. alþingismenn Össur Skarphéðinsson, Einar Már Sigurðarson, Karl V. Matthíasson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir og Gísli S. Einarsson.

Í tillögunni segir:

„Alþingi ályktar að setja á stofn nefnd sem kanni möguleika á að þróa milliliðalaust lýðræði og kosti rafrænna aðferða við framkvæmd þess. Nefndin kanni einnig hvernig hægt er að nota netið til að þróa milliliðalaust lýðræði og hafi þar að leiðarljósi öfluga persónuvernd við framkvæmd kosninga og þjóðaratkvæðagreiðslna á netinu.

Nefndin skal skipuð fulltrúa Háskóla Íslands, Neytendasamtakanna, háskólaráðs Háskóla Íslands, Alþýðusambands Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, stúdentaráðs Háskóla Íslands, Alþingis Íslendinga og fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi.

Nefndin kanni jafnframt hvaða áhrif milliliðalaust lýðræði hefði á samfélagið, efnahagslega, félagslega og stjórnmálalega, sérstaklega með tilliti til sveitarstjórna og sveitarfélaganna þar sem auðvelt og byltingarkennt gæti verið að nota milliliðalaust lýðræði í miklum mæli.“ — Þ.e. að leiða ýmis af stærri álitamálum samfélagsins til lykta og skal þar vísað til umræðna og pólitískrar þróunar íbúalýðræðisins sem ég kem að síðar. — „Nefndin skili greinargerð eigi síðar en eftir sex mánuði.“

Markmiðið með tillögunni er að þróa lýðræðið áfram í ljósi aukinnar menntunar og betri aðgangs að upplýsingum um hin ýmsu málefni heldur en var nokkurn tíma áður og því eðlilegt samkvæmt mati, áliti og skoðunum flutningsmanna þáltill. að íbúar komi mun meira að stjórnun sinna daglegu mála. Þær miklu breytingar sem orðið hafa á félagslegum og efnahagslegum aðstæðum á Vesturlöndum síðustu áratugi kalla á breytingar á lýðræðisfyrirkomulaginu. Almenn og góð menntun, mikil tölvueign, meiri frítími en nokkurn tíma áður kallar á að almenningur hafi miklu meira um hagi sína að segja en áður. Sá tími á að vera liðinn að fulltrúar almennings taki allar ákvarðanir og tímabært að færa valdið í ríkari mæli til fólksins. Fulltrúalýðræðið í óbreyttri mynd er að okkar mati fyrirbæri fortíðar og mikilvægt framfaramál fyrir almenning að milliliðalaust lýðræði verði eflt og það tekið upp hvort heldur er á sveitarstjórnarstiginu og kannski sérstaklega þar, þar sem það á mun betur heima en á landsmálavettvanginum og eðlilegt að þar leiði íbúar einstakra sveitarfélaga ýmis mál til lykta í gegnum íbúaþing og í sumum tilfellum verði gengið til beinnar atkvæðagreiðslu um viðkomandi mál. Slíkar tilraunir hafa verið gerðar á undanförnum árum í nokkrum sveitarfélögum, þ.e. hvað varðar íbúaþingin sjálf, og hefur það gefist mjög vel hvort heldur er í Garðabæ, Kjalarnesi, Reykjavík, sveitarfélaginu Árborg, þar sem til stendur að halda slíkt íbúaþing, og víðar og víðar. Þar á þetta milliliðalausa lýðræði langbest heima og miklu auðveldara og ódýrara að færa það þar í framkvæmd en á vettvangi landsstjórnmálanna þó svo að þar eigi það stundum við eins og ég kem að síðar í ræðu minni.

Brýnt er að hafa það að leiðarljósi við stefnumörkun um beint lýðræði að hlutverk sveitarfélaganna verður æ mikilvægara eftir því sem þau stækka og verkefnum þeirra fjölgar. Valddreifingunni frá ríki til sveitarfélaga á að fylgja aukið milliliðalaust lýðræði þar sem valdið er um leið fært frá Alþingi til nærþjónustunnar í sveitarfélögunum.

Það fyrirkomulag sem viðgengist hefur síðustu tvær aldirnar í formi fulltrúalýðræðisins hefur að mörgu leyti runnið sitt skeið þó svo að því fari fjarri að tími fulltrúalýðræðis sé á enda eða að fulltrúar eigi ekki að fara með lagasetningu og löggjafarvaldið í landinu, heldur erum við hér fyrst og fremst að leggja áherslu á að mikilvægt er að þróa beina og milliliðalausa lýðræðið áfram þannig að sum meginmál samfélagsins verði færð til beinnar atkvæðsgreiðslu atkvæðisbærra borgara Íslands. Alls ekki öll mál, og ég tel ekki, herra forseti, að það eigi að ganga svo langt sem gengið hefur verið í Sviss og í mörgum fylkjum Bandaríkjanna að óhófleg notkun á milliliðalausu og beinu lýðræði verði viðhaft því að það skaðar, veldur pólitískum leiða og fólk

hættir að ganga til atkvæða þegar það er gert of oft. Það þarf því að velja sérstaklega vel málin sem farið er með í beina atkvæðagreiðslu og ígrunda það sérstaklega vel hvenær og hvernig það er gert.

Þessu máli til stuðnings vil ég, með leyfi forseta, vitna í ritstjórnargrein Morgunblaðsins frá því sunnudaginn 16. febr. sl. Morgunblaðið hefur um árabil beitt sér sérstaklega og með eftirtektarverðum hætti fyrir umræðu um milliliðalaust lýðræði. Blaðið hefur lagt þar ýmis þung lóð á vogarskálarnar og sérstaklega með útgáfu á sérstöku sérriti þar sem Morgunblaðið birti þýdda umfjöllun breska ritsins The Economist um beint lýðræði. Var þessi grein The Economist, þýðing og birting Morgunblaðsins, umræðunni um beint lýðræði til mikils framdráttar og hleypti lífi í hana og gaf okkur áhugamönnum um lýðræðisþróun og lýðræðisferli ýmis rök upp í hendurnar, bæði um kosti og galla beins lýðræðis og notkun netatkvæðagreiðslna við framkvæmd þess, eins og þeir geta sérstaklega um að hafi verið gert í prófkjörum demókrataflokksins í Arisóna með ágætum árangri og við nokkur önnur slík tilefni.

En í Morgunblaðinu segir, með leyfi forseta:

„Þótt kjörnir fulltrúar séu mikilvægir þurfa þeir ekki að vera milliliðir í öllum málum og það mundi ekki draga úr mikilvægi þeirra, þótt ákvörðunum um einstök mál yrði vísað beint til fólksins."

Undir þetta tek ég heils hugar og þetta er kjarni málsins.

Síðar í sömu grein segir, með leyfi forseta:

„Ef komist yrði að niðurstöðu um ákveðin álitamál í almennum atkvæðagreiðslum, hvort sem er á sveitarstjórnarstigi eða í landsmálum, yrði það niðurstaða, sem fólk hlyti að sætta sig við. Lengra er ekki hægt að komast í lýðræðislegum stjórnarháttum en að fólkið sjálft taki ákvarðanir.

Það eru allar forsendur fyrir hendi til þess að gera þetta hér á Íslandi. Fámennið auðveldar okkur alla framkvæmd."

Þarna dregur Morgunblaðið í ritstjórnargrein sinni fram kjarna þessa máls þó að á því séu að sjálfsögðu margar hliðar sem er vert að ræða á næstu vikum og missirum í þeirri umræðu sem nú á sér stað í samfélaginu um milliliðalaust lýðræði sem vaknar alltaf öðru hvoru.

Breytt hlutverk sveitarstjórna kallar á nýjar reglur við allar stórar ákvarðanatökur innan þeirra. Íbúalýðræði felur í sér ágæta lausn á því. Þar eru íbúar sveitarfélagsins kallaðir til leiks, fengnir til samráðs um lausnir og skipulag. Enginn veit betur en fólkið sjálft hverjar þarfirnar eru og hvernig íbúar hvers sveitarfélags vilja forgangsraða fjármunum þess í eigin þágu og annarra íbúa. Samráðsvettvangur íbúalýðræðisins felur það einnig sjálfkrafa í sér að deilur og átök minnka til muna og stjórnmálin verða heilbrigðari fyrir vikið. Samræður um sameiginleg mál í stað hatrammra deilna sem eiga sér jafnvel engan farveg nema þá á fjögurra ára fresti rétt fyrir kosningar.

Sveitarfélögin eiga að koma sér upp formlegum farvegi fyrir íbúana, íbúaþingi, um öll meginmál samfélagsins. Þannig stjórnum við með fólkinu og í þess þágu þar sem viðhorf þess og skoðanir eru hafðar til hliðsjónar allt ákvarðanatökuferlið.

Hlutverk sveitarstjórna hefur breyst verulega á síðustu missirum og tímabært að breyta einnig stjórnarháttum innan sveitarfélaganna. Verkefnunum hefur fjölgað mikið og samstarf þeirra við einkageirann hefur að sama skapi aukist í formi ýmiss konar þjónustusamninga. Á næstu árum er því fyrirsjáanlegt að þetta hlutverk breytist enn frekar eftir því sem valddreifing eykst í samfélaginu og fleiri hlutverk eru færð frá ríki til sveitarfélaga. Ákvarðanir á að taka sem allra næst fólkinu og með fólkinu. En til nánari upplýsinga um íbúalýðræði og kosti þess og galla vísa ég í frv. hv. alþm. Margrétar Frímannsdóttur um íbúalýðræði sem lagt var fram hér á haustdögum.

Hættan er sú að tíðar atkvæðagreiðslur, eins og ég gat um áðan, valdi því að fólk verði leitt á því að taka þátt í þeim, nenni ekki að ómaka sig á kjörstað oft og mörgum sinnum á ári. Lausnin á því liggur að hluta til í því að velja sérstaklega og af gaumgæfni og hófsemd þau mál sem farið er með fyrir íbúana til umræðu og atkvæðagreiðslu og ofgera ekki kostum beins og milliliðalauss lýðræðis eins og færa má sterk rök fyrir að gert hafi verið í Sviss og í ýmsum fylkjum Bandaríkjanna. Hættan er að það verði of daglegt brauð ef oft er gengið til atkvæða og fólkið nenni einfaldlega ekki að taka þátt, sérstaklega þar sem horft er til minnkandi kjörsóknar til þing- og sveitarstjórnarkosninga víða í rótgrónustu lýðræðisríkjum Vestur-Evrópu, ég tala ekki um í Bandaríkjunum.

Til að greiða atkvæði um mörg mál og kannski ekki síst innan sveitarfélaga verður hægt að notast við netkosningar í framtíðinni. En gæta skal þess að áfram verði viðhafðar hefðbundnar atkvæðagreiðslur til hliðar við netkosningarnar til að tryggja að allir, jafnvel það fólk sem er þjakað af fátækt, elli eða vegna annarra aðstæðna, geti tekið þátt í kosningunum en verði ekki utan veltu þar sem það hafi ekki aðgang að netinu. Tölur sýna að þátttaka fólks sem er fátækt og lítið menntað er minni en annarra í þjóðaratkvæðagreiðslum, sérstaklega í netatkvæðagreiðslum hvers konar. Skoða þarf sérstaklega hvernig tryggja eigi kjör og aðgengi tiltekinna minnihlutahópa að allri ákvarðanatöku í samfélaginu og að aðgengi þeirra og aðkoma versni ekki við aukna notkun á beinu og milliliðalausu lýðræði.

Meginviðfangsefni stjórnmálastarfsins er að komast að því hvaða lausnir flestir telja vera bestar og til mestra hagsbóta. Því er einfaldast að spyrja fólkið beint í stað þess að fela nokkrum fulltrúum þess viðfangsefni allra mála samfélagsins. Þá má benda á það og það vegur ekki hvað léttast að beint lýðræði upprætir óhófleg áhrif fjársterkra aðila í samfélaginu og á kjörna fulltrúa flokkanna, ekki síst þegar litið er til þess að víða á Íslandi er bókhald flokkanna lokað. Í þessu efni vísum við flm. í frv. hv. alþm. Jóhönnu Sigurðardóttur um fjárreiður flokkanna. Það er miklu erfiðara að hafa áhrif á kosningu heillar þjóðar eða heilu sveitarfélaganna og sýna rannsóknir bæði frá Bandaríkjunum og Sviss að áhrif fjársterkra hagsmunaaðila mega sín mun minna í þjóðaratkvæðagreiðslum en í almennum kosningum. Fjölmiðlar og borgarar landsins eiga skýlausa kröfu á að vita hvernig sá aðgangur er og því er hann svo miklu augljósari og svo miklu minni í beinu og milliliðalausu lýðræði.

Þegar litið er til framþróunar lýðræðisins er gagnlegt að vitna til orða Jóns Baldvins Hannibalssonar, sendiherra og fyrrum alþingismanns jafnaðarmanna. Með leyfi forseta, þá segir Jón í Morgunblaðinu 25. apríl 1997:

„Íslendingar ættu að geta hugsað sér að verða tilraunastofa í frekari þróun lýðræðislegra stjórnarhátta vegna lýðræðishefðar okkar, menntunarstigs og fámennis þjóðarinnar sem ætti að auðvelda að láta tilraunina heppnast. Lýðræði okkar er í grundvallaratriðum vanburðugt og ófullkomið vegna þess að við höfum aldrei í lýðveldissögunni notið þeirra grundvallarmannréttinda sem felast í jöfnum atkvæðisrétti, einn

maður eitt atkvæði, né heldur notið þess að geta ráðið persónuvali í kosningum. Af þessum sökum er vafalaust kominn tími til að endurmeta reynsluna og hugsa stærra. Hugmyndir um að nýta upplýsingatækni og miðlun í tilraunum með þjóðaratkvæðagreiðslur og beina þátttöku almennings, með minna vægi fulltrúalýðræðisins, eru fyllilega tímabærar og mjög áhugaverðar. Tilgangurinn er auðvitað að auka ábyrgð og sjálfsaga kjósenda, þeir yrðu að taka beina ábyrgð á afleiðingum gerða sinna með slíku vali. Það væri verið að styrkja þá sem stoð lýðræðisins sem byggist ekki aðeins á réttindum heldur líka skyldum."

[16:20]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar að spyrja hv. þm. hvort honum hafi þótt vel staðið að póstkosningu R-listans um flugvöll í Reykjavík.

[16:20]

Flm. (Björgvin G. Sigurðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér var framkvæmd sögufræg kosning um framtíð flugvallarins í Vatnsmýrinni fyrir nokkrum árum á vegum Reykjavíkurborgar þar sem kosið var rafrænt og gerð merkileg tilraun, bæði með beint lýðræði og rafrænt lýðræði þar sem Reykjavíkurborg, forustusveitarfélag Íslands, steig fram og gerði þessa merku tilraun. Mér þótti, herra forseti, takast ákaflega vel til. Þetta var merkileg og skemmtileg tilraun þar sem þessu nýja lýðræðisformi var beitt með varfærnum og góðum hætti. Ég vona að þetta sé, herra forseti, vísir að því sem koma skal við framtíðarstjórnun íslenskra sveitarfélaga.

[16:21]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það merkileg yfirlýsing hjá manni sem nú ætlar að bjóða sig fram til Alþingis fyrir Vestmannaeyinga og fyrir íbúa á Höfn í Hornafirði að telja að það sé vel staðið að því að greiða einungis atkvæði um það í Reykjavík hvar sá flugvöllur skuli staðsettur sem á að þjóna öllu landinu, líka landsbyggðinni.

Ég las það í ræðu sem fyrrverandi borgarstjóri flutti í Borgarnesi að hún kallaði þessa atkvæðagreiðslu allsherjaratkvæðagreiðslu. Mér þótti það vel valið orð með hliðsjón af því að það eru áreiðanlega fleiri Akureyringar, Egilsstaðabúar, Vestmannaeyingar, Ísfirðingar, íbúar á Höfn í Hornafirði, Skagfirðingar eða Grímseyingar sem fljúga um þennan flugvöll en Reykvíkingar. Þess vegna þótti mér merkilegt að taka sér í munn orðið allsherjaratkvæðagreiðsla í því sambandi.

Ég heyri, herra forseti, að þessi hv. þm. sem ætlar að bjóða sig fram fyrir Vestmannaeyinga og Austur-Skaftfellinga er mjög ánægður yfir því að þeir skuli ekkert hafa um það að segja hvort flugvöllur verði áfram rekinn í Reykjavík.

[16:22]

Flm. (Björgvin G. Sigurðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. alþm. Halldór Blöndal spurði mig hvernig mér hefði þótt til takast með framkvæmd umræddrar kosningar um framtíð flugvallarins í Vatnsmýrinni, ekki sérstaklega um efni þeirrar atkvæðagreiðslu. Það er allt annað mál. Mér þótti framkvæmdin takast ákaflega vel og auðvitað er það Reykjavíkurborgar sjálfrar að ákveða hvort hún spyr íbúa sína hvar þeir vilji hafa flugvöllinn áður en hún gengur svo til viðræðna við ríki og aðra sem að flugvallarrekstrinum koma um hvar hann eigi að vera, enda var ekki kosið um það, herra forseti, hvar flugvöllurinn ætti að vera, hvort hann ætti að færast innan borgarmarkanna eða til hliðar við Reykjavík eða eitthvað út á land. Um það var ekki kosið heldur var kosið um það hvort íbúar Reykjavíkur vildu hafa flugvöllinn í Vatnsmýrinni áfram eða ekki.

[16:23]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég lýsi yfir stuðningi við þetta þingmál, till. til þál. um milliliðalaust lýðræði, þar sem lagt er til að sett verði á stofn nefnd sem kanni möguleika á að þróa milliliðalaust lýðræði, m.a. með rafrænum aðferðum.

Ég tek undir það sem fram kom í máli hv. 1. flm., Björgvins G. Sigurðssonar, að það er ekki æskilegt að fara fram með þjóðaratkvæðagreiðslu um öll mál, smá og stór, en hin stærri mál ber að sjálfsögðu að afgreiða með þeim hætti. Dæmi um slíkt er krafan um EES-samninginn, að hann yrði borinn undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Þessu var hafnað hér í upphafi 10. áratugarins. Þá lögðu ýmsir úr stjórnarandstöðu, verkalýðshreyfingunni, Alþýðusambandinu, BSRB, Bændasamtökunum og Neytendasamtökunum fram tillögu um að málið yrði ekki afgreitt hér á Alþingi nema þjóðin fengi að koma að því beint og milliliðalaust áður. Það voru ýmsir sem höfðu uppi úrtölur miklar, sögðu að málið væri flókið og ekki á færi þjóðarinnar að afgreiða það sem lýsir náttúrlega alveg óendanlegum hroka gagnvart fólki, að ætla mönnum að þeir geti ekki sett sig inn í slík mál.

Ég held þvert á móti að atkvæðagreiðslur af þessu tagi, þjóðaratkvæðagreiðslur, verði til þess að dýpka og skerpa umræðuna. Þeir sem geta t.d. hér í þessum þingsal reitt sig á tryggan, mér liggur við að segja stundum sauðtryggan, meiri hluta við að hafa mál í gegn gætu það ekki gagnvart þjóðinni, yrðu að leggja meira á sig og leggja meira upp úr eigin rökum og vera vandaðri í öllum vinnubrögðum. Ég held að þetta hafi góð áhrif, bæði úti í þjóðfélaginu og á hina sem eru að taka ákvarðanirnar.

Ég sagði að það væru tvö dæmi sem kæmu mér í hugann, annað er EES-samningurinn í byrjun 10. áratugarins. Hitt dæmið höfum við hér í þingsal núna. Það er tillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu um byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Hér liggur fyrir þinginu tillaga Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um þetta afdrifaríka mál sem skiptir þjóðinni í tvær fylkingar, annars vegar eru þeir sem vilja virkja og hins vegar hinir sem vilja fara aðra leiðir, hlífa hálendinu og öræfunum og telja að auki að efnahagslegar afleiðingar þessara ráðagerða séu illar og nú eigi þjóðin rétt á því að ganga til atkvæða um málið, þetta verði til að dýpka og skerpa umræðuna en þetta sé lýðræðisleg krafa sem eðlilegt sé að verða við.

Ég veit ekki hvort hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, sem er 1. flm. þessa máls, ætlar að svara mér nú um hver afstaða Samfylkingarinnar verður til þess máls en að sjálfsögðu verður fylgst með því þegar þetta þingmál kemur til umræðu hér á þinginu. Ég er ekkert að krefja um svör á þessu stigi en kom hingað fyrst og fremst núna til þess að lýsa ánægju með þetta þingmál.

[16:28]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Mér þótti athugasemd hv. 13. þm. Reykv., Ögmundar Jónassonar, athyglisverð í ljósi þess að hún skýrir með margvíslegum hætti hvernig stjórnmálamenn taka á málum og ég vil segja eins og hann að það verður fróðlegt að fylgjast með framhaldi þess máls.

Annars kvaddi ég mér hljóðs, herra forseti, til að vekja athygli á þrem atriðum. Í fyrsta lagi vakti ég athygli á því hér áður að í greinargerð með þessari þáltill. er sérstaklega vikið að atkvæðagreiðslu um framtíðarstað flugvallarins í Vatnsmýrinni sem, eins og ég sagði, fyrrverandi borgarstjóri vitnaði mjög til í ræðu sinni í Borgarnesi fyrir skömmu og, eins og ég sagði, kallaði allsherjaratkvæðagreiðslu og talaði um það sem mikla fyrirmynd að því hvernig stjórnmálamenn ættu að haga sér, hvernig þeirra vinnubrögð skyldu vera. Nú var það svo um þessa atkvæðagreiðslu að fyrir fram var sagt að hún væri síður en svo bindandi. Það var líka um þessa atkvæðagreiðslu að segja að það lítill hluti Reykvíkinga tók þátt í henni að jafnvel þótt menn hefðu fyrir fram gert því skóna að hún væri bindandi hefðu menn auðvitað, heiðarlegir stjórnmálamenn, sagt eftir á að eins og þetta mál væri vaxið væri ekki hægt að taka mark á því í þeim skilningi að það væri augljóslega vilji Reykvíkinga sem fram kom í atkvæðagreiðslunni. Þess vegna finnst mér það sýna alvöruleysi og kæruleysi þegar flm. þessarar tillögu vitna sérstaklega til þessarar atkvæðagreiðslu til þess að færa rök fyrir því að beinar atkvæðagreiðslur, það sem þeir kalla milliliðalaust lýðræði, séu það sem við eigum að taka upp.

Við erum hér að tala um grafalvarlegt mál og óhjákvæmilegt er að gera kröfu til þess ef slíkt verður tekið upp að kjósendur viti hverju sinni um hvað sé að tefla, þetta sé ekki leikaraskapur og þetta sé ekki eitthvað sem gert er í flaustri til þess að reyna að koma sér undan ábyrgð sem stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar hljóta að bera, eins og tilfellið var um atkvæðagreiðsluna um flugvöllinn í Reykjavík.

Ég áttaði mig satt að segja ekki alveg á því hvað hv. þm. átti við þegar hann talaði um að það ætti að færa flugvöllinn frá einum stað til annars í Reykjavík. Það er nú búið að reisa Kjarvalsstaði á Klambratúni, ég veit ekki hvar hann ætlar að klambra niður þessum flugvelli, en auðvitað fer vel um flugvöllinn þar sem hann er núna.

Í annan stað vil ég vekja athygli á því að þau ummæli sem hér er vitnað til og talin spakleg og höfð eru eftir fyrrverandi formanni krata eins og hann sagði oft sjálfur, Jóni Baldvini Hannibalssyni sendiherra, með leyfi hæstv. forseta:

„Íslendingar ættu að geta hugsað sér að verða tilraunastofa í frekari þróun lýðræðislegra stjórnarhátta ...“ — verða tilraunastofa.

Það er undarlegt að taka þessi orð upp og þá hugsun sem þarna er á bak við sem eitthvað eftirsóknarvert. Og þarf miklu meiri skýringa við ef taka á alvarlega. Orðalagið sjálft er með þeim hætti að það er ekki traustvekjandi, má vera að meira búi þarna undir en maður sér í fljótu bragði, en að gera íslensku þjóðina að einhverri tilraunastofu, gera Ísland að einhverri tilraunastofu í stjórnarháttum. Það mátti lesa úr Borgarnessræðunni að sá ótti væri vakandi hjá Samfylkingarmönnum að Ísland gæti orðið að verstöð Evrópusambandsins — verstöð Evrópusambandsins — þ.e. önnur tilraunastofan til. Það ætla ég að vona að verði aldrei að Ísland verði að verstöð Evrópusambandsins. En þannig eru nú orðalepparnir í þessu sambandi.

Í þriðja lagi finnst mér eftirtektarvert að verið sé að efla beint lýðræði með því að Alþingi verði eitt kjördæmi. Þetta er auðvitað algjörlega út í bláinn. Algjörlega út í bláinn. Við getum auðvitað velt því fyrir okkur hvað mundi gerast og hið augljósa er að Alþingi breyttist í málstofu Stór-Reykjavíkur með þeim hætti. Ef við rifjum upp hverjir hafa átt sæti á Alþingi síðan það var endurreist, þá hafa menn auðvitað komið víða að, en það hefur alltaf styrkt þingmenn ef þeir eru oddamenn á ákveðnum stöðum á landinu og þurfa að bera ábyrgð sem slíkir og vakið athygli á þeim málflutningi sem þeir hafa og þeim málum sem þeir flytja.

Ef við á hinn bóginn ætlum að breyta Alþingi í sextíu og þriggja manna málstofu sem öll skuli ákveðin af Reykvíkingum, þá mundi þessi stofnun auðvitað í fyrsta lagi setja mikið niður og í öðru lagi væri búið að hrifsa lýðræðið frá fólki á fámennari stöðum. Þetta hefur á hinn bóginn lengi verið óskastaða Alþýðuflokksins. Og auðvitað er Samfylkingin með sínum hætti ekki annað en gamlir smákratar. Þetta hefur verið óskastaða Alþýðuflokksins að reyna að breiða yfir staðarleg og byggðarleg einkenni, reyna að slétta landið út og má með margvíslegum hætti sjá í þeim málflutningi sem nú er hafður uppi, eins og þegar formaður Samfylkingarinnar segir að það sé óþolandi óréttlæti hvernig vegafé sé skipt nú í því átaki sem verið er að gera í vega- og samgöngumálum, þá má með þessum og ýmsum öðrum hætti finna hversu kalt andar til strjálbýlisins einmitt frá Samfylkingunni.

Sá málflutningur að vera nákvæmlega sama um það hvort strjálbýlið hafi nokkuð um það að segja hvar flugvöllurinn sé sem það á að nota, að ekki þurfi einu sinni að tala við fólk úti á landi um það ef hann verður lagður niður. Það er þessi hugsunarháttur sem endurspeglast líka hér sem spillir því góða máli sem hér er verið að taka upp, því vitanlega er það fróðlegt og merkilegt ef menn mundu taka þá hugmynd upp hvort við ættum oftar að nota þjóðaratkvæði en við höfum gert.

[16:36]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég fagna þeirri till. til þál. sem hér hefur verið mælt fyrir og fengið talsvert mikla umræðu í samfélaginu í fjölmiðlum og nánast hvarvetna verið tekið með jákvæðum hætti. Menn vilja feta þá slóð sem hér er mælt fyrir um hægt en þó örugglega, varlega og með yfirvegun, en þó markvisst. Hv. 3. þm. Suðurl. Björgvin G. Sigurðsson gerði í mjög ítarlegri og yfirgripsmikilli ræðu grein fyrir þeim kostum sem þessu fylgir og kjósendur og almenningur hefur í vaxandi mæli sýnt aukinn áhuga.

Við þekkjum það auðvitað frá gamalli tíð og ekki síst þeir sem hafa starfað í sveitarstjórnum að hinu beina og milliliðalausa lýðræði, þ.e. beinum kosningum um tiltekin mál var einkum og sér í lagi beint að, ja, sem við í seinni tíð getum kallað smámál. Það þótti öllum sjálfsagt að greiða atkvæði um það í heimabyggð hvort leyfa ætti hundahald eða banna og það þótti öllum líka mjög sjálfsagt að nota þetta beina lýðræði þegar menn voru að vega það og meta hvort ætti að opna áfengisverslanir á viðkomandi stað eður ei. Það var auðvitað allt gott og blessað, en vissulega var það þannig að margir söknuðu þess að þessu skyldi ekki beitt í ríkari mæli.

Það er því sérstaklega athygli vert þegar forustumaður Sjálfstfl. í þinginu og talsmaður flokksins í vaxandi mæli þegar kemur að því að fjalla um málefni landsbyggðarinnar, lítur á þessa tillögu um milliliðalaust lýðræði sem sérstaka árás á landsbyggðina. Satt að segja, herra forseti, er með ólíkindum hvernig hægt er að hafa endaskipti á hlutum. Það er með öðrum orðum orðin beinlínis árás á landsbyggðina að borgarstjórnin í Reykjavík tekur um það ákvarðanir með lýðræðislegum hætti vissulega gefa kjósendum í Reykjavík kost á að lýsa viðhorfum sínum til tiltekinna skipulagsmála,

þá er það orðin beinlínis árás á sveitarstjórnir og fólk út um hinar dreifðari byggðir.

Þetta er auðvitað fjarri öllu lagi og en er í samræmi við viðbrögð Sjálfstfl. til þeirrar nýju stöðu sem við horfum framan í í íslenskum stjórnmálum þar sem jafnaðarmenn hafa í vaxandi mæli náð eyrum fólks og að því er virðist samkvæmt skoðanakönnunum stuðningi þess. Þá eru viðbrögð Sjálfstfl. auðvitað á þann veg sem ég hygg að hv. þm. og vafalaust og vonandi fleiri hafi heyrt hér og séð fyrir nokkrum mínútum þegar hv. þm. Halldór Blöndal fór hér mikinn og fann því allt til foráttu að gefa almenningi kost á því að lýsa viðhorfum sínum til mála í vaxandi mæli. Með öðrum orðum að tilgangurinn helgaði meðalið af því þetta kom frá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni sem er fulltrúi okkar jafnaðarmanna hér á þinginu, þá hlyti þetta að vera slæmt, þá hlyti þetta að vera algerlega ómögulegt. Og af því að nafns Jóns Baldvins Hannibalssonar var getið í greinargerð með tillögunni, þá hlyti það líka að vera alslæmt. Að vísu fór hv. þm. hratt yfir sögu þegar kom að þætti Morgunblaðsins í máli þessu, því þess var getið hér með réttu að Morgunblaðið hefur verið mjög öflugur og ötull talsmaður þess að mæta vaxandi vilja og eftirspurn eftir þessu beina lýðræði. Öðruvísi mér áður brá að hv. þm. Halldór Blöndal, fyrrum blaðamaður á Morgunblaðinu, léti þess algerlega ógetið hvaða afstöðu Morgunblaðið hefði í þessu stóra máli, en kannski kemur hann hér á eftir og fer yfir afstöðu Morgunblaðsins og lætur okkur hv. þm. vita og aðra þá sem með fylgjast á hvaða villigötum Morgunblaðið er þegar það styður hið beina og milliliðalausa lýðræði sem er auðvitað ekkert annað en það að kalla eftir aukinni þátttöku fólks í umræðu og ákvarðanatöku um hin stóru mál.

Það var líka athygli vert að tilgangurinn helgaði meðalið hjá hv. þm. Halldóri Blöndal þegar hann með óbeinum hætti tók undir tillögu þingmanna Vinstri grænna um þjóðaratkvæðagreiðslu um Kárahnjúkavirkjun, það var sérstaklega athygli vert. Það á eftir að taka afstöðu til þess máls, en það var ekki annað að heyra en að hv. þm., 1. þm. Norðurl. e., ókrýndur forustumaður Sjálfstfl. í hinum dreifðari byggðum, oddviti stærsta kjördæmisins úti á landi, taldi það allrar athygli vert að ráðast nú í þjóðaratkvæðagreiðslu um Kárahnjúkavirkjun. Það er hins vegar önnur umræða sem við tökum. Kjarni málsins er sá að þessi tillaga snýst ekki um flugvöll, hún snýst ekki um hvort menn vilja hafa flugvöll í Vatnsmýrinni eða í Keflavík eða hvar sem er, hún snýst heldur ekki um hvort menn séu með eða á móti Kárahnjúkavirkjun, hún snýst hins vegar m.a. um það hvernig leiða má slík mál til lykta í næstu og lengri framtíð. Það er kjarni málsins. Og hún snýst ekki um hvort menn ætli að ganga til þeirra verka núna að gera landið allt að einu kjördæmi.

Hér er því hrært saman algjörlega óskyldum hlutum. En menn eru svo sem ýmsu vanir þegar kemur að ræðuhöldum þessa hv. þm., einkum og sér í lagi nú í seinni tíð, því hann virðist algerlega vera að missa sig vegna þeirrar veiku stöðu sem flokkur hans er kominn í.

[16:42]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við ræðum merkilega till. til þál. um milliliðalaust lýðræði og ég hleyp hingað í ræðustól til að láta í ljósi skoðanir mínar á henni. Þær eru í stórum dráttum þær að ég styð málið og ég sé ástæðu til þess að koma hingað og gefa þá yfirlýsingu, vegna þess að ég hef flutt á þessu þingi tillögur um þjóðaratkvæðagreiðslu í ákveðnum málum. Fyrir réttu ári ræddum við tillögu mína um þjóðaratkvæðagreiðslu um Kárahnjúkavirkjun og þá var nú tekist á um hana milli þingflokkanna, ekki var einhugur í því máli eins og menn eflaust muna. Meðal þess sem fram kom í þeirri umræðu var að hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, taldi ástæðu til að taka það fram að ég hefði aldrei tjáð mig í þeim málum sem Samfylkingin hefði flutt sem lytu að þjóðaratkvæðagreiðslu, þannig að ég sé virkilega ástæðu til þess að koma hér og undirstrika skoðun mína. Ég stend við bakið á hugmyndum um milliliðalaust lýðræði, enda hef ég verið ötull talsmaður fyrir sjálfbærri þróun eins og þingmönnum sem sitja hér í þessum sal er auðvitað kunnugt. Einn af hornsteinum sjálfbærrar þróunar á Íslandi er Ólafsvíkuryfirlýsingin sem byggir á yfirlýsingum Ríó-ráðstefnunnar 1992. Í Ólafsvíkuryfirlýsingunni er getið um milliliðalaust lýðræði, íbúalýðræði, á þeim nótum sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson lýsti vel í ræðu sinni áðan.

Til að taka af allan vafa þá stend ég heil og óskipt á bak við hugmyndir um milliliðalaust lýðræði, tel að við eigum að nota öll tækifæri sem gefast til þess að þróa það og tel reyndar að við höfum gert margt gott í þeim málum og vil nefna íbúaþingin sem hafa verið haldin á Íslandi í skipulagsmálum síðustu árin. Þar hefur verið að ryðja sér til rúms aðferð sem virkilega er að skila árangri. Hér er verið að brjóta í blað í sögunni að mínu mati og ég tel að við séu á góðri leið í þessum efnum.

Síðan vil ég taka fram að lokum að þjóðin er auðvitað hlynnt því að milliliðalaust lýðræði sé stundað hér á Íslandi. Við höfum fyrir örfáum dögum fengið niðurstöðu könnunar um skoðun þjóðarinnar á þessum málum. Þar var spurt á vegum Gallups í nafni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hvort þjóðin væri hlynnt milliliðalausu lýðræði, þ.e. þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilvægustu mál þjóðarinnar og þjóðin svaraði afdráttarlaust: 79% þjóðarinnar sögðust vera hlynnt þjóðaratkvæðagreiðslum um mikilvægustu mál þjóðarinnar.

Ég hef þá komið hér, herra forseti, og lýst stuðningi við þær hugmyndir sem lýst er í þessari þáltill. og vona sannarlega að okkur takist að þróa milliliðalaust lýðræði hratt og vel í nánastu framtíð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innflutningur dýra, 1. umr.

Frv. ÞKG o.fl., 249. mál (rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðva). — Þskj. 253.

[16:46]

Flm. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

Flm. ásamt mér eru hv. þm. Hjálmar Árnason, Jónína Bjartmarz, Árni Ragnar Árnason, Gunnar Birgisson og Ásta Möller.

Ég vil benda hv. þingheimi á meginbreytinguna sem er falin í 2. mgr. 1. gr. en þar segir, með leyfi forseta:

„Ef umsækjandi um rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðvar uppfyllir allar kröfur og skilyrði sem gerð eru til

útbúnaðar og reksturs sóttvarna- og einangrunarstöðva samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skal landbúnaðarráðherra gefa út rekstrarleyfi."

Þarna er orðið „skal" komið inn í stað heimildarákvæðis sem áður var.

Í greinargerðinni segir síðan, með leyfi forseta:

Frumvarp þetta var flutt á 127. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú lagt fram óbreytt. Frumvarpið var sent til umsagnar og þau svör sem bárust voru mjög jákvæð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum verði heimilt að starfrækja sóttvarna- og einangrunarstöðvar að uppfylltum þeim kröfum sem gerðar eru til útbúnaðar og reksturs slíkra stöðva. Ef umsækjandi um rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðvar uppfyllir allar kröfur — allar kröfur — og skilyrði sem gerð eru til útbúnaðar og reksturs sóttvarna- og einangrunarstöðva samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skal landbúnaðarráðherra gefa út rekstrarleyfi. Samkvæmt gildandi lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum, er hins vegar einungis kveðið á um að landbúnaðarráðherra geti falið einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum rekstur stöðvanna. — Eins og ég gat um áðan er heimildarákvæði í núgildandi lögum en þetta frv. felur í sér að ráðherra verði skyldaður til þess að veita þessum einstaklingum, fyrirtækjum eða félagasamtökum heimild til reksturs einangrunarstöðva ef þeir uppfylla öll skilyrði laganna.

Landbúnaðarráðuneytið stofnsetti sóttvarnastöð fyrir nautgripi í Hrísey árið 1973 og sá embætti yfirdýralæknis um rekstur hennar í umboði ráðuneytisins. Sóttvarnastöðin var leigð Landssambandi kúabænda 1. janúar 1994 sem síðan hefur annast rekstur hennar undir eftirliti yfirdýralæknis. Árið 1993 var Svínaræktarfélagi Íslands heimilað að reisa sóttvarnastöð fyrir svín í Hrísey og hefur félagið sjálft annast rekstur stöðvarinnar undir eftirliti yfirdýralæknis. Árið 1990 stofnsetti landbúnaðarráðuneytið einangrunarstöð fyrir hunda, ketti og önnur gæludýr í Hrísey. Fyrstu árin annaðist embætti yfirdýralæknis rekstur stöðvarinnar í umboði ráðuneytisins en síðari ár hefur reksturinn verið í höndum einkaaðila undir eftirliti yfirdýralæknis samkvæmt sérstökum samningi. Mér skilst að síðan þetta frv. var lagt fram hér á þingi hafi staðið til að aftur yrðu breytingar á rekstrarforminu. Fram til þessa hefur verið unnið prýðilegt starf í Hrísey og þeir aðilar sem hafa rekið þetta hafa gert það með miklum sóma.

Á 126. löggjafarþingi var lögum um innflutning dýra breytt á þann hátt að ákvæði laganna voru aðlöguð þeirri framkvæmd á rekstri sóttvarna- og einangrunarstöðva sem komist hefur á, eins og rakið var hér að framan, og samkvæmt því getur landbúnaðarráðherra falið einstaklingum, fyrirtækjum eða félagasamtökum rekstur þeirra undir eftirliti yfirdýralæknis. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 175/2000 kemur m.a. fram að áhersla er lögð á að með þeirri breytingu væri á engan hátt slakað á kröfum um sóttvarnir sem gildandi lög kveða á um. Og það á ekki heldur við um þetta frv., síður en svo.

Að mati flutningsmanna er framangreind heimild ráðherra hins vegar of matskennd og tryggir ekki að aðilum sem *eru í stakk búnir til að reka sóttvarna- og einangrunarstöðvar* og uppfylla öll skilyrði laganna verði veitt rekstrarleyfi. Það segir m.a. í umsögnum sem komu frá landbrn. að ætlunin væri að koma fram með reglugerð sem mundi heimila fleiri aðilum en þeim í Hrísey að reka einangrunarstöðvar, þ.e. að víkka út þetta frelsi sem heimild landbrh. kvað á um í síðustu breytingum. Þessi reglugerð átti að koma síðasta haust en henni hefur einhverra hluta vegna seinkað og er enn ekki komin. Því skiptir miklu máli að ef þessi reglugerð birtist *ekki innan tíðar frá ráðuneytinu afgreiði hv. landbn.* þetta mál hið snarasta þannig að hægt verði að reka fleiri einangrunarstöðvar sem uppfylli þessi ströngu skilyrði laganna á öðrum stað en fyrir norðan. Því er hér lagt til að kveðið verði skýrt á um það í lögunum að ef umsækjendur um starfrækslu slíkra stöðva uppfylla þær kröfur og skilyrði sem lögin og reglur settar samkvæmt þeim setja skuli ráðherra veita rekstrarleyfi. Rétt er að leggja áherslu á að með frumvarpinu er á engan hátt slakað á þeim kröfum sem gera skal til þeirra sem reka sóttvarna- og einangrunarstöðvar. Hins vegar þykir eðlilegt út frá jafnræðissjónarmiðum að allir sitji við sama borð þegar kemur að rekstri framangreindra stöðva. Enn fremur má benda á sjónarmið um atvinnufrelsi, sbr. 75. gr. stjórnarskrárinnar þar sem fram kemur sú grundvallarregla að öllum sé frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa nema lög setji atvinnufrelsinu skorður sökum almannahagsmuna. Það hefur þegar sýnt sig í framkvæmd að einkaaðilum — eins og þeim í Hrísey — er fyllilega treystandi til að sjá um rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðva og það sjónarmið hefur löggjafinn viðurkennt, sbr. lög nr. 175/2000. Því er með frumvarpinu lagt til að ráðherra skuli veita rekstrarleyfi að öllum skilyrðum uppfylltum í stað þess að honum sé það heimilt samkvæmt gildandi lögum.

Á þeim rúmu tveimur árum sem liðin eru frá því að þessi lög voru sett hefur ráðherra ekki nýtt heimildina til að setja þessa reglugerð og til að víkka út heimildina til að reka einangrunarstöð. Þá er í rauninni komið að, má segja, eftirlitshlutverki þingsins að ýta á ráðherra til að uppfylla þessa skyldu sína til að veita einstaklingum, m.a. á grundvelli jafnræðissjónarmiða, annars staðar á landinu en fyrir norðan heimild til að reka slíka stöð.

Ég undirstrika enn og aftur að þetta er að uppfylltum öllum þeim skilyrðum sem sett eru í löggjöfinni varðandi rekstur sóttvarnastöðva. Hægt er að benda á mýmörg dæmi frá Evrópu þar sem einangrunarstöðvar eru inni í borgum og á fleiri stöðum, bara svo lengi sem þær uppfylla skilyrðin sem viðkomandi lög setja. Ég hvet, herra forseti, þá sem eru í hv. landbn. til að veita þessu máli brautargengi og hið fyrsta *ef þessi reglugerð sýnir sig ekki á borðum ráðherra.*

[16:53]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem hingað til að lýsa yfir stuðningi mínum við þessa breytingu sem hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Hjálmar Árnason, Jónína Bjartmarz, Árni R. Árnason, Gunnar Birgisson og Ásta Möller leggja til á lögum um innflutning dýra sem eru að stofni til frá 1990. Ég minni á að síðast þegar fjallað var um þessi lög — það var á 126. löggjafarþingi 2000–2001 — kom það mjög skýrt fram í máli hæstv. landbrh. að hann hafði ekki hug á að leyfa rekstur sóttvarnastöðva annars staðar en í Hrísey. Þess vegna lögðum við sem vorum þá 1. minni hluti hv. landbn., ég og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, fram brtt. sem hljóðar akkúrat eins og þessi tillaga sem hér er flutt, þ.e. að landbrh. skuli veita fleirum heimild til að starfrækja sóttvarna- og einangrunarstöðvar. Því miður var sú breyting felld hér á hv. Alþingi sem ég tel mjög miður. Þegar þessi

lagabreyting var afgreidd lá fyrir að það var mikil stemmning, t.d. meðal gæludýraeigenda og dýraverndunarsamtaka, fyrir að þarna yrði breyting á og að leyfður yrði rekstur fleiri sóttvarnastöðva.

Nú skal það tekið fram að það er auðvitað algjör samstaða um það í þinginu að um þetta skuli gilda mjög strangar reglur og þeim skuli vera ákaflega vel framfylgt. Ég held að það sé náttúrlega ekki grundvöllur fyrir rekstri margra slíkra stöðva í landinu. Ég tel þó að það sé a.m.k. grundvöllur fyrir rekstri einnar slíkrar stöðvar til viðbótar, t.d. einhvers staðar í nágrenni Keflavíkurflugvallar. Það liggur fyrir að það fyrirkomulag sem viðgengst nú í dag, þegar verið er að flytja inn gæludýr sem fólk hefur átt erlendis eða er að kaupa sér og þau eru flutt í gegnum Keflavíkurflugvöll og sem leið liggur norður í Hrísey, að með þeim tíma sem flutningurinn tekur og mögulegum aðbúnaði á þessari leið er ekki kleift að halda reglur Evrópusambandsins, t.d. um flutning dýra, auk þess sem margir veikir punktar eru í þessu ferli hvað varðar sóttvörn og einangrun. Eins kom mjög greinilega fram á þinginu 2000–2001 í umsögn Hundaræktarfélags Íslands, sem ég óska að fá að lesa upp hér, telst félagið tvímælalaust til þeirra félagasamtaka þar sem félagsmenn eru flestir að flytja hunda til Íslands. Þeir segja, með leyfi hæstv. forseta:

„Langvarandi óánægja hefur ríkt meðal gæludýraeigenda vegna staðsetningar einangrunarstöðvar fyrir gæludýr á Íslandi. Sú staðreynd liggur fyrir að 95% innflytjenda gæludýra búa á Suðurlandi eða Suðvesturlandi. Þótt einangrunarstöð hafi í upphafi verið sett upp svo fjarri heimilum innflytjenda dýranna er ljóst að staðsetningin er barn síns tíma og hefur fleiri ókosti en kosti. Í ljósi þessara upplýsinga er kominn tími til að leyfður verði einkarekstur á einangrunarstöðvum fyrir gæludýr á Íslandi. Hundaræktarfélag Íslands telur að samkeppni á því sviði muni koma innfluttum gæludýrum og eigendum þeirra til góða."

Í tengslum við afgreiðslu þessarar lagabreytingar sem samþykkt var 2000–2001 var einnig safnað undirskriftum til að skora á hæstv. landbrh. að gera breytingar á núverandi fyrirkomulagi. Áskorunin sem var yfirskrift undirskriftanna hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ástandið í innflutningsmálum gæludýra hefur verið óþolandi um langa hríð. Einangrunarstöð ríkisins í Hrísey hefur aldrei annað eftirspurn og álagi." — Það hef ég sannfrétt, herra forseti, að ástandið hafi að vísu lagast í þessum málum eftir að stöðin var stækkuð en samt sé alltaf biðlisti. Og áfram segir í þessari áskorun: „Dýraeigendur hafa þurft að bíða mánuðum saman eftir plássi í óvissu og skipulagsleysi sem einokunarstarfsemin býður upp á. Staðsetning stöðvarinnar gerir flutning dýranna áhættusaman og erfiðan fyrir dýrin auk þess sem staðsetning og reglur um heimsóknir hafa hindrað eigendur dýranna í að hafa eðlilegt aðhald með starfsemi stöðvarinnar."

Svo á að heita að samkvæmt lögum verði öll dýr sem koma til landsins að fara í einangrun en framkvæmdin hefur verið mjög mismunandi. Undanfarið hefur ríkt ófremdarástand á innflutningi hunda og katta til Íslands vegna plássleysis í Hrísey og nú, eftir stækkunina sem ég minntist á áðan, gerði það samt sem áður ekki betur en svo að stytta biðlistana um helming.

Ég verð að segja að mér þykja vera komin mikil og sterk rök fyrir því að leyfa rekstur annarrar einangrunarstöðvar og þar sem hæstv. landbrh. hefur því miður ekki hingað til nýtt þá heimild sem hann hefur lögum samkvæmt tel ég mjög brýnt að gera þá breytingu á lögunum sem hv. þm. gerir ráð fyrir og áður hefur komið fram í brtt. að það „skuli" starfrækja einangrunarstöðvar og landbrh. gefi út leyfi fyrir rekstri slíkra stöðva. Ef umsækjendur uppfylla öll skilyrði, öll þessi ströngu skilyrði sem sett eru varðandi rekstur sóttvarnastöðva, er alveg sjálfsagt mál að þeir fái til þess leyfi, það verði ekki hægt að hafna því.

[17:02]

Flm. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur fyrir að hafa tekið vel í þetta frv. Það er rétt að árið 2000 lagði nokkur hópur þingmanna fram brtt. við frv. í svipaða veru og þessa. Ég studdi það ekki á sínum tíma og það var bara ósköp einfaldlega út af því að það er lögfræðilega betra að hafa heimildarákvæði í lögum en að skylda ráðherra eða embættismenn til ákveðinan athafna. Þess vegna er mun betra að hafa heimildarákvæði í lögum. En því miður hefur það sýnt sig á þessu ferli sem hefur verið síðan lögin tóku gildi að þessi heimild hefur ekki verið nýtt. Það er alveg greinilegt að þegar við ræddum þessi lög á sínum tíma að þá var ljóst í mínum huga að hæstv. landbrh. ætlaði sér að nýta þessa heimild og m.a. kom það fram á mörgum fundum. Ég sótti t.d. tvo fundi með árs millibili, fjölmenna og mjög góða fundi hjá Hundaræktarfélaginu þar sem þessi vilji landbrn. og ráðherra kom mjög skýrt fram. En einhverra hluta vegna hefur þessi vinna dregist. Ég veit að unnið er að þessu í ráðuneytinu og að ætlunin er að koma með þessa reglugerð á næstu vikum. Reyndar hefur manni verið sagt það áður þannig að maður svona efast.

En ég undirstrika, og tek undir með hv. þm. eins og fram kom áðan, að það er ekki verið að slaka á þessum kröfum sem við gerum til sóttvarna. En það er verið að koma til móts við sjálfsagðar og eðlilegar kröfur nútímans, að jafnræðissjónarmiða sé gætt á öllum sviðum.

[17:04]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég lít nú einmitt þannig á að þarna sé um að ræða að það gildi jafnræðissjónarmið. Varðandi þetta heimildarákvæði sem var sett í lögin á sínum tíma þá hef ég lagt einhvern annan skilning í orð hæstv. ráðherra en hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir vegna þess að ég gat ekki betur skilið hann en svo að hann vildi ekki reka einangrunarstöð annars staðar en í Hrísey, að hann teldi ekki grundvöll fyrir því.

En ég held að ef einhverjir vilja gera það, vilja uppfylla allar þessar kröfur og vilja reka stöð á eigin kostnað og kostnað þeirra sem flytja inn gæludýr þá eigi ekki að vera hægt að hindra það.

Ég er sem sagt ánægð að heyra að einhvers hafi staðar komið fram, einhvers staðar þar sem ég ekki var, að ráðherra hefði vilja til að nýta sér þessa heimild. En það hefur alla vega sýnt sig á þeim tíma sem liðinn er að hann hefur ekki haft upp tilburði til þess og ég hef ekki frétt annað en þetta ætti að standa svona eins og það er í dag ef hann fengi að ráða.

[17:06]

Flm. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að hæstv. landbrh. sagði að persónulega teldi hann ekki grundvöll fyrir rekstri annarrar stöðvar en í Hrísey. Engu að síður fór hann í að kanna þetta og ég veit að hann lagði mikla vinnu fyrir hönd ráðuneytisins í það og mætti með sitt fólk eða sendi sitt fólk,

m.a. ráðuneytisstjóra, yfirdýralækni og fleiri, á fund Hundaræktarfélagsins. En síðan, í þessi tvö ár, hefur bara ekkert gerst. Til þess leggjum við fram þetta frv., til þess að hæstv. ráðherra verði skyldaður til þess að veita leyfi til reksturs slíkra stöðva, þar sem sú vinna sem okkur var tjáð að færi fram í ráðuneytinu hefur ekki farið fram enn sem komið er. Engu að síður eru vísbendingar, frekar ljósar en óljósar, um að þessi reglugerð verði lög fram nú á næstu vikum.

[17:07]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef þessi reglugerð verður lögð fram á næstu vikum þá kvaka ég og þakka og fagna því innilega. En það er þá eitthvað meira en ég hef frétt og þangað til alla vega þá styð ég heils hugar þetta ágæta frv. frá Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur og fleirum sem skyldar ráðherra til að leyfa fleiri aðilum rekstur slíkra stöðva á eigin ábyrgð ef þeir uppfylla öll skilyrði sem lögin setja.

[17:08]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Örstutt um þetta frv. sem hér er fram komið.

Mér finnst gæta talsverðs misskilnings í framsetningu máls og hefði fundist heiðarlegast og eðlilegast að flutningsmenn hefðu hér sagt hið sanna í málinu og vísað til þess að fyrir réttum tveimur árum síðan var efnislega nákvæmlega samhljóða tillaga á ferðinni frá undirrituðum og hv. 9. þm. Reykn., Sigríði Jóhannesdóttur, þar sem tekin voru af öll tvímæli um að geðþótti landbrh. ætti ekki að ráða för í því hverjum væri heimilt að opna slíkar sóttvarnarstöðvar og hverjum ekki, og auðvitað var grundvallaratriðið alltaf að uppfylltu skilyrði. Heiðarlegast og eðlilegast hefði nú verið að framsögumaður máls og aðrir hv. þm. hefðu einfaldlega sagt: „Við höfðum rangt fyrir okkur. Þið höfðuð rétt fyrir ykkur. Við hefðum betur samþykkt ykkar tilögu hér fyrir tveimur árum síðan."

Ég lét grafa það upp á skrifstofu þingsins, og það kemur auðvitað í ljós sem mig grunaði, að hv. framsögumaður, hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, studdi ekki það mál. Hún sat að vísu hjá og er það nú skárra en um aðra má segja sem eru með henni á þessari tillögu, flokkssystkini hennar á borð við hv. þm. Ástu Möller sem greiddi bókstaflega atkvæði gegn tillögu okkar. En hún er nú orðinn einn flutningsmanna málsins. Hv. þingmenn samstarfsflokksins í ríkisstjórn, hv. þm. Jónína Bjartmarz og hv. þm. Hjálmar Árnason greiddu atkvæði gegn málinu. Þau eru nú með málinu. Hv. þm. Árni R. Árnason var fjarstaddur. Ég held hann hafi nú haft leyfi frá þingstörfum á þeim tíma. Og hv. þm. Gunnar Birgisson, sem er nú félagi hv. þm. í Suðvesturkjördæmi, var heldur ekki viðstaddur.

Ég segi nú bara eins og er, herra forseti: Seint koma sumir en koma þó og komi þeir þá fagnandi. En mér hefði þótt eðlilegt að þeir væru þá menn að meiru og segðu hér eins og sjálfsagt væri: „Við sjáum eftir því að hafa ekki stutt þessi mál á sínum tíma. Við hefðum betur gert það." Auðvitað ber það keim af dálítilli sýndarmennsku, núna innan mánaðar fyrir þinglok, 80 dögum fyrir kosningar, að koma með málið vitandi að sennilega eru litlar sem engar líkur á því að hið háa Alþingi hafi tök og ráð til þess að afgreiða það úr nefnd og nota það síðan svona sem undanskot og undanhlaup að kannski megi nú svo fara að ráðherrann grípi til þeirra ráða sem núgildandi lög heimila honum og hann opni á rekstur fleiri aðila.

Þá spyr ég: Ef einhver von er til þess, hvers vegna þá þetta frumvarp? Í þessum málflutningi rekst því hvað á annars horn og ekkert gengur upp. Það er kjarni málsins.

Mest er um vert, herra forseti, að menn eru að koma hér til byggða þó seint sé. En þá finnst mér líka meiri mannsbragur að því að menn horfi framan í félaga sína á hinu háa Alþingi, aðra hv. þm. sem héldu þessum málflutningi mjög stíft og stöðugt fram og segja eins og er: „Þið höfðuð rétt fyrir ykkur. Já, við áttum að vera með ykkur í málinu fyrir tveimur árum síðan. Þá væri málum öðruvísi og betur komið." En hér er farin sú leið að reyna að stela glæpnum, gefa til kynna að hægt sé að bjarga málinu núna á síðustu dögum þingsins með því að gera betur. Það er ekkert mikill stæll á því, herra forseti. Og hvað ráðherra vildi og vildi ekki fyrir tveimur árum síðan, það var þó blindur maður og heyrnarlaus sem áttaði sig ekki á því að hæstv. landbrh., Guðni Ágústsson, hafði engan vilja til þess að opna á rekstur fleiri stöðva hér. Hann sagði það í hverri þingræðunni á fætur annarri og væri hægt að lesa upp úr því hér og fá það útskrifað.

Mér finnst það því dálítið billeg afsökun að menn hafi trúað hinu besta, en annað hafi komið í ljós og nú verði hið háa Alþingi að grípa í taumana.

Ef eitthvert sannleikskorn er í því að hv. þingmenn sem *nú eru að flytja þetta mál vegna þess að ráðherrann hafi ekki* skilað því sem hann gaf fyrirheit um kannski einhvers staðar annars staðar, utan þingsalar — ég veit ekki um það. Ég veit ekki hvernig þessi kaup gerast á eyrinni innan ríkisstjórnarflokkanna — en þá vil ég spyrja hv. þm.: Er hún að halda því fram að hæstv. landbrh. hafi gengið á bak orða sinna, hafi gefið fyrirheit um annað, hafi lofað stjórnarliðum öðru en raun ber vitni? Er hún með öðrum orðum að halda því fram að Guðni Ágústsson, hæstv. landbrh., hafi svikið gefin loforð? Er það það sem hv. þm. er að segja?

Málið er svona. Við skulum tala tæpitungulaust um það. Ég hef látið hér liggja á milli hluta efnisatriði máls því ég finn það og skynja að nú sem fyrr erum við hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sammála um efni máls. En hún var bara ekki til í slaginn fyrir tveimur árum síðan. Það er ekkert mjög stórmannlegt að laumast núna hér á síðustu dögum þingsins og ætla að bjarga sér fyrir horn og segja: „Ja, ég var í andanum alltaf mikill talsmaður málsins en hæstv. landbrh. plataði mig o.s.frv."

Veruleikinn er þessi: Hv. þingmaður og aðrir stjórnarliðar felldu tillögu sem er nákvæmlega samhljóða þeirri tillögu sem þeir sjálfir eru að flytja núna. Það er kjarni málsins.

[17:14]

Flm. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvers konar útúrsnúningar og ómerkilegheit þetta eru hjá hv. 6. þm. Reykn. Í fyrsta lagi felldi ég ekki brtt. hv. þingmanns. Í öðru lagi fagna ég því sérstaklega hvernig bæði hv. þm. og ég sjálf ásamt fleiri þingmönnum í þessum þingsal erum tilbúin til þess að veita þessu máli brautargengi. Það er kjarni málsins. Það er meginkjarninn.

Síðan veit hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson það líka sem einn af forsetum þingsins að ég lagði þetta frv. líka fram í fyrra. Það fékkst ekki afgreitt. Ég lagði það strax fram á fyrstu dögum þingsins og það er fyrst núna að komast á dagskrá. Því er mjög ómerkilegt að halda því fram að ég sé að fá það hérna og ræða þetta nokkrum vikum fyrir kosningar.

Það er ómerkilegt og ekki sæmandi jafnágætum manni og hv. þm. er.

Varðandi áhuga hv. þingmanna og áhuga hæstv. ráðherra þá er alveg ljóst að á fundum sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson mætti ekki á, t.d. á mjög fjölmennum fundi hjá eigendum gæludýra, hundaræktendum og fleirum — tvisvar sinnum, tvö ár í röð mætti hann ekki. En ég mætti þar engu að síður og fann fyrir miklum áhuga eins og hv. þm. eflaust veit. Hv. þm. mætti þar ekki. Engu að síður er vilji okkar alveg skýr, þ.e. að leyfðar verði einangrunarstöðvar á fleiri stöðum en fyrir norðan. Það er meginkjarninn. Að koma hérna með útúrsnúninga og dylgjur finnst mér ekki sæmandi. Við eigum frekar að fylkja okkur um þetta ágæta frv., veita því brautargengi þannig að fleiri geti rekið einangrunarstöðvar en þeir norðan heiða.

Hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir kom t.d. með ágætishugmynd því að á Suðurnesjunum er m.a. ágætisaðstaða til þess að reka slíkar stöðvar.

[17:16]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg óþarfi að fyrtast við þó að menn reki veruleika máls. Það breytir því ekkert að fyrir tveimur árum var felld hér brtt. við frv. sem er efnislega nákvæmlega samhljóða því frv. sem hér er verið að flytja. Ég skal hlusta á skýringar hv. þm. í þá veru að hún hafi áttað sig á því að það var rangt hjá henni og félögum hennar í stjórnarmeirihlutanum og hv. þm. öðrum að fella það frv. og strax á síðasta þingi hafi verið reynt að bæta fyrir þau mistök með því að flytja þetta frv. hér, og aftur á yfirstandandi þingi. Ég skal hlusta á þau sjónarmið. En það breytir auðvitað ekki hinu að tækifæri var fyrir tveimur árum. Því tækifæri klúðraði stjórnarmeirihlutinn, stóð fastur á því. Ég veit ekki hvaða þrýstingur hefur þar verið í gangi, herra forseti, að eingöngu í Hrísey skyldu slíkar stöðvar vera til staðar. Ég veit ekki hvort það hefur verið þrýstingur einhvers staðar utan af landi, e.t.v. hjá þingmönnum einstakra kjördæma. Ég kann ekkert á það. Hitt veit ég að það var eðlileg krafa þeirra sem flytja inn gæludýr að þeir ættu þess kost að sækja þessa þjónustu með ódýrari hætti á fleiri stöðum á landinu og þá ekki síst á suðvesturhorninu því að þessi dýr koma langflest, ef ekki öll, um Keflavíkurflugvöll.

Allt að einu, þetta er sá veruleiki sem við okkur blasir. Það stendur auðvitað ekkert á okkur í Samfylkingunni að samþykkja frv. í þessa veru. Okkar „rekord" er alveg skýr í þessu. Við fluttum þetta sama mál fyrir tveimur árum. Þá felldi stjórnarmeirihlutinn það. Nú hefur stjórnarmeirihlutinn skipt um skoðun að því er virðist og komi hann fagnandi.

[17:18]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég hef hugsað mér að stinga inn orði í þessa umræðu þó að ég hafi ekki sterkar meiningar á málinu. Engu að síður er frv. þess eðlis að það er fyllsta ástæða til þess að inna flm. eftir því hvernig beri að skilja einstök ákvæði frv. í ljósi laganna um innflutning dýra almennt.

Ég vek athygli á því að lögin eru þannig uppbyggð að það er meginatriðið að þeim sem hyggjast flytja inn dýr og erfðaefni er gert skylt að fara með dýrin eða efnið inn á sóttvarnastöð til að tryggja eins og hægt er að ekki berist hingað til landsins sjúkdómar og annað sem við viljum ekki að komi með innflutningnum. Það er nauðsynlegt að menn hafi í huga að þessi ferill er ákveðinn og ekki virðist vera ágreiningur um það, ef ég skil rétt málflutning framsögumanns þessa frv., að menn hafi þann hátt á að kveða skýrt á í lögum um skyldu til þess að fara svona með innflutning.

Í núgildandi 7. gr. laganna, sem hér er lagt til að verði breytt, er kveðið á um það að til þess að koma þessu á skuli starfrækja sóttvarna- og einangrunarstöðvar. Mér sýnist á flm. að þeir geri ekki ágreining um þetta þannig að þeir leggja til að áfram standi sú skylda að starfrækja þessar stöðvar. Breytingin er fólgin í því að flm. vilja tryggja það að hver sem uppfyllir tiltekin skilyrði geti starfrækt sóttvarna- og einangrunarstöð. Það er út af fyrir sig sjónarmið sem við þekkjum úr öðrum atvinnugreinum, að opna fyrir atvinnufrelsi, og er ekkert óeðlilegt við það. Praktískt séð, miðað við stöðuna hér á Íslandi, sýnist mér á þeim upplýsingum sem fyrir liggja að þess sé ekki að vænta að unnt verði að reka margar slíkar stöðvar. Innflutningurinn er ekki það umfangsmikill að líklegt sé að hægt verði að reka margar stöðvar sem keppi þá um viðskiptin sem hlýtur þó að vera. Menn hljóta að ætla sér að innleiða samkeppni í þessa atvinnugrein sem keppi um viðskiptavinina í þessu efni. Þá þurfum við auðvitað að hugsa málið til enda ef við ákveðum að stíga þetta skref, sem ég skal svo sem ekkert segja til um hvort ég tel rétt að stíga eða ekki. Ég áskil mér a.m.k. rétt til að kynna mér málið frekar hvað það varðar. En ef við stígum þetta skref getur komið upp sú staða, vegna samkeppninnar og dreifingarinnar á viðskiptunum, að það verði enginn einn aðili sem á einhverjum tíma treysti sér til að reka einangrunareða sóttvarnastöð. Hvað á þá að gera? Það er ekki hægt að skylda einkaaðila til að reka einhverja starfsemi sem þeir tapa á. Það þýðir væntanlega að landbrh. yrði gerður ábyrgur fyrir því og honum gert að tryggja að það væri einhver stöð í rekstri, gæti tekið við dýrunum og erfðaefninu. Hvað segja flm. þessa máls um það? Til hvers ætlast þeir? (**SJóh:** Allir farnir.)

Ég geri ráð fyrir því, herra forseti, að a.m.k. framsögumaður flm. sé hér til að hlýða á umræðu og svara fyrirspurnum um þetta efni.

(**Forseti** (HBl)**:** Framsögumaður er ekki í húsinu og enginn flutningsmanna.)

Það þykir mér miður. Ég held að ég ljúki samt, herra forseti, máli mínu. Ég held, þó að segja mætti með réttu að eðlilegt væri að fresta umræðum þar til einhver flm. gæti verið viðstaddur til svara, að ég ljúki bara máli mínu og við sjáum svo hvað setur.

Mig langar að fá svör við því hvernig flm. hugsa sér að leysa úr þeirri stöðu sem þarna gæti komið upp ef enginn aðili treystir sér til að reka þessa stöð.

Í öðru lagi spyr ég vegna 3. mgr. 7. gr.: Úr því að flm. eru á þeirri skoðun að heimila eigi hverjum sem vill að reka þessa starfsemi sem uppfyllir tiltekin skilyrði, hvers vegna setja þeir í lagatextann að landbrh. eigi að setja gjaldskrá? Þar er nákvæmlega tíundað undir hvaða kostnaði gjaldskráin á að standa. Ef menn innleiða samkeppni í einhverja starfsemi geta þeir ekki samtímis lagt til að í lögum standi nákvæm fyrirmæli um gjaldskrána. Hvernig ætla menn að framfylgja samkeppninni við þessi skilyrði þegar sett er ekki bara gólf í gjaldskrána heldur virðist mér líka að sett sé þak í hana? Á hvaða sviðum á þá samkeppnin að fara fram, herra forseti, við þessar aðstæður sem hér er lagt til að verði teknar upp í atvinnugreininni? Mér leikur forvitni á að vita hvernig flm. hugsa sér þetta. Ég hefði haldið að ef menn vildu ganga þessa

leið ættu ekki að vera nein ákvæði í lögum um gjaldskrána. Gjaldskráin væri bara einfaldlega frjáls.

Síðan er annað atriði sem ég vek athygli á og er nýtt, er ekki að finna í núgildandi 7. gr. laganna en flm. leggja til að verði tekið inn, og það er 2. mgr. í þessari grein sem hér er lagt til að komi í stað 7. gr. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ef umsækjandi um rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðvar uppfyllir allar kröfur og skilyrði sem gerð eru til útbúnaðar og reksturs sóttvarna- og einangrunarstöðva samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skal landbúnaðarráðherra gefa út rekstrarleyfi."

Þetta finnst mér mjög sérstök lagaklásúla. Ef búið er að setja í ákvæði laganna að rekstur stöðva sé heimill einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum, eins og lagt er til á undan, og að landbrh. ákveði síðan hvaða faglegu kröfur eigi að setja, hvernig stendur þá á því að flm. setja viðbótarákvæði í frv. sem skyldar ráðherra til að gefa út rekstrarleyfi ef einhver uppfyllir öll skilyrði? Hvað er verið að gefa í skyn með þessu orðalagi? Er verið að gefa það í skyn að við þær aðstæður að menn hefðu fallist á það að rekstur þessara stöðva væri heimill þeim sem uppfylla tiltekin skilyrði mundi ráðherra neita að gefa út leyfi til þeirra sem uppfylltu skilyrðin? Það verður ekki annað ályktað, herra forseti, af þessu ákvæði sem ég las upp, en að það sé meining þeirra sem flytja málið að landbrh. muni ekki fara eftir lögunum. Ég hlýt að spyrja t.d. 1. flm. málsins sem hér mælti fyrir frv.: Hvað hefur flm. fyrir sér í þessum efnum, að leggja þetta til? Ég verð að segja að ég lýsi yfir mikilli undrun á þessu ákvæði. Þeir sem flytja þetta verða að færa rök fyrir því hvers vegna þeir leggja þetta til. Ég held að það sé einsdæmi að sjá svona klásúlu á þingskjali, herra forseti. Ég man ekki eftir því að hafa séð þetta í öðrum lögum, þar sem svipað fyrirkomulag er, og hér er lagt til um einhver almenn skilyrði sem menn þurfa að uppfylla til að fá leyfi til að vera með starfsemi, og að þar sé svo eitthvert sérstakt ákvæði að auki sem segi að ráðherra „skuli" veita leyfi. Auðvitað mun landbrh., hver svo sem hann verður, verði þetta að lögum, hvort sem það er nú eða síðar — ég treysti hverjum þeim sem verður landbrh., nú eða síðar, til þess að fara að lögum og veita starfsleyfi ef viðkomandi umsækjandi uppfyllir öll skilyrði. Ég tel þetta ákvæði vera þarflaust og ég tel að í því felist ákveðin móðgun í garð landbrh. Ég harma það að framsögumaður málsins skuli ekki hafa ákveðið að vera við umræðuna frekar.

Þetta eru þær athugasemdir, herra forseti, eða spurningar öllu heldur sem vöknuðu við það að lesa þennan texta. Ég hef ekki tekið afstöðu til málsins, og ítreka það, um hvort fara eigi þessa leið eða heimila þetta með þeim hætti sem þarna er lagt til. Ég bendi bara á að það getur fylgt því annmarki og menn þurfa þá að vera búnir að svara því hvernig eigi að leysa úr málinu ef svo muni verða einhvern tíma í framtíðinni að enginn aðili treysti sér til að reka slíka stöð vegna þess að samkeppnin gerir það ómögulegt. Þá verða að liggja fyrir alveg klár svör því að við getum ekki haft það í lausu lofti. Það verður að vera sóttvarna- og einangrunarstöð og það má aldrei verða neinn vafi á því að slík stöð sé fyrir hendi á hverjum tíma til að sinna þeim dýrum sem inn verða flutt í framtíðinni.

En mér sýnist, herra forseti, að þegar öllu er á botninn hvolft snúist málið um það hvort menn starfræki þessa stöð í Hrísey áfram eða hvort hún muni missa rekstrargrundvöll sinn og önnur stöð verða rekin á höfuðborgarsvæðinu. Það er það sem mér sýnist vera hinn efnislegi þráður málsins. Það má vel vera að það verði ofan á og ég mundi þá vilja fá upplýsingar um hvernig þetta er í dag, hvaða óþægindi fylgja því fyrir fólk að þessi stöð sé í Hrísey og hvaða kostnaður. Ég mundi vilja fá að skoða upplýsingar um það. Ég bendi á að flutningsleiðin til landsins er býsna löng frá útlöndum til Íslands þannig að sá leggur sem er innan lands frá flugvelli til Hríseyjar er kannski ekki stóri hlutinn af vegalengdinni og kannski ekki heldur stærsti hlutinn af kostnaðinum.

(**Forseti** (HBl)**:** Óskar hv. þm. eftir því að þessari umræðu verði slegið á frest?)

Nei, nei.

[17:31]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég hlýddi með athygli á vangaveltur hv. þingmanns um það frv. sem hér er til umræðu um innflutning dýra og breytingar þar á. Þá vil ég undirstrika, eins og fram hefur komið fyrr í þessari umræðu, að ég er ekki meðal flm. þessa frv. en það kom fram áðan að við hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir fluttum efnislega samhljóða frv. fyrir tveimur árum og þá sem brtt. við frv. hæstv. landbrh.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson var meðal þeirra stjórnarliða annarra sem felldu það frv. og þær vangaveltur sem hann lýsti almennt um málið voru mikið ræddar hér fyrir tveimur árum, einmitt það hvar ábyrgðin lægi. Um það er ekki deilt að það hlýtur auðvitað að vera á hendi landbrh. sem á að gæta þess að uppfyllt séu þessi grundvallarskilyrði. Og ef svo ólíklega vildi til að enginn aðili væri tilbúinn til að gera það yrði það auðvitað að gerast með atbeina ráðuneytis og ráðherra. Þannig hefur það einmitt verið fram undir seinni tíma og ríkissjóður hefur þurft að hafa af því nokkurn kostnað að halda úti stöðinni í Hrísey enda þótt fyrir hafi legið um nokkurra ára skeið að aðilar annars staðar á landinu væru tilbúnir til þess að halda úti þessari þjónustu endurgjaldslaust, þ.e. fyrir ríkissjóð, tækju eingöngu af starfseminni þjónustugjöld.

Ég get hins vegar tekið undir ýmislegt sem hv. þm. segir um textagerð þessa nýja frv. sem er miklum mun lakari en í því frv. sem við fluttum fyrir tveimur árum þar sem ekki þótti ástæða til að rekja það nákvæmlega og „defínitíft" hvernig ráðherrann ætti að standa að þessum hlutum heldur var því lýst með almennari hætti, aukinheldur sem menn sáu ekki ástæðu til að setja það á hendur hæstv. ráðherra að setja starfseminni gjaldskrá, það leiddi af eðli þjónustunnar. Sumt var svo sem rétt sem hv. þm. sagði.

[17:34]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég hygg að hv. þingmaður eigi að gleðjast yfir því að ég skuli ekki hafa lýst yfir andstöðu við málið þegar í upphafi heldur gefið mönnum kost á að færa rök fyrir því og skoða málið í nefnd. Ég er alltaf tilbúinn til þess að fara yfir málin að nýju. Það má vel vera að eitthvað hafi breyst í efni málsins frá því sem var fyrir tveimur árum og ég tel enga sérstaka ástæðu til þess að loka fyrir það að afstaðan kunni að breytast. Menn verða þá líka að hafa rök fyrir máli sínu og ég hef vakið athygli á tveimur atriðum sem ég hef efasemdir um, annars vegar um þessa miðstýrðu gjaldskrá í samkeppnisumhverfi og hins vegar um þessa 2. mgr. sem ég tel satt að segja ekki vera boðlega á þingskjali.

[17:35]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins örstutt. Ég endurtek það að ég deili þessum sjónarmiðum með hv. þingmanni um efasemdir hvað varðar hina miðstýrðu gjaldskrá sem er ný af nálinni í þessu máli, og kemur satt að segja á óvart að menn skuli finna henni stað í hópi þeirra flm. sem hér eiga hlut að máli, sem eru sjálfstæðismenn og framsóknarmenn. Einnig hitt hvernig orðalag 2. mgr. er í þessu frv. og það er eðlisólíkt því sem var og bætir í raun engu við efni málsins.

Ég tek fram og árétta að ég er ekki meðal flm. þessa frv. en ég hef stutt efni málsins, geri það auðvitað áfram og vil gjarnan að það nái fram að ganga. Ég bind vonir við að það geti gerst á yfirstandandi þingi áður en við höldum heim til kosningabaráttu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 601. mál (hlutabréfasjóðir). — Þskj. 962.

[17:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, á þskj. 962.

Eins og rakið er í grg. með frv. þessu er það lagt fram í tengslum við frv. iðn.- og viðskrh. til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, sbr. þskj. 859. Í frv., sem reyndar er einungis eitt bráðabirgðaákvæði, eru lagðar til nokkrar breytingar og taka þær til manna sem eiga hlutabréf í hlutabréfasjóðum sem er slitið. Breytingarnar hafa það markmið að almenningi verði unnt án skattalegra afleiðinga að færa fjármagn sitt úr hlutabréfasjóði yfir í verðbréfasjóð eða fjárfestingarsjóð sem tekur við verðbréfaeign hlutabréfasjóðsins þegar slíkum sjóði er slitið þar sem verðbréfasjóðum er gert að uppfylla ströng skilyrði til að fá starfsleyfi stjórnvalda á meðan hlutabréfasjóðir þurfa þess ekki. Að óbreyttum lögum mundu skattareglur í reynd standa því í vegi að markmið nefnds frv. viðskrh. er lúta að neytendavernd næðu fram að ganga. Það helgast fyrst og fremst af því að afhending á hlutdeildarskírteinum í stað hlutabréfa við slit á hlutabréfasjóðum yrði skattlögð sem tekjur hjá viðkomandi einstaklingi og væri því mikið óhagræði af því að þurfa að innleysa skattkvöðina áður en til raunverulegrar sölu eða innlausnar kæmi.

Í frv. er því kveðið á um að maður sem þannig fær afhent hlutdeildarskírteini þurfi ekki að gera upp hugsanlega skattkvöð á því tímamarki heldur greiðist þá fyrst fjármagnstekjuskattur af hlutdeildarskírteininu er hann innleysir eða selur það. Hér er því í reynd aðeins um skattfrestun að ræða. Þá er og kveðið á um að hafi maður fengið frádrátt vegna hlutabréfakaupa í félagi með sameiginlega fjárfestingu skuli ekki litið á það sem rof á eignarhaldi að hann fái hlutdeildarskírteini í stað hlutabréfanna. Einnig er í frv. kveðið á um að stofnverð hlutdeildarskírteinis skuli nema upphaflegu kaupverði bréfanna. Að síðustu skal nefna að við sölu eða innlausn á hlutdeildarskírteinum þannig til komnum hefur verið tekið tillit til sérstakra reglna í tekjuskattslögum um hlutabréf svo sem um frítekjumörk o.fl. og þær aðlagaðar að framangreindum hlutdeildarskírteinum.

Ég legg til, herra forseti, að að þessari umræðu lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 610. mál (lækkun gjalds). — Þskj. 973.

[17:39]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga sem finna má á þskj. 973 um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Í frv. þessu er lögð til nokkur lækkun á vörugjaldi af ökutækjum sem eru 5 tonn eða minna að heildarþyngd, grindum með hreyfli og yfirbyggingum, þar með talið ökumannshúsum, fyrir vélknúin ökutæki úr 15% og 20% í 13%. Lækkunin er til að auka samræmi í uppbyggingu vörugjalda á ökutæki og lögð til til þess að draga úr hvata innflutnings þyngri ökutækja sem bera ekkert vörugjald en nokkuð hefur borið á því að ökutækjum sem ekki ná 5 tonnum að heildarþyngd sé breytt til þess að þau nái þeirri þyngd fyrir álagningu vörugjalds. Þetta á einkum við um ökutæki sem aðallega eru notuð til vöruflutninga. Þau eru nefnd í b-lið 4. tölul. 4. gr. núgildandi laga en til einföldunar og til þess að gæta samræmis á milli þeirra flokka sem finna má í 3. og 4. tölul. 4. gr. núgildandi laga er lagt til að þessir töluliðir verði sameinaðir í einn tölulið ásamt öðrum þeim ökutækjum sem í þeim flokki eru og bera 13% vörugjald.

Í öðru lagi er í frv. þessu, herra forseti, lögð til lækkun vörugjalds af bifreiðum sem eru sérstaklega útbúnar og notaðar til líkflutninga. Lækkunin er úr 30% og 45% eftir atvikum í 10% eða 13% miðað við sprengirými aflvélar.

Á undanförnum árum hefur vörugjald verið lækkað af ökutækjum til atvinnurekstrar. Tillagan um að lækka gjöld á þessari tegund bíla tekur mið af fyrri lækkunum á undanförnum árum og er þar helst litið til leigubifreiða, bílaleigubifreiða og bifreiða til ökukennslu.

Það er að sjálfsögðu erfitt að meta nákvæmlega, herra forseti, hvað þær breytingar sem frv. gerir ráð fyrir kunna að hafa í för með sér að því er varðar tekjur ríkissjóðs en sé miðað við innflutning á þessum ökutækjum á árinu 2001 kemur í ljós að tekjur ríkisins á því ári hefðu orðið 60 millj. kr. minni hefðu þessar breytingar þá verið komnar til framkvæmda. Miðað við hve hratt markaður breytist er erfitt að spá um það hvort sú tala er nákvæmlega rétt varðandi árlegt tekjutap eða ekki. Fer það að sjálfsögðu eftir því hvort breytingin hefur áhrif á fjölda þeirra bíla sem innfluttir eru í þessu skyni.

Ég legg til, herra forseti, að þessu frv. verði að 1. umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[17:42]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Um leið og ég lýsi yfir stuðningi við það frv. sem hér liggur fyrir vil ég nota það tækifæri sem gefst við breytingar á aðflutningsgjöldum bifreiða að koma á framfæri máli, sem þó er óskylt því sem hér liggur fyrir í einstökum liðum frv., en það varðar aðflutningsgjöld á fornbílum. Ég vil koma þeim hugmyndum og tillögum á

framfæri við þetta tilefni að aðflutningsgjöld af bifreiðum sem eru eldri en 40 ára verði felld niður. Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að færa fyrir því nokkur rök.

Allt frá stofnun Fornbílaklúbbs Íslands fyrir 25 árum hafa aðflutningsgjöld hamlað innflutningi fornbíla til landsins og því hefur gengið erfiðlega að endurvekja bíla sem hafa menningarsögulegt gildi fyrir Íslendinga. Annars staðar á Norðurlöndunum hafa aðflutningsgjöld verið felld niður að öllu leyti af fornbílum sem eru 30 ára og eldri, óháð því hvaðan þeir eru fluttir inn. Sá liður sem hamlar hvað mest við núverandi aðflutningsgjöld hingað til lands er vörugjaldið sem er 45% af bílum sem hafa stærri vélar en 2.000 rúmsentímetra, en fullyrða má að 90% þeirra fornbíla sem fluttir eru til landsins falli undir þennan flokk.

Fornbílar sem fluttir eru til landsins eru fyrst og fremst notaðir sem safn- og sýningargripir í tengslum við Fornbílaklúbb Íslands en ekki sem brúksbílar, þ.e. bílar til almennrar notkunar. Aldur fornbíla í dag er miðaður við 25 ár en sá aldur er í sjálfu sér ekki hár fyrir vandaða bíla sem eflaust má nota áfram sem brúksbíla þó að þeir hafi náð þessum 25 ára aldri. Af þeim sökum er ekki óeðlilegt að miða niðurfellingu aðflutningsgjalds við 40 ár en þannig er algerlega tryggt, að ég tel, að einungis sé verið að flytja inn safn- og sýningargripi sem útilokað er að verði teknir til almennrar notkunar.

Í dag eru örfáir fornbílar fluttir árlega til Íslands og tekjur ríkissjóðs af þeim innflutningi er verulega takmarkaður. Ef vörugjaldið yrði algjörlega fellt niður má búast við nokkurri fjölgun slíkra bíla, enda vantar töluvert af eldri bílum í fornbílaflóru landsmanna. Á það sérstaklega við um bíla sem eru framleiddir á tímabilinu 1930–1950. Virðisaukaskattstekjur ríkissjóðs af fornbílum gætu þá jafnvel hækkað að einhverju leyti en samanlagðar tekjur af vörugjaldi og virðisauka eru í dag þar til samanburðar.

Fornbílaklúbbur Íslands undirbýr byggingu fornbílasafns í Reykjavík sem á að glæða áhuga þjóðarinnar á samgöngusögu hennar auk þess sem slíkt safn er gjaldeyrisskapandi einkum ef litið er til áhuga útlendinga á slíkum söfnum. Ef tryggt er að einstaklingar innan Fornbílaklúbbsins geti án verulegra útgjalda flutt inn bíla sem hafa menningarsögulegt gildi fyrir þjóðina er viðgangur slíks safns tryggður um nokkuð langa framtíð.

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að koma þessum hugmyndum á framfæri við þetta tækifæri og bið um að þær hugmyndir og tillögur verði teknar til athugunar í nefndinni sem um málið mun fjalla. Ég geri það í sjálfu sér ekki að úrslitaefni í þessu sambandi hvort bílarnir eiga að vera 40 ára eða 45 ára. Það er ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er að hjálpa þeim sem við þetta fást að koma bílunum hingað til landsins.

Ég vil sömuleiðis bæta því við, virðulegi forseti, að þeir bílar sem koma til landsins og eru þetta gamlir eru yfirleitt í mjög bágu ástandi og þurfa verulegrar endurbyggingar við og viðgerða. Hér er því ekki um almennan bílainnflutning að ræða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 1. umr.

Stjfrv., 611. mál (aðaltollhöfn í Kópavogi). — Þskj. 974. [17:47]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir litlu frv. til laga um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Frv. er á þskj. 974.

Í frv. er lagt til að Kópavogshöfn verði gerð að svokallaðri aðaltollhöfn þannig að skip í millilandasiglingum geti fengið þar fyrstu og síðustu tollafgreiðslu hér á landi án sérstaks leyfis tollyfirvalda. Á undanförnum árum hefur orðið töluverð uppbygging við höfnina og aðstaða skapast þar til afgreiðslu stórra skipa í millilandasiglingum.

Tollyfirvöld hafa látið fara fram úttekt á höfninni og er niðurstaða þeirrar úttektar að Kópavogshöfn fullnægi skilyrðum sem sett eru í tollalögum um aðstöðu í aðaltollhöfnum til tolleftirlits og um vörslu á ótollafgreiddum vörum. Því er engin ástæða til annars en sýslumaðurinn í Kópavogi geti með beinum hætti haft lagaheimildir til þess að afgreiða skip sem þarna leggjast að bryggju.

Ég legg til, herra forseti, að máli þessu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. [17:49]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil eingöngu fagna þessu frv. hæstv. fjmrh. um að Kópavogshöfn njóti jafnræðis á við aðrar sambærilegar hafnir. Það hefur því miður verið þannig að sumpart hefur Kópavogshöfn í gegnum tíðina átt erfitt uppdráttar og notið kannski of lítils skilnings þegar komið hefur að samskiptum við ríkisvaldið. Nægir þar að nefna að ríkisvaldið hefur gjarnan skellt við skollaeyrum þegar sú höfn hefur viljað sækja ríkisstuðning vegna þeirrar uppbyggingar sem þar á sér stað eins og gengur og gerist hjá öðrum höfnum hringinn í kringum landið. Hafa tillögur frá mér og öðrum hv. þm. í þá veruna verið verið felldar hér ítrekað. Það er því sérstakt fagnaðarefni að að þessu leytinu til skuli Kópavogshöfn geta notið jafnræðis á við aðrar hafnir og keppt á jafnréttisgrundvelli um viðskiptavini og innflutning til landsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 207. mál (landið eitt kjördæmi). — Þskj. 210. [17:50]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga sem ég flyt ásamt öllum öðrum hv. þm. Samfylkingarinnar. Samtals erum við 17 talsins eins og kunnugt er.

Í stuttu máli sagt gerir frv. ráð fyrir því að gerð verði breyting á kjördæmaskipan, raunar skipan sem nú verður kosið eftir í fyrsta skipti á komandi vori, og breytingin verði þannig að landið allt verði gert að einu kjördæmi og þeir 63 þjóðkjörnu þingmenn sem hafa verið kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára verði það að sjálfsögðu áfram en nú allir frá kjördæminu Íslandi.

Enn fremur kveður 1. gr. frv. — en auk hennar er 2. gr. um gildistöku frv. — á um að hver samtök fái þingmannatölu í samræmi við heildaratkvæðatölu sína og enn fremur að þau stjórnmálasamtök komi þó ein til álita við úthlutun þingsæta sem hlotið hafa minnst fjögur af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu.

Herra forseti. Tæpast hefur annað mál hlotið jafnlangvarandi og ítarlega umræðu fyrr og síðar en kjördæmamálið og skoðanir hafa gjarnan verið mjög skiptar um það eins og kunnugt er og oft var tekist mjög hart á um viðhorf í þeim efnum. Ég var meðal þeirra sem sátu í síðustu nefnd sem um þau mál véluðu. Sú nefnd komst að samkomulagi um allróttækar breytingar á skipan kjördæma í landinu eins og kunnugt er, sem m.a. fela það í sér að kjördæmum er nú fækkað úr átta í sex talsins og einnig er fest í stjórnarskrá að mismunun atkvæða milli landshluta megi aldrei verða meiri en einn á móti tveimur, en hér á árum áður var svo háttað til að sum fámennari kjördæmi höfðu allt að fjórfalt meira atkvæðavægi en þau kjördæmi sem fjölmennust voru á suðvesturhorninu. Í því samhengi var athyglisverð forsíðufrétt Morgunblaðsins í dag þar sem raktar voru bráðabirgðatölur Hagstofu Íslands frá 1. desember sl., þ.e. árið 2002, þar sem rakinn var fjöldi íbúa á kosningaaldri í hverju kjördæmi. Þar kemur í ljós að nú þegar, u.þ.b. sex mánuðum fyrir kosningar, er munur á atkvæðavægi orðinn meiri en tvöfaldur. Þess ber þó að geta að í núgildandi lögum um kosningar verður þetta ekki leiðrétt fyrr en að afloknum næstu kosningum. Um það var sérstakt samkomulag. En þessar tölur Morgunblaðsins sýna að fjölmennasta kjördæmið í komandi kosningum verður Suðvesturkjördæmi með 48 þúsund kjósendur og verða þeir vafalaust fleiri þegar kosningadagur rennur upp. Hér er miðað við, eins og ég sagði áður, 1. desember sl. En fámennasta kjördæmið er Norðvesturkjördæmi með 21.625 kjósendur. Suðvesturkjördæmi er með 11 þingmenn í komandi kosningum en Norðvesturkjördæmi tíu, en það breytir því ekki að mismunurinn er orðinn meiri en einn á móti tveimur.

Þetta vildi ég segja í framhjáhlaupi um stöðu mála og undirstrika enn og aftur að flokkur minn tók heils hugar þátt í þeirri sátt sem gjörð var til þess að okkur miðaði fram á veg varðandi það að leiðrétta þetta misvægi atkvæða sem var orðið óþolandi og ekki var hægt að una við lengur. Í því samhengi er rétt að rifja upp að margar tilraunir hafa að sönnu verið gerðar til þess að takast á hendur það verkefni að lagfæra og gera betrumbætur á hinu íslenska kosningakerfi. Stærsta einstaka breytingin var auðvitað 1959 þegar við fórum frá einmenningskjördæmum til þess fyrirkomulags sem þekkst hefur allar götur síðan og hlutfallskosningar voru teknar upp.

Einu stóru breytingarnar sem gerðar voru frá 1959 til dags dató eða þeirra kosninga sem innan seilingar eru var árið 1987. Þær voru þó fyrst og síðast tæknilegar. Þingmönnum var fjölgað og vissulega var gerð ákveðin breyting til bóta. En stóra breytingin var einmitt núna. Að minni hyggju er stóra breytingin í því kosningakerfi sem við búum við í dag sú að kjördæmin hafa stækkað landfræðilega. Þingmönnum hefur fjölgað í einstökum kjördæmum þannig að hægt og bítandi færumst við til þeirrar áttar að þingmenn líti á sig sem fulltrúa stórra landshluta. Ég vil líka halda því fram að í stórauknum mæli sé málum þannig fyrir komið að þingmenn líti fyrst og síðast á sig sem þingmenn þjóðarinnar allrar, og líti þar til heildarhagsmuna, en í minnkandi mæli sem fulltrúa héraðssjónarmiða, einstakra sveitarfélaga, einstakra byggðarlaga stórra eða smárra og það er að minni hyggju þróun í rétta átt.

Nú hefur því gjarnan verið haldið fram að vegna þeirrar tillögu sem ég er að kynna og jafnaðarmenn standa að baki, og Samfylkingin stendur heils hugar að baki, að með þessum hætti sé verið að ganga á hlut hinna dreifðari byggða. Það er algerlega af og frá. Það er auðvitað fyrst og síðast á valdi þeirra stjórnmálaflokka sem bjóða fram hvernig þeir skipa sínum málum. Sá stjórnmálaflokkur sem ætlar að sækja sér stuðning og skilning vítt og breitt um landið stillir auðvitað sínum framboðslistum þannig upp að þeir höfði til kjósenda vítt og breitt um landið og þannig verður það auðvitað. Það út af fyrir sig er ekki vandamál sem ég sé í þessu samhengi.

Einnig er rétt að undirstrika að ef landið allt er gert að einu kjördæmi næst í einu vetfangi fullkominn jöfnuður milli kjósenda og þetta margumrædda misvægi atkvæða verður ekki lengur til staðar. Kosningakerfið er að sama skapi mjög einfalt og auðskilið. Þörfin fyrir uppbótarþingsæti verður ekki til staðar lengur þannig að flókið og stundum nánast illskiljanlegt og óskiljanlegt millifærslukerfi þarf ekki að fylgja kosningakerfinu. Þá liggur algerlega ljóst fyrir að þeir stjórnmálaflokkar sem bjóða fram fá þann þingmannafjölda sem greidd atkvæði segja til um. Þar er ekkert misvægi á.

Vissulega eru gallar á öllum mannanna verkum og þeir gallar sem bent hefur verið á og sú gagnrýni sem fram hefur komið og á sumpart rétt á sér hefur m.a. snúið að því að stjórnmálaflokkarnir og þá einkanlega þeir stærri hafi einir og sér of mikið um það að segja hverjir setjist á þing að afloknum kosningum. Stóru stjórnmálaflokkarnir eins og Samfylkingin, sem samkvæmt skoðanakönnunum hefur núna 25–26 þingmenn, þ.e. ef við gæfum okkur að það héldist þá gætu menn haldið því fram miðað við það að landið væri allt gert að einu kjördæmi og skipan mála væri með þeim hætti að fámennur hópur tæki um það ákvörðun hver skipaði fyrstu 25–26 sætin að leiða mætti að því líkur að fyrstu 20 sætin væru nánast örugg þingsæti og þyrfti ekkert að kjósa. Svipað, þó ekki í jafnmiklum mæli ef miða mætti við skoðanakannanir, mætti segja um Sjálfstfl., en þó alls ekki í jafnmiklum mæli nú í seinni tíð. Að þessum sjónarmiðum er rétt að huga. Þess vegna er þess getið í greinargerð með þessu frv., og er það veigamikið atriði í mínum huga, að menn skoði í þessu samhengi við nauðsynlegar breytingar á kosningalögum það sem þekkist víða erlendis, m.a. í nágrannalöndum okkar Írlandi, Danmörku og raunar víðar, að kjósendur hafa á kjördegi talsvert um það að segja hvaða einstaklingum þeir vilji veita brautargengi. Þeir hafi með öðrum orðum fleiri en eitt atkvæði á kjördegi, hafi annars vegar tök á því að styrkja og styðja og krossa við þann flokk sem þeir fylgja að málum en enn fremur hafi þeir talsvert ráðrúm til þess að krossa við þá einstaklinga sem þeir vilja sjá setjast á Alþingi Íslendinga. Jafnvel væri hugsanlegt að ganga svo langt að þeir gætu farið á milli flokkslista í þessu sambandi, að ekki væri eingöngu um það að ræða að kjósendur gætu endurraðað á listum flokkanna eða strokað út nöfn heldur kosið jafnvel á öðrum listum einstaklinga og veitt þeim þannig brautargengi. Þetta hefur stundum verið nefnt hið svokallaða kjörbúðarfyrirkomulag. Þetta er mál sem mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að menn skoði.

Annað sem menn hafa líka velt vöngum yfir er hvort festa eigi betur í sessi prófkjör flokkanna þannig að tryggt sé

að almennir kjósendur fái aðkomu að skipan framboðslista. Það finnst mér líka fyllilega koma til álita. Það er auðvitað ýmislegt sem skoða þarf í þessum málum en mest er um vert að minni hyggju að hér er gengið þannig til verka, og þessum grundvallaratriðum sem ég nefndi fyrr í tölu minni er haldið til haga. Lýðræðinu er sýnd virðing, kjósendum er sýnd virðing, landinu öllu er sýnd nauðsynleg virðing. Fólk er ekki dilkadregið eftir því hvort það býr á suðvesturhorninu eða annars staðar á landinu. Mikilvægt er að þingmenn þjóðarinnar upplifi sig sem þingmenn þjóðarinnar og séu það í raun en ekki einstakra héraða.

Við flm. verðum þess vör að fylgi við þessi sjónarmið fer vaxandi, ekki eingöngu meðal almennra kjósenda heldur ekki síður meðal annarra flokka. Þess hefur orðið vart á hinu háa Alþingi í umræðum um viðlíka mál að einstaka þingmenn, sem ekki voru frægir fyrir það á árum áður að lýsa yfir stuðningi við sjónarmið af þessum toga, hafa verið að koma til byggða og hafa lýst yfir stuðningi við málin. Slíka stuðningsmenn er bæði að finna í Framsfl. sem og í Sjálfstfl. Allt er það fagnaðarefni. Ég geri mér hins vegar ljóst og væntanlega aðrir flm. að þess mun tæpast að vænta að þetta stóra mál fái brautargengi á þeim örfáu dögum sem eftir lifa þar til við ljúkum þessu þingi á kosningavetri. Ég vildi þó engu að síður, og við flm., halda því til haga og þeim sjónarmiðum sem í því liggja og höfum því flutt þetta mál á yfirstandandi þingi og á umliðnum þingum. Við teljum rétt og eðlilegt að það fái sinn framgang, væntanlega í sérnefnd þingsins um stjórnarskipunarmál.

[18:04]

Útbýting þingskjala:

Kostnaður við glasafrjóvganir, 516. mál, svar heilbrrh., þskj. 993.

Mótmæli gegn Kárahnjúkavirkjun erlendis frá, 528. mál, svar forsrh., þskj. 988.

[Fundarhlé. — 18:04]

[18:10]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að taka það fram að ræða 1. flm., hv. 6. þm. Reykn., Guðmundar Árna Stefánssonar, er mjög ósannfærandi, einkum það sem laut að því að öðruvísi menn og konur munu að sjálfsögðu veljast til framboðs ef landið yrði eitt kjördæmi heldur en ef það skiptist í mörg kjördæmi. Ég hygg að í málflutningi hv. þingmanns hafi verið tæpt á ýmsu sem þessi breyting hefur ekki áhrif á, eins og það sem hér er talið upp og sagt að kostir þess að landið verði eitt kjördæmi séu augljósir, þar á meðal að „stjórnmálaflokkar fá þann þingmannafjölda sem atkvæði þeim greidd segja til um". Málið er þennig vaxið nú þegar og er svo um ýmislegt annað sem hv. þm. taldi fram. Hann kom á hinn bóginn hvergi að því sem er kjarni málsins, hvort hætta væri á því að þingmenn hyrfu í þeim skilningi að þeir þyrftu ekki að standa frammi fyrir sínum sérstöku kjósendum, heldur birtust eins og t.d. einstakir borgarfulltrúar R-listans hafa gert á undanförnum árum, sem varla nokkur maður veit hverjir eru. Má kannski segja að það geti verið gott fyrir suma hv. þm. að hverfa þannig í þögnina.

Ég hygg á hinn bóginn að það sé mikilsvert fyrir Alþingi að sterkir persónuleikar séu þar, menn sem þurfa að bera sjálfir ábyrgð á því sem þeir segja og gera og þurfa persónulega sjálfir að standa frammi fyrir kjósendum og skýra verk sín.

[18:12]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þær athugasemdir sem hv. þm. gerði við ræðu mína eiga ekki við rök að styðjast. Ég ræddi það alveg sérstaklega hvort ástæða væri til að ætla að á því yrðu einhverjar grundvallarbreytingar hvernig einstaklingar skipuðust hér til verka og kjörnir yrðu til verka á hinu háa Alþingi, hvort þessi breyting mundi sjálfkrafa leiða til þess að hér yrðu þeir allir valdir frá suðvesturhorninu. Þvert á móti fór ég yfir það og reyndi að skjóta rökum undir þann málflutning minn að flokkarnir sjálfir mundu eðlilega gæta þess að sækja sér öfluga einstaklinga sem hafa staðarþekkingu vítt og breitt um landið. Ég veit að a.m.k. í mínum flokki yrði þannig staðið að verki, með öðrum orðum að áfram yrðu til staðar í þingflokki Samfylkingarinnar menn með staðarþekkingu á borð við hv. þm. Kristján Möller, Einar Má Sigurðarson, Jóhann Ársælsson, Karl V. Matthíasson svo ég nefni nokkra af handahófi sem eru öflugir og sterkir þingmenn dreifbýlisins og hafa mjög öfluga staðarþekkingu. Ég bara neita að gangast undir það að á þessu verði einhver grundvallarbreyting og mér finnst það segja meira um gagnrýnendur sjálfa ef þeir gefa sér það.

Í þessu samhengi er auðvitað afskaplega fróðlegt að velta því dálítið fyrir sér hver afstaða þeirra þingmanna og þeirra gagnrýnenda sem halda þessum málflutningi á lofti er til þeirrar kjördæmaskipunar sem við notum í dag og við kjósum eftir núna á vordögum. Halda þeir því fram að þær breytingar horfi einnig til þessa meinta verri vegar og að einasta leiðin til þess að viðhalda hinum meintu einstaklingum sem voru og hétu sé að ganga aftur til ársins 1959 og gera landið að fjölmörgum einmenningskjördæmum. Ber að skilja málflutning hv. þingmanns með þeim hætti?

[18:14]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessari lagagrein segir, með leyfi forseta:

„Í lögum um kosningar til Alþingis skal kveðið á um úthlutun þingsæta og þess gætt að hver samtök fái þingmannatölu í samræmi við heildaratkvæðatölu sína."

Hvað er nákvæmlega átt við með þessum orðum? Nú hefur þetta verið mismunandi á mismunandi stöðum. Ég man eftir því hver var afstaða Alþýðuflokksins t.d. þegar kosningalögum var breytt árið 1983. Þá vildu alþýðuflokksmenn ekki fallast á þessa svokölluðu d'Hondt-reglu sem hefur viðgengist, var tekin upp algjörlega síðast þegar kosningunum var breytt og við höfum yfirleitt notast við hér á landi. Þá var stefna Alþýðuflokksins að þeir vildu miða við hina stærstu leið. Nú veit ég ekki hvort Alþýðuflokkurinn hefur skipt um skoðun í þeim efnum en fróðlegt væri að fá að vita hvers vegna ekki er slegið föstu hér í þessari lagagrein hvaða aðferð skuli höfð í því sambandi.

Ég mun í ræðu minni á eftir að öðru leyti svara því sem hv. þm. sagði um það hvernig Alþýðuflokkurinn eða Samfylkingin hygðist velja sína menn úti á landi. Gaf hv. þm. í skyn að Samfylkingin mundi með einhverjum hætti tryggja að menn frá vissum landsvæðum yrðu fulltrúar á heildarlista þeirra á þessum og þessum tíma? Ég hygg að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson geti ekkert um það fullyrt. Það er auðvitað út í hött að fullyrða slíka hluti hér, hvort sem í hlut á hv. þm. Karl V. Matthíasson sem ekki nýtur náðarinnar nú eða einhver annar.

[18:16]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þykist næsta viss um að hv. þm. Karl V. Matthíasson nýtur náðar þess sem allt kann og veit. En pytturinn sem hv. þm. Halldór Blöndal datt í var að fara yfir hina tæknilegu útfærslu mála. Í því hafa nefnilega gallar þeirra kerfa sem við höfum búið við legið. Það hefur skipt verulegu máli hvort menn notuðu d'Hondt-reglu, hvort menn notuðu hinar stærstu leifar, hvort menn notuðu Lague-regluna og hvort menn hefðu einu uppbótarþingsætinu eða jöfnunarþingsætinu fleira eða færra. Menn grípa auðvitað til tæknilegra útfærslna, flókinna og erfiðra, til að tryggja það að heildarþingmannafjöldi einstakra flokka sé í samræmi við heildaratkvæðamagn þeirra. Þetta hefur verið höfuðverkurinn í gegnum tíðina. Þess vegna hefur íslenska kosningakerfið oft verið svo flókið og illskiljanlegt að það hefur ekki verið á færi nema örfárra að fá nokkurn botn í það. Þess vegna legg ég mikla áherslu á að þessi nálgun, að gera landið allt að einu kjördæmi, kallar ekki á slíkar flóknar viðbótarráðstafanir, útskýringar eða vernd til að tryggja þessi grundvallargildi.

Af því að hv. þm. fór að velta því fyrir sér hvað átt væri við í tillögu okkar þá er þess raunar getið á bls. 3 í greinargerð. Flutningsmenn miða við d'Hondt-regluna sem hefur verið notuð lengst af hér á landi. Það fer auðvitað ekki á milli mála hvernig menn vilja nálgast það viðfangsefni en það er auðvitað aukaatriði. Meginatriðið er hin stóra mynd og hin gullna lína í málinu. Ég segi það, herra forseti, og árétta að ég hef enga ástæðu til að ætla að hér veljist verri menn eða betri menn til þings þó að menn nálgist það að kjósa menn til Alþingis á þann veg sem hér er gert ráð fyrir eða hvort menn geri það gegnum einmenningskjördæmi eins og gert var 1959, sem mér heyrðist hv. þm. horfa mest til.

[18:19]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Við erum að ræða mikilsvert mál. Umræðan hefur í kjölfar breytinganna sem nú hafa orðið farið í þann farveg að flestir sem um þessi mál tala vilja skoða vandlega hvort ekki væri betra að gera landið að einu kjördæmi en hafa þetta fyrirkomulag sem nú er. Ég held ég geti tekið undir allt sem hv. framsögumaður sagði um þetta. En mig langar til í viðbót að tala um það sem mér finnst þurfa að fylgja með í þessu öllu.

Ég lít þannig á að það þurfi helst að haldast í hendur, ef við gerum landið að einu kjördæmi, að við styrkjum sveitarfélögin, gerum þau stærri og öflugri og færum til þeirra verkefni. Um leið og það gerðist mundi Alþingi verða óháðara framkvæmdarvaldinu en nú er. Það þarf að frelsa Alþingi undan framkvæmdarvaldinu.

Reynum að sjá fyrir okkur í náinni framtíð þessa mynd sem ég er að draga upp, þ.e. öflug sveitarfélög sem tækju til sín verkefni frá ríkinu. Alþingi fengist þá fyrst og fremst við löggjöf en væri ekki eins konar framlenging af framkvæmdarvaldinu eins og hv. þingmenn eru oft og tíðum. Mér finnst það allt skipta máli í þessari umræðu.

Ég hef ekki áhyggjur af því að það verði ekki hægt að velja með eðlilegum hætti þingmenn á lista þeirra flokka sem bjóða fram. Ég bendi einfaldlega á að öll vandamálin sem eru í því fólgin að hafa landið í einu kjördæmi hafa þegar komið upp í þessum stóru landsbyggðarkjördæmum. Við erum með þau vandamál. Við erum með þann vanda sem skapast af því að langt er á milli bæja í kjördæminu. Fólk hefur heimasjónarmið og vill hafa fulltrúa frá einstökum svæðum. Þetta hafa menn fengið að reyna í aðdraganda þeirra kosninga sem nú eru fram undan. Menn hafa þurft að glíma við það hvernig raða eigi frambjóðendum niður í hin stóru og víðáttumiklu kjördæmi. Þetta mundi ekki breytast sérlega mikið þó landið væri orðið eitt kjördæmi, frá þeim stórum kjördæmum sem ég hef nefnt til sögunnar.

Ég sé það fyrir mér að það geti farið fram skoðanakannanir eða prófkjör í hinum einstöku landsvæðum sem flokkarnir mundu nýta sér niðurstöðuna úr vegna þess að menn væru búnir að velja sér fulltrúa sem flokkarnir mundu svo á landsvísu raða á lista sína. Ég sé ekki að það væri mikið vandamál. Ég sé líka fyrir mér að þegar Alþingi yrði frelsað undan því oki sem það er á stjórnarþingmönnum að þurfa að hlýða framkvæmdarvaldinu í einu og öllu munu menn líta allt öðrum augum á það að velja þingmenn til löggjafarsamkomunnar en menn gera í dag, einfaldlega vegna þess að það væri verið að velja þá til löggjafarstarfa en ekki til að annast kjördæmafyrirgreiðslu út frá Alþingi eins og sumir hafa litið á hlutverk sitt kannski meira en góðu hófi gegnir stundum.

Hv. þm. Halldór Blöndal talaði um það áðan að það yrðu öðruvísi menn og konur á þingi ef landið yrði að einu kjördæmi. Ég veit ekki hvað hv. þm. átti við með því. Ég vona sannarlega að hann hafi átt við það sama og ég var að segja, að hann sæi fram á að hér yrði fyrst og fremst löggjafarsamkoma að störfum en ekki framlenging á framkvæmdarvaldinu og handaupprettingavélar fyrir ríkisstjórn, eins og stundum virðist við lýði.

Þetta var kannski það sem ég vildi helst koma að. Ég tel ástæðu til að ræða þetta frv. Mér finnst að í tengslum við þann feril sem þessi mál fara vonandi í þurfum við að herða á eflingu og stækkun sveitarfélaganna og breytingum af því tagi sem ég nefndi áðan í tengslum við það.

[18:24]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur verið svo á síðustu árum að kjósendur hvarvetna á landinu hafa lagt meiri áherslu á það en áður að þeir gætu haft beinni áhrif á hverjir veldust á þing. Þeim finnst þessi stóru kjördæmi vera of stór til að hægt sé að búast við því að fólk þekki þingmann sinn eða þingmenn og geti leitað til þeirra eða haft áhrif á þá til góðra verka ef sérstök málefni knýja á eða með öðrum hætti.

Menn hafa líka verið að velta fyrir sér hvort rétt væri að hafa kosningaskipan með því tagi að alþingismenn séu númeraðir. Menn hafa velt upp þeim möguleika hvort leyfa eigi kjósendum sjálfum að velja röð alþingismanna, þannig að þeim verði t.d. raðað upp í stafrófsröð eða með öðrum hætti á lista flokkanna. Menn hafa líka velt fyrir sér hvort skynsamlegt sé að gefa kjósendum kost á að kjósa fleiri en einn flokk með þeirri röksemd að það séu góðir menn í fleiri en einum flokki og einnig með þeirri röksemd að menn hafi misst jafnvægi á Alþingi og telji mikilsvert að ákveðnir einstaklingar nái kjöri þó að flokkur þeirra sé kannski ekki eins stór og viðkomandi menn vilja. Með því að ákveða að þingmenn skuli vera 63 og allir kjörnir í sama kjördæminu — ég veit ekki af hverju þeir hugsa sér að þingmenn skuli endilega vera 63 — er ekki hægt að koma neinu slíku við. Áhrif kjósenda á það hverjir veljist á þing verða af þeim sökum minni en nú er.

[18:26]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ósammála hv. þm. hvað áhrifin varðar. Ég tel reyndar að það sé hægt að koma við algerlega mannavali í röð þó að landið væri gert að einu kjördæmi ef menn vildu það viðhafa. Ég hef hins vegar fyrirvara um að slíkt sé skynsamlegt.

Ég held hins vegar að hugmynd hv. þm. um að menn geti kosið fleiri en einn flokk sé svolítið merkileg. Ekki get ég skrifað upp á hana þó ég geti viðurkennt að það gæti verið þægilegt fyrir suma flokka þessa dagana að geta gefið mönnum færi á því að kjósa fleiri en einn flokk eins og hv. þm. var að nefna. Kannski hefur hann verið að velta fyrir sér hvort hægt væri að leysa vandamál á Suðurlandi með slíkum aðferðum.

[18:27]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var eins og mig varði að hv. þm. hefur ekki velt þessum málum fyrir sér út frá sjónarmiðum kjósenda heldur er upptekinn af sjálfum sér og sínum flokki.

Það sem ég var að reyna að segja við hv. þm. var að á síðustu missirum og síðustu árum hefur vaxandi þungi verið á bak við þá kröfu að kjósendur fái á kjördegi að hafa meiri áhrif á uppröðun á framboðslista sínum en nú er. Ef hægt er að tala um þetta í alvöru. Það er út frá þeim punkti sem nauðsynlegt er að ræða kjördæmamálið. Ef maðurinn er þeirrar skoðunar, eins og mér skildist hv. þm. vera, að kjósandinn eigi að hafa sem minnst áhrif á það hverjir af framboðslistanum komist á þing eða hvernig framboðslistinn er yfirleitt upp settur, þá er sjálfsagt að stefna að því að landið verði eitt kjördæmi eins og hv. þm. vill. Um þetta snýst málið.

Það er í raun mjög undarlegt að sami flokkur og talar um milliliðalaust lýðræði skuli að hinu leytinu flytja frv. sem hlýtur að hafa í för með sér að Alþingi veikist, m.a. vegna þess að nálægð kjósandans við þingmanninn verður minni en áður. Auðvitað er þetta í algerri mótsögn. Auðvitað felur þetta í sér að hv. þm. Samfylkingarinnar hafi ekki hugsað málið í botn og eru á einhverju sveimi í huganum þegar kemur að þessu máli.

[18:29]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel af og frá að þetta fyrirkomulag mundi veikja þingið. Það mundi hins vegar geta breytt eðli þess og það mundi kannski veikja þingmenn sem telja sitt helsta hlutverk að vera einhver framlenging á framkvæmdarvaldinu og standa í kjördæmapoti eða veseni vegna einstaklinga eða fyrirtækja í kjördæmi sínu.

Ég benti hins vegar á það áðan að auðvitað geta menn látið fara fram prófkjör og skoðanakannanir á sínum landsvæðum til að velja fulltrúa. Ég tel að það sé hlutverk flokkanna, ef landið verður gert að einu kjördæmi, að sjá til þess að fólkið hafi sem mest um það að segja á hverju svæði hver þeirra fulltrúi er. Ég tel ekki að menn séu að útiloka það með neinum hætti að inn í þessa kjördæmaskipan komi einhvers konar fyrirkomulag sem geri kjósendum kleift að hafa jafnvel einhvers konar áhrif á sjálfan kjördaginn. Það er einfaldlega ekki komin niðurstaða í það mál með þessu frv. Ég tel að það sé full ástæða til að ræða þau mál í hörgul ef menn velja þá leið að gera landið að einu kjördæmi.

[18:30]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi það í þessari umræðu að það væri mjög mikilvægt að þróunin yrði sú að sveitarfélögin yrðu stór og öflug og fengju til sín fleiri mikilvæg verkefni, og að við fengjum óháðara Alþingi sem væri að fást við löggjöf.

Þessi tvö málefni setur Samfylkingin mjög í öndvegi og það er hárrétt hjá þingmanninum að við erum með þau vandamál, ef menn vilja einblína á það, sem mundu jafnframt fylgja „landið eitt kjördæmi" í þeirri breyttu kjördæmaskipan sem við erum með en við erum ekki með kostina. Það er grundvallaratriði, við erum ekki með kostina en við erum þegar með vandamálin. Ég tel að mjög margir hafi fallist á þá breytingu sem nú er orðin á kjördæmaskipaninni af því að þeir litu á hana sem skref í átt að „landið eitt kjördæmi".

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson flutti hérna góða framsögu og dró fram meginatriðin, og meginkosti þess að landið yrði eitt kjördæmi. Ég er fullkomlega ósammála hv. þm. Halldóri Blöndal sem bar brigður á þau meginatriði sem sett eru fram á bls. 2. í grg. Það er að sjálfsögðu enn þá misvægi atkvæða sem verður ekki ef landið verður eitt kjördæmi. Það er hægt að nefna að það er helmingsmunur á vægi atkvæða í kjördæmunum okkar, annars vegar því kjördæmi sem við hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson erum í, Suðvesturkjördæmi, og hins vegar því kjördæmi sem hv. þm. Jóhann Ársælsson er í, Norðvesturkjördæmi, og ég gæti eins nefnt hæstv. sjútvrh. og samgrh. í því efni. Það er helmingsmunur á vægi atkvæða á milli þessara tveggja kjördæma.

Það er auðvitað í ríkari mæli þannig að þingmenn skoða verkin á þinginu með heildarhagsmuni að leiðarljósi en ekki þröng kjördæmasjónarmið. Við eigum að stefna þangað. Þess vegna er það hárrétt sem hérna hefur verið tekið fram.

Ég kvaddi mér þó hljóðs til að draga fram einn af þeim þáttum sem mjög margar konur nefna til sögu, og það eru jafnréttismálin, þ.e. með hvaða hætti „landið eitt kjördæmi" og listar settir fram við slíkar kosningar birtist konum — ég nefni konur, ég gæti sagt jafnrétti kynjanna og hvernig það birtist kynjunum en af því að það eru konur sem eiga undir högg að sækja og eru miklu færri en karlar á þingi snýr þetta að þeim. Auðvitað ætlum við að sækja fram þannig að sjálfsagt verði að konur verði með tíð og tíma helmingur þingmanna. Það er bara eðlilegt og sjálfsagt, hvort kynið um sig á að eiga helming fulltrúa á Alþingi Íslendinga þótt það geti eitthvað hreyfst til hvort það er einum eða tveimur fleiri á annan hvorn veginn við hinar og þessar kosningar. Þangað ætlum við að sækja. Það var mjög mikilvægur áfangi þegar konur náðu því að verða þriðjungur þingmanna.

Það er viðurkennt í öllum úttektum og rannsóknum um hvort það skipti máli að bæði kynin taki þátt í verkum sem þessum að það hefur veruleg áhrif á umræðuna, og vonandi vinnubrögð, þegar konur eða það kynið sem á undir högg að sækja nær 30% í hópi. Rannsóknir hafa staðfest þetta og þetta höfum við konurnar fundið líka hér eftir að konum fór að fjölga í þinginu og eftir að þær breytingar urðu í þingflokkum að kynin stóðu jafnara. Ég ætla að halda því fram að meðan kvennabaráttan stóð sem hæst á áttunda áratugnum hefðum við konur aldrei trúað því að ferðin sæktist svo seint, t.d. á þessum vettvangi, að við værum ekki komnar lengra í jafnréttismálunum og ekki orðnar fleiri á Alþingi Íslendinga

en raun ber vitni — þó að ég sé ánægð með það að við séum komnar þetta langt og komnar yfir þriðjunginn.

Ég hafði samt afskaplega gaman af því, virðulegi forseti, hvaða tökum hv. þm. Halldór Blöndal tók þessa umræðu, sérstaklega þessum athugasemdum hans um öðruvísi menn. Ég hlýt að taka það þannig að það verði öðruvísi menn þegar komnar verða miklu fleiri konur, það er alveg hárrétt. Hins vegar finnst mér það umhugsunarefni fyrir félaga hans í flokknum að hann skuli tala um öðruvísi menn og nafnleysingja úr Reykjavík vegna þess að mér finnst hann þar með veitast að sínum eigin hópi og þeim hópi karla sem nú mun sækja inn á Alþingi Íslendinga í kjölfar prófkjörsins í Reykjavík.

Ég hef líka gaman af því hvernig tökum hv. þm. Halldór Blöndal tekur þetta mál. Ég hef nefnilega svo oft tekið Sjálfstfl. sem dæmi. Ég hef tekið Sjálfstfl. sem dæmi um þær gífurlegu breytingar sem yrðu við að gera landið að einu kjördæmi. Þessi mál ber mjög oft á góma á jafnréttisráðstefnum og víðar þar sem verið er að tala um hvað skiptir máli fyrir konur, ekki síst konur í pólitík. Ég hef tekið dæmi af því að Sjálfstfl. stillti upp lista og efstu 26 væru þau sæti sem fólk mundi horfa á — ég hef auðvitað hingað til notað töluna 26 af því að Sjálfstfl. hefur verið svo ótvírætt og óumdeilanlega stærstur að maður hefur ekkert gert sér það í hugarlund að mjög verulegar sveiflur yrðu á stærð þess þingflokks. En ég hef spurt: Telja menn að þessi flokkur mundi voga sér það, núna á 21. öldinni, að setja fram lista þar sem í 26 fyrstu sætunum væri ekki jafnræði milli kvenna og karla? Og ég hef tekið mér það bessaleyfi að svara því fyrir hönd Sjálfstfl. að vitanlega mundi hann ekki leyfa sér að setja fram lista 26 nafna — ef kjósendur breyta ekki um sæti yrðu það þeir 26 sem mundu skipa þingflokk Sjálfstfl. — með ójafnvægi kynjanna. Að sjálfsögðu mundu þeir setja um það bil 13 konur og 13 karla, og hvaða flokkur sem er, þó að ég hafi oftast tekið þennan flokk sem dæmi.

Og af hverju hef ég tekið þennan flokk sem dæmi? Jú, vegna þess að þar hefur sóst svo seint fyrir konur að breyta hlutföllum. Það er alveg ljóst að við það að landið verður eitt kjördæmi og þegar listinn verður settur upp verður gætt að hlutfalli kynjanna, það verður gætt að aldursskiptingunni, það verður skoðað úr hvaða starfsstéttum fólk kemur. Þá hlýt ég aftur að nefna þetta með nafnleysingjana úr Reykjavík, það hefur oft — ég er ekki að segja það — verið nefnt hvað það væri mikið lögfræðingager í Sjálfstfl. en ég set ekkert út á það. Ég tel engu að síður að það verði skoðað úr hvaða starfsstéttum fólk komi og frá hvaða landsvæðum. Og það er ekki lítið atriði, frá hvaða landsvæðum, virðulegi forseti.

Ef við ætlum að sækja fylgi til alls landsins hljótum við að bjóða upp á lista þar sem fólkið sér að við erum að huga að því að vera með fólk sem þekkir aðstæður í ólíkum kimum landsins. Og gleymum því ekki að það er ekki endilega þannig að þingmenn fyrrum Norðurl. e. eða Vestfjarðakjördæmis hafi endilega búið þar. Í mörgum tilfellum eru menn löngu fluttir að heiman, ef svo má segja. Þeir hafa samt haft víðtæka þekkingu á málum heima í héraði og þannig verður hver flokkur að huga að þegar hann ætlar að setja fram lista og sýna trúverðugleika með að hann ætli að bera hagsmuni landsins alls fyrir brjósti.

Menn hafa verið afskaplega bundnir þeirri hugsun að þingmenn fari heim í kjördæmi, fari heim í hérað til að hitta kjósendur, fari heim í kjördæmi til að fara í yfirreið. Þá verða menn líka að gera sér grein fyrir því að þetta er þegar mjög breytt. Fer einhver þingmaður, með leyfi forseta, heim á Ísafjörð til að fara um kjördæmið í Norðurl. v. eða í kjölfar einhvers fundar á Ísafirði að hitta menn í Borgarfirði eða til funda á Akranesi? Að sjálfsögðu ekki. Þetta er orðið gjörbreytt og það er alveg ljóst, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að með þessari breytingu hefur það gerst að menn munu sækja út í kjördæmin í mjög ríkum mæli að sunnan, frá höfuðborginni, frá aðsetri Alþingis meðan á þingtíma stendur. Þannig hefur þróunin orðið og þannig er staðan orðin, í og með, að við höfum breytt kjördæmaskipaninni þannig að landsbyggðarkjördæmin eru orðin svona gífurlega stór.

Enn eitt var nefnt hér og það er þessi möguleiki að kjósendur geti flutt þingmann til og haft áhrif á röðun á lista. Ég er ekki alveg viss um það og viðurkenni alveg, hæstv. forseti, að ég er ekki alveg viss um að ég hafi skilið þessa athugasemd rétt. Ég skildi hana þannig að verið væri að loka á þá hugmynd að strika út eða raða listanum og hafa áhrif á það að einhver sem kannski er í fjórða sæti í núverandi kjördæmum fari upp í fyrsta eða annað eða þriðja. Ég sé hins vegar engan mun á því ef settur er fram heildarlisti þar sem búið er að taka tillit til þessara atriða sem ég hef nefnt og fleiri sem flokkarnir setja á oddinn að kjósendum sé boðið upp á það í kosningalögum að geta haft áhrif á röð þingmanna alveg til jafns við það sem gerist í smærri kjördæmum. Ég sé engan mun á því.

Virðulegi forseti. Af því að ég geri jafnréttismálin alveg sérstaklega að umtalsefni í þessari umræðu vil ég skjóta því inn að margar konur í öllum flokkum eru sannfærðar um að „landið eitt kjördæmi" mundi hafa áhrif á stöðu þeirra og möguleika. Það hefur vakið athygli hvað karlar halda gífurlega fast í vígin sín og þetta kom sérstaklega fram í prófkjörinu í Reykjavík. Ég tók það sem dæmi þegar ungu mennirnir röðuðu sér í öll efstu sætin, efri sætin, og sterkar konur, sterkar sjálfstæðar konur, áttu eiginlega ekki möguleika. Ég er alveg sannfærð um að sumar þær öflugu konur sem hafa verið hér og komið inn á þing af og til og sýnt af sér mikinn kraft hefðu átt meiri möguleika ef flokkurinn hefði sett fram sína 26 efstu, eða 20 eða hvað það er nú sem menn munu miða við, þegar þeir fara að raða listanum sínum þegar landið verður orðið eitt kjördæmi.

[18:44]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það mátti glöggt heyra á hv. síðasta ræðumanni, hv. 4. þm. Reykn., Rannveigu Guðmundsdóttur, að hún hafði ekki þrautrætt þá möguleika sem væru uppi í kjördæmamálinu þar sem hún kannaðist ekki við þá hugmynd að kjósendur gætu kosið fleiri en einn flokk. Þannig er það í sumum löndum, og er nauðsynlegt að víkja að því hér á eftir.

Í fyrsta lagi er það um kosningamálin að segja að það hefur blundað og vakað í mönnum að reyna að ná fram tvenns konar réttlæti. Annars vegar því réttlæti að stjórnmálaflokkar hefðu sem næst jafnmarga þingmenn og fylgi þeirra á landsvísu segir til um og það markmið náðist með kosningalagabreytingunni 1983 að ég hygg fullkomlega. Það má vera að einhvern tíma hafi skakkað einum þingmanni eða svo en það náðist nokkurn veginn á þeim tíma. Á hinn bóginn voru erfiðleikar fylgjandi því kerfi að tryggja að þingmenn í hverju kjördæmi fyrir sig væru í samræmi við fylgi viðkomandi flokks, aðallega vegna þess að kjördæmi voru mjög misstór sem olli því að jöfnuður innan kjördæmisins og á landsvísu gat ekki farið saman, enda fylgi flokkanna mjög misjafnt á misjöfnum stöðum á landinu. Má m.a. benda á

þingmenn Alþfl. á Austurlandi í því sambandi og raunar mörg fleiri sláandi dæmi í því sambandi.

Með því kerfi sem nú hefur verið tekið upp, með því að fækka kjördæmum í sex, hefur það í fyrsta lagi náðst að kjördæmi eru nokkurn veginn jafnstór. Það er á hinn bóginn rétt sem hv. 6. þm. Reykn., Guðmundur Árni Stefánsson, sagði áðan, að íbúum hefur fækkað í Norðvesturkjördæmi, á Norðvesturlandi og leyndi sér ekki að hv. þingmanni fannst mikið óréttlæti að þar skuli nú kjörnir tíu þingmenn. Ég man að þegar kosningalögin voru rædd voru auðvitað vissir menn á Alþingi sem ekki undir neinum kringumstæðum gátu fellt sig við þá hugsun að þeir sem byggju á fjölmennustu stöðunum ættu e.t.v. að hafa eilítið færri þingmenn en atkvæðavægið segir til um. Þeir festu sig við að láta eingöngu tölustafina ráða, eingöngu hinn harða tölvuútreikning til að skipta þingsætum innan flokkanna.

Nú verður það að sjálfsögðu svo með því að landið verður eitt kjördæmi að engin trygging verður fyrir því að t.d. Norðlendingar fái þann þingmannafjölda sem þeim ber, ef maður horfir einungis á fjórðunginn og þá íbúa sem þar búa. Með sama hætti er ljóst að engin trygging er fyrir því að Vestfirðingar fái einn einasta þingmann eftir að landið *er orðið eitt kjördæmi. Þá segja þeir þingmenn sem mest* berjast fyrir því: Það skiptir ekki máli ef ranglætið er á þennan veginn. Það skiptir engu máli þó að Austfirðingar fái ekki jafnmarga þingmenn og fólksfjöldinn þar segir til um. Það skiptir ekki máli hvort Norðlendingar fái jafnmarga þingmenn og fólksfjöldinn þar segir til um. Þeir horfa ekki á málið frá sjónarmiði þess fólks sem býr í þeim byggðarlögum sem lengst eru frá Reykjavík, þar sem þessir þingmenn þekkja ekki til. Má kannski segja að það sé eðlilegt því að oft er það svo að menn eru kærulausir um það sem þeir ekki þekkja.

Á hinn bóginn get ég fullvissað þingmenn Samfylkingarinnar um að fólk úti á landi leggur upp úr því að hafa þingmenn sína og telur það sjálfsögð mannréttindi, þegnréttindi manna, að eiga kost á að kjósa sér þingmenn eftir eigin höfði. Það er af þeim sökum sem ekki aðeins hér á landi heldur líka í öðrum löndum víðast hvar — ég ætla ekki að segja eins og sumir „alls staðar" þó að ég þekki dæmi þess — eru löndin með fleiri kjördæmi en eitt. Það er auðvitað einfalt í Bandaríkjunum, einfalt í Bretlandi, einfalt í Frakklandi og hvar sem er, að flokkarnir bara raði upp þingmönnum og síðan sé kosið í tölvunni eins og menn vilja hér sumir hverjir. En menn hafa í hinum stóru löndum mörgum hverjum talið rétt að láta eitthvað reyna á einstaklinginn í þessari stjórnmálabaráttu. Það hefur verið bent á að ákveðið ranglæti dafni í ljósi þess, hjá þeim mönnum sem þannig vilja líta á málið. En aðrir benda á að æskilegt sé að Alþingi sé skipað ólíkum einstaklingum frá ólíkum stöðum sem búi og starfi við ólík skilyrði.

Ég er þeirrar skoðunar að kosningafyrirkomulagið sem við höfum nú tekið upp muni á örskömmum tíma sannfæra þjóðina um að nauðsynlegt sé að skipta þessum kjördæmum upp og hafa kjördæmin jafnstór flest hver. Það hefur þegar verið tekin ákvörðun um að skipta Reykjavík upp í tvö kjördæmi. Það er ekkert því til fyrirstöðu að skipta Reykjavík þess vegna upp í jafnmörg kjördæmi og hér eru sóknir.

Hv. 6. þm. Reykn., Guðmundur Árni Stefánsson, gaf sér að ég teldi að skipta ætti landinu upp í einmenningskjördæmi. Því hef ég aldrei haldið fram á lífsleiðinni svo ég muni, nema þá kannski í menntaskóla. En á hinn bóginn hef ég verið veikur fyrir því að skipta landinu upp í tveggja og þriggja manna kjördæmi, kannski fjögurra manna þegar svo ber undir. Það hefur m.a. þann kost að þá er hægt að gefa *einstaklingnum vald til að velja sjálfur þá einstaklinga* sem hann vill sjá sem fulltrúa sína á Alþingi. Þetta er það kerfi, herra forseti, sem Írar hafa tekið upp hjá sér og ég veit ekki betur en að þar hafi það reynst mjög vel. Enginn vafi er á því að með þessu kerfi væri einstaklingurinn, hinn óbreytti kjósandi, í raunverulegri stöðu til að ákveða hvaða menn sem gefa kost á sér sitja á Alþingi, hvort þeir eru karlkyns eða kvenkyns, ungir eða gamlir. Menn gætu meira að segja tekið ákvörðun um að þeir væru úr fleiri en einum flokki.

Þegar slíkt kerfi er tekið upp kemur til álita að hluta um það, kasta teningi upp um það, í hvaða röð frambjóðendur hvers flokks skuli vera. Það má líka hugsa sér að þeim sé raðað upp í stafrófsröð eins og við nafnakall hér á Alþingi, hlutað um það hvaða nafn skuli standa efst. Loks er hægt að hugsa sér að flokkarnir geti ráðið í hvaða röð frambjóðendur eru, má í því efni vitna til þess að Alþfl. kaus á sínum tíma að raða upp landslista og láta þannig móðurflokkinn hafa áhrif á það en ekki kjósendur, að vissu marki, hvaða uppbótarmenn eða landskjörnir þingmenn sætu á Alþingi. Þetta var gert *til að tryggja ákveðnum einstaklingum innan Alþfl. setu á* Alþingi á sínum tíma og má auðvitað hugsa sér að þetta yrði tekið upp.

Hér hlýt ég að lýsa yfir andstöðu minni við þessar hugmyndir Samfylkingarinnar. Ég vil minna á, herra forseti, að þessi hugmynd, að gamli Alþfl. berjist fyrir því að landið *sé eitt kjördæmi er ekki ný.* Þetta er gamalt átakamál milli Sjálfstfl. og Alþfl. gamla. Það hafa helst, ekki eingöngu samt en að mestu leyti, verið fulltrúar gamla Alþfl. sem hafa tekið hér til máls sem er sérstakt í umræðum hér á hinu háa Alþingi. Yfirleitt eru þeir í minni hluta þegar þingmenn Samfylkingarinnar koma fram og áhrif þeirra minni en maður gæti kannski látið sér detta í hug ef maður horfði á stöðu Alþfl. þegar gengið var til samstarfs um Samfylkinguna. Væri fróðlegt, herra forseti, að gera nokkra úttekt á því hvernig áhrif hinna gömlu alþýðuflokksmanna hafa smám saman dvínað en vaxið hinna sem komu úr öðrum flokkum, einkum og sér í lagi Alþb. eða þeirra sem hafa horfið úr Alþfl. um skeið.

Um þetta stendur sem sagt ágreiningur minn og hv. þingmanna Samfylkingarinnar. Ég tel að breyta eigi kjördæmaskipan svo að kjósendur geti haft meiri áhrif á það en nú hverjir séu kjörnir og haft áhrif á það á kjördegi.

Það að tala um að þegar landið er eitt kjördæmi sé það nokkurn veginn tryggt að Vestfirðingar fái sinn mann, nokkurn veginn tryggt að einhver komi úr Múlasýslum og þar fram eftir götunum, er auðvitað sagt gegn betri vitund. Reyndir stjórnmálamenn vita að þetta stenst ekki. Reyndir stjórnmálamenn vita að þegar til þess stykkis kemur verða settar almennar reglur í flokkunum og auðvitað tekist á um hvaðan einstakir menn koma. Kannski má líka velta því upp hvort slíkt kosningakerfi sé ekki líklegt til að valda því að flokkar myndist um ákveðin svæði og þar fram eftir götunum. Ég skal ekki leiða getum að því en hitt er ljóst að ég mun seint greiða atkvæði með þingmálum sem auka flokksræðið, eins og þetta frv. hér sem byggir á flokksræði.

Það kom líka fram í ræðum einstakra þingmanna. Þeir hugsuðu sér alltaf að þessu yrði skipað og ráðið og nefndu nöfn í því sambandi, menn frá ákveðnum stöðum. Ég efast

um, eins og ég sagði, að það muni standast en það er alveg ljóst að þetta mun auka flokksræðið.

Mér þótti líka, herra forseti, undarlegt að heyra hvernig hv. þm. tóku því þegar ég vakti athygli á að ekki mundi sams konar fólk veljast á Alþingi ef landið allt yrði eitt kjördæmi og t.d. með þeirri aðferð sem ég nefndi, að landinu yrði skipt upp kannski í 20 kjördæmi víðs vegar um landið og öll kjördæmin með álíka mörgum kjósendum enda færðust þá kjördæmamörk til eins og m.a. gerist í Englandi. Sú tilhögun hefur raunar lengi verið í umræðu um kjördæmamál hér á landi. Ég man eftir því að Bjarni Benediktsson varpaði því fram á sínum tíma í umræðum um þetta mál og margir fleiri hafa gert það. Enginn vafi er á að ef sú kjördæmaskipan yrði tekin upp mundu margir freista gæfunnar sem ekki hefðu hug á því, yrði landið miðað við eitt kjördæmi og öfugt. Auðvitað hefur það áhrif á mannvalið og hvernig þeir hugsa hvort þeir hafi starfað úti á landi eða ekki.

Ég man eftir því þegar ég kom fyrst hér sem blaðamaður 1961 að þá voru þeir þingmenn sem hér sátu allt öðruvísi mótaðir en við sem nú erum á Alþingi. Þá voru á þingi brautryðjendur í verkalýðsbaráttu, menn sem höfðu lifað lýðveldisstofnun og látið mjög mikið til sín taka í athafnalífi á viðkomandi stað, staðið í forustu fyrir bændasamtökum og þar fram eftir götunum. Einnig voru hér konur sem höfðu látið til sín taka.

Það var svolítið gaman að því sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði, að ef landið yrði eitt kjördæmi þá mundi það tryggja að fleiri konur sætu á þingi. Mér finnst þetta nú ágæt fullyrðing en auðvitað út í bláinn í raun og veru. Kjarni málsins er að konur eru fleiri menntaðar en áður þegar ég var ungur maður. Ég tala nú ekki um þegar ég var að slíta barnsskónum. Þær eru að taka yfir á mörgum sviðum þjóðlífsins, framúrskarandi duglegar, vel menntaðar konur. Auðvitað mun sá dagur koma, hvernig sem kosningafyrirkomulag verður hér á landi, að þeim mun fjölga hér á Alþingi.

Hv. þm. nefndi sérstaklega Sjálfstfl. til sögunnar. Mér skildist að við hefðum staðið okkur illa. Ég get tekið undir það að því leyti að við getum alltaf sagt að þar eigi að ríkja fullt jafnræði. Hér á Alþingi er nú ríflega þriðjungur þingmanna konur. Í þingflokki Sjálfstfl. er ríflega þriðjungur konur. Við erum þar í meðaltalinu. En konum hefur mjög fjölgað á þingi hjá Sjálfstfl. Framan af hafði Sjálfstfl. þá sérstöðu að einu konurnar á Alþingi voru úr Sjálfstfl. og síðan kom Katrín Thoroddsen til sögunnar úr Sameiningarflokki alþýðu, Sósíalistaflokknum, og síðan Rannveig Þorsteinsdóttir úr Framsfl. Á hinn bóginn varð bið á því að alþýðuflokkskona sæist hér á þingi. Það var nú þannig.

Við getum sagt að í Norðurl. e., Norðausturkjördæmi sem verður, eru þingmenn þaðan úr Sjálfstfl. tvær konur og tveir karlar, hjá Framsfl. tveir karlar og ein kona, hjá Vinstri grænum tveir karlar og ein kona, hjá Samfylkingunni tveir karlar og ein kona, ef við tökum hv. þm. Kristján L. Möller með. En ég taldi þá þingmenn með sem hafa sótt þangað austur á bóginn, bæði hv. þm. Sigríði Ingvarsdóttur og Kristján L. Möller. Við getum haft það eins og við viljum.

En þetta er sem sagt kjarni málsins. Spurningin er: Viljum við að kjósendur geti haft bein áhrif á það hverjir veljast á þing á kjördegi? Viljum við auka möguleika kjósenda til þess að velja alþingismenn eða ekki?

Ég vil brjóta þessi kjördæmi upp og auka rétt kjósenda til valsins en Samfylkingin vill fara hina leiðina, gera landið að einu kjördæmi og draga í eitt skipti fyrir öll úr því að kjósendur geti haft bein áhrif á kjördegi um hverjir veljast á þing.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 23.–26. mál.

Fundi slitið kl. 19:05.

---

82. FUNDUR

miðvikudaginn 19. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 601. mál, þskj. 962. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 610. mál, þskj. 973. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Tollalög, stjfrv., 611. mál, þskj. 974. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Aukinn tollkvóti hreindýrakjöts, þáltill., 250. mál, þskj. 254. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Fjárhagslegt sjálfstæði þjóðgarðsins í Skaftafelli, þáltill., 256. mál, þskj. 266. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv., 325. mál, þskj. 353. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Breytt hlutföll aldurshópa eftir árið 2010, þáltill., 397. mál, þskj. 470. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Framboð á leiguhúsnæði, þáltill., 512. mál, þskj. 850. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Reynslulausn, þáltill., 517. mál, þskj. 857. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Aðgangur landsmanna að GSM-farsímakerfinu, þáltill., 546. mál, þskj. 893. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Milliliðalaust lýðræði, þáltill., 577. mál, þskj. 931. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Innflutningur dýra, frv., 249. mál, þskj. 253. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri, þáltill., 608. mál, þskj. 971. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Magnús Stefánsson, 2. þm. Vesturl.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 601. mál (hlutabréfasjóðir). — Þskj. 962.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 610. mál (lækkun gjalds). — Þskj. 973.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tollalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 611. mál (aðaltollhöfn í Kópavogi). — Þskj. 974.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Aukinn tollkvóti hreindýrakjöts, frh. fyrri umr.

Þáltill. SI o.fl., 250. mál. — Þskj. 254.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Fjárhagslegt sjálfstæði þjóðgarðsins í Skaftafelli, frh. fyrri umr.

Þáltill. MF, 256. mál. — Þskj. 266.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frh. 1. umr.

Frv. KHG, 325. mál (færsla Hafrannsóknastofnunar undir umhverfisráðuneyti). — Þskj. 353.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Breytt hlutföll aldurshópa eftir árið 2010, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 397. mál. — Þskj. 470.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Framboð á leiguhúsnæði, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 512. mál. — Þskj. 850.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Reynslulausn, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞKG o.fl., 517. mál. — Þskj. 857.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Aðgangur landsmanna að GSM-farsímakerfinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. JB o.fl., 546. mál. — Þskj. 893.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Milliliðalaust lýðræði, frh. fyrri umr.

Þáltill. BjörgvS o.fl., 577. mál. — Þskj. 931.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Innflutningur dýra, frh. 1. umr.

Frv. ÞKG o.fl., 249. mál (rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðva). — Þskj. 253.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri, fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 608. mál. — Þskj. 971.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:42.

83. FUNDUR

miðvikudaginn 19. febr.,
að loknum 82. fundi.

Dagskrá:

Til menntamálaráðherra:

1. Stofnun framhaldsskóla á Snæfellsnesi, fsp. JB og ÁSJ, 505. mál, þskj. 838.
2. Stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ, fsp. JB, 524. mál, þskj. 868.
3. Sérhæfing fjölbrautaskóla, fsp. BjörgvS, 533. mál, þskj. 877.
4. Samræmd stúdentspróf, fsp. BjörgvS, 541. mál, þskj. 888.

Til iðnaðarráðherra:

5. Sementsverksmiðjan hf, fsp. ÁSJ og JB, 554. mál, þskj. 901.

Til viðskiptaráðherra:

6. Embætti umboðsmanns neytenda, fsp. BjörgvS, 532. mál, þskj. 876.

Til sjávarútvegsráðherra:

7. Skelfiskveiðar og ástand lífríkis í Breiðafirði, fsp. ÁSJ og JB, 555. mál, þskj. 902.

Til heilbrigðisráðherra:

8. Þjónusta við aðstandendur ungra fíkniefnaneytenda, fsp. RG, 560. mál, þskj. 908.

Til dómsmálaráðherra:

9. Réttarstaða fólks í hjúskap og óvígðri sambúð, fsp. RG, 562. mál, þskj. 910.

Stofnun framhaldsskóla á Snæfellsnesi.

Fsp. JB og ÁSJ, 505. mál. — Þskj. 838.

[13:43]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni um stofnun framhaldsskóla á Snæfellsnesi til hæstv. menntmrh. Eins og þingheimi er kunnugt hafa sveitarstjórnir Snæfellsbæjar, Grundarfjarðar, Helgafellssveitar og Stykkishólms á undanförnum árum unnið að hugmyndum um stofnun framhaldsskóla á Snæfellsnesi í samvinnu við menntmrn. Einhugur hefur verið meðal sveitarfélaganna um málið.

Við afgreiðslu fjárlaga á Alþingi í haust fluttum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs tillögur um að stofnun skólans yrði ákveðin í fjárlögum og veitt til þess skilgreind fjárveiting. Við þá umræðu gaf hæstv. menntmrh. svohljóðandi yfirlýsingu, með leyfi forseta:

„Herra forseti. Ég hef ákveðið að leggja til fjármuni af ráðstöfunarfé menntmrn. til undirbúnings framhaldsskóla á Snæfellsnesi og ég hygg að heimamenn séu sáttir við þá lausn mála.“

Herra forseti. Sú fyrirspurn sem ég ber fram kom fram fyrir um þrem vikum en hún hljóðaði svo:

1. Hversu miklu fé hyggst ráðherra verja á þessu ári til stofnunar framhaldsskóla á Snæfellsnesi í samræmi við yfirlýsingu sem ráðherrann gaf á Alþingi við 2. umræðu fjárlaga í nóvember sl.?

2. Mun ráðherra tryggja að framhaldsskóli Snæfellinga á Snæfellsnesi taki til starfa haustið 2003 eins og að hefur verið stefnt?

Í byrjun febrúar var gefin út fréttatilkynning sem greindi frá því að samkomulag hefði tekist á milli menntmrh. og fulltrúa sveitarfélaganna á Snæfellsnesi um að hafinn verði undirbúningur að stofnun framhaldsskóla á norðanverðu nesinu. Eða eins og stendur í tilkynningunni, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að skólinn verði staðsettur í Grundarfirði. Lögð verður áhersla á að þessi nýi framhaldsskóli verði leiðandi í notkun upplýsingatækni og nýti sér m.a. kosti dreifnáms. Sérstaða hans verði að námið fari fram bæði staðbundið og í fjarnámi.“

Og áfram stendur í þessari fréttatilkynningu, með leyfi forseta:

„... samkomulagið fela í sér að starfsmaður verði ráðinn á þessu ári til undirbúnings og stefnumótunar fyrir skólann.“

„... ráðuneytið muni beita sér fyrir því að það fáist framlög til skólans á fjárlögum næsta árs.“

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari yfirlýsingu en leyfi mér þó áfram að spyrja og ítreka:

Hvenær verður þá gengið til formlegs undirritaðs samkomulags um stofnun skólans og ferill þess alls tímasettur þannig að tryggt verði að vinnan skili þeim árangri sem að er stefnt?

Í öðru lagi til viðbótar þeim spurningum sem hérna liggja fyrir: Hyggst ráðherrann nú þegar í ár, á næsta hausti, efla framhaldsdeildirnar í Stykkishólmi og í Ólafsvík til þess að undirbúa enn betur stofnun skólans?

[13:46]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessar fyrirspurnir og jafnframt fyrir að hafa bætt við einni í máli sínu.

Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum hefur tekist samkomulag milli menntmrn. og sveitarfélaga á Snæfellsnesi um að hafinn verði undirbúningur að stofnun framhaldsskóla á norðanverðu Snæfellsnesi. Það verður fljótlega farið að vinna að þessu verkefni og verður þá ráðinn starfsmaður til að annast undirbúninginn. Ráðuneytið mun, eins og ég hef lýst yfir hér á Alþingi, leggja fram það fjármagn á þessu ári sem þarf til þess að standa straum af undirbúningsvinnunni. Það liggur ekki alveg ljóst fyrir hversu mikið fjármagn þetta verður, hversu mikið fjármagn er nauðsynlegt að leggja í þetta, en ég get fullvissað hv. fyrirspyrjanda um að það mun ekki há verkefninu.

Í öðru lagi er spurt hér hvort ráðherra muni tryggja að framhaldsskóli Snæfellinga á Snæfellsnesi taki til starfa haustið 2003 eins og að hefur verið stefnt. Svarið við þessu hefur raunar komið fram opinberlega nú þegar. Samkvæmt samkomulagi við Snæfellinga mun nýr framhaldsskóli taka formlega til starfa í Grundarfirði haustið 2004.

Það er einnig ljóst að hluti af nauðsynlegum aðdraganda stofnunar þessa skóla er að framhaldsdeildirnar starfi áfram og verði aðdragandi að stofnun hans. Það verður tryggt að þær muni gera það.

[13:48]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Í tilefni þessarar fyrirspurnar hv. þm. þakka ég hæstv. menntmrh. mjög vel fyrir hvernig hann hefur tekið á þessu máli. Það er ástæða til að það komi fram hér vegna þess að það hefur verið mikill áhugi á því hjá Snæfellingum að bæta úr framhaldsskólamálum á þessu svæði. Þess vegna skipti afskaplega miklu máli að þetta væri vel undirbúið. Það liggur alveg fyrir og Snæfellingum er ljóst að menntmrn. hefur unnið mjög vel að undirbúningi málsins og ég tel að það samkomulag sem síðan hefur náðst muni verða mikilvægur vegvísir til þess sem þarf svo skólinn verði strax í upphafi sú lyftistöng sem (Forseti hringir.) skólanum er ætlað að verða fyrir Snæfellinga. (Forseti hringir.) Menntamálin skipta þessar byggðir miklu máli og það hefur komið mjög rækilega fram (Forseti hringir.) í vilja Snæfellinga til að ná þessu máli fram.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Ég minni hæstv. ráðherra á að þessi andsvaratími er einungis ein mínúta.)

[13:49]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er rétt að nota þetta tækifæri til að fagna því að hæstv. ráðherra er búinn að taka þessa ákvörðun og ná samkomulagi við sveitarstjórnirnar um framhald málsins. Sú yfirlýsing hans að fjárskortur muni ekki há verkefninu er líka mjög mikils virði. Hæstv. samgrh. nefndi það áðan að vel hefði verið unnið að undirbúningnum. Mér er kunnugt um það og veit að allur undirbúningur var til staðar þegar verið var að fjalla hér um fjárlög. Það hefði verið hægt að taka á þessu máli þá en þá virtist vanta eitthvað upp á pólitískan vilja til að gera það. Sem betur fer er þessi pólitíski vilji núna fyrir hendi og það er ekki nema allt gott um það að segja að menn skuli vera búnir að taka ákvörðunina um að hrinda þessum málum í framkvæmd.

Það er mikil samstaða um að fara eigi í þetta verkefni þarna fyrir vestan og það er grunur minn (Forseti hringir.) að þannig muni það verða alls staðar um landið, að slíka skóla verði menn að hafa (Forseti hringir.) til þess að viðhalda byggðum landsins.

[13:51]

Ásta Möller:

Herra forseti. Ég kem í ræðustól til að fagna niðurstöðu ráðherra í þessu máli í ljósi þess sem kom fram við umræðu um fjárlög sl. haust. Ég held að þetta sé mjög mikilvægur áfangi fyrir þetta svæði. Það er nefnilega ekki eins sjálfsagt og það var fyrir nokkrum árum að senda börn og unglinga í burtu til náms. Ég tel að sú ráðstöfun sem nú hefur verið ákveðin muni leiða til þess að fleiri ungmenni muni treysta sér til þess að fara áfram í nám heldur en áður var. Ég tel líka að þetta sé ein af leiðunum til þess að styrkja frekar áframhaldandi byggð í landinu og ég fagna sérstaklega þessari niðurstöðu.

[13:52]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég fagna því að búið sé að taka þessa ákvörðun sem vissulega er mjög gott. Ég minni á að fyrir sjö árum tóku sveitarfélögin við rekstri grunnskóla en ríkið við framhaldsskólanum og þær breytingar hafa orðið á undanförnum árum að framhaldsskóli er ekki lengur eitthvað sem er fjarlægt fyrir hvern og einn að taka heldur er þetta orðið hluti af almennri grunnmenntun.

Ég fagna því sérstaklega að ríkið kemur til móts við þróunina með þeim hætti að koma framhaldsskólum upp sem víðast. Það er auðvitað grundvallarkrafa að menn geti sótt þessa nauðsynlegu menntun hvar sem er á landsbyggðinni. Jafnvel þó að fjarkennsla sé orðin verulegur liður í þessu dugar hún ekki ein sér til. Hún er góð með en það þarf að efla miðstöðvar fyrir fjarkennslu og skóla af þessu tagi sem verða kjarni og aðsetur þeirra sem stunda þetta nám.

[13:53]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég byrja á því að fagna þessari viljayfirlýsingu um að koma á fót framhaldsskóla. Það er hornsteinn í stefnu okkar að ungmenni eigi þess kost að stunda nám í heimabyggð. Það er mjög mikilvægt. En ég hefði kannski viljað sjá klárari línur á blaði um það hvernig menn ætla að ganga til verks og skipuleggja áframhaldið. Ég bendi á það í þessu samhengi að Vinstri hreyfingin – grænt framboð var eini flokkurinn sem lagði við gerð fjárlaga til að fjárlögum yrði breytt þannig að það yrði hægt að gera þetta í haust, að hefja þessa kennslu og þetta nám, en allir aðrir lögðu til undirbúningsferil. Það er þess vegna mjög mikilvægt að hann sé klár, hvernig menn ætla að standa að verkum. Það voru allir aðrir flokkar hér sem lögðu til lægri upphæðir sem miðuðu að undirbúningi. (Gripið fram í.) Það er rétt, hv. þingmaður.

[13:54]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég tek undir þær árnaðaróskir sem fram hafa komið í máli þingmanna til ráðherra fyrir þá ákvörðun sem tekin hefur verið um að setja á fót framhaldsskóla á Seltjarnarnesi. (**Gripið fram í:** Ekki Seltjarnarnesi.) (**Gripið fram í:** Snæfellsnesi.) Á Snæfellsnesi, fyrirgefið. Það er allnokkur munur á þessum tveimur nesjum, annað er lítið og lágt eins og menn muna en hitt er öllu tignarlegra og í allt öðru kjördæmi svo ekki sé á það minnst.

Það fer ekki á milli mála að uppbygging framhaldsmenntunar skiptir ákaflega miklu máli við styrkingu byggða og á það hefur verið bent, m.a. í byggðaáætlunum frá 1997 og síðar, að stjórnvöld eiga að beita sér mjög á þessu sviði.

Ég vil hins vegar láta koma fram að ég legg áherslu á að uppbygging framhaldsskóla á Nesinu verði ekki til þess að draga úr þrótti Fjölbrautaskólans á Akranesi og möguleikum hans í því að halda uppi námsbrautum sem eru á sérhæfðara sviði.

[13:55]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég sé sérstaka ástæðu til að blanda mér í þessa umræðu þar sem ég bjó forðum á Snæfellsnesi, var þá í þeirri aðstöðu að þurfa að senda börn mín til náms í framhaldsskóla. Ég ætla að nota tækifærið til að óska Snæfellingum til hamingju og ég tel að það sem hefur komið þessu máli í þennan góða farveg sé auðvitað órjúfandi samstaða þeirra. Og það finnst mér að skipti mestu máli í þessu sambandi.

[13:56]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka þessar umræður hér. Það er stefna okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að unglingar geti sótt nám heiman að frá sér, a.m.k. til 18 ára aldurs, og eitt meginafl til þess að færa heim í byggðirnar er að styrkja menntunina.

Ég óska sveitarfélögunum á Snæfellsnesi til hamingju með þennan áfanga. Það er á grundvelli vinnu þeirra sem þessi yfirlýsing hæstv. menntmrh. var gefin og er náttúrlega gott að hann skuli hafa gengist inn á þetta með þeim og sjálfsagt að fagna því.

Ég vil áfram hvetja til þess að nú verði lagt kapp á að endurvekja og styrkja bæði framhaldsdeildina í Stykkishólmi og framhaldsdeildina í Ólafsvík sem starfar ekki á yfirstandandi vetri, og kanna hvort ekki megi koma á, nú þegar í haust, öðru námsári við framhaldsdeildina í Stykkishólmi eins og hugur þeirra hefur gjarnan staðið til og farið hefur verið fram á. Allt slíkt mun styrkja undirbúning og stofnun þessa skóla þannig að hann geti farið í gang með sem mestu afli þegar haustið 2004, eins og hérna hefur verið gefin yfirlýsing um.

Þá vil ég og hvetja til þess að gengið verði frá skriflegu samkomulagi um ferilinn í stofnun skólans og lýsingu á starfi þess manns sem á að ráða nú til þess að koma starfinu á legg.

Herra forseti. Ég óska Snæfellingum til hamingju með þennan áfanga og vonast til að þetta reynist þeim mikið gæfuspor. Ég fagna undirtektum og ákvörðun menntmrh. og reyndar treysti honum til að fylgja þessu máli af fullu afli eftir þannig að allar áætlanir um þetta hagsmunamál standist.

[13:58]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég þakka þessar umræður. Það er alveg ástæða til þess hér að árétta þann málflutning samgrh. og hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur að það er góður undirbúningur heimamanna sem er í raun og veru grundvöllurinn að þessari ákvörðun. Þar sem hér er um að ræða landsvæði þar sem við vitum að bakland skólans verður á mörkunum er um að gera að vanda sem best allan undirbúninginn og standa vel að því þegar skólinn verður stofnaður.

Ég mun því snúa mér fyrst og fremst til heimamanna með hugmyndir um það hvernig að þessu verður staðið og við munum nýta alla þá tækni sem þarf til þess að reyna að gera þennan skóla eins öflugan og hægt er.

Það er reyndar ekki rétt sem hér kom fram að það hefði skort pólitíska vilja til að taka á þessu máli. Það er hins vegar ljóst að ég taldi það forgangsverkefni við fjárlagagerð ársins í ár að tryggja stöðu verkmenntaskólanna betur en gert var og þess vegna var aðaláherslan lögð á þann þáttinn. Ég gaf hins vegar í skyn við heimamenn á Snæfellsnesi að ég mundi beita mér í þessu máli til að þoka því áfram og eins og menn hafa séð hef ég staðið við þau fyrirheit og málinu verður komið í höfn.

Stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ.

Fsp. JB, 524. mál. — Þskj. 868.

[14:00]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Við höldum áfram við menntamálin og höldum áfram við framhaldsskólana. (**KHG:** Og færum okkur nær Seltjarnarnesi.) Já og færum okkur nær Seltjarnarnesi. Því það er mat okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að einmitt við að efla menntun sé fólgin sókn í atvinnulífi, menningarlífi og hverju einu sem samfélag okkar byggir á.

Ég vil því, herra forseti, leyfa mér að spyrja hæstv. menntmrh. um hvað líði hugmyndum um stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ og hvort hann muni vilja beita sér fyrir því í samráði við heimamenn að leggja fram tímasetta áætlun þar að lútandi.

Mosfellsbær er nú með um 6.500 íbúa og bæjarfélagið er ungt en vaxandi og með tiltölulega háu hlutfalli af ungu fólki. Á framhaldsskólaaldri eru nú um 110–120 unglingar í hverjum árgangi og stefnir í að á næstu árum verði þeir komnir yfir 130 í hverjum árgangi.

Fulltrúar Mosfellsbæjar greindu frá því á fundi með fjárln. í haust að þeir hefðu hug á að taka upp viðræður við stjórnvöld um stofnun framhaldsskóla í bænum. Eins og nú er eiga þeir um 12% hlut í Borgarholtsskóla. Mikil umræða hefur verið undanfarið um aukna þörf á framhaldsskólahúsnæði á Reykjavíkursvæðinu en ljóst er að auka þarf þar verulega við í takt við fjölgun nemenda og aukna menntunarþörf.

Það er mitt mat, herra forseti, að taka þurfi á framhaldsskólamálunum heildstætt fyrir Stór-Reykjavíkursvæðið. Við vitum að þörf er á átaki en það er líka mikilvægt að það sé tekið heildstætt fyrir þau bæjarfélög sem mynda Stór-Reykjavíkursvæðið. Sú alvarlega staðreynd að nærri helmingur fólks á framhaldsskólaaldri lýkur ekki framhaldsskóla þó svo að þeir hefji þar nám segir okkur að eitthvað er að í skipulagi þessa skólastigs og eitt brýnasta mál í skólamálum og menntamálum er að taka á stöðu þessa skólastigs, framhaldsskólastigsins.

Hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár og það stefnumarkmið sem sett hefur verið að allt ungt fólk skuli eiga kost á að stunda samfellt nám í heimabyggð til 18 ára aldurs hvetur til endurskoðunar á þessu skólastigi. Nám foreldra og unglinga og samfélagsins alls skiptir miklu máli á þessum aldri, félags- og tómstundastarf byggist upp í kringum skólana og Mosfellsbær er orðinn að þeirri stærð að þar í samfélaginu ætti að vera framhaldsskóli.

Mosfellingar gera ráð fyrir framhaldsskóla á aðalskipulagi sínu. Mosfellsbær er mikill heilsuræktar- og útivistarbær og með öfluga íþróttastarfsemi sem allir vita. Heilsuræktar- og endurhæfingarstöðin Reykjalundur er vaxandi þar í samfélaginu. Það er því í hæsta máta eðlilegt að Mosfellingar horfi til þess að tengja og nýta alla þessa þætti sína í að

styrkja innviði samfélagsins þar og liður í því er að mínu mati stofnun framhaldsskóla. Því leyfi ég mér að leggja þessa spurningu fyrir hæstv. menntmrh.

[14:03]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Fyrirspurnin hljóðar svo:

„Mun ráðherra beita sér fyrir stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ í samráði við heimamenn og leggja fram tímasetta áætlun þar að lútandi?"

Svarið er á þessa leið: Mosfellsbær tók á sínum tíma þátt í stofnkostnaði við byggingu Borgarholtsskóla ásamt Reykjavíkurborg og ríkinu. Jafnframt var gert samkomulag um að nemendur úr Mosfellsbæ ættu aðgang að öðrum skólum í Reykjavík til jafns við Reykvíkinga. Engin ósk hefur komið frá Mosfellsbæ um að þar verði byggður framhaldsskóli og er það mál af þessum sökum ekki á dagskrá.

Hins vegar er ljóst að gera þarf átak í uppbyggingu framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu og að því leyti hefur hv. fyrirspyrjandi rétt fyrir sér. Það mál hefur verið í viðræðum við Reykjavíkurborg nú um nokkurn tíma að frumkvæði menntmrh. Það hefur einnig verið rætt við sveitarfélög sem tengjast þessu máli þar sem Reykjavíkurborg hefur óskað eftir því að önnur sveitarfélög kæmu inn í þá mynd og þeim viðræðum er ekki lokið þó að þeim hafi miðað mjög vel áfram nú á síðustu vikum.

[14:05]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil koma hér til að taka undir áhyggjur fyrirspyrjandans, hv. þm. Jóns Bjarnasonar, af því að það er óeðlilega hátt brottfall úr framhaldsskóla og það er mjög mikið áhyggjuefni hve mörg ungmenni flosna upp og ljúka ekki námi og það hlýtur að hringja bjöllum um að eitthvað mjög alvarlegt sé að. Það er algjör grundvallarkrafa að mínu mati og við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum margsett það fram að nauðsynlegt sé að ungmenni geti lokið námi við 18 ára aldur í heimabyggð. Það er margt sem bendir til þess að það að senda börnin eða unglingana í burtu verði til þess að við náum ekki þeim árangri sem efni standa til og brottfall verður mikið.

Ég vil undirstrika þetta. Við þurfum endurskipulagningar við með það að markmiði að sem flest ungmenni og helst öll geti lokið námi sínu farsællega.

[14:06]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil minna á það sama og ég sagði áðan að almennar kröfur gera ráð fyrir því að framhaldsskólanám sé öllum tækt innan seilingar. Og ég vænti þess að þátttaka Mosfellsbæjar í Borgarholtsskóla sé frekar áfangi heldur en útilokun frá því að geta með vaxandi stærð bæjarins tekið þátt í því sem þar á að fara fram.

Ég tók eftir að hæstv. forseti hnaut um orðið Mosfellsbær og sagði Mosfellssveit. Það er e.t.v. vegna þess að við unnum saman þar fyrir rúmum 20 árum, hét þá Mosfellssveit og það segir nokkuð um málið. Nú heitir þetta Mosfellsbær og af þeim nemendatölum sem nefndar voru áðan má sjá að nemendur hafa tvöfaldast á þessum 20 árum. Sú þróun heldur áfram og hlýtur að styðja það að þessi mál verði til athugunar og endurskoðunar á þessum tíma, svoleiðis að mér sýnist allt benda til þess að heldur fyrr en síðar muni það verða að veruleika að framhaldsskóli, sá sjálfsagði áfangi í menntun, komi í Mosfellsbæ.

[14:07]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Eins og menntmrh. greindi frá er Mosfellsbær þátttakandi í Borgarholtsskóla. Ef við lítum hins vegar á framtíðina er gert ráð fyrir mjög mikilli fjölgun fólks í Mosfellsbæ á næstu sex, átta árum allt upp í 4.000 manns, þá er auðvitað augljóst að menn eru að huga að þeim málum þar, og í þeirri uppbyggingu sem hlýtur að verða á höfuðborgarsvæðinu í næstu framtíð er þetta einn af þeim kostum sem hlýtur að koma til greina varðandi þá uppbyggingu, og auðvitað hlýtur þá frumkvæðið að koma frá Mosfellsbæ sjálfum.

[14:08]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka þessar ágætu umræður um skólamál, um framhaldsskólamálin. Ég ítreka það að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum þunga áherslu á menntamálin og ekki síst á menntun ungs fólks á þessum aldri, vegna þess að það skiptir gríðarlega miklu máli. Þar virðist í framkvæmdinni vera pottur brotinn þegar nærri helmingur af nemendum sem fara í framhaldsskóla ljúka honum ekki með eðlilegum hætti. En það er ekkert bundið við þessi landsvæði, ég vil taka það skýrt fram. Ég vil líka vekja athygli á því hversu mikilvægt er einmitt á þessu svæði, Stór-Reykjavíkursvæðinu, að horft sé á þetta mál heildstætt, uppbyggingu skólamála, uppbyggingu framhaldsskólakerfisins, að horft sé á það heildstætt fyrir allt svæðið.

Ég lít einnig svo á og það er stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að fólk a.m.k. upp að 18 ára aldri eigi að geta sótt nám heiman að frá sér og geti jafnframt verið hluti af því nærsamfélagi sem það býr í, og ég held að bæði Mosfellingar og önnur bæjarfélög og samfélög muni líka huga að því að geta verið sem lengst í nánum tengslum við börnin og unglingana og byggt upp félags- og menningarlíf þannig.

Mosfellingar eiga líka dýrmætar auðlindir og sérstöðu, ég nefndi Reykjalund áðan, og náttúru og útivist.

Herra forseti. Þessi fyrirspurn var fyrst og fremst lögð fram til að árétta þessi sjónarmið um mikilvægi uppbyggingu framhaldsskólanna og að skipuleggja hlutina hér í stærra samhengi og einnig að hvetja til þess að aukið átak sé gert á því sviði á þessu svæði sem og öðrum í landinu.

[14:10]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Rétt er að árétta það að þegar hér er tekið fram að ekki hafi komið ósk frá Mosfellsbæ um að þar verði byggður framhaldsskóli þá þýðir það ekki að Mosfellsbær sé með einhverjum hætti útilokaður frá umræðunni um þetta, því fer víðs fjarri. Við munum að sjálfsögðu taka því mjög vel ef sveitarstjórnin vill ræða við menntmrn. um framkvæmdir í framhaldsskólamálum, þá verður því tekið ljúfmannlega og það verður skoðað enda er það sjálfsagður hlutur. Eftir því sem byggðarlögin stækka þá vex þörfin fyrir framkvæmdir á sviði framhaldsskóla.

Það er líka rétt að endurtaka það sem ég sagði í fyrra máli mínu að það er horft heildstætt á þetta mál á höfuðborgarsvæðinu. Að frumkvæði menntmrn. hafa farið fram viðræður einmitt til þess að taka heildstætt á þessu máli þar sem hér eru mörg sveitarfélög sem eiga hlut að máli.

Ég vil hins vegar gjalda nokkurn varhuga við því að tala um það hér í þessu sambandi að brottfall úr framhaldsskólum

byggist að einhverju leyti á því að aðgangur að framhaldsnámi sé lélegri hér á landi en annars staðar. Þetta stenst ekki skoðun, þetta stenst engan veginn athugun, því að Íslendingar hafa gengið lengra í því en nokkur önnur þjóð í Evrópu að bjóða sínu unga fólki upp á framhaldsnám. Við höfum gengið lengra en nokkur önnur þjóð í Evrópu að bjóða upp á aðgang að námi í fámennum sveitarfélögum og dreifðri byggð. Og þetta hefur verið viðurkennt í umræðum í þessum sal að við höfum gengið lengra í þá veru en aðrar þjóðir og m.a. með fjarnámi og með því að halda uppi starfsemi lítilla framhaldsskóla.

Við skulum því ekki tengja þetta tvennt saman, þá erum við að skekkja umræðuna og náum ekki árangri. Það er bottfall í íslenskum skólum og það er alvarlegt viðfangsefni sem við eigum að glíma við. Við eigum ekki að glíma við það á þessum forsendum því að þær eru ekki réttar.

Sérhæfing fjölbrautaskóla.

Fsp. BjörgvS, 533. mál. — Þskj. 877.

[14:13]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Herra forseti. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. hvort áætlanir séu uppi um að byggja upp sérhæfðar deildir starfs- og iðnnáms við fjölbrautaskóla landsins sem tengjast sérstaklega atvinnuháttum viðkomandi svæða, svo sem matvælaiðnaði við Fjölbrautaskóla Suðurlands, sérhæfðum sjávarútvegsiðnaði við fjölbrautaskólann í Austur-Skaftafellssýslu og svona mætti lengi telja um aðra fjölbrautaskóla víða um land.

Besta byggðastefnan hefur sýnt sig vera öflugt nám í heimabyggð sem gerir hvort tveggja í senn að efla menntun og atgervi og hleypa nýju lífi í atvinnulífið. Fjölbrautaskólar á borð við þá sem byggðir hafa verið upp á Höfn í Hornafirði, Selfossi og Sauðárkróki, svo dæmi séu tekin, hafa gjörbreytt viðkomandi byggðum til hins betra. Unga fólkið er lengur heima og líklegra til að koma aftur að framhaldsnámi loknu og ílengjast í heimabyggð sinni og slá þar niður tjöldum sínum til frambúðar.

Í þessu samhengi má nefna, herra forseti, að á fundi Samfylkingarinnar með sveitarstjórnarmönnum á Höfn í Hornafirði fyrir tveimur árum, kom í ljós og þeir lögðu fast að við okkur að mikilvægasta byggðamálið hvað varðaði uppbyggingu og það að halda íbúunum í heimabyggð væru ekki auknar veiðiheimildir, svo dæmi væri tekið, að þeirra mati, heldur fyrst og fremst öflug menntun þar sem byggt væri á sérhæfingu og sérstöðu byggðanna og þeim atvinnuháttum sem þar væru stundaðir. Það væri skólunum og byggðum landsins mjög til framdráttar að byggja upp öflugar starfsnámsdeildir við skólana sem tengdust sérstaklega atvinnuháttum þeirra byggða sem skólinn er staðsettur í, enda er þar að finna ómetanlega sérþekkingu sem auðvelt er að virkja við uppbygginguna og kennsluna á síðari stigum í náminu við deildir skólans. Um leið er verið að skjóta traustum stoðum undir atvinnulífið í héraði, auka þar þekkingu, sérhæfingu og hæfni hvers konar til að byggja upp þróttmikið atvinnulíf til framtíðar.

Því er það áríðandi að frumkvæði og fjármunir komi frá ríkisvaldinu að mínu mati, herra forseti, og spyr ég því hæstv. ráðherra þeirrar spurningar sem ég nefndi hér áðan, hvort áætlanir séu uppi um að byggja upp sérhæfðar deildir starfs- og iðnnáms við fjölbrautaskóla landsins, sem tengjast atvinnuháttum viðkomandi byggða sem áður eru nefndar.

[14:15]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Með lögum um framhaldsskóla var gerð umtalsverð breyting á stjórnsýslulegri umgjörð starfsnáms í landinu. Sett var á laggirnar samstarfsnefnd fulltrúa atvinnulífsins um starfsnám á framhaldsskólastigi og skipuð voru 14 starfsgreinaráð sem skulu vinna að tillögugerð um námskrár í starfsnámi hvert á sínu sviði. Þá gera lögin ráð fyrir því að skólanefndir einstakra framhaldsskóla geti sett á fót ráðgjafanefndir með fulltrúum atvinnulífsins í viðkomandi byggðarlagi. Allt var þetta gert, allar voru þessar ráðstafanir til þess að efla samstarf atvinnulífs og skóla til að auka veg starfsmenntunar. Lögin opna þannig fyrir möguleika skólanna til að bjóða upp á menntun sem tengist atvinnulífi næsta nágrennis.

Þannig hefur Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi nýlega skipulagt nám á stóriðjubraut í samstarfi við fyrirtækin á Grundartanga og undirbúningur er að svipuðu námi á Asuturlandi í tengslum við þau uppbyggingaráform sem þar eru og bind ég miklar vonir við að það mál muni fá farsælan framgang. Nám í fiskeldi var um skeið kennt við Fjölbrautaskóla Suðurlands í tengslum við fiskeldi á Kirkjubæjarklaustri. Grunnstig vélstjórnar eru víða í boði, svo og grunndeildir verknámsdeilda í löggiltum iðngreinum. Þá er á vegum einstakra starfsgreinaráða unnið að tillögugerð um nýtt námsframboð í starfsnámi og væntanlega munu skólarnir reyna að nýta sér þetta námsframboð í starfi sínu og það tengjast atvinnulífi viðkomandi svæðis.

En því er ekki að leyna að stundum fást ekki þær undirtektir hjá nemendum sem vonir standa til þegar nýtt nám er annars vegar eins og dæmin hafa sýnt. Má nefna að sjávarútvegsbraut hefur verið í boði við sex framhaldsskóla utan Reykjavíkur undanfarin ár, en ekki hefur reynst unnt að reka hana nema á einum stað á landinu, þ.e. við Stýrimannaskólann í Reykjavík. Ástæðan er sú að lítil aðsókn hefur verið að þessu námi.

Eins og áður var rakið styður löggjöf um framhaldsskóla eflingu starfsmenntunar sérstaklega. Ef óskir berast, ég tek það fram að ef óskir berast frá framhaldsskólum um að bjóða fram sérhæft starfsnám þá skoðar ráðuneytið það með jákvæðum huga. Þróun námsframboðsins er að talsverðu leyti undir frumkvæði og áhuga heimamanna komið og það er mjög brýnt mál að mínu mati að standa fast við það að búast við og ætlast til frumkvæðis af hálfu heimamanna í þessum efnum og það dæmi sem ég nefndi hér sérstaklega um stóriðjumenntun á Austurlandi er í nánum tengslum við það frumkvæði sem heimamenn hafa haft í þeim efnum.

Skólarnir verða því að leggja fram áætlanir sem sýna að líklegt megi teljast að hægt verði að reka viðkomandi braut og að væntanlega verði svo mikil aðsókn að henni að skólinn geti rekið hana fyrir það fjárframlag sem honum er til þess ætlað.

Það hefur því miður stundum reynst erfitt að byggja upp starfsnámsbrautir sem eru sérhæfðar með tilliti til atvinnuhátta viðkomandi byggðar. Ástæðurnar hafa fyrst og fremst verið þær að ekki hefur verið nægilega mikil eftirspurn eftir

náminu. Þá hefur einnig stundum skort á að stuðningur frá atvinnulífi svæðisins við námstilboðið hafi verið nægilegur.

Það er hins vegar mikilvægt að hvetja skóla og atvinnulíf til þess að vera stöðugt vakandi fyrir þeim möguleikum sem löggjöf um framhaldsskóla heldur opnum, að móta í sameiningu skóla- og fyrirtækjanám sem tengist atvinnulífi á viðkomandi stöðum.

Ég vil geta þess sérstaklega, vegna þess sem fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, Björgvins Sigurðssonar, að besta byggðastefnan væri uppbygging menntunarinnar, að ég tek heils hugar undir það, m.a. vegna þess að fram hafa komið veikleikar í löggiltum iðngreinum úti á landi í smæstu skólunum. Þá hefur ráðuneytið verið að móta hugmyndir um hvernig væri hægt að styðja þessa skóla til þess að halda uppi lögbundnum iðngreinum þegar svo vill til að eftirspurn minnkar verulega. Það er oft mjög brýnt að geta haldið þessu við þannig að menn komist yfir erfiðleikatímabilin sem standa oft ekki nema eitt eða tvö ár og að þá sé hægt að halda náminu við í þeirri von að aðsókn að því aukist síðar.

Ég vil geta þess sérstaklega að námi í löggiltum iðngreinum tengist að sjálfsögðu slagkraftur byggðarlaganna til þess að fást við sinn byggðavanda. Verknámið skiptir því mjög miklu máli fyrir byggðastefnuna og ég hygg að einhugur sé um það á hinu háa Alþingi að framhaldsmenntunin og menntunin almennt sé beinlínis grundvöllur byggðastefnu.

[14:20]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna ummælum hæstv. ráðherra hér rétt áðan um að ráðuneytið vilji styðja við skóla á landsbyggðinni eða í dreifbýlinu til þess að halda uppi námi í löggiltum iðngreinum þó að á bjáti um tíma. Það hefur nefnilega skort ansi mikið upp á það að menn gerðu slíka hluti hér á undanförnum árum. Hér hafa skólayfirvöld á ýmsum stöðum þurft að hrökklast frá því að halda uppi námi í löggiltum iðngreinum á undanförnum árum. Reyndar hefur ekki verið nægilegur skilningur á því að það nám sem um er verið að tala þarna er miklu dýrara en bóklega námið. Þess vegna er full ástæða til þess að taka grannt eftir því sem hæstv. menntmrh. var að segja og fagna því.

Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn. Ég tel fulla ástæðu til að ræða þessi mál hér. Vitanlega skiptir frumkvæði heimamanna miklu máli og það kom fram í ræðu hæstv. ráðherra að árangur varð af slíku á Akranesi núna fyrir stuttu.

[14:22]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég tek undir það sem fram kom hjá hæstv. ráðherra um að það er ekkert í lögunum sem í rauninni kemur í veg fyrir ýmiss konar starfsnám eða bara nám í framhaldsskólum landsins. Lykilatriðið er að frumkvæði komi frá einstökum skólum og ekki síst því atvinnulífi sem þeir þjóna hverju sinni. Það þarf frumkvæðið að koma.

En í þessu geta verið ákveðnar mótsagnir. Það er eðlilegt og tengist auðvitað byggðastefnu eins og hér hefur komið fram að skólar bjóði nemendum sínum upp á sem fjölbreyttast nám. En þegar aðsókn er hins vegar mjög lítil er sú hætta fyrir hendi að gæðum kennslunnar fari hrakandi. Það þarf auðvitað alltaf að vera útgangspunkturinn í allri kennslu að gæðin séu höfð að leiðarljósi því annars er verið að bjóða nemendum í rauninni falskt nám, þ.e. ef gæðin eru ekki tryggð.

Ég árétta að gæðin þurfa að vera til staðar og að frumkvæði heimamanna, atvinnulífs og skóla er lykillinn að vel heppnuðum starfsmenntaskóla.

[14:23]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra og þeim hv. þingmönnum sem í umræðunni tóku þátt málefnalega og greinargóða umræðu þar sem fram kom samstaða um mikilvægi þess að undirstaða alvörubyggðastefnu til framtíðar og einkum þess sem getur stöðvað fólksflóttann og byggðahrunið sem átt hefur sér stað í tíð núverandi ríkisstjórnar er öflug menntun og uppbygging kraftmikilla menntastofnana heima í héraði. Vil ég nota þetta tækifæri, herra forseti, til að skora á heimamenn, atvinnulíf byggðanna, svo og menntamálayfirvöld að taka höndum saman og standa að uppbyggingu sérhæfðra starfs- og iðnbrauta í héraði sem ríma við það atvinnulíf sem þar er rekið. En til að svo megi verða og til að þannig til takist að árangur náist, sem skiptir verulegu máli í uppbyggingu og viðgangi byggðanna, þarf að koma til pólitískt frumkvæði og vilji af hálfu ráðuneytisins til að virkja þann kraft sem víða liggur heima í byggðunum og er til staðar ef menn hafa það á tilfinningunni að fjármagn og skilningur fáist hjá menntamálayfirvöldum nái menn höndum saman við atvinnulíf byggðanna og þá sérhæfðu atvinnu sem þar er víða rekin og mundi nýtast skólunum sérstaklega vel til að byggja upp til lengri tíma kraftmikið og gott nám sem eykur bæði vöxt og viðgang byggðanna svo og skólanna sjálfra.

[14:25]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Byggðavandinn sem Íslendingar hafa glímt við er mun flóknara vandamál en svo að hann verði leystur með því að efla til muna aðgang fólksins í landinu að menntun. Eins og ég hef sagt áður þá skortir það ekki hér á Íslandi. Við höfum gengið lengra en aðrar þjóðir í þessum efnum og það er það sem hefur styrkt byggðirnar í þessari baráttu. Byggðavandinn er mjög flókið samspil þátta sem tengist menningarlífi, tengist atvinnuháttum og tengist breytingum í þjóðfélaginu sem hafa leitt til meiri sérhæfingar og það er alveg ástæðulaust að ætla sér að reyna að glíma við þennan vanda með því að einfalda málið um of.

Það er hárrétt sem hefur komið fram í þessari umræðu að menntamálin eru undirstaða í byggðamálum og við höfum gengið mjög langt í þessum efnum og við erum nú — það hefur komið fram í þessari umræðu hér í dag — að stíga enn frekari skref í þessa veru. Við höfum líka gengið mjög langt í því að flytja háskólamenntun til hinna dreifðu byggða og það hefur líka styrkt hinar dreifðu byggðir. Í þessum efnum erum við því á réttri braut.

Ég vil taka fram að ég er ánægður með að finna þann skilning sem ríkir á Alþingi á því hversu mikilvæg undirstaða byggðastefnu menntamálin eru. Ég held að við eigum að vinna á þeim grundvelli að tengja saman betur en verið hefur menntamálin og byggðamálin. Ég hef átt mjög gagnlegar viðræður við ráðherra byggðamála um þessi mál og við höfum náð saman um sameiginlegan skilning á þessu og munum starfa saman í þeim anda nú í framtíðinni fram að kosningum og hugsanlega jafnvel eftir kosningar.

Samræmd stúdentspróf.

Fsp. BjörgvS, 541. mál. — Þskj. 888.

[14:27]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Herra forseti. Ákveðið hefur verið að skylda íslenska framhaldsskólanema til þess að taka svokölluð samræmd stúdentspróf. Óhætt er að fullyrða að sú ákvörðun er umdeild og hefur sætt talsverðri gagnrýni í skólasamfélaginu á undangengnum vikum og mánuðum. Megintilgangur þessara prófa er sagður vera sá að jafna aðstöðu nemenda og gera þeim og viðtökuskólunum kleift að bera frammistöðu nemenda saman á jafnréttisgrundvelli þannig að háskólar geti tekið mið af einkunum þegar teknir eru inn nýir nemendur að hausti eða um áramót. Það er hins vegar ljóst að í háskólum fer fram sérhæft nám sem t.d. ekki er kennt á framhaldsskólastigi og í því ljósi orkar þessi gjörningur tvímælis í augum margra.

Sterk rök eru fyrir því, herra forseti, að mínu mati að fresta samræmdum prófum um óákveðinn tíma, endurskoða framkvæmd þeirra og gera skólunum kleift að undirbúa þau betur. Ekki var ljóst fyrr en seinni partinn í desember í hvaða námsgreinum yrði prófað og með hvaða hætti. Því var vonlaust að hefja kynningu á samræmdu prófunum innan skólasamfélagsins fyrr en nú í janúar. Það er til að mynda óréttlátt að nemendur sem nú þegar hafa lokið öllum námsáföngum í íslensku, hófu t.d. nám haustið 2000 og luku síðasta áfanga haustið 2002 og stefna að því að ljúka stúdentsprófi vorið 2004, þurfi að þreyta samræmt stúdentspróf löngu seinna, þ.e. í janúar 2004.

Við það að fresta upptöku samræmdra prófa væri hægt að lagfæra margt í framkvæmd þeirra sem ætti að verða til þess að sátt náist um samræmdu prófin, t.d. að taka falleinkunn út þannig að um viðbótarupplýsingar sé að ræða sem raskar ekki brautskráningu nemenda, sem eitt dæmi. Þá má nefna að bekkjaskólar þurfa svigrúm til að aðlaga kennslu sína að því að einingafjölda í viðkomandi greinum sé náð þegar prófið á að fara fram í janúar 2004, eins og er tilfellið varðandi íslenskukennslu í Menntaskólanum í Reykjavík.

Herra forseti. Í þessu ljósi spyr ég hæstv. menntmrh.:

Mun ráðherra endurskoða eða afturkalla ákvörðun sína um boðuð samræmd stúdentspróf á vorönn 2004 í kjölfar eindreginna mótmæla nemendafélaga, skólastjóra og kennara gegn framkvæmdinni og fresta samræmdum stúdentsprófum um óákveðinn tíma?

[14:30]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Í 24. gr. laga um framhaldsskóla frá árinu 1996, með síðari breytingum, er kveðið á um að stúdentspróf skuli vera samræmd í tilteknum greinum. Það er því langt síðan þessi ákvörðun var tekin. Í bráðabirgðaákvæði sömu laga segir að samræmd lokapróf skuli komin til framkvæmda á skólaárinu 2003–2004. Reglugerðin um samræmd stúdentspróf í framhaldsskólum er því sett á grundvelli laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996.

Reglugerðin gerir ráð fyrir að samræmd stúdentspróf verði haldin í þremur námsgreinum, íslensku, ensku og stærðfræði. Um er að ræða lykilgreinar til undirbúnings námi á háskólastigi. Í bráðabirgðaákvæði er þó kveðið á um að einungis verði haldið samræmt stúdentspróf í íslensku í janúar 2004. Samræmd stúdentspróf koma því ekki til fullra framkvæmda fyrr en í upphafi ársins 2005 þar sem prófið í íslensku er valkvætt og nemendur þurfa ekki að taka það. Með því að hafa einungis próf í íslensku á árinu 2004 er farið hægt af stað með framkvæmd reglugerðarinnar. Skólum og nemendum er þannig veittur aðlögunartími, auk þess sem reynslu er aflað. Ég legg áherslu á að það er mikils virði að fá reynslu af þessu fyrirkomulagi.

Þegar reglugerðin verður komin til fullra framkvæmda þurfa nemendur að þreyta samræmd próf í tveimur námsgreinum sem þeir ákveða sjálfir, en mega taka öll þrjú prófin. Má gera ráð fyrir að nemendur kjósi almennt að þreyta þau tvö próf sem eru í kjarna þeirrar námsbrautar sem þeir stunda nám á.

Lengi hefur verið gagnrýnt að einkunnir á stúdentsprófum í framhaldsskólum séu ekki sambærilegar og því er það í raun réttlætismál fyrir nemendur að fá að þreyta samræmd próf. Á þann hátt er mögulegt að leggja hlutlægt mat á frammistöðu þeirra, auk þess sem prófin gefa fræðsluyfirvöldum mikilvægar upplýsingar um skólakerfið og almennan námsárangur nemenda. Prófin geta einnig verið tæki fyrir kennara og skóla til að meta kennslu sína og skipuleggja starf sitt. Auk þess auðvelda prófin viðtökuskólum réttláta inntöku nemenda.

Við undirbúning reglugerðarinnar hafði menntmrn. samráð við helstu hagsmunaaðila, málþing og kynningarfundir voru haldnir, auk þess sem reglugerðardrögin voru send helstu hagsmunaaðilum til umsagnar sl. vor. Það voru m.a. Kennarasamband Íslands, Félag framhaldsskóla, skólameistarar og aðrir stjórnendur, starfsnefnd háskólastigsins, Félag framhaldsskólanema og Námsgagnastofnun.

Umsagnir bárust frá öllum nema Félagi framhaldsskólanema og var tekið tillit til ýmissa athugasemda sem fram komu. Bréf frá ráðuneytinu var sent öllum framhaldsskólum ásamt reglugerðinni í byrjun janúar 2003. Þar kom m.a. fram að prófdagur í íslensku árið 2004 yrði 8. janúar. Jafnframt var óskað eftir því að reglugerðin yrði kynnt nemendum og kennurum. Námsmatsstofnun mun halda kynningarfundi um samræmdu prófin með öllum framhaldsskólum á landinu og hefjast þessir fundir strax nú á vormissiri.

Menntmrn. hefur ákveðið að gera þá breytingu á reglugerðinni að ákvæði um lágmarkseinkunn á samræmdu stúdentsprófi verði fellt burt. Einnig mun koma skýrar fram en áður í reglugerðinni að nemendum sem útskrifast með stúdentspróf vorið 2004 og haustið 2004 sé ekki skylt að þreyta samræmt stúdentspróf í íslensku í janúar 2004.

Ég held að það sé líka gott fyrir þingmenn að huga að því hvernig þjóðir í Evrópu haga þessum málum, þ.e. hvort þær styðjast við próf í framhaldsskólum sem eru samin í skólunum sjálfum og eiga þar uppruna, eða hvort þessar þjóðir styðjast við utanaðkomandi mat á skólastarfinu. Og þegar það er skoðað kemur í ljós að það fyrirkomulag sem hér tíðkast á Íslandi, um að prófin séu yfirleitt samin innan skólanna, flokkast til undantekninga. Flestar þjóðir í Evrópu notast við utanaðkomandi mat á skólunum til þess að gera sér betur grein fyrir því hvernig til tekst með skólastarfið. Þetta er atriði sem ég held að sé rétt að hafa í huga við þessa umræðu.

[14:34]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Auðvitað má gagnrýna menntmrn. fyrir eitt og annað í framkvæmd þessari við að koma á samræmdum stúdentsprófum. Það má t.d. nefna hversu langan tíma það hefur tekið frá stefnumörkuninni sem gerð var snemma á síðasta áratug og reyndar frá 1996 er nú liðinn

dágóður tími frá því að þetta var lögfest. Gagnrýna má ráðuneytið fyrir það að málþingin sem hafa verið haldin um þetta mál, annað 1997 og hitt árið 2001, voru bæði lokuð. Og svo má gagnrýna ráðuneytið fyrir að reglugerðin var ekki send út fyrr en í lok maí eða byrjun júní eða við lok starfstíma skólanna.

En mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji í alvöru að miðstýring af þessu tagi sé ekki hættuleg auknu sjálfstæði skólanna, sem manni hefur nú fundist vera og er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að eigi að auka, og hvort hann haldi að stöðluð próf af þessu tagi séu hluti af þeim framtíðarskóla sem mikið er talað um nú um stundir.

[14:36]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. menntmrh. að nokkuð er um liðið síðan sú ákvörðun lá fyrir að taka ætti upp samræmd stúdentspróf í framhaldsskólum. Það hins vegar eitt og sér réttlætir ekki þá ákvörðun. Hún hlýtur að vera jafnumdeild nú eins og hún var þegar hún var tekin. Og það er auðvitað eðlilegt að menn velti því fyrir sér hvort það sé forgangsmál nú um stundir að taka upp samræmd stúdentspróf í framhaldsskólum.

Þess vegna, herra forseti, er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. ráðherra hver sé áætlaður kostnaður við framkvæmdina af samræmdum stúdentsprófum. Maður hlýtur að velta því fyrir sér hvort þeim fjármunum sé ekki betur varið í skólakerfinu, sérstaklega í framhaldsskólunum. Því eins og þingheimur veit hefur verið mikil umræða um það undanfarin ár að þar sé verulegur fjárskortur.

Einnig er spurning hvort eðlilegt sé að það sé endilega afgreitt í framhaldsskólunum að koma á réttlátari inntöku í háskóla í landinu, hvort ekki sé eðlilegt að háskólarnir annist sjálfir það mat sem þeir vilja hafa á því sem nemendur þurfa að hafa lokið áður en þeir fá inngöngu í háskóla.

[14:37]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra og hv. þingmönnum fyrir umræður um þetta umdeilda og að mörgu leyti merkilega mál og tek undir ýmislegt sem hér hefur komið fram. Ég bendi á að það sem kallar kannski hvað helst á frestun upptöku samræmdu prófanna er að þó að ákvörðun hafi verið tekin um þau fyrir mörgum árum, þá var ekki ljóst fyrr en í lok desember á síðasta ári hvernig framkvæmdinni yrði háttað og í hvaða grein yrði prófað. Þess vegna tel ég brýnt að fresta upptöku á samræmdum prófum um óákveðinn tíma og endurskoða alla framkvæmdina frá grunni í samráði við þá aðila sem að henni koma og ná þannig víðtækri sátt um framtíðarskipan samræmdra prófa, þannig að þau megi vera til að bæta og efla framhaldsskólastigið en verði ekki til þess, eins og fram kom í máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, að draga úr fjölbreytileika og sjálfstæði skólanna, sem er einn helsti aðall íslenskra framhaldsskóla hve þeir eru fjölbreytilegir að gerð og uppbyggingu.

Það má alls ekki verða svo, herra forseti, að upptaka samræmdra prófa verði til þess að yfir á þær greinar sem prófað er í samræmt færist meginþungi kennslunnar og sá metnaður sem til staðar er heldur á þær greinar sem skólarnir hafa möguleika á að kenna. Því skora ég aftur á hæstv. menntmrh. að fresta upptöku samræmdra prófa um óákveðinn tíma og ná þannig víðtækri sátt og samstöðu um málið.

[14:39]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Eins og fram kom í máli mínu er það svo að í raun er tveggja ára aðdragandi að þessari breytingu þannig að hún komi til fullra framkvæmda. Og prófið sem haldið verður í janúar 2004 er valkvætt.

Ég vil hins vegar að það komi mjög skýrt fram í þessari umræðu að athugasemd hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um miðstýringu og hættu á að vegið yrði að sjálfstæði skólanna er byggð á fullkomnum misskilningi. Það er einmitt tenging á milli þessa tveggja sem ég vona að hv. þm. geri sér grein fyrir. Eftir því sem sjálfstæði grunnskólanna hefur verið aukið og eftir því sem sjálfstæði framhaldsskólanna er aukið vex þörfin á því að hafa mat á skólastarfinu og enginn hefur látið sér detta í hug að mæla gegn því. Þess vegna hefur mat og eftirlit skólanna sjálfra með eigin starfi og eftirlit ráðuneytisins með starfi skólanna verið aukið. Og hluti af þessu mati er að sjálfsögðu að búa til próf, samræmd próf utan skólanna, sem er sameiginlegur mælikvarði á starfsemi skólanna.

Þessu gera sér allir grein fyrir og á þessu byggist það, hv. þm., að meiri hluti Evrópuþjóða notast við slíkt mat, notast við slíkt samræmt mat. Meiri hluti Evrópuþjóða er með sambland af skólaprófum og samræmdum prófum til þess að hægt sé að framkvæma þetta mat. Raunar er svo að þrjú Evrópulönd eru eingöngu með utanaðkomandi próf, þó ég sé ekki að mæla með því hér.

Ég held að það sama gildi um grunnskólann eins og framhaldsskólann að hér er verið að búa til í samræmi við vaxandi sjálfstæði skólanna matskerfi til þess að sjá hvernig skólastarfinu reiðir fram.

Einnig er mikilvægt að taka það fram vegna þeirrar umræðu sem var áðan að þessi samræmdu próf í framhaldsskólunum verða í þremur undirstöðugreinum og það eru allir sammála um að það sé mjög mikils virði að skólarnir setji sér sameiginleg markmið í þessum þremur undirstöðugreinum.

Sementsverksmiðjan hf.

Fsp. ÁSJ og JB, 554. mál. — Þskj. 901.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég beini spurningu til hæstv. iðnrh. varðandi málefni Sementsverksmiðjunnar hf. á Akranesi. Eins og kunnugt er hafa málefni verksmiðjunnar verið mjög í brennidepli undanfarna marga mánuði vegna samkeppnismála og undirboða frá fyrirtækinu Aalborg Portland hf. sem hefur hafið innflutning fyrir nokkru á sementi til Íslands og er nú með u.þ.b. 20% hlutdeild í sementssölu hér innan lands. Mjög mikilvægt er að fá umræðu um málefni Sementsverksmiðjunnar í framhaldi af þeim umræðum sem voru um hana á síðustu mánuðum og við gerð síðustu fjárlaga.

Í fyrsta lagi langar mig til að spyrja hæstv. iðnrh. um hver niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA varðandi samkeppnisstöðu Sementsverksmiðjunnar hf. hafi orðið.

Í öðru lagi langar mig að fá svör hæstv. iðnrh. við því hvernig fjárreiður verksmiðjunnar standa í augnablikinu. Eins og kunnugt er lagði Vinstri hreyfingin – grænt framboð til við gerð síðustu fjárlaga að vandi Sementsverksmiðjunnar yrði leystur tímabundið með því að auka hlutafé ríkisins í

verksmiðjunni, en hæstv. ríkisstjórn fór aðrar leiðir og þess vegna spyr ég: Hvað líður kaupum ríkisins á lóð Sementsverksmiðjunnar hf. að Sævarhöfða 31 í Reykjavík ásamt tilheyrandi mannvirkjum, samanber heimild í 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2003? Hæstv. ríkisstjórn ákvað að fara þá leið að selja þá eign til að losa um peninga fyrir verksmiðjuna í stað þess að auka hlutafé eins og Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafði lagt til. Það er mikilvægt að fá svör við því hvar þessi mál standa.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að fá svör við því hver verða næstu skref iðnrn. varðandi málefni Sementsverksmiðjunnar hf. en eins og kunnugt er liggur fyrir þáltill. hér í þinginu, í hæstv. iðnn., þar sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að gerð verði róttæk úttekt á því hver hlutur Sementsverksmiðjunnar hf. geti orðið í förgun orkuríkra úrgangsefna í framtíðinni og er það stórmál eitt og sér.

Virðulegi forseti. Það eru þessar þrjár spurningar sem mig langar til að fá svör við frá hæstv. iðnrh. varðandi málefni Sementsverksmiðjunnar hf. á Akranesi.

[14:44]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Sementsverksmiðjan sendi Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, bréf dagsett 30. okt. 2001, þar sem kvartað var yfir meintu broti Aalborg Portland á 54. gr. EES-samningsins.

Svarbréf frá ESA barst fyrirtækinu skömmu fyrir síðustu jól. Þá voru liðnir rúmlega 13 mánuðir frá því að Sementsverksmiðjan hf. hafði sent inn kvörtun til stofnunarinnar. Samkvæmt bréfinu er það mat ESA að Aalborg Portland Ísland sé ekki með markaðsráðandi stöðu á Íslandi. Það er niðurstaða ESA að Aalborg Portland sé ekki að selja sement til Íslands undir breytilegum kostnaði fyrirtækisins, en það væri ólöglegt.

Út frá því sjónarhorni er komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé verið að brjóta 54. gr. EES-samningsins. Taka skal fram að hér er ekki um endanlegan úrskurð að ræða heldur er um að ræða fyrsta fasa af þremur í úrvinnslu Eftirlitsstofnunarinnar á málinu.

Forráðamenn Sementsverksmiðjunnar hf. eru ósáttir við þennan úrskurð og telja að ESA hafi ekki svarað þeirri spurningu sem lögð var fyrir hana af hálfu fyrirtækisins um það hvort verðlagning á sementi hjá Aalborg Portland Ísland sé eðlileg eða ekki. Því er fyrirtækið nú að senda svarbréf til ESA þar sem farið er fram á að stofnunin vinni áfram í málinu og fylgir með bréfinu ítarlegur rökstuðningur.

Á fjárlögum þessa árs er heimild skv. 7. gr. laganna að ríkið kaupi eignir Sementsverksmiðjunnar hf. að Sævarhöfða 31. Eignirnar eru verðmetnar á 250–300 millj. kr. Um er að ræða fasteignir og lóðarsamning. Sementsverksmiðjan hf. hefur óskað eftir viðræðum við fjmrn. um sölu eignanna og eru þær viðræður í gangi. Gera má ráð fyrir að niðurstaða fáist í málinu á næstu vikum og að gengið verði frá kaupum ríkisins á eignunum á Sævarhöfða mjög fljótlega.

Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum hefur rekstur Sementsverksmiðjunnar hf. verið afar þungur á síðustu tveimur árum, bæði vegna þeirrar hörðu samkeppni sem ríkir á markaði en einnig vegna þess að verulegur samdráttur hefur verið í notkun á sementi á síðasta ári eða allt að 35%. Af þeirri ástæðu er framleiðslustöðvun hjá fyrirtækinu nú sem stendur og verður ekki gangsett fyrr en seinni hluta febrúarmánaðar. Stjórnendur fyrirtækisins hafa lagt áherslu á að hagræða í rekstri og hefur umtalsverður árangur náðst. Haldið verður áfram á þeirri braut. Ljóst er að engar töfralausnir eru til í stöðunni. Mikilvægt er að niðurstaða fáist sem allra fyrst hjá ESA í málefnum Sementsverksmiðjunnar.

Þá er þess að geta að verið er að skoða ýmsa möguleika í sambandi við framtíð verksmiðjunnar sem ekki er ástæða til að tíunda núna en þegar mótaðar hafa verið tillögur um lausn mála munu þær eflaust koma til umfjöllunar á hv. Alþingi.

[14:48]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Tíminn er nú að renna mjög hratt úr stundaglasi Sementsverksmiðjunnar og mér finnst vanta dálítið upp á það að stjórnvöld tali skýrt í málinu. Ég held að það hefði verið betra ef það hefði legið fyrir fyrr að það væri meining stjórnvalda að sjá til þess að áframhaldandi rekstur eða, til vara, áframhaldandi framboð á sementi kæmi frá þessu fyrirtæki inn í framtíðina þannig að þeir sem eru komnir inn í þessa samkeppni, inn á markaðinn vissu að þeir gætu ekki bolað þessum keppinauti út af markaðnum heldur yrðu þeir að horfast í augu við framtíð þar sem þeir væru að keppa við hann, hvort sem framleiðsla sements heldur áfram eður ekki.

Það skortir fleira á heldur en þetta vegna þess að það er alveg ljóst að ríkið mun ekki geta átt þetta fyrirtæki í framtíðinni. Það þarf að fá aðra eignaraðila að fyrirtækinu því að ríkið getur ekki staðið í samkeppnisrekstri á þeim markaði sem hér er um að ræða. Þetta er verkefni ríkisvaldsins og því hefur ekki verið sinnt.

[14:49]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég hefði viljað fá snarpari undirtektir hjá hæstv. iðnrh. og að það væri vilji og stefna ríkisvaldsins að styrkja stöðu Sementsverksmiðjunnar og standa að henni með þeim hætti að hún stæði örugglega af sér þessa samkeppni sem kemur nú erlendis frá með undirboðum, hvort sem þau eru lögleg eða ekki. Það er ljóst að líði sementsframleiðsla hér á landi undir lok þá verðum við ofurseld innfluttri einokun því að í raun er hér ekki pláss fyrri marga aðila á sementsmarkaðnum og ég tala nú ekki um erlenda aðila.

Þess vegna skiptir staða Sementsverksmiðjunnar gríðarlegu máli bæði fyrir þjóðina alla og einnig líka störfin og verkefnið á Akranesi.

Ég vil og benda á að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, við hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, eigum þingmál í iðnn. og ég skora á hv. nefnd að ljúka meðferð þess sem allra fyrst þannig að málið komi aftur inn í þingið.

[14:51]

Fyrirspyrjandi (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Svör hæstv. iðnrh. voru ánægjuleg að því leyti til hvað varðar fyrsta liðinn um samkeppnisstöðu verksmiðjunnar að hún er ekki talin einokandi eða einráð á markaði.

En svör við öðrum liðnum valda vonbrigðum um hvað gengur hægt að ganga frá sölu eigna og styrkja stöðu verksmiðjunnar með þeim peningum sem út úr því koma. Það hlýtur að vera forgangsverkefni að ganga í þau mál og koma þeim í gegn.

Einnig vekja vonbrigði svörin við þriðja lið, þ.e. hver verði næstu skref iðnrn. í málefnum verksmiðjunnar. Hæstv. ráðherra segir að engar töfralausnir séu til. En í raun er

hugmyndin um að gera verksmiðjuna að stórum þátttakanda í eyðingu orkuríkra úrgangsefna gríðarlega spennandi lausn fyrir verksmiðjuna. Aðrar verksmiðjur hafa styrkt sinn rekstur, verksmiðjur sem þessi verksmiðja er að keppa við, *einmitt á þeim grunni*. Til *þess að verksmiðjunni gagnist* þessi vinna sem er verið að fara í þá þarf að fara í þessi mál núna. Engan tíma má missa.

Sú grunnhugmynd með að verksmiðjan e.t.v. breyti um form að einhverju leyti og verði liður í spilliefnaförgun okkar er gríðarlega stórt mál fyrir landið allt vegna þess að ef við gerum þetta ekki á þessum nótum, með þátttöku verksmiðjunnar í þessu dæmi, þá þurfum við að reisa aðrar förgunarverksmiðjur sem munu verða ríkisvaldinu ákaflega dýr lausn. Þannig standa málin í dag.

Þess vegna eru það vonbrigði að hæstv. iðnrh. skuli ekki treysta sér til þess að koma með einhverjar hugmyndir um hvernig ráðuneytið mun vinna að styrkingu stöðu þessarar verksmiðju sem er gríðarlega mikilvæg fyrir Akranes. Hún er hundrað manna vinnustaður.

[14:53]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Já, það eru vonbrigði að ég skuli ekki geta talað skýrar í þessu máli. Ég get raunar skilið að hv. þm. hefðu gjarnan viljað það. Ég vil þó halda því fram og endurtaka það sem ég sagði áðan, að við erum að vinna að málefnum verksmiðjunnar og í rauninni er það forgangsverkefni. Ég er alveg sammála því sem hefur komið hér fram að við höfum ekkert mikinn tíma og þess vegna er þetta mjög brýnt mál.

Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, að *áframhaldandi framboð á sementi* er höfuðatriði. Það er grundvallaratriði að þarna verði áfram boðið upp á sement og að ekki verði einokun á markaðnum. Hvort fleiri aðilar komi að þessari verksmiðju, þá er það mál sem vissulega kemur til greina. Samkvæmt lögum er heimilt að selja 25%. Einnig mætti hugsa sér að auka þarna hlutafé. Ég ætla ekki að útiloka það heldur.

Ég vil bara fullvissa hv. þingmenn um það að þó að svör mín séu kannski rýr þá lít ég þetta mál mjög alvarlegum augum. Við erum að vinna að því í ráðuneytinu að leysa það.

Embætti umboðsmanns neytenda.

Fsp. BjörgvS. 532. mál. — Þskj. 876.

[14:54]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Herra forseti. Neytendavernd er á meðal brýnustu hagsmunamála almennings. Neytendavernd á Íslandi er tiltölulega lítil þó að samkeppnislög, Neytendasamtökin og ýmislegt fleira bæti þar svo sannarlega úr. Það er mikilvægt að til komi róttækar lagalegar úrbætur á réttarstöðu neytenda og að brotið verði í blað hvað varðar réttindi almennings gagnvart verslun og þjónustu hvers konar.

Sterk hefð er fyrir góðri neytendavernd á Norðurlöndunum og til dæmis um það eru þar starfandi sérstakir embættismenn, umboðsmenn neytenda, auk neytendastofnana á vegum hins opinbera og frjálsra félagasamtaka. Neytendasamtökin íslensku hafa lengi óskað eftir því að stofnað verði sérstakt embætti umboðsmanns neytenda hér á landi. Stjórnvöld hafa fram að þessu hafnað því og telja að Samkeppnisstofnun gegni þessu hlutverki. Áherslur sem varða samkeppni og neytendavernd fara hins vegar ekki alltaf saman eins og blasir við í því fyrirkomulagi sem við búum við og getur það farið eftir áherslum embættismanna hvort skuli setja í fyrsta sæti atriði er lúta að samkeppni eða atriði er lúta að neytendavernd.

Ég tel, herra forseti, mjög mikilvægt að embætti umboðsmanns neytenda verði sett á laggirnar. Er það stór þáttur í að efla neytendavernd á Íslandi sem er eina norræna ríkið þar sem ekki er starfrækt sérstakt embætti umboðsmanns neytenda. Skora ég á hæstv. viðskrh. að beita sér fyrir því að slíku embætti verði komið á fót.

Þing Neytendasamtakanna hafa ítrekað lýst því yfir að þau telji ófullnægjandi að Samkeppnisstofnun fari með framkvæmd laga um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd og undir það tek ég heils hugar. Neytendaverndin hefur liðið fyrir of nána sambúð við samkeppnismálin. Þessu þarf að breyta og til þess er stofnsetning embættis umboðsmanns neytenda langbesta leiðin.

Því beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. viðskrh. hvort til standi að koma á fót embætti umboðsmanns neytenda.

[14:57]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef margoft lýst yfir mikilvægi þess að neytendavernd sé í hvívetna tryggð. Í þessu sambandi er rétt að nefna að oft hefur komið upp umræða um nauðsyn þess að sett verði á stofn sérstakt embætti umboðsmanns neytenda hér á landi.

Svo sem kunnugt er hefur Samkeppnisstofnun haft eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og í því sambandi hefur verið starfrækt sérstakt svið hjá stofnuninni sem fer með þessi mál. Það fyrirkomulag að hafa samkeppnisrétt og þann hluta neytendaverndar sem lýtur að óréttmætum viðskiptaháttum í einni og sömu stofnun er ekki óþekkt í viðskiptalöndum okkar. Þannig er þessum málaflokkum komið fyrir, svo dæmi sé nefnt, á Englandi og í Frakklandi. Í umræðu um það hvort setja beri á stofn embætti umboðsmanns neytenda hefur *gjarnan verið vísað til þess fyrirkomulags á Norðurlöndum* að þar starfi sérstakur umboðsmaður neytenda auk opinberra neytendastofnana og frjálsra neytendasamtaka.

VI. kafli samkeppnislaga fjallar um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og inniheldur hann í öllum aðalatriðum sömu ákvæði og markaðsfærslulög annarra Norðurlanda gera, þar með talið eftirlit með viðskiptaháttum og notkun staðlaðra samningsskilmála. Dæmin hafa einnig sýnt að afgreiðsla mála hjá Samkeppnisstofnun hefur verið í samræmi við afgreiðslur neytendastofnana Norðurlandanna. Samkeppnisstofnun framfylgir á sama hátt og neytendastofnanir Norðurlandanna einnig ýmsum sérlögum sem taka til verndar neytenda og sett hafa verið í samræmi við skuld*bindingar á grundvelli* EES-*samningsins*. Auk þess tekur Samkeppnisstofnun þátt í samstarfi neytendastofnana Norðurlanda og er að hluta til aðili að samstarfi umboðsmanna neytenda.

Í lögunum er gert ráð fyrir því að stofnunin geti haft frumkvæði að viðræðum við fulltrúa hinna ýmsu aðila í viðskiptalífinu í þeim tilgangi að hafa almenn áhrif á notkun staðlaðra viðskiptamála, t.d. hjá greiðslukortafyrirtækjum eða flugfélögum svo aðeins tvö dæmi séu nefnd. En á hinum

Norðurlöndunum er þetta einmitt eitt meginhlutverk umboðsmanna neytenda, þ.e. að veita fyrirtækjum aðhald gegn óheftri markaðsfærslu. Hins vegar hefur skortur á fjárframlögum til stofnunarinnar orðið til þess að hún hefur ekki getað sinnt slíkum málum með þeim hætti sem hún hefði helst kosið. Hingað til hefur Samkeppnisstofnun þó, eins og áður segir, tekið á þessum málum sem komið hafa þar til meðferðar með þeim hætti sem samkeppnislögin mæla fyrir um.

Ég tel ljóst að neytendur eða viðskiptavinurinn muni leika sífellt stærra hlutverk og stjórnmál munu snúast æ meira um að styðja við aðgerðir fyrirtækja og stjórnvalda í þágu neytenda. Það er því ljóst að allt viðskiptaumhverfi hefur tekið stakkaskiptum á Íslandi á liðnum árum, bæði fyrir fyrirtækin og neytendur. Auðvitað verða stjórnvöld eins og aðrir í samfélaginu að huga að því þegar miklar breytingar verða í því umhverfi sem þau starfa. Ég tel að það eigi við um neytendamál eins og aðra málaflokka á sviði stjórnsýslunnar.

Varðandi spurningu hv. 3. þm. Suðurl. hvort standi til að koma á fót embætti umboðsmanns neytenda vil ég því segja að það hefur ekki í reynd verið á dagskrá hingað til, ef svo má að orði komast. Vegna allra þeirra breytinga sem hafa þó átt sér stað á undanförnum árum og eru enn þá í þróun á sviði neytendaverndar hér á landi og í nágrannaríkjum okkar þá getur vel verið rétt að fara út í nánari athugun á kostum þess og göllum að stofnsetja slíkt embætti á Íslandi. Auk þess yrði hugað að því hvort þörf sé á öðrum umbótum á sviði neytendaverndar, hvort þær rúmist innan núverandi skipulags eða hvort þær krefjist skipulagsbreytinga að einhverju leyti.

Aðeins eftir slíka nánari yfirferð og skoðun er því hægt að svara spurningu hv. 3. þm. Suðurl. með afgerandi hætti. Ég vil þó þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir áhuga hans á málefnum neytenda, en innan þess málaflokks veit ég að fer fram mikið og gott starf af hálfu fjölmargra aðila sem því miður hefur ekki tekist að gera nægilega sýnilegt, hvorki almenningi né þingmönnum hér á landi. Úr því þarf að bæta.

Að lokum er rétt að vekja sérstaka athygli á því að hvað sem líður fyrirkomulagi sem haft er á eftirliti með neytendavernd þá ræður að lokum neytandinn sjálfur mestu um hvernig til tekst. Opinbert eftirlit getur aldrei komið í staðinn fyrir vökul augu og dómgreind hins almenna kaupanda.

[15:02]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft brýnu máli er varðar hagsmuni neytenda. Árið 1999 var skilað skýrslu um stefnumörkun í málefnum neytenda sem þáv. viðskrh. hafði sett á laggirnar. Þar er einmitt fjallað um umboðsmann neytenda og kemur fram að Samkeppnisstofnun geti ekki tekið afstöðu til hagsmunagæslu fyrir einn aðila markaðarins gegn öðrum. Bent er á að það séu fyrst og fremst hagkvæmnisrök að baki því að neytendamáladeild sé undir Samkeppnisstofnun.

Við höfum staðið okkur illa í þessum málum, virðulegi forseti. Neytendasamtök á Norðurlöndunum fá 85% af sínu rekstrarfé frá ríki. Hér fá þau 15%. Það þarf að taka á í þessu máli. Fyrsta skrefið gæti verið að fara yfir þessa skýrslu.

[15:03]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvini Sigurðssyni fyrir að vekja máls á þessu málefni. Ég minni á að hv. varaþingmaður, Drífa Sigfúsdóttir, á Reykjanesi, flutti einmitt þáltill. í þessa veru á síðasta kjörtímabili. Mér finnst full ástæða til að skoða hvort ekki sé ástæða til að neytendur fái sérstakan umboðsmann. Það er líka áhyggjuefni hve Neytendasamtökin eru í raun veik á Íslandi og hve slök meðvitund neytenda er. Ég hef oft vakið máls á því að þar sem fákeppni ríkir, t.d. á markaði hér á Íslandi á matvörumarkaði og víðar, vil ég að verðmyndun vöru sjáist, hvað lendir í vasa hverra, þ.e. söluaðila, framleiðenda, ríkis og milliliða. Þetta tel ég mjög brýnt. Þetta væri létt og rétt að gera á tölvuöld. Ég fagna þessari fyrirspurn og tel að hún eigi fullan rétt á sér.

[15:05]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra og þeim hv. þm. sem tóku þátt í umræðunni og fagna þeim stuðningi sem fram kom við málið, sérstaklega yfirlýsingu hæstv. viðskrh. um vilja hennar til að skoða kosti og galla þess að koma hér á fót embætti umboðsmanns neytenda. Ég tek undir að það er brýnt að kanna vel bæði kosti þess og galla og ég skora á hana að fylgja þessari yfirlýsingu sinni fast eftir og fara nú þegar í þá vinnu. Þannig mætti þetta embætti líta dagsins ljós innan tíðar, íslenskri neytendavernd til mikilla framfara.

Neytendavernd verður best tryggð með slíku embætti sem eingöngu fjallar um einstök mál út frá sjónarmiði neytenda. Með stofnun embættis neytenda væri stigið stórt skref í átt til aukinnar neytendaverndar hér á landi og íslenskir neytendur fengju þar með að búa við svipaðar aðstæður og bjóðast neytendum í öðrum löndum og þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Ég vil að síðustu minna á að í ályktun síðasta þings Neytendasamtakanna segir:

„Umboðsmaður neytenda tryggir þannig að eðlilegar og sanngjarnar leikreglur ríki á markaðnum og að farið sé að þeim leikreglum sem í gildi eru og að fullt tillit sé tekið til sjónarmiða neytenda og að hagsmuna þeirra sé gætt."

Þessi orð vil ég að lokum gera að mínum og skora aftur á ráðherra að fylgja yfirlýsingu sinni fast eftir þannig að við megum innan tíðar sjá embætti umboðsmanns neytenda líta dagsins ljós.

[15:06]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði áðan finnst mér full ástæða til að skoða þetta mál frekar. En mér finnst samt varhugavert að hengja sig í nafngiftina umboðsmaður neytenda. Þetta er í raun dýpra mál en svo að þetta snúist bara um skipulag. Ég tel þó ástæðu til að fara yfir skipulag þessara mála hér á landi. Samkeppnisstofnun hefur þarna haft miklu hlutverki að gegna og ég tel að hún hafi í sjálfu sér, miðað við tiltölulega þröngan fjárhag, staðið sig vel hvað þetta varðar.

Ég veit að Danir hafa t.d. verið að breyta sínu fyrirkomulagi. Þeir eru komnir með nokkuð sem þeir kalla „Forbrugernes hus". Þar er allt á einum stað. Það hlýtur að vera hagstætt neytendum og þægilegt að geta gengið að mikilvægum málum sem þá snertir á einum stað. Þeir eru með markaðsgæslu, verðmerkingar, upplýsingar til neytenda, kvörtunarþjónustu o.s.frv., allt í „Forbrugernes hus".

En af því að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir talaði um hvernig við stöndum að þessu hér á Íslandi að aðeins 15% komi frá ríkinu í sambandi við þennan málaflokk, (**RG:** Til Neytendasamtakanna.) í sambandi við rekstur Neytendasamtakanna, er það þó þannig að við höfum á síðustu árum

hækkað þessar fjárhæðir úr 6,8 milljónum í 8,3 og síðan hækkað þær um nokkrar milljónir nýlega. Þetta hefur verið að gerast á síðustu árum. Ég tel jafnframt mikilvægt að standa bærilega að málum hvað varðar samning við Neytendasamtökin en Neytendasamtökin sjá um ákveðna þjónustu fyrir viðskrn., t.d. kvörtunarþjónustuna og hafa gert það með ágætum.

Skelfiskveiðar og ástand lífríkis í Breiðafirði.

Fsp. ÁSJ og JB, 555. mál. — Þskj. 902.

[15:09]

Fyrirspyrjandi (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til þess að setja fram fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. varðandi skelfiskveiðar og ástand lífríkis í Breiðafirði. Fyrirspurnin er í tveimur liðum.

Í fyrsta lagi: Hvað hefur ráðherra gert eða hyggst gera varðandi rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar í ljósi þess að mjög hefur dregið úr skelfiskveiðum á svæðinu?

Það eru allir sammála um það heima fyrir, sem ég hef rætt við, að auknar rannsóknir séu nauðsyn, menn viti allt of lítið um lífríkið. Það hefur t.d. vantað neðansjávarmyndavélar hjá Hafrannsóknastofnun til að hægt væri að fylgjast nægilega vel með. Það er nauðsynlegt að fram komi hjá hæstv. ráðherra hvað hann hyggist gera til að auka rannsóknir þannig að þekking manna á ástandi svæðisins aukist.

Í öðru lagi, sem er ekki síður mikilvægt, er spurningin: Hefur ráðherra áform um að bregðast við vanda þeirra fiskvinnslufyrirtækja á svæðinu sem hafa reitt sig á skelfiskvinnslu?

Þetta er gríðarlegt hagsmunamál, sérstaklega fyrir Stykkishólm, sem hefur veitt og unnið u.þ.b. 80% skelinni úr Breiðafirði, en líka Grundarfjörð sem hefur reitt sig gríðarlega á þessa afurð, sá afli nemur um 20%.

Nú er verið að veiða u.þ.b. helming af því sem áður veiddist. Að jafnaði hafa verið veidd um 8.000–8.500 tonn á ári en veiðin er nú komið niður í 4.000 tonn. Menn eru efins um að sá afli náist. Menn hafa jafnvel talað um nauðsyn á því, út frá þeirri vísindalegu þekkingu sem nú er til staðar, að setja á veiðistopp sem gæti varað allt frá tveimur og upp í fjögur ár. Þetta er gríðarlegt högg fyrir þau fyrirtæki sem hafa stundað skelfiskvinnslu og reitt sig á hana, sérstaklega í Stykkishólmi. Hvað verðmæti varðar er þetta fyrir annað fyrirtækið þar rétt um 1.700 þorskígildistonn.

Það er mjög mikilvægt fyrir landið, ef við sjáum fram á bata hvað varðar vöxt og viðgang þessarar afurðar, að við höldum við þeirri kunnáttu sem er til staðar í Stykkishólmi og Grundarfirði varðandi veiði og vinnslu á þessari afurð.

Þess vegna er mikilvægt að hæstv. sjútvrh. greini þinginu frá því hvernig hann sjái fyrir sér að hægt verði að brúa það bil fyrir þessi fyrirtæki, 2–4 ár þó menn viti ekki hve lengi það kann að vara, þannig að þau geti starfað áfram og viðhaldið kunnáttu sinni í von um að úr rætist innan fjögurra ára hvað varðar veiðar á þessari afurð. Þarna eru gríðarleg útflutningsverðmæti. Við megum ekki tapa niður kunnáttunni. Þess vegna eru svör hæstv. ráðherra afar mikilvæg fyrir landið allt og þá náttúrlega sérstaklega fyrir þessi byggðarlög, Stykkishólm og Grundarfjörð, sem hafa reitt sig mjög á þessa vinnslu.

[15:12]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir fyrirspurnina.

Um ástand stofnsins er það að segja að meðalafli skelbáta var að jafnaði 1.600 kg á veiðistund árin 1996–1999 en hefur síðan farið ört minnkandi niður í aðeins um 885 kg síðari hluta ársins 2002, sem er samdráttur um 45%. Hefur afli á söknareiningu á öllu veiðisvæðinu dregist saman á þessu tímabili. Vísitala veiðistofns í Breiðafirði mældist einnig 43% minni í apríl 2002 en að jafnaði á sama tíma árin 1996–2000, eða sú lægsta frá upphafi sambærilegra stofnmælinga.

Af ofangreindum ástæðum lagði Hafrannsóknastofnun til verulegan samdrátt í leyfilegum hámarksafla af hörpudiski fyrir fiskveiðiárið 2002/2003, þ.e. að leyfðar yrðu veiðar á allt að 4.000 tonnum miðað við 6.500 og 8.000 tonn á fiskveiðiárunum 2001/2002 og 2000/2001.

Vegna lélegs ástands miðanna og dræmra aflabragða í upphafi þessa fiskveiðiárs, var farið í stofnmælingu í Breiðafirði dagana 19.–21. október sl. Niðurstöður voru þær að stofninn mældist um 40% minni í þyngd en sex mánuðum áður, í apríl 2002. Stofnstærðin nú er því aðeins 35% af meðaltali áranna 1996–2000 þegar stofninn virtist í nokkurri jafnstöðu. Magn hörpudisks hefur því farið jafnt og þétt minnkandi fram til október 2002 miðað við meðaltal áranna 1996–2000.

Athuganir á nýlegum, dauðum skeljum samhangandi á hjör, sýna fram á hæstu dauðsföllin hjá stærstu einstaklingunum, enda fækkaði skeljum í 90–95 millimetra stærðarflokkum um 75–100%. Í stærðarflokkum 60–85 millimetrum hefur skeljum í stofninum einnig fækkað í auknum mæli miðað við stærð, eða um 20–50%.

Í heild hefur skeljum í veiðistofninum því fækkað um 35% á aðeins sex mánuðum sem samsvarar um 40% miðað við þyngd. Engin áberandi dauðsföll voru hins vegar sjáanleg hjá yngri skel og vöxtur og nýliðun hjá yngri árgöngum virðist í meðallagi. Því er ljóst að hrun stofnsins síðan árið 2000 á einkum rætur að rekja til aukinna dauðsfalla hjá stærri og eldri skeljum.

Hörpudiskur er kaldsjávartegund og takmarkast útbreiðsla hennar við um eða rúmlega 10 gráður á Celsíus hámarkshita. Sjávarhiti við landið er hærri um þessar mundir en um langt árabil og þarf að fara allt aftur til áranna fyrir 1965 til að finna sambærilegt árferði í sjó, þ.e. til þess tímabils sem hörpudiskveiðar voru enn ekki ekki stundaðar við landið og lítið var vitað um útbreiðslu og magn tegundarinnar. Hugsanlega hafa skilyrði því farið batnandi fyrir hörpudisk þegar sjór fór kólnandi á sjöunda áratugnum en versnað aftur við hlýnun síðustu árin.

Með þetta í huga setti Hafrannsóknastofnunin á laggirnar árið 2001 nýtt vöktunarverkefni við útibúið í Ólafsvík þar sem tekin eru reglubundið sýni til að fylgjast með fisknýtingu, kynkirtlaþroska o.fl., auk þess sem settir voru niður síritandi botnhitamælar á tveimur stöðum í firðinum.

Á árinu 2002 hóf einnig nemandi við Háskóla Íslands meistaranámsverkefni sem m.a. er fólgið í því að kanna hitaþol hörpudisks eftir stærð. Fyrstu niðurstöður benda til þess að tegundin sé viðkvæm fyrir sjávarhita yfir u.þ.b. 11 gráðum á Celsíus. Talsverðar líkur eru því taldar á því að hækkandi sjávarhiti kunni að vera meginástæðan fyrir stórauknum dauðsföllum og þar af leiðandi minnkun stofnsins

síðan árið 2000, enda eru undanfarin ár talin þau hlýjustu á þessum slóðum frá upphafi skelveiða 1970.

Áhrif aukins sjávarhita kunna þó að vera óbein þannig að aukinn hiti hafi orsakað uppgang í einhverjum lífverum sem herja á eldri einstaklinga hörpudisksstofnsins en dæmi eru um slíkt meðal skeldýrastofna erlendis. Með þetta í huga voru send sýni af lifandi hörpudiski til tilraunastöðvarinnar á Keldum í árslok 2002. Niðurstaða þeirrar rannsóknar sem unnin hefur verið í samráði við kanadíska skeldýrasjúkdómafræðinga mun liggja fyrir á næstunni.

Að lokum skal þess getið að samkvæmt skipaáætlun Hafrannsóknastofnunarinnar er áætlað að fara í tvo hörpudisksleiðangra á Dröfn á þessu ári, þ.e. í apríl og september. Með þessu móti fæst samanburður á ástandi stofnsins fyrir og eftir helsta vaxtar- og nýliðunartímabil ársins.

Varðandi vanda fiskvinnslufyrirtækja má minna á að gripið hefur verið til heimildar í 9. gr. laga um stjórn fiskveiða og skelbátum bætt að hluta sú skerðing sem þeir hafa orðið fyrir í skelveiðum með botnfiski. Hefur þar verið miðað við að þeir bæru óbætta 30% skerðingu í skelfisksheimildum en skerðing umfram það væri bætt með botnfisksheimildum. Hefur þannig skelbátum verið úthlutað 400 þorskígildistonnum á yfirstandandi fiskveiðiári. Er þetta í samræmi við það hvernig innfjarðarrækjubátum hefur verið bættur niðurskurður í innfjarðarrækju.

Þá má bæta við, herra forseti, að við úthlutun byggðakvóta lágu fyrir þær tölur um kvóta í skelfiski sem vitnað var til fyrr og þannig var tekið tillit til þess ástands í þeirri úthlutun. Ef hins vegar þarf að koma til frekari niðurskurðar þá verður tekið tillit til þess í úthlutun skv. 9. gr. á þessu ári.

[15:17]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ég þakka þessa fróðlegu umræðu. Ég var með fyrirspurn hér fyrir réttu ári síðan til hæstv. sjútvrh. um hafsbotninn við Ísland og hann svaraði því til að kortlagning sjávarbotns við Ísland sem Hafrannsóknastofnun hafði nýlega hafið með svonefndum fjölgeislamæli mundi gefa nákvæmari mynd af landslagi sjávarbotnsins.

Það mátti heyra á máli ráðherrans að nú þegar hefur verið gripið til ráðstafana hvað varðar stöðu mála í Breiðafirði og fagna ég því. En mig langar að vita hvað hann telur sjálfur vera líklegt að maðurinn hafi lagt þarna til, þ.e. hvort hækkandi hitastig í sjónum stafi af mengun frá landi eða mengun frá mannfólkinu.

[15:18]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þetta er vissulega mjög alvarlegt mál fyrir Breiðfirðinga og fyrir greinina í heild. Ekki er langt síðan fréttir bárust af kadmíummengun í hörpudiski í Arnarfirði. Svo sannarlega vona ég að lausn finnist á þessu máli þó að þröngt sé að breyta um vegna ýmissa hafta.

Ég hef frétt að vinnsluaðili hafi keypt kvóta, þ.e. útgerðaraðili, fyrir hundruð milljóna og þrátt fyrir þær upplýsingar sem komu fram áðan vakna spurningar: Hvar standa yfir höfuð handhafar kvóta sem keyptur er dýru verði ef svona breytingar verða? Hvar standa lánastofnanir sem taka veð í þessum verðmætum? Hvar stendur löggjafinn sem setur þessi lög? Og er kvótaeign e.t.v. jafnframt ávísun á bætur frá löggjafanum ef umhverfi veiðanna sem kvótinn byggist á breytist mjög skyndilega og ófyrirséð? Þetta eru spurningar sem hljóta að vakan og væri fróðlegt að fá svör við.

[15:20]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Vinstri grænir á Snæfellsnesi efndu til almenns borgarafundar í Stykkishólmi um málefni skelfisksvinnslunnar í fyrradag. Þar fluttu sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar og Náttúrustofunnar í Stykkishólmi fyrir Vesturland fyrirlestra um stöðu mála. Þar kom fram að þörf er á verulega auknum rannsóknum á lífríki Breiðafjarðar og því sem lýtur að hörpudisknum og einnig að lífríki honum tengdu. Fram kom að auka þarf þarna verulega fjármagn, vinnu og kannski líka bara pólitískan vilja til að taka á.

Staðan er svo alvarleg, herra forseti, að hér þarf að bregðast enn fastar við en mér fannst hæstv. sjútvrh. gefa tilefni til, þó svo að ég efist ekki um hans sterka vilja í þeim efnum.

Nú þegar þarf að liggja fyrir til hvaða aðgerða verður gripið til þess að tryggja rekstur fyrirtækjanna og atvinnu sjómanna, báta- og landvinnslufólks til þess að brúa bil sem hugsanlega getur skapast þarna.

[15:21]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Núna liggur fyrir að skelfiskstofninn er hruninn og það mun valda atvinnuleysi á þessu svæði. Það er umhugsunarefni vegna þess að menn hafa verið að útdeila miklum peningum til þess að draga úr atvinnuleysi og mætti spyrja hvort menn hafa haft þar eitthvað í huga í þessu sambandi.

Ég skrifaði hæstv. sjútvrh. bréf 2. september í haust, ef ég man rétt, út af þessu máli og spurði til hvaða aðgerða stæði til að grípa. Ég fékk fljótlega þau svör að hæstv. ráðherra ætlaði að láta Hafrannsóknastofnun fara yfir málið og það hefur verið gert.

En ég spurði líka um áætlun um bætur og hvernig menn mundu standa að því sem kæmi í kjölfarið. Við því hafa auðvitað verið að koma svör frá hæstv. ráðherra. En ég er hræddur um það að ef ekki kemur meira til en hér hefur komið fram þá verði atvinnuleysið mjög alvarlegt í Stykkishólmi. Menn þurfa að vinna áætlun með heimamönnum um það að komast í gegnum þennan tíma.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Það kemur fram í svörum hæstv. ráðherra að nokkuð hefur verið gefið í varðandi rannsóknarþáttinn. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki að þörf sé á því að gera meira, styrkja meira starfsemina í Ólafsvík og fjármagna nauðsynlegan búnað sem fram hefur komið á fundum að ekki hefur fengist til verksins.

En þá staldrar maður við aðra spurninguna aftur og ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki, ef horfurnar eru eins slæmar og menn álíta að þær séu, tilefni til þess að taka þetta mál upp á breiðum grunni og grípa til viðeigandi aðgerða, því hvað Stykkishólm varðar þá er hér um heilt byggðarlag að ræða þar sem tilverugrunnurinn er raunar mjög valtur eða í uppnámi. Þetta varðar útgerðina. Þetta varðar vinnsluna og þetta varðar náttúrlega sjómenn og landverkafólk og þetta varðar sveitarfélagið allt. Þegar svona kemur upp á þá tel ég að að beita eigi víðtækum lausnum, kannski með auknum aflaheimildum skv. 9. gr. En þá verða menn líka að horfast í augu við það hvaða magn menn telja að muni verða fáanlegt úr firðinum í næstu framtíð.

Ég held að þetta sé svo mikið mál fyrir þessi samfélög að þetta þoli ekki mikla bið, það verði að taka heildstætt á þessum málum fyrir fyrirtækin og fyrir fólkið á bara allra næstu vikum. Við megum ekki haga okkur þannig að horfa bara fram á erfiðleika sem leiða til flótta og hruns ef við höfum tæki til þess að taka á málunum, og auðvitað höfum við þau tæki. Til margra lausna er hægt að grípa. Við megum ekki sofa á verðinum varðandi þetta mál.

Þess vegna lýsi ég eftir tillögum eða því hvað hæstv. sjútvrh. hyggst gera í þessum málum til þess að lina erfiðleika samfélaganna.

[15:25]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég held að það sem fram kom í svari *mínu staðfesti að enginn hefur sofið á verðinum.* Við verðum hins vegar að hafa í huga að nú er skelvertíðinni um það bil að ljúka og næsta skelvertíð mun ekki hefjast aftur fyrr en næsta haust. Við reyndar vitum ekki í dag hvort ástand stofnsins mun geta staðið undir henni og það munum við væntanlega ekki vita fyrr en við fáum ástandsskýrslu Hafrannsóknastofnunar næsta vor.

Það sem fram hefur komið er að tekið hefur verið tillit til þessa ástands í þeim úthlutunum sem fram hafa farið og ef það verður breyting á mun auðvitað verða tekið tillit til þeirra breytinga þegar næst verður úthlutað.

Hvort til einhverra frekari ráðstafana þurfi að grípa er erfitt að segja til um á þessari stundu, en þau tæki og tól *í þessum efnum sem sjútvrn. hefur snúa nú eingöngu* að fiskveiðiheimildum.

Varðandi spurningu hv. þm. Katrínar Fjeldsted um hvort ég telji að þetta sé mengun eða hitastig þá hefur ekkert enn þá komið fram um að þarna geti verið um mengun af mannavöldum að ræða. En það mun væntanlega skýrast þegar niðurstöður kanadíska skelsjúkdómafræðingsins og sjúkdómafræðinga á Keldum liggja fyrir. Þær niðurstöður munu einnig gefa okkur bendingar um það hvert eigi að halda frekar í þessum rannsóknum. Þess vegna er erfitt að segja til um það nú í bili hvað frekar verður gert í þessum efnum.

Ég hef ekki vitneskju um að vantað hafi neinn búnað til rannsókna en ég mun að sjálfsögðu athuga það. Þetta verðum við auðvitað að skoða í samhengi við það sem við höfum verið að gera annars staðar undir svipuðum kringumstæðum, herra forseti.

Þjónusta við aðstandendur ungra fíkniefnaneytenda.

Fsp. RG. 560. mál. — Þskj. 908.

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ber fram fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um upplýsingamiðstöð fyrir aðstandendur ungra fíkniefnaneytenda. Tilefnið er að fyrir sex árum ákvað ríkisstjórnin að verja 12 millj. kr. á því ári til barna- og unglingageðdeildar Ríkisspítalanna til að koma á fót upplýsingamiðstöð fyrir aðstandendur ungra fíkniefnaneytenda í samvinnu við aðra sem vinna að málaflokknum.

Þetta var gífurlega mikilvægt mál og mikið í umræðunni á þeim tíma vegna þess að ráðgjöf er ómetanleg öllum foreldrum þegar ógæfan ríður yfir og ekki var aðgangur að neinni ráðgjöf á þeim tíma um hvað ætti að gera og hvernig ætti að bregðast við.

Síðar kom fram í svari við fyrirspurn minni að ráðinn hefði verið geðlæknir, félagsráðgjafi og sálfræðingur með sérhæfingu í meðferð ofvirkra barna og barna með hegðunartruflanir í kjölfar þessarar samþykktar, og að sérhæfðum hjúkrunarfræðingi hefði verið falið að veita fyrstu ráðgjöf þegar um vímuefnavanda unglinga er að ræða. Þessi fjölgun ætti að gera barna- og unglingageðdeild kleift að auka þjónustu við foreldra, m.a. að veita frumráðgjöf, og auka getu barna- og unglingageðdeildar til að taka á móti og greina börn með hegðunartruflanir, ofvirk börn, en þetta eru börn í áhættuhópi hvað varðar vímuefnanotkun.

Það er engin launung á því, virðulegi forseti, að á þeim tíma sem þessi umræða fór fram höfðu mjög margir efasemdir um að barna- og unglingageðdeild réði við það verkefni sem upplýsingaþjónustan var. Deildin var á þeim tíma aðþrengd. Hún var í nokkru fjársvelti og gífurlegar kröfur voru gerðar til starfsemi hennar sem hún átti fullt í fangi með að sinna. Ótti okkar margra var að þrátt fyrir að bætt væri þarna við starfsfólki þá veitti ekki af því bara til að sinna hefðbundinni þjónustu sem fyrir væri hjá deildinni.

En ráðuneytið lýsti því yfir í umræddu svari að hefja þyrfti forvarnavinnu fyrr með því að styrkja greiningu og meðferð og að eftirfylgd barna væri mjög mikilvæg, og ég tek undir það.

Nú vill svo til, virðulegi forseti, að ég er að koma af fundi í Foreldrahúsinu. Fram kom að ástandið hefur versnað mjög mikið. Yngri krakkar eru í neyslu og það er algengt núna að hringt sé út af 13 ára börnum — að stærstum hluta eru það stúlkur þegar þau eru svona ung — sem hverfa að heiman, jafnvel fleiri nætur í viku. Ástandið er slæmt og Foreldrahúsið á fullt í fangi með að sinna sínum þætti. En hvað hefur gerst í upplýsingaþjónustunni margumræddu?

[15:30]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur beint til mín fyrirspurn um þjónustu við aðstandendur ungra fíkniefnaneytenda.

Fyrri spurningin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hefur upplýsingamiðstöð fyrir aðstandendur ungra fíkniefnaneytenda verið komið á laggir við barna- og unglingageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss?"

Svarið við því er neitandi. Barna- og unglingageðdeildin hefur hins vegar einbeitt sér að unglingum með geðraskanir og sinnir fíkniefnaneytendum og aðstandendum þeirra fyrst og fremst með ráðgjöf við Stuðla og við unglingadeild SÁÁ á Vogi, en á þessum stöðum er veitt þjónusta við þá sem eiga við fíkniefnavanda að glíma.

Á barna- og unglingageðdeildinni er þó aðstandendum sjúklinga veitt margs konar ráðgjafaþjónusta þó ekki sé áform um að stofna þar upplýsingamiðstöð.

Það er einnig spurt, með leyfi forseta:

„Hvernig er þjónustu háttað við foreldra barna og unglinga í vímuefnavanda?"

Þjónusta við þennan hóp er margvísleg. Þegar börn og unglingar lenda í vímuefnavanda er samband haft við foreldra eða forráðamenn. Á meðan á meðferð stendur eru foreldrar og forráðamenn oftast hafðir með í ráðum, en að

sjálfsögðu ræðst sú samvinna af mörgu, m.a. aldri ungmennis og eins félagslegum aðstæðum.

Á Vogi er eins og kunnugt er rekin mikil þjónusta við þennan hóp barna og unglinga. Þar er haldið saman upplýsingum um eðli og umfang þjónustunnar og er gerð ítarleg grein fyrir þessu á heimasíðu SÁÁ.

Þá standa aðstandendum neytenda sem ekki eru í meðferð ýmis ráð til boða. Fjölskyldumiðstöð veitir fjölskyldum í ýmsum vanda ráðgjöf. Hér getur verið um að ræða samskiptavanda, skilnaðar- og forsjármál, vímuefnaneyslu, hegðunar- og þroskavanda barna, vanda vegna þverrandi áhuga barna á námi og vegna barna sem sýna andfélagslega hegðun af einhverju tagi, svo nokkur dæmi séu tekin. Þessi ráðgjöf er endurgjaldslaus.

Fjölskyldumiðstöðin er samstarfsverkefni Reykjavíkurdeildar Rauða krossins, félagsmálaráðuneytisins, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og Félagsþjónustunnar í Reykjavík. Árið 2002 komu 209 fjölskyldur á Fjölskyldumiðstöð. Það er um 4% fjölgun mála frá árinu 2001. Ráðgjafar Fjölskyldumiðstöðvar veittu 791 viðtal, en þau voru 457 árið 2001. Það er aukning um 73%.

Samkvæmt upplýsingum frá foreldrasamtökum Vímulausrar æsku voru foreldrum barna og unglinga í vímuefnavanda veitt um 1.300 viðtöl árið 2002. Þar sem foreldrar hvers barns koma yfirleitt tvisvar til þrisvar í viðtal má áætla að foreldrar 500 barna hafi notið þar aðstoðar.

Hjá Vímulausri æsku starfar einn sálfræðingur í fullu starfi við ráðgjöf og félagsráðgjafi og tveir foreldrar sem starfa hjá samtökunum veita einnig viðtöl. Viðtal hjá sálfræðingi kostar 500 kr. fyrir hvert skipti, en þjónusta hinna er endurgjaldslaus.

Tekjur Vímulausrar æsku árið 2001 voru 13,6 millj. kr. Af þeim komu 7,8 milljónir úr ríkissjóði.

Fyrir utan þá þjónustu sem Fjölskyldumiðstöð og Vímulaus æska veita standa eftirtalin ráðgjafarúrræði öllum til boða, og hjá þeim er þekking fyrir hendi um hvar hægt er að fá nánari þjónustu: Fjölskyldaþjónusta þjóðkirkjunnar, Hitt húsið í Reykjavík, SÁÁ, Stígamót, Rauðakrosshúsið, trúnaðarsími þess, Félagsþjónusta sveitarfélaga, hverfaskrifstofur í Reykjavík, heilsugæslustöðvar um allt land, námsráðgjafar, skólahjúkrunarfræðingar, prestar og lögregla.

Virðulegi forseti. Það er ljóst að margvísleg þjónusta stendur aðstandendum ungra fíkniefnaneytenda til boða þó vissulega mætti gera betur í því efni. Þessi þjónusta er án endurgjalds fyrir þá sem notfæra sér hana og er það val aðstandenda þeirra hvort þeir færa sér í nyt þau tilboð um þjónustu sem ég hef hér lýst.

[15:34]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þetta svar og fyrir yfirlitið sem hann gaf um þá starfsemi sem er í gangi og sem á ýmsan hátt snertir fjölskyldur þeirra sem lenda í fíkniefnaneyslu. En það sem er athyglisvert, og kemur mér þó ekki á óvart, er að upplýsingamiðstöðin sem var svo mikilvæg komst aldrei á laggirnar. Það var alveg ljóst að barna- og unglingageðdeild gæti ekki ráðið við þetta verkefni til viðbótar við það mikilvæga starf sem barna- og unglingageðdeildin sinnir.

Þetta er allt gott og blessað og Fjölskyldumiðstöðin er gott mál og það samstarf sem ráðuneytin hafa með sér. En við erum að tala um síma og miðstöð þar sem fólk í örvæntingu getur hringt og spurt: „Hvað á ég að gera?“ Og þá hlýt ég að nefna það sem kemur fram hjá foreldraráðgjöf og foreldrahúsi Vímulausrar æsku, að á meðan Fjölskyldumiðstöðin, sem er samstarf ráðuneyta, hefur aðstoðað 209 fjölskyldur og tekið 791 viðtal þá hefur foreldrasíminn sem er opinn allan sólarhringinn í Foreldrahúsinu tekið á móti 2.600 símtölum á árinu. Viðtöl sem ekki eru í síma eru 1.350 og foreldrahópar ná til 70 foreldra þar sem eru námskeið og starfsemi.

Þrátt fyrir að það sé mjög gott að þarna hefur ríkissjóður farið þá leið að styðja þessa starfsemi með framlögum, og það er mikilvægt í stöðunni, þá býr Foreldrahúsið við mjög óstöðuga fjármögnun og brýnt er að heilbrrh. skoði það með öðrum ráðuneytum hvort ekki eigi að koma á þjónustusamningi við Foreldrahúsið.

[15:37]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Fyrst vil ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu mikla vandamáli sem hér er um að ræða og ekki er auðvelt viðfangs. Það er rétt að barna- og unglingageðdeildin sinnir risavöxnum verkefnum og þarf að styðja hana til þess að hún geti sinnt þeim sem allra best. Einnig er nauðsynlegt að koma vel á framfæri þeim úrræðum sem fyrir hendi eru og m.a. hefur áfengis- og vímuvarnaráð gefið út aðgengilega auglýsingu um öll þau úrræði sem eru fyrir hendi, þ.e. hvar ráðgjafarúrræði er hægt að finna.

Ég tek undir það að nauðsynlegt er að Fjölskyldumiðstöðin hafi traustan starfsgrundvöll og einboðið er að þeir sem að henni standa athugi það að sjá henni fyrir þeim grundvelli til starfa, því hún hefur, eins og fram kemur í þessum tölum sem ég hef farið með, unnið ákaflega gott starf.

Framlög ráðuneytanna til Fjölskyldumiðstöðvar eru sótt í forvarnasjóð. Þar starfar einn félagsráðgjafi í fullu starfi. Aðrir fagmenntaðir ráðgjafar frá Landspítala starfa einnig í tengslum við hana. Hún hefur einnig aðgang að ráðgjöf fagfólks vegna samnings við Félagsþjónustuna í Reykjavík.

Einnig hefur Vímulaus æska unnið mikilvægt starf. Ég tel farsælt að renna stoðum undir starfsemi þessara stofnana, auk þess sem barna- og unglingageðdeildin þarf vissulega að hafa góðan starfsgrundvöll.

[15:39]

Útbýting þingskjala:

Álverksmiðja í Reyðarfirði, 509. mál. nál. meiri hluta iðnn., þskj. 985.

Mengun frá álverum, 623. mál, fsp. PHB, þskj. 996.

Sveitarstjórnarlög, 622. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 995.

Vinnutími sjómanna, 390. mál, nál. samgn., þskj. 999.

Réttarstaða fólks í hjúskap og óvígðri sambúð.

Fsp. RG, 562. mál. — Þskj. 910.

[15:40]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ber fram svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. dómsmrh., með leyfi forseta:

„Hefur ráðherra beitt sér fyrir kynningu á réttarstöðu fólks í hjúskap og óvígðri sambúð, samanber ályktun Alþingis um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar frá 13. maí 1997? Ef svo er, hvernig hefur kynningarstarfsemi verið háttað?“

Í þál. um fjölskyldustefnu sem Alþingi samþykkti segir, með leyfi forseta:

„5. Að réttindi og skyldur sambúðarfólks verði kynnt og skilgreind í lögum."

Í nál. félmn. eftir að nefndin afgreiddi tillöguna frá sér segir að hún vilji leggja áherslu á að upplýsingar og fræðsluefni um samanburð á réttarstöðu fólks í hjúskap og óvígðri sambúð þurfi að liggja fyrir og bendir á nauðsyn þess að slíkt efni verði kynnt almenningi. Einnig er lagt til að það verði eitt af almennum markmiðum stjórnvalda að fjölskyldur sjúkra og annarra hópa eftir því sem við á skuli, eins og fjölskyldur fatlaðra, njóta nauðsynlegs stuðnings í ljósi aðstæðna hverju sinni. Enn fremur verði að efla skilning á eðli fjölskyldunnar, hlutverki, myndun og upplausn.

Því nefni ég þessi síðari atriði að þau eru auðvitað nátengd fólki í hjúskap. Alkunna er að almenningur er óupplýstur um réttindi og skyldur í svo veigamiklum málum sem stofnun hjúskapar er og það er allt of útbreidd lögvilla að fólk heldur að allt aðrar reglur gildi um óvígða sambúð en raun ber vitni.

Lögmenn segja að það sé allt of algengt að fólk haldi að það ávinni sér einhver lagaleg réttindi við óvígða sambúð, ýmist eftir einhvern tíma, eða eftir að sambúðarfólk hefur eignast börn saman. Þegar síðan allt er komið í óefni í sambúðinni eða við andlát annars sambúðaraðila, kemur í ljós að hitt er algjörlega réttlaust varðandi eignaskiptingu, rétt til setu í óskiptu búi eða erfðarétt.

Virðulegi forseti. Ég hef hreyft þessu máli áður við fyrirrennara hæstv. dómsmrh. Þá var því svarað til að drög að upplýsingaritum lægju fyrir og yrðu gefin út fljótlega. Mér fannst því mikilvægt að fá leitt í ljós hvort þeim hefur verið komið út, hvar þau er að finna og að það sé þá upplýst hér á hæstv. Alþingi.

[15:43]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Fyrirspurn þessi lýtur að því hvort ráðherra hafi beitt sér fyrir kynningu á réttarstöðu fólks í hjúskap og óvígðri sambúð í samræmi við ályktun Alþingis um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar frá 13. maí 1997.

Í tilefni af fyrirspurninni vil ég benda á að ályktun Alþingis tók einungis til sambúðarfólks en ekki til hjóna eins og fram kemur í 5. lið II. kafla ályktunarinnar. Svar mitt mun engu að síður einnig taka til hjóna.

Það er líka ástæða til að rifja það upp að það atriði sem hér er tilefni fyrirspurnar var aðeins lítill hluti af stærra máli sem m.a. fólst í ályktun um að ráðast í tilteknar aðgerðir, þar á meðal breytingar á reglum um fæðingarorlof feðra, en einnig stofnun fjölskylduráðs, sem fer með fjölskyldumálefni og heyrir undir félmrn.

Engu að síður er þetta góð fyrirspurn hjá hv. þm. til þess að vekja athygli á þessu máli. Það er auðvitað ákaflega mikilvægt að fólki sé kunnugt um réttarstöðu sína á þessu sviði. Ríkisstjórnin hefur einmitt lagt áherslu á bætta stöðu fjölskyldunnar á margvíslegan hátt, t.d. með nýrri veglegri löggjöf um fæðingarorlof.

Í upphafi er rétt að benda á að krafa um sérstakar lagareglur um réttarstöðu sambúðarfólks hefur fyrst og fremst tengst þeim einstaklingum sem velja sér að búa í því sem kölluð hefur verið óvígð sambúð og hefur löggjafinn mætt kröfunum með ýmsum hætti. Þessi sjónarmið tengjast breyttum viðhorfum til hjúskapar á síðustu öld, fjölgun þeirra sem kjósa að búa í nánu lífsambandi án þess að stofna til hjúskapar og tilhneigingu til að draga úr mun á réttarstöðu fólks sem býr við sambærilegar aðstæður.

Vissar lágmarkskröfur verður að gera til sambúðar til þess að hún falli undir hugtakið óvígð sambúð. Í þeim lagaákvæðum sem binda réttaráhrif við óvígða sambúð hefur verið miðað við sameiginlegan bústað, fjárhagslega samstöðu, tímalengd sambúðar, sameiginleg börn og tilkynningu eða skráningu sambúðar.

Í stuttu máli má ganga út frá því að með hugtakinu óvígð sambúð hafi almennt verið átt við sambúð karls og konu sem ættu sameiginlegt heimili án þess að vera í hjúskap og vissa fjárhagslega samstöðu.

Segja má að stefnan hafi verið að setja ekki heildarlög um óvígða sambúð heldur sérstök lagaákvæði á afmörkuðum sviðum þar sem sett eru tiltekin skilyrði fyrir því að aðilar njóti ákveðinna réttinda eða beri vissar skyldur. Stefnumið síðustu ára hafa ótvírætt verið í þá átt að leggja sambúð án vígslu í auknum mæli til jafns við hjúskap í einstökum lagasamböndum, einkum ef aðilar eiga barn saman.

Rökin fyrir því að ganga ekki lengra í þessum efnum en gert hefur verið eru fyrst og fremst tvenns konar. Annars vegar hefur þótt ástæða til þess að marka hjúskap skýra sérstöðu í lagalegu tilliti og að nokkru hvetja til hjúskaparstofnunar en hjúskapur hefur þótt æskilegt og eftirsóknarvert lífsform. Hins vegar hefur verið lögð áhersla á að munur á réttarstöðu fólks í hjúskap og óvígðri sambúð sé eðlilegur með tilliti til þess að fólk eigi að hafa raunverulega valkosti um hvernig það vilji haga nánu lífsambandi sínu. Þróunin hefur auk þess verið sú að ýmis réttindi hafa verið tengd skráningu sambúðar. Skráningin hefur því verið nokkuð mikil og stöðug síðasta áratuginn, en var áður minni. Má það rekja til breyttra reglna og að almenningur er nokkuð meðvitaðri um þá réttarstöðu sem fylgir skráningu í sambúð.

Svo að ég víki aftur beint að efni fyrirspurnarinnar er því til að svara að sérstök kynning á þeim lagabálkum sem heyra undir dómsmrn. og varða réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð hafði enn ekki farið fram þegar beiðni var borin fram hér á Alþingi á 126. löggjafarþingi um að dómsmrh. flytti Alþingi skýrslu um réttarstöðu sambúðarfólks. Beiðnin var samþykkt þann 11. okt. 2000 og í framhaldi af því lagði ég fram ítarlega skýrslu um þetta efni á sama þingi.

Eðli málsins samkvæmt er gerður samanburður í skýrslunni á fjölmörgum sviðum sem varða réttarstöðu sambúðarfólks annars vegar og réttarstöðu hjóna hins vegar. Þannig er fjallað um helstu réttarsvið þar sem sérreglur gilda um fólk í hjúskap og gerð grein fyrir því hvort á þeim sviðum hafi verið settar sérstakar reglur sem veiti sambúðarfólki sama rétt eða leggi á sömu skyldur. Í skýrslunni er bæði fjallað um reglur sem eru einkaréttarlegs eðlis en einnig um réttarstöðu sambúðarfólks gagnvart hinu opinbera. Skýrslan er öllum aðgengileg á heimasíðu Alþingis og heimasíðu ráðuneytisins. Starfsmenn ráðuneytisins senda einnig skýrsluna til þeirra sem þess óska og hafa ekki aðgang að vefsíðum.

Þess ber einnig að geta að lögfræðingar í ráðuneytinu veita upplýsingar um réttarstöðu fólks í hjúskap og óvígðri sambúð þegar eftir því er leitað og er sérstakur símaviðtalstími á hverjum degi til að unnt sé að veita slíkar upplýsingar. Einnig er rétt að benda á að sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra munu annast þess háttar upplýsingagjöf.

Ég sé að tími minn er búinn en mun bæta við upplýsingum í seinni ræðu minni. En ég þakka hv. þm. fyrir þessa fyrirspurn.

[15:48]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessar yfirgripsmiklu upplýsingar. Það var mikilvægt að skýrslan var unnin fyrir Alþingi.

Það er hárrétt sem hæstv. dómsmrh. bendir á, að opinber fjölskyldustefna var mjög alhliða samþykkt á Alþingi. En ég er einungis að spyrja um afmarkaðan þátt þeirrar samþykktar. Ég hef spurt um aðra þætti áður og mun halda því áfram því að það gengur mjög seint að hrinda þeirri samþykkt í framkvæmd.

Í nál. félmn. segir að nefndin vilji leggja áherslu á að upplýsingar og fræðsluefni um samanburð á réttarstöðu fólks í hjúskap og óvígðri sambúð þurfi að liggja fyrir — ekki skýrsla, heldur upplýsingaefni.

Þegar ég spurði hæstv. þáv. dómsmrh. Þorstein Pálsson að því á sínum tíma, árið 1999, svaraði hann því til að unnið væri að samningu sérstakra upplýsingarita um réttaráhrif hjúskapar annars vegar og réttarstöðu karls og konu í óvígðri sambúð hins vegar. Hann sagði að í ritinu um réttarstöðu karls og konu í óvígðri sambúð yrði auk ítarlegrar umfjöllunar um réttarstöðu þeirra meðan sambúðin varir fjallað um réttarstöðu þeirra við slit á sambúð og við andlát sambúðarmaka.

Í því svari sagði, með leyfi forseti — ég er að lesa útdrátt úr munnlegu svari hæstv. ráðherra:

„Drög að þessum ritum liggja nú fyrir og verða þau gefin út þegar þau hafa verið fullunnin."

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að þó yfirlitið sé ágætt hjá hæstv. dómsmrh. og það sé til sé skýrsla á neti Alþingis og víðar þá eru þessi upplýsingarit afar mikilvæg fyrir fólk, að upplýsingar liggi fyrir um stöðu þeirra.

[15:50]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Það atriði úr þál. sem hv. þm. tiltekur sérstaklega er meðal þess sem þar er nefnt meðal almennra markmiða stjórnvalda. Þessum markmiðum er framfylgt með ýmsum hætti.

Ég nefndi hér áðan mjög ítarlega skýrslu sem ráðuneytið vann og kynnt er á heimasíðu ráðuneytisins. Ég veit ekki hvernig undirbúningi að þessum bæklingi sem hv. þm. nefndi var háttað. Hún vitnaði í svar fyrirrennara míns en ég geri alveg eins ráð fyrir því að þessi skýrsla hafi þótt fela í sér það miklar og aðgengilegar upplýsingar að hún hafi verið talin nægileg kynning. Þá má nefna aftur upplýsingagjöf stjórnvalda svo sem sýslumanna, skattstjóra og annarra sem eiga samskipti við borgarana.

Einnig ber að geta þess að í ráðuneytinu er unnið að gerð upplýsinga og leiðbeininga fyrir fólk um efni sem frv. til nýrra barnalaga tekur til. Það frumvarp er nú til meðferðar í hv. allshn. eins og kunnugt er. En stefnt er að því að þessar upplýsingar og leiðbeiningar verði komnar á heimasíðu ráðuneytisins á hausti komanda.

Ég vil að lokum þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þál. og ég tek undir þau sjónarmið að mikilvægt sé að kynna réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð á aðgengilegan og einfaldan hátt. Þetta er málefni sem krefst töluverðs undirbúnings og heyrir undir flest ráðuneytin. Ég ítreka að ég tel þess konar kynningu mjög mikilvæga. Ég tel hins vegar að sú skýrsla sem ég benti á að er almenningi mjög aðgengileg feli jafnframt í sér mikilvæga kynningu.

[15:52]

Útbýting þingskjals:

Eftirlit með skipum, 360. mál, brtt. samgn., þskj. 1000.

Fundi slitið kl. 15:53.

---

84. FUNDUR

miðvikudaginn 26. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Álverksmiðja í Reyðarfirði, stjfrv., 509. mál, þskj. 842, nál. 985, 1008 og 1030, brtt. 986. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Álverksmiðja í Reyðarfirði, 509. mál, nál. 1. minni hluta iðnn., þskj. 1008; nál. 2. minni hluta iðnn., þskj. 1030.

Átak til að treysta byggð á landsbyggðinni, 624. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 1002.

Bifreiðastyrkir til fatlaðra, 578. mál, svar heilbrrh., þskj. 997.

Eftirlit með skipum, 360. mál, nál. samgn., þskj. 998.

Einkahlutafélög, 521. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1023.

Einkahlutafélög á sviði heilbrigðisþjónustu, 571. mál, svar heilbrrh., þskj. 1007.

Evrópuráðsþingið 2002, 634. mál, skýrsla ÍÞER, þskj. 1018.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 472. mál, svar sjútvrh., þskj. 987.

Fríverslunarsamtök Evrópu, 635. mál, skýrsla ÞEFTA, þskj. 1029.

Fyrirtækjaskrá, 351. mál, nál. allshn., þskj. 1005.

Geðheilbrigðisþjónusta fyrir börn og unglinga, 628. mál, fsp. SJS, þskj. 1012.

Háspennulínur yfir miðhálendið, 587. mál, svar iðnrh., þskj. 1019.

Hlutafélög, 522. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1024.

Hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir, 350. mál, nál. allshn., þskj. 1003.

Langtímameðferðarheimili og neyðarvistun, 629. mál, fsp. SJS, þskj. 1013.

NATO-þingið 2002, 627. mál, skýrsla ÍÞNAA, þskj. 1011.

Rekstraröryggi Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði, 588. mál, svar iðnrh., þskj. 1020.

Samvinnufélög, 519. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1025.

Sérleyfi til fólksflutninga innan lands, 632. mál, fsp. KLM, þskj. 1016.

Sérstakir slysastaðir í vegakerfinu, 630. mál, fsp. KolH, þskj. 1014.

Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, 520. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1026.

Styrkveitingar til eldis sjávardýra, 633. mál, fsp. KLM, þskj. 1017.

Umfang happdættismarkaðarins, 580. mál, svar dómsmrh., þskj. 1006.

Umferðarsektir, 631. mál, fsp. KLM, þskj. 1015.

Útlendingar, 168. mál, nál. allshn., þskj. 1004.

Vestnorræna ráðið 2002, 625. mál, skýrsla ÍVN, þskj. 1009.

ÖSE-þingið 2002, 626. mál, skýrsla ÍÖSE, þskj. 1010.

Athugasemdir um störf þingsins.

Geðheilbrigðisþjónusta fyrir börn og unglinga.

[10:35]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þann 30. janúar var útbýtt fyrirspurn frá þeirri sem hér stendur um geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga, hvert umfang hennar væri, hve hátt hlutfall stofnanaþjónustu væri annars vegar og þjónustu utan sjúkrahúsa hins vegar, um samvinnu félagsmála- og heilbrigðisyfirvalda og hve stór hópur ungmenna sem væri í vanda fengi enga aðstoð, hvaða áform væru um að byggja upp geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga og hvort hún yrði á nýjum barnaspítala.

Virðulegi forseti. Vegna fyrirspurnar minnar og að málefni barna- og unglingageðdeildar væru þar með til þinglegrar meðferðar hefur ekki verið unnt að biðja um utandagskrárumræðu um leið og þingfundir hæfust að loknu nefndahléi þótt þetta sé eitt alvarlegasta málið sem komið hefur upp á undanförnum mánuðum og snúi að börnum og unglingum. Á þessu vek ég athygli hér.

Ég tel þó mikilvægt að geta þess að heilbrrh. hefur tjáð að svarið muni berast í dag. Ég tel samt að Samfylkingin muni óska eftir umræðu um þetta mál vegna þess umfangs sem það hefur fengið í fjölmiðlum að undanförnu þó að ég geti ekki dæmt um svarið fyrir fram.

Ég vil líka láta það í ljósi, virðulegi forseti, að nefndir hafa starfað ítrekað frá árinu 1998. Fínar tillögur liggja fyrir um hvernig halda skuli á þessum málum en þetta snýst um fjármagn. Þjónustusamningur þar sem Barnaverndarstofa lagði af mörkum 40 millj. til barna- og unglingageðdeildar hefur ekki verið endurnýjaður og bæði forstjóri Barnaverndarstofu og yfirlæknir barna- og unglingageðdeildar hafa undanfarna daga staðfest að þetta mikilvæga framlag hafi ekki skilað sér til þjónustu við unglinga eins og til var ætlast. Þess vegna lítur nú út fyrir að þetta stóra mál snúist um peninga.

Ég vek athygli á þessu og vænti þess að svar við fyrirspurn minni berist á þessum fyrsta degi að loknum nefndadögum.

[10:37]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil af þessu tilefni taka fram að það er rétt sem hv. þm. segir, borist hafði beiðni um utandagskrárumræðu um þetta efni en áður hafði borist fyrirspurn frá hv. 3. þm. Norðurl. e., Steingrími J. Sigfússyni, til heilbrrh. um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglinga. Að sjálfsögðu er ekki efni til utandagskrárumræðu þegar þingmaður hefur áður lagt fram fyrirspurn um sama efni.

[10:37]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Það er rétt sem hv. þm. hafði eftir mér, lokadrög að svari við fyrirspurninni eru í yfirlestri hjá okkur og ég vona, og veit, að svari við fyrirspurn þingmannsins verður dreift á Alþingi í dag. Við höfum reynt að kappkosta í heilbrrn. að svara öllum þeim fjölmörgu fyrirspurnum sem berast og munum kappkosta það áfram. Við munum svara þessari fyrirspurn ítarlega og vanda til svarsins eins og við getum í þessu alvarlega máli.

Ég vildi aðeins nefna varðandi eitt atriði sem kom fram í efnislegri umfjöllun hv. þingmanns um þetta mál — hér er vissulega um alvarlegt mál að ræða — þó að þjónustusamningurinn við Barnaverndarstofu hafi ekki verið endurnýjaður hef ég fengið gögn um að þeir fjármunir sem þar er um að ræða hafi skilað sér til barna- og unglingageðdeildarinnar. Það hafa vaxið til hennar fjármunir. Hins vegar hefur komið upp vandi á síðustu mánuðum sem hefur verið til umfjöllunar og við munum kappkosta að finna lausnir á. Ég vildi láta það koma fram í þessari umræðu en ég er vissulega tilbúinn að svara öllum þeim fyrirspurnum og þingmálum sem berast um málið.

[10:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið var ekki heimiluð utandagskrárumræða vegna þess að hér lágu fyrir fyrirspurnir um málið. En vegna þess að málið er svo grafalvarlegt, og vegna umfjöllunar í fjölmiðlum undanfarið um skort á þjónustu við geðsjúk börn, er full ástæða til þess að við ræðum það aðeins í upphafi þings.

Það hefur komið fram í fjölmiðlum að hæstv. ráðherra hafi verið með tillögur til úrbóta allt síðasta kjörtímabil án þess að nokkuð hafi verið brugðist við vegna ástandsins á barna- og unglingageðdeildinni. Þar eru níu pláss fyrir unglinga og í þessum níu plássum eru yfirleitt 12–14 börn, og það er engin framhaldsmeðferð fyrir þessi börn til staðar. Um þetta hefur verið vitneskja allt kjörtímabilið, frá því að nefnd skilaði tillögum til úrbóta fyrir fjórum árum. Ég verð því að kalla ríkisstjórnina til ábyrgðar á því hvernig ástandið er. Kerfið er gjörsamlega að bregðast geðsjúkum börnum. 40–50 börn bíða eftir þjónustu og þar af eru 10–15 unglingar alvarlega sjúkir, jafnvel í lífshættu, og ekkert minni lífshættu en börn með aðra bráðasjúkdóma.

Ég minni á það að þjónusta við þessi börn hefur verið minnkuð á kjörtímabili ríkisstjórnarinnar því að sálfræðiþjónustu í skólum var hætt í valdatíð Björns Bjarnasonar, hæstv. fyrrv. menntmrh. Þar er aðeins um greiningu að ræða. Það er einnig ljóst að þótt sjálfræðisaldur hafi verið hækkaður hefur ekki verið brugðist við með aukinni þjónustu.

Foreldrar hafa verið í sambandi við okkur. Þeir eru í miklum vanda. Börnin eru bráðveik heima. Foreldrarnir missa vinnuna og missa ofan af sér húsnæðið. Ég vil, herra forseti, vegna ástandsins sem ríkir í málefnum geðsjúkra barna fara fram á það hér að hv. heilbr.- og trn. komi saman og ræði það ástand sem ríkir í þjónustu við geðsjúk börn (Forseti hringir.) og ég fer fram á að það verði gert sem fyrst.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil biðja hv. þingmenn að virða tímamörk.)

[10:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er því miður ljóst að ástandið í geðheilbrigðismálum barna og unglinga er langt frá því að vera

viðunandi. Það er reyndar einnig talsverð bið eftir langtíma-meðferðarúrræðum, langtímavistun fyrir unga fíkniefnaneytendur. Ég hef reyndar spurt hæstv. félmrh., og hér var dreift á borðin áðan fyrirspurn til hans um þá hlið mála. Verst er staða þeirra ungmenna sem eiga við hvorn tveggja vandann að stríða, geðræn vandamál, þunglyndi eða annað af þeim toga, og hafa jafnframt ánetjast fíkniefnum. Þau eru gjarnan á gráu svæði milli úrræða sem heyra undir félmrn. annars vegar og heilbrrn. hins vegar.

Ég hef, eins og hér hefur reyndar komið fram, lagt fram fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um tiltekin atriði þessa máls. Það er ástandið á barna- og unglingageðdeildinni og hversu mikil brögð séu að því að börn og unglingar séu vistuð á geðdeildum fyrir fullorðna. En það er auðvitað til marks um alvöru málsins að til þess neyðarúrræðis er gripið trekk í trekk, að vista ungmenni inni á lokuðum geðdeildum fyrir fullorðna þar sem þau eiga að sjálfsögðu alls ekki heima. Einnig hef ég spurst fyrir, herra forseti, um ástand mála hvað varðar fyrirhugaða uppbyggingu geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri en þar hafa legið fyrir áætlanir um úrræði sem alls ekki hafa komist til framkvæmda.

Félmn. hefur einnig tekið þessi mál með vissum hætti upp og verið að kynna sér ástandið. Ég tel að það væri, herra forseti, í ljósi alvöru málsins æskilegt að félmn. og heilbrn. færu sameiginlega yfir þetta. Þarna er um að ræða skörun á málaflokki sem heyrir að hluta til undir báðar nefndirnar og markmiðið að sjálfsögðu, herra forseti, með því að hreyfa við þessum málum og vinna að þeim er að knýja á um úrbætur. Það er það sem máli skiptir hér.

[10:44]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það sem við erum að vekja athygli á í upphafi þingfundar er að þetta mál er ekki nýtt. Vandinn var ekki að verða til núna um áramótin. Það var gífurlegur vandi 1998 þegar geðstefnunefndin var sett á laggirnar. Það var enn þá meiri vandi 1999 eftir að við höfðum hækkað sjálfræðisaldurinn og það var einmitt vandi varðandi börn sem höfðu ánetjast fíkniefnum. Þess vegna var gerður þjónustusamningur um bráðarými og afeitrunarrými á barna- og unglingageðdeild og þess vegna runnu peningar frá félagsmálunum til heilbrigðismála til að taka á því varðandi aldurinn 16–18 ára.

Strax í sumar, í júní, var verið að skrifa greinar. Yfirlæknir barna- og unglingageðdeildar skrifaði þá mjög harðorða grein í Morgunblaðið vegna þessara mála og vegna þess að fjármagnið sem átti að renna frá félagsmálunum til þjónustu við unglinga, ekki síst þeirra unglinga sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi hér, unglinga sem bæði áttu í geðrænum vandamálum og fíkniefnaneyslu, gerði það ekki. Yfirlýsing birtist í Morgunblaðinu frá stjórn Læknafélags Íslands í framhaldi um rétt lækna til að tjá sig um þróun heilbrigðisþjónustunnar og brotalamir á henni hvort sem er á eigin vinnustað eða annars staðar og að hann eigi að vera óheftur. Og vegna hvers var þessi yfirlýsing? Það var vegna viðbragðanna við grein yfirlæknisins, Ólafs Ó. Guðmundssonar, sem bar börnin og unglingana fyrir brjósti. Það er þess vegna sem ég vek athygli á þessu máli, virðulegi forseti, ekki vegna þess að svar heilbrrh., sem kemur í dag, sé ekki komið eða að ég telji að það verði fullnægjandi, heldur hins að vandinn er búinn að vera viðvarandi a.m.k. frá 1998. Hann er ekki leystur og lausnin snýst um peninga.

[10:46]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil fyrst taka fram að ég hef ekki á móti umræðu um þetta mál eða að þingnefndir taki það fyrir. Við munum að sjálfsögðu kappkosta að gera grein fyrir þróun þessara mála.

Hitt vil ég undirstrika að það er víðs fjarri að ekkert hafi verið aðhafst í þessum málum í fimm ár. Það hafa ekki verið framkvæmdar allar þær tillögur sem eru í hinni miklu skýrslu en það er ljóst að unnið hefur verið að því í fimm ár að mæta mjög vaxandi þörf á þessu sviði. Upp er komið vandamál með innlagnir sem við verðum að taka á og við einsetjum okkur að gera það. Þjónustan hefur ekki minnkað, hún hefur verið aukin á göngudeildinni og aukin hjá sjálfstætt starfandi barnageðlæknum. Við bættum þar við verulegum fjármunum á síðasta ári og erum að skoða framhald á því núna einmitt um þessar mundir.

Það er ekki skortur á starfsfólki á BUGL, þar er vel mannað, mjög vel mannað núna. En það er skortur á plássum fyrir innlagnir, það er rétt, þannig að það er vandamál sem við verðum að snúa okkur að og finna lausnir á. Ég hef gert ráðstafanir til þess að ræða við einstaklinga sem hafa orðið fyrir barðinu á þessu og fara rækilega ofan í saumana á því hvort það fólk hefur notið allra þeirra úrræða sem kerfið hefur upp á að bjóða og hvort tryggingakerfið hefur komið til móts við þetta fólk. Það er þörf á að skoða það og ég hef gert ráðstafanir til þess strax í dag að ræða við það fólk sem hefur orðið fyrir óþægindum og orðið fyrir barðinu á því ástandi núna sem hefur skapast undanfarið. Ég vonast því svo sannarlega til að við finnum lausnir á þessu erfiða og alvarlega máli. En ég er að sjálfsögðu tilbúinn að gefa allar upplýsingar og ræða það hvenær sem vera skal hér í Alþingi.

(**Forseti** (HBl): Ég vil ítreka það að biðja hv. þingmenn að gæta tímamarka.)

Álverksmiðja í Reyðarfirði, 2. umr.

Stjfrv., 509. mál. — Þskj. 842, nál. 985, 1008 og 1030, brtt. 986.

[10:49]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta iðnn. um frv. til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði. Að áliti meiri hlutans standa, auk þess sem hér stendur, hv. þm. Guðjón Guðmundsson, Pétur H. Blöndal, Kjartan Ólafsson og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Ég tel, herra forseti, að iðnn. hafi lagt verulega vinnu í þetta mál enda má segja að málið sjálft og ýmsir angar þess hafi verið til umfjöllunar beint og óbeint í iðnn. um nokkurra ára skeið, eins og kunnugt er. Nefndin sendi að vanda málið til umsagnar til fjölmargra aðila og fékk auk þess marga á sinn fund og er greint frá því í þskj. 985 og tel ég óþarfa að lesa það upp hér en vísa í þingskjalið. Ég vil þó geta þess í upphafi, herra forseti, að það hafa orðið örlítil mistök við frágang á nál. Þar eru tveir gestanna rangfeðraðir. Þar stendur Garðar Kristjánsson frá markaðsskrifstofu iðnrn., Garðar mun vera Ingvarsson. Sama er með þann sem sagður er Þorvaldur Jónsson frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, hann er Jóhannsson eftir því sem best er vitað og vil ég hér í upphafi koma þeirri leiðréttingu á framfæri.

Nefndin ákvað jafnframt að senda málið til umsagnar hjá tveimur öðrum nefndum þingsins, annars vegar hv. umhvn. til að skoða sérstaklega þá hlið sem lýtur að umhverfisþáttum málsins og fylgir nál. umhvn. sem fylgiskjal. Þá vísaði iðnn. málinu til umsagnar hjá efh.- og viðskn., þ.e. þeim hluta málsins sem snýr að efnahagsáhrifum og hinum skattalegu þáttum frv. og fylgja umsagnir 1. meiri hluta og 1. og 2. minni hluta efh.- og viðskn. sem fylgiskjöl. Vil ég nota þetta tækifæri fyrir hönd iðnn. og þakka þessum tveimur nefndum fyrir vel unnin störf.

Herra forseti. Um hvað snýst þetta mál? Textinn er ekki flókinn en það snýst um að hæstv. iðnrh. fái heimild til samninga við Alcoa um framleiðslu á áli allt að 322.000 tonnum á ári. Samningar við Alcoa, eitt af stærri fyrirtækjum veraldar, sem rekur 29 álver en vinnur þar að auki mikið úr þeirri framleiðslu sem úr álverum kemur, er nokkuð stórtækt á sviði áls til flugvélaframleiðslu, til bílaframleiðslu, vegna umbúða og þar fram eftir götunum, enda er þessi léttmálmur afskaplega eftirsóttur um allan heim í nútímaviðskiptum.

Einnig er rétt að draga það fram, herra forseti, að þetta *mál tengist öðru stóru máli sem hefur verið til umfjöllunar* á Alþingi en Alþingi þegar afgreitt frá sér, þ.e. lögum um Kárahnjúkavirkjun, enda byggir frv. á samningi Landsvirkjunar við fyrirtækið. Þetta er ekki ýkjalöng saga en óhætt er að segja að mikið hafi gengið á. Ég minni á að upphaflegar hugmyndir um álver við Reyðarfjörð snerust um Fljótsdalsvirkjun þar sem ætlunin var að framleiða orkuna, Fljótsdalsvirkjun þar sem Eyjabakkar tengdust og var hér mikil og hörð umræða á hv. Alþingi. Í þeirri umræðu komu m.a. fram ábendingar um að svæðið við Kárahnjúka væri út frá umhverfissjónarmiði að mörgu leyti heppilegra til raforkuframleiðslu og gæti jafnvel talist hagkvæmara. Nú höfum við einmitt staðið frammi fyrir því og var fallið frá virkjunum við Eyjabakka og lög um Kárahnjúka þegar orðin að veruleika.

Þá er rétt, herra forseti, að minna á að upphaflega kom að þessu máli fyrirtækið Norsk Hydro, sem hafði sýnt mikinn áhuga og hafði verið gerður samningur um viðræðuferli við Norsk Hydro vegna álvers við Reyðarfjörð. Af ýmsum ástæðum óskaði það fyrirtæki eftir því að frestur til ákvarðanatöku yrði framlengdur. Eins og kunnugt er varð að samkomulagi milli stjórnvalda og Norsk Hydro að framlengja ekki þann frest en í kjölfarið kom þetta stóra fyrirtæki, Alcoa, að málinu og má segja að samningar hafi gengið nokkuð hratt og vel fyrir sig, og á grundvelli þess samkomulags byggir síðan þetta frv.

Óhætt er að segja að niðurstaða meiri hluta iðnn. er sú að mæla með samþykkt frv. og veita heimild til hæstv. iðnrh. um að gera samninga við fyrirtækið Alcoa um álverksmiðju við Reyðarfjörð, með örsmáum, smávægilegum brtt. sem raktar eru á þskj. 986, en eru ekki efnislegar, heldur fyrst og fremst spurningar um orðalag, og vísa ég í þskj. 986 hvað það varðar.

Ég vil, herra forseti, vekja athygli á nokkrum atriðum sem fram koma m.a. í nál. meiri hluta iðnn. Í fyrsta lagi vil ég nefna að eins og fram kemur hjá meiri hluta umhvn. var við þetta ferli, sem snýr að álverksmiðju við Reyðarfjörð, farið að lögum um mat á umhverfisáhrifum, og er það auðvitað grundvallaratriði enda hefur Alþingi sett lög um mat á umhverfisáhrifum sem nokkurs konar verkfæri til þess að beina framkvæmdum á borð við þessa í tiltekinn farveg þar sem umhverfisþættir eru skoðaðir.

Það er líka rétt, herra forseti, í sambandi við þetta að upplýsa að fram kom hjá fulltrúa Umhverfisstofnunar að samhliða umhverfismatinu var unnið að gerð starfsleyfis og farið í vinnu við það. Fram kom hjá fulltrúa Umhverfisstofnunar að í rauninni væri ekkert í lögum sem kæmi í veg fyrir að starfsleyfi væri veitt. Einnig er rétt að draga fram í þessu sambandi að Alcoa mun notast við dálítið aðra tækni en upphaflega stóð til meðan Norsk Hydro var inni í myndinni og má segja að út frá umhverfissjónarmiðum séu þau atriði til bóta. Ég vil þar sérstaklega nefna að fallið er frá urðun kerbrota, enda verða þau flutt úr landi, rafskautaverksmiðja mun ekki rísa, fyrirtækið mun flytja inn sín eigin rafskaut, og síðast en ekki síst er fallið frá svo kallaðri vothreinsun, þ.e. að beina útblæstrinum til sjávar, enda sú aðferð óvíða notuð annars staðar en í Noregi. Fram kom hjá fulltrúa Umhverfisstofnunar að með því að beina útblæstri í sjó í gegnum svokallaðan vothreinsibúnað sé hætta á að svokölluð PAH-efni safnist saman á of afmörkuðum stað og fari yfir eðlileg mörk og skapi hættu, verulega hættu, en með þeirri aðferð sem m.a. byggir á tveimur risastórum *reykháfum dreifist útblásturinn og eru minni líkur á að hann* fari yfir hættumörk. Þá kom einnig fram að í starfsleyfinu er gert ráð fyrir vöktun á umhverfisþáttum og heimild til þess að grípa inn í ef útblástur fer yfir tiltekin mörk.

Í annan stað er hjá efh.- og viðskn. fjallað sérstaklega mikið um hugsanlegar aðgerðir gegn þenslu í efnahagslífinu þegar framkvæmdir verða í hámarki, og kom það auðvitað til umræðu í iðnn. einnig. Árin 2005 og 2006 er talið að framkvæmdatíminn vegna virkjunar við Kárahnjúka og álverksmiðju í Reyðarfirði nái hámarki og er rétt að draga það fram hér að þegar báðar þessar framkvæmdir eru lagðar saman er verið að ræða um fjárfestingu upp á u.þ.b. 165 milljarða kr. á nokkrum árum. Auðvitað mun það hafa veruleg áhrif og umræður urðu verulegar um það í efh.- og viðskn. og iðnn. og hafa orðið svo sem hér á Alþingi og í fjölmiðlum um viðbrögð við þeim efnahagsáhrifum sem hin mikla fjárfesting kann að hafa.

Þó að hér kunni að vera um eina mestu fjárfestingu í sögu þjóðarinnar að ræða þá er rétt að minna á að fjárfestingin sem hlutfall af landsframleiðslu er samt ekki miklu meiri en var á sjötta áratugnum þegar fjárfest var í Búrfellsvirkjun og álver í Straumsvík reis. Sem hlutfall af þjóðarframleiðslu er þessi fjárfesting í raun ekki miklu meiri og segir það auðvitað til um hversu mikil framþróun hefur orðið í íslensku efnahagslífi á tiltölulega skömmum tíma.

Það er mat nefndarinnar, þ.e. meiri hluti iðnn. tekur undir það mat meiri hluta efh.- og viðskn., að stjórnvöld, fjármálastofnanir og sveitarfélög þurfi að vera mjög á varðbergi hvað varðar hugsanleg þensluáhrif þegar framkvæmdirnar rísa sem hæst. Má í því sambandi benda á aðgerðir ríkisstjórnarinnar nú nýlega þar sem verið er að færa til verkefni af samgönguáætlun einmitt til þess að draga úr opinberum framkvæmdum á tímabilinu 2005–2006 þegar framkvæmdir munu verða í hámarki. Hins vegar er eðlilegt og rétt að árétta það að í dag er auðvitað ekkert vitað hver staða efnahagslífsins verður 2005–2006. *Við vitum ekki hvernig* staða fiskstofna verður á þeim tíma. Við vitum ekki hvernig staðan í ferðaþjónustunni verður á þeim tíma og öðrum þeim greinum sem atvinnulíf okkar byggir á. Því er eðlilegra að bregðast við þegar á reynir og þegar vitað er nákvæmlega hver staðan í efnahagslífinu verður á þessu tímabili, 2005–2006, enda hefur það komið fram m.a. hjá hæstv. iðnrh. og hæstv. forsrh.

að það sé skylda ríkisstjórnar að fylgjast með því enda getur enginn sagt um það í dag hver staða efnahagslífsins verður eftir þrjú, fjögur, fimm ár.

Herra forseti. Í annan stað vil ég nefna að í iðnn. kom fram það álit í umræðum nefndarinnar og kemur það fram í áliti meiri hlutans að nefndin hvetur þá sem að verkinu standa til þess að skipuleggja vel hinn félagslega þátt við uppbyggingu álversins og auðvitað í tengslum við virkjunina líka. Ekki síst var verið að horfa á álverið sem mun væntanlega skapa hundruðum einstaklinga störf til lengri tíma. Því er það dálítið spennandi verkefni að skipuleggja hinn félagslega þátt, ekki síst með hliðsjón af búsetu og út frá kyni. Nú hefur komið fram að í álverum víðast um heim vinna ekki síður konur en karlar. En einhverra hluta vegna hefur það gengið verr í þeim tveimur álverum sem starfandi eru á Íslandi að laða kvenfólk til starfanna þrátt fyrir yfirlýstan vilja forsvarsmanna þessara fyrirtækja. Nægir þar m.a. að nefna Rannveigu Rist, konuna í forstjórastóli Alcan, sem hefur haldið þessu sjónarmiði vel á lofti.

Gera má ráð fyrir því að starfsmenn þessa fyrirtækis búi í sveitarfélögum sem ná yfir nokkuð stórt svæði og var nokkur umræða um það í nefndinni að það gæti einmitt verið ögrandi og skemmtilegt verkefni í byrjun, strax frá upphafi, að skipuleggja vaktir og annað með hliðsjón af þessum þáttum.

Nokkuð var fjallað um hina skattalegu stöðu fyrirtækisins og kemur það fram bæði í áliti meiri hluta og 1. minni hluta að í svona grófum dráttum má segja, eins og kemur m.a. fram í ágætu yfirliti í einu fylgiskjalanna, að skattalegt umhverfi Norðuráls annars vegar og álverksmiðju í Reyðarfirði hins vegar er mjög sambærilegt. Það skeikar í einhverjum atriðum til eða frá en í það heila tekið má segja að þau undanþáguákvæði sem veitt eru þessum tveimur fyrirtækjum séu mjög sambærileg. Ef hins vegar litið er á sambærilega þætti hvað varðar Alcan þá eru þeir samningar byggðir upp allt öðruvísi og má um sumt segja að Alcan gjaldi fyrir það að hafa verið fyrstir á vettvang fyrir nokkrum áratugum. Samningar milli stjórnvalda og Alcan og sveitarfélaga byggja á svokölluðu framleiðslugjaldi og rennur hluti þess til sveitarfélaga, til ríkis og þar fram eftir götunum á meðan samningarnir við Norðurál og Alcoa eru byggðir upp með allt öðrum hætti. Það kemur fram í nál. meiri hluta og 1. minni hluta iðnn. — væntanlega munu talsmenn 1. minni hluta gera grein fyrir sínum sjónarmiðum — en talsmenn meiri hluta iðnn. leggja áherslu á að stjórnvöld gangi sem fyrst til þess verks að skapa sambærileg skilyrði fyrir þau fyrirtæki sem vinna á sambærilegu sviði, þ.e. nú stefnir í að þriðja álverksmiðjan rísi hér en hins vegar eru samningar við þessi fyrirtæki ólíkir og meiri hlutinn telur mjög eðlilegt að gengið verði til samninga við Norðurál og Alcan og reynt að skapa sem líkast umhverfi fyrir þessi sambærilegu fyrirtæki og hvetur meiri hlutinn til þess að svo verði gert sem fyrst.

Þá er vakin athygli á því að hér kann að vera mjög spennandi tækifæri fyrir félagsfræðinga og stjórnmálamenn framtíðarinnar til að fylgjast með þeim áhrifum sem jafnstór fjárfesting og jafnstórt fyrirtæki og raun ber vitni hefur á tiltölulega afmörkuðu svæði. Það er mikið tækifæri að fylgjast með þeirri þróun, hinum félagslegu áhrifum og kannski efnahagslegu áhrifum af þessu fyrirtæki strax frá upphafi og hvetur meiri hlutinn til þess að slíkt verði gert og tekur með því undir sjónarmið sem fram koma í þáltill. þar að lútandi sem nokkrir þingmenn flytja en 1. flm. hennar er hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir.

Herra forseti. Segja má að vissulega séu færðar fórnir með þessum gjörningi, þ.e. álverksmiðju við Reyðarfjörð og síðan orkuframleiðslu í tengslum við hana. Óhjákvæmilega fylgir röskun á umhverfi eins og við öll önnur mannanna verk. Hvar sem mannskepnan kemur sér fyrir og vill skapa sér tilverugrundvöll fylgir röskun á náttúru. Ekki þarf annað en horfa á svæðið í kringum höfuðborgina, vegi, hús, bryggjur, flugvelli og öll önnur mannanna verk. Hins vegar er rétt að hafa í huga að þó að hér sé um ákveðna umhverfisröskun að ræða þá er ekki hægt að líta fram hjá þeirri staðreynd að hér er verið að tala um að framleiða ál sem byggir á raforkuframleiðslu með vistvænum orkugjöfum. Þeir eru afskaplega verðmætir. Benda má á að meiri hluti álvera í heiminum framleiðir ál með rafmagni sem er gert með kolum og olíu. Útblástur frá slíkum raforkuverum og slíkri rafmagnsframleiðslu er 8–15 sinnum meiri en af því rafmagni sem framleitt er með okkar vistvænu orkugjöfum. Þó það hafi vissulega komið fram hjá vissum aðilum þá er einfaldlega ekki rétt að líta fram hjá þeim hluta því á umhverfismál þarf að horfa hnattrænt. Það er alveg ljóst, herra forseti, að ef heimsmarkaðurinn þarf á áli að halda þá munu álverksmiðjur rísa einhvers staðar í heiminum. Þess vegna er afskaplega mikilvægt í því skyni að nýta þá vistvænu orkugjafa sem við Íslendingar til allrar hamingju erum nokkuð auðug af. Það er ein af okkar sterku auðlindum. Ég vil leyfa mér að halda því blákalt fram að þetta sé jákvætt framlag Íslendinga hvað varðar útblástur á heimsvísu þó að vissulega valdi það einhverri staðbundinni aukningu hér. Verður fróðlegt að sjá skriflegt svar við fyrirspurn frá hv. þm. Pétri Blöndal sem hefur einmitt lagt fram fyrirspurn um samanburð á raforkuframleiðslu annars vegar með vatni og jarðgufu og hins vegar kolum og olíu, en munurinn mun vera á bilinu 8–15 faldur.

Það er mikilvægt að hugleiða hvers vegna verið er að flytja frv. á borð við þetta, hvers vegna menn taka pólitískan slag um mál á borð við þetta. Að mínu mati, herra forseti, lýtur það að atvinnustefnu, spurningunni um að halda hér uppi atvinnustefnu. Það lýtur að verðmætasköpun. Það lýtur að því að treysta stoðir velferðarkerfisins og það snýr að því að þjóðir hafi sjálfsákvörðunarrétt til að nýta auðlindir sínar skynsamlega. Má þar minna á, og væri svo sem ekki vanþörf á því, að nú um þessar mundir er atvinnuleysi meira en verið hefur í langan tíma. Á sumum svæðum, m.a. á Suðurnesjum, er atvinnuleysið komið í kringum 5% og veldur það auðvitað miklum áhyggjum. Vissulega hefur margt verið reynt á síðustu árum til þess að auka fjölbreytileika í atvinnulífi okkar og margt verið gert til að draga úr atvinnuleysi. Ég hygg hins vegar að menn muni eftir því að þegar hjól atvinnulífsins fóru að snúast hressilega aftur eftir hina miklu kyrrstöðu í lok níunda áratugarins og ég hygg að það hagvaxtarskeið sem við upplifum núna muni verða kennt við þá ákvörðun að stækka álverið í Straumsvík. Þar með fóru hjól atvinnulífsins að snúast aftur vegna þess að þá var m.a. staðið að erlendri fjárfestingu í atvinnulífinu og skilaboðin — í kjölfarið fylgdi mikil bjartsýni í íslensku atvinnu- og efnahagslífi sem skiptir gífurlega miklu máli.

Fjölmargt annað hefur verið reynt víða um land, eiginlega um allt land má segja. Sums staðar hafa menn náð árangri. Ferðaþjónustan heldur áfram að vaxa og dafna en því miður er ástand ferðaþjónustunnar slíkt að fæst fyrirtæki þar eru rekin með hagnaði. Flest fyrirtæki í ferðaþjónustu standa á

brauðfótum m.a. vegna þess að ferðatíminn er svo skammur. Við erum að tala um að meginferðamannatíminn á Íslandi sé þrír til fjórir mánuðir. Vissulega skiptir ferðaþjónustan miklu máli í gjaldeyrisöflun okkar Íslendinga. Við höfum náð ágætum árangri í lyfjaiðnaði. Við höfum náð ágætum árangri í kvikmyndum og þannig má áfram halda. En það breytir ekki þeirri staðreynd að atvinnuleysi fer vaxandi og talið er að skapa þurfi u.þ.b. 1.500 ný störf á hverju ári til þess að sporna við því að hér myndist atvinnuleysi.

Þrátt fyrir góðan vilja og aðgerðir til þess að ná slíkum atvinnutækifærum með ýmsum öðrum hætti hefur það ekki tekist. Þess vegna hljóta menn að fagna því að skapa atvinnu, fjölbreytilega atvinnu þar sem krafist er fyrst og fremst menntaðs fólks, háskólamenntaðs fólk, fólks með tæknimenntun, í þau 500 störf sem verða beinlínis til í álverinu og vissulega er ánægjulegt að sjá hvernig skólar bæði fyrir austan og norður á Akureyri hafa brugðist við til þess að stuðla að menntun og skapa námsbrautir fyrir fólk sem vill vinna þarna.

Ég vil líka í þessu sambandi minna á að reynslan bæði frá Norðuráli og álverinu í Straumsvík er sú að í hvert skipti sem laust starf er auglýst til umsóknar sækja hundruð einstaklinga um og hvergi í nokkrum fyrirtækjum er starfsaldur jafnhár og í álverunum, enda greiða þau tiltölulega há laun, jafnvel hærri en gengur og gerist á hinum almenna markaði. Þau eru með öðrum orðum eftirsóttir vinnustaðir fyrir fólk með fjölbreytilega menntun og greiða tiltölulega há laun. Það er gífurlega mikið atriði að skapa hér verðmæti og tækifæri fyrir vinnufúsar hendur.

Herra forseti. Ég hef nefnt 500 bein störf. Þá eru ónefnd margfeldisáhrif sem fylgja alltaf verksmiðjum á borð við álver. Starfsemin í álveri er fjölbreytileg en ég held að það sé líka rétt að draga fram margfeldisáhrifin, ýmiss konar þjónustu, beina og óbeina þjónustu sem fylgir starfsemi í álveri. Þar þarf í rauninni ekki annað en að benda á reynsluna sem Hafnfirðingar og nágrannar Hafnfirðinga hafa af álverinu við Straumsvík. Ég vil draga fram ágætt yfirlit sem Gísli Gíslason, bæjarstjóri á Akranesi, veitti iðnn. þegar hún heimsótti fyrirtækin á Grundartanga. Bæjarstjórinn lýsti þar áhrifunum sem stóriðja á Grundartanga hefur haft á Akranes og nágrannabyggðir. Það var ákveðin niðursveifla í atvinnulífi á Akranesi, lítið að gerast og vonleysi, en þar hefur orðið algjör umsnúningur eftir að stóriðja var byggð á Akranesi. Það felst ekki aðeins í beinum störfum fólks sem þar vinnur heldur alls konar þjónustu í kringum álverið.

Þá eru ónefnd margfeldisáhrif þeirra aðila sem sækja fram í skjóli álversins ef svo má segja. Ég vil nefna fyrirtæki og framtak manna eins og Jóns Hjaltalíns Magnússonar sem selur hugbúnað og róbóta, hugbúnað í slíka róbóta í álver um allan heim. Mörg sambærileg fyrirtæki má nefna sem hafa orðið til í samstarfi við álverin og vegna þess að álverin eru hér. Þau hafa skapað vel menntuðu fólki sóknarfæri sem það hefur nýtt sér. Það verður auðvitað seint metið til fulls.

Ég tel mikilvægt að benda á, herra forseti, að verði álver reist við Reyðarfjörð, sem allt stefnir í, mun álframleiðsla aukast allverulega hér og kunna að skapast skilyrði þess að við getum farið að hasla okkur völl við úrvinnslu á áli, sem ekki hefur verið nema í óverulegum mæli hér á landi. Magnið sem hér er framleitt hefur verið það lítið að það hefur ekki verið talið svara kostnaði að hefja úrvinnslu þess. (Gripið fram í.) — Hv. þm. fær tækifæri til þess að tjá sig á eftir. — Það eru miklir möguleikar í að vinna úr áli í stað þess að senda það sem óunna afurð úr landi.

Ég hygg að með álveri við Reyðarfjörð kunni að skapast sambærileg skilyrði og við höfum byggt upp í sjávarútvegi. Við erum annars vegar að tala um veiðar, sem auðvitað skapa hráefni. Lengi vel vorum við mikil hráefnisþjóð en lítil úrvinsluþjóð í fiskvinnslunni. En þær forsendur hafa breyst og þannig höfum við skapað verðmæti í sjávarútvegi okkar. Ég hygg að með álveri við Reyðarfjörð geti skapast einmitt þessar forsendur að úrvinnsluiðnaður í áli, hvort heldur er að framleiða hér hluta í bíla, hluta í flugvélar, framleiða á umbúðamarkaðinn eða hvað það nú heitir. Þær forsendur kunna að skapast. Það krefst enn frekari tæknikunnáttu, enn frekari orku og enn frekari mannafla. Það gæti skapað enn frekari verðmæti fyrir okkar ágætu þjóð.

Það var gleðilegt að heyra í fréttum frá því í fyrradag hvernig margfeldiáhrifin eru þegar farin að koma fram. Flugfélag Íslands hefur ákveðið að ráða fimm nýja flugmenn á sínar leiðir, fyrst og fremst vegna áhrifanna frá væntanlegu álveri og framkvæmdum við Kárahnjúka á leiðinni á Egilsstaði og Akureyri. Þar sjáum við hvernig margfeldisáhrifin eru þegar farin að gera vart við sig. Þau ná ekki einungis yfir Austurland heldur teygja sig yfir á Norðurlandið einnig. Við erum rétt að sjá byrjunina á því.

Herra forseti. Verði þessar framkvæmdir að veruleika mun hlutfall sjávarútvegs í íslensku efnahagslífi í fyrsta sinn fara niður fyrir 50%, og þar með má segja að skapast hafi forsendur fyrir enn frekari stöðugleika í íslensku efnahagslífi. Vitað er að fiskstofnar sveiflast af ýmsum ástæðum upp og niður og þannig hefur efnahagslíf okkar farið í ... (Gripið fram í.) Já, eins og fylgi stjórnmálaflokka, segir formaður ónefnds stjórnmálaflokks. Efnahagslíf okkar hefur auðvitað fylgt þeim sveiflum og því meira sem við erum háðari fiskveiðum. En ef hlutfall sjávarútvegs fer niður fyrir 50% segir sig sjálft að við höfum fjölgað eggjunum í efnahagskörfu okkar. Forsendur fyrir enn frekari stöðugleika eiga að hafa skapast. Ekki þarf að fara mörgum orðum um gildi þess að hafa stöðugleika í efnahagslífi okkar. Það hefur áhrif á vexti og allan efnahag okkar.

Í raun lýsir þetta sér í þeirri spá að með framleiðslu Alcoa í álverksmiðju í Reyðarfirði eigi landsframleiðsla að aukast um allt einu prósenti. Fleiri orð þarf í rauninni ekki að hafa um það. Það að auka landsframleiðslu um 1% er náttúrlega gífurlegur árangur og segir að við erum að stækka þjóðarkökuna sem því nemur, eða um 40 milljarða kr. árlega í útflutningsverðmætum. Þar með er auðvitað verið að leggja grunninn að velferðarkerfinu til framtíðar. Með því kunnum við einmitt að vera að skapa grunn að frekari skattalækkunum en umfram allt betri kjörum fyrir íslenskt efnahagslíf og fyrir íslenska þjóð. Það er væntanlega á þeim forsendum, herra forseti, sem fram kemur í umsögn og fram kom í heimsóknum til iðnn. að fulltrúar atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins, Samtaka atvinnulífsins, Alþýðusambands Íslands og fleiri slíkra aðila eindreginn stuðningur við að þetta frv. verði gert að lögum. Hvers vegna skyldi það vera? Það er jú vegna þess að menn hvetja til að auka verðmæti í íslensku efnahagslífi, hvetja til að við fjölgum atvinnutækifærum hér á Íslandi og þess vegna sýna Samtök atvinnulífsins mikinn stuðning við að frv. þetta verði að lögum.

Gleðin hefur þó líklega hvergi komið jafn vel fram og í viðbrögðum Austfirðinga þegar samningar náðust við Alcoa. Það var innileg og sannkölluð gleði sem hefur væntanlega

eitthvað smitast yfir á suðvesturhornið, gleði yfir tækifærum til að fá vinnu, skapa verðmæti og byggja upp blómlegt mannlíf fyrir austan (Gripið fram í.) en þjóðin nýtur góðs af og hlýtur að gleðjast (Gripið fram í.) með því.

Herra forseti. Nú hefur hv. og virðulegur formaður Vinstri grænna gengið í salinn og þráir eflaust að komast að. Ég held að ég láti þetta duga og ítreka það að að nál. meiri hluta iðnn. standa Hjálmar Árnason, Guðjón Guðmundsson, Pétur H. Blöndal, Kjartan Ólafsson og Ísólfur Gylfi Pálmason.

[11:24]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var mjög dapurlegt að hlýða á fulltrúa stjórnarmeirihlutans, fulltrúa Framsfl., réttlæta eyðileggingu á einni helstu og fegurstu náttúruperlu þessa lands, réttlæta útsöluprís á rafmagni til bandarískra stórfyrirtækisins Alcoa, sem er að pakka saman, draga saman seglin heima fyrir vegna hás raforkuverðs. Þetta gátu þeir gert eftir að þeir uppgötvuðu Framsóknarflokkinn. Ef það væri Framsóknarflokkurinn einn sem hvíldi í klóm Alcoa þá væri málið ekki svo ýkja alvarlegt en þeir eru að taka þjóðina alla með sér.

Hér talaði hv. þm. Hjálmar Árnason um réttláta skattlagningu á stóriðjufyrirtæki á Íslandi. Ég hefði kosið að hann hefði horft til íslenskra fyrirtækja og íslensks atvinnulífs og horfið frá ívilnunum til stóriðju. Hann sagði ekki vitað hvernig atvinnulífinu mundi vegna eftir fáein ár. Það er alveg rétt. En eitt er vitað, samkvæmt varnaðarorðum Seðlabanka, fjmrn. og fjármálasérfræðinga mun íslenskum atvinnufyrirtækjum vegna verr en ella vegna áforma ríkisstjórnarinnar. Þetta er staðreynd.

En spurningin sem ég vildi beina til hv. þm. og formanns iðnn. þingsins lýtur að ESA. Hefur honum verið kynnt, þá iðnn. einnig, hvers ESA hefur óskað, og hvaða gögn hafi verið send til ESA-dómstólsins. Hefur þetta mál verið tekið til formlegrar umræðu og viðræðu í iðnn. þingsins? Ég hef farið fram á að slík kynning fari fram í efh.- og viðskn. þingsins en okkur hefur verið skýrt frá því að þá verðum við að undirgangast það að láta ekkert uppi, þegja yfir staðreyndum málsins gagnvart þjóðinni. Ég óskaði eftir rökstuðningi fyrir því, hvers vegna okkur ber að þegja.

[11:26]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mér ekki á óvart að maður sem dagfarslega er afskaplega lífsglaður skuli, þegar hann kemur hér í ræðustól og fjallar um atvinnumál og möguleika til að skapa atvinnu, vera heldur dapur. Enda byrjaði hv. þm. sína ræðu á að það væri dapurlegt að hlýða á. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Ögmundi Jónassyni finnst málið dapurlegt og er þar í bullandi ágreiningi við ASÍ, í bullandi ágreiningi við öll helstu samtök atvinnulífsins sem fagna þessu og gleðjast með okkur öðrum sem styðjum þetta frv. Það skapar aukin verðmæti fyrir þjóðarbúið og hundruð starfa fyrir þjóð sem nú er að glíma við atvinnuleysi. Hv. þm. á erfitt með að gleðjast yfir þeim tækifærum en kemur, eins og yfirleitt þegar hér er verið að fjalla um möguleika til að byggja upp atvinnu, dapur í bragði.

Ég harma það. En hv. þm. verður að fara að skilja að störfin verða ekki til, þeim rignir ekki af himnum ofan. Það þarf að fjárfesta í atvinnulífi. Menn þurfa að sækja fram í atvinnulífinu til að skapa störf og færa frekari stoðir undir velferðarkerfið. Það þarf að auka verðmætin, m.a. svo að hægt sé að borga starfandi fólki laun og líka til þess að borga opinberum starfsmönnum laun. Verðmætin verða ekki til úr engu. Ekkert verður til úr engu.

Hvað varðar fyrirspurn hv. þm. þá hefur hv. þm. óskað eftir því á fundi í efh.- og viðskn. að fá upplýsingar. Ég sat á þeim fundi með honum og við bíðum eftir svörum. En það hefur komið fram hjá hæstv. iðnrh. að við vinnu á þessu máli hefur ESA verið upplýst um ferlið. Þetta er nokkuð sambærilegt við Norðurál en við bíðum eftir niðurstöðum og kvíðum engu.

[11:28]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Heldur var nú fátt um svör. Málið snýst um hvaða leið er vænlegust til árangurs til atvinnusköpunar í landinu. Við höfum sýnt fram á að miðstýrð þungaiðnaðarstefna Framsfl. veiki möguleika annarrar atvinnustarfsemi í landinu og sé ekki líkleg til að stuðla að þeirri grósku sem við viljum sjá í efnahagsstarfseminni á komandi árum. Við höfum fært rök fyrir því og munum að sjálfsögðu gera það í umræðunni í dag, þá gagnvart öðrum ráðherrum og ábyrgðarmönnum.

Hér talaði hv. formaður iðnn. þingsins sem er fyrsti talsmaður þessa máls hér við umræðuna. Hann hefur ekki óskað eftir gögnum sem send hafa verið til ESA sem hljóta að vera forsenda þess að þetta mál gangi upp. ESA er með málið til athugunar, hvort það stríði gegn reglum sem við höfum undirgengist á hinu Evrópska efnahagssvæði. (Forseti hringir.)

Ég hefði viljað vita í hverju niðurgreiðslan er fólgin sem verið er að fjalla um. Er það hafnargerðin og ívilnanir við mengunarkvóta? Við vitum það ekki.

(**Forseti** (ÍGP): Ég minni hv. þingmann á að virða tímamörk.)

[11:30]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. getur varla ætlast til þess að iðnn., þó að hún sé merkileg, grípi inn í ferlið hjá ESA. (**ÖJ:** Á sínum málum ...) ESA er með málið til skoðunar eins og hv. þm. veit, og niðurstöður og úrskurður ESA kemur. En þá er langt til seilst þegar meira að segja formaður þingflokks Vinstri grænna hangir núna á síðasta stráinu sínu, voninni um að ESA stöðvi málið, það sem hann kallar miðstýrða atvinnustefnu Framsfl. (**ÖJ:** Þú meinar það.) Það er þó gott að Framsfl. hafi stuðning frá ASÍ, Samtökum iðnaðarins, Samtökum atvinnulífsins og yfirleitt öllum sveitarfélögum sem um þetta hafa tjáð sig. (**ÖJ:** Á þá ekki að kjósa um málið?) Ég fagna því að það skuli vera til svo margir framsóknarmenn í landinu sem styðja þessa atvinnustefnu. Þetta er atvinnustefna sem skapar verðmæti, hún skapar störf en því hefur hundasúrustefnan því miður ekki skilað til okkar enn þann dag í dag, því miður. (**ÖJ:** Af hverju þorið þið ekki að láta kjósa um málið? Af hverju erum við að ræða þetta þá? Er þetta grín?)

[11:31]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kemur í því lagafrv. sem hér er til umræðu, heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði, er Kárahnjúkavirkjun forsenda fyrir álverinu. Kárahnjúkavirkjun er nefnd í lagatextanum og er grundvallarforsenda fyrir því að af þessum framkvæmdum geti orðið. Þess vegna er auðvitað ekki hægt að gera neinar athugasemdir við það að rætt sé um þau náttúruspjöll í heild sem fylgja þessum framkvæmdum.

Ég kem í andsvar við hv. formann iðnn. vegna þess að ég þarf að leiðrétta ákveðna hluti sem hv. þm. kom inn á í ræðu sinni. Í fyrsta lagi vil ég leiðrétta það að hér sé um eitthvert meirihlutaálit frá umhvn. að ræða. Það er ekkert meirihlutaálit frá umhvn. vegna þess að það var ekki nægur meiri hluti á fundi umhvn. sem afgreiddi málið til að það gæti myndast meiri hluti. Þar voru aðeins tveir stjórnarþingmenn viðstaddir þannig að það er rangt hjá hv. þingmanni að hér sé um að ræða meirihlutaálit frá umhvn. enda mál lesa í þinggögnum að umsögnin sem barst frá umhvn. var í fyrsta lagi frá 1. minni hluta og í öðru lagi frá 2. minni hluta umhvn.

Herra forseti. Ég vil spyrja hv. formann iðnn.: Hvers vegna var spurningin sem lögð var fyrir umhvn. Alþingis jafnþröng og raun bar vitni? Hvers vegna var umhvn. þingsins í þessu máli eingöngu gert að svara því hvort farið hefði verið að lögum við mat á umhverfisáhrifum? Hvers vegna var umhvn. ekki falið að líta heildstætt á umhverfisþáttinn eins og látið er í veðri vaka í nál. hv. iðnn. sem segir raunar beinum orðum að það hafi verið fjallað um umhverfisþáttinn í umhvn.? Herra forseti. Það var ekki gert. Ástæðan var sú að iðnn. bað umhvn. ekki um að líta á neitt annað en það hvort farið hefði verið að lögum við afgreiðslu málsins.

[11:33]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að rétt sé að draga það fram hér að fram hefur komið í iðnn. að iðnn. öll, fyrir utan fulltrúa Vinstri grænna, styður málið. Það held ég að sé nokkuð lýsandi fyrir stöðu þessa máls hjá þjóðinni. Yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar sér hvaða áhrif þetta hefur, hvaða jákvæðu áhrif þetta hefur fyrir efnahagslíf okkar, fyrir byggðamálin, skapar atvinnu og þar fram eftir götunum eins og hér hefur verið farið yfir en því miður eiga hv. fulltrúar Vinstri grænna erfitt með að skilja það, enda virðist verðmætasköpun einhvern veginn ekki vera inni á borði hjá þeim ágæta stjórnmálaflokki.

Hvers vegna var spurning iðnn. og erindi iðnn. til hv. umhvn. svo þröngt? spyr hv. þm. Varla getur hv. þm. ætlast til þess að þingmenn eða þingnefndir fari að stunda umhverfismat. Það er ekki hlutverk þingsins. Hér var mikil umræða á sínum tíma og ég vissi ekki betur en að þingmenn hefðu fagnað því að hér voru sett lög um mat á umhverfisáhrifum. Það er það verkfæri sem löggjafarvaldið hefur sett framkvæmdarvaldinu, að fara þar eftir ákveðnu ferli, og þar koma að ýmsar stofnanir. Þar hefur almenningur alla möguleika til þess að gera athugasemdir. Þar fer fram matið. Það fer ekki fram innan þingsins. Við förum ekki upp á hálendið nema kannski til að kynna okkur aðstæður en það erum ekki við sem veltum við steinum, teljum hreindýr og þar fram eftir götunum og skoðum hin eiginlegu áhrif. Til þess höfum við sett lög. Til þess höfum við stjórnsýslustofnanir og það er þess vegna sem við spurðum hvort hefði verið farið að lögum. Meira þurftum við ekki að vita.

[11:36]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. þurfti ekki að vita meira. Er hann með þeim orðum að segja að meðferð Skipulagsstofnunar sé undirorpin einhverjum vafa? Þarf hv. þm. að fá heila þingnefnd til þess að segja sér að Skipulagsstofnun fari að lögum? Og má ég benda hv. þm. á að Skipulagsstofnun mat Kárahnjúkavirkjun ótæka út frá umhverfisforsendum. Má ég minna hv. þm. á að það var pólitískt handafl Framsfl. sem sneri þeim úrskurði við og ég get þess vegna fullyrt að það hafi ekki verið farið að lögum. Nú hefur úrskurður Skipulagsstofnunar um álverið verið kærður. Það þýðir að umhverfismatsferli álversins stendur enn þá yfir, því er ekki lokið og sannleikurinn er sá að Umhverfisstofnun var ekki heimilt samkvæmt reglugerðum að auglýsa starfsleyfið opið til umsagnar fyrr en eftir að umhverfismatsferli álversins væri lokið. Umhverfismatinu er ekki lokið. Það er búið að auglýsa starfsleyfi í heimildarleysi þannig að ég fullyrði það hér við hv. þm. að ekki hefur verið farið að lögum.

[11:37]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki rétt hjá hv. þm. að ekki hafi verið farið að lögum. Ég vil hvetja hinn ötula hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur til að kynna sér lög um mat á umhverfisáhrifum. Ráðherrann, hvort sem það er ráðherra Framsfl. eða annars, hefur fullt leyfi og fullt vald samkvæmt lögum til þess að úrskurða í málinu. Það veit hv. þm. og ég vara við því, þó að ég skilji tilfinningar hv. þm. og virði þær þó að ég sé ósammála afstöðu þingmannsins, að koma hér upp og halda fram því sem rangt er vegna þess að þingmaðurinn veit betur.

Hv. þm. á líka alla kosti á því að koma sjónarmiðum sínum fram í minnihlutaáliti. Umhvn. fær ákveðna beiðni frá iðnn., og umhvn. getur gert hvaðeina sem hún vill. Og hv. þm. hefur öll tök á því að koma sjónarmiðum sínum að í nál. og í ræðu og efa ég ekki eitt augnablik að hv. þm. mun liggja á skoðunum sínum í umræðum hér í dag.

[11:38]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Framsöguræða hv. formanns iðnn. var um margt áhugaverð. Ekki þarf að taka fram að við höfum mjög svo ólíka sýn til framtíðar varðandi möguleika okkar til atvinnuuppbyggingar hér á landi, mjög svo ólíka. Við höfum mismunandi fyrirmyndir og ég vil taka þær þjóðir til fyrirmyndar sem vilja byggja á fjölbreytni og hugkvæmni, leggja stóriðjudraumana til hliðar og efla annað.

Ég óska eftir því við hv. þm. að hann rökstyðji frekar það sem hann sagði hér um áhrif Kárahnjúkavirkjunar á umhverfið, að auðvitað hafi virkjunin einhver áhrif á umhverfið, eins og öll mannanna verk. Þar nefndi hann sem dæmi mannanna verk í kringum höfuðborgarsvæðið, byggingar, brýr og vegi. Ég vil spyrja hv. þm. og biðja hann um að rökstyðja það frekar hvort honum þyki það sem hann nefndi hér sem rök sambærilegt við þessa stóru og miklu framkvæmd sem hefur óafturkræf áhrif á náttúruna. Ef við förum í þetta verður ekki aftur snúið, við getum ekki þurrkað þetta út.

Ég vil biðja hann að rökstyðja líka hvort honum þyki það sambærilegt að bera saman jákvæð áhrif álveranna á Grundartanga og áhrif upp á Akranes og eins hvað varðar áhrif álversins í Straumsvík á íbúaþróun í Hafnarfirði, hvort honum þyki það sambærilegt að bera saman þessi atvinnusvæði sem eru þetta fjölmenn, þetta sterk með þetta mikla flóru í atvinnulífinu sem að mínu mati hefur miklu meiri möguleika til þess að standast ruðningsáhrif virkjunar.

[11:41]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski erfitt að rökstyðja tilfinningar. Tilfinningar eru tilfinningar og þegar við erum að fjalla um umhverfismál og rask á náttúru erum við auðvitað

að fjalla um tilfinningar. Ekki eitt augnablik efa ég það að hver einasti þingmaður elskar og dáir náttúruna. Það er samt erfitt að bera saman, er skaðinn meiri hér fyrir sunnan eða fyrir austan? Ég hygg að þegar Ingólfur Arnarson kom hér hafi litið öðruvísi út á höfuðborgarsvæðinu í dag en þegar Ingólfur og þrælar hans fundu súlurnar. (Gripið fram í.) Það hefur mikið breyst hér. Hér hefur mikið land verið eyðilagt. Land hefur verið lagt undir vegi, ár brúaðar, flugvellir lagðir, hús byggð o.s.frv. Þetta er bara óhjákvæmilegt þar sem maðurinn ætlar sér að lifa og lifa eftir nokkuð háum kröfum um lífsstandard eins og við Íslendingar gerum. Til þess neyðumst við til að brjóta undir okkur land, illu heilli.

Það væri auðvitað miklu fallegri sýn að geta verið með algjörlega ósnortið Ísland en ég er hræddur um að velferðarstig okkar væri ekki jafnhátt. Ég er hræddur um að atvinnustig okkar væri ekki jafnhátt. Hvers vegna ætli það séu svona margir íbúar í kringum álverin á Grundartanga og í Hafnarfirði? Það er kannski m.a. vegna þess að þar er atvinna.

Og um ruðningsáhrif, það má mikið deila um þau. En hvaða störf ætli fari fyrst? Ætli það séu ekki veikustu störfin þar sem launin eru lægst — og hvað kemur í staðinn? Hærri laun fyrir vinnufúsar hendur.

[11:43]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega eru heitar og miklar tilfinningar í þessu máli. Þó það nú væri. Við stöndum frammi fyrir og erum núna að afgreiða mál sem mun skipta okkur öll máli til allrar framtíðar. Við erum að eyðileggja til framtíðar verðmætt land, land sem er einstætt á jörðinni og okkur ber að virða.

Mér þóttu svörin vera mjög þunn. Það er ekki hægt að bera saman þau mannanna verk sem er hægt að þurrka út eins og við gætum núna með því að leggja niður Sogsvirkjun. Við höfum betri þekkingu á náttúru landsins en er við stóðum að eyðileggingu lífríkisins í Þingvallavatni á sínum tíma. Við vissum ekki betur á þeim tíma. Við vitum betur í dag og við eigum ekki að ana svona fram með framkvæmdir sem við vitum að eru óafturkræfar.

[11:44]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekkert að segja frekar um tilfinningar og virðingu fyrir íslenskri náttúru. Ég mótmæli því að það sé eitthvert einkamál vinstri grænna. Ég tel sjálfan mig eins og alla aðra þingmenn, og hef áður sagt það, bera mikla virðingu fyrir íslenskri náttúru. En við berum líka virðingu fyrir íslenskri þjóð og því fólki sem hér býr. Það er óhjákvæmilegt að við þurfum að skaða náttúruna, illu heilli, af því að við gerum kröfur um atvinnu og hátt velferðarferðarstig.

Það er ekki rétt hjá hv. þm. að umhverfisskaðinn hér sunnan lands og í kringum höfuðborgina sé óafturkræfur. Það sem við höfum lagt undir öll mannanna verk á einu stykki höfuðborgarsvæði er ekkert smáflæmi. Það er sama hversu margar jarðýtur færu á öll þau mannvirki, við náum aldrei að byggja það upp eins og það var, en við höfum orðið sammála um það sem þjóð af því að það er óhjákvæmilegt. Einhvers staðar þurfa vondir að vera, einhvers staðar þarf fólkið að búa.

[11:45]

Frsm. 1. minni hluta iðnn. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti 1. minni hluta sem fulltrúar Samfylkingarinnar í iðnn. skipa.

Nú hefur það komið fram, herra forseti, í máli formanns nefndarinnar og framsögumanns meiri hluta nefndarinnar að fulltrúar iðnn. séu sammála um stuðning við málið fyrir utan fulltrúa Vinstri grænna. Það er samt þannig að við fulltrúar Samfylkingarinnar vildum að í áliti okkar, sérstöku áliti, kæmi fram okkar sýn á þetta mál og umfjöllun um þau álitaefni sem við teljum eðlilegt að stjórnvöld skoði, m.a. til þess að leiðrétta það umhverfi sem atvinnufyrirtækin í landinu búa almennt við og ég kem betur að á eftir.

Herra forseti. Það er alveg ljóst og kemur glögglega fram í allri umfjöllun í dag um efnahags- og atvinnumál að bygging Kárahnjúkavirkjunar og álvers við Reyðarfjörð hefur þegar áhrif á efnahagslíf í landinu. Við vitum líka að þetta hvort tveggja og starfræksla álversins í framtíðinni mun auk hinna þjóðhagslegu áhrifa hafa mikil áhrif á samfélags-, byggða- og atvinnuþróun á áhrifasvæði framkvæmdanna. Mest munu áhrifin væntanlega verða á Miðausturlandi. Þessum framkvæmdum er líka ætlað að hafa áhrif í þá veru að efla og styrkja byggð á Austurlandi og jafnvel víðar. Þeim er líka, herra forseti, ætlað að styðja hér við framleiðslu, útflutning og þar með að styðja við þjóðarframleiðslu á Íslandi og eiga þannig að nýtast allri þjóðinni. Það eru hin þjóðhagslegu áhrif.

Til að glöggva sig á áhrifum álversframkvæmdanna sérstaklega og af starfrækslu álversins í framtíðinni hafa verið samdar nokkrar skýrslur sem hafa verið hluti af mati á umhverfisáhrifum, bæði um áhrif á umhverfi og hugsanleg samfélagsleg áhrif og síðan einnig um efnahagsleg áhrif, bæði til skemmri og lengri tíma. Að öllu þessu samanteknu, öllum þeim niðurstöðum sem fyrir liggja, styður Samfylkingin þessar framkvæmdir. Það er þó ljóst að ýmsum hliðarráðstöfunum þarf að beita til að ávinningur verði sem mestur af framkvæmdinni. Herra forseti. Hér er um að ræða gífurlega stórt verkefni og til þess að ávinningur verði sem mestur þarf hér trausta hagstjórn. Fulltrúar Samfylkingarinnar telja líka mikilvægt að reynt verði að draga sem mestan lærdóm af framkvæmdinni og því sem henni fylgir, bæði í efnahagslegu og samfélagslegu tilliti. Ég mun víkja fyrst að hinum samfélagslegu áhrifum.

Um það hefur ríkt nokkuð almenn samstaða á Íslandi að byggja þurfi landið til að nýta sem best gögn þess og gæði. Við höfum verið mikil náttúrunýtingarþjóð og verðum það fyrirsjáanlega í næstu framtíð þó að við bindum vonir við að fjölbreytni atvinnulífsins fari vaxandi. Stjórnvöld á hverjum tíma hafa verið gagnrýnd fyrir andvaraleysi og aðgerðaleysi í byggðamálum. Það má kannski segja að mönnum sé ákveðin vorkunn þegar verið er að takast á við byggðamálin. Fólksflutningar á Íslandi voru fyrst og fremst á síðustu öld og standa reyndar enn. Þeir hófust mun síðar en í nágrannalöndum, hundruðum ára síðar, en gerðust þá af þeim mun meiri krafti, með þeim mun meiri látum og alvarlegri afleiðingum á ýmsum stöðum. Þess vegna hefur þetta aðgerðaleysi eða aðgerðir í byggðamálum verið þess eðlis að sitt hefur sýnst hverjum. Það er þó öllum ljóst að gangi þær framkvæmdir eftir sem nú eru fyrirhugaðar á Austurlandi munu þær hafa mikil samfélagsleg áhrif á helsta áhrifasvæði framkvæmdanna og á byggða- og atvinnuþróun langt út fyrir það. Nú gefst einstætt tækifæri til að rannsaka og meta þessi áhrif og nýta niðurstöður þeirra rannsókna til inngripa ef stjórnvöld meta slíkt nauðsynlegt.

Herra forseti. Það er fjallað um það í nál. meiri hluta nefndarinnar að mikilvægt sé að fyrirtækið Fjarðaál skipu-

leggi í samstarfi við sveitarfélög og samtök í atvinnulífi ýmislegt sem snertir félagslegt umhverfi starfsfólks. Síðan er talið upp það sem mætti þá líta til og fjallað um það álit nefndarinnar að mikilvægt sé í samstarfi við Fjarðaál að unnið verði skipulega að samfélagslegum áhrifum hinnar miklu uppbyggingar.

Það kom fram við vinnslu nefndarinnar á þessu frv. hjá fulltrúa Nýsis að fordæmi eru fyrir því erlendis að virkt samstarf sé á milli fyrirtækis sem er svo ráðandi í atvinnulífinu og fulltrúa sveitarfélaga og ríkisins um að takast á við þær breytingar sem verða óhjákvæmilega í umhverfi þess fyrirtækis sem um ræðir hverju sinni, þ.e. samstarf sem miðar þá að því að hámarka ávinninginn en reyna að bægja frá þeim erfiðleikum sem hægt er að bægja frá eða vinna með þá þannig að þeir skaði sem minnst.

Þetta er auðvitað mjög mikilvægt og við tökum heils hugar undir þær ábendingar að hæstv. iðnrh., í samvinnu við heimamenn, þau sveitarfélög sem málið varðar helst, ræði við fulltrúa Fjarðaáls um möguleika þess að fyrirtækið komi með skapandi hætti að þessu verkefni.

Herra forseti. Það er mikilvægt, eins og ég sagði hér áðan, *að nú er einstakt tækifæri til að rannsaka og meta þessi áhrif.* Farið gætu fram merkilegar og mikilvægar byggðarannsóknir þarna og það væri til vansa að ráðast í svo gríðarlegar framkvæmdir án þess að kanna afdrif mannfólksins, rétt eins og náttúrunnar. En ljóst er að fylgst verður náið með náttúrunni á tilteknum svæðum svo að unnt verði að bregðast við ef þurfa þykir. Auk þess sem rannsókn af þessu tagi gæti leitt til skynsamlegra mótvægisaðgerða gagnvart mannlífinu gefst hér einstakt tækifæri til þess að átta sig á hvaða kraftar kunna að vera að verki þegar fólk tekur ákvörðun um búsetu og fjárfestingu og til hvaða aðgerða stjórnvöld geta gripið vilji þau hafa bein áhrif á byggðaþróun. Rannsóknarniðurstöður af þessu tagi gætu því nýst fleirum en Íslendingum ef vel væri að verki staðið.

Herra forseti. Afar mikilvægt er að safna upplýsingunum um það sem gerist á vettvangi jafnóðum og framkvæmdir eru í gangi því að í mörgum tilfellum er ógerlegt eða til muna erfiðara að nálgast þær eftir á. Þá tryggir eftirlit sem þetta betri möguleika á viðbrögðum ef eitthvað virðist ætla að ganga í aðra átt en vænst var eða æskilegt þykir. Fulltrúar Samfylkingarinnar vísa í þessu sambandi til þingsályktunartillögu *um rannsóknir á samfélagslegum áhrifum álvers-* og virkjunarframkvæmda á Austurlandi, sem er 511. mál þingsins.

Herra forseti. Varðandi hin efnahagslegu áhrif vísum við til minnihlutaálits fulltrúa Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd, sem hér fylgir með, en meginniðurstöður þess eru að áhrif álvers í Reyðarfirði í tengslum við virkjun við Kárahnjúka muni til lengri tíma styrkja hagkerfið. Reynslan sýnir að til lengri tíma er alla jafna sterk jákvæð fylgni milli útflutningstekna og þjóðartekna. Aukinn útflutningur álafurða mun því efla þjóðartekjur.

Það er mikilvægt, herra forseti, að menn horfi til grósku atvinnulífsins. Þess vegna leggur 1. minni hluti efh.- og viðskn. — og undir það tökum við — mikla áherslu á þær mótvægisaðgerðir og þá traustu efnahagsstjórn sem þarf til þess að sá ávinningur sem kann að vera í þessari stöðu nýtist sem mest og best.

Það er alveg ljóst að þau efnahagsmistök sem hæstv. ríkisstjórn gerði fyrir árþúsundaskiptin — þau hófust kannski árið 1998 og héldu áfram 1999 — höfðu ákveðin áhrif til þess að stöðva hér grósku í atvinnulífinu og við erum að hluta til að súpa seyðið af því núna. Auðvitað hefðu menn viljað sjá sprotafyrirtækjum, þeim nýju fyrirtækjum sem þá voru að verða til, búið það umhverfi sem þeim var nauðsynlegt til frekari þroska. Afleiðingin af þessum efnahagsmistökum, herra forseti, er sú að atvinnuleysið í dag er óvenjulegt að því leyti að nú er stór hópur háskólamenntaðs fólks atvinnulaus, fólks sem hafði lagt allt sitt í að reyna að skapa hér ný atvinnutækifæri. Sannarlega viljum við sjá þá umgjörð atvinnulífsins verða til að þúsund blóm geti sprottið. En við getum ekki, herra forseti, einangrað okkur við að hér verði bara til sprotafyrirtæki sem eigi vaxtarmöguleika. Við hljótum líka að horfa til þess að hér verði til stórfyrirtæki, að hér á landi geti öll flóran þrifist undir þeirri efnahagsstjórn sem hefur skilning á því hvað þarf til til þess að atvinnulífið megi þroskast.

Herra forseti. Bent er á það í áliti 1. minni hluta efh.- og viðskn. að til skamms tíma geti þetta verkefni haft neikvæð áhrif á efnahagslífið sem birtist í hærra raungengi og hærri vöxtum en ella. Gríðarlegt gjaldeyrisinnstreymi mun verða á framkvæmdatímanum og það mun að óbreyttu auka spennu á vinnumarkaði og stuðla að enn hærra gengi krónunnar. Þessi aukna spenna mun einnig setja þrýsting á verðbólgu og þessi áhrif framkalla svokölluð ruðningsáhrif, þ.e. starfsemi sem ræður ekki við ýkt skammtímaáhrif þessara framkvæmda mun láta undan síga. Sömuleiðis mun í framhaldinu sú starfsemi sem ekki er eins framleiðin og stóriðjan einnig láta undan síga af völdum hás gengis og/eða hárra vaxta. Og svo, eins og hér var nefnt áðan, munu þau fyrirtæki sem ekki geta keppt í launum einnig láta undan síga. En það er jú sú þróun sem við teljum æskilega að tæknivædd atvinna sem byggir á þekkingu og getur greitt hærri laun taki við af þeirri sem ekki getur staðið undir þeim lífskjörum sem almennt er gerð krafa um í landinu. Því mun, eins og ég sagði áðan, reyna mjög á hagstjórnina. Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja höfuðáherslu á að sem best samvinna takist við stjórn peninga- og ríkisfjármála svo að sem mestur ávinningur verði af framkvæmdunum fyrir þjóðarbúið allt.

Við leggjum áherslu á það einnig, herra forseti, að haft verði samstarf við þá sem hafa verið kallaðir aðilar vinnumarkaðarins þegar tekist er á við þetta verkefni. Þetta hélt ég, herra forseti, að væri sameiginlegur vilji okkar allra og að um það gæti þjóðin þó sameinast að æskilegt væri að hér tækju menn höndum saman.

Það kom því á óvart þegar sú fyrirsögn birtist í Morgunblaðinu í gær að fjmrh. teldi ekki þörf á formlegu samstarfi. Í þeirri stöðu sem við erum núna með atvinnulífið haldandi fundi og ráðstefnur um skaðleg áhrif og skaðlegar afleiðingar hágengis, með þann áhuga sem er hjá aðilum vinnumarkaðarins á því að koma að þessu verkefni til þess að sem best megi takast til, þá er það í rauninni fráleitt að fjmrh. skuli sýna þann hroka, leyfi ég mér að segja, sem hér birtist. Nei, hann telur ekki þörf á formlegu samstarfi.

Tilefni þess að hann vísar slíku samstarfi á bug er það að Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, sagði nauðsynlegt að efna til þess háttar samstarfs í ræðu sem hann flutti á fundi Samtaka atvinnulífsins sl. föstudag. Ég vitna beint í fréttina, með leyfi forseta:

„Sagði Gylfi að stjórnvöld, Seðlabanki Íslands og aðilar vinnumarkaðarins þyrftu að koma á formlegu samstarfi til að samræma viðbrögð hagstjórnar."

Herra forseti. Þessu svarar hæstv. fjmrh. með eftirfarandi hætti, með leyfi forseta:

„Ég tel að þeir hafi ekki verið í vandræðum með að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Alls ekki. Alþýðusambandið er oft á fundum bæði með forsætisráðherra og öðrum ráðherrum, eða hér í ráðuneytinu á fundum með mér um ýmis mál.“

Herra forseti. Þetta er ótrúlegt svar. Þessi frétt er satt að segja ótrúleg. Og hún verður í rauninni enn ótrúlegri þegar maður les hana áfram því að síðar í fréttinni kemur fram að Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segist styðja hugmynd Gylfa Arnbjörnssonar heils hugar. Það er sem sagt skilningur á því hjá Alþýðusambandinu og Samtökum atvinnulífsins að hér sé um verkefni af þeirri stærð að ræða að menn þurfi að hafa með sér samstarf. Það sé ekki nóg að mæta á fundi eftir atvikum hjá þessum eða hinum ráðherranum til þess að fara yfir einhver mál. Nei, menn þurfi að hafa með sér formlegt samstarf. Undir þetta tökum við og hörmum að stjórnvöld skuli með þessum hrokafulla hætti afhjúpa í rauninni, herra forseti, það kæruleysi eða þekkingarskort sem því miður hefur örlað á gagnvart því sem er að gerast núna í íslensku atvinnu- og efnahagslífi.

Strax þegar þing kom saman eftir jólaleyfi vöktum við fulltrúar Samfylkingarinnar athygli á því hvert gengisstefnan, eins og hún var þá eða hágengið, gæti leitt í efnahags- og atvinnulífinu en, herra forseti, á þeirri stundu kaus hæstv. forsrh. að nýta tíma sinn í það að snúa út úr með því að vísa málum nokkur ár fram í tímann.

Herra forseti. Það er áhyggjuefni að stjórnvöld skuli ekki sýna meiri ábyrgð í þessu efni.

Varðandi langtímaáhrif þessara framkvæmda hefur Seðlabankinn bent á að í fyrra var álútflutningur 19% af heildarvöruútflutningi okkar en til samanburðar var útflutningur sjávarafurða um 62% af heildarvöruútflutningi. Á árinu 2008 má hins vegar ætla að hlutfall áls í vöruútflutningi verði komið upp í 30% en vægi sjávarafurða komið niður fyrir helming. Að sama skapi mun útflutningur áls af vergri landsframleiðslu vaxa úr 5% í 10% á sama tíma. Þetta finnst mér mikilvægar upplýsingar. Ég er í hópi þeirra sem hafa gjarnan viljað sjá þá þróun verða að vægi sjávarafurða varðandi vöruútflutninginn minnkaði, að við gætum orðið útflutningsframleiðsluþjóð á fleiri sviðum og með myndarlegri hætti en við höfum verið. Það er gott fyrir gjaldeyrisöflun okkar, það er gott fyrir efnahagsjafnvægið í landinu og það er eftirsóknarvert markmið að svo verði.

Ég vænti þess, herra forseti, að við munum í framtíðinni sjá þessi hlutföll halda áfram að breytast vegna þess að það er mikilvægt fyrir hina almennu efnahagsstjórn að einn þáttur atvinnulífsins sé ekki svona dómínerandi, ekki svona yfirgnæfandi eins og sjávarútvegurinn hefur verið, en eins og þekkt er hafa aðrar greinar atvinnulífsins oft og einatt liðið fyrir það hversu sterkur sjávarútvegurinn hefur verið og hversu mjög gengið hefur verið skráð með tilliti til sjávarútvegsins fyrst og fremst.

Herra forseti. Það sem við fulltrúar Samfylkingarinnar viljum líka undirstrika sérstaklega í þessari umræðu og vegna þessa frv. er það að við teljum óeðlilegt og óæskilegt að þegar stóriðjufyrirtæki hafa verið sett niður á Íslandi, þá skuli samið við hvert þeirra fyrir sig um afslætti frá þeim reglum, þar með talið skattareglum sem íslenskum fyrirtækjum er ætlað að búa við. Það er fullkomlega óeðlilegt að fyrirtæki sem starfa á sama sviði og að sams konar starfsemi skuli búa hvert við sitt skattumhverfi allt eftir því hvernig aðstæður voru þegar samið var. Það væri auðvitað eðlilegra að öll fyrirtæki sem starfa á vettvangi stóriðju byggju við sams konar reglur og auðvitað hlýtur markmiðið að vera það að öllum fyrirtækjum í landinu sé boðið upp á ásættanlegt skattumhverfi þannig að ekki þurfi að semja sérstaklega um frávik þegar laða á erlenda atvinnustarfsemi inn í landið.

Það er sérkennilegt að horfa til þess, herra forseti, að þegar samið hefur verið um hingaðkomu þessara stóru fyrirtækja þá hefur þurft að gera það með atbeina Alþingis fyrst og fremst vegna þess að þau fyrirtæki hafa ekki getað búið við það umhverfi sem íslenskum fyrirtækjum er boðið upp á að búa við.

Einnig er athyglisvert að velta því fyrir sér að stóriðjufyrirtækin sem eru með annars konar skattprósentu og hærri í samningum sínum núna vegna þess hvernig ástatt var þegar þau sömdu, geta sagt sig frá þessum samningi og sagt sig þá aftur inn á íslenskan vettvang eða inn í íslenskt skattumhverfi og fengið þar með þá 18% skattálagningu sem gildir nú almennt á Íslandi. En af hverju gera þeir það ekki? Það er vegna þess að þetta snýst ekki bara um skattana heldur ýmislegt fleira. Það er þá heildarmat þessara fyrirtækja að annað sem er í samningnum sé svo ívilnandi að það borgi sig að búa við hærri skattprósentu til þess að hafa það einnig. Við hljótum þá að skoða hvað þetta annað er. Hvað annað er svo mikilvægt að fyrirtækin vilja frekar vera með yfir 30% skatt en að sleppa því? Það hljóta að vera atriði sem við skoðum þegar við viljum bæta umhverfi íslenskra fyrirtækja almennt.

Við viljum sérstaklega benda á lækkun og afnám stimpilgjalda og þar viljum við nefna til frv. Margrétar Frímannsdóttur, varaformanns Samfylkingarinnar, en hún hefur ítrekað flutt frv. um það ásamt öðrum þingmönnum úr þingflokki Samfylkingarinnar. Slíkt frv. liggur einmitt fyrir þinginu núna og er til umfjöllunar í efh.- og viðskn. og eru hæg heimatökin ef stjórnvöld vilja mæta öðrum atvinnurekstri í landinu með sambærilægum hætti og stóriðjunni að afgreiða það mál.

Við viljum einnig, herra forseti, benda á áherslur okkar varðandi tryggingagjöld við síðustu skattbreytingar ríkisstjórnarinnar þar sem við vildum að horft væri til þess hvaða umhverfi smáfyrirtækjum, fyrirtækjum sem byggja fyrst og fremst á mannauði fremur en vélum og fjárfestingum, er búið. En það er alveg ljóst að þær breytingar á tryggingagjaldi sem ríkisstjórnin samþykkti á sínum tíma, en hefur nú verið frestað af ýmsum ástæðum, og sá vilji sem þar kom fram var ekki vilji til að bæta umhverfi smáfyrirtækja, þeirra fyrirtækja sem eru að reyna að verða til á nýjum forsendum, á öðrum forsendum en forsendum gamla hagkerfisins þar sem fyrst og fremst var horft til véla, tækja og slíkra fjárfestinga.

Við viljum líka benda á mikilvægi þess að ef talið er að styrkja þurfi fyrirtæki eins og gert er í þessu tilfelli, það er um styrki að ræða til þessara stóriðjufyrirtækja, eða beita sérstökum aðgerðum til að ná erlendri fjárfestingu inn í landið, sem við út af fyrir sig styðjum, við viljum meiri erlenda fjárfestingu inn í landið, þá eiga að gilda um það almennar gegnsæjar reglur sem byggja á jafnræði þar sem hið sama gildir fyrir alla þá sem eins er ástatt um. Í því sambandi viljum við, herra forseti, benda á margflutta tillögu okkar fulltrúa Samfylkingarinnar um bætta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs, nú 191. þingmáls. Þar er hvatt til þess

að skoðaðir verði möguleikar þess að stofnaður verði sjóður sem geti veitt stofnstyrki ef talin er nauðsyn á stuðningi við fyrirtæki til að hafa áhrif á þróun atvinnulífsins eins og hér er verið að gera. Hér er verið að veita styrki til að hafa áhrif á þróun atvinnulífsins eða, eins og segir í þingmáli okkar, ef menn vilja ná tiltekinni starfsemi inn í landið og sannarlega er verið að gera það með þessari aðgerð, með því frv. sem við erum hér að afgreiða.

Það liggur fyrir að ESA, af því að ESA hefur komið til umfjöllunar í umræðunni, hefur viðurkennt ákveðið byggðakort fyrir Ísland sem þýðir að á ákveðnum svæðum á Íslandi má styrkja atvinnurekstur með tilteknum hætti. Um það þurfa bara að gilda ákveðnar reglur og það sama þarf að gilda fyrir alla. *Það þarf að vera ákveðið jafnræði.* ESA kallar auðvitað eftir skoðun á því þegar þeir eru að styrkja atvinnurekstur til að kanna það hvort verið er að fara fram með mál sem geta verið samkeppnishamlandi með einhverjum hætti. Að sjálfsögðu. Ef við hins vegar byggjum við almennar reglur sem væru gegnsæjar og byggðu á jafnræði, þá væri það fljótgert mál fyrir ESA að skoða hvort þessi uppbyggig samræmdist slíkum reglum og íslensk stjórnvöld þyrftu auðvitað á hverjum tíma að sjá um að það gerðist.

Við vísum til þess, herra forseti, í þingmáli okkar að Evrópusambandið er með öfluga uppbyggingarsjóði sem það notar til að ná markmiðum sínum bæði í byggðamálum og líka til að endurskipuleggja atvinnulífið. Herra forseti. Það er nákvæmlega það sem menn telja sig vera að gera hér.

Norðmenn hafa einnig, á grundvelli þess að þeir ákváðu að hafna aðild að Evrópusambandinu nú síðast 1994, byggt upp öflugan sjóð sem veitir stofnstyrki við uppbyggingu atvinnulífsins að fyrirmynd Evrópska uppbyggingarsjóðsins. Það er mikilvægt, herra forseti, að gegnsæjar reglur gildi og fagleg vinnubrögð séu viðhöfð til að þessi aðferð virki með tilætluðum hætti. En vegna þess hvernig staðið hefur verið að þessum málum hjá okkur, þá eru dæmi um að fyrirtæki sem von væri um að stofnsett yrðu hér hafi endað í öðru landi sem býður stofnstyrki í samræmi við þær leikreglur sem við verðum að sætta okkur við að aðrar þjóðir viðhafi en við höfum ekki sjálf tekið upp. Þetta eru þá fyrirtæki sem áhugi hefur verið á að koma með til Íslands en ekki verið til að dreifa stofnstyrkjum og þessum fyrirtækjum þá ekki boðið upp á fríðindasamninga eins og þann sem við erum nú að fjalla um.

Við sitjum uppi með mismunandi reglur fyrir stóriðjufyrirtækin í landinu, sérreglur fyrir hvert fyrirtæki, samanber það sem ég hef verið að rekja hér á undan og það sem fram kemur í fylgiskjölum með þessu máli. Við búum við handahófskenndan stuðning við atvinnulífið og sífelldar ásakanir um spillingu við meðferð opinbers fjár ef það er nýtt til að stuðla að atvinnuuppbyggingu. Þetta er óþolandi ástand. *Þessi umræða bitnar fyrst og fremst á landsbyggðinni.* Það er óþolandi að vita til þess að með þessum handahófskenndu vinnubrögðum og mótþróa við því að búa til reglur sem eru gegnsæjar og byggja á jafnræði, hefur beinlínis orðið til sá hugsunarháttur að stuðningur við atvinnulífið sé fyrst og fremst eitthvað sem gerist úti á landi og það gengur jafnvel svo langt að menn halda að það sé tæplega hægt að vera með atvinnustarfsemi úti á landi án þess að til komi opinber stuðningur. Þetta er óþolandi aðstaða, herra forseti, og á þessu verður að ráða bót, þessu verður að breyta. Það verður að búa til það umhverfi að íslensk fyrirtæki geti með sama hætti og fyrirtæki í samkeppnislöndunum sótt stuðning með lögmætum og eðlilegum hætti og að stjórnvöld geti beitt sér í þessum efnum ef fyrir því er pólitískur vilji en ekki að menn séu að taka sig til gagnvart einu og einu fyrirtæki og síðan liggi menn einatt undir þeim ámælum að um sé að ræða spillingu við meðferð opinbers fjár vegna þess að það vill gjarnan verða svo í fámennu samfélagi eins og er á Íslandi að menn eru fljótir að rekja eða búa til málsástæður þegar þannig er unnið.

Herra forseti. Við fulltrúar Samfylkingarinnar viljum undirstrika alvöru þess og vara við að íslensk stjórnvöld skuli gera samninga og síðan lögfesta ákvæði, eins og í 6. gr. þessa frv., sem sníður því stakk hvernig unnt verður að beita hagrænum stjórntækjum varðandi útblástur og mengun. Við *vísum þar til þess sem fram kemur í áliti fulltrúa Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn.* um það efni. Þar er bent á að auðvitað sé slæmt að íslensk stjórnvöld skuli gera samning af þessu tagi árið 2003, þó svo að þau hafi áður bundið sig með ákveðnum hætti á þennan klafa.

Við í Samfylkingunni höfum mjög oft og sterklega bent á að ef menn vilja kalla fram æskilega hegðun, hvort sem er í efnahagslífinu eða á sviði umhverfismála, sé líklegast að ná árangri með því að beita hagrænum stjórntækjum, eins og það er kallað. Þannig hafa fulltrúar Samfylkingarinnar lengi verið talsmenn þess að sjómenn fengju að koma með allan afla að landi í stað þess að brottkast eigi sér jafnan stað. Við höfum bent á að með aðferð sem við beittum okkur fyrir, sem nú er orðin hluti af löggjöfinni, reyndar með bráðabirgðaákvæði sem nú er verið að framlengja, væri verið að beita hagrænum stjórntækjum, þ.e. laða menn með efnahagslegum stjórntækjum til að sýna fram á rétta breytni. Það væri ekki verið að refsa þeim fyrir að koma með fiskinn að landi heldur kæmi fyrir einhver umbun. Þetta er það sem alþjóðasamfélagið er sammála um að virki best. Þess vegna hafa orðið til framseljanlegir útblásturskvótar. Þess vegna hafa orðið til viðmiðanir og eru að verða til um hvernig best er að laða menn til að menga sem minnst og græða á því í leiðinni.

Herra forseti. Við viljum í áliti okkar vísa til umsagnar umhvn. þar sem fyrir liggur að meðferð málsins hafi verið í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Herra forseti. Það er ljóst að þetta frv. byggir á samningum sem gerðir hafa verið við Alcoa um starfsumhverfi væntanlegs álvers. Það er því ekki mikið svigrúm til breytinga, enda sést það á þeim brtt. sem hér liggja fyrir frá meiri hluta iðnn. Þetta eru fyrst og fremst orðalagsbreytingar og breytingar tæknilegs eðlis. Um þetta var eðlilega rætt í nefndinni og menn eru missáttir við að fá í hendur texta sem á að lögfesta en Alþingi á lítinn kost á að breyta vegna þess að textinn byggir á samningum sem þegar hafa verið gerðir. Þetta er sá háttur sem hafður hefur verið á og er endurtekinn *hér í viðskiptum* við Alcoa.

Vonandi verður það þannig í framtíðinni, herra forseti, að okkur takist að skapa það starfsumhverfi, eins og ég hef rakið í ræðu minni, að ekki þurfi ívilnandi frv. eins og þetta inn í þingið heldur verði starfsumhverfið þannig að fyrirtæki, hvort sem þau eru innlend eða erlend, stór eða lítil, sjái sér akk í að koma til Íslands eða verða til á Íslandi, auðga þannig atvinnulífið og bæta lífskjörin í landinu. En svo er ekki enn. Þess vegna, herra forseti, fannst okkur fulltrúum Samfylkingarinnar í iðnn. ástæða til að leggja fram sérálit og nefna til sögunnar ýmis atriði sem við teljum að verði að breyta í þessu umhverfi, mikilvæg atriði sem varða bæði verklags-

reglur og umgjörð. Viðbrögð þingmanna Samfylkingarinnar munu jafnframt koma fram gagnvart einstaka greinum frv. við atkvæðagreiðslu. En þrátt fyrir þá gagnrýni sem hér hefur verið höfð uppi og ábendingar um það sem betur má fara liggur þó sú heildarniðurstaða fyrir að Samfylkingin styður að þetta mál verði samþykkt.

[12:22]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við ræðum hér umdeildustu stóriðjuáform Íslandssögunnar. Þau eru umdeild vegna hinna gríðarlegu náttúruspjalla sem þessar framkvæmdir kæmu til með að valda ef af yrði. Einnig eru þau efnahagslegu áhrif sem framkvæmdirnar kynnu að leiða af sér mjög umdeild.

Samfylkingin styður stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar, þessi stóriðjuáform á Austurlandi, en rökstuðningurinn kemur mér nokkuð á óvart. Hér segir í nál., með leyfi forseta:

„Til að glöggva sig á áhrifum álversframkvæmdanna sérstaklega og af starfrækslu álversins í framtíðinni hafa verið samdar nokkrar skýrslur sem hafa verið hluti af mati á umhverfisáhrifum, bæði um áhrif á umhverfi og hugsanleg samfélagsleg áhrif og síðan einnig um efnahagsleg áhrif, bæði til skemmri og lengri tíma. Í ljósi niðurstaðna þeirra styður Samfylkingin þessar framkvæmdir."

Nú er það svo að fjöldinn allur af skýrslum hefur verið gerður um þessar framkvæmdir, bæði með og á móti. Sumir hafa ekki látið sitja við það eitt að semja skýrslur heldur efnt til funda, mótmæla og varðstöðu í þágu náttúrunnar, m.a. hér á Austurvelli. Í dag var fjöldi fólks á Austurvelli til að mótmæla stefnu ríkisstjórnarinnar og Samfylkingarinnar í þessum málum. Einnig hafa hagfræðingar, sérfróðir menn og leikmenn, skrifað skýrslur og sent greinar í blöð þar sem dregið hefur verið í efa hve hagstæð þessi framkvæmd yrði fyrir þjóðarbúið. Nú langar mig til að spyrja hv. þingmann: Hafa þingmenn Samfylkingarinnar ekki gaumgæft þau gagnrýnu viðhorf sem fram hafa komið hjá hagfræðingum sem hafa gagnrýnt þessi áform, þá sérstaklega, svo að ég þrengi spurninguna, þær ábendingar hagfræðinga um að þetta muni draga úr stöðugleika í efnahagslífinu þegar til lengri tíma er litið?

[12:24]

Frsm. 1. minni hluta iðnn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar um er að ræða umdeild mál eins og þetta — sem ég vil þó ekki taka undir með hv. þingmanni að sé umdeildasta mál sem komið hafi upp, ég man ekki hvort hann sagði Íslandssögunnar en því fór nærri — er ekki einfalt fyrir stjórnandstöðuflokk að hoppa á vagninn með ríkisstjórninni. Það er miklu einfaldara að vera á móti. Það er auðvitað valkostur, að vera bara á móti. Það varð hins vegar niðurstaða okkar að ábyrgur stjórnmálaflokkur yrði að setjast yfir mál, gaumgæfa öll rök og upplýsingar, lesa þær skýrslur sem liggja fyrir og hlusta á mál manna, hvort sem þeir eru með eða á móti. Þetta gerðum við. Þetta gerðum við og heildarniðurstaða okkar varð sú að við styðjum málið.

Það er ekki auðvelt fyrir alla. Það liggur alveg ljóst fyrir. Það er ekki fullkominn einhugur í okkar liði, það liggur líka alveg fyrir. En þetta er niðurstaða Samfylkingarinnar þótt frá henni kunni að vera frávik meðal einstakra flokksmanna eða þingmanna.

Hér er talað um umhverfisáhrif, efnahagsáhrif og samfélagsleg áhrif. Auðvitað er það svo þegar fjöldi sérfræðinga kemur að málum og er kallaður að málum að fram koma mismunandi sjóanrmið og niðurstöður. Menn gefa sér einfaldlega mismunandi forsendur fyrir mat sitt eða útreikninga. Þetta verðum við líka að hafa bak við eyrað þegar við lesum pappíra. Við verðum að skoða út frá hvaða forsendum menn hafa gengið, hver hin efnislegu rök eru og hvaða rannsóknir liggja að baki.

Niðurstaðan varð sem sagt þessi, herra forseti, við styðjum þetta mál eins og fram kom í framsögu minni áðan.

[12:27]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði að þetta væri umdeildasta stóriðjuframkvæmd Íslandssögunnar og það væri hún vegna þeirra gríðarlegu náttúruspjalla sem hún kemur til með að valda ef af verður. Einnig benti ég á að málið væri mjög umdeilt í efnahagslegu tilliti.

Hvernig á stjórnarandstöðuflokkur að taka afstöðu? Hvernig á stjórnarflokkur að taka afstöðu? Hvernig eigum við öll að taka afstöðu? Við eigum að taka afstöðu á þann veg að við séum trú sannfæringu okkar. Ég virði það að sjálfsögðu ef það er sannfæring Samfylkingarinnar að þetta sé heppilegt fyrir íslenska þjóðarbúið og þess virði að fórna þessum dýrmætu náttúruperlum fyrir þennan mikla efnahagslega ávinning sem menn vilja vera láta.

Ég hef hins vegar mjög miklar efasemdir um að svo sé. Menn hafa deilt um hvort jafnvel kunni að verða bókhaldslegt tap á framkvæmdinni. Síðan er hitt að mér virðast þeir fleiri hagfræðingarnir, þ.e. þeir sem eru óháðir, eru ekki undir hæl ríkisstjórnarinnar, sem gagnrýna framkvæmdina á efnahagslegum forsendum og telja hana ekki til hagsbóta fyrir íslenskt efnahagslíf. Þeir telja að framkvæmdirnar komi til með að draga úr fjölbreytni.

Þar er ég kominn að því sem ég setti fram og mun færa rök fyrir síðar í dag, að hagfræðingar hafa haldið því fram að þau áform Framsfl. að gera þungaiðnað að kjölfestu í íslensku efnahagslífi verði ekki til að auka á stöðugleikann. Það hafa verið gerðar skýrslur sem sýna að þetta muni þvert á móti draga úr jafnvægi í efnahagslífinu. Þar vísa ég til hagfræðinganna Axels Halls og Ásgeirs Jónssonar sem hafa gert um þetta ítarlegar rannsókn.

[12:29]

Frsm. 1. minni hluta iðnn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Á meðan við búum við krónuna, þennan litla óstöðuga gjaldmiðil, verður hér tiltölulega ókyrrt í efnahagslífinu. Það er staðreynd sem við verðum að lifa við á meðan svo háttar. Það er líka alveg ljóst að þjóð eins og okkar, sem hefur byggt, byggir og mun byggja um næstu framtíð í svo ríkum mæli á nýtingu náttúruauðlinda, þarf að þola ýmsar sveiflur. En eins og ég rakti í framsögu minni er þó betra að fjölbreytnin aukist en hitt. Sjávarútvegurinn hefur verið yfirgnæfandi og íslenskt þjóðarbú tekið með honum dýfurnar. (**ÖJ:** En þetta er ekki góð fjölbreytni.) Það að skapa fjölbreytni er eftirsóknarvert, það er keppikefli, ekki síst í útflutningi til að skapa meira jafnvægi.

Ég veit það alveg og hef ekki farið í grafgötur með að hv. þm. hefur miklar efasemdir um þessa framkvæmd. Auðvitað orkar allt tvímælis þá gert er. Menn verða samt að skoða bæði ávinning og þá áhættu sem í hverri ákvörðun felst. Við höfum gert það. Ég vil meina að við höfum gert það af miklum heiðarleika, ekki síst vegna þess að það er að

mörgu leyti flókið fyrir stjórnarandstöðuflokk að vinna við þær aðstæður sem hér eru.

Heildarniðurstaða okkar var, eftir að hafa skoðað þetta mál og rætt við fjöldann af hagfræðingum og öðrum þeim sem við treystum til að meta málin með okkur, að hér væri um framkvæmd að ræða sem gæti aukið útflutningstekjur okkar Íslendinga svo að í hana bæri að ráðast.

[12:31]

Útbýting þingskjala:

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 636. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 1031.

Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 548. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1028.

Samkeppnislög, 547. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1027.

Starfslokasamningar hjá Byggðastofnun, 542. mál, svar viðskrh., þskj. 1001.

Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 637. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 1032.

[12:32]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. 2. minni hluta iðnn. um frv. til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði.

Áður en ég mæli fyrir hinu eiginlega nál. vil ég fara örfáum almennum orðum um verkefnið.

Við erum að stuðla í stórum höggum að einhæfni í íslensku atvinnulífi. Það er að mati okkar hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði alröng stefna í atvinnumálum. Fram kom hjá hv. formanni iðnn. að hér væri verið að leggja grunn að 40 milljarða umsvifaaukningu í íslensku hagkerfi. Það er líka hægt að gera hluti öðruvísi. Fram kom hjá hagsmunaaðilum sjávarútvegsins á fundi sjútvn. nú á dögunum að talið er að á allra næstu árum megi með fiskeldi og skeljaeldi skapa 50–60 milljarða kr. inn í hið íslenska hagkerfi. Því er þetta ekki bara spurning um þessa stefnu, álbræðslustefnu til að skapa peninga. Ef maður fer ekki þá leið þá fer maður aðrar leiðir sem e.t.v. skapa miklu meiri hagnað. Ég nefni virðisaukann í sambandi við fiskeldi og skeljarækt sem hagsmunaaðilar telja að geti skaffað 50–60 milljarða.

Að stórum hluta er þessi umræða byggð á átökum um hvernig byggja eigi upp og styðja íslenskt efnahagslíf. Fiskeldi og skeljarækt njóta engra stofnstyrkja. Það nýtur örlítillar fyrirgreiðslu varðandi rannsóknir í gegnum ráðuneyti og stofnanir. En vilji ríkisstjórnarinnar í verki til þess að byggja upp hefur ekki komið fram. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram þáltill. um stofnframlög til fyrirtækja sem vilja fara í áframeldi t.d. á tegundum eins og lúðu. En eins og kunnugt er þá er nær öll klakin lúða hér á landi, sem er um 80% af heimsframleiðslunni, flutt úr landi.

Það verkefni sem við erum að tala um hér byggir á því að reisa álver í Reyðarfirði sem getur framleitt 322.000 tonn af áli á ári og raforkunotkunin verður 14.600 kwst. á tonn af áli. Áætlað er að rekstur fyrstu kerjanna hefjist í apríl 2007 en álverið verði komið í fullan rekstur í október 2007. Samkvæmt því sem sett hefur verið fram er áætlað að um 450 störf skapist í álverinu á rekstrartíma og menn gera ráð fyrir því að um 300 afleidd störf skapist í kringum þennan iðnað á Austurlandi eða alls um 750 störf.

Fjárfestingin er rúmar 1,1 milljón bandaríkjadollara eða u.þ.b. 90 milljarðar kr. og dreifist á fjögur ár. Hreinsun útblásturs fer fram í þurrhreinsimannvirki sem búið er pokasíum. Það verður ekki rafskautaverksmiðja og engin urðun kerbrota og engin vothreinsun. Iðnaðarlóðin er eins og kunnugt er 6 km austan við Reyðarfjörð, austan við þéttbýlið, og allt land iðnaðarlóðarinnar og nágrennis, að undanskildu 2 hektara stóru landi, Framnesi, er í eigu íslenska ríkisins. Álverslóðin er 88 hektarar og samið hefur verið um leigu upp á 25 þús. bandaríkjadali fyrir lóðina.

Síðan kemur að höfninni sem verður að flokka sem stofnstyrk við þetta fyrirtæki vegna þess að höfnin verður í eigu og rekin af hafnarsjóði Fjarðabyggðar. Í fyrstu atrennu verður byggt fyrir 1,2 milljarða og þá er malbik og kranaundirstöður ekki talið með. Hafnarkostnaður fyrir fullbúna höfn með 7,5 hektara malbikuðu athafnasvæði og kranaundirstöðum er áætlaður 1,5 milljarðar kr. og er áætlað að skip allt að 250 metra löng og 80 þús. smálesta stór geti athafnað sig á viðlegukanti. Athafnasvæði hafnarinnar er 740 þús. fermetrar. Árlegur innflutningur um höfnina verður 815.600 tonn og útflutningur 373.600 tonn samkvæmt áætlun.

Fjarðaál greiðir fyrir notkun á höfninni samkvæmt gjaldskrá með afslætti og það á að standa undir kostnaði við rekstur sveitarfélagsins. Það mun vera sama fyrirkomulag og haft er varðandi Norðurál í Hvalfirði. Samkvæmt áætlunum á höfnin og rekstur hennar að geta staðið undir sér en framlög til uppbyggingar hafnarinnar endurgreiðast ekki þannig að hér er um gríðarlega mikinn stuðning að ræða við þetta verkefni.

Virkjunin, Kárahnjúkavirkjun, er beintengd þessu vegna þess að 85% af afli hennar munu fara til þessa væntanlega álvers, ef af verður. Reiknað er með uppsettu afli um 630 megavött og samkæmt nýjustu tölum ætti að geta orðið meira afl þarna, kannski allt að 680 megavött. Landsvirkjun áætlar að fjárfestingarkostnaður í sambandi við þetta verði um 95 milljarðar, kringum 100 milljarðar kr.

Þetta er gríðarlega mikið og stórt verkefni og ég vil árétta það að hér er um gríðarlega ríkisaðstoð eða stofnframlag að ræða sem önnur fyrirtæki í landinu, önnur uppbygging í atvinnulífi nýtur ekki. Það er niðurfelling á iðnaðargjaldi, markaðsgjaldi, fasteignasköttum, tekjusköttum, eignarskatti, afdráttarskatti og stimpilgjöldum. Bara þessir skattar eru metnir á u.þ.b. 24,4 milljónir bandaríkjadala. Þessi mál er ESA að fara yfir, þ.e. hvort þetta sé löglegt eða ekki og er þetta gríðarlega umfangsmikið dæmi að fara yfir.

Síðan er rafmagnssamningurinn sérkafli. Hann varðar okkur öll og ekki síst atvinnulíf og heimili í landinu vegna þess að það er fyrirtækið okkar, Landsvirkjun, sem byggir Kárahnjúkavirkjun með bakstuðningi bæjarfélaganna Reykjavíkur og Akureyrar og síðan ríkisins. Sá bakstuðningur sem fyrirtækið hefur í krafti þess að það er í opinberri eigu sveitarfélaga og ríkisins er margra peninga virði. Rafmagnssamningurinn er til 40 ára. Afhending er samningsbundin og kaupskylda. Eins og fram kom hjá mér áðan er kaupskylda Fjarðaáls um 85% af því sem framleiða á í væntanlegri Kárahnjúkavirkjun.

Ég vil taka það fram að félagar mínir í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði eru með álit inni í meirihlutaálitinu vegna þess að umhvn. Alþingis var beðin að fjalla um umhverfisþátt þessa máls. Þar er fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs Kolbrún Halldórsdóttir. Efh.- og viðskn. var svo beðin að fjalla um efnahags- og viðskiptalegan þátt frv. og þar er fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns fram-

boðs Ögmundur Jónasson. Hann er þar fyrir hönd okkar flokks.

Í því frv. sem hér er fjallað um er iðnrh. heimilað að gera samninga fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við Alcoa Incorporated, Fjarðaál sf. og stofnendur þess, Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðarál ehf. um að reisa og reka álverksmiðju og tengd mannvirki á Íslandi og til að framleiða allt að 322.000 tonn af áli árlega í verksmiðju við Reyðarfjörð.

Annar minni hluti iðnaðarnefndar er andvígur áformum um byggingu álvers við Reyðarfjörð. Á grundvelli stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs telur 2. minni hluti að stuðla eigi að annars konar uppbyggingu atvinnulífsins í landinu með aukna fjölbreytni og nýtingu umhverfisvænnar tækni að leiðarljósi.

Ég vil skjóta hér inn í varðandi framtíðarsýn aðila í sjávarútvegi í sambandi við fiskeldi og skeljaeldi að talið er að bara þar megi koma inn með tekjur sem nema 50–60 milljörðum á ári ef vel er staðið að málum. Í öðrum löndum sem við berum okkur saman við eru veittir stofnstyrkir til slíkrar uppbyggingar, samanber uppbyggingu á stöðvum til áframeldis á lúðuseiðum. Samkvæmt því sem fram kom hjá forsvarsmönnum sjávarútvegsfyrirtækja er talið að í Eyjafirði einum megi áframala allt að 40 þús. tonn af þorski. Það kom fram hjá Útgerðarfélagi Akureyringa. Þetta er gríðarlega spennandi verkefni með fisk úr okkar lífríki. Þarna kom fram spennandi framtíðarsýn.

Ég tek fram í minnihlutaáliti mínu að koma verði í veg fyrir óhæfilega gróðasöfnun í skjóli einokunar- eða fákeppnisaðstöðu einstakra fyrirtækja og skattleggja sérstaklega gróða sem sprettur af nýtingarrétti atvinnurekenda á sameiginlegum auðlindum. Atvinnufyrirtæki eiga að greiða eðlilegt gjald af hagnaði sínum í sameiginlega sjóði ríkis og sveitarfélaga. Mikilvægt er að hefðbundnir atvinnuvegir við sjávarsíðuna og í sveitum landsins þróist í sátt við samfélagið og verði til styrktar byggð í landinu öllu. Ég tek fram að nýta beri sérstöðu Íslands og íslenskar auðlindir ásamt tækni og þekkingu til að skapa landsmönnum störf í fjölbreyttu og þróuðu atvinnulífi en varast að einblína á allsherjarlausnir og einstaka stóriðjukosti.

Við verðum að átta okkur á því að ef af þessu verkefni verður er áliðnaðurinn farinn að nota einn og sér u.þ.b. 80% af rafmagnsframleiðslunni í landinu. Svona áform samrýmast ekki þeirri hugsun að við eigum að stofna hér og stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi sem víðast um landið. Hér eru miðstýrðar lausnir á ferðinni sem leiða til einhæfs atvinnulífs eins og tölurnar sýna.

Forsenda þess að hægt sé að ganga til samninga um byggingu álvers við Reyðarfjörð er bygging Kárahnjúkavirkjunar sem mun leiða af sér gríðarleg óafturkræf náttúruspjöll á land svæðinu norðan Vatnajökuls og í Fljótsdal. Hugsanlegur efnahagslegur ávinningur réttlætir ekki þau hrikalegu náttúruspjöll sem auk þess mundu eyðileggja möguleikana á nýtingu þessa landsvæðis undir þjóðgarð á heimsmælikvarða. Undirbúningsvinnu varðandi nýtingu vatnsafls og jarðvarma er ekki enn lokið og er að mati 2. minni hluta forkastanlegt að fara út í svo gríðarlegar framkvæmdir án þess að heildarstefna til langs tíma hafi verið mótuð í sambandi við nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Mengun er umtalsverð frá verksmiðju af því tagi sem ætlunin er að leyfa samkvæmt frumvarpi þessu og mun hún hafa umtalsverð áhrif á gæði lofts, lands og sjávar í umhverfi verksmiðjunnar. 2. minni hluti gagnrýnir að ekki skyldi krafist nýs umhverfismats á verksmiðjunni þar sem augljóst er að hér er að mörgu leyti um að ræða aðra framkvæmd en metin var þegar Norsk Hydro var inni í dæminu. Um þetta efni vísast til greinar eftir Berg Sigurðsson umhverfisefnafræðing sem birt er sem fylgiskjal með álitinu.

Þá er til þess að líta að gangi áform ríkisstjórnarinnar um uppbyggingu stóriðju í landinu eftir mun það leiða til þess, eins og ég kom inn á áðan, að um 80% af rafmagnsframleiðslu landsins verða notuð í þessa einu atvinnugrein. Í ljósi þess að samningar um rafmagnssölu eru bundnir við heimsmarkaðsverð á áli er hér um gríðarlega áhættu að ræða fyrir Landsvirkjun, og má lítið út af bera til þess að heimilin í landinu og hinn almenni iðnaður landsmanna hljóti skaða af í hækkuðu orkuverði.

Það er augljóst að ef eitthvað bregður út af varðandi hin fjárhagslegu plön sem Landsvirkjun gerir í sambandi við uppbyggingu Kárahnjúkavirkjunar þá verður mismunurinn að jafnast út á þessi 20%, þ.e. iðnað Íslendinga sjálfra í landinu og heimilin í landinu. Það yrði gríðarlegt högg ef illa færi.

Án stórvirkjana- og stóriðjuframkvæmda gæti Landsvirkjun orðið skuldlítið fyrirtæki á næstu 15 árum sem gæti skapað fyrirtækinu möguleika á að stórlækka orkuverð til heimilanna og til iðnaðar í landinu. Þar með yrðu efldir möguleikar til atvinnuuppbyggingar og sóknar á grunni hugsunar um fjölbreytileika í atvinnulífinu. Sú sýn að eiga möguleika á að stórlækka raforkuverð frá Landsvirkjun yrði vítamínsprauta fyrir allan iðnað landsmanna vegna þess að rafmagnskostnaður, sérstaklega í dreifbýlinu á orkuveitusvæði Rariks, er mjög íþyngjandi fyrir íslenskan iðnað, bæði til sjávar og sveita. Dæmi eru um að fyrirtækin okkar, t.d. í mjölvinnslu, borgi frá 6 kr. og upp í 10 kr. fyrir kílóvattstundina til að framleiða sína vöru.

Annar minni hluti telur að rökstuðningur meiri hlutans fyrir því að hér sé um stórkostlega byggðaaðgerð að ræða sé mjög tvíbentur. Stórframkvæmd af því tagi sem hér er áformuð leiðir af sér styrkingu á gengi íslensku krónunnar og tímabundna vaxtahækkun til þess að sporna við þenslu í efnahagskerfinu. Slíkt ástand leiðir til ruðningsáhrifa annars staðar í landinu með stórkostlegum erfiðleikum, sérstaklega í sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Bara væntingarnar til þessara stóru framkvæmda hafa orðið til þess að styrkja gengi krónunnar og áhrifanna er þegar farið að gæta. Útflutningsatvinnuvegirnir eru þegar komnir í gríðarleg vandræði vegna styrkrar stöðu krónunnar. Ferðaþjónustan er líka þegar komin í vandræði vegna styrkrar stöðu krónunnar. Þetta eru þær tvær atvinnugreinar sem gefa þrátt fyrir allt þjóðarbúinu mestar tekjur. Sjávarútvegurinn stendur fyrir um 50% tekjuöflunarinnar og ferðaþjónustan er önnur stærsta atvinnugreinin okkar og stendur fyrir um 13–14% af tekjuöfluninni þannig að hér er um gríðarlegt hagsmunamál að ræða. Þannig er verið með svona stórum inngripum að setja allt annað atvinnulíf í landinu upp í loft og á spil, sérstaklega útflutningsatvinnugreinarnar eins og ég nefndi áðan. Þetta mun í fyrstu koma harðast niður á smærri sjávarútvegsfyrirtækjum sem sum hver munu ekki standast það efnahagslega umhverfi sem er að skapast. Ruðningsáhrifin munu þannig leiða til fækkunar fyrirtækja og starfa, sérstaklega á landsbyggðinni. Um þetta eru menn almennt sammála. Þannig eru í krafti stefnu ríkisstjórnarinnar lagðar fram gríðarlegar fjárhæðir í stofnframlag til fyrirtækis og uppbyggingar sem

leiðir til þess að við missum störf og fyrirtæki úr rekstri annars staðar í landinu.

Annar minni hluti bendir einnig á að væntingar varðandi áhrif framkvæmdanna á Miðausturlandi til lengri tíma litið eru að öllum líkindum stórlega ofmetnar. Í áliti meiri hlutans kemur fram að meiri hlutinn telur að um 500 ný störf muni skapast. Í öðrum skýrslum er talað um rúmlega 700 störf, en það er ef til vill aukaatriði. Sigfús Jónsson hjá Nýsi lýsti því yfir á fundi iðnaðarnefndar að vænta mætti þess að aðeins væri hægt að manna um 200 störf með heimamönnum, aðra starfsmenn þyrfti að sækja til annarra staða á landinu. Það er álit margra að aðkomnir starfsmenn mundu ekki endilega setjast að á Austurlandi eins og reynslan sýnir víða annars staðar. Jafnvel á atvinnusvæði Akraness er mjög algengt að fjölskyldur búi í Reykjavík vegna þess að makinn hefur ekki fengið vinnu í nágrenni verksmiðju eða starfsemi þar. Hér er um lengri vegalengdir að ræða, minna samfélag, þannig að vandinn varðandi maka verður að öllum líkindum gríðarlegur.

Með vísan til framangreinds leggur 2. minni hluti til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá, með leyfi forseta:

„Í ljósi þess að bygging Kárahnjúkavirkjunar, sem er forsenda samninga um byggingu álvers við Reyðarfjörð, mun leiða af sér gríðarleg óafturkræf náttúruspjöll og að mengun af álverinu yrði umtalsverð, og í ljósi áhættunnar fyrir Landsvirkjun og þar með landsmenn, ruðningsáhrifa af framkvæmdunum og of mikilla væntinga til þeirra, leggur 2. minni hluti til að málinu verði vísað frá og tekið verði fyrir næsta mál á dagskrá."

Undirskriftin er, með leyfi forseta:

„Alþingi, 25. febr. 2003. Árni Steinar Jóhannsson."

[Fundarhlé. — 12:55]

[13:31]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi segja að þó að við fulltrúar Samfylkingarinnar í þeim nefndum sem hafa fjallað um þetta mál gerum athugasemdir, lítilvægar, við einstök atriði í því frv. sem hér liggur fyrir er alveg ljóst að meginniðurstaðan er sú að Samfylkingin styður þetta mál. Fulltrúar Samfylkingarinnar hafa farið vel og rækilega yfir áhrif álvers í Reyðarfirði, ekki síst efnahagsáhrifin á þjóðarbúið almennt, og það er niðurstaða okkar að til langs tíma muni bæði álverið og ekki síður bygging orkumannvirkja við Kárahnjúka hafa mjög afdráttarlaus jákvæð áhrif á hagkerfið allt. Þetta mun bæta og styrkja atvinnustigið, ekki síst á Austurlandi, það mun auka hagvöxt og styrkja útflutning. Við getum þó ekki horft fram hjá því, herra forseti, að til skamms tíma getur verkefnið að einhverju marki haft neikvæð áhrif á efnahagslífið sem birtist í hærra raungengi og hærri vöxtum en ella.

Þess vegna vill Samfylkingin undirstrika að af mikilli festu verði gripið til réttra mótvægisaðgerða til þess að skapa verkefninu rými í hagkerfinu þannig að ekki komi til þess að of mörgum lítt framleiðnum störfum verði rutt burt úr hagkerfinu.

Herra forseti. Við teljum að hægt sé að sporna gegn ofþenslu og ofrisi í efnhagslífinu með réttum mótvægisaðgerðum. Við teljum hins vegar að það sé algjört úrslitaatriði þegar gripið er til slíkra aðgerða að saman fari mjög náið samráð við stjórn peninga- og ríkisfjármála, ekki síst að sú ríkisstjórn sem situr að völdum þegar framkvæmdirnar verða í hámarki hafi styrk og festu til þess að grípa til þeirra aðgerða sem þarf, m.a. að hafa bakfisk til þess að ráðast í það að fresta framkvæmdum ríkisins um einhver ár ef þörf þykir.

Í þessu sambandi, herra forseti, vil ég líka vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið um skattalækkanir, bæði af hálfu stjórnarandstöðu og ríkisstjórnarinnar, vara við andvaraleysi. Við verðum að læra af reynslunni, herra forseti, við verðum að koma í veg fyrir það að menn grípi til óhóflegra skattalækkana í aðdraganda þensluskeiðs sem kunni að leiða til þess að víxlverkanir skapist sem gætu leitt til þess að ofþensla og ofhitnun hlypi í efnahagslífið.

Þetta frv., herra forseti, sem hér liggur fyrir fjallar þó ekki um Kárahnjúka. Það fjallar fyrst og fremst um skattalegar breytingar sem þarf að gera gagnvart Alcoa. Nú er það svo, herra forseti, að í fylgiskjali sem fylgir áliti okkar samfylkingarmanna er birtur samanburður á því skattalega umhverfi sem hefur verið skapað gagnvart Ísal, Alcoa með þessu frv., lögum um Norðurál og síðan verður tekinn inn í þetta samanburður á almennum íslenskum lögum.

Fram kemur, herra forseti, að um er að ræða veruleg frávik og undanþágur frá almennu íslensku skattumhverfi sem hefur verið skapað gagnvart þessum stórfyrirtækjum. Þetta yfirlit sýnir líka að verulegt innbyrðis ósamræmi er milli þeirra þriggja stóriðjufyrirtækja sem hér voru nefnd. Alvarlegast birtist þetta misræmi gagnvart tekjuskattsgreiðslum. Þar kemur t.d. fram að Alcoa á að njóta þess ef tekjuskattur verður lægri en 18% á þeim degi sem afhending raforku fer fram að fullu en tekjuskattshlutfallið skal þó aldrei vera hærra en 18%.

Nú er það svo, herra forseti, að ég hef engan hug á því né félagar mínir í Samfylkingunni að hækka tekjuskatt á fyrirtæki nokkru sinni. Ég tel að úr því sem komið er eigi að hafa það óbreytt með því móti sem nú gildir. Aftur á móti sjáum við þegar horft er á skattaákvæði varðandi Ísal að þeir greiða 33% í tekjuskatt. Hjá Norðuráli getur skatthlutfallið aldrei orðið hærra en 33% en Norðurálsmenn geta hins vegar krafist þess að breytingar verði gerðar á skattgreiðslum þeirra ef almennar breytingar verða á tekju- og eignarskattslögum.

Ég nefni þessi þrjú dæmi, herra forseti, til að sýna fram á að verulegt misræmi er í skattgreiðslum þessara þriggja stóriðjufyrirtækja. Við í Samfylkingunni teljum að það sé fyllilega réttlætanlegt að gera ákveðnar breytingar á skattalögum til þess að laða framleiðna stóriðju til landsins. Hins vegar væri það æskilegt að í framtíðinni giltu hér almennar reglur til þess að láta slík fyrirtæki njóta frávika frá almennum skattareglum. Í framtíðinni væri auðvitað æskilegast að sem minnst misræmi væri á milli þeirra leikreglna sem gilda um stóriðjufyrirtæki og önnur fyrirtæki í landinu.

Eitt vil ég nefna sérstaklega, herra forseti, sem kemur fram í frv. sem ég og við í Samfylkingunni hefðum gjarnan viljað sjá töluvert öðruvísi. Við teljum að erfitt sé að sættast við þau frávik sem koma fram í greiðslu stimpilgjalda á stóriðjufyrirtækin annars vegar og íslensk fyrirtæki hins vegar. Við teljum líka að í þessu samhengi sé rétt að fram komi að það hafi verið alvarleg mistök hjá ríkisstjórninni að hafa fallið frá lækkun stimpilgjalds á innlend fyrirtæki sem átti að koma til framkvæmda um síðustu áramót á sama tíma og ríkisstjórnin býður Alcoa verulega lækkun á stimpilgjöldum.

Ég tek það fram til að forðast misskilning, herra forseti, að Samfylkingin er þeirrar skoðunar að það eigi að leggja stimpilgjöld af að fullu. Við teljum að það sé dálítið skrýtið að stigið er skref í þá átt varðandi stóriðjuna en hins vegar féll ríkisstjórnin frá fyrirhuguðum stimpilgjaldalækkunum þegar hún beitti sér fyrir almennum breytingum á skattalögum hér fyrir tiltölulega skömmum tíma.

Annað vil ég líka nefna sem Samfylkingin er á móti í þessu frv. Við teljum að það sé fráleitt að útiloka, eins og er gert í 6. gr. frv., að sett verði sérstakt gjald á útblástur skaðlegra lofttegunda eða aðra losun úrgangs frá þessu álveri. Ég hef engan áhuga á því að leggja sérstakt umhverfisgjald á Alcoa eitt og sér en ég tel að í framtíðinni kunni mál að skipast með þeim hætti að nauðsynlegt verði og réttlætanlegt að setja sérstakt umhverfisgjald á stórfellda notendur orku eins og stóriðjufyrirtækin í landinu og þá verður að vera mögulegt að gera það. Ég hygg að þegar kemur fram um miðbik þessarar aldar verði málum þannig skipað víða í heiminum að beitt sé markaðslausnum til þess að reyna að koma í veg fyrir of mikla losun skaðlegra lofttegunda eins og CO_2. Þá tel ég að með því ákvæði, eins og það hefur verið sett inn í þessi heimildarlög, verði mjög erfitt að koma slíku gjaldi við gagnvart Alcoa og þar af leiðir að ókleift verður að koma því við gagnvart öðrum stóriðjufyrirtækjum á Íslandi vegna þess að jafnræðis verður að sjálfsögðu að gæta milli þeirra fyrirtækja. Þetta tel ég, herra forseti, vera stærsta ágallann á því frv. sem hér liggur fyrir.

Þrátt fyrir að ég hafi gagnrýnt einkum tvo þætti, hina skattalegu þætti í samningnum, og vikið að því að um tímabundin neikvæð áhrif gæti orðið að ræða er það afdráttarlaus skoðun okkar í Samfylkingunni að hin jákvæðu efnahagsáhrif sem verða til langs tíma muni vega þetta upp, þau muni tryggja aukinn hagvöxt og bætt atvinnuástand. Það er út frá því, herra forseti, sem Samfylkingin styður frv. í heild sinni þó að hún sé ákaflega óhress með þá tvo þætti sem ég hef nefnt.

Þegar við skoðum þessar framkvæmdir, álver á Reyðarfirði og virkjun við Kárahnjúka, blasir það við að um er að ræða einhverjar umfangsmestu framkvæmdir sem hafa orðið í Íslandssögunni. Eins og ég hef þegar rakið tel ég að ef þær framkvæmdir eru skoðaðar af sjónarhóli hreinna efnahagsáhrifa hnígi flest ef ekki öll rök að því að til langs tíma hafi þessar framkvæmdir jákvæð áhrif á hagkerfið. Þegar starfræksla álversins hefst eykst framleiðslugeta þjóðarbúsins og framleiðsla til útflutnings mun aukast líka. Við höfum reynslu af því úr hagsögu íslensku þjóðarinnar að ef horft er til langs tíma eru alla jafna sterk jákvæð tengsl á milli útflutningstekna og þjóðartekna. Aukning á útflutningi af völdum álversins mun því efla þjóðartekjur. Fjmrn. hefur reynt að meta þessi áhrif og niðurstaða þess er að framkvæmdir vegna álversins og vegna virkjunar við Kárahnjúka muni til lengdar auka þjóðarframleiðslu um 0,75%.

Eigi að síður, herra forseti, er ekki hægt að horfa fram hjá því að til skamms tíma geta efnahagsleg áhrif framkvæmdanna haft neikvæð áhrif á fyrirtæki í útflutningi og þá er ég fyrst og fremst að tala um útflutning sem er næmur fyrir hækkun gengis og vaxta. Í umhverfi þar sem gengið er hátt og flest bendir til þess að það fari hækkandi samfara háum vöxtum hygg ég, herra forseti, að sprettumöguleikar nýgræðings í atvinnulífinu séu ekki miklir. Þetta verðum við að hafa í huga þegar heildaráhrif framkvæmdarinnar eru metin. Þess vegna legg ég mikla áherslu á það, og við fulltrúar Samfylkingarinnar, að í aðdraganda þessara framkvæmda sé hugað að réttum mótvægisaðgerðum sem skapa framkvæmdunum heppilegt rými þannig að þær ryðji ekki úr vegi of miklu af starfsemi sem er ekki eins framleiðin og stóriðjan.

Við höfum horft nú þegar á ákveðnar afleiðingar af hinu fyrirhugaða innstreymi á gjaldeyri í tengslum við þessar framkvæmdir á gengi íslensku krónunnar. Það dylst engum að gríðarlegt innstreymi verður af erlendum gjaldeyri inn til landsins á framkvæmdatímanum. Þetta innstreymi mun að óbreyttu auka spennu á innlendum vöru- og vinnumarkaði og það mun stuðla að hærra gengi krónunnar. Þessi aukna spenna sem við munum sjá á vinnumarkaði mun brjótast fram í þrýstingi á verðbólgu. Slík þróun mun að öllum líkindum ýta enn frekar undir hækkun á gengi á vöxtum sem verður að bregðast við. Við þurfum að finna leiðir, herra forseti, til að draga úr nauðsyn þess að gengið hækki enn frekar og vextir sömuleiðis. En það eru hækkanir á þessum þáttum, gengi og vöxtum, sem geta kallað fram hin svokölluðu ruðningsáhrif, þ.e. þegar starfsemi sem ræður ekki við skammtímaáhrif framkvæmdanna eða er ekki eins framleiðin og stóriðja, eins og ég gat um hérna áðan, eða tengd starfsemi, lætur undan síga af völdum hás gengis og hárra vaxta. Sjávarútvegurinn er auðvitað besta dæmið, ekki síst greinar þar sem framleiðni er lítil, og hækkun á gengi gæti riðið baggamuninn um framtíð þeirra.

Í umfjöllun efh.- og viðskn. kom þannig skýrt fram að forustumenn í sjávarútvegi og raunar einstakir nefndarmenn í efh.- og viðskn. telja t.d. að frekari gengishækkun gæti leitt til kollsteypu í rækjuvinnslu. Þetta er auðvitað ekki gott, herra forseti. Ég hjó eftir því áðan að hv. formaður efh.- og viðskn., Hjálmar Árnason, sagði í andsvari við hv. þm. Ögmund Jónasson að þau störf sem mundu hverfa og láta undan síga væru að vísu þau störf sem væru verst launuð og í greinum sem væri minnst framleiðni í. Það má auðvitað segja, herra forseti, að þó að það kunni að hafa mjög óæskileg áhrif á byggðaþróun í landinu á sumum stöðum hljóta menn samt sem áður að líta á það sem jákvæðan hlut ef ákveðin skipti verða í atvinnulífinu sem felast í því að þau störf sem eru miður framleiðin og bera ekki há laun hverfi í stað annarra starfa sem beri hærri laun og eru framleiðnari.

Í þessu samhengi, herra forseti, er óhjákvæmilegt að reyna að gera sér grein fyrir því hvernig þróun krónunnar er líkleg til þess að verða í ljósi sterkra áhrifa gengisþróunarinnar á tekjur og framlegð útflutningsfyrirtækjanna. Það gildir almennt að hækkun á gengi þrengir að útflutnings- og samkeppnisgreinum og eyðir þess vegna slaka í hagkerfinu. Þannig má segja að hækkun á genginu skapi rými fyrir framkvæmdir sem eru líklegar til þess að valda þenslu, og framkvæmdir eins og þær sem við erum að ræða um á Austfjörðum falla að sjálfsögðu í þann flokk. Lækkun á stýrivöxtum Seðlabankans hefur að óbreyttu áhrif til lækkunar á genginu. Nú hafa hins vegar stýrivextir lækkað jafnt og þétt. Ég held að þeir hafi ekki verið lægri frá 1994 þegar slaki í hagkerfinu var þó líklega minni en hann er núna. Þrátt fyrir þetta hefur gengið hækkað stöðugt að undanförnu.

Margt bendir líka til, herra forseti, þrátt fyrir umkvartanir þeirra sem starfa í umhverfi útflutnings, að gengið muni halda áfram að hækka enn frekar á næstu missirum og árum. Þegar við veltum fyrir okkur hvað veldur þeirri gengishækkun sem við höfum séð á undanförnum mánuðum má tengja það væntingum markaðarins um innstreymi gjaldeyris í tengslum við þessar miklu framkvæmdir. Við höfum reynslu af því

að markaðurinn bregst við væntanlegum tilefnum eins og þessum löngu áður en þau komast til framkvæmda. Þannig getur gengi krónunnar hækkað töluvert áður en innstreymi gjaldeyris vegna viðkomandi framkvæmda er hafið. Það má samt ekki gleyma því, herra forseti, að fyrir núverandi hækkunarlotu á krónunni var gengisþróunin eigi að síður mjög hagstæð fyrir útflutningsfyrirtæki og þetta leiddi til mjög jákvæðrar og heillavænlegrar afkomu í sjávarútvegi sem hefur að sjálfsögðu leitt til verulegs innstreymis gjaldeyris, ekki síst í þeirri grein. Ég er ekki í nokkrum vafa um, herra forseti, að það hefur að sjálfsögðu átt sinn þátt í að styrkja gengi krónunnar.

Ég vek líka eftirtekt á því, herra forseti, að spár um afkomu í sjávarútvegi, þrátt fyrir þann barlóm sem stundum hefur heyrst frá forustumönnum þar upp á síðkastið, eru enn þá mjög jákvæðar. Það gefur líka tilefni til að vænta þess að innstreymi á gjaldeyri í þeirri grein verði allverulegt á næstu árum, næstu missirum a.m.k., og það að sjálfsögðu tosar gengið upp. Við vitum að á síðustu tveimur árum höfum við séð hagstæðara umhverfi í sjávarútvegi og meiri framlegð en nokkru sinni fyrr og þær spár sem eru um afkomu sjávarútvegs á þessu ári benda til þess að ef frá eru talin þessi tvö sl. ár sé núverandi ár eitt hið besta fyrir sjávarútveg. Allt þetta ýtir að sjálfsögðu undir hækkun gengisins.

Sömuleiðis held ég, herra forseti, að sú hækkun á aflaheimildum sem sjútvrh. í samráði við ríkisstjórnina tilkynnti fyrir nokkru hafi líka gefið tilefni til þess að tosa gengið svolítið upp vegna þess að stór hluti af þeim hækkunum var án fiskifræðilegra raka og var þar af leiðandi óvæntur, gaf þannig tilefni til innspýtingar gjaldeyris í efnahagslífið sem menn höfðu ekki átt von á.

Í dag tilkynnti Landsvirkjun síðan um það að mat hennar á áhrifum framkvæmda á Norðlingaöldu væri þannig að stofnunin hefði ákveðið að ráðast í verkefnið. Það hlýtur líka að ýta undir að gengið frekar hækki en hitt. Þetta nefni ég, herra forseti, vegna þess að það er nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir því að við erum að sigla inn í umhverfi þar sem ákaflega litlar líkur eru á því að gengi krónunnar fari að síga. Það er mjög fátt sem bendir til þess. Ég vísa líka til þess, herra forseti, að þeir sérfræðingar sem hafa verið að spá fyrir um gengisþróun krónunnar, og nú er ég að tala um sérfræðinga hjá ýmsum greiningardeildum fjármálastofnana hér innan lands, virðast langflestir spá því að gengi krónunnar haldi áfram að hækka eða haldist mjög hátt. Þegar við vorum að fjalla um þetta mál í efh.- og viðskn. og hlýddum Seðlabankanum yfir um gengisþróunina kom það líka fram að þeir voru þeirrar skoðunar að það væri fátt sem benti til að gengið mundi síga og ef við skoðum þá greinargerð sem Seðlabankinn lét af höndum í tilefni af þessum framkvæmdum er ekki hægt að skilja hann öðruvísi en svo að efnahagsleg áhrif stóriðjuframkvæmdanna muni halda áfram, halda genginu háu og jafnvel að ýta undir þetta.

Þá er spurning, herra forseti, með hvaða hætti við reynum að sporna gegn því að hækkanir á gengi og vöxtum verði óhóflegar og hafi of hröð og of mikil áhrif á starfsemi fyrirtækja sem kannski búa þegar við lítið eigið fé eins og við sjáum mjög mörg fyrirtæki á landsbyggðinni. Hættan í þessu máli er sú að umskipti í atvinnulífinu verði of skjót og þau hafi of skjótvirk áhrif á lítil fyrirtæki úti á landsbyggðinni. Ég tel að það sé eina hættan sem af þessu stafar og gegn henni verðum við að sporna.

Þetta þýðir það, herra forseti, að þeir sem hafa fylgt þessum framkvæmdum hvað dyggilegast í þessum sölum — sem margir hverjir eru þingmenn landsbyggðarinnar— verða líka að vera reiðubúnir til þess að taka á með hinum þegar ríkisstjórn á næsta kjörtímabili þarf að grípa til mótvægisaðgerða. Ég sagði fyrr í minni ræðu, herra forseti, að til þess að hægt væri að ná árangri í að sporna við óhóflegum ruðningsáhrifum sem svo eru kölluð, af hækkun gengisins í tengslum við þessar framkvæmdir þyrfti að eiga sér stað farsæl samvinna þeirra sem stjórna peningamálum Seðlabankans og þeirra sem stjórna ríkisfjármálum, þ.e. ríkisstjórnarinnar. Það er alveg ljóst að eitt af því sem er óhjákvæmilegt að grípa til á næsta kjörtímabili til þess að sporna við óhóflegri þenslu og þessum ruðningsáhrifum er að fresta ríkisframkvæmdum. Ég er ekki að tala um það, herra forseti, að það væri nauðsynlegt að fella niður eða hætta við framkvæmdir hins opinbera en það verður nauðsynlegt að fresta opinberum framkvæmdum upp á mjög marga milljarða kr. um 1–2 ár, og þeir sem hafa stutt þessar framkvæmdir hvað dyggilegast í þessum sölum verða að vera reiðubúnir þegar að því kemur að axla ábyrgðina sem fylgir því að fresta framkvæmdum, jafnvel þótt það kunni að þýða minni framkvæmdir á vegum úti á landsbyggðinni eða öðrum framkvæmdum í höfuðborginni. Þarna verða menn allir að standa í ístaðinu og sameinast um það að þessar framkvæmdir hafi sem mest jákvæð áhrif, og að neikvæð skammtímaáhrif verði sem minnst.

Í þessu samhengi hvílir mikil ábyrgð á okkur sem núna erum að ganga til kosninga og erum að leggja fram stefnu flokka okkar. Við sjáum það, herra forseti, að það er töluverður vilji innan stjórnarflokkanna beggja og a.m.k. Samfylkingarinnar til að nota það svigrúm sem verður til vegna þessara stórframkvæmda á næsta kjörtímabili til þess að lækka skatta. Ég er þeirrar skoðunar að það sé kominn tími til að tekjuskattar einstaklinga verði með einhverjum hætti lækkaðir. Ég og Samfylkingin höfum verið þeirrar skoðunar að það eigi að lækka tekjuskatta á millitekjufólki, á barnafjölskyldum, og það eigi að nota svigrúmið sem gefst með þessum framkvæmdum til þess og jafnframt líka til þess að hækka grunnbætur þeirra sem lifa af bótum almannatryggingakerfisins. Það er hins vegar alveg ljóst að við öll sem erum í forustu fyrir stjórnmálaflokkana verðum að gæta hófs í þessum efnum. Við verðum að haga kosningaloforðum okkar og framkvæmdum á næsta kjörtímabili með það fyrir augum að aðgerðir okkar í aðdraganda þensluskeiðs leiði ekki til þess að hér verði einhvers konar ofhitnun í hagkerfinu. Þetta held ég að sé ákaflega mikilvægt, herra forseti.

Ég hef, herra forseti, farið í nokkuð stuttu máli yfir það sem við í Samfylkingunni teljum að séu hin efnahagslegu áhrif þessara framkvæmda. Það er alveg ljóst svo ég ítreki það, herra forseti, að við teljum að til langs tíma verði áhrif þessara framkvæmda jákvæð. Fjmrn. telur að hagvöxtur muni aukast um 0,75% vegna þessa. Það er hins vegar ljóst að skammtímaáhrifin geta orðið neikvæð. Í sumum tilvikum gætu þau haft alvarlegar afleiðingar nema því aðeins að það verði gripið til kórréttra mótvægisaðgerða og um það þurfa menn að sameinast, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu nákvæmlega þegar þessi orð eru töluð.

Mig langar aðeins, herra forseti, að fara nokkrum orðum um það hvað þetta frv., sem við ræðum hér, fjallar í raun og sanni, en það eru skattar. Það er einkum tvennt sem ég vil nefna varðandi skattaákvæðið. Í fyrsta lagi finnst mér nauðsynlegt að ræða grundvallarviðhorf varðandi umhverfisgjöld

framtíðarinnar í tengslum við þetta. Ástæðan er sú að í 2. mgr. 6. gr. frv. er að finna ákvæði sem ég á ákaflega erfitt með að sætta mig við. Það tengist umhverfisgjöldum framtíðarinnar sem ég tel að séu óhjákvæmileg. Í þessu ákvæði er efnislega lagt til að það sé heimilt að kveða á um það í samningnum við Alcoa að ekki skuli lagðir skattar eða gjöld á útblástur lofttegunda, raforkunotkun þeirra eða aðra losun úrgangsefna af fyrirtækisins hálfu nema því aðeins að samsvarandi gjöld séu lögð á alla aðra almenna fyrirtækjastarfsemi í landinu. Ég tel þetta mistök sem beri vott um skammsýni af hálfu stjórnvalda. Þetta ákvæði er í reynd ekki hægt að skilja öðruvísi en svo að þegar vindur fram um þessa öld verði aldrei hægt að leggja sérstakan umhverfisskatt á stóriðju hér á Íslandi. Ég bar spurningu um þetta efni fram við fulltrúa iðn.- og viðskrn. í efh.- og viðskn. og í munnlegu svari staðfesti hann þennan skilning minn.

Starfsmenn hæstv. umhvrh. sendu minnisblað frá sér um þetta, herra forseti, og ég er ákaflega óánægður með efni þess. Þar kemur fram það viðhorf hæstv. umhvrh. að komi til beitingar hagrænna stjórntækja af þessu tagi hyggist stjórnvöld taka mið af jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar við útfærslu þeirra. Hvað þýðir þetta, herra forseti? Það þýðir það að hæstv. umhvrh. staðhæfir það fullum fetum að ekki komi til mála í framtíðinni að leggja sérstakt umhverfisgjald vegna útblásturs skaðlegra lofttegunda á stóriðju. Því aðeins verði það gert að samsvarandi gjald verði líka lagt á aðra almenna starfsemi í landinu. Ég er þessu algerlega ósammála, herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að í framtíðinni hljóti það að vera eitt af stjórntækjunum sem við beitum til þess að koma í veg fyrir óhóflega losun skaðlegra lofttegunda, að leggja slíkt gjald á stórnotendur orku, þ.e. stóriðju. Það mun koma að því að menn hrindi í framkvæmd þeim hugmyndum sem hafa verið uppi um að beita markaðslausnum til þess að takmarka losun úrgangs af þessu tagi með því að setja upp sérstakar losunarheimildir og heimila sölu á losunarkvótum. Ég er hlynntur því, herra forseti. Ég tel að í framtíðinni sé það aðferð sem við eigum að nota til þess að reyna að stemma stigu við óhóflegri losun skaðlegra lofttegunda, skaðlegs úrgangs, og draga þannig úr þeirri vá sem ég tel að sé ein sú mesta sem steðjar að mannkyninu en það er hlýnun andrúmsloftsins.

Um leið og menn leggja í þá för að beita markaðslausnum og heimila sölu á losunarkvótum breytast þeir í takmarkaða markaðsvöru sem hlýtur að verða eftirsótt á alþjóðlega vísu og að öllum líkindum einhvern tíma hér innan lands líka. Ég tel að í markaðsumhverfi sé óhjákvæmilegt að skilgreina slíkan losunarkvóta sem takmarkaða auðlind og ég held að þá muni heimildir til að losa úrgang út í umhverfið ganga kaupum og sölum.

Frá mínum bæjardyrum séð og flokks míns verður þá tæpast hægt að skilgreina losunarkvóta öðruvísi en sem sameign þjóðar, sameiginlega auðlind, engu síður en fjarskiptarásir í loftinu munu einhvern tímann verða skilgreindar sem sameiginleg auðlind, alveg eins og fiskstofnar í sjó eru í dag, a.m.k. í orði kveðnu, skilgreindir sem sameiginleg auðlind. Og ég ímynda mér að skammt sé í að fallvötn á landi verði það líka.

Ég held að tæpast sé hægt að búast við því þegar við erum komin inn í slíkt umhverfi einhvern tímann síðar á þessari öld að stóriðja sem er tekin til starfa þegar slíkar aðstæður skapast keppi á markaði um þann losunarkvóta. Ástæðan fyrir því að ég greini þar á milli hennar og t.d. fiskstofnanna er sú að ég held að ekki verði slíkur markaður fyrir hendi innan lands, en um leið og þetta gerist mun það hins vegar stórauka verðmæti viðkomandi stóriðjufyrirtækja og væntanlega leiða til þess að arðsemi þess í samanburði við stóriðju erlendis muni aukast allverulega. Og þá finnst mér sanngjarnt að það sé mögulegt fyrir stjórnvöld á þeim tíma að leggja á sérstakt umhverfisgjald sem nær að einhverju leyti upp í það.

Ég held sem sagt, herra forseti, að þetta sé ekki bara aðferð til þess að ná inn tekjum fyrir ríkið, heldur fyrst og fremst að taka þátt í alþjóðlegri baráttu til þess að stemma stigu við losun úrgangs út í andrúmsloftið. Við sjáum að nú þegar er viðleitni til þess erlendis.

Ég tek eftir því að í svari umhvrn. við spurningum í efh.- og viðskn. kemur fram að nokkur ríki hafi þegar í undirbúningi kröfur um að fyrirtæki hafi framseljanlegar losunarheimildir vegna losunar. Þetta bendir til þess, herra forseti, eins og þróunin almennt, að slíkar aðferðir verði notaðar í framtíðinni. En þá er eitt land sem mun skera sig frá. Það er Ísland. Hvers vegna segi ég það, herra forseti? Vegna þess að þegar er búið að ganga frá samningi. Frumvarpið er lagt fram eftir að samningurinn er í reynd gerður. Hann var auðvitað gerður með fyrirvara um samþykki Alþingis, en þetta ákvæði er þannig upp sett að það kemur í veg fyrir að hægt sé að leggja slíkt umhverfisgjald einhvern tímann á Alcoa. Og um leið og ekki er hægt að leggja það á Alcoa, þá er ekki heldur hægt að leggja það á önnur stóriðjufyrirtæki. Ég vil gera sterkan greinarmun á því að gripið sé til slíkra ráða, herra forseti, gagnvart stórnotendum annars vegar og almennri fyrirtækjastarfsemi hins vegar.

Herra forseti. Af því ég veit að hæstv. umhvrh. er í húsinu, þá langar mig til að spyrja hana hvort hún sé sátt við þetta. Ég veit að vísu að ríkisstjórn Íslands hefur markað sér stefnu í loftslagsmálum sem byggist á grundvelli rammasamnings Sameinuðu þjóðanna og Kyoto-bókunarinnar. Sú stefnumörkun gerir að sönnu ekki ráð fyrir að skattar eða gjöld verði lögð á það sem við köllum gróðurhúsalofttegundir að svo komnu máli. Hins vegar er sagt í stefnumörkuninni sem ríkisstjórnin hefur markað að þessa stefnu eigi að endurskoða í ljósi reynslunnar árið 2005. Ég tel að þá verði nú ekki komin upp sú aðstaða að nauðsynlegt verði að velta fyrir sér umhverfisgjöldum af þessu tagi, en hins vegar tel ég að ekki sé hægt að taka upp þennan samning og breyta honum þannig að hægt verði að leggja umhverfisgjald af þessu tagi á Alcoa í framtíðinni og þar með tel ég að ekki verði hægt að leggja það á önnur stóriðjufyrirtæki. Og mig langar til að spyrja hæstv. iðnrh. og hæstv. umhvrh. hvort þær séu sammála mér um þessa túlkun. Mér er sama hvort þær svara mér núna í andsvari eða þá síðar á þessum degi, en það er nauðsynlegt fyrir mig og fyrir Samfylkinguna að skilningur þeirra á þessu ákvæði liggi fyrir.

Herra forseti. Mig langar að lokum að drepa á eitt atriði sem ég vil spyrjast fyrir um hjá hæstv. iðnrh. Fram kom í umfjöllun efh.- og viðskn. að þótt búið sé að ljúka gerð tvíhliða fríverslunarsamnings á milli Íslands og Ítalíu og Íslands, þá hefur þessi samningur ekki enn verið birtur. Það veldur því að hann hefur ekki enn tekið gildi. Þetta leiðir til þess að þar sem ítalska verktakafyrirtækið mun, ef að líkum lætur, starfa á Íslandi lengur en 12 mánuði, þá gæti vöntun á fullgildingu tvíhliða fríverslunarsamnings af þessu tagi skapað ákveðna réttaróvissu um skattgreiðslur, bæði fyrirtækisins og erlendra starfsmanna þess og það er auðvitað dálítið umhendis bæði fyrir ríkið

og líka fyrir þau sveitarfélög sem eiga hlut að máli. Það er hugsanlegt að þetta baki ríkinu bótaábyrgð. Ég tel þess vegna, herra forseti, að það sé ákaflega nauðsynlegt að ráðist sé í að beita sér fyrir fullgildingu þessa samnings hið fyrsta.

Ég spyr hæstv. iðn.- og viðskrh.: Hvenær má þess vænta að þessi tvísköttunarsamningur verði birtur og fullgiltur? Og hvað veldur því að svo hefur ekki verið gert?

Herra forseti. Ég hef nú farið yfir þau atriði sem við í Samfylkingunni teljum skipta máli. Í heild erum við samþykk þessu máli. Ég hef bent hér á tvö atriði í frv. sem ég tel aðfinnsluverð og a.m.k. um annað þeirra atriða mun ég og minn flokkur greiða atkvæði gegn. En í heild, herra forseti, styðjum við frv.

[14:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst virðingarvert að Samfylkingin skuli tala skýrt í þessu máli. Ég er ósammála Samfylkingunni og sannast sagna hefði ég trúað því og vonast alla vega til þess að náttúruverndar- og umhverfissjónarmið væru sterkari innan Samfylkingarinnar en raun ber vitni, þannig að við hefðum í sameiningu getað staðið vaktina fyrir náttúruna og komið í veg fyrir að dýrmætum náttúruperlum yrði fórnað fyrir hagsmuni Alcoa-fyrirtækisins. Ég segi þetta vegna þess að ég trúi því að hagsmunir Íslendinga verði fyrir borð bornir. Það er fyrst og fremst Alcoa sem kemur til með að hagnast á þessu ævintýri.

Ég spyr hv. þm. og formann Samfylkingarinnar: Hvað finnst honum um þau sjónarmið sem fram hafa verið sett af hagfræðingum að þungaiðnaður sem þriðjungur af efnahagsstarfseminni í landinu, sem er framtíðarsýn Framsóknarflokksins og Samfylkingin hefur nú tekið undir, muni draga úr stöðugleika í efnahagslífinu þegar fram líða stundir? Ég vísa í grein sem birtist í Viðskiptablaðinu í desembermánuði árið 2001 þessu máli til stuðnings.

[14:08]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Frá því er skemmst að segja að ég tel að þau sjónarmið séu virðingarverð og ég tel að þau eigi rétt á sér. Þau voru umfjöllunarefni þriðjungs ræðu minnar. Þriðjungur af ræðu minni fjallaði um að ákveðin hætta væri á því að skammtímaáhrif þessara framkvæmda yrðu með þeim hætti að störfum og fyrirtækjum með minni framleiðni yrði rutt úr vegi. Ég gat þess sérstaklega að ég teldi að ef það gerðist of hratt og þær afleiðingar yrðu of djúpar mundi það hafa slæm áhrif sérstaklega á landsbyggðina.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar ef maður skoðar sögu síðustu ára, sjáum stækkunina á Grundartanga, stækkun Ísals, þá sjáum við að framkvæmdir af þessu tagi verka sem eins konar dráttarklafar á efnahagslífið allt. Og þó ég skilji áhyggjur hv. þm. þá er ég þeirrar skoðunar að bjartsýnin og verðmætin sem verða til í kjölfar þessa muni vega upp á móti þeim áhrifum sem hann er að tala um, en ég skil áhyggjur hans.

[14:10]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Bjartsýni þarf að byggjast á raunsæi. Það er ekki um það að tefla að mínum dómi að fyrirtækjum með minni framleiðni verði rutt úr vegi. Hættan er sú að fyrirtækjum og efnahagsstarfsemi með meiri framleiðni verði rutt úr vegi vegna stuðnings og niðurgreiðslna ríkisvaldsins við þessar stóriðjuframkvæmdir.

En það sem þeir segja í fyrrnefndri grein, efnahagssérfræðingarnir, hagfræðingarnir, um þetta aukna vægi álframleiðslunnar í efnahagsstarfseminni, og hér vitna ég orðrétt, með leyfi herra forseta:

„Sú spurning blasir því við hvort Íslendingar séu að endurtaka leik fortíðar með því að leggja of mikið undir á eina atvinnugrein. Þetta er áhættan við álið."

Hér eru menn ekki að tala um skammtímaáhrif heldur langtímaáhrif á efnahagslíf Íslendinga og það er varað við því.

[14:10]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var líka í ræðu minni að vara við því. Ég talaði um nauðsyn þess að grípa til réttra mótvægisaðgerða til að koma í veg fyrir að þetta gerist. Ég er að vísu ekki alveg sammála því sjónarmiði sem þarna kemur fram. Hv. þm. má ekki gleyma því að við fengum til okkar í efh.- og viðskn. ýmsa sérfræðinga sem voru allt annarrar skoðunar. Ég virði samt þessi sjónarmið og ég geri mér grein fyrir því að þetta er ákveðin hætta. Það þarf að bregðast við henni.

Ég rakti hér nokkur dæmi um hugsanleg viðbrögð. Það sem við þurfum auðvitað að forðast eru í fyrsta lagi þær skammtímabreytingar sem kunna að verða vegna of hás gengis og væntanlega of hárra vaxta í kjölfarið. En það sem hv. þm. er að tala um er að grunngerð atvinnulífsins breytist í reynd.

Nú verð ég að segja hv. þm. það að ég er ekki á móti því t.d. að hlutfall sjávarútvegs í útflutningi minnki ef það gerist með þeim hætti að hlutfall stóriðju aukist. En ég tel að í kjölfarið muni margvíslegur smágróður spretta ef við pössum upp á gengi og vexti.

[14:12]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. flutti yfirgripsmikla ræðu um efnahagsleg áhrif af þessum framkvæmdum. Það er greinilegt að hann hefur lagt töluverða vinnu í að velta þessum hlutum fyrir sér og ég tel það vera til mikillar fyrirmyndar. Hv. þm. gat um að að hans mati mundi hátt gengi, sem yrði óhjákvæmilega að einhverju leyti fylgifiskur mikils innstreymis erlends gjaldeyris, verða til þess að þau störf mundu helst hverfa úr efnahagslífinu sem minnst framleiðni væri í og kom þar m.a. inn á rækjuiðnaðinn.

Ég er ekki alveg sammála þessu sjónarmiði og ég bendi á að sjávarútvegurinn nýtur annarrar stöðu en aðrar atvinnugreinar að því leytinu til að tekjur eru í öðrum gjaldmiðli en útgjöld og gengið getur einmitt fært til af tekjum starfseminnar og dregið hluta af framleiðni frá þeim fyrirtækjum sem eiga að hafa tekjurnar og þannig eytt störfum án tillits til þess hver framleiðnin er.

[14:13]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að ég velti þessu mikið fyrir mér, vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að ákveðin hætta sé fólgin í því ef við grípum ekki til réttra viðbragða. Mér heyrist að hv. þm. sé í raun að taka undir þau viðhorf sem komu fram í grein þeirra sérfræðinga sem hv. þm. Ögmundur Jónasson drap á hér áðan. Það er hugsanlegt að þetta gerist. Ég óska þess samt sem áður að svo verði ekki.

Nú er það auðvitað líka þannig hv. þm. að hugsanlegt væri að grípa til aðgerða sem draga úr gengishækkunum. Ég velti því hér upp, herra forseti, í framhaldi af því sem hv.

þm. sagði og spyr hann um hvaða álit hann hafi á því. Það er hugsanlegt að ríkið eða hið opinbera fari út í það að gefa út skuldabréf og hefji stórfelld uppkaup á gjaldeyri. Það kom fram hjá Sigurði Einarssyni, forstjóra Kaupþings, að þetta væri leið sem dygði til að draga úr gengishækkun kannski um eitt ár. Það er kannski það sem við þurfum, eitt til tvö ár. Hvaða álit hefur hv. þm. á því?

[14:14]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að vandasamasti hluti þessa verkefnis, uppbyggingu á álveri og stóriðju, sé einmitt að búa þannig um hnútana að sem minnst áhrif verði á sjávarútveginn af framkvæmdunum og því sem af þeim leiðir, því við megum ekki láta uppbyggingu í nýrri atvinnugrein eins og stóriðju leiða til þess að draga úr störfum og fækka þeim í sjávarútvegi. Þá væru áhrif af þessum framkvæmdum ekki að öllu leyti jákvæð. Mér finnst að stjórnvöldum beri að stjórna þessu þannig að sem minnstar líkur séu á að þetta gerist og hvað varðar það úrræði sem hv. þm. nefndi að hefði verið varpað upp, mér finnst það koma til greina eins og öll önnur sem eru til þess fallin að tryggja stöðugleika á genginu á þessum tíma.

[14:15]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við umfjöllun þessa mál í efh.- og viðskn. stóð ég uppi með þá tilfinningu að það sem við þyrftum að gera væri að skjóta framkvæmdum á frest um kannski tveggja ára skeið til þess að draga úr þensluhvetjandi aðgerðum af völdum ríkisins. Ég taldi líka eftir þá umfjöllun að hugsanlegt væri að fara þá leið sem við erum að ræða hér, þ.e. útgáfu ríkisskuldabréfa og andvirði þeirra yrði síðan varið til þess að kaupa upp gjaldeyri.

Nú situr Seðlabankinn, ef ég man rétt, uppi með tveggja, þriggja mánaða varaforða af gjaldeyri. Hvers vegna ekki að margfalda það? Hvers vegna fer Seðlabankinn ekki í það að eiga gjaldeyrisvaraforða upp á eitt ár eða jafnvel tvö ár? Þetta er möguleiki.

Hv. þm. man kannski eftir því að við spurðumst fyrir um þetta í efh.- og viðskn. þegar fulltrúar Seðlabankans komu til fundar við okkur. Þá var okkur sagt að svona aðgerðir gætu aldrei haft varanleg áhrif, þau gætu haft áhrif sem dygðu kannski í eitt til eitt og hálft ár. En það er kannski það sem við þurfum. Við þurfum kannski ekki varanleg áhrif.

[14:17]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég saknaði náttúruverndarsjónarmiðanna úr ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, formanns Samfylkingarinnar. Hv. þm. hefur staðið í þessum stól og sagt: „Ég og minn flokkur styðjum Kárahnjúkavirkjun.“ Og á heimasíðu þingflokksformanns Samfylkingarinnar stendur: Samfylkingin er stóriðjuflokkur.

En hvar eru náttúruverndarsjónarmið hv. þm.? Í því sambandi langar mig til að spyrja hvort hv. þm. telur það vera viðunandi afleiðingar af þessum framkvæmdum sem hér er verið að fara í, að skerða eigi friðland á Kringilssárrana, af því að hv. þm. hefur tjáð sig í fjölmiðlum um það að nú skuli eiga að bakka með lón út úr friðlandinu í Þjórsárverum. Hvernig lítur hv. þm. á það að hér skuli eiga að eyðileggja og sökkva í tengslum við þessar framkvæmdir 1/4 hluta friðlandsins í Kringilsárrana?

[14:18]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvar eru náttúruverndarsjónarmiðin sem þessi gamli líffræðingur stendur fyrir? Þau birtast kannski í þjóðgarði á Snæfellsnesi sem hann fékk samþykktan í ríkisstjórn 1994. Þau birtast kannski í lögum um vernd Breiðafjarðar sem hann lagði fram og skrifaði eigin hendi og fékk samþykkta hér á þinginu 1995. Ég gæti haldið áfram að telja svona.

Spurning hv. þm. er hins vegar réttmæt. Hún spyr mig út í náttúrufarslegar afleiðingar af Kárahnjúkavirkjuninni og náttúruvernd. Ég fór í það mál á sínum tíma og ég kannaði þær hugmyndir um mótvægisaðgerðir sem lagðar voru fram og ég féllst á að þær væru ásættanlegar þó þær væru ekki afturkræfar.

Að því er varðar friðlandið í Kringilsárrana sem er burðarland hreindýra þá er, herra forseti, sennilega skelfilegasta afleiðing þessara framkvæmda að þar er friðlandið skert um þriðjung eða fjórðung. Ég tel að það sé ekki gott. En ég styð þessa framkvæmd eigi að síður.

[14:19]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá eru ljós sjónarmið hv. þm. í þessum efnum hvað varðar friðlandið í Kringilsárrana.

Hin spurning mín lýtur að umhverfisgjöldum á stórnotendur orku sem hv. þm. var tíðrætt um í ræðu sinni. Hann talaði um að hann teldi að í framtíðinni yrði að öllum líkindum beitt markaðslausnum í þessu sambandi, að sett yrði gjald á losunarkvóta. Orð þingmannsins mátti skilja þannig að hann væri því hlynntur að í framtíðinni yrði slíkt gert.

En ég vil spyrja hv. þm.: Hvað kemur í veg fyrir að hv. þm., formaður Samfylkingarinnar, og Samfylkingin öll styðji losunargjöld, umhverfisskatta á losunarkvóta núna? Hvers vegna ætlar Samfylkingin eingöngu að styðja þetta í framtíðinni en ekki núna þegar váin vofir yfir okkur hér og nú?

[14:20]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn verð ég að vísa til vafasamrar fortíðar minnar sem umhverfisráðherra. Ég var sá umhverfisráðherra sem lagði í fyrsta skipti fram frv. um spilliefni og um ýmis umhverfisgjöld. Árið 1995 lýsti ég þeirri skoðun minni t.d., við litlar undirtektir m.a. þáverandi starfsmanna minna í umhvrn., að ég væri þeirrar skoðunar að markaðslausnir yrðu það sem dygði helst varðandi losun skaðlegra lofttegunda. Ég er þeirrar skoðunar enn þá. Ég tel að eins og málin hafi þróast þá sé það farsælasta leiðin.

Það getur vel verið að eitthvað hafi farið fram hjá mér sem hv. þm. hefur verið að gera hér í þinginu. Ég veit ekki hvort hún er að vísa til einhverra frv. sem hún hefur lagt fram sjálf. Almennt er það þannig að við höfum markað þá stefnu að það eigi að beita umhverfisgjöldum sem hagrænum stjórntækjum og í framtíðinni að taka þau upp í stað almennra skatta. (**KolH:** Af hverju ekki núna?) Ég segi það hins vegar að í þessum efnum vil ég vera í takt við hina alþjóðlegu þróun og vil að Ísland fylgi öðrum ríkjum.

[14:21]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Af því að hér var sérstaklega spurt um þessa hagrænu hvata og umhverfisgjöld þá vil ég, með leyfi virðulegs forseta, lesa upp úr umsögn 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar sem er fylgiskjal I með

nefndaráliti 1. minni hluta iðnaðarnefndar, þ.e. úr kaflanum: Skattaákvæði. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ákvæðið er með engu móti hægt að skilja öðruvísi en svo, að síðar á öldinni verði aldrei hægt að leggja sérstakan umhverfisskatt á orkufreka stóriðju hér á landi."

Ég er ósammála þessari túlkun. Ég tel að um oftúlkun sé að ræða að segja að það komi aldrei til greina í framtíðinni miðað við skattaákvæðið. Ég vil benda á hvað stendur í umsögn umhvrn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í fjárfestingarsamningi er heimilt að kveða á um að skattar eða gjöld verði ekki lögð á raforkunotkun félagsins og útblástur lofttegunda eða aðra losun úrgangsefna, nema slíkir skattar og gjöld séu lögð með almennum hætti á öll önnur fyrirtæki hér á landi, þar með talin álfyrirtæki."

Það er því opið fyrir það að leggja þessi gjöld á ef þau verða lögð á með almennum hætti. Ég tel að hér sé Alcoa að verjast því að þeir verði einir teknir út úr.

[14:22]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hæstv. umhvrh. hafi hrapallega misskilið það sem hennar eigin starfsmenn skrifuðu í bréfi til efh.- og viðskn. Það kemur alveg skýrt fram þar að í ákvæðinu sem ... Herra forseti. Ég verð að leiðrétta sjálfan mig. Ég held að hún hafi skilið það rétt. Ég sé það núna. Það sem segir í bréfi umhvrn. er — og það er þá væntanlega skoðun hæstv. umhvrh. — að ekki sé hægt að grípa til gjalda af þessu tagi nema það verði lagt á alla almenna starfsemi, en það er það sem ég er á móti. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að vera hægt að taka stóriðjuna sem stórnotendur orku sérstaklega út úr og leggja sérstök umhverfisgjöld á þar.

En er það skoðun hæstv. umhvrh., eins og kemur fram í minnisblaði ráðuneytisins, að það mundi brjóta í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar? Það er það sem málið eiginlega snýst um af minni hálfu.

[14:23]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar maður hefur eina mínútu þá tekst manni ekki alveg að botna allt hérna. En það er rétt skilið hjá hv. þm. að eins og þetta er sett fram — og það kemur fram í umsögn okkar — þá munu stjórnvöld, þegar og ef þar að kemur að svona skattar verða lagðir á, taka mið af jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Það er auðvitað mjög eðlilegt að það sé gert og eðlilegt að fyrirtækið vilji hafa svona ákvæði inni í samningnum. En svo er spurning: Hvernig verður það gert?

Það er hægt að sjá fyrir sér að maður leggi svona skatta á með almennum hætti þannig að þeir sem eru yfir einhverjum ákveðnum mörkum í losun beri gjöldin. Þá koma líklega fleiri en álfyrirtæki til greina, hugsanlega Sementsverksmiðjan, hugsanlega stór sjávarútvegsfyrirtæki eða aðrir. En það er alveg skýrt að jafnræðisreglan verður að gilda. Ég get alveg skilið af hverju Alcoa vilji ekki að þeir einir séu teknir út úr í þessu samhengi.

[14:24]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get skilið það að Alcoa vilji ekki eitt stóriðjufyrirtækja sæta umhverfisgjaldi. En ég skil hins vegar ekki að hæstv. umhvrh. eða stjórnvöld túlki jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar með þeim hætti að það sé ekki hægt að taka stórnotendur út úr og láta þá þurfa að greiða tilteknið umhverfisgjald en ekki smánotendur. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það sé brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og fráleitt er ég þeirrar skoðunar.

Ég skil hins vegar algjörlega að Alcoa hafi viljað fá ákvæði þess efnis að það eitt stóriðjufyrirtækja yrði ekki látið greiða slíkt umhverfisgjald. En mér finnst að þetta komi í veg fyrir að Alcoa verði nokkru sinni látið greiða umhverfisgjald nema því aðeins að öll fyrirtæki í landinu verði látin greiða það. Þá þykir mér hins vegar að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar komi í veg fyrir að þetta verði almennt lagt á alla stóriðju, því að ef ekki er hægt að gera það við Alcoa þá fara menn ekki og setja það á hin fyrirtækin líka.

Mér finnst því þetta ákvæði undanþiggja alla stóriðju. Ég er algjörlega á móti þessari túlkun á jafnræðisreglunni.

[14:25]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Komið er að því að líta yfir þann þátt þessa máls sem hv. umhvn. Alþingis fjallaði um. Eins og kom fram í andsvari mínu við ræðu hv. 10. þm. Reykn., Hjálmars Árnasonar, áðan þá gagnrýni ég þá umfjöllun eða öllu heldur skort á umfjöllun sem kom í hlut hv. umhvn.

Þannig er mál með vexti að umhvn. fékk bréf frá iðnn. þar sem óskað var eftir umsögn um einn tiltekinn þátt þessa máls, eingöngu það hvort umhvn. teldi að farið hefði verið að lögum um mat á umhverfisáhrifum við afgreiðslu þessa máls frá Skipulagsstofnun.

Það er mat 2. minni hluta umhvn., sem ég tala fyrir, að ósk iðnn. hafi að þessu leytinu verið óeðlilega þröng miðað við eðli þessa máls. Það að einungis skuli hafa verið óskað eftir áliti nefndarinnar á því hvort farið hafi verið að lögum um mat á umhverfisáhrifum gaf nefndinni afskaplega lítið svigrúm til þess að fjalla um umhverfisþætti frv. almennt. Þetta gagnrýndi ég á fundum nefndarinnar, herra forseti, við meðferð málsins. Ég gagnrýndi sömuleiðis að nefndin hefði ekki séð ástæðu til þess að kalla nokkra aðila fyrir nefndina nema einungis skipulagsstjóra ríkisins.

Svo þegar maður skoðar þau gögn sem nú liggja fyrir, herra forseti, sér maður að iðnn. sjálf hefur ekki látið svo lítið að skoða aðra umhverfisþætti málsins ofan í kjölinn. Umhverfisþáttur málsins var ekki einu sinni sendur út til umsagnar, en sjá má á þeim lista sem iðnn. skilar yfir umsagnaraðila að þar eru hvorki náttúruverndarsamtök né stofnanir á sviði náttúruverndar eða að öðru leyti stofnanir sem hefðu getað sagt til um umhverfisþætti þessa verkefnis. Við skulum ekki gleyma því að hér er verið að fjalla um álbræðslu, þá stærstu sem áformað hefur verið að reisa á Íslandi, álbræðslu sem útheimtir eina af stærstu vatnsaflsvirkjunum sem reistar hafa verið í Evrópu.

Herra forseti. Því má segja að umhverfis- og náttúruverndarsamtök hafi alls ekki komið að umfjöllun þessa máls. Náttúruverndarsvið Umhverfisstofnunar hefur ekki fengið tækifæri til þess að segja álit sitt á málinu og ég tel það ámælisvert. Ég tel umfjöllunina hafa verið skammarlega þrönga og sannarlega eðlilegt að hreyfa þeirri spurningu við iðnn. sem ég geri í nál. mínu eða umsögn minni til nefndarinnar, hvort ekki hefði átt að gera bragarbót í því efni og hvort iðnn. hefði ekki getað tekið upp þessi sjónarmið mín og kallað til einhvers konar umhverfisfundar eða kallað umhverfissamtök og stofnanir á sviði náttúruverndar á sinn fund til þess að fjalla um þetta. Ég tel mig hafa gefið nefndinni tækifæri til þess með umsögn minni en ekki var orðið við þeirri beiðni minni. Þess vegna ítreka ég þá það sjónarmið

mitt að umhverfisþáttur álverksmiðjunanr í umfjöllun iðnn. hafi verið hunsaður.

Ég bendi á það jafnframt, herra forseti, að þeim úrskurði Skipulagsstofnunar sem okkur í umhvn. var gert að segja álit á hvort hefði byggst á lögum um mat á umhverfisáhrifum hefur nú verið áfrýjað, þ.e. hann hefur verið kærður til umhvrh., og ég gagnrýndi það í umhvn. að hún sæi ekki ástæðu til að kynna sér efni þeirrar kæru. Í stuttu máli má segja að þau gangi út á það að Skipulagsstofnun hafi í sjálfu sér verið óheimilt, samkvæmt úrskurðinum, að skjóta sér á bak við a-lið 13. tölul. í 2. viðauka laganna um mat á umhverfisáhrifum þar sem álver Alcoa sé allt önnur og óskyld framkvæmd hvað varðar tækni, framleiðslu og mengunarvarnir, en eins og kunnugt er fór álver Alcoa ekki í eiginlegt mat á umhverfisáhrifum, heldur var látið nægja það mat sem hafði verið gert á grundvelli hugmynda Reyðaráls eða Norsk Hydro, hugmynda sem síðan hefur verið horfið frá. Nýju hugmyndirnar sem Alcoa hefur lagt fram fóru ekki í eiginlegt matsferli, heldur taldi Skipulagsstofnun eingöngu að þær mundu ekki hafa meiri áhrif en álver Norsk Hydro sem hafði komist í gegnum síu Skipulagsstofnunar.

En, herra forseti, úrskurður Skipulagsstofnunar var einnig kærður á grundvelli 2. mgr. 5. gr. laganna þar sem kveðið er á um að ef um sé að ræða fleiri en eina matsgilda framkvæmd á sama svæði skuli meta hverja þeirra sérstaklega. Og það er sannarlega hægt að segja, herra forseti, að svo sé í þessu tilfelli.

Að lokum má síðan nefna kæruatriði sem varðar brennisteinsmengunina sem eru mjög alvarlegs eðlis og ég mun fara nánar út í síðar í ræðu minni.

Öll þessi kæruatriði sem nú liggja á borðum umhvrh. til úrlausnar eru alvarlegs eðlis og staðfesta að umfjöllun um málið í kerfinu er langt í frá lokið. Þess vegna er alls ekki ljóst enn sem komið er hvort farið hefur verið að lögum um mat á umhverfisáhrifum við afgreiðslu þess. Það liggur algerlega ljóst fyrir.

Annað dæmi sem nefna má þessum orðum mínum til stuðnings lýtur að starfsleyfi sem Hollustuvernd ríkisins auglýsti 17. des. sl., þ.e. þremur dögum áður en úrskurður Skipulagsstofnunar um álverið lá fyrir. Þessi starfsleyfisdrög fylgja frv. á borðum þingmanna, herra forseti, eru áföst plaggi hæstv. iðnrh. Nú hefur það komið í ljós að samkvæmt reglugerð sem útgefin hefur verið í umhvrn. er óheimilt að auglýsa starfsleyfisdrög til umsagnar fyrr en mati á umhverfisáhrifum er lokið. Og þannig háttar til í þessu máli að meðan kæra er óafgreidd á borði umhvrh., kæra úrskurðar Skipulagsstofnunar, er matsferlinu auðvitað ekki lokið. Matsferli umhverfismatsins í þessu álveri er ekki lokið fyrr en fullnaðarúrskurður liggur fyrir. Þess vegna var ólöglegt að auglýsa starfsleyfisdrögin eins og gert hefur verið. Þau voru meira að segja sett í auglýsingu þremur dögum áður en úrskurður Skipulagsstofnunar birtist, sem er skýlaust brot á reglum, en ofan í kaupið kemur kæra og nú er búið að loka umsagnarfresti um þessi starfsleyfisdrög þannig að ég tel að það sé algerlega ljóst, og ég held að það verði að fá úr því skorið áður en Alþingi afgreiðir þetta mál frá sér, að hér sé á ferðinni slíkur formgalli á málinu að það sé í sjálfu sér ónýtt. Ef þetta allt saman er eins og ég er að segja, að starfsleyfisdrögin hafi ekki mátt auglýsa, er auðvitað búið að loka á þá fresti sem lögbundnir eru almenningi og félagasamtökum til að hafa áhrif á eða segja álit sitt á framkvæmdum af þessu tagi, framkvæmdum sem munu hafa jafngífurleg umhverfisáhrif og hér um ræðir.

Herra forseti. Eitt af því sem ég vil að fram komi við umfjöllun þessa máls er það að tilskipun Evrópuþingsins og Evrópuráðsins nr. 2001/42/EB, um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið, hefði það í för með sér að gera þyrfti heildaráætlun um þungaiðnað á landsvísu. Og ekki nóg með það, heldur líka áætlun um orkuframleiðslu og orkudreifingu en samkvæmt þessari tilskipun hefðu allar slíkar áætlanir þurft að lúta mati á umhverfisáhrifum. Og nú er svo í pottinn búið, herra forseti, að innleiðing þessarar tilskipunar er skammt undan hér á landi.

Þess vegna er það gagnrýnisvert að svo stórar ákvarðanir skuli teknar án þess að áætlanir af þessu tagi liggi fyrir. Það hefði auðvitað verið eðlilegt við afgreiðslu jafnumfangsmikils máls og hér um ræðir og í ljósi þess að tilskipunin er á næsta leyti um mat á umhverfisáhrifum skipulagsáætlana að ríkisstjórnin setti þetta mál í það ferli sem það lögum samkvæmt þyrfti að fara í eftir örskamman tíma. En það var ekki gert og þetta atriði hef ég gagnrýnt í umsögn minni til iðnn.

Síðan vil ég einnig vekja athygli á því, herra forseti, að Kárahnjúkavirkjun er samkvæmt frv. lögbundin forsenda fyrir þessu álveri. Ég segi „lögbundin" vegna þess að hún er beinlínis nefnd í frumvarpstextanum, í 4. gr. frv. Það er mat mitt að það stríði gegn góðum venjum að binda slík tengsl í lagatexta. Vegna þeirrar andstöðu sem ég hef látið í ljósi hér í þingsölum og víðar varðandi byggingu Kárahnjúkavirkjunar þykir mér rétt að halda til haga formsatriðum á borð við þetta.

Þá vil ég, herra forseti, gagnrýna það að umhvn. skyldi ekki falið að skoða þau skilyrði sem fólust í þessu auglýsta starfsleyfi Umhverfisstofnunar, áður Hollustuverndar, sem ég gerði að umtalsefni fyrr í ræðu minni. En það má segja eins og fram kemur í umsögn minni til iðnn. að eftir að umfjöllun umhvn. um málið lauk kynnti ég mér þessi mál náið. Þá kom í ljós að samkvæmt starfsleyfistillögum Umhverfisstofnunar mun væntanlegt álver Alcoa ekki hafa í för með sér bætt loftgæði frá því sem áætlað var út frá verksmiðju Reyðaráls eins og hefði mátt ætla og eins og Skipulagsstofnun gengur út frá í úrskurði sínum. Svo er ekki. Þetta álver, þó að það sé minna, hefur aðrar tæknilegar útfærslur á útblæstri sem orsakar mun meiri mengun en álver það sem Norsk Hydro hugðist reisa í nafni Reyðaráls. Þar er um að kenna minni hreinsun á útblæstri en það er allt útlit fyrir það, herra forseti, að verksmiðja Alcoa muni blása út fjórum sinnum meira magni af brennisteini en gert hafði verið ráð fyrir frá verksmiðju Reyðaráls. Og til að halda þessari mengun innan við gefin mörk er brugðið á það ráð að reisa nærri 80 metra háa skorsteina, en það ber að taka það fram, herra forseti, að slík lausn er bönnuð í nágrannalöndum okkar. Það er bannað í Skandinavíu að reisa skorsteina af þessu tagi til að losa sig við mengunina upp í háloftin, m.a. vegna þeirrar hættu sem slíkt skapar á súru regni.

Þá má einnig gagnrýna harðlega, herra forseti, skort á aðkomu almennings í þessum efnum þar sem þetta nýja álver, Alcoa, fór ekki í hið eiginlega mats- og umsagnarferli. Þannig sést það, herra forseti, af því sem ég nú hef rakið að enn er margt óljóst um það hvort farið hafi verið að lögum um mat á umhverfisáhrifum. Það er mitt mat að ekki sé hægt að ljúka skoðun þessa máls fyrr en endanlegur úrskurður liggur fyrir í yfirstandandi kærumálum.

Ég hef nú lokið, herra forseti, við að fara efnislega yfir þau atriði sem ég gat um í umsögn minni til iðnn. sem 2. minni hluti umhvn. og ítreka að það náðist aldrei neitt meirihlutaálit frá umhvn. þar sem illa var mætt á fundi, þá tvo fundi þar sem fjallað var um málið í nefndinni, þannig að hér er aðeins um tvær minnihlutaumsagnir að ræða. Þar standa að baki einungis tveir stjórnarþingmenn. (**HjÁ:** Hinir styðja það, Samfylkingin.) Já, hinir styðja það, Samfylkingin, er sagt hér utan úr sal af hv. formanni iðnn. Það mun satt vera og ekki ætla ég að verja skoðun Samfylkingarinnar úr þessum ræðustóli. Mig tekur það sárt að náttúruverndarsjónarmiðið skuli ekki hafa náð að verða ofan á í umfjöllun málsins í *þeim flokki. Í mínum flokki, Vinstri hreyfingunni – grænu* framboði, hefur hins vegar ævinlega verið fjallað um þetta mál út frá náttúruverndarsjónarmiðum. Hér er um svo gífurleg spjöll að ræða sem fylgja munu þessum framkvæmdum, *og það er ekki bara þau spjöll sem fylgja Kárahnjúkavirkjun* heldur líka og ekki síður það sem við gætum átt í vændum vegna loftmengunarinnar.

Nú mun ég, herra forseti, hafa um það nokkur orð, kannski ekki hvað síst vegna þess að við erum alltaf að fá nýjar og nýjar upplýsingar um þessar afleiðingar. Það kom fram í máli hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar og kemur reyndar fram í nál. hans sem liggur hér á borðum þingmanna. Því nál. fylgir grein eftir Berg Sigurðsson sem birtist á heimasíðu Landverndar fyrir skemmstu en sú grein vekur okkur til umhugsunar um nákvæmlega þessi útblástursatriði sem ég nú hyggst reifa aðeins frekar.

Það liggur sem sagt fyrir, herra forseti, að álbræðsla Alcoa muni losa fjórum sinnum meira af brennisteini út í andrúmsloftið en sú verksmiðja sem Norsk Hydro hugðist reisa, jafnvel þó að þessi nýja bræðsla sé eða eigi að vera fjórðungi minni en sú norska og jafnvel þó að ekki eigi að reisa rafskautaverksmiðju með Alcoa-verksmiðjunni, sem þó var fyrirhugað að gera með þeirri norsku. Bergur Sigurðsson hefur ekki einungis skrifað greinina sem birtist á heimasíðu Landverndar, heldur birtist í Morgunblaðinu þann 13. febrúar sl. grein eftir hann þar sem hann fer nánar yfir þessi mál, og ég ráðlegg hv. þingmönnum að kynna sér greinar hans vel.

Þegar við skoðum útstreymistölurnar yfir brennisteininn vegna þessarar álverksmiðju og þeirra álverksmiðja sem við höfum nú þegar starfandi á Íslandi kemur margt athyglisvert í ljós, herra forseti. Það liggja fyrir upplýsingar um það frá Hagstofunni að heildarlosun Íslendinga árið 2001 á brennisteini hafi verið 9.570 tonn á ári. Með öllum þeim áformum sem uppi eru um stækkun álverksmiðjunnar á Grundartanga, álverksmiðjunnar í Straumsvík og áformum um þessa nýju verksmiðju Alcoa í Reyðarfirði mundi losun frá stóriðju aukast um önnur 10.000 tonn, eða 9.736 tonn, sem mundi bætast við þau tæpu 10.000 tonn sem við nú þegar losum. Það gerir að við erum komin í tæplega 20.000 tonna heildarlosun brennisteins út í andrúmsloftið á ári nái þetta allt fram að ganga. Tæplega 20.000 tonna heildarlosun á brennisteini, herra forseti, er gífurlegt magn.

Það má gera ráð fyrir því að upp um þessa tvo 80 metra háu skorsteina mundi fara brennisteinn sem jafnaðist á við það að 6.000 tonnum af brennisteinssýru væri úðað út í andrúmsloftið með tilheyrandi skerðingu á loftgæðum. 6.000 tonn af brennisteinssýru út um þessa 80 metra háu skorsteina — slíkt yrði ekki leyft í skandinavískum löndum.

Hvaða viðmið eru hér höfð? Hvaða metnaður er til staðar hjá stjórnvöldum? Hv. formaður iðnn. leggur blessun sína yfir þetta og telur ekki einu sinni ástæðu til þess að fjalla á neinn gagnrýninn hátt um nákvæmlega þetta atriði í iðnn.

Verði öll þau áform sem nú eru í pípunum um stóriðju á Íslandi, í skjóli stjórnarflokkanna, Sjálfstfl. og Framsfl., og með stuðningi Samfylkingarinnar, að veruleika mun losun okkar á brennisteini verða tæp 20.000 tonn á ári. Með því værum við að brjóta gegn öllum viðmiðunarmörkum Vesturlanda hvað losun varðar. Meira að segja Alþjóðabankinn gengur út frá því í öllum sínum viðmiðunarreglum þegar þeir skoða lánshæfi verkefna af þessu tagi að þá sé losun brennisteins ekki meiri en eitt kíló á brætt áltonn, en hér *erum við að tala um 12 kíló á hvert brætt áltonn.* Þannig ætti framkvæmd af þessu tagi alls ekki að rúmast innan viðmiðunarmarka Alþjóðabankans hvað þetta varðar. Og það eru ekkert litlar stærðir sem skakkar. Eitt kíló brennisteins á *hvert áltonn segir Alþjóðabankinn, við erum hér að heimila* 12 kíló á hvert áltonn.

Herra forseti. Ég tel ábyrgð þingmanna í þessum sal mikla. Ég tel að þingmenn geti ekki hlaupið undan þeirri ábyrgð að skoða þetta mál alvarlega og á mjög gagnrýninn hátt. Hér eru stór tíðindi á ferðinni sem gert hefur verið lítið úr í umræðunni. Okkur í þessum sal ber skylda til að taka þetta til umfjöllunar. Ég verð að spyrja hæstv. umhvrh. sem situr hér og fylgist með umræðunni hvort hún geti með stolti skrifað undir að við förum svo langt á svig við þau alþjóðlegu viðmið sem ég var að nefna, jafnvel í reglum Alþjóðabankans varðandi fjármögnun framkvæmda af þessu tagi. Er þetta ásættanlegt? Ég segi nei, herra forseti.

Ég leyfi mér að benda á, við lokin á umfjöllun minni um brennisteinslosunina, herra forseti, að ef ríkisstjórnin ætlaði svo ofan í kaupið að reisa rafskautaverksmiðju á Grundartanga eins og komið hefur fram í fréttum, værum við að heimila enn frekari losun brennisteins. Í fréttum Ríkisútvarpsins þann 29. janúar sl. var sagt frá væntanlegri rafskautaverksmiðju á Grundartanga, að slík verksmiðja mundi losa fjórfalt meira af brennisteini en stækkað álver á Grundartanga — fjórfalt meira en álverið á Grundartanga. Og þá yrði, herra forseti, heildarlosun okkar Íslendinga á brennisteini út í andrúmsloftið meiri en heildarlosun Norðmanna og Dana. Ekki miðað við höfðatölu, ekki á íbúa — ónei. Við stefnum sem sagt í að losa meira magn brennisteins út í andrúmsloftið með öllum þessum stóriðjuáformum en Norðmenn gera í sínu landi eða Danir í sínu landi. Eru þetta ákvarðanir eða stefna sem er til sóma?

Er ekki rétt, herra forseti, að við stöldrum við og gagnrýnum þetta stóriðjubrjálæði, þennan hornstein atvinnustefnu Framsóknarflokksins eins og formaður Framsóknarflokksins, hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson, sagði á nýafstöðnu landsþingi Framsóknarflokksins, að stóriðjan væri hornsteinn undir atvinnustefnu framsóknarmanna? Ég segi bara: Ja, svei, herra forseti. Atvinnustefna af þessu tagi, mengunarbrjálæði af þessu tagi er ekki til sóma, miklu frekar stefna til glötunar og á skjön við allar reglur siðaðra þjóða.

Hér stefnir í mikið óefni í mengunarmálunum, herra forseti. Ég tel að þau mál hafi ekki fengið nægilega athygli í þingsölum og hvet því til að umræðan um þau fari fram, að fólk taki þátt í henni og segi sínar skoðanir á því sem ég hef rakið í þessum efnum.

Hv. þingmenn hafa í þessari umræðu rekið sig á að álverið sem fyrirhugað er að reisa á Reyðarfirði verður ekki búið vothreinsibúnaði heldur eingöngu þessum gífurlegu skor-

steinum, 80 metra háum, sem koma til með að blása eimyrju upp í andrúmsloftið. Í umræðunni núna hefur allt í einu verið reynt að kasta rýrð á vothreinsibúnaðinn. Í umræðunni sem fram fór í umhvn. um það mál kom fram að þessi besta fáanlega tækni sem skilgreind væri samkvæmt alþjóðastöðlum gerði ekki kröfu um vothreinsibúnað. Úr því að slík krafa var ekki sett í alþjóðlega staðla um bestu fáanlegu tækni var ekki talin ástæða til þess fyrir Íslendinga að lepja slíkt upp eftir Norðmönnum. Ég fer ekki með beinar tilvitnanir í þessum efnum, herra forseti, en þetta var nú andi umræðunnar í umhvn.

Sannleikurinn er auðvitað sá að Norðmenn hafa metið aðstæður sínar þannig að þar sem álverksmiðjur yrðu settar upp í þröngum fjörðum, þar sem lygnt er, væri það vænlegra til árangurs að setja brennisteininn og önnur mengunarefni með vothreinsibúnaði út í sjó, enda verður brennisteinn skaðlaus þegar hann er kominn í sjó vegna ákveðinna efnabreytinga í honum. Það er nánast eins og að setja súrefni í sjóinn. Skaðsemi brennisteinsins er gerð hlutlaus fari hann út í sjó. Það er nákvæmlega það sem vothreinsibúnaðurinn gerir. En hér eru ekki gerðar neinar kröfur um vothreinsibúnað, allt skal upp í loftið.

Ég tel þetta ámælisvert, herra forseti. Auðvitað ætti að skoða þetta mun betur en mér virðist hafa verið gert.

Herra forseti. Þá vil ég koma inn á ákveðið mál sem ég hef skoðað talsvert í tengslum við þessar framkvæmdir allar. Það mál lýtur að rekstraröryggi þessa álvers. Rekstraröryggi þess tengist orkukaupunum frá þessu stóra orkuveri sem fyrirhugað er að reisa við Kárahnjúka. Hvernig, herra forseti, hyggst ríkisstjórnin tryggja rekstraröryggi þessa álvers?

Ljóst er að þetta einangraða orkuver, sem fyrirhugað er að reisa á svæðinu norðan Vatnajökuls og á að skapa þessari álbræðslu rafmagnið, er þannig í sveit sett að það tengist í raun ekki orkukerfi landsins þannig að hægt sé að ganga að öruggu varaafli ef bilanir yrðu eða eitthvað kæmi upp á í væntanlegri Kárahnjúkavirkjun. Það er aldeilis ekki svo. Þá er eðlilegt að spyrja: Hvað þá? Hvernig ætla menn að sjá til að álverið geti starfað ef upp kæmu einhverjar bilanir eða hnökrar í Kárahnjúkavirkjun?

Ég velti fyrir mér, herra forseti: Getur verið að hér sé í farvatninu áætlun um línulögn yfir hálendið? Er þessi framkvæmd ávísun á háspennulínur yfir Sprengisand? Ég vil fá svör við því í þessum sal hvort þingmönnum finnist í lagi að samþykkja álbræðslu á Reyðarfirði sem kallar innan örfárra ára á háspennulínur, tvær samsíða línur, yfir Sprengisand? (**EMS:** Ekki skortir hugmyndaflugið hjá þér.)

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson gjammar hér fram í um hugmyndaflug. Ég vil benda hv. þingmanni á nýprentað svar hæstv. iðnrh. sem dreift var í morgun á þskj. 1020. Þetta eru svör við fyrirspurnum sem ég lagði fyrir hæstv. iðnrh. varðandi nákvæmlega þessi atriði sem ég hef gert að umtalsefni. Þar spyr ég ráðherrann hvað muni gerast verði fyrirvaralaus bilun í Kárahnjúkavirkjun, hvort byggðalína gæti þá flutt rafmagnið sem á vantaði fyrir væntanlegt álver í Reyðarfirði. Ég spyr hvernig fyrirhugað sé að tryggja rekstraröryggi álvers í Reyðarfirði án tengingar yfir hálendið við meginflutningskerfi Landsvirkjunar á Suðurlandi. Og hvaða svör birtast í svari hæstv. ráðherra, herra forseti? Svarið er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Allt frá 1980 hefur verið reiknað með gerð svokallaðrar Sprengisandslínu sem tengir saman raforkukerfið fyrir norðan og sunnan, en endanleg tímasetning hefur ekki verið ákveðin. Við bilanir á vesturvæng byggðalínunnar getur rekstur hennar orðið óstöðugur, en það getur haft í för með sér óþægindi og jafnvel straumleysi á Norður- og Austurlandi. Sprengisandslína mundi leysa þetta vandamál til frambúðar. Kárahnjúkavirkjun styrkir heildarraforkukerfið og gæti því jafnvel frestað lagningu línunnar. Ekki er þó ólíklegt að talið verði nauðsynlegt að hefja lagningu línunnar innan næstu 10 ára."

Þetta segir hæstv. iðnrh. þingheimi og þjóð í dag, í svari við fyrirspurn. Það er sem sagt ekki ólíklegt að ríkisstjórn telji nauðsynlegt innan 10 ára að hefja lagningu Sprengisandslínu. Gerir fólk sér grein fyrir því hvað hangir hér á spýtunni? Eru allir í þessum sal og þeir sem á mál mitt hlýða sáttir við það? Herra forseti. Ég er það ekki. (**KHG:** Góðir vegir. Alltaf sáttur við góða vegi.)

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er sáttur við vegi. Ég segi: Verði honum að góðu þegar komnir verða uppbyggðir vegir yfir Sprengisand. (**KHG:** Ég ætla að nýta mér það.) Ég verði ekki samferða honum á þeim vegi. (Gripið fram í.)

Þá erum við kannski komin, herra forseti, að stórum hluta þessa máls. Þessi eina framkvæmd, sem oft er látið í veðri vaka að sé sakleysisleg byggðaaðgerð, er svo gífurleg og hefur svo mikil áhrif á land og þjóð. Stór hluti þeirra áhrifa hefur enn ekki verið metinn. Við höfum enn ekki fengið í þennan sal eða fyrir augu þjóðarinnar skýrslu Stefáns Benediktssonar sem sýndi fram á arðsemi þess að reisa öflugan þjóðgarð á miðhálendinu á svæðinu fyrir norðan Vatnajökul. Á þeirri skýrslu lúrir hæstv. iðnrh. enn í dag. Úr því að hæstv. iðnrh. er gengin í salinn væri rétt að fá hér einhver svör við því: Hvers vegna hefur þjóðinni aldrei gefist tækifæri til að vega og meta þá tvo ólíku kosti: Að nýta þetta land með þeim hætti sem ríkisstjórnin hyggst gera eða að nýta það eins og Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur talað fyrir, þ.e. með náttúruvernd og með því að setja fjármagn í öfluga uppbyggingu ferðaþjónustunnar?

Hv. þm. Hjálmar Árnason talaði um það í ræðu sinni í morgun að ferðaþjónustufyrirtæki stæðu mörg hver á brauðfótum. Það er alveg rétt. Hvaða afl hefur ferðaþjónustan fengið hjá stjórnvöldum? Hvert hefur orkan frá stjórnvöldum farið? Hún hefur farið í stóriðjuna og fer í stóriðjuna áfram. 100 milljarða kr. fjárfesting er fyrirhuguð í Kárahnjúkavirkjun, sem hagfræðingar hafa sýnt fram á hvað eftir annað að sé fullkomlega óarðbær.

Hvenær fáum við að líta augum arðsemismat yfir annars konar landnýtingu, arðsemismat yfir landnýtingu sem byggir á náttúruvernd? Hvað hafa farið margir milljarðar í undirbúning þessa ævintýris ríkisstjórnarinnar?

Forstjóri Landsvirkjunar sagði frá því fyrir einum tveimur árum síðan að 3,2 milljarðar hefðu farið í undirbúning Fljótsdalsvirkjunar — 3,2 milljarðar í undirbúning virkjunar sem aldrei varð neitt af. Hvað er þá búið að fara mikið í að undirbúa Kárahnjúkavirkjun, stórvirkjun númer tvö? Ég fullyrði, herra forseti, að það er ekki undir tveimur milljörðum. Það er eflaust komið upp í svipaða upphæð og fór í undirbúning Fljótdalsvirkjunar. Við erum kannski að tala um fimm til sex milljarða sem hafa farið í undirbúning þessara framkvæmda. Hvar stæðu ferðaþjónustufyrirtæki landsins í dag ef þau hefðu fengið þessa fimm, sex milljarða í atvinnuuppbyggingu til sín? Hvar stæði atvinnuuppbygging landsins og landsbyggðarinnar í dag ef önnur forgangsröðun hefði verið til staðar hjá ríkisstjórn Íslands en raunin hefur verið?

Herra forseti. Ég held að sé tímabært að þingmenn hugleiði þetta af mikilli alvöru og svari hver fyrir sig eða hér í þessum ræðustóli. Það hefur aldrei verið neitt val. Það hefur aldrei verið boðið upp á neitt annað en þessi gífurlegu áform um álver sem setur efnahagslíf landsmanna á annan endann, jafnvel þó svo hægt sé að flagga einhverri aukningu á útflutningstekjum þjóðarinnar.

Lítum aðeins á það mál. Hvað erum við að tala um mikinn arð í peningum, þó mér sé meinilla við, þegar svona liggur á mér, að tala um arð í peningum? Búið er að gefa það út, herra forseti, að fyrirhuguð orkusala muni að öllum líkindum gefa þjóðarbúinu 5 milljarða í aðra hönd á ári. En hins vegar er vitað að á sama tíma, herra forseti, borgum við um 4 milljarða í vexti af þeim lánum sem þarf að taka til framkvæmdanna. Hver er þá mismunurinn? Einn milljarður? Ríkissjóður gæti fengið kannski einn milljarð inn vegna vinnlauna í afgjöld skatta og slíks af vinnulaunum, þá erum við kannski að tala um 2 milljarða sem við mundum fá fyrir þessa orkusölu — þjóðarbúið, á ársgrundvelli.

Við skulum skoða þetta í samhengi. Ef við skoðum landsframleiðsluna árið 2001 þá var hún 740 milljarðar. Á árinu 2001 var landsframleiðslan 740 milljarðar. Við erum að tala um 2 milljarða viðbót við þessa framkvæmd inn í landsframleiðsluna. Er það nú eitthvað til að hrópa húrra fyrir? (**Iðnrh.:** Skiptir kannski bara engu máli.) Tveir milljarðar í landsframleiðsluna skipta vissulega máli en hæstv. iðnrh. sem hér kemur með frammíkall verður auðvitað að gera sér grein fyrir því og veit fullvel í hjarta sínu að það er hægt að afla tveggja milljarða inn í landsframleiðsluna á annan hátt en með stóriðjunni sem hér er lögð til. Ég veit að einhverjir hv. þingmenn, trúlega framsóknarmenn, brosa í kampinn og hlægja að Vinstri grænum og tala um það þeir verði að koma með „eitthvað annað". (**Iðnrh.:** Akkúrat það sem ég hugsaði.) Nákvæmlega það sem hæstv. ráðherra hugsaði, viðurkennir hún. Ég skal segja hér nokkur orð, herra forseti, um „eitthvað annað".

Það var á fjölmennum mótmælafundi, sennilega með 1.500–1.600 manns, sem haldinn var í Borgarleikhúsinu fyrir örfáum vikum, fundi sem haldinn var til að mótmæla þessum brjálæðislegu áformum, sem hagfræðingurinn Sigurður Jóhannesson steig á stokk og hélt mjög öflugt erindi. Honum var klappað mikið lof í lófa þegar hann sagði stoltur og með reistan makka: Við eigum auðvitað að láta þjóðina gera eitthvað annað. Og við eigum ekki að segja þjóðinni hvað hún á að gera. Við eigum ekki að koma með stóriðju á silfurfati til þjóðarinnar, eða hvernig fatið svo sem er, og segja: Gjörið svo vel, veskú, hér er ein álverksmiðja. Við eigum að heimila þjóðinni að gera „eitthvað annað", ekki samkvæmt valdboði ríkisins, sokkaverksmiðja hér, nærfataverksmiðja hér, áburðarverksmiðja hér, álverksmiðja hér. Ónei, heldur nákvæmlega að heimila þjóðinni að gera eitthvað annað. Áætlunarbúskapur af þessu tagi heyrir sögunni til. Hann gafst ekki vel þar sem hann var reyndur á öldinni sem leið. Hann kemur ekki til með að gefast vel núna á Íslandi í upphafi 21. aldarinnar. Þetta eru fortíðardraumar. Þeir eru gamaldags. Þeir eru löngu farnir úr tísku. Og það á að heimila þjóðinni að gera eitthvað annað. Og ég segi þetta bara mjög hnakkakert og stolt: Að heimila þjóðinni að gera eitthvað annað.

Herra forseti. Það er í mörg horn að líta í þessu stóra máli. Eitt af því sem kemur upp í hugann er þörf fólks á að gera eitthvað stórt. Þörfin kemur fram sem einhvers konar græðgisþörf. Skoðum samfélag okkar, mannfólkið telur 290 þús. tæp, þjóðin er ekki stærri, og við erum að tala um það hér að verksmiðjan sem hæstv. ríkisstjórn dreymir um eigi að búa til 450–500 störf, í hæsta lagi 700 þegar öll afleidd störf fyrir austan eru talin með. Hvað er verið að tala um að hvert starf kosti? 300–500 millj. heyrist sagt. Það eru engin dæmi um það að störf sem búin eru til með ríkisafli eða ríkisforsjá kosti annað eins hér á landi. Hvernig réttlætir ríkisstjórnin fyrir þjóðinni þennan mikla kostnað við hvert starf? Er ekki hægt að láta sér nægja minni hluti sem fara betur í þessu samfélagi? Hvers vegna hefur ekki verið litið til hluta sem henta stærð samfélagsins fyrir austan betur en álverksmiðjan sem hér um ræðir?

Mig langar í þessu sambandi, herra forseti, til að vitna til greinar sem birtist í Morgunblaðinu 18. febrúar sl. eftir Kára Þorgrímsson. Hann er bóndi í Garði við Mývatn í Þingeyjarsýslu og greinin hans hreyfði mjög við mér. Ég geri ráð fyrir að ákveðnir þættir í henni geti hreyft við öðrum þingmönnum sem hér í sal eru. Ég fæ þess vegna að vitna til hennar. Hann var einmitt að fjalla um það í grein sinni hvernig hlutföllin í stærð þessa samfélags væru með tilliti til þessara gífurlegu áforma. Og Kári segir, með leyfi forseta:

„Hagfræðin getur jafnt verið með eða móti virkjuninni, náttúruspjöllin eru söm og síst betri þótt einhver hafi hag af þeim, enda bera virkjunarsinnar fremur fyrir sig svokölluð byggðasjónarmið, það er annað nafn á dreifbýlishyggju sem lengi hefur þjakað Íslendinga. Sætir furðu að slík viðhorf skuli uppi með svo fámennri þjóð að þótt hún byggi öll á einum stað yrði þar samt naumast kölluð borg."

Herra forseti. Þetta er vert að skoða í þessu samhengi. Og kjarni málsins er auðvitað sá að samfélag okkar, þetta fámenna samfélag, þolir hluti af ákveðinni stærðargráðu en aðra hluti ekki.

Áfram vil ég fá að vitna í grein Kára Þorgrímssonar í Garði, með leyfi herra forseta:

„Því er það mikið lán að svo margir skuli hafa valið sér búsetu á sama stað, í Reykjavík. „Fjölmennið" þar hefur fært okkur öfluga verslun, heilbrigðisþjónustu, menntastofnanir o.fl. o.fl. Síðast en ekki síst er Reykjavík sá markaður sem atvinnustarfsemi og lífskjör landsbyggðarinnar byggjast á. Í dreifbýli býr nú svipaður fjöldi manna eins og lengst af, en nú ótilneyddir og án þess að hungurfalla í góðærum sem fyrrum. Ekkert bendir til að landsbyggðin hefði annað en hag af frekari fjölgun fólks í Reykjavík, alla vega fremur en á Austurlandi. Samfélög manna verða ekki fullsmíðuð í eitt skipti fyrir öll, hvorki með álverum né kaupfélögum. Þau eru eins og lifandi líkami, allt þarf þar að hæfa hvað öðru. Álverið stóra á Reyðarfirði verður eins og flísbjarta í litlu barni."

Herra forseti. Þetta segir Kári Þorgrímsson í Garði við Mývatn: „Álverið stóra á Reyðarfirði verður eins og flísbjarta í litlu barni." Og ég verð að viðurkenna, herra forseti, að þessi samlíking á mikinn samhljóm innra með mér. Hún styður við það sem ég hef verið að gagnrýna í þessu máli frá upphafi, hugmyndin og framkvæmdin er allt of stór fyrir hagkerfi okkar og samfélag. Skýrsla Nýsis um samfélagsáhrifin sýnir þetta auðvitað svo ekki verður um villst. Það skiptir bara máli með hvaða gleraugum menn lesa þá skýrslu.

Og auðvitað er sannleikurinn líka sá að ríkisstjórnin er ekki farin að svara þeirri gagnrýni sem hefur komið á samfélagslegu áhrifin sem lúta t.d. að innflutningi vinnuafls. Það hefur ekkert verið sagt um það hvernig samfélagið fyrir aust-

an ætlar að búa sig undir það að taka við öllu því innflutta vinnuafli sem verður tekið við hér, bæði á framkvæmdatíma og ekki síður eftir að álverksmiðjan hæfi starfsemi sína. Það er auðvitað ekkert vitað um það hverjir kæmu til með að vinna í þessari álverksmiðju, Íslendingar eða útlendingar. Það er rennt blint í sjóinn með það. En í sannleika sagt verða menn að búa sig undir að það verði ekki Íslendingar. Menn verða líka að búa sig undir að það verði afar hreyfanlegt vinnuafl. Menn verða að búa sig undir það að þeir sem koma til með að vinna í álverksmiðjunni verði þar nánast eins og á vertíð, verði karlmenn sem fljúgi inn á svæðið, vinni í vikutíma, 10 daga, og fari svo heim til fjölskyldna sinna, hvort sem það er í Reykjavík, á Ísafirði eða í útlöndum og dvelji þar næstu 10 daga. Menn eru ekki að búa sig undir svona lagað. Samkvæmt samfélagslegu áhrifunum sem lýst er í skýrslu Nýsis eru hugmyndir manna fyrst og fremst byggðar á því að þetta verði stöðugur vinnustaður fyrir Íslendinga. En það er ekki á vísan að róa með það, herra forseti, sannarlega ekki.

Herra forseti. Þjóðin er klofin í þessu máli. Og það hefur verið vitað afar lengi. Það er alveg ljóst að í þeim skoðanakönnunum sem hafa verið gerðar segjast hartnær 50% þjóðarinnar vera fylgjandi framkvæmdunum á meðan hinn hluti þjóðarinnar, hinn helmingurinn, er annaðhvort ekki búinn að gera upp hug sinn eða er mótfallinn þeim. 33% í síðustu könnun sem ég sá voru mótfallin framkvæmdunum og 27% tjá sig ekki um málið. Þetta þýðir auðvitað að þjóðin er fullkomlega klofin í málinu.

Við höfum líka heyrt gagnrýni frá útflutningsfyrirtækjunum, útflutningsatvinnuvegunum. Við höfum heyrt gagnrýni á hátt gengi krónunnar sem er talið stafa ekki hvað síst af þessum áformum. Hverju hafa stjórnvöld svarað þessum gagnrýnisröddum? Litlu sem engu.

Hverju hafa stjórnvöld svarað því fólki sem hefur staðið hér og mótmælt í hverju einasta hádegi síðan í lok ágúst? Þessu fólki hefur í engu verið svarað. Fólkinu sem krefst þess að Kárahnjúkavirkjun verði sett í atkvæði þjóðarinnar, að áformunum verði frestað fram yfir alþingiskosningar eða það verði sérstök þjóðaratkvæðagreiðsla um málið. Ríkisstjórnin hefur engu svarað þessu fólki. Hefur heldur ekki svarað þeirri gagnrýni sem fram hefur komið að Kárahnjúkavirkjun hafi verið sett fram og fóstruð á einu kjörtímabili, hún hafi ekki verið á teikniborðum Landsvirkjunar við síðustu kosningar.

Ríkisstjórnin hefur heldur ekki svarað því fólki sem gagnrýnir það að umhvrh. skuli hafa snúið við úrskurði Skipulagsstofnunar sem var náttúruvernd og náttúru svæðisins norðan Vatnajökuls í hag.

Okkur hefur heldur ekki verið svarað varðandi þær ávirðingar sem heyrst hafa utan úr heimi frá stórfyrirtækjum sem hugðust bjóða í þau verk sem komu við Kárahnjúkavirkjun. Hvers vegna duttu úr skaftinu fyrirtæki á borð við Skanska, Veidekke, NTC og fleiri? Voru það umhverfisáhrifin yfirvofandi sem fyrirtækin settu fyrir sig eins og hefur heyrst í fjölmiðlum hér heima, herra forseti? Er það svo að ríkisstjórnin sé að keyra hér í gegn framkvæmd sem stór verktakafyrirtæki, viðurkennd á sínu sviði í nágrannalöndum okkar, veigra sér við að fara í vegna þess að hér sé umhverfisskaðinn of mikill? Og líður ríkisstjórninni vel með það að setja bara undir sig hausinn og keyra málið í gegn í ljósi þess að hún hefur meiri hluta fyrir því hér í þinginu, en með klofna þjóð á bakinu?

Herra forseti. Ég treysti því bara að þjóðin láti til sín heyra í kosningum 10. maí nk. í þessum efnum. Og ég sé ekki annað en að ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, sé að gera okkur það auðveldara að kjósa um Kárahnjúkavirkjun í næstu alþingiskosningum vegna þess að nú hefur ESA kallað inn til sín ákveðnar upplýsingar sem við þingmenn fáum raunar ekki að vita hverjar eru. En ég veit ekki betur en að ESA ætli sér alltaf ákveðna fresti við umfjöllun mála. Og ég trúi því ekki að ríkisstjórnin geti undirritað bindandi samninga um orkusölu eða alla þá þætti sem hanga á spýtunni varðandi samninga við Alcoa án þess að ESA sé búið að gefa sitt græna ljós.

Það er kannski rétt að við spyrjum hæstv. iðnrh.: Hvað hefur iðnrh. hæstv. fyrir sér í því að úrskurður ESA í þessum málum verði á endanum jákvæður? Við vitum vel að ESA afgreiddi Grundartangaálverksmiðjuna á jákvæðan hátt með u.þ.b. 500 millj. kr. meðgjöf ef ég man rétt sem var kölluð „aðstoð við Norðurál". Stofnunin mat það svo að ríkið hefði styrkt álverið á Grundartanga um 430 millj. kr., sá ég í Morgunblaðinu 15. júlí 1998. Og það var talið vera innan marka þess sem ESA heimilaði þá. En er það sama upp á teningnum endilega í dag? Og hvernig getur hæstv. iðnrh. verið jafnkokhraust og viss í sinni sök og hún virkar í fjölmiðlum og hér í þinginu þegar þetta ESA-mál er dregið fram?

Herra forseti. Það er rétt að það komi fram hér að ég skrifaði iðn.- og viðskrn. bréf og ég óskaði eftir því að fá þær upplýsingar sem ESA bað um. Ég vildi fá að vita í hverju spurningar ESA lágu en ráðuneytið kaus að hafna beiðni minni og gaf tvær ástæður fyrir því. Önnur var sú að samkvæmt upplýsingalögum væri stjórnvöldum heimilt að takmarka aðgang að gögnum þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast enda hafi þau gögn að geyma upplýsingar um samskipti við önnur ríki eða fjölþjóðastofnanir. Og það væri ágætt að vita hvaða almannahagsmunir eru hér í húfi. Það væri ánægjulegt að heyra það frá hæstv. iðnrh. hvaða mikilvægu almannahagsmunir komi í veg fyrir það að ég fái sem alþingismaður og þegn þessarar þjóðar aðgang að þeim gögnum sem ESA hefur óskað eftir að iðnrn. léti af hendi.

Ekki nóg með það, heldur telur ráðuneytið hættu á því að veiting aðgangs að þeim bréfum mundi valda tjóni. Herra forseti, „mundi valda tjóni". Ég spyr hæstv. iðnrh.: Hvaða tjóni gæti það valdið þó að iðnrn. væri gert að heimila mér aðgang að þeim bréfum sem skrifuð hafa verið til ESA? Er verið að gera einhvern úlfalda úr mýflugu hér eða er meðvitað verið að halda upplýsingum frá þingmönnum og þjóð?

Í þessu sambandi má líka geta þess að í efh.- og viðskn. óskaði hv. þm. Ögmundur Jónasson eftir því að það færi fram óháð mat á umframkostnaðinum sem væri fyrirhugaður eða yrði augljóslega farið út í við framkvæmdir á Kárahnjúkavirkjun. Og það var óskað eftir því að fenginn yrði óháður aðili til að meta líkurnar á möguleikanum á umframkostnaðinum. Og hvað gerðist í nefndinni? Efh.- og viðskn. hafnaði auðvitað kröfunni. Og ég spyr: Á hvaða forsendum?

Hafa menn fengið nægilega hlutlausar upplýsingar eða hlutlaust mat á t.d. þeim arðsemisútreikningum sem liggja fyrir? Skýtur það mönnum ekki neinn skelk í bringu að nú skuli það liggja fyrir að Sumitomo-bankinn, sem skilaði á sínum tíma skýrslu um arðsemisútreikninga Landsvirkjunar og gaf einhvers konar stimpil á það að Landsvirkjun hefði reiknað rétt, er akkúrat bankinn sem ætlar að fjármagna að hluta til þessar framkvæmdir Landsvirkjunar? Er hér ekki

um einhver óeðlileg tengsl að ræða? Hvers vegna ákveður efh.- og viðskn. þá að ekki sé tilefni til að fram fari óháð mat á líkunum á því að umframkostnaður verði við framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun?

Herra forseti. Mér finnst þetta ámælisvert. Mér finnst þjóðin eiga heimtingu á því að málin séu skoðuð betur ofan í kjölinn en hér hefur verið gert. Ég sé engin rök fyrir því að neita þjóðinni um að fá óháð mat á þessum kostum, sérstaklega ekki þegar í ljós kemur að bankastofnunin sem oftast hefur verið veifað í umræðum og sögð er blessa útreikninga Landsvirkjunar, er svo þvæld í þennan fjármögnunarvef Landsvirkjunar að hún ætlar að sjá Landsvirkjun fyrir lausafjármagni meðan á byggingu virkjunarinnar stendur.

Það er kannski Sumitomo-bankinn sem ætlar að lána Landsvirkjun þessi 25% af fjármögnuninni sem heitir eigið fé í reikningum Landsvirkjunar? Eða finnst mönnum það ekkert skrýtið að Landsvirkjun skuli líka ætla að taka að láni það sem hún kallar eigið fé í þessum arðsemisútreikningum? Er þetta allt bara eðlilegt og allt í lagi? Herra forseti, mér finnst það ekki.

Herra forseti. Ég hef líka verið að spyrja ráðherrana hér um mótmælin gegn Kárahnjúkavirkjun sem hafa komið erlendis frá og það er alveg ljóst að þau hafa verið talsverð. Bréf, undirrituð af fjölda einstaklinga, hafa verið send til forsrn., eitthvað til umhvrn. og sömuleiðis til iðnrn. og eitthvað til Landsvirkjunar. Það kemur auðvitað í ljós að fólk sem stundar náttúruvernd og ber hana fyrir brjósti, jafnvel þótt það búi á erlendri grundu, lætur sig þetta mál varða. Og það má lesa um það í þingskjölum, herra forseti, í þeim svörum sem hafa verið að berast frá þessum þremur ráðherrum, hæstv. iðnrh., umhvrh. og forsrh., að ráðuneyti þeirra hafa ekki farið varhluta af slíkum mótmælum, borist hefur inn á þeirra borð fjöldinn allur af slíkum mótmælum.

Enda skyldi maður hafa ætlað svo. Það er eðlilegt að álykta að svo sé, því að auðvitað vitum við um þau mótmæli sem t.d. Bandaríkjastjórn þarf að taka við vegna hugsanlegra framkvæmda á heimskautasvæðunum í Alaska eða svæðunum þar sem Bush Bandaríkjaforseti vill nú fara að bora eftir olíu, í friðlandsvæðum Alaska. Bush Bandaríkjaforseti fær mikið af mótmælum frá alþjóðlegum náttúruverndarsamtökum víða að, frá fólki sem býr hvergi nálægt Alaska. Það sama má segja um Brasilíustjórn sem þarf að þola það árum saman að vera áreitt af náttúruverndarsamtökum og náttúruverndarsinnum fyrir að eyða regnskógunum. Herra forseti. Kárahnjúkavirkjun er alveg sambærilegt mál. Hér er um arfleifð að ræða, arfleifð sem Íslendingum hefur verið trúað fyrir en í raun og sann arfleifð heimsbyggðarinnar, auðlegð sem náttúra Íslands hefur að geyma, fjársjóður og gull og gersemar sem náttúra Íslands hefur varðveitt fyrir þjóðir heims. Þess vegna koma umræddar framkvæmdir þjóðum heims við. Og ég fagna því að náttúruverndarsinnar vítt og breitt um heiminn hafi látið í sér heyra um þetta mál. Það gefur okkur, sem erum að reyna að berjast fyrir náttúruvernd á Íslandi, aukinn kraft að finna það að við stöndum ekki ein. Við eigum bræður og systur vítt um lönd sem deila sjónarmiðum okkar.

Einnig er ástæða til að geta þess, herra forseti, að hópurinn sem staðið hefur á Austurvelli frá því í lok ágúst sl. í hverju einasta hádegi, kemur saman til að fræðast og fjalla um þessi mál, heldur fundi um hverja einustu helgi þar sem koma einstaklingar sem fengnir eru til að flytja erindi, að þessi hópur hefur nú sent alþingismönnum mótmælabréf þar sem þess er óskað að hlutirnir séu settir í samhengi. Þar segir eitthvað á þá leið að ástæða sé fyrir því að verið sé að hleypa stóriðju inn í landið í stórum stíl en hefðbundnar atvinnugreinar eins og sjávarútvegur og landbúnaður séu að hrynja. Sjávarútvegurinn vegna rányrkju og kvótakerfisins og landbúnaðurinn vegna þess að hann er í fjötrum byggðastefnu og annars óskipulags. Austurvallarhópurinn hefur óskað eftir því í þeim bréfum sem alþingismenn hafa fengið að hlúð sé að þessum mikilvægu atvinnugreinum og þeim komið í nútímalegt horf fremur en að stóriðjan sé borin svona á örmum ríkisstjórnarinnar inn í landið.

Austurvallarhópurinn er sammála því sem ég hef hér rakið að stóriðja henti ekki á Íslandi og vitnað er til Guðmundar Páls Ólafssonar náttúrufræðings sem hefur verið manna ötulastur í framvarðarsveit náttúruverndarsinna við að vekja athygli þjóðarinnar á þessu. Þetta fólk segir stóriðju vera hættulega íslenskri náttúru og segir að það sé eitthvað mikið að hjá þjóð sem á annan eins fisk og annað eins lambakjöt en þarf svo að opna dyrnar fyrir stóriðju á þann hátt sem verið er að gera. Austurvallarhópurinn segir Ísland vera að missa á þennan hátt sérstöðu sína. Og, herra forseti, ég tek undir það.

Með þessum brjálæðislegu framkvæmdum eru Íslendingar að missa sérstöðu sína, þjóðin er að brengla ímynd sína, ímyndina sem hefur verið okkur svo mikils virði, ímynd hreinleika, hreinnar, fagurrar og stórbrotinnar náttúru. Ríkisstjórn Íslands er núna að koma í veg fyrir að við getum byggt áfram afkomu okkar á þessari hreinu og tæru ímynd. Við erum að verða stóriðjuland, við erum að verða stórútflytjendur alúmíníums, stórútblástursþjóð sem borgar ekki einu sinni losunarkvóta af því að hæstv. umhvrh. samdi þá af sér í Marrakesh og fékk undanþágu frá ábyrgðinni sem aðrar þjóðir veraldarinnar ætla að gangast undir, ætla að standa undir með sóma. Íslendingar ætla ekki að gera það, þeir fara þetta á undanþágum, undanþágu frá losunarheimildum, og undanþágum hvað varðar eitt og annað í þessum alþjóðlegu skuldbindingum. Íslendingar eru með ríkisstjórninni að skjóta sér undan þeirri ábyrgð sem aðrar þjóðir ætla að axla.

Herra forseti. Ég vil í lok máls míns einungis ítreka það að ég tel hér mikil afglöp vera á ferðinni og ég tel ímynd Íslands ekki vera fórnandi fyrir þessa framkvæmd. Ég tel náttúru Íslands vera svo mikils virði að ég get tekið undir með Kára Þorgrímssyni, sem ég vitnaði í hérna áðan, að framkvæmd af þessu tagi er eins og fílshjarta í líkama barns. Ég get ekki stutt þetta mál.

[15:23]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ýmislegt sem ég hef í sjálfu sér athugasemdir við sem fram kom í ræðu hv. þm. en það eru sérstaklega tvö, þrjú atriði sem ég vildi nefna.

Í fyrsta lagi það að búið sé að henda 5–6 milljörðum í undirbúning, og það er talað eins og það sé fjármagn sem hafi verið kastað á glæ. Ég er margbúin að segja og það er margbúið að koma fram að það sem Landsvirkjun hefur lagt í undirbúning í sambandi við þessa framkvæmd kemur til baka í orkuverðinu, það er hluti af kostnaðinum við virkjunina. Það er því ekki hægt að tala um að þetta sé eitthvert fjármagn sem hafi verið hent í undirbúning og muni aldrei skila sér, og það er ekki hægt að tala um að hægt hefði verið að taka þá fjármuni og setja í eitthvað allt annað, eins og hv. þm. talaði hér áðan.

Svo er það að hvert starf kosti svona óskaplega mikið og að það sé ekki forsvaranlegt að stjórnvöld skuli standa að því að búa þarna til störf sem séu svona dýr. En stjórnvöld eru bara ekkert að búa til þessi störf. Þetta er fjárfestir, það er fyrirtækið Alcoa sem er fjárfestir og byggir þessa verksmiðju. Og hvað eitt starf kostar hjá þessu fyrirtæki skiptir mig engu máli. Ef það sér hag sinn í því að byggja verksmiðjuna og gerir það og hefur einhvern arð af því þá er það bara þeirra mál. Það skiptir mig engu máli. Það skiptir mig máli að skapa störf og ég er ekki að leggja peninga í það.

Síðan í þriðja lagi í sambandi við þá beiðni sem kom fram frá hv. þm., að fá upplýsingar í sambandi við ESA, þá er það þannig í lögum að þetta varðar fjölþjóðastofnun. Þetta er mál sem er í vinnslu og þess vegna er ekki samkvæmt lögum æskilegt að veita þessar upplýsingar. En þær verða eflaust gerðar opinberar þegar þar að kemur og málinu er lokið.

[15:25]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru peningar, segir hæstv. iðnrh., sem koma til baka í orkuverðinu. Þá vil ég fá svör við því, skýr og klár: Eru 3,2 milljarðarnir sem talið var að hefðu farið í undirbúning Fljótsdalsvirkjunar á sínum tíma, innifaldir í þeim undirbúningskostnaði sem Landsvirkjun leggur til grundvallar þegar hún verðleggur orkuna? Telur hæstv. ráðherra að við munum fá þá peninga til baka líka?

Og varðandi þau störf sem verða til í álverinu, hæstv. ráðherra segist ekki vera að setja krónu í þau. Auðvitað er verið að setja innlent fjármagn í framkvæmdina við Kárahnjúkavirkjun og auðvitað eru þessar tvær framkvæmdir, Kárahnjúkavirkjun og álverið, algjörlega spyrtar saman og ein heild og ekki hægt að greina þær neitt að eins og kemur fram í frv. þar sem Kárahnjúkavirkjun er gerð að beinni forsendu fyrir álverinu. Það er því auðvitað eðlilegt að spyrja: Er rétt að búa til störf á Austurlandi, sem verða svona dýr, með því að senda reikninginn í raun og veru á þjóðina, framtíðarþjóðina sem þarf að borga hann með orkunotkun sinni? Því auðvitað sjá allir sem kynna sér þá skýrslu sem hagfræðingarnir, sem ég tiltók áðan, hafa verið að kynna okkur að arðsemin af þessari framkvæmd er ekki mikil, hún er mínus og getur brugðið til beggja vona með kostnaðinn við Kárahnjúkavirkjun, þar sem t.d. almennur kostnaður við jarðgöng er á heimsvísu vanur að fara 30–50% fram úr áætlunum. Það er ekki reiknað með slíku varðandi framkvæmdina við Kárahnjúkavirkjun.

Varðandi upplýsingarnar sem ESA bað um til ráðuneytisins, og sem ráðuneytisstjórinn telur að varði við almannahagsmuni og muni valda tjóni ef ég fái að sjá þessar upplýsingar, þá hefur hæstv. ráðherra ekki svarað því hvert væri tjónið, og hverjir eru þessir gífurlegu almannahagsmunir sem verið er að verja.

[15:27]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við tölum ekki sama tungumál, ég og hv. þm., og það er mjög erfitt að ljúka þessari umræðu sem fer fram á milli okkar. Það er augljóst.

En stóri misskilningurinn í þessu er að ríkissjóður sé að leggja fram fjármagn. Ríkissjóður er ekki að því. Það er fjárfestir, erlendur fjárfestir sem byggir verksmiðjuna, og hvað starfið kostar hjá fyrirtækinu skiptir mig engu máli. Það sem ég er að hugsa um er að störfin verði til. Og það er misskilningur að við séum að stofna til einhvers reiknings sem framtíðarkynslóðin þurfi að borga. Það er framtíðarkynslóð Íslands í hag að farið verði út í þessar framkvæmdir. Það verða meiri umsvif í þjóðfélaginu, það verða meiri útflutningstekjur og við þurfum að standast samkeppni við aðrar þjóðir, hv. þm. hlýtur að gera sér grein fyrir því.

Hvað varðar undirbúningskostnað Landsvirkjunar, ég kann ekki að nefna tölur í sambandi við það hve mikið fjármagn hefur farið í undirbúning en ég veit að tekið er tillit til þess í orkuverði og það er aðalatriðið.

[15:28]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er reikningurinn sendur á framtíðarkynslóðir. Eða hvers vegna verðleggur ríkisstjórnin ekki landið? Hvers vegna á ekki að vera neitt afgjald af þessu landi? (**Gripið fram í:** Á ekki að borga bændum?) Hvers vegna á ekki að borga neitt fyrir losunarkvóta?

Þetta dæmi er ekki reiknað til fulls og meðgjöfin er svo gífurleg, herra forseti, og það er auðvitað þess vegna sem ég bað um þessar upplýsingar frá ESA. Ég vil fá að vita hvernig ríkisstjórnin reiknar þetta dæmi. Við höfum ekki fengið að sjá það reikningsdæmi, það er ekki uppi á borðinu. Við vitum ekki hvernig ríkisstjórnin reiknar þetta. Við vitum bara að hagfræðingarnir sem við höfum til ráðleggingar segja okkur að þetta sé óðs manns æði og komi ekki til með að skila neinum arði.

Ég lýsi vonbrigðum mínum, herra forseti, með að hæstv. iðnrh. skyldi ekki í andsvari sínu hafa komið inn á skýrslu Stefáns Benediktssonar sem sýnir fram á að af því sé mikil þjóðhagsleg arðsemi að stofna þjóðgarð á svæðinu norðan Vatnajökuls. Ég lýsi vonbrigðum mínum með að sú skýrsla skuli ekki vera gerð opinber og ég held að hæstv. ráðherra verði að koma að því í ræðu sinni síðar í dag hvað skýrslan hefur að geyma og hvers vegna sá kostur að stofna þjóðgarð hefur aldrei verið borinn saman við þann kost að nýta landið til raforkuframleiðslu.

[15:29]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki efast ég eitt augnablik um afstöðu hv. þm. um þetta mál en ég hlýt að gera alvarlegar athugasemdir við ýmsar dylgjur og rangfærslur sem fram komu í ræðu hennar. Ég hlýt líka að gera athugasemd við þá fullyrðingu hennar að hún ein hv. þingmanna skoði þetta mál af alvöru. Málið hefur verið skoðað betur en flest önnur mál í hv. iðnn. sem og í öðrum nefndum.

Ég geri líka athugasemd við þá fullyrðingu hv. þm. að umhverfissamtök og umhverfissjónarmið hafi hvergi fengið að komast að í þessu ferli. Hv. þm. veit betur. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum felst í því ferli öllu að umhverfissamtök eða einstaklingar koma sjónarmiðum sínum að. Þess vegna settum við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Ég mótmæli líka þeirri fullyrðingu hv. þm. að hinn nýi búnaður sem Alcoa notar í staðinn fyrir Norsk Hydro-búnaðinn valdi meiri mengun. Nettóniðurstaðan er sú að vegna breyttrar tækni er heildarmengunin minni.

Það er líka rangt hjá hv. þm. að stórir reykháfar séu hvergi leyfðir í Evrópu. Ég hygg að hv. þm. hafi ferðast um Evrópu, m.a. séð kjarnorkuverin, séð ýmsar iðnaðarverksmiðjur víða í Evrópu með reykháfum mun hærri en hér er verið að ræða um.

Hv. þm. fullyrti það í andsvari í morgun að vegna þess að hæstv. umhvrh. hefði úrskurðað í málinu, þá væri verið að brjóta lög í þessu máli. Þá hlýt ég að spyrja hv. þm. hvort

hæstv. settur umhvrh. sem úrskurðaði í Norðlingaöldu hefði þá líka verið að brjóta lög. En ég ítreka það að samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum hefur hæstv. ráðherra fullt vald til að úrskurða, byggt á þeim upplýsingum sem koma á hans borð.

[15:32]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsi ánægju minni með að hv. þm. Hjámar Árnason skuli koma hérna upp og mótmæla svo oft í tveggja mínútna andsvörum. Það rennur þó í honum blóðið meðan hann stendur hér og mótmælir. Mér finnst það bara gott. Auðvitað eigum við að geta tekist á í þessu máli. Við hv. þm. erum hjartanlega ósammála um grundvallaratriði þessa máls eins og kemur fram í andsvari hans.

Hann talar um að ég fari með dylgjur og rangfærslur. Það er auðvitað ekki rétt. Ég mótmæli því. Ég tel mig hafa rökstutt það sem ég lagði fram í máli mínu. Máli mínu til stuðnings benti ég bæði á greinaskrif og ummæli sem rök fyrir máli mínu.

Varðandi mengunina frá fyrirhugaðri álbræðslu, herra forseti, segir hv. þm. að heildarmengunin verði minni. Hann fullyrðir að umhverfissamtök hafi komið að þessu máli. Það er auðvitað rétt að umhverfissamtök, náttúruverndarsamtök og stofnanir á þessu sviði hafa komið að málinu við mat á umhverfisáhrifum. Það hefur fólk auðvitað gert. Það hefur fólk nýtt sér, mótmælt og kært. En hvers vegna fékk iðnn. enga slíka á sinn fund þegar fjallað var um álverksmiðjuna, stærsta þáttinn í þessu máli hvað varðar mengunina? Er það eðlilegt að iðnn. þrengi svo umsagnarsvið umhvn. að umhvn. fái ekki að tjá sig um umhverfisþáttinn almennt heldur eingöngu að svara einfaldri spurningu um hvort farið hafi verið að lögum um mat á umhverfisáhrifum við afgreiðslu málsins? Hvers vegna var umhverfisverndarsamtökum og stofnunum á sviði umhverfis- og náttúruverndar ekki hleypt að þessu máli sem hér er til umræðu, frv. til laga um samning um álverksmiðju í Reyðarfirði? Það var á ábyrgð hv. formanns iðnn. að gera það. Það hefur ekki verið gert.

Varðandi strompana þá sagði ég í ræðu minni að þeir væru ekki leyfðir í nágrannalöndum okkar og nefndi í því sambandi Norðurlöndin. Það er ekki heimilt í Noregi að reisa strompa af þessu tagi til að blása út brennisteini. Þar nota þeir vothreinsibúnað.

[15:34]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er eins og þegar hundar bíta í rófuna á sér og hlaupa í hringi. Hér er kvartað undan því að umhvn. skuli ekki sjálf hafa litið á umhverfisþáttinn.

Þegar hæstv. ráðherra mælti fyrir þessu máli kom formaður þingflokks Vinstri grænna, hv. þm. Ögmundur Jónasson, og krafðist þess að málinu yrði vísað til hv. umhvn. Iðnn. tók þá ákvörðun.

Ég vek líka athygli á því enn einu sinni að samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum hafa þeir sem hafa viljað gera athugasemdir við umhverfisþáttinn alla möguleika á því. Það eru útúrsnúningar hjá hv. þm. að væna iðnn. um óeðlileg vinnubrögð í þessu sambandi.

Ég vek líka athygli á því að hvergi hefur hv. þm. minnst á samanburðinn við að framleiða rafmagn með kolum og olíu, sem annars yrði gert ef ekki væru notaðir okkar vistvænu orkugjafar. Það vekur athygli mína að hv. þm. vék ekki einu orði að því atvinnustigi sem fylgir í kjölfarið, þeim efnahagslegu verðmætum sem af þessu hljótast og þar fram eftir götunum, enda virðist það ekki eiga upp á pallborðið í atvinnustefnu Vinstri grænna.

[15:35]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það stendur í nál. frá meiri hluta iðnn. að leitað hafi verið álits efh.- og viðskn. Alþingis um þá þætti frv. sem lúta að skatta- og efnahagsmálum og leitað hafi verið eftir áliti umhvn. Alþingis vegna umhverfisþátta málsins. Það er alveg rétt sem hv. þm. bendir á, að formaður þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs óskaði eftir því að slíkt yrði gert. Þegar bréfið var skrifað í iðnn. til umhvn. um umhverfisþætti málsins, eins og óskað hafði verið eftir, var það ekki efni bréfsins heldur eingöngu ein lítil spurning. Umhvn. átti eingöngu að segja iðnn. hvort farið hefði verið að lögum við mat á umhverfisáhrifum. Hvers vegna var ósk iðnn. svo takmörkuð? Hvers vegna var hún ekki eins og hv. formaður þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs óskaði eftir? Hvers vegna? Var það vegna þess að hv. formaður iðnn. taldi ekki ástæðu til að fjalla á breiðum grunni um umhverfisþætti þessa máls?

Öll mín gagnrýni í þessum efnum á við rök að styðjast. Tvískinnungurinn kemur í ljós í nál. hv. formanns.

[15:37]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir lét líta svo út sem við gerðum sérlega slakar kröfur til álfyrirtækja á Íslandi með tilliti til mengunarskatta. Það er alls ekki þannig, virðulegur forseti. Það er ekki verið að borga neina mengunarskatta á koldíoxíðmengun í nágrenninu. Evrópusambandið er að reyna að koma upp kvótakerfi til framtíðar hjá sér og þar verður áliðnaðurinn ekki skattlagður. Þannig gilda ekki aðrar kröfur hjá okkur að þessu leyti en hjá öðrum ríkjum í nágrenni okkar. Þær eru hinar sömu. Það er ekki verið að innheimta mengunarskatta frá þessum fyrirtækjum. Af hverju ættum við þá að gera það? Það er fráleitt að halda því fram að við séum með sérstakar ívilnanir að þessu leyti vegna álfyrirtækisins sem hugsanlega rís á Austurlandi.

Einnig var talað um Kyoto-bókunina í ræðu hv. þm. og látið líta svo út að hún væri mjög slæm. Vinstri grænir hafa alltaf talað mjög illa um hana og sagt að við fengjum þar sérstakar undanþágur og eitthvað slíkt. Við fengum ákveðið sérákvæði þar sem alþjóðasamfélagið viðurkennir að hnattrænt sé það okkur í hag að nota vistvænu orkuna okkar til framleiðslu í stóriðju í staðinn fyrir önnur lönd sem nota kol og olíu og sum hver kjarnorku. Ég hef því aldrei skilið að Vinstri grænir skuli ekki styðja íslenska sérákvæðið í Kyoto-bókuninni.

Við getum alveg rifist um einstakar virkjanir. Það er allt í lagi að rífast um þær. En það að Vinstri grænir geti ekki stutt íslenska sérákvæðið í Kyoto-bókuninni er mér algerlega óskiljanlegt. Það er átta sinnum betra fyrir lofthjúpinn að nota okkar orku og ég skil ekki af hverju Vinstri grænir geta ekki viðurkennt það. Ég bara spyr: Getur hv. þm. ekki fallist á að það er gott fyrir lofthjúpinn að við fengum íslenska ákvæðið þrátt fyrir að við getum rifist um einstakar virkjanir? Það er allt annað mál. Getur hv. þm. ekki fallist á að það sé betra fyrir lofthjúpinn að nota okkar orku en kol og olíu ?

[15:39]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki rétt sem hæstv. umhvrh. segir, að Vinstri hreyfingin – grænt framboð sé á móti Kyoto-bókuninni. Hitt er rétt að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur gagnrýnt framgöngu stjórnvalda hvað varðar íslenska ákvæðið svokallaða. Við höfum kallað það undanþáguákvæði. Ég get alveg skýrt það í einni setningu fyrir hæstv. umhvrh. hvers vegna Vinstri hreyfingin – grænt framboð er andsnúin þessu sérstaka undanþáguákvæði sem kallað er íslenska ákvæðið. Það er vegna þess að þetta ákvæði opnar leið fyrir stóriðju af því tagi sem Framsfl. hefur verið að leiða inn í landið og kemur til með að leiða inn í landið á næstu árum fái hann áfram að ráða.

Ég vék að því í máli mínu að útblásturinn frá stóriðjuverunum sem eru í farvatninu, stækkunarhugmyndum Ísals og stækkunarhugmyndum Norðuráls, yrði gífurlegur. Hann yrði jafnvel hærri en tölurnar sem verið er að blása út af brennisteini í Noregi og í Danmörku. Það er nákvæmlega af þessum ástæðum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð gagnrýnir íslenska ákvæðið í Kyoto-bókuninni. Við viljum standa vörð um hreinleika þessa lands og lofthjúpsins yfir okkur. Við teljum að við eigum að nýta auðlindir á hálendi Íslands með því að vernda þær. Við teljum landnýtingu sem felst í vernd aldrei hafa komið á dagskrá hjá Framsfl. og auðvitað gagnrýnum við fyrst og fremst það.

[15:40]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það stendur ekki steinn yfir steini í þessari röksemdafærslu. Kyoto-bókunin sem Vinstri grænir styðja gengur út á lofthjúpinn. Ég heyrði ekki betur heldur en hv. þm. vildi vernda lofthjúpinn fyrir ofan okkur. Þess vegna skil ég ekki að Vinstri grænir skuli ekki vera með hörðustu stuðningsmönnum íslenska ákvæðisins. Það gengur út á að nota þessa grænu orku sem við höfum í stað þess að nota kol og olíu.

Álframleiðsla er að aukast í heiminum. Notkun á kolum og olíu er að aukast í þeim bransa. Það er þannig gott fyrir lofthjúpinn að nota frekar okkar orku til að framleiða álið þannig að röksemdafærslan er að mínu mati ekki nógu öflug hjá Vinstri grænum að þessu leyti, að þeir geti ekki skilið þarna á milli.

Það er hægt að rífast um einstaka virkjun, það er allt í lagi með það. Ég skil það alveg. En ég skil ekki að Vinstri grænir geti ekki hrósað stjórnvöldum fyrir að hafa náð íslenska ákvæðinu í gegn, af því að það er gott fyrir lofthjúpinn. Þetta skildu allir umhverfisráðherrar annarra landa.

[15:41]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Allir umhverfisráðherrar annarra landa vissu það og skildu að Ísland er afar smátt samfélag. Ísland er örsamfélag og það skiptir auðvitað umhverfisráðherra annarra þjóða sáralitlu máli að gefa eftir þetta sem laut að því sem íslenska ákvæðið fól í sér. (**Umhvrh.:** Er þetta ekki gott fyrir lofthjúpinn?) Það er auðvitað sannleikur málsins. Það er kannski gott fyrir lofthjúpinn í huga hæstv. ráðherra að blása út eimyrju álverksmiðjanna hlutfallslega réttlátlega um veröldina.

Herra forseti. Þær auðlindir sem við höfum að verja eru meira virði en svo að við getum stefnt þeim í voða á sama tíma og við þykjumst ætla að vernda þær og stæra okkur af því. Við getum ekki blásið út eimyrjunni sem fylgir álverksmiðjunum. Á meðan allar siðaðar þjóðir eru að reyna að losna við álverksmiðjurnar úr bakgarðinum hjá sér erum við að taka við þeim. Þriðji heimurinn er neyddur til að fá álverksmiðjunar til að reyna að bjarga efnahagsástandinu í löndum sínum. Við eigum auðvitað að leggja okkar orku í að búa til vistvænni aðferðir við að bræða þessa málma eða búa til annað en málma og fá á okkur önnur efni en ál til að leysa það af hólmi.

[15:43]

Útbýting þingskjala:

Álagning STEF-gjalda á óskrifaða geisladiska, 642. mál, fsp. SvanJ, þskj. 1039.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 639. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1035.

Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, 638. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1034.

Endurhæfing krabbameinssjúklinga, 643. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1040.

Heimakennsla á grunnskólastigi, 641. mál, fsp. SvanJ, þskj. 1038.

Innihaldslýsingar á matvælum, 640. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1037.

Mótmæli gegn Kárahnjúkavirkjun erlendis frá, 530. mál, svar iðnrh., þskj. 1021.

Nautakjötsframleiðsla, 645. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1042.

Rafmagnseftirlit og ástand raflagna á sveitabýlum, 644. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1041.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 543. mál, nál. umhvn., þskj. 1044.

Úttekt Ríkisendurskoðunar á starfsemi Löggildingarstofu, 646. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1043.

[15:44]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Með samþykkt þessa frv. er iðnrh. heimilað að semja fyrir hönd ríkisins við Alcoa og Fjarðaál um að reisa og reka álverksmiðju og tengd mannvirki á Íslandi og framleiða allt að 322 þús. tonn af áli árlega í verksmiðju við Reyðarfjörð.

Iðnn. fjallaði ítarlega um þetta mál. Við fengum til okkar fjölmarga gesti og margar umsagnir sem flestar eru mjög jákvæðar. Ég ætla að grípa niður í nokkrar þessara umsagna og vitna í helstu niðurstöður þeirra.

Í ræðu minni við 1. umr. um þetta mál minnti ég á nauðsyn þess að við Íslendingar nýttum auðlindir okkar til lands og sjávar innan skynsamlegra marka til að auka útflutningsverðmæti okkar og styrkja efnahagslífið. Undir þetta er tekið í umsögn Alþýðusambands Íslands 10. febrúar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands telur að forsendur aukins hagvaxtar og bættra lífskjara á næstu árum sé stöðug og viðvarandi aukning útflutningstekna. Til þess að svo megi vera telur miðstjórn ASÍ mikilvægt að nýta allar auðlindir til lands og sjávar með skynsamlegum hætti. Í samræmi við þessa grundvallarskoðun er mikilvægt að nýta þá orku sem landsmenn búa að til uppbyggingar á samkeppnishæfu atvinnulífi.

Miðstjórn ASÍ lýsir því stuðningi sínum við áform um byggingu álvers við Reyðarfjörð og virkjunarframkvæmdir á Austurlandi. Miðstjórn ASÍ leggur áherslu á, að þessi framkvæmd er afar mikilvæg fyrir uppbyggingu atvinnu og lífskjara launafólks bæði á Austurlandi og um land allt."

Við 1. umr. minnti ég einnig á mikilvægi þessara framkvæmda fyrir Austurland. Í umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi 10. febrúar er vakin áthygli á jákvæðum áhrifum virkjunar og álvers á austfirskt samfélag og íslenskt efnahagslíf. Þar segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Lýst er yfir mikilli ánægju með það samstarf sem framkvæmdaaðilar Kárahnjúkavirkjunar og álvers ásamt stjórnvöldum hafa átt við SSA, hlutaðeigandi sveitarfélög og stofnanir sveitarfélaga á Austurlandi."

Í umsögn bæjarstjórnar Fjarðabyggðar er lýst eindregnum stuðningi við frv. Þá segir í umsögn Byggðarannsóknastofnunar Íslands, með leyfi forseta:

„Það er álit Byggðarannsóknastofnunar að almennt séð megi taka undir það að fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi muni hafa veruleg áhrif og að þau birtist ekki síst í fjölgun atvinnutækifæra og eflingu byggðar á Miðausturlandi."

Í skýrslu hagdeildar ASÍ segir m.a., með leyfi forseta:

„Í dag er á sjötta þúsund manns án atvinnu og hefur atvinnuleysi ekki verið jafnmikið síðan 1998. Langtímaatvinnuleysi, þ.e. þeim sem hafa verið án atvinnu í sex mánuði eða lengur, hefur samhliða fjölgað mikið eða úr 410 í desember 2001 í 1.021 í desember."

Það má því öllum vera ljóst að þessi starfsemi á Reyðarfirði er mjög mikilvæg. Hún mun skapa 750 störf við álverið og afleidd störf. Það kemur sér vel í því atvinnuleysi sem við búum við núna. Einnig má minna á að nú hillir sem betur fer loksins undir stækkun álversins á Grundartanga og þar munu verða til um 350 störf. Alls hillir því undir 1.100 ný varanleg störf vegna þessara tveggja framkvæmda auk þúsunda ársverka við framkvæmdir, bæði við virkjanir og byggingu álvera. Það er því með ólíkindum að andstaða skuli vera við þessar framkvæmdir, en sem betur fer er sú andstaða mjög lítil á Alþingi. Það skiptir miklu máli varðandi þær miklu virkjunarframkvæmdir sem fram undan eru og eru náttúrlega forsendan fyrir álversframkvæmdum að Landsvirkjun hefur sama lánsmat á alþjóðlegum vettvangi og ríkissjóður, en sem kunnugt er hefur ríkissjóður eða íslenska ríkið gríðarlegt traust á þessu sviði og alþjóðlegar stofnanir sem meta lánshæfi setja Ísland í efsta flokk. Þetta er auðvitað mjög mikilvægt fyrir okkur og fyrir Landsvirkjun í því stóra verkefni sem er fram undan og gerir verkefnið miklu hagstæðara en ella.

Alcoa sem hyggst reisa álverið á Reyðarfirði rekur 29 álver og framleiðir 4,2 millj. tonna af áli á ári. Því hefur verið haldið fram að það geti skapað okkur vandræði að þetta fyrirtæki verði eini kaupandinn að raforku frá Kárahnjúkavirkjun. Hvað það varðar þá skiptir það miklu að aðeins fimm af 29 álverum fyrirtækisins hafa kaupskyldu á orku. Verði samdráttur á álmörkuðum þannig að draga verður úr álframleiðslu eins og svartsýnisraddir hafa bent á þá loka þeir að sjálfsögðu síðast þeim álverum sem eru með kaupskyldu á orku, en eitt þessara álvera verður einmitt Fjarðaál. Þetta er auðvitað mjög mikilvægur þáttur í þessum samningi sem hér er til umræðu.

Árleg álframleiðsla í heiminum er um 25 millj. tonna og aukningin er svona 3,5% á ári að meðaltali eða 875 þús. tonn. Framleiðsla Fjarðaáls verður 322 þús. tonn eða innan við 40% af árlegri aukningu á heimsmarkaði og einungis 1,3% af árlegri heimsframleiðslu. Það kemur stundum upp í umræðuna að við Íslendingar séum að verða allt of stórir á þessum markaði sem geti verið hættulegt. Staðreyndin er sú að í dag framleiðir Ísal 170 þús. tonn á ári og Norðurál 90 þús. tonn eða samtals 260 þús. tonn sem er liðlega 1% af heimsframleiðslunni.

Nú hillir undir stækkun Norðuráls um 90 þús. tonn og Ísal hefur rætt um 260 þús. tonna stækkun. Gangi þetta allt eftir, þ.e. bygging Fjarðaáls, stækkun Ísals og stækkun Norðuráls þá verður álframleiðsla á Íslandi 932 þús. tonn eða innan við 4% þess áls sem notað er í heiminum árlega.

Bæjarstjórinn í Fjarðabyggð, Guðmundur Bjarnason, var einn þeirra sem komu á fund iðnn. til að ræða þetta frv. Þar kom fram í máli hans að fasteignagjöld af þessu fyrirtæki munu skipta Fjarðabyggð mjög miklu máli. Þau verða um 200 millj. á ári, 1% fasteignagjald af þessu eina fyrirtæki mun gera um 200 millj. á ári. Fasteignagjöld í Fjarðabyggð eru í dag um 1,65% á fyrirtækjum og bæjarstjórnin þar hefur ákveðið að þegar Fjarðaál tekur til starfa og býr við 1% fasteignagjald þá verði það lækkað á öðrum fyrirtækjum í sveitarfélaginu í 1% sem skiptir auðvitað miklu máli fyrir atvinnulífið fyrir austan. Þá verða heildarfasteignagjöld í Fjarðabyggð 100 millj. plús 200 millj. af þessu eina nýja fyrirtæki, Fjarðaáli. Þetta er auðvitað aðeins eitt dæmi um hversu gífurlega jákvæð áhrif þetta álver mun hafa á samfélagið fyrir austan. Það var einmmitt skemmtilegt að heyra bæjarstjórann segja frá því að þeir mundu laga gjöld annarra fyrirtækja að því gjaldi sem verður á álverinu.

Líka má minna á að áætluð áhrif á sveitarfélögin frá árinu 2009 eru auknar útsvarstekjur á ári um 335 millj. kr., aukin fasteignagjöld vegna íbúðar- og atvinnuhúsnæðis 74 millj. kr., aukinn fasteignaskattur vegna álvers 200 millj. og aukinn fasteignaskattur vegna Kárahnjúkavirkjunar 60 millj. kr. á ári. Á móti koma svo aukin rekstrargjöld sveitarfélaganna á ári upp á 352 millj. kr. Bætt rekstrarstaða sveitarfélaganna á svæðinu verður því 317 millj. kr. á ári.

Það er ljóst að álverið og sú íbúafjölgun sem því fylgir kallar á stóraukið húsnæði á Miðausturlandi og mikla uppbyggingu hvað það varðar. Reiknað er með að þörf verði fyrir 567 nýjar íbúðir, tæplega 8 þús. fermetra í atvinnuhúsnæði, hátt í 600 fermetra í leikskólahúsnæði, 2.300 fermetra í grunnskólahúsnæði, um 900 fermetra í framhaldsskólahúsnæði, 2.200 fermetra í húsnæði fyrir heilbrigðisstofnanir og tæpa 6 þús. fermetra í húsnæði fyrir aðrar opinberar byggingar. Það var því ekki að undra þó að létt væri yfir bæjarstjóranum í Fjarðabyggð þegar hann kom á fund iðnn. enda lá vel á honum, blessuðum karlinum.

Í umsögn Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins sem sendu sameiginlega umsögn til iðnn. segir, með leyfi forseta:

„Það er samtökunum fagnaðarefni að bygging álvers í Reyðarfirði og stórvirkjunar á Austurlandi sé að verða að veruleika. Framkvæmdirnar verða lyftistöng fyrir atvinnulíf á landinu öllu og munu stuðla að bættum hag landsmanna og fjölbreyttari samsetningu atvinnulífs. Fyrirhugaðar framkvæmdir verða þær stærstu í Íslandssögunni og munu þar af leiðandi krefjast virkrar hagstjórnar, einkum þegar þær standa hæst á árabilinu 2005 og 2006, en á móti kemur að tímasetning þeirra er afar heppileg þar sem vaxandi slaka gætir í hagkerfinu í aðdraganda þeirra."

Það var því merkilegt að heyra hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur halda því fram að það væru mótmæli við þessar framkvæmdir frá útflutningsfyrirtækjunum. Þessi samtök sem ég er að vitna í hér eru samtök flestra útflutningsfyrirtækja á Íslandi og ég minni líka á að stóru útflutningsfyr-

irtækin á Austurlandi, þ.e. útgerðarfyrirtækin, fiskvinnslufyrirtækin, hafa eindregið mælt með þessari framkvæmd og fagnað komu þessa fyrirtækis á svæðið.

Í umsögn Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins er einnig fjallað nokkuð um skattamál. Það eru vissar undanþágur í frv. varðandi skattamál þessa nýja fyrirtækis og þar segir, með leyfi forseta:

„Samtökin gera ekki efnislegar athugasemdir við það. Eðlilegt er að gerður sé samningur við erlenda aðila sem hyggjast festa mikla fjármuni hér á landi til margra áratuga sem veita festu og öryggi á líftíma fjárfestingarinnar."

Jafnframt er bent á að lagfæra þurfi skattalöggjöfina fyrir íslensk fyrirtæki og bent á að eignarskattar á fyrirtæki þekkist vart annars staðar en hér á landi. Náttúrlega má minna á að þessir eignarskattar hafa verið lækkaðir um helming bæði á einstaklinga og fyrirtæki og það kemur í fyrsta sinn til framkvæmda við álagningu nú í sumar. Það hefur líka verið talað um það af stjórnarflokkunum og boðað að stefnan sé nú sú að afnema að fullu eignarskatta, bæði af einstaklingum og fyrirtækjum, enda má segja að eignarskatturinn sé ósanngjarnari flestum öðrum sköttum vegna þess að eignir manna verða yfirleitt til af tekjum sem þeir hafa borgað fulla skatta af áður.

Í umsögn frá Alcan sem er eigandi Ísals er fjallað nokkuð um skattamál einnig og þar segir m.a. að Ísal hafi í rúmt ár átt í viðræðum við iðnrn. um lagfæringar á aðalsamningi Alcan og ríkisstjórnarinnar í kjölfar breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem tóku gildi 1. janúar 2002 og að þessum viðræðum hafi nýlega verið hafnað af hálfu ráðuneytisins. Þeir benda á að ljóst sé að skattkerfið sem Ísal eigi kost á sé fyrirtækinu til verulegra muna óhagstæðara en þeir kostir sem Norðurál og eigendur Fjarðaáls bjóðast. Það var fjallað talsvert um þetta í iðnn. og sýndist sitt hverjum og menn voru ekkert endilega á því að fara að taka upp samninga sem gerðir hafa verið en á það var bent og reyndar tekið fram í nefndaráliti meiri hlutans að eðlilegt sé að mótuð verði stefna um að álver og fyrirtæki í sambærilegum rekstri búi við sem líkust rekstrarskilyrði og hvatt til þess að í tengslum við fyrirhugaða stækkun Ísals og Norðuráls verði teknar upp viðræður við fyrirtækin um endurskoðun á þessum samningum við hið opinbera, ekki síst í skattamálum og varðandi orkuverð, þ.e. að þetta verði samræmt. En menn eru ekki á því að taka þetta upp fyrr en þá í tengslum við stækkun og nýjan samning við fyrirtækin. En benda má á það í leiðinni að þegar Ísal kvartar undan því að tekjuskatturinn sé hærri á þeim en öðrum þá búa þeir að sumu leyti við hagstæðari skattakjör en önnur stóriðjufyrirtæki. Það kemur fram í fylgiskjali sem fylgir með þessu að þeir eru t.d. undanþegnir gjaldi vegna öryggis raforkuvirkja sem bæði Norðurál og önnur fyrirtæki á Íslandi borga. Þeir eru undanþegnir fasteignagjöldum, eina stóriðjufyrirtækið. Þeir eru í hagstæðasta kanti og hagstæðari en önnur stóriðjufyrirtæki varðandi frádrátt vegna afskrifta og þeir falla ekki undir almennt skatteftirlit og íslenska dómstóla þannig að það er ekki alveg á einn veg að það sé allt þeim í óhag. En meiri hluti nefndarinnar bendir á að þetta verði tekið til endurskoðunar þegar og ef kemur að samningum við þessi fyrirtæki um stækkun þeirra.

Reynt hefur verið að gera væntanlegar framkvæmdir fyrir austan tortryggilegar, þ.e. Kárahnjúkavirkjun og álver við Reyðarfjörð. Talað hefur verið um umhverfisáhrif, talað hefur verið um að þetta sé ekki hagstæð framkvæmd og síðasti ræðumaður, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, taldi að ekki væri mikill ávinningur af þessu og talaði um litlar upphæðir. Því er rétt að vitna í það að í samræmi við 11. gr. orkulaga tók Orkustofnun að sér að kynna sér útreikninga Landsvirkjunar á kostnaði við ráðgerða virkjun og rekstraráætlun hennar. Í umsögn Orkustofnunar segir, með leyfi forseta:

„Öllum slíkum verkefnum fylgir áhætta. Því er mikilvægt að aðferðafræði við hagkvæmnismatið taki tillit til áhættuþátta og hugsanlegra breytinga á forsendum um leið og mat sé lagt á líkindi allra breytinga. Af þessum sökum hefur Orkustofnun kynnt sér sérstaklega hvernig Landsvirkjun stendur að verki í þeim efnum. Stofnunin telur aðferðafræðina vandaða og ítarlega og því séu allar forsendur fyrir hendi til þess að niðurstaða Landsvirkjunar um það hvort í verkefnið skuli ráðist byggi á traustum grunni og þar með að sú ákvörðun verði í fullu samræmi við tilvitnað lagaákvæði."

Það skiptir auðvitað miklu máli að stofnun sem samkvæmt lögum ber að fara ofan í þessa útreikninga skuli komast að þessari niðurstöðu.

Það má minna á það líka að það hefur alltaf legið skýrt fyrir af hálfu stjórnvalda og forsvarsmanna Landsvirkjunar að orkuverðið þurfi að vera hagstætt og hafa jákvæð áhrif á afkomu og starfsemi fyrirtækisins. Það er rétt að vitna í greinargerð forstjóra Landsvirkjunar sem er fylgiskjal með frv. um rammasamninginn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Arðsemismat Landsvirkjunar, sem byggir á núvirtu fjárstreymi vegna kostnaðar og tekna, tekur til áranna 2002–2070, þ.e. rúmlega 60 ára frá upphafi rekstrar. Er virkjunin metin verðlaus í lok tímabilsins, þótt það sé mun skemmra en væntanlegur líftími hennar. Samkvæmt niðurstöðum matsins má vænta þess, að núvirtur hagnaður af orkusölu samkvæmt rafmagnssamningnum verði um 6,6 milljarðar króna, sem svarar til þess, að afkastavextir af fjárfestingu í verkefninu verði um 7,3% að nafngildi og 5,5% að raungildi. Á sama grundvelli má gera ráð fyrir, að arðgjöf eigin fjár vegna verkefnisins verði um 12,8% að nafngildi og 11% að raungildi. Er það talið mjög sambærilegt við þær kröfur um arðsemi eigin fjár, sem almennt eru gerðar meðal orkufyrirtækja í nálægum löndum."

Þessir útreikningar Landsvirkjunar hafa verið gerðir tortryggilegir af ýmsum. Ég verð þá að minna á að eigendur Landsvirkjunar, þ.e. Reykjavíkurborg, Akureyrarbær og ríkið, fólu sérfræðingum sínum að meta forsendur Landsvirkjunar varðandi rafmagnssamninginn, þ.e. hvort þeir teldu þessar forsendur raunhæfar. Niðurstaðan varð sú að sérfræðinganefndin gerði ekki athugasemdir við forsendurnar.

(**Forseti** (GÁS): Forseti biður hv. þm. afsökunar en vill inna hann eftir því hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni því að nú er sú stund runnin upp að komið er að hefðbundum þingflokkstíma.)

Það er sjálfsagt, herra forseti, að taka til máls að loknum þingflokksfundum og ljúka ræðunni.

(**Forseti** (GÁS): Forseti þakkar hv. þm. liðlegheitin. Gerir nú hv. þm. hlé á ræðu sinni og forseti hlé á þessum fundi. Honum verður fram haldið kl. 18.)

[Fundarhlé. — 16:02]

[18:00]

Útbýting þingskjala:

Búnaðarlög, 241. mál, nál. landbn., þskj. 1046.

Geðheilbrigðisþjónusta við börn og unglinga, 557. mál, svar heilbrrh., þskj. 1036.

[18:00]

Guðjón Guðmundsson (frh.):

Hæstv. forseti. Áður en ég gerði hlé á máli mínu hafði ég farið lítillega yfir þær ágætu umsagnir sem iðnn. bárust um þetta mál og vitnaði í það sem fram kom hjá gestum á fundum nefndarinnar, ræddi um stærð álmarkaðarins, hlutfall Íslands í álframleiðslunni, tekjuáhrif á sveitarfélögin, áhrif á atvinnulífið o.fl. en Kárahnjúkavirkjun og álver í Reyðarfirði er tvímælalaust stærsta tækifærið sem gefist hefur til að efla atvinnulíf á Austurlandi og auka fjölbreytni þess. Eins og fram hefur komið í könnunum er einhæfni atvinnulífsins meginástæða þess að fólk flyst af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins, og árum saman hefur fólki fækkað jafnt og þétt á Austurlandi. Frá 1990 hefur fækkunin verið að jafnaði 1% á ári. Því er spáð að ef af þessum framkvæmdum verður muni íbúafjöldi á Miðausturlandi verða 9.700–9.800 árin 2007–2008 eða allt að 20% meiri en hann er í dag. Bygging álvers í Reyðarfirði er því stórkostleg byggðaaðgerð sem mun snúa við íbúaþróun í þessum landshluta, úr stanslausri fækkun í mikla fjölgun.

Tölur um búferlaflutninga á Miðausturlandi á árunum 1971–2000 sýna að 2.768 fleiri fluttu frá svæðinu en til þess, þ.e. 95 að meðaltali á ári. Þannig hefur svæðið tapað rúmlega 1% íbúanna á ári vegna flutninga 1971–2000. Fjöldi þeirra sem fluttu á brott umfram aðflutta var um 0,6% á fyrsta áratugnum, þ.e. 1971–1980, 1% árlega á árunum 1981–1990 en um 2,2% á hverju ári á síðasta áratug aldarinnar. Á Miðausturlandi var fjöldi þeirra sem fluttu á brott umfram aðflutta 209 íbúar árið 2000 eða 2,6%. Mikill meiri hluti þeirra flutti á suðvesturhornið.

Þessar tölur sýna náttúrlega ótvírætt að brottflutningur fólks af svæðinu hefur aukist mjög á undanförnum árum. Hann hefur aukist jafnt og þétt síðustu 30 ár. Það er enginn vafi á því að bygging álvers í Reyðarfirði mun snúa þessari þróun við. Ég held að það sé einn þáttur þessa máls sem þarf að minna á. Það er auðvitað mikill fengur að fá fyrirtæki á Austurland sem greiðir góð laun. Það er athyglisvert að í fylgiskjölum með þessu frv. kemur fram að aðeins 7,5% skattskyldra einstaklinga á Miðausturlandi höfðu yfir 3,5 millj. í tekjur árið 1999, eða svipuð laun og gerðust þá að meðaltali í stóriðjufyrirtækjunum á Íslandi. 65% skattgreiðenda á Austurlandi höfðu undir 1,5 millj. í tekjur sem sýnir glöggt að þetta er láglaunasvæði. Þarna verður auðvitað gjörbreyting á með tilkomu álvers við Reyðarfjörð. Í því sambandi má minna á skýrslu sem Atvinnuþróunarfélag Vesturlands sendi frá sér fyrir einu eða tveimur árum um tekjur einstaklinga á Vesturlandi en þar kemur fram að stóriðjan greiðir langhæst laun allra atvinnugreina að fiskveiðum undanskildum.

Því er stundum haldið fram að störf við stóriðju séu einhæf og sumir tala niður til þessara starfa eins og þau séu annars flokks. Það er því rétt að rifja upp að gert er ráð fyrir að við álverið verði 400–460 ársverk sem skiptast þannig að 10–20 starfsmenn verða með akademíska háskólamenntun, 20–25 starfsmenn með tæknimenntun á háskólastigi eða sambærilega menntun, 50–60 starfsmenn með tæknimenntun, 300 starfsmenn með iðnnám eða sérstakt fjölbrautaskólanám til að vinna við álframleiðslu og 25–30 störf krefjast engrar sérstakrar þjálfunar. Auk þess verða svo 30–40 störf við afleysingar þannig að þarna er heilmikil fjölbreytni í störfum. Það er rangt sem oft er haldið fram að öll störfin í þessum fyrirtækjum séu einhæf. Svo er hreint ekki.

Það er fróðlegt að skoða spár um áhrif afleiddra starfa á svæðið sem fylgja tilkomu þessarar verksmiðju. Það kemur fram í skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins Nýsis sem er fylgiskjal með frv. að nettófjöldi óbeinna og afleiddra starfa sem myndast á Miðausturlandi með tilkomu þessa álvers sé um 300, eða verði það. Þessi störf munu að mestu myndast í Fjarðabyggð og á Egilsstöðum en að einhverju leyti á Fáskrúðsfirði. Í þessari skýrslu kemur einnig fram að ef ekkert verði af þessum álvers- og virkjanaframkvæmdum megi gera ráð fyrir að íbúunum á Miðausturlandi haldi áfram að fækka, að hlutfall 20–40 ára fólks og barna verði lægra en það er í dag, að ójafnvægi í hlutfalli milli karla og kvenna aukist og að meðaltekjur á svæðinu haldi áfram að dragast aftur úr hækkandi meðaltekjum á höfuðborgarsvæðinu. Það segir m.a. í þessari skýrslu, með leyfi forseta:

„Fólksfækkun á síðustu árum hefur aðallega átt rætur sínar að rekja til þess að ungt fólk sækir burt til náms og í leit að áhugaverðum og vel launuðum störfum. Bein, óbein og afleidd áhrif fyrirhugaðs álvers munu verða þau að hjálpa ungu menntuðu fólki sem á rætur á Miðausturlandi til að fá störf við hæfi og þar með stuðla að meira jafnvægi í aldurs- og kynjaskiptingu íbúanna og draga úr brottflutningi. Skoðanakönnun sem Félagsvísindastofnun gerði fyrir Reyðarál hf. árið 2000 sýndi að 40% 18–28 ára fólks á Miðausturlandi hefur örugglega eða líklega áhuga á að starfa í álverinu og að 17% brottfluttra Austfirðinga 25–49 ára telja líklegt að þeir muni flytja aftur til Austurlands ef álver rís á Reyðarfirði."

Það segir enn fremur í skýrslu Nýsis, með leyfi forseta:

„Eftir að álverið er komið í rekstur og byggingarframkvæmdum lokið munu aðstæður breytast mikið. Þeir sem munu starfa við álverið og önnur ný störf munu dreifast á nokkur byggðarlög á Miðausturlandi og búa þar ásamt fjölskyldum sínum. Auknir aðflutningar fólks ásamt auknum tekjum munu stuðla að fjölbreyttara mannlífi og efla hvers kyns félags- og menningarstarfsemi á Austurlandi."

Mér þótti rétt að vitna í þennan kafla í skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins Nýsis vegna þess að ekki eru allir sammála því að þarna sé um byggðaaðgerð að ræða. Ég hef haldið því fram að þetta sé stærsta byggðaaðgerð sem við höfum staðið frammi fyrir lengi og muni verða til mikilla bóta fyrir þetta svæði.

Herra forseti. Álverið við Reyðarfjörð mun hafa mjög jákvæð áhrif. Það mun stórbæta atvinnuástandið, það mun auka útflutningsverðmæti um yfir 40 milljarða á ári og bæta þjóðarhag. Það er stórkostleg byggðaaðgerð sem mun snúa við neikvæðri byggðaþróun á Austurlandi og öll þekkjum við sem hér erum þau miklu og jákvæðu áhrif sem stóriðjufyrirtækin á Grundartanga hafa haft á umhverfi sitt og þá fyrst og fremst á Akranes, Borgarnes og sveitirnar sunnan Skarðsheiðar þar sem mikill fjöldi fólks vinnur við þessi fyrirtæki og þjónustu við þau. Það er enginn vafi á því að Fjarðaál mun hafa svipuð áhrif á samfélagið fyrir austan. Það er því fagnaðarefni að nú hillir undir að álver við Reyðarfjörð verði að veruleika.

[18:08]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú hefur þjóðin skipst í fylkingar út af þessum fyrirhuguðu stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi og ráða þar mestu deilur um umhverfismál. Önnur fylkingin telur með öllu óafsakanlegt að fremja þau náttúruspjöll sem þessar stóriðjuframkvæmdir mundu hafa í för með sér.

Hinni fylkingunni þykir það réttlætanlegt á þeirri forsendu að efnahagslegur ávinningur af framkvæmdunum sé svo mikill.

Hv. þm. vísaði í álitsgerðir sem fram hafa komið frá aðilum á vinnumarkaði, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og ýmsum öðrum aðilum. Finnst hv. þingmanni það vera traustvekjandi að yfirlýsingar frá þessum aðilum komu áður en forsendur samninga um framkvæmdirnar lágu fyrir, áður en fyrirsjáanlegt var hvort þær mundu skapa þjóðinni arð eða ekki? Mér finnst þetta ekki traustvekjandi.

Hitt finnst mér líka umhugsunarefni, að það hafa verið uppi varnaðarorð af hálfu efnahagsráðgjafa þjóðarinnar, liggur mér við að segja, í Seðlabanka, í Þjóðhagsstofnun meðan hennar naut við og frá öðrum aðilum um að það þyrfti að grípa tl mótvægisaðgerða ef af þessum framkvæmdum yrði. Nú eru þessar mótvægisaðgerðir komnar upp á vinnsluborðið og þá koma sömu aðilar skyndilega fram og ráðleggja gegn þessum aðgerðum. Mér finnst þessi afstaða harla mótsagnakennd, ég verð að segja það, og mig langar til að heyra álit hv. þingmanns á þessu.

[18:11]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem hv. þm. segir, það er ekki einhugur um þessa framkvæmd meðal þjóðarinnar frekar en aðrar þær virkjunar- og stóriðjuframkvæmdir sem við höfum ráðist í í gegnum tíðina. Við sem lengst munum munum eftir andstöðunni gegn Búrfellsvirkjun, við munum eftir andstöðunni gegn Ísal og við munum eftir andstöðunni gegn uppbyggingunni í Hvalfirði og miklum hrakspám sem fylgdu allri þessari miklu uppbyggingu. Staðreyndin er hins vegar sú að allar þessar framkvæmdir hafa orðið þjóðinni til mikils góðs, og stórkostleg fyrirtæki hafa veitt gríðarlega mikla vinnu, keypt mikla orku og skapað mikinn útflutning.

Það er hins vegar ákveðinn hópur manna sem vill ekki að ráðist verði í virkjanir vegna náttúruspjalla og ég virði þau sjónarmið. Ég skil vel að menn hafi þær tilfinningar en ég er ósammála því að það megi hvergi velta við steini til að byggja upp atvinnulífið í landinu.

Ég verð bara að segja það varðandi þessa skiptingu þjóðarinnar að andstaðan við þessar miklu framkvæmdir á Austurlandi virðist nánast vera alfarið á höfuðborgarsvæðinu. Ef maður fer um Austurland hittir maður ekki marga sem eru miklir andstæðingar þessara framkvæmda. Yfir höfuð er fólk mjög hlynnt því að fá þessa starfsemi inn í fjórðunginn og er tilbúið að fórna einhverju smávegis af náttúrunni og, eins og einhver orðaði það í umræðunni í dag, þykir vænna um fólk en hreindýr. Það er auðvitað kannski útúrsnúningur. Ég skil alveg þessi sjónarmið en er ekki sammála þeim og tel að við eigum, eins og ég sagði í ræðu minni, að nýta auðlindir okkar til lands og sjávar innan skynsamlegra marka og það er einmitt það sem ASÍ nefnir í umsögn sinni.

Varðandi það að þessar umsagnir hafi komið fram áður en forsendur lágu fyrir minni ég á að umsögn ASÍ er gefin 10. febrúar sl. Það eru ekki nema tvær vikur síðan. Umsögn Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins er send um svipað leyti þannig að ég held að forsendur hafi ekki mikið breyst síðan.

[18:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru þá fleiri ályktanir og yfirlýsingar sem hafa komið frá þessum samtökum því að það er langt síðan þeir aðilar sem hér voru nefndir veittu þessum fyrirhuguðu framkvæmdum stuðning sinn, og það löngu áður en forsendur samninga lágu fyrir. Ég verð að segja að mér finnst það ekki vera traustvekjandi.

Það á að ráðast í nýtingu náttúruauðlindanna innan skynsamlegra marka, segir hv. þm. Um það standa deilurnar. Ég held að þetta snúist um annað og meira en að velta við steini eins og hv. þm. sagði hér. Ég held að þessar framkvæmdir séu ekki sambærilegar við aðrar stóriðjuframkvæmdir eða virkjanir í tengslum við stóriðju frá fyrri tíð og nefni þá sérstaklega það atriði að í fyrsta skipti er nú verið að virkja, og það enga smávirkjun, fyrir eina verksmiðju, fyrir álverksmiðju Alcoa-fyrirtækisins á Austurlandi. Til þess eins er þessi virkjun reist. Í þjóðfélaginu eru síðan hatrammar deilur um hvort verði bókhaldslegt tap á þessari framkvæmd fyrir íslensku þjóðina. Síðan er annar hópur hagfræðinga sem telur að það kunni svo að fara að það verði ekki bókhaldslegt tap, við eigum upp í skuldirnar, en engu að síður sé þetta mjög óarðbært og það væri hentugra að beina atvinnuþróun hér í annan farveg. Í þess að gera þungaiðnað að kjölfestu í íslensku efnahagslífi ættum við að beina efnahagsstarfseminni inn í meiri fjölbreytni en hér er gert með þessari áherslu á stóriðju.

Að þessu mun ég að sjálfsögðu koma síðar í minni ræðu.

[18:15]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vill svo til að ég hef í fórum mínum þessar umsagnir frá Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins. Þær eru síðan 7. febr. Hér er umsögn sem iðnn. barst frá Alþýðusambandi Íslands og ég vitnaði til í ræðu minni, hún er síðan 10. febr. Þetta eru glænýjar umsagnir og forsendur hafa ekkert breyst frá því að þessar umsagnir lágu fyrir.

Hv. þm. segir að framkvæmdin fyrir austan sé ekki sambærileg við aðrar virkjanir vegna þess að þar sé einn kaupandi. Það má vel vera en það er hins vegar mjög mikið atriði í þessu, eins og ég gat um í ræðu minni, að þarna hefur Alcoa kaupskyldu. Alcoa er með 29 álver um allan heim og einungis fimm þeirra bera kaupskyldu. Ég tel því ekki mikla hættu á að þessi kaupandi hrökklist frá.

Hatrammar deilur um arðsemi og bókhaldslegt tap, segir hv. þm. Það er alveg rétt að einn og einn hagfræðingur hefur aðra skoðun á þessu en þeir sérfræðingar sem fjallað hafa um málið fyrir hönd eigenda. Ég minnti á það áðan að ríkið, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, sem eru eigendur Landsvirkjunar, létu sérfræðinga sína fara ofan í útreikninga Landsvirkjunar og Orkustofnun fór ofan í þá útreikninga. Hver hagfræðingurinn á fætur öðrum (Gripið fram í.) fór ofan í dæmið eins og Landsvirkjun leggur það upp (**ÖJ:** Já, eins og Landsvirkjun leggur það upp.) — má ég fá að tala, hæstv. forseti — og þeir voru sammála um að þessar forsendur væru skotheldar. Það hefur alltaf legið fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar að í þessa framkvæmd yrði ekki farið nema hún yrði arðsöm og hagkvæm. Auðvitað er enginn vafi á því að þeir útreikningar eru rökum studdir.

Hv. þm. segir ekki rétt að gera þungaiðnaðinn að kjölfestu. Ég held að það sé mjög gott fyrir okkur að vera ekki eins háð sjávarútvegi og við erum í dag. Yfir 60% af útflutningi okkar eru sjávarafurðir. Þarna fáum við aðra kjölfestu inn í atvinnulífið.

Meiri fjölbreytni, segir hv. þm. og félagi hans, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, sagði í ræðu sinni fyrr í dag, að

fólkið ætti sjálft að fá að ráða hvað það gerði en ekki taka við því frá ríkinu. Austfirðingar hafa sjálfir fengið að ráða. Hver hefur afleiðingin verið? Stanslaus fækkun á hverju ári í 30 ár.

[18:18]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Í dag höfum við enn á ný rætt um álver við Reyðarfjörð. Í 1. umr. um frv. sem hér er til umræðu fór ég yfir meginþætti málsins og þarf í raun ekki miklu við að bæta.

Fyrir nokkrum árum var haldin ræða úr þessum stól, að vísu tengd öðru álveri. Það er talin ein stysta ræða sem hér hefur verið haldin, en hún hljóðaði að því er mér skilst eingöngu þannig:

„Álverið rísi."

Herra forseti. Ég gæti út af fyrir sig látið það duga í þessu máli en tel þó rétt að víkja að örfáum atriðum til að hnykkja á varðandi þetta mál.

Það hefur komið skilmerkilega fram í máli hv. þingmanna Samfylkingarinnar sem hér hafa talað fyrr í dag, þ.e. hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur og hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að Samfylkingin styður frv. sem hér liggur fyrir og hefur sá þingflokkur stutt málið. Í því sambandi er hægt að minna á atkvæðagreiðslu varðandi Kárahnjúkavirkjun sem er hluti af öllu þessu máli. Þingmenn Samfylkingarinnar greiddu atkvæði með því að undanskildum tveimur. Sú staða er áfram í þingflokknum þannig að þingflokkurinn stendur nær allur að baki þessu.

Það að reisa álver við Reyðarfjörð hefur auðvitað verið draumur mjög margra Austfirðinga um mjög langa hríð, að vísu ekki endilega álver heldur stóriðjuver sem gæti nýst við að skapa fjölbreyttara mannlíf í fjórðungnum. Það kom fram í ágætri ræðu Guðjóns Guðmundssonar að sannarlega mundi álver við Reyðarfjörð auka fjölbreytni í atvinnulífi Austurlands. Ég þarf ekki að bæta miklu við orð hv. þm. um þau mál. Hv. þm. minntist einnig á að hér væri sannarlega um byggðaaðgerð að ræða og líklega þá stærstu sem farið hefur verið í á Íslandi. Ég vil taka undir það að sannarlega er þetta byggðaaðgerð. Hún er vissulega mjög stór en hún hefur þann ótvíræða bónus, sem við skulum ekki gleyma, að nýtast þjóðfélaginu í heild sinni. Það er auðvitað afskaplega ánægjulegt. Byggðaaðgerðir hafa því miður ekki allar skilað sér jafnaugljóslega í arði til samfélagsins alls. Það þarf auðvitað að halda þessu til haga. Svo virðist sem sumir ákafir andstæðingar þessarar framkvæmdar leggi megináherslu á að þetta sé nær eingöngu hugsanlega til góða fyrir lítinn hluta landsins og hafa jafnvel uppi efasemdir um það að það muni skila sér á þeim hluta landsins.

Hins vegar er ljóst að miðað við samsetningu samfélags okkar skilar svo stórt verkefni sem þetta sér ekki síður á höfuðborgarsvæðinu en á Austurlandi. Auðvitað mun þetta ekki eingöngu skila sér á Austurlandi hvað varðar landsbyggðina. Áhrifin munu einnig ná til Norðurlands. Það sést m.a. á því að ýmsir á Norðurlandi eru í viðbragðsstöðu og hafa sett sig í stellingar. Þeir ætla sér svo sannarlega að hafa gagn af þessum framkvæmdum.

Það sem snýr kannski fyrst og fremst að okkur núna, herra forseti, er hvernig við ætlum að tryggja að við nýtum þessar framkvæmdir sem allra best fyrir landið í heild, þann landshluta sem álverið og virkjunin verða reist í og aðra hluta landsins. Í raun ættum við fyrst og fremst að ræða um það nú hvernig við getum gert þetta sem allra best. Málið er komið í höfn og við eigum að fara að snúa okkur að því að skila þessu sem allra best af okkur þannig að allir þættir málins nýtist sem best og við nýtum þau tækifæri sem þetta verkefni skapar okkur.

Það er mjög ánægjulegt sem fram kom hjá meiri hluta iðnn., sérstaklega hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni sem mælti fyrir áliti meiri hlutans. Nefndin hefur tekið undir till. til þál. sem hér hefur verið lögð fram um rannsóknir á samfélagslegum áhrifum álvers og virkjunarframkvæmda á Austurlandi. Hér er um mjög mikilvæga þáltill. að ræða. Það sem fram kom í máli hv. þm. Hjálmars Árnasonar hlýtur að vekja þá von að sú tillaga verði samþykkt fyrir þinglok í vor. Það teldi ég afskaplega mikilvægt vegna þess að stærsta verkefni okkar er að tryggja að við nýtum þetta tækifæri sem allra best. Til að það megi verða þurfum við að sjálfsögðu að fylgjast með þeim áhrifum sem þessar framkvæmdir hafa svo við getum gripið til þeirra aðgerða sem til þarf til að allt fari á sem bestan veg. Þannig verðum við einnig vör við þau tækifæri sem skapast og getum nýtt þau um leið og þau gefast.

Herra forseti. Áðurnefnd tillaga er nú í meðförum Alþingis og við væntum þess að hún komi hér fljótlega til afgreiðslu þannig að hún nýtist sem allra best til að hægt sé að grípa þau tækifæri sem þarna eru á ferðinni.

Herra forseti. Því miður hafa ýmsir barist mjög hatrammlega gegn þessu máli allt frá upphafi. Sú andstaða óx nokkuð á tímabili en nú virðist hafa dregið verulega úr henni og má segja að það sé auðvitað eðlilegt þegar mál er svo langt fram gengið sem þetta. Menn eiga auðvitað að reyna að gæta hófs í málflutningi og reyna að taka undir með þeim sem hvetja til þess að við reynum að nýta orku okkar og atgervi til að gera sem best úr þessu máli, þá ekki eingöngu á þeim sviðum sem ég hef verið að tilgreina, þ.e. gagnvart atvinnulífi og samfélagsáhrifum eystra og á landinu öllu, heldur einnig gagnvart náttúrunni. Þannig ættu allir að geta sest niður og leitt málið áfram í þeim farvegi. Ég trúi því að þegar fram líða stundir muni verða samstaða um þetta mál eins og orðið hefur um flest stóriðjuverin sem hér hafa verið reist, eftir að þau hafa tekið til starfa. Öll sú svartnættisspá sem yfirleitt hefur verið viðhöfð um þau mál hefur hljóðnað og sem betur fer er ljóst að svartnættið hefur ekki náð fram að ganga. Ég tel fullvíst að svo verði einnig um þetta verkefni.

Herra forseti. Ég tilkynnti í byrjun að ég teldi ekki þörf á að hafa hér langa ræðu. Ég einsetti mér að hafa þessa ræðu mjög stutta. Ég vil þó bæta örlitlu við. Því miður hefur iðulega verið talað um það að Austfirðingar hafi um langt skeið setið, beðið og ekkert gert á meðan þeir voru að bíða eftir álveri. Þetta er fjarstæða. Á Austurlandi hefur, eins og mjög víða um land, verið unnið að því að auka fjölbreytni í atvinnulífi, bæta kjörin og nota öll þau tækifæri sem gefist hafa. En því miður hefur það ekki dugað vegna þess að samfélag okkar er í raun of lítið til að geta boðið upp á alla þá fjölbreytni sem fólk leitar eftir. Þess vegna þarf stórátak sem þetta.

Ég fór yfir það í ræðu minni við 1. umr. hvernig margir okkar Austfirðinga komumst á þá skoðun að þetta væri verkefni sem við þyrftum að fara í. Ég ætla ekki að endurtaka það hér. Ég vil nefna tvennt sem menn hafa á undanförnum missirum og árum byggt upp á Austurlandi sem hefur sem betur fer vaxið og dafnað og mun væntanlega halda því áfram um ókomin ár og verða enn stærri hluti af atvinnulífinu. Þar vil ég fyrst nefna fiskeldi sem hefur rutt sér til rúms á seinni

missirum og er vaxandi atvinnugrein í fjórðungnum og á augljóslega mjög bjarta framtíð fyrir sér. Fiskeldi verður hins ekki í beinni samkeppni, í þeirri merkingu sem við venjulega leggjum í það orð, við álverið en er hluti af því að skapa fjölbreyttara atvinnulíf og að styrkja stoðir samfélagsins.

Ferðaþjónusta hefur einnig farið vaxandi í þessum landshluta. Þar ræður ekki einungis það að þessi landshluti býður upp á gífurlega náttúrufegurð sem dregur að sér ferðamenn. Einnig hefur tækifærum ferðamanna til að koma til landshlutans verið fjölgað. Hafið er beint flug milli Þýskalands og Egilsstaðaflugvallar. Það skapar auðvitað mikla möguleika. Á vordögum mun ný Norræna hefja siglingar til Seyðisfjarðar, sem einnig mun að sjálfsögðu styrkja ferðaþjónustuna. Þannig gætum við haldið áfram. Við gætum í raun og veru farið í gegnum sjávarútveginn sem slíkan. Hann hefur eflst og fjölbreytni þar aukist og mörg fyrirtækjanna verið að styrkjast.

En auðvitað er það þannig að ýmis byggðarlög hafa verið að veikjast vegna þess að þar hefur dregið þar úr sjávarútvegi. Við höfum sannarlega ekki farið varhluta af því að mjög hefur fækkað í ýmsum byggðum. Þannig eru t.d. færð rök fyrir því í ýmsum skýrslum sem gerðar hafa verið varðandi álverið að innviðir samfélagsins geti í raun að stórum hluta staðið undir þeirri þjónustu sem þarf að koma til. Við höfum t.d. skólana suma hverja tilbúna til að taka við fleiri nemendum, leikskóla og þannig gætum við haldið áfram.

Það þarf að vinna að ýmsu fleiru í framhaldi af þessari framkvæmd. Ég ætla í lok ræðu minnar að minnast örlítið á það sem ég tel hvað stærst, litið til framtíðar, varðandi önnur verkefni. Á næstunni munum við hefja jarðgangagerð milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, afskaplega mikilvægt mannvirki sem hins vegar vekur athygli á því að við þurfum að halda áfram við slík verkefni. Það er alveg ljóst að stærsti byggðakjarninn í Fjarðabyggð, Neskaupstaður, þarf sannarlega að tengjast til Eskifjarðar með nýjum jarðgöngum þannig að Neskaupstaður sé á jafnréttisgrundvelli við aðra byggðakjarna Fjarðabyggðar gagnvart þessu stóra verkefni. Þetta er verkefni sem bíður okkar á næstunni sem hlýtur að vera fyrsta skrefið í að tengja áfram leiðir norður á Seyðisfjörð og svo við Hérað.

En við skulum ekki gleyma því að við þurfum einnig að huga að fleiri jarðgöngum í fjórðungnum vegna þess að í jarðgangaáætlun er gert ráð fyrir því að könnuð verði jafnhliða þeim jarðgöngum sem verður farið í næst, jarðgöng annars vegar milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar og hins vegar milli Vopnafjarðar og Héraðs. Ljóst er að ef tengja á norðausturhornið inn á Miðausturland þurfa jarðgöngin milli Vopnafjarðar og Hérðas einnig að verða framkvæmd fyrr en síðar.

Þetta eru að minni hyggju þau stóru verkefni sem bíða okkar nú í framhaldi af þessu stórverkefni sem svo ánægjulegt er að er nú til lokaafgreiðslu í þingsölum. (**Iðnrh.:** Og ríkisstjórn.) Já, hæstv. iðnrh. Það er alveg óhætt að segja að þetta sé eitt af betri málum sem þessi ríkisstjórn hefur unnið að. Ég ætla hins vegar ekki, hæstv. ráðherra, að fara að rifja upp alla sögu þessa máls því að ég tel mig hafa gert það nokkuð þokkalega við 1. umr. og ég ætla ekki að fara að draga upp einhver atvik sem hugsanlega væri hægt að gagnrýna ríkisstjórnina fyrir í málinu. Það finnst mér á þessari stundu vera algert aukaatriði. Ég ætla ekki að rifja upp þann tíma sem ég held að ég deili með hæstv. iðnrh. að okkur hafi ekki liðið allt of vel þegar Norsk Hydro var að draga okkur á ýmsu fyrir nokkrum missirum, en sem betur fer kom Alcoa til sögunnar, áttaði sig á því hversu gott þetta verkefni er og þess vegna er Alcoa komið inn í þessa mynd. Ég tel sem sagt, herra forseti, að þrátt fyrir ríkisstjórnina höfum við náð þessu markmiði og ég endurtek það að ríkisstjórnin hefur að minni hyggju staðið sig býsna vel í þessum málum.

En ég tel ástæðu til að menn gleymi því ekki að miklu fleiri hafa komið að málinu en bara hæstv. ríkisstjórn. Ég þori að fullyrða um það, herra forseti, að heimamenn hafa ekki látið sinn hlut eftir liggja í þessu máli og ég trúi að það hafi skipt töluvert miklu í því hvernig málið hefur fram gengið vegna þess að svona mál vinnast að sjálfsögðu ekki nema tryggð sé býsna góð samstaða meðal heimamanna um málið.

Herra forseti. Ég ætla að ljúka máli mínu með því að endurtaka það sem ég hef áður sagt. Það er afskaplega ánægjulegt að við skulum vera komin svo langt með þetta mál að það styttist óðum í að við getum fagnað því að fyrsta skóflustungan verði tekin að byggingu álvers í Reyðarfirði.

[18:33]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er ekkert nýtt að heyra þau kankast á, fulltrúa Samfylkingarinnar og hæstv. iðnrh., hrósa hvert öðru í hástert fyrir þessar álversframkvæmdir sem þau vilja koma á koppinn. En það var fróðlegt að heyra fulltrúa Samfylkingarinnar segja að það hafi verið hið besta mál að losna við Norsk Hydro út úr dæminu því að ég man ekki betur en það hafi þótt ákjósanlegt meðan sá kostur var uppi. Það minnir okkur á það að við erum í rauninni aldrei búin að standa frammi fyrir fjárhagslega og efnahagslega uppgerðu máli af hálfu ríkisstjórnarinnar heldur einfaldlega pólitískri ákvörðun sem hún var staðráðin í að koma í gegn hvað sem tautaði og raulaði. Þetta hafa verið yfirlýsingar hæstv. iðnrh. alveg frá því að þetta ferli hófst og undir það hefur hv. þm. Einar Már Sigurðarson tekið öllum stundum.

Þetta er eitt mesta deilumál sem uppi hefur verið í íslensku þjóðfélagi í langan tíma. Þar vega að sjálfsögðu þyngst deilur um umhverfismál, þau gríðarlegu spjöll sem verða á náttúru landsins og þær deilur hafa skipt þjóðinni í tvær fylkingar. Við höfum lagt áherslu á að þjóðinni verði gefinn kostur á því að ganga að kjörborðinu og greiða atkvæði um þessar afdrifaríku ákvarðanir en enn sem komið er hefur því verið hafnað og að öllum líkindum mun ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn ekki breyta afstöðu sinni að því leyti þó að við munum að sjálfsögðu láta á það reyna.

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson lét að því liggja að í rauninni væri þessi umræða til lítils vegna þess að málið væri þegar í höfn, þetta væri allt frágengið. Þá spyr maður sjálfan sig hvort það sé þá grín að leggja þetta frv. fyrir Alþingi sem er forsenda þessara framkvæmda. Það er ekki hægt að ráðast í þessar framkvæmdir án þess að Alþingi staðfesti frv. Það eru reyndar fleiri en við í þessum sal sem hafa uppi efasemdir. ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, hefur óskað eftir upplýsingum um samningana við Alcoa og við höfum krafist þess að Alþingi yrði upplýst um hvaða gögn hafa verið send til ESA. Ég hef tekið það upp í efh.- og viðskn. þingsins og óskað eftir því að fá gögnin þar á borðið en því hefur verið neitað nema við séum reiðubúin að undirgangast það að láta ekki uppskátt það sem okkur verður sagt um þessi efni. Í fyrramálið verður fundur í efh.- og viðskn. þar sem ég mun fara fram á að iðnrn. færi rök fyrir því að sveipa

þetta mál leyndarhjúpi. Ég vil fá að vita og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum fá að vita hvað valdi því að það á að leyna þjóðina þessum upplýsingum. Um hvað er verið að fjalla? Verið er að fjalla um niðurgreiðslur og stuðning við álfyrirtækið Alcoa og við viljum fá að vita í hverju þessi stuðningur, sem ESA er hugsanlega að gera athugasemdir við, er fólginn. Er það losunarkostnaðurinn? Er það sá stuðningur sem við erum að veita álfyrirtækinu? Er það það sem ESA hefur efasemdir um? Eru efasemdir um að það samræmist markaðsreglum Evrópska efnahagssvæðisins að láta nánast ókeypis land undir þessar framkvæmdir? Það er niðurgreiðsla. Það er stuðningur við álfyrirtækið Alcoa að láta það fá ókeypis land undir mótorinn fyrir verksmiðjuna vegna þess að þessi virkjun, Kárahnjúkavirkjun, er reist til þess eins að knýja eina verksmiðju og hún á að fá landið ókeypis undir mótorinn. Það er hugsunin. Er það þetta sem ESA er með efasemdir um eða eru það hafnirnar, eru það vegagerð og hafnir? Telja menn það ekki samræmast markaðsreglum hins Evrópska efnahagssvæðis? Er það þessi stuðningur við Alcoa-fyrirtækið sem verið er að fetta fingur út í eða er það vaxtastuðningurinn, eru það niðurgreidd lán sem verið er að gera athugasemdir við? Ég veit það ekki. Hæstv. ráðherra neitar að upplýsa okkur um það í þingsal en krefst þess að verði eitthvað sett á borð fyrir alþingismenn, þá lofi þeir því, þá heiti þeir því að leyna þjóðina þeim upplýsingum. Nú getur það verið vissulega uppi í stöku tilvikum að eðlilegt sé að biðja þingnefndir um trúnað. Það getur verið eðlilegt undir sérstökum kringumstæðum að biðja um trúnað þó að ég hafi efasemdir um það í þessu máli sérstaklega. En sú hætta er fyrir hendi varðandi upplýsingar sem okkur eru kunnar að það gæti orðið erfitt að ræða þær opinskátt í opinni, lýðræðislegri umræðu ef við hefðum áður verið beðin um trúnað í þingefnd um þessar sömu upplýsingar þannig að við óttumst að þetta gæti verið hamlandi fyrir umræðuna.

Það var einhver sem sagði í umræðunni í dag að það væri illa komið þegar þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs væru farnir að hengja sig í ESA og hið Evrópska efnahagssvæði sem eins konar haldreipi í þessu máli, fólk sem margt hvert hafði og hefur ákveðnar efasemdir um samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði og það á vissulega við um sjálfan mig. En þá vil ég segja þetta að ástæðan fyrir því að við mörg hver gagnrýndum EES-samninginn á sínum tíma var að við værum að afsala okkur ákveðnu valdi til að ráða okkar málum sjálf. Út á það gekk gagnrýni okkar. Og það er þannig að ef maður gerir samning, það á við um einstaklinga og það á við um ríki, þá ber að sjálfsögðu að virða þann samning og nú viljum við einfaldlega fá að vita, út á hvað gengur þessi gagnrýni ESA? Getur komið til þess að við verðum skaðabótaskyld ef niðurstaða ESA kemur ekki innan fáeinna daga, ekki áður en samningar eru undirritaðir? Getur svo farið að við yrðum hreinlega skaðabótaskyld? Þarf þá að ganga frá verkinu? Þetta eru spurningar sem er ósvarað.

Það er margt athyglisvert sem fram hefur komið við umræðuna sem ég alla vega staldra við og það er hvernig meiri hluti virðist vera að myndast í þinginu fyrir stóriðjustefnu Framsfl. Ég heyri ekki betur en Samfylkingin sé að taka undir þá stefnu. Það stefnir í að þungaiðnaður verði meira en þriðjungurinn af efnahagsumsvifum þjóðarinnar innan fáeinna ára. Vilja menn þetta? Viljum við fara út á þá braut? Ég fæ ekki betur heyrt en formaður Samfylkingarinnar á góðum stundum hafi talað um nauðsyn þess að efla fjölbreytni í atvinnulífinu. En síðan kemur hann hér og tekur undir með formanni Framsfl. um að við eigum að gera þungaiðnað að kjölfestu í íslensku atvinnulífi. (**Gripið fram í:** Hvaða vitleysa er þetta.) Þetta er rétt, þetta er staðreynd og ég á eftir að fara mun nánar yfir það.

Það er annað sem ég vil líka gera athugasemdir við. Í áliti fulltrúa Samfylkingarinnar sem styður þessar framkvæmdir, t.d. þegar vikið er að ruðningsáhrifum svonefndum í atvinnulífinu af völdum stóriðjunnar, þá segja fulltrúar Samfylkingarinnar í iðnn., hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir og Bryndís Hlöðversdóttir, að hætt sé við því að atvinnustarfsemi sem hafi ekki eins mikla framleiðni og stóriðjan verði látin víkja. Ég held að dæmið snúist ekki um þetta. Dæmið snýst um það að fyrirtæki sem jafnvel hafa miklu meiri framleiðnimöguleika en stóriðjan þurfi að víkja vegna þess stuðnings sem ríki og sveitarfélög veita þessari atvinnustarfsemi. Það er þetta sem hagfræðingar hafa verið að benda á.

Síðan finnst mér að maður hljóti að vekja athygli á nálgun Samfylkingarinnar á málinu, ekki aðeins því sem sagt var fyrir fáeinum mánuðum og ég held lögð fram tillaga um, að þessar virkjunarframkvæmdir séu ákjósanleg umgjörð fyrir þjóðgarð. En hér er talað um annað, að hér sé einstakt tækifæri til byggðarannsókna, einstakt tækifæri sem okkur gefst til byggðarannsókna að fá hingað inn þennan risa frá Ameríku, Alcoa-fyrirtækið, sem reyndar er uppvíst að hrikalegri framkomu í garð verkamanna sem starfa í þriðja heiminum og reyndar í Bandaríkjunum einnig, hrikalegri framkomu, þeir hafa barist gegn því að verkamenn í fátækum ríkjum þar sem fyrirtækið hefur verksmiðjur fái að mynda verkalýðsfélög og gengið mjög hart fram í því efni. En þegar það kemur hingað til Íslands þá gefst einstakt tækifæri til byggðarannsókna.

Á þessu vildi ég vekja máls í upphafi, herra forseti, áður en ég vík að áliti 2. minni hluta efh.- og viðskn. þar sem ég á sæti en þetta mál fór fyrst og fremst til umfjöllunar í iðnn. þingsins sem síðan skaut því til umhvn. og efh.- og viðskn. eftir að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfðu sett fram kröfu um að svo yrði gert því náttúrlega átti að sópa málinu í gegnum þingið umræðulítið og helst án umræðu eins og hv. þm. Einar Már Sigurðarson lét í veðri vaka að hefði verið heppilegast í ræðu sinni áðan. Málið væri í rauninni frágengið, við þyrftum ekki að vera að eyða tíma okkar í það. Þess vegna ætlaði hann ekki að hafa um þetta langt mál.

Í umsögn 2. minni hluta efh.- og viðskn. er fyrst vikið að skattaívilnunum sem Alcoa-fyrirtækinu eru veittar. Gagnvart hinum erlenda eiganda álverksmiðjunnar er að finna undantekningar frá íslenskum skattalögum. Þannig er kveðið á um það að fyrirtækið greiði 18% tekjuskatt eins og önnur fyrirtæki í landinu og verði þetta tekjuskattshlutfall lækkað, þá skuli fyrirtækið njóta góðs af því. Verði tekjuskattshlutfallið hins vegar hækkað skal þetta tiltekna fyrirtæki undanþegið því að tekjuskattshlutfallið skal aldrei vera hærra en 18%. Með öðrum orðum er hér verið að setja þá reglu að Alcoa skuli greiða sama tekjuskatt og íslensk fyrirtæki gera, en fari svo á komandi árum að tekjuskatturinn verði hækkaður þá skal eitt vera tryggt með lögum, með samningum og lögum, og það er það lagafrv. sem liggur núna fyrir þinginu, að sú hækkun skuli ekki ná til Alcoa. Alcoa skal undanþegið. En Alcoa þarf að búa við rekstraröryggi kunna þá einhverjir að segja. En á það ekki við um önnur fyrirtæki? Á það ekki við um atvinnureksturinn almennt í landinu og á það ekki

við um einstaklingana? Viljum við ekki vita nokkurn veginn að hverju við göngum í okkar kjörum þegar við tökum lán, þegar við kaupum húsnæði eða færum út kvíarnar í atvinnurekstri og tökum á herðar okkar fjárskuldbindingar? Vilja ekki allir búa við slíkt rekstraröryggi? Nei, Alcoa skal veitt undanþága að þessu leyti, ívilnun að þessu leyti sem öðrum atvinnufyrirtækjum á Íslandi er ekki veitt.

Varðandi heimild til að draga eftirstöðvar rekstrartapa frá skattskyldum tekjum skal hið sama gilda um þetta erlenda álfyrirtæki og um íslensk fyrirtæki, og hér vitna ég, með leyfi forseta, í frv.: „þó þannig að því skal ávallt heimilt að draga frá skattskyldum tekjum eftirstöðvar rekstrartapa síðustu níu almanaksára". Ef árum verður fækkað, sem heimildin tekur til, mun það ekki gilda um Alcoa. Varðandi heimildir til skattfrádráttar eru þannig einnig ívilnandi ákvæði. Þarna eru því komin tvö dæmi þess að Alcoa er undanþegið óvissuþáttum sem annar atvinnurekstur í landinu þarf að búa við.

Hinn erlendi eignaraðili kemur til með að greiða 5% skatt af þeim hagnaði sem rennur úr landi. Það mun vera í samræmi við tvísköttunarsamninga sem Ísland á aðild að. Þess má geta að skattlagning á hagnað fyrirtækja í Bandaríkjunum er mun hærri en hér á landi eða 35%. Þannig er ljóst að hagnaðurinn af stóriðjufyrirtækinu verður fyrst og fremst skattlagður í móðurlandinu.

Í efh.- og viðskn. þingsins kom fram að ekki hefur farið fram á því könnun hvernig skattlagningu almennt er háttað í frumframleiðsluríkjum bandarískra auðhringa. Menn hafa ekkert grafist fyrir um það hvernig skattlagningu á fyrirtækjum á borð við Alcoa er farið í þeim ríkjum þar sem þau eru, hvorki í Evrópu, Bandaríkjunum né annars staðar í heiminum. Staðreyndin er sú að þessi fyrirtæki eru að leita frá Bandaríkjunum og frá Evrópu bæði vegna mjög hás raforkuverðs en einnig vegna skattlagningar, þau eru að leita inn á svæði þar sem skattar eru lægri.

Álfélaginu og eigendum þess er heimilaður skattfrádráttur í samræmi við 31. gr. laga nr. 75/1981, og hér vitna ég í frv., með leyfi forseta: „eins og sú grein hljóðar á samningsdegi, á upphafstímabili samningsins". Aftur hér fær fyrirtækið skuldbindingu um að það verði undanþegið hvers kyns íþyngjandi ákvæðum sem kynnu að verða sett í lög síðar. Það sem hins vegar er umhugsunarvert í þessu efni er sá háttur sem fjölþjóðleg fyrirtæki eru sögð tíðka að skjóta sér undan sköttum með því að skilgreina arðinn sem vaxtagreiðslur af eigin fjárfestingu. Flókið samspil dótturfyrirtækja sem kaupa og selja hvert af öðru og veita lánafyrirgreiðslu er vel þekkt leið til undanskots frá sköttum. Strangar fyrirbyggjandi reglur hvað þetta snertir hafa sums staðar fælt fjölþjóðleg fyrirtæki frá fjárfestingum. Ekkert virðist hafa komið upp á hér á landi sem Alcoa teldi líklegt til að spilla samningsferlinu að þessu leyti.

Með öðrum orðum, það virðist engin könnun hafa farið fram á skattalegu umhverfi stóriðjufyrirtækja á borð við Alcoa þótt eftir því væri gengið í efh.- og viðskn. og lagt til að slík athugun yrði gerð en þetta er staðreynd sem ég hef vikið að, að þessi fjölþjóðlegu fyrirtæki koma sér hjá því að greiða skatta í frumframleiðsluríkjunum annars vegar með því að mynda mörg dótturfyrirtæki sem lána hvert öðru og í stað þess að taka hagnaðinn út eru þau stöðugt að greiða hvert öðru vexti af lánum sem telst til kostnaðar fyrirtækjanna. Síðan eru margvíslegar millifærslur á milli dótturfyrirtækjanna sem eru þess valdandi að fyrirtækin komast hjá því að greiða skatta.

Að ýmsu leyti er skattlagningu á álfyrirtækinu öðruvísi háttað en hjá íslenskum fyrirtækjum og hefði verið æskilegt að fyrir lægi nákvæmt mat á þessum mismun. Stuðningur við erlend stóriðjufyrirtæki með skattaívilnunum hefur verið verulegur í tímans rás og má nefna að Eftirlitsstofnun EFTA hefur metið skattaívilnanir til Norðuráls sem beina styrki. Og í greinargerðinni sem fylgir umsögn 2. minni hluta efh.- og viðskn. er vitnað í plagg frá Eftirlitsstofnun EFTA hvað þetta snertir.

Samkvæmt frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að skattar eða gjöld verði lögð á raforkunotkun félagsins eða losun á lofttegundum eða öðrum úrgangsefnum. Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. um þetta efni, með leyfi forseta: „Hvað varðar skatta og gjöld vegna losunar lofttegunda eða annarra úrgangsefna þá gerir fyrirliggjandi stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum ekki ráð fyrir því að slíkir skattar eða gjöld verði lögð á gróðurhúsalofttegundir." Síðan er klykkt út, með leyfi forseta:

„Af hálfu viðsemjenda ríkisstjórnarinnar er talið mikilvægt að jafnræðis sé gætt við álagningu slíkra skatta eða gjalda ef til þess kemur."

Við þessum tilmælum varð ríkisstjórnin því að í sjálfum frumvarpstextanum segir, með leyfi forseta: „að skattar eða gjöld verði ekki lögð á raforkunotkun félagsins og útblástur lofttegunda eða aðra losun úrgangsefna, nema slíkir skattar og gjöld séu lögð með almennum hætti á öll önnur fyrirtæki hér á landi, þar með talin álfyrirtæki."

Víða erlendis fer fram umræða þess efnis að leggja beri sérstakan skatt á mengandi stóriðjufyrirtæki en með þessu lagaákvæði yrði Alcoa undanþegið slíkri skattlagningu. Þá aðeins yrði heimilt að skattleggja þetta fyrirtæki í samræmi við þá umhverfisstefnu sem kynni að verða ofan á í framtíðinni að öll önnur fyrirtæki hér á landi yrðu látin greiða samsvarandi skatt.

Þarna teljum við að ríkisstjórnin sé að gera mjög afdrifarík mistök. Þarna er ríkisstjórnin á engan hátt í takt við tímann eins og hér hefur verið rakið.

Ríkisskattstjóri gerir í álitsgerð sinni athugasemdir við ónákvæmni í textagerð frumvarpsins. Reyndar er margt ónákvæmt í þessu máli öllu eins og við höfum margoft komið inn á. Að öðru leyti er rétt að staðnæmast við þá ábendingu skattyfirvalda að þau frávik sem gerð eru frá almennum skattalögum eru talin óæskileg, og þá vísa ég í þær undantekningar sem ég hef vikið að. Um þetta segir í bréfi ríkisskattstjóra til efnahags- og viðskiptanefndar, með leyfi forseta: „Frá sjónarhóli skattframkvæmdar má almennt segja að óæskilegt sé að láta sérreglur gilda um tiltekna skattaðila, en með hliðsjón af því hvernig þetta mál er vaxið þykir ekki ástæða til að gera það að sérstöku umfjöllunarefni að öðru leyti." Samningurinn við Alcoa byggist á þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að veita frávik frá almennum skattalögum. Ég ítreka þessa afstöðu ríkisskattstjóra sem telur að slík frávik séu óæskileg. Í ljósi þessa er rétt að leggja áherslu á eftirfarandi sem ég hef hér vikið að:

1. Það vantar heildstætt mat á frávikum frá venjulegum skattareglum.

2. Ákvæði um að ekki megi hækka tekjuskatt er vafasamt og setur slæmt fordæmi.

3. Takmarkanir á umhverfisskatta eru mjög vafasamar. Mjög erfitt er að setja CO_2-skatt á alla notendur. Hins vegar mun myndast markaður með CO_2-kvóta ef hann verður almennur. Hér er um verulega ívilnun að ræða og er fráleitt að

samþykkja að ekki megi setja mengunargjald á stórnotendur CO_2-kvóta.

Á fundi efh.- og viðskn. mánudaginn 10. febrúar sl. komu fram mjög miklar efasemdir um þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar arðsemismati virkjanaframkvæmdanna. Þorsteinn Siglaugsson hagfræðingur sem var í hópi þeirra sem sóttu þennan fund greindi frá mjög ítarlegri skýrslu um samanburð á kostnaðaráætlunum og endanlegum niðurstöðum í sambærilegum framkvæmdum erlendis. Ég vil vísa í samanburðartöflu sem er birt með umsögn 2. minni hluta efh.- og viðskn. sem Þorsteinn tók saman og byggir á þessari erlendu samanburðarskýrslu sem Bent Flyvbjerg er skrifaður fyrir og heitir: Underestimating Costs in Public Works Projects. Það er byggt einnig á svörum Landsvirkjunar og borgarhagfræðings við fyrirspurn sem fram hefur komið í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar.

Á fundi efh.- og viðskn. hinn 13. febr. sl. bar ég upp þá tillögu að fenginn yrði óháður aðili til að gera sjálfstæða rannsókn á þeirri áhættu sem fylgdi þessum stóriðjuáformum. Slíkur aðili skyldi meta líkur á mögulegum umframkostnaði við Kárahnjúkavirkjun. Í því sambandi var vísað í framangreindar kannanir og röksemdafærslu sem m.a. hafði komið fram hjá Sveini Aðalsteinssyni viðskiptafræðingi og mjög misvísandi upplýsingar sem fram höfðu komið frá framkvæmdaraðilum auk þess sem ýmsum spurningum hefur ekki verið svarað.

Tillaga um óháða könnun var borin undir atkvæði og var fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs einn um að styðja hana. Fulltrúar annarra flokka í nefndinni sáu með öðrum orðum ekki ástæðu til að styðja tillögu þess efnis að gerð yrði sjálfstæð rannsókn á þeirri áhættu sem fylgdi þessum stóriðjuáformum.

Ég vek athygli á því að við umræðuna hér í dag hafa menn vísað aftur og ítrekað í hina traustu útreikninga og niðurstöður Landsvirkjunar og það hafa verið fengnir aðskiljanlegir aðilar til þess að fara yfir þessa útreikninga. En þá vill eitt gleymast. Það eru sjálfar forsendurnar sem byggt er á. Það eitt hafa hinir óháðu aðilar verið að gera að skoða hvernig útreikningarnir eru framkvæmdir, útreikningarnir sem hvíla á þessum forsendum. Það eru forsendurnar sjálfar sem eru hins vegar umdeildar og umdeilanlegar. Hverjar eru þær? Hvað ræður því hvort þessi framkvæmd verður arðbær eða ekki? Hvað ræður því?

Það er aðallega tvennt: Hver er stofnkostnaðurinn? Hvað kostar að reisa virkjunina? Og í öðru lagi: Hvað fáum við fyrir okkar afurð, fyrir raforkuna? Þetta eru þeir tveir þættir sem ráða því hvort framkvæmdin verður arðsöm eða ekki, þ.e. hvað kostar að reisa mótorinn og á hvaða kjörum við fáum lánin sem við þurfum að taka til að ráðast í framkvæmdina og hvað við síðan fáum fyrir raforkuna.

Þessir þættir báðir eru háðir geysilegri óvissu og samanburðarskýrslan sem ég vísaði í, sem Þorsteinn Siglaugsson hagfræðingur lagði fyrir nefndina og er byggð á rannsóknarvinnu Bents Flyvbjergs og síðan svörum frá Landsvirkjun og innlendum aðilum, sú tafla sem hann lagði fram sýnir fram á að áhættuþátturinn er vanmetinn af hálfu Landsvirkjunar. Hann er stórlega vanmetinn.

Við óskuðum þess vegna eftir því í ljósi þessara nýju upplýsinga og þessara upplýsinga að fenginn yrði óháður aðili til að fara yfir málið. Því var hafnað. Við vorum ein um það, fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í efh.- og viðskn., að greiða þeirri tillögu atkvæði að málið yrði kannað af óháðum aðila.

Í kjölfarið sendi þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs út fréttatilkynningu þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Á fundum efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi hefur komið fram að mat Landsvirkjunar á líkum á umframkostnaði við Kárahnjúkavirkjun er grundvallað á afar veikum forsendum. Ekkert tillit er tekið til reynslu af alþjóðlegum verkefnum af sambærilegri stærð.

Samkvæmt alþjóðlegri rannsókn á 258 stórverkefnum af svipuðum toga og Kárahnjúkavirkjun er, fara jarðganga- og brúarverkefni að meðaltali um 33% fram úr upphaflegri kostnaðaráætlun. Samkvæmt annarri alþjóðlegri rannsókn á stíflugerðarverkefnum fara þau að meðaltali 56% fram úr áætlun. Samkvæmt þessu væri eðlilegast gera ráð fyrir að endanlegur kostnaður við Kárahnjúkavirkjun gæti orðið að minnsta kosti 130 milljarðar króna í stað tæplega 100 milljarða eins og nú er ráð fyrir gert. Þetta hefði það í för með sér að tekjur af virkjuninni stæðu ekki undir vaxtagreiðslum, heldur þyrftu eigendur að greiða beint með henni, eða ná tapinu til baka með hærra orkuverði til almennings og fyrirtækja. Slíkt stæðist ekki lög.

Landsvirkjun gerir hins vegar ráð fyrir að afar litlar líkur séu á að verkefnið fari fram úr kostnaðaráætlun. Sú forsenda byggist á reynslu af fimm litlum verkefnum á tímabilinu 1996–2001. Í matsskýrslu Sumitomo Mitsui sem lögð er til grundvallar því áliti að verkefnið sé arðbært segir hins vegar um þetta efni að áhættumatið sé byggt á öllum fyrri verkefnum Landsvirkjunar, „... the previous construction projects of Landsvirkjun". Að meðaltali eru þessi verkefni aðeins 6% af stærð Kárahnjúkavirkjunar og mun einfaldari. Ekkert tillit er tekið til reynslunnar af stórvirkjunum á borð við Búrfell, Sigöldu, Kröflu eða Blönduvirkjun og engin athugun hefur farið fram á sambærilegum verkefnum erlendis.

Því er ljóst að áhættumat Landsvirkjunar er byggt á afar veikum grunni. Það hlýtur að vera grundvallarforsenda fyrir því að ráðist verði í verkefnið, að trúverðug athugun á reynslu af sambærilegum verkefnum fari fram."

Þetta sagði í ályktun sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs sendi frá sér.

Það vekur sérstaka athygli, að svo virðist sem Sumitomo gangi út frá því, að listi yfir fimm tiltölulega smáar framkvæmdir sé tæmandi yfir allar framkvæmdir Landsvirkjunar.

Í þessu samhengi er jafnframt rétt að vekja athygli á svörum Landsvirkjunar varðandi misræmi í kostnaðartölum á milli umræddrar skýrslu og ársskýrslu Landsvirkjunar fyrir 2001. Í svari við fyrirspurn borgarfulltrúa um þetta misræmi er einu svarað um viðmiðunargengi varðandi þessar tölur, en öðru þegar undirritaður spyr — og ég birti fylgigögn með minnihlutaálitinu. Í svarinu til borgarfulltrúa sem birt er 14. janúar sl. segir, með leyfi forseta:

„Nokkur umræða hefur verið um meint ósamræmi á milli framsetningar á stofnkostnaði í ársskýrslu Landsvirkjunar 2001 annars vegar og skýrslu Sumitomo Mitsui Banking Corporation hins vegar. Hefur því verið haldið fram að í ársskýrslunni sé stofnkostnaður framkvæmda vegna sölu til Reyðaráls áætlaður 118 milljarðar króna á meðan sami kostnaður sé talinn 102 milljarðar króna í skýrslu Sumitomo."

Síðan segja þeir að þarna sé um misskilning að ræða.

Engu að síður, eins og fram kemur í gögnum sem ég birti með álitinu, er öðru haldið fram í svari til mín.

Ég ætla ekki að lesa upp þessi mismunandi svör. En mér finnst það vera mjög alvarlegt mál ef Landsvirkjun hefur gefið bankanum sem á að meta útreikninga Landsvirkjunar misvísandi upplýsingar. Ég hef kallað eftir því að Landsvirkjun geri rækilega grein fyrir því misræmi sem fram kemur í þeim svörum sem hafa verið veitt, annars vegar mér og hins vegar inn í borgarkerfið.

Hvað hafa menn verið að deila um í borginni? Það vakti mikla athygli þegar fulltrúar Sjálfstfl., Framsfl. og einhverjir fulltrúar Samfylkingar þar greiddu því atkvæði að borgin gengist í ábyrgð fyrir þessa samninga. Þar voru menn fyrst og fremst að deila um það eða ræða hvort líkur væru á því að bókhaldslegt tap yrði á framkvæmdinni, þ.e. hverjar líkurnar væru á því að hreint tap yrði af framkvæmdinni, að við ættum ekki fyrir skuldunum, að við fengjum ekki nægilegt verð fyrir orkuna til þess að greiða skuldirnar, vexti og afborganir af lánunum. Í þessari margfrægu eigendaskýrslu töldu þeir sérfræðingar sem fóru þar í saumana á málum að ekki væru miklar líkur á þessu. Það töldu þeir. Hins vegar þótti mér mjög undarlegt ósamræmi á milli niðurstaðna og þess sem sagt var í skýrslunni sjálfri, því að þar kom fram að ef stofnkostnaðurinn yrði hækkaður, ef hann hækkaði af ófyrirsjáanlegum ástæðum, segjum um 30%, þá væri öll framkvæmdin komin í bullandi mínus, þá væri orðið bókhaldslegt tap á framkvæmdinni. Engu að síður sögðu þeir í niðurstöðum sínum að þeir teldu að ekki yrði mikil hætta á því að reyna þyrfti á þessa ábyrgð eignaraðilanna. Þeir töldu svo ekki vera.

Um þetta snýst þessi deila. Hún snýst um það hvort við eigum fyrir skuldunum. Hins vegar snýst hún um hitt, þ.e. að þeir sem telja að ekki verði bókhaldslegt tap á þessu eru engu að síður margir á þeirri skoðun að þetta verði ekki arðsöm framkvæmd, að arðsamara væri að beina fjárfestingum inn á allt aðrar brautir.

Í áliti mínu, 2. minni hluta efh.- og viðskn., vík ég að niðurgreiðslu framkvæmdanna, opinberri niðurgreiðslu. Á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar er sem kunnugt er einkavæðing almannaþjónustunnar og þar með stoðkerfa samfélagsins. Á öllum sviðum er verið að búa í haginn fyrir einkavæðingu. Í lok síðasta árs var veitt lagaheimild til að hlutafélagavæða Norðurorku og fyrir þinginu liggur frumvarp um heimildir til sveitarfélaga að breyta vatnsveitum í hlutafélög. Í þessu ljósi hafa menn metið fyrirhugaðar framkvæmdir og aðkomu Landsvirkjunar og borið saman aðkomu fyrirtækis í almannaeign og hins vegar ef um engan stuðning væri að ræða af hálfu hins opinbera.

Ég vil vekja athygli á því að í raforkulagafrv. sem liggur núna fyrir þinginu er talað um það alveg hreint út að breytingar sem eru fyrirhugaðar hér í raforkumálum hafi það fyrst og fremst að markmiði að markaðsvæða allan þennan geira. Þá fara menn að spyrja út í þann stuðning sem Landsvirkjun hafi nú og bera saman aðkomu fyrirtækis í almannaeign og hins vegar ef um engan stuðning væri að ræða hjá hinu opinbera.

Landsvirkjun greiðir ekki skatta og nýtur ríkisábyrgðar af lánum, og getur því boðið upp á ódýrari raforku en ella.

Rask á landi er ekki metið til fjár og landið er látið stóriðjuverkefninu ókeypis í té, sem telja verður fráleitt í ljósi sívaxandi gildis óspjallaðrar náttúru sem framtíðarauðlindar. Hér er ekki vísað til lands sem fasteignar í hefðbundnum skilningi heldur öllu fremur landslags sem ekki er á fasteignamarkaði, en er verðmætt í augum margra. Enginn vafi leikur á að aðrir landnýtingarmöguleikar en virkjun í þágu stóriðju eru fyrir hendi sem lúta að ferðaþjónustu. Óspjallað land verður sífellt verðmætara og sjaldgæfara í Evrópu. Fáir staðir eru aðgengilegri frá meginlandi Evrópu fyrir ferðamenn sem vilja sjá óbyggðir en Ísland.

Að engu leyti er hugað að umhverfiskostnaði, losunarsköttum eða kostnaði við landið. Varðandi aðra landnýtingarmöguleika má m.a. benda á að athugun Nele Lienhoop, nema í umhverfisfræðum í Skotlandi, sýnir að Íslendingar væru tilbúnir að greiða um 400 millj. kr. á ári í auknum sköttum fyrir að eiga svæðið norðan Vatnajökuls sem þjóðgarð. Hún beitti spurningakönnun, skilyrtu verðmætamati sem svo er nefnt. Þetta er meistaraprófsverkefni sem ítarlega var greint frá í fjölmiðlum sumarið 2001. Viðhorf af þessum toga eru mjög að festast í sessi og gera meira vart við sig.

Hvorki Landsvirkjun né stjórnvöld hafa gert neina athugun á raunverulegu virði þess ríkisstyrks sem felst í niðurgreiddum vöxtum. Samkvæmt leiðbeiningum norska fjármálaráðuneytisins ber að gera kröfu um 4,5 prósentustiga álag á ríkistryggða vexti þegar um virkjanaframkvæmdir er að ræða þar í landi. Tæpast þarf um það að deila að áhætta við byggingu og rekstur Kárahnjúkavirkjunar er a.m.k. jafnmikil og við byggingu og rekstur álvers.

Friðrik Már Baldursson sagði í erindi sem hét Náttúran, stóriðja og nýskipan raforkumála sem flutt var á ráðstefnu viðskipta- og hagfræðideildar í október 2001, með leyfi forseta:

„Í áhættunni felst kostnaður sem taka verður með í reikninginn. Samningar um raforkuverð til stóriðju tengja t.d. yfirleitt raforkuverðið hlutfallslega við markaðsverð á áli. Það þýðir að tekjuáhætta í virkjun fyrir álver er ákaflega svipuð og í álverinu sjálfu."

Sá helmingsmunur sem er á ávöxtunarkröfu til álvera og kröfu Landsvirkjunar til fjárfestingar í Kárahnjúkavirkjun hlýtur að túlkast sem beinn ríkisstyrkur. Sá styrkur nemur a.m.k. um 3–4 milljörðum kr. á ári. Skattfrelsi, ókeypis land og lánsábyrgð er ekki metið til fjár né tap annarrar nýtingar vegna ferðamanna. Þessi sérstaða skekkir samkeppnisstöðu Landsvirkjunar gagnvart öðrum atvinnurekstri og gefur villandi upplýsingar um arðsemi og fórnarkostnað framkvæmda Landsvirkjunar. Styrkinn sem felst í lánsábyrgðum má meta sem muninn á vaxtagreiðslum á lánum vegna virkjunarinnar með og án ábyrgða.

Fram kom í máli fjármálastjóra Landsvirkjunar á orkuþingi Samorku haustið 2001 að fyrirtækið hefði kannað hvaða vexti þyrfti að greiða af lánum vegna Kárahnjúkavirkjunar ef hún nyti ekki opinberra ábyrgða. Fram kom að vextirnir mundu hækka mikið frá því sem nú er en engin tala hefur þó heyrst í því sambandi. Stjórnvöld hafa ekki lagt fram yfirlit um fjárhæð skattastyrkja vegna Kárahnjúkavirkjunar og Fjarðaáls. Þau hafa ekki lagt fram fjárhagslegt mat á stuðningnum sem felst í opinberum lánsábyrgðum. Þau hafa ekki heldur metið landið sem spillist við virkjunina til fjár. Meðan þær liggja ekki fyrir geta landsmenn ekki tekið upplýsta afstöðu til mestu framkvæmdar í sögu sinni.

Hvað er verið að segja? Í raun er ljóst að ef stefna ríkisstjórnarinnar um markaðsvæðingu og einkavæðingu raforkugeirans hefði náð fram að ganga væri stuðningurinn sem hér hefur verið tilgreindur ekki fyrir hendi. Framkvæmdin væri þess vegna þeim mun óhagkvæmari fyrir kaupanda orkunn-

ar. Framkvæmdin hefði orðið dýrari sem þessu nemur. Ef fyrirtækið væri komið á markað hefði ekki verið ráðist í þessa framkvæmd vegna þess að hún hefði verið talin óarðbær. Hún gengi ekki upp á markaði. Ég var að gagnrýna þetta í upphafi máls míns í minnihlutaáliti Samfylkingarinnar þar sem segir að fyrirtækjum sem eru óarðbærari, hafa minni arðsemi en virkjunarframkvæmdin yrði rutt til hliðar, þ.e. sú hætta væri fyrir hendi.

Ég er að segja: Það er hætta á því að atvinnurekstri sem er arðbærari en stóriðjuframkvæmdin verði rutt til hliðar, að arðbærari atvinnurekstri verði rutt til hliðar af þessari framkvæmd sem er óarðbær fyrir íslenska þjóð. Álfyrirtækið kemur náttúrlega til með að mala gull. Það hefur aldrei komist í annað eins og Framsfl. á Íslandi. Það er slíkur happafengur að hafa fundið þennan flokk sem lýsir því yfir í ræðu og riti að það sé mikið traust á Íslendingum sem Alcoa sýni að koma hingað. Það er vegna þess að við erum að láta þetta fyrirtæki fá raforku á útsöluprís. Þeir hafa aldrei séð annað eins. Þeir eru að pakka saman heima fyrir, draga saman seglin þar, loka verksmiðjum til að flytja starfsemi sína hingað þar sem sköttum er haldið í lágmarki og raforkan er á útsöluprís. Hún er svo ódýr að það er ekki þorandi að segja þjóðinni frá því.

Það er ekki þorandi að segja almennum raforkukaupendum á Íslandi frá því hver gjafaprísinn er til erlenda álfyrirtækisins. Umræðan hér á Alþingi og í þjóðfélaginu snýst um spurninguna: Eigum við fyrir skuldunum? Verður bókhaldslegt tap á framkvæmdinni eða ekki? Mun ábyrgðin falla á eignaraðilana, Reykjavíkurborg, Akureyri og ríkið? Eða sleppum við? Síðan leyfa menn sér að koma í ræðustól á Alþingi og segja að það sé þess virði að fórna einhverjum vermætustu náttúruperlum landsins og veraldarinnar vegna þess að efnahagslegur ávinningur sé svo mikill. Um leið eru menn að deila um það hvort okkur muni takast að skrapa upp í skuldirnar, upp í afborganir af lánum sem eru nauðsynleg til að ráðast í þessar framkvæmdir. Þetta eru mótsagnirnar í umræðunni.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann hyggist ljúka ræðu sinni innan fimm mínútna.)

Það mun ég ekki gera.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Þá vill forseti biðja hv. þm. um að gera hlé á ræðu sinni þegar vel stendur á.)

Það er sjálfsagt að gera hlé á ræðu minni núna.

[Fundarhlé. — 19:24]

[20:00]

Ögmundur Jónasson (frh.)**:**

Herra forseti. Það er einkar ánægjulegt að hæstv. fjmrh. skuli vera við umræðuna því að nú vík ég sérstaklega að efnahagsumræðunni, efnahagslegum áhrifum þessara framkvæmda, en á fund efh.- og viðskn. þingsins komu fulltrúar Seðlabanka, fjmrn., greiningardeilda fjármálafyrirtækja, háskólakennarar og ýmsir sérfræðingar sem hafa sent frá sér ýmis gögn um efnahagslegar afleiðingar og hliðarverkanir fyrirhugaðra álframkvæmda. Á fundi efh.- og viðskn. lýsti fulltrúi Seðlabankans því yfir að verkefnið væri viðráðanlegt að þeirra mati en þegar eftir var leitað komu engu að síður í ljós mjög miklir fyrirvarar, í fyrsta lagi að framkvæmdin væri af slíkri stærðargráðu að efnahagssérfræðingar væru komnir „út fyrir sinn reynsluheim". Í þessari framkvæmd byggðu efnahagssérfræðingar þess vegna að verulegu leyti á ágiskunum.

Í öðru lagi kom í ljós að bankinn hefði ekki tekið afstöðu til þeirra miklu deilna sem risið hafa í þjóðfélaginu um arðsemi framkvæmdanna. Hvort heppilegt væri að ráðast í þessar framkvæmdir með tilliti til annarra valkosta í þróun atvinnulífsins væri einfaldlega nokkuð sem bankinn hefði hvorki skoðað né tekið afstöðu til. Þetta er náttúrlega lykilatriði. Efnahagssérfræðingar ríkisstjórnarinnar eru einvörðungu að fjalla um málið með tilliti til umfangs verkefnanna, ekki hvort þau eru æskileg eða arðsöm. Gott ef einhver orðaði það ekki svo að við gætum allt eins verið að fjalla um að reisa pýramída á miðhálendinu, þeir tækju ekki afstöðu til þess hvort framkvæmdin væri arðsöm eða ekki, heldur einvörðungu um innspýtingu á fjármagni og hvaða áhrif þetta mundi hafa á efnahagsstarfsemina út frá umfanginu, nánast.

Í þriðja lagi kom fram að hvorki Seðlabankinn né fjmrn. treystu sér til að meta hvaða langtímaáhrif breytt samsetning efnahagslífsins, þar sem þungaiðnaður í erlendri eign vegur sífellt meira í efnahagsstarfseminni, hefði á efnahagslífið í heild og þá sérstaklega á tekjustreymi til ríkis og sveitarfélaga. Þá hafa rannsóknir sýnt að áliðnaður er líklegur til að ýta undir sveiflur í efnahagslífinu. Ég ætla að víkja að þessu seinna en þetta þriðja atriði skiptir náttúrlega mjög miklu máli. Þegar metið hefur verið hvaða afleiðingar þetta hafi á ríkisbudduna og fjárhag viðkomandi sveitarfélaga hefur engin tilraun verið gerð til þess að kanna hvernig breytt samsetning efnahagslífsins hafi áhrif á skatttekjur ríkissjóðs, þar sem áliðja og áliðnaður, þungaiðnaður, er orðið að kjölfestu. Það hefur engin tilraun verið gerð til að skoða þetta.

Í fjórða lagi kom fram, bæði hjá fulltrúum Seðlabanka og fjmrn., að á þeirra vegum hefði ekkert mat verið lagt á vinnsluvirði framkvæmdanna. Engir útreikningar hefðu farið fram á því hver ætla mætti að yrði ávinningurinn fyrir íslenskt efnahagslíf, hve mikið af væntanlegum arði af rekstri stóriðjunnar sæti eftir í landinu eftir að vaxtakostnaður og arður hefði verið færður úr landi.

Engin tilraun hefur verið gerð til að skoða þetta. Hlýtur ekki að vera lykilatriði í málinu hverju þetta skilar inn í efnahagskerfi okkar?

Menn hafa verið að bera þetta saman við sjávarútveg sem vegur þungt hér í efnahagsstarfseminni. Við flytjum út sjávarafurðir fyrir rúmlega 120 milljarða kr., ef ég man rétt, og samkvæmt áætlunum ríkisstjórnarinnar, a.m.k. Framsfl. sem hefur boðað hér nýja framtíðarsýn í atvinnumálum Íslendinga, á þungaiðnaður að vega mjög þungt, á að verða hornsteinn velferðarkerfisins, segir hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. Það hefur engin tilraun verið gerð til þess að kanna hverju þetta skilar inn í efnahagskerfið. Þegar allt kemur til alls hefur sjávarútvegurinn skilað arðinum upp úr sjónum inn í hinn íslenska þjóðarlíkama. Það hefur að sönnu verið að færast í vöxt í seinni tíð að fjármunir úr sjávarútvegi eru fluttir í stórum stíl úr landi. Það er rétt. En í þessu tilviki er eignarhaldið á atvinnustarfseminni í erlendum höndum og fyrirtækið mun að sjálfsögðu taka arðinn og flytja hann úr landi.

Við getum þá haft af þessu hagnað með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi og fyrst og fremst ætti það að vera fyrir sölu á okkar afurð, sem er raforkan, og það eru mikil áhöld um það hvort við rísum þar undir tilkostnaðinum, eins og ég gat um áðan, eða hvort það verði bókhaldslegt tap á fram-

kvæmdinni. Það er ekki fyrirséð og það veit enginn vegna þess að það eru svo margir og stórir óvissuþættir í málinu. Það veit enginn hver stofnkostnaðurinn verður. Þetta er bara puttinn upp í loftið og samkvæmt öllum könnunum og samanburðarskýrslum sem unnar eru á vegum Alþjóðabankans og sérfræðinga vanáætla menn óvissuþáttinn stórlega. Með öðrum orðum, það veit enginn hvað við fáum fyrir raforkuna, hvort það verður einhver hagnaður eða hvort það verði hugsanlega stórfellt tap á henni. Og þá er spurningin um hitt: Hvernig náum við í tekjur af álframkvæmdinni? Það efast ekki nokkur maður um að Alcoa muni græða á þessu. Stórfyrirtæki sem lendir í því happi að semja við Framsfl. um álverksmiðju mun náttúrlega græða á tá og fingri vegna þess að raforkan verður seld á útsöluprís. Það er ekki þorandi að segja þjóðinni frá því hvert verðið er, það yrði sennilega uppreisn í landinu af hálfu þeirra sem þurfa að borga raforkuna hérna til húshitunar eða annarra fyrirtækja. Þetta vitum við sem sagt ekki.

Við vitum ekki um raforkuþáttinn en, eins og ég var kominn að, hvað með tekjurnar? Jú, við ætlum að skattleggja tekjurnar af starfseminni hér innan lands, 18% tekjuskatt, ekki hærra, jafnvel þó að hann verði hækkaður á önnur fyrirtæki, ekki á Alcoa. Það eru sérsamningar við Alcoa, ívilnandi samningar að þessu leyti og öðru leyti einnig. Þessi fyrirtæki eru ekkert sérstaklega vön því að greiða tekjuskatt, þau haga sínum málum þannig, stilla upp mörgum dótturfyrirtækjum, lána hvert öðru og greiða síðan vexti af lánum, þeir eru færðir til rekstrar og koma ekki til skattlagningar. Það sem fer út úr landinu engu að síður sem hagnaður verður skattlagt 5%. Þegar það kemur til Bandaríkjanna, til móðurlandsins, þegar komið er út úr frumframleiðslulandinu — ég ætla ekki að segja nýlendunni — þar sem hagnaðurinn er skattlagður 5% er skattlagningin 35%. Þar verður skattlagt, þar rennur þetta inn í samfélagið.

Síðan eru náttúrlega umsvif í kringum þessa starfsemi, það eru margir sem vinna við álverið, eitthvað innan við 400 manns. Síðan eru menn að tala um afleidd störf, 750, gefum okkur að það verði 1.000 störf, sem er ekki einu sinni meðaltalsaukning á störfum á Íslandi síðustu 10, 20, 30 árin, frá 1970. Það nær ekki einu sinni meðaltalsaukningu á störfum á ári á síðustu þremur áratugum. Stundum hefur aukningin verið talsvert meiri. Á samdráttarskeiðum hefur hún verið minni og stundum samdráttur eins og samdráttarskeið segir til um, eins og á árunum 1991 og 1992, þá fækkaði heldur störfum. Að meðaltali hefur þó störfum hér fjölgað um 1.500 á ári. Við erum að tala um langt undir meðaltali sem menn ætla að kosta 250–300 milljörðum til. Þetta er staðreynd málsins. Nema af þessum mannskap, af þessum starfsmönnum innan álverksmiðjunnar og afleiddum störfum, mun að sjálfsögðu koma tekjuskattur í opinbera sjóði eins og af öðrum störfum hér í landinu.

Þetta er sem sagt ávinningurinn sem hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. segir að muni gefa svigrúm fyrir opinbera sjóði upp á 25 milljarða á kjörtímabilinu, og það sé svigrúm til að ráðast í skattalækkanir og aukin útgjöld upp á 15 milljarða á ári vegna þessara framkvæmda. En það eru engin rök færð fram fyrir þessum staðhæfingum. Síðan talar sami maður, formaður Framsfl., um óábyrga vinstri menn, maður sem setur bara puttann upp í loftið og staðhæfir út í loftið eitthvað sem engin innstæða er fyrir, án nokkurs rökstuðnings. Væri ekki ástæða til þess að fulltrúar Framsfl. kæmu hingað og stæðu fyrir sinni pólitísku stefnu? Það er ábyrgðarhluti að boða það að með þrýstingi ríkisins verði þjóðinni þröngvað inn í stóriðjufarveg í atvinnumálum. Það er ábyrgðarhluti að beita löggjafarvaldinu til þess, hverfa síðan af hólmi og skýra ekki mál sitt. Mér finnst þetta vera í hæsta máta mjög óeðlilegt. En það væri fróðlegt að heyra hvernig hæstv. fjmrh. leggur mat á þessa breyttu samsetningu efnahagslífsins. Hvernig metur hæstv. fjmrh. hvaða afleiðingar þetta muni hafa fyrir ríkissjóð og sveitarsjóði í framtíðinni þegar búið er að gera stóriðju í erlendri eign að meira en þriðjungi af efnahagsstarfseminni í landinu? Að því er stefnt innan fárra ára.

Nú er ég búinn að gera grein fyrir því hvernig skattlagningu er háttað, eða öllu heldur hvernig henni er ekki háttað. Tekjurnar af þessum atvinnurekstri skila sér inn í almannasjóði í miklu minna mæli en gerist í atvinnurekstri, þar á meðal sjávarútvegi sem er á íslenskri eignarhendi.

Enginn af þessum grundvallarþáttum hefur verið gaumgæfður af hálfu efnahagssérfræðinga ríkisstjórnarinnar og enginn samanburður hefur verið gerður á skattlagningu stóriðjufyrirtækja í Evrópu og Bandaríkjunum þrátt fyrir að eftir því hafi verið leitað. Ég óskaði eftir því aftur og ítrekað að við fengjum yfirlit yfir skattlagningu, hvernig henni væri háttað í þeim ríkjum sem hýstu þetta ágæta fyrirtæki, Alcoa. Reyndar finnst mér það ekkert sérstaklega ágætt, ég nota það orð ekki um fyrirtæki sem níðist á verkafólki. Alcoa hefur orðið uppvíst að því víða, ekki síst í fátækjum ríkjum þar sem verkafólk getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér, að meina því að bindast samtökum í verkalýðsfélögum og haldið þessu fólki niðri á afarkjörum. Þetta er staðreynd. Og síðan er hinn viðskiptaaðilinn, Impregilo, ítalska fyrirtækið sem hér hefur verið tekið opnum örmum, þekkt að endemum fyrir svindl og svínarí. Ég nota hiklaust þau orð.

Ég ætla að nefna dæmi úr breskri skýrslu sem unnin var á vegum breska þingsins. Impregilo fór á bak við viðskiptabann á Suður-Afríku þegar það tók þátt í framkvæmdum í Lesótó. Það komu upp ásakanir um mútur og svindl. Þau mál eru enn þá í rannsókn en hitt er ekki vefengt að fyrirtækið fór á bak við alþjóðlegt viðskiptabann á Suður-Afríku og setti upp í London það sem kallað er þvottastöð, til að þvo peninga, „money laundry" sagði í bresku skýrslunni. Í skýrslunni sagði enn fremur að þetta væri á mörkum hins siðlega og lagalega. Þetta var Lesótó. Fulltrúi fyrirtækisins kom fram í íslenskum fjölmiðlum og sagði ekkert hafa verið sannað á þá í Lesótó. Málið er ekki til lykta leitt. Hitt er sannað að þeir fóru á bak við alþjóðlegt viðskiptabann sem heimurinn setti á Suður-Afríku til að knýja stjórnina þar til að aflétta kynþáttastefnunni.

Síðan var það Suður-Ameríka, Argentína og Brasilía. Fyrrverandi forseti Argentínu sagði að þar í landi hefði Impregilo reist minnismerki um spillingu. Í Brasilíu, sagði breska rannsóknarskýrslan, skýrsla unnin á vegum breska þingsins, hafði Impregilo átt aðild að einhverju mesta hneykslismáli í sögu kapítalismans. Þá er nú ekki lítið sagt. Þá var talað um framkvæmd sem upphaflega átti að kosta á milli 3 og 4 milljarða dollara og var komin upp í 20 milljarða þegar málið var á enda rekið. Höfðu þar komið að ýmsir kónar í Brasilíu, Paragvæ og víðar.

Þetta eru staðreyndir. Ég hef áður bent á að það sé fróðlegt að slá upp á netinu Impregilo scandals, Impregilo hneyksli, þá fyllist skjárinn. Ef menn bæta Berlusconi við, þá flóir allt yfir. Því miður kann ég ekki ítölsku en þar er mikið af upphrópunarmerkjum. (**SJS:** Fjmrh. kann hana.) Fjmrh.

kann ítölsku. Það væri fróðlegt að vita hvort hann hafi kynnt sér þetta fyrirtæki sem við bjóðum heim opnum örmum. Við erum að bjóða þeim heim opnum örmum. Hafa menn hugleitt aðdragandann að þessum samningum? Hafa menn hugleitt það? Verkið er boðið út á heimsvísu. Það koma mörg fyrirtæki að útboðum, mörg fyrirtæki stór og smá sem eru vönd að virðingu sinni. Einhverra hluta vegna hverfa þau frá. Þau falla frá tilboðum sínum en til sögunnar kemur ítalska fyrirtækið Impregilo og viti menn: Hvað skyldi gerast? Það er reyndar tvennt eða þrennt.

Í fyrsta lagi er því ítrekað frestað að opna útboðin að kröfu Impregilo. Síðan, áður en tilboðin eru opnuð, greinir Landsvirkjun frá kostnaðaráætlun sinni. Hvað gerir Impregilo þá? Það kemur með tilboð sem er lægra en kostnaðaráætlun Landsvirkjunar. Þá gengur dæmið upp. Kosningaloforð Framsfl. á Austurlandi ganga upp vegna þess að kostnaðaráætlunin stenst. Það verður bullandi arður af framkvæmdinni. Þetta mun allt ganga ljómandi vel og Landsvirkjun lækkar áætlun sína. Það verður enn þá meiri gróði. En þá fara menn að koma með efasemdir. Þeir fara að rýna í erlendar samanburðarskýrslur og skoða gögn á vegum Alþjóðabankans.

Ég gat um skýrslu sem hagfræðingurinn Þorsteinn Sigurlaugsson lagði fyrir í efh.- og viðskn. sem sýnir að á svona framkvæmdum erum við að meðaltali að tala um 30–50% hækkun eftir atvikum, eftir því hvað um er að ræða, göng eða stíflugerð. Hér er ekkert slíkt á ferð heldur eru valdar út nokkrar framkvæmdir, litlar framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar og sýnt fram á, með slíkum útreikningum, að áhættan sé sáralítil. Þegar gögnin eru send til Sumitomo, japanska bankans sem allt á að blessa í bak og fyrir, segir að þetta séu allar framkvæmdir Landsvirkjunar, „the previous" framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar. Á þessu byggir síðan japanski reiknimeistarinn.

Síðan koma þær hver af annarri. Orkustofnun og hinar og þessar stofnanir og segja: Þetta er óskaplega fagmannlega gert. Þeir kunna að reikna, þeir kunna margföldunartöfluna. Þeir kunna að slá þessu öllu upp og saman. En sjálfar forsendurnar sem allt verkið byggir á eru aldrei vefengdar. Það eru þær sem skipta máli, forsendurnar. Hver verður stofnkostnaðurinn? Verður hann 100 milljarðar? Verður hann 130 milljarðar, 140 milljarðar? Það veit enginn. En það er ekki tekið mið af alþjóðlegum reiknilíkönum hvað þetta snertir. Ef stofnkostnaðurinn er kominn í þessar hæðir, fer upp í 130 milljarða, er bókhaldslegt tap á framkvæmdinni. Við skulum ekki gleyma því að við erum að tala um fórn á náttúrunni sem menn segja þess virði að færa vegna þess að efnahagslegur ávinningur sé svo mikill. En þegar allt kemur til alls er hætta á því að það verði tap á framkvæmdinni. Jafnvel þótt það yrði ekki tap þá benda hagfræðingar á að arðsemi annarra framkvæmda og annarrar stefnu í atvinnumálum yrði miklu meiri. Þetta er ekki einu sinni vefengt.

Hér hef ég tekið nokkur dæmi um hvernig standa ætti að málum til að meta þessa arðsemi. Hvað hef ég lagt til grundvallar þar? Stefnu hæstv. fjmrh., Geirs H. Haardes, sem allt ætlar að markaðsvæða og einkavæða. Ef hann væri búinn að einkavæða raforkuframleiðsluna í landinu, sem er markmiðið, þá gengi þetta ekki eftir. Lesið bara greinargerð með raforkufrv. Þar er sagt að markaðsvæðing sé markmiðið með lagabreytingunum. Ef það væri búið, þá væri horfinn sá stuðningur sem Landsvirkjun býr við í sköttum, í ókeypis landi, í margs kyns ívilnunum, hann væri horfinn. Og hvað þá? Ef Landsvirkjun borgaði skatta eins og önnur fyrirtæki og sæti við sama borð og aðrir atvinnurekendur í þessu landi mundu þeir aldrei ráðast í þessa framkvæmd. Þeir segja það sjálfir. Þeir segja í rauninni að þeir séu að gera þetta að pólitísku valdboði. Það er þess vegna sem við erum að tala um miðstýrða þungaiðnaðarstefnu, risastórt skref aftur í tímann. Við erum komin aftur til 1930. Við þurfum að vísu að færa okkur svolítið um set í landafræðinni, austur á bóginn þar sem menn leystu atvinnumálin í heilum byggðarlögum með því að setja alla íbúana í tilteknar verksmiðjur. Ég veit ekki hvort það var ál eða stál eða traktoraverksmiðjur. Auðvitað þarf að framleiða þetta allt saman en er það þetta sem við viljum? Er það þetta sem við viljum á atvinnusvæði sem telur innan við 10 þúsund manns eða viljum við stefna í aðra átt með atvinnulíf okkar? Ég hefði haldið það.

Ég er svolítið spenntur að heyra eitt. Ég er mjög spenntur að heyra hæstv. fjmrh. skýra fyrir okkur á pólitíska vísu hvernig hann fer að því að spjalla við flokksfélaga sína, sérstaklega yngri kantinn. Hvernig rímar þungaiðnaðarstefna hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar og formanns Framsfl. við sjónarmið ungs fólks sem vill treysta sköpunarkraftinn í efnahagslífinu? Hvernig fer hæstv. fjmrh. að því að réttlæta inngrip ríkisvaldsins í atvinnustarfsemina með þessum hætti? Það verður fróðlegt að heyra þau rök sem notuð eru.

Ég er búinn að vera að hlusta á rök formanns Framsfl. sem ég á reyndar afskaplega erfitt með að fá til að ganga upp. Hann er sagður mjög talnaglöggur maður en í þeirri tölfræði stendur ekki steinn yfir steini. Þar eru staðhæfingar sem hreinlega ekki standast. Síðan kemur hann og talar um óábyrga stefnu vinstri manna. Þetta er eins óábyrgt og hugsast getur, að slá fram þeim fullyrðingum sem hann gerði á þingi Framsfl. fyrir fáeinum dögum, fullyrðingum sem eiga sér ekki nokkra einustu stoð í raunveruleikanum. Þetta er bara staðreynd. Hann talar um stórkostlegan ávinning, 15 milljarða á ári. Hvar ætlar hann að fá það? Við erum að tala um raforkusölu upp á 5 milljarða væntanlega. Við erum að tala um vaxtagjöld og greiðslur upp á annað eins, 4–5 milljarða. Hvar er þessi hagnaður? Er hann í sköttunum? Er hann í þessum 5% af hagnaði sem sett eru úr landi? Er hagnaðurinn af tekjuskatti fólksins? Hvar liggur þetta? Þarf ekki að skýra það? Þarf ekki að segja okkur frá því? Hvernig skýrir hæstv. fjmrh. þetta?

Efnahagssérfræðingar ríkisstjórnarinnar hafa bent á að verði ekki gripið til neinna hliðarráðstafana megi ætla að hagkerfið ofhitni með óðaverðbólgu og óstöðugleika í kjölfarið. Til að koma í veg fyrir þetta hefur einkum verið bent á þrennt: Tímabundinn niðurskurð opinberra framkvæmda, vaxtahækkun og opnun landsins fyrir erlendu vinnuafli. Þetta er þrennt. Vaxtahækkun, niðurskurður á opinberum framkvæmdum og opnun landsins tímabundið fyrir erlendu vinnuafli. Ég er því fylgjandi að Íslendingar bjóði erlent fólk velkomið en ég vil geta tekið sómasamlega á móti því. Ef við erum að laða fólk til okkar þá eigum við að gera það til frambúðar en ekki tímabundið og henda því síðan á brott eins og hætt er við að muni gerast hér. Það er talað um að opna landið tímabundið. Ég hef miklar efasemdir um að þetta sé skynsamlegt. Á vinnumarkaði innan verkalýðshreyfingar eru vaxandi áhyggjur yfir þessu. Í ályktunum sem hafa komið frá íslenskum stéttarfélögum er fjallað um slíkt og í ályktun Félags járniðnaðarmanna frá 14. janúar 2003 segir m.a. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Verktakar hafa ítrekað flutt inn erlent vinnuafl á fölskum forsendum og verið staðnir að svikum við launagreiðslur."

Hvatt er til þess að Landsvirkjun og stjórnvöld tryggi fulla atvinnuþátttöku Íslendinga í virkjana- og álversframkvæmdum ásamt því að ganga ríkt eftir því að erlendir launþegar njóti sömu kjara.

Íslensk stjórnvöld líta hins vegar á innflutning erlends vinnuafls í öðru ljósi. Í greinargerð fjmrn. frá 8. janúar sl. er einvörðungu spurt um hugsanlega aðkomu erlendra verkamanna með tilliti til hagstærða. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Sé gert ráð fyrir að helmingur þess vinnuafls sem starfar tímabundið við framkvæmdirnar verði erlent í stað fjórðungs samkvæmt þessum útreikningum myndi það leiða að jafnaði til rúmlega 0,25% lægri verðbólgu en ella á tímabilinu 2003–2006."

Menn eru að leika sér að þessum stærðum eða kannski á ekki að orða það þannig. Menn eru að tefla fram þessum stærðum með tilliti til áhrifa á efnahagslífið, ekki með tilliti til hins mannlega þáttar og hvernig á að fara með þetta fólk og hvaða áhrif þetta hefur á innlendan vinnumarkað heldur einvörðungu með tilliti til verðbólgu, til þenslu í þjóðfélaginu.

Varðandi niðurskurðinn segir í greinargerð fjmrn. frá 8. janúar sl. um álver Alcoa og stækkun Norðuráls m.a., með leyfi forseta:

„... mun 2% hækkun raunvaxta draga úr verðbólgu sem nemur 0,75% að jafnaði tímabilið 2003–2006. Sé dregið úr fjárfestingu hins opinbera í sama mæli, þ.e. um 10%, verður verðbólgan 1,25% lægri að jafnaði á sama tímabili. Samkvæmt þessum útreikningum myndu aðgerðirnar ekki duga einar og sér til að halda verðbólgu innan þolmarka."

Á fundi efh.- og viðskn. 10. febrúar sl. sögðu fulltrúar Seðlabanka Íslands að til álita kæmi að draga tímabundið úr opinberum fjárfestingum um 20%. Ekki vildu þeir tilgreina hvar niðurskurðarhnífnum skyldi beitt, enda væri það ekki á verksviði bankans. Fulltrúi ASÍ var heldur ekki reiðubúinn til þess þótt hann tæki undir nauðsyn þess að draga úr opinberum framkvæmdum. En hvað eru menn að tala hér um? Að draga tímabundið úr opinberum framkvæmdum og fjárfestingum um 20%. Hvað eru menn að tala um? Hvers konar ábyrgðarleysi er að slengja fram slíkum fullyrðingum og svona kröfum án þess að gera grein fyrir því hvar eigi að láta hnífinn koma niður? Erum við að tala um vegaframkvæmdir? Erum við að tala um sjúkrahús, skóla? Hvað er verið að tala um? Hvar á að skera niður 20%? Þarf ekki að gera grein fyrir því? Mér finnst ekki nógu gott, herra forseti, þegar aðilar sem hafa stutt þessar framkvæmdir, aðilar á vinnumarkaði sem hafa stutt þessar framkvæmdir — og ég vísa þar til samtaka atvinnurekenda og einnig til samtaka launafólks, þeirra samtaka sem hafa tekið afdráttarlausa afstöðu með þessum framkvæmdum og fylgst með umræðunni um nauðsynlegar mótaðgerðir og tekið því án mótmæla — rísa núna upp og segja jafnan þegar á að fara að beita þessum stýritækjum: Heyrðu, ekki ég, ég er ekki ábyrgur.

Þeir sem styðja þessar framkvæmdir hljóta að axla ábyrgð í samræmi við þann stuðning vegna þess að við erum að andæfa þessu fyrst og fremst af þeim sökum að verið er að vinna óafturkræf spjöll á náttúru landsins, við erum einnig að mótmæla þessu vegna einmitt þessara efnahagslegu afleiðinga til skamms tíma og að sjálfsögðu til langs tíma þegar stóriðju- og þungavinnsluáform Framsfl. eru orðin að veruleika eða yrðu að veruleika ef sá flokkur sæti áfram við stjórn sem allt bendir til að gæti orðið einhver breyting á því að kjósendur hljóta náttúrlega að velta því fyrir sér hverja þeir ætla að kjósa yfir sig á næsta kjörtímabili. Ætla menn að styðja til valda aðila sem boða þungaiðnað sem hornstein íslenska efnahagskerfisins? Vilja menn þetta? Það er þetta sem Framsfl. er að segja. Hann vill stefna að því að meira en þriðjungurinn af efnahagsstarfseminni á Íslandi, meira en þriðjungur, hugsanlega mun meira verði þungaiðnaður, verði stóriðja. Látum það vera, kynni einhver að segja, ef það yrði arður af þessu, ef ekki væri bara verið að þjóna erlendum auðhringum. En þegar það kemur í ofanálag að mjög umdeilanlegt er hvort það gæti orðið verulegt tap á þessu, um hitt ber mörgum hagfræðingum saman að arðseminni sé ekki fyrir að fara. Mörgum hagfræðingum segi ég, þá er ég að vísa til þeirra hagfræðinga sem eru ekki undir hælnum á ríkisstjórninni því að það er undarlegur hlutur að jafnvel mætustu menn virðast tapa algerlega sjálfstæði dómgreind þegar þeir eru komnir í nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar, þá er hún bara fokin, dómgreindin. Og það er svolítið merkileg lesning að lesa ýmsar greinar og álitsgerðir t.d. hagfræðinga og kennara við Háskóla Íslands. Þegar þeir eru síðan komnir í nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar, þá er allt annað hljóð komið í strokkinn. Við höfum kynnst þessu áður. Við höfum kynnst þessu í sambandi við rannsóknaskýrslur sem hér voru gerðar á sínum tíma um rafmagnseftirlitið í landinu. Ég ætla ekki að fara nánar út í þá sálma. En það er ástæða til að fara að spjalla aðeins um rafmagnseftirlitsmálin að nýju innan tíðar og er ég þá ekki að horfa til þess sem er að gerast hjá Löggildingarstofunni nú um stundir og er af öðrum toga.

Vaxtahækkanir. Ítrekað hefur verið fullyrt af hálfu fulltrúa Seðlabanka Íslands að raunvextir þurfi að verða a.m.k. 2 prósentustigum hærri en ella vegna fyrirhugaðra stóriðjuframkvæmda. Enginn vafi leikur á að þetta mun hafa veruleg áhrif í efnahagslífinu, þrengja kost fyrirtækja í vexti og hag heimilanna.

Þegar arðsemin er metin hefur, eins og ég hef áður bent á, verið rætt um það hvort hugsganlega verði bókhagslegt tap á verkefninu og hins vegar hvort bókhaldslegur ávinningur ef á annað borð verður um hann að ræða væri virði þeirrar áhættu sem þjóðin tekst á hendur. Í þessu sambandi hefur einnig verið rætt um svokölluð ruðningsáhrif í efnahagslífinu. Hagfræðingar hafa varað við því að fyrirtækjum sem standa veikt að vígi eins og við á um mörg sprotafyrirtæki verði hreinlega rutt úr vegi og hafa þeir bent á að skattstyrkir til Landsvirkjunar og opinber ábyrgð á lánum geri það að verkum að líklegt megi heita að þau fyrirtæki sem rutt verður úr vegi séu í raun arðsamari en virkjun og álver. Í því sambandi vísa ég aftur í álitsgerð Samfylkingarinnar, sem eins og kunnugt er styður þessar framkvæmdir og þessa stóriðjustefnu, en í álitsgerðinni er þveröfugu haldið fram og talið að óarðbærum fyrirtækjum sérstaklega verði rutt úr vegi. Hættan er einmitt á hinu gagnstæða, að sprotafyrirtækjum sem standa að sönnu veikt en eiga hugsanlega góða lífdaga fyrir höndum ef þau fá að þroskast og dafna verði rutt úr vegi vegna niðurgreiðslu ríkisins á framkvæmdum Alcoa, þessum stuðningi við litla fyrirtækið Alcoa sem er hingað komið í boði Framsfl. sem kunnugt er og á að njóta sérstakrar ívilnunar og styrkja af hálfu íslensku þjóðarinnar. Þetta er ömurlegt.

Jákvæð þjóðhagsleg áhrif af álveri Alcoa og virkjun vegna þess er á annan veg en stjórnvöld vilja vera láta. Samkvæmt athugun Þjóðhagsstofnunar, sem miðaðist við rekstur Reyðaráls, hefði þjóðarframleiðsla aukist um aðeins

0,7% vegna reksturs álvers. Samkvæmt lauslegri athugun Þorsteins Siglaugssonar hagfræðings mundu áhrifin af álveri Alcoa líklega ekki nema meiru en 2,3 milljörðum kr., eða um 0,6% af þjóðartekjum árið 2001. Þetta samsvarar árshagnaði tveggja stórra fyrirtækja í góðu árferði. Lítið má út af bera til að þessi jákvæðu áhrif hverfi og verði jafnvel neikvæð eins og ég hef rakið. Sem dæmi má nefna að fari stofnkostnaður virkjunar 30% fram úr áætlun, sem athuganir benda til að gæti orðið, helmingast þessi áhrif og hreint núvirði fjárfestingar í Kárahnjúkavirkjun yrði mínus 27,2 milljarðar kr. Þá erum við að vísa í meðaltal þess sem gerist í framkvæmdum af þessu tagi í heiminum og við erum meira að segja í lægri kantinum. Áhrif virkjunar á ferðaþjónustu geta vel orðið neikvæð og hugsanlega mjög neikvæð. Þriggja milljarða samdráttur í vinnsluvirði frá ferðaþjónustunni mundi gera þjóðhagsleg áhrif virkjunar og álvers neikvæð um 700 millj. árlega. Bara enn eitt dæmið. Neikvæð um 700 millj. árlega.

Væntingar þær sem stjórnvöld hafa markvisst byggt upp og viðhaldið um verulega innspýtingu í efnahagslífið vegna væntanlegra framkvæmda hafa haldið uppi vaxtastigi og gengi sem efnahagslegur veruleiki er álitamál hvort innstæða er fyrir. Nú er það svo með gengið að á því eru náttúrlega tvær hliðar. Þegar krónan styrkist, þá eykst kaupmáttur okkar gagnvart innfluttri vöru. Hún verður okkur ódýrari hér innan lands og þegar við förum til útlanda í ferðalag höfum við meira handa á milli en þetta er afskaplega viðkvæm jafnvægislist vegna þess að hinum megin á krónunni er útflutningur okkar og útflutningsatvinnuvegirnir. Þarna þarf að ríkja jafnvægi. Og sjávarútvegurinn er þegar farinn að kvarta, ferðaiðnaðurinn er farinn að kvarta og innlend samkeppnisvara eða framleiðendur öllu heldur á iðnaðarvöru sem framleidd er innan lands eru farnir að kvarta þannig að það eru tvær hliðar á þessu. Þarna þarf að vera jafnvægi á milli.

Væntingar þær sem stjórnvöld hafa markvisst byggt upp og viðhaldið — og ég er búinn að víkja að þessu með gengið. Ruðningsáhrifin hins vegar er mjög erfitt að meta og hver áhrifin þar verða. Hvers vegna er verið að hækka vexti, hvers vegna munu þeir hækka? Annars vegar er spurning um framboð og eftirspurn á peningum sem mun valda því að aukin eftirspurn eftir þeim mun knýja verðið upp, knýja vextina upp og hins vegar eru vextirnir stýritæki í efnahagslífinu. Það verður ákveðið að hækka vextina. Hvers vegna? Til þess að koma í veg fyrir að ég og þú og fyrirtækin í landinu taki lán — til hvers? Jú, væntanlega til að kaupa íbúðir ef við erum einstaklingar og fjölskyldur eða í tilviki fyrirtækjanna að fjármagna reksturinn, brúa bil og til að ráðast í nýjar fjárfestingar, færa út kvíarnar. Það er beinlínis hugsað sem tæki til að koma í veg fyrir að fyrirtækin færi út kvíarnar. Hvað gerist þegar fyrirtæki færa út kvíarnar? Þá skapast störf, ekki satt? Með öðrum orðum er verið að beita tækjum við efnahagsstjórnina til að koma í veg fyrir að störf skapist í öðrum geirum atvinnulífsins. Til þess er þetta hugsað. Og þegar við bætum síðan við samdrætti í opinberri fjárfestingu um 20% eins og Seðlabankinn segir, þá liggur það í augum uppi, það segir sig sjálft að þetta mun leiða til samdráttar á vinnumarkaði og draga úr atvinnutækifærum þar. Þetta er samhengi hlutanna. Mér finnst að menn þurfi að horfast í augu við þetta þegar menn slá því síðan fram að við megum ekki vera á móti þessum framkvæmdum vegna þess að þörf sé á því að skapa störf í landinu.

Ég er búinn að tala um það áður að störfin sem skapast hér eru innan við þann fjölda starfa sem að meðaltali hefur orðið til á hverju einasta ári frá 1970 fram á þennan dag. Það er undir meðaltalsaukningu á störfum í landinu á þessu tímabili. Á næstu tíu árum þurfa að skapast hér 15.000 störf. Og við erum að velta því fyrir okkur hvernig við eigum að fara að því, hvernig við eigum að undirbúa efnahagslífið undir þessa nýsköpun. Þetta er tillaga ríkisstjórnarinnar, að hleypa 250 milljörðum í fjárfestingar í efnahagslífinu til þess að skapa innan við 1.000 störf, og afleiðingarnar eru þessar þrengingar fyrir annan atvinnurekstur í landinu. Finnst mönnum þetta vera skynsamlegt?

Og allt er þetta bara út af einu, kosningaloforðum Framsfl. Um það snýst þetta mál og ekkert annað. Munið þið eftir því þegar við vorum að tala um Norsk Hydro á sínum tíma? Var það ekki alveg stórkostlegt happatækifæri sem þar bauðst? Síðan gerist það einhverra hluta vegna að Norsk Hydro hverfur af hólmi. Þá þótti Framsfl. mjög gott að losna við Norsk Hydro, þar var aldeilis ekki nógu gott verkefni á ferðinni, það var aldeilis afleitur samningsaðili. Mikið var gott að losna við Norsk Hydro. Þá var nú eitthvað annað að eiga við Alcoa. Það var nú eitthvað annað.

Hvað segir þetta okkur? Það segir okkur að þetta snýst ekkert um málefnaleg rök. Þetta snýst um þann ásetning eins stjórnmálaflokks og ríkisstjórnar að knýja þetta mál til lykta. Um það snýst það. Því miður hefur maður ekki orðið var við það í þinginu, þó með undantekningum, að menn hafi sett sig mjög djúpt inn í þessa hluti.

Þetta frv. sem við erum hér að afgreiða, eða ríkisstjórnin ætlast til að við afgreiðum, snertir heimild til að reisa álver í Reyðarfirði og við erum hér að fjalla um alla framkvæmdina. Við erum að fjalla um Kárahnjúkavirkjun. Ástæðan er náttúrlega sú að Kárahnjúkavirkjun og álver í Reyðarfirði eru óaðskiljanlegir þættir í sama máli, á sama verkefni. Þetta er bara mótorinn fyrir þessa álverksmiðju, og þessi virkjun yrði ekki reist ef ekki væri þessi álverksmiðja. Það er þetta sem gerir málið einstætt í virkjunarsögu landsins því að aldrei áður hefur verið reist virkjun með það eitt að markmiði að þjóna aðeins einum aðila. En menn segja: Í þessu felst geysilegur styrkur, þetta er svo stórt fyrirtæki. Það er með mikinn fjölda manns á launum, skiptir tugum þúsunda ef ekki hundruðum þúsunda, ég skal ekki fara með það, starfar um heim allan og er firnasterkt. Í þessu er mikil trygging fyrir Íslendinga, segja menn. Ég held ekki. Stór fyrirtæki eru líka fallvölt. Pan American var eitt stærsta flugfélag í heiminum. Hvern hefði órað fyrir að Pan American færi á hausinn? Það gerðist samt. Stór fyrirtæki verða gjaldþrota, ekkert síður en smáfyrirtæki, og að þessari áhættu hafa menn ekkert hugað. Hvað gerðist ef Alcoa færi á hausinn og engir samningar stæðust? Hvað mundi þá gerast? Gæti gerst hið sama og gerðist í járnblendinu í Hvalfirði, gæti það sama gerst? Hvað gerðist þar? Járnblendifélagið fór margsinnis á hausinn og norski eignaraðilinn, Elkem, kom að samningum aftur og ítrekað. Hvað gerðist í þeim samningum? Það var endursamið um raforkuverðið. Alltaf fór það neðar og neðar. Og hvað gerðist síðan haustið 2001? Hlutaféð var lækkað um 75%, var það ekki? Þetta átti allt að vera óskaplega traust.

Ég minnist þess og hef áður reyndar vitnað í þau orð hér í ræðustóli þegar Jón Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Járnblendiverksmiðjunnar, kom í efh.- og viðskn. og varaði okkur við, varaði þjóðina við því að ana út í þetta fen. Hann sagðist hafa reynslu af samningum við stóra erlenda aðila sem hefðu okkur í hendi sér. Sú hætta væri fyrir hendi að ef

það blési ekki byrlega fyrir fyrirtækið þröngvaði það okkur til að endursemja um afurð okkar, raforkuna, eða ef það yrði gjaldþrota og hyrfi frá kæmi annar aðili til sögunnar, sagði Jón Sigurðsson, hræætan sem hann kallaði. Það er fyrirtæki sem mætir að samningsborðinu þegar við eigum engra kosta völ annarra en að semja, og endursemja um raforkuna.

En værum við þá að missa af einhverjum miklum og góðum samningi? Nei, vegna þess að samningurinn er mjög slæmur. Það má náttúrlega ekki segja það, það má ekki segja hvað raforkan er seld á, það er leyndarmál gagnvart þjóðinni. Það vita það allir aðrir, þjóðin bara má ekki vita það. Samningurinn er slæmur og hann yrði einfaldlega enn þá verri.

Hvers vegna segi ég að samningurinn sé slæmur? Hann er slæmur vegna þess að hann byggir á vanhugsun. Hann byggir á því að leita eftir ráðgjöf til aðila sem virðast staðráðnir í því að þjóna markmiðum þess sem ráðgjöfina kaupir. Og markmið Landsvirkjunar og Framsfl. er að láta þetta dæmi ganga upp. Þess vegna ganga upp allar áætlanir þær CRU sem spá til um álverð, þ.e. fram í tímann. Aftur í tímann ganga þær aldrei upp. Menn þurfa ekki annað en að líta í skýrslur Landsvirkjunar annars vegar og spádóma CRU hins vegar. Það stendur ekki steinn yfir steini.

En aftur er komið inn í nefndir Alþingis og sagt: Þetta eru geysilegir sérfræðingar sem hér eru að verki. Þeir spá því að 2007 gerist þau undur og stórmerki að álverðið rísi og upp í þær hæðir að álverið í Reyðarfirði verði stórkostlega arðbært. Þetta gerist þarna um haustið rétt áður en verksmiðjan tekur til starfa. Skrýtið. Það bara gengur allt upp í áætlununum, þessum aðkeyptu áætlunum og spádómum. En hvers vegna er þessu ekki að treysta? Annars vegar vegna þess að það er illa haldið á málinu af pólitískum kommissörum sem eru að ná sínu fram, sínum pólitísku markmiðum fram, að fullnægja kosningaloforðum Framsfl. Það er eitt. En svo er annað líka. Það er að þau módel sem byggt er á ganga ekkert lengur upp. Það gerist nefnilega stundum í sögunni að strúktúrbreytingar eiga sér stað, grundvallarbreytingar, sem verða þess valdandi að gömul reiknilíkön standast ekki lengur, og það er að gerast núna. Er þetta eitthvað sem ég þekki eða er að finna upp? Að sjálfsögðu ekki. Ég er enginn sérfræðingur í þessum málum. En ég leita til sérfræðinga og ég leita til manna sem kunna skil á þessum málum.

Og hvað segja þeir? Þeir segja: Það er tvennt sem veldur því að spádómar og spádómalíkön sem byggt hefur verið á um þróun álverðs standast ekki. Í fyrsta lagi er það að færast í vöxt að ál sé endurunnið. Endurvinnsla áls tekur aðeins 5% af orkunni sem frumframleiðslan krefst. Hvað þýðir það? Það þýðir að framleiðslan verður miklu ódýrari. Með öðrum orðum heldur það álverðinu niðri. Þegar Norsk Hydro hætti við Framsfl. á sínum tíma fór það að halda við fyrirtæki í Þýskalandi og reyndar bara giftist, þau runnu saman, fyrirtæki sem er í álframleiðslu og hefur sérhæft sig einmitt í þessu, að endurvinna ál. Þessi hluti álframleiðslunnar í heiminum er að færast mjög í vöxt. Svo er annað að gerast sem einnig veldur því að gömlu líkönin ganga ekki upp lengur, álframleiðslan er að færast frá ríku löndunum sem búa við sterk velferðarkerfi, mikla skattlagningu og háan vinnuaflskostnað til þriðja heimsins, til fátækari ríkja, til Mósambík, Víetnams og Kína.

Kína var einn stærsti innflytjandi á áli fyrir fáeinum árum, er nú orðinn útflytjandi og það stefnir í að Kína verði mesti álútflytjandi í heimi. Hvað þýðir þetta? Allt ber að sama brunni: Lækkandi álverð. Þetta veldur því að spádómslíkönin sem Landsvirkjun og ráðgjafar hennar byggja á ganga ekki lengur upp. Er ég að segja þetta út í loftið? Nei. Því miður er ég ekki með ársskýrslur Landsvirkjunar við höndina, ég get komið með þær í næstu ræðu og sýnt þær, borið saman annars vegar spádómana og hins vegar hver reyndin hefur orðið.

Hvaða máli skiptir þetta? Þetta skiptir því máli að raforkuverðið er háð álverðinu, bundið í álverðið. Raforkuverðið er sett í jafnvægi þar sem áltonnið á að kosta tiltekna upphæð, eitthvað rúmlega 1.550 dollara tonnið. Það er langt þar fyrir neðan og mun ekki hækka samkvæmt spádómum CRU og Landsvirkjunar og annarra aðkeyptra aðila, sérfræðinga, fyrr en rétt áður en álverið opnar rétt fyrir þarnæstu alþingiskosningar. Það er svo skrýtið að þetta er allt hugsað í kjörtímabilum. Og það er eitt af því sem menn furða sig svolítið á, það er framkvæmdatíminn, hvað hann á að vera hraður. Þetta á að gerast á mun skemmri tíma en flestir verkfræðingar og verktakar höfðu ætlað. En þeir gleymdu því að Íslendingar kjósa bara á fjögurra ára fresti og hefði sennilega verið heppilegra ef kjörtímabilið hefði verið sex ár, þá hefði Framsfl. komið með svolítið raunsærri útgáfu, og Landsvirkjun þar af leiðandi, af framkvæmdaáætluninni. En þannig er því nú farið.

Ég fer að nálgast lokin á þessari fyrri ræðu minni við 2. umr. málsins því að ég minni á að við eigum eftir að ræða þetta mál að nýju við 3. umr. og við eigum eftir að ræða ýmsa þætti sem verðugt er að taka til ítarlegrar umfjöllunar og þar vísa ég í kröfu okkar um þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég hlustaði á hæstv. iðnrh. í dag segja frá því að geysileg ánægja ríkti í þjóðfélaginu núna og sérstaklega með þessar framkvæmdir og það væri yfirgnæfandi stuðningur og velvilji á meðal þjóðarinnar í garð framkvæmdanna. En þá spyr ég sjálfan mig: Hvernig stendur á því að þeir sem berja sér svona á brjóst og eru svona vissir í sinni sök og um málstað sinn þori ekki að láta á hann reyna? Þeir þora ekki að láta reyna á sinn málstað í lýðræðislegum kosningum, þora það ekki.

Ég las mjög athyglisverða grein ekki alls fyrir löngu um kvótakerfið þegar því var komið á á sínum tíma, þegar almenn réttindi voru gerð að sérréttindum, að það hefði verið óeðlilegt í rauninni að spyrja ekki þjóðina álits. Hvað þá með þetta mál? Við erum að tala um almenn réttindi sem í greininni voru kölluð frelsisréttindi snúið í sérréttindi erlends álfyrirtækis. En það á að afgreiða þetta með minni viðhöfn en breytingu á kjördæmaskipan í landinu vegna þess að þá þarf stjórnarskrárbreytingu til. Þá þarf að taka málið fyrir á tveimur þingum. En þegar ráðist er í mestu náttúruspjöll sögunnar, þegar lagst er í hernað gegn íslenskri náttúru, þá þarf meiri hluta á Alþingi einu sinni.

Hér komu upp áðan fulltrúar ríkisstjórnarinnar og Samfylkingarinnar, stuðningsaðilar þessa máls og nánast lýstu því yfir að þetta væri ekki umræðunnar virði. Menn hefðu þegar hafist handa, byrjað væri að bora í gegnum fjöllin þarna fyrir austan. Það er alveg rétt. Við höfum heyrt skröltið í skriðdrekunum sem hafa lagt í hernaðinn gegn náttúrunni í allt sumar og haust, sem minnir á þau loforð og þær heitstrengingar sem voru gefnar á Alþingi um að ekki yrði ráðist í neinar framkvæmdir sem tengdust þessum stóriðjuáformum fyrr en allir samningar hefðu verið frágengnir. Þessu var lofað aftur og ítrekað og ég veit að þetta muna allir. Þjóðin

man það. Það er þess vegna sem þeir þora ekki að snúa sér til þjóðarinnar til að ýfa þetta mál ekki upp.

En það er annað sem einnig var sagt og er reyndar bundið í lög. Það er að þessar framkvæmdir mega ekki koma niður á raforkuverðinu, mega ekki hækka raforkuverð til notenda í landinu. Það er bundið í lög. Hins vegar er allt sem bendir til þess að einmitt það gæti gerst nema ríkið komi inn með frekari innspýtingu, greiðslur og styrki til Alcoa. Þá þarf það að koma til og eflaust verður það gert. Ég efast ekkert um að reynt verður að fela þennan kostnað sem ráðist er í. Ég hef engar efasemdir um það. Verða allar hafnarframkvæmdir og vegaframkvæmdir reiknaðar inn í þennan tilkostnað? Er það nokkuð sem ESA er kannski að skoða? Ég veit það ekki. Við fáum ekki að vita það. Okkur var sagt í efh.- og viðskn. að við gætum fengið að vita hvað þeir eru að véla gagnvart ESA ef við hétum því að segja ekki þjóðinni frá því. Við yrðum að lofa að segja ekki frá því sem við yrðum áskynja. Í fyrramálið kl. 8.15 kemur efh.- og viðskn. þingsins saman og þá ætla ég að fara fram á rökstuðning fyrir því að þjóðin fái ekki upplýsingar um þessi mál. Hvað er það sem ríkisstjórnin er að fela? Hvað er það sem má ekki ræða opinskátt?

Þetta er mjög einfalt mál í rauninni. Verið er að tala um hvort stuðningur ríkisins, skattborgarans íslenska gangi á einhvern hátt í berhögg við markaðssáttmála hins Evrópska efnahagssvæðis. Um það snýst málið. En af hverju má ekki ræða það opinskátt? Af hverju þarf að loka þá umræðu inni? Af hverju þarf að sveipa hana leyndarhjúpi? Ég skil það ekki. En svona hefur þetta mál náttúrlega allt verið.

Álfyrirtækin í Straumsvík og í Hvalfirði, ímynda menn sér að fulltrúar þeirra þekki ekki raforkuverðið? Halda menn að verið sé að halda þeim upplýsingum leyndum gagnvart samkeppnisaðilum? Halda menn það virkilega? Heldur það einhver? Ég held ekki. Auðvitað þekkja þeir allir þessa samninga í þaula. Það er verið að halda þessu leyndu gagnvart þjóðinni. Það er hún sem má ekki vita, þegar þjóðin er að borga brúsann af þessu öllu og þessu á að halda leyndu eftir því sem kostur er gagnvart henni.

Að lokum langar mig aðeins til að vísa í ræðu sem formaður Framsfl., Halldór Ásgrímsson, flutti á flokksþingi fyrir fáeinum dögum og nú bið ég menn að leggja eyrun við. Ég ætla að vitna í þá ræðu. Hér segir, með leyfi forseta:

„Áætlanir gera ráð fyrir að framleiðslustigið í hagkerfinu verði a.m.k. 2% hærra á komandi kjörtímabili en annars hefði orðið vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar, ekki síst vegna stóriðjuframkvæmda á Austurlandi og byggingar Kárahnjúkavirkjunar. Í þessu felst að svigrúm ríkissjóðs verði samanlagt á kjörtímabilinu um 20–25 milljörðum meira en ella og sveitarfélaganna 5 milljörðum meira en annars hefði orðið. Þá má ætla að afkastageta þjóðarbúsins verði 4–5 prósentustigum meiri í lok næsta kjörtímabils en án þessara aðgerða." Ég ætla að halda áfram, með leyfi forseta:

„Ég tel augljóst að almenningur í landinu eigi að njóta stærsta hluta þessara auknu tekna, en mikill meiri hluti hans hefur fylkt sér um þessa atvinnustefnu og áttað sig á hinu mikilvæga samhengi hlutanna. Ég tel vera kominn grundvöll fyrir þjóðarsátt um þá atvinnustefnu sem er hornsteinn íslenska velferðarkerfisins.

Það verður ekki bæði sleppt og haldið. Ef við styðjum við bakið á þessari atvinnustefnu og njótum uppbyggingar stóriðjunnar á Austurlandi og Grundartanga skapast ekki einvörðungu á þriðja þúsund nýrra starfa heldur skapast einnig skilyrði til mestu skattalækkana um langt árabil."

Þetta eru staðhæfingar algerlega út í loftið. Hér eru allir helstu efnahagssérfræðingar ríkisstjórnarinnar, Seðlabanka, fjmrn., greiningarstofnana bankanna búnir að vera að vara við samdrætti samhliða þessum framkvæmdum. Seðlabankinn talar um að draga úr framkvæmdum hins opinbera um 20% eins og ég vísaði í. Verið er að tala um hækkun vaxta, ruðningsáhrif í atvinnulífinu en hér kemur maður og talar um að þetta muni skapa svigrúm upp á 20–25 milljarða fyrir ríkissjóð og 5 milljarða til viðbótar fyrir sveitarsjóðina og skattalækkanir á ári um 15 milljarða. Síðan hafa hagfræðingar verið að tala um að áhrifin í efnahagslífinu nemi hugsanlega rúmum 2 milljörðum og menn eru að vísa þar í hagnaðinn hjá fyrirtækjum á borð við Össur og önnur fyrirtæki.

Ég er búinn að fara yfir gagnrýni mína á ræðuhöld formanns Framsfl. sem boðar okkur þessa stefnu. Ég ætla aðeins að víkja í lokin að einni gagnrýni sem mér finnst nokkuð merkileg en hún var sett fram í Viðskiptablaðinu í desember árið 2001 en þá voru tveir hagfræðingar, Axel Hall og Ásgeir Jónsson, sem veltu því fyrir sér hvaða áhrif það hefði ef álframleiðsla yrði verulega aukin sem hlutfall af þjóðarframleiðslu okkar eins og Framsfl. er að leggja til. Þeir skoðuðu hvaða áhrif það hefði haft á sveiflur í hagkerfinu. Þeir skoðuðu tvö sveiflutímabil, annars vegar árin 1986–1987 þegar mikil þensla var í atvinnulífinu og síðan skoðuðu þeir árin upp úr 1990, þ.e. 1990–1994 mun það hafa verið. Niðurstaðan varð sú að sveiflurnar í efnahagslífinu hefðu orðið miklu meiri en þær þó urðu ef álið hefði verið orðið rúmlega þriðjungur af efnahagsumfanginu eins og Framsfl. stefnir að, þá hefðu sveiflurnar orðið miklu meiri í báðar áttir til þenslu og einnig í samdrætti. Þetta hefur einmitt verið röksemdin sem menn hafa teflt fram þegar sagt hefur verið að sjávarútvegurinn vegi of þungt í þjóðarframleiðslu okkar, að við eigum ekki að hafa öll eggin í sömu körfu og þess vegna eigi að stuðla að aukinni fjölbreytni. Ef þetta verður sá valkostur sem verður fyrir valinu, þ.e. þungaiðnaður, álframleiðsla, þá er það ekki til að auka á stöðugleika nema þvert á móti. Það eykur á sveifluna. Og þeir benda einnig á í þessari grein að sjávarútvegurinn sé að breytast í allri samsetningu, það séu orðnar fleiri afurðir og menn séu farnir að tefla inn á fleiri markaði og sjávarútvegurinn sé ekki háður eins miklum og kröppum sveiflum og hann áður var fyrir vikið. En þetta telja þeir að mundi auka á slíkar sveiflur.

Þeir Axel Hall og Ásgeir Jónsson segja hérna að það hafi verið yfirlýst forgangsverkefni að auka fjölbreytni í útflutningi, og hér vitna ég, með leyfi forseta, í greinina:

„Hins vegar má velta því fyrir sér hvort aukin stóriðja muni ávallt skila þessum tilætlaða árangri, sérstaklega ef hún ber öll að sama brunni og býr við rekstraróvissu sem jafnvel er meiri en þekkist í sjávarútvegi. Sú spurning blasir því við hvort Íslendingar séu að endurtaka leik fortíðar með því að leggja of mikið undir á eina atvinnugrein."

Þetta er áhættan við álið, að við séum að hverfa inn í fortíðina, stíga risastórt skref inn í fortíðina. Þeir vara sem sagt við þessu. Þetta er ein af þeim hættum sem Framsfl. býður heim með þungaiðnaðaráformum sínum og þeirri atvinnustefnu sem flokkurinn kveðst ætla að stefna að. Og þegar Halldór Ásgrímsson, formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., segir að um þessa stefnu hafi skapast sátt, þá er það náttúrlega alrangt. Það verður engin þjóðarsátt um slíka stefnu sem er í hróplegri andstöðu við nánast allt það sem heilbrigð skynsemi boðar og er þá ekki minnst á það sem

mestu máli skiptir, þau stórkostlegu náttúruspjöll sem það hefði í för með sér ef atvinnumála- og efnahagsmálastefnu Framsfl. yrði fylgt.

Herra forseti. Ég ætla að fara að ljúka máli mínu í þessari fyrri ræðu við 2. umr. um frv. til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði. Ég vil segja að lokum að þessu máli er ekki lokið. Ég veit að mörgum finnst erfitt að snúa aftur en við skulum ekki gleyma því að það verkefni sem er fyrirhugað er risavaxið og það er einu sinni svo að samningarnir sem gerðir voru, eftir því sem ég kemst næst, voru á þá lund að ef ekki yrði af endanlegum samningum, þá hvílir áhættan hjá Alcoa. Gagnstætt því sem gert var við Hydro var náttúrlega ekkert hugað að neinu slíku en það var hamrað á þessu í þingsal af hálfu stjórnarandstöðunnar og eitthvað virðast menn aðeins hafa lært af því. En málið er svo stórt, bæði framkvæmdin, hin efnahagslegu áhrif og þau miklu spjöll sem yrðu unnin á náttúru Íslands, ef þessi framkvæmd verður að veruleika, að við eigum núna að draga djúpt andann og hugsa okkar gang. Það er enn hægt að snúa af braut.

[21:16]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í langri og ítarlegri ræðu sinni sagði hv. þm. að mörgum hagfræðingum bæri saman um að í þessu máli væri arðseminni ekki fyrir að fara. Síðan bætti hv. þm. við einhverju á þá leið að þegar hagfræðingar komist í nefndar á vegum ríkisins missi þeir ráð og rænu. Þeir örfáu hagfræðingar sem eru sammála hv. þm. eru sem sagt með kollinn í lagi en þeir hagfræðingar sem hafa komist að annarri niðurstöðu hafa misst ráð og rænu af því að starfa hjá ríkinu. Þess vegna spyr ég hv. þm., sem er formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, hvort honum finnist hægt að bera það á borð fyrir alþjóð að þessi stétt manna, hagfræðingar, séu með kollinn í lagi þangað til þeir fara að starfa hjá ríkinu, þá missi þeir ráð og rænu.

[21:17]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. orðar þetta miklu betur en ég gerði, að menn missi ráð og rænu þegar þeir eru komnir undir hælinn hjá ríkisstjórninni. Ég var ekki að tala um starfsmenn ríkisins, um að menn töpuðu dómgreindinni þegar þeir færu að starfa hjá ríki eða sveitarfélögum, það er mikill misskilningur. Það sem ég er að lýsa áhyggjum yfir er að hagfræðingar og sérfræðingar sem skipaðir eru í pólitískar vinnunefndir sem greinilega hafa það að markmiði að ná ákveðinni niðurstöðu virðast iðulega tapa dómgreind sinni eða ganga undir hælinn á stjórnarherrunum. Mér finnst þetta vera áhyggjuefni. Ég segi það alveg hiklaust. Ég hef lesið skrif ýmissa aðila sem hafa verið gagnrýnir á þessar framkvæmdir og hvernig allur broddur er úr þeim farinn þegar þeir eru komnir í nefnd á vegum ríkisins.

Ég get komið með dæmi, ef menn óska eftir því, um það hvernig aðilar sem hafa verið skipaðir í rannsóknarnefndir á vegum ríkisins hafa verið meðhöndlaðir hafi þeir ekki makkað rétt. Ég hef áður í þingsal greint frá könnun sem var gerð á rafmagnseftirlitinu í landinu og hvernig þáv. iðnrh. kom fram gagnvart aðilum sem ekki mökkuðu rétt. Mér finnst þetta áhyggjuefni vegna þess að við eigum að byggja upp lýðræðislegt þjóðfélag þar sem sérfræðingar geti haft skoðun án þess að þeim sé vikið til hliðar ef þær eru ekki í takt við það sem stjórnvöld vilja. Þetta finnst mér skorta, sterkari hefð að þessu leyti.

[21:19]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að hv. þm. talaði ekki um starfsmenn ríkisins en það er bitamunur en ekki fjár á því hvort menn eru starfsmenn ríkisins, ráðnir hjá ríkinu eða hvort þeir eru að vinna fyrir ríkið, verkefnaráðnir eða í nefndum eða starfshópum. Ég verð að segja að mér finnst óvarlegt að tala svona um heila stétt manna. Ég held að hv. þm. hafi talað um að menn misstu ráð og rænu, kannski hefur hann orðað það öðruvísi og ekki eins vel og ég. Þá bið ég hann forláts á því en ég ítreka að mér finnst heldur óvarlegt að tala svona um þessa stétt manna, hagfræðinga. Ég held að þetta séu menn sem leggja sig fram um að vinna störf sín vel og eigi ekki skilið þessa einkunn.

[21:20]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst ekki óvarlegt að tala svona. Mér finnst nauðsynlegt að tala svona. Í rauninni er ég ekki að tala um starfsmenn ríkis eða sveitarfélaga. Í raun er ég fyrst og fremst að tala um eina ríksstjórn og vinnubrögð hennar og hæstv. ráðherra í þessari ríkisstjórn. Ég er að tala um allt ferli þessa máls og hef reyndar vísað í önnur mál líka.

Menn gefa sér niðurstöðurnar fyrir fram og búa síðan til starfsnefndir sem er ætlað að vinna að ákveðnu marki. Þetta er breyting sem menn höfðu á orði að hefði átt sér stað í Bretlandi með tilkomu Thatcher. Áður hafði verið hefð fyrir því í Bretlandi að kallaðar væru til vinnunefndir víðs vegar að úr þjóðfélaginu, úr hinum akademíska hluta, úr atvinnulífi, verkalýðshreyfingu og víðar til að kanna mál, grandskoða og gaumgæfa frá ýmsum hliðum og komast að niðurstöðu.

Thatcher hafði uppi allt önnur vinnubrögð. Hún vissi hver niðurstaðan átti að vera og hvert hið pólitíska lokamark væri. Síðan var skipaður vinnuhópur til að keyra að því marki. Þetta eru vinnubrögð ríkisstjórnarinnar. Þetta er ámælisvert og varhugavert þegar um er að ræða eins mikla hagsumuni og hér eru í húfi. Það er þetta sem hefur stjórnað þessum málum, ákvörðun um að framfylgja vanhugsuðum kosningaloforðum Framsfl. Það veldur því núna að menn ætla að vinna einhver mestu spjöll á íslenskri náttúru í sögu landsins og ráðast í framkvæmdir sem eru mjög óheppilegar í efnahagslegu tilliti.

[21:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér þykir vænt um að hæstv. fjmrh. er hér til staðar. Ég vona og vænti að helstu aðstandendur málsins aðrir, hæstv. iðn.- og viðskrh., formaður iðnn. og umhvrh. séu hér á næstu grösum. Í raun og veru væri æskilegt að meira og minna öll ríkisstjórnin, formenn stjórnarflokkanna létu svo lítið að vera viðstaddir þessa umræðu. Mér finnst eiginlega að menn verði að taka sjálfa sig það alvarlega, þeir sem hafa rætt um og fullyrt að hér sé á ferðinni stærsta mál Íslandssögunnar, sinnar tegundar, mesta byggðaaðgerð allra tíma, stærsta framkvæmd og fjárfesting allra tíma o.s.frv., fylgi þá þessu óskabarni sínu á endastöð, t.d. hæstv. utanrrh. sem hefur lítið látið sjá sig við þessa umræðu. Reyndar hefur hann mest lítið haft fyrir því að rökstyðja framgöngu sína í þessu máli innan þingsalar.

Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að þegar líður kannski að lokum umfjöllunar Alþingis um þessi stóru mál, virkjana- og stóriðjuáformin austan lands eða norðan Vatnajökuls þá saknar maður þess, þegar maður lítur yfir þær

umræður og þau átök sem hér hafa orðið, hve sjaldan hefur gefist færi á því að ræða þetta við einn helsta upphafsmann málsins, hæstv. utanrrh.

Það væri einnig fróðlegt, herra forseti, að fara aðeins yfir sögu stóriðjuuppbyggingarinnar og stórvirkjana í landinu. Þar hefði t.d., í undirbúningi þessa mikla máls, gjarnan mátt vinna ákveðna grundvallarvinnu, kortlagningarvinnu. Nú er það svo að það væri tiltölulega auðvelt að greina, t.d. í ljósi reynslunnar, margvísleg áhrif svona framkvæmda, ef menn hefðu viljað það viðhafa upp á að læra eitthvað af því gagnvart samningum um framhald slíkra stórframkvæmda, sýnist mönnum þörf á að ráðast í það. Það hefur að vísu verið umdeilt og er enn hversu hagstætt hafi í raun reynst þjóðinni að ráðast t.d. í Búrfellsvirkjun og byggingu álvers í Straumsvík á sínum tíma. Engin deilir um að álverið í Straumsvík er myndarlegt fyrirtæki í dag. Þegar búið er að afskrifa virkjanirnar sem framleiða ofan í það rafmagn er þjóðhagslegur ávinningur af þeirri starfsemi. En hver er fórnarkostnaðurinn orðinn? Hversu mikið hafa t.d. almennir raforkunotendur í landinu og skattgreiðendur þurft að leggja af mörkum til að koma málum í þá stöðu? Hversu mikil er meðgjöfin með járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga? Talið er að það fyrirtæki hafi ekki borgað ýkjahátt rafmagnsverð í gegnum tíðina og það hefur þurft að endurfjármagna það ítrekað til þess að halda því gangandi. Um þessa hluti er lítið rætt, herra forseti, en þá mætt gjarnan skoða.

Að sjálfsögðu segja menn þá: Já, en sjáið þið alla starfsmennina sem vinna í þessum ágætu fyrirtækjum? Eru þeir ekki mikilvægir? Jú, auðvitað eru þeir það. Það er gott að menn hafi vinnu og vel launaða vinnu. En við megum ekki gera þau grundvallarmistök í samanburði kosta af þessu tagi að gefa okkur að engin önnur störf hefðu skapast og þetta fólk væri ekki í vinnu við annað ef þróun atvinnulífsins í landinu hefði orðið önnur. Hver veit nema þau störf væru þess vegna eins hagkvæm eða gæfu jafnvel meira af sér. Er endilega víst að af hverju starfi í þungaiðnaði sem kostar á milli 300 og 400 millj. kr., þó það skili þessu eina sæmilega launaða starfi, sé þjóðhagslega meiri ávinningur en t.d. ef okkur tækist með markvissri stefnu um nýsköpun í atvinnulífi að stýra þessum störfum, t.d. í hátækni- og þekkingargreinar sem að flestra dómi eru arðvænlegustu störfin í dag þó þar hafi gengið á ýmsu? Svíar hafa t.d. náð býsna langt í að byggja upp slíkan iðnað, þekkingariðnað, hafa nánast náð að byggja sinn kísildal norður af Stokkhólmi. Á vesturströnd Finnlands dregur stórfyrirtækið Nokia vagninn og skapar mörg verðmæt störf í þessum efnum.

Það gaf tilefni til þess, herra forseti, að rifja aðeins upp sögu Búrfellsvirkjunar og raforkuverðsins þegar hv. formaður iðnn. fór mikinn um ágæti þess fyrirtækis í umræðum um mál hér á síðasta þingi. Hann hneykslaðist upp úr skónum á þeim mönnum sem hefðu haft þau viðhorf á sínum tíma að þetta væri kannski ekki mjög fýsilegur pakki, sá samningur sem gerður var við fyrirtækið Alusuisse á sínum tíma. Ég tók þá að mér að rifja upp söguna fyrir þennan framsóknarmann og benda honum m.a. á það að flokksbræður hans á þeim tíma í Framsfl. lögðust gegn samningnum og gerðu það alveg sérstaklega með þeim rökum að raforkuverðið væri allt of lágt og það var sannarlega allt of lágt.

Man einhver hvert upphafsverðið á raforku til Alusuisse var, af því að okkur er svo töm mælieiningin mill, þúsundasti úr dollar? Það voru 3,5 mill. Það var samið um 3,5 mill við Alusuisse og það var óverðtryggður samningur til 25 ára. Vita menn hver rökin voru? Rökin voru m.a. þau að kjarnorkan væri að verða svo hagkvæm að menn væru á síðasta snúningi með að koma raforkunni á Íslandi í verð. Talið var að hún yrði ekki samkeppnisfær innan fárra ára og þess vegna væri gullgæsin að fljúga fram hjá og því yrði að stökkva á hana. Til hvers leiddi þetta? Þetta leiddi til þess að Landsvirkjun var nærri komin á hausinn, að Landsvirkjun varð að hækka raforkuverðið aftur og aftur á almenning í landinu til að halda í horfinu.

Það tókst að vísu að mjaka verðinu upp í ein 6–7 mill í tengslum við stækkun álversins á árinu 1974–1975. En það var þó þannig, það er óumdeilt, að hækkanir á raforkuverði fram undir árið 1980 stöfuðu meira og minna og beint og óbeint af því að Landavirkjun var að kikna undan þessum óhagkvæma samningi. Það var ekki fyrr en fyrirtækið var staðið að svindli — hækkun í hafi — og því stefnt fyrir dómstóla, að íslenska ríkið komst í aðstöðu til að knýja upp raforkuverðið. Það náðist fram á því hækkun, þá loks að málið var fyrir gerðardómi í New York. Það var reyndar tekið út úr honum illu heilli. Væntanlega hefði ríkið komið miklu betur út úr því að láta einfaldlega dæma fyrirtækið fyrir þau brot sem það var sannanlega bert að. En þá náðist hækkun sem síðan hefur gefið, eftir því hvernig álverð sveiflast, á bilinu 12,5–18,5 mill og veitir ekki af. Þessi hækkun er búin að skila Landsvirkjun tugum milljarða, örugglega a.m.k. 15–25 milljörðum kr. og munar um minna.

Hefði nú ekki verið ágætt, herra forseti, að fara aðeins yfir þessa sögu og t.d. hafa í höndunum vandaða greiningu á þessu og þeim lærdómum sem við gætum dregið af fyrri fjárfestingum af þessu tagi og fyrri samningum, a.m.k. til að reyna að falla ekki ofan í sömu gryfjurnar aftur? Eigum við ekki að reyna að nýta reynsluna frá þróuninni í Straumsvík þar sem menn gerðu grundvallarmistök í samningum, þar sem menn bjuggu sér í raun og veru til nauðhyggjuröksemdir af þessu tagi, að kjarnorkan væri að ýta vatnsaflinu út af borðinu og yfirtæki það og yrði miklu hagkvæmari, að menn a.m.k. gangi þá hægt um gleðinnar dyr þegar þeir eru að byggja hlutina á mjög sambærilegum hlutum, óljósum spám um þróun mála inn í framtíðina sem menn hafa ákaflega veikar forsendur til að gera og standa á? En hér er enn verið að gera sömu hlutina.

Þessi spilaborg gæti hrunið til grunna á því einu að menn feilreiknuðu líklega þróun álverðs til framtíðar um 20–30%, ofmatið væri sem sagt af þeirri stærðargráðu. Þá er þetta búið. Annað sem gæti ósköp einfaldlega gerst er að eftirspurn eftir þessum málmi yrði önnur og minni en menn eru að veðja á. Sú þróun er á fullri ferð að hráálsframleiðsla er öll að hverfa frá Vesturlöndum til þróunarríkja svipað og textíliðnaður eða annað því um líkt og siglir hraðbyri í að verða láglaunaiðnaður sem verði alls ekki samkeppnisfær um vinnuafl og passi ekkert inn í það verðlag sem í framtíðinni verður á Vesturlöndum.

Umhverfismálin, herra forseti, eru auðvitað í raun hið stóra mál í þessum pakka. Í mínum huga er það svo þó að ég geri síður en svo lítið úr hinni efnahagslegu áhættu sem er mikil vegna þess að þar er um alveg sérstakar aðstæður að ræða. Og það helgast af því að menn eru að taka ákvörðun um óafturkræfar breytingar á náttúru landsins. Það yrði auðvitað mikið kjaftshögg ef efnahagshliðin á þessu dæmi riði öllu á slig. En við mundum auðvitað klóra okkur fram úr því, Íslendingar, við mundum standa það af okkur. Og við mundum jafna okkur á þeim áföllum eins og við höfum nú

yfirleitt gert þegar síldin hefur horfið eða eitthvað annað í þeim dúr hefur verið mikið reiðarslag fyrir þjóðarbúið. Það hefur verið erfitt og sárt og tekið í á meðan á því hefur staðið en síðan hafa menn jafnað sig á því. En það kemur ekki til með að eiga við um umhverfisáhrifin af þessu fyrirbæri ef í verður ráðist.

Þar eru hlutirnir ekki beint félegir, herra forseti, eins og hér hefur svo oft og rækilega verið farið yfir. Þessi framkvæmd ef hún er tekin í heild sinni, virkjunin og álverið, fékk sem sagt falleinkunn hjá matsstofnuninni sem vinnur við það að safna upplýsingum og meta umhverfisáhrif framkvæmda. Og það er algerlega borðleggjandi að hér er um að ræða langmestu röskun á íslenskri náttúru sem nokkurn tímann hefur staðið til að verði af völdum einnar framkvæmdar, og í raun og veru þó að mestallar framkvæmdir Íslandssögunnar fram að þessu væru saman lagðar er fátt þar sambærilegt nema kannski helst skógarhögg, búfjárbeit og kolagerð landsmanna frá landnámsöld hvað varðar gróðurfar landsins. Það hafa aldrei nokkurn tímann áður verið á teikniborðum t.d. hugmyndir um jafnstórfellda röskun á vatnafari í landinu og hér á að verða. Það hefur aldrei áður verið á teikniborðinu að fara með mannvirkjagerð inn á jafnstórt og ósnortið eða lítt snortið svæði og breyta því með óafturkræfum hætti um aldur og ævi, að sökkva gríðarlegum flæmum gróins lands og margs konar náttúrugersema undir leir sem aldrei verður mokaður í burtu. Að búa til gríðarlega víðáttumikla setsléttu inni á miðhálendi landsins, 40–60 ferkílómetra marflata setsléttu þakta af fínu seti og leir. Hvar hafa menn slík fyrirbæri helst? Jú, kannski á uppþornuðum vatnsbotnum á eyðimerkursvæðum.

Mér kemur fljótlega t.d. í hug eitt kannski svolítið sambærilegt fyrirbæri, afar dapurlegs eðlis, það er hinn þurri vatnsbotn í kringum það sem nú er að verða aðeins leifarnar af Aralvatninu. Og það er víst ekki mjög geðslegt, ástandið þar, eða félegt. Þar vex varla stingandi strá. Og þar geisa sand- og leirstormar. Við þurfum auðvitað ekki til fjarlægra landa. Við þurfum að vísu til Asíu eða Norður-Ameríku til að finna einhverjar hliðstæður um vatnaflutningana. En hvað varðar sambúðina við leirstorma, setsléttur á hálendinu, þurfum við ekki til útlanda. Í næsta nágrenni við fyrirhugaða setsléttu sem kemur til með að vaxa fram í Hálslón eru upptök Jökulsár á Fjöllum norðan Dyngjujökuls. Ég geri ráð fyrir því að ef menn hafa ekki komið þangað, verið þar á hlýjum sumardegi í suðvestanvindi, hafi menn a.m.k. heyrt af því sem þar gerist eða séð myndir af því. En það liggur í hlutarins eðli að það er aðeins örlítið brot af því sem gæti orðið í vændum í framhaldi af setmynduninni innan við Hálslón. Jökla er þó á sínum stað og vökvar leirurnar og þar er aldrei á yfirborði nema eins árs set í senn sem skolast síðan gjarnan burtu.

Það er heldur dapurlegt, herra forseti, af hvílíkri léttúð menn hafa í raun og veru nálgast þennan þátt málsins og öll þessi gríðarlegu umhverfisáhrif. Satt best að segja er ótrúlegt á hvaða stigi þau mál öll eru. Og ég verð að segja alveg eins og er að þegar ég hef farið aftur yfir þessa hluti að hluta til núna að undanförnu til að rifja upp lesningar frá fyrri árum um þessi mál — var að skoða þessar mótvægisaðgerðir aftur sem látið er heita svo að eigi að lappa eitthvað upp á þetta af hálfu umhvrh. — dauðbrá mér því það var farið að fyrnast yfir það hversu fáránlegt þetta er og eiginlega hvers konar skrípaleikur, liggur mér við að segja, átti sér stað í kringum þau mál. Hugmyndir um að rykbinda botninn á hverju ári sem landgræðslustjóri vísaði frá eins og hverri annarri fásinnu. Landsvirkjun segir núna: Já, nei, við erum hættir við það. Það vill svo til að ræðumaður hefur unnið við rykbindingu. Vita menn hver eru helstu rykbindiefnin? Það eru sölt. Átti nú að reyna að salta setið þarna á hverju vori eins og menn reyna að rykbinda veg? Hugmyndir um vökvun, skurði, garða og annað í þeim dúr sem ég fullyrði að er meira og minna skrípaleikur og til þess eins að reyna að slá á gagnrýnina sem eðlilega kemur fram þegar menn sjá framan í hvað þarna gæti orðið á ferðinni.

Þessar framkvæmdir og áhættan sem þeim er samfara, herra forseti, eru náttúrlega gríðarlegar. Ég held að alvarlegust sé áhættan hvað varðar hinn efnahagslega þátt, einfaldlega gagnvart fyrirtækinu Landsvirkjun. Það á að þunglesta þetta fyrirtæki á nýjan leik með skuldum. Og ég sakna þess pínulítið að sjá áætlanir yfir þróun efnahags Landsvirkjunar. Eru þær til? Ég spyr hæstv. fjmrh.: Er til spá um þróun efnahagsreiknings Landsvirkjunar ef hún ræðst í allar þessar framkvæmdir með þeim hætti sem núna stendur til, þ.e. byggingu Kárahnjúkavirkjunar og stækkun fyrir álverið á Grundartanga? Og hvernig ætlar hún að gera það? Jú, hún ætlar að gera það með því að taka lán. Mér er ekki kunnugt um að hæstv. fjmrh. ætli að auka hlutafé í Landsvirkjun, eða Reykjavíkurborg eða Akureyrarkaupstaður. Er það rétt til getið að það eigi ekki að leggja inn í þetta fyrirtæki eina einustu krónu af nýju fé? Hvað þýðir það? Hún tekur svo til allan framkvæmdakostnaðinn að láni, hún getur ekkert annað. Því Landsvirkjun fjármagnar ekki af takmörkuðum tekjum sínum sem að sjálfsögðu fara að langmestu leyti bara lóðbeint í að reyna að borga af núverandi skuldum. Hún fjármagnar ekki stóra hluti. Og hvað þýðir það? Jú, það þýðir að eigið fé Landsvirkjunar sem hlutfall af efnahagsreikningnum snarlækkar. Ég hygg að það fari úr þessum bókfærðu 30% sem það er um þessar mundir niður í a.m.k. 15% bara vegna Kárahnjúkavirkjunar. Þar til viðbótar er fyrirtækið í bullandi fjárfestingum annars staðar þannig að þetta fyrirtæki verður nú ekkert mikið meira en bara svona rétt „solvent“ á pappírnum.

Það skal enginn maður reyna að koma hér og halda því fram að það sé ekki áhætta tekin fyrir þetta fyrirtæki. Og þetta er gríðarlega mikilvægt fyrirtæki. Það vill svo til, því miður auðvitað, að inni í því er raforkuframleiðslan fyrir almennan notendamarkað, ljósin okkar hér í Alþingi og inni á heimilunum okkar og allan almennan iðnað í landinu, illu heilli auðvitað. Það er að mínu mati erfðasyndin í þessum málum, að það skyldi ekki frá byrjun vera virkjað í sjálfstæðu fyrirtæki fyrir stórnotendurna. Það er auðvitað alveg yfirgengilegt þegar maður hugsar málið til baka og enn á að höggva í sama knérunn, og það ekkert smáræði. Það á að drífa milljarðatugaskuldir inn á fyrirtækið til að ráðast í þessar framkvæmdir, hundrað milljarða fjárfesting eða þar um bil í þessari einu framkvæmd sem hleður langt til jafnmiklum skuldum á fyrirtækið því hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde ætlar ekki að koma með nýtt hlutafé til að taka á móti að einhverju leyti þessari fjárfestingu. Þykir þetta góð latína í viðskiptalífinu? Er ekki venjan að ef fyrirtæki ætlar að ráðast í gríðarfjárfestingar af þessu tagi sé talið heppilegt að hlutföll eigin fjár af veltu haldist a.m.k. eitthvað í horfinu en fari ekki bara niður undir ekki neitt? Ég hefði haft gaman af því að heyra hæstv. fjmrh. fara aðeins yfir þessa þætti mála.

Áhættan þarna er náttúrlega gríðarleg, bara af þeim einu

ástæðum að efnahagsreikningur fyrirtækisins veikist mjög mikið og eitthvert bókfært eigið fé er náttúrlega lítils virði ef tekjustreymið dugar ekki til að borga af lánunum, eins og gerðist á árunum eftir Búrfell og leiddi til þess að fyrirtækið varð að hækka aftur og aftur rafmagnið til almennra notenda. Vandinn verður sá núna að það mun bara ekkert duga vegna þess að svo lítill hluti raforkusölunnar kemur til með að fara á hinn almenna notendamarkað. Hann á að vísu að borga sex- til áttfalt verð fyrir þá litlu sneið af raforkukökunni sem hann fær, almenni notendamarkaðurinn. En það þýðir náttúrlega ekki að hækka upp í hið óendanlega þessi 20% eða hvað það nú verður sem fer til almennra notenda.

Það er opinbert ríkisleyndarmál skulum við segja, herra forseti, að raforkuverðið til Alcoa, til ameríska auðhringsins Alcoa, eigi að verða 17,4 mill á kílóvattsstund miðað við þær forsendur sem menn gefa sér í samningnum. Það hefur ekki ómerkari aðili en fréttastofa Ríkisútvarpsins, sjónvarps upplýst. Þetta gefur um 1,20 kr. á kwst. miðað við núverandi gengi, 1,20, 1,30, 1,40 kannski, ef gengið verður eitthvað nálægt venjulegu róli. Þetta gildir á sama tíma og almenningur á að borga 7,74 kr. fyrir kwst. sem hann fær, án virðisaukaskatts. Með virðisaukaskatti fer það í rétt tæpar 10 kr., algengasti taxtinn til almennra notenda. Og þetta verð, nota bene, borga mjög gjarnan minni fyrirtæki í landinu líka. Svo eru til enn hærri taxtar, t.d. til lýsingar og annarra slíkra hluta. Þar eru menn farnir að borga vel á annan tug króna fyrir kílóvattstundina. Það er yfirleitt ekki fyrr en menn eru orðnir talsvert stórir notendur hjá Rarik eða Landsvirkjun eða veitunum, komnir yfir 50 þús. kwst. eða svo, sem þeir fara að fá hagstæðara verð.

Ef mönnum skyldi nú detta það í hug, ef illa gengur og út af ber og fyrirtækið þunglestað af skuldum — það verður eins og loðnubátur sem er að koma inn á nösunum, alveg hreint með sjóinn yfir dekkið. Fyrirtækið Landsvirkjun verður svo þungt í sjó með þessar skuldir sínar og þá vitum við að lítið má út af bera. En þá kemur til með að duga skammt að reyna að hækka raforkuverðið á almenna markaðnum og ég frábið mér nú klisjuna einu sinni enn um að það sé bannað, því það vita allir sem eitthvað vita að þar eru ótal möguleikar á að hagræða hlutunum þannig að það er engin leið að greina það í sundur.

Hvernig stóð á því að Orkubú Vestfjarða gat keyrt á talsvert lægra raforkuverði til sinna notenda en þeir aðilar sem skiptu við Landsvirkjun? Hvernig stóð á því? Þetta var tiltölulega ungt fyrirtæki sem hafði verið í mikilli og örri uppbyggingu en það var búið að ná þeim árangri í rekstri að það gat boðið upp á talsvert lægri orkutaxta. Gæti það hafa verið vegna þess að það var laust við að niðurgreiða rafmagn ofan í stóriðju? Það skyldi nú ekki vera. Og hvernig stendur á því að bændur geta reist litlar vatnsaflsvirkjanir sem ættu auðvitað að vera óhagkvæmari, ef maður hugsar til hagkvæmni stærðarinnar, en stærri vatnsaflsvirkjanir? Og ef þeir voru röskir við að borga fjárfestinguna niður með svipaðri verðlagningu á sjálfan sig og ef þeir hefðu keypt af Rarik þá voru þeir stundum tíu ár að afskrifa virkjunina og bjuggu við nokkurn veginn ókeypis rafmagn eftir það. Það þurfti að skipta um legur kannski á tíu ára fresti. Jú, það er náttúrlega vegna þess að varla er til hagkvæmara fyrirbæri en vel heppnuð vatnsaflsvirkjun í bergvatnsá til dæmis, ef menn fá að njóta afrakstursins af því að hafa borgað þá fjárfestingu niður, vegna þess að rekstrarkostnaðurinn er mjög lítill.

Af hverju njóta þá ekki Íslendingar þess í formi miklu, miklu lægra rafmagnsverðs en aðrar þjóðir? Hvernig stendur á því að algjörlega afskrifaðar Sogsvirkjanir, Laxárvirkjun og fleiri slíkar virkjanir, sem fara langt með að duga fyrir notendamarkaðinn, nægja þá ekki til að skaffa okkur hér um bil ókeypis rafmagn? Getur verið að það sé vegna þess að það er inni í þessari stóru hít, þessari miklu púllíu sem er jafnóðum hlaðin með skuldum í þágu erlendrar stóriðju um leið og menn fara að sjá til lands?

Útkoman er sú að þetta orkuríka land, Ísland, með þessa einstöku möguleika til að skaffa almenningi hagkvæma orku, býr við hærra orkuverð en flest nálæg lönd. Það þarf afbrigðilegt ástand og orkuskort í Skandinavíu t.d. til þess að verðið þar fari upp fyrir það sem er á Íslandi. Almennur iðnaður á Íslandi greiðir hærra verð, mun hærra verð fyrir rafmagn en léttur iðnaður í nágrannalöndunum. Það þurfti sérstaka nefnd og sérstakar aðgerðir til þess að reyna að leita leiða til þess að *ná niður rafmagnskostnaði til íslenskrar garðyrkju þannig að* hann yrði sambærilegur við samkeppnislöndin, með öðrum orðum það stendur á prenti í skýrslu hjá landbrh. að íslenska garðyrkjan borgi talsvert hærra rafmagnsverð, eins og málin standa í dag, en gert er í nágrannalöndunum.

Auðvitað er síðan öll áhættan önnur til staðar sem liggur í að framkvæmdakostnaður fari fram úr, að álverðið fari niður, að sveiflur í efnahagslífi okkar verði okkur óhagstæðar að þessu leyti og áhættan sem fólgin er í umhverfisáhrifunum. Gleymum svo ekki þeirri áhættu í þessu máli sem mér þætti kannski einna dapurlegust ef út úr kæmi, þ.e. að svo verði þetta ekki það bjargræði fyrir byggð og mannlíf á Austurlandi sem sumir menn halda og hafa tekið trú á að verði. Það yrði nú dapurleg útkoma af öllu saman ef menn fórnuðu náttúrunni, skuldsettu Landsvirkjun, tækju á sig alla þessa áhættu að öðru leyti og svo kæmi í ljós að þegar mesta gullöldin og gleðitíðin á framkvæmdatímanum yrði um garð gengin þá reyndist það ekki eins mikið úrræði í sambandi við veika stöðu landsbyggðarinnar og ekki einu sinni á þessu mesta áhrifasvæði virkjunarinnar á Miðausturlandi að reisa þar einn slíkan vinnustað, þó bústinn sé, ef engar aðrar grundvallarbreytingar verða á *þróun atvinnulífs* og mannlífs og byggðarforsendum eða undirstöðum þess á landsbyggðinni.

Herra forseti. Ég vil gera svo aðeins að umtalsefni einn hlut, og það ber vel í veiði að hæstv. fjmrh. er viðstaddur, þ.e. *fjármögnun Landsvirkjunar á* þessari fjárfestingu. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. fjmrh. sé þar vel upplýstur um gang mála. Það væri auðvitað gott ef hæstv. iðnrh. væri hér líka og formaður iðnn., en hann er ókyrr mjög undir umræðunni.

Ég hefði gaman af því að vita hvernig Landsvirkjun er að undirbúa fjármögnun á þessum allt að 100 milljarða pakka sínum sem fram undan er þá ef ráðast á í Kárahnjúkavirkjun. Ég hef um það vissar upplýsingar, að ég tel, m.a. erlendis frá, úr bankaheiminum úti í Evrópu, að þar sé nú talað um að Landsvirkjun sé að leita hófanna hjá kunnuglegum aðilum sem hún hefur áður leitað aðstoðar hjá um fjármögnun á þessum pakka. Það gætu verið bankar eins og í Hollandi, Japan, Sviss, Bandaríkjunum og Evrópski fjárfestingarbankinn og Norræni fjárfestingarbankinn, sem ætlunin væri að banka upp á hjá. Það væri fróðlegt að vita hvort rétt er. Það skyldi t.d. ekki vera að þetta væru aðilar sem Landsvirkjun hefur áður verið leita til um stór fjárútboð, eins og Merill Lynch, eins og Ambro, eins og Sumitomo Mitsui Banking Corporation, eins og J.P. Morgan, Warburg og þessir snill-

ingar allir og svo NIB og Evrópski fjárfestingarbankinn? Segjum nú að þetta sé ekki ólíkleg tilgáta, að það eigi að leita ekki síst kannski hófanna hjá NIB, sem oft hefur lánað til svipaðra verkefna hér, og Evrópska fjárfestingarbankans.

Þá vil ég spyrja: Er búið að fara yfir það að þessir bankar fáist til að lána út á svona verkefni vegna umhverfisáhrifanna? Hvernig er það með þessa banka? Hafa þeir ekki einhver viðmið og einhvern standard í þessum efnum? Jú. Það vill svo til a.m.k. að ég veit að Norræni fjárfestingarbankinn hefur það og stærir sig nú ekki lítið af því stundum hversu umhverfisvænn hann sé orðinn, og það er vel. Því er mjög haldið fram að Norræni fjárfestingarbankinn sé að fjármagna verkefni á sviði umhverfismála í t.d. Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi, og það er vel.

En Norræni fjárfestingabankinn er auðvitað líka að fjármagna ýmiss konar uppbyggingu og mannvirkjagerð og framkvæmdir. Og þá setur hann ákveðnar kröfur og hefur reglur um mat á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda og það er ekki veitt lán nema þar séu tilteknir hlutir uppfylltir og í lagi. Norræni fjárfestingarbankinn hefur sett sér strangar vinnureglur í þessum efnum, það eru sem sagt umhverfisreglur eða umhverfisvinnureglur, „miljörutiner" heitir það á sænsku, hjá Norræna fjárfestingarbankanum. Framkvæmdirnar eru flokkaðar eftir umhverfisáhrifum, hversu mikil þau verði, í A-, B- og C-flokk. Í A-flokknum eru þá þær framkvæmdir sem hafa umtalsverð umhverfisáhrif eða framkvæmdir þeirrar tegundar sem ætla má að stærðar sinnar vegna eða eðlis hafi umtalsverð umhverfisáhrif. Flokkur A er þá sem sagt sá sem mest áhrifin hefur að þessu leyti, hefur „omfattande potentiella miljökonsekvenser", ef ég má sletta því, með leyfi forseta, sem sagt umfangsmikil möguleg eða „potentiell" umhverfisáhrif. Og hvers konar framkvæmdir eru það nú sem þar eru taldar upp efst á listanum? Jú, það eru orkuver sem byggja á kolum, olíu, torfi eða gasi, og það eru vatnsaflsvirkjanir „vattenkraftverk". Reyndar eru líka stíflubyggingar, skurðir, stór jarðgöng, olíuhreinsunarstöðvar og ýmislegt fleira talið þarna upp. Það er sem sagt bara þannig að sjálfkrafa fara stór vatnsaflsorkuver í þennan fyrsta flokk hjá NIB. Og þá skal fara fram mat á umhverfisáhrifum. Gögnin eru tekin, þeim er safnað saman hjá bankanum sjálfum og þau eru lögð fyrir stjórn og þau eru hluti af grundvelli afgreiðslu lána.

Er alveg öruggt að Norræni fjárfestingarbankinn eða Evrópski fjárfestingarbankinn hafi áhuga á því að lána í framkvæmd sem féll í umhverfismati? Gleymum því ekki að hún féll í umhverfismati. Úrskurður Skipulagsstofnunar var sá að þessi framkvæmd hefði svo umfangsmikil neikvæð og óafturkræf umhverfisáhrif í för með sér að ekki væri hægt að réttlæta hana. Ég er ekkert viss um að þessir bankar taki það endilega sem gilt að svo komi pólitískur svokallaður umhverfisráðherra og snúi því við með handafli, vegna þess að það er yfirleitt ekki þannig sem hlutirnir ganga fyrir sig í þessum löndum. Það er sérislenskt fyrirbæri að hægt sé að fara þannig með málin. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum mjög víða hefði úrskurður skipulagsstjóra verið endanlegur.

Ég leyfi mér að efast um að það verði almenn gleði t.d. í hópi sænskra, norskra og finnskra stjórnarmanna í Norræna fjárfestingarbankanum með að fjármagna þetta umdeilda verkefni. Það gæti gerst líka með evrópska bankann. Þeir kunna að hafa frétt af því t.d. að sænsk verktakafyrirtæki flúðu af hólmi vegna þess að þau höfðu ekki áhuga á því að láta draga sig inn í umhverfissóðaskap af því tagi sem hér um ræðir.

Komi sem sagt til þess að menn ætli að leita hófanna hjá þessum bönkum þá býst ég við því að þeir muni draga upp sína umhverfisstaðla, sínar vinnureglur í sambandi við umhverfisáhrif framkvæmda, og verða býsna tortryggnir á það að fara að veita fyrirgreiðslu til framkvæmdar af þessu tagi. Það væri fróðlegt að heyra hvar þessi mál eru á vegi stödd hjá hæstv. ríkisstjórn og hjá Landsvirkjun, hvort það sé nú öruggt að þetta renni allt saman í gegn eins og bráðið smér, því að ég veit að margir einkabankar hafa lagt metnað sinn í að setja sér mjög sambærilegar reglur og hafa dregið sig út úr t.d. fjármögnun framkvæmda þar sem þessir hlutir eru ekki í lagi, af því að mönnum er ekkert orðið sama um það lengur hvaða orð þeir fá á sig vegna framgöngu sinnar að þessu leyti.

Herra forseti. Eins er afar sérkennilegt að eiga að afgreiða þessi mál hér, og eiginlega alveg með ólíkindum að það skuli eiga að bjóða upp á það, þegar t.d. þeir hlutir eru á vegi staddir eins og raun ber vitni bæði gagnvart Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hvað varðar mat á því hvort þetta fyrirkomulag allt saman og umfangsmikill ríkisstuðningur við þessa framkvæmd standist evrópskar samkeppnisreglur, eða þegar málin eru fyrir Hæstarétti eða öllu heldur eru fyrir dómstólum, vegna þess að búið er að kæra til dómstóla mat á umhverfisáhrifum og Hæstiréttur er búinn að úrskurða að dómstólarnir skuli fjalla efnislega um það mál. Það féll úrskurður um það núna fyrir nokkrum dögum. En það er auðvitað með þetta eins og allt annað að það verkar ekki á hæstv. ríkisstjórn frekar en vatn á gæs. Það er eins og að skvetta vatni á gæs að því er virðist. Og það er alveg sama hvaða rök eru færð fram, á þau er ekkert hlustað.

Herra forseti. Aðrir sem hér hafa talað á undan mér, bæði hv. þm. Ögmundur Jónasson og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, hafa gert efnahagsáhrif og ruðningsáhrif þessarar fjárfestingar að ítarlegu umtalsefni og ég skal tímans vegna ekki fjölyrða um það. Mér er kannski ekkert síður ofarlega í huga þær krossgötur sem ég tel að við séum að mörgu leyti stödd á í sambandi við þetta mál hvað varðar grundvallaráherslur og stefnumótun varðandi atvinnulíf okkar, uppbyggingu okkar, áherslur í þessum efnum. Það er nú þannig að flestar þjóðir sem hafa metnað til að bera í þessum efnum reyna að hafa einhverjar áherslur uppi við, einhverjar meginlínur sem þær telja skynsamlegar varðandi þróun atvinnuhátta sinna og efnahagslífs síns, þar á meðal vilja menn gjarnan leggja áherslu á framsæknar atvinnugreinar sem líklegar eru til þess að skila arði og skila ábatasömum viðskiptum og vel launuðum störfum inn í framtíðina. Það hefur lítil kortlagning farið fram á því hvort þetta er skynsamleg áhersla í þeim efnum, að ryðja hér inn í hagkerfið framkvæmdum sem verða svo umfangsmiklar að þær ýta meira og minna öllu öðru frá sér á meðan. Það er bara eins og einhver þungavigtarmaður, sumoglímukappi, komi inn á barnaheimili með olnbogana út í loftið og ryðji öllu öðru til hliðar. Þetta verður þannig, að taka þessa 200 milljarða króna innspýtingu inn í hagkerfi landsins á örfáum árum. Og hæstv. fjmrh. bliknar ekki. En það er ekki nóg. Það á að drífa allt í gang á Grundartanga líka, helst samtímis. Síðan eru menn með plön um stækkun suður í Straumsvík. Það eru Rússar fyrir norðan að tala bæði um álver og súrálver. Og eitthvað eru Kínverjar að reka hingað nefið. Hvernig hugsar hæstv. fjmrh. sér þetta? Eða hefur hann þá þægilegu afsökun að segja að efnahagsmál séu á

könnu forsætisráðherra og þetta sé bara hjá iðnaðarráðherra? Það er nú kannski fullmikil einföldun.

Annað atriði ætla ég svo að taka hér til umfjöllunar sem varðar hæstv. fjmrh. beint svo ég klári þá hluti sem sérstaklega snúa að hæstv. ráðherra og það varðar skattareglurnar. Nú hafa aðrir farið yfir það og ég ætla ekki að endurtaka þá hluti sem ég tel að aðrir hafi gert tæmandi skil, en auðvitað vakti það mikla athygli þegar maður sá að skattaákvæði eru í raun klæðskerasaumuð utan um þetta fyrirtæki nánast að öllu leyti. Það hefði verið miklu einfaldara að telja upp hvaða ákvæði íslenskra skattalaga ættu við um fyrirtækið og vísa svo að öðru leyti bara til sérákvæðanna. Þetta er eins og argasti brandari. Að byrja á því að taka það fram í frumvarpstexta að um fyrirtækið skuli gilda ákvæði íslenskra skattalaga, en undanþiggja svo það sama fyrirtæki íslenskum skattalögum nánast að öllu leyti, búa til sérákvæði um nánast hvern einasta skatt sem varðar yfir höfuð lögaðila í landinu. En þannig er það. Það er sannarlega þannig, eða hvað, hæstv. fjmrh.? Ég vil bara að ráðherrann nefni mér einhvern einn einasta skatt sem fyrirtækið hefur ekki að einhverju leyti einhverja sérstöðu gagnvart. A.m.k. er vari fyrir því að ákvæðin kynnu að breytast í framtíðinni. Það sem sagt neglir niður skattaívilnanir sínar eiginlega að öllu leyti langt inn í framtíðina. Það er t.d. þannig, svo við aðeins hlaupum yfir það, að sett er þak á tekjuskattsprósentuna. Hún fer aldrei upp fyrir þessi 18% sem hún er í dag, mun fylgja öðrum fyrirtækjum niður en ekki fara upp ef þetta yrði einhvern tímann hærra, við skulum segja vegna grundvallarbreytinga í skattamálum sem við vildum gera, sem kannski fælu í sér að létt yrði einhverjum sköttum af atvinnulífinu, við skulum segja launatengdum kostnaði atvinnulífsins, vegna þess að menn vildu örva atvinnusköpun, en í staðinn greiddu fyrirtæki sem högnuðust hærri tekjuskatt. Þá væri það ekki hægt gagnvart Alcoa, þeir eru með ákvæði fyrir því.

Rekstrartöp. Sama gildir þar. Lágmark níu ár, en fyrirtækið er varið fyrir breytingum. Það eru sérákvæði um fyrningar. Það er undanþegið eignarskatti. Það er undanþegið iðnaðarmálagjaldi. Það er sérákvæði um fasteignaskatt, 1% af tiltekinni upphæð. Það er undanþegið gatnagerðargjaldi. Það er sérákvæði um byggingarleyfisgjald og slíka hluti. Sérákvæði um stimpilgjöld. Það er undanþegið ákvæðum laga um öryggi raforkumannvirkja. Sérákvæði eru um skattlagningu arðs. Sérákvæði um skattlagningu arðgreiðslna út úr landinu, afdráttarskattinn svokallaða hygg ég að það sé kallað. Það er sérákvæði um heimild til samninga um vörugjöld. Og eins og hér hefur verið ítarlega rætt er sérákvæði um álagningu mengunargjalda. Fjárfestingarvörur eru tollfrjálsar. Einnig það sem keypt er hér innan lands, það er líka tollfrjálst. Það fær þá endurreiknaðan tollinn af því. Og síðast en ekki síst, og það ætla ég að gera hér að umtalsefni sérstaklega, það er sérákvæði um frádrátt vaxtakostnaðar. Það vakti sérstaka athygli mína.

Hvers vegna í ósköpunum þarf fyrirtæki af þessu tagi sérákvæði um það sem hefur auðvitað lengi verið í lögum, að eitt af því sem fyrirtæki má draga frá tekjum áður en kemur til uppgjörs og síðan skattlagningar hagnaðar, er vaxtakostnaður, samanber lög um tekju- og eignarskatt. Ég spurði sjálfan mig og velti þessu fyrir mér: Bíddu, til hvers? Hvers vegna þarf fyrirtækið einnig að vera varið að þessu leyti? Þarf þetta gælufyrirtæki að vera með belti og axlabönd í öllum tilvikum? Ef einhvern tímann kæmi til þess að gerðar yrðu einhverjar breytingar á reglum um frádráttarbærni vaxtakostnaðar frá tekjum áður en til skattlagningar kemur, áður en að því kæmi að fyrirtækið gerði endanlega upp reikninga sína og færi þá að borga þessi rausnarlegu mögulegu 18% í tekjuskatt? Jú, það skyldi nú ekki vera að þar væri fiskur undir steini? Hefur hæstv. fjmrh. látið fara vandlega yfir það? Hvernig skyldu samningarnir halda að þessu leyti? Og það sem mestu máli skiptir hér: Hvernig ætlar Alcoa að fjármagna fyrirtækið, hina íslensku einingu sem rekur álverið, hinn íslenska skattaðila sem verður að vísu í 100% eigu þess? Hvernig verður hann fjármagnaður? Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. svari því og fari yfir það, vegna þess að ástæða er til að hafa hér varann á.

Athygli mín hefur verið vakin á því af aðila sem ég reikna með að þekki þessa hluti vel, því að þær upplýsingar sem ég fékk þaðan benda til þess að þar séu á ferðinni menn sem kunna á þessa hluti. Þarna gæti glitt í alkunna aðferð auðhringa þegar þeir eru að búa sér út sem hagstæðust skilyrði til þess að flytja arð og gróða milli landa. Hvernig gæti það gerst? Til þess að losna við að borga að sem mestu leyti skatta hér og koma þeim á flot innan samsteypu sem er með starfsemi, útibú og bankareikninga og hvað það nú er vítt og breitt um heiminn og hefur kannski mikla möguleika til þess innan sinnar keðju með verðlagningu aðfanga og söluafurða að möndla með þetta hvort sem er, en svo eru til aðferðir sem eru alþekktar til að ástunda skattsniðgöngu.

Það er sem sagt það að íslenska fyrirtækið, álfyrirtækið, — á það ekki að heita Fjarðaál? — í 100% eigu Alcoa, verði mjög lítið fjármagnað með eigin fé. Menn munu ekkert skipta sér af því þar sem risafyrirtæki á í hlut, sem ræður því í sjálfu sér sjálft og er ekkert upp á aðra komið í sambandi við það hvernig það stendur að málum, hefur lánstraust og enginn efast um það sjálfsagt að það geti fengið lán til að fjármagna þetta fyrirtæki, en það gerir það nánast 100% með lánsfé. Þetta verður það sem kallað er „fin capitalization" á ensku. Hefur fjármálaráðherra heyrt getið um þetta? Hvaða afleiðingar hefur það? Jú, fjármagnskostnaður fyrirtækisins verður gríðarlegur vegna þess að það er nánast alfarið fjármagnað með lánsfé. Og vaxtagreiðslurnar af þessum lánum verða mjög háar, hagnaðurinn enginn. Þá gæti verið gott að vera varinn fyrir því að það verði nokkurn tímann hróflað við ákvæðunum um að draga megi allan vaxtakostnað án tillits til nokkurra fjármögnunarreglna frá áður en til skattgreiðslna kemur. Og það fær fyrirtækið þarna að sjálfsögðu eins og öll önnur sérréttindi og sérákvæði sem það hefur beðið um.

Þetta, herra forseti, er alþekkt aðferð til skattsniðgöngu að fyrirtæki byrjar með gríðarlegan skuldabagga, gjaldfærir vextina í sínum rekstri og þeir eru síðan greiddir úr landi og það er enginn afdráttarskattur á vaxtagreiðslurnar sem fara út og þannig gæti fyrirtækið skilað litlum eða engum tekjuskatti um langt árabil í ríkissjóðinn hjá fjármálaráðherra sem þá verður að vísu örugglega orðinn einhver annar en núverandi hæstv. ráðherra, Geir Hilmar Haarde.

Ég held, herra forseti, að gaman væri að fá aðeins upplýst hversu rækilega hefur t.d. verið farið yfir þetta. Kannski finnst mönnum þetta allt í lagi og það aukaatriði að vera að tala um að þessi aðili borgi einhverja skatta, því að gróðinn af þessu verði svo gríðarlegur hvort sem er að menn eigi ekki að vera að hafa af þessu áhyggjur, en það mundi kannski stinga dálítið í augu ef það kæmi á daginn eftir allt saman að til viðbótar því að þurfa að niðurgreiða ofan í þetta fyrirtæki raforkuna, þá kæmi það ár sinni þannig fyrir borð að það skildi sáralitla skatta eftir í landinu af sínum umfangs-

mikla rekstri, 5% aðeins af afdráttarskatt af arðgreiðslunum og kæmist að mestu leyti hjá því að borga tekjuskatt með skattsniðgönguaðferðum af þessu tagi.

Herra forseti. Því hefur verið haldið fram af ýmsum að bygging álvera á Íslandi — það má stundum skilja hæstv. umhvrh. þannig, svo maður tali nú ekki um iðn.- og viðskrh. — sé einstakt framlag til umhverfismála í heiminum af því að hér sé notuð hrein endurnýjanleg orka og þá er dæminu væntanlega stillt upp þannig að álframleiðsla hér komi alltaf í staðinn fyrir framleiðslu með kolum eða olíu eða einhverjum slíkum mengandi jarðefnaeldsneytisorkugjöfum erlendis. Og að sjálfsögðu höfum við fengið að heyra þennan söng um Alcoa. En hvað er á spýtunni þar? Jú, það er upplýst að Alcoa sé ekki fyrst og fremst að auka álframleiðslu sína með álverinu hér, jafnvel ekki neitt. Það sé að loka gömlum álverum í Bandaríkjunum og flytja framleiðsluna hingað. Og það sem meira er, að álverin sem verið er að loka í Bandaríkjunum fá raforku, tvö af þremur, frá vatnsaflsvirkjunum og það er engin breyting að því leyti. Munurinn er bara sá að hér fær Alcoa rafmagnið á niður undir einum þriðja af því sem það borgar í Bandaríkjunum, alla vega á ekki meira en helming af því verði sem það þyrfti að borga í Bandaríkjunum ef það endursemdi um orku til álframleiðslu þar og kannski ekki nema einn þriðja af því sem leifarnar af álframleiðslu í Evrópu borga. Þá skilur maður betur að þeir skuli koma hingað. Og auðvitað. Hver fer ekki á útsölu ef honum býðst þar góð vara á helmings eða þriðjungs verði?

Þá er hins vegar orðið lítið um hin jákvæðu hnattrænu umhverfisáhrif af málinu, ef álverum er bara lokað vestan hafs sem hvort sem er fengu rafmagn frá vatnsaflsvirkjunum, eitt að vísu kannski frá kola- eða brúnkolaorkuveri. Og gleymum þá ekki því að orkan úr Kárahnjúkavirkjun verður ekkert óskaplega umhverfisvæn. Verður hún það? Nei. Hún verður hvorki sjálfbær í þeim skilningi að virkjunin geti haldið áfram um aldur og ævi á grundvelli endurnýjanlegrar orku og hún verður sko víðs fjarri að vera umhverfisvæn af því að hún veldur gríðarlegum neikvæðum óafturkræfum umhverfisáhrifum. Og það stendur hvergi í þessum litteratúr að slíkt sé umhverfisvænt, þvert á móti. Það er það sem menn eiga ekki að gera.

Í raun er hvorki um endurnýjanlega orku að ræða þegar litið er til lengri tíma, sem hér verður að sjálfsögðu að hafa til viðmiðunar, og þaðan af síður er hún umhverfisvæn í grunninn. Eins og ágætlega kom fram í hinni mögnuðu mynd Ómars Ragnarssonar er Kárahnjúkavirkjun og Hálslón sem þar á að mynda að þessu leyti eins og náma sem tæmist, bara með öfugum formerkjum. Í þessu tilviki fyllist náman. Lónið fyllist í staðinn fyrir að venjulegar námur tæmast, eru þar með búnar og verða ekki notaðar meir. En hér fyllist náman og verður ónothæf á svona um 250–400 árum. Það er auðvitað ljóst að nokkru áður en lónið verður endanlega fullt er virkjunin ónýt. Þá er miðlunargetan svo til að engu orðin. Ár frá ári munu fara vaxandi vandamál sem fylgja setburði inn í göngin o.s.frv., þegar lónið verður orðið lítið og minni tími fyrir gruggið til að falla út.

Herra forseti. Ef betur er farið yfir þetta þá hrynja þessar röksemdir einnig. Ég held að stór hluti íslensku þjóðarinnar upplifi það ekki svo í dag að þetta sé sérstaklega umhverfisvæn virkjun.

Ég hef áður reynt að nefna í þessari umræðu, herra forseti, að ég er ekki viss um að Íslendingar hafi allir áttað sig á hversu einstakt fyrirbæri það er í heiminum að reyna að beisla kolmórauðar jökulár. Það er nánast hvergi gert nema á Íslandi. Þar sem sambærilegar aðstæður er að finna í heiminum er mér ekki kunnugt um að menn séu mikið að reyna að reisa orkuver. Hvar er það? Jú, það er á Svalbarða að einhverju leyti. Það er að litlu leyti á Grænlandi. Og í miklu minni mæli annars staðar þar sem jökla er að finna eins og í Noregi, í Ölpunum, í nýsjálensku Ölpunum, Suður-Ameríku o.s.frv.

En Ísland er að þessu leyti nánast algerlega einstakt. Hér er stærsti jökull utan heimskautasvæðanna. Ef við teljum Grænland með þeim eru bara tveir staðir á hnettinum þar sem eru stærri jöklar, þ.e. Suðurheimskautið, Antarktíka, og Norðurheimskautið og Grænland. Ísland og Vatnajökull eru algerlega í sérflokki. Það sem gerir hann mjög sérstakan er að hann er algjör þíðjökull. Hitastigið við botninn er núll, ísinn er ekki frosinn við botninn. Þar verður gríðarlegt rof eða efnisvinnsla og árnar sem undan jökulsporðunum koma bera fram með sér óhemju af seti. Eins og þetta væri nú ekki nóg, herra forseti, er Vatnajökull líka einstakur nánast í sinni röð í heiminum vegna þess að undir honum, undir miðju Íslandi, er annar stærsti möttulstrókur hnattarins þar sem gríðarlegt uppstreymi varma úr iðrum jarðar og bráðinnar kviku skilar upp undir yfirborð jarðarinnar óhemju orku sem verður til langt niðri í djúpi hnattarins við niðurbrot á geislavirkum efnum.

Herra forseti. Þetta er að verða nokkuð einstök blanda enda er það hverju orði sannara að Vatnajökull er einstakt fyrirbæri í heiminum. Vatnajökull og svæðið umhverfis hann er sennilega einstakasta og merkilegasta fyrirbæri sem Ísland hefur upp á að bjóða. Það eina sem er svo algerlega sérstakt fyrir Ísland að hvergi nokkurs staðar annars staðar á hnettinum er neitt sambærilegt að finna.

Á Hawaii er gríðarlega öflugur möttulstrókur sem skilar líka miklum varma upp á yfirborð hnattarins, en þar er enginn jökull. Það er hvergi annars staðar í heiminum þetta magnaða samspil elds og ísa sem Vatnajökull hefur upp á að bjóða. Svæðið umhverfis hann ber auðvitað keim af þessu og þar á meðal og ekki síst þetta magnaða svæði norðan og norðaustan jökulsins sem hér á í hlut og á að verða vettvangur þessara miklu framkvæmda.

Þetta hafa menn umgengist, herra forseti, af talsverðri léttúð. Stundum er ekki á mönnum að heyra að þetta sé eitthvað sem sé ástæða til að hafa miklar áhyggjur af eða velta mikið fyrir sér, að menn kunni að hafa í höndunum þessi einstöku fyrirbæri sem raun ber vitni.

Herra forseti. Það sem ég ætla aðallega að gera að umtalsefni að lokum er hin sérstaka staða sem uppi er í þessu máli og leitað hefur á hugann á síðustu vikum þegar þessi mál eru að komast hér á endastöð umfjöllunar sinnar á Alþingi, í bili a.m.k. hvað sem verður. Það er ákvörðunin sem menn standa frammi fyrir. Það er gjörningurinn sem slíkur og eðli hans. Það er í bígerð að taka ákvörðun og ráðast í framkvæmd sem er einstök í Íslandssögunni og hefur þetta sérstaka eðli að valda gríðarlegum óafturkræfum breytingum á náttúru landsins Íslands sem aldrei verða aftur teknar, sem aldrei verða aftur bættar. Enginn mannlegur máttur mun nokkurn tímann, hvorki peningar, hugvit né orka mannsins, mun nokkurn tímann ná að bæta þær gjörðir. Það er borðleggjandi. Verði þessum gersemum sökkt verða þær aldrei endurheimtar undan milljónum og aftur milljónum og þúsundum milljóna tonna af sandi og leir sem ofan á þær hlaðast.

Þá fer maður að velta fyrir sér, herra forseti, eigi á annað borð á að ráðast í svona framkvæmd eða taka svona ákvörðun: Hvernig á að gera það? Er þetta rétt eins og að ákveða hvernig húsgögn verða sett inn í eina opinbera byggingu? Eða er þetta rétt eins og að ákveða eitthvað af þeim toga, taka einhverja léttvæga dægurákvörðun, jafnvel þó að hún væri nokkuð stór? Er þetta sambærilegt við að byggja eitt stykki tónlistarhús eða ráðast í einhverja slíka framkvæmd? Nei, því er alltaf hægt að breyta. Það er alltaf hægt að rífa það eða gera á slíkum framkvæmdum allar þær breytingar sem menn vilja. Þær eru afturkræfar. En þetta er sem sagt ekki afturkræft.

Herra forseti. Þegar svona stórar framkvæmdir eiga í hlut, að gera gríðarlegar óafturkræfar breytingar á sjálfri náttúru landsins, spyr maður: Hver er siðferðileg staða einnar kynslóðar í landinu til að ákveða slíkt? Og ekki einu sinni heillar kynslóðar því að það er kannski hálf þjóðin sem er sátt við þessa ákvörðun. Það liggur nokkurn veginn fyrir að þjóðin er þverklofin í málinu. Í raun eru það ekki það margir sem í skoðanakönnunum gefa sig upp hlynnta þessari ákvörðun *sem stjórnvöld eru búin að keyra áfram með afli sínu* og offorsi í krafti framkvæmdarvaldsins í landinu, í krafti peninga ríkisins, í krafti opinbers fyrirtækis eins og Landsvirkjunar og ráðuneyta. Margir Íslendingar telja vitanlega í kjölfar þess að þeir eigi að styðja það. En það eru örfáir menn, herra forseti, en ekki hálf eða heil kynslóð í landinu sem er að taka þessa ákvörðun. Það eru örfáir menn. Hver er siðferðilegur réttur þeirra til þess að taka svo gríðarlega stóra ákvörðun um óafturkræfa hluti sem breyta jafnmiklu á landi okkar, hluti sem aldrei verða aftur teknir?

Ég fullyrði a.m.k., herra forseti, að menn eiga ekki að gera það eins og að þessu hefur verið unnið af hálfu núverandi ríkisstjórnar. Það á t.d. ekki að vera einn pólitískur umhverfisráðherra sem tekur þessa ákvörðun með pólitísku handafli, með því að snúa við faglegum úrskurði um að framkvæmdin gangi ekki upp af umhverfisástæðum. Finnst einhverjum manni heil brú í því ef svo ætti að vera? Ég tel að vísu ekki, að það sé hæstv. umhvrh. Sif Friðleifsdóttir sem eigi að fara á spjöld sögunnar sem eini einstaklingurinn sem ber ábyrgð á þessu máli, sem réð því með sínum pólitíska viðsnúningi á úrskurði Skipulagsstofnunar. Er heil brú í því? Nei, auðvitað ekki.

Hæstv. umhvrh. mundi sjálfsagt reyna að vísa til samábyrgðar ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans í málinu. Það má svo sem setja dæmið þannig upp. En þó það væru t.d. formenn stjórnarflokkanna með hæstv. umhvrh. — ég hef svo sem enga sérstaka sannfæringu fyrir því að sumir aðrir ráðherrar í ríkisstjórninni séu heitir stuðningsmenn þessa máls, þó þeir verði auðvitað að láta svo í orði kveðnu — eða þó það væri bara hæstv. utanrrh. einn sem bæri þessa ákvörðun, þá kemur allt í sama stað niður: Hver er siðferðilegur réttur örfárra einstaklinga, þó að í valdastólum séu í augnablikinu, til að taka svo gríðarlega ákvörðun sem aldrei verður aftur tekin? Ég held að hann sé mjög hæpinn. Ef eitthvað af þessu tagi á að gerast tel ég það svo stórt og afdrifaríkt og skipta svo miklu máli að þjóðin hafi sæmilega tilfinningu fyrir því hvernig að málinu var staðið, að allur undirbúningurinn, allt ferlið og síðan ákvarðanatakan, verði að vera nánast óaðfinnanleg, í þeim skilningi að það hefi verið algerlega rétt og faglega að öllu staðið.

Í raun held ég að engin aðferð sé til, að lokum, til að taka svona ákvörðun sem breytir landi okkar, breytir gangi Íslandssögunnar í veigamiklum mæli, önnur en að láta þjóðina sjálfa bera þá ábyrgð á henni. Eftir vandaðan, lýtalausan undirbúning, kynningu og reifun á málinu yrði þjóðin sjálf að ráða því: Vill hún gera það eða ekki? Nógu erfitt er það hlutskipti samt fyrir þá kynslóð, kannski rétt rúmlega helming einnar lifandi kynslóðar í landinu sem bæri ábyrgð á niðurstöðunni. Hún verður vegin og dæmd í framtíðinni af þeim sem þá koma til með að skoða þennan atburð Íslandssögunnar og velta því fyrir sér hvernig í ósköpunum stóð á því að þetta var gert eða þá ekki gert.

Ég hef stundum velt því fyrir mér hvort þetta sé ekki sambærilegt við að örfáir menn ætluðu allt í einu á einu kjörtímabili, kannski bara menntamálaráðherra, að taka grundvallarákvörðun sem gæti haft varanleg áhrif á stöðu íslensku tungunnar, áhrif á íslenska tungu í framtíðinni. Það hefur nú stundum verið sagt: Land, þjóð og tunga, þrenning sönn og ein eða eitthvað svoleiðis. Þá hafa menn landið, tunguna og þjóðina hlið við hlið sem þrjár örlagabreytur Íslandssögunnar. Þarna á landið í hlut.

Segjum nú að einhverjum menntamálaráðherra dyttu þau ósköp í hug að ákveða að hætt yrði að kenna á íslensku í framhaldsskólum og háskólum af því það væri svoddan vesen, það væri svo hagkvæmt að gera það ekki. Það er að vísu talsvert farið að kenna á erlendum tungum í æðri skólum landsins. En segjum að einhverjum dytti í hug að gera svona og þetta væri knúið í gegn að lítt athuguðu máli, þjóðin ekki spurð álits, að menn sætu uppi með einhverja slíka ákvörðun. Af einhverjum ástæðum kynni að reynast erfitt að snúa henni við. Í þessu tilviki væri svona ákvörðun þó væntanlega afturkræf en hugsum okkur að þær aðstæður væru að þessu væri ekki hægt að breyta til baka og þetta leiddi það af sér innan tíðar að menn misstu tökin á stöðunni og hættu að geta varið tunguna. Ég er ansi hræddur um að ýmsum þætti þá að menn hefðu tekið sér ansi mikið vald til að fara út í slíkar ákvarðanir. Það er oft talað um sjálfstæði eða fullveldi þjóðarinnar í sömu andrá. Engum manni dettur í hug að teknar séu afdrifaríkar ákvarðanir gagnvart því nema þannig að þjóðin ákveði það sjálf. Ég geri ekki ráð fyrir því að nokkrum einasta manni detti í hug að við tækjum ákvarðanir sem gætu haft varanleg áhrif á stöðu íslenskrar tungu í samfélagi okkar nema þjóðin réði slíku sjálf. Þetta er sambærilegt.

Það er algerlega jafnfráleitt að mínu mati að ætla að knýja ákvörðun um svona afdrifaríkan örlagahlut sem varðar í raun og veru framtíð landsins, ímynd landsins, ráðstöfun hálendisins, mestu náttúrugersema Íslands, nema að menn nálgist málið með sambærilegum hætti og grundvallarákvarðanir af þessari stærðargráðu. Kosningalög þurfa fyrir þjóðina og aðrar slíkar breytingar á stjórnarskránni og eru þær þó yfirleitt afturkræfar. Við gætum alveg ákveðið það hér á næsta kjörtímabili að fara aftur í gömlu kjördæmaskipanina. Við gætum lagt það til. Það væri að vísu borið undir þjóðina en í þeim skilningi er kjördæmabreytingin afturkræf, en ekki þetta. Þessu stöndum við frammi fyrir núna og ef í þetta verður farið verður það aldrei aftur tekið. (**Gripið fram í:** Meðan land byggist.) Meðan land byggist sitjum við uppi með áhrifin af þessum gjörningi, verði hann.

Og ég segi það, herra forseti, að mér finnst siðferðilegur réttur manna til þess að standa svona að málum í raun og veru enginn. Þetta er ekki hægt. Þetta er ekki boðlegt. Það allra minnsta er að leggja þá málið í dóm þjóðarinnar. Það vill svo til reyndar, herra forseti, að það er handhægt að

gera í tengslum við alþingiskosningarnar 10. maí nk. Það eru ekki nema eitthvað 70 dagar, rúmir kannski, í það. Það vill svo til að við sum erum farin að telja dagana því þetta er mikilvægur atburður sem fram undan er. Og því þá ekki að nota tækifærið? Það mundi ekki tefja þessar framkvæmdir ef þeir sem um þær er annt hafa af því áhyggjur nema í raun og veru um vikur. Það á að heita svo að enn séu einungis óskuldbindandi undirbúningsframkvæmdir í gangi. Og það á ekki að skrifa undir endanlega samninga fyrr en í mars eða apríl. Það mætti þá gera þannig að þeir samningar væru allir þannig úr garði gerðir að þeir væru með fyrirvara og biðu úrslita í almennri atkvæðagreiðslu 10. maí nk.

Og ég velti því fyrir mér: Hefur það ekkert hvarflað að þeim sem eru að reyna að knýja þetta mál áfram að þeir væru sjálfir betur staddir með málið þannig? Það yrði léttara fyrir alla, ekki bara fyrir alla þá sem binda vonir við það að þjóðin sjálf hefði vit fyrir ráðamönnum sínum í þessum efnum og stöðvaði málið. En þótt það færi á hinn veginn yrðu menn líka betur staddir, þ.e. þeir sem bæru þá ekki einir ábyrgð á þessum verknaði. Kannski eru menn þannig á vegi staddir í þessu að þeir vilji það ekki, þeir vilji drekka þennan kaleik einir, og/eða hitt að þeir séu hræddir við að hleypa málinu í þá umfjöllun, þá opinberu umfjöllun sem í því væri fólgin að taka það inn í kosningar samhliða alþingiskosningunum þannig að menn fengju tvo atkvæðaseðla og gætu kosið um málið sjálfstætt.

Mér vitanlega eru engar skuldbindingar þannig á vegi staddar í augnablikinu, og verða ekki á allra næstu vikum, að þær séu skuldbindandi eða gætu leitt skaðabætur eða neitt slíkt yfir einn eða neinn. Og sé svo hafa menn haft rangt við því það er auðvitað ekki heimilt að ganga þannig frá hlutum fyrr en öll lagaskilyrði eru til staðar. Og ég geri ráð fyrir því að hæstv. fjmrh. geti staðfest að svo sé.

Þjóðaratkvæðagreiðslu er enn hægt að koma við og það er enn hægt að sjá að sér í þessu máli. Það er enn hægt að hætta við þetta. Það væru eins og hverjir aðrir smámunir að afskrifa þann rannsóknar- og undirbúningskostnað sem kominn er í málið þó að hann sé mældur í milljörðum króna. Það væru eins og hverjir aðrir smámunir borið saman við hitt, það óbætanlega og óverjanlega tjón sem að okkar mati á að gera á náttúru landsins, og að losna undan þeirri áhættu sem því er samfara að ráðast í þessa framkvæmd af ýmsum öðrum ástæðum einnig. Þannig að lokum, herra forseti, er það okkar baráttumál og tillaga ætli menn áfram með þetta mál og verði engu tauti við þá komið, bíti menn engin rök í málinu, þá sem trúa álinu, trúa hinum erlendu auðhringum og hafa sannfært sjálfa sig um þá hroðalegu nauðhyggju að þetta sé vænleg aðferð til þess að skapa störf og efla atvinnu og hagvöxt í landinu, að selja sig amerískum auðhringum á svona suður-/mið-ameríska vísu. Kannski gæti þjóðaratkvæðagreiðsla haft einhver áhrif á þá.

Herra forseti. Mér þætti vænt um ef hæstv. fjmrh. gæti a.m.k. hér síðar í umræðunni eða með einhverjum hætti komið aðeins inn á þau mál sem ég beindi til hans sérstaklega um skattaleg atriði og eins um fjármögnun verkefnisins, fjárhag Landsvirkjunar og annað í þeim dúr, en ég met það að sjálfsögðu mikils að hæstv. fjmrh. skuli þó heiðra þessa umræðu með nærveru sinni og það er meira en sagt verður um suma aðra.

[22:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða mínum stutta tíma hér í andsvörum í forsögu þessara mála, sögu Búrfellsvirkjunar og Ísals eða málflutning hv. þingmanns sem mjög var á villigötum um samhengi milli almenns raforkuverðs í landinu og orkuverðs til stóriðju.

En hann spurði mig um nokkur atriði hér sem kannski falla betur undir það verksvið sem ég hef hér með höndum. Ég ætla að víkja að þeim atriðum.

Ég tel í fyrsta lagi að Landsvirkjun verði ekki í vandræðum með að afla lánsfjár til síns þáttar í þessu mikla verkefni. Landsvirkjun hefur að baki áratuga gott samstarf við erlendar bankastofnanir, hefur aldrei lent í vanskilum og aldrei verið í vandræðum með að fjármagna sín mál. Ég bendi á það að eftir að ríkissjóður fór í hæsta lánshæfisflokk hjá lánshæfismatsfyrirtækinu Moody's fylgdi Landsvirkjun strax í kjölfarið. Landsvirkjun er með gríðarlega hátt lánshæfismat og mun áreiðanlega ekki lenda í vandræðum með þetta atriði, þ.e. að fjármagna verkið með lánum.

Að því er varðar það ákvæði sem þingmaðurinn nefndi um meðferð vaxtafrádráttar í skattalegri hlið málsins er það eitt um það að segja að fyrirtækið vill að sjálfsögðu, eins og eðlilegt er, tryggja sig gegn óvæntum breytingum á þessu sviði. Út á það gengur samningurinn um hin skattalegu atriði að það verði ekki óvæntar breytingar sem raski forsendum á grundvelli þessa samkomulags.

Og ég verð að segja að mér finnst afar ólíklegt að við á Íslandi eigum eftir að breyta þeirri reglu að lögaðilar geti dregið vaxtafrádrátt frá í uppgjöri sínu sem hvern annan kostnað, eins og tíðkast í öllum nálægum löndum mér vitanlega. Ég held að það sé afskaplega langsótt kenning að með þessu ákvæði sé fyrirtækið að reyna að skapa sér einhverja sérstaka möguleika til skattsniðgöngu. Það kannast ég ekki við.

[22:38]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig rétt að Landsvirkjun hefur getað tekið lán, enda eðlilegt með einfalda eigendaábyrgð ríkisins á bak við sig og tvö af stærstu sveitarfélögum landsins sem meðeigendur á móti ríkinu. Menn hafa talið nokkuð ólíklegt að það fyrirtæki yrði fallítt, auk þess sem það hefur haft náttúrlega opinn reikning gagnvart almennum raforkunotendum í landinu og veðsetur alltaf allar eignir sínar og allar væntanlegar tekjur í hvert skipti sem það tekur lán. Þess vegna er ekki hægt að stofna sjálfstætt fyrirtæki um þetta eins og hæstv. fjmrh. veit. Væri nú gaman að fara yfir það mál og hvernig þau áform dóu allt í einu, frusu bara úti, af því að menn sáu auðvitað að þá gengi dæmið aldrei upp.

Herra forseti. Ég var reyndar að spyrja hæstv. ráðherra um það hvort hann hefði kynnt sér þær umhverfiskröfur og þær reglur um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda sem bankar hafa nú almennt sett sér og ég fór hér yfir, þar á meðal og ekki síst Norræni fjárfestingarbankinn. Og hvort það gæti ekki gerst að það stæði aðeins í mönnum að lána til framkvæmdar af þessu tagi sem fékk algera falleinkunn til þess bærrar matsstofnunar. Það þurfti pólitískt handafl umhvrh. til að snúa ákvörðuninni við. Þessu svaraði hæstv. ráðherra ekki.

Hvað ákvæðið um vaxtafrádráttinn snertir segir hæstv. fjmrh. hér að honum þyki afar ólíklegt að Íslendingar muni breyta þessu. Aha. En til hvers þarf þá fyrirtækið sérstaka tryggingu gagnvart honum? Getur það verið vegna þess að það telji þetta ákvæði alveg sérstaklega mikilvægt, það vilji alls ekki að það verði hægt að hrófla við því gagnvart sér?

Það kæmi í ljós að fyrirtækið notar þetta með því að vera undirfjármagnað, með því að fjármagna nánast allar framkvæmdirnar og alla uppbygginguna með skuldum og dragi svo fé út úr landinu í gegnum skattfrjálsar vaxtagreiðslur og afkoman verði í núlli og enginn tekjuskattur borgaður hér innan lands og þess vegna vilji fyrirtækið hafa þessa tryggingu?

[22:41]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur ríkt ímyndunarafl og einhverjir menn á bak við hann sem eru að mata hann á upplýsingum um þessi atriði sömuleiðis, að því er mér heyrist.

Ég tel það ekki skrýtið að fyrirtæki sem eru að leggja í þessar gríðarlegu fjárfestingar hérna á Íslandi vilji hafa tryggt skattaumhverfi, vilji vita það og sjá fram í samningstímann að hverju það gengur í þeim efnum. Þetta er bara eitt af mörgum atriðum þar sem þetta fyrirtæki óskaði eftir því að það yrði samið sérstaklega um ákveðna festu í þessu umhverfi. Það á við um fjölmörg önnur atriði þarna. Ég tel í sjálfu sér ekkert við það að segja og við höfum fallist á þetta, m.a. vegna þess að við teljum afar ólíklegt að þessari reglu verði breytt. Ég tel að það væri afar óskynsamlegt fyrir okkur að taka upp almennt frávik í þessu efni miðað við það sem tíðkast í löndum almennt hér í kringum okkur.

Að því er varðar síðan fjármögnun Landsvirkjunar og lántöku þess fyrirtækis þekki ég til þessara atriða sem hv. þm. er að tala um, a.m.k. að því er varðar Norræna fjárfestingarbankann og umhverfisreglur. Ég held hins vegar að þetta verði ekki vandamál fyrir Landsvirkjun að því er varðar fjármögnun þegar til stykkisins kemur. Ég hef enga trú á því að þetta atriði muni standa í veginum fyrir fjármögnuninni.

Ég bendi enn á það að fyrirtækið hefur mjög hátt lánshæfismat alveg eins og íslenska ríkið og það er vegna þess hvernig hér hefur verið staðið að efnahagsmálum okkar á undanförnum árum og vegna þess með hvaða hætti ástand og horfur eru í þeim efnum núna sem við fengum hækkað lánshæfismat og sem Landsvirkjun nýtur góðs af.

Það er m.a. þess vegna sem ekki er ástæða til þess að hafa miklar áhyggjur af hinum svokölluðu ruðningsáhrifum. Við munum ábyggilega ráða vel við þau þegar þar að kemur og ég hef ekki áhyggjur af því, hv. þm.

[22:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé ósköp einfalt að Landsvirkjun hefur hátt lánshæfismat vegna þess hvernig eignarhaldi og umhverfi fyrirtækisins er háttað. En efnahagur fyrirtækisins verður í sjálfu sér ekki merkilegur þegar hann verður settur í rétt samhengi ef ráðist verður í allar þessar gríðarlegu fjárfestingar eins og ég fór yfir áðan. Eigið fé sem hlutfall að efnahagsreikningi verður kannski komið ofan í 10–15% því fyrirtækið verður svoleiðis drekkhlaðið af skuldum á nýjan leik. Og þá vitum við að ekki má mikið út af bera. En með ríkissjóð á bak við sig getur það auðvitað haldið áfram að taka lán.

Varðandi fjármögnunina og umhverfisreglurnar er ég ekki viss um að hæstv. fjmrh. sé á réttri braut í þessum efnum. Ég er nefnilega alls ekki viss um það. Tímarnir eru að breytast í þessu. Mönnum er ekki lengur sama um hvaða sóðaskap sem er í umhverfismálum. Það er alveg gjörbreytt. Það er meira að segja svo komið að Alþjóðabankinn er aðeins kominn með meðvitund um umhverfismál. Er þá mikið sagt. Og það er langt síðan t.d. Norræni fjárfestingarbankinn fór að taka sjálfan sig mjög alvarlega í þessum efnum og hefur sett sér strangar reglur í þeim efnum. Það hygg ég að Evrópski fjárfestingarbankinn hafi líka gert. Og ég veit að mjög margir stórir einkabankar leggja núna metnað sinn í að verja sig fyrir öllum óhróðri eða allri gagnrýni um að þeir fjármagni verkefni og uppbyggingu sem sé óverjandi í umhverfislegu tilliti.

Ég hef um það upplýsingar innan úr hinum evrópska bankaheimi, meira að segja frá Póllandi, að þetta sé komið til umtals þar, hvort þetta verkefni uppi á Íslandi sé nú ekki dálítið hæpið af umhverfisástæðum.

Varðandi skattamálin er það auðvitað bara þannig að þetta er forréttindafyrirtæki með bullandi meðgjöf í skattalegu tilliti. Það eru klæðskerasaumuð ákvæði utan um óskir þess í enn ríkari mæli en oftast áður hefur verið gert, en það er reyndar látið heita svo að það heyri undir íslensk skattalög. Þetta er öfugsönnun. Fyrst er sagt að fyrirtækið heyri undir íslensk skattalög. Svo fær það undanþágur frá nánast hverri einustu grein þeirra.

[22:45]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Nú stendur yfir 2. umr. um frv. til laga um heimild til samnings um álverksmiðju í Reyðarfirði sem hér hefur verið lagt fram af hæstv. iðnrh. Ég var því miður ekki á landinu þegar frumvarpið var flutt hér í byrjun þings og gat þá ekki tekið þátt í umræðunni. Ég hef ákveðið að blanda mér í umræðuna nú þegar það kemur fyrir þingið aftur. Fyrir það fyrsta vil ég strax lýsa yfir miklum stuðningi mínum við frv. og verkefnið sem hér er verið að fara í. Ég tel að á komandi árum og áratugum verði það til mikilla hagsbóta fyrir íslenska þjóð, að maður tali ekki um austfirskt atvinnulíf. Ekki veitir af.

Herra forseti. Ég vil láta það koma skýrt fram í byrjun að ég lýsi fullum stuðningi mínum við þetta mál. Eins og reyndar á öllum öðrum undirbúningsstigum þessa máls hvort það var frv. um Kárahnjúkavirkjun eða varðandi Eyjabakkavirkjun. Ég hef stutt þetta mál alla tíð.

Ég hef að sjálfsögðu átt þess kost að fylgjast með umræðu eins og allir aðrir. Þetta hefur ekki farið fram hjá nokkrum einasta manni hvorki úti í þjóðfélaginu né á hinu háa Alþingi. Ég verð að segja alveg eins og er að ég undrast ætíð þegar ég hlusta á málflutning þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hvernig þeir djöflast gegn þessu frv. fram og aftur og finna þessu verkefni allt til foráttu. Þeir sjá ekki nokkurn einasta ljósan punkt í því. Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að það kemur mér verulega á óvart.

Ég vil þó taka skýrt fram að ég tel mig ekki umhverfissóða eða andstæðing fallegrar náttúru. Hins vegar er það einu sinni þannig að stundum þurfa menn að velja og hafna og stundum kosta ýmis framfaramál jarðrask og annað sem getur verið óbætanlegt eins og gengur og gerist. Menn verða alltaf að vega það og meta. Ég tel hins vegar, herra forseti, eins og ég sagði áðan að þetta muni gagnast vel íslenskri þjóð á komandi árum og áratugum og verða til heilla fyrir land og þjóð. Ég tel að þetta muni, þegar fram líða stundir, líkt og álverksmiðjan í Straumsvík skapa mikil og góð atvinnutækifæri fyrir fólk og skapa mikið af öðrum störfum á því svæði. Það sama má auðvitað segja um Norðurál og uppbygginguna þar. Það vita allir sem vilja vita að þetta eru stór og mikil fyrirtæki en það hefur sannarlega ekki verið þrautalaust að

koma þessum málum í gegnum hið háa Alþingi, hvort sem er í umræðu um Ísal eða Norðurál.

Ég tel, herra forseti, allt í lagi að rifja aðeins upp, fara aftur í tímann til ársins 1967. Mig langar að rifja upp nokkur atriði sem þá voru umræðuefni í þjóðfélaginu, nefnilega deilur um væntanlega byggingu álvers. Ríkisstjórnin sem það verk vann var harðlega gagnrýnd af þáverandi stjórnarandstöðu, Alþb. hinu gamla og Framsfl. sem þá var í stjórnarandstöðu og hafði ýmislegt á hornum sér varðandi undirbúning þess verks. Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að grípa aðeins niður í kafla úr bókinni Ísland í aldanna rás. Ég held að það sé ágætt að rifja þetta upp og setja í samhengi við umræðuna í þjóðfélaginu í dag, hvort sem það er í heitum pottum, stórmörkuðum eða annars staðar eins og segir í skeyti frá ágætum umhverfisverndarsinnum í dag. Ég grip hér niður í bókinni þar sem verið er að ræða um ástandið í þjóðfélaginu árið 1967 og kemur í framhaldi af fyrirsögninni: „Enn heldur viðreisn velli". Með fylgja teikningar af þeim miklu stjórnmálaskörungum sem þá voru í forsvari, þeim Bjarna heitnum Benediktssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni og fleiri ágætismönnum sem í þeirri ríkisstjórn. Með leyfi forseta ætla ég að grípa aðeins inn í þetta. Það er sem sagt verið að ræða um ástandið í þjóðfélaginu en þá steðjuðu miklir erfiðleikar að íslenskri þjóð, m.a. vegna aflaskorts. Hér segir, með leyfi forseta:

„En stjórnin vitnaði einnig til þess að hún væri í óðaönn að renna nýjum stoðum undir íslenskt efnahagslíf, einkum með álverksmiðjunni, sem fundinn hafði verið staður í Straumsvík við Hafnarfjörð, og virkjunarframkvæmdum í tengslum við hana. Hélt stjórnin því fram að stjórnarandstöðuflokkarnir máluðu skrattann á vegginn þegar þeir fjölyrtu um erfiðleika í vændum.

Þegar haustaði kom á daginn að ástandið var verra en ætlað hafði verið. Fiskaflinn minnkaði, einkum síldarafli sem verið hafði hornsteinn þenslunnar undanfarin ár. Gjaldeyrisstaðan versnaði stórum og í október var hún orðin neikvæð í fyrsta sinn í langan tíma. Ytri aðstæður versnuðu enn og sýnt að verðstöðvunin dugði ekki lengur og hafði raunar aukið á vandann þegar til lengri tíma var litið. Gengislækkun virtist yfirvofandi en bæði Bjarni Benediktsson og Gylfi Þ. Gíslason lýstu því yfir að hún kæmi ekki til greina."

Síðar í þessari ágætu bók er fjallað um það þegar álverið í Staumsvík tók til starfa. Þar segir, með leyfi forseta:

„Um miðbik aldarinnar var sjávarútvegur aðalútflutningsatvinnuvegur Íslendinga og hvíldi efnahagur þjóðarinnar á því að atvinnugreinin gæti tryggt sjálfri sér og afkastaminni framleiðslugreinum viðunandi afkomu með aukinni framleiðslu og framleiðni. Ýmsir drógu í efa að sjávarútvegurinn gæti gegnt þessu hlutverki til langframa og töldu nauðsynlegt að auka fjölbreytni atvinnulífsins.

Talsverð viðleitni í þessa átt kom fram á 6. áratugnum og eru Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðjan sýnilegustu ávextir hennar. En á árunum 1961–1963 hóf viðreisnarstjórnin gerð þjóðhags- og framkvæmdaáætlana til langs tíma og kom þá þörfin fyrir nýja útflutningsframleiðslu glögglega í ljós. Iðnaðarráðherra skipaði vorið 1961 sérstaka nefnd sem kanna skyldi hvort hagstætt væri að koma á fót álvinnslu eða öðrum orkufrekum iðnaði á Íslandi og sumarið 1961 hóf nefndin viðræður við Swiss Aluminium Ltd. Í fyrstu var um könnunarviðræður að ræða en þær þróuðust smám saman í samningaviðræður sem lauk með samningi um byggingu álverksmiðju í Straumsvík sunnan Hafnarfjarðar.

Samningurinn var lagður fyrir Alþingi til staðfestingar og olli þar hörkudeilum. Stjórnarandstaðan, einkum þingmenn Alþýðubandalagsins, taldi að með samningnum væri verið að veita erlendum auðhring möguleika á að hreiðra um sig á Íslandi, hagnaður Íslendinga af framkvæmdinni væri of lítill og hún gæti spillt gróðri í nágrenninu. Báðir stjórnarandstöðuflokkarnir, Alþýðubandalag og Framsóknarflokkur, gagnrýndu jafnframt það ákvæði samningsins sem kvað á um að gerðardómur skyldi skera úr ef ágreiningur risi milli ríkisstjórnarinnar og Swiss Aluminium um ákvæði samningsins. Þingmenn Alþýðubandalagsins kröfðust þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn og fóru þess á leit við Ásgeir Ásgeirsson forseta að hann staðfesti ekki lögin. Forsetinn hafnaði þeim tilmælunm og svo fór að lögin voru samþykkt á Alþingi vorið 1966 með atkvæðum þingmanna stjórnarflokkanna gegn atkvæðum þingmanna stjórnarandstöðunnar." — Það er Alþýðubandalags og Framsóknarflokks. — „Tveir þingmenn Framsóknarflokksins sátu raunar hjá við atkvæðagreiðsluna.

Samningur ríkisstjórnarinnar og Swiss Aluminium tók gildi 20. september 1966. Sama dag tók gildi samningur Landsvirkjunar og Íslenska álfélagsins (Ísal), dótturfyrirtækis Swiss Aluminium, um kaup og sölu raforku til álversins. Í samningnum var kveðið á um að Landsvirkjun reisti í Þjórsá við Búrfell 210 megavatta orkuver sem sæi álverinu fyrir raforku og að Ísal reisti álver við Straumsvík sem framleiddi árlega um 60.000 tonn af áli. Framkvæmdir hófust sumarið 1966. Alþjóðabankinn veitti Landsvirkjun 18 millj. dollara lán til Búrfellsvirkjunar og 6 millj. dollara lán að auki var fengið með útboði á verðbréfamarkaði í New York en að öðru leyti var virkjunin fjármögnuð með láni úr ríkissjóði og framlögum eigenda Landsvirkjunar. Fyrri áfanginn, 105 megavatta virkjun og 30.000 tonna álver, tók til starfa í september 1969 en Búrfellsvirkjun var síðan stækkuð í 210 megavött á árunum 1971–1972."

Það er ákaflega gaman að rifja þetta upp og sjá hvernig sagan í raun og veru endurtekur sig. Miklar deilur voru um þessa byggingu þarna. Menn kröfðust þjóðaratkvæðis og stjórnarandstæðingar greiddu atkvæði gegn málinu en tveir framsóknarþingmenn sátu hjá. (**Gripið fram í:** Steingrímur Hermannsson.) Nú, var það sjálfur Steingrímur Hermannsson? Ekki kann ég að segja hver hinn var en þó að sagan endurtaki sig þá er ekki alfarið svo núna. Alla vega vona ég að allir framsóknarmenn greiði þessu atkvæði. Ég ítreka það sem ég hef sagt áður. Ég er í raun ákaflega stoltur af þingflokki mínum með atkvæðagreiðslur í þessu máli og hvernig því hefur verið landað. (**Gripið fram í:** En borgarfulltrúarnir?)

Herra forseti. Ég vil í örstuttu máli fara yfir þau atriði sem hér eru lögð til grundvallar. Það hefur verið kristaltært í mínum huga þau ár sem ég hef setið á Alþingi að styðja þessa framkvæmd. Ég trúi því og treysti að vel hafi verið haldið á spilunum hvað ríkisstjórnina og samningamenn Íslendinga við þetta erlenda fyrirtæki varðar. Ég geri mér að sjálfsögðu grein fyrir því að það er vafalaust oft erfitt að sjá um þau mál. Þessir erlendu aðilar hafa því miður tromp í erminni, ef svo má að orði komast. Þeir vita að við byggjum þetta ekki ein. Við höfum þurft að leita til erlendra stórfyrirtækja til að koma af stað svo stórum og viðamiklum rekstri eins og verið að tala um. Það kostar okkur, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, ýmiss konar eftirgjöf á gjöldum og sköttum eins og hér hefur verið rætt um. Auðvitað er slæmt þegar það þarf að mismuna fyrirtækjum, auðvitað er það

slæmt. Þess gerist hins vegar þörf og kemur náttúrlega til út af hnattstöðu Íslands. Það þarf að leggja töluvert á móti umfram ýmis önnur lönd til að fá fyrirtæki í slíkan rekstur sem hér er rætt um líkt og er um annan rekstur sem við vitum að samkeppnishæfni skerðist töluvert hjá miðað við rekstur í löndum sem eru nær mörkuðum. Við gerum okkur vonandi grein fyrir því að það kostar mikið að flytja súrál frá Ástralíu, en þaðan held ég að það komi, til Íslands. Það dregur úr arðsemi viðkomandi fyrirtækja sem vinna úr þessu og gerir að verkum að við þurfum e.t.v. að gefa eftir.

Ég styð þetta verk sérstaklega vegna þess að ég tel það þjóðhagslega arðbært til langs tíma og muni renna styrkari stoðum undir þjóðarhag okkar. Ég segi það hiklaust vegna þess að ég sé fyrir mér að hlutur sjávarútvegs í útflutningi muni minnka á komandi árum. Í öðru lagi er þessi álverksmiðja og virkjun staðsett á landsbyggðinni, austur á landi sem ég er auðvitað sérstaklega ánægður með. Þetta stórt fyrirtæki og hinar miklu framkvæmdir eru afar heppilegar fyrir þetta landsvæði og þá orkumöguleika sem þar eru og Reyðarfjörður er ákaflega heppilegur fyrir byggingu álvers.

Ég ætla, herra forseti, aðeins að fara í gegnum þróun íbúafjölda á þessu svæði sem fram kom í svari hæstv. félmrh. við fyrirspurn frá mér sem ég lagði fyrir hann á þessu þingi og er á þskj. 267. Þar er farið í gegnum íbúafjölda í öllum kjördæmum og öllum sveitarfélögum landsins og borið saman frá 1. des. 1991 til 1. des. 2001.

Ef ég lít hér á hið nýja Norðausturkjördæmi og tek dæmi af Fjarðabyggð þá bjuggu í Fjarðabyggð 1. des. árið 1991 3.551 íbúi. 1. des. 2001 voru þeir komnir niður í 3.062, hafði fækkað um 489 manns eða 13,8%.

Ef við höldum áfram og tökum sveitarfélög í næsta nágrenni við þessar miklu framkvæmdir og förum t.d. yfir í Austur-Hérað þá voru íbúar þar árið 1991 1.993 talsins, en árið 2001 2.031, hafði sem sagt fjölgað um 38 eða 1,9%.

Í Norður-Héraði voru íbúar 355 árið 1991 en árið 2001 312, hafði fækkað um 43 eða 12,1%.

Í Búðarhreppi bjuggu árið 1991 757 íbúar. Árið 2001 voru þeir komnir niður í 569, hafði fækkað um 188 eða tæp 25%.

Í Fáskrúðsfjarðarhreppi hafði íbúum fækkað úr 92 í 63 eða um 31,5%.

Ef farið er yfir í Stöðvarhrepp þá hafði íbúum þar fækkað úr 340 í 257 eða um tæp 25%.

Ef við förum í syðsta hlutann, sem við getum kallað miðað við þá skilgreiningu sem kemur fram í frv., Miðausturland, og förum í Breiðdalshrepp þá hafði íbúum fækkað þar um 79 eða 22,6%.

Með öðrum orðum, herra forseti, fyrir utan Austur-Hérað var fækkun í þessum sveitarfélögum á bilinu 14–31% á þessum tíma. Árið 1991 bjuggu 7.088 íbúar í þessum sveitarfélögum, en árið 2001 6.294, hafði fækkað um 794 íbúa eða 12,6%.

Herra forseti. Ég vek athygli á þessari tölu um fækkun. Það er svipuð tala og talið er að álverið muni skapa í störfum og í tengdri starfsemi við það. Þetta eru, herra forseti, staðreyndir sem vert er að hafa í huga. Og með fullri virðingu fyrir umhverfissinnum og náttúruverndarsinnum vil ég kasta fram þeirri spurningu hvort slík fækkun íbúa í sveitarfélögum á þessu landsvæði, ásamt fækkun íbúa hvar sem er á landsbyggðinni, heyri ekki nánast undir náttúruspjöll eða umhverfisslys ef íbúum heldur áfram að fækka svo eins og gerst hefur hlutfallslega undanfarin tíu, fimmtán ár. Hvað er það annað en umhverfisslys?

Hér er verið að tala um framkvæmd sem er stór í sniðum sem mun snúa þeirri þróun við og það er hið besta mál. Og það verður að segjast alveg eins og er, herra forseti, að mér blöskrar það stundum þegar andstæðingar þessa verkefnis, sem koma nú flestir úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, þingmenn hér á hinu háa Alþingi, djöflast svo gegn þessu verki og hafa ekki, þrátt fyrir margar spurningar, getað svarað því hvað á að koma í staðinn ef álverið kemur ekki. Tek ég nú eftir að hv. þm. Ögmundur Jónasson biður um andsvar og ég þykist vita að þá hefjist talningin hér á eftir þegar ég verð búinn og upp verði talin þau störf sem skapa má ef ekki yrði af þessu. Vil ég þá spyrja jafnframt eftir hvort þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafi þekkst það boð sem bæjarstjórinn á Ísafirði bauð þeim, að koma vestur til að aðstoða þá við að finna svo mörg störf á norðanverðum Vestfjörðum, vegna þess að þeir fá ekki álver. Og bíð ég spenntur eftir upptalningunni á eftir, herra forseti. Það verður fróðlegur lestur.

Herra forseti. Margt hefur verið rætt um þessa framkvæmd í þjóðfélaginu, eins og ég sagði áðan, og kem ég síðar að bréfi sem þingmönnum barst í dag. En ég ætla aðeins að fara yfir nokkrar umsagnir sem hafa komið um þetta mál og byrja ég þá sérstaklega og fyrst að sjálfsögðu og af virðingu fyrir Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, vegna þess að þar hefur verið vel á málum haldið, hart barist og málum fylgt eftir af mikilli staðfestu til að vinna þessu máli framgang. Í umsögn þeirra kemur að sjálfsögðu fram að orku- og stóriðjunefnd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi hafi tekið þetta fyrir 7. febrúar og vitnað þar í samþykkt sem gerð var á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi á Seyðisfirði árið 2002 þar sem þessu máli er fagnað og því lýst yfir að ef þetta kæmist í höfn væri það allt hið besta mál og hvatt til samþykktar.

Þetta þarf að sjálfsögðu ekki að koma á óvart. En ég vil segja, herra forseti, að mér finnst sveitarstjórnarmenn á Austurlandi, Miðausturlandi sérstaklega, og þeir sem hafa borið hitann af málflutningi þeirra og eftirfylgni, eigi heiður skilið fyrir baráttu sína og hygg ég að ég halli ekki á neinn þegar ég nefni menn eins og Smára Geirsson, formann Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi, Þorvald Jóhannsson, sem er framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi og jafnframt formaður orku- og stóriðjunefndar, og Guðmund Bjarnason, bæjarstjóra í Fjarðabyggð. Ég hygg að ég halli ekki á neinn, herra forseti, þegar ég nefni þessa menn sérstaklega. Ég segi alveg eins og er sem fyrrverandi sveitarstjórnarmaður í byggðarlagi á landsbyggðinni þar sem maður hefur mátt horfa á það sama og ég lýsti áðan hvað varðar íbúaþróun og fækkun íbúa, að ég er ákaflega stoltur af þeim mönnum sem hafa fylgt þessu máli eftir, barist fyrir því og haldið sjónarmiðum Austfirðinga fram af þvílíkum eldmóði og krafti sem þeir hafa gert. Þeir eiga heiður skilið, herra forseti, fyrir það sem þeir hafa gert.

Byggðarannsóknastofnun Íslands, staðsett á Akureyri, veitir umsögn um þetta mál og þar kemur fram m.a., með leyfi forseta:

„Það er álit Byggðarannsóknastofnunar að almennt séð megi taka undir það að fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi muni hafa veruleg áhrif og að þau birtist ekki síst í fjölgun atvinnutækifæra og eflingu byggðar á Miðausturlandi.“

Það er meira í áliti þeirra hjá Byggðarannsóknastofnun sem væri ákaflega gaman að fara í gegnum og ræða um vegna þess að farið er mjög faglega í gegnum þetta mál, en ég ætla ekki að lengja umræðuna með því að fara í gegnum það. Hins vegar er rétt að ítreka það sem segir í lok þessa álits, með leyfi forseta:

„Byggðarannsóknastofnun áréttar það álit sitt að fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi muni hafa veruleg samfélagsáhrif og að þau birtist ekki síst í fjölgun atvinnutækifæra og eflingu byggðar á svæðinu. Rétt er þó að lokum að benda á að spár og mat á þróun mála eru nokkurri óvissu háð og er þar ekki síst um að kenna skorti á gögnum."

Næst ætla ég að vitna til þróunarsviðs Byggðastofnunar sem sendir álit sitt, en í 3. mgr. segir svo, með leyfi forseta:

„Álveri í Reyðarfirði fylga fjölmörg störf og samkvæmt mati á umhverfisáhrifum er talið að við byggingu þess þurfi um 2.300 ársverk. Þá er reiknað með um 455 ársverkum í álverinu þegar það tekur til starfa. Að auki koma til margfeldisáhrif bæði á Austurlandi og annars staðar á landinu. Stofnunin telur mikilvægt að fylgst sé vel með áhrifum þessarar starfsemi á byggðaþróun og bendir í því sambandi á tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á samfélagslegum áhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi (511. mál)." — Sem Svanfríður Jónasdóttir er 1. flm. að ásamt þeim hv. þm. Hjálmari Árnasyni, Arnbjörgu Sveinsdóttur, Guðjóni A. Kristjánssyni og Einari Má Sigurðarsyni.

Ég held, herra forseti, að ástæða sé til að lesa þessa tillögu sem hér er vitnað í og Byggðastofnun hvetur til og minnir á, vegna þess að ég held að stjórnarsinnar ættu að ljá því máls að tillagan fari í gegnum þingið og verði samþykkt. Af því að ég sé að hæstv. iðnrh. er hér í hliðarsal vil ég ítreka það sem ég sagði: Ég tel að stjórnarsinnar, ríkisstjórnarflokkarnir, eigi að stuðla að því að sú tillaga sem ég ætla að vitna til sem flutt er af að mér sýnist þingmönnum úr öllum flokkum nema Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, þeir hafa náttúrlega verið á móti þessu eins og ýmsu öðru, þá hvet ég stjórnarsinna til þess að ljá því máls að þessi tillaga eða tillaga sem yrði samin upp úr henni hljóti náð fyrir augum stjórnarsinna og verði samþykkt áður en þing fer heim. Ég tel það ákaflega mikilvægt vegna þess að hér er merkilega tillaga. Í henni segir, með leyfi forseta:

„Alþingi samþykkir að fela Byggðarannsóknastofnun Íslands, í samvinnu við Þróunarstofu Austurlands, að fylgjast með samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs á því landsvæði þar sem áhrifa álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi gætir mest. Verkefninu verði ætlað fé í fjárlögum í sex ár frá og með árinu 2004. Byggðarannsóknastofnun skili formlegum skýrslum til ráðherra byggðamála í lok árs 2005 og 2007 og síðan í lok verkefnisins. Þá verði stofnunin stjórnvöldum til ráðuneytis á tímabilinu verði þess óskað."

Í upphafi að greinargerð með þáltill. segir m.a., með leyfi forseta:

„Bygging Kárahnjúkavirkjunar og álvers við Reyðarfjörð sem af ýmsum hafa verið kallaðar stærstu framkvæmdir Íslandssögunnar, svo og starfræksla álversins munu hafa mikil áhrif á samfélags-, byggða- og atvinnuþróun á áhrifasvæði framkvæmdanna. Hversu mikil eða víðtæk þau áhrif verða er ekki vitað. Verkefnið mun hafa einhver áhrif um allt land, nokkur þjóðhagsleg áhrif en annars konar og meiri á helstu áhrifasvæðum og mest verða áhrifin væntanlega á Miðausturlandi. Þessum framkvæmdum er líka ætlað að hafa áhrif í þá veru að efla og styrkja byggð á Austurlandi og jafnvel víðar. Menn eru hins vegar ekki á einu máli um hver eða hversu víðtæk hin samfélagslegu áhrif verða. Allir eru þó sammála um að þessar framkvæmdir munu hafa mikil áhrif."

Síðan er ítarlegri greinargerð, herra forseti, með þessari tillögu, þeirri ágætu tillögu sem ég er að vitna hér í þar sem 1. flm. er hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir sem hefur lagt vinnu í að setja saman þessa greinargerð. Mér finnst og ítreka að jafnvel sé nauðsynlegt að samþykkja svona tillögu núna áður en þing fer heim og ég held að það yrði gott veganesti inn í þessa stóru og miklu framkvæmd að vera búið að fela Byggðarannsóknastofnun Íslands að fylgjast með þessu máli og skrifa greinargerðir og annað slíkt um það meðan það er að eiga sér stað.

Herra forseti. Umsagnir aðila á borð við Alþýðusamband Íslands, þau fjöldasamtök, eru ákaflega merkilegar. Hér segir að miðstjórn ASÍ hafi ályktað sérstaklega um virkjana- og stóriðjumál á fundi sínum á Egilsstöðum þann 7. nóv. 2001. Í þessari ályktun sagði m.a., með leyfi forseta:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands telur að forsendur aukins hagvaxtar og bættra lífskjara á næstu árum sé stöðug og viðvarandi aukning útflutningstekna. Til þess að svo megi vera telur miðstjórn ASÍ mikilvægt að nýta allar auðlindir til lands og sjávar með skynsamlegum hætti. Í samræmi við þessa grundvallarskoðun er mikilvægt að nýta þá orku sem landsmenn búa að til uppbyggingar á samkeppnishæfu atvinnulífi.

Miðstjórn ASÍ lýsir því stuðningi sínum við áform um byggingu álvers við Reyðarfjörð og virkjunarframkvæmdir á Austurlandi. Miðstjórn ASÍ leggur áherslu á að þessi framkvæmd er afar mikilvæg fyrir uppbyggingu atvinnu og lífskjara launafólks bæði á Austurlandi og um land allt."

Svo segir m.a., herra forseti, í áliti Alþýðusambands Íslands. Alþýðusamband Íslands eru nú ekki nein smáræðissamtök. Þetta eru stór samtök. Ég veit ekki nákvæmlega hve margir sitja í miðstjórn en það eru menn úr öllum flokkum og alls staðar að af landinu. Þess vegna segi ég, herra forseti, að þetta er ákaflega mikilvæg og merkileg ályktun og sýnir þá framsýni sem Alþýðusambandið og forusta þess hefur í þessum málum og horfir þar til framtíðar, til nokkurra ára og nokkurra áratuga og er þar auðvitað að huga að atvinnulífinu, atvinnusköpun og gangi þjóðarhags.

Sama má segja um Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins. Þau samtök segja að það sé fagnaðarefni að bygging álvers í Reyðarfirði og stórvirkjun á Austurlandi eru að verða að veruleika. Þau segja að framkvæmdin muni verða lyftistöng fyrir atvinnulíf á landinu öllu og muni stuðla að bættum hag landsmanna og fjölbreyttari samsetningu atvinnulífs. Þetta er mikil samþykkt og sýnir að aðilar vinnumarkaðarins, bæði Samtök atvinnulífsins og iðnaðarins og Alþýðusamband Íslands, samtök verkafólks, mæla með þessari framkvæmd. Ég leiði ekki hugann að því eitt augnablik, herra forseti, að þessi samtök væru að mæla með þessu nema vegna þess að þetta er hagkvæmt verk, gott verk fyrir Ísland og Íslendinga litið fram í tímann.

Herra forseti. Margt hefur verið rætt um þessa uppbyggingu á Austurlandi og margir, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, efast um að hægt sé að setja upp svo stóran vinnustað í svo litlu byggðarlagi sem Fjarðabyggð er. En svæðið allt sem þarna er í nágrenni er nægjanlega stórt að mati þeirra sem um þetta fjalla til að hægt sé að gera þetta. Byggð mun eflast á komandi árum á þessu svæði, að maður

tali ekki um allar þær hliðaratvinnugreinar sem munu koma í framhaldi af þessu.

Herra forseti. Í fskj. IX með frv. er mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álvers Alcoa í Reyðarfirði, gert í nóvember 2002 af Nýsi hf., ráðgjafarþjónustu. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu með því að fara í gegnum þetta. Ég hef átt þess kost að vera á fundum fyrir austan þar sem þetta ágæta fyrirtæki hefur farið í gegnum þau atriði sem hér koma fram. Það var mjög faglega unnið og mikið af upplýsingum sem hér liggja frammi eru málinu til mikils stuðnings. Þegar menn fara í gegnum þetta og við segjum það og höfum trú á því að verið sé að skjóta styrkari stoðum undir atvinnulíf á Austurlandi og í raun styrkari stoðum undir þjóðarhag, útflutning og þjóðarhag, og skapa fleiri störf með öllum þeim hliðarstörfum sem eiga að fylgja með þá er kannski vert að minnast þess að það liggur t.d. fyrir að hið ágæta fyrirtæki BYKO er að setja upp starfsemi á Austurlandi einmitt í framhaldi af þessari ákvörðun og hér hafa í dag verið nefnd ýmis önnur fyrirtæki eins og Flugfélag Íslands o.fl. Við erum því í raun að tala um velferðarmál til framtíðar í mjög víðum skilningi.

Þessi vinnustaður, álverið í Reyðarfirði, mun skapa, eins og hér hefur komið fram, um 750 störf og greiða há laun. Þetta eru góð störf. Þetta eru störf í hátækni. Stundum er mönnum náttúrlega villt sýn þegar sýnd eru m.a. í fjölmiðlum á Íslandi eldgömul álver þar sem umhverfið er kannski ekki eins gott og gerist í nútímaálverum í dag. Ég held með öðrum orðum, herra forseti, að álver sé mjög háþróaður og góður vinnustaður sem greiðir há laun, er með mikla og góða sýn fyrir starfsmenn og sé bara hið besta mál. Þegar menn tala um þessi störf og bera þau saman við eitthvað annað þá er stundum eins og talað sé um störf í álveri með hálfgerðri lítilsvirðingu. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að það er mjög í takt við ýmislegt annað.

Í tengslum við þetta stóra verkefni, og þegar horft er til þeirra byggðarlaga sem ég gerði að umtalsefni áðan og ræddi um, þá hefur jafnframt verið ákveðið að ráðast í ýmiss konar samgöngubætur á Austurlandi. Ýmislegt annað mun byggjast upp. En ég get sérstaklega um samgöngubætur á Austurlandi og hið ánægjulega útboðsverkefni sem Vegagerðin var að opna ekki alls fyrir löngu, þ.e. útboð í jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Vonandi er að það verk hefjist sem allra fyrst og stækki þar með, ef svo má segja, upptökusvæði álversins, stækki það atvinnusvæði vegna þess að vegalengdir styttast með þessum jarðgöngum og styttra verður fyrir næstu nágranna þar að sækja vinnu og taka þátt í þeirri miklu uppbyggingu sem á að eiga sér stað og við erum nú að ræða.

Herra forseti. Á næstu árum eða áratugum munu vonandi verða gerðar meiri samgöngubætur þarna og í næsta nágrenni til þess að tengja fleiri staði, stytta vegalengdir frá stöðum eins og t.d. Vopnafirði til Miðausturlands og þá segi ég alveg hiklaust með jarðgöngum undir Hellisheiði. Þetta er verkefni sem m.a. sveitarstjórnarmenn á Vopnafirði ræddu við okkur í samgn. ekki alls fyrir löngu. Þó svo að jarðgöng þarna séu ekki væntanleg alveg á næstu árum þá er þetta hugmynd sem vert er að ræða og rétt er að minna á að Samtök sveitarfélaga á Austurlandi hafa ályktað um að þessi jarðgöng skuli vera næst, að maður tali ekki um ný jarðgöng í staðinn fyrir jarðgöngin um Oddsskarð, en mér finnst stundum að það hafi verið eins og hálfgerð tilraunastarfsemi að fara með jarðgöngin svo hátt sem raun ber vitni. Auðvitað liggur í augum uppi að á komandi árum mun þurfa að ráðast í samgöngubætur þar líka.

Herra forseti. Ég sagði áðan að ég teldi mig ekki vera umhverfissóða eða að ég vildi ganga illa um náttúru landsins eða væri alveg sama hverju væri fórnað fyrir hvað. Ég tel mig ekki vera það. Ég ber að vissu leyti töluverða virðingu fyrir umhverfissinnum þegar þeir halda sínum málum fram í ýmsum verkum. En ég vil hafa það á hreinu að umhverfissinnar geta líka gengið allt of langt og mjög margir hafa í þeirri heitu umræðu sem hefur orðið um þetta verk, Kárahnjúkavirkjun og þetta, að mínu mati oft og tíðum farið langt út fyrir öll velsæmismörk. Ég ítreka það og segi að starf umhverfisverndarsinna er mjög mikilvægt til þess að sýna viðkomandi stjórnvöldum aðhald til að lágmarka þá náttúruröskun sem þarf að eiga sér stað við þær framkvæmdir sem ráðist er í hvort sem það eru þessar framkvæmdir eða lagning vega úti um land eða í Reykjavík. Nú á síðari árum hefur þetta fengið miklu meira vægi í þjóðfélaginu og það er gott þegar skynsamlega er haldið á málum. En það er ákaflega auðvelt að fara langt út fyrir öll velsæmismörk og í mörgum tilfellum í þeirri heitu umræðu sem hefur átt sér stað um þetta hefur það gerst. Það er því miður mörgum umhverfisverndarsinnum til skammar hvernig þeir hafa bæði hagað sér og talað og hvað þeir hafa sagt.

Eitt af því sem ég vil nefna hér er bréf sem ég geri ráð fyrir að allir alþingismenn hafi fengið í dag frá svokölluðum Austurvallarhóp sem mótmælir Kárahnjúkavirkjun. Það er sent til Alþingis Íslendinga. Austurvallarhópurinn hefur staðið fyrir mótmælum hér úti á Austurvelli og alla vega í dag, herra forseti, þegar ég gekk fram hjá rétt um kl. 12 voru þar fjórir saman komnir. Og um leið og ég gekk fram hjá var ég spurður af einum þeirra hvort ég væri ekki til í að standa með þeim þarna næstu tíu mínútur og halda á einu spjaldi. Það vantaði sem sagt fleiri í hópinn. Nú er ég svo sem ekkert að gera neitt lítið úr því þó að þeir hafi verið fjórir. En við höfum auðvitað séð það hægt og sígandi hvernig þessi mótmæli úti á Austurvelli eru að fjara út. Ég tel það reyndar ákaflega mikilvægt að í þjóðfélaginu fari að skapast sátt um þetta. Það hafa verið miklar deilur. Menn hafa komið fram sjónarmiðum sínum. Alþingi er að taka hér lokaákvörðun um þetta verkefni, sem við höfum, og þess vegna ættu menn að slíðra sverðin og snúa sér að öðrum atriðum og láta af þeim mótmælum sem hér hafa verið. Ég hygg að það megi segja að umhverfisverndarsinnar hafi komið ýmsu góðu til leiðar á margan hátt. Umhvrh. tók tillit til atriða sem mér fannst mjög skynsamlegt, þ.e. þegar hún talaði um að yfirfallið færi aftur ofan í gljúfrin en ekki yfir í Desjarárdalinn svo ég nefni dæmi. En ég ítreka það og segi að mér finnst stundum dapurlegt að jafnskynsamt fólk og stundum er í forsvari fyrir þessu gengur of langt og fer langt út fyrir öll velsæmismörk.

Skal ég nú grípa aðeins niður í þetta umrædda skeyti sem kom hér og er undirritað af tveimur konum, Elísabetu Kristínu Jökulsdóttur og Birgittu Jónsdóttur. Þar segir m.a., með leyfi forseta, í 7. kafla:

„Framkvæmdin snýst ekki bara um steypumagn eða atvinnu 300 manna."

Þarna er náttúrlega verið að rangtúlka, að tala um 300 störf. Það eru engin 300 störf að skapast þarna. Það eru 750 störf að skapast. Hvers vegna í ósköpunum er þessi tala þá sett inn og talað um að þarna verði atvinna fyrir 300 manns þegar það er vitað mál að störfin verða 750? Til hvers er

þetta gert? Er það gert til þess að villa fólki sýn eða er þetta ekki bara hreinlega viljandi sett fram?

Svo er það hér í næsta kafla. Ég vil grípa aðeins niður í hann, með leyfi forseta:

„Ástæðan fyrir því að verið er að hleypa stóriðju inn í landið í stórum stíl er að hefðbundnar atvinnugreinar eins og sjávarútvegur og landbúnaður eru að hrynja. Sjávarútvegur vegna rányrkju og kvótakerfisins og landbúnaður vegna þess að hann er í fjötrum byggðastefnu og annars óskipulags."

Það má svo sem margt segja um þennan kafla, „sjávarútvegur vegna rányrkju". Má þá draga þá ályktun af því sem þarna er sagt að við séum að veiða of mikið í dag? Erum við sem sagt að veiða of mikið? Erum við að taka of mikið út úr höfuðstólnum til þess að halda uppi útflutningstekjum til þess að halda uppi venjulegum gangi á þjóðfélaginu, skulum við segja? Ef það er mat þessara aðila sem að Austurvallarhópnum standa að við séum að ganga of langt þá má spyrja: Hvar á að skera niður, miðað við þær töpuðu útflutningstekjur, ef við erum að stunda rányrkju svo mikla og hvað þarf að skera kvótann mikið niður í dag?

Ég er ekkert viss um það, herra forseti, að þeir sem skrifa undir þetta bréf og hafa staðið úti á Austurvelli með mótmælaspjöld hugsi mikið út í það sem við erum að taka úr sjónum og þau útflutningsverðmæti sem þar skapast og þá miklu vinnu sem skapast í kringum veiðar og vinnslu sjávarfangs. Gera menn sér t.d. grein fyrir því að yfirstandandi loðnuvertíð er mjög óhefðbundin? Það getur jafnvel farið svo að við náum ekki þeim kvóta sem við ætluðum að veiða vegna þess að ástandið er annarlegt. Loðnan hagar sér allt öðruvísi en hún hefur gert áður. Hvað ætli miklar útflutningstekjur tapist ef við náum ekki 100, 200 eða 300 þúsund tonnum, eða guð má vita hvað? Ég bara spyr. Í hvaða hugarheimi er fólk sem setur þetta fram og hvernig lítur það á sköpun þjóðartekna, atvinnu og annað slíkt? Svo er talað um neikvæð félagsleg áhrif, að með tilkomu álvers og þessara framkvæmda sé verið að stofna til karlmannasamfélags, svokallaðs gullgrafaraþorps sem raski öllu jafvægi. Heyr á endemi!

Og í staðinn fyrir að byggja álver ætti að skoða það að reisa jarðvísindaháskóla í tengslum við þjóðgarð og jafnframt ættu kvótamál fyrir austan að verða skoðuð, þá væntanlega með tilliti til þess að auka kvótann, eða hvað? Þá segja þau að margir Austfirðingar hafi lýst áhyggjum sínum yfir að framkvæmdir muni eyðileggja möguleika á ferðaþjónustu. Þessi framkvæmd getur líka leitt til þess að ferðaþjónustan aukist. Hvað stendur hún annars í langan tíma á ári, ég tala nú ekki um á landsbyggðinni? Tvo mánuði. Ég verð a.m.k. ekki var við það sem landsbyggðarmaður að mikill fjöldi útlendinga eða ferðamanna sé á ferð um byggðir landsins á vetrarmánuðum. Við erum að tala um tvo, þrjá mánuði sem þetta stendur yfir og hvað gerist á öðrum tímum? Sáralítið. Hvernig í ósköpunum á að skjóta rótum undir þessa ferðaþjónustu og hvernig á hún að standa undir því að taka við ungu fólki í vinnu eða skapa þjóðinni útflutningstekjur? Hvernig í ósköpunum á það að gerast? Þetta er vafalaust gott með en að halda að það geti komið í staðinn er fásinna.

Svo kemur hér á einum staðnum, með leyfi forseta:

„Umræðan um Kárahnjúkavirkjun er mikil í þjóðfélaginu og þótt hún vegi kannski ekki þungt á borðum Alþingis getum við fullvissað háttvirtan þingmann um það að alls staðar í þjóðfélaginu er verið að tala um þessi mál, í stórmörkuðum, á sundstöðum og vinnustöðum."

Það er alveg hárrétt. Þetta er rætt víða. Ég ræði þetta mjög víða og þetta er mjög víða rætt við mig. Það eru ekki andstæðingar, það eru fylgjendur. Það er fólk sem gerir sér grein fyrir því að við eigum að njóta og nýta náttúruna, ganga vel um að sjálfsögðu og nota þau tækifæri sem gefast til að nýta auðlindirnar í landinu.

Svo er fjallað um sjálfsmynd okkar sem á að vera eitthvað villt og óhamið. „Sjálfsmyndina má ekki brjóta." Ætli það geti verið, herra forseti, að sjálfsmynd ýmissa íbúa á landsbyggðinni hafi verið brotin með aðgerðaleysi í byggðamálum undanfarin ár og þeirri miklu fólksfækkun sem hafði verið á mörgum stöðum úti á landi og vitnað er m.a. til á þessu svæði sem við erum hér að tala um að setja inn þessar framkvæmdir og þetta álver? Ætli sjálfsmyndin hafi ekki verið dálítið brotin? Ég þekki sjálfur úr mínu byggðarlagi hvernig farið hefur.

Herra forseti. Það mætti eyða löngum tíma í þetta mál og fjalla um það. Ég vildi aðeins í lokin minnast á þetta bréf sem þarna kom og það sem maður hefur ekki varið varhluta af. Maður hefur heyrt í þessu fólki sem hefur barist hvað harðast fyrir þessu og sagt hefur verið um það stundum: Flestir eiga uppruna sinn í 101 Reykjavík og gera sér e.t.v. ekki mikla grein, því miður, fyrir lífinu á landsbyggðinni, að maður tali ekki um sem maður hefur stundum heyrt að mörgum sé bara skítsama um það, svo að ég noti bara það orð. Það er langt síðan, herra forseti, að ég gerði mér grein fyrir því að landsbyggðin á sér ekkert mjög marga vini á höfuðborgarsvæðinu, langt síðan ég gerði mér grein fyrir því.

Herra forseti. Ég hef hlustað með athygli á þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem hafa djöflast gegn þessu verki og þessari framkvæmd allt kjörtímabilið, sama hvað við vorum að tala um, og gera enn. Það er í raun og veru ekkert hægt að segja um það. Þetta er að sjálfsögðu skoðun manna sem eru á móti þessu bara, hafa reyndar fengið það orð á sig að vera á móti öllu. Ég hef stundum vitnað í það að þessi ágæti flokkur sá ástæðu til þess að gera samþykkt um það á landsfundi að hann vildi vara við því að settir yrðu upp margir ljósastaurar í byggðarlögum, varaði sem sagt við götuljósum og gerði sérstaka samþykkt um það. Þau sögðu að það gæti skemmt stjörnusýn og að mig minnir, herra forseti, hefur einhvern tíma átt sér stað orðræða í þessum ræðustól og í þessum þingsal um þetta mál. Ég horfi út um gluggann nú þegar klukkan er að verða hálftólf, það er að skyggja hér úti og ljóskastararnir vísa á þetta virðulega hús, og minnist þess að a.m.k. einn þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs var á móti þessari lýsingu að Alþingishúsinu og taldi hana allt of mikla. Finnst mér nú eðlilegt að hv. þingflokksformaður Vinstri grænna hlæi að þessu máli vegna þess að ég gerði það líka á sínum tíma.

Ég átti ekki kost á því áðan að spyrja hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, formann Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, út í eitt mál. Ég hef stundum spurt þann hv. þm. út í afstöðu hans í dag samanborið við afstöðu á þeim árum eða því ári — það var vonandi bara ár sem hv. þm. var ráðherra í ríkisstjórn Íslands, landbrh. og samgrh. ef ég man rétt, kringum 1990–1991 — til ýmissa mála. Við höfum t.d. stundum rifist um þegar verið er að veita heimild til að selja einhverjar orkuveitur úti á landi eða breyta þeim í hlutafélag og ég bar það saman við afstöðu hv. þingmanns við það þegar við Siglfirðingar neyddumst til að selja rafveitu og

hitaveitu okkar. Þá töldum við að það væri nauð að selja þær en við þurftum að fá pening til að greiða skuldir. Ég lít hins vegar ekki á að það sé í dag. Það hafa engin vandkvæði komið upp með það.

En hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon aðstoðaði okkur við þá sölu og veitti því máli brautargengi með að skapa heimild í lánsfjárlögum fyrir því að Rarik fengi að kaupa rafveitu og hitaveitu en hefur svo á síðari árum sem formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á Alþingi barist gegn sambærilegum aðgerðum hjá öðrum orkuveitum, annaðhvort við sölu, m.a. til Rariks, eða breytingu á rekstrarformi yfir í hlutafélag. Ég hef svo sem ekkert fengið út úr því nema hálfgert skítkast og skítt með það, ekki mikið um svör við því hvað hefur valdið þessari afstöðubreytingu. Mönnum er að sjálfsögðu í sjálfvald sett að skipta um skoðun. En það er nefnilega svo líka að þegar ég hlustaði á hv. þingmann ræða um álver á Reyðarfirði eða Kárahnjúkavirkjun rifjaðist upp fyrir mér að hv. Steingrímur J. Sigfússon sat í ríkisstjórn Íslands sem landbrh., sem þingmaður Alþýðubandalagsins sem þá var og hét, sem studdi í þeirri ríkisstjórn byggingu álvers á Íslandi, studdi væntanlega byggingu álvers á Íslandi á þessum árum sem þáverandi iðnrh. og samningamenn hins erlenda fyrirtækis sem og ég man ekki hvað heitir ákváðu að staðsetja á Keilisnesi. Ekki rétt? (**ÞBack:** Yes, yes, yes.) Yes, yes, segir hv. þm. Þuríður Backman, það staðfestir að ég er á réttri braut. (**ÞBack:** Ja, Keilisnes og ...) Og þessi hv. þm., Steingrímur J. Sigfússon, var sem sagt stuðningsmaður byggingar álvers á þessum árum sem sitjandi ráðherra í þeirri ríkisstjórn en hafði að vísu með sér í farteskinu að þingflokkur Alþýðubandalagsins hafði ályktað um að það mætti ekki vera á Keilisnesi heldur hvar, herra forseti? Úti á landi. Á Reyðarfirði.

Hvað hefur breyst á þessum 10 árum? Hvað hefur gert það að verkum að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, kjörinn af landsbyggðarkjördæmi, berst nú svo hatrammlega gegn þessari framkvæmd, þessu álveri sem á að byggja á Reyðarfirði en ekki Keilisnesi? Hv. þm. og hans ágæti þingflokkur sem þarna starfaði vildu byggja þetta úti á landi til að koma í veg fyrir meiri byggðaröskun. (**Iðnrh.:** Hvaða flokkur var það?) Þetta var Alþýðubandalagið sáluga og ég er að ræða, hæstv. iðnrh., um landbrh. og samgrh. í þáverandi ríkisstjórn. Sá ráðherra heitir hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. (**ÖJ:** Það er að hefjast mikil sögurýni hérna?) Já. (**ÖJ:** Við munum taka það upp á eftir.) Já. Það er eðlilegt og það verður væntanlega kominn nýr dagur þegar sú sögurýni fer í gegn og það er hið besta mál. Það er þannig, hv. þm. Ögmundur Jónasson, að það er nauðsynlegt að fara í gegnum söguna og það er nauðsynlegt að kryfja mál til mergjar um það hvað veldur því að menn skipta svo gjörsamlega um skoðun eins og ég hef gert að umtalsefni. (**ÖJ:** Eigum við að ræða barnabótaniðurskurðinn?) Við verðum að fara í gegnum þetta og við verðum að ræða hvað veldur þessum sinnaskiptum. (**Gripið fram í:** Við skulum ræða það.) hvort það eru bara einhverjir prívathagsmunir lítils flokks, foringja lítils flokks sem stofnaður er af hv. þingmanni utan um hv. þingmann og býður fram til Alþingis og nær kjöri með nokkra ágætisþingmenn með sér. En það eru ekki liðin nema 10 ár síðan þetta var og nú ætla ég ekki eitt augnablik að spyrja um afstöðu annarra þingmanna í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði vegna þess að enginn af þeim hv. þm. sem eru í þingflokknum í dag áttu sæti á Alþingi þegar þetta var. Þetta á eingöngu við um foringjann sem hefur verið fremstur í flokki. (**ÖJ:** Þið hugsið mikið um foringjann.) Já, þið hugsið mikið um foringjann, ég hef áttað mig á því og vissi það reyndar. (**Gripið fram í:** Leiðtoga.) Leiðtoga. (**ÖJ:** Forsætisráðherraefni.) Já, ykkar. En það kemur sjaldan í hlut smáflokka að tilefna forsrh. Það skyldi ekki vera vegna þess að ég vitnaði áðan í landsfundarsamþykktina um ljósastaurana, að Vinstri hreyfingin – grænt framboð er á móti ljósastaurum (Gripið fram í.) og móti lýsingu vegna þess að það skemmir stjörnusýn. Ja, ég get ekkert gert annað en ég las bara þessa samþykkt og hún var alveg klár. (**ÖJ:** Þetta er að verða mjög málefnalegt.) (Gripið fram í.) Já, ég hygg að þetta sé ekki minna málefnalegt en ýmsar aðrar orðræður sem hafa átt sér hér stað í dag en ég bið bara forláts á því ef ég hef komið við einhverjar slæmar taugar og ef ég er að rifja upp einhver mál, ýfa upp mál, sem menn vilja helst ekkert ræða. Í sjálfu sér skil ég það vel. Ég skil vel að hv. þingmenn vilji ekkert ræða þetta og því miður, eins og ég segi, er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ekki hér til að svara fyrir það. En ég geri ráð fyrir að hann muni ná að svara fyrir það einhvern tíma héðan úr ræðustól Alþingis þótt síðar verði og fjalla um þetta. Þegar ég fór að rýna aftur í tímann fór ég að hugsa aftur til þeirrar ríkisstjórnar sem þarna var sem gömlu flokksfélagar mínir voru í, eins og hv. þm. Jón Sigurðsson, Jón Baldvin Hannibalsson og fleiri góðir alþingismenn þess tíma. Þá sá ég vel að þarna var líka sá þingmaður sem ég hef gert að umtalsefni sem var stuðningsmaður álvers fyrir 10 árum, barðist gegn því vegna þess að það átti að byggja á höfuðborgarsvæðinu og ég hygg að væri ég í sömu sporum í dag mundi ég sennilega berjast gegn því, þ.e. byggingu þess á höfuðborgarsvæðinu. Ég mundi berjast fyrir því, eins og hv. þm. gerði fyrir 10 árum, að slíkt álver yrði byggt úti á landi, á Reyðarfirði, sem er með fína aðstöðu til að taka við þessu, og Miðausturlandið.

Herra forseti. Ég vil bara rétt í lokin ítreka enn einu sinni stuðning minn við þetta verkefni, við byggingu álvers á Reyðarfirði, og ég mun með glöðu geði greiða því atkvæði þegar það kemur til lokaatkvæðagreiðslu á hinu háa Alþingi að þessi framkvæmd fari í gang. Ég vona að framkvæmdir við þetta verk hefjist sem allra fyrst (Gripið fram í.) og er viss um að það verður Austfirðingum og Íslendingum til heilla þegar fram líða stundir.

[23:44]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Oft hefur hv. þm. Kristján Möller flutt ágætar ræður í þinginu. Þetta var ekki ein af þeim. Mér þótti þó verst að hv. þm. skyldi sá þeim sundrungarfræjum milli landsbyggðar og þéttbýlis sem hann gerði sig sekan um. Það er rangt að halda því fram að þéttbýlisbúar, Reykvíkingar, séu andsnúnir og andvígir landsbyggðinni. Þetta er rangt.

Hv. þm. sagði að umhverfissinnar hefðu farið út fyrir velsæmismörk og tilgreindi dæmi. Hv. þm. Kristján Möller var beðinn um að halda á skilti úti á Austurvelli í dag. Þetta var alveg sérstaklega glæpsamlegt. Síðan var vitnað í ágæta greinargerð frá mótmælendum á Austurvelli sem ekki voru fjórir talsins heldur margir tugir þegar ég leit út um gluggann og sendu okkur þingmönnum greinargerð og áskorun til varnar náttúru Íslands.

[23:46]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð bara að búa við að hafa ekki heillað hv. þm. Ögmund Jónasson upp úr skónum með ræðu minni. Ég reiknaði heldur ekki með því. Þó að ég og hv. þm. séum

sammála um ýmis félagsleg mál í þessu landi og hjörtu okkar sé á réttum stað og slái í takt að því leyti þá er ég algjörlega á öndverðum meiði við hann í þessu máli. Ég verð bara að lifa við að hv. þm. hafi ekki verið ánægður með ræðu mína.

Ég tel mig ekki hafa stráð neinum sundrungarfræjum milli íbúa höfuðborgarsvæðis og landsbyggðarinnar en ég hef hins vegar sagt að það hefur komið mér á óvart að andstaðan er nær eingöngu einskorðuð við höfuðborgarsvæðið og við ákveðna þjóðfélagshópa í landinu.

Það var nú meira í gríni sagt, með óskina um að ég héldi á skiltinu úti á Austurvelli um leið og ég gekk þar fram hjá. Það var annars eðlis.

[23:47]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Andsvörin eru svo stutt að maður kemur litlu að. En hv. þm. vék að innihaldi mótmælaskjals mótmælenda á Austurvelli þar sem því er haldið fram að stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi muni hafa skaðvænleg efnahagsleg áhrif. Þar eru þær á sama máli konurnar, því að flestar eru þetta konur, og skríbentar Viðskiptablaðsins í dag sem segja undir flennifyrirsögn að ruðningsáhrif stóriðjuframkvæmda á næstu árum muni halda útflutningsgreinum í spennitreyju. Þeirra málflutningur rímar við það sem hér segir. Ég mun koma nánar að því á eftir.

Hitt þarf hv. þm. ekki að undrast að Vinstri hreyfingin – grænt framboð skuli hafa risið upp til varnar náttúrunni. Við erum að andmæla þeim óafturkræfu spjöllum sem ríkisstjórnin er með stuðningi Samfylkingarinnar að vinna á náttúru Íslands. Þetta er réttlætt með jákvæðum efnahagslegum áhrifum. (Forseti hringir.) Við höfum sýnt fram á það í ítarlegum málflutningi að þau eru engin. Ég mun koma nánar inn á það í ræðu minni á eftir.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti minnir á tímamörkin. Það eru 15 mínútur til andsvara og ef menn virða ekki tímamörkin þá komast ekki allir að sem vilja veita andsvar.)

[23:48]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Reyndar var engu beint beinlínis til mín í þessu seinna andsvari. Það er nú þannig, eins og hann orðaði það, að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs tóku að sér verja og koma í veg fyrir óafturkræf spjöll á náttúru landsins. Ég sagði það í ræðu minni. Ég lít ekki á mig, þó að ég sé að samþykkja þetta verkefni, sem umhverfissóða. Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum að njóta og nýta náttúruna. Þetta er ein af okkar auðlindum, fallvötnin, sem við komumst ekki upp með annað en að nýta Íslendingum til framdráttar. Að sjálfsögðu á að ganga eins vel um þau eins og hægt er og ég gat um það áðan að sannarlega hefði ýmislegt gerst í því ferli, m.a. sem umhvrh. gat um sérstaklega og tók hér upp. Því ber auðvitað að fagna.

Ég stend við það sem ég sagði. Stundum hafa umhverfissinnar farið langt út fyrir velsæmismörk. Ég ætla ekki, af tillitssemi við þá, að taka dæmi af þeim miklu mótmælum sem voru í Ráðhúsi Reykjavíkurborgar þegar málið kom til umræðu þar.

[23:49]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gagnrýna hv. þm. fyrir tvískinnung hans þegar hann talar um umhverfisverndarsinna, sem hann segir í öðru orðinu að hann beri töluverða virðingu fyrir en fjallar svo um í löngu máli og með fyrirlitningartóni um fólk sem fordómar hv. þm. gera ráð fyrir að búi allt í 101 í Reykjavík. Hann fullyrðir að þessu fólki sé skítsama um fólk á landsbyggðinni. Ég vil gagnrýna málflutning af þessu tagi harðlega. Ég tel hann ekki þingmanninum sæmandi, sérstaklega ekki af því að hann talar undir öðru yfirskini en hans innri tilfinning greinilega býður honum.

Af því að hv. þm. vitnaði í bréf sem þingmönnum barst frá Austurvallarhópnum í dag þá gagnrýni ég hann líka fyrir að þær setningar sem hann tínir innan úr því skeyti eru allar meira eða minna úr samhengi. Ég vil geta um niðurlag setningarinnar sem fjallaði um steypumagnið og störfin fyrir 300 manns, hún er svo:

„Þetta speglar eðli málsins samkvæmt deginum í dag, deginum í gær og deginum á morgun, hver við erum og hvernig við viljum lifa í þessu landi."

[23:51]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel mig ekki hafa verið með neinn tvískinnung gagnvart umhverfisverndarsinnum. Ég þarf ekki að endurtaka það sem ég sagði hér áðan.

Ég hef átt þess kost að ræða við þetta fólk um þessa framkvæmd og um málefni landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins. Það er það sem ég á við þegar ég segi að m.a. þá hafi ég styrkst í þeirri skoðun minni að landsbyggðin eigi sér fáa vini þegar rætt er um framkvæmdir á landsbyggðinni. Ég hef rætt við þetta fólk. Margt er þetta rólegheitafólk sem er hægt að diskútera við og hefur verið gaman að ræða við. En margt sem í þeim samræðum hefur komið fram, hv. þm., hefur verið algjörlega út úr kortinu og verið úr sambandi við raunveruleikann, því miður.

Við þetta á ég þegar ég segi að umhverfisverndarsinnar fari yfir strikið og missi trúverðugleikann. Ég ítreka að hlutverk þeirra er mjög mikilvægt, að vera sem aðhald gagnvart stjórnvöldum í virkjunarmálum, orkuverum eða öðru.

[23:52]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að benda hv. þm. á að hópar fólks hafa komið saman víða á landinu, m.a. á Akureyri og við Lagarfljót, til að mótmæla þeirri fásinnu sem hér er í uppsiglingu. Hv. þm. telur umhverfisverndarsinna skorta raunveruleikatengingu. Ég vísa þeim ummælum að sjálfsögðu til föðurhúsanna. Hverjir eru það í raun og veru sem hafa enga raunveruleikatengingu í þessu máli? Eru það ekki þeir sem keyra með handafli í gegn verkið sem hér hefur verið gagnrýnt í allan dag, t.d. út frá forsendum efnahagsmálanna og forsendum þeirra gífurlegu fjármuna sem fara í þetta?

Ég ræddi um það í ræðu minni að það væru sennilega 5–6 milljarðar sem farið hefði í undirbúning Kárahnjúkavirkjunar þegar Fljótsdalsvirkjun er talin með. Hvar stæði austfirskt atvinnulíf í dag ef þeir 5–6 milljarðar hefðu verið settir í öfluga atvinnuuppbyggingu sem hentaði fólki sem býr fyrir austan en ekki einhverja útópíska stóriðjuhugmynd sem hefur búið um sig í hjarta og maga formanns Framsfl. í 20 ár?

[23:53]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að einstaka hópar úti á landi hafa verið að mótmæla þessu verki, að mér skilst. Ég var ekki á þeim stöðum og maður verður að byggja upplýsingar á því sem maður sér í fréttum. Fyrir austan var hópur sem mótmælti. Hann var ekki mjög fjölmennur. Var

hann 20 manns eða voru þeir 30? Ég held að hann hafi ekki verið fjölmennari.

Það er sannarlega rétt að hópar hafa komið saman til að mótmæla og við höfum séð það úti á Austurvelli. Þeir hafa ekki verið mjög fjölmennir. Þeir fjölmenntu hins vegar í Ráðhúsið þegar borgarstjórn Reykjavíkur ræddi um ábyrgðina gagnvart lántökunni.

Ég vísa til þess sem ég sá þar með eigin augum og heyrði á fólki. Þar fóru málin úr böndunum. Þar fóru umhverfissinnar í hópnum, eins og svo oft gerist, og settu svartan blett á þá sem ábyggilega voru í friðsamlegum tilgangi að mótmæla þessu verki. En menn gengu þar allt of langt.

[23:54]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ræðan sem hv. þm. Kristján Möller flutti áðan einkenndist mikið af skítkasti. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann telji að hann sé fremur öðrum þingmönnum *forsvarsmaður landsbyggðarinnar* og *jafnframt* hvernig honum líkar að búa hér á höfuðborgarsvæðinu. Við erum mörg sem komum utan af landi og ég held að þetta sé ekki við hæfi.

Varðandi söguskýringu þingmannsins vil ég spyrja þingmanninn hvort hann telji ekki heppilegt að vanda til vinnu. Hann hrósaði mjög uppbyggingu Búrfellsvirkjunar vitandi að afleiðingarnar voru þær að Landsvirkjun var hér um bil farin á hausinn og leiðrétting þess fékkst ekki fyrr en eftir 1970, að tókst að standa fyrirtækið að svindli.

Væri ekki sannara að hið háa Alþingi vandaði til verka fremur en að hefja hér almennt snakk um hlutina, líkt og í ræðu hv. þm., án rökstuðnings af neinu tagi?

[23:56]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta andsvar hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar er ekki svaravert.

[23:56]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil gera aðra tilraun til að spyrja hv. þm. að því hvort hann hafi haft góða reynslu af því, eins og hann fullyrðir að verði með samfélagið á Austurlandi, að atvinnulífi í hans heimabyggð þar sem hann stjórnaði um árabil væri miðstýrt. *Í því samfélagi, þrátt fyrir miklar opinberar aðgerðir*, hefur fólki þar fækkað svo nemur hundruðum. Núna búa þar rétt um 1.500 manns.

Mér finnst skrýtið að hv. þm. Kristján L. Möller skuli ekki velta þessum málum fyrir sér út frá reynslu sinni sem sveitarstjórnarmaður á Siglufirði og e.t.v. að opna augun fyrir því að innspýting af þessu tagi er ekki leiðin sem á að fara í uppbyggingu á atvinnulífs úti á landi.

[23:57]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Málefnalegum spurningum ber að svara og ég tel að þær hafi komið hér fram. Ég skal eiga orðræðu við hv. þm. um það.

Hann spyr út í mitt ágæta byggðarlag, Siglufjörð, sem má muna betri tíma. Það er rétt að þar voru opinberar framkvæmdir og opinber starfsemi. Ég held að þær hafi ekki verið slæmar. Við skulum hafa það í huga, sem ég veit að hv. þm. gerir sér grein fyrir, að ýmsar aðrar ástæður en opinber rekstur gerði það að verkum að atvinnulífi hnignaði þar og störfum fækkaði. (**ÁSJ:** Það átti að redda þessu.) Ætli það hafi ekki verið hrun síldarstofnsins sem þar hafi valdið mestu.

Ég er ekki þeirrar skoðunar, herra forseti, að á þeim tíma hafi það verið slæmt. Ég vil ekki endilega kalla það miðstýrt. Þetta var ein tegund af rekstrarformi, þ.e. ríkisfyrirtæki. Síldarverksmiðjur ríkisins voru reistar á Siglufirði og ráku starfsemi þar. Á þeim árum meðan það var gott og gilt og mikil síldveiði þurfti að fá upplýsingar frá Siglufirði áður en fjárlög voru gerð á hinu háa Alþingi.

[23:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Við ræðum hér um byggingu álvers á Reyðarfirði og virkjun við Kárahnjúka sem við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og reyndar nokkrir fleiri þingmenn — þar á meðal tveir, ef ég man rétt, þingmenn Samfylkingarinnar — erum andvíg.

Hv. þm. Kristján Möller eyddi þó nokkrum tíma ræðu sinnar ekki í að reifa rök og gagnrök ólíkra sjónarmiða í þessu máli. Nei, hv. þm. eyddi uppistöðu ræðutíma síns í að ræða mína persónu. Það duldist fáum að tilgangurinn var að (Gripið fram í.) reyna að gera þann sem hér stendur ótrúverðugan sem stjórnmálamann. Það var m.a. talað í mikilli hógværð um leiðtoga smáflokks. Ja, miklir menn erum við, Hrólfur minn.

Ég ætla ekki að gefa málflutningi hv. þm. einkunn. Það geta aðrir gert. En það ætla ég að segja að orðin „víðsýni“ og „umburðarlyndi“ fyrir ólíkum skoðunum voru ekki þau orð sem mér komu í hug til að lýsa honum.

[23:59]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég spurði bara einfaldrar spurningar — umburðarlyndi, víðsýni, smáflokkar eða annað slíkt, við verðum að hafa á bak við eyrað hvað hv. þm. vill ræða af því.

Ég spurði bara einfaldrar spurningar. Ég þakka hv. þm. að vera hér viðstaddur og skal endurtaka þá spurningu. Ég lýsti því einfaldlega að hv. þm. sat í ríkisstjórn árið 1991 sem landbrh. og samgrh., þá var hann stuðningsmaður byggingar álvers en barðist fyrir því að álver yrði ekki byggt á Keilisnesi heldur austur á landi, á landsbyggðinni.

Ég þakka hv. þm. fyrir að hafa haft þá skoðun á sínum tíma. Ég hefði gert nákvæmlega það sama. Ég sagði reyndar í ræðu að ég væri sennilega að berjast gegn byggingu álvers ef byggja ætti það hér á höfuðborgarsvæðinu og sporðreisa þjóðfélagið enn þá meira.

En ég vil nota tækifærið og spyrja hv. þm.: Hvað hefur breyst í afstöðu hans á þessum tíu árum sem liðin eru frá því að hann var stuðningsmaður byggingar álvers fyrir austan en ekki á Keilisnesi? Nú er verið að tala um að byggja álver á Reyðarfirði. Hvað hefur breyst?

[00:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög algeng aðferð í rökræðum hjá mönnum sem treysta sér illa í rökræðuna sjálfa að nota þá aðferð að gera andstæðingum sínum upp skoðanir, skálda til um framgang mála, sérstaklega ef þeir taka til sögulegra tilvitnana, og ræða svo hlutina út frá því. Þá er bara ekki hægt að rökræða við menn. Það er ekki hægt að rökræða við hv. þm. Kristján Möller um pólitíska sögulega atburði þegar hann fer jafngróflega rangt með hlutina og hann var margber af að gera hér áðan og væri auðvelt að sanna í lengra máli, t.d. um þær aðstæður sem uppi voru varðandi stóriðjubrölt

Jóns Sigurðssonar og félaga í Alþýðuflokknum á sínum tíma. Það skal ég gera við betra tækifæri.

Ég hef gaman af að takast á við pólitíska andstæðinga eða keppinauta ef umræðan byggir á rökum og er uppbyggileg, hvort sem það eru í sjálfu sér beinir pólitískir andstæðingar eða einhver sem mann greinir á um skoðanir við í tilteknu máli, þó samherjar séu að öðru leyti í pólitík, eins og við eigum víst að heita að sumu leyti, ég og hv. þm. Kristján Möller, því að báðir erum við í stjórnarandstöðu og á leið saman í framboð í nýju kjördæmi. En stundum þarf maður nú ekki á andstæðingum að halda.

[00:02]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vill stundum vera svo þegar ég spyr hv. þm. Steingrím Sigfússon út í afstöðubreytingu frá þeim árum sem hann sat í ríkisstjórn til dagsins í dag að þá er því svarað þannig að það er gert lítið úr og annað slíkt og gert þá lítið úr þeim sem spyr í einfeldni sinni um hvað hafi breyst, vegna þess að ég var náttúrlega ekki á þingi þegar þetta var.

En svörin eru alltaf á sama veg. Það er lítið gert úr því og talað er niður til manna. Það er út af fyrir sig allt í lagi og ég verð bara að lifa við það. En ég ítreka það sem ég sagði, herra forseti: Ég spurði einfaldrar spurningar, þ.e. hvað hefði breyst, vegna þess að afstaða þingmannsins var klár. Hann studdi byggingu álvers, ekki á Keilisnesi þar sem vinur minn, Jón Sigurðsson vildi byggja það, heldur úti á landi, sem lið í byggðamálum. Þessari afstöðu er ég svo hjartanlega sammála hv. þingmanni. En hvers vegna fæ ég ekki svar við því hvað hafi breyst? Af hverju berst hv. þm. svo gegn þessari framkvæmd núna þegar á að byggja álver og byggja það úti á landi til að koma í veg fyrir frekari byggðaröskun? (Forseti hringir.) Hvað hefur breyst?

Herra forseti. Ég verð bara að lifa við það að fá ekki svarið við spurningunni heldur fá bara svona góðlátlegt lítilsvirðingartal. Ég verð bara að lifa við það.

[00:03]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Nú er komið fram yfir miðnætti og við ræðum hér enn eina málið sem er á dagskrá, frv. til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði.

Það er ekki nema von að við höfum þurft daginn — og umræðunni er ekki lokið enn — til þess að ræða þetta mikla og stóra mál sem sumum finnst að vísu að sé nú óþarfi að ræða í löngu máli því þetta sé allt frágengið, það sé nánast formsatriði að skrifa undir frv., afgreiða það hér, því búið sé að ganga frá samningnum, að vísu með fyrirvara, en honum verði ekki breytt, samningurinn muni standa og það sé bara formsatriði að afgreiða frv.

Mér finnst þó nokkurrar lítilsvirðingar gæta í garð Alþingis í hugum þeirra sem þannig tala. Við værum ekki að fjalla um þetta mál á þingi nema af því að Alþingi hefur um það að segja og samningarnir eru ekki frágengnir fyrr en Alþingi hefur afgreitt þetta frv. til laga um heimild til samninga um álverksmiðju á Reyðarfirði. Ýmislegt fleira er ógert í þessu máli þó að lítið sé gert úr því. Mun ég í nokkrum orðum fara yfir þetta mál, ekki beint frv. sjálft eins og það liggur fyrir, heldur almennum orðum um þá stöðu sem við erum í í dag.

Herra forseti. Hvers vegna stöndum við í þessum sporum í dag? Af hverju erum við hér að fjalla um þetta frv. til laga um álverksmiðju í Reyðarfirði?

Það er nefnilega þannig, herra forseti, að við sitjum uppi með ríkisstjórn, sem hefur það eitt á stefnuskrá sinni hvað varðar uppbyggingu atvinnulífsins og sem á að vera dráttarklár fyrir aðra atvinnustarfsemi, að standa blýfast á stóriðjustefnu og að halda áfram að byggja upp álver í landinu. Sú stefna veldur því að til stendur að ráðast í mestu framkvæmd Íslandssögunnar sem mun valda óafturkræfum náttúruspjöllum á gljúfrasvæði Jöklu, þ.e. þar sem uppistöðulónið er kallað Hálslón við Kárahnjúkavirkjun.

Við sitjum uppi með þá pólitísku þráhyggju talsmanna Framsfl. sérstaklega, undir forustu formanns flokksins, Halldórs Ásgrímssonar, hv. 1. þm. Austurl., undanfarna áratugi, að koma upp stóriðju á Austurlandi. Nú hefur svo illa farið að þetta mál hefur í raun farið úr böndunum því hér á árum áður þegar hugað var að mögulegri staðsetningu álvers á Austurlandi var talað um miklu minni framkvæmd, um fámennari vinnustað og minni röskun á náttúrunni hvað varðaði raforkuöflun. Allt var þetta smærra í sniðum hér á árum áður og hentaði betur inn í austfirkst samfélag og landslagi á Reyðarfirði.

En þegar menn hafa bitið þetta í sig og gefið þau kosningaloforð kosningar eftir kosningar að álver skuli koma, að stóriðja skuli koma í fjórðunginn, er mjög erfitt fyrir þá sem eru andvígir slíkum framkvæmdum að hafa áhrif á gang mála, þ.e. ef þessar hugmyndir fá stuðning ríkisstjórnarinnar. Það er alveg ljóst varðandi framkvæmd af þessari stærðargráðu, byggingu uppistöðulóna af þessari stærðargráðu, að ef ákvarðanirnar eru teknar á pólitískum forsendum en ekki með mati og samanburði á mismunandi kostum, þ.e. ef undirstaðan er pólitísk, ef fundnar eru pólitískar forsendur og undirbyggingin er pólitísk þá geta engin rök haggað þessari ákvörðun því að hún stendur sama hvað tautar og raular. Það held ég að sé alveg ljóst eftir þessa umræðu að það er alveg sama hvaða rök koma hér fram, það er ekki á þau hlustað og málið er keyrt áfram. Ábyrgð hæstv. utanrrh., Halldórs Ásgrímssonar, er því mikil í þessu máli. Við erum í raun að fást við pólitískan metnað hans og ríkisstjórnin hefur beygt sig undir hann.

Ekki mundi þetta mál hafa náð svo langt sem það hefur þó náð og verið unnið jafnmikið í því nema að hafa fengið til þess nokkuð vítækan stuðning. Má þar fyrst og fremst nefna stuðning sveitarstjórnarmanna á Austurlandi. Ég mun ræða það nokkuð frekar hér á eftir.

Við erum að ræða um stærstu ríkisframkvæmd allra tíma. Við erum að ræða hér um miðstýrða stofnun, miðstýrða framkvæmd sem er allt að því stalínísk í öllum skilningi. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum andvíg svona lausnum. Við viljum skapa atvinnuvegunum almenn rekstrarskilyrði þannig að hér dafni eðlilegt og blómlegt atvinnulíf til sjávar og sveita. Við viljum gera það með almennum aðgerðum og stuðningi sem gagnast til styrkingar byggðar og nýsköpunar og til styrkingar smárra og meðalstórra fyrirtækja.

Við sem störfum í pólitík eigum ekki að koma með fyrirtæki á fati. Við eigum ekki að skaffa. Við eigum ekki að koma með „eitthvað annað". Við eigum að skapa skilyrðin. Það er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans að skapa skilyrði til atvinnusköpunar og atvinnuuppbyggingar. Það á ekki að banka upp hjá okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og krefja okkur svara um hvaða verksmiðju eða fyrirtæki við ætlum annars að koma með. Við

ætlum ekki að gera það. Við ætlum að skapa fyrirtækjunum rekstrargrunn.

Það vantar sem sé nýja hugsun í atvinnuuppbyggingu hér á landi. Nýja hugmyndafræði vantar til þess að leggja grunn að áframhaldandi hagvexti og til þess að standa undir velferðarþjónustunni og opinberum umsvifum. Stóriðustefnan er gamaldags og skaðar framtíðarmöguleika komandi kynslóðar.

Stóriðjustefnan út af fyrir sig er skrýtin skepna. Hún kallar á mikla orkuöflun og uppbygging álvera og áframhaldandi stækkun þeirra sem fyrir eru. Hún kallar á stór uppistöðulón því að raforkan til álvera þarf að vera jöfn og stöðug. Því verða umhverfisáhrifin af þessari stóriðju meiri en af margri annarri.

En áður en við höldum út í áframhaldandi uppbyggingu af þessu tagi hefði maður haldið að hæstv. ríkisstjórn hefði þá einhent sér í að ljúka við gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma þannig að það væri a.m.k. reynt að ná þjóðarsátt um hvaða vatnsföll við ætlum að vernda og hvaða vatnsföll og jarðvarma við værum tilbúin til að taka í raforkuframleiðslu og ljúka þeirri vinnu sem núna er í gangi þar sem kostirnir eru settir upp eftir ákveðnu verðmætagildi. Því miður liggur ríkisstjórninni mjög á að klára þetta mál fyrir kosningar, hnýta alla hnúta þannig að það má enginn vera að því að bíða eftir því að vinnuhópurinn skili af sér, enda er það skiljanlegt því að efst á verndarlistanum er, hvaða virkjun? Hvaða svæði? Kárahnjúkar. Samkvæmt bráðabirgðamati eru þeir efst á lista yfir 14 eða 15 virkjanamöguleika sem við eigum að vernda. Númer þrjú á þeim lista voru svo Þjórsárverin og við sáum hvaða tilburðir voru hjá hæstv. ríkisstjórn, að leyfa að seilst yrði inn í sjálf Þjórsárverin — ég segi nú ríkisstjórn þar sem Landsvirkjun vinnur á hennar ábyrgð, en Þjórsárverunum hefur verið forðað að sinni en seilst hefur verið í vatnaforðabúr svæðisins og Landsvirkjun hefur fengið þar vatnsmagn sem hún átti greinilega ekki von á. Það er því alveg ljóst að nú á að ganga frá öllu og hnýta alla hnúta. Rammaáætlun er óhagstæð þessum virkjanaframkvæmdum og ég sé ekki betur en að okkur muni ganga erfiðlega að ná þjóðarsátt um það sem eftir er af virkjanakostum.

Varðandi orkunýtinguna heyrum við mjög oft að það sé í raun og veru eðlilegt að við sem umhverfisvæn þjóð og með þá hugsun að styðja sjálfbæra þróun, og undir það höfum við skrifað að við séum framsækin þjóð og meðvituð í umhverfismálum, eigum að leggja það til í alþjóðlegu samhengi að vera með sjálfbæra orkuveitu. Því miður er Kárahnjúkavirkjun ekki sjálfbær og mér þykir vera tími til kominn að hæstv. iðnrh. og fleiri læri það í eitt skipti fyrir öll að munur er á því að vera með sjálfbæra orkuveitu eða hvort orkuveitan er mengunarlaus eða mengunarlítil. Þá er ég að vísa til þess að þegar við erum að virkja jökulárnar þá er það gjörólíkt því að virkja bergvatnsár. Þar sem virkjanir eru knúnar áfram af jökulám þar fyllast lónin af seti og leirframburði þannig að þær verða ónothæfar eftir tiltekinn árafjölda og við höfum til frambúðar eyðilagt landið sem fer undir lónið en það gegnir allt öðru máli ef um bergvatnsár er að ræða. En það er rétt að erlendis eru raforkuver sem knúin eru áfram af kolum eða kolefni sem menga, en ég vil óska þess að hv. talsmenn þessara miklu framkvæmda læri það í eitt skipti fyrir öll að þetta er ekki sjálfbær virkjun.

Þetta á sem sé að vera okkar framlag í að draga úr mengandi útblæstri frá kolaverunum en nú vill svo óheppilega til að Alcoa — það fyrirtæki sem ætlar að reisa álver hér og er stórt alþjóðlegt fyrirtæki með aðsetur í Bandaríkjunum — er í tilefni af því eða vegna þess að það er að fara af stað hér, að leggja niður álver í Bandaríkjunum sem fær orku frá vatnsaflsvirkjun en ekki kolavirkjun, frá rafvirkjun sem er knúin áfram með kolum, þannig að við erum í þessu tilfelli ekki að bjarga heiminum heldur getur Alcoa lagt niður sína verksmiðju og sagt upp fólki, verksmiðju sem gefur ekki orðið nægilega mikinn arð þannig að við erum í þessu tilfelli ekki að draga úr mengun í hnattrænu tilliti.

En hvers vegna skyldi Alcoa vilja koma hingað? Það er af mörgum ástæðum. Við ætlum ekki að leggja á umhverfisskatta, hvorki núna í upphafi og það sem verra er og stendur alveg skýrt í frv. að umhverfisskattar og mengunarskattar munu ekki verða lagðir á fyrirtækið. Þótt hér yrði almenn stefna að leggja umhverfisskatta eða mengunarskatta á mengandi fyrirtæki, þá er þetta fyrirtæki undanþegið svo lengi sem það starfar hér. Það verður markaður fyrir koltvísýringskvóta og það er ávinningur fyrir fyrirtæki að komast inn á okkar markað með þessa gulrót. Við eigum, ef við viljum vera framsýn, að taka upp mengunarskatta sem við vitum að er alveg við þröskuldinn að komið verði á í iðnríkjum og taka þátt í hnattrænum aðgerðum í staðinn fyrir að fara eingöngu í landgræðslu og skógrækt og draga þannig úr mengunarhlutfalli okkar.

Hvað varðar fyrirtækið Alcoa, Fjarðaál í Reyðarfirði, er ekki frá því gengið í frv. hvernig eigi að hreinsa loftmengun frá fyrirtækinu sem er töluverð eins og frá öðrum álverksmiðjum. Það á að láta fyrirtækinu sjálfu eftir hvort það kemur hér með nýja tækni sem það telur sig ráða yfir, þurrhreinsun og með því að setja upp 80 m háa skorsteina eða hvort það metur það þannig að það borgi sig að hafa vothreinsun. Herra forseti. Ég leyfi mér að efast um að það verði eingöngu umhverfissjónarmið sem ráði. Fyrirtæki sem þetta og önnur í slíkum rekstri horfa fyrst og fremst til gróðasjónarmiða, rekstrarafkomu fyrirtækjanna, og það mun að lokum hafa endanleg áhrif á hvora leiðina fyrirtækið leggur til að verði farin og í raun og veru er það alveg lagt upp í hendur fyrirtækisins að velja sér mengunarvarnir.

Það er ekki bara það að fyrirtækið losni við mengunarskatta og hafi tiltölulega frjálsar hendur með hvernig það ætlar að haga mengunarvörnum sínum heldur er það lágt raforkuverð sem fyrst og fremst dregur fyrirtækið hingað til lands. Við eigum öflugt og gott fyrirtæki, Landsvirkjun, og henni ber samkvæmt lögum að hafa hér tiltæka raforku fyrir þau fyrirtæki og stóriðju sem ríkisstjórnin hefur áhuga á að leita eftir samningum við að verði hér á markaðnum — ég held að áhugi hæstv. ríkisstjórnar sé alltaf til staðar að fá hingað stóriðjufyrirtæki. Þetta er miklu frekar spurning um hvort stóriðjufyrirtæki hafi áhuga á að koma hingað og áhugi þeirra margra virðist vera að glæðast núna upp á síðkastið. Ég veit ekki hvort þessi fyrirtæki hafi uppgötvað framsóknargenin hér á landi eða hvort það er hið lága raforkuverð sem dregur þau eingöngu og aðrir þættir sem eru fyrirtækjunum mjög hvilnandi. En Landsvirkjun er uppálagt að hafa tiltæka raforku og hún getur auk þess boðið lágt raforkuverð vegna þess að hún hefur ríkisábyrgðina á lánunum. Hún greiðir ekki skatta og Landsvirkjun hefur afnot af landi og þarf ekki að greiða fyrir landspjöll. Hún getur í rauninni miðlað, og hefur gert með tengingu raforkukerfisins, raforkuverðinu þannig að hin almenna byggðalína eða aðrir notendur rafmagns en stóriðjan hafa tekið á sig þann kostnað sem eðlilega hefði átt að falla til vegna stóriðjurekstursins. Þetta er þekkt. Lands-

virkjun hefur þá möguleika að færa á milli og á það getur hún treyst og fyrir það getur hún tekið nokkra áhættu hvað varðar sölu á raforku til stóriðjunnar. Það má eiginlega segja að Landsvirkjun hafi nær sjálftökurétt í vatnsbúskap okkar að velja sér staði og ákveða hvar á að bera niður næst og það hefur hún þangað til gengið verður frá rammaáætlun, að velja sér næsta mögulegan virkjunarstað. Fram að þessu hefur Landsvirkjun getað valið þá staði sem hagkvæmastir eru og mjög stutt er í það, herra forseti, að þegar sé búið að taka í notkun og séu inni á korti Landsvirkjunar allir þeir mögulegu staðir sem hagkvæmastir eru fyrir okkar kynslóð og rekstur í dag. Það verður þannig þar til önnur sjónarmið koma fram, t.d. þau að umhverfið sé líka dýrmætt og það beri að greiða fyrir það en í dag þarf þess ekki.

Hér hefur verið rætt um mótmæli og yfirgang þeirra sem eru andvígir þessum miklu framkvæmdum, sérstaklega Kárahnjúkavirkjun og þeim miklu umhverfisspjöllum sem þar verða. Ég vil benda á að ef ekki hefði komið til stjórnmálaflokkur sem heitir Vinstri hreyfingin – grænt framboð og ef ekki hefði komið til þess að fólk, sem hefur blöskrað þessi áform sem við stöndum nú frammi fyrir, hafi látið í sér heyra, þá er ég hrædd um að úrskurður hæstv. heilbrrh., setts umhvrh., hefði verið á annan veg en hann var við Þjórsárverin. Mótmæli hafa áhrif og við eigum að hafa áhrif og fyrir það á að þakka að fólk láti í sér heyra og komi skoðunum sínum sínum á framfæri hvort sem maður er sammála þeim eða ekki því öll sjónarmið eiga rétt á sér og það ber að taka tillit til þeirra. Smám saman munum við vonandi læra að vinna eins og aðrar þjóðir, að opna umræðuna, hafa hana gegnsærri, taka tillit til andstæðra skoðana og reyna að ná sáttum og vinna þannig að slíkum stórvirkjum. Þannig áttu lög um mat á umhverfisáhrifum að virka, að hleypa almenningi, félagasamtökum og öllum þeim sem töldu sig málið varða, að málinu og koma með athugasemdir svo hægt væri að gera það besta úr hverri framkvæmd fyrir sig, sama hvort það er vegarspotti, stórvirkjun eða álver.

Á meðan við búum við umhvrh. sem hikar ekki við að taka niðurstöður slíks mats, sem á að vera nokkuð lýðræðislega unnið, og snúa þeim gjörsamlega við með pólitísku afli virka lögin ekki eins og þeim var ætlað að gera. Þetta er mér áhyggjuefni og ég tel að að hluta til skorti okkur þroska til að vinna eftir þessu og síðan vantar okkur aðra hugsun, og þar með aðra ríkisstjórn.

Herra forseti. Þá vil ég aðeins víkja í mína heimabyggð því að að hluta til á þetta rætur að rekja til þeirrar ákvörðunar að styrkja byggð á Austurlandi, og þá með stóriðju. Sannarlega veitir ekki af því að styrkja byggðina á Austurlandi, Vestfjörðum, Norðausturlandi og víðar. Þau eru fljóttalin upp, svæðin sem eru nokkuð styrk í dag. Það er vísað til þess að íbúum fjórðungsins hefur farið fækkandi og það er rétt. Sem betur fer hefur íbúafjöldinn á síðustu tveimur árum nokkuð staðið í stað og aðeins fjölgað á Héraði og þá tel ég rétt að við skoðum undirliggjandi ástæður þess að þessi íbúafækkun hefur orðið. Hvers vegna hefur fólk flutt í burtu?

Ástæðurnar eru margbrotnar en þó má í fáum dráttum segja að það sé búið að vera einhæft atvinnulíf. Það er dýrt að senda börn í framhaldsskóla, það hefur verið erfitt að fá atvinnu fyrir maka ef hjón hafa frekari menntun. Lífskjörin eru hugsanlega erfiðari hjá mörgum þar sem neysluverð og ýmis kostnaður er meiri, og á sumum svæðum eru launin lægri en gerist á höfuðborgarsvæðinu. Allt hjálpast þetta að með mismunandi hætti en það vantar líka fleiri störf á svæðinu sem við getum sagt að séu akademísk, það vantar frekari möguleika til náms á svæðinu, framhaldsnáms og háskólanáms. Allt þetta hefur áhrif og það hefur ekki síður áhrif að það virðist vera eins og ef fjölskyldur flytja smiti það út í samfélagið svo los kemur á fleiri. En það er líka töluverð hreyfing á fólki innan svæðanna og þá nefni ég Hérað þar sem ég þekki best til. Þar hefur aðeins orðið fjölgun en það hefur líka verið mikil hreyfing á fólki á þessu tímabili, fólk flytur bæði að og frá, kennarar koma og fara o.s.frv.

Frá því um áramótin, núna á þessum vetri, hafa vaknað töluverðar væntingar. Fólk er bjartsýnna og finnur að nú sé hugsanlega allt að fara í gang. Það væri óeðlilegt ef ekki væru væntingar í loftinu og bjartara yfir fólki. Það hefur verið töluverð eftirspurn eftir húsnæði og vinnu, fólk hefur hringt og spurst fyrir, ætlar bara að vera komið á svæðið þegar allt fer í gang og tilbúið til að taka þátt í þessum miklu umsvifum. Það er eðlilegt að fólk sem býr fyrir austan finni að það séu breytingar fram undan og þær jákvæðar þegar horft er á umsvifin til skemmri tíma.

Hv. þm. Kristján Möller las hérna upp hvert byggðarlag fyrir sig og ég ætla ekki að endurtaka það. Ef við hlustuðum samt eftir því hvar fækkunin hafði orðið mest var það við sjávarsíðuna. Hvað hefur þá sérstaklega valdið því að fækkunin hefur orðið mest í hinum minni þorpum, minni sveitarfélögum og það við sjávarsíðuna? Ætli undirrótin að þessu sé ekki núverandi sjávarútvegsstefna og hvernig möguleikar fólks í hinum minni byggðum hafa brostið, möguleikar til þess að halda áfram að vinna við það sem það hefur unnið áður, að sækja sjóinn, þegar aflinn er farinn og eftir sitja staðirnir án möguleika til þess að bjarga sér? Hvað á fólk að gera? Því miður verður að segja að ríkisstjórnin hefur ekki komið með „eitthvað annað". Það hefur verið einblínt á þessa fyrirhuguðu stærstu byggðaaðgerð allra tíma. Það sem fólk kallar eftir er stuðningur við þau fyrirtæki sem eru að berjast í bökkum og við það að koma á nýjum fyrirtækjum, nýsköpun. Margt er þetta smátt en af margvíslegum toga en það hefur verið erfitt að fá fjárhagslegan stuðning. Það er ekki þar með sagt að fólk hafi setið aðgerðalaust, það reynir að bjarga sér og það er margt í gangi en það kvarta allir undan því sama: Það vantar skilning, það vantar fjármagn, það vantar lán til lengri tíma, það vantar það sem kallað er „þolinmótt lánsfjármagn" og stuðning fyrstu árin meðan fólk er að koma atvinnustarfsemi í gang. Það væri allt annað umhverfi fyrir austan og vestan og úti um land ef unnið hefði verið markvissar að stuðningi við það sem fyrir er og hægt er að byggja upp á svæðunum á eigin forsendum.

Þegar við vitum hver íbúaþróunin hefur verið er eðlilegt að sveitarstjórnarmenn, sem bera ábyrgð á rekstri sveitarfélaganna og að þjónusta íbúana, hafi verið áhyggjufullir í gegnum árin. Það er eðlilegt. Þeir hafa leitað allra leiða til þess að fá stuðning til að styrkja sínar byggðir. Fyrir nokkrum árum kom loforð um að á Reyðarfjörð kæmi álver og mönnum hefur verið haldið nokkuð stíft við þá lausn. Þegar Norsk Hydro gerði vart við sig og farið var að vekja upp þessa vinnu aftur tel ég eðlilegt að sveitarstjórnarmenn í Fjarðabyggð hafi tekið þessa lausn nokkuð ákveðið upp. Og ég segi líka að það sé nokkuð eðlilegt að sveitarstjórnin hafi unnið að því að sameina sveitarfélögin undir þessum merkjum, enda fer það saman að forsvarsmenn Fjarðabyggðar hafa verið í forsvari fyrir samtökum sveitarfélaga á Austurlandi og hafa unnið ötullega að því að fá sveitarstjórnarmenn til

að standa með þeim, að standa saman að þessu stóra máli og það hefur verið gert.

Þeir sem ekki hafa litið á þetta sem bestu hugsanlegu lausnina til að styrkja svæðið, til að styrkja byggðina, hafa látið það yfir sig ganga. Maður hefur ekki heyrt mikil andmæli en það er ekki þar með sagt að allir séu ánægðir. Ég sem fyrrverandi sveitarstjórnarmaður skil líka að maður stendur þá ekki í vegi fyrir öðrum, heldur lætur þetta yfir sig ganga og lætur samstöðuna frekar koma fram. Það er alveg ljóst að samstaða sveitarstjórnarmanna á Austurlandi í þessu máli hefur stutt ríkisstjórnina í því að keyra stórframkvæmdir svona áfram. Sérstaklega hefur verið mikill og góður stuðningur við Framsfl., við hæstv. umhvrh., viðskrh. og utanrrh.

Hvað varðar viðbrögð íbúanna við þessum framkvæmdum og hugmyndum um allt þetta rask snýst andstaðan fyrst og fremst gegn virkjuninni, ekki eins gegn álverinu sem slíku nema hvað að í það hljóp ofvöxtur og varð umfangið miklu meira en talað var um. Ég veit að ekki eru allir vissir um að það muni ganga vel að manna álverið með heimamönnum en að sama skapi vita menn að það verður þá mannað af Íslendingum búsettum annars staðar á landinu sem annaðhvort flytjast á staðinn eða að öllum líkindum munu fara á milli, búa annars staðar og vinna í skorpum við álverið eins og gerist í álverinu á Grundartanga, eða þá að það koma útlendingar því að álverið verður ekki rekið nema það verði fullmannað.

Eins og ég segi eru margir Austfirðingar jákvæðir gagnvart álverinu og því að fá einn stóran og stöðugan vinnustað inn á svæðið sem akkeri en telja að virkjunin sem slík sé fórnarkostnaður sem maður verði að greiða. Þeir sem eru mótfallnir og algjörir andstæðingar þess að farið verði í Kárahnjúkavirkjun af umhverfissjónarmiðum og einnig þeir sem telja að eitt stykki álverksmiðja muni ekki bjarga byggð eða vera jákvæð byggðaþróun hafa ekki verið háværir. Þeir eru samt til og láta í sér heyra þó að rödd þeirra hafi ekki verið kröftug.

Hvað varðar umsvifin af þessu öllu saman verða þau mikil, bæði af byggingu álversins og Kárahnjúkavirkjunar. Umsvifin verða mjög mikil á nokkurra ára tímabili og það eru mjög margar íbúar svæðisins sem horfa til þess tímabils og þess að þá verði mikið um að vera, íbúðaverð muni hækka, laun muni trúlega hækka, það muni koma til afleidd störf og eins horfa verktakafyrirtæki til þess að komast þarna í vinnu. Ég ætla að vona að það verði mikið um að austfirsk fyrirtæki komist að þessum verkum öllum en það er alveg ljóst að verið er að semja við eitt stórt erlent fyrirtæki núna um gerð jarðganganna og stíflunnar og það verða trúlega fleiri. Eins munu stór verktakafyrirtæki frá öðrum landshlutum koma inn á svæðið þannig að það er ekki alveg ljóst hve mikið fellur til fyrir verktakafyrirtæki fyrir austan. Afleiddu störfin á þessu uppbyggingartímabili verða mörg og þá skiptir auðvitað höfuðmáli að íbúar svæðisins séu tilbúnir til þess að veita þá þjónustu sem kallað er eftir. Á því tímabili sem uppbyggingin verður sem mest mega menn ekki vera með svo mikla glýju í augunum að þeir átti sig ekki á því að fyrirtæki sem eru þegar til staðar munu finna fyrir því að í raun og veru sé ekki rúm fyrir þau. Það verða ruðningsáhrif á önnur fyrirtæki, bæði hvað varðar samkeppni um mannafla og síðan vaxtarmöguleikar minni sprotafyrirtækja sem komin eru í gang við að starfa í þessu umhverfi. En auðvitað munu miklar fjárfestingaar kalla á ný fyrirtæki þannig að það sem skiptir þá máli er að þau starfi áfram og ekki skapist tómarúm þegar framkvæmdum lýkur.

Ef við erum að tala um einhæft atvinnulíf í dag á Austurlandi er hætt við að með þessu sé verið að byggja upp jafnvel enn einhæfara atvinnulíf þegar við lítum til framtíðar, þ.e. atvinnulíf sem er á einn eða annan hátt bundið rekstri álverksmiðju í Reyðarfirði. Þá er ég ekki að tala um að það séu bara störfin í álverinu heldur muni atvinnulífið og þau fyrirtæki sem eru í kring sem er talað um sem afleidd störf vera afleidd vegna þess að þau þjóna að meira eða minna leyti þessu eina fyrirtæki. Þetta fannst mér koma mjög berlega fram í mynd Ómars Ragnarssonar sem var sýnd fyrir fáum kvöldum, að vísu nokkuð seint þannig að ég veit ekki hversu margir horfðu á hana, þar sem hann kynnti uppistöðulón og virkjanir og samspil virkjana og þjóðgarða í Ameríku og Noregi. Hann sýndi okkur mynd af Årdal kommune þar sem við horfðum niður í fjörðinn og sáum blómlega byggð, svona lítið þorp, og svo færði hann sig til og þá sáum við stóra álverið. Til þessa álvers hefur verið mjög vitnað því að sveitarstjórnarmenn á Austurlandi ásamt fleirum fóru og skoðuðu það og sannfærðust um að þetta væri góður vinnustaður og ég dreg það í sjálfu sér ekki í efa. Það sem kom fram í mynd Ómars Ragnarssonar var að allt umhverfið, þ.e. sveitarfélagið í kring, atvinnan snerist öll í kringum þetta álver sem var staðsett í botni fjarðarins og þar af leiðandi getum við talað um einhæfni ef atvinnulífið binst svo þessu eina fyrirtæki.

Eins og ég sagði áðan skiptir máli að sem flestir austfirskir verktakar komi að verkinu ef af því verður sem mér sýnist nú allt benda til. Það skiptir máli til framtíðar að sem mest sitji eftir, að þau nýju fyrirtæki sem verða til á framkvæmdatímanum starfi áfram og að til framtíðar litið kalli öll þessi umsvif þá á meiri opinbera þjónustu inn á svæðið, á framhaldsnám, frekara verknám og að það verði eitthvað annað gert fyrir jaðarsvæðin. Áhrif þessara miklu framkvæmda eru svæðisbundin, þau munu hafa gífurleg áhrif á Miðausturlandi, til góðs eða ills, en þau munu ekki ná til Vopnafjarðar og þau munu ekki ná suður til Hafnar. Af því að oft er kallað á okkur þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og okkar hreyfingu: Hvað ætlið þið að gera? kalla ég nú á móti og spyr: Hvað ætlið þið í ríkisstjórnarflokkunum að gera fyrir þau svæði, hvort sem það eru Vopnafjörður, Höfn eða Vestfirðirnir sem eru ekki inni á áhrifasvæði álversins?

Það sem við viljum gera í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er að friða svæðið norðan Vatnajökuls, að Jökulsá á Fjöllum verði friðuð, Ódáðahraun verði friðað og sprungusvæðið sem gengur í gegnum Vatnajökul og norður í Öxarfjörð. Við viljum að það verði friðað fyrir frekari virkjanahugmyndum og það verði friðað fyrir háspennulínum. Það mætti taka inn fleiri þætti. Ef af þessu öllu verður og Kárahnjúkavirkjun verður reist er ekki hægt að tala um þjóðgarð á öllu því svæði. Það er ekkert til sem heitir virkjunarþjóðgarður, sú skilgreining er ekki til. Ef við ætlum að byggja upp þjóðgarð norðan Vatnajökuls verðum við að afmarka það svæði sem er í kringum virkjunarsvæðið og það getur hugsanlega flokkast sem útivistarsvæði, það er a.m.k. ekki þjóðgarður og getur aldrei orðið. Það er blekking, það er verið að reyna að fá fólk til að kaupa þá hugmynd að hægt sé að hafa þjóðgarð samhliða virkjuninni, það sé hægt að byggja þarna upp fjölbreytta útivistarstarfsemi af ýmsum toga, skútusiglingar hef ég heyrt nefndar, en það er eins og menn gleymi því rétt í svipinn að þetta er og verður jökul-

vatn, við erum komin upp á hálendið og það er nær að horfa til svæðisins með annað í huga.

Umhverfisáhrif virkjunarinnar og álversins hanga algerlega saman. Það verður engin virkjun án álvers og ekkert álver án virkjunar og þá vísa ég til ræðu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur sem fór vel yfir umhverfisáhrifin á báðum sviðum. Ég geri það ekki frekar hér nema ég vil bara ítreka að það var formlega farið að lögum um mat á umhverfisáhrifum. Útkoman er pólitískur viðsnúningur sem er siðlaus en hann var löglegur samkvæmt núgildandi lögum.

Málinu er ekki lokið þó að það standi til að klára þetta á þinginu núna. Það eru kærur í gangi. EFTA er með kæru. Hæstiréttur hefur úrskurðað vegna Kárahnjúkavirkjunar, vegna úrskurðar hæstv. umhvrh. Sivjar Friðleifsdóttur og það er einnig búið að kæra úrskurð skipulagsstjóra vegna álversins. Þessar kærur eru enn virkar. Það er ekki búið að úrskurða í þeim og á meðan er málið ekki úti.

Þó að ég ætli ekki að fara ítarlega í Kárahnjúkavirkjun, eins og ég sagði í upphafi, verður virkjunin aldrei sjálfbær. Það myndast setlög frá jökulframburðinum í uppistöðulóninu. Það verður ekki hægt að koma í veg fyrir fok. Varðandi þær mótvægisaðgerðir sem lýst er í úrskurði hæstv. umhvrh. vegna fokhættu hef ég gagnrýnt að ekki sé hægt að framkvæma þær eins og þeim er lýst. Undir þetta tók Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri í umræddum þætti Ómars Ragnarssonar sem sýndur var fyrir skemmstu. Það er óraunhæft að tala um rykbindingu með þeim hætti sem ætlað er að útfæra. Þetta vandamál hefur ekki verið leyst. Við eigum trúlega bara að sjá til og sjá hvernig þetta fer allt saman. Við erum að ganga inn á friðað svæði Kringilsárrana en mönnum hefur ekki þótt það nóg til þess að falla frá framkvæmdum. Það átti að fara inn á Þjórsárverin, og Landsvirkjun hikaði ekki við að taka fjórðung af Kringilsárrana sem er friðað svæði undir uppistöðulónið. Okkur ber að varðveita þær einstöku náttúruminjar sem við höfum, ég tala ekki um ef þær eru einstakar á allri jarðarkringlunni. Þarna finnast einstakar jarðmyndanir og náttúrufyrirbæri sem okkur ber sem Íslendingum að varðveita. Við berum ábyrgð á þeim, bæði fyrir heimsbyggðina alla og fyrir framtíð komandi kynslóða á Íslandi.

Flutningur Jökulsár á Dal eða Jöklu yfir í Lagarfljót er aðgerð sem mér finnst í hjarta mínu vera allt að því glæpsamleg. Svona gerir maður ekki. Þó að þarna sé hægt að ná í þessa miklu orku og á þennan hátt færir maður samt ekki jökulfljótin úr farvegi sínum og það er alveg ófyrirsjáanlegt hver áhrifin á Lagarfljótið og á Héraðið verða eftir slíkan flutning Jöklu í Lagarfljót.

Hægt væri að hafa langt mál um mannvirkin sem slík. Um þau hefur verið fjallað áður en ég vil aðeins minna á að undirbúningstíminn, þ.e. rannsóknir á náttúrufari, jarðmyndunum og öðru slíku, var skammur. Miklu lengri tíma hefði þurft til að undirbúa mannvirki af þessari stærð. Svæðið er viðkvæmt. Það er óöruggt sem byggingarsvæði og má lítið út af bera við framkvæmdirnar þannig að kostnaðurinn rjúki ekki upp. Það er þegar farið að sýna sig í framkvæmdum sem þegar hefur verið farið í, jarðgöngum sem byrjað er að bora og sem ég hef ekki fengið viðhlítandi skýringar á hvort séu leyfilegar. Framkvæmdaleyfið er ekki komið. Landsvirkjun hefur leyfi til þess að rannsaka svæðið en ég hef hvergi séð leyfi til að fara í framkvæmdir við göngin sem menn eru farnir af stað með. Menn eru meira að segja farnir að slasa sig þar. Það hefur sem sé komið í ljós við gangagerðina að þetta er erfitt bergsvæði á köflum.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði góða grein fyrir þeim erlendu fyrirtækjum sem að þessu koma, eins og Alcoa og Impregilo. Það væri trúlega hægt að halda sérstakan fyrirlestur fyrir okkur þingmenn um þau fyrirtæki. Þetta eru alþjóðleg og stór fyrirtæki sem hafa staðið í miklum umsvifum víða um heim, hvort á sínu sviði.

Ítalska fyrirtækinu er þannig lýst að ég tel mikilvægt að íslensk stjórnvöld vandi sig vel í samningum við það og taki ekki á sig allan umframkostnað sem til fellur vegna ófyrirsjáanlegra mála sem upp geta komið varðandi boranir og annað.

Hvað álverið sjálft varðar og vinnu heimamanna eða Austfirðinga, er talið að um 200 Austfirðingar komi til með að vinna við sjálft álverið. Annað vinnuafl verður aðkomumenn og svo útlendingar. Það er að mínu mati ekki hægt að bera þetta álver saman við þau álver sem eru hér á höfuðborgarsvæðinu og áhrif þeirra á samfélagið hér í kring. Í fyrsta lagi er þetta álver miklu stærra. Því er komið upp í fámennu samfélagi og fyrirtækið mun hafa miklu meiri áhrif fyrir austan en á fyrirtæki staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Þau munu hafa meiri áhrif á íbúaþróun og samsetningu annarrar atvinnu en hér á höfuðborgarsvæðinu. Hér eru fjölbreyttari atvinnutækifæri og meiri styrkur af fjölmenninu á þessu svæði gegn þessari innspýtingu en fyrir austan. Það er ekki hægt að yfirfæra góða reynslu Akurnesinga af því að fá álverið á Grundartanga á sitt svæði. Talað er um að það hafi styrkt mjög svæðið. Þar er allt annað umhverfi og meira fjölmenni í nágrenni álversins á Grundartanga en fyrir austan.

Varðandi tekjur af álverinu vísa ég til ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar sem fór vel yfir þau mál. Rekstraröryggi álversins og annarra álvera er lítið. Verðsveiflur á áli á heimsmarkaði eru miklar og svo hefur alltaf verið. Þær munu áfram verða. Í þessu frv. er talað um að álverðið muni frekar hækka. Það er bjartsýnisspá því að Kína er að koma inn með enn meiri álframleiðslu en þegar er orðið þar í landi. Þar verður þessi massi í framtíðinni sem hlýtur að hafa áhrif á heimsmarkaðsverðið.

Allt mun þetta hafa mikil áhrif á allt hagkerfið, bæði á framkvæmdatímanum þar sem koma þurfa til miklar mótvægisaðgerðir til að halda þjóðlífinu og efnahagslífinu á floti svo að hér fari ekki allt á hvolf. Til þess þarf að hækka vexti og draga úr opinberum framkvæmdum. Þetta mun hafa áhrif á aðrar atvinnugreinar í landinu og sérstaklega meðan á framkvæmdatímanum stendur. Það má ekki loka augunum fyrir því. Við skulum sérstaklega horfa á sjávarútveg okkar og ferðaþjónustuna. Þetta mun sérstaklega hafa áhrif á þær atvinnugreinar.

Það er rétt að árétta og beina þeirri spurningu til meiri hlutans hér á þingi, hvaða byggðaáætlun verður í gangi, hvaða byggðaaðgerðir verði á stefnuskrá Sjálfstfl. og hvaða byggðaaðgerðir verði á stefnuskrá Framsfl. fyrir framtíðina. Ef þessir flokkar verða áfram saman í stjórn, hvernig verður þá hugað að styrkingu annarra byggða þar sem áhrifa álversins mun ekki gæta? Það væri fróðlegt að heyra hvort það eigi að koma næstu stóriðju, álveri, upp á Vestfjörðum eða á norðausturhorninu. Eða hvað hugsa þessir flokkar sér að gera?

Það sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt til varðandi þetta mál er að fram fari

óháð mat á möguleikum á umframkostnaði vegna Kárahnjúkavirkjunar. Því hefur verið hafnað. Við höfum lagt fram sjálfbæra atvinnustefnu þar sem fjölbreytnin verði höfð að leiðarljósi. Við höfum lagt fram sjálfbæra orkustefnu og lagt til að farið verði í svæðisbundið átak til að treysta byggð og efla atvinnulíf á landsbyggðinni. Við höfum lagt til að koma á háskólasetri á Austurlandi. Við höfum lagt til að hugað verði að opinberum stuðningi við lítil og meðalstór fyrirtæki, eflingu þeirra. Við höfum lagt til að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mikla mál sem við stöndum núna frammi fyrir. Sú tillaga liggur hér frammi.

Við leggjum líka til, m.a. í lokaorðum í nál. 2. minni hluta iðnn., að vísa þessu máli frá og út af dagskrá.

En auk þessa höfum við þá stefnu að almennum aðgerðum eigi að beita til að efla atvinnuvegina og styrkja byggðirnar. Við eigum að efla menntun, efla samgöngur og efla og standa að nýsköpun og fjölbreytni í atvinnuvegunum.

[01:11]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kenndi sjávarútvegsstefnu ríkisstjórnarinnar um fólksfækkun á Austurlandi. Ég er ósammála því og minni á að á Austurlandi eru nokkur af öflugustu og glæsilegustu útgerðarfyrirtækjum landsins. Hvað sjávarútveg varðar er það auðvitað samdráttur í þorskveiðunum — leyfilegur þorskafli hefur minnkað um helming á undanförnum árum — sem farið hefur verst með landsbyggðina á undanförnum árum. Þetta hefur minna bitnað á Austfirðingum en ýmsum öðrum landshlutum vegna þess að á Austurlandi er mjög öflugur floti til veiða á uppsjávarfiskum. Þar eru öflugustu útgerðir í loðnu og kolmunna sem til eru á landinu, glæsileg fiskiðjuver og bræðsluverksmiðjur. Ég held því að Austfirðingar geti kannski síður en flestir aðrir bölvað sjávarútvegsstefnunni og sjávarútveginum fyrir vandræði sín á undanförnum árum.

Hv. þm. spurði: Hvað ætlið þið í stjórnarflokkunum að gera fyrir þau svæði sem ekki liggja að Kárahnjúkavirkjun? eða eitthvað í þeim dúr. Hún leit síðan hvasst á mig, eina stjórnarliðann í salnum. Mér fannst hv. þm. ekki alveg samkvæmur sjálfum sér vegna þess að hún sagði í ræðu sinni, annars vegar að ríkisstjórnin hafi ekki komið með eitthvað annað en álver á svæðið, þ.e. á Austfirðina. En hún sagði svo í hinni setningunni að ríkisstjórnin ætti ekki að koma með atvinnutækifærin, heimamenn ættu sjálfir að ráða uppbyggingunni. Það hafa heimamenn gert á undanförnum árum. Árangurinn sjáum við, stanslausa fólksfækkun og á Austurlandi er eitthvert mesta láglaunasvæðið á landinu, því miður. Eins og ég gat um í ræðu minni í dag eru ekki nema 7,5% skattgreiðenda á Austurlandi með 3,5 millj. eða meira í árstekjur árið 1999. Það voru nokkurn veginn meðallaun í stóriðjufyrirtækjunum á Íslandi það ár. Ég held að álverið með þessum góðu launum og vinnu verði mikil himnasending fyrir þetta svæði.

[01:13]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Sem betur fer eru nokkur sterk sjávarútvegsfyrirtæki á Austurlandi en kvótinn hefur verið að færast til, m.a. með samruna fyrirtækja, trillurnar hafa þurrkast út og mikið óöryggi ríkir á Austurlandi sem annars staðar við sjávarsíðuna. Fólk veit ekki hvort það heldur þeim kvóta sem það hefur í dag, hvort það hefur hann á morgun. Þó að fyrirtækin séu öflug hefur störfum hjá þessum stóru fyrirtækjum fækkað og það þarf að efla aftur smábátaflotann, bátaflotann og koma landvinnslunni aftur í gang.

Hvað varðar uppbyggingu fyrirtækja að frumkvæði heimamanna vantar ekki að Austfirðingar hafi hugmyndir um nýsköpun og fyrirtækjarekstur. En það er hjá þeim eins og öðrum, að það er erfitt að fá til þess stuðning. Það er erfitt að fá lánsfé og styrk til að koma fyrirtækjum á laggirnar. Það má nefna mörg slík fyrirtæki og er mjög auðvelt að fá þessar upplýsingar hjá atvinnuþróunarfélögunum.

Það er ekki hlutverk okkar stjórnmálamannanna að koma með eitt stykki fyrirtæki. Við eigum að stuðla að því að þeir sem hafa vilja og getu til að koma af stað rekstri hafi möguleika til þess. Það er okkar hlutverk.

[01:15]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að kvóti hefur auðvitað verið að færast til á þessu landsvæði eins og öðrum. Trillur hafa verið að detta út eins og hún orðaði það og störfum að fækka hjá stórum fyrirtækjum, það er hárrétt, það er að gerast alls staðar. Það hefur náttúrlega verið gríðarleg tæknivæðing í þessari grein, sem betur fer, og gerir það kannski að verkum að þau fyrirtæki eru sterk og öflug vegna þess að þau hafa verið að hagræða og tæknivæða sig. Það er alls staðar að gerast. Að efla þurfi smábátaflotann er auðvitað mál heimamanna. Það hafa menn verið að gera í öðrum landshlutum. Og eins og hv. þm. sagði er það ekki okkar stjórnmálamannanna að koma með þetta, heimamenn eiga auðvitað sjálfir að hafa frumkvæði að því.

En ég kom því ekki að í fyrra andsvari mínu að mig langaði að spyrja hv. þm. út í eitt sem hún sagði í ræðu sinni. Hún vitnaði í hinn öfluga stuðning Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi við þetta álver og Kárahnjúkavirkjun og sagði eitthvað á þá leið að það væri stuðningur við Framsfl. og nefndi í því sambandi hæstv. umhvrh., iðnrh. og Halldór Ásgrímsson utanrrh. Mig langaði að biðja hv. þm. að útskýra það aðeins nánar hvað hún átti við með þeim orðum. Ég minni á það í leiðinni að sveitarstjórn Fjarðabyggðar hefur verið gríðarlega öflug í stuðningi við þetta verkefni og minni á það líka að hennar menn hafa ráðið ríkjum á Norðfirði í gegnum tíðina, í Neskaupstað, og reyndar verið í forustu í þessu nýja sameinaða sveitarfélagi, Fjarðabyggð. Þeir hafa verið alveg rosalega öflugir í stuðningi við þetta verkefni og sótt það af miklum krafti. Ég man ekki betur en að þar séu alveg löðrandi vinstri menn í forustu.

[01:17]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það sem ég sagði um að mikil og góð samstaða austfirskra sveitarstjórnarmanna hefði styrkt hæstv. ráðherra Framsfl., þá segi ég það vegna þess að þetta er pólitísk ákvörðun og til þess að halda sínu striki og halda fast við sína pólitísku ákvörðun og stóriðjustefnu þá er það auðvitað stuðningur fyrir þá ráðherra sem farið hafa með þennan málaflokk og 1. þm. fjórðungsins, sem hefur lofað þessum framkvæmdum. Þó það nú væri. Ekki er þar með sagt að allir sveitarstjórnarmenn hafi setið ánægðir undir þeim samþykktum. En til að sýna samstöðu hafa þeir ekki viljað brjóta sig út úr svo ekki væri enn og aftur hægt að segja að ekki væri hægt að koma einhverju á fyrir austan, því það sé aldrei samstaða um neitt. Þannig hafa margir látið þetta yfir sig ganga, bæði almennir íbúar og sveitarstjórnarmenn.

[01:18]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Frá því í morgun hefur verið deilt um frv. ríkisstjórnarinnar um heimild til að reisa álver í Reyðarfirði. Þingið hefur skipst í tvær fylkingar, annars vegar eru þingmenn Sjálfstfl., Framsfl. og Samfylkingar sem hafa stutt frv. ríkisstjórnarinnar og hins vegar eru þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem hafa verið á öndverðum meiði. Um hvað er deilt? Um hvað hafa þessar deilur staðið hér í dag? Þær hafa í fyrsta lagi staðið um náttúruvernd, um umhverfisvernd í víðum skilningi og um nýtingu öræfanna norðaustur af Vatnajökli. En þær hafa einnig staðið um stefnu í atvinnumálum, um stefnu í efnahags- og atvinnumálum. Og sannast sagna kom mér á óvart að þeir sem stundum hafa látið í veðri vaka að þeir væru fylgjandi fjölbreytni í atvinnulífinu, vildu styrkja og styðja við bakið á smáum og meðalstórum fyrirtækjum, og vísa ég þar til þingmanna Samfylkingarinnar, hafa í þessari umræðu tekið höndum saman með ríkisstjórnarflokkunum, Sjálfstfl. og Framsfl., í stuðningi við stóriðjuáform hæstv. utanrrh. og formanns Framsfl., Halldórs Ásgrímssonar. Þar hafa þeir aðilar verið á einu máli og við verið ein um hitt, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að tala máli fjölbreytni í efnahags- og atvinnulífi og standa vaktina fyrir náttúru landsins. Þetta hafa verið mjög skýrar línur sem hér hafa komið fram.

Hér hefur verið rætt um efnahagsmál, um efnahagslegar afleiðingar þessara stóriðjuáforma ef þeim yrði hrint í framkvæmd, og talað hefur verið um ýmislegt sem lýtur að umhverfisvernd. Ég er ekki sérfróður um efnafræði, síður en svo, og það eru aðrir í mínum flokki sem hafa talað af miklu meira viti en ég get gert um mengunarvarnir og ýmislegt sem lýtur að þeirri hlið mála og það hefur verið gert hér í dag, og vísa ég í ræður hv. þingmanna Kolbrúnar Halldórsdóttur og Árna Steinars Jóhannssonar.

Mér hefur verið bent á gögn sem eru komin frá Alþjóðabankanum þar sem settar eru fram ráðleggingar um mengunarvarnir, hvaða lágmarksstöðlum beri að fylgja. Þar er m.a. vikið að brennisteinsdíoxíði, hve mikið sé ásættanlegt að hleypt sé frá verksmiðjum af því tagi sem við erum að reisa hér. Í þessum gögnum kemur fram að að mati Alþjóðabankans sé ásættanlegt að einu kílói af brennisteinsdíoxíði sé hleypt út fyrir eitt áltonn. Samkvæmt því sem mér hefur verið tjáð, þá hafi náðst samningar við Norsk Hydro á sínum tíma um að hleypa út 230 tonnum miðað við 420 þús. tonna álver. Það hefði þýtt 180 tonna losun í álveri af þeirri stærð sem Alcoa hyggst reisa í Reyðarfirði, 320 þús. tonna álveri. Samkvæmt þessu eru þeir samningar sem stóð til að gera við Norsk Hydro undir því hámarki sem Alþjóðabankinn ráðleggur.

En um hvað er verið að semja? Verið er að semja um heimild til Alcoa að losa ekki 320, heldur 3.600 tonn, eftir því sem mér hefur verið tjáð. Ég spyr, er þetta rétt? Ég spyr fulltrúa í umhvn. þingsins. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. umhvrh. Hún er að vísu ekki hér á staðnum. Það er enginn fulltrúi stjórnarliðsins úr umhvn. á staðnum til að svara fyrir, og reyndar eru ekki margir þingmenn hér á svæðinu úr stjórnarliðinu þótt ýmsir hafi ástæðu til að vera fjarri, og ætla ég ekki að fetta fingur út í það. En mér kemur í hug sú tillaga sem flutt var á þingi Framsfl. nýlega, að ráðherrar ættu ekki að hafa þingskyldur, ættu ekki að koma úr þingliðinu, þeir ættu að koma utan frá eða þá segja af sér þingmennsku þegar þeir settust á ráðherrastóla. Ég hef sannast sagna meiri áhyggjur af þeim almennu þingmönnum sem eiga að sitja hér á þinginu. Ég velti því fyrir mér hvað kunni að vera til ráða. Ef til vill væri hugmynd að ráða statista fyrir þingmenn Framsfl. til að sitja í sætum þeirra þegar þeir hvíla lúin bein eða eiga ekki kost á að sækja þingfundi. Ef salurinn væri fullur af staðgenglum þingmanna Framsfl, þá gæti maður a.m.k. lifað í þeirri trú eða þeirri von skulum við segja að þeir sýndu þeim stórmálum sem hér eru til umræðu einhvern áhuga.

Ég ætla ekki að hafa langt mál að þessu sinni um frv., við eigum eftir að fara í 3. umr., en þó ætla ég að víkja örfáum orðum að þeim þætti sem lýtur að atvinnusköpun. Ég hef verið að skoða tölfræði yfir störf í atvinnulífinu síðustu áratugina. Árið 1970 voru unnin 81.674 ársverk á Íslandi. Árið 2000 voru unnin 139.816 ársverk í landinu. Ársverkum hafði á því tímabili fjölgað um 60 þús. Ef við förum enn skemur aftur í tímann, til ársins 1990, voru unnin 124.914 ársverk á Íslandi. Tíu árum síðar, árið 2000, voru ársverkin 139.816. Ársverkum hafði á því tímabili, á þessum tíu árum, fjölgað um 15 þús., að meðaltali um 1.500 ársverk á ári hverju. Við erum að tala um fjölgun ársverka langt innan við 1.000 og eigum þá eftir að skapa rúmlega 14 þús. störf til að fylla upp í kvótann á næsta áratug. Þetta er verkefnið fram undan. Menn eru með á prjónunum áform um að spýta inn í atvinnulífið geysilegum fjármunum í atvinnusköpunarskyni, í því skyni að skapa störf í landinu.

Ég hef hlýtt á erindi sem hagfræðingar hafa flutt um þetta efni, þar á meðal Þorsteinn Siglaugsson hagfræðingur, en honum reiknast til að hvert starf í tengslum við Kárahnjúkavirkjun nemi um 445 millj. kr. Hann hefur bent á annað mjög athyglisvert dæmi í samanburðarfræðum sínum. Hann hefur bent á Háskólann á Akureyri. Háskólinn á Akureyri er með í þjónustu sinni 150 fasta starfsmenn en 536 einstaklingar koma alls að starfi í skólanum. Rekstrarkostnaður er um 600 millj. kr. Og hann hefur leikið sér að því að taka þetta saman og færa þetta yfir á núvirtan rekstrarkostnað háskólans og reiknast þá til að tilkostnaðurinn við hvert starf ef litið er á heildarmannafla, væri 36 millj. en ef aðeins væri litið á fasta starfsmenn, þá eru það 80 millj. kr.

Og eitt af því merkilegasta sem mér fannst koma fram á mjög athyglisverðri ráðstefnu sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð efndi til ekki alls fyrir löngu um fjölbreytni og nýsköpun í atvinnulífinu, þá var sagt réttilega að þegar við höfum ráðist í fjárfestingar á liðnum árum og áratugum og þekking hefði ekki verið til staðar hefðu markmiðin yfirleitt ekki náðst, dæmin ekki gengið upp. En þegar fjárfest hefði verið í nauðsynlegri þekkingu hefðum við haft árangur af erfiði okkar. Hér er ég að taka dæmi um atvinnusköpun, um arðvænlega atvinnusköpun á sviði menntunar sem verður til fyrir mun minna fé.

Herra forseti. Mig langar að lokum til að víkja örlítið að greinaskrifum í Viðskiptablaðinu sem var að koma út í dag, nýju Viðskiptablaði sem kom út í dag. Þar er því haldið fram í heilsíðugrein að ruðningsáhrif stóriðjuframkvæmda á næstu árum muni halda útflutningsgreinunum í spennitreyju. Og hverjir eru að tala? Hverjir eru að halda þessu fram? Því miður eru ýmsir komnir í harkalega mótsögn við sjálfa sig vegna þess að aðilar vinnumarkaðar eru núna farnir að gráta þá framkvæmd sem þeir áður hafa stutt.

Í þessari grein sem Gústaf Steingrímsson ritar segir m.a. í upphafsorðum, með leyfi forseta:

„Þau ruðningsáhrif sem óhjákvæmilega fylgja stóriðjuframkvæmdum fyrir austan munu koma hvað harðast niður á útflutningsgreinum á Íslandi, eins og sjávarútvegi og ferðaþjónustu, á næstu árum. Þannig hníga mörg rök að því að aðlögun efnahagslífsins að þessum gríðarlega miklu framkvæmdum muni birtast einna skýrast í mikilli styrkingu krónunnar sem mun án efa hafa mjög neikvæð áhrif á framlegð áðurnefndra greina."

Síðan fjallar hann nánar um þetta og fer inn á fund Samtaka atvinnulífsins sem haldinn var fyrir helgi og bar yfirskriftina „Áhrif hágengis á þjóðarhag". Þar er m.a. vitnað í Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins, sem flutti erindi og var ekki bjartsýnn á framtíð íslenskra útflutningsfyrirtækja eins og hún lítur út í dag. Það er vitnað í orð aðstoðarframkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins, með leyfi forseta:

„Þau fyrirtæki sem munu leggjast af eða flytjast úr landi af völdum væntra hárra vaxta á framkvæmdatíma Kárahnjúkavirkjunar og væntra áhrifa gjaldeyrisinnstreymis til hækkunar á gengi krónunnar munu ekki lifna við eða flytjast til landsins aftur. Það tekur ekki langan tíma að gera að engu uppbyggingarstarf margra ára og áratuga. Áhrif langvarandi hágengis á sjávarútveg verða óhjákvæmilega þau að fiskvinnslan flyst frekar út á sjó og útflutningur óunnins sjávarfangs til vinnslu erlendis eykst," sagði Hannes.

Síðan er vitnað í forstjóra Marels, Hörð Arnarson, sem sagði fyrirtæki í samkeppni við erlenda aðila ekki geta hækkað verð og þess vegna kæmi styrking krónunnar þeim illa. „Eina leiðin til að lækka kostnað í íslenskum krónum er að flytja starfsemina utan eða færa innlendan kostnað í erlendan gjaldmiðil því að tæki eins og framvirkir gjaldeyrissamningar eru eingöngu skammtímalausn."

Og áfram er haldið. Það er vitnað í Gunnar Rafn Birgisson, framkvæmdastjóra ferðaþjónustufyrirtækisins Atlantik, sem sagði ferðaþjónustuna ekki vera í sömu sporum og mörg önnur útflutningsfyrirtæki þar sem hún hefði ekki möguleika á að flytja framleiðsluna úr landinu. Hann segir orðrétt, með leyfi forseta: „Gera má ráð fyrir að Íslandsferð kosti 25 - 30% meira í erlendri mynt árið 2003 en sama ferð gerði árið 2002" o.s.frv.

Það er haldið áfram að vitna í hvern forstöðumann fyrirtækja á fætur öðrum.

Síðan er vitnað í starfsmenn greiningarstöðva bankanna, m.a. Eddu Rós Karlsdóttur hjá Búnaðarbankanum sem segir reyndar að sér finnist gagnrýnin á Seðlabankann vera nokkuð hörð og jafnvel ósanngjörn.

Hún segir, með leyfi forseta:

„Í mínum huga ræður Seðlabankinn ekki við þetta hagstjórnarverkefni einn. Þar þurfa að koma fleiri að, eins og ríki og sveitarfélög, og það er ekki sjálfgefið að það sé Seðlabankans að hafa frumkvæði að því. Þar sem þessar framkvæmdir og þessi eftirspurnarhnykkur er svona fyrirsjáanlegur finnst mér mikilvægt að stjórnvöld setjist niður og íhugi aðgerðir til að sporna við þenslu hér á landi."

Þetta er það sem menn eru að segja núna í atvinnulífinu.

Annars staðar í blaðinu fjallar hagfræðingur, kennari við Háskóla Íslands og starfsmaður við Hagfræðistofnun Háskólans, Ásgeir Jónsson, um gengishækkun krónunnar. Hann víkur að því í grein sinni að sér finnist svolítið sérstakt hve bágborin fagleg umræða um þjóðhagsleg áhrif Kárahnjúkavirkjunar hafi verið:

„Það er í raun ekki fyrr en Seðlabankinn gaf út Peningamál sín nú í febrúar að áhrif framkvæmdarinnar voru kortlögð miðað við frjálsa og opna fjármagnssamninga."

Síðar segir hann í greininni á þá leið að það sé alleinkennilegt að sjá að sömu hagsmunaaðilar sem fögnuðu virkjunarframkvæmdunum — og hér vitna ég orðrétt, með leyfi forseta, í hagfræðinginn — „... að sömu hagsmunaaðilar sem fögnuðu virkjunarframkvæmdum fyrir austan með lúðraþyt og söng skuli nú vera að barma sér yfir háu gengi krónunnar en hátt gengi er óumflýjanlegur fylgifiskur framkvæmdanna. Loks er það undarlegt hve mörgum virðist vera það kappsmál að kenna Seðlabankanum um gengishækkun síðustu vikna, jafnvel þótt bankinn sverji og sárt við leggi sakleysi sitt, og það með réttu."

Þetta eru tilvitnanir í hagfræðinga og sérfræðinga í efnahagsmálum um afleiðingar af stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Og hér hefur hver þingmaðurinn á fætur öðrum úr stjórnarliðinu og Samfylkingu, úr hópi þeirra aðila sem styðja stóriðjustefnu Framsfl., komið upp og réttlætt náttúruspjöllin á Austurlandi norðan Vatnajökuls í ljósi hins mikla efnahagslega ávinnings af framkvæmdunum. Hvað skyldu þessir aðilar hugsa þegar þeir lesa greiningu sérfræðinga efnahagslífsins á þessum sömu afleiðingum og gefa fyrirtækinu öllu falleinkunn?

Mér finnst það vera umhugsunarvert þegar aðilar vinnumarkaðar leyfa sér að styðja við framkvæmdina löngu áður en samningar liggja fyrir og löngu áður en séð verður hvort þessi framkvæmd er arðvænleg eða ekki. Og núna, þegar hinar illu afleiðingar eru að koma í ljós, nauðsyn þess að skera niður opinberar framkvæmdir, nauðsyn þess að ryðja öðrum atvinnurekstri úr vegi með hækkandi vöxtum, rísa menn loksins upp en taka aðeins á afleiðingunum, sjúkdómseinkennunum, en ekki sjúkdómnum sjálfum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 01:37.

---

85. FUNDUR

fimmtudaginn 27. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál — Ein umr.
2. Norræna ráðherranefndin 2002, skýrsla, 572. mál, þskj. 923.
3. Norrænt samstarf 2002, skýrsla, 605. mál, þskj. 966.
4. Alþjóðaþingmannasambandið 2002, skýrsla, 607. mál, þskj. 970.
5. Norðurskautsmál 2002, skýrsla, 620. mál, þskj. 991.
6. VES-þingið 2002, skýrsla, 621. mál, þskj. 992.
7. Vestnorræna ráðið 2002, skýrsla, 625. mál, þskj. 1009.
8. ÖSE-þingið 2002, skýrsla, 626. mál, þskj. 1010.
9. NATO-þingið 2002, skýrsla, 627. mál, þskj. 1011.
10. Evrópuráðsþingið 2002, skýrsla, 634. mál, þskj. 1018.

11. Fríverslunarsamtök Evrópu, skýrsla, 635. mál, þskj. 1029.
12. Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 618. mál, þskj. 989. — Fyrri umr.
13. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 619. mál, þskj. 990. — Fyrri umr.
14. Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 638. mál, þskj. 1034. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
15. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 639. mál, þskj. 1035. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.

Tilkynning um kosningu embættismanna alþjóðanefnda.

[10:31]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):
Á fundi Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA í gær var Þorgerður K. Gunnarsdóttir kjörin formaður nefndarinnar.

[10:32]

Útbýting þingskjala:
Flutningur hættulegra efna um jarðgöng, 647. mál, fsp. GuðjG, þskj. 1051.
Kosningar til Alþingis, 391. mál, nál. allshn., þskj. 1049; brtt. allshn., þskj. 1050.

Athugasemdir um störf þingsins.

ESA og samningar við Alcoa.

[10:32]

Ögmundur Jónasson:
Herra forseti. Fyrir síðustu helgi óskaði ég eftir því í efh.- og viðskn. þingsins að ég fengi upplýsingar um kröfur ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA, á hendur íslenskum stjórnvöldum varðandi gögn og rökstuðning um ríkisaðstoð við Alcoa-fyrirtækið. En sem kunnugt er hefur ríkisstjórn Íslands tekið þetta bandaríska stórfyrirtæki upp á arma íslenskra skattborgara. ESA vill fá að vita í hverju ríkisstuðningurinn er fólginn og við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem viljum beita okkur sem aðhaldsaðili fyrir hönd íslenskra skattborgara, viljum vita hvaða gögn ríkisstjórnin er að senda frá sér. Sem kunnugt er höfum við haft um það miklar efasemdir hvernig ríkisstjórnin hefur haldið á málum og m.a. farið með gögn og upplýsingar.

Embættismenn báru okkur þau boð ríkisstjórnarinnar inn á fund efh.- og viðskn. í morgun að því aðeins fengjum við umbeðnar upplýsingar að við hétum því að segja engum frá þeim, að við hétum því að leyna Alþingi og þjóðina þessum upplýsingum. Og svo kom rökstuðningurinn: Viðræður væru nú á viðkvæmu stigi. Nú væri verið að óska eftir nýjum gögnum frá íslenskum stjórnvöldum í þessu ferli sem mætti líkja við samningaviðræður og við fengjum ekki þessar upplýsingar nema í trúnaði fyrr en niðurstöður lægju fyrir. Með öðrum orðum er verið að líkja þessu ferli við samningaviðræður, og þjóðinni og þinginu er meinað um upplýsingar á þessu stigi. Herra forseti. Ég verð að segja að mér finnst þetta mál núna komið á miklu alvarlegra stig en það var í síðustu viku. Og ég krefst þess að fulltrúi ríkisstjórnarinnar, hæstv. iðnrh. eða hæstv. fjmrh., geri þinginu grein fyrir því í hverju þetta ferli, sem líkt hefur verið við samningaviðræður, felist og hvernig standi á því að þingið og þjóðin eru leynd þessum upplýsingum.

[10:35]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):
Hæstv. forseti. Þetta mál snýst um það að vegna þess að við erum aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði þurfum við að tilkynna um opinberan stuðning við starfrækslu fyrirtækja til ESA. Í þessu tilfelli er um fyrirtækið Alcoa að ræða. Hv. þm. gerir mikið úr því að það megi líkja þessu ferli við samningaviðræður. Aðalatriðið er að við höfum ekki lokið umfjöllun málsins og ESA hefur ekki lokið umfjöllun þess og ekki kveðið upp úrskurð. Meðan svo er getum við það ekki á grundvelli upplýsingalaga — það er gert ráð fyrir því í upplýsingalögum að í tilfellum sem þessum þegar um fjölþjóðastofnun er að ræða séu ekki veittar upplýsingar. Það er niðurstaða ráðuneytisins að í þessu tilfelli sé ekki ástæða til að veita þessar upplýsingar. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sem bað um upplýsingarnar á grundvelli upplýsingalaga getur að sjálfsögðu kært þessa meðferð málsins af okkar hálfu til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Þar getur hún fengið niðurstöðu um hvort við erum að gera rétt í þessu máli en við teljum svo vera. Við teljum rétt að hafna því að gefa upplýsingarnar vegna þess að málið er í ákveðnu ferli og því er ekki lokið.

Þarna eru miklir hagsmunir í húfi og þegar umfjöllun er lokið af hálfu ESA og allt liggur fyrir er þetta að sjálfsögðu allt uppi á borðinu. Ég tek undir það sem embættismenn sögðu við hv. þingmenn í nefndinni í morgun, og ég tel rétt að það megi líkja þessu við samningaviðræður. Þetta er ígildi samningaviðræðna í raun á meðan ekki hefur fengist niðurstaða og þess vegna er fjallað um málið á þennan hátt. Þetta er okkar niðurstaða.

[10:37]

Kolbrún Halldórsdóttir:
Herra forseti. Það er mikið áhyggjuefni að þjóðin og þingið skuli leynd þeim upplýsingum sem hér eru lagðar til grundvallar samningum um sölu á landinu. Ég segi það og ítreka, eins og ég gerði í ræðu minni í gær, herra forseti, að hæstv. iðnrh. skuldar okkur upplýsingar um það hvaða almannahagsmunir eru í húfi ef þjóðin og þing fá að heyra um hvað ESA er að spyrja og á hvern hátt íslenska ríkisstjórnin er að svara ESA. Það kemur fram í bréfi sem ráðuneytisstjóri iðnrn. skrifar mér og dagsett er 19. febrúar að það sé álit ráðuneytisins að með því að veita þessar upplýsingar sé hætta á því að það muni valda tjóni. Upplýsingarnar sem ég bið um að fá í hendur fyrir hönd íslenskra skattborgara og íslenskrar þjóðar eru þess eðlis að þær geti valdið tjóni í mínum höndum. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvaða tjóni telur iðnrn. og hæstv. ráðherra að ég geti valdið með því að hafa þessar upplýsingar og hafa aðgang að þeim? Og hverjir eru þessir mikilvægu almannahagsmunir sem ríkisstjórnin segir að séu í húfi? Hæstv. ráðherra hefur ekki svarað því. Hverjir eru þeir hagsmunir sem ríkisstjórnin dylur íslenska þjóð og íslenska skattborgara? Við eigum heimtingu á nánari skýringum á því.

[10:39]

Steingrímur J. Sigfússon:
Herra forseti. Umfjöllun ESA er ekki lokið, segir hæstv. iðn.- og viðskrh. og vísar svo til upplýsingalaga sem rök-

stuðnings fyrir því að neita upplýsingum um þetta mál. Neita hverjum? Neita þingmönnum, neita Alþingi um upplýsingar um mál sem er til umfjöllunar á Alþingi. Við erum með í höndunum nákvæmlega þessa daga frv. til laga um m.a. skattalegar ívilnanir til fyrirtækisins, þ.e. hluta af ríkisstuðningnum sem ESA er væntanlega að skoða, hversu umfangsmikil meðgjöfin er sem þetta gælufyrirtæki, Alcoa, á að fá. Það er greinilegt að ríkisstuðningurinn, meðgjöfin til Alcoa, er svo umfangsmikill að ESA þarf gögn og aftur gögn og enn þá meiri gögn til þess að meta hvort þetta standist. Er þá hægt að bjóða Alþingi og þingmönnum upp á það að ljúka afgreiðslu um frv. sem varðar málið beint og að leynt sé á sama tíma fyrir þinginu upplýsingum um málið? Því það er hluti af málinu sem hér er til umfjöllunar sem á að leyna. Auðvitað er það fjarri öllu að hér geti verið á ferðinni hagsmunamál af því tagi að það þurfi að fara leynt gagnvart Alþingi. Það er algjörlega út í hött að halda því fram. Það er áhugavert líka út frá sjónarhóli hagsmuna íslenskra skattborgara að þessi staða skuli vera uppi í málinu, að ríkisstyrkirnir, meðgjöfin, niðurgreiðslurnar til Alcoa skuli vera svo umfangsmiklar að það er greinilega á mörkunum að rúmast innan ramma evrópskra samkeppnisreglna og það þarf að prútta við ESA um að reyna að ná því þangað inn. Það er líka ákaflega áhugavert en í raun og veru dapurlegt mál frá sjónarhóli þingræðis og lýðræðis í landinu að ríkisstjórnin skuli halda svona á málum.

[10:41]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér finnst hv. þingmenn vera að gera alveg ótrúlega mikið úr þessu litla máli í raun. Þetta snýst um það að ESA, sem vissulega er dálítið mikið fyrir gögn, biður um gögn til þess að geta metið hvort sá styrkur sem þarna er um að ræða, þessi opinberi stuðningur því hann er ekki bara af hálfu ríkisins, hann er líka af hálfu sveitarfélagsins, sé innan þeirra marka sem þeir geta sætt sig við. Um það snýst þetta mál. Og eins og hefur áður komið fram hér á hv. Alþingi er þetta mjög í líkingu við það sem var um að ræða í sambandi við Norðurál og þá fékkst jákvæð niðurstaða, ekkert vandamál. Núna eru hv. þm. Vinstri grænna að reyna að halda í það hálmstrá að Brussel bjargi þeim út úr því vandamáli sem þau eru komin í. Það er ekki öðruvísi en það. (**SJS:** Er ekki hægt að fá ...?) Það er beðið um þessar upplýsingar af hálfu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur í tölvupósti og við tökum það sem svo að hún sé að biðja um þessar upplýsingar á grundvelli upplýsingalaga. Því hefur ekki verið mótmælt. Það er einfaldlega þannig með upplýsingalögin að þau ætlast bókstaflega til þess að þegar um tilvik sem þetta er að ræða séu ekki veittar upplýsingar. Við erum í viðræðum við fjölþjóðastofnun um viðkvæmt mál sem fer ekki í opinbera umræðu meðan svo er. Þetta er nú allt málið. Þetta er dæmigert mál sem framkvæmdarvaldið fer með. Ég er ekki að gera lítið úr hv. Alþingi þegar ég segi þetta, Alþingi hefur mikilvægt hlutverk. Af hálfu embættismanna er búið að segja, og ég styð það að sjálfsögðu enda er það frá mér komið, að nefndin getur fengið þessi gögn ef hún vill en þau verða ekki gerð opinber á þessu stigi. Þá eru hv. þm., sumir hverjir, svo stórir upp á sig að þeir þiggja ekki upplýsingarnar af því að ekki má gera þær algjörlega opinberar og hlaupa með þær í fjölmiðla. Þetta er málið.

[10:43]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er von að menn bara yppti öxlum. Og hér var hæstv. ráðherra að yppta öxlum fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Einhvern tíma var okkur sagt að ESA væri dómstóll. Nú kemur í ljós að ríkisstjórnin er að prútta við þennan dómstól því að þessu ferli hefur verið líkt við samningaviðræður. Hæstv. ráðherra segir að það sé smámál þegar Alþingi og þingnefnd er meinað um upplýsingar til að fylgjast með þessu ferli, með þessum samningaviðræðum eða ferli sem líkja má við samningaviðræður. Þetta er smámál. Og sú hætta er fyrir hendi að ef þingmenn komast yfir einhverjar upplýsingar hlaupi þeir út með þær. Hvert? Til þjóðarinnar inn í lýðræðislega umræðu? Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Hvers konar framkoma er þetta gagnvart Alþingi Íslendinga og gagnvart íslensku þjóðinni?

Herra forseti. Það er eitt svar við þessu. Það er að taka þetta mál allt saman og galopna það gagnvart lýðræðislegri umræðu í þjóðfélaginu. Það gerum við með þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál og það verður rætt þegar málið kemur næst á dagskrá.

[10:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ýmislegt hef ég heyrt um dagana en aldrei túlkun á upplýsingalögum í þeim anda sem hæstv. iðn.- og viðskrh. fer hér með. Að það sé alveg sérstakt markmið að leyna upplýsingum, loka þær og læsa niðri. Hæstv. iðn.- og viðskrh. virðist hafa misskilið þetta á þann veg að upplýsingalögin hafi verið sett til að hjálpa ríkisstjórn að læsa niður upplýsingar, að þetta séu anti-upplýsingalög, megintilgangur þeirra sé að tryggja möguleika ráðherra til að læsa málið niðri hjá sér, þar á meðal gagnvart Alþingi. Þetta er öfugt, hæstv. ráðherra. Upplýsingalögin eru upplýsingalög. Þau voru sett til að tryggja aðgang almennings í landinu og fjölmiðla að upplýsingum. Þau voru liður í að reyna að færa íslenskt samfélag inn í nútímann, gera það opið, stjórnsýsluna gagnsæja. Svo kemur hæstv. ráðherra hér og ber á borð hörmungarrök af þessu tagi fyrir því að það sé (**Gripið fram í:** Lestu greinina.) beinlínis gert ráð fyrir því að svona upplýsingum sé haldið leyndum. Það er einmitt andi upplýsingalaganna að það verður að rökstyðja það mjög vel og það verða að vera ríkar efnislegar forsendur fyrir því, undir hverjum kringumstæðum, að hafna því að veita upplýsingar. Þetta er hins vegar tíðarandinn hjá hæstv. ríkisstjórn sem auðvitað vill hafa allt í náttmyrkrinu. Þar eiga hennar verk iðulega best heima og þola ekki dagsljósið, mega ekki birtast hér á borðum þingmanna, þar á meðal meðlögin til Alcoa. Þau eru greinilega svo umfangsmikil að ríkisstjórnin er í stökustu vandræðum með að troða því í gegnum ESA. Á sama tíma er á borðum þingmanna frv. um skattalegar ívilnanir til handa fyrirtækinu. Í 12 tölusettum liðum er þetta gælufyrirtæki undanþegið íslenskum skattalögum. Það er m.a. það sem ESA er að skoða. Hversu umfangsmikil er sú ríkisaðstoð sem ríkisstjórnin er að veita með þessu frv.? En Alþingi á að samþykkja það blindandi.

[10:47]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegur forseti. Þetta mál sem hér um ræðir var rætt allítarlega í morgun við ráðuneytið í efh.- og viðskn. Það sem þetta mál snýst um er einfaldlega það að iðnrn. telur eðlilegt út frá hagsmunum Íslands, íslenskum hagsmunum, (**ÖJ:** Ríkisstjórnarinnar.) að standa þannig að því að það sé

trúnaðarmál á meðan á málsmeðferð stendur. (Gripið fram í.) En eins og hæstv. iðnrh. vakti réttilega athygli á eru gögnin orðin opinber þegar þessari málsmeðferð lýkur, þá er enginn trúnaður á málinu lengur, þá liggur fyrir að menn geta rætt þetta með þeim hætti sem þeir kjósa. Um það snýst þetta mál í raun og veru.

Ég gekk sérstaklega eftir því í morgun í nefndinni hvort áhugi væri á að fá þessi gögn til nefndarinnar með þeim hætti að þetta væru trúnaðargögn sem nefndin gæti rætt sín í milli og áttað sig aðeins á. Enginn óskaði eftir að það yrði gert. Það var ekki ósk um það að málið kæmi til nefndarinnar sem trúnaðarmál og væri rætt sem slíkt. (**ÖJ:** En við yrðum að þegja yfir því gagnvart þjóðinni.) Virðulegur forseti. Ég var að útskýra og hv. þm. staðfesti það með frammíkalli sínu. Það liggur fyrir að það kom ekki fram ósk um það nema síður væri að málið yrði rætt í nefndinni sem trúnaðarmál og gögnin væru sem trúnaðarmál. Þannig standa þessi mál. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Það er auðvitað þannig að þetta mál snýst um það sem ég rakti hér áðan. Hæstv. iðnrh. metur það svo, iðnrn. og stjórnvöld, að það sé til bóta fyrir íslenska hagsmuni að málið sé rætt með þeim hætti sem hér er verið að gera. Það var hins vegar farið yfir það í nefndinni og er ekkert trúnaðarmál að þau gögn sem liggja þarna til grundvallar eru að sjálfsögðu opinber gögn í meginatriðum vegna þess einfaldlega að auðvitað eru svörin með þeim hætti að þau hljóta að byggjast á þeim upplýsingum sem liggja til grundvallar því þingmáli sem við erum að ræða um. Það blasir auðvitað við að svörin hljóta að byggja á þeim efnislegu gögnum sem við höfum og þingið hefur haft aðgang að og menn hafa verið að ræða hér daginn út og daginn inn eðlilega í fjölmiðlum. (**ÖJ:** Menn vildu fá upplýsingar um þetta mál. Þú meinaðir þeim það.)

[10:49]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér erum við eina ferðina enn að fjalla um það að ráðherrar eru að leyna Alþingi upplýsingum sem þingmenn kalla eftir. Ég tek almennt undir það með Vinstri grænum að það á auðvitað að leita leiða til þess að þeir fái þessar upplýsingar sem þeir eru að biðja um. En mér finnst mjög sérkennilegt að þeir séu að sækja þetta á grundvelli upplýsingalaga. Þar sem málið er til meðferðar hér í þinginu hefði frekar átt að beina fyrirspurn til hæstv. ráðherra um þetta mál. Ég tel að það sé til leið í þessu máli og hún er sú að Vinstri grænir fái þessar upplýsingar í efh.- og viðskn. (**ÖJ:** Eins og ...?) og þeir verði þá bundnir trúnaði. En þeir geta alltaf, ef þeir meta að upplýsingarnar séu þess eðlis að þær kalli á að þær séu gerðar opinberar, leitað eftir því til Alþingis að þessum trúnaði verði aflétt og þá getur þingið samþykkt það ef upplýsingarnar eru þess eðlis. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um hvenær megi vænta þess að niðurstaða ESA liggi fyrir og hvort þess megi vænta að þær liggi fyrir þannig að hægt sé að fjalla um þær á meðan þetta mál er til umræðu hér í þinginu.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál, ein umr.

[10:51]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Að þessu sinni ætla ég að gefa hér yfirlit yfir þau mál sem efst eru á baugi í utanríkismálum um þessar mundir. Ekki er heldur úr vegi að vekja athygli þingheims á þeim verkefnum sem fram undan eru í utanríkisþjónustunni og hvaða leiðir þjónustan hefur verið að marka á undanförnum árum til að takast á við áskoranir framtíðarinnar. Í því samhengi er vert að greina frá tveimur hagsmunamálum Íslands sérstaklega, stöðu EES-samstarfsins í ljósi stækkunar Evrópusambandsins og viðræðum innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Þá vil ég og beina sjónum manna nær, að málefni sem mér er hugleikið, samskiptunum við næstu nágranna Íslendinga. Á ég þar við hin mikilvægu tengsl við grannríki okkar Grænland og Færeyjar. Vert er einnig að minna á norrænt samstarf almennt, sem hefur í ólgusjó alþjóðastjórnmála oftar en ekki reynst okkur mikið haldreipi.

Ekki verður þó hjá því komist að ræða fyrst þær viðsjár sem helst ber að varast um þessar mundir. Ógnir gegn stöðugleika og friði í heiminum leynast víða. Daglega berast fréttir af hótunum og handtökum meintra hryðjuverkamanna. Ljóst er að sú einstaka alþjóðlega samvinna sem myndaðist í baráttunni gegn hryðjuverkasamtökum hefur þegar haft víðtæk áhrif og brýna nauðsyn ber til að ríki heims haldi vöku sinni og samhentu átaki lengi enn. Eins og nýleg og átakanleg dæmi sanna svífast hryðjuverkamenn einskis. Kjarnavopnaáætlanir Norður-Kóreu og hótanir um að rifta vopnahléssamningi vekja einnig ugg. Síversnandi ástand fyrir botni Miðjarðarhafs, glötuð tækifæri til að koma á friði og til þess að leiða Palestínumenn og Ísraelsmenn að samningaborðinu eru mikil vonbrigði.

Ekkert er þó mönnum jafnofarlega í huga nú og ógnarstjórnin í Írak. Þótt nokkuð hafi verið rætt um þau mál á þessum vettvangi undanfarið verður hér fjallað um þetta helsta áhyggjuefni heimsbyggðarinnar í dag en vera má að ögurstund í því máli sé skammt undan.

Hinn 27. febrúar 1991, fyrir nákvæmlega 12 árum, tilkynnti George Bush, þáverandi forseti Bandaríkjanna, að stríðinu við Írak væri lokið og Kúveit væri frjálst á ný. Flóabardagi hafði þá staðið yfir í sex vikur með þátttöku 32 ríkja. Þrátt fyrir ósigurinn sat einvaldurinn áfram í Bagdad og situr enn. Saddam hrifsaði völdin til sín árið 1979. Ekki leið á löngu uns hann, öllum að óvörum, réðst inn í Íran 1980. Saddam fékkst ekki til að semja um vopnahlé fyrr en átta árum síðar eftir að hundruð þúsunda höfðu látið lífið og efnahagur Íraks var í rúst.

Enn stafar ógn af þessu landi, Írak. Þrátt fyrir það er mikilvægt að gefa vopnaeftirlitsmönnum Sameinuðu þjóðanna viðbótarsvigrúm svo að staðfesta megi með óyggjandi hætti hvort Írakar hafi undir höndum eða séu að þróa gereyðingarvopn. Samkvæmt ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1441 frá 8. nóvember 2002 liggur sönnunarbyrðin hjá Írökum. Í ályktuninni er jafnframt minnt á að það hafi alvarlegar afleiðingar haldi Írak áfram að brjóta gegn skyldum sínum. Enginn vafi má leika á því að nokkur gereyðingarvopn sé lengur að finna í Írak.

Þessa stefnu ríkisstjórnar Íslands áréttaði fastafulltrúi okkar hjá Sameinuðu þjóðunum í öryggisráðinu hinn 19. þessa mánaðar, í fyrstu ræðu Íslands á þeim vettvangi í langan tíma.

Í skýrslu dr. Hans Blix til öryggisráðsins staðfesti hann að mikið skorti á virka samvinnu af hálfu Íraka. Írakar hafa ekki gert skilmerkilega grein fyrir því hvort og þá hvernig þeir hafi eytt gereyðingarvopnum sem vitað er með vissu að þeir réðu yfir. Þá liggur enn fremur fyrir að Írakar hafa bæði villt um fyrir og blekkt vopnaeftirlitsmennina, ekki aðeins undanfarna mánuði, heldur í meira en áratug.

Á næstu dögum verður skýrsla eftirlitsmanna lögð fyrir öryggisráðið að nýju og verður fróðlegt að heyra hvort dr. Blix hafi orðið var við aukinn samstarfsvilja Íraka. Hefur reyndar komið fram af hans hálfu í gærkvöldi að samstarfsviljinn hafi aukist en sé ekki nægilega góður. Breið samstaða virðist vera að myndast um að þetta sé síðasta tækifæri Saddams Husseins.

Að sjálfsögðu erum við öll sammála um að markmið alþjóðasamfélagsins hljóti að vera að koma í veg fyrir stríð. Ég legg því áherslu á að leitað verði friðsamlegrar lausnar á málinu. Hernaðarátök eru neyðarúrræði.

Við megum á hinn bóginn ekki gleyma því að Írak er einræðisríki sem lýtur harðstjórn Saddams Husseins þar sem öll mannréttindi eru fótum troðin. Friðsamlegasta lausnin væri að Saddam Hussein færi í útlegð ásamt valdaklíku sinni. Írak yrði afvopnað án hernaðaríhlutunar. Þegar menn á borð við Saddam eru annars vegar gagnast diplómatískar leiðir lítt, því miður, nema þeim fylgi hótun um beitingu hervalds.

Við skulum hafa það hugfast að Sameinuðu þjóðirnar verða á engan hátt gerðar ábyrgar fyrir því ástandi sem nú ríkir í Írak. Ábyrgðin liggur hjá ógnarstjórn Saddams Husseins. Það hefur sýnt sig að hann skirrist ekki við því að kúga eigin þjóð. Alþjóðasamfélagið verður að sýna staðfestu sína og Sameinuðu þjóðirnar styrk sinn. Sameinuðu þjóðirnar verða að halda á málum með þeim hætti að enginn efist um vald þeirra og getu til að fylgja eftir ákvörðunum sínum. Sameinuðu þjóðirnar hafa grundvallarhlutverki að gegna og kemur engin stofnun í þeirra stað.

Draga má afstöðu íslenskra stjórnvalda saman með eftirfarandi hætti:

Írakar hafa brotið gegn ályktun öryggisráðsins nr. 1441, en í ályktuninni segir að það muni hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Á hinn bóginn getur Saddam Hussein þó enn forðað þjóð sinni frá átökum með því að fara eftir því sem Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt fyrir Íraksstjórn.

Vopnaeftirlitsmenn eiga að fá meiri tíma.

Ísland styður friðsamlega lausn og stríð er neyðarúrræði.

Herra forseti. Tilhögun öryggis- og varnarmála víða um heim endurspeglar þróun stjórnmála og efnahagsmála á alþjóðavettvangi. Í kjölfar loka kalda stríðsins hófst aðlögun í evrópskum öryggismálum sem hefur fengið aukið vægi og öðlast nýja vídd í ljósi hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin. Ógnir sem steðja að Evrópu hafa ekki horfið heldur breyst. Í stað ógnarjafnvægis áður blasir nú við hættan á mannskæðum árásum hryðjuverkahópa, jafnvel með gereyðingarvopnum. Slíkir hópar geta af minnsta tilefni reynt að kúga lýðræðisríki með hótunum um blóðsúthellingar eða eyðileggingu, hugsanlega með stuðningi fjarlægra einræðisstjórna. Þrátt fyrir þá öryggiskennd, sem stöðugleiki undanfarinna ára hefur skapað, er ekkert gefið í evrópskum öryggismálum og nauðsyn öflugra varna ekki minni en áður.

Engum dylst að sá klofningur sem Íraksmálið olli innan Atlantshafsbandalagsins var alvarlegur. Þótt tekist hafi að leysa málið eftir erfiðan og oft tvísýnan róður er ljóst að tíma mun taka að grói um heilt að nýju. Málið snerist ekki um afstöðu ríkja til hugsanlegra aðgerða gegn Írak, heldur tímasetningu ákvörðunar um að hrinda í framkvæmd varnaráætlunum vegna Tyrklands. Eitt aðildarríkjanna, Frakkland, lét ekki undan og var brugðið á það ráð að leiða málið til lykta á vettvangi þar sem Frakkar eiga ekki sæti, þ.e. í varnaráætlunarnefnd bandalagsins. Þar tókst að fá Belga og Þjóðverja um borð og komast út úr þessari blindgötu, eins og framkvæmdastjórinn, Robertson lávarður, orðaði það.

Það er áhyggjuefni fyrir Ísland ef Atlantshafsbandalagið færist á jaðarinn utan við hringiðu atburða og hugsanlega er hætta á að aftur komi til ágreinings af þessu tagi. Líkur gætu þá aukist á að Bandaríkin eða önnur ríki kysu að grípa til aðgerða án samráðs við Atlantshafsbandalagið eða með samþykki þess. Nauðsynlegt samráð Bandaríkjanna og Evrópu færi þá jafnvel fram í ríkara mæli utan veggja bandalagsins, jafnvel beint milli Bandaríkjanna og ESB, þegar taka á afdrifaríkar ákvarðanir á sviði öryggis- og varnarmála. Ágreiningur ESB-ríkja undanfarnar vikur vegna Íraksdeilunnar bendir þó til þess að enn skorti nokkuð á að unnt sé að tala um sameiginlega utanríkisstefnu Evrópusambandsins. Að því er hins vegar stefnt að samstarf ESB-ríkja í utanríkis-, öryggis- og varnarmálum verði æ umfangsmeira og nánara. Samvinna okkar við Evrópusambandið getur af þessum sökum orðið margþættari og snert önnur grundvallarsvið en þau er snúa að innri markaðnum og Evrópska efnahagssvæðinu. Í samskiptum okkar við Evrópusambandið verðum við því að taka mið af þessu í ríkari mæli og íhuga með hvaða hætti við getum best gætt hagsmuna okkar á sviði varnar- og öryggismála á vettvangi Evrópusambandsins. Með stækkun Evrópusambandsins verða þessar spurningar jafnvel enn áleitnari.

Heimsbyggðin þarfnast samstillts átaks Evrópu og Bandaríkjanna. Gæta verður þess að þær raddir verði ekki of háværar eða reynist sannar sem telja þá gjá illbrúanlega sem menn þykjast sjá vera að myndast milli álfanna tveggja.

Ef til vill erum við að sjá fyrstu merki þess að upp sé að renna nýtt skeið í alþjóðamálum. Bandaríkin, sem eina risaveldi heims, hafa að undanförnu tekið sér mun stærra forustuhlutverk en fyrr. Sum ríki Evrópusambandsins virðast ætla sér það hlutverk að vera þar mótvægi og í því ljósi ber að skoða þann skoðanaágreining sem upp kom innan Atlantshafsbandalagsins. Hins vegar verður ekki hjá því komist að Bandaríkin leiki, í krafti stærðar sinnar og styrkleika, lykilhlutverk á alþjóðavettvangi.

Áríðandi er að hið nána samráð Evrópu og Bandaríkjanna um öryggismál, sem fram hefur farið á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, haldist og sömuleiðis sterk Atlantshafstengsl. Ísland hefur hlutverki að gegna innan bandalagsins sem talsmaður sterkra tengsla yfir Atlantshafið, allt frá Tyrklandi í austri og vestur um haf til Bandaríkjanna og Kanada, því það eru grundvallarhagsmunir Íslands að órofa tengsl haldist milli Evrópu og Norður-Ameríku.

Ísland hélt þessari einörðu afstöðu á lofti er grunnur var lagður að samstarfi Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins á sviði öryggis- og varnarmála. Ísland hefur alla tíð stutt þá þróun verði þess vandlega gætt að staðinn verði vörður um Atlantshafstengslin þannig að ekki þurfi að koma til þess að ríki neyðist til að velja á milli ríkja Norður-Ameríku og Evrópu í því mikilvæga samstarfi.

Allar líkur eru á að ríki Evrópu, undir forustu ESB og með stuðningi og aðstoð Atlantshafsbandalagsins, taki fyrr

en síðar yfir aðgerðir bandalagsins á Balkanskaga, a.m.k. stóran hluta þeirra. Verið er að móta sameiginlega stefnu í þessum málum á vettvangi bandalagsins og Evrópusambandsins og teljum við þann samráðsvettvang, sem komið hefur verið á milli stofnananna, mjög mikilvægan. Þannig tryggjum við ekki aðeins þátttöku Íslands, heldur og ríkja Norður-Ameríku.

Á næsta ári fjölgar aðildarríkjum bandalagsins í 26. Ísland hefur ætíð stutt stækkunaráform bandalagsins. Ekki síst hafa stjórnvöld lagt áherslu á mikilvægi aðildar Eystrasaltsríkjanna sem eru í hópi hinna nýju aðildarríkja nú. Í þeirri umræðu, sem áður var rakin um tengslin yfir Atlantshafið, er áhugavert að hin nýju aðildarríki virðast leggja jafnríka áherslu og Ísland á tengslin yfir Atlantshafið og mun það án efa styrkja bandalagið.

Frekari stækkun bandalagsins til austurs mun eigi að síður geta leitt til þess að Ísland færist utar á jaðar þess, en sú þróun hófst reyndar þegar að kalda stríðinu loknu. Í því ljósi er sérstaklega mikilvægt að gera sig gildandi á þessum vettvangi og leggja sitt af mörkum miðað við stærð og getu. Að því hefur verið unnið markvisst á undanförnum árum. Skemmst er að minnast virkari þátttöku í aðgerðum bandalagsins á Balkanskaga og uppbyggingu Íslensku friðargæslunnar.

Íslenska friðargæslan er mikilvægasti liðurinn í virkari þátttöku okkar í öryggismálum, ekki síst á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að flýta eflingu hennar svo halda megi úti allt að 50 manns á vettvangi þegar árið 2006.

Stærsta verkefnið sem Íslenska friðargæslan hefur ráðist í er stjórn flugvallarins í Pristina í Kosovo, þar sem íslenskir flugumferðarstjórar starfa undir hatti Atlantshafsbandalagsins í náinni samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar. Aðdragandi þessa var nokkuð langur, en er ljóst varð að yfirumsjón flughers Ítala tæki brátt enda hafði Ísland frumkvæði að því að bjóðast til þess í samvinnu við Atlantshafsbandalagið að kanna möguleika okkar á því að taka við af Ítölum. Þrátt fyrir nokkrar efasemdir í fyrstu um að herlaust ríki gæti tekið svo umfangsmikið verkefni að sér varð úr að Ísland tæki forustu í stjórn flugvallarins. Þetta var einstakt tækifæri til að auka framlag okkar til Atlantshafsbandalagsins án þess að þurfa til þess herafla. Þá skipti og miklu að markmiðið með yfirtökunni væri að þjálfa heimamenn í flugumferðarstjórn og rekstri vallarins og er nú áætlað að umsjón með honum verði færð í hendur heimamanna, undir stjórn Sameinuðu þjóðanna, fyrir mitt næsta ár.

Fulltrúar Íslensku friðargæslunnar taka þannig brátt alfarið við yfirstjórn flugvallarins, þ.e. stjórn um eitt hundrað manna af fjórtán þjóðernum, og umsjón með þjálfun heimamanna. Það er mér því sérstakt tilhlökkunarefni að vera viðstaddur þegar Íslendingar taka formlega við flugvellinum mánudaginn 3. mars nk. Þá langar mig og að minnast vel heppnaðs fundar Atlantshafsbandalagsins í Reykjavík sl. vor en þetta var í þriðja sinn sem slíkur fundur er haldinn hérlendis í 54 ára sögu bandalagsins. Þar var m.a. opnað fyrir mögulega þátttöku bandalagsins í aðgerðum utan svæðis, samþykkt að Króatía tæki þátt í aðildarferli bandalagsins og tekin afdrifarík ákvörðun um nýjan samstarfsvettvang með Rússum.

Öryggi Íslands hefur í meira en hálfa öld verið tryggt með aðildinni að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamningnum við Bandaríkin frá 1951.

Framkvæmd tvíhliða varnarsamstarfs Íslands og Bandaríkjanna hefur mótast af þeim breytingum sem orðið hafa á öryggisumhverfinu í Evrópu. Með bókun við varnarsamninginn árið 1996 var staðfestur verulegur samdráttur í varnarliðinu og komist að samkomulagi um varnarviðbúnað sem staðsettur er í landinu og sem íslensk stjórnvöld telja ásættanlegt lágmark. Viðbúnaðurinn verður að vera trúverðugur bæði hvað varðar fælingarmátt og varnarmátt.

Herra forseti. Eins og ég hef sagt á þessum vettvangi áður hefur verið á brattann að sækja í þeirri stækkunarumræðu og vinnu sem fram fer innan ESB að halda áhuga og þekkingu manna í Evrópusambandinu vakandi á EES-samstarfinu.

Mögulegt er að samskipti EES/EFTA-ríkjanna við Evrópusambandið verði þunglamalegri eftir stækkunina og Evrópusambandið sýni EFTA-þjóðunum minni skilning og sveigjanleika í framtíðinni. Reynsla síðustu ára gefur vísbendingu um að skilningur á sérstöðu okkar og sögulegum forsendum EES-samningsins hafi farið þverrandi með árunum. Evrópusambandið er allt annað nú en þegar gengið var frá EES-samningnum á meðan EES stendur í stað. Kröfugerð um allt að þrítugföldun framlaga EES/EFTA-ríkjanna á sér enga stoð í EES-samningnum.

Íslensk stjórnvöld hafa sér í lagi undrast að framkvæmdastjórnin leitist við að rökstyðja fjárkröfur sínar á hendur EFTA-ríkjunum með fullyrðingum um hugsanleg framlög þessara ríkja til uppbyggingarsjóða Evrópusambandsins. Útreikningar af þessu tagi eiga ekkert erindi í viðræður um stækkun EES. Færa má fyrir því rök að svara megi staðhæfingum framkvæmdastjórnarinnar á þá leið að vegna landfræðilegrar legu Íslands ættum við í raun að fá meira til baka úr þessum sjóðum en við mundum greiða til þeirra. Allsendis er óljóst hvenær viðræðum um stækkun EES lýkur. Utanríkisþjónustan mun að sjálfsögðu beita sér af alefli í samvinnu við önnur ráðuneyti sem að málinu koma til að ná viðunandi niðurstöðu.

Herra forseti. Þrátt fyrir að Evrópusambandið í heild sé okkar langmikilvægasta markaðssvæði megum við ekki gleyma okkar næstu nágrönnum. Það höfum við ekki gert og lögð hefur verið síaukin áhersla á að efla og bæta tengsl Íslands við Færeyjar og Grænland.

Segja má að Færeyingar hafi mikla sérstöðu í huga Íslendinga. Okkur finnst að þeir tali nánast sama tungumál og við og að þeir séu nánast landsmenn okkar. Við höfum veitt þeim aðgang að fiskveiðilögsögu okkar í meira mæli en öðrum þjóðum og við höfum átt við þá náið samstarf í fiskveiðimálum. Búið er að ganga frá samkomulagi við bæði Færeyinga og Grænlendinga um afmörkun hafsvæðanna milli landanna í góðu samstarfi við Dani. Viðskipti milli Íslands, Grænlands og Færeyja hafa vaxið hröðum skrefum á undanförnum árum og gera má ráð fyrir að svo verði áfram.

Ekki er öllum ljóst að Færeyjar eru á meðal mikilvægari viðskiptalanda Íslands. Þrátt fyrir smæðina er reyndin sú að viðskipti Íslands við Færeyjar eru mun meiri en við margfalt fjölmennari ríki. Þannig nam útflutningur til Færeyja árið 2001 2,5 milljörðum króna, en á sama tíma samanlagt 1,6 milljörðum til Kína og Rússlands, 1,3 milljörðum til Finnlands og um 2 milljörðum til Kanada og Svíþjóðar.

Á síðustu árum hafa ýmis tæknileg vandkvæði risið vegna viðskipta með landbúnaðarvörur til Færeyja. Unnið hefur verið að lausn þessara vandamála og ljóst er að nauðsynlegt er að styrkja lagalegan grundvöll viðskiptatengsla landanna.

Af þessum sökum ákváðu ríkisstjórn Íslands og landstjórn Færeyja að hefja viðræður um að útvíkka fríverslunarsamn-

inginn sem í gildi er. Ætlunin er að samningurinn verði í raun víðtækari en EES-samningurinn með því að hann nái einnig yfir viðskipti með landbúnaðarvörur. Jafnframt er stefnt að því að samningurinn nái til samstarfs á sviði mennta-, menningar-, samgöngu- og ferðamála. Þannig gæti samningurinn treyst og eflt samstarf Íslands og Færeyja á fjölmörgum sviðum báðum löndum til hagsbóta.

Slíkur samningur gæti jafnframt orðið fyrsta skrefið að nánari samvinnu fleiri þjóða við norðvestanvert Atlantshaf. Mætti jafnvel hugsa sér að slíkt samstarf yrði útvíkkað frekar á sumum sviðum og Íslendingar tækju höndum saman við Færeyinga, Grænlendinga og íbúa Vestur-Noregs, og jafnvel íbúa Hjaltlandseyja og Orkneyja, um að efla viðskipti og atvinnulíf á öllu svæðinu. Náin samvinna stjórnvalda á þessu svæði gæti rennt styrkari stoðum undir fjölmargar atvinnugreinar, svo sem ferðamannaiðnað, rannsóknir og þróun og þannig treyst undirstöður efnahagslífs þessa svæðis á tímum aukinnar hnattvæðingar.

Íbúar á þessu svæði byggja afkomu sína að miklu leyti á nýtingu auðlinda hafsins auk þess að eiga sameiginlega sögu og menningu. Þessi sérstaða ætti að geta verið góður grunnur að umfangsmiklu og fjölbreyttu samstarfi sem næði til alls svæðisins. Aðild þjóða á þessu svæði að Evrópusambandinu hefur hins vegar ekki verið talin ásættanleg vegna sameiginlegrar fiskveiðistefnu sambandsins. Skynsamleg stjórnun auðlindanýtingar á svæðinu er grundvallarforsenda fyrir blómlegu efnahagslífi á þessu svæði og þar með fyrir velferð þess fólks sem þar býr.

Aukið samstarf þjóða í Norðvestur-Evrópu á sviði auðlindanýtingar styrkir yfirráð þeirra yfir eigin auðlindum og ber að leggja áherslu á að efla einingu þeirra og sérstöðu á þessu sviði.

Á undanförnum árum hafa þjóðir þessa svæðis unnið þrekvirki í að gera og ljúka samningum um stjórnun veiða úr fiskstofnum sem að einhverju eða öllu leyti halda sig utan lögsögu einstakra þjóða á svæðinu. Þetta hefur þó ekki alltaf gengið átakalaust fyrir sig enda oftar en ekki gríðarlegir hagsmunir í húfi. Að lokum hefur þó ávallt tekist að ná samningum og vona ég að svo verði einnig að þessu sinni þótt útlitið nú sé ekki allt of gott. Það er hagur allra aðila að ná sátt um nýtingu allra fiskstofna á svæðinu og skiptingu þeirra, ella getur stefnt í óefni með sjálfbæra nýtingu þeirra.

Herra forseti. Fáar þjóðir eru jafnháðar utanríkisviðskiptum og við Íslendingar. Aukið frelsi í viðskiptum ríkja heims er því ótvíræðir hagsmunir Íslands. Af þessum sökum studdu íslensk stjórnvöld að nýrri viðræðulotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar var ýtt úr vör á síðasta ári. Stefnt er að því að ljúka henni á árinu 2005. Viðræðurnar hafa farið vel af stað en enn er þó langt í land áður en samkomulagi verður náð. Á meðal þeirra atriða sem verða rædd í þessari viðræðulotu er aukið frelsi á sviði þjónustuviðskipta, verndun hugverkaréttinda, aukinn markaðsaðgangur fyrir sjávarafurðir og aukið frelsi í viðskiptum með landbúnaðarafurðir.

Ísland lagði á það sérstaka áherslu að auknar skorður við ríkisstyrkjum til sjávarútvegs yrðu á dagskrá viðræðulotunnar. Með góðum stuðningi Bandaríkjamanna og ýmissa ríkja Suður-Ameríku tókst að ná fram þessu markmiði. Viðræður um þetta efni eru hins vegar enn skammt á veg komnar.

Þegar er ljóst að eitt erfiðasta viðfangsefnið verður að ná samningum um landbúnaðarmál. Fjölmörg ríki hafa lagt mikið kapp á afnám ríkisstyrkja til landbúnaðar og lækkun tolla á landbúnaðarafurðir. Íslendingar hafa hins vegar, ásamt ríkjum á borð við Sviss, Noreg, Japan, Suður-Kóreu og ríkjum Evrópusambandsins, viljað fara sér hægar í þessum efnum. Þessi ríki hafa lagt áherslu á að landbúnaðurinn verði að fá svigrúm til að laga sig í áföngum að aukinni alþjóðlegri samkeppni. Þá hefur verið bent á að lögmál frjálsra viðskipta eigi ekki alltaf við um viðskipti með landbúnaðarvörur í ljósi mikilvægis landbúnaðar fyrir hinar dreifðu byggðir og þess félagslega hlutverks sem landbúnaðurinn gegnir.

Fyrir skömmu lagði formaður landbúnaðarnefndar samningaviðræðnanna fram tillögur um stóraukið frelsi í milliríkjaverslun með búvörur. Að mati íslenskra stjórnvalda er allt of langt gengið með þessum tillögum og þær eru ekki til þess fallnar að skapa þá sátt sem nauðsynleg er til að allir samningsaðilar geti við unað. Þó ber að hafa í huga að hér er aðeins um að ræða tillögur formanns hlutaðeigandi samninganefndar. Það er ljóst að tekist verður á um þessar tillögur í framhaldi viðræðnanna og enn er of snemmt að spá nokkru fyrir um niðurstöðu þeirra. Fulltrúar Íslands munu leggja allt kapp á að hafa áhrif á þær þannig að þær endurspegli betur sjónarmið okkar. En hver sem niðurstaðan úr þessum viðræðum verður er ljóst að íslenskur landbúnaður verður að halda áfram á braut aukinnar hagræðingar þannig að samkeppnisskilyrði hans verði hagstæðari. Það gagnast bæði bændum og neytendum.

Herra forseti. Á þeim átta árum sem liðin eru frá því sá sem hér stendur tók við embætti utanríkisráðherra hefur heimurinn tekið stórfelldum breytingum og hefur verið leitast við að svara þeim með því að efla utanríkisþjónustu Íslands. Verkefni hennar hafa verið betur skilgreind og sett hafa verið langtímamarkmið um að axla aukna ábyrgð á alþjóðavettvangi. Þjónustan hefur tekist á hendur ýmis stór verkefni. Fund Atlantshafsbandalagsins nefndi ég áðan. FAO-ráðstefnan hér á landi var annar áfangasigur og formennskan í ráðherranefnd Evrópuráðsins er minnisstæð. Tekist hefur að koma fulltrúum Íslands í margar lykilstöður í alþjóðlegum stofnunum. Ísland hefur gegnt og mun gegna formennsku í nefndum og stofnunum. Nefni ég þar yfirstandandi formennsku okkar í Norðurskautsráðinu en ég var reyndar svo lánsamur að hafa tækifæri til að vinna að stofnun þess ráðs innan Norðurlandaráðs á sínum tíma. Þá ber að nefna að á hausti komandi tekur Ísland sæti í stjórn Alþjóðabankans til þriggja ára fyrir hönd Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Nú stendur yfir undirbúningur að framboði Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Full þátttaka er forsenda áhrifa. Ekki gengur lengur að standa utan við og fylgjast aðeins með. Ísland hvorki er né verður hljið inn á markaði eða brú milli markaðssvæða eða heimshluta án þess að taka þátt í því alþjóðlega og svæðisbundna samstarfi sem til staðar er og er í stöðugri mótun. Einangrunarstefna, hvort heldur er í öryggis- eða efnahagsmálum, er vísasta leiðin til gera Ísland að áhrifalausu jaðarríki á hjara veraldar. Mestu skiptir að tryggja stöðu Íslands í því umhverfi sem við blasir hverju sinni og á það hef ég lagt áherslu á þessum tíma.

Við höldum hvorki áhrifum né virðingu umheimsins án virkrar þátttöku. Smæð og fámenni ríkja eru ekki lengur brúkleg rök til hjásetu eða til að halda sig til hlés í ölduróti alþjóðamála.

„... mun fleirum skynbærum mönnum vera ljóst að eingin þjóð er svo vesöl að hún geti verið án utanríkisþjónustu ..." sagði nóbelsskáldið árið 1939 í Vettvangi dagsins, að vanda á undan sinni samtíð. Á vissan hátt mætti segja að þjónustan

hafi á síðastliðnum áratug eða svo slitið barnsskónum og sé nú orðin betur undir það búin að takast á við verkefni framtíðarinnar en áður. Um þá eflingu hefur ríkt mikil sátt á Alþingi sem sýnir fyrirhyggju og skilning sem er vissulega þakkarvert, og er mikilvægt að Alþingi haldi þeirri stefnu áfram.

[11:22]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Tónninn í ræðu hæstv. utanrrh. var ekki tónn hófsemdar heldur mikilla öfga ef ræðan er mátuð inn í yfirlýsingar utanríkisráðherra margra annarra ríkja, einkum í Íraksmálinu. Hún rímaði hins vegar fullkomlega við George Bush Bandaríkjaforseta og á tímabili fannst mér þetta nánast vera Bush í íslenskri þýðingu að öðru leyti en því að Bush hefði aldrei sagt að innrásin í Íran frá Írak árið 1980 hafi komið mönnum að óvörum. Hún kom Bandaríkjamönnum ekki að óvörum því Bandaríkjamenn studdu Íraka í stríðinu við Íran nánast allan stríðstímann frá 1980 til 1988.

Hæstv. utanrrh. segir nú að okkur stafi ógn af Írak. Hann hefur sagt opinberlega að tíminn sé að renna út. Nú spyr ég hæstv. ráðherra: Hver er sú ógn sem heimsbyggðinni stafar af Írak sem réttlætir hernaðarárás Bandaríkjanna og stuðningsmanna þeirra á alþýðu Íraks?

[11:23]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég býst við að hv. þingmaður eigi við að það eigi sem sagt að vera alveg ljóst að aldrei geti komið til hernaðaríhlutunar, þannig er málflutningur hans. Ég held að allar þjóðir í Vestur-Evrópu séu sammála um að það muni aldrei nást friðsamleg lausn í Írak án þess að það vofi yfir að til slíkrar íhlutunar geti komið. Það er stefna Sameinuðu þjóðanna. Íslendingum ber skylda til að styrkja og styðja Sameinuðu þjóðirnar í þessu máli sem öðrum.

Hv. þm. hefur oftar en ekki viljað afneita því. Ég bið eins og hann og fleiri um að þarna geti náðst friðsamleg lausn. Það er samt alveg ljóst að það verður ekki friðsamleg lausn. Sá harðstjóri og einræðisherra sem er í Írak og heitir Saddam Hussein, og margoft hefur komið fram að fótumtreður mannréttindi á allan hátt, mun ekki gefa eftir nema slík hótun liggi fyrir. Þetta eru staðreyndir másins. Þetta eru þjóðir heims almennt sammála um. Hins vegar eru mismunandi skoðanir uppi um hvaða tímasetningar eigi að vera í þessu máli, hvað eigi að gefa langan tíma. Ég hef sagt og sagði það í ræðu minni að það sé nauðsynlegt að gefa lengri tíma til þess að reyna að komast hjá átökum og við það stend ég. Það er stefna íslenskrar ríkisstjórnar og alveg út í hött hjá hv. þingmanni að vera með þann málflutning sem hann var með hér áðan.

[11:25]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki út í hött. Ég harma þær öfgar og þau öfgafullu sjónarmið sem komu fram í málflutningi hæstv. utanrrh. Íslands. Hann gerði mér upp þá skoðun að ég teldi að aldrei kæmi til greina að beita hernaðartækjum til að koma í veg fyrir ofbeldi. Ég hef aldrei sagt þetta. Hann segir hins vegar að við hljótum öll að vera sammála um að markmið alþjóðasamfélagsins hljóti að vera að koma í veg fyrir stríð. Það eru ekki allir sammála um þetta. Það er tekist á um þetta. Það er tekist á um þetta á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og það er tekist á um það í heiminum. Menn skiptast í fylkingar. Annars vegar eru Bandaríkjamenn og Bretar sem vilja fara með hernaði til að verja olíuhagsmuni og hernaðarhagsmuni sína í þessum heimshluta í valdatafli sínu. Aðrir hafa reist við þessu miklar efasemdir.

Ríkisstjórn Íslands með hæstv. utanrrh. og formann Framsfl. í fararbroddi hafa skipað sér í sveit Bandaríkjastjórnar og ég harma þá undirgefni sem ríkisstjórnin og hæstv. utanrrh. hafa sýnt hernaðarhyggju George Bush. Ég harma það. Mér finnst þessi stefna byggja á öfgum en ekki hófsemi.

[11:27]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst að hv. þingmaður ætti stundum að líta í eigin barm þegar hann talar um öfgar og ekki vera að setja fram þá skoðanir að aðrir séu með öfgar.

Það liggur alveg ljóst fyrir eins og ég sagði að ríki almennt í Vestur-Evrópu telja að það eigi ekki að útiloka hernaðaríhlutun. Ef ég skildi hv. þingmann rétt tók hann undir það. Hann sagðist ekki hafa sagt, ef ég skil hann rétt, hann leiðréttir það annars á eftir, (**ÖJ:** Ég skal gera það.) mér heyrðist á honum að slíkt ætti ekki að útiloka. (**ÖJ:** Ég er ekki að tala um ...) Það ætti ekki að útiloka því hann sagði, hv. þm., að ég hefði gert honum upp þá skoðun. Ef ég skildi hann rétt taldi hann (**ÖJ:** Ég gerði það ekki.) að ekki bæri að útiloka slíkt og þá erum við sammála um það. (Gripið fram í.) Ég og íslenska ríkisstjórnin erum þeirrar skoðunar eins og flestar aðrar ríkisstjórnir í heiminum að ekki sé hægt að útiloka það en það eigi að forðast það í lengstu lög. Um það er deilt hvenær þessi tími er réttur.

Það liggur alveg ljóst fyrir að ríkisstjórnir Frakklands og annarra ríkja í Evrópu útiloka það alls ekki. Það er alls ekki útilokað að um það verði samstaða að lokum innan öryggisráðsins því það eru allir vissir um að það muni ekki nást nein friðsamleg lausn við þennan mann nema slík hótun liggi fyrir. Það er þannig með hótanir, hv. þingmaður, að ef þær eru settar fram eru þær ekki teknar alvarlega nema það sé hætta á því að þeim verði framfylgt. Það er nú svo einfalt.

[11:29]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ræða hæstv. utanrrh. var yfirgripsmikil eins og vænta mátti. Hann fór yfir stöðuna og skilgreindi vel hvar Íslendingar standa í hinu alþjóðlega samhengi. Nú er það svo að hæstv. utanrrh. hefur verið í þessu embætti í átta ár og það rifjaðist ekki upp fyrir mér fyrr en undir ræðu hæstv. ráðherra. Það er þess vegna ekki óeðlilegt að hann fari með þessum hætti yfir sviðið þegar að kosningum dregur og reyni að gera grein fyrir því hvað áunnist hefur í tíð hæstv. ráðherra.

Oft hefur slegið í brýnu milli mín og hæstv. ráðherra og hann hefur stundum notað tækifærið til að fara nokkuð hörðum orðum um mig og minn flokk. Ég minnist þess að á flokksþingi Framsfl. um síðustu helgi skammaði hann Samfylkinguna eins og hundahjörð. Ég get samt sem áður sagt það, herra forseti, þegar ég horfi öfgalausum augum yfir feril hæstv. ráðherra að ég hygg að hann geti unað nokkuð sáttur við þá þróun sem undir stjórn hans hefur orðið á utanríkisstefnu og starfsemi Íslendinga erlendis. Hæstv. ráðherra má heldur ekki gleyma því að hér í þessum sölum hafa forustumenn flestra stjórnmálaflokka a.m.k. reynt að þjappa sér á bak við utanríkisstefnu eftir því sem hægt er. Lítil þjóð þarf á því að halda að það sé sem mest eining um utanríkisstefnuna hverju sinni.

Ég sé að hv. þm. Ögmundur Jónasson, hinn öfgalausi félagi vor, er farinn úr þingsölum. En ég vil samt sem áður segja að eitt af því sem ég er þakklátur hæstv. utanrrh. fyrir er að hann hefur tekið öfgalaust á ýmsum málum sem ég og minn flokkur höfum borið fyrir brjósti. Ég nefni þá sérstaklega málefni Palestínu til að mynda. Og af því Írak bar á góma þá fannst mér líka hæstv. ráðherra hér fyrr á árum hafa tekið vel á málefnum Íraks þegar við vorum að reifa hugmyndir um að berjast fyrir afnámi viðskiptabanns á Írak.

Herra forseti. Eðlilega fór hæstv. ráðherra vítt yfir. Hann talaði um ESB og Atlantshafsbandalagið. Það eru kannski helst þessi tvö efni sem mér finnst að hæstv. ráðherra hefði mátt dvelja svolítið meira við. Það er svo að utanríkismál eru einhver mikilvægustu svið lítillar þjóðar og á tímum eins og okkar eru þau samofin öryggismálum. Öryggi Íslands hefur verið tryggt með tvíhliða samningi við Bandaríkin frá 1951. Þegar sá samningur er skoðaður er hann eigi að síður giska lítt útfærður. Hann hefur í raun verið framkvæmdur á grundvelli bókana eins og hæstv. ráðherra gat um. Síðasta bókunin er frá árinu 1996. En ef ég man rétt rann gildistími þeirrar bókunar út fyrir tveimur árum. Mig langar þess vegna að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað líður viðræðum um endurnýjun þessarar bókunar? Hverjar hafa undirtektir Bandaríkjamanna verið? Og er hæstv. ráðherra sáttur við þá stöðu sem nú ríkir?

Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra greindi frá því að Evrópusambandið er í vaxandi mæli að taka að sér öryggishlutverk í Evrópu. Hann sagði frá því að það væri skoðun hans og lægi ljóst fyrir að Evrópusambandið mundi innan tíðar taka yfir öryggismál á Balkanskaga. Það liggur alveg fyrir að Evrópusambandið er að þróast með þeim hætti að það er í vaxandi mæli að taka að sér hlutverk varna og öryggis í Evrópu og mun eins og málið er að þróast leggja töluverða áherslu einmitt á þann þátt sem hefur komið æ gleggra fram í dagsljósið á síðustu árum sem er að sjálfsögðu varnir gegn hryðjuverkum. Mig langar því að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann telji að í framtíðinni muni varnir Íslands með einhverjum hætti tvinnast saman við varnir Evrópusambandsins og hvort hann telji það æskilegt.

Herra forseti. Eins og ég gat um áðan hef ég og minn flokkur verið ánægður með þau viðhorf sem hæstv. ráðherra hefur tjáð gagnvart Palestínu. Samfylkingin hefur tekið upp málstað Palestínumanna aftur og aftur hér á hinu háa Alþingi. Við vitum öll hvernig ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs er, það er uggvænlegt. Það liggur við að við sjáum á hverjum einasta degi að Ísraelsmenn fari með vopnavaldi á hendur Palestínumönnum, þeir brjóta alþjóðlega samninga og þeir brjóta líka þær óskráðu siðareglur sem hafa ríkt milli manna, milli þjóða. Eða hvar höfum við séð það gerast áður á síðustu áratugum þó styrjaldarátök hafi blossað upp, að herjum hafi skipulega verið beitt til þess að koma í veg fyrir að sjúkrasveitir og heilsugæslustöðvar gætu sinnt hlutverki sínu? Við sáum það t.d. á síðasta ári að Ísraelsher tók lækna og hjúkrunarfólk og notaði sem mannlega skildi þegar þeir fór hús úr húsi til að rýma íbúðarhús, stökkva íbúum á flótta og nota síðan stórtækar vinnuvélar til þess að mölva húsin. Og hvar höfum við áður séð það að her hafi beinlínis meinað hjúkrunarfólki að sækja menn sem liggja blæðandi til dauða í ryki götunnar? Í dag er staðan þannig að Palestína, þessi stríðshrjáða þjóð, býr við þá stöðu að milli 250 og 300 heilsugæslustöðvar eru óvirkar vegna þess að ekki er hægt að byggja þær upp, menn fá ekki frið til þess fyrir Ísraelsmönnum.

Samfylkingin lagði fram tillögu á síðasta ári, herra forseti, um að ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir því að Ísraelsmenn drægju heri sína frá hernumdu svæðunum í Palestínu, að Palestínumönnum yrði gert kleift að lifa sem frjáls þjóð í eigin landi, og í þriðja lagi að beita sér fyrir því á grundvelli alþjóðaréttar, samþykktar Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasamninganna, að Palestínumenn og Ísraelsmenn leysi eftir þeim farvegum sem þar eru úr ágreiningsmálum sínum. Í fjórða lagi fólst í þessari tillögu að Alþingi lýsti stuðningi við hugmyndir um að alþjóðlegt gæslu- og eftirlitslið yrði sent inn á þetta svæði til að stilla til friðar. Það fór svo, herra forseti, að með góðum stuðningi þings var þessi tillaga í öllum efnislegum atriðum samþykkt hér á þinginu. Ég vil því spyrja hæstv. utanrrh.: Með hvaða hætti hefur hann sem fulltrúi okkar beitt sér fyrir því að þeirri samþykkt verði hrint í framkvæmd?

Í annan stað rifja ég það upp að ég spurði hæstv. utanrrh. hvort hann mundi fara að dæmi þáv. ríkisstjórnar og utanríkisráðherra Noregs og beita sér fyrir því að sérstöku fjármagni yrði varið til þess að byggja upp Palestínu. Hæstv. utanrrh. tók ákaflega vel í það, en sagði eigi að síður að engar ákvarðanir hefðu verið teknar um það. Mér er mætavel kunnugt um það og hann og jafnvel hæstv. forsrh. hafa beitt sér fyrir ákveðnum framlögum til Palestínu, en mér er nokkuð í mun að vita hvort íslenska ríkisstjórnin ætlar með sérstökum hætti að taka á þessu máli.

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. hefur lýst því nokkuð vel að hann líti svo á að það sé ekkert mál eins mikilvægt fyrir Íslendinga á næstu árum og að taka afstöðu til þess hvernig við bindum bagga okkar gagnvart Evrópu. Evrópusambandsaðildin er það mál sem hefur risið hvað hæst í deilum um utanríkismál síðustu missirin. Hæstv. ráðherra hefur að minni hyggju haft afdráttarlausa skoðun en mér hefur stundum fundist sem flokkur hans væri ekki alveg samstiga honum. Látum það vera, herra forseti. Það sem ég vildi gera hér að umræðuefni eru þau rök sem menn hafa fært gegn aðild að Evrópusambandinu, vegna þess að ég tel að það eigi að virða þá sem setja þau rök fram á hvaða sviði sem þau eru. Nauðsynlegt er að efna til upplýsts umræðuferlis um Evrópusambandið og þau tækifæri sem felast í aðild, en jafnframt líka þær hættur sem í henni felast.

Það er eftirtektarvert að talsvert hefur verið um það að menn hafa mælt gegn því að ganga í Evrópusambandið vegna þess að innan samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hefðu menn þrátt fyrir allt ákveðnar varnir gegn því að aukið fullveldi tapaðist. Menn hafa vísað til þess að þó við verðum einhliða að taka upp u.þ.b. 80% af gerðum ESB án þess að geta haft nokkur umtalsverð áhrif á þessar gerðir og innihald þeirra, þá séu eigi að síður byggðar inn í samninginn ákveðnar varnir sem tryggja það að við getum varið fullveldið. Þetta tel ég að séu önnur mikilvægustu rökin gegn aðild. En ég held að þetta séu falsrök. Ég tel að málið hafi þróast þannig frá upphafi EES-samningsins að þessar fullveldisvarnir séu falskar í dag. Í þeim felst ekki haldið sem menn ætluðu í upphafi.

Ég tek sérstaklega dæmi af því hvernig synjunarvaldið sem samningurinn felur í sér hefur þróast. Það var ein meginvörnin gegn því að við gætum eða þyrftum að taka upp gerðir sem andstæða væri gegn innan Íslands. Ég tel, herra forseti, að rétt sé að skoða það og fá álit hæstv. utanrrh. á viðhorfum mínum í þessum efnum.

EES-samningurinn byggir á tveggja stoða lausn þar sem EFTA-ríkin og ESB-ríkin voru og eru jafnrétthá þrátt fyrir þá staðreynd að nýjar efnisreglur eigi jafnan uppruna sinn hjá ESB. Í samningnum er aðeins gert ráð fyrir þeirri meginreglu að allar nýjar reglur á samningssviðinu verði hluti EES-samningsins. Eina svigrúmið sem EFTA-ríkin hafa til þess að standa gegn nýjum reglum er að fá takmarkaða aðlögun eða að beita synjunarvaldi við samþykki við nýrri gerð. Breytingar sem felast m.a. í því að pólitísk sérstaða EFTA-ríkjanna er horfin og líka hinu að þau eru miklu færri en í upphafi hefur leitt til þess að synjunarvaldið er óvirkt, það er orðin tóm.

Í reynd er það þess vegna þannig að synjunarvald EFTA-ríkjanna samkvæmt EES-samningnum er engin vörn fyrir fullveldi okkar, það er einungis formlegt vald sem er ómögulegt að beita nema með því að kollvarpa samningnum í leiðinni. Ég vildi biðja hæstv. utanrrh. að svara því hér á eftir hvort hann sé þeirrar skoðunar að þetta sé rétt hjá okkur í Samfylkingunni. Það skiptir miklu máli að menn viti af því. Það er nefnilega ekkert verra en að gefa til kynna raunverulegt áhrifavald sem er ekki fyrir hendi þegar á hólminn er komið.

Annað sem ég vildi ræða líka, herra forseti, er sá mikli og vaxandi lýðræðishalli sem er að finna innan Evrópska efnahagssvæðisins. Við höfum að sönnu heyrt margt um lýðræðishalla innan Evrópusambandsins á undanförnum árum og það er alveg klárt að ágallar eru á því hvernig lýðræðislega kjörnir fulltrúar á þeim vettvangi koma að ákvörðunum innan ESB. Sú gagnrýni er fyllilega réttmæt. Á hinn bóginn er ég þeirrar skoðunar að ómögulegt sé að mæla með áframhaldandi aðild að EES, en gegn aðild að ESB, á þeirri forsendu að lýðræðishalli sé innan ESB. Ég er þeirrar skoðunar að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið feli í sér mun verri lýðræðishalla en tíðkast innan ESB og þróunin veldur því að munurinn versnar svo að segja dag frá degi. Ég vildi, herra forseti, spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann sé mér sammála um þetta efni.

EES-samningurinn er embættismannasamningur. Löggjöf ESB er afhent EFTA-ríkjunum fullmótuð og það eru embættismenn EFTA-ríkjanna sem eiga samskipti við embættismenn framkvæmdastjórnar ESB. Framkvæmdastjórnin, þar sem við áttum að eiga skjól og áttum að geta komið viðhorfum okkar fram, verður alltaf valdaminni, verður stöðugt valdaminni. Innan ESB fer ferlið þó eigi að síður fram fyrir opnum tjöldum. Mönnum gefst tækifæri til þess að koma að athugasemdum. Í aðildarríkjunum snýst stjórnmálaumræðan meira og minna um afstöðu gagnvart Evrópu. Almenningur kýs þingmenn til Evrópuþingsins, getur beint málum til umboðsmanns. Í vaxandi mæli er því verið að rétta af lýðræðishallann innan ESB, en um leið er dregið úr möguleikum okkar sem búum í EFTA-ríkjunum til að hafa áhrif. Þegar dregið er úr lýðræðishallanum innan ESB, eykst hann því innan EES. Almenningur í EFTA-ríkjunum hefur því sífellt minni áhrif á reglur sem móta daglegt líf hans í síauknum mæli.

Herra forseti. Þó að aðilar vinnumarkaðarins í okkar ríkjum hafi möguleika á því í gegnum Evrópusamtök sem þeir hafa sín á milli að hafa áhrif á þær gerðir sem við þurfum að taka upp, þá er það eftirtektarvert og ég undirstrika það sérstaklega, að sveitarstjórnarstigið sem verður stöðugt valdameira í samfélagi okkar er algjörlega utanveltu og sama gildir um frjáls félagasamtök. Ég spyr hæstv. utanrrh. af því ég veit að hann hefur velt þessum málum fyrir sér: Er hægt að bjóða upp á svona ástand til langs tíma?

Herra forseti. Ég er því þeirrar skoðunar að eins og málin hafa þróast búum við við þá stöðu að hafa formlegt fullveldi þar sem við höfum neitunarvald sem er þó ekki hægt að nota. Við höfum engin áhrif á þá löggjöf sem við erum skuldbundin til að innleiða. Okkar vald við framkvæmd þessara reglna er takmarkað við það sem kalla má hlutverk sendisveinsins sem fer með boð þess sem hefur valdið. Þessi staða er að verða óviðunandi.

Hverjir eru þá valkostir okkar? Valkostirnir eru tvíhliða samningur eins og forusta VG hefur velt upp, uppfærður EES-samningur eins og sumir forustumenn innan Framsóknarflokksins hafa reifað, eða að ganga í ESB. Tvíhliða samning tel ég ekki raunverulegan valkost og vísa til fordæmis Sviss að því leyti, en það hefur ekki gefist þeim vel að mínu mati.

Við sjáum það líka, herra forseti, að ekki er í gangi nein uppfærsla sem máli skiptir á EES-samningnum. Þær breytingar sem m.a. voru ræddar hér af ýmsum fulltrúum í EFTA-nefndinni á sínum tíma verða ekki að veruleika. Ég er því þeirrar skoðunar að menn hljóti að hugsa til þess í framtíðinni að við stígum skrefið til fulls og sækjum um aðild að ESB. Mörg rök hafa verið færð gegn því. Við heyrðum árum saman í umræðu hér, m.a. hjá hv. þm. Birni Bjarnasyni, að aðild væri óhugsandi vegna þess að ESB væri óðum að breytast í eins konar bandaríki Evrópu, af því að svokallaðir dýpkunarsinnar væru sterkari en útvíkkunarsinnar. Þegar svo ESB tekur hið einstaka skref að bjóða tíu nýjum aðildarríkjum inn á einu bretti þá heyrist ekki meira af þessu. Við höfum heyrt andstæðingana leggjast gegn aðild vegna kostnaðar. Nú liggur fyrir að beinn kostnaður verður tæpast meira en 4 milljarðar, en gæti hins vegar farið á allt annan veg og það gæti verið að við fengjum upp í 4 milljarða með okkur. Í öllu falli blasir það við að samtök eins og Samtök iðnaðarins hafa metið það svo að ávinningur af því að vera í ESB gæti numið milli 40 og 45 milljörðum fyrir íslenskt samfélag.

Við höfum líka heyrt andstæðinga aðildar setja fram dómsdagsspár um framtíð landbúnaðar þrátt fyrir að reynsla Finna og Svía segi aðra sögu. Við höfum séð að þrátt fyrir að fækkað hafi í bændastétt í Svíþjóð og Finnlandi eftir aðild hefur heildarframleiðsla ekki minnkað. Framleiðni hefur aukist og matvælaverð hefur lækkað stórlega. Á sama tíma sjáum við líka, eins og hæstv. utanrrh. gat um hér áðan, að þróun innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar gerir okkur sífellt erfiðara um vik að halda uppi stuðningi við innlendan landbúnað.

Við höfum líka heyrt þessar sömu hrakspár um sjávarútvegsmálin. Því hefur verið haldið fram að ómögulegt væri fyrir okkur að ganga í Evrópusambandið vegna þess að við mundum tapa þar fullveldi yfir fiskimiðum okkar. Ef svo væri, herra forseti, er alveg ljóst að við gætum ekki gengið þar inn. Því er alveg ljóst að í reynd snýst hin raunverulega andstaða að stóru leyti um þetta. Það væri hægt að hafa mörg orð uppi um það, um ýmsar leiðir til lausnar því. En það er alveg ljóst að menn eru ekki að tala um undanþágu frá Rómarsáttmálanum. Menn eru hins vegar að tala um aðlögun hans og okkar hvort að öðru.

Hæstv. utanrrh. hefur einmitt bent á eina leið sem mér finnst hafa verið reifuð allt of lítið í umræðu hér í þessum sölum. Hann hefur kynnt athyglisverðar hugmyndir um sér-

staka stjórn fiskveiðimála á Norður-Atlantshafi úr stofnum sem ekki er hægt að skilgreina sem deilistofna á grundvelli hinnar svokölluðu nálægðarreglu. Hún kveður á um það að ákvarðanir skuli aðeins teknar í Brussel ef ekki er hægt að finna viðeigandi lausn heima fyrir. Slíkt fyrirkomulag yrði að sjálfsögðu þá innan ramma þessarar sameiginlegu sjávarútvegsstefnu en ekki utan hennar. Eins og ég sagði áðan yrði ekki um undanþágu að ræða heldur sérstaka aðlögun sem væri byggð á sérstökum kringumstæðum.

Ég verð að taka það fram, herra forseti, að dæmi eru um það að framkvæmd sjávarútvegsstefnunnar innan ESB byggist einmitt á þessari nálægðarreglu. Ég tek það skýrt fram, herra forseti, að í mínum huga er ljóst að án þess að raunverulegt forræði strandríkjanna yfir nytjastofnum verði viðurkennt þá er tómt mál að tala um að það gæti orðið sátt um aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Ég tel, herra forseti, að á grundvelli þessarar hugmyndar hæstv. utanrrh. sé þetta mögulegt og áskil mér rétt til þess að reifa þetta töluvert frekar í seinni ræðu minni.

[11:50]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir vinsamleg orð í minn garð og utanríkisþjónustunnar. Ég tek undir með honum að mikilvægt er að halda samstöðu um utanríkisþjónustuna eftir því sem nokkur kostur er því hún skiptir hagsmuni okkar afar miklu. Hún er þeim mun öflugri sem betri samstaða er um hana á hv. Alþingi.

Ég vil sérstaklega gera að umræðuefni það sem hann sagði um öryggismálin. Hann spurði mig um það hvort ég væri sáttur við þá stöðu sem þau væru í. Ég get sagt að ég er það ekki. Ég tel mikið áhyggjuefni fyrir okkur Íslendinga hin vaxandi gjá sem virðist vera að koma upp milli Norður-Ameríku og Evrópu í öryggis- og varnarmálum. Ég tel mjög mikilvægt að varðveita þá samstöðu sem hefur ríkt innan Atlantshafsbandalagsins og við Íslendingar höfum lagt okkur fram á alþjóðavettvangi í þessum efnum.

Hins vegar er það staðreynd að þarna eru uppi mismunandi skoðanir og m.a. þess vegna höfum við lagt á það áherslu að taka meiri þátt í öryggis- og varnarmálum í Evrópu, m.a. með því að taka þátt í vaxandi starfi á Balkanskaga, stofna Íslensku friðargæsluna og vera með í Kosovo. Það er liður í því starfi og viðleitni af hálfu Íslendinga til þess að einangrast á engan hátt frá þessu starfi, sérstaklega ef svo illa færi að þarna yrði meiri klofningur en er í dag. Það þjónar mjög hagsmunum Íslands að varðveita samstöðu milli Bandaríkjanna annars vegar og Evrópu hins vegar og við munum leitast við að gera það áfram.

[11:52]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér heyrist á svari hæstv. utanrrh. að það sé nokkuð sérkennileg staða uppi í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna að því er varðar útfærslu á hinum tvíhliða varnarsamningi. Bókunin sem útfærir samninginn frá 1996 hefur í reynd runnið sitt skeið á enda. Hver er þá staðan í dag? Ég spyr hæstv. utanrrh.: Lítur hann þá svo á að bókunin sé enn í gildi? Hvaða afleiðingar telur hann að geti hlotist af þessari sérkennilegu stöðu? Er ekki alveg ljóst að varnir Íslands, eins og um hefur verið samið samkvæmt þessari bókun, eru þrátt fyrir allt í fullu gildi?

Ég tek auðvitað undir með hæstv. ráðherra að viðsjár hafa verið uppi milli ríkja Atlantshafsbandalagsins. Við höfum kannski aldrei fyrr staðið frammi fyrir jafndjúpum klofningi og hefur birst þar á síðustu vikum út af Íraksmálinu. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann telji að þetta geti haft einhver áhrif á það hvernig Bandaríkjamenn munu síðan leiða þetta mál til lykta.

Í framhaldi af því vil ég spyrja hæstv. utanrrh.: Telur hann að það sé farsælt til frambúðar að leita eftir auknu samstarfi Íslands og Evrópusambandsins á sviði öryggismála? Þá hef ég einnig í huga varnir Íslands.

[11:53]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að ekkert geti komið í staðinn fyrir varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna. Það er afar mikilvægur samningur og hornsteinn í íslenskum utanríkismálum. Sama má segja um aðildina að Atlantshafsbandalaginu. Ég er líka þeirrar skoðunar að varnar- og öryggismálastefna Evrópu og varnir Evrópu verði aldrei nægilega öflugar og sterkar nema með mjög nánu samstarfi Evrópu og Bandaríkjanna. Þetta hefur komið í ljós á Balkanskaga og ég er alveg viss um að sú lýðræðisþróun sem hefur orðið í Evrópu, hvort sem við lítum til loka kalda stríðsins eða loka seinni heimsstyrjaldarinnar, hefði aldrei orðið nema með þátttöku Bandaríkjanna. Það sama á við um Balkanskaga. Því er afskaplega slæmt og mjög miður, ekki bara fyrir okkur heldur fyrir Evrópu líka, ef þessi samvinna getur ekki verið heilsteypt í framtíðinni. Það eru blikur þar á lofti. Það er rétt. Með það í huga höfum við aukið samstarf okkar við Evrópu, en lagt á það megináherslu gagnvart Bandaríkjunum að við teljum að um lágmarksvarnir sé að ræða á Íslandi. Með það að leiðarljósi göngum við til þeirra viðræðna sem hefjast innan skamms við Bandaríkin.

Það er rétt hjá hv. þm. að bókunarsamningurinn rann út fyrir tæpum tveimur árum. En það hefur engin breyting átt sér stað á Keflavíkurflugvelli þrátt fyrir það. Þó að samningurinn sé útrunninn þá heldur starfsemin áfram með þeim hætti sem stofnað var til með þeim samningi og við vonumst eftir því að þannig verði það áfram og það er megináherslumál Íslands í þeim viðræðum.

[11:56]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sérkennileg staða er uppi. Varnir Íslands eru tryggðar með tvíhliða samningi við Bandaríkin. En samningurinn er útfærður með sérstakri bókun. Bókunin hefur runnið sitt skeið á enda. Bandaríkjamenn eru að vísu með óbreytt lið og viðbúnað á Keflavíkurflugvelli. En við blasir að þeir hafa engar sérstakar skuldbindingar til þess að vera þar áfram. Samkvæmt þessu virðist mér sem þeir gætu dregið verulega úr viðbúnaði sínum hvenær sem er án þess að vera skriflega skuldbundnir til þess að halda uppi ákveðnum lágmarksvörnum. Þetta er skoðun mín.

Í annan stað, herra forseti, hefði ég áhuga á að heyra frá hæstv. utanrrh. hér síðar í dag hvort þeim sveitum sem Íslendingar eru að byggja upp samkvæmt þeirri stefnu sem hæstv. utanrrh. hefur mótað kunni í framtíðinni að verða beitt til þess að sjá um einhverjar tilteknar varnir á Keflavíkurflugvelli. Ég er með öðrum orðum að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann sé að byggja upp vísi að liði sem í framtíðinni mundi með einhverjum hætti sinna miklu veigameira hlutverki í vörnum Íslands en Íslendingar hafa sjálfir gert hingað til.

[11:57]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér var nú mjög létt að heyra hér áðan að hv. þm. Össur Skarphéðinsson er búinn að ná áttum, búinn að jafna sig og kominn í sinn gamla ham. Hann eyddi mestallri ræðu sinni hér í hugðarefnið mikla, aðild Íslands að Evrópusambandinu. Mér brá nefnilega dálítið á dögunum þegar ég heyrði hv. þm. — ég held það hafi verið í viðtali á Stöð 2 — vera kominn allan í bakkgírinn í málinu. Hann var eins og ítölsku skriðdrekarnir sem eru sagðir hafa þrjá gíra aftur á bak og einn áfram. Hv. þm. var kominn í þvílíkan bakkgír í Evrópumálinu. Ástæðan var að vísu augljós. Nýlega hafði birst skoðanakönnun sem sýndi vaxandi andstöðu við inngöngu í Evrópusambandið og þá var þetta mál skyndilega alls ekki svo mikilvægt og yrði alls ekki neitt sérstakt kosningamál og þetta væri allt í höndum Sjálfstfl. Það hefði í raun ekkert gildi að ræða Evrópumálin því þetta réðist allt af því að Sjálfstfl. kæmi til átta í málinu. En nú er sem sagt annað uppi og hv. þm. er kominn í sinn gamla góða ham.

Það var líka merkilegt að heyra hv. þm. úthúða hér EES-samningnum, að hann væri alveg ómögulegur fyrir lýðræðishalla, fullveldið væri óvirkt og allt þar fram eftir götunum. Bíddu, er þetta ekki sami hv. þingmaðurinn sem ásamt flokksmönnum sínum hefur lofsungið EES-samninginn þvílíkt, tekið hv. fyrrv. þm., núverandi ambassadör, Jón Baldvin Hannibalsson, nánast í guðatölu (**Gripið fram í:** Dýrlingatölu.) fyrir þennan merka gerning? Hvernig fer þetta nú heim og saman, að EES-samningurinn sem er í grunninn algjörlega óbreyttur hvað varðar alla uppbyggingu og allt fyrirkomulag — ákvarðanatökuferlið er nákvæmlega óbreytt, stofnanirnar eru nákvæmlega óbreyttar — er allt í einu algjörlega ónýtur að dómi sömu manna og hafa meira lofsungið hann en nokkrir aðrir á jarðríki? Auðvitað fór hv. þm. hér yfir rökin sem efasemdarmenn og gagnrýnendur EES fóru með á sínum tíma og réðu því að þeir studdu hann ekki og vildu aðrar leiðir. Hér hafa því orðið á alveg merkileg hlutverkaskipti.

[11:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sumir menn eiga drauma og e.t.v. er það einn af draumum hv. þm. að formaður Samfylkingarinnar skipti um skoðun í ESB-málinu. Vera má að draumsvefninn hafi yfirtekið vökuna þegar hann hlýddi á mig í viðtali við Stöð 2 um þessi mál.

Það er alveg rétt að ég gerði að umræðuefni þátt Sjálfstfl. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að stuðningur við ESB-aðild sé miklu meiri innan Sjálfstfl. en fram hefur komið. Stundum hef ég sagt það þannig að búkurinn sé búinn að snúa sér en höfuðið eigi eftir að fylgja honum. Það mun koma í ljós síðar. Ég minni hv. þingmann á að árið 1991 tók ég þátt í því að mynda ríkisstjórn einmitt um EES-samninginn. Þá skipti Sjálfstfl. um skoðun á einni nóttu. Hvers vegna skyldi hann ekki geta gert það aftur?

Hefur hv. þm. ekki fylgst með þeim breytingum sem hafa orðið á vettvangi Evrópusambandsins? Hann getur ekki komið hingað og haldið því fram að stofnanirnar séu óbreyttar. Hlutverk stofnananna hefur nefnilega breyst. Lýðræðishallinn hefur minnkað, en á sama tíma hefur það gerst að framkvæmdaráðið hefur hins vegar tapað að verulegu leyti völdum sem það hafði áður. Þar áttum við að hafa okkar skjól. Nú er það þannig að ef upp kemur ágreiningur þá fer hann í ákveðið samráðsferli. En að lokum hefur Evrópuþingið, sem var meira og minna valdalaust þegar samningurinn var gerður 1993, hið endanlega úrskurðarvald. Við höfum enga möguleika á því að koma okkar sjónarmiðum á framfæri þar.

Þetta er eitt af því sem hefur breyst. Hitt er alveg rétt að hv. þm., eins og ég, er þeirrar skoðunar — eða ég er a.m.k. þeirrar skoðunar að þegar samningurinn var gerður hafi hann verið tímamótasamningur. Ég tel að hann hafi lagt grundvöllinn að því góðæri sem hér hefur verið viðvarandi um nokkurra ára skeið. Það er kannski ofmælt að ég hafi tekið Jón Baldvin Hannibalsson í guðatölu eða dýrlingatölu. En það gæti komið að því að menn falli fram og tilbiðji hann, eins og mér sýnist hv. þingmaður gera, vegna þess að hann er eina skjólið gegn ESB núorðið.

[12:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er vígfimur maður í rökræðum og hefur gaman af slagnum, stundum kannski um of. Mér finnst stundum að hv. þm. missi sig í að bardaginn bardagans vegna verði mikilvægari en málefnið.

Ég held að það sé nú alveg ljóst að hv. þm. (Gripið fram í.) notar EES-samninginn ýmist sem fullkomið afreksverk manns eða sem algerlega óbrúklegt tæki, allt eftir því hvað hentar honum í tilraunum sínum að draga Ísland áfram í áttina að aðild að Evrópusambandinu. Það blasir við hverjum manni. Ég held að sé heiðarlegast af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að viðurkenna (Gripið fram í.) að tilgangurinn helgar greinilega meðalið. EES-samningurinn er þá bara notaður sem tæki, ýmist hinn mikli gjörningur dýrlingsins, Jóns Baldvins Hannibalssonar, eða alveg ónýtt tæki.

Þær breytingar sem hv. þm. notar til að rökstyðja mál sitt eru allar Evrópusambandsmegin og eru tiltölulega litlar. (Gripið fram í.) Jú, þær eru það, hv. þm. Í öllum aðalatriðum er ákvarðanatökuferlið óbreytt þó að Evrópuþingið megi tjá sig um málin og aðkoma Íslands að ákvarðanatökuferlinu sé sú sama. Við höfum aðstöðu til að koma okkar sjónarmiðum á framfæri. Hvað varðar EES-stofnanirnar er allt nákvæmlega óbreytt okkar megin. Aðkoma EES að íslenskri stjórnskipan er algjörlega óbreytt og það er m.a. hún sem fræðimenn telja nú í vaxandi mæli hafa verið stjórnarskrárbrot. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. fylgist t.d. með umræðum uppi í Háskóla Íslands þar sem greinilegt er að fræðimenn komast í vaxandi mæli að þeirri niðurstöðu að þetta hafi verið stjórnarskrárbrot. Það hefði átt að gera breytingar á stjórnarskránni. Það var nú einmitt það sem menn ræddu og réð miklu um afstöðu margra á sínum tíma, meira en að menn væru í sjálfu sér óánægðir, t.d. með viðskiptakjaraþáttinn.

[12:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljóst að margir eru þeirrar skoðunar að samningurinn hafi verið brot á stjórnarskránni. Eins og hv. þm. man eftir urðu harðar deilur um það í þessum sölum. Þá voru kvaddir til fjórir vísir menn sem komust að þeirri niðurstöðu að samningurinn væri ekki brot á fullveldinu en þetta væri á gráu svæði. Þegar ég er að velta fyrir mér áhrifum þessara breytinga innan ESB, ESB-megin, kemst ég að þeirri niðurstöðu það að hafi leitt til að við höfum minni möguleika á að hafa áhrif á gerðir ESB sem við tökum upp. Þetta hlýtur að leiða til þess, eða gæti hafa leitt til þess að fullveldisskerðingin, sem er hljóð og kemur lítt fram og er stöðugt að verki, fari yfir þessi gráu mörk sem hinir fjórir

vísu menn töluðu um árið 1993. Það er hugsanlegt. Ég tel þess vegna að við eigum að ganga í Evrópusambandið. Ég tel að það bæti við fullveldi okkar með því að koma í veg fyrir þetta.

Herra forseti. Ég tel jafnframt að sá þröskuldur sem menn sáu áður í hinni sameiginlegu sjávarútvegsstefnu sé miklu lægri en menn töldu áður. Ég er t.d. þeirrar skoðunar að við séum ekki í nokkurri hættu varðandi hina staðbundnu stofna. Þá er spurningin um deilistofnana. Það hefur verið talað um það hvað ESB sé harðdrægt í samningum fyrir sínar þjóðir. Varla mundu þeir semja verr fyrir okkur ef við værum þar fyrir innan. Eigum við að vera á móti aðild vegna þess að þeir eru svo svakalega duglegir að semja fyrir sínar þjóðir? Þetta eru auðvitað spurningar sem menn þurfa að svara.

Síðan tel ég öll rök með því að sú hugmynd sem hæstv. utanrrh. hefur lagt fram um sérstakt stjórnsvæði verði viðurkennd. Hún byggir á nálægðarreglunni og hinni sameiginlegu fiskveiðistefnu sem gengur út á það sem er sameiginlegt. Við höfum ekkert sameiginlegt (Gripið fram í.) með ESB.

[12:06]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Við Íslendingar höfum með aðild að Atlantshafsbandalaginu frá stofnun þess 1949 og varnarsamningnum við Bandaríkin sinnt þeirri skyldu okkar að tryggja öryggi íslensku þjóðarinnar. Við lok kalda stríðsins urðu miklar breytingar í Evrópu. Margar Austur-Evrópuþjóðir, sem höfðu verið undir járnhæl kommúnismans, öðluðust frelsi og sjálfstæði. Við Íslendingar höfum stutt dyggilega við þessa þróun til aukins lýðræðis í álfunni. Atlantshafsbandalagið hóf stækkun sína til austurs fyrir þremur árum þegar Pólland, Tékkland og Ungverjaland fengu aðild.

Á leiðtogafundinum í Prag í nóvember sl. var ákveðið að sjö nýjum ríkjum yrði boðið að slást í hóp þeirra 19 sem fyrir eru. Stækkunin hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir lýðræði og frið í Evrópu og staðfestir endanlega lok kalda stríðsins. Náið samstarf hefur einnig tekist milli Atlantshafsbandalagsins og Rússlands, sem allt hnígur í þá átt að styrkja enn frekar þessa þróun. Stefnt er að því að aðildarviðræðum fulltrúa bandalagsins og ríkjanna sjö ljúki nú á fyrri hluta þessa árs og Alþingi fjalli um stækkunina til fullgildingar á haustþingi 2003, eða á vorþingi 2004.

Íslendingar eru vopnlaus þjóð og hafa jafnan lagt áherslu á að leysa beri úr deilumálum á alþjóðlegum vettvangi á friðsamlegan hátt. Við höfum tekið virkan þátt í starfsemi Sameinuðu þjóðanna næstum frá upphafi. Nú er hafinn undirbúningur að framboði Íslands í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fyrir árin 2009–2010. Sýnir það glöggt vilja okkar til að taka enn virkari þátt í starfsemi þeirra og leggja okkar af mörkum á þeim vettvangi sem er ákaflega mikilvægt, einkanlega nú á þeim viðsjárverðu tímum sem við lifum.

Stríð og átök milli landa hafa margvísleg áhrif á milliríkjaviðskipti og koma í veg fyrir að þau geti þróast með eðlilegum hætti. Það þarf frið og stöðugleika til að viðskipti milli landa og heimsálfa blómstri. Hryðjuverkaárásirnar 11. sept. 2001 knúðu okkur til að horfast í augu við hvílík ógn stafar af skipulagðri hryðjuverkastarfsemi fyrir allar þjóðir heims, þar á meðal okkur Íslendinga, enda urðum við strax vör við neikvæð áhrif hryðjuverkanna í Bandaríkjunum á íslenskt atvinnulíf, samdrátt í ýmsum greinum, einkum þeim sem snúa að ferðaþjónustu og flugsamgöngum.

Djúpstæðustu áhrifin hljóta þó að liggja í því að enginn er óhultur. Enginn veit hvar þessir glæpamenn bera niður næst. Slíkt elur af sér ótta og öryggisleysi almennings um allan heim til viðbótar við efnahagslegt tjón. Einskis má láta ófreistað til að uppræta alla starfsemi af þessu tagi hvar sem hana er að finna. Þá reynir á styrk alþjóðasamfélagsins í baráttunni til að tryggja að slíkir atburðir endurtaki sig ekki.

Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins hefur alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi og viðbrögð við henni verið í brennidepli. Innan NATO er lögð áhersla á meiri framlög til varnarmála. Íslensk stjórnvöld vinna stöðugt að því að tryggja stöðu Íslands við þessar nýju aðstæður. Ákvörðun Evrópusambandsins um að móta sameiginlega öryggis- og varnarstefnu markaði viss þáttaskil og hefur þegar haft áhrif á stöðu og starfsemi Atlantshafsbandalagsins. Ísland hefur ætíð lagt áherslu á að gæta verði þess að mótun og framkvæmd sameiginlegrar öryggis- og varnarstefnu Evrópusambandsins verði ekki til að veikja Atlantshafsbandalagið og Atlantshafsbandalagstengslin.

Vopnleysi okkar veldur því að Ísland treystir öðrum fremur á sameiginlegar varnarskuldbindingar Atlantshafsbandalagsins og tvíhliða varnarsamstarf við Bandaríkin. Allar vísbendingar um atburðarás sem leitt gætu til þverrandi styrks þessara meginstoða eru okkur þess vegna áhyggjuefni. Þær væringar og klofningur sem orðið hefur innan NATO að undanförnu vegna Íraksmálsins eru mikið alvörumál.

Herra forseti. Mikilvægi utanríkismála fer vaxandi, um leið og viðskipti milli landa aukast og veröldin skreppur saman með betri samgöngum og fjarskiptatækni. Ég tel að sjá megi ákveðnar hliðstæður í víkingatímanum og þeim tímum sem við lifum nú. Víkingatíminn var blómaskeið á Norðurlöndum og einkenndist af því að norrænar þjóðir sköruðu fram úr öðrum í krafti þekkingar og tækni. Norðurlandabúar réðu yfir mikilli þekkingu og færni í skipasmíði og siglingum. Þeir áttu mikil viðskipti og blómleg við aðra íbúa álfunnar, uppgötvuðu ný lönd og heila álfu og fluttu heim með sér hvers kyns þekkingu og reynslu. Þetta var forsenda aukinnar þekkingar og framfara og veitti þeim yfirburðastöðu í Evrópu þess tíma. Allt gat það í sjálfu sér ógnað þeim gildum sem þeir byggðu á heima fyrir en reynslan staðfestir að sú þekking var nýtt til að auðga og bæta þá tilveru sem fyrir var. Þetta er vert að hafa í huga þegar við stöndum á þröskuldi nýrrar aldar og samskiptatækni upplýsinga- og þekkingarsamfélagsins þeytir okkur á fljúgandi ferð inn í óræða framtíð. Blasir ekki ápekk mynd við í nútímanum í smækkandi heimi? Hún birtist í síharðnandi samkeppni milli þjóðanna við að tileinka sér þá fjölmörgu möguleika sem felast í tækninýjungum, vísindalegri þekkingu og uppgötvunum?

Ég get ekki stillt mig um að nefna Halldór Laxness til sögunnar. Hann var íslenskari en allt sem íslenskt er. Fáir landa okkar hafa gefið heiminum stærri verðmæti en hann. Um það vitnar sú viðurkenning sem hann hefur hlotið fyrir skáldverk sín og útbreiðsla bóka hans. Halldór dvaldi langdvölum erlendis. Hann ferðaðist mikið um heiminn. Fáir hafa verið trúrri uppruna sínum en hann. Ég nefni þetta til að undirstrika þá staðreynd að það sem á við í lífi einstaklings á einnig við um líf þjóðar. Íslendingar hafa borið gæfu til að standa trúan vörð um þann menningararf sem fortíðin hefur skilað. Okkur hefur lánast að byggja á honum, ávaxta hann og endurskapa. Það er e.t.v. ein meginástæða þeirrar velmegunar og traustu og góðu stöðu sem við búum við í

nútíðinni.

Sagan sýnir glöggt að þjóðinni hefur jafnan vegnað best í sem mestum og bestum samskiptum við aðrar þjóðir um leið og hún hefur ætíð gengið götuna á íslenskum skóm og verið býsna stolt af. Ég tel afar dýrmætt að svo sé og tel það meginástæðuna fyrir velgengni okkar á ótalmörgum sviðum.

Herra forseti. Íraksdeilan hefur verið mikið til umfjöllunar síðustu mánuði. Það er áhyggjuefni hversu erfiðlega gengur að koma Saddam Hussein í skilning um alvöru málsins og knýja hann til samstarfs við vopnaeftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna. Samkvæmt ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, nr. 1441 frá 18. nóv. sl., er sönnunarbyrðin hjá Írökum. Einnig kemur fram í ályktuninni að það hafi alvarlegar afleiðingar ef Írak haldi áfram að brjóta gegn skyldum sínum. Sameinuðu þjóðirnar verða að hafa burði og staðfestu til að leiða þetta mál til lykta á viðunandi hátt samkvæmt eigin ákvörðunum. Að öðrum kosti er trúverðugleiki þeirra í hættu. Afstaða Íslands í þessu máli er skýr. Við styðjum aðgerðir Sameinuðu þjóðanna í einu og öllu.

Í síðustu viku var utanríkisráðherra Svía, Anna Lindh, í heimsókn hér á landi. Hún flutti fyrirlestur á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands. Einnig átti hún fundi með hæstv. forsrh., utanrrh. og umhvrh., sem jafnframt er samstarfsráðherra Norðurlanda. Á blaðamannafundi að loknum fundi hennar og hæstv. utanrrh. kom fram að Svíar teldu að leita bæri allra leiða til að leysa Íraksdeiluna með friðsamlegum hætti og innan Sameinuðu þjóðanna. Svíar hefðu þó ekki útilokað stuðning við hugsanlegar hernaðaraðgerðir ef aðrar leiðir reyndust árangurslausar.

Í viðtali við Morgunblaðið sem birtist 21. febrúar sl. kemur m.a. eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

Blaðamaður Morgunblaðsins: „Íraksdeilan virðist hafa skipt Evrópuríkjunum í fylkingar hvað stuðning við Bandaríkin varðar."

Og Anna Lindh svarar: „Óháð því hvort við styðjum Bandaríkin í þessu máli eða ekki er mikilvægt að við byggjum upp eigin mátt. Í þessu máli er hins vegar mikilvægast hvernig hægt er að afvopna Íraka. Ég vona að hægt verði að gera það án valdbeitingar í gegnum eftirlitsmennina. Ef beita verður hervaldi er hins vegar mikilvægt að það verði gert í umboði Sameinuðu þjóðanna."

Síðan spyr blaðamaður: „Hversu lengi er hægt að bíða?"

Og ráðherrann svarar: „Eins lengi og vopnaeftirlitsmennirnir telja að starf þeirra skili árangri. Ef þeir meta stöðuna sem svo að þeir komist ekkert áfram verður hins vegar að kalla þá heim. Það er þó líka ljóst að Írakar munu ekki sýna samstarfsvilja ef ekki er til staðar hótun um beitingu hervalds."

Þetta eru athyglisverð ummæli utanríkisráðherra Svía, en Svíar standa utan hernaðararbandalaga eins og allir vita. Það kemur glöggt fram í viðtalinu að ráðherrann útilokar ekki beitingu hervalds gagnvart Írökum og sýnir þetta vel hversu alvarleg staðan er í þessu erfiða máli.

Ég vík nú að stækkun Evrópusambandsins sem leiðir af sér stækkun Evrópska efnahagssvæðisins þar sem nýjum aðildarríkjum verður skylt að sækja um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Samningaviðræður eru þegar hafnar eins og kunnugt er. Óhóflegar og óraunsæjar kröfur í upphafi viðræðnanna settu þær í nokkuð stífan gír. Það reynir svo sannarlega á samningamenn Íslendinga að verjast í þessu máli og gæta hagsmuna íslensku þjóðarinnar. Kröfur framkvæmdastjórnarinnar um framlög til uppbyggingarsjóða Evrópusambandsins eiga sér enga stoð í EES-samningnum. Í upphafi var stefnt að því að ljúka samningaviðræðum um miðjan apríl en nú er mjög óljóst hvenær þeim getur lokið.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi í ræðu sinni áðan afstöðu Sjálfstfl. til aðildar að Evrópusambandinu. Stefna Sjálfstfl. er afar skýr. Við teljum það ekki þjóna hagsmunum þjóðarinnar að ganga þar inn. Og það er engin von til þess að kúvending verði af hálfu flokksins í þessu máli eins og þingmaðurinn gaf í skyn áðan.

Herra forseti. Efling Íslensku friðargæslunnar er liður í aukinni þátttöku okkar á alþjóðavettvangi. Ísland leggur áherslu á að vera virkur þátttakandi, bæði hvað snertir kostnað og mannafla. Eitt stærsta verkefnið sem Íslenska friðargæslan hefur komið að er stjórn flugvallarins í Pristina í Kosovo þar sem íslenskir flugumferðarstjórar starfa undir hatti NATO en í náinni samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar. Verkefnið er fyrst og fremst fólgið í því að koma flugvellinum undir borgaralega stjórn, þjálfa heimamenn og fela þeim að lokum stjórn flugvallarins. Þetta verkefni hefur vakið athygli erlendis og mælst mjög vel fyrir, og er skýrt dæmi um það hvernig við Íslendingar getum starfað á alþjóðlegum vettvangi. Það verður mjög áhugavert að fylgjast með því hvernig til tekst.

Herra forseti. Ég vil að lokum þakka hæstv. utanrrh. fyrir ágæta skýrslu sem varpar skýru ljósi á ýmsa þætti sem hæst ber á málefnasviði hans um þessar mundir.

[12:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er eiginlega ekki hægt að byrja á öðru en að votta hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni samúð, svo rækilega slökkti síðasti ræðumaður í vonum hv. þingmanns um að í vændum væri meiri háttar kúvending í afstöðu Sjálfstfl. til Evrópumála (Gripið fram í.) þannig að ég held að hv. þm. verði þá að binda vonir við einhverja aðra frekar en Sjálfstfl. ef marka má þessa afdráttarlausu yfirlýsingu.

Ég vil byrja á því eins og aðrir að þakka hæstv. utanrrh. fyrir ræðu hans og þó að það sé ævinlega þannig þegar maður flettir svona ræðu að maður sakni einhvers vitum við að ekki verður öllu við komið á takmörkuðum tíma. Mér finnst það í raun og veru ágætt eins og það hefur þróast hjá hæstv. ráðherra undanfarin ár að velja kannski nokkur aðalviðfangsefni hverju sinni til að gera ítarlega grein fyrir. Það kunna óneitanlega að vera tímamót að hæstv. ráðherra gerir Alþingi grein fyrir stefnuræðu um utanríkismál á vordögum á þingi í áttunda sinn og mögulega því síðasta. Það er eðlilegt að þá sé litið yfir farinn veg.

Við höfum oft verið ósammála og erum oft ósammála um áherslur í utanríkismálum, ég og hæstv. utanrrh., enda í forsvari fyrir flokka sem hafa í grundvallaratriðum ólíkar áherslur til alþjóða- og utanríkismála á ýmsum sviðum þótt leiðir geti svo oft legið saman líka. En það vil ég segja og um það hef ég aldrei efast að hæstv. utanrrh. hefur lagt alúð í starf sitt á þessum vettvangi og mikla vinnu. Það er auðvitað mikil vinna að fara með forsvar lands í utanríkismálum á þeim tímum sem við lifum, sívaxandi alþjóðasamvinnu, og ég get tekið undir það sem ég heyrði einhvers staðar vangaveltur um, gott ef ekki var hjá hæstv. ráðherra, að tímabært kynni að vera að gera breytingar á stjórnskipuninni hvað þetta snertir. Ef það er einhvers staðar ástæða til að taka upp formlegt embætti aðstoðarráðherra eða tvískipta málaflokki,

eins og alsiða er erlendis, er væntanlega svo komið með utanríkismál hjá okkur.

Sem betur fer er samstaða um ýmislegt á sviði alþjóða- og utanríkismála í íslenskum stjórnmálum og oft tekst mönnum að standa saman þegar mikilvæg hagsmunamál Íslands eiga í hlut, t.d. í alþjóðasamningum og flóknum málum af því tagi.

Það sem ég vil inna hæstv. ráðherra aðeins eftir og ekki kemur fram í ræðu hans er í fyrsta lagi hlutur sem aðeins hefur verið gerður að umtalsefni hér, viðræður um endurskoðun hins svokallaða varnarsamnings eða herstöðvarsamnings, eða gerð nýrrar bókunar sem honum tengdist þá, sú síðastgildandi af tveimur eða þremur rann út fyrir meira en ári ef minni mitt svíkur ekki, í apríl 2001. Lítið hefur farið fyrir viðræðum enn þá um framhaldið. Nú liggur fyrir áhugi Bandaríkjamanna á því að draga verulega saman umsvif í herstöðinni, jafnvel fara þaðan burtu með orrustuflugvélar sem aftur gæti haft þær afleiðingar að björgunarsveitin og þyrluflugsveitin færu í burtu og Íslandi yrði þá eingöngu sinnt af sveitum sem hefðu sína varanlegu staðsetningu annars staðar, annaðhvort á meginlandi Norður-Ameríku eða í Skotlandi.

Þetta eru auðvitað breytingar sem menn þurfa að horfast í augu við og ræða og það kemur inn á þá óvissu sem er t.d. í atvinnumálum á Suðurnesjum og annað í þeim dúr. Að sjálfsögðu eiga menn þá bara að undirbúa þær breytingar sem eru í vændum og óumflýjanlegar. Það er allt sem teiknar til þess að bandarískt herinn dragi áfram saman umsvif sín þarna og jafnvel fari, eða vildi sjálfur fara ef Íslendingar ná ekki að gráta það út að hann verði þar áfram.

Í öðru lagi vil ég nefna hér aðeins málefni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. Þegar lög nr. 76/2000 voru til umfjöllunar á Alþingi gagnrýndi ég þá lagasetningu og varaði við því fyrirkomulagi sem þar var verið að búa til, að setja í eitt hlutafélag allan rekstur og eignaumsýslu ríkisins í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Ég spáði illa fyrir því og skildi ekki ef menn vildu endilega fara út í þessa hlutafélagavæðingu hvers vegna þeir hefðu ekki í aðskildum fyrirtækjum annars vegar hina formlegu opinberu starfsemi og umsýslu eigna og hins vegar verslunarrekstur og viðskiptalega þætti eða samkeppnislega þætti á vegum fyrirtækisins Leifs Eiríkssonar hf. Ég held að það hafi komið á daginn að þetta var ekki skynsamleg ráðstöfun enda hefur nánast hvergi þar sem ég þekki til þessi leið verið farin. Nú hefur fyrirtækið verið kært til Samkeppnisstofnunar og það hafa ítrekað orðið árekstrar út af þessu fyrirkomulagi, menn telja að ekki sé greint með nægjanlega skýrum hætti á milli annars vegar hins opinbera hlutverks, húshaldsins og þeirrar einokunarstöðu sem fyrirtækið hefur á ákveðnum sviðum í Keflavík og hins vegar verslunarreksturs fyrirtækisins sem það stendur að í beinni samkeppni við aðra í flugstöðinni. Samkeppnisstofnun hefur núna úrskurðað Flugstöð Leifs Eiríkssonar í óhag í ákveðnum deilumálum af þessu tagi.

Það ætti ekki að koma neinum á óvart þegar t.d. það er skoðað, eins og Samkeppnisstofnun hefur gert, hvernig staðið er að þessu í öðrum sambærilegum flugstöðvum. Það er hvergi þannig að í einu og sama fyrirtækinu sé bæði hin opinbera umsýsla og jafnframt verslunarrekstur. Í Kaupmannahöfn rekur sérstakt hlutafélag, að hluta til í eigu danska ríkisins, Köbenhavns Lufthavn A/S (aktieselskab), flugvöllinn en býður út allan verslunarrekstur og hvorki á né rekur verslanir á flugvallarsvæðinu. Sama gildir um Gardermoen þar sem Óslóarflugvallarfyrirtækið rekur flugvöllinn en annast ekki verslunarrekstur. Sama gildir á Arlandaflugvelli við Stokkhólm. Þar á Luftfarsverket sem rekur flugvöllinn hvorki verslanir né rekur þær. Á Bretlandi er fyrirkomulagið þannig að það eru algerlega aðskilin og sjálfstæð dótturfélög sem sjá um verslunarrekstur ef hann er beint eða óbeint á hendi opinberra aðila.

Herra forseti. Ég segi það hér til þess að hafa sagt það þótt það sé kannski ekkert sem maður skemmtir sér við að því miður hefur nákvæmlega það gengið eftir sem ég varaði við og óttaðist vorið 2000, að þetta fyrirkomulag mundi valda árekstrum og ég tel að menn ættu að huga að því að breyta því.

Ég vil þá einnig nefna annað samskiptamál sem varðar dvöl ameríska hersins hér og það er sú mengun sem hersetan hefur valdið í landinu. Þau mál eru í megnasta ólestri, herra forseti, og það er tímabært að rjúfa þagnarhjúpinn um það hvernig erlendir herir hafa gengið um á Íslandi og hvernig viðskilnaðurinn er. Ömurlegar rústir, ruslahaugar og hálfhrundar byggingar sums staðar hafa gapað þar við og menn hafa ekki tekið til eftir sig. Það gilti um Bretana á sínum tíma og það gildir alveg sérstaklega um bandaríska herinn á síðustu áratugum. Og það er furðulegt að íslensk stjórnvöld skuli á þessum tímum enn vera föst í því fari að slá skjaldborg utan um herinn og fría hann ábyrgð á því hvernig hann hefur gengið um þau svæði sem hann hefur fengið til afnota. En það er staðreyndin að landeigendur á Heiðarfjalli á Langanesi, sveitarstjórn Þórshafnarhrepps, heilbrigðiseftirlit svæðisins, umhverfisverndarsamtök, bæði staðbundin og á landsvísu, hafa reynt að hreyfa við þessum málum en það er alls staðar gengið á veggi. Og þann vegg reisir íslenska ríkið gagnvart einstaklingum og sveitarfélögum sem hafa orðið fyrir barðinu á sóðaskapnum, umhverfissóðaskapnum, sem auðvitað hefur fylgt hersetunni hér eins og yfirleitt annars staðar í heiminum. Og það virðist vera sem íslenska ríkið leysi bandaríska herinn undan allri ábyrgð án þess að axla hana þá sjálft í staðinn gagnvart viðkomandi aðila.

Á Heiðarfjalli eru ruslahaugar og spilliefni á opnum haugum, þar sem rusl var urðað á þeirra tíma vísu, eða því hent fram af fjallsbrún og þarna hefur aldrei verið hreinsað til. Áralöng barátta viðkomandi aðila til að fá eitthvað gert í málunum strandar alltaf á því að íslenska ríkið telur sig ekki bera neina ábyrgð en hefur þó í raun fríað hinn erlenda her undan því að taka til eftir sig hér eins og hann er látinn gera annars staðar. Bandaríski herinn hefur sett mikla fjármuni í það, verið dæmdur til þess sums staðar að setja mikla fjármuni í að hreinsa til í gömlum herstöðum í Þýskalandi, Japan og víðar. Sama gildir um kanadíska herinn á þeim slóðum o.s.frv.

Herra forseti. Ástæða væri til að nefna líka ýmsa atburði á sviði utanríkismála sem hafa orðið á árinu eins og NATO-fundinn dýra hér í Reykjavík. Væri fróðlegt að heyra hvenær reikningarnir koma. Hvenær kemur uppgjörið fyrir þessa dýrustu helgi Íslandssögunnar? Þetta dýrasta partí Íslandssögunnar, sem kostaði um 300–400 milljónir króna? Þá voru nógir peningar til til að halda veislu fyrir NATO, sjálfan NATO. Og hvað með NATO-fundinn í Prag og hina óvæntu stefnubreytingu sem þar varð af hálfu Íslands að fara að dragast inn í hernaðarlega starfsemi NATO, taka þátt í aðgerðum, í raun og veru með beinum hætti, með því að fara að leggja til peninga og jafnvel flugflota í flutninga? Ég minni á þau ósköp.

Ég vil svo ræða, herra forseti, aðeins stöðuna í Írak, þá grafalvarlegu stöðu sem þar er uppi. Ég gagnrýni það að mér finnst íslensk stjórnvöld ganga allt of langt í fylgispekt sinni við hernaðarhyggju Bandaríkjastjórnar sem auðvitað dregur vagninn. Ég mótmæli þeirri framsetningu, eins og t.d. kom fram í ræðunni, að Sameinuðu þjóðirnar, eins og hér segir, verði á engan hátt gerðar ábyrgar fyrir því ástandi sem nú ríki í Írak. Ábyrgðin liggi öll hjá ógnarstjórn Saddams Husseins. Og á að segja það sama ef ráðist verður inn í Írak og þar verður gríðarlegt manntjón á óbreyttum borgurum? Ætlar alþjóðasamfélagið þá að segja: Þetta er ekki á nokkurn hátt á okkar ábyrgð af því að það er hinn vondi Saddam Hussein sem er sökudólgurinn að öllu leyti? Er það nóg til þess að réttlæta hvað sem er? Vopnaða hernaðaríhlutun, brot á þjóðarétti og hvað það nú er? Því ég held því fram að verði farið í árásarstríð gegn Írak við núverandi aðstæður, þá sé það brot á stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það beri fyrst að skilgreina þá hernaðarlegu ógn sem stafar af landinu. Það beri að fjalla um það sjálfstætt á vettvangi öryggisráðsins og samþykkja að slík staða sé komin upp. Í framhaldinu ber samkvæmt ákvæðum stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna að beita öllum tiltækum friðsamlegum ráðum til að leysa það ástand sem þannig hefur verið skilgreint. Og takist það ekki, þá er hernaðaríhlutun síðasta þrautaúrræðið sem þessi alþjóðaréttur gerir ráð fyrir. Það hefur ekki verið unnið svona að þessu máli, heldur hafa Bandaríkjamenn reynt að knýja í gegn einfalda heimild til þess að fá blessun og uppáskrift Sameinuðu þjóðanna fyrir því árásarstríði sem þeir ætla að fara þarna í. Verið er að sveigja þjóðaréttinn til í þessum efnum. Mjög margir lögfræðingar eru sammála um það.

Ég tel líka að hæstv. utanrrh. þurfi að rökstyðja betur en gert er í ræðunni þegar hann dregur saman afstöðu íslenskra stjórnvalda og segir: Írakar hafa brotið gegn ályktun öryggisráðsins nr. 1441. Í hverju er brotið fólgið, hæstv. utanrrh.? Þetta orðalag er eins og eftir pöntun frá Washington, því það er um þetta sem málið snýst. Bandaríkjamenn eru að reyna að pína bæði vopnaeftirlitið og aðrar þjóðir til þess að styðja það álit þeirra að komin sé heimild til að ráðast á Írak vegna þess að hægt sé að túlka stöðuna þannig að það liggi þegar fyrir brot á ályktun 1441 og þá aftur að hún heimili þar með hernaðaraðgerðir.

Síðan segir hins vegar hæstv. utanrrh. í hinu orðinu: Vopnaeftirlitsmenn eiga að fá meiri tíma. Hvað þýðir það? Herra forseti. Ég get alveg gert hlé á máli mínu ef utanríkisráðherra er farinn út því ég er hér að beina til hans spurningum og vil gjarnan hafa tryggingu fyrir því að hæstv. ráðherra heyri. — Ég kýs þá að gera hlé á ræðu minni, herra forseti. — Nú, ráðherra er kominn hér og ég spyr: Hvað þýðir þetta orðalag, að vopnaeftirlitsmenn eigi að fá meiri tíma? Þýðir það að Ísland styðji afstöðu Þýskalands og Frakklands um að það eigi að gefa vopnaeftirlitinu tíma a.m.k. fram til 1. júlí? Já eða nei. Eða er verið að fara í kringum það að halda því opnu að Ísland mundi styðja nýja ályktun sem heimilaði árás á Írak kannski um miðjan næsta mánuð? Ég held að hér þurfi að tala algerlega skýrt. Mundi Ísland, ef það væri nú komið inn í öryggisráðið sem við erum að reyna að stefna að að gera á árunum 2008–2009, greiða atkvæði með tillögu Bandaríkjanna, sem að vísu á að koma inn í ráðið í gegnum Bretland og Spán, um að heimila árás? Eða mundi Ísland hafa sambærilega afstöðu og Þýskaland og Frakkland og væntanlega stutt af Kína og Rússlandi og fleiri ríkjum, að það sem eigi að gera núna sé að ákveða að efla vopnaeftirlitið og gefa því tíma fram til 1. júlí? Þarna er langbest að menn tali skýrt. Ísland á auðvitað ekki að bakka Bandaríkjamenn upp í því olíudollarastríði sínu sem þarna er fram undan. Það er augljóst þeim sem fylgjast með og setja sig inn í málefni þessa heimshluta að hér er fátt sem sýnist. Það er ekki sú ógn sem heimsbyggðinni stafar af einhverri mögulegri efnavopnaeign Saddams Husseins, sem væntanlega eru þá grafin djúpt í jörðu einhvers staðar og ekki mjög aðgengileg á meðan vopnaeftirlitið er í landinu, sem þetta snýst um. Þetta snýst um olíu og þetta snýst um dollara og kannski meira um dollara en olíu eins og nú er að koma í ljós, að Bandaríkjamenn séu m.a. að fara í þessar aðgerðir til að styrkja stöðu dollarans í heimsviðskiptum með olíu. En það er nefnilega ein af höfuðsyndum Saddams Husseins sem aldrei er talað um, en veldur sennilega hvað mestu um reiði Bandaríkjamanna næst á eftir niðurlægingu pabba gamla, gamla Bush, að Írakar eru búnir að skipta yfir í evrur í olíuviðskiptum sínum og hafa grætt mikið á því. Chavez í Venesúela hefur líka gert þetta svona að hálfu leyti og mörg önnur OPEC-ríki eru að íhuga að hverfa frá dollaranum yfir í evrur. Og þá fer maður að skilja betur af hverju efnahagslífið, hergagnaiðnaðurinn og pólitíkin í Washington rekur þetta mál af þvílíku offorsi sem raun ber vitni. Og að litla Ísland, vopnlaus smáþjóð og friðelskandi skulum við vona, ætli að láta teyma sig á eftir í þessum leik, er dapurlegt.

Á bak við liggur líka hin ótrúlega harka Bandaríkjamanna í að styðja framgöngu Ísraels gagnvart Palestínumönnum. Á bak við liggur líka að Bandaríkjamenn eru sennilega farnir að treysta varlega á Sádí-Araba sem bandamenn og hafa hug á því að koma sér upp öflugri bækistöð í Miðausturlöndum á nýjan leik þar sem Írak er með leppstjórn og ekki einu sinni leppstjórn, því nú er það bara boðað að Bandaríkjamenn ætli að stjórna landinu. Þeir ætla að fara inn og taka við stjórn í því landi og öllu naktara getur það nú ekki verið.

Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að það sem hefur birst manni á síðustu vikum í framgöngu, hroka og yfirgangi Bandaríkjanna gagnvart öllu, gagnvart Sameinuðu þjóðunum, gagnvart almenningsálitinu í heiminum og gagnvart rótgrónum lýðræðisríkjum eins og Þýskalandi og Frakklandi, er með hreinum ólíkindum. Nú eru sendimenn Bandaríkjamanna að ganga um og segja við þær þjóðir sem enn þráast við: „Þið eruð ekki að kjósa um það hvort það verði stríð í Írak eða ekki. Ákvörðunin er okkar" hefur Washington Post eftir talsmönnum Bandaríkjastjórnar. Ákvörðunin er okkar, við höfum þegar tekið hana. Hún er endanleg. Spurningin snýst bara um hvort öryggisráðið styðji hana eða ekki. Getur þetta verið naktara? Það er verið að stilla alþjóðasamfélaginu, Sameinuðu þjóðunum og öllum upp við vegg gagnvart þegar tekinni ákvörðun Bandaríkjastjórnar, þetta snúist bara um það hvort menn skrifi upp á hana og ella muni þeir hafa verra af. Jafnvel fá á sig viðskiptaþvinganir eins og Þjóðverjum var hótað af Rumsfeld, eða hreinlega Sameinuðu þjóðirnar sem slíkar verði þá bara settar út í kuldann og út á kant. Og þeir kunna það Bandaríkjamenn. Þeir kunna hvernig á að traktera Sameinuðu þjóðirnar; þeir hætta að borga. Þeir hafa nú heldur betur gert það áður. Og ætlar Ísland gagnrýnis- og möglunarlaust að skipa sér þarna á bekk á bak við framgöngu á alþjóðavettvangi af þessu tagi sem endurspeglar meiri stórveldishroka en við höfum séð? Það þarf að fara langt aftur í mannkynssögunni, held ég, til að finna samjöfnuð og annað eins. Kannski var það Napoleon

gamli þegar hann ofmetnaðist sem mest á sínum tíma. Eða Rómarveldi. Eða ég veit ekki hvar mannkynssagan geymir dæmi um þvílíka tilburði til yfirgangs og hroka af hálfu eins stórveldis eins og birtist okkur því miður nakið í þessu máli.

Herra forseti. Það eru ýmis önnur mál sem ég hefði gjarnan viljað hreyfa hér en tíminn leyfir ekki að þessu sinni, ég geri það þá kannski í seinni ræðu minni, svo sem tengsl okkar við Evrópusambandið, bága frammistöðu okkar hvað varðar framlög til þróunarsamvinnu og fleira í þeim dúr.

[12:41]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi fyrst geta þess sem hv. þm. sagði í sambandi við Atlantshafsbandalagið og fundinn hér á landi. Það var margfarið yfir þá kostnaðaráætlun. Hún var skorin nokkuð niður frá því sem upphaflega var áætlað og niðurstaðan er sú að hún hefur fyllilega staðist og í reynd var kostnaðurinn nokkuð innan við þá áætlun þannig að það tókst mjög vel til í sambandi við þennan fund. Fundurinn var að mínu mati alls ekki kostnaðarsamur. Ef miðað er við þá fundi sem hafa verið haldnir annars staðar, t.d. bæði á Ítalíu og í Prag, þá er ólíku saman að jafna. Þetta var allt saman miklu ódýara og minna í það lagt af okkar hálfu en þeirra. Hins vegar tókst fundurinn afskaplega vel og þeir sem að komu voru mjög ánægðir með hann.

Ég vildi aðeins segja í sambandi við varnarsamninginn sem hv. þm. gerði að umtalsefni. Eiginlegar viðræður um bókunina eru ekki hafnar. Óformlegar viðræður hafa átt sér stað og fyrir liggur að mismunandi skoðanir eru uppi innan Bandaríkjanna í þessu máli eins og oft vill verða. Þeir aðilar eru til sem telja að varnarviðbúnaðurinn hér á landi sé ekki nauðsynlegur í þeim mæli sem hann er nú. Íslenska ríkisstjórnin er því ósammála. Og það er það sem liggur fyrir. Þess vegna er það rétt sem hann segir að þeir aðilar eru til sem telja að rétt sé að draga úr umsvifunum hér. Það er hins vegar ekkert nýtt. Þær skoðanir hafa komið fram oft áður, en afstaða Íslands er alveg ótvíræð í þessu máli.

[12:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að heyra að NATO-fundurinn sé þá eitt af örfáum fyrirbærum þeirrar tegundar sem ekki hafa farið fram úr kostnaðaráætlun því það er ákaflega leiður plagsiður hér á Íslandi að yfirleitt flest sem farið getur fram úr áætlun gerir það. Það er í sjálfu sér gott að okkur gangi vel að halda stóra fundi og ráðstefnur. Ekki skal ég draga úr því. Hitt er svo annað mál að miklu fremur vildi ég að við byðum heim til annars konar fundarhalda heldur en þeirra sem þarna var gert. Ég held að við ættum miklu meira að horfa til þess að gera Ísland að ákjósanlegum griðastað og fundarstað þar sem menn eru að ráða ráðum sínum í friðsamlegum tilgangi eða uppbyggilegri viðfangsefni en þau sem tengjast hernaðarbröltinu í heiminum og þeirri gíðarlegu sóun sem það er auðvitað ávísun á. En það er nú staðreynd, herra forseti, að sennilega er hvergi í neinum málaflokki farið jafnilla með verðmæti og öðrum eins ósköpum sóað eins og einmitt í hernaðariðnaðinum öllum og öllum þeim óheyrilegu útgjöldum sem renna til vígbúnaðar og hernaðarmála og væri auðvitað miklu meiri þörf fyrir til annarra og uppbyggilegri hluta eins og þróunaraðstoðar og uppbyggingar af því tagi.

Varðandi viðræðurnar við Bandaríkin og þann ágreining sem er þá annars vegar innan bandarísku stjórnkerfisins, t.d. eins og stundum hefur verið látið í veðri vaka milli annars vegar varnarmálaráðuneytisins og hins vegar utanríkisráðuneytisins eða fjármálaráðuneytisins eða hvað það nú er í Washington og svo aftur Íslands, þá væri fróðlegt að vita hvort þarna sé uppi hernaðarlegur ágreiningur. Skilgreinir íslenska ríkisstjórnin varnarþörf Íslands út frá einhverjum öðrum forsendum og telur að okkur stafi meiri ógn af ástandinu í heiminum eða hér umhverfis okkur heldur en Bandaríkjastjórn? Í hverju er þá sá herfræðilegi ágreiningur fólginn?

[12:45]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins út af Atlantshafsbandalaginu taka fram að ekki var verið að fjalla um neitt hernaðarbrölt eins og hv. þm. orðaði það á fundinum hér. Atlantshafsbandalagið er árangursríkustu friðarsamtök í heiminum sem voru stofnuð í lok heimsstyrjaldarinnar í því augnamiði að koma í veg fyrir að eitthvað slíkt gerðist aftur. Það var Atlantshafsbandalagið sem fyrst og fremst kom því til leiðar að Berlínarmúrinn féll og ríki Austur- og Mið-Evrópu endurheimtu sjálfstæði sitt. Það var enn fremur Atlantshafsbandalagið sem lék stærsta hlutverkið í því að koma á friði á Balkanskaga.

Ég minni á að á fundinum í Reykjavík gerðust sögulegir atburðir í samskiptum Atlantshafsbandalagsins og Rússlands þannig að þessi fundur var mjög árangursríkur og skiptir miklu máli varðandi framtíð og frið í Evrópu.

Út af því sem hv. þm. spurði um í sambandi við Keflavíkurstöðina er það mat íslenskra stjórnvalda að um lágmarksvarnir sé að ræða að því er varðar Ísland. Það hafa ekki farið fram, enn sem komið er, viðræður milli landanna um hvert áhættumatið eigi að vera. En eins og hv. þm. veit eru viðsjár í heiminum og eins og ég sagði í ræðu minni hefur margt breyst frá því sem áður var. Hryðjuverkastarfsemi er því miður staðreynd og hér á landi hafa á síðustu árum átt sér stað æfingar um viðbrögð við slíkri vá. Það er nokkuð sem því miður er ekki hægt að útiloka að geti gerst hér á landi frekar en annars staðar.

[12:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta dálítið mótsagnakennt. Annars vegar er haldin hér lofræða um NATO. Það er mjög í tísku að tala um NATO sem nánast heilagt fyrirbæri, árangursríkustu friðarsamtök allra tíma. En hins vegar eru settar á ræður um það hversu miklar viðsjár séu í heiminum, og ræða hæstv. utanrrh. byrjaði á því. Hefur þetta verið sérstaklega friðvænlegt? Hvað eru styrjaldirnar margar sem einstök NATO-ríki hafa tengst á undanförnum árum? Kerfið hefur þá ekki skilað betri árangri en þetta. Allur vígbúnaðurinn. Þetta fyrirkomulag að ætla að reyna að gæta friðarins gráir fyrir járnum úti um allan heim. Skyldi ekki vera eitthvað bogið við þetta í grunninn? E.t.v. væri vænlegri aðferð til að tryggja frið, öryggi og stöðugleika í heiminum að beita alveg í grundvallaratriðum öðrum aðferðum, þeim sem sagt að uppræta fátækt og hungur og reyna að aðstoða menn við að koma á lýðræðislegu stjórnarfari, bæta lífskjör og annað í þeim dúr, beita fyrirbyggjandi aðgerðum í stað þess að ætla að fara um og slökkva eldana með hervaldi þegar þeir eru kviknaðir.

Það væri ákaflega fróðlegt við betra tækifæri að fara rækilegar ofan í þessa hluti eins og þeir snúa líka að Íslandi. Lágmarksvarnir að mati íslenskra stjórnvalda, segir hæstv.

ráðherra. Eru það fjórar F-15 orrustuþotur? Eru það lágmarksvarnir og u.þ.b. sá mannafli sem er í Keflavík í dag? Þær voru 16 fyrir nokkrum árum. Hver er óvinurinn sem ógnar Íslandi? Það er talað um hryðjuverk en ætla menn að uppræta þau með orrustuþotum, líka gagnvart Íslandi? Á að byggja upp varnir Íslands gegn slíku með því að vera í NATO og hafa hér orrustuþotur? Gæti ekki verið skynsamlegra að Ísland tæki sér allt aðra stöðu í þessu samhengi í heiminum og tryggði öryggi sitt einkum og ekki síst með því að allir vissu að við værum þeim ekki ógn? Við gætum haldið hér uppi lágmarksöryggisgæslu á flugvöllum og annars staðar til þess að einstakir bandíttar gætu ekki valdið hér usla. Það væri nær þeirri skilgreiningu á lágmarksöryggisgæslu sem ég mundi viðhafa.

[12:50]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Þeir sem rætt hafa á undan mér um skýrslu hæstv. utanrrh. hafa lokið lofsorði á hversu yfirgripsmikil hún væri. Ég er ekki í þeim hópi. Ég get ekki tekið undir það. Mér finnst vera fátt nýtt þar að finna og í raun og veru á stundum sérkennilegur lopi teygður.

Það vekur hins vegar athygli mína ýmislegt sem þarna er ekki að finna og má ég þá nefna Schengen, þetta fyrirbrigði sem kostað hefur íslenska þjóð milljarða og hefur líklega ekki orðið til neins nema verða henni heldur fjötur um fót og opnað leiðir fyrir glæpalýð inn í landið. Ég sakna þess sérstaklega að hæstv. utanrrh. skyldi ekki gera sérstaka grein fyrir þeim samningi sem ríkisstjórnin gerði við hernaðaryfirvöld í Prag um það að leggja fram sérstakt framlag ef stríð brytist út með því að flytja hergögn og vopn, vopn og herlið. Meira að segja kom það fram í skýrum fréttum aðstoðarritstjóra Morgunblaðsins að það væri þegar búið að semja við íslensk flugfélög um þessa flutninga. Síðan var með öllum hætti reynt að hlaupa fyrir horn í þessu máli en þetta er samt staðreynd og þótt ég hafi í mörgu verið sammála utanríkisstefnu Íslands í heild sinni er þó þarna atriði sem ég mun gagnrýna af fullkominni alvöru.

Hann hefði mátt láta þess getið, hæstv. utanrrh., og lýsa dálítið fyrir okkur þessum glæsibyggingum sem verið er að taka í notkun fyrir sendiherra okkar, bæði í Japan og Berlín. Í Berlín mun húsnæðið kosta um milljarð en það var tekið fram í fréttinni að lóðin væri ansi góð. Í Japan var sett upp sendiráð með milljarðs króna kostnaði þar sem viðskiptajöfrar okkar, sölusamtökin í sjávarútvegi, sem eiga þar aðallega hlut að máli höfðu séð um þetta sjálfir með ágætum. En það er þetta yfirlæti og eyðsla sem ég gagnrýni.

Þótt það sé kannski ekki beinlínis utanríkismál hefði verið fróðlegt að heyra frá máli sem heyrir beint undir utanrrh. og það er Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. og þeir framsóknarviðskiptahættir sem þar eru viðhafðir. Kannski gefst tækifæri til þess síðar að fjalla sérstaklega um það mál.

Hæstv. utanrrh. hóf ræðu sína á því að í heiminum væru á ferðinni nýjar ógnanir. Og rétt er það. Má ég skjóta því inn í til gamans að hæstv. ráðherra notar orðið ögurstund sem einhvers konar úrslitastund eða örlagastund. Þetta er rangt. Ögurstund þýðir það ekki neitt. Ögurstund er sú hugsaða stund sem er á liggjandanum, hvort heldur er milli fjöru eða flóðs. Þetta snertir nú meira sérstakt áhugamál mitt um íslenska tungu. Það er talað um síversnandi ástand fyrir botni Miðjarðarhafs, og hefur það ekki borið fyrir að menn reki ógnarástandið sem upp hefur risið, t.d. árásina á New York, til Miðjarðarhafslanda, til þeirra átaka sem þar eiga sér stað milli Ísraels og Palestínu? Um það hefur maður lesið í blöðum. Þegar það er haft í huga að það er eitt voldugt ríki sem hefði getað verið búið að skipa þar til verka og setja á frið, Bandaríki Norður-Ameríku, spyr maður: Hvernig má það vera að ekkert hefur verið aðhafst í tíð þessa Bush bardagamanns? Það var á tíð Clintons sem hann gerði ítrekaðar tilraunir til þess en Bush hefur farið þveröfuga leið, hefur spanað upp Sharon þennan sem mest má verða. Og meðan menn kynda slíkt bál er ekki von á góðu um frið í heiminum eða að spornað verði við hermdarverkum. Svo hastarlegt er það að hermdarverkin ógnarlegu í New York eru af ýmsum rakin til þeirra átaka þar sem múslimar í Palestínu eru leiknir með þeim hætti sem raun ber vitni.

Hér sagði hæstv. ráðherra, með leyfi forseta: „Að sjálfsögðu erum við öll sammála um að markmið alþjóðasamfélagsins hljóti að vera að koma í veg fyrir stríð. Ég legg því áherslu á að leitað verði friðsamlegrar lausnar á málinu. Hernaðarátök eru neyðarúrræði."

Hver eru þessi öll? Það eru væntanlega Íslendingar, og það eru ýmsar Evrópuþjóðir eins og Þjóðverjar og Frakkar en undir þessu þar sem talað er um alla, og þar er vitnað til alþjóðasamfélagsins, getur a.m.k. ekki verið átt við Bandaríkjamenn, eina stórveldi heims, eins og það fer sínu fram í þessum málum.

Hér segir svo hæstv. ráðherra síðar í ræðunni, með leyfi forseta: „Sameinuðu þjóðirnar verða að halda á málum með þeim hætti að enginn efist um vald þeirra og getu til að fylgja eftir ákvörðunum sínum. Sameinuðu þjóðirnar hafa grundvallarhlutverki að gegna og kemur engin stofnun í þeirra stað."

Hvað segir USA um þetta? Hvað segja Bandaríkjamenn um þetta sem marglýsa því yfir að þeir muni fara sínu fram hvað sem líði ályktunum Sameinuðu þjóðanna? Það hefur að vísu verið gerð tilraun til þess að leysa málið á grundvelli Sameinuðu þjóðanna en ef það skyldi dragast ætla þeir að fara sínu fram. Hverjir eru það þá sem setja Sameinuðu þjóðirnar niður með svo hastarlegum hætti sem það virðist vera?

Ég er ekki ósammála þeirri niðurstöðu sem íslensk stjórnvöld komast að í sambandi við þetta hættuástand en þau virðast eins og fleiri gleyma því að ekki veldur einn þá tveir deila. Ég hygg að Saddam Hussein verði ekki beygður nema menn hafi í bakhöndinni hótun um valdbeitingu og auðvitað ættu Bandaríkjamenn allra manna best að vita hvernig innréttingin er í Saddam Hussein, þessum fyrrv. bandamanni sínum sem þeir studdu af miklu kappi og alúð í stríðinu við Íran á sínum tíma. Við skulum ekki efast um þekkingu þeirra á „gamla vininum".

Ég bið og segi að vopnahlésnefndinni verði gefinn rýmri tími, og raunar þyrfti að gefa henni allan þann tíma sem hún telur nauðsynlegan sjálf. Það verður að ráða bót á þessum ógnunum og ein aðalaðferðin til að ráða bót á þeim þar austur frá er að setja niður deilur Ísraela og Palestínumanna sem Bush þvert á móti eflir.

Hér er kafli um ESB. Ég gef mér ekki tíma til að lesa hann en vitna til þess sem hér segir, með leyfi forseta: „Nauðsynlegt samráð Bandaríkjanna og Evrópu færi þá jafnvel fram í ríkara mæli utan veggja bandalagsins, jafnvel beint milli Bandaríkjanna og ESB, þegar taka á afdrifaríkar ákvarðanir á sviði öryggis- og varnarmála. Ágreiningur ESB-ríkja undanfarnar vikur vegna Íraksdeilunnar bendir þó til þess að enn skorti nokkuð á að unnt sé að tala um sameiginlega utan-

ríkisstefnu Evrópusambandsins. Að því er hins vegar stefnt að samstarf ESB-ríkja í utanríkis-, öryggis- og varnarmálum verði æ umfangsmeira og nánara."

Hvaða klofningur er í sambandi við stefnu Evrópuþjóða og Bandaríkjanna í Íraksmálinu? Er það klofningur þótt Þjóðverjar og Frakkar vilji fara aðra leið að settu marki um lausn þessarar háskalegu deilu? Hér er greinilega verið að víkja að því að ESB-ríkin taki utanríkis-, öryggis- og varnarmál æ fastari tökum, og samvinna okkar, eins og segir hér, við Evrópusambandið gæti af þeim sökum orðið margþættari og snert önnur grundvallaratriði en þau er snúa að innri markaðnum og EES. Hér er verið að tína til enn ein rökin fyrir því að við eigum að ganga í ESB. Orðrétt segir, með leyfi forseta: „Með stækkun Evrópusambandsins verða þessar spurningar jafnvel enn áleitnari."

Ég verð nú að segja að þessi kafli ræðunnar er nokkurs konar fimbulfamb sem ég kann ekkert að meta og þarfnaðist miklu ræki legri yfirvegunar en hér gefst kostur á. Hér segir enn, með leyfi forseta:

„Heimsbyggðin þarfnast samstillts átaks Evrópu og Bandaríkjanna. Gæta verður þess að þær raddir verði ekki of háværar eða reynist sannar sem telja þá gjá illbrúanlega sem menn þykjast sjá vera að myndast milli álfanna tveggja."

Hver hefur verið aðalgjámyndarinn? Kannast hæstv. utanrrh. nokkuð við mann sem heitir Rumsfeld? Er það ekki hann sem hefur aðallega myndað og mótað þessa gjá? Um það fer ekkert á milli mála. Hann lætur svo við Þjóðverja og Frakka að þeir lifi í gömlum tíma. Hann talar lítilsvirðandi til þeirra, talar niður til þeirra með ósvífnu orðalagi. Það er hann sem er að móta þessa gjá fyrst og fremst.

Hér segir enn, með leyfi forseta: „Sum ríki Evrópusambandsins virðast ætla sér það hlutverk að vera þar mótvægi og í því ljósi ber að skoða þann skoðanaágreining sem upp kom innan Atlantshafsbandalagsins."

Þegar Evrópuríki leyfa sér að hafa sjálfstæðar skoðanir og aðrar en Bandaríkin í einstökum málum er verið að tala um að þau ætli að mynda einhvers konar mótvægi gegn Bandaríkjunum. Þetta eru spekúlasjónir sem ekki er gerandi mikið með. Hér er enn vikið að því, herra forseti, að við Íslendingar höfum haft einarða afstöðu til varnarbandalagsins, Atlantshafsbandalagsins, og raunar Evrópusambandsins á sviði öryggis- og varnarmála. „Ísland hefur alla tíð stutt þá þróun verði þess vandlega gætt að staðinn verði vörður um Atlantshafstengslin þannig að ekki þurfi að koma til þess að ríki neyddust til að velja á milli ríkja Norður-Ameríku og Evrópu í því mikilvæga samstarfi."

Hvers vegna í ósköpunum er fitjað upp á þessu hér? Hvers vegna eru þær aðstæður orðnar nú að við t.d. neyddumst til þess að taka afstöðu og velja á milli Norður-Ameríku og Evrópu í þessu samstarfi enda þótt smáágreiningur sé uppi um aðferðir við lausn Íraksdeilunnar? Þetta eru allt saman hugarórar og tilbúningur. Enn segir hér að aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins fjölgi í 26, og með leyfi forseta: „Ísland hefur ætíð stutt stækkunaráform bandalagsins. Ekki síst hafa stjórnvöld lagt áherslu á mikilvægi aðildar Eystrasaltsríkjanna sem eru í hópi hinna nýju aðildarríkja nú. Í þeirri umræðu, sem áður var rakin um tengslin yfir Atlantshafið, er áhugavert að hin nýju aðildarríki virðast leggja jafnríka áherslu og Ísland á tengslin yfir Atlantshafið og mun það án efa styrkja bandalagið."

Ég leyfi mér að fullyrða að enda þótt þessir úfar hafi risið meðal Atlantshafsbandalagsþjóðanna sé engin ástæða til þess að mikla það fyrir sér að hér sé heimurinn eða þessi lýðræðisríki að klofna í tvennt. Við vitum vel að eina stórveldið í heiminum er Bandaríkin og til þeirra þurfum við að snúa okkur um það að gæta til allra átta um að fara ekki fram með slíkum ofsa sem til að mynda Rumsfeld og Cheney, varaforseti í Bandaríkjunum, gera og raunar Bush einnig.

Svo koma hér enn furðulegar vangaveltur, með leyfi forseta: „Frekari stækkun bandalagsins [þ.e. Atlantshafsbandalagsins] til austurs mun eigi að síður geta leitt til þess að Ísland færist utar á jaðar þess, en sú þróun hófst reyndar þegar að kalda stríðinu loknu." — Utar á jarði Atlantshafsbandalagsins. Erum við ekki mitt á milli sterkasta aðila að Atlantshafsbandalaginu og Evrópuþjóða þótt það færist eitthvað austur líka, Atlantshafsbandalagið? Hvers slags umræða er þetta og til hvers er upp á henni fitjað? Það er nokkuð sem ég fæ ekki skilið. Það er verið að gera því á fæturna hér aftur og aftur að Atlantshafsbandalagið sjálft sé í einhverri hættu, að Evrópusambandið segi þá skilið við það og myndi sín eigin varnarsamtök o.s.frv.

Hæstv. utanrrh. víkur sérstaklega að Norðvestur-Evrópu og tekur það fram sem rétt er og mikilvægt að við höfum sem nánast samstarf við nánustu vini okkar, eins og í Færeyjum og Grænlandi og víðar. Hæstv. ráðherra gæti orðið sér úti um upplýsingar, t.d. um það hvernig þeir í Færeyjum framkvæma fiskveiðistjórn sína. Það gæti orðið okkur gagnlegra en allt annað að við tækjum upp þá stefnu í framkvæmd sem þeir hafa í fiskveiðistjórnarmálum. Á það hefur ekki mátt minnast en þeir gætu kennt okkur það sem okkur kæmi best, Íslendingum, enda hefur sú stefna reynst með þeim hætti að þar hafa fiskstofnar styrkst og þar hefur sjávarútvegurinn eflst á meðan hér stefnir í allt aðra átt, t.d. um fiskverndarsjónarmiðin.

Hér hafa hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sérstaklega, og hæstv. utanrrh. einnig velt mjög vöngum yfir Evrópusambandinu. Um það snerist öll ræða hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og kom á óvart eftir það að svo virtist vera sem þessir forustumenn Samfylkingar og Framsfl. hefðu afgreitt þetta mál út af borðinu eins og sakir standa. Það má minna á það, það er kannski ekki frágengið en það er búið að tilnefna menn í sérstaka nefnd sem mun ræða þetta mál og rannsaka sérstaklega fyrir forgöngu hæstv. forsrh. Það kom fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að með öllu er útilokað að við getum gengið til þess leiks að ganga í Evrópusambandið á meðan fiskveiðilögsögumálin, fiskveiðimálin, eru með þeim hætti eins og staðreyndir bera með sér innan Evrópusambandsins. Og allt tal hans um það að við gætum notið þar einhverrar sérstakrar undanþágu er á engum rökum reist.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:10]

Heimsókn forseta norrænu þjóðþinganna.

[13:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil vekja athygli háttvirtra alþingismanna á því að forsetar þjóðþinga Norðurlanda eru staddir á þingpöllum ásamt fylgdarliði. Þingforsetarnir eru staddir hér á landi á árlegum samráðsfundi forsetanna.

Ég vil fyrir hönd Alþingis bjóða þingforsetana, Riittu Uosukainen, forseta finnska þingsins, Eduskunta, Ivar Hansen, forseta danska þingsins, Folketinget, Jørgen Kosmo, forseta norska þingsins, Stortinget, og Björn von Sydow, forseta sænska þingsins, Ríksdagen, velkomna í Alþingishúsið og ég vænti þess að heimsókn þeirra til Íslands verði til þess að styrkja enn frekar þau góðu tengsl sem eru milli þinganna.

Alþingi vottar hinum norrænu gestum og þeim vinaþjóðum sem þeir eru fulltrúar fyrir vináttu og virðingu. Ég bið háttvirta alþingismenn að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 14. og 15. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál, frh. einnar umr.

[13:33]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hæstv. utanrrh. fyrir yfirgripsmikla ræðu um utanríkismál. Það er ljóst af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram, eins og við vitum öll, að umræða um utanríkismál er nánast ótæmandi og snertir hagsmuni okkar Íslendinga á einn eða annan hátt. Ég vil í máli mínu hér fyrst og fremst gera grein fyrir helstu atriðum er varða Íslandsdeild ÖSE-þingsins fyrir árið 2002 og vísa í skýrslu sem liggur á borðum hv. þingmanna.

Það er ljóst, herra forseti, að ógnir og viðsjár á alþjóðavettvangi eftir hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin þann 11. september 2001, hafa haft miklar og ófyrirséðar afleiðingar á alþjóðasamskipti og þar af leiðandi starfsemi allra helstu fjölþjóðastofnana sem vinna að öryggismálum í víðasta skilningi þess orðs. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu er þar ekki undanskilin og hefur stofnunin beitt sér af fullum þunga í hinni alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi. Á níunda ráðherrafundi ÖSE sem efnt var til í Búkarest í desember 2001 samþykkti ráðherraráðið víðfeðma áætlun um baráttu gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi sem nefnd er Búkarest-áætlunin. Í þeirri áætlun er hryðjuverkastarfsemi skilgreind sem ógn við alþjóðlegan frið og öryggi, jafnt á ÖSE-svæðinu sem annars staðar í veröldinni. Er því lýst yfir að ÖSE sé reiðubúin að leggja sitt af mörkum í hinni alþjóðlegu baráttu í náinni samvinnu við aðrar alþjóðastofnanir. ÖSE hefur starfað ötullega að þessum málum á síðasta ári og hefur þingmannasamkunda ÖSE, ÖSE-þingið, lagt sín lóð á þær vogarskálar í störfum sínum. Þema ársfundar ÖSE-þingsins sem haldinn var í Berlín í júlí sl. var hin alþjóðlega barátta gegn hryðjuverkastarfsemi og hlutverk ÖSE í þeim efnum. Ársfundurinn ályktaði um þessi málefni í yfirlýsingu sinni sem kennd er við Berlín.

Hefðbundin verkefni ÖSE á sviði friðar, öryggis og samvinnu ríkja í Evrópu og varðstaða um virðingu fyrir mannréttindum íbúa álfunnar hafa þó ekki fallið í skuggann af hinum nýju ógnum. Verkefni á þessum málefnasviðum hafa einmitt aukist mjög að vægi með nýjum ógnum og ÖSE er einkar vel í stakk búin að aðstoða aðildarríki sín við að leggja grunn að samfélagslegu öryggi þegnanna.

Íslandsdeild ÖSE-þingsins var þannig skipuð árið 2002: Magnús Stefánsson, þingflokki Framsóknarflokks, formaður, Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, varaformaður, og Guðjón Guðmundsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks.

Íslandsdeildin tók þátt í fundum málefnanefnda ÖSE-þingsins og stjórnarnefndar í Vínarborg í byrjun síðasta árs. Var það í fyrsta sinn sem fundir voru haldir í öllum nefndum þingsins í Vínarborg, en ákvörðun um slíkt fyrirkomulag hafði verið tekin árið áður, m.a. í þeim tilgangi að efla starfsemi þingsins og auka tengsl við embættismenn ÖSE. Á fundinum í Vín var fjallað almennt um starfsemi ÖSE og þau fjölmörgu verkefni sem ÖSE tekur þátt í og miða að öryggismálum, mannréttindamálum og samvinnu ríkja. ÖSE beinir kröftum sínum mjög að baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi og er lögð áhersla á að þrátt fyrir það verði lýðréttindi fólks ekki skert. Lögð er áhersla á að hlutverk þingmanna á ÖSE-þinginu sé ekki aðeins að beita sér fyrir hertari löggjöf á þjóðþingum sínum til að stemma stigu við hryðjuverkum heldur einnig að efla tengslin við mismunandi menningar- og trúarhópa.

Á næstu árum er líklegt að eitt helsta hlutverk ÖSE verði að efla tengsl við mismunandi menningarsvæði sem eru í eða við jaðra álfunnar. Einnig er ljóst að málefni þjóðanna á Balkanskaga verða áfram mikilvægur þáttur í starfsemi ÖSE.

Íslandsdeildin sótti ársfund ÖSE-þingsins sem haldinn var í Berlín í júlí sl. Meginefni fundarins var viðbrögð við hryðjuverkastarfsemi og hin nýju verkefni sem baráttunni gegn slíkri starfsemi fylgja. Tóku skýrslur og ályktanir málefnanefnda mið af meginefninu, þar sem fjallað var m.a. um hlutverk Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu í baráttunni gegn hryðjuverkum, efnahagslega hlið baráttunnar gegn hryðjuverkum og mikilvægi þess að ráðast að samfélagslegum rótum alþjóðlegrar hryðjuverkastarfsemi.

Eins og áður segir voru niðurstöður Berlínarfundarins sameinaðar í eina stóra ályktun, Berlínar-yfirlýsingu ÖSE-þingsins. Auk ályktana málefnanefndanna þriggja innihélt yfirlýsingin viðbótarályktanir um stöðu mála í Hvíta-Rússlandi, stöðu mála í Moldavíu, uppbyggingu í suðausturhluta Evrópu, mansal, ofbeldisverk gegn gyðingum, mannréttindi og baráttuna gegn hryðjuverkastarfsemi, og menntunarmál Róma eða sígauna. Auk þessara málefna ályktaði þingið sérstaklega um bann við framleiðslu jarðsprengna og hins vegar um áhrif hryðjuverkastarfsemi á stöðu kvenna.

Einn liður í störfum ÖSE-þingsins er að veita blaðamannaverðlaun, m.a. fyrir umfjöllun um mannréttindamál og baráttu fyrir auknu lýðræði. Að þessu sinni voru blaðamönnum frá Austurríki og Hvíta-Rússlandi veitt þessi verðlaun.

Í tengslum við fundi ÖSE-þingsins héldu þingkonur sérstakan fund þar sem m.a. var fjallað um stöðu kvenna innan þingsins. Eitt af áhyggjuefnum er hve fáar konur eru fulltrúar aðildarríkjanna á þinginu, en svo hefur verið um árabil.

Á fundi stjórnarnefndar ÖSE-þingsins sl. haust var sérstaklega fjallað um samskipti ÖSE-þingsins við Miðjarðarhafsríkin en mikill áhugi hefur verið fyrir því að efla þau tengsl, ekki síst í ljósi hinnar alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkum.

Herra forseti. Það er augljóst, eins og fyrr segir, hve árásirnar á Bandaríkin hafa valdið miklum vatnaskilum í samskiptum þjóða heims. Friðelskandi þjóðir hafa tekið höndum saman í baráttunni gegn skipulagðri starfsemi á sviði hryðjuverka og fer sú barátta að miklu leyti fram á vettvangi alþjóðastofnana. Á ÖSE-þinginu þar sem 320 þjóðkjörnir fulltrúar frá 55 ríkjum eiga sæti ríkir mikil eindrægni um hvaða leiðir beri að fara í þeirri baráttu. Fulltrúar afar ólíkra þjóða í Evrópu og Norður-Ameríku hafa tekið höndum saman í sameiginlegri baráttu gegn hryðjuverkaógninni og samhliða þeirri baráttu er lögð rík áhersla á að aðgerðir skerði ekki almenn mannréttindi borgaranna.

Það er ljóst að hryðjuverkastarfsemi er ekki sjálfsprottin. Samspil ýmissa þátta svo sem fátæktar, harðstjórnar og fáfræði í einstökum þjóðfélögum elur af sér og skapar grundvöll fyrir hryðjuverkaöfl. Það er og verður eitt af mikilvægustu verkefnum í samstarfi þjóðanna að vega að rótum vandans með aðgerðum sem fela m.a. í sér að vinna gegn fátækt, efla menntun almennings og berjast gegn harðstjórn og mannréttindabrotum sem viðgangast allt of víða. Á ÖSE-þinginu eru fulltrúar sammála um að leita verði allra leiða til þess að rjúfa þann vítahring sem augljóslega er fyrir hendi og skapar grundvöll skipulagðrar hryðjuverkastarfsemi í heiminum í dag.

Hin 55 aðildarríki ÖSE eru mislangt komin á þróunarbraut mismunandi sviða og þessi staðreynd varpar ljósi á mikilvægi þess að þær þjóðir sem hafa verið þeirrar gæfu aðnjótandi að búa við lýðræði, virðingu fyrir mannréttindum og réttarríki stuðli að því að sömu forsendur gildi á ÖSE-svæðinu öllu. Á þessu sviði höfum við Íslendingar margt fram að færa. Aðstæður okkar Íslendinga veita okkur ákveðna vernd gegn ógnum samtímans. Engu að síður getum við ekki álitið sem svo að við séum laus við þær ógnir þar sem við erum hluti af alþjóðlegri heild og tökum virkan þátt í samstarfi þjóða heims í þessum málaflokki. Það er okkur mikilvægt vegna þeirra aðstæðna sem uppi eru í heiminum í dag. Grundvallarforsendur íslensks samfélags eru þær sömu og ÖSE starfar eftir. Þar með er stofnunin ákjósanlegur vettvangur til samstarfs á ýmsum sviðum og ber samstarfið gegn hryðjuverkum því glöggt vitni. Á þessum grundvelli heldur ÖSE uppi öflugu og skilvirku starfi víðs vegar um Mið- og Austur-Evrópu og í ríkjum fyrrum Sovétríkjanna þar sem unnið er að því markmiði að byggja upp og treysta innviði þjóðfélaga. Þar með er ÖSE mikilvæg stoð í öryggiskerfi Evrópu og þess ber að geta að margir mjög hæfir Íslendingar taka þátt í þessu starfi og hafa verið valdir til starfa fyrir ÖSE, m.a. í gegnum Íslensku friðargæsluna. Það er sérstakt ánægjuefni hve Ísland hefur lagt mikið af mörkum í þessu starfi sem varðar svo mjög framtíðina í heimshluta okkar.

Alþjóðleg samstaða og samræmdar aðgerðir eru mikilvægar vegna þess að hryðjuverkastarfsemi er aðeins einn þáttur þeirrar glæpastarfsemi sem kalla má óhefðbundnar ógnir og birtast til að mynda í mansali, skipulagðri eiturlyfjaframleiðslu og smygli, alþjóðlegu fjárþvætti, átökum þjóðernis- og trúarhópa og þjóðflutningum. Margar þessar ógnir eru tengdar innbyrðis og eiga það sameiginlegt að þekkja ekki landamæri þjóða. Á þessu sést að alþjóðleg samstaða um aðgerðir til að sporna við og snúa þessari þróun við er algjör grundvallarforsenda.

Þegar fjallað er um aðgerðir alþjóðasamfélagsins gegn þeim ógnum sem við stöndum frammi fyrir má ekki líta fram hjá því að Vesturlönd bera mikla ábyrgð. Víða í okkar heimshluta eru aðstæður sem skapa jarðveg fyrir hryðjuverk og glæpastarfsemi. Það felst m.a. í öryggisleysi íbúanna, kúgun þeirra og mismunun, fátækt og lágu menntastigi. Það hlýtur því að vera fyrst og fremst á ábyrgð lýðræðisríkja að styðja við bakið á fátækari ríkjum sem búa við vanþróað lýðræðiskerfi og vinna að því markmiði að tryggja einstaklingum mannsæmandi tilveru og lífsafkomu og koma þannig í veg fyrir að öfga- og glæpaöfl eigi greiða leið að hugum og hjörtum fólks.

Það er ljóst að miklar breytingar eru og munu verða á öryggis- og varnarumhverfi Evrópu sem munu að mörgu leyti taka stakkaskiptum á komandi árum. Alþjóðasamskipti eru í örri þróun og Íslendingar eru þar virkir þátttakendur. Nýjar ógnir af hendi hryðjuverkaafla og útlagaríkja, stækkun Atlantshafsbandalagsins og stækkun Evrópusambandsins eru allt þættir sem kallað hafa á aðrar lausnir og önnur viðmið en áður giltu. Með þátttöku í umræðum um þessi mál á vettvangi þjóðkjörinna fulltrúa annars vegar og á vettvangi stjórnvalda hins vegar ásamt þátttöku íslenskra starfsmanna sem taka beinan þátt í aðgerðum ÖSE leggur Ísland sitt af mörkum í samstarfi þjóðanna í baráttu fyrir betra og öflugra og öruggara alþjóðlegu samfélagi framtíðarinnar.

Ég vil að lokum geta þess, herra forseti, að afar farsælt samstarf hefur verið með Íslandsdeild ÖSE-þingsins og fastanefnd Íslands hjá ÖSE í Vínarborg. Fastanefndin innir þar afar mikilvægt starf af hendi undir stjórn Þórðar Ægis Óskarssonar sendiherra og þykir Íslandsdeildinni rík ástæða til að þakka fyrir þau störf.

[13:44]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir ágæta skýrslu. Mér finnst þessi umræða, eins og hún hefur farið fram hér í morgun, hafa verið góð. Það er mikilvægt að þingmenn noti þessa umræðu til að taka fyrir ólíka þætti utanríkismála og utanríkissamvinnunnar, en ekki endilega einungis þau atriði sem hæstv. ráðherra drepur á í ræðu sinni. Í upphafi ræðu sinnar nefnir utanrrh. þær viðsjár sem þurfi að varast um þessar mundir. Það er rétt að þjóðir heims hafa sameinast í baráttunni gegn hryðjuverkum. En það er jafnvíst að það hefur hentað Bandaríkjamönnum að beita 11. september fyrir sig í umræðunni um baráttu þeirra gegn ríkjunum sem Bush Bandaríkjaforseti fellir undir samheitið öxulveldi hins illa og má þar nefna Írak fremst meðal jafningja ef svo má að orði komast.

Sú staða sem komin er upp núna í Miðausturlöndum, Ísrael og Palestínu annars vegar og Írak hins vegar með Saddam Hussein með einræðisvöldin, sýnir að mínu viti tvennt. Í fyrsta lagi hafa vesturveldin ekki haldið vel á málum fram að því að í óefni er komið eins og raun ber nú vitni. Og í öðru lagi eru Bandaríkin ráðandi um framvinduna á báðum vígstöðvum.

Ég lýsi ánægju minni með að í ræðu fastafulltrúa okkar hjá Sameinuðu þjóðunum í öryggisráðinu núna 19. febrúar sl. setti Ísland afdráttarlaust fram þá afstöðu að gefa eigi vopnaeftirlitsmönnum Sameinuðu þjóðanna viðbótarsvigrúm. Það er sama afstaða og Samfylkingin hefur tekið. Það er þannig að hörð viðbrögð þjóða og almennings ættu að fá Bandaríkjaforseta til að staldra við vegna þess að Bandaríkin njóta stuðnings þjóða heims í baráttu gegn hryðjuverkasamtökum. Það er ekki ásættanlegt að þegar afdráttarlaus afstaða er tekin hjá svo ráðandi þjóðum, þeim 11 af 15 sem eiga sæti í öryggisráðinu, bregðist Bandaríkin þannig við að hegna eigi t.d.

Þýskalandi fyrir andstöðuna með því að draga úr þýðingarmiklu samstarfi í varnarmálum. Þýskaland á að fá sína lexíu fyrir að hafa beitt sér gegn innrásaráformum Bush. Þetta finnst mér, virðulegi forseti og hæstv. utanrrh., alvarlegt umhugsunarefni fyrir aðra samstarfsaðila Bandaríkjastjórnar.

Flokksstjórn Samfylkingarinnar kom saman í Borgarnesi fyrir nokkru síðan og þá var ályktað um Írak, og áformum Bandaríkjastjórnar um að ráðast inn í Írak harðlega mótmælt. Fundur okkar lagði áherslu á að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna leitaði allra leiða til að koma í veg fyrir styrjöld og að vopnaeftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna fengju nægan tíma til þess að athafna sig í Írak. Auðvitað vísar fundurinn til ályktunar öryggisráðsins nr. 1441 og þeirra skilyrða sem þar þarf að framfylgja svo afvopnun geti farið fram.

Við höfum áhyggjur af því, virðulegi forseti, að aðferðafræði Bandaríkjastjórnar í alþjóðasamskiptum sé orðin svo breytt og ný vegna baráttunnar gegn hermdarverkum. Það er afstaða Samfylkingarinnar að í upphafi 21. aldar sé þess að vænta að Sameinuðu þjóðirnar séu færar um að leysa alvarlega deilu sem þessa sem nú blasir við með öðrum hætti en með stríði.

Það er líka umhugsunarefni, virðulegi forseti, að talið er að stríð í Írak kosti 95 milljarða bandaríkjadollara. Það munu vera 7–8 þús. milljarðar íslenskra króna. Fjárhæðin er svo há að það er eiginlega óraunverulegt að átta sig á henni, það yrði að heimfæra hana yfir á beinharða hluti til að skilja innihald þessarar tölu. Mikið væru þessir fjármunir betur komnir í uppbyggingarstarfi í fátækum eða stríðshrjáðum löndum. Hvað ætli hafi farið miklir fjármunir til Afganistans til uppbyggingar að loknu stríðinu þar? Ef við lítum á það stríð sem þegar var háð í Írak í upphafi síðasta áratugar fórust almennir borgarar og börn svo skipti hundruðum þúsunda. Á þessum sama tíma er líka milljón manns í neyð samkvæmt fréttum í Palestínu. Hungursneyð vofir yfir og hjálparþörf er verðlögð þar á rúman einn milljarð dollara. Þar ala konur börn við vegatálma, vegir eru lokaðir og búist er við alútgöngubanni þegar stríð skellur á í Írak.

Það er hollt fyrir okkur að líta á þessar staðreyndir þegar verið er að tala um stríðið, eins og stríð eða ekki stríð og innrás eða ekki innrás. Þarna á bak við eru mjög alvarlegir hlutir og gífurlegir fjármunir.

Áður en ég vík frá ástandinu fyrir botni Miðjarðarhafs vil ég aðeins árétta það sem kom fram hjá formanni Samfylkingarinnar í umræðunni í morgun. Það var ályktunin sem samstaða náðist um um deilur Ísraels og Palestínumanna og formaðurinn varpaði þessu fram: Hvernig er slíkri ályktun framfylgt af hálfu utanrrn.? Það er ekki nóg að álykta hér í þessum þingsal ef ályktunin fer ekkert áfram eða henni er ekki framfylgt.

Ég sagði áðan að í svona umræðu væri mikilvægt að drepa niður fæti á ýmsum sviðum og mig langar að taka fyrir friðargæsluna. Við í Samfylkingunni höfum stutt það að byggja upp Íslensku friðargæsluna. Hún telur núna um 25 manns og þar af eru 10 í Pristina. Sjónum er beint að því að e.t.v. er sú aðgerð mikilvæg með tilliti til þess að sýna hvað Ísland getur staðið fyrir og hvað Norðurlöndin standa fyrir. Ég ætla nefnilega að tengja þetta umræðu um Norðurlönd.

Við höfum tekið þátt í sérstökum verkefnum á vettvangi Norðurlandanna, t.d. á Sri Lanka sem er afar gott mál. En innan Norðurlandaráðs er mikill áhugi á því að efla og jafnvel formfesta samstarf um svokallað „krigshantering" sem hér hefur verið kölluð friðargæsla en þar undir telst fyrirbyggjandi starf á spennusvæðum, áhættustjórnun og uppbyggingarstarf í kjölfar átaka. Ég hef verið talsmaður fyrir hönd forsætisnefndar Norðurlandaráðs í þessum málaflokki eftir að hafa setið í starfshópi ráðsins sem skilaði skýrslu og tillögum um aukið samstarf Norðurlandanna. Því miður hagaði svo til að hæstv. utanrrh. sat ekki þá tvo hádegisfundi sem með árs millibili hafa verið haldnir með utanríkisráðherrum Norðurlandanna og forsætisnefnd, heldur var samstarfsráðherra Norðurlandanna í hans stað á fundunum. Þessi mál hafa fengið talsvert vægi hjá Norðurlandaráði og það olli okkur miklum vonbrigðum að ráðherrarnir léðu hvorki máls á því að stofna fastan samráðshóp til að kanna aukna samvinnu né þeim möguleika að setja á laggir sameiginlegt norrænt hraðlið. Það er mat forsætisnefndar og Norðurlandaráðs að góður orðstír Norðurlanda sé afar gott veganesti inn í samvinnu af þessu tagi, að sveit Norðurlandanna muni hafa allt aðra ásýnd hjá fjarlægum þjóðum en almennt lið af Vesturlöndum og að þetta geti orðið þýðingarmikið varðandi borgaralega uppbyggingarstarfsemi á átakasvæðum þar sem Norðurlönd geta verið fyrirmynd.

Það verður þó að segjast að eftir seinni fundinn er ekki laust við að skilningur hafi vaknað eða áhugi hjá utanrrh. á þessu máli og það hefur a.m.k. verið ákveðið að embættismenn haldi formlegan fund um málið. Einstaka utanríkisráðherrar hafa tjáð sig jákvætt um aukna samvinnu meðal Norðurlandanna og ég hvet utanrrh. til þess að vera í þeim hópi.

Mig langar líka í þessari umræðu að víkja að svæðasamstarfi. Hnattvæðingin hefur gefið svæðisbundnu samstarfi landa aukna vigt, sérstaklega landa með sama gildismat og grunnviðhorf. Saman geta þessi lönd haft mjög mikil áhrif og staðið vörð um grundvallaratriði í samstarfi á alþjóðavettvangi. Norðurlönd eiga mjög mikið sameiginlegt og setja velferðarmál í öndvegi og á mörgum sviðum. Þar sem Norðurlönd eru smá hvert um sig eiga þau möguleika á að ná miklum árangri saman í alþjóðasamstarfi. Þegar við tölum um svæðasamstarf eða samstarf sem Ísland á í, t.d. formlegt, er ekki hægt að líta fram hjá Norðurlandasamstarfinu sem ég hef alltaf sett afar hátt. Ég á sæti í forsætisnefnd Norðurlandaráðs, auk þess að vera fulltrúi í Norræna menningarsjóðnum og áheyrnarfulltrúi fyrir hönd ráðsins í heimskautaráðinu. Og það er einstakt að 87 þingmenn hittist fjórum til fimm sinnum á ári og sömuleiðis ráðherrar í þessum löndum. Það er 50 ára reynsla af samvinnunni á ráðherra- og þingmannavettvangi. Þarna geta þingmenn einu sinni á ári átt orðastað við ráðherra úr nágrannalandinu og það er alveg ljóst að miðað við þá reynslu, 50 ára reynslu sem hér er að finna, munu Norðurlönd finna sína pólitísku stöðu í svæðaskiptri Evrópu, hvort sem löndin verða öll innan Evrópusambandsins eða ekki.

Norðurlandaráð breytti skipulagi sínu um nokkurra ára skeið beinlínis til að mæta breytingunum sem urðu við sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna og opnun inn í Vestur-Rússland og vegna breyttrar Evrópumyndar við að Finnland og Svíþjóð gengu í Evrópusambandið þar sem Danmörk var fyrir. Nærsvæðanefnd Norðurlandaráðs og Evrópunefndin urðu til til að bregðast við nýjum straumum en nú hefur skipulagi aftur verið breytt til fyrra horfs í samræmi við norrænar meginlínur. Vegna þróunar mála innan Norðurlandaráðs og í Evrópusambandinu og ekki síst vegna hnattvæðingar má reikna með að svæðasamstarf muni þróast í æ ríkara mæli í Evrópu.

Undir forustu Pavo Lipponen, forsætisráðherra Finnlands, var sett fram stefnumörkun í Evrópusambandinu um norðlægu víddina, þ.e. að beina sjónum að þörfum svæðisins í Norður-Evrópu og að samvinnu um uppbyggingu, t.d. á sviði samgangna, orkumála og ekki síst umhverfismála, inn í Eystrasalt og jafnvel inn í Rússland. Sérstök áhersla er lögð í Norðurlandaráði á Vestur-Norðurlönd, Ísland, Færeyjar og Grænland, í norræna samstarfinu og má segja að ofuráherslan í austur á liðnum árum hafi átt sinn þátt í þessari nýju stefnumörkun. Nú hefur maður getað reiknað með því að norræna víddin, sem er á vettvangi Evrópu og þar sé verið að starfa í norðuraustur, komi ekkert við áherslur Norðurlandaráðs á Vestur-Norðurlönd en það er þannig vegna þess að Norðurlandaráð hefur óskað að hafa aðkomu að störfum innan norðlægu víddarinnar. Stjórnmálamenn frá Evrópusambandinu héldu í fyrrasumar fund í Nuuk eingöngu til að fjalla um málefni Vestur-Norðurlanda af því að þeir telja að þau verkefni muni skarast við verkefnin í norðlægu víddinni í Norður-Evrópu. Þetta er afar mikilvægt.

Heimskautaráðið nýtur æ meiri athygli og mér fannst hæstv. utanrrh. hóflegur þegar hann sagðist hafa átt aðild að því að að því var komið á. Hann flutti á sínum tíma beinlínis tillöguna í Norðurlandaráði um að taka upp þetta samstarf sem fór hægt af stað en nýtur nú æ meiri athygli. Og fyrir okkur Íslendinga skiptir þetta svæðasamstarf mjög miklu máli. Það eru okkar hagsmunir að á alþjóðavísu sé brugðist við ábendingum um alvarlega þróun á norðurhjara, eins og því að loftslagsbreytingar sem annars staðar taka 25 ár taka eingöngu 10 ár á Norðurskautssvæðinu. Á fundi í Kanada í nóvember kom fram að afleiðingar loftslagsbreytinga hefðu ekki einungis alvarlegar afleiðingar fyrir birni eða önnur dýr merkurinnar og þá með vísan til rannsókna um að frerinn er alltaf að minnka og ísinn að þynnast, heldur mundu þessar alvarlegu breytingar hafa mikil áhrif á fólk og búsetu á norðurslóð.

Þrátt fyrir að hólfaskipting samræmist ekki hugmyndafræði Evrópusambandsins tel ég að svæðasamstarf verði vaxandi þar í framtíðinni og vildi gjarnan heyra álit hæstv. utanrrh. á því. Það er talið að Norðurlöndin ásamt t.d. Eystrasaltslöndunum og Póllandi geti orðið mjög sterkt og mótandi svæði innan Evrópusambandsins og jafnframt að þótt Norðurlöndin öll séu ekki innan Evrópusambandsins muni það vera sterkt fyrir Ísland og Noreg sem standa utan við að þetta svæði verði öflugt. Verði bæði Ísland og Noregur með í Evrópusambandinu mun það að sjálfsögðu efla styrk svæðisins en það er erfitt að átta sig á afleiðingum þess fyrir Ísland og Noreg utan Evrópusambandsins ef hin Norðurlöndin, Eystrasaltslöndin og Pólland auka sitt samstarf.

[13:59]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurðist fyrir um það og reyndar hv. þm. Össur Skarphéðinsson jafnframt hvað hefði verið gert til þess að fylgja eftir ályktun Alþingis í sambandi við Palestínu. Það hefur verið gert með margvíslegum hætti en þó fyrst og fremst með því að skömmu eftir að Alþingi samþykkti þessa ályktun fór ég í opinbera heimsókn til Ísraels, til Palestínu jafnframt og enn fremur til Jórdaníu þar sem ég átti ágætan fund með Abdullah konungi og þar voru þessi mál að sjálfsögðu efst á baugi. Eins og kunnugt er átti ég fundi með forseta Ísraels, forsætisráðherra, utanríkisráðherra, aðilum frá ísraelska þinginu og ýmsum fleiri, ýmsum ráðherrum og einnig með Arafat og ýmsum forustumönnum Palestínumanna. Á þessum fundum var þessari ályktun m.a. komið á framfæri, sérstaklega gagnvart ísraelska þinginu, þannig að ég tel að henni hafi verið fylgt eftir. Eins og kunnugt er er ástand á þessu svæði afar slæmt og ekki miklar vonir um að þar verði mikil breyting á nema þá að það verði miklar breytingar í Miðausturlöndum almennt og má segja að þetta mál sé í algjörri sjálfheldu.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurðist jafnframt fyrir um það hvort Íslendingar mundu standa að uppbyggingu í Palestínu. Það er ekki tímabært eins og nú standa sakir að tala um uppbyggingu á svæði þar sem átök eiga sér stað en það er náttúrlega alveg ljóst að þegar þeim linnir þarf alþjóðasamfélagið að koma að uppbyggingu þar á nýjan leik. Mér finnst sjálfsagt að Íslendingar taki þátt í því eins og þeir gerðu þegar friðarsamkomulagið komst á sem kennt er við Ósló.

[14:02]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ánægð með svar hæstv. utanrrh. varðandi ályktun utanrmn. og Alþingis varðandi Palestínu. Þetta er afar mikilvægt. Ég hef áður sagt og segi enn að Ísland nýtur mikillar virðingar á alþjóðavettvangi. Rödd okkar er ekki rödd smáþjóðar sem maður sópar til hliðar heldur er þvert á móti hlustað á það sem Ísland hefur að segja. Við sem störfum á alþjóðavettvangi urðum þess áskynja þegar Ísland fór með formennsku í Evrópuráðinu að til þess var tekið hvernig haldið var á málum og hve vel tókst til. Þess vegna eigum við í auknum mæli að taka þessa stöðu, að vera hin sterka rödd og friðarboði og þora að taka afstöðuna afdráttarlaust.

Varðandi uppbyggingu í Palestínu vil ég minna á að ég fylgdi gesti Samfylkingarinnar Barghouthi á fund utanrrh. á sínum tíma þegar hann var að tala um ástandið í Palestínu. Þá var lögð mjög mikil áhersla á að reyna að fá stuðning við færanlega heilsugæslustöð, heilsugæslustöð á hjólum. Í morgunútvarpinu í morgun þá mátti heyra sama mann lýsa ástandinu í Palestínu og því að fólk kæmist ekki á heilsugæslustöðvar, búið að eyðileggja þær og búið að eyðileggja vegina. Hann greindi frá því að fólk gæti ekki leitað læknis eða nokkurs af því tagi. Ég held að við Íslendingar ættum að beita okkur fyrir þessari úrlausn og því að uppbygging hefjist í Palestínu.

Að öðru leyti vona ég að hæstv. utanrrh. komi í svari sínu inn á friðargæslumálin, aukið samstarf Norðurlandanna og sérstakar hrað- og friðargæslusveitir Norðurlandanna.

[14:04]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er vel kunnugt um að heilsugæslustöðvar hafa verið eyðilagðar í Palestínu, a.m.k. verið skemmdar. Ég varð vitni að því, sá stöð sem hafði farið mjög illa.

Varðandi samvinnu Norðurlandanna á sviði friðargæslu þá hefur samvinnan verið viðamikil í gegnum tíðina. Að vísu höfum við Íslendingar ekki tekið ríkan þátt í henni. Þó höfum við hafið slík störf á undanförnum árum og má í því sambandi t.d. nefna Sri Lanka og fleira. Við höfum jafnframt unnið með Norðmönnum í Bosníu og svo mætti lengi telja.

Að því er varðar sameiginlegt hraðlið verður að hafa það í huga að Evrópusambandið hefur ákveðið að koma upp slíku liði. Þrjú Norðurlandanna eru innan Evrópusambandsins. Það er fyrst og fremst ástæðan fyrir því að Norðurlöndin hafa ekki talið rétt, á meðan verið er að byggja það upp, að koma

á svipaðri skipan innan sinna vébanda. Þrjú Norðurlandanna taka þátt í þessu og Noregur og Ísland taka jafnframt þátt í viðleitni Evrópusambandsins í þessu sambandi, t.d. er það sem við erum að gera í Kosovo núna liður í því samstarfi. Þannig að Ísland og Noregur eiga í virku samstarfi við Evrópusambandið á þessu sviði.

Þess ber að geta að Ísland tók fyrir nokkru síðan í fyrsta skipti þátt í hermálanefnd Atlantshafsbandalagsins. Það var ekki gert áður þannig að við komum í ríkari mæli að þessum málum. Það er líka rétt að geta þess að það hefur verið ákveðið að sameiginlegur fundur varnarmálaráðherra Norðurlandanna verði á Íslandi á þessu ári. Það hefur ekki gerst áður. Við tökum núna virkari þátt í samstarfi varnarmálaráðherra Norðurlandanna en áður.

[14:06]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er kunnugt um það sem við tökum þátt í. Við tökum þátt í einstökum aðgerðum sem Norðurlöndin ákveða að fara saman í og það er einn þáttur í slíkrar samvinnu. Í starfshópnum sem ég átti sæti í sáu menn þetta í víðara samhengi. Ef til vill á það eftir að hefta okkur enn um skeið að þrjú löndin eru innan Evrópusambandsins og tvö utan. Ég er ekki viss um að það eigi samt eftir að hefta okkur svo mikið þó að þannig verði um hríð.

Norðurlandaráð ákvað eftir viðræður við ráðherraráðið að setja á laggirnar nýjan starfshóp til að fylgja eftir og fylgjast með þróuninni, fylgja eftir fyrri ályktunum og eiga viðræður við starfshóp ráðherraráðsins. Ég er sannfærð um að hugmyndafræðin sem liggur að baki þessum tillögum Norðurlandaráðs er rétt vegna þess að Norðurlöndin, sökum þjóðfélagsgerðar og þeirrar grunnhugsunar sem gildir þar, eru virt á annan hátt en Evrópa sem slík. Það er kannski það afl og sá kraftur sem við teljum að nýta þurfi. Ég held að það sé engin tilviljun að valinn var sænskur maður til að fara fyrir vopnaleitarmönnum. Hann sýndi t.d. mikla snilli í afgreiðslu sinni síðast þegar hann skilaði skýrslu. Öðrum hefði kannski ekki tekist að afstýra að strax þá væri vaðið af stað. Það ríkir önnur hugsun og annað viðhorf gagnvart Norðurlöndunum. Við munum halda áfram að vinna með þessi mál.

[14:09]

Útbýting þingskjala:

Mannshvörf, 537. mál, svar dómsmrh., þskj. 1033.

Opinber gjöld á handfrjálsan búnað, 561. mál, svar fjmrh., þskj. 1045.

[14:09]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Áður en ég sný mér að því sem ég hef valið að gera að meginmáli mínu við þessa umræðu vildi ég gjarnan vísa í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og áhyggjur hans af lýðræðishalla í Evrópu. Vil ég þá einkum vísa til skýrslu um starf Íslandsdeildar Evrópuráðsins á sl. starfsári en umræða um hana er á dagskrá í dag og fer vonandi fram. Ég mun flytja hana og vonandi ná að ræða þau mál ítarlegar.

Ég vil ítreka að í ræðu minni í Evrópuráðinu í júní sl. fjallaði ég um þingræðislegt eftirlit með alþjóðastofnunum og lagði til grundvallar umræðuna um lýðræðishallann innan Evrópusambandsins sem svo mikið hefur borið á á undangengnum árum. Í ræðunni taldi ég miður að svo virtist sem flestar hinna samevrópsku stofnana einkenndust af lýðræðishallanum svonefnda. Því væri afar mikilvægt að það væri í verkahring þjóðkjörinna fulltrúa, t.d. þeirra sem ættu sæti í Evrópuráðsþinginu, að koma að ákvarðanatökuferlinu. Ég benti á að alþjóðastofnanir fjölluðu í sífellt meira mæli um málefni er snertu hagsmuni borgaranna og eðli málsins samkvæmt yrðu þjóðkjörnir þingmenn að koma þar nærri. Evrópuráðið er í sérflokki því á því þingi eru samankomnir þjóðkjörnir þingmenn sem hafa alla möguleika á skilvirku eftirliti með ákvörðunum og framkvæmdum ráðherraráðsins.

Þá vil ég snúa mér að meginmáli mínu en blikur eru á lofti í alþjóðamálum um þessar mundir. Þótt ætla mætti af orðum sumra að þessar blikur stafi af hernaðarmætti og árásargirni bandamanna okkar á Bretlandseyjum og í Bandaríkjunum er öllum ljóst sem vilja vita að þær eru afleiðingar Saddams Husseins og ógnarstjórnar hans í Írak. Að sama skapi ríkir nokkur tvískinnungur í alþjóðasamskiptum um þessar mundir. Svo virðist sem menn hafi skipulega reynt að snúa hlutum á hvolf, gera stefnu Bandaríkjastjórnar tortryggilega og tengja hana þrengstu efnahagsmálum í stað þess að ræða málin málefnalega og viðurkenna það sem við blasir, þ.e. að alþjóðasamfélagið stendur frammi fyrir miklum vanda þegar hryðjuverkaógnin, útlagaríki og útbreiðsla gereyðingarvopna er annars vegar.

Það er ekki ofsögum sagt að alþjóðasamskipti hafa tekið stakkaskiptum eftir hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin. Hefðbundnar skilgreiningar á öryggishugtakinu og vörnum viku sviplega fyrir nýjum raunveruleika. Bandaríkjamenn og helstu bandamenn þeirra brugðust skjótt við og eitt farsælasta varnarbandalag sögunnar, Atlantshafsbandalagið, tók fordæmislaus skref í stuðningi sínum. Nú, einu og hálfu ári eftir árásirnar afdrifaríku, virðist hin órofa samstaða tætt, því miður.

En hvers vegna? Öryggisstofnanir hafa síðan 11. sept. 2001 keppst við að endurskipulegga sig með hliðsjón af hinum nýju váboðum sem heimsbyggðin stendur frammi fyrir. Þó er það svo að sumar þjóðir, rótgróin lýðræðisríki sem sum hver hafa sjálf þurft að kljást við hryðjuverkaógnina, virðast ekki hafa vaknað af þyrnirósarsvefni sínum og áttað sig á hinni breyttu heimsmynd. Ógnin af hryðjuverkastarfsemi og útbreiðsla gereyðingarvopna eru þær tvær ógnir sem hvað mest eru aðkallandi í dag. Hvað hina síðari varðar þá skapa Íraksstjórn og stjórnin í Norður-Kóreu mestu ógnina, ógn sem er óásættanleg.

Þeir kostir sem eru á borðinu til að takast á við ógnina eru allir slæmir, um það deilir enginn. En sú stefna sem Bandaríkin og Bretland hafa tekið er líklega sú illskásta. Það er illt til þess að vita og engum blöðum um það að fletta að það er borin von að mál leysist friðsamlega nema sverð Damoklesar hangi yfir Bagdad.

Stjórn Saddams Husseins virðist ekki skilja neitt nema nakið valdið. Hussein hefur gert eldflaugaárásir á fimm grannríki. Íraksstjórn hefur ráðist inn í tvö nærliggjandi ríki. Stjórnvöld í Bagdad hafa það á samvisku sinni að hafa beitt efnavopnum gegn eigin þjóð. Þarf frekari sannana við? Að sama skapi er eina vonin til að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna haldi trúverðugleika sínum sú að fulltrúar þess fylki sér um nýja ályktun sem gefi nýju bandalagi færi á að beita hernaðaraðgerðum ef öll ráð þrýtur.

Samkvæmt ummælum forsætisráðherra Bretlands í gær má ganga að því sem vísu að Íraksforseta hafi verið settur alger lokafrestur til að gera hreint fyrir sínum dyrum áður en ný ályktun verður lögð fyrir öryggisráðið. Frekari undanlátsemi er óþörf og boltinn er í Bagdad.

Öryggisráðið hefur í á annan tug ára samþykkt yfir 20 ályktanir sem varða skýlaus brot Íraka. Þær ber allar að sama brunni. Íraksstjórn beri að afvopnast strax og að öllu leyti án skilyrða og takmarkana. Í ályktun 1441 sem samþykkt var í nóvember er Íraksstjórn hótað alvarlegum afleiðingum verði hún ekki við kröfum öryggisráðsins. Í dag erum við í sömu sporum og í nóvember að tvennu undanskildu. Annars vegar eru vopnaeftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna, UNMOVIC eins og kallað er, og Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar á jörðu niðri. Þeir aðilar hafa skilað áfangaskýrslum sínum sem gefa litla von um að árangur þess starfs verði öllu meiri hér eftir en hingað til. Ástæða þess hve illa það starf hefur gengið er m.a. lipurleiki Íraksstjórnar við að koma vígbúnaði sínum undan eftirliti.

Hins vegar, og þetta atriði er öllu alvarlegra, er samstaðan innan öryggisráðsins sundraðri nú en fyrir þremur mánuðum. Orðræðu þeirri og deilum sem átt hafa sér stað innan öryggisráðsins hefur jafnvel verið beint með fordæmalausum hætti inn á brautir Atlantshafsbandalagsins, vettvangs þar sem orðheldni og órofa samstaða hefur einkennt störf. Þær deilur hafa verið leystar í bili en eftir stendur að helg vé hafa verið rofin og nokkur tími kann að líða áður en gróir um heilt á þeim vettvangi.

Allt þetta er sem vatn á myllu Saddams Husseins og stjórnar hans. Úrtöluraddir á meginlandi Evrópu eru því marki brenndar að Saddam Hussein getur gert sér mat úr þeim jafnvel þótt stefnumið ríkja eins og Þýskalands og Frakklands séu að sjálfsögðu ekki sett fram með því markmiði. En eftir stendur að sá alvarlegi ágreiningur sem uppi er kann að valda því að óbreytt ástand viðhaldist til skemmri tíma eða þá að Bandaríkin og bandalag viljugra ríkja taki þá ákvörðun að efna til einhliða aðgerða án fulltingis Sameinuðu þjóðanna. Báðir þessir kostir eru mjög slæmir og hvað sem öðru líður hefur Bandaríkjastjórn sýnt fram að þessu fullan vilja til þess að starfa innan vébanda Sameinuðu þjóðanna hvað þetta varðar.

Sú stefna viðskiptabanns Sameinuðu þjóðanna sem viðhaldið hefur verið um árabil í Írak og hlotið hefur mikla gagnrýni hefur beðið skipbrot. Um það deila fáir. Írakskir borgarar hafa verið undir mikilli áþján og soltið heilu hungri í valdatíð Saddams Husseins og nú er svo komið að talið er að eitt af hverjum fimm börnum í landinu þjáist af viðvarandi næringarskorti. Heilbrigðisþjónusta er afar bágborin sem er í hróplegu ósamræmi við það sem fyrr var er samfélagsþjónusta í Írak var með miklum ágætum. Þá er aðgangur að hreinu vatni takmarkaður víða um land og fæðuöflun erfiðleikum háð sem bitnar helst á börnum og gamalmennum.

Án tillits til stjórnmálaástands í landinu er ljóst að mörg ár munu líða áður en írakska þjóðin getur sigrast á vanda þessum. Mun hún bera ör þessa ástands um langan tíma. Hægt er að taka undir margt af þeirri gagnrýni sem fram hefur komið en vissulega er það fullljóst öllum sem stærsta páttinn eiga í því hörmulega hlutskipti sem Írakar búa við í dag að þann þátt á Íraksforseti sjálfur.

Rík þörf er á því að beina sjónum heildrænt að getu eða getuleysi alþjóðakerfisins til að hamla útbreiðslu gereyðingarvopna. Miðað við þau dæmi sem eru efst í umræðunni nú um stundir, Írak og Norður-Kóreu, sem eru jafnframt sömu dæmi og voru uppi fyrir um áratug síðan, er örðugt að komast að annarri niðurstöðu en að alþjóðasamfélagið standi að mörgu leyti ráðþrota gagnvart ríkjum sem hafa einsett sér að smíða slík vopn og ógna öðrum með þeim. Við búum í heimi þar sem hugtök líkt og gagnvirk fæling duga lítils gegn útlagaríkjum. Við búum einnig í heimi þar sem einbeittir og staðfastir einræðisherrar geta með tiltölulega auðveldum hætti vikið sér undan alþjóðlegum skuldbindingum um eftirlit. Eftir Flóabardaga 1991 áttaði heimsbyggðin sig á því að Íraksstjórn hafði verið hársbreidd frá því að ljúka við smíði kjarnavopna. Á sama tíma voru uppi grunsemdir um að Norður-Kóreustjórn væri að vinna baki brotnu að smíði sams konar vopna. Í fyrra tilfellinu var skilvirku eftirlitskerfi komið á fót samkvæmt ályktunum öryggisráðsins og var því nokkuð vel ágengt í að uppræta vígvélar stjórnvalda í Bagdad. Í síðara tilfellinu var stjórnvöldum í Pyongyang sýnd eftirlátssemi. Niðurstaðan hefur reynst hin sama í báðum tilfellum og að mörgu leyti voru gerð afdrifarík mistök hvað Norður-Kóreu varðar.

Stundum heyrist að tvískinnungs gæti í stefnu Bandaríkjanna og Bretlands gagnvart Írak og Norður-Kóreu, öðru ríkinu er hótað hernaðaraðgerðum en hinu ekki. Þau rök mega sín lítils því að menn hljóta að vilja forðast það með öllu hugsanlegu móti að Íraksstjórn komist í sömu stöðu og Norður-Kórea.

Ég hef áður rætt um það sem í Morgunblaðinu um helgina var nefnt „hinn tvíhöfða þurs hryðjuverka og gereyðingarvopna", sem væri ein mesta ógn sem alþjóðasamfélaginu stafaði af nú um stundir. Þótt menn beggja vegna Atlantsála greini ekki mikið á í orði um ógnina þá virðast verkin standa á sér, hvort sem það er vegna stjórn- og kerfislægrar tregðu við stefnu Bandaríkjastjórnar eða þá að utanríkisstefna ráðist af skoðanakönnunum þá liggur það ljóslega fyrir að raunveruleikinn er sá að við stöndum á miklum tímamótum í alþjóðasamskiptum. Þegar svo er ástatt um, þegar eldri aðferðir duga ekki lengur, er rík nauðsyn á dirfsku og hugsjónum. Af þessu má ljóst vera að úrkostir alþjóðasamfélagsins með Sameinuðu þjóðirnar í öndvegi eru æðiflóknir nú um stundir. Hvorki við Íslendingar né aðrir erum óhultir fyrir aðsteðjandi ógnum.

Sjónarmið friðsamlegra lausna hefur verið haft að leiðarljósi í friðarsamningum sem ég hef átt virkan þátt í í Tsjetsjeníu á vegum Evrópuráðsins undanfarin þrjú ár. Árangurinn hefur hins vegar látið á sér standa, e.t.v. vegna samstarfs sömu aðila og Saddam Hussein hefur á stundum verið talinn bendlaður við.

Það er vissulega mikill ábyrgðarhluti að hóta eða beita valdi. Slíkt er ekki gert nema ef öll ráð þrjóta, og við skulum vona að þau þrjóti ekki á næstunni. En að sama skapi er jafnmikil ábyrgð fólgin í því að sitja hjá með hendur í skauti.

Ég vonast eftir því að við Íslendingar berum gæfu til að leggja jákvætt til málanna í þessum efnum og að virkni okkar innan alþjóðasamfélagsins muni áfram verða sú að hlustað verði á okkur eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi áðan, og að við getum látið rödd okkar heyrast í þessum efnum, ekki síst á líðandi stundu.

[14:23]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur að það er ögurstund í alþjóðasamskiptum og hættulegir tímar. En ég veit ekki hvort ég hef skilið ræðu þingmannsins rétt. Hún lagði mikla áherslu á að varast beri of mikla undanlátssemi og að sýna verði staðfestu þegar á reynir, og ég gat ekki betur heyrt en að þingmaðurinn væri á því að nóg væri komið af því að gefa nýja fresti.

Metur þingmaðurinn það svo að við séum að verða komin á enda og að eftir viku, þegar við fáum nýja skýrslu, þá beri að líta svo á að nóg sé reynt? Eða lítur þingmaðurinn svo á að full ástæða sé til — ef vopnaeftirlitssveitin telur að það eigi enn að gefa tíma fyrir frekari leit og ef það verður skoðun Hans Blix, eins og var núna þegar skýrsla var gefin síðast, hann sagði afdráttarlaust að það ætti gefa leitinni meiri tíma, telur þá þingmaðurinn að það ætti ekki að fara að því? Ég veit ekki hvort ég skildi þingmanninn rétt en hún talaði mjög svo þannig að skilja mátti að frekari undanlátssemi væri af hinu verra og að nú þyrftu bara aðgerðir að tala sínu máli.

[14:25]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir spurninguna. Ég tel að við þurfum að endurskoða mjög hratt og mjög vandlega hvað gera skuli eftir næstu tvær vikur. Það vill svo til að Saddam Hussein og þeir sem hafa talað fyrir hans munn hafa skyndilega farið að vísa mjög mikið til mannúðar og að þau lönd sem hafa verið að gefa stjórn Saddams Husseins lengri frest eigi þess vegna að fresta aðgerðum sínum.

Ég vil benda á nokkur atriði sem mér finnst hafa verið sláandi. Það er kannski í fyrsta lagi heiðursmannaloforð sjálfs Saddams Husseins um sína eigin fjölskyldu þegar fjölskylda hans flúði land og var gefið heiðursmannaloforð um að ef hún sneri til baka þá skyldi henni ekki verða refsað. Við vitum hvernig það fór. Hausinn fauk af tengdasyninum. Við vitum að Saddam Hussein hefur gert eiturefnaárásir á börn sinnar eigin þjóðar. Við vitum að fólk á í erfiðleikum með að sækja matarmiða sína ef það er einhvers staðar á skrám Saddams Husseins. Við vitum að horfnir einstaklingar hafa ýmist horfið alveg eða komið til baka í verra en hörmulegu ástandi.

Við verðum því að horfa á hvað er að gerast innan þessa ríkis og hugsa til þess hvaða hugsanagangur, hvers konar hugsunarháttur ríkir þar. Að sjálfsögðu er okkur skylt að reyna að tala máli friðar til hinstu stundar. En það eru takmörk fyrir öllu.

[14:27]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum sammála um að írakska þjóðin býr við ógnarstjórn. Við erum sammála um að Saddam Hussein er einvaldur og svífst einskis. Hins vegar svaraði þingmaðurinn ekki spurningu minni varðandi það hvort skilja mætti ræðu hennar þannig að eftir viku væri nóg gert.

Hún lýsti ágætlega þeim hörmungum sem börn þeirrar þjóðar hafa liðið. Verður það ekki að teljast eitthvað sem verður beitt af vestrænum þjóðum í hinstu lög, að bæta í hörmungar þjóðarinnar, borgaranna og barnanna?

Nú er verið að tala um að fara í stríð sem mun kosta milli 7 og 8 þús. milljarða króna. Og við horfum á erfiðleika, fátækt og skelfingar sem sums staðar í löndunum í kring hafa í raun og veru orðið orsakavaldur að mörgum þeim voðaverkum sem þarna hafa verið unnin. Við vitum alveg að við, hinar frjálsu þjóðir með gáfurnar, peningana og þekkinguna, erum ekki saklaus af því að hafa látið mál þróast eins og þau hafa gert í Miðausturlöndum.

Ég var með beina spurningu, og ég tek undir það að þessi þjóð þjáist undir slíkum ógnvaldi, en það erum við sem berum ábyrgð á því hvernig við hegðum okkur gagnvart honum í samskiptum og ég spurði: Á ekki að reyna eins lengi og vopnaeftirlitsmennirnir og Hans Blix telja að einhver von sé til að ná samstarfi við þennan mann?

[14:29]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Áður en ég svara spurningu hv. þm. vil ég gjarnan segja að við eigum hugsanlega eftir sjálf og allur heimurinn að finna fyrir fátækt, erfiðleikum og skelfingu ef þessi stjórn og svipaðar stjórnir verða ekki stöðvaðar.

Hvað snertir álit þeirra aðila sem eru í Írak þá tala þeir að sjálfsögðu fyrir því að fresta aðgerðum í lengstu lög. En ég tel að af ýmsum ástæðum, m.a. tæknilegum ástæðum vegna þess að það er erfitt að fara í aðgerðir eftir mánuð eða svo aðstæðnanna vegna, þá er nánast verið að stilla okkur upp við vegg og það er þess vegna sem ég segi: Hvenær teljum við og munum við telja nóg komið? Og ég spyr: Er ekki nóg komið?

[14:30]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér fer fram mjög áhugaverð umræða. Eitt finnst mér dapurlegt. Það er hve margir hafa komið í ræðustól á Alþingi og réttlætt áform Bandaríkjastjórnar um að ráðast inn í Írak. Menn hafa ýmist talað um nauðsyn þess af mannúðarástæðum að frelsa þjóðina undan oki einræðisherra eða vegna þess að heimsbyggðinni stafi slík ógn af Saddam Hussein og hans hirð að það beri að setja hann frá völdum með valdi.

Í ræðu hæstv. utanrrh. var því haldið fram að við værum að sjálfsögðu, eins og það var orðað, öll sammála um að markmið alþjóðasamfélagsins hlytu að vera að koma í veg fyrir stríð. Ég held að það sé ekki rétt. Ég held að þetta sé ekki einróma álit alþjóðasamfélagsins. Ég held að Bandaríkjastjórn sé ekki á þessu máli, enda fara fram átök, liggur mér við að segja, mjög snarpur skoðanaágreiningur á milli ýmissa ríkja í Evrópu og Bandaríkjastjórnar og Breta hins vegar, um stefnuna í þessum málum. Menn eru að reyna að halda aftur af Bandaríkjastjórn. Nýframkomin tillaga Frakka og Rússa í öryggisráðinu um að herða á vopnaeftirlitinu ber þess vott að verið er að reyna að leita allra leita til þess að komast hjá árás Bandaríkjastjórnar sem er að reyna að þröngva því markmiði fram. Ég held því að þetta sé ekki rétt.

Undir þessa stefnu Bandaríkjastjórnar finnst mér ríkisstjórnin og hæstv. utanrrh. hafa tekið í allt of ríkum mæli gagnrýnislaust. Mér finnst þetta hafa verið gert. Hann hefur talað um nauðsyn þess að koma Saddam Hussein frá og að tíminn sé að renna út. Maður hefur spurt sjálfan sig: Hvaða tími er að renna út, gagnvart hverjum? Við erum að tala um hernaðarárás á heila þjóð og menn koma hér upp og réttlæta hernaðarárás á heila þjóð. Um það snýst þetta mál.

Ég spyr hvort menn hafi í huga afskipti vesturveldanna af þessum heimshluta undangengna öld, allar götur frá því nýlenduveldin gömlu fóru að láta þennan heimshluta og aðra til sín taka. Þannig er að lengst af tuttugustu öldinni hafa vesturveldin, fyrst Bretar, síðan komu Bandaríkjamenn inn, haft mjög mikil afskipti af þessum heimshluta. Írak var reyndar stofnað árið 1921 af Bretum sem fóru þar með stjórn í umboði Þjóðabandalagsins framan af og saga Íraks er saga afskipta þessara ríkja. Fyrst var Írak stofnað sem konungsríki og konungurinn var sóttur til annars lands. Fyrir valinu varð Faysal, sonur Husseins konungs Sádi-Arabíu og bróðir Abdullahs Jórdaníukonungs. Krýning Faysals var upphafið að stjórnartíð Hasjímíta, sem náðu aldrei að vinna sér traust landsmanna, og henni lauk með blóðugri byltingu

árið 1958. Fimm árum síðar brýst Baath-flokkurinn til valda í Írak. Hverjir skyldu hafa hjálpað honum til valda aðrir en Bandaríkjamenn? Leyniþjónusta Bandaríkjanna kom Baath-flokknum til valda og síðan gerist það 1979 að Saddam Hussein brýst til einræðisvalds í Írak, einnig með stuðningi bandarísku leyniþjónustunnar.

Það sem gerist í grannríkinu á þessum tíma er að Mossadeq var steypt af stóli í Íran árið 1953 og Reza Pahlavi keisari var settur til valda. Þá minnka ítök Bandaríkjamanna í Íran, þessu mikla olíuframleiðsluríki, og þegar Saddam Hussein og Írakar ráðast inn í Íran árið 1980, einu ári eftir að Ayatollah Khomeini brýst til valda og hrekur Reza Pahlavi frá völdum, er það gert með stuðningi Bandaríkjastjórnar. Þeir studdu árásarstríð Íraks á hendur Írönum öll átta árin sem það stríð geisaði. Þetta er staðreynd.

Nú er aftur byrjað að hlutast til um málefni þessa svæðis og alltaf er talað um mannúð — alltaf talað um mannúð og hættuna sem stafar af þessu eina ríki. Menn horfa ekki til Egyptalands sem hefur miklu oftar farið með stríði á hendur nágrönnum sínum og beitt efnavopnum og ríkjanna á þessu svæði sem búa yfir kjarnorkuvopnum. Ég furða mig stundum á þeim gögnum sem koma fram víðs vegar að, t.d. frá öldungadeild Bandaríkjaþings í lok september núna um að í rauninni stafi heimsbyggðinni — lesist: Bandaríkjastjórn — minni hætta af Írak en Íran, bæði með tilliti til tengsla við hryðjuverkamenn og einnig vegna þess að Íranar séu lengra komnir á veg með að þróa gereyðingarvopn. Svona blasir þetta við mér. Við erum að tala þarna um svæði sem eru verðmætustu olíuframleiðsluríki veraldarinnar. Ég segi verðmætustu ríki. Þetta eru nánast heilar olíutunnur. Þetta eru olíutunnur.

Það er talið og kom fram í Global Policy Forum núna í haust — ég hef fengið það staðfest annars staðar frá. Þetta eru tölur sem virðast standast — að olía í Írak nemi 112,5 milljörðum tunna. Getgátur eru uppi um að þetta kunni að vera miklu meira, 250 milljarðar. Það er álíka mikil olía og er að finna í Sádi-Arabíu, sem er mesta olíuframleiðsluríki heimsins. Hins vegar segja menn að það sé auðveldara að komast yfir olíuna í Írak, hún sé auðveldari í vinnslu en í Sádi-Arabíu.

Þegar olían var þjóðnýtt í Írak árið 1972 var eignarhaldið á hendi bandarískra og breskra fyrirtækja auk eins fransks fyrirtækis. Þessi fyrirtæki vilja núna komast aftur yfir þennan auð, ná aftur í þessa olíu. En það eru aðrir að reyna að semja líka. Frakkar, Rússar og Kínverjar eru sagðir hafa átt í viðræðum við Íraka um nýtingu olíunnar. Þessir sömu aðilar og vilja núna ekki fara í stríð, þeir vilja bíða, allir þessir aðilar. Og þegar þetta mál er mátað inn í þetta samhengi hagsmunanna þá fer maður að skilja hvað þarna er á ferðinni. Hverjir eru halda um stjórnartaumana í Bandaríkjunum? Það eru aðilar nátengdir bandarískum olíuhagsmunum. Dick Cheney, sem var varnarmálaráðherra í Persaflóastríðinu og er núverandi varaforseti Bandaríkjanna, hefur verið framkvæmdastjóri Halliburton-fyrirtækisins í Texas. Það er alþjóðlegt fyrirtæki og stærsta þjónustufyrirtæki við olíuiðnaðinn í heiminum. Bush-forsetarnir báðir, báðir feðgarnir, eru einnig nátengdir þessum hagsmunum og hafa verið að búa í haginn á Kaspíahafssvæðinu og við Persaflóa. Og um það snýst þetta mál, alla vega að verulegu leyti.

Þess vegna er nöturlegt að hlusta á hæstv. utanrrh. Íslands trekk í trekk, þegar þessir harðsnúnu hagsmunaaðilar eru annars vegar, taka jafnan undir með þeim og segja að tíminn sé að renna út, að hann hafi bara fáeina daga ella verði ráðist á hann og með stuðningi Íslands ráðist á þjóðina, og að það sé réttlætanlegt. Gera menn sér grein fyrir því að allar götur frá því Persaflóastríðinu lauk hefur verið haldið uppi loftárásum á Írak í hverri einustu viku á norðurhluta landsins og á suðurhluta landsins? Gera menn sér grein fyrir því hvaða afleiðingar viðskiptabannið hefur haft á allt þjóðlíf og efnahagslíf? Og þarf ekki að hlusta svolítið á hvað andófsfólk frá Írak er að segja? Þá er ég ekki að horfa á þrönga klíku sem Bandaríkjamenn hafa smalað saman til að reyna að búa til bráðabirgðastjórn eftir að Saddam Hussein verður hrakinn frá völdum. Síðan koma þingmenn hér upp hver á fætur öðrum og mæla því bót að írakska þjóðin sé beitt þessu ofbeldi og að ráðist sé með nútímavopnum gegn henni með hörmulegum afleiðingum, gegn mótmælum mannréttindasamtaka um heim allan, Amnesty International, verkalýðshreyfinga og almannasamtaka um heim allan. Fólk *kemur milljónum saman og milljónatugum á útifundum* til þess að mótmæla þessu ofríki Bandaríkjastjórnar og Breta. Það er núna fyrst sem Blair-stjórnin, sem hefur verið dyggasti þjónn Bandaríkjamanna, er að byrja að hörfa til baka vegna þess að almenningur knýr hana til breyttrar afstöðu. En Íslendingar og íslenskir þingmenn, stjórnarliðar, koma hér hver á fætur öðrum upp í ræðustól og hvetja til árása á Írak ef, ef, ef — það er óskilgreindur óútfylltur tékki. Ráðamönnum í Washington verður látið eftir að fylla hann út.

Ég spyr og ég beini þeirri spurningu til hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur sem var að réttlæta þetta áðan og hristir nú höfuðið: Hvað vill hún gera gagnvart öðrum einræðisstjórnum? Hvað vill hún gera gagnvart Tsjetsjeníu? Hún þekkir málefni þess landsvæðis vel og það hryllilega ofbeldi sem þar viðgengst og sem þar hefur viðgengist eftir að Rússarnir tóku upp þá línu, eða gerðu það á tímabili, að fylgja Bandaríkjamönnum og styðja þá á sínum tíma. Og hvað með aðrar harðstjórnir, þrælakistuna í Kína t.d. sem er falboðin vestrænum auðmönnum aftur og ítrekað?

En ég segi: Saddam Hussein er vissulega einræðisherra, *ofbeldisfullur einræðisherra sem á ekkert gott skilið. En þjóð* hans á það. Alþýðan í Írak á annað skilið en að ráðist verði gegn henni með viðbjóðslegum nákvæmum tæknivæddum herjum nútímans. Við eigum ekki að skrifa upp á slíkt.

Ég hef velt því fyrir mér í ljósi þeirra ummæla sem við heyrum frá Washington og því miður frá Reykjavík og London, hver skyldi vera hættulegasti einstaklingur jarðarinnar nú um stundir, af hverjum skyldi heimsbyggðinni stafa mest ógn, skyldi hann heita George Bush? (**KPál:** Saddam.) Ég hef grun um að svo sé. „Saddam", segir hv. þm. Kristján Pálsson. „Saddam, Saddam", endurómar hér úr þingsölum. Það endurómar gagnvart kallinu í Washington (**KPál:** Hver drepur ...) sem gefur út fyrirskipunina. (**KPál:** Hver drepur ...) Þegar farið er að skoða sögu þessa heimshluta, þá hagsmuni sem eru í húfi, þá miklu hagsmuni sem eru í húfi og tengsl ráðamanna í Washington við þessa sömu hagsmuni í olíuiðnaði þá gengur dæmið upp. Þá gengur það fullkomlega upp. (**KPál:** Hver drepur börnin sín?) „Hver drepur börnin sín?" spyr hv. þm. Kristján Pálsson og ætlar að gefa grænt ljós á að börn verði drepin, vegna þess að það gerist í árásarstríði. Það gerist í stríði. Ég vil benda hv. þm. á athyglisverðar greinar sem hafa verið skrifaðar m.a. af John Pilger einum þekktasta fréttamanni heimsins sem var í Víetnam. Hann varaði okkur við, þá menn sem standa eða sitja fjarri

vettvangi — og það gæti vel átt við um menn sem sitja á Alþingi Íslendinga fjarri allri hættu — að gefa fyrirskipanir eða samþykkja — samþykkja árás í fjarlægð. (**KPál:** Ert þú að verja þennan mann?) „Ert þú að verja þennan mann?“ spyr hv. þm. Ég er að benda á sögulegt samhengi og ég er að vara við því að Íslendingar ljái þeim manni stuðning sem fer með þessar stríðshótanir og friðaröfl um allan heim eru að reyna að stöðva. Ég er að reyna að vara við því. Ég á mér þá ósk okkur öllum til handa að við tökum undir með öðrum öflum í heiminum sem vilja berjast fyrir friði og jöfnuði og gegn ofríki og ofbeldi á annan hátt en þann sem Bandaríkjastjórn boðar.

Ég er víst að verða búinn með tíma minn. Ég ætlaði að víkja að öðrum þáttum einnig og mun gera það í síðari ræðu minni. En aðeins til leiðréttingar. Eitt varð til misskilnings hér á milli mín og hæstv. utanrrh. í andsvari fyrr í dag. Ég tel að vopnuð árás á Írak núna komi ekki til greina. Ég sagði hins vegar að sem almennt prinsipp þá afskrifaði ég ekki undir öllum kringumstæðum beitingu vopna. En í þágu rangláts málstaðar og gegn alþýðunni, eins og hér er boðað, þar segi ég nei.

[14:45]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að bera fram tvær spurningar til hv. þingmanns en fyrst þetta: Af því að hann vék að því í ræðu sinni hver væri hættulegastur um þessar mundir er a.m.k. hægt að endurtaka hér það sem hefur komið fram í fréttum að það hefur valdið Bandaríkjamönnum og þeim sem næstir Bandaríkjaforseta standa verulegum áhyggjum hversu alvarlegum augum þjóðir heims líta Bandaríkjaforseta nú vegna framgöngu hans. Þetta var athugasemd.

Fyrri spurning mín er þessi: Skil ég þingmanninn rétt að hann telji að það sem við horfum upp á og þau átök sem eru í gangi snúist miklu meira um olíu en um 11. september og viðbrögð við hryðjuverkum og þau sjónarmið sem sett hafa verið fram í þeirri umræðu?

Í öðru lagi, og það er kannski hin alvarlega spurning mín til hv. þingmanns: Hvaða augum lítur hann Sameinuðu þjóðirnar? Hvaða augum lítur hann það ef öryggisráðið fullskipað kemst að einhverri niðurstöðu og hún t.d. verður á þá lund í fyllingu tímans að þeir vilji grípa til einhverra óyndisúrræða sem við mundum kalla svo? Þá er ég að vísa til þess að í öllum störfum mínum hef ég heyrt það, m.a. frá vinstri hópnum í Norðurlandaráði, í vinnu þar, að þeir sem ekki vilji NATO vilji Sameinuðu þjóðirnar í öndvegi, þeir sem ekki vilji Evrópusambandið vilji Sameinuðu þjóðirnar í öndvegi. Og ef við erum sammála um að Sameinuðu þjóðirnar séu í öndvegi, hvernig berum við okkur að ef þær komast að niðurstöðu, jafnvel þó að við séum ósátt við hana, en þær hafa talið sig leiða mál til lykta og endanlegrar umræðu um að til einhverra aðgerða skuli grípa?

[14:47]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að ég tel að þetta snúist miklu fremur um olíuhagsmuni og hernaðarhagsmuni, um völd og áhrif, en 11. september. Ég er alveg sannfærður um það, og það sem ég hef kynnt mér um þessi mál hnígur allt að því að styðja þetta sjónarmið, þykir mér. Í gögnum sem ég hef séð, líka frá Bandaríkjaþingi eins og ég vék að áðan, t.d. skýrslu frá öldungadeildinni sem birt var í lok september, kemur þetta berlega fram. Þeir segja það líka, rannsakendur sem stóðu að þeirri skýrslu, að Bandaríkjastjórn stafi meiri hætta af ýmsum öðrum ríkjum en Írak. Því tel ég að þetta snúist fyrst og fremst um völd og áhrif.

Síðan varðandi Sameinuðu þjóðirnar, ég er mikill fylgismaður Sameinuðu þjóðanna. Ég er hins vegar gagnrýninn á stjórnskipan þeirra. Og mér er ekki sama á hvern hátt valdakerfi Sameinuðu þjóðanna kemst að niðurstöðu. Ég hef t.d. mjög miklar efasemdir um samsetningu öryggisráðsins og hvernig það starfar. En ég hef sannast sagna orðið fyrir nokkrum áhrifum af sagnfræðingum og stjórnmálafræðingum sem hafa farið í gegnum atkvæðagreiðsluna fyrir Persaflóastríðið 1991 og þær þvinganir sem ríki voru beitt sem eiga fulltrúa í öryggisráðinu til þess að fylgja Bandaríkjastjórn að málum. Ég vil Sameinuðu þjóðirnar efldar og ég vil að við Íslendingar einbeitum okkur að því að reyna að gera það. En mér finnst þessi skipting á milli ríkra þjóða og snauðra innan Sameinuðu þjóðanna og síðan hins vegar milli Bandaríkjanna og annarra hervelda gagnvart hinum fátækari ríkjum ills viti og ég vísa þar t.d. í samþykkt ríkja utan hernaðarbandalaga ekki alls fyrir löngu.

[14:50]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Miðað við stöðu mála í dag og fréttir undanfarna daga met ég það svo að aðalhættan geti stafað af því að Bandaríkjastjórn standi við hótanir sínar og ákveði að fara inn í Írak hvað sem Sameinuðu þjóðirnar segja. Af þessu hef ég mjög miklar áhyggjur. Þetta er það sem ég óttast. Má vera að þetta sé eingöngu öflug hótun en þetta óttast ég.

Ég tek undir það með þingmanninum að Sameinuðu þjóðirnar eigi að vera æðsta vald og mjög mikill áhrifavaldur í þessum efnum meðal þjóða. Þannig hefur mér fundist, eins og ég sagði áðan, að alls staðar í löndunum í kringum okkur setji menn Sameinuðu þjóðirnar í öndvegi, óháð bæði hernaðarbandalögum og ólíku samstarfi. Og ég set Sameinuðu þjóðirnar í öndvegi. En ég geri þær kröfur til þeirra að þær eigi þau úrræði sem duga núna, að í upphafi 21. aldarinnar snúist þetta ekki eingöngu um það að ná einhverjum tilteknum meiri hluta til þess að fara í innrás. Ég tala nú ekki um ef það skyldi vera rétt sem þingmaðurinn heldur fram, að málið snúist fyrst og fremst um hagsmuni af olíu en ekki það sem sagt er, þessa ógnarstjórn og það ægivald sem hvílir yfir okkur öllum af hennar völdum.

[14:52]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Annars vegar hafa menn verið að ræða spurninguna út frá mannúðarsjónarmiðum, að frelsa þjóðina undan ofurvaldi einræðisherra. Og ef menn hefðu verið mjög einlægir í þeirri trú spyr ég hvernig á því standi að vesturveldin, Bandaríkjamenn og ýmsar fylgiþjóðir þeirra, ríkustu þjóðir heims, héldu uppi viðskiptabanni á Írak þegar það var sannað mál og fulltrúar úr hjálparstofnunum Sameinuðu þjóðanna staðfestu það að þetta væri þess valdandi að hundruð þúsunda barna létu lífið. Hvar voru mannúðarsjónarmiðin þá?

Síðan er það hitt, varðandi ógnina. Í grófum dráttum er ég alveg sammála hv. þingmanni. Það er enginn ágreiningur held ég milli okkar. Við erum að velta vöngum yfir ýmsum þáttum þessa máls. Ég tel að það sé a.m.k. mjög vafasöm fullyrðing að halda því fram að núna — og tíminn er að renna út, klifar alltaf hæstv. utanrrh. á — stafi grönnum Íraks sérstök ógn af Saddam Hussein. Þeim gæti gert það vegna þessara hótana. En það gerðist í Persaflóastríðinu að Írakar skutu

Scud-flaugum á tvö ríki, Sádi-Arabíu og Ísrael. Þá bjuggu þeir væntanlega yfir efnavopnum og sýklavopnum, eða það *er talið, það var m.a.s. talið að þeir hefðu fengið efnavopnin* frá Bandaríkjunum 1983 á dögum Írans-/Íraksstríðsins. En í hvorugt skiptið voru þessi vopn sett á flaugarnar. Ég auglýsi eftir því að menn geri nákvæmar grein fyrir þeirri ógn sem stafar af Írak núna sem réttlæti það að farið verði í allsherjarhernaðarárás á landið með voveiflegum afleiðingum.

[14:54]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson spurði hvað Lára Margrét Ragnarsdóttir þingmaður mundi vilja gera. Lára Margrét Ragnarsdóttir þingmaður vill spyrja hv. þm. Ögmund Jónasson á móti: Hvað er mannúð? Hvað er mikil mannúð? Og hvað er meiri mannúð? Lára Margrét Ragnarsdóttir vill spyrja: Hvar á skalann yfir hættulegustu menn jarðarinnar setti hv. þm. Ögmundur Jónasson bin Laden fyrir 11. september 2001? Lára Margrét Ragnarsdóttir vill einnig gjarnan fá að heyra skoðanir hv. þm. Ögmundar Jónassonar á því hvernig hann telji virðingu fyrir mannslífum vera innan Íraks, hvernig á því standi að ýmis nágrannalönd Íraks ásamt Rússlandi hafa haft fremur hljótt um sig að undanförnu. Og að því loknu, þegar hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur skýrt þessi mál fyrir mér mun ég gjarnan vilja reyna að fara eitthvað út í vangaveltur um það hvernig við reynum að komast hjá því að fara að styðja við bakið á bandamönnum okkar.

[14:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kann ekki svör við öllum þessum djúpu spurningum sem hér voru settar fram. Ég var fyrst og fremst að segja að þegar fólk kveður sér hljóðs, hvort sem er á vettvangi Alþingis eða á alþjóðavettvangi, og gefur grænt ljós á hernaðarárás Bandaríkjanna gegn mótmælum mannréttindasamtaka um heim allan, milljónatugum og hundruðum milljóna friðelskandi fólks, þarf það að vera mjög visst í sinni sök.

Ég kann ekki svör við öllum þeim spurningum sem hv. þm. beinir til mín, hvernig á að skilgreina mannúð. Það er svo margt sem ég kann ekki að skilgreina. En við erum að takast á um það í þjóðfélaginu og innra með okkur öllum stundum hvernig við tökum afstöðu til mála og viljum væntanlega gera það á grundvelli mannúðar. Ég efast ekkert um að það viljum við öll gera.

Ég vara hins vegar við því að ef við förum fram sem hér er boðað erum við að mínum dómi ekki að vinna í þágu mannúðar, heldur að þjóna olíuhagsmunum og hernaðarhagsmunum eins mesta herveldis heimsins. Og það er við þessu sem ég er að vara. Um heim allan er að finna ríki sem búa við harðstjórn. Ég talaði um þrælakistuna í Kína, sem er falboðin auðmönnum og fyrirtækjum. Ég vék að Tsjetsjeníu. Það má tala um Kóreu. Ég get farið um heim allan og sýnt fram á slíkt og þetta er nokkuð sem við eigum að reyna að uppræta hvar sem því verður við komið, einnig á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. En við eigum ekki að gera það með þessum hætti. *Mér finnst það á skorta að við skilgreinum* nánar og leggjum niður fyrir okkur hvað það er sem vakir fyrir Bretum og Bandaríkjamönnum sem eru reiðubúnir að fara með hernaði á hendur þessari þjóð.

[14:58]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson á erfitt með að skilgreina eða fara djúpt út í skilgreiningu á „mannúð" og á erfitt með að skilgreina ýmislegt sem ég spurði um áðan. Það er einmitt það sem er svo erfitt að gera, að skilgreina innstu gildi mannsins. Við erum öll hér að tala fyrir friðsamlegum lausnum og höfum alla tíð gert. Og ég er hugsanlega sá þingmaður sem hvað oftast hefur hætt lífi sínu til þess að fara í friðarumleitanir á hættusvæði, einmitt á þessum sömu svæðum og við erum að ræða um núna.

Það sem ég er að segja og sagði í ræðu minni sem hv. þm. eflaust ekki heyrði — vonandi hefur hann þó heyrt hana — er að við þyrftum að taka ákvarðanir mjög fljótlega vegna þess að af tæknilegum ástæðum verður að hefja aðgerðir innan ákveðins tíma ella verður að draga þær hugsanlega umfram þann tíma sem er innan hættumarka fyrir alþjóðasamfélagið. Og það er það sem ég held að við verðum að meta hvert með okkur. Eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði réttilega er afar erfitt að fara út í heimspekilega þanka hér í ræðustól um skilgreininguna á mannúð. En það er tæknilega hægt að meta hvenær er hægt að hefja aðgerðir, hvenær er ekki hægt að hefja aðgerðir og það er hægt að gera sér í hugarlund hvaða þróun getur átt sér stað innan Íraks á þeim tíma sem við frestum aðgerðum þangað til við getum hafið aðgerðir aftur.

[15:00]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Tæknilega, herfræðilega og pólitískt telja *haukarnir í Washington, þeir sem stýra hernaðarmaskínunni* þar og halda um hina pólitísku valdatauma, að nú sé rétti tíminn og tíminn sé á þrotum.

Það sem ég gagnrýndi í tali stjórnarliða, stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar, er að mér hefur virst þeir gefa blessun sína yfir árás á Írak verði ekki farið að ýtrustu kröfum Bandaríkjastjórnar. Ég man ekki betur en að hv. þm. talaði um illskásta kostinn í því efni. Það er þetta sem ég gagnrýni og tel afskaplega varhugaverða afstöðu. Ég tel ekki afsakanlegt með neinu móti að ráðast á þjóðina.

Síðan vakna ýmsar spurningar með manni: Hverjir eru það sem tala? Þetta eru ríki sem sjálf búa yfir kjarnorkuvopnum og hafa hótað því, og Bandaríkjamenn aftur undir nýrri stefnu, að beita kjarnorkuvopnum. Þau hóta því. Þau neita að opna sínar vopnakistur þegar skip kemur inn í höfnina. Við spyrjum: Megum við fara um borð? Eruð þið með kjarnorkuvopn? Því er neitað að svara.

Ísrael lokar sínum vopnabúrum. Hvað með Egyptaland sem fór með efnavopn á hendur Jemenum í borgarastríðinu þar? Er ekki svolítill tvískinnungur í þessu öllu? Ég held það. Mér finnst það.

[15:02]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með skoðanaskiptum hv. þingmanna hér í dag og svo skoðanaskiptum á milli þingmanna og hæstv. utanrrh., ekki síst um málið sem síðast var rætt um, þ.e. hugsanlegt stríð við Írak. Mig langar að víkja að fleiri atriðum á sviði alþjóðastjórnmálanna og utanríkisstefnu Íslands þó að að sjálfsögðu ekki verði hjá því komist að ræða ástandið í heiminum með tilliti til Íraks einnig.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, fór í ítarlegu máli m.a. yfir Evrópumálin og stöðu

varnarsamningsins. Þá ræddi hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir um svæðasamstarf og mikilvægi Norðurlandaráðs. Ég tek heils hugar undir það sem þau höfðu fram að færa.

Einnig hefur verið minnst á Palestínu, réttara sagt ástandið í Ísrael og á hernumdu svæðunum í Palestínu. Hæstv. utanrrh. orðaði það svo að þar væri staðan í sjálfheldu. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra. Hún er í sjálfheldu og verður skelfilegri frá degi til dags þó að fyrir ári hefði okkur kannski þótt ómögulegt að ímynda okkur að svo mundi fara í Ísrael og Palestínu en því miður hefur það orðið raunin. Við heyrðum í fréttum í morgun af ákalli hjálparstofnana sem segja að neyðarástand ríki á hernumdu svæðunum og yfirvofandi sé hungursneyð á Vesturbakkanum og í Gaza. Talsmenn hjálparstofnana hafa einnig getið þess að um einn milljarð bandaríkjadollara vanti til að halda úti lágmarksneyðaraðstoð við Palestínumenn á hernumdu svæðunum. Fáist þeir fjármunir ekki verða þessar hjálparstofnanir jafnvel að hætta starfsemi sinni. Þá blasir væntanlega hungursneyð við stórum hluta þess fólks sem byggir Palestínu.

Hernámið er, eins og við vitum, að versna. Stöðugar árásir eru gerðar á óbreytta borgara hvar sem þeir eru, hvert sem þeir fara, hvernig sem þeir haga sér. Eyðilegging eigna, húsnæðis og landnæðis er linnulaus. Það var sagt í fréttum í morgun að líklega hefði það aldrei gerst í sögunni að heilli þjóð væri meinað að nota vegi. Þegar maður hugsar um hvernig palestínsku þjóðinni hefur verið komið fyrir í því sem kannski líkist helst mörg hundruð fangabúðum á hernumdu svæðunum, þar sem með öllum ráðum er komið í veg fyrir að fólk geti haft eðlileg samskipti, sótt vinnu eða hlúð að sínum nánustu ef eitthvað bjátar á, hlýtur hver einasta manneskja að sjá að ástandið er ekki bara óviðunandi. Það er ólíðandi.

75% Palestínumanna á hernumdu svæðunum lifa á minna en tveimur dollurum á dag. Það eru um 160 kr., herra forseti. Þetta eru tölur sem við erum vön að heyra frá þriðja heiminum, frá fátækustu löndum heims en ekki frá löndum sem hafa náð svo langt í velmegun og framþróun eins og löndin fyrir botni Miðjarðarhafs hafa gert. Um 65% Palestínumanna munu vera atvinnulaus og um 30% barna eru vannærð. Vannæringin er eitt en áhrif ástandsins á börn og unglinga á hernumdu svæðunum og á það fólk sem hefur vaxið úr grasi undanfarin 36 ár í skjóli þessa hernáms hljóta að vera ógnvænleg. Hverjum manni hlýtur að vera ljóst að þetta ástand gefur ekki af sér friðelskandi og sáttfúsa einstaklinga. Ég held að það sé því miður raunin, að það sé það sem við horfumst í augu við þegar unglingar líma á sig dínamít og fara yfir til Ísraels til að sprengja þar upp aðra unglinga. Þetta er sá veruleiki sem við þurfum að horfast í augu við, herra forseti.

Hér hefur verið minnst á þá samþykkt er hv. Alþingi gerði á síðasta þingi með eindregnum stuðningi við frið í Ísrael og Palestínu og eindregnum stuðningi við sjálfstæði Palestínu og sjálfsákvörðunarrétt. Hæstv. utanrrh. hefur svarað því hvernig því hefur verið komið á framfæri. Dropinn holar vonandi steininn og vonandi geta þau skilaboð aftur hljómað fyrir okkar hönd fyrir botni Miðjarðarhafs. Það er auðvitað engin leið að gefast upp, hvorki fyrir okkur né aðra, við þessar aðstæður. Það er óneitanlega hryggilegt að hugsa til þess hver þróunin hefur verið í Palestínu á síðustu rúmlega tveimur árum.

Ofan á allt þetta bætist að stríð vofir yfir á hinu stóra svæði sem Miðausturlönd eru þegar. Við bætist umræðan um stríð og stríðsógnin, 250 þúsund hermenn skilst mér að Bandaríkjastjórn sé búin að senda á svæðið. Ég óttast því miður að ef til stríðsátaka kemur í Írak muni stjórnvöld í Ísrael nota það tækifæri til þess að ganga á milli bols og höfuðs á Palestínumönnum. Það er hrikalegt að þurfa að segja þetta, hæstv. forseti, en það er mjög margt sem bendir til þess. Þær fréttir sem berast frá talsmönnum Palestínumanna og almennt af því sem sagt er í stjórnmálaumræðunni í Ísrael benda til að svo gæti farið.

Hér hefur áður verið minnst á Mustafa Barghouthi, hinn sama og heimsótti landsfund Samfylkingarinnar fyrir rúmu ári, mikinn baráttumann fyrir sjálfsákvörðunarrétti og mannréttindum Palestínumanna. Það var haft eftir honum í útvarpsviðtali í morgun að ef til stríðs kæmi væru Palestínumenn berskjaldaðir og kannski meira en margur annar á þessu svæði. Palestínumenn eru hernumin þjóð. Það er kaldranalegt að heyra einnig að stjórnvöld í Ísrael hafa útbýtt gasgrímum til þegna sinna af ótta við að efnavopn yrðu notuð í átökum ef til átaka kemur við Írak. En grímurnar fá bara þeir sem eru ísraelskir ríkisborgarar, ekki fólkið á hernumdu svæðunum. Það er reyndar ótvírætt brot á Genfarsáttmálanum.

Vopnin eru ein hlið á þeirri umræðu sem farið hefur fram í dag. Ég býst ekki við að nokkur í þessum sal vilji fara í stríð. Ég trúi að það sé ekki ósk eins eða neins á hinu háa Alþingi. Ég get hins vegar ekki tekið undir það þegar fólk fullyrðir að enginn vilji stríð. Þá verður mér hugsað til vopnaframleiðenda um allan heim. Ég segi þetta m.a. vegna þess að ég átti þess kost um daginn að sækja frekar óvenjulegan fræðslufund um hættur sem leynast þar sem jarðsprengjum hefur verið dreift og alls kyns minni sprengjum sem oft eru notaðar til að plata fólk til að koma nálægt þeim eða koma við þær. Þar var og fjallað um hættuna af ósprengdum flaugaoddum eða vopnum, hvernig sem þau hafa lent þar sem þau eru. Þetta var einhver óskemmtilegasta fræðsla sem ég hef fengið um dagana, ekki síst vegna þess að útsjónarsemi vopnaframleiðenda er ótrúleg, og skil ég þá engan undan.

Svo ég nefni dæmi er gert út á að hafa litlar jarðsprengjur í skærum litum þannig að meiri líkur en minni séu á því að börn taki þær upp á víðavangi. Af þessu hafa Afganir t.d. mikla reynslu. Rússar notuðu svona sprengjur mikið í stríðinu í Afganistan. Þar eru, ég þori ekki að fara með það nákvæmlega, örugglega þúsundir jarðsprengna enn í jörðu í Afganistan ef ekki tugþúsundir. Þessi hrikalegu vopn er hægt að framleiða fyrir 200–500 ísl. kr. en það kostar kannski 10–15 þús. kr. að fjarlægja eina einustu sprengju. Þessar sprengjur sem upphaflega voru ætlaðar gegn hermönnum og herliðum sem taktísk vopn eru núna fyrst og fremst notaðar gegn óbreyttum borgurum, gegn almenningi. Sem slíkar eru þær auðvitað skýlaust brot á þeim sáttmálum og samningum sem alþjóðasamfélagið hefur gert um notkun vopna. En það þarf ég svo sem ekki að fara nánar út í enda veit ég að hv. þingmenn og hæstv. ráðherra vita allt um það.

Ég tel þetta atriði þó hafa orðið út undan í þessari umræðu og þá á ég við hina almennu umræðu um stríðsógnina. Verði styrjöld í Miðausturlöndum, þ.e. í Írak, er eins gott að allir, hvort sem það eru aðildarríki öryggisráðsins eða aðrir, hugsi til þess hvað tekur við þegar henni lýkur. Af þeirri styrjöld mundi hljótast gífurlegur kostnaður, og ekki bara í vopnum og tólum, heldur og mannfórnum, örkumlum og eyðileggingunni sem mundi blasa við, t.d. á vatnsveitum, raforkukerfum, vegum, brúm og þannig mætti lengi telja.

Það mun ekki taka mánuði eða missiri að koma samfélaginu í samt lag eftir það. Ég tala nú ekki um samfélag í því ástandi sem hið írakska samfélag er. Í Afganistan höfum við t.d. séð að fjárstreymið þangað hefur verið tregara en menn lofuðu í upphafi. Ætli stjórnmálamenn sér að leysa vandamál með því að afvopna Írak og, eins og virðist vera yfirlýst stefna Bandaríkjastjórnar, koma Saddam Hussein frá völdum — þó svo að það sé ekki það sem um er getið í ályktun öryggisráðsins nr. 1441 en þar er aðeins kveðið á um afvopnun — skyldu menn einnig gera sér grein fyrir því hvað bíður þeirra í ár og áratugi eftir að slíkum hildarleik lýkur.

Jafnvel þeir sem tala fyrir stríði, aðrir en þeir sem hafa talað hér í dag og í öðrum löndum, geta ekki sloppið svo billega frá þessari umræðu að gera aldrei að umræðuefni það sem við tekur. Það er ekki hægt að láta sem svo að það takist að afvopna Íraka. Ef það tækist að koma Saddam Hussein og hans klíku frá völdum væri verkefnið rétt að hefjast. Það er áratugaverkefni rétt eins og uppbygging Evrópu eftir seinni heimsstyrjöldina og það verkefni mun kosta miklu meiri peninga en nokkurn hér held ég órar fyrir.

Hæstv. forseti. Ég ætlaði að koma inn á mörg fleiri mál í ræðu minni í dag. Mér sýnist tíminn nokkurn veginn á þrotum. Ég vil að lokum taka undir með hæstv. utanrrh. um áskoranir framtíðarinnar, sem hann nefndi svo í upphafi ræðu sinnar í dag. Þær eru margar og miklar og tengjast m.a. þeim skuldbindingum sem Ísland hefur tekist á herðar í Jóhannesarborg með þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og þeim skuldbindingum sem víkja að því að hjálpa öðrum þjóðum til sjálfshjálpar úr neyð og fátækt. Mig langar til þess rétt í lokin að spyrja hæstv. utanrrh. hvað líði stefnumótun eða jafnvel framkvæmdaáætlunum sem mundu stuðla að því að Sameinuðu þjóðirnar og við sem aðildarríki þeirra gætum unnið að því að þúsaldarmarkmiðin náist, þær skuldbindingar sem við höfum tekist á herðar t.d. í Jóhannesarborg.

[15:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla að hreyfa hér nokkrum atriðum sem mér vannst ekki tími til að koma inn á í fyrri ræðu minni. Í fyrsta lagi er það málefni sem hæstv. utanrrh. tók upp í ræðu sinni og gerir að nokkru umtalsefni, mjög svo ánægjuleg að mínu mati, það eru samskipti við okkar næstu nágranna í austri og vestri, Færeyinga og Grænlendinga, og reyndar svæðisbundið samstarf í Norðvestur-Evrópu, samstarf eyþjóða og strandríkja í norðvestanverðri Evrópu. Ég er mjög ánægður með það að hæstv. ráðherra skuli hreyfa við þeim málum með þessum hætti. Ég hef sömuleiðis lengi verið talsmaður þess að við efldum samstarf okkar og reyndar verið þátttakandi í slíkri samvinnu býsna lengi, allt frá árunum upp úr 1980 þegar ég sat í undirbúningsnefnd um samstarf Íslands, Grænlands og Færeyja, sem leiddi að lokum til stofnunar Vestnorræna þingmannaráðsins 1985. Síðan hefur margs konar svæðisbundin samvinna byggst upp á milli þessara grannríkja bæði á pólitískum vettvangi, samstarf ríkisstjórna og ráðherra, árlegir fundir og annað í þeim dúr, sömuleiðis samstarf þjóðþinganna, umtalsverð samvinna á sviði ferðamála, atvinnuþróunarmála í gegnum NORA eða norrænu nefndina þar og vaxandi viðskipti og ýmiss konar samstarf félagasamtaka á menningarsviðinu og þar fram eftir götunum.

Ég er ákaflega spenntur fyrir því að Ísland sinni þessum málum af meiri þrótti og myndarskap, og er ég þó ekki að segja að margt hafi ekki verið vel gert í dag. Ég minni á í því sambandi að ég hef flutt till. til þál. einmitt um eflingu vestnorræns samstarfs og þess sem ég kalla mótun íslenskrar nærsvæðastefnu. Þessi tillaga er nú til umfjöllunar í utanrmn. í annað sinn, hefur verið rædd hér á þingi og fengið góðar undirtektir þingmanna úr öllum flokkum og ég held að ekki sé ofsagt að þær umsagnir sem um tillöguna hafa borist til utanrmn., og þær eru allmargar, eru án undantekningar jákvæðar. Það er því greinilega mikill vilji fyrir því að Ísland efli þátttöku sína og kannski taki það hlutverk sitt alvarlegar en við höfum hingað til gert að draga vagninn í þessari svæðisbundnu samvinnu. En það er nú einu sinni svo að í þessu tilviki erum við kannski stóri bróðirinn, a.m.k. hvað varðar samskiptin við Grænland og Færeyjar, og það er eðlilega og auðvitað mikið horft til þess í þeim löndum hvaða metnað Íslendingar leggja í þátttöku sína í vestnorrænni samvinnu og hvað við leggjum af mörkum í þeim efnum.

En ég tel að það sé einmitt mjög spennandi að útvíkka þetta til svæðisins við norðvestanvert Atlantshafið. Þá koma inn í myndina t.d. norðurhéruð Kanada og Nýfundnalands, þá koma inn í myndina skosku eyjarnar, Orkneyjar og Hjaltlandseyjar, og strandsvæðin jafnvel í Norður- og Vestur-Noregi, þess vegna Írland og þetta svæði í heild sinni. Það hefur verið unnið nokkurt starf að því að byggja upp einhvers konar svæðishugtak í þessu sambandi og eins og ég veit að hæstv. ráðherra er vel heima í hafa verið haldnar tvær stórar ráðstefnur þar sem þessir aðilar, bæði sjálfstæð ríki eins og Ísland og sjálfstjórnarsvæði eins og Grænland og Færeyjar og kannski héruð eins og Hjaltlandseyjar, Suðureyjar eða Orkneyjar eða hvað það nú er í Skotlandi, eru í stjórnkerfinu þar. Nýfundnaland og fleiri aðilar hafa þar mætt með sjálfstæða þátttöku í ráðstefnum um samstarf strandríkja og eyþjóða við norðvestanvert Atlantshaf.

Ég held að Ísland eigi einmitt að nálgast málin með hliðstæðum hætti og þeim sem lagt er upp með í þessari tillögu, þ.e. að reyna að ná utan um málið í heild sinni, móta ákveðna stefnu sem við framfylgjum í þessum efnum, kannski með áætlun til fjögurra ára í senn um helstu aðgerðir sem gripið verði til. Á hvaða sviðum ætla menn að vinna? Ætla menn að leggja sérstaka áherslu á ferðamálasamstarf, uppbyggingu samgangna eða menningu og rannsóknir og fræðasamstarf á þessum og þessum tíma? Það er að ótalmörgum og áhugaverðum, uppbyggilegum verkefnum að vinna í þessum efnum sem hafa bæði menningarlega, sagnfræðilega en líka viðskiptalega þýðingu. Og þær upplýsingar sem m.a. komu fram í ræðu hæstv. ráðherra um mikilvægi viðskipta okkar við þessar nágrannaþjóðir eru auðvitað athyglisverðar, að þau séu að stærðargráðu svipuð eða jafnvel meiri en við milljónaþjóðir og stórveldi eins og Rússland eða Kína eða hvað það nú er.

Herra forseti. Mér þykir því vænt um þann tón sem þarna er sleginn í ræðu ráðherrans að þessu leyti og ég vonast til að það geti orðið til þess að frekari skriður komist á málin að þessu leyti hvað varðar bæði stefnumótun og praktískar beinar aðgerðir. Ég nefni þar alveg sérstaklega aftur samgönguþáttinn. Það er auðvitað alveg augljóst mál að eitt af því sem háir þessu samstarfi eru óhöndugar samgöngur, alveg sérstaklega milli Íslands og Grænlands. Það er auðvitað algjörlega út úr öllu korti hvað það kostar að ferðast hér á milli og hversu óhagkvæmt það er og dýrt bæði hvað varðar tíma og peninga, að það skuli kosta jafnvel á þriðja hundrað þúsund krónur og taka tvo daga ef menn ætla að ferðast

milli höfuðborga Íslands og Grænlands. Það er auðvitað algjörlega óheyrilegt. Það sem þarf að gera er að koma á áætlunarflugleið milli höfuðstaðanna þriggja, þ.e. Þórshafnar í Færeyjum, Reykjavíkur og Nuuk. Það er tæknilega hægt að gera, t.d. með þeim flugvélum sem færeyska flugfélagið hefur í sínum flota. Það sem á vantar er einhver stuðningur stjórnvalda til að tryggja rekstrargrunn undir slíkri flugleið fyrstu árin á meðan hún er að komast á kortið og það eru allar ástæður til að ætla að innan fárra ára gæti hún orðið sjálfbær með vaxandi samskiptum þessara þjóða, hreinlega vegna vöruflutninga sem féllu til o.s.frv.

Í öðru lagi, herra forseti, ætla ég aðeins að nefna Evrópumálin sem ég kom lítið inn á í ræðu minni nema þá helst í andsvörum og sérstaklega við hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem ekki er nú lengur hér á meðal vor heldur einhvers staðar annars staðar á ferðalagi — og misskilji nú enginn mín orð, ég hef grun um að hv. þm. sé á leiðinni vestur á firði. Það er að vísu þannig að í ræðu ráðherra er frekar færri orðum vikið að Evrópumálum en stundum áður, og ég í stráksskap mínum lét mér detta í hug að það væri vegna þess að það leit út eins og þessi mál hefðu svolítið verið sett á ís hjá þeim framsóknarmönnum á fundi þeirra um síðustu helgi. Alla vega önduðu einhverjir léttar og töldu það vera eina af merkustu niðurstöðum þingsins að því hefði verið frestað að taka ákvörðun því að það hefði fallið sá salómonsdómur af munni hæstv. utanrrh. og formanns Framsfl. að ekki væri tímabært fyrir framsóknarmenn að taka ákvörðun í málinu.

Sömuleiðis hafa þeir atburðir orðið um svipaðar mundir að formaður Samfylkingarinnar er kominn allur í bakkgírinn í málinu, eins og ég veit að hv. þm. Björn Bjarnason getur vitnað um því að hann hefur átt við hann orðastað um þau efni í fjölmiðlum. Og gerði formaður Samfylkingarinnar jafnvel lítið úr því, að þetta yrði ekki sérstakt kosningamál og væri allt í höndum Sjálfstfl. hvernig þetta færi. Það hefði ekki mikið upp á sig að aðrir ræddu þetta fyrr en Sjálfstfl. væri kominn til vits í málinu, eins og ég hygg að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi orðað það, svona um það bil.

Það eru auðvitað talsverð tíðindi ef þessir tveir helstu forkólfar þess að koma Evrópumálunum áfram eru eiginlega að salta þetta dálítið hjá sér núna í aðdraganda kosninganna, kannski vegna þess að menn eru að átta sig á því að þetta er ekki eins góð söluvara og þeir héldu. Það er t.d. alveg splunkuný og nokkuð vönduð skoðanakönnun í höndum landsmanna þar sem í ljós kemur að andstaðan er heldur vaxandi við það að ganga í Evrópusambandið og allskýr og vel marktækur meiri hluti þjóðarinnar virðist ekki telja það fýsilegan kost. Það er út af fyrir sig athyglisvert að Íslendingar virðast bregðast öðruvísi við en t.d. Norðmenn þar sem þróunin hefur verið heldur í hina áttina eða var, það er nú kannski að stöðvast núna sem betur fer, að menn brugðust þannig við m.a. kröfum Evrópusambandsins um óheyrilegar greiðslur í þróunarsjóði í tengslum við stækkun Evrópska efnahagssvæðisins, með stækkun Evrópusambandsins, að Norðmenn hafi kannski hugsað sem svo í sálinni: Ja, er þá ekki bara best að ganga í klúbbinn ef við eigum að þurfa að borga svona rosalega mikið hvort sem er?

En það má um Íslandsmanninn segja að þar hafa menn brugðist alveg öfugt við, því að það er mjög nærtækt að tengja þessa þróun í skoðanakönnunum við þennan atburð sem kannski er mest umtalaður af þeim sem uppi hafa verið og tengjast Evrópusambandinu, alla vega af neikvæðum toga. Því að væntanlega væru Íslendingar ekki að gerast andsnúnari því að ganga í Evrópusambandið en áður var út af stækkun þess t.d. sérstaklega eða öðrum slíkum hlutum. Ég held að langeðlilegast sé að álykta sem svo að Íslendingum líki ekki framganga og framkoma af þessu tagi, að ætla að fara að reisa við okkur óheyrilegar peningakröfur af því einu að gera þarf smálagfæringar á samningum til þess að viðskiptakjör okkar gagnvart Austur-Evrópu versni ekki við þá breytingu. Við erum ekki að fara fram á nein ný hlunnindi, neinar nýjar ívilnanir, aldeilis ekki. Það eina sem málið snýst um er að gera þær lagfæringar að viðskiptakjör okkar gagnvart Austur-Evrópuríkjum versni ekki við það að þau ganga í Evrópusambandið. Er það grundvöllur fyrir þessum óheyrilegum kröfum? Nei, auðvitað ekki. Þess vegna bregðast menn eðlilega þannig við hér að þeir segja: Nei, bíddu nú við, þetta er ekki klúbbur sem okkur hugnast sérstaklega vel.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson leiddi að því líkur að þetta væri til marks um samningahörku Evrópusambandsins og þess vegna þyrftum við ekki að kvíða því að ganga í það, vegna þess að þá mundi það af sömu hörku semja fyrir okkar hönd um hlutdeild okkar t.d. í deilistofnum. Þetta eru skemmtilegir loftfimleikar í röksemdafærslu, en halda nú ekki að ég tel, vegna þess að auðvitað er þetta ekki spurning um einhverja mikla samningatækni eða -hörku. Þetta er spurning um hvernig Evrópusambandið vinnur. Það vinnur nákvæmlega svona. Þegar koma færi á hrossakaupum þá eru þau notuð, og við þekkjum það, Íslendingar, að það þarf ekki alltaf að vera mjög réttmætt tilefni. Þegar út var runninn sá tími sem EFTA-ríkin, sem gerðust aðilar að EES, áttu að greiða í þróunarsjóðina, og það voru allir sammála um að lagalega og hvað varðaði samningana var það þannig að greiðslurnar áttu að falla niður frá og með tilteknu ári, þá kom bara Evrópusambandið í krafti þess að einhver önnur samskiptamál voru uppi og sagði: Þið skuluð borga. Þið skuluð borga, sögðu Spánverjar. Þannig gengur þetta yfirleitt fyrir sig. Ef menn komast í færi til að versla, þá er það gert, þá er það notað. Og þeir sem ekki þekkja til innviða Evrópusambandsins og vita að það er á köflum eins og einn risavaxinn hrossamarkaður af þessu tagi, ættu að lesa sér betur til. Það gengur mjög mikið út á það að lönd sem komast í aðstöðu til þess að hafa nokkuð fyrir snúð sinn, nota það tækifæri. Lönd kannski skilyrða stuðning sinn við alls óskylda hluti því að þau fái mál sín leyst í leiðinni. Gegn því að styðja þetta þá fáum við þetta o.s.frv. Þarna sjáum við glitta í þetta eðli hins innra gangverks þessa fyrirbæris. Það er fróðlegt og lærdómsríkt og alveg sérstaklega ætti það að vera umhugsunarefni þeim mönnum sem vakandi og sofandi dreymir um að ganga þarna inn. En ég tel að ákvarðanatökuaðferðir í Evrópusambandinu og það hvernig lýðræðið er þar á vegi statt séu a.m.k. ekki góð rök fyrir því að gera það. Svo er ýmislegt annað þar sem vegast á kostir og gallar eins og gengur og það skulum við ræða og eigum endilega að gera.

Ég tel fagnaðarefni að væntanlega verður skipuð innan skamms sú nefnd um Evrópumál sem hæstv. forsrh. hefur leitað til stjórnmálaflokkanna um að gert verði. Við höfum tekið því afar vel og þegar svarað því erindi og erum tilbúin til að tilnefna okkar fulltrúa um leið og ósk um það berst og væntum þess að það gildi um aðra. Ég held að það sé þrátt fyrir allt skynsamlegt að setja málin í þennan farveg og vinna þau þannig, ekki til að reikna með því að þar með verði þeim lent með einhverju endanlegu samkomulagi allra stjórnmálaflokka, það væri óraunsæi að reikna með

slíku, enda upplegg nefndarstarfsins ekki slíkt, heldur að vera vettvangur skoðanaskipta og vettvangur þar sem menn ræða stöðu mála á hverjum tíma og það eiga menn auðvitað að gera. Þetta eru eins og iðulega er bent á að sjálfsögðu mikilvæg mál og varða miklu um viðskiptastöðu okkar og stjórnmálastöðu á komandi árum.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það muni minna gerast í þessum efnum á allra næstu árum en margir halda, ósköp einfaldlega vegna þess að aðstæður í norskum stjórnmálum eru þannig að þar verður ekki hreyfing á, væntanlega ekki fyrr en eftir árið 2006. Ég geri mér vonir um að Svíar hafni aðild að evrunni og þá mun það létta á þrýstingnum sem ella yrði uppi.

Það síðasta sem ég ætlaði að nefna, herra forseti, bara til að halda venjunni, eru hin dapurlega lágu framlög Íslendinga til þróunarsamvinnu sem að vísu eru kannski örlítið að þokast upp miðað við upplýsingar sem við fengum í utanrmn. og þá á grundvelli þess að aukin framlög okkar til friðargæslu fáist flokkuð sem framlög á þessu sviði og það er vel, en samt er óralangt í land að Ísland geti í raun og veru verið þekkt fyrir það hversu lítið við, þessi ríka þjóð, leggjum þarna af mörkum og því þarf að breyta.

[15:33]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er tvennt sem hv. þm. kom inn á sem ég ætla að bregðast við. Annars vegar þessar óheyrilegu kröfur um greiðslur Íslands í Evrópusambandið og í því efni held ég að sé enginn munur á flokkunum hér á Alþingi. Mér hefur heyrst að við séum öll sammála um að þær eru ósanngjarnar og við höfum brugðist eins við þeim þannig að þar erum við saman á báti. Hitt var um að Framsfl. og Samfylkingin séu að draga í land í afstöðunni til Evrópusambandsins. Ekki ætla ég að svara fyrir Framsfl. en hvað Samfylkinguna varðar hefur hún markað sér sína stefnu í þeim málum og sem er einfaldlega sú að skilgreina samningsmarkmið og leita eftir aðildarviðræðum um þau. Að sjálfsögðu yrði þá væntanlega komist að niðurstöðu um þau í samstarfi við ríkisstjórn. Og verði af samningum verður að leggja þá fyrir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þetta er það sem Samfylkingin hefur markað. Að öðru leyti hefur Samfylkingin ákveðið að standa fyrir umræðu um þessi mál og hún hefur haldið því áfram. Nýverið hafa verið haldnir tveir fundir, einmitt undir fyrirsögninni „Umræðan", annar í Reykjavík, sá síðari reyndar í kjördæmi þingmannsins á Akureyri þar sem fjallað var um sjávarútvegsmál og þar sem annar framsögumanna var Þorsteinn Már Baldvinsson sem manna best þekkir hvernig er að starfa í sjávarútvegi, annars vegar hér á Íslandi undir skilmálum okkar Íslendinga og hins vegar í löndum Evrópusambandsins. Það var mjög fróðlegur fundur. Samfylkingunni var í raun og veru klappað lof í lófa fyrir að standa fyrir umræðu af þessu tagi og við munum halda því áfram.

[15:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að út af fyrir sig sé skiljanlegt að það sé ekki hafður í frammi mikill ágreiningur hér um kröfugerð Evrópusambandsins. Það væri ekki gott veganesti fyrir einn eða neinn held ég í íslenskum stjórnmálum að ætla að gerast stuðningsmaður þeirrar kröfugerðar eða telja það sanngjarnt að við yrðum látin borga þetta. Það er úr öllu samhengi við eðli málsins og aðstæður þess, það er ósköp einfaldlega bara algerlega fráleitt. Ef Evrópusambandið hefði nálgast okkur og Norðmenn og sagt sem svo: Það mun kosta mikla peninga að stuðla að uppbyggingu í austanverðri Evrópu, eruð þið til í að koma með í það verkefni? væri það allt annað mál. Ég hefði verið talsmaður þess að við hefðum skoðað slíkt með jákvæðum hætti en er ekki hlynntur því að láta þvinga okkur til greiðslna af þessu tagi út á það að leysa úr smávægilegum tæknilegum málum, næstum því að segja. Ég kalla það það sem upp kemur þegar fríverslunarsamningar Austur-Evrópuríkjanna falla niður og þau ganga inn fyrir tollmúra Evrópusambandsins. Það kalla ég í raun og veru tæknilegt úrlausnarefni, að ganga frá málum þannig að viðskiptakjörin versni ekki við þær breytingar. Það er svo hlálegt í nútímanum þegar allir eru talandi fyrir fríverslun og hnattvæðingu og hvað það nú er, að allar breytingar af þessu tagi eigi að fara að leiða til versnandi viðskiptakjara milli grannríkja hér í Evrópu. Það er fráleitt.

Ég orðaði það kannski ekki beint þannig að Samfylking og Framsfl. væru að draga í land, þá á ég ekki við að þau séu eitthvað að breyta um afstöðu í Evrópumálum að svo miklu leyti sem afstaðan er þá skýr, og má um það deila hversu ljóst þetta allt saman er, t.d. hjá Framsfl. sem var með mikið nefndastarf sem magalenti eiginlega í status quo í flokknum. Það sem ég sagði var að mér virðist eins og það gæti tilhneigingar til að ýta þessu máli út úr sviðsljósi kosningabaráttunnar nú. Það er eins og þessir forustumenn flokkanna telji það ekki kannski eins gott veganesti, eins góða söluvöru í kosningabaráttunni og þeir hefðu áður væntanlega reiknað með.

[15:37]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var kannski ekki alveg ljóst hvað þingmaðurinn var að fara þegar hann fjallaði í ræðu sinni um greiðslurnar og þess vegna fannst mér vel við hæfi að koma hingað og árétta að um þetta er ekki ágreiningur.

Varðandi sviðsljósið og kosningabaráttuna er hún kannski ekki komin í fullan gang og þetta mun bara hafa sinn hraða. En það er alveg ljóst að liðsmenn Samfylkingarinnar eru ekki búnir að taka ákvörðun um það og það hefur aldrei verið kynnt þannig að Samfylkingin vilji ganga í Evrópusambandið. Það er ástæða til að árétta að það kom fram í ræðu Össurar Skarphéðinssonar, formanns Samfylkingarinnar, hér í morgun að það eru sjávarútvegsmálin sem þarna eru ráðandi. Væru önnur mál í lagi varðandi það að skoða aðild að Evrópusambandinu mundi það falla algerlega til hliðar ef ekki næðist sátt um sjávarútvegsmálin. Það er ekki ágreiningur milli flokkanna varðandi yfirráð yfir auðlindinni.

Auðvitað finnst mönnum gaman að takast á um þetta og sérstaklega finnst mér að strákunum finnist gaman að leggja hver öðrum svolítið orð í munn og gera þeim upp skoðanir eða æsing eða minni æsing, ég ætla ekkert að leggja dóm á það. Össur Skarphéðinsson hefur haft afdráttarlausustu skoðunina varðandi Evrópusambandið. Staða Samfylkingarinnar og stefna er algjörlega klár.

[15:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, það er alls ekki svo að ég hafi nokkurn minnsta áhuga á því að hræra eitthvað upp í stöðu þessara mála í Samfylkingunni eða gera hana óskýrari en hún er. Þvert á móti er hugur minn allur sá að reyna að hjálpa til og skýra málið. Ég er þess vegna að vitna hér til beinna ummæla og spyrjast fyrir um hluti. Ég hlustaði á Össur Skarphéðinsson eða las öllu heldur uppskrift að samtali sem hann hafði

átt við hv. þm. Björn Bjarnason á sjónvarpsstöð, ég hygg að það hafi verið Stöð 2 í morgunsjónvarpi. Þau ummæli ýmis sem þar féllu vöktu verulega athygli mína. Og það er erfitt að túlka það öðruvísi en þannig að hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, væri að mjaka þessu máli aðeins til hliðar á senunni og hann hafði um það einhver slík orð að þetta yrði kannski ekki aðalkosningamálið og annað í þeim dúr.

Nú er það þannig að ég hef oft heyrt hv. þm. Össur Skarphéðinsson segja það býsna berum orðum að hann telji að við eigum að ganga í Evrópusambandið. Ég hygg að hann orði það gjarnan þannig að hann sé kominn að þeirri niðurstöðu að kostirnir séu fleiri en gallarnir og eitthvað í þeim dúr. Það má fletta upp á þessu öllu saman. Auðvitað getur hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem þingmaður og persóna í stjórnmálum haft að einhverju leyti persónulega skoðun í þessum efnum en hann er enn formaður Samfylkingarinnar það ég best veit. Þó að kominn sé annar talsmaður er formaður Samfylkingarinnar að tala. Og þegar hann lætur ummæli falla af því tagi sem hann gerði í samtalinu eða viðræðunum við hv. þm. Björn Bjarnason tekur maður eftir slíku.

Ég er sem sagt bara að reyna að átta mig á því hvaða stöðu þessi mál hafa í augnablikinu hjá þessum tveimur flokkum sem hafa stundum reynt að selja þjóðinni þá mynd að það væri miklu meira eiginlega með þá að gera í þessum efnum en aðra af því að þeir vildu ræða málin, eins og aðrir væru feimnir við það eða hefðu einhvern tíma hafnað því að ræða þessi mál. Það er líka misskilningur. Ég er ævinlega til í að ræða þetta eins og heyra má hér því ég er sennilega sá maður sem í þessari umræðu hef rætt einna mest um Evrópumál.

[15:41]

Björn Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil taka undir með því þegar hæstv. utanrrh. segir í ágætri skýrslu sinni að það séu nýjar ógnir í alþjóðamálum og menn þurfi að meta stöðu sína með nýjum og öðrum hætti miðað við þá þróun sem við höfum orðið vitni að á undanförnum missirum.

Raunar er það svo að þegar litið er til umræðunnar um þessi mál og menn velta því fyrir sér hvenær eigi að hefja tímatalið, þegar metið er að hinar nýju aðstæður hafi myndast, staldra menn nú orðið við árið 1993 í Bandaríkjunum þegar fyrst var gerð tilraun til að eyðileggja hinar stóru byggingar, turnana tvo í New York. Þá er talið að hafist hafi markviss herferð hryðjuverkamanna undir stjórn Osama bin Ladens gegn Bandaríkjunum. Menn velta því síðan fyrir sér hvort rétt hafi verið við brugðist, hvort nóg hafi verið að gert og fara yfir málin í ljósi slíkra hluta. Við hljótum að spyrja okkur sjálf hvernig við Íslendingar höfum brugðist við, hvernig á málum hafi verið tekið hér, hvort við höfum farið í það mat á okkar eigin stöðu í öryggismálum sem er nauðsynlegt til þess að skilgreina hana með skynsamlegum og réttum hætti, ef svo má að orði komast við núverandi aðstæður.

Ef við lítum á þróun mála frá því varnarsamningurinn var gerður árið 1951, fyrir rúmum fimmtíu árum, sjáum við að á hverjum áratug síðan hafa menn farið í mjög miklar umræður um stöðu Íslands í alþjóðamálum og utanríkis- og varnarmálum. Ég minni á að í upphafi sjöunda áratugarins voru teknar ákvarðanir um Almannavarnir ríkisins og það kerfi myndað sem enn er við lýði og byggðist á mati, þá á hættunni á kjarnorkuógn og hættunni á því að kjarnorkuárás yrði gerð á Ísland og þeim viðbrögðum sem þyrfti að grípa til vegna þess.

Því miður hefur ekki farið fram sams konar úttekt á stöðu okkar að þessu leyti að því er almannavarnir varðar síðan. Þótt vissulega hafi verið gerð úttekt á níunda áratugnum er það ekkert sambærilegt við það sem var gert þegar Almannavarnir ríkisins voru stofnaðar. Spurning er hvort ekki sé nauðsynlegt að framkvæma slíkt hættumat og fara yfir stöðu okkar að því leyti.

Við munum eftir því að í upphafi áttunda áratugarins voru miklar umræður um varnarmál þegar hér var við völd ríkisstjórn sem vildi að varnarliðið hyrfi úr landi í áföngum. Horfið var frá því, varnarmálin voru mjög til umræðu og þá kom fram skýr vilji þjóðarinnar til þess að halda áfram varnarsamstarfi við Bandaríkin. Á árunum 1981–1991 var stöðug uppbygging á Keflavíkurstöðinni og spennan jókst í kringum Ísland frá hernaðarlegum sjónarhóli og menn lögðu á ráðin um það hvernig ætti að taka á stöðugri útþenslu Sovétríkjanna, bæði í hafinu og í lofti við Ísland. Gerðar voru ráðstafanir í samráði við íslensk stjórnvöld til að bregðast við því ástandi.

Á síðasta áratug, þegar Sovétríkin voru úr sögunni og Varsjárbandalagið og allt það kerfi sem var forsenda kalda stríðsins vegna ógnar frá kommúnistaríkjunum, fór fram úttekt á stöðu Íslands og viðræður við bandamenn okkar, bæði um varnarmál og einnig um stöðu okkar innan Atlantshafsbandalagsins. Og það er spurning hvort ekki sé nauðsynlegt að gera slíkt hið sama núna árið 2003 að menn fari yfir það og skilgreini og átti sig nákvæmlega á því hvernig best sé að þessum málum staðið miðað við núverandi aðstæður. Utanrrn. undir forustu hæstv. utanrrh. hefur lagt fram greinargerðir og skýrslur á undanförnum árum um þessi málefni, sem eru m.a. forsenda þess að við erum virkari í friðargæslu en áður, eins og fram kemur í skýrslu hæstv. utanrrh., en það eru fleiri þættir sem þarf að líta til þegar við förum yfir þessi mál.

Þegar rætt er um hryðjuverkamenn og einstök ríki og spurninguna um hvernig eigi að bregðast við hinni nýju ógn þá, eins og við vitum, stendur heimurinn á öndinni núna vegna þess hvernig tekið verði á málum gagnvart Írak sem síðan árið 1991 hefur neitað að verða við þeim skilmálum sem Sameinuðu þjóðirnar settu þeim í lok vopnahlés sem þá var gert. Síðan hefur öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkt 17 ályktanir sem Írakar hafa haft að engu og frá 1998 þangað til nú fyrir skömmu meinaði Íraksstjórn eftirlitsmönnum Sameinuðu þjóðanna að framkvæma skylduverk sín innan Íraks í leit að gjöreyðingarvopnum. Það er markmið allra, og hefur komið fram hér í umræðunum, að þetta ástand sé óviðunandi og standa beri þannig að málum að Íraksstjórn verði við ályktunum Sameinuðu þjóðanna og engin spurning um það. Ég hef ekki orðið var við það hér að menn deili um það í sjálfu sér að nauðsynlegt sé að knýja Íraksstjórn til þess að hlíta ályktunum Sameinuðu þjóðanna. Að gera það hins vegar með þeim rökum að aðrar þjóðir hafi ekki orðið við samþykktum Sameinuðu þjóðanna er ekki rétt því aðrar þjóðir hafa ekki gengist undir slíkar samþykktir eins og Írakar gerðu árið 1991. Og að segja sem svo að aðrar þjóðir hafi ekki skýrt frá því hvernig vopnabúnaði þeirra sé háttað og þess vegna sé ekki hægt að krefjast þess sama af Írökum er einnig rangt þegar menn fjalla um þetta mál því fyrir liggja samþykktir Sameinuðu þjóðanna um að Írökum

beri að gera þetta, beri að framfylgja þeim ályktunum sem Sameinuðu þjóðirnar gerðu.

Spurningin hefur verið um tíma. Spurt hefur verið og menn voru að velta því fyrir sér hvort það yrði kannski á morgun, 28. febrúar, sem Hans Blix mundi koma til Sameinuðu þjóðanna og gera grein fyrir máli sínu eða 14. mars. Niðurstaðan varð sú að hann kemur 7. mars og gefur öryggisráðinu skýrslu og þá munu menn velta fyrir sér hvað eigi að gera næst. Þessi þróun reynir mjög á innviði þess samstarfs sem mótað hefur alþjóðaþróunina frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar eins og við vitum, og ágreiningur er um skilgreiningu á hinni nýju ógn bæði innbyrðis milli Evrópuríkja og einnig milli hluta Evrópuríkja og Bandaríkjanna. Þetta hefur birst í deilum innan Evrópusambandsins og einnig í deilum innan Atlantshafsbandalagsins og það er öllum þjóðum mikið kappsmál að þessar deilur verði ekki til þess að eyðileggja gott samstarf þessara ríkja sem er jú meginforsenda þess að friður haldist í heiminum.

Ég vil taka undir með utanrrh. að það er neyðarúrræði að grípa þurfi til vopna. En vandinn snýst nú eins og jafnan áður um að finna bestu leiðina til að tryggja friðinn. Sagan kennir okkur að það verður ekki gert með því að láta undan einræðisherrum sem hafa í hótunum og neita að virða samninga. Ef við lærum ekki af sögunni tökum við þá áhættu að reyna það aftur sem hún kennir okkur.

Þegar menn tala um Sameinuðu þjóðirnar og að menn eigi að treysta alfarið á þær þá minnir það vissulega á umræður sem fóru fram á fjórða áratugnum þegar menn töluðu um að það ætti að bregðast við Hitler með sameiginlegu öryggi og vísa því til Þjóðabandalagsins, og menn trúðu því að með því að vísa málum Hitlers til Þjóðabandalagsins væri hægt að koma í veg fyrir að hann gripi til styrjaldaraðgerða eða ofbeldisaðgerða gegn nágrannaríkjum sínum. Síðan var það þegar hann réðist inn í Rínarlöndin að einn stjórnmálamaður í Bretlandi, Winston Churchill, reis upp og sagði: Það er ekki hægt að una þessu, Bretar verða að grípa til ráðstafana og hefja vígbúnað fyrir sjálfa sig til að vera reiðubúnir til að takast á við þessa hættu. Og síðan stig af stigi jókst mönnum skilningur á því að ekki væri unnt að búast við því að Hitler léti undan Þjóðabandalaginu eða þeim sem áttu að framfylgja hinu sameiginlega öryggi. Við erum að mörgu leyti í svipaðri stöðu núna þegar menn tala á þann veg að unnt sé að treysta á hið sameiginlega öryggi án þess að vera reiðubúin til að segja við einræðisherrann að ef hann hlíti ekki þessum samþykktum þá geti hann átt yfir sér beitingu valds.

Það er það sem við erum að fjalla um m.a. þegar við ræðum þessi mál hér á þessum stað eins og menn hafa verið að gera í breska þinginu í gær, franska þinginu og í þjóðþingum víða um lönd. Við sem lýðræðissinnar og friðarsinnar hljótum að sjálfsögðu að vilja vinna að því að komið verði í veg fyrir að einræðisherrar geti leikið alþjóðastofnanir og gert þær að engu eins og líkur eru á ef ekki tekst að knýja Saddam Hussein til þess að hlíta ályktunum Sameinuðu þjóðanna.

Ég vil aðeins víkja að Evrópumálunum. Ég tek undir það sem fram kom í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar varðandi afstöðu formanns Samfylkingarinnar, ég set nú jafnan spurningarmerki fyrir aftan titilinn formaður þegar ég ræði um Össur Skarphéðinsson núna eins og málum er háttað í Samfylkingunni, ég veit ekki hvaða málsvari hann er í raun og veru fyrir þann flokk, en það er alveg ljóst að hann hefur í viðræðuþáttum, m.a. við mig, lýst ólíkum sjónarmiðum um afstöðu sína til Evrópusambandsins og nú síðast að það beri ekki að gera neitt í þeim málum nema Sjálfstfl. sé fús til þess að hafa um það forgöngu. Hann taldi hins vegar þegar ég var með honum í sjónvarpsþætti og hann var nýkominn frá einhverjum fundi í Interlaken í Sviss, að standa ætti þannig að málum að breyta ætti viðræðunum um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins í aðildarviðræður okkar og Evrópusambandsins, og það væri um að gera að taka þannig á hinum ósanngjörnu kröfum Evrópusambandsins að við mundum lýsa því yfir að við vildum hefja við þá aðildarviðræður. Hann hefur því gjörsamlega breytt um stefnu núna á undanförnum vikum í þessu máli. Ég heyri það að talsmenn flokksins hér eru að reyna að skýra þessa stefnubreytingu eða skilgreina hana með einhverjum rökréttum hætti en ég held að það sé gjörsamlega ómögulegt, sama hve margar ræður menn flytja hér í þessum sal um það mál. Það er ljóst að hans hugur stendur til þess núna að Evrópumálin verði ekki ofarlega á dagskrá í komandi kosningabaráttu.

Ég tel að líta eigi á viðræðurnar um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins með vísan til 128. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið þar sem beinlínis er tekið fram að nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins er skylt að gerast aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Ég lít á þetta fyrst og fremst sem tæknilegt viðfangsefni og viðfangsefni sem eigi að byggja alfarið á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og er þess vegna mjög undrandi á þeirri kröfugerð sem Evrópusambandið hefur talið sér sæma að setja fram gagnvart okkur vegna þessa máls og tel það í rauninni í andstöðu við skýr ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, ef ekki beinlínis brot á samningnum ef þessi ríki gerast ekki aðilar að Evrópska efnahgssvæðinu um leið og þau gerast aðilar að Evrópusambandinu því Evrópusambandið kemur fram fyrir hönd aðildarríkja sinna gagnvart okkur innan Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópusambandið á að sjálfsögðu að sjá til þess að það hafi umboð frá öllum sínum aðildarríkjum til þess að tala við okkur sem málsvari þeirra innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, herra forseti. Ég vil að lokum ítreka að ég er sammála þeirri meginskoðun sem kemur fram í skýrslu hæstv. utanrrh. og tel að hún sé tímabær áminning til okkar um þau atriði sem við stöndum frammi fyrir í utanríkismálum, en vil árétta það sem ég sagði um nauðsyn þess að við séum alltaf tilbúin til að meta stöðu okkar í öryggis- og varnarmálum sérstaklega og tryggja að öryggi okkar sé sem best tryggt í samræmi við þær hættur sem að okkur kunna að steðja.

[15:55]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst: Össur Skarphéðinsson er formaður Samfylkingarinnar og það er bara hallærislegt þetta tal hjá mörgum stjórnmálamönnum sem finna enga leið til að tala um pólitík og sem hv. þm. Björn Bjarnason endurtekur hér. Að öðru leyti ætla ég ekki frekar að tala um Evrópusambandið enda hef ég svarað þeim spurningum.

En það er varnarsamningurinn og það er tvennt sem vekur athygli mína í orðum þingmannsins. Hann situr í utanrmn. en hann spyr: Hefur Ísland farið í endurmat í öryggismálum okkar? Og að e.t.v. þyrftum við að fara í viðræður núna um hvernig best væri að þessum málum staðið — og ég bið hv. þm. að hlusta á athugasemdir mínar. (**BBj:** Ég er að því.) Þingmaðurinn spyr: Hefur Ísland farið í endurmat í öryggismálum og þarf Ísland að fara í viðræður núna um

hvernig best væri að þessum málum staðið? Og maður áttar sig auðvitað ekki á því hvort hann er að gefa það í skyn að þær óformlegu viðræður sem hæstv. utanrrh. greindi frá hér í morgun séu eitthvað annað en það sem þingmaðurinn spyr um. Hæstv. utanrrh. sagði í morgun að við vildum hafa hér á landi lágmarksvarnir og það væru hér lágmarksvarnir af hálfu varnarliðsins en það væru efasemdir hjá Bandaríkjamönnum um að halda þeim áfram.

Þingmaðurinn talaði um ógnina. Ég spyr: Hver er ógnin? Ef við erum að tala um hryðjuverk, er þá öflugt hernaðarvarnarsamstarf svarið? Öllum ber saman um að miklar varnir gátu ekki afstýrt hryðjuverkaárásinni 11. september á Bandaríkin en öflug leyniþjónusta og öflugri heföi eflaust getað gert það.

[15:57]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að ræða herfræðileg málefni við hv. þm. og hvaða leiðir séu bestar til að tryggja öryggið í hverju tilviki fyrir sig. Ég tel að það sé blanda af ýmsum úrræðum sem þurfi að grípa til, m.a. hafi varnarsamningur okkar við Bandaríkin mikið gildi og ég tel að gildi hans hafi ekkert minnkað og sá varnarviðbúnaður sem Bandaríkjamenn hafa haft á Íslandi sé jafnmikilvægur nú og áður. Enginn vafi er um það í mínum huga.

Ég hef hins vegar á undanförnum árum bæði hér og annars staðar vakið máls á því að það sé til fleiri þátta að líta og ég tel að viðbrögðin fari náttúrlega eftir niðurstöðu í því hættumati sem ég taldi að væri nauðsynlegt til að menn leituðu þó að samnefnara í þessu, því að um þetta er ekki og á ekki að vera einhver flokkspólitískur ágreiningur heldur eiga menn að leitast við að komast að skynsamlegri niðurstöðu og haga aðgerðum sínum í samræmi við það.

Ég er líka þeirrar skoðunar að samhliða því sem við áréttum mikilvægi varnarsamningsins við Bandaríkin þá hugum við að því hvað við eigum að gera sjálf til að tryggja öryggi okkar og hvernig hin nýja ógn sem fram kemur skýring á, m.a. í ræðu og skýrslu hæstv. utanrrh., verkar á stöðu okkar. Það er þetta sem ég er að tala um, ég er ekki að tala um neinar óformlegar viðræður við Bandaríkjamenn eða slíkt, ég er að tala um hvað við sjálf metum nauðsynlegt með hagsmuni okkar í huga.

[15:58]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kýs að vísa þessu með hættumatið sem þurfi að fara fram til hæstv. utanrrh. En ég er alveg sammála þingmanninum að flokkspólitík á ekki að ráða því hvernig við metum þá hluti. Hins vegar hef ég farið í gegnum þær skýrslur sem við höfum fengið, Hnattvæðing Íslands, Öryggi við aldahvörf og friðargæsluskýrsluna o.fl., og við höfum rætt það í utanrmn. hvernig staðan sé varðandi varnarsamninginn. Hér í dag var það rætt og utanrrh. svaraði því að bókunin við varnarsamninginn væri í raun og veru í gildi þrátt fyrir að hún sé runnin út í raun, að samstarfið í því samhengi sem það hefur verið verður áfram nema eitthvað sé að gert. Ég skil því ekki alveg þennan kafla í ræðu þingmannsins þegar hann hefur upp raust sína og fer að tala um varnarsamstarfið og viðræður núna, að taka þurfi upp viðræður um hvernig best sé að þessum málum staðið í ljósi þeirrar umræðu sem farið hefur fram hér í dag og í ljósi þeirrar umræðu sem hefur farið fram við utanrrh. í utanrmn. Ég vil því, virðulegi forseti, algjörlega vísa því frá að hér sé verið að fara inn í einhverja flokkspólitík. Við í Samfylkingunni höfum ekki unnið þannig varðandi nákvæmlega þessi mál, en mér fannst örlítið veist að utanrrh. í ræðu þingmannsins í þessum orðum hans og ég er þá fegin því að ég hef misskilið orð hans.

[16:00]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Í öðru orðinu segist hv. þm. ekki skilja hvað ég hafi átt við en segist á hinn bóginn hafa misskilið það sem ég átti við. Það er mjög erfitt að deila um þessi mikilvægu mál á þessum forsendum. Ég var ekki að veitast að utanrrh. á neinn hátt og algjör óþarfi hjá hv. þm. að gera því skóna, að í orðum mínum hafi falist gagnrýni á utanrrh. Ég fór yfir það að á fimm áratugum hefðu menn á hverjum einasta áratug gert úttekt á öryggismálum Íslands með einum eða öðrum hætti, hvort heldur í umræðum um varnarsamninginn við Bandaríkin eða í sérstökum athugunum sem þeir hafa gert hér á landi. Ég taldi að nú í upphafi nýrrar aldar væri nauðsynlegt að huga að þessu með jafnskipulegum hætti og menn hefðu oft áður gert þegar öryggismálin hafa verið til umræðu. Ef þingmaðurinn getur ekki skilið þetta veit ég ekki hvað hún getur skilið af því sem ég sagði í ræðu minni.

[16:01]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Björn Bjarnason segir að það væri neyðarúrræði að grípa til vopna gagnvart Írak. Engu að síður heyrist mér hann styðja slíka árás ef þörf á þykir. Hann velti vöngum yfir því í ræðu sinni hvaða aðstæður réttlættu slíka árás. Hann vitnaði í fyrri samþykktir öryggisráðsins sem Írakar hefðu ekki hlýtt, sautján talsins ef ég man rétt. Nú er það svo að fjölmörg ríki hafa virt ályktanir öryggisráðsins að vettugi, þar á meðal Ísrael. Sennilega hefur Ísrael öllum ríkjum fremur virt ályktanir Sameinuðu þjóðanna og öryggisráðsins að vettugi. Þetta er staðreynd. Finnst hv. þingmanni það réttlæta refsiaðgerðir, jafnvel hernaðaraðgerðir, gegn Ísrael eða öðrum ríkjum sem hafa virt ályktanir öryggisráðsins að vettugi?

Hv. þm. tengdi í ræðu sinni hugsanlega árás á Írak hryðjuverkastarfsemi. Hann talaði um 11. september. Ég skildi hann svo að þörfin fyrir að uppræta hryðjuverkastarfsemi í heiminum lægi að baki ákvörðunum Bandaríkjastjórnar og Breta, þ.e. ásetningi þeirra að fara með hernaði gegn Írökum.

Ég vil spyrja hv. þm. hvernig hann meti þá skýrslu sem m.a. hefur komið frá öldungadeild Bandaríkjaþings sem segir að Íranar séu, þegar dæmið er gert upp, hættulegri hvað þetta snertir, séu í nánari tengslum við hryðjuverkasamtök en Írakar og séu nær því að búa til gereyðingarvopn en Írakar. Finnst honum þá koma til álita að fara með hernaði gegn Íran?

Að lokum ein forvitnileg spurning til Björns Bjarnasonar, hv. þm., mikils áhugamanns um NATO: Sér hv. þm. það fyrir sér að þær aðstæður gætu komið upp að Ísland ætti að verða herlaust land? Og hverjar eru þær aðstæður?

[16:04]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef í ályktunum um Ísrael eru ákvæði um að fari Ísraelar ekki að þessum ályktunum sé heimilt að beita þá valdi tel ég víst að menn muni framfylgja þeim. Ég held að það sé ekki þannig í þeim ályktunum. Það er hins vegar svo í ályktunum um Írak. Um það snýst málið. Hvernig á að knýja menn til þess að hlýta ályktunum Sameinuðu þjóðanna? Þá

verða menn að lesa ályktanirnar og fara eftir því sem í þeim stendur. Menn verða að hafa þrek til að gera mun á þessu þegar þeir fjalla um þetta mál eins og önnur. Menn geta ekki lagt allt að jöfnu og reyna að afsaka einræðisherrann með því að miða mál hans við eitthvað annað.

Ég var ekki að fjalla um hryðjuverkamenn sérstaklega þegar ég talaði um nauðsyn þess að stemma stigu við Saddam Hussein. Ég var að tala um það sem felst í ályktunum Sameinuðu þjóðanna, að koma í veg fyrir að hann ráði yfir gjöreyðingarvopnum og sjá til þess að hann uppfylli þau skilyrði sem honum voru sett árið 1991 varðandi þann þátt. Það þarf að vera unnt að komast að hinu sanna um það undanbragðalaust og knýja manninn til þess að hlíta þeim ályktunum og fara að þeim.

Varðandi þær aðstæður sem geta skapast hér í heiminum til að Íslendingar ákvæðu að vera algjörlega varnarlausir. Ég get ekki séð þær aðstæður fyrir mér þannig að unnt sé að draga upp þá mynd með neinum skynsamlegum hætti. Ég sé heldur ekki að nokkur þjóð líti þannig á að henni sé til góða að afsala sér öllum rétti til varna. Síðan er það ávallt spurning hvernig menn taka á því. Það höfum við Íslendingar gert í sögunnar rás með mismunandi hætti en í rúm 60 ár í góðu samstarfi við Bandaríkjamenn.

[16:06]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi Ísrael, um vald og valdbeitingu. Samþykktir Sameinuðu þjóðanna og öryggisráðsins gagnvart Ísrael snúast um vald og valdbeitingu, valdbeitingu Ísraelsmanna og Ísraelshers gegn Palestínumönnum og þann ásetning Ísraelsmanna að halda í land sem þeim ekki ber. Þeir hafa ekki farið að vilja Sameinuðu þjóðanna um að láta af þessari valdbeitingu.

Ég heyrði ekki betur en hv. þm. tengdi nauðsyn þess að losna við Saddam Hussein 11. september og hryðjuverkastarfsemi. Sannast sagna fannst mér hann ekki svara spurningu minni um þetta efni.

Ég vil beina þeirri spurningu til hv. þm. Björns Bjarnasonar, sem er fróður um sögu og stjórnmálaþróun á síðustu öld og þekkir gjörla til sem blaðamaður í langan tíma: Telur hann ekki nein tengsl á milli þeirra gríðarlegu auðæfa sem er að finna í jörðu í Írak og hernaðarhagsmuna Bandaríkjanna í þessum heimshluta og þess ásetnings Bush-stjórnarinnar að beita Íraka valdi? Telur hann engin tengsl vera þarna á milli? Það væri gaman að heyra rökstuðning um það efni.

Hitt er svo annað mál að ég átti ekki von á öðru en að fá hina dapurlegu framtíðarsýn hv. þm. Björns Bjarnasonar varðandi friðinn og herinn. Hann getur ekki ímyndað sér Ísland án hers.

[16:07]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki ímyndað mér Ísland án þess að menn geri hér ráðstafanir til að tryggja öryggi sitt. Hvernig það er gert á hverjum tíma verður að taka mið af þeirri hættu sem við teljum að okkur steðja. Við töldum um aldir að fjarlægðin tryggði öryggi okkar og en sannfærðumst um það endanlega í síðari heimstyrjöldinni að svo væri ekki og að við þyrftum að gera aðrar ráðstafanir til að tryggja öryggi okkar en að treysta á fjarlægðina frá öðrum ríkjum. Þetta verðum við að hafa í huga og grípa til þeirra ráðstafana á hverjum tíma sem við teljum skynsamlegastar til að tryggja öryggi okkar.

Þess vegna segi ég að í upphafi nýrrar aldar, með hliðsjón af reynslu okkar á undanförnum 60 árum og hvernig við höfum staðið að varnarmálum á undanförnum 60 árum: Er ekki skynsamlegt að við reynum að komast að sameiginlegri niðurstöðu um það nú hvernig öryggi okkar er best tryggt án þess að missa sjónar á gildi þess að eiga gott samstarf við Bandaríkin? Ég tel að núverandi ástand hafi leitt í ljós að tvíhliða samningur eins og við eigum við Bandaríkin sé betri en flest annað sem við búum við til að tryggja öryggi okkar nú á tímum.

Varðandi spurninguna um Ísrael þá snýst þetta mál ekki um það hvort Ísraelar beiti valdi gagnvart Palestínumönnum. Þegar ég var að tala um valdbeitingu þá átti ég við heimildir í ályktunum Sameinuðu þjóðanna fyrir ríki til að beita Ísraela valdi. Um það snýst umræðan um Íraka og stöðu þjóða gagnvart Írökum: Hvaða umboð hafa Sameinuðu þjóðirnar veitt þjóðum til þess að beita Íraka valdi? Um það er deilan. Það eru engin slík ákvæði í neinum samþykktum Sameinuðu þjóðanna um Ísrael.

[16:09]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir gegn peningaþvætti, 549. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1048.

Almannavarnir o.fl., 464. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1047; brtt. meiri hluta allshn., þskj. 1052.

Stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, 648. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1053.

[16:09]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir ágæta ræðu þar sem kenndi margra grasa að venju. Íraksmálið og þau vandamál sem sprottið hafa kringum það hafa að sjálfsögðu borið hæst í því sem rætt hefur verið um í dag, hvort lýðræðiselskandi þjóðir nái saman um að koma á kné manni sem hefur kúgað eigin þjóð og margoft sýnt að svífst einskis til að halda völdum. Það er löngu ljóst að menn láta þetta ekki lengur yfir sig ganga. Auðvitað er erfitt að segja nákvæmlega til um hvernig réttlætinu verður náð í þessum efnum. Ég lýsi yfir mikilli ánægju minni með það hvernig hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnin hefur eindregið stutt Bandaríkjamenn og Breta í þeim áformum sem þeir hafa haft um að koma frá þessum einræðisherra sem ekkert virðir.

Það hefur að sjálfsögðu verið áhyggjuefni fyrir alla þá sem hafa skoðun á varnarmálum Evrópu og samstarfi innan NATO að slík ósamstaða skuli hafa ríkt innan NATO vegna andstöðunnar innan Evrópusambandsins. Það veldur áhyggjum ef það veikir samstarf þessara þjóða þegar kemur að því að grípa til ráða sem vestræn ríki telja nauðsynleg við erfiðar aðstæður.

Það er ekki langt síðan, herra forseti, að Vestur-Evrópusambandinu, Evrópustoð NATO þar sem allar NATO-þjóðirnar og Evrópusambandsþjóðirnar áttu fulltrúa, þ.e. þeim þætti í varnarmálum Evrópu var breytt. Evrópusambandið tók yfir allar stofnanir sem heyrðu undir Vestur-Evrópusambandið. Hugmyndin með þeirri breytingu var að einfalda tengslin við Bandaríkin milli Evrópusambandsins og Bandaríkjanna, að styrkja öryggis- og varnarmátt Evrópuþjóðanna og einnig var talið nauðsynlegt að sýna að Evrópuríkin sjálf leystu sín mál.

Við sem erum áheyrnarfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt innan Vestur-Evrópusambandsins mótmæltum þessum breytingum á sínum tíma. Það voru fyrst og fremst Bretar

og ekki síst Bandaríkjamenn sem voru einnig mjög efins um að þessi þróun væri rétt. Staðreyndin er sú að innan Vestur-Evrópusambandsins hafði náðst mjög góð tenging milli þessara þjóða og Bandaríkjanna. Þar hafði myndast gott traust með tengingu við NATO, með sendiherrum frá öllum aðildarríkjum sem bæði sátu í VES og NATO. Þarna hafði náðst mikil og góð samstaða sem hafði styrkt samskiptin milli þessara þjóða í varnar- og öryggismálum. Margir voru hins vegar hræddir við að þessi breyting gæti leitt til þess að gjá myndaðist milli Evrópusambandsins og Bandaríkjanna eða jafnvel að NATO mundi veikjast.

Því miður hefur ýmislegt af þessu komið fram, í bili alla vega. Það gerðist fyrst í tengslum við Afganistan og ekki síður núna, að sumar Evrópusambandsþjóðirnar sem eru jafnframt í NATO neita að bregðast við ósk Tyrkja um að taka þátt í vörnum landsins ef til kæmi. Sem betur fer hafa sumar þessara þjóða snúið frá þeirri skoðun en þetta segir okkur að ýmislegt þurfi að laga á þessu sviði.

Ég tel mjög nauðsynlegt fyrir Íslands hönd að halda uppi því samstarfi sem verið hefur innan Vestur-Evrópusambandsins. Það er eina þingið þar sem allir þjóðkjörnir þingmenn Evrópu hafa rétt til þátttöku og menn geta þar skipst á skoðunum um varnar- og öryggismál sem skipta máli fyrir þær þjóðir sem í hlut að eiga.

Framtíðarráðstefna Evrópusambandsins sem núna stendur yfir og verið er að undirbúa hefur tekið á því hvernig opna eigi möguleika þjóðkjörinna þingmanna Evrópuríkja. Það hefur komið fram í þessum undirbúningsviðræðum að Evrópusambandið eða Evrópuþingið ásamt fulltrúum Evrópusambandsins og ráðherrum hafa í raun lagst gegn því að heimila aðgang þjóðkjörinna þingmanna að varnar- og öryggismálum Evrópusambandsins. Margir telja það mjög slæma þróun og ekki hvað síst fyrir þau lönd sem ekki eru í Evrópusambandinu en eru í NATO. Það er ljóst að ef af þessu verður þá töpum við Íslendingar þeim tengslum sem við höfum haft og að þessu leyti mundi staða okkar veikjast.

Ég vænti þess að hæstv. utanrrh. hafi skoðun á þessu sérstaka máli og að hann reyni eftir megni að koma þeim sjónarmiðum á framfæri að málstað Íslands sé best borgið með því að tryggja veru okkar þarna sem mesta og að aðkoma okkar að umræðu um varnar- og öryggismál Evrópu verði óbreytt frá því sem var, enda var það upphaflega í samþykktum sem gerðar voru af NATO-ríkjunum á sínum tíma að þessi breyting með stofnanir Vestur-Evrópusambandsins yfir í Evrópusambandið sem hefur veikt Vestur-Evrópusambandið ætti ekki að breyta neinu um stöðu þeirra ríkja sem eru í NATO en utan Evrópusambandsins. Enn sem komið er hefur ekkert komið í staðinn að mínu áliti sem setur okkur í þá stöðu sem við vorum í fyrr. Ég held að nauðsynlegt sé að berjast fyrir stöðu okkar á þessum vettvangi.

Ég ætla aðeins að minnast á stækkun Evrópusambandsins, herra forseti. Heilmikil umræða hefur farið fram um það mál eins og gefur að skilja. Ég hef heyrt á hæstv. utanrrh. að hann hafi mikinn áhuga á því að kanna möguleika á þátttöku í starfi Evrópusambandsins. Auðvitað þurfa að vera fyrir því ákveðin skilyrði sem verður að uppfylla, m.a. varðandi fiskveiðar. Ég hef nú verið sömu skoðunar og hæstv. utanrrh. í þeim efnum að ekki sé nein forsenda til að óska eftir inngöngu í Evrópusambandið á þessu stigi.

Ég hef svo aftur á móti velt fyrir mér einu máli sem mér finnst dálítið uggvekjandi, það er varðandi sjávarútveginn á Íslandi og ég held að geti komið Evrópusambandinu við, þ.e. að stórútgerðir á Íslandi eru nú að krefjast þess að kvótaþakið verði hækkað úr 12% í 20. Háttvirtur formaður sjútvn. hefur lýst því yfir í sjónvarpi að hann telji þetta eðlilegt. Ég tel þetta aftur á móti mjög óheppilegt og að þetta gæti í rauninni orðið hættulegt því um leið og það gerðist þá yrði enn frekari samþjöppun í íslenskum sjávrútvegi að veruleika og við mundum sjá meiri röskun í byggðum landsins en við höfum nokkurn tímann séð fyrr. Við mundum sjá að á örfáum árum fækkaði útgerðarfyrirtækjum kannski niður í fimm, eitthvað þar um bil, og staða þeirra sem ættu yfir kvótanum að ráða yrði gríðarlega sterk gagnvart íslenskum stjórnvöldum. Ég hef heyrt það frá stórútgerðarmönnum í dag að þeir telja að ef gengisskráningin fari ekki að breytast og íslenska krónan að veikjast frá því sem nú er þá finnist þeim alls ekki fráleitt að færa fiskvinnsluna úr landi. Ef þessir aðilar verða orðnir svo sterkir í íslenskum sjávarútvegi að einungis fimm aðilar réðu yfir allri útgerð á landinu, í hvaða stöðu verða þá stjórnvöld til þess að bregðast við, þ.e. ef menn settu fram slíkar kröfur eins og ég hef nefnt? Þá veltir maður því fyrir sér hvort Evrópusambandið væri nokkuð síðri kostur að eiga við en þessir fimm stórútgerðarmenn sem réðu hér yfir öllum fiskinum í sjónum. Að því leyti til tel ég að menn verði að gá að sér því þó maður geti að mörgu leyti sagt að kvótakerfið hafi virkað vel þá getur þetta gengið það langt að ekki verði við unað þegar samþjöppunin verður slík að auðgildið og frekari hagnaður gengur langt út yfir allt sem snýr að hag fólksins í landinu.

Ég vil að lokum, herra forseti, aðeins fá að minnast á Alþjóðaviðskiptastofnunina eða OECD. Í Jóhannesarborg í sumar var mikið rætt um þessa stofnun og alþjóðaviðskipti sem gætu opnað leið fyrir fátæk ríki til þess að styrkja fjárhag sinn og eyða eða draga úr fátækt. Það sem hefur staðið í veginum fyrir því að þessi ríki gætu í raun eflt stöðu sína er að ríkar þjóðir hafa haft og hafa enn uppi tollamúra sem þessi fátæku ríki hafa ekki náð að yfirvinna. Auðug ríki Vesturheims hafa einnig beint sjónum sínum að orku sem fæst úr olíu og öðrum slíkum orkugjöfum sem hefur ekki hjálpað þeim ríkjum sem fyrst og fremst geta byggt upp orku í gegnum sólina eða með því að virkja sólina, t.d. með sólarrafhlöðum. Allt þetta hefur verið mjög dýrt. En mest af því fjármagni sem hefur farið til orkuuppbyggingar í heiminum hefur verið til að nýta olíulindir í Arabalöndunum.

Eitt af því sem talið var að við þyrftum að horfa sérstaklega til í þessu efni er að beina fjármunum frekar til að þróa sjálfbæra orkugjafa, eins og auðvelt er að koma upp í Afríku, en þó þannig að sjálfsögðu að þessi ríki geti staðið undir því. Það er gert með því að styrkja fyrirtæki sem framleiða búnað til þess að virkja sólina til raforkuframleiðslu og einnig með því að standa undir ábyrgðum sem fyrirtæki þurfa sem vilja beina sjónum sínum að vanþróuðum ríkjum með þessum hætti.

Ég vil því beina því til hæstv. utanrrh. að hann reyni að hafa áhrif á Alþjóðaviðskiptastofnunina til að hún beini sjónum sínum enn frekar að vanþróuðum ríkjum Afríku sem sannarlega þurfa á því að halda að geta leitað í þessa sjóði. Það verður að vera hægt að breyta reglum og koma á samstarfi við þessi ríki til þess að minnka þá ömurlegu fátækt sem þarna er og allir sjá sem þangað fara.

[16:24]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Kristjáni Pálssyni að því er varðar þróunarríki. Að sjálfsögðu er mjög

nauðsynlegt að taka meira tillit til þeirra í alþjóðlegum viðskiptum. Það er alveg ljóst að það mun hafa áhrif til frjálsræðisáttar á ýmsum sviðum, m.a. á sviði landbúnaðar. Það þýðir að Íslendingar, þ.e. íslenskur landbúnaður verður að búa sig undir meira frjálsræði á þessu sviði. Þróunarríkin hafa verið með þær kröfur á undanförnum árum, sem er eðlilegt, að þau hafi eðlilegan aðgang að vestrænum mörkuðum. En það sem er kannski verra í þessum málum öllum er að þróunarríkin hafa oft og tíðum ekki það skipulag sem gerir þeim kleift að komast með góðum hætti inn á þessa markaði jafnvel þótt tollar séu ekki fyrir hendi. Þau hafa ekki þá reynslu og þann mannafla sem þarf til að vinna markaðsstarf á þessum mörkuðum.

Við Íslendingar höfum jafnframt talið það mjög nauðsynlegt og mikilvægt fyrir þróunarríkin að setja reglur um ríkisstyrki í sjávarútvegi. Við teljum að það ríkisstyrkjakerfi sem er víða í heiminum verði til þess að þróunarríkin nýti ekki auðlindir sínar sjálf eins og þau gætu gert, heldur reki rík iðnríki sjávarútveg í landhelgi þróunarríkjanna vegna þess að iðnríkin styrkja þessa atvinnugrein með þeim afleiðingum að þróunarríkin verða fyrir verulegum skaða, enda hefur tillaga okkar á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar fengið mikinn stuðning þróunarríkjanna.

[16:26]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir. Það er einmitt málið. Ég held að menn hafi verið samdóma um það á ráðstefnunni í Jóhannesarborg að það eru niðurgreiðslur hinna efnuðu ríkja sem hafa komið í veg fyrir að þróunarríkin næðu yfirleitt nokkurri markaðsstöðu. Auðvitað er þessi svokallaði infrastrúktúr enginn í þessum ríkjum. Þá er spurningin: Hvar á að byrja? Þjóðir eins og Íslendingar hafa reynt að byggja upp menntakerfið í gegnum Þróunarsamvinnustofnun Íslands með því að reisa grunnskóla og með því að byggja upp heilbrigðiskerfið og ráðgjafar- og þróunarstarf. Ég held að utanrrn. undir stjórn hæstv. ráðherra hafi að því leytinu einmitt tekist afskaplega vel til.

Ég hef minnst á það áður í þessum stóli að ótrúlegt hefur verið að sjá hvernig sumar aðrar þjóðir hafa byggt upp slíkt þróunarstarf sem hefur svo engum nýst og engum verið til gagns, því miður, vegna þess að menn fóru kannski af stað með of miklu óðagoti. En þarna hefur náðst að byggja upp farsælt starf í miklu samráði við heimamenn sem þeir eru ánægðir með.

Hvernig á að byggja upp þennan infrastrúktúr? Ég lít svo á að það sé hluti af því sem Íslendinga eru að gera. Þetta er langtímaþróun. Alþjóðasamtök þingmanna í umhverfismálum, GLOBE, hafa einmitt beint sjónum sínum að því hvernig nota eigi styrki auðugra ríkja til þess að byggja upp sjálfbær orkufyrirtæki í þessum fátæku ríkjum. En það þarf auðvitað að gera þannig að þessi ríki standi betur eftir en áður.

[16:29]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. greinargóða skýrslu um utanríkismál. Ekki síst á hvern hátt hann leggur fram í ræðu sinni hvernig þau mál blasa við okkur Íslendingum, í ljósi þess að við þurfum að leggja mjög mikið upp úr þátttöku okkar í alþjóðastofnunum. Við höfum mikla þörf fyrir góð samskipti við grannríki okkar og raunar ríki um víða veröld til þess að ná þeim markmiðum sem við hyggjumst ná í efnahagsmálum, þ.e. að bæta og treysta lífskjör þjóðarinnar til langframa.

Þau mál sem hér hefur borið á góma hafa verið rædd í ýmsum alþjóðastofnunum sem Íslendingar eiga þátt í. Þar kemur til Íslandsdeild NATO-þingsins sem ég skipa nú formennsku fyrir. Þar hefur ástandið eins og það birtist í austanverðri Evrópu og grannsvæðum okkar í Miðausturlöndum mjög borið á góma. Ekki síst í ljósi þess að þangað mátti rekja rætur hinnar miklu alþjóðlegu hryðjuverkaógnunar sem steðjaði að öllum Vesturlöndum fyrir tæpum tveimur árum og hefur náttúrlega verið undirtónn í allri umræðu öryggissamtaka ríkja í vesturálfu, hvort heldur er Atlantshafsbandalagið, ÖSE eða önnur slík. Raunar hefur það líka verið undirtónn í umræðu Evrópusambandsríkjanna um öryggismál og mótun sameiginlegrar utanríkisstefnu, hvort sem þau eru aðilar að Atlantshafsbandalaginu eða ekki.

Ég vil gjarnan láta það heyrast, herra forseti, að á fundum þingmannasamkundu Atlantshafsbandalagsins sem hefur hist að jafnaði fimm sinnum á ári undanfarin ár, og fimm sinnum á síðasta ári, voru þessi mál alltaf til umræðu, ásamt þeim málum sem tengjast stækkun bandalagsins. Við Íslendingar meðal annarra lögðum mjög mikla áherslu á og studdum þar sérstaklega inngöngu Eystrasaltsríkjanna þriggja í bandalagið sem nú er að takast. Raunar er gert ráð fyrir því að vorið 2004 verði sjö ný aðildarríki að bandalaginu staðfest og þá verði bandalagið orðið samtök 26 ríkja sem er mikil stækkun frá því sem verið hefur.

Á þessum fundum og sérstaklega eftir því sem leið á árið voru áberandi ólíkar skoðanir og áherslur bandalagsríkjanna vegna hugsanlegra átaka við Írak sem er næsta verkefni Vesturlanda í baráttunni gegn útbreiðslu gereyðingarvopna og gegn aukinni hryðjuverkastarfsemi á alþjóðavettvangi. Þar hefur verið mjög áberandi að sérstaklega Frakkland, Þýskaland og Belgía hafa metið með öðrum hætti en öll önnur bandalagsríki hvernig eigi að bregðast við hugsanlegri árás Íraks á Tyrkland. Og verður að segja að þær umræður hafa verið mjög merkilegar.

Ég vil gjarnan greina frá því hér, herra forseti, að á fyrsta fundi þingmannasamtaka Atlantshafsbandalagsins fyrr á þessu ári, raunar fyrr í þessum mánuði, urðu þau atvik sem vöktu mikla athygli, ekki einungis hér, ekki einungis í öllum bandalagsríkjunum, heldur víðar um Evrópu og víðar um Vesturlönd. Það var þegar þessi þrjú ríki sem ég nefndi hafði greint á við önnur bandalagsríki um hvernig ætti að bregðast við óskum Tyrkja um að bandalagið skyldi styrkja varnir þeirra í samræmi við ákvæði í sáttmála bandalagsríkjanna, Atlantshafssamningnum. Þessi þrjú ríki vildu sem sé ekki bregðast við óskum Tyrkja eins og hin töldu rétt að gera. Hin töldu rétt að gera það án vafninga á grundvelli ákvæða í samningnum. Þessi þrjú lögðust gegn því og töldu það ekki tímabært. Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að það vakti mikla athygli mína og nokkurra fleiri hvernig hin nýju aðildarríki bandalagsins sem verða fullkomnir aðilar í ársbyrjun 2004, eftir u.þ.b. eitt ár, greindi á við þessi þrjú bandalagsríki, og hvernig tvö af þessum þremur brugðust við þessum sjónarmiðum nýrra bandalagsríkja. Var sagt í hreinskilni af hálfu Pólverja og talsmanna þeirra að þeir vildu eiga meira samstarf við þau ríki bandalagsins sem vildu treysta varnir þegar bandalagsríkin sjálf teldu ástæðu til. Þannig var staðið með málstað Tyrkja. Það var sagt berum orðum af talsmönnum Tékka að þessi umræða, sérstaklega yfirlýsingar Frakka, hefðu rifið upp djúp og mikil sár í tékkneskri

þjóðarsál, sár frá 1968. Það vefst varla fyrir nokkrum manni hér hvað þeir hafa þar átt við eða hvaða atburðir það voru sem urðu aftur ljóslifandi fyrir tékknesku fólki.

En það sem vakti þó mesta athygli mína, herra forseti, og ég vil vekja athygli á eru viðbrögð talsmanna bæði Frakka og Belga eftir að þessi sjónarmið heyrðust frá talsmönnum Pólverja og Tékka. Þeir sögðu sem sé að það væru allar líkur á að sjónarmið talsmanna Pólverja og Tékka gætu staðið í vegi fyrir inngöngu þeirra í Evrópusambandið sem stendur fyrir dyrum. Þá verður að segjast eins og er að þegar bandalagsríki þess eða sambandsríki Evrópusambandsins eru að hóta nýjum sambandsríkjum með þessum hætti hlýt ég að spyrja sjálfan mig og ég vænti þess að það geri fleiri: Hvers konar samkunda er þetta Evrópusamband sem tekur þannig nýjum aðilum? Þau eru ekki orðin sambandsríki en eiga það fram undan. Þá verður þess vænst að þau taki þátt í því að móta sameiginlega utanríkisstefnu sambandsríkjanna. Þau eru ekki orðin skuldbundin til þess enn þá. En þau voru látin heyra það umbúðalaust að fyrst þau voru ekki tilbúin til þess áður en þau yrðu sambandsaðilar væri hugsanlegt að þetta stæði í vegi fyrir inngöngu þeirra í sambandið. Það verður að segjast eins og er að talsmenn þessara tveggja ríkja, sem eru að gerast aðilar að samstarfi vestrænna ríkja, sögðu umbúðalaust og gerðu greinilega heyrinkunnugt að þeir teldu sig þegar hafa fullnægt öllum skilmálum Evrópusambandsins um aðild, þeir hefðu lokið aðildarsamningum þegar fulltrúar Frakka sem telja sig einhvern veginn yfir allar aðrar sambandsþjóðir hafnar sögðu það, ekki aðeins venjulegir talsmenn þeirra heldur sjálfur forseti Frakklands, að þetta yrði nýr ásteytingarsteinn þeirra á inngöngunni í Evrópusambandið.

Mér finnst, herra forseti, að þetta hafi sýnt okkur nýja og fremur óskemmtilega hlið á Evrópusambandinu. Það væri ekki fráleitt að heyra hér hvernig þeir stjórnmálamenn á Íslandi sem hafa barist fyrir því að Ísland verði jafnvel í náinni framtíð Evrópusambandsríki meta þessi viðbrögð Frakka þegar væntanleg sambandsríki vildu ekki hlýða þeim í einu og öllu skilmálalaust.

Ég tel, herra forseti, að þetta sýni okkur fram á að við eigum enga samleið með þessum ríkjum. Það fer ekki saman við hagsmuni okkar að ríki úti í Evrópu mæli fyrir um sameiginlega stefnu okkar ef eða þegar við hugsanlega verðum aðilar að Evrópusambandinu. Við þurfum á okkar eigin öryggisstefnu að halda. Það hefur sýnt sig oft áður að við verðum sjálf að meta okkar eigin öryggishagsmuni. Það hefur líka sýnt sig, ekki síst núna, að við metum þá með allt öðrum hætti heldur en þau ríki sem þarna reyndu að hafa sig mest í frammi, reyndu að koma í veg fyrir að ein af bandalagsþjóðum okkar í Atlantshafsbandalaginu fengi þau varnarviðbrögð og þann viðbúnað sem talsmenn og stjórnmálamenn hennar töldu nauðsyn. Þarna var ekki verið að tala um hernað heldur viðbúnað.

Og ég spyr háttvirt þing: Hvernig meta þeir stjórnmálamenn íslenskir sem hafa mælt fyrir hugsanlegri inngöngu okkar í Evrópusambandið þessi skoðanaskipti, skulum við segja?

[16:38]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að taka það til mín að tilheyra flokki sem hafi „barist" fyrir því að Ísland verði aðili að Evrópusambandinu, ég tek það sérstaklega fram. En ég vil rifja það upp að Samfylkingin hefur tekið þá afstöðu að það eigi að skilgreina samningsmarkmið, leita eftir aðildarviðræðum, og verði hugsanlegur samningur til verði hann lagður í þjóðaratkvæðagreiðslu. Um það að fara þessa leið erum við samfylkingarfólk sammála. Þá ætla ég samt að láta í ljósi skoðun mína á því sem þingmaðurinn réttilega gagnrýndi harðlega, ég er sammála honum. Það er óþolandi ef eitt land kemur með einhvers konar ógnun við hvort heldur er annað land í sambandinu eða nýtt ríki sem er að sækjast eftir inngöngu og á í samningum um það. Ég legg það að jöfnu ef forráðamaður ríkis kemur með svona athugasemdir við það sem ég hef sjálf gagnrýnt hér í dag, að Bush Bandaríkjaforseti brást við gagnvart Þýskalandi eins og hann gerði, hótaði því að draga úr varnarsamstarfi og fara burtu með ýmsa starfsemi sem hefði efnahagslegar afleiðingar. Mér finnst þetta vera sama eðlis og ég gagnrýni hvort tveggja jafnharkalega.

[16:39]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. viðbrögð hennar og afstöðu til þessara skoðanaskipta, eins og ég hef kosið að kalla það. Ég vil geta þess að þingmaðurinn tók fram að hún tilheyrði ekki flokki sem hefði barist fyrir inngöngu Íslands í Evrópusambandið.

Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að ég hef skilið stjórnmálaræður Samfylkingarinnar og áður Alþýðuflokksins með þeim hætti að Alþýðuflokkurinn fyrr, og síðar Samfylkingin, vilji berjast fyrir því að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu. Ég verð að segja að ég er ánægður að heyra að svo er ekki. Ég vænti þess að ég hafi misskilið málflutning talsmanna Samfylkingarinnar og að hún berjist ekki lengur fyrir aðild Íslands að Evrópusambandinu.

[16:40]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég ætla að fara nokkrum orðum um helstu verkefni sem nú eru á döfinni í norðurskautssamstarfinu, bæði innan Norðurskautsráðsins og þingmannanefndar um norðurskautsmál.

Eins og utanrrh. greindi frá í skýrslu sinni hefur Ísland nýlega tekið við formennsku í Norðurskautsráðinu og hefur kynnt helstu stefnumál sín og áherslur innan ráðsins næstu tvö árin. Þar er fyrst að telja skýrslu um sjálfbæra samfélagsþróun á norðurslóðum en frumkvæðið að gerð hennar kom frá þingmannanefndinni og síðan tók Norðurskautsráðið að sér gerð hennar. Hingað til hafa ekki verið gerðar rannsóknir sem beinast eingöngu að íbúum norðurskautssvæða en félagsleg. efnahagsleg og menningarleg velferð íbúa norðursins og tengsl þeirra við sjálfbæra þróun og auðlindanýtingu verður megininntak skýrslunnar.

Annað mál sem er í brennidepli er upplýsingatæknin. Það er ljóst að aukin tölvunotkun, svo sem við fjarkennslu og fjarlækningar, getur orðið íbúum norðursins mjög til framdráttar þegar fram í sækir, ekki síst þegar litið er til þess hversu strjálbýl þessi svæði eru og samgöngur erfiðar. Þingmannanefndin hefur á undanförnum árum sinnt þessum málaflokki vel, samið greinargerðir og komið á fót vinnuhópum. Stór alþjóðleg ráðstefna um upplýsingatækni verður haldin hér á Íslandi núna í október á vegum Norðurskautsráðsins.

Þriðja málið sem ég vil nefna og sérstök áhersla hefur verið lögð á er samvinna vísindamanna og efling rannsókna á norðurskautsslóðum en nú þegar er unnið gríðarmikið vísindastarf undir hatti Norðurskautsráðsins. Þingmannanefnd-

in hefur í þessu sambandi vakið sérstaka athygli á nýjustu skýrslum fremstu vísindamanna um loftslagsbreytingar á norðurskautssvæðum. Hitabreytingar hafa augljóslega mikil áhrif, bæði á mannlíf á norðurskautsslóðum, umhverfi og auðlindir, svo sem fiskstofna. Vísindamenn halda því fram að allar þær breytingar sem eru að verða í norðri séu vísbending um það sem koma skal síðar annars staðar í heiminum. Þær breytingar sem eru sjáanlegar á norðurskautssvæðum í dag komi fram eftir 15–20 ár á öðrum stöðum jarðar. Það er því afar mikilvægt að fylgjast vel með þróun þessara mála og fylgja eftir stefnumótandi ákvörðunum.

Frá og með áramótum tók alþjóðasvið Alþingis við öllum skrifstofurekstri og framkvæmdastjórastöðu þingmannanefndarinnar, sem Guðfríður Lilja Grétarsdóttir alþjóðaritari sinnir, en Finnland hafði haft yfirumsjón með skrifstofunni í meira en fimm ár.

Herra forseti. Það er sérstakt ánægjuefni að sjá hversu mjög samvinna norðurskautsríkja hefur styrkst á síðustu árum. Það er ekki síst ánægjuefni að fylgjast með því hvernig vinna þingmannanefndar um norðurskautsmál hefur fætt af sér ný samstarfsverkefni er varða hag Íslands og norðurskautsríkjanna allra. Það er mikilvægt að Alþingi fylgist grannt með samstarfinu og stofnunum á þessu sviði og taki virkan þátt í starfinu þar sem það á við, ekki síst þar sem Ísland gegnir nú svo mikilvægu forustuhlutverki á þessu sviði.

[16:44]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem hér upp í kjölfar hv. þingkonu Sigríðar Önnu Þórðardóttur sem minntist á starfsemi Norðurskautsráðsins. Mig langaði bara til þess að fylgja því eftir, fagna því að sjálfsögðu að skrifstofa þingmannanefndarinnar skuli nú vera í höndum okkar Íslendinga. Og ég treysti því að við leggjum fullan metnað í það starf. Því fylgja auðvitað ákveðin útgjöld en ég held að það hljóti að vera fullur vilji fyrir því að standa þannig að því starfi að sómi sé að, fyrir okkur og fyrir Norðurskautsráðið.

Einnig vildi ég nota tækifærið til þess að nefna það sem ég minntist á í blálokin á ræðu minni áðan, að tengja saman það merka starf og mikilvæga sem Norðurskautsráðið er að vinna við það annað sem við Íslendingar erum að fást við á alþjóðlegum vettvangi. Vil ég þá nefna samþykktir sem gerðar voru á þróunarráðstefnunni í Jóhannesarborg og síðan auðvitað þúsaldarsamþykktir Sameinuðu þjóðanna. Þær fara að stórum hluta alveg saman við þau forgangsverkefni sem ákveðið hefur verið að ráðast í á vettvangi norðurskautssamvinnunnar, og þó sérstaklega rannsóknir á loftslagsbreytingum á norðurskautssvæðinu sem eru mjög merkilegar og mjög brýnar. Þær vöktu m.a. athygli á Jóhannesarborgarráðstefnunni þar sem sérstaklega var greint frá því á fundi sem Norðurskautsráðið stóð fyrir, og einnig það að eitt af forgangsverkefnum Norðurskautsráðsins er einmitt að fylgja eftir Jóhannesarborgarsamþykktunum.

Mig langaði bara til þess að benda á að þessi verkefni hanga auðvitað saman og það þarf að vinna þau þannig að hver viti af öðrum.

[16:46]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Í mínum huga er heimsfriður forgangsmál. Á þessum tímum þegar alþjóðamálin og utanríkismálin eru rædd kemur það auðvitað fyrst upp í huga okkar allra að veröldin býr við mjög ótryggt ástand nú um stundir.

Satt að segja græt ég hvern einasta dag sem guð gefur að mannkyninu skuli ekki miða lengra í átt til friðar en raun ber vitni og ég veit alveg að ég er ekki ein um það. Hugur minn reikar fyrst og fremst, herra forseti, til allra barnanna í veröldinni sem búa við þá beinu ógn sem stríðið sem nú er í undirbúningi vekur í brjósti þeirra. Það er vægast sagt ömurlegt, herra forseti, að lesa þær greinar sem þingmönnum berast, sjá þær fréttamyndir sem veröldin sendir út á sjónvarpsnetin sín, myndir af börnum sem hafa ekkert annað en óttann í sálinni og óttann í augunum, óttann við það sem yfirvofandi er.

Ég ætla mér ekki þá dul, herra forseti, að ég hafi uppi í erminni ráð sem duga. En ég veit og ég geri mér fulla grein fyrir því að ég er ekki ein um þá skoðun, ég veit að vopnavald leysir aldrei nein vandamál. Við getum alveg verið viss um að vopnavald skapar fjöldamörg ný vandamál, oft og tíðum erfiðari en þau sem þeim var ætlað að leysa.

Nú er vitað mál og hefur komið fram hér í umræðunni í dag að yfirvofandi stríðsátök eru umdeild. Stríðsundirbúningur Bandaríkjastjórnar með Bush forseta í fararbroddi sem studdur er af Blair og hans ríkisstjórn, þó svo að stundum sé maður að vona að sá stuðningur sé eitthvað að dvína vegna gífurlegra mótmæla í Bretlandi — árásarstríð sem þessir menn hyggjast fara í gegn Írak er gífurlega umdeilt.

Skrifaðar hafa verið um það lærðar greinar og heilu bækurnar hvernig stofnsáttmáli Sameinuðu þjóðanna átti í raun í upphafi að koma í veg fyrir árásarstríð af því tagi sem hér virðist í uppsiglingu. Staðreyndin er sú að árásarstríð með valdbeitingu gegn fullveldi, lögsögu eða sjálfstæði annars ríkis, utan sjálfsvarnar, árás til að fyrirbyggja hugsanlega árás mótaðila er ekki lögmæt sjálfsvörn. Sannleikurinn er sá að þessi flóknu mál sem nú hafa verið fyrir öryggisráði Sameinuðu þjóðanna eru svo flókin vegna þess að menn greinir á um þessi grundvallaratriði stofnsáttmálans, þ.e. hvenær menn eru að ráðast gegn sjálfstæðri fullvalda þjóð og hvenær fullreynt er eða ekki fullreynt hvort heimsfriðnum stafi ógn af viðkomandi þjóð.

Stjórnarherrar veraldarinnar telja að réttlæta megi stríð á einhvern hátt með því að fá blessun öryggisráðsins, með því að fá samþykki öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna fyrir því. En ég er satt að segja, herra forseti, afar hugsi yfir þessari afstöðu stjórnarherranna og ég spyr: Hvernig í ósköpunum geta menn sem í orði kveðnu segjast mótfallnir fjölþjóðlegu árásarstríði gegn nokkurri sjálfstæðri þjóð, stjórnarherrar sem segja í orði kveðnu að þeir séu á móti drápum á óbreyttum borgurum, konum og börnum, hvernig geta þeir þá haldið að hægt sé að kaupa sér friðþægingu í gegnum öryggisráð Sameinuðu þjóðanna?

Ég velti þessu mjög mikið fyrir mér, herra forseti, og spyr: Ef það er hægt að láta blessun öryggisráðsins réttlæta árásarstríð, í þessu tilfelli á Írak, hvers vegna eru menn þá ekki ákafari í því að fylgja eftir ályktunum þessa sama öryggisráðs er varða málefni Palestínu? Veltur vægi ákvarðana öryggisráðsins einatt á afstöðu Bandaríkjamanna, sem beita neitunarvaldi til að hindra ályktanir sem þeim eru ekki að skapi og í öðrum tilfellum jafnvel þvingunum eða þrýstingi á þær ályktanir sem þeir vilja láta ná fram að ganga? Ég spyr hvort áhrif Bandaríkjastjórnar í öryggisráðinu séu með þeim hætti að þau haldi ráðinu hálflömuðu. Hvers vegna gat öryggisráðið ekki stöðvað Víetnam-stríðið á sínum tíma eða komið í veg fyrir innrásina í Tékkóslóvakíu eða Ungverjaland eða aðrar ámóta aðgerðir?

Það sem ég er að reyna að segja, herra forseti, er að ég efast um að hægt sé að kaupa sér réttlætingu eða friðþægingu í gegnum öryggisráðið. Átökin sem yfirvofandi eru koma alltaf til með að bitna á saklausum borgurum. Það er skelfilegt að heyra fréttir og lesa greinar um ástandið í Írak í dag og í löndunum í kring sem urðu fyrir barðinu á átökunum í Flóabardaga. Þar hefur tíðni krabbameins aukist gífurlega. Ég held að til þingmanna hafi í gær eða dag komið grein af netinu sem segir frá ástandinu í þeim efnum þar sem læknar berjast vonlausri baráttu við gífurlega aukningu krabbameins í börnum. Hvað veldur þessu krabbameini? Það stafar af auðguðu úrani sem notað er í sprengjuodda, sprengjuodda þeirra vopna sem framleidd eru í Bandaríkjunum og sem fyrirsjáanlega yrðu notuð í því stríði sem nú er undirbúið. Ég spyr, herra forseti: Eru þjóðir heims og þar með stjórnarherrar okkar á Íslandi í alvöru að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að ástand af þessu tagi þurfi ekki verða staðreynd? Erum við svo máttlaus hér í fjarlægðinni að okkur takist ekki að koma í veg fyrir þau gífurlegu spjöll og áföll sem stríð af þessu tagi leiða yfir eina þjóð?

Hvernig stendur á því að leiðtogar heims geta ekki haft meiri áhrif til friðar en manni virðist? Hvernig stendur á því að stjórnarherrunum tekst ekki að stöðva yfirvofandi hungursneyð palestínsku þjóðarinnar á Gaza og á Vesturbakkanum vegna aðgerða Ísraelshers? Hvers vegna er ekki hægt að stöðva hryðjuverk Ísraelshers gegn palestínsku þjóðinni? Hvers vegna eru ráðamenn þjóðanna jafnmáttlausir og raun ber vitni í þeim átökum? Forustumenn Palestínumanna hafa beðið þjóðir heims um vernd árum saman. En hvað gerist? Ógnirnar verða æ stærri og ástandið æ verra.

Auðvitað veldur þetta fólki áhyggjum úti um allan heim. Það er erfitt að þurfa að standa hér í skjóli fyrir þessum átökum öllum saman og því sem yfirvofandi er og hafa á tilfinningunni og vona að héðan sé eitthvað hægt að gera en vita, sem raun er, að það er ósköp fátt og ósköp veikburða.

Í öllu falli, herra forseti, sé ég ekki annað en að forustumönnum okkar sem standa í eldlínunni í alþjóðastjórnmálunum beri skylda til að tala máli íslensku þjóðarinnar í þessum efnum sem samkvæmt skoðanakönnunum hefur talað mjög skýrt. Þjóðin hefur talað mjög skýrt. Hún er mótfallin stríði eins og vestrænar þjóðir almennt. Allt upp í 90% einstaklinga þeirra þjóða sem spurðar hafa verið eru andvígir yfirvofandi átökum. Ríkisstjórnum og forustumönnum ríkisstjórna í hinum vestræna heimi ber skylda til að gera nákvæmlega allt, allt sem í þeirra valdi stendur til að afstýra yfirvofandi átökum.

Þessum sömu stjórnarherrum ber einnig skylda til að gera allt sem hægt er til að afmá óttann úr augum barnanna sem ég hóf mál mitt á. Það er í okkar valdi, herra forseti. Ábyrgðin er okkar og okkar menn verða að koma fram á erlendri grundu þannig að trúverðugt sé. Við megum ekki hafa það á tilfinningunni að ríkisstjórn okkar sé taglhnýtingar Bandaríkjamanna og fari fremst í flokki með þeim þjóðum sem vilja átökin. Við verðum að geta treyst á okkar fólk, á þá menn sem tala máli íslensku þjóðarinnar, að þeir tali máli friðar og þeir tali máli friðar í alvöru.

[16:57]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil nú í upphafi seinni ræðu minnar þakka starfsmönnum utanrrn. fyrir það sem vel er gert. Einnig vil ég beina þakkarorðum til starfsmanna Alþingis sem sérstaklega sinna utanríkismálum. Þar er haldið einstaklega vel á málum af hálfu þeirra starfsmanna sem komið hafa að starfi þeirra þingnefnda sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum tekið þátt í.

Mig langaði til að byrja á því núna að gera nokkrar athugasemdir og leggja fram fyrirspurnir varðandi GATS-samningana. Í ræðu sinni sagði hæstv. utanrrh. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Fáar þjóðir eru jafnháðar utanríkisviðskiptum og við Íslendingar. Aukið frelsi í viðskiptum ríkja heims er því ótvíræðir hagsmunir Íslands. Af þessum sökum studdu íslensk stjórnvöld að nýrri viðræðulotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar var ýtt úr vör á síðasta ári. Stefnt er að því að ljúka henni á árinu 2005. Viðræðurnar hafa farið vel af stað en enn er þó langt í land áður en samkomulagi verður náð."

Í fyrsta lagi vil ég taka undir það að það geta verið hagsmunir okkar að auðvelda viðskipti á heimsvísu. En miklu máli skiptir hins vegar hvernig á er haldið, hver útkoman er. Ég get ekki tekið undir þá staðhæfingu að viðræður um GATS hafi farið vel af stað, þær viðræður sem hefur verið stofnað til á grundvelli Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, World Trade Organization.

Hún var sett á laggirnar í ársbyrjun 1995 eftir að Úrúgvæferlinu lauk, svokölluðum GATT-samningum sem staðið höfðu frá 1986 og til ársloka 1994. Þá þegar hafði verið hafist handa um samningagerð um markaðsvæðingu þjónustustarfsemi.

Þetta fór nú ekki vel af stað vegna þess að illa gekk að þróa viðræðurnar og við minnumst hinna miklu mótmæla sem urðu í Seattle t.d. árið 1999. Þar voru mikil átök, bæði innan veggja samkomunnar og utan, í heiminum öllum reyndar, um hvernig ætti að skilgreina samningsmarkmiðin. Alþjóðaviðskiptastofnunin brá á það ráð eftir þessi mótmæli og síðari mótmæli einnig að halda fundi sína eins fjarri glaumi heimsins og eins fjarri þeim stöðum sem alþjóðaverkalýðshreyfing og almannasamtök gætu komuð við mótmælum, og þetta er raunverulega svo. Þess vegna var efnt til fundarins í Doha á sínum tíma og það var gert að skilyrði gagnvart öllum almannasamtökum, verkalýðshreyfingu, jafnvel félagsskap sem taldi tugi, jafnvel hundruð milljóna manna, að aðeins einn fulltrúi fengi að mæta á svæðið. Einn fulltrúi hverrar verkalýðshreyfingar fengi að mæta á svæðið. Þessu var mótmælt mjög harðlega og hefur verið mótmælt af hálfu alþjóðasamtaka verkalýðsins og reyndar einnig ýmsum almannasamtökum sem láta sig þessi mál varða.

Síðan er ákveðið í Doha að koma þessum viðræðum af stað og sett eru ákveðin tímamörk. Tímamörkin sem sett voru, ef ég man rétt, voru 30. júní, sl. vor. Þá áttu einstök ríki að hafa reist kröfur á hendur öðrum ríkjum og síðan áttu þau að svara, allur hópurinn átti að koma saman og kanna á hvern hátt unnt væri að ýta samningsferlinu áfram. Þetta var hugmyndin og er hugmyndin, nema dagsetningin 30. júní stóðst ekki. Henni var frestað að því er mér skilst um óákveðinn tíma. En hinni dagsetningunni var ekki frestað, hvenær ætti að bregðast við, og það er 30. mars. Núna er 27. febrúar. Og við eigum að bregðast við þeim kröfum sem hafa verið reistar á hendur okkur eftir rúman mánuð. Spurningin er hvernig við ætlum að bregðast við.

Við erum þegar búin að fá kröfur frá Bandaríkjunum, frá Indlandi og frá Japan. Hverjar skyldu þessar kröfur vera? Það vitum við ekki. Neitað er að upplýsa okkur um það hverjar kröfur hafa verið reistar á hendur Íslendingum af hálfu þessara þjóða.

Hvaðan skyldi hafa komið þrýstingur um að þessar samningaviðræður yrðu opnaðar? Það er eins og ég segi frá alþjóðasamtökum verkalýðsins og ég vísa þar sérstaklega í PSI, Public Service International, og hér á landi í BSRB. Þar hefur verið unnin mikil vinna til að opna þessa samninga almenningi.

Í júníbyrjun, 7. júní, fékk BSRB sent afrit af skjölum sem ráðuneytið hafði þegar sent út og var stílað á samtök atvinnurekenda, um ráðleggingar til ríkisstjórnarinnar um kröfugerð Íslendinga. Þetta hafði ekki farið til verkalýðshreyfingarinnar. Þann 14. júní skrifaði BSRB ráðuneytinu bréf þar sem samtökin óskuðu eftir að vera upplýst um framgang viðræðna og að tekið yrði tillit til álits samtakanna í þessu efni. Ráðuneytið svaraði í júlíbyrjun, 3. júlí, og þakkaði fyrir áhuga BSRB og óskaði eftir athugasemdum og ábendingum. En BSRB lét ekki þar við sitja heldur vildi fá nánari upplýsingar um hvað hengi á spýtunni og vildi fá að sjá kröfugerðir þeirra ríkja sem höfðu sent okkur þær. 23. september ritaði BSRB ráðuneytinu bréf og greindi frá því að samtökunum væri kunnugt um að þegar hefðu borist kröfugerðir frá Japan og Bandaríkjunum — þá var kröfugerðin ekki komin frá Indlandi eftir því sem ég veit best — og vildi fá að sjá þær. Í októberbyrjun eru enn ítrekaðar spurningar til ráðuneytisins, en 11. október hafnar ráðuenytið formlega ósk samtakanna, ósk verkalýðssamtakanna um að upplýsa um kröfur sem reistar hafa verið á hendur Íslendingum.

Þetta endar með því, eftir ítrekaðar neitanir, að BSRB kærir utanrrn. til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Hún tekur málið til umfjöllunar en hafnar beiðni BSRB. Með öðrum orðum, ráðuneytið og úrskurðarnefnd um upplýsingamál setur þarna pottlokið á og hagar sér með sama hætti og GATS gerir í allri sinni vinnu í öllu þessu ferli.

Við erum ekkert ein um þetta, Íslendingar. Innan Evrópusambandsins er þetta engu betra og hugsanlega verra, vegna þess að þar á bæ er það framkvæmdanefndin sem fer með samningsumboðið fyrir öll aðildarríki Evrópusambandsins og hefur neitað að upplýsa þingmenn í einstökum þjóðríkjum og þingmenn á Evrópuþinginu um þessar sömu kröfugerðir sem hafa verið sendar.

Nú vill svo vel til að víða eru vökulir fjölmiðlamenn og þeir komust yfir kröfugerðina frá Evrópusambandinu og breska dagblaðið Guardian birti fréttir um kröfugerð Evrópusambandsins sl. vor. Af hálfu Evrópusambandsins var öllum kröfum um upplýsingagjöf hafnað og dregið til baka og það sem birt var sagðar ýkjur o.s.frv. En það sem vakti sérstaka athygli var sú krafa sem Evrópusambandið reisti á hendur öðrum ríkjum, Kanada, og síðan fátækum ríkjum, þeir hafa alls sett fram kröfur við 109 ríki, fáein þróuð ríki en flest vanþróuð í efnahagslegu tilliti, um að þau opni fyrir markaðsaðgang að drykkjarvatni. Þessu var öllu neitað á þeim tíma.

Evrópusambandið ákvað hins vegar að birta almennar upplýsingar um kröfugerðirnar — ekki ítarlegar eða sundurgreindar — á vefnum og nú hefur það verið gert. Þar er hægt að nálgast þær. En hinir vökulu fréttamenn hafa núna aftur komist yfir upplýsingarnar, yfir kröfugerðarlistana frá Evrópusambandinu og birt þá í heild sinni. Og þar kemur fram að þrátt fyrir neitun framkvæmdanefndarinnar á sínum tíma er sú krafa sem Evrópusambandið reisir á hendur öðrum ríkjum að vatnið verði markaðsvætt.

Það er í því samhengi sem við höfum mörg verið að vara við að breyta rekstrarformi á orkuveitum og vatnsveitum, því að þegar þetta kemur til með að ríma saman, annars vegar lagabreytingar að þessu leyti hér á landi við reglugerðarverk GATS eða GATS-samningana þá getum við hreinlega verið knúin til þess að láta af hvers kyns opinberum stuðningi eða stýringu og fara með þessa starfsemi algerlega inn á markaðssvæðið. En ég vil beina því til þeirra sem hér eru eða kunna að heyra orð mín að hægt er að nálgast þessar upplýsingar á gatswatch.org, þar er hægt að sjá þær kröfugerðir Evrópusambandsins sem framkvæmdanefndin neitaði að fyrirfyndust í marsmánuði þegar Guardian upplýsti um þær en hefur nú komið á daginn að var allt satt og rétt.

Utanríkisráðuneytið kvaðst í haust ætla að birta almennar upplýsingar á netinu um kröfugerðir. Ég hef hrósað ráðuneytinu fyrir að stíga þó það skref eða lýsa sig reiðubúið að gera það. Það hefur hins vegar ekki verið gert enn þá, og ég kalla eftir því hvort til standi að gera það.

Ég tel hins vegar að við þurfum að ganga lengra. Við þurfum að fá að vita hverjar eru þær kröfur sem Bandaríkjamenn, Japanar og Indverjar hafa gert gagnvart okkur og þá spyr ég sérstaklega um menntun, menntakerfið. Við í BSRB — ég segi við því ég er formaður þeirra samtaka — höfum fjallað mjög ítarlega um þessi mál, m.a. í BSRB-tíðindum. Þar er fjallað um GATS frá vöggu til grafar, og við fengum mann til að sinna því verki sérstaklega, Pál Hannesson, og hann hefur gert það mjög vel, hefur kortlagt þetta. Samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum eru Bandaríkjamenn að reisa kröfur á hendur Íslendingum um markaðsvæðingu menntakerfisins, æðri stig menntunar.

Hvert nær það? Nær það inn í menningarstofnanir? Nær það inn í fjölmiðla, fréttastofur? Þetta eru hlutir sem við þurfum að fá upplýsingar um vegna þess að ef svo er og við svörum þessu játandi þá erum við búin að opna fyrir markaðsvæðingu í þeim geira.

Þess vegna spyr ég hæstv. utanrrh.: Hver verða svör Íslands? Er ekki eðlilegt og æskilegt að þetta verði rætt hér á Alþingi og opnað á þetta? Er eðlilegt að þetta sé sveipað leyndarhjúpi?

Við vitum að umræða hefur farið fram um landbúnaðarmálin. Þar höfum við neitað því að verða við ýtrustu kröfum Bandaríkjanna og ýmissa ríkja sem vilja afnema allan ríkisstuðning í einu vetfangi við landbúnað. Hins vegar höfum við sett fram þá kröfu að ríkisstyrkir í sjávarútvegi verði afnumdir, nokkuð sem ég hef gagnrýnt harðlega og ekki síst hitt að Alþingi taki aldrei stefnumótandi ákvörðun í því efni heldur sé þetta á valdi embættismanna, ríkisstjórnar og ráðherra að véla einir um þessi mál. Það er ólýðræðislega að verki staðið.

[17:12]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú þannig í samskiptum þjóða að oft er gerð krafa um að upplýsingar séu ekki birtar opinberlega fyrr en á ákveðnu stigi. Þannig er það með þennan kröfulista, og við höfnuðum því á sínum tíma eins og hv. þm. gat hér um. Hins vegar er það rétt hjá honum að utanrrn. mun, með þeim hætti sem hann gat hér um, birta mjög bráðlega útdrátt úr þessum kröfum þannig að ég vænti þess að það geti orðið til nokkurs gagns. Það er það sem við teljum okkur geta gert. En við teljum ekki rétt að ganga lengra frekar en aðrar þjóðir.

Að því er varðar kröfur okkar þá er verið að vinna í því máli og við munum hafa um það samráð við utanrmn. áður en það verður sent. Ég vænti þess að það verði í næstu viku, verið er að vinna í þessu af fullum krafti. Eins og allir vita

er samningsferlið í þessu máli langt og ekki gert ráð fyrir niðurstöðum fyrr en í fyrsta lagi 2005.

En að lokum að því er varðar sjávarútveginn þá höfum við rætt það áður, ég og hv. þm. Það er enginn tvískinnungur í því að fara þess á leit að ríkisstyrkir í sjávarútvegi verði afnumdir. Þar er um takmarkaða auðlind að ræða eins og við vitum sem eigum miklar auðlindir í hafinu. Þetta mál er mikið áhugamál okkar Íslendinga og kemur landbúnaðarmálum ekkert við, enda hefur þeim ekkert verið blandað saman á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og við ekki lent í neinum slíkum vandamálum.

[17:14]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi ríkisstyrkina þá er ekki endilega beint samband á milli ríkisstyrkja og ofnýtingar á auðæfum hafsins. Iðulega eru ríkisstyrkir til héraða eða landsvæða sem þurfa á slíkum styrkjum að halda í byggðarlegu tilliti. Mér finnst rangt að við stöndum að því að heimsbyggðinni allri verði settar mjög strangar reglur hvað þetta snertir. Þetta er sjónarmið sem ég hef. Við kunnum að vera ósammála um það efni, en það sem ég er að leggja áherslu á er að mér finnst eðlilegt að þetta sé rætt og stefnumótandi ákvörðun sé tekin á Alþingi en ekki lokað inni í ráðuneytinu. Ég man að þetta var ósk og krafa sem fyrrv. formaður Alþýðuflokksins hafði sett fram en ég man ekki eftir því að Alþingi tæki nokkurn tímann stefnumótandi ákvörðun um þetta efni.

Varðandi hitt, kröfulistana. Hæstv. ráðherra segir að þetta verði kynnt í utanrmn. Við erum að tala um miklu örlagaríkari ákvarðanir en svo að kynning dugi í utanrmn. Við erum að tala um grundvallaratriði. Við erum að tala um hvernig við svörum kröfum sem önnur ríki hafa reist á hendur okkur og verða skuldbindandi, vegna þess að tvíhliða samningar sem við kunnum að gera svona verða skuldbindandi fyrir okkur. Þetta kallar á umræðu hér á Alþingi. Málið er miklu stærra en svo að hjá því verði komist. Auðvitað geri ég mér grein fyrir því að í einhverjum tilvikum þarf að virða trúnað, en ég gagnrýni hins vegar að í þessu efni, í GATT-samningunum, eigi slíkt að gilda. Þetta varðar grundvallarskipulag samfélagsins og þar vil ég taka undir með verkalýðshreyfingu heimsins og almannasamtökum um allan heim og pólitískum öflum sem vilja opna þessa umræðu.

[17:16]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að um þetta mál er og verður mikil almenn umræða. Það er hins vegar eðlilegt fyrsta stig í þessu máli að utanrrn. ræði það við hv. utanrmn. Það eru að sjálfsögðu ekki lok þeirrar umræðu. Hún mun halda áfram.

Aðeins meira út af því að menn vilji loka þessari umræðu. Ég tek ekki undir það. Ég var á fundinum í Seattle. Það sem gerðist þar var að ákveðin samtök gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til að eyðileggja þann fund. Það var mikið um friðsamleg mótmæli en það var líka allmikið um öfgafull mótmæli þar sem var skemmdarstarfsemi, og fundargestir, ráðherrar, voru truflaðir frá því að geta sótt fundi. Ég var nokkrum sinnum stöðvaður af fólki vegna þess að ég ætlaði mér eingöngu að komast á milli fundarstaðar og hótels míns. Er eðlilegt að fulltrúar annarra ríkja geti ekki sótt fundi fyrir hönd síns lands? Mér finnast það ekki vera eðlileg mótmæli. Ég man eftir því að á fundinum í Seattle var ekkert annað tilboð um fundarstað en í Doha. Það var þannig sem það lá fyrir. Ég tel að það verði að tryggja fulltrúum þjóða að fjalla um þessi mál með eðlilegum hætti. Um það voru allir sammála innan veggja þessarar stofnunar á fundinum í Seattle, bæði fulltrúar ríkisstjórna og fulltrúar almannasamtaka sem þar voru. Ég tel að ríkisstjórnir, þar á meðal ríkisstjórn Íslands, eigi að tryggja þátttöku og samstarf við almannasamtök um þessi mál og það munum við gera.

[17:19]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. En það hefur ekki verið gert. Það hefur ekki verið orðið við kröfum þeirra. Vandinn er sá að þó að það hafi verið góð sátt innan veggja GATS hefur verið ósátt utan veggjanna. Þarna eru tveir heimar sem hafa ekki talast við, annars vegar mjög þröngt pólitískt vald og embættismannavald og hins vegar almannasamtök sem ekki sætta sig við þessa lokuðu, ólýðræðislegu umræðu. Mjög örlagaríkir hlutir eru að gerast. Í mörgum tilvikum er verið að stilla fátækum ríkjum upp við vegg. Auðhringar og hin ríku lönd eru að knýja þau til að afsala sér mikilvægum auðlindum. Ég vék að því áðan að Evrópusambandið er að reisa kröfur á hendur þróunarríkjum um að markaðsvæða vatnið sem er sennilega dýrmætast af öllu á jörðu hér. Þetta er staðreynd. Menn stilla þessum fátæku ríkjum upp við vegg. Og það gera þeir á bak við þagnarmúr, neita að upplýsa um þessa hluti.

Þetta er umræða sem á að fara fram á þjóðþingum og í fjölmiðlum. Þetta á að fá lýðræðislega, gagnrýna umfjöllun. Ég get ekki tekið undir það að þau vinnubrögð sem tíðkast af hálfu GATS eða öllu heldur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um þessa samninga, GATS-samningana, séu ásættanleg. Aldeilis ekki.

[17:21]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Í þetta skipti vil ég að ræða um starfsemi Evrópuráðsins á sl. ári þar sem ekki er fyrirhugað að ræða sérstaklega skýrslur alþjóðanefnda að sinni. Það má að miklu leyti eigna Evrópuráðinu þann skjóta og góða árangur sem náðst hefur í að beina þjóðum Mið- og Austur-Evrópu inn á brautir lýðræðis og framþróunar. Ríkin í austanverðri álfunni hafa tekið skuldbindingar sínar á vettvangi Evrópuráðsins afar alvarlega og litið svo á að með aðild að ráðinu hafi þau komist inn fyrir þann eiginlega þröskuld sem vissulega hefur risið þar sem járntjaldið áður blakti. Aðildarríkjum ráðsins hefur fjölgað ört og urðu þau alls 44 talsins á árinu, auk gesta- og aukaaðildar nokkurra ríkja.

Pólitískt vægi ráðsins hefur aukist mjög undanfarin ár. Evrópuráðsþingið starfar á vettvangi stjórnmála, efnahagsmála, félagsmála, mannréttindamála, umhverfis-, menningar- og menntamála og er eina samevrópska fjölþjóðastofnunin þar sem þingmenn Vestur-, Mið- og Austur-Evrópu starfa saman á jafnréttisgrundvelli.

Ólíkt Evrópuþinginu eru fulltrúar á Evrópuráðsþinginu þjóðkjörnir þingmenn, og hafa störf þingsins því beina skírskotun til starfa þjóðþinganna sjálfra. Þingfundir Evrópuráðsþingsins, þar sem þjóðkjörnir fulltrúar bera saman bækur sínar, skiptast á hugmyndum og sjá afrakstur vinnu sinnar í ákvörðun ráðherranefndarinnar, eru afar mikilvægir. Reynslan hefur sýnt að þjóðir sem hafa skýr markmið í störfum sínum innan þingsins og kappkosta að ná þeim geta haft áhrif langt umfram stærð og pólitískt bolmagn. Og það á ekki síst við um Ísland. Þetta varpar skýru ljósi á mikilvægi, og ekki síður möguleika, Evrópuráðsþingsins fyrir íslenska hagsmuni, ekki síst í ljósi þess að Evrópuráðið

og þingmannasamkunda þess er eina samevrópska fjölþjóðastofnunin þar sem Ísland nýtur fullrar aðildar.

Íslandsdeild þingsins, sem er hlutfallslega fámenn miðað við hinar stóru landsdeildir, hefur beitt sér af fullum þunga í störfum þingmannasamkundunnar og hafa fulltrúar hennar ítrekað verið valdir til sérlegra trúnaðarstarfa. Er það afar ánægjuleg þróun að Alþingi Íslendinga hafi uppskorið slíkan virðingarsess hjá jafnmikilvægri alþjóðastofnun og Evrópuráðið er.

Um rúmlega tveggja ára skeið hefur formaður Íslandsdeildar gegnt formennsku í félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefnd þingsins og verið í sérlegum vinnuhópi Evrópuráðsþingsins og rússnesku Dúmunnar í málefnum Tsjetsjeníu. Þá eiga fulltrúar Íslandsdeildar sæti í eftirlitsnefnd þingsins og jafnréttisnefnd og hafa látið mikið að sér kveða á þeim vettvangi.

Átökin í Tsjetsjeníu bar hátt á dagskrá Evrópuráðsþingsins árið 2002 líkt og undangengin ár. Evrópuráðsþingið er nær eina alþjóðastofnunin sem hafði aðgang að Tsjetsjeníu á árinu og voru kraftar Evrópuráðsins því nýttir til hins ýtrasta til að ná fram friðsamlegri lausn á deilum og átökum Tsjetsjena og Rússlandsstjórnar. Ég vil geta þess hér t.d. að ÖSE hefur orðið að flytja sig út úr Tsjetsjeníu, var þar um tíma en varð af öryggisástæðum að flytja sig út. Sex manna starfshópur Evrópuráðsþingsins og rússnesku Dúmunnar fór undir formennsku Judds lávarðar og Dimítrís Rogosíns, formanns rússnesku sendinefndarinnar, til Tsjetsjeníu í þrígang og starfaði hópurinn ötullega að lausn mála í þeim tilgangi að ná sáttum á friðsamlegan hátt. Sú sem hér stendur talaði töluvert fyrir Tsjetsjeníu á þingum ráðsins og mun það koma fram hér seinna.

Þingið beitti sér einnig fyrir lausn mála í deilum Evrópusambandsins og Rússlandsstjórnar vegna málefna Kalíníngrad-héraðs. Þess má geta að undirritað var sérstaklega útnefnd af stjórnmálanefnd þingsins til að fjalla um það mál. Af lýðræðis- og réttarfarsmálum má nefna að staðan í Moldavíu, Georgíu, Aserbaídsjan og Armeníu var ofarlega á baugi í þinginu og samkundan hvatti ráðherraráð Evrópuráðsins til að nýta allar færar leiðir til að leysa úr vanda þessara ríkja.

Fyrri hluta árs bar mikið á umfjöllun um stöðu átakanna fyrir botni Miðjarðarhafs á Evrópuráðsþinginu sem og á öðrum þingmannasamkundum. Evrópuráðið hlýddi á ávörp Palestínumanna og Ísraela og ályktaði um ástandið. Þegar leið á árið beindust sjónir að ástandi mála í Írak og afleiðingar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin í september árið áður og framlag Evrópuráðsins til hinnar alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi.

Íslandsdeildin var skipuð Láru Margréti Ragnarsdóttur, Ólafi Erni Haraldssyni og Margréti Frímannsdóttur sem voru aðalmenn. Varamenn voru Kjartan Ólafsson, Kristinn H. Gunnarsson og Kristján L. Möller. Ritari Íslandsdeildarinnar var Andri Lúthersson.

Ég vil nú gjarnan víkja aðeins að helstu málefnum á vettvangi þingsins. Janúarþingið var haldið í Strassborg 2002. Á fundinum beindist athyglin í miklum mæli að málefnum Miðausturlanda, en Evrópuráðsþingið bauð tveimur framámönnum úr röðum Palestínumanna og Ísraela, þeim Shimon Peres, utanríkisráðherra Ísraels, og Saeb Erekat, ráðherra í heimastjórn Palestínu, til að ávarpa þingfundinn. Ég held að það sé athyglisvert fyrir þá sem hafa talað hér fyrir þessum málum í dag. Átökin fyrir botni Miðjarðarhafs bar hátt í heimsfréttum í byrjun janúarmánaðar og degi áður en gestirnir fluttu erindi sín höfðu herskáir Palestínumenn staðið fyrir mannskæðum sjálfsvígsárásum og hafði ísraelski herinn svarað fyrir sig með árásum á eignir heimastjórnar Palestínumanna. Athygli vakti hve mikill samhljómur var í málflutningi þeirra Peresar og Erekats á þingfundinum en báðir lögðu þeir ofuráherslu á að stríðandi aðilar yrðu að setjast aftur að samningaborði. Sögðu þeir báðir að atburðir undangenginna missira hefðu grafið undan trausti milli ráðamanna í Palestínu og Ísrael og að ekki mætti draga lengur að efla það traust. Í málflutningi beggja komu fram sterk hvatningarorð í garð Evrópubúa, Rússa og Bandaríkjamanna um að sameinast í afstöðu sinni til átakanna fyrir botni Miðjarðarhafs þar eð slíkt væri eina leiðin til varanlegs friðar.

Auk þess vil ég geta þess að á þinginu var mikið rætt um mansal, en á undanförnum árum hefur skipuleg glæpastarfsemi aukist gífurlega í álfunni og er nú svo komið að fjárhagslegt umfang mansals er litlu minna en samanlagt eiturlyfjasmygl og vopnasmygl í Evrópu. Einnig var, eins og ég áður nefndi, rætt um hryðjuverkaárásina á Bandaríkin, afleiðingar hennar og lýst yfir áhyggjum vegna ógnana við mannréttindi í kjölfarið.

Sú sem hér stendur tók þátt í umræðum um stöðu mála í Tsjetsjeníu og hvatti í ræðu sinni Vesturlönd til að gera sitt ýtrasta til að leysa strax úr neyð þeirra þúsunda íbúa héraðsins sem enn búa við mikið harðræði og sagði að fulltrúar þeirra hópa í Tsjetsjeníu sem enn hefðu ekki nýtt tækifærið til að ávarpa þær fjölmörgu ráðstefnur sem þeir hefðu haft tækifæri til hefðu misst af því að koma skoðunum sínum á framfæri og væri það miður. Augljóst væri að hluti af afleiðingum hryðjuverkaárásanna í Bandaríkjunum 11. september væru þær að kastljós fjölmiðla hefðu færst frá átökunum í Tsjetsjeníu og væri það miður.

Ég vil geta þess hér að þegar árásin var gerð á leikhúsið í Moskvu sl. haust var þessi starfshópur eini hópurinn sem skæruliðar höfðu áhuga á og báru traust til að ræða við.

Skýrsla félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefndar um eiturlyfjavandann vakti mjög mikla athygli. Þar voru boðaðar nýjar leiðir til að takast á við þennan afar útbreidda vanda. Með öllum þeim breytingartillögum sem höfðu komið fram og voru samþykktar í umræðunni var ákveðið að falla frá skýrslunni af hálfu nefndarinnar.

Í apríl var einnig rætt um Ísrael og Palestínu og þau vöruð eindregið við afleiðingum óbreyttrar stefnu.

Málefni Rússlands bar einnig hátt í þingstörfunum að þessu sinni. Tvær skýrslur um Rússland voru teknar fyrir, annars vegar skýrsla eftirlitsnefndar þingsins um skuldbindingar Rússlands á vettvangi Evrópuráðsins og hins vegar skýrsla laga- og mannréttindanefndarinnar um trúfrelsi í Rússlandi. Umræður um stöðu mála í Miðausturlöndum fóru einnig fram, og sagði sú sem hér stendur að alþjóðasamfélaginu stæði mikil ógn af stigmagnandi átökum Ísraelsmanna og Palestínumanna og hatrið sem birtist í þeim átökum hefði náð því marki að Evrópuráðið yrði að leggja sín lóð á vogarskálar þeirra sem ljá friði röddu sína.

Sú sem hér stendur tók einnig þátt í umræðum um stjórn og verndun fiskstofna. Ég benti á að skýrsludrög drægju upp afar slæma mynd af ástandi fiskstofna. Rétt væri að minna á að á sama tíma og ástandið væri bágborið sökum mikillar ofveiði væru sumar Evrópuráðsþjóðir í vanda staddar.

Utan reglulegra þinga halda nefndir Evrópuráðsþingsins nokkra fundi árlega utan Strassborgar. Íslandsdeildin tók þátt í hátt á annan tug funda á sl. ári sem voru einungis brot af þeim fundum sem haldnir voru. Sú sem hér stendur hélt ræðu f.h. forseta ER-þingsins á fundi félags- og heilbrigðisráðherra 44 ríkja Evrópuráðsins í Bratislava og stjórnaði sex af fundum heilbrigðisnefndar, sat tvo fundi stjórnmálanefndar utan höfuðstöðva ER og fór í tvígang til Moskvu og Tsjetsjeníu á vegum sérlegs starfshóps þingsins og rússnesku Dúmunnar. Einnig sótti ég ráðstefnu um hryðjuverkastarfsemi sem efnt var til í Pétursborg í mars á síðasta ári.

Á fundi stjórnmálanefndar í París í september var ég skipuð skýrsluhöfundur í málefnum Kalíningrad og ferðaðist í þeim tilgangi til Litháens, Kalíningrad, Póllands og Brussel. Skýrslan sem síðan var lögð fram um það mál var samþykkt af miklum meiri hluta þingsins.

Í septembermánuði var haldinn fundur nefndarinnar í Strassborg. Þar var m.a. rætt um Kalíningrad og umráðasvæði Schengen-samstarfsins. Í skýrslu minni þar var lagt til að deiluaðilar kæmu sér saman um sérlegt ferðafrelsi milli Kalíningrad og Rússlands með útgáfu ferðaskilríkja handa íbúum Kalíningrad og að rússnesk stjórnvöld beittu sér fyrir því að leysa úr ýmsum tæknilegum örðugleikum sem af slíku samstarfi yrðu að öllu óbreyttu. Tillögurnar voru samþykktar.

Á þinginu var einnig efnt til umræðu um stöðu mála í Tsjetsjeníu-héraði. Formaður Íslandsdeildar hélt þar ræðu og lagði áherslu á að umheimurinn mætti ekki gleyma ástandinu í hinu stríðshrjáða héraði þrátt fyrir að kastljós fjölmiðla hefðu á undanförnum missirum einkum beinst að eftirleik hinna hörmulegu atburða sem áttu sér stað í Bandaríkjunum 11. september. Minnt var á að spennan milli Georgíu og Rússlands tengdist mjög ástandi mála í Tsjetsjeníu. Var gagnrýnt að þau mál væru ekki rædd í því samhengi. Aðbúnaður venjulegra borgara í Tsjetsjeníu er oft hrikalegur og gagnrýndi ég að of hart væri lagt að flóttamönnum að snúa til baka miðað við öryggisástand.

Ég fjallaði einnig um flóðin miklu í Tékklandi og hvatti til að Evrópuráðsþingið léti fé af hendi rakna til uppbyggingar flóðasvæðanna og vísaði til neyðarkalls formanns tékknesku landsdeildarinnar. Árangurinn varð sá að fé var veitt til uppbyggingar á ákveðnu svæði í Tékklandi þar sem nú fram fer uppbygging.

Ólafur Örn Haraldsson sótti þrjá fundi í eftirlitsnefnd Evrópuráðsþingsins á árinu. Tveir þeirra voru í París og svo í Búdapest í mars. Þá sótti Ólafur Örn fund umhverfis- og landbúnaðarnefndar í París í febrúar. Margrét Frímannsdóttir sótti fund í laga- og mannréttindaráði Evrópuráðsþingsins og einnig tók hún þátt í fundi jafnréttisnefndarinnar í Lúxemborg í september.

Herra forseti. Að lokum vil ég minnast á að á undanförnum árum hefur tekist afar farsælt samstarf með fulltrúum Íslandsdeildarinnar og fastanefndar Íslands við Evrópuráðið. Vill Íslandsdeildin koma á framfæri þökkum sínum fyrir samstarfið, auk hins mikilvæga samstarfs sem fulltrúar utanríkisþjónustunnar inna daglega af hendi í Strassborg undir stjórn Harðar Bjarnasonar sendiherra.

Ég vil einnig minnast á það góða íslenska starfsfólk sem hefur um árabil starfað hjá Evrópuráðinu við afar góðan orðstír. Það er lítilli þjóð eins og Íslandi ómetanlegt og ekki síður persónulega fyrir mig að hafa til ráðgjafar svo hæft starfsfólk á alþjóðavettvangi eins og það sem valist hefur til starfa í Strassborg.

Ég vil einnig minna á að þrátt fyrir að Ísland sé lítið og fámennt sinntum við formennsku fyrir nokkrum árum í Evrópuráðinu, í ráðherraráði Evrópuráðsins. Þar var ákveðnum hlutum breytt til batnaðar hvað snertir fjármögnun til ráðsins. Enn er talað um þá breytingu sem grundvallarbreytingu í störfum ráðsins að frumkvæði Íslands.

Ég vil þakka kærlega og einstaklega vel samstarfið við þá sem hafa unnið í þessu starfi á undanförnum árum. Sérstaklega vil ég þakka Margréti Frímannsdóttur og Ólafi Erni Haraldssyni, fyrir frábærlega gott samstarf innan þingsins. Ég vil og þakka Andra Lútherssyni sem hefur verið einstaklega dyggur og fær ritari Íslandsdeildarinnar.

[17:36]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég kem einungis upp til að þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Hún hefur verið málefnaleg og upplýsandi og ég tel að mikið gagn af því að við tökum umræðu um alþjóðamál með þeim hætti sem hér hefur verið gert í dag. Ég vil fyrir hönd utanrrn. þakka mjög gott samstarf við utanríkismálanefnd og við Alþingi um framkvæmd utanríkisstefnunnar. Auðvitað má það samstarf alltaf vera meira og utanrrn. er til reiðu að efla það samstarf eftir því sem nokkur kostur er.

Ég tel að utanríkisþjónustan hafi oft á tíðum unnið þrekvirki á ýmsum sviðum. Utanríkisþjónustan er fámenn en ég tel að hún sé mjög skilvirk, enda hefur hún innan sinna vébanda mikið af hæfu starfsfólki.

Ég bendi á að íslenska utanríkisþjónustan hefur á sínum vegum ekki nema rúmlega 200 manns þegar allt er talið, hér á Íslandi og í öllum þeim löndum sem við störfum. Það þætti ekki mjög stórt sendiráð í ýmsum öðrum löndum hjá stærri þjóðum. Ég býst við að breska sendiráðið í Japan sé fjölmennara og bandaríska sendiráðið í Moskvu telur eitthvað um eitt þúsund manns.

Það er ljóst að það er ákveðið lágmark sem þarf fyrir hverja þjóð til að halda úti utanríkisþjónustu og utanríkisstefnu. Ég er þeirrar skoðunar að það sem við erum að gera sé algjört lágmark. Við þurfum að stefna að því að efla utanríkisþjónustuna frekar og hefur verið lagt upp með það.

Hér var t.d. nefnt samstarf við nágrannaþjóðir okkar, t.d. Færeyinga og Grænlendinga. Ég er þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt og nauðsynlegt að Íslendingar hafi ræðismannsskrifstofu í Þórshöfn í Færeyjum. Við eigum mikil og afskaplega vinsamleg samskipti við Færeyinga. Við eigum mikil viðskipti við þá þjóð og að mínu mati er nauðsynlegt að halda áfram að efla utanríkisþjónustuna þannig að við höfum fulltrúa okkar í fleiri ríkjum.

Það sem einkum hefur verið rætt hér í dag er af eðlilegum ástæðum Íraksmálið. Ég tel að allmikill samhljómur hafi verið í þeirri umræðu þó ekki séu allir sammála. Það hefur komið skýrt fram af hálfu þingmanna að valdbeiting sé neyðarúrræði en hins vegar eigi ekki að útiloka hana. Það hefur að vísu komið fram hjá einum hv. þm. að í þessu tilviki sé ekki rétt að beita valdi undir nokkrum kringumstæðum, ef ég hef skilið hann rétt. Í því sambandi hljótum við þingmenn að spyrja okkur ákveðinna spurninga, ekki síst vegna þess að ég er að leggja af stað til Pristina í Kosovo á morgun. Við munum átökin sem urðu við fyrrum Júgóslavíu. Var rangt að beita valdi þá? Því var haldið fram mjög víða, m.a. hér á hv.

Alþingi, að það væri rangt. Áttu þjóðir heimsins að horfa upp á Milosevic fremja fjöldamorð áfram í Kosovo? Áttum við að sjá ófrið breiðast út um Balkanskaga eins og allar líkur voru til? Ég tel að það hafi verið rétt og nauðsynlegt að grípa inn í. Þannig vill til að sú þjóð, Júgóslavía, sem vissulega varð þá fyrir loftárásum vill nú ganga í Atlantshafsbandalagið. Það segir sína sögu.

Var rangt af alþjóðasamfélaginu að bregðast við vegna Afganistan? Það var umdeilt. Ýmsir voru andvígir því. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það var rétt. En í báðum tilvikum var um neyðarúrræði að ræða. Þannig hefur það ávallt verið þegar alþjóðasamfélagið hefur gripið inn í slík átök.

Við höldum enn í þá von að hægt sé að ná friðsamlegri lausn í Írak. En um það er því miður ekkert hægt að fullyrða. Hins vegar er mikilvægt, ef gripið verður til þess neyðarúrræðis, að um það verði góð alþjóðleg samstaða. Ég er alveg viss um það að það verður enginn friðsamleg lausn á því máli nema Saddam Hussein viti að til þess geti komið að valdi verði beitt. Og um það eru nánast allar þjóðir sammála, enda sýnir reynslan það.

Þetta eru vissulega mál sem liggja þungt á heimsbyggðinni. Þau liggja þungt á okkur Íslendingum. Þarna verður að fara fram af fullri ábyrgð en jafnframt af fullri einurð og festu, eigi að vera von um að þar fáist niðurstaða sem heimsbyggðin geti sætt sig við. Það er ekki hægt að líða að einstakir harðstjórar og einræðisherrar sem fótumtroða lýðræðið í heiminum komi sér upp gjöreyðingarvopnum sem þeir eru tilbúnir að beita gegn nágrannaríkjum sínum, gegn sinni eigin þjóð. Þannig mætti lengi telja. Menn sem fótumtroða lýðræðið virða engar grundvallarreglur. Eða er líklegt að það sé lýðræðisleg kosning að forseti fái u.þ.b. sjö milljónir atkvæða og þar sé ekki einn einasti auður seðill — ekki einn? Okkur þykir mikið til þess koma sem erum í stjórnmálum á Íslandi þegar við fáum nokkur hundruð atkvæði og yfir 90%. En okkur þætti það óeðlilegt að í slíkri lýðræðislegri kosningu fengjum við 100%. Það er ekki eðlilegt. Það er alltaf einhver óánægja í öllum flokkum, öllum samtökum, meðal allra þjóða. En þeir sem ... (**ÖJ:** Þú varst nú nærri 100%.) ... já, ég var nokkuð nærri.

En ef sambærileg kosning hefði átt sér stað í flokknum hjá Saddam Hussein, ætli hann hefði ekki viljað láta skrá nafn allra sem greiddu atkvæði á seðlana til að geta séð hverjir skiluðu auðu og hverjir kusu hann ekki. Ég held að það sé lýðræðið sem hann aðhyllist. Nákvæmlega. Ef viðkomandi gerir ekki nákvæmlega eins og hann vill bíður dauðinn hans, og pyndingar. Ekki bara dauði og pyndingar viðkomandi heldur allrar fjölskyldu hans, barna, barnabarna o.s.frv. Hér er ekki við neinar venjulegar aðstæður að fást. Það hefur verið rifjað upp hvernig fjöldamorðinginn Adolf Hitler var stöðvaður, hvernig þurfti að koma á friði með því að berjast fyrir friði. En auðvitað vildu menn líka líta svo á að þar væri neyðarúrræði, að þurfa að ganga gegn honum.

Ég vil, herra forseti, endurtaka þakkir mínar fyrir umræðuna hér í dag. Mér finnst hafa verið heilmikill samhljómur í henni þegar litið er yfir heildina og ekki stór ágreiningsefni um meginverkefni Íslendinga í utanríkismálum. Það er að vísu mismunandi mat á aðstæðum. Mismunandi mat er á aðstæðum í Evrópumálum, hvernig við fáum best tengt okkur sterkari böndum við Evrópu. Það er að sjálfsögðu ekki bara undir okkur einum komið. Það er líka undir því komið hvernig aðstæðurnar breytast, hvað þjóðir gera sem eru með okkur í samtökum eins og EFTA, hvað þær þjóðir sem eru jafnframt aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið gera. Allt er þetta háð mati á aðstæðum. En eitt er ég viss um, að þarna verða breytingar á næstu árum og jafnvel næstu mánuðum, breytingar sem e.t.v. munu koma fram fyrr en margir halda. Þá verðum við Íslendingar að vera tilbúnir að taka á þeim aðstæðum og leiða þau mál til lykta með okkar hagsmuni að leiðarljósi. Þessar aðstæður ráða oft miklu um hvað nauðsynlegt er að gera og hvað rétt sé að gera þó að að sjálfsögðu sé mikilvægast að við vitum hvað við viljum gera. Það sem við viljum gera ræðst líka af þeim aðstæðum sem uppi eru hverju sinni með sama hætti og við tókum ákvarðanir í öryggis- og varnarmálum okkar og hlutleysismálum í ljósi reynslunnar af heimsstyrjöldinni síðari. Þannig hefur það ávallt verið og mun alltaf verða.

[17:48]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins ein lítil ábending. Það er ekki rétt sem fram kom hjá hæstv. utanrrh. að það hafi verið samhljómur hér í þingsalnum varðandi afstöðuna til Íraks. Hins vegar var það gagnrýnt hve mikill samhljómur hefur oft verið milli hæstv. utanrrh. og og talsmanna ríkisstjórnarinnar og George Bush Bandaríkjaforseta. Þetta hefur verið gagnrýnt.

Hæstv. utanrrh. spyr hvort menn séu virkilega á því að ekki hefði átt að fara með loftárásum á Balkanskagann á sínum tíma. Hann spyr hvort menn geti virkilega hafa verið á móti því að fara með loftárásum á hendur Afgönum á sínum tíma. Ég var þessu andvígur og er það enn á sama hátt og ég teldi ekki ráð að gera árásir á Ísrael. Ég tel heldur ekki rétt að fara með slíkum hernaði á hendur Tsjetsjenum eða þeim ríkjum sem hér var vikið að í ljósi mannréttindabrota, m.a. í ræðu hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur áðan, ágætu yfirliti hennar. Ég tel það ekki vera lausnina. Ég mundi hins vegar styðja kröfur, sem reyndar hafa komið fram, um að sendar verði gæslusveitir á vegum Sameinuðu þjóðanna til Ísraels, og Ísraelsmönnum gert að lúta þeim vilja alþjóðasamfélagsins.

Síðan að lýðræðinu. Staðreyndin er sú að valdamenn heimsins fara ekki að lýðræðislegum vilja ef marka má þau miklu mótmæli, þá miklu öldu sem hefur risið um allan heim gegn hernaðaráformum Bandaríkjastjórnar og reyndar skoðanakannanir, einnig hér á landi, sem sýna að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðanna er andvígur þessum hernaðaráformum stjórnvaldanna.

[17:51]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur upplýst að hann telji að það hafi verið rangt að grípa inn í vandamálin á Balkanskaga með þeim hætti sem gert var. Ég vænti þess að hann telji þá að það hafi verið rangt fyrir alþjóðasamfélagið að grípa inn í bardagana og fjöldamorðin í Bosníu á sínum tíma, það hafi verið rangt að grípa á Milosevic með þeim hætti sem gert var. Og það hafi líka verið rangt að taka á Osama bin Laden með þeim hætti sem gert var og svæla hann og aðra út úr Afganistan. Það er gott að þetta kemur fram. En hv. þm. hefur jafnframt upplýst í umræðunni hér í dag að hann vilji ekki útiloka valdbeitingu. Og ég spyr hv. þm.: Í hvaða tilvikum og hvaða tilvik þurfa að vera fyrir hendi, hvers konar afbrot gegn mannkyni, til að valdbeiting sé réttlætanleg? Ég reikna með því að hann telji að valdbeiting hafi verið réttlætanleg í seinni heimsstyrjöldinni gegn Adolf Hitler. Mér finnst mikilvægt að hann upplýsi það vegna þess

að hann hefur upplýst það hér að í ákveðnum tilvikum geti valdbeiting verið réttlætanleg. Hvenær í ósköpunum er það?

[17:52]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér heyrum við aftur þann öfgatón í hæstv. utanrrh. sem ég vék að við umræðuna fyrr í dag. Hann stillir upp við vegg mönnum sem efast um hernaðarstefnu Bandaríkjanna, efast um að rétt sé að fara með hernaði með þeim hætti sem þau hafa gert á liðnum missirum og árum. Já, ég hef efasemdir um það hvernig þarna hefur verið farið fram. Og ég hef um það efasemdir hvernig Bandaríkjastjórn undirokar helstu alþjóðastofnanir heimsins, og vísa ég þar til Sameinuðu þjóðanna, hvaða brögðum þau hafa beitt til að knýja fram meirihlutavald í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna til að knýja fram stefnu sína. Já, ég hef um þetta miklar efasemdir. Ég vil beita annarri aðferðafræði og friðsamlegri sem þegar allt kemur til alls var verið að reyna að beita á Balkanskaganum þegar Bandaríkjamenn og helstu stuðningsmenn þeirra knúðu fram þá stefnubreytingu sem varð að lokum ofan á. Ég er andvígur þessari hernaðarhyggju sem er að grafa um sig í alþjóðasamfélaginu og ég hef andæft því að Íslendingar samþykki þá stefnu og fylgi Bandaríkjamönnum í einu og öllu eins og þessi ríkisstjórn hefur gert og þessi hæstv. utanrrh.

[17:54]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. svaraði ekki spurningu minni. Hann gerir miklar kröfur til mín og annarra hér í þinginu um að við svörum spurningum hans. En hann svaraði henni ekki með einu einasta orði, þ.e. þeirri grundvallarspurningu í hvaða tilvikum hann telji réttlætanlegt að beita valdi, eins og hann sagði hér í dag að gæti verið réttlætanlegt. Hann segir að það sé rétt að beita öðrum og friðsamlegri leiðum. Hvað þýðir það? Við höfum heyrt í málflutningi frá hv. þm. og flokki hans í ýmsum málum að það eigi að fara aðrar leiðir og það eigi að gera þetta með öðrum hætti án þess að það sé neitt síðan skilgreint hvað það er. (**ÖJ:** Jú, það hefur verið skilgreint.) Ekkert skilgreint. Og það verður að gera þá kröfu til hv. þm. sem hefur farið mikinn í þessum málum í hvert einasta skipti að hann upplýsi okkur um það, fyrst hann er þeirrar skoðunar að valdbeiting geti verið réttlætanleg, í hvaða tilvikum það geti verið. Ekki síst vegna þess að hann heldur því fram að íslenska ríkisstjórnin og fleiri á hv. Alþingi aðhyllist sérstaklega valdbeitingu þegar skýrt hefur verið tekið fram að það sé neyðarúrræði og eigi ávallt að vera neyðarúrræði. En mér þykir leitt að hv. þm. vill ekki svara þessu. (**ÖJ:** Ég get ekki svarað þessu.) Þegar menn lenda í mikilli vörn segja þeir ekki neitt og ég lít þá þannig á að hv. þingmaður geti bara ekki svarað þessu og vilji ekki svara því. (**ÖJ:** Þetta er ómaklegt, ég fæ ekki að taka til máls aftur.)

[17:56]

Útbýting þingskjala:

Ábyrgðasjóður launa, 649. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 1055.

Suðurstrandarvegur, 540. mál, svar samgrh., þskj. 1056.

Tóbaksvarnir, 415. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1054.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 618. mál (póstþjónusta). — Þskj. 989.

og

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 619. mál (upplýsingamiðlun til launamanna o.fl.). — Þskj. 990.

og

Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 638. mál (bótaábyrgð flugfélaga). — Þskj. 1034.

og

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 639. mál (gjaldþol tryggingafyrirtækja). — Þskj. 1035.

[17:57]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég þakka það að leyft sé að taka þessi mál fyrir saman. Þau snerta öll samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og eru að því leytinu til skyld þó að þau séu nokkuð óskyld að öðru leyti.

Það mál sem er á þskj. 989, 618. mál, er þáltill. þar sem leitað er heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168, um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 39 um frekari opnun fyrir samkeppni í póstþjónustu bandalagsins. Þessi tilskipun mælir um að opna póstmarkaðinn í Evrópu enn frekar fyrir samkeppni, m.a. með því að takmarka einkarétt á póstþjónustu, en heimila má þeim aðilum sem veita svokallaða alþjónustu áfram einkarétt til að halda uppi ákveðnu þjónustustigi sem telja verður nauðsynlegt. Skal þjónusta innan einkaréttar bundin við tiltekna starfsemi sem nánar er skilgreind í tilskipuninni. Þá eru einnig í henni margvísleg ákvæði sem skerpa á skyldum einkaleyfishafa. Þar sem lokið skyldi að innleiða tilskipunina fyrir 1. janúar 2003 hefur samgrh. þegar lagt fram frv. til laga um breytingar á lögum um póstþjónustu og varð frv. að lögum nr. 136/2002 í desember sl.

619. mál á þskj. 990, herra forseti, er þáltill. þar sem er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172, um breytingu á XVIII. viðauka við EES-samninginn, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 14 um

almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópubandalagsins.

Markmið þessarar tilskipunar er að setja fram lágmarksskilyrði um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs innan fyrirtækja. Hún gerir ráð fyrir að aðildarríkin skilgreini hvernig staðið skuli að upplýsingum og samráði í samræmi við lög og þær venjur er gilda í samskiptum aðila vinnumarkaðarins í hverju landi. Í tilskipuninni eru settar fram reglur um hvað skuli felast í upplýsingagjöf og samráði við launþega og veittar leiðbeiningar um hvenær samráð skuli eiga sér stað.

Aðildarríkin hafa talsvert svigrúm til að ákveða gildissvið þessara reglna, m.a. hver skuli vera lágmarksfjöldi starfsmanna þeirra fyrirtækja sem reglurnar taka til. Þá er gert ráð fyrir að settar verði reglur um þagnarskyldu fulltrúa launamanna í slíku samráði og annarra sem fá upplýsingar frá fyrirtækjum. Einnig geta aðildarríkin takmarkað rétt launþega til upplýsinga og samráðs þegar talið er að það geti valdið alvarlegu tjóni eða röskun á starfsemi fyrirtækisins.

Almennt skulu aðildarríkin hafa lokið við að innleiða efni þessarar tilskipunar í mars 2005, en þau lönd þar sem samráð af þessu tagi hefur ekki fest sig í sessi fá viðbótarfrest til mars 2008. Heimilt verður að innleiða efni tilskipunarinnar með kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins og hefur hæstv. félmrh. þegar haft samráð og viðræður í því skyni.

Á þskj. 1034, 638. mál, er þáltill. þar sem leitað er heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142, um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 889, sem felur í sér breytingu á eldri reglugerð ráðsins um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa.

Reglugerðin er tilkomin vegna þess í maí 1999 var á alþjóðavettvangi samþykktur nýr samningur um samræmingu reglna um loftflutninga milli landa, svokallaður Montrealsamningur. Tilgangur þessarar reglugerðar er að laga rétt Evrópusambandsins að efni Montreal-samningsins og miðar hún að samræmingu alls regluverks og bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa í samræmi við ákvæði Montreal-samningsins. Þar sem gildistaka reglugerðarinnar er háð gildistöku og fullgildingu samningsins á alþjóðavettvangi, mun hæstv. samgrh. stefna að framlagningu frv. til innleiðingar ákvæða hennar á 130. löggjafarþingi, þegar áætlað er að leggja fram þáltill. til fullgildingar á Montreal-samningnum.

Í síðasta lagi, herra forseti, er á þskj. 1035, 639. mál, þáltill. sem fjallar um kröfu um gjaldþol líftryggingafyrirtækja og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um kröfu um gjaldþol skaðatryggingafyrirtækja.

Í löggjöf Evrópusambandsins eru í gildi sérstakar tilskipanir um líftryggingar annars vegar og um skaðatryggingar hins vegar. Þessi aðgreining á sér ekki hefð í íslenskri löggjöf og gilda lög um vátryggingastarfsemi hér um allt sviðið. Því er leitað eftir staðfestingu þessara tveggja ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar í þessari þáltill., enda gilda sömu sjónarmið um innleiðingu tilskipananna í íslenskan rétt. Þær gera kröfu um breytingar á gjaldþolsreglu vátryggingafélaga, en gjaldþol er mælikvarði á fjárhagslegan styrk þessara fyrirtækja. Tilskipanirnar mæla t.d. fyrir um lágmarksgjaldþol sem verði 255 millj. kr., en auk þess eru ákvæði um eftirlit stjórnvalda um vátryggingastarfsemi og hert er á kröfum til vátryggingafélaga við tilteknar aðstæður. Frv. hæstv. viðskrh. til innleiðingar ákvæða tilskipananna í íslenska löggjöf er nú til umfjöllunar á hv. Alþingi.

Herra forseti. Ég vil leggja til að að lokinni þessari umræðu verði þessum fjórum tillögum vísað til hv. utanrmn.

[18:05]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við Þórunn Sveinbjarnardóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar í utanrmn., munum ekki lengja þessa umræðu. Eins og fram hefur komið er fyrsta málið þess eðlis að frv. byggt á ákvörðun þessari hefur þegar orðið að lögum og í síðasta málinu er þegar komið nál. við það frv. sem þegar hefur verið flutt, en nál. er samhljóða afstaða allra flokka þar sem lagt er til að málið verði að lögum. Sömuleiðis eru hin málin skýr og einföld.

En það er ein spurning í einu málinu, sem er á þskj. 990 og fjallar um lágmarkssskilyrði um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs innan fyrirtækja. Hæstv. utanrrh. upplýsti að félmrh. hefði þegar hafið samráð um þau skilyrði sem kveðið er á um í þessu máli. En hér segir að aðildarríkin geti valið fyrir hversu stór fyrirtæki tilskipunin skuli gilda, þ.e. hvort hún gildi um fyrirtæki sem hafa a.m.k. 50 starfsmenn í vinnu eða fyrirtæki með a.m.k. 20 starfsmenn.

Eðli markaðarins hjá okkur er auðvitað þannig að máli skiptir hvort ákvörðun hafi verið tekin eða hvernig sú ákvörðun verður, þ.e. hvort við ætlum að vera með 20 eða 50. Það er spurning mín til hæstv. utanrrh.

[18:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þetta er ákvörðun sem þarf að taka að loknu því samráði sem á sér stað við aðila vinnumarkaðarins á þessu sviði og sú stefnumörkun mun þá koma fram í því lagafrv. sem lagt verður fyrir þingið þegar þar að kemur. Eins og ég skil málið þá þarf ekki að taka afstöðu til þess að því er varðar þessa þáltill. En það verður að sjálfsögðu hægt að upplýsa betur um málið í meðferð utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norræna ráðherranefndin 2002.

Skýrsla samstrh., 572. mál. — Þskj. 923.

[18:07]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir skýrslu samstarfsráðherra Norðurlanda um störf norrænu ráðherranefndarinnar 2002.

Málefni barna og unglinga voru í brennidepli í formennskuáætlun Norðmanna sem voru við stjórnvölinn á starfsárinu. Áætlunin bar yfirskriftina Norðurlönd morgundagsins. Þar var megináhersla lögð á að auka vægi þessa mikilvæga málaflokks á öllum sviðum starfseminnar. Jafnframt var lögð áhersla á að auka aðkomu ungmenna að ákvarðanatöku í þjóðfélaginu um þau mál er snerta hagsmuni þeirra. Því var á árinu haldinn fundur 13 norrænna ráðherra með fulltrúum æskulýðssamtaka á Norðurlöndunum um málefni barna. Meðal ráðherranna voru fulltrúar úr hópi menntamála-, félagsmála-, dómsmála- og samstarfsráðherra. Ýmsir fleiri viðburðir er snertu börn og ungmenni

voru á dagskrá ráðherranefndarinnar þar sem fjölmenningarsamfélagið, barna- og unglingamenning ásamt málefnum barna og unglinga á grannsvæðum, var í fyrirrúmi.

Áætlunin Sjálfbær Norðurlönd til ársins 2020 gekk í gildi 2001. Meginmarkmið hennar er að flétta saman aðgerðir sem stuðla að sjálfbærri þróun inn í öll svið samstarfsins. Þetta starf hefur gengið vel og áætlunin var kynnt á leiðtogafundi ESB í Barcelona í vor og á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna í Jóhannesarborg sl. haust. Þannig lögðu Norðurlönd í sameiningu sitt af mörkum til að auka svæðisbundið alþjóðlegt samstarf um umhverfismál.

Eins og ljóst má vera af því sem ég hef nefnt um málefni barna og sjálfbær Norðurlönd eru mörg brýnustu samstarfsverkefni ráðherranefndarinnar þess eðlis að forsenda árangurs er að samstarf eigi sér stað þvert á hefðbundin samstarfssvið. Glöggt dæmi þessa eru verkefni tengd matvælaframleiðslu og öryggi matvæla. Því var ný ráðherranefnd um sjávarútvegsmál, landbúnað, skógrækt og matvælamál stofnuð síðla árs 2001. Undir hennar stjórn lauk á árinu stóru þverfaglegu verkefni um aukið matvælaöryggi á Norðurlöndunum. Á grundvelli þeirrar vinnu samþykkti ráðherranefndin annars vegar samstarfsáætlun fyrir næstu ár og hins vegar yfirlýsingu sem lögð var fyrir Norðurlandaráðsþingið í Helsinki um að Norðurlönd skuli sameiginlega á alþjóðavettvangi vinna að því að tryggja gæði matvæla.

Samstarf og samráð um Evrópumál á sér stað á nánast öllum sviðum samstarfsins. Frá þeim störfum er greint í sérstakri skýrslu sem gefin er út árlega.

Í lok ársins var samþykkt áætlun um aukið og markvissara samstarf milli norrænu ráðherranefndarinnar og annarra opinberra fjölþjóðlegra samtaka á svæðinu umhverfis Norðurlönd. Áætlunin tekur til samstarfs við Evrópusambandið, Eystrasaltsráðið, Norðurskautsráðið og Barentsráðið. Ætlunin er m.a. að taka virkan þátt í framkvæmd áætlunar ESB um norðlægu víddina. Ísland hefur með höndum formennsku í Norðurskautsráðinu um þessar mundir, á árabilinu 2002–2004. Á síðari hluta formennskutímabilsins gegnum við Íslendingar líka formennsku í norrænu ráðherranefndinni. Þá gefst gott færi á því að leiða samstarf milli þessara tveggja mikilvægu stofnana um mál sem við setjum í forgang. Ég bind vonir við að við getum nýtt það tækifæri vel næsta ár.

Brennidepill norræns grannsvæðasamstarfs mun í kjölfar aðildar Eystrasaltsríkjanna að ESB flytjast frá Eystrasaltsríkjunum og til rússneskra grannsvæða við Eystrasalt, þar með talið Kalíningrad, og til rússneskra grannsvæða á Barentssvæðinu. Undirbúningur þessara breytinga, sem hafa allvíðtæk áhrif, er þegar hafinn. Upplýsingaskrifstofur í Eystrasaltsríkjunum verða starfræktar áfram næstu ár en ljóst er að starfsemin mun taka breytingum.

Vægi norræns samstarfs um málefni norðurskautssvæðanna hefur verið að aukast undanfarið og á starfsárinu var samþykkt sérstök áætlun fyrir þetta samstarf sem tók gildi við síðustu áramót. Í brennidepli á starfsárinu voru umhverfismál, en á þeim vettvangi fór samstarfið fram samkvæmt sérstakri áætlun um vernd náttúru- og menningarverðmæta á norðurskautssvæðunum. Einnig var áhersla lögð á fjarkennsluverkefni og uppbyggingu menntanets á norðurslóðum.

Þá var á árinu skipaður starfshópur um aukið samstarf Norðurlandanna við norðvestlæg grannsvæði. Ætlunin er að tillögur hans verði grundvöllur pólitísks markvissara svæðasamstarfs á Vestur-Norðurlöndum og aukinna norrænna samskipta við grannsvæðin í Skotlandi, á skosku eyjunum og austurströnd Kanada um sameiginleg hagsmunamál. Þessi vinna er í samræmi við tilmæli sem Norðurlandaráð samþykkti á þingi sínu í Helsinki 2002.

Þær breytingar sem gerðar hafa verið á skipulagi Norðurlandaráðs hafa leitt til þess að pólitískt samráð milli ráðherranefndarinnar og ráðsins um verkefnaval og stefnu hefur aukist. Þetta er ánægjuleg þróun því opin og upplýst umræða á norrænum vettvangi milli þinganna og ráðherra um starfsemi ráðherranefndarinnar er samstarfinu eins nauðsynleg og umræða á þjóðþingi um stjórnarfrumvörp og stefnu ríkisstjórnar. Í hópi samstarfsráðherranna hefur því farið fram umræða um leiðir til að bæta þetta samráð við Norðurlandaráð enn frekar. Við munum því leggja á það höfuðáherslu að ráðherrar svari jafnan þegar því verður við komið kalli Norðurlandaráðs um samráðsfundi jafnvel um mál þar sem afstaða ráðherranefndar liggur ekki fyrir. Í slíkum tilvikum verður að sjálfsögðu einungis unnt að gefa til kynna afstöðu viðkomandi ráðherra.

Eins var ákveðið að bæta meðferð ráðherranefndarinnar á tilmælum ráðsins sem oft hefur mátt betur fara. Ein helsta ástæða þess að erfiðleikum hefur verið bundið að fylgja tilmælum ráðsins eftir með nægilegum krafti er fjöldi þeirra tilmæla sem á hverjum tíma eru á dagskrá. Því ákváðu samstarfsráðherrarnir að beina því til Norðurlandaráðs að stefna að því að gera tilmælin beinskeyttari og pólitískt markvissari og fækka þeim eftir megni.

Svíar tóku um síðustu áramót við formennsku á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar úr hendi Norðmanna. Yfirskrift formennskuáætlunar þeirra er „Integration Norden" eða Norðurlöndin sem heild. Markmið hennar er fjórþætt. Stefnt er í fyrsta lagi að aukinni þátttöku og áhrifum nýbúa á Norðurlöndum á stjórnmál, menningarlíf og þjóðfélagsumræðu. Þá er stefnt að áframhaldandi norrænum samruna í þeim skilningi að áfram verði unnið að því að auðvelda fólki flutninga og för milli landanna, og atvinnulífi og félagssamtökum norrænt samstarf. Eins verði áfram stefnt að auknum norrænum tungumálaskilningi. Í þriðja lagi er stefnt að frekari aðlögun og þróun samstarfsins milli Norðurlanda og grannsvæðanna. Þá er í fjórða lagi stefnt að auknu norrænu samstarfi á vettvangi evrópska efnahagssvæðisins og ESB.

Við Íslendingar tökum um næstu áramót við formennsku í norrænu ráðherranefndinni. Undirbúningur þess hefst fyrir alvöru um mitt þetta ár en miklu skiptir að hann verði vel úr garði gerður til að nýta sem best þetta tækifæri til að koma áherslumálum okkar á framfæri í norrænu samstarfi.

Virðulegur forseti. Ég hef hér gripið niður í nokkra þætti skýrslunnar án þess að hafa getað gefið heildarmynd af samstarfinu vegna umfangs þess. Því vísa ég að öðru leyti til skýrslunnar sjálfrar sem að venju er gerð í samstarfi allra ráðuneyta.

Ég tel norrænt samstarf liðins árs hafa verið gott. Mikilvæg þróun á sér nú stað varðandi samstarfið við grannsvæðin og við önnur alþjóðleg samtök. Þessi þróun er tákn um þær breytingar sem nú eiga sér stað á alþjóðlegri stöðu nágrannaríkja Norðurlanda. Hún er einnig tákn um að svæðisbundin samtök eins og norræna ráðherranefndin þurfi að svara kalli tímans og snúa kröftunum ekki bara inn á við heldur styrkja samstarfið út á við til að ná tilætluðum árangri, til að ná fram

auknum lífsgæðum á Norðurlöndum og auknum áhrifum Norðurlanda á alþjóðavettvangi.

[18:16]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. samstarfsráðherra Norðurlanda fyrir hönd Íslandsdeildar fyrir hennar ágætu ræðu og fyrir það umfangsmikla starf sem fram fer hjá ráðherranefnd Norðurlanda. Þar sem ekki er gert ráð fyrir að formenn mæli fyrir skýrslum sem gefnar eru út á ári hverju um starf viðkomandi nefndar ætla ég í stuttu máli að gera grein fyrir því sem helst hefur gerst á sviði Norðurlandaráðs á síðasta ári.

Í raun og veru má segja að þrennt hafi einkennt starf Norðurlandaráðs árið 2002. Í fyrsta lagi var nýtt nefndarskipulag innleitt. Horfið var frá þremur svæðisnefndum sem áður höfðu starfað og teknar upp fimm málefnanefndir auk forsætisnefndar. Í öðru lagi má benda á að á árinu var haldið upp á og fagnað sérstaklega 50 ára afmæli Norðurlandaráðs. Það var gert m.a. í Helsinki á Norðurlandaráðsþingi og einnig var haldin mikil og merkileg þemaráðstefna á Íslandi sem Íslandsdeild Norðurlandaráðs undirbjó. Í þriðja lagi má nefna að í umræðunni var mjög mikið talað um landamærahindranir á Norðurlöndum og sú umræða var í brennidepli á sviði Norðurlanda á síðasta ári.

Forsögu þessara breytinga má rekja til þess að 1995 var starfsemi ráðsins í rauninni beint í þrjá farvegi, þ.e. samvinnu innan Norðurlanda í ákveðinni nefnd sem hét Norðurlandanefnd. Einnig samvinnu Norðurlanda og Evrópu í Evrópunefnd, sem fjallaði einkum málefni ESB og EES, og síðan samvinnu Norðurlanda og nærsvæða í svokallaðri nærsvæðanefnd. Forsætisnefnd var stækkuð og auk þess var líka starfandi sérstök eftirlitsnefnd.

Ákveðið var að halda eitt þing að hausti í stað tveggja áður og auk þess var ákveðið að halda sérstakar þemaráðstefnur um afmörkuð mál sem snerta norræna samvinnu. Þá var einnig lögð mikil áhersla á að auka flokkastarf. Flokkastarfið skiptist í fjóra meginþætti, þ.e. sósíaldemókratar vinna saman í Norðurlandaráði, miðjumenn vinna saman, hægri menn vinna saman og vinstri sósíalistar og grænir vinna saman þannig að í raun og veru er um fjóra meginflokka að ræða í þessu starfi.

Þegar fjallað var um fyrra skipulag þótti það um margt vel takast en gagnrýnin beindist þó helst að því að mönnum fannst nauðsynlegt að vera með sérstakar málefnanefndir því annars næðist ekki æskileg samræming við fastanefndir norrænu ráðherranefndarinnar eða við fagnefndir norrænu þjóðþinganna og alþjóðastofnanir. Þess vegna var það árið 1999 að norræna ráðherranefndin setti á fót sérstaka nefnd sem kölluð var aldamótanefndin og hlutverk nefndarinnar var að fara ofan í saumana á norrænu samstarfi. Aldamótanefndin skilaði síðan skýrslu sem heitir Norðurlönd 2000 umvafin vindum veraldar. Skýrslan var síðan tekin til umræðu á 52. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í nóvember árið 2000. Formaður þeirrar nefndar er Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri í Norræna fjárfestingarbankanum, fyrrv. ráðherra og þátttakandi í norrænu samstarfi. Á grundvelli þeirrar skýrslu vann Norðurlandaráð og norræna ráðherranefndin að framtíðardagskrá og fyrirkomulagi norræns samstarfs í skýrslu sem hét Ný norræn dagskrá, svar við skýrslu aldamótanefndarinnar. Sú skýrsla var síðan lögð fram á 53. þingi Norðurlandaráðs en þar var samþykkt að hverfa frá fyrra skipulagi og taka þess í stað upp fimm málefnanefndir auk forsætisnefndar en markmið hins nýja nefndarfyrirkomulags er að tryggja samspil og samskipti norrænu ráðherranefndarinnar, þjóðþinganna og alþjóðastofnana og tengja betur saman markvisst starf þessara aðila.

Að vanda hélt Íslandsdeild Norðurlandaráðs fundi til undirbúnings fyrir ráðstefnur, fyrir fundi í Norðurlandaráði og fyrir þingin. Talsverður tími fór í að undirbúa þemaráðstefnu sem haldin var í tilefni 50 ára afmælis Norðurlandaráðs en hún var haldin í Reykjavík 14.–16. apríl sl. og þótti takast vel. Um þá ráðstefnu er sérstaklega fjallað í V. kafla skýrslunnar.

8. nóvember stóð Íslandsdeild Norðurlandaráðs fyrir dagskrá í Norræna húsinu í samvinnu við Norræna húsið þar sem kynnt var sérstakt afmælisrit sem gefið var út í tilefni af 50 ára afmæli Norðurlandaráðs. Framsögðumenn á þeirri ráðstefnu voru Knud Enggaard, fyrrv. forseti Norðurlandaráðs og fyrrv. ráðherra í dönsku ríkisstjórninni, og Eiður Guðnason sendiherra sem einnig er fyrrv. ráðherra en í íslenskri ríkisstjórn og fyrrv. samstarfsráðherra Norðurlanda og var mjög virkur þátttakandi í norrænu samstarfi á sínum tíma. Einnig héldum við blaðamannafundi bæði fyrir Norðurlandaráðsþing og eins fyrir þemaráðstefnu og við erum þakklát fyrir það að fjölmiðlar á Íslandi hafa sýnt norrænu samstarfi talsvert mikinn áhuga og sérstaklega í tilefni þessa 50 ára afmælis.

Af hálfu Íslandsdeildar sat Rannveig Guðmundsdóttir í forsætisnefnd, en hún er gamalreyndur nordisti. Forseti Norðurlandaráðs á síðasta ári var Outi Ojala sem er finnsk og hún tók við embætti af Svend Erik Hovmand sem er núverandi skattamálaráðherra dönsku ríkisstjórnarinnar. En í menningar- og menntamálanefnd sátu Sigríður Jóhannesdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason, en hann var jafnframt varaformaður þessarar nefndar. Helstu mál nefndarinnar voru að fjalla um listir og menningarmál sem tengjast Norðurlöndum og m.a. skipulagði Íslandsdeild Norðurlandaráðs sérstakt málþing um Vestur-Norðurlönd. Þar voru m.a. framsögumenn Jógvan Durhuus, fyrrv. varaformaður Vestnorræna ráðsins, Sölvi Sveinsson rektor, Jón Yngvi Jóhannsson, bókmenntafræðingur og meðlimur í ritstjórn tímaritsins Nordisk Litteratur, og Benedikte Thorsteinsson, fyrrv. félagsmálaráðherra í Grænlandi og núverandi forstöðumaður Vestnorræna menningarhússins í Hafnarfirði.

Í kjölfar þessa málþings kom nefndin, þ.e. mennta- og menningarmálanefndin, á fót sérstakri nefnd um vestnorrænt samstarf og hópstjóri var sá sem hér stendur, enda var þessi tillaga mótuð og unnin af miðjuhópnum sem ég tek þátt í. Í efnahags- og viðskiptanefnd sátu árið 2002 Sigríður Anna Þórðardóttir sem var formaður nefndarinnar og Steingrímur J. Sigfússon sem var varaformaður. Þau eru mjög virk í norrænu samstarfi og hafa staðið sig, eins og reyndar allir aðrir þátttakendur í þessu starfi, af mikilli prýði.

Í umhverfis- og náttúruverndarnefnd situr Arnbjörg Sveinsdóttir og auk þess situr hún í eftirlitsnefnd. Hún hefur látið sig mjög varða málefni um hvalveiðar og annað slíkt og skipta þau mál okkur að sjálfsögðu miklu.

Í velferðarnefnd situr Drífa Hjartardóttir. Síðan er enn ein nefndin sem heitir borgar- og neytendanefnd. Þar eigum við í raun og veru ekki fulltrúa eða áttum ekki fulltrúa árið 2002 en sú nefnd fjallar um lýðræði, mannréttindi, borgararéttindi, neytendamál, hollustu og matvælamál, baráttu gegn glæpastarfsemi, löggjöf innflytjenda, flóttafólk og baráttu gegn kynþáttafordómum.

Þá ætla ég að víkja næst að verðlaunum sem eru veitt af hálfu Norðurlandaráðs. Það eru þrenn verðlaun sem í gegnum tíðina hafa verið veitt af Norðurlandaráði, þ.e. bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs og einnig varðandi umhverfismál. Og auk þess voru að þessu sinni veitt sérstök kvikmyndaverðlaun og það er líklegt að því verði haldið áfram en þessi þrennu föstu verðlaun eru veitt árlega og heildarupphæð þessara verðlauna eru 350 þús. danskar krónur.

Það er af mörgu að taka þegar fjallað er um málefni sem varða Norðurlandaráð og í skýrslunni á bls. 14 og 15 eru fylgiskjöl þar sem eru alls 44 mál er varða tilmæli, ummæli og ákvarðanir um málefni sem samþykkt voru á 54. þingi Norðurlandaráðs og ætla ég ekki að telja þau upp hér.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka Íslandsdeildinni fyrir mjög gott samstarf og starfsfólki okkar fyrir mjög gott samstarf. Óhætt er að segja að nefndin er mjög virk og það skiptir okkur miklu máli. Í 50 ára merkilegri sögu Norðurlandaráðs hafa margir merkir áfangar gerst í starfi og við hugsum með miklu þakklæti til allra þeirra sem af Íslands hálfu hafa tekið þátt í þessu samstarfi gegnum tíðina. Starfið er einstakt í sambandi við samvinnu þessara grannþjóða og það hefur komið fram í umræðu í dag þegar við fjöllum um utanríkismál hversu miklu máli þessi norræna samstaða skiptir okkur. Það er alveg sama hvað mikið gerist í heiminum. Við höldum vel saman. Eins og kom líka fram í skýrslu utanrrh. fyrr í dag látum við okkur mjög varða samstarf við Grænland og Færeyjar sem eru grannríki okkar og það var í raun og veru mjög merkilegt að sjá þær tölur sem birtust í skýrslu utanrrh. þegar talað er um að útflutningur til Færeyja árið 2001 voru 2,5 milljarðar þegar útflutningur til Kína er 1,6 milljarðar og til Rússlands 1,3 milljarðar. Þetta sýnir okkur í raun og veru hvað þetta starf skiptir okkur miklu máli og við eigum að kappkosta að treysta samstarf við Vestur-Norðurlönd um leið og við eigum að vera baráttufólk fyrir vestnorrænt samstarf í okkar ágæta norræna samstarfi.

[18:29]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka þessum tveimur framsögumönnum sem hér hafa talað, samstarfsráðherra Norðurlandaráðs og formanni Íslandsdeildar, og ég vil auðvitað taka undir það að góður árangur í norrænu samstarfi grundvallast á samskiptum ráðsins og ráðherraráðsins og þeim einstaklingum sem þar skipast á bekk. Það er afar mikilvægt að þessi öfl hlusti hvert á annað og skoði þörf á breytingum á starfsháttum. Samanber það sem samstarfsráðherra vék hér að að tilmæli ráðsins væru færri en beinskeyttari og þá jafnframt að ráðherraráðið fylgi eftir samþykktum Norðurlandaráðs.

Að sjálfsögðu skarast málefni í umræðunni um skýrslu ráðherra og Íslandsdeildarinnar en jafnframt hefur í umræðunni í dag um utanríkismál nokkuð verið komið inn á hin norrænu verkefni og norrænu stjórnmálin. Sjálf gerði ég að umtalsefni aukið svæðasamstarf á liðnum árum og áhersluna á hagsmuni ólíkra svæða sem virðist fara vaxandi. Þar má nefna heimskautaráðið, Vestur-Norðurlönd og norðlægu víddina sem er verkefni Evrópusambandsins en sem Norðurlandaráð hefur óskað aðkomu að. Ég setti fram þá skoðun mína að svæðasamstarf muni aukast í framtíðinni, verða sterkara og umfangsmeira og afmarkaðra innan Evrópusambandsins og hafa áhrif á þróun mála hjá okkur á Íslandi hvort sem okkur líkar það betur eða verr.

Virðulegi forseti. Ég bað um orðið í þessari umræðu því ég vildi fara nokkrum orðum um Norræna menningarsjóðinn þar sem ég er eini fulltrúi Íslands í stjórn sjóðsins. Ég óska sérstaklega eftir að bera fram þakkir til Sivjar Friðleifsdóttur, til samstarfsráðherra, og til menntmrh. varðandi þátt þeirra í að tryggja réttarstöðu sjóðsins. Það skipti mjög miklu máli að leiða það mál svo vel til lykta sem raun bar vitni. Ferlið sem laut að ráðherrum og ráðinu við breytinguna var allt mjög jákvætt, þ.e. innan ráðsins og hjá viðkomandi ráðherrum var ákvörðunin studd, sömuleiðis í flokkahópunum, í fagnefndinni, forsætisnefndinni og að lokum sem afgreiðsla frá Norðurlandaráði. Auk þess sem þessi vinna og ferlið með réttarstöðu sjóðsins hefur tekið nokkurn tíma þá hefur jafnframt verið unnið að ýmsum verkefnum, m.a. fyrirkomulagi styrkveitinga sjóðsins, bæði til að styrkja starfsemina og jafnframt til að leita nýrra leiða innan menningarsviðsins og til að efla það. Þar má nefna að umsóknardagsetningum hefur nú verið fjölgað úr tveimur í sex, þ.e. varðandi umsóknir sem eru undir 100 þúsund dönskum krónum. Með þessu viljum við vera svo sveigjanleg sem mögulegt er gagnvart menningarlífi í löndunum því afar brýnt er að mæta enn betur en hingað til þörfum þeirra sem að menningarmálum vinna og það ber sérstaklega að leggja áherslu á að Norræni menningarsjóðurinn styður menningarstarf í grasrótinni í þessum löndum, þ.e. allt frá kórum og ráðstefnum upp í stór verkefni sem fá framlög frá þessum sjóði og hann er mjög mikilvægur.

Ég vil líka geta þess að sjóðurinn hyggst standa fyrir svokallaðri norrænni myndlistarsýningu ársins. Þar verða veittar allt að 3 milljónir danskra króna til einstaks verkefnis en það verður líka að vera alveg sérstakt sýningarverkefni sem þarf að hafa norrænt sjónarhorn og breiða skírskotun, hvort heldur þarna er um sögulegt verkefni, nútímalegt eða eitthvert verkefni með framtíðarsýn að ræða. Fyrsta sýningin er áformuð árið 2005 og eftir það á slík sýning að vera á tveggja ára fresti. Það verður mjög spennandi að fylgjast með því hvernig umsóknirnar verða sem berast sjóðnum, sérstaklega undir þessum hatti.

Á næstu árum eru uppi áform um að varpa kastljósi á málskilning í löndum okkar. Það er svið sem Norðurlandaráð, ráðherraráðið og norrænu félögin í löndunum okkar setja mjög á oddinn. Sjóðstjórnin hefur haft frumkvæði að rannsókn á skandinavískum tungumálaskilningi. Kannað verður hversu útbreiddur almenningur málskilningur er hjá aldurshópnum 16–19 ára. Það verður skoðað m.a. hvernig hann tengist bóklestri, kvikmyndum, tónlist, o.s.frv., þ.e. þessum þáttum frá Norðurlöndunum. Rannsóknin beinir líka sjónum að aðgangi að norrænum sjónvarpsstöðvum með tilliti til tungumálaskilnings. Þessi rannsókn tekur jafnframt til Íslands og Finnlands og henni á að ljúka árið 2004.

Að síðustu vil ég nefna að frá árinu 1998 hefur sjóðurinn tekið þátt í verkefni sem við getum kallað norræna menningarstefnu á breytingaskeiði. Að þessu verkefni hafa komið 60 vísindamenn innan og utan Norðurlandaráðs, þ.e. sem hafa unnið að rannsókninni. Sömuleiðis er varpað ljósi á menningartækifærin á sjálfsstjórnarsvæðunum og hjá Sömum á norðursvæðum Skandinavíu. Þetta er mjög spennandi verkefni og hefur tekið nokkurn tíma. Því verður nú fylgt eftir með ráðstefnuseríu. Þetta eru alls sex ráðstefnur. Ein þeirra verður haldin hér 9. og 10. maí í Norræna húsinu í

Reykjavík.

Virðulegi forseti. Ég hef kosið í þessari umræðu að segja nokkuð frá þeim merkilegu verkefnum sem eru í gangi á vegum Norræna menningarsjóðsins auk þeirra hefðbundnu verkefna að veita fjárhæðum allt frá 15–20 þúsund dönskum krónum og upp í, eins og hér hefur komið fram, 3 millj. kr. verkefni sem á að styðja, enda hafi þau það til að bera að ástæða sé til þess. Of lítið er fjallað um verkefni sjóðsins. En umfjöllun um hann á heima í þessari umræðu. Það væri ánægjulegt ef erlendar skýrslur væru ekki endilega settar á dagskrá þegar utanríkisumræða er á Alþingi því ég er sannfærð um að þá væru fleiri viðstaddir og hefðu áhuga á því að heyra frásagnir þeirra sem vinna að hverjum hinna afmörkuðu þátta utanríkissamstarfs okkar. En þessu hljótum við að breyta miðað við það hvernig málin hafa þróast.

Virðulegi forseti. Ég vil á ný þakka þessar skýrslur og sérstaklega biðja Siv Friðleifsdóttur að bera þakkir til samstarfsráðherra sinna fyrir þátt þeirra í að efla menningarsjóðinn.

[18:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Sem einn af fulltrúum Alþingis í Norðurlandaráði vil ég nota þetta tækifæri til að koma inn á nokkur atriði sem þetta samstarf varða eða þátttöku okkar í því sem ég tel þrátt fyrir allt að sé einn af hornsteinum alþjóðasamvinnu Íslendinga og verði það vonandi um ókomin ár. Ég held þrátt fyrir allt að þó að Norðurlandaráð sé kannski ekki vettvangur heimsatburðanna í þeim skilningi að þar séu teknar hinar stóru ákvarðanir þá er það engu að síður þannig að í ekkert annað alþjóðlegt samstarf hafa Íslendingar sótt meira í gegnum tíðina og ekkert hefur gagnast okkur betur til að byggja okkar brýr út í heiminn en góð samstaða með hinum Norðurlandaþjóðunum og sá margvíslegi ávinningur sem við sækjum okkur sem þjóð, sem þjóðþing og sem stjórnmálaflokkar og einstakir stjórnmálamenn í þetta samstarf. Ég fullyrði það a.m.k. eftir 20 ára reynslu af því að taka þátt í margvíslegri alþjóðasamvinnu fyrir hönd Alþingis og fyrir hönd Íslands að það sem hefur reynst mér drýgst í slíku eru þau sambönd sem ég hef gegnum tíðina myndað við kollega á hinum Norðurlöndunum, þær margvíslegu upplýsingar og það að komast á þann vettvang sem Norðurlandasamstarfið skapar með margvíslegum hætti, ekki bara á Norðurlandaráðsþingum eða skipulögðum fundum og ráðstefnum heldur í gegnum ýmislegt sem þessu samstarfi tengist. Ég fagna því þess vegna sérstaklega að nú hefur enn eina ferðina verið farið í gegnum ákveðna endurskoðun og endurskipulagningu þessa samstarfs með því nýja fyrirkomulagi sem tók gildi í upphafi árs 2002. Þá var á nýjan leik horfið til nefndaskipunar í skipulagi Norðurlandaráðs frá þeirri landfræðilegu uppdeilingu sem byggði á þriggja nefnda kerfi, Norðurlandanefndar, Evrópunefndar og nærsvæðanefndar sem notast var við um nokkurt árabil, í ein fimm, sex ár.

Það sem eftir stendur af þeim breytingum, þó að langmestu leyti megi segja að menn hafi farið til baka til nefndaskipunar á grundvelli faglegrar uppskiptingar, eru þær ákvarðanir sem skildar eru eftir og varða stóraukið vægi hins pólitíska samstarfs, flokkasamstarfsins á vettvangi Norðurlandaráðs. Það hefur tvímælalaust skilað árangri og flestir eru sammála um að sá hluti breytinganna sem farið var út í á þessu árabili hafi verið jákvæður og enginn vilji eða áhugi er á því að breyta því aftur til baka. Þetta hefur að vísu þýtt að vægi landsdeilda hefur minnkað og þess gætir með ýmsum hætti í starfinu að fundir í landsnefndunum eru ekki að sama skapi vettvangur samræmingar og ákvarðanatöku og áður var. Það hefur flust meira yfir í samstarf stjórnmálaflokkanna eða flokkahópanna í Norðurlandaráði.

Í öðru lagi vil ég aðeins nefna viðfangsefni þeirrar nefndar Norðurlandaráðs sem ég sit í núna á grundvelli hins nýja skipulags, þ.e. efnahagsnefndar. Þar gegni ég varaformennsku. Ég var áður í Evrópunefnd. Efnahagsnefndin fer með marga mikilvæga málaflokka, kannski minnst efnahagsmál eins og þó mætti ráða af nafninu heldur eru þar til að mynda vinnumarkaðsmál, byggðamál og margir fleiri málaflokkar sem varða okkur miklu og eðlilegt er að Íslendingar leggi rækt við í þátttöku sinni í starfinu. Þar vil ég sérstaklega nefna vinnumarkaðsmálin og samstarf við Eystrasaltsríkin á því sviði. Að því hefur talsvert verið unnið innan efnahagsnefndar eða efnahags- og viðskiptanefndar og verður gert áfram því nú hefur nýlega verið ákveðið að setja á laggirnar starfshóp sem þegar hefur hafið störf og ætlar sér að byggja upp sambönd við Eystrasaltsríkin og fara, má segja, í ákveðna brúargerð milli aðila vinnumarkaðarins á Norðurlöndunum annars vegar og í Eystrasaltsríkjunum hins vegar. Þetta er mikilvægt ekki síst, herra forseti, vegna þess að frá og með næsta ári verða Eystrasaltsríkin aðilar að sameiginlegum innri vinnumarkaði hins Evrópska efnahagssvæðis og Evrópusambandsins og munu einkum og sér í lagi beina sjónum sínum að Norðurlöndum vegna þeirra góðu tengsla og þeirrar miklu virðingar sem Norðurlöndin njóta í þessum löndum. Nýskipaður starfshópur er einmitt að halda í ferðalag til Eistlands og Litháen þar sem ætlunin er að funda með aðilum vinnumarkaðarins og síðan ræða málin við sömu aðila á Norðurlöndunum. Þar eru það kannski einkum Danir, Svíar og Finnar sem þegar eru í margvíslegu samstarfi við Eystrasaltsríkin og eru að reyna að aðstoða við að koma á skipulögðu starfi á þessum vettvangi. En tæpast er hægt að segja að það hafi verið til staðar í Eystrasaltsríkjunum fram undir þetta. Til að mynda er þátttaka í verkalýðsfélögum lítil og samtök vinnuveitenda eða atvinnulífsins eru þar afar veik og jafnvel tæpast til staðar í sumum tilvikum. Þessu þarf að sjálfsögðu að breyta því enginn vafi leikur á því að farsæl þátttaka eða innkoma Eystrasaltsríkjanna inn á þennan stóra sameiginlega vinnumarkað er mikið bundin því að þar takist að byggja upp skipulagt starf að þessu leyti.

Herra forseti. Um byggðamálin væri líka freistandi að fara nokkrum orðum. Þau heyra undir Evrópunefnd. Því miður verður að segjast eins og er að þar skortir nokkuð upp á að sú samstaða ríki með Norðurlöndunum sem æskileg væri og þá sérstaklega hvað varðar það viðfangsefni að Norðurlöndin gæti hagsmuna sinna gagnvart breytingum á reglum Evrópusambandsins um byggðamál, byggðastyrki og annað í þeim dúr því það varðar Norðurlöndin öll, aðildarríkin að sjálfsögðu gegnum aðildina en líka Noreg og Ísland í gegnum aðild að Evrópska efnahagssvæðinu og þátttöku í byggðaverkefnum Evrópusambandsins. Þar er mjög mikilvægt verkefni að tryggja að þær reglur sem þarna verða mótaðar og settar á næstu árum, en þær eru til endurskoðunar, rúmi svigrúm til handa Norðurlöndnum til að glíma við aðstæður á sínum svæðum, t.d. hinum hánorrænu svæðum Norðurlandanna þar sem augljóslega ríkja aðrar aðstæður og þörfin fyrir ýmiss konar stjórnvaldsaðgerðir til stuðnings atvinnulífi og búsetu er mikil.

Það síðasta sem ég vil svo nefna, herra forseti, eru óskir Færeyinga um sjálfstæða aðild að Norðurlandaráði. Ég leyfi

mér að trúa því að á því leiki ekki nokkur vafi að Íslendingar styðji með ráðum og dáð þessar óskir Færeyinga. Fróðlegt væri að heyra hæstv. ráðherra tjá sig aðeins um það hér hvort ekki sé ljóst að samstarfsráðherra Íslands, sem og þá forsrh. Íslands sem er auðvitað í forsvari fyrir Ísland hvað varðar aðild að ráðherraráðinu og norræna samvinnan heyrir stjórnskipulega undir, styðji það og beiti sér fyrir því að aðrar þjóðir taki vel í þær óskir Færeyinga að þeir fái núna með vaxandi sjálfstæði sínu sjálfstæða fullgilda aðild að Norðurlandaráði og hætti að þurfa að senda fulltrúa sína á þingið í gegnum sendinefnd Dana. Ég held að það verði tvímælalaust til góðs og muni styrkja samstarfið að fá þar sjötta ríkið með þeim hætti sem sjálfstæðan aðila inn og það er að mínu mati vel tímabært eins og mál hafa þróast í Færeyjum og sjálfsagt þá aðeins tímaspursmál í framhaldinu hvenær Grænlendingar og einnig Álandseyingar óska eftir sams konar sjálfstæðri aðild að Norðurlandaráði. Ekki síst ættum við Íslendingar að styðja þetta og fagna þessu því það er augljóst að hin vestnorræna vídd í norrænu samstarfi styrkist við það að fá sjálfstæðan þátttakanda inn á þennan vettvang eins og Færeyingar vonandi verða innan skamms. Færeyska lögþingið er með þetta mál til umfjöllunar og, ef ég veit rétt, afgreiðir það innan fárra daga. Ekki veit ég annað en þar verði full samstaða um þessa kröfu og hún verði þar af leiðandi í beinu framhaldi, væntanlega á næstu vikum, lögð formlega fram sem ósk Færeyinga og kemur þá til umfjöllunar og þá skiptir miklu máli finnst mér, herra forseti, að fyrir liggi ótvíræður stuðningur Íslands.

[18:48]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið en vil taka undir orð annarra hv. þm. sem hafa rætt samstarf Norðurlandanna. Þar er um mikilsvert samstarf að ræða og mætti kannski segja að hryggstykkið í íslenskri utanríkispólitík sé þetta góða samstarf sem við eigum við Norðurlandaþjóðirnar, bæði í Norðurlandaráði og norrænu ráðherranefndinni.

Það kom fram í máli formanns Íslandsdeildar að ég á sæti í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd sem fjallar um mál sem snúa að umhverfismálum, landbúnaði, skógrækt, sjávarútvegi og sjálfbærri þróun og reyndar einnig að orkumálum. Í þeirri nefnd höfum við m.a. skoðað málefni sem snúa að Sellafield-kjarnorkuverinu. Við fórum einnig og skoðuðum kjarnorkuver í Vilníus en einna helst höfum við skoðað málefni hafsins, fiskveiðikerfi og lífkerfi hafsins, hvernig menn hafa skapað fiskveiðikerfi, hvernig eftirliti með þeim er háttað og efnahagslegan ávinning.

Það sem ég benti á sérstaklega í þessu sambandi voru hvalamálin. Ákveðið var að halda ráðstefnu um hvalamál og var hún haldin í byrjun febrúar í Svíþjóð, ekki síst fyrir það að Svíar hafa haft mjög sérkennilega afstöðu til hvalveiða. Þeir hafa að mörgu leyti gert út á það í utanríkispólitík sinni að vera á móti hvalveiðum og brutu í raun á okkur Íslendingum þegar við sóttum um aðild að Alþjóðahvalveiðiráðinu. Sú afstaða sem Svíar tóku til óskar Íslands um inngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið var afar sérstök. Okkur þótti tilefni til að ræða þetta sérstaklega og reyna að skýra umræðuna, pólitísku umræðuna og umhverfishlið hennar.

Það má benda á að að mati margra okkar er mikill tvískinnungur í afstöðu Svía, t.d. hvernig þeir nýta landspendýr og veiða elg í Svíþjóð. Það þykir sjálfsagt þar en þegar litið er til hvalsins hafa þeir allt aðra afstöðu. Við spurðum einfaldlega: Hver er munurinn á nýtingu sjávarspendýra og landspendýra? Þetta var eitt af umfjöllunarefnunum á þessari ágætu ráðstefnu. Ég er ekki að segja að úr því hafi komið ein niðurstaða en þetta opnaði sannarlega umræðuna.

Við höfum orðið vör við að frændur og vinir okkar í Færeyjum og Grænlandi voru þakklátir fyrir að þessi umræða færi fram innan Norðurlandaráðs, að þessi umræða um hvalveiðimálin og veiðar á sel lægi ekki algjörlega í þagnargildi innan hins norræna samstarfs. Ég á von á að innan nefndarinnar verði á aprílfundum nefndarinnar áfram unnið og reynt að móta stefnu um áframhaldandi umræðu og hvernig við eigum að fara í þessa umræðu á næsta Norðurlandaráðsþingi.

Ég vildi að það kæmi fram, hæstv. forseti, að þarna var mjög áhugaverð og góð ráðstefna sem ég held að eigi eftir að brjóta ísinn í umræðu um þessi mál innan Norðurlandaráðs.

Ég á einnig sæti í eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs. Sú nefnd hefur lokið úttekt á norrænum styrkjum til rannsókna sem veittir eru í gegnum framlög norrænu ráðherranefndarinnar. Þetta var þörf úttekt. Síðan átti ég frumkvæði að því að ákveðið var að eftirlitsnefnd gerði úttekt á því hvernig hið nýja skipulag Norðurlandaráðs mundi virka. Hitt verkefnið sem við höfum unnið að á þessu ári er heildarúttekt á upplýsingastarfi Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar. Það hefur stundum þótt vera þannig að hið norræna samstarf, sem er svo geysilega mikilvægt fyrir okkur Íslendinga, sé ekki nægilega sýnilegt og almenningur sé ekki nægilega upplýstur um hvað er verið að gera á þessu sviði.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu.

[18:55]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég fagna þeirri ágætu umræðu sem hér hefur farið fram um málefni norræns samstarfs. Komið hefur verið inn á mörg mál. Ég ætla ekki að gera þeim öllum skil. Menn hafa nokkuð komið inn í strúktúr samstarfsins. Eins og hér hefur réttilega verið rakið var honum breytt í ráðinu árið 1995. Það var mikil umræða um breytingarnar á tíma og ég lýsti ákveðnum efasemdum um þær breytingar og tel að mikið af þeim efasemdum hafi verið á rökum reistar. Það er almenn ánægja með að við höfum gengið meira í átt að gamla fyrirkomulaginu hin seinni ár frá því sem var strax eftir 1995.

Hér hefur líka verið komið inn á hve mikilvægt þetta starf sé. Maður þreytist aldrei á að lýsa því. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lýsti því ágætlega með svipuðum hætti og ég upplifi þetta samstarf. Það er mjög mikilvægt. Það myndast mikil tengsl á milli manna og maður fær góðar upplýsingar um það sem á sér stað í hinum löndunum. Við berum mikið úr býtum í samstarfinu af því að menn ná betur saman en að vinna hver í sínu lagi þegar um sameiginleg hagsmunamál er að ræða.

Í ræðu sinni rakti hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sérstaklega starfsemi Norræna menningarsjóðsins sem er mjög mikilvægur hluti norræna samstarfsins. Það má segja að hann sé þetta gamla, mikilvæga norræna samstarf. Þessi sjóður hefur gegnt gífurlega miklu hlutverki í gegnum tíðina og gerir enn. Hún fagnaði því að samstarfsráðherrarnir hefðu skýrt réttarstöðu sjóðsins. Það er mjög ánægjulegt að það verkefni er að baki. Það var ekki mjög einfalt að skoða allar lagalegar hliðar þess máls áður en við gátum tekið af

skarið. Það er alveg ljóst að í heildina eru allir sáttir við þær breytingar sem gerðar voru. Ég heyrði á máli hennar að þjónusta sjóðsins hefði eflst mjög mikið með því að miklu fleiri möguleikar eru á að hitta á réttan tíma varðandi umsóknir fyrir minni styrkbeiðnir. Það var einmitt svolítið gagnrýnt á sínum tíma að það var einungis tvisvar sinnum á ári sem sótt var um styrki í gamla kerfinu en nú gefst færi á því sex sinnum á ári. Ég mun færa þakkir eins og hún bað mig fyrir til norrænu samstarfsráðherranna varðandi eflingu Norræna menningarsjóðsins.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spurði mig nokkuð beint um afstöðu mína til hugsanlegrar fullrar aðildar Færeyinga að ráðinu. Það er heldur flókið að svara því á þessu stigi, finnst mér. Maður veit af áhuga Færeyinga á að fá betri stöðu innan norræna samstarfsins en þeir hafa í dag. Maður hefur bæði heyrt það bæði hjá Anfinni Kallsberg, lögmanni Færeyja, og Høgna Hoydal samstarfsráðherra þeirra. Hins vegar hefur formleg umsókn Færeyinga ekki komið fram enn sem komið. Hins vegar hefur hún verið boðuð, að hún muni koma. Ég tel mikilvægt að þegar slík formleg umsókn berst verði allir kostir og gallar skoðaðir eftir því hver nálgun Færeyinga verður í þeirri beiðni. Það er einnig ljóst að líklega þarf að skoða aðkomu annarra að starfinu, hugsanlega Grænlendinga og Álendinga. Það er spurning hvort Færeyingar, komi þeir fram með formlega beiðni, biðji um miklar breytingar á aðkomu sinni að ráðinu. Spurningin er hvort breytingar geri það að verkum að þeir fái fulla aðild eða fulla þátttöku líkt og um sjálfstætt ríki væri að ræða eða hvort þeir biðja um aðra möguleika. Mér finnst ekki alveg tímabært að kveða upp úr um það á þessu stigi. En ég skil auðvitað óskir Færeyinga. Þeir hafa átt í mikilli sjálfstæðisbaráttu. Auðvitað er eðlilegt að það endurspeglist í umræðunni um skipulagið innan Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, vil ég þakka fyrir þessar ágætu umræður sem hér hafa farið fram. Ég tel þær endurspegla það ágæta samstarf sem verið hefur innan norræna samstarfsins. Ég vil taka undir það sem fram kom í umræðunum áðan, að íslensku þingmennirnir í norræna samstarfinu eru mjög virkir og leggja mikið á sig til að halda uppi merki þjóðar okkar í norrænu samstarfi og draga þar hvergi af sér.

[19:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hæstv. samstarfsráðherra óþarflega varkár í svörum, að taka ekki aðeins dýpra í árinni varðandi stuðning okkar Íslendinga við ósk Færeyinga. Að sjálfsögðu er ekki verið að fara fram á það að því verði lýst yfir fyrir fram að gengið verði að hvaða kröfum Færeyinga sem vera skal. En ég trúi ekki öðru en að Ísland ætli sér að styðja þessar óskir eftir því sem kleift er, eftir því sem Ísland getur þá réttlætt það út frá efni máls o.s.frv. vegna þess ósköp einfaldlega að ég held að pólitískt og alla vega liggi málið þannig að okkur sé það eiginlega algerlega skylt. Ég sé ekki fyrir fram neina meinbugi á því að Færeyingar fái það vaxandi sjálfstæði sem þeir eru að sækja sér og eru að taka þessa dagana. Þeir eru t.d. að yfirtaka ýmsa málaflokka sem áður hafa verið hjá Dönum og eru óðum að nálgast þá stöðu sem Ísland kannski hafði á tímabilinu 1918–1944. Það er þeirra takmark í bili, að komast í þannig stöðu, og þeir reyndar hafa sambandssamninginn frá 1918 mjög til fyrirmyndar.

Þessi tilvonandi ósk Færeyinga hefur verið kynnt forsætisráðherrum Norðurlandanna og það kom fram á Norðurlandaráðsþingi í Helsinki á dögunum, á afmælisþinginu, að forsætisráðherrarnir hefðu tekið vel í þessa ósk en að sjálfsögðu með öllum fyrirvörum um það hvernig úr þeim málum verði leyst sem þá koma upp, þ.e. breytingar á Helsinki-sáttmálanum, hversu marga fulltrúa Færeyingar fái og annað í þeim dúr. Það þarf að sjálfsögðu allt að skoðast. En það eru úrlausnarefni sem menn geta auðvitað haft fyrirvara á en að því sögðu finnst mér alveg einboðið að Ísland taki vel í þessar óskir Færeyinga. Þetta eru ekki bara hugmyndir lengur, heldur liggur fyrir færeyska þinginu og er til afgreiðslu þar innan fárra daga, það ég best veit, formleg tillaga um að Lögþing Færeyinga ákveði að Færeyingar sæki um sjálfstæða aðild að Norðurlandaráði.

[19:04]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það verður mjög spennandi að sjá hvernig nákvæmlega þessi beiðni verður orðuð að lokum frá Færeyingunum en ég get a.m.k. sagt það hér að það er mín skoðun að við eigum að teygja okkur talsvert í þá átt sem Færeyingar vilja og að það sé mikið til vinnandi í því. Ég treysti mér alveg til að taka undir með hv. þingmanni um að við munum styðja þá eftir því sem kleift er miðað við efni máls. En það nákvæmlega hvernig aðkoma þeirra verður að norræna samstarfinu í framtíðinni get ég ekki kveðið upp úr um á þessari stundu. Ég skil mjög vel óskir þeirra um aukna aðkomu og aukið sjálfstæði innan ráðsins ef svo má að orði komast. Ég skil þær óskir mjög vel og vil gjarnan teygja mig í átt til þeirra eins vel og hægt er að rökstyðja með góðu móti. En það þarf auðvitað að skoða allar hliðar málsins af því að þetta er flókið og viðkvæmt og Færeyingar eru ekki einu aðilarnir sem þarna koma við sögu. Það eru fleiri. Það er nokkuð brýnt að halda þessu góða samstarfi áfram í góðum farvegi á milli landanna. Mér finnst samt mjög eðlilegt að við Íslendingar reynum að teygja okkur í átt til Færeyinga, okkar ágætu frænda, eftir því sem okkur er kleift miðað við aðstæður máls.

Norrænt samstarf 2002.

Skýrsla ÍNR, 605. mál. — Þskj. 966.

Enginn tók til máls.

Alþjóðaþingmannasambandið 2002.

Skýrsla ÍAÞ, 607. mál. — Þskj. 970.

Enginn tók til máls.

Norðurskautsmál 2002.

Skýrsla ÍNSM, 620. mál. — Þskj. 991.

Enginn tók til máls.

VES-þingið 2002.

Skýrsla VES, 621. mál. — Þskj. 992.

Enginn tók til máls.

Vestnorræna ráðið 2002.

Skýrsla ÍVN, 625. mál. — Þskj. 1009.

Enginn tók til máls.

ÖSE-þingið 2002.

Skýrsla ÍÖSE, 626. mál. — Þskj. 1010.

Enginn tók til máls.

NATO-þingið 2002.

Skýrsla ÍÞNAA, 627. mál. — Þskj. 1011.

Enginn tók til máls.

Evrópuráðsþingið 2002.

Skýrsla ÍÞER, 634. mál. — Þskj. 1018.

Enginn tók til máls.

Fríverslunarsamtök Evrópu.

Skýrsla ÞEFTA, 635. mál. — Þskj. 1029.

Enginn tók til máls.

Fundi slitið kl. 19:08.

86. FUNDUR

mánudaginn 3. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 618. mál, þskj. 989. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 619. mál, þskj. 990. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 638. mál, þskj. 1034. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 639. mál, þskj. 1035. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Álverksmiðja í Reyðarfirði, stjfrv., 509. mál, þskj. 842, nál. 985, 1008 og 1030, brtt. 986. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Lögmenn, stjfrv., 612. mál, þskj. 975. — 1. umr.
8. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 622. mál, þskj. 995. — 1. umr.
9. Ábyrgðasjóður launa, stjfrv., 649. mál, þskj. 1055. — 1. umr.
10. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 636. mál, þskj. 1031. — 1. umr.
11. Stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, stjfrv., 648. mál, þskj. 1053. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.

[15:00]

Útbýting þingskjala:

Ábúðarlög, 651. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 1060.

Framkvæmdaleyfi og samráð vegna Kárahnjúkavirkjunar, 527. mál, svar iðnrh., þskj. 1022.

Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis suður, 650. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 1059.

Staðlar og Staðlaráð Íslands, 461. mál, nál. iðnn., þskj. 1058.

Þjónusta við sjúk börn og unglinga, 595. mál, svar félmrh., þskj. 1057.

Tilkynning um úrsögn úr þingflokki.

[15:00]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. í Reykjanesbæ 3. mars, stílað á forseta Alþingis:

„Það tilkynnist yður hér með, herra forseti, að ég undirritaður hef sagt mig úr þingflokki Sjálfstæðisflokksins og Sjálfstæðisflokknum. Ég mun það sem eftir lifir þessa kjörtímabils starfa á Alþingi sem óháður þingmaður.

Virðingarfyllst,
Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.“

Athugasemdir um störf þingsins.

Úrsögn úr þingflokki.

[15:01]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til að tilkynna þingheimi að ég hef sent forseta Alþingis það bréf sem hann hefur þegar lesið upp. Þessi ákvörðun tengist á engan hátt störfum mínum innan þingflokks Sjálfstfl. en þar hef ég átt gott samstarf við samþingmenn mína.

Það er ekki auðveld ákvörðun neinum þingmanni að ég hygg að segja skilið við flokk sinn en þegar sjálfsvirðing manna og réttlætiskennd er fótum troðin verður ekki undan slíkri ákvörðun vikist, hversu erfið sem hún kann að vera.

Það hefur verið nokkuð langur aðdragandi að þessari niðurstöðu eða síðan í lok nóvember sl. að ég upplifði það að uppstillingarnefnd Sjálfstfl. í Suðurkjördæmi hafði ekki gert ráð fyrir mér á lista flokksins fyrir næstu alþingiskosningar. Fyrir þingmann sem telur sig hafa unnið af heilindum á Alþingi fyrir flokk sinn og umbjóðendur er þetta mikil aðför sem getur ekki annað en kallað á viðbrögð. Þó að þessi ákvörðun hafi tekið á taugarnar er þó léttir að hún er að baki.

Ég mun freista þess með sérframboði í komandi alþingiskosningum að ná þingsæti að nýju í Suðurkjördæmi. Auðna ræður hvort það tekst.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Afstaða ríkisstjórnarinnar til Íraksdeilunnar.

[15:03]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Mjög misvísandi fréttir berast nú varðandi Írak, m.a. þær að Írakar ætli sér að verða við kröfum um afvopnun og eyðileggja eldflaugar sínar. Ríkisútvarpið greindi frá því að eftirlitsmenn rækju nú mjög á eftir því að Írakar gerðu grein fyrir því með óyggjandi hætti hvernig þeir hafi eyðilagt miltisbrand og efnavopn sem Bandaríkjamenn létu þeim í té á 9. áratugnum.

George Bush Bandaríkjaforseti segir hins vegar að hvað sem þessu líður muni verða skipt um stjórn í Írak sem síðan hefur aftur kallað á þau viðbrögð frá Bagdad að ef það sé ásetningur Bandaríkjastjórnar verði hætt við að eyðileggja flaugarnar. Með öðrum orðum: Bandaríkjastjórn virðist þannig meira í mun að ráðast á Írak en þröngva Írökum til afvopnunar, og látum við þá liggja á milli hluta þann tvískinnung sem fram kemur í því að afhenda vini sínum Saddam Hussein einn daginn efnavopn og krefjast þess hinn daginn að óvinurinn Saddam Hussein láti þau af hendi.

Herra forseti. Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh. hver sé afstaða íslensku ríkisstjórnarinnar til þessara atburða og atburðarásar nú síðustu daga.

[15:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni að það er dálítið erfitt að greina nákvæmlega atburðarásina frá einni stund til annarrar. Stefna ríkisstjórnar Íslands hefur verið sú að það væri eindregin afstaða að menn ættu að reyna til þrautar að stuðla að friðsamlegri lausn málsins, ganga þann veg til þrautar og leita slíkra lausna þannig að stríð væri

ætíð afarkostur, neyðarkostur, neyðarbrauð. Þannig hefur íslenska ríkisstjórnin lagt sitt af mörkum, þannig hefur afstaða hennar komið fram. Jafnframt hefur íslenska ríkisstjórnin undirstrikað að það sé nauðsynlegt að ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, nr. 1441, héldi. Ef Íraksstjórn héldist uppi að virða ekki þá ályktun og í rauninni gera ekkert úr henni væri hætta á því að öryggishlutverk hinna Sameinuðu þjóða yrði dregið niður og Sameinuðu þjóðirnar mundu missa allt álit.

Þetta hefur verið stefna okkar í hnotskurn. Ég óttast hins vegar að með hverjum degi dragist heimurinn nær styrjöld á þessu svæði, því miður vil ég auðvitað segja.

[15:06]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er nánast svona sem George Bush hefur orðað þetta, að stríð sé neyðarbrauð, það verði að þröngva Írökum til afvopnunar. Nú eru Írakar að afvopnast en Bandaríkjastjórn lýsir því engu að síður yfir að það sé ásetningur hennar að skipta um stjórn í Bagdad hvað sem tautar og raular. Og hvað varðar hinar Sameinuðu þjóðir eru uppi kenningar um það að Bandaríkjamenn vilji fá þær í lið með sér eftir að þeir hafa hrint stríðsáformum sínum í framkvæmd til þess að taka til eftir árásirnar.

En það er annað sem ég vildi beina til hæstv. forsrh. og það er spurningin um það hvort honum sé kunnugt um að íslenskir starfsmenn bandarísku herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli verða nú varir við meiri spennu þar en áður sem birtist m.a. í því að vopnaðir varðmenn taka á móti þeim þar sem íslenskir lögreglumenn voru áður fyrir.

[15:07]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef frá utanrrn. var fyrir nokkrum vikum viðbúnaður og viðbragðsstig í Bandaríkjunum aukið í næsthæsta stig. Að vísu mun það hafa lækkað síðan aftur frá þeim tíma. En á sama tíma var ákveðið að viðbúnaðarstigið í Keflavík skyldi einnig hækkað vegna aukinnar hættu á hryðjuverkum. Þess vegna hefur viðbúnaður verið meiri af hálfu Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli og af hálfu íslenskra yfirvalda en ella væri. Það er sem sagt óttinn við hryðjuverk á þessum viðkvæmu tímum sem hefur orðið til þess að viðbúnaður hefur að nokkru verið aukinn.

[15:08]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég leyfi mér að harma að íslensk stjórnvöld skuli ekki taka gagnrýnni afstöðu gagnvart stríðsæsinga- og yfirgangsstefnu Bandaríkjastjórnar í Austurlöndum og vil leyfa mér að minna á þáltill. sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram um að Íslendingar lýsi því skýrt og skorinort yfir að þeir andmæli þeim áformum Bandaríkjastjórnar að ráðast á Írak og lýsi því jafnframt yfir að Íslendingar taki ekki í mál að aðstaða eða nokkur stuðningur af hendi Íslendinga til stuðnings Bandaríkjunum verði látinn í té.

[15:08]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég held að það yrði talið ábyrgðarleysi af hálfu íslenskra yfirvalda ef þeim bærust fréttir um það að hætta á hryðjuverkum hefði aukist og ekki verið brugðist við með viðeigandi hætti. Það er það sem íslensk yfirvöld gera í samráði við bandarísk yfirvöld vegna viðveru varnarliðs á Keflavíkurflugvelli og flugumferðar hér á landi.

Upplýsingaskylda um launakjör.

[15:09]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Kauphöllin hefur ráðist í það þarfa verk að setja reglur um upplýsingaskyldu um launakjör og hvers konar kaupauka og hlunnindi stjórnenda hlutafélaga sem skráð eru í Kauphöllinni. Nú hefur Fjármálaeftirlitið heimild til að setja sambærilegar reglur um upplýsingaskyldu lífeyrissjóða og sparisjóða um launakjör stjórnenda þeirra. Vísa ég þar til 40. gr. laga um skyldutryggingu lífeyris og starfsemi lífeyrissjóða og 57. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Full ástæða er til að sambærileg upplýsingaskylda gildi um þessa aðila, ekki síst lífeyrissjóðina.

Forsvarsmenn lífeyrissjóðanna sem velta hundruðum milljarða kr., en eignir lífeyrissjóðanna eru nálægt 700 milljörðum kr., starfa í umboði fólksins sem greiðir til lífeyrissjóðanna og á þá. Stjórnendur lífeyrissjóðanna hafa því þær skyldur við umbjóðendur sína að starfa fyrir opnum tjöldum og sýna ráðdeild og sparnað í yfirbyggingu sjóðanna, þar með talið launakjörum og hvers konar hlunnindum til stjórnenda og stjórna sjóðanna. Því vil ég spyrja hæstv. viðskrh. hvort ráðherrann hafi í hyggju að beita sér fyrir því við Fjármálaeftirlitið að það setji reglur um upplýsingaskyldu lífeyrissjóða og sparisjóða um launakjör stjórnenda þeirra sambærilegar þeim sem Kauphöll Íslands hefur sett um kauphallarskráð félög.

[15:11]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og fram kom hjá hv. þingmanni hefur Kauphöllin sett skýrar reglur hvað varðar fyrirtæki og félög sem skráð eru í Kauphöll. Ég tel það vera mjög mikilvægt mál. Reyndar höfum við fjallað um það áður á hv. Alþingi og nú er það mál í höfn. En það sem hv. þm. nefnir hér og varðar lífeyrssjóðina tel ég að sé mjög athugandi að fara yfir og kanna hvort ástæða sé til að setja sérstakar reglur sem snúa að þeim og launakjörum þeirra æðstu starfsmanna en það yrði þá að sjálfsögðu að gerast á annan hátt. Mér finnst að hv. þm. hafi hreyft þarna máli sem full ástæða sé til að fara yfir.

[15:12]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir þessi svör. Af orðum hennar að dæma lít ég svo á að hæstv. ráðherra muni beita sér fyrir því við Fjármálaeftirlitið eða beina því til Fjármálaeftirlitsins að skoða þetta mál og að settar verði sambærilegar reglur um launakjör og hvers konar hlunnindi og kaupauka hjá stjórnendum lífeyrissjóða og sparisjóða. Því fagna ég, hæstv. forseti.

[15:12]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það var eitt atriði sem ég vildi ítreka vegna orða hv. þingmanns. Hún talar um að ég sem viðskrh. eigi að beita mér gagnvart Fjármálaeftirlitinu en Fjármálaeftirlitið starfar algjörlega sjálfstætt. Og þótt það heyri undir viðskrn. er það ekki þannig að því sé fjarstýrt þaðan. Það gildir nákvæmlega það sama um Samkeppnisstofnun. Þetta vildi ég ítreka vegna þess að mér fannst eins og fælist í orðum hv. þm. þegar hún talaði í seinna skiptið að það væri mitt hlutverk að stjórna Fjármálaeftirlitinu, en svo er alls ekki.

[15:13]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því sjálfstæði sem Fjármálaeftirlitið á að hafa eðli máls samkvæmt. Lögum samkvæmt heyrir Fjármálaeftirlitið þó undir viðskrh. og það sem ég var að leita eftir við hæstv. ráðherra var hvort hún mundi beina þessum tilmælum til Fjármálaeftirlitsins en það tel ég að hæstv. ráðherra hafi fulla heimild til og lít svo á, samkvæmt orðum ráðherrans áðan, að hún muni gera það.

Upphæð atvinnuleysisbóta.

[15:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eins og kunnugt er hefur atvinnuleysi því miður farið vaxandi undanfarna mánuði og er nú meira en það hefur verið um nokkurt árabil. Það hefur dregið athyglina að upphæð atvinnuleysisbóta sem eru, þingmönnum til upplýsingar ef þeir hafa það ekki á hreinu fyrir, rétt um 77 þús. kr. á mánuði. Af því er mönnum ætlað að lifa sem missa atvinnuna, jafnvel fólki sem hverfur úr vel launuðum störfum.

Á undanförnum mánuðum og missirum hefur ítrekað verið kvartað yfir því að upphæðir atvinnuleysisbóta hafa engan veginn fylgt verðlagsþróun. Atvinnuleysisbætur voru eins og elli- og örorkulífeyrir teknar úr sambandi við launaþróun í landinu á ákveðnu árabili og hafa síðan hvergi nærri haldið í við þróun verðlags og framfærslukostnaðar í landinu. Það hygg ég að sé óumdeilt. Þess vegna var visslega ánægjulegt að heyra af því að á flokksþingi framsóknarmanna um næstsíðastliðna helgi hafi þeir allt í einu munað eftir þessum hlutum og ályktað þar um. Undir liðnum fjölskyldumál er um þetta fjallað með þessum hætti, með leyfi forseta:

„Hækka ber atvinnuleysisbætur og stefna að því að þær verði ekki lægri en lægstu launataxtar."

Það sem vekur auðvitað sérstaka athygli, herra forseti, er að hér talar flokkur félmrh. Hér talar sá flokkur sem hefur farið með félmrn. í átta ár og haft nægan tíma til að hrinda þessum hlutum í framkvæmd ef vilji væri til staðar, ef þetta væri meira en orðin tóm. Ég vil því spyrja hæstv. félmrh. Pál Pétursson: Verða atvinnuleysisbætur á næstunni hækkaðar um 16–17 þús. kr., úr þessum 77 þús. í um 93 þús. kr. sem eru lægstu útgreidd laun samkvæmt samningum? Verður það gert fyrir kosningar eða er þetta enn eitt innstæðulaust eða endurunnið kosningaloforðið?

[15:16]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Atvinnuleysisbætur voru hækkaðar um 5% um sl. áramót. Það er skemmst frá því að segja að ég mun ekki beita mér fyrir því að hækka atvinnuleysisbætur upp að lágmarkslaunum eða gera þær jafnar lágmarkslaunum því að ég tel að það þurfi að vera einhver hvati til þess að taka vinnu fremur en vera á bótum.

Hitt get ég verið sammála hv. fyrirspyrjanda um, að atvinnuleysisbætur eru lágar og ég tel að það sé til athugunar að lyfta þeim eitthvað, sérstaklega með tilliti til þess þegar atvinnuleysi er búið að standa í marga mánuði. En að hækka þær upp í lágmarkslaun tel ég ekki skynsamlegt.

[15:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta voru framsóknarleg svör og lítið á þeim að græða. Einhver hefði nú byrjað á hinum endanum og sagt: Lægstu laun í landinu eru skammarlega lág og þurfa að hækka verulega. Síðan þurfa að sjálfsögðu atvinnuleysisbætur að hækka því það sjá allir heilvita menn hvers konar aðstaða það er fyrir fjölskyldur, hugsum okkur t.d. þar sem er ein fyrirvinna og hún missir skyndilega vinnuna í sæmilega launuðu starfi og dúndrar niður í 77 þús. kr. á mánuði og á að fara að framfleyta sér af því. Og að það séu rök af því tagi að þetta megi ekki fara of nálægt lægstu launum eins lág og þau eru, þau kaupi ég ekki. Hæstv. ráðherra gæti a.m.k. reynt að koma því aðeins skýrar út úr sér: Hver telur hann að þessi munur mætti þá vera? Mætti þetta fara upp í 85–87 þús. kr. að ósekju að mati ráðherrans og hvað er að marka þessa samþykkt framsóknarmanna? Er ekkert að marka hana?

[15:18]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég tel að sæmilega launaður maður standi að öðru jöfnu skár ef hann missir vinnuna heldur en sá sem er á lægstu launum og ég hef miklu meiri áhyggjur af þeim sem hafa af litlu að taka. Menn geta afborið það um einhvern tíma ef þeir hafa verið í sæmilegu starfi og sæmilega borguðu þó þeir missi vinnuna en það er miklu sárara fyrir þá sem hafa verið illa borgaðir að vera mánuðum saman atvinnulausir.

[15:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þá höfum við það. Framsfl. vill jafna lífskjörin niður á við, það er alveg á hreinu. Það var það sem á mannamáli fólst í svari hæstv. ráðherra áðan. Hins vegar væri gaman að spyrja hæstv. félmrh. hvort hann treysti sér til þess án þess að verða nokkuð var við það að fara niður á atvinnuleysisbætur t.d. um næstu mánaðamót og hvort það mundi ekkert koma við hans heimilishag því ætli það sé ekki þannig að efnahagur fólks tekur auðvitað mið af þeim tekjum sem heimilið hefur verið að hafa. Og þó ég sé ekki talsmaður þess endilega að atvinnuleysisbætur taki alfarið hina viðmiðunina, nema síður sé, þá verður auðvitað í fyrsta lagi að horfa á raunupphæðir þeirra og svo í öðru lagi samhengi hlutanna. Og þeim mun erfiðara verður þetta högg sem bæturnar eru lægri. Ef þær væru 150 þús. á mánuði, þá væri í góðu lagi mín vegna að þær væru ein og sama upphæðin fyrir alla. En auðvitað veit hæstv. félmrh. vel í hvers konar samhengi þessir hlutir eru og það er heldur dapurlegt að heyra manninn nýkominn af flokksþinginu þar sem hann hefur sjálfsagt, hæstv. ráðherrann, greitt atkvæði með þessu yfirboði framsóknarmanna, koma svo hér með þennan lopa.

[15:20]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þó að það komi ekki þessu máli við, þá stóð ég ekki að þessari tillögugerð á flokksþingi framsóknarmanna og greiddi henni ekki atkvæði. En á hinn bóginn get ég svarað því til að ég mundi skrimta einhverja mánuði á atvinnuleysisbótum ef og þegar ég missi vinnuna. En ég mundi ekki hafa löngun til þess að vera á þeim lengi.

Loðnuveiðar.

[15:21]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Allir vita að loðnuveiðar eru mjög mikilvægar þjóðarbúinu og þannig er t.d. talið að á síðustu loðnuvertíð hafi útflutningsverðmæti loðnuafurða orðið í kringum 15 milljarðar kr. Loðnukvóti fyrir árið 2002–2003 hefur verið úthlutaður 660 þúsund tonn plús afgangur sem Evrópusambandið veiðir ekki. Nú um þessar mundir er búið að veiða 610–650 þúsund tonn. Upplýsingar frá sjómönnum og öðrum hagsmunaaðilum eru þær að sumar loðnurannsóknir Hafrannsóknastofnunar hafi verið skornar niður undanfarin ár vegna féleysis stofnunarinnar og þannig er líka talið að klippt hafi verið á tvo leiðangra við mælingar á loðnustofnunum, annars vegar núna fyrir áramót og hins vegar nú í seinni hluta janúar og nú er það svo að loðnuskip sem ekki hafa kvóta eru að aðstoða Hafrannsóknastofnun við mælingar.

Herra forseti. Það er mikil ábyrgð og skylda sem hvílir á Hafrannsóknastofnun að gefa út skynsamlega kvóta á skynsamlegum tíma til þess að útgerðin og vinnslan geti skipulagt veiðar sínar og vinnslu á skynsamlegan hátt. Og við skulum hafa það í huga, herra forseti, að hver 100 þúsund tonn af veiddri loðnu gefa um 1–1,5 milljarða í útflutningstekjur eftir því á hvaða tíma árs veitt er.

Við skulum líka hafa það í huga að veiðanleg loðna, þriggja til fjögurra ára loðna, verður ekki geymd í sjónum. Kvenloðnan hrygnir og karlfiskurinn horast og deyr ásamt kvenfisknum. Þess vegna vil ég, herra forseti, vegna þess hve þetta er mikilvægt fyrir þjóðarbúið spyrja hæstv. sjútvrh. út í það hvort það geti verið að fjárskortur Hafrannsóknastofnunar skerði getu stofnunarinnar til að rannsaka og stofnmæla loðnustofninn. Og í öðru lagi: Hyggst ráðherra gefa út viðbótarkvóta? Ef svo er, hve mikið og þá hvenær?

[15:23]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Því er til að svara að það getur ekki verið að fjárskortur Hafrannsóknastofnunar hafi áhrif á þær loðnumælingar sem þurfa að fara fram til þess að ákvarða hver aflinn má vera á vertíðinni. Árni Friðriksson er núna í löngum leiðangri til þess að mæla loðnuna. Í fyrri leiðangri í vetur reyndist ekki mögulegt að mæla hana vegna veðurs. Við höfum ekki enn þá fengið endanlegar niðurstöður úr leiðangrinum. Væntanlega verða þær jákvæðar að einhverju leyti. Hversu háar þær verða veit ég ekki enn þá þannig að þar af leiðandi veit ég ekki hversu mikla viðbót verður hægt að gefa út og mun ekki vita það fyrr en leiðangrinum lýkur eftir einn til tvo daga. Þangað til verða menn að bíða þolinmóðir þeirrar niðurstöðu því við veiðum auðvitað ekkert af loðnu sem ekki er fyrir hendi og við viljum ekki heldur veiða þá loðnu sem við viljum að hrygni því að það er eins og að éta útsæðið.

Þar af leiðandi skulum við sýna þolinmæði og bíða eftir því að við fáum staðgóðar tölur frá fiskifræðingunum. Við getum þá vonandi byggt á því skynsamlega ákvörðun sem bæði tekur tillit til þeirrar vertíðar sem nú stendur yfir en tekur einnig tillit til þess að við ætlum líka að hafa loðnuvertíð á næsta ári.

[15:24]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þetta svar. Ég vil þó ítreka það og segja að það er útbreitt meðal hagsmunaaðila í þessari grein að það sé svo að Hafrannsóknastofnun hafi ekki getað sinnt starfi sínu, rannsakað loðnustofninn og mælt stofnstærð eins og gert hefur verið undanfarin 5–10 ár vegna fjárskorts. Og ég spyr einfaldlega aftur: Hvenær voru rannsóknir að sumri til lagðar niður hjá Hafrannsóknastofnun? Hafa þær rannsóknir verið eins og þær voru gerðar hér áður fyrr? Ég held að svo sé ekki.

Ég ítreka það og segi: Auðvitað eigum við að sýna þolinmæði en það er sárt til þess að vita, herra forseti, ef þjóðarbúið er að tapa gífurlegum verðmætum vegna þess að ein stofnun getur ekki sinnt hlutverki sínu vegna fjárskorts eins og hér hefur verið tekið dæmi um og við erum í dag, 3. mars, að ræða um þetta þar sem undanfarin ár hefði fyrir lifandi löngu verið búið að gefa út viðbótarkvóta ef rannsóknum hefði verið lokið.

[15:26]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Sumarrannsóknirnar á loðnunni hafa ekkert að gera með það hver endanleg úthlutun er á vertíðinni. Það eru vetrarmælingarnar sem ráða því. Hafrannsóknastofnunin hefur gert breytingar á rannsóknaráætlunum sínum yfir sumarið á uppsjávarfiskum vegna þess hvað þeir hafa talið vera skynsamlegast og hagkvæmast. Það er ekki vegna þess að um eiginlegan fjárskort sé að ræða. Hins vegar gætu menn gert meiri rannsóknir og meiri mælingar ef um meiri fjármuni væri að ræða. En það er ekki endilega að það sé það skynsamlegasta sem gert er í stöðunni. En þær mælingar sem skipta mestu máli í því sem hv. þm. er að tala um eru vetrarmælingarnar á loðnunni og til þess að þær geti farið fram hafa fjármunir ekki verið skornir við nögl eins og sést á því að núna er Árni Friðriksson í langri aukaferð til þess að mæla loðnuna sem ekki var gert ráð fyrir í áætlunum en stendur yfir einmitt núna vegna þess að fyrri ferðir reyndust ekki duga til þess að mæla loðnustofninn. Þess vegna er það rangt sem hv. þm. er að ýja að að við munum ekki geta veitt eðlilegt magn af loðnu vegna þess að verið sé að skera fjármuni við nögl við Hafrannsóknastofnunina. Það er beinlínis rangt, herra forseti.

[15:27]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég vil bara rétt í lokin ítreka hvað það er mikilvægt að hægt sé að stunda eðlilegar rannsóknir og gefa út skynsamlega kvóta strax í byrjun vegna þess að við skulum hafa það í huga að loðna sem er veidd að sumri eða hausti er margfalt verðmætari fyrir þjóðarbúið en sú loðna sem er verið að reyna að veiða nú, næstum því síðustu 15 daga vertíðar. Við skulum hafa það í huga, herra forseti, að það munar töluvert miklu á hvort við erum að veiða loðnu á þessum tíma eða á haustin þegar hún er hvað verðmætust. Og það sem ég er að gagnrýna er að það hefur gerst núna að ekki hefur verið hægt að gefa út meiri kvóta í upphafi til þess að útgerðin og loðnuverksmiðjur geti skipulagt vinnu sína til þess að vinna þetta á skynsamlegan hátt.

[15:28]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Möller lýsir hér alveg óvenjulegri vankunnáttu á fiskifræði loðnunnar og veiðum á loðnu. Loðnan er verðmætust þegar hún er að koma til

hrygningar og er full af hrognum. Þá eru hrognin unnin og loðnan fryst. Það er mun verðmætara en á haustin eða sumrin þegar hún er veidd í bræðslu en væntanlega er það vegna þess að á þeim tíma liggur loðnan betur við veiðum og vinnslu úr heimabæ hv. þm., Siglufirði, heldur en hún gerir á þeim tíma þegar verið er að frysta hrognin og hrognafyllta loðnu. Þetta er alveg óvenjulegur málflutningur hjá hv. þm. sem yfirleitt kemur fram málefnalega varðandi sjávarútveginn og ég er mjög hissa á því að heyra þetta núna í svo mikilvægu og viðkvæmu máli sem loðnuveiðarnar eru um þessar mundir.

Fjárfestingar lífeyrissjóðanna.

[15:29]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Málefni lífeyrissjóða eru mönnum mjög hugleikin um þessar mundir og nýlega var birt frétt um það að lífeyrissjóðir hefðu tapað jafnvirði um 31 milljarði kr. í viðleitni sinni til að ávaxta fé sitt, eða réttara sagt fé okkar, erlendis. Nú er mikið umhugsunarefni fyrir almenning það frjálsræði sem einstakir sjóðir og forráðamenn þeirra hafa til slíkra hluta og þá ekki síður að forsvarsmenn sumra þeirra fyrirtækja sem standa sig með þessum endemum við að varðveita fé okkar eru verðlaunaðir svo skiptir milljónatugum fyrir ráðsmennskuna.

Gull hefur verið gjaldmiðill um aldir og að margra áliti sá traustasti sem völ er á. Samkvæmt mínum heimildum hækkaði gullverð um rúm 20% frá 1. janúar 2001 til september 2002. Íslenska úrvalsvísitalan hækkaði um 7% á sama tíma. Danska hlutabréfavísitalan féll um 27%, Dow Jones um 40% og Nasdaq yfir 50%. Menn hljóta að velta fyrir sér í ljósi reynslunnar hvort ekki sé hægt að nota jafnöruggan gjaldmiðil og gull er til þess að tryggja a.m.k. hluta af því gífurlega fjármagni sem lífeyrissjóðunum er falin ábyrgð á.

Í Morgunblaðinu fyrr í vetur er umfjöllun um gullmarkaðinn og þar lýsir Simon Weeks sem reyndar er stjórnarformaður Sambands gullsala á Lundúnamarkaði þeirri skoðun að lífeyrissjóðir gætu dreift áhættunni af fjárfestingum sínum með því að fjárfesta í gulli. Hann taldi enn fremur að eftirspurnin eftir gulli sem langtímafjárfestingu mundi aukast á næstu árum, m.a. vegna fjárlagahalla í Bandaríkjunum og veikrar stöðu dollarsins. Gull væri því góður kostur fyrir lífeyrissjóði auk þess að styrkja verulega gullkvóta sem undirstöðu gjaldeyris okkar. Ég beini því fyrirspurn minni til hæstv. fjmrh. um það hvort íslensku lífeyrissjóðunum sé heimilt að binda fé sitt í gulli og ef svo er ekki, hvort hann telji æskilegt að þeir fái heimild til að kaupa gull og varðveita það í fjárhirslum Seðlabankans.

[15:31]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég skal viðurkenna að ég get ekki svarað þessari spurningu. Ég er ekki klár á því hvort lífeyrissjóðirnir geta keypt gull til geymslu. Hitt er rétt sem þingmaðurinn bendir á að ekki hefur allt verið gull sem glóir í fjárfestingum þeirra. Því miður er það svo að frjálsræðið sem mörg okkar höfum stuðlað að með rýmkuðum reglum að því er varðar fjárfestingar sjóðanna hefur ekki skilað sér í þeirri ávöxtun sem almenningur og þeir sem eiga fjármuni í sjóðunum gera réttilega kröfu um.

Þar er náttúrlega í mörg horn að líta. Það er fyrst og fremst á ábyrgð þeirra sem hafa þetta mikla fjármagn undir höndum og hefur verið treyst til að dreifa áhættunni af þessum fjárfestingum þannig að þegar til lengri tíma er litið sé fjárfestingin arðbær og skili a.m.k. þeim 3,5% að meðaltali í ársávöxtun sem gert er ráð fyrir í langtímaútreikningum sem liggja til grundvallar þessari starfsemi. Ég held að það sé aðalatriðið en auðvitað verða menn að reikna með því að það geti orðið einhverjar sveiflur í þeim efnum frá ári til árs.

[15:32]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svarið. Ég heyri að hann tekur undir það sjónarmið mitt að gæta þurfi þess að lífeyrissjóðir ávaxti fé okkar með þeim hætti sem viðunandi er. Það er vissulega rétt sem hann segir. Það er ekki allt gull sem glóir í þeim efnum.

Ég kem því hér með á framfæri og vona að hæstv. fjmrh. taki það til athugunar. Séu hömlur á því að lífeyrissjóðir geti fjárfest á þennan hátt mætti skoða hvort ekki væri rétt að létta þeim af. Ég heyri að hæstv. ráðherra getur ekki svarað þessu til hlítar hér og nú en beini því til hans að þetta mál verði kannað og hvort sá kostur, sem að margra áliti er mjög vænlegur, að lífeyrissjóðir varðveiti hluta sinn í gullforða sem að auki mundi styðja gullfót Seðlabankans, er fyrir hendi.

[15:34]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég held að ég geti bætt við að fjárfesting í gulli er ekki endilega sá happafengur sem hv. þm. gaf í skyn. Það eru auðvitað ákveðnar ástæður fyrir því að fyrir löngu er hætt að miða gengi gjaldmiðla við gullfót. Gull er málmur sem framleiddur er á ákveðnum landsvæðum þar sem eru gullnámur. Hann er unninn til iðnaðarframleiðslu í stórum stíl. Sjálfsagt göngum við mörg hver með slíkan málm í tönnunum, aðrir á fingrum sér. Gull er í eðli sínu ekki endilega besti varðveislustaðurinn fyrir verðmæti. En það getur vel verið að við tilteknar aðstæður sé heppilegt að fjárfesta í gulli. Ég bendi hins vegar á að ýmsir seðlabankar í heiminum hafa verið að selja frá sér gullforðann smátt og smátt, koma honum á markað. Þau viðskipti hafa verið að þróast á undanförnum árum.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 618. mál (póstþjónusta). — Þskj. 989.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]

Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 619. mál (upplýsingamiðlun til launamanna o.fl.). — Þskj. 990.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]

Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 638. mál (bótaábyrgð flugfélaga). — Þskj. 1034.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 639. mál (gjaldþol tryggingafyrirtækja). — Þskj. 1035.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Álverksmiðja í Reyðarfirði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 509. mál. — Þskj. 842, nál. 985, 1008 og 1030, brtt. 986.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það er óumdeilt að Kárahnjúkavirkjun verður mesta umhverfisslys Íslandssögunnar ef í hana verður ráðist. Það er einnig að verða ljóst að Kárahnjúkavirkjun og álver í Reyðarfirði verður jafnframt eitt mesta efnahagsslys Íslandssögunnar ef í það verður ráðist. Þeim fjölgar stöðugt, herra forseti, sem telja þetta verkefni í heild sinni, risavirkjun við Kárahnjúka með Hálslóni sem sökkvir stórum hluta friðlandsins í Kringilsárrana, flutning Jöklu austur í Lagarfljót og mengun frá álverinu sjálfu með hinum tveimur 80 m háu strompum sínum, eitt og sér meira en nóg til að þetta verkefni teljist ekki réttlætanlegt.

Við þetta bætast dagvaxandi áhyggjur manna af efnahagsslysi sem þetta mál er á góðri leið með að verða, þar sem fórnarkostnaður annars atvinnulífs og glötuð tækifæri á öðrum sviðum vegna fyrirferðar verkefnisins í íslensku efnahagslífi verður svo mikill að ekki verður aðeins tap á dæminu sjálfu, virkjuninni og álverinu þegar það er lagt saman með útsöluverði á rafmagni, heldur verða hin neikvæðu áhrif í efnahags- og atvinnulífi svo mikil að þjóðarbúið í heild sinni mun bera mikinn skaða af.

Herra forseti. Það er ekki of seint að hætta við. Það hafa engir skuldbindandi samningar verið undirritaðir. Þó að framkvæmdaaðilar virðist komnir langt fram úr þeim undirbúningsframkvæmdum sem talað var um að hefðu verið heimilaðar er enn hægt að hætta við án þess að um skaðabótakröfur vegna skuldbindandi gerninga verði að ræða.

Málið er heldur ekki útkljáð, hvorki fyrir íslenskum dómstólum þar sem mál er núna til reifunar né hjá Eftirlitsstofnun Evópska efnahagssvæðisins sem nýlega hefur beðið um viðbótargögn í málinu, gögn sem reyndar er haldið leyndum fyrir hv. Alþingi. Alþingi á þó að fara að greiða atkvæði um málið. Þetta, herra forseti, eru allt saman ólíðandi aðstæður í þessu máli. Þess vegna leggur fulltrúi okkar til í nefndaráliti að málinu verði vísað frá og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs leggur til að þessu máli verði vísað frá. Verði ekki á það fallist munum við hins vegar og að sjálfsögðu greiða atkvæði gegn þessu máli.

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 1030 felld með 48:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PBj, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

9 þm. (ÁRJ, ÁMöl, GÁS, HÁs, KVM, KF, KPál, SF, SvH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [15:41]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við höfum í löngu máli gert grein fyrir því hve áhættusamt verkefni er farið í með byggingu álvers við Reyðarfjörð. Bygging Kárahnjúkavirkjunar er nauðsynleg forsenda álvers við Reyðarfjörð. Bygging Kárahnjúkavirkjunar leiðir af sér gríðarleg óafturkræf náttúruspjöll. Fyrir því hafa verið færð mörg rök.

Mengun af völdum álversins verður umtalsverð og í raun miklu meiri en við gerðum okkur grein fyrir í fyrstu. Verkefnið hefur í för með sér gríðarlega áhættu fyrir Landsvirkjun og ruðningsáhrif framkvæmdanna verða að öllum líkindum mikil. Þau munu hafa alvarleg áhrif á efnahags- og atvinnulíf þjóðarinnar. Ég segi því já.

1. gr. samþ. með 46:8 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PBj, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (ÁRJ, ÁMöl, GÁS, HÁs, KVM, KF, KPál, SF, SvH) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [15:43]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er eðlilegt að framkvæmdir við Kárahnjúka séu umdeildar. Það er hins vegar búið að greiða atkvæði um þær í þessu þingi. Nú erum við að greiða atkvæði um heimild ríkisstjórnarinnar til að semja við Alcoa um álver. Það liggur ljóst fyrir, herra forseti, að þingmenn Samfylkingarinnar styðja þetta frv. í öllum meginatriðum. Þeir eru sammála því að álver í Reyðarfirði verði reist. Þó eru þar á tvær undantekningar. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir sem voru andstæðar virkjun við Kárahnjúka eru þessu máli líka andstæðar.

Við teljum að áhrif álvers í tengslum við virkjun við Kárahnjúka muni til langs tíma hafa jákvæð áhrif á efnahagslífið. Við teljum það þó að hætta sé á verulegum skammtímaáhrifum sem birtist í ruðningsáhrifum hækkunar raungengis og vaxtahækkunar. Við teljum þess vegna nauðsynlegt að góð samvinna takist milli peningamálayfirvalda og þeirra sem stýra ríkisfjármálum um að draga eins og hægt er úr þeim aðgerðum. Við teljum unnt að grípa til heppilegra mótvægisaðgerða sem tryggja það.

[15:44]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Kárahnjúkavirkjun og fyrirhugað álver á Reyðarfirði valda gríðarlegum náttúruspjöllum. Fjárfesting upp á hundruð milljarða kr. sem þeim fylgja passar engan veginn inn í íslenskt efnahags- og atvinnulíf. Það að binda 70–80% af virkjaðri orku Íslendinga í framleiðslu á einu hráefni, áli, er fráleit stefna í atvinnumálum.

Virðulegi forseti. Framkvæmdin sem hér er verið að greiða atkvæði um passar á engan hátt inn í okkar litla efnahags- og atvinnulíf og inn í íslenska, fallega og dýrmæta náttúru. Ég segi því nei.

[15:45]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Á Íslandi er góð reynsla af rekstri álvera. Sagan segir okkur hversu góð áhrif á efnahag landsmanna bygging og rekstur álvera á suðvesturhorninu hefur haft. Hið nýja álver í Reyðarfirði mun einnig hafa gífurlega góð áhrif á efnahagsstarfsemina.

Nú þegar er farið að gæta áhrifa fyrirhugaðra framkvæmda á styrkingu byggðarinnar á Austurlandi. Þjóðin öll mun njóta aukins hagvaxtar í bráð vegna framkvæmdanna, og í lengd vegna þess hversu mjög íslenska hagkerfið styrkist vegna aukins útflutnings.

Hæstv. forseti. Þegar hér á Alþingi eru greidd atkvæði um álver í Reyðarfirði er það gert með gleði og vissu um góð áhrif á hag Austfirðinga og góð áhrif á hag Íslendinga, og ég segi já.

[15:46]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar birtist í þessu frv. í allri sinni verstu mynd. Til að styrkja byggð á Austurlandi á að reisa svo stórt álver að það mun hafa gífurleg áhrif á þróun byggðarinnar í beinni andstöðu við sjálfbært samfélag og fjölbreytt atvinnulíf. Við höfum aðra möguleika til að styrkja byggð, efla atvinnu og viðhalda áframhaldandi hagsæld í landinu. Umhverfisáhrif Kárahnjúkavirkjunar verða gífurleg og óafturkræf. Við höfum undirgengist Ríó-sáttmálann og sjálfbæra þróun, og þessar stóriðjuframkvæmdir ganga í berhögg við skuldbindingar okkar. Því greiði ég atkvæði gegn þessari heimild.

[15:47]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Fá mál hafa hlotið jafnítarlega og jafnmikla umfjöllun eins og það mál sem hér er til umræðu. Þetta er mál sem hefur verið mikið og vel unnið af hv. Alþingi og nú liggur niðurstaða fyrir. Það er alveg ljóst að með þessu máli, álveri við Reyðarfjörð og Kárahnjúkavirkjun sem tengist þessu, eru færðar óhjákvæmilegar fórnir eins og alls staðar þar sem maðurinn haslar sér völl.

En ávinningurinn er líka mikill. Málið mun styrkja stoðir efnahagslífsins varanlega. Það mun skapa fjölmörg störf í íslensku atvinnulífi. Það mun auka útflutningsverðmæti þjóðarinnar. Það mun styrkja byggð í landinu og það mun renna stoðum undir íslenska velferðarkerfið. Því segi ég já.

[15:48]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Atvinnumálastefna ríkisstjórnarinnar sem birtist í þessu frv. sem hér er afgreitt eftir 2. umr. er með þeim hætti að skömm er að. Stefnan ber vott um fádæma hugmyndafátækt sem á endanum dæmir Fjarðabyggð til þeirrar afplánunar að sitja uppi sem einhæft iðnaðarsvæði í atvinnulegu tilliti. Slík örlög eru sannarlega á skjön við þá atvinnumöguleika sem ósnortin náttúra og ímynd Íslands bjóða upp á. Slík atvinnustefna skaðar beinlínis orðspor þjóðarinnar og ímynd og getur á endanum orðið til mikils skaða fyrir hagsmuni okkar þegar til framtíðar er litið.

Hér er verið að leggja grunn að því að Ísland verði eitt stærsta álútflutningsríki í Evrópu og komi til með að blása meiri mengunarefnum út í loftið en öll norska þjóðin gerir með allri sinni starfsemi.

Herra forseti. Stefna af þessu tagi er glapræði. Ég segi nei.

2.–3. gr. samþ. með 45:7 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PBj, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, RG, SJS, ÞSveinb, ÖJ.

11 þm. (ÁRJ, ÁMöl, GÁS, HÁs, KVM, KF, KPál, SF, SvanJ, SvH, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 986,1 samþ. með 45:8 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PBj, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (ÁRJ, ÁMöl, GÁS, HÁs, JÁ, KVM, KF, KPál, SF, SvH) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 46:8 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PBj, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (ÁRJ, ÁMöl, GÁS, HÁs, KVM, KF, KPál, SF, SvH) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 46:8 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PBj, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (ÁRJ, ÁMöl, GÁS, HÁs, KVM, KF, KPál, SF, SvH) fjarstaddir.

Brtt. 986,2 samþ. með 45:8 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (PBj) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, ÁMöl, GÁS, HÁs, KVM, KF, KPál, SF, SvH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:51]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þessu máli er ekki lokið. Þetta er 2. umr. málsins þótt ég efist ekki um að þeir séu farnir að draga tappana úr kampavínsflöskunum hjá Alcoa til að skála fyrir íslenskum hjálparhellum sínum.

Þessi grein frv. sem við erum að ganga til atkvæða um núna fjallar um skattaívilnanir í þágu Alcoa en það mál er sérstaklega til skoðunar hjá Eftirlitsstofnuninni, ESA, og þar er verið að kanna lögmæti þess að ríkisstjórnin taki Alcoa undir handarjaðar íslenskra skattgreiðenda.

Alþingi Íslendinga hefur verið meinað um upplýsingar um hvað menn eru pukrast með í Brussel. Við fáum ekki að vita það. Okkur er sagt í efh. og viðskn. að málið sé á svo viðkvæmu stigi að Alþingi sé ekki trúandi fyrir þessum upplýsingum. Ja, þetta er nokkuð sem ætti að verða lýðræðislega þenkjandi fólki til umhugsunar. Hitt er ljóst að hér er verið að festa í lög heimild um að skattar eða gjöld verði ekki lögð á raforkunotkun félagsins (Forseti hringir.) og útblástur lofttegunda eða aðra losun úrgangsefna nema slíkir skattar og gjöld séu lögð með almennum hætti á öll önnur fyrirtæki (Forseti hringir.) hér á landi. Hér er verið að útiloka að sértækir mengunarskattar verði lagðir á stóriðjufyrirtækið.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á því að hv. þm. hafa eina mínútu til að gera grein fyrir atkvæði sínu og vil óska eftir því að hann hafi það í huga. Jafnframt vil ég biðja menn að gæta háttvísi.)

6. gr., 1. mgr., 1.–11. tölul., svo breyttir, samþ. með 45:8 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (PBj) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, ÁMöl, GÁS, HÁs, KVM, KF, KPál, SF, SvH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:53]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil mótmæla því að þessi grein komi eins og hún er hér til atkvæða á þessu stigi. Sannleikurinn er sá að Eftirlitsstofnun EFTA hefur nákvæmlega þessi mál sem hér er um fjallað til umfjöllunar. Ég hef óskað eftir því við iðnrn. að fá þessar upplýsingar en mér hefur verið synjað um það vegna þess að það er talið að svo alvarlegir almannahagsmunir séu í húfi og það að láta þessar upplýsingar í té til mín sem alþingismanns gæti valdið tjóni. Ég hef ekki fengið svör við því, herra forseti, hverjir þessir alvarlegu almannahagsmunir eru og ég hef heldur ekki fengið svör við því hvaða tjóni ég gæti valdið með því að fá þær upplýsingar sem þörf er til þess að varpa ljósi á það sem liggur að baki 6. gr. Þess vegna segi ég nei.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil benda hv. þingmönnum á að hér er verið að greiða atkvæði um 6. gr. til og með 11. tölul. (**SJS:** Er það með 11.?) Já, með 11. tölul.)

[15:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef þá misheyrt. Ég taldi að forseti væri að segja að það væri verið að greiða atkvæði aftur að 11. lið og ætlaði sérstaklega að skýra afstöðu mína til þess töluliðar, 11. tölul., sem ég hef varað sérstaklega við, um að fyrirtækinu séu um alla framtíð algjörlega tryggðar heimildir til þess að draga allan vaxtakostnað frá tekjum áður en til skattlagningar kemur. Þetta er alkunn skattundanskotsaðferð fjölþjóðafyrirtækja, að undirfjármagna dótturfyrirtæki í fjarlægum löndum og draga arðinn úr landi í gegnum óheyrilegan vaxtakostnað vegna þess að fyrirtækið er skuldsett og ber mikinn kostnað af því tagi. Ég tel að 11. tölul. 6. gr. sé sérstaklega varasamur í þessu sambandi. Ég skil ekki hvers vegna í ósköpunum þarf að tryggja þetta fyrirtæki svona rækilega í bak og fyrir, sníða og klæðskerasauma utan um það alls konar skattaívilnanir. Það er eins og það þurfi að vera með bæði belti og axlabönd í öllum tilvikum.

6. gr., 1. mgr., 12. tölul., samþ. með 40:8 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, JB, KolH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (PBj) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁRJ, ÁMöl, EMS, GÁS, HÁs, JÁ, JóhS, KVM, KF, KPál, SJóh, SF, SvH, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:57]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Í 12. tölul 2. mgr. stendur:

„Í fjárfestingarsamningi er heimilt að kveða á um að skattar eða gjöld verði ekki lögð á raforkunotkun félagsins ...“

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil benda hv. þingmanni á að ekki er verið að greiða atkvæði um þessa málsgrein, heldur næstu málsgrein á undan.)

6. gr., 2. mgr., samþ. með 34:18 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KHG, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, BjörgvS, BH, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PBj) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, ÁMöl, GÁS, HÁs, KVM, KF, KLM, KPál, SF, SvH) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:58]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Í þessu ákvæði er efnislega lagt til að það sé heimilt að kveða á um það í samningum við Alcoa að ekki skuli vera lagðir skattar eða gjöld á útblástur lofttegunda nema slík gjöld séu lögð með almennum hætti á alla aðra starfsemi í landinu. Ég skil þetta ákvæði þannig að það sé með engu móti hægt í framtíðinni að leggja sérstakan umhverfisskatt á orkufreka stóriðju hér í landinu og ég er í grundvallaratriðum, og Samfylkingin, algjörlega á móti því. Ég tel að það sé óásættanlegt að ekki verði hægt í framtíðinni að leggja þennan skatt á, þegar alþjóðleg þróun kallar á að gripið sé til þessara þátta til þess að stemma stigu við losun skaðlegra lofttegunda. Ég tel þess vegna að þessi ákvörðun sé hápólitísk og hún sé röng og greiði atkvæði gegn þessu ákvæði.

[15:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þessi málsgrein 6. gr. er auðvitað aðeins eitt af mjög mörgum fráleitum undanþáguákvæðum sem þetta dekurfyrirtæki er að fá hér sem nánast er undanþegið íslenskum skattaákvæðum að öllu leyti með sérákvæðum þótt látið sé heita svo að um það eigi að gilda íslensk skattalög. En síðan er það talið upp í ekki færri en 12 tölusettum liðum og nokkrum málsgreinum í viðbót að hvaða leyti einmitt þessi sömu íslensku skattalög skuli ekki gilda.

Það má segja út af fyrir sig að frá umhverfislegum sjónarhóli séð bíti það höfuðið af skömminni að þetta mesta mengunarslys Íslandssögunnar sem er í uppsiglingu eigi líka að hafa sérstök forréttindi hvað það varðar að ekki verði hægt að koma á það mengunarsköttum. Þess vegna hefði maður auðvitað reiknað með því að þeir sem eru andvígir þessu forréttindaákvæði af umhverfisástæðum, eins og síðasti ræðumaður, greiddu þá atkvæði gegn málinu en því er ekki að heilsa, því miður, herra forseti.

[16:01]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það sem þarna kemur fram er nákvæmlega það sem stendur í textanum. Þetta fjallar ekki um forréttindi. Þetta fjallar um jafnræði. Það þýðir að ekki er hægt að taka þetta fyrirtæki út og skattleggja sérstaklega nema það liggi fyrir að það verði einnig gert um önnur fyrirtæki sem valda þá sams konar mengun. Þetta vildi ég að kæmi fram vegna þess að þarna er um ákveðinn misskilning að ræða.

[16:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að menn eiga að kveðja sér hljóðs þegar þeir gera grein fyrir atkvæði sínu þegar í stað. Ég hef reynt að gefa mönnum nokkurt svigrúm en að sjálfsögðu mun ég ekki leyfa almennar umræður. Ef ég finn að tilhneiging er til þess er ekki um annað að ræða en að sýna hv. þingmönnum minna umburðarlyndi.

6. gr., 3.–5. mgr., samþ. með 45:8 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BjörgvS, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (PBj) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, ÁMöl, DO, GÁS, HÁs, KVM, KF, KPál, SvH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:02]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hún er orðin nokkuð flókin atkvæðagreiðslan um 6. gr. en ég vil að það komi fram að þó að við þingmenn Samfylkingarinnar styðjum þetta mál þá höfum við ýmislegt við þessa grein að athuga eins og hér hefur þegar komið fram. Við teljum fullkomlega óeðlilegt að þó að stjórnvöld vilji laða hér að fjárfestingu sé sá háttur hafður á að semja við fyrirtækin hvert um sig um ýmiss konar afslætti frá því umhverfi sem önnur fyrirtæki þurfa að búa við, þar með töldum skattareglum sem öðrum fyrirtækjum hér er ætlað að lifa við.

Ég vil af þessu tilefni, herra forseti, minna á margflutt frumvarp Margrétar Frímannsdóttur um lækkun og afnám stimpilgjalda. Ég vil minna á þáltill. okkar um bætta samkeppnisstöðu atvinnulífsins.

Herra forseti. Mér finnst þetta frv. og umfjöllun um það hafa sýnt okkur mjög vel að skapa þarf almennar reglur, gegnsæjar reglur sem byggja á jafnræði og gera öllum fyrirtækjum í landinu jafnt undir höfði. Þessi vinnubrögð frá deginum í dag verða hluti af fortíðinni (Forseti hringir.) en ekki til frambúðar.

[16:04]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég var einu sinni áður á þessum fundi búinn að minna á að þingmenn hafa eina mínútu til að gera grein fyrir atkvæði sínu. Ég vil biðja hv. þingmenn að virða það. Ég hef orðið var við að það misskilst ef forseti grípur mjög fram í hjá hv. þingmönnum. Ég vil þess vegna biðja hv. þingmenn að sýna háttvísi að þessu leyti.

7.–9. gr. samþ. með 43:8 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BjörgvS, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PBj, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (ÁRJ, ÁMöl, DO, GÁS, HÁs, JBjart, KVM, KF, KPál, SF, SvH, TIO) fjarstaddir.

10. gr. samþ. með 41:8 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BjörgvS, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KÓ, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (PBj) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, ÁMöl, DO, GÁS, HÁs, JBjart, KVM, KF, KPál, LB, SF, SvH, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tel að 10. gr. frv. sé býsna dæmigerð fyrir það sem Alþingi er boðið upp á við afgreiðslu þessa máls. Sjaldan hefur maður fundið brennandi sviðalyktina af færibandinu jafnsterkt og í þessu máli.

Herra forseti, 10. gr. er þannig úr garði gerð að það er tiltölulega opin framtalsheimild á samningunum til annarra ótiltekinna aðila með skilyrðunum sem að sögn eiga að koma fram í samningum. Þegar flett er upp á skýringum við 10. gr. segir hún það sama og lagagreinin sjálf, þ.e. í greininni kemur fram að semja megi um að félaginu og eigendum sé heimilt að framselja samninginn við tilteknar afmarkaðar aðstæður. Punktur. Að sjálfsögðu á Alþingi að skrifa upp á að gæludýrið Alcoa geti framselt í framtíðinni einhvern tíma ef svo ber undir allt öðrum óskyldum aðila samningana ef því ber svo við að horfa. Löggjöfin er þannig að öllu leyti klæðskerasaumuð utan um þau forréttindi sem þessi erlendi auðhringur á að fá hér í landinu.

11. gr. samþ. með 42:8 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BjörgvS, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, VS, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (PBj) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, ÁMöl, DO, GÁS, HÁs, KVM, KF, KPál, SF, SvH, TIO, ÞKG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:07]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að við umfjöllun í efh.- og viðskn. Alþingis um þetta lagafrv. lagði ég fram tillögu um að óháður aðili yrði fenginn til að fara yfir þau álitamál og ágreiningsefni sem upp úr standa. Ég vísa þar í ýmsar tölulegar staðreyndir um að við fengjum óvefengjanlega fram hvað satt væri og rétt í þessu efni. Ég harma það, herra forseti, að enginn fulltrúi annarra stjórnmálaflokka var tilbúinn að styðja okkur í þessu efni. Ég vek athygli á því að enn á þetta mál eftir að fara til 3. umr. Það er enn möguleiki á að taka það aftur inn í efh.- og viðskn. og verða við þessari eðlilegu beiðni um að óháður aðili verði kallaður til til að skera úr þeim ágreiningsefnum sem uppi eru um staðreyndir málsins, um tölulegar staðreyndir í þessu máli. Um þær er deilt.

[16:08]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með að komið er að lokum 2. umr. með þessari atkvgr. sem nú fer fram. 3. umr. er eftir en það er ánægjulegt að 1. gr. er samþykkt með 46:8 atkv. Þetta mál nýtur mikils stuðnings á hv. Alþingi enda er það mál þaulunnið af þingnefnd. Ég vil nota tækifærið til að þakka þingnefndinni fyrir ákaflega vel unnin störf.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45:5 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BjörgvS, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PBj, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, VS, ÞSveinb, ÖS.

nei: ÁSJ, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (ÁRJ, ÁMöl, DO, GÁS, HÁs, JB, KVM, KF, KPál, SF, SvH, TIO, ÞKG) fjarstaddir.

Lögmenn, 1. umr.

Stjfrv., 612. mál (EES-reglur, námskröfur). — Þskj. 975.

[16:09]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um lögmenn, nr. 77/1998.

Frv. tekur fyrst og fremst til breytinga sem nauðsynlegar teljast vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á VII. viðauka við EES-samninginn um að fella inn í hann tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins, nr. 98/5 frá 16. febrúar 1998, um að auðvelda lögmönnum að starfa til frambúðar í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu starfsmenntun sína og hæfi. Var ákvörðun nefndarinnar tekin með stjórnskipulegum fyrirvara af hálfu Íslands, Noregs og Liechtenstein en þeim fyrirvara hefur nú verið aflétt í öllum löndunum og tekur tilskipunin gildi 1. mars nk.

Þær breytingar sem nauðsynlegt þykir að gera á lögum um lögmenn vegna upptöku þessarar tilskipunar snúa fyrst og fremst að því að lögin taki einnig til þeirra lögmanna sem hér hafa rétt til að starfa á grundvelli tilskipana Evrópusambandsins og að veita dómsmálaráðherra heimild til að setja reglur um skráningu, skyldur, réttindi og störf þessara lögmanna í samræmi við þessar tilskipanir.

Ég á ekki von á því að ágreiningur sé um þennan hluta frv. sem leiðir af aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu og frjálsum þjónustuviðskiptum.

Frv. snýr einnig að breytingum á skilyrðum sem þarf að uppfylla til að fá réttindi til að verða héraðsdómslögmaður. Lagt er til að það sé ekki lengur skilyrði að viðkomandi hafi lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands heldur skuli viðkomandi hafa lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi í lögfræði frá lagadeild háskóla sem viðurkenndur er hér á landi samkvæmt lögum um háskóla.

Háskóli Íslands er ekki lengur eini háskólinn á Íslandi þar sem kennd er lögfræði og þykir því rétt að leggja þessa breytingu til. Með orðunum fullnaðarnám í lögfræði er vísað til þess að viðkomandi hafi lokið heildstæðu laganámi, bæði grunn- og framhaldsgráðu eða embættisprófi, og því ekki nægilegt til þess að uppfylla skilyrðið að hafa lokið grunnnámi í annarri grein en lögfræði þótt viðkomandi hafi lokið meistaraprófi í lögfræði.

Um þennan hluta frv. hefur þegar komið fram ágreiningur í blaðagreinum og fundahöldum eins og hv. þingmönnum er kunnugt. Í þeim umræðum hafa komið fram ýmsar vangaveltur, m.a. um fjárhagslegt jafnræði milli Háskóla Íslands og þeirra háskóla sem innheimta skólagjöld. Ég tel ekki rétt að blanda mér í þær deilur. Ég tel hins vegar rétt að kveðið verði á um jafnræði þeirra til atvinnu sem ljúka sambærilegum prófum í lögfræði við Háskóla Íslands annars vegar og annarra íslenska háskóla hins vegar, eins og frv. miðar að.

Sitt sýnist hverjum um innihald námsins en samkvæmt lögum um háskóla og samningi við Háskólann í Reykjavík

eru gerðar lágmarkskröfur um gæði þeirrar menntunar sem veitt er. Ég treysti hæstv. menntmrh. og ráðuneyti hans vel til að hafa eftirlit með gæðum menntunar sem háskólar veita og því að þeir uppfylli ákvæði laganna og aðrar skuldbindingar. Ég tel víst að yfirvöld menntamála muni leysa það mál og einnig verði settar nauðsynlegar reglur um réttindi háskólanemenda sem flytja sig milli skóla á námstíma sínum.

Í umræðunni hefur því verið haldið fram að dómsmrn. eigi að hafa afskipti af námi lögfræðinga. Ég hafna því. Námskrá viðskiptafræðinga er ekki ákveðin af viðskrn. eða námskrá verkfræðinga af iðnrn. Það hlýtur að vera jafnt Háskóla Íslands sem hinum nýju háskólum hér á landi mikið hagsmunamál að samræming komist á í menntun sérfræðinga. Eins og ég hef áður sagt treysti ég yfirvöldum menntamála vel til að hafa frumkvæði að lausn þeirra vandamála sem hlutu koma upp við fjölgun háskóla hér á landi sem kenna sömu greinar til lokaprófs.

Hér er hins vegar fjallað um atvinnuréttindi. Ég tel nauðsynlegt að þeir sem þegar hafa hafið lögfræðinám við aðra innlenda háskóla en Háskóla Íslands fái staðfest að þeir geti orðið gjaldgengir til lögmannsstarfa á sama hátt og kandídatar frá lagadeild Háskóla Íslands sem nú mun hafa ákveðið að taka upp meistaraprófsgráðu við lokapróf frá deildinni.

Ég vil í þessu sambandi geta þess að til þess að fá lögmannsréttindi þurfa menn einnig að sækja sérstakt námskeið í lögmannsstörfum. Það gildir um alla lögfræðinga. Á því námskeiði eru gerðar allstrangar kröfur til verðandi lögmanna og er það vissulega ákveðin trygging fyrir því að undirbúningsmenntun þeirra sé í lagi.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[16:15]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Mig langar að fjalla hérna stuttlega um það frv. sem hæstv. dómsmrh. hefur nú mælt fyrir. Við vitum að innbyrðis samkeppni háskólanna sem bjóða nú upp á laganám eins og annað nám snýst um að laða til sín hæfustu kennarana og nemendurna enda byggja fjárframlög ríkisins á fjölda nemenda og námsárangri þeirra. En samkeppnin snýst líka um það hvernig það nám sem boðið er upp á mætir þörfum vinnumarkaðarins og um þau starfsréttindi sem námið veitir að skólagöngunni lokinni. Það er einmitt það sem ég vildi nefna um frv. sem hæstv. dómsmrh. hefur nú mælt fyrir en samkvæmt gildandi lögum þarf lögfræðingur, til að geta orðið lögmaður, að hafa lokið embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands eða við annan háskóla sem leggja má að jöfnu við próf frá Háskóla Íslands og við það mat hefur aðallega verið litið til kjarnagreina námsins og hvort þær séu sambærilegar að efni og umfangi. Þetta ákvæði í lögmannalögum hefur verið gagnrýnt fyrir það að binda lögmannaréttindin við próf frá einum skóla, frá Háskóla Íslands, við nám í lagadeild hans og það nám eitt sé haft sem viðmið um menntunarkröfur lögmanna. Frv. hæstv. dómsmrh. um breytingu á þessu ákvæði lögmannalaganna virðist einmitt eiga að vera svar við þessari gagnrýni sem hefur þá verið frá forsvarsmönnum þeirra þriggja annarra háskóla sem hafa boðið upp á laganám á háskólastigi.

Í þessu frv. er lagt til að embættispróf frá Háskóla Íslands verði lagt að jöfnu við fullnaðarnám til meistaraprófs við lagadeild háskóla sem viðurkenndur er af menntmrh. samkvæmt lögum um háskóla. Með frv. eru prófin í raun viðurkennd sem jafngild og sambærileg án þess að gerðar séu neinar efniskröfur til inntaks þeirrar lögfræðimenntunar sem þarf til að geta orðið lögmaður. Frv. áskilur fimm ára nám en hvorki lágmarksmenntun kjarnagreina né kennslumagnið í hverri þeirra greina.

Það mætti ætla við fyrstu sýn að markmið þessa frv. væri að fella niður efnislegar lágmarkskröfur sem til þessa hafa verið gerðar til menntunar lögmanna. Sá skilningur á sér þó enga stoð í athugasemdunum við frv. og því hafa margir gefið sér að þarna sé á ferðinni misskilningur á milli ráðuneytanna, menntmrn. og dómsmrn., að dómsmrn. hafi staðið í þeirri trú að það félli undir menntmrn. að tryggja lágmarksmenntunarkröfur.

3. og 4. mgr. 9. gr. laga um háskóla má skilja þannig að það sé alfarið í valdi hvers skóla að ákveða hvaða nám og kennslu hann bjóði upp á, en að skylda hæstv. menntmrh. nái einungis til þess að ákveða heitið prófgráða og lengd námsins. Hins vegar verður ekki annað séð ef litið er til ákvæðisins og athugasemdanna en að heimild hæstv. menntmrh. nái a.m.k. heldur lengra.

Ég er ekki, herra forseti, að tala fyrir stöðluðu laganámi og ég hef enn þá engan hitt sem talar fyrir því. Þvert á móti hefur hinu fjölbreytilega námi á þessu fræðasviði verið fagnað víðast hvar, en nám til embættisprófs hefur frá upphafi fyrst og fremst verið ætlað að vera undirbúningur fyrir störf dómara, lögmanna og innan stjórnsýslunnar. Nám við Háskólann í Reykjavík og Viðskiptaháskólann á Bifröst er hins vegar skipulagt með tilliti til annarra þarfa og starfa, eða eins og segir um skipulag námsins við Háskólann í Reykjavík í bréfi til menntmrh., dags. 25. janúar 2002, með leyfi forseta: „... að endurspegla þær breytingar sem orðið hafa á íslensku atvinnulífi og mæta þörfum viðskiptalífsins fyrir lögfræðimenntaða stjórnendur og ráðgjafa.“ Ákvæði lögmannalaganna sem áskilur embættispróf í lögum frá Háskóla Íslands og efnislegar lágmarkskröfur þess náms sem skilyrði lögmannsréttinda er hins vegar ætlað að tryggja réttaröryggi almennings. Dómarar fara með einn þátt af þrískiptu ríkisvaldi og þótt lögmenn geri það ekki beint eru þeir nauðsynlegur liður í því að borgararnir njóti réttar síns fyrir dómstólunum.

Skoðun mín er sú, herra forseti, að markaðurinn megi ekki ráða menntun lögmanna og dómara þó að markaðurinn og eftirspurnin móti þær kröfur sem gerðar eru til náms í viðskiptatengdri lögfræði.

Það sem mér leikur forvitni á að vita, herra forseti, er afstaða hæstv. dómsmrh. til þess hvort ekki sé nauðsynlegt að tryggja efnislega lágmarksmenntunarkröfur sem skilyrði lögmannsréttinda og hvort hún telji það í sínum verkahring eða í verkahring hæstv. menntmrh. að gera svo.

Hvað samkeppnina varðar og það að nú er boðið upp á háskólanám í lögfræði í fjórum háskólum hér á landi vil ég fyrst og fremst halda því til haga að ég tel að hún hafi orðið til þess að bæta nám til embættisprófs í Háskóla Íslands og það hafi á síðustu árum eftir að samkeppnin kom til tekið miklum stakkaskiptum til hins betra.

[16:21]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að það frv. sem hér hefur verið lagt fram mun fá nokkuð mikla umfjöllun í allshn. Ég held að það verði að fara mjög vandlega yfir frv. Það eru kannski tvær meginástæður fyrir því að frv. er lagt fram, annars vegar er um það að ræða að verið er að lögfesta EES-tilskipun og hins vegar er hugmyndin sú að menn geti

áunnið sér lögmannsréttindi út úr fleiri skólum en Háskóla Íslands. Þetta eru þau tvö meginatriði sem í frv. er að finna.

Ég held að við getum almennt um það sagt að það er fagnaðarefni að fleiri skólar skuli vera farnir að kenna á háskólastigi. Það skiptir miklu máli að fólk hafi val í þessum efnum og það skiptir líka miklu máli að það sé reynt að koma upp einhvers konar samkeppni á milli skóla. Hins vegar þurfum við að fara vandlega yfir það í nefndinni hvernig við tökum á þessu máli og kalla eftir öllum sjónarmiðum sem er að finna í þessum efnum. Ég hvet allsherjarnefndina til þess að vanda mjög vel vinnu sína í þessu máli.

[16:23]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ábendingar þeirra og ég tel sjálfsagt að þetta frv. fái góða skoðun í allshn. Alþingis.

Staðreyndin er hins vegar sú að þegar litið er á núgildandi lögmannalög er ekki að finna í þeim skilgreiningu á því hvað skuli kenna í laganámi. Samkvæmt þeim er það í höndum lagadeildar Háskóla Íslands undir lögbundnu eftirliti menntmrn. Aðrir háskólar þurfa að starfa á sama grundvelli. Hv. þm. Jónína Bjartmarz minntist hér einmitt á lög um háskóla og ég vil sérstaklega vekja athygli á 1. og 2. mgr. 4. gr. þar sem kveðið er á um hlutverk menntmrh., m.a. um að hafa eftirlit með gæðum menntunar sem háskólar veita, og eins 3. og 4. mgr. 9. gr. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Menntamálaráðherra skal gefa út skrá um viðurkenndar prófgráður og inntak þeirra.

Nánari fyrirmæli um kennslu, nám og prófgráður eru sett í reglugerðir, samþykktir eða skipulagsskrá um hvern háskóla.“

Reyndar má með nokkrum sanni segja að með þeirri lagabreytingu sem nú liggur fyrir í því frv. sem hér er til umræðu sé í fyrsta sinn í lögum fjallað efnislega um nám þeirra sem sækjast eftir lögmannsréttindum. Það er kveðið á um það að menn skuli hafa lokið fullnaðarnámi í lögfræði og vísað til þess í greinargerð að út frá því sé gengið að nemandi hafi öðlast þekkingu á undirstöðugreinum lögfræðinnar. Það má heldur ekki gleymast að til þess að öðlast lögmannsréttindi þurfa menn að sitja námskeið og standast prófraun. Þeim sem ekki hafa fullnægjandi undirbúning mun þá auðvitað reynast erfitt að standast hana.

Ég vil að lokum segja að ég tel í sjálfu sér ástæðu til að ræða a.m.k. samræmingu á laganámi hér á landi og mér þykir ekki óeðlilegt að sú hlið málsins komi til umræðu í hv. allshn. Það gefur hins vegar ekki tilefni til þess að sú lagabreyting sem hér er lögð til nái ekki fram að ganga. Hún snýr einungis að því að þeir sem útskrifast með sambærilegt nám úr öðrum háskólum en Háskóla Íslands eigi sömu möguleika á því að öðlast þessi mikilvægu atvinnuréttindi. Málið snýst um jafnræði fyrst og síðast.

[16:26]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu verður frv. vísað til hv. allshn. og þar geri ég ráð fyrir að farið verði vel yfir þetta mál og það skoðað frá öllum hliðum.

Spurningar mínar efnislega til hæstv. dómsmrh. voru hvort hún teldi ekki nauðsynlegt að tryggja efnislegar lágmarkskröfur sem skilyrði lögmannsréttinda og hvort hún teldi það í sínum verkahring eða í verkahring hæstv. menntmrh.

En af því að hæstv. dómsmrh. nefndi áðan samræmingu námsins vil ég endurtaka að því fer fjarri að ég styðji það að við komum á einhvers konar stöðluðu laganámi á Íslandi. Ég fagna því fjölbreytilega námi sem hér er boðið upp á. Það er til þess að mæta mismunandi þörfum, annars vegar innan stjórnsýslunnar og við lögmanns- og dómarastörf og hins vegar þörfum atvinnulífsins. Ég held að samræmt nám sé ekki það sem við erum að tala um, heldur séum við að ræða um samræmdar kröfur, prófkröfur. Ég vildi leiðrétta þann misskilning ef hann hefði orðið. Það er nú svona sitt hvað.

[16:27]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að ég hafi svarað þessari spurningu þingmannsins. Ég benti á það í seinni ræðu minni að nú sé í raun og veru í fyrsta sinn fjallað efnislega um nám þeirra sem sækjast eftir lögmannsréttindum og það er gert í því frv. sem hér liggur fyrir. Það er tekið sérstaklega fram í athugasemdum með 4. gr. frv. og ég bendi hv. þingmanni á að þar er t.d. vísað til þess hvað felist í orðunum „fullnaðarnám í lögfræði“. Ég tel það fullnægjandi sem fram kemur í þessu frv. En að sjálfsögðu geri ég mér grein fyrir því að þessi tillaga í frv. hefur vakið upp miklar umræður. Sitt sýnist hverjum og þess vegna tel ég sjálfsagt og eðlilegt að hv. þingmenn fjalli vel um málið í allshn.

Ég ítreka þau orð mín að ég tel að í þessu frv. sé verið að tryggja það að þeir sem útskrifast úr námi í lögfræði í öðrum skólum en Háskóla Íslands eigi sömu möguleika á því að öðlast þessi mikilvægu atvinnuréttindi, þ.e. að gerast lögmenn, og að þetta mál snúist því fyrst og fremst um jafnræði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Stjfrv., 622. mál (fjármálastjórn o.fl.). — Þskj. 995.

[16:29]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. sem samið er í félmrn. en við gerð þess var haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga og reikningsskila- og upplýsinganefnd.

Stærstu breytingar sem lagðar eru til í frv. varða fjármál sveitarfélaga og hlutverk eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

Við gerð frumvarpsins hefur m.a. verið leitað leiða til þess að takmarka þátttöku sveitarfélaga á hlutabréfamarkaði, en þess eru dæmi að við ávöxtun fjármuna sveitarfélags hafi þess ekki verið nægilega gætt að dreifa áhættu og hefur þetta í einstaka tilvikum leitt til þess að umtalsverðir fjármunir hafi tapast. Slíkt er vitaskuld forkastanlegt en gildandi sveitarstjórnarlög hafa engin ákvæði að geyma sem komið geti í veg fyrir að þetta geti gerst. Hefur því í raun eingöngu þurft að treysta á dómgreind sveitarstjórnarmanna við meðferð fjármuna sveitarsjóðs og er hún sem betur fer almennt í þokkalegu lagi.

Einnig var við gerð frumvarpsins tekið tillit til þess að sveitarstjórnir á hafa á undanförnum árum leitað nýrra leiða

við fjármögnun framkvæmda og má þar m.a. nefna svonefndar einkaframkvæmdir, þar sem sveitarfélag semur við utanaðkomandi aðila um að reka mannvirki svo sem grunnskóla. Hefur þetta skapað ýmis álitamál svo sem um það hvernig unnt verði að bera saman skuldastöðu sveitarfélaga sem valið hafa ólíkar leiðir til fjárfestinga. Þá hafa nokkur sveitarfélög nýlega kynnt áform um að stofna sérstakt fasteignafélag í samvinnu við fjármálastofnanir. Tilgangur þessa félags er að eiga og reka fasteignir þeirra aðila sem að félaginu standa. Þetta þýðir að viðkomandi sveitarfélög fá greiddar háar fjárhæðir í söluandvirði fyrir þær fasteignir sem þau afhenda félaginu en á móti er gerður leigusamningur þar sem sveitarfélögin skuldbinda sig til þess að greiða húsaleigu til langs tíma. Af reynslu annarra þjóða má draga þann lærdóm að ef ekki er sýnd fyllsta aðgæsla við meðferð þeirra fjármuna sem sveitarfélögin fá í sinn hlut við þessar aðstæður getur það haft alvarlegar afleiðingar fyrir fjárhag viðkomandi sveitarfélaga þegar til lengri tíma er litið og er skemmst að minnast Farum í Danmörku.

Við gerð frumvarpsins hefur verið leitað leiða til þess að finna lausnir á þeim margvíslegu vandamálum sem að framan hafa verið rakin og hefur þar einkum verið litið til reynslu annars staðar á Norðurlöndum. Fjárhagsstaða og starfsumhverfi sveitarfélaga hér á landi og fjárhagsleg samskipti þeirra við ríkissjóð eru þó ekki að öllu leyti sambærileg við það sem gerist í öðrum löndum. Sérstök ástæða þótti til að gæta sjónarmiða um sjálfsforræði sveitarfélaga, sbr. 78. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 1. gr. sveitarstjórnarlaga. Þær leiðir sem lagðar eru til í frumvarpinu miða því ekki að því að banna sveitarstjórnum að velja tilteknar leiðir við fjármálastjórn sveitarfélags heldur er lögð áhersla á að sveitarstjórn verður ávallt að gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og tryggja örugga ávöxtun þeirra. Til að tryggja vandaða málsmeðferð við töku ákvarðana sem geta haft áhrif á fjárhag sveitarfélagsins á komandi árum og áratugum er kveðið á um það í frumvarpinu að sveitarstjórn verði ekki aðeins að afla álits sérfróðs aðila áður en ráðist er í meiri háttar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins heldur gildi sú regla einnig um ýmsar aðrar ákvarðanir sem gilda eiga til langs tíma og hafa í för með sér verulegar skuldbindingar fyrir sveitarsjóð.

Einnig er kveðið á um það í frumvarpinu að sveitarstjórn beri að tilkynna eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um ákvarðanir um sölu fasteigna sem falla undir veðsetningarbann 2. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga. Skal eftirlitsnefnd þá kanna fjárhagsleg áhrif sölunnar á fjárhag sveitarfélagsins. Ef ráðstöfun er líkleg til að hafa áhrif á fjárhag sveitarfélagsins til lengri tíma litið getur eftirlitsnefnd lagt til skilyrði um ráðstöfun söluandvirðis eða ávöxtun þess.

Þá er í frumvarpinu lögð aukin áhersla á það almenna hlutverk eftirlitsnefndarinnar að fylgjast með þróun fjármála sveitarfélaga og er m.a. lagt til að ákvæði 74.–80. gr. laganna er varða eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, verði gerð að sérstökum kafla til að undirstrika mikilvægi þeirra.

Loks hefur frv. að geyma ákvæði er varða breytingar á IV. og V. kafla laganna.

Helstu nýmæli í frumvarpinu eru að í 1. gr. er lögð til breyting á 44. gr. gildandi laga sem miðar að því að gera fyrri heimildir sveitarstjórna til að fela öðrum en sveitarstjórn fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins. Er gert ráð fyrir því í frv. að valdframsal sveitarstjórna til nefnda, ráða og stjórna skuli hafa það markmið að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð. Ef mál varðar ekki verulega fjárhag sveitarfélagsins er gert ráð fyrir því í ákvæðinu að framsal sé heimilt nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því. Þar sem gera verður ráð fyrir því að ekki geti ávallt verið samstaða um afgreiðslu máls er gerður sá fyrirvari í 4. mgr. að þriðjungur fulltrúa í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn geti krafist þess að sveitarstjórn eða byggðarráð taki ákvörðun í máli, í samræmi við samþykktir sveitarfélags.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að framsal ákvörðunarvalds til embættismanna eða annarra aðila á vegum sveitarfélags skuli háð sömu skilyrðum og formkröfum og framsal til nefnda, ráða eða stjórna en í 3. mgr. er kveðið á um að sveitarstjórn, byggðarráð eða viðkomandi nefnd skuli hafa eftirlit með afgreiðslu mála og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem teknar eru af embættismönnum eða öðrum aðilum sem falla undir ákvæðið.

Í 2. gr. er ákvæði sem fjallar um þagnarskyldu starfsmanna sveitarfélaga. Slíkt ákvæði er ekki að finna í gildandi sveitarstjórnarlögum en í 32. gr. laganna er hins vegar að finna ákvæði um þagnarskyldu kjörinna fulltrúa.

Í 3. gr. er kveðið á um að skylt verði að afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs fyrir lok desembermánaðar en samkvæmt gildandi lögum er ekki skylt að afgreiða fjárhagsáætlun fyrr en í lok janúarmánaðar.

Til að tryggja að eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga búi yfir nýjustu upplýsingum um fjárhagsstöðu sveitarfélags þegar málefni þess koma til athugunar er í 4. gr. frv. kveðið á um að skylt sé að senda nefndinni tilkynningar um verulegar skuldbindingar sem ekki koma fram í fjárhagsáætlun. Minni háttar skuldbindingar, sem ekki eru líklegar til að hafa áhrif á mat nefndarinnar á fjárhagsstöðu viðkomandi sveitarfélags, þarf ekki að tilkynna sérstaklega.

Ákvæði 5. gr. frv. heimila sveitarstjórnum að staðfesta þriggja ára áætlanir innan þriggja mánaða frá staðfestingu fjárhagsáætlunar í stað eins mánaðar eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Þá er að finna nýtt ákvæði sem ætlað er að taka af tvímæli um að fjárfestingar sem fela í sér mikla áhættu séu almennt óheimilar.

Í gildandi lögum er ekki að finna ákvæði sem skylda sveitarstjórnir til að takmarka áhættu við meðferð fjármuna sveitarfélagsins. Í dönskum, norskum og sænskum sveitarstjórnarlögum hafa hins vegar verið sett ákvæði sem miða að því að tryggja örugga varðveislu og ávöxtun fjármuna. Í ljósi fenginnar reynslu þykir nauðsynlegt að setja slíka reglu hér á landi og er ákvæðið orðað sem almenn meginregla. Í greininni er því gert ráð fyrir því að val ávöxtunarleiða sé á ábyrgð sveitarstjórnar og felur ákvæðið umfram allt í sér áminningu til sveitarstjórna að hafa hagsmuni íbúanna í huga við töku ákvarðana um fjármál sveitarfélagsins.

Það er rétt að taka fram að ákvæðinu er ekki ætlað að takmarka heimildir sveitarfélaga til að efla atvinnulíf í byggðarlaginu, t.d. með kaupum á hlutafé eða sambærilegum ráðstöfunum. Við þær aðstæður verður þó vitaskuld einnig að gera þá kröfu að sveitarstjórn gæti ábyrgðar við meðferð almannafjár, vandi málsmeðferð og afli gagna um rekstrargrundvöll hlutaðeigandi fyrirtækja með það fyrir augum að fjárfestingin muni bæta varanlega úr atvinnuástandi á staðnum.

Í 7. gr. frv. er lagt til að gildissvið 65. gr. sveitarstjórnarlaganna verði rýmkað og að skylt verði að afla umsagnar sérfróðs aðila áður en sveitarstjórn staðfestir samninga um

framkvæmdir eða þjónustu við íbúa sem hafa í för með sér langtímaskuldbindingar fyrir sveitarsjóð, svo og um sölu og endurleigu fasteigna sem falla undir veðsetningarbann 2. mgr. 73. gr. Þótt slíkir samningar færi sveitarfélögum fjármuni fyrst í stað geta þeir haft áhrif á fjárhagsstöðu sveitarsjóðs til langs tíma og er því ekki síður nauðsynlegt að þeir hljóti vandaða umfjöllun en samningar um verklegar framkvæmdir sem sveitarfélagið stendur sjálft fyrir.

Greinin hefur einnig það nýmæli sem ætlað er að tryggja að fjármunum sem sveitarstjórn kann að fá í hendur við sölu fasteigna sveitarfélagsins verði ekki ráðstafað á óábyrgan hátt. Oftast er um að ræða verðmæti sem sveitarfélag hefur eignast á löngum tíma og getur ekki talist eðlilegt að sitjandi sveitarstjórn geti leyst inn andvirði þeirra og ráðstafað því án tillits til framtíðarfjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Ákvæðið er að nokkru leyti samið í anda danskra lagareglna þar sem sett eru skilyrði fyrir sölu og endurleigu fasteigna sveitarfélaga. Ákvæði frumvarpsins hefur þó víðtækara gildissvið en dönsku reglurnar og er það ekki einskorðað við endurleigu hinna seldu mannvirkja. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að skylt verði að tilkynna til eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um sölu eigna sem falla undir veðsetningarbann 2. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaganna, þ.e. fasteignir sem eru sveitarfélaginu nauðsynlegar til þess að sveitarfélagið geti rækt lögskyld verkefni sín. Eftirlitsnefnd skal kanna hvaða fjárhagslegu áhrif salan hefur á rekstur sveitarfélagsins og ef hún telur ástæðu til, t.d. af þeirri ástæðu að sveitarstjórn geri jafnframt samning til langs tíma um endurleigu húsnæðis, getur nefndin lagt til skilyrði um ráðstöfun söluandvirðis eða ávöxtun þess.

Í frumvarpinu er kveðið á um að ráðherra geti sett reglugerð þar sem m.a. verði að finna reglur um framkvæmd ákvæðisins. Í reglugerðinni verður væntanlega m.a. kveðið á um að í tilkynningu til eftirlitsnefndar skuli sveitarstjórn gera grein fyrir áformum sínum um ráðstöfun söluandvirðis eða ávöxtun þess.

Í 9. gr. frv. er lagt til að orðað verði með skýrari hætti það hlutverk eftirlitsnefndar að hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir gæti þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélags fari ekki fram úr heildartekjum þess. Rétt er að taka fram að sú regla er ekki afdráttarlaus og er við athugun eftirlitsnefndar m.a. tekið tillit til þjónustustigs og framkvæmdaþarfar í sveitarfélaginu.

Einnig er gert ráð fyrir því í ákvæðinu að eftirlitsnefnd starfi að eftirliti árið um kring, en samkvæmt gildandi lögum er einungis um árlegt eftirlit að ræða.

Eins og sést, herra forseti, á þessari lauslegu yfirferð hefur við gerð frv. verið reynt að leysa ýmis flókin vandamál er varða fjármál sveitarfélaga og ábyrgð sveitarstjórnarmanna. Þessi vandamál hafa að mínu mati verið leyst á skynsamlegan hátt og mælir frv. fyrir um almennar reglur sem öllum sveitarstjórnum ber að fara eftir við undirbúning ákvarðana sem geta haft áhrif á fjárhag sveitarfélagsins þegar til langs tíma er litið.

Frumvarpið felur ekki í sér skerðingu á athafnafrelsi sveitarfélaga eða rétt sveitarstjórna til að velja þær leiðir í fjárstjórn sveitarfélagsins sem þær telja réttar hverju sinni. Þannig er á engan hátt vegið að sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaganna með ákvæðum frv., þvert á móti er gengið út frá því að sá réttur sé fyrir hendi, en um leið er undirstrikuð sú mikla ábyrgð sem hvílir á þeim sem íbúarnir hafa falið stjórn síns sveitarfélags.

Rétt er að geta þess að lokum að auk þeirra breytinga sem lagðar eru til í frv. stendur nú yfir í ráðuneytinu vinna við að endurskoða reglur um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga. Í nýrri reglugerð verður m.a. kveðið á um það hvernig sala eigna og endurleiga þeirra og aðrir langtímasamningar um leigu og rekstur fasteigna eða þjónustu sveitarfélaga við íbúa skuli færast í reikningsskilum sveitarfélaga. Það er lögð áhersla á að sú vinna haldist sem mest í hendur við gildistöku frumvarps þessa.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að þetta mál verði sent hv. félmn. til athugunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ábyrgðasjóður launa, 1. umr.

Stjfrv., 649. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1055. [16:43]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem ég hef lagt fram og felur í sér heildarendurskoðun á lögum nr. 53/1993, um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Það er samið í félagsmálaráðuneytinu og er það að mestu byggt á tillögum stjórnar Ábyrgðasjóðs launa.

Ábyrgðasjóður launa starfar í þeim tilgangi að tryggja launamönnum og lífeyrissjóðum greiðslur vegna vangoldinna krafna þeirra við gjaldþrot vinnuveitanda. Sjóðurinn var stofnaður á árinu 1992 en að stofni til byggjast gildandi lög á ákvæðum laga um ríkisábyrgð á launum, nr. 31 frá 28. mars 1974.

Samkvæmt gildandi lögum er ekki lengur um það að ræða að ríkissjóður sé ábyrgur fyrir vangoldnum launum heldur er lagt til sérstakt ábyrgðargjald af greiddum launum til að fjármagna rekstur sjóðsins. Ábyrgðasjóður lýtur þriggja manna stjórn sem skipuð er af félmrh. til fjögurra ára í senn og tilnefna Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins sinn fulltrúann hvor en formaður stjórnar er skipaður án tilnefningar. Ágætt sátt hefur ríkt með þetta fyrirkomulag á þeim rúma áratug sem sjóðurinn hefur starfað og er ekki gert ráð fyrir breytingum hvað þetta varðar í frv.

Helstu nýmæli sem frumvarpið hefur að geyma eru eftirfarandi:

Lagt er til að Ábyrgðasjóður launa taki á sig ábyrgð á vangreiddum iðgjöldum sem nemur allt að 4% af iðgjaldsstofni á grundvelli samnings um viðbótartryggingavernd umfram lágmarksiðgjald samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Fjöldi slíkra samninga hefur farið stigvaxandi frá gildistöku laganna árið 1998 en samið hefur verið um slíkan sparnað í almennum kjarasamningum. Fyrir utan það að þessi sparnaður er skynsamlegur fyrir launafólk hefur hann einnig haft afar jákvæð áhrif fyrir íslenskt efnahagslíf, m.a. með því að draga úr ofþenslu og auka framboð innlends lánsfjármagns, sem þar með stuðlar að lækkun vaxta. Þykir eðlilegt, m.a. í ljósi þessa, að Ábyrgðasjóður stuðli að vernd þessara réttinda.

Í frv. er miðað við að ábyrgð sjóðsins á viðbótarlífeyrissparnaði taki gildi 1. janúar 2004 vegna þeirra iðgjalda sem falla í gjalddaga eftir gildistöku þessa frumvarps. Enn fremur er lagt til að ábyrgðin gildi einungis um kröfur starfsmanna þegar bú vinnuveitanda eru tekin til gjaldþrotaskipta

eftir 1. janúar 2004. Frestun á gildistöku ræðst meðal annars af því að ábyrgð sjóðsins er háð skilyrðum um eftirlit og innheimtu vörsluaðila bótarlífeyrissparnaðar. Vörsluaðilum viðbótarlífeyrissparnaðar er með þessu móti gefinn kostur á að aðlaga starfsemi sína að þeim kröfum sem settar verða í reglugerð um eftirlit og innheimtu þessara krafna.

Önnur meginbreyting frá gildandi lögum er að í frv. er lagt til að hámarksábyrgð sjóðsins vegna krafna launamanna hækki frá því sem nú er. Samkvæmt gildandi lögum miðast hámarksábyrgð á vangoldnum launum og bótum fyrir launamissi við þrefaldar hámarksatvinnuleysisbætur á mánuði eins og þær eru ákveðnar á hverjum tíma. Í frumvarpinu er lagt til að miðað verði við fasta fjárhæð sem félagsmálaráðherra ákveður með reglugerð til eins árs í senn, að fengnum tillögum stjórnar Ábyrgðasjóðs launa. Þessi breyting leiðir til þess að hámarksábyrgðin hækkar úr 232.347 kr. á mánuði í 250 þús. kr. Þessari hækkun verður að hluta til mætt með ákvæði um að ábyrgð sjóðsins á orlofslaunakröfum verði bundin hámarki sem ákveðið verður með sama hætti í reglugerð. Í upphafi miðast hámarksábyrgð við 400 þús. kr.

Þá eru lagðar til ýmsar breytingar er varða skilyrði fyrir ábyrgð sjóðsins á einstökum kröfum sem sjóðurinn ábyrgist. Má þar nefna að lögð er til breyting á reglum um ábyrgð á orlofslaunakröfum starfsmanna. Lagt er til að ákvæði orlofslaga um ábyrgð sjóðsins á orlofi vegna greiðsluerfiðleika vinnveitanda verði gert að sérstökum kafla í lögum þessum og þær kröfur lúti í meginatriðum sömu reglum og gilda um ábyrgð á orlofskröfum við gjaldþrot vinnuveitanda.

Ýmsar breytingar eru lagðar til varðandi stjórnsýslu Ábyrgðasjóðs launa, m.a. að því er varðar kröfugerð á hendur sjóðnum og afgreiðslu hans. Þá er lagt til að heiti sjóðsins verði breytt úr ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota í Ábyrgðasjóður launa og kemur sú breyting jafnframt fram í fyrirsögn frumvarpsins.

Loks er í frumvarpinu kveðið á um gildissvið laganna í þeim tilvikum þegar vinnuveitandi hefur starfsemi í fleiri en einu ríki en sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum. Verður meginreglan sú að Ábyrgðasjóður launa ábyrgist launakröfur í þeim tilvikum sem starfsmenn starfa að jafnaði hér á landi óháð því hvar aðalskrifstofa vinnuveitanda er skráð, en einnig þótt gjaldþrotaúrskurður hafi verið kveðinn upp í öðru ríki.

Um þetta frumvarp mun ríkja allgóð sátt meðal aðila vinnumarkaðarins. Ábyrgðasjóður launa hefur hingað til verið vistaður á skrifstofu Vinnumálastofnunar. Ég tel að vel geti komið til greina að vista Ábyrgðasjóð launa á landsbyggðinni á hentugum stað.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 1. umr.

Stjfrv., 636. mál (verðjöfnun við útflutning). — Þskj. 1031.

[16:49]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 1031, en um er að ræða frv. til laga um breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er lagt fram í því skyni að styrkja lagaheimildir landbúnaðarráðherra til að gefa út reglugerð til greiðslu verðjöfnunar við útflutning fullunninna vara. Verðjöfnunin er greidd fyrir mismun á viðmiðunarverði innlendrar og erlendrar landbúnaðarvöru.

Á undanförnum árum hafa stjórnvöld heimilað greiðslu verðjöfnunargjalda við útflutning fullunninna vara sem innihalda landbúnaðarhráefni. Verðjöfnunin er eingöngu greidd vegna útflutnings á fullunnum vörum sem innihalda innlend landbúnaðarhráefni og falla undir sama vörusvið og vörur sem bera magntoll við innflutning. Hins vegar er ekki um endurgreiðslu á tollum að ræða.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að sett verði reglugerð þar sem tilgreind yrðu þau tollskrárnúmer sem heimilt er að greiða verðjöfnun fyrir, skilgreining á hvaða landbúnaðarhráefni heimilt er að verðjafna auk innlends og erlends viðmiðunarverðs þeirra. Á fylgiskjali með frv. er að finna kostnaðarumsögn fjmrn. um frv. Ég læt nægja að vísa til hennar.

Ég vil að öðru leyti vísa til grg. með frv. og athugasemda með því.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 16:51]

Stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 648. mál (sala á eignarhluta ríkissjóðs). — Þskj. 1053.

[17:00]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 28/1993, um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Frumvarpið er stutt og hnitmiðað og mælir eingöngu fyrir um heimild fyrir iðnrh. til að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf.

Mikið hefur verið rætt um erfiða stöðu Sementsverksmiðjunnar á undanförnum missirum, m.a. hér á hv. Alþingi. Þessi erfiða staða kemur einkum til af tvennu. Í fyrsta lagi hefur verið almennur samdráttur í sölu sements á undanförnum missirum, og í öðru lagi hefur innflutningur á sementi frá Danmörku veikt stöðu Sementsverksmiðjunnar. Þrátt fyrir hagræðingaraðgerðir hefur ekki tekist að bæta stöðu verksmiðjunnar og hefur hún verið rekin með umtalsverðu tapi sl. tvö ár.

Fyrir liggur að verksmiðjan þarf að bregðast við þessum mikla taprekstri. Hún þarf á auknu rekstrarfé að halda til að geta nýtt þau tækifæri sem bjóðast á sementsmarkaði. Eðlilegt er að einkaaðilar komi við þessar aðstæður að rekstri verksmiðjunnar. Nokkrir aðilar hafa sett sig í samband við ráðuneytið og gert grein fyrir áhuga sínum á verksmiðjunni.

Markmið mitt er að tryggja áframhaldandi framleiðslu á sementi hér á landi og tryggja þannig sem best samkeppni á þessu sviði og iðnaðarhagsmuni okkar Íslendinga. Hvort rekstrarforsendur séu til áframhaldandi sementsframleiðslu hér á landi er óvíst, en nauðsynlegt er að látið verði á það reyna. Með frv. og fyrirhugaðri sölu er leitast við að finna fjárfesta sem munu tryggja samkeppnisstöðu verksmiðjunnar og tryggja samkeppni á sementsmarkaði.

Næstu skref í þessu máli er að auglýsa eftir áhugasömum fjárfestum til að taka við rekstri Sementsverksmiðjunnar hf. Ráðgert er að velja að því loknu einn eða fleiri fjárfesta til frekari viðræðna um kaup á hlutafé verksmiðjunnar. Ég vænti þess að sá ferill taki sem skemmstan tíma þannig að framtíð verksmiðjunnar verði ljós sem allra fyrst.

Herra forseti. Í athugasemdum með frv. er gerð stuttlega grein fyrir sögu Sementsverksmiðjunnar sem spannar á fimmta áratug. Saga verksmiðjunnar er samofin íslenskri byggingarsögu síðustu hálfa öld og hefur verksmiðjan gegnt mjög þýðingarmiklu hlutverki. Þó hefur rekstur verksmiðjunnar oft á tíðum verið erfiður.

Eitt af þeim tækifærum sem blasa við Sementsverksmiðjunni er eyðing úrgangsefna. Á síðustu árum hefur Sementsverksmiðjan hf. tekið að sér að eyða og þar með endurnýta nær allan olíuúrgang sem fellur til í landinu. Jafnframt hefur verið farið út í að eyða ýmsum öðrum efnum, svo sem leysiefnum og framköllunarvökva. Hægt er að hita ofn verksmiðjunnar í 1.450°C sem veldur því að efnin brotna niður og valda ekki mengun eða hættu fyrir umhverfið. Flestar sementsverksmiðjur á Vesturlöndum taka nú að sér eyðingu og endurnýtingu úrgangs. Við áframhaldandi framleiðslu sements hér á landi má því búast við að hlutverk verksmiðjunnar við endurvinnslu úrgangsefna verði æ mikilvægara. Má í því sambandi nefna að ekki verður leyft í nánustu framtíð að farga með urðun t.d. hjólbörðum og baggaplasti eins og nú er gert. Í þessu eru fólgin tækifæri fyrir verksmiðjuna.

Í athugasemdum með frv. er einnig greint frá ágreiningi Sementsverksmiðjunnar og Aalborg Portland. Innflutningur á sementi af hálfu Aalborg Portland hófst á árinu 2000 og er áætlað að markaðshlutdeild fyrirtækisins sé í dag um 25%. Aalborg Portland hefur nú reist tvö 5.000 tonna síló í Helguvík og gæti það fyrirtæki annað öllum íslenska markaðnum miðað við núverandi aðstæður.

Lækkun sementsverðs hefur haft í för með sér erfiðleika í rekstri Sementsverksmiðjunnar, auk þess sem sala á sementi hefur almennt dregist saman um 30–40% á síðustu missirum.

Sementsverksmiðjan hf. hefur haldið því fram að samkeppnin á markaðinum sé óeðlileg og að Aalborg Portland stundi undirboð. Rökin eru þau að verð á sementi á Íslandi sé nú sambærilegt við það sem gerist víðast hvar í Evrópu, m.a. í Danmörku. Fjarlægðarvernd Sementsverksmiðjunnar hf. í formi flutningskostnaðar sem fram til ársins 2000 hafði komið í veg fyrir innflutning virðist því ekki vera til staðar lengur. Þetta telur Sementsverksmiðjan hf. að stangist á við samkeppnislög þar sem keppinauturinn hefði ekki bolmagn til að halda úti slíkri samkeppni nema í krafti stærðar og mikillar arðsemi á heimamarkaði. Aalborg Portland neitar þessu hins vegar og bendir á að verð frá Danmörku sé það sama til Íslands og til annarra útflutningslanda.

Herra forseti. Þetta frv. kemur með stuttum fyrirvara inn á Alþingi. Aðstæður eru fljótar að breytast og nauðsynlegt að taka mið af þeim. Ég met það svo að mjög mikilvægt sé að hafa þessa heimild til sölu til að geta brugðist fljótt við og tryggt með því samkeppnisstöðu verksmiðjunnar eins og ég hef lýst hér á undan.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn. að lokinni þessari umræðu.

[17:05]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum nú lýtur að því að ríkið selji eignarhlut sinn í Sementsverksmiðjunni hf. og breyti því fyrirtæki þar með í einkafyrirtæki og ríkið losi sig úr allri ábyrgð varðandi áframhaldandi starfsemi þess.

Sementsverksmiðjan hf. var byggð á árunum 1955–1958 og sett í gang í lok eða síðla árs 1958. Síðan hafa orðið stöðugar tæknilegar framfarir hvað varðar gæði, umhverfismál sementsframleiðslunnar og aðbúnað þess fólks sem við framleiðsluna vinnur. Sementsverksmiðjan var byggð af því menn fundu hráefni til framleiðslu sements hér á landi. Aðeins þurfti innflutning á gifsi og sérframleiddum vökvum eins og hraðsementsvökva til dæmis.

Bygging Sementsverksmiðjunnar var sem sagt ákveðin af því menn sáu af því ávinning. Í ljós hefur komið að Sementsverksmiðjan hefur gefið Íslendingum mikinn ávinning. Það er auðvitað hagfellt fyrir land og þjóð að nýta innlend hráefni, innlendan vinnukraft og spara gjaldeyri. Þetta voru þau sjónarmið sem réðu í upphafi. Þá má geta þess að á þeim tíma sem liðinn er hafa orðið miklar framfarir. Erlendis hafa verið settar upp verksmiðjur sem framleiða margfalt magn á sólarhring af sementsgjalli á við það sem hægt er að gera hér, allt að tíföldu magni þess sem framleitt er hér á sólarhring úr einum ofni og þar í stórum verksmiðjum er verið að reka þrjá til fjóra ofna, þannig að sementsgjallsframleiðslan er kannski átta til tólf þúsund tonn á sólarhring. Menn geta því áttað sig á að 300 tonna framleiðsla hlýtur að vera dýrari á einingu, þannig að við mikið er að slást. En þar njótum við fjarlægðar að sjálfsögðu.

Erlendis eru nýttar miklu fleiri tegundir af orkuríkum brennsluefnum en hér er gert sem eru túlkuð sem úrgangsefni og verksmiðjurnar fá greitt fyrir að eyða. Þetta er auðvitað einn hængur á því að menn hafa ekki fylgst nægilega með hvaða möguleikar eru til þess að styrkja fyrirtækið í sessi.

Sementsframleiðslan hér í dag stenst fullkomlega að gæðum og hefur gert miðað við erlenda framleiðslu og er hún með því besta sem þekkist í heiminum í dag. Það get ég fullyrt hér vegna þess að ég þekki það, enda er framleiðslan eftir fyrir fram ákveðnum stöðlum, framleiðslan vöktuð af vönduðu fagfólki sem margt hvert hefur áratugareynslu og þekkingu við störf sín. Í starfsfólki Sementsverksmiðjunnar er fólginn mikill mannauður sem er byggður á reynslu, þekkingu og þróun. Og þau verðmæti verða líklega seint metin til fjár. Þau atriði sem ég nefni núna set ég fram sem umhugsunarefni í tengslum við það frv. sem hér liggur fyrir til umræðu þegar verið er að velta fyrir sér að selja fyrirtækið.

En ég vil, virðulegur forseti, í upphafi þakka hæstv. iðnrh. fyrir að hafa byrjað á opinberri kynningu á þessu máli með því að boða til fundar með starfsmönnum Sementsverksmiðjunnar og einnig kynnti ráðherra málið sérstaklega fyrir

þingmönnum stjórnarandstöðunnar áður en málið var lagt fram hér á Alþingi.

Mér er ljóst að Sementsverksmiðjan hf. er komin í samkeppnisrekstur. Það hefur einnig legið fyrir, virðulegur forseti, að ég lagðist mjög hart gegn sölu á fyrirtækinu meðan engin samkeppni var á sölu sements hér á landi og var einn af þeim sem ég tel hafa komið í veg fyrir að leyfð hafi verið hugmynd að stærri hlut en 25% í sölu Sementsverksmiðjunnar.

Málin eru þó ekki þannig að ég telji að afskipti ríkisins hafi alltaf verið fyrirtækinu til farsældar í gegnum árin. Það er e.t.v. rétt á þessari stundu að geta þess að ríkissjóður hefur aldrei lagt krónu til Sementsverksmiðjunnar í gegnum árin, aðeins veitt ábyrgð í upphafi sem þá nam 300 þús. kr. fyrir einum víxli ef ég man rétt. Fyrirtækið hefur því séð um sína hluti þrátt fyrir afskipti ríkisvaldsins af verðlagsmálum, sem oft og tíðum bitnuðu á fyrirtækinu. En rétt er að geta þess að það hefur ekki verið á þann hátt síðastliðin ár.

Í kjölfar stórframkvæmda á Íslandi hafa erlendir aðilar sem framleiða sement horft í æ ríkari mæli til innflutnings og sölu á sementi hér á landi. Mér er þetta persónulega kunnugt, því aðilar hafa haft samband við undirritaðan til að fá upplýsingar um ýmis atriði, aðilar sem ég kynntist meðan ég var starfsmaður í fyrirtækinu, aðilar frá erlendum verksmiðjum sem voru þó nokkuð valdamiklir og höfðu ýmislegt í hendi sér varðandi þetta. Og það má tilnefna í því sambandi Þjóðverja, Breta, Spánverja og e.t.v. fleiri. En það er athyglisvert að þeir sem riðu á vaðið varðandi innflutning á sementi voru aðilar í eigu helsta samstarfsaðila Sementsverksmiðjunnar, F.L. Smidt, sem hefur í gegnum árin verið helsti samstarfsaðilinn og á Aalborg Portland A/S. Það sem er merkilegt við þetta er að þeir sem eiga Aalborg Portland þekkja og vita nánast allt um afkastagetu og möguleika fyrirtækisins og þeir eru líka helstu tæknilegu þjónustuaðilar og ráðgjafar Sementsverksmiðjunnar.

Virðulegur forseti. Ástæða er til að spyrja hæstv. iðnrh. hvort málið hafi verið skoðað út frá þeim grundvelli að aðalráðgjafi og þjónustuaðili er eigandi að fyrirtækinu sem að mínu mati er að knýja þetta fyrirtæki í þrot, Sementsverksmiðjuna hf.

Það er merkilegt að danska sementið skuli vera selt á lægra verði á Íslandi en í Færeyjum, sem nemur verulegum mun. Sement frá Aalborg Portland er flutt með sama skipi til Færeyja og til Íslands. Það landar í Færeyjum og síðan á Íslandi. Munurinn er bara sá að verðið er langtum lægra hér á landi en í Færeyjum. Og ég ítreka þá skoðun mína að verið sé að knýja Sementsverksmiðjuna í þrot og síðan ætlaði eða ætlar Aalborg Portland að yfirtaka sementsmarkaðinn með þeim afleiðingum að sementsverð verður hækkað upp fyrir Færeyjaverðið, sem ég vil kalla.

Í þessari stöðu, virðulegur forseti, tel ég að einkaaðilar séu betur til þess fallnir að berjast við þessar aðstæður og af þeirri ástæðu mun ég skoða það mjög vel hvort ég get ekki fallist á að látið verði á það reyna hvort hér á Íslandi séu til staðar fyrirtæki sem sjái sér hag í að kaupa, eiga og reka Sementsverksmiðjuna í því samkeppnisumhverfi sem hér er. Ég tel þó að huga verði mjög vandlega að því hvernig það verði gert.

Verður þess gætt að erlendir auðhringar í sementsgeiranum standi ekki að baki kaupunum og þeir væru þá þannig að koma inn til að kaupa fyrirtækið beinlínis til að leggja þessa íslensku starfsemi af? Verður þess gætt í samningum að sementsframleiðslu verði haldið áfram í Sementsverksmiðjunni úr íslenskum hráefnum? Hvernig verður málum háttað gagnvart starfsfólki fyrirtækisins? Það er auðvitað erfitt að svara þessu. Hvernig verður sá mannauður metinn sem felst í starfsfólki fyrirtækisins?

Auðvitað er allt þetta meira og minna óljóst og ástæða til að hafa þungar áhyggjur af þessu. Rétt er að spyrja hvernig verði gengið frá málum við Akraneskaupstað sem hefur lagt til landið undir verksmiðjuna. Þetta eru allt þættir sem fara þarf mjög vandlega í gegnum.

Það verður að segjast eins og er, að ég hef staðið gáttaður yfir aðdraganda þessa máls. Hann er orðinn svo langur. Mér virðist þetta allt hafa gengið fyrir sig með hraða snigilsins þar til nú á síðustu dögum að við höfum þurft að vinna þetta mál með miklu hraði. Mér er ljóst að allt það kæruferli sem átt hefur sér stað á undanförnum mánuðum og árum hefur gengið mjög hægt fyrir sig og þau svör sem menn hafa leitað eftir hafa ekki fengist.

Sem starfsmaður Sementsverksmiðjunnar um 30 ára skeið, þar af um 18 mánaða skeið hjá Aalborg Portland í tengslum við starf mitt, hef ég mjög miklar áhyggjur af þessu. Ég treysti því að með þessu megi losa fyrirtækið úr þeirri úlfakreppu sem það er í og það varð mér til mikillar ánægju að eftir margra mánaða stopp rauk úr sementsskorsteininum nú í morgun í fyrsta skipti í þrjá mánuði. Það var verið að setja í gang sem segir mér auðvitað að menn ætla að takast á við það sem fram undan er, bæði starfsmenn fyrirtækisins og svo munu vonandi aðrir treysta sér í þá samkeppni.

Ég vil taka það fram, virðulegur forseti, að mér er kunnugt um að fyrirtækið hefur verið búið á sem bestan hátt til að taka þátt í samkeppni á undanförnum árum, m.a. með því að halda starfsmannafjölda í lágmarki. Í skýringum með frv. er talað um að starfsmenn hafi verið 180 á einum tíma og þeim hafi fækkað niður í 75. Á því eru margar skýringar. Á þeim tíma er starfsmenn voru flestir voru starfsmenn ráðnir til að byggja upp kolakerfi Sementsverksmiðjunnar. Strax að lokinni þeirri uppbyggingu var fólki fækkað verulega. Eftir því sem tæknibúnaður til vöktunar hefur skánað hefur fólki að sjálfsögðu verið fækkað en yfirleitt alltaf á þann mannlega hátt að fullorðnir starfsmenn sem hættu voru kvaddir með virktum og þökkuð störf en aðrir ekki ráðnir í staðinn. Það getur verið að einkaaðilar hefðu farið öðruvísi að en þó er ég ekki viss um það. Ég þekki mörg dæmi þess í einkageiranum að menn hafi fengið að starfa í eftir að þeir voru komnir á aldur. En það hefur verið regla hjá þessu fyrirtæki, sennilega því eina af þessu tagi, að starfsmenn hættu 67 ára gamlir. Þannig hefur ýmislegt verið að gerast sem menn hafa kannski ekki verið sáttir við alla tíð.

Hagsmunaaðilar hafa alltaf verið upplýstir um umhverfisáhrif verksmiðjunnar, um að Sementsverksmiðjan hefur tekið virkan þátt í framþróun og verið með í umræðu um umhverfismál, bæði á Akranesi og landsvísu. Ef til þess kemur að fyrirtækið fer í sölu þá vonast ég til að þeir aðilar sem þar koma að muni halda því starfi áfram, þ.e. gæða- og öryggismálum.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta lengra mál. Það hefur komið skýrt fram hjá mér að ég tel möguleika á að bjarga þessu fyrirtæki úr þeirri úlfakreppu sem það er í. Ég kann ekki mörg fleiri ráð en lögð eru fram í þessu frv. en ég hygg að þeir aðilar sem um málin véla geti haft einhver áhrif á hvernig að verður staðið.

[17:20]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 28/1993, um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Áður hafði iðnrh. leyfi til að selja allt að 25% hlut í verksmiðjunni en yrði samkvæmt þessu frv. heimilað að selja allan eignarhluta ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf.

Sementsverksmiðja ríkisins tók til starfa á Akranesi síðla árs 1958. Henni var eins og áður sagði breytt í hlutafélag árið 1993 og heitir nú Sementsverksmiðjan hf. Öll hlutabréf í fyrirtækinu eru í eigu ríkisins og verða náttúrlega ekki seld öðrum nema með samþykki Alþingis. (Gripið fram í.) Ég hef áður getið um að heimild var fyrir sölu á 25% hlut.

Virðulegi forseti. Ég vil minna á tvær þáltill. sem við, hv. þm. Jón Bjarnason og sá sem hér stendur, höfum flutt á þskj. 133, till. til þál. um úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf. við förgum spilliefna. Þar fórum við fram á að Alþingi ályktaði að fela iðnrh. að gera úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf. á Akranesi við förgum spilliefna sem til falla í landinu, þá sérstaklega orkuríkra spilliefna og öðrum iðnaðarúrgangi.

Það er alveg ljóst að Sementsverksmiðjan gæti haft gríðarlega miklu hlutverki að gegna varðandi förgun orkuríkra úrgangsefna í framtíðinni. Það eru stöðugt gerðar hertari kröfur til þess hvernig fargað er og hverju á að farga. Það fellur gríðarlegt magn til í landinu af úrgangsolíum af ýmsu tagi, timbri og gúmmíafgöngum. Pappír sem til fellur er t.d. um 15–20 þús. tonn, timbur 14–15 þús. tonn, dagblöð 10–12 þús. tonn, plast 1.500–2.000 tonn og hjólbarðar álíka, um 1.500–2.000 tonn. Verksmiðjan hefur þreifað fyrir sér með förgun orkuríkra úrgangsefna og eins og málin standa fargar verksmiðjan um 5 þús. tonnum af fljótandi efnum. Það eru nær eingöngu úrgangsolíur.

Virðulegi forseti. Ég og hv. þm. Jón Bjarnason fluttum einnig till. til þál. um úttekt á verðmyndun á innfluttu sementi. Eins og kunnugt er hefur verksmiðjan átt í gríðarlegri samkeppni upp á síðkastið. En það verður þó að taka fram að Sementsverksmiðja ríkisins hefur aldrei haft einokunarstöðu á íslenskum markaði. Það hefur alltaf verið heimilt að flytja inn sement til landsins en Danir hættu því tveimur árum eftir að verksmiðjan tók til starfa og hafa ekki komið inn á markað síðan. Þeir hafa komið inn á markaðinn með miklum hamagangi síðustu árin og hafa náð um 20–25% hlutdeild af markaðnum.

Í umræðum um þetta mál, virðulegi forseti, vil ég draga fram að við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum í sjálfu sér ekki á móti því að selja verksmiðjur eða framleiðslutæki líkt og Sementsverksmiðjuna. Okkur er hins vegar mjög mikið í mun að staða verksmiðjunnar verði tryggð og áfram verði sementsframleiðsla í landinu. Við lítum svo á, og ég hef ástæðu til að draga það fram sérstaklega, að á sementsmarkaðnum hafa Danir skilgreint Ísland, Færeyjar og Danmörku sem heimamarkað sinn, í samningum sínum og samkeppni við aðrar verksmiðjur á þessu sviði í landinu. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur. Þetta er hápólitískt mál. Ef Danir geta skilgreint Ísland sem heimamarkað varðandi sölu á sementi og þar með sýnt tilburði til að ryðja samkeppnisaðilum út af markaði þá er flest undir í þessu landi, ef við tökum iðnaðinn í heild sinni. Út frá þessum sjónarhóli er mjög mikilvægt að við skoðum stöðu okkar vel og lærum að þekkja hvaða aðferðir við getum notað til að tryggja og styrkja iðnað okkar í samkeppni við aðra.

Það er alveg ljóst að ef skilgreining Dana á Íslandi sem heimamarkaði fyrir sementsframleiðslu heldur í öðrum greinum þá er iðnaðurinn í stórhættu í landinu yfir höfuð. Það mætti t.d. taka allan málningarvöruiðnaðinn, drykkjarvöru og hreinlætisvöruframleiðsluna alla. Þá eru kannski upp talin stærstu svið iðnaðarframleiðslu landsins. Þetta er meginspurning sem við verðum að fá svarað. Við verðum að vinna út frá því.

Virðulegi forseti. Með flutningi þáltill. um að kortleggja eða gera úttekt á framtíðarhlutverki verksmiðjunnar við förgun spilliefna er hugsunin sú að farið yrði í markvissa vinnu þar sem kortlagt yrði hvernig verksmiðjan gæti komið að förgunarmálum og hvernig hægt væri að styrkja fjárhagslega stöðu verksmiðjunnar með því að fela henni þetta hlutverk.

Skilagjald á margvíslegri brennanlegri vöru er í sjónmáli og og slíkt hefur í sumum tilfellum verið samþykkt. Það er augljóst að okkur ber skylda til að farga þessum efnum á viðeigandi hátt, annaðhvort með því að nota fyrirtæki eins og Sementsverksmiðjuna hf. og láta hana hafa það hlutverk, eða þá með byggingu nýrra förgunarstöðva af ýmsu tagi sem yrði alveg gríðarlega kostnaðarsamt. Að mínu mati hefði átt að fara að þessari þáltill. og hefja strax vinnu við að gera úttekt á því hvernig styrkja mætti stöðu verksmiðjunnar á þessum grunni og renna styrkari stoðum undir rekstur inn og þar með samkeppnisstöðu verksmiðjunnar gagnvart innflutningsaðilum. Þetta hefur ekki verið gert nema að litlu leyti. Ég drap á það áðan að verksmiðjan fargar nú þegar um 5.000 tonnum af fljótandi efnum og það eru nær eingöngu úrgangsolíur.

Virðulegi forseti. Ég tel að það verði að fara mjög nákvæmlega yfir þetta mál. Á bak við frv. er sú hugsun iðnrh. að selja verksmiðjuna alla til einhverra aðila sem væntanlega mundu vilja reka hana áfram og framleiða sement í verksmiðjunni áfram.

Ómaklegur áróður hefur verið rekinn gegn Sementsverksmiðjunni hf. á Akranesi og gæðum sementsins. Ég tel ástæðu til að það komi fram hér í þingræðu. Í fjölmiðlum var nýverið látið að því liggja að gæði sementsins væru takmörkuð og sementið væri það slæmt að það hefði t.d. aldrei verið notað í virkjanir. Þetta er ekki rétt, eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið. Allar virkjanir sem hafa verið byggðar á Íslandi hingað til, skilst mér, hafa eftir tilkomu verksmiðjunnar notað sement frá Sementsverksmiðju ríkisins. Þar er því einhver misskilningur í gangi um að gæði sementsins séu ekki nógu mikil.

Mér er jafnframt sagt að alkalískemmdir og vandamál þeim tengd séu sérstaklega hér á Suðvesturlandi og Suðurlandi, það séu fyrst og fremst tæknileg atriði varðandi uppsteypu húsa en ekki það að sementið sem slíkt valdi vandræðum.

Virðulegi forseti. Ég held að það verði að koma algjörlega skýrt fram í nefndarvinnu hver vilji ríkisins er. Og vil ég þá spyrja hæstv. iðnrh. hvort það verði kappkostað að verksmiðjan muni, eftir sölu, í höndum nýrra eignaraðila eiga möguleika á því að starfa áfram og framleiða sement á Akranesi. Það er mjög mikilvægt. Eins og við þekkjum úr viðskiptaheiminum er það viðtekin venja þeirra sem hasla sér völl á nýjum mörkuðum að ryðja samkeppnisaðila út af markaði og sitja síðan einir að markaðnum í framhaldi af því

og geta þá ráðið verðinu eins og kunnugt er. Þetta gildir ekki bara um sement, heldur almennt séð í viðskiptalífinu.

Og eftir þeim upplýsingum sem við höfum fengið varðandi stöðu og rekstur sementsverksmiðja í Evrópu er það þannig að þessir aðilar virðast hafa myndað með sér einhvers konar „cartel" og svæðaskipt Evrópu, og þar af leiðandi hafa stóru fyrirtækin sem hafa skilgreint sinn heimamarkað fengið skotleyfi á minni verksmiðjur og hafa rutt þeim úr starfsemi í stríðum straumum undanfarin missiri og ár. Ef maður skilur hugsun Aalborg Portland manna rétt, að þeir skilgreini Ísland sem sinn heimamarkað, gefur það þeim náttúrlega — út frá þeirri hugsun — leyfi, án þess að hinir aðilarnir í starfseminni geri athugasemdir, til þess að ryðja litlum samkeppnisaðila úr vegi. Það liggur alveg augljóst fyrir.

Virðulegi forseti. Að mínu mati hefði verið betra að fara yfir og skoða framtíðarhlutverk verksmiðjunnar. Ég held að það geti skipt hundruðum milljóna króna sem væri hægt að setja inn í rekstur verksmiðjunnar með því að gefa henni framtíðarhlutverk við förgun orkuríkra spilliefna. En sú vinna hefur ekki farið í gang, a.m.k. er hún ekki komin til framkvæmda. Ég hefði talið að hagsmunum ríkisins væri betur borgið ef menn hefðu í hendi skipulag og áætlanir um það hvernig væri hægt að vinna í verksmiðju af þessu tagi. Það er augljóst að miðað við núverandi ástand yrði verksmiðjan að seljast ákaflega ódýrt vegna þess að það er ekki búið að ganga frá þessum grunnatriðum varðandi rekstur hennar.

Virðulegi forseti. Ég hef í sjálfu sér kannski ekki svo mikið meira um þetta mál að segja. Ég tel mjög mikilvægt og við munum fylgja því eftir í þingnefndinni að hæstv. iðnrh. og ríkisstjórnin geri grein fyrir vilja sínum og gefi henni einhvers konar upplýsingar — þær hljóta nú að liggja fyrir — um það hvaða aðilar hugsanlega kæmu til með að kaupa hlutabréf ríkisins og hver framtíðarsýn þeirra er varðandi rekstur verksmiðjunnar eftir að væntanleg kaup hafa farið fram. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að fá að vita það og í ljósi þessa munum við taka afstöðu til þess hvernig við lítum á málið. Eins og ég sagði áðan er það í sjálfu sér ekkert sáluhjálparatriði af okkar hálfu að verksmiðja af þessu tagi sé í ríkiseign. Það er mjög mikilvægt að verksmiðjan fái framtíðarhlutverk og að við stöndum frammi fyrir því að þessi starfsemi haldi áfram á Akranesi og verksmiðjan verði ekki keypt af samkeppnisaðila óbeint sem bakstuðningur einhvers fyrirtækis, bara í því augnamiði að leggja hana niður. Það er samdóma álit þeirra sem eru í þessum bransa í landinu, þ.e. steypustöðvaiðnaðinum, a.m.k. þeirra sem ég hef talað við, að það væri bransanum stórhættulegt og náttúrlega byggingariðnaðinum í heild sinni, líka vegna fjölbreytni í framleiðslu, ef þessi verksmiðja dytti út og samkeppnisaðilar, t.d. Aalborg Portland, mundu hasla sér völl á íslenska markaðnum.

Með þessar hugrenningar mun ég fara í þá vinnu sem stendur fyrir dyrum í iðnn. og við munum ræða þau mál sem varða þessa verksmiðju og þá grunnhugsun sem ríkisstjórnin og þar með hæstv. iðnrh. hefur um framtíðarmöguleika verksmiðjunnar á nýjum grunni.

[17:35]

Útbýting þingskjala:

Álverksmiðja í Reyðarfirði, 509. mál, þskj. 1061.

Eftirlit með matvælum og heilbrigði dýra, 654. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 1064.

Fjáraukalög 2003, 653. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1063.

Jarðalög, 652. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 1062.

[17:35]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þetta frv. er komið fram, og þótt fyrr hefði verið. Það hefur nokkuð lengi verið skoðun mín að það þyrfti að höggva á hnútinn hvað varðar rekstur þessarar verksmiðju. Ég er þeirrar skoðunar að í því samkeppnisumhverfi sem orðið er til núna sé eina leiðin til þess að framleiða sement á Íslandi og hafa það á markaði að gera það í fyrirtæki sem er ekki í eigu ríkisins. Ég held að það yrði afskaplega erfitt þegar litið er til þeirra samninga sem Íslendingar hafa gert um samkeppni á sviðum eins og þessum að eiga fullkomlega verksmiðju eins og þessa og vera með hana í harðri samkeppni við innflutt sement. Það hefur líka sýnt sig á undanförnum árum, frá því að Aalborg Portland fór að flytja inn sement, að það væri býsna erfitt að hafa áhrif á samkeppnisreglur sem er a.m.k. erfitt, svo vægt sé til orða tekið, að festa hendur á.

Ég held að það sem þurfi að gera, og tek undir það sem aðrir ræðumenn hafa sagt á undan mér, sé að standa við bakið á þeim fyrirtækjum sem koma til með að sýna áhuga á því að reka verksmiðju af þessu tagi með því að til staðar verði einhvers konar samningur um brennslu úrgangsefna og hlutverk verksmiðjunnar hvað það varðar til framtíðar litið. Þetta mál hefði auðvitað þurft að vera komið lengra en það er í dag en ég býst við því að það skipti a.m.k. máli fyrir þá sem hafa áhuga á því að skoða þá hugmynd að reka þessa verksmiðju að hafa einhvern slíkan samning við hið opinbera hér þar sem áætlun væri í gangi um það að fara að brenna úrgangsefnum, sérstaklega orkuríkum úrgangsefnum, við þessa framleiðslu. Það er virkilega eftir einhverju að slægjast. Eftir því sem mér skilst ætti að vera hægt að nýta slíkan úrgang til þess að brenna og framleiða með því líklega $^{3}/_{4}$ af þeirri orku sem verksmiðjan þarf, jafnvel meira. Þetta er þess vegna mjög mikilvægt atriði og verður auðvitað að fylgja því eftir. Það getur verið svolítið flókið að ganga frá þeim málum við þá aðila sem hefðu áhuga á því að reka verksmiðjuna. Það er enn spölur í land með að hægt verði að hefja brennslu á t.d. rúllubaggaplasti og hjólbörðum sem eru aðaluppistaðan í því sem væri hægt að bæta við annan orkuríkan úrgang til brennslu þarna.

Sementsverksmiðjan er náttúrlega gamalt og gróið fyrirtæki og er afar mikilvæg í atvinnulífi Akurnesinga. Akraneskaupstaður skaffaði lóð undir þessa starfsemi og það er augljóst mál að það verður ekki hægt að afhenda þessa starfsemi einkaaðilum án þess að fara yfir öll þau mál gagnvart Akraneskaupstað og ganga frá með þeim hætti að Akurnesingar geti verið vissir um að hvernig sem fer um þennan rekstur, hvort sem haldið verður áfram að brenna eða framleiða sement í verksmiðjunni eða að hún breytist í innflutningsfyrirtæki sem er hugsanlegt, verði haldið áfram með reksturinn. Ef það t.d. gerist mega menn ekki sitja uppi með það að þessi verksmiðja standi þarna í hjarta bæjarins ónotuð og með engin úrræði til að sjá til þess að þeim rekstri, sem þá yrði á höndum þeirra sem væru komnir alfarið kannski út í innflutning á sementi, yrði haldið áfram með einhverjum yfirlýsingum um að einhvern tímann mundu menn kannski vilja prófa aftur að fara að framleiða sement. Slíkt er ekki viðunandi. Bæjarfélagið verður að geta treyst á það að í þessum samningum séu ákvæði gagnvart bænum sem hægt er að vísa til ef rekstrinum verður ekki haldið áfram.

Eins og ég sagði áðan tel ég að það sé í raun og veru ekkert annað að gera en að fara leiðir eins og þessa til að taka á þessu máli. En nú hefur það gerst að búið er að reka þessa verksmiðju með miklum halla nokkurn tíma í þessari samkeppni. Ég veit þess vegna ekki hvað þarf að gera til þess að verksmiðjan nái endum saman núna þegar menn bjóða reksturinn til sölu. Ég held að ástæða væri til þess að hæstv. ráðherra færi svolítið yfir það með okkur hér hvernig hún sjái fyrir sér endurskipulagningu á rekstri verksmiðjunnar sem geti fært henni hagnað í þeirri stöðu sem hún er í núna. Það er kannski ekki líklegt að áhugi manna fyrir því að reka þessa verksmiðju sé svo mikill að þeir vilji borga með henni eitthvað álíka og hún hefur tapað á síðustu tveimur árum. Ég sé þetta ekki alveg fyrir mér og geri ekki ráð fyrir því heldur að hugsanlegur samningur sem fylgdi með um áætlun til þess að fara að brenna úrgangsefnum geti verið svo verðmætur að þetta tap verði hafið. Það kemur auðvitað allt í ljós en það er samt ástæða til að spyrja eftir þessu hér.

Aðrir hafa farið yfir málefni verksmiðjunnar hér á undan og ég ætla ekki að endurtaka það. Ég segi fyrir fram að ég býst við því að geta stutt þetta mál. Ég trúi því að það sé fullur hugur á bak við flutning málsins, fullur hugur til þess að halda rekstri þarna áfram og framleiða innlent sement til sölu hér á markaðnum og láta reyna á það til hlítar hvort það getur staðist samkeppni við innflutt sement eftir eðlilegum leikreglum.

[17:43]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Mig langar að leggja nokkur orð inn í þessa umræðu um það frv. sem hér liggur fyrir um sölu eignarhluta ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf. Þó að frv. sé stutt og laggott þarfnast það vafalaust vandlegrar íhugunar.

Lengi hefur verið ljóst að mikill vandi hefur steðjað að þessari verksmiðju og eins og kemur fram í greinargerð er hérna um að ræða fyrirtæki sem á sér merka sögu og hefur haft framleiðslu fyrir íslenska sementsmarkaðinn nánast í hálfa öld. Það sem mér finnst vera aðalatriðið í afgreiðslu þessa máls er að hægt verði að tryggja áframhaldandi rekstur og áframhaldandi framleiðslu á sementi, tryggja það að verksmiðjan standist þá samkeppni sem nú er uppi og tryggja áframhaldandi atvinnu þeirra sem þarna starfa.

Eins og kunnugt er hefur samkeppni staðið að verksmiðjunni frá Aalborg Portland sem flestum virðist vera reist á frekar vafasömum grunni hvað varðar aðferðir og er reyndar beðið úrskurðar um það. Það sem kom mér á óvart þegar ég fór að kynna mér málefni Sementsverksmiðjunnar og ég held að mörgum landsmönnum sé kannski ekki ljóst, er hversu miklir möguleikar eru þar fyrir hendi í öðrum efnum en sementsframleiðslu. Þá á ég fyrst og fremst við þá möguleika sem verksmiðjan á í förgun ýmissa úrgangs- og spilliefna. Það eru möguleikar sem ekki hafa verið nýttir nema að hluta enn þá og möguleikar sem í felast veruleg tækifæri sem þarf auðvitað að meta til verðs þegar til sölunnar kemur, einkum má búast við að strangari reglur verði á næstunni um förgun ýmissa þessara spilliefna eins og t.d. hjólbarða og reyndar kannski fleiri úrgangsefna, og á komi skilagjöld.

Á hinn bóginn má segja að þessi ákvörðun ráðuneytisins að bera fram þetta frv. til laga um sölu á öllum eignarhlut ríkissjóðs núna, er svona viss uppgjöf, kannski of fljótt, vegna þess að mörgum finnst að þrátt fyrir að ríkisrekstur til frambúðar sé e.t.v. ekki æskilegasta formið á þessu, þá hefði gjarnan mátt fylgja verksmiðjunni í því stríði sem markaðurinn er núna og ekki síst í ljósi þess sem kom fram í umræðunni áðan að fram til þessa hefur ríkissjóður ekki þurft að leggja fjármagn til verksmiðjunnar, a.m.k. ekki sem neinu nemur, ég tók þær upplýsingar sem svo. Þá hefði kannski ekki verið ofrausn að koma þessu máli svolítið lengra, styðja verksmiðjuna í þeirri baráttu sem nú er háð og jafnframt komið á mun betra sölutækifæri þegar sigur væri unninn í þeirri orrustu.

Ég gat um förgunina sem ég tel að hefði mátt leggja meiri áherslu á og verður vafalaust lögð áhersla á á næstu árum. Tugir þúsunda tonna falla árlega til af hinum margvíslegustu úrgangs- og spilliefnum, eins og pappa, timbri, dagblöðum, plasti og svo fyrrnefndir hjólbarðar sem e.t.v. eiga eftir að gefa verulega af sér, ekki bara hvað snertir gjald fyrir förgun, heldur líka hitt að eftir því sem mér skilst er þetta verksmiðja sem nýtir innlent hráefni að öllu leyti, innlenda orku að einhverjum hluta en miklu minna en ég hafði búist við, vegna þess að þarna eru notuð kol. Mér hefur skilist að einmitt þessir möguleikar á förgun gætu komið til með að vega á móti þessari kolanotkun og förgunin sem gæfi annars vegar fjármagn og væri hins vegar umhverfisvæn, gæti jafnframt lagt verksmiðjunni til að einhverju leyti orku. Hérna er reyndar um að ræða tæknileg atriði sem ég treysti mér ekki til að fara mjög djúpt í.

En það er auðvitað atvinna þeirra sem þarna hafa unnið sem skiptir mjög verulegu máli og staðsetning verksmiðjunnar og það að henni verði tryggð starfsemi áfram og því tel ég brýnast, verði af þessari sölu sem mér sýnist að stefnt sé að, að tryggja starfsemina, að þarna verði framleitt sement og tryggt verði að sementið, salan og stuðningur við verksmiðjuna efli hana til að standast þá samkeppni sem nú á sér stað. Brýnt er að tryggja atvinnuöryggi og tryggja það að þróun verði í þeirri framleiðslu sem þarna fer fram og þeirri framleiðslu sem þarna getur orðið.

Eins og fram hefur komið eru þarna heilmikil sóknarfæri á margan hátt og óhjákvæmilegt er að tekið verði tillit til þess í söluverði verksmiðjunnar. Og það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að sanngjarnt verð fáist fyrir þessar eignir ásamt því að tryggja það að möguleikar verksmiðjunnar nýtist.

Hæstv. iðnrh. hefur sagt í fyrri umræðum að áfram verði framleitt sement í þessari verksmiðju og ég vona að það markmið sé svo sannarlega uppi áfram. Og sömuleiðis hefur hún sagt að ekki verði einokun á þessum markaði. Þetta tvennt þarf með öllum ráðum að reyna að tryggja og ég get tekið undir það. Takist að tryggja þessi framangreindu atriði sem ég hef hér getið um þá mun Frjálslyndi flokkurinn ekki leggjast gegn þessari sölu.

[17:50]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það frv. til laga um breytingu á lögum um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins sem hér er til umræðu er ekki langort, er ekki margar greinar eins og hér hefur komið fram. Í 1. gr. frv. segir að iðnrh. sé heimilt að selja allan eignarhlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf. og í 2. gr. að lög þessi öðlist þegar gildi.

Við hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson tókum málefni Sementsverksmiðjunnar upp hér í haust og strax á fyrsta degi þingsins fluttum við þáltill. og komum fram með fyrirspurn varðandi stöðu Sementsverksmiðjunnar. Við fluttum tvær tillögur, aðra sem laut að samkeppnisstöðu verksmiðjunnar, þ.e. að gerð yrði úttekt á verðmyndun á innfluttu sementi.

Þá hafði um nokkurt skeið verið og er reyndar enn innflutningur á sementi frá erlendu sementsfyrirtæki, innflutningur á sementi sem er í boði hér á miklu lægra verði en sams konar sement er í framleiðslulandinu. Við lögðum áherslu á að gerð yrði úttekt á verðmyndun á þessu innflutta sementi. Þáltill. sem mælt var fyrir fyrr í haust hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta gera úttekt á verðmyndun á innfluttu sementi og að grípa til aðgerða ef í ljós kemur að um undirboð er að ræða."

Þessi þáltill. okkar fór til meðferðar í hv. iðnn. og er þar enn. Alþingi hefur ekki sýnt þann dug og þá djörfung að taka það mál þar til eðlilegrar meðferðar og láta reyna á hver staðan er í verðmyndun sements. Vissulega hafa mál verið í gangi gagnvart ESA-dómstólnum um þessa verðmyndun, en eins og kemur fram í frv. sem hér er til umræðu er endanlegur úrskurður þar ekki kominn.

Hins vegar hefur slík verðlagning, þessi meintu undirboð á innfluttu sementi, haft m.a. þau áhrif að rekstrarstaða og samkeppnisstaða Sementsverksmiðjunnar hefur látið mjög undan síga. Það var mat okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að ríkisvaldið, iðnrn. fyrir hönd ríkisvaldsins sem fer með eignarhald og ábyrgð á verksmiðjunni fyrir hönd ríkisins, hefði átt að taka á þessu máli af myndarskap og dug. Það hefði t.d. verið hægt að kveða upp úr um að lögð yrði fram krafa um ákveðið lágmarksverð á sementi í landinu þannig að tekið væri fyrir þessi meintu undirboð á sementi meðan væri þá að koma í ljós hvernig að verðlagningu væri staðið. Þetta er leið sem hefði átt að skoða. En því miður hafa stjórnvöld valið þann kost að láta reka á reiðanum í málefnum verksmiðjunnar, ekki bara mánuðum heldur árum saman.

Í ræðu hv. þm. Gísla S. Einarssonar kom fram að ríkið hefði ekki lagt neitt eigið fjármagn í Sementsverksmiðjuna á því tímabili sem hún hefur starfað, ef frá er talið stofnframlagið á sínum tíma sem var að mestu leyti lán, eða kannski alveg lán. Að öðru leyti hefur eigandinn ekki komið að því að styrkja stöðu fyrirtækisins. Mjög algengt er að fyrirtæki þurfi á styrkingu eigin fjár að halda á löngum starfstíma og væri ekkert óeðlilegt við það í sjálfu sér að Sementsverksmiðjan þyrfti líka að fá styrkingu á eigin fé.

Fyrir nokkrum áratugum hafði ríkisvaldið bein afskipti af verðlagningu sements, jafnvel þegar þurfti að fara að krukka í vísitölu eða þess háttar nokkuð sem var jú afar óheilbrigð aðgerð, en var engu að síður gert. Þá var ekki alltaf hagur verksmiðjunnar sjálfrar borinn fyrir brjósti. Þannig hefur ríkisvaldið, virðulegi forseti, hvað eftir annað sýnt fullkomið kæruleysi gagnvart þessari mikilvægu eign sinni.

Við hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson lögðum áherslu á það strax í haust að ríkisvaldið tæki nú þegar á stöðu verksmiðjunnar, bæði hvað varðaði verð og verðmyndun, einnig hvað varðaði eiginfjárstöðu verksmiðjunnar, að eiginfjárstaðan yrði styrkt meðan verið væri að skjóta sterkari stoðum undir reksturinn og starfsemina. Við lögðum fram þáltill. um að Alþingi ályktaði að fela iðnrh. að láta gera úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf. á Akranesi og, með leyfi forseta, orðrétt „við förgun spilliefna sem til falla í landinu ásamt öðrum iðnaðarúrgangi." Þetta yrði nýtt til þess bæði að eyða og nýta orkuríkan úrgang og einnig til að styrkja rekstrarstöðu verksmiðjunnar. Við lögðum þessa tillögu fram snemma í haust og hún er einnig til meðferðar í iðnn. Og hæstv. iðnrh. upplýsti í ræðu eða í umræðu um þetta mál fyrr í vetur að verið væri einmitt að vinna að skýrslu og úttekt á möguleikum verksmiðjunnar á að nýta þennan orkuríka úrgang. Og ég leyfi mér að spyrja, virðulegi forseti, hæstv. iðnrh.: Hvað líður þeirri skýrslu? Hvað líður þeirri úttekt sem hæstv. ráðherra boðaði að væri í gangi fyrr í vetur hvað varðaði möguleika fyrir Sementsverksmiðjuna að nýta þennan orkuríka úrgang? Mér finnst þetta vera það mikið stórmál að það eigi að vera hér til umfjöllunar samtímis því sem verið er að ræða sölu á verksmiðjunni sem lið í að styrkja stöðu hennar.

Ég vil líka spyrja hæstv. iðnrh. út í þær yfirlýsingar eða þá frétt sem kom í Ríkisútvarpinu 28. febrúar sl., í hádegisfréttum, þar sem verið var að tilkynna fyrirætlan hæstv. ráðherra um að setja verksmiðjuna á sölulista. Þar sagði, með leyfi forseta:

„Útlit er fyrir að ekkert sement verði notað frá Sementsverksmiðju ríkisins við virkjanaframkvæmdir á Austurlandi og smíði álvers. Ekkert jöfnunargjald verður lagt á sement sem notað verður við framkvæmdirnar sem þýðir að flutningskostnaður yrði allt of mikill fyrir verksmiðjuna." — Síðan er þetta mál rakið.

Ég leyfi mér að spyrja: Hvar er sú ákvörðun tekin að Sementsverksmiðjan megi ekki eiga aðild að því að keppa um að selja sement til þessara fyrirhuguðu framkvæmda ef af verða þarna fyrir austan? Hvar er sú ákvörðun tekin? Ég vissi ekki betur en að Sementsverksmiðjan væri í samráði við erlent sementsfyrirtæki um að bjóða í þá sementsnotkun. Þessi sementsnotkun gæti hugsanlega skipt máli. En hvers vegna á þá að útiloka Sementsverksmiðjuna frá því að eiga þarna aðild að? Við hvaða stoð styðst þessi frétt, virðulegi forseti? Ég óska eftir að hæstv. iðnrh. upplýsi það hvort Sementsverksmiðjunni sé meinað að taka þátt í hugsanlegu tilboði í sementsnotkun við framkvæmdir á Austurlandi varðandi fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir ef af verða þar.

Herra forseti. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson lýsti í ræðu áðan vinnu okkar, þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, í málefnum Sementsverksmiðjunnar. Við höfum gagnrýnt harðlega þann seinagang sem hefur verið af hálfu eigandans, ríkisvaldsins, við að grípa til aðgerða til að styrkja eiginfjárstöðu og rekstrarfjárstöðu fyrirtækisins. Þess er skemmst að minnast að á síðustu klukkutímum lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir tveimur og hálfum mánuði voru haldnir eins konar neyðarfundir í fjárln. þar sem kippt var út þeirri heimild sem áður hafði verið sett inn í frv. til fjárlaga um að heimila sölu verksmiðjunnar. Henni var kippt út, á eins konar neyðarfundi sem kallaður var í fjárln., fyrir tveimur og hálfum mánuði og sett inn ákvæði í fjárlögin um heimild til að selja ákveðnar eignir verksmiðjunnar til að styrkja eiginfjárstöðu hennar. Það eru bara liðlega tveir mánuðir síðan. Hvers konar ruglandi er hér í svona mikilsverðu máli eins og málefnum Sementsverksmiðjunnar? Það er með ólíkindum hvernig að þessu máli er staðið.

Það má vel vera að það megi skoða breytt eignarhald á verksmiðjunni að einhverjum hluta en þá á það að gerast markvisst. Það á að gerast að yfirlögðu ráði. Það á að gerast með framtíðarheill verksmiðjunnar í huga og þeirra verkefna sem hægt er að fela henni en ekki bara til að þóknast einkavæðingaræðisstefnu ríkisstjórnarinnar sem þetta frv. ber fyrst og fremst keim af. Það að hér sé verið að skipta um skoðun varðandi stöðu verksmiðjunnar frá mánuði til mánaðar, verksmiðju sem er búin að starfa í áratugi og allir hafa lokið lofsorði á, hælt fyrir metnað, fyrir gott starf og fyrir góða framleiðslu, sérstaklega á seinni árum þegar gert var

átak í því, er forkastanlegt. Þetta er með betra sementi sem er í boði, hefur fengið algeran gæðastimpil á bæði starfsemi sína og framleiðslu, en svo geta stjórnvöld verið að rokka til frá mánuði til mánaðar með það hvernig skuli taka á þessu fjöreggi. Mér finnst þetta afar ótrúverðugt, ekki síst þegar við vitum að hinn erlendi samkeppnisaðili sem hefur verið að flytja hingað inn sement og selja, jafnvel með meintum undirboðum, hefur líka lýst því yfir að þetta sé markaðssvæði hans og hann væri reiðubúinn að taka á sig fórnarkostnað til þess að tryggja að svo yrði varanlega.

Virðulegi forseti. Ég tel að það eigi ekki að ganga svo flausturslega til verks eins og þetta frv. og þessi vinnubrögð ríkisstjórnarinnar sýna. Það á að skoða þetta mjög vandlega. Númer eitt á að vera að tryggja rekstrargrundvöll verksmiðjunnar fyrir sementsframleiðslu í landinu. Það á jafnframt að kanna möguleika á því að nýta verksmiðjuna til þess að nýta orkurík úrgangsefni sem við verðum hvort eð er annars að verja miklu fjármagni til að losna við, en ella gæti orðið til þess að gera rekstur verksmiðjunnar hagkvæmari. Það er því fráleitt að í þessari stöðu sé verið að keyra í gegn frv. sem heimilar sölu verksmiðjunnar gjörsamlega út í loftið. Þetta er ábyrgðarlaust. Það er ekki sæmandi gagnvart þeirri starfsemi sem stunduð hefur verið í verksmiðjunni og ekki heldur gagnvart því starfsfólki sem þar vinnur að ganga svona fullkomlega óábyrgt og flausturslega til verks.

Það er jafnframt kannski lýsandi fyrir stöðuna hvernig eigandinn, undir stjórn hæstv. iðnrh. sem hefur farið með málefni verksmiðjunnar, hefur farið að. Menn segja jafnvel að ríkið sé búið að halda svo illa á málum og sé svo illa treystandi að það geti varla orðið verra hlutskipti verksmiðjunnar að vera selt einhverjum og einhverjum. Flogið hefur fyrir að þetta ástand verksmiðjunnar í höndum ríkisins síðustu missirin sé það versta sem menn geta hugsað sér og það geti ekki orðið verra og það séu rökin fyrir því að menn vilja láta það yfir sig ganga að selja hana með þeim hætti sem hér er lagt til. Þetta eru dapurleg rök.

Jafnframt er á sömu dögum keyrt í gegnum Alþingi frv. til byggingar annarrar verksmiðju, miklu stærri, jafnvel mörg hundruð sinnum stærri verksmiðju heldur en þessi er, en þar er aldeildis verið að styrkja. Þar er verið að styrkja með framlögum, þar er verið að styrkja með vaxtaívilnunum, þar er verið að styrkja með ríkisábyrgðum o.s.frv. Þar skal ekkert til sparað hjá ríkinu til að koma þeirri starfsemi upp, og er staðið í, eins og hæstv. iðnrh. sagði á Alþingi um daginn, viðkvæmum samningaviðræðum við ESA-dómstólinn, dómstól sem maður hélt að væri dómstóll og þyrfti ekki að standa í samningaviðræðum við. Þar eru málin á svona viðkvæmu stigi, eins konar samningaviðræður, eins og hæstv. ráðherra orðaði það, um hversu mikið ríkið má niðurgreiða starfsemina í álverksmiðjunni fyrirhuguðu í Reyðarfirði. En hér er allt í einu sagt: Það gengur ekki samkeppnislega séð að standa að sementsverksmiðju. Það sér hver heilvita maður, virðulegi forseti, hvers konar hráskinnaleikur þetta er.

Virðulegi forseti. Þetta mál fer til iðnn. þar sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, mun að sjálfsögðu fylgja þessu máli eftir og okkar sjónarmiðum við meðferð þessa máls. Í hv. iðnn. eru einnig þáltill. okkar hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar, bæði um úttekt og verðmyndun á innfluttu sementi sem hefur ekki enn verið afgreitt frá nefndinni og sömuleiðis um úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf. við förgun á úrgangsefnum. Þessar tillögur eru þar líka til umfjöllunar þannig að það gefst þá tækifæri til að taka á þessum málum í heild sinni í hv. iðnn.

Virðulegi forseti. Það er dapurlegt að það skuli vera meðal rakanna fyrir því frv. til laga sem hér er lagt fram, um að selja Sementsverksmiðjuna, að það sé varla hægt að hugsa sér hirðulausari eða kærulausari eiganda og ábyrgðaraðila fyrir þessari ágætu verksmiðju en ríkið eins og það hefur hagað sér gagnvart verksmiðjunni á síðustu vikum, mánuðum og missirum og þess vegna geti menn varla búist við verra þótt hún yrði seld. Það eru dapurleg rök, herra forseti. En ég vona þó að í hv. iðnn. og hér á Alþingi, hvernig sem þetta mál fer, verði það sett sem metnaður, verði það ljós sem stýrt verði eftir, að framtíð Sementsverksmiðjunnar verði tryggð og starfsemi hennar í sem víðtækustum skilningi hér á landi og að verksmiðjan á Akranesi fái dafnað.

[18:09]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. talaði um að setja lágmarksverð á sement. Ég spyr því: Telur hann yfirleitt koma til greina á samkeppnismarkaði að stjórnvöld setji lágmarksverð á einhverja framleiðslu? Hvernig telur hann að framkvæmd á því geti þá orðið?

Síðan langaði mig til þess að spyrja hvort hv. þingmaður telji það virkilega skynsamlegt af okkar hálfu að greiða niður flutningsjöfnun á sementi til þess að byggja Kárahnjúkastíflu eða önnur mannvirki tengd þarna fyrir austan, og álverið. Sér hann ekki að það yrði æðimikil meðgjöf með framleiðslu á sementi ef við ætluðum að gera það? Varla er hægt að finna mikið lengri leið til að flytja sement á notkunarstað en þarna er um að ræða, og hætt við því að yrði ærið mikill undirballans á þessu.

Síðan langar mig til þess að spyrja hv. þingmann hvort þeir hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hann og hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, séu virkilega ekki sammála í þessu máli. Ég heyrði ekki betur en að hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson segði áðan í sinni ræðu að hann teldi koma til greina að selja verksmiðjuna en ég heyrði ekki betur en að hv. síðasti ræðumaður legðist alfarið gegn því og teldi það ábyrgðarlaust og ekki sæmandi að láta sér bara detta það í hug í þessari stöðu. Mér finnst líka að miðað við það sem ég hef heyrt áður frá þessum tveimur hv. þm. að um sé að ræða algera kúvendingu ef þeir eru reiðubúnir til að standa að því að verksmiðjan verði seld.

[18:11]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi fyrirspurn hv. þingmanns um lágmarksverð vísa ég áfram til þess að ég tel að það hefði átt að skoðast. Þetta mál er í meðferð dómstóla um það hvort um óleyfilegt verð á innfluttu sementi sé að ræða. Dómstólar geta verið lengi að fjalla um þetta mál og meðan eigandinn ekki styrkir eiginfjárstöðu fyrirtækisins eða bregst við því á annan hátt til þess að tryggja að verksmiðjan geti staðið af sér þetta meinta undirboð tel ég, já, að það hefði átt að kanna það að setja lágmarksverð á sement til þess að tryggja að verksmiðjan gæti starfað áfram þangað til niðurstaða fengist í það ágreiningsmál hvort um undirboð er að ræða.

Varðandi fyrirspurn hv. þingmanns um þátttöku Sementsverksmiðjunnar í hugsanlegum framkvæmdum fyrir austan tel ég í fyrsta lagi að Sementsverksmiðjan hefði átt að fá leyfi og tækifæri til þess að taka þátt í því útboði á sömu kjörum og aðrir sementsframleiðsluaðilar sem látið er að liggja í þessari frétt að sé ekki, heldur að hún eigi að vera útilokuð

frá því. Það finnst mér ekki rétt, heldur eigi að kanna hvort það sé mögulegt að Sementsverksmiðjan geti tekið þátt í því.

Í öðru lagi, þó að ég ætli ekki að mæla með því, skiptir ríkisstuðningur við þessar framkvæmdir fyrir austan milljörðum króna, jafnvel tugum milljarða, beinn ríkisstuðningur við þær framkvæmdir, við Kárahnjúkastíflu og fyrirhugað álver. Við erum að tala um beinan og óbeinan ríkispening. Sementið hefði svo sem getað farið inn í það púkk þó að ég sé ekki að mæla með því að verið sé að greiða niður á þann hátt en bendi á samhengið.

[18:13]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. er greinilega til í að greiða eitthvað meira niður þarna fyrir austan en nú þegar er búið að taka ákvörðun um miðað við þessar yfirlýsingar.

Síðan langar mig, hæstv. forseti, að spyrja betur um þetta lágmarksverð sem þarna er verið að tala um. Það eru auðvitað til önnur úrræði sem hefði verið hægt að grípa til. Það eru til ákvæði um undirboð en íslensk stjórnvöld hafa greinilega ekki treyst sér til þess að taka á málinu með tilvísun til slíkra úrræða. Ég tel að það hefði komið fullkomlega til greina að reyna þær leiðir en ég er ekki sammála því að það sé góð hugmynd að setja lágmarksverð á sement eða neinar aðrar vörur í samkeppnisumhverfi því að ég tel að til þess hafi stjórnvöld enga heimild. Við verðum auðvitað að fara að þeim leikreglum sem við höfum skrifað undir. Þær eru til, og ég teldi að kannski væri ástæða til þess að hv. þm. færi yfir það, ef hann hefur kynnt sér þau úrræði sem þarna eru til staðar, af hverju hann telur að það að setja lágmarksverð sé efst á óskalistanum hjá honum. Ég hefði viljað gera frekar kröfur um það að menn nýttu sér þau ákvæði sem til eru um undirboð.

[18:15]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð bara að vísa til þeirrar þáltill. sem við hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson fluttum um að gerð yrði úttekt á verðmyndun á innfluttu sementi og síðan tekið á því máli út frá því. Þessi tillaga er enn þá óafgreidd frá iðnn. og tekur á þeim atriðum bæði sem ég nefndi hér og sem hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi varðandi þessa samkeppnisstöðu. Mér finnst það ábyrgðarhluti, herra forseti, af hálfu stjórnvalda að þau skuli ekki hafa haft myndugleika til að taka á þessu máli. Það er ábyrgðarhluti og ámælisvert.

Varðandi spurningu hv. þm. um sölu verksmiðjunnar og skoðun okkar hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar á því þá fara skoðanir okkar að sjálfsögðu saman því að við teljum að ríkið sé að bregðast og hafi brugðist hlutverki sínu sem eigandi og ábyrgðarmaður þessa fyrirtækis og við teljum það dapurlegt ef sterkustu rökin fyrir því að selja þurfi fyrirtækið eru þau að ríkið sé svo afleitur eigandi að þess vegna verði að gera það. Það finnast mér dapurlegustu rökin sem hér hafa verið flutt fyrir þessu.

Ég tel, og það höfum við lagt til í þáltill. okkar um málefni Sementsverksmiðjunnar, að skoða eigi allar hliðar á því að tryggja stöðu hennar og rekstur áfram. Ég tel að ríkið ætti að axla þá ábyrgð að taka ákvörðun um framtíðarhlutverk verksmiðjunnar eins og við höfum lagt til og gera það áður en hún er sett á sölulista. Það að henda henni með þessum hætti inn á sölulista finnst mér alveg fádæma óábyrg aðgerð af hálfu ríkisvaldsins.

[18:17]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Í þessu frv. felst tillaga um að ríkið selji allan eignarhlut sinn í þessu fyrirtæki.

Herra forseti. Ljóst er að starfsumhverfi Sementsverksmiðjunnar hefur breyst mjög á mörgum undanförnum árum. *Þar hefur margt komið til. Dregið hefur úr sölu á sementi* undanfarin ár og það hefur auðvitað gert verksmiðjunni erfitt um vik. En fyrir ekki löngu síðan kom hér upp samkeppni í sementssölu þegar danskt fyrirtæki hóf að flytja hingað inn sement og selja í samkeppni við Sementsverksmiðjuna. Auðvitað skiptir það verulega miklu máli fyrir fyrirtækið þegar þessi samkeppni kemur upp og það er *hluti af þeirri* stöðu sem við stöndum frammi fyrir í dag.

Menn hafa mikið rætt í þessari umræðu um eigandann, þ.e. ríkið, og hvort iðnrn. sem fer með málið hafi eitthvað gert í því að reyna að bæta stöðu fyrirtækisins út frá eigandaábyrgð og öðru slíku. Þá er það ljóst að iðnrn. hefur marga undanfarna mánuði lagt í töluverða vinnu við að tryggja stöðu þessa fyrirtækis, sérstaklega eftir að samkeppni kom hér upp. Ég geri ráð fyrir því að hv. þingmenn sem ásaka iðnrn. um algjört afskiptaleysi í þessari umræðu hljóti að vita að ráðuneytið hefur lagt í mikla vinnu og m.a. út frá meintum undirboðum innflytjandans og fleiri aðila hafa menn lagt í mikla vinnu við að kæra málið o.s.frv. til samkeppnisyfirvalda, ekki bara hér heldur líka á hinu Evrópska efnahagssvæði. Þess vegna kemur mér mjög á óvart að heyra þann málflutning sem hér hefur verið í þessa veru og vísa honum algjörlega á bug.

Herra forseti. Miðað við stöðuna í dag hjá Sementsverksmiðjunni tel ég ljóst að óbreytt staða muni þýða endalok starfseminnar. Það er ekki flóknara en það í mínum huga. Ég held að það sé alveg ljóst að ríkið sem eigandi fyrirtækisins leggur fyrirtækinu ekki til aukið fjármagn til rekstrar. Það blasir við núna, eins og staðan er, að taprekstur verður á fyrirtækinu ef ekki verður gripið til aðgerða fram eftir árinu og það þýðir væntanlega að fyrirtækið kemst í þrot. Ef svo færi þá væri komin upp ný staða á sementsmarkaði hér þar sem um væri að ræða einokun á hendi innflutningsaðila sements. Ég held að það sé staða sem menn almennt vilja alls ekki standa frammi fyrir og hagsmunaaðilar í steypuframleiðslu og öðru vilja auðvitað alls ekki standa frammi fyrir því.

Iðnrn. hefur, eins og ég sagði fyrr, haldið uppi mikilli vinnu við að tryggja starfsemi þessarar verksmiðju. Þannig er nú staðan. En ég verð að segja, herra forseti, að hér hafa talsmenn Vinstri grænna komið í pontu og rætt þetta mál og þar kemur fram, eins og í öllum öðrum málum, að það á að skoða málin og gera helst eitthvað allt annað en lagt er til. Hér hafa menn rætt um ýmsar patentleiðir sem eru að mínu mati óraunhæfar, t.d. það að hér hefur verið rætt um lágmarksverð o.s.frv. En það er svo að við búum ekki við ráðstjórn sem betur fer, vil ég segja. Hér er bullandi samkeppni í þessari starfsemi og þess vegna getur ríkið ekki hagað sér eins og kannski sumir menn vildu sjá.

Ég verð að segja að mér hefur fundist ýmislegt sem hér hefur verið sagt í þessari umræðu varðandi eigandann vera ómálefnalegt og kannski ekki mönnum til sóma.

Herra forseti. Í frv. er lagt til að ríkið selji eignarhlut sinn í fyrirtækinu. Ég vona að hagsmunaaðilar muni kaupa þetta fyrirtæki og að þeir sjái sér hag í því að halda starfseminni

áfram, halda áfram framleiðslu á sementi á samkeppnismarkaði og það er ákveðin trygging fyrir því að starfsemi fyrirtækisins haldi áfram blómlega eins og verið hefur til skamms tíma.

Sementsverksmiðjan á sóknarfæri í starfsemi sinni. Fyrirtækið framleiðir gæðasement og viðurkennda vöru. Það er styrkur fyrirtækisins. Við blasa mörg stór verkefni í uppbyggingu, t.d. stækkun Norðuráls, og það hefur sitt að segja varðandi sementsmarkaðinn. Einnig eru stórar framkvæmdir fyrirhugaðar á Austurlandi við byggingu Kárahnjúkavirkjunar o.s.frv. Ég tel að Sementsverksmiðjan hafi sama aðgang og aðrir í samkeppnisrekstri við sölu á sementi til þessara framkvæmda. Því er fráleitt að ætla að einhver ákvörðun hafi verið tekin um að útiloka Sementsverksmiðjuna frá því eins og fram hefur komið hjá einstaka ræðumönnum.

Einnig eru sóknarfæri í eyðingu úrgangs og spilliefna. Þar eru stórir þjóðarhagsmunir í húfi. Um síðustu áramót tóku gildi lög um úrvinnslugjald sem ég tel að muni skipta verulega miklu máli fyrir Sementsverksmiðjuna því að verksmiðjan býr yfir mjög góðum möguleikum á því að eyða slíkum úrgangi. Ég tel því að þar liggi ákveðin sóknarfæri fyrir fyrirtækið. Hér eru þó ýmis mál í húfi, svo sem störf á Akranesi og Akranessvæðinu. En ég minni á að fram undan er stækkun Norðuráls þannig að atvinnumarkaðurinn á Akranesi býr vel bæði að þessari starfsemi og því sem fram undan er.

Ég vil segja að lokum, herra forseti, að ég er almennt þeirrar skoðunar að ríkið eigi ekki að reka fyrirtæki sem eru í bullandi samkeppnisstarfsemi eins og t.d. á við um Sementsverksmiðjuna. Ég tel að það sé vont fyrir fyrirtækið. Ég tel að það sé vont fyrir fyrirtæki á við Sementsverksmiðjuna í samkeppnisrekstri að ríkið eigi fyrirtækið að öllu leyti. Ákveðin hefting felst í því fyrir fyrirtækið.

Ég er sannfærður um að þó svo að ríkið losi sig út sem eigandi að þessu fyrirtæki þá eigi starfsemin framtíðina fyrir sér. Sóknarfærin eru mörg og við vitum að Íslendingar eru ekki hættir að blanda steypu og byggja hús þannig að auðvitað er margt fram undan í því.

Að lokum vil ég segja, herra forseti, að ég styð frv. og geri það í þeirri von að það verði til þess að styrkja starfsemi Sementsverksmiðjunnar og ég tel að fyrirtækið eigi ágæta framtíð fyrir höndum.

[18:24]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil inna hv. þm. Magnús Stefánsson eftir því hvort honum sé ekki kunnugt um þá afstöðu danska sementsrisans Aalborg Portland sem kom fram í viðtali við danskt blað og var kynnt hér fyrr í vetur í umræðunni. Þar lýsti hann því yfir að hann liti á Ísland sem hluta af hinum danska sementsmarkaði, að aðstæður væru slíkar að ekki væri hægt að ætla að margir aðilar gætu selt sement á almennum markaði á Íslandi og að hið danska fyrirtæki liti á það sem fórnarkostnað að leggja undir sig sementsmarkaðinn á Íslandi. Þetta kom fram í dönsku blaði og var gerð grein fyrir því í umræðunni í vetur um þessi mál.

Telur hv. þm. að í raun sé hægt að búast við því, þ.e. ef sementsframleiðsla leggst af á Akranesi, að hægt verði að koma á raunverulegri samkeppni á Íslandi um sement? Trúir hv. þm. því virkilega?

Enn fremur langar mig til þess að inna hv. þm. eftir því hvernig hann telji að verð á sementi mundi þróast ef hér væri einungis einn innflutningsaðili sem stýrði markaðnum. Hvaða áhrif mundi það hafa á almennt sementsverð hér á landi?

[18:26]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þekki þessa umræðu sem hv. þm. var að vísa í af hálfu hinna dönsku aðila. Það er auðvitað það sem menn óttast, þ.e. að ef sementsframleiðsla leggst af þá verði hér dönsk einokun. Ég geri ráð fyrir því að þar gildi sömu lögmál og í annarri samkeppni, að verð muni hækka. En ég minni á það að eftir því sem ég best veit eru mál Sementsverksmiðjunnar í meðförum hjá samkeppnisyfirvöldum. Ég tel að þau séu enn þá í meðförum hjá ESA. Niðurstöður þar liggja ekki fyrir þannig að málið er enn þá í meðförum samkeppnisyfirvalda og fróðlegt verður að sjá hverjar niðurstöður verða þar.

[18:26]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyrði að hv. þm. veit af þessari umræðu um áhuga hins danska sementsrisa á að komast yfir hinn íslenska sementsmarkað og að hann sé reiðubúinn að taka á sig ákveðinn fórnarkostnað til þess að svo verði.

Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm. hvort hann deili ekki áhyggjum mínum af því að ef Sementsverksmiðjan fer á almennan sölulista, komi fram erlendir aðilar sem hafa bolmagn til þess að bjóða hæst í þessa verksmiðju og þá ekki endilega með það í huga að reka hana til framtíðar heldur tryggja sér stöðu markaðarins hér. Ég tel að mikil hætta sé á því og leyfi mér að spyrja hv. að því hvort hann deili ekki áhyggjum mínum. Ef ríkið sleppir hendinni af verksmiðjunni eins og hér er gert ráð fyrir án þess að búið sé að tryggja stöðu hennar gætum við staðið berskjaldaðir frammi fyrir erlendum aðilum sem búa yfir miklu fjármagni og munar ekki mikið um milljónina til eða frá til að leysa til sín verksmiðjuna til þess að tryggja sér markaðinn hér til frambúðar. Þetta segi ég í ljósi þeirra umræðna sem hafa verið um Aalborg Portland og aðra sem gætu hugsanlega viljað tryggja sér þennan markað þó hann sé ekki stór.

[18:28]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað gæti maður deilt þessum áhyggjum sem fram koma. Hins vegar verður fyrirtækið auglýst að samþykktu því frv. sem hér liggur fyrir. Ég geri ráð fyrir því að við sölu á fyrirtækinu sé möguleiki á því að setja ákveðin skilyrði þannig að þessi staða komi ekki upp. Að öðru leyti auðvitað að óbreyttu gæti maður deilt þessum áhyggjum. En ég vonast til að þannig takist til við sölu á þessu fyrirtæki að innlendir hagsmunaaðilar, sem mér skilst að hafi áhuga á málinu, eignist fyrirtækið með það fyrir augum að framleiða sement og halda hér uppi samkeppni við þann aðila sem hefur hafið innflutning á sementi.

[18:29]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og fyrir hvað hvað hún hefur verið jákvæð. Mér sýnast allar líkur á því að frv. fái þá umfjöllun í nefnd að hratt ætti að geta gengið fyrir sig að vinna það. Ég er mjög þakklát fyrir að stjórnarandstöðuflokkarnir leggjast ekki gegn málinu.

Auðvitað hefur ýmislegt komið upp í umræðunni sem ástæða hefði verið til þess að koma inn á. Hv. þm. Magnús Stefánsson og eins hv. þm. Jóhann Ársælsson hafa reyndar svarað ýmsu sem kom fram hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni. Mér

fannst svona örlítill blæbrigðamunur á málflutningi þeirra hv. þm. sem töluðu frá flokki Vinstri grænna. En það kemur bara í ljós síðar hver afstaða þingflokksins í raun er. Eins og hér kemur fram er þessi verksmiðja komin í samkeppnisrekstur og vissulega breytir það ýmsu. En það er mikilvægt, eins og ég hef alltaf sagt, að hér verði áfram samkeppni á markaðnum, samkeppni í sölu á sementi og á það verður lögð áhersla áfram að framleiðsla haldi áfram. Það verður látið á það reyna að framleiðsla haldi áfram á sementi í verksmiðjunni.

Hvað varðar starfsfólk breytist lagaleg staða þess ekki vegna þess að fyrirtækið er nú þegar hlutafélag. Hins vegar er aldrei hægt að fullyrða það við sölu hvað nýir eigendur gera nákvæmlega þó að hægt sé að setja þar ákveðin skilyrði. Mér er kunnugt um stöðu kaupstaðarins, stöðu bæjarins hvað varðar lóðina og auðvitað verður það á einhverju stigi tekið upp á milli seljanda og bæjarfélagsins.

Það má alltaf deila um hvort tekið hafi verið nægilega hratt á málum af hálfu iðnrn. Það hefur verið heilmikil vinna í gangi og eins og hv. þm. vita hafa mál verið fyrir eftirlitsstofnunum og gengið hægt að fá svör, t.d. frá ESA og reyndar ekki endanleg svör komin enn. Ég lít nú svo á að það sé eitt af þeim sóknarfærum sem eru í dag að ekki eru komin endanleg svör, það er mögulegt að þau verði á þann veg að þau styrki samkeppnisstöðu fyrirtækisins.

Þá má einnig nefna það sem sóknarfæri að verksmiðjan fær að öllum líkindum frekari verkefni í sambandi við endurvinnslu efna. Ég geri ekki lítið úr þeim málflutningi sem hefur átt sér stað hér á hv. Alþingi af hálfu þingmanna Vinstri grænna sem hefur verið hér til umfjöllunar. Ég geri mér grein fyrir að það er allt flutt með það í huga að reyna að styrkja stöðu verksmiðjunnar.

Hvað það varðar, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson kom inn á, hvernig ég sæi fyrir mér þá endurskipulagningu sem gæti skilað nýjum eigendum hagnaði, þá er ég kannski búin að koma inn á það og hann svaraði því nú að sumu leyti sjálfur með því að nefna leikreglurnar, að leikreglurnar eru ekki skýrar í dag, og það er eitt af því sem getur skipt miklu um framhaldið.

Hvað varðar þá úttekt sem fer fram af hálfu Hagfræðistofnunar Háskólans og lýtur að því að fara yfir framtíðarhlutverk verksmiðjunnar og þjóðhagslegt gildi hennar þá höfum við ekki fengið endanleg svör um það en það ætti að styttast og vonandi gerist það á meðan málið er til umfjöllunar í iðnn. og að þá verði hægt að svara því frekar.

Um það að þessi verksmiðja muni ekki taka þátt í uppbyggingu á Austurlandi hvað varðar álver og virkjun, stíflu o.fl., þá er það í raun ákvörðunarefni fyrirtækisins, stjórnar og forstjóra hvort tekið er þátt í verkefni sem þessu. Við vitum að ekki var hægt að ætlast til þess að jöfnunargjaldið gilti hvað varðar þennan mikla flutning, það hefði hækkað um of verð á sementi á almennum markaði, og þess vegna var það gert nú eins og hefur verið áður, t.d. í sambandi við Blönduvirkjun, að jöfnunargjald nái ekki til framkvæmda sem þessara, og ég held að það sé nú eiginlega ekki þægilegt að gagnrýna það.

Síðan eru það eignirnar og verðmætið sem verksmiðjan á uppi á Sævarhöfða, sem nú hefur fengist heimild til að kaupa með fjárlögum. Það mál er í vinnslu og ég reikna með að það verði leyst í tengslum við lausn málsins í heild sinni, og þá er ég að tala um í tengslum við söluna.

[18:35]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri á hæstv. ráðherra að hún hefur áhyggjur af því ef hér yrði erlend einokun á sementsmarkaði. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra: Er hægt að setja skilyrði við hugsanlega sölu á hlutum í verksmiðjunni að það sé í fyrsta lagi innlendur aðili sem kaupir, í öðru lagi að hægt sé að skylda hann til þess að stunda framleiðslu í einhvern árafjölda, annars gangi kaupin til baka? Eða er með einhverjum öðrum hætti hægt að tryggja að verksmiðjan haldi áfram þessu hlutverki sínu sem ætlað er en hugsanleg sala verði ekki bara liður í því að koma hér á erlendri einokun á sementsmarkaði? Er hægt að tryggja það með einhverju móti? Ég vildi gjarnan fá að heyra það hjá hæstv. ráðherra.

Út af þeim málarekstri sem nú stendur yfir varðandi meint undirboð hins erlenda aðila sem hér er á markaði með sement. Reynist þetta hafa verið ólöglegt, mun þá ráðherrann fylgja því eftir með skaðabótakröfu á hendur þessum innflutningsaðila?

Til þess að fyrirbyggja misskilning hjá hæstv. ráðherra þá höfum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagt áherslu á að úr því að málið er komið fram fari það í nefnd og fái þar þinglega umfjöllun og þar verði þá allir þeir þættir sem lúta að sementsframleiðslunni og möguleikum verksmiðjunnar til að gegna fjölþættu hlutverki kannaðir og komi inn í allan þennan feril, þar á meðal þær þáltill. sem við hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson höfum flutt um hlutverk verksmiðjunnar, þannig að þetta komi bara allt inn í þennan pakka.

[18:37]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr um skilyrði, m.a. hvort hægt sé að setja það skilyrði að það verði innlendur aðili sem kaupi. Það er ekki hægt. Það er ekki hægt vegna þess að við erum aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði. Það má ekki mismuna á milli þjóða. Ég hef hins vegar lagt áherslu á að látið verði á það reyna að framleiðsla haldi áfram í þessari verksmiðju.

Ég reikna með að hægt sé að setja fram ákveðin skilyrði hvað það varðar, eða þegar verksmiðjan verði auglýst komi fram sá vilji seljandans að samkeppnissjónarmið séu í hávegum höfð og þar fram eftir götunum, sem ég held að skipti miklu máli. Ef niðurstaðan verður sú að hér sé um ólögleg undirboð að ræða af hálfu samkeppnisaðilans þá mun það að sjálfsögðu fara að lögum og alþjóðlegum samningum til hvaða aðgerða verksmiðjan getur þá hugsanlega gripið. Ég ætla ekki að kveða upp úr um neitt á þessari stundu um það efni.

[18:38]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra er í rauninni ekki hægt eða virðist vera illmögulegt að setja nein sérstök skilyrði við sölu á þessari verksmiðju þannig að hún renni ekki beint til samkeppnisaðilans eða annars aðila sem getur haft hagsmuni af því að loka henni eða leggja niður starfsemina.

Það liggur náttúrlega í augum uppi að eftir að framleiðsla er lögð af þá munu erlendir sementsframleiðendur ekki verða í biðröðum til þess að ná markaði hér á landi. Það liggur í hlutarins eðli. Þetta er lítið land með litlum markaði og við getum ekki átt von á því að hér standi erlendir aðilar í biðröð eftir því að fá að selja sement.

Mér heyrist því á svörum hæstv. ráðherra að það sé heldur fátt að gera til þess að tryggja innlenda sementsframleiðslu eftir að ríkið væri búið að sleppa höndum af verksmiðjunni, þannig að þá stöndum við eiginlega berskjölduð fyrir erlendri einokunarverslun á sementi.

Ég vil ítreka varnaðarorð um að þau skref sem verið er að leggja til að verði stigin verði könnuð afar vel ef þau eiga ekki að leiða til þess að einokun verði á sementi í landinu.

[18:40]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil bara ítreka það sem kemur fram í grg. frv. að það verður auglýst eftir áhugasömum aðilum og síðan mun seljandinn að sjálfsögðu velja viðræðuaðila með tilliti til þess hvað viðkomandi hefur í huga. Menn mega því ekki nálgast þetta með það neikvæðu hugarfari að þeir sjái ekki ljósið. Ég held að það sé um að gera að reyna að nálgast öll viðfangsefni frekar á jákvæðum nótum og reyna að gera það besta úr hlutum sem mögulegt er hverju sinni.

En við stöndum frammi fyrir erfiðri stöðu í dag og það er stóra málið. Þess vegna grípum við til þessara aðgerða að fá heimild Alþingis til að selja verksmiðjuna af því að ástandið í dag er óviðunandi og það er óviðunandi fyrir starfsfólkið, að mínu mati, að búa við það að vita ekkert um framtíðina. Ég mat það svo þegar ég átti fund með starfsfólkinu að því þætti þetta ekki slæmt útspil. Þetta er þó a.m.k. tilraun eigandans til að taka á vandamálinu og leiða mál þannig til lykta að það sé starfsfólki í hag.

[18:41]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég sé ástæðu til að bæta við fáeinum orðum vegna þeirra orðaskipta sem hafa verið hér í ræðum núna undir lokin. Hv. þm. Jón Bjarnason talaði um að þetta væri skref í átt til einokunar, (**JB:** Gæti orðið.) gæti orðið, og það yrðu ekki erlendir aðilar í biðröðum til að framleiða sement og selja á Íslandsmarkað.

Ég hef tekið jákvætt undir þetta frv. í trausti þess að með því yrði reynt að sjá til þess við sölu á verksmiðjunni að þeir sem þar tækju við forráðum ætluðu sér að gera heiðarlega og einarða tilraun til þess að framleiða sement og selja á íslenskum markaði. En ef það tekst ekki muni þeir flytja inn sement og selja það í samkeppni við þá sem eru hér á markaðnum fyrir. Það séu sem sagt þessi tvö markmið, númer eitt að framleiða sement á Íslandi og selja það, en númer tvö að sjá til þess að samkeppni verði á þeim markaði.

Ég tel að það hljóti að verða að vera hluti, og þess vegna stend ég hér upp, af því sem stjórnvöld þurfa að sjá til með í sambandi við þessa sölu að menn séu sammála um þau markmið sem þeir hafa sett sér. Þau eru mörg, við höfum farið yfir þau hér í dag, þau eru framleiðsla á sementi, þau eru að hægt sé að halda áfram að eyða hér úrgangsefnum og að hægt sé að fara að eyða fleiri úrgansefnum. Þau eru líka að sjá til þess að samkeppni verði á sementsmarkaðnum á Íslandi.

[18:43]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði, að hann væri hlynntur því ef hægt væri að tryggja samkeppni.

Hæstv. ráðherra sagði að það væri ekki hægt að hafa áhrif á það hver kaupir. Það er hægt að hafa vilja og hægt að leggja fram skoðun, en í raun er ekki hægt að hafa áhrif á það hver kaupir í sjálfu sér né heldur að tryggja að það haldi til einhvers tíma þó að einhver sem kaupi lýsi því yfir að hann hafi fullan áhuga á að framleiða þetta og hitt. Það er því mikil trúgirni að halda að það sé hægt.

Ég vil bara spyrja hv. þm.: Trúir hann því virkilega að ef sementsframleiðsla leggst af, að hér verði hægt að halda uppi raunverulegri samkeppni í innflutningi á sementi um allan þennan veg að fara? Trúir hann því virkilega að hægt verði að halda hér uppi raunverulegri samkeppni á einkamarkaði ef sementsframleiðslan leggst af og keppnin á bara að standa um innflutning á sementi á þennan litla markað? Trúir hann því virkilega?

[18:45]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ja, verður maður ekki að trúa því? Erum við ekki að reyna að trúa því að það sé samkeppni á íslenskum markaði um vörur sem fluttar eru inn og seldar? Ætti ekki að vera hægt að gera það með sement eins og aðrar vörur? Og eigum við einhverra kosta völ annarra en að reyna að sjá til þess að samkeppnin verði?

Ég tel að þó að ekki sé hægt að velja þá aðila sem muni bjóða í verksmiðjuna og vilja kaupa hana séu menn þó í þeirri stöðu að það sé ekki nákvæmlega sama hverjir bjóði í verksmiðjuna. Ég tel t.d. að það muni stríða gegn samkeppnisreglum og -lögum hér í landinu ef Aalborg Portland býður í verksmiðjuna því að þá væri verið að skapa einokun með sölunni, og það stæðist hreinlega ekki samkeppnisreglur að selja þeim verksmiðjuna.

Ég held þess vegna að stjórnvöld geti gert ýmislegt til að sjá til þess að sá aðili sem tekur við rekstrinum, þ.e. ef hann finnst, það vitum við ekki enn þá, verði samkeppnisaðili við þennan innflutning sem er í gangi en að það verði ekki fyrsta skrefið að einokun eins og hv. þm. sagði áðan.

[18:46]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka þá skoðun sem ég hef hér haldið fram að markmiðið í þessu á að vera að tryggja bæði framleiðslu á sementi hér á landi og sömuleiðis að finna víðtækara og fjölþættara hlutverk fyrir Sementsverksmiðjuna og tryggja stöðu hennar og rekstur á Akranesi, og tryggja þar með samkeppni á sementsmarkaði hér á landi.

Þetta á að vera meginhlutverkið, ekki bara að selja og selja sölunnar vegna eða að eigandinn hlaupi frá skuldbindingum sínum og ábyrgð gagnvart bæði Sementsverksmiðjunni og í rauninni því að það sé samkeppni á sementsmarkaði hér á landi.

Við verðum að gera okkur grein fyrir smæð og fámenni landsins okkar, og fjarlægð frá meginlandinu. Sement er nokkuð sem verður að flytja með skipum og er ekki svo rosalegur markaður fyrir miðað við önnur lönd. Engu að síður skiptir það máli fyrir hinn almenna Íslending að verð á sementi sé sem lægst.

Það er hægt að vera alveg sammála hv. þingmanni og vona og óska eftir og langa til að trúa að þessar og hinar aðgerðir leiði til þess að hér sé örugg og góð samkeppni í sementi. Reyndin er samt sú að þessi viðskiptaheimur er harður og þar víla menn ekki fyrir sér hlutina. Ég er ekkert viss um að gæskan gagnvart einstökum neytanda hér á landi verði alltaf höfð að leiðarljósi þegar búið verður að selja þessa verksmiðju þó að ég voni að allt fari vel.

[18:49]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað er viðskiptaheimurinn harður, um það hafa menn séð dæmin þessa dagana. En það er hlutverk stjórnvalda að reyna að sjá til þess að leikreglurnar séu skýrar, að einokun komist ekki á, og að reyna að sjá til þess að samkeppni komist inn í þau verkefni sem eru að koma ný, eins og þessi hér. Við höfum ekki séð samkeppni á sementsmarkaðnum fyrr en Aalborg Portland kom inn á markaðinn með sína sölu á sementi. Síðan hefur Sementsverksmiðjan þurft að glíma við þetta verkefni.

Það er greinilegt að með því verði sem hefur verið á markaðnum síðan er Sementsverksmiðjan ekki samkeppnisfær. Það er verið að gera tilraun með þessari hugmynd um sölu á verksmiðjunni til þess að koma henni inn í öðruvísi umhverfi, og við vitum að við getum ekki sem forsvarsmenn ríkisins haldið áfram að framleiða sement og greiða það niður í samkeppni við innflutt sement. Við höfum einfaldlega skrifað undir reglur og samninga sem gera okkur það ekki kleift. Þetta er leiðin sem við getum farið, þ.e. að koma fyrirtækinu í hendur annarra aðila, að styðja við bakið á því með verkefnum sem við höfum möguleika á en innflutningsaðilar hafa ekki sömu möguleika á að rækja.

Ég tel að það sé full átæða til að gera þessa tilraun og leyfi mér að vera bjartsýnn á að hún takist.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:51.

---

87. FUNDUR

þriðjudaginn 4. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Lögmenn, stjfrv., 612. mál, þskj. 975. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 622. mál, þskj. 995. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Ábyrgðasjóður launa, stjfrv., 649. mál, þskj. 1055. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 636. mál, þskj. 1031. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, stjfrv., 648. mál, þskj. 1053. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Álverksmiðja í Reyðarfirði, stjfrv., 509. mál, þskj. 1061, brtt. 1067. — 3. umr.
7. Stjórnsýslulög, stjfrv., 348. mál, þskj. 384. — 3. umr.
8. Staðlar og Staðlaráð Íslands, stjfrv., 461. mál, þskj. 699, nál. 1058. — 2. umr.
9. Útlendingar, stjfrv., 168. mál, þskj. 168, nál. 1004. — 2. umr.
10. Hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir, stjfrv., 350. mál, þskj. 387, nál. 1003. — 2. umr.
11. Fyrirtækjaskrá, stjfrv., 351. mál, þskj. 388, nál. 1005. — 2. umr.
12. Kosningar til Alþingis, stjfrv., 391. mál, þskj. 452, nál. 1049, brtt. 1050. — 2. umr.
13. Almannavarnir o.fl., stjfrv., 464. mál, þskj. 702, nál. 1047, brtt. 1052. — 2. umr.
14. Búnaðarlög, stjfrv., 241. mál, þskj. 245, nál. 1046. — 2. umr.
15. Eftirlit með skipum, stjfrv., 360. mál, þskj. 400, nál. 998, brtt. 1000. — 2. umr.
16. Vinnutími sjómanna, stjfrv., 390. mál, þskj. 451, nál. 999. — 2. umr.
17. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 377. mál, þskj. 429, nál. 978. — 2. umr.
18. Ársreikningar, stjfrv., 427. mál, þskj. 553, nál. 979, brtt. 980. — 2. umr.
19. Samvinnufélög, stjfrv., 519. mál, þskj. 860, nál. 1025. — 2. umr.
20. Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, stjfrv., 520. mál, þskj. 861, nál. 1026. — 2. umr.
21. Einkahlutafélög, stjfrv., 521. mál, þskj. 864, nál. 1023. — 2. umr.
22. Hlutafélög, stjfrv., 522. mál, þskj. 865, nál. 1024. — 2. umr.
23. Samkeppnislög, stjfrv., 547. mál, þskj. 894, nál. 1027. — 2. umr.
24. Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 548. mál, þskj. 895, nál. 1028. — 2. umr.
25. Aðgerðir gegn peningaþvætti, stjfrv., 549. mál, þskj. 896, nál. 1048. — 2. umr.
26. Tóbaksvarnir, stjfrv., 415. mál, þskj. 524, nál. 1054. — 2. umr.
27. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, stjfrv., 543. mál, þskj. 890, nál. 1044. — 2. umr.
28. Vegagerð milli Loðmundarfjarðar og Seyðisfjarðar, þáltill., 361. mál, þskj. 401. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Álverksmiðja í Reyðarfirði, 509. mál, brtt. SJS o.fl., þskj. 1067.

Meistaranám iðngreina, 656. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 1069.

Starfslokasamningar hjá Byggðastofnun, 657. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 1070.

Útflutningur á óunnum fiski, 658. mál, fsp. EKG, þskj. 1071.

Útgáfa ritverksins Saga Íslands, 655. mál, fsp. ÖS, þskj. 1068.

Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir, 518. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1065; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1066.

Þriðja kynslóð farsíma, 659. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 1072.

Athugasemdir um störf þingsins.
Svar við fyrirspurn.

[13:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Á þskj. 1001 var svar frá hæstv. viðskrh. við fyrirspurn minni um starfslokasamninga frá Byggðastofnun. Ég hef tvær athugasemdir við þetta svar frá hæstv. ráðherra. Fyrri er sú að ég hef fengið upplýsingar frá kjaranefnd um að svarið varðandi launakjör forstjóra þar sé ekki alls kostar réttar upplýsingar og hefur kjaranefnd látið viðskrn. vita af því.

Í öðru lagi er niðurlag svarsins um ákvæði um tilfærslu á lífeyrisréttindum forstjóra Byggðastofnunar mjög óskýrt og illskiljanlegt. Í því tilefni hef ég lagt fram aðra fyrirspurn til hæstv. viðskrh. um það atriði og var því dreift hér í dag á þskj. 1070. Ég óska eftir því, herra forseti, að þegar svar berst, sem ég geri ráð fyrir að verði áður en þingi lýkur síðar í mánuðinum, verði einnig komið áleiðis leiðréttingu á öðrum atriðum sem kjaranefnd telur að ekki sé rétt farið með í svari við fyrri fyrirspurn minni.

[13:34]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil benda hv. þm. á að það er föst starfsvenja þingsins að ef villur slæðast í þingskjöl þá eru þau prentuð upp. En hins vegar ræður þingið ekki efnisatriðum þingskjala.

Lögmenn, frh. 1. umr.

Stjfrv., 612. mál (EES-reglur, námskröfur). — Þskj. 975.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Álverksmiðja í Reyðarfirði, 3. umr.

Stjfrv., 509. mál. — Þskj. 1061, brtt. 1067.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1067. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv.

[13:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég byrja á að mæla fyrir brtt., sem dreift hefur verið, við það frv. sem nú er að koma til 3. umr. á þessum fundi og reyndar á öllum hinum fundunum sem standa hérna yfir. Þetta er á þskj. 1067, herra forseti, og þingið hefur góðfúslega veitt leyfi fyrir því að brtt. komi á dagskrá með afbrigðum eins og venja er.

Tillaga þessi gengur út á það, herra forseti, að skilyrða gildistöku laga þessa frv. þannig að það öðlist þá fyrst gildi 15. maí nk. að þjóðin hafi í almennri atkvæðagreiðslu, þjóðaratkvæðagreiðslu, samþykkt byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði í tengslum við hana og gerir jafnframt ráð fyrir að hæstv. dómsmrh. setji að höfðu samráði við allshn. nánari reglur um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

Það er, herra forseti, víðtæk krafa uppi í þjóðfélaginu um að þjóðin fái sjálf að ráða niðurstöðu þessa örlagaríka máls og sú krafa er mjög vel undirbyggð af efni máls og öllum aðstæðum fyrir utan að þannig stendur á, herra forseti, að það er afar handhægt að koma því við að þjóðin láti álit sitt í ljós samhliða alþingiskosningunum 10. maí nk. Upplýst hefur verið að ekki hafi enn verið undirritaðir og ekki verði á allra næstu dögum, það ég best veit, neinir skuldbindandi samningar, herra forseti, jafnvel ekki fyrr en í aprílmánuði nk. þannig að þó að þessi tillaga yrði samþykkt og þessi kosning færi fram, þá er — herra forseti, ég held að það sé best að gefa fundarhlé og leyfa þeim að fara sem ekki nenna að vera hérna í vinnunni sinni, þá getum við hin haldið áfram að ræða málin.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég er sammála hv. þm. Ég stóð upp til að reyna að þagga niður í þingmönnum.)

Það er ákaflega hvimleitt að það er yfirleitt aldrei hægt að hefja hér fund eftir að atkvæðagreiðslur eða annað hefur farið fram. Þá spýtast menn úr salnum. Mönnum liggur svo óskaplega á í burtu að ekki heyrist mannsins mál í fyrstu fimm mínúturnar og ég legg til að tekin verði upp sú skipan mála að gefa jafnan fimm mínútna fundarhlé þannig að menn komist úr salnum, þeim sem liggur svo á til annarra verkefna en vera hér í þingsölum og ræða málin. Það er satt best að segja dapurlegt, herra forseti, fyrir þingreynda menn að horfa upp á það hvernig þetta versnar ár frá ári, að hér tæmist salurinn jafnharðan og skyldumætingunni er lokið. Þegar atkvæðavélarnar hafa skilað sínu, þá eru menn horfnir úr salnum. (**KHG:** Þá taka kjaftavélarnar við.) Já, herra forseti, og frammíkallsvélarnar sem hafa mikið fram að færa eins og kunnugt er, herra forseti. Menn merkja sig með málflutningi sínum, herra forseti, og frammíköllum eins og viðeigandi er. Það kunna þeir vel, ýmsir vinir okkar úr Framsfl. sem hafa mikið fram að færa eins og þjóðin veit um hundasúrur og fjallagrös. Þeim bregst ekki bogalistin. En að ræða pólitík er hins vegar öllu erfiðara fyrir Framsfl., enda hefur hann ekki mikið fram að færa, þessi miðjuflokkur jafnhugsjónasnauður og steingeldur og hann er orðinn. Hann er eins og gömul kvíaær sem er búin að ráfa heim á kvíarnar af gömlum vana en á þangað ekkert erindi.

Herra forseti. Ég ætla þá að reyna að komast til þess aftur að mæla fyrir tillögunni ef ég fæ aðeins frið til þess. (**KHG:** Jæja, þú ert að komast í gang.) Já, ég skal kannski taka smárispu á Framsfl. við tækifæri, herra forseti. Hann á það alveg skilið. (**KHG:** Aldrei þessu vant.) Já, ætli það ekki.

Herra forseti. Það er sem sagt þannig að aðstæðurnar bjóða upp á það og ekki verða færð fram nein sannfærandi rök fyrr því að af því hljótist eitthvert tjón að samþykkja þessa tillögu samanber þetta sem ég var áðan að segja að væntanlega verða ekki gerðir neinir skuldbindandi gerningar í þessu máli fyrr en jafnvel í aprílmánuði nk. Það mundi því aðeins fresta upphafi framkvæmdanna um fáeinar vikur að þjóðin fengi að segja sitt álit í kosningunum, þ.e. að því tilskildu að hún féllist á þær framkvæmdir. Mundi hún hins vegar fella þær, þá geri ég ráð fyrir að lýðræðislega þenkjandi mönnum yrði þá mjög létt að þeirri óhæfu hefði verið afstýrt að ákvörðun í þessu máli hefði verið tekin í andstöðu við meiri hluta þjóðarinnar. Það er auðvelt, herra forseti, að færa rök fyrir því að þjóðin hafi ekki jafnvel í aldir staðið frammi fyrir stærra máli, a.m.k. ekki hvað varðar meðferð

landsins og nýtingu þess. Ég býst við að í stjórnmálalegu tilliti megi segja að sjálfstæðisbaráttan, lýðveldisstofnunin og aðrir slíkir hlutir séu af svipaðri stærðargráðu og engum manni hefur nokkurn tíma dottið í hug að grundvallarskipan mála af því tagi yrði leidd til lykta nema af þjóðinni sjálfri. Það dettur engum í hug að við göngum í Evrópusambandið nema þjóðin sjálf taki ákvarðanir í því máli jafnvel bæði hvort við eigum að fara í slíkar viðræður og þá að niðurstaðan verði lögð í dóm þjóðarinnar. Er það ekki sambærilegt þegar við erum að taka kannski stærstu ákvarðanir nokkru sinni um ráðstöfun landsins að þjóðin ráði því þá sjálf? Ég held það, herra forseti.

Það er alveg ljóst að Kárahnjúkavirkjun, ef í hana verður ráðist með álverinu sem henni fylgir, verður samanlagt mesta umhverfisslys Íslandssögunnar af mannavöldum a.m.k. á grundvelli ákvarðana sem menn eru ekki neyddir til að taka eins og þeirra að nauðbeita og eyða skógunum. En það er engin nauð sem rekur Íslendinga á árinu 2003 til að fara svona með landið sitt. Fimmta ríkasta þjóð í heimi hefur efni á því að fara vel með landið og þarf ekki að vinna á því spjöll af þessu tagi.

Þegar það svo bætist við, herra forseti, að það hellast yfir okkur þessa dagana upplýsingar um það að þetta verkefni verði ekki bara mesta umhverfisslys Íslandssögunnar heldur mjög sennilega einnig eitt mesta efnahagsslys Íslandssögunnar fara sennilega að renna tvær grímur á mann og mann, eða hvað? Er mönnum alveg nákvæmlega sama um hin efnislegu rök málsins? Er það bara hið pólitíska valdboð sem skal ráða niðurstöðunni sama hvaða upplýsingar og rök koma á borðin? Er þá ekki eitthvað að, herra forseti, ef á þessa menn bítur hvorki járn né rök? Það er vaðið áfram í málinu að þessum hætti og það er ekki eins og það þurfi að fara langt til að sækja rökin fyrir því sem ég er að fullyrða um hið efnahagslega stórslys sem er í uppsiglingu. Margir af þekktustu hagfræðingum þjóðarinnar segja það. Helsta málgagn viðskiptalífsins, Viðskiptablaðið, er undirlagt af umfjöllun um hin neikvæðu efnahagslegu áhrif í okkar litla hagkerfi sem verða af þessu risaverkefni ef því verður troðið inn í hagkerfið á fáeinum árum til viðbótar við allt sem þar er fyrir, til viðbótar við stækkun álvers á Grundartanga og virkjana sem því tengjast, til viðbótar við ýmsar aðrar stórar framkvæmdir í landinu. Þá er ósköp einfaldlega mat manna það að fórnarkostnaðurinn, ruðningsáhrifin, sem annað atvinnulíf, efnahagslegur stöðugleiki, skuldsett heimili í landinu verði að bera verði gríðarlegur, og fyrir hvað? Fyrir framkvæmd sem mjög sennilega verður verulega þjóðhagslega óarðbær. Það er a.m.k. sá hlutinn sem að Íslendingum sjálfum snýr, það er bygging virkjunarinnar og sala á raforku á útsöluverði til erlends félags sem á álverið á $^1/_6$ til $^1/_{10}$ af því sem landsmenn sjálfir þurfa að borga fyrir orkuna úr sínum eigin virkjunum. Er það ekki eitthvað öfugsnúið, herra forseti, að við sem eigum þetta land og getum beislað orkuna okkur til hagsbóta ef við viljum svo og höfum vit til þess erum að ráðstafa stærstu virkjanakostunum á útsöluverði til útlendinga en þrælum upp verðinu á okkur sjálf þannig að það er hærra en í nágrannalöndunum? Það er allt og sumt sem við berum úr býtum, almennir raforkukaupendur í landinu í þessu orkuríka landi, að það er ódýrara að kynda hús með innfluttum orkugjöfum, olíu, kolum eða hvað það væri heldur en að nota til þess íslenska rafmagnið og á það þó að geta verið einhver ódýrasta orka í heimi ef allt er með felldu. Það er fátt betra en snyrtileg afskrifuð rennslisvirkjun, t.d. í bergvatnsá, sem hægt er að reisa ef skynsamlega er að málum staðið með sáralitlum umhverfisáhrifum og er auk þess afturkræf, eða að virkja gufuafl eftir því sem á þarf að halda til viðbótar handa okkur til almennra nota í landinu. Það er ekkert mál, herra forseti. Það eru ótal möguleikar úti um allt. Það þarf ekki annað en bæta bara í rólegheitum við einni og einni túrbínu á Nesjavöllum eða við Kröflu. Þá höfum við landsmenn nóg fyrir okkar vaxandi þarfir upp á nokkur megavött á ári eða svo.

En það er ekki það sem er að setja orkureikning landsmanna á hvolf. Það er alveg hið gagnstæða. Það er þessi undarlega árátta að vilja ráðstafa bestu virkjanakostum í landinu, stærstu og aflmestu virkjanakostunum, og gleyma þá umhverfisáhrifunum í bili, ráðstafa þeim til útlendinga á útsöluverði. Hvernig sem á þetta er litið, herra forseti, hvort sem við lítum til hinnar umhverfislegu hliðar — ég held að þar hafi meira en nægjanlegur málflutningur farið fram til þess að þjóðin sé nokkuð með það á hreinu að þarna á að fara að færa skelfilegar fórnir. Það getur enginn maður borið á móti því og ég held að það reyni enginn hér, ekki einu sinni hv. þm. Einar Már Sigurðarson og kann þó að vera að hann telji þetta lítils virði sem þarna á að fara undir vatn. Þá er best að hann svari fyrir það. Mér dettur hann fyrstur manna í hug, næstur á eftir hæstv. umhvrh. sem eins og kunnugt er er djörf á það að láta í ljósi álit sitt á náttúrunni og ýmsum fyrirbærum þar og þykir ekki alltaf mikið til koma, samanber Eyjabakka forðum, eða mynd Ómars Ragnarssonar sem snart ekki mikið hjörtu þeirrar manneskju, eða hjarta er það víst í eintölu, og alveg nóg, sennilega meira en nóg að hafa það í eintölu.

Nei, herra forseti, umhverfisáhrifin eru til staðar og þeim getur enginn maður mótmælt. Það sem menn geta haldið fram og fært fyrir rök er að hinn efnahagslegi ávinningur sé svo gríðarlegur að það réttlæti þessi umhverfisspjöll. Það er væntanlega það sem menn byggja þá afstöðu sína á ef þeir eru stuðningsmenn þessara mála. Þá fallast þeir á það að það megi leggja þennan hagræna mælikvarða á náttúruverðmætin. Ég er ósammála því. Mér væri alveg nákvæmlega sama hvað erlendir auðkýfingar byðu í Flateyjarbók, ég mundi aldrei fallast á að hún yrði seld, aldrei, ekki af því að ég gæti ekki skilið að þjóðin gæti blómstrað á öllum þeim auðæfum sem hugsanlega kæmu þannig inn í landið, eða að það gæti komið sér vel. Það er ekki vandinn. Vandinn er sá að við höfum ekki siðferðilegan rétt til að taka slíka ákvörðun. Við getum það ekki. Það er ekki í okkar valdi. Það er utan marka þess sem við höfum siðferðilega leyfi til að gera sem ein einasta kynslóð í landinu, og ég vona að það séu margir sammála mér. Það væri alveg sama hvaða verð útlendingar kæmu og byðu í Flateyjarbók. Hún yrði ekki látin úr landinu. Hún má reyndar ekki fara úr landinu. Það eru lög um það.

Er það ekki alveg eins með náttúruna sjálfa? Eru ekki gersemar í náttúrunni sem eru alveg sambærilegar í raun við Flateyjarbók? Er sammannlegur arfur, ekki bara þessarar þjóðar í raun og veru heldur mannkynsins — þó að við séum ekki mjög stórir, Íslendingar, förum við í vissum tilvikum með hlutverk sem hefur alheimsgildi. Það snýr að hlutum sem engir aðrir geta passað upp á, íslenskri tungu og menningu, Flateyjarbók, konungsbók Eddukvæða og landinu. Við erum gæslumenn þessa lands, ekki bara fyrir hönd okkar sjálfra, heldur einnig komandi kynslóða í landinu og fyrir allt mannkynið. Þess vegna er það, herra forseti, algerlega fráleitt, það er lagalega afbökun og það er siðferðilega út

úr kortinu að einfaldur meiri hluti á Alþingi knýi svona ákvörðun í gegn, mögulega í trássi við vilja meiri hluta þjóðarinnar þegar í hlut á ákvörðun af þessari stærðargráðu sem er óafturkræf. Þjóðin vill sjálf axla þessa ábyrgð. Það vill svo til, herra forseti, að í höndum okkar er glæný, tiltölulega vönduð skoðanakönnun þar sem þetta var nákvæmlega borið undir þjóðina. Hver á að taka ákvörðunina í þessu stóra og afdrifaríka máli ef í yrði ráðist? Jú, það er spurt um það í vandaðri könnun sem fyrirtækið Gallup lagði fyrir 1.250 manns dagana 22. janúar til 4. febrúar. Fjöldi svarenda var um 800 þannig að svarhlutfallið var 67% sem er ágætt. Niðurstaðan var algerlega afdráttarlaus. Bornar voru upp tvær spurningar, annars vegar hver væru viðhorf fólks til þjóðaratkvæðagreiðslna almennt um mikilvægustu mál þjóðarinnar, og rétt tæp 80% eru þeirrar skoðunar að þau eigi að ráðast í þjóðaratkvæðagreiðslum. Þetta skiptir máli vegna þess að stundum er sagt við okkur að þjóðaratkvæðagreiðslur séu í rauninni bara einhver afbökun á því fyrirkomulagi sem við höfum valið okkur, notuð sú röksemdafærsla að af því að við kjósum okkur þingmenn á fjögurra ára fresti sé verið að taka eitthvert hlutverk af þeim ef þjóðin fær að segja sína skoðun. Þetta er auðvitað fráleitur málflutningur. Það er aldrei hægt að nota slík rök gegn beinu lýðræði. Það er ævinlega rétthærra heldur en eitthvert fulltrúalýðræði af þessu tagi, að sjálfsögðu með fullri virðingu fyrir því. Þjóðin er þeirrar skoðunar að mikilvægustu mál eigi að leggja í hennar dóm, eðlilega, og þegar spurt er um Kárahnjúkavirkjun kemur þessi afstaða sömuleiðis fram. Tæp 65% þjóðarinnar eru þeirrar skoðunar að þjóðin sjálf ætti að taka ákvörðunina. Það ætti að bera þetta undir þjóðaratkvæði.

Nú eru hér í salnum, voru a.m.k. áðan, ýmsir menn sem taka mikið mark á skoðanakönnunum. Það er jafnvel sagt að sumir láti það meira og minna ráða lífi sínu, a.m.k. hinu pólitíska lífi. Hvar eru þeir menn nú? Hvar er Samfylkingin nú sem hefur heilmikið álit á skoðanakönnunum, a.m.k. þessa dagana? Tekur hún ekkert mark á því að afgerandi meiri hluti þjóðarinnar vill fá að segja álit sitt í þessu máli? Það er eins og mig minni, herra forseti, að Samfylkingin, sem er einn af Kárahnjúkaflokkunum, hafi talað mikið um beint lýðræði og jafnvel þjóðaratkvæðagreiðslu. Nú gefst Samfylkingunni kjörið tækifæri til að sýna viljann í verki. Ég vænti auðvitað ótvíræðs stuðnings við þessa tillögu sem er einföld og skýr og getur ekki skýrari verið, að samhliða þingkosningunum laugardaginn 10. maí nk. fái menn í hendur annan atkvæðaseðil þar sem þeir einfaldlega merkja já eða nei við spurningunni um það hvort eigi að byggja Kárahnjúkavirkjun og tilheyrandi álver í Reyðarfirði.

Eins og ég fór yfir hér áðan, herra forseti, eru aðstæðurnar þannig að það er óvenjulega handhægt að koma þessari kosningu við. Hún hefur engin teljandi áhrif á það framkvæmdaferli sem fyrirhugað er, mundi tefja upphaf einhverra framkvæmda e.t.v. um fáeinar vikur en vonandi auðvitað koma í veg fyrir þær um aldur og ævi. Ég er þeirrar trúar að þjóðin mundi hafna þessu verkefni. Ég held að andstaðan við það vaxi dag frá degi núna. Eftir því sem upplýsingarnar hellast yfir þjóðina og síast út á meðal manna hryllir fleiri og fleiri við þessu fyrirbæri.

Ég held að atburðir eins og sýning myndar Ómars Ragnarssonar — eigi hann heiður skilið fyrir sitt framtak — og viðtalsþáttur við Guðmund Pál Ólafsson náttúrufræðing og eins og þær miklu upplýsingar sem núna hellast inn á borð okkar um hin geysilega neikvæðu þjóðhagslegu áhrif af þessum framkvæmdum, ef farið verður í þær, séu á góðri leið með að sveifla almenningsálitinu þannig gegn þessari framkvæmd að það yrði miklu meira en nóg. Og er þá allur málflutningurinn eftir, herra forseti, sem fram mundi fara í tengslum við eða í aðdraganda kosningarinnar. Þá gæfist auðvitað tækifæri til að rökræða þetta mál, upplýsa um það og hafa það til umfjöllunar á tugum og hundruðum framboðsfunda um allt land. Fólk gæti þar af leiðandi aflað sér frekari upplýsinga, spurt menn út úr, rökrætt málið og myndað sér heilsteypta skoðun á því. Treystum við ekki þjóðinni? Ekki getur það verið vandinn að nokkrum manni í þessum sál, þingræðissinna, detti í hug að þjóðin sé ekki fullfær um að meta þetta mál sjálf og kjósa um það samhliða því að hún kýs sér þingmenn. Stundum heyrist að vísu einstaka hjáróma rödd um að sum mál séu svo flókin að þau henti ekki í þjóðaratkvæði. Það er einhver allra ömurlegasti málflutningur sem ég heyri. Menn geta alveg eins haft ónefnd orð um gáfnafar þjóðarinnar, og það ætla ég a.m.k. ekki að gera. Það er ekkert í þessu máli sem er þannig vaxið að það sé ekki auðvelt að upplýsa um það og kynna það. Við höfum mikil gögn. Við höfum matsskýrsluna. Við höfðum úrskurð Skipulagsstofnunar. Þjóðin mun hafa það á hreinu að Skipulagsstofnun felldi málið, gaf því falleinkunn, taldi það ótækt vegna hinna miklu óafturkræfu, neikvæðu umhverfisáhrifa. Það mun þá líka rifjast upp fyrir þjóðinni hafi einhverjir gleymt því að ástæðan fyrir því að haldið var áfram var pólitískt handafl umhvrh. Og ef við gefum okkur það andartaksstund, herra forseti, að umhvrh. hafi verið alveg ein í ráðum, að ein einasta manneskja, hæstv. umhvrh. Siv Friðleifsdóttir, eigi að bera þá ofurbyrði á sínum herðum inn á spjöld stjórnmálasögunnar að hafa tekið þessa ákvörðun, líður einhverjum vel með það? Ekki mundi mér gera það ef ég væri í hennar sporum, þessa hæstv. ráðherra. Það á ekki að standa svona að málum þegar jafnafdrifaríkir hlutir eru á ferðinni. Það er algert lágmark að þetta mál fái að fara til þjóðarinnar.

Það er ein mjög góð röksemd eftir, herra forseti, og hún er sú að við þurfum að lifa með niðurstöðunni. Þetta mál er búið að rífa þjóðina í sundur. Það hefur haft djúp tilfinningaleg áhrif á mikinn földa fólks. Það get ég borið um, sennilega einna best allra núlifandi Íslendinga því að margir hafa haft samband við mig, átt við mig símtöl og sent mér bréf á undanförnum mánuðum út af þessu máli. Ég ætla ekki fara að gerast væminn og rekja það í einstökum atriðum, enda reyni ég að halda aftur af mér með að vitna í tveggja manna samskipti, en það get ég sagt ykkur að marga rólegheitamenn hef ég átt samtöl við á undanförnum vikum sem hefur verið mikið niðri fyrir í þessum málum, hafa sýnt af sér meiri tilfinningar en ég hef nokkurn tíma áður upplifað í samskiptum við kannski sömu menn. Það að fá upphringingar frá fólki með grátstafinn í kverkunum kvöld eftir kvöld eða þegar einhverjir atburðir hafa orðið eins og myndasýningar eða stórir fundir, fá löng persónuleg bréf frá lífsreyndu, þroskuðu fólki sem lýsir fyrir manni andvökunóttum sínum, það kemur við mann, herra forseti. Það kemur við mann.

Ég get sagt það hér að mér fyndist hálfpartinn sem verið sé að rífa eitthvað út úr brjóstinu á mér eigi þetta að gerast. Það er bara þannig. Í raun þyrfti ég ekki nein sérstök efnisleg rök í þessu máli. Ég þarf þau ekki í sjálfu sér. Ég mundi greiða atkvæði hér á Alþingi út frá tilfinningum mínum og minni djúpu sannfæringu sem kemur bara innan frá sem er slík að þetta gerum við ekki, svona förum við ekki með

landið okkar. Sama væri hversu fýsilegt þetta verkefni liti út fyrir að vera á pappírunum. Það er engin nauð sem rekur okkur til þess. Það er fráleitt að reyna að halda því fram að atvinnu- og byggðamál í einum landshluta — ekki í heilum landshluta heldur á einu litlu svæði — þó erfið séu og þó við viljum virkilega mikið á okkur leggja til að betur gangi á miðsvæði Austurlands, nægi sem réttlæting. Það er bara ekki þannig.

Hvert erum við komin? Hvar erum við á vegi stödd ef við notum tímabundna, staðbundna erfiðleika sem út af fyrir sig eru ekki meiri á Austurlandi en annars staðar á landsbyggðinni til að réttlæta svona fórnir. Jú, það er augljóst mál, herra forseti. Þá getum við gleymt þessu. Þá skulum við ekkert vera að tala um umhverfisvernd. Þá skulum við bara viðurkenna að henni er ýtt til hliðar þegar á þarf að halda.

Það er auðvitað fjarri öllu lagi, herra forseti, að við þurfum að kosta slíku til einhverra hundruða starfa í einum landshluta, þó það væri á landinu öllu, hluta af þeim störfum sem hvort sem er þurfa að verða til í almennu atvinnulífi í landinu á hverju einasta ári. Væntanlega verða til 700 störf varanleg í lokin á þessum gríðarlegu framkvæmdum sem taka mörg ár. Hvað eru þau, herra forseti? Hvað eru þau? Vissulega geta þetta orðið vel launuð og ágæt störf upp til hópa. Ég dreg ekkert úr því. Það er talsvert af ágætisstörfum í nútímatæknivæddu álveri, stjórnunarstörfum og yfirmannastörfum. Önnur eru kannski ekki eins spennandi en þó skárri en þau voru áður vegna þess að loftmengun er minni í kerskálum en hér var í eina tíð.

Svona járnbræðslugrýti var ekki mjög félegt eins og tæknin var um miðja síðustu öld og króníski vinnusjúkdómar voru nánast óumflýjanlegur fylgifiskur vinnu á slíkum stöðum. Það hefur breyst og talsvert fellur þarna til af ágætum störfum. En er það nóg? Réttlætir það hvað sem er? Nei, herra forseti, svo er náttúrlega ekki. Sumir hlutir eru þannig að það er bara yfir höfuð betra að vera án starfanna. En valið stendur ekki um það. Það er ekkert þannig sem þetta er.

Á Íslandi þar sem er nánast ekkert atvinnuleysi, nema kannski tímabundið núna, og möguleikarnir eru alveg gríðarlegir, ekki þrengir að okkur landleysið eða skortur á auðlindum, þá er það einfaldlega þannig að ef vinnuaflið binst ekki í þessu þá leitar það í eitthvað annað.

Hér er í raun og veru farið öfugt að. Við eigum að byrja á að svara spurningunum: Hverjar vildum við helst að yrðu vaxtargreinar íslensks efnahags- og atvinnulífs á komandi árum? Ég trúi því að við kæmust þá að þeirri niðurstöðu að við vildum gjarnan að hér efldust hátækni- og þekkingargreinar, að við héldum áfram að sækja fram í vaxtargreinum í útflutningi sem hafa verið að gera það gott að undanförnu, iðnaði tengdum sjávarútvegi, lyfjaiðnaði og öðru í þeim dúr.

Þannig er, herra forseti, miðað við það litla sem ég þykist hafa lesið í þjóðhagfræði, að einmitt miðstýrð ákvörðun um að þessi stóra verksmiðja, þessi stóri vinnustaður, skuli reistur hvað sem tautar og raular með opinberum fjármunum er inngrip í frjálsa þróun atvinnulífsins. Það treður þessu verkefni inn í atvinnulífið og bindur mannafla og fjármagn í fyrirtæki sem ella leitar sér frjálst að möguleikum. Þeir eru til staðar, líka á Austurlandi, bullandi möguleikar. Það er ekki það sem háir Austfjörðum, ekki frekar en landsbyggðinni almennt.

Það má að vísu til sanns vegar færa, herra forseti, að landsbyggðin hafi verið misheppin með stjórnvöld að undanförnu, sem hafa hneppt höfuðatvinnugreinar landsbyggðarinnar, sjávarútveg og landbúnað, í kvótakerfi og ekki staðið sig sem skyldi við að hjálpa til við aðra uppbyggingu í staðinn. Það hefur verið heldur ræfilslegt sem gert hefur verið fyrir byggðarlög sem misst hafa frá sér lífsbjörgina vegna þess að kvótinn hefur verið keyptur í burtu. Ætli Hrísey sé ekki ágætt dæmi, herra forseti, sem við þekkjum báðir. Kvótinn var þar bara allt í einu á bak og burt og öll útgerð horfin af staðnum vegna sviptinga í eignarhaldi sjávarútvegsfyrirtækja sem Hríseyingar voru gersamlega varnarlausir gagnvart. Hvað var gert fyrir Hrísey? Það var haldinn fundur. Og hvað gátum við sagt? Ósköp lítið, þingmennirnir. Byggðakvótinn var búinn og sagt við þá í Hrísey: Því miður. Það er að sönnu skítt en byggðakvótinn, þessum sem úthlutað var þarna og þarna, er búinn og ekkert eftir handa ykkur. Við það hafa þeir búið. Svo koma sömu stjórnvöld og ætla að selja okkur það að þau séu einstaklega framsækin í byggðamálum af því að þau ætli að troða einu stykki verksmiðju á einn stað á landinu og kosta til gríðarlegum náttúrufórnum sem því eru samfara. Málið er auðvitað ekki í því samhengi, herra forseti, eða hægt að klæða það í slíkan búning.

Herra forseti. Ég fullyrði að þetta mál er hrunið hvað efnisleg rök fyrir því að ráðast í þessar framkvæmdir varðar. Þær eru ekki lengur til staðar. Þær voru aldrei til staðar. Það sem menn héldu kannski jákvætt við það er meira og minna hrunið líka, þ.e. hin jákvæðu efnahagslegu áhrif. Það eru yfirgnæfandi líkur á því, herra forseti, að þegar upp er staðið, er framkvæmdunum lýkur og verksmiðjan ein stendur eftir með 450 störf þá verði fórnarkostnaðurinn margfaldur, einnig í störfum talið. Minni möguleikar í útflutningsgreinum og nýjum tækifærum verða að öllum líkindum búnir að kosta okkur nokkur þúsund störf vegna neikvæðra efnahagsáhrifa þessarar risaframkvæmdar fyrir okkar litla íslenska hagkerfi. Hagfræðingarnir segja þetta, að ruðningsáhrifin verði slík að fjöldi fyrirtækja muni fara á hausinn.

Hvernig er gengið að þróast þessa dagana, herra forseti, þrátt fyrir tilraunir Seðlabankans til að hamla þar á móti með gjaldeyriskaupum og vaxtalækkunum? Krónan styrkist dag frá degi út á væntingarnar um hið gríðarlega gjaldeyrisinnstreymi þegar framkvæmdirnar hefjast. Aðalhagfræðingur Seðlabankans segir við okkur í dag: Jú, það er hægt að slaka vöxtunum núna í nokkra mánuði en strax bara í lok þessa árs eða byrjun næsta verður að gefa í á nýjan leik, keyra upp vextina, annars missum við þetta allt úr böndunum og skera helst allar framkvæmdir niður í ekki neitt. Framkvæmdaátakið mikla, herra forseti, sem var boðað á dögunum, upp á 6,3 milljarða — mönnum vinnst varla tími til að klára það, hvað þá annað áður en hér verður bara að skrúfa alveg niður í tækinu. Annars bara springur ketillinn.

Hvernig á okkar litla íslenska hagkerfi með fljótandi gjaldmiðli og veikum stýritækjum hvað varðar peningamagnsákvarðanir, vexti og annað slíkt, að ráða við þetta? Það er algerlega glórulaust. Svo koma menn og segja: Já, en Búrfell var jafnstórt þjóðhagslega. Hlutfallslega. Búrfell var jafnstórt. Eru menn að bera ástandið núna saman við efnahagslegar aðstæður í landinu þegar Búrfell var reist, þegar allt var bundið í báða skó og handstýrt, vextir, gengi og allir hlutir? Allar breytur efnahagslífsins voru handstýrðar. Það var algerlega eins og handstýrt tæki. Þá gátu menn stjórnað þessu öllu og hlutirnir voru í allt öðru samhengi. Þar fyrir utan þróuðust ytri aðstæður þannig á þeim tíma að þjóðarbúið varð fyrir stórkostlegu tekjutapi. Þannig má segja að það hafi verið lán í óláni. Eða muna menn ekki eftir því

hvernig aflabrögð þróuðust á þeim sömu árum? Þetta eru algerlega ósambærilegir hlutir. Það lágu fyrir þjóðhagsspár um hagvöxt strax á næsta ári upp á 1–2% án nokkurrar stóriðju. Það var nokkurn veginn það sem menn vilja. Hvað telja hagfræðingar að sé heppilegt að hafa mikinn jafnstöðuhagvöxt? Án þess að ég hafi nokkurn tíma skrifað upp á það sem speki lífs míns að þessi endalausi vöxtur þurfi alltaf að vera. Einhvern veginn endar það með ósköpum samkvæmt minni stærðfræði. Hlutirnir geta ekki vaxið endalaust. (**KHG:** Stjörnukerfið fer nú stækkandi.) Stjörnukerfið er að þenjast út en það er ekki stækkandi efnislega, hv. þm. Þetta veit ég betur en þú. Massinn er sá sami.

Herra forseti. Þegar við förum yfir þetta út frá þeim aðstæðum sem núna blasa við okkur, út frá þeim upplýsingum sem eru að hellast á okkar borð, verður alltaf fráleitara og fráleitara að við skulum standa í þessum sporum. Ég hef heyrt einhverja reyna að nota það sem afsökun gegn tillögu um þjóðaratkvæði eða sem skálkaskjól til að flýja af hólmi að þeir hafi áður haft uppi þær skoðanir að það eigi að bera stærstu mál undir þjóðina en það sé of seint. Það er ekki of seint. Samfylkingin og forsætisráðherraefnið skulu öll hafa það algerlega á hreinu að það er ekki of seint. Það er hægt að slá því á frest að ganga frá endanlegum skuldbindandi gerningum sem hefðu skaðabótaáhrif í för með sér ef rift væri, bíða með það í nokkrar vikur og leyfa kosningunni að fara fram. Það er þannig.

Ætlar hæstv. ráðherra, sem um tíma var settur umhvrh. og heiðrar okkur með nærveru sinni, þökk sé honum, í fjarveru sumra annarra, að halda öðru fram en það sé rétt mat á stöðunni að engir skuldbindandi samningar án fyrirvara hafi verið undirritaðir? Ég veit ekki betur. Annars væri það mjög alvarlegur hlutur, ef það væri ekki rétt. Við erum enn með annað grundvallarfrv. í höndunum sem Alþingi þarf að sjálfsögðu að afgreiða áður en menn undirrita bindandi samninga. Meðan ekki eru komnir á bindandi samningar milli lögaðila, fyrirtækjanna í dæminu, stendur málið að sjálfsögðu þannig að það á að heita að eingöngu undirbúningsframkvæmdir séu í gangi þó að vísu bendi margt til þess að þar séu menn komnir út fyrir þær heimildir sem veittar hafa verið.

Það er auðvitað mjög alvarlegur atburður, herra forseti, ef það er rétt að fyrirtækið Landsvirkjun hafi gefið verktökum grænt ljós á að fara í framkvæmdir sem ekki átti að hefja fyrr en endanlegir samningar væru undirritaðir og Alþingi hefði lokið umfjöllun sinni um mál, samanber sprengingarnar miklu sem þarna fóru fram á dögunum. Fer þá fyrir lítið loforð ráðherra Framsfl., hæstv. fyrrv. iðnrh., að engar framkvæmdir mundu fara fram fyrr en endanlegir og bindandi samningar lægju, t.d. um orkuverð. Það loforð var gefið úr þessum ræðustól gagnvart framkvæmdum þarna eystra á fyrri stigum. Menn fögnuðu þessu loforði og tóku það gilt og sögðu: Þetta er gott. Það er þá a.m.k. eitthvað ef við megum treysta því að menn fari ekki af stað fyrr en allar heimildir eru til staðar. Mönnum verður þar af leiðandi ekki stillt upp við vegg gagnvart þegar orðnum hlut úti í samfélaginu.

Finnst alþingismönnum það viðeigandi ef framkvæmdir eru farnar af stað áður en þeir hafa sagt sitt síðasta orð? Hver er metnaður manna fyrir þeirra eigin hönd og sinna starfa á Alþingi og þessarar stofnunar? Mér finnst að hæstv. forseti okkar mætti velta þessu fyrir sér. Er ekki lítið gert úr þinginu ef það er virkilega rétt að í reynd séu eiginlegar framkvæmdir utan ramma undirbúningsins farnar í gang og menn hafi gefið á þær grænt ljós? Það væri kannski ástæða til að fara yfir þetta. Þetta er eitt af því sem hv. þingnefndir hefðu gjarnan mátt skoða en mun eitthvað lítið hafa farið fyrir.

Herra forseti. Ég heimsótti grunnskóla í borginni í morgun, 8., 9. og 10. bekk, hóp nemenda úr þessum bekkjum. Við vorum að spjalla um ræðumennsku og stjórnmál og síðari hluti heimsóknarinnar fór í það að þau lögðu fyrir mig spurningar. Flestar spurningarnar voru um Kárahnjúkavirkjun. Án þess að ég ætli að fara að leggja þessu unga glæsilega fólki orð í munn eða gera því upp skoðanir þá vona ég að menn trúi mér þegar ég segi að það leyndi sér ekki að að uppistöðu til var þessi hópur og allir sem spurðu eða tjáðu sig efnislega um málið algerlega andvígir framkvæmdinni. Það snart mig dálítið að þetta unga fólk lagði sérstaka áherslu á óafturkræfnina. Það nálgaðist málið mjög mikið út frá því að þetta væri óafturkræf breyting á landinu sem það væri ekki sátt við. Það vildi geta farið þarna seinna og fengið að sjá þetta fallega svæði, þessa fallegu fossa, þennan fallega gróður, þetta fallega stuðlaberg og því finnst að það sé tekið eitthvað frá því ef þetta verður gert án þess að hafa átt þessa kost.

Það er nákvæmlega þetta, herra forseti, sem málið snýst um. Þarna verður unnið óbætanlegt tjón. Komandi kynslóðir í þessu landi munu aldrei geta séð ósnortinn Kringilsárrana ef þetta verður gert. Þær munu aldrei sjá fossinn Faxa í sínu rétta umhverfi. Þær munu aldrei sjá Gljúfrabúa. Það er verið að taka mikið frá okkur, ekki bara okkur sem núna lifum í landinu heldur óbornum kynslóðum. Höfum við rétt til þess að gera það þegar um svona stórfelldar breytingar, svona stórfellda röskun er að ræða? Ég held ekki. Ég held að við höfum ekki siðferðilegan rétt til þess að gera það í raun hvaða ávinningur næstum að segja sem í boði væri nema við teldum okkur sannanlega vera að afstýra þvílíkri þjóðarvá eða öðrum og enn þá meiri óhöppum að það væri einhvers konar neyðarréttur sem við værum að grípa til. Það væri það sem heitir á lagamáli „force majeure“. Er þetta „force majeure“? Er verið að grípa til neyðarréttar íslensku þjóðarinnar sem réttlætir það siðferðislega að eyðileggja þetta svæði? Nei, það er öðru nær. Það er eiginlega alveg öfugt. Það er þvert á móti verið að fara í þetta til þess mjög líklega að valda síðan öðru atvinnulífi og efnahagslífi í landinu og öðrum landsmönnum stórkostlegu tjóni. Því er þetta mál auðvitað, herra forseti, svo hörmulegt. Það á eftir að verða svo hörmulegt að það er þyngra en tárum taki.

Auðvitað verður maður að segja að ef í þessi ósköp verður ráðist þá vona ég að ég hafi þá að því leyti rangt fyrir mér. Auðvitað vona ég, ef þetta verður gert, að þetta gangi þá betur en ég óttast að það geri og ég hef í raun mjög sterka sannfæringu fyrir að það geri. Ég hef ekki trú á þessu fyrirbæri. Ég hef enga trú á því. Ég viðurkenni t.d. fúslega varðandi stækkun álversins á Grundartanga með sæmilega hagkvæmri virkjun sem þar bætir við framleiðsluna með tiltölulega lítilli viðbótarfjárfestingu, að nokkuð borðleggjandi er að það sé þjóðhagslega hagkvæmt dæmi og viðráðanlegt eitt og sér. Einhverjar miklu minni framkvæmdir eystra hefðu kannski verið það líka, t.d. ef álverið sem sett var á Grundartanga hefði risið einhvers staðar fyrir norðan eða austan og nú væri verið að stækka það. Það hefði getað verið þróun sem hefði getað verið miklu ásættanlegri. En það sem núna á að gera þarna er bara ósköp einfaldlega þannig, risavaxið bæði í umhverfislegum og efnahagslegum skilningi og svo neikvætt að það er að mínu mati algerlega óásættanlegt og

fráleitt og engin leið að styðja það miðað við efni máls og öll rök sem fyrir liggja í málinu. Þá og þá aðeins, herra forseti, hefði ég vonda samvisku ef ég hefði ekki gert allt sem í mínu valdi stendur til þess að koma í veg fyrir þetta stóra slys.

[14:20]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aðeins örstutt spurning sem vaknaði við ræðu hv. þm. Hann mælti fyrir brtt. varðandi það frv. sem hér er til umræðu sem gengur út á það að lögin öðlist gildi þegar fram hafi farið þjóðaratkvæðagreiðsla. Spurningin er þá þessi, herra forseti: Ef svo ólíklega vildi til að þessi brtt. yrði samþykkt í þinginu og þjóðin mundi síðan samþykkja framkvæmdirnar, mundi hv. þm. þá styðja þessar framkvæmdir?

[14:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, en ég mundi sætta mig miklum mun betur við niðurstöðuna og teldi að það væri auðveldara fyrir okkur öll, bæði andstæðinga og fylgjendur málsins að lifa við hana því þá værum við alla vega viss um að því stóra slysi hefði verið afstýrt að þessum framkvæmdum hefði verið troðið í gang í andstöðu við mögulegan meirihlutavilja þjóðarinnar. Ég vil spyrja hv. þm. á móti: Ef niðurstaðan yrði gagnkvæm, ef þjóðin felldi málið, yrði hann þá ekki líka glaður vegna þess að þessu stóra slysi hefði þá verið afstýrt?

[14:22]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. málefnalegt svar. Það er þá ljóst að hann yrði ekki sammála framkvæmdunum þrátt fyrir að þjóðin í meiri hluta væri það, en það væri betra að lifa við það af þeirri ástæðu.

Herra forseti. Vegna spurningar sem hv. þm. beindi til mín þá er hún auðvitað ein af þessum ef-spurningum, eins og ég var að spyrja, þ.e. ef þetta yrði þannig og ef þetta yrði þannig. Það er alveg ljóst að ef við hefðum kerfi sem byði okkur upp á þjóðaratkvæðagreiðslu um mál eins og þetta þá væri sú þjóðaratkvæðagreiðsla að sjálfsögðu fyrir löngu búin að fara fram. Þá væru það auðvitað hreinar línur að meiri hluti þjóðarinnar mundi ráða. Hins vegar er auðvitað alveg ljóst eins og hv. þm. veit og hann færði raunverulega rök fyrir í ræðu sinni að þessi tillaga þingflokks hans er að sjálfsögðu færð fram af þeirri einföldu ástæðu að málið er komið á lokastig og þetta er eina leiðin sem þeir eiga eftir til þess að reyna annaðhvort að tefja eða koma í veg fyrir framkvæmdina. Ég tel hins vegar, eins og hv. þm. veit, að þetta mál hafi fengið alla þá þingræðislegu meðferð sem við gerum ráð fyrir. Það hefur verið farið að öllum lögum um málið þannig að í raun er ekkert því til fyrirstöðu að við ljúkum vinnu við þetta mál og greiðum atkvæði um það á morgun. Þá geri ég ráð fyrir, eins og hv. þm. gerir trúlega líka, að þessi brtt. þeirra hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs verði felld.

[14:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var of gott til að vera satt að hv. þm. ætlaði að fara að eiga málefnaleg skoðanaskipti um þetta því ekki gat hann látið hjá líða að láta að því liggja að í raun lægi annarlegur tilgangur að baki flutningi þessarar tillögu en ekki efnislegur, sem sagt ekki sá að við vildum bara ósköp einfaldlega að málinu lyki á þennan hátt. Nei, það fæst hv. þm. ekki til að taka með sem möguleika, heldur hlýtur eitthvað allt annað að vera þarna á ferðinni.

Nú er augljóst mál að það tefur ekki mikið málið í öllu falli að leggja fram þessa tillögu og fá hana rædda hér og greidda um hana atkvæði. Hv. þm. tilheyrir þingflokki sem hefur stundum farið mikinn, útmálað vilja sinn fyrir því að taka upp beint lýðræði og þjóðaratkvæðagreiðslur og flutt um það tillögur. Hér gefst alveg kjörið tækifæri því það liggur alveg á borðinu og er sannanlegt að það er ekki of seint að hætta við þessar framkvæmdir. Þjóðin gæti tekið málið í sínar hendur, ef hún fær það, og leitt það til lykta á hvorn veginn sem er að sjálfsögðu. En enginn héraðsbrestur yrði þótt niðurstaðan yrði sú að hætta við þetta. Allir samningar sem enn hafa verið gerðir eru með fyrirvörum. Eingöngu undirbúningsframkvæmdir eiga að vera í gangi ef allt er með felldu. Það sem ósköp einfaldlega gerist, ef Alþingi samþykkir á morgun og gerir að lögum þessa tillögu, er þá bíða frekari skuldbindandi ákvarðanir þess að niðurstaða liggi fyrir 10. maí nk., þ.e. í nokkrar vikur frá því sem áður var áformað, að undirrita endanlega verksamninga og ganga frá málum, kannski í aprílmánuði nk. Þá mundu framkvæmdir að sjálfsögðu ekki hefjast kannski strax þannig að í reynd gæti vel farið svo að eiginlegu upphafi framkvæmda væri þá bara frestað þess vegna um lítið sem ekkert í flestum tilvikum þó að þjóðin fengi að segja álit sitt. Getur verið að andstaða manna hér við þetta sé þá af þeim sökum að þeir eru hræddir við mögulega útkomu í svona atkvæðagreiðslu? Það er von að maður spyrji. Það liggur alveg ljóst fyrir, herra forseti, að andstaða vex dag frá degi við þetta mál. Það er kannski skýringin. En ekki trúi ég því að menn séu margsaga í sambandi við viðhorf sín til þjóðaratkvæðagreiðslu.

[14:26]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil koma tveimur atriðum á framfæri vegna ræðu hv. þm. Það er útbreiddur misskilningur í umræðunni að þetta verkefni sé allt saman gert vegna atvinnu- og byggðamála á einu litlu svæði á Austurlandi og jafnvel vegna tímabundinna og staðbundinna erfiðleika. Svo er ekki. Hér er um að ræða landsmál. Hér er um að ræða nýtingu auðlinda. Hér er um að ræða mál til þess að auka þjóðartekjurnar og byggðaþátturinn í þessu er bónus. Það er ekki vegna eins byggðarlags á Austurlandi sem þetta mál er tekið upp. Það er nauðsynlegt að sá misskilningur sé leiðréttur því að það gengur alltaf aftur í þessari umræðu að þarna sé verið að mæta tímabundnum erfiðleikum á Austurlandi.

Hitt er svo til umhugsunar varðandi þjóðaratkvæði og til umhugsunar um stöðu Alþingis að þetta mál hefur farið í gegnum allt hið löglega ferli. Greidd voru atkvæði um það á Alþingi í gær. Átta þingmenn af 63 — nokkrir voru fjarverandi að vísu — voru andvígir þessu máli. Það er ekki rétt að lítil umræða hafi farið fram um þetta mál. Þetta mál er með ýmsum tilbrigðum búið að vera til umræðu í 30 ár. Þetta mál er búið að vera til umræðu, þ.e. nýting orkunnar fyrir norðan Vatnajökul, síðan ég byrjaði í stjórnmálum á Austurlandi og áform voru miklu stærri en núna þó að þessi séu risavaxin, miklu stærri.

[14:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér virðist það vera dálítið ýmist eða hvort þetta er svona mikið byggðamál eða þjóðhagslega mikilvægt mál. Því er stundum haldið fram og hafðar um það

stórkarlalegar yfirlýsingar að þetta sé stærsta byggðamál allra tíma og gjarnan er talað um störfin á Austurlandi og við, andstæðingar þessa máls, erum meira að segja stundum bornir þeim lúalegu sökum að við sérstaklega höfum horn í síðu Austfirðinga. Ætli maður hafi ekki fengið að heyra það. Þá er þetta svona sérstakt Austfjarðamál. En svo kemur hv. þm. núna og segir að þetta sé fyrst og fremst þjóðhagslega mikilvægt mál og fyrir landið allt. En það held ég að sé alveg hrunið, herra forseti. Hin þjóðhagslega nytsemd þessa máls er algerlega hrunin til grunna. Það liggur fyrir og það var kannski þess vegna sem mér varð tíðrætt um það sem þá væntanlega stendur eftir út af fyrir sig og ég hef aldrei neitað, að þarna skapast þó störf og einn stór vinnuveitandi á Austurlandi. Það verður að vísu held ég fremur einhæft stóriðjusamfélag sem ég er ekkert viss um þegar fram líða stundir að þróist endilega með mjög jákvæðum hætti, samanber dæmin annars staðar að um slík samfélög því oft fara að verða miklir erfiðleikar t.d. með tilkomu annarrar og þriðju kynslóðar. En það er önnur saga.

Það sem ætti þá að vera eftir í málinu þegar þjóðhagslega hliðin er hrunin, arðsemin er hrunin — það fæst varla orðið nokkur hagfræðingur nema hann sé þá beint á launum hjá Landsvirkjun til að taka undir það sjónarmið — væru þá þessi störf fyrir austan. En þá er stundum gert lítið úr því.

Varðandi það að þetta hafi farið alla leið, hið lögformlega ferli, þá minni ég nú á að málið er fyrir dómstólum. Héraðsdómur Reykjavíkur hefur verið þvingaður til þess af Hæstarétti að taka málið efnislega fyrir. Því má deila um það hversu lagalega hafi verið að þessu öllu staðið.

Varðandi risaframkvæmdirnar norðan jökla þá er rétt að þær hafa lengi verið til umræðu. En treystir sér einhver maður í dag til að koma fram og mæla með villtustu hugmyndum LSD sem þar riðu uppi um að taka allar stóru árnar norðan jökla og sulla þeim saman í eitt niður Löginn?

[14:30]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að byrja á endinum. Ég mæli ekki með því. Umræðan hefur leitt það af sér, hin mikla umræða sem hefur farið fram um þetta mál í þrjátíu ár hefur leitt það af sér að ég hef ekki heyrt þá sem mæla með því að veita Jökulsá á Fjöllum niður á Hérað. Ég er ekki talsmaður þess og hef aldrei verið. Og við höfum ekki verið talsmenn þess í Framsfl. svo ég viti og það er vegna umræðunnar.

En ég hjó eftir því að hv. þm. talaði áðan um að það hefði nú verið mikil guðs blessun ef álverið á Grundartanga hefði risið fyrir austan, (Gripið fram í.) og við hefðum verið að stækka það núna. Ja, það hefði verið betra, hann sagði nú ekki guðs blessun, hv. þm. En ég spyr: Hvað hefði þá átt að virkja? Við féllum frá að virkja Eyjabakkana. Það hefði að mörgu leyti verið svona passlegra inn í efnahagskerfið á Austurlandi. En hvar hefði þá átt að virkja? Hefðum við þá ekki þurft að virkja fyrir austan? Við féllum frá Eyjabökkunum, því það var ekki talið fært af umhverfisástæðum að virkja þar og við, stuðningsmenn virkjana, féllum frá því. En það leiddi það af sér að horfið var að þessum kosti.

En ég vil endurtaka það í lokin að byggðamálaþátturinn — það má vel vera að þetta sé stærsta byggðamál sem við höfum átt við fram að þessu. En hitt er allt saman að auki, það er alveg sama á hvorum endanum er byrjað í þessu máli. Þetta er landsmál. Þetta er til að auka þjóðartekjurnar. Og þetta er mjög stórt byggðamál þar að auki. Það er kostur þessa máls.

[14:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Við fengum hérna akkúrat sýnikennslu í því hvernig rökin eru notuð á víxl. Ýmist er þetta svona óskaplegt byggðamál eða svona mikið þjóðhagsmál. (**Heilbrrh.:** Hvort tveggja.) Já. Ég var nú ekki með neinar guðsblessanir yfir álverinu á Grundartanga, en ég sagði að lítið álver eða minna iðnfyrirtæki sem tæki margfalt minni orku og hefði þá byggst hægar upp hefði verið viðráðanlegt í efnahagslegum skilningi. Það stend ég við. Það er að sjálfsögðu viðráðanlegra í efnahagslegum skilningi og hefði minni þensluhættu í för með sér og annað í þeim dúr.

Varðandi virkjanir t.d. við slíka meðalstóra iðnaðarkosti sem þyrftu kannski í afli 200–300 megavött, þá opnast alveg nýjar víddir. Við getum virkjað fleiri en eina og fleiri en tvær af þessum jökulám að hluta til í sínum eigin farvegi og það hafa heimamenn verið að benda á. Helgi Hallgrímsson hefur bent á ýmsar mögulegar útfærslur á virkjun bæði Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsá á Dal í sínum eigin farvegi með miklu minni umhverfisáhrifum heldur en þessi ósköp sem væri a.m.k. af tvennu illu skárri kostur. Við getum sótt eitthvert viðbótarafl til Kröflu o.s.frv. Það eru ótal möguleikar aðrir sem opnast ef menn bara fást til að gefa sér tíma til að skoða málin.

Hv. þm. segir: Umræðan hefur skilað okkur því að LSD er út af borðinu. Já, er það ekki? Og skilar ekki umræðan því að við förum að skoða aðra möguleika? Er það ekki það sem okkur vantar hér að hætta við þessi ósköp, afstýra þessu slysi og taka aðra kosti upp á borðið?

En svo verð ég reyndar að hryggja hv. þm. með því að ég er ekki viss um að þessi mál séu eins í höfn og hann heldur, að þessir stóru draumar um að taka meira og minna allt jökulvatnið norðan Vatnajökuls, þ.e. ekki bara Kreppu í viðbót við Jöklurnar tvær heldur Jökulsá á Fjöllum, séu út af borðinu.

Ég skoðaði fyrir réttri viku glænýtt kort af Arnardalslóni þar sem hugmyndin er að veita því vatni austur á bóginn.

[14:35]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við erum komin í 3. umr. um hið mikla og stóra mál sem hefur í raun hvílt á okkur í allan vetur, 3. umr. um álver við Reyðarfjörð. En það er meira en álver við Reyðarfjörð, því að á spýtunni hangir Kárahnjúkavirkjun og allt það jarðrask sem henni fylgir og öll þau óafturkræfu náttúruspjöll sem við vísvitandi erum að fara í.

Herra forseti. Við höfum talað um tilfinningar í þessu máli, að það sé stór hópur fólks sem láti tilfinningarnar ráða og hafi ekkert vit á því að það þurfi afl og kraft og atvinnu til þess að keyra áfram hagvöxt í landinu, það þurfi að vera verkefni í gangi sem drífi hagkerfið og geti staðið undir velferðarkerfinu.

Herra forseti. Ég er sannfærð um að þó að ég og margir fleiri höfum ríkar tilfinningar í þessu máli, þá gerum við okkur líka grein fyrir því að það þarf framkvæmdir, að kraftar þurfi að vera í gangi í atvinnulífi þjóðarinnar og umsvif til að halda uppi viðhlítandi hagvexti og við höfum haft. En það er spurning um að velja sér stefnu, að velja sér markmið. Við sem leyfum okkur að tala af tilfinningu um þetta mál höfnum stóriðjustefnunni, höfnum þessari þröngsýni, höfnum því að ekki sé hægt að skoða málið og undirstöðu atvinnulífsins með öðrum hætti en þessum.

Málið er það, herra forseti, að það er í raun og veru sama hversu ítarlegar ræður við höldum hér, þá er ég ekki að miða við lengd, heldur hversu mörg og mikilvæg gögn við leggjum hér fram, gögn sem ekki er hægt að hrekja, sem snerta náttúruna, sem snerta efnahagsmálin, sem snerta byggðamálin, sem snerta öll þau mál sem við komum inn á, þá gagna þau rök ekki. Við getum sýnt fram á að þetta sé í raun og veru sú vitlausasta leið sem hægt er að fara til að styrkja byggð og til að treysta efnahagslífið til lengri tíma. Það er alveg sama hvaða gögn við höfum hér í málinu vegna þess að þetta er pólitísk ákvörðun. Og þegar pólitísk ákvörðun er tekin eins og staðið er að þeirri hér, þegar stóriðjustefnunni er haldið svona til streitu, þá gagna engin rök. Það er ekki hlustað. Vegna þess að þegar ákvörðun er tekin þá er undirstaðan byggð undir ákvörðunina og það er allt látið passa og þegar það er komið saman, þá er alveg sama hvaða efasemdir koma fram og þó reynt sé benda á aðrar leiðir, það er ekki hægt að hagga neinu.

Bent hefur verið á að við sem íslensk þjóð séum að reyna að taka upp aðferðafræði annarra siðmenntaðra þjóða sem við viljum bera okkur saman við og lagaákvæði og alþjóðlega sáttmála sem við höfum undirgengist, að reyna að temja okkur vinnubrögð þar sem við förum skilvirkt yfir það að skoða áhrif framkvæmda á umhverfið, eins og við erum núna komin með lög um og okkur er skylt að gera. En við erum ekki búin að tileinka okkur þá hugmyndafræði og hugsun sem verið er að reyna að móta á alþjóðlegum vettvangi, að áður en maður tekur svo afdrifaríkar ákvarðanir um að byggja svona stóra stíflu eins og Hálslón verður, þá skuli það gert með því að byrja á að skilgreina: Til hvers þurfum við þessa virkjun? Til hvers ætlum við að gera þetta? Það geta verið mismunandi forsendur. Það geta verið byggðasjónarmið. Það getur verið það að menn hafi ákveðnar hugmyndir um að byggja upp nýjar atvinnugreinar eins og ný álver, eða þá að menn telji að einfaldlega þurfi meiri raforku inn í hið almenna kerfi sem víða þarf í fjarlægari löndum, nefnum bara eina álfu, Afríku. Þar hreinlega vantar orku inn á hið almenna kerfi og þar væri hugsanlega ástæða til að skoða akkúrat þetta: Þurfum við til að fá þessa orku að koma upp svona miklu uppistöðulóni?

Það er rétt á því stigi að skoða hvaða möguleika höfum við til þess að skaffa þessa orku? Eru það endilega vatnsaflsvirkjanir? Ef það er eina lausnin, hvernig er þeim þá best fyrir komið? Og reyna að velja þá lausn sem minnst raskar umhverfinu.

Þetta er miklu farsælli lausn og þó svo menn hafi í upphafi gefið sér einhverjar hugmyndir, þá bregst það ekki að þegar menn leggjast svo yfir þetta og fara að skoða málin betur án þess að vera búnir fyrir fram að binda sig í einhverja ákveðna niðurstöðu, þá er yfirleitt hægt að finna leiðir sem raska umhverfinu ekki eins mikið.

Nú má segja að að hluta til eigi lög um mat á umhverfisáhrifum að virka svona. En þau gera það ekki að því leytinu til að við förum ekki í þá skoðun fyrr en við erum búin að taka ákvörðun um einhverja ákveðna framkvæmd. Þá verðum við að skoða fleiri möguleika. Það er þarna grundvallarbreyting í ferlinu, í hugsunarhættinum, þar sem ákvörðunin eins og við tökum hana getur fest okkur í ákveðinni niðurstöðu, en ef við tækjum upp hina væru þarna fleiri lausnir eins og hugsanlega þær í þessu tilfelli að til að styrkja byggð á Austurlandi og styrkja efnahagskerfið til lengri tíma hefði hugsanlega mátt virkja Jöklu með öðrum hætti og byggja þá upp aðrar atvinnugreinar heldur en áliðnaðinn áfram.

Við gerum okkur öll grein fyrir því að álver, álframleiðsla, kallar á þessi stóru uppistöðulón og því er þetta niðurstaðan. Því er mikilvægt, herra forseti, að við hverfum frá þessari stóriðjustefnu og förum að taka upp aðra stefnu og horfa til framtíðar og byggja hér upp fjölbreyttara atvinnulíf og taka þessa grein af iðnaði út af kortinu, það er komið nóg. Sú framleiðsla sem er í landinu í dag og fyrirhugað er að bæta við á allra næstu árum er þjóðarbúinu næg undirstaða sem menn eru að leita eftir til að treysta ákveðinn stöðugleika sem hefur þó ekki alltaf verið bein lína, heldur sveiflast til og mun gera það enn frekar í framtíðinni.

Þetta vil ég segja í upphafi, að við sitjum sem sagt uppi með þessa pólitísku ákvörðun og allar þær ábendingar sem fram hafa komið, því miður kannski nokkrar of seint, ábendingar hagfræðinga og Seðlabankans og fleiri um þjóðhagsleg áhrif þessara miklu framkvæmda, þannig að ráðamönnum þjóðarinnar hefur ekki gefist ráðrúm til að hlusta, til að bakka, til að halda ekki sínum tímasetningum hvað varðar endanlega undirritun allra samninga. Þeir ættu því að gefa sér *tíma núna þegar svona mörg rök hafa hnigið að því að þessar* miklu framkvæmdir muni að öllum líkindum ekki gefa þann þjóðararð sem þeim er ætlað og munu því miður að öllum líkindum verða okkur þungur baggi fjárhagslega og alveg örugglega siðferðilega, bæði hvað varðar markaðssetningu okkar á sjálfbæru landi, sjálfbærri framleiðslu og sjálfbærum iðnaði eins og verið er að reyna nú á öllum sviðum.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum alfarið hafnað þessari leið til að uppfylla þær þarfir sem hér eru sagðar liggja að baki, þ.e. að styrkja byggð á Austurlandi og styrkja þjóðarhag til framtíðar. Við höfnum þessari leið. Við viljum nú við 3. umr., þar sem eingöngu voru gerðar smávægilegar breytingar á frv. eins og það leit út sem skipta í raun sáralitlu þegar á heildina er litið, hafa þann varnagla að ekki verði farið í framkvæmdir fyrr en eftir kosningar og að við notum alþingiskosningarnar til að hafa jafnhliða almenna kosningu, þjóðaratkvæðagreiðslu um byggingu Kárahnjúkavirkjunar.

Við teljum að það hafi orðið nokkur vakning hjá þjóðinni á allra síðustu missirum til verndar umhverfinu. Þó að það séu ekki margir Íslendingar sem hafa ferðast um það svæði sem nú á að leggja undir lón við Kárahnjúka hefur þjóðin fengið að sjá þetta svæði, m.a. myndir Ómars Ragnarssonar, í fréttamyndum og eins umræðu um þessi mál. Nú síðast fékk þjóðin að sjá frétt af upphafi þeirra miklu framkvæmda sem þarna eiga að vera, þar sem verið er að ryðja skábraut niður í gljúfrið. Klettadrangarnir hrynja þar niður og náðu um tíma að stífla Jöklu. En það er bara upphafið að hinni stóru stíflu.

Herra forseti. Mér þykir nokkuð táknrænn sá ruddaskapur sem þarna fór fram þó að um lítinn sneiðing sé að ræða miðað við allar þær framkvæmdir sem eftir á að fara í á þessu svæði ef Alþingi fær sínu framgengt. Í svari iðnrh. við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur, sem dreift var í gær á þskj. 1022 um þau framkvæmdaleyfi sem Landsvirkjun hefur þegar fengið, kom fram að Landsvirkjun hefði fengið leyfi til að gera þennan sneiðing þegar leyfi Náttúruverndar lægi fyrir. Nú vill svo til að Náttúruvernd kvaðst ekki munu svara þessari beiðni fyrr en búið væri að ganga frá *öllum samningum, þ.e. að alveg ljóst væri að farið yrði í* þessar framkvæmdir. Nú er ekki búið að skrifa undir neina samninga, það er gert með fyrirvara.

Rök Landsvirkjunar fyrir því að það hafi orðið að gera þennan sneiðing þó svo að leyfi Náttúruverndar lægi ekki fyrir voru að það lægi á að gera þetta því að tíminn væri naumur. Mér finnst þetta svar lýsandi dæmi um hvernig ruðst er áfram. Það er ekki borin virðing fyrir einu eða neinu og ruddaskapurinn er í fyrirrúmi. Ég veit að mönnum finnst þetta ekki mikið, að byrja og vinna sér í haginn, þetta sé nú allt að koma. En formsatriði eru formsatriði. Það er siðferðilega rangt að hefja þær framkvæmdir á virkjunarstað sem raska umhverfinu og ásjónu landsins til lengri tíma, að fara í slíkar framkvæmdir áður en búið er að ganga frá samþykki Alþingis á byggingu álvers í Reyðarfirði og undirrita samninga þó að mönnum liggi á.

Það er margt sem hangir á spýtunni. Þegar pólitísk ákvörðun er tekin og unnið eftir henni reynist erfitt fyrir ráðherra í ríkisstjórn að snúa til baka með þau loforð sem hann hefur gefið í kjördæmi sínu. Hæstv. ráðherra Halldór Ásgrímsson gaf þau kosningaloforð að af stóriðju yrði í nánustu framtíð á Austurlandi og að Austurland mundi njóta fallvatnanna. Í sjálfu sér er hægt að taka undir það að horfa eigi til Austurlands ef nota á fallvötnin fyrir austan til að hafa tenginguna frá veitustöð til notanda sem stysta. En það er ekki hægt að skrifa upp á hvaða virkjunarframkvæmd sem er né heldur hvaða iðnað sem er og af hvaða stærðargráðu sem er.

Ég hef ekki verið mótfallin iðnaðaruppbyggingu á Austurlandi og virkjun fallvatnanna. En við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum vinna í sem mestri sátt við náttúruna. Við látum ekki nægja orðaflaum um sjálfbæra þróun, sjálfbæra þróun og sjálfbæra nýtingu orkunnar og fella allt þar undir. Þetta er ekki sjálfbær nýting orkunnar og samfélag sem eftir stendur verður ekki sjálfbært. Það skiptir máli í iðnaðaruppbyggingu að fyrir valinu verði iðnaður sem fellur að því byggðarlagi sem á að koma fyrirtækinu fyrir í og að orkan sé nýtt með sjálfbærum hætti ef um vatnsaflsvirkjun er að ræða. Eins mætti leita eftir öðrum orkugjöfum og leggja meiri áherslu á vindorkuna og gufuorkuna en gert hefur verið.

Þegar pólitísk ákvörðun er tekin miða menn allar ákvarðanir að henni. Það kom fyrst í ljós þegar hæstv. umhvrh. kvað upp úrskurð sinn varðandi Kárahnjúkavirkjun að öllu var þá snúið við varðandi úrskurð skipulagsstjóra og allra þeirra sérfræðinga sem þar höfðu komið að. Þá var öllu snúið á haus. Í úrskurði hæstv. umhvrh. Sivjar Friðleifsdóttur komu fram nokkrar breytingar sem tvímælalaust eru af hinu góða miðað við þessa miklu framkvæmd. En annað er ekki hægt að standa við og verður aldrei hægt að standa við. Það er ekki nóg að setja vöktun sem skilyrði ef eingöngu á að vakta það hvernig landið blæs upp og leirinn frá Jöklu eyðir landi og drepur gróður. Reyndin er sú að það er ekki hægt að koma í veg fyrir landeyðingu af hans völdum. Það er lítil sárabót að hafa þetta á pappír.

Í úrskurð hæstv. umhvrh. vantaði að mælt væri fyrir að vakta skyldi fyrirhugað virkjanasvæði frá því að úrskurðurinn var felldur. Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. og umhvrh. og þá sem standa fyrir þessum miklu framkvæmdum hvort það hafi verið slys að setja ekki í gang vinnuhóp eða vinnu hjá Náttúrustofu Austurlands til að vakta svæðið, sérstaklega með tilliti til hreindýranna, frá því að úrskurðurinn var kveðinn upp. Frá þeim tíma hafa verið framkvæmdir á svæðinu og frá því í haust umtalsverðar vegaframkvæmdir, brúarframkvæmdir og núna að bora göngin og vinna í gljúfrinu. Það fer að styttast í burð hjá hreindýrunum en það er engin vöktun á svæðinu hvað hreindýrin varðar. Það er mikilvægt að fylgjast með því hvaða áhrif þetta umrót sem stendur yfir hefur á hreindýrastofninn. Það nægir ekki að bíða eftir að bygging virkjunarinnar sem slík fari í gang.

Ég kalla eftir svörum við því hvort ekki eigi nú þegar að veita fé til Náttúrustofunnar svo hún geti staðið að þeirri vöktun sem er í verkahring hennar en hún hefur ekki fjármagn til, að vakta sérstaklega þessar framkvæmdir.

Stóriðjustefnan, herra forseti, keyrir á eina lausn, miðstýrða lausn sem í þessu tilfelli er allt að því stalínísk lausn. Einn vinnustaður, einn atvinnurekstur er settur niður og aðrar atvinnugreinar eiga að blómstra í kjölfar hins mikla og stóra álvers.

Það hafa verið gerðar þó nokkrar skýrslur um byggðamál og byggðaþróun og hvað það er sem hefur áhrif á búsetu og byggðaröskun. Það hefur verið bent á leiðir í því sambandi og það eru allt aðrar leiðir heldur en hér á að fara. Og það verður mjög stórt og mikið átak hjá sveitarstjórnarmönnum og í raun og veru hjá ríkisstjórninni að koma inn í þetta mikla verkefni með mótvægisaðgerðir inn á svæðið ef það á ekki að drepa niður aðra atvinnustarfsemi sem fyrir er, sem er ekki öll burðug, og ef það á ekki að hafa gífurleg áhrif á fiskiðnaðinn sem byggir á útflutningi, sérstaklega landvinnslan, og ferðaþjónustuna. Hvort tveggja eru atvinnugreinar sem menn hafa verið að byggja upp fyrir austan sem og annars staðar en sú mikla kollsteypa sem allt þetta verkefni mun hafa í för með sér mun hafa mikil ruðningsáhrif á aðrar atvinnugreinar og ekkert síður inni á svæðinu heldur en á landinu öllu.

Einn svona stór vinnustaður getur vissulega treyst byggðina á því svæði en þá erum við að sama skapi að móta ákveðið umhverfi sem er ekki sjálfbært í sjálfu sér. Það er verið að sníða allt að einni stóriðju í staðinn fyrir að skapa það umhverfi að fleiri fyrirtæki blómstri á eigin forsendum, en ekki eingöngu til að þjóna þessu fyrirtæki. Þess eru dæmi og það hefur verið leitað fyrirmynda, m.a. til Årdals í Noregi þar sem byggðin á því svæði hefur styrkst en hún hefur styrkst á forsendum álversins frekar en sínum eigin. Því tala ég um framtíðarsýn og sjálfbæra þróun, þetta er spurning um hvaða framtíðarsýn við viljum hafa.

Þetta er, herra forseti, óafturkræf framkvæmd og þá eigum við að staldra við og hætta þegar umhverfisáhrifin verða svona mikil. Við höfum ekki siðferðilegt leyfi til þess að taka okkur það vald að fara svona með náttúruna, ekki bara til hagsbóta fyrir okkur ef þannig er litið á, heldur taka þetta land frá ókomnum kynslóðum og möguleikum ókominna kynslóða til þess að nýta landið á annan hátt. Það er ekki bara bundið tilfinningum og því að vera óraunsær að tala um að mótvægi við Hálslón og Kárahnjúkavirkjun gæti verið stór og voldugur þjóðgarður, einstæður frá náttúrunnar hendi og jarðfræðilega mjög merkilegur. Inni á þessu svæði er náttúra sem okkur ber að varðveita. Við erum þannig í sveit sett að það er auðvelt að komast til landsins, við höfum orðið flug í allar áttir og við höfum verið að byggja hér upp öfluga ferðaþjónustu. Hún hefur aðallega byggst á náttúru landsins og ef þjóðir eins og Bandaríkin, lönd í Afríku og heilu heimsálfurnar ná umtalsverðum árangri og tekjum með markaðssetningu á þjóðgörðum getum við það líka. Við höfum hér einstakt tækifæri og okkur ber að nýta það og varðveita, ekki með því að taka af stórt svæði fyrir virkjanalón því það verður aldrei hluti af þjóðgarði.

Ég vil aðeins staldra aftur við hugtakið „sjálfbær þróun". Herra forseti, ég sat í morgun setningu búnaðarþings sem var mjög ánægjulegt. Þar hélt hæstv. landbrh. ræðu og talaði um möguleika okkar varðandi markaðssetningu á íslenskum landbúnaðarvörum. Það má með sanni segja að hann er bjartsýnn og ég er það líka, þ.e. ef við höfum hugtakið „sjálfbær þróun" á hreinu, ef við notum það ekki eingöngu til markaðssetningar, heldur vitum fyrir hvað það stendur og vinnum samkvæmt því. Ég tel að með þessum framkvæmdum og uppbyggingu áframhaldandi stóriðnaðar vinnum við gegn þeirri hugmyndafræði sem á að nota sem markaðssetningu á landinu og sem gæðastimpil á íslenskar vörur. Við erum á sama tíma að vinna gegn þessum miklu hagsmunum okkar. Þetta verður innihaldslaus markaðssetning og hún er bara ómerk orð sem koma alltaf í bakið á manni fyrr eða síðar. Í henni verður holur og falskur tónn og okkur líðst ekki að halda uppi þeim merkjum nema vera sönn.

Hvað varðar þessar framkvæmdir, Kárahnjúkavirkjun og álverið, er sagan ekki öll sögð. Það er enn þá margt að koma í ljós. Það er margt sem á eftir að koma í ljós, t.d. varðandi álverið, við eigum eftir að fá að vita hvernig á að verjast mengun frá þessu stóra álveri. Það er ekki búið að ákveða það enn þá. Hugsanlega þurfa þeir Alcoa-menn ekki að hafa svo miklar áhyggjur af því vegna þess að þeir munu ekki þurfa að borga umhverfisskatta og þess vegna munu þeir ekki þurfa að halda allri mengun í lágmarki. Það mun ekki kosta þá neitt, en þeir hafa val um það hvernig þeir munu koma mengunarvörnum sínum fyrir samkvæmt okkar kröfum. Þar mun hagkvæmnin að sjálfsögðu ráða að miklu leyti. Þetta er mál sem við eigum eftir að sjá hvernig verður leyst. Það liggur líka í loftinu og það kom fram í svari hæstv. iðnrh. við fyrirspurn hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur sem ég vísaði til áðan, en það er í þingskjali 1020 og er svar við þessari fsp. hv. þm., með leyfi forseta:

„Hvernig er fyrirhugað að tryggja rekstraröryggi álvers í Reyðarfirði án tengingar yfir hálendið við meginflutningskerfi Landsvirkjunar á Suðurlandi?"

Í svarinu segir, með leyfi forseta:

„Allt frá 1980 hefur verið reiknað með gerð svokallaðrar Sprengisandslínu sem tengir saman raforkukerfið fyrir norðan og sunnan, en endanleg tímasetning hefur ekki verið ákveðin. Við bilanir á vesturvæng byggðalínunnar getur rekstur hennar orðið óstöðugur, en það getur haft í för með sér óþægindi og jafnvel straumleysi á Norður- og Austurlandi. Sprengisandslína mundi leysa þetta vandamál til frambúðar. Kárahnjúkavirkjun styrkir heildarraforkukerfið og gæti því jafnvel frestað lagningu línunnar. Ekki er þó ólíklegt að talið verði nauðsynlegt að hefja lagningu línunnar innan næstu 10 ára."

Það liggur í loftinu, herra forseti, að það mun koma lína frá Kárahnjúkavirkjun, bæði norður í land og yfir Ódáðahraun, og tengjast Sprengisandslínu. Svo lengi sem hagkvæmni rekstursins á að gilda eru þau rök sterkari en umhverfisrökin þótt ákvörðunin um línuna liggi ekki fyrir. Eins tel ég að Kreppa sé ekki óhult eins og staðan er í dag. Þegar við höfum það fordæmi að af hagkvæmnisástæðum átti að teygja sig inn í Þjórsárverin til þess að fá rafmagn til að fá uppistöðulón fyrir Landsvirkjun — menn hikuðu ekkert við að fara inn í friðlandið og menn hafa heldur ekkert hikað við það að taka af Kringilsárrana sem er friðland líka — hef ég enga trú á því að Landsvirkjun muni ekki leggja þau rök á borðið að það verði mjög hagkvæmt að fá vatn úr Kreppu og tengja yfir í fyrirhugaða virkjun og aðrennslisgöng til þess að fá meiri orku. Því tel ég að þessar stóru framkvæmdir séu bara upphafið og að við séum ekki búin að sjá fyrir endann á þeim.

Fleiri spurningar liggja í loftinu sem hefur ekki verið svarað *því það hafa komið fram hugmyndir um áhrif virkj*unarinnar sem slíkrar, þessara miklu þyngsla á berggrunninn þar sem á að reisa stíflurna. Það er alveg ljóst að menn eru ekki á einu máli um hvaða áhrif þetta mikla farg getur haft á berggrunninn undir virkjuninni og það má segja að það verði bara að koma í ljós ef eitthvert óöryggi er varðandi burðarþol berggrunnsins. Ég tel að rannsóknatíminn á svæðinu hafi í alla staði verið of skammur, bæði hvað varðar dýralíf, plöntulíf og ekki síður berglög og möguleika á að reisa svo stóra stíflu þarna.

Hvað varðar kostnaðinn við framkvæmdirnar er reiknað með að þessi stóri pakki, álverið og virkjunin, muni skila arði í þjóðarbúið. Forsendurnar sem menn gefa sér til þess að fá út þennan arð eru byggðar á forsendum þeirrar pólitísku ákvörðunar að fara í þessa virkjun og keyra stóriðjuna áfram. En það er ljóst að ef byggingarkostnaður svo stórra framkvæmda á undanförnum árum er borinn saman hefur hann ætíð farið fram úr kostnaðaráætlun, allt að 85%, en meðalframúrkeyrslan hefur verið um 30%. Þetta tel ég að Landsvirkjun ætti að setja inn í reikninga sína og gera ráð fyrir að við gætum þess vegna legið einhvers staðar nær meðallaginu en undir þar sem það er ekki hægt að bera þessar framkvæmdir og þessa virkjun saman við þær virkjanir sem áður hafa verið reistar hér á landi eins og gert hefur verið. Þær eru allar minni í sniðum og gjörólíkar þessum framkvæmdum.

Ef virkjunarframkvæmdirnar af einhverjum ástæðum fara — segjum þetta — fram úr áætlun þá verður ekki bara tap á framkvæmdinni sem slíkri heldur tap fyrir þjóðarbúið til langs tíma. Þeir sem greiða þann mismun verða þá almennir notendur raforkunnar í landinu og önnur fyrirtæki. Við erum, herra forseti, að taka mikla áhættu.

Við höfum fengið að heyra það í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að við sjáum hvergi bjartan blett á þessari framkvæmd. Það er þá a.m.k. ekki hægt að segja að við höfum ekki dregið fram þær ábendingar, rök og aðvaranir sem menn ættu fyllilega að taka tillit til til þess að draga úr áhrifum þessara framkvæmda.

Við stöndum á alveg hreint ótrúlegum tímamótum núna rétt fyrir kosningar. Flokkarnir, hinir pólitísku flokkar, eru að setja sig í þær stellingar að afgreiða kosningaloforð sín. Það höfum við gert í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við höfum markað okkar stefnu inn í kosninguna. Ég sé ekki betur en að aðrir flokkar hafi farið þar fram með boð um skattalækkun og þá sérstaklega ríkisstjórnarflokkarnir. Núna rétt fyrir kosningar og rétt fyrir þessar miklu framkvæmdir er það mjög dregið í efa að þetta séu skynsamleg kosningaloforð, því á sama tíma og Seðlabankinn er uppi með aðvaranir ásamt mjög mörgum hagfræðingum um að það verði að hækka vexti, það verði að draga úr opinberum framkvæmdum og að þessar framkvæmdir muni á framkvæmdatímanum hafa mikil ruðningsáhrif á aðrar atvinnugreinar, þá er mjög óskynsamlegt að koma með kosningaloforð sem eiga að gilda a.m.k. fjögur næstu árin inn á þennan mikla framkvæmdatíma. Á einhvern hátt passar þetta ekki. Þetta gengur ekki upp. Það mun ekki koma neinum í koll nema þjóðinni sjálfri ef þessir flokkar, ríkisstjórnarflokkarnir, verða hér áfram við

völd, efna sín kosningaloforð og halda svo áfram með þessar miklu framkvæmdir.

Þegar þessum framkvæmdum lýkur, herra forseti, hvað þá? Eins og ég sagði í upphafi máls míns þá er sagt að við félagshyggjufólk höfum ekkert vit á ríkisfjármálum og að við virðumst ekki skilja að umsvif þurfi í þjóðfélaginu til þess að halda uppi hagvexti. Við skiljum vel að peningarnir koma ekki af himnum ofan og við skiljum vel að til þess að tryggja hér góða atvinnu og stöðugt efnahagslíf þá verðum við að hafa fjölbreytnina að leiðarljósi. Ég vil spyrja á móti: Hvernig ætlar hæstv. ríkisstjórn að halda áfram að halda uppi hagvexti þegar þessum framkvæmdum lýkur? Verður þá bara hrun, eða í hvaða framkvæmdir á að fara næst? Ef þetta eru rökin til þess að halda uppi velferðarkerfinu, þ.e. ef við þurfum að hafa slíkar framkvæmdir í gangi til þess að uppfylla þarfir, a.m.k. stórs hóps verktaka og verktakafyrirtækja þó ekki væri annað, og ef það eiga að vera rökin til þess að bægja frá atvinnuleysi að halda þurfi uppi svo stórum og miklum virkjanafamkvæmdum til þess að keyra hér áfram stóriðjustefnuna, hvernig verður þá ástandið þegar þessum framkvæmdum lýkur? Ef þetta á að vera áframhaldandi stefna, hvar á þá að virkja næst? Við höfum ekki fengið að sjá rammaáætlunina um virkjanir fallvatna og gufuafls, vatnsafls og gufuafls. Þeirri framkvæmdaáætlun er haldið í klemmu því það vantar fjármagn til þess að ljúka þeirri vinnu. Það á sem sé að halda þessari forgangsröðun frá þjóðinni þar til búið er að velja hagkvæmustu kostina, hagkvæmustu að því leyti að framkvæmdalega og rekstrarlega sé best að fara í þá virkjanakosti. Það á sem sagt að halda rammaáætlun til hliðar þar til búið verður að fleyta rjómann af virkjanakostunum.

Hvernig eigum við að standa undir velferðarkerfinu til lengri tíma? Hvernig framtíð verður þetta í sjálfbæru samfélagi, eins og sagt er? Ríkisstjórnin flaggar á öllum sviðum að við séum hér með sjálfbærar framkvæmdir, sjálfbæra Kárahnjúkavirkjun. Hvernig ætlar hún að standa undir velferðarkerfinu öðruvísi en að keyra áfram þessa stefnu?

Herra forseti. Ég tel að á þessu sviði eins og svo mörgum þá eigum við að læra af öðrum þjóðum. Nágrannaþjóðir okkar hafa brennt sig á stóriðjustefnunni. Stóriðja og ein stór verksmiðja inn á ákveðið búsvæði er ekki byggðastefna sem skapar fjölbreytt atvinnulíf. Allt aðrir hlutir gera það og þá hafa aðrar þjóðir lagt sig fram við að taka upp vegna þess að það skilar svo miklu meiru. Það kostar minna. Það kostar minna fjármagn. Það kostar minna hvað varðar náttúruna og það skapar svo miklu fleiri störf. Þessar þjóðir framkvæma það sem margar byggðaáætlanir okkar og úttektir hafa bent á, framkvæma þær leiðir sem við ættum að fara. Þær byggja á menntun, nýsköpun, rannsóknum, góðum samgöngum, styrkingu grunnþjónustunnar og þær byggja á byggðum landsins og þeirri auðlegð sem hvert svæði hefur upp á að bjóða. Það er alveg hægt að taka sem dæmi, herra forseti, uppbyggingu Háskólans á Akureyri, ekki bara sem menntastofnunar, heldur hvað sá skóli, hvað sú stofnun hefur gert fyrir atvinnulífið á svæðinu. Það er að mínu mati sú leið sem við eigum að fara. Við höfum dregist aftur úr hvað menntunarstig þjóðarinnar varðar. Við eigum að gefa þar verulega í og ekki bara hvað varðar háskólanám, heldur iðnnám sem er að brotna niður hjá okkur. Við eigum að byggja upp framhaldsskólana betur en við höfum gert og færa þá menntun nær heimabyggð þannig að unglingar landsbyggðarinnar sitji ekki eftir, og byggja síðan á þeirri þekkingu sem unga fólkið okkar kemur með inn í þjóðfélagið.

Herra forseti. Áður en ég lýk við ræðu mína í þessu mikla máli, sem ég skal viðurkenna að hefur gengið mjög nærri mér, vil ég segja að ég hefði viljað og vil sjá heimabyggð mína og Austurland byggjast upp til framtíðar á öðrum forsendum en þessum. Ég veit að við höfum alla möguleika til þess. Við höfum fólk til þess að takast á við þau verkefni sem fjórðungurinn hefur upp á að bjóða ef stuðningur og skilningur yfirvalda er til staðar. Ég vil minna á að þessu máli er ekki lokið því það er fyrir nokkrum dómstólum og nokkrum dómstigum.

[15:25]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. bað mig að sitja hérna við umræðu þegar hún hæfist og ég vil, án þess að ég svari þó tæmandi fyrir hennar hönd, gera tilraun til að svara hér fyrirspurn sem var sett fram til iðnrh. eða umhvrh. um vöktun á svæðinu meðan framkvæmdir standa yfir.

Í úrskurði umhvrh. segir að framkvæmdaraðili skuli í samráði við Náttúrustofu Austurlands standa að nauðsynlegri viðbótarvöktun hreindýra á fyrstu árum starfstíma virkjunarinnar til að staðreyna að áhrif virkjunarinnar á hreindýrastofninn séu ekki meiri en gert er ráð fyrir í matsskýrslu.

Það er rétt að þarna er talað um starfstíma virkjunarinnar. Ég vil þó benda á að Náttúrustofa Austurlands hefur sérstaka fjárveitingu til hreindýrarannsókna og hún hefur starfsmann sem sinnir þessum rannsóknum. Sá er maður sem hefur mesta þekkingu á þessum málum af þeim sem ég þekki til. Ég held að hjá þeim manni sé mesta þekking saman komin í landinu á lifnaðarháttum hreindýranna og ég treysti honum fullkomlega til þess að stunda þessar rannsóknir. Hann er Skarphéðinn Þórisson líffræðingur. Ég tel reyndar einboðið, þó ekki hafi verið kveðið á um það í úrskurðinum, að rannsóknir muni m.a. beinast að þessu atriði núna þegar slíkar framkvæmdir eru þarna inn frá sem hafa áhrif á lifnaðarhætti hreindýrastofnsins. Ég vildi koma þessum svörum til skila.

[15:28]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þetta svar. Ég hef haft samband við Skarphéðin Þórisson sem er okkar helsti sérfræðingur í rannsóknum á hreindýrum og hefur m.a. það starf hjá Náttúrustofu Austurlands að vakta hreindýrin. En þar sem í úrskurði hæstv. umhvrh. kom fram að sérstök vöktun skyldi vera á starfstíma virkjunarinnar þá hefur það verið tekið svo bókstaflega að ekkert fjármagn eða beiðni eða nein vinna hefur verið sett í gang til þess að vakta hreindýrin núna, þ.e. frá því í haust er framkvæmdir hófust. Þarna er gat. Það líður einhver tími þar til virkjunin tekur til starfa. Það munu líða nokkur ár. Það er óþolandi að hafa ekki vöktun sem í raun hefði átt að vera hafin til þess að fylgjast með hegðun hreindýranna á byggingartíma virkjunarinnar, því framkvæmdirnar eru miklar á hreindýraslóðum. Kýrnar bera í Kringilsárrananum þar sem nú er verið er rótast um í dag og líða fer að burði. Það er mjög mikilvægt að Náttúrustofa Austurlands fái fjármagn í þessa vöktun, ekki bara á starfstímanum, heldur nú þegar.

[15:30]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að úrskurðurinn kveður á um skyldur framkvæmdaraðila til að hafa samráð um þessa viðbótarvöktun eftir að virkjunin hefur hafið störf eða eftir

að hún er tilbúin. En að sjálfsögðu kemur ekkert í veg fyrir að settur sé kraftur í þessa vöktun og Náttúrustofa Austurlands leiti þá eftir auknum tilstyrk til þess að vinna slíkt á framkvæmdatímanum. Ég tel að það þurfi ekki að koma í veg fyrir það að kraftur sé settur í þessi mál á framkvæmdatímanum, en til þess kann að þurfa meira afl fyrir Náttúrustofuna. Ég þekki þar örlítið til mála þó ég sé ekki þar stjórnarmaður lengur þannig að ég þykist vita að þar þurfi þá til að koma eitthvað fleiri starfskraftar ef þess er þörf, en ekkert kemur í veg fyrir það að sjálfsögu. Það er framkvæmdaraðili sem hefur þessar skyldur samkvæmt úrskurðinum, að koma þarna inn eftir að virkjunin er tekin til starfa.

[15:31]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessi svör. Framkvæmdaraðili á að sjá um vöktun eftir að starfstími virkjunarinnar hefst. En þetta er hugsanlega eitt af mörgu í úrskurði hæstv. umhvrh. sem þarf að fylgja betur eftir. Ég hef áður sagt að sumar mótvægisaðgerðir verði óframkvæmanlegar. En í þessu tilfelli er nauðsynlegt að vakta á framkvæmdatímanum. Til þess þarf Náttúrustofa Austurlands fjármagn, þ.e. til þess að setja starfsmann í þessa vöktun. Það fjármagn hefur hún ekki í dag. Mér heyrðist að hæstv. umhvrh., settur iðnrh., sé tilbúinn til þess að styðja það að staðið sé myndarlega að vöktuninni og að fjármagn til starfans verði tryggt nú þegar.

[15:32]

Útbýting þingskjals:

Hafnalög, 661. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 1075.

[15:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það kom mér á óvart að heyra að hæstv. heilbrrh. sé hér í gervi hæstv. iðnrh. Sannast sagna hélt ég að hann væri í gervi hæstv. umhvrh. En mönnum þykir eflaust ekki nauðsyn bera til þess að hæstv. umhvrh. sé á staðnum. Ég vil leyfa mér að spyrja hvar hæstv. umhvrh. er og hvort hún sjái ekki ástæðu til að vera hér við umræðuna? (**Gripið fram í:** Hún er erlendis.)

(**Forseti** (ÍGP): Forseti vill láta þess getið að hæstv. umhvrh. er í útlöndum þessa stundina.)

Þá óska ég eftir því að formaður umhvn. verði kallaður til þingsins til þess að vera hér við umræðuna, svo og formaður efh.- og viðskn. þingsins og í þriðja lagi formaður iðnn. þingsins.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti skal sjá til þess að þessir ágætu menn verði kallaðir hingað. Þeir eru nú ekki allir í þinghúsinu, en hugsanlega úti á skrifstofu. Forseti skal sjá til þess að þeir verði kallaðir til.)

Framsfl. ályktaði um það á nýafstöðnu flokksþingi að til álita kæmi að þeir sem fengju ráðherratign úr röðum þingmanna afsöluðu sér þingmennsku. Ég hef nú sannast sagna mestar áhyggjur af þeim sem eru þingmenn án þess þó að vera ráðherrar, að þeir sjái ekki ástæðu til að vera hér við umræðuna. Þeirri hugmynd var hreyft hér um daginn að Framsfl. réði sér statista til að koma og fylla hér þingsætin. Það gæfi svona heldur skemmtilegra og betra yfirbragð. Maður gæti alla vega lifað í þeirri trú að flokkurinn vildi kynna sér það sem hér væri til umfjöllunar. Hið sama á að sjálfsögðu við um þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Mönnum finnst þetta eflaust vera það mikið smámál og málið í raun inni til lykta leitt, að það sé til lítils að ræða það. Þannig hefur þetta verið frá upphafi. Þannig hefur þetta mál verið rekið frá því að það fyrst kom fram í byrjun þessa kjörtímabils. Mér finnst mikil synd að hæstv. umhvrh. skuli ekki vera hér á svæðinu vegna þess að ég ætlaði að leyfa mér að vitna í orð hæstv. ráðherra. Reyndar ætlaði ég að gera það líka gagnvart hæstv. iðnrh., þó ég hafi skilning á því að hæstv. iðnrh. er að sinna störfum annars staðar og kemur von bráðar til þings. Mér var kunnugt um það og það var með okkar samþykki, þannig að það komi fram.

Ég hjó eftir svolitlu í máli hæstv. heilbr.- og trrh. Jóns Kristjánssonar áðan. Það var þegar hann benti okkur á hve fáir hefðu greitt atkvæði gegn frv. ríkisstjórnarinnar um álverksmiðjuna í Reyðarfirði við atkvæðagreiðsluna hér í gær. Aðeins átta þingmenn lýstu andstöðu við frv., aðeins átta *þingmenn*. Þar af eru sex þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þetta eru engin ný sannindi fyrir okkur. Kárahnjúkaflokkarnir eru í yfirgnæfandi meiri hluta á þingi. En það sem ég held að margir hljóti að hafa hugsað sem fylgjast með þessari umræðu, hvort sem er hér í þinghúsinu eða við sjónvarpstæki, er nauðsyn þess að breyta valdahlutföllum á Alþingi, vegna þess að þessi skipting á þinginu er ekki í nokkru samræmi við þann veruleika sem blasir við úti í þjóðfélaginu. Þar eru allt önnur hlutföll uppi, enda þorir ríkisstjórnin ekki að láta á það reyna, hún þorir ekki að láta á það reyna í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort þetta mál fengi þar brautargengi. Það er staðreynd.

En hvað líður því að hv. formenn þingnefnda komi til þingsalarins?

(**Forseti** (GuðjG): Formönnum þingnefnda sem óskað var eftir hafa verið send boð um að nærveru þeirra sé óskað.)

Þá ætla ég að byrja á því að vitna örlítið í tvo hæstv. ráðherra. Það geri ég í eftirfarandi samhengi. Það er fagnaðarefni að hæstv. iðnrh. skuli kominn hingað til leiks því ég er í þann veginn að fara að vitna í orð hennar (Gripið fram í.) og reyndar annars ráðherra líka. Það væri nú gaman að fá hæstv. ráðherra til þess að taka þátt í þessari umræðu á eftir.

Aðdragandi þess að mig langaði til að leggjast í þessar tilvitnanir er það ótrúlega ábyrgðarleysi sem einkennt hefur málflutning Framsfl. í þessu máli, ótrúlega ábyrgðarleysi. Framsfl. auglýsti fyrir síðustu kosningar að hann væri bjargið í hafinu. Var það ekki svoleiðis? Kletturinn í hafinu? (**Gripið fram í:** Hann er það.) Hann er það, klettur inn í hafinu. Þar áttu að vera menn sem aldeilis kynnu að reikna, *væru með bókhaldið á hreinu, talnaglöggir menn*. Þessu hefur verið sveiflað að þjóðinni nú sem endranær. Síðan birtist formaður flokksins, hæstv. utanrrh., á flokksþingi Framsfl. með slíkum ólíkindum að eftir var tekið. Þar voru settar fram ýmsar fullyrðingar um efnahagsstærðir og tölur sem engan veginn standast. Þannig sagði hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., að vegna stóriðjuframkvæmdanna mætti ætla að svigrúm ríkissjóðs yrði 20–25 milljörðum meira en það annars hefði orðið. Þetta var á kjörtímabilinu. En hann gekk lengra. Hann lofaði skattalækkunum og útgjöldum sem samanlagt hefðu rýrt ríkissjóð um 15 milljarða á ári — Er þetta ekki rétt? — um 15 milljarða á ári. Og hvers vegna höfðum við 15 milljarða upp á að hlaupa? Það var einnig vegna stóriðjuframkvæmdanna.

En um hvað eru hagfræðingar að deila í þjóðfélaginu? Það er í fyrsta lagi hvort við getum snapað upp í lánin sem við þurfum að taka til að standa straum af kostnaði við framkvæmdirnar og hitt sem flestir hagfræðingar virðast sammála um, þ.e. þeir sem hafa ekki orðið fyrir þeirri ógæfu að vera

settir í nefnd ríkisstjórnarinnar og undir hæl hennar og virðast breyta um skoðun við slíkt — flestum hagfræðingum virðist sem sagt bera saman um að þessi atvinnustefna gefi þjóðinni minni arð, minni tekjur, en aðrar leiðir mundu gera. Við mundum búa við meiri velsæld, við værum líklegri til að búa við meiri velsæld ef við fylgdum annarri atvinnustefnu en þungaiðnaðarstefnu Framsfl. Þetta eru nú bara staðreyndir málsins og þessu fylgjumst við með í hverjum útvarps- og sjónvarpsþættinum á fætur öðrum þessa dagana og þetta erum við að lesa um í Viðskiptablaðinu og öðrum fagtímaritum, nú loksins þegar menn virðast vera að fá málið. Ég ætla að vitna í þessar umræður á eftir. Þetta er um ábyrgðarleysi Framsfl. í efnahagsmálum, ótrúlegt ábyrgðarleysi Framsfl. í efnahagsmálum, staðlausa stafi.

Síðan kemur að umhverfisþættinum. Þar er ég kominn að hæstv. iðnrh. og við erum svo lánsöm að hafa hæstv. ráðherra hér með okkur. Á flokksþingi framsóknarmanna var m.a. rætt um rannsóknir Orkustofnunar á Torfajökulssvæðinu, jarðhitarannsóknir. Hæstv. iðnrh. og hæstv. umhvrh. sátu þar fyrir svörum. Ríkisútvarpið var á staðnum og fylgdist með. Þar var iðnrh. spurður að því í fyrirspurnatíma hvort Alþingi tæki ákvörðun um að friðlýsa svæði án þess að fullkannað væri hvort á þeim væri að finna verðmæti svo sem vatnsföll eða jarðhita sem ríkinu væri nauðsynlegt að nýta. Það var spurt vegna umræðu um Torfajökulssvæðið og jarðhitarannsóknir þar.

Valgerður Sverrisdóttir iðnrh. sagði samkvæmt útvarpsfréttum eftirfarandi orðrétt, með leyfi forseta:

„Að það sé betur yfirvegað og það sé eitthvert ákveðið ferli sem á sér stað áður en slík ákvörðun er tekin."

Ákvörðun um hvað? Um að virkja? Um að spilla náttúrunni? Að menn þurfi að stíga varlega til jarðar áður en afdrifaríkar og óafturkræfar ákvarðanir eru teknar sem spilla náttúru Íslands? Nei, áður en ákvarðanir eru teknar um friðlýsingu svæða — áður en ákvarðanir eru teknar um að friðlýsa svæði. Það er áhyggjuefnið hjá Framsfl.

Ráðherrann hæstv. heldur áfram, með leyfi forseta:

„Þarna hafa farið fram miklar rannsóknir af hálfu Orkustofnunar og þær rannsóknir verða að fara fram og eiga að fara fram. Það er skylda Orkustofnunar að rannsaka svæði sem þessi og það er í raun ekki búið að taka neina ákvörðun um nýtingu, en eins og ég segi, það er seinni tíma mál."

Þarna erum við að tala um Landmannalaugasvæðið. Það er seinni tíma mál að ákveða hvað við gerum. En við þurfum að stíga varlega til jarðar í framtíðinni þegar við ákveðum að friðlýsa svæði. Menn mega nú aldeilis vara sig á því að vera of fljótir á sér þar. En þegar kemur að því að spilla náttúrunni þá er ekkert hik á Framsfl. Þá er ekki nokkurt einasta hik á Framsfl. Hver á að standa vaktina í Stjórnarráðinu fyrir hönd náttúrunnar? Skyldi það ekki vera hæstv. umhvrh.? Hvað sagði hæstv. umhvrh. í þessari sömu umræðu? Hæstv. umhvrh. Siv Friðleifsdóttir sagði eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þó að svæði séu friðlýst að þá er ekki þar með sagt að þeim verði aldrei breytt um ókomna framtíð. Hins vegar njóta þau þá sérstakrar verndar og af því að þið voruð að tala hérna áðan um Kárahnjúkavirkjun að þá er það alveg ljóst að við þurftum að breyta þar friðlýsingu á Kringilsárrana til þess að hægt væri að fara í þá framkvæmd. Þannig að þó að svæði séu friðlýst þá þýðir það ekki að þau séu algjörlega ósnertanleg um alla framtíð."

Og þá eru allir horfnir úr salnum náttúrlega. Mér finnst það ekki skrýtið. Skyldi fólki finnast það skrýtið að mönnum finnist óþægilegt að hlusta á þessa lesningu, þessar tilvitnanir í orð hæstv. iðnrh. og umhvrh. landsins?

Nú ætla ég, herra forseti, að gera hlé á máli mínu þar til þeir allir eru mættir í þingsalinn, formenn efh.- og viðskn., iðnn. Ég spyr: Hvar er formaður umhvn.? Og síðan væri ágætt að hæstv. ráðherrar væru hér einnig til staðar. En ég mun ekki segja eitt aukatekið orð fyrr en þessir aðilar eru komnir hér aftur í þingsalinn.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti mun gera ráðstafanir til þess að kalla hæstv. ráðherra í salinn. Hæstv. ráðherra gengur nú í salinn og forseti mun sjá til þess að haft verði samband við þá aðra sem hv. þm. nefndi.)

Mönnum til upplýsingar þá er ég að bíða hér eftir því að formaður iðnn. og formaður umhvn. þingsins láti svo lítið að vera viðstaddur þessa umræðu.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill upplýsa hv. þm. um að gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að hafa samband við hv. formann umhvn., Magnús Stefánsson, sem nú er í þinghúsinu og hv. formann iðnn., Hjálmar Árnason, sem einnig er í þinghúsinu, þannig að hv. þm. nær eyrum viðkomandi þingmanna.)

Það er ágætt að upplýsa hv. þm. og formann efh.- og viðskn. um að ég var að reifa þá hugmynd áðan að ráðnir yrðu statistar fyrir Framsfl. til að sitja hér í sætum vegna þess að menn virðast ekki hafa tíma til þess að fylgjast með umræðunni, jafnvel þótt þeir séu ábyrgðarmenn fyrir viðkomandi málaflokk. Þar vísa ég í formann umhvn. þingsins. Þetta er umhverfismál. Við erum að fjalla um mestu umhverfisspjöll í Íslandssögunni sem er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans hér. En það var svolítið athyglisvert að áðan var verið að vitna í hæstv. umhvrh. þjóðarinnar og afstöðu hæstv. ráðherra til friðlýstra svæða. Það var reyndar einnig vitnað í hæstv. iðnrh., um afstöðu hennar til friðlýsingar. (**Iðnrh.:** Afskaplega gáfulega að orði komist.) „Afskaplega gáfulega að orði komist," segir hæstv. iðnrh. Jú, það er svo. Það er nokkuð sem ágætir kjósendur ættu að íhuga í komandi kosningum, að hæstv. iðnrh. finnst þetta alveg einstaklega gáfulega mælt og mikil viska þarna á ferðinni. En ég er alveg tilbúin að gera hlé á ræðu minni ef þarf að bíða frekar eftir því að þessir hv. þm. komi hingað til þingsalarins. Ég mun ekki sætta mig við það að hér haldi áfram umræða um þetta mál án þess að fulltrúar eða fulltrúi umhvn. sé hér á svæðinu. Ég geri það ekki. En ég er tilbúinn að gera hlé á ræðu minni ef þess er óskað.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill freista þess að bíða augnablik vegna þess að hv. þm. Magnús Stefánsson, formaður umhvn., og hv. þm. Hjálmar Árnason, formaður iðnn., eru hér í húsinu og verið er að gera ráðstafnir til að láta þá vita.

Forseti hyggst nú gera hlé á fundinum í fimm mínútur.)

[Fundarhlé. — 15:50]

[15:56]

Ögmundur Jónasson (frh.):

Herra forseti. Ég sá hv. formann umhvn. á göngunum. Mér sýnist hann vera bara horfinn aftur á braut. Hér er formaður efh.- og viðskn. þingsins, (Gripið fram í.) hæstv. ráðherra mun vera hér einhvers staðar væntanlega og formaður iðnn. (**Gripið fram í:** Þú stendur þarna ...)

Það er svolítið merkilegt að framlag Framsfl. til þessa máls hefur annaðhvort verið svona ósvífni eða aulafyndni.

Það hefur talsvert verið um slík viðbrögð frá þeim stjórnmálaflokki. Ég var einmitt áðan að tala um það ótrúlega ábyrgðarleysi sem sá stjórnmálaflokkur hefur sýnt í þessu máli og vék að yfirlýsingum sem formaður flokksins lét frá sér fara á nýafstöðnu flokksþingi Framsfl. þar sem hann var með ýmsar mjög miklar rangfærslur, að mínum dómi, nánast blekkingar, gagnvart þjóðinni, þar sem hann gaf í skyn að ávinningur af þessari framkvæmd fyrir ríkissjóð og almannasjóði væri miklum mun meiri en hann er. Um það deila hagfræðingar hver ávinningurinn er og þá yfirleitt hvort ávinningur verði af þessum framkvæmdum, því ýmsir telja að af þeim verði hreinlega bókhaldslegt tap.

Annað sem ég vil vekja athygli á við þessa umræðu málsins, þriðju og síðustu umræðu málsins, er hve margir endar eru óhnýttir. Vísa ég þar sérstaklega í kæru eða gögn öllu heldur sem hafa verið send Eftirlitsstofnun ESA, þeirri stofnun sem á að fylgjast með því að reglur og samningar sem við höfum undirgengist í tengslum við hið Evrópska efnahagssvæði séu ekki brotnir vegna þessara framkvæmda. Og um hvað snýst það mál? Jú, það snýst um það hvort niðurgreiðslur ríkisins, stuðningur Íslendinga við þessa framkvæmd, standist almennar samkeppnisreglur. Í því frv. sem við ræðum nú, frv. til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði, eru ákvæði sem veita Alcoa-fyrirtækinu ýmsar ívilnanir. Þær ívilnanir eru fyrst og fremst í formi skuldbindinga, t.d. varðandi tekjuskattinn. Alcoa-fyrirtækið á að borga 18% tekjuskatt, en í samningnum og í lagafrv. er kveðið á um að fari svo að tekjuskattar fyrirtækja verði hækkaðir á samningstímanum umfram þessi 18%, þá muni það ekki ganga yfir Alcoa. Það muni ganga yfir öll önnur fyrirtæki í landinu. Það muni ganga yfir öll íslensk fyrirtæki, en ekki Alcoa. Þetta á við reyndar um ýmsa aðra þætti t.d. varðandi útreikninga á rekstrartöpum sem eru flutt á milli ára. Kveðið er á um að það skuli gilda um tiltekinn árafjölda og verði breyting á því skal það ekki koma í bakið á Alcoa-fyrirtækinu. Það má bitna á öllum öðrum atvinnurekstri í landinu, en þetta stóra auðfyrirtæki er hins vegar sett í bómull.

ESA-dómstóllinn er m.a. að fjalla um þetta. Þar kunna að koma inn í aðrir þættir líka, t.d. niðurgreiðslur og stuðningur í formi hafnargerðar og vegagerðar, undanþágur frá losunarsköttum og umhverfissköttum. Hvers kyns ívilnanir og undanþágur kunna að vera þar á borðinu. Við fáum ekki upplýsingar um það.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir óskaði formlega eftir þessum upplýsingum. Hið sama hef ég gert í efh.- og viðskn. þingsins. Þar var þetta mál sérstaklega tekið fyrir. Fulltrúar frá iðnrn. mættu á fund efh.- og viðskn. og greindu okkur frá því að málið væri á svo viðkvæmu stigi að ekki væri á það hættandi að upplýsa þingnefndina um málið, nema menn lofuðu því að segja engum frá, lofuðu því að segja hvorki fjölmiðlum, öðrum þingmönnum eða þjóðinni yfirleitt frá því sem þarna væri á ferðinni. Þessu mátti líkja við eins konar samningsferli, var okkur sagt. Þetta samningsferli er nú á svo viðkvæmu stigi að það er ekki óhætt að láta þingið fylgjast með gangi mála.

Finnst mönnum þetta boðlegt? Er þetta traustverkjandi? Var ekki einhvern tímann sagt að þessi ESA-stofnun væri dómstóll? Er ekki talað um ESA-dómstólinn? Nú er hæstv. iðnrh. að prútta við þennan dómstól. (**Iðnrh.:** Eftirlitsstofnun.) Eftirlitsstofnun já, þetta er eftirlitsstofnun. Þetta er ekki dómstóll. En gagnvart þessari eftirlitsstofnun eru hæstv. ráðherra og ríkisstjórn í eins konar samningaviðræðum. Þegar óskað er eftir því að þingið og stjórnarandstaðan, bara þingmenn almennt, fjölmiðlar og þjóð, fái aðgang að þessari umræðu, að vita um hvað hún fjallar, hvaða gögn er verið að reiða fram og yfirleitt hvaða efnisþættir eru til umfjöllunar, þá er lokað á allt slíkt. Finnst mönnum þetta boðlegt?

Ég held að þetta mundi ekki ganga í Bandaríkjunum, í vöggu kapítalismans. Þetta mundi ekki ganga. Það komu hingað sérfræðingar í raforkumálum fyrir fáeinum mánuðum og lýstu fyrir okkur sem sóttum fundi þeirra að í Bandaríkjunum væri raforkukerfið að verulegu leyti markaðsvætt en hins vegar væri aðgangur fjölmiðla og almennings að upplýsingum betri en hér, miklu betri. Ég efast stórlega um að þetta mundi viðgangast þar.

Það stórkostlegasta í þessari umfjöllun og umræðu var að okkur var bent á að við kynnum að geta sótt málið á grundvelli upplýsingalaga eða einhverjum öðrum leiðum, kynnum að geta náð upplýsingum með einhverjum öðrum hætti. Þannig talar ríkisstjórnin til okkar. Þetta er meirihlutavaldið á Alþingi sem talar svona til okkar. Hugsanlega getum við náð frá þeim upplýsingum ef við beitum sérstökum lagatæknilegum klókindum til þess. Eru þetta hugmyndir Framsfl. um opið lýðræðisþjóðfélag? Það er von að ráðherrann hlægi. Þetta er náttúrlega alveg drepfyndið. Þetta er alveg óskaplega fyndið.

Enn þá sniðugra er náttúrlega að láta þingið og stjórnarmeirihlutann samþykkja frv. áður en búið er að skoða málið í Brussel. Það er náttúrlega svo sprenghlægilegt að ég er viss um að það leikur allt hér á reiðiskjálfi af hlátrasköllum á morgun þegar málið verður endanlega afgreitt. Allir endar eru óhnýttir í málinu. (**Iðnrh.:** Þetta er heimild til iðnrh.) Þetta er heimild til iðnaðarráðherra. Nú, það er svoleiðis. Þetta er heimild til að ráðast í framkvæmdirnar. Sams konar heimild og var veitt fyrir Kárahnjúkavirkjun. Eru heimildir eitthvað skyldar loforðum? Muna menn eftir loforðunum sem gefin voru í þingsölum, t.d. í tengslum við Eyjabakka og í framhaldinu Kárahnjúka? Um hvað snerust þau loforð? Þau snerust um að ekki yrði ráðist í neinar framkvæmdir í tengslum við þessi stóriðju- og virkjanaáform fyrr en allir samningar væru frágengnir og hefðu verið kynntir í þinginu.

Var því ekki lofað? Er ég einn um að muna þetta? (**Gripið fram í:** Nei, ég man það líka.) Muna það ekki allir? Ég held að það muni þetta allir. Það er búið að margítreka þetta í fjölmiðlum og hér á þingi. Þegar við heyrðum skröltið í vinnutækjunum á leið upp í Kárahnjúka að bora sig í gegnum fjöllin var gengið eftir því á Alþingi hvað menn ætluðu að gera með þessi loforð. Vita menn hverju var svarað? Vita menn hverju var svarað í iðnn., en þar sótti ég fund í haust fyrir hönd hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar þar sem við gengum eftir þessum loforðum? Á meðal þeirra sem komu fyrir þingnefndina var fyrrv. hæstv. iðnrh., Finnur Ingólfsson. Það var hann sem gaf þetta loforð aftur og ítrekað. Vita menn hverju hann svaraði þá? Hann sagði: Já, en var það ekki önnur virkjun? Var það ekki Eyjabakkavirkjun? Við hin héldum að menn væru að tala um virkjunarframkvæmdir þarna almennt. Við héldum að menn væru vandir að virðingu sinni og að orð stæðu. En það gera þau ekki.

Það sem við erum að ganga frá hér eru heimildir, svipað og ríkisstjórnin gefur loforð sem síðan eru svikin. Þetta er alvaran að baki þessum textum sem eru til umfjöllunar í þinginu. Mér finnst þetta ekki traustvekjandi, herra forseti, nema síður sé.

Ég leyfi mér að spyrja hæstv. iðnrh.: Hvað veldur því að ríkisstjórnin neitar að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta stórmál? Það eru aðeins rúmir tveir mánuðir til kosninga. Það er hæglega hægt að koma því þannig fyrir að kosið verði um þessar umdeildu framkvæmdir samhliða alþingiskosningum 10. maí. Þá væru menn heldur betur samferða þjóð sinni. Í skoðanakönnun sem gerð var fyrir fáeinum vikum í kringum mánaðamótin janúar/febrúar, kom fram að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar er þessu fylgjandi. Þannig eru þeir sem eru hlynntir þjóðaratkvæðagreiðslu um stórmál af þessu tagi tæplega 80%, 79%. Andvígir eru aðeins 15%. Sama gildir varðandi Kárahnjúkavirkjun. Þar er heldur minna hlutfall, en þó eru 64% þjóðarinnar fylgjandi því að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um Kárahnjúkavirkjun. Hvorki né segja 6% en andvígir eru 30%.

Hlutföllin hér inni á þingi eru hins vegar allt önnur. Hæstv. heilbrrh. vakti í dag athygli okkar á að aðeins átta þingmenn hefðu greitt atkvæði gegn frv. ríkisstjórnarinnar og það eru náttúrlega fyrst og fremst þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Kárahnjúkaflokkarnir hafa yfirgnæfandi meiri hluta hér á þinginu. Þetta er vitað. Og um þetta hljóta kosningarnar að einhverju leyti að snúast í vor. Ætla menn að veita Kárahnjúkaflokkunum brautargengi eða flokki sem er reiðubúinn að standa vaktina í þágu umhverfisverndar á Íslandi? Við stöndum ekki bara fyrir umhverfisvernd heldur höfum við fært fyrir því haldgóð rök að sú stefna sem við boðum í efnahags- og atvinnumálum sé miklu vænlegri til að bæta þjóðarhag en þungaiðnaðarstefna Framsfl. Okkar stefna er miklu vænlegri til árangurs. Við höfum fært fyrir þessu ítarleg rök.

Það væri fróðlegt að heyra rökstuðning fulltrúa ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans gegn því tillaga okkar um þjóðaratkvæðagreiðslu nái fram að ganga. Ég spyr t.d. hv. formann umhvn.: Finnst honum ekki eðlilegt að þjóðin fái tækifæri til þess að greiða atkvæði um þessi mestu náttúruspjöll sögunnar á Íslandi? Er ekki eðlilegt að þjóðin fái að koma beint og milliliðalaust að því máli? Hæstv. ráðherra Framsfl. (**KHG:** Hún fær það í maí.) Hún fær það í maí. Já, það er nokkuð til í því hjá hv. þm. Kristni Gunnarssyni. Þá getur þjóðin sagt Kárahnjúkaflokkunum sinn hug. Það er alveg rétt. En málið er stærra en svo að við getum leyft okkur að hugsa í einu litlu kjörtímabili. Afleiðingar þessarar stefnu og þessara framkvæmda eru því miður meiri en svo. Við erum að tala um óafturkræf spjöll á náttúru Íslands. Þetta er bara staðreynd málsins.

Mér þætti fróðlegt að fulltrúar stjórnarmeirihlutans gerðu svo lítið að upplýsa okkur um hvað veldur því að þeir eru andvígir því að láta greiða um þetta atkvæði. Eru menn hræddir? Trúa menn ekki á eigin málstað? Óttast þeir þjóðina? Hvað er það sem menn óttast? Hvað veldur því að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn, ekki bara stjórnarmeirihlutinn heldur allir Kárahnjúkaflokkarnir hér á þingi, leggjast gegn þessu. Við erum ein um þetta, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, að standa hér í fæturna og vilja stuðla að náttúruvernd. Hvað veldur því að þessir aðilar leggjast gegn því að þjóðin fái aðkomu að málinu?

Nú verð ég eiginlega að fara að hætta til að fá hæstv. iðnrh. hér upp í andsvari ef svo skyldi fara að hæstv. ráðherra ætlaði að svara þessu, segja hug sinn eða öllu heldur segja þjóðinni hug sinn.

En mig langar að segja örfá orð um þjóðaratkvæðagreiðslu. Það var tekist á um þetta í byrjun 10. áratugarins. Hvenær var það, 1992? (**KHG:** Af hverju treystirðu ekki alþingiskosningum?) Ég treysti þeim líka. Ég treysti þeim að sjálfsögðu líka en ég tel að þetta mál sé það stórt í sniðum að þjóðin eigi rétt á að koma að því milliliðalaust. Því er þannig háttað að þjóðin er skipt í fylkingar, hugsanlega svipaðar að stærð. Ég skal ekki um það segja, það veit enginn. Það hafa verið gerðar skoðanakannanir sem gefið hafa skiptinguna til kynna en það þyrfti að komast betur að raun um það. En þetta mál er það stórt og umdeilt að það er eðlilegt að málið sé til lykta leitt með þeim hætti að okkar mati. Við teljum það líka sanngjarnt. Það hafa komið upp mál sem hafa kallað á slíkt.

Ég held að allir séu sammála um það og enginn mundi láta sig dreyma um annað en að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu ef einhverjum stjórnarmeirihluta dytti í hug að Ísland sækti um aðild að Evrópusambandinu. Ég held að það sé enginn sem mundi andmæla því. Enginn. Hins vegar var það mjög umdeilt á sínum tíma þegar við gerðumst aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði. Þá var þess krafist að efnt yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. ASÍ var á því máli, BSRB, Neytendasamtökin, Bændasamtökin og tugþúsundir Íslendinga skrifuðu undir kröfur og óskir þar að lútandi. Þetta var hunsað. Hver voru rökin sem færð voru fram? Annars vegar heyrðust þessi venjulegu, hefðbundnu ólýðræðislegu rök um að þjóðinni kæmi það nánast ekki við en síðan var hitt: Málið er svo flókið, sögðu menn, að við þurfum þessa miklu sérfræðinga á Alþingi til að taka á málinu.

Er það þá hið sama sem gildir hér? Hve margir hafa sett sig verulega vel inn í þessi mál? Það er núna fyrst sem umræðan er að byrja að blómstra um hina efnahagslegu þætti málsins, svo dæmi sé tekið. Fram til þessa hefur alltaf verið vísað í útreikninga og staðhæfingar Landsvirkjunar. Síðan hefur hver aðilinn á fætur öðrum komið og stimplað þá. Menn hafa alltaf gert þetta með skírskotun til japansks bankafyrirtækis, Sumitomo-bankans í Japan. Hvaða hlutverki skyldi sá banki koma til með að gegna hér á komandi mánuðum og missirum ef af þessu verður? Hann verður einn af lánveitendunum, hann er hagsmunaaðili í málinu. Það er á hans útreikningum, stimplum og samþykki sem nánast allar umsagnir hvíla.

Síðan hef ég bent á að það er misræmi í því sem fram kemur í gögnum sem Landsvirkjun afhenti Sumitomo-bankanum annars vegar og hins vegar í skýrslum Landsvirkjunar. Ég hef ekki fengið nein svör við þessu. Ég veit ekki til þess að menn hafi lagst yfir þetta misræmi. Menn hafa heldur ekki lagst yfir skýrslur sem Þorsteinn Siglaugsson setti fram um kannanir sem gerðar hafa verið, bæði á vegum Alþjóðabankans og rannsóknarfyrirtækja, sérstaklega eins sem hann byggir á, töflur sem við fengum í efh.- og viðskn. þar sem fram kemur að áhættumat Landsvirkjunar er út úr öllu korti. Og það kemur líka fram að þau gögn sem Landsvirkjun afhenti Sumitomo um það efni gáfu til kynna að áhættumatið hvíldi á öllum virkjununum sem Landsvirkjun hefði ráðist í. Staðreyndin er hins vegar sú að það er aðeins brotabrot af þessum virkjunum og þær að umfangi aðeins brotabrotabrot af Kárahnjúkavirkjun. Menn leggjast ekkert yfir þetta, menn skoða þetta ekki neitt.

Menn voru byrjaðir að álykta hér út og suður, samtök á vinnumarkaði, bæði Alþýðusambandið og Samtök atvinnulífsins ályktuðu um málið áður en samningar voru gerðir. Áður en lýðum varð ljóst hvað hengi á spýtunni var ályktað og málið stutt án þess að nokkur vissi hvað það gæfi í aðra

hönd. Vorum við þá ekki undir sömu sökina seld sem höfum verið andvíg þessu?

Andstaða okkar skýrist fyrst og fremst af umhverfissjónarmiðum, þannig leggjum við málið upp. Við viljum ekki láta spilla náttúrunni á þennan hátt en þá komu stjórnarmeirihlutinn og virkjunarsinnar fram með þau rök og þær staðhæfingar að virkjanirnar og stóriðjan mundu skila svo miklum ávinningi inn í efnahagslíf okkar að við gætum ekki annað en tekið þennan kost. Þetta var hugsunin. Svo fóru menn þá að deila um þennan efnahagslega ávinning og reyna að meta hver hann raunverulega yrði. Um það hefur deilan hér þess vegna staðið.

En aftur og ítrekað vil ég segja að hinn pólitíski ásetningur hefur verið ljós allar götur frá því að þetta mál kom inn á þing í byrjun þessa kjörtímabils. Auðvitað á málið sér miklu lengri aðdraganda en í byrjun þessa kjörtímabils, árið 1999, urðu hér miklar umræður og deilur um Eyjabakkavirkjun. Það var hart tekist á um þá virkjun. Norsk Hydro kom snemma að því máli. Hvað átti Norsk Hydro að gera? Jú, það ætlaði að vera sameignaraðili með Íslendingum, með íslenskum fjárfestum. Norsk Hydro ætlaði upphaflega ekki að eiga nema 20–25% í álverksmiðjunni sem til stóð að reisa í Reyðarfirði. Síðan missir þáverandi stjórnarformaður Hæfis, held ég að það heiti, Geir A. Gunnlaugsson, það einhvern tíma út úr sér að það sé mikið vandamál með 80 milljarðana. 80 milljarða, spyrja menn þá, hvaða 80 milljarða? Það hafði ekkert verið rætt í þinginu um ábyrgð á 80 milljörðum. Hver átti að veita þá ábyrgð? Það var það sem vantaði upp á 20–25% sem þeir ætluðu að koma með. Þetta fékkst aldrei rætt, það komu aldrei neinar skýringar á þessu þótt eftir væri leitað, en þetta var hugmyndin. Norsk Hydro ætlaði að koma inn í álverksmiðjuna með 20–25% eignaraðild. Og þeir ætluðu að gera meira. Þeir ætluðu að sjá um aðföng, um sölu á afurðum og sjá fyrir tæknilegri þekkingu. Þetta átti að vera þeirra aðkoma að málinu.

Hverjir voru hinir aðilarnir sem áttu að koma að fjármögnuninni? Það voru lífeyrissjóðirnir. Þeir áttu að koma að þessari fjármögnun. Og ég þekki það vel vegna þess að ég sótti fund fjárfesta fyrir hönd lífeyrissjóðs þess sem ég hef átt stjórnarsæti í, Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, fund sem var haldinn í júníbyrjun árið 2001. Þá var haldinn fundur á Hótel Sögu þar sem óskað var eftir því við lífeyrissjóðina að þeir kæmu með fjármagn inn í þessa framkvæmd. Það voru kallaðir til sérfræðingar sem gáfu alveg skínandi lýsingu á þróun álverðsins — þetta var allt óskaplega góður fjárfestingarkostur — ég held að það hafi verið CRU-fyrirtækið, þessir sömu og eru að ráðleggja núna og hafa alltaf komið með ranga spádóma, alltaf síðustu árin. Menn beri bara saman töflurnar annars vegar og skýrslur Landsvirkjunar hins vegar. Þar er allt á skjön, það gengur ekkert upp. En það er alveg sama þó að á þetta sé bent, það er eins og að stökkva vatni á gæs. Þetta er samt staðreynd. Og ég hvet menn sem efast um það til að skoða þetta. Nema þar átti að sýna fram á og var sýnt fram á bullandi arðsemi af þessu verkefni. Hófst nú mikið tog um hvað Norsk Hydro kæmi með stóran eignarhlut inn í þetta fyrirtæki sem átti að verða til. Af Íslands hálfu var alltaf verið að reyna að toga það upp á við, upp undir helminginn. Það var markmiðið.

Lífeyrissjóðunum var sagt að af þessu yrði mikill arður. Menn trúðu því ekki. Hvernig stendur þá á því að menn telja nú að það verði arður af starfsemi Alcoa ef menn töldu að hinn aðilinn yrði í bullandi tapi? Á hverju skyldi það byggja? Það byggði á því að menn ætluðu að raforkan yrði seld á raunvirði. Það er staðreyndin. Síðan var dæminu snúið við og stjórnvöld ákváðu að niðurgreiða raforkuna þannig að Alcoa-fyrirtækið gæti hagnast. Þetta er viðsnúningurinn. Þegar þessum lífeyrissjóðsfundi lauk sögðu forsvarsmenn hans: Við viljum ekki fá neitt opinbert frá ykkur núna. En við viljum fá vísbendingar í júlímánuði og í byrjun næsta árs, í byrjun árs 2002 hefur það sennilega verið, ætlum við að innheimta loforðið opinberlega. Þannig gekk þetta fyrir sig. Menn áttu að gefa þarna skuldbindingar og vilyrði en loforðið yrði innheimt „í byrjun næsta árs".

Frá þessu greindi ég opinberlega. Að sjálfsögðu greindi ég frá þessu opinberlega. Og hver voru þá næstu skref? Hver urðu viðbrögðin í stjórnum lífeyrissjóðanna? Það var komið með plagg inn í stjórnirnar frá þessum aðilum — á ensku, það var nú svo smekklegt, við erum öll íslenskumælandi sem sitjum í þessum stjórnum en plaggið var á ensku. Fyrirsögnin var „Secrecy Agreement", samkomulag um leynd, og áður en lengra yrði haldið skyldu menn undirrita þetta samkomulag. Þetta eru vinnubrögðin í þessu máli, svona hafa þau verið. Þess vegna er ég ekkert undrandi yfir því að fáum ekki að sjá þau plögg sem ráðuneytið er að senda frá sér. Ég spyr: Hvað er það sem ekki þolir dagsljósið?

Hvers vegna höfðu menn svona miklar efasemdir um fjárfestingu í Norsk Hydro ævintýrinu á sínum tíma? Jú, við höfðum náttúrlega reynslu af slíkum fjárfestingum. Þar vísa ég t.d. í járnblendifélagið í Hvalfirði. Þar komu upphaflega erlendir eignaraðilar að, Union Carbide, og síðan á áttunda áratugnum kemur í kjölfarið Elkem Spigerverket inn í það dæmi, fyrst með minnihlutaeign, en síðan smám saman jókst hún og er núna komin í 75%. Hvernig gerðist það? Járnblendifélagið hefur nokkrum sinnum orðið gjaldþrota. Hvað hefur gerst þegar það hefur orðið gjaldþrota? Hvað gerðist þá? Þá var endursamið um raforkuna, þá var endursamið um verðið á raforkunni, á afurð okkar til verksmiðjunnar, á þeirri afurð sem þjóðin selur verksmiðjunni. En svo illa var komið fyrir fyrirtækinu í árslok árið 2001 að hlutabréfin í járnblendifélaginu voru færð niður um 75%, úr 1.700 millj. í 400 millj., um 75%. Þá voru hlutabréfin rýrð að verðgildi um þetta. Það lá við að þetta ylli því að félagið yrði tekið út af Verðbréfaþingi. Hvað gerði ríkisstjórnin þá? Hún setti inn nokkra tugi milljóna, ég held að það hafi verið 60 millj., til þess að koma í veg fyrir þetta algera hrun og skipbrot. En með þessum hætti urðu ýmsir, þar á meðal íslenskir fjárfestar, fyrir miklu peningalegu áfalli, og það er þetta sem lífeyrissjóðirnir eða einhverjir aðilar innan þeirra horfðu til að gæti gerst í samkrulli með Norsk Hydro, fyrirtæki sem hefði tögl og hagldir um aðföng og sölu á afurðunum og ætlaði að fá sinn hlut í tæknivinnu á ódýran hátt. Sú var hugsunin. Og eitt af því, svo að ég rifji það upp líka í tengslum við þessa samninga við Elkem, var krafan um að fá 3% hlutdeild í veltunni, sem þeir fengu, blóðpeninga sem Jón Sigurðsson, fyrrv. hæstv. iðnrh., talaði um. Þetta er þessi saga. En jafnvel þótt menn hefðu þessa sögu og þessa atburðarás fyrir augunum og í huga, a.m.k. þeir sem höfðu kynnt sér málið, átti eftir sem áður að fara út í svipað ævintýri og krefjast þess af lífeyrissjóðunum að þeir kæmu einnig þar til sögunnar. Þetta eru staðreyndir í þessu máli.

Áður en ég kveð alveg Hvalfjörðinn spyr ég hvort það sé ekki rétt að nú sé svo komið að Alcoa-fyrirtækið eigi næstum helmingseignarhlut í Elkem, 46%. Ég held að svo sé. Þetta eru hræringarnar. Og ég hef áður rifjað það upp hér

í ræðu að eitt það áhrifaríkasta sem mér hefur fundist hafa komið fram í þessari umræðu voru orð fyrrverandi forstjóra járnblendifélagsins, Jóns Sigurðssonar, sem varði okkur við þessum samningum. Reyndar horfði hann þá fyrst og fremst til Norðmannanna og þessa samkrulls sem ég var að vísa til. Hann sagði: Þessir eignaraðilar hafa tögl og hagldir við slíkar aðstæður — eins og varð raunin — og þeir eiga kost á því að taka upp samninga og færa verðið niður. Og ef þeir hverfa frá eða verða gjaldþrota, sem getur gerst, líka með risafyrirtæki — Argentína er ekki fyrirtæki, heldur ríki. Það varð gjaldþrota. Pan American er fyrirtæki, það varð gjaldþrota, risastórt, þetta getur gerst — þá koma þeir sem Jón Sigurðsson kallaði hræætur, og það eru ekkert sérstaklega þægilegir samningsaðilar. Þetta gæti gerst við erfiðar aðstæður. En við erum ekkert að meta það núna. Við erum að meta nákvæmlega samningana sem verið er að gera. Við bendum á að samningarnir sem ríkisstjórnin er að gera um stóriðjuna séu vafasamir, og þá hafa menn horft til tveggja þátta, annars vegar þess tilkostnaðar sem við verðum fyrir, útgjaldanna, stofnkostnaðarins, og hins vegar raforkuverðsins, þ.e. þeirrar afurðar sem við seljum. Þar hefur verið bent á að óvissuþættirnir séu gríðarlega miklir. Þótt þeir færu ekki nema upp undir meðaltal í umframkostnaði sem fram kemur í skýrslum Alþjóðabankans í framkvæmdum af þessu tagi væri framkvæmdin komin í bullandi tap, bókhaldslegt tap. Það yrði bókhaldslegt tap á framkvæmdinni upp á marga milljarða. Hvað skal gera þá? Á þá að koma ríkisstuðningur? Samkvæmt lögum má ekki láta almenna raforkukaupendur niðurgreiða stóriðju. Það er bannað lögum samkvæmt, og við erum svo afskaplega löghlýðin, segja þeir hjá Landsvirkjun. En það verður fróðlegt að fara í saumana á því bókhaldi og einnig formið á niðurgreiðslum vegna framkvæmdanna að öðru leyti. Um það fjalla viðræðurnar við ESA, samkeppnisstofnunina sem við megum ekki fá að fylgjast með. (**Iðnrh.:** Eftirlitsstofnunina.) Eftirlitsstofnun með samkeppni, eða hvað? Með því að samkeppnislög séu í heiðri höfð og að ríkisstjórnin ... (**Iðnrh.:** Í formi ríkisstyrkja.) Í formi ríkisstyrkja, segir hæstv. ráðherra. Við erum að fjalla um ríkisstyrki til Alcoa-fyrirtækisins vegna þess að fyrir hönd íslenskra skattgreiðenda, þeirra sem borga skatta innan við 100 þús. kallinn, hefur ríkisstjórnin tekið Alcoa-auðhringinn upp á sína arma og færir honum ríkisstyrki. Nú er það til könnunar og athugunar í Brussel hvort þessir ríkisstyrkir séu of miklir. Um það snýst þetta mál. Og þetta er svo óskaplega viðkvæmt að það má ekki láta þjóðina fylgjast með. Þannig er því farið.

Ég ætla ekki að fara mikið nánar í þessa sögu. Ég hef vísað til fyrirtækja sem hæstv. iðnrh. hefur sótt heim í Kanada og víðar. Ég held hún hafi ekki farið til Mexíkó og ekki til þriðja heims ríkjanna þar sem Alcoa er sakað um að brjóta mannréttindi, réttindi á verkafólki sem ekki fær að stofna verkalýðsfélög og er haldið á smánarlaunum. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra hefur heimsótt Impregilo í Lesótó. Sú framkvæmd er í rannsókn hjá Alþjóðabankanum og rannsóknarnefnd á vegum breska þingsins hefur komist að þeirri niðurstöðu að þar hafi verið farið á bak við viðskiptabannið á sínum tíma. Þeir settu upp það sem Bretarnir kalla „þvottastöð" í London til að komast á bak við þá samninga. Í Argentínu og Brasilíu hefur fyrirtækið verið tengt geysilegum hneysklismálum. Í Argentínu reistu þeir minnisvarða um spillingu, sagði fyrrv. forseti landsins. Í Brasilíu var sagt um Impregilo, þetta viðskiptafyrirtæki ríkisstjórnarinnar, að það hafi tengst mesta svikamáli í sögu kapítalismans. Þau munu þó vera nokkuð stór í sniðum sum. Samkvæmt þessari bresku rannsóknarskýrslu sem ég vísaði til var það svo að framkvæmd sem átti að kosta um 4 milljarða dollara hafi orðið 20 milljarðar þegar upp var staðið, ef ég man þessa tölu rétt. Ég ætla ekki að fullyrða um það. Stærðargráðurnar voru a.m.k. slíkar.

Varðandi hin efnahagslegu áhrif af þessum aðgerðum, af þessum framkvæmdum, er farið að tala um áhrifin á öðrum nótum en gert var fyrir fáeinum dögum eða vikum í þessum sal. Hæstv. forsrh. sneri þá út úr þegar spurt var um áhrif á gengi, vexti og annað af því tagi. Hann sagðist mundu svara til um slíkt árið 2005, þá sem forsrh. Nú er að koma á daginn sem reyndar var ljóst orðið að þessi innspýting í efnahagslífið, þ.e. væntingar um hana öllu heldur, er þegar farin að hafa áhrif á gengið til styrkingar krónunni. Eins og ég þreytist ekki á að segja er það að sjálfsögðu gott upp á kaupmáttinn, gagnvart vörum sem við kaupum frá útlöndum, einkum frá löndum þar sem styrkingin er mest eins og Bandaríkjunum. En fyrir útflutningsatvinnuvegi og ýmsa atvinnustarfsemi í landinu getur illa farið ef hins hárfína jafnvægis sem þarna þarf að vera er ekki gætt eða sé það ekki fyrir hendi. Það var t.d. umfjöllunarefni í sjónvarpsþætti á sunnudaginn, í Silfri Egils. Þar fjölluðu þrír efnahagssérfræðingar um þessi mál. Einn þeirra, Edda Rós Karlsdóttir frá greiningardeild Búnaðarbankans, sagði að þau hefði kannski ekki verið fyrirséð, þessi áhrif á styrkingu krónunnar. Hún vék sérstaklega að ferðaiðnaði og sjávarútvegi, þ.e. fiskvinnslu almennt, hvaða áhrif þetta hefði þegar á þær greinar. Þetta eru hlutir sem ríkisstjórnin hefur hreinlega neitað að ræða. En þetta er þáttur sem við höfum ítrekað vakið athygli á.

Annað sem menn eru sammála um að muni gerast er að vextir verða talsvert hærri en þeir ella hefðu verið, tveimur prósentustigum hærri. Það mun segja sig sjálft að það mun að sjálfsögðu hafa slæm áhrif á afkomu fyrirtækja og heimila. Það þekkja allir sem þurfa að kljást við mikinn og erfiðan skuldabagga. Hvers vegna eru vextirnir hækkaðir. Annars vegar lýtur það lögmálum framboðs og eftirspurnar eftir fjármagni. Hins vegar er það yfirveguð ráðstöfun af hálfu Seðlabankans sem að einhverju leyti stýrir vaxtastiginu, að slá á þenslu með því að hækka vexti og koma þannig í veg fyrir fjárfestingu heimila og fyrirtækja, koma í veg fyrir að önnur fyrirtæki færi út kvíarnar og skapi ný störf. Þessa mótsögn höfum við verið að benda á, að þessi atvinnustefna þrengir að öðrum atvinnurekstri. Það er í þessu samhengi sem efnahagssérfræðingar tala um ruðningsáhrif í atvinnulífinu, framkvæmdirnar komi til með að ryðja öðrum fyrirtækjum úr vegi. Þetta var umfjöllunarefni efnahagssérfræðinganna í Silfri Egils um síðustu helgi. Þar voru Ásgeir Jónsson, Sigurður Jóhannesson og Edda Rós Karlsdóttir sem ræddu málin en fjöldi annarra hagfræðinga hefur tekið í sama streng. Þau vísuðu til þessarar atvinnustarfsemi sem ég vék að áðan.

Ég spyr: Væri ekki nær að í stað þess að senda Landsvirkjun í þennan leiðangur til að fullnægja kosningaloforðum Framsfl. upp á fleiri hundruð milljarða að Landsvirkjun hreinlega greiddi upp skuldir sínar eins og landsvirkjunarmenn hafa talað um að unnt væri að gera á 15 árum. Þar með væri hægt að lækka raforkuverð til allra fyrirtækja og heimila í landinu.

Þá ætla ég að spyrja hæstv. ráðherra um loforð sem fyrrv. hæstv. iðnrh. gaf, forveri hennar á ráðherrastóli, Finnur Ingólfsson. Hann sagði: Vegna þessarar virkjunar og þessara

stóriðjuáforma þá munum við geta lækkað raforkuverð í landinu um 25–30% á næstu 10 árum. Þá erum við ekki að tala um eitthvað sem ella hefði gerst. Við erum að segja: Vegna þessara framkvæmda verður raforkuverðið lækkað sem þessu nemur. Verður það gert? Að sjálfsögðu verður það ekki gert. Að sjálfsögðu verður það ekki gert á grundvelli þessara framkvæmda, sem áhöld eru um að skili nokkrum einasta arði. Þau verða þvert á móti baggi á þjóðinni. Ég velti því þó fyrir mér hvort sá baggi muni nokkurn tíma að fullu koma í ljós vegna þess að þessar framkvæmdir í tengslum við virkjunina verða huldar. Það verður reynt að hylja þær og dylja þær.

Áður en ég hverf aðeins frá efnahagssérfræðingunum langar mig til að vitna í ágætan pistil eftir Sigurð Jóhannesson hagfræðing. Hann segir hér í Fréttaheimi, heimur.is, sem er vefrit sem hann ásamt fleirum gefur út, ef ég þekki það rétt. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„En stundum er erfitt að sjá góð rök fyrir hógværðinni. Gott dæmi um það var þegar enginn starfsmaður bankanna treysti sér til að svara fyrirspurn Viðskiptablaðs Morgunblaðsins um það hvort arðsemi Kárahnjúkavirkjunar væri nægileg. Starfsmenn greiningadeilda hafa hingað til verið ófeimnir við að láta í ljós skoðanir sínar á íslenskum fyrirtækjum og arðsemi þeirra."

Þetta er góð tilvitnun, enda er Sigurður Jóhannesson mjög glöggur maður sem hefur haft hugrekki til að bera til að setja mál sitt fram löngu áður en aðrir komu þar einnig til sögunnar. Hann var hagfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Hann er hættur þar og kominn til háskólans. Hann hefur fylgt hægri skoðunum í stjórnmálum og sama má segja um margra aðra.

Ég held að Þorsteinn Siglaugsson verði ekki skilgreindur sem vinstri maður. Ég held að hann sé meira að segja flokksbundinn sjálfstæðismaður eða hafi verið það. Þannig mætti telja fleiri til og síðan má horfa til vinstrisinnaðra hagfræðinga sem að þessu leyti tala einum rómi, einu máli. (**HBl:** Það er alltaf spurning hvað er nóg. Hvað nægir, hvað er nóg.) Já, en það sem ég hef áhyggjur af er að menn skuli ekki treysta sér til að tjá sig um málið, einnig þeir sem hafa verið að reyna að setja sig inn í þessi efni.

Það sem ég hef verið að horfa til er hvað hendir menn sem eru settir í nefnd á vegum hæstv. iðnrh. Um leið og þeir eru komnir í nefnd á vegum hæstv. iðnrh. er eins og dómgreindin fari sína leið. Mér finnst það áhyggjuefni. (**Iðnrh.:** Væri gott að setja alla hina í nefnd?) Það væri afskaplega gott að gera það. Ég get upplýst hæstv. ráðherra um að ég hef setið í nefnd. Ég hef setið í efh.- og viðskn. þingsins. Ég hef óskað eftir upplýsingum um málið þar sem hæstv. ráðherra meinar mér um. En þær þarf ég að fá til að ég geti rætt um þessi mál af einhverju viti. Ég hef leitað upplýsinga og aðfanga víða, m.a. hjá þessum hagfræðingum sem ég nefndi og mörgum öðrum. Í nál. mínu, ef menn vilja kynna sér það, er að finna fylgigögn frá ýmsum aðilum, frá Sigurði Jóhannessyni, Þorsteini Siglaugssyni, Sveini Aðalsteinssyni og Friðriki Má Baldurssyni, sem skrifaði einu sinn ágæta grein um náttúru, stóriðju og nýskipan raforkumála. Ég hafði vonast til að hann héldi sínum gagnrýna tóni þegar hann var síðan kominn í svokallaða eigendanefnd sem átti að fjalla um arðsemi eða áhættu sem eigendurnir væru að taka.

Við skulum ekki gleyma því að deilurnar sem urðu úti í Ráðhúsi á sínum tíma fjölluðu ekki um hvort arðsemi yrði af þessari framkvæmd, þær fjölluðu ekkert um það. Þær fjölluðu um hvort bókhaldslegt tap yrði, ekki hversu mikil arðsemin væri heldur hvort bókhaldslegt tap yrði þannig að eigendur Landsvirkjunar þyrftu að greiða með framkvæmdinni. Þeir héldu að við mundum sennilega sleppa fyrir horn, þyrftum ekki að borga með þessu. Þá sem lásu skýrsluna rak engu að síður í rogastans þegar í ljós kom að innihaldið var ekki í nokkru samræmi við niðurstöðu skýrslunnar, að ekki þyrfti að fara nema 30% fram úr áætluninni til að tap yrði á framkvæmdinni.

Ég ætla ekki að hafa þetta miklu lengra þó að það væri náttúrlega ástæða til að hafa um þetta mjög mörg orð. Það hafa komið fram ýmsir efnahagssérfræðingar og tjáð sig um þetta mál og verið nokkuð brattir með sig, þar á meðal fulltrúar Seðlabanka og fjmrn. og slíkir aðilar. Þeir komu líka á fund efh.- og viðskn. En þegar farið var síðan að spyrja nánar út í forsendur þeirra og hvað það væri sem þeir væru að leggja blessun sína yfir reyndist tónninn nokkuð holur. Þeir sögðust telja að það mætti ætla að efnahagskerfið með hliðarráðstöfunum mundi ráða við framkvæmdina — það sagði Seðlabankinn — þetta mundi ekki riða til falls. Svo var farið að spyrja: En hvað með hin miklu deilumál sem geisað hafa í þjóðfélaginu um arðsemi framkvæmdarinnar og hversu góð hún er og skynsamleg? Nei, við höfum ekki tekið neina ákvörðun eða neina afstöðu til þess, við höfum ekki skoðað það, sögðu þeir. Við gætum eins verið að reisa pýramída á Sprengisandi. Menn eru bara að tala um umfang framkvæmdanna, um peningamagnið, ekki um gildi þessara framkvæmda. Og þegar grannt er skoðað eru allar umsagnir um málið af þessum toga.

Einhvern tíma sá ég umsögn frá Orkustofnun um hvað þetta væri frábærlega vel unnið af hálfu Landsvirkjunar. Svo var farið að skoða málið. Þá var aftur byggt á Sumitomo, bankanum sem á að fjármagna þessa framkvæmd að hluta til. Aldrei fór nokkur aðili í sjálfar forsendurnar, enginn sem fór í þær.

Eða hafa menn í alvöru velt vöngum yfir því hvort það sé eðlilegt sem gerðist hér rétt fyrir jólin, þegar tilboð voru opnuð í göngin og stífluna og þau fyrirtæki skandinavísku sem höfðu ætlað að bjóða í féllu flest frá? En Ítalirnir komu, Impregilo, þessir vinir Berlusconis voru skyndilega mættir á svæðið með tilboð, báðu að vísu um að því yrði frestað, aftur og ítrekað báðu þeir um frest á að tilboðin yrðu opnuð. En áður en þau voru opnuð komu fulltrúar Landsvirkjunar fram á sjónarsviðið og lýstu því yfir í fjölmiðlum hvað þetta ætti að kosta, hver tilkostnaðurinn yrði. Þeir skýra frá því opinberlega áður en tilboðin eru opnuð. Og viti menn, Impregilo var undir kostnaðaráætlun Landsvirkjunar og fékk tilboðið. Það var klappað mikið, að því er ég hef heyrt.

Vitið þið hverjir klöppuðu hæst? Það var sú deild í Impregilo sem þeir binda mestar vonir við. Það eru áhættumatssérfræðingarnir. Það eru þeir sem vita að í svona framkvæmd sem þetta fyrirtæki hefur sérhæft sig í er mest út úr því að hafa að gera út á óvissu. Og nú verða fluttir herskarar til landsins frá Impregilo sem munu finna veilur í framkvæmdinni til að gera viðbótarkröfur. Þetta er ekkert nýtt. Þetta þekkja menn úr framkvæmdalífinu, verktakastarfsemi, að við slíkt hækka framkvæmdir í kostnaði. Þetta þekkja menn.

Seðlabankinn, áður en ég skil alveg við hann, sagði sem sagt: Við erum ekkert að taka afstöðu til þess hvort þetta er skynsamlegt eða ekki. Við erum aðeins að skoða hvort þjóðfélagið, efnahagskerfið, springur, ekkert að ræða það hvort þetta sé skynsamleg ráðstöfun eða ekki. Við erum ekkert

að taka afstöðu til þeirra deilumála sem hafa verið uppi í þjóðfélaginu. Og jafnvel varðandi áhrifin erum við komnir núna út fyrir okkar reynsluheim. Þetta er svona puttinn upp í loftið, líkt eins og þegar Perlan var byggð á sínum tíma. Þetta eru vísindin sem þarna liggja að baki.

Í þriðja lagi, og það finnst mér vera ámælisverðast, hefur engin tilraun verið gerð til að leggja mat á „vinnsluvirði" sem hagfræðingar kalla, vinnsluvirði þessara framkvæmda. Þar munu þeir eiga við það hverju þetta skilar inn í þjóðarbúið þegar upp er staðið. Formaður Framsfl. hefur verið óþreytandi í því að segja okkur hverju þetta skili í gjaldeyrissköpun, við fáum svo mikinn gjaldeyri fyrir álið. En hann hefur aldrei gert grein fyrir því hvað hann telji að sitji eftir í efnahagslífinu, hvað komi til ráðstöfunar á Íslandi, annaðhvort í formi skatta eða raforkunnar. Það er væntanlega þetta tvennt, raforkan og skattarnir sem ættu að skila einhverju inn í þjóðfélagið. Hann hefur aldrei gert grein fyrir því hvað situr eftir í þjóðfélaginu. Og er þá ekki saman að jafna framleiðslu sem er á eignarhaldi útlendinga eða atvinnustarfsemi sem er í höndum Íslendinga, eins og íslenskur sjávarútvegur þótt hann sé farinn að senda milljarða, jafnvel milljarðatugi, úr landi. Það er döpur saga. Þá á það við um Alcoa að allur arðurinn verður tekinn út. Og hver er skattlagningin á hann? Það eru 5%. Samkvæmt tvísköttunarsamningi mun það vera svo. Þegar hagnaðurinn er hins vegar kominn til Bandaríkjanna er hann skattlagður um 35%, þegar hann er kominn frá frumframleiðslulandinu yfir í móðurlandið er þessi hagnaður skattlagður um 35%.

Hins vegar hef ég efasemdir um að til þess komi, einfaldlega vegna þess að fyrirtæki á borð við Alcoa, auðhringir af þessu tagi hafa lag á því að skipuleggja sig þannig að um mörg dótturfyrirtæki er að ræða sem veita síðan hvert öðru lán. Þannig eru fjármunir, hagnaður, færðir á milli í formi vaxta og koma ekki til skattgreiðslu, þetta er allt bara kostnaður í atvinnustarfseminni. Það er þess vegna sem við höfum gert sérstaklega athugasemdir við 11. lið 6. gr. frv. um skattlagningu sem lýtur að frádrætti vaxtakostnaðar.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Ákvæði laga nr. 75/1981, með áorðnum breytingum, um frádrátt vaxtakostnaðar, svo sem þau eru við undirritun samninganna, skulu haldast óbreytt á upphaflegum gildistíma samningsins."

Við vitum sem er að þetta er tæki sem þessi fyrirtæki nota til þess að koma fjármagni undan.

Ég er búinn að fara hér áður rækilega yfir þessi efnahagslegu áhrif og mótvægisaðgerðir sem nauðsynlegt er að grípa til, m.a. hækkun skatta. Ég hef ekki vikið að niðurskurði á opinberum framkvæmdum. Þar talaði Seðlabankinn eða fulltrúar hans af alveg ótrúlegu ábyrgðarleysi í efh.- og viðskn. Þeir töluðu um það eins og ekkert væri ef svo kynni að fara að þörf yrði á að færa niður eða draga úr opinberum framkvæmdum um 20%. Þetta væri bara frestun, sögðu þeir, 20%. Svo er spurt: Hvað eru menn að tala um? Eru menn að tala um sjúkrahús eða skóla, vegagerð, hvað eru menn að tala um? Úr hverju á að draga? Engin svör, ekki frekar en um vinnsluvirðið. Það er ekki búið að skoða þetta.

Það er ekki búið að skoða heldur skattlagningu, hvernig henni er háttað í ríkjum sem hýsa þessi álfyrirtæki, ríkjum sem álfyrirtækin eru núna að flýja. Alcoa er að loka álfyrirtækjum í Bandaríkjunum, núna nýlega í Texas. Hvers vegna? Þeir fundu Finn Ingólfsson. Þeir fundu Framsfl. á Íslandi. Þeir urðu fyrir því happi að finna Framsfl. á Íslandi sem var staðráðinn í því að fullnægja kosningaloforðum sínum hvað sem það kostaði, á kostnað íslenskra skattgreiðenda, á kostnað velferðarkerfisins á Íslandi. Svo leyfa þeir sér að tala um þessi fyrirtæki sem hornstein íslenska velferðarkerfisins og að um það ríki þjóðarsátt. Svona var talað á flokksþingi Framsfl.

Hv. þm. Magnús Stefánsson, var það þetta sem þið voruð að segja í sjónvarpsauglýsingunum þar sem þið komið fram núna brosandi? Voruð þið að tala um niðurgreiðslurnar til Alcoa, á hvern hátt þið hafið lagt þennan bandaríska álrisa í bómull, sett hann undir handarjaðar íslenskra skattgreiðenda? Var þetta svona skemmtilegt?

Að sjálfsögðu, segir hæstv. iðnrh., ætluðum við að fullnægja þessu kosningaloforði hvað sem það kostar. Hvað sem það kostaði skyldi það gert.

Þetta er hið óhuggulega í stöðunni, þegar menn setja sér pólitísk markmið og víkja síðan öllum staðreyndum máls til hliðar. Allt sem er óþægilegt er tekið burt. Það var einmitt þetta sem gerðist í útboðunum hjá Impregilo, svo ég botni þá sögu, þeir komu með tilboð og það var fagnað í heimalandinu, mjög, og Landsvirkjun færði síðan niður kostnaðaráætlun sína. Og viti menn, arðsemin varð enn þá meiri í umræðum í þingsal, enn þá meiri en nokkru sinni fyrr. Þetta kostaði allt miklu minna en áður hafði verið talið. Þetta eru vísindin, þetta er umræðan. Þetta er umræðan sem byggt er á. Þetta eru ekki fagmannlegri vinnubrögð en svo.

Menn hafa tjáð sig með ýmsum blæbrigðum. Samfylkingin segir í minnihlutaáliti sínu að þetta sé einstakt tækifæri til byggðarannsókna, alveg einstakt tækifæri til byggðarannsókna.

Ég skal bara lesa þetta orðrétt upp, hæstv. forseti.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Með leyfi forseta.)

Með leyfi forseta:

„Auk þess sem rannsókn af þessu tagi gæti leitt til skynsamlegra mótvægisaðgerða gefst hér einstakt tækifæri til byggðarannsókna."

Herra forseti. Mér finnst alveg sjálfsagt að við fylgjumst með því sem er að gerast í landinu. En að gera heilan landshluta að tilraunabúi á þennan hátt er náttúrlega fullkomlega óábyrgt.

En hvað viljum við þá gera? (**Gripið fram í:** Er Samfylkingin óábyrg?) Já, þetta er óábyrgt af hálfu Samfylkingarinnar sem hefur skipað sér í sveit Kárahnjúkaflokkanna. Það er aðeins Vinstri hreyfingin – grænt framboð sem stendur hér í fæturna. Og ekki bara varðandi vörnina í þágu umhverfissjónarmiða heldur einnig varðandi atvinnustefnuna. Og það var þetta sem ég ætlaði að koma inn á hér að lokum: Hvað viljum við þá gera?

Við viljum efla almannaþjónustu, stoðkerfi samfélagsins, samgöngur, skóla, sjúkrahús, allt þetta sem ríkisstjórnin er að herða að, einkavæða, loka og draga úr, við viljum auka innspýtinguna í þetta, gera þessa grunnþjónustu samfélagsins enn þá styrkari, sem kemur landsbyggðinni einmitt mjög að notum. Síðan viljum við skapa heimilum og atvinnurekstri ákjósanlegri skilyrði. Hvernig? Ég nefndi eitt dæmi, færa niður raforkuverð. Halda menn að það mundi ekki gagnast fyrirtækjum og heimilum? Ég held það. Það mundi gera það. En þessi ráðstöfun ríkisstjórnarinnar er líkleg til að færa þetta verð upp. Alla vega höfum við ekki notið ávinnings af þeirri lækkun sem er fyrirsjáanleg og fjármálastjóri Landsvirkjunar hefur staðfest að gæti orðið á um 15 árum að þeirra mati, ef ekki yrði ráðist í þessar framkvæmdir.

Við teljum að fara eigi aðrar leiðir til að styðja við bakið á litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Þar megi skoða skattalegar ívilnanir. Við erum með tillögur þar að lútandi sem voru samþykktar á flokksráðsfundi Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs núna nýlega, og við höfum lagt áherslu á að fjárfesta í menntun.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð var með mjög athyglisverða atvinnumálastefnu fyrir fáeinum vikum, ég held að það hafi verið um mánaðamótin janúar/febrúar. Þá komu fulltrúar atvinnufyrirtækja víðs vegar að, bæði úr atvinnulífinu og alls staðar að af landinu. Þetta var mjög fróðleg umræða. Þar var m.a. rætt um nýjungar í íslensku atvinnulífi á síðustu áratugum og hvaða aðstæður skiptu þar máli. Menn sögðu að þegar stofnað hefði verið til tilraunaverkefna eða fjármagn sett í nýjar greinar þá hefði eitt skipt sköpum, þekkingin. Ef hún hefði ekki verið til staðar hefði verkefnið yfirleitt ekki gengið upp jafnvel þótt það hvíldi á skynsamlegum hugmyndum. Ef menn hefðu hins vegar fjárfest í þekkingu hefði það nær alltaf verið ávísun á árangur.

Mér fannst mjög athyglisvert að kynna mér rannsóknir eða kannanir sem Þorsteinn Siglaugsson hagfræðingur hefur gert á fjárfestingu í menntun annars vegar og í stóriðju hins vegar. Hann tók Háskólann á Akureyri sem dæmi. Rekstrarkostnaður Háskólans á Akureyri er árlega um 600 millj. kr. Þar starfa 150 manns en að starfi háskólans koma hins vegar miklu fleiri eða 536 menn á ári. Hann reiknar þetta líka á annan hátt og núvirðir rekstrarkostnað háskólans og ber saman fjárfestingu fyrir störfin þar og ef litið væri til alls mannaflans við háskólann værum við að tala um 36 millj. kr. en ef við litum aðeins til fastra starfsmanna værum við að tala um 80 millj. kr. Þetta er hann að bera saman við atvinnusköpun vegna stóriðjunnar sem er á bilinu 300–500 millj. kr. fyrir hvert starf. Hann reiknar reyndar með um 450 millj. kr. í útreikningum sínum en þetta er samanburðurinn.

Hann og hagfræðingar hafa verið að benda okkur á að á næstu tíu árum verðum við að skapa í landinu um 15 þúsund störf, svipað og gerst hefur undanfarin ár, í landinu hafa orðið til 1.500 störf á hverju ári og það þarf að sjálfsögðu að halda áfram. Hann og þessir hagfræðingar velta því fyrir sér hvaða leið sé vænlegust til þess, leið ríkisstjórnarinnar sem með nokkur hundruð milljörðum og fjárfestingu í hverju starfi upp á 300–500 milljónir ætlar að innleiða hér þungaiðnað og gera þungaiðnað að meira en þriðjungi efnahagsstarfseminnar í landinu. Það er draumurinn. Þannig verður það eftir fáein ár. Er þetta vænlegri leið eða hin að stuðla að fjölbreytni í atvinnulífinu? Og það er í því samhengi sem við erum að vara við ruðningsáhrifunum af völdum hærri vaxta, niðurskurðar sem þungaiðnaðarstefnan hefur í för með sér. Þetta er í grófum dráttum það sem við höfum verið að benda á og höfum síðan kappkostað að leita leiða til að styrkja lítil og meðalstór fyrirtæki og við höfum leitað til fyrirtækjanna sjálfra.

Á þeirri ráðstefnu sem við boðuðum til fengum við fulltrúa frá fyrirtækjum, Össuri, mörgum fyrirtækjum sem hafa gert það gott hér á undanförnum árum og eru sum hver orðin með starfsemi á heimsvísu, eins og Össur, svo dæmi sé tekið. En við leituðum einnig til annarra fyrirtækja um ráðleggingar, hvað við gætum gert til þess að skapa slíkum atvinnurekstri góð skilyrði. Þar höfum við verið núna að svara slíkum ábendingum með tillögum og við erum með hugmyndir um það að á fyrstu árum fyrirtækja verði skoðaður skattastuðningur og síðan teljum við að tryggja þurfi atvinnurekstri aðgang að fjármagni á eins lágum vöxtum og kostur er. Það megi einnig hugsa sér slíkan stuðning í formi hlutafjár en einnig hljótum við að skoða styrkveitingar af ýmsu tagi eins og tíðkuðust þegar við vorum með atvinnuvegasjóði sem voru einkavæddir sem kunnugt er í FBA og síðan skákað þaðan inn í Íslandsbanka. Og nú eru menn á nýjan leik farnir að tala um nauðsyn þess að efla Byggðastofnun sem lánastofnun eða jafnvel með styrkveitingum.

En þegar á heildina er litið þá erum við ekki að tala um styrki heldur fjármagn sem er tryggt á góðum, hagstæðum kjörum, því ef eitthvað er atvinnulífinu erfitt þá er það það sama og hrjáir heimilin, háir vextir. En þegar þeir eru ræddir hér í tengslum við þessar framkvæmdir segja menn: Þetta kemur okkur ekki við, þetta gerist eftir nokkur ár, þetta er ekki á okkar ábyrgð, það kemur ný ríkisstjórn o.s.frv., og dreg ég þar saman ummæli hæstv. forsrh. sem sagðist ekki þurfa að svara mér um gengið, vaxtamálin og niðurskurðinn því það kæmi í hlut þess forsrh. sem sæti hér eftir fimm ár. Þetta var ábyrgðarlaust.

Að lokum þetta, herra forseti: Við höfum lagt fram till. til þál. um þjóðaratkvæðagreiðslu um byggingu Kárahnjúkavirkjunar.

Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fram skuli fara almenn atkvæðagreiðsla, þjóðaratkvæðagreiðsla, samhliða kosningum til Alþingis 10. maí nk. um hvort ráðist skuli í byggingu Kárahnjúkavirkjunar eða ekki. Alþingi felur ríkisstjórninni að gera nauðsynlegar ráðstafanir og tilkynna viðkomandi aðilum að ekki skuli hafist handa um framkvæmdir fyrr en að fengnu samþykki meiri hluta kjósenda en horfið frá þeim ella ef meiri hluti kjósenda reynist þeim andvígur. Alþingi felur dómsmálaráðherra að undirbúa og kynna kosninguna, þ.m.t. að tryggja að unnt verði að greiða atkvæði um málið í kosningum utan kjörfundar.“

Þetta er tillaga Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Hún kemur til atkvæða á Alþingi á morgun.

[17:09]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var mikil ræða og hvílík sýn sem hv. þm. hefur á umheiminn. Ég vona að sem flestir hafi hlustað á ræðuna.

Þetta er reyndar umræða um álver og stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi en ekki um Kárahnjúkavirkjun þó að umræðan snerist nú nokkuð um þá framkvæmd hjá hv. þm. Staðreyndin er sú að Alþingi hefur heimilað iðnrh. að fara í þá framkvæmd með 44 atkvæðum gegn 9, og þess vegna er það of seint núna að tala um þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég er ekkert á móti þjóðaratkvæðagreiðslum. Við Íslendingar erum reyndar ekki með þá hefð að stunda þær mikið, en ég get ekkert annað sagt en að ég er ekki á móti þeim. En mér fannst hv. þm. líta svo á að allir þeir sem vildu þjóðaratkvæðagreiðslu væru á móti þessum framkvæmdum en það er ekki þar með sagt að svo sé.

Kárahnjúkavirkjun skilar eigendum sínum 12,8% arði og hún mun borga sig upp á 30 árum. Og þegar hv. þm. talar um óafturkræf spjöll á náttúru landsins þá er það nú einu sinni svo með allar þær virkjanaframkvæmdir sem hafa farið fram á Íslandi að þær hafa óafturkræf spjöll á náttúru landsins, þannig að ég skil það svo að hv. þm. sé þá á móti öllum virkjunumm á Íslandi og hann vilji þá fara aftur inn í torfkofana væntanlega.

Hann talar um Alcoa sem álrisa og að Alcoa brjóti á verkafólki. Ég kom í álver Alcoa í Quebec í Kanada fyrir stuttu og ég dáist að framkomu þessa fyrirtækis gagnvart verkafólki. Það var virkileg upplifun að sjá hvað þar er staðið vel að verki.

Þegar hv. þm. talar um þungaiðnaðarstefnu þá er það þannig að Framsfl. vill fjölbreytni í atvinnulífinu og vinnur á þeim nótum.

[17:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ekki rétt hjá hæstv. iðnrh. Framsfl. talar ekki fyrir fjölbreytni í atvinnulífinu. Hann talar fyrir því að þungaiðnaður, álframleiðsla verði meira en þriðjungur af atvinnustarfseminni, efnahagsstarfseminni innan fárra ára. Fyrir því er talað og formaður flokksins sagði að þetta ætti að vera hornsteinn velferðarkerfisins og sagði að um það ríkti þjóðarsátt. Þetta ræddi ég hér áðan. Um þetta hafa hagfræðingar haft miklar efasemdir.

Við hins vegar, með okkar sýn sem hæstv. ráðherra finnst svo hrikaleg og hræðileg og vonar að sem flestir hafi heyrt mig setja hér fram, og ég vona að svo sé, leggjum áherslu á fjölbreytni, margbreytileika, og vörum við ruðningsáhrifunum sem hagfræðingar eru að benda okkur á að verði afleiðing þessarar stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar.

Ég gaf ekki í skyn að allir þeir sem vildu þjóðaratkvæðagreiðslu væru andvígir stóriðjuframkvæmdunum, það er ekki rétt. Ég vék meira að segja sérstaklega að því í máli mínu. Ég talaði um að 80% þjóðarinnar væru fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslu almennt og síðan að því hlutfalli sem er fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta tiltekna mál. Um annað veit ég að sjálfsögðu ekki, á það ætti að reyna í þjóðaratkvæðagreiðslunni.

Það sem hæstv. ráðherra sagði um arðsemina af þessum framkvæmdum, ja, það er nú deiluefnið sem við erum að fjalla um. Ég hef verið að færa rök fyrir því að þær staðhæfingar sem hæstv. ráðherra hefur aftur og aftur hér upp án þess að setja fram rök fyrir máli sínu — ég ætla að bíða eftir því að hæstv. ráðherra komi hér síðar í dag og geri það þá í alvöru.

[17:13]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fullvissa hv. þm. um það að við erum að vinna að fjölbreytni í atvinnulífinu. Við erum að vinna að erlendri fjárfestingu á Íslandi sem hefur verið beðið eftir lengi. Svo gerist það að þarna kemur stórt fyrirtæki sem er virt á alþjóðamarkaði og vill fjárfesta, og að sjálfsögðu gleðjumst við yfir því. Það hefur verið mjög áhugavert að vinna með þessum einstaklingum sem eru í forsvari fyrir þetta fyrirtæki á síðasta ári. Og það er nú innan við ár, að hugsa sér, það er innan við ár síðan þetta samband og þessi samvinna hófst við fyrirtækið og við erum með málið nánast í höfn, og það er frábært.

Þegar hv. þm. er að bera saman kostnað við störf hjá Háskólanum á Akureyri og svo kostnað við störf við stóriðju á Austurlandi þá er það ekki sambærilegt því eins og ég er búin að margtaka fram þá er ríkisvaldið ekki að leggja fram fjármagn til þessara starfa í álveri í Reyðarfirði. Það er fjárfestirinn sem gerir það og hann sér sér hag í því að byggja þessa verksmiðju þó að hún kosti mikla fjármuni, og hann sér að hann hefur engu að síður arð af fjármagni sínu í verksmiðjunni þó að hún sé dýr og þó að hvert starf sé dýrt. Þetta er ekki reikningsdæmi sem er mjög flókið, en aftur og aftur koma hv. þm. Vinstri grænna hér upp og tala eins og ríkisvaldið sé að setja í þetta fjármagn og það sé hægt að nota þá peninga í eitthvað allt annað, peninga sem við eigum ekki. Og svo er því haldið fram að búið sé að leggja svo mikla fjármuni í undirbúning vegna Kárahnjúkavirkjunar og það er eins og þeim fjármunum sé kastað á glæ. Aftur og aftur hefur verið útskýrt úr þessum ræðustóli að það fjármagn sem farið hefur í undirbúning næst til baka í orkuverðinu.

[17:16]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra lýsir þessu sambandi við Alcoa sem tilhugalífi. Það er innan við ár, hugsið ykkur, frá því að þetta „samband" hófst. Og Alcoa er svo hamingjusamt að koma hingað til Íslands. Þetta fyrirtæki kom hingað, skoðaði og er reiðubúið að fjárfesta.

Staðreyndin er sú að Finnur Ingólfsson, þáverandi varaformaður Framsfl., var gerður út til að ná í þetta fyrirtæki sem tók þessu kostaboði himinlifandi. Og hvað gerði það þegar það fann þennan aðila, Íslendinga, íslensku ríkisstjórnina, Framsfl. sem er reiðubúinn að selja hér rafmagn á niðurgreiddu verði? Drifu í því að loka verksmiðjum heima fyrir þar sem rafmagnið er miklu dýrara. Það er verið að loka álverksmiðjum í Bandaríkjunum. Þeir tóku þessu kostaboði náttúrlega himinlifandi.

Varðandi kostnaðinn og hver er að fjárfesta, hvað var eigendanefnd Landsvirkjunar að gera? Hún var að tala um ábyrgð og áhættu af íslensku fjármagni, af íslenskum fjárfestingum. Var það ekki það sem málið snerist um? Ég hefði haldið það. Og er það ekki það sem umræðan hér stendur um? Fjárfestingar Íslendinga í raforkuveri til þess að geta selt þessu fyrirtæki rafmagn, afurð virkjunarinnar. Við erum að tala um fjárhagslega afkomu þessa ævintýris, um það snýst þessi umræða.

Að sjálfsögðu er Kárahnjúkavirkjun og álverið eitt og hið sama. Það er alveg rétt að við erum að tala um álverið hérna núna en Kárahnjúkavirkjun er reist til þess eins að knýja þetta álver. Þetta er mótor álverksmiðjunnar þannig að þetta hangir að sjálfsögðu saman.

Atvinnumálastefna Framsfl. byggir samkvæmt þeirra eigin yfirlýsingum á stóriðju. Það er draumurinn og það er markmið að álframleiðsla verði yfir þriðjungur af efnahagsstarfsemi þjóðarinnar. Að því er stefnt.

[17:18]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem umræðan um þessi mál hefur leitt rækilega í ljós er að efnahagslíf okkar ræður mjög vel við þau áhrif sem verða af fjárfestingu í stóriðjunni á Austfjörðum.

Menn hafa verið að ýkja þessi áhrif, menn hafa verið að gefa sér að þetta mundi þýða það að hér mundu rjúka upp vextir, rjúka upp gengi, það yrði að skera niður opinberar framkvæmdir o.s.frv. (**Gripið fram í:** Það er bara þannig.)

Það liggur alveg fyrir að efnahagslíf okkar, að mati allra þeirra sem hafa verið að skoða þessi mál út í hörgul, ræður ákaflega vel við að bregðast við þessu. Og auðvitað er það þannig að fjárfesting af þessari stærðargráðu hefur áhrif á efnahagslífið, og það er henni einmitt ætlað að gera. Henni er að sjálfsögðu ætlað að hafa áhrif á efnahagslífið, auka hér þjóðarframleiðslu og bæta lífskjör. En það er hins vegar ljóst mál að fjárfesting erlendra aðila af þessari stærðargráðu hreyfir auðvitað við efnahagslífinu til einhvers tíma og við

verðum að haga hagstjórn okkar öðruvísi við þær aðstæður en þegar slegið hefur í bakseglin eins og núna.

Við getum auðvitað gert það með ýmsum hætti. Það er hægt að gera það með gengisáhrifum, með ríkisfjármálaaðgerðum og með peningamálaaðgerðum, og það liggur auðvitað alveg ljóst fyrir að þessi mikla breyting núna á genginu, þessi mikla hækkun á raungengi íslensku krónunnar, gerir það að verkum að þörfin á því að bregðast við á ríkisfjármálahliðinni eða með vaxtabreytingum verður sem þessu nemur minni. Hins vegar tel ég alveg óskiljanlegt hvernig markaðurinn hefur brugðist við, sé það þannig að menn eru að bregðast við tíðindunum af stóriðjunni. Það er í mínum huga algjörlega óskiljanlegt þegar það liggur fyrir að áhrifin af fjárfestingunni verða ekki fyrr en á árinu 2005, og 2006 einkanlega, og þá er það mjög sérkennilegt að markaðurinn skuli vera að bregðast þannig við núna varðandi gengið eins og gerst hefur. Það eru fyrst og fremst ýkjukennd viðbrögð, sérkennileg ýkjukennd viðbrögð sem þó munu hafa það í för með sér að það verður minni þörf á því að beita peningamálaaðgerðum og minni þörf á því að beita aðgerðum í ríkisfjármálum.

[17:20]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég skildi hv. þingmann, formann efh.- og viðskn. þingsins, er hann undrandi á því að veruleikinn skuli vera eins og hann raunverulega er, að markaðurinn skuli bregðast við eins og raun ber vitni. Hann á alls ekki að gera það, segir formaður nefndarinnar og tekur þar undir með hæstv. forsrh., þetta á ekkert að gerast fyrr en 2005 eða 2006. En þetta er að gerast núna og menn eru að ræða nákvæmlega það.

Varðandi hin ýkjukenndu viðbrögð vil ég spyrja hv. þm. hvort hann sé að beina spjótum sínum sérstaklega til Viðskiptablaðsins sem talar hér um útflutningsgreinar í spennitreyju og er með hverja heilsíðuna og opnuna um þetta efni þar sem kallaðir eru til ráðgjafar og umsagna fulltrúar fjármála- og atvinnulífs. Öllum ber saman um hvað þarna er að gerast.

Deilurnar snúast um það hvort þetta sé heppileg og skynsamleg leið til þess að örva hagvöxt og stuðla hér að kröftugu, fjölbreyttu atvinnulífi. Það er yfirlýst stefna annars stjórnarflokksins, Framsfl., að þungaiðnaður eigi að vega þyngra í efnahagslífi okkar en hann hefur gert. Það er talað um það sem hornstein velferðarkerfisins í framtíðinni að þungaiðnaður verði meira en þriðjungur af efnahagsstarfsemi í landinu.

Efnahagssérfræðingar hafa hins vegar komið fram, m.a. á síðum þessa blaðs, og sagt að þetta muni ekki stuðla að stöðugleika í efnahagskerfi okkar, rannsóknir þeirra bendi til að það muni auka á óstöðugleikann, og þeir hafa fært fyrir þessu rök.

En ég mun með athygli hlusta síðan á ræðu hv. þm. þegar hann fer yfir þessi mál, gerir rækilega grein fyrir röksemdum sínum. Þær hljóta náttúrlega að vera á þurru fyrst hann getur varið þessa framkvæmd af eins miklum áhuga og hann gerir.

[17:22]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sjónarmið mín koma rækilega fram í nál. meiri hluta efh.- og viðskn., ég þarf út af fyrir sig ekki að tíunda þau.

En það sem ég var einfaldlega að segja voru þau efnislegu rök að það væru ýkjukennd viðbrögð af hálfu svokallaðs „markaðar" þegar það gerðist að markaðurinn brygðist þannig við sem leiddi til þessarar miklu raungengishækkunar í ljósi þess að framkvæmdirnar sem hér er verið að ræða um munu fyrst og fremst eiga sér stað og hafa áhrif á efnahagslífið á árunum 2005 og 2006. Hv. þingmanni til upplýsingar er nú ársbyrjun 2003 og þess vegna benti ég einfaldlega á að þetta væru ýkjukennd viðbrögð, líkt og menn bentu á fyrir rúmu ári þegar markaðurinn brást þannig við að missa trú á íslensku krónuna. Verðgildi íslensku krónunnar minnkaði þannig að verkalýðshreyfingin, sem ég býst við að hv. þm. sé nokkuð kunnugur, taldi ástæðu til þess að Íslendingar brygðust við til þess að styrkja gengi íslensku krónunnar, hafa áhrif á það til þess að styrkja hana.

Nú hefur þetta hins vegar gerst, m.a. vegna áhrifa af þessari fyrirhuguðu framkvæmd sem mun eiga sér stað á árunum 2005 og 2006 að langmestu leyti. Það sem ég var einfaldlega að benda á er sú staðreynd að með því að gengið hefur hækkað svona mikið núna, strax í ársbyrjun 2003, liggur það auðvitað fyrir, virðulegi forseti, að áhrifin verða m.a. þau að það þarf minni aðgerðir á ríkisfjármálasviði. Hv. þm. hefur t.d. talað mikið um fyrirhugaðan niðurskurð í ríkisfjármálum. Það liggur fyrir, að mati hagfræðinga, að styrking krónunnar núna muni þýða að það verður minni þörf á aðhaldi í ríkisfjármálum en ella. Og það liggur líka fyrir, að mati þessara hagfræðinga sem m.a. hv. þm. vitnar oft til, að það verður minni þörf á því að beita vaxtahækkunum til þess að stemma stigu við þeim vexti sem verður í efnahagslífinu á árunum 2005 og 2006 vegna áhrifa fjárfestingarinnar.

Það sem ég er einfaldlega að segja, virðulegi forseti, er að það er hægt að beita þarna þrenns konar aðgerðum og ef áhrifin verða meiri, eins og til að mynda núna á genginu, mun það hafa þau áhrif að það verður minni þörf á að beita öðrum aðgerðum til þess að draga úr hugsanlegri þenslu sem ella yrði árin 2005 og 2006.

[17:25]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hefði kosið að þessi umræða hefði farið ítarlegar fram í efh.- og viðskn. þar sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hefur verkstjórn.

Hann vísar hér í nál. þar sem sjónarmið hans komi fram. Það er þá væntanlega frá meiri hluta iðnn. (**Gripið fram í:** Efh.- og viðskn.) Og efh.- og viðskn.? Meiri hluti iðnn. er hér með eina síðu rúma um þetta stórmál og mér sýnist að að megninu til sé þetta upptalning á þeim sem komu fyrir nefndina. Að uppistöðu er þetta merka rit frá stjórnarandstöðunni og að meginhluta til frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sem hefur reynt að taka þátt í efnislegri umræðu um þetta mál.

Það sem ég saknaði þegar við ræddum þetta í efh.- og viðskn. var að því skuli hafa verið hafnað að óháður aðili yrði fenginn til þess að skera úr um deilumál sem upp komu og lutu að staðreyndum málsins, ekki neinu huglægu heldur að efnislegum staðreyndum málsins. Það hefur ekki gerst.

Hv. þm. fór hér í máli sínu orðum um samspil á milli gengis, vaxta og annarra þátta. Ég hefði kosið að slík umræða hefði orðið rækilegri í efh.- og viðskn. og skal ég þó taka það fram að hv. þm. varð við þeirri ósk að kalla til sögunnar alla þá sérfræðinga sem óskað var eftir, það var ekkert óeðlilegt við vinnubrögðin að því leyti. Hins vegar harma ég það að ekki skuli hafa verið orðið við þeirri tillögu sem fram kom

og ég setti fram í nefndinni að óháður aðili yrði fenginn til að skera úr um þau miklu deilumál sem eru uppi.

[17:27]

Útbýting þingskjala:

Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, 667. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1083.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 663. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1079.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 664. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1080.

Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, 666. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1082.

Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, 665. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1081.

Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, 668. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1084.

Frádráttur gjafa og framlaga frá tekjum við álagningu skatta, 604. mál, svar fjmrh., þskj. 1074.

Staða íslenska táknmálsins, 660. mál, fsp. KolH, þskj. 1073.

[17:27]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við förum nú í gegnum 3. umr. þessa mikilvæga máls sem varðar, eins og þeim sem á hafa hlýtt er auðvitað löngu orðið kunnugt, stærstu framkvæmd Íslandssögunnar í öllum skilningi, dýrustu framkvæmd Íslandssögunnar, áhættusömustu framkvæmd Íslandssögunnar, bæði í fjárhagslegu og félagslegu tilliti, og þá framkvæmd sem valda mun mestum spjöllum og óafturkræfustum á náttúru Íslands.

Meginuppistaðan í ræðu minni við 2. umr. um þetta mál, herra forseti, var um umhverfisþáttinn, aðallega um skort á umfjöllun um þann þátt. Ég fjallaði á yfirgripsmikinn hátt um mengunarþáttinn og það hvernig hið erlenda fyrirtæki Alcoa ætlar sér að blása brennisteininum út um 80 m háa skorsteina í stað þess að senda hann út um vothreinsibúnað þar sem brennisteinninn er gerður skaðlaus í sjónum. Í stað þess hyggst þetta fyrirtæki blása þessari eimyrju út í loftið og nýta sér hæð skorsteinanna til þess að það sé öruggt að brennisteinssýran, sem í raun og veru er sambærileg við það efni sem færi út í loftið, dreifist í réttum hlutföllum við einhverja erlenda staðla.

Ég spurði fjölmargra spurninga, herra forseti, í ræðu minni við 2. umr. Það varð eins og fyrri daginn, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson benti á í ræðu sinni hér á undan mér, fátt um svör. Og það fór svo eftir 2. umr. að hæstv. iðnrh., sem þó var hér í húsinu, sá ekki ástæðu til þess að flytja ræðu í lok umræðunnar sem þó má segja að sé venja í svo yfirgripsmiklum málum sem hér er um fjallað. Nei, við fengum engin svör.

Einu svörin sem við fáum frá hæstv. iðnrh. eru annaðhvort yfirlýsingar í fjölmiðlum, t.d. á borð við þá að andstaða við þessar framkvæmdir sé vart sæmandi, og yfirlýsingar um það að hún sé undrandi á því að þeir sem beiti sér í þessu máli séu að vinna gegn lýðræðislegum samþykktum, eins og hún hefur orðað það í blaðaviðtölum. Hæstv. ráðherra segir að slíkt sé ekki til sóma. Þá vil ég, herra forseti, benda hæstv. ráðherra á grein sem birtist að ég held í morgun, stendur a.m.k. núna á vef Háskóla Íslands sem fjallar sérstaklega um heimspeki, heimspekivefnum, eftir doktor í heimspeki, Ólaf Pál Jónsson, stóra og merkilega grein sem heitir: Hvað er lýðræði? Í þessari grein gerir dr. Ólafur Páll grein fyrir sjónarmiðum fræðimanna varðandi lýðræðið og hann setur umræðuna um Kárahnjúkavirkjun og þessa álversumræðu í brennidepil sjónarmiða sinna.

Herra forseti. Ég held að okkur sé hollt að líta örlítið yfir hina lýðræðislegu umræðu og hvernig stjórnvöldum hefur farist úr hendi að taka á hinni lýðræðislegu umræðu í samfélaginu. Sú umræða er kröftug. Til marks um hvernig krafturinn hefur haldist hafa mótmælendur þessara framkvæmda staðið á Austurvelli frá 26. ágúst í sumar, hvern einasta virkan dag sem þing hefur komið saman og vel það. Fólkið tók sér örfáa daga í jólaleyfi og hóf síðan að koma saman aftur í janúar. Það stendur enn hér á Austurvelli í hádeginu hópur fólks. Hann hefur verið misstór. Stundum er hann 8–10 manns en oft er hann stærri. Stundum hefur hann fyllt hundruð og jafnvel, eins og í hálendisgöngunni í síðustu viku, farið upp í 1.400–1.500 manns.

Fólkið sem safnast þarna saman, herra forseti, á lýðræðislegan rétt til þess að tjá skoðanir sínar, sama á hvaða stigi umræðan er á hinu háa Alþingi. Eins og dr. Ólafur Páll Jónsson kemur að í grein sinni á heimspekivefnum þá er lýðræði annars vegar tiltekin stjórnskipan en hins vegar aðferð til að taka bindandi ákvarðanir. Aðferðinni lýsir hann afar vel, og ég hvet hæstv. ráðherra til þess að kynna sér þessa grein. Þetta er umræðan nánast í hnotskurn. Þarna spyr doktorinn spurninga eins og þeirrar hvort barátta náttúruverndarsinna sé ólýðræðisleg. Hann fer á afar gagnrýninn hátt yfir ummæli hæstv. ráðherra Valgerðar Sverrisdóttur og fleiri aðila sem komið hafa að þessu máli og hafa gagnrýnt hina lýðræðislegu umræðu. Þar með fer hann ofan í ummæli Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, stjórnarformanns Landsvirkjunar, og í umræðu sem hefur farið svo langt að vega að starfsheiðri vísindamanna.

Doktorinn spyr líka þeirra spurninga hvort stjórnvöld hafi brugðist lýðræðinu. Ég verð að segja, herra forseti, að sjónarmið dr. Ólafs Páls Jónssonar í þeim efnum eru afar athyglisverð og staðfesta að við, sem höfum staðið í þessum ræðustól og talið okkur með vopn lýðræðisins í höndunum berjast fyrir því að þær raddir náttúruverndarsinna fái að heyrast, séum að gera rétt. Orð hans koma heim og saman við tilfinningar mínar. Það að lesa þau í morgun fyllti mig kappi og staðfesti fyrir mér að við værum að gera rétt, við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Síðan er í grein dr. Ólafs Páls Jónssonar farið út í að fjalla almennt um arðsemi þessarar framkvæmdar og umhverfisáhrifin. Að lokum er skoðað hvaða kostir standi þjóðinni opnir. Þar langar mig, herra forseti, að fá leyfi til að fá að vitna í þessa ágætu grein orðrétt. Dr. Ólafur Páll Jónsson segir í grein sinni:

„Ýmsir hafa haldið því fram að ekki sé forsvaranlegt að taka ákvörðun um jafnafdrifaríka framkvæmd og Kárahnjúkavirkjun án þess að setja hana í samhengi við aðra virkjanakosti. Það liggur fyrir að nóg er til af virkjanlegri vatnsorku á landinu.“

Höfndur greinarinnar telur að þegar þingmenn spyrji úr ræðustóli Alþingis hvort þeir sem séu mótfallnir virkjun haldi að þjóðin geti lifað af því að tína fjallagrös þá geri hinir sömu þingmenn sig seka um grófa vanþekkingu. Svo spyr Ólafur Páll Jónsson, með leyfi forseta: „En hvers vegna er málinu þá stillt þannig upp að annaðhvort verði virkjað við Kárahnjúka og byggt álver í Reyðarfirði, eða að það verði ekkert álver byggt og engin stór virkjun reist á næstunni? Er málið kannski einfaldlega að engin önnur virkjun er tilbúin

á teikniborðum Landsvirkjunar? Kannski er það á endanum svarið, og kannski er svipuð ástæða fyrir því að Landsvirkjun vildi miðla vatni við Þjórsárver — friðlandi með alþjóðlega viðurkenningu — frekar en að leita annarra kosta."

Herra forseti. Við erum þá komin að máli sem mér hefur verið tíðrætt um í ræðum mínum en hef aldrei fengin nein svör við. Við erum bundin af lögum um mat á umhverfisáhrifum sem gera ráð fyrir því að allir sýnilegir kostir í stöðunni séu skoðaðir. Einn af þeim kostum í þessari stöðu sem er til og er mögulegur, þ.e. að gera annað á hálendinu norðan Vatnajökuls en að virkja þar, er að stofna þar þjóðgarð á heimsmælikvarða, þjóðgarð elds og ísa.

Það vill svo til að gerð hefur verið um þetta skýrsla sem Stefán Benediktsson hefur skrifað að beiðni verkefnisstjórnar rammaáætlunarinnar. Skýrslan sú arna hefur legið ofan í skúffu hjá hæstv. iðnrh. og fær ekki að líta dagsins ljós, fær ekki að koma upp á yfirborðið sem raunhæfur kostur við hliðina á virkjanakostinum. (**Iðnrh.:** Vitleysa.) Þetta er engin vitleysa. Hæstv. ráðherra grípur hér fram í og segir að þetta sé vitleysa. Sannleikurinn er auðvitað sá að það hefur ekki verið fjallað á raunhæfan eða lýðræðislegan hátt um þetta atriði: Hvaða möguleikum höfum við úr að velja? Ég vil alltaf stilla upp þessum tveimur, annars vegar virkjananýtingu og hins vegar nýtingu sem er náttúruvernd. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, herra forseti, að náttúruvernd telst líka til landnýtingar.

Það er skelfilegt til þess að vita að öll sú vinna sem nú þegar hefur farið fram á vegum verkefnisstjórnar rammaáætlunarinnar skuli ekkert eiga að nýtast, skuli ekki nýtt meðvitað í þessari umræðu. Það er engu líkara en allan tímann hafi það verið keppikefli hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórnar að búa svo um hnútana í þessu máli að öllu verði lokið áður en niðurstöður rammaáætlunarinnar liggja fyrir. Þar er það auðvitað á borðinu, herra forseti, að ríkisstjórnin ætlar sér ekkert með þessa rammaáætlun. Hún ætlar sér ekki að nota hana sem það leiðbeinandi eða stefnuvísandi plagg sem henni er ætlað að vera.

Þessi rammaáætlun er að norskri fyrirmynd. Norðmenn gerðu um þetta rammaáætlun fyrir 15 árum eða 17 árum síðan. Þegar við loksins látum til skarar skríða með að gera svona rammaáætlun er það gert á ögurstundu, meðan allt landið er undir og hugmyndir virkjanaaðila og framkvæmdaraðila þannig að helst skuli ráðast á öll friðlýstu svæðin á hálendinu hvort sem þau eru á háhitasvæðum eða í kringum stóru jökulárnar okkar. Sannleikurinn er sá að rammaáætlunarplaggið virðist eiga að salta ofan í skúffu, líkt og skýrslu Stefáns Benediktssonar sem ég nefndi hér áðan. Tæki sem auðvitað ættu að vera þjóðinni opin og aðgengileg þegar umræða af þessu tagi fer fram.

Það er ljóst af tilraunamatinu sem verkefnisstjórn rammaáætlunar hefur nú þegar skilað af sér að Kárahnjúkavirkjun er sá virkjunarkostur sem valda mun hvað mestum umhverfisspjöllum á viðkvæmri náttúru landsins sem um getur, á svæðinu fyrir norðan Vatnajökul.

Mín skoðun er sú — ég hef lýst henni áður — að þegar farið er yfir mat á umhverfisáhrifum þessarar virkjunar hafi aðrir virkjunarkostir ekki verið teknir af neinni alvöru inn í þá mynd. Í sannleika sagt tel ég að þeir virkjunarkostir sem mögulega voru til staðar hafi ekki verið bornir saman. Ég tel að með rammaáætluninni fáum við í hendurnar tæki til að bera saman þessa virkjunarkosti. Ég hef því talað fyrir því að stoppa allar framkvæmdir á hálendinu í ákveðinn tíma á meðan við værum að ná áttum. Það er ekki forsvaranlegt að ríkisstjórnin skuli ár eftir ár slíta þjóðina í sundur eins og hún hefur verið að gera allt þetta kjörtímabil. Þjóðin er þverklofin í afstöðu sinni til þessa máls. Þó að hæstv. ráðherra fagni hér einhverju fylgi við sjónarmið sín inni á Alþingi þá endurspeglar það fylgi sannarlega ekki fylgið sem hugmyndin hefur utan þessara veggja. Í skoðanakönnunum sem gerðar hafa verið um málið hefur komið í ljós, herra forseti, að u.þ.b. 50% þjóðarinnar eru fylgjandi þessum framkvæmdum en hin 50% eru annaðhvort andvíg eða hafa ekki mótað sér afstöðu eða telja sig ekki hafa nægilegar upplýsingar til að móta afstöðu sína.

Herra forseti. Ég hef haldið því fram að við stöndum frammi fyrir afarkostum sem stillt hafi verið upp af ríkisstjórninni og að hugmyndaauðgi þjóðarinnar hafi ekki verið gefin laus taumur, eins og eðlilegt væri þegar um svo stórar, afdrifaríkar framkvæmdir og ákvarðanir er að ræða. Af því að ég hef hér greinina hans Ólafs Páls Jónssonar sem ég hef verið að vitna í varðandi lýðræðislega umræðu, herra forseti, vil ég benda á að hann tekur undir sjónarmið af þessu tagi. Hann telur að það sé kannski öðrum þræði gildismat verkfræðinga Landsvirkjunar sem ráði því í hvaða stöðu við erum núna fremur en margt annað.

Þá spyr Ólafur Páll: „Hvað kostur er Kárahnjúkavirkjun?" Þar koma fram afar athyglisverð sjónarmið um sjónarhól lýðræðisins. Hann varpar fram þeirri spurningu hvort umhverfismatið hafi verið fullnægjandi. Það er athyglisvert í ljósi þess að umhvn. þingsins fékk einmitt eina spurningu frá iðnn., aðeins eina, þegar þetta mál var til umfjöllunar í nefndinni. Hún laut að því hvort farið hefði verið að lögum í umhverfismatinu. Ég svaraði því til að svo margir óvissuþættir væru í því enn þá að ekki væri hægt að svara þeirri spurningu svo óyggjandi teldist, enda væri búið að stefna umhvrh. fyrir dómstóla vegna úrskurðarins víðfræga sem féll eftir að Skipulagsstofnun hafði hafnað framkvæmdunum á grundvelli umtalsverðra óafturkræfra umhverfisáhrifa. En dr. Ólafur Páll spyr í grein sinni, með leyfi forseta:

„En hvers vegna skiptir það máli frá sjónarhóli lýðræðisins hvort umhverfismatið hafi verið fullnægjandi? Lýðræðið krefst þess ekki að í máli sem þessu séu allir sammála um hvort umhverfismat gefi tilefni til framkvæmda áður en ákvörðun er tekin. Það er hins vegar algjörlega nauðsynlegt að menn séu sammála um að slíkt mat gefi rétta mynd af því hvaða hagsmunir eru í húfi. Ef það er ekki ljóst er ekki er hægt að taka lýðræðislega ákvörðun um að fórna tilteknum hagsmunum fyrir aðra; það er einfaldlega ekki ljóst hverju er verið að fórna fyrir hvað."

Herra forseti. Auðvitað er þetta mergurinn málsins. Með úrskurði umhvrh. var mati Skipulagsstofnunar snúið við, mati allra þeirra vísindamanna sem Skipulagsstofnun studdist við í úrskurði sínum. Hæstv. umhvrh. sótti hvorki kunnáttu né fagþekkingu til þeirra sérfræðinga sem hún þó leitaði til til að snúa málinu svo einhliða í hag stefnu ríkisstjórnarinnar. Það mál á eftir að fara fyrir dómstóla og dómstólar eiga eftir að skera úr um það hvort hæstv. ráðherra fór að lögum eða ekki. Hér eru þvílík vafamál enn þá tengd þessu máli að það er ófært að fullyrða, eins og hér hefur verið gert í þessum sölum af þingmönnum stjórnarflokkanna, að hér hafi verið farið að lögum svo óyggjandi sé. Það er ekki rétt.

Svo ég komi inn á niðurstöðunni í grein dr. Ólafs Páls Jónssonar þá bendir hann á að þegar við tölum um lýðræðislega umræðu eigum við ekki aðeins við umræðu sem

feli í sér skoðanaskipti. Hann segir að lýðræðisleg umræða miði að ákveðnu marki, þessu sem ég nefndi fyrr í ræðu minni, herra forseti, að taka bindandi ákvörðun um hagsmuni fólks. Svo segir doktorinn að ákvörðun um að virkja hafi ekki verið tekin á vísindalegum forsendum heldur á grundvelli umhverfismats sem var af vísindalegum ástæðum ófullnægjandi. Hann segir að umræðan hafi ekki verið opin í þeim skilningi að þeir sem málið varðar hafi getað haft áhrif á hvaða valkostir hafi verið í boði. Hann segir að ekki hafi verið til umræðu hvernig meta skyldi verðmæti þeirrar ósnortnu náttúru sem yrði óhjákvæmilega fórnað. Að lokum segir hann að umræðan hafi ekki verið opin í þeim skilningi að allir hafi óhindrað getað lagt sitt til málanna.

Niðurstaða hans er því sú að í þessu máli hafi stjórnvöld brugðist lýðræðinu, herra forseti. Og þau brugðust vegna þess, segir dr. Ólafur Páll Jónsson, með leyfi forseta: „að þau sinntu ekki því sem þeim bar og misbeittu því valdi sem þeim hafði verið trúað fyrir".

Þetta er niðurlag greinar dr. Ólafs Páls Jónssonar sem er að finna á heimspeki.hi.is. Ég verð að segja, herra forseti, að það hleypir manni kapp í kinn að fá svo ríka, efnismikla og öfluga staðfestingu á því að það sem ég hef talað fyrir í þingsölum, herra forseti, um allt þetta mál frá því að það hófst í upphafi þessa kjörtímabils hefur verið staðfest af doktor í heimspeki, að stjórnvöld fara ekki að leikreglum lýðræðisins. Þvert á móti bregðast þau lýðræðinu. Þau bregðast vegna þess að þau misbeita því valdi sem þeim hefur verið trúað fyrir.

Hér er til umræðu, herra forseti, brtt. frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði um að þetta mál eigi að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu. Því er afar viðeigandi að vitna á þennan hátt í grein dr. Ólafs Páls Jónssonar. Ég vil gera grein fyrir því, herra forseti, að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum eins og fram hefur komið í ræðum látið fara fram skoðanakönnun meðal þjóðarinnar um hversu mikið fylgi er við þessar hugmyndir okkar. Það er merkilegt að samkvæmt þeim gögnum sem við höfum fengið frá Gallup, vegna spurninganna tveggja sem við stóðum fyrir að leitað yrði svara við á vegum þess fyrirtækis, að vita að 79% þjóðarinnar skuli hlynnt því að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um mikilvægustu málefni þjóðarinnar. Að því svöruðu kemur í ljós að 64% þjóðarinnar eru hlynnt því að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um Kárahnjúkavirkjun. Einungis 30% eru því andvíg. Ég tel að þegar stjórnvöld vita af skoðanakönnun sem gefur slíkar vísbendingar og ætla algerlega að hunsa hana þá sé það náttúrlega mjög dapurlegt.

Það er kannski enn dapurlegra að annar af stærstu stjórnarandstöðuflokkunum á Alþingi skuli ekki einu sinni láta svo lítið að vera viðstaddur þessa umræðu, þessa umræðu um brtt. okkar sem felur í sér þjóðaratkvæði. Þar á ég auðvitað við þingmenn Samfylkingarinnar, herra forseti, sem hafa lagt fram tillögur um þátttökulýðræði, tillögur um þjóðaratkvæðagreiðslur og gera mikið úr því í máflutningi sínum að þeir séu hlynntir þjóðaratkvæðagreiðslu. En þó virðist eitthvað allt annað uppi á teningnum þegar þjóðaratkvæðagreiðsluhugmyndirnar koma frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Auðvitað er þetta afar dapurlegt, herra forseti, sérstaklega í ljósi þess að fjöldi fólks í samfélaginu hefur í bréfum til iðnn. lýst sig fylgjandi hugmyndum okkar í þessu efni.

Eins og kunnugt er hefur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagt fram sjálfstæða tillögu á Alþingi sem varðar einmitt þetta, að bygging Kárahnjúkavirkjunar fari í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá þáltill. er að finna á þskj. 806 og hefur hún farið út til umsagnar. Mig langar, með leyfi forseta, að fletta í nokkrum umsagnanna sem borist hafa. Mig ber fyrst niður í umsögn frá Umhverfissamtökum Skagafjarðar um þessa tillögu. Þar kemur fram að stjórn samtakanna lýsi sig sammála tillögunni eins og hún er lögð fram. Svo segir í bréfi Umhverfissamtaka Skagafjarðar, með leyfi forseta:

„Við teljum að þjóðin eigi rétt á að fá að segja hug sinn í þessu stóra og umdeilda máli. Með þjóðaratkvæðagreiðslu ætti að skapast frekari umræða þar sem sjónarmiðum er gert jafnhátt undir höfði."

Þetta er auðvitað hárrétt hjá Umhverfissamtökum Skagafjarðar. Eins og komið hefur fram í máli mínu, herra forseti, er þessi lýðræðislega umræða í gangi og henni er ekki lokið. Það er eðlilegt að hún taki lengri tíma en þennan eina vetur en við skulum vera minnug þess að þó að stjórnvöld hafi haft stóriðju á Reyðarfirði í huga allt kjörtímabilið hefur umræðan verið að blossa upp af miklum krafti seinustu mánuðina og þá ber okkur skylda til að gefa henni það svigrúm og ráðrúm sem hún þarf að fá.

Næsta umsögn sem iðnn. Alþingis barst og mig langar til að vitna til er frá Félagi íslenskra landslagsarkitekta. Stjórn þess félags fagnar því að þessi tillaga skuli komin fram og vill að þjóðinni sé gefinn kostur á að sýna hug sinn í málinu þar sem lýðræðisleg atkvæðisgreiðsla ætti að varpa ljósi á sjónarmið þjóðarinnar í þessum efnum.

Náttúrusamtök Vesturlands taka í umsögn sinni í sama streng.

Þá er það Félag um verndun hálendis Austurlands sem segir í sínu erindi, með leyfi forseta:

„Félag um verndun hálendis Austurlands lýsir eindregnum stuðningi við það að bygging Kárahnjúkavirkjunar verði borin undir þjóðaratkvæði samhliða alþingiskosningum í maí nk." Niðurlag bréfsins er svohljóðandi: „Málið er svo stórt og mikilvægt fyrir nútíð og framtíð að það verðskuldar þjóðaratkvæðagreiðslu."

Íslenskir fjallaleiðsögumenn taka í sama streng og Austurvallarhópurinn skrifar langt og mikið bréf til að lýsa stuðningi sínum við hugmyndirnar. Þær umsagnir sem borist hafa til iðnn. við tillögu okkar, herra forseti, eru af þessum toga. Það sem þar kemur fram er í samræmi við það sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa haldið fram. Við höfum talað fyrir þáltill. um þjóðaratkvæði í tvígang á Alþingi, herra forseti. Á síðasta þingi fjölluðum við um tillögu sem fjallaði um þjóðaratkvæðagreiðslu hálendisins norðan Vatnajökuls. Þá vorum við með ítarlegri svarkost en í þeirri tillögu sem nú liggur fyrir þessu þingi. Þá vorum við gagnrýnd fyrir að ætla kjósendum og þjóðinni að skilja of flókna hluti, eins og við settum fyrri tillöguna okkar upp. En ég fullyrði, herra forseti, að sú gagnrýni sem fram kom á þá tillögu er ekki réttmæt. Það hefur sýnt sig í umræðunni seinustu missirin að þjóðin er að verða nokkuð vel heima í þeim málum sem hér er um að ræða. Þvílíkur greinafjöldi hefur birst í blöðum og tímaritum og það mörg viðtöl hafa verið tekin við fólk sem er vel að sér um þessi mál, vísindamenn, hvort sem er í náttúru- eða félagsvísindum og fróða einstaklinga sem þekkja vel til á svæðinu. Ég fullyrði að þjóðinni er ekkert að vanbúnaði að takast á við flóknar spurningar í þessum efnum. Það skiptir bara máli að hún fái tækifæri til þess.

Herra forseti. Í útvarpinu í morgun var nokkuð merkilegt viðtal við Má Guðmundsson, einn aðalhagfræðing Seðlabankans, þar sem hann fjallaði um að um þessar mundir væri óhentugt að fara í skattalækkanir. Þær ættu frekar að fara fram þegar stórframkvæmdum lyki en áður en þær hefjast. Það er dálítið merkilegt, herra forseti, í ljósi þeirrar umræðu sem farið hefur fram í dag, til þess að vita að einn aðalhagfræðingur Seðlabankans skuli segja okkur fullum fetum að ekki séu líkur á vaxtalækkun við þær aðstæður sem nú blasa við og það að greiða upp skuldir þýði vaxtahækkun en ekki vaxtalækkun. Hann segir okkur að áframhaldandi raungengishækkun séu staðreynd verði farið út í þessar miklu framkvæmdir og það blasi við að skera þurfi niður opinberar framkvæmdir. Hann segir sömuleiðis að þeim framkvæmdum sem menn eru að reyna að ýta af stað núna til að vega upp einhvern slaka þurfi að vera lokið á um ári til að þær valdi ekki skakkaföllum í efnahagsmálum þegar stóriðjuframkvæmdirnar verða komnar á fullt.

Herra forseti. Það er dapurlegt til þess að vita að menn skuli ekki bregðast við á annan hátt en gert er í sölum Alþingis, þegar menn á borð við Má Guðmundsson, einn af aðalhagfræðing Seðlabankans, segja þessi sjónarmið sín opinskátt í fjölmiðlum. Þeim efnahagslegu staðreyndum sem fyrir liggja hefur verið mjög vel lýst, t.d. af hagfræðingum eins og Sigurði Jóhannessyni sem síðast í dag skrifaði mjög athyglisverðan pistil á vefritið heimur.is og sömuleiðis má nefna Þorstein Siglaugsson hagfræðing sem birti í gær mjög athyglisverða grein í Morgunblaðinu þar sem hann er að svara opnu bréfi til Friðriks Sophussonar sem skrifað var af Jóni Val Jenssyni. Það var birt 15. febrúar í Morgunblaðinu. Þorsteinn Siglaugsson kemur fram með mjög athyglisverðar staðreyndir í Morgublaðsgrein sinni sem birtist í gær. Hann segir fullum fetum að Jón Valur hafi ekki fengið rétt svör við spurningum sínum og gagnrýnir svör sem Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, hefur gefið. Hann segir þau í sumum tilfellum einfaldlega röng. Eitt af því sem Þorsteinn Siglaugsson segir rangt með farið hjá Friðrik Sophussyni varðar orkuverðið sem fyrirhugað er við upphaf orkusölu Landsvirkjunar til Alcoa. Þorsteinn segir í grein sinni, með leyfi forseta:

„Þótt nú um stundir fari lágir vextir saman við lágt álverð fer því fjarri að um marktækt langtímasamhengi sé að ræða. Þar að auki er langtímaleitni álverðs niður á við, um u.þ.b. 1% árlega að raungildi. Enga slíka leitni er að finna varðandi vaxtaþróun, enda væri slíkt óeðlilegt."

Sannleikurinn er sá, herra forseti, að áhyggjur fólks af því að vextirnir þvælist fyrir og skekki þessa heildarmynd, eiga sannarlega við rök að styðjast. Sömuleiðis styður Þorsteinn Siglaugsson góðum rökum vangaveltur sínar og Jóns Vals um þá óvissu sem ríkir um endanlegan stofnkostnað virkjunarinnar. Það er eitt atriði sem hefur verið gagnrýnt mjög alvarlega. Landsvirkjun telur samkvæmt áætlunum sínum pláss fyrir tiltölulega litlum frávikum frá stofnkostnaðinum og sannleikurinn er sá að jafnvel þau litlu frávik hafa veruleg neikvæð áhrif á arðsemi framkvæmdanna.

Þessu hefur ekki verið svarað, herra forseti, svo að neitt gagn sé að. Hvers vegna svarar Landsvirkjun eða hæstv. iðnrh. ekki þeim gögnum sem lögð hafa verið fram um að framkvæmdir af þessu tagi fari frá 30–50%, jafnvel 80%, fram úr upphaflegum stofnkostnaðaráætlunum? Hvers vegna ætti framkvæmdin sem hér um ræðir, Kárahnjúkavirkjun, ekki að lúta sömu lögmálum og menn hafa sýnt okkur fram á að ríkja erlendis? Þorsteinn Siglaugsson segir í Morgunblaðsgrein sinni óraunhæft að búast við öðru en að þetta verkefni fari langt fram úr kostnaðaráætlun. Hann vekur einnig athygli okkar á því að þessi lágu tilboð sem ítalska verktakafyrirtækið Impregilo sendir inn séu ekki föst verðtilboð. Frávik frá forsendunum eru, eins og hagfræðingurinn segir, á ábyrgð íslenskra skattgreiðenda.

Ég spyr eina ferðina enn, herra forseti: Með öllum þessum vísbendingum sem við höfum um að þessar framkvæmdir langt fram úr kostnaðaráætlun og að ábyrgðin lendi á endanum á herðum íslenskra skattborgara, ætlar enginn úr stjórnarliðinu að bregðast neitt við þessum fullyrðingum sem koma fram koma í ræðum á Alþingi og í greinaskrifum frá hagfræðingum sem hafa fullt vit á þessum málum? Hvers vegna eru ekki komin nein svör?

Herra forseti. Af því að ítalska verktakafyrirtækið Impregilo var nefnt þegar ég vitnaði til greinar Þorsteins Siglaugssonar langar mig til að gera að umtalsefni ákveðna þætti þessara framkvæmda sem valda mér verulegum ugg. Alþjóð á heimtingu á að fá að vita meira um það og við krefjumst svara um þau atriði úr þessum ræðustól.

Það er vitað, herra forseti, að þegar útboðsgögnin lágu fyrir voru göngin sem gert er ráð fyrir að boruð verði, aðrennslisgöng Jökulsár á Dal og þau göng sem eiga að færa hana yfir í stöðvarhúsið í Fljótsdal, víkkuð eftir að verklýsingar voru allar klárar. Þau voru víkkuð um 40 sm ef ég man rétt, herra forseti. Maður spyr sig hver ástæðan er fyrir því, að ítalska verktakafyrirtækið biður um að göngin verði víkkuð. Það er búið að reikna út það rennslisþol sem göngin hafa. Það er út frá stærð Jöklu sem vídd ganganna er upphaflega reiknuð og út frá stærð Jöklu sem fullkomlega er vitað hver er sem þessi útboðsgögn eru útbúin og ákveðin. Svo kemur ítalska verktakafyrirtækið og biður um heimild til að fá að víkka göngin um 40 sm. Ég spyr: Er það til þess að í framtíðinni, kannski náinni framtíð, kannski mjög nálægri framtíð, verði auðveldara fyrir Landsvirkjun að seilast í vötn eins og Kverká og Kreppu sem þurfa ekki að fara nema 12 km leið í hæsta lagi í göngin?

Sannleikurinn er auðvitað sá að ef fólk þekkir staðhætti þarna þá er Kreppa um 25–30 m ofar í landi en Jökulsá á Dal. Þegar maður skoðar allar þessar teikningar sér maður í hendi sér — það er líka hluti af LSD sem hefur verið nefndur hér í dag, langstærsta draumi Landsvirkjunar — að það á að færa Kreppu og Kverká, upptakakvíslar Jökulsár á Fjöllum, inn í þennan langstærsta draum sinn. Ég sé ekki betur en víkkunin á göngunum geti staðið í beinu samhengi við að þessi áform séu enn uppi á borðinu. Við þurfum auðvitað, herra forseti, að fá svör við því frá ábyrgum aðilum úr ríkisstjórn Íslands hvort slíkar hugmyndir séu á bak við þessa 40 sentimetra víkkun ganganna. Á að taka vatn úr Kverká og Kreppu og bæta í þessa virkjun innan fárra ára?

Við krefjumst svara, herra forseti. Þetta er allt of grunsamlegt dæmi sem við höfum fyrir augum okkar, að Ítalirnir skuli fá þessa heimild af því að þeir þurftu 40 sm víkkun eins og ekkert sé. Ég spyr: Hvers vegna? Gera menn sér þá grein fyrir því að við værum að tapa þriðjungi af rennsli Jökulsár á Fjöllum í þetta batterí? Hvað verður þá um Dettifoss?

Herra forseti, ég spyr: Hvers vegna drífum við ekki í að friða Dettifoss núna til að ríkisstjórnin og hæstv. iðnrh. geti ekki seilst í þriðjung úr rennsli hans með þessum óþrúttnu aðferðum, að heimila ítölsku verktakafyrirtæki að víkka göngin um 40 sm svoleiðis að þau passi akkúrat fyrir

upptakakvíslir Jökulsár á Fjöllum? Erum við í alvöru, herra forseti, sett undir vald sem mögulega hugsar svona? Við því þurfum við að fá svör.

Herra forseti. Eitt af því sem rætt hefur verið í tengslum við þessar framkvæmdir eru mögulegar línulagnir sem við eigum hugsanlega von á yfir hálendið til að tryggja þessu álveri rekstraröryggi. Það var eitt af því sem ég nefndi í ræðu minni við 2. umr. en fékk engin svör við. Ég beindi hér spurningum til hæstv. iðnrh. um hversu nálægar þessar áætlanir væru. Það kemur fram í svari ráðherrans við fyrirspurnum mínum að það geti jafnvel verið möguleiki að innan 10 ára verði búið að tengja Norðurland og Suðurland yfir hálendið.

Ég vil líka fá að vita hvort það er á teikniborði hæstv. ráðherra að dúndra hálendislínum yfir í þessa framkvæmd. Þá þarf líka að vita hver borgar kostnaðinn. Hvað er inni í þessu orkuverði sem manni skilst að sé hlægilega lágt? Útsöluverð á orku er ekki ný bóla, herra forseti. Þess er skemmst að minnast að fyrir örfáum árum gáfu íslensk stjórnvöld út bækling sem átti að markaðssetja Ísland á erlendri grund sem gósenland fyrir stórfyrirtæki sem þyrftu mikið rafmagn. Forsíðan á þeim fræga bæklingi var fyrir neðan allar hellur. Þar stóð stríðsfyrirsagnarletri með rauðum lit: „lowest energy prices", þ.e. lægsta raforkuverðið.

Íslensk stjórnvöld hafa markaðssett Ísland á alþjóðavettvangi til alþjóðlegra auðhringa sem land sem selur orku á útsöluverði. Það hafa stjórnvöld gert. Ég sé ekki, af þeim plöggum sem ég hef skoðað í þessu máli, herra forseti, að nokkuð hafi breyst á þeim árum sem liðin eru frá því sá frægi bæklingur var gefinn út til dagsins í dag þegar Alcoa eru boðnir gull og grænir skógar fyrir að koma hingað og reisa álverksmiðju í Reyðarfirði. Enn eru íslensk stjórnvöld að falbjóða íslenska náttúru á útsöluverði. Náttúran er náttúrlega ekki á útsöluverði, herra forseti. Hún er einskis metin, ekki til krónu. En orkan sem framleiða á með vatnsaflinu okkar fer á útsöluverði til erlendra auðhringa.

Herra forseti. Athyglisverðu svari hæstv. iðnrh. var dreift í sölum Alþingis í gær. Ég komst í að lesa það í morgun. Ég vil hafa um það nokkur orð. Svarið er á þskj. 1022 og spurningarnar sem ég bar upp við hæstv. iðnrh. fjölluðu um framkvæmdaleyfi og samráð vegna Kárahnjúkavirkjunar. Sérstaka athygli mína, herra forseti, vekur svar ráðherra við spurningu sem var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hvaða leyfi hafa verið gefin út til undirbúningsframkvæmda sem nú standa yfir við Kárahnjúkavirkjun og hvernig hefur Náttúruvernd ríkisins (nú Umhverfisstofnun) komið að þeim leyfisveitingum?"

Hér eru tíunduð í svari ýmis leyfi sem Landsvirkjun hefur fengið fyrir þessum framkvæmdum sínum, bæði leyfi sem iðnrh. hefur veitt Landsvirkjun, þ.e. virkjanaleyfið sjálft, og líka leyfin sem sveitarfélögin í kring, Fljótsdalshreppur og Norður-Hérað hafa veitt framkvæmdaraðila.

En það sem er athyglisverðast í þessu svari lýtur, herra forseti, að framkvæmdum við svokallaða skábraut eða sneiðing, eftir glúfurveggnum niður að hjáveitugöngum væntanlegrar Kárahnjúkastíflu. Ég vek athygli á því að menn hafa séð myndir í sjónvarpinu síðustu daga af þessum gerningi, þegar hamraveggurinn var sprengdur og honum steypt ofan í gljúfrið mörg hundruð rúmmetrum af grjóti og bergi varpað niður í gljúfrið með sprengingum. Það var gífurlega dapurleg sjón eftir því sem ég hef heyrt. Ég hef ekki sjálf séð kvikmyndir af þessu. Ég hef skoðað myndasýningu inn á vef Landsvirkjunar sem greinilega talar um þessa framkvæmd með þó nokkru stolti. Það er satt að segja mjög dapurlegt að sjá þessi vegsummerki. Hver skyldi nú leyfin vera sem Landsvirkjun hefur fyrir nákvæmlega þessum hluta framkvæmdanna? Við skulum grípa niður í svar hæstv. iðnrh. Í því kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Framkvæmdaleyfi vegna vegslóða á vesturbakka Jökulsár á Dal og skábrautar í gljúfurvegg að hjáveitugöngum í væntanlegri Kárahnjúkastíflu."

Það kemur í ljós að sveitarstjórn Norður-Héraðs hefur veitt Landsvirkjun framkvæmdaleyfi fyrir hluta þessara framkvæmda, þ.e. því sem lýtur að lagningu vegar frá Kárahnjúkavegi við Desjaárstíflu að bráðabirgðabrú yfir Jökulsá á Dal og vegna vegar sem er vestan við ána frá brúnni að Brúardalsleið.

Í bréfi Náttúruverndar ríkisins, dagsettu 23. september 2002, segir um þetta mál:

„Náttúruvernd ríkisins telur vegna umfangs skábrautarinnar og í ljósi þess að ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun sé ekki tímabært að taka ákvörðun um skábrautina út frá náttúruverndarsjónarmiðum. Ákvörðun um skábrautina verður því að byggja alfarið á öðrum hagsmunum."

Tilvitnun í álit Náttúruverndar ríkisins er þar með lokið en áfram heldur svarið, herra forseti:

„Yfirstjórn Landsvirkjunar ákvað að bíða með þessa framkvæmd uns ljóst væri að ráðist yrði í virkjunarframkvæmdirnar."

Nú spyr ég, herra forseti, hæstv. iðnrh.: Hvað hefur breyst? Í samráði við hvern var skábrautin sprengd á fimmtudaginn var?

Það er alveg ljóst, herra forseti, á þessu svari hæstv. iðnrh. að það var ekki búið að gefa heimild fyrir henni þegar þetta svar er skrifað. Það getur ekki verið langt síðan, því var dreift á Alþingi í gær. Hvað hefur breyst? Hver gaf leyfi fyrir skábrautinni? Í samráði við hvern var það leyfi gefið? Ég veit að það var ekki gefið af Náttúruvernd ríkisins. Samráð við Náttúruvernd ríkisins hefur ekki verið haft. Ég spyr og við eigum heimtingu á svari: Hver heimilaði skábrautina niður í gljúfrið? Ég treysti því að hæstv. iðnrh. komi með svar við því hér í ræðu sinni á eftir. Ég ætla að ganga út frá því að ég fái ræðu frá hæstv. ráðherra en hún muni ekki þaga þunnu hljóði eins og við lok 2. umr.

Herra forseti. Í svarinu sem ég hef fyrir framan mig á þskj. 1022 kemur annað merkilegt fram sem mig langar að vitna til.

Ég spurði: „Hvaða áhrif hafa skilyrði umhverfisráðherra í fyrrnefndum úrskurði haft á áður áætlaðan stofnkostnað virkjunarinnar:

a. heildarkostnað,

b. kostnað á orkueiningu?"

Í svarinu kemur fram, með leyfi forseta:

„Orkuvinnsla Kárahnjúkavirkjunar minnkaði um 230 GWst/ári. Viðbótarkostnaður við færslu yfirfalls, umframkostnaður við orkuöflun vegna niðurfellingar veitna og kostnaður við ýmsar umhverfisaðgerðir er áætlaður 2.000–2.500 millj. kr., eða um 3% af kostnaði við virkjunina. Kostnaður á orkueiningu eykst því um 3% vegna þessara þátta í úrskurði umhverfisráðherra.

Kostnaður við aðgerðir til þess að hindra jarðvegsrof og áfok í Hálslóni var innifalinn í kostnaðaráætlunum Landsvirkjunar."

Þetta, herra forseti, kemur sem sagt fram í svarinu. Hækkun á kostnaðaráætluninni um 2.000–2.500 millj. kr. eru í þessu svari sagðar auka kostnað á orkueiningu um 3%.

Mig langar að vitna í frétt sem birtist á baksíðu Morgunblaðsins föstudaginn 21. dsesember þegar úrskurður umhvrh. var ljós. Þá var leitað til ýmissa aðila um álit á úrskurðinum. Meðal þeirra sem spurðir voru var Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar. Hann segir á baksíðu Morgunblaðsins þann 21. desember 2001 að það sé ljóst að aukakostnaður við framkvæmdir vegna þessara skilyrða nemi milljörðum króna. Svo fæ ég að vitna beint í greinina, með leyfi forseta:

„... og ekki sé hægt að sækja þá fjármuni til orkukaupandans, þar sem nú þegar liggi fyrir drög að samningi um sölu orkunnar."

Herra forseti. Þennan kostnað verður samkvæmt umælum Friðriks Sophussonar forstjóra Landsvirkjunar ekki hægt að sækja til orkukaupandans. Nú spyr ég hæstv. ráðherra: Er það rétt að íslenskir orkunotendur eigi að fá þennan reikning, 2.000–2.500 millj. kr. sem úrskurður umhvrh. beinlínis kostar? Á að senda þennan reikning beint á okkur eða er hann innifalinn í útreikningum á orkuverðinu? Þetta er auðvitað eitt af því sem er ófyrirgefanlegt, herra forseti, að útreikningur orkuverðsins er leyndarmál. Hvorki alþingismenn né þjóðin fá að vita nákvæmlega hvert orkuverðið er, hvernig það er uppbyggt og hvað er í því fólgið. Þessi vinnubrögð eru ekki líðandi og eru hluti af lokaðri umræðu sem á ekki möguleika á að komast út í samfélagið. Þetta er hluti af því að ríkisstjórnin er að sniðganga lýðræðið og lýðræðislega umræðu í þessu máli.

En auðvitað kemur manni ekkert á óvart í sambandi við Landsvirkjun í þessum efnum. Landsvirkjun framkvæmir og framkvæmir undir drep og það er sorglegt að lesa fyrirsagnir allra greinanna sem Landsvirkjun skrifa á heimasíðuna karahnukavirkjun.is, því þar er ekkert metið til nokkurs nema framkvæmdirnar. Þar leggst maður undir manns hönd við að gera lítið úr áróðri eða baráttu náttúruverndarsamtaka og umhverfisverndarsinna. Á þessari síðu eru skrifaðar greinar sem gera mjög lítið úr þeirri baráttu en í stað þess koma fyrirsagnir og greinar sem fjalla um framkvæmdirnar.

Með því að telja upp nokkrar fyrirsagnir á heimasíðunni, herra forseti, má sjá hvað stjórnar, hvernig hjarta Landsvirkjunar slær í þessum efnum. Þetta fjallar allt saman um vegagerðina: Lokið að leggja Kárahnjúkaveg, segir ein; Stálbitaflutningar að stæði nýrrar brúar yfir Jöklu, er yfirskrift annarrar; Rífandi gangur í brúarsmíðinni, heitir ein; Íslenskir aðalverktakar hefja jarðgangagerð við Kárahnjúka; Borunum lokið, bitar í brú; Stálbitarnir komnir yfir Jöklu; Stöðvarhúsið 800 metra inni í Teigsbjargi; Vígsla brúar yfir Jöklu og Kárahnjúkavegs, o.s.frv., herra forseti.

Lítið er gert með baráttu umhverfisverndarsinna sem þó hafa lagt mjög mikið af mörkum til að umhverfisþátturinn sé inni í þessari umræðu og umræðan þar af leiðandi háð á breiðum grunni.

Þá er ég komin að spurningu til hæstv. iðnrh. sem varðar umhverfisþáttinn og útblástur frá fyrirhuguðu álveri. Nú er það svo, herra forseti, að í matsskýrslu um fyrra álverið, það sem Norsk Hydro hugðist reisa í Reyðarfirði, kom fram að árleg losun á brennisteinsdíoxíði yrði 828 tonn. Í tillögu Hollustuverndar ríkisins að starfsleyfi fyrir verksmiðju Norsk Hydro var lagt til að fyrirtækinu yrði heimilað að losa 17% meira af brennisteinsdíoxíði eða 966 tonn á ári. Engin skýring var gefin í starfsleyfistillögunum á því af hverju ætti að heimila Norsk Hydro að losa 17% umfram það sem þeir töldu sig þurfa að losa.

Ég spyr hæstv. iðnrh.: Hvað varð til þess að heimila átti Norsk Hydro í starfsleyfinu að fara umfram losunarheimildirnar sem þeir höfðu greint frá í mati á umhverfisáhrifum?

Önnur spurning vegur auðvitað þyngra: Þarf Alcoa að standa við það sem þeir segjast ætla að standa við? Þurfa þeir að gera sitt besta til að fara ekki yfir losunarmörk eða eiga þeir að fá álíka svigrúm og Norsk Hydro virðist hafa átt að fá á sínum tíma? Á að gefa Alcoa 17% losunarheimild umfram það sem þeir hafa sagt Skipulagsstofnun að þeir þyrftu að losa út í andrúmsloftið? Ef svo er, herra forseti, er mengunarþátturinn í þessu umrædda verki kominn út yfir allt. Nú þegar er ljóst að þetta álver kemur til með að losa meira af brennisteinsdíoxíði út í andrúmsloftið en álver Norsk Hydro. Eigi í ofanálag að veita Alcoa afslátt eða auknar losunarheimildir umfram það sem þeir telja sig þurfa þá tel ég auðvitað eðlilegt að það liggi á borðunum nú þegar.

Herra forseti. Óhjákvæmilegt er að vitna til, við þessa síðustu umræðu um lýðræðið og brtt. okkar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við þetta frv., tillögu sem lýtur að þjóðaratkvæðagreiðslu, eru önnur lög sem koma inn á ákveðna og afmarkaða þætti þessa máls. Því hefur ekki verið svarað, herra forseti, hvert ráðherrar ríkisstjórnarinnar hyggjast snúa sér varðandi friðlýsinguna á Kringilsárrana. Hvað er búið að gera í þeim efnum? Er búið að undirbúa friðlýsingu á Kringilsárrana sem er friðlýst landsvæði vegna þess sérstaka náttúrufars sem þar er og þeirrar miklu þýðingar sem náttúrufarið þar hefur fyrir hreindýrin? Þetta er aðalburðarsvæði hreindýranna á svæðinu, aðalburðarsvæði hreindýrastofnsins okkar. Er búið að undirbúa einhvers konar breytingar á friðlýsingunni þarna? Ég spyr: Á að fara fram hjá Náttúruvernd ríkisins í þessum efnum og Náttúrufræðistofnun sem þó eiga samkvæmt lögum að vera umsagnaraðilar um öll mál er varða friðlýsingu?

Hvaða myrkraverk er ríkisstjórnin að vinna hvað varðar friðlýsinguna á Kringilsárrana? Gerir ríkisstjórnin sér ekki grein fyrir því að hreindýrin, sem einu sinni voru dreifðari víða um landið, hafa eingöngu lifað af á þessu svæði vegna þess náttúrufars sem er til staðar í friðlandinu, náttúrufars sem gerir þeim kleift að ganga með kálfa sína og bera strax snemma vors, þó svo að snjór sé allt í kring. Þetta svæði þannig er mjög snjólétt og lygnt og einmitt þar hafa hreindýrin okkar þó lifað af. Ef þessi þriðjungsskerðing á friðlandinu nær fram að ganga og för hreindýranna um þetta svæði takmörkuð á þann hátt sem augljóst er að verður gert með þessum framkvæmdum, ætlar þá ríkisstjórnin að láta segja það um sig eftir á að hún hafi aflétt friðlýsingu á Kringilsárrana með bolabrögðum og valdi?

Auðvitað þurfum við að fá að heyra, herra forseti, hvað verið er að gera í þessum efnum. Það var bent á það í ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar að virðing hæstv. ráðherra fyrir friðlýsingum er af mjög skornum skammti. Hann vitnaði til marks um það til ummæla ráðherra, sem ég fer ekki að endurtaka. Hins vegar er nauðsynlegt, herra forseti, að við fáum að heyra frá ráðherrum ríkisstjórnarinnar hvað verið er að gera. Er eitthvað í undirbúningi varðandi friðlýsingu Kringilsárrana og hvernig á að aflétta henni? Á að fara lýðræðislega leið í þessum málum að einhverju leyti eða á bara að gera þetta með valdboði? Ætla menn að setja undir sig hausinn líkt og í virðist stefna?

Herra forseti. Það væri hægt að halda áfram þessari umræðu fram eftir nóttu en ég held ég fari að ljúka máli mínu. En ég get eiginlega ekki gert það án þess að gera náttúru Íslands, náttúrunni á þessu svæði, þann greiða að vitna í orð þeirrar konu sem hefur verið hvað ötulust í baráttunni gegn þessum framkvæmdum. Mig langar, með leyfi forseta, að vitna til orða Elísabetar Jökulsdóttur rithöfundar, sem hefur verið leiðandi í baráttunni á vettvangi umhverfis- og náttúruverndarsinna. Hún segir í Morgunblaðinu, í lesendabréfi sem ber yfirskriftina Aðeins eitt land, með leyfi forseta:

„Öldum saman þegar þessi þjóð átti varla neitt, engan mat eða húsaskjól, enga framtíð, ekkert sjálfstæði, eilífa kúgun og smán, handritin uppétin, sögurnar farnar að endurtaka sig og sálmagaulið hana lifandi að drepa, þá átti þessi þjóð eitt og aðeins eitt, hún átti land, ljósið sem læddist upp yfir fjallsbrúnina, slæðuna í fossinum, faldinn á öldunni, skuggann í hamraveggnum, fífuna í mýrinni, mosató í grænum skóg, hvíslið í golunni og dálitla lautu (jafnvel til að deyja í) og þegar eymdin og bágindin höfðu svæft okkur var landið það eina sem var nógu sterkt til að vekja okkur aftur og aftur, og þess vegna á þetta land heima í blóði okkar, beinum, frumum og innyflum og ef það á að eyðileggja það er verið að svæfa okkur svefni svo löngum að það er alveg á huldu hvort við vöknum aftur. Og svo gæti farið að þá ættum við ekki neitt með neinum og fyndist við einhvern veginn alltaf sofandi þótt við vissum ekki betur en við værum vakandi."

Herra forseti. Ég ætla að vona að allir hv. þm. sem hér eiga eftir að greiða atkvæði um brtt. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við þetta mál, sem lýtur að því að þjóðin fái að greiða atkvæði um þessi stærstu náttúruspjöll Íslandssögunnar, greiði atkvæði vakandi. Með fullri meðvitund. Vakandi.

[18:23]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði. Hér fer fram 3. umr. um þetta mál og ég vil segja, áður en ég hef mál mitt, að það er ömurleg staðreynd að hér eru bara þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem taka þátt í umræðunni um þetta mál í dag. Þó að þetta sé stærsta mál Íslandssögunnar hvað varðar náttúruspjöll og efnahagslegt umfang er reyndin engu að síður þessi.

Virðulegi forseti. Allur aðdragandi þessa máls um byggingu álvers í Reyðarfirði er umhugsunarverður. Það eru ekki nema þrjú ár síðan þau sjónarmið voru uppi hjá Landsvirkjun að það kæmi ekki til greina að Landsvirkjun ein mundi virkja fyrir austan til að selja einum aðila rafmagn til álframleiðslu. Þegar ég tók sæti á Alþingi fyrir hartnær fjórum árum var rætt um það í hv. iðnn. að slíkt fyrirtæki yrði að vera sjálfstæð eining. Forsvarsmenn Landsvirkjunar töluðu þá um að þeir yrðu í besta falli hluthafar í slíku fyrirtæki, sem væntanlega mundi virkja fyrir austan. Við vitum að í aðdraganda þessa máls hefur allt gjörbreyst vegna þess að dæmið gekk ekki upp í sjálfstæðu fyrirtæki. Þess vegna var Landsvirkjun knúin til þess með pólitísku valdi, ekki út úr arðsvon, að fara í þetta verkefni fyrir austan, þ.e. að byggja Kárahnjúkavirkjun og gera mögulegt að selja rafmagn frá henni til álvers í Reyðarfirði þar sem framleiðslugeta á að vera, ef af verður, 322 þús. tonn af áli á ári og raforkunotkun 14.600 kwst. á tonn af áli.

Áætlað er að þetta álver taki til starfa í Reyðarfirði innan fárra ára. Það hefur legið mikið á að koma þessu máli í gegn. Hæstv. iðnrh. sagði áðan í andsvari að það væri aðdáunarvert að þetta verkefni skyldi komast á koppinn á aðeins einu ári.

Það er hins vegar ekki aðdáunarvert í ljósi þess hvernig staðið er að málum. Við erum að beita ríkis- og bæjarfyrirtækinu Landsvirkjun með handafli til að ná til okkar þessu iðjuveri. Það er ekki þannig að menn komi hingað til landsins og athugi möguleikana vegna áhuga á því að reisa hér álbræðslu. Við fórum út til að ná í aðila til að koma hingað og skoða þetta verkefni. Fyrrv. hv. þm., Finnur Ingólfsson, var sendur út af örkinni þegar Norsk Hydro gekk úr skaftinu og það var gengið í að fá Alcoa til að koma til viðræðna. Það var gert af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þetta vitum við öll. Þetta er alls ekki sú leið sem við eigum að fara vegna þess að það er vitað mál, hefur margkomið fram í umræðunni hér, að það vantar stórlega upp á allar grunnrannsóknir í landinu til að fara út í slíkar framkvæmdir. Rannsóknirnar sem fyrir liggja voru gerðar í miklu írafári eftir að Landsvirkjun ákvað að fara í þetta verkefni og var eiginlega á flótta undan verkefninu við að gera allra nauðsynlegustu umhverfisrannsóknir sem ekki voru fullkláraðar á þessu svæði.

Við stöndum líka frammi fyrir því að við erum alls ekki búin að leggja niður fyrir okkur rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Hvernig eigum við að fara með þessa auðlind? Nefndin sem um það fjallar er að störfum og hún hefur ekki skilað af sér. Það hefur engin afstaða verið tekin til þess hvernig við förum í þessi mál. Nú liggja hins vegar á borðinu áform, ekki bara um þetta álver í Reyðarfirði, heldur áform um stækkun í Straumsvík og á Grundartanga sem leiðir af sér gríðarlega orkuþörf. Þar þarf víða að huga að.

Þeir vinna að þessum málum af krafti, virkjanasinnar og stóriðjusinnar, og leita fyrir sér að virkjanakostum til að uppfylla drauma sína um aukna stóriðju í landinu. Við stöndum frammi fyrir þessari köldu staðreynd, að við erum að tvöfalda orkuframleiðsluna í landinu bara með þessari einu virkjun fyrir austan. Hér er um að ræða ríflega fjórar Blönduvirkjanir, miðað við aflið, og gríðarlega stórt og mikið verkefni sem leiðir af sér mikil náttúruspjöll.

Þetta er að mínu mati alröng aðferðafræði til að nálgast það hvernig við ætlum að nýta landið. Í fyrsta lagi þurfa grunnrannsóknirnar að liggja fyrir og í öðru lagi þarf að liggja fyrir þjóðarsátt um það hvað af þessum auðlindum við ætlum að nýta og getum sæst á að nýta. Við getum ekki sæst á það að hér vinni ríkisstjórnin með þeim hætti að menn skelli sér bara á magann og láti svo ráðast hvernig fer. Við vitum vel að nákvæmlega það sama mun gerast varðandi þetta verkefni og á Þjórsársvæðinu, fyrirtækið Landsvirkjun mun sækjast eftir því að fá meira afl fyrir austan enda benda nýjustu fréttir til þess, með útvíkkun ganganna um 40 sm, að villtustu draumar manna séu þeir að fara lengra vestur og ná í meira vatn. Og þessa aðferðafræði þekkjum við frá Þjórsársvæðinu þar sem menn vildu komast inn í Þjórsárver og eyðileggja þau í áformum sínum um að ná auknu afli út úr Búrfellsvirkjunum. Þetta eru staðreyndir sem ekki verður vikist undan að horfast í augu við.

Slík vinnubrögð eru afleiðing þess að ekki er búið að grunnkortleggja svæðið og það er ekki búið að gera rammaáætlun um nýtingu vatnsaflsins og jarðvarmans í landinu. Þá fara menn um víðan völl og leita fyrir sér hvar þeir geta hugsanlega borið niður til þess að virkja. Þetta eru handarbakavinnubrögð og við getum ekki verið þekkt fyrir að ástunda þau með þeim hætti sem hér er verið að gera.

Þessi nýja staða með Landsvirkjun sem virkjunaraðila og söluaðila á rafmagni til álvers við Reyðarfjörð er gríðarlega mikið áhyggjuefni, sérstaklega fyrir landsbyggðina. Með eðlilegri aukningu á rafmagnsnotkun í landinu er staðan þannig hjá Landsvirkjun, að bestu manna yfirsýn, að hún yrði að mestu leyti skuldlaus á 15 árum. Eignaraðilar að Landsvirkjun eru Reykjavíkurborg og Akureyrarbær og síðan ríkið á móti, og þeir Íslendingar sem búa í þessum sveitarfélögum, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri, njóta eignarhaldsins í Landsvirkjun í mun lægra orkuverði, þ.e. í rafmagnsverði, heldur en aðrir landsmenn. Á Akureyri og höfuðborgarsvæðinu er rafmagnið mjög ódýrt. Þegar Landsvirkjun var stofnuð — hún er stofnuð til þess að fóðra stóriðjuna í landinu — var ríkisfyrirtækið Rarik skilið eftir sem sá aðili sem skyldi sjá landsbyggðinni fyrir rafmagni. Við stofnun Landsvirkjunar voru hér um bil öll framleiðslufyrirtæki tekin undan Rafmagnsveitum ríkisins. Og staðan er þannig í dag að Rafmagnsveitur ríkisins framleiða einvörðungu um 7% af því afli sem sett er inn á línur Rafmagnsveitna ríkisins. Í svo stóru landi sem Ísland er eru gríðarlega mikil svæði upp til dala og út um strandir sem við köllum hinn félagslega þátt rafmagnsdreifingarinnar, þátt sem aðrir þurfa að borga. Uppsetning rafmagnskerfisins í landinu hefur þannig leitt til þess að það eru þéttbýlissveitarfélögin á landsbyggðinni ein og sér, notendurnir þar, sem borga niður í hækkuðu orkuverði dreifingu á rafmagni til óarðbærra hluta dreifiveitukerfis Rafmagnsveitna ríkisins.

Það er mat mjög margra sem leggja niður fyrir sér og spá í hagfræðileg áhrif Kárahnjúkavirkjunar að þegar upp verður staðið hefði verið miklu ábatasamara fyrir íslenskt þjóðfélag að standa frammi fyrir því að Landsvirkjun yrði hér um bil skuldlaus og möguleikar á að stórlækka orkuverð til notenda, bæði til iðnaðarins og til heimilanna.

Rafmagnsveitur ríkisins kaupa stóran hluta af orku sinni, eins og ég nefndi áðan, að undanskildum 7%, frá Landsvirkjun dýrum dómum, u.þ.b. 3,20 kr. á kwst. Rafmagnsverð á öllum þéttbýlisstöðum úti um sveitir, og þar með náttúrlega til heimila og iðnaðar, er gríðarlega hátt í samanburði við önnur lönd, hátt úti um allt land, sérstaklega á veitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins. Það er skammarlegt fyrir þjóð sem hefur svo mikla möguleika á því að framleiða ódýra orku að við skulum ekki nýta þessa stöðu til þess að hygla iðnaðarframleiðslu okkar og heimilunum úti um landið allt til þess að efnast og njóta aukins ábata. En því fer fjarri. Algengt rafmagnsverð úti á landsbyggðinni er frá 6 kr. kwst. og upp að 10 kr., og jafnvel upp í 12 kr. á álagspunktum.

Sú staðreynd að ekki er hægt að fara út í Kárahnjúkavirkjun öðruvísi en að Reykjavíkurborg, Akureyrarbær og íslenska ríkið ábyrgist framkvæmdina sem eignaraðilar að Landsvirkjun gerir það að verkum að það verður gjörsamlega girt fyrir það að af þeirri lækkun sem annars var í sjónmáli með skuldlaust fyrirtæki eftir 15 ár geti orðið. Það er augljóst mál. Vegna þessarar ákvörðunar munum við því áfram búa við mjög hátt orkuverð úti um land. Og landsmenn vita, t.d. vegna umræðunnar um stöðu garðyrkjubænda, aðallega á Suðurlandi en þó einnig fyrir norðan, að rafmagnsnotkun þeirra til lýsingar var á engan hátt samkeppnisfær við það sem gerist í löndum eins og Danmörku og Hollandi. Þetta eru staðreyndir.

Þetta er einn angi af ruðningsáhrifum þessara framkvæmda, að framkvæmdin leiðir til þess annars staðar í samfélaginu að við missum hreinlega niður störf. Það er reyndar nú þegar farið að koma á daginn vegna þess að að mati færustu sérfræðinga eru væntingarnar vegna framkvæmdanna, innspýtingar á peningum, farnar að hafa þau áhrif að gengið helst mjög hátt, sem er þegar farið að valda verulegum vandræðum í grunnatvinnugreinum til útflutnings, eins og fiskiðnaði. Það berast sögur af því frá öllum landshornum að erfiðleikar séu að verða það miklir að menn eru að draga úr eða hætta framleiðslu, sérstaklega á aðkeyptu hráefni eins og í rækjuvinnslu. Hátt gengi er að verða til þess að það dregur úr möguleikum allra þessara fyrirtækja og það er auðvitað stórkostlegt áhyggjuefni vegna þess að þjóðin veit náttúrlega að sjávaraflinn og vinnsla hans gefur okkur um 50% af öllum okkar gjaldeyristekjum. Síðan verður önnur grein mjög fyrir barðinu á þessu, þ.e. ferðaþjónustan sem gerir sig í þjóðarbúskap okkar á milli 13 og 14%.

Þetta verkefni allt snýst að mjög miklu leyti um viðhorf til landsins og til lífsins. Þetta er að stórum hluta tilfinningamál og mér finnst fyrir mína parta að þeir aðilar sem knýja svona mál fram geri stórkostlega á minn hlut sem Íslendings og ég vil ekki gera lítið úr þeim þætti málsins. Við erum að leggja grunn hér að gríðarlegum náttúruspjöllum, sem sum okkar getum engan veginn sætt okkur við. Það særir stolt mitt sem Íslendings að við skulum ætla að vaða fram í blindni í verkefni eftir verkefni af þessu tagi, og það fær ekkert stöðvað. Menn skulu átta sig á því að komist menn upp með þetta halda þeir áfram. Eins gott að þeir komust ekki upp með að sökkva meira landi við Þjórsá.

Ég benti á það áðan að það boðar ekki gott að menn eru þegar, að því er virðist, farnir að gæla við að ná í meira vatn vestur á bóginn, úr Kreppu. Það boðar ekki gott að menn skuli jafnvel vera komnir það langt að víkka göngin til þess að eiga möguleikana á því að taka á móti þessu vatni. Geti menn þetta, hvað er þá orðið mönnum heilagt? Menn eru að leggja niður fyrir sér möguleikana á því að virkja Skaftá í gegnum Langasjó ef menn vilja meiri og stærri álver, það á ekki að vera neitt mál. Menn eru að velta fyrir sér jarðhitasvæðunum án þess að nokkur rammaáætlun liggi fyrir um hvernig menn ætla að nota þetta og hverju við ætlum að þyrma.

Staðreyndin er sú að skipulagslega séð högum við okkur á hálendinu eins og gert var varðandi byggingar í bæjum og þorpum fyrir, við skulum segja, 70–80 árum þar sem menn settu bara niður prik og sögðu: Hér ætla ég að byggja. Það eru engin plön, engin heildaráform. Þetta gengur ekki. Á sama tíma og menn vinna svona gengur á forðann sem talið er að við eigum í ónýttu vatnsafli og jarðvarma. Þegar þessi áform öll eru uppfyllt verðum við búin að virkja líklega um $^2/_3$ eða meira af því sem talið er að hægt sé að gera með góðu móti í landinu.

Heildaryfirsýnin er heldur engin þegar maður lítur á línulagnir. Varðandi þetta verkefni og sölu á rafmagni austur í Reyðarfjörð til Alcoa er ein lína frá virkjunarvegg og niður í Reyðarfjörð. Það verður ekki ásættanleg lausn til lengri tíma litið. Það má ekkert út af bera. Enda berast núna fréttir af því að í framhaldinu innan örfárra ára verði uppi krafa um að byggja línu frá Kárahnjúkavirkjun yfir hálendið til tengingar niður á Þjórsársvæðið. Það mun verða krafa um það bara vegna öryggisþáttar við rekstur þessa stóra fyrirtækis. Það er ekki góður búskapur að taka af einum stút og hafa ekkert varaafl. Við ætlum aldrei að bera gæfu til þess í þessum stórverkefnum okkar á þessu sviði að leggja niður fyrir okkur heildarmynd, heldur er eitt skref tekið sem leiðir af sér annað

skref sem þeir sem vildu taka fyrsta skrefið vildu innst inni ekki taka en neyðast samt til að gera.

Hugsið ykkur hver staðan var hér í sambandi við Þjórsárver. Það er alveg augljóst að ef enginn hefði andmælt því að það ætti að vaða yfir það svæði og búa til miðlunarlón hefði það verið gert. Engin spurning. Ég tel að það sé algerlega augljóst mál. Ég held að allir sem hafa fylgst með þessum málatilbúnaði átti sig á því að hefðum við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði ekki haldið uppi svo mikilli andstöðu hér í þinginu, hefðu gagnrýnisraddir okkar ekki verið svo sterkar, hefðu menn fórnað Þjórsárverum. Ég held að það sé alveg augljóst. (**Iðnrh.:** ... ekki bara framsóknarmenn?) Það er nefnilega þannig að hér á hinu háa Alþingi fer það í taugarnar á mönnum, sérstaklega stjórnarliðum. Hvað varðar þetta mál held ég að það fari í taugarnar á öllum þingheimi nema þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að það skuli yfir höfuð vera talin ástæða til að tala um þetta. Og svo stór mál sem hér eru á ferðinni, sem hæstv. iðnrh. hefur borið ábyrgð á, langflestum þessum málum, eru að mínu mati unnin á handahlaupum, eins og raforkulögin núna. Þeim er nánast hent inn og þau geta aldrei gengið nógu hratt fyrir sig. Staðreyndin er sú að skaplegri lausn varðandi friðun Þjórsárvera áfram framkallast bara af þeirri gagnrýni sem hefur komið fram í því máli. Við verðum að bera þroska til þess að virða nauðsynina á því að gagnrýna það sem verið er að gera.

Svo er annað sem ég held að þjóðin hafi bara yfirleitt ekkert hugsað út í, mengunin frá þessari væntanlegu álbræðslu ef af verður. Hún er svo gríðarleg að við komumst í röð mest mengandi þjóða í Evrópu. Staðreyndin er sú að við verðum farin að menga meira en allt norska samfélagið og allt danska samfélagið. Danska samfélagið er með 6 milljónir manna og framleiðir að stórum hluta orku sína með jarðefnaeldsneyti. Þetta er ótrúleg staða hjá okkur sem viljum byggja upp álbræðslusamfélag á grunni stefnu hæstv. ríkisstjórnar. Einhæfni í framleiðslu. Einhæfni í notkun auðlinda. Bara með þessu verki erum við komin með 80% af rafmagnsframleiðslunni til notkunar í álframleiðslu. Það er hættubúskapur með öll eggin í sömu körfu.

Ég ætla að vísu ekki að fara mikið út í efnahagslega þáttinn því að hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur gert honum skil. Þar eru menn bara alls ekkert á eitt sáttir um til hvers þetta flan leiðir, alls ekki. Og ég held að menn átti sig yfir höfuð ekki á því hve lítið má út af bera í svona stórframkvæmdum. Ef farið er yfir stórframkvæmdir af þessu tagi er algengt að þær fara tugi prósenta fram úr áætlunum, mjög algengt 30%, sum 50%. Það er til heil skýrsla um stórframkvæmdir í Evrópu þar sem menn byggja á reynslunni. Mönnum er hér alveg sama. Ef þetta verkefni fer fram úr eitthvað í líkingu við það sem menn hafa reynslu af erum við komin í mínus. Þá er orðið bókhaldslegt tap á þessu dæmi og þá er engin önnur leið út úr því öllu en að kýla tapið inn á þessa 20% notkun sem við Íslendingar erum í. Það verður þung byrði að bera, tugprósentahækkun á raforkuverði á landsmenn eða að öðrum kosti bein framlög ríkisins til Landsvirkjunar. Það er ekki hægt öðruvísi. Það kom berlega fram í samtölum við forstjóra Landsvirkjunar að þessar tvær leiðir væru færar, að hækka verðið á þessum notendum sem við erum og okkar iðnaður, 20 prósentin, eða þá að fara í bein ríkisframlög í verkefnið. Og menn eru tilbúnir að taka þessa áhættu eins og ekkert sé, fara í verkefni sem er keyrt fram pólitískt af ríkisstjórn vegna þess að menn telja að ríkisstjórnin sem slík eigi að vera í atvinnuuppbyggingu í þessu landi, helst með eigin höndum, slá upp og naglhreinsa á kvöldin, bara sjálf virðist vera. (Gripið fram í.)

Það er talað um að það verði að gera eitthvað til atvinnuuppbyggingar en við fengum nýverið í hendurnar, hv. þm., skýrslu þar sem sjávarútvegsgreinin setur fram hugmyndir sínar um virðisauka í sjávarútvegi upp á á annað hundrað milljónir á ári með vissum grunnaðgerðum. Þar er talið að bara fiskeldið og skeljaeldi geti gefið þjóðarbúinu innan örfárra ára 50–60 milljarða kr. Þessi áform með háu gengi sem afleiðingu og vaxtahækkun leiða til þess að slík þróunarstarfsemi í landinu á erfitt uppdráttar, verður miklu hægari ef nokkur. Eftir nýjustu fregnum að dæma úr sjávarútvegsgeira er líklegra að á næstu fimm árum verði um samdrátt að ræða en einhverja uppbyggingu. Það er eins og hæstv. ríkisstjórn átti sig ekki á því að við erum með vel menntaða þjóð sem sér gríðarlega möguleika á mörgum öðrum sviðum ef sá grunnur sem nauðsynlegur er er gefinn til þess að fara út í þau atvinnutækifæri. En það verður ekki gert með ofurháum vöxtum. Það verður ekki gert með of háu gengi. Við erum að velja hér og hafna með þessu verkefni. Og það er þetta sem málið snýst um.

Hvers vegna í ósköpunum getur hæstv. ríkisstjórn lagt fram gríðarlegan ríkisstyrk gagnvart einu fyrirtæki í formi alls konar fríðinda, en neitað allri annarri atvinnuuppbyggingu í landinu um slíkt hið sama? Skipasmíðaiðnaðinum var markvisst látið blæða út vegna þess að menn neituðu honum um sambærilegan bakstuðning og slíkur iðnaður fær í öllum öðrum löndum sem við keppum við. Hundruð starfa töpuðust víða um landið, á Akranesi, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði, Njarðvíkum, Hafnarfirði, Stykkishólmi. Magnaðar skipasmíðastöðvar sem höfðu alla burði til þess að þjóna íslenska flotanum ef þær hefðu fengið þá fyrirgreiðslu sem nauðsynleg var. Fyrirgreiðsla er bannorð á hinu háa Alþingi. En hvað er um að ræða varðandi þetta fyrirhugaða álver? Gríðarlegan bakstuðning og fyrirgreiðslu þar sem ríkisstjórnin vinnur markvisst að því að fella niður alls konar gjöld sem annar iðnaður þarf að borga. Þannig er niðurfelling á iðnaðargjaldi, markaðsgjaldi, fasteignasköttum, tekjusköttum, eignarsköttum, afdráttarskatti og stimpilgjöldum upp á 24,4 millj. dollara. Síðan er höfnin sérdæmi, sveitarsjóður Fjarðabyggðar og ríkissjóður byggja hana í sameiningu og hún kemur aldrei til með að geta staðið undir öðru en bara rekstrinum af því dæmi. Síðan er auðvitað ríkisábyrgðin í formi þess sem verið er að gera í sambandi við Landsvirkjun, sem er kannski stærsti ríkisstuðningurinn. Hvaða fyrirtæki á Íslandi hefði ekki öfluga möguleika á því að blómstra með slíkri fyrirgreiðslu eins og hér er verið að setja fram? Ríkisábyrgðum, niðurfellingu á öllum þessum opinberu gjöldum, að heita má, aðstöðu sem er byggð upp fyrir viðkomandi fyrirtæki. Ég held að blómin spryttu víða í formi fyrirtækja ef þetta væri regla sem gilti fyrir alla sem hefðu áhuga á því að fara í einhvers konar atvinnuuppbyggingu í þessu landi. Ég nefndi í minni fyrri ræðu við 2. umr. bara eitt dæmi, lúðueldið þar sem vísindamenn okkar eru fremstir í heiminum hvað það varðar að klekja og ala lúðuseiði. Þeir eru núna komnir upp í 300 þús. fiska framleiðslu, sem er 80% af heimsframleiðslunni. Langflest þessara seiða eru flutt til útlanda í áframeldi. Hvers vegna? Vegna þess að önnur lönd hér nálægt okkur veita þeim fyrirtækjum sem fara út í áframeldi stofnstyrki og niðurfellingu ýmissa gjalda meðan þau eru að koma sér fyrir. Þau kaupa lúðuseiðin og

það er ekki hægt að keppa við það hér á landi. Bara á þessu sviði gæti orðið um gríðarlega verðmæta- og atvinnusköpun að ræða fyrir allt samfélagið, en við látum það lönd og leið vegna þess að við þurfum að vera svo stór og flott á því með eyðileggingu náttúrunnar, uppbyggingu orkuvera og iðjuvera fyrir hundruð milljarða króna. Minna getur það ekki verið.

Virðulegi forseti. Þau áform sem hér eru uppi munu ekki verða þjóðinni til framdráttar. Þau munu þvert á móti um langt árabil verða þess valdandi að við eigum minni möguleika í þessu samfélagi á að koma á laggirnar og þróa áfram margbreytilegt atvinnulíf í landinu öllu. Ruðningsáhrifin verða gríðarleg. Það er mat allra og það er synd og skömm að staðan skuli vera þannig að það er fyrst núna sem peningamennirnir, hagfræðingarnir, eru virkilega komnir af afli inn í þessa umræðu. Þeir hefðu auðvitað þurft að vera það fyrir mörgum missirum, en nú er búið að skrifa mikið í blöð og miklar lærðar greinar voru í Viðskiptablaðinu síðast núna um daginn. Að öllum líkindum er málið of langt rekið af hæstv. ríkisstjórn til þess að menn vilji bakka hvað sem tautar og raular.

Virðulegi forseti. Það mætti setja á langar ræður um þetta mál en angi þess er staða landsbyggðarinnar og nýtt frv. til raforkulaga sem einnig er til umfjöllunar í hv. iðnn. og kemur til kasta þingsins á allra næstu dögum. Ég nefndi stöðu landsbyggðarinnar í krafti þess að Rarik þjónar landsbyggðinni að langmestu leyti. Auðvitað er Orkubú Vestfjarða með Vestfirðina, en nú vill hæstv. ríkisstjórn afgreiða frv. til raforkulaga á þann hátt að viðkvæmustu málin varðandi raforkudreifinguna í landinu verða sett í salt. Það verður ekki tekið á. Það á að setja í nefnd hvað varðar lausn á félagslega þættinum, þ.e. óarðbæra hluta kerfisins, og það á að setja í nefnd stofnlínufyrirtækið sem hugmyndin er að setja upp varðandi dreifingu á raforku í landinu.

Það er algjörlega óásættanlegt. En það hangir í sjálfu sér saman við þetta mál allt saman, álver í Reyðarfirði, Kárahnjúkavirkjun, landsnetið í orkumálum og orkuframleiðslan í landinu, þetta er allt undir í umræðunni um þessi stóru plön fyrir austan núna. Eitt leiðir af öðru. En ég ætla að koma betur að því máli þegar ég tek til máls um raforkulagafrv. sem hér verður til umfjöllunar á allra næstu dögum.

Virðulegi forseti. Álver í Reyðarfirði er af stjórnarmeirihlutanum talið gríðarlegt innlegg í styrkingu byggðar fyrir austan. Við höfum fengið skýrslu frá fyrirtækinu Nýsi hf. sem hefur lagt niður fyrir sér hvaða áhrif þessi framkvæmd muni hafa á þetta landsvæði, og samkvæmt niðurstöðum þar er talið að bara u.þ.b. 200 störf í tengslum við þetta verkefni muni verða mönnuð af því fólki sem á heima á svæðinu. Ég hef sjálfur tilfinningu fyrir því að það muni reynast nokkuð rétt. Samkvæmt skýrslunni er talið að um 200–500 manns muni tendla til álversins annars staðar að í landinu, hvort sem flogið verður frá Reykjavík eða keyrt frá Akureyri. Við sem búum úti á landi vitum að það er ekki endilega sú staða uppi að væntanlegir starfsmenn muni ekki vilja búa fyrir austan, heldur er annar og í sjálfu sér miklu einfaldari þáttur sem þar kemur inn í, hið svokallaða makavandamál. Í þessum minni samfélögum er það oftar en ekki svo að maki starfsmannsins, ég tala ekki um ef um tæknimenn er að ræða, fær ekki vinnu á staðnum við sitt hæfi og þess vegna verður niðurstaðan sú hjá viðkomandi fjölskyldu að fjölskyldufaðirinn fer á flakk og semur við vinnuveitanda sinn um að fá að vinna í skorpum og taka myndarlegri frí á milli, fara þá á heimaslóð, hvort sem það er í Reykjavík eða annars staðar á landinu. Jafnvel er við þetta vandamál að stríða svo stutt frá Reykjavík sem Grundartangi er og álverið í Hvalfirði. Sama er varðandi t.d. tæknimenn í málmiðnaði á Akranesi, þar eiga fjölskyldur við þetta vandamál að stríða. Ég held því að það sé alls ekkert borðleggjandi að þetta muni verða innspýting hvað varðar búsetu á svæðinu, ekkert endilega, og sennilegt er að það muni ekki verða, heldur að menn muni taka þann kost að búa annars staðar og vinna á svæðinu. Það eru margar falsvonir í gangi.

Að mati langflestra, og ég deili þeim áhyggjum, er alvarlegast að ruðningsáhrif þessara framkvæmda muni leika atvinnulíf okkar, eins og það er í dag, mjög hart og verða til þess að menn muni leggja upp laupana annars staðar á landinu. Þá er nú til lítils af stað farið ef 500–700 störf hér leiða til tapaðra atvinnutækifæra annars staðar, kannski svo hundruðum skiptir eða kannski miklu meira en þetta verkefni skapar. Og það er mjög margt sem bendir til þess að það geti gerst.

Atvinnustefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs byggir á fjölbreytileika og að gefa mönnum svigrúm og ramma til þess að njóta sín á því sviði sem hugur þeirra stendur til. Það gerist með ýmiss konar opinberum aðgerðum af því tagi sem ég nefndi áðan. Stofnstyrkir af ýmsu tagi til fyrirtækja og grunnfyrirgreiðsla er að okkar skapi, ekki bara fyrir eitthvert stórt álfyrirtæki heldur fyrir alla. Hæstv. ríkisstjórn er tilbúin til að vera með opinberar stuðningsaðgerðir við svona risa en er alveg sama um atvinnulífið í landinu, eins og ég var að benda á áðan og tók þá sérstaklega til skipasmíðaiðnaðinn (**Iðnrh.:** Hvers slags vitleysa er þetta?) en líka tók ég til möguleika okkar varðandi fiskeldið. Hæstv. iðnrh. grípur fram í og segir „Hvers slags vitleysa er þetta?“ og þarf ekki frekari rökstuðnings við af hennar hálfu.

Virðulegi forseti. Ég ætla að láta þessi orð nægja að sinni og mun kannski gera þessu fyllri skil í seinni ræðu minni.

[19:06]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði er hér til lokaumræðu, 3. umr. á Alþingi. Það er ekki hægt að líta á lagasetningu um þessa heimild varðandi verksmiðjuna aðskilda frá byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Þetta myndar eina heild.

Herra forseti. Eftir þá miklu og áköfu umræðu sem hér hefur staðið, bæði um Kárahnjúkavirkjun og álverksmiðjuna í Reyðarfirði, stendur það eftir að eina haldbæra ástæðan fyrir þessum framkvæmdum væri sú að treysta byggð á Austfjörðum. Varla er hægt að mæla með virkjuninni sem fjárfestingu því arðsemin yrði afleit og áhættan gríðarlega mikil. Arðsemin af þessum framkvæmdum öllum yrði einnig afleit þó að náttúra og land yrðu látin í té ókeypis. Þó að hún sé látin í té ókeypis undir virkjunarlón, lán Landsvirkjunar niðurgreidd með ríkisábyrgð og mengunarkvóti Íslendinga afhentur hinu erlenda fyrirtæki án borgunar yrðu þjóðhagsleg áhrif samt mjög óheppileg. Framkvæmdir hæfust ekki af fullum þunga fyrr en eftir 12–18 mánuði og á þeim tíma yrði íslenskt efnahagslíf aftur komið á skrið ef álverið hefði ekki komið til sögunnar, ef marka má spár fjmrn. og annarra greiningaraðila.

Það er því rangt sem látið er í veðri vaka að Fjarðaál sé nauðsynlegt til þess að lyfta landinu upp úr kreppu. Mótvægisaðgerðir ríkisins hljóta að verða þær að rýma til

fyrir álversframkvæmdunum með því að kalla fram kreppu í öðrum greinum með bæði vaxtahækkunum og niðurskurði í ríkisfjármálum. Hin leiðin til þess að sporna gegn ofrisi er að fá erlendan vinnukraft til þess að reisa virkjunarmannvirkin og verksmiðjuna og ganga þar með að mestu leyti fram hjá Íslendingum, ella færu verðbólga og þensla á fljúgandi skrið. Af þessum sökum yrði hið eina jákvæða við Fjarðaál það að það yrði til að styrkja byggð á ákveðnu svæði á Austfjörðum. Og umræðan ætti í raun að snúast um það atriði fremur en að reyna að villa um fyrir almenningi um þjóðhagsleg áhrif framkvæmdanna.

Virðulegi forseti. Byggðaröskun síðustu ára er almennur efnahagsvandi sem er sameiginlegur fyrir landsbyggðina í heild. Hinar dreifðu byggðir hafa ekki staðist samkeppni við höfuðborgarsvæðið á svo mörgum sviðum. Til þess að bregðast við því verður að beita almennum aðgerðum sem leggja grunn að atvinnu og mannlífi vítt og breitt um landið. Hér má telja samgöngubætur og örugg fjarskipti. Eitt brýnasta hagsmunamálið er lækkun og jöfnun flutningskostnaðar um landið allt, en hann hefur hækkað gríðarlega og ekki hvað síst vegna fákeppni og aukinnar skattheimtu ríkisins. Gott aðgengi að almennri grunnþjónustu, póstþjónustu, símþjónustu, bankaþjónustu, heilsugæslu o.s.frv. skiptir miklu máli fyrir samkeppnishæfni búsetu og atvinnulífs. Sama gildir um grundvallarlýðréttindi, menntunarmöguleika og jöfnuð í lífskjörum.

Stjórnvöld geta rétt við samkeppnishæfnina með ýmsu móti og þannig tryggt jafnræði allra þegna landsins. Það hafa þau ekki kosið að gera og þess vegna er lagt í þessar gríðarlega sértæku aðgerðir sem Kárahnjúkavirkjun og Reyðarál eru, stærstu sértæku aðgerðir í atvinnulífi Íslendinga sem hingað til hafa verið gerðar.

Virðulegi forseti. Það er mat flestra hagfræðinga sem hafa tjáð sig um þetta mál að risaframkvæmdir sem þessar munu jú valda gífurlegri þenslu á Miðausturlandi, en jafnframt muni áhrifin á Reykjavíkursvæðinu í þá átt verða mikil. Öðrum landshlutum og öðrum atvinnugreinum munu aftur á móti blæða stórum vegna hækkunar vaxta og hás gengis krónunnar sem framkvæmdirnar munu kalla fram. Nokkur áhrif eru þegar komin í ljós. Gengi krónunnar hefur hækkað um 20% á nokkrum mánuðum og er mun hærra en er efnahagslífinu eðlilegt og forsendur t.d. fjárlaga gerðu ráð fyrir. Staðreyndin er sú að verði af þessum stórframkvæmdum munu þær hefta mjög vöxt allra annarra útflutningsgreina á framkvæmdatímabilinu og ryðja mörgum þeirra burt. Atvinnulífið sem heild verður einhæfara en ella vegna þess að því er í raun beint í einn iðnað, álbræðslu, og sú þróun mun bitna hart á landsbyggðinni sem heild. Sem byggðaaðgerð getur þessi risaframkvæmd á Miðausturlandi snúist í fullkomna andhverfu sína.

Virðulegi forseti. Hvaða þjóð mundi leggja 80–90% af virkjaðri orku sinni til framleiðslu í einn hráefnisiðnað, áls? Svo verður ef fyrirhugaðar áætlanir bæði um álverksmiðju í Reyðarfirði og stækkanir á álverksmiðju á suðvesturhorninu ná nú fram. Eins og fyrirhugað er eða tillögur eru um munu yfir 80% af virkjaðri orku á Íslandi tengjast einni hráefnisgrein, áli. Hvaða þjóð mundi haga sér með þessum hætti ef hún fengi að ráða sér? Nei, staðreyndin er sú að hér er það ríkisvald sem keyrir þetta mál fram af mikilli hörku og í andstöðu við meiri hluta þjóðarinnar, fullyrði ég, því það hefur komið fram í þeim skoðanakönnunum sem gerðar hafa verið að þjóðin, a.m.k. meiri hluti hennar, vill fá að greiða atkvæði um hvort í þessar risaframkvæmdir skuli ráðist eða ekki.

Virðulegi forseti. Á síðasta ári virtist sem viðskiptin við útlönd væru að komast í jafnvægi. Gengisþróun var hagstæð og verðbólgan viðráðanleg. Atvinnulífið lagaði sig hægt og bítandi að breyttum aðstæðum. Með góðri hagstjórn leit út fyrir möguleika á hægum en öruggum hagvexti á næstu árum. Möguleikar jukust á styrkingu velferðarkerfisins, auknum jöfnuði og eflingu atvinnulífs um allt land. En 200 milljarða fjárfesting á örfáum árum í litlu hagkerfi okkar fámenna lands er fullkomið glapræði. Fyrir aðeins brot af þeirri upphæð væri t.d. hægt að byggja upp öfluga ferðaþjónustu, standa að baki fjölbreyttri nýsköpun í atvinnulífi sem byggði á hugviti og framtaki einstaklingsins, standa að baki félagslegum samtakamætti þjóðarinnar og sjálfbærri nýtingu auðlinda landsins.

Virðulegi forseti. Bara fyrir hluta af því fé sem nú er verið að veita af hálfu ríkisins og hálfopinberra aðila, hundruð milljarða króna, væri hægt að byggja háskóla á Austurlandi, alþjóðlegan háskóla sem laðaði til sín fólk víða að úr heiminum til þess að rannsaka og njóta og læra og efla vísindi í kringum þau miklu náttúruauðæfi sem felast í Vatnajökli, umhverfi hans og þeim miklu fallvötnum sem verið er að misþyrma með hinum fyrirhuguðu framkvæmdum við Kárahnjúka. Það væri hægt að byggja þar stóröflugan háskóla á alþjóðavísu sem væri miklu betur í takt við þau gríðarlegu náttúruauðæfi sem þarna eru og við gætum notið.

Virðulegi forseti. Þjóðin tapar á Kárahnjúkavirkjun og hún tapar á Reyðaráli. Hún tapar á Kárahnjúkavirkjun vegna þess að þessum fjármunum væri mun betur komið fyrir í öðrum atvinnugreinum. Hún tapar einnig á Kárahnjúkavirkjun vegna þess að framkvæmdir henni tengdar munu ryðja öðru atvinnulífi og öðrum störfum til hliðar, og sú hætta er fyrir hendi að fyrir hvert það starf sem skapast í áliðnaði muni fleiri tapast annars staðar á landinu.

Herra forseti. Það er vel hægt að fagna með Austfirðingum að störf skapist í heimabyggð þeirra en það er ekki sama á hvaða forsendum það gerist. Ég benti hér á hversu miklu nær væri að byggja þarna upp öfluga ferðaþjónustu og öflugan háskóla. Það þyrfti ekki nema brot af þessum 200 milljörðum kr. til þess að gera það svo að það hrifi. Staðreyndin er hins vegar sú að hin almennu áhrif Kárahnjúkavirkjunar á landsbyggðina sem heild yrðu neikvæð, samgönguáætlun ríkisins og öðrum framkvæmdum mun verða skotið á frest, eins og hér hefur verið gerð grein fyrir í umræðum, bæði á Alþingi og í yfirlýsingum í fjölmiðlum. Þá munu hærri vextir og hærra gengi krónunnar koma illa við alla venjulega atvinnustarfsemi en sérstaklega útflutningsfyrirtækin. Hærra gengi krónunnar leiðir til þess að tekjur fólks rýrna í ferðaþjónustu, í sjávarútvegi, í landbúnaði að hluta og mörgum öðrum greinum sem eru í útflutningi eða í samkeppni við erlendar vörur. Á síðustu mánuðum hafa tekjur þessara atvinnugreina rýrnað verulega vegna mikillar hækkunar á gengi krónunnar sem stafar af fyrirhuguðum álversframkvæmdum.

En þetta er þó aðeins forsmekkurinn að því sem koma skal. Útflutningsiðnaðurinn er að stórum hluta staðsettur á landsbyggðinni. Hann yrði fyrir mjög neikvæðum áhrifum vegna þeirrar gengishækkunar og síðan hækkunar vaxta og þenslu sem þessar risavöxnu framkvæmdir mundu skapa. Virðulegi forseti. Þess vegna er sú hætta fyrir hendi að fyrir hvert það starf sem Fjarðaál skapaði á Austurlandi mundu önnur störf í útflutningsgreinum hverfa annars staðar á lands-

byggðinni. Hér er þó vitanlega ekki við Austfirðinga sjálfa að sakast heldur úrræðalaus stjórnvöld sem eru að stíga örlagaríkt skref aftur til fortíðar með sértækum byggðaaðgerðum af stærðargráðu sem á sér ekki hliðstæðu í Íslandssögunni.

Herra forseti. Það er líka af umhverfisáhrifum sem þetta er fullkomið glapræði. Vinnubrögðin í meðferðinni allri eru táknræn og dæmi um það hversu ruddalega er fram gengið. Þegar hæstv. umhvrh. gaf út úrskurð sinn, sneri við þeim úrskurði sem áður hafði verið kveðinn upp og heimilaði framkvæmdirnar, gáfu náttúruverndarsamtök á Íslandi út yfirlýsingu sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Formenn neðangreindra umhverfis- og náttúruverndarsamtaka hafa á fundi sínum í dag fjallað um úrskurð umhverfisráðherra vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Í ljósi þess að Kárahnjúkavirkjun mundi valda margfalt meiri náttúruspjöllum en nokkur einstök framkvæmd á Íslandi til þessa er niðurstaða ráðherra óskiljanleg. Veruleg og óafturkræf áhrif virkjunarinnar, sem Skipulagsstofnun byggði úrskurð sinn á, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum blasa við hverjum þeim sem kynnir sér framkomnar upplýsingar. Tæpast er hægt að ímynda sér stórfelldari röskun af mannavöldum á náttúru landsins.

Í þessu sambandi er minnt á eftirfarandi:

Kárahnjúkavirkjun mun eyðileggja eitt stærsta hálendisvíðerni í Evrópu með mannvirkjagerð á um 1.000 ferkílómetra svæði og spilla fjölbreyttu gróðurlendi á allt að 600 ferkílómetra svæði, sem er hluti af samfelldri gróðurþekju frá sjó inn til jökla. Líta ber á hálendisgróður ofan við 500 m hæð sem fágæta og verðmæta auðlind.

Ómetanlegar jarðfræðiminjar og landslagsheildir á heimsvísu yrðu eyðilagðar eða þeim raskað verulega með virkjunarframkvæmdunum.

Meira en 100 fossar yrðu fyrir röskun af völdum virkjunarinnar og sumir þeirra hyrfu alveg.

Stórfelldir vatnaflutningar einkenna virkjunina þar sem m.a. eitt stærsta vatnsfall landsins, Jökulsá á Dal, yrði flutt á milli vatnasviða og veitt í Lagarfljót.

Nánast ekkert vatnakerfi á virkjunarsvæðinu stæði eftir óraskað. Lífríki í stöðuvötnum og fjölmörgum ám mun eyðast eða raskast verulega, einangruðum stofnum verður útrýmt eða þeim blandað saman við aðra stofna."

Virðulegi forseti. Þetta var yfirlýsing þessara náttúrusamtaka. Undir hana rita: Anna Guðrún Þórhallsdóttir, SÓL í Hvalfirði, Árni Finnsson, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Björn Þorsteinsson, Náttúruverndarsamtökum Vesturlands, Halla Eiríksdóttir, NAUST, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, SUNN, Jóhann Óli Hilmarsson, Fuglaverndunarfélagi Íslands, Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, Landvernd, Steingrímur Hermannsson, Umhverfisverndarsamtökum Íslands, Þórhallur Þorsteinsson, Félagi um verndun hálendis á Austurlandi.

Virðulegi forseti. Frá því að þessi ályktun var samþykkt hafa komið fjölmargar aðrar ályktanir sem taka undir þau miklu varnaðarorð og mótmæli sem þarna voru reist. Ég held að okkur öllum sem höfum séð kvikmynd Ómars Ragnarssonar um hálendið fyrir norðan Vatnajökul sé dapurleiki í huga að vita til þess ef af framkvæmd Kárahnjúkavirkjunar verður. Eftir að kvikmyndin var sýnd í sjónvarpi hitti ég viðmælanda úti á götu sem sneri sér að mér og sagði: „Jón, ég horfði á myndina hans Ómars Ragnarssonar í gærkvöldi, og veistu hvað? Þegar myndinni lauk grét ég. Ég grét yfir því að þetta ætti yfir okkur að ganga."

Já, á þetta yfir okkur að ganga, virðulegi forseti? Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum til að þjóðin greiði atkvæði um það hvort þetta eigi yfir okkur að ganga. Við leggjum fram brtt. við þetta frv. um álverksmiðju í Reyðarfirði og framkvæmdir fyrir austan um að þjóðin fái tækifæri til þess að greiða atkvæði um hvort þessi náttúruspjöll, þessi gríðarlegu óafturkræfu náttúruspjöll, eigi yfir okkur að ganga, herra forseti. Það er skýlaus krafa í svo gríðarlega stóru máli sem þessu að þjóðin fái að greiða um það atkvæði. Það ætti ekki að vera áhætta fyrir neinn.

[Fundarhlé. — 19:25]

[20:00]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Komið er undir lok þessarar umræðu og ástæða til að segja hér nokkur orð. Í fyrsta lagi vil ég þakka fyrir umræðuna og nefna nokkur atriði sem komið var inn á af hálfu hv. þm. Vinstri grænna. Ég hef nú svarað einhverju í andsvari við hv. þm. Ögmund Jónasson. En það sem er greinilegt að hv. þm. vilja leggja áherslu á og reyna að koma á framfæri sem skilaboðum er að Framsfl. sé ekki að velta fyrir sér fjölbreytileika atvinnulífsins, og þá vil ég vera þeim mjög ósammála um það. Ég get nefnt margt sem unnið hefur verið að í iðn.- og viðskrn. þau ár sem ég hef verið þar, sem er því til sönnunar að við höfum verið að fjalla um atvinnulífið á mjög breiðum grundvelli og lagt okkur fram um það að nýta alla þá möguleika sem atvinnulífið getur boðið upp á og auðlindir okkar geta boðið upp á. Ég get nefnt líftækniiðnaðinn og hugbúnaðariðnaðinn í því sambandi, tónlistariðnaðinn, hönnun, kvikmyndagerð, skipasmíðaiðnaðinn og þannig mætti lengi telja. Ég vil því mótmæla þessu og tel að þetta sé einungis sett fram til að reyna að gera okkur tortryggileg í því sem við erum að gera. En það fer hins vegar ekkert á milli mála að við erum hlynnt því að nýta orkuauðlind okkar og um það snýst þetta mál, að nýta orkuna okkur til framdráttar, þjóðfélaginu öllu. Það höfum við gert og gerðum á seinni hluta síðustu aldar, byrjuðum reyndar of seint miðað við Norðmenn, en eftir að við Íslendingar lærðum þessa tækni jókst hér kaupmáttur og hagsæld öll. Ég vil því setja stórt samasemmerki þar á milli, þ.e. nýting orkuauðlinda og velmegun þjóðarinnar.

Af því að minnst var á það af hálfu hv. þm. Jóns Bjarnasonar að við hefðum t.d. getað beitt okkur fyrir háskóla á Austurlandi frekar en að standa í þessu þá er það svo að unnið er að fræðasetri á Egilsstöðum og ég ásamt hæstv. menntmrh. höfum nýlega lagt fram fjármagn til þess að það geti orðið að veruleika og gert um það samkomulag og verður það allt saman meira á beinu brautinni en verið hefur, þannig að þar er ýmsu sinnt.

Um það að við séum að menga meira en aðrar þjóðir með því að fara í þessar framkvæmdir, eins og kom fram hjá hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni, þá er það aðalatriðið í mínum huga að með því að virkja við Kárahnjúka og byggja álver af þessari stærðargráðu í Reyðarfirði erum við einmitt að leggja okkar af mörkum í því sambandi við að minnka útstreymi gróðurhúsalofttegunda í heiminum. Hæstv. umhvrh. er að svara fyrirspurn frá hv. þm. Pétri Blöndal hvað þetta varðar og því svari verður væntanlega dreift á morgun. Þar kemur það fram að við erum að leggja gífurlega mikið af mörkum í því sambandi að spara og minnka gróðurhúsaáhrifin í heiminum. Og það var þess vegna sem við fengum íslenska

ákvæðið samþykkt í Kyoto-bókuninni að við erum að spara umheiminum mengun og það hafa aðrar þjóðir séð þó að hv. þingmenn Vinstri grænna hafi ekki áttað sig á því.

Svo er það úrskurður hæstv. umhvrh. í sambandi við Kárahnjúkavirkjun. Látið er að því liggja að þar sé ekki verið að vinna samkvæmt lýðræði og að ekki sé verið að vinna samkvæmt lögum með því að hæstv. umhvrh. breytti úrskurði Skipulagsstofnunar. Það er nú hins vegar svo að erlendir sérfræðingar á þessu sviði hafa kveðið upp úr um það að úrskurður hæstv. umhvrh. um Kárahnjúkavirkjun sé mjög vel unninn og að náðst hafi stórkostlegur árangur í úrskurði hennar hvað varðar umhverfisvernd.

Þegar hv. þm. tala eins og að ekki hefði verið heimilt samkvæmt lögum að breyta niðurstöðu Skipulagsstofnunar þá eru þeir tvísaga vegna þess að þeim finnst að það hafi verið sjálfsagt að breyta úrskurði Skipulagsstofnunar í sambandi við Norðlingaölduveitu. Þó að þeir hafi ekki borið gæfu til að fagna þeim úrskurði setts umhvrh. strax á fyrsta degi þá hafa þeir áttað sig og eru farnir að tala mjög með þeim úrskurði, þannig að það er ekki algjört samræmi í hlutunum hjá þessum hv. þm.

Rafmagnsverð er hátt hjá Rarik, segir hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, og vera má að það sé rétt. Ég geri mér vonir um að í breyttu umhverfi — og það getum við rætt betur þegar raforkulagafrv. kemur til umfjöllunar — skapist svigrúm til að lækka raforkuverð og a.m.k. er ljóst að verðið verður gegnsærra en það er í dag þannig að neytandinn veit þá meira fyrir hvað hann er að borga og hvernig verðið verður til.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir fjallaði aftur um skýrslu Stefáns Benediktssonar í sambandi við að nýta öræfin norðan og austan Vatnajökuls sem þjóðgarð í stað þess að fara í umræddа virkjun og heldur því fram að þeirri skýrslu sé haldið leyndri, sem er ekki rétt. Hún hefur m.a. fengið hana senda og hún er opinbert gagn, en hún er hluti af þeirri vinnu sem er í gangi í tengslum við rammaáætlun og er mikilvægt gagn í því sambandi. Einnig hefur verið unnin önnur skýrsla sem tengist þessu máli, þjóðgarður plús virkjun annars vegar og einungis þjóðgarður hins vegar. Þar sýnir sig hvað varðar ferðamenn, væntanlega ásókn ferðamanna á svæðið, að þar er ekki stór munur á og reyndar tel ég að reikna megi með því að einmitt virkjunin skapi mjög mikla ferðamennsku á þetta svæði og áhuga ferðamanna á að berja það augum.

Hv. þm. talaði um að friða Dettifoss og ég vil segja það hér að engin áform eru uppi um að virkja Jökulsá á Fjöllum, en því var hins vegar haldið fram af hálfu náttúruverndarsinna á Íslandi og reynt að koma því á framfæri við erlendar þjóðir að Dettifoss mundi fara undir lón ef farið yrði í Kárahnjúkavirkjun, sem er náttúrlega mjög óheiðarlegt en engu að síður var það gert.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, það er komið fram á kvöld og allir hv. þm. farnir úr salnum nema einn. En ég vil þó segja að lokum, af því að hv. þm. Þuríður Backman talaði um hreindýrin, að fylgst hefur verið með ferðum hreindýra á Vestur-Öræfum í tíu ár með talningu bæði í maí og júní á hverju ári og fyrirhugað er að halda talningu áfram á byggingartíma og auka enn frekar þá starfsemi til að hægt sé að fá samanburð á ferðum hreindýra á byggingartímanum miðað við hvernig hann hefur verið áður, og það tel ég mjög mikilvægt mál. Þá hafa Norður-Hérað og Fljótsdalshreppur, Landsvirkjun, iðnrn. og umhvrn. myndað samstarfsnefnd um framkvæmd eftirlits á byggingartíma virkjunarinnar, m.a. með skilyrði umhvrh. í úrskurði um Kárahnjúkavirkjun í huga.

[20:09]

Útbýting þingskjala:

Almannavarnir o.fl., 464. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 1085.

Álbræðsla á Grundartanga, 671. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1091.

Fjárreiður stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, 662. mál, frv. JóhS, þskj. 1078.

Heilbrigðisþjónusta, 453. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1076; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1077.

Raforkuver, 670. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1090.

Siglingastofnun Íslands, 539. mál, nál. samgn., þskj. 1089.

Vaktstöð siglinga, 392. mál, nál. samgn., þskj. 1087; brtt. samgn., þskj. 1088.

Virðisaukaskattur, 669. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1086.

[20:10]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins varðandi þessi átök og ágreining um atvinnustefnu, annars vegar atvinnustefnu sem byggir á fjölbreytni og hins vegar atvinnustefnu sem byggir á einhæfni. Hæstv. ráðherra telur að það sé rangt hjá okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að saka Framsfl. um að byggja á einhæfni í atvinnustefnu. Hér er ég einfaldlega að vísa í ræðu formanns Framsfl. á nýafstöðnu þingi þar sem hann talaði um atvinnustefnu með hliðsjón af stóriðju.

Hann segir hér, með leyfi forseta:

„Ég tel vera kominn grundvöll fyrir þjóðarsátt um þá atvinnustefnu sem er hornsteinn íslenska velferðarkerfisins. Það verður ekki bæði sleppt og haldið. Ef við styðjum við bakið á þessari atvinnustefnu og njótum uppbyggingar stóriðjunnar á Austurlandi og Grundartanga skapast ekki einvörðungu á þriðja þúsund nýrra starfa, heldur skapast einnig skilyrði til mestu skattalækkana um langt skeið."

Ég er efins um að þessi loforð gangi upp í lokin, en hann er hér að vísa til atvinnustefnu Framsfl. sem byggir á því að meira en þriðjungur af efnhagsstarfseminni verði stóriðja. Þetta er bara staðreynd og hér er stuðst við yfirlýsingar forsvarsmanna Framsfl.

Varðandi mengunina, að við séum að leggja okkar af mörkum til að draga úr mengun í heiminum, þá er ein ástæðan fyrir því að Alcoa er að loka orkuverum í Bandaríkjunum jafnframt því sem hingað er flutt ekki einvörðungu sú að orkuverðið sé lægra hérna heldur sleppa þeir hér við mengunarskatta.

Varðandi lýðræðið þá vísar hæstv. ráðherra í útlendinga sem hafi tekið undir með hæstv. umhvrh. Staðreyndin er sú að erlend náttúruverndarsamtök hafa mótmælt þeim náttúruspjöllum sem þarna eru í vændum eða eru fyrirhuguð. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvað valdi því að hún gangi svo hart gegn því að þjóðin fái að segja álit sitt á þessu máli í þjóðaratkvæðagreiðslu.

[20:12]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki tjáð mig neitt á móti því að þjóðin fái að segja álit sitt á þessu máli. Ég hef hins vegar sagt að það sé orðið of seint vegna þess að Alþingi Íslendinga hefur tekið ákvörðun í málinu og það hefur verið samþykkt hér með 44 atkvæðum gegn 9 að heimila iðnrh. að veita leyfi til að farið verði í þessa framkvæmd. Þannig að ég er ekkert á móti því en tel þetta bara allt of seint fram

komið, ég er alveg sannfærð um að þetta yrði samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég las leiðara Morgunblaðsins sem fjallaði um þetta atriði og er sammála honum, það eru einhverjir dagar síðan, og skil það mjög vel að þjóðin vilji tjá sig í stóru máli eins og þessu. Raunar gerir hún það í gegnum fulltrúa sína á Alþingi en þetta er samt þannig mál að mér finnst að það hefði alveg komið til greina að fara með það í þjóðaratkvæðagreiðslu, en það verður ekki gert héðan af þegar Alþingi hefur tekið ákvörðun um málið. Það getur vel verið að mál þróist þannig í framtíðinni líka með aukinni tækni og auknum möguleikum almennings að setja sig inn í mál að þjóðaratkvæðagreiðsla verði almennari en verið hefur. Þjóðaratkvæðagreiðsla hefur ekki farið fram hér síðan 1944, ef ég man rétt, og það eru nú allmargir áratugir síðan. En ég vil ekki að hv. þm. skilji mig svo að ég sé almennt eitthvað á móti því að mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu.

[20:14]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð nánast orðlaus yfir þeirri óskammfeilni sem kom fram í svari hæstv. ráðherra. Við höfum áður sett fram tillögu hér um að efnt yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um málið og hæstv. ráðherra barðist þá um á hæl og hnakka og andmælti málatilbúnaði okkar þá, lagðist gegn tillögu um að málið færi í þjóðaratkvæðagreiðslu, þannig að það er rangt að hæstv. ráðherra sé ekki á móti þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Og vísar síðan í þekkingarstig þjóðarinnar, að hún geti sett sig inn í þetta flókna mál. Ég held að þjóðin hafi staðreyndir þessa máls vel á sínu valdi og sannast sagna er að verða vakning í þjóðfélaginu núna gegn þessum áformum ríkisstjórnarinnar.

En ég vil nota þennan tíma minn til að beina enn einni spurningu til hæstv. ráðherra. Alþjóðabankinn birtir ráðleggingar varðandi mengunarvarnir og meðal þess sem bankinn segir er að einvörðungu skuli hleypa einu kílói af brennisteinsdíoxíði frá álverksmiðjum fyrir hvert tonn sem er framleitt.

Er það rétt að í þessari verksmiðju verði heimilað tólffalt þetta magn, í stað 320 tonna séum við að tala um 3.600? Er þetta rétt, getur þetta bara verið rétt? Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra upplýsi okkur um þetta varðandi mengunarvarnirnar.

Síðan vil ég fá það staðfest frá hæstv. ráðherra hvort það sé ekki réttur skilningur hjá mér að japanski bankinn Sumitomo Mitsui hafi aldrei gert neina skýrslu um þetta mál heldur einvörðungu staðfest og farið yfir þá útreikninga og forsendur sem Landsvirkjun reiddi fram. Þetta vil ég fá svar um.

Til hins er því miður ekki tími, að spyrja um þær misvísandi upplýsingar sem fram hafa komið í gögnum Landsvirkjunar, m.a. til japanska bankans.

[20:16]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kann ekki að nefna tölur í tengslum við mengunarmál þau sem hv. þm. spurði um. Það eina sem ég veit er að þessi verksmiðja mengar minna en verksmiðjan sem fór í gegnum mat á umhverfisáhrifum og fékk jákvæða niðurstöðu af hálfu Skipulagsstofnunar. Þar af leiðandi kvað Skipulagsstofnun upp þann úrskurð að sú verksmiðja sem nú er áformað að byggja þurfi ekki að fara í gegnum þetta ferli. Það nægir mér. Ég er ekki sérfræðingur í umhverfismálum en þetta nægir mér til að hafa ekki áhyggjur af þessum þætti mála.

Hvað varðar Sumitomo, hvernig samskipti voru við þann banka og hvernig þeir unnu úr upplýsingum sem þeir fengu frá Landsvirkjun, þá er það ekki mál sem ég tel þurfa að standa skil á hér á Alþingi. Landsvirkjun lýtur sérstakri stjórn sem fer með daglegan rekstur þar ásamt forstjóra. Ég treysti því fólki ákaflega vel til að standa rétt að málum. Það er ekki þannig að þessu fyrirtæki sé stjórnað úr iðnrn. Það er allt sem ég hef um það að segja.

Ég vona að hv. þm. virði mér það til vorkunnar að ég kann ekki betur að nefna þær tölur sem hann spurði mig eftir varðandi mengunarmálin.

[20:18]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða ítarlega um efnafræði, reyndar ætla ég ekki að hafa hér langt mál. Staðreyndin er sú að það skiptir máli hvernig búið er að mengunarvörnum. Eftir því sem mér er tjáð, því að ég hef leitað til sérfræðinga um þetta efni, var búið að semja við Norsk Hydro varðandi brennisteinsdíoxíð. Þá ætluðu menn að hleypa frá verksmiðjunni 230 tonnum miðað við 420 þús. tonna álbræðslu. Það ætti að samsvara 180 tonnum miðað við 320 þús. tonna álbræðslu.

Hins vegar er staðhæft við mig að það standi til að hleypa út 3.600 tonnum, sem er náttúrlega miklu meira en áður var ráðgert og tólffföld hámarksskilyrði Alþjóðabankans í þessu efni. Verksmiðjan kemur til með að menga miklu meira en talað hefur verið um fram til þessa. Þetta er hlutur sem mér hefði fundist þurfa að fá upplýst. Ég er ekki að ætlast til að hæstv. ráðherra sé með allar þessar tölur á reiðum höndum en mér finnst eðlilegt að sérfræðingar ráðuneytisins og Landsvirkjunar leggist yfir þetta og upplýsi þingið um hið rétta í þessu máli. Þetta er staðhæft við mig og mér finnast þetta mjög alvarleg tíðindi.

Ég vildi aðeins árétta það sem ég sagði áðan, að ástæður fyrir því að Alcoa tekur þessu tilboði Framsfl. um að nema land í öræfum Íslands fegins hendi eru annars vegar þær að hér er boðið upp á kostakjör í raforku, miklu ódýrari raforku en býðst í Bandaríkjunum og í Evrópu. Þetta er útsöluprís. Menn vissi ekki hvert þeir voru komnir þegar þeir heyrðu tilboð Finns Ingólfssonar sem fór fyrir sendinefnd Framsfl. út í heim að finna álviðskiptavin. Hin ástæðan er sú að hér sleppur fyrirtækið við að borga mengunarskatta fyrir CO_2, fyrir koldíoxíð sem hleypt verður frá verksmiðjunni.

Ég vil aðeins árétta það sem ég hef sagt áður varðandi það sem út af borðinu stendur um ESA, eftirlitsstofnun hins Evrópska efnahagssvæðis. Við eigum eftir að fá upplýsingar, ekki aðeins frá eftirlitsstofnuninni heldur og frá íslenskum stjórnvöldum um hvaða gögn hafi verið reidd fram. Það er ámælisvert að þingið skuli ekki hafa verið upplýst um það.

Ég vil árétta að ýmsum spurningum í þessu máli er enn ósvarað. Það var ástæða þess að ég óskaði eftir því, fyrir hönd þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í efh.- og viðskn. þingsins, að fenginn yrði óháður aðili til að fara yfir þau álitamál sem uppi voru. Þar er ég ekki að vísa í huglægan ágreining heldur staðreyndir. Ég benti á misvísandi svör Landsvirkjunar við spurningum, annars vegar borgarfulltrúa og hins vegar mínum. Þar koma fram mismunandi forsendur sem ég geri grein fyrir í nál. sem ég sem 2. minni hluti efh.- og viðskn. sendi iðnn. og er birt í skjölum þar. Ég vísa á að misvísandi upplýsingar eru

á ferðinni í gögnum sem koma frá Landsvirkjun en skipta mjög miklu máli við útreikning á stofnkostnaðinum.

Sumitomo Mitsui bankinn japanski hefur oft komið hér við sögu í þessari umræðu. Menn kunna að líta svo á að hann hafi gert sjálfstæða úttekt á þessu máli. Það hefur hann ekki gert. Hann hefur farið yfir útreikninga Landsvirkjunar en aldrei kafað í það sem mestu máli skiptir, þ.e. sjálfar forsendurnar. Bankinn hefur ekki gert neina sjálfstæða rannsókn eða skýrslu. Hann hefur aðeins farið yfir það hvort rétt sé reiknað, tveir plús tveir séu fjórir o.s.frv. Bankinn hefur hins vegar aldrei farið í saumana á sjálfum forsendum málsins og aldrei gert sjálfstæða úttekt á málinu. Í umsögn hans um útreikningana eru settir ákveðnir fyrirvarar þar sem bankinn áréttar að hann taki ekki ábyrgð á þessum útreikningum Landsvirkjunar.

Ég rakti og hef rakið við fyrri umræðu þessa máls hvernig staðhæfingar hafa komið fram í þessu upplýsingaferli sem aldrei hafa verið nægilega botnaðar af hálfu stjórnvalda til að myndin skýrðist. Ég nefndi t.d. að í samskiptum við Reyðarál á sínum tíma hefði stjórnarformaður Hæfis skyndilega komið fram í fjölmiðlum og talað um 80 milljarða ábyrgð í tengslum við Reyðarál. Eftir því sem mér skilst mun þá hafa verið átt við að Norsk Hydro ætlaði að gangast í ábyrgð fyrir raforkusölu til 20 ára gegn því að fyrirtækið fengið aðgang að minnihlutaeign í fyrirtækinu. Ég hef síðan rakið hvaða hættur eru á ferðinni í slíku ferli enda komust íslensku lífeyrissjóðirnir góðu heilli hjá því að fjárfesta í því áhættufyrirtæki þótt hart væri að þeim lagt. Það er nokkuð sem ég þekki bara á eigin skrokki að fara inn í það áhættusama fyrirtæki. (**Iðnrh.:** Og fara með peningana úr landi.) Já, hæstv. iðnrh. efnir hér til umræðu um fjárfestingar lífeyrissjóða.

Það er mjög misjafnt hve langt lífeyrissjóðir hafa farið með fjármagn sitt út úr landinu. Sumir hafa gert það í talsverðum mæli, aðrir mjög litlum, það á t.d. við um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem á um 11% í erlendum bréfum. Það er langt undir því marki sem löggjafinn hefur sett um fjárfestingar lífeyrissjóða erlendis. Ég er sammála hæstv. iðnrh. ef hann er að ýja að því að íslenskir lífeyrissjóðir eigi að fjárfesta hér innan lands. En það eiga þeir náttúrlega fyrst og fremst að gera á félagslega ábyrgan hátt. Ég vildi sjá fjármunum lífeyrissjóðanna í ríkara mæli en nú er varið til húsnæðismála og hef stutt að svo verði gert. ef hæstv. ráðherra er virkilega að gera því skóna að það hefði verið æskilegt að lífeyrissjóðirnir fjárfestu í þessu áhættufyrirtæki sem Norsk Hydro samstarfið var á sínum tíma finnst mér það mjög óábyrg afstaða enda hefur hæstv. ráðherra síðan látið í veðri vaka að við hefðum sem betur fer komist úr faðmlögunum við Norsk Hydro. Reyndar hefði ég kosið að við hefðum forðast hin síðari faðmlögin, við Alcoa, sem hæstv. ráðherra lýsti sem eins konar tilhugalífi. Við erum bara búin að vera saman innan við ár — þetta er ótrúlegt, sagði ráðherrann eða eitthvað á þá lund.

Það eru margir óvissuþættir í þessu máli og ég vil árétta það sem ég hef áður sagt um það efni. Hvað gerðist ef verkefnið færi 30% fram út áætlun? Þá værum við komin í tugmilljarða tap, mig minnir að það hafi verið 27 milljarðar í mínus, værum við komin 30% fram úr stofnkostnaði. Það þyrfti ekki annað en að fara 10–12% fram úr til að til að við lentum í mínus. Í nál. sem ég setti fram segir, með leyfi forseta:

„Sem dæmi má nefna að fari stofnkostnaður virkjunar 30% fram úr áætlun, sem athuganir benda til að gætu orðið, helmingast þessi áhrif og hreint núvirði fjárfestingar í Kárahnjúkavirkjun yrði -27,2 milljarðar króna. Áhrif virkjunar á ferðaþjónustu geta vel orðið neikvæð og hugsanlega mjög neikvæð. Þriggja milljarða samdráttur í vinnsluvirði frá ferðaþjónustunni mundi gera þjóðhagsleg áhrif virkjunar og álvers neikvæð um 700 milljónir árlega.“

Þetta eru stærðirnar sem menn vísa í hér.

Ég furðaði mig svolítið á afstöðu Samfylkingarinnar í þessu máli. Samfylkingin hefur tekið mjög áþekka línu og ríkisstjórnin hefur tekið og ver þessar framkvæmdir í bak og fyrir. Í minnihlutaáliti iðnn. segir nú reyndar að þarna gefist einstakt tækifæri til byggðarannsókna og vísað er þar í áhuga erlendra manna á að fylgjast með því hvernig við högum okkur í þessum framkvæmdum. Síðan segir í umsögn Samfylkingarinnar frá efh.- og viðskn., með leyfi forseta:

„Áhrif álvers í Reyðarfirði í tengslum við virkjun við Kárahnjúka munu til langs tíma styrkja hagkerfið. Þau munu birtast í auknum hagvexti, styrkingu útflutnings og bættu atvinnustigi, ekki síst á Austurlandi.“

Síðar segir:

„Reynslan sýnir að til langs tíma er allajafna sterk, jákvæð fylgni milli útflutningstekna og þjóðartekna. Aukning á útflutningi af völdum álversins mun því efla þjóðartekjur.“

Enn er vísað í neikvæð áhrif af þessum framkvæmdum, en talið að það muni einvörðungu verða til skamms tíma.

Um þetta vil ég segja að hagfræðingar eru núna sífellt meira afgerandi að vara við þessum framkvæmdum og ítreka ruðningsáhrifin. Þeir segja líka að fari svo að atvinnumálastefna Framsfl. verði hér ríkjandi og meira en þriðjungur af efnahagsstarfseminni byggi á þungaiðnaði, sérstaklega áli, einum málmi, þá muni það auka óstöðugleika í hagkerfinu. Hagfræðingar hafa vísað til tveggja skeiða, annars vegar til samdráttarskeiðs og hins vegar til þensluskeiðs og mátað framtíðarsýn Framsfl. inn í þetta, þ.e. árin 1986–1988, 1986 og 1987 þegar þensla var mikil og hins vegar samdráttarskeiðið upp úr 1990, 1991, 1992 og 1993.

Niðurstaðan er sú þegar búið er að máta draumastefnu Framsfl. inn í þennan raunveruleika að sveiflurnar hefðu orðið enn þá meiri en raun bar vitni. Við erum því að draga úr stöðugleika með þessum ráðstöfunum. Það þýðir ekkert, herra forseti, að berja hausnum við steininn. Það er alveg rétt sem hæstv. utanrrh. segir. Ekki verður bæði sleppt og haldið. Annaðhvort fylgja menn stóriðjustefnunni, þungaiðnaðarstefnunni, eða kjósa að fara aðra leið, þar sem byggt er á fjölbreytni og ekki þessari einhæfni sem Framsfl. boðar.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Hæstv. ráðherra segir að farið sé að kvölda og fáir í þinghúsinu. Það er alveg rétt. Ég gæti alveg hugsað mér að standa hérna lengi kvölds. En ég veit sannast sagna ekki hvað það hefur upp á sig. Menn hafa sett hér fram ýmsar röksemdir og spurningar. Fæstum spurningunum er svarað. Eftir stendur náttúrlega sú meginkrafa sem við setjum fram um að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál. Það er ekki of seint. Þessi framkvæmd er miklu, miklu stærri en svo að við getum leyft okkur að hugsa í þá veru. Það er ekki endanlega búið að ganga frá samningum. Það er ekki búið. Það eru engar slíkar skuldbindingar komnar og ríkisstjórnin á í rauninni að halda í heiðri þá einu skuldbindingu sem hún á gagnvart þjóðinni, þ.e. að virða lýðræðislegan rétt hennar. Um það verður greitt atkvæði hér á morgun.

[20:35]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi einungis þakka hv. þm. fyrir það hvað hann hefur nefnt Framsfl. oft á nafn í ræðum sínum í dag. Ekki veitir nú af að halda á lofti nafni flokksins og þegar saga verður skoðuð síðar meir þá mun það ekki fara á milli mála að Framsfl. átti drjúgan þátt í því að af þessu verkefni varð. Ég er ákaflega stolt af því að hafa fengið tækifæri til þess á minni ráðherratíð að vera þar í forustu. Það á að fara að kjósa og þar er enginn sem veit hvernig mál skipast eftir kosningar. Þó er alla vega ljóst að ég fékk tækifæri til þess sem iðnrh. að leiða þetta mikilvæga mál og það skiptir mig miklu máli. Það er mikil reynsla. Ég hef verið sannfærð allan tímann um að við séum að gera rétt með því að fara í þessa framkvæmd. Hún er vissulega stór. Hún hefur vissulega í för með sér náttúruspjöll. En þannig er það alltaf með virkjanir. Enginn getur haldið því fram í dag að mínu mati að við höfum ekki átt að fara þá leið að virkja fallvötn okkar og nýta þannig orku sem býr í þeim og þessa miklu auðlind.

Nú vil ég við lok þessarar umræðu því fá að segja þessi orð og vonast að sjálfsögðu til þess að það gangi eftir sem við höfum á prjónunum núna því ekki er langt í land.

[20:37]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mér mikið ánægjuefni ef ég hef getað glatt hjarta hæstv. ráðherra með því að nefna Framsfl. oft á nafn. Sannast sagna hefði ég kosið að geta tengt flokkinn bjartara málefni en mengandi stóriðju og stórfelldustu náttúruspjöllum Íslandssögunnar.

Lokaorðin í mynd Ómars Ragnarssonar sem sýnd var í sjónvarpinu hér um daginn og hafði áhrif á marga vísuðu til tveggja hugtaka. Hann nefndi sóma og skömm. Því miður þá óttast ég að Framsfl. tengist hinu síðara hugtaki í þessu máli, en ekki hinu fyrra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–5. og 7.–28. mál.

Fundi slitið kl. 20:39.

---

88. FUNDUR

miðvikudaginn 5. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 622. mál, þskj. 995. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Ábyrgðasjóður launa, stjfrv., 649. mál, þskj. 1055. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 636. mál, þskj. 1031. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, stjfrv., 648. mál, þskj. 1053. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Álverksmiðja í Reyðarfirði, stjfrv., 509. mál, þskj. 1061, brtt. 1067. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.

Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 622. mál (fjármálastjórn o.fl.). — Þskj. 995.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Ábyrgðasjóður launa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 649. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1055.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 636. mál (verðjöfnun við útflutning). — Þskj. 1031.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 648. mál (sala á eignarhluta ríkissjóðs). — Þskj. 1053.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Álverksmiðja í Reyðarfirði, frh. 3. umr.

Stjfrv., 509. mál. — Þskj. 1061, brtt. 1067.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Hjálmar Árnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér stendur til að greiða atkvæði um það hvort heimila skuli byggingu álverksmiðju við Reyðarfjörð. Fyrir tæpum 40 árum stóð Alþingi í svipuðum sporum þegar

umræða átti sér stað og ákvörðun þurfti að taka um það hvort reisa ætti álver í Straumsvík og byggja Búrfellsvirkjun í tengslum við það. Þá, eins og nú, heyrðust háværar raddir gegn þeirri ákvörðun og voru gjarnan notuð orð eins og umhverfisslys, efnahagsslys og menn leyfðu sér að fordæma erlenda fjárfestingu.

Herra forseti. Nú, tæpum 40 árum síðar, liggur fyrir að álverið í Straumsvík hefur skapað 100 milljarða verðmæti í þjóðarbúið, skapað þúsundum einstaklinga störf og upp úr því hafa sprottið fjölmörg nýsprotafyrirtæki.

Herra forseti. Ég nefni þetta áður en atkvæðagreiðsla um álverksmiðju við Reyðarfjörð hefst því að nú heyrast nákvæmlega sömu úrtöluraddir og sömu orð eru notuð.

Herra forseti. Reynslan af álverksmiðju í Straumsvík sem og á Grundartanga sýnir að þær hafa skilað afskaplega miklum verðmætum og störfum í þjóðarbúið. Sú reynsla ásamt þeirri miklu yfirlegu sem þetta mál hefur fengið í meðförum Alþingis hefur sannfært mig um að sama muni gilda um Fjarðaál, þ.e. að það muni hafa jákvæð áhrif á efnahagslífið og auka útflutningsverðmæti okkar, það muni renna stoðum undir velferðarkerfið, það muni skapa hundruð starfa, það muni styrkja byggð og upp úr því muni koma mörg ný sprotafyrirtæki.

Herra forseti. Nú er komið að ákvörðun. Nú reynir á hina lýðræðislegu ákvörðun um það hvort meiri hluti þingsins sé sama sinnis og flestir fulltrúar atvinnulífsins. Í ljósi þess vænti ég þess að þingheimur muni samþykkja það frv. sem hér verður greitt atkvæði um.

[13:36]

Bryndís Hlöðversdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þingflokkur Samfylkingarinnar styður fyrirliggjandi frv. í meginatriðum og telur að þegar á heildina er litið muni þessi framkvæmd stuðla að auknum hagvexti og atvinnuuppbyggingu. Er það skoðun okkar að eins og kostur er hafi verið tekið tillit til umhverfissjónarmiða og að ásættanlegu jafnvægi hafi verið náð milli nýtingar náttúruauðlinda og umhverfisverndar. Um þetta stóra og viðkvæma mál eru hins vegar skiptar skoðanir í okkar flokki og tveir þingmenn okkar hafa frá upphafi verið andvígir málinu af umhverfisástæðum og munu sem fyrr greiða atkvæði gegn málinu.

Samfylkingin er hlynnt því að sett verði almenn löggjöf um þjóðaratkvæði enda margsinnis flutt um það frv. Sú tillaga sem hér liggur fyrir í formi brtt. við frv. er hins vegar gölluð. Alla útfærslu vantar á málsmeðferð auk þess sem málið hefur ekki fengið þinglega umfjöllun í nefnd enda seint fram komið og flutt í formi brtt. Það orkar auk þess tvímælis að blanda þjóðaratkvæðagreiðslu um eitt tiltekið mál saman við alþingiskosningar. Þingflokkur Samfylkingarinnar mun því sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þá tillögu.

(**Forseti** (HBl): Ég vil biðja þá sem hér eru á áhorfendapöllum um að sýna Alþingi háttvísi.)

[13:38]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Komið er að lokum umfjöllunar Alþingis tengdri stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi. Það hefur verið einstök upplifun að fá að vera þátttakandi í því gríðarlega undirbúningsstarfi sem hér um ræðir. Ég er stolt af hæfni íslenskrar stjórnsýslu, starfsmanna Landsvirkjunar og verkfræðistofa sem hafa gert það að verkum að við höfum náð markmiðum okkar. Þá hefur samstarfið við sveitarfélagið Fjarðabyggð verið einstakt og það sama er að segja um sveitarfélögin Fljótsdalshrepp og Norður-Hérað. Langþráður draumur Austfirðinga er að rætast. En það sem mestu máli skiptir er að við erum að auka landsframleiðslu um 1% og útflutningstekjur um 12%. Þessi framkvæmd mun því koma öllum Íslendingum til góða og mun styrkja undirstöður þjóðfélagsins.

Lykillinn að því að hægt er að fara út í þessar framkvæmdir er að íslenskum stjórnvöldum tókst að fá samþykkt svokallað íslenskt ákvæði í tengslum við Kyoto-bókunina. Það skiptir máli að stjórnvöld og stjórnmálaflokkar hafi markmið og leggi sig síðan fram við að ná þeim markmiðum. Það tókst að þessu sinni. Þetta er stór dagur í íslenskri atvinnusögu. Ég segi já.

[13:39]

Forseti (Halldór Blöndal):

Mér urðu á mismæli áðan þegar ég kynnti hæstv. ráðherra og gaf henni orðið til að gera grein fyrir atkvæði sínu. Þetta er umræða um atkvæðagreiðsluna.

[13:39]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Virkjun við Kárahnjúka er forsenda þess að álverksmiðja Alcoa-hringsins rísi við Reyðarfjörð. Við umræðuna í tengslum við stóriðjuáform stjórnvalda hefur komið fram að ýmsum spurningum er ósvarað um mengunarvarnir og efnahagslegar og fjármálalegar forsendur þessa máls. Þar sem Alcoa-álverið átti að vera fjórðungi minna en Hydro-álverið og engar rafskautaverksmiðjur sem eru mjög mengunarvaldandi var því haldið að þjóðinni að ekki væri þörf á nýju umhverfsmati.

Nú hefur hins vegar komið í ljós að Alcoa ætlar að nýta sér til hins ýtrasta andvaraleysi og ístöðuleysi íslenskra stjórnvalda og er fyrirsjáanlegt að mengunin verður miklu meiri en látið hefur verið í veðri vaka og má nefna að heimild til losunar brennisteinsdíoxíðs verður 12 sinnum meiri en Alþjóðabankinn telur forsvaranlegt samkvæmt stöðlum sem bankinn hefur gefið út. Enginn stuðningur hefur fengist á Alþingi við tillögur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um að óháður aðili verði fenginn til að fjalla um það misræmi og mótsagnir sem fram hafa komið í gögnum Landsvirkjunar og stjórnvalda um fjármálalegar forsendur framkvæmdanna og þær staðhæfingar að blekkingum og sjónhverfingum hafi verið beitt í þessu máli. Það er óforsvaranlegt að afgreiða þetta þingmál sem upphaflega er til komið vegna loforða eða öllu heldur hótana Framsfl. um að gera þungiðnað að hornsteini íslenska efnahagskerfisins.

Við sem viljum beita okkur fyrir fjölbreytni í atvinnulífi Íslendinga höfum varað við þessari stefnu, en ofar öllu öðru viljum við koma í veg fyrir mestu náttúruspjöll Íslandssögunnar sem Kárahnjúkaflokkarnir á Alþingi, Sjálfstfl., Framsfl. og Samfylkingin, verða valdir að ef þessi áform ná fram að ganga.

Brtt. 1067 felld með 35:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ, ÁSJ.

nei: GHH, GuðjG, PBj, GHall, GÁ, GunnB, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG, AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, HBl.

10 þm. (JóhS, KVM, LB, BjörgvS, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, BH, EMS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (GE, GÁS, GÖ, HÁs, ÍGP, JÁ, KLM, LMR, SvH, ÖS, ÁRJ, EOK) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:44]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um það hvort þessar risaframkvæmdir á Austurlandi, Kárahnjúkavirkjun ásamt Fjarðaáli, skuli fara í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hér eru fyrirhuguð stærstu inngrip í íslenska náttúru. Þetta er sömuleiðis stærsta dæmi efnahagslega inn í íslenskt efnahagslíf á skömmum tíma.

Engir skuldbindandi samningar hafa verið gerðir með þeim hætti að ekki megi afturkalla þá. Því er alveg sjálfsögð og eðlileg krafa að þjóðin fái tækifæri til þess að greiða atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta stærsta mál síðustu áratuga. Ég segi já.

[13:44]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég hafði beðið um það að þeir sem eru hér á pöllum sýndu þessari stofnun, Alþingi Íslendinga, virðingu með því að haga sér í samræmi við þingsköp Alþingis og halda kyrru fyrir. (**SJS:** Það er mikil óvirðing að klappa.)

[13:45]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Kárahnjúkavirkjun er forsenda fyrir álveri í Reyðarfirði. Virkjunin mundi valda óbætanlegum skaða á verðmætum víðernum norðan Vatnajökuls, virkjun sem Skipulagsstofnun hefur lagst gegn á grundvelli óafturkræfra umhverfisáhrifa, virkjun sem eyðilegga mundi friðlandið í Kringilsárrana og fjölda náttúrugersema sem gætu orðið komandi kynslóðum jafndýrmætar og Alparnir eru Austurríkismönnum, Manhattaneyja er New York búum og pýramídarnir eru Egyptum. Vilji þjóðarinnar við þessari tillögu er skýr. Hann kemur fram í nýlegri skoðanakönnun þar sem hún er studd af 64% þjóðarinnar. Þeir þingmenn sem greiða atkvæði gegn tillögunni eru því að greiða atkvæði gegn vilja meiri hluta þjóðarinnar. Ég spyr því þjóðina: Er ekki tímabært að þessir alþingismenn fái pokann sinn í næstu kosningum? Ég styð tillöguna og að þjóðin fái tækifæri til að hafna Kárahnjúkavirkjun í almennri þjóðaratkvæðagreiðslu og segi því já.

[13:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er enn hægt að sjá að sér í þessu máli. Það er enn hægt að komast hjá mesta umhverfisslysi Íslandssögunnar og einu mesta efnahagsslysi sem í uppsiglingu er með byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði.

Stærð þessa máls er slík, herra forseti, og hin miklu óafturkræfu áhrif þess á náttúru landsins að enginn nema þjóðin hefur siðferðilegan rétt til að taka svona ákvörðun. Þjóðin á landið, ekki fáeinir misvitrir stjórnmálamenn. Það er auðvelt að koma því við samhliða alþingiskosningum í vor að þjóðin verði æðsti dómari í þessu máli og það hlutverk getur enginn annar tekið að sér. Ég segi já.

[13:49]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Á hátíðarstundum tala menn um lýðræði og mikilvægi þess að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilvægustu mál. Nú kemur í ljós hver alvara er að baki slíkum yfirlýsingum. Við stöndum frammi fyrir ákvörðun um eitt stærsta og afdrifaríkasta deilumál í sögu þjóðarinnar. Þjóðin er skipt í fylkingar en samkvæmt skoðanakönnunum er yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslu um Kárahnjúka.

Hlutföllin hér inni á Alþingi eru hins vegar allt önnur því hér eru Kárahnjúkaflokkarnir í yfirgnæfandi meiri hluta.

En nú stöndum við frammi fyrir öðru, að taka afstöðu til lýðræðisins, til þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Og nú skulu menn taka eftir því hverjir sitja hjá eða eru á móti, og hverjir eru með lýðræðinu, eru fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er ég, og ég segi já.

Frv. samþ. með 41:9 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, JB, KF, KolH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (PBj) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, EKG, GE, GÁS, GÖ, HÁs, ÍGP, JÁ, KLM, LMR, SvH, ÖS) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hinn svokallaði viti borni maður, homo sapiens, hefur á vegferð sinni haft margvísleg áhrif á lífríki og náttúru hnattarins sem fóstrar hann. Útrýming búsvæða, annarra tegunda, rányrkja, mengun og nú jafnvel stórfelldar loftslagsbreytingar sem breyta lífsskilyrðum á jörðinni — þetta hljómar ekki neitt sérstaklega vel, er það, herra forseti?

Stundum finna menn sér afsökun í hinni hörðu baráttu við að komast af, stundum í fáfræði og oft í blöndu af þessu tvennu. Íslendingar sem þjóð geta í dag hvorki borið við fátækt, eins konar neyðarrétti til að komast af, né fáfræði ef þeir bregðast hlutverki sínu sem gæslumenn landsins sem þeim er trúað fyrir fyrir hönd núlifandi Íslendinga, komandi kynslóða og mannkynsins alls.

Herra forseti. Það er með döprum huga sem ég sé meiri hluta alþingismanna ætla að ábyrgjast þennan gerning. Ég öfunda þá ekki af því sæti á spjöldum sögunnar sem þeir þar með taka.

[13:54]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Mönnum hefur verið tíðrætt um loftslagsbreytingar í þessari umræðu en það er nú þannig að aukning er á álframleiðslu í heiminum og hún er aðallega drifin með kolum. Ef sama álver sem hér er greitt atkvæði um væri drifið með kolum kæmi meira af gróðurhúsalofttegundum frá því heldur en kemur frá öllum Íslendingum til samans í dag. Við erum því að spara meira en Íslendingar losa í framtíðinni fyrir kynslóðir okkar. Að sjálfsögðu segi ég já við því.

[13:54]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta er góður dagur fyrir Reyðfirðinga, þetta er góður dagur fyrir Austfirðinga og þetta er góður dagur fyrir Íslendinga. Hæstv. forseti. Það er því með gleði sem ég greiði atkvæði um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði. Hæstv. forseti. Ég segi já.

[13:55]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég er hlynntur áformum um byggingu álverksmiðju í Reyðarfirði og hef þegar geitt atkvæði með þeim tilgangi þessa frv. við afgreiðslu málsins eftir 2. umr. Í 6. gr. frv. eru hins vegar ákvæði varðandi framkvæmdina sem rædd hafa verið í iðnn. og efh.- og viðskn. Frjálslyndi flokkurinn á ekki fulltrúa í þessum nefndum og hefur ekki haft aðstöðu til þess að kynna sér og meta þær upplýsingar sem þar hafa komið fram. Því treysti ég mér ekki til að meta eða bera ábyrgð á ákvæðum þeirrar greinar og greiði því ekki atkvæði um frv. í heild.

[13:56]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ég tel að bygging álvers í Reyðarfirði og Kárahnjúkavirkjun valdi ómældum spjöllum á viðkvæmri náttúru Íslands sem að auki eru eitt stærsta ósnortna víðerni í Evrópu. Í Reyðarfirði er logn svo til helminginn af tímanum og við slíka staðhætti mun mengun geta valdið lungnaveiku fólki, gömlu fólki og smábörnum heilsutjóni. Öll rök um það að við Íslendingar verðum að fórna óvirkjuðu vatnsafli okkar í þágu heimsins til að ekki þurfi að framleiða ál með kolum eða olíu falla um sig sjálf þegar við lítum á það að við byggingu þessa álvers mun Alcoa leggja niður þrjú álver í Bandaríkjunum, þar af tvö sem hafa vatnsmiðlunarlón. Ég segi því nei, herra forseti. Mér er ljóst að flestir hv. þingmenn eru á annarri skoðun en ég í þessu máli en ég vil leggja áherslu á fegurðina, heilsuna, hugvitið og umhverfi okkar og vil halda í það.

[13:57]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Álver við Reyðarfjörð er forsenda Kárahnjúkavirkjunar. Þessar framkvæmdir verða ekki slitnar í sundur. Ég fordæmi þau miklu og óafturkræfu náttúruspjöll sem verða vegna Kárahnjúkavirkjunar. Landið og náttúran norðan Vatnajökuls er sérstök og gefa okkur möguleika á að stofna einstakan þjóðgarð með stærstu ósnortnu víðerni Evrópu. Ég trúi ekki á álframleiðslu sem lausn í byggðamálum en þeim sem binda vonir við þetta álver hlýt ég að óska alls hins besta. Ég greiði atkvæði gegn frv.

[13:58]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þjóð og þing hafa staðið frammi fyrir afarkostum í þessu máli. Atvinnustefna Sjálfstfl. og Framsfl. sem studd hefur verið af Samfylkingu felur í sér gífurlegar fórnir náttúrugersema án þess að tilraun sé gerð til að meta verðgildi þeirra. Allt er falt og fært erlendum auðhring á silfurfati. Ákvörðun um að reisa álver í Reyðarfirði sem fær orku á þriðjaheims verði ber fyrir borð skyldur ríkisstjórnarinnar til að jafna rétt karla og kvenna í atvinnulegu tilliti. Hér er verið að skapa einhæfan karlavinnustað þar sem konum er gert að hirða molana af borðum karla í svokölluðum afleiddum störfum. Þjóðin er klofin í málinu og meiri hluti hennar hefði viljað þjóðaratkvæðagreiðslu um það en þingmenn Sjálfstfl., Framsfl. og Samfylkingar hafa hafnað því.

Því hefur verið haldið fram í þessu máli að stjórnvöld hafi brugðist lýðræðinu og misbeitt því valdi sem þeim hefur verið trúað fyrir. Ég er þeirrar skoðunar að slíkt sé ekki samboðið ríkisstjórn sem fer fyrir elsta þjóðþingi álfunnar. Ég segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1093).

Fundi slitið kl. 14:00.

---

89. FUNDUR

miðvikudaginn 5. mars,
að loknum 88. fundi.

Dagskrá:

Til heilbrigðisráðherra:

1. Fíkniefnameðferð, fsp. KF, 573. mál, þskj. 924.
2. Átraskanir, fsp. KF, 575. mál, þskj. 926.
3. Komugjöld á heilsugæslustöðvum, fsp. KPál, 609. mál, þskj. 972.
4. Ráðning sjúkrahúsprests við Barnaspítala Hringsins, fsp. RG, 615. mál, þskj. 982.
5. Greiðslur Tryggingastofnunar fyrir sjúkranudd, fsp. ÁRJ, 616. mál, þskj. 983.
6. Geðheilbrigðisþjónusta fyrir börn og unglinga, fsp. SJS, 628. mál, þskj. 1012.

Til dómsmálaráðherra:

7. Flutningur hættulegra efna um jarðgöng, fsp. GuðjG, 647. mál, þskj. 1051.

Til félagsmálaráðherra:

8. Þjálfun fjölfatlaðra barna, fsp. ÖJ, 584. mál, þskj. 938.
9. Átaksverkefni til að sporna við atvinnuleysi, fsp. SJS, 591. mál, þskj. 948.
10. Langtímameðferðarheimili og neyðarvistun, fsp. SJS, 629. mál, þskj. 1013.

Til menntamálaráðherra:

11. Framkvæmd laga um leikskóla, fsp. ÖJ, 585. mál, þskj. 939.
12. Heimakennsla á grunnskólastigi, fsp. SvanJ, 641. mál, þskj. 1038.

Til umhverfisráðherra:

13. Mengun frá álverum, fsp. PHB, 623. mál, þskj. 996.
14. Innihaldslýsingar á matvælum, fsp. ÞBack, 640. mál, þskj. 1037.

Til iðnaðarráðherra:

15. Úttekt Ríkisendurskoðunar á starfsemi Löggildingarstofu, fsp. ÞBack, 646. mál, þskj. 1043.

Fíkniefnameðferð.

Fsp. KF, 573. mál. — Þskj. 924.

[14:03]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Það hefur lengi verið ljóst að í þjóðfélaginu er talsverður hópur fólks háður sterkum verkjalyfjum til vímugjafar og þessi lyf má fá samkvæmt lyfseðli eða í handkaupi, sum hver. Á síðasta ári ritaði stjórn Læknafélags Íslands bréf til hæstv. heilbr.- og trmrh. og vakti athygli á

málefnum þessa hóps og einnig því að hópurinn færi stækkandi frá ári til árs. Stjórn LÍ benti á að erlendar rannsóknir sýni að fíkn af þessu tagi hæfist ekki við hefðbundna læknismeðferð nema í minni hluta tilvika. Stjórn LÍ kom með einar þrjár tillögur til ráðherrans, og mig langar að nota þennan fyrirspurnatíma til að ítreka þær spurningar og kanna hug hæstv. ráðherra til þeirra. Þess vegna hljóðar fyrirspurn mín svo:

Hefur ráðherra ákveðið að fara að tillögum Læknafélags Íslands í bréfi, dags. 24. apríl 2002, um málefni sjúklinga sem nota sterk verkjalyf til vímugjafar þar sem lagt er til að

a. komið verði á fót miðstöð fyrir neytendur ópíata þar sem þeir fái skyld lyf eða önnur lyf til að mæta fíkninni og venjast af henni,

b. miðlæg verkjameðferð verði styrkt á Landspítala – háskólasjúkrahúsi þannig að starfandi læknar eigi auðveldara með að vísa þangað sjúklingum sem þurfa flókna verkjameðferð og þeir treysta sér ekki til að meðhöndla sjálfir,

c. embætti landlæknis verði eflt til að fylgjast með útgáfu lyfseðla á eftirritunarskyld lyf og nauðsynlegum tæknilegum útfærslum mætt í þeim tilgangi með endurskoðun á lögum og reglum sé þess þörf?

[14:05]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Katrín Fjeldsted hefur beint fyrirspurnum til mín um meðhöndlun á málefnum sjúklinga er nota sterk verkjalyf. Notkun þessara lyfja hefur verið mikið í umræðu að undanförnu, bæði ljósvakafjölmiðlum sem og dagblöðum. Hefur umræða þessi tengst mjög vaxandi notkun ópíata sem verkjalyfja og aukinni áhættu á fíkn í þessi lyf. Einnig hefur verið í umræðunni hvort einstaka læknar beiti ekki nægjanlegu aðhaldi við ávísun á þessi lyf sem í einhverjum mæli eru í umferð meðal fíkla.

Í framhaldi af þessari umræðu hef ég ásamt starfsmönnum ráðuneytisins átt fundi með landlækni og forstöðumönnum helstu stofnana sem að þessum málum koma, svo sem geðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss og SÁÁ. Ég hef í framhaldi af þessu beint þeim óskum til landlæknisembættisins að það leggi tillögu fyrir ráðuneytið um hvernig meðhöndlun þessara efna verði hagað, hvort þrengja beri ávísunarmöguleika eða reglur um notkun svokallaðra ópíata. Í þessu sambandi er óhjákvæmilega þáttur að sum þessi lyf eru mjög nauðsynleg við flókinni verkjameðferð og ég tel því mikilvægt að í þessu sambandi verði stutt við þær meðferðarstofnanir og aðila sem hafa einbeitt sér að erfiðri verkjameðferð. Ég á von á því að landlæknir muni fljótlega leggja fyrir ráðuneytið tillögur um þau atriði sem að honum snúa. Tel ég allar líkur á að að miklu leyti verði farið að tillögu Læknafélags Íslands sem fyrirspyrjandi nefnir en félagið sendi inn tillögur á sl. vormánuðum um málefni sjúklinga sem nota sterk verkjalyf.

Herra forseti. Mál þetta hefur verið í alvarlegri umfjöllun í ráðuneytinu og öðrum stofnunum og ég vonast til að fljótlega megi sjá tillögur í þessa veru. Þáttur í því eru tillögur ráðuneytisins um bætta skráningu lyfjanotkunar sem geri embætti landlæknis betur kleift að fylgjast með útgáfu lyfseðla á sterk verkjalyf og eftirritunarskyld lyf en að mínu mati þarf að bæta möguleika embættisins til slíks.

[14:08]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að taka upp þetta efni sem hefur verið svolítið til hliðar í allri hinni miklu umræðu um fíkniefnaneyslu, og þá hina ólöglegu hér á landi. Þessi sókn í vímuefni, þ.e. lögleg verkjalyf, er í flestum tilfellum til komin vegna sjúkdóma eða verkja hjá hverjum og einum einstaklingi sem leiðir svo til frekari neyslu, og afeitrunarmeðferð þessara lyfja er sérhæfð meðferð. Því styð ég þá tillögu sem hér hefur komið fram en öll þessi umræða um notkun vímuefna hefur einnig leitt til þess að fólk sem þarf að nota sterk verkjalyf vegna sjúkdóma og verkja hefur veigrað sér við að taka lyfin eins og mælt er fyrir. Verkjameðferð er vandasöm og ljóst að læknar hafa ekki allir tileinkað sér þessa fagþekkingu.

[14:09]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra svörin og gleðst yfir því að mál þetta sé í athugun í heilbrrn. Það er alveg ljóst að það þarf að taka tillit til þeirra mörgu sjúklinga sem þurfa á lyfjum af þessu tagi að halda í lögmætum tilgangi, ef svo má segja, illa veikt fólk og fólk sem þarfnast sterkra verkjalyfja veikinda sinna vegna. Vandamálið snýr þó að þeim sem verða fíklar í umrædd lyf og eins og bent var á í áðurnefndu bréfi frá Læknafélagi Íslands hefst þessi fíkn ekki fyrir tilstilli lækna. Aðeins í minni hluta tilvika verður fólk háð lyfjunum vegna veikinda sinna.

Það er einnig mikilvægt að velta því fyrir sér hvað verður um fíkla sem þurfa fíknar sinnar vegna á efnum að halda því það þarf að mæta þeirra þörf og hjálpa þeim að losna undan fíkninni. Það þarf því að finna leiðir til hjálpar fíklunum um leið og saumað er að þessari lyfseðlaútgáfu.

Ég þakka ráðherranum fyrir greinargóð svör og undirstrika að læknar vilja að sjálfsögðu að beitt sé nægjanlegu aðhaldi í þessu máli og til þess þarf samstarf læknastéttarinnar, heilbrrn. og landlæknis, og það er greinilega fyrir hendi.

[14:11]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég hef í rauninni ekki miklu við svar mitt að bæta síðan áðan. Ég vil samt undirstrika í þessu sambandi að viðbrögð okkar mega ekki vera það hörð við þessu að það komi niður á fólki sem þarf að nota þessi lyf sjúkdóma sinna vegna. Það er hinn vandratаði meðalvegur í þessu máli, að koma í veg fyrir misnotkun en að þeir sem þurfa á lyfjunum að halda fái þau og veigri sér ekki við að taka þau.

Ég vil gjarnan hafa sem besta samvinnu við Læknafélag Íslands og lækna í þessu efni, tel það reyndar nauðsynlegt enda eru þeir lykilmenn í þessu sambandi. Ég veit að það er vilji innan stéttarinnar fyrir slíkri samvinnu og að við nýtum reynslu þeirra í þessu efni.

Átraskanir.

Fsp. KF, 575. mál. — Þskj. 926.

[14:12]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Sl. vor var þál. um átraskanir afgreidd frá hv. Alþingi með umsögn heilbr.- og trn. þingsins sem tók undir efnisatriði tillögunnar sem og þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með henni. Í tillögunni ályktaði Alþingi

að fela heilbrrh. að sjá til þess að þverfagleg þjónusta þeirra sem hafa sérþekkingu á átröskunum yrði sameinuð þannig að bjóða mætti upp á sérhæfða meðferð fyrir átröskunarsjúklinga á öllum aldri. Alþingi afgreiddi tillöguna með því að vísa henni til ríkisstjórnarinnar.

Það er vitað að vandamál þau sem falla undir átröskun eru nokkuð falin í þjóðfélagi okkar en þó hefur umræða, m.a. á þinginu en einnig utan þess, orðið til þess að vekja menn til meðvitundar um vandann. Þannig voru í fyrra stofnuð samtök sem kalla sig Spegilinn og eru þau samtök sjúklinga sem líða af átröskunum, og einnig aðstandenda þeirra. Þetta er mjög öflugur hópur og ég vænti þess að hópurinn muni leggja sitt af mörkum til að leysa úr þeim meðferðarvanda sem er fyrir hendi. Þetta er sjúkdómur sem hefst á unglingsaldri og gjarnan koma þessir sjúklingar inn á barna- og unglingageðdeild Landspítalans til meðferðar, en í kringum hvern einstakling með átröskun þarf teymisvinnu margra fagaðila.

Það er mjög dýrt að standa fyrir meðferð af þessu tagi. Meðferðarmánuðurinn í Bandaríkjunum skilst mér að kosti um 2 millj. kr. Meðferðarmánuðurinn í Bretlandi kostar eitthvað sem samsvarar 1 millj. kr. og í Svíþjóð hátt í 1 millj. kr. hver mánuður. Það sýnir okkur í rauninni hve erfitt vandamálið er og að það þarfnast krafta margra fagaðila. Þess vegna langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi beitt sér fyrir því í samræmi við þál. sem vísað var til ríkisstjórnarinnar sl. vor að sérhæfðri meðferð fyrir átröskunarsjúklinga verði komið á fót hér á landi.

[14:15]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Katrín Fjeldsted hefur beint til mín fyrirspurn í framhaldi af þáltill. frá árinu 2002, um að koma á laggirnar sérhæfðri meðferð fyrir átröskunarsjúklinga. Hv. þm. vekur máls á mjög mikilvægu málefni sem snertir marga. Átraskanir eru alvarlegt ástand sem getur orðið lífshættulegt fyrir einstaklinga sem verða fyrir þessum flóknu röskunum. Ekki eru til góðar upplýsingar eða rannsóknir um tíðni átraskana hér á landi en búast má við að nýgengi sé svipað og annars staðar í vestrænum löndum þar sem talið er um að 1–1,5% kvenna geti haft þessa röskun, en hún er mun tíðari meðal ungra kvenna en karla.

Hér á landi sem og annars staðar hafa margs konar meðferðir verið reyndar, bæði hjá sálfræðingum og geðlæknum, innan heilsugæslu sem og á ýmsum sjúkrahússtofnunum, Reykjalundi, Náttúrulækningafélaginu og víðar. Einnig hafa nokkrir sjúklingar farið úr landi til meðferðar vegna þessa alvarlega ástands. Við Landspítalann var sett á laggirnar átröskunarteymi innan geðdeildar fyrir um tveimur árum. Hefur það teymi sýnt mjög virðingarvert framtak á þessu sviði.

Ég hef átt fundi með forsvarsmönnum samtaka aðstandenda átröskunarsjúklinga sem nefnast Spegillinn og fyrirspyrjandi nefndi áðan. Til þeirra var stofnað í október sl. Forsvarsmenn þeirra hafa komið á minn fund og greint frá skoðunum sínum í þessu máli. Ráðuneytið hefur einnig fundað með landlækni og starfsmönnum embættis hans um þetta mál oftar en einu sinni. Ég hef farið fram á að embætti hans komi með formlegar tillögur um áframhald í þessu máli, áherslur og tillögur til aðgerða þar sem embættið er okkar faglegi ráðgjafi í þessum málum sem öðrum.

Herra forseti. Ég þekki vel alvöruna sem þessum flóknu og erfiðu röskunum fylgir. Átraskanir eru með alvarlegustu og erfiðustu geðsjúkdómum og krefjast margþættrar meðferðar til langs tíma. Ég hef fullan hug á að fylgja þessu máli eftir að fengnum þeim tillögum sem ég á von á í málinu.

Ég vona að þessar upplýsingar svari fyrirspurn hv. þm. og þakka henni fyrir að vekja máls á þessu.

[14:17]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka enn hv. þm. Katrínu Fjelsted fyrir að taka þetta mál upp og minna á þáltill. sem var samþykkt árið 2002. Eins vil ég þakka ráðherra fyrir þann skilning sem hann sýnir málinu og áhuga á að leysa þetta erfiða mál. Ég vænti þess eftir svörum hans að sérhæfðri meðferð, sérdeild eða sérstökum úrræðum, verði beitt eftir að tillögur landlæknis liggja fyrir.

Þó að starfandi sé teymi innan Landspítalans sem fæst við átraskanir þá er það ekki nóg. Þetta er mjög flókin meðferð eins og hér var farið yfir. Það eru margir sem þurfa að koma að henni. Þetta er langtímameðferð og svo sérhæfðri meðferð verður ekki komið upp nema á einum stað í landinu. Heilbrigðisstofnanir úti á landi geta svo fylgt eftir og verið stuðningsaðilar. En það þarf þessa sérhæfingu og hún þyrfti að komast á hið fyrsta.

[14:19]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra svörin. Eins og komið hefur fram er átröskun alvarlegur sjúkdómur með hárri dánartíðni og ekki mjög góðum horfum nema gripið sé til þeirra ráðstafana sem bestar þykja í heiminum, þ.e. teymismeðferðar sem krefst talsvert mikillar sérhæfingar.

Mér skilst að samkvæmt skýrslu sem gerð var í Bretlandi um meðferðarþörf og meðferðarúrræði fyrir sjúklinga með átraskanir, ef við heimfærum þær tillögur upp á Ísland, munum við þurfa slíkt átröskunarteymi með geðlækni og fleiri fagaðilum. Við gætu þurft um 13 manns miðað við þann fjölda sem býr í landinu. Við þyrftum ein tvö sjúkrahúspláss, eina göngudeild og svo þyrftum við dagdeild. Ég veit að það er nokkur áhugi á því, hjá meðferðaraðilum sem hafa komið að þessu hér á landi, að koma á fót einhvers konar slíkri dagdeild, t.d. með 8 plássum, í tengslum við öfluga göngudeild sem einnig veitti þjónustu.

Eins og ég sagði áðan er kostnaðurinn við meðferð af þessu tagi það hár að ef senda þarf sjúklinga til annarra landa til að fá hana þá held ég að það sé dýrara fyrir heilbrigðisþjónustu okkar en að henni verði komið á hér á landi. Ég vil því hvetja ráðherrann eindregið til að reyna að tryggja að þeir um það bil 10 aðilar sem veikjast á hverju ári fái slíka meðferð hér á landi.

[14:21]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil íteka að hér er um mjög alvarlegan sjúkdóm að ræða eins og fyrirspyrjandi rakti reyndar skilmerkilega í seinni ræðu sinni. Þetta er umfangsmikið mál og alveg bráðnauðsynlegt að bregðast við að mínu mati. Ég vil vanda til þess hvernig að er unnið því að þarna er ekki um einfalt mál að ræða.

Mér er kunnugt um, hef reyndar séð tölur um það, hvað meðferð átröskunarsjúklinga í Bretlandi kostar á mánuði. Slík meðferð kostar um 800–900 þús. kr. Þarna er því um mjög flókna meðferð að ræða.

Ég hef orðið var við áhugann á þessu máli hjá aðstandendum sjúklinga og þolendum þessa sjúkdóms. Eins og ég sagði hef ég oftar en einu sinni átt ítarlegar viðræður við aðstandendur hinna nýju samtaka sem voru stofnuð í nóvember sl. Ég veit að þau samtök hafa fullan hug á að fylgja þessu málefni eftir en þetta er eitt af hinum brýnu viðfangsefnum í heilbrigðisþjónustunni sem menn eru eilíflega að fást við og kosta bæði mannafla og fjármuni. Því er nauðsynlegt að málið sé vel undirbúið og skipulagt faglega.

Komugjöld á heilsugæslustöðvum.

Fsp. KPál, 609. mál. — Þskj. 972.

[14:23]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ein helsta grunnþjónustan í heilbrigðiskerfi okkar er þjónusta heilsugæslustöðvanna. Starfsemi þeirra vítt og breitt um landið er til mikils sóma og má segja að uppbyggingin hafi verið einstaklega vel heppnuð á heilsugæslustöðvum síðustu áratuga og sannað gildi sitt, bætt öryggi og líðan fólks um allt land. Þessu hef ég sjálfur kynnst persónulega sem íbúi á Vestfjörðum og Vesturlandi og nú á Suðurnesjum.

Það hefur komið fram, herra forseti, í þeirri deilu sem hefur staðið yfir síðustu þrjá mánuði á Suðurnesjum milli heilsugæslunnar og heilsugæslulækna hvað fólkið á þessu svæði saknar að hafa ekki þessa tryggu þjónustu lækna í jafnríkum mæli og var áður en þessi deila hófst. Þó að það sé ekki málið sem hér er til umræðu fannst mér rétt að minnast aðeins á það.

Samkvæmt lögum, herra forseti, á grunnþjónustan í heilbrigðiskerfinu að vera ókeypis. Gjaldið sem nú er innheimt af viðskiptavinum heilsugæslustöðva var ætlað fyrir ýmsa aðra þjónustu. Til þess að átta sig á hvaða þjóðfélagshópar greiða þetta gjald hef ég lagt fyrir hæstv. heilbrrh. eftirfarandi fyrirspurn sem hljóðar svo:

1. Hve há eru komugjöld á heilsugæslustöðvum?
2. Hve háar hafa heildargreiðslur komugjalda verið árlega sl. þrjú ár?
3. Hvernig skiptast greiðslur þessara gjalda í krónum, sbr. 2. tölul., á milli:
   a. aldraðra,
   b. barna,
   c. öryrkja og
   d. annarra?
4. Hver er stefna ráðherra varðandi slík gjöld?

[14:25]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykn. Kristján Pálsson hefur beint til mín fyrirspurn um komugjöld á heilsugæslustöðvum. Fyrir hverja komu á heilsugæslustöð greiða sjúkratryggðir 500 kr. á dagvinnutíma. Ellilífeyrisþegar og örorkulífeyrisþegar og börn yngri en 18 ára greiða 250 kr. og börn með umönnunarkort, samkvæmt reglugerð nr. 540/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, greiða 150 kr.

Almennt gjald fyrir hverja komu á heilsugæslustöð utan dagvinnutíma er 1.400 kr. Komugjald ellilífeyrisþega, örorkulífeyrisþega og barna yngri en 18 ára eru 600 kr. utan dagvinnutíma. Börn með umönnunarkort greiða 400 kr. í komugjöld utan dagvinnutíma. Þeir sem eru með afsláttarskírteini greiða 250 kr. fyrir hverja komu á heilsugæslustöð á dagvinnutíma og 900 kr. utan dagvinnutíma. Ellilífeyrisþegar, örorkulífeyrisþegar og börn yngri en 18 ára með afsláttarskírteini greiða 150 kr. á dagvinnutíma og 400 kr. utan dagvinnutíma.

Undanþegnar gjaldskyldu eru komur vegna mæðra- og ungbarnaverndar og komur vegna heilsugæslu í skólum. Einnig er þjónusta heimahjúkrunar undanþegin gjaldskyldu svo og unglingamóttaka í heilsugæslu, sem veitir ráðgjöf og fræðslu um forvarnir.

Hv. þm. spyr hversu háar heildargreiðslur komugjalda hafi verið árlega sl. þrjú ár. Heildartekjur heilsugæslustöðva af komugjöldum á árinu 2000 voru rúmar 292 millj., rúmar 298 millj. kr. árið 2001 en á árinu 2002 lækkuðu tekjur heilsugæslu af komugjöldum niður í 241 millj. kr. Ástæðan er lækkun komugjalda úr 850 kr. í 400 kr. snemma á árinu 2002.

Þá spyr hv. þm. hvernig greiðslurnar skiptist á milli hópa. Þær upplýsingar eru ekki tiltækar hjá heilsugæslunni og því miður kostar gífurlega vinnu að afla þeirra. Ég hef þær því ekki handbærar.

Að lokum spyr þingmaðurinn um stefnu ráðherra varðandi slík gjöld. Stefna ráðuneytisins er að heilsugæslan eigi að annast grunnþjónustuna og að þangað komu skjólstæðingarnir fyrst. Í reglugerð nr. 218/2002, um hlutdeild sjúkratryggðra vegna heilbrigðisþjónustu, segir eftirfarandi:

„Í samræmi við markmið um að tryggja fagleg samskipti milli heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðinga er gert ráð fyrir því sem meginreglu í reglugerð þessari að samskipti sjúklings og læknis hefjist hjá heilsugæslu- eða heimilislækni."

Heilsugæslan er grunnþjónusta heilbrigðisþjónustunnar og ekki stendur til að hverfa frá þeirri stefnu að þjónustan sé almenn, aðgangur greiður og óháður tekjum, eignum eða félagslegri stöðu manna. Það hefur verið yfirlýst stefna mín að halda komugjöldum í heilsugæslu í lágmarki til að tryggja slíkt jafnræði og tryggja heilsugæsluna í sessi.

Virðulegi forseti. Ég vona að hv. þm. Kristján Pálsson hafi fengið svör við helstu þáttum þessarar fyrirspurnar.

[14:29]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Kristján Pálssyni fyrir fyrirspurnina sem hann lagði fram, taka undir með honum og lýsa áhyggjum yfir þeirri stöðu sem heilsugæslan er í á Suðurnesjum. Þar er nú einungis starfandi einn læknir á 17 þúsund manna svæði.

Ástæðan fyrir því að ég bað um orðið var fyrst og fremst sú að ég skildi hv. þm. Kristján Pálsson þannig að hann hefði lýst því yfir að hann teldi að ekki ætti að taka nein komugjöld á heilsugæslustöðvum. Ég átti von á að hæstv. ráðherra kæmi inn á þetta og skýrði hvernig á því stendur. Hugsanlega er þetta einhver misskilningur hjá mér og þá leiðréttist það. Ég átti von á að það yrði skýrt en ég vænti þess að hæstv. ráðherra skýri þennan mismun í næstu ræðu sinni.

[14:30]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Fyrst menn eru farnir að lýsa áhyggjum sínum yfir heilsugæsluþjónustu við þessa umræðu, þá vil ég

nefna áhyggjur mínar yfir því hversu margir Reykvíkingar eru án heilsugæsluþjónustu og heimilislæknis. Ég vil bara minna á að þúsundir Reykvíkinga eru ekki með aðgang að heimilislækni og enn vantar heilsugæslustöðvar í stór hverfi í borginni, ég vil minna á það.

En vegna þeirrar umræðu hvort þjónustan eigi að vera ókeypis á heilsugæslunni þá verð ég að segja að ég er sammála hæstv. ráðherra um að það eiga að vera ákveðin gjöld en þau eiga að vera mjög lág. Í Danmörku er ókeypis á heilsugæslustöðvar og einnig í bráðamóttökuna. Ég hefði kannski talið eðlilegra að í bráðamóttöku væri ókeypis en menn greiddu lágmarksgjöld fyrir heilsugæsluna. Ég vildi koma því áleiðis.

En verulega vildi ég leggja áherslu á áhyggjur mínar vegna heilsugæsluþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin og þingmönnum fyrir þátttöku í umræðunni. Það var slæmt að hæstv. ráðherra skyldi ekki geta svarað spurningunni um það hvernig þessar greiðslur skiptast á milli þjóðfélagshópanna aldraðra, barna, öryrkja og annarra. Þetta var ástæðan fyrir spurningu minni, þ.e. að komast að því hvað þessir hópar þyrftu að greiða mikið.

Við sjáum það á töxtunum sem gefnir eru út að allir greiða eitthvað og auðvitað má deila um það hvort slík þjónusta eigi að vera alveg ókeypis en í mínum huga er þó ekki sama um hvaða þjóðfélagshópa er að ræða. Þessir hópar eru akkúrat þeir sem minnstar tekjur hafa og hafa mesta þörf fyrir notkun grunnþjónustu eins og heilsugæslan er.

Ef ég man rétt, herra forseti, þegar byrjað var að taka greiðslur fyrir komur á heilsugæslustöðvar var það hugsað fyrir umbúðum og ýmsu öðru sem ekki var talin bein grunnþjónusta. Síðan hefur þetta þróast, bæði hækkaði það um tíma en lækkaði síðan aftur. Mér finnst full ástæða til að skoða hvort ekki eigi að beina þessum töxtum meira inn á þá hópa sem virkilega geta borgað en aðrir sem minna mega sín sleppi við það.

[14:33]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Í fyrsta lagi þykir mér leitt að geta ekki svarað um hvernig þessar greiðslur skiptast á þjóðfélagshópana en það hefur því miður tekið lengri tíma en ætlað var að koma upp bærilegu kerfi á heilsugæslustöðvunum til þess að greina þetta en vonandi verður hægt að komast að þessu. Ég tek undir að nauðsynlegt er að geta gert sér grein fyrir þessum þáttum.

Í öðru lagi er ég sammála hv. 15. þm. Reykv. í því að ég tel að taka eigi hóflegt gjald í heilsugæslunni en stilla því mjög í hóf. Ég er alveg sammála um þá hlið málsins. Ég tel að það sé eðlilegt að þarna sé greitt lágt gjald, enda hefur þessum gjöldum verið stillt í hóf miðað við önnur komugjöld, t.d. til sérfræðinga. Gjöld til heilsugæslunnar eru miklum mun lægri og þar er líka gerður greinarmunur á þjóðfélagshópunum hvað þetta snertir því að börn, öryrkjar og eldri borgarar greiða lægra gjald.

Varðandi aðgang að heimilislæknum, í fyrsta lagi á Suðurnesjum þar sem uppi hafa verið ákveðin vandamál eins og allir vita, þá höfum við reynt að fylgjast grannt með tilraunum til að ráða lækna þar í stað þeirra sem sögðu upp. Ég átti síðast í gær fund með forstöðumanni Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja út af þessum málum og það eru allar leiðir reyndar í því og reynt er að leysa þau mál í gegnum heilbrigðisstofnunina meðan þetta ástand varir. Á Reykjavíkursvæðinu höfum við sett okkur forgangsröð, það er Salahverfið í Kópavogi og Heimahverfið. Hins vegar eru margir heimilislæknalausir. Sumir hafa ekki skráð sig hjá heimilislæknum en það er ekki þar með sagt að menn fái ekki læknaþjónustu en það er auðvitað eðlilegt að menn geti skráð sig hjá heimilislæknum og við stefnum auðvitað að því. En ég vil samt vara við að setja samasemmerki þar á milli að allir sem eru ekki skráðir fái ekki þjónustu. (**ÁRJ:** Þeir þurfa að bíða.) Já.

Ráðning sjúkrahúsprests við Barnaspítala Hringsins.

Fsp. RG, 615. mál. — Þskj. 982.

[14:36]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég spyr hæstv. heilbrrh. um viðhorf hans til þess að ráðinn verði sérstakur sjúkrahúsprestur við nýja barnaspítalann til að bæta þjónustu við foreldra langveikra og fatlaðra barna.

Í viðtali við Morgunblaðið fyrir jól ræddi Svanhildur Blöndal hjúkrunarfræðingur um þýðingu sálgæslu í hjúkrunarstarfinu. Tilefni viðtalsins var að Svanhildur hafði ætlað í sálgæslukúrs við Háskóla Íslands til að gera sig hæfari til að sinna þeim þætti í hjúkrunarstarfinu en endaði með embættispróf í guðfræði. Það var afar áhugavert að lesa sjónarmið hennar um þennan þátt hjúkrunarstarfsins. Í viðtalinu bendir hún á að guðfræði og hjúkrun eigi meira sameiginlegt en sýnist í fljótu bragði. Afar mikilvægur þáttur slíkrar sálgæslu sé að styðja betur við foreldra fatlaðra og langveikra barna. Það vantar ekki síst aðhlynningu fyrir foreldra. Álag á þá er alveg gífurlegt og þá er það mikilvægt að afstýra því að foreldrar í þessari stöðu bogni eða veikist. Sérþjónustuprestur sem þannig sinnti t.d. þessum hópi á barnaspítala væri færanlegur starfsmaður. Hann gæti jafnframt sinnt hvíldarinnlögninni á Landspítalanum í Kópavogi. Þetta er öðruvísi þjónusta en afar mikilvæg.

Ég hef verið mjög upptekin af þeim sjónarmiðum sem Svanhildur vakti máls á í viðtalinu, sálgæslunni, samtölum og stuðningi sem hjúkrunar- og lækningaþætti. Þess vegna var það sérstaklega athyglisvert þegar ég ásamt nokkrum félögum mínum átti heimsókn á biskupsstofu nýverið, þá benti Þorvaldur Helgason á það sama, að við höfum vannýtt viðtalshjálpina og gildi samtalsins í hjúkrun og lækningum m.a. á sjúkrahúsum. Þorvaldur benti á að í Bandaríkjunum hafa menn markvisst unnið með þennan þátt sl. 20 ár, samtöl, sálgæslu. Líka að í Danmörku var skoðað hvernig bæta mætti best stuðning og þjónustu við aldraða, lasburða eða sjúka. Viðtalsþjónustu bar þar langhæst. Heilbrigðisstarfsfólk með viðbótarmenntun í sálgæslu er dýrmæt viðbót við þá góðu þjónustu sem fyrir er á sjúkrahúsum. Það er æskilegt að unnt sé að stofna ákveðið stuðningsteymi fyrir foreldra fatlaðra og langveikra barna og líta á það sem fyrirbyggjandi starf.

Virðulegi forseti. Það er auðvelt að gefa lyf. Þau eru ákaflega dýr og í það eyðum við fjármunum sem hægt væri með öðruvísi skipulagi að nýta til annarra þátta.

[14:39]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur beint til mín fyrirspurn um ráðningu sjúkrahúsprests við Barnaspítala Hringsins. Spurningin er svohljóðandi:

„Hvert er viðhorf ráðherra til þess að ráðinn verði sérstakur sjúkrahúsprestur við nýja barnaspítalann til að bæta þjónustu við foreldra langveikra og fatlaðra barna"?

Stjórnendum spítalans hefur verið falið að skipuleggja starfsemina og taka ákvarðanir um mönnun og nýtingu stöðuheimilda. Ég tel ekki skynsamlegt að ráðherra hlutist til um starfsmannahald nema í algerum undantekningartilvikum, enda starfa á sjúkrahúsum tæplega 5 þús. manns.

Sjúkrahúsprestum hefur fjölgað mjög á síðustu árum. *Þeir eru nú átta á Landspítalanum og er einum þeirra greidd* grunnlaun frá þjóðkirkjunni. Kostnaður við þetta starf er 52 millj. kr. á ári og eru þá aðeins talin laun og rekstur. Ekki eru áform um að auka við þessa starfsemi á kostnað annarra þjónustuþátta. Sjúkrahúsprestar eru ekki ráðnir að einu tilteknu sviði á spítalanum heldur hafa þeir víðtækara starfssvið. Einn prestanna hefur þó lagt mesta áherslu á störf við barnaspítalann og hefur verið til athugunar hvort hann ætti að hafa aðsetur í hinni nýju byggingu. Hann sinnir öllum börnum og aðstandendum þeirra og það verður að teljast ólíklegt að ráðinn verði prestur til að bæta prestsþjónustu sérstaklega við foreldra langveikra og fatlaðra barna. Þar koma m.a. til sjónarmið um jafnræði í þjónustu.

Herra forseti. Ég tel mikilvægt að tryggja að skjólstæðingar barnaspítalans og bráðveik, langveik og fötluð börn og fjölskyldur þeirra og starfsfólk fái á hverjum tíma þjónustu presta eftir því sem þörf krefur. Ég mun þó ekki beita mér fyrir því að þessi þjónusta verði aukin fyrir aðstandendur þeirra barna sem hér um ræðir sérstaklega af ástæðum sem ég hef rakið áður.

[14:42]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur í fyrirspurn hennar þar sem hún leggur áherslu á mikilvægi sálgæslu og áfallahjálpar til þeirra sem þurfa að sækja þjónustu til barnaspítalans og mikilvægi þess að foreldrar fái góðan stuðning og aðhlynningu og ekki aðeins foreldrar heldur fjölskylda langveikra og fatlaðra barna sem eru þar til meðferðar. Hvort það er sérstakur sjúkrahúsprestur eða hvort einhver af sjúkrahúsprestunum sinni þessu sérstaklega finnst mér ekki vera stórmál en það er mikilvægt að þessu hlutverki sé vel sinnt og ef einn af prestunum tekur þetta sérstaklega að sér, þá er það til bóta.

Mig langar aðeins til að víkja að öðrum hópi sem heyrir kannski ekki undir þessa þjónustu og það er fólk sem er annarrar trúar eða utan trúfélaga og án þjónustu því að við megum ekki gleyma því að í fjölþjóðlegu samfélagi eins og við erum orðin eru ýmsir sem þurfa annars konar þjónustu en presta og vil ég aðeins fá upplýsingar frá hæstv. ráðherra um slíka þjónustu fyrir þetta fólk.

[14:43]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ekki hafði ég hugsað mér að hæstv. heilbrrh. ætti að fara að blanda sér í mannaráðningarnar. Þetta er hins vegar spurning um ákveðna stefnumörkun og ekki óeðlilegt að hæstv. heilbrrh. og yfirstjórn spítala ræði það ef áhugi er fyrir því að reyna að fara í auknum mæli inn í fyrirbyggjandi heilbrigðisstarfsemi sem flokkur ráðherrans hefur reyndar stutt mjög mikið.

Það er mjög jákvætt að prestum hefur fjölgað við Landspítalann og dregur skýrt fram að störfin þeirra hafa orðið allt annars eðlis en í upphafi þegar ráðinn var sjúkrahúsprestur kannski fyrst og fremst til að bregðast við þegar alvarleg áföll urðu eða *lát manna. Ráðherra nefnir 52 millj.* og að ekki séu áform um að auka þar við starfsemi og fjölga prestum á kostnað annars starfsfólks. Ég vil þar endilega áminna um þetta með lyfin. Það er sumt sem við látum renna mjög svo greiðlega í gegnum kostnað heilbrigðiskerfisins. Ef ég man rétt er lyfjakostnaður hjá okkur núna um það bil 8 milljarðar á ári og þar af um 3 milljarðar varðandi geðdeifð eða vanlíðan og margir heilsugæslulæknar eyða stórum tíma í að ræða við fólk sem líður illa. Ég er að tala um að mjög veik börn eru send heim. Þetta er þung byrði. Það er álag fyrir fjölskyldur, foreldra og heimilið. Samtalsmeðferðin er ekki nógu virk hjá okkur. Við þurfum að ganga lengra. Þriðja hvert hjónaband brestur í dag og álagið á foreldra sem eiga fötluð, langveik börn er gífurlegt og hætt við að þar séu meiri erfiðleikar en annars staðar. Þessu eigum við að afstýra, þetta eigum við að fyrirbyggja.

[14:45]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil taka fram að prestsþjónusta á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi hefur aukist mjög á undanförnum árum. Mikið hefur verið lagt í þennan þátt eins og sést á því að átta stöður á sjúkrahúsinu sinna honum. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda að við verðum að efla þessa þjónustu. Ég vona að svo verði og að einn prestur hafi aðstöðu á barnaspítalanum til að sinna því fólki.

Því er hins vegar ekki að neita að það hefur oft komið upp umræða um hlutverk spítalans í þessu efni. Forsvarsmenn spítalans hafa oftar en einu sinni spurt mig hver stefna ráðuneytisins sé í þessum efnum, hvort efla eigi þessa starfsemi, fela einhverjum öðrum hana, eða hvað. Ég tel að það verði að veita þessa þjónustu og hef látið þá stefnu í ljós í viðræðum við forsvarsmenn spítalans. Hins vegar koma auðvitað upp spurningar eins og hjá hv. 15. þm. Reykv. um aðra sem aðhyllast ekki kristna trú. Sú umræða fer auðvitað vaxandi. Við stöndum frammi fyrir ýmsum slíkum spurningum. Það breytir ekki afstöðu minni til þessa máls. Það er alveg ljóst að hún er sú að halda þessari þjónustu í því formi sem hún er og reyna að sinna öllum sem best að þessu leyti. Vonandi sparar það lyfjakostnað því að lyfjakostnaðurinn á spítalanum er 2,5 milljarðar kr. (**RG:** En í landinu?) Já, á spítalanum er kostnaðurinn 2,5 milljarðar en í landinu er lyfjapakkinn margfalt stærri, um 13 milljarðar.

Greiðslur Tryggingastofnunar fyrir sjúkranudd.

Fsp. ÁRJ, 616. mál. — Þskj. 983.

[14:48]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Almannatryggingarnar taka þátt í kostnaði almennings vegna ýmissar þjónustu í heilbrigðiskerfinu, svo sem heilsugæslu, læknisþjónustu, tannlækninga og sjúkraþjálfunar, svo dæmi séu tekin, og þá eftir ákveðnum reglum. Tryggingastofnun tekur aftur á móti ekki þátt í að greiða ýmsa aðra heilbrigðisþjónustu sem sjúklingum er ekki síður

mikilvæg og nauðsynleg. Þar má t.d. nefna sálfræðiþjónustu og sjúkranudd sem sjúklingar verða að greiða að fullu.

Rökin fyrir því að ekki hefur verið samið við fleiri stéttir um greiðsluþátttöku almannatrygginga hafa löngum verið þau að lög heimili slíkt ekki. Nú er það breytt með lagabreytingu frá síðasta ári þar sem samninganefnd Tryggingastofnunar er heimilt að semja við fleiri stéttir.

Sjúkranuddarar hafa verið löggilt heilbrigðisstétt frá 1987. Nám í faginu er aðeins hægt að sækja til Þýskalands og Kanada þar sem íslensk stjórnvöld viðurkenna aðeins nám þaðan. Það er mjög dýrt og varla nema á færi hugsjónamanna að fara í það nám, svo að ég noti orð formanns Félags sjúkranuddara.

Þeir sjúklingar sem þurfa á sjúkranuddi að halda bera skarðan hlut frá borði miðað við þá sem fara t.d. til sjúkraþjálfara en þeir þurfa að greiða meðferðina að fullu á meðan Tryggingastofnun tekur þátt í að greiða sjúkraþjálfunina. Öryrkjar og aldraðir fá ekki niðurgreiðslu af sjúkranuddi. Fátækt fólk getur því ekki leyft sér þessa meðferð.

Sjúkranudd er fyrirbyggjandi meðferð og getur t.d. komið í veg fyrir eða minnkað notkun á bólgueyðandi lyfjum — þar komum við aftur að lyfjakostnaðinum því að þarna gætum við e.t.v. sparað eitthvað af þeim mikla kostnaði sem ríkið ber af lyfjum. Hér á landi starfa 76 sjúkranuddarar og ársstörf í greininni eru um 30. Þó að samið yrði við sjúkranuddara yrðu útgjöld Tryggingastofnunar því ekki veruleg. En það þarf auðvitað pólitíska ákvörðun til að gera þetta. Það þarf fjárveitingu til að hægt sé að semja við sjúkranuddarana. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Eru áform uppi um að Tryggingastofnun, almannatryggingarnar, taki þátt í að greiða hluta kostnaðar sjúklinga við sjúkranudd?

[14:50]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur beint til mín fyrirspurn um hvort áform séu um að Tryggingastofnun taki þátt í að greiða hluta kostnaðar sjúklinga við sjúkranudd. Því er til að svara að fjölmargar löggiltar heilbrigðisstéttir sem og aðrar stéttir tengdar heilbrigðisþjónustu hafa sótt um að fá að gera samninga við Tryggingastofnun ríkisins um greiðsluþátttöku. Helstu starfsstéttir sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samninga við í dag eru læknar, hjúkrunarfræðingar og sjúkraþjálfarar.

Fjölgun þeirra stétta sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir fyrir er í stöðugri skoðun hjá okkur og endurmati. Takmarkaðar fjárveitingar setja þessu máli hins vegar skorður. Þær gera það að verkum að að svo stöddu er ekki mögulegt að taka upp greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði sjúklinga við sjúkranudd. Svar mitt er því að við höfum ekki af fjárhagslegum ástæðum getað tekið upp þessa samninga.

[14:52]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir fsp. um hvort áformað sé að Tryggingastofnun ríkisins taki þátt í að greiða hluta kostnaðar sjúklinga við sjúkranudd. Mér finnst mikilvægt að við skoðum gaumgæfilega, þegar verið er að semja við nýjar stéttir um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins við fyrirbyggjandi aðgerðir. Horfum ekki eingöngu á framhaldsmeðferð eða læknisaðgerðir. Við ættum einnig að skoða fyrirbyggjandi þætti. Það getur sparað heilbrigðiskerfinu meiri fjármuni að greiða niður sjúkranudd, geti það komið í veg fyrir að sjúkdómar verði langvinnir og erfiðir í meðferð.

[14:53]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég harma að menn hafi ekki ákveðið neitt um að semja við sjúkranuddara. Eins og fram kom í umræðunni er sjúkranudd fyrirbyggjandi. Það er t.d. mjög mikilvægt fyrir gigtarsjúklinga sem eru á dýrum lyfjum. Þeir hafa mikla þörf fyrir sjúkranudd og það gæti sparað mikið í lyfjakostnaði fyrir þann hóp. Spastískir sjúklingar þurfa t.d. tilfinnanlega bæði á sjúkraþjálfun og sjúkranuddi að halda.

Sjúkranuddarar sem ég hef verið í sambandi við hafa sagt mér að margir sem þurfa tilfinnanlega á sjúkranuddi að halda hafi hætt í meðferð vegna þess hve mikill kostnaður er af meðferðinni. Þeir eru e.t.v. áfram í sjúkraþjálfuninni sem kemur þeim kannski ekki að sama skapi til góða.

Lögð er mikil áhersla á fyrirbyggjandi meðferð og árangur í markmiðum heilbrigðisáætlunar. Þar hefði þjónusta sjúkranuddara komið að góðu haldi en á meðan fátækt fólk getur ekki leyft sér þá þjónustu náum við síður þeim markmiðum. Eins og ég benti á í ræðu minni áðan eru það ekki margir sem sinna þessu, um 30 ársstörf. Útgjöldin ættu þannig ekki að vera veruleg en ég er sannfærð um að þetta mundi spara heilbrigðiskerfinu allmikil útgjöld, bæði í lyfjakostnaði og öðrum kostnaði, þ.e. ef menn geta nýtt sér þá fyrirbyggjandi meðferð sem sjúkranuddið er.

[14:55]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég tek undir að hér er um mikilvæga starfsemi að ræða. Ástæðurnar fyrir því að ekki eru uppi áform um þessa samninga nú eru fjárhagslegar og vissulega geta fleiri stéttir sótt á með sömu rökum og sagt: Það eru forvarnir í okkar starfsemi. Þess vegna er mikilvægt fyrir okkur að heyja okkur rök í þessu máli. Sparnaðarrökin, ef þau eru fyrir hendi, eru auðvitað innlegg í þetta mál. Sé ljóst að við getum sparað með þessari starfsemi útgjöld á öðrum sviðum er það auðvitað nokkuð sem við verðum að líta á í þessu sambandi.

Staðan í þessu máli er óneitanlega sú, bæði gagnvart þessari stétt og öðrum sem hafa sótt á, að við höfum ekki heimildir á fjárlögum til að auka framlög til sjúkratrygginga fram yfir þá samninga nú þegar gilda. Auðvitað erum við alltaf með þessi mál í skoðun, t.d. hafa klíníska sálfræðingar sótt fast á um samninga, einmitt á sömu forsendum. Starfsemi er sögð fyrirbyggjandi og forvörn á mjög viðkvæmu sviði, sem er til umræðu við næstu fyrirspurn sem flutt verður.

Geðheilbrigðisþjónusta fyrir börn og unglinga.

Fsp. SJS, 628. mál. — Þskj. 1012.

[14:57]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja spurningar fyrir hæstv. heilbrrh. um stöðu geðheilbrigðismála og þjónustu fyrir börn og unglinga á því sviði.

Í fyrsta lagi spyr ég um þróun mála hvað varðar bið eftir almennri þjónustu barna- og unglingageðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss. Eins og allir vita sem fylgst hafa með fréttum að undanförnu er þar langt frá því að vera viðunandi ástand. Deildin annar alls ekki eftirspurn eða því álagi sem á

henni er og brýnt að bæta þar úr hvað varðar fjölgun rúma, að efla göngudeildar- og neyðarþjónustu ýmiss konar. Í raun er alveg sama hvar að málinu er komið, þrátt fyrir góðan vilja starfsfólks og nokkra aukningu fjármuna á undanförnum árum hrekkur það skammt, ósköp einfaldlega vegna þess að vandinn sem við er að glíma er mikill. Ég held að öllum sem hafa sett sig inn í málin sé ljóst að við svo búið má ekki standa.

Í öðru lagi spyr ég hve mikil brögð séu að því að vista hafi þurft börn eða unglinga á geðdeildum fyrir fullorðna. Það tengist að sjálfsögðu fyrra atriðinu. Fram hefur komið í fréttum og mér er kunnugt um það eftir samtöl við aðstandendur barna og unglinga sem hafa þurft á þjónustu að halda. Veruleg brögð eru að því, því miður, að einasta úrræðið sem í boði hafi verið, jafnvel þegar ungmenni eru í bráðum háska, að vista þau á geðdeildum fyrir fullorðna sem að sjálfsögðu er ekki æskilegur kostur.

Í þriðja lagi spyr ég hversu löng bið sé eftir meðferðarúrræðum fyrir unga fíkniefnaneytendur sem jafnframt eiga við geðræn vandamál að stríða. Auðvitað er það svo, herra forseti, að stundum er grátt svæði milli heilbrigðiskerfisins og félagslega kerfisins þegar kemur að vandamálum ungmenna sem kunna að eiga við samsett vandamál að stríða, þunglyndi, geðræna erfiðleika en hafa jafnframt ánetjast fíkniefnum. Oft getur verið áhorfsmál hvorum megin eigi að reyna að leysa vanda þeirra.

Ég inni sem sagt eftir því hvernig staðan með þjónustu að því leyti sem meðferðin tilheyrir heilbrigðiskerfinu.

Í fjórða og síðasta lagi spyr ég: Hvað líður fyrirhugaðri uppbyggingu geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri? Þar hafa legið fyrir áætlanir um að standsetja slíka deild. Fjárveitingar hafa reyndar verið veittar til rekstrar en þá vantar fjárveitingar til að innrétta húsnæði sem þó stendur ónotað og hefur gert um árabil, þ.e. í nýbyggingu við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Það er auðvitað ákaflega bagalegt, herra forseti, að þar skuli vera óinnréttuð aðstaða og jafnvel fjármunir fráteknir til rekstrar sem nýtast ekki og þar af leiðandi er ekki hægt að *láta Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri létta á þessum vanda* með því að sinna þjónustu fyrir norðan- og austanvert landið eins og það annars gæti.

[15:00]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon leggur fyrir mig fyrirspurn í fjórum liðum um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglinga. Fyrsta spurningin er svohljóðandi: „Hver hefur þróun mála verið að undanförnu hvað varðar bið eftir almennri þjónustu barna- og unglingageðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss?"

Fjöldi á biðlista hefur breyst svona: 1996 78, 1997 72, 1998 95, 1999 54, 2002 59, í janúar 2003 43. Af þessum 43 sem bíða eftir viðtali nú í janúar bíða 25 eftir mati á ofvirkni en velta má fyrir sér hvort þeir einstaklingar þurfi þjónustu svo sérhæfðrar meðferðarstofnunar sem barna- og unglingageðdeildin er. Biðlisti á barnageðdeild er fyrir börn sem bíða eftir meðferðarúrræðum deildarinnar. Af þeim biðlista er innkallað og er deildarstjóri barnageðdeildar reglulega í sambandi við foreldra og aðstandendur barnanna. Sá biðlisti hefur verið að lengjast smám saman. Hann hefur tekið til um 1–10 barna en um þessar mundir eru á honum 20 börn. Erfitt hefur reynst að manna barnageðdeildina hjúkrunarfræðingum eftir þörfum og hefur biðlistinn sveiflast nokkuð í samræmi við það, bæði hvað varðar dagdeildarúrræði og sólarhringsþjónustu. 13 unglingar voru á biðlista unglingageðdeildar í lok ársins 2002. Var það mjög óvenjulegt ástand eins og fram hefur komið í fyrri fyrirspurnum og umræðum á Alþingi. Af þessum 13 voru þrír í miklum forgangi. Að ósk minni hefur Landspítalinn tekið saman ítarlegar tillögur um hvernig bregðast megi við þessum vanda og ég hef þær tillögur til skoðunar einmitt þessa dagana.

Þá spyr þingmaðurinn: „Hve mikil brögð eru að því að vista hafi þurft börn eða unglinga á geðdeildum fyrir fullorðna?"

Eftir að sjálfræðisaldur hækkaði í 18 ár hafa ekki verið mikil brögð að þessu, nokkrar innlagnir á ári og þá eldri unglingar. Fullorðinsgeðdeildir hafa mætt vandanum þegar miklir toppar hafa myndast á barnageðdeild eða þegar einstök sjúkdómstilfelli eru þannig að einstaklingur er ekki talinn eiga heima á unglingageðdeild þrátt fyrir ungan aldur. Innlögn byggir á mati barnageðlæknis hverju sinni. Nauðsynlegt er að hafa þennan möguleika opinn og að hinir ungu einstaklingar fái þá meðferð sem hæfir aldri þeirra og þroska. Eins og fram hefur komið versnaði ástandið í janúar en þá voru 5–6 unglingar vistaðir á fullorðinsgeðdeild.

Þá er spurt: „Hversu löng bið er eftir meðferðarúrræðum fyrir unga fíkniefnaneytendur sem eiga jafnframt við geðræn vandamál að stríða?"

Samkvæmt upplýsingum frá SÁÁ er enginn biðlisti eftir meðferð fyrir þennan hóp á unglingageðdeildinni á Vogi. Félmrh. mun væntanlega gera ítarlega grein fyrir bið eftir þjónustu á þeim stofnunum sem undir hann heyra í svari við fyrirspurn þingmannsins en þess skal þó getið að nú er engin bið eftir þjónustu á Stuðlum, engin bið eftir dvöl á Árvöllum en 16 bíða innlagnar í langtímaúrræði sem fylgja skólaárinu.

„Hvað líður fyrirhugaðri uppbyggingu geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri?"

Á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri hefur verið mótuð sú stefna að sinna þessum skjólstæðingahópi fyrst og fremst með göngudeildarþjónustu með þverfaglegu teymi, en að *börn með geðrænan vanda legðust aðeins inn á stofnunina* í algjörum undantekningartilvikum. Legudeild fyrir börn og unglinga með geðraskanir sem áformað var að reka þar til þessi stefna var mótuð mundi aðeins hafa 2–3 rúm að staðaldri. Nú er gert ráð fyrir að þetta verði eingöngu göngudeild en börn sem þarf að leggja inn verði lögð inn á barnadeild. Nú er stefnt að ráðningu sérmenntaðs og sérhæfðs starfsfólks til að sinna þjónustunni.

[15:05]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég var að vona að hæstv. félmrh. blandaði sér í þessa umræðu vegna þess að t.d. spurningin um unglinga í fíkniefnavanda og með geðræn vandamál tengist jafnframt ráðuneyti hans. Ég minnist þess að þegar tillögur komu fram og voru mótaðar eftir að sjálfræðisaldur var hækkaður höfðu menn miklar áhyggjur af þessum hópi og hugmyndir voru uppi um bráðaþjónustu vegna unglinga í þessum vanda. Það hefur verið svolítið erfitt að skilja að jafnvel pólitískar ákvarðanir ráðherranna virðast ganga illa fram í þessum geira. Það var gerður þjónustusamningur um bráðarými og afeitrunarrými og mikil blaðaskrif urðu bæði í júní í sumar og líka nú fyrir skemmstu vegna þess að sá samningur var ekki endurframlengdur og þessi mál eru mjög alvarleg.

[15:06]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst fá að þakka málshefjanda fyrir að vekja máls á þessu þarfa máli og aftur hæstv. heilbrrh. fyrir svör hans og fá að segja frá því að á fundi í heilbr.- og trn. nú í hádeginu var fjallað um þetta mál frá öllum hliðum. Við fengum fulltrúa frá heilbrrn., félmrn., Barnaverndarstofu og Landspítalanum og eins frá fræðsluráði í Reykjavík. Þar kemur náttúrlega fram þessi stóri vandi sem fyrst og fremst tengist þeim börnum sem eru með samþætt vandamál. Það eru geðraskanir, vímuefnaneysla og oftar en ekki andfélagsleg hegðun. Af því að síðasti ræðumaður ræddi um aðkomu félmrh. að þessu vil ég vekja athygli á því að við getum allt eins blandað einum ráðherranum enn inn í þetta. Þessir krakkar lenda oftar en ekki í afbrotum þannig að við getum þá nefnt dómsmrn. til viðbótar.

Hins vegar var verið að ræða um samstarfið á milli þessara aðila varðandi bráðaþjónustu og mér heyrist það enn vera í gangi.

[15:07]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þetta er stærra mál en svo að maður geti gert því einhver skil á einni mínútu en ég ætlaði einmitt að geta þessa fundar sem við áttum í hádeginu með þeim aðilum sem að þessum málum koma í heilbr.- og trn., en ég óskaði eftir honum í umræðum um störf þingsins í síðustu viku. Hv. formaður nefndarinnar brást vel við og fundurinn var haldinn í hádeginu. Þar kom auðvitað fram að þetta er stór og mikill og viðvarandi vandi en okkur voru einnig kynntar tillögur starfshóps á vegum Landspítalans til úrbóta. Ég vil minna á að það þýðir ekki mikið að koma með tillögur nema fjármagn fylgi með. Við getum ekki leyst þennan vanda nema aukið fé komi til þjónustunnar við geðsjúk börn og unglinga.

Það kom fram hjá yfirmanni barna- og unglingageðdeildar að það vantaði um 112 millj. bara til þess að bregðast við nú strax, og síðan jafnvel 100 millj. í viðbót þannig að þetta eru rúmar 200 millj. Og ég spyr hæstv. ráðherra: Koma peningar til þess að leysa þennan vanda?

[15:08]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, fyrir að beina sjónum okkar að vandamálum geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglinga. Geðheilbrigðisþjónusta yngstu aldurshópanna kemur inn á mörg svið og vandamál eru bæði í heilbrigðiskerfinu og hinum félagslega þætti, í skólunum og hjá lögreglunni einnig. Fjölmörg börn hafa mismunandi geðraskanir, mismunandi greiningu án þess að það sé bein sjúkdómsgreining, en hafa þannig hegðunartruflanir að það er erfitt fyrir þau að fóta sig í tilverunni er erfitt að koma þeim fyrir. Undirliggjandi vandi á öllum þessum sviðum í kerfinu er fjárhagsvandi og hefur verið það til margra ára.

[15:09]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og hv. þingmönnum undirtektir með þessu máli. Ég var satt best að segja að vona að hæstv. ráðherra gæti boðað hér aðgerðir, gæti tilkynnt hvað af tillögum starfshóps síns hann mundi gera að sínum og hvernig þær yrðu framkvæmdar. Það væri vel við hæfi að ráðherrar sýndu Alþingi einu sinn þann sóma að boða slíkar aðgerðir hér þegar þeir eru að þeim spurðir í staðinn fyrir að rjúka til og halda blaðamannafundi sem stundum reynast aðallega skrautsýningar en boða ekki alltaf þá úrlausn mála sem ætla mætti.

Ástandið er óviðunandi. Það kom skýrt fram í tölum hæstv. ráðherra og þeim ber í öllum aðalatriðum saman við að sem ég hef fengið upp í hendur þegar ég hef verið að setja mig inn í málið á undanförnum vikum. Satt best að segja hefur það verið dapurlegt, herra forseti, því að ég verð að segja að mig óraði ekki fyrir því þegar ég fór af sérstökum ástæðum að skoða þessi mál nánar fyrir 3–4 vikum að ástandið væri jafndapurlegt og raun ber vitni. Það gengur ekki, herra forseti, að það sé bið eftir neyðarþjónustu þar sem ungmenni í bráðri hættu eiga í hlut. Við getum ekki þolað það ástand. Og það ber svo vel í veiði, herra forseti, að fjáraukalög eru hér einhvers staðar á leiðinni í þinginu, einfaldlega vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið að fara út í verulega auknar verklegar framkvæmdir á næstu 18 mánuðum upp á 6.300 millj. kr. Það er vel. En þjóðfélag sem hefur efni á því að spýta í framkvæmdir sem nemur slíkum fjárhæðum hlýtur að geta sett aðeins meiri fjármuni í þann bráða vanda sem snýr að börnunum okkar og ungmennunum sem sum hver eru jafnvel í bráðri hættu. Ég vona að hæstv. ráðherra geti gefið hér aðeins nánari upplýsingar um það hvenær farið verði í þessar aðgerðir. Þær liggja fyrir, að fjölga rúmum, að ráða starfsfólk. Vilji er allt sem þarf.

[15:12]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ekki skal standa á mér að skýra Alþingi frá því til hvaða aðgerða verður gripið. Ég bað þennan starfshóp Landspítalans að skila mér tillögum fljótt vegna þess hve aðkallandi málið er. Ég fékk þær tillögur núna eftir helgina og hef verið að vinna að þeim. Ég hef sagt að mér finnist þær raunhæfar og byggja á raunhæfu mati. Þær kosta fjármuni sem ég þarf að vinna að því að tryggja. Ég get ekki sagt um niðurstöðuna af því á þessari stundu en ég lít þetta mál mjög alvarlegum augum og hef einsett mér að vinna að því eins og mér er unnt.

Það er ljóst að þessar tillögur kosta fjármuni, þær kalla á stofn- og rekstrarkostnað, en eigi að síður er einn liður í þeim þó sem mér er gefið upp að muni jafnvel ekki hafa umtalsverðan kostnað í för með sér, að fjölga rúmum um þrjú. Ég tel einboðið að gera það. Hins vegar er með því ekki nóg að gert. En ég er boðinn og búinn til þess að greina þinginu frá þessum málum og ég þakka þann áhuga sem þingmenn hafa sýnt þeim. Ég met þann stuðning þingsins sem kemur fram í þessari umræðu og þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa málinu.

Flutningur hættulegra efna um jarðgöng.

Fsp. GuðjG, 647. mál. — Þskj. 1051.

[15:14]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Þann 15. desember 2000 samþykkti Alþingi samhljóða þáltill. mína um að settar skyldu reglur um flutning hættulegra efna um jarðgöng en þar segir að í reglunum verði kveðið á um hvort slíkir flutningar skuli leyfðir og þá með hvaða skilyrðum, þ.e. flutningstækjum, ökuhraða, eftirliti og hvort loka skuli göngum fyrir annarri umferð meðan flutningurinn fer fram. Nú eru að verða liðnir 27

mánuðir síðan Alþingi gerði þessa samþykkt og enn bólar ekki á þessum reglum. Hæstv. dómsmrh. skipaði starfshóp í mars 2001 til að fjalla um þessa þál. Starfshópurinn skilaði ekki niðurstöðu fyrr en í októberlok 2002, þ.e. meira en einu og hálfu ári eftir að hann var skipaður. Síðan eru liðnir fjórir mánuðir og eðlilegt að spurt sé hvenær þessara reglna sé að vænta.

Umferð um jarðgöng margfaldaðist með tilkomu Hvalfjarðarganga sem voru opnuð fyrir umferð í júlí 1998. Umferð um Hvalfjarðargöng er miklu meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og eykst ár frá ári. Árið áður en göngin voru opnuð fóru 747 þús. bílar fyrir Hvalfjörð og með Akraborginni. Árið 1999 fór 1.030 þús. bílar um göngin, árið 2000 1.132 þús. bílar, árið 2001 1.233 þús. bílar og árið 2002 1.292 þús. bílar. Umferð um göngin er eðlilega misjöfn eftir mánuðum, frá 50 og upp í 150 þús. bílar.

Sem betur fer hafa ekki orðið alvarleg slys í umferðinni um göngin þó að orðið hafi að loka þeim í örfá skipti vegna minni háttar óhappa. Margir hafa þó áhyggjur af því að eldsvoði í göngunum gæti valdið stórtjóni og horfa þá til þeirra alvarlegu slysa sem orðið hafa af völdum elds í jarðgöngum erlendis á undanförnum árum. Einn eldsvoði ofan í þessum djúpu göngum gæti valdið óbætanlegu tjóni. Þess vegna þarf að stórherða reglur um flutning eldfimra efna um göngin og það er ólíðandi að bensín, gas og önnur hættuleg efni skuli flutt um göngin á sama tíma og umferð er þar mikil. Ég minni á að t.d. á morgnana er mikil umferð um göngin og fjöldi manns sem fer þar daglega til vinnu og í skóla. Það er auðvitað fráleitt að leyfa gas- og bensínflutninga um göngin á sama tíma.

Í nál. samgn. Alþingis í desember 2000 sagði m.a. um tillögu mína, með leyfi forseta:

„Nefndin telur að hér sé um mjög brýnt mál að ræða. Reynslan erlendis hefur sýnt að flutningur hættulegra efna um jarðgöng getur valdið hörmulegum slysum.

Nefndin telur þær reglur sem nú eru í gildi og birtar eru sem fylgiskjal með tillögunni ekki fullnægjandi og að nauðsynlegt sé að setja skýrari og ítarlegri reglur um þessi mál.“

Spurning mín til hæstv. dómsmrh. er: Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um flutning hættulegra efna um jarðgöng sem samþykkt var á Alþingi 15. desember 2000?

[15:17]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr hvað líði framkvæmd þál. um flutning hættulegra efna um jarðgöng sem samþykkt var á Alþingi þann 15. desember árið 2000, en hv. fyrirspyrjandi átti einmitt frumkvæði að þeirri þál. sem mér finnst ástæða til að þakka honum fyrir. Bætt umferðaröryggi á svo sannarlega erindi til okkar allra.

Skipaður var starfshópur til þess að fara yfir málið og gera tillögur um hvaða reglur eigi að gilda um slíkan flutning, eins og nánar var tíundað í þál. Þær tillögur voru sendar formönnum þingflokkanna og tillöguflytjendum en auk þess var skýrslan birt á heimasíðu ráðuneytisins. Starfshópurinn var undir formennsku hv. alþm. Arnbjargar Sveinsdóttur en auk hennar sátu í honum fulltrúar ýmissa stofnana og samtaka sem málið varða.

Starfshópurinn skilaði áliti í nóvember sl. og í því kemur fram að í jarðgöngum, sérstaklega í löngum göngum, eru slys yfirleitt fátíðari en á opnum vegum. Vegna hins lokaða rýmis geta slys, og þá einkum eldsvoðar, hins vegar haft mjög alvarlegar afleiðingar. Hv. fyrirspyrjandi nefndi það sérstaklega í ræðu sinni áðan. Í skýrslunni kemur enn fremur fram að margir hafa bent á að óþarfatakmarkanir á flutningi hættulegra efna skapi aukakostnað fyrir flutningsaðila og þar með neytendur og geti auk þess valdið slysahættu á öðrum leiðum sem flutningunum er beint á í staðinn. Í Hvalfjarðargöngunum voru settar takmarkanir á umferð með auglýsingu lögreglustjórans í Reykjavík í júní 1998. Ekki hafa verið auglýstar neinar takmarkanir á umferð í öðrum jarðgöngum.

Í niðurstöðum starfshópsins er m.a. bent á að verið er að vinna að alþjóðlegum reglum og aðferðum til að bæta öryggi við flutning hættulegra efna um jarðgöng, og eru tillögur þar að lútandi nú til meðferðar hjá hinum ýmsu ríkjum sem að verkefninu hafa komið. Gert hefur verið áhættumatslíkan um Hvalfjarðargöngin, og var m.a. leitað til norsku vegagerðarinnar um aðstoð í því sambandi. Norðmenn hafa mikla reynslu af umferð um jarðgöng. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens kom einnig að því máli en hún hafði áður gert slíkt áhættumat. Það virðist ljóst miðað við niðurstöður þessarar athugunar og þessara athugana að Hvalfjarðargöngin eru örugg þegar litið er til sambærilegra mannvirkja annars staðar. Starfshópurinn taldi að þetta táknaði hins vegar ekki að ástæðulaust væri að huga að frekari öryggismálum í göngunum og lagði til að fylgt yrði þeim tillögum sem ég gat um að væru til meðferðar hjá hinum ýmsu ríkjum sem tóku þátt í alþjóðlega jarðgangaverkefninu. Þessar tillögur eru í nokkrum liðum og er meginefni þeirra að hættulegum farmi verði skipt í fimm flokka og gildi mismunandi reglur um hvern flokk fyrir sig. Sett verði upp sérstök skilti við öll jarðgöng í vegakerfinu þar sem fram kemur hvaða flokka efna er leyft að flytja um viðkomandi göng. Sé um takmörkun að ræða geti hún verið mismunandi innan ársins, vikunnar eða dagsins.

Starfshópurinn leggur til að gert verði áhættumat fyrir öll jarðgöng með nýju áhættumatslíkani, og að ákvörðun um hugsanlegar takmarkanir á flutningi hættulegs farms í þeim verði teknar út frá niðurstöðum þess mats. Þá verði stuðst við ákvarðanalíkan sem OECD er að láta gera til samanburðar áhættu við flutning eftir mismunandi leiðum. Lagt er til að ákveðin skipan gildi um Hvalfjarðargöng sem nánar eru tilteknar í niðurstöðum nefndarinnar. Lagt er til að ákvæði verði sett í reglugerð um flutning á hættulegum farmi og að reglugerð um sektir og önnur viðurlög verði endurskoðuð með tilliti til brota á þeim ákvæðum. Einnig er lagt til að lögreglustjóri geti í samráði við veghaldara sett sérstök skilyrði um flutningstæki, ökuhraða, eftirlit eða lokun ganga fyrir annarri umferð meðan á flutningi hættulegs farms stendur.

Mér gefst ekki tækifæri hér sökum tímatakmarkana til að gera nákvæmari grein fyrir niðurstöðum starfshópsins en ég hef eintak þeirra meðferðis fyrir þá hv. þm. sem áhuga hafa. Niðurstöðurnar eru til skoðunar í dóms- og kirkjumrn. og ég hef ákveðið að samdar verði reglur um flutning hættulegra efna í jarðgöngum sem séu í aðalatriðum í samræmi við niðurstöðurnar.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra þetta svar. Það er auðvitað rétt hjá henni að það skapar aukakostnað fyrir flutningsaðila að fara fyrir Hvalfjörð en ég hef ekki stórar áhyggjur af því. Öryggið kostar einfaldlega peninga og það er ekkert hægt að vorkenna mönnum þó að þeir þurfi að

keyra fyrir Hvalfjörð. Ef við tölum um slysahættu á öðrum leiðum er mjög góður varanlegur vegur fyrir Hvalfjörð sem er sáralítið notaður, og ég held að slysahætta yrði ekki mikil þar. En öryggið kostar peninga og við gerum okkur það ljóst.

Svo ég vitni aðeins í skýrsluna sem hæstv. ráðherra nefndi er ég ekki alls kostar sammála þeim tillögum sem þar koma fram. Efninu er, eins og hún segir, skipt í fimm flokka. Í fyrsta lagi er lagt til að banna með öllu flutninga á eldfimu gasi í tönkum og sprengiefni alla daga vikunnar og allan sólarhringinn sem er auðvitað hið besta mál. Í öðru lagi að mánudaga til fimmtudaga kl. 15–20 falli göngin í c-flokk sem þýðir að þá er bannaður flutningur á eldsneyti í tönkum og tómum tönkum og aðeins leyft að flytja gas í hylkjum. Mér finnst ekki nóg að hafa þetta frá kl. þrjú á daginn á virkum dögum. Eins og ég gat um í fyrri ræðu minni er mikil umferð um göngin á morgnana af fólki sem fer daglega til og frá vinnu og það er ekki viðunandi að þetta fólk skuli fá bensín- og olíubíla í fangið á hverjum einasta morgni. Það er einfaldlega ekki boðlegt öryggisins vegna. Í þriðja lagi er lagt til að á föstudögum frá kl. 10 til kl. 1 eftir miðnætti, á laugardögum frá kl. 7 til kl. 1 eftir miðnætti og á sunnudögum frá kl. 7 til kl. 24 verði göngunum með öllu lokað. Það er út af fyrir sig allt í lagi en athugasemdir mínar við þessa tillögu eru fyrst og fremst um flutningana á virkum dögum. Ég treysti hæstv. dómsmrh. til þess að ganga lengra virku dagana vegna þess að, eins og ég segi, það er ekki boðlegt fyrir skólafólk og vinnandi fólk sem fer þarna á hverjum einasta morgni að mæta þessum stóru bensín- og olíuflutningatrukkum, fyrst og fremst með bensín, en ég treysti hæstv. ráðherra og vona að þessar reglur líti dagsins ljós sem fyrst. Ég treysti henni mjög vel til að gera þær vel úr garði.

Þjálfun fjölfatlaðra barna.

Fsp. ÖJ, 584. mál. — Þskj. 938.

[15:25]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra skal félmrh. fara með yfirstjórn á málefnum fatlaðra og annast stefnumótun og eftirlit með framkvæmd laganna. Í 6. gr. laga um málefni fatlaðra segir að félmrh. skuli annast réttindagæslu fatlaðra, þar á meðal að þeir fái þá þjónustu sem þeir eigi rétt á.

Í landslögum eru skýr ákvæði um réttindi fatlaðra, þar á meðal um rétt barna á leikskólaaldri til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika. Sú þjálfun og aðstoð sem hér getur verið um að ræða er talkennsla, iðjuþjálfun og sjúkraþjálfun.

Nú er það staðreynd að fötluð börn njóta ekki þeirra réttinda sem lögin kveða á um, sums staðar að engu leyti, annars staðar aðeins að hluta til. Dæmi eru um að fötuð börn þurfi að leita í önnur byggðarlög en þau búa í sjálf eftir þeirri sérfræðiþjónustu sem lögboðið er að veita þeim inni á leikskólum. Í öðrum tilvikum hafa aðstandendur barna þurft að leita til sérfræðinga utan leikskólans. Sá kostnaður er því aðeins greiddur að fyrir liggi vottorð frá lækni, en spyrja má hvort fleiri börn en þau sem eru handhafar slíkra vottorða þyrftu ekki á sérfræðiaðstoð að halda. Hvað sem því líður er ljóst að börn sem þurfa á aðstoð að halda eru dæmd til þess að vera á stöðugum þeytingi milli heimila, leikskóla og þeirra sérfræðinga sem veita þeim aðstoðina. Það gefur augaleið að þetta mikla rask hefur í för með sér álag á barnið að ógleymdum aðstandendum þess en það kemur í þeirra hlut að annast flutninga á barni sínu.

Í mörgum tilvikum ættu þeir sérfræðingar sem þjónustuna veita að vera hreyfanlegir og koma til barnsins á leikskólann í stað þess að láta hvert barn ásamt föruneyti koma til sín. Maður hlýtur að velta því fyrir sér hvað valdi þessu, peningasjónarmið eða einhverjir aðrir þættir. Það er nóg lagt á barn sem er fatlað að ekki séu byrðar þess auknar vegna ósveigjanleika í stjórnsýslunni eða í skipulagi, og aftur vísa ég til aðstandenda sem búa við miklu meira álag en fólk gerir almennt í þjóðfélaginu. Kerfið þarf að laga að aðstæðum þessara þjóðfélagsþegna en ekki knýja þá til að laga sig að ósveigjanlegu kerfi.

Nú geri ég mér grein fyrir því að innan kerfisins er starfandi fólk sem allt er af vilja gert til að bæta ástandið. Því hlýtur að gremjast að fjárveitingar séu svo skornar við nögl að ekki sé hægt að sinna lögbundnum skyldum. Spurningar mínar til hæstv. félmrh. eru þessar:

1. Hvernig er háttað eftirlitsskyldu ráðuneytisins með fjölfötluðum börnum til sex ára aldurs með sérstakri skírskotun til almennrar þjálfunar, talkennslu, iðju- og sjúkraþjálfunar?

2. Er aðhald og eftirlit samræmt þegar um marga þjónustuaðila er að ræða?

[15:28]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Í lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, eru ákvæði í II. kafla um stjórn og skipulag við framkvæmd þjónustunnar við fatlaða. Í 3. gr. eru ákvæði um hlutverk ráðuneytisins og skal það annast stefnumótun, gerð heildaráætlana og eftirlit með framkvæmd laganna. Sú þjónusta sem veitt er samkvæmt lögunum og snýr að málefnum barna og fjölskyldna þeirra er skilgreind í IX. kafla, í 17.–23. gr. Þar er m.a. fjallað um þjónustu stuðningsfjölskyldna og skammtímavistunarþjónustu. Framkvæmd þessarar þjónustu er á vettvangi svæðisskrifstofu fatlaðra og hjá þeim sveitarfélögum sem hafa yfirtekið ábyrgð á þjónustunni sem er einstaklingsbundin og ræðst af þörfum viðkomandi barns fyrir þjónustu. Ekki er sérstaklega getið um þjálfun við framkvæmd þessara úrræða í lögunum en þó mun markviss þjálfun eiga sér stað í sérstökum tilvikum þar sem nauðsynlegt er talið að tryggja samræmi í vinnulagi þannig að árangur í þroska glatist ekki.

Segja má að skammtímavistunar- og stuðningsfjölskylduúrræðin hafi öðrum þræði það markmið að styðja við þá viðleitni að fötluð börn geti dvalist eins lengi í foreldrahúsum og kostur er. Til þess að gera þetta kleift er því boðið upp á þessa þjónustu til að létta álagi af foreldrum og bjóða börnum þeirra upp á hvíld eða ef um erfiðar heimilisástæður er að ræða, svo sem um veikindi eða annað álag.

Í XV. kafla laganna er kveðið á um réttindagæslu fatlaðra og skv. 36. gr. er svæðisráði á viðkomandi svæði ætlað það hlutverk að standa vörð um rétt fatlaðra til þjónustu samkvæmt lögunum og öðrum lögum eftir því sem við á. Starfsmönnum sem sinna þjónustunni er lögð rík skylda á herðar samkvæmt þessari grein.

Svæðisráð skipar sérstakan trúnaðarmann á hverju svæði sem hefur það hlutverk að treysta réttindi fatlaðra einstaklinga á heimilum fatlaðra og eru engin sérstök aldursviðmið lögð þar til grundvallar. Trúnaðarmaður hefur því skyldur

gagnvart aldurshópnum 0–6 ára sem dvelur á heimilum sem starfrækt eru samkvæmt lögum, rétt eins og hann hefur skyldur gagnvart öðrum aldurshópum. Svæðisráð hafa síðan skv. 6. gr. laganna það hlutverk að gera tillögur til félmrn. og viðkomandi svæðisskrifstofu um þjónustu og stuðla að samræmingu hennar á svæðinu.

Varðandi eftirlit með talkennslu, iðju- og sjúkraþjálfun gilda því ákvæði laga um leikskóla, nr. 78/1994, og laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990.

Í öðru lagi er spurt: „Er aðhald og eftirlit samræmt þegar um marga þjónustuaðila er að ræða?“ Í námi og starfsþjálfun þeirra fjölmörgu stétta sem koma að þjónustu við fötluð börn er lögð rík áhersla á heildstæð vinnubrögð og samvinnu ólíkra stétta í þjónustunni. Er það metið til grundvallaratriða í þjónustunni til þess að hún nýtist sem best þannig að þeir sem að henni koma vinni samræmt með heildarhagsmuni viðkomandi einstaklings og fjölskyldu hans í huga. Þetta er mjög mikilvægt þegar litið er til þess að fjölfatlað barn þarf oft að sækja þjónustu til margra ólíkra stétta og stofnana.

Sérstök áhersla er lögð í samræmingu og samstarf í starfi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins sem er sú stofnun félmrn. sem annast greiningu og ráðgjöf fjölfatlaðra barna sem og annarra barna með alvarlegar þroskaraskanir. Þverfagleg teymisvinna er það vinnulag sem stöðin starfar eftir og lýsir það sér í því að sérfræðingar Greiningarstöðvarinnar vinna náið saman að greiningu á fötlun og aðstæðum barnsins og leita jafnframt eftir nánu samstarfi við þá aðila sem koma að þjónustu eftir greiningu stöðvarinnar með það að markmiði að skilgreina heildstæða þjónustuáætlun fyrir barnið. Hér getur verið um að ræða opinbera þjónustuaðila, svo sem félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags eða svæðisskrifstofu, heilsugæslu, skóla og leikskóla en einnig sérfræðinga sem starfa sjálfstætt með verktakagreiðslum frá Tryggingastofnun, t.d. sjúkra- og iðjuþjálfa og talmeinafræðinga. Þessir aðilar skipta með sér verkum um framkvæmd þjónustunnar og skilgreina ábyrgð hvers og eins. Við endurmat Greiningarstöðvar og stöðu viðkomandi barns við byrjun skólagöngu er síðan verklag endurskoðað og ný markmið og áætlanir settar. Svipuðum vinnubrögðum er beitt í starfi sérfræðinga svæðisskrifstofa og sveitarfélaga sem hafa tekið að sér þjónustu við fatlaða víða um land.

Í frv. til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem er til meðferðar í hv. félmn. er enn reynt að skerpa ábyrgð hinna ýmsu þjónustuaðila gagnvart börnum en þar er fjallað um skyldur þeirra sem koma að frumgreiningu og eftirfylgd fatlaðra barna auk þess sem lögð er megináhersla á samvinnu allra aðila.

[15:33]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið, yfirlit yfir stöðu þessara mála. Nú langar mig til að reyna að orða spurningu mína á mannamáli og fá svar í samræmi við það.

Við þekkjum það flest sem eigum börn hvað það þýðir þegar börnin okkar veikjast. Þá er álag á heimilið. En þetta gengur yfir. Þeir sem eiga börn með viðvarandi sjúkdóma eða mjög mikla fötlun eru undir álagi hvern einasta klukkutíma, hvern einasta dag allan ársins hring, og þjóðfélaginu ber siðferðileg skylda til að koma til móts við þessar fjölskyldur en líka lagaleg skylda. Í lög hafa verið sett ákvæði sem m.a. kveða á um að börnin eiga rétt á því að njóta þeirrar þjónustu sem ég skírskotaði til í spurningu minni innan veggja leikskólans. Þetta er ekki gert. Lögunum er einfaldlega ekki framfylgt. Í stöku tilvikum eiga fjölskyldurnar kost á að njóta slíkrar þjónustu en þurfa að flytja einstaklinginn, fatlaða barnið sitt, sjálfar til sérfræðingsins. Hann er ekki hreyfanlegur. Hann kemur ekki í leikskólann eins og lögin gera ráð fyrir. Við framfylgjum ekki lögunum. Þess vegna spyr ég: Hvað á að gera til þess að tryggja að þessum lögum sé framfylgt? Það á ekki að þurfa að verða fullt starf fyrir aðstandendur þessara barna, foreldra eða aðra aðstandendur, að reyna að knýja á um að landslögum sé framfylgt gagnvart þessum einstaklingum. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra á mannamáli: Hvað á að gera til þess að tryggja að landslögum sé framfylgt gagnvart þessum einstaklingum?

[15:35]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að í ýmsum tilvikum þarf að fara með barnið á milli sérfræðinga eða milli stofnana. Þessi þjónusta er ekki veitt inni á leikskólanum svo sem væntanlega hefur meiningin í lögunum eða við lagasetninguna. En það er hængur þar á. Það getur verið ákaflega snúið að koma því við, a.m.k. þar sem byggð er dreifð og tilfelli fá, að veita þessa þjónustu. Af praktískum ástæðum (Gripið fram í.) hefur þetta vinnulag verið tíðkað. Ég veit að það gegnir nokkuð öðru máli á höfuðborgarsvæðinu og það getur vel verið að ástæða sé til þess að endurskoða hvort ekki væri eðlilegra að reyna að veita þessa þjónustu meira inni á leikskólunum en gert hefur verið.

Átaksverkefni til að sporna við atvinnuleysi.

Fsp. SJS, 591. mál. — Þskj. 948.

[15:37]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Fyrir nokkru síðan, á nefndadögum þingsins, lagði ég inn fyrirspurn til hæstv. félmrh. í ljósi mjög vaxandi atvinnuleysis, um hvort ríkisstjórnin hygðist stuðla sérstaklega að því að farið yrði út í átaksverkefni til að sporna við vaxandi atvinnuleysi sambærileg þeim sem talsvert var ráðist í um miðjan síðasta áratug og upp úr því þegar atvinnuleysi var einmitt mikið eins og nú háttar til.

Mér er að sönnu ljóst að heimildir eru til staðar til að greiða laun við sérstakar afmarkaðar aðstæður þegar fólk er ráðið af atvinnuleysisskrá til tímabundinna verkefna. En ég varð lítið var við að þessi möguleiki væri notaður auk þess sem hæstv. ríkisstjórn gæti þurft að greiða fyrir slíku með ýmsum hætti, t.d. með auknum fjármunum til að standa þá straum af ýmsu sem þessu tengist.

Þá ber einnig á það að líta, herra forseti, að þær reglur sem í gildi eru um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði til sérstakra verkefna á vegum svæðisvinnumiðlana eru mjög þröngar og þar af leiðandi ekki nema í afar afmörkuðum tilvikum sem menn falla undir þessar reglur. Það er t.d. ljóst að þetta verður að vera alfarið innan umdæmissvæðis vinnumiðlana og á þeirra vegum. Þetta má ekki vera í samkeppni, eins og það er orðað, við annan hliðstæðan atvinnurekstur á landsvísu. Það getur verið ákaflega teygjanlegt. Þetta þarf að vera skýrt afmarkað og tímabundið og ekki ná að jafnaði yfir lengri tíma en sex mánuði og unnið í einu lagi og nota skal vinnuafl á atvinnuleysisskrá í umdæmi svæðisvinnumiðlunar. Þó að þetta líti afar vel út á pappírunum og virðist auðvitað rakið, sem það er, að greiða

frekar upp í launakostnað við verkefni sem ráðist er í til þess að koma þeim á fót — það getur tengst jafnvel nýsköpun í atvinnulífi, upphafi nýs rekstrar o.s.frv. — eru hins vegar þessar reglur mjög takmarkandi. Það hlýtur einnig að þurfa að koma til álita hvort þær þurfi ekki að endurskoða og sömuleiðis hvetja til þeirra með ýmsum hætti.

Nú hefur hæstv. ráðherra haldið blaðamannafund og vakið sérstaka athygli á þessum möguleika og er það vel í sjálfu sér. Ég vil samt spyrja hæstv. ráðherra út í þetta almennt og þá hvaða möguleika hann telji á að þetta nýtist mönnum, hvort jafnvel þurfi að rýmka reglur þannig að þetta komi að meira gagni.

[15:40]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Því miður hefur atvinnuleysi í vetur aukist mun hraðar en áætlanir gerðu ráð fyrir. Um þessar mundir eru rúmir 6.200 einstaklingar skráðir atvinnulausir. Það er um 4% af vinnuaflinu. Nýboðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar og Reykjavíkurborgar um flýtingu opinberra framkvæmda munu fljótt breyta þessari þróun, og stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi munu á næstu árum kalla eftir miklu vinnuafli. Í ljósi atvinnuástandsins hafa Vinnumálastofnun og Atvinnuleysistryggingasjóður að undanförnu aukið mjög framboð vinnumarkaðsúrræða til atvinnulausra en skipulagning þeirra og umsjón er á hendi svæðisvinnumiðlana sem heyra undir Vinnumálastofnun og eru í öllum landsfjórðungum.

Atvinnuleysistryggingasjóður hefur á þessu ári 112 millj. kr. til ráðstöfunar til vinnumarkaðsúrræða og á næstu vikum verður lögð sérstök áhersla á að kynna hin svokölluðu átaksverkefni, sérstök verkefni á vegum svæðisvinnumiðlunarinnar, fyrir stofnunum ríkis og sveitarfélaga og fyrirtækjum í landinu. Það hafa gengið vikulega auglýsingar um þessa möguleika nú í þrjár eða fjórar vikur. Þetta úrræði miðast við að fá stofnanir og fyrirtæki til að ráða til sín starfsfólk af atvinnuleysisskrá til þess að sinna sérstökum verkefnum sem ella hefðu ekki verið unnin. Kynningarbæklingar hafa verið gefnir út um þetta og um önnur úrræði svæðisvinnumiðlana sem dreift verður markvisst til viðskiptavina.

Markmiðið með þessum aðgerðum er að á næstu mánuðum muni um 3.000 manns sem skráðir eru atvinnulausir taka þátt í vinnumarkaðsúrræðum fyrir atbeina svæðisvinnumiðlana. Er þar átt við menntunarúrræði sem svæðisvinnumiðlanirnar standa fyrir, námskeið á frjálsum markaði sem veittur er fjárstyrkur til að sækja, starfsleitar- og hópráðgjafarnámskeið, starfsþjálfunarúrræði hjá fyrirtækjum og átaksverkefni sem verið er að kynna sérstaklega um þessar mundir. Átaksverkefnið er í því fólgið að ef fyrirtæki eða sveitarfélag vill ráða fólk af atvinnuleysisskrá fær fyrirtækið atvinnuleysisbætur sem þessu fólki hefðu annars tilheyrt og bætir síðan við fjármunum til þess að borgað sé eftir töxtum.

Viðbrögð eru þegar farin að aukast og nú liggja nokkrar umsóknir fyrir á svæðisvinnumiðlunum til afgreiðslu. Þá vil ég líka nefna Fjölsmiðjuna sem er undir stjórn Þorbjarnar Jenssonar, fyrrverandi landsliðsþjálfara í handbolta, en hún tekur við unglingum sem eru atvinnulausir, dottnir út úr skóla og vinna sig inn í skóla aftur. Þar fer fram mjög merkileg starfsemi og ágætt samvinnuverkefni sem við eigum við Rauða krossinn. Fyrir utan þau úrræði sem beinlínis er beint að atvinnulausum hefur félmrn. í samvinnu við Atvinnuleysistryggingasjóð lagt til stóraukna fjármuni í starfsmenntun, bæði með starfsemi starfsmenntaráðs félmrn. og með stuðningi við fræðslusjóði verkafólks og sjómanna, Starfsafl, Landsmennt og Sjómennt. Um 70 millj. kr. munu fara í þessi verkefni á þessu ári.

Þessir sjóðir styðja nú margháttaða fræðslustarfsemi sem tvímælalaust styrkir stöðu þeirra á vinnumarkaði sem hennar njóta.

Ég nefndi áðan að ríkisstjórnin hefur þegar ákveðið að flýta þeim verkum sem þegar hafa verið ákveðin og í öðru lagi er leitað samþykktar Alþingis með fjáraukalögum til að ráðast í framkvæmdir fyrir 6,3 milljarða til þess að vinna bug á atvinnuleysi. Þá verður ráðist í stórframkvæmdir á Austurlandi, Kárahnjúkavirkjun, álverksmiðju í Reyðarfirði, Norðlingaölduveitu og stækkun Norðuráls. Hæstv. sjútvrh. hefur sett reglugerð sem á að stuðla að því að afli verði ekki fluttur óunninn úr landi. Þá má geta um viðbrögð sveitarfélaga sem hafa verið mjög myndarleg. Reykjavíkurborg ætlar að framkvæma upp á 3 milljarða, Hafnarfjarðarbær 1 milljarð. Reykjanesbær er með miklar framkvæmdir og allir eru þessir staðir og fleiri reyndar að þessu til að reyna að bæta atvinnuástandið. Þegar þessi verk verða komin í gang má reikna með miklu betra atvinnuástandi þegar kemur fram á sumarið og á næstu árum.

[15:45]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég er eftir atvikum bærilega ánægður með þau, kannski að öllu leyti nema einu, hæstv. ráðherra kom ekki inn á þær reglur sem um þessi átaksverkefni gilda en ég vék aðeins að. Ég vil meina því miður að þær séu það takmarkandi að það geti á köflum torveldað að þetta úrræði nýtist mönnum. En það er vel að vekja á því athygli að það er til staðar og þarna eru möguleikar, meira að segja ákveðnir fjármunir úr að spila til vinnumarkaðsaðgerða eða úrræða, hvað sem það er nú kallað, þessar 112 millj. kr., og það sem mér gengur m.a. til er að vekja athygli á þessum möguleika. Ég hef orðið þess var að mönnum er ekki alls staðar ljóst að þessir möguleikar séu til staðar.

Ég tel reyndar að hæstv. ríkisstjórn hefði átt að tengja við þetta möguleikana á einhverjum stofnstyrkjum eða stuðningi ef tiltekin sérstök verkefni væru þannig vaxin að þeim mætti hrinda af stað með samspili þessa tvenns, þ.e. að ráða fólk sem gengur atvinnulaust á grundvelli þessara svæðisvinnumiðlunarúrræða og að stjórnvöld kæmu jafnframt að því að styrkja slíkar framkvæmdir, hjálpa til í sambandi við stofnkostnað eða hvað það nú væri sem í hlut gæti átt, og þá mætti ná með þessu býsna miklum árangri. Gallinn við þær stórframkvæmdir sem hæstv. ráðherra talaði hér um, bæði flýtingu framkvæmda nú og annað sem í vændum er, er að þar er um tiltölulega einhæf störf að ræða, aðallega fyrir byggingariðnað og verktaka og auðvitað að miklu leyti vélavinnu þannig að upphæðirnar blekkja í þeim efnum. Þar eru ekki endilega á ferðinni jafnmannaflsfrekar framkvæmdir og menn kynnu að ætla. Það er því ástæða til að hafa áhyggjur af því að atvinnuleysi verði áfram viðvarandi um hríð, a.m.k. meðal kvenna, meðal ýmissa sérhæfðra starfsstétta og meðal námsmanna þegar þeir koma út úr skólunum í vor. Af því er veruleg ástæða til að hafa áhyggjur.

[15:47]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að reglurnar eru í ýmsum atriðum nokkuð takmarkandi, og talsvert takmarkandi. Við höfum hugleitt hvort unnt væri að gera þær sveigjanlegri en við rekum okkur á að þær mega ekki

skekkja samkeppni og það er gengið mjög ríkt eftir því í þjóðfélaginu að þær séu ekki samkeppnishindrandi. En það eru mörg verkefni sem hægt er að ráðast í, gagnleg verkefni sem t.d. sveitarfélög geta farið í varðandi umhverfismál og þvílíkt sem e.t.v. hefðu verið látin sitja á hakanum en nú er prýðilegt tækifæri til þess að drífa í.

Varðandi samþættingu stofnstyrkja og þessara átaksverkefna er mögulegt í einhverjum mæli að nota t.d. fjármuni sem ætlaðir eru til þess að efla atvinnustarfsemi kvenna og samþætta það átaksverkefnum. Slíkir möguleikar eru fyrir hendi og ég hvet menn til að reyna að nýta þá möguleika og vera hugmyndaauðugir. Á Bolungarvík var í fyrra eða hittiðfyrra vandræðaástand í atvinnumálum út af gjaldþroti fyrirtækis og það var mjög til fyrirmyndar hvernig Bolvíkingar brugðust við. Þeir sýndu mikla hugkvæmni í því að finna upp verkefni sem hentuðu og komu átaksverkefnum í gang.

Hv. þm. talaði um einhæf störf. Það er dálítið til í því að þetta eru einhæf störf en þó mega menn ekki gera of mikið úr því. Verkin eru undirbúin á skrifstofum í Reykjavík og ekki síður af konum en körlum og margfeldisáhrif þeirra koma auðvitað konum að gagni.

Langtímameðferðarheimili og neyðarvistun.

Fsp. SJS, 629. mál. — Þskj. 1013.

[15:50]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Þetta mál sem hér kemur nú á dagskrá, þ.e. fyrirspurn sem tengist biðlistum eftir langtímameðferðarúrræðum á vegum félmrn. og sömuleiðis fyrirhugaðri stækkun neyðarvistunaraðstöðu á Stuðlum, tengist máli sem var hér fyrr til umræðu, fyrirspurn minni til hæstv. heilbrrh. um ástand þjónustu á barna- og unglingageðdeild og biðlista þar, heilbrigðisráðuneytismegin í kerfinu ef svo má að orði komast. Sumpart eru þessi mál mjög samhangandi þar sem í hlut á staða þeirra ungmenna sem hafa ánetjast fíkniefnum og eru kannski jafnframt að stríða við ákveðin geðræn vandamál, eru á gráu svæði milli kerfa, milli úrræða heilbrrn. og félmrn. eða þeirrar þjónustu sem þessi ráðuneyti bera ábyrgð á.

Ég hef verið að kynna mér ástand þessara mála undanfarnar vikur og eitt af því sem kom upp í hendurnar á mér og ég hafði ekki áttað mig á var að umtalsverð bið væri eftir langtímameðferðarúrræðum á heimilum úti á landi sem heyra undir félmrn. og eru þá sérstaklega sniðin að þörfum þeirra sem þurfa langtímameðferð, verulegt aðhald eða mikinn stuðning og henta þar af leiðandi ekki önnur og opnari úrræði tímabundnari sem kunna að vera í boði og þar sem ekki eru biðlistar. Þess vegna hef ég leyft mér að spyrja hver sé nákvæmlega biðlistinn nú eftir vistun á langtímameðferðarheimilum á vegum ráðuneytisins og hvaða aðgerðir séu fyrirhugaðar í því sambandi til að bæta þar úr. Ég hef ástæðu til að ætla að þar sé um verulega alvarlegan vanda að ræða og biðlista á hverjum séu ungmenni sem í sumum tilvikum eru nánast í bráðri hættu.

Svo í öðru lagi, herra forseti, spurt hvenær verður ráðist í fyrirhugaða stækkun neyðarvistunaraðstöðu á Stuðlum sem samkvæmt upplýsingum sem ég hef undir höndum er í raun og veru löngu sprungin. Í ein þrjú ár hafa áætlanir legið fyrir um að bæta þurfi úr aðstöðunni, byggja þar við eða auka afköst án þess að framkvæmdir hafi hafist. Ég leyfi mér því að inna hæstv. félmrh. eftir þessu.

[15:52]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það eru 16 börn á biðlista núna eftir langtímameðferð og þar af eru sjö búsett í Reykjavík. Önnur sjö eru frá nágrannasveitarfélögunum og tvö eru utan af landi. Meðalbiðtími þessa hóps er tæpir 4 mánuðir en bið eftir langtímameðferð getur verið mjög breytileg, frá nokkrum dögum til níu mánaða í því tilfelli þegar biðin hefur verið lengst.

Til samanburðar má geta þess að fyrir réttu ári síðan, í lok febrúar 2002, voru jafnmargir á biðlista eftir langtímameðferð. Biðtíminn ræðst almennt nokkuð af því á hvaða tíma árs umsóknin berst. Skýringin er sú að endurúthlutun rýma fer aðallega fram frá vori þegar skóla lýkur og fram á haust þegar skóli hefst á ný. Venjulega losna ekki mörg rými á skólaárinu enda er allt gert til þess að komast hjá röskun á skólagöngu barns. Í þessu felst að biðlistinn er venjulega í algjöru lágmarki í september, e.t.v. örfáir einstaklingar, en síðan hlaðast umsóknir upp og ná hámarki í maí. Því er líklegt að þau börn sem nú eru á biðlista þurfi að bíða til vors eða sumars þar sem ekki er búist við að rými losni fyrr en þá. Segja má að aðeins þau börn sem glíma við allra alvarlegasta vandann fái úrlausn á þessu skólaári, en í mjög alvarlegum málum hefur Barnaverndarstofa gjarnan keypt viðbótarrými til að unnt sé að bregðast við vandanum.

Ég vek athygli á að framangreint á við öll langtímameðferðarheimilin á vegum Barnaverndarstofu en ekki við Árvelli þar sem veitt er sérhæfð vímuefnameðferð. Þar hefur yfirleitt ekki verið biðlisti og raunar eru þar laus rými eins og stendur. Barnaverndarstofa hefur yfir að ráða um 70 vistunarrýmum. Í ráðuneytinu hefur verið sérstaklega að þessum málum hugað að undanförnu. Samráðsfundur var haldinn með fulltrúum Barnaverndarstofu, forvarnadeild lögreglunnar og Barnavernd Reykjavíkur í þessari viku. Í ljós hefur komið að sá hópur barna sem eru á biðlista eftir langtímameðferð er börn sem þarfnast mun öflugri meðferðar en þeim býðst á Árvöllum eða hjá SÁÁ. Fíkniefnaneyslan er einungis hluti vandans. Þessi börn eiga mörg hver við verulega hegðunarerfiðleika að stríða og einnig hefur komið í ljós að heimili og foreldrar barnanna eru oft illa í stakk búin til að takast á við vandann, einnig þau heimili sem taka á móti börnum úr langtímameðferð frá Barnaverndarstofu. Það er nauðsynlegt að huga nánar að fjölskyldunum og reyna aðrar leiðir í langtímameðferð.

Það er ljóst að stækkun neyðarvistunarinnar sem farið verður í á þessu ári og ég mun víkja að hér á eftir mun leysa úr bráðum vanda sem blasir við á höfuðborgarsvæðinu. Ef barn á við að stríða verulega hegðunarerfiðleika vegna geðrænna, tilfinningalegra eða annarra vandamála er heimilt að mæla fyrir um sérstaka umönnun og þjálfun á fósturheimili í stað þess að vista barn á meðferðarheimili. Þetta hefur verið nefnt „styrkt fóstur". Barnaverndarstofa og barnaverndarnefndir skipta með sér kostnaði vegna þessara fósturmála. Búast má við að þessi fóstur geti í einhverjum tilfellum komið í staðinn fyrir vistun á langtímameðferðarheimili, en það tekur töluverðan tíma að þjálfa fósturforeldra til þess að taka að sér þessi vandasömu verkefni. Alls eru í kringum 250 börn á hverjum tíma í fóstri fyrir milligöngu Barnaverndarstofu

og hluti þeirra sem eru í tímabundnu fóstri á við veruleg vandamál að glíma.

Það hefur verið ákveðið að Barnaverndarstofa fari af stað með undirbúning að tilraunaverkefni sem kallast MST, Multi Systematic Training. Um er að ræða uppeldis- og þjálfunarprógramm þar sem barnið og öll fjölskyldan fær ríkan stuðning frá sérfræðingateymi sem segja má að taki fjölskylduna í gjörgæslu í um það bil sex mánuði. Þetta er lausn sem gæti vel komið í stað vistunar á meðferðarheimili og reynst a.m.k. jafn vel og eftir atvikum betur. Það hefur hún gert hjá sumum nágrannaþjóðum þar sem þessi aðferð hefur verið prófuð. Í grófum dráttum tekur teymi 3–5 starfsmanna, t.d. félagsráðgjafi, sálfræðingur og læknir, eftir því sem við á, að sér að styðja fjölskylduna. Starfið er að verulegu leyti inni á heimili unglingsins en einnig annars staðar, m.a. í sambandi við samskipti kennara, lögreglu og nágranna. Kostnaður er allverulegur en líklega eitthvað lægri en vistun á meðferðarheimili. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur mun koma að þessu verkefni með Barnaverndarstofu og hafa þeir aðilar hafið undirbúningsvinnu. Það er unnið að stofnun nýs meðferðarheimilis fyrir börn með alvarlega hegðunarerfiðleika, en með stofnun þess munu bætast við 5–6 vistunarrými. Raunar var í fyrra lokað meðferðarheimili á Skjöldólfsstöðum vegna þess að vistun var ekki fyrir hendi.

Ég verð, herra forseti, að geyma að fjalla um stækkun Stuðla þangað til í síðara svari mínu.

[15:58]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og ég vil taka það skýrt fram að ég veit af samskiptum við starfsmenn á þessu sviði, bæði hjá Barnaverndarstofu og Félagsþjónustu, og sama mætti segja um barna- og unglingageðdeild og marga aðra sem að þessum málum koma, að þar er fólk undantekningarlaust allt af vilja gert til að leysa úr málum. Vandinn er bara ósköp einfaldlega sá að kerfið annar ekki ástandinu. Það er sprungið, bæði heilbrigðisráðuneytismegin og félagsmálaráðuneytismegin. Það má kannski segja að vandinn hafi ekki versnað ef hann er mældur í biðlistum eða öðru slíku á sviði hæstv. félmrh. en við höfum heldur ekki náð árangri í að vinna þá upp. Þetta ástand sem hæstv. ráðherra lýsti mjög vel, og birtist m.a. í því að heimilin tengjast skólaárinu á þann hátt að það losnar sjaldan pláss frá hausti og fram á vor, er ávísun á það að ungmenni sem lenda í vanda sem kannski greinist síðsumars eða að hausti þurfa að bíða lengi eftir úrræði. Ég þekki einmitt til slíkra tilvika þar sem foreldrar hafa leitað til mín. Vandinn jafnvel versnar dag frá degi þangað til svo er komið að sjálfsvígstilraunir hafa verið reyndar og gripið hefur verið til alls konar bráðabirgðaúrræða í framhaldinu, skammtímavistunar o.s.frv., en langtímaúrræðin sem mælt er með eru þá ekki í boði fyrr en aftur að vori eða þegar komið er fram á sumar. Þarna getur myndast millibilsástand í 6–9 mánuði og þannig held ég að það megi ekki vera.

Nú er ég ekki endilega talsmaður þess að eingöngu eigi að horfa á vistunarúrræði í þessum efnum. Það er þó alveg ljóst, herra forseti, og um það ber mönnum saman, að í vissum tilvikum er það eiginlega það eina sem hægt er að mæla með þegar svo er komið að ungmennin eru jafnvel í bráðri hættu og opnari úrræði duga ekki, eins og Árvellir sem hæstv. ráðherra nefndi, en menn þurfa á stuðningi, aðstoð og aðhaldi að halda sem er þá fyrst og fremst í boði við þessar aðstæður á heimilunum þar sem sálfræðiþjónusta er á bak við og annað í þeim dúr. Ég held þess vegna að það sé ekki hægt að bjóða upp á annað en að reka þetta kerfi þannig að einhver pláss séu til staðar eða sem hægt sé að opna upp nánast fyrirvaralaust þegar neyðarástand skapast. Það er ekki hægt að segja við foreldra sem hafa tekið öll þessi erfiðu spor og reynt skammtímaúrræðin, hafa jafnvel búið við það að börnin þeirra eru vistuð á fullorðinsgeðdeildum af því að þau eru sjálfum sér hættuleg o.s.frv., að þau verði bara að bíða til vors og þá sé von um að pláss losni. Ég hvet hæstv. ráðherra eindregið til þess og ég veit að hann vantar ekki viljann til að fara þarna í frekari aðgerðir, drífa í að opna heimili eða kaupa viðbótarpláss. Hér á að fara að taka til afgreiðslu fjáraukalög og ég er viss um að hæstv. ráðherra á allan stuðning þingmanna til þess að taka þar inn fjárveitingar.

[16:01]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það var meiningin með þjónustusamningnum við Árvelli og þjónustusamningnum við SÁÁ að það væri sveigjanleiki og að hægt væri að grípa til úrræða og vista ungmenni fyrirvaralaust og það er hægt. En staðan er reyndar þannig nú að það er metið svo að sumt af þessum börnum sé í það vondu ástandi að þau úrræði passi ekki og er reyndar búið að prófa a.m.k. sum þeirra á þessum stöðum og þau hafa gengið í burtu. Þess vegna erum við að undirbúa að koma upp nýju meðferðarheimili og síðan líka að stækka neyðarvistunina á Stuðlum.

Ríkisstjórnin veitti sumarið 1999 70 millj. til að koma á laggirnar sameiginlegri bráðamóttöku fyrir Barnaverndarstofu og barna- og unglingageðdeild Landspítalans. Það tókust ekki samningar við Landspítalann vegna þessara áforma. Niðurstaðan varð sú að stækka neyðarvistun á Stuðlum annars vegar og fjölga bráðarýmum hjá barna- og unglingageðdeild Landspítala hins vegar. Gerður var sérstakur þjónustusamningur við Landspítalann sem m.a. kvað á um síðarnefnda atriðið, en samkvæmt honum fóru 40 millj. til þess verkefnis, þ.e. til Landspítalans. Í ljós kom að byggingarkostnaður vegna nauðsynlegrar viðbyggingar á Stuðlum reyndist hærri en gert hafði verið ráð fyrir eða um 65 millj. Barnaverndarstofa þurfti því að fresta fyrirhuguðum byggingarframkvæmdum þar til safnast hefði fyrir þessum framkvæmdum. Fyrir skömmu var ákveðið að stækka neyðarvistunina á Stuðlum og verður beiðni send samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir um að bjóða verkið út á næstu dögum, en það er verið að uppfæra kostnaðaráætlun. Því miður reyndist samningurinn við BUGL ekki eins gagnlegur og við höfðum vonast eftir og Barnaverndarstofa telur sig ekki hafa fengið þá þjónustu sem við héldum að við værum að greiða fyrir. Ég vil líka nefna að við erum að fara í svokallað Foster Pride-verkefni sem er til að þjálfa fósturforeldra.

Framkvæmd laga um leikskóla.

Fsp. ÖJ, 585. mál. — Þskj. 939.

[16:04]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Í leikskólalögum er kveðið á um réttindi leikskólabarna og jafnframt eru skýr ákvæði um að menntmrh. hafi lögbundna eftirlitsskyldu með leikskólum. Í 3. gr. laganna segir, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til. Það gætir þess að farið sé eftir ákvæðum sem lög þessi og reglugerð með þeim mæla fyrir um, sbr. 6. gr.“

Í 15. gr. laganna eru skilgreind réttindi fatlaðra barna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Börn á leikskólaaldri, sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eiga rétt á henni innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga.“

Nú er ljóst að þessu ákvæði er ekki fullnægt innan leikskólans eins og þessi tæplega tíu ára gömlu lög frá 1994 kveða þó á um. Foreldrar fatlaðra barna hafa þurft að leita út fyrir veggi leikskólans með ærinni fyrirhöfn og miklu álagi á þau börn sem í hlut eiga. Fjölskyldan er dæmd til þess að vera á stöðugum þeytingi milli heimilis síns, á milli leikskólans og viðkomandi sérfræðings.

Í 6. gr. leikskólalaganna er sérstaklega vikið að gæðaeftirliti í starfsemi leikskólans og sú skylda sett á menntmrh. að setja reglugerð um öryggi barna og aðbúnað. Reglugerð með lögunum var sett í apríl árið 1995 og breytingar gerðar á henni árið 2002. Við lestur á þessum gögnum kemur fram að ráðuneytið skuli kalla eftir skýrslugerð en mér virðist minna fara fyrir eftirfylgni við að lögunum sé að fullu framfylgt og horfi ég þar sérstaklega til fatlaðra barna. Hér vísa ég í 14., 15. og 16. gr. reglugerðarinnar en þar er m.a. fjallað um gæðaeftirlit og skýrslugerð margvíslega. En ég staðnæmist við 22. gr. reglugerðarinnar sem mér sýnist vera í hreinni andstöðu við sjálfan lagatextann því þar segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Telji leikskólastjóri, leikskólakennari og forsjáraðilar að barn þarfnist sérstakrar aðstoðar eða þjálfunar til að geta notið leikskóladvalar sem best, ber þeim að hafa samráð um hvort unnt sé að leysa málið innan leikskólans og/eða hvort leitað skuli til ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu. Verði aðilar sammála um að leita eftir slíkri þjónustu, er leikskólastjóra skylt að hafa þar forgöngu.“

Þarna eru þessi lagaákvæði orðin að samningstexta. Spurningar mínar til hæstv. menntmrh. eru eftirfarandi, með leyfi forseta:

„1. Hvernig hefur verið háttað eftirliti ráðuneytisins með framkvæmd laga um leikskóla, nr. 78/1994, með sérstöku tilliti til 15. gr. laganna þar sem kveðið er á um rétt fatlaðra barna til aðstoðar og þjálfunar innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga?

2. Hefur þessu lagaákvæði verið fullnægt?“

[16:07]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir fyrirspurnina. Leikskólar eru alfarið reknir af sveitarfélögum og er það á ábyrgð þeirra að lögum um þá, nr. 78/1994, sé framfylgt. Samkvæmt 3. gr. leikskólalaga ber menntmrn. hins vegar að gæta þess að ákvæðum laganna og reglugerðar með þeim sé framfylgt, sbr. 6. gr. laganna. Í reglugerðinni er m.a. að finna nánari útfærslu á gæðaeftirliti menntmrn. með framkvæmd laganna, m.a. með þeim lagaákvæðum sem fjalla um rétt barna í leikskólum til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar.

Í reglugerðinni er kveðið á um þætti sem varða húsnæði og starfsmannahald í leikskólum með sérstöku tilliti til fatlaðra barna sem þar dvelja, um aðstoð og þjálfun, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu leikskóla og starfssvið hennar m.a. Ráðuneytið sinnir eftirlitshlutverki sínu í samræmi við reglugerðina og fullnægir þannig eftirlitsskyldu sinni.

Í nóvember 1997 var gerður samningur milli Hagstofu Íslands og menntmrn. um öflun tölulegra upplýsinga um skólamál. Markmið samningsins er m.a. að styrkja hagsýslugerð um skólamál í þeim tilgangi að fá tölulega yfirsýn yfir alla helstu þætti skólamála sem nýtist til eftirlits og ákvarðanatöku. Hvað varðar leikskólastigið ber Hagstofunni m.a. að afla upplýsinga um fjölda barna á leikskólum, um fjölda barna eftir aldri og kyni og fjölda barna sem njóta sérstaks stuðnings, en með sérstökum stuðningi er átt við börn sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika fá sérstaka aðstoð eða þjálfun undir handleiðslu sérfræðinga.

Í þessu sambandi vil ég enn fremur benda á ákvæði í lögum um grunn- og framhaldsskóla sem kveða á um að ráðuneytinu beri að gera Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í grunn- og framhaldsskólum á þriggja ára fresti. Skýrslu um grunnskólann var dreift á Alþingi í janúar sl. Það er umhugsunarefni hvort þörf sé á að slík ákvæði séu sett í lög um leikskóla til að tryggja að sambærilegar upplýsingar liggi fyrir um leikskólahald.

Samkvæmt 26. gr. reglugerðar um starfsemi leikskóla skal menntmrn. láta gera úttekt og mat á a.m.k. einum leikskóla á hverju ári. Mati þessu er ætlað að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla. Utanaðkomandi aðili leggur mat á stjórnun, innra starf, aðstöðu, samskipti innan skóla og við aðila utan skólans, þjónustu við nemendur og starfsfólk, þróunarstarf og umbætur í skólastarfi. Ráðuneytið hefur frá árinu 1998 látið gera úttekt á tíu leikskólum eða tvær á ári, í fjórum leikskólum í Reykjavík, einum í Kópavogi, einum á Dalvík, einum á Hólmavík, einum í Grindavík, einum í Reykjanesbæ og einum í Árborg. Leiði úttektir í ljós að úrbóta sé þörf óskar ráðuneytið eftir að úr verði bætt með bréfi til viðkomandi sveitarfélags.

Menntmrn. fylgist með því að úrbætur séu gerðar og aflar upplýsinga um hvernig sveitarfélögin standa að þessum úrbótum. Með útgáfu aðalnámskrár fyrir leikskóla 1999 var lagður stefnumótandi rammi um uppeldisstörf í leikskólum sem byggist á markmiðslýsingu laga um leikskóla og reglugerðar um starfsemi leikskóla. Ég mun koma nánar inn á þetta ef tími minn er búinn nú.

(**Forseti** (ÁSJ): Tíminn er ekki búinn.)

Tíminn er ekki búinn. Ég tók eftir því að hér blikkaði ljósið.

(**Forseti** (ÁSJ): Það eru mistök.)

Þá skal ég halda áfram umfjöllun minni. Í aðalnámskránni er fjallað sérstaklega um börn með sérþarfir. Leikskólunum ber að taka tillit til barns sem á einhvern hátt er fatlað eða með tilfinningalega eða félagslega erfiðleika og veita því þá þjónustu sem þörf er á hverju sinni til að vega upp á móti þeirri hömlun sem fötlunin setur því. Sama gildir um heyrnarlaust, heyrnarskert, blint eða sjónskert barn. Hvert og eitt barn þarf að fást við viðfangsefni við sitt hæfi. Leikskólanum ber að gæta þess að barn aðlagist vel þeim barnahóp sem fyrir er í leikskólanum og barnið einangrist ekki heldur njóti eðlilegra félagslegra tengsla.

Í ráðuneytinu er að fara af stað vinna við að móta verklag við úttektir á aðalnámskrám skólastiganna sem tóku gildi 1999, þar með talinni aðalnámskrá leikskóla. Í þeim úttektum gefst tækifæri til að skoða hvernig lögunum er framfylgt

m.a. er varðar réttindi fatlaðra barna til aðstoðar og þjálfunar innan leikakólans undir handleiðslu sérfræðinga.

Að lokum vil ég nefna að starfandi er samráðsnefnd um leikskóla sem í eiga sæti fulltrúi frá ráðuneytinu, fulltrúi frá Félagi leikskólakennara, fulltrúi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og fulltrúi frá Eflingu, stéttarfélagi. Þessi nefnd er umræðu- og samstarfsvettvangur um ýmis fagleg málefni leikskóla, vettvangur fyrir samráð og umræður þar sem tekin eru fyrir einstök mál, skipst á skoðunum, veittar upplýsingar og reynt að finna ýmsum úrlausnarefnum réttan farveg.

Ég vil að lokum geta þess þau örfáu sekúndubrot sem ég á eftir að í þeim úttektum sem fram hafa farið þá minnist ég þess ekki að komið hafi fram verulegir annmarkar á þjónustu við fötluð börn nema í tveimur tilfellum. Það var þá aðstöðuleysi og upplýsingum um það og beiðni um úrbætur var beint til þeirra sveitarfélaga sem í hlut áttu.

[16:12]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þetta er eitt bírókratískasta svar sem ég hef heyrt hæstv. menntmrh. gefa á Alþingi vegna þess að spurningin fjallaði um rétt fatlaðra barna á aðstoð og þjálfun innan leikskólans. Ég vil geta þess að þó svo að menn séu óskaplega duglegir að búa til tölulegar staðreyndir og gefa okkur tölulega statistík, hagsýslulega statistík, gera úttektir, koma af stað umræðum og samstarfshópum, þá eru aðgerðir í þessum málaflokki nákvæmlega það sem við þurfum.

Á málþingi Félags heyrnarlausra í síðustu viku kom fram að verulegir annmarkar eru á þjónustu við heyrnarlaus börn á leikskólunum og ástæðan fyrir því er kannski ekki hvað síst sú staðeynd að íslenska táknmálið nýtur ekki þess réttar sem eðlilegt verður að teljast að það njóti og það hefur nánast gleymst í námskrá leikskólastigsins þannig að heyrnarlaus börn á leikskólaaldri fá alla vega ekki þá þjónustu sem þau ættu að eiga rétt til.

[16:14]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. menntmrh. fyrir svar hans. Hann vísar í kannanir og gæðaeftirlit sem fram fari og hvað hafi komið þar fram. Ég vil beina því til hæstv. menntmrh. að nú verði sérstaklega kannað hvort það sé rétt sem hér hefur komið fram í máli mínu, að lögum sé ekki framfylgt varðandi fötluð börn í leikskóla og að að ekki sé nægilega mikið kapp lagt á að framfylgja þessum lögum. Ég hef bent á það að í stað þess að þvinga foreldrana eða aðstandendur barnsins til að taka barnið til sérfræðings þá þurfi sérfræðingurinn að koma á staðinn. Þetta á að gera lögum samkvæmt. Reyndar finnst mér undarleg mótsögn í lagatextanum annars vegar og reglugerðinni hins vegar eins og ég vék að áðan og spyr hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki sammála mér um það.

Nú setjum við í lög ákvæði um margvísleg réttindi og hér erum við að tala um réttindi fatlaðra barna. Mér finnst áhyggjuefni að það skuli kosta foreldra og aðstandendur nánast fullt starf að sjá til þess að þessum lögum sé framfylgt, að samfélagið standi við fyrirheit sín og lögboðnar kvaðir. Það kom fram á ráðstefnu sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð efndi til fyrir fáeinum vikum um félagsþjónustu að það væru fyrst og fremst þeir sem ættu sterka, duglega og trausta aðila á bak við sig sem nytu þeirra félagslegu réttinda sem væru lögboðin. Mér finnst þetta áhyggjuefni og mér finnst skorta á samráð innan stjórnsýslunnar til þess að tryggja að fólk fái notið þeirra réttinda sem eru lögboðin.

[16:16]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Mér finnst frekar dapurlegt að umræður á Alþingi skuli snúast út í útúrsnúninga eins og þá sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir beitti hér. Hún talar um bírókratískt svar við þessari spurningu. En svarið er miðað við spurninguna sjálfa. Það er spurt um hvernig háttað sé eftirliti og hvort lagaákvæðinu um eftirlit hafi verið fullnægt. Ég veitti upplýsingar um með hvaða hætti þessu eftirliti er fullnægt. Ég gaf upplýsingar um hvaða lágmarkseftirliti lagaákvæðið greinir frá og hvernig menntmrn. hefur framkvæmt þetta, þ.e. að eftirlitið hefur verið langt umfram það sem lágmarkið segir til.

Ég gat þess einnig að þar sem athugasemdir kæmu fram af hálfu þeirra sem með eftirlitið fara er þeim athugasemdum komið til skila til sveitarfélaganna. Því er fylgt eftir að úr sé bætt. Ég vil taka fram að berist ráðuneytinu upplýsingar um að lögum sé ekki framfylgt mun það að sjálfsögðu fara yfir þau mál.

Ég vil ekki taka beinlínis undir það hér að í texta reglugerðarinnar og laganna sé ósamræmi. Ég hlýddi á þennan lestur hv. þm. Mér sýnist rétturinn ótvíræður í lögunum en að í reglugerðinni sé verið að tala um framkvæmd málsins. Ég vil ekki hér og nú taka undir þá fullyrðingu hv. þm. að þar sé ósamræmi. En það er sjálfsagt að fara yfir það og skoða það. (**ÖJ:** Og framkvæmdina.) Og framkvæmdina að sjálfsögðu líka.

[Fundarhlé. — 16:18]

[18:00]

Útbýting þingskjala:

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 475. mál, svar landbrh., þskj. 1092.

Kröfur ríkisins um þjóðlendur, 673. mál, fsp. KPál, þskj. 1096.

Starfslokasamningar hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli, 672. mál, fsp. KPál, þskj. 1095.

Innihaldslýsingar á matvælum.

Fsp. ÞBack, 640. mál. — Þskj. 1037.

[18:01]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Tilefni þessarar fyrirspurnar var þáttur á ríkisútvarpinu, á Rás 1, viðtal við Ara V. Axelsson, sérfræðing í ofnæmissjúkdómum og Svövu Líf Edgarsdóttur, sérfræðing á matvælasviði Umhverfisstofnunar. Þessir sérfræðingar ræddu báðir um merkingar á matvælum, m.a. út frá hættunni af ofnæmi sem er nokkuð algengt, sérstaklega hjá börnum. Matvælaofnæmi er algengasta ofnæmið hjá börnum og unglingum og því mjög mikilvægt að hafa merkingar á öllum umbúðum á matvælum það skýrar að þeir sem þurfa á að halda geti lesið sér til og verið vissir um innihald þeirra matvæla sem þeir neyta. Þetta á sérstaklega við um börnin sem eru mjög viðkvæm.

Í þessu viðtali kom fram að við stöndum okkur ekki eins vel og aðrar Norðurlandaþjóðir hvað varðar merkingar á matvöru. Ég tel að við þurfum að bæta úr því.

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á því að innihaldslýsingar á matvælum séu í lagi og heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaganna eiga að annast eftirlitið. Ég veit að nýlega hefur verið dreift upplýsingum til verslana til að vekja starfsfólk verslana til umhugsunar um þessi efni. En það er ekki nóg gagnvart neytendum.

Það þarf að brýna íslensk matvælafyrirtæki, sérstaklega þau sem eru að hefja framleiðslu, til að hafa nákvæmar innihaldslýsingar á vöru sinni. Eins er mjög mikilvægt, eftir því sem fram hefur komið, að hafa áhrif á að breyta reglum Evrópusambandsins sem við erum beygð undir, þ.e. að undanskilja ekki innihaldslýsingu á vörutegundum sem ná ekki fjórðungi af magni vörunnar.

[18:04]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er spurt:

„Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa svo að sambærilegur árangur náist hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum varðandi innihaldslýsingar á matvælum?"

Því er til að svara að löggjöf og reglur um merkingar matvæla hér á landi eru almennt með sama hætti og á hinum Norðurlöndunum. Þær byggjast á reglum EES þar að lútandi. Samkvæmt lögum er það á ábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila að matvæli uppfylli ákvæði laga og reglna um matvæli. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga fer með eftirlit í matvælafyrirtækjum um land allt og er það m.a. í hlutverki heilbrigðisfulltrúa að fylgjast með að innihaldslýsingar á umbúðum séu í samræmi við innihald matvæla. Umhverfisstofnun hefur yfirumsjónar- og samræmingarhlutverki að gegna við matvælaeftirlit í landinu.

Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafa nýlega látið útbúa einblöðung til neytenda þar sem fram koma helstu upplýsingar varðandi merkingar á matvælum eins og hér kom fram í máli fyrirspyrjanda. Þessu kynningarspjaldi var dreift í helstu verslanir í landinu í byrjun ársins og var ætlunin með því m.a. að virkja neytendur í eftirliti með umbúðamerkingum á matvælum. Umhverfisstofnun, áður Hollustuvernd ríkisins, hefur í gegnum tíðina skipulagt samræmt eftirlitsverkefni, sem tekur á ýmsum atriðum er varðar merkingar á matvælum.

Af verkefnum sem lúta sérstaklega innihaldslýsingum má nefna samræmt eftirlitsverkefni um aðgengi neytenda að upplýsingum um innihaldsefni á brauðvörum í bakaríum sem unnið var á síðasta ári. Samkvæmt niðurstöðum sem fengust úr verkefninu virtist aðgengi neytenda að upplýsingum almennt vera í góðu lagi.

Í haust er gert ráð fyrir samræmdu eftirlitsverkefni þar sem kjötvinnslur verða heimsóttar og innihaldslýsingar og næringargildismerkingar á umbúðum kjötvöru sannreyndar.

Nýverið fékk Umhverfisstofnun ábendingu um að matvælaframleiðendur gættu í mörgum tilvikum ekki að því að tilgreina aukaefnið MSG, eða E621, á umbúðum matvæla. Um er að ræða bragðaukandi efni sem er þekktur óþolsvaldur og heimilt að nota í flestöll matvæli samkvæmt reglum sem gilda í Evrópu um aukaefni í matvælum.

Reglur hér á landi um umbúðamerkingar á matvælum eru samræmdar reglum Evrópusambandsins eins og ég nefndi áður. Í reglunum er að margra mati að finna gloppu er varðar merkingar á samsettum innihaldsefnum í matvælum, þ.e. að ekki er nauðsynlegt í öllum tilvikum að merkja öll innihaldsefni þegar samsett innihaldsefni eru notuð í matvæli, ef samsetta innihaldsefnið er undir 25% af þyngd vörunnar. Mikið hefur verið deilt um þetta í Evrópu á síðustu árum enda þjónar þetta illa þeim einstaklingum sem haldnir eru ofnæmi og óþoli fyrir tilteknum innihaldsefnum. Evrópusambandið hefur í hyggju að bæta úr þessum vanköntum á merkingarreglugerð og taka meira tillit til þeirra hópa sem þurfa að fylgjast grannt með mataræði sínu vegna óþols eða ofnæmis. Hefur m.a. verið rætt um að afnema hina svokölluðu 25% reglu.

Umhverfisstofnun mun leggja á það sérstaka áherslu í eftirlitsverkefnum að skoða innihaldslýsingar hjá matvælafyrirtækjum með tilliti til óþols og ofnæmisvaldandi efna. Umhvrn. hefur fylgst grannt með þróun þessara mála í Evrópu á undanförnum árum og er þeirrar skoðunar að merkingar hér á landi séu að fullu í samræmi við reglur á hinum Norðurlöndunum og í þeim löndum sem eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Matvælafyrirtæki, ekki síst þau sem starfa á alþjóðamarkaði, standa sig í flestum tilfellum vel í að uppfylla reglur um merkingar.

Virðulegur forseti. Ég tel að matvælamerkingar hér á landi séu í heildina góðar og að við förum eftir settum reglum. Að vísu hefðum við gjarnan viljað merkja erfðabreytt matvæli hraðar en okkur hefur tekist. Það hefur hins vegar ekki náðst inn í EES-samninginn, að vissu leyti vegna afstöðu Norðmanna. Núna er verið að skoða nýjar reglur í Evrópusambandinu varðandi merkingar á erfðabreyttum matvælum og við höfum nýlega sett niður nefnd til að skoða það. Í þeirri nefnd er m.a. fulltrúi Neytendasamtakanna. Þar er skoðað með hvaða hætti við getum brugðist við til að merkja matvöru eftir því hvort hún er erfðabreytt eða ekki þannig að fólk sé upplýst og geti valið hvaða matvöru það vill neyta.

En ég vil taka undir meginmál hv. fyrirspyrjanda, Þuríðar Backman. Það er mikilvægt fyrir neytendur að matvörur séu vel merktar.

[18:09]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin. Það er ánægjulegt að heyra að lög og reglugerðir okkar séu með sama hætti og á hinum Norðurlöndunum, þ.e. samkvæmt tilskipunum Evrópusambandsins. Þá hlýtur þessi ábending að eiga við það sem ég benti á áðan, framkvæmd laga og reglugerða og möguleika okkar til að fylgja henni eftir og hafa eftirlit með að lögunum sé framfylgt.

Þetta á við um kjötvörur, sérstaklega þegar notað er þriðja kryddið en það krydd er töluverður ofnæmisvaldur. Hið sama á við um eggjaduft sem gjarnan er notað í matvöru og kemur ekki í öllum tilfellum fram í innihaldslýsingu. Egg eru sömuleiðis ofnæmisvaki.

Það gladdi mig að heyra að hæstv. ráðherra nefndi erfðabreytt matvæli, að áhugi væri fyrir að merkja þau. Ég vona að hægt verði að koma því á hið fyrsta.

En ég legg ríka áherslu á að umhvrn. sinni vel þessum málaflokki. Þeim sem eru haldnir ofnæmi er í raun sama um hvort ástæðan er lög eða reglugerðir, eftirlitið eða framleiðandinn. Ofnæmið fá þeir eftir sem áður og það er mikilvægt að geta a.m.k. getið lesið sér til um efnisinnihaldið.

[18:11]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Umhverfisstofnun mun leggja áherslu á eftirlitshluverk sitt við að skoða innihaldslýsingar hjá matvælafyrirtækjum með tilliti til óþols- og ofnæmisvaldandi

efna. Margir hafa óþol gagnvart ýmsum efnum og því eðlilegt að þeir vilji sneiða þá hjá slíkum matvælum.

Varðandi erfðabreyttu matvælin taldi ég á sínum tíma að við hefðum getað farið hraðar í að merkja erfðabreytt matvæli. En miðað við stöðuna í Evrópusambandinu hefur það ekki tekist. Ég bind hins vegar miklar vonir við þá nefnd sem við höfum skipað til að fara yfir þetta mál, en fyrir utan fulltrúa frá Neytendasamtökunum er þar líka fulltrúi frá Umhverfisstofnun, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum iðnaðarins, landbrn. og frá Manneldisráði Íslands.

Ég tel mikilvægt fyrir neytendur að búa við góðar merkingar og að í framtíðinni verði gerðar kröfur um að matvörur verði merktar þannig að fólk geti sneitt hjá þeim efnum sem það hefur ofnæmi fyrir. Það hefur aukist talsvert í seinni tíð að fólk hafi ofnæmi fyrir alls konar efnum, ekki bara í matvælum, heldur líka í snyrtivörum. Ýmsir sem hafa ofnæmi fyrir ákveðnum efnum hafa keypt sér bæði mat og snyrtivörur en ekki getað notað vöruna vegna ofnæmis. Ég fagna því að þessu máli hafi verið hreyft hér.

Úttekt Ríkisendurskoðunar á starfsemi Löggildingarstofu.

Fsp. ÞBack, 646. mál. — Þskj. 1043.

[18:13]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Nú nýlega lauk Ríkisendurskoðun úttekt á starfsemi Löggildingarstofunnar. Niðurstöður þeirrar úttektar hafa að hluta til ratað í fjölmiðla. Greinilegt er að þar er nokkur vinna fram undan við að fara yfir það mál. Ég ætla í sjálfu sér ekki að taka upp stöðu Löggildingarstofunnar út frá þeim hugsanlegu kæruatriðum eða brotum sem þar kunna að hafa verið framin. Ég óska eftir því að hæstv. iðnrh. gefi þinginu upplýsingar um viðbrögð hennar við þessari úttekt og um hver staða Löggildingarstofunnar er í raun í dag. Hverjar eru framtíðarhorfur þessarar stofnunar?

Fram hefur komið að stjórn Löggildingarstofunnar lagði til í júní að stofnunin yrði hreinlega lögð niður. Ég veit ekki til þess að verið sé að vinna að því enda þarf starfsemi þessarar stofnunar að halda áfram og á mörgum sviðum að eflast, t.d. rafmagnseftirlitið. Ég tel að nú um stundir sé staða Löggildingarstofunnar mjög veik, ekki bara fjárhagslega heldur skortir hana möguleika á að sinna verkefnum sínum auk þess sem starfsfólk stofnunarinnar býr við mikla óvissu.

Ég tel mikilvægt að tryggja þá starfsemi sem Löggildingarstofan annast í dag, að þeirri starfsemi sé áfram tryggður rekstrargrundvöllur. Þar hef ég sérstaklega hag rafmagnseftirlitsins í huga. Samkvæmt þeim skýrslum sem komið hafa frá þeirri deild er rafmagnseftirlitið í raun í molum. Þær úttektir sem gerðar hafa verið virðast a.m.k. mjög alvarlegar. Það vantar mikið á að rafmagnsöryggis sé gætt. Ég tel að við þurfum að huga vel að þessari stofnun og því ber ég fram þessa spurningu.

[18:17]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum hefur Ríkisendurskoðun nýverið lokið umfangsmikilli athugun á tilteknum atriðum í fjármála- og eignaumsýslu Löggildingarstofunnar. Skýrsla þessi barst viðskiptaráðuneytinu 7. febrúar sl. Í skýrslunni eru gerðar margar alvarlegar athugasemdir við bókhald og fjárreiður stofnunarinnar. Í ljósi eðlis og umfangs athugasemdanna fól ég embættismönnum ráðuneytisins að kanna hvort efni væru til að láta forstjóra stofnunarinnar sæta ábyrgð vegna þeirra, en forstjóri stofnunarinnar ber ábyrgð á fjárreiðum og bókhaldi hennar samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Niðurstaða þessarar könnunar var sú að þær ávirðingar sem kæmu fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar og öðrum gögnum málsins væru svo alvarlegar að tilefni væri til að veita forstjóranum lausn frá embætti um stundarsakir. Hins vegar var talið rétt að veita forstjóranum rétt til andsvara áður en ákvörðun yrði tekin í málinu. Fostjóranum var því ritað bréf þann 21. febrúar sl. þar sem ávirðingar í hans garð voru raktar í ítarlegu máli og greint frá mati ráðuneytisins á þeim. Forstjóra Löggildingarstofu hefur verið veittur frestur til mánudagsins 10. mars til að koma að athugasemdum. Að þeim tíma liðnum mun ég taka afstöðu til þess hvort efni eru til að víkja honum úr embætti eða beita öðrum vægari úrræðum.

[18:19]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þau mál sem upp hafa komið hjá Löggildingarstofunni eru svo alvarlegs eðlis að það er eðlilegt að gera grein fyrir þeim á Alþingi. Hins vegar ber að leggja áherslu á, eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, Þuríðar Backman, að þessi mál eru sér á parti og ber að forðast að blanda þeim saman við þann alvarlega skipulagsvanda sem þröngvað var upp á Löggildingarstofu á sínum tíma. Sem betur fer gerist það ekki oft að slysin eru beinlínis skipulögð. En þannig var það nú með Löggildingarstofuna þegar rafmagnseftirlitið í landinu var einkavætt og eftirlitið fært undir Löggildingarstofu. Þau mál þarf að sjálfsögðu að taka til gagngerrar endurskoðunnar. Það verður ekki þessi ríkisstjórn eða sú ríkisstjórn sem nú situr sem mun hafa það verk með höndum. Sem betur fer hillir nú undir að hún ljúki störfum. En ég legg áherslu á að þau málefni verði tekin til gagngerrar endurskoðunar.

[18:20]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég nefndi áðan að ég hefði áhyggjur af rafmagnseftirlitinu. Þær áhyggjur byggjast á þeim skýrslum sem Löggildingarstofan hefur gefið út eða rafmagnseftirlitsdeildin. Ég vil vísa hér til svars hæstv. iðnrh. varðandi fyrri fyrirspurnir um Löggildingarstofuna og rafmagnseftirlit þar sem hún vísar til þess að það hljóti að vera fagnaðarefni þegar tekst að draga úr kostnaði atvinnulífsins vegna rafmagnseftirlits um leið og tekin eru upp skynsamleg og nútímaleg vinnubrögð til að auka rafmagnsöryggi í landinu. Herra forseti. Hæstv. iðnrh. gefur sér að fyrirspyrjandi telji að rafmagnseftirlitið sé bágborið hér á landi, að ljóst sé að enginn fótur er fyrir þessari ályktun og jafnljóst að ekki er fyrirhugað að gera tillögu að lagabreytingum, þ.e. varðandi starfsemi Löggildingarstofunnar.

Herra forseti. Miðað við stöðu Löggildingarstofunnar, ekki bara fjárhagsstöðuna og það sem Ríkisendurskoðun hefur bent á heldur starfsemina sem slíka, telur hæstv. ráðherra þá ekki eðlilegt að jafnhliða endurskoðun á fjármálum stofnunarinnar verði skipulag stofnunarinnar skoðað og athugað hvort ekki sé rétt að tryggja m.a. rafmagnseftirlitinu betri rekstrargrundvöll og öruggari starfsemi?

[18:22]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég er alveg sammála hv. fyrirspyrjanda um að það þarf að skoða ýmsa hluti í þessari stofnun. En ég vil samt ekki blanda saman hlutverki stofnunarinnar eftir að rafmagnseftirliti var breytt og það einkavætt, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson kallar það, og því að gerðar eru athugasemdir í sambandi við fjármála- og eignaumsýslu. Þetta eru í raun tveir óskyldir hlutir. Engu að síður verður nú farið yfir hlutverk þessarar stofnunar í tengslum við þær aðgerðir sem fram undan eru. Það verður ekkert hjá því komist. Það er í raun allt sem ég get sagt á þessari stundu. Ég hef ekki viljað tjá mig mikið um málið vegna þess að það er á viðkvæmu stigi eins og allir geta gert sér grein fyrir meðan andmælaréttur varir. En ég get alveg tekið undir það með hv. þm. að ástæða er til þess að fara yfir ýmsa hluti.

Út af dagskrá voru tekin 12.–13. mál.

Fundi slitið kl. 18:24.

---

90. FUNDUR

fimmtudaginn 6. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis suður, stjfrv., 650. mál, þskj. 1059. — 1. umr.
2. Fjáraukalög 2003, stjfrv., 653. mál, þskj. 1063. — 1. umr.
3. Virðisaukaskattur, stjfrv., 669. mál, þskj. 1086. — 1. umr.
4. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 671. mál, þskj. 1091. — 1. umr.
5. Raforkuver, stjfrv., 670. mál, þskj. 1090. — 1. umr.
6. Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, stjfrv., 637. mál, þskj. 1032. — 1. umr.
7. Hafnalög, stjfrv., 661. mál, þskj. 1075. — 1. umr.
8. Þriðja kynslóð farsíma, stjfrv., 659. mál, þskj. 1072. — 1. umr.
9. Ábúðarlög, stjfrv., 651. mál, þskj. 1060. — 1. umr.
10. Jarðalög, stjfrv., 652. mál, þskj. 1062. — 1. umr.
11. Vegagerð milli Loðmundarfjarðar og Seyðisfjarðar, þáltill., 361. mál, þskj. 401. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.

Fjarvistarleyfi:

Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Um kl. hálftvö, að loknu hádegishléi, fer fram umræða utan dagskrár um skattaskjól Íslendinga í útlöndum. Málshefjandi er hv. þm. Ögmundur Jónasson. Hæstv. fjmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:32]

Útbýting þingskjals:

Höfundaréttur, 674. mál, fsp. PHB, þskj. 1097.

Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis suður, 1. umr.

Stjfrv., 650. mál. — Þskj. 1059.

[10:32]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis suður.

Frumvarpið er lagt fram vegna samkomulags Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar um breytingu á mörkum sveitarfélaganna við Blesugróf, samanber auglýsingu félmrn. frá 25. febrúar 2003.

Samkvæmt samkomulaginu breytast mörk sveitarfélaganna með þeim hætti að hluti Blesugrófar sem nú tilheyrir Kópavogi verður innan marka Reykjavíkurborgar. Á þessu svæði búa *tíu manns, sem munu eftir breytinguna tilheyra* Reykjavíkurkjördæmi suður.

Ég vek athygli á því að skv. 2. mgr. 129. gr. laga um kosningar til Alþingis, verður kjördæmamörkum ekki breytt nema með samþykki $^2/_3$ hluta atkvæða á Alþingi.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 2003, 1. umr.

Stjfrv., 653. mál (aðgerðir í atvinnu- og byggðamálum). — Þskj. 1063.

[10:33]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003 vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum á þskj. 1063.

Með frv. eru lagðar fyrir Alþingi tillögur að breytingum á tekjum og gjöldum ríkissjóðs á yfirstandandi ári í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um átak í atvinnu- og byggðamálum frá 11. febrúar sl. Samþykktin felur í sér að traust staða ríkissjóðs verði nýtt til að bregðast við tímabundnum slaka í efnahagslífinu með því að veita veruleg framlög til framkvæmda og atvinnuþróunar og örva þannig atvinnustarfsemi þar til hagsveiflan tekur að lyfta undir hagkerfið á nýjan leik og áhrifa af stóriðjuframkvæmdum tekur að gæta að fullu síðla næsta árs ef að líkum lætur.

Jafnframt er með þessari stefnumörkun hrint í framkvæmd áformum um byggingu menningarhúsa sem kynnt

voru fyrir fáum árum. Að stærstum hluta eru hér á ferðinni skammtímaaðgerðir sem falla vel að efnahagslegum áhrifum stórframkvæmda á Austurlandi. Reiknað er með að þær hefjist af fullum þunga eftir eitt og hálft til tvö ár. Einmitt þess vegna verða aukin framlög aðallega veitt til vegaframkvæmda sem hefja má með fremur skömmum fyrirvara og taka enda þegar mannvirkin hafa verið byggð. Aðilar vinnumarkaðarins, fjármálastofnanir og raunar einnig ýmsir þingmenn hér á Alþingi hafa að undanförnu hvatt til slíkra tímabundinna aðgerða, enda eru aðstæður nú þannig að verðbólga er með minnsta móti og hægt verður að fjármagna þessar aðgerðir án þess að hækka skatta og án þess að afkoma ríkissjóðs skerðist með óviðunandi hætti.

Samþykkt ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir að alls verði varið 6,3 milljörðum kr. til þessara aðgerða á næstu 18 mánuðum. Þar af er reiknað með að 1,6 milljarðar falli til á næsta ári, á árinu 2004. Í frv. er því lagt til að fjárheimildir vegna útgjalda ríkissjóðs á yfirstandandi ári hækki um 4,7 milljarða kr. Í allt er fyrirhugað að framlög til vegaframkvæmda verði aukin um 4,6 milljarða og er stefnt að því að farið verði í verkefni fyrir 3 milljarða á yfirstandandi ári en fyrir 1,6 á næsta ári.

Undirbúningur vegaframkvæmda er kominn mislangt á veg og því er gert ráð fyrir að afgangur af fjárheimild þessa árs eða umframgjöld færist til næsta árs eftir því hvernig verkefnunum miðar.

Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar gerir frv. ráð fyrir að einn milljarður kr. renni til vegagerðar á höfuðborgarsvæðinu, annar milljarður til vegagerðar á norðausturssvæðinu og einnig einn milljarður kr. til vegagerðar á Vestfjörðum. Þá fari tilteknar upphæðir sem greint hefur verið frá í ákveðin sérstök verkefni. Að auki er ætlunin að flýta ýmsum öðrum vegaframkvæmdum sem þegar hafa verið ákveðnar.

Í öðru lagi er í frv. lagt til að veittur verði einn milljarður kr. sem stofnstyrkur til sveitarfélaganna á Akureyri og í Vestmannaeyjum til byggingar á menningarhúsum í samræmi við samþykkt sem ríkisstjórnin gerði um málið á sínum tíma. Slík menningarhús sem bjóða upp á vandaða aðstöðu fyrir t.d. tónlistar- og leiklistarstarf munu þegar fram í sækir treysta búsetu á þéttbýlisstöðum utan suðvesturhornsins.

Í þriðja lagi gerir frv. ráð fyrir að veitt verði 700 millj. kr. framlag sem Byggðastofnun ráðstafi til verkefna á sviði atvinnuþróunar á landsbyggðinni. Gert er ráð fyrir að framlaginu verði ráðstafað í samræmi við áherslur í byggðaáætlun fyrir árið 2002–2005 og haft verði samráð um það við aðra sem vinna að atvinnuþróunarverkefnum.

Að því er varðar fjármögnunarhlið þessa máls þá gerir frv. ráð fyrir því að aukin útgjöld vegna vegamála og atvinnuþróunar verði fjármögnuð að hluta með sölu á því sem eftir stóð af hlut ríkisins í Landsbankanum og Búnaðarbankanum ásamt hlut ríkisins í Íslenskum aðalverktökum. Framlög til menningarhúsa verða fjármögnuð með tekjum af eignum sem þegar hafa verið seldar. Reiknað er með því að hagnaður af sölu eigna verði 2,6 milljörðum kr. meiri en ráð var fyrir gert í fjárlögum og að heildartekjur ársins verði því 274,2 milljarðar kr. Afkoma ríkissjóðs rýrnar samkvæmt þessu um 2,1 milljarð á yfirstandandi ári og verður tekjuafgangur því um 9,4 milljarðar í stað 11,5. Aðrar tengdar hreyfingar svo sem sjóðstreymi, fjármunahreyfingar, lánsfjárjöfnuður og handbært fé breytast til samræmis við þetta.

Við undirbúning þessa frv. hefur verið lögð áhersla á að takmarka efni þess við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 11. febrúar sl., samanber heiti frv. sem gagngert er flutt hér á Alþingi vegna þessara aðgerða í atvinnu- og byggðamálum.

Ég hef nú, herra forseti, rakið efnisatriði frv. og þær breytingar sem í því felast frá fjárlögum þessa árs. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjárln. þingsins.

[10:39]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er auðvitað rétt í upphafi umræðunnar um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003 að fagna því alveg sérstaklega að við skulum þó fá að sjá hér frv. til fjáraukalaga á þessum árstíma. Fyrir því eru líklega ekki mörg fordæmi og það er auðvitað af hinu góða að gripið sé til þess að leggja fram frv. til fjáraukalaga þegar tilefni gefst til, sem svo sannarlega er nú. En tilefni hafa að sjálfsögðu oft verið áður og þau ekki nýtt. Það sem vekur auðvitað sérstaka athygli við þetta frv. er kannski það sem ekki er í því.

Herra forseti. Vegna þess að það liggur svo vel við að hæstv. dómsmrh. var rétt í þessu að rabba við hæstv. fjmrh., þá er eðlilegt að maður velti því fyrir sér hvernig á því standi að í þessu frv. til fjáraukalaga er ekki minnst á eina stofnun, frumvarp sem hæstv. dómsmrh. lagði fyrir þingið fyrir áramótin en dagaði uppi og hefur ekki enn fengið afgreiðslu, og á ég þá við flutning Almannavarna til ríkislögreglustjóra. Hæstv. dómsmrh. hefur sagt frá því í þinginu að þau hæstv. fjmrh. hafi gert með sér samkomulag um að rekstri Almannavarna verði haldið áfram í óbreyttu formi miðað við það sem verið hefur undanfarin ár, þrátt fyrir að fjárlög geri ekki ráð fyrir því, heldur geri ráð fyrir því að fjármunir séu færðir til ríkislögreglustjóraembættisins og með því, herra forseti, sparaðar rúmlega 20 millj. kr., ef ég man rétt. Það liggur því fyrir að það hlýtur að verða einhver fjárskortur hjá Almannavörnum þegar líður á árið ef ekki verður gripið til einhverra aðgerða. Og það er eðlilegt, herra forseti, í þessu samhengi að rifja upp fyrir hæstv. menntmrh. 33. gr. laga um fjárreiður ríkisins, þar sem m.a. segir, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga.“

Nú liggur hér fyrir frv. til fjáraukalaga og ég sé hvergi að á málefni Almannavarna eða ríkislögreglustjóra sé minnst í því annars ágæta frv. Það má við þetta bæta, herra forseti, að fjárln. hefur enga tilkynningu fengið um þennan samning sem átt hefur sér stað milli þessara hæstv. ráðherra en ég trúi því að þegar við fáum fulltrúa frá fjmrn. í heimsókn til nefndarinnar við umfjöllun um frv. til fjáraukalaga, þá verði okkur gerð fyllilega grein fyrir þessu ef hæstv. ráðherra hefur ekki öll gögn til þes að gera það hér á eftir.

Herra forseti. Hér er fyrst og fremst verið að leggja fram frv. til fjáraukalaga sem skýrir blaðamannafund sem hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. héldu fyrir nokkru síðan þegar ástæða þótti til að grípa til aðgerða og í raun og veru fyrst og fremst flýta ýmsum framkvæmdum sem ella hefðu lent á öðru árabili þegar aðrar framkvæmdir verða í hámarki. Þetta er vissulega í anda þess sem ýmsir hv. þm. Samfylkingarinnar voru búnir að æskja eftir og þess vegna er það heild sinni jákvætt að gripið sé til þessara aðgerða vegna þess að það þarf auðvitað innspýtingu í atvinnulífið af þeirri einföldu ástæðu að slakinn í efnahagslífinu hefur verið meiri en menn gerðu ráð fyrir og einnig það að til framtíðar litið mun verða

mikill vöxtur í því þegar stórframkvæmdirnar fyrir austan ná hámarki.

Hins vegar er það alveg ljóst að ýmsar þær framkvæmdir sem hér eru boðaðar hljóta að sjálfsögðu að vera umdeildar og það er eðlilegt að menn velti því fyrir sér hvort þær séu nákvæmlega þær einu réttu. Vissulega munum við fara yfir það í meðförum fjárln.

Það vekur auðvitað athygli að nú fjórum árum eftir að fyrst var minnst á menningarhús, þá er menningarhúsum enn á ný lofað, en það verður þó að segja, herra forseti, að á þeim tíma hefur margt jákvætt gerst sem hefur aðstoðað ríkisstjórnina við það að fara út af þessari steinsteypuleið sinni um það að reisa menningarhús eins og ætlunin var fyrir fjórum árum, en ef ég man rétt var ætlunin að reisa ein sex menningarhús. Framförin hefur auðvitað sýnt sig í því að nú er eingöngu lofað tveimur menningarhúsum. Og, herra forseti, mér kæmi ekki á óvart, ef þessir ágætu herrar verða enn við völd eftir fjögur ár, að þá verði lofað einu menningarhúsi. Síðan verði þetta gleymt. (Gripið fram í.) Málið er ósköp einfaldlega það, herra forseti, eins og einn hv. þm. kallar hér fram í, við vonum að sjálfsögðu að við þurfum ekki að lifa þá tíð að eftir fjögur ár verði enn farið að ræða um loforð vegna menningarhúsa.

En þannig er, herra forseti, og eðlilegt að spyrja hæstv. fjmrh. vegna þess að hér er augljóslega gert ráð fyrir að sá milljarður sem ætlaður er í menningarhúsin verði nýttur á yfirstandandi ári, ef ég skil þetta frv. rétt. Það er að vísu ekki gerður greinarmunur á því hvernig þessar upphæðir, þ.e. þessi 1.600 þús., hvað af þessum framkvæmdum muni liggja á árinu 2004, en ég skil það svo að það sé hluti af þeim samgöngubótum sem boðaðar eru í frv. en menningarhúsin eða milljarðurinn sem eigi að fara í menningarhúsin verði væntanlega nýttur á þessu ári. Þess vegna, herra forseti, er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. fjmrh. hvort staða þessara mála sé þannig að það sé tryggt að milljarðurinn fari í menningarhúsin á þessu ári og eðlilegt að hæstv. ráðherra fari þá yfir það hvernig þau mál standa annars vegar gagnvart Akureyri og hins vegar gagnvart Vestmannaeyjum.

Það er auðvitað athyglisvert þegar maður nefnir Vestmannaeyjar að horfa til þess að menningarhúsið þar er þá væntanlega flokkað undir menningarhús á Suðurlandi. Ef ég man upphaflegu hugmyndirnar rétt voru menn að tala um þessi hús eftir landshlutum. Það er athyglisvert þegar maður heyrir frá Árborg að þar sé búinn að vera til í um 25 ár fokheldur menningarsalur sem ætti ekki að þurfa að kosta mjög háar upphæðir, kannski um 100 millj., að koma í gagnið.

Það er auðvitað eðlilegt, herra forseti, að við í fjárln. skoðum það mál alveg sérstaklega og veltum fyrir okkur hvort þarna sé eðlilegt að horfa einnig til Árborgar þegar horft er til framlags til Suðurlands í þessu samhengi.

Það væri líka fróðlegt, herra forseti, ef hæstv. fjmrh. gæti upplýst okkur um hugsanlega skiptingu þessa milljarðs á milli menningarhúsanna, annars vegar á Akureyri og hins vegar í Vestmannaeyjum. Það er annars ánægjulegt að Akureyri skuli enn vera nefnd á nafn í þessu samhengi. Ef ég man rétt voru Akureyringar hvað fyrstir til að hoppa fram þegar fyrst fóru fram kynningar á menningarhúsunum og þeir hafa æ síðan minnt á það að þeir væru reiðubúnir að fara í þetta samstarfsverkefni. En spurningin er hins vegar hvort þeir eru tilbúnir nú í ár, með þetta skömmum fyrirvara, til þess að koma með þau mótframlög sem þeir þurfa að koma fram með til þess væntanlega að nýta þann hlut sem ríkisvaldið er reiðubúið að leggja fram í málið. En vonandi er að samningar um það náist og það verði hægt að nýta það fjármagn sem fyrir liggur.

Herra forseti. Ég sagði áðan að það vekti helst mikla athygli sem ekki væri í frv., og nefndi ég eitt dæmi af því tilefni að hæstv. dómsmrh. var hér í viðræðum við hæstv. fjmrh., en það eru auðvitað fleiri dæmi sem koma upp í hugann. Við höfum á undanförnum árum ætíð velt fyrir okkur t.d. vandanum í menntakerfinu, og nú kemur í ljós bara í fréttum í morgun að framhaldsskólarnir hafa áhyggjur af auknum fjárútlátum vegna ákveðins verkefnis og mun það þá væntanlega bætast við þann fjárhagsvanda sem þar er fyrir. Hér er ekki minnst á framhaldsskóla. Hér er ekki minnst á menntakerfið einu einasta orði.

Það hlýtur jafnframt að vekja athygli að heilbrigðiskerfið er heldur ekki nefnt einu orði. Þó hafa verið uppi umræður um það mjög víða í heilbrigðiskerfinu að fjárskortur sé þar fyrir hendi og þar sé mikill halli. Ég get nefnt sem dæmi að Heilbrigðisstofnun Suðurnesja ku nú eiga við mikinn rekstrarvanda að etja, og eðlilegt að við í fjárln. horfum við vinnslu þessa frv. sérstaklega til þess hvernig staðan er í heilbrigðisstofnununum. Miðað við þetta dæmi sem ég hef heyrt af í Heilbrigðisstofnun Suðurnesja hljótum við að skoða það alveg sérstaklega.

En ég hlýt að minna á að við afgreiðslu fjárlaga vorum við, t.d. fulltrúar Samfylkingarinnar, með tillögur um að það þyrfti að bæta töluverðu fjármagni við til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri þar sem mikill vandi blasti við þá þegar. Við í fjárln. hljótum að óska eftir því að við fáum yfirlit yfir stöðu stofnana þannig að við getum metið það hver staðan er hjá ríkisstofnunum og það verði því reynt að bæta það frv. til fjáraukalaga sem hér liggur fyrir á þann hátt að það nái sem best utan um það að skapa eðlilegar aðstæður hjá ríkisstofnunum og hjá ríkissjóði.

Herra forseti. Ég vék örlítið að því áðan að það væri ekki alveg ljóst hvaða samgöngubætur mundu nást fram á yfirstandandi ári og hverjar færu yfir á árið 2004. Við sem erum í þingmannahópum eftir gömlu kjördæmunum höfum auðvitað velt fyrir okkur hvernig best væri farið með þá fjármuni sem eyrnamerktir eru, ef við getum orðað það svo, okkar svæðum og það er a.m.k. ljóst í hinu forna Austurlandskjördæmi að við þurfum að velta vel fyrir okkur hvernig best verður farið með þessa fjármuni. Það er augljóst að við þurfum að færa fjármuni töluvert til og, eins og við köllum, „að lána á milli framkvæmda“, ekki síst vegna þess að svo virðist sem okkar annars ágæta ríkisstjórn hefði mátt gefa sér örlítið meiri tíma við það að deila út þessum fjármunum og huga örlítið betur að því hvernig undirbúningur framkvæmda stæði. Það verða hins vegar ekki nein vandræði með það að nýta þessa fjármuni því mikil verk bíða, get ég fullyrt, um allt land.

Það eru hins vegar ákveðin verk tekin hér út og það er eðlilegt að spyrja hæstv. ráðherra hvort þau verk, öll þau verk sem hér eru sérstaklega eyrnamerkt með ákveðnum upphæðum, verði öll örugglega í framkvæmdum á yfirstandandi ári, eða hvort einhver af þeim verkum fari yfir á árið 2004 og þá hvaða verk þar er um að ræða.

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða í þessari umræðu um einstök verk sem hér eru boðuð, aðeins endurtaka það sem ég sagði áðan að almennt séð er hér um jákvæðar aðgerðir að ræða og í raun nauðsynlegar miðað við ástandið í hagkerfinu

og efnahagslífinu. Það vekur samt sérstaka athygli gagnvart þeim verkefnum sem verið er að vinna í samgöngumálum þegar farið er ofan í svona sértækar aðgerðir eins og þessar og flýtiframkvæmdir að þar skuli algjörlega einn þáttur vera skilinn eftir sem ég hélt, herra forseti, að væri kominn nokkuð upp á yfirborðið og það væri, eða ætti a.m.k. að vera, mikil samstaða um. Þar á ég við það sem ber vinnuheitið „svartir blettir" í vegakerfinu. Þar eru auðvitað mjög mörg verk sem bíða og augljóst mál að það væru kannski þau verk sem mundu skila okkur mestu, a.m.k. í umferðaröryggi, og þar að auki í því mikilvæga verkefni að fækka slysum í umferðinni. Ég hefði talið eðlilegt að það væri eitthvert hlutfall af því fjármagni sem nú er látið í samgöngumálin sem færi sérstaklega í þetta og þannig gætum við stigið mikilvægt og stórt skref í því að festa inni ákveðið hlutfall sem við gætum ákveðið til nokkurra ára, sem færu sérstaklega í það að vinna á þessum svörtu blettum og þeir eru, miðað við mínar upplýsingar, dreifðir mjög víða um landið og marga hverja skilst mér að hægt sé að fara í með mjög litlum fyrirvara.

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka þessa skoðun mína með því að vitna í grein eftir Rögnvald Jónsson, sem situr einmitt í rannsóknarnefnd umferðarslysa. Hann skrifaði þessa grein í Morgunblaðið 17. febrúar sl. og fer þar mjög yfirvegað og með mikilli rökfestu yfir þessi mál. Hann flokkar þau eftir þeim vinnubrögðum sem þeir hafa stundað niður í nokkra flokka, þ.e. eftir aðalorsökum banaslysa í umferðinni. Þá eru ekki öll slys undir, heldur þau allra alvarlegustu, þ.e. banaslysin, og hér segir í grein Rögnvaldar, með leyfi forseta:

„Síðasti flokkurinn nefnist ytri aðstæður ráðandi og er þar átt við slys þar sem vegur og umhverfi hans er aðalorsök. Um 15% slysa má rekja til þess. Í langflestum tilvikum eða 55% er um að ræða samspil tveggja eða þriggja þátta, þ.e ökumanns, öryggisbúnaðar og vegar og umhverfis hans. Í umræðunni í dag er ökumanni yfirleitt kennt um þegar óhapp verður en þetta er ekki svona einfalt eins og rannsóknir rannsóknarnefndar umferðarslysa hafa m.a. sýnt. Í þeim löndum sem leggja hvað mesta áherslu á að bæta umferðaröryggi, er farið að ræða um að skipta ábyrgð, þ.e. á milli ökumanns og veghaldara. Þessi skipting ábyrgðar byggist á því að það sé mannlegt að gera mistök."

Herra forseti. Örlitlu síðar í greininni segir Rögnvaldur, með leyfi forseta:

„Við sem höfum rannsakað banaslys frá árinu 1998 höfum séð þess allt of mörg dæmi að mistök ökumanns hafa leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla vegna þess að vegi eða umhverfi hans var ábótavant. Skurðir, stórir steinar, gjótur, ljósastaurar og ræsi við hlið vegar hafa m.a. verið orsök fyrir því að illa fór. Einnig hefur vöntun á vegriðum leitt til þess að bílar hafa lent í sjó, vötnum, ám eða farið niður brattar hlíðar."

Og skömmu síðar, með leyfi forseta, segir Rögnvaldur:

„Það er því að mínu mati forgangsverkefni í vegagerð á Íslandi að bæta núverandi vegakerfi."

Herra forseti. Það er þess vegna sem ég minntist á hvort ekki væri eðlilegt að nýta eitthvert hlutfall af þeim fjármunum sem hér er verið að ræða um til vegagerðar til þess að bæta núverandi vegakerfi og stíga þannig mikilvægt skref til fordæmis fyrir næstu ár um að þannig viljum við halda áfram að nota örlítið hlutfall af þeim fjármunum sem við setjum til vegagerðar til þess að bæta núverandi vegakerfi og þar með auka öryggi vegfarenda og taka hlut af þeirri ábyrgð sem felst í því að leggja vegi nú til dags.

Herra forseti. Eins og ég sagði fyrr í ræðu minni munum við í fjárln. auðvitað fara vel yfir þetta frv., skoða ýmsa þætti þess, gefa okkur ekki fyrir fram að það séu nákvæmlega þær framkvæmdir sem hér er rætt um sem þurfi alla þá fjármuni sem hér eru boðaðir, heldur verði ýmsar hliðar málsins skoðaðar. Við munum fara fram á það að sjálfsögðu að fá yfirlit yfir stöðu ríkisstofnana og kanna hvort ekki sé full þörf á því að þetta frv. til fjáraukalaga verði burðugra heldur en það er í mynd frá hæstv. fjmrh.

[10:56]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur mælt fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003, núna að vori. Ég vil í upphafi máls míns lýsa ánægju minni með að hér skuli vera lagt fram frv. til fjáraukalaga að vori eða rétt fyrir þinglok. Það hefur verið skoðun mín að það eigi að vera föst regla að gefa út fjáraukalög að vori, þingið afgreiði þau áður en sumarfrí þar hefst til þess að taka þá á fjárveitingum eða leiðréttingum á tekjum sem gætu hafa komið upp í fjárlögum með fjáraukalögum eins og lög kveða á um.

Ég hef flutt um þetta frv. til laga, einmitt um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins, þar sem áréttað er að fjáraukalög skuli gefin út með reglubundnum hætti. Þess vegna fagna ég því að hér skuli það vera gert. Þetta er í fyrsta skipti í þau fjögur ár sem ég hef setið á þingi sem þetta er gert og ég hygg að sú umræða sem hefur verið tekin hér á undanförnum þremur þingum um það að gefa út fjáraukalög, standa við lagafyrirmæli hvað varðar lagasetningar um fjárveitingar og fjárlög, hafi borið þann árangur að þetta frv. skuli vera lagt fram. Ég vona að þetta verði til þess að hér eftir verði það fastur siður af hálfu Alþingis að leggja fram frv. til fjáraukalaga að vori og svo aftur að hausti, þetta verði reglubundið, en annars komi fjáraukalög fram eftir því sem þörf er á og lög kveða á um. Það er alveg sérstök ástæða til að hæla hæstv. fjmrh. fyrir þetta framtak.

Ég vil geta þess að ég var orðinn nokkuð smeykur um að ríkisstjórnin og hæstv. fjmrh. legðu ekki fram með frv. Hinn 25. febrúar sl. skrifaði ég, sem fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárln., formanni fjárln. bréf þar sem ég spurðist fyrir um hvað liði vinnu við fjáraukalög. Ég benti á þá lagalegu skyldu sem hvílir á þinginu, að leggja fram frv. til fjáraukalaga þegar þyrfti. Þá höfðu nýlega verið gefnar yfirlýsingar um verulegar breytingar á fjárlögunum. Ég skrifaði fjárln. bréf og spurði hvort ekki kæmi fram fjáraukalagafrv. Ég fagna því að sú skuli raunin.

Hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir inntaki þessa frv. Eins og hæstv. ráðherra sagði er þetta frv. fyrst og fremst bundið ákveðnum aðgerðum í atvinnu- og byggðamálum og tíndar til ákveðnar yfirlýsingar sem hæstv. ríkisstjórn gaf um fjárveitingar til ákveðinna þátta. Þar hafa fyrst og fremst verið aukin framlög til samgöngumála og til vegagerðar en einnig til byggingar menningarhúsa og byggðaaðgerða. Allt eru þetta í sjálfu sér hin þörfustu mál og ekkert nema gott um þau að segja. Sum þeirra hefðu að vísu getað farið á sjálf fjárlögin en það er þó gott að fá þetta fram.

Varðandi framlag til atvinnuþróunarátaks þar sem lagt er til að stofnað verði nýtt viðfangsefni, atvinnuþróunarátak með 700 millj. kr. framlagi og gert ráð fyrir að Byggðastofnun ráðstafi fjármagninu til verkefna á sviði atvinnuþróunar á landsbyggðinni, vildi ég gjarnan spyrja hæstv. iðnrh. hvort

ekki sé jafnframt verið að taka á fjárhagsvanda atvinnuþróunarfélaganna sem hæstv. ráðherra gaf vilyrði fyrir sl. haust við undirbúningsvinnu fjárlaga. Hún gat ekki staðið við þau orð við afgreiðslu fjárlaganna. Þá skorti verulega á þær fjárveitingar sem atvinnuþróunarfélögin höfðu vænst. Þau höfðu vænst aukinna fjárveitinga og fengið góð fyrirheit sem ekki var staðið við við afgreiðslu fjárlaga í fyrra. Verður ekki hugað að því að bæta þessa fjárhagsstöðu atvinnuþróunarfélaganna?

Ég minnist þessa af því að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, formaður þingflokks framsóknarmanna, er hér. Hann gerði athugasemdir við afgreiðslu fjárlaga fyrir jólin. Hann lét að því liggja að ríkisstjórnin hefði ekki staðið við fyrirheit sem hv. þm. taldi hafa verið gefin í þeim efnum að styrkja fjárhag atvinnuþróunarfélaganna. Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. hvort ekki sé alveg pottþétt af hálfu ríkisstjórnarinnar að hluti af þessu fjármagni fari beint til að styrkja verkefni og stöðu atvinnuþróunarfélaganna.

Einnig skiptir máli við umfjöllun um þetta mál í fjárln. hvaða stefnu eða áherslur hæstv. ríkisstjórn hefur varðandi skiptingu þessa fjár. Því er ekki að leyna að landshlutar eins og Vestfirðir, Norðurland vestra, þ.e. Húnavatnssýslur, Skagafjörður, Dalasýsla, Snæfellsnes og Vestfjarðakjálkinn hafa verið afskiptir í stefnumörkun og stuðningi af hálfu hins opinbera við uppbyggingu og eflingu atvinnulífs og búsetu. Þessir landshlutar hafa tvímælalaust orðið afskiptir í þeim efnum. Þar gæti enn sigið á ógæfuhliðina ef ekki verður tekið myndarlega á og ég vil því inna hæstv. iðnrh. eftir því hvort ekki fylgi af hálfu ráðuneytisins og ríkisstjórnarinnar markvissar áherslur og leiðbeiningar um að fjármagn sem veitt er til atvinnuþróunarátaks, 700 millj. kr., sé fyrst og fremst beint á þetta landsvæði og kannski á norðausturhorn landsins sem einnig hefur orðið afskipt. Eiga Skagafjörður, Húnavatnssýslur, Strandir og Vestfirðir allir, Dalasýsla og Snæfellsness ekki að njóta ákveðins forgangs við eflingu og styrkingu atvinnulífs með því framlagi sem hér er verið að ræða? Ég nefni einnig norðaustursvæðið. Mér finnst skipta miklu máli hvaða skilaboð hæstv. ríkisstjórn vill senda í þessari umræðu varðandi auknar fjárveitingar til atvinnuþróunarátaks.

Þetta frv. fer til hv. fjárln. Þar gefst nefndinni tækifæri til að óska eftir upplýsingum um stöðu annarra málaflokka sem hafa verið ræddir í þinginu og samþykkt að þurfi fjármagn til. Ég minnist t.d. ummæla hæstv. heilbrrh. á Alþingi í gær um málefni barna- og unglingageðdeildar sem þá var til umræðu og er afar mikilvægt mál í þjóðfélaginu. Hann sagði þá um þær aðgerðir sem grípa þyrfti til og þingheimur virtist sammála um að grípa þyrfti til, með leyfi forseta:

„Þær kosta fjármuni sem ég þarf að vinna að því að tryggja."

Þetta sagði hæstv. heilbrrh. í umræðunni um málefni barna- og unglingageðdeildar og þingheimur virtist sammála um að þar skyldi úr bæta. Ég þykist vita að enginn ágreiningur verði um að taka þetta mál inn í fjárln. og fylgja eftir góðum hug þingsins hvað það varðar svo ég minnist á mál sem nýlega hefur verið rætt.

Það hefur verið minnst á sjúkrahúsmálin. Ég tel einboðið að við skoðum líka stöðu sjúkrahúsanna í þessu tilviki. Það er ekki til að styrkja atvinnulíf á landsbyggðinni ef skera þarf niður starfsemi á sjúkrahúsum, fækka þar fólki og segja upp. Það er mikil þversögn við þann góða vilja sem þetta fjáraukalagafrv. endurspeglar, þ.e. að vinna að þörfum og mikilvægum verkefnum og styrkja jafnframt atvinnulíf. Ef við horfum upp á æpandi þversagnir á öðrum sviðum er vinnan af hálfu ríkisstjórnarinnar ekki trúverðug. Ég er þess fullviss að það sé eindreginn vilji ríkisstjórnarinnar að þær aðgerðir sem gripið verður til verði í raun til að láta gott af sér leiða og styrkja atvinnulíf. Ég er viss um að fyrirsögn eins og í blaðinu Feyki, um að heilbrigðisstofnunum á Norðurl. v. sé gert að skera niður um tugi milljóna króna á árinu og segja upp fólki, eða eins og stendur í blaðinu Feyki, með leyfi forseta:

„Okkur er ætlað samkvæmt samningi við ríkið að standa undir ákveðinni þjónustu en ég sé ekki að hægt sé að verða við því með þeim fjárveitingum sem okkur er ætlað."

Í þessari frétt er rætt um að 25 millj. kr. vanti á Sjúkrahúsið á Sauðárkróki til að standa undir þeirri starfsemi sem þar hefur verið og komi þar ekki til fjárveitingar muni þurfa að beita þar uppsögnum. Ég þykist vita að í takt við þann mikla og góða vilja sem hæstv. ríkisstjórn sýnir með frv. til fjáraukalaga til aðgerða í atvinnu- og byggðamálum þá láti hún ekki svona lagað viðgangast.

Virðulegi forseti. Það er ánægjuefni að taka þetta mál fyrir í fjárln. og taka á þeim þáttum sem tíndir eru til í fjáraukalagafrv. og öðru sem tengist aðgerðum í atvinnu- og byggðamálum. Það er ánægjulegt að sjá frv. með þessum titli koma fram og við skulum vona að við fáum þá að taka upp þau mál sem þar eru brýnust.

[11:10]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir hlý orð í garð ríkisstjórnarinnar. Hann telur að hún vilji láta gott af sér leiða og það er hárrétt hjá hv. þm. Ég freistast til að minna hann á ástæður þess að við getum látið gott af okkur leiða með þessu móti, m.a. þá staðreynd að við höfum verið að selja bankana. Á síðustu níu mánuðum eru það upphæðir upp á eina 32 milljarða. Þetta skulum við hafa í huga.

En af því að hv. þm. spurði sérstaklega um atvinnuþróunarfélögin þá er, með þessum 6,3 milljörðum, verið að tala um eingreiðslu. Við erum ekki að leggja fjármagn inn í rekstur. Þess vegna munu þessir fjármunir ekki fara til rekstrar atvinnuþróunarfélaganna. Ég vil segja hv. þm. að atvinnuþróunarfélögin eru bærilega sett. Þau fengu viðbótarfjármagn í gegnum Byggðastofnun og auk þess örlitla upphæð til viðbótar frá ríkisstjórninni. Þótt það nái ekki þeirri upphæð sem óskað var eftir af þeirra hálfu, sem var um 120 millj., eru þau bærilega sett.

Ég vil líka taka fram að það hefur náðst samkomulag milli atvinnuþróunarfélaganna og Byggðastofnunar um hvernig staðið skuli að málum og í hvaða farvegi þessi starfsemi skuli vera. Það tel ég mjög jákvætt.

Um þessar aðgerðir er það að segja að þær eru almennt mjög mikilvægar og ekki síst þær 700 millj. sem fara til atvinnuþróunarátaks á landsbyggðinni. Þessa dagana er verið að móta tillögur, móta rammann um hvernig þeim fjármunum skuli varið. Þar mun Byggðastofnun hafa miklu hlutverki að gegna og einnig vinna með atvinnuþróunarfélögunum að því að ráðstafa þessu fé.

[11:12]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé einhver misskilningur hjá hæstv. ráðherra að atvinnuþróunarfélögin hafi þurft þetta fjármagn til eigin rekstrar. Þau þurfa það til fjölbreyttrar

atvinnuþróunarstarfsemi sinnar og þátttöku í að efla atvinnulífið. Til þess skortir atvinnuþróunarfélögin verulega fjármagn.

Ég vil áfram inna hæstv. ráðherra eftir því hvort ekki muni liggja fyrir, um leið og þetta frv. fer til fjárln., hugmyndir iðnrh. og hæstv. ríkisstjórnar um ráðstöfun þessa fjár til atvinnusköpunar og atvinnuþróunarátaks. Ég er viss um að Alþingi vill vita af því og hafa eitthvað um það að segja. Það er alveg klárt. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hugmyndir ríkisstjórnarinnar komi ekki fram við þessa umræðu. Það væri ákaflega eðlilegt. Einnig vil ég inna hana eftir því hvort ekki verði horft sérstaklega til atvinnulífs, byggða og búsetu á Norðvesturlandi, Skagafirði, Húnavatnssýslum, Vestfjörðum, Dölum, Snæfellsnesi og norðausturhorninu. Þeir landshlutar verða tvímælalaust afskiptir í þeim aðgerðum sem nú eru fyrirhugaðar eru í atvinnuuppbyggingu annars staðar. Við sem förum um þessi svæði og tölum við íbúana höfum frétt að það er mjög brýnt að koma þar myndarlega inn og styðja við frumkvæði fólksins á þessum landsvæðum.

[11:14]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það verður ekki hægt að kynna fullmótaðar tillögur um hvernig þessum fjármunum skuli varið, m.a. vegna þess að ríkisstjórnin ætlar sér ekki sjálf að njörva það niður heldur mun það að verulegu leyti unnið af hálfu Byggðastofnunar og í samvinnu við atvinnuþróunarfélögin. En mér finnst sjálfsagt að hv. fjárln. fái lauslega kynningu á því hvernig þetta er hugsað.

Af því að hv. þm. nefndi m.a. Vestfirði og norðausturhornið þá er það eitt af því sem ég er mjög stolt af í sambandi við þessar tillögur, að verja eigi einum milljarði króna til vegabóta á Vestfjörðum og öðrum milljarði til vegabóta á norðausturhorninu. Það er gríðarlega mikilvægt.

Hv. þm. nefndi sérstaklega Skagafjörð í sambandi við atvinnuþróunarátak. Eins og hann veit var varið fjármunum til slíkra verkefna í tengslum við sölu á Steinullarverksmiðjunni. Þó að hv. þm. hafi ekki stutt það er það engu að síður hugsað til eflingar atvinnustarfsemi og öðru á því svæði. Ég vil halda því til haga þó að ég vilji ekki halda því fram að það fullnægi þar öllum þörfum.

Ég hef margoft sagt á hv. Alþingi að mér finnst, nú þegar við höfum í höfn stórframkvæmdir á Austurlandi, sem við þurfum að horfa sérstaklega til Vestfjarða í sambandi við atvinnuþróunarmál. Ég tel að sú vinna sem Vestfirðingar hafa sjálfir lagt af mörkum í sambandi við byggðaáætlun þeirra sé mjög gagnleg til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

[11:16]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bara ítreka það og tek undir með hæstv. ráðherra að norðvesturland þarf sérstaks átaks við, þarf sérstakan bakstuðning. Þar er ekki lausnin að selja húsin sín eða þau fyrirtæki sem innan þess fjórðungs eru til þess að efla atvinnulífið. Það er ekki lausnin og ég frábið mér slíkar leiðir. Ég ítreka að mér finnst að þessi landshluti eigi að njóta forgangs við ráðstöfun á auknu fjármagni til atvinnulífsuppbyggingar og sömuleiðis finnst mér, eins og ég gerði grein fyrir áðan, að það eigi að skoða líka annað. Við eigum ekki að þurfa að sjá annars vegar fallega fyrirsögn á frv. til fjáraukalaga vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum og að samtímis komi svo líka fréttir utan af landsbyggðinni um að opinberar stofnanir þurfi að skera niður og segja upp fólki í brýnum verkefnum vegna fjárskorts, samanber fréttina af sjúkrahúsinu á Sauðárkróki. Ég vona að allt verði þetta tekið til vinnu innan hv. fjárln. og að það frv. til fjáraukalaga sem við erum hér með til meðferðar verði í enn ríkari mæli styrkur til aðgerða í atvinnu- og byggðamálum.

[11:18]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003 vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum. Vissulega er það fagnaðarefni þegar brugðist er við sívaxandi atvinnuleysi með fjármagni til atvinnusköpunar og aðgerða í byggðamálum en það sem mig langar til að velta fyrir mér í þessari umræðu er forgangsröðun ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Ég minni á að byggðamál eru ekki síður málefni þéttbýlis en dreifbýlis.

Eins og komið hefur fram og kemur fram hér er verið að selja ríkiseigur fyrir nokkra milljarða, og þeim fjármunum er varið til byggingar menningarhúsa og vegagerðar. Þegar menn skoða nánar hvernig þessum fjármunum til vegagerðar er skipt niður kemur í ljós að þar sem atvinnuástandið er einna verst er minnst fjármagnið til framkvæmda. Á sjöunda þúsund manns eru á atvinnuleysisskrá og 70% þeirra eru á höfuðborgarsvæðinu. Með þessum aðgerðum munu ekki nema nokkur hundruð þeirra fá vinnu, þá að mestum líkindum mest karlar og þá iðnaðar- og verkamenn miðað við að hér á að fara út í vegagerðina.

Ég minni á að konur eru um það bil helmingur atvinnulausra og þær virðast ekki eiga mikið skjól hjá ríkisstjórninni miðað við áætlanir um atvinnusköpun í þessu ástandi.

Þegar menn skoða einnig nánar hvernig fjármagninu er skipt niður á landsvæði kemur í ljós að það eru aðeins 18% af því fé sem ætlað er til vegagerðar sem kemur til höfuðborgarsvæðisins þar sem 70% atvinnulausra eru. Ef maður kíkir enn nánar á þetta eru það ekki nema tæpar 400 millj. sem koma í hlut Reykvíkinga, þ.e. um þriðjungur þess fjár sem á að koma í vegagerð hér. Þetta kemur mér á óvart í ljósi þess að fjmrh. er þingmaður Reykvíkinga, sömuleiðis forsrh. og formaður hins stjórnarflokksins vill verða þingmaður Reykvíkinga. Svona eru skiptin á þeim bæ.

Ég get tekið undir að menn hefðu e.t.v. átt að setja meira fjármagn í umferðaröryggismál. Hér á undan mér nefndi hv. þm. Einar Már Sigurðarson svarta bletti sem ég tek vissulega undir að þurfi að taka á, svörtum blettum í umferðinni. (**KHG:** Líka svartir blettir ...) En ég hefði gjarnan viljað sjá hér aukið fé koma til annarra þátta, t.d. velferðarkerfisins. Hér bíða þúsundir eftir félagslegum íbúðum. Hefði ekki mátt koma einhverjum hluta af þessu fé þangað? Um leið og þar væri uppbygging væri verið að leysa brýnan vanda þúsunda á höfuðborgarsvæðinu.

Ég minni líka á þekkingarþorpið í Vatnsmýrinni. Hér er verið að setja fjármagn í menningarhús á Akureyri og í Vestmannaeyjum. Það er svo sem ágætt þó að ég hafi orðið vör við það að menn hafi kannski ekkert verið of kátir með þessa peninga, a.m.k. heyrðist það einhvers staðar að þeir hefðu frekar viljað fá peningana í annað en menningarhús. En þarna er verið að reyna að efna hluta af loforði sem gefið var fyrir síðustu kosningar.

Ég minni á það að fram undan eru stórframkvæmdir úti á landi og þá hefur verið talað um að höfuðborgarbúar

verði að vera umburðarlyndir og jafnvel draga saman framkvæmdir á þeim tíma sem mestar framkvæmdirnar eru fyrir austan. Í ljósi þess hefði átt að koma meira til skiptanna á höfuðborgarsvæðið.

Ég vil einnig nefna það hér að ég sakna þess að í þessu frv. til fjáraukalaga skuli ekki vera fjárveiting til barna- og unglingageðdeildar sem við ræddum í gær. Það hefur komið í ljós að það vantar 212 millj. til þess að leysa bráðan vanda sem barna- og unglingageðdeildin á í um þessar mundir og það er algjörlega óljóst hvort þeir peningar muni koma til að leysa þann vanda. Það hafa komið fram tillögur sem eru mjög góðar og ættu að geta leyst vandann en þær duga skammt ef ekki kemur til fjármagn. Ég hefði haldið í ljósi þess vilja sem kom fram hjá hæstv. heilbrrh. í gær að þeir fjármunir hefðu komið fram í frv. til fjáraukalaga áður en þingi lyki.

Ég vil einnig nefna það að líkt og félagi minn, hv. þm. Einar Már Sigurðarson, sakna ég þess að Almannavarnir skuli ekki vera nefndar í frv. og það er ýmislegt fleira sem maður saknar úr frv., t.d. ýmis loforð Sjálfstfl. frá því á síðasta kjörtímabili og fram á þetta. Þar má nefna íþróttahús við Menntaskólann í Hamrahlíð sem hv. þm. Björn Bjarnason marglofaði þegar hann var menntmrh. en ekkert hefur verið gert í. Ég spyr hæstv. fjmrh. hvort það loforð sé gleymt og grafið.

Herra forseti. Ég vildi nefna þessi atriði sérstaklega vegna þess að við erum ekki sátt við það hér á höfuðborgarsvæðinu hvernig ríkisstjórnin forgangsraðar því fjármagni sem kemur til atvinnu- og byggðamála. Við munum skoða það á meðan þetta þingmál er til umfjöllunar hér og afgreiðslu að gera brtt. við frv. í ljósi þeirrar forgangsröðunar sem hér kemur fram. Það er ekki hægt að sætta sig við það að meiri hluti þjóðarinnar sé svona afskiptur í þessu frv. Við verðum að hafa það hugfast að það á að fara að setja mikla fjármuni út á landsbyggðina á næstu árum og höfuðborgarbúar hafa verið mjög umburðarlyndir að því er varðar afskipta hluta af vegafé undanfarin ár því að menn hafa verið með hlutfallslega lítið af fjármagni til vegagerðar á höfuðborgarsvæðið. Nú tel ég sem þingmaður Reykvíkinga að röðin sé komin að höfuðborginni.

[11:26]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. tók upp gamalkunnugan tón og reyndi að ýfa upp deilur milli höfuðborgar og landsbyggðar. Ég vil segja um það að ég tel óþarft verk af hálfu þingmannsins að beina málflutningi sínum í þessar áttir og taka þar undir málflutning talsmanns síns flokks sem lét þau orð falla að tilgangur hennar með því að stíga inn í landsmálin væri sá að gæta sérstaklega að hagsmunum Reykjavíkurborgar og Reykvíkinga. Það er nefnilega algjörlega ósatt mál, herra forseti, að þessi ríkisstjórn hafi eitthvað sérstaklega hlunnfarið Reykvíkinga í ákvörðunum sínum, hvort heldur litið er til fjárfestinga eða reksturs.

Og af því að hv. þm. var að tala um svarta bletti í umferðarmálum vil ég leyfa mér að segja að þessi málflutningur þingmannsins setur svartan blett á tunguna á þingmanninum. Hv. þm. á að vanda sig meira í málflutningi en fram kom í ræðu hennar. Fyrir það fyrsta hefur hlutur höfuðborgarsvæðisins farið vaxandi í stofnvegafé undanfarin ár. Í öðru lagi hefur gríðarlegum fjármunum verið varið til atvinnuuppbyggingar á höfuðborgarsvæðinu fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar og stjórnvalda. Þar vil ég í fyrsta lagi minna á deCODE. Þrír bankar sem þá voru í eigu ríkisins keyptu hlutabréf í deCODE fyrir 6 milljarða króna, herra forseti, segi og skrifa 6 milljarða. Það er hærri upphæð en samanlagt hefur farið til atvinnumála á landsbyggðinni í áraraðir. Þetta var gert til að byggja upp atvinnufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu og því til viðbótar voru sett sérstök lög til að tryggja grundvöllinn undir starfsemi þessa fyrirtækis.

[11:28]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mótmæli því sem hv. þm. segir hér að það sé verið að ýfa upp deilur milli þéttbýlis og landsbyggðar. Það er þvert á móti. Auðvitað verðum við að vinna saman. Eins og kom fram í ræðu minni áðan höfum við á höfuðborgarsvæðinu sýnt því mjög mikið umburðarlyndi að vegafé á undanförnum árum hafi verið meira til landsbyggðarinnar heldur en höfuðborgarsvæðisins. Við höfum haft skilning á því. Þetta er því alls ekki rétt. Það þarf ekki annað en að skoða samgönguáætlun undanfarin ár til að sjá að höfuðborgarsvæðið hefur borið skarðan hlut frá borði og hefur ekki verið mikið kvartað undan því úr ræðustól Alþingis.

Núna er röðin komin að okkur því að hér er mest atvinnuleysi. Hér er 70% þess atvinnuleysis sem er í landinu og nú þurfum við að fá aukið fjármagn, sérstaklega í ljósi þess að framkvæmdirnar á Austurlandi verða á næstu árum og þá þurfum við að taka tillit til þess á höfuðborgarsvæðinu. Þá þurfum við e.t.v. að draga eitthvað saman seglin í ljósi þess að þar eru aðalframkvæmdirnar. Í ljósi þess ætti auðvitað að koma aukið fjármagn núna til höfuðborgarsvæðisins á meðan ástandið er eins og það er.

Ég ætla ekki að fara að ræða um deCODE við hv. þingmann.

[11:30]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil benda þingmanninum á að þær framkvæmdir sem eru að fara í gang fyrir austan og þær framkvæmdir sem eru að fara í gang í vegamálum á næstu mánuðum kalla eftir heilmiklu vinnuafli og reyndar meira vinnuafli en við getum náð fram innan lands á þessum tíma. Um innflutning á erlendu vinnuafli verður því að ræða að einhverju marki. En eitt er alveg ljóst í því. Langstærstur hluti vinnuaflsins við þessar framkvæmdir mun koma héðan af höfuðborgarsvæðinu. Öll stærstu verktakafyrirtæki landsins eru á höfuöborgarsvæðinu. Halda menn að þau muni ekki bera sig eftir verkum, hvort heldur er í vegagerð, virkjanaframkvæmdum, byggingu álvers eða tengdum framkvæmdum? Að sjálfsögðu. Þess vegna er nokkuð augljóst að sá fjöldi starfa sem mun skapast vegna þessara framkvæmda mun fyrst og fremst koma fólki til góða á höfuðborgarsvæðinu. Á því leikur enginn vafi og á það hefur margoft verið bent af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Ég vil bæta við einu máli enn til þess að undirstrika það að ríkisstjórnin hefur verið að taka ákvarðanir sem byggja upp atvinnulíf í höfuðborginni. Ég vil nefna væntanlegt menningarhús í Reykjavík. Það er fyrir atbeina ríkisvaldsins sem tekst að byggja upp ekki bara menningarhús heldur líka stóran hótelrekstur á höfuðborgarsvæðinu. Ríkið mun leggja til rúma 3 milljarða kr. af skattfé almennings, ef ég man rétt 3,3 milljarða kr., til að koma þessu húsnæði upp og þeirri atvinnustarfsemi sem henni tengist í gang. Það mun skapa feiknarlegan fjölda starfa, herra forseti.

[11:32]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega fagna ég því að það skuli vera uppbygging á höfuðborgarsvæðinu. En ég kvarta undan því að í þessu frv. berum við skarðan hlut frá borði. Ég minni á að landið allt hefur ákveðnar skyldur gagnvart höfuðborginni, þ.e. að hér sé byggt upp og hér séu menningarstofnanir fyrir alla þjóðna. Það er ekki bara fyrir höfuðborgarsvæðið.

Það er rétt að kallað verður eftir vinnuafli af höfuðborgarsvæðinu þegar framkvæmdirnar verða á næstunni, sem betur fer. En því miður er hér aðallega um að ræða karlastörf. Konur eru nánast algjörlega afskiptar í þeim atvinnutækifærum sem hér er verið að byggja upp. Ég minni á það einnig að menntafólk ber líka skarðan hlut frá borði við þessar aðgerðir höfuðborgarinnar því að þessi störf í vegagerðinni eru að mjög miklu leyti störf verkamanna og iðnverkafólks en ekki að sama skapi menntamanna og konurnar eru mjög fáar sem fá störf vegna þessara aðgerða.

[11:34]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta voru ótrúlega sjónarmið sem komu fram hjá hv. þm. Þessi ræða hefði að einhverju leyti verið rétt fyrir 20 árum en ekki í dag. Hvað gerist í fyrsta lagi núna? Hvað er búið að gerast núna? Verðbréfafyrirtæki fara í gang að selja hlutabréf til að fjármagna þetta. Hverjir vinna þar? Konur og karlar. Frábærar konur og frábærir karlar selja þessi bréf. Síðan fara verkfræðistofur og tæknifræðingar að hanna og skipuleggja útboð. Síðan koma tilboð frá verktökum. Þetta eru allt meira og minna tæknifræðingar og verkfræðingar, háskólafólk, og jafnt konur sem karlar. (**Gripið fram í:** Ekki jafnt.)

Einhvern tíma í sumar fara ýtukarlarnir í gang, ýtukarlarnir sem því miður eru enn þá flestir karlmenn þó að engin ástæða sé fyrir því önnur en fordómar, hugsanlega kvenna sjálfra. Þeir fara úr störfum hérna í Reykjavík. Þeir voru kannski að baka pitsur í atvinnuleysinu og þeir fara austur að ýta og þá losna störfin á pitsustöðunum við að baka pitsurnar. Svona er vanþekkingin mikil á kerfinu.

Talandi svo um landsbyggðina og Reykjavík, hvar skyldi nú öll þessi starfsemi eiga sér stað, þ.e. verkfræðingarnir, verðbréfasalarnir o.s.frv.? Hvar er Landsvirkjun? Er hún á Vestfjörðum? Ó nei, hún er í Reykjavík og öll þessi störf valda mikilli og aukinni atvinnu í Reykjavík og ég gleðst sem þingmaður Reykvíkinga.

[11:35]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Eðlilega hefur verið gripið á nokkrum málum sem tengjast atvinnumálum í þessari umræðu. Ég held að fyllsta ástæða sé til þess að fara aðeins yfir þau mál svo að ekki fari milli mála hver hlutur ríkisstjórnarinnar hefur verið að undanförnu, sérstaklega gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Hér hafa menn líka nefnt önnur mál sem ekki er að finna í frv., eins og heilbrigðismál, og minnt hefur verið á fjárhagsvanda á Sauðárkróki og í Reykjavík. Það er engin ástæða fyrir hv. þingmenn sem minnt hafa á þessi mál, sem er sjálfsagt og eðlilegt að gera, annað en taka það trúanlegt sem fyrir liggur af hálfu þingmanna og ráðherra stjórnarflokksins að unnið er að úrlausn þeirra mála sem á hefur verið bent. Við víkjum okkur ekkert undan því að ræða heilbrigðismál í þessari umræðu nú eða síðar.

Varðandi atvinnumálin vil ég til þess að ljúka því sem ég hóf í andsvörum við hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur sem setti mál sitt fram á þann veg að stjórnarflokkarnir hefðu vanrækt að standa að atvinnuuppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu og þess vegna væri atvinnuleysi þar meira en annars staðar ... (**ÁRJ:** Ég sagði það nú ekki.) Ég held að það verði að leiðrétta þennan málflutning hjá hv. þm. vegna þess að annað er rétt. Ríkisstjórnin hefur að sjálfsögðu markað sér almenna stefnu í atvinnumálum sem gefur fyrirtækjum í atvinnulífinu gott svigrúm og góð skilyrði til þess að vaxa og dafna. Það geta menn séð á ýmsum sviðum í atvinnumálum. Sértækar aðgerðir sem lúta að einstökum verkefnum hafa verið tiltölulega fá en athyglisvert er að þau hafa þó verið flest og langsamlega veigamest á höfuðborgarsvæðinu. Það er dálítið athyglisvert í þeim breytta tíðaranda sem er gagnvart hlutverki stjórnvalda í atvinnumálum að engin gagnrýni hefur komið fram svo að ég muni eftir á það að stjórnvöld hafa beint komið að atvinnuuppbyggingu í stórum atriðum á höfuðborgarsvæðinu. Stærsti þátturinn í því er að sjálfsögðu uppbyggingin á deCODE í Vatnsmýrinni, fyrirtæki sem hefur mörg hundruð manns í vinnu. Þáttur ríkisvaldsins er gríðarlega stór í því máli. Í fyrsta lagi lögðu ríkisbankarnir — og ég legg áherslu á það — það voru ríkisbankarnir sem lögðu til fé, þeir keyptu hlutafé í þessu fyrirtæki fyrir samanlagt um 6 milljarða kr. Getur nokkur þingmaður bent mér á þátttöku ríkisins í öðru verkefni á landsbyggðinni sem jafnast á við þessa stærðargráðu? Mér þætti gaman að heyra samjöfnuð í því efni.

Í öðru lagi komu stjórnvöld að þessu máli með því að setja löggjöf sem tryggði starfsgrundvöll fyrirtækisins. Í þriðja lagi hafa stjórnvöld komið að þessu fyrirtæki með því að samþykkja heimild til fjmrh. til þess að veita ábyrgð fyrir lántöku allt að 20 milljörðum kr. Mér er til efs, jafnvel þó menn leggi saman beinan þátt ríkisvaldsins í atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni sl. 20 ár, að þeir geti fundið samanlagt jafnmikinn stuðning þar eins og í þessu eina máli á höfuðborgarsvæðinu. Mér er það mjög til efs og þætti mjög vænt um það ef fróðir menn gætu dregið fram upplýsingar sem hrektu þessa skoðun mína.

Að halda því svo fram að stjórnvöld eða stjórnarflokkarnir séu eitthvað sérstaklega að skrattast á hagsmunum Reykvíkinga (Gripið fram í.) er náttúrlega algjör bábilja og firra. (Gripið fram í.) Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir eykur ekki hróður sinn með málflutningi af þessum toga. Kjósendur eru nefnilega mjög skynsamir. Þeir sjá í gegnum málflutning þingmanna sem ætla að koma sér áfram með því að reyna að upphefja sjálfa sig á kostnað annarra í þessum efnum. Það er ekki vænlegt, sérstaklega ekki á höfuðborgarsvæðinu, að ætla sér að rýra álit stjórnmálamanna eins og þingmanna stjórnarflokkanna með þessum dylgjum um að þeir líti ekki af neinni alvöru til hagsmuna fólks á höfðuðborgarsvæðinu. Það er ekki boðlegur málflutningur. Hann er ekki æskilegur og hann leiðir ekki til góðs vegna þess að hann er til þess fallinn að skipta þjóðinni í tvennt. Málflutningur þingmanns Samfylkingarinnar verður auðvitað að skoðast í ljósi pólitískrar stefnuyfirlýsingar talsmanns Samfylkingarinnar um hlutverk sitt í landsmálunum sem er það að gæta hagsmuna íbúa Reykjavíkurborgar. (**SvanJ:** Var það ekki áður en þið flæmduð hana í það hlutverk ...?) Það verður að líta á þessar yfirlýsingar í þessu ljósi og þingmenn Samfylkingarinnar verða að vanda málflutning í þessum efnum. Hins vegar mega þeir mín vegna halda honum áfram ef þeir kjósa því ég veit að það verður þeim ekki til framdráttar.

Ég vil líka minna á annað verkefni en deCODE þar sem hlutur ríkisins er gríðarlega stór og það er væntanleg uppbygging tónlistar- og menningarhúss á höfuðborgarsvæðinu þar sem hlutur ríkisins er ríflega 3 milljarðar kr. Vegna þess að ríkið leggur þessa peninga fram verður hægt að ráðast í frekari framkvæmdir í uppbyggingu á hóteli og skapa þar mikla atvinnu fyrir fólk sem hér býr. Geta menn nefnt dæmi um beina þátttöku ríkisins á landsbyggðinni sem jafnast á við þessi tvö dæmi? Það held ég ekki. Ég er ekki að nefna þessi tvö dæmi vegna þess að ég hafi lagst gegn þeim. Því fer fjarri. Ég er að nefna þau til þess að undirstrika það að stjórnarflokkarnir hafa beitt sér í atvinnumálum á höfuðborgarsvæðinu ákaflega myndarlega. Mér þykir það ósanngjarn málflutningur af hálfu hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur að halda öðru fram. Að mínu viti væri hægt að færa sterkari rök fyrir því af hálfu þingmanna landsbyggðarinnar að menn hefðu getað gert meira á landsbyggðinni og meira í líkingu við það sem gert hefur verið á höfuðborgarsvæðinu. Það væri hægt að færa sterkari rök fyrir þeirri gagnrýni en þeirri gagnrýni sem hv. þm. hefur haft hér í frammi. En ég ætla ekki að gera það.

Þetta vildi ég taka fram, herra forseti, þannig að alveg væru skýrar, a.m.k. af minni hálfu, þær áherslur að stjórnarflokkarnir hafa staðið sig vel í atvinnumálum á höfuðborgarsvæðinu og að stærstu verkefnin sem stjórnvöld hafa komið beint að og tengjast atvinnuuppbyggingu eru einmitt á höfuðborgarsvæðinu. Ég vil að menn viti af því í þessari umræðu svo að þeir geti forðast að halda öðru fram.

Herra forseti. Ég vil segja um efni þessa frv. að öðru leyti að ég fagna því að ákveðið er að bæta við fé til vegamála. **(Gripið fram í:** ... gagnrýna það?) Ég heyri ekki neinn gagnrýna það þannig að ég hygg að það sé mjög góð samstaða meðal þingmanna um þessar tillögur. Sú tillaga að fjögurra ára áætlun í samgöngumálum sem liggur fyrir Alþingi var að sumu leyti vonbrigði fyrir sum svæði landsins, eins og á Vestfjörðum, ekki vegna þess að það væri beinlínis verið að skera niður fjármagn til vegaframkvæmda þar heldur hitt að breyttar aðstæður, hönnun og ákvörðun um gerð vega hefur leitt það af sér að kostnaður við þær framkvæmdir sem menn samþykktu í langtímavegáætlun árið 1998 hefur reynst vera hærri en menn áætluðu þá. Fjárveitingar í samgöngutillögunni sem hæstv. samgrh. lagði fram voru dálítið frá því að unnt væri að halda þeim framkvæmdahraða sem ákvarðaður var í þeirri áætlun, sérstaklega á þeim verkefnum sem lúta að uppbyggingu Djúpvegar frá Ísafirði til Brúar í Hrútafirði. En með þessari viðbót sem hér er lögð til tekst að breyta tillögunni þannig að menn munu vera nær þeim markmiðum sem sett voru með samþykkt langtímaáætlunar 1998. Þannig verður reyndar framkvæmdum hraðað frá því sem þar er gert ráð fyrir varðandi Vestfjarðaveg frá Patreksfirði og austur Barðastrandarsýsluna þannig að framkvæmdir á þeirri leið munu ganga hraðar fyrir sig en þar er gert ráð fyrir. Framkvæmdir við Ísafjarðardjúp munu ganga hægar fyrir sig en þó verður ekki nándar nærri eins mikill munur á og stefndi í. Ég tel því að með þessari tillögu sé verulega bætt úr.

Varðandi byggðamálin er líka fagnaðarefni að hér er lagt til að setja sérstakt fjármagn til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni í svonefndu atvinnuátaki sem hljóðar upp á 700 millj. og á að renna til Byggðastofnunar sem á að hafa umsjón með ákvörðun og útdeilingu fjárins. Ég tel fyllilega tímabært að stofnunin fái aukið fé til þessa verkefnis og legg áherslu á sjónarmið mín sem ég vil gjarnan að verði höfð til hliðsjónar við ákvörðun á ráðstöfun á því fé. Ég tel að menn eigi að horfa til þeirra annarra framkvæmda og atvinnuuppbyggingar sem eru í gangi á næstu árum þegar menn útdeila þessu fé eftir svæðum. Það er ljóst að það eru og verða gríðarleg umsvif á Austurlandi. Það er líka ljóst að það eru töluverð umsvif við Eyjafjörð og sérstaklega á Akureyri sem hið opinbera stendur fyrir á mörgum sviðum. Veruleg uppbygging mun eiga sér stað á þessum svæðum á landsbyggðinni.

Það er líka ljóst að uppbygging álvers í Hvalfirði mun hafa góð áhrif á því svæði, eða væntanleg stækkun álvers í Straumsvík sem líklega má ætla að verði af á næstu árum. Hún mun líka hafa góð áhrif á því svæði. Ég held að menn eigi að horfa til þess og verja þessu fé þá á þeim svæðum landsbyggðarinnar þar sem síst gætir áhrifa af þessum umsvifum. Það eru auðvitað svæði um allt land þó að þau séu misjafnlega stór á hverjum stað. Segja má að stærsta samfellda svæðið þar sem ég hygg að ekki muni gæta mikilla áhrifa af þessum framkvæmdum og uppbyggingu í kjölfar þeirra sé í Norðvesturkjördæminu, frá Húnaflóa um Vestfirði og í Dali. Ég held að það megi segja nokkuð augljóst að jákvæðra áhrifa þessara framkvæmda muni síst gæta þar og þó helst á þann veg að fyrirtæki á þessu svæði gætu fengið verkefni sem tengdust uppbyggingunni fyrir austan og norðan og í Hvalfirðinum, en líka hitt að fólk muni sækja úr þessum landsvæðum til atvinnu á uppbyggingarsvæðunum. Þess vegna er nauðsynlegt að styrkja atvinnulíf á þessum veikari svæðum til þess að það geti betur haldið í vinnuafl sitt á meðan þessi þensla og uppbygging gengur yfir. Það verður best gert að mínu viti með því að styðja við bakið á þeim atvinnugreinum sem eru helstar fyrir á þessu svæði. Fljótlegasta og áhrifaríkasta aðgerðin til mótvægis er að styrkja þær atvinnugreinar. Nýsköpun er auðvitað ágæt en slæm reynsla er fyrir því að ætla sér að treysta atvinnulíf eingöngu með nýsköpun. Það er tímafrekt og áhættusamt. Ég hef ekki mikla trú á því að menn geti byggt upp mikið af störfum á landsvæði eins og því sem ég nefndi, einvörðungu með því að fitja upp á atvinnu í greinum sem ekki eru fyrir á svæðinu. Ég minni á að samkvæmt könnun, Samtaka atvinnulífsins hygg ég að það hafi verið, áforma atvinnurekendur í sjávarútvegi að fækka fólki hjá sér um 4%, og þá fyrst og fremst við landvinnslu. Það styður það enn að stjórnvöld horfi til landsvæða þar sem síst gætir áhrifa af framkvæmdum við álver og tengdar framkvæmdir og þar sem sjávarútvegur og landbúnaður er hátt hlutfall starfa í atvinnulífi svæðisins.

Þetta eru þau sjónarmið mín í þessu máli sem ég vildi gjarnan koma hér að. Jafnframt fagna ég yfirlýsingu iðn.- og viðskrh. um það efni þar sem fram kom að horft yrði sérstaklega til Vestfjarða varðandi atvinnuþróunarmál og að hún liti þá til þeirra tillagna sem Vestfirðingar hafa komið sér saman um í sinni sérstöku byggðaáætlun frá síðasta ári. Ég geri mér góðar vonir um að ráðstöfun þessa fjár geti nýst vel á þeim svæðum landsins þar sem ég tel þess mest þörf á næstu árum.

[11:52]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom víða við í ræðu sinni og auðvitað væri forvitnilegt að ræða ýmislegt við hann. Ég verð að takmarka það í þessu andsvari en kem væntanlega inn á fleiri þætti í ræðu minni síðar.

Það vakti athygli mína að hv. þm. ræddi m.a. um það fjármagn sem fer hér aukið til vegagerðar. Ég sakna þess

þó að hv. þm. kom ekkert inn á það sem ég lagði töluverða áherslu á í ræðu minni, hina svörtu bletti víða um land. Forvitnilegt væri að heyra viðhorf hans til þess hvort það væri ekki ráð, eins og ég ræddi um í ræðu minni, að tekið yrði eitthvert ákveðið hlutfall af þeim fjármunum sem settir eru til þess að fara sérstaklega yfir hina svörtu bletti, það væri byrjað á því gagnvart þessu og síðan haldið áfram inn í vegáætlun.

Það var einnig athyglisvert þegar hv. þm. átti hér býsna góðan ræðustúf um hina vel heppnuðu byggðastefnu sem ríkisstjórnin hefur náð að framfylgja á höfuðborgarsvæðinu. Hann nefndi ýmis dæmi þar um. Ég saknaði þó þess sem hv. þm. hefur oft gert og vildi spyrja hann hvort hann hefði nokkuð breytt um skoðun í þeim efnum. Ég er algjörlega sammála því sjónarmiði sem ég hef heyrt hv. þm. halda fram, að það sé nauðsynlegt að við setjum fram byggðastefnu sem taki tillit til alls landsins, þ.e. að höfuðborgarsvæðið sé með í þeirri byggðastefnu þannig að horft sé heildstætt á hlutina, það sé ekki gert eins og ríkisstjórnin sem hann hefur stutt hefur stundað á undanförnum árum, að vera með sértæka byggðastefnu á höfuðborgarsvæðinu. Í raun og veru er það eina byggðastefnan sem hefur gengið upp. Ég tel að við eigum að geta lært töluvert af þeirri byggðastefnu sem hefur verið stunduð á höfuðborgarsvæðinu og eigum að geta fært hana svolítið yfir landið. Ég vona að hv. þingmaður hafi ekki skipt um skoðun og að jákvæðni hv. þingmanns, sem oft hefur ekki verið til staðar gagnvart ríkisstjórninni sé ekki eingöngu vegna þess að það er örstutt í kosningar.

[11:55]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að við getum dregið þann lærdóm af þeim verkefnum sem ég nefndi að stjórnvöld hefðu ákveðið að ráðast í með beinum hætti eða koma að að þau hafa skilað árangri. Það segir okkur að við getum haft áhrif á byggðaþróunina með beinum aðgerðum, hvort sem þær eru almennar eða sértækar. Þess vegna nefndi ég þessi dæmi af höfuðborgarsvæðinu til þess að undirstrika að þróun, hvort sem hún er á landsbyggðinni eða höfuðborgarsvæðinu, er ekki tilviljun. Hún er afleiðing af því sem menn ákvarða á hverjum tíma.

Mér finnst nefnilega umræða um byggðamál allt of oft hafa snúist um það að menn telji að það þurfi aðgerðir á landsbyggðinni en svo sé einhver þróun sem enginn þurfi að koma að og enginn komi að en engu að síður leiði til þess að byggðin vaxi og dafni á höfuðborgarsvæðinu. Það er auðvitað ekki þannig. Það gerist ekki af sjálfu sér, heldur vegna ákvarðana sem menn taka og þá ekki hvað síst stjórnvöld.

Ég er alveg á sömu skoðun og ég hef verið, herra forseti, og tel að menn eigi að skilgreina og ákvarða stefnu stjórnvalda fyrir landið í heild. Ég tel að menn eigi sérstaklega að skilgreina stöðu höfuðborgarinnar í þeirri stefnu sem segir þá hvað það er, hverjar skyldur ríkisvaldsins eru gagnvart sveitarfélaginu sem er jafnframt höfuðborg. Ég held að það sé algerlega nauðsynlegt að hafa það skýrt og ná góðu samkomulagi um það því að það felur líka í sér ákvörðun um aðgerðir gagnvart öðrum sveitarfélögum sem að öðru leyti þurfa þá að vera sambærilegar.

[11:57]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég saknaði svara frá hv. þingmanni varðandi hina svörtu bletti. Ég vona að hv. þm. svari því í seinna andsvari og vona að við séum sammála í þeim efnum eins og mér heyrist við vera varðandi byggðamálin og kemur mér það út af fyrir sig ekki á óvart.

Eitt vakti þó sérstaka athygli mína í ræðu hv. þm. Það var um þær 700 millj. sem hér eru áætlaðar til Byggðastofnunar og útlistanir hv. þingmanns á því sem hann taldi að þessar 700 millj. ættu að fara í. Hann vitnaði þar til ummæla hæstv. iðnrh. sem ég því miður missti af í morgun. Mér skilst að þessi orð hafi fallið þegar hæstv. iðnrh. var í andsvari fyrr í umræðunni nema orðin hafi fallið á einhverjum fundi í Framsfl. sem gæti auðvitað einnig verið. Ég held að það hafi verið hér í morgun. Ég trúi því. Það er athyglisvert vegna þess að í frv. segir um þessar 700 millj., með leyfi forseta:

„Við ráðstöfun fjárins verði tekið mið af þeim áherslum sem fram koma í byggðaáætlun 2002–2005."

Byggðaáætlunin á þessu tímabili var samþykkt með svolítið sérstökum hætti. Ef ég man rétt var hv. þm. með mjög margar efasemdir einmitt um þær áherslur sem þar komu fram. Ef ég man áfram rétt var hv. þm. einnig með miklar athugasemdir við það hvernig byggðaáætlunin hefði verið framkvæmd á fyrstu missirunum þannig að ég velti fyrir mér, herra forseti, og vil spyrja hv. þm. að því hvort um sé að ræða einhverjar breytingar á þessum áherslum eða hvort það sé þá misminni mitt að skort hafi verulega á það í áherslum byggðaáætlunarinnar að menn ætluðu sér að leggja mikla áherslu eða nægilega áherslu á Vestfirði.

[11:59]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi svarta bletti í vegakerfinu og á landsbyggðinni skildi ég hv. þm. þannig að hann vildi afmarka þá og leggja fé til þeirra á undan öðrum verkefnum. Ég hef út af fyrir sig ekki neina skoðun aðra en að þingmenn í hverju kjördæmi eiga að sjálfsögðu að halda áfram að skipta sínu vegafé og velja þá úr þau verkefni og raða þeim niður sem þeir telja rétt að ráðast í. Ég hef út af fyrir sig engar athugasemdir við það að menn geri það með þeim hætti sem þingmaðurinn lagði til. Ef hann hefði hins vegar meint hvort það ætti að hafa sérstaka fjárveitingu til þessara kafla sem hann kallar svarta bletti finnst mér það út af fyrir sig koma til greina, og taka það þá af óskiptu fé. Þá yrðum við líka að taka sambærilega bletti á höfuðborgarsvæðinu til þess að gæta jafnræðis í því.

Ég vil segja um þá byggðaáætlun sem vitnað er til að þegar hún var undirbúin sat ég í starfshópi um hana. Mér fannst á skorta í lokaskjali að allar þær áherslur kæmu fram sem ég vildi. Ég sendi því greinargerð til iðnrh. um það sem ég vildi bæta við. Sú afgreiðsla sem varð í þinginu var sú pólitíska niðurstaða að staðfesta þær tillögur sem komu fram í áætlun ríkisstjórnarinnar auk þess sem viðbót var svo komin fram í áliti meiri hluta iðnn., og það samanlagt er byggðaáætlunin. Síðan gerðu Vestfirðingar eigin byggðaáætlun af því að þeir töldu, og höfðu nokkuð til síns máls að mínu viti, að nokkuð skorti á áhersluna varðandi Vestfirði, og það kom skýrt fram hjá hæstv. iðnrh. í morgun að hún lítur til þeirrar áætlunar líka.

[12:01]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara í umræðuna sem Kristinn H. Gunnarsson vakti í ræðu sinni um atvinnuuppbyggingu þessarar ríkisstjórnar almennt. Ég ætla fyrst og fremst að bera fram spurningar til hæstv. fjmrh. En ég ætla hins vegar að koma inn á einn afmarkaðan þátt sem tengist

Framsfl. og atvinnuuppbyggingu. Það er frá upphafsdögum og aðdraganda þeirrar ríkisstjórnar sem Framsfl. myndaði með Sjálfstfl.

Muna menn eftir kosningatrikkinu vorið 1995 þegar Framsfl. sagðist ætla að búa til 12 þúsund störf? Framsfl. ætlaði að búa til 12 þúsund störf. Muna menn eftir auglýsingunum þar sem litlir krakkar og unglingar birtust á sjónvarpsskjánum og sögðu: Ég ætla að verða kennari. Ég ætla að verða flugfreyja. Ég ætla að verða verkfræðingur. Ég ætla að verða hjúkrunarkona. Þetta var hugnæmt og fallegt. Stór orð voru höfð uppi í trausti þeirra tækifæra sem Framsfl. vissi þá að fólust í EES-samningnum. Það var nefnilega staðreynd sem ekki náði vel í gegn því miður að þetta vor var byrjaður hagvöxtur hér á landi. Hann var byrjaður vegna þeirrar vinnu sem hafði farið í gang og náðst fram í ríkisstjórninni á kjörtímabilinu á undan, þ.e. að ná fram og lögfesta EES-samninginn og þar með skapa þau tækifæri sem hver hugsandi maður gerði sér grein fyrir að var að finna í þessum samningi. Þess vegna var svo auðvelt að senda bara inn auglýsingar um hvað öll börnin og unglingarnir ætluðu að verða. Allir vissu að nú var land tækifæranna að ganga í garð. Þannig var það.

En stundum kemur að einhverjum reikningsskilum. Nú heyrist æ víðar manna á meðal: Bíddu nú við. Ef það dygði bara að Framsfl. færi í ríkisstjórn til að búa til störf, eins og það hljóðaði svo einfaldlega, hvernig má þá vera að á meðan Framsfl. er í ríkisstjórn séu að glatast störf í stórum stíl? Af hverju afstýrir Framsfl. ekki í ríkara mæli því að störf glatist? Það er ekki mjög langt síðan Guðmundur Árni Stefánsson fór í umræðu við hæstv. félmrh. út af yfirvofandi atvinnuleysi og hæstv. félmrh. lýsti því yfir að hér væri ekkert atvinnuleysi og engin alvara á ferðum. Hann hafði ekki gert sér grein fyrir því að það var orðið mjög mikið atvinnuleysi meðal háskólamenntaðs fólks. Hvers vegna? Vegna þess að þessi hópur valdi, þegar hann missti vinnuna, að fara í framhaldsnám, fara á námskeið, í viðbótarnám og gera eitthvað til að bæta stöðu sína á þeim tíma sem virtist vera að renna upp með þröng á vinnumarkaði og samdrætti. Þetta vil ég segja um atvinnuuppbyggingu Framsfl. Ég er ekki viss um að Framsfl. eigi auðvelda tíma fram undan á komandi vikum fram að kosningum þrátt fyrir þá 4,7 milljarða sem eru til umræðu í dag.

Þá ætla ég að víkja að erindi mínu við hæstv. fjmrh. Þetta eru nefnilega einstaklega áhugaverð fjáraukalög. Allt liggur eiginlega fyrir, engar óvæntar uppákomur eru í þessu frv., ó nei, nema þá helst að við erum ekki að tala um 6 milljarða heldur 4,7 vegna þess að áheyrendur heyrðu í fréttum þann dag sem komið var fram með þennan góða boðskap að fara ætti í atvinnuátak — þá var alltaf talað um 6 milljarða. Ég er alveg sannfærður um að flestallir sem á hlýddu töldu að leggja ætti til 6 milljarða á þessu ári. En þeir eru 4,7. Ég ætla ekki að gera lítið úr því vegna þess að sátt er um að fara í atvinnuátak. Nú eru 4,7 milljarðar til skiptanna.

Umræðan um úthlutun fjármagnsins hefur staðið í margar vikur í þjóðfélaginu og í fjölmiðlum. Hún hefur ekki farið fram í þessum sal fyrr en í dag. Þingmenn hafa ekki haft neina aðkomu að þessum ákvörðunum, ekki þingmenn stjórnarandstöðunnar. Þingmenn, líka stjórnarandstöðunnar, hafa haft aðkomu að vegagerðarþættinum á fundum sínum með Vegagerðinni. Þá var þegar búið að tilkynna og ákveða skiptinguna og fjárhæðina. Þingmenn fengu að koma að því ef það voru einhverjar breytingar eða lagfæringar á því sem menn voru búnir að hugsa sér. Um það ætla ég að spyrja hæstv. fjmrh., þ.e. að þessi vinnubrögð vekja spurningar og hljóta að vekja okkur þingmenn alla til umhugsunar.

Ég sagði áðan að almennur stuðningur væri við að fara í átak og eins í mínum flokki við að reyna að bregðast við útlitinu og afstýra stærri áföllum með því að gera eitthvað strax. En spurningin sem vaknar er hvernig staðið var að þessu. Ég spyr: Hvernig var haldið á undirbúningi þessarar tillögu. Við vitum að sumir þingmannahópar voru á fundum hjá Vegagerðinni daginn áður en tilkynningin kom. Daginn áður en tilkynningin kom eða daginn þar á undan var umræða hér um vegáætlun eða samgönguáætlun.

Við hverja var rætt þegar ríkisstjórnin ákvað að kynna að hún ætli að skipta 6 milljörðum kr. á kjördæmin, 6 milljörðum sem eru bara 4,7 á þessu ári? Við hverja var rætt? Það er nefnilega mjög farsælt að ná víðtækri samvinnu þegar fara á í svona átak. Í raun er mjög farsælt að hafa víðtækt samráð þegar taka þarf á mikilvægum málum í þinginu. Það sem fyrst og fremst skilur okkur frá öðrum þingum er að í stórum málum, þegar reyna á að ná fram nýrri lagasetningu í stórum og miklum málaflokkum, þá er reynt að ná víðtækri sátt í nágrannaþingum okkar, ekki hér.

Ég er upptekin af þessu. Þegar taka þarf á þarf að hafa samráð. Ég bendi auðvitað á þingið sem er mjög mikilvægt. Þegar fara á í framkvæmdir af þeim toga sem hér hafa verið kynntar hlýtur að vera mikilvægt að eiga viðræður við Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Alþýðusambandið og jafnvel hagsmunahópa á einhverju sérstöku sviði til að átta sig á hvar mikilvægast er að bregðast við, hverju maður skapar betri aðstæður síðar með því að setja í það fjármagn núna.

Af því að ég hef nefnt stjórnarandstöðuna og að við erum óvön því að við okkur sé rætt, virðulegi forseti, ætla ég að vekja athygli á því að Sverrir Hermannsson var í viðræðuþætti í morgunútvarpinu. Hann er sá þingmanna sem lengst man aftur í tímann til starfa Alþingis. Hann gerði það eiginlega að meginmáli sínu að hann hefði miklar áhyggjur af því hvernig Alþingi hefði þróast og hversu veikt það væri orðið gagnvart framkvæmdarvaldinu. Þegar ég tala um stjórnarandstöðuna getur því vel verið að ég eigi að tala um þingið allt. Ég hef ekki hugmynd um hvort yfirleitt var talað við þingmenn úr stjórnarflokkunum þegar úthlutun þessara fjármuna var undirbúin. Þess vegna er ég upptekin af því við hverja var rætt og hvernig skipting fjárins var ákveðin.

Mér finnast þau vinnubrögð sem ég hef orðið vitni að sem áhorfandi afskaplega gamaldags. Rokið er til og ákveðið að nú sé tíminn til að gera eitthvað. Ákveðinni fjárhæð, 6 milljörðum — 1,6 reyndar árið 2004 — 4,7 milljörðum er skipt hér. Fingri er brugðið á kjördæmin og milljörðunum skipt.

Um morguninn þennan sama dag áður en fréttamannafundur var haldinn, áður en fréttin barst, ræddi ég við formann öldrunarráðs. Hún fór yfir það með mér hversu erfitt ástand væri varðandi byggingu hjúkrunarheimilanna og þungann í hjúkrunarmálum aldraðra. Fjárskortur hrjáir framkvæmdir í gangi. Mikilvægt hefði verið, hefði þess verið nokkur kostur, að fá viðbótarfjármagn í þær framkvæmdir sem þegar var búið að ákveða samt og ríkið væntanlega leggja blessun sína yfir með því að viðurkenna slíkar framkvæmdir í Framkvæmdasjóði, sé það gert. Þarna var t.d. tækifæri til að gera átak sem beindist ekki bara að þessum hópi með því að skapa hjúkrunarrými fyrir fólk sem býður

og skiptir ekki bara máli fyrir allar þær fjölskyldur sem eiga í erfiðleikum meðan fólk bíður heima eftir rými á slíkum stöðum heldur væri það líka gífurlega mikilvægt fyrir Ríkisspítalana sem ég er reyndar nýbúin að heimsækja. Þar hafa menn áhyggjur af því hversu mörg legurými eru bundin á þessu tæknisjúkrahúsi sem er allt of dýr kostur fyrir almenn legurými. Skoðun á því að setja t.d. ákveðið fjármagn til að flýta framkvæmdum í gangi sem tefjast af því að fjármuni vantar hefði líka getað tekið á vanda Ríkisspítalanna. Ég hlýt að spyrja hæstv. fjmrh.: Var þetta skoðað eða voru menn ákveðnir í að peningar sem átti að setja í framkvæmdir ættu alls ekki að fara í þess konar byggingar sem sneru að velferðinni eða þessum þætti sem mörgum ber þó saman um að er sá málaflokkur sem verður í umræðunni og kastljósi verður beint að á þessu kosningavori? Var skoðað að bæta ástand í framhaldsskólum þar sem byggingarframkvæmdir bíða?

Ég minnist t.d. áralangs þrýstings nemenda Hamrahlíðarskóla, þar sem íþróttaaðstöðu skortir, beiðna þeirra um úrræði og þess að kallað væri eftir að hafist yrði handa við að byggja íþróttahúsið. Þeir sem til þekkja telja að slík bygging hefði ekki kallað á neinn stórrekstur ef hafist hefði verið handa við byggingu íþróttahúss við þennan mjög svo fjölmenna framhaldsskóla í Reykjavík. Var rætt um þessa hlið? Var þetta eitthvað skoðað? Var skoðað hvað það þýddi að fara í byggingarframkvæmdir almennt í ríkari mæli þegar menn voru að skipta með sér fjárhæðinni eða voru menn allan tímann ákveðnir í að fara eingöngu í vegaframkvæmdir og svo þessi menningarhús sem þó eru illa undirbúin?

Ræddu menn í ríkisstjórninni átak í byggingu leiguíbúða? Við ræddum um þau mál um daginn. Einnig var rætt um slíkt átak fyrir tveimur árum. Þá var hæstv. félmrh. bjartsýnn á að hægt væri að ná samvinnu við sveitarfélögin, verkalýðshreyfinguna og lífeyrissjóðina um sameiginlegt átak til að byggja leiguíbúðir. Þetta er óleystur vandi í samfélaginu. Var í alvöru skoðað hvar atvinna skapaðist, miðað við þau orð sem féllu í umræðunni í morgun hjá hv. þm. Pétri Blöndal? Hann benti á að atvinnan skapaðist ekki endilega í því kjördæmi sem peningarnir væru eyrnamerktir. Var það rætt í ríkisstjórninni hverjar væru bestu samfélagsaðgerðirnar eða hittust menn á skyndifundi, ákváðu að nú væri ástæða til að gera eitthvað og skelltu út 6 milljörðum?

Takið eftir fjárhæðinni, 6 milljörðum. 6 milljarðar sem maður skellir út í fréttunum eru miklu flottari tala en 4,7 milljarðar. Hittust menn á skyndifundi í ríkisstjórninni og skelltu út 6 milljörðum með því að drepa fingri á kjördæmin án þess að tala við kóng eða prest? Þetta er það sem ég vil ræða um við hæstv. fjmrh. varðandi vinnubrögð. Ég bíð spennt eftir því að fá að vita hvort fjmrh. leiðir mig í allan sannleikann um hvernig ríkisstjórnin stóð að málum. Ekki virðist Vegagerðin, sem höndlar með stærsta hluta fjármagnsins, hafa vitað mikið um þessi mál daginn áður en tilkynningin kom, miðað við umræður á fundum Vegagerðarinnar þá dagana.

Mig langar mjög mikið að spyrja hæstv. fjmrh. um annað. Eru þetta peningarnir sem alltaf áttu að fara í vegagerð, peningar sem ákvörðun var tekin um í ríkisstjórninni og kynnt fyrir allnokkru síðan, að fjármagn sem kæmi inn fyrir sölu ríkisfyrirtækja ætti að fara í vegaframkvæmdir, að eyrnamerkja ætti þá í vegaframkvæmdir? Eins konar samgöngupeningar áttu að koma inn fyrir sölu ríkisfyrirtækjanna. Er núna verið að nota samgöngupeningana tvisvar? Nýja átakið til atvinnusköpunar, eru það vegagerðarpeningarnir sem áttu að fara í samgöngumál? Ef þetta eru peningarnir sem boðað hafði verið að ættu að fara í samgöngumál, að ætti að eyrnamerkja samgöngumálum, vegagerð, jarðgöngum og brúm, er spurningin hvort einnig sé verið að nota samgöngupeningana í menningarhúsin? Er verið að kippa einum milljarði af samgöngupeningunum og setja í menningarhús? Hvert er ríkisstjórnin að fara í þessum ákvörðunum. Hvað er að marka yfirlýsingarar sem hún hefur gefið og er að gefa þessa dagana?

Aðalspurning mín í þessari umræðu er: Hvernig komust menn að þeirri niðurstöðu sem hér liggur fyrir? Við hverja var ráðgast og voru yfirleitt viðhöfð lýðræðisleg vinnubrögð í þessu þýðingarmikla máli?

[12:20]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til fjáraukalaga. Inn í þær umræður hafa kannski fyrst og fremst fléttast þær ákvarðanir ríkisstjórnarinnar að setja viðbótarfjármagn til samgöngubóta, í og með til þess að slá á atvinnuleysi í landinu. Ég tel það hafa verið mjög skynsamlegt, að grípa til aðgerða til að draga úr atvinnuleysi en í febrúar voru 6 þúsund einstaklingar án atvinnu. Ég hef fagnað því að þetta væri gert, og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við teljum að á slíkum samdráttartímum beri stjórnvöldum að spýta fjármagni út í atvinnulífið. Spurningin er hvernig þetta skuli gert. Það er önnur saga.

Ég er því fylgjandi að við verjum árlega umtalsverðu fé til samgöngubóta. Við lifum í stóru og á margan hátt erfiðu landi. Það er mjög mikilvægt fyrir landsbyggðina að hér sé sem best samgöngukerfi. Það hefur áhrif á öll lífskjör fólks. Fyrir fólk sem býr á þéttbýlissvæðinu skiptir að sjálfsögðu miklu máli líka að greiða úr samgöngumálum og koma þeim í sem best horf. En þegar takmörkuðu fé skal útdeilt er spurningin um hvernig því er skipt. Ég er þeirrar skoðunar að hlutfallslega meira af þeim fjármunum sem verið er að deila út núna hefðu átt og ættu að fara til annarrar ráðstöfunar. Horfi ég þar m.a. til velferðarþjónustunnar. Mig langar til að vitna í ályktun sem kom frá BSRB áður en ríkisstjórnin upplýsti um ákvörðun sína. Þar er fyrst vísað í atvinnuleysið og áhyggjum lýst yfir því hve ört það hafi farið vaxandi. Síðar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög bregðist við þessu ástandi strax og grípi til markvissra aðgerða til að vinna gegn atvinnuleysinu. BSRB telur rangt að einblínt sé á verklegar framkvæmdir á borð við vegagerð eingöngu heldur verði einnig að horfa til velferðarþjónustunnar og þeirra verkefna sem brenna á þar. Víða í velferðarþjónustunni hefur verið gengið of langt í niðurskurði og fækkun starfa undir merkjum svokallaðrar hagræðingar. Þetta hefur einnig verið fylgifiskur markaðsvæðingar almannaþjónustu. Í kjölfarið hefur hins vegar komið fram að álag á starfsfólk hefur aukist og er í mörgum tilfellum óhóflegt. Við þessu þarf að bregðast strax og fjölga starfsfólki.

BSRB telur vel koma til álita að hraðað sé nauðsynlegum verklegum framkvæmdum eins og í samgöngubótum, en þau störf sem skapast við það eru mjög einhæf og leysa því aðeins hluta vandans. Því er nauðsynlegt að grípa til fleiri aðgerða og þar liggur beinast við að fjölga störfum í velferðarþjónustunni þar sem um fjölbreytt störf er að ræða og þar sem víða eru óleyst verkefni.

Einnig er mikilvægt að horft sé til ungs fólks sem er að koma út á vinnumarkaðinn en atvinnuleysið hefur aukist mikið meðal þess. Hyggja þarf að því hvort hægt er að stofna til sérstakra átaksverkefna til að forða ungu fólki frá langtímaatvinnuleysi.

En það eru ekki bara ríki og sveitarfélög sem þurfa að axla ábyrgð. Fyrirtæki á almennum markaði þurfa einnig að taka þátt í því að stuðla að stöðugu atvinnuástandi. BSRB telur því mjög alvarlegt að á sama tíma og fyrirtæki eru að skila milljarða hagnaði segi þau upp fólki í stórum stíl eins og brögð hafa verið að."

Hér lýkur tilvitnun í þessa ályktun. Þetta eru orð sem ég vil gera að mínum, þær ábendingar og þær áherslur sem þarna koma fram.

Það má til sanns vegar færa að til að bæta atvinnuástandið þurfi verulegt fjármagn til verklegra framkvæmda. Ríkisstjórnin hefur kosið að beina því fyrst og fremst í samgöngumálin. Ég hefði talið koma til greina að beina fjármagninu til annarra verklegra þátta. Þar horfi ég til íbúðakerfisins. Ríkisstjórnin hefur vanrækt íbúðakerfið, sérstaklega félagslegra aðila sem hafa beðið eftir ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar. Ég hef haft fregnir af því opinberlega, hér í þingsalnum reyndar, að deilur hafi verið innan ríkisstjórnarinnar um hvernig ætti að taka á húsnæðisvandanum. Annars vegar hefur verið það sjónarmið að halda beri vöxtum í lágmarki. Hitt sjónarmiðið hefur verið að ríkisvaldið veiti myndarlega stofnstyrki til félagslegra aðila sem reisa félagslegt leiguhúsnæði, en ekki hefur orðið af framkvæmdum. Í ljósi þeirra frétta sem við fengum í gær, að biðlistar hér á höfuðborgarsvæðinu eru lengri eftir húsnæði en þeir hafa nokkru sinni verið, tel ég að það hefði verið til góðs að beina hluta fjármagnsins í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Það hefði mátt gera með því að veita fjármagn í slíka stofnstyrki.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að hafa í huga hvert markmiðið er með þessari innspýtingu fjármuna. Annars vegar erum við að byggja upp samgöngukerfið en markmiðið með þessu viðbótarfjármagni er þó sérstaklega að slá á atvinnuleysi. Hyggja þarf að því hverju verktakafyrirtækin geta tekið á móti, hverju þau anna. Ég fæ ekki betur séð en menn séu að keppast um að finna einhverjar leiðir til að ráðstafa þessum fjármunum. Menn kunna að vera að ofmetta markaðinn að þessu leyti. Þess vegna horfi ég til annarra verktaka og beini sjónum sérstaklega að byggingu íbúðarhúsnæðis.

Síðan mætti hugsa sér aðra þætti einnig. Hjá ýmsum stofnunum sem sinna mikilvægum málefnum, t.d. vísindastofnunum, náttúruvísindastofnunum, margvíslegum rannsóknastofnunum, skólum o.s.frv. er fjárþurrð. Þar er verulegur fjárskortur. Þeir sem til þekkja hafa sagt mér að kæmu t.d. inn í vísindarannsóknir fjármunir á borð við það sem við erum hér að ræða um, þó ekki væru nema nokkur hundruð millj. kr., þá mundi það geta skipt sköpum fyrir viðkomandi starfsemi.

Ég spyr hvernig stendur á því að ríkisstjórnin sýni slíkt fyrirhyggjuleysi sem mér finnast þessi vinnubrögð bera vott um. Ég hef á tilfinningunni að menn hafi sest niður, nánast nokkrum dögum áður en ákvarðanir voru teknar, til að véla um hvernig mætti koma þessum fjármunum í lóg. Hér hefði þurft að vanda miklu betur til verka. Ég hef nefnt tvo þætti sem ég tel að hefði þurft að hyggja betur að, annars vegar íbúðakerfið þar sem ég hefði viljað sjá fjármuni fara í myndarlega stofnstyrki. Ég nefni einnig vísindastarfsemi en í hana hefði mátt setja fjármuni.

Þegar því er hreyft að það þurfi einnig að efla velferðarþjónustuna, draga úr vinnuálagi og auka þjónustu þar sem skortur er á henni — þá horfi ég til ýmissa velferðarstofnana samfélagsins, sjúkrastofnana, og t.d. dvalarheimila aldraðra — tel ég að þeim fjármunum vel varið sem veitt er til starfa þar. Ég horfi til heimahjúkrunar. Ég horfi til ýmissa starfa þar sem konur sinna verkefnum fremur en karlar því að þetta er eitt sjónarmið sem ekki hefur verið haft nægilega í huga. Þegar þessu er hreyft hafa viðbrögðin stundum verið þau að hér séum við að tala um ráðstöfun á fjármunum nánast bara einu sinni, menn séu búnir að selja góssið, selja eignir þjóðarinnar, nú þurfi að koma þessum peningum í lóg og það geri menn bara einu sinni. Þá spyr ég: Hefði ekki verið ráð, og er ekki ráð, eigum við ekki að skoða það, að taka hluta af þessum fjármunum og stofna sjóð, myndarlegan vísinda- og rannsóknasjóð, sem síðan yrði veitt úr á komandi árum til að styrkja vísinda- og rannsóknastarf í landinu? Þetta er leið sem Finnar fóru á sínum tíma. Þegar þrengdi að og samdráttur varð í efnahagslífinu settu þeir umtalsverða peninga í vísindi og rannsóknir, og það er leið sem ég tel að við ættum að fara líka. Ríkisstjórnin hefur horft til Finnlands, að vísu um kerfisbreytingar, m.a. á skipulagi vísindarannsókna, og keyrði í gegnum þingið, svo sem frægt er orðið að endemum, þrjú frv. sem miðstýrðu öllu vísindarannsóknastarfi í landinu á vegum opinberra aðila og setti það undir fámenna ráðherraskipaða nefnd. Þegar það var gagnrýnt af því að menn töldu þetta ekki vera í takt við tímann sögðu stjórnarliðar: Þetta gerðu Finnar. En þeir gleymdu því að í Finnlandi fylgdi með umtalsvert fjármagn og það var þetta fjármagn sem olli því að Finnum auðnaðist að stíga hin miklu framfaraskref sem tekin voru þar á tíunda áratugnum. Þessar aðgerðir gerðu betur en að slá á atvinnuleysið, þær færðu Finna verulega fram á við. Þessa heildarsýn og framtíðarsýn finnst mér skorta hjá ríkisstjórninni.

Síðan skulum við ekki gleyma því að hér höfum við alltaf annað veifið fengist við vanda sem upp kemur, t.d. í tengslum við löggæslu. Löggæslan hefur búið við of naum fjárráð og þess vegna spyr ég þegar við erum að ráðstafa umframfjármunum hvort ekki sé ráð að dreifa þessum fjármunum meira en gert hefur verið. Er ekki ráð að gera það?

Þetta eru þau sjónarmið sem ég vildi koma á framfæri í tengslum við þessa umræðu en að lokum aðeins um samgöngumálin: Mér finnst að við eigum að forðast það að stilla upp sem andstæðum höfuðborgarsvæði og landsbyggð. Ég vil a.m.k. leggja mjög ríka áherslu á það að ég tel það hagsmunamál landsmanna allra að allir landsmenn búi við gott samgöngukerfi. Ég tek heils hugar undir þegar samgöngumál eru bætt á landsbyggðinni. Það sem ég vil láta leggja áherslu á varðandi samgöngubætur á höfuðborgarsvæðinu lýtur fyrst og fremst að öryggismálum. Það ber að verja fjármunum markvisst til að efla og auka öryggi í umferðinni. Við höfum einnig lagt áherslu á að bæta samgönguleiðir fyrir fótgangandi og hjólandi umferð, að týna sér ekki alveg í bílismanum þó að það þurfi að sjálfsögðu að búa vel að bílaumferðinni. Það er þannig komið hjá okkur flestum að við ferðumst mikið í bílum og það þarf að sjálfsögðu að hafa kerfið sem allra best. En það verður ekki bæði sleppt og haldið. Menn verða að velja og ég segi það fyrir mitt leyti að ég vil frekar þurfa að bíða heldur lengur á ljósum eða í umferðarteppum hér ef það gæti orðið til þess að bæta fjárhag dvalarheimila

aldraðra, bæta stöðu sjúkra- og hjúkrunarstofnana, heimahjúkrunar o.s.frv. Ég hefði einnig viljað sjá fjármagn, og ég ítreka það aftur, í auknar vísindarannsóknir í landinu.

[12:34]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Við ræðum hér frv. til fjáraukalaga sem tengist sérstöku átaki í atvinnu- og byggðamálum, átaki sem ríkisstjórnin gerði samþykkt um þann 11. febrúar sl. að farið skyldi í. Ég tek undir það sem kom fram í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar, þingflokksformanns Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, að auðvitað er skynsamlegt að fara í aðgerðir til að draga úr og vinna gegn atvinnuleysinu sem hefur farið vaxandi undanfarna mánuði. En 6,3 milljarðar á tveimur árum er há upphæð, en það er sú upphæð sem ríkisstjórnin hefur samþykkt að fari í þetta átak. Og eins og hér hefur komið fram í ræðum hv. þm. er um það deilt hvort forgangsröðun ríkisstjórnarinnar varðandi verkefnin, sem ákveðið hefur verið að þessir peningar renni til, sé hin eina rétta.

Í þessu sambandi hafa menn gagnrýnt áhersluna á nýframkvæmdir í vegamálum og byggingarmálum og hafa komið inn á gagnrýni sem lýtur að kynjahlutfalli þeirra sem mögulega fengju störf við hæfi við þetta átak. Ég tek undir þá gagnrýni, herra forseti. Hér er ekki sýnilegt að tekið hafi verið tillit til þess að stór hluti atvinnulausra er einmitt konur og það kannski ekki endilega úti á landsbyggðinni, heldur ekki síður hér á suðvesturhorninu þar sem þéttbýlið er mest. Ég held því að það sé alveg tilefni til þess að skoða þetta átak í stærra samhengi og skoða þar með hvort kynjunum sé gert jafnhátt undir höfði í þessum efnum. Ég sé ekki að svo sé, herra forseti, og tek þess vegna undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram á þennan þátt málsins.

Annað sem hefur verið sérstaklega gagnrýnt í umræðunni er skortur á fjármagni í svokallaða svarta bletti eða sérstaka slysastaði í vegakerfinu. Og þó að ég taki heils hugar undir orð hv. þm. Ögmundar Jónassonar um það að ég styðji samgöngubætur og ég styðji það að samgöngubætur séu gerðar af skynsemi og að peningum sé dreift jafnt á milli þéttbýlis og dreifbýlis vil ég hafa nokkur orð um úrbætur varðandi sérstaka slysastaði í umferðinni. Ég vek athygli hv. þingmanna á því að á þskj. 1014 hef ég lagt fram fyrirspurn til hæstv. samgrh. um þetta efni. Þar kem ég einmitt að því hvort hæstv. samgrh. telji það ekki geta komið til greina að verja ákveðnum hundraðshluta þeirrar upphæðar sem ríkisstjórnin hefur nýverið ákveðið að setja í framkvæmdir í vegamálum einmitt til lagfæringa á svokölluðum svörtum blettum eða sérstökum slysastöðum í vegakerfinu eða til annarra aðgerða sem aukið geta umferðaröryggi.

Nú er þess skemmst að minnast, herra forseti, að hér í þingsölum var rædd umferðaröryggisáætlun ríkisstjórnarinnar sem á að gilda næstu ár, ég man ekki hvort það er til ársins 2006 eða hvort hún á að gilda lengur, en í öllu falli er hún það plagg sem þingmenn lýstu almennt ánægju með á síðasta þingi. Óánægjuröddin varðandi skort á fjármagni til umferðaröryggisáætlunarinnar var reyndar líka hávær í þeirri umræðu. Í fjárlagaumræðu sl. haust reyndu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs að vekja athygli á því að umferðaröryggisáætlunin, sem er metnaðarfullt plagg í sjálfu sér, kostar fjármuni. Hún útheimtir fjármuni en þeir eru ekki til staðar. Þessi gagnrýni hefur verið viðvarandi síðustu mánuðina. Og enn þá verð ég að lýsa vonbrigðum mínum með ríkisstjórnina, að þegar allt í einu eru til fjármunir og það er gert metnaðarfullt átak í þessum efnum skuli ekki vera sérmerktir fjármunir nákvæmlega til þessara þarfa, að leiðrétta sérstaka slysastaði í vegakerfinu. Þessir slysastaðir eru til staðar í vegakerfi höfuðborgarinnar en ekki síður í dreifbýlinu og sannleikurinn er sá að ef skoðuð er arðsemi umferðarframkvæmda, arðsemi framkvæmda við umferðarmannvirki, eru þetta framkvæmdirnar sem skila mestum arði, langsamlega mestum arði. Þess vegna gagnrýni ég ríkisstjórnina fyrir það að ekki skuli hafa verið afmarkaðir sérstakir fjármunir í þessu átaki til að leiðrétta sérstaka slysastaði. Ég vil eiginlega fá svör: Hvers vegna var það ekki gert? Hvers vegna setti ríkisstjórnin ekki sérstaklega eyrnamerkta fjármuni út úr þessari köku allri til þessara þarfa? Það er vitað mál að Vegagerðin hefur ekki nema um það bil 100 millj. til þessara þarfa á hverju ári, og er það, samanborið við 5 milljarða í heildarpúllíuna, Nýframkvæmdir Vegagerðarinnar, sáralítið, sérstaklega þegar litið er til þeirrar miklu arðsemi sem af gæti hlotist, og þeirra harmleikja sem við gætum sparað okkur ef við færum í aðgerðir af þessu tagi. Ég hefði svo gjarnan viljað sjá, herra forseti, að hér hefði verið lögð áhersla á framkvæmdir af þessu tagi, bæði í dreifbýli og hér innan höfuðborgarsvæðisins. Ég spyr hvort ekki sé hægt að gera bragarbót, hvort ekki megi klípa einhvern ákveðinn hundraðshluta af kökunni til að setja nákvæmlega í verkefni af þessu tagi.

Þá hefur einnig verið gagnrýnd hér sú mikla áhersla á nýframkvæmdir, og að það séu eingöngu byggingarframkvæmdir og vegagerð sem hljóti náð fyrir augum ríkisstjórnarinnar þegar fara á í átak af þessu tagi. Um forgangsröðunina vil ég hafa nokkur frekari orð, og tek þá undir með þeim sem hafa vakið athygli á því að vísinda- og rannsóknastarfsemi í landinu hefur verið fjársvelt á undanförnum árum. Þess er skemmst að minnast, herra forseti, að þegar farið var í gegnum þrjú viðamikil frv. á þessu þingi, og reyndar á því síðasta líka, um Vísinda- og tækniráð, um opinberan stuðning almennt við vísindarannsóknir og um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, voru þær gagnrýnisraddir sem heyrst hafa úr þessum stóli sömuleiðis mjög háværar, þ.e. það hefur lítið að segja að breyta fyrirkomulaginu á stuðningi við rannsókna- og vísindastörf ef ekki á að setja aukna fjármuni í þennan málaflokk. Í ljósi þess hversu háværar gagnrýnisraddirnar voru hér fyrir örfáum vikum úr þessum ræðustóli lýsi ég sömuleiðis yfir vonbrigðum mínum með að ríkisstjórnin skuli þá ekki hafa getað séð tækifæri hér til þess að auka fjármuni til rannsókna- og vísindastarfsemi.

Nú hefur það gerst í millitíðinni, herra forseti, að Vísinda- og tæknisjóður hefur úthlutað í síðasta sinn til verkefna á sviði rannsókna og vísinda. Það er athyglisvert að skoða upphæðirnar sem sjóðurinn hafði til úthlutunar, við rekum augun í það að samtals voru veittar 370 millj. kr. til 175 verkefna. Af 6,3 milljörðum sem ætlaðir eru í þetta átak ríkisstjórnarinnar til að bæta úr í atvinnumálum og til að styrkja byggðamálin eru 370 millj. kr. sáralág upphæð. Sérstaklega vek ég athygli á því að af þessari köku sem veitt var úr Vísinda- og tæknisjóði voru einungis 12,5 millj. kr. sem fóru til nýrra verkefna í hugvísindum og einungis 15 millj. kr. sem fóru í rannsóknir innan félagsvísinda. Þetta eru einmitt þær greinar sem ég hafði mörg orð um úr þessum ræðustóli að ættu undir högg að sækja í úthlutunum til vísinda- og rannsóknamála og hér kemur í ljós að heildarúthlutunin til

nýrra verkefna á þessu sviði er afar lág í krónum talið. Ég hefði viljað sjá, herra forseti, að ríkisstjórnin áttaði sig á samhenginu hér, áttaði sig á því að atvinnuleysi hefur aukist mikið hjá ungu menntafólki, hlutfallslega mest þegar hlutfallstölur eru skoðaðar á síðustu missirum, og þess vegna hefði ég talið svo gífurlega mikilvægt að ríkisstjórnin víkkaði sjóndeildarhring sinn þegar ákveðið er að fara í þetta átak og að hún hefði sett ákveðinn hundraðshluta í vísinda- og rannsóknastarfsemi.

Það er kannski ekki úr vegi, herra forseti, að vekja athygli á því að eitt af því sem kvartað hefur verið hvað háværast undan að skorti fé til núna hér á landi eru grunnrannsóknir, t.d. í náttúruvísindum. Og í öllum þeim yfirvofandi framkvæmdum sem hefur verið unnið að á síðustu árum á vegum hins opinbera og t.d. á vegum framkvæmdaraðila á borð við Landsvirkjun hefur komið í ljós að skortur grunnrannsókna á náttúrufari Íslands, jarðfræði, jarðsögu og öðru slíku er tilfinnanlegur og gerir það að verkum að gífurlegur kostnaður fellur í hlut framkvæmdaraðila þegar þarf að skoða hvort við eigum í raun möguleika á því að framkvæma á þessu svæðinu eða hinu. Það er full þörf á því að gera gífurlegt átak í grunnrannsóknarmálum okkar og hér hefði verið kjörið tækifæri sem mér sýnist ríkisstjórnin vera að láta fara fram hjá sér með þeirri forgangsröðun sem hún hefur á málum.

Í þessari umræðu, herra forseti, hefur verið tæpt á ákveðnum deilumálum sem tengjast annars vegar deilunum um höfuðborgarsvæðið og hins vegar um landsbyggðina. Ég vil ekki gera annað en að taka undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni sem lýsti því í ræðu á undan mér að við í þessum sal eigum auðvitað að skoða hlutina heildrænt. Þar sem við erum þingmenn þessarar þjóðar er það ekki til eftirbreytni eða fyrirmyndar að standa hér og ætla að ýfa upp einhvers konar deilur eða etja fólki saman, hvort það kemur frá höfuðborginni eða landsbyggðinni. Á hitt ber auðvitað að líta að sá tónn sem var í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar áðan, sá þungaiðnaðartónn sem gætti í máli hans, er auðvitað ekki til fyrirmyndar þegar við erum að skoða þessi mál. Hann réttlætir þessa dreifbýlisslagsíðu sem óneitanlega er á þeirri innspýtingu sem ríkisstjórnin leggur hér til. Hann réttlætir þá slagsíðu með því að fólk hér á suðvesturhorninu eigi í vændum svo mikinn uppbyggingarbríma þegar stækkun álveranna í Straumsvík og á Grundartanga hefst, og þar með virðist þingmaðurinn viðurkenna að það sé ákveðin slagsíða í þessum efnum á innspýtingunni og virðist mér að friðþægingin úr hans ranni eigi að vera stóriðjuframkvæmdir. En ég mótmæli því, herra forseti, að einhvers konar réttlæting af því tagi geti átt sér stað eða sé frambærileg í þessari umræðu.

Herra forseti. Auðvitað er eðlilegt að fagna því að hér skuli vera gert öflugt átak í atvinnu- og byggðamálum. Það er rétt að fagna því að jafnháar upphæðir og hér um ræðir skuli vera aflögu til þess að gera þetta átak, en eins og fram hefur komið er eðlilegt að maður hafi allan fyrirvara á forgangsröðun verkefnanna og ítreka ég það að þar hefði átt að skoða kvennavinkilinn, vinkilinn sem lýtur að vísinda- og rannsóknamálum og þann vinkil sem lýtur að leiðréttingu sérstakra slysastaða í umferðinni.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:48]

Umræður utan dagskrár.

Skattaskjól Íslendinga í útlöndum.

[13:30]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ekki er það sérstök löngun mín að gera málefni einstaklings að umræðuefni á Alþingi. En óneitanlega var það tilefni þess að ég óskaði eftir þessari utandagskrárumræðu þegar upplýst var að skattrannsóknarstjóra sem rannsakað hefur skattamál Jóns Ólafssonar reiknaðist til að hann hefði vantalið skattskyldar tekjur um rúma 2 milljarða á árunum 1996–2001. Vanframtaldar tekjur eru sagðar 208 millj. kr. og vanframtalinn söluhagnaður 1.284 millj. kr., vanframtaldar eignir hálfur milljarður og síðan margvísleg hlunnindi sem ekki eru talin fram.

Skýrsla skattrannsóknastjóra um þetta mál hefur verið til ítarlegrar umræðu í fjölmiðlum en Jón Ólafsson mun sjálfur hafa sent hana Morgunblaðinu til umfjöllunar að því er mér skilst.

Þessi skýrsla veitir heilmikla innsýn inn í þann heim sem hér hefur verið skapaður á síðustu árum í ferli sem kallað hefur verið braskvæðing samfélagsins. Það er einkar athyglisvert að augu skattrannsóknarstjóra virðast beinast mjög að samspili þess einstaklings sem grunaður er um skattsvikin við fjármálastofnanir sem komið hafa sér upp útibúum í skattaparadísum erlendis. Í skýrslu skattrannsóknastjóra segir m.a., með leyfi forseta:

„Með stofnun Inuit Enterprises Ltd. virðist Jón stíga fyrsta skrefið í að færa eignarhald sitt í fjárfestingum til erlendra lögaðila. Eftir það hlutast Jón til um stofnun fjölmargra erlendra lögaðila, að því er virðist til að halda utan um þær fjárfestingar sem farið er í af hans hálfu í tengslum við umsvif hans hér innan lands. Þessi framgangur er í samvinnu við innlenda og erlenda banka, svo sem Kaupthing Luxembourg, Íslandsbanka hf. og Rothschild Trust Company. Verður ekki betur séð en þetta sé þáttur í þeim áformum Jóns er hann kýs að kalla „skattalega fyrirhyggju“.“

Þetta er orðrétt upp úr skýrslu ríkisskattrannsóknarstjóra.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboðs hafa aftur og ítrekað sett fram þingmál um svokölluð aflandssvæði og kallað eftir aðgerðum íslenskra stjórnvalda bæði til að koma í veg fyrir neikvæða skattasamkeppni milli ríkja og til að koma í veg fyrir undanskot undan skatti með fjármagnstilflutningum landa á milli. Viðbrögð ríkisstjórnarinnar hafa hvorki verið mikil né jákvæð. Jafnan þegar þessi mál hafa verið tekin upp á Alþingi af okkar hálfu og fyrirspurnum beint til ríkisstjórnarinnar hafa viðbrögðin verið á einn veg. Fullkomið andvaraleysi um hagsmuni almennings.

Ekki var heldur vart við mikil viðbrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar þegar bankastjóri ríkisbanka virtist leggja blessun sína yfir hin erlendu skattaskjól. Hinn 6. janúar árið 2000 sagði Halldór Kristjánsson bankastjóri Landsbankans í viðtali við Morgunblaðið um svokallaða aflandsþjónustu bankans sem rekin er í skattaparadís á Ermarsundi, með leyfi forseta:

„Það sem fyrst og fremst vakti fyrir okkur þegar ákveðið var að bjóða upp á þessa tegund þjónustu var að við vildum breikka alþjóðlega þjónustu okkar og gefa kost á lögsögu, eins og Guernsey, sem sérhæfir sig í því að veita hagstæð skattaleg skilyrði til rekstrar og býður upp á einfaldar og ódýrar lausnir í alþjóðlegum viðskiptum. Við sáum mjög

vaxandi þörf fyrir þessa þjónustu, bæði hjá fyrirtækjum og einstaklingum."

Síðar í viðtalinu segir bankastjóri Landsbankans um bankaleyndina á Guernsey sem hann telur til mikilla kosta, með leyfi forseta:

„Bankaleyndin er mikilvæg af mörgum ástæðum. Hún er til dæmis mikilvæg þeim sem vilja halda fjárfestingum sínum og öðrum ákvörðunum fyrir sjálfa sig. Við þekkjum það á Íslandi að margir einstaklingar vilja ekki að aðrir viti eitt eða neitt um þeirra stærri mál, af eðlilegum ástæðum."

Víkjum nú aftur að skýrslu skattrannsóknarstjóra um málefni Jóns Ólafssonar. Fram kemur í skýrslunni að viðkomandi einstaklingur hafi selt eignir og eignarhluta til Inuit Enterprises Ltd. á margföldu nafnverði viðkomandi eignarhluta. Söluverð eignarhlutanna úr landi er þannig einungis lítið brot af söluverðinu inn í landið aftur. Og hvar skyldu höfuðstöðvar Inuit Enterprises Ltd. vera? Þær eru á Bresku Jómfrúreyjum í Karíbahafinu. Hér virðist það vera að gerast sem alþekkt er í hinum alþjóðlega fjármálaheimi, að skjóta eignum til erlendra ríkja og svæða þar sem fullkomin leynd ríkir um fjármálaumsvif og skattgreiðslur eru litlar sem engar. Síðan hverfa eignirnar í illrekjanlegu ferli.

Að lokum ætla ég að vitna í leiðara Morgunblaðsins frá 15. febrúar sl., með leyfi forseta, en þar var þá fjallað um þessi mál:

„Í þessu samhengi sýnist augljóst að ríkisstjórn og Alþingi hljóta að skoða vandlega þá löggjöf sem nú er í gildi á þessum sviðum og hvort þörf er á breytingum til þess að koma í veg fyrir að hægt sé að flytja fjármuni úr landi án þess að eðlilegir skattar séu greiddir af þeim."

Í fjmrn. hefur verið unnið að athugun á því að setja svokallaða CFC-löggjöf, Controlled Foreign Company, en slíka löggjöf er að finna erlendis. Slík löggöf fjallar um skattalega meðferð erlendra félaga sem eru í eigu innlendra félaga.

Spurning mín til hæstv. fjmrh. er þessi: Hvað líður þessari athugun og á hvern hátt ætlar hann að bregðast við þessum tíðindum sem þó voru fyrirsjáanleg þegar ríkisstjórnir undir forustu Sjálfstfl. hófust handa um að braskvæða Ísland?

[13:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mun ekki ræða skattamál einstakra manna í ræðustól Alþingis, allra síst meðan rannsókn þeirra er í gangi á vegum réttra yfirvalda. Hins vegar fer ekki hjá því, eins og hv. fyrirspyrjandi og málshefjandi drap á, að opinber umfjöllun um rannsókn á skattamálum umsvifamikils kaupsýslumanns hér í borginni kveiki ýmsar spurningar. Mér sýnist þó að ef þær ávirðingar sem komið hafa fram í því máli eiga við rök að styðjast, sem ég get auðvitað ekkert fullyrt um, þá sé það ekki vegna skorts á lögum og reglum heldur vegna þess að lögin hafa ekki verið virt.

Eðlilega vaknar líka sú spurning hvort íslenska skattkerfið búi yfir nægilega sterkum vörnum gagnvart þeim sem ráðnir eru í að fara á svig við settar reglur. Í því sambandi beinist athyglin ekki síst að möguleikum manna á að flytja fé út úr íslenskri skattalögsögu til annarra landa án þess að gefa um það upplýsingar og greiða eðlileg gjöld. Opnun hagkerfis okkar á undanförnum árum og alþjóðavæðing viðskipta- og fjármálalífsins gerir það að verkum að sérstök ástæða er til að vera á varðbergi gagnvart slíku, bæði af hálfu innlendra yfirvalda en einnig í samstarfi við aðrar þjóðir. Sérstök nefnd sérfræðinga vinnur nú að því að rannsaka umfang skattsvika samkvæmt ályktun Alþingis frá síðasta þingi og hefur verið lögð áhersla á það af minni hálfu að hún kanni sérstaklega þessa hlið málanna. Af hálfu fjmrn. hefur vinna verið lögð í samstarf við aðrar þjóðir um þessi mál m.a. á vettvangi OECD. Fjármálaráðherrar Norðurlandanna hafa ákveðið, innan ramma verkefnis OECD um skaðlega skattasamkeppni, að beita sér fyrir sérstakri aðstoð við ýmis ríki í Karíbahafi á sviði skattamála og fyrir gagnkvæmum upplýsingaskiptum. Þessi ríki eru sum hver þekktar skattavinjar með lítt þróuðu skattkerfi. Stundum hafa þau verið skálkaskjól fyrir misindismenn í fjármálum en nú hafa þau lýst yfir vilja til samstarfs við OECD.

Málshefjandi drap á svokallaða CFC-löggjöf sem sum ríki innan OECD hafa sett til að sporna gegn því að skattstofn sé fluttur úr tilteknu ríki til lágskattasvæðis. Það er rétt sem fram kom hjá honum að reglur af því tagi hafa verið til athugunar hér á landi. Slíkar reglur geta hins vegar verið með ýmsum hætti og ég bendi enn á að slíkar reglur tryggja ekki að til þeirra náist sem ráðnir eru í að hafa þær að engu og veita ekki nauðsynlegar upplýsingar.

Herra forseti. Hið nýja og opna umhverfi í viðskiptum og fjármálum á ekki að vera gróðrarstía spillingar og skattundandráttar heldur þvert á móti farvegur fyrir heiðarlega starfsemi öllum til ávinnings. Það er leitt ef í ljós kemur að einhverjir hafa misnotað það frelsi og þann trúnað sem þeim hefur verið sýndur að þessu leyti. Slíkt framferði er að sjálfsögðu ekki líðandi og það verður ekki liðið. Ef breyta þarf lögum til að uppræta slíkt þá munum við að sjálfsögðu beita okkur fyrir því. Ef efla þarf rannsóknar- eða eftirlitsaðila í þessu skyni þá munum við að sjálfsögðu tryggja aukið fjármagn til þess. Um þetta ætti að geta verið góð sátt á Alþingi og í þjóðfélaginu og þetta er að sjálfsögðu réttmæt krafa íslenskra skattgreiðenda.

[13:40]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er athyglisvert að ef undandráttur frá skatti er af sambærilegri stærðargráðu og hann var fyrir tíu árum síðan þegar úttekt var gerð á umfangi skattsvika, þá má áætla hann nú yfir 30 milljarða kr. Alþingi samþykkti fyrir ári síðan tillögu frá þingmönnum Samfylkingarinnar um að ný úttekt verði gerð á umfangi skattsvika, skattsniðgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi. Sú vinna er nú í gangi og gefur hún færi á að endurmeta aðferðir, skattrannsóknir og eftirlit og stoppa í glufur í skattalögunum sem leitt hafa til skattundandráttar, en niðurstaðan á að liggja fyrir í júlímánuði næstkomandi.

Eignarhaldsfélögum hérlendis í eigu Íslendinga hefur fjölgað verulega og full ástæða er til að skoða hvort það hafi leitt til skattsniðgöngu eða undandráttar frá skatti sem bregðast þarf við með auknu eftirliti og hertum lagaákvæðum. Það er auðvitað ekki þolandi að nauðsynlegt frelsi sem þarf að ríkja í fjármagnsflæði milli landa sé nýtt til skattundandráttar eða skattalög veiti svigrúm til skattsniðgöngu og umsvifamiklir fjármagnseigendur og stóreignamenn nýti sér skattaskjól í öðrum ríkjum til að koma eignum sínum undan skatti. OECD hefur skilgreint að svæði sem bjóða upp á svokallaða skattaparadís séu á milli 30–40 talsins auk þess sem fjölmargar ápekkar skattareglur finnast í Evrópu. Kannski þurfum við líka að horfa í eigin barm og skoða hvort erlend félög noti Ísland sem milligönguaðila í flutningi fjármagns milli landa í skattalegum tilgangi eins og t.d. með því að stofna hér dótturfélög sem hafa enga atvinnustarfsemi

hér á landi en eru stofnuð eingöngu í skattalegum tilgangi til þess að flytja fjármagn til útibúa sem stofnuð eru á lágskattasvæðum til að losna við skattskyldu í heimalandi sínu. Við erum ekki í góðri aðstöðu til að grípa til ráðstafana til að vernda skattstofna okkar ef við veitum á sama tíma beina eða óbeina aðstoð við skattundanskot í öðrum löndum.

[13:42]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Segja má að þetta sé tvíþætt mál, annars vegar viðleitni manna til þess að komast hjá skattgreiðslum með ólögmætum hætti, sem auðvitað er tekið á eftir eðlilegum leikreglum sem við höfum komið okkur upp í þjóðfélaginu, og hins vegar sú vaxandi tilhneiging, sérstaklega þeirra sem hafa auðgast mikið á skömmum tíma og jafnvel án þess að leggja mikið á sig, að telja eðlilegt og sjálfsagt að þeir megi nýta sér allar þær smugur sem sérfræðingar þeirra kunna að finna í lögum og reglum til þess að komast hjá því að taka þátt í íslensku þjóðfélagi, leggja sitt af mörkum með skattgreiðslum og vera eðlilegir þjóðfélagsþegnar. Þessi þróun sem er afsiðandi þróun hefur að mínu viti gengið allt of langt og við eigum ekki að taka undir hana heldur þvert á móti eigum við fordæma hana. Við eigum að fordæma menn sem leggja sig fram um að vera sérfræðingar fyrir ríkt fólk til þess að leiðbeina því hvernig það geti komist hjá því að borga skatta með svokallaðri aflandsþjónustu eins og dæmi var hér nefnt um þar sem fyrrum ríkisbankarnir tóku að sér forustuhlutverk og brautryðjendastarf í þessari viðleitni. Það á auðvitað ekki að vera svoleiðis. Við sem störfum í stjórnmálum eigum að tala fyrir því að það sé eðlilegt og sjálfsagt að þeir sem hafa efni borgi, að þeir sem vilja búa í íslensku þjóðfélagi taki þátt í því með því að leggja sitt af mörkum og borga sína eðlilegu skatta. Þannig hlýtur það alltaf að vera, herra forseti.

[13:44]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég tel að mestu straumhvörf síðustu áratuga í landinu hafi átt sér stað með stefnumótun frá árinu 1989 sem varð að lögum 1990 litið til þess að útgerðarmenn urðu að stóreignamönnum, milljarðamæringum. Aðrir auðmenn Íslands sáu að skjótfenginn gróða mátti höndla með auðveldum hætti með því að festa fé í óveiddum fiski í sjónum. Kvótinn sem varð að lögum nr. 38/1990 var gerður að einkasölueign þeirra sem höfðu fengið úthlutaðan aflakvóta úr sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Sjómennirnir voru gerðir að leiguliðum nýríkra stóreignamanna sem fengu í leigu til sín hundruð milljóna úr sameign þjóðarinnar. Allt að 80% af verði fisksins sem leiguliðarnir veiddu rann nú beint í vasa forréttindaaðals nýríkra Íslendinga.

Fram á níunda áratug síðustu aldar bjó sennilega ein þjóð í þessu landi. En þá verða straumhvörf með þjóðinni. Þeir ríku verða ofurríkir og finnst meira að segja sjálfsagt að þeir verði verðlaunaðir með ofurlaunum. 10–15 földum verkamannalaunum, verktakagreiðslum, bónusum, hlutabréfagjöfum og fríum fjallajeppum. Þetta eru miklir menn nú, oft yfir gagnrýni hafnir, sérstaklega að eigin mati. Þetta er nýja þjóðin á Íslandi sem þarf leynireikninga erlendis, tvöfalt ríkisfang og eignarhaldsaðild að bönkum erlendis sem starfa í skattaparadísum, stóreignamenn og milljarðamæringar.

Svo er hinn hluti þjóðarinnar venjulegt fólk sem eyðir öllum sínum launum í að komast af og getur í besta falli komist í stutta sólarlandaferð með því að standa í röð eftir vildarkjörum. Aðrir fara til útlanda oft á ári og í sérferðir til að geta sagt frá sínum nýju peningasögum á enskri eða franskri grund. Nú verður að halda á lofti kröfunni um algjörlega opið bókhald stjórnmálaflokka. Feluleikurinn og undirborðsgreiðslur sem sögur fara af eru óþolandi framtíð. Krafan um opið bókhald stjórnmálaflokka stendur nú á ríkisstjórnarflokkana.

[13:46]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það hlýtur að vekja hroll, óhug og vandlætingu hjá almennu launafólki og lífeyrisþegum að heyra daglega fréttir af flutningi á fjármagni í milljarðavís úr íslensku atvinnulífi og íslensku efnahagslífi í skattaskjól erlendis, skattaskjól sem jafnvel hafa verið skipulögð af íslenskum fjármálastofnunum. Er þetta gert af ráðnum hug til þess að komast hjá eðlilegri skattgreiðslu til íslensks samfélags? Herra forseti. Hér er verið að tala í hundruðum milljóna eða milljörðum króna.

Þegar kemur að almennum launamönnum er annað upp á teningnum. Ég þekki dæmi um mann sem hefur launatekjur sínar hér á landi en lítils háttar atvinnutekjur í Færeyjum. Þar eru tvísköttunarsamningar á milli. Hann greiðir 43% í skatta af sínum litlu tekjum í Færeyjum en þarf líka að greiða skatt af sömu tekjum hér, yfir 10%. Þarna er um litlar upphæðir að ræða hjá launamanni. Það er hundelt en auðvitað eiga menn að greiða skatta eftir öllum lögum og reglum.

Herra forseti. Það er gott að vera með frelsi í viðskiptum og fjármagnsflutningum að því marki sem siðferði okkar getur borið. Við hljótum öll að krefjast siðferðis og réttlætis sem nær til allra hvað lýtur að vörslu og meðferð fjármagns.

[13:48]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ísland tók þátt í hinu Evrópska efnahagssvæði í tíð ríkisstjórnar Sjálfstfl. Það hafði í för með sér frelsi í fjármagnsflutningum, mikla uppsveiflu í atvinnulífinu, hækkandi laun launþega og marga jákvæða hluti. Þetta er hin blómlega og jákvæða hlið medalíunnar. En það er líka neikvæð hlið, þ.e. að þetta opnar möguleika á að menn stundi skattundanskot sem er afskaplega neikvætt. Til að vinna á móti því hafa menn styrkt skattrannsóknarstjóra, Fjármálaeftirlitið og Samkeppnisstofnun til að vinna gegn þessu siðleysi. Nú er unnið að því að gera bókhald íslenskra fyrirtækja sambærilegt við bókhald erlendra fyrirtækja. Þar er verk að vinna.

En fyrst og fremst þurfa skattalögin að vera rökrétt, gagnsæ og einföld. Þá minnka möguleikarnir til undanskota og þá batnar staða þeirra sem hafa eftirlit með þessum skatti. Við þurfum áfram að vinna í að gera skattalögin einföld, léttbær og rökrétt til að vinna á móti þeirri neikvæðu hlið medalíunnar þannig að við njótum þeirra jákvæðu hluta sem frelsinu fylgja.

[13:50]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er athyglisverðast við þessa umræðu að allir hv. þingmenn virðast sammála um að hér sé verk að vinna. Hér þurfi að taka á. Það virðist ljóst að ýmist er farin sú leið að víkja sér frá því að fara eftir lögum eða nýta lögin til að komast hjá því að greiða eðlilega til samfélagsins.

Það er auðvitað fagnaðarefni ef allir hv. þm. eru sammála um að taka þurfi til í kerfinu. Því miður, herra forseti, hefur það ekki ætíð verið svo. Á undanförnum missirum og árum

hafa verið lagðar fram ýmsar tillögur sem m.a. hafa gengið í þá átt að efla þær eftirlitsstofnanir sem við eigum í samfélaginu til að auðvelda það að farið sé eftir lögunum. Þær tillögur hafa undantekningarlaust verið felldar.

Það er hins vegar rétt hjá hæstv. fjmrh. að nú starfar nefnd í kjölfar samþykktar tillögu sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var 1. flm. að, um að fara yfir þessi mál. Það er auðvitað mikilvægt, þegar niðurstaða þeirrar nefndar verður ljós í sumar, að við völd verði ríkisstjórn sem fer eftir þeim tillögum sem frá þeirri nefnd koma.

Herra forseti. Fyrir tveimur árum lögðu nokkrir hv. þm. Samfylkingarinnar fram tillögu um að settar yrðu skorður við því að fjármagn yrði flutt úr landi áður en það væri skattlagt. Því miður, herra forseti, felldu ríkisstjórnarflokkarnir þá tillögu. Við skulum vona að nú sé breyttur hugsunarháttur á því heimili.

[13:52]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hið efnahagslega og alþjóðlega umhverfi hefur verið að breytast mikið á undanförnum árum. Ísland hefur tekið þátt í þeirri breytingu. Ísland er þátttakandi í þessu alþjóðlega efnahagslega umhverfi, þannig á það að vera og þannig þarf það að vera. Við sjáum þetta birtast í margvíslegum jákvæðum myndum, t.d. í útrás íslenskra fyrirtækja á erlendri grundu sem hefur skapað atvinnutækifæri fyrir marga Íslendinga, ekki síst yngra fólkið sem hefur verið að leita sér menntunar. Þessi þróun hefur því verið mjög mikilvægur þáttur í uppbyggingu atvinnulífsins.

Málið hefur hins vegar aðrar hliðar og neikvæðari sem menn hafa bent á. Í fyrsta lagi höfum við brugðist við með því að styrkja skattkerfi okkar til þess að taka á þessum málum, eins og hæstv. fjmrh. rakti rækilega í ræðu sinni áðan. Enn fremur kom fram í máli hæstv. ráðherra og annarra í dag að við höfum verið að efla þær stofnanir sem við viljum að sinni þessu eftirliti. Það hefur auðvitað verið að skila sér með margvíslegum hætti. Reyndar tók ég eftir því að stjórnmálamaður kvartaði undan því að afskiptasemi þessara eftirlitsstofnana með fyrirtækjum á alþjóðlegum vettvangi væri farin að herða að þeim, eins og frægt er orðið.

Ég tel hins vegar mjög mikilvægt að við eflum þessar eftirlitsstofnanir og höldum vöku okkar varðandi skattalögin. Það liggur fyrir að skattalög okkar þurfa að taka mið af breytingunni sem orðið hefur. Við höfum verið að aðlaga þau eins og sjálfsagt er og við hljótum öll að fordæma þau dæmi sem upp kunna að koma um skattundanskot af einhverju tagi, þar sem verið er með óeðlilegum hætti að skjóta sér undan íslenskum lögum og reglum og forðast eftirlit þeirra stofnana sem við höfum verið að efla á undanförnum árum.

[13:54]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er ekki skortur á lögum eða reglum sem veldur skattundanskoti, segir hæstv. fjmrh. Ég held að þetta sé ekki rétt. Staðreyndin er sú að upp úr 1990 voru gerðar ýmsar breytingar á lögum sem afnámu að mestu leyti takmarkanir og eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnsflutningum. Þessar breytingar eru þýðingarmiklar forsendur fyrir tilfærslunni í skattalegum tilgangi og gera allt eftirlit torvelt.

Við ætluðum ekki að skapa gróðrarstíu spillingar, segir hæstv. fjmrh. Sú hefur engu að síður orðið raunin. Staðreyndin er sú að ríkisstjórnin sem farið hefur með völd í landinu undir forustu Sjálfstfl. allar götur frá 1991 hefur gefið bröskurunum í þjóðfélaginu lausan tauminn. Þetta er bara staðreynd. Mér fundust mjög athyglisverðar ábendingar sem komu frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni, þar sem hann bar saman hlutskipti venjulegs launamanns annars vegar sem er undir ströngu kastljósi og eðlilega meðan ekki má skerða frelsi braskaranna. Það er brot á mannréttindum, segir þessi ríkisstjórn.

Síðan vék hæstv. ráðherra að samstarfi innan OECD til að koma í veg fyrir neikvæða skattasamkeppni milli ríkja og undanskot undan skatti með fjármagnstilflutningi landa í milli. Vita menn að íslenska ríkisstjórnin hefur verið til skoðunar hjá OECD, Efnahags- og framfarastofnuninni, fyrir að brjóta það alþjóðlega samkomulag sem unnið hefur verið að innan OECD um að uppræta skattaparadísir. Þar á bæ þótti álitamál hvort hin alþjóðlegu viðskiptafélög sem hér var komið á fót í sérstöku samstarfsverkefni viðskrn. og Verslunarráðs með ærnum tilkostnaði, að sjálfsögðu á kostnað skattborgara, væru í samræmi við samkomulagið. Ríkisstjórnin hefur verið til skoðunar fyrir að brjóta þetta samkomulag. Síðan segja menn: Við erum öll sammála.

Það sem við í Vinstri hreyfngunni – grænu framboði höfum gert í dag er að setja fram ítarlegar spurningar til hæstv. ráðherra um hvort ekki verði hafist handa um að kortleggja þessi mál.

[13:57]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Alltaf er jafnstórkostlegt að hlusta á málflutning Vinstri grænna. Nú er hv. fyrirspyrjandi og málshefjandi búinn að draga þessa umræðu, sem hófst með málefnalegum skoðanaskiptum, niður í það svað að leggja að jöfnu íslenskar skattareglur og það sem hann gerði hér að umtalsefni í upphafi, skattaparadísir í Karíbahafi, möguleika manna til að smeygja sér inn í þær með ólögmætum hætti.

Hvað við eigum að gera í því efni til þess að sporna gegn því? Við erum í samstarfi við OECD um margt. Meðal annars hafa alþjóðlegu viðskiptafélögin verið sett á lista sem menn eru að ræða um í góðu sín á milli hvort séu eðlileg fyrirbæri. En það er ekki hægt að leggja þetta að jöfnu, hv. þm., við kjarna þess máls sem hér er til umræðu. (**ÖJ:** En er ekki ...?) Hv. þm. talar eins og hann vilji taka upp aftur gamla gjaldeyriseftirlitið. Hv. þm. talar þannig að öll viðskipti séu brask. Öll viðskipti eru brask, segir hv. þm. Allir sem vinna fyrir sér í fjármálaheiminum eða í viðskiptum eru braskarar og allt sem gert hefur verið til að auka og efla frjálsræði er brask. Það kallar hann braskvæðingu samfélagsins. Þetta er auðvitað alveg ótrúlegur steinaldarmálflutningur.

Það sem við þurfum að gera er að koma í veg fyrir að menn misnoti það frelsi sem þeir hafa fengið til að stunda alþjóðleg viðskipti öllum til heilla. Gæta þarf þess að menn misnoti ekki þau réttindi sem þeir hafa fengið til þess að gera þjóðinni gott í tengslum við atvinnustarfsemi og viðskipti. Við þurfum að koma í veg fyrir skattsvikin og skattundandráttinn sem því miður virðast dæmi um. Við þurfum að koma í veg fyrir slíka spillingu. Ég sagði áðan að ég teldi að þingmenn gætu allir verið sammála það.

Hinu, málflutningi þingmannsins um braskið, vísa ég aftur heim í braskbúlluna hjá Vinstri grænum. (**ÖJ:** Nú þekkjum við gamla Sjálfstfl. aftur.)

Fjáraukalög 2003, frh. 1. umr.

Stjfrv., 653. mál (aðgerðir í atvinnu- og byggðamálum). — Þskj. 1063.

[13:59]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Við ræðum fjáraukalög fyrir árið 2003. Tilefni þess er að ríkisstjórnin tók ákvörðun um að bregðast við atvinnuleysi eða grípa til tiltekinna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum, eins og segir hér á titilkápu frv.

Ég velti því þess vegna fyrir mér, herra forseti, hvort hér sé um alveg sérstakt og sjálfstætt mál að ræða eða hvort hér sé um sama málið að ræða og það sem hæstv. iðnrh. var nokkrum sinnum búin að greina frá, þ.e. að þegar kæmi að sölu ríkisbankanna yrði tilteknum hluta þess fjármagns sem *með þeim hætti kæmi í ríkissjóð varið til samgöngumála.* Eru þetta sömu peningarnir eða eigum við enn von í viðbótarfjármagn til samgöngumála vegna sölu ríkisbankanna? Mér finnst mjög mikilvægt, herra forseti, að það sé alveg ljóst hvort verið er að nota sömu peningana tvisvar, ef það má orða það svo, eða tvö loforð einu sinni, eða hvað er hér á ferðinni? Er hér á ferðinni bara sjálfstæð ákvörðun ríkisstjórnar til að bregðast við í atvinnu- og byggðamálum eða er verið að efna loforðið um aukið fjármagn til samöngumála þegar búið væri að selja ríkisbankana?

Þetta var nú bara svona til þess að vita nákvæmlega hvað við værum með í höndunum og ég þykist vita að hæstv. fjmrh. muni bregðast við og svara þessu skjótt svo að við getum þá rætt frv. á réttum forsendum.

Sú umræða sem hér hefur farið fram í morgun hefur eðlilega dregið svolítið lit af því hvaðan menn koma, fyrir hvaða kjördæmi menn eru kosnir hingað á Alþingi, þegar þeir koma inn í þessa umræðu um aðgerðir í atvinnu- og byggðamálum. Það er sannarlega rétt sem hér hefur verið fjallað um, landsbyggðin hefur verið og virðist því miður um fyrirsjáanlega framtíð verða vettvangur frumframleiðslunnar á meðan hin afleiddu störf verða aðallega á höfuðborgarsvæðinu og þá í stærra þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins, hin afleiddu störf, hin tæknivæddu störf, þau störf sem krefjast meiri menntunar.

Í þeirri skýrslu sem Hagfræðistofnun Háskólans gaf út ekki alls fyrir löngu var fjallað um byggðir og búsetuþróun og kom það einmitt fram að það er að verða ákveðið menntunargap milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Herra forseti. Ég held að það sé eitthvað það alvarlegasta sem hefur verið með þeim hætti staðfest fyrir okkur sem höfum fjallað um þessi mál á undanförnum árum og áratugum að sú vinna að byggðamálum sem fram hefur farið hefur þrátt fyrir allt leitt til þessarar dapurlegu niðurstöðu, landsbyggðin situr uppi með hin einfaldari störf sem krefjast minni menntunar en hin afleiddu störf, en störf sem krefjast menntunar og þekkingar og bjóða upp á fjölbreytni verða til í stærra þéttbýli, sérstaklega hér á suðvesturhorninu.

Það má þess vegna ætla, herra forseti, að rétt eins og Kárahnjúkavirkjun og álverið í Reyðarfirði munu leiða af sér fleiri störf í Reykjavík heldur en þar eystra gerist það sama með þessar framkvæmdir hér. Með óbeinum hætti verða til fleiri störf á höfuðborgarsvæðinu, í kringum þessar fjárveitingar, heldur en verða til úti á landi. Þetta er sá veruleiki sem við erum að fást við og við getum velt fyrir okkur hvernig eigi að bregðast við honum.

Við í Samfylkingunni höfum ítrekað látið það koma fram sem megináherslu okkar í byggðamálum að menn skoðuðu menntamálin, menn litu til þess hvernig hægt væri að mæta landsbyggðinni hvað varðar menntun og meiri menntun vegna þess að þar lægi lykillinn að eðlilegri, fjölbreytilegri uppbyggingu atvinnulífsins. Við höfum m.a. flutt um það tillögur hvernig hægt væri í rauninni að nútímavæða framhaldsskólana, skapa hinn nýja framhaldsskóla, sem gæti verið vettvangur, ekki bara fyrir nám á framhaldsskólastigi heldur fyrir símenntun og endurmenntun þess vinnuafls sem verður sífellt að takast á við breytingar í atvinnulífinu og auknar menntunarkröfur og, herra forseti, líka farvegur fyrir háskólamenntun. Þó að menn geti hver með sinni tölvu sótt sér ákveðið fjarnám, raunar bæði í framhaldsskólanámi og háskólanámi, er það svo að þeir sem hafa litla formlega menntun, sem því miður er staðreyndin um allt of marga víða um land, þurfa meiri hvatningu en þá að setjast fyrir framan tölvu og byrja að vinna einir og sér. Þeir þurfa meiri stuðning og menn eiga að horfast í augu við þann veruleika og takast á við hann ef þeim er alvara með byggðamálin.

Byggðamál eru nefnilega, herra forseti, ekki bara það að Byggðastofnun fái tiltekna peninga og menn fari í það að reyna að viðhalda hér þeim störfum sem byggja á náttúrunýtingu víða um landið þó að það sé mikilvægt og e.t.v. það eina sem á ýmsum stöðum er hægt að fást við með góðum árangri — það segir reynslan okkur — heldur hlýtur byggðastefna að miða að því að það sé gróska, uppbygging og líf þar sem byggð er í þessu landi. Og það er alveg ljóst að á nýrri öld fæst það ekki nema með menntun. Menntun leiðir af sér þá fjölbreytni sem við sækjumst eftir, þá grósku og þá möguleika sem fólk vill sjá.

Það hefur verið athyglisvert að skoða hvernig menn hafa verið að reyna í ýmsum öðrum löndum að takast á við byggðabreytingar með því að segja sem svo, eins og við höfum reyndar verið að gera líka: Jú, landbúnaðurinn er nú hér að leggjast af, eða veiðimennskan er nú að leggjast hér af, frumframleiðslan er nú að leggjast hér af, við skulum bara taka til við ferðaþjónustu. Og þá er eins og ferðaþjónusta sé kannski ekki mikið annað en að innrétta einhvers staðar huggulegan krók þar sem hægt er að selja kaffi og veita fólki næturskjól.

En það er ekki þannig. Það þekkjum við mætavel eftir þá uppbyggingu sem hefur verið á ýmsum sviðum ferðaþjónustu hér hjá okkur á undanförnum árum, við vitum að þetta nægir ekki. Það trekkir ekki endilega ferðamenn á tiltekin svæði á landinu þó að þar sé hægt að fá bæði kaffi og rúm. Nei, fólk er að sækjast eftir meiru. Ferðamenn vilja komast í snertingu við þann lifandi raunveruleika sem þeim er sagt að sé í þessu landi, kynnast menningu fólks, komast í snertingu við það atvinnulíf og almennt það líf sem fólkið í landinu lifir eða hefur lifað. Og það gerist ekki, herra forseti, ef við ekki menntum fólkið okkar, ef við ekki hjálpum því til að takast á við þessar breytingar, þannig að þeir sem ætla að taka á móti ferðamönnum kunni t.d. að tala erlendar tungur, búa til söluvöru úr menningu sinni, sýna og lyfta upp því sem veitir þeirra svæði þá sérstöðu sem á að vera þess virði að koma og skoða hana, koma og njóta hennar.

Þess vegna, herra forseti, veit ég ekki alveg hvort ég er dús við að það sem hér liggur fyrir séu endilega aðgerðir í byggðamálum, en sannarlega skiptir máli að hér er verið að setja 3 milljarða til vegamála. Sannarlega skiptir það máli. Og ég rifja þá aftur upp það sem ég hóf ræðu mína á: Eru

þetta milljarðarnir sem áttu að koma til samgöngumála út úr sölu ríkisbankanna eða eru það einhverjir aðrir milljarðar? Það þurfum við að fá að vita, það skiptir verulegu máli.

Herra forseti. Ef við horfum á dagskrána virðist þetta vera einn af þeim dögum í þinginu sem við fáumst meira og minna við sértækar aðgerðir í atvinnulífinu. — Og nú mundi ég gjarnan vilja að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson og hæstv. fjmrh. lækkuðu aðeins sinn fund. Ég hef orðið núna, að mér skilst. (**ÓÖH:** Við biðjumst afsökunar.) — Það er þannig, herra forseti, að ef maður rennir yfir dagskrána í dag er hér meira og minna um sértækar aðgerðir að ræða í atvinnulífinu og það þrátt fyrir að flesta daga dynji á okkur núna að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hafi einmitt ekki verið með afskipti af atvinnulífinu, hún sé svo óskaplega mikið í þessu almenna, að setja almennar leikreglur.

Þau ár sem ég hef setið á Alþingi finnst mér ég samt hafa þurft að takast á við býsna mikið af sértækum reglum, sértækum reglum þegar verið er að koma af stað atvinnufyrirtækjum sem ríkisstjórnin vill að komist á laggirnar. Þá er ég að tala um stóriðjufyrirtæki, ríkisábyrgð fyrir deCODE, ýmsar aðgerðir í sjávarútvegsmálum, byggðakvóta — mjög sértæk aðgerð í byggðakvóta, herra forseti. Ég er að tala um það sem við erum m.a. að fjalla um hér í dag, ég er að tala um það hvernig ríkisstjórnin hefur oft og einatt nálgast þau verkefni sem lúta að atvinnuþróun.

Ég hef heyrt hvað forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar segja og hvernig þeir vilja merkja sig sem flokk sérstöðunnar hvað það varðar að þeir vilji jú hafa hinar almennu reglur og að á undanförnum árum hafi hinar almennu reglur einmitt verið aðall þeirra af því að þær hafi verið að verða til á undanförnum áratug. Hv. þm. Pétur Blöndal sagði okkur það reyndar hér áðan að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefði haft það í för með sér að almennar reglur hefðu orðið til á Íslandi. Það er rétt, þær urðu til. Við fengum almennar reglur með samningnum um EES. En ríkisstjórnin var kannski misfljót að taka upp þær reglur sem komu með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Hún var býsna snögg að taka upp frelsisreglurnar en vélin hikstaði meira þegar kom að samkeppnisreglum. Kannski voru menn ekki alveg jafntilbúnir til að taka upp leikreglurnar eins og þeir voru tilbúnir að taka upp frelsið. En, herra forseti, við hljótum auðvitað að vilja hafa hér frelsi með leikreglum, það fer best á því að þetta tvennt fylgist að.

Það sem þetta frv. fyrst og fremst snýst um eru samgöngumálin, menningarhúsin tvö á Akureyri og í Vestmannaeyjum og síðan þessar 700 millj. til Byggðastofnunar. Ég fagna því að það kosningaloforð sem gefið var hér fyrir fjórum árum er nú að hluta til komið á blað. Fyrrverandi menntmrh., nú hv. þm. Björn Bjarnason, gaf það út eftir að loforðið um menningarhúsin kom fram að það væri hugsað þannig að hlutföllin yrðu 60:40 á milli ríkis og sveitarfélaga. Það væri fróðlegt að vita hvernig þessi milljarður á að skiptast á milli Akureyrar og Vestmannaeyja. Ég veit að Akureyringarnir hafa unnið afskaplega vel í sínu máli og eru komnir langt með áætlanir sínar. Lítur ríkisstjórnin svo á að þessi milljarður sé endanleg greiðsla til þessara tveggja menningarhúsa og mun hún þá með þeim hætti skorða af greiðslur ríkissjóðs eða mun ríkisstjórnin standa við það hlutfall sem Björn Bjarnason gaf út um 60% hlut ríkisins í byggingu þessara menningarhúsa?

Síðan, herra forseti, langar mig til að kalla eftir svari við því sem kom hér fram áðan í ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar þar sem hann var að tala um byggðastefnuna gagnvart Reykjavík. Hann talaði um að hún hefði lukkast svo vel og eitt af því sem stjórnvöld hefðu gert hefði verið að setja, að mig minnir, 6 milljarða sem hlutafé í deCODE. Það voru reyndar ríkisbankarnir, en hann talaði um stjórnvöld. Mér fannst þetta athyglisverð framsetning af hálfu stjórnarliða. Framsetningin gefur það til kynna að ríkisstjórnin hafi með einhverjum hætti staðið að baki þeim ákvörðunum ríkisbankanna að fjárfesta í þessu tiltekna fyrirtæki. Þess vegna spyr ég: Var það þannig? Var það ríkisstjórnarákvörðun að ríkisbankarnir á þeim tíma tækju þá ákvörðun að setja þetta fé í fyrirtækið? Það hlýtur að skipta máli hvort þarna var um að ræða faglega ákvörðun bankanna, sem héldu að þeir væru að setja fé sitt í arðvænlegt fyrirtæki, eða hvort hér var um að ræða pólitíska ákvörðun ríkisstjórnar. Hvað átti hv. þm. við með „stjórnvöld" þegar hann fór yfir þetta með okkur?

Svo að lokum, herra forseti, af því að tími minn fer nú óðum að styttast hér er rétt að fara aðeins yfir þátt Byggðastofnunar í þessu frv. Hér er talað um atvinnuþróunarátak. Lagt er til að stofnað verði nýtt viðfangsefni með 700 millj. kr. framlagi, og þetta nýja viðfangsefni á að heita atvinnuþróunarátak. Það eina sem við fáum að vita, herra forseti, er að gert er ráð fyrir að Byggðastofnun ráðstafi fjármagninu til verkefna á sviði atvinnuþróunar á landsbyggðinni og að við ráðstöfun fjárins verði tekið mið af þeim áherslum sem fram koma í byggðaáætlun 2002–2005 og síðan að haft verði samráð við aðra sem vinna að atvinnuþróunarverkefnum.

Nú er mér, herra forseti, ekki ljóst hvaða áherslur það eru í byggðaáætlun 2002–2005 sem þarna á að fara eftir. Ég þekki vel þá byggðaáætlun sem hér var samþykkt. Ég sit sjálf í iðnn. þar sem fjallað var um byggðaáætlun, og þegar kom að endanlegri afgreiðslu hennar minnir mig að um hafi verið að ræða 47 almennt orðaðar línur um áherslur. Okkur var öllum ljóst af hverju þetta endaði svona. Það var vegna þess að stjórnarflokkarnir gátu ekki komið sér saman um hvað ætti að fylgja með þannig að allar útfærslur urðu eftir einhvers staðar annars staðar.

Ég tók eftir því að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði áðan að byggðaáætlunin hefði verið afgreidd þannig að bæði þær áherslur sem fram komu með tillögunni þegar hún var fyrst lögð fram og áherslur meiri hluta iðnn. væru hluti af byggðaáætluninni. Ég minnist þess ekki, herra forseti, að málið hafi verið afgreitt þannig enda sér þess ekki stað ef flett er upp á tillögunni. Þar eru bara þessar 47 línur almennt orðaðar, gætu verið teknar upp úr nánast hvaða kvenfélagssamþykkt sem er um landið vítt og breitt væru kvenfélög á annað borð að fjalla um byggðamál. Þar var ekkert handfast.

Mér finnst dálítið spennandi að vita hvað menn ætla að gera við þessar 700 millj. ef þeir ætla að styðjast við þessar línur — mig minnir að þetta hafi verið fimm efnispunktar — vegna þess að ég a.m.k. gat aldrei skilið það þegar þetta var afgreitt hér að málið hefði verið afgreitt með þeim hætti sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kýs nú að skilja. Kannski kýs hann að skilja það svona vegna þess að hann sjálfur var búinn að leggja dálitla vinnu í einmitt þessi útfærsluatriði og var ekki sáttur við hvernig þeim lyktaði. Eigi að síður, herra forseti, finnst mér ekki mjög skýrt hvert menn stefna þarna.

Ég er hins vegar alveg tilbúin til að horfa einfaldlega til þess að Byggðastofnun fái að gera á faglegan hátt tillögur um það hvernig þessum 700 millj. verði varið. Ég treysti fullkomlega því fólki sem þar vinnur, vel menntuðu fólki sem hefur ágæta þekkingu á þeim sviðum sem stofnunina varða, til að skoða með hvaða hætti þessum fjármunum verði

best varið til atvinnuþróunar úti um landið, en velti því þá fyrir mér í leiðinni hvort hér eigi að verða um styrki að ræða eða lán. Það kemur ekki fram í þessari tillögu. Við gætum ímyndað okkur að hér væri um óafturkræfa styrki að ræða, miðað við umbúnað málsins, og það má vel vera að það hafi komið fram í morgun þegar hæstv. ráðherra mælti fyrir tillögunni hvort sú var raunin, en það hefur þá farið fram hjá mér. Það skiptir verulegu máli, ekki síst vegna þess, herra forseti, að ef um styrki á að vera að ræða held ég að okkur vanti þann ramma sem þarf þá að starfa innan, þ.e. að okkur vanti þær almennu leikreglur sem við getum þá notað til þess að þær framkvæmdir sem ráðist verður í og þeir styrkir sem veittir verða séu a.m.k. innan þeirra marka sem ESA hefur sett okkur fyrir, með byggðakosti sínum í fyrsta lagi, í öðru lagi að þeir verði hafnir yfir pólitíska tortryggni, að það verði ekki enn einu sinni örlög landsbyggðarinnar að fá á sig þann svip að þar gerist hlutir gjarnan fyrir pólitískt pot, að ég segi ekki skæklatog. Mér finnst það eiginlega það ömurlegasta sem ég upplifi þegar niðurstaðan af góðum ásetningi Alþingis verður að fólkið í landinu sitji eftir með þá tilfinningu eina.

[14:19]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur í augum uppi að fjárfesting þriggja banka, sem voru í eigu ríkissjóðs, upp á 6 milljarða kr. verður ekki tekin nema eigandinn vilji það og hafi ákveðið það. Það fer því ekkert á milli mála í þeim efnum. Þegar það er skoðað í samhengi við það að ríkisstjórnin lagði fram frv. hér á Alþingi sem Alþingi gerði að lögum til þess að treysta grundvöllinn undir starfsemi fyrirtækisins held ég að það fari ekkert á milli mála að hér var um að ræða atvinnumálaaðgerð sem stjórnarflokkarnir stóðu að.

Varðandi stefnu í byggðamálum og hvað hafi verið samþykkt og hvaða tillögur eða hugmyndir eru í raun þær sem vísað er til vitna ég til nál. meiri hluta iðnn. á þskj. 1407, í 538. máli, á síðasta þingi þar sem segir, með leyfi forseta, að meiri hlutinn mæli með samþykkt hinna almennu markmiða þingsályktunarinnar. Það liggur þá fyrir að það var samþykkt. Annað var ekki borið upp til atkvæðagreiðslu á þinginu. Í nál. kemur hins vegar fram, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn styður þær hugmyndir til aðgerða er fylgja tillögunni."

Það eru þessar 22 tillögur sem fylgdu með tillögu ríkisstjórnarinnar. Síðan bætti meiri hlutinn við öðrum hugmyndum í 11 tölusettum liðum sem voru til umfjöllunar meðal stjórnarflokkanna, og í a.m.k. þingflokki framsóknarmanna voru þær ræddar og samþykktar. Það liggur fyrir pólitískur stimpill á þessar tillögur í 11 tölusettum liðum sem er að finna í nál.

Þess vegna segi ég með fullum rétti að það sem vísað er til eru þá samanlagðar tillögur úr þessum tveimur skjölum.

[14:22]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég minnist þess ekki að það hafi fyrr komið fram með svo afdráttarlausum hætti hér á Alþingi að ríkisstjórnin hafi beitt sér fyrir því að ríkisbankarnir fjárfestu 6 milljarða í fyrirtækinu deCODE. Ég minnist þess ekki að það hafi verið fjallað um málið með þessum hætti áður. Í rauninni er hv. þm. hér að upplýsa um stórt mál, miklu stærra en ég hafði gert mér grein fyrir að gæti verið þegar um er að ræða afskipti stjórnvalda af þróun atvinnulífsins. Kaup á 6 milljörðum af hlutafé eru ekkert smáræði, herra forseti, ef við setjum það í samhengi við annað sem við erum að gera og horfum þá kannski bara á þetta frv. sem við erum að vinna með núna.

Herra forseti. Í rauninni finnst mér þetta svo stórt að ég skil ekki alveg hvernig hv. þm. sem hafa kannski að sumu leyti verið ósáttir við þær áherslur sem ríkisstjórnin hefur verið með í atvinnumálum hafa getað setið undir þessari stóru fjárfestingu. Ég kannast reyndar við að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hafiýjað að þessu fyrr þannig að þetta er ekki alveg nýtt frá honum, en að aðrir skuli með þögninni hafa samþykkt þessa stórkostlegu fjárfestingu ríkisstjórnarinnar í einu einstöku fyrirtæki finnst mér mjög merkilegt.

Varðandi aftur byggðaáætlunina sýnist mér að hv. þingmaður hafi a.m.k. svarað hér fyrir Framsfl. og hvaða skilning hann hefur á þessu máli og hvernig hann afgreiddi það fyrir sína hönd.

[14:25]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003 vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum, og ég vil hefja mál mitt á því að lýsa ánægju minni með þær áherslur sem lagðar eru í þessu frv. Við höfum í allan vetur hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lýst okkur hlynnt því að settir yrðu aukafjármunir til vegagerðar eins og hér er lagt til.

En mig langar, virðulegi forseti, í tilefni af ræðu hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur til að koma hér inn á örfá atriði varðandi, við skulum segja, prinsippið í því hvernig litið er á útdeilingu fjár eins og til vegagerðar. Eins og kunnugt er er ætlunin að setja aukalega inn einn milljarð í framkvæmdir á þjóðvegum í þéttbýli á höfuðborgarsvæði, einn milljarð í norðaustursvæði og einn milljarð í norðvestursvæði. Til þjóðvega í þéttbýli úti á landsbyggðinni fer ákaflega lítill peningur. Og þar sem ég þekki best til, og beini ég nú orðum mínum til hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, á Norðurlandi eystra fara 28 millj. á þessu ári í þjóðvegi í þéttbýli. Á þessu svæði má nefna þéttbýli eins og Ólafsfjörð og Dalvík, Akureyri, Húsavík, Raufarhöfn og Þórshöfn. Þjóðvegir í þéttbýli í þessum minni sveitarfélögum eru yfirleitt bara línan í gegnum bæina og síðan tengingin niður á viðkomandi hafnir. Skilgreiningin á Akureyri er augljóslega miklu víðari þar sem þar er um 16 þús. manna byggð að ræða.

Nú háttar svo til að höfuðborgarsvæðið sem þéttýli er skilgreint sér þegar rætt er um þessi mál, hverjir eiga að fá og hvar á að leggja áherslur. Þá vil ég beina máli mínu til hæstv. fjmrh., hvort hann í kjölfar þess sem ég er að draga fram núna telji ekki ástæðu til að breyta þessum skilgreiningum og draga út fleiri þéttbýli sem sérfjárhagsáætlun yrði sett fram um. Á Norðurlandi vestra fara t.d. ekki nema 18 millj. í þjóðvegi í þéttbýli og þar má nefna staði eins og Siglufjörð, Sauðárkrók, Hvammstanga, Skagaströnd og fleiri smærri staði, og það eru yfirleitt bara línurnar í gegnum viðkomandi þéttbýli.

Það sem ég er að segja, virðulegi forseti, er það að vegakerfi landsins er auðvitað vegakerfi okkar allra. Það er ekki síður nauðsynlegt og mikilvægt fyrir höfuðborgarsvæðið að líta á vegakerfi landsins sem sitt áhersluatriði, vegna þess að um vegakerfi landsins fer manna- og vöruflutningur í stríðum straumi, hvort sem er til útflutnings, sölu eða vinnslu á höfuðborgarsvæði. Ég held að við verðum að endurskoða

skilgreiningar og horfa á málin í nýju ljósi. Þessi skilgreining gildir um öll þéttbýlissvæði í landinu.

Samkvæmt þessari áætlun fer ekkert fjármagn til þjóðvega í þéttbýli á Akureyri. Ef við lítum á áætlanir næstu ára er ekki gert ráð fyrir neinum fjármunum í þjóðvegi í þéttbýli í Akureyrarkaupstað þar sem búa 16 þús. manns. Á Eyjafjarðarsvæði, þéttbýlissvæðinu, búa um 21 þús. manns. Á næsta tólf ára tímabili er hins vegar gert ráð fyrir 21 milljarði til þjóðvega í þéttbýli á höfuðborgarsvæði. Nauðsynlegt er að menn átti sig á þessu og séu algjörlega klárir á hvernig dæmið er sett upp.

Ég er þeirrar skoðunar að þjóðvegurinn frá Akureyri til Reykjavíkur sé ekkert meiri eign eða verðmætari fyrir Akureyringa en fyrir Reykvíkinga. Þjóðvegurinn frá Reykjavík til Selfoss er að mínu mati ekkert meiri eign eða nauðsynlegri fyrir Selfyssinga en fyrir Reykvíkinga.

Ég held að það sé ákaflega hættulegt að stilla málum upp eins og hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir gerði áðan. Það fer milljarður til höfuðborgarsvæðisins samkvæmt þessum aukafjárlögum. Það er algjörlega eyrnamerkt þéttbýlinu.

Ég ætla að gera það að tillögu minni til nefndarinnar sem fjallar um þessi mál að endurskilgreina þurfi uppsetningu á fjárframlögum til þjóðvega í þéttbýli. Ég vil sérstaklega taka Akureyrarkaupstað sem dæmi. Bæjaryfirvöld hafa gert áætlanir og eru tilbúin með verkefni sem falla undir þjóðvegi í þéttbýli fyrir 451 millj. kr., en það er ekkert framlag til innan bæjarmarka þessa 16 þúsund manna samfélags. Það er ósanngjarnt í hæsta máta. Ef við tökum milljarðinn sem skilgreindur er fyrir þjóðvegi í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu þá hefði Akureyri átt að fá um það bil 120 millj. í slík verkefni miðað við höfðatölu.

Ég tel nauðsynlegt að taka út fyrir sviga þessi stærstu sveitarfélög á landsbyggðinni og eyrnamerkja framlögin til þeirra eins og gert er með höfuðborgarsvæðið. Ég held að það yrði miklu betri sátt um það og að menn væru sáttari við að þjóðvegakerfið væri okkar allra. Það nýtist okkur öllum hvort sem það er til afurðaflutninga, fólksflutninga, að ég tali ekki um ferðaþjónustu.

Þannig er það t.d. í mínu kjördæmi, Norðurlandi eystra. Vegna staðhátta höfum við þurft að nota hér um bil allt vegafé í austurleiðina, frá Húsavík að Þórshöfn á Langanesi. Það er mjög erfið vegagerð og kostnaðarsöm. En út frá minni skilgreiningu og sýn á þessi mál er þessi vegur ekkert frekar Akureyringa en annarra. Reyndin er bara sú að allt þetta fé hefur í góðu samráði verið látið fara þangað. Þetta er mjög stórt mál, sérstaklega ef menn ætla að efna til átaka milli þéttbýlisins og dreifbýlisins um skiptingu þessara fjármuna. Þetta er mjög stórt mál.

Ég tel nauðsynlegt að taka þessi mál upp í þeim dúr sem ég nefni hér. Ég legg á það áherslu, sérstaklega hvað varðar Akureyri, að hér verði gerð bragarbót á. Ég tel að langflestir þingmenn sem fara ofan í þessi mál og skoða um hvað er að ræða finnist að athuguðu máli mikið sanngirnismál að bæjarfélagið Akureyri, með 16 þúsund íbúa, njóti sömu formúlu varðandi framlög til þjóðvega í þéttbýli eins og hér gildir. Það er mjög nauðsynlegt.

Allar þær óskir sem bæjarstjórn Akureyrar hefur sett fram varðandi þjóðvegi í þéttbýli eru nauðsynlegar framkvæmdir. Þar hefur mjög lítið gerst á undanförnum árum, mjög lítið. Að stofni til er það línan í gegnum bæinn sem um ræðir, tengingar niður á hafnir, útivistarsvæði og þess háttar. Á Akureyri er ekki um mislæg gatnamót að ræða, sem eru ákaflega dýr, þannig að hlutfallslega eru þessar nauðsynlegu vegabætur innan kaupstaðarins mjög ódýrar, eins og sett er fram af hendi bæjarstjórnarinnar á 451 millj. kr.

Í sambandi við menningarhúsin vil ég segja að ég er hlynntur því að við byggjum menningarhús. En ég hefði líka viljað sjá aðrar áherslur hvað varðar menningarhúsin. Í raun eiga landsmenn mjög mikið af vannýttum menningarhúsum um allt land, svokölluðum félagsheimilum. Ég held að menn ættu að skoða það alvarlega að setja upp einhvers konar sjóð sem gæfi sveitarfélögum á landsbyggðinni möguleika á því að fjármagna viðhald og endurbætur á þeim húsum og félagsheimilum sem til eru í landinu. Þetta er fyrst og fremst spurning um endurbætur og viðhald en það væri gríðarleg stoð í því ef sveitarfélögin gætu sótt um einhvers konar framlag til tæknivæðingar þessara húsa. Þá er borðleggjandi að blómstrandi menningarlíf um allt land gæti notað þessi hús í auknum mæli frá því sem nú er, myndarleg hús í langflestum tilvikum. Þau eru þungur baggi í rekstri fyrir sveitarfélögin og mjög erfitt að tæknivæða þau þannig að ungt fólk í dag telji sig geta notað þau sómasamlega. Ég legg til að menn skoði hvort ekki sé ástæða til þess í langflestum tilfellum að styðja sveitarfélögin til að halda þessum menningarhúsum gangandi um allt land. Það held ég að sé mjög mikilvægt.

Virðulegi forseti. Ég er ekki að gera athugasemdir við þetta átak. Ég tel það góðra gjalda vert. En ég legg þunga áherslu á það sem ég hef sagt um þjóðvegi í þéttbýli. Ég vil fá þær leiðir endurskilgreindar. Ég held að til lengri tíma litið getum við forðast þessi átök á milli þéttbýlis og dreifbýlis, ef við endurskilgreinum framlögin eða setjum þau í annan farveg til þéttbýlisins. Þetta er mikið sanngirnismál. Vegakerfið er okkar allra. Gott vegakerfi um allt land er forsenda þess að hér sé líflegt atvinnulíf sem byggir á landsbyggðinni allri. Það verður að skilgreinast sem okkar allra. Þetta með að taka þéttbýlissvæðin út fyrir sviga og gera sérátlun um þau tel ég að væri mikið sanngirnismál. Við getum svo velt fyrir okkur hver stærðarmörkin eiga vera, hvort skilgreina eigi þetta við þéttbýli með þúsund manns eða eitthvað svoleiðis eða hvort við eigum að fara heldur hærra, fara t.d. upp í stærð Ísafjarðarkaupstaðar eða þar um bil. En það að þéttbýlissvæðin á landsbyggðinni gjaldi fyrir vegakerfið innan kjördæmisins er ekki rétt sýn, alls ekki.

Ég sé að hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, kollegi minn af Norðurlandi eystra, situr hér í salnum. Hún getur náttúrlega staðfest það sem ég er að segja. Við höfum verið sammála um það, þingmannahópurinn, að nota þá peninga sem við höfum haft í austurleiðina frá Húsavík allt þetta kjörtímabil. Það hefur tekið langmest af okkar framlögum. Afleiðingin er náttúrlega þessi. Þetta er sérstaklega augljóst gagnvart sveitarfélaginu Akureyri sem horfir ekki fram á neinar, þrátt fyrir þessa innspýtingu til aðgerða í atvinnu- og byggðamálum, framkvæmdir í þjóðvegum í þéttbýli næstu tólf árin, fari svo sem horfir varðandi vegáætlun.

Virðulegi forseti. Ég vildi undirstrika þetta. Ég vona sannarlega, þegar farið verður í þessi mál í nefndinni, að hún taki á þessum skilgreiningarmálum, sérstaklega gagnvart Akureyri og stærri þéttbýlisstöðum. Í þeirri athugun mætti taka með Ísafjörð, Egilsstaði o.s.frv.

[14:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki annað en gert smáathugasemd við málflutning hv. þm. Hann vitnaði í ræðu mína frá því í morgun. Ég held að hann hafi varla hlustað gaumgæfilega á

það sem ég sagði. Ég sagði að við höfuðborgarbúar hefðum umborið það að landsbyggðin hefði fengið meira fé til framkvæmda á samgönguáætlunum undanfarin ár vegna þess að þjóðvegakerfið er okkar allra, ekkert síður höfuðborgarbúa en landsbyggðarinnar. Þetta er okkar allra og því vegna höfum við umborið þetta.

Hér er hins vegar á ferðinni átak til atvinnuskapandi aðgerða. Á höfuðborgarsvæðinu eru 70% allra þeirra sem eru atvinnulausir. Í hlut höfuðborgarsvæðisins, af þessum 6,3 milljörðum sem á að nota næstu 18 mánuðina er einn milljarður, til alls höfuðborgarsvæðisins. Það er Reykjavík, Mosfellsbær, Garðabær, Hafnarfjörður og allt til Keflavíkur. Það fær einn milljarð þegar 70% atvinnulausra er á því svæði. (Gripið fram í.) Hálf þjóðin býr hér. Hér er mesta atvinnuleysið og hingað koma 18% af því fé sem menn ætla til atvinnuskapandi aðgerða. (Gripið fram í.)

Auðvitað gerum við athugasemdir við þetta. Þetta er auðvitað ekki sanngjarnt. Það mundu hv. þm. líka gera ef þeirra kjördæmi fengju þá útreið eins og við höfum fengið. (**EKG:** Hvað er sanngjarnt?)

Auðvitað þurfum við að skoða þetta. Ég hefði líka viljað sjá peninga fara í ýmislegt annað en bara vegagerð, að konur og menntafólk fengju störf við hæfi, fólk sem situr heima atvinnulaust. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (GÁS): Hv. þm. hefur orðið.)

Herra forseti. Ég veit eiginlega ekki hvort maður á að vera að svara svona frammíköllum en það er full ástæða til að vekja athygli á hversu lítill hlutur fer til hálfrar þjóðarinnar og rúmlega það af fé sem á að vera til atvinnusköpunar þegar 70% atvinnulausra eru á þessu svæði.

[14:42]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir verður þá að svara því hvað henni finnst sanngjarn skerfur.

Mér finnst alveg makalaust, ef hv. þm. hefur hlustað á ræðu mína áðan, að tala um umburðarlyndi höfuðborgarsvæðisins. Hvað má þá segja um umburðarlyndi Akureyringa? Ég vil fá svör hv. þm. við því hvort hún telji að vegakerfið milli Akureyrar og Reykjavíkur eða austur um frá Akureyri til Austurlands sé meira mál Akureyringa en annarra Íslendinga. (**ÁRJ:** Ég var ekkert að segja það.) Um þetta snýst málið. Að taka sig út úr á þann hátt sem hv. þm. gerir finnst mér ekki sanngjarnt.

Hvað finnst hv. þm. um þau plön sem ég var að vitna í, þar sem á næstu tólf árum á að setja 21 milljarð á vegakerfið á höfuðborgarsvæðinu en ekkert í 16 þús. manna samfélag á Akureyri? Hver er þá umburðarlyndur? Eins og ég skil hv. þm. þá spyrðir hv. þm. Akureyringa við landsbyggðina. Þeir hljóta að hafa fengið, eftir skilgreiningu þingmannsins, of mikið vegna umburðarlyndis Reykvíkinga.

Þetta er mjög ósanngjörn framsetning og ég vildi benda á það.

[14:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held ég svari ekki þessum útúrsnúningum. Hv. þm. hefur ekki einu sinni hlustað á andsvar mitt áðan. Ég sagði einmitt að vegakerfi okkar væri allt saman, þjóðvegakerfið, okkar allra. Þess vegna höfum við látið óátalið þegar meira fé hefur farið til landsbyggðarinnar. Ég ætla ekkert að fara að flokka landsbyggðina neitt. Ég er að tala um vegaframkvæmdir utan höfuðborgarsvæðisins og ætla alls ekki að fara að etja saman höfuðborgarsvæðinu og dreifbýlinu.

Aftur á móti er mjög ósanngjarnt, þegar mesta atvinnuleysið er hér, að minnst af fjármagninu skuli koma hingað þegar ætlunin er að ráða bót á atvinnuleysi og bágu atvinnuástandi hjá þjóðinni með þessu átaki. Þá kemur minnst til þeirra sem verst eru staddir varðandi atvinnu. Ég var að gera athugasemdir við það.

Ég minni á að við höfum ekki gert athugasemdir við að minna fé hafi komið til okkar á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár. En við gerum það núna þegar tilgangurinn er að leysa ófremdarástand í atvinnumálum, eins og þessu frv. er ætlað að gera.

[14:44]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Ég vil taka það fram að ég tel nauðsynlegt að byggja upp vegakerfið á höfuðborgarsvæðinu. Ég er því mjög hlynntur. (**ÁRJ:** Nú?) Þannig að málið snýst ekki um það. (**ÁRJ:** Mér heyrðist nú annað.) Í umræðunni gætum við ímyndað okkur að það væri e.t.v. hægt að færa til einhverja peninga og ég er því ekki ósammála heldur. Mér skilst að ekki sé hægt að nota nema um 400 millj. strax af þessum peningum vegna þess að hönnun sé ekki lokið á þeim mannvirkjum sem menn vilja fara í. Ég tel athugandi að beita sér fyrir því og hv. þm. mun eflaust gera það, t.d. að nota hluta af fjármagninu í byggingarframkvæmdir af einhverju tagi, svo sem eins og stúdentagarða og þess háttar. Það væri mjög við hæfi vegna stöðunnar í þessum málum. Það verður augljóslega ekki hægt að nota alla þessa peninga fyrr en þær framkvæmdir sem þeir eiga að fara í eru tilbúnar.

Ég held að ég og hv. þm. tölum dálítið í kross. Ég hlustaði mjög gaumgæfilega á ræðu hv. þm. en ég kallaði eftir þessari endurskilgreiningu á því hvernig við úthlutum þessum peningum. Ég væri tilbúinn, sem búsettur úti á landi, að sæta sömu formúlu og hv. þm. Ásta Ragnheiður sem býr í Reykjavík, lúta sömu formúlu gagnvart úthlutunum. Það er mjög skaðlegt fyrir okkur öll að setja málin upp þannig að þetta sé kapphlaup um fjármagn milli höfuðborgarsvæðis og dreifbýlis.

[14:46]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Mér finnst eðlilegt að ég segi örfá orð hér í lokin bara til að þakka fólki fyrir ágætar undirtektir við þetta þingmál og málefnalegar umræður sem hafa einkum snúist um það að kannski væri hægt að verja þessum peningum eitthvað ofurlítið öðruvísi og þeir mættu gjarnan vera meiri. Ég tek undir það. Mörg eru góðu málin sem þarf að sinna. En þetta er niðurstaða ríkisstjórnarinnar í bili hvað sem síðar kann að verða.

Auðvitað er erfitt að skipta svona miklum fjármunum til vega vegna þess að mörg uppbyggingarverkefni bíða. En ég held að við getum öll verið sammála um að þetta flýtir þá fyrir því að annað kemst að bæði hérna á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar.

Varðandi menningarhúsin þá er ekki hægt að fullyrða að þetta fjármagn verði allt nýtt á þessu ári. Aðalatriðið er að ef þetta nær inn í þessi fjáraukalög þá er búið að tryggja þetta fjármagn þó svo að það kunni að þurfa að flytja fjárveitinguna að einhverju leyti til næsta árs eða jafnvel enn lengra eftir því hvernig verkunum miðar áfram. Um skiptingu þess fjár, þess milljarðs sem þarna er um að ræða, þá er það mál sem er á verksviði menntmrh. sem hann vinnur nú að í

samvinnu við þau sveitarfélög sem þarna eiga hlut að máli, Akureyri og Vestmannaeyjar.

Varðandi það að einungis séu 4,7 milljarðar í þessu frv. í stað 6,3, þá stafar það auðvitað af því að átakið er til 18 mánaða og það sem upp á vantar kemur að sjálfsögðu í fjárlögum næsta árs. (**Gripið fram í:** Hjá næstu ríkisstjórn?) Jafnvel.

Að öðru leyti þakka ég þingmönnum hér fyrir málefnalegar umræður um þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 669. mál (hafnir, hópferðabifreiðar). — Þskj. 1086.

[14:48]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Með þessu frv. eru lagðar til tvær breytingar á lögum um virðisaukaskatt. Frv. er m.a. lagt fram í tengslum við frv. til nýrra hafnalaga sem liggur fyrir þinginu og er á dagskrá síðar á þessum fundi.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. frv. til nýrra hafnalaga er gert ráð fyrir þrenns konar rekstrarfyrirkomulagi hafna. Samkvæmt því frv. má reka höfn sem:

1. Höfn án sérstakrar hafnarstjórnar í eigu sveitarfélags.
2. Höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags.
3. Hlutafélag, hvort sem það er í eigu opinberra aðila eða ekki, einkahlutafélag, sameignarfélag eða sem einkaaðila í sjálfstæðum rekstri.

Frv. til hafnalaga gerir ráð fyrir að hafnir samkvæmt ofangreindum 2. tölul. verði virðisaukaskattsskyldar eins og hafnir samkvæmt 3. tölul. Kallar það á breytingu á lögum um virðisaukaskatt. Er lagt til í frv. því sem hér liggur fyrir að á sama hátt og opinber orku- og veitufyrirtæki verði hafnir með hafnarstjórn í eigu sveitarfélaga virðisaukaskattsskyldar að því leyti sem þær selja skattskyldar vörur og þjónustu. Samkvæmt frv. er með öðrum orðum lagt til að höfnum með hafnarstjórn í eigu sveitarfélaga verði bætt inn í 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um virðisaukaskatt, en það þýðir að þessar hafnir geta framvegis nýtt sér innskattsreglur virðisaukaskattskerfisins og hefur það verið talið hagsmunamál fyrir þessa aðila.

Hin breytingin í þessu frv. felur í sér framlengingu á gildandi bráðabirgðaákvæði við lög um virðisaukaskatt. Lagt er til að gildandi heimild samkvæmt ákvæði til bráðabirgða X í lögum um virðisaukaskatt, sem fjallar um heimild til endurgreiðslu $^2/_3$ hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2003, verði framlengd um tvö ár.

Herra forseti. Þetta eru efnisbreytingarnar tvær sem hér eru lagðar til. Fari svo að hafnalög hljóti ekki afgreiðslu á þessu þingi er fyrri breytingin óþörf og þarf þá að laga frv. að því með því að fella brott fyrri greinina. En 2. gr. frv. stendur að sjálfsögðu undir sér sjálfstætt óháð hinni.

Ég legg til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til hv. efh.- og viðskn. að lokinni 1. umr. og jafnframt til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Álbræðsla á Grundartanga, 1. umr.

Stjfrv., 671. mál (stækkun, skattlagning). — Þskj. 1091.

[14:51]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum. Frv. er á þskj. 1091 og er 671. mál þingsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ríkisstjórninni og iðnaðarráðherra verði heimilað að gera samninga við Norðurál hf. um stækkun álvers félagsins í allt að 300.000 tonn í tveimur áföngum.

Með lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, var iðnaðarráðherra veitt heimild til að gera samninga fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um byggingu álvers á Grundartanga og voru samningar þessa efnis undirritaðir 7. ágúst 1997. Lá þá fyrir mat á umhverfisáhrifum og starfsleyfi fyrir allt að 180.000 tonna álveri á Grundartanga. Byggingu 1. áfanga álversins með um 60.000 tonna ársframleiðslugetu af áli lauk í júní árið 1998 og hófst þá framleiðsla í kerskálum álversins.

Lögunum var breytt með lögum nr. 12/2000 þegar veitt var heimild til ákvörðunar fasteignaskatts vegna stækkunar mannvirkja í tengslum við aukningu á framleiðslugetu úr 60.000 í 90.000 tonn. Stjórnvöld, Landsvirkjun og Norðurál undirrituðu viðauka við samninga um álverið 14. júní 2000 þegar ákvörðun var tekin um að stækka álverið úr 60.000 tonna ársframleiðslu í 90.000 tonn. Framkvæmdum við þann áfanga lauk um mitt ár 2001 og framleiðir félagið nú um 90.000 tonn á ári.

Á síðasta ári voru samþykkt lög nr. 75/2002, um breytingu á lögum nr. 62/1997, þar sem Norðuráli var heimilað að taka þátt í öðrum félögum og fjárfesta í öðrum atvinnurekstri en áliðnaði.

Í september árið 2000 óskaði Norðurál formlega eftir því við iðnaðarráðuneytið og Landsvirkjun að teknar yrðu upp hið fyrsta formlegar samningaviðræður um orku vegna þriðja áfanga álversins. Í upphaflegum áætlunum var gert ráð fyrir að álverið yrði stækkað úr 90.000 tonnum í 180.000 tonn en tækniframfarir gerðu það að verkum að hagkvæmara er talið að stækka álverið úr 90.000 tonnum í 240.000 tonn.

Fljótlega varð ljóst að ekki væri unnt að afla orku til 150.000 tonna stækkunar í einum áfanga og var því tekin ákvörðun um að skipta stækkuninni í tvo áfanga. Jafnframt var ljóst að ekki væri unnt að taka ákvörðun um stækkun fyrr en fyrir lægi niðurstaða í mati á umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu. Fyrir liggur nú úrskurður setts umhverfisráðherra þar sem fallist er á framkvæmdina að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Samhliða þessu frv. er því lagt fram frv. um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, þar sem lögð er til heimild til að reisa Norðlingaölduveitu, stækkun Nesjavallavirkjunar og virkjunarframkvæmdir á Reykjanesi.

Þótt aflað sé heimilda fyrir stækkun í allt að 300.000 tonn er gert ráð fyrir að stækkunin komi til framkvæmda í tveimur áföngum, annars vegar um 90.000 tonn sem lokið verður

árið 2005 og hins vegar um 60.000 tonn árið 2009. Stefnt er að því að hefja byggingarframkvæmdir við fyrri hluta stækkunar álversins á þessu ári og er framkvæmdatími áætlaður 24–30 mánuðir. Stefnt er að því að gangsetning vegna framleiðsluaukningar um 90.000 tonn hefjist árið 2006. Til lengri tíma litið er ætlun Norðuráls að auka framleiðslugetu álversins með því að auka straum í kerskálum. Þannig miða áform fyrirtækisins að því að ná allt að 300.000 tonna framleiðslugetu þegar til lengri tíma er litið. Hefur fyrirtækið því nú þegar látið meta umhverfisáhrif og fengið starfsleyfi fyrir stækkun í allt að 300.000 tonn.

Helstu mannvirki fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar álversins í allt að 300.000 tonn eru tankar fyrir hráefni, kerskálar, steypuskáli, skautsmiðja, þurrhreinsibúnaður, spennistöð og starfsmannahús. Öll tækni og tæki sem koma til vegna ráðgerðrar stækkunar álversins verða sem fyrr í samræmi við alþjóðlegar skilgreiningar á bestu fáanlegu tækni og er þá átt jafnt við framleiðslutækni sem og tækni við hreinsun útblásturs með þurrhreinsibúnaði.

Viðbótarfjárfestingarkostnaður vegna stækkunar í 240.000 tonn er áætlaður um 525 milljónir bandaríkjadala. Áætlað er að kostnaður við fyrsta áfanga stækkunarinnar verði um 330 milljónir bandaríkjadala en seinni hluti kosti um 195 milljónir bandaríkjadala. Reikna má með að heildarfjárfesting Norðuráls á Grundartanga verði þá komin í um 825 milljónir bandaríkjadala eða um 66 milljarða íslenskra króna miðað við gengi í febrúar 2003.

Reikna má með að árlegt útflutningsverðmæti Norðuráls tvöfaldist við stækkun í 180.000 tonn og verði að jafnaði rúmlega 20 milljarðar króna á ári miðað við spár um þróun álverðs á Evrópumarkaði. Að loknum seinni áfanga stækkunar álversins í 240.000 tonn má reikna með að árlegt útflutningsverðmæti Norðuráls verði um 40 milljarðar króna miðað við sömu forsendur.

Hæstv. forseti. Í gildi eru samningar við Norðurál hf. og Columbia Ventures Corporation um byggingu og rekstur allt að 90.000 tonna álvers að Grundartanga. Samkomulag um stækkun álversins felur í sér gerð annars viðauka við fjárfestingarsamning og annars viðauka við lóðarsamning, eins og nánar er lýst í athugasemdum með frv. Viðaukasamningarnir hrófla ekki við þeim grundvallaratriðum sem felast í upprunalega samningnum heldur fela í sér frekari útfærslu vegna stækkunar álversins.

Undirbúningur stækkunar álvers Norðuráls á Grundartanga hefur farið fram í samræmi við gildandi löggjöf og hefur almenningur átt þess kost að hafa þar áhrif á undirbúningsstigi.

Umtalsverðar grunnrannsóknir hafa farið fram á umhverfisþáttum og lífríki umhverfis iðnaðarsvæðið á Grundartanga, bæði áður en Íslenska járnblendifélagið tók til starfa árið 1979 og áður en álver Norðuráls var gangsett.

Í kjölfar grunnrannsókna hafa iðnfyrirtækin á Grundartanga staðið sameiginlega að umhverfisvöktun í Hvalfirði frá árinu 1999. Vöktunin er framkvæmd samkvæmt áætlun til tíu ára í senn og unnin í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins. Tilgangur vöktunar er m.a. að meta hvort kröfur starfsleyfis séu uppfylltar og skoða áhrif stækkunar á umhverfi með samanburði við grunngildi helstu umhverfisþátta. Rannsóknir og vöktun ná til loftgæða, gróðurs, jarðvegs, jarðvatns, ferskvatns, úrkomu og búfénaðar.

Meginniðurstöður ofangreindra rannsókna og vöktunar á Hvalfjarðarsvæðinu sýna að áhrif iðnfyrirtækjanna á Grundartanga hafa verið innan þeirra marka sem sett voru í starfsleyfi þeirra og að áhrif á umhverfið hafi verið í lágmarki. Iðnaðarsvæðið er svo sem gefur að skilja aðaluppspretta brennisteinstvíoxíðs og flúors, en þó er styrkur þessara efna í lofti vel innan viðmiðunarmarka fyrir loftgæði. Aðaluppspretta brennisteinstvíoxíðs til þessa hefur verið járnblendiverksmiðjan en aðaluppspretta flúors hefur verið álverið. Rannsóknir sýna einnig að meginuppspretta svifryks á Hvalfjarðarsvæðinu er utan iðnaðarsvæðisins. Nánari grein er gerð fyrir niðurstöðum umhverfisrannsókna og vöktunar í fylgiskjali III með frumvarpi þessu.

Í nóvember 2000 sendi Norðurál Skipulagsstofnun tillögu að matsáætlun fyrir mat á umhverfisáhrifum stækkunar Norðuráls á Grundartanga með framleiðsluaukningu í allt að 300.000 tonn á ári. Niðurstaða Skipulagsstofnunar lá fyrir 9. janúar 2001 og var tillagan samþykkt með skilyrðum. Í kjölfar þessa var unnin matsskýrsla vegna stækkunar álversins og var hún lögð fram hjá Skipulagsstofnun í mars 2002. Með úrskurði, dags. 27. maí 2002, féllst Skipulagsstofnun á fyrirhugaða stækkun Norðuráls á Grundartanga í allt að 300.000 tonn á ári.

Að beiðni iðnaðarráðuneytis lagði efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins mat á þjóðhagsleg áhrif fjárfestinga í virkjunum, byggingu álvers í Reyðarfirði og stækkun álvers á Grundartanga. Niðurstöður efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins eru birtar í fylgiskjali VIII með frumvarpi til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði.

Í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum stækkunar Norðuráls á Grundartanga er gerð grein fyrir samfélagslegum áhrifum á rekstrartíma. Þar kemur fram að á undanförnum árum hefur fólki fjölgað á atvinnusvæði Norðuráls og að stækkun með verulegri fjölgun starfa stuðli að framhaldi á þeirri þróun. Gert er ráð fyrir 300–450 nýjum framtíðarstörfum í álveri Norðuráls eftir fulla stækkun í 300.000 tonna ársframleiðslu en heildarfjöldi starfsmanna í álverinu mun því verða 500–650. Hlutfall starfsmanna af Vesturlandi hefur verið að aukast frá því að Norðurál hóf starfsemi og er nú 84%, en aðrir starfsmenn koma af höfuðborgarsvæðinu. Líklegt er að raunin verði svipuð eftir stækkun álversins. Líklegt er talið að flestir þeirra sem flytjist til svæðisins af öðrum landsvæðum velji sér búsetu á Akranesi.

Af núverandi starfsmönnum álversins eru um 14% konur, og starfar rúmlega helmingur þeirra í viðhaldsdeild, kerskála eða skautsmiðju. Hlutfall kvenna í áliðnaði hefur vaxið á undanförnum árum og er það stefna Norðuráls að ráða sem flestar konur til starfa. Á undanförnum árum hefur störfum fyrir konur fækkað á svæðinu, m.a. vegna samdráttar í verslun á Akranesi með tilkomu Hvalfjarðarganga.

Samdráttur hefur verið í landbúnaði undanfarin ár og hefur störfum í greininni þar af leiðandi fækkað. Stækkun álversins mun stuðla að áframhaldandi búskaparmöguleikum. Bændur geta sótt störf í álverinu samhliða búskap sem gerir þeim kleift að búa áfram á jörðum sínum þrátt fyrir samdrátt í landbúnaði. Mörg smærri fyrirtæki í iðnaði og byggingarstarfsemi munu njóta góðs af framkvæmdum við stækkun álversins og umfangsmeiri rekstri þess. Áhrifin felast í sölu á þjónustu og vörum til álversins. Einnig munu skapast störf vegna tengdrar uppbyggingar á svæðinu. Mörg fyrirtæki hafa þegar byggst upp og öðlast reynslu í tengslum við uppbyggingu Norðuráls og er sú reynsla góður undirbúningur fyrir frekari stækkun. Stækkunin mun fela í sér aukna möguleika á verkefnum fyrir þessi fyrirtæki. Hugsanleg nei-

kvæð áhrif felast í að önnur iðnfyrirtæki gætu misst starfsfólk til álversins vegna aukinnar samkeppni um vinnuafl.

Stækkun álversins mun leiða til aukinnar eftirspurnar eftir bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæði á svæðinu. Aukin eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði ræðst af íbúafjölgun á svæðinu, breytingum í fjölskyldustærð og þörf fyrir endurnýjun eldra húsnæðis. Líklegt er að eftirspurnar eftir íbúðarhúsnæði muni verða mest vart á Akranesi. Hennar gæti einnig orðið vart í öðrum sveitarfélögum, þ.e. Borgarbyggð, Skilmannahreppi og Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Þjónusta og grunngerð sveitarfélaga á áhrifasvæði álversins er góð og er ekki talið að grípa þurfi til viðamikilla ráðstafana á þeim sviðum þótt fjölgun kunni að verða á íbúum á svæðinu í kjölfar stækkunar Norðuráls.

Hæstv. forseti. Ég hef nú rakið helstu staðreyndir varðandi fyrirhugaða stækkun álvers Norðuráls á Grundartanga og áhrif þess. Ég leyfi mér að vísa til greinargerðar með frv. varðandi skýringar við einstakar greinar þess. Þá leyfi ég mér, hæstv. forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[15:04]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Undanfarna daga og vikur hefur geisað í samfélaginu og sömuleiðis hér á Alþingi mikil umræða um áhrif þess að verið er að ráðast í svo miklar framkvæmdir á Austurlandi, sem við þekkjum. Nú síðast í gær var samþykkt heimild til hæstv. iðnrh. til þess að ganga til samninga um byggingu álvers í Reyðarfirði. Áhyggjur manna hafa ekki hvað síst verið vegna þeirra efnahagslegu áhrifa sem þessar framkvæmdir munu hafa, og hafa nú þegar. Þar hafa menn ekki hvað síst haft áhyggjur af gengisþróuninni undanfarið og síðan áhrifum hins háa gengis á aðra framleiðslu- og samkeppnisatvinnuvegi, á útflutningsgreinarnar yfirleitt.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðherra hvað hafi verið skoðað nú, þegar verið er að mæla fyrir málum sem munu setja enn frekara trukk á fjárfestingar í þjóðfélaginu, með þróun gengisins.

Það er alveg ljóst að grunndæmi fjmrn. er fullkomið ómark. Það sem þar stendur eru í besta falli væntingar, en a.m.k. hvergi nálægt veruleikanum. Þar eru menn að tala um verðbólgu í 130 stigum sem er ívið lægra meðaltal en á síðasta ári, en veruleikinn hefur verið allt annar og er allt annar. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvað hefur verið skoðað varðandi þessar nýju framkvæmdir sem hér er verið að fjalla um að hinum samanlögðum? Þá bið ég um eitthvað annað en grunndæmi fjmrn.

[15:06]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir hv. þm. taka kannski dálítið mikið upp í sig þegar hún gerir ekkert með það sem kemur frá fjmrn. og því grunndæmi sem þar er byggt á. Allan þann tíma sem ég hef verið í iðn.- og viðskrn. hefur þetta mál verið til umfjöllunar og þá höfum við bæði verið að fjalla um stækkun Norðuráls og stórframkvæmdir á Austurlandi. Þeir útreikningar sem hafa farið fram á því hvaða áhrif þessar framkvæmdir muni hafa hér á hagkerfið hafa allar byggt á því að af báðum þessum framkvæmdum verði, bæði stækkun Norðuráls í tveimur áföngum og síðan stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi. Þess vegna er ekki eins og þetta sé algjörlega ný frétt inn í samfélagið þó að vissulega hafi verið nokkur óvissa á meðan ekki lá fyrir úrskurður um Norðlingaölduveitu.

Það eina sem er þó örlítið öðruvísi en í því dæmi sem Þjóðhagsstofnun reiknaði út á sínum tíma er að fyrri áfangi stækkunar Norðuráls er örlítið seinna á ferðinni en reiknað hafði verið með. Auðvitað er það síðra en það er þó reiknað með því að þegar kemur að því að stórframkvæmdir fyrir austan verði í hámarki séu framkvæmdir í hjöðnun hér. Það er mjög mikilvægt.

Varðandi það sem hv. þm. talar um í sambandi við þróun gengis er náttúrlega erfitt að skoða það í dag vegna þess að gengið er ákveðið á markaði og það hefur þegar hækkað vegna væntinga sem uppi eru í samfélaginu út af stórframkvæmdum. Það er ekki hægt að gefa sér að það verði gríðarleg hækkun til viðbótar.

[15:08]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það grunndæmi sem hæstv. ráðherra vitnaði í áðan og er í fskj. VIII með frv. um álver við Reyðarfjörð gerir ráð fyrir þremur möguleikum. Þessi er einn af þeim. Og hæstv. ráðherra nefndi réttilega að það hefur verið ákveðinni óvissu háð hvort og hvenær hægt væri að ráðast í þær framkvæmdir sem hér er verið að fjalla um núna.

Það sem ég kalla eftir, herra forseti, er það hversu meðvituð stjórnvöld eru gagnvart þeim áhrifum sem allar þessar framkvæmdir hafa nú þegar á efnahagslífið og þar með atvinnulífið í landinu. Það er alveg ljóst að þetta grunndæmi fjmrn. stenst ekki og það veit hæstv. ráðherra. Það þarf ekki annað en að lesa tölurnar og horfa síðan á veruleikann til að átta sig á því. Þess vegna kalla ég eftir því hvort eitthvað annað hafi verið gert. Hafa einhverjir aðrir verið beðnir um að skoða málið? Hvað segir Seðlabankinn? Hann var með ákveðnar viðvaranir varðandi þróun gengisins fyrir ári síðan, einmitt vegna þessara væntinga, en það var eins og stjórnvöld og fjmrn. gerðu ekkert með þær spár eða ábendingar sem þar komu fram. Fjmrn. hélt sig bara áfram við þær tölur sem menn þar reiknuðu út við skrifborðið sitt án þess, að því er virðist, að hafa höndina nokkurs staðar á slagæð atvinnu- og efnahagslífsins.

Herra forseti. Það er ekki boðlegt þegar við stöndum frammi fyrir þeim veruleika sem nú er í íslensku efnahagslífi ef ekki er hægt að reiða hér fram pappíra sem segja okkur eitthvað um það hvers er að vænta í náinni framtíð. Þó að menn hafi eingöngu haft álverið í Reyðarfirði — nú segi ég „eingöngu" um þessa stóru framkvæmd og Kárahnjúkavirkjun — nægði það til að setja hér allt á annan endann hvað varðaði gengismálin, og hvað mun þá gerast núna? Nú er að koma enn ný fjárfesting sem er fyrr á ferðinni. Hvaða áhrif mun hún hafa? Treystir enginn sér til þess að velta vöngum yfir því og þá í leiðinni til hvaða aðgerða stjórnvöld gætu gripið til mótvægis?

[15:11]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað er ríkisstjórnin meðvituð um að grípa þurfi til aðgerða þegar þessar framkvæmdir verða í hámarki. Það hefur alltaf legið fyrir og það er margbúið að segja það úr þessum ræðustóli. Það hefur farið fram sérstök umræða um mótvægisaðgerðir. Það liggur alveg fyrir. Það er hins vegar ekki hægt að tíunda í smáatriðum í dag út í hvaða aðgerðir verður farið. (**SvanJ:** Ég er að tala um núna.) Við erum nýbúin að taka ákvörðun um það af hálfu stjórnarflokkanna og ríkisstjórnar að fara út í aðgerðir fljótlega í sambandi við vegagerð og fleira til þess að hafa svigrúm til að draga

úr þeim framkvæmdum, hugsanlega, þegar að því kemur að framkvæmdir sem varða stóriðjuna verða í hámarki.

Ég vil gjarnan fá að segja það að lokum, af því að hv. þm. talar mikið um mótvægisaðgerðir, að ég hef ekki trú á því að almennt væri mikið verið að tala um mótvægisaðgerðir í samfélaginu ef stjórnarandstaðan réði hér ríkjum. Það væri ekkert að gerast.

[15:12]

Útbýting þingskjala:

Barnabætur, 677. mál, fsp. ÖJ, þskj. 1100.

Eldi nytjastofna sjávar, 680. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 1103.

Ferðakostnaður vegna tannréttinga, 676. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1099.

Jöfnun flutningskostnaðar, 678. mál, fsp. JB, þskj. 1101.

Komur á sjúkrastofnanir vegna heimilisofbeldis, 221. mál, svar heilbrrh., þskj. 1094.

Lax- og silungsveiði o.fl., 681. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 1104.

Tekjuskattur og eignarskattur, 675. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 1098.

[15:13]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að taka undir með hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur sem ítrekaði mikilvægi þess að menn áttuðu sig á og hefðu einhverjar hugmyndir um það hvernig ætti að bregðast við vegna hinna þjóðhagslegu áhrifa þeirra framkvæmda sem við erum að fara út í þessa dagana. Kannski hefur ekki farið fram mikil umræða um það hér í þinginu hvað varðar þessa umræddu framkvæmd, áherslan hefur verið á annarri framkvæmd sem við erum búin að afgreiða frá hinu háa Alþingi.

Eins og hæstv. iðnrh. rakti höfum við fengið hér til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á þeim lögum sem heimiluðu að samningar yrðu gerðir við Norðurál á sínum tíma um álbræðslu á Grundartanga, lög sem eru upprunalega frá árinu 1997. Norðurál hefur síðan óskað eftir því að iðnrn. og Landsvirkjun taki upp viðræður um þriðja áfanga álversins. Upphaflega var gert ráð fyrir að álverið yrði stækkað úr 90 þús. tonnum í 180 þús. tonn en í frv. segir að tækniframfarir valdi því að hagkvæmara sé að stækka álverið upp í 240 þús. tonn. Svo hljómar texti frv. reyndar upp á 300 þús. þannig að svigrúmið er orðið nokkuð meira en ætlað var í upphafi.

Það kom hins vegar fljótlega í ljós að ekki var unnt að afla orku fyrir svo mikla stækkun í einum áfanga og að auki var ekki unnt að taka ákvörðun um stækkun fyrr en fyrir lægi niðurstaða í mati á umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu. Nú liggur sá úrskurður fyrir og því er unnt að leggja fram frv. um stækkunina hér á Alþingi.

Það má kannski, herra forseti, afsaka þá framkomu hæstv. ríkisstjórnar að leggja svo stórt mál fram á þessum tíma árs, þegar u.þ.b. vika er í að þinginu ljúki. Ég vil samt gera við það athugasemd. Það er reyndar ekki þannig að við fáum bara þetta mál til umfjöllunar í síðustu vikunni heldur bíða mörg stærri mál sem eru í vinnslu, þar af eru mörg mál í hv. iðnn. Nefni ég þar sem dæmi raforkulagafrv., mjög stórt mál og umfangsmikið sem við erum með í vinnslu. Annað frv. má nefna sem hér verður mælt fyrir á eftir, um raforkuver.

Ég verð að gagnrýna þau vinnubrögð, herra forseti, að það vinnulag skuli ætíð vera haft ár eftir ár, að stórmál komi svo seint fyrir þingið að þau þarf að vinna nánast í blóðspreng inni í nefndum, eins og því miður stefnir í að hv. iðnn. verði uppálagt að gera í þessu máli. Slík vinnubrögð eru hins vegar ekki til þess fallin að vanda lagasetningu og í raun óásættanleg. Ég verð að segja, fyrir mig og fyrir hönd þingmanna Samfylkingarinnar í iðnn., að við munum leggja áherslu á sá tími sem þarf til að skoða þetta mál verði notaður og málið fái ítarlega og vandaða umfjöllun í nefndinni. Annað er ekki bjóðandi þessari hv. stofnun.

Þegar við ræddum frv. um Fjarðaál fyrir nokkrum vikum gagnrýndu hv. þm. Samfylkingarinnar harðlega það fyrirkomulag sem tíðkað er í skattamálum stóriðjufyrirtækja og erlendra fyrirtækja sem hingað koma og fjárfesta. Við gagnrýndum að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki leggja meiri vinnu í að skapa almennar leikreglur fyrir skattlagningu slíkra fyrirtækja. Auðvitað væri óskastaðan sú, herra forseti, að menn gætu búið til þannig umhverfi fyrir fyrirtækin í landinu að ekki þurfi að semja sérstaklega um skattprósentu og fleira þegar erlend fyrirtæki eru fengin til að fjárfesta hér á landi.

Ójafnræðið bitnar ekki aðeins á íslenskum fyrirtækjum sem njóta ekki þeirra kjara sem hin erlendu fyrirtæki fá sem fjárfesta í stóriðjunni. Ójafnræðið verður líka, herra forseti, á milli þeirra fyrirtækja sem starfa hér, t.d. stóriðjufyrirtækjanna. Þetta kom til umræðu vegna frv. um Fjarðaál og var rakið ítarlega þar, m.a. var farið yfir það í hv. iðnn. Eftir að við afgreiddum frá Alþingi frv. um Fjarðaál sem heimilar því ágæta fyrirtæki sérákvæði um tekjuskattsprósentu upp á 18% — það er í raun og veru þak á því sem hægt er að taka af þeim í tekjuskatt — en stóriðjufyrirtæki í sömu grein koma að sjálfsögðu á eftir. Norðurál hefur búið við 32% skattprósentu, ef ég man rétt. Þeir hafa, að því er mér skilst, enn ekki greitt tekjuskatt en það er miðað við 32%. Alcan á Íslandi, sem áður hét Ísal, kemur hingað til landsins árið 1968 og greiðir 33% tekjuskatt, hefur greitt stórar fjárhæðir í tekjuskatt til íslenska ríkisins á þeim tíma sem það hefur starfað.

Herra forseti. Það er óásættanlegt og óviðunandi vinnulag að samið sé um svo almenna hluti og almennt starfsumhverfi fyrirtækja eins og skattprósentu. Nú hlýtur það alltaf að vera þannig, herra forseti, að miðað við það ástand sem ríkir í þjóðfélaginu á hverjum tíma þurfi að semja um ákveðna hluti. Það getur oltið á ýmsu. Það getur oltið á efnahagsástandinu í landinu eða jafnvel í heiminum. Það getur oltið á stærð fyrirtækisins og ýmsu sem erfitt er að gera sér í hugarlund fyrir fram.

Herra forseti. Auðvitað eiga almennar leikreglur um tekjuskattsprósentu að gilda fyrir alla. Jafnvel væri hægt að hugsa sér — án þess að ég ætli að að leggja drög að nýjum reglum varðandi skattamál stóriðjufyrirtækja hér — ef menn telja nauðsyn á og að um millibilsástand sé að ræða þar sem nauðsynlegt sé að hliðra til frá þeim reglum sem gilda um íslensk fyrirtæki, að hafa sérstaka skattprósentu vegna þeirra fyrirtækja sem eru starfandi í þessari grein.

Ég tel það mikið forgangsverkefni að reyna að koma þessu umhverfi í lag þannig að ekki þurfi að setja ríkisstjórn hverju sinni í þá aðstöðu að verða að semja um svona lagað við einstök fyrirtæki. Auk þessa, herra forseti, gefur auga leið að fyrirtæki sem nær betri samningum kallar á að önnur fyrirtæki komi á eftir í kjölfarið. Þessir samningar eru jú opinberir og þar af leiðandi eðlilegt að önnur fyrirtæki á sama sviði geri sömu kröfu.

Nú skilst mér að t.d. Alcan á Íslandi hafi gert kröfu um það við íslensk stjórnvöld að samningar þeirra um þessi mál

verði teknir upp. Því hefur verið borið við af hálfu stjórnvalda að um ólíka samninga sé að ræða. Þetta var nokkuð sem við ræddum á sínum tíma í hv. iðnn. þegar þessi umræða fór fram vegna Fjarðaáls. Menn verða, herra forseti, að leggja vinnu í að búa til þannig umhverfi að óþarft sé að fara nýja leið í hvert og eitt skipti sem erlent fyrirtæki setur niður atvinnustarfsemi á landinu.

Auk þessa má skoða, herra forseti, það sem snýr að skattumhverfinu, þ.e. því umhverfi sem íslensk fyrirtæki búa við. Auðvitað er það á mörgum sviðum óásættanlegt. Reyndar hefur ýmislegt verið gert til að gera það umhverfi ásættanlegra fyrir fyrirtækin. Þar er hins vegar ýmislegt óunnið og þar vil ég sérstaklega nefna til sögunnar stimpilgjöldin, herra forseti. Í þessu frv. er, eins og í þeim frv. sem um svipuð mál hafa fjallað, ákvæði um stimpilgjöld og undanþágur frá því sem önnur fyrirtæki búa við hér varðandi stimpilgjöldin. Ég hlýt að spyrja hæstv. iðnrh. hvað standi til að gera af hálfu ríkisstjórnarinnar varðandi stimpilgjöldin. Ég man ekki betur en að því hafi verið lofað á sínum tíma, hástemmd loforð af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, að stimpilgjöld yrðu afnumin í áföngum. Ef ég man rétt kom fram tillaga um afnám í áföngum í frv. til fjárlaga fyrir þetta ár sem síðan var dregin til baka. Ég hlýt að spyrja hæstv. iðnrh. hvað stendur til að gera í þessum efnum. Hvar eru loforðin um afnám stimpilgjalda í áföngum? Stendur ekki til að gera neitt í þeim efnum?

Hv. þm. Samfylkingarinnar, Margrét Frímannsdóttir, hefur lagt fram frv. um afnám stimpilgjaldanna í áföngum. Það hefur ekki hlotið afgreiðslu. Það er reyndar í nefnd núna og væri áhugavert að vita hvort hugsanlegt væri af hálfu ríkisstjórnarinnar að samþykkja það frv. eða efni þess fyrir lok þessa kjörtímabils.

Herra forseti. Ég hef gagnrýnt þetta frv. á sama hátt og við gagnrýndum frv. um Fjarðaál, þennan skort á almennum leikreglum varðandi skattana. Hins vegar má segja að það sé ekki bara í skattumhverfinu sem almennar leikreglur og stefnumótun skorti hjá hv. ríkisstjórn. Hið sama blasir líka við á sviði umhverfismálanna. Svo virðist sem hæstv. ríkisstjórn hafi enga sjálfstæða stefnu um hvernig hún vilji sjá farið með náttúruauðlindir landsins, hverjar þeirra eigi að nýta og hverjar ekki.

Herra forseti. Grundvöllur þess að unnt sé að móta slíka stefnu felst í tvenns konar aðgerðum. Í fyrsta lagi þarf að kortleggja náttúruna og meta eftir þeim aðferðum sem til þess hafa verið notaðar með góðum árangri í nágrannaríkjum okkar. Tillaga þess efnis og nánari útfærsla á þeirri hugmynd kemur fram í þáltill. sem ég ásamt fleiri þingmönnum Samfylkingarinnar hef lagt fram á þingi. Að lokinni slíkri kortlagningu væri í raun og veru hægt að meta landið í heild og leggja mat á einstök svæði. Í kjölfarið væri hægt að gera það sem hæstv. ríkisstjórn er að því er mér skilst byrjuð á, þ.e. rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. En svo virðist sem hæstv. ríkisstjórn gangi illa að koma þeirri rammaáætlun til framkvæmda. Ég vil því spyrja hæstv. iðnrh. hvernig gangi með þann áfanga rammaáætlunarinnar sem átti að ljúka núna í febrúar, muni ég það rétt. Ég hef þetta ekki alveg á hreinu en mig minnir að talað hafi verið um að þessum áfanga ætti að ljúka í febrúar. Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. um hvort von sé á honum og hvenær, hvort einhvað liggi fyrir varðandi þá vinnu.

Auðvitað hefði verið eðlilegra, herra forseti, að leggja vinnu í að klára rammaáætlun og setja fram þá kosti sem í stöðunni eru og ákveða síðan í hvaða framkvæmdir ætti að ráðast. Þetta höfum við þingmenn Samfylkingarinnar margsinnis sagt við umræðuna. Það er óeðlilegt að hið háa Alþingi byrji á vitlausum enda og taki hvert stórmálið á fætur öðru fyrir án þess að fyrir liggi þessi ágæta rammaáætlun sem væri hinn eini rétti grundvöllur framkvæmda, við gætum þá séð hvernig heildarmyndin liti út áður en við tækjum ákvarðanir um einstakar framkvæmdir.

Ég tel mjög brýnt að þessari vinnu verði hraðað. Það kann að vera að í það þurfi að setja meira fjármagn eða meiri mannskap. Ég veit það ekki. A.m.k. þarf að flýta þessari vinnu. Aðeins á grundvelli slíkrar vinnu er hægt að taka skynsamlegar ákvarðanir til framtíðar um nýtingu náttúruauðlindanna, nýta auðlindirnar sem best og hagkvæmast í svo mikilli sátt við umhverfið sem mögulegt er.

Herra forseti. Með gagnrýni minni á skort á almennum leikreglum er ég ekki að segja að Samfylkingin muni leggjast gegn því að stækka Norðurál, einkum í ljósi þess að úrskurður hæstv. setts umhvrh. í tengslum við orkuþörfina fór nokkuð farsællega að mínu mati miðað við þau ósköp sem í stefndi á tímabili. Samfylkingin er hlynnt uppbyggingu stóriðju svo fremi hún sé gerð í sem mestri sátt við umhverfið. En ég vil enn og aftur ítreka að mikilvægt er að slíkar stórákvarðanir séu teknar á grundvelli heildaráætlunar sem fyrir liggur um hvaða virkjanakostir eru í boði og hvernig sé hagkvæmast og best að nýta þá. Ég ítreka spurningu mína til hæstv. iðnrh. um rammaáætlunina, hvort hún geti upplýst um hvernig þær framkvæmdir sem við erum að ræða um komi út í þeirri heildarmynd.

Að öðru leyti, herra forseti, munum við hv. þm. Samfylkingarinnar í iðnn. leggjast yfir þetta mál ásamt öðrum nefndarmönnum og skoða ofan í kjölinn hvað í því felst og gera betri grein fyrir afstöðu okkar við 2. umr. um málið.

[15:29]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Undanfarna mánuði, reyndar sl. tvö eða þrjú ár, hefur verið nokkur óvissa um stækkun Norðuráls. Nú hillir undir niðurstöðu. Því ber að fagna. Samkvæmt frv. þessu er gert ráð fyrir að Norðurál geti aukið starfsemi sína úr 90 þús. í 180 þús. tonn í ársbyrjun 2006, aftur í 240 þús. tonn árið 2009 og svo í 300 þús. tonn síðar.

Norðurál er eftirsóttur vinnustaður. Þetta er fyrirtæki í góðri sátt við umhverfið. Þetta fyrirtæki sótti um orku til stækkunar í september árið 2000, eða fyrir tveimur og hálfu ári, eins og fram kemur í greinargerð með frv. Ég verð að segja að mér finnst afleitt að fyrirtækið skuli þurfa að bíða svo lengi eftir svari við ósk sinni um stækkun. Staðreyndin er sú að við Íslendingar höfum leitað í áratugi að erlendum aðilum sem vildu fjárfesta í orkufrekum iðnaði á Íslandi, lengst af með litlum árangri með fáeinum undantekningum þó. Þarna er til staðar fyrirtæki sem hefur sannað sig að vera hið ágætasta fyrirtæki. Það er í góðum rekstri, er eftirsóttur vinnustaður og slæmt er að slíkur aðili skuli þurfa að bíða svo lengi eftir svari við ósk sinni. Það er samkeppni um orkuna á Íslandi í dag sem betur fer vil ég segja. Ég held samt að við höfum búið til allt of flókið og langt ferli varðandi virkjanamál okkar. Ef Landsvirkjun vill fara af stað með virkjun eða veituframkvæmdir þá þarf að byrja á rannsóknaleyfi. Síðan kemur mat á umhverfisáhrifum. Þá koma skipulagsmál, aðalskipulag, deiliskipulag, framkvæmdaleyfi og í sumum tilfellum breytingar á friðlýstum svæðum. Á öllum stigum málsins eru kærufrestir og þegar þeir eru nýttir

til hins ýtrasta þá gerist það sem þarna hefur gerst, þ.e. að það tekur kannski tvö ár að koma slíku máli í gegn frá því að fyrst eru settar fram óskir um veituframkvæmdirnar.

Ég held reyndar að fleira hafi spilað inn í töf á þessu máli. Ég held að óvarlegar yfirlýsingar einstakra ráðherra hafi ekki greitt fyrir framgangi málsins og þá fyrst og fremst hæstv. landbrh., míns ágæta frænda, sem tók allt of stórt upp í sig að mínu mati varðandi þessar virkjanaframkvæmdir og klikkti svo út með því að kalla mig og fleiri hv. þm. sem höfum mælt með þessum framkvæmdum villimenn. Ég vona að hæstv. ráðherrar læri af þessu að svona götustrákaorðbragð sæmir ekki ráðherrum í ríkisstjórn Íslands.

Norðlingaölduveitan er auðvitað forsenda fyrir því að Landsvirkjun geti útvegað þá orku sem til þarf til stækkunar á Grundartanga á tilsettum tíma. Hitaveita Suðurnesja og Orkuveita Reykjavíkur þurfa að koma að þessari orkuöflun líka. Þau fyrirtæki þurfa þrjú ár til sinna framkvæmda og þess vegna ríður þeim auðvitað á að fá svar við því hvort Landsvirkjun ætlar að vera með eða hvort hún ætlar að fara í þessar framkvæmdir. Fyrstu viðbrögð Landsvirkjunar voru þau að geta ekki svarað þessu fyrr en í haust. En nú hafa þeir sem betur fer tekið af skarið.

Í umræðuna um Norðlingaöldu hefur það blandast að mikið hefur verið talað um Þjórsárver og ýmsir talað eins og að sökkva ætti Þjórsárverum sem eru náttúrlega gríðarlegar ýkjur. Menn hafa birt fallegar myndir af þessu dásamlega svæði, Þjórsárverum, og ýmsir látið líta út fyrir að sökkva ætti þessu öllu. Þetta eru náttúrlega bara ýkjur. Við fórum þarna í iðnn. þingsins, skoðuðum þetta svæði og sáum hvað átti að fara undir vatn þarna við Norðlingaöldu. Fyrst og fremst er það gróðurlaust svæði, grjót og gróðurleysi. Samkvæmt hugmyndum Landsvirkjunar átti að fara þarna örlítið inn í Þjórsárverin en ekki að eyða þar neinum náttúruperlum, síður en svo. Hugmynd Landsvirkjunar eða tillaga var geysilega hagkvæm, hagkvæm veita sem hefði verið stórkostleg framkvæmd. Svo varð að hæstv. umhvrh. sagði sig frá þessu máli vegna þess að hún taldi sig hafa lýst skoðun sinni á einhverju stigi málsins. Hæstv. heilbrrh. Jón Kristjánsson tók að sér að ljúka málinu. Hann tók í það góðan tíma og vandaði sig mikið við þetta. Ég hafði reyndar talið að hann mundi staðfesta úrskurð Skipulagsstofnunar og samþykkja þessar framkvæmdir Landsvirkjunar. Hann kom hins vegar með nýja niðurstöðu og ég skil ósköp vel sjónarmið hans. Hann varð var við miklar tilfinningar í þessu máli og að málið færi kannski í mikinn hnút ef hann hefði samþykkt tillögu Landsvirkjunar og niðurstöðu skipulagsstjóra. Niðurstaða hans var málamiðlunarleið sem svo virðist að þeir sem hæst létu í andstöðu við þessa framkvæmd séu bærilega sáttir við. Því ber auðvitað að fagna. En auðvitað er þetta ekki eins hagstæð framkvæmd og varð til þess, eins og ég sagði, að Landsvirkjun hrökk aðeins í baklás og taldi sig þurfa hálft ár til þess að svara því hvort þeir færu í þessa framkvæmd. En nú hafa þeir sem betur fer tekið af skarið.

Ég hef lengi verið talsmaður þess að við Íslendingar eigum að nýta auðlindir okkar til lands og sjávar innan skynsamlegra marka. Það er einfaldlega forsenda aukinnar hagsældar í þessu landi. Ég minni á varðandi framkvæmdirnar fyrir austan sem voru hér til umræðu fyrir örfáum dögum að fyrir lá umsögn frá Alþýðusambandi Íslands þar sem sagði m.a., með leyfi forseta:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands telur að forsendur aukins hagvaxtar og bættra lífskjara á næstu árum sé stöðug og viðvarandi aukning útflutningstekna. Til þess að svo megi vera telur miðstjórn ASÍ mikilvægt að nýta allar auðlindir til lands og sjávar með skynsamlegum hætti. Í samræmi við þessa grundvallarskoðun er mikilvægt að nýta þá orku sem landsmenn búa að til uppbyggingar á samkeppnishæfu atvinnulífi.“

Ég er hjartanlega sammála þessu og hef oft látið þessar skoðanir í ljós. Það þýðir ekki að okkur sem viljum nýta náttúruna innan skynsamlegra marka þyki eitthvað minna vænt um landið okkar og náttúru þess en þeim sem hæst láta í andstöðu og leggjast gegn öllum stórframkvæmdum. Það verður að minna á það í leiðinni að framkvæmdir Landsvirkjunar eru til mikillar fyrirmyndar. Við fórum mikla ferð um hálendið, iðnn. Alþingis, fyrir líklega tveimur árum, tveggja daga ferð, og skoðuðum allar fyrirhugaðar framkvæmdir Landsvirkjunar og hugmyndir þeirra og í leiðinni allt það sem þeir hafa framkvæmt til þessa. Það verður að segjast eins og er að sá metnaður sem Landsvirkjun leggur í að gera mannvirki sín úr garði er til fyrirmyndar. Það er sama hvort litið er á lón, virkjunarmannvirki, línur eða vegi, allur frágangur á þessu er fyrirtækinu til mikils sóma. Talandi um vegi þá má minna á að vegir Landsvirkjunar hafa gert það að verkum að ég og aðrir fótfúnir Íslendingar getum notið hálendisins sem við gætum ekki annars.

Stækkun Norðuráls mun hafa gríðarlega mikil áhrif. Hún mun náttúrlega í fyrsta lagi hafa áhrif á þjóðarhag. Því er spáð að varanleg aukning landsframleiðslu vegna þessarar stækkunar verði hálft prósent á ári. Útflutningsverðmæti vegna þessa fyrsta áfanga stækkunarinnar verður sennilega um 12 milljarðar á hverju ári. Til verða 300–400 ný störf við verksmiðjuna og þjónustu við hana og það er nú einu sinni svo að mjög eftirsótt er að vinna við þessi stóriðjufyrirtæki. Þar spila náttúrlega inn í launin sem eru betri en almennt á vinnumarkaði. Ég minni á að Atvinnuráðgjöf Vesturlands sendi frá sér skýrslu um laun manna á Vesturlandi ekki alls fyrir löngu þar sem fram kom að stóriðjan á Vesturlandi greiðir langhæst laun allra starfsgreina á vinnumarkaðnum á Vesturlandi að fiskveiðum undanskildum. Meðalstarfsaldur í stóriðjufyrirtækjum er mjög hár. Ég held að hann sé yfir 20 ár í Ísal og svipað í Sementsverksmiðjunni og járnblendiverksmiðjunni. Það segir að þetta eru eftirsóttir vinnustaðir. Það er alltaf biðlisti eftir vinnu þarna. Þegar Norðurál tók til starfa árið 1998 sótti á annað þúsund manns um vinnu þar. Ég skil því aldrei þá sem tala niður til þessara starfa. Sumir tala um þau eins og einhver annars flokks störf og ég skil ekki af hverju þetta eru eitthvað ómerkilegri störf en störf við annan iðnað á Íslandi eða önnur þau störf sem til falla hjá okkar þjóð.

Áhrif á svæðið vegna þessarar stækkunar, þ.e. svæðið norðan Hvalfjarðar, verða auðvitað mjög mikil. Við sem búum á Akranesi þekkjum hvað gerðist þar þegar járnblendiverksmiðjan hóf starfsemi í lok áttunda áratugarins. Þá varð mikil fjölgun íbúa þarna. Síðan varð kyrrstaða þangað til Norðurál tók til starfa 20 árum síðar. Þá varð aftur mikil fjölgun, mikill uppgangur og mikil bjartsýni. Við sjáum í dag að gríðarlega mikið er byggt á Akranesi og að mér heyrist fyrst og fremst vegna væntinga um þessa stækkun álversins. Áhrifin á sveitirnar í kring eru líka mjög mikil. Við vitum það sem þarna búum að starfsemin á Grundartanga hefur gert það að verkum að búskapur hefur haldist miklu betur á jörðum þarna en annars staðar á Vesturlandi. Menn hafa ekki þurft að selja jarðir sínar og fara burtu og selja þær

sem sumaróðul fyrir höfuðborgarbúa eins og gerist hérna vestur um og vestur á Snæfellsnes og Dali og víðar. Margir í sveitinni þarna vinna í verksmiðjunni samhliða búskapnum, t.d. í Hvalfjarðarstrandarhreppi einum, sem er nú ekki mjög fjölmennur hreppur, vinna 25 manns á Grundartanga og ég hygg að það sé svipað eða trúlega meira í Skilmannahreppi þannig að þetta hefur gríðarleg áhrif á sveitirnar í kring, mjög jákvæð áhrif. Sama má segja um Borgarnes þar sem tugir Borgnesinga vinna í álverinu og reyndar fólk upp um Borgarfjörð allt upp í Reykholtsdal. Á öllu þessu svæði eru miklar væntingar og mikil ánægja með þessa fyrirhuguðu stækkun.

Stækkun Norðuráls mun því tvímælalaust styrkja byggðina norðan Hvalfjarðar. Það er nú svo að 84% starfsmanna í álverinu búa norðan Hvalfjarðar og þar er sú stefna ríkjandi að fólk norðan fjarðar gengur fyrir með vinnu. Hátt í 70 þjónustuaðilar á Vesturlandi höfðu þarna viðskipti á síðasta ári. Ég hygg að þetta hlutfall sé svipað í járnblendiverksmiðjunni þó ég hafi ekki séð nýjar tölur um það. Þar vinnur að stærstum hluta fólk sem býr norðan fjarðar.

Þessi fyrirhugaða stækkun á Grundartanga mun því hafa gríðarlega jákvæð áhrif á þetta svæði sem er auðvitað hið besta mál. Reiknað er með því að þegar stækkunin verður að fullu gengin í garð — það er að vísu kannski áratugur í það — verði um 570 manns starfandi við álverið, og þar tala menn um að afleidd störf séu 1,5 á hvert starf. Þarna erum við því að tala um talsvert á annað þúsund störf þegar verksmiðjan verður komin í fulla stærð.

Sem betur fer er talað um frekari uppbyggingu á Grundartanga. Grundartangi býður upp á gríðarlega mikla möguleika. Þar er mikið landsvæði, góð höfn, frábær höfn sem reyndar kemur til með að þurfa að stækka á næstu árum og það er enginn vafi á því að þarna mun koma frekari starfsemi og reyndar er nú þegar fyrirtæki að skoða möguleika á uppbyggingu á nýrri starfsemi.

Herra forseti. Ég vil bara með þessum örfáu orðum fagna framlagningu þessa máls og vona að það fái afgreiðslu á Alþingi sem fyrst.

[15:42]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil bara nota þetta form til þess að koma að upplýsingum og þakka hv. þm. fyrir ræðu hans og stuðning.

Það er rétt sem kemur fram hjá honum að langan tíma tók að fá þessi svör og það gerir það m.a. að verkum að þarna þurfti að fara í gegnum mikið ferli í sambandi við Norðlingaölduveitu. Ég vil gjarnan halda því til haga að við í iðnrn. beittum okkur fyrir því að koma þessu máli í farveg. En segja má að það hafi verið í spennitreyju vegna þess að Þjórsárveranefnd taldi sig hafa miklu hlutverki að gegna í sambandi við Norðlingaölduveitu og Þjórsárver vegna friðunar svæðisins. Við létum vinna lögfræðiálit á sínum tíma sem gaf nákvæm svör við því að svo væri ekki á því stigi. Það varð til þess að málið þokaðist þó alla vega í þann farveg sem hefur nú leitt til þess að það er komið þetta langt því þá fór það í mat á umhverfisáhrifum. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var, eins og menn vita, jákvæð gagnvart framkvæmdinni. Sá úrskurður var kærður. Það var síðan settur umhvrh. sem kvað upp úrskurð sem er eins og raun ber vitni. Þetta er búið að vera lengra ferli en almennt gerist vegna þeirrar friðunar sem þarna ríkir og vegna þeirrar stöðu sem málið var í meðan Þjórsárveranefnd hélt því í nokkurs konar spennitreyju eins og ég sagði áðan. Þetta lögfræðiálit sem unnið var varð til þess að leysa hnútinn og því er þó árangurinn þessi, þó ég sé alveg innilega sammála hv. þm. um að þetta er búið að taka mjög langan tíma.

[15:44]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var nú ekki að gagnrýna hæstv. iðnrh. vegna þessa dráttar. Ég tel reyndar að hún hafi ekki tekið það þannig. Ég er sammála því að það þurfti að kanna þarna ýmsa þætti málsins. Mönnum þótti sumum sem málið lægi dálítið lengi í ráðuneytinu. Auðvitað var það m.a. vegna þess að menn voru að kanna þessa ýmsu þætti.

En það sem ég var að leggja áherslu á hér var — ekki bara vegna þessa máls heldur almennt vegna virkjana- og veitumála okkar — að við höfum búið til of flókið og langt ferli, þ.e. rannsóknaleyfi, mat á umhverfisáhrifum, skipulagsmál, aðalskipulag, deiliskipulag, framkvæmdaleyfi, breytingar á friðlýstum svæðum, kærufrestur á öllum stigum málsins. Það er hægt að tefja mál svo árum skiptir. Ég er ekki viss um ef þarna hefði nýr aðili ætlað að byggja verksmiðju að hann hefði haft úthald til að bíða. En af því að verksmiðjan er þarna fyrir og gengur vel þá er hún tilbúin í þessa stækkun þrátt fyrir allar þessar tafir.

Ég endurtek svo bara það sem ég sagði áðan að einstaka hæstv. ráðherrar greiddu heldur ekki fyrir þessu máli með allt of stórum yfirlýsingum. En sem betur fer er málið að komast í höfn. Ég veit að bæði hæstv. iðnrh. og sá sem hér stendur verðum ánægð þegar framkvæmdir hefjast við þessa stækkun.

[15:46]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég tek til máls um frv. til laga um breytingu á lögum um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga. Samkvæmt þessu frv. yrði álbræðslunni á Grundartanga, Norðuráli, heimilt að stækka og auka framleiðslu sína í 300 þús. tonna álframleiðslu á ári. Þetta er gríðarlega mikil stækkun. Áður mun fyrirtækið fá heimild til að framleiða allt að 180 þús. tonn á ári. Segja má að skammt sé stórra högga milli hjá hæstv. ríkisstjórn hvað það varðar að gera Ísland að einhliða álframleiðslulandi.

Það er kostur að hafa fjölbreytt atvinnulíf og sjálfsagt hið besta mál að byggðar séu einstaka verksmiðjur sem krefjast mikillar orku ef það er gert í sátt, bæði við umhverfi og almennt við þróun atvinnulífs í landinu. En ég held, virðulegi forseti, að við hljótum að spyrja okkur vandlega á hvaða braut við erum í uppbyggingu á íslensku atvinnulífi.

Verði þær framkvæmdir sem hér eru fyrirhugaðar að raunveruleika, til viðbótar því sem Alþingi var að samþykkja í gær, með þeim virkjunum sem þarf til þess að halda þessum verksmiðjum gangandi lætur nærri að um 80% af virkjaðri orku í landinu verði bundið í einni hráefnisframleiðslugrein. Mér finnst mjög alvarlegt umhugsunarefni að keyra atvinnulíf okkar inn í mikla einhæfni og verja auk þess til þess orkuauðlindum okkar, auðlindunum sem eru ein dýrmætasta eign sem við eigum. Orkuauðlindir okkar er mjög mikilvægt að nýta vel til uppbyggingar atvinnulífi á líðandi stundu en einnig líka til framtíðar. Horfa þarf á fjölþætt gildi þeirra náttúruverðmæta sem felast í orkunni og því náttúrufari sem hún er sprottin úr.

Þetta frv. gerir ráð fyrir gríðarlegri stækkun á álverksmiðjunni á Grundartanga. Það er keyrt inn í þingið skömmu

fyrir þinglok og mér finnst það ekki vera vinnubrögð sem Alþingi ætti að tileinka sér.

Ef við lítum á orkuhlið málsins, sem kemur til umræðu síðar í dag, þá hefur ríkisstjórnin fyrir tilstilli Alþingis sett af stað vinnu við rammaáætlun um virkjun vatnsfalla og jarðvarma í landinu. Að sjálfsögðu viljum við nýta orkuauðlindir okkar og náttúruauðlindir í sátt við uppbyggingu atvinnulífs og náttúruna. Þess vegna var einmitt sett upp nefnd um slíka rammaáætlun til að meta þá virkjunarkosti sem væru nærtækastir, meta náttúrufarslegt gildi þeirra, hver umhverfisleg áhrif það hefði að ráðast í þau og forgangsraða þeim virkjunarkostum miðað við þá vinnu. Þeirri vinnu hefur enn ekki verið skilað en áfram erum við að byggja upp stóriðju og samþykkja virkjanir sem þessi rammaáætlun um virkjun vatnsafls og jarðvarma ætti að ná yfir. Þetta er slík handarbakavinna og virðingarleysi gagnvart dýrmætum náttúruauðlindum okkar að það er fullkomlega óviðunandi og ósæmandi.

Umræðan um álverksmiðjuna gengur ekki út á að finna að álverksmiðjum sem vinnustöðum. Ég hef t.d. komið í álverksmiðjuna á Grundartanga. Þar er unnið af metnaði og keppst við að umhverfi starfsmanna sé sem best og til fyrirmyndar. Það er mjög gott mál. Þeir starfsmenn sem þar vinna starfa að sjálfsögðu af metnaði og vilja skila sem bestri vinnu. Sú umræða sem hér fer fram um uppbyggingu á álverksmiðju á Grundartanga eða verksmiðjum annars staðar gengur því ekki út á að þeir sem þar vinna muni ekki gera sitt besta hvað varðar umhverfið og arðsemina af vinnunni.

Okkur ber á hinn bóginn að horfa á uppbyggingu atvinnulífsins sem heildar. Svo ógurleg stækkun á einni verksmiðju sem tekur til sín svo gríðarlega mikið fjármagn og orku hlýtur að þurfa vandlega skoðun af hálfu þingsins og að kallaðir séu til sérfræðingar á sviði umhverfis- og efnahagsmála og öllum þeim sviðum sem komið gætu að málinu.

Ég vil t.d. vekja athygli á umsögn vefrits fjmrn. varðandi *áætlanir ríkisstjórnarinnar um stóriðju og virkjanaframkvæmdir* sem hæstv. iðnrh. vitnaði til. Þar er verið að leiða getum að því hvaða áhrif þær stórframkvæmdir muni hafa á íslenskt efnahagslíf. Þar eru jafnframt slegnir þeir varnaglar að því miður sé þessi vinna, forsendur vinnunnar hjá efnahagsskrifstofu fjmrn., mjög veikar. Það er ítrekað hvað eftir annað.

Tökum til dæmis það sem þar stendur um forsendur, með leyfi forseta:

„Staða þjóðarbúsins í grunndæmi skiptir miklu máli fyrir *niðurstöðu framreikninganna.*" — *Það er sem sagt gefið* grunndæmi um þróun efnahags- og atvinnulífs í landinu og síðan hvaða áhrif þessar framkvæmdir í heild sinni hafi á efnahags- og atvinnulífið og reyna að spá fram í tímann. — „Mikilvæg forsenda í grunndæminu er að gengisvísitala krónunnar verði 130 stig allt framkvæmdatímabilið" — þau fimm ár sem þarna er talað um — „sem er ívið lægra en meðaltal ársins 2002."

Menn gefa sér í upphafi allar forsendur, þ.e. efnahagsskrifstofa fjmrn. byggir spár sínar um þróun og viðbrögð *íslensks atvinnulífs á gengisvísitölu upp á* 130 stig. Hvað er gengisvísitalan í dag? Er hún ekki 121 stig? Það þýðir að gengi íslensku krónunnar hefur samkvæmt forsendunum hækkað úr 121 stigi í 130 stig á nokkrum mánuðum. Allir efnahagssérfræðingar sem ég hef heyrt tjá sig um frekari framvindu efnahagslífsins í landinu, þar með um gengisþróunina, hafa lýst því yfir að verði af þessum framkvæmdum og því meiri sem þær verða því hærra muni gengið verða. Líkurnar á því að gengið hækki eru því afar litlar og minnka *ef ráðist verður í þær framkvæmdir sem hér er gert ráð fyrir.* Gengisvísitalan sem lögð er til grundvallar fyrir efnahagsleg áhrif þessara virkjanaframkvæmda hjá fjmrn. er því í raun allt önnur og þar af leiðandi eru forsendur spádóma þeirra brostnar. Enda segja þeir það hvað eftir annað að þetta sé byggt á mjög veikum grunni, m.a. hvað varðar gengið.

Gengisáhrif í þessa veruna hafa það í för með sér, herra forseti, að samkeppnisstaða allra útflutningsgreina versnar. Hækki gengið t.d. um 20% þýðir það í flestum tilfellum 20% verðlækkun á þeim útflutningsafurðum þar sem meiri hluti aðfanga er innlendur kostnaður. Fiskvinnslan, hvernig mun verða fyrir fiskvinnsluna að bera 20% hærra raungengi en efnahagslífinu er annars eðlilegt? Hvernig mun fara fyrir ferðaþjónustunni sem yrði þá að bera 20% hærra raungengi en henni væri eðlilegt? Áfram mætti telja.

Herra forseti. Grunnútflutningsgreinarnar eru úti á landi. Svo gríðarlegt inngrip í íslenskt efnahagslíf eins og hér gert ráð fyrir í heild sinni, stækkun álvers á Grundartanga og hugsanlega framkvæmdir fyrir austan eru gríðarlegar stærðir fyrir íslenskt efnahagslíf. Meira að segja fjármála- og efnahagssérfræðingar treysta sér ekki til að spá hver áhrifin verði en þau verði mikil.

Það er ekki víst að ráðist verði í stækkun eins og hér er gert ráð fyrir, í þessu andrúmslofti í atvinnuástandi og efnahagslífi. Það er ekki víst að það muni í sjálfu sér styrkja atvinnulíf á því svæði sem við erum þarna að tala um. Hvernig fer samkeppnisstaða fiskvinnslunnar á Akranesi? Hvernig fer samkeppnisstaða skipasmíðaiðnaðar og vélsmíða á Akranesi, sem keppa við útlönd? Vonandi stendur sá iðnaður það af sér. En það er mjög mikilvægt, herra forseti, að þegar farið er út í gríðarleg inngrip í íslenskt efnahagslíf eins og hér er gert ráð fyrir sé þetta mál virkilega skoðað í heild sinni.

Ég treysti því að fari þetta mál til umfjöllunar í hv. iðnn. verði því þar gefinn rækilegur tími til að skoða allar hliðar þess og við séum þar ekki að stíga skref sem verði okkur til ógæfu.

Það er líka vert að skoða vandlega hvaða áhrif þetta hefur fyrir ímynd okkar og umhverfið á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga og nágrenni þess. Þarna er verið að byggja upp ferðaþjónustu og ýmiss konar annan atvinnuveg. Menn þurfa að huga að ímynd þess svæðis, ímynd sem getur verið markaðsvara í sjálfu sér þó að við getum ekki persónulega hvert sagt til um hver hún er. En landið hefur ákveðna ímynd og við þurfum að bera virðingu fyrir henni og ekki skemma þar fyrir okkur. Þarna þarf því að skoða margt. Einnig hafa vaknað umræður um að setja þarna upp rafskautaverksmiðju og mér finnst afar mikilvægt að Alþingi skoði þetta mál í heild sinni en ekki í bútum.

Virðulegi forseti. Varðandi efnahagsmálin þá er líka umhugsunaratriði ef við fáum hér hvert stóriðjufyrirtækið á fætur öðru sem tekur lungann úr allri virkjanlegri orku okkar til starfsemi sinnar, en jafnframt er því ívilnað í sköttum og gjöldum til ríkisins og samfélagsþjónustunnar. Hvaða atvinnugreinar gætu ekki blómstrað ef þær fengju aðrar eins ívilnanir í sköttum og raforkuverði og þessi stórfyrirtæki fá? Ferðaþjónustan skilar nú tugum milljarða króna í útflutningstekjur. Hún er í útflutningstekjum jafngild stóriðju og stóriðjuverum og jafnvel stærri en einstök stóriðjuver hérna. En hún skilur mun meira eftir í samfélaginu af tekjum því

ekki er nóg að horfa bara á útflutningsverðmætið heldur verður líka að draga frá hvað kostar að framleiða.

Menn hafa rætt heildarútflutningstekjurnar fjálglega, að þær vaxi um þetta og þetta mörg prósent. En þeir skulu þá líka huga að því að draga frá tilkostnaðinn. Hvað gæti ferðaþjónustan skilað hér ef hún fengi tilsvarandi stofnkostnað, stofnstyrki til að byggja sig upp eins og þessi stóriðja fær frá hinu opinbera, sem ég tel að ætti að skoða? Ferðaþjónustan á ekki höfuðstól en þarf á höfuðstól að halda til þess að byggja sig upp. Ef hún fengi tilsvarandi stofnstyrki — hún þyrfti ekki marga milljarða króna í stofnstyrki til þess að vaxa og fá sterkari grunn. En hún þarf nauðsynlega á fjármagni að halda og hún skilar meiri tekjum inn í samfélagið en þessar álverksmiðjur. Ef ferðaþjónustan nyti sömu skattfríðinda og fyrirgreiðslu af hálfu stjórnvalda hvað það varðar, hvernig gæti hún þá vaxið og blómstrað? Af hverju stillum við ekki upp þessum valkostum okkar í íslensku atvinnulífi? Í okkar litla fámenna samfélagi er nefnilega ekki pláss fyrir margar risaverksmiðjur af þessu tagi. Þegar við veljum einn kost þá erum við í mörgum tilvikum líka að hafna öðrum.

Virðulegi forseti. Ég tel mjög mikilvægt að þetta mál fái mjög vandaða meðferð á þinginu, allir þættir þess, orkuöflunarþátturinn, efnahagslegi þátturinn í heild sinni fyrir þjóðina alla og aðrir valkostir í uppbyggingu atvinnulífs gagnvart svona gríðarlegu fjármagni og gríðarlegri orkuráðstöfun til eins atvinnuvegar. Eigum við að binda 50–60% af útflutningsvörum okkar í einu hráefni, áli? Eigum við að binda um 80% af allri virkjaðri orku okkar í einni framleiðslugrein? Er það skynsamlegt? Mér finnst það ekki, virðulegi forseti.

Við vitum að fyrirtæki sem starfa í þessari grein og eru hingað komin, leggja metnað sinn í að gera vel og starfsfólkið sem þar starfar leggur metnað sinn í að gera vel í sínum störfum og aðbúnaði.

Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á að þetta mál fái mjög vandaða meðferð í hv. iðnn. verði því vísað áfram til þingnefndar.

[16:07]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ósammála því sem hv. þm. sagði, að við séum að gera Ísland að einhliða álframleiðslulandi. Það kemur oft fram hér í þinginu að við séum að verða allt of stórir á heimsmarkaðnum á áli. En hvað erum við stórir? Heimsmarkaðsframleiðslan á áli er 25 milljón tonn. Hún vex um 3% á ári sem er 875 þús. tonn. Við erum að framleiða í Ísal og Norðuráli 260 þús. tonn á ári. Ef allt gengur eftir, stækkun sem Ísal hefur talað um, þessi stækkun á Norðuráli og byggingin fyrir austan, þá erum við komin í 932 þús. tonn. Ef við hugsun tíu ár fram í tímann og Norðurál getur klárað sínar stækkanir, þá verðum við komin í 1.052 þús. tonn, sem er 4% af heimsframleiðslunni. Hv. þm. sagði að við værum að keyra atvinnulíf okkar í mikla einhæfni. Það er nefnilega alveg þveröfugt. Við erum að losa okkur út úr einhæfninni. Við erum að auka undirstöðurnar í þjóðarbúskap okkar og útflutningi. Við höfum verið gríðarlega háð sjávarútvegi, gríðarlega háð honum og höfum upplifað það í gegnum tíðina að dýfurnar í sjávarútvegi hafa skapað okkur mikla erfiðleika. Við erum að renna sterkum stoðum undir útflutning okkar og þjóðarhag.

Hv. þm. sagði að ekki væri verið að gagnrýna störf við stóriðju og fór að mæra stóriðjumenn. En ég man nú að hv. þm. Vinstri grænna hafa hér aftur og aftur á undanförnum árum talað niður til starfa við mengandi stóriðju. Ég fagna því ef það er að breytast og óska hv. þm. til hamingju með það.

Hann talaði um samkeppnisstöðu skipasmiðja og vélsmiðja á Akranesi. Ég fullvissa hv. þm. um að fáir gleðjast meira yfir þessari væntanlegu framkvæmd en einmitt þau fyrirtæki því þau hafa gríðarleg viðskipti á Grundartanga og þetta er ein kjölfestan í starfsemi þeirra. Að halda að þessi fyrirtæki séu á móti þessari stækkun er náttúrlega alveg út í hött.

Hv. talaði um tekjur af ferðaþjónustunni sem er alls góðs makleg. Ég minni samt á að í ferðaþjónustunni eru yfirleitt láglaunastörf því miður. Því er öfugt farið í stóriðjunni.

Ég spyr svo bara hv. þm. í lok þessa andsvars hvort hann sé á móti þessu frv., hvort hann er á móti stækkun Norðuráls.

[16:09]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. þm. Guðjón Guðmundsson horfa mjög þröngt á þetta mál. Hann horfir á álframleiðsluna hér á landi í hlutfalli við álframleiðslu í heiminum. Við erum nú gefnir fyrir að líta dálítið stórt á okkur og meta okkur þannig á heimsvísu. Ég horfi á atvinnulífið og útflutningsframleiðslu Íslands. Verði af þeirri stækkun sem þarna er fyrirhuguð til fulls og framkvæmdum fyrir austan og jafnvel fyrirhugaðri stækkun við Straumsvík þá mun láta nærri að útflutningstekjur okkar verði orðnar um 45–55% tengdar áli. Við verðum komin í verri stöðu en varðandi fiskinn á árunum upp úr 1980. Það er gríðarleg áhætta fyrir land eins og Ísland. Sömuleiðis verða um 80% af virkjaðri orku okkar bundin í einni atvinnugrein, hráefnisframleiðslu á áli. Ég tel þetta líka verulegt umhugsunarefni. Með þessum hætti erum við keyrð inn í mjög fábrotið atvinnulíf og einhliða notkun á orkunni okkar.

Það er rangt hjá hv. þm. láti hann að því liggja að ég tali niður til starfsfólks sem er að vinna sín störf. Það geri ég ekki. Ég hef hvergi kynnst öðru en að vinnandi fólk, hvort sem það er við landbúnað, sjávarútveg eða í verksmiðjum, í álverksmiðjunni á Grundartanga eða járnblendiverksmiðjunni, leggi sig alls staðar fram. Ég ber mikla virðingu fyrir fólki sem leggur sitt af mörkum með höndum sínum og hugviti hvar sem er.

[16:11]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat nú ekki annað en brosað út í annað þegar hv. þm. sagði að ég sæi mjög þröngt í þessum atvinnu- og útflutningsmálum okkar. Ég held að flestir þingmenn séu sammála um það að ef einhverjir sjá þröngt í þessum málum þá eru það hv. þingmenn Vinstri grænna sem yfirleitt eru á móti þessari atvinnuuppbyggingu sem við erum að tala hér fyrir, þingmenn stjórnarflokkanna og fleiri. Þar er þröngsýnin að mínu mati, en ekki hjá mér.

Hv. þm. talaði um gríðarlega áhættu af þessum mikla álútflutningi. En hver tekur þessa áhættu? Ekki tökum við þessa áhættu. Erlendir aðilar byggja þessa verksmiðju og taka áhættuna. Í öllum atvinnurekstri er áhætta og þessa áhættu taka þeir sem fara út í byggingu þessara verksmiðja.

Það er rétt sem hv. þm. sagði. Ég hef ekki heyrt hann tala niður til þessara starfa. Ég sagði hins vegar í andsvari mínu að hv. þingmenn Vinstri grænna hefðu gert það, talað hér, að mér hefur fundist, niðrandi um störf við mengandi stóriðju. Mér hefur fundist þeir gera lítið úr þeim störfum og hef reyndar farið í andsvar við þá áður út af því.

Hv. þm. nefndi, sem ég kom ekki að í fyrra andsvari mínu, að þessum stóriðjufyrirtækjum væri ívilnað í sköttum. Það er nú svo að bæði Norðurál og Ísal eru með 33% tekjuskatt í sínum samningum. Nú er búið að færa tekjuskattinn á atvinnulífið á Íslandi í 18% og auðvitað er ekkert óeðlilegt að þessi atvinnurekstur búi við sömu kjör og aðrir. Það er verið að gera í þessu frv., þ.e. að laga skattamál Norðuráls að skattumhverfi fyrirtækjanna í landinu.

Hv. þm. sagði líka að ekki væri pláss fyrir margar risaverksmiðjur eins og hann orðaði það. Hvað eru þær margar þessar risaverksmiðjur? Það er Ísal og það verður væntanlega Fjarðaál. Það er nú varla hægt að tala um risaverksmiðju hjá Norðuráli með sín 180 þús. tonn. Það er þá þriðji risinn ef hún flokkast sem risi.

[16:13]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fór hv. þm. einkar vel í munni, fannst mér, eða hann naut þess að tala um mengandi stóriðju. Hann tvítók orðin mengandi stóriðja. Ég deili ekki hrifningu hv. þm., sem hann lýsti þarna, á því að byggja hér upp mengandi stóriðju. Við hljótum að leggja áherslu á, hver svo sem iðnaðurinn er, að hann sé ekki mengandi og draga úr allri mengun eins og hægt er, en ekki hlakka yfir uppbyggingu á mengandi stóriðju. Ég hef ekki heyrt þingmenn Vinstri grænna tala niður til starfsfólks í neinni stétt. Það er bara illa sagt. (**GuðjG:** Það er nú rétt samt.) Það er bara rangt, herra forseti. (**GuðjG:** Lesa þingtíðindin.) Hins vegar ítreka ég það varðandi það að heyra hv. þm. tala hlakkandi um uppbyggingu á mengandi stóriðju. Ég held að enginn Íslendingur hlakki yfir því, virðulegi forseti. Ég vona, þó svo að ráðist verði í framkvæmdir þarna á Grundartanga, að menn reyni að draga úr allri mengun eins og nokkur kostur er og hvar sem við byggjum upp atvinnulíf, virðulegi forseti.

Ég legg áherslu á að þetta mál fái mjög ítarlega umfjöllun af hálfu Alþingis þannig að við sjáum alla hluti varðandi þessar mögulegu framkvæmdir í hinu stóra samhengi. (**GuðjG:** Er þingmaðurinn á móti stækkuninni?)

[16:15]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki get ég sagt að ég sé sammála miklu af því sem kom fram í ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Ég tek undir það með hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni að hvað varðar skatta er ekki verið að mismuna. Það er einmitt verið að koma í veg fyrir það. Rétt er að draga það fram að í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur tekjuskattur á fyrirtæki verið lækkaður úr 50% í 18% og það er verið að færa þessi fyrirtæki að því skattumhverfi. Það er stærsti liðurinn í skattapakka fyrirtækja.

Ég get svo sem tekið undir það að hv. þm. hefur ekki talað niðrandi um það fólk sem vinnur í álverksmiðjum. Hins vegar, eins og fram kemur í þingtíðindum, hefur þingmaðurinn háttvirtur talað afskaplega óvirðulega um störf fólksins sem leggur sig allt fram, og er kannski af öðrum toga.

Hins vegar verður hv. þingmanni mjög tíðrætt um, og það er svolítið stefna í málflutningi hv. þm. Vinstri grænna, að störf í álverksmiðju séu afskaplega einhæf, þetta sé einhæft atvinnulíf. Það er einfaldlega rangt. Ég spyr hv. þm. hvort hann þekki ekki öll þau nýsprotafyrirtæki sem hafa sprottið upp í samstarfi við Alcan í Straumsvík og Norðurál á Grundartanga. Ég spyr hv. þm. hvort hann viti hver hafi fengið nýsköpunarverðlaun Útflutningsráðs. Viti hann það ekki get ég upplýst að það var Jón Hjaltalín Magnússon og fyrirtæki hans fyrir það að flytja út hugbúnað og róbóta, fyrir verkefni sem hefur verið unnið og þróað í samstarfi við álverksmiðju.

Þingmaðurinn hlýtur að gera sér grein fyrir því að fjölmargar smiðjur og þjónustufyrirtæki hafa viðskipti við álverksmiðjur og það eru þau sem fagna tilkomu þeirra. Dæmi um það má vel sjá í Hafnarfirði, og hv. þm. ætti að heyra bæjarstjórann á Akranesi lýsa áhrifum Grundartangauppbyggingarinnar á mannlíf og atvinnulíf á Akranesi.

[16:18]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu hefur stórfyrirtæki eins og það sem við fjöllum hér um áhrif á atvinnulíf í sínu nánasta umhverfi, að sjálfsögðu.

Varðandi skattamálin greinir okkur á, Vinstri hreyfinguna – grænt framboð og ríkisstjórnarflokkana, Framsfl. og Sjálfstfl. Þeir leggja áherslu á að lækka skatta á fyrirtæki sem skila hagnaði en halda háum sköttum á lágtekjufólki. Þetta er skattastefna ríkisstjórnarinnar. Við viljum aðra skattastefnu. Við hefðum viljað létta skattbyrði af lágtekjufólki, elli- og örorkulífeyrisþegum og þeim sem eru með lægstu launin. Það er hins vegar sá hópur sem þessi ríkisstjórn velur að skattleggja. Við erum andvíg þessari skattastefnu og viljum snúa henni við, við viljum að skattbyrði sé létt af þessu fólki en að fyrirtæki sem skila hagnaði séu látin borga tekjuskattana sína. Þar bara greinir okkur á í skattastefnu.

Hv. þm. getur kannski upplýst hér í þessari umræðu hvernig er með skattinn af arðinum hjá t.d. álverksmiðjunni í Straumsvík. Hvaða reglur gilda um skattgreiðslur af arði? Eru það hliðstæðar reglur og gilda um skattgreiðslur af öðrum arði í landinu? Eru þær þó ekki miklar. Ég held að það verði að horfa á þetta svolítið í samhengi, bæði tekjuskattsgreiðslur og skattgreiðslur af arði.

Hvað segði hv. þm., af því að við erum að ræða um þetta, ef ferðaþjónustan úti um hinar dreifðu byggðir fengi tilsvarandi stofnstyrk eins og álverksmiðjurnar eru núna að fá, og skattaívilnanir? Hvaða innspýting gæti það ekki orðið fyrir ferðaþjónustuna í landinu ef jafnræðis væri gætt þar, og þó að ferðaþjónustan ein væri bara tekin út og hún nyti þessara gríðarlegu stofnstyrkja og skattfríðinda sem ríkið veitir þessum verksmiðjum?

[16:20]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi málflutningur hv. þingmanns er alveg með eindæmum. Til hans hefur verið beint spurningum, bæði af mér og hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni. Fæstum þeirra svarar hann. Hann kýs hins vegar að slá hér fram hreinum ósannindum. Hann talar um stofnstyrki, og hvað yrði ef ferðaþjónustan fengi ámóta stofnstyrki. Það er ekkert um það að ræða að ríkið sé að leggja fjármuni í álverksmiðjur, hvorki á Grundartanga né fyrir austan. Það veit hv. þm.

En ég ítreka þá spurningu sem hér hefur komið fram: Þekkir hv. þm. ekki þau nýsprotafyrirtæki sem sprottið hafa upp í samstarfi álverksmiðja sem núna eru starfandi og ýmissa þjónustuaðila og einstaklinga?

Ég vil líka taka upp þá spurningu sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson beindi til hv. þingmanns: Mun hv. þm. Jón Bjarnason styðja stækkun álverksmiðju á Grundartanga?

Hv. þm. talaði um að með því að auka álframleiðslu á Íslandi væri verið að auka áhættuna í íslensku efnahagslífi. Telur hv. þm. það meiri áhættu fyrir efnahagslíf á Íslandi að

hafa þar tvær meginstoðir, sjávarútveg og álframleiðslu, en einungis eina meginstoð, nefnilega sjávarútveginn?

Ég vil svo að lokum spyrja hv. þm. og heiti á hann að svara þeim spurningum sem fyrir hann hafa verið lagðar: Er hv. þm. að einhverju leyti í andstöðu við félaga sína hjá Vinstri grænum á Akranesi? Ef ég man rétt boðuðu þeir það fyrir síðustu kosningar að þeir teldu alls ekki óskynsamlegt að stækka álverksmiðjuna á Grundartanga. Það, ef ég man rétt, var boðskapur Vinstri grænna fyrir sveitarstjórnarkosningar á Akranesi. Er þá hv. þm. Jón Bjarnason ósammála félögum sínum á Akranesi?

[16:22]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Verksmiðjan á Akranesi hafði þegar ákveðið stækkunarleyfi sem lá fyrir og þess vegna var ekkert við því að hrófla. Að gefnum forsendum um orkuöflun, að hún sé umhverfislega ásættanleg, er alveg skiljanlegt að unnið sé eftir þeim. Hér er hins vegar verið að keyra inn nýjar forsendur. (**HjÁ:** Telur þingmaðurinn ...?)

Varðandi málið í heild sinni þarf það að fara í skoðun. Það er fyrst lagt fram hér og við þurfum að fá það í ítarlega skoðun. Ég vona, herra forseti, að þetta mál fái vandaða meðferð í iðnn. því mér sýnist hv. þm. Hjálmar Árnason ekki hafa kynnt sér neitt þau gögn sem voru lögð fram varðandi afgreiðslu um álverksmiðjuna í Reyðarfirði, t.d. áhrif á efnahagslífið. (**HjÁ:** Eru þetta svör við spurningunum?) Þetta eru svör við spurningunum, já. Það er mjög mikilvægt að þingið geti treyst því að formaður þingnefndar beiti sér fyrir vandaðri vinnu við meðferð málsins. (Gripið fram í.) Einmitt í þeim tilgangi er svona máli vísað til nefndar, og af því að hv. þm. Hjálmar Árnason er formaður iðnn. treysti ég því að hann standi undir þeirri ábyrgð að málið fái vandaða meðferð og vandaða vinnu í nefndinni. (**HjÁ:** En engu svaraði Jón.)

[16:24]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Við ræðum hér saman frv. til laga um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga og frv. til laga um raforkuver sem lýtur að orkuöflun fyrir stækkun álversins á Grundartanga.

Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að ég hafði vænst þess í einfeldni minni að við fengjum lengri frið eftir átökin um álbræðslu í Reyðarfirði en raun er orðin. Það er ekki hægt að segja að ég fagni því að þurfa að koma í ræðustól og fjalla um stækkun álbræðslunnar á Grundartanga daginn eftir að Alþingi afgreiddi frv. til laga um álbræðslu í Reyðarfirði.

Það er auðvitað margt sem búið er að segja og margt sem á eftir að segja í þessu máli. Þó að Norðurál hafi fengið verksmiðju upp á 300 þús. tonn í gegnum mat á umhverfisáhrifum má nefna það hér til sögunnar að línulagnirnar eru ekki enn samþykktar og línulögnin sem hafði verið sett í mat á umhverfisáhrifum hefur verið kærð, þ.e. úrskurður Skipulagsstofnunar hefur verið kærður. Eftir því sem ég best veit hefur kæran legið óhóflega lengi hjá hæstv. umhvrh. og ekki er búið að úrskurða í því máli. Hér eru því ekki öll kurl komin til grafar frekar en endranær. Svo eigum við eftir að sjá hverju fram vindur með orkuöflun á Nesjavöllum og orkuöflun á Reykjanesi því að, eins og frv. til laga um breytingu á lögum um raforkuver gefur til kynna, er hér verið að tala um orkuöflun frá þremur ólíkum stöðum og í tengslum við hana þarf auðvitað að reisa línur í gegnum þrjú ólík landsvæði. Línulögnin sem um hefur verið fjallað, þ.e. Sultartangalína 3, hefur mætt gífurlegri andstöðu í byggðarlaginu sem hún á að fara um.

Ef ég bara staldra aðeins við það, herra forseti, fóru fram undirskriftir gegn þeirri línu í Hvalfjarðarstrandarhreppi og Svínadal og ég held að ég megi segja að það hafi safnast 500–600 undirskriftir gegn þessari línu, Sultartangalínu 3, sem átti að liggja í tengivirkið á Brennimel. Hreppsnefndarmenn skrifuðu undir þær áskoranir til Landsvirkjunar að línan yrði ekki látin liggja ofan jarðar heldur grafin í jörð, en eftir því sem ég best veit mun það hafa, að mati landsvirkjunarmanna, átt að hleypa kostnaðinum upp um eina 2 milljarða. Það var ekki fögnuður í herbúðum landsvirkjunarmanna vegna þess.

En ég bendi á, herra forseti, af því að við erum nýbúin að ræða hér álverið í Reyðarfirði, að 2 milljarðar er einmitt talan sem Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, sagði að úrskurður umhvrh. í því máli kostaði Landsvirkjun, 2 milljarðar sem Friðrik Sophusson sagði að við gætum ekki sent orkukaupandanum heldur yrði hinn almenni skattborgari að taka þann reikning á sig.

Nú fullyrði ég, herra forseti, að ef við, hinir almennu skattborgarar, þurfum að taka aftur á okkur 2 milljarða vegna álæðis ríkisstjórnarinnar að skattborgarar vilja leggja ýmislegt af mörkum til þess að koma háspennulínunum sem hér um ræðir í jörð. Víraflækjurnar og háspennumöstrin sem fyrirhugað er að reisa, ef af þessum framkvæmdum verður, fara í gegnum gífurlega dýrmætt landsvæði. Þær fara í gegnum landsvæði sem þúsundir ferðamanna nýta og njóta á hverju einasta ári. Við erum að tala um mjög mikla andstöðu landeigenda á þessu svæði, og kæra þeirra hefur enn ekki verið virt hjá umhvrh., enn liggur ekki neinn úrskurður fyrir. En ég krefst þess, herra forseti, að við tökum inn í þessa umræðu möguleikana á að þessar línulagnir verði þá allar settar í jörð, a.m.k. frá því að þær koma í byggð sem er kannski um 10 km leið frá því að þær koma niður af hálendinu og að Brennimel. Það væri algjört lágmark að ríkisstjórnin legði hér sitt af mörkum í því að lágmarka umhverfisáhrifin sem annars yrðu gífurleg.

Í sannleika sagt eru framkvæmdirnar þannig og fyrirhyggjan svo lítil hjá stjórnvöldum í þessum efnum að það er bara vaðið af stað og það á að gera allt fyrir krónu, kúk og kanel, það á ekki að borga það sem til þarf til þess að hægt sé að segja að bestu umhverfisvenjur séu viðhafðar í þessum framkvæmdum. Besta fáanleg tækni er alþjóðlegir staðlar sem við eigum að fara eftir við framkvæmdir af þessu tagi, og bestu umhverfisvenjur eru auðvitað líka staðlar sem við eigum að hafa í huga í þessum efnum. Þegar línulagnirnar til þessarar álbræðslu eru skoðaðar fullyrði ég að áformin sem uppi eru eru flaustursleg, þau eru hálfgerð útsöluáform, þau eru í öllu falli áform sem ekki fara eftir bestu stöðlum í umhverfismálum. Því getum við breytt núna í þessari umfjöllun, herra forseti.

Það eru til samtök, Samtök gegn loftlínum í Hvalfirði, sem hafa unnið í þessu máli. Þótt hv. þm. Guðjón Guðmundsson hafi talað um að menn á svæðinu væru mjög hlynntir þessum stækkunaráformum verð ég að vekja athygli hv. þingmanns á því að einnig eru uppi mjög öflug mótmæli í sveitunum sem þurfa að taka á sig allt víravirkið og öll möstrin sem um ræðir. Eigi að afla þessarar orku frá þremur ólíkum stöðum erum við ekki bara að tala um Sultartangalínu þrjú heldur mögulega þrefalda stærð slíkra lína, og á endanum sitjum við kannski uppi með álíka spagettí og á Hellisheiðinni þar sem

eru samsíða tvær línur með 16 vírum, hvor lína, gífurlegt umhverfislýti.

Eftir því sem við komumst næst eru þessar tvær línur samsíða vegna þess að menn gleymdu að tala saman. Menn vissu ekki hvor af öðrum, Orkuveita Reykjavíkur og Landsvirkjun. Þannig voru gerð plön um tvær línur. Þegar menn komust að því að hægt væri að sameina þær í eina sögðu þeir það of seint. Svona dónaskap gagnvart umhverfinu verðum við að leggja af. Hér er slys af sama tagi í uppsiglingu og nauðsynlegt að í þessari umræðu verði allt gert til að koma í veg fyrir umhverfissóðaskap af því tagi, sem hefur viðgengist hér. Það er kominn tími til að á þessi mál verði litið heildstætt, en ekki anað út í hlutina á þeim hraða sem ríkisstjórnin hefur tíðkað upp á síðkastið.

Herra forseti. Þessu frv. á þskj. 1090 var dreift á borð þingmanna í fyrrakvöld í mjög miklum önnum þingsins. Auðvitað hefur ekki gefist nægur tími hjá þingmönnum til að lesa þessi tvö mál þannig að fólk verður að taka viljann fyrir verkið. Við erum illa undirbúin fyrir þetta mál sem er talsvert að vöxtum. Það hefur ekki gefist eðlilegt svigrúm fyrir þingmenn til að kynna sér málin eða fara í saumana á þeim. Til marks um fljótræðið, herra forseti, langar mig að grípa niður í athugasemdir við lagafrv. um raforkuverin. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ekki er unnt að hefjast handa við undirbúning fjármögnunar á verkefninu nema fyrir liggi í hvaða framkvæmdir verður ráðist vegna orkuöflunar og að leyfi hafi verið veitt fyrir þeim framkvæmdum. Fyrir liggur að ákvörðun um stækkun álversins verður að taka mjög fljótt ef unnt á að vera að ljúka framkvæmdum við fyrri hluta stækkunarinnar áður en framkvæmdir vegna álvers í Reyðarfirði ná hámarki."

Hér er ríkisstjórnin eins og rófuskelltur refur, á harðahlaupum undan sjálfri sér. Reyðarálsverkefnið var samþykkt í gær og við horfum fram á 18 mánaða tímabil sem ríkisstjórnin þykist þurfa að redda atvinnuástandinu í landinu. Hún ætlar því að þröngva þessu verkefni með skóhorni og töngum inn í þetta 18 mánaða tímabil. Nú á bara að láta hendur standa fram úr ermum og rumpa af einni álverksstækkun og eins og þremur orkuverum eins og ekkert sé sjálfsagðara á mettíma.

Vinnubrögð af þessu tagi, herra forseti, eru forkastanleg. Þau eru ríkisstjórn Íslands til skammar. Ef hér væri unnið af einhverju viti og þekkingu og af einhverri alúð gagnvart þjóð og landi væri auðvitað búið að gera langtímaáætlun um þessi mál fyrir löngu. Þá er ég að tala um langtímaáætlanir varðandi orkunýtingu og stóriðju á Íslandi. Það er auðvitað ekki forsvaranlegt, herra forseti, að ríkisstjórnin skuli lævíslega lauma inn áætlunum um að gera Ísland að stærsta álútflutningsríki álfunnar án þess að um það séu teknar pólitískar ákvarðanir. Þær pólitísku ákvarðanir liggja ekki fyrir.

Það er heldur ekki forsvaranlegt, herra forseti, að ríkisstjórnin ætli að nýta meira eða minna allar þær orkuauðlindir sem land okkar býr yfir í álbræðslu. Við þurfum að taka pólitíska ákvörðun um hvort við erum sátt við og hlynnt því að orkuauðlindir okkar séu nýttar á þennan hátt. Sú pólitíska ákvörðun hefur ekki verið tekin heldur er ríkisstjórnin að vinna hvert verkefni fyrir sig. Á endanum stendur þjóðin frammi fyrir því að ríkisstjórnin hafi gert hana að stærsta álútflutningsríki álfunnar, ríki sem framleiðir orku á þriðja heims verði fyrir stór álver.

Af því að hv. þm. Guðjón Guðmundsson talaði um það hér að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs — hann nafngreindi reyndar sérstaklega hv. þm. Jón Bjarnason — töluðu niður til þeirra sem vinna störfin í álverunum ... (**GuðjG:** Þetta er rangt, ég nefndi ekki Jón Bjarnason í því sambandi.) Það kann vel að vera að mér hafi misheyrst, herra forseti, þar sem ég hlustaði á ræðu hv. þm. í sjónvarpskerfi okkar og vann jafnframt að undirbúningi fyrir þessa ræðu. Í öllu falli ræddi hv. þm. um að verið væri að tala á niðrandi hátt eða niður til þeirra sem ynnu störf í álverum. Ég ætla aðeins að koma inn á það. Ég spyr hv. þingmann: Gerir hann sér ekki grein fyrir þeirri hættu sem starfsmenn í álverum standa frammi fyrir vegna þeirrar mengunar sem óhjákvæmilega hlýst af álbræðslunni? Sannleikurinn er sá, og það sýna tölfræðirannsóknir um allan heim, að álversstarfsmenn eru í aukinni áhættu hvað varðar ákveðna sjúkdóma. Þar er t.d. verið að tala um krabbamein í lungum og öndunarfærum, sem er vegna útblásturs óheilsusamlegra lofttegunda í þeirra nánasta vinnuumhverfi.

Ég segi, herra forseti: Ég skil fullkomlega þörfina, hvort sem er Akurnesinga eða Reyðfirðinga, fyrir atvinnuuppbyggingu. Ég skil mætavel þörf þjóðarinnar fyrir atvinnuuppbyggingu og þörfina fyrir að dreifa henni um landið. En ég skil ekki þessa árátttu stjórnvalda, að einu hugmyndirnar sem virkilega fá brautargengi hjá stjórnvöldum, fá fyrirgreiðslu, skuli vera stóriðjuhugmyndir. Þar er stærstur hluti starfanna unninn í óheilsusamlegu umhverfi, þar sem fólk er í umhverfi sem setur það í heilsufarslega áhættu við störf sín. Það er þess vegna hægt að segja að Vinstri hreyfingin – grænt framboð tali af umhyggju fyrir fólki sem starfar í áliðnaði. Við vörum við því að störf af þessu tagi verði svo mörg og í raun einu störfin sem ríkisstjórnin leggur á sig að styðja við í þessu landi. Sannleikurinn er auðvitað sá að hér er um áhættusöm störf að ræða. Þau eru því miður unnin í heilsuspillandi umhverfi. Ég mundi gjarnan vilja sjá ríkisstjórnina búa þegnum sínum störf þar sem heilsu fólks væri ekki ógnað.

Þá langar mig, herra forseti, að staldra aðeins við orkuöflunina sem nauðsynleg er fyrir þessa álversstækkun sem á endanum fer, eftir því sem mat á umhverfisáhrifum fyrirtækisins Norðuráls gerir ráð fyrir, upp í 300.000 tonn. Það hafa ekki verið svo litlar deilur um Norðlingaölduveitu, þann orkukost sem Landsvirkjun hefur lagt til sem hinn eina möguleika til að sjá þessari stækkun fyrir orku. Þær miklu deilur stóðu lengi, herra forseti, og óþarfi að rekja þá sögu í einhverjum smáatriðum hér. Þess er skemmst að minnast að hæstv. settur umhvrh., Jón Kristjánsson, kvað upp úrskurð sem menn hafa gert að umtalsefni í ræðum sínum í dag. Sá úrskurður byggir á tillögu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens um mjög mikið lækkaða lónhæð og tilfærslu á Norðlingaöldulóni.

Ég minnist þess, herra forseti, að í lok febrúar var tekið viðtal við Friðrik Sophusson, forstjóra Landsvirkjunar, um úrskurð hæstv. ráðherra. Friðrik Sophusson var inntur eftir því hvernig honum litist á þennan úrskurð og tillögu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens. Svo við rifjum aðeins upp, herra forseti, gerir hún ráð fyrir því að veitulónið verði einungis 3,3 ferkílómetrar, það verði í 566 metra hæð yfir sjó, en það lón kæmi þá í staðinn fyrir 29 ferkílómetra lón sem gert var ráð fyrir að yrði í 575 metra hæð yfir sjó, samkvæmt mati á umhverfisáhrifum, í matsskýrslunni sem Landsvirkjun lagði fram.

Friðrik Sophusson vitnar í þessu Morgunblaðsviðtali sem ég hef hér fyrir framan mig af vef Landsvirkjunar um Norð-

lingaölduveitu. Hann tók fram að markmið Landsvirkjunar væri fyrst og fremst að halda sér fyrir utan friðlandið með lónið í samræmi við úrskurðinn. Síðan tók hann fram að Landsvirkjun liti alls ekki svo á að hún væri bundin af tillögu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens. Hér er vitnað til orða forstjórans þar sem hann segir á vefsíðu Landsvirkjunar að lónhæðin geti farið í allt að 568,5 metra því að sú lónhæð haldi lóninu utan friðlandsins.

Herra forseti. Þessi orð forstjóra Landsvirkjunar eru gífurlega alvarleg. Það er auðvitað eðlilegt að þau séu skoðuð í þessari umræðu í samhengi við allt sem á undan er gengið. Ég vildi reyndar, herra forseti, að umhvrh. væri hér viðstödd því það er náttúrlega óeðlilegt við umræður um þetta mál að hæstv. umhvrh. skuli ekki sitja hér og veita þessu máli tilhlýðilega virðingu, og þingmönnum um leið, og þjóðinni sem búin er að takast á um þetta mál árum saman. Sannleikurinn er sem sagt sá að Landsvirkjun telur sig ekki bundna af úrskurði hæstv. ráðherra Jóns Kristjánssonar heldur telur að henni sé bara frjálst að færa þetta lón upp í 568,5 metra. Þá horfir málið allt öðruvísi við, herra forseti.

Ég spyr hæstv. iðnrh.: Er þetta rétt? Getur Landsvirkjun litið þannig á málin að hún sé ekki bundnari af hugmyndinni sem lá að baki úrskurði hæstv. ráðherra, Jóns Kristjánssonar, en svo að Landsvirkjun ætli sér einhliða að ákveða að lónhæðin verði 568,5 metrar? Þessari spurningu verður að svara hér við 1. umr. málsins. Ég geri ráð fyrir því að bæði umhvn. og iðnn. fái þetta mál til umfjöllunar. Ef það hefur ekki verið ætlunin geri ég a.m.k. kröfu um það að umhvn. fái málið inn á sín borð. Hér eru það margir gífurlega gagnrýnisverðir umhverfisþættir sem þarf að líta á og því algjör krafa af minni hálfu að umhvn. fái þetta inn á sitt borð.

Það er mjög alvarlegt, herra forseti, ef úrskurður umhvrh. verður notaður sem tyggigúmmí í höndum Landsvirkjunar og það sem menn þó fengu fram með honum og hafa fagnað í tengslum við hann verði teygt og togað.

Eitt er þó í sambandi við úrskurð hæstv. setts umhvrh. Jóns Kristjánssonar sem valdið hefur deilum. Það er setlónið, svokallað setlón sem er bæði setlón og veitulón, sem gert er ráð fyrir að reist verði upp undir rótum Hofsjökuls, örlítið austanvert. — Gengur nú hæstv. ráðherra, Jón Kristjánsson, í salinn og ég fagna því. Hann gæti mögulega svarað því sem mér þykir óljóst og hef verið að krefja svara við. Ég vil benda á að setlónið sem ég var komin að í ræðu minni hefur vakið upp margar spurningar og vangaveltur hjá fólki. Nú segja náttúrufræðingar að ef 80% af þessu vatni sem færi í setlón úr Vesturkvíslinni og Litlu-Arnarfellskvíslinni væri möguleiki á að á 20–30, í hæsta lagi 40 árum kæmi í ljós að verin hafi beðið óbætanlegan skaða af því að vatnið hefði verið fjarlægt.

Náttúran vinnur ekki alltaf á sama hraða og ríkisstjórn Íslands. Náttúran vinnur mjög hægt. Þessi ver hafa orðið til í rólegheitum og þau hafa verið varðveitt af náttúrunni og náttúrufarinu í rólegheitum árum saman. Ef við ætlum að taka ákvörðun um að taka Vesturkvíslina að stærstum hluta og Litlu-Arnarfellskvíslina, vatnið sem úr þeim hefur hingað til runnið niður í verin, setja það í setlónið og veita í Þjórsárlón, er hætt við að það geti haft gífurlega alvarlegar afleiðingar á gróðurfar veranna en þau áhrif komi kannski ekki í ljós fyrr en að 20–30 árum liðnum.

Herra forseti. Ætlum við að taka þessa áhættu? Ætlum við að heimila það þegjandi og hljóðalaust að setlónið sem hefur verið deilt um, sem er í sannleika sagt Kvíslaveita 6, þ.e. sjötti áfangi Kvíslaveitu sem Landsvirkjun fær upp í hendurnar sem mótvægisaðgerð en ekki sjálfstæða framkvæmd eins og Landsvirkjun hafði alltaf litið á þetta lón, að umhverfisáhrif þessa lóns verði ekki metin? Það liggur í spilunum. En, herra forseti, ég mótmæli því.

[16:44]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hefur verið til umræðu svigrúm Landsvirkjunar um stífluhæð og setlónin norðan við Þjórsárver. Varðandi setlónið vil ég taka fram að í úrskurðinum eru skýr ákvæði um að grunnvatnsstaðan í Þjórsárverum eigi að vera óbreytt og aðgerðir að miðast við það. Það eru skýr ákvæði í úrskurðinum um það. Í úrskurðinum eru ákvæði um að lónið eigi að vera utan friðlandsins og ef lónið færi upp að friðlandsmörkunum væri það 568,5 metrar, það er rétt. En allir útreikningar eru miðaðir við 566 metra. Útfærslan á þessu á að vera í samvinnu við heimamenn og í úrskurðinum eru ákvæði um það.

Varðandi umhverfismat á setlóninu þá fór ég rækilega yfir það ásamt lögfræðingum mínum þegar ég kvað upp úrskurðinn. Þeir töldu að vegna þess að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar í heild hafi dregið úr þeim. Þessi framkvæmd er stórum umhverfisvænni en sú sem áður var áætluð. Heildaráhrifin eru umhverfinu í hag og af þeim sökum þótti ekki þurfa að fara með málið í umhverfismat. Þetta eru þau ákvæði sem fylgdu úrskurðinum.

[16:46]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið. Það er alveg ljóst að hæstv. ráðherra ber friðlandið fyrir brjósti í úrskurði sínum. Ég hef talið það vera þakkarvert og til fyrirmyndar að hann skuli hafa virt friðlýsinguna og friðlandsmörkin í úrskurðinum. Það kemur líka í ljós í svari hans núna að hann gerir þá kröfu að grunnvatnsstaðan sé óbreytt. Þá liggur auðvitað beint við, herra forseti, að spyrja: Ef það kemur í ljós þegar farið verður að reikna þessi mál til hlítar að grunnvatnsstaðan í verunum breytist við að gera þetta setlón, og við þá staðreynd að þar verði tekinn stærstur hluti Vesturkvíslar og Litlu-Arnarfellskvíslar, getum við þá átt von á því að hæstv. settur umhvrh. hafni því að þetta setlón verði framkvæmt? Og hvernig eigum við að komast að því án þess að setja þetta sérstaka setlón í mat á umhverfisáhrifum?

Herra forseti. Það kom fram í máli forstjóra Landsvirkjunar á fundi sem haldinn var með iðnn. og umhvn., sameiginlegum fundi þar sem þessi úrskurður var til umfjöllunar, að Landsvirkjun hefur aldrei litið á veitu nákvæmlega á þessum stað sem annað en sjálfstæða framkvæmd. Og forstjóri Landsvirkjunar sagði það beinum orðum að nú væru þeir að fá þetta setlón framkvæmt sem mótvægisaðgerð og það væri þess vegna sem það þyrfti ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum. Það er þessu sem ég mótmæli, herra forseti, að við skulum geta kallað hlutina tveimur ólíkum nöfnum. Ef það er sjálfstæð framkvæmd þarf það að fara í mat, en ef það heitir mótvægisaðgerð, nákvæmlega sama framkvæmd, þarf það ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum. Mér finnst þetta vera tvískinnungur, herra forseti, og ég gagnrýni hann.

[16:48]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eitt atriði sem ég vil taka sérstaklega fram varðandi afstöðu Landsvirkjunar til Kvíslaveitu 6 á sínum tíma. Það mál var uppsett undir allt öðrum formerkjum

en nú blasa við eftir úrskurð minn. Það mál var til umræðu þegar áætlunin var að fara inn í Þjórsárver með uppistöðulón og sótt var um það sem sjálfstæða framkvæmd á sínum tíma. Þetta er hins vegar hluti af framkvæmdinni við Þjórsárver. Þessi stækkun setlónsins, að veita úr því austur í Þjórsárlón og að veita því niður í efsta hluta veranna, er mótvægisaðgerð. Sérfræðingar mínir fóru mjög rækilega yfir þetta og lykilatriði í þessu öllu saman er að þetta er stórlega jákvætt fyrir umhverfið. Úrskurðurinn um grunnvatnsstöðuna er algjört lykilatriði í málinu. Það er algjört lykilatriði að snerta ekki friðlandið og breyta ekki náttúrufari eða líffræðilegri fjölbreytni þess. Það er alveg lykilatriðið í þessum úrskurði. Auðvitað þarf að standa við hann, það er ekkert annað í mínum huga með það.

[16:50]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vilji hæstv. ráðherra í þessum efnum er alveg ljós og hann er virðingarverður. En náttúrufræðingar hafa sagt, og meira að segja færustu náttúrufræðingar sem þekkja þetta svæði best út frá sínum áralöngu rannsóknum, að það sé hætta á því að séu Vesturkvíslin og Litla-Arnarfellskvíslin, teknar út úr vatnakerfi veranna og vatnsbúskap veranna sé hætta á því að eftir 20–30 ár komi í ljós óafturkræf áhrif af þeirri aðgerð. Það er það sem náttúrufræðingarnir vara við og ég held að vilji hæstv. ráðherra, góður og virðingarverður vilji, breyti engu þar um. En ég held að við stefnum hérna út á mjög hættulega braut sem geti orsakað það að á endanum, eftir 20–30 ár, komum við til með að sjá að nákvæmlega þessi skref sem við nú erum að taka geri það að verkum að verin bíði þess ekki bætur.

Varðandi það sem sagt er um Kvíslaveitu 6, að litið hafi verið á hana sem sjálfstæða framkvæmd, en með Norðlingaölduveitu sem einhvers konar forsendu fyrir henni er það ekki rétt. Landsvirkjun leit alltaf á Norðlingaölduveitu sem eina sjálfstæða framkvæmd og Kvíslaveitu 6 sem aðra sjálfstæða framkvæmd. Hún tengdi þessar tvær framkvæmdir aldrei saman. (**Gripið fram í:** Það er alveg rétt.) Þetta voru alltaf tvær óháðar framkvæmdir. Það verður alveg að halda því til haga.

Mér finnast þetta ekki haldgóð rök, herra forseti, vegna þess að umhverfisáhrifin af þessari hugmynd Landsvirkjunar, eins og hún var lögð fram í matsskýrslu, hefðu orðið svo mikil, miklu meiri en umhverfisáhrifin af þeirri hugmynd sem hæstv. settur umhvrh. byggir á. Þá þarf þessi hugmynd sem umhvrh. hefur lagt hér til ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum, bara af því að það eru örugglega minni áhrif en af þeirri hugmynd sem Landsvirkjun lagði fram. Mér finnast þetta ekki haldgóð rök. Mér finnst þetta frekar vera hártoganir, herra forseti, en nokkuð annað.

[16:52]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. minnti á andstöðu í sveitunum við raflínurnar. Það er rétt hjá henni, það var mikil andstaða við fyrstu hugmyndir Landsvirkjunar um raflínurnar. Það ég best veit hefur Landsvirkjun lagt sig fram um að ná samkomulagi um það mál og ég minni á að fyrir ekki mörgum vikum sendu sveitarstjórnirnar á svæðinu frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem þær hvöttu mjög til þess að þessi framkvæmd yrði að veruleika, þ.e. stækkun Norðuráls. Og ef ég man rétt skrifuðu allir undir, Akraneskaupstaður, Innri-Akraneshreppur, Skilmannahreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Leirár- og Melasveit, Borgarbyggð og Borgarfjarðarsveit.

Hv. þm. talar um að þröngva þessu verkefni inn. Hverju er verið að þröngva inn? Stækkun á þessu góða fyrirtæki sem er á Grundartanga í mikilli sátt við umhverfi sitt? 300–400 nýjum störfum og 12 milljarða aukningu á ári í útflutningi? Hv. þm. talar um að við séum að verða stærsta álútflutningsland álfunnar. Við flytjum í dag út 0,5% af því áli sem notað er á heimsmarkaðnum. Ef Fjarðaál verður að veruleika og þessi stækkun á Norðuráli verðum við með 2%.

Hv. þm. spyr hvort ég geri mér ekki grein fyrir þeirri hættu sem starfsmenn í álverum standi frammi fyrir, og talar um krabbamein í því sambandi. Mér finnst þetta glannalegt tal, vægast sagt, og hún talar um umhyggju sína fyrir þessu fólki. Er ástandið hjá Ísal virkilega eins og hv. þm. nefnir? Mér finnst bara hv. þm. ekki geta talað hér með þessum hætti. Og ég minni á að allar mælingar á álverinu Norðuráli á Grundartanga sýna að mengun er langt innan þeirra viðmiðunarmarka sem sett voru þegar það fyrirtæki fékk heimild til rekstrar verksmiðjunnar á Grundartanga, langt innan marka.

Ef það á ekki að stunda þessi störf af því að þau séu svo hættuleg, hvað þá með sjómennsku? Slysatíðni sjómanna er miklu hærri en allra annarra starfsstétta í landinu. Eigum við þá nokkuð að stunda sjómennsku?

Og aðeins af því að hv. þm. sagði að ég hefði nefnt Jón Bjarnason, ég gerði það ekki í sambandi við tal um störf við mengandi stóriðju. Mér varð fyrst og fremst hugsað til hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur sem hefur haldið þessu fram á Alþingi aftur og aftur, ár eftir ár.

[16:54]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að við hv. þm. Guðjón Guðmundsson erum á öndverðum meiði hvað varðar atvinnustefnu fyrir Ísland og Íslendinga. Og ég sætti hv. þm. Guðjón Guðmundsson ekki við mína stefnu og hann mig auðvitað ekki við sína. Þar sem við getum hins vegar náð saman er auðvitað í þessum viðmiðunarmörkum sem hv. þm. nefnir í andsvari sínu. Það er auðvitað í því að ná upp umhverfisstöðlum og ásættanlegum stöðlum á þessum vinnustað. Þegar ég ræddi um það áðan í ræðu minni að fólk sem starfar í kerskálum í álverum væri í ákveðinni heilsufarslegri áhættu er það vegna þess að ég þekki greinar sem hafa verið skrifaðar um þetta og þá er verið að tala um á heimsvísu. Ég er ekki að tala um einstök álver í því sambandi.

Auðvitað skiptir það verulegu máli að hér hefur verið reynt að standa vel að verki í þessum efnum og ég þekki það vel, t.d. í álverksmiðjunni suður í Straumsvík, hvernig búið hefur verið að starfsfólki. Það er búið ákaflega vel að því. Ég þekki það ekki á Grundartanga því það álver hef ég ekki skoðað.

Auðvitað verðum við að standa saman um það að umhverfisstaðlar séu allir virtir þannig að við lágmörkum þá áhættu sem fólk starfar við. Á sama hátt verðum við að einbeita okkur að því að lágmarka umhverfisáhrifin og sjá til þess að alþjóðlegir staðlar sem við höfum undirgengist í þeim efnum séu líka virtir. Hluti af því að virða umhverfislega staðla er t.d. það að grafa háspennulínur í jörð á þeim kafla þar sem þær ógna t.d. búsetu eða annarri atvinnustarfsemi. Ég held að við hv. þingmaður verðum að ná saman í því að fara í að lágmarka öll þessi áhrif sem við eigum á hættu að verði gífurleg ef það er ekki einhver sem stendur á bremsunni. Og ef ég á að vera í því hlutverki að standa á bremsunni er ég alveg til í það.

[16:57]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að við erum á öndverðum meiði varðandi atvinnustefnu í þessu landi og verðum það væntanlega. Ég ber svo sem alveg virðingu fyrir því að aðrir hafi aðrar skoðanir en ég. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að nýta auðlindir okkar til lands og sjávar innan skynsamlegra marka til að auka hagsæld þessarar þjóðar og ég tel að við gerum það m.a. með því að virkja fallvötnin til raforkuframleiðslu til orkufreks iðnaðar. Ég tel að það hafi gefist okkur vel hingað til og muni vonandi gera það áfram.

Það er alveg rétt sem hv. þm. segir, það þurfa að vera ásættanlegir staðlar á vinnustað og það er bara svo í þessum verksmiðjum okkar að þar er mjög vel að þessum málum staðið og það hefur verið reynt að standa mjög vel að því verki. Hv. þm. nefnir að hún hafi kynnt sér þetta í Ísal og þar sé vel að fólki búið. Ég fullyrði við hana að það er einnig svo á Grundartanga. Ég kem oft í þessar verksmiðjur þarna á Grundartanga og það er mjög vel að öllu staðið, báðar verksmiðjurnar eru með öryggisfulltrúa sem leggja áherslu á vinnuumhverfi fólksins og að vel sé að því búið. Ég hvet hv. þm. fyrst hún hefur ekki kynnt sér þessa verksmiðju að fara þangað í heimsókn og skoða niðurstöður mengunarmælinga varðandi Norðurál. Þær eru mjög merkilegar, ég skoðaði þær síðast á mánudagskvöldið og það er eiginlega með ólíkindum hvað verksmiðjan er langt innan þeirra marka sem henni er heimilt að vera varðandi alla mengun. Og ég fullyrði að það er afskaplega vel búið að fólki þarna. Það er sem betur fer mjög lág slysatíðni, m.a. vegna þess að þetta fyrirtæki leggur mikla áherslu á starfsaðstöðu fólksins og leggur sig fram um að skapa gott vinnuumhverfi.

Ég ítreka það að ég hvet hv. þingmann til að heimsækja þetta ágæta fyrirtæki, ég er alveg viss um að hún mun koma betri manneskja til baka.

[16:59]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg til í að lalla með hv. þingmanni um skálana í verksmiðjunni á Grundartanga og ég efast ekkert um að það gæti orðið fróðlegt og skemmtilegt að hitta það fólk sem þar starfar. Ekki ætla ég að hafna því að koma þangað og heimsækja fólkið.

Hins vegar verð ég að halda því til haga, herra forseti, að með því að setja álframleiðsluna svona framarlega í röðina hvað varðar atvinnuuppbyggingu á Íslandi hef ég haldið því fram að við séum að fórna hagsmunum annars konar atvinnuuppbyggingar, þ.e. atvinnuuppbyggingar sem byggir á því að þetta land bjóði upp á hreina náttúru. Sérstaðan hefur falist í því að við erum að bjóða ferðamönnum að skoða náttúruperlu í Norðurhöfum, ferðamönnum sem koma frá Evrópulöndum þar sem búið er að nýta nánast hvern fersentimetra af löndum þjóðanna, frá löndum sem eru í raun og veru búin að vera að koma þungaiðnaði út fyrir landamæri sín. Við vitum, herra forseti, að þungaiðnaði hefur verið skóflað í stórum stíl út úr Evrópu og til þróunarríkjanna, til þriðja heims ríkja, vegna þess að menn vilja ekki hafa álbræðslur eða þungaiðnað við bæjardyrnar sínar. (Gripið fram í.) Ef við erum að markaðssetja okkur sem hreina náttúruparadís í Norðurhöfum skýtur auðvitað skökku við, herra forseti, þegar við bjóðum síðan ferðamönnunum okkar upp á það að keyra frá Keflavíkurflugvelli í gegnum hraunið — mönnum finnst eins og þeir séu komnir til tunglsins þegar þeir keyra í gegnum hraunið (**Gripið fram í:** Suðurstrandarveginn.) — og það endar á því eftir u.þ.b. hálftímaakstur að við sýnum þeim álverksmiðju. Það má segja að það sé fyrsta mannvirkið sem ferðamennirnir okkar sjá þegar þeir koma til landsins. Svo ætlum við með þá út fyrir bæinn og sýna þeim landið, keyrum sem leið liggur í gegnum Hvalfjarðargöngin og norður í land og þá blasa við okkur tvær verksmiðjur á Grundartanga, álverksmiðja og járnblendið. Þessir ferðamenn vita náttúrlega ekki hvaðan á þá stendur veðrið, þeir halda að þeir hafi lent á vitlausum stað.

[17:01]

Útbýting þingskjala:

Eign Íslendinga í erlendum félögum, 682. mál, fsp. ÖJ, þskj. 1105.

Félög í eigu erlendra aðila, 679. mál, fsp. JóhS, þskj. 1102.

[17:01]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um breytingu á lögum um álbræðslu á Grundartanga. Ég sit í iðnn. fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Ég ætla við fyrstu umræðu ekki að hafa langt mál um þetta frv. En ég set stórt spurningarmerki við frv. þar að lútandi að heimilt verði að fara í 300 þús. tonn. Nú þegar er heimild fyrir 180 þús. tonna framleiðslu fyrir þetta álver, þ.e. leyfilegt er að stækka úr 90 þús. tonnum í 180 þús. tonn.

Ég vil taka undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram varðandi þessa málsmeðferð. Hér er verið að henda stórmálum inn í þingið á allra síðustu dögum þess. Vika er eftir af þinginu. Í iðnn. erum við með gríðarlega stór mál til meðferðar, svo sem raforkulögin og einsýnt er að iðnn. verður að vinna í þessum málum yfir helgina. Í sjálfu sér held ég að frv. til laga um álbræðslu á Grundartanga þurfi ekki að taka mjög langan tíma vegna þess að nefndin er fest í því vinnuferli sem átti sér stað varðandi álbræðslu í Reyðarfirði og þekkir þess vegna mjög vel til þeirra mála. Þetta er náttúrlega sambærilegt. En hér hangir miklu meira á spýtunni en bara Grundartangaverksmiðjan vegna þess að afla þarf orku til þess að stækkunaráform geti orðið að veruleika.

Ég nefndi áðan að verksmiðjan hefur heimild til þess að fara í 180 þús. tonna framleiðslu. En breytingin hér er sú að aukið er við heimildir verksmiðjunnar þannig að hún geti farið í 300 þús. tonn.

Það sem hangir á spýtunni varðandi þessar auknu heimildir og það að fara úr 90 þús. tonnum í 180 þús. tonn er auðvitað gríðarleg raforkuöflun. Það er einkum þar sem iðnn. þarf að fara virkilega vel yfir málin. Þar kemur fram í gögnum að áformað er að í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur verði Nesjavallavirkjun stækkuð úr 90 megavöttum í 120 megavött. Ein vél verður sett í gang á Nesjavöllum. Þetta eru virkilega hlutir sem ég tel að hv. iðnn. þurfi að fá mjög góðar upplýsingar um vegna þess að komið hefur fram að niðurdráttur er í svæðinu á Nesjavöllum, þ.e. þar minnkar þrýstingur, enda kemur fram í gögnum að bora mun þurfa fleiri holur eftir því sem árin líða á Nesjavöllum. Það er náttúrlega stóralvarlegur hlutur að setja orkulindir höfuðborgarinnar á spil. Við þurfum náttúrlega að vita til lengri tíma litið hvað við erum að gera í þessum efnum. Þess vegna er mjög brýnt að hæstv. iðnn. fái mjög glöggar upplýsingar um að áform um að auka orkuöflun á Nesjavöllum muni

ekki leiða til einhverra stórvandræða hér að örfáum áratugum liðnum hvað varðar orkuöflun til höfuðborgarinnar frá Nesjavöllum.

Við gerum okkur öll grein fyrir því að jarðhitasvæði eru líka á Hellisheiði þar sem Orkuveitan er að þreifa fyrir sér. En þar er svo sem ekkert fast í hendi.

Það er líka ástæða fyrir hv. iðnn. að fara yfir áform um að auka orkuvinnslu hjá Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi og á Reykjanesi. Ég vil sjá og setja í umræðu allan þann pakka vegna þess að síðast þegar ég átti samtöl með hæstv. iðnn. við forsvarsmenn Hitaveitu Suðurnesja var sá skilningur í mínum huga eftir þau samtöl að mjög langan tíma tæki að virkja t.d. á nýju svæðunum á Reykjanesi, menn þyrftu að þekkja orkusvæðin, vélarnar þyrftu að koma taktfast inn og þetta væri ekki gert einn, tveir og þrír. Mér skilst að tiltölulega auðvelt sé að auka framleiðsluna um 16 megavött í Svartsengi sjálfu. En hitt orkusvæðið er sjálfstætt og ónumið. Mér finnst því að nefndin þurfi að fara ákaflega vel yfir í þessa hluti og gera sér grein fyrir því hvert við stefnum.

Það er líka algjörlega óviðunandi að samþykkja frv. til laga um þvílíka stækkun Norðuráls þegar enn hefur ekki litið dagsins ljós áætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Að manni læðist sá grunur að áform ríkisstjórnarinnar séu þau að áætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma muni ekki líta dagsins ljós fyrr en búið er að hnýta það með leyfum að stækka Grundartanga, álverið í Straumsvík og svo náttúrlega það sem komið er í höfn frá hinu háa Alþingi, verkefnið fyrir austan. Við hljótum að krefjast þess að áætlun um nýtingu vatnsafla og jarðvarma sé grunnur að þeim leyfum sem er verið að gefa eða áformum af þessu tagi.

Mér finnst þess vegna einboðið að hv. iðnn. verði að fara vel yfir þessi mál á grunni þess að gríðarlegrar orkuöflunar þarf við til að hægt sé að auka framleiðsluna eins og áformað er. Ég bendi á að verksmiðjan á Grundartanga hefur þegar leyfi fyrir helmings stækkun og það þarf um 150 megavatta afl í þessa helmings stækkun.

Auðvitað viljum við sjá hvert stefnir í framtíðinni t.d. hvað varðar orkuöflun til hinnar almennu notkunar á höfuðborgarsvæði. Ætla menn bara án áætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma að binda orkunotkunina við þessi stóru fyrirtæki og sitja upp einn góðan veðurdag með mjög takmarkaða möguleika fyrir almenna notendur hér? Eru menn að setja á spil orkulindir Reykjavíkur eins og á Nesjavöllum? Það hefur verið talað um það áður. Það eru bara nokkrir mánuðir síðan menn sögðu í mín eyru þar á bæ að mjög heppilegt væri að setja ekki inn aukavélasamstæður núna því ástæða væri til þess að fylgjast vel með svæðinu, hvernig það artaði sig og nú kemur fram í gögnum að örlítill niðurdráttur er í svæðinu sem bendir til þess að kannski sé varasamt að fullnýta það. Ef hægt er að fullnýta það og menn trúa því að það sé hægt, hve mörg ár er þá verið að tala um? Er verið að tala um 10, 20 eða 30 ár?

Við sem höfum fylgst með orkunýtingu á þessu sviði gerum okkur grein fyrir því að menn hafa víða lent í vandræðum á hitaveitusvæðum þar sem dælt hefur verið óeðlilega miklu út úr jarðhitasvæðum og orkuveitur hafa lent í vandræðum og gríðarlegum kostnaði þar að lútandi. Þetta verðum við að fá að vita. Við verðum að fá framtíðarsýn til nokkurra áratuga bæði hvað varðar jarðhitasvæði Reykjavíkurborgar og ekki síður jarðhitasvæði Suðurnesjamanna. Af hverju er þetta írafár? Þessu er kastað inn í nefndarvinnu viku fyrir þinglok. Þetta eru óvönduð vinnubrögð. Þetta nær ekki nokkurri átt. Hér er verið að tala um þvílíkt stóra hluti, ekki bara verksmiðju heldur orkupólitík höfuðborgarsvæðisins í heild sinni. Vandaðra vinnubragða þarf við.

Þetta er í allt öðru formi en ég hef fengið upplýsingar um eins og ég gat um áðan, bæði hvað varðar Nesjavallasvæði og Reykjanessvæði. Hvers vegna er nú allt í einu hægt, hæstv. iðnrh., að fara út í orkuöflun sem nemur 80 megavöttum á Reykjanesi þegar upplýsingar eru gefnar bara fyrir örfáum mánuðum um að það verði að gerast hægt og rólega með því að setja inn 10–15 megavatta túrbínur eftir því sem menn þekkja og kunna á svæðið? Þetta eru grundvallarspurningar sem við verðum að fara yfir.

Það þarf orkuöflun fyrir þessari helmingsstækkun sem leyfi er fyrir. Það eru 150 megavött. Hvar ætla menn að taka restina? Við verðum að fá að vita hvar það á að vera. En ekki er til rammaáætlun þannig að enginn veit. Þetta er pólitík sem byggir á því að skella sér á magann og sjá hvernig fer. Það er engin heildstæð stefna.

Hvað eiga menn von á því að höfuðborgarsvæðið vaxi að mannfjölda og hvernig eiga menn von á því að iðnaðurinn byggist upp hér á þessu svæði sem augljóslega þarf orku? Ætla menn brenna allar brýr að baki sér þannig að þeir aðilar þurfi að afla sér miklu dýrari orku kannski allt annars staðar af landinu? Við höfum engin svör við þessum framtíðaráformum. Um þetta snýst málið.

Það er engin ástæða til þess að gefa þessa auknu heimild núna upp í 300 þús. tonn. Ekkert liggur á. Fyrirtækið hefur heimild til þess að tvöfalda framleiðslu sína og til þess þarf 150 megavött. Af hverju þarf að fara með frv. í gegnum þingið núna viku fyrir þinglok um að fyrirtækinu sé heimilt að fara upp í 300 þús. tonn?

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst og fremst koma fram með þessar athugasemdir við 1. umr. um málið. Auðvitað munum við kalla aðila til umsagnar eins og hægt verður miðað við þennan tíma í hv. iðnn. Það er augljóst. En tíminn er mjög knappur. Bara næsta helgi er eftir til vinnu og síðan þingdagarnir í næstu viku.

Síðan vil ég bara segja eitt í sambandi við atvinnustefnu. Okkur hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er legið á hálsi fyrir að tala niðurlægjandi um þá sem vinna í álverum. Það er alls ekki svo. Hins vegar hafa stjórnarliðar talað t.d. um ferðamannaþjónustuna sem atvinnugrein byggða á láglaunastörfum. Þeir sem tala þannig um ferðaþjónustuna vita ekkert hvað ferðaþjónusta snýst um. Ég veit ekki til þess, hingað til alla vega, að t.d. stéttir eins og flugstjórar væru illa launaðar, ferðaskrifstofufólk, sölumenn, þjónar eða matsveinar á hótelum og veitingahúsum. Málflutningur af því tagi er því gjörsamlega út í hött.

Ég hnýti þessu bara hér aftan í vegna þess að það kom þráfaldlega fyrir í ræðum hv. þingmanna í dag að ferðamannaþjónustan byggðist á illa launuðum störfum.

Virðulegi forseti. Að endingu vil ég árétta það að ég lýsi andúð minni á því að henda inn þessu stóra máli á síðustu dögum þingsins. Ég held að ekki sé nokkur nauðsyn á því. Fyrirtækið hefur heimild til þess að stækka og er í samningum við Landsvirkjun hvað varðar orkukaup til þeirrar stækkunar. Mér er ómögulegt að skilja af hverju þarf að veita heimild til stækkunar upp í 300 þús. tonn þegar ekki liggja fyrir nokkur áform eða nokkur skýrsla um það hvernig við ætlum að nýta vatnsafl og jarðvarma í landinu og að ég tali nú ekki um hér í næsta nágrenni höfuðborgarsvæðis,

vegna þess að þar á orkuöflunin að miklu leyti að fara fram.

[17:15]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að þetta mál kemur mjög seint fram. En allir sem fylgjast með stjórnmálum á Íslandi og almennri umræðu vita hvers vegna það er.

Eitt tel ég að sé misskilningur hjá hv. þm. Ég sé a.m.k. þá hluti öðruvísi en hann, þ.e. að þingið eða þingnefnd eigi að vera sérstakur eftirlitsaðili og gæta þess að þessi fyrirtæki afhendi þá orku sem þau telja sig geta afhent. Auðvitað eru þetta viðskipti fyrirtækjanna og þessa ágæta fyrirtækis Norðuráls. Ég sé ekki að það sé neitt sérstakt hlutverk Alþingis sinna því eftirliti. Þetta er nú ekki í fyrsta skipti sem þau fyrirtæki standa í viðskiptum sem þessum.

Eins og komið hefur fram hefur fyrirtækið Norðurál starfsleyfi fyrir upp í 300.000 tonna stækkun. Hins vegar skiptir það fyrirtækið máli, t.d. í þeim samningum sem eru fram undan varðandi hráefnisöflun, að þetta leyfi og samþykkt Alþingis liggi fyrir. Ég tel í raun einfalt mál fyrir hv. Alþingi að samþykkja þetta frv. Frv. er ekki flókið. Við þekkjum fyrirtækið og ég trúi ekki öðru en að allir sem hér eru treysti því fólki sem þar starfar. Fyrirtækið hefur staðið sig vel og nýtur álits á Íslandi. Þess vegna er þetta nú ekki eins óskaplega flókið og hv. þm. vill vera láta.

[17:17]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst þetta algjörlega glórulaust andsvar hjá hæstv. iðnrh. Telur hæstv. iðnrh. virkilega að þetta sé bara spurning um bisness milli fyrirtækja? Af hverju heldur hæstv. iðnrh. að við séum að gera áætlanir um nýtingu auðlinda, t.d. í sjávarútvegi? Þetta er nákvæmlega eins auðlind. Gengur ekki næsta frv. á dagskrá út á það, þ.e. um breytingu á lögum um raforkuver? Er það ekki vegna þess að hið háa Alþingi vill stjórna því hvernig farið er í þessa auðlind? Það hefur ekkert með viðskipti að gera.

Sú stjórn sem hæstv. ríkisstjórn og Alþingi vill hafa á þessum málum er grunnur viðskipta, sem er allt annars eðlis, alveg eins og útgerð er rekin á grunni fiskveiðistjórnarstefnu. Það undrar mig því stórlega að hæstv. iðnrh. skuli leyfa sér að segja að þetta sé spurning um viðskipti. Auðvitað er það ekki svo. Var ég ekki að draga það fram í umræðunni, að við viljum vita hvað er verið að gera í nágrenni höfuðborgarsvæðisins varðandi nýtingu þessarar auðlindar? Erum við að gera eitthvað sem leiðir til þess að notkun á hitasvæðunum standi skemur en annars hefði orðið? Margir álíta það. Við vitum að þetta er ekki óþrjótandi auðlind, eins og dæmin varðandi lághitasvæði sanna, sérstaklega þar sem menn hafa lent í þurrð.

Við förum fram á að hér verði sett fram orkustefna á grunni rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

[17:19]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Kannski er ekki miklu við það að bæta sem ég sagði áðan. Ég vil þó taka fram, vegna þess að hv. þm. sagði í ræðu sinni að í raun væri óþarft að koma með þetta mál inn í þingið, að raunar er svolítið til í því. Það lá ekki alveg fyrir að nauðsynlegt væri að ganga út frá lagabreytingu í sambandi við t.d. Norðlingaölduveitu vegna þess að í vatnalögum er iðnrh. gefin heimild til að veita slík leyfi varðandi veitur. Við fjöllum nú betur um þetta á eftir en vegna þess að lög um raforkuver taka á ýmsum þeim veitum sem starfa nú þegar eru það skýrari og betri vinnubrögð að mínu mati að setja lög um Norðlingaölduveitu.

Hvað varðar jarðgufuvirkjanir sem hér er talað um að stækka þá hefur það fram til þessa verið, eftir því sem ég fæ skilið, stefna þingflokks Vinstri grænna að þær virkjanir væru miklu betri, fallegri og jákvæðari en vatnsaflsvirkjanir.

[17:20]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Það eru útúrsnúningar hjá hæstv. iðnrh. að tala um að Vinstri hreyfingin – grænt framboð sé þeirrar skoðunar að gufuaflsvirkjanir eða jarðhitavirkjanir séu betri en aðrar virkjanir. Við höfum alls ekki sagt neitt á þá lund. Við höfum hins vegar talið að við ættum ekki að virkja í svo miklu offorsi til stóriðju. Það þýðir ekki að við getum ekki virkjað í þessu landi. Það hefur aldrei komið neitt annað fram.

Við förum í næsta mál, varðandi virkjanaleyfin á eftir. Þá gefst betra tóm til að ræða þessi mál frekar. Ég ætla því ekki að hafa þessi orð fleiri.

[17:22]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Daginn eftir að hið háa Alþingi samþykkir heimildarlög vegna álvers við Reyðarfjörð tekur það til umfjöllunar frv. um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga. Það er ekki skrýtið að einhverjum finnist áherslur í atvinnumálum býsna einhæfar um þessar mundir.

Herra forseti. Ég ætla að byrja á að vekja athygli á atriði sem Samfylkingin vakti rækilega athygli á varðandi álver við Reyðarfjörð. Það er í e-lið 3. gr. þessa frv. Þar er verið er að setja nýja málsgrein inn í samninginn sem nú þegar gildir um álverið við Hvalfjörð.

Þessi nýja grein á að orðast svo, með leyfi forseta:

„Í fjárfestingarsamningi er heimilt að kveða á um að skattar eða gjöld verði ekki lögð á raforkunotkun félagsins og útblástur lofttegunda eða aðra losun úrgangsefna, nema slíkir skattar og gjöld séu lögð með almennum hætti á öll önnur fyrirtæki hér á landi, þar með talin álfyrirtæki."

Herra forseti. Ef ákvæðið gagnvart þessu fyrirtæki er með öðrum hætti í gildandi lögum hvaða nauðir rekur til þess að þetta ákvæði sé sett inn núna? Þá kem ég að erindi mínu í umræðuna um þetta mál.

Mér finnst nauðsynlegt að hæstv. ráðherra upplýsi betur en hún gerði í framsögu sinni á hverju þessi ákvæði í 3. gr. byggja. Ég sé svipinn á þeim. Hann er nokkuð ljós. En ég spyr hæstv. ráðherra: Á hverju byggja þessi ákvæði? Af hverju eru þau eins og þarna stendur? Af hverju þarf að breyta ákvæðum sem fyrir eru í samningum á þann veg sem hér kemur fram? Ég óska eftir skýrum svörum.

Liggur fyrir samningur um framkvæmdina? Liggur fyrir samningur sem byggir með einhverjum hætti á þessum ákvæðum? Þegar við fjölluðum um álverið við Reyðarfjörð voru ákvæði frv. að hluta til ákvæði þess samnings eða þeirra samningsdraga sem fyrir lágu. Þar af leiðandi mátti fáu eða engu hnika. Það var heldur ekki gert. Þær breytingar sem voru gerðar voru tæknilegar eða orðalagsbreytingar.

Liggur hér samningur að baki sem gerir að verkum að ákvæðin þurfa að vera með þessum hætti? Eru þau þá undir sömu sök seld og þau ákvæði sem samþykkt voru á Alþingi í gær varðandi álver við Reyðarfjörð, eða er hæstv. ráðherra að skrifa samninginn með þessu frv.?

Þá væri líka athyglisvert að vita, vegna þess að það hlýtur að spila saman, annars vegar orkuverð og hins vegar önnur samningsákvæði: Liggur orkuverðið fyrir? Er Landsvirkjun búin að semja um orkuverð varðandi álbræðslu á Grundartanga við framkvæmdaraðila sem við vitum kannski ekki enn hver verður? Er búið að semja um orkuverð? Ef ekki, hvaða forsendur gáfu menn sér þá í þessum ákvæðum í 3. gr.?

Ég hef skilið það þannig, herra forseti, að allt yrði þetta að spila saman með ákveðnum hætti en þessu kem ég ekki alveg heim og saman og óska eftir skýrum svörum.

Herra forseti. Eftir 2. umr., við afgreiðslu um álverið við Reyðarál var ég með atkvæðaskýringu um skattagreinina. Ég óskaði Alþingi þess þá að við þyrftum ekki oftar að takast á við frumvörp af slíku tagi, þ.e. að hinum sértæku aðgerðum ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum færi senn að ljúka. Líklega mun þeim ekki ljúka fyrr en hér verða kosningar og skipt verður um ríkisstjórn. Satt best að segja þá er svona nánast yfir mann gengið. Hér rekur hver sértæk aðgerðin aðra hjá ríkisstjórn sem reynir að gefa sig út fyrir að vera ríkisstjórn hinna almennu úrræða, með almennar leikreglur. Já, það er nú heldur.

Það er ótrúlegt að á sama tíma og fjallað er um álver við Reyðarfjörð, allar þær sértæku reglur sem það álver fékk og öll þau frávik frá því starfsumhverfi sem önnur íslensk fyrirtæki búa við, skyldi þetta verða til. Af hverju tókust menn ekki á við að reyna að búa til reglur sem gætu þá gilt fyrir fyrirtæki þessarar gerðar eða almennar reglur sem ættu við öll fyrirtæki? Af hverju fóru menn enn á ný þessa gömlu leið hinna sértæku úrræða?

Svarið hlýtur að liggja í því að hér er búið að gera eitthvað fleira. Að baki hlýtur að liggja samningur og orkuverð, eða hvað? Á hverju byggja þessi ákvæði? Það er satt að segja ógeðfellt að þurfa að standa í þessum sértæku aðgerðum gagnvart hverju fyrirtækinu á fætur öðru. Þó að manni sé ekki á móti skapi að þessi uppbygging eigi sér stað er aðferðin slík að það hlýtur að taka á fleiri en mig að þurfa að taka þátt í þessum vinnubrögðum.

Herra forseti. Ég vek athygli á því að við erum að fjalla um þetta mál sama dag og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson segir okkur að það hafi verið ákvörðun ríkisstjórnarinnar að ríkisbankarnir settu 6 milljarða kr. í deCODE sem hlutafé á sínum tíma. Sannarlega er þetta dagur hinna stóru sértæku aðgerða og umfjöllunar um þær.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara í einstök atriði 3. gr. Það gerði hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir áðan. En það varð ekki hjá því komist, vegna þess að hún gerði það ekki sérstaklega að umræðuefni, að fjalla um e-liðinn, þ.e. þann lið sem kveður á um útblástur lofttegunda.

Svo virðist að fyrirtæki í áliðnaði ráði því núorðið með hvaða hætti íslensk fyrirtæki leggja á mengunarskatta eða úthluta mengunarkvótum ef til þess kemur í næstu framtíð, þ.e. ríkisstjórnin vill selja íslensk stjórnvöld undir það með hverju frv. á fætur öðru að ef þessi fyrirtæki eigi að greiða útblástursskatt þá þurfi það að vera með almennum hætti og eins og á öll önnur fyrirtæki hér á landi.

Nú er ekkert á móti því að menn reyni að móta reglur sem geti átt við öll fyrirtæki hér á landi. Hins vegar væri æskilegt fyrir íslensk stjórnvöld að geta sjálf haft það á valdi sínu með hvaða hætti þau nálgast þessa skatta, með hvaða hætti þau kjósa að beita hagrænum aðferðum til að draga úr mengun. Það er alveg ljóst að þar sem menn eru farnir að velta þessum hlutum alvarlega fyrir sér hefur bestur árangur náðst þar sem þeir nýta þær aðferðir að þeir hagnist á því að menga minna, þ.e. að menn beiti svokölluðum hagrænum aðgerðum. Það hlýtur að koma að því að Ísland þurfi að gera það líka. Að því hlýtur að koma, þó svo að menn tali hér um endurnýjanlega orkugjafa og hreina orku — þó að það megi nú setja svolítið innan sviga eins og menn vita — þá hlýtur að koma að því að við þurfum að stemma stigu við útblæstri.

Þó að Ísland sé eyja er það ekki eyja í mengunarmálum. Það hefur komið fram og kom nú síðast fram í atkvæðaskýringu hæstv. umhvrh. í gær við lokaafgreiðslu frv. um álver við Reyðarfjörð þar hún taldi okkur það til tekna að við værum með vatnsaflsvirkjun sem væri til muna hagkvæmari mengunarbúskap heimsins en kolavirkjanir.

En það hlýtur að koma að því að við þurfum að hugsa okkur um, að við þurfum að grípa til aðgerða sem eru þá í samræmi við það sem aðrir eru að gera. Mér finnst það ekki nógu gott, mér finnst það í rauninni mjög slæmt að íslensk stjórnvöld skuli tilbúin til þess að láta samninga við fyrirtæki í tiltekinni atvinnugrein ráða því hver stefnan á að vera í framtíðinni. Það er sjálfsagt að hafa reglur þannig að þær séu eins gagnvart þeim fyrirtækjum sem eins er ástatt um, þ.e. að fyrirtæki í sömu atvinnugrein búi við sömu reglur, að fyrirtæki í samkeppni búi við sömu reglur. En að ekki megi leggja tiltekin gjöld á tiltekna tegund fyrirtækja nema öll önnur fyrirtæki í landinu borgi slík gjöld einnig, þykja mér, herra forseti, afarkostir fyrir íslensk stjórnvöld.

Nú veltur auðvitað á því hve skýr og afdráttarlaus svör hæstv. ráðherra verða hér á eftir hversu mikið þarf að vinna þetta mál í iðnn. En það er alveg ljóst að bæði þetta frv. og frv. um raforkuver sem kemur hér til umfjöllunar á eftir, þurfa mikla umfjöllun. Ég leyfi mér að gagnrýna það að þessi frv. skuli koma hér fram á síðustu dögum þingsins. Ég leyfi mér að setja spurningarmerki við að þess hafi verið þörf. Það er alveg ljóst að Alþingi verður kallað saman fljótlega eftir kosningar og þá hefði þess verið kostur að takast á við framtíðarmál eins og þessi. Mér þykir verra að Alþingi skuli eiga að fúska með þetta mál eins og greinilega er verið að gera kröfu um og hefði svo sannarlega viljað að málið hefði annan aðdraganda og væri í öðrum búningi en hér liggur fyrir.

Ég veit hver svörin eru við þessu. Þau hafa þegar komið fram. En ég vildi eigi að síður, herra forseti, láta þessa gagnrýni koma hér fram.

[17:36]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 353. mál, nál. allshn., þskj. 1106.

Kjaradómur og kjaranefnd, 683. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 1110.

[17:36]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þetta mál er hér til umræðu, stækkun álvers Norðuráls í Hvalfirði. Ég held að varla sé hægt að deila um að þessu fyrirtæki er nauðsynlegt að koma verksmiðju sinni í þannig horf að hún geti örugglega verið samkeppnishæf til framtíðar. Það er ljóst af því sem hefur komið margoft fram frá sérfræðingum á sviði þessarar framleiðslu að til þess að vera samkeppnishæfar inn í framtíðina þurfa verksmiðjur að vera býsna stórar. Verksmiðja af þeirri stærð sem hér hefur verið í gangi á Grundartanga nær ekki þeirri stærð sem þarf. Þó að þar hafi gengið vel hefur verksmiðjan notið þess að hafa verið þó nokkuð vel heppin

með aðstæður á álmarkaði í upphafi síns ferils. Ég vildi byrja á því að segja þetta.

Síðan vekja ýmsir hlutir í frv. upp spurningar. Mér verður nú á að spyrja til að byrja með um 1. gr. frv. Það kom mér satt að segja töluvert á óvart að lesa þar að það skuli eiga að vera sérstakt félag og önnur kennitala á þessari stækkun álversins. Ég átta mig ekki í fljótu bragði á því af hverju það er og ég vil biðja hæstv. ráðherra að útskýra það fyrir okkur hvernig á því stendur að þessi leið er valin. Hver eru rökin fyrir því? Ég held að það sé hollt fyrir þingið að vita það. Ég spyr líka að því af einni annarri ástæðu. Hún er sú að í 3. gr. frv. er talað um að lækka tekjuskatt eða hafa lægri tekjuskatt en er á félaginu núna. Ég átta mig ekki í fljótu bragði alveg á því hvort sú lækkun á tekjuskatti sem þarna er um að ræða á bara við um þetta nýja félag eða hvort gilda eigi 18% tekjuskattur um bæði félögin, bæði Norðurál og nýja félagið með nýju kennitöluna.

Mig langar líka til þess að biðja hæstv. ráðherra að útskýra hvers vegna menn eru svo óskaplega útbærir á lækkun tekjuskatts gagnvart þessum félögum, vegna þess að það er augljóst mál að við þá sem reka stóriðju á Íslandi hefur verið samið um skattamál, raforkuverð og fjölda annarra atriða sem öll saman komin hafa myndað þann pakka sem hefur orðið niðurstaða. Mig rak í rogastans að hlusta á ráðherrana, hæstv. forsrh. t.d., hlaupa til um leið og hann er spurður og lýsa því yfir að eðlilegt sé að lækka skattprósentuna á þessum félögum eins og þessu álveri og álverinu í Straumsvík. Ýmsir hlutir hafa verið uppi á borðum þegar samið hefur verið um raforkuverð og menn hafa greinilega litið á Landsvirkjun sem ríkisfyrirtæki alfarið í þessum skilningi. Ég velti því bara fyrir mér núna hvort þessi mál hafi verið uppi á borðum þegar Landsvirkjun var að semja við Norðurál um raforkuverð þegar rammasamningur var gerður hér fyrir líklega ári síðan eða einhvern tíma á síðasta ári.

Við höfum séð samninga um svo lágt raforkuverð við Landsvirkjun að augljóst er að það hlýtur að hafa verið pólitísk ákvörðun að gera slíka samninga og sú ákvörðun hefur í raun verið lögð á Landsvirkjun af þeim sem þar hafa ráðið á ýmsum tímum. Ég man ekki til þess að ég hafi fengið staðfestingu á því hvert raforkuverðið var þegar upphaflega var samið við Norðurál. Þó hef ég grun um að það sé mun lægra en það raforkuverð sem nú var verið að semja um fyrir nýja álverið fyrir austan. Þá spyr ég: Er þá endilega sanngjarnt að lækka líka skatt á þessum fyrirtækjum? Ég held að mörgum leiki forvitni á að vita af þessu því það er eins og menn séu svolítið fljótir til að koma til móts við hugmyndir um að lækka skatta á þessum fyrirtækjum. Það er bara hreint út sagt engin ástæða til að líta skattamál þessara fyrirtækja sömu augum og almenn skattamál fyrirtækja í landinu einfaldlega vegna þess að allt hefur þetta hangið saman.

Síðan langar mig að ræða aðeins um b-lið 3. gr. Þar er búið að semja um hvað eigi að greiða Hvalfjarðarstrandahreppi og Skilmannahreppi vegna fasteignagjalda. Ég get ekki annað en rifjað upp að stjórnvöld á Íslandi halda áfram að verðlauna lítil sveitarfélög með því að velja einhverjum stóriðjufyrirtækjum stað innan landamæra þessara litlu sveitarfélaga. Þessi litlu sveitarfélög sum hver hafa síðan haft mikla fjármuni. Þó að önnur sveitarfélög í nánasta nágrenni hafi í raun mjög litla fjármuni og lepji dauðann úr skel þá hefur verið hægt að malbika heim á hvern bæ í hinum. Á þessu máli hafa stjórnvöld greinilega ekki haft kjark til að taka. Ég verð að segja eins og er að mér finnst það algjörlega furðulegt að ekki búið að gera það. Og nú eigum við von á enn einu gullsveitarfélaginu austur á landi af því að stjórnvöld eru svo vesöl að þau þora ekki að taka á þessum málum sem er hægt að gera með einföldum hætti, t.d. með því að breyta ákvæðinu um lágmarksfjölda í sveitarfélögum þannig að örfámenn sveitarfélög geti ekki lengur fengið allar tekjurnar af framkvæmdum sem ákveðið er á hv. Alþingi að fara í.

Varðandi lokalið 3. gr., e-liðinn, þá fór hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir yfir það mál áðan. Mig langar til þess að bæta aðeins við þá umræðu. Mér finnst hæstv. ráðherra ekki hafa útskýrt nákvæmlega hvað þetta þýðir. Ég hef þá kannski ekki verið til staðar, a.m.k. hér, og heyrt það og óska eftir því að hæstv. ráðherra útskýri betur hvað þetta þýðir. Ég sé að þarna stendur að slíka skatta og gjöld, þ.e. vegna útblásturs, megi ekki leggja á nema þeir séu lagðir á öll önnur fyrirtæki á landinu, þar með talin álfyrirtæki. Þetta ákvæði gildir því um allan rekstur á Íslandi. Það þarf sem sagt að horfa yfir allt sviðið.

Ég velti því fyrir mér hvað menn hafi eiginlega verið með í huga þegar þeir skrifuðu undir þetta. Meintu menn raunverulega að þetta ætti að gilda um öll fyrirtæki eða er hægt að setja almennt ákvæði sem segir eitthvað á þá leið að öll fyrirtæki á Íslandi sem setja meiri útblástur en tiltekið magn, tiltekinn tonnafjölda á ári, út í loftið, þurfi að borga tiltekið gjald? Mér finnst mjög mikilvægt hvort svar hæstv. ráðherra verður já við þessu því að ef svarið er nei þá er þetta ákvæði þvílíkt glapræði að Alþingi getur bara ekki samþykkt það, finnst mér. Ef menn líta raunverulega þannig á að þetta ákvæði þýði að setja verði einhvers konar mengunarreglugerðir og elta uppi hvert einasta smáfyrirtæki í landinu þar sem mengunin er kannski það lítil að hún skiptir sáralitlu máli í baráttunni við mengun almennt séð, þ.e. að setja þurfi upp þvílíkt bákn til þess að fylgja eftir einhvers konar löggjöf og reglugerðum um mengun á Íslandi vegna þess að menn hafa talið sig þurft að skrifa undir eitthvert ákvæði í tveimur samningum við tvö fyrirtæki sem hafa verið til umfjöllunar á hv. Alþingi núna. Þýðir þetta þetta? Þýðir þetta öll fyrirtæki eða þýðir það að hægt sé að setja reglugerð með almennt orðuðu ákvæði um að fari mengun yfir visst hámark þá verði menn að borga gjöldin? Ég vil skilja þetta ákvæði svona og tel ástæðu til þess að spyrja hæstv. ráðherra um þetta.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta. Ég endurtek að ég tel að skynsamlegt hafi verið af stjórnvöldum hér að reyna að tryggja stækkun þessarar verksmiðju, einfaldlega vegna þess að þessi atvinnurekstur er kominn hingað og full ástæða er til að standa við bakið á þessu fyrirtæki í þeirri viðleitni að gera þennan rekstur sem best samkeppnishæfan til framtíðar og mér sýnist að það sé að gerast. En ég sé ástæðu til að spyrja um þessi atriði sem ég hef hér nefnt og vonast eftir skýrum svörum.

[17:48]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og skal endurtaka það sem ég hef reyndar sagt áður í andsvörum að þetta mál er seint fram komið, því verður ekki neitað. En það eru nokkur atriði sem mig langar aðeins að koma inn á sem hafa komið fram í umræðunni.

Þá er það fyrst að það er fundið að því að ekki skuli vera skapaðar almennar reglur um skattamál þannig að ekki þurfi að koma til þess að gerðir séu samningar eins og sá sem hér um ræðir og enn fremur sá samningur sem gerður

var við Fjarðaál. Þá er það að segja að auðvitað er það framtíðarstefna stjórnvalda að almennar reglur gildi og það verði það jákvætt og áhugavert íslenskt skattumhverfi að ekki þurfi á slíkum samningum að halda. Hins vegar er það þannig með svona stór fyrirtæki eins og hér um ræðir að þau falla ekkert sérstaklega vel að öllum þeim skattareglum sem við búum við í dag. Ýmsir skattar sem lagðir eru á eru þess eðlis að viðkomandi fyrirtæki njóta ekki þeirra kosta sem þeir skattar eiga að uppfylla, skattar sem varðar ýmis gjöld, t.d. iðnaðarmálagjald. Það hlýtur að teljast eðlilegt að á það sé litið sérstaklega.

Eins má segja um fasteignaskattana sem eru skattar sveitarfélaganna. Ég held að flestir sjái að það er dálítið langt gengið að láta fyrirtæki sem þessi sem hér um ræðir borga fasteignaskatta eins og lög kveða á um og sama má segja um gatnagerðargjöld og annað slíkt. Ég tel ekki að hér sé um að ræða jafngríðarlegar skattaívilnanir og talað hefur verið um.

Það var talað um stimpilgjöldin. Það er rétt sem kom fram að það hefur verið stefna stjórnvalda að draga verulega úr þeim. Það hefur svo sem gengið hægt, það er ekki hægt að neita því. Að það sé ósamræmi á milli fyrirtækja er rétt. Hins vegar hefur sú ákvörðun verið tekin í tengslum við stækkun Norðuráls að tekjuskattshlutfallið lækki niður í 18%. Það gerist samt ekki strax, það gerist ekki fyrr en árið 2009. Sú lækkun á að sjálfsögðu við um fyrirtækið í heild sinni, hvort sem það verður rekið áfram sem eitt fyrirtæki eða hvort sérstakt fyrirtæki verður stofnað um stækkunina.

Síðan varðandi það sem kom fram hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur. Hún segir að það vanti pólitískar ákvarðanir. Það sem kemur fram í þessu frv. er pólitísk ákvörðun. Það er pólitískur vilji stjórnvalda að heimila þessa stækkun, og frv. gengur út á það. Þegar það hefur verið samþykkt hér sem lög frá Alþingi er það pólitísk stefna og pólitísk ákvörðun.

Síðan er það ákvæðið í 3. gr. sem hefur komið hér til umfjöllunar, síðasta málsgrein 3. gr. Það snýst um að heimilt verði í fjárfestingarsamningi að kveða á um að skattar eða gjöld verði ekki lögð á raforkunotkun félagsins og útblástur lofttegunda eða aðra losun úrgangsefna nema slíkir skattar og gjöld séu þá lögð með almennum hætti á önnur fyrirtæki hér á landi þar sem samsvarandi útblástur eða mengun á sér stað, þar með talin álfyrirtæki. Þetta er í sjálfu sér ekkert annað en það að hér er kveðið á um að jafnræði skuli gilda á milli fyrirtækja. Þetta er engin dekurstefna við eitt eða tvö fyrirtæki, þetta er jafnræðisregla. Ég útiloka ekki að það sé hægt að hugsa sér að það verði eitthvert gólf þannig að það þurfi ekki að leggja þetta á — ef til þess kemur — smæstu fyrirtæki og allra minnsta útblástur, heldur sé alveg hægt að hugsa sér að þarna verði um það að ræða að þeir sem eru með slíkt alveg í lágmarki mundu ekki falla undir þetta ákvæði. Þetta eru bara hlutir sem ekki er búið að taka neina ákvörðun um en engu að síður er kveðið á um þetta í frv. Mér finnst hv. þingmenn vera að gera of mikið úr þessu og að það beri svolítinn keim af því að það sé verið að finna sér eitthvað til þess að setja út á, en ég lýsi nú ánægju með það að mér heyrist að hv. þm. Samfylkingarinnar séu almennt hlynntir þessari stækkun álversins á Grundartanga. Það er gott mál.

Mig langar til að fara nokkrum orðum um rammaáætlun sem hér hefur komið þó nokkuð mikið til umfjöllunar. Undirbúningur að gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma hófst í apríl 1999 með skipun verkefnisstjórnar og faghópa. Í 1. áfanga, sem er að ljúka, er áhersla lögð á mat virkjunarhugmynda í jökulám, að mestu á hálendinu, og á mat hugmynda um virkjun jarðhita til raforkuframleiðslu á háhitasvæðum nærri byggð auk Torfajökulssvæðis. Mat stendur nú yfir á 19 kostum í vatnsafli og um 20 kostum í jarðhita. Niðurstöður faghópa munu berast verkefnisstjórn í marsmánuði, þ.e. í yfirstandandi mánuði. Verkefnisstjórnin mun draga þær saman í yfirlitsmyndir og skýrslur sem greina frá þeirri aðferðafræði sem beitt er við mat og samanburð, annmörkum sem eru á matsvinnu vegna skorts á gögnum eða vegna annarrar óvissu, og ýmsum leiðum til að raða virkjunarhugmyndunum í forgangsröð með tilliti til hagkvæmni og umhverfisáhrifa. Þess er vænst að gögnin nýtist einnig sem upplýsingar fyrir þá sem vinna að skipulagsáætlunum um landnotkun og verndaráætlunum fyrir landsvæðin.

Niðurstöður 1. áfanga munu sýna að það sem mestu ræður um röðun kosta er annars vegar hagkvæmni og hins vegar þættir sem ráðast af mati á náttúrufarslegum gildum. Það sem skilar mestu í heildarmati á umhverfisáhrifum af orkuvinnslu er að bera saman orkuvinnslukosti og vísindalega unna náttúruverndaráætlun. Þess vegna er mikilvægt að treysta vísindalegan grunn að verndaráætlunum fyrir hálendi Íslands. Niðurstöður í 1. áfanga byggjast á samanburði á milli einstakra virkjunarsvæða en ekki nema að litlu leyti á sýn til landsins alls. Matið er mikið byggt á náttúrufarslegu verðmæti einstakra svæða en það mat hlýtur að líða fyrir skort á yfirsýn þegar eingöngu eru til rannsóknir á þeim stöðum sem áhugaverðir þykja til virkjunar.

Af þessum sökum er æskilegt að jafnhliða mati á virkjunarkostum verði í 2. áfanga rammaáætlunarinnar einnig unnið að náttúruverndaráætlunum í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun enda leggi þessar stofnanir verulega til verksins á móti.

Með 1. áfanga fæst samanburður á öllum 35–40 stærstu virkjunarkostum í vatnsafli og í jarðhita nærri byggð. Í 2. áfanga yrði athygli beint að smærri virkjunum í vatnsafli sem jafnframt eru nær byggð á láglendi. Jarðhitavirkjanir sem eftir eru liggja hins vegar meira á miðhálendinu og í 2. áfanga er stefnt að forathugun á fimm vatnsorkusvæðum, fyrir utan þau sem byrjað er á og eru langt komin í undirbúningi, og sex nýjum háhitasvæðum. Auk þess sem safnað er efni til 2. áfanga með rannsóknum verður þörf á að endurskoða niðurstöður úr 1. áfanga jafnótt og fram koma hugmyndir um breytta tilhögun og mótvægisaðgerðir til að sneiða hjá óæskilegum umhverfisáhrifum. Þetta mat gæti verið í höndum fámennari verkefnisstjórnar sem nyti aðstoðar stofnana og sérfræðinga en umfangsmeiri matsvinna á vegum faghópa yrði varla nauðsynleg fyrr en kominn er vænn hópur rannsakaðra kosta eftir nokkur ár.

Þetta vildi ég segja um stöðu mála í sambandi við rammaáætlun en þarna er um gríðarlega mikið verkefni að ræða, og vissulega mjög mikilvægt líka.

Ég vil þá að síðustu segja það, hæstv. forseti, að það er skammt stórra högga á milli, það er óhætt að taka undir það með hv. þingmönnum, þar sem í gær voru samþykkt hér lög um Fjarðaál en í dag er mælt fyrir frv. til laga um breytingar á lögum sem varða stækkun Norðuráls. Það hefur verið nokkuð gert úr því í umræðunni að þetta sé merki um þröngsýni stjórnvalda og þetta sé það eina sem lögð sé áhersla á. Það er alls ekki rétt. Það er hins vegar þannig að á þessu sviði eru erlendir aðilar tilbúnir að fjárfesta á Íslandi og þess vegna er brugðist við því á jákvæðan hátt. Það verða hv. þm. að hafa í huga.

Ég vil halda því fram að ímynd álfyrirtækja hafi breyst mjög mikið á síðustu árum, það sýnir bara best umræðan sem nú hefur farið fram um stækkun Norðuráls miðað við þá umræðu sem fór fram á þeim tíma þegar Norðurál hóf störf á Íslandi. Það voru mikil mótmæli og forveri minn stóð frammi fyrir því að honum voru afhentar mótmælaundirskriftir á Arnarhóli og það var undir lögregluvernd. Þannig var tíminn þá en ég lýsi mikilli ánægju með það að ímynd þessara fyrirtækja hefur breyst mikið. Ég held að það sé m.a. vegna þess að bæði Norðurál og Ísal hafa verið að gera góða hluti, hafa veitt fólki vel launaða vinnu og hafa staðist allar kröfur hvað varðar mengunarþáttinn.

Þetta held ég að ég hafi lokaorð mín í þessari umræðu og þakka fyrir hana.

[18:00]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að taka undir það að viðhorfin hafa sannarlega breyst. Ég þykist þess nokkuð fullviss að þegar menn voru að andmæla hér álveri í Straumsvík á sjöunda áratugnum þá voru þeir hræddastir við hinn erlenda auðhring, hina erlendu peninga. Nú hefur áherslan færst yfir á umhverfismálin. Ég held að það séu stærstu breytingarnar sem hafa orðið á viðhorfum fólks.

Ég óskaði eftir því að hæstv. ráðherra svaraði varðandi þau ákvæði sem eru í 3. gr., þ.e á hverju þau byggðu. Er búið að gera samning? Liggur eitthvað bindandi fyrir? Liggur orkuverð fyrir? Mér finnst mjög mikilvægt að þetta komi fram.

Í öðru lagi vil ég að gefnu tilefni spyrja um Eftirlitsstofnun EFTA, ESA og hvernig málum er háttað gagnvart henni. Nú geri ég ráð fyrir því að sá styrkur sem fram kemur af hálfu yfirvalda í þessu frv. þurfi ekki síður en varðandi Fjarðaál að fara fyrir ESA til skoðunar.

Í þriðja lagi vil ég lesa upp fyrir hæstv. ráðherra hvernig greinin hljóðar, e-liður 3. gr. Hér stendur, með leyfi forseta:

„... nema slíkir skattar og gjöld séu lögð með almennum hætti á öll önnur fyrirtæki hér á landi, þar með talin álfyrirtæki."

Þetta er texti frv. Í skýringum við greinina segir síðan, með leyfi forseta:

„Af hálfu viðsemjanda ríkisstjórnarinnar er talið mikilvægt að jafnræðis verði gætt við álagningu slíkra skatta eða gjalda ef til þess kemur."

Þá vil ég spyrja: Lítur ráðherra svo á að hv. iðnn. geti komið með brtt. varðandi þetta ákvæði þannig að jafnræði sé tryggt?

[18:02]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að jafnræðið sé einmitt tryggt með þessum texta eins og hann hljómar. (Gripið fram í.) Ég sé ekki að það þurfi að breyta honum. Þetta er ákvæði til þess að tryggja jafnræði. En að sjálfsögðu verður farið yfir þetta í nefndinni. Ef þarna er einhver vafi á má alltaf skoða hugsanlegar breytingar á texta.

Hv. þm. spurði líka um Eftirlitsstofnun EFTA. Sá samningur sem nú er í gildi við Norðurál hefur fengið meðferð hjá Eftirlitsstofnun EFTA, eins og oft hefur komið fram, og samþykki þar. Ég reikna því með því að sú breyting sem nú er gerð á samningnum verði líka borin undir eftirlitsstofnunina.

Ég man ekki hvort það var fleira sem hv. þm. ... (**SvanJ:** Jú, samningar.) Já, hvort þegar séu komnir samningar um orkuverð. Það er búið að tala um orkuverð að sjálfsögðu á milli þessara aðila og kominn einhvers konar rammasamningur. En það hefur ekki verið lokið við hann endanlega. Alla vega er hann kominn nægilega langt til þess að fyrirtækið treystir sér til þess að fara að vinna að stækkun og í viðræður við viðskiptaaðila sem hugsanlega mundu sjá fyrirtækinu fyrir hráefni og eins að fara í viðræður við lánastofnanir.

[18:04]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi hef ég á tilfinningunni að við hæstv. ráðherra skiljum orðið jafnræði hvor sínum skilningnum. Ef henni finnst jafnræðið þurfa að ganga svo langt að það sama þurfi yfir öll önnur fyrirtæki á Íslandi að ganga þá erum við ósammála vegna þess að ég met það svo að jafnræði sé fyrst og fremst það að það sama eigi við um þau fyrirtæki sem eins er ástatt um þannig að samkeppnisforsendum sé ekki raskað, vegna þess að það getur aldrei það sama endilega átt við öll önnur fyrirtæki hér á landi, eins og hér stendur, til þess að jafnræði sé náð. En ef þessi skilningur ráðherrans er það sem menn vilja segja hérna þá finnst mér að textinn verði að vera skýrari og ég mun þá láta athuga það.

Síðan aðeins um það sem kom hér fram um orkuverð. Ég spurði líka, herra forseti, um samninga við fyrirtækið, þ.e. samninga af hálfu stjórnvalda. Eru stjórnvöld u.þ.b. að loka samningi með þessum ákvæðum sem hér koma fram og einhverju væntanlegu orkuverði? Er textinn þess vegna eins og hann er? Eða eru stjórnvöld fyrir sitt leyti að skrifa samningstextann upp með þessu frv.? Hvort kemur á undan? Mér finnst líka mikilvægt að það komi fram.

[18:06]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú mikið talað um jafnræði og að jafnræði þurfi að gilda. Í þessu tilfelli er um sama texta að ræða og í þeim lögum sem sett voru í gær og varða Fjarðaál (Gripið fram í.) og það var líka gagnrýnt af hálfu þingmanna Samfylkingarinnar. Alla vega í þessu tilfelli er verið að tala um að jafnræði ríki á milli þessara tveggja álfyrirtækja.

[18:06]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það þarf ekki endilega að þýða að jafnræði sé milli fyrirtækjanna þó að sett séu sambærileg ákvæði í lögin frá því í gær og það sem verið er að fjalla hér um vegna þess að þetta fyrirtæki á lengri sögu og hjá þessu fyrirtæki liggur fyrir samningur um raforkuverð. Það liggur líka fyrir að talað var um að lækka þá tekjuskattsprósentu sem fyrirtækið bjó við samkvæmt gamla fyrirkomulaginu.

Ég spyr því bara mjög ákveðið: Er endurskoðun á fyrra raforkuverði inni í þessu? Endurskoðuðu menn raforkuverðið eða verður það endurskoðað með tilliti til þeirra breyttu skattareglna sem þarna er um að ræða?

Síðan hlýt ég að spyrja og satt að segja vonast til þess að hægt sé að breyta þessu ákvæði um að öll önnur fyrirtæki séu sett undir hvað varðar þetta ákvæði um mengunina vegna þess að eins og það er orðað þá er varla hægt að sjá að það komi hagsmunum þessa álfyrirtækis neitt við hvernig við setjum reglur um annan atvinnurekstur í landinu hvað þetta varðar. Með því að setja þetta orðalag inn er miklu frekar hægt að lesa þá þannig að það sé hugsað til þess að koma í veg fyrir að stjórnvöld á Íslandi geti sett ákvæði af þessu tagi, þ.e. að það að draga öll önnur fyrirtæki inn í þetta sé

hugsað beinlínis til þess að koma í veg fyrir að hægt sé að koma svona ákvæði við á Íslandi.

Ef það er hugsunin í þessu þá segi ég: Stjórnvöld á Íslandi hljóta að hafa verið í afar erfiðri samningsaðstöðu gagnvart þessu fyrirtæki þar sem þau fallast á þetta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Raforkuver, 1. umr.

Stjfrv., 670. mál (Norðlingaölduveita, Nesjavallavirkjun og Hitaveita Suðurnesja). — Þskj. 1090.

[18:09]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60 frá 4. júní 1981, um raforkuver. Það er á þskj. 1090 og er 670. mál þingsins.

Frumvarp þetta er flutt til þess að afla lagaheimilda fyrir virkjunarframkvæmdum í tengslum við væntanlega stækkun álvers Norðuráls hf. á Grundartanga. Í fyrsta lagi er um að ræða heimild til handa Landsvirkjun til gerðar veitu við Norðlingaöldu, í öðru lagi heimild til handa Orkuveitu Reykjavíkur til stækkunar Nesjavallavirkjunar og í þriðja lagi heimild til handa Hitaveitu Suðurnesja til framkvæmda við jarðvarmavirkjun á Reykjanesi og til stækkunar virkjunarinnar í Svartsengi.

Um nokkurt skeið hafa staðið yfir viðræður milli stjórnvalda, Landsvirkjunar og Norðuráls hf. um stækkun álvers fyrirtækisins á Grundartanga. Gert er ráð fyrir að stækkunin komi til framkvæmda í tveimur áföngum, þ.e. 90 þús. tonna ársafkastagetu sem tekin verði í notkun snemma árs 2006 og 60 þús. tonna ársafkastagetu sem tekin verði í notkun árið 2009. Fyrir liggur samkomulag milli Landsvirkjunar og Norðuráls hf. um orkuafhendingu vegna fyrri áfanga stækkunarinnar. Samkomulagið byggir á því að Landsvirkjun afli orku til stækkunarinnar, m.a. með orkuframkvæmdum á Þjórsársvæðinu og samningum við Hitaveitu Suðurnesja hf. og Orkuveitu Reykjavíkur um byggingu jarðgufuvirkjana. Mun Landsvirkjun kaupa 340 gígavattstundir á ári frá hvoru fyrirtæki um sig og flytja um flutningskerfi sitt til Norðuráls. Í áætlunum Norðuráls er gert ráð fyrir að framleiðslugeta álversins kunni síðar að aukast í allt að 300.000 tonna ársframleiðslu.

Þar sem nú liggur fyrir niðurstaða setts umhvrh. í kærumáli vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu eru orðnar forsendur til að taka ákvörðun um leyfisveitingu vegna orkuöflunar til fyrirhugaðrar stækkunar álversins á Grundartanga. Ljóst er að ákvörðun um stækkun þarf að liggja fyrir fljótlega ef unnt á að vera að ljúka framkvæmdum við fyrri hluta stækkunarinnar áður en framkvæmdir vegna álversins í Reyðarfirði ná hámarki. Með þessi atriði í huga er frv. þetta lagt fram nú. Landsvirkjun hefur þegar hafist handa við undirbúning að framkvæmd við Norðlingaölduveitu í samráði við sveitarstjórnir og Umhverfisstofnun.

Í samræmi við 11. gr. gildandi orkulaga, nr. 58/1967, var leitað umsagnar Orkustofnunar um umsóknir Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja. Umsögn stofnunarinnar ásamt yfirliti Landsvirkjunar um framkvæmdir við Norðlingaölduveitu fylgja frv.

Eins og sjá má á frumvarpstextanum er lagt til að iðnrh. fái heimild til að veita þau virkjunarleyfi sem um er að ræða og er það í samræmi við þá málsmeðferð sem lögð er til í frv. til raforkulaga sem nú liggur fyrir þinginu. Samkvæmt þessu ákvæði er Landsvirkjun heimilað að fengnu leyfi ráðherra að reisa og reka vatnsmiðlun, Norðlingaölduveitu, í samræmi við þau skilyrði sem fram koma í úrskurði setts umhvrh. frá 30. janúar sl.

Með Norðlingaölduveitu er vatni veitt úr Þjórsá við Norðlingaöldu yfir í Þórisvatn. Jafnframt er efstu upptakakvíslum Þjórsár sunnan Þjórsárjökuls veitt um setlón yfir í Kvíslaveitu og til Þórisvatns. Tilgangur veitunnar er að auka rennsli og miðlun í gegnum Þórisvatn og nýta betur núverandi virkjanir við Vatnsfell, Sigöldu, Hrauneyjafoss, Sultartanga og Búrfell og auka með því orkugetu þeirra.

Settur umhvrh. kvað 30. janúar 2003 upp úrskurð vegna kæru á úrskurði Skipulagsstofnunar í mati á umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu. Var hinn kærði úrskurður felldur úr gildi að því er varðar ákvörðun um að fallast á lónhæð Norðlingaöldulóns í 578 m og 575 m yfir sjávarmáli. Að öðru leyti var fallist á úrskurð Skipulagsstofnunar með nokkrum viðbótarskilyrðum. Á þeim skamma tíma sem liðinn er frá því að úrskurður þessi gekk hefur ekki verið unnt að fullmóta breytta framkvæmdatilhögun, en Landsvirkjun vinnur nú í samráði við Umhverfisstofnun og viðkomandi sveitarfélög að athugun á nánari útfærslu veitunnar er taki mið af skilyrðum í úrskurði ráðherra. Í fylgiskjali III er að finna yfirlit um framkvæmd Norðlingaölduveitu þar sem gerð er grein fyrir þeim skilyrðum sem hafa mest áhrif á fyrirkomulag mannvirkja og hagkvæmni veitunnar. Í frv. er, eins og áður segir, lagt til að heimild iðnrh. til að veita leyfi til framkvæmdarinnar verði bundið þeim skilyrðum sem fram koma í úrskurði setts umhvrh.

Í 2. gr. er iðnrh. veitt heimild til að veita Orkuveitu Reykjavíkur leyfi til stækkunar Nesjavallavirkjunar í allt að 120 megavött. Nesjavallavirkjun afkastar nú 90 megavöttum og hefur rekstur hennar gengið vel. Náið hefur verið fylgst með jarðhitasvæðinu. Rannsóknasvið Orkustofnunar hefur í samráði við sérfræðinga Orkuveitu Reykjavíkur lagt mat á áhrif vinnslunnar og er niðurstaða þeirra sú að stækkun virkjunarinnar í 120 megavött breyti litlu varðandi áhrif á jarðhitasvæðið samanborið við áframhaldandi rekstur á óbreyttum afköstum. Þá má nefna að samkvæmt mati Skipulagsstofnunar er stækkunin ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og er því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Verulegur hluti þeirra mannvirkja sem þörf er á vegna stækkunarinnar er þegar til staðar. Ekki þarf að byggja nýja háspennulínu og breytingar á gufuveitu og vélasal eru óverulegar. Hér er því um mjög hagkvæman virkjunarkost að ræða.

Í 3. gr. er ákvæði að finna um heimild til handa ráðherra til að veita Hitaveitu Suðurnesja hf. leyfi til þess annars vegar að reisa og reka allt að 80 megavatta jarðvarmavirkjun á Reykjanesi að fengnu mati á umhverfisáhrifum og hins vegar til stækkunar jarðvarmavirkjunarinnar í Svartsengi um 16 megavött.

Hitaveita Suðurnesja hefur á undanförnum árum undirbúið aukna nýtingu jarðvarma á Reykjanesskaga. Einkum hefur verið horft til tveggja svæða, Reykjanessvæðisins og svo Svartsengis-/Eldvarpasvæðisins. Hefur fyrirtækið stundað umfangsmiklar rannsóknir á báðum þessum svæðum,

þ.e. rannsóknir á jarðfræði, jarðeðlisfræði, jarðefnafræði og vinnslutækni.

Á Reykjanessvæðinu umhverfis saltverksmiðjuna hafa verið boraðar tólf háhitaholur en háhitavinnsla á svæðinu hefur staðið í tvo áratugi. Niðurstöður áralangra rannsókna og sú reynsla sem fengin er gefur fulla ástæðu til að ætla að unnt sé nú þegar með fullu öryggi að reisa 80 megavatta virkjun. Svæðið er væntanlega mun gjöfulla en sem nemur 80 megavatta raforkuframleiðslu. Að undangengnum rekstri fyrsta virkjanaáfanga í nokkur ár fæst frekari vitneskja um raunverulega afkastagetu svæðisins og þá næstu virkjanaáfanga.

Aukin afkastageta virkjunarinnar í Svartsengi verður fengin með því að nýta betur þær borholur sem nú eru til staðar. Með því að koma fyrir svokölluðum toppþrýstihverfli er ráðgert að nýta orku sem nú er sóað og ekki er nýtt. Afl toppþrýstihverfils er áætlað 16 megavött og er um hreina grunnaflsframleiðslu að ræða.

Hæstv. forseti. Ég hef nú lýst þessum þremur fyrirhuguðu framkvæmdum með nokkrum orðum. Í öllum tilvikum er ljóst að um er að ræða hagkvæma virkjanakosti sem munu hafa afar takmörkuð áhrif á umhverfið.

Ég legg til, hæstv. forseti, að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[18:18]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég er nokkuð viss um að þeir virkjanakostir sem hér er fjallað um eru allir hagkvæmir, ekki síst þegar hægt er að fara í Norðlingaölduveitu og gera góðar þær virkjanir sem Landsvirkjun á eftir að fara í á Þjórsársvæðinu og betri þær sem þegar eru þar.

Mér finnst hins vegar ástæða til að staldra aðeins við og velta fyrir sér af hverju hæstv. ráðherra kemur með þetta frv. inn í þingið. Eins og hún réttilega gat um áðan er frv. til nýrra raforkulaga á síðustu metrunum, a.m.k. þau ákvæði sem þarf til að iðnrh. geti tekið þessar ákvarðanir án þess að bera þær undir Alþingi. Þá er ég einkum að tala um b-lið 1. gr. Sjálf stóð ég í þeirri meiningu að a-liðinn þyrfti ekki að bera undir Alþingi, þ.e. að þar væri um að ræða veitu sem iðnrh. gæti gefið leyfi fyrir svo fremi sem mat á umhverfisáhrifum væri jákvætt. Ég velti því eðlilega fyrir mér, herra forseti, af hverju ekki er beðið eftir raforkulögunum. Af hverju bíður hæstv. ráðherra ekki eftir 4. gr. raforkulaganna og tekur þær ákvarðanir sem þarf að taka? Þurfi sú grein að taka gildi fyrr en aðrar greinar laganna, af hverju er það þá ekki skoðað frekar en að vera að leggja fyrir nýtt frv. sem mun kalla á mikla viðbótarvinnu? Að einhverju leyti hefði án þess ekki þurft að fara í þá vinnu, a.m.k. ekki á þessum vettvangi þar sem verkefni eru ærin.

Mér finnst þetta svolítið merkileg staða, að hafa öll þessi mál til meðferðar. Á sama tíma og hér er verið að bæta greinum inn í lögin um raforkuver er á öðrum stað verið að taka út greinar í frv. um raforkuver. Það er í raun verið að bæta inn greinum sem verða síðan gagnslausar þegar raforkulagafrumvarpið verður að lögum.

Ég ætla að freista þess, herra forseti, að biðja um enn frekari skýringar frá hæstv. ráðherra varðandi það af hverju þessi kostur er valinn. Mér finnst hún alls ekki hafa komið fram með sannfærandi skýringar á því. Mér finnst það ekki fullnægjandi skýring að þó að í gildandi lögum um raforkuver sé getið um Kvíslaveitu þá kalli það á að Norðlingaölduveita sé með þessum hætti lögfest á Alþingi. Mér finnst þetta fyrst og fremst spurning um hvaða leið ráðherra vill fara. Ég vil fá frekari skýringar á því af hverju þessi leið var valin.

Eins og ég sagði, herra forseti, er verið að fjalla um frv. til nýrra raforkulaga í iðnn. Okkur sýnist að þeirri vinnu sé að ljúka á næstu fundum nefndarinnar, enda búið að taka undan það sem helst yrði um ágreiningur. Það verður sett í nefnd. Annað frv. er að verða unnið til enda og ekki skrýtið að manni finnist þetta svolítið sérkennileg vinnubrögð.

Sjálf hef ég svolitlar áhyggjur af ákveðnum hlutum sem væntanlega fást svör við á morgun á fundi iðnn., þ.e. varðandi 4. gr. og skýringar á því hvernig hún og bráðabirgðaákvæði II í því frv. spila saman. En það ætti ekki að breyta miklu um þetta mál. Þetta er kannski fyrst og fremst tæknilegs eðlis og varðar það hvar við erum stödd með önnur mál.

Mér finnst verra, herra forseti, að við skulum þurfa að fjalla um málið með þessum hætti, sérstaklega vegna þess að við erum alltaf að vænta þess og bíða eftir nýju umhverfi þar sem ekki verði síður, jafnvel enn frekar, lögð áhersla á faglega umfjöllun en pólitískar ákvarðanir, einkum og sér í lagi þegar um er að ræða mál af þessu tagi.

Ráðherra sagði áðan réttilega í svari við gagnrýni á að ekki væru teknar nægilega pólitískar ákvarðanir varðandi virkjana- og stóriðjumál að víst væri svo. Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra. Það eru teknar stórar pólitískar ákvarðanir varðandi þessi mál og í sjálfu sér ekkert út á það að setja miðað við núverandi lagaumhverfi. En ég hef verið í hópi þeirra sem vilja að Alþingi setji almennar reglur þannig að ekki þurfi sérstaklega að fjalla um hvert fyrirtækið á fætur öðru. Ég veit ég þarf ekki að endurtaka það hér.

Herra forseti. Frv. sem hér liggur fyrir, öllu heldur ákvæði þess, ákvarðanir um virkjanir, tengjast auðvitað frv. því sem við vorum að fjalla um áðan, um stækkun á Norðuráli. Ég var að reyna að fá hæstv. ráðherra til að svara þeirri einföldu spurningu hvort ákvæði frv. um stækkun Norðuráls, þá var ég fyrst og fremst að tala um 1. gr. þess frv., lægju orðið fyrir í samningi. Ég spurði og hvernig þetta væri með orkuverðið. Það sem ráðherra fékkst til að segja var að aðilar væru búnir að ræða saman um orkuverðið og væru nógu langt komnir til að þeir treystu sér til að hefja framkvæmdir við virkjanir. Það er bara þó nokkuð ef menn geta séð fyrir hvernig það mun verða en hinu var aldrei svarað, þ.e. hvort á að koma á undan, frumvarpstextinn með ákvæðum samningsins eða hvernig málin standa með samninginn.

Ef ráðherrann metur það svo að hér sé um svo mikið leyndarmál að ræða að það megi einungis upplýsa í nefndinni þá er ég alveg tilbúin að hlíta því svari á þessari stundu og leita eftir því þar. En mér finnst verra að hafa það á tilfinningunni að hæstv. ráðherra sé að skjóta sér undan spurningunni. Hennar var spurt í þrígang hér áðan. Nú endurtek ég hana vegna þess að mér finnst ekki óviðeigandi að henni sé svarað undir þessum dagskrárlið, um frv. til laga um raforkuver þar sem einmitt er fjallað um veitur og virkjanir sem eru forsenda þess að hægt sé að ráðast í stækkun Norðuráls.

Herra forseti. Menn hafa haft nokkrar áhyggjur af því, eins og komið hefur fram í umræðunni um byggingu álversins — sem segir okkur hversu nátengt þetta er — hvar rammaáætlun er á vegi stödd. Hæstv. ráðherra hefur út af fyrir sig svarað því. En ég get alveg skilið þá sem hafa af því áhyggjur hve langt við virðumst ætla að ganga varðandi nýtingu þeirra orkukosta sem hagkvæmastir virðast án þess að rammaáætlun liggi skýrar fyrir en orðið er. Þetta eru hálfgerð

handarbakavinnubrögð. Þó svo að það sé rétt sem hér hefur komið fram, að erlend fyrirtæki vilji fjárfesta núna og menn séu brenndir af þeirri reynslu að langur tími leið áður en þessi fjárfestingarbylgja fór í gang og menn óttast e.t.v. að missa af einhverjum fjárfestingaraðilum sem nú vilja vera með, þá hljótum við samt sem áður að setja við það spurningarmerki hversu hratt við getum unnið og upp á hvað við getum boðið sjálfum okkur miðað við aðra framtíðarhagsmuni.

Maður fær líka á tilfinninguna að sumt sé dálítið eins og í plati. Það er verið að vinna að rammaáætlun en samt er verið að taka allar þessar ákvarðanir um virkjanir. Þá hefur maður svolítið á tilfinningunni að rammaáætlunin sé frekar yfirvarp en alvara.

Hið sama gildir um hvernig hið háa Alþingi vinnur þá löggjöf sem héðan á að fara. Á haustin, á meðan stendur á stjórnarfrumvörpunum, er vinnan í nefndunum tiltölulega vönduð. Frumvörp eru send út til umsagnar og þeim sem kemur málið við gefst tækifæri til að kynna sér það, hafa skoðun á því og koma henni á framfæri eftir atvikum. En þegar þinglok nálgast og ríkisstjórnin er loksins tilbúin með þau mál sem hún vill setja fram þá er enginn tími til vandaðra vinnubragða, heldur bara mokað í gegn.

Ég velti því fyrir mér af hverju hæstv. ráðherra kýs að hafa þann háttinn á, að kvelja þetta frv. í gegnum þingið og gera að lögum fremur en að notfæra sér raforkulagafrv. Hæstv. ráðherra veit jafn vel og ég að öll vinna við þetta verður ekki annað en sýndarmennska og mun ekki bæta neinu við umfram það sem hæstv. ráðherra iðnaðarmála, hver svo sem hann verður, getur aflað sér með einföldum hætti hjá embættismönnum sínum og undirstofnunum, til að taka ákvarðanir um leyfisveitingar í þessu efni. Ég vil, eins og ég sagði áðan, fá frekari útskýringar á því af hverju við þurfum að vinna málin með þessum hætti.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, eru lög að breytast vegna raforkulagafrv. og vinnslunnar við það. Þar erum við að breyta öðrum lögum á orkusviði og lög um raforkuver eru ein af þeim lögum. Þar er verið að fella út tilteknar greinar almenns eðlis en lögin eiga að halda sér hvað varðar einstaka virkjanir, hvort sem þær hafa þegar verið gerðar eða hvort það á eftir. Það er spurning hvort ráðherra er bara svona af fegurðarástæðum að hnýta þessar framkvæmdir upp á þessa festi einnig. Mér finnst a.m.k. að betri skýringar þurfi en fyrir hafa legið.

Herra forseti. Sé það er einlægur ásetningur hæstv. ríkisstjórnar að láta nefndina vinna frv. þá verður það að sjálfsögðu gert. Mér finnst ekki líklegt að iðnn. muni svíkjast undan því að fara ofan í saumana á öllum þeim atriðum sem þörf krefur, fyrst það er vilji ráðherrans. Eins og ég sagði, herra forseti, væri gott að vita af hverju. Er það af því hún treystir nefndinni betur en þeim embættismönnum sem ella gætu unnið málin upp í hendurnar á henni í staðinn fyrir að gera það upp í hendurnar á nefndinni? Mér sýnist nokkuð ljóst að það gefist tæplega tími til að senda málið út til umsagnar.

[18:31]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú þannig að mér finnst betra að fá lögfest þessi atriði sem fram koma í frv. þrátt fyrir raforkulagafrv. sem er vonandi að koma frá nefnd. Ég vona að hv. þingmaður sætti sig við það svar að mér finnst það betra. Mér heyrist að henni þætti það verra. En svona er nú þetta. Hvort ég treysti þingmönnum betur en embættismönnum þá skiptir auðvitað miklu máli að treysta bæði embættismönnum og þingmönnum og þegar þeir leggja saman getur oft komið bara býsna gott út úr því. Þess vegna vænti ég þess að hv. iðnn. muni ásamt embættismönnum fara yfir þetta mál og vonandi sætta sig nokkurn veginn við það eins og það lítur úr þannig að það geti komið fljótlega frá nefndinni. Eins og ég hef sagt áður þá finnst mér þetta vera tiltölulega einfalt mál, en mikilvægt engu að síður. Þarna er um hagkvæma virkjanakosti að ræða.

Um það hvort búið sé að semja við fyrirtækið þá hafa samningar verið áritaðir af embættismönnum en ekki undirritaðir. Við erum því vissulega komin nokkuð á veg með að ljúka samningum við Norðurál, þannig að það liggi fyrir, og það hefði ég átt að vera búin að segja sjálfsagt fyrir löngu í umræðunni. En það fórst nú einhvern veginn fyrir.

Ég held að það sé nú aðallega þetta sem hv. þm. kom inn á. Hún talar um að enginn tími sé fyrir vönduð vinnubrögð. En eins og ég segi þá tel ég að þetta sé það einfalt mál að ég treysti iðnn., sem er mjög reynslurík orðin af að fjalla um mál sem þetta, ákaflega vel til þess að ljúka málinu á stuttum tíma.

[18:33]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta pínulítið rekast hvað á annars horn. Í fyrsta lagi: Ef málið er svona einfalt, af hverju þarf þá þingnefndin að fara yfir það, þ.e. ef þetta liggur svona beint fyrir? Þetta segi ég ekki síst af því að raforkulagafrv. er á síðustu metrunum og með því fær hæstv. ráðherra heimild til þess að taka ákvarðanir í þessu efni, ákvarðanir um mál sem hún telur að séu afskaplega einföld og liggi beint við.

Í öðru lagi: Fyrst ráðherra vill frekar að Alþingi fjalli um málið en að hæstv. iðnrh. taki ákvarðanir á grundvelli nýrra raforkulaga þá velti ég því fyrir mér hvort hún muni þá, ef til þess kæmi, ekki treysta sér til að vera iðnrh. hér áfram þegar búið er að breyta lögum í þá veru að iðnrh. veiti þessa heimild án beins atbeina Alþingis. Ég geri ráð fyrir því að eftir eigi að koma upp ýmis flókin virkjanamál þar sem iðnrh., hver svo sem hann verður í framtíðinni, þarf að taka ákvörðun um virkjanaleyfi án þess að geta borið það undir iðnn. Alþingis. Er það þá frágangssök af hálfu hæstv. ráðherra eða er þetta bara svona í þetta skiptið sem hæstv. ráðherra telur að Alþingi þurfi að skoða málið, en í framtíðinni geti hæstv. iðnrh., hver svo sem hann verður, verið án þess að hafa stimpil Alþingis á þau leyfi sem hann kemur til með að veita?

[18:35]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Jú, ég treysti mér ákaflega vel til þess að vera iðnrh. áfram og á í raun enga heitari ósk þessa stundina en að svo verði.

[18:36]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst nú eiginlega ástæða til að velta því fyrir sér hvort þetta raforkulagafrv. sem er til meðferðar hjá hv. iðnn. sé í strandi eða hvort það geti verið að hæstv. ráðherra geri ráð fyrir því að (Gripið fram í.) málið sé bara í strandi og ekkert sé hægt að gera annað en koma með þessa skemmri skírn hingað og klára málið með þessu stutta frv., hvort það hafi orðið niðurstaða milli stjórnarliða að þetta væri svona björgunarbátur í málinu. Mér dettur það nú aðeins í hug að slíkt væri mögulegt og fróðlegt verður að sjá framhaldið.

En það sem ég ætla að segja um þetta mál almennt er að ég sé ástæðu til þess að fara jákvæðum orðum um hvað verið er að tala hérna um. Þetta er niðurstaða sem ég styð, þ.e. að raforku verði aflað með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir vegna þarfarinnar sem nú liggur fyrir á raforku til framleiðslu á áli í Hvalfirði. Ég ætla hins vegar að sleppa því að ganga nánar eftir þeim spurningum sem ég lagði fram í umræðunni áðan. En mér finnst að hæstv. ráðherra hefði kannski getað svarað þeim skýrar. Sérstaklega er ég hugsi yfir því að þetta fyrirtæki sem um er að ræða skuli fá breytingar á sínum skattareglum sem um var samið þegar um var að ræða miklu lægra raforkuverð en verið er að tala um í þeim samningum sem hafa verið gerðir síðan. Mér finnst a.m.k. að þingið ætti að fá að vita hvort ekki hafi verið gætt hagsmuna okkar í þessu máli með þeim hætti að úr því nú á að gefa eftir á skattasviðinu þá hafi líka raforkuverðið verið endurskoðað og fyrirtækin sem eru í þessari framleiðslu hér á landi standi jafnfætis í heildina. Það er ekki nóg að menn hafi sömu prósentuna í skattheimtunni ef um er að ræða kannski verulegan mismun á raforkuverði því framleiðslukostnaður á áli hlýtur þó að vera samanlögð útkoma út úr þessu þegar upp er staðið. Ýmislegt er nú fleira í þessum pökkum öllum saman.

Ég ætla ekki að hafa um þetta langt mál. Ég tel að það sé svolítið skondið að menn skuli telja sig knúna til þess að koma með þetta inn í sérstöku frv. En ástæðurnar fyrir því kunna að vera einhverjar sem ég hef ekki áttað mig á og ætla svo sem ekki að fara að velta mér upp úr því hér. En ég taldi ástæðu til þess að koma hér og lýsa því yfir að ég er sammála því að orkunnar verði aflað með þeim hætti sem hér gert ráð fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 1. umr.

Stjfrv., 637. mál (heildarlög). — Þskj. 1032.

[18:40]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til nýrra laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Frv. þetta er í meginatriðum samið af nefnd sem skipuð var 25. september 2001 og hafði það verkefni að endurskoða lög nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á síðustu árum í stjórnsýslu náttúruverndarmála, m.a. með nýjum lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999. Einnig var nefndinni falið að gera tillögur um framtíðarstarfsemi Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn.

Í frv. er lagt til að gildissviði laganna verði breytt frá því sem nú er og þau taki í meginatriðum til Laxár, Mývatns og ýmissa nálægra votlendissvæða, en núgildandi lög ná til Laxár og Skútustaðahrepps alls. Gert er ráð fyrir að önnur svæði í Skútustaðahreppi sem hafa hátt verndargildi verði friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum og verður þegar hafist handa við þann undirbúning verði frv. þetta að lögum. Skal þeim friðlýsingum vera lokið fyrir 1. janúar 2007 samkvæmt bráðabirgðaákvæði frv. Auk þess er í frv. nýmæli um sérstaka vernd vatnasviðs Mývatns og Laxár.

Samkvæmt 3. gr. frv. verður óheimilt að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði sem afmarkast af Laxá, Mývatni og nálægum votlendissvæðum. Mörk þessa svæðis eru dregin á korti í fylgiskjali I með frv. Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum á þessu svæði. Gert er ráð fyrir að efnislega sé um sambærilega vernd að ræða og er á svæðinu í dag.

Um vernd vatnasviðs Mývatns og Laxár er síðan fjallað í 4. gr. frv. og eru mörk þess dregin á korti í fylgiskjali II. Samkvæmt greininni skal forðast að valda spjöllum á vatnasviði Mývatns og Laxár sem raskað gæti vernd vatnsins og árinnar.

Nýmæli eru í 6. gr. frv. þar sem kveðið er á um gerð verndaráætlunar fyrir vatnasvið Mývatns og Laxár. Gert er ráð fyrir að starfsemi Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn verði óbreytt en stjórn hennar lögð niður. Í stað hennar verði skipað fagráð sem verður forstöðumanni til ráðgjafar um vísindastarf stofnunarinnar, rannsóknastefnu og fagleg tengsl við aðrar stofnanir sem stunda rannsóknir á svæðinu.

Gert er ráð fyrir að lög þessi taki gildi 1. október 2003.

Virðulegur forseti. Ég hef hér rakið meginefni frv. og ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hæstv. umhvn.

[18:43]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla nú ekki að ræða þetta mál í neinum smáatriðum og ekki einu sinni í aðalatriðum einfaldlega vegna þess að ég hef ekki haft tækifæri til þess að kynna mér það. Ég var að sjá þetta þingmál núna. En ég tek eftir því að hæstv. ráðherra tekur fram að gert sé ráð fyrir því að þessi lög taki gildi í október á þessu ári. Satt að segja hrökk ég við. Ég hafði talið mér trú um það þegar ég sá þetta mál hér á borðum okkar alþingismanna að hæstv. ráðherra ætlaði að útbýta því hér til kynningar vegna þess að örfáir dagar eru eftir af þinginu og ekki tök á því að senda frv. út til umsagnar eða fjalla um það með þeim hætti sem vert er, því hér er greinilega á ferðinni veruleg breyting frá því sem nú er hvað varðar þessi svæði.

Ég velti líka fyrir mér: Úr því það var svona mikil vinna hjá nefndinni að gera þessar tillögur og hæstv. ráðherra að undirbúa málið, hvers vegna hún hefur ekki valið þann kostinn að útbýta því hér eingöngu til kynningar og af hverju lýsti hæstv. ráðherra því ekki hér yfir ef hún hefur þá skoðun? Ég verð að taka það þannig að ráðherra vilji að málið klárist hér og verð að segja að ég er nú svona til að byrja með svolítið hissa á því. En kannski verður það útskýrt fyrir okkur hv. þm. sem eigum sæti í umhverfisnefndinni að bæði sé nauðsynlegt að gera þetta með slíkum hraða sem hér er gert ráð fyrir og að málið sé ekki stærra en mér sýnist og því sé allt í lagi að afgreiða það með þessum mikla hraða, sem hlýtur að þýða að menn fá ekki tækifæri til þess að fjalla mjög grannt og vandlega um þetta mikilsverða mál.

Ég hef staðið í þeirri meiningu að lögin sem hér um ræðir verndu þetta svæði tryggilega og þess vegna væri engin ástæða til þess að gera neitt með miklum hraða eða í tímaþröng hvað varðar breytingar á þessu og þess vegna sé ástæða til þess að menn skoði nú þetta plagg vel fram að næsta þingi og afgreiði þetta þá með venjulegum hætti þegar þeir hafa gefið sér góðan tíma til að fara yfir málið.

Þetta vildi ég nú segja um málið, hæstv. forseti. Ég ætla ekki að ræða um einstakar breytingar sem hér er um að ræða. Mér sýnist í fljótu bragði að þetta gangi kannski númer eitt

út á að þrengja og minnka það svæði sem lögin taka til. Það getur vel verið að fyrir því séu ágætisástæður og ætla ég ekki að dæma um það núna. En ég áskil mér allan rétt til þess að óska eftir góðri umfjöllun um þetta mál í hv. nefnd.

[18:46]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér eru gerðar athugasemdir við það að lögin eiga að taka gildi í október 2003. Ég geri mér fulla grein fyrir því að við erum á síðustu dögum þingsins hér. Hins vegar er það þannig að ef full samstaða er um málið þá væri hægt að afgreiða það og það vildi maður gjarnan sjá. En ég geri mér fulla grein fyrir því að menn eru með önnur mál í vinnslu í umhvn., eins og mengun hafs og stranda sem er þar núna og ekki í fyrsta sinn heldur er búið að fara ítrekað yfir það þannig að ég tel mjög mikilvægt að menn klári það. Ég hefði gjarnan viljað sjá þetta afgreitt en ég geri mér alveg grein fyrir því að nefndin hefur ekki mikinn tíma. Fari þetta *mál til nefndar sem ég á von á fyrst ég get mælt fyrir því hér* þá tel ég mikilvægt að það verði sent til umsagnar og menn fái þá umsagnir inn. Ég hafði frekar gert ráð fyrir því. Nema menn séu svo sammála um málið að þeir geti afgreitt það fljótt og vel.

Ég skil vel þessa afstöðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. En af því að möguleiki var á að mæla fyrir frv. hérna og ná því til nefndar og senda það út þá vildi ég gjarnan gera það. Ég tel mjög hæpið að ná þessu máli í gegn nema þokkaleg samstaða sé í nefndinni því við erum svo seint á ferðinni með það hér. En það eru ákveðnar ástæður fyrir því. Það er alveg rétt sem hv. þm. sagði að meginhugsunin í frv. er að minnka svæðið sem lögin taka til, en í dag taka þau til alls hreppsins alveg upp í jökul og það er mjög sérstakt að sjálfsögðu.

Ef full samstaða er um málið þá tel ég alveg mögulega hægt að klára það. En það væri líka hægt að senda það til umsagnar og taka það þá inn hér í haust aftur miðað við þær umsagnir sem hafa borist.

[18:48]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Já, ég get tekið undir þau orð sem hér hafa fallið. Það er nokkuð bratt fyrir okkur hv. þm. að fjalla um þetta mál sem er athyglisvert. Við þurfum auðvitað að skoða það mjög vel í umhvn. Alkunna er að lögin um verndun Mývatns og Laxár, þ.e. lögin sem hingað til hafa verið í gildi um þetta svæði, hafa vakið ákveðnar deilur og sveitarstjórnarmönnum á svæðinu hefur fundist fullmikið vald af þeim tekið, sérstaklega er varðar skipulags- og byggingamál. Ég get í sjálfu sér alveg tekið undir það heils hugar að það þurfi að skoða slík mál, þ.e. hvort friðunarlögin sem í gildi eru séu á einhvern hátt til trafala fyrir sveitarstjórnarfólk á svæðinu. Ef við komumst að raun um að nefnd sú sem fengin var af hæstv. umhvrh. til þess að kanna þessi mál hefur komist að þeim niðurstöðum sem hér um ræðir — það er tekið fram að nefndin hafi gert frumvarpstillögu sem þetta frv. byggir á, það séu lítils háttar breytingar — þá þurfum við í nefndinni auðvitað að kynna okkur hvort tillögurnr hér eru í samræmi við hugmyndir nefndarinnar og þá að hvaða leyti vikið er frá hugmyndum nefndarinnar í þessum efnum.

Um það er ekki deilt að verndargildi þessa svæðis er afar mikið. Hér eiga í hlut ýmsir alþjóðlegir samningar og ber fyrstan að telja Ramsar-samninginn, en Mývatn er einmitt fyrsta svæðið sem tilkynnt var á alþjóðlega skrá Ramsar-samningsins um verndun votlendis. Eins og mönnum hér er kunnugt hefur stundum staðið tæpt með það hvort Mývatni eða svæðinu verði heimilað að sitja á þessari skrá áfram þar sem kísilgúrvinnslan úr vatninu hefur verið einhvern þyrnir í augum skrifstofu samningsins. En eftir að þau mál fóru í þann farveg sem þau eru í nú þá hefur svæðinu verið tryggður sess á lista Ramsar-sáttmálans.

Þarna ber að líta til fleiri alþjóðlegra sáttmála. Það eru ýmsar skuldbindingar sem við höfum gengist undir á alþjóðavettvangi eins og sammningur um líffræðilegan fjölbreytileika og *Bernarsamningurinn um verndun villtra plantna* og dýra og lífssvæða í Evrópu. En þessara samninga er getið í greinargerð með frv.

Einnig er komið inn á Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn. Þess er getið í greinargerðinni að nefndin sem vann frumvarpsdrögin hafi verið sammála um að efla þyrfti starf hennar enda er hún mikill fjársjóður fyrir náttúrufræðinga. Í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

„... má segja að hvergi á Íslandi hafi farið fram jafnmiklar *rannsóknir í náttúrufræði* eins og við Mývatn. Þar hefur hlutur Náttúrurannsóknastöðvarinnar verið drjúgur. Hefur stöðin m.a. staðið fyrir vöktun á Mývatni í um aldarfjórðung og eru þær rannsóknir einstakar í veröldinni."

Undir þetta skal tekið, herra forseti, að hér er um að ræða náttúrufar sem er einstakt í veröldinni. Þess vegna er nauðsynlegt að hér sé vandað vel til verka.

Það er auðvitað gaman að rifja upp söguna í þessum efnum. Í samningi stjórnar Laxárvirkjunar, Landeigendafélags Laxár og Mývatns og forsætisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, sem undirritaður var hinn 16. maí 1973 af hálfu forsætisráðherra og hinn 19. maí 1973 af hálfu annarra samningsaðila, var mælt fyrir um að ríkisstjórnin léti semja frumvarp til laga um verndun Laxár- og Mývatnssvæðisins og legði það fyrir Alþingi. Fróðlegt er að rifja það upp að þessi samningur markaði einmitt endalok hinnar svokölluðu Laxárdeilu sem hafði staðið þá um nokkurra ára skeið vegna fyrirhugaðrar virkjunar Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Ég tek undir þau orð sem hv. þm. Jóhann Ársælsson lét falla hér. Það hefur ekki verið mikill tími til þess að setja sig inn í þetta mál í önnum þingsins þannig að ég áskil mér allan rétt til þess að skoða það vel í umhverfisnefnd. Ég á ekki von á öðru en að þar verði farið vel ofan í saumana á *málinu, gestir kallaðir fyrir nefndina* og umsagna leitað. Ég sé ekki að hér séu neinir sérstakir meinbugir á þó vissulega sé verið að minnka svæðið sem nýtur verndar. En ég fagna þó því að ekki er verið að afnema lögin. Það er ekki verið að leggja til að svæðið falli undir almenna vernd eins og almenn friðlönd. Ég held að mjög mikilvægt sé að halda þessari sérstöku vernd til streitu. Ég kem ég til með að skoða þetta mál ásamt félögum mínum í umhvn. þegar það verður tekið til umfjöllunar þar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 18:54]

Tilhögun þingfundar.

[19:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ekki er gert er ráð fyrir því að atkvæðagreiðslur verði í kvöld en á hinn bóginn verður boðað til fundar klukkan tíu í fyrramálið til þess að koma málum til nefnda.

Hafnalög, 1. umr.

Stjfrv., 661. mál (heildarlög). — Þskj. 1075.

[19:30]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til nýrra hafnalaga.

Þetta frv. tekur í aðalatriðum mið af öðru frv. til hafnalaga sem ég lagði fyrir Alþingi á síðasta vorþingi en ekki náðist að afgreiða það frá samgn. Það frv. byggði á niðurstöðu nefndar samgrh. um ný hafnalög frá því í nóvember árið 2000. Nefndin stóð einhuga að áliti sínu að undanskildum fyrirvara fulltrúa Landssambands íslenskra útvegsmanna, Landssambands smábátaeigenda og Sambands íslenskra kaupskipaútgerða við framangreint nál. en fyrirvari þessi er tilgreindur í frv.

Eins og áður sagði fékk fyrra frv. á síðasta vorþingi mikla umfjöllun í samgn. Síðastliðið sumar setti ég á stofn vinnuhóp til þess að fara yfir frv. eins og það lá þá fyrir. Ekki varð formleg niðurstaða af starfi hópsins en sú skoðun kom greinilega fram að endurskoða þyrfti 24. gr. frv. svo að sveitarfélögin gætu sætt sig við hana. Á 33. ársfundi Hafnasambands sveitarfélaga var hafnalagafrv., eins og það hafði tekið breytingum í vinnu samgn., tekið til umræðu og má fullyrða að það hafi verið langmikilvægasta mál ársfundarins í það skipti. Ársfundurinn samþykkti frumvarpsdrögin fyrir sitt leyti með nokkrum breytingum.

Í frv. þessu hefur verið tekið tillit til allra þeirra atriða sem fram komu á ársfundi Hafnasambandsins fyrir utan það að ekki reyndist mögulegt að breyta 17. gr. vegna þeirra miklu formkrafna sem gera verður um skilgreiningu skatta og þjónustugjalda. Má benda á að víkkaður hefur verið út styrktarflokkur svokallaðra byggðahafna með frv. eins og það liggur nú fyrir. Þannig er tekið á vanda þeirra hafna sem töldu hlut sinn mjög skertan í upphaflegu frv. Að þessu gefnu stendur eftir sú skoðun mín að Hafnasambandið og sveitarfélögin í landinu styðji frv. og leggi á það mikla áherslu að Alþingi taki tillit til svo eindregins vilja við afgreiðslu málsins.

Í frv. þessu eru mörg nýmæli sé tekið mið af núgildandi hafnalögum. Þau helstu eru eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir að samræmd gjaldskrá hafna verði aflögð eftir eins árs aðlögunartímabil og ákvæði samkeppnislaga gildi um gjaldtöku þeirra eða reglur um þjónustugjöld opinberra aðila eftir því sem við á.

2. Ein af forsendum frv. er að rekstur hafna verði virðisaukaskattsskyldur. Þetta málefni heyrir undir fjmrh. og samhliða þessu frv. hefur af hálfu fjmrh. verið mælt fyrir breytingum á lögum um virðisaukaskatt sem varðar virðisaukaskattsskyldu hafnanna.

3. Gert er ráð fyrir minni ríkisstyrkjum til hafnarframkvæmda og jafnframt eru ríkisafskipti almennt minnkuð. Áfram er þó gert ráð fyrir að endurbyggingar og viðhald á skjólgörðum sé greitt að hluta til úr ríkissjóði og heimildir eru til stofndýpkana þegar fram líða stundir. Að nýju verður tekin inn heimild til að styrkja kaup á lóðsbátum á stöðum þar sem aðstæður kalla á slík öryggistæki.

4. Framtíð minnstu hafnanna á landsbyggðinni er betur tryggð en núgildandi lög gera ráð fyrir. Jafnframt er í frv. þessu tiltekið að aðrar tekjulágar hafnir eigi möguleika á styrkjum frá og með árinu 2007.

5. Sérstök vörugjöld verða felld niður frá júnílokum 2004.

6. Heimiluð eru fleiri rekstrarform hafna en áður, m.a. hlutafélög. Minni skilyrði eru sett fyrir því hvaða rekstrarform hafnir velja sér samkvæmt þessu frv. en var í því frv. sem flutt var á síðasta vorþingi og samgn. fjallaði þá mjög ítarlega um.

7. Gildissvið frv. tekur til allra hafna, hvort sem þær eru reknar í atvinnuskyni eða ekki.

8. Önnur stjórnvaldsafskipti af höfnum eru betur skilgreind og þá sérstaklega er taka til hluta er varða öryggismál.

9. Breytt er hlutverki Hafnabótasjóðs. Er nú lagt til að heimilt sé að reka innan hans nokkurs konar jöfnunarsjóð eða þróunarsjóð hafna sem getur komið til móts við tekjulægri hafnir.

10. Aukin er áhersla á rannsóknarstarf Siglingastofnunar sem er afar mikilvægur þáttur í stofnanarekstri okkar.

11. Gerð er tillaga um endurskoðunarnefnd sem taki til starfa eftir þrjú ár, eða fyrr ef nauðsyn krefur, til þess að meta áhrif nýrra laga. Ástæða þess er að hafnirnar eru svo mikilvægar í atvinnulífi landsmanna að hér er settur þýðingarmikill öryggisloki í löggjöfina.

Fyrstu atriðin hér að ofan sem ég hef talið upp fela í sér eftirfarandi: Breytt fjárstreymi hafna. Kemur nú fé til uppbyggingar hafna í auknum mæli eftir öðrum leiðum en af fjárlögum eins og verið hefur hingað til. Virðisaukaskattsskylda gæti þýtt allt að 15% lægri framkvæmdakostnað vegna þess að uppsöfnunaráhrif hverfa úr rekstrinum. Einnig batnar fjárstreymi rekstrar vegna virðisaukaskattsskyldunnar. Hækkun gjaldskrár mun einnig auka verulega tekjur og loks mun ríkið styrkja áfram tilteknar framkvæmdir eins og áður hefur verið greint frá. Miðað við þessar forsendur verður fjárstreymi hafna í heildina tekið betra og jafnara en meðaltal áranna 1986–2000 og þá að öðru óbreyttu.

Í frv. er gert ráð fyrir að gjaldskrá hafna verði gefin frjáls eins og fyrr er getið um. Þetta er breyting frá ákvæði núgildandi hafnalaga um að samgrh. gefi út reglugerð sem ákveði gjöld fyrir afnot hafna. Í dag taka allir hafnarsjóðir sem undir lögin falla sömu gjöld fyrir hafnarþjónustu á grundvelli reglugerðar sem ráðherra setur. Ekki eru mörg tilvik eftir um slíka skipan á Íslandi og heita má að það heyri nær sögunni til að ráðherrar ákveði gjaldskrár. Benda má á að í öllum þeim úttektum sem gerðar hafa verið kemur fram að gjaldtökuþörf í höfnum er nokkuð mismunandi. Frv. gerir ráð fyrir að gjaldskrárákvarðanir færist til hafnarsjóðanna sjálfra. Þó mun samgrn. gefa út gjaldskrá til eins árs frá gildistöku laganna þar sem miðað verður við að tekjur úr hafnarsjóði verði færðar nær kostnaði við hafnarreksturinn.

Önnur ástæða fyrir breyttri gjaldtöku eru athugasemdir nefndar forsrn. um að gjaldtökuákvæði núgildandi hafnalaga uppfylli hvorki formkröfur skatta né þjónustugjalda, og að sjálfsögðu þarf að ráða bót á því. Við að gjaldskrárákvarðanir flytjist til hafna verður þá af þeirra hendi að uppfylla skilyrði sem gerð eru til gjaldtöku opinberra fyrirtækja. Þetta þýðir að hafnir verða að fara ofan í saumana á uppbyggingu gjaldskráa og verðlagningar svo að þær uppfylli kröfur um gjaldskrá opinberra fyrirtækja.

Innbyggt er í meginforsendum fjármálahliðar frv. að ákvæði reglugerðar um virðisaukaskattsskyldu opinberra aðila verði breytt eða með öðrum orðum þannig að hafnir í opinberri eigu verði gerðar virðisaukaskattsskyldar. Við það fara hafnir að innheimta innskatt og fá útskatt frádreginn. Áhrif þess eru að fjársteymi hafnanna batnar þar sem nú fá þær endurgreiddan virðisaukaskatt af framkvæmdum og

ýmsum rekstrarliðum úr ríkissjóði. Miðað við núverandi veltu og framkvæmdir fyrir 1.600 millj. kr. gæti fjárstreymið í höfnum batnað um 450 millj. kr. Þetta eru tekjur sem ríkissjóður verður af en sitja eftir í höfnum verði svipuðu fjármagni varið til framkvæmda og nú er.

Frv. gerir ráð fyrir minni greiðsluþátttöku ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum. Stærri hafnir eru í reynd látnar alfarið sjá um fjármögnun innri mannvirkja. Ljóst er að hækkun aflagjalda mundi minnka ríkisaðstoð við sjávarútveginn sem fellur vel saman við þá almennu stefnu stjórnvalda, sem m.a. hefur komið fram á erlendum vettvangi, að ríkisstyrkir í sjávarútvegi eigi að vera sem minnstir.

Niðurfelling sérstakra vörgjalda eftir 2004 kemur hér á móti til lækkunar gjalda hjá notendum hafnanna. Margt bendir jafnframt til þess að skoða þurfi fyrir aðlögunartíma gjaldskrár að breyta uppbyggingu vörugjaldsflokka með það að markmiði að ná fram lækkun á móti hækkun tekna frá virðisaukaskattsbreytingunni í þeim höfnum þar sem það á við.

Frv. heimilar greiðsluþátttöku ríkisins allt að 90% í minnstu höfnum í minni sveitarfélögum á landsbyggðinni þar sem árlegt meðalverðmæti heildarafla síðustu þrjú ár er undir 600 millj. kr. og tekjur hafna eru undir 15 millj. kr. Það heimilar 75% greiðsluþátttöku í viðhaldsdýpkun, sem þörf er á á minnst fimm ára fresti, og endurbyggingu og lagfæringum á skjólgörðum þar sem lítið skjól er fyrir úthafsöldu. Gert er ráð fyrir að hægt sé að styrkja dýpkun um allt að 60% og gerð viðlegumannvirkja um 40% í höfnum þar sem meðaltekjur eru undir 30 millj. kr. og þar sem meðalverðmæti sjávarafla er undir 1.500 millj. kr. og vöruflutningar sem um höfnina fara eru undir 50 þús. tonnum. Hér er því komið vel til móts við þær þarfir tekjuminni hafna sem ekki geta flokkast undir 90% regluna sem tiltekin var hér að framan.

Í till. til þál. um samgönguáætlun sem nú liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir verulegu framlagi til hafna árin 2003–2006. Er það í samræmi við bráðabirgðaákvæði II í frv. en þar er sett fram það markmið að gera hafnir eins og hægt er jafnsettar í framkvæmdalegu tilliti áður en hin breytta skipan styrkja kemur að fullu til framkvæmda árið 2007.

Það er mjög umhugsunarvert að fjárfesting í hafnarmannvirkjum umfram það sem er í dag skuli ekki gefa arð en hún er hins vegar í öllum tilvikum afar mikilvæg fyrir atvinnulíf viðkomandi svæða. Því verður að teljast ólíklegt að styrkir til hafna geti við óbreyttar aðstæður numið til lengdar svo háum fjárhæðum sem í núgildandi hafnaáætlun. Má telja nokkuð öruggt að núgildandi samræmd gjaldskrá gefi alls ekki nægar tekjur til þess að standa undir heimahluta svo mikilla framkvæmda. Margir hafnarsjóðir munu því lenda í erfiðleikum komi ekki til styrkir sveitarsjóða eða að framkvæmdum verður frestað, og þá miða ég við að öllu óbreyttu. Reynslan sýnir einnig að miklar sveiflur eru í ríkisframlagi til hafna og fer það eftir stöðu ríkissjóðs á hverjum tíma eins og eðlilegt er. Það út af fyrir sig mælir með að breyta fjársteymi hafnanna eins og frv. gerir ráð fyrir því það verður jafnara og skapar eðlilegra viðskiptaumhverfi. Einnig má nefna að núverandi kerfi hvetur til fjárfestinga þar sem hafnir greiða ekki nema hluta kostnaðar. Ætla má að í nýju kerfi muni hafnir fjárfesta öðruvísi og e.t.v. minna þegar þær þurfa að greiða megnið af kostnaði við fjárfestinguna. Einnig má búast við að þær muni skoða kosti samvinnu og jafnvel samruna í nýju kerfi. Tel ég það vera mjög æskilegt.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að bætt vegakerfi, bætt vetrarþjónusta og framfarir í flutningum á landi gefa hafnarsjóðum víðtækari möguleika á að hagræða og nýta fjárfestingar betur með samvinnu sín á milli. Samkvæmt þessu er staðreynd að núverandi lagarammi og fjárstreymi mun ekki leiða hafnir til þeirrar velsældar sem margir halda, heldur þvert á móti. Ég vil leggja sérstaka áherslu á að að sjálfsögðu þurfum við að taka tillit til samræmdrar samgönguáætlunar þegar fjallað er um framkvæmdir í höfnum og huga að því um leið og byggt er upp í þágu atvinnulífs hvers svæðis að við þurfum að nýta fjárfestinguna sem allra best og til þess er leikurinn gerður, að samræma framkvæmdir á sviði samgöngumála.

Frv. gerir ráð fyrir að sérstaka vörugjaldið sem hefur verið lagt á og rennur í ríkissjóð verði fellt niður í árslok 2003. Í fjárlögum 2002 er gjaldið áætlað ríflega 200 millj. kr. Sérstaka vörugjaldið hefur verið gagnrýnt fyrir að gjaldstofn þess sé óeðlilegur og mismuni notendum hafna. Þessi skattur er eingöngu innheimtur af vöruflutningum en ekki afla. Forsenda fyrir núverandi gjaldtöku er útgáfa samræmdrar gjaldskrár sem verður lögð niður verði frv. þetta samþykkt.

Önnur ástæða fyrir niðurfellingu sérstaka vörugjaldsins er að það hefur neikvæð áhrif á stöðu sjóflutninga sem eiga í vök að verjast samanborið við landflutningana auk þess sem sérstaka vörugjaldið hefur hækkað verðlag og er þess vegna eðlilegt að taka það til endurskoðunar inni í þessu kerfi, fyrir utan að það að fella það niður einfaldar allt gjaldtökukerfið.

Frv. gerir ráð fyrir þremur meginformum hafna, þ.e. höfn án hafnarstjórnar í eigu sveitarfélags, höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags og svo önnur almenn rekstrarform, t.d. hlutafélagsform, sameignarfélög o.fl. Frv. skilgreinir einnig hvaða starfsheimildir falla undir hvert rekstrarform, en það er nauðsynlegt vegna sjónarmiða um þátttöku sveitarfélaga í almennum atvinnurekstri í samkeppni.

Í frv. er að finna gjaldtökuheimildir til þess að standa straum af þeirri þjónustu sem höfnin getur veitt. Í frv. er ákveði sem segir að hafi höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags neikvæðan rekstrarafgang þrjú ár í röð, að teknu tilliti til vaxta en fyrir afskriftir, skuli henni breytt í höfn án hafnarstjórnar. Við þetta er stjórn hafnarinnar lögð niður og ábyrgðin færist beint til sveitarstjórnarinnar. Rökin á bak við þetta eru að skýra þurfi hina rekstrarlegu ábyrgð sem hafnarstjórnir bera.

Loks heimilar frv. önnur rekstrarform sem ekki teljast til opinbers reksturs. Þessi möguleiki gefur sveitarfélögum víðtækari möguleika á að laða fleiri aðila til samstarfs um rekstur hafnanna, t.d. gegnum eignarhald af einhverju tagi. Fleiri möguleikar opnast við að fjármagna þær og þau geta jafnvel ákveðið að selja þær ef svo ber undir. Um þessar hafnir gilda almenn skattalög og þær geta ekki notið ríkisstyrks. Þó eru þær takmarkanir settar að ekki megi greiða arð til eigenda fyrr en fé hefur verið lagt til hliðar fyrir fullnægjandi viðhaldi og endurnýjun hafnarinnar.

Ekki verður hér lagt mat á hvort einhverjar hafnir nýti sér hlutafélagaformið í framtíðinni. Það hefur þó marga kosti eins og t.d. fleiri fjármögnunarleiðir, möguleika á arðgreiðslum til eigenda innan þeirra marka sem sett eru og sveigjanleika og fjölbreytni í rekstri. Samkvæmt skýrslu sem unnin var fyrir Hafnabótasjóð er þetta rekstrarform í raun heppilegast þegar um samruna eða sameiningu hafna er að ræða. Kostir þess í stað núverandi hafnasamlaga eru í það minnsta talsverðir að mínu mati.

Með því að leggja til fleiri möguleika í rekstrarformum fyrir hafnir er sett fram sú skoðun að öflugar hafnir séu gríðarlega mikilvægar fyrir viðkomandi byggðarlög. Hafnir eru hnitapunktar samgangna og eru ein af meginuppsprettum auðs og möguleika hverrar þjóðar og byggðarlaga. Því verða stjórnvöld að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að takmarka ekki hina miklu möguleika sem hafnir alla jafna standa fyrir. Með því að gefa þeim aukið svigrúm er engin ástæða til annars en að ætla að starfsemi margra þeirra eflist. Það er a.m.k. reynsla annarra þjóða sem leitað hefur verið upplýsinga frá.

Gildissvið frv. er allar hafnir óháðar rekstrarformi. Núgildandi hafnalög taka einungis til hafna í eigu sveitarfélaga. Dæmi er um hafnir í eigu einkaaðila sem reknar eru í atvinnuskyni. Dregið hefur verið í efa að núverandi hafnalög nái til slíkra hafna og skapar það óvissu í framkvæmd þeirra. Markmiðið er að kröfur til hafna, þar með taldar öryggiskröfur, nái til allra hafna og ég tel mjög mikilvægt að hafnir þurfi og verði að falla undir allar öryggiskröfur sem gerðar eru. Þess vegna er mjög mikilvægt að það fari ekkert á milli mála að lögin nái til allra hafna í landinu hvert sem rekstrarformið er.

Þar sem frv. gerir ráð fyrir að einkaaðilar geti átt og rekið höfn, er hlutverk stjórnvalda betur afmarkað og minna en í núgildandi hafnalögum. Betri samræming er á milli ákvæða frv. og löggjafar um skipulagsmál. Þá er í frv. meiri áhersla lögð á það hlutverk stjórnvalda að tryggja öryggi í höfnum og öryggi hafnarmannvirkja. En í núgildandi lögum er stjórnvöldum heimilt að gefa út reglugerð er kveður á um lágmarkskröfur til hafnarmannvirkja.

Frv. gerir ráð fyrir að hlutverk Hafnabótasjóðs breytist og hann hætti að veita lán og styrki á móti fjárveitingum ríkissjóðs. Sjóðurinn skiptist nú upp í tvær deildir, A-deild og B-deild. B-deild tekur við tryggingahlutverki sjóðsins samkvæmt frv. Haldið verður áfram að bæta tjón á mannvirkjum sem geta notið ríkisstyrks og viðlagatrygging bætir ekki. Þetta á við ytri mannvirki í mörgum höfnum landsins. A-deild sjóðsins tekur við framlagi fjárlaga til hafnaáætlunar og heldur utan um greiðslur til hafnarsjóða. Hafnabótasjóður getur einnig rekið svokallaða þróunardeild sé það talið hagkvæmt eins og fyrr var getið um.

Hafnaráð myndar stjórn Hafnabótasjóðs og heldur með hliðsjón af hlutverki sjóðsins utan um ríkisstyrktar framkvæmdir. Það er einnig ráðgefandi um framkvæmd samgönguáætlunar og gefur samgrh. sjálfstætt álit við gerð hennar.

Aðrar breytingar í nýju frv. eru m.a. að heimilt er að krefjast tryggingar fyrir förgunarkostnaði skipa ef taldar eru verulegar líkur á að þær lendi í reiðileysi innan hafna.

Loks eru ný ákvæði um móttökuskyldu hafna og hvenær hægt er að synja skipi um að koma til hafnar. Þessi ákvæði skýra sig sjálf.

Siglingastofnun hefur sérhæft sig í tæknilegum og hagrænum störfum til undirbúnings við uppbyggingu hafna og sjóvarna. Þar er einkum átt við rannsóknir í tengslum við hafnagerð og sjóvarnir og öflun úrvinnslu og miðlun upplýsinga um sjólag og strauma er varðar öryggismál sjófarenda. Þá vinnur stofnunin að áætlanagerð, greiningu hafnastarfa og forgangsröðun framkvæmda ásamt sérhæfðri hönnun og framkvæmdaeftirliti. Í frv. er við það miðað að Siglingastofnun haldi áfram að sinna þessum mikilvægu rannsóknar- og eftirlitsverkefnum og viðhaldi og efli sérþekkingu sem þar er til staðar og nýti hana til þess að veita samgrn., stjórnvöldum og hafnarsjóðum, sveitarfélögum og fleirum þjónustu. Að auki mun stofnunin hafa eftirlit með því að fylgt sé stöðlum og reglum við hönnun og smíði hafnarmannvirkja og öryggismálum í höfnum.

Styrkleiki Siglingastofnunar felst m.a. í því að þar er saman komin á einn stað sérþekking á hafnamálum á sviði rannsókna, áætlanagerðar og þjónustu við hafnir og því leita bæði innlendir og erlendir aðilar eftir þjónustu stofnunarinnar eins og nýleg dæmi bera vitni um og er fagnaðarefni að okkar ágætu sérfræðingar Siglingastofnunar skuli hafa náð svo langt sem raun ber vitni á vísindasviðum sínum.

Þegar frv. var undirbúið af nefnd sem ég skipaði skiluðu fulltrúar Landssambands útvegsmanna, Landssambands smábátaeigenda og Sambands íslenskra kaupskipaútgerða séráliti eða skrifuðu undir nefndarálitið með fyrirvara um að þeir gætu ekki fallist á að gjaldskrá hafna yrði hækkuð áður en hún yrði gefin frjáls. Einnig vildi sá fulltrúi sem var fulltrúi þessara þrennu samtaka, að sett yrði inn í lögin ákvæði um að þau mannvirki sem fáir notuðu yrðu boðin viðkomandi til kaups og í lögin yrðu settar reglur um verðlagningu fyrir afnot þeirra. Að öðru leyti stóð hafnalaganefndin heil að nefndarálitinu og vil ég taka þetta sérstaklega fram við þessa framsögu.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja um frv. frekar. Ég tel að hér sé afar mikilvæg löggjöf á ferðinni sem á til lengri tíma að tryggja hagsmuni sjávarbyggðanna ekki síst, en einnig að ýta undir samkeppni og eðlilega viðskiptahætti í mesta þéttbýlinu þar sem margar hafnir eru og geta verið í samkeppni, en um leið tryggjum við hagsmuni litlu hafnanna og þar með sveitarfélaganna og atvinnulífsins á þeim svæðum með því að áfram verður veittur ríkisstyrkur til þess að við getum haldið áfram að nýta auðlindir sjávar allt í kringum landið. Það er afar mikilvægt fyrir okkur að geta blandað saman í löggjöfinni þessum þáttum öllum því við Íslendingar þurfum á því að halda og eigum mikið undir því að menn geti sótt sjóinn, nýtt auðlindir sjávar frá vel uppbyggðum og vel búnum höfnum sem hafa tekjur til þess að þróa starfsemi sína í takt við þróun íslenska flotans.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til samgn.

[19:52]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að leggja dóm á þetta frv. en þó vekja athygli þau markmið sem hæstv. ráðherra leggur sérstaklega áherslu á, að örva samkeppni á milli hafnanna. Þá vakti athygli hve lengi og af hve miklum ákafa hæstv. ráðherra talaði fyrir hlutafélagavæðingu hafna á Íslandi. Hann færði rök fyrir máli sínu eða setti öllu heldur fram staðhæfingar. Hlutafélagavæðingin mundi laða fleiri til samstarfs um eignarhald af einhverju tagi. Nú vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvaða eignarhald af einhverju tagi hann er að tala um. Hvaða aðila er hann að tala um þar? Og hverjir eru kostirnir að mati hæstv. ráðherra? Jú, möguleikar á því að greiða arð til eigenda. Finnst hæstv. ráðherra sem á að koma hér fram fyrir skjöldu fyrir hönd skattgreiðenda þetta vera helstu kostirnir við að gera íslenskar hafnir að hlutafélögum, að veita fjármagn út úr höfnunum í vasa nýrra eigenda?

Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra skýri betur fyrir okkur hvað hann á við þar, því við þekkjum náttúrlega dæmin úr einkavæðingu annars staðar frá þar sem einkavæðingin hefur leitt til stóraukins kostnaðar fyrir skattborgarann. Ég er

hræddur um að hæstv. ráðherra skuldi okkur nánari skýringu á því hvað hann á við.

[19:54]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat þess sérstaklega, eins og frv. gerir ráð fyrir, að stofnað gæti verið til hlutafélaga sem ættu hafnir. — Nú tel ég afar mikilvægt að hv. þm. hlusti vegna þeirrar fyrirspurnar sem hann lagði fyrir mig. — En hv. þm. þekkir það mætavel frá störfum sínum að þeir sem leggja fjármagn inn í fyrirtæki, leggja fram fjármagn til framkvæmda, vilja yfirleitt fá eitthvað fyrir sinn snúð og þess vegna tel ég ekki óeðlilegt að greiddur sé arður af því fjármagni sem lagt er inn í hafnir. Ekki er verið að gera ráð fyrir því sérstaklega að allar hafnir verði hlutafélög, en við opnum þann möguleika og við teljum eins og skýrt kemur fram að eðlilegt sé að greiddur sé arður, svo framarlega sem tryggt verði að tekjurnar sem fást af hafnarstarfseminni séu fyrst notaðar til að byggja eðlilega upp þá þjónustu sem hafnirnar veita og kringum það er girt í frv.

En þegar hv. þm. vísaði til þess sem sagt var um að *félögin gætu verið með mismunandi formi, þá á ég fyrst og* fremst við um hlutafélög eða sameignarfélög og það eru þau form sem við þekkjum helst í fyrirtækjarekstri á Íslandi.

En ég tel að engin ástæða sé til að gera það tortryggilegt þótt einhverjar hafnir yrðu hlutafélög. Aðalatriði málsins er að sú löggjöf sem hér er verið að mæla fyrir setur mjög skýrar reglur um hlut ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum, hvernig reka eigi hafnirnar og hvernig þjónustunni eigi að vera háttað.

[19:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki að reyna að gera neitt tortryggilegt. Ég er að vísa í málflutning hæstv. ráðherra sem segir að að sínu mati sé hlutafélagið heppilegasta formið fyrir rekstur hafna á Íslandi. Ég hef miklar efasemdir um að það sé rétt. Hins vegar er það rétt hjá hæstv. ráðherra að hugsanlegir fjárfestar í höfnum vilja fá eitthvað fyrir sinn snúð. Með öðrum orðum, þeir vilja fá meira út úr fjárfestingunni en nemur sjálfri fjárfestingunni. Það er arðurinn. Það er ástæðan fyrir því að t.d. að elliheimilið Sóltún er miklu dýrara fyrir íslenska skattgreiðendur en dvalarheimili sem ekki eru rekin á þeim forsendum. Það kemur fram í úttekt Ríkisendurskoðunar að eigendur dvalarheimilisins þurfi að fá eitthvað fyrir sinn snúð.

Mér finnst mjög undarlegt þegar um er að ræða samfélagslega þjónustu eins og hafnir að hér komi fram hæstv. ráðherra, fulltrúi ríkisstjórnar, og tali fyrir hönd fjárfesta sem þurfi að fá eitthvað fyrir sinn snúð og hann telji það vera einn af kostum hlutafélagaformsins að eigendur, fjárfestar, geti tekið gróða út úr slíkri fjárfestingu, íslenskum höfnum. Mér finnst þetta mjög undarlegur málflutningur. Ég hefði skilið þennan málflutning frá Verslunarráðinu eða einhverjum samtökum fjárfesta, en ekki frá ríkisstjórn eða hæstv. ráðherra sem á að tala fyrir hönd skattgreiðandans.

[19:58]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er akkúrat mergurinn málsins að ég er hér m.a. að tala fyrir hönd skattgreiðenda. Það er nefnilega þannig í dag að rekstur hafna á Íslandi er með þeim hætti að tekjurnar standa ekki undir rekstrarkostnaði og við erum hér að beita okkur fyrir því að gera á því breytingu. Það birtist þannig m.a. að sumar hafnir og sum sveitarfélög verða að nota útsvarstekjurnar til þess að standa undir uppbyggingu hafnanna og jafnvel rekstri hafnanna. Ég tel að það sé ekki eðlilegt að útsvarsgreiðendur, þ.e. skattgreiðendur, standi þannig undir rekstri hafnanna og standi þannig fyrir niðurgreiðslu, ríkisstyrkjum og sveitarfélagastyrkjum til sjávarútvegsins. Þess vegna er ég svo sannarlega fulltrúi skattgreiðenda þegar ég lít til þess og mæli með því að sjávarútvegurinn greiði stærri hlut í rekstri og uppbyggingu hafnanna á Íslandi í stað þess að seilast í vasa útsvarsgreiðenda til þess að standa í því.

[19:59]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Í þessu frv. eru lagðar til mjög róttækar breytingar á þeim lögum sem í gildi eru um hafnir og í meginatriðum lagt til að afnema ríkisstyrki sem hafa verið mjög umtalsverðir mjög lengi til flestra hafna á landinu og koma á samkeppni milli hafnanna með því að afnema ákveði um gjaldskrár og taka upp endurgreiðslu á virðisaukaskatti þannig að þessi rekstur verði eins og annar atvinnurekstur, virðisaukaskattsskyldur.

Víst er að vandi steðjar að ýmsum höfnum landsins, eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra. Þær búa við aðstæður þar sem tekjur eru ónógar til að standa undir stofnkostnaði eða nauðsynlegum framkvæmdum eða endurnýjun á mannvirkjum sem ganga úr sér með tímanum. Sumar hafnir eru þannig staddar að rekstrartekjur duga ekki fyrir útgjöldum. Það er ljóst að skoða þarf það umhverfi sem er í gildi og huga að því að koma á fót lagfæringum sem geti orðið til þess að bæta úr þar sem vandi steðjar að.

Engu að síður eru breytingarnar mjög umdeilanlegar og *sérstaklega í ljósi þess að ekki er alltaf ljóst að breytingarnar* sem stefnt er að nái að bæta úr þar sem menn telja þörf á. Því held ég að það sé nauðsynlegt að ræða vandlega þetta frv. og gefa því þinglega meðferð þannig að menn fari vandlega og gaumgæfilega yfir efni þess.

Við vitum hvernig landið hefur byggst hér, með mörgum plássum um allt land og hugsanlega má segja að sjávarplássin gætu verið færri og mannvirkin að sama skapi. En við erum ekki við þær aðstæður að við getum teiknað upp nýtt Íslandskort, heldur þvert á móti búum við við þær aðstæður sem við erum með í dag. Það er náttúrlega töluvert mikið í fang færst ef menn ætla að gera breytingar sem munu leiða til þess, eins og eðli samkeppninnar kallar á, að höfnum fækki. Það getur ekki verið annað markmið og önnur niðurstaða af því að taka upp samkeppni í þessari starfsemi en að höfnum fækki.

Ég bendi t.d. á að seint hefði það verið talið skynsamlegt í ljósi þess nýja anda sem hér er í frv. að leggja mikla peninga í dýpkunarframkvæmdir í öllum þeim höfnum landsins sem menn hafa ákveðið að ráðast í til þess að mæta þróun í stækkun skipaflota, t.d. í loðnuveiðum. Ég velti því fyrir mér hvort menn hefðu fallist á að stækka höfnina og dýpka á Raufarhöfn ef við værum að vinna samkvæmt því frv. sem *hér liggur fyrir. Mér er kunnugt um að fólk á Raufarhöfn* hafði miklar áhyggjur af framtíð síns staðar og sagði fullum fetum að ef það fengi ekki dýpkun á höfninni stæðist það ekki samkeppni við aðrar hafnir sem stór og djúprist skip geta komið inn á og þar með væri grundvellinum kippt undan byggðarlaginu. Það varð niðurstaða þingmanna, bæði kjördæmisins og annarra, að það mætti ekki verða og menn

ákváðu að beita sér fyrir því að fenginn yrði ríkisstyrkur til þess að standa undir þessari framkvæmd.

Í raun og veru segir þetta frv. að líklega hefur þessi ákvörðun ekki verið skynsamleg. Ég get ekki fengið annan botn í efni frv. en að menn ættu, og menn eigi, að stuðla að því að fækka höfnum og draga þannig úr bæði rekstrar- og stofnkostnaði og færa útgerðir á færri hafnir þannig að tekjurnar dreifist ekki eins víða og er í dag. Það má vel vera að þetta sé skynsamleg framtíðarsýn en ég hef efasemdir um það vegna þess að slík breyting kemur við svo marga og hún yrði mjög kostnaðarsöm. Ég held að það verði mikið álitamál hvort menn geti fundið út úr því hagnað þegar öll kurl koma til grafar. Þess vegna held ég að menn þurfi að vera algerlega vissir um að breytingin sem þeir ætla sér að fara í verði til góðs áður en þeir láta til skarar skríða.

Það er alveg ljóst að við það að taka út megnið af ríkisframlagi til hafnanna verða menn að velta þeim tekjumissi yfir á notendur. Og það er þá útgerðin, fiskiskipaútgerðin og vöruskipaútgerðin. Nú er dreifingin á þessu ekki jöfn eftir landshlutum eða höfnum landsins, heldur eru tekjurnar af vöruflutningi, inn- og útflutningi, fyrst og fremst hjá Reykjavíkurhöfn. Og gjöld og tekjur af fiskiskipaflotanum eru fyrst og fremst tekjur hafnanna á landsbyggðinni. Hafnirnar á landsbyggðinni sem munu missa ríkisstyrkinn að öllu eða verulegu leyti verða að bæta sér það upp með því að hækka gjöldin sem þær rukka af útgerðunum. Öðruvísi geta þær ekki náð endum saman. Og það hefur verið áætlað að tvöfalda þurfi aflagjaldið þannig að aukinn kostnaður á útgerðir á þessum stöðum getur verið 400–500 millj. kr. á ári.

Þetta getur kannski verið í lagi að því leytinu til að það hreyfi ekki mikið til útgerðarmynstrinu þannig að útgerðir færi sig ekki á milli hafna ef ekkert annað raskar stöðu hafnanna. En það er nákvæmlega það sem mér sýnist að gerist, að sumar hafnir bæti afkomu sína verulega við þessa breytingu, sérstaklega Reykjavíkurhöfn sem mun fá árlega mörg hundruð millj. kr. afkomubata vegna breytinga á virðisaukaskattslögunum og hafa tekjurnar af vörugjöldunum. Sú höfn mun bæta afkomu sína verulega og samkeppnisstaða hennar batna að sama skapi gagnvart hinum höfnunum sem þurfa að hækka gjaldskrá sína. Og það verður freistandi, hygg ég, fyrir margar fiskiskipaútgerðir að færa sig frá höfn sem þarf að tvöfalda gjaldskrá sína til hafnar sem þarf ekki að gera það. Það blasir alveg við að þetta er ekki breyting sem styrkir stöðu hafnanna á landsbyggðinni þegar þetta gerist hvort tveggja í senn.

Ef taka á upp samkeppnisrekstur verða að vera samkeppnisskilyrði, þá verða menn að geta keppt. Við getum ekki komið á samkeppni ef ekki eru sambærileg skilyrði fyrir hendi víðar á landinu en stefnir í. Það eru enn þá óleyst ýmis mál sem tengjast þessu frv. og það þarf að gera verulegar breytingar á því til þess að sæmileg samstaða náist um þessar viðamiklu breytingar.

Ég bendi á að aðeins 16 hafnir munu fá ríkisframlög miðað við það sem er að finna í frv., og það eru mjög litlar hafnir. Allar aðrar hafnir munu missa ríkisframlög sín. Þær munu í fyrsta lagi ekki eiga nokkra möguleika á að standa undir þeim skuldum sem á þeim hvíla í dag og það vantar allar upplýsingar um hvernig eigi að taka á þeim kostnaði. Það er heldur ekki sjáanlegt hvernig þessar hafnir eiga að geta aflað sér tekna til þess að standa að nauðsynlegu viðhaldi og uppbyggingu. Ég hef skoðað þetta t.d. miðað við hafnir á Vestfjörðum og það verður ekki séð að þessi breyting bæti stöðu þeirra. Þvert á móti benda upplýsingarnar til þess að staða þessara hafna muni almennt versna við þá breytingu sem lögð er til í frv. Og það er ekki það sem menn þurfa í þessu kjördæmi, Norðvesturkjördæmi, að efna til breytinga sem veikja stöðu byggðarlaga eins og sjá má að verði við þessar breytingar. Það er ekki neinum til góðs og ég ætla að hæstv. samgrh. sé ekki að leggja til að leggja í slíkan leiðangur. Menn verða þá auðvitað að fara yfir efni frv. og gera á því þær breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að ljóst sé að menn veiki ekki stöðu sjávarplássa víða um landið frá því sem nú er.

Ég tel t.d. að sú skilgreining sem er í frv. á því hvaða hafnir eru styrkhæfar og hvenær — það er undantekningarákvæði, í raun er meginreglan sú að ríkisstyrkir eru aflagðir — sé allt of þröng til þess að við hana sé hægt að una. Ég tel að algerlega vanti ákvæði um þann kostnað sem fallinn er til hjá skuldsettum höfnum og hvernig eigi að leysa úr því máli. Ég tel að það vanti algerlega ákvæði um hvernig hafnirnar eigi að geta keppt. Ég sé ekki samkeppnisumhverfið sem á að búa til. Ég sé ekki annað en að Reykjavíkurhöfn muni hafa algera yfirburði í því umhverfi sem lagt er til í frv. að verði, og að það hljóti að leiða til þess að útgerðir færi starfsemi sína til, jafnvel milli landshluta, sæki í hafnir sem geta boðið miklu lægri gjöld fyrir þá þjónustu sem þarf að veita. Þetta eru hlutir sem þarf að skoða.

Við verðum auðvitað að hafa það í huga hvernig staðan er hjá okkur. Við erum með eina aðalútflutningshöfn, og tekjur af innflutningi og útflutningi renna til þeirrar hafnar. Aðrar hafnir á landinu fá lítið sem ekkert í tekjur af því, heldur styðjast við gjöld af fiskiskipaflotanum. Mér sýnist ekki geta verið vænlegt að stórhækka gjöld á þann flota þegar hann getur síðan sótt í aðra höfn eða aðrar hafnir sem ekki þurfa að hækka gjöld sín. Það liggur alveg í augum uppi hvaða hættu menn bjóða heim með slíkri breytingu.

Af minni hálfu eru því verulegar efasemdir um þetta mál og fleiri. En þingflokkurinn féllst á að leggja frv. fram til þess að það mætti koma hér til umræðu og þinglegrar meðferðar. Við leggjum áherslu á að það fái vandaða meðferð í hv. samgn. en leggjum jafnframt áherslu á að efni frv. verður að taka verulegum breytingum til þess að menn nái samkomulagi um afgreiðslu þess.

[20:13]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrir það fyrsta vil ég minna hv. þingmann á að það er stjórnarfrv. sem hér er verið að mæla fyrir. Að sjálfsögðu fær frv. þinglega meðferð, til þess er það hér til afgreiðslu. Það hefur verið unnið mjög vandlega að því. Mér finnst hins vegar að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefði þurft að kynna sér efni þess betur, t.d. er sérkennileg sú fullyrðing að verið sé að skapa skilyrði til þess að Reykjavíkurhöfn hafi betri aðstöðu en hún hefur núna til þess að hafa yfirhöndina í samkeppni við fiskihafnir. Staðreyndin er í dag sú að Reykjavíkurhöfn hefur algera yfirburði yfir allar aðrar hafnir í landinu. Á meðan halli er á öllum höfnum landsins samtals hefur Reykjavíkurhöfn mjög háar fjárhæðir í afgang af rekstri sínum, sem betur fer.

Breytingin sem hér er einmitt verið að gera með þessu frv. er að skapa skilyrði til þess að fiskihafnirnar geti fengið eðlilegar tekjur af sjávarútveginum en á móti liggur alveg ljóst fyrir að samkeppnisyfirvöld, og um það er alveg sérstaklega fjallað og gert ráð fyrir því, verða auðvitað að sjá til þess að ekki sé fært á milli í rekstri hafna enda er algerlega óleyfilegt

að færa tekjur úr vöruhafnaþjónustunni yfir í þjónustu við fiskiskipin. Það er grundvallaratriði. Og við gerum ráð fyrir því að lækka verulega vörugjöldin á móti hagsbótum sem Reykjavíkurhöfn fær, m.a. vegna virðisaukaskattsbreytingarinnar. Ég tel að fiskihafnirnar muni standa mun betur eftir þessa breytingu en er í dag.

[20:16]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að Reykjavíkurhöfn hefur algera yfirburði yfir aðrar hafnir landsins. Þeir yfirburðir munu aukast við þær breytingar sem hér eru lagðar til. Hafi ég réttar upplýsingar um áhrifin af endurgreiðslu innskattsins mun það þýða að staða Reykjavíkurhafnar batni um 600 millj. kr. á ári. Hins vegar virðast fiskihafnirnar þurfa að auka tekjur sínar um 400–500 millj. kr. til að afla nýrra tekna til að mæta því að ríkið dregur sig út með styrkveitingar. Ég tel að báðar þessar breytingar vinni gegn því að jafna samkeppnisskilyrðin og muni auka á þá yfirburði sem Reykjavíkurhöfn hefur yfir aðrar hafnir landsins.

Ég sé ekki, herra forseti, að þessi breyting bæti úr þar sem vandinn er fyrir. Vandinn sem er fólginn í því að hafnir hafa ekki nægar tekjur og skuldir þeirra eru þungur baggi á sveitarfélaginu. Og það væri fróðlegt að heyra frá hæstv. samgrh. hvar í frumvarpinu er að finna þær tillögur sem leysa þann vanda sem hafnirnar standa frammi fyrir. Við þurfum að leysa vandann en ekki búa til nýjan vanda.

[20:17]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Frumvarpið gerir ráð fyrir að skapa fiskihöfnunum betra svigrúm til að afla sér tekna. Það er eitt af grundvallaratriðum þessa máls. Virðisaukaskattsbreytingin felur í sér hagsbót fyrir þær hafnir einnig. En það er algerlega rangt hjá hv. þm. að Reykjavíkurhöfn muni hafa 600 millj. kr. hag með þessari breytingu í virðisaukaskattskerfinu. Þær upplýsingar hef ég ekki fengið. Hann hlýtur þá að fá aðrar og betri upplýsingar en ég um það.

Hitt er á að líta að ég tel að lækkun á vörugjöldunum muni koma sjávarútvegi mjög til góða. Sjávarútvegurinn þarf á því að halda að vörugjöld séu lækkuð. Með lækkun á vörugjöldunum kemur það inn í kostnað við flutning á sjávarafurðum og með þessari breytingu er ætlast til þess og gert ráð fyrir að Reykjavíkurhöfn, og þessar stóru vöruhafnir sem eru reyndar ekki margar, verði ekki betur settar eftir þessa breytingu. Á það hef ég lagt mjög mikla áherslu. Ég hef einnig lagt áherslu á að ekki sé hægt að færa á milli í rekstri hafnanna frá vörugjaldaþjónustunni til að greiða niður þjónustu við fiskihafnirnar.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að fara nánar ofan í þau atriði sem hv. þm. ræddi um. Samgn. þingsins mun að sjálfsögðu fara yfir þetta. Ég minni á að Hafnasamband sveitarfélaga, sem er í forsvari fyrir hafnirnar í landinu, hefur mælt með samþykkt frv. með þeim breytingum sem á því hafa verið gerðar.

[20:19]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af því sem kom fram hjá hæstv. samgrh. undir lokin vil ég segja að hæstv. ráðherra hefur jafnvel oftúlkað stuðning við frv. eins og það lítur út, frá aðilum eins og Hafnasambandinu. Ég tel að það sé eitt af því sem hv. samgn. þurfi að fara vandlega ofan í og kynna sér hver afstaða hagsmunaaðila er til málsins. Það kemur þá bara í ljós á þeim vettvangi.

Breytingin er ákaflega einföld. Það er verið að leggja til að hætta að greiða styrki til atvinnustarfsemi á landsbyggðinni, uppbyggingu hafna sem eru undirstaða fyrir atvinnustarfsemi. Það er verið að leggja það til.

Í öðru lagi er lagt til að endurgreiða virðisaukaskatt sem fyrst og fremst nýtist Reykjavíkurhöfn. Þetta er kristalklárt og öllum augljóst sem málið skoða.

[20:20]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil segja í upphafi máls míns um frv. til hafnalaga, mál sem við ræddum einnig fyrir ári, að það kom mér á óvart að þetta frv. skyldi koma fram á nýjan leik. Umfjöllunin um frumvarpið í fyrra leiddi í ljós að nánast allir sem komu að því fundu því flest til foráttu. Þess vegna verð ég að segja, virðulegi forseti, að það kemur mér mjög á óvart að þetta mál skuli koma fram nú, þó ekki væri nema sökum þess að alþingiskosningar eru fram undan. Það er ekki laust við að maður fái á tilfinninguna að hæstv. samgrh. hafi verið plataður til þess að leggja þetta frv. fram.

Almennt vil ég segja, virðulegi forseti, og taka undir það sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði áðan, að kjarninn í þessu, meginstefnan, er sú að afnema ríkisstyrki til hafna. Það er kjarninn og meginþemað í frv. Ég hefði talið að slík grundvallarbreyting hefði þurft mun lengri aðdraganda en hér er gert ráð fyrir. Þetta er slík grundvallarbreyting að því er varðar aðstöðu sjávarbyggða landsins. Horfum til þess og veltum fyrir okkur því að hafnirnar eru lífæðar þessara byggða. Nyti hafnanna ekki við væri ólíklegt að þar hefði haldist byggð. Ef hæstv. ríkisstjórn ætlar að etja þessum byggðum saman í samkeppni á þann hátt sem hér stefnir í verð ég að segja að það getur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Við verðum líka að horfa til þess að þróun íslenska skipastólsins, einkanlega fiskiskipastólsins, hefur verið í samræmi við þá þróun sem átt hefur sér stað og flestir rekja til núverandi fiskveiðistjórnarkerfis. Skipum hefur verið að fækka og aflaheimildir færst á færri hendur. Það er því ljóst að samkeppnisstaða hafnanna hlýtur að vera mjög erfið. Það eru að verða til fáir stórir á þessu sviði sem mun gera það að verkum að samkeppnisstaða hafnanna verður erfið. Þegar höfnunum er teflt saman á þann hátt sem hér er lagt til er í raun verið að offra lífsbjörginni, ef svo má að orði komast, virðulegi forseti. Það verði að fara mjög vandlega yfir þetta mál. Svo stórt er það, stórt í sniðum og skiptir þessar byggðir það miklu máli.

Virðulegi forseti. Af þessum sökum kom það mér mjög á óvart að þetta mál skyldi koma fram og mælt skyldi fyrir því nú þegar um vika er eftir af þinginu, a.m.k. gera áætlanir ráð fyrir því. Þess vegna verður mjög erfitt fyrir samgn. að fara jafnítarlega yfir þetta mál og nauðsynlegt er.

Kannski endurspeglast markmið frv. best í athugasemdinni frá fjármálaráðuneytinu. Þar kemur fram að á þessu ári, verði frv. að lögum, muni sparast um 1.000 milljónir, þ.e. styrkveitingar til hafna á landsbyggðinni munu dragast saman sem því nemur.

Nú ætla ég ekki að gera lítið úr þeim ásetningi og vilja manna til að spara. Ég er hins vegar ekki viss um að menn hafi hugsað þetta til enda. Ég held að enginn hér inni mótmæli því að það getur verið mikil áhætta í því fólgin að tefla höfnunum saman á þann hátt sem hér kemur fram. Ég er sammála því sem komið hefur fram hjá fyrri ræðumönnum, að í reynd séu engar forsendur fyrir samkeppni á þessu sviði,

því að etja byggðunum saman. Byggðirnar eiga allt sitt undir því að hafnirnar nýtist og á land berist afli og annað þess háttar. Með þessu er verið að etja byggðunum saman og hugsanlega ýta til hliðar þeirri lífsbjörg sem þær eiga allt sitt undir.

Virðulegi forseti. Ég tel að menn hafi ekki hugsað þetta nægilega. Finnst mönnum ekki staðan á landsbyggðinni nægilega erfið þó að þessari hugmynd verði ekki hrint í framkvæmd? Þá tel ég miklu heiðarlegra og eðlilegra, úr því að menn vilja gera slíka aðför að landsbyggðinni, að menn teikni, líkt og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefndi í ræðu sinni áðan, bara nýtt Íslandskort. Menn gætu þá sett það nákvæmlega upp hvar eigi að vera byggð og hvar ekki. Ég held það sé miklu heiðarlegra en að etja byggðunum saman í samkeppni á þann hátt sem hugmyndin að baki þessu frv. gerir ráð fyrir. Ég held að væri miklu ærlegra að fara þá leið heldur en ætla byggðunum að éta hver aðra innan frá með þessum hætti.

Ég vil taka undir annað sem hér kom fram áðan. Ég er smeykur um að hæstv. samgrh. oftúlki mjög, svo ekki sé nú dýpra í árinni tekið, afstöðu Hafnasambandsins til þessa máls. Þegar þeir komu fyrir nefndina fyrir ári þá var afstaða þeirra sem töluðu fyrir Hafnasambandið allt önnur. Ég vil líka geta þess að ég sat hafnasambandsþing og heyrði þá gagnrýni sem þar kom fram. Það þarf mikinn vilja og jafnvel skáldskaparhæfileika til að geta túlkað það á þann hátt að hafnasambandsþingið hafi stutt hugmyndirnar í þessu frv.

Ég vil segja, virðulegi forseti, að ég hef miklar áhyggjur af þessu frv. og veit að það mun kippa fótunum undan mörgum höfnum landsins. Þá spyr maður, virðulegi forseti: Hver verður staða byggðanna þá? Því verða menn að svara. Það má ekki bara etja mönnum á foraðið og vita ekki hvert þeir ætla.

Virðulegi forseti. Ég vil ekki segja að ekki kunni að koma til með að þurfa að gera einhverjar breytingar á þessu fyrirkomulagi. En ég er smeykur um að menn hafi ekki farið með þessa tilteknu hugsun nægjanlega langt. Maður spyr líka, í því ljósi að hafnir eru lífæðar þessara byggða: Hvað rekur menn í þetta núna, nokkrum dögum fyrir kosningar? Það verður mjög erfitt að fara vandlega yfir frumvarpið, einfaldlega vegna tímaskorts. Ég veit að formaður nefndarinnar, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, er allur af vilja gerður til að gera þetta eins vel og kostur er. Það er einfaldlega þannig að það er það skammur tími eftir af þinginu að okkur mun aldrei takast að fara yfir þetta frv. eins og nauðsyn krefur.

Í frv. er opnað á þann möguleika að breyta höfnum í hlutafélag. Ég held að það sé alveg ástæðulaust að slá þann möguleika út af borðinu í einu vetfangi en ég held að við þurfum að hugsa vandlega til hvaða niðurstöðu það getur leitt. Við þurfum að hugsa það mjög vandlega og það verður ekki gert á þeim skamma tíma sem eftir er. Það verður líka að segjast að röksemdafærsla hæstv. ráðherra fyrir þeim möguleika var heldur létt í vasa.

Ég vil segja, við 1. umr., að ég hef miklar efasemdir um málið. Ég óttast að verði það að veruleika séum við að opna á nokkurs konar rússneska rúllettu þar sem ræðst hvaða byggðir lifa og hvaða byggðir deyja. Ég lít svo á að þetta sé það alvarlegt mál, virðulegi forseti, að þinginu sé ekki sæmandi að ætla sér að afgreiða það á þeim örfáu dögum sem eftir eru.

Ég hvet hæstv. ráðherra til að taka tillit til þess hve skammt er eftir af þinginu. Þingið mun aldrei geta fjallað um þetta mál eins og þarf. Ég hvet hæstv. ráðherra til að draga úr áherslu sinni á að þetta frv. fari í gegn. Ég lít svo á, virðulegi forseti, að eins og málum er háttað nú sé það stórhættulegt.

[20:31]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að segja mörg orð. Þó vil ég segja eitt: Ég tel rétt að slá algerlega út af borðinu hugmyndir um að hlutafélagavæða hafnirnar. Til hvers getur það leitt? spyr hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Hæstv. ráðherra svaraði því áðan. Hann sagðist eygja þann möguleika fyrir nýja hluthafa eða hluthafafjárfesta að hafa arðinn út úr þessari starfsemi. Það finnst mér ekki vænlegt, nema síður sé.

Hæstv. ráðherra sagði að það þyrfti að fá fjármagn inn í hafnirnar, fjárfesta, en þeir þyrftu að fá eitthvað fyrir sinn snúð. Í orðum hans felst að niðurstaðan yrði sú þegar upp er staðið að þeir tækju meira út úr fjárfestingu sinni en þeir settu í hana eða legðu af mörkum þannig að ég hef miklar efasemdir um þetta.

Herra forseti. Ég ætla ekki að leggja dóm á frv. Ég hef ekki kynnt mér það nægilega vel til að geta haft á því nokkurt vit. En ég legg áherslu á þann þátt sérstaklega sem varðar rekstrarformið. Hér hafa komið ýmis sjónarmið fram.

Ég vek athygli á því að það er stutt eftir af þessu þinghaldi en mörg stór og veigamikil mál bíða afgreiðslu þingsins. Hvorki ég né aðrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs munum standa gegn því að mál fái skjóta meðferð og komist til nefndar, en þar legg ég áherslu á að þau fái vandaða afgreiðslu. Á það mun að sjálfsögðu reyna um helgina og á komandi þingdögum.

[20:33]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða frv. til hafnalaga. Það sem mig langar til að nefna fyrst er um misjafna stöðu hafnanna í dag, viðhaldsstöðu. Við getum hugsað okkur höfn sem nýbúin er að fá mjög mikið fjármagn, það er búið að gera mjög mikið fyrir þá höfn en svo er önnur höfn sem á eftir að vinna mikið við til að hún komist í sambærilega stöðu: Hvernig er gert ráð fyrir því að þetta verði jafnað eða bætt? Við getum hugsað okkur að einn staður sé kannski með algjörlega nýuppgerða höfn og glæsilega vegna þess að það pláss var mjög heppið hvað tímasetningu varðar, en svo er kannski pláss í næsta nágrenni einmitt þannig statt að það verði að setja mikið í hafnarframkvæmdir þar. Þá getur verið um töluverðan mismun að ræða. Ég velti þessu hér upp.

Þetta frv. er í raun afleiðing kvótakerfisins sem við búum nú við. Við höfum séð hvernig togarar hafa flust frá byggðum sem hafa gefið tekjur. Við getum tekið Þingeyri sem dæmi þó það hafi nú lagast á vissan hátt, en þó ekki til eins góðs horfs. Við getum líka tekið stað þar sem togarar voru en eru farnir, í ýmsum þorpum, vegna þess að búið er að selja kvótann burtu sem þeir höfðu og kvótastaða byggðanna hefur minnkað. Það gerir það náttúrlega að verkum að þegar minna er landað þá verða tekjurnar minni.

Ég var aðallega að hugsa um þetta í sambandi við hina misjöfnu stöðu hafnanna eftir að þetta frv. verður orðið að lögum og hvernig eigi að bregðast við slíku.

Að öðru leyti ætla ég ekkert að tjá mig frekar um þetta mál.

[20:36]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég var að hlýða á þessar umræður á skrifstofu minni um þetta frv. til hafnalaga og ég verð að segja það alveg eins og er að ég tek undir orð þeirra þingmanna sem hér hafa sagt að það væri afar furðulegt að koma með þetta mál hér inn núna. Ég lýsti þeirri afstöðu minni að ég er algjörlega andvígur frv. eins og það er upp sett. Ég tel að það verði mörgum sjávarbyggðunum til mikils tjóns.

Ég hef satt að segja staðið í þeirri trú, herra forseti, að hæstv. samgrh. hefði í raun beitt sér fyrir nógu mörgum verkum sem mér finnast ekki hafa verið til gæfu eins og síðasta verkið um áhafnir fiskiskipa og flöggun undir erlendum fána. Núna kemur frv. sem á að vega að höfnum landsins og starfsumhverfi úti um landið. Ég tel að þetta frv. eigi að fara í nefnd og sofna þar löngum svefni eins og það er í pottinn búið. Ég tel að þetta muni vega að öryggi byggðanna. Þetta vegur að þeirri lífæð sem hafnirnar eru og þeim rekstri sem sjávarþorpin byggjast á. Mér er nær að líkja þessu frv. við þá aðför sem gerð var að byggðum landsins þegar framseljanlega kvótakerfið var tekið upp 1990, þ.e. ef þetta gengur eftir. Ég hygg að þetta muni höggva veruleg skörð víða í rekstur og afkomumöguleika margra sjávarbyggða.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál nú við 1. umr. Ég mun hins vegar tjá mig betur um málið ef það kemur til 2. umr. sem ég vona svo sannarlega að verði ekki á þeim fáu dögum sem eftir lifa af þessu þingi. Ég held að öllum væri til gæfu að málið fengi að sofa fram yfir kosningar. Ég átta mig alls ekki á því hvað hæstv. samgrh. gengur til að keyra þetta mál hér inn í þing á síðustu dögum. Það verður enginn friður um að keyra þetta mál hér í gegn.

[20:39]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. hefur nú heyrt afstöðu þeirra þingmanna sem hafa tjáð sig í þessu máli og held að sé vægt til orða tekið að halda því fram að menn hafi verulegar efasemdir um þetta tiltekna mál. Frumvarpið byggir á einhvers konar samkeppnissjónarmiðum. Þó held ég að flestir átti sig á því að engar forsendur eru fyrir samkeppni á þessu sviði. Hér er verið að tala um lífæð byggðanna og að fara að tefla þeim saman á þennan hátt er grafalvarlegt mál. Í slíkri samkeppni yrði einhver undir, þá yrðu einhver byggðarlög undir. Það er eðli málsins samkvæmt. Ef tefla á að byggðunum saman á þennan hátt þá verða einhverjar byggðir undir.

Þess vegna spyr ég hæstv. samgrh. þar sem ég átta mig ekki alveg á því sjálfur: Hvað ætlar hann að segja við það fólk sem býr í þeim byggðum sem kunna að verða undir, fólk sem hefur byggt sér hús eða keypt sér fasteignir í þeim byggðum sem hafa orðið undir? Hvað ætlar hann að segja við þetta fólk ef svo fer, sem ég geri ráð fyrir og það er eðli málsins, að tiltekin höfn verði undir þannig að hún er ekki samkeppnishæf við aðra sem leiðir til þess að viðskipti við þá höfn dragast saman og verða nánast lítil sem engin? Hvað ætlar hæstv. samgrh. að segja við fólk í þessum byggðarlögum? Þetta er óhjákvæmileg afleiðing þeirrar hugmyndar og hugsunar sem býr að baki frumvarpinu. Hvað ætlar hæstv. samgrh. að segja við þetta fólk? Það er fyrsta spurningin sem ég beini til hæstv. samgrh. Svo er önnur: Er ekki heiðarlegra, virðulegi forseti, að koma bara fram og segja að með þessari hugmynd sé ætlunin að leggja af tiltekin byggðarlög og segja þá bara hvaða byggðarlög það eigi að vera? Væri það ekki miklu heiðarlegra? Samkeppnin er grimm og þegar menn stofna til samkeppni um lífsbjörgina sjálfa og einhver verður undir þá verða einhverjir fyrir verulegum skakkaföllum, verulegu tjóni.

Hæstv. ráðherra verður að svara þessu og gera okkur grein fyrir því hvernig hann hyggst bregðast við gagnvart þeim byggðarlögum sem verða undir. Þetta er lykilspurning sem við þurfum að fá svar við og við þurfum að fá svar við henni áður en málið kemur inn í samgn. Ég sit í hæstv. samgn. og kem því til með að fjalla um málið. En hvernig ætlar hæstv. ráðherra að taka á vanda þeirra byggða sem verða undir í þeirri samkeppni sem hann er hér að skapa um sjálfa lífsbjörgina?

[20:42]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er nú alltaf skemmtilegt á kvöldstundum þegar menn bregða sér í ham kappræðulistarinnar. Það er alveg auðheyrt að menn minnast þess rækilega að kosningar nálgast. Málflutningur hv. þingmanna einkennist satt að segja mjög af því. Ég held að þegar hv. þingmenn fá tækifæri til þess, ekki síst þeir sem eru í samgn., að kynna sér þetta frv. — raunar veit ég að menn þekkja nú nokkuð til frv., sumir hverjir a.m.k. vegna rækilegrar umfjöllunar um það áður — þá munu þeir komast að raun um að hér er frv. á ferðinni sem hefur þann tilgang að styrkja stöðu hafnanna í sjávarbyggðunum og sem svar við hugleiðingum hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar vil ég bara undirstrika og ítreka það atriði. Frumvarpið gengur út á að koma í veg fyrir þá þróun sem hefur átt sér stað undanfarandi ár, þ.e. að fiskihafnirnar úti á landi hafa verið að veikjast. Með frumvarpinu verður gengið í þveröfuga átt. Það er verið að auka tekjur hafnanna og það þurfa hv. þm. að vita að áfram er gert ráð fyrir ríkisstyrkjum til framkvæmda við hafnargerð í minni fiskihöfnum og áfram verða heimildir til þess fyrir Alþingi að taka ákvörðun um það við afgreiðslu fjárlaga að veita fjármuni til uppbyggingar hafnanna. Ég held því að hv. þingmenn ýmsir, sem sýna hér einlægan vilja til þess að standa með byggðunum úti um landið, muni komast að raun um að þetta frv. er afskaplega mikilvægt fyrir landsbyggðina.

Ég hvet hv. þingmenn til þess að kynna sér málið áður en þeir tala með þeim hætti sem hér hefur verið gert.

[20:45]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil segja þetta: Það vildi ég að sú ræða sem ég flutti áðan og þau viðvörunarorð sem ég flutti hefðu verið í einhvers konar kappræðuformi. Að málið væri ekki alvarlegra en svo að þetta væri einhvers konar kappræðustíll þegar hæstv. samgrh. kemur hingað í ræðustól og heldur því fram að það sé rétt að tefla byggðunum saman á þann hátt sem hæstv. ráðherra gerir ráð fyrir.

Ég held að ekki þurfi að rekja það í þessum sal og við þá þingmenn sem hér sitja hver þróunin hefur verið í íslenskum sjávarútvegi að því er varðar fiskveiðar. Ég held að ekki þurfi að rekja í þessum sal þá þróun sem hefur átt sér stað með fækkun skipa víða um landið, þ.e. fækkun viðskiptavina hafnanna. Og í þessu frv. kemur skýrlega fram og ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að lesa úr áliti frá fjármálaráðuneytinu, en þar segir, með leyfi forseta:

„Heildaráhrifin af frumvarpinu eru að útgjöld ríkissjóðs miðað við núverandi hafnaáætlun lækka um 1.000 millj. kr. miðað við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2003."

Um þetta vil ég aðeins segja, virðulegi forseti, að það er algerlega fráleitt að þessi lækkun á framlögum til hafnanna muni leiða til þess að hafnir víðs vegar um landið muni styrkjast. Þetta er alveg fráleit röksemdafærsla, enda, virðulegi forseti, þegar málið kom fyrir í fyrra, fyrir ári, þá lögðust nánast allir sem komu fyrir nefndina gegn þessu máli. Nánast allir. Það hefur ekki orðið sú breyting á því, virðulegi forseti, að reikna megi með öðrum móttökum.

Því segi ég það, virðulegi forseti, að ég hvet hæstv. ráðherra eindregið til að hverfa frá þessum fyrirætlunum sínum.

[20:47]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hafnir landsins eru ákaflega mikilvægar og það er svo sem góðra gjalda vert að menn fari yfir þá löggjöf sem um þær hefur gilt og ýmislegt sem örugglega má færa til betri vegar heldur en verið hefur hvað þær varðar. Ég hef hins vegar miklar efasemdir um að hafnir landsins geti orðið í eigu annarra en sveitarfélaga eða slíkra aðila, vegna þess að sú þjónusta sem hafnirnar veita á að vera til reiðu fyrir alla. Ef hafnirnar fara að ganga kaupum og sölum í hlutafélagaforminu þá er kannski einna líklegast að þær endi í eigu stórfyrirtækjanna sem eiga veiðiheimildirnar að óbreyttu kerfi ef ekki tekst að hnekkja því. Og ekki þarf að hafa mörg orð um það að ef slík fyrirtæki eiga eina höfn þá er ekkert endilega víst að þau líti á það sem sitt aðalhlutverk að þjóna einhverjum öðrum útgerðarmönnum hvað varðar aðstöðu í þeirri höfn. Og þó að í 21. gr. þessa lagafrv. standi að skylt sé að taka á móti skipum í höfn eftir því sem rými og aðstaða leyfir, þá vita það allir sem hafa kynnst starfsemi hafna að ef hafnaryfirvöld eru ekki vinsamleg þeim sem þangað vilja sækja þjónustu, þá hafa menn ekkert þangað að gera. Það er enginn vandi að skipuleggja þá aðstöðu sem þar er til staðar handa þeim skipum sem menn vilja þjóna vel og skilja hina eftir sem menn hafa ekki áhuga á að þjóna.

Ég verð að segja eins og er að ég vil miklu frekar líta á hafnirnar einhverjum svipuðum augum og menn vilja núna líta á flutningskerfin í raforkunni, þ.e. að menn verði að tryggja það að þessi þjónusta hafi það að markmiði að veita almenna þjónustu sem allir eiga rétt á. Ég bið þá sem um þetta fjalla í nefndinni að gaumgæfa það hvort þetta frv. tryggi það eða hvort einhver hætta sé á því að eitthvað annað geti orðið upp á teningnum ef menn samþykkja frv. sem hér er á ferðinni.

Þetta var það sem ég vildi koma hér á framfæri. Ég hef ekki lesið þetta fullkomlega í gegn og ætla ekki að fjalla um einstakar greinar. En mér finnst það stór ákvörðun að ætla að breyta um möguleika á eignarhaldi á höfnunum. Það hefur reyndar verið skoðun mín lengi að það sé svo sjálfsagt hlutverk sveitarfélaganna að hafa hafnamálin á sinni könnu og hafa þá til þess tilstyrk þingsins eða hins opinbera í formi styrkja vegna stærri átaka og uppbyggingar í höfnum, að mér hefur ekki fundist vera ástæða til þess að hafa áhyggjur af því, eða ég hef a.m.k. ekki haft áhyggjur af því að menn ætluðu sér að gefa kost á því að það yrði til einhver annar farvegur þarna og við sætum kannski uppi með það eftir fáein ár að það væru bara nokkur fyrirtæki sem ættu allar hafnirnar í landinu af því að þægilegt væri að smokra sér undan ábyrgðinni af því að reka hafnir með því að bæta þeim inn í einhver hlutafélög sem tækju það að sér að reka hafnir landsins og yrðu einn góðan veðurdag orðin að einokunarfyrirtækjum á því sviði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[20:52]

Útbýting þingskjala:

Neytendakaup, 556. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1111; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1112.

Tekjuskattur og eignarskattur, 601. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1107.

Verðbréfaviðskipti, 347. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1108; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1109.

Þriðja kynslóð farsíma, 1. umr.

Stjfrv., 659. mál. — Þskj. 1072.

[20:53]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um svokallaða þriðju kynslóð farsíma.

Á undanförnum árum hefur farsímanotendum í heiminum fjölgað gífurlega. Tvö farsímakerfi eru nú rekin sem veita talsímaþjónustu og í einhverjum mæli lághraðagagnaflutningsþjónustu. Það eru annars vegar hliðræn kerfi (NMT) og hins vegar stafræn kerfi (GSM 900 og DCS 1800). Hliðræn kerfi eru skilgreind sem fyrsta kynslóð en stafræn kerfi sem önnur kynslóð.

Ríflega átta af hverjum tíu Íslendingum nota GSM-farsíma í daglegu lífi og internetnotkun er meðal þess mesta sem þekkist í heiminum. Með þessu frv. til laga um þriðju kynslóð farsíma er lagt til að Póst- og fjarskiptastofnun úthluti allt að fjórum tíðnum að loknu útboði þar sem bjóðendum gefst kostur á að skila inn tilboðum, m.a. varðandi útbreiðslu farsímanetins og þjónustu, hraða á uppbyggingu nets og móttökustyrk sendinga. Lágmarkskrafa er að farsímanetið nái til 60% íbúa á tilgreindum svæðum. Þá er ekki miðað við landið í heild, heldur tilgreind svæði. En þar sem fullnægja má útbreiðslukröfum umfram 30% með reiki, má gera ráð fyrir mun meiri útbreiðslu. Tíðnigjald er 190 millj. kr. Til að stuðla að víðtækri útbreiðslu á landsvísu er gert ráð fyrir að rétthafar fái afslátt af tíðnigjaldi ef þeir skuldbinda sig til meiri útbreiðslu en tilgreind er sem lágmarkskrafa. Framsal tíðna er hins vegar óheimilt.

Samkvæmt ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um samræmda innleiðingu þriðju kynslóðar farsímakerfa innan bandalagsins sem tekin hefur verið upp í EES-samninginn, hvílir sú skylda á íslenskum stjórnvöldum að innleiða löggjöf um þriðju kynslóð farsíma. Eftirlitsstofnun EFTA hefur ítrekað við íslensk stjórnvöld að hraða lögfestingu ákvæða um úthlutun tíðna fyrir þriðju kynslóð farsíma. Með lagafrumvarpi þessu eru þær skyldur uppfylltar.

En ástæðan fyrir því að ekki hefur verið flutt frv. fyrr er að þróun þessarar tækni hefur farið mjög hægt og er nánast ekki komin af stað í Evrópu enn sem komið er nema að nafninu til. Öll önnur aðildarríki EES hafa nú úthlutað tíðnum til þriðju kynslóðar engu að síður.

Skilyrði fyrir tíðniúthlutun eru breytileg og mismunandi aðferðum hefur verið beitt, uppboði, útboði eða þriðju leiðinni. Fjöldi tíðniúthlutana eru fjórar til sex. Heildarfjárhæðin

sem greidd hefur verið fyrir tíðnir í þessum ríkjum er rúmlega 10.000 milljarðar króna og má búast við svipuðum kostnaði vegna fjárfestinga. Umhverfið hefur hins vegar breyst í grundvallaratriðum og má búast við því að aðeins hluti þessarar fjárhæðar fengist nú.

Með nýrri kynslóð farsíma, þriðju kynslóðinni, er aukin áhersla lögð á gagnaflutning og nýjar leiðir opnast fyrir samskipti með háum bitahraða. Auk hefðbundinnar grunnþjónustu eins og hágæðatalsíma, faxsendinga, myndsíma og gagnaflutnings með miklum hraða þarf kerfið að geta ráðið við margmiðlun og veitt virkan aðgang að internetinu, staðarnetum og annarri IP-staðlaðri þjónustu.

Velgengni þriðju kynslóðarinnar er undir því komin hvernig markaðurinn sjálfur bregst við. Japanska fyrirtækið NTT DoCoMo, varð fyrst til þess að hefja rekstur þriðju kynslóðar farsíma í heiminum og eru viðskiptavinir þess nú um 34 milljónir. Innleiðing þriðju kynslóðar kerfa í Evrópu hefur gengið mun hægar en áætlanir gerðu ráð fyrir, m.a. vegna þess að notendabúnaður hefur ekki verið til staðar. Hann er nú loksins kominn á markað og er mun fullkomnari en núverandi GSM-búnaður. Breska farsímafyrirtækið Hutchison tók þriðju kynslóðar net sitt í notkun 3. mars sl. undir heitinu Þrír. Þá hafa fyrirtæki í nokkrum ríkjum, t.d. Svíþjóð gefið það út að þau muni bjóða þriðju kynslóðar þjónustu á þessu ári.

Frumvarp til laga um fjarskipti hefur verið lagt fram á Alþingi sem mun leysa gildandi fjarskiptalög af hólmi verði það samþykkt. Í því frumvarpi er að finna almennar reglur um úthlutun tíðniréttinda til fjarskiptafyrirtækja, þar með talið fyrir farsímaþjónustu. Reglur þessar gilda einnig eftir því sem við á um tíðniúthlutanir fyrir farsíma af þriðju kynslóð.

Við úthlutun réttinda til að reka þriðju kynslóðar farsímakerfi í öðrum löndum hefur, eins og ég gat um áðan, einkum verið beitt tveimur aðferðum, þ.e. útboði eða uppboði. Báðum aðferðum fylgja kostir og gallar. Ýmsar þjóðir, svo sem Danir, Bretar og Þjóðverjar, hafa valið þá leið að hafa uppboð á farsímaleyfum. Þegar uppboðsleiðin er valin er eingöngu keppt um verð, en engin trygging er fyrir því hver útbreiðsla þjónustunnar verður. Almennt útboð er hins vegar heppilegasta aðferðin til að ná fram yfirlýstum markmiðum mínum sem samgönguráðherra um hámarksútbreiðslu hagkvæmrar farsímaþjónustu. Það er sú leið sem farin er í þessu frv.

Ýmis önnur rök hníga að útboðsleiðinni:

1. Mikil reynsla er af þessari aðferð hér á landi, þ.e. að bjóða út, og er nokkuð mikil reynsla af útboði bæði í framkvæmdum og í útboði á þjónustukaupum ýmiss konar.

2. Með því að ákveða fyrir fram skilyrði og aðferðir við mat á tilboðum má tryggja hlutlægni við val á bjóðendum.

3. Það er ekki skilyrði fyrir árangri að bjóðendur séu fleiri en úthlutaðar tíðnir eins og er í uppboðsleiðinni.

4. Með því að heimila reikisamninga er hagkvæmni aukin og unnt að komast hjá óarðbærum fjárfestingum þrátt fyrir mikla útbreiðslu.

5. Með þessari aðferð er lögð áhersla á mikla útbreiðslu sem er mikilvæg fyrir hagsmuni landsbyggðarinnar.

Við mat á tilboðum verður fyrst og fremst litið til útbreiðslu og verða veitt stig fyrir áætlaða útbreiðslu og útbreiðsluhraða eftir ákveðnum reglum. Miðað er við að bjóðendur geti reiknað út stig sín áður en tilboðum er skilað inn.

Rétthöfum verður heimilt að hafa samstarf um það hvernig þeir uppfylli útbreiðslukröfur samkvæmt tilboðum sínum, þannig að ekki þurfi að byggja upp samhliða fjarskiptanet þar sem markaðsaðstæður standa ekki undir slíkri uppbyggingu. Þannig er fyrirtækjum aðeins gert að byggja upp eigið net þannig að útbreiðslan sé að lágmarki 30% innan hvers svæðis, en útbreiðslukröfur umfram það er heimilt að uppfylla með reikisamningum, þ.e. með samningum við önnur fjarskiptafyrirtæki.

Til að stuðla að víðtækri útbreiðslu þriðju kynslóðar farsíma er lagt til að gerð verði lágmarkskrafa um útbreiðslu á tilgreindum svæðum. Skipting í svæði miðar að því að ná sambærilegri útbreiðslu á farsímaþjónustunni um allt land. Hér er lagt til að lágmarkskrafan um útbreiðslu verði 60% á hverju svæði.

Miðað við þær kröfur má áætla að heildarkostnaður við uppbyggingu þriðju kynslóðar farsímakerfis verði á bilinu 10–15 milljarðar króna. Er þá miðað við uppbyggingu kerfa fjögurra rétthafa og hámarksreiki á landsbyggðinni. Það samsvarar 45 þús. kr. á íbúa sem er sambærilegur kostnaður og við uppbyggingu kerfa í Mið-Evrópu, en talsvert lægri en kostnaður er á Norðurlöndunum.

Eins og áður hefur komið fram mun allt að fjórum bjóðendum verða úthlutað tíðnum til rekstrar þriðju kynslóðar farsímaneta að undangengnu almennu útboði. Gildistími tíðniúthlutunar verður 15 ár og er tíðnigjald ákveðið 190 millj. kr. Tíðnigjaldið mun þannig skila umtalsverðum tekjum í ríkissjóð, sem líta má á sem gjald fyrir afnot af þeim takmörkuðu gæðum sem til úthlutunar eru. Rétt er þó að hafa í huga í þessu samhengi að það er ekki útboðið sem slíkt sem mun skila tekjum og að þau tíðnisvið, sem eru til úthlutunar samkvæmt lögum þessum, eru í raun ekki verðmæti í sjálfu sér. Þau verða hins vegar verðmæt á grundvelli viðskipta- og markaðssjónarmiða þar sem þau eru takmörkuð. Þetta er háð ýmsum atriðum, fyrst og fremst tíðnigjaldinu og útbreiðslukröfu. Verðmæti þeirra tíðnisviða sem eru til úthlutunar eru síðan endanlega leyst úr læðingi í skjóli þeirrar aðferðar sem yfirvöld ákveða að viðhafa við úthlutun þeirra. Þar sem aðstæður eru ólíkar hér á landi og í öðrum ríkjum innan EES-svæðisins, m.a. þar sem markaður hér er minni og landfræðilegar aðstæður um margt ólíkar, ber að fara varlega í allan samanburð á þeim tekjum sem tíðnigjald skilar í ríkissjóð. Á endanum greiða neytendur fyrir tíðnigjaldið. Þannig má telja öruggt að þar sem tíðnigjald verður mjög hátt munu gjöld fyrir fjarskiptanotkun endurspegla þá staðreynd, auk þess sem það gæti hugsanlega tafið framþróun fyrir þriðju kynslóð farsíma, ef farsímafyrirtæki færu að skuldsetja sig verulega til að greiða fyrir tíðnir. Slík niðurstaða er ekki í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnar Íslands að hlúa beri að upplýsingaþjóðfélaginu og örva alla tækniþróun í landinu, þar með uppbyggingu og notkun á GSM-símakerfum.

Við ákvörðun þeirrar aðferðar sem viðhöfð verður við úthlutun tíðna var framangreint haft í huga og reynt að fara bil beggja, þ.e. að tryggja að ríkið fái hæfilegt endurgjald fyrir að veita afnot af þeim takmörkuðu gæðum sem eru til úthlutunar, en jafnframt að koma í veg fyrir að gjaldtakan hafi óæskileg áhrif á framþróun þriðju kynslóðar farsímakerfa.

Það er mikilvægt að benda á það hér að við þessi markmið stjórnvalda um víðtæka dreifingu fjarskiptaþjónustu til allra landsmanna lækkar tíðnigjaldið umtalsvert við aukna dreifingu.

Með þriðju kynslóð farsíma verður til nýr þjónustumark-

aður þar sem beitt verður nýrri tækni og nýjum aðferðum til samskipta í viðskiptum sem ætla má að hafi almennt jákvæð áhrif á efnahagslífið. Gera má ráð fyrir að réttindi til rekstrar þriðju kynslóðar farsíma og útbreiðsla kerfisins muni einnig hafa í för með sér aukna samkeppni á farsímamarkaði.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og samgn.

[21:04]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu um þriðju kynslóð farsíma er í sjálfu sér ekki stórt eða mikið í sniðum og ekki efnismikið. Í örstuttu máli gengur það út á að hér er verið að móta lagaramma utan um þá starfsemi sem væntanlega mun snúa að því að koma upp dreifikerfi og þjónusta síma, þ.e. hina svokölluðu þriðju kynslóðar farsíma eins og þeir hafa verið skilgreindir. Hugmyndin gerir ráð fyrir, virðulegi forseti, að veitt verði fjögur leyfi og þeim úthlutað eftir tilteknum reglum.

Fyrsta spurningin sem vaknar við þetta er hvers vegna ákveðið er að leyfin skuli vera fjögur. Ekki finnst svar við þeirri spurningu, hvorki í greinargerð né frv. sjálfu. Er það eitthvað sem hæstv. samgrh. telur að sé passlegur fjöldi eða tengist það hugsanlega þeim möguleika sem tíðnisviðin gefa í þessum efnum? (**Gripið fram í:** Eða flokkakerfinu.) Eða tekur það mið af fjórflokkakerfinu í landinu? Ég skal ekkert um það segja. (**Gripið fram í:** Er það ekki bara góð skýring?) Það er svo sem ekki verri skýring en hver önnur hvað það varðar að í raun og veru er hvergi skýringu að finna um þetta tiltekna efni í frv. eða greinargerð með því. Þess vegna er það það fyrsta sem maður staldrar við í þessum efnum, þ.e. hvers vegna leyfin eru fjögur en ekki tvö eða níu, ellefu eða sautján sem eru fallegar tölur líka og gætu sjálfsagt vel komið til álita.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, held ég að mikilvægt sé að menn séu ekkert að rugla neitt með það að leyfisgjaldið verður 40 milljónir hjá hverjum sem fær þetta leyfi, vegna þess að með svokölluðum reikisamningum þar sem fyrirtæki munu væntanlega gera samning sín á milli um aðgang að kerfum þeirra, þá mun það þýða að menn þurfa ekki að fara nema 15% upp fyrir þessi 60%, þ.e. upp í 75% dreifingu með reikisamningum, og þá eru menn komnir niður í þessar 40 millj. kr., þannig að gjaldið verður aldrei hærra en 40 millj. kr. og það er það sem þessir reikisamningar gera ráð fyrir.

Í sjálfu sér hef ég svo sem enga skoðun á því hvort gjaldið eigi að vera 40, 60, 80 eða 100 milljónir. Ég skal játa það hér í þessum ræðustóli að ég hef í raun og veru ekki hundsvit á því hvað er rétt verð. Og af þeim sökum gagnrýni ég þá aðferð sem hér er beitt vegna þess að það kemur ekkert fram í greinargerðinni af hverju menn leggja þetta upp með þessu móti, þ.e. tíðnigjaldið er auglýst 190 milljónir en fyrir hvert prósent sem menn fara upp fyrir 60% í dreifingu á landinu, þá lækkar gjaldið um 10 milljónir. Þegar menn eru komnir upp í 75% dreifingu, þá er það komið niður í þær 40 milljónir sem um ræðir. Og með reikisamningum munu menn alltaf, virðulegi forseti, fara niður í þetta gjald, þannig að raunverulegt gjald verður 40 millj. kr. Það liggur fyrir.

En það sem stendur kannski í mér og væntanlega fleirum er hvernig þetta verð er fundið. Hvernig eru þessi réttindi metin? Af hverju förum við ekki þá leið einfaldlega að láta þessi fyrirtæki meta þau réttindi sjálf? Kannski meta þau fyrirtæki sem hugsanlega kunna að fara í þetta réttindin upp á 700 millj. kr., ég veit það ekki. Kannski meta þau réttindin upp á 14 millj. kr. eða einhvers staðar þarna á milli.

Ég geri mér ekki grein fyrir, virðulegi forseti, hversu mikils virði þessi réttindi eru, en það er eitt sem er alveg ljóst að hæstv. samgrh. gerir það ekki heldur. Því að engin rök eru fyrir því hvers vegna þessi leið er farin. Ég hefði talið miklu eðlilegra, virðulegi forseti, af því að á ákveðinn hátt má segja að hér sé verið að veita réttindi sem að mörgu leyti má líkja við réttindi til að nýta takmarkaða auðlind, þó að ekki sé alveg hægt að setja það upp á sömu hillu og takmarkaða auðlind, en þó er margt svipað með því. Þetta eru tiltekin takmörkuð réttindi sem eru veitt með þessum hætti. Og gjaldið fyrir þau réttindi verður 40 millj.

Það er þetta sem ég vil gagnrýna, virðulegi forstei. Ég hefði talið miklu eðlilegra að þau fyrirtæki sem hyggjast veita þessa þjónustu og starfa á þessu sviði hefðu metið verðmæti þessara réttinda sjálf. Ég held þau séu alveg í stakk búin til þess og ég held að hugmyndir eða rök í þá veru að mörg fyrirtæki hafi boðið allt of hátt á sínum tíma, haldi ekki. Ég held að menn séu komnir yfir það „hæp". Virðulegi forseti. Ég biðst nú afsökunar á því að nota það orð en ég held að menn séu komnir yfir það að ímynda sér að þetta muni skila einhverjum óheyrilegum hagnaði. Ég held því að við eigum að treysta forstjórum og forsvarsmönnum þessara fyrirtækja til að meta þessi réttindi sjálfir og þá verður einhver tiltekin verðmyndun á þeim, en ekki eins og hér er lagt upp að einhvers konar verðlagsstofnun, „à la" hæstv. samgrh., setji verðmiða á slík réttindi. Þetta vildi ég leggja inn í umræðuna.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, vil ég einnig nefna það sérstaklega vegna þess að ég hjó eftir því í ræðu hæstv. ráðherra að hann lagði mikið upp úr því og undir það get ég tekið, að ekki yrði farið í offjárfestingar, þ.e. menn gætu samnýtt þetta. Undir það sjónarmið tek ég. Að menn geti samnýtt þetta og reglurnar séu ekki þannig að þær ýti mönnum út í óþarfar fjárfestingar. Það er ekki vel farið með fé ef hið opinbera er að setja slíkar reglur. Þess vegna spyr ég, virðulegi forseti, af hverju er það gert að skilyrði að hvert fyrirtæki sem fær þessi réttindi, gefum okkur að þau verði fjögur, skuli byggja upp sitt eigið fjarskiptanet þannig að það séu að lágmarki 30% innan hvers svæðis? Og til að það sé nú í samhengi, þá eru svæðin fjögur, þ.e. í fyrsta lagi höfuðborgarsvæðið, í öðru lagi Vesturland, Vestfirðir og Norðurland vestra, og þá væntanlega eins og kjördæmin voru skilgreind hér áður og fyrr, í þriðja lagi Norðurland eystra og Austurland og í fjórða lagi Suðurland og Suðurnes, þ.e. þessi fjögur svæði. Á hverju þessara svæða er hverju fyrirtæki sem fær réttinn til að veita þjónustu við þriðju kynslóð farsíma, skylt að koma upp kerfi sem þjónustar að lágmarki 30% innan hvers svæðis.

Ég spyr, virðulegi forseti: Hvað gerði til þó að einn aðili kæmi sér upp slíku kerfi og seldi síðan inn á það ef hægt yrði að koma fyrir einhverjum skynsamlegum reglum? Vegna þess að 30% duga vitaskuld engan veginn. Það gæti þýtt að fjögur fyrirtæki væru með 30% kerfi, ef svo má að orði komast, 30% fjarskiptanetakerfi jafnvel á sama svæði þar sem er auðveldast og ódýrast að koma því upp, því það er allsendis óvíst að samningar takist milli fyrirtækjanna um að hver um sig sjái um sitt svæði. Þá erum við að kalla þarna fram einhvers konar fjárfestingu, óþarfafjárfestingu, vegna opinberra reglna sem samræmast síðan ekki þeim málflutningi sem hæstv. ráðherra var með hér áðan. Ég sit reyndar í

hv. samgn. og ég fæ því tækifæri til að fjalla betur um þetta. En þetta er eitt af þeim atriðum sem ég átta mig ekki á, af því að með þessari leið verður heldur ekki komið upp samkeppni milli fjarskiptaneta, vegna þess að hvert net þjónustar svo lítinn hluta svæðisins. Það er því mjög erfitt að átta sig á hvaða pólitísku markmiðum er verið að reyna að ná þarna. Og þetta tryggir landsbyggðinni ekki nokkurn skapaðan hlut heldur, virðulegi forseti.

Almennt vildi ég segja um þetta að ég tel að réttara hefði verið að fara svokallaða útboðsleið, en þó með svona fegurðarsamkeppnisívafi, þ.e. að það lægi nákvæmlega fyrir hvaða þjónustu menn ættu að veita. (**Samgrh.:** Þetta er útboðsleið.) Nei, virðulegi forseti, þetta er ekki uppboðsleið, það er Verðlagsstofnun sem ... (**Samgrh.:** Þú sagðir útboðsleið.) Ég er að segja að þetta er verðlagsstofnunarleið. Það sem ég á við, virðulegi forseti, er að eðlilegt hefði verið að gera lágmarkskröfur til dreifingar á landsbyggðinni en síðan hefði fyrirtækjunum sjálfum verið í sjálfsvald sett hvernig þau verðmeta þessi réttindi. Það er m.a. sú leið sem auðlindanefnd lagði til á sínum tíma, en einhvern veginn hefur það æxlast þannig að ekki einni einustu hugmynd sem út úr þeirri nefnd kom er fylgt eftir af hæstv. ríkisstjórn. Ekki einni einustu. Það þarf því í sjálfu sér ekki að koma á óvart. En það hefði verið miklu eðlilegra, virðulegi forseti, að þetta hefði verið lagt upp þannig að menn hefðu skilgreint ákveðna lágmarksdreifingu og síðan hefðu menn boðið í þessi réttindi og þá hefði myndast, ef svo má að orði komast, eðlilegt verð á þeim verðmætum sem hér væri verið að veita.

Ég held, virðulegi forseti, og tel að það hefði verið miklu ærlegra og heiðarlegra af hæstv. ráðherra að segja einfaldlega í frv. að það *muni kosta, úr því að hæstv. ráðherra* ákveður að fara þessa leið, 40 milljónir að fá þessi réttindi. Þessar 190 milljónir, virðulegi forseti, er held ég eitthvað sem eigi að flagga einhvers staðar en engin meining er á bak við. Þetta vildi ég segja um frv., virðulegi forseti.

[21:17]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að halda langa þar sem ræðu hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur farið ágætlega yfir þetta mál. Það er þó eitt sem mig langar að spyrja hæstv. ráðherra um, þ.e. hvernig hann líti á stöðu þeirra sem fái þessar úthlutanir að gildistímanum loknum. Ég tel mikilvægt að hæstv. ráðherra lýsi yfir því hvort hann telji að þeir sem fái þessar úthlutanir eigi einhvern rétt fram yfir aðra til að fá úthlutað að liðnu þessu tímabili.

Ég vil einnig segja að mér finnst það ekki öfundsvert hlutverk sem hæstv. ráðherra velur eftirmanni sínum, að skera úr um, eftir því fyrirkomulagi sem gert er ráð fyrir hér, hverjir eigi að fá þessar úthlutanir. Þetta mun að lokum enda með einhvers konar handvali ef margir sækja um. Þessi stigagjöf sem hér er gert ráð fyrir og þær reglur sem menn eru að tala um að setja og hæstv. ráðherra fór yfir áðan, sem hann taldi rökstuðning fyrir því að fara þá leið, að hægt væri að gera ákveðnar kröfur til viðkomandi aðila um hvernig þeir stæðu að uppbyggingu og þjónustu. Þetta eru allt kröfur sem hægt er að setja fram og hafa innifaldar í að bjóða þetta upp og gefa markaðnum og þeim sem á honum ætla að starfa kost á að keppa eftir eðlilegum leikreglum um hverjir eigi að fá þetta hnoss.

Ég verð að viðurkenna að ég er ekki einn af þeim sem vilja endilega hafa vit fyrir mönnum í atvinnulífinu. Ég held að menn gangi of langt í því. Það er einfaldlega þannig að í samkeppnisþjóðfélagi verða menn að meta hlutina sjálfir. Þeir sem lána þeim peninga verða líka að meta aðstæður og það á að tryggja að teknar séu, svona í flestum tilfellum, sæmilega skynsamlegar ákvarðanir.

Hérna ætla stjórnvöld að hafa vit fyrir þeim fyrir fram sem eiga að veita þessa þjónustu og sjá til þess að þeir sem *fá þessi réttindi, sem virðist vera aðaltilgangurinn með þessu* frv., fái þau helst fyrir ekki neitt. Hugmyndin á bak við það er sú að neytendur muni þá fá betri þjónustu og lægri gjöld. Það getur út af fyrir sig verið ágætishugsun og afstaða, að vilja að neytendur njóti þessa. En það er alfarið undir samkeppnisumhverfinu komið hvaða verð verður innheimt af neytendunum. Þegar stjórnvöld úthluta gæðum, eins og hér er um að ræða, ber fyrst og fremst að ástunda réttlæti og jafnræði.

Ég held að með þessari aðferð sé verið að setja, eins og ég sagði áðan, eftirmann hæstv. ráðherra í verulegan vanda þegar hann þarf að fara að úthluta leyfunum. Þessar reglur verða örugglega umdeildar. Það er spurning og hæstv. ráðherra fer kannski betur yfir á eftir, þ.e. af hverju ásarnir verða fjórir en ekki eitthvað annað, og þjónustuhlutverkin skilgreind í þessum fjórum hólfum sem þarna verða til. Ég veit ekki með hvaða hætti menn hafa komist að niðurstöðu um að þetta væri nákvæmlega það sem þessi markaður þyrfti á að halda. Það væri fróðlegt að heyra meira um það.

Áhyggjur mínar snúa fyrst og fremst að því að mér finnst að þarna hafi stjórnvöld ekki jafnræði í huga. Ég tel að menn séu þarna að grípa inn í markaðinn með aðferðum sem yfirleitt beri að reyna að forðast og menn séu að reyna að *hafa vit fyrir þeim sem stunda atvinnurekstur af þessu tagi* og hafa áhuga á að taka að sér að veita þessa þjónustu. Það eiga menn bara hreinlega ekki að gera. Það er ekki hlutverk stjórnvalda að hafa vit fyrir markaðnum.

[21:22]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að stjórnmálamenn eiga ekki að reyna að hafa vit fyrir markaðnum. Hins vegar er nauðsynlegt að við setjum markmið og reynum að hafa vit fyrir þeim sem veita þessa þjónustu á þann hátt að við gerum kröfur um að þjónustan sé í tilteknu magni. Í þessu tilviki gerum við heilmiklar kröfur um að þjónustan sé til staðar um landið allt. Það er grundvallaratriði. Þess vegna er hin svokallaða fegurðarsamkeppnisleið valin. Stjórnvöld vilja byggja þetta kerfi þannig upp að þjónustan sé sem víðast um landið og sem best. Þess vegna er þessi leið valin.

Hér hafa verið bornar upp nokkrar spurningar sem ég vildi fara aðeins yfir. Í fyrsta lagi var spurt: Hvers vegna eru leyfin fjögur? Hvers vegna er einungis gert ráð fyrir því að hægt sé að keppa um fjögur leyfi? Ástæðan er sú að talið er að hægt sé að koma fyrir sex tíðnum og reka sex kerfi hjá okkur. Það var mat sérfræðinga hjá Póst- og fjarskiptastofnun að til að *ná hámarksgæðum og hámarksafköstum* væri eðlilegt að miða við fjögur leyfi. Þess vegna er miðað við það í þessu tilviki.

Í öðru lagi vil ég taka fram að eins og rækilega kemur fram í frv. stendur vilji stjórnvalda ekki til að gera úthlutun þessara leyfa að sérstakri leið til skattlagningar fyrir ríkissjóð heldur er gert ráð fyrir því að greidd sé sanngjörn upphæð fyrir þessi leyfi. Þess vegna er sú fjárhæð valin sem hér er um að ræða. Ég vil sérstaklega benda á hvernig þetta hefur

gengið fyrir sig í Evrópu þar sem mismunandi er greitt fyrir þessi leyfi. Þar sem fegurðarsamkeppnin var viðhöfð er sums staðar ekkert gjald en einungis keppt um þjónustuna upp í það að uppboðsleiðin er valin og þá buðu símfyrirtækin mjög háar fjárhæðir.

Ég vek jafnframt athygli á því að hins vegar er gert ráð fyrir að fjarskiptafyrirtækin greiði, ef breytingarnar á fjarskiptalögunum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun sem liggja fyrir þinginu verða að lögum, fyrir rekstur þessarar þriðju kynslóðar síma. Fyrir hann verður greitt númeragjald annars vegar og hins vegar veltutengt gjald þannig að í ríkissjóð rennur tiltekið gjald í gegnum það.

Spurt var hvers vegna gert væri ráð fyrir því lágmarki að veita þessa þjónustu á hverju svæði í eigin kerfi sem nemi 30% dreifingu. Ástæðurnar eru þær að við teljum að til að tryggja virka samkeppni sé lágmark að það sé 30% dreifingarmöguleiki með eigin kerfi en það sem er umfram það og upp í 60% megi gera með reikisamningum. Þess vegna er þessi leið valin. Við teljum afar mikilvægt að tryggja samkeppni milli símafyrirtækja í þágu hagsmuna neytenda.

Spurt var um hvað gerðist síðan eftir 15 ár þegar gildistími leyfanna er liðinn. Út af fyrir sig er ekki hægt að segja mikið um það á þessu stigi. En þau símafyrirtæki sem hafa byggt upp kerfi um landið allt hafa auðvitað býsna mikið og gott forskot þegar kemur að úthlutun næst, hvaða aðferð sem viðhöfð verður við þá úthlutun. Engin fyrirheit hafa verið gefin um hvaða aðferð verður notuð þá en forskotið hjá fyrirtækjunum sem hafa byggt upp aðstöðu sína er býsna mikið í að keppa um úthlutun leyfa þegar þar að kemur.

Ég tel ekki flókið eða erfitt að úthluta þessum leyfum á grundvelli þeirra aðferða sem hér er gert ráð fyrir, þ.e. á grundvelli útboðs. Við höfum mikla reynslu af því að bjóða út og það er einmitt kosturinn við að nota útboðsleiðina fremur en uppboðsleiðina. Ég óttast, satt að segja, að það verði ekki mjög mörg símafyrirtæki sem munu lýsa sig viljug til að sinna þessari þjónustu. Lítum bara til þess hversu mörg símafyrirtæki veita GSM-símaþjónustu í dag. Þau eru ekki mjög mörg. Í raun eru aðallega tvö fyrirtæki á GSM-símamarkaðnum. Við verðum að gera ráð fyrir að það verði kannski ekki mjög mikil breyting á því en þó vonar maður auðvitað að samkeppnin haldist og fleiri fyrirtæki komi inn á þennan markað.

Við megum ekki gleyma því að þetta er lítill markaður, afar mikill kostnaður við uppbyggingu þessara kerfa eins og kemur fram, 10–15 milljarðar. Það þarf miklar tekjur til þess að greiða það niður. Það verður að líta á sérstöðu okkar og þess vegna tel ég að þessi leið, útboðsleiðin, sé hin rétta fyrir okkur Íslendinga, sem viljum að útbreiðslan verði sem allra mest og viljum líka að þessi þjónusta sé sem hagstæðust fyrir neytendur.

[21:30]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég reyndi hlusta eftir rökum hæstv. ráðherra fyrir þessu vali, að hafa þetta svokallaða útboð í staðinn fyrir uppboð, þ.e. þannig vilja menn orða þessa hluti. Ég get ekki séð að nokkur rök fyrir því að velja þessa leið út frá þeim kröfum sem gerðar verða. Það er hægt að setja sömu kröfurnar fram þó menn bjóði síðan upp eða mönnum gefist kostur á að bjóða í þessa hluti. Hæstv. ráðherra talaði líka um að ekki væru margir á þessum markaði og víst ekki nein óskapleg eftirspurn eftir því að fá að veita þessa þjónustu. Er þá nokkur hætta á að menn fari að bjóða upp úr öllu valdi, ef þau leyfi sem í boði eru reynast nógu mörg til að tryggja að ekki verði slegist svo rosalega hart um þetta mál? Mér finnst röksemdafærslan sem hæstv. ráðherra setti fram svolítið skrýtin.

Síðan langar mig að spyrja: Telur hæstv. ráðherra einhverja skuldbindingu stjórnvalda fólgna í þeim úthlutunum sem þarna eru áformuð? Ef það kemur ný tækni og einhver kynslóð í viðbót í staðinn fyrir þessa, mun þá það sem menn ætla að taka ákvörðun um hér standa í vegi fyrir stjórnvöldum á Íslandi við að taka þá tækni í notkun?

[21:32]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er engin skuldbinding af hálfu stjórnvalda gagnvart því að áfram verði þróun í farsímatækninni. Við sjáum bara hvað er að gerast í dag. NMT-kerfið er að draga sig í hlé ef svo mætti segja. Við gerum ráð fyrir því að hér komi þriðja kynslóðin. Hún kemur ofan í GSM-símakerfið, 900 og 1.800 kerfin og hina svokölluðu „kynslóð tvö og hálft", þ.e. GPRS-tæknina sem hefur verið til staðar en ekkert orðið úr í raun og veru. Þessi þróun heldur því áfram.

Stjórnvöld bjóða út leyfi fyrir GSM-símanum 900 og 1.800 og svo núna þessari þriðju kynslóð án allra skilyrða. Símafyrirtækin verða að sæta því að áframhaldandi þróun eigi sér stað og áður en langt um líður gæti komið fjórða kynslóðin í þessum kerfum. Áhættan liggur því hjá símafyrirtækjunum. Ég tel að því beri að fagna að tækninni fleygi fram. Stjórnvöld geta ekki tekið á sig neinar skuldbindingar sem tengjast því að fram komi ný tækni sem ryður hinni gömlu úr vegi.

[21:33]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ánægður með að hæstv. ráðherra lítur ekki þannig á að þetta hamli í neinu nýrri tækni eða tækniþróun sem heldur áfram á þessu sviði. En hæstv. ráðherra hefur ekki gert fleiri tilraunir til að sannfæra mig um að hin svokallaða útboðsleið eigi einhvern sérstakan rökstuðning og ekki sé hægt að ná fram þeim markmiðum sem menn vilja ná með uppboði. Þannig gætu menn valið á milli aðila með eðlilegum leikreglum.

Ég endurtek að ég öfunda ekki eftirmann hæstv. ráðherra á ráðherrastóli í þessum efnum sem þarf að handvelja þá sem eiga að taka að sér þessa þjónustu.

[21:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bara ítreka það sem ég hef margsagt í þessari umræðu. Ástæðan fyrir því að við notum þessa aðferð, útboðsaðferð sem kennd hefur verið við fegurðarsamkeppni, er fyrst og fremst að reyna að tryggja útbreiðslu, þ.e. þjónustu um landið allt. Ég tel að þessi leið sé besti kosturinn miðað við okkar stöðu. Uppboð hefði ekki á nokkurn hátt, nema síður væri, tryggt þau markmið okkar að hafa sem útbreiðslu á þessari þriðju kynslóð farsíma sem við gerum ráð fyrir að hér verði komið upp.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegagerð milli Loðmundarfjarðar og Seyðisfjarðar, fyrri umr.

Þáltill. JHall, 361. mál. — Þskj. 401.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9.–10. mál.

Fundi slitið kl. 21:37.

---

91. FUNDUR

föstudaginn 7. mars,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis suður, stjfrv., 650. mál, þskj. 1059. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Fjáraukalög 2003, stjfrv., 653. mál, þskj. 1063. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Virðisaukaskattur, stjfrv., 669. mál, þskj. 1086. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 671. mál, þskj. 1091. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Raforkuver, stjfrv., 670. mál, þskj. 1090. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, stjfrv., 637. mál, þskj. 1032. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Hafnalög, stjfrv., 661. mál, þskj. 1075. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Þriðja kynslóð farsíma, stjfrv., 659. mál, þskj. 1072. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Vegagerð milli Loðmundarfjarðar og Seyðisfjarðar, þáltill., 361. mál, þskj. 401. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.

[10:02]

Útbýting þingskjala:

Meðferðarheimili Byrgisins, 685. mál, fsp. ÖJ, þskj. 1114.
Samskipti Íslendinga og bandarískra hermanna, 686. mál, fsp. ÖJ, þskj. 1115.

Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis suður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 650. mál. — Þskj. 1059.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fjáraukalög 2003, frh. 1. umr.

Stjfrv., 653. mál (aðgerðir í atvinnu- og byggðamálum). — Þskj. 1063.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 669. mál (hafnir, hópferðabifreiðar). — Þskj. 1086.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Álbræðsla á Grundartanga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 671. mál (stækkun, skattlagning). — Þskj. 1091.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Raforkuver, frh. 1. umr.

Stjfrv., 670. mál (Norðlingaölduveita, Nesjavallavirkjun og Hitaveita Suðurnesja). — Þskj. 1090.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 637. mál (heildarlög). — Þskj. 1032.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Hafnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 661. mál (heildarlög). — Þskj. 1075.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Þriðja kynslóð farsíma, frh. 1. umr.

Stjfrv., 659. mál. — Þskj. 1072.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Vegagerð milli Loðmundarfjarðar og Seyðisfjarðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. JHall, 361. mál. — Þskj. 401.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:06]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 10:07.

92. FUNDUR

laugardaginn 8. mars,
kl. 5 síðdegis.

Dagskrá:
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Fjarvistarleyfi:
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala. [17:01]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 567. mál, nál. allshn., þskj. 1124.

Fjármögnun sjóðs til að auka verðmæti íslenskra sjávarafurða, 688. mál, stjtill. (sjútvrh.), þskj. 1120.

Fæðingar- og foreldraorlof, 574. mál, svar félmrh., þskj. 1127.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, 538. mál, nál. félmn., þskj. 1118.

Innflutningur dýra, 106. mál, nál. landbn., þskj. 1126.

Meðhöndlun úrgangs, 338. mál, nál. umhvn., þskj. 1116.

Neysluvatn, 13. mál, nál. iðnn., þskj. 1125.

Nýting innlends trjáviðar, 154. mál, nál. landbn., þskj. 1131.

Skipan starfshóps um tillögur til úrbóta fyrir loðdýrarækt, 684. mál, þáltill. GAK og KVM, þskj. 1113.

Skógrækt 2004–2008, 689. mál, stjtill. (landbrh.), þskj. 1121.

Stofnun hlutafélags um Norðurorku, 687. mál, frv. iðnn., þskj. 1119.

Tollalög, 611. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1130.

Umferðarlög, 489. mál, nál. allshn., þskj. 1122.

Vátryggingastarfsemi, 485. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1123.

Vátryggingastarfsemi, 568. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1128; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1129.

Fundi slitið kl. 17:03.

93. FUNDUR

mánudaginn 10. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Stjórnsýslulög, stjfrv., 348. mál, þskj. 384. — 3. umr.
2. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 675. mál, þskj. 1098. — 1. umr.
3. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 377. mál, þskj. 429, nál. 978. — 2. umr.
4. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 347. mál, þskj. 383, nál. 1108, brtt. 1109 og 1133. — 2. umr.
5. Samvinnufélög, stjfrv., 519. mál, þskj. 860, nál. 1025. — 2. umr.
6. Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, stjfrv., 520. mál, þskj. 861, nál. 1026. — 2. umr.
7. Einkahlutafélög, stjfrv., 521. mál, þskj. 864, nál. 1023. — 2. umr.
8. Hlutafélög, stjfrv., 522. mál, þskj. 865, nál. 1024. — 2. umr.
9. Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir, stjfrv., 518. mál, þskj. 859, nál. 1065, brtt. 1066. — 2. umr.
10. Neytendakaup, stjfrv., 556. mál, þskj. 904, nál. 1111, brtt. 1112. — 2. umr.
11. Samkeppnislög, stjfrv., 547. mál, þskj. 894, nál. 1027. — 2. umr.
12. Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 548. mál, þskj. 895, nál. 1028. — 2. umr.
13. Aðgerðir gegn peningaþvætti, stjfrv., 549. mál, þskj. 896, nál. 1048. — 2. umr.
14. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 601. mál, þskj. 962, nál. 1107. — 2. umr.
15. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 485. mál, þskj. 797, nál. 1123. — 2. umr.
16. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 568. mál, þskj. 919, nál. 1128, brtt. 1129. — 2. umr.
17. Ársreikningar, stjfrv., 427. mál, þskj. 553, nál. 979, brtt. 980. — 2. umr.
18. Stofnun hlutafélags um Norðurorku, frv., 687. mál, þskj. 1119. — 1. umr.
19. Staðlar og Staðlaráð Íslands, stjfrv., 461. mál, þskj. 699, nál. 1058. — 2. umr.
20. Neysluvatn, þáltill., 13. mál, þskj. 13, nál. 1125. — Síðari umr.
21. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, stjfrv., 538. mál, þskj. 883, nál. 1118. — 2. umr.
22. Búnaðarlög, stjfrv., 241. mál, þskj. 245, nál. 1046. — 2. umr.
23. Innflutningur dýra, þáltill., 106. mál, þskj. 106, nál. 1126. — Síðari umr.
24. Nýting innlends trjáviðar, þáltill., 154. mál, þskj. 154, nál. 1131. — Síðari umr.
25. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, stjfrv., 543. mál, þskj. 890, nál. 1044. — 2. umr.
26. Meðhöndlun úrgangs, stjfrv., 338. mál, þskj. 368, nál. 1116, brtt. 1117. — 2. umr.
27. Tóbaksvarnir, stjfrv., 415. mál, þskj. 524, nál. 1054. — 2. umr.
28. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 453. mál, þskj. 656, nál. 1076, brtt. 1077. — 2. umr.
29. Eftirlit með skipum, stjfrv., 360. mál, þskj. 400, nál. 998, brtt. 1000. — 2. umr.
30. Vinnutími sjómanna, stjfrv., 390. mál, þskj. 451, nál. 999. — 2. umr.
31. Vaktstöð siglinga, stjfrv., 392. mál, þskj. 453, nál. 1087, brtt. 1088. — 2. umr.
32. Siglingastofnun Íslands, stjfrv., 539. mál, þskj. 884, nál. 1089. — 2. umr.
33. Útlendingar, stjfrv., 168. mál, þskj. 168, nál. 1004. — 2. umr.
34. Hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir, stjfrv., 350. mál, þskj. 387, nál. 1003. — 2. umr.
35. Fyrirtækjaskrá, stjfrv., 351. mál, þskj. 388, nál. 1005. — 2. umr.
36. Almenn hegningarlög, stjfrv., 353. mál, þskj. 390, nál. 1106. — 2. umr.
37. Kosningar til Alþingis, stjfrv., 391. mál, þskj. 452, nál. 1049, brtt. 1050. — 2. umr.
38. Umferðarlög, stjfrv., 489. mál, þskj. 805, nál. 1122. — 2. umr.
39. Almenn hegningarlög, stjfrv., 567. mál, þskj. 918, nál. 1124. — 2. umr.
40. Almannavarnir o.fl., stjfrv., 464. mál, þskj. 702, nál. 1047 og 1085, brtt. 1052. — 2. umr.
41. Tollalög, stjfrv., 611. mál, þskj. 974, nál. 1130. — 2. umr.
42. Kjaradómur og kjaranefnd, stjfrv., 683. mál, þskj. 1110. — 1. umr.
43. Fjármögnun sjóðs til að auka verðmæti íslenskra sjávarafurða, stjtill., 688. mál, þskj. 1120. — Fyrri umr.
44. Skógrækt 2004–2008, stjtill., 689. mál, þskj. 1121. — Fyrri umr.
45. Ábúðarlög, stjfrv., 651. mál, þskj. 1060. — 1. umr.
46. Jarðalög, stjfrv., 652. mál, þskj. 1062. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.

[10:30]

Útbýting þingskjala:
Meðhöndlun úrgangs, 338. mál, brtt. umhvn., þskj. 1117.
Verðbréfaviðskipti, 347. mál, brtt. JóhS, þskj. 1133.

Stjórnsýslulög, 3. umr.

Stjfrv., 348. mál (rafræn stjórnsýsla). — Þskj. 384.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 675. mál (endurútgáfa). — Þskj. 1098.

[10:31]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem efh. og viðskn. flytur. Þannig er að með lögum nr. 133/2001 og lögum nr. 152/2002, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, var ákveðið að endurútgefa lög um tekjuskatt og eignarskatt.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögunum í tengslum við fyrirhugaða endurútgáfu á þeim. Ekki er um efnisbreytingar á lögunum að ræða, heldur einungis einfaldar lagfæringar, svo sem uppfærslu á tilvísunum í lög sem fallið hafa úr gildi og niðurfellingu eða breytingar á ákvæðum sem láðst hefur að gera í tengslum við aðrar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt eða í tengslum við breytingar á öðrum lögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vátryggingastarfsemi, 2. umr.

Stjfrv., 377. mál (EES-reglur, gjaldþol). — Þskj. 429, nál. 978.

[10:32]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að reglur EES-réttar, sem kveða á um lágmarkssamræmingu að því er varðar gjaldþol vátryggingafélaga, verði lögfestar. Fram kom á fundum nefndarinnar að ekki væri ástæða til að ætla að breytingarnar leiddu til hækkunar iðgjalda.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að breytingarnar taki þegar gildi, en samkvæmt EES-reglunum er ekki gerð krafa um að gjaldþol sé reiknað með þeim hætti sem í frumvarpinu greinir fyrr en á reikningsárinu 2004. Nefndin telur ekki efni til að ganga lengra en krafa er gerð um og leggur því til að þær greinar frumvarpsins sem varða útreikning gjaldþols komi fyrst til framkvæmda við eftirlit sem byggist á ársreikningum vegna reikningsárs næsta árs, þ.e. ársins 2004. Þá leggur nefndin til smávægilega orðalagsbreytingu á 2. tölul. 1. efnismgr. 2. gr. Breytingin hefur ekki efnisbreytingu í för með sér.

Nefndin telur rétt samkvæmt ábendingu Fjármálaeftirlitsins að benda sérstaklega á misskilning sem fram kemur í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins eins og nánar er rakið í þessu nál.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fylgja í nefndarálitinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samvinnufélög, 2. umr.

Stjfrv., 519. mál (ársreikningar, afskráning félaga). — Þskj. 860, nál. 1025.

[10:34]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem snerta ákvæði um ársreikninga, vegna þróunar í löggjöf um ársreikninga. Einnig er í frumvarpinu gerð tillaga um möguleika á einfaldri afskráningu samvinnufélaga að frumkvæði samvinnufélagaskrár og þá til samræmis við ákvæði í hlutafélagalöggjöf um einfalda afskráningu hlutafélaga og einkahlutafélaga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir þetta nefndarálit skrifa hv. formaður og frsm., Einar K. Guðfinnsson, og aðrir hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Árni R. Árnason, Hjálmar Árnason, Adolf H. Berndsen, Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, 2. umr.

Stjfrv., 520. mál (ársreikningar). — Þskj. 861, nál. 1026.

[10:35]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem snerta ákvæði um ársreikninga vegna þróunar í löggjöf þeirra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir þetta rita nefndarmenn efh.- og viðskn. eins og rakið er í nefndaráliti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Einkahlutafélög, 2. umr.

Stjfrv., 521. mál (ársreikningar, slit félaga). — Þskj. 864, nál. 1023.

[10:36]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um einkahlutafélög sem miða að því að einfalda og minnka kostnað við slit þeirra. Jafnframt eru lagðar til breytingar á ákvæðum sem snerta ársreikninga vegna þróunar í löggjöf um þá.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir þetta nefndarálit rita hv. þm. úr efh.- og viðskn. eins og rakið er í nefndarálitinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög, 2. umr.

Stjfrv., 522. mál (ársreikningar, samlagshlutafélög). — Þskj. 865, nál. 1024.

[10:36]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem snerta ákvæði um ársreikninga, vegna þróunar í löggjöf um ársreikninga, en auk þess er lagt til að ákvæði um samlagshlutafélög verði færð úr lögum um einkahlutafélög í lög um hlutafélög.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. nefndarmenn úr efh.- og viðskn. undirrita nefndarálitið eins og rakið er í nefndaráliti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir, 2. umr.

Stjfrv., 518. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 859, nál. 1065, brtt. 1066.

[10:37]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Með frumvarpinu er lögð til ný heildarlöggjöf um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Núgildandi lög um verðbréfasjóði frá 1993 taka aðeins til verðbréfasjóða eins og þeir eru nánar skilgreindir í lögunum. Ýmis önnur form sjóða sem veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar hafa fest sig í sessi á íslenskum fjármálamarkaði. Þessir sjóðir hafa ekki starfsleyfi stjórnvalda og lúta ekki opinberu eftirliti. Eitt meginmarkmið þessa frumvarps er að teygja lagarammann til þessara sjóða þannig að lögin nái til allra sjóða sem hafa það eingöngu að markmiði að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu.

Önnur markmið frumvarpsins eru að auka samkeppnishæfni íslenskra sjóða með því að útvíkka fjárfestingarheimildir þeirra og bjóða upp á einfaldari og ódýrari rekstrarform, gera neytendavernd skilvirkari, jafna skattalega stöðu sjóða um sameiginlega fjárfestingu og að tryggja innleiðingu tveggja tilskipana um sameiginlega fjárfestingu í íslenskan rétt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um og þær eru raktar í nefndaráliti.

Lagt er til að skilyrðið um að hlutur hljóði á nafn í 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. falli brott. Þetta er lagt til með hliðsjón af 5. mgr. 23. gr., sbr. 24. gr., en þar er gert ráð fyrir að möguleiki sé á að hlutdeildarskírteini séu ekki skráð á nafn.

Lagt er til að við 2. mgr. 25. gr. verði bætt tilvísun til 4. mgr. 23. gr. Óbreytt orðalag getur valdið vandkvæðum ef hlutdeildarskírteini eru gefin út sem rafbréf.

Gerð er tillaga um orðalagsbreytingu á 2. mgr. 35. gr.

Lagt er til að við 54. gr. bætist nýr töluliður sem kveði á um að fjárfestingarsjóðum verði heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða án tillits til 3. tölul. 30. gr. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að jafnframt er kveðið á um að þó megi heildarfjárfesting fjárfestingarsjóðs í öðrum sjóðum en verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum ekki fara yfir 20% af eignum fjárfestingarsjóðs. Tilgangur þessa er að gera fjárfestingarsjóðum kleift að dreifa áhættu sinni með því að fjárfesta í öðrum sjóðum en verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum en hafa þetta hámark sem þarna er rakið sem er eiginlega aðalbreytingin í þessu frv.

Í nefndarálitinu er lagt til að hnykkt verði á neytendavernd í 62. gr., og til að eyða hugsanlegri óvissu um hvort reglur um flagganir, yfirtökutilboð og meðferð innherjaupplýsinga eigi við um hlutabréfasjóði er lagt til að í 63. gr. verði vísað til laga um verðbréfaviðskipti.

Undir þetta nefndarálit rita hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður og frsm., Kristinn H. Gunnarsson, Árni R. Árnason, Gunnar Birgisson, Adolf H. Berndsen, Ögmundur Jónasson og Jóhanna Sigurðardóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Neytendakaup, 2. umr.

Stjfrv., 556. mál (EES-reglur). — Þskj. 904, nál. 1111, brtt. 1112.

[10:40]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um neytendakaup.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfestur verði sérstakur lagabálkur sem hafi að geyma allar réttarreglur sem við eiga í hefðbundnum neytendakaupum, þ.e. þegar kaupandi er leikmaður andspænis seljanda sem hefur atvinnu sína af sölu.

Frumvarpið felur í sér aukna neytendavernd sem felst einkum í því að ákvæði laganna, verði frumvarpið samþykkt, eru ófrávíkjanleg, þ.e. samningur seljanda og neytanda sem felur í sér kjör sem eru neytanda óhagstæðari en leiðir af lögunum er ógildur. Lög um lausafjárkaup eru í þessum samanburði að meginstefnu til frávíkjanleg.

Verði frumvarpið að lögum verða lagaákvæði er varða neytendakaup auðskiljanlegri og aðgengilegri en nú að okkar mati.

Breytingarnar, auk þeirra orðalagsbreytinga sem nefndarálitið rekur í sjálfu sér ekki, eru eftirfarandi:

Lögð er til breyting á ákvæði 14. gr. frumvarpsins um áhættuflutning þess efnis að neytandi beri ekki áhættuna af tilviljunarkenndum atburði sem verður meðan söluhluturinn er hjá seljanda.

Lagt er til að í stað orðsins „kvaðir“ í g-lið 2. mgr. 15. gr. verði notað orðið réttindi.

Lagðar eru til breytingar á c-lið 1. mgr. 16. gr.

Lögð er til breyting á 3. mgr. 37. gr.

Lagt er til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða þess efnis að aðilar að neytendakaupum geti snúið sér til kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa sem starfar samkvæmt bráðabirgðaákvæði í kaupalögum. Kærunefndinni var komið á fót til reynslu til ársins 2005 við lögfestingu laga um lausafjárkaup. Kærunefndin hefur frá upphafi fjallað um ágreiningsmál er snerta neytendakaup og er ekki ástæða að okkar mati til að breyta því. Í lok ársins 2005 er gert ráð fyrir að það verði metið hvort og þá á hvaða forsendum nefndin starfi áfram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkeppnislög, 2. umr.

Stjfrv., 547. mál (ábyrgðarlýsingar, EES-reglur). — Þskj. 894, nál. 1027.

[10:42]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8 25. febrúar 1993, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að lögleiddar verði reglur um efni ábyrgðaryfirlýsinga sem algengt er að seljendur vöru og þjónustu leggi fram í tengslum við kaup. Reglurnar eiga rót að rekja til tilskipunar Evrópusambandsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir þetta nefndarálit rita hv. þm. efh.- og viðskn. sem rakið er í nefndaráliti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 2. umr.

Stjfrv., 548. mál (eftirlitslistar). — Þskj. 895, nál. 1028.

[10:43]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að stjórnvöldum verði veitt heimild til að stöðva eða koma í veg fyrir hvers konar fjármagnsflutning fyrir nafngreinda einstaklinga og lögaðila sem taldir eru upp í alþjóðlegum samþykktum sem Ísland er aðili að. Tilkynningar um skuldbindingar Íslands í þessu sambandi berast utanríkisráðuneytinu reglulega. Eðlilegt þykir að utanríkisráðuneytið taki afstöðu til þess hvaða skuldbindingar hvíli á Íslandi að þessu leyti og komi því á framfæri við Fjármálaeftirlitið að hve miklu leyti er skylt að birta slíkar tilkynningar á Íslandi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn úr efh.- og viðskn. eins og rakið er í nefndaráliti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir gegn peningaþvætti, 2. umr.

Stjfrv., 549. mál (EES-reglur). — Þskj. 896, nál. 1048.

[10:44]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti, með síðari breytingum.

Breytingar þær sem hér eru lagðar til eiga rót sína að rekja til tilmæla FATF-ríkjahópsins sem eru samtök ýmissa ríkja innan OECD um aðgerðir gegn peningaþvætti. Íslendingar hafa verið virkir þátttakendur í starfi ríkjahópsins frá upphafi. Evrópusambandið hefur jafnframt samþykkt tilskipun á grundvelli þessara tilmæla sem verður hluti EES-samningsins.

Ég vil aðeins vekja athygli á því að nefndin aflaði sér upplýsinga um þróun á fjölda tilkynninga um grunsamleg viðskipti frá setningu laganna árið 1993. Það eru tíu ár liðin síðan og við sjáum, samkvæmt upplýsingum frá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, að fjöldi tilkynninga hefur aukist mjög mikið. Þetta segir okkur fyrst og fremst að virkni þessara laga er í ágætu lagi. Það kemur fram að árið 1994 komu tvær tilkynningar um grunsamleg viðskipti. Ég hleyp síðan á þessu á nokkrum árum. Árið 1997, þremur árum síðar, voru þessar tilkynningar orðnar 11. Árið 2000 urðu þær 113. Í fyrra voru þær 163. Af þessu má sjá að slíkum tilkynningum hefur fjölgað mjög hröðum skrefum. Með breytingalögum nr. 38/1999 voru gerðar veigamiklar breytingar á lögunum sem stjórnvöld fylgdu eftir með kynningarátaki með fulltrúum fyrirtækja. Ef við skoðum þessa fjölgun tilkynninga er greinilegt að hún hefur orðið langsamlega mest síðustu árin, og virðist sem átakið hafi skilað sér í meiri árvekni aðila á markaðnum.

Mér finnst ástæða til að fjalla um þetta vegna þess að þetta fellur dálítið að umræðu sem hefur verið upp á síðkastið um þær breytingar sem hafa orðið á fjármálakerfi okkar og hvernig við höfum verið að bregðast við þessu með því að styrkja eftirlitsstofnanir þjóðfélags okkar. Ég sé á þessum tölum að lögin hafa sannarlega haft í för með sér bæði aukna árverkni þeirra sem starfa í þessari atvinnugrein, fjármálaþjónustu, og eins hitt að greinilegt er að það kerfi sem við höfum verið að byggja upp, eftirlitskerfið, er að skila sér og er að skila því sem því er ætlað.

Nefndin leggur til breytingu á 5. og 6. gr. sem hér um ræðir. Breytingin er tæknilegs eðlis og felur í sér að tilvísun til 1. gr. laganna er lagfærð, enda ekki ætlunin að undanskilja þá aðila sem nefndir eru í g-lið 1. gr. frumvarpsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 601. mál (hlutabréfasjóðir). — Þskj. 962, nál. 1107.

[10:47]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frv. er lagt fram í tengslum við frv. til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði sem þegar hefur verið afgreitt úr nefndinni og mælt fyrir. Markmið frv. er að hluthafar í hlutafélögum um sameiginlega fjárfestingu, þ.e. hlutabréfasjóðum, missi ekki þær skattalegu ívilnanir sem við hlutabréfin eru tengd, sbr. 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna, við það að félaginu er slitið.

Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og Össur Skarphéðinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nál. rita hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður og frsm., Hjálmar Árnason, Gunnar Birgisson, Árni R. Árnason, Adolf H. Berndsen og Jóhanna Sigurðardóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vátryggingastarfsemi, 2. umr.

Stjfrv., 485. mál (ökutækjatryggingar, EES-reglur). — Þskj. 797, nál. 1123.

[10:48]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum. Þetta frv. fylgir frv. dómsmrh. til breytinga á umferðarlögum, nr. 50/1987, sem allshn. hefur til umfjöllunar.

Með frv. er lagt til að lögfest verði ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja. Ekki er gert ráð fyrir að frv. leiði til aukins kostnaðar hjá tryggingafélögunum né hærri iðgjalda eftir því sem fram kom í nefndinni enda er ekki um að ræða mörg tilvik sem þetta frv. tekur til miðað við þá sögu sem við höfum og tryggingafélög þekkja af störfum sínum.

Nefndin leggur til orðalagsbreytingu á frv. Breytingin er ekki efnisleg en lagt er til að í staðinn fyrir hið sérkennilega orð „tjónsuppgjörsaðili" í fyrri málsl. 1., 2. og 3. gr. frv. komi gagnsærra og betra orð: tjónsuppgjörmiðstöð.

Undir þetta nál. rita nefndarmenn úr efh.- og viðskn. en hv. þm. Hjálmar Árnason og Össur Skarphéðinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vátryggingastarfsemi, 2. umr.

Stjfrv., 568. mál (EES-reglur). — Þskj. 919, nál. 1128, brtt. 1129.

[10:50]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða nál. sem fylgir frv. til laga um breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum, og brtt. sem kunngerðar eru á sérstöku þingskjali.

Með þessu frv. er lagt til að innleitt verði í íslenskan rétt efni tilskipunar Evrópusambandsins um endurskipulagningu og slit vátryggingafélaga í þeim tilgangi að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á aðgerðum aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins og samvinnu varðandi endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélaga og slit þeirra og ákveðna lágmarkssamræmingu landsreglna sem gilda um þessi atriði.

Við umfjöllun nefndarinnar komu fram nokkrar athugasemdir við efni frv. frá réttarfarsnefnd. Réttarfarsnefndin gerði fyrst og fremst athugasemdir við einstök efnisatriði en einnig við uppbyggingu og aðferðafræði við gerð frv. Efh.- og viðskn. leggur til allnokkrar breytingar sem koma til móts við þær athugasemdir sem réttarfarsnefnd gerði og í áliti réttarfarsnefndar, hinu síðara, kom fram að breytingarnar væru allar til bóta og kæmu til móts við sjónarmið þeirrar nefndar.

Athugasemdirnar lutu einkum að því að óvarlegt væri að vísa til þess að íslensk lög eða dómar giltu um starfsemi sem fram færi erlendis. Breytingar nefndarinnar lúta að því að nægjanlegt sé að lögfesta ákvæði sem fela í sér að úrskurður dómstóls eða reglur í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins taki til útibús vátryggingafélags hér á landi. Með vísan til efnis tilskipunarinnar sem verið er að innleiða og þess að hún hefur öðlast gildi á öllu Evrópska efnahagssvæðinu uppfyllir Ísland skyldu sína samkvæmt tilskipuninni með þessum hætti. Gera verður ráð fyrir að sams konar viðurkenning og hér er veitt komi til í öðrum ríkjum svæðisins gagnvart íslenskum lögum og dómum.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali og vísar því jafnframt til viðskrn. að einstakar athugasemdir réttarfarsnefndar verði skoðaðar gaumgæfilega í samstarfi við réttarfarsnefnd og frekari lagfæringar lagðar til ef nauðsynlegt er talið strax næsta haust.

Hv. þm. Hjálmar Árnason og Össur Skarphéðinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nál. rita aðrir þingmenn úr efh.- og viðskn.: hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður og frsm., Kristinn H. Gunnarsson, Árni Ragnar Árnason, Gunnar Birgisson, Adolf H. Berndsen, Jóhanna Sigurðardóttir og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ársreikningar, 2. umr.

Stjfrv., 427. mál (EES-reglur). — Þskj. 553, nál. 979, brtt. 980.

[10:53]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, með síðari breytingum.

Með þessu frv. er verið að leggja til breytingar á íslenskum reikningsskilareglum sem miða að því að mæta þeirri þróun sem orðið hefur hér á landi og annars staðar, m.a. á vettvangi ESB.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þskj. Lagt er til að skýringarorðin „hlutafé" og „hlutur" í a-lið 1. gr. falli brott. Í öðru lagi er lagt til að hugtakið „félagsaðili" verði notað í stað orðsins „aðili" í c-lið 1. gr. Hugtakið félagsaðili er skilgreint í 2. tölul. 2. mgr. 1. gr. laganna. Sú skilgreining er í samræmi við þá merkingu sem leggja ber í hugtakið aðili í þessari grein frv. og því eðlilegt að það sé notað.

Auk þess er hnykkt á orðalagi ákvæðis c-liðar þar sem um er að ræða félagsaðila sem hefur rétt til ákvörðunarvalds á grundvelli samþykkta félagsins eða samninga við það en í e-lið er fjallað um ákvörðunarvald vegna eignarhluta.

Í þriðja lagi eru lagðar til orðalagsbreytingar á a- og b-liðum e-liðar 1. gr. Þær eru ekki efnislegar.

Í fjórða lagi er lögð til breyting á 2. efnismgr. 6. gr. þess efnis að skýrt sé að aðeins megi í undantekningartilvikum víkja frá ákvæðum laga um samningu ársreikninga ef það leiði til þess að ársreikningur gefi glögga mynd sem hann ella hefði ekki gert hefði verið farið eftir lögum og góðri reikningsskilavenju. Ströng skilyrði eru í greininni um að greina skuli frá slíkum frávikum ásamt ástæðum fyrir þeim og hvaða áhrif þau hafa á afkomu og efnahag.

Þá er lögð til breyting á 11. gr. þess efnis að það verði skýrt nánar hvenær færa skuli tekjur eða gjöld sem varða fyrri ár til breytinga á óráðstöfuðu eigin fé í stað þess að færa fjárhæðirnar á rekstrarreikning. Er tillagan í samræmi við reglu nr. 5 sem reikningsskilaráð hefur gefið út.

Lagt er til að í c-lið 3. tölul. 1. mgr. 20. gr. laganna, sbr. 12. gr. frv., verði vísað til 24. gr. laganna sem fjallar um frávik frá kostnaðarverðsreglunni, til frekari skýringar.

Í sjöunda lagi er til að við frumvarpið bætist ný grein þess efnis að skylt verði að leysa upp endurmatsreikning sem myndaður er með sérstöku endurmati þegar raunvirði fastafjár muna er talið verulega hærra en kostnaðarverð þeirra af ástæðum sem taldar eru varanlegar. Samkvæmt greininni skal fjárhæð árlegrar afskriftar af mismun á endurmetnu verði og kostnaðarverði færð af endurmatsreikningi á eigið fé. Einnig skal leysa upp endurmatsreikning að því marki sem eftir stendur af endurmatinu við sölu eignarinnar eða förgun og ef forsendur fyrir endurmatinu eru ekki lengur fyrir hendi.

Í áttunda lagi er lagt til að við 21. gr. bætist nýr stafliður þess efnis að gera skuli grein fyrir skattinneign með sama hætti og frestaðri skattskuldbindingu.

Í níunda lagi er lagt til að 43. gr. frv. falli brott. Með breytingunni mun bráðabirgðaákvæði laganna um frestun afnáms verðleiðréttra reikningsskila halda sér í tvö ár eins og nú er gert ráð fyrir.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram frekari brtt. við frv. Undir nál. rita hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður og frsm., Pétur H. Blöndal, Guðjón Guðmundsson og Páll Magnússon, og Ögmundur Jónasson og Jóhanna Sigurðardóttir með fyrirvara eins og fyrr greinir.

Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á, vegna þess að mál sem snúa að ársreikningum hafa talsvert verið í umræðunni, í opinberri umræðu og m.a. í fjölmiðlum, að vegna þessa máls var skipuð sérstök nefnd sem skipuð var fulltrúum fjmrn., fulltrúum frá Félagi löggiltra endurskoðenda og frá Ríkisendurskoðun, svo að dæmi séu nefnd. Hún stóð að undirbúningi þessa máls. Þetta er í meginatriðum tæknileg vinna sem krefst mikillar sérfræðilegrar þekkingar en á vissan hátt pólitískt mál einnig. Við vitum að ársreikningar og lög um ársreikninga skipta mjög miklu máli fyrir efnahagslíf okkar. Það að menn geti metið þær upplýsingar sem fram koma í ársreikningum og skiptir gríðarlega miklu máli fyrir þá sem fjárfesta í fyrirtækjum. Það getur bæði átt við um einstaklinga, sjóði, bankastofnanir og lífeyrissjóði, svo að dæmi séu tekin.

Það hefur verið gagnrýnt að með þessu frv. sé ekki gengið jafnlangt til móts við þróunina við bókhald og ársreikninga í heiminum eins og æskilegt hefði verið. Því er til að svara að mikil þróun hefur orðið í þessum efnum á síðustu árum. Árvekni manna gagnvart ársreikningum hefur aukist vegna atvika sem komið hafa upp úti í hinum stóra heimi, ekki síst í Bandaríkjunum í tengslum við Enron-hneykslið og fleiri mál af því tagi. Þess vegna er nauðsynlegt að þessi mál séu stöðugt í endurskoðun og menn vinni eins hratt og hægt er að þessu máli.

Með frv. er sannarlega stigið skref í þá átt. Með því er verið að innleiða tilskipanir og gerðir Evrópusambandsins, það sem þar er lagt til grundvallar varðandi ársreikningamál.

Það kom líka fram í starfi nefndarinnar að jafnframt er verið að undirbúa frekari vinnu á þessu sviði. Sú vinna lýtur að þeim viðmiðunum sem settar hafa verið fram á alþjóðlegum vettvangi. Hér er ekki um að ræða skuldbindandi viðmið heldur fyrst og fremst atriði sem sjálfsagt er að hafa til hliðsjónar og taka upp að svo miklu leyti sem hentar við íslenskar aðstæður.

Þegar ég tala um sérstakar íslenskar aðstæður er auðvitað ekki verið að tala um að við eigum ekki að gera jafnstrangar kröfur til hlutafélaga okkar eða fyrirtækja um ársreikninga. Ég er eingöngu að vekja athygli á því að það geta verið sérstakar aðstæður eins og smæð fyrirtækja hér á landi sem valda því að við verðum að hafa það í huga. Það er t.d. ljóst mál að kröfur sem við gerum til stórra fyrirtækja á markaði, um ársreikninga slíkra fyrirtækja, hljóta að vera aðrar en til einyrkjastarfa með lítil umsvif í rekstri sínum.

Ég tel að um það sé samkomulag, menn séu sammála um að þessum málum verði að sinna af mikilli alvöru. Sú þróun sem orðið hefur á alþjóðlegum vettvangi í þessum efnum er nokkuð sem við verðum auðvitað að taka fullt tillit til. Það kom fram að hugmyndin er að þessi mál verði unnin af hálfu hins opinbera. Þetta eru hins vegar afar flókin atriði og kannski ekki jafnauðvelt að taka þau upp að öllu leyti. Auðveldara verður t.d. að taka upp tilskipanir Evrópusambandsins þar sem menn eru komnir í góða þjálfun í þýðingum á miklum lagabálkum. Hér er um að ræða tæknileg hugtök, sem menn verða að vinna mjög nákvæmlega með. Það er ljóst að til slíkra verka verður að kalla mjög sérfróða aðila.

Mig langaði aðeins til hnykkja á þessu í framhaldi af þeirri umræðu sem farið hefur fram. Við fengum í vinnu nefndarinnar talsvert miklar athugasemdir, m.a. frá reikningsskilaráði, endurskoðendum og öðrum varðandi þetta frv. Ég vil aðeins vekja athygli á vinnubrögðum okkar í nefndinni. Ég tel þau hafa verið eðlileg og til marks um að við höfum viljað vanda okkar vinnu. Eins og ég sagði áðan er hér um að ræða býsna tæknilegt og sérhæft mál sem kallar á mikla sérfræðilega þekkingu. Þetta frv. var undirbúið af sérfræðingum sem kallaðir voru til eins og ég rakti áðan.

Eftir að þingnefndin hafði fengið þessar umsagnir í hendurnar varð ljóst að ýmsar veigamiklar athugasemdir mætti gera við efni frv. og þá aðferðafræði sem hafði verið lögð til grundvallar. Þá varð það niðurstaða okkar að vísa málinu til nefndarinnar sem hafði undirbúið frv., með beiðni um að hún færi yfir frv. að nýju með hliðsjón af þeim ábendingum sem komið höfðu fram í starfi nefndarinnar. Það var gert. Á grundvelli þeirrar vinnu leggjum við til þær breytingar á frv. sem hér eru kynntar og ég hygg að gangi í öllum atriðum til móts við þær athugasemdir sem fram komu þó vissulega megi sýna fram á að svo sé ekki að öllu leyti. Engu að síður

er hægt að segja með sanni að þær breytingar sem gerð er tillaga um séu allar í þá átt að styrkja frv. í samræmi við þær ábendingar sem fram komu við meðhöndlun málsins.

[11:02]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns geta þess um nál. sem hér liggur frammi og er undirritað af öllum viðstöddum nefndarmönnum sem voru viðstaddir þegar það var afgeitt, að við hv. þm. Ögmundur Jónasson skrifuðum undir það með fyrirvara. Ástæða er að geta þess að þetta nál. er skrifað áður en fram kom sú mikla gagnrýni á ársreikningana almennt frá formanni reikningsskilaráðs sem sagði af sér vegna óánægju með stefnu stjórnvalda og sagði m.a. að lög um ársreikninga væru verulega gölluð.

Herra forseti. Ég hygg að nál. hefði litið nokkuð öðruvísi út ef þetta hefði verið komið fram áður og að nefndin hlyti að hafa farið yfir þá gagnrýni sem fram hefur komið og tekið afstöðu til þess í sínu nál. Ég tel æskilegt, herra forseti, að nefndin fari aftur yfir þetta mál milli 2. og 3. umr., m.a. með tilliti til þess að formaður reikningsskilaráðs hefur að ósk nefndarinnar sjálfrar sent henni ítarlegar athugasemdir almennt um ársreikninga og hvað betur megi fara í því efni. Ég teldi æskilegt að nefndin fjallaði almennt um það og hvernig hún sæi fyrir sér framhald þessa máls og vinnu við gerð ársreikninga vegna þess að það er alveg ljóst að nefndin hlýtur að taka mjög alvarlega þá miklu gagnrýni sem fram hefur komið hjá þeim sem um þetta mál fjalla, t.d. formanni reikningsskilaráðs.

Fyrirvari minn og hv. þm. Ögmundar Jónassonar, þegar þetta nál. var skrifað, laut að því að við ætluðum okkur að flytja brtt. við frv. um ársreikningana um að skylt væri að upplýsa í ársreikningum um stjórnarlaun, kaupauka og kjör stjórnenda fyrirtækja. En eftir að nál. kom fram birtist frétt um að Kauphöllin væri að vinna að því máli og hefði heimild til þess að setja slíkar reglur, um að fyrirtæki upplýstu í ársreikningum sínum eða að þar kæmu fram upplýsingar um launakjör stjórnenda. Því féllum við frá því að flytja brtt. um það aðtriði. En fyllsta ástæða er til þess að hafa fyrirvara við þetta mál í heild miðað við þá gagnrýni sem fram hefur komið í því og ætla ég að fara nokkrum orðum um þá gagnrýni.

Fram hefur komið hjá formanni reikningsskilaráðs, Stefáni Svavarssyni, sem sagði sig úr ráðinu, að lítil virðing sé borin fyrir lögum um ársreikninga. Segir Stefán m.a. í frétt í Morgunblaðinu 27. febrúar, með leyfi forseta:

„Stefán segir flesta endurskoðendur vera á þeirri skoðun að stefna beri hratt að því að lögleiða efni staðla frá alþjóðlega reikningsskilaráðinu svo að meira eða jafnvel fullt samræmi geti orðið í þessum mælingum hér á landi. Stefna opinberra aðila sýnist þó vera önnur og aðalvinnan á undanförnum mánuðum hafi falist í að laga villur í lögunum að hinum úreltu tilskipunum Evrópusambandsins. ...

„Sem dæmi um það," segir Stefán, „má nefna, að á sama tíma og aðrar þjóðir eru að stefna á afnám svonefndrar samlegðaraðferðar sem notuð er við sameiningu fyrirtækja er verið að lögleiða þá aðferð hér á landi.

Í þessu sambandi er athyglisvert, svo dæmi sé tekið, að í gögnum sem Kaupþing lagði fram í Svíþjóð nýlega, en Svíar eru í Evrópusambandinu, kemur fram að fyrirtækið hafi beitt aðferðinni við aðstæður sem ekki voru heimilar samkvæmt alþjóðlegum reglum með þeim afleiðingum að afkoma og eignastaða var sýnd önnur en hefði verið ella. Það kann því að vera að einhver hluti af söluhagnaði Kaupþings af Frjálsa fjárfestingarbankanum stafi af beitingu þessarar aðferðar þannig að hann hafi verið sýndur hærri en samkvæmt gildum aðferðum."

Herra forseti. Eins og heyra má á því sem haft var eftir Stefáni Svavarssyni eru þær athugasemdir sem hann setur fram um ársreikninga mjög alvarlegar. Þar er m.a. á það er bent að hinn mikli söluhagnaður Kaupþings af Frjálsa fjárfestingarbankanum hefði verið annar ef beitt hefði verið þeirri aðferð sem farið er að nota annars staðar. Það hefði þýtt að kaupauki forstjórans sem mikið hefur verið gagnrýndur — hann fékk um 70 millj., ef ég man rétt, í kaupauka — hefði verið annar ef beitt hefði verið þeirri aðferð sem formaður reikningsskilaráðs telur réttara að beita.

Einnig er ástæða til að nefna það, herra forseti, að Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi tekur undir gagnrýni Stefáns Svavarssonar. Haft er eftir honum í Morgunblaðinu að reikningsskil í landinu séu í uppnámi. Ríkisendurskoðandi tekur enn fremur undir gagnrýni Stefáns á seinagangi stjórnvalda í þessum efnum. Það kemur einnitt fram í í þessu viðtali í Morgunblaðinu. Þar er eftir Sigurði Þórðarsyni ríkisendurskoðanda haft, með leyfi forseta:

„Við aðlögun að alþjóðlegum kröfum hafi komið í ljós að íslensk löggjöf leyfi ekki suma þá hluti sem verið sé að framkvæma í reikningsskilum fyrirtækja."

Herra forseti. Út af fyrir sig er nægjanlegt að vitna í þessi atriði til þess að sjá að ársreikningar eru ekki í þeim búningi sem þeir sérfræðingar sem best til þekkja telja að þeir eigi að vera.

Efh.- og viðskn. kallaði á sinn fund bæði Stefán Svavarsson, fyrrverandi formann reikningsskilaráðs, og Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda eftir að þessi gagnrýni kom fram. Þar áréttaði Stefán Svavarsson gagnrýni sína á þessi mál. Hann sagði á fundi efh.- og viðskn. að mikið misræmi væri í gerð reikningsskila hér á landi, reglurnar væru úreltar og markaðurinn sækti sér fyrirmyndir erlendis án þess að reglurnar eigi sér stoð í lögum hérlendis. Hann sagði að afkomumælingar væru öðruvísi hér. Síðan kom fram hjá Stefáni Svavarssyni að hér séu engar reglur til um allt sem lýtur að verðbréfum og fjármálagjörningum og að verið sé að gera eitt og annað á markaðnum sem ekki eigi sér lagastoð. Nefndi hann líka sérstaklega að núna væri verið að taka upp þessa samlegðaraðferð á sama tíma og verið væri að banna hana annars staðar, en hún hafi verið tekin upp fyrir tíu árum síðan. Stefán Svavarsson nefndi að margar þjóðir væru búnar að taka upp þessa alþjóðlegu staðla og farnar að vinna eftir þeim og að þeir væru í undirbúningi víðar. Hann lagði og mikla áherslu á að við mundum flýta gerð þessara alþjóðlegu reikningsskilastaðla þannig að farið yrði að vinna eftir þeim hér.

Að ósk nefndarinnar sendi Stefán Svavarsson skriflega umsögn um þau atriði sem hann gagnrýndi á fundinum, m.a. um skráningu verðbréfa samkvæmt íslenskum lögum. Ég vil taka fram að efh.- og viðskn. hefur ekki haft tök á að fjalla um þessa umsögn Stefáns Svavarssonar, fyrrverandi formanns reikningsskilaráðs. En ég tel fulla ástæðu til að nefndin geri það.

Ég ætla aðeins að grípa niður í þessa umsögn. Þar vísar Stefán til laga um ársreikninga og segir, með leyfi forseta:

„Skammtímaverðbréf skal meta á kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Séu bréfin skráð á opinberu

verðbréfaþingi er heimilt að skrá þau á markaðsverði þó að það sé hærra. Ekki er ljóst af reglugerð hvernig matsbreyting verðbréfanna skal færast en samkvæmt henni sýnist þó mega ætla að matsbreyting skuldabréfa skuli færast á rekstrarreikning en matsbreyting hlutabréfa skuli færast á eigið fé sem óinnleystur gengishagnaður. Þessar reglur eru ekki í samræmi við erlendar reglur á þessu sviði.

Markaðsbréf sem teljast skammtímaeign skal skrá í bókhald á markaðsverði og matsbreytingin skal færast í rekstrarreikning. Bréf sem ekki teljast markaðsverðbréf en eru skammtímaverðbréf skal meta samkvæmt reglum um kostnaðarverð eða dagverð, hvort sem lægra reynist. Ýmis íslensk fyrirtæki á markaði hafa farið eftir þessum reglum þó að þær eigi ekki lagastoð hér á landi."

Síðan kemur fram í þessari umsögn að langtímaverðbréf skuli meta á kostnaðarverði og segir Stefán í umsögn sinni að þessar reglur séu ekki í samræmi við erlendar reglur á þessu sviði. Markaðsverðbréf skal færa á markaðsverði en matsbreyting færist á óinnleystan geymsluhagnað eða geymslutap og gildir þá einu hvort um skuldabréf eða hlutabréf er að ræða.

Þá áréttar hann í umsögninni helstu atriði sem hann hefur gagnrýnt að því er varðar ársreikningana, og svo að ég grípi niður í umsögn hans þá segir hann m.a., herra forseti, að málaflokkurinn reikningsskil fyrirtækja á markaði eigi ekki að heyra undir ráðuneyti fjármála heldur viðskiptaráðuneytið m.a. til að hnykkja á þeim greinarmun sem er á skattamálum og reikningsskilamálum.

Orðrétt segir Stefán Svavarsson, með leyfi forseta:

„Málefnalegar athugasemdir reikningsskilaráðs hafa í ýmsum greinum verið hunsaðar. Til dæmis að taka er það mín skoðun að fyrirmælin um að millifæra svokallaðan endurmatsreikning geti verið í ósamræmi við lög um hlutafélög en eru auk þess efnislega í ósamræmi við þá kröfu ársreikningslaga að halda aðgreindu eigin fé frá eigendum og eigin fé sem viðkomandi fyrirtæki áskapar sér sjálft. Fyrir vikið sýnast fyrirtæki eiga rýmri heimildir til arðgreiðslu en efni máls styður.

Þá eru ýmis skilyrði í nýsettum lögum fyrir aðila sem vilja halda bókhald í erlendri mynt í ósamræmi við erlendar reglur á því sviði og á það benti reikningsskilaráð.

Reikningsskilaráð hefur ekki getað sett reglur um ýmis mál, t.d. verðbréf, vegna þess að í lögum eru fyrirmæli sem stangast á við þau fyrirmæli sem ráðið hefði kosið að setja.

Starfsgrundvöllur ráðsins er því nánast enginn og það var af þeim sökum sem ég sagði af mér sem formaður ráðsins. Hitt skiptir einnig máli í því sambandi að ábendingar ráðsins hafa að litlu verið hafðar og ráðið fékk ekki einu sinni frumvarp að lögum um ársreikninga á sínum tíma til umsagnar þó að lög kveði á um annað. Meðal annars af þeim sökum hafa lögin verið uppfull af villum og rangfærslum sem nú er að nokkru leyti verið að laga, þ.e. í frumvarpinu sem liggur fyrir Alþingi."

Síðar segir Stefán í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Fyrirtæki á markaði hirða ekki um ákvæði ársreikningslaga í ýmsum greinum en sækja fyrirmyndir til útlanda. Lagasetningin á þessu sviði er langt á eftir framkvæmd en þannig ætti það ekki að vera heldur ætti því að vera nákvæmlega öfugt farið. Ýmsar þjóðir hafa tekið alþjóðlegu staðlana í notkun og ýmis fyrirtæki í Evrópusambandsríkjunum hafa notað staðla nefndarinnar, sum í mörg ár jafnvel þótt löggjöf segi til um annað. Ýmsar Evrópuþjóðir hafa nú þegar samþykkt með lögum að leyfa innlendum fyrirtækjum að beita alþjóðlegum stöðlum. Engilsaxneskar þjóðir hafa náð meiri samhæfingu við alþjóðlegu staðlana en aðrar þjóðir. Þar er sérfræðingaveldi meira en meðal Evrópuþjóða þar sem embættismannakerfin ráða. Öll verbréfaþing í heiminum hafa samþykkt alþjóðlegu staðlana þegar frá eru taldar tvær eða þrjár þjóðir. Japanar eru ein þessara þjóða. Meðal erlendra þjóða er lögð áhersla á að málið varði það að fjármagn geti flætt inn í viðkomandi ríki. Fyrirstaðan má ekki vera í gerð reikningsskila, þ.e. þannig að þau séu á þá lund að erlendir fjárfestar og lánardrottnar skilji þau ekki vegna sérreglna í viðkomandi landi."

Í lokin segir í umsögninni:

„Viðbrögð sérfræðinga í reikningsskilum í röðum endurskoðenda og annarra vegna þessara mála eru öll á sömu lund. Þeir styðja að kröftug vinna verði sett í gang til þess að lögleiða staðla alþjóðlegu nefndarinnar. Það er í sjálfu sér ekki eftir neinu að bíða með það og því verður ekki trúað með hliðsjón af framgangi þessa máls í Evrópu og annars staðar í heiminum að ESB setji sig á móti því að Íslendingar ákveði þessa skipan með lögum."

Herra forseti. Það er sem sagt eindregin ósk Stefáns Svavarssonar, sem best þekkir til að því er varðar ársreikninga, að þessir staðlar alþjóðlegu nefndarinnar verði lögleiddir og ég hefði kosið, herra forseti, að efh.- og viðskn. hefði fjallað nánar um það og þá sett fram í framhaldsnefndaráliti skoðun sína á framhaldi þessa máls. Ég hafði satt að segja vonast til þess að hæstv. fjmrh. yrði viðstaddur þessa umræðu til að segja sitt álit í þinginu á framvindu málsins og hvernig hann hugsar sér vinnuna áfram í þessu máli. Ég held að setja verði kraft í þá vinnu eins og hér hefur verið óskað eftir og við eigum að geta innleitt þessa staðla miklu fyrr en á árinu 2005, eins og mér skilst að hæstv. ráðherra hefði boðað. Stefán Svavarsson hefur fært fyrir því rök að hægt sé að gera það. Margar þjóðir hafa þegar tekið upp þessa staðla. Og það er auðvitað mjög alvarlegt, herra forseti, þegar verið er að benda á af manni sem best þekkir til, þá galla sem eru á þessum lögum og m.a. að mikið misræmi sé í gerð reikningsskila á markaði hér og markaðurinn sæki sér fyrirmynd erlendis án þess að reglur eigi sér stoð í lögum hérlendis. Þetta býður upp á það að ársreikningar fyrirtækja eru mismunandi og ekki samanburðarhæfir og geta leitt til mikillar skekkju eins og fram kom að því er varðar Kauphöll og ég lýsti hér áðan.

Aðspurðir sögðu bæði ríkisendurskoðandi og fyrrv. formaður reikningsskilaráðs að þeir teldu að úr því sem komið væri ætti þetta mál að ná fram að ganga eins og það liggur fyrir með þeim brtt. sem formaður nefndarinnar hefur kynnt. Ég spurði sérstaklega eftir því hjá fyrrverandi formanni reikningsskilaráðs hvort hann mundi leggja til einhverjar frekari breytingar á þessum lögum við afgreiðslu á þessi máli í þinginu núna. Hann kvað nei við því en jafnframt lagði hann áherslu á að því yrði flýtt að taka upp þessa alþjóðlegu staðla sem ég nefndi.

Ég vildi beina því til formanns nefndarinnar að hann skoðaði af nokkurri alvöru umsögn Stefáns Svavarssonar sem við höfum ekki haft færi á að skoða til hlítar enn sem komið er. Nefndin reyndi að mynda sér sameiginlega skoðun á því hvernig hún telji að vinna eigi þetta mál áfram þannig að komið sé til móts við réttmætar og eðlilegar óskir þeirra sérfræðinga sem best þekkja til að því er varðar ársreikninga.

[11:21]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í framhaldi af ósk hv. 5. þm. Reykv. vil ég segja að ég tel sjálfgefið að við förum yfir þessi mál milli 2. og 3. umr. Gert er ráð fyrir að haldnir verði fundir í efh.- og viðskn. á miðvikudaginn kemur vegna þess að þá er gert ráð fyrir tómi fyrir nefndarfund. Ég tel sjálfgefið að við förum yfir málið. Ég er alveg sammála hv. þm. um að hraða beri þessari vinnu eins og kostur er.

Menn meta það mismunandi hversu hratt er hægt er hægt að fara í þessi mál. Annars vegar að mati fyrrverandi formanns reikningsskilaráðsins og hins vegar að mati fulltrúa ráðuneytisins. Ég get ekki sett mig í neitt dómarasæti í þeim efnum en er sammála því að við eigum að hraða þessari vinnu eins og kostur er til að lög um ársreikninga verði eins góð og hægt er.

[11:22]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er óþarfi að hafa langt mál um afstöðu mína, sem kemur heim og saman við það sem fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég vil byrja á að taka undir með hv. formanni efh.- og viðskn., Einari K. Guðfinnssyni, að þetta mál er fyrst og fremst tæknilegs eðlis. Sérfræðingar hafa komið að málinu og unnið lengi að því.

Það kom nokkuð á óvart undir lokin þegar okkur barst erindi frá fyrrverandi formanni reikningsskilaráðs. Það setur óneitanlega strik í reikninginn. Ég fagna því að nefndin skuli kölluð saman milli 2. og 3. umr. til að fara yfir málin og reisa þar vegvísi inn í framtíðina um hvernig tekið skuli á þessum málum.

Skilningur okkar er sá að þær breytingar sem verið er að gera á lögum með þessu frv. séu í þá átt að styrkja lögin eins og kom fram í framsögu hv. formanns nefndarinnar. Sá fyrirvari sem við höfðum á frv., ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, laut að launakjörum stjórnenda fyrirtækja. Við töldum koma til álita að setja í þessi lög ákvæði þess efnis að fyrirtæki yrðu skylduð til að greina frá þessum launakjörum. Ég er reyndar á þeirri skoðun að öll launakjör í fyrirtækjum og stofnunum eigi að vera opinbert mál og eigi ekki að líðast neitt pukur kringum launakjör. Ég tel að þetta eigi við um fyrirtæki og stofnanir.

Það var rætt um lífeyrissjóði í þessu sambandi. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur reifað í efh.- og viðskn. og ég tekið undir þau sjónarmið að eðlilegt sé að þar sé einnig allt uppi á borði. Varðandi hugmyndir okkar um að festa kvaðir um upplýsingaskyldu í þessu efni í ársreikningalög þá féllum við frá því eftir að ljóst var að Kauphöllin hygðist setja reglur um nákvæmlega þetta efni varðandi þau fyrirtæki sem skráð eru á Verðbréfaþingi. Það er ástæðan fyrir því að við féllum frá okkar tillögu.

Að öðru leyti styðjum við frv. og höfum að sjálfsögðu þann fyrirvara á að við reisum vegvísi um framhald vinnunnar, vegvísi inn í framtíðina.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélags um Norðurorku, 1. umr.

Frv. iðnn., 687. mál (biðlaunaréttur starfsmanna). — Þskj. 1119.

[11:25]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um stofnun hlutafélags um Norðurorku, nr. 159/2002. Ég mæli fyrir hönd iðnn. því að það er iðnn. sem flytur þetta mál.

Tilefni þess að nefndin flytur þetta frv. er að skömmu fyrir áramót var það eitt af síðustu verkum þingsins að samþykkja lög um stofnun hlutafélags um Norðurorku. Þá kom fram, m.a. í framsöguræðu hæstv. iðnrh. sem og í nál. frá meiri hluta iðnn., að markmið frv. væri að starfsmenn héldu réttindum sínum samkvæmt gildandi kjarasamningum. Um það var ekki deilt og samkomulag um það.

Það hefur síðan komið í ljós, herra forseti, að efasemdir kunni vera um að texti laganna, eins og þau voru afgreidd frá hv. Alþingi, haldist gagnvart þeim markmiðum sem ég lýsti hér. Þess vegna, í ljósi vilja þingsins, flytur nefndin þetta frv. núna. Frv. snertir einkum biðlaunarétt fastráðinna starfsmanna Norðurorku, þ.e. þeirra fastráðnu starfsmanna sem voru þar við stofnun hlutafélagsins.

Að öðru leyti þarf ekki meira um þetta að segja og vísa ég í þskj. 1119 um þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðlar og Staðlaráð Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 461. mál (heildarlög). — Þskj. 699, nál. 1058.

[11:27]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um staðla og Staðlaráð Íslands frá iðnn.

Nefndin hefur fjallað rækilega um frv. og fengið til sín gesti og skriflegar umsagnir, eins og nefnt er á þskj. 1058.

Með frv. þessu er fest í sessi hlutverk Staðlaráðs Íslands og skýrt kveðið á um ótvírætt umboð þess til að staðfesta alþjóðlega og evrópska staðla en einnig íslenska staðla og til að annast gerð séríslenskra staðla og til að starfrækja fagstaðlaráð.

Staðlaráð Íslands er samstarfsráð þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af stöðlum. Nefndin gerir smávægilegar breytingar. Þær eru tvær. Annars vegar er sú breyting að í stað orðanna að aðild að Staðlaráði sé „heimil öllum hagsmunaaðilum“ komi að hún verði öllum heimil. Nefndin telur að í rauninni séu allir hagsmunaaðilar þegar kemur að stöðlum og hafi hagsmuna að gæta hvað varðar staðla. Hér er um ákveðna neytendavernd að ræða. Því gerir nefndin þá breytingu.

Hin breytingin er gildistökuákvæði. Í frv. er gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 2003, sem er liðinn eins og kunnugt er, herra forseti. Í stað þess er gert ráð fyrir að fram komi að lögin öðlist þegar gildi.

Undir nál. rita auk þess sem hér stendur hv. þingmenn Pétur Blöndal, Svanfríður Jónasdóttir, Árni Steinar Jóhannsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Jóhann Ársælsson og Ólafur Örn Haraldsson. Nefndin mælir sem sagt með því að frv. verði

samþykkt með tveimur áðurgreindum breytingum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Neysluvatn, síðari umr.

Þáltill. KF, 13. mál. — Þskj. 13, nál. 1125.

[11:30]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um neysluvatn sem hv. þm. Katrín Fjeldsted flytur.

Nefndin hefur fjallað mjög ítarlega um þetta mál sem reyndar er endurflutt.

Fjölmargar umsagnir bárust og fór nefndin rækilega yfir þær. Frá umsagnaraðilum er greint á þskj. 1125.

Þessi þáltill. um neysluvatn felur í rauninni þrennt í sér. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að neysluvatn verði skilgreint sem auðlind í lögum og þarf ekki að fara mörgum orðum um það, herra forseti, hversu mikilvægt neysluvatn er öllu mannkyni og sannarlega mikilvæg auðlind. Það er orðið tímabært að skilgreina neysluvatn sem auðlind í lögum.

Í annan stað er gert ráð fyrir því að auðlindin neysluvatn verði vistuð á einum stað í stjórnkerfinu en þannig er ástandið í rauninni núna að neysluvatn heyrir undir fjölmörg ráðuneyti. Þar af leiðandi myndast mörg grá svæði en í ljósi mikilvægis auðlindarinnar telur nefndin æskilegt að vista þennan málaflokk á einum stað.

Það kemur fram í umsögnum hinna fjölmörgu umsagnaraðila að skiptar skoðanir eru um það hvar sú vistun skuli vera. Annars vegar, eins og lagt er til í greinargerð með þáltill. hv. þm. Katrínar Fjeldsted, er mælt með því að auðlindin verði vistað hjá Orkustofnun nema þó að gæði vatns verði áfram á vegum Hollustuverndar ríkisins, þ.e. Umhverfisstofnunar frá 1. janúar 2003. Hv. iðnn. tekur ekki afstöðu til þessa en vísar því til ríkisstjórnar að útfæra það og finna rök fyrir því.

Þriðja meginmarkmið þessarar þáltill. er síðan að stuðla að útflutningi á fersku neysluvatni í samstarfi við vatnsútflutningsfyrirtæki og sveitarfélög. Eins og kunnugt er hafa ýmsir reynt að hasla sér völl á því sviði með misjöfnun árangri en auðlindin stendur engu að síður fyrir sínu. Þó að reynslan sé e.t.v. misgóð af útflutningi kann að hilla undir betri tíð í þeim efnum.

Að þessu sögðu, herra forseti, mælir nefndin með því að þáltill. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 538. mál (heildarlög). — Þskj. 883, nál. 1118.

[11:33]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá félmn. um frv. til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á fund sinn Stefán Hreiðarsson frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins ásamt Þorgerði Benediktsdóttur og Þór G. Þórarinssyni frá félmrn.

Nefndinni bárust allmargar umsagnir um málið sem voru almennt mjög jákvæðar.

Hæstv. forseti. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hóf starfsemi 1. janúar 1986 skv. 16. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983. Með frumvarpinu er lagt til að sett verði sérlög um Greiningar- og ráðgjafarstöðina. Markmið frumvarpsins er að tryggja að börn með alvarlegar þroskaraskanir sem geta leitt til fötlunar fái greiningu, ráðgjöf og önnur úrræði sem miða að því að draga úr afleiðingum röskunarinnar. Jafnframt er það markmið frumvarpsins að tryggja öflun, viðhald og miðlun fræðilegrar þekkingar á þessu sviði. Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins kemur fram að stofnunin þjóni fyrst og fremst þeim sem eru á aldrinum 0–18 ára, sbr. 1. gr. þess. Þetta er staðfesting á núverandi starfsháttum og á þeirri hugmyndafræði að sérhæfing starfseminnar sé byggð á því að beita markvissri meðferð á þroskaárum einstaklingsins þegar mestar líkur eru á því að hægt sé að hafa áhrif á taugaþroska til að draga úr áhrifum röskunarinnar. Lögð er áhersla á skyldur stofnunarinnar til að sinna börnum sem búa við alvarleg frávik í þroska og færni, bæði þeim sem eru ótvírætt fötluð og þeim sem má með markvissri þjálfun og meðferð koma til sjálfstæðis á fullorðinsárum. Þá er lögð áhersla á nána samvinnu við aðra þá aðila sem annast þjónustu við börn með alvarlegar þroskaraskanir og reynt að tryggja að þjónusta við hvert barn sé sem mest í nánasta umhverfi þess.

Starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar hefur þróast mikið og vaxið að umfangi frá því að starfssvið hennar var fyrst skilgreint í lögum um málefni fatlaðra árið 1983. Þá hefur alþjóðleg þekking á undanförnum árum sýnt fram á að með réttum aðferðum megi hafa veruleg áhrif á framtíðarhorfur þeirra barna sem hér um ræðir. Tilgangur frumvarpsins er að tryggja að börn sem búa á Íslandi og eru með alvarlegar þroskaraskanir njóti þessarar þekkingar.

Nefndin ræddi sérstaklega stjórnskipulega stöðu Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar og telur nauðsynlegt að skýrar komi fram tenging hennar við félagsmálaráðuneytið. Nefndin leggur því til að við 5. gr. frumvarpsins bætist að félagsmálaráðherra setji forstöðumanni erindisbréf í samræmi við 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá ræddi nefndin jafnframt þá breytingu á almennum hæfiskröfum forstöðumanns sem lögð er til í 5. gr. frumvarpsins. Það er mat nefndarinnar að óeðlilegt sé að þrengja hæfisskilyrðin með þeim hætti sem hér er lagt til. Þannig þykir ekki við hæfi að löggjafinn þrengi svo mjög að mati framkvæmdarvaldsins við ráðningar í einstakar stöður í stjórnsýslunni. Því leggur nefndin til að í lögunum verði kveðið á um að forstöðumaður skuli hafa háskólapróf og sérþekkingu á sviði fatlana og þroskaraskana. Ekki verði kveðið á um í lögum að forstöðumaður skuli auk þessa hafa reynslu af stjórnun, kennslu og rannsóknum en síðargreind atriði munu vafalítið m.a. ráða ákvörðun um hæfi umsækjenda í stöðu forstöðumanns. Þá er einnig lögð til orðalagsbreyting á greininni. Nefndin telur að reglugerðarheimild ráðherra skv. 9. gr. frumvarpsins sé of opin og er því lagt til að reglugerðarheimildin sé sérstaklega bundin við þær aðstæður sem fram koma í 3. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 6. gr., þ.e. þegar Greiningar- og ráðgjafarstöðin þarf að semja við aðila um ákveðna sérfræðiþjónustu.

Að lokum leggur nefndin áherslu á nauðsyn þess að tryggt sé nægilegt fjármagn til Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar þannig að stöðin geti mætt aukinni eftirspurn og stytt biðlista eftir þjónustu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem kemur fram í nefndarálitinu og er

svohljóðandi:

1. Við 5. gr. Í stað 2. og 3. málsl. komi fimm nýir málsliðir, svohljóðandi:

Forstöðumaður skal hafa háskólapróf og sérþekkingu á sviði fatlana og þroskaraskana. Forstöðumaður fer með stjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og er í fyrirsvari fyrir hana út á við. Hann ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Jafnframt annast forstöðumaður ráðningu annarra starfsmanna. Félagsmálaráðherra setur forstöðumanni erindisbréf.

2. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, einkum um samstarf Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar við aðra aðila, sbr. 3. mgr. 4. gr., og varðandi sérstaka samninga við sveitarfélög, sbr. 4. mgr. 6. gr.

Kristján Pálsson og Jónína Bjartmarz voru fjarverandi afgreiðslu málsins en undir nefndarálitið rita hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Magnús Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Drífa Hjartardóttir og Kjartan Ólafsson.

[11:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Eins og kom fram hjá formanni félmn. skrifa ég undir þetta álit án fyrirvara en þegar við vorum búin að afgreiða nál. bárust nokkuð viðamiklar umsagnir til nefndarinnar um málið. Ég hefði því talið eðlilegt að þetta þingmál færi aftur til félmn. milli 2. og 3. umr. þannig að við gætum skoðað þær umsagnir sem borist hafa. Eins og málum er háttað í nefndum þessa dagana er mjög mikið álag á þeim, mikið að gera og málin afgreidd þaðan nokkuð hratt. Ef við getum gert þetta mál betra en það er með því að skoða þessar umasgnir tel ég það vera til bóta og þyrfti ekki mikinn tíma í að renna yfir þessar umsagnir sem borist hafa. Ég legg því það til, herra forseti, að málið fari til félmn. milli 2. og 3. umr.

[11:40]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel eðlilegt að við tökum málið aðeins inn aftur. Þess ber þó að geta að tími til þess að veita umsagnir var liðinn þegar við kláruðum nál. þannig að í sjálfu sér voru vinnubrögð við þessa afgreiðslu eðlileg. Ég tel auk þess að þær umsagnir sem komu eftir að við tókum nál. út séu ekki með þeim hætti að það séu stórvægileg atriði sem menn gerðu athugasemdir við. Engu að síður tel ég eðlilegt að við tökum þetta aðeins inn í nefndina á milli 2. og 3. Ég mun verða við þessari ósk.

[11:41]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur fyrir undirtektir við þessari ósk. Ég er sammála henni um það að ég efast um að það verði gerðar miklar breytingar á málinu. Það var afgreitt í sátt og með fullkomlega eðlilegum vinnubrögðum. Ég var ekki að gagnrýna þau, alls ekki, en fagna því að málið skuli fara til nefndarinnar aftur. Við skoðum það í ljósi þessara umsagna sem vissulega komu eftir að frestur var útrunninn en engu að síður tel ég eðlilegt og fagna því að við förum aðeins yfir þær áður en málið verður afgreitt frá þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[11:42]

Útbýting þingskjala:

Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, 375. mál, nál. allshn., þskj. 1132.

Framkvæmd vegáætlunar 2002, 690. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1135.

Heilbrigðisþjónusta, 453. mál, brtt. KLM, þskj. 1134.

Búnaðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 241. mál (erfðanefnd). — Þskj. 245, nál. 1046.

[11:43]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá landbn. um frv. til laga um breytingu á búnaðarlögum nr. 70/1998, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hákon Sigurgrímsson frá landbúnaðarráðuneyti, Guðna Guðbergsson frá Veiðimálastofnun, Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Andrés Arnalds frá Landgræðslu ríkisins, Áslaugu Helgadóttur og Emmu Eyþórsdóttur frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Ólaf R. Dýrmundsson frá Forystufjárræktarfélagi Íslands og Kesara A. Jónsson frá Líffræðistofnun Háskóla Íslands.

Frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi og er nú endurflutt. Umsagnir um málið bárust frá ýmsum aðilum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á hlutverki og skipan erfðanefndar búfjár. Hlutverk nefndarinnar er aukið þannig að hún fjalli ekki einungis um helstu búfjárstofna og ferskvatnsfiska heldur um varðveislu erfðaauðlinda í landbúnaði á breiðum grunni, þ.e. um húsdýr, nytjajurtir og tré, og fjölgað er í nefndinni til samræmis við það úr fimm mönnum í sjö.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum að í stað fulltrúa sem tilnefndur er af umhverfisráðuneyti verði áfram fulltrúi tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands eins og í núgildandi lögum. Náttúrufræðistofnun annast að hluta til framkvæmd Ríó-samningsins um líffræðilega fjölbreytni fyrir hönd umhverfisráðuneytis. Stofnunin sinnir aðild Íslands að vísindasiðanefnd samningsins og á sæti í framkvæmdanefnd hans hér á landi og sinnir þannig margvíslegum verkefnum sem lúta að framkvæmd, þar á meðal verndun þess erfðaefnis sem fólgið er í flóru landsins. Sérstaða Íslands er veruleg í þessu efni þar sem stór hluti þess plöntuerfðaefnis sem hér er notað í ræktun er af *útlendum uppruna. Búfjárræktin byggist hins vegar* að miklu leyti á gömlum búfjárkynjum sem eru sérstæð í hópi framleiðslukynja og telur nefndin því mikilvægt að unnið sé skipulega að verndunarmati og verndunaráætlun þeirra á grundvelli Ríó-samningsins um líffræðilega fjölbreytni.

Þá var einnig rætt í nefndinni um mikilvægi þess að erfðanefnd tæki einnig til umfjöllunar siðferðileg sjónarmið, en þau eru sérstaklega mikilvæg í umfjöllun um erfðaræktun, hvort sem um ræktun plantna eða dýra er að ræða.

Loks leggur nefndin til að orðið „erfðaauðlind“ verði notað í frumvarpinu í stað erfðalindar í merkingunni verðmætt erfðaefni, samanber orðið náttúruauðlind, enda bárust fjölmargar ábendingar frá umsagnaraðilum um það.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Við 1. gr.

a. Á undan 1. efnismgr. komi fyrirsögn svohljóðandi: Erfðanefnd landbúnaðarins.

b. Í stað orðsins „umhverfisráðuneyti" í 1. efnismgr. komi: Náttúrufræðistofnun Íslands.

c. Í stað orðsins „erfðalinda" í a-, b- og d-lið 2. efnismgr. komi: erfðaauðlinda og í stað orðsins „erfðalindir" í c-lið sömu málsgreinar komi: erfðaauðlindir.

Hv. þm. Jónína Bjartmarz og Einar Oddur Kristjánsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Hv. þm. Pétur Bjarnason sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Undir álitið rita Drífa Hjartardóttir formaður, Kristinn H. Gunnarsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Guðjón Guðmundsson, Karl V. Matthíasson, Þuríður Backman og Sigríður Ingvarsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innflutningur dýra, síðari umr.

Þáltill. DrH o.fl., 106. mál. — Þskj. 106, nál. 1126.

[11:47]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá landbn. um till. til þál. um endurskoðun laga um innflutning dýra.

Nefndin hefur fjallað um málið sem er endurflutt frá síðasta þingi. Umsagnir bárust frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Æðarræktarfélagi Íslands, Forystufjárræktarfélagi Íslands, Geitfjárræktarfélagi Íslands, yfirdýralækni, Landssamtökum sauðfjárbænda, Litförótta félaginu, dýraverndarráði, Dýralæknafélagi Íslands, Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Nautgriparæktarfélagi Íslands og Bændasamtökum Íslands.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að fela landbúnaðarráðherra að hefjast þegar handa um endurskoðun laga um innflutning dýra, og búnaðarlaga, með það að markmiði að vernda íslenska dýra- og búfjárstofna.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Sigríður Jóhannesdóttir, Guðjón Guðmundsson, Jónína Bjartmarz og Einar Oddur Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita Drífa Hjartardóttir formaður, Kristinn H. Gunnarsson, Karl V. Matthíasson, Þuríður Backman og Sigríður Ingvarsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýting innlends trjáviðar, síðari umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 154. mál. — Þskj. 154, nál. 1131.

[11:48]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá landbn. um till. til þál. um nýtingu innlends trjáviðar, en flutningsmaður tillögunnar er Ísólfur Gylfi Pálmason.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá hlunnindaráðunaut Bændasamtaka Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins, Suðurlandsskógum, Skógrækt ríkisins og Norðurlandsskógum.

Tillagan felur í sér áskorun til landbúnaðarráðherra um að kanna möguleika á að nýta innlendan trjávið, sem fellur til við grisjun, til framleiðslu listmuna, byggingarefnis, límtrés eða eldiviðar, jafnframt að gerð verði fagleg úttekt á því hvernig fullnýta megi þau verðmæti sem til falla í skógum landsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Í stað orðanna „skora á" í fyrri málslið tillögugreinarinnar komi: fela.

Sigríður Jóhannesdóttir, Guðjón Guðmundsson, Jónína Bjartmarz og Einar Oddur Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita Drífa Hjartardóttir formaður, Kristinn H. Gunnarsson, Karl V. Matthíasson, Þuríður Backman og Sigríður Ingvarsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 2. umr.

Stjfrv., 543. mál (hækkun umsýsluþóknunar). — Þskj. 890, nál. 1044.

[11:50]

Frsm. umhvn. (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá umhvn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum.

Í umfjöllun sinni um málið fékk nefndin á sinn fund nokkra aðila og leitaði umsagna frá ýmsum umsagnaraðilum.

Í frumvarpinu er lagt til að umsýsluþóknun Endurvinnslunnar af umbúðum úr stáli, gleri og plastefni verði hækkuð í samræmi við breytingu sem orðið hefur á vísitölu neysluverðs frá árinu 2000. Fjárhæð umsýsluþóknunar var þá lögfest en vísitalan hefur hækkað um 13% frá þeim tíma.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Gunnar Birgisson og Jóhann Ársælsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita Magnús Stefánsson, Kristján Pálsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Katrín Fjeldsted, Kolbrún Halldórsdóttir, Ásta Möller og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tóbaksvarnir, 2. umr.

Stjfrv., 415. mál (EES-reglur). — Þskj. 524, nál. 1054.

[11:51]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir.

Með frumvarpinu er lagðar til breytingar á lögum um tóbaksvarnir til samræmis við reglur tilskipunar 2001/37/EB um framleiðslu, kynningu og sölu tóbaksvarnings. Meðal nýmæla í frumvarpinu er að merkja skuli hvern sígarettupakka með upplýsingum um hve mikinn kolsýring hver sígaretta gefur frá sér til viðbótar við slíkar upplýsingar um tjöru og nikótín. Einnig er lagt til að bannað verði að merkja tóbak þannig að gefið sé til kynna að það sé hættuminna en annað tóbak. Þá eru lagðar ýmsar skyldur á tóbaksframleiðendur og tóbaksinnflytjendur, t.d. að leggja fram sýnishorn af vörunni ef leitað er eftir því, veita heilbrigðisyfirvöldum upplýsingar um efnainnihald tóbaks, gera ákveðnar rannsóknir ef krafa er gerð um það og standa straum af kostnaði við slíka upplýsingagjöf og rannsóknir á því.

Við umfjöllun málsins í nefndinni voru lögð fram drög að reglugerð um viðvörunarmerkingar á tóbaki sem setja á með stoð í lögunum í samræmi við þær reglur sem koma fram í áðurnefndri tilskipun.

Að mati nefndarinnar er sjálfsagt að skaðsemi reykinga sé komið skýrt á framfæri við neytendur tóbaks og er hún samþykk þeirri neytendavernd sem kemur fram í þeirri viðleitni. Minnir nefndin þó á að meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins sé jafnan gætt á öllum sviðum, þar á meðal um þær skyldur sem lagðar eru á innflytjendur tóbaks í frumvarpinu. Nefndin leggur til að í stað þess að heilbrigðisyfirvöld geti krafist þess að framleiðendur eða innflytjendur tóbaks geri rannsóknir á vörunni verði yfirvöldum heimilað að láta þá gera prófanir. Að mati nefndarinnar er of íþyngjandi að leggja rannsóknarskyldu á þessa aðila. Við teljum nauðsynlegt og í samræmi við orðalag tilskipunarinnar sjálfrar að þessu sé breytt og að prófanir séu settar í staðinn fyrir rannsóknir.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Að þessu nál. standa hv. nefndarmenn í heilbr.- og trn., en þeir eru auk framsögumanns Jónínu Bjartmarz, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ásta Möller, Ólafur Örn Haraldsson og Björgvin G. Sigurðsson.

Einar Oddur Kristjánsson, Katrín Fjeldsted og Þuríður Backman voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 11:56]

Vaktstöð siglinga, 2. umr.

Stjfrv., 392. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 453, nál. 1087, brtt. 1088.

[12:00]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. laga um vaktstöð siglinga á þskj. 1087. Þar segir, með leyfi forseta:

„Með frumvarpinu er lagt til að komið verði á fót vaktstöð siglinga. Í vaktstöðinni er ætlunin að sameina undir einn hatt þau verkefni sem eru á ábyrgð samgönguráðuneytisins og lúta að eftirliti, umsjón og vöktun skipaumferðar við Ísland og talin eru upp í 2. gr. frumvarpsins. Þá er í frumvarpinu tekið mið af ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis fyrir umferð á sjó.

Þau verkefni sem vaktstöð siglinga er ætlað að sinna samkvæmt frumvarpinu eru nú unnin af Landsímanum hf. í Gufunesi og Siglingastofnun Íslands og eru öll á verksviði samgönguráðuneytisins.

Nefndin lítur svo á að vaktstöð siglinga, verði frumvarpið samþykkt, hljóti þegar þar að kemur að starfa náið með eða verða hluti af sameiginlegri stjórnstöð leitar og björgunar sem samhljómur hefur verið um að nauðsynlegt sé að koma á fót, enda er það hlutverk vaktstöðvarinnar samkvæmt frumvarpinu að tryggja skjót viðbrögð við eftirgrennslan, leit og björgun ef skip lendir í sjávarháska.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 3. og 12. gr. og 1. mgr. 13. gr. Breytingarnar eru ekki efnislegar.

2. Lagt er til að einstakir aðilar verði ekki taldir upp í 2. mgr. 5. gr. Þess í stað verði vísað almennt til þess að heimilt sé að nota upplýsingarnar til fiskveiðieftirlits, skipaeftirlits og eftirlits með mengun sjávar. Þannig sé ljóst að Fiskistofa, Landhelgisgæsla Íslands og Umhverfisstofnun eigi rétt til aðgangs að gögnum vaktstöðvarinnar.

3. Lagt er til að við 5. gr. bætist ný málsgrein um að eigendur skipa skuli greiða árgjald fyrir þjónustu í sjálfvirka tilkynningarkerfinu sem renni til rekstrar sjálfvirka tilkynningarkerfisins. Sambærilegt ákvæði er í núgildandi lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, en ekki stóð til að fella þá gjaldtöku niður með frumvarpinu.

4. Lagt er til að við 1. mgr. 13. gr. bætist nýtt ákvæði þess efnis að ráðherra geti með reglugerð falið vaktstöð siglinga að fara með leiðarstjórnun skipa um tiltekin svæði eða við tilteknar aðstæður. Hér er átt við leiðarstjórnun frá vaktstöð án þess að leiðsögumaður sé um borð í skipi. Heimildin byggist á því að síðar verði teknar ákvarðanir um afmörkun eða aðgreiningu siglingaleiða.

5. Lagðar eru til breytingar á 16. gr. þess efnis að undanþága samkvæmt ákvæðinu er þrengd þannig að ákvæði laganna um tilkynningarskyldu falli ekki þar undir og jafnframt að einungis alvarlegur sjúkleiki eða alvarlegt slys manna um borð geti orðið til þess að undanþágan verði virk.

6. Í 20. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lög um ráðstafanir til öryggis við siglingar, nr. 56/1932, falli úr gildi við gildistöku laganna. Þar sem ýmis ákvæði þeirra laga eiga sér ekki hliðstæðu í frumvarpinu og ekki er sýnileg ástæða til að fella þau niður gerir nefndin það að tillögu sinni að lögin verði ekki felld úr gildi.

Magnús Stefánsson, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson og Jón Bjarnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Siglingastofnun Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 539. mál (vaktstöð siglinga, EES-reglur). — Þskj. 884, nál. 1089.

[12:04]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. samgn. um frv. til laga um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

Nefndinni bárust umsagnir um málið frá fjölmörgum aðilum.

Markmið frumvarpsins er tvíþætt. Annars vegar er í frumvarpinu gert ráð fyrir að Siglingastofnun Íslands verði falið að annast framkvæmd vaktstöðvar siglinga, samanber frumvarp til laga um vaktstöð siglinga sem liggur fyrir þinginu, og ég mælti fyrir rétt áðan. Hins vegar veitir frumvarpið íslenskum yfirvöldum lagaheimild til að gerast aðilar að væntanlegri Siglingaöryggisstofnun Evrópu og innleiða reglugerðir Evrópusambandsins sem því tengjast.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Magnús Stefánsson, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson og Jón Bjarnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[12:05]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands er eðlilegt framhald af því máli sem hér var flutt rétt áðan um vaktstöð siglinga og það er í hæsta máta eðlilegt að fela Siglingastofnun Íslands að annast það.

Ég vildi bara láta það koma fram að þó ég sé ekki á þessu nál. þá styð ég það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með skipum, 2. umr.

Stjfrv., 360. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 400, nál. 998, brtt. 1000.

[12:06]

Frsm. samgn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. samgn. um frv. til laga um eftirlit með skipum.

Eftir ítarlega umfjöllun, marga gesti og umsagnir hefur nefndin komist að niðurstöðu, en umsagnaraðilar og gestir eru nefndir á þskj. 998.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lagareglum um skoðunarferli skipa. Breytingarnar eiga rót sína að rekja til nýrra EES-gerða samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og alþjóðasamþykkta á þessu sviði.

Eftir hina miklu yfirlegu nefndarinnar leggur hún til að frv. verði samþykkt en þó með nokkrum breytingu sem raktar eru á þskj. 1000. Þessar breytingar eru helstar:

1. Lagt er til að í stað þess að vísa til orðalagsins „mengun sjávar" í 1., 3. og 11. gr. skuli vísað til mengunar frá skipum. Breytingin felur í sér að við eftirlit með skipum skuli gætt að hvers konar mengun frá skipum, þar með talinni loftmengun. Jafnframt eru lagðar til breytingar á 12. og 18. gr. frumvarpsins sem eru í þessum anda.

2. Lögð er til breyting á 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. þess efnis að skipstjóra verði einum gert skylt að sjá til þess að skip sé haffært þegar það leggur úr höfn og hafi gild lögboðin skírteini um borð. Samkvæmt frumvarpinu er þessi ábyrgð jafnframt lögð á útgerðarmann. Ýmis vandkvæði fylgja því og má benda á að engan veginn er öruggt að útgerðarmaður hafi þá kunnáttu eða menntun sem þarf til að leggja mat á haffæri skips, auk þess sem útgerðarmenn eru alls ekki alltaf til staðar þegar skip leggur úr höfn sem er forsenda fyrir því að þeim sé unnt að rækja skyldur sínar samkvæmt ákvæðinu og þess vegna gerir nefndin þessa breytingu.

3. Lagt er til að skýrar verði kveðið á um rétt Landhelgisgæslunnar til að framkvæma skyndiskoðanir samkvæmt lögunum. Í núgildandi lögum er réttur til skyndiskoðana jafnt í höndum Siglingastofnunar og Landhelgisgæslunnar og gera þessar stofnanir með sér samstarfssamning um framkvæmd þeirra. Lagt er til að sú skipan mála verði óbreytt, enda hefur hún reynst vel samkvæmt upplýsingum nefndarinnar.

4. Samkvæmt 4. tölul. 13. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að hver sem er geti sett fram kröfu um að aukaskoðun fari fram á skipi. Aukaskoðanir hafa í för með sér mikinn kostnað fyrir útgerð og því má telja varhugavert að veita aðilum sem engra hagsmuna eiga að gæta heimild til að setja fram slíka kröfu. Nefndin leggur af þessum ástæðum til að þessi heimild verði bundin við tiltekna aðila, eins og að öðru leyti er gert í greininni, en jafnframt verði stjórn stéttarfélags veitt slík heimild. Þessi breyting er í samræmi við núgildandi lög um eftirlit með skipum. Þá er jafnframt lögð til breyting á síðari málslið 4. tölul. greinarinnar þannig að almennt verði óheimilt að veita upplýsingar um það hver hafi lagt fram kröfu um aukaskoðun, en þó með þeirri undantekningu að útgerð eigi rétt á þeim upplýsingum hafi krafa eða kvörtun reynst ástæðulaus. Breytingin er í samræmi við ákvæði núgildandi laga um eftirlit með skipum.

5. Lögð er til breyting á ákvæði 1. mgr. 25. gr. sem fjallar um verkefni farbannsnefndar. Lagt er til að 2. tölul. greinarinnar falli brott, enda hefur hann ekki þýðingu eftir að efnisákvæði 14. gr. gildandi laga hefur verið fellt úr gildi. Þá liggur fyrir að verkefni farbannsnefndar eru eingöngu að úrskurða um gildi farbanns sem þegar hefur verið lagt á og því er lagt til að miða orðalag 1. mgr. við það.

6. Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2004. Heppilegt þykir að miða gildistökuna við áramót vegna framkvæmdar laganna.

Undir nál. rita eftirtaldir hv. þingmenn: Hjálmar Árnason, Magnús Stefánsson, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Ingvarsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Lúðvík Bergvinsson og Jón Bjarnason.

Hv. þingmenn Kristján L. Möller og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

[12:10]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég geri í raun ekki athugasemdir við afgreiðslu þessa máls en vil taka sérstaklega undir þær breytingar sem gerðar eru við 4. tölul. 13. gr. frv. um að hver sem er geti sett fram kröfu um aukaskoðun. Ég tel að slíkt ákvæði hefði verið ákaflega varasamt. Ég lýsi líka ánægju með að stjórn stéttarfélags skuli veitt slík heimild. Þá er unnt að koma á framfæri athugasemd frá trúnaðarmanni um borð í skipi í gegnum stéttarfélagið, svona athugasemd. Ég held að þetta séu mjög góðar breytingar.

Mig langar að nefna aðeins atriði sem lúta að skyndiskoðun Landhelgisgæslunnar. Ég tel að það sé ágætisákvæði. En almennt um Landhelgisgæsluna. Það er vissulega ástæða til þess að skoða á hvern hátt starfsemin er rekin, m.a. það að sjá þessi stóru skip flatreka á grunnslóð einhvers staðar til þess að halda þeim úti. Það er alveg ótrúlegt að það skuli gert á sama tíma og engin skip eru á sjó á grunnslóð.

Ég held líka að menn þurfi að skoða alvarlega breytingar á núverandi fyrirkomulagi eftirlits með grunnslóðarveiðiflotanum. Þessi stóru skip sem við eigum henta auðvitað mjög vel til eftirlits á djúpsævinu eða á dýpri slóð og með

úthafsveiðiskipum. Ég held að menn ættu að skoða það að grípa jafnvel til einkavæðingar að hluta til. Ég vona að stjórnarliðar sperri nú eyrun þegar einkavæðing er nefnd við eftirlit á grunnslóð. Það gæti farið þannig fram að eftirlit væri framkvæmt af áhöfn skipa í einkaeign, en æðstu yfirmenn störfuðu hjá Landhelgisgæslunni. Með þessum bátum væri unnt að sinna eftirliti og nauðsynlegri öryggisgæslu og breyta þannig frá ríkjandi fyrirkomulagi. Ég vona að slík atriði hafi komið upp í umfjöllun um rétt Landhelgisgæslunnar til að framkvæma skyndiskoðanir og síðan um störf Landhelgisgæslunnar varðandi eftirlit með skipum. Ég tel að með þessum hætti sem ég er að nefna og hef reyndar komið á framfæri við hæstv. dómsmrh., sé athugandi að auka hagkvæmni í rekstri Landhelgisgæslunnar.

Mér er kunnugt um að í Reykjavíkurhöfn liggur skip eða bátur sem þarf mjög lítið að gera fyrir til þess að hann geti sinnt grunnslóðareftirliti. Ég held að menn ættu að athuga það frekar en að vera með stóru landhelgisgæsluskipin okkar í þessu hlutverki. Ég hygg að þarna mætti spara sem nemur tugum milljóna, jafnvel allt að 150–200 millj. á ári, bara með breytingum á þessum rekstrarhætti. Því nota ég tækifærið þegar þetta mál er til umræðu að koma þessu að. Ég hef engar athugasemdir við störf nefndarinnar nema síður sé. Ég held að það sem hér er gerð tillaga um sé breyting til batnaðar frá frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vinnutími sjómanna, 2. umr.

Stjfrv., 390. mál (EES-reglur). — Þskj. 451, nál. 999.

[12:15]

Frsm. samgn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá samgn. um frv. til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða vinnutíma sjómanna.

Eins og fram kemur í þskj. 999 komu umsagnir frá fjölmörgum aðilum og nokkrir gestir komu á fund nefndarinnar þannig að vinnan var nokkuð ítarleg við þetta. Með þessu frv., herra forseti, eru lagðar til breytingar á sjómannalögum og lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa vegna innleiðingar tiltekinna EES-gerða sem varða vinnutíma sjómanna.

Það er skemmst frá því að segja, herra forseti, og rétt að taka það fram að þessar breytingar, að því er fram kom, rúmast innan gildandi kjarasamninga milli útgerða og stéttarfélaga.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með örfáum breytingum. Þar er aðallega um tæknilega útfærslu að ræða, orðalagsbreytingar, nema þó ein meginbreyting sem við töldum skipta afskaplega miklu máli, nefnilega að í frv. er gert ráð fyrir því að aldurslágmark til þess að stunda sjómennsku verði 16 ár. Nefndarmenn voru ekki tilbúnir að brjóta þá hefð sem hér hefur verið og leggja því til þá breytingu að aldurslágmarkið verði fært niður í 15 ár, þ.e. sama aldurslágmark og nú gildir. Ég held að ekki þurfi að fara mörgum orðum um það hvaða gildi það hefur fyrir áhugasöm íslensk ungmenni sem hafa um áratuga skeið getað hafið sjómennsku 15 ára, oft með foreldrum sínum, einkum feðrum. Það er svona efnislega meginbreytingin. Ég tel ekki ástæðu til að rekja þær hér en vísa í efnislegar útskýringar og breytingarnar á þskj. 999.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum.

Undir nál. rita eftirtaldir hv. þm.: Hjálmar Árnason, Magnús Stefánsson, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Ingvarsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Lúðvík Bergvinsson og Jón Bjarnason.

Hv. þm. Kristján L. Möller og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útlendingar, 2. umr.

Stjfrv., 168. mál (útlendingar frá EFTA-ríkjum). — Þskj. 168, nál. 1004.

[12:17]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um frv. til laga um breyting á lögum um útlendinga, nr. 96/2002.

Frumvarpið sjálft felur í sér breytingar á lögum um útlendinga til samræmis við ákvæði nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), svonefnds Vaduz-samnings. Með þeim samningi var ákveðið að reglur EES-samningsins um frjálsa fólksflutninga skuli einnig gilda gagnvart EFTA-ríkjum sem ekki eru aðilar að EES. Reglurnar gilda þannig einnig um Sviss, en önnur EFTA-ríki, Ísland, Liechtenstein og Noregur, eru þegar aðilar að EES.

Í EFTA-samningnum er eitt ákvæði víðtækara en EES-reglur og varðar það einstaklinga, óháð þjóðerni, sem starfa hjá aðila sem veitir þjónustu og hefur staðfestu eða starfsemi í EES- eða EFTA-ríki og eru því jafnframt gerðar breytingar á lögum um útlendinga til samræmis við það. Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að betra væri að taka efnislega upp þann viðauka sem hér um ræðir, þ.e. viðauka K við stofnsamning EFTA, í stað þess að vísa einungis til hans í lagagreininni. Þykir það enn fremur samræmast betur íslenskri lagahefð. Nefndin leggur því til breytingu á orðalagi frumvarpsins hvað þetta atriði varðar. Þannig komi skýrt fram hverjir eigi rétt á að dvelja hér í ákveðinn tíma án dvalarleyfis.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Efnismálsgrein b-liðar 2. gr. verði svohljóðandi, þar er um talsverða breytingu að ræða:

Útlendingur, sem hvorki er ríkisborgari EES- eða EFTA-ríkis né aðstandandi slíks borgara, má koma til landsins án sérstaks leyfis til að veita þjónustu í allt að 90 starfsdaga á almanaksári, hafi hann leyfi sem jafngildi óbundnu atvinnuleyfi í EES- eða EFTA-ríki og er ráðinn hjá aðila sem veitir þjónustu og hefur staðfestu eða starfsemi þar.

Eins og ég sagði, herra forseti, leggur hv. allshn. til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem ég las upp áðan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir, 2. umr.

Stjfrv., 350. mál (færsla skráningar, breyting ýmissa laga). — Þskj. 387, nál. 1003.

[12:20]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. á þskj. 1003 um frv. til laga um breytingar á ákvæðum laga um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur er varða skráningu þessara félaga og stofnana.

Nefndin fékk góða gesti á sinn fund þar sem farið var gaumgæfilega yfir málið.

Meginmarkmið frumvarpsins er að færa skráningu hlutafélaga, einkahlutafélaga, samvinnufélaga og sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur frá Hagstofu Íslands til embættis ríkisskattstjóra. Samhliða er flutt frumvarp til laga um fyrirtækjaskrá en þar er lagt til að ríkisskattstjóri annist framvegis færslu fyrirtækjaskrár og útgáfu kennitalna til fyrirtækja, stofnana og annarra aðila samkvæmt nánari ákvæðum þar að lútandi. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að það sé liður í framkvæmd þeirrar stefnu sem lýst var í athugasemdum við frumvarp um afnám laga um Þjóðhagsstofnun og felst í því að ná fram frekari hagræðingu í stjórnsýslunni og styrkja um leið hagskýrslugerð með því að endurskipuleggja Hagstofu Íslands og flytja frá henni verkefni sem tilheyra ekki lengur þeirri starfsemi.

Samkvæmt gildandi lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur fer ráðherra Hagstofu Íslands með mál er varða skráningu þessara félaga og stofnana en viðskiptaráðherra fer með málefni þeirra að öðru leyti. Í frumvarpinu er lagt til að hlutaðeigandi lagaákvæðum verði breytt á þann hátt að fjármálaráðherra fari hér eftir með mál sem varða þessa skráningu í stað ráðherra Hagstofu Íslands. Jafnframt er lagt til að núverandi reglugerðarheimildir ráðherra Hagstofu Íslands samkvæmt fyrrgreindum lögum færist til fjármálaráðherra í samræmi við flutning þessara verkefna.

Nefndin tekur undir markmið frumvarpsins og telur þau eðlileg í þeim tilgangi að efla hagskýrsluhlutverk Hagstofunnar.

Bent hefur verið á nauðsyn þess að breyta gildistökuákvæði laganna þannig að yfirfærsla umræddra verkefna verði hnökralaus. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi breytingu:

Í stað dagsetningarinnar „1. apríl 2003“ í 10. gr. komi: 1. júlí 2003.

Þetta var samhljóða álit frá hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fyrirtækjaskrá, 2. umr.

Stjfrv., 351. mál (heildarlög). — Þskj. 388, nál. 1005.

[12:23]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um frv. til laga um fyrirtækjaskrá.

Við fengum nokkra aðila á okkar fund sem tengjast þessu frv. á einn eða annan hátt og eru þeir taldir upp á þskj. 1005.

Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi gildandi lög um fyrirtækjaskrá, nr. 62/1969, og er það flutt samhliða frumvarpi til laga um breytingar á ákvæðum laga um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir, sem ég mælti fyrir áðan, sem stunda atvinnurekstur er varða skráningu þessara félaga og stofnana. Þar er lagt til að skrár samkvæmt þessum lögum verði færðar frá Hagstofunni til ríkisskattstjóra.

Með frumvarpinu er lagt til að fyrirtækjaskrá verði flutt frá Hagstofu Íslands til ríkisskattstjóra sem annist framvegis færslu fyrirtækjaskrár og útgáfu kennitalna til fyrirtækja, stofnana og annarra aðila samkvæmt nánari ákvæðum þar að lútandi. Þá mun fjármálaráðherra fara með mál sem varða fyrirtækjaskrá. Að öðru leyti er ekki um að ræða miklar breytingar á efnisatriðum frá gildandi lögum um fyrirtækjaskrá, heldur felast þær einkum í uppstokkun og framsetningu ákvæða þannig að einstök efnisatriði eru dregin fram með þeim hætti að betri yfirsýn fáist yfir áhersluatriði.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að það sé liður í framkvæmd þeirrar stefnu sem lýst var í athugasemdum við frumvarp um afnám laga um Þjóðhagsstofnun og felst í því að ná fram frekari hagræðingu í stjórnsýslunni og styrkja um leið hagskýrslugerð með því að endurskipuleggja Hagstofu Íslands og flytja frá henni verkefni sem tilheyra ekki lengur þeirri starfsemi. Þá hefur jafnframt verið litið til þess að hagskýrslugerð og rekstur stjórnvaldsskráa í einni stofnun hefur á síðari árum ekki þótt jafnheppileg og var þegar skrárnar voru stofnaðar. Þetta stafar ekki síst af þeirri þróun sem orðið hefur á viðhorfum og reglum um meðferð persónubundinna gagna, samanber grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna um opinbera hagskýrslugerð frá árunum 1992 og 1994 sem Ísland hefur staðfest.

Nefndin tekur undir markmið frumvarpsins og telur brýnt að stjórnvöld á ýmsum sviðum geti unnið með eina samhæfða skrá sem er opinber og aðgengileg til eftirlits. Þá telur nefndin yfirfærsluna til embættis ríkisskattstjóra eðlilega og samrýmast meginverkefni þeirrar stofnunar.

Bent hefur verið á nauðsyn þess að breyta gildistökuákvæði laganna þannig að yfirfærsla umræddra verkefna verði hnökralaus. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi breytingu:

Í stað dagsetningarinnar „1. apríl 2003“ í 12. gr. komi: 1. júlí 2003.

Þetta nál. er, eins og áðan, samhljóða álit frá hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 353. mál (brot í opinberu starfi). — Þskj. 390, nál. 1106.

[12:26]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, sem lúta að broti í opinberu starfi.

Við fengum í hv. allshn. á fund til okkar fulltrúa dómsmrn., Rögnu Árnadóttur, og Róbert R. Spanó, sem er

núna starfsmaður hjá umboðsmanni Alþingis. Einnig fengum við umsagnir frá Landssambandi lögreglumanna, Sýslumannafélagi Íslands, lögreglustjóraembættinu í Reykjavík, ríkissaksóknara, Bandalagi háskólamanna, Póst- og fjarskiptastofnun og Lögmannafélagi Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á XIV. kafla almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi. Helsta markmið frumvarpsins er að afmarka nánar hugtakið opinber starfsmaður í nánar tilgreindum ákvæðum kaflans þannig að skilgreining þess hóps opinberra starfsmanna sem ákvæði kaflans taka til verði skýrari. Þá eru lagðar til orðalagsbreytingar á nokkrum stöðum jafnframt því sem það er fært til nútímalegra horfs.

Helstu ástæður framangreindra breytinga eru þær að oft hefur skapast vandamál við ákvörðun þess hvort einstaklingur sé opinber starfsmaður í refsiréttarlegu tilliti. Með frumvarpinu er því lögð til sérstök refsiréttartúlkun á hugtakinu opinber starfsmaður og jafnframt orðuð sú leiðbeiningarregla að aðeins þeir opinberu starfsmenn sem fengið hafa heimildir að lögum til að geta tekið eða hafa áhrif á ákvarðanir um réttindi og skyldur einstaklinga eða lögaðila eða ráðstafa eða hafa áhrif á ráðstöfun opinberra hagsmuna verði taldir opinberir starfsmenn í þessum skilningi nema annað verði skýrlega ráðið af túlkun á einstökum refsiákvæðum.

Með hliðsjón af þeirri almennu leiðbeiningarreglu sem hér um ræðir er lögð á það áhersla að við mat á því hvort tiltekið refsiákvæði XIV. kafla hegningarlaga eigi við um háttsemi starfsmanns hins opinbera verði að taka sérstaklega til skoðunar hvort honum hafi með lögum í rýmri merkingu verið veittar valdheimildir sem hafi til að bera þau einkenni sem lýst var hér að framan. Þetta á þó aðeins við þegar ákvæði XIV. kafla hegningarlaga hafa að geyma almenna afmörkun á hugtakinu opinber starfsmaður án nánari skýrgreiningar en ekki þegar hlutaðeigandi refsiákvæði kveða skýrt á um tilgreinda starfsmenn hins opinbera.

Loks er lagt til í frumvarpinu að gildissvið 133. gr. hegningarlaga um opinberan starfsmann sem gætir fanga verði rýmkað og nái nú einnig til þess þegar opinber starfsmaður hefur það verkefni að gæta sakbornings sem sviptur hefur verið frelsi sínu. Að gefnu tilefni skal tekið fram að hugtakið sakborningur hefur ákveðna refsiréttarlega merkingu og er notað um þann einstakling sem grunaður er um refsiverða háttsemi. Hér er því t.d. ekki átt við einstakling sem vistaður er í fangageymslu vegna ölvunar eða óspekta á almannafæri. Þótti nefndinni rétt að taka þetta skýrlega fram, m.a. vegna ábendinga frá Landssambandi lögreglumanna. Þegar gerður var samanburður á 133. gr. hegningarlaga og samsvarandi ákvæði 149. gr. dönsku hegningarlaganna kom í ljós að íslenska ákvæðið var efnislega þrengra. Þannig tekur danska ákvæðið samkvæmt orðalagi sínu og mati fræðimanna einnig til sakborninga á rannsóknarstigi máls, hvort sem um er að ræða gæsluvarðhaldsfanga eða sakborninga sem vistaðir eru í fangageymslu án þess að gæsluvarðhaldsúrskurður liggi fyrir. Danska ákvæðið var fyrirmynd hins íslenska ákvæðis þegar það var sett og því eru lagðar til framangreindar breytingar.

Þá hefur komið fram nauðsyn þess að lagfæra orðalag og efnisatriði í 5. gr. frumvarpsins sem og í 137. gr. laganna. Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að nýjum málslið verði bætt við 137. gr. laganna. Þar er fjallað um starfsmann lögaðila sem fengið hefur opinbert leyfi til póstdreifingar eða til að annast fjarskipti á grundvelli slíks leyfis. Hugtakið póstdreifing er notað yfir afmarkaðan þátt póstþjónustunnar, þ.e. dreifinguna sem slíka. Í 4. gr. laga um póstþjónustu, nr. 19/2002, er póstþjónusta skilgreind sem þjónusta sem nær til móttöku og söfnunar, flokkunar, flutnings og skila á póstsendingum gegn greiðslu. Rekstrarleyfi eru gefin út til þeirra sem sinna póstþjónustu samkvæmt þessari skilgreiningu. Því leggur nefndin til að í stað hugtaksins póstdreifing komi póstþjónusta.

Þá hefur verið bent á að um langt skeið hefur póstdreifing í dreifbýli verið unnin af verktökum, t.d. eru allir svokallaðir landpóstar Íslandspósts verktakar. Þeir mundu þar af leiðandi ekki falla undir hugtakið starfsmenn lögaðila í 5. gr. frumvarpsins og verknaðarlýsing ákvæðisins tæki því ekki til þeirra. Því er lögð til sú breyting að það sé hafið yfir allan vafa að þeir sem sinna póstþjónustu eða fjarskiptum sem verktakar falli einnig undir 137. gr. almennra hegningarlaga.

Jafnframt hefur komið fram að hugtakið símamálefni í 137. gr. laganna er hvergi notað í núverandi löggjöf um fjarskipti. Samkvæmt orðsins hljóðan nær hugtakið líklega aðeins til hefðbundinnar talsímaþjónustu, þ.e. tals á milli tveggja manna. Fjarskipti í nútímaskilningi eru hins vegar orðin miklu víðtækari, t.d. gagnaflutningur, tölvupóstsendingar o.fl. Í 3. gr. laga nr. 107/1999, um fjarskipti, eru hugtökin fjarskipti og fjarskiptaþjónusta skilgreind á eftirfarandi hátt: „Fjarskipti: Hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum, með þráðlausri útbreiðslu eða öðrum rafsegulkerfum.“ „Fjarskiptaþjónusta: Þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet með fjarskiptaaðferðum, öðrum en sjónvarpi eða hljóðvarpi.“ Þá er í 137. gr. fjallað um símamálefni. Með hliðsjón af því sem að framan greinir leggur nefndin til að í stað orðanna „póst- eða símamálefni“ komi orðin póst- eða fjarskipta þjónustu til að samræmis sé gætt.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem kveður á um í viðkomandi þingskjali.

Hv. allshn. leggur því til þessar breytingar og mælir með samþykkt frumvarpsins. En ég vil geta þess að þetta álit frá hv. allshn. er samhljóða og var m.a. Ögmundur Jónasson áheyrnarfulltrúi samþykkur afgreiðslu þessa máls.

[12:33]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta nál. um frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, um brot í opinberu starfi er um margt athyglisvert og frv. sem hér er á ferðinni. Mig langar aðeins að heyra hjá hv. framsögumanni hvaða þýðingu þetta hefur í reynd. Mér hefur verið hugsað til póstdreifingarinnar. Þegar búið er, sem nú hefur verið gert, að framselja til verktaka rekstur póststöðva og póstdreifingar, hvort heldur til banka, verslana eða bensínafgreiðslu, þá er kannski ekki lengur fastur ráðningarsamningur við einstakan starfsmann heldur er það jafnvel orðinn hluti af vinnuskyldu viðkomandi starfsmanns í stærra samhengi þar sem fleiri hlaupa til í þá vinnu. Hvernig er þá með þessar ábyrgðarskyldur, þ.e. varðandi í þessu tilviki póstleynd og annað sem kveðið er á um í lögum um póstþjónustu að skuli í heiðri haft, þegar verktakasamningurinn sem gerður er af hálfu Íslandspósts er við fyrirtæki en ekki einstaklinga?

Yfirleitt eru gerðir samningar við landpóstana sem einstaklinga þó þeir séu verktakar og gjarnan bundið einstaklingum. En þegar verktakasamningur er gerður um rekstur

á ýmsum póstmóttökustöðvum og póstdreifingarstöðvum þá er bara gerður samningur við fyrirtækið en ekki við einstaka starfsmenn sem þar vinna. Mun þá ekki þurfa að fylgja þessu með einhverjum hætti eftir varðandi verktakafyrirtækin, þannig að settar séu strangari eða ákveðnari og skýrari reglur um hverjir inna þessa póstþjónustu af hendi?

Sama á kannski við um ýmis önnur fyrirtæki sem þessi þjónusta og ábyrgð á henni er framseld til.

Ég vildi bara vekja athygli á þessu og spyrja framsögumann nefndarinnar, hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, hvernig hún lítur á stöðu sem þessa.

[12:36]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir að hafa vakið athygli á þessu. Þetta er einmitt eitt af þeim atriðum sem við ræddum sérstaklega í nefndinni, fórum mjög vel yfir og hnykkjum sem sagt sérstaklega á því að hugsunin er hverjir fara virkilega með opinbert vald. Í þessu samhengi er afskaplega mikilvægt að refsiheimildirnar séu skýrar og skýrleiki þeirra merkjanlegur.

Við erum með þessu í raun ekki að skoða stöðu viðkomandi launamanns sem slíka, eins og í þeim tilvikum sem hv. þm. nefndi þegar búið er að færa valdið frá póstinum yfir til verktaka og einkaaðila, heldur er í raun skoðað hverju sinni hvort viðkomandi einstaklingur fari raunverulega með opinbert vald og geti ráðstafað opinberum fjármunum og hagsmunum. Í þessu tilviki vil ég m.a. benda á nokkuð nýlegan hæstaréttardóm sem kemur m.a. inn á þetta þar sem verið er að reyna að skilgreina betur hugtakið opinber starfsmaður.

Tilgangurinn með þessu frv. er einmitt að reyna að afmarka betur nákvæmlega hver er opinber starfsmaður. Fer hann raunverulega með opinbert vald og getur hann ráðstafað opinberum hagsmunum? Ef svo er þá er hann opinber, þ.e. þá fellur hann undir þessa skilgreiningu, hugtakið opinber starfsmaður. Þar af leiðandi ber hann refsiábyrgð sem slíkur.

[12:38]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég virði alveg og met þau sjónarmið og nálgunina sem reynt er að beita í þessu frv. og tek undir mikilvægi þess að á hreinu sé hver ábyrgð og skylda einstaklings er sem tekur að sér verkefni í opinberri þjónustu, sem er á ábyrgð hins opinbera. Ég tel að þarna standi út af álitaefni varðandi þessa ábyrgð.

Tökum sem dæmi að einhver banki taki að sér rekstur á pósthúsi. Stór hluti af þeim verkum sem þar eru unnin eru háð skilyrðum um opinbert eftirlit, opinbera ábyrgð sem bundin er í lögum og því sem er á ábyrgð hins opinbera í þessum rekstri, t.d. póstleynd og ýmislegt þar að lútandi. En það er í sjálfu sér ekki aðalbankinn sem í raun vinnur verkin heldur viðkomandi starfsmenn sem eru þá ráðnir til þess af viðkomandi bankastofnun. Hver er þá staða þessa fólks gagnvart þeirri ábyrgð sem það hefur tekið á sig? Fyrirtækið gerir samninginn eða er ábyrgt en einstaklingarnir sem þarna vinna geta verið þess vegna einn í dag og annar á morgun. Hver er þá ábyrgð þeirra, bæði ábyrgð þeirra persónulega og ábyrgð þeirra gagnvart þeirri þjónustu sem verið er að veita?

[12:40]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er í raun alveg eins og með opinberar stofnanir. Það er ekki stofnunin sem slík sem er gerð ábyrg fyrir refsiverðri háttsemi viðkomandi starfsmanns heldur starfsmaðurinn sem slíkur. Hið nákvæmlega sama gildir um samninga eins og hv. þm. nefndi hér áðan. Ef það eru einkaaðilar sem sjá — hvort sem eru bankar eða einhverjir aðrir — þá eru það einkaaðilarnir sem bera og falla undir þessa skilgreiningu „opinber starfsmaður" svo lengi sem þeir hafa eitthvað að gera með ráðstöfun opinberra hagsmuna og opinberra fjármuna. Við erum m.a. í þessu frv. að ramma betur inn póst- og símamálefni eða fjarskiptaþjónustuna til að sýna fram á að þeir sem fara með þá þjónustu og fara með þessa opinberu hagsmuni og fjármuni, falla undir þetta frv.

[12:41]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bara ítreka að ég met og virði þessa viðleitni og þau markmið sem verið er að setja við þessa lagabreytingu, þ.e. að skýra ábyrgð aðila gagnvart opinberri þjónustu sem er skilgreind í lögum.

Að mínu viti stendur hins vegar þarna enn eftir óvissa um réttarstöðu þess fólks sem vinnur hjá fyrirtækjum sem hafa tekið að sér ábyrgð á þessari þjónustu. Póstmenn voru opinberir starfsmenn og þeir sem starfa á pósthúsunum á vegum Íslandspósts t.d. eru þá sjálfkrafa með þetta vafalaust í sínum ráðningarsamningi. En svo eru þeir sem starfa hjá öðrum aðilum sem hafa tekið að sér þessa þjónustu, hvort sem það er banki, kaupfélag, bensínafgreiðsla eða verslun. Þar getur verið breytilegt hvaða starfsmaður sinnir póstþjónustu, þ.e. einn í dag og annar á morgun. Því mun þurfa að skýra þessa ábyrgð gagnvart bæði neytandanum og þeim sem innir þessa þjónustu af hendi.

Virðulegi forseti. Ég vildi bara draga þessi mál inn í umræðuna. Ég tel að þarna þurfi að huga að því að þessi ábyrgð sé skýr þegar framseld er framkvæmd á opinberri þjónustu eins og t.d. póstþjónustu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til Alþingis, 2. umr.

Stjfrv., 391. mál (talning atkvæða, kjörseðlar o.fl.). — Þskj. 452, nál. 1049, brtt. 1050.

[12:43]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um frv. til laga um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000.

Megintilgangur frumvarpsins er að heimila talningu atkvæða á fleiri en einum stað í hverju kjördæmi. Sum kjördæmi hafa stækkað svo mjög að nauðsynlegt þykir að hafa þann möguleika að hægt sé að telja atkvæði á fleiri en einum stað í hverju kjördæmi. Sérstaklega er hér haft í huga ef kosning fer fram að vetrarlagi. Einnig er lögð til nauðsynleg orðalagsbreyting í upptalningu sveitarfélaga í samræmi við sameiningu þeirra eða af öðrum ástæðum. Þá er lagt til að kjörseðlar verði útbúnir með ferningi fyrir framan listabókstafina sem kjósendur setja krossinn í. Með þeim breytingum

er vonast til að eyða óvissu kjósanda um það hvar á kjörseðlinum hann á að merkja með krossi og draga þannig úr hættu á að atkvæði verði talið til vafaatkvæða. Að lokum er lagt til að ákvæði laganna um afsal kosningarréttar í kjördeild til þess að geta kosið í annarri kjördeild innan kjördæmis, t.d. vegna fötlunar, verði gerð skýrari. Í þessu felst þó ekki efnisleg breyting frá fyrri framkvæmd.

Við kynningu ráðuneytisins á frumvarpinu kom í ljós að gera þyrfti frekari breytingar á frumvarpinu og núgildandi lögum um kosningar til Alþingis þar sem láðst hafði á nokkrum stöðum að taka tillit til breytinga frumvarpsins varðandi umdæmiskjörstjórnir. Jafnframt var bent á að bæta þyrfti við ákvæðum um umdæmi umdæmiskjörstjórna og verklag þeirra. Umdæmi þeirra verður að ákveða tímanlega og geta umdæmismörk skipt miklu, t.d. varðandi utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Nefndin gerir því tillögur til breytinga til samræmis við framangreint.

Þá leggur nefndin til að við sérstakar aðstæður geti ráðherra heimilað tvær umdæmiskjörstjórnir í hverju kjördæmi. Heimild þessi yrði aðeins veitt í undantekningartilvikum. Ég vil sérstaklega undirstrika þetta. Sérstaklega er haft í huga að kosningar gætu farið fram að vetri til og erfitt verið um samgöngur.

Nefndin velti þessu fyrir sér í ljósi fenginnar reynslu og með tilliti til þeirra kjördæma sem nú sjá erfiðleikana við að hafa bara eina umdæmiskjörstjórn. Sérstaklega er litið til stóru landsbyggðarkjördæmanna þegar þetta er haft í huga. Þess vegna leggur nefndin til að það verði farið sparlega með þessa heimild en engu að síður verður hún að vera til staðar til að mæta hugsanlegum þörfum kjördæmanna, þ.e. ef kosningar fara fram við erfiðar aðstæður, t.d. hugsanlega að vetri til.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Í 1.–6. tölul. er lagt til að nánar verði kveðið á um umdæmiskjörstjórnir, þ.e. þar sem láðist að geta þeirra í upphaflegu frumvarpi. Í 2. tölul. er jafnframt kveðið á um að yfirkjörstjórn ákveði umdæmi umdæmiskjörstjórna. Nauðsynlegt er að ákvörðun um umdæmi umdæmiskjörstjórna verði tekin tímanlega. Hvert umdæmi þeirra verður skiptir m.a. máli vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Umrædda ákvörðun þyrfti því að tilkynna með lengri fyrirvara en kveðið er á um í almenna ákvæðinu í 1. mgr. 97. gr. laganna. Jafnframt er lagt til að við sérstakar aðstæður geti ráðherra heimilað tvær umdæmiskjörstjórnir sem kosnar skulu á sama hátt. Það er mat nefndarinnar að túlka beri þessa heimild þröngt og aðeins ef atvik gætu hamlað því að atkvæðasendingar bærust með góðu móti á milli staða, t.d. ef til kosninga kæmi að vetri til. Þá skal tekið fram varðandi 5. tölul. að gert er ráð fyrir að umdæmiskjörstjórn geti úrskurðað um ágreining sem upp kemur innan kjörstjórnar eða milli kjörstjórnar og umboðsmanns lista um hvort utankjörfundaratkvæði sé gilt eða ógilt. Komi hins vegar upp ágreiningur innan umdæmiskjörstjórnar eða á milli umdæmiskjörstjórnar og einhvers umboðsmanns um það hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur, sbr. 103. gr. laganna, skal yfirkjörstjórn úrskurða um gildi hans.

2. Lögð er til breyting á 15. gr. sem felur í sér að 103. gr. laganna er sett upp á ný svo að efnisinnihald hennar falli betur að framkvæmd mála. Þá er jafnframt lagt til að við greinina bætist ný málsgrein sem áður var 16. gr. frumvarpsins en ákvæðið þykir eiga betur við þar.

3. Lögð er til breyting á 17. gr. sem eingöngu er tæknilegs eðlis.

Þetta nál. var samþykkt samhljóða í allshn.

[12:48]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hefði viljað inna hv. framsögumann allshn., Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, eftir því hvort nefndin hafi kannað önnur atriði varðandi kosningarnar sem valdið hafa töluverðum ágreiningi að undanförnu, sérstaklega hvað varðar utankjörfundaratkvæðagreiðslur. Í býsna mörgum tilvikum virðast utankjörfundaratkvæði annaðhvort dæmd ógild vegna tæknilegra atriða eða að mikill ágreiningur verður um gildi þeirra.

Svo virðist sem eitthvert óöryggi sé í framkvæmd á utankjörfundaratkvæðagreiðslum. Hvar það liggur, hvort það er vegna þess að þeir sem annast þær hafa ekki upplýsingar eða kunna ekki nógu vel til eða hvort það sé eitthvað í umgjörð þeirra sem gerir þetta að verkum, veit ég ekki gjörla. Hitt veit ég að mér finnst allt of mörg dæmi um það, a.m.k. í umræðunni, að utankjörfundaratkvæðagreiðslur verða deiluefni eða þau atkvæði gerð ógild.

[12:50]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir að vekja athygli á þessu. Við ræddum ekki sérstaklega utankjörfundaratkvæðagreiðslur, svo ég upplýsi hv. þm. um það, en í raun má segja að andi þessarar lagabreytingar sé að skerpa og skýra umhverfi og framkvæmd á kosningunum. Með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu er vonast til að hægt sé að eyða óvissu, með leyfi forseta:

„... að eyða óvissu kjósanda um það hvar á kjörseðlinum hann á að merkja með krossi og til þess að draga úr hættu á að atkvæðið verði talið til vafaatkvæða.“

Með þessu, herra forseti, er að mínu mati hnykkt á því að gera allt umhverfi kosninga í framtíðinni sem skýrast. Það á auðvitað líka við um utankjörfundaratkvæðin. Það verður að vera þannig að þessar breytingar leiði til þess að það verði færri vafaatkvæði en hafa verið hingað til.

[12:51]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir þessi sjónarmið hv. þm. Ég vil bara árétta þessa stöðu varðandi utankjörfundaratkvæðagreiðsluna. Framkvæmd hennar virðist allt of óviss. Það að svo mörg atkvæði, hvort sem er við sveitarstjórnarkosningar eða kosningar til Alþingis, valdi deilum og séu dæmd ógild vegna einhverra tæknilegra atriða er afar ósanngjarnt. Ég tek undir með hv. þingmanni með að það á að lágmarka hættuna á því. Í tengslum við utankjörfundaratkvæðagreiðslu til Alþingis er t.d. tvö- eða þreföldun á umslögum. Verði eitthvert nafnabrengl eða misvísun á nöfnum er atkvæðið ógilt.

Hvort sem það kemst inn í þetta nál. eða ekki tel ég, í ljósi reynslunnar, bæði af sveitarstjórnarkosningum og alþingiskosningum, að það sé full ástæða til að taka á þessu með framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslna þannig að hættan á að viðkomandi atkvæði verði ógild verði algjörlega lágmörkuð. Ég tel ástæðu til að á þessum málum sé tekið.

[12:53]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg eða stór um frv. sem hér er til umræðu. Ég vil þó nefna það í þessu samhengi að það var nokkuð góð sátt um það í allshn. að fjölga mögulegum umdæmiskjörstjórnum úr einni í tvær. Hins vegar var það skýrt hjá öllum nefndarmönnum að sá kostur yrði einungis nýttur í undantekningartilvikum. Hér er fyrst og fremst tekið mið af hinum þremur svokölluðu landsbyggðarkjördæmum. Þau eru mjög stór og komi til kosninga yfir vetrartímann er vitaskuld allra veðra von. Hugmynd allshn. er fyrst og fremst sú að möguleikinn á að koma upp tveimur umdæmiskjörstjórnum verði einungis nýttur þegar veður og annað slíkt krefst þess.

Ég vildi bara hnykkja á þessu, virðulegi forseti. Þótt hér sé verið að leggja til þessar breytingar býr sú hugsun að baki. Hér er því fyrst og fremst um einhvers konar tryggingarákvæði að ræða ef eitthvað slíkt kæmi upp.

Að sama skapi tek ég undir sjónarmið hv. þm. Jóns Bjarnasonar, að hluta til a.m.k., að vandað verði til utankjörfundaratkvæðagreiðslu og settar skýrar reglur um hvernig þær eigi að fara fram. Það skiptir miklu máli. Eins og ég man lögin hefur hæstv. dómsmrh. skýrar heimildir til að setja reglur um þetta efni. Það er mikilvægt að sú heimild verði nýtt í því skyni að tryggja að utankjörfundaratkvæðagreiðslur fari fram eins og við ætlumst til. Fátt er fólki heilagra og mikilvægara en kosningarrétturinn. Almannavaldið verður því að tryggja eins og kostur er að vilji kjósenda komist til skila og engin hætta sé á að það misfarist á nokkurn hátt.

Þetta vildi ég leggja til þessarar umræðu, virðulegi forseti. Helst þó til að taka undir með hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, formanni allshn., varandi brtt. allshn. Ég vildi árétta að hugmyndin um viðbótarumdæmiskjörstjórn eigi aðeins við í algerum undantekningartilvikum og séu til öryggis ef kosningar kynnu að fara fram um vetur. Þetta vildi ég að kæmi fram, virðulegi forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 489. mál (EES-reglur). — Þskj. 805, nál. 1122.

[12:57]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um frv. til laga um breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, er sérstaklega lúta að meðferð bótakrafna vegna tjóna erlendis.

Meginmarkmið frumvarpsins er að auðvelda tjónþola að fá bætur vegna umferðarslyss í EES-ríkjum og Sviss. Lagt er til að dómsmálaráðherra viðurkenni svonefndan tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöð í þessu skyni. Ekki er þó gert ráð fyrir að komið verði á fót opinberri stofnun heldur að samtökin Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. annist þetta hlutverk.

Tilefni frumvarpsins er innleiðing tilskipunar 2000/26/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja, og um breytingar á tilskipunum 73/239/EBE og 88/237/EBE, svokallaðrar fjórðu tilskipunar um ökutækjatryggingar. Lagt er til að sömu ákvæði um ábyrgðartryggingu ökutækja og gilda nú gagnvart EES-ríkjunum gildi einnig gagnvart EFTA-ríkjunum sem ekki eru aðilar að EES, þ.e. Sviss, í samræmi við ákvæði hins nýja stofnsamnings EFTA, Vaduz-samningsins sem ég gat um fyrr í dag.

Þá er lagt til með frumvarpinu að lagastoð nokkurra reglna varðandi vátryggingarskylduna verði styrkt, svo sem að því er varðar hvaða vátryggingafélög annast lögmæltar ökutækjatryggingar, og kveðið á um skylduaðild vátryggingafélaga sem taka að sér ábyrgðartryggingu skráningarskyldra vélknúinna ökutækja að samtökunum Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. Loks er lagt til að felld verði niður sérstök viðurkenning eða skráning dómsmálaráðherra á vátryggingafélögum sem annast lögmæltar ökutækjatryggingar. Áskilnaður um viðurkenningu dómsmálaráðuneytisins á vátryggingafélagi sem annast ábyrgðartryggingu skráningarskyldra ökutækja er frá þeim tíma þegar vátryggingafélög þurftu ekki sérstakt leyfi til að annast vátryggingastarfsemi. Með núgildandi skipan á starfsleyfi til vátryggingastarfsemi verður ekki talin þörf á að áskilja sérstaka viðurkenningu dómsmálaráðherra vegna þeirrar tegundar vátrygginga sem hér um ræðir.

Fram hefur komið ábending um að í stað hugtaksins „tjónsuppgjörsaðili“ í frumvarpinu færi betur að nota hugtakið „tjónsuppgjörsmiðstöð“ þar sem fyrra hugtakið þykir of líkt hugtakinu „tjónsuppgjörsfulltrúi“ sem jafnframt er notað í frumvarpinu. Nefndin leggur til breytingu hvað þetta varðar.

Komið hefur fram að tilnefning tjónsuppgjörsfulltrúa og stofnun tjónsuppgjörsmiðstöðvar í öllum EES- og EFTA-ríkjunum muni auðvelda tjónþola að reka bótakröfu sína eftir umferðarslys í öðru aðildarríki. Það er mat nefndarinnar að þetta sé til mikilla bóta jafnframt því sem tjónþoli þurfi þá ekki lengur að reka kröfu sína gagnvart erlendu vátryggingafélagi, sem getur skapað misskilning vegna tungumálaerfiðleika, heldur getur hann rekið málið gagnvart tjónsuppgjörsfulltrúa vátryggingafélagsins í heimalandi sínu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svohljóðandi breytingum:

1. Í stað orðsins „tjónsuppgjörsaðila“ í 2. efnismgr. 1. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi í viðeigandi falli: tjónsuppgjörsmiðstöð.

2. Við 3. mgr. a-liðar 5. gr. bætist: nr. 60/1994.

Eins og ég hef áður getið, herra forseti, er þetta nál. samþykkt samhljóða frá hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:02]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1133 og 1134. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 13:03]

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 567. mál, brtt. KolH, þskj. 1145.

Heilbrigðisþjónusta, 453. mál, brtt. ÞBack o.fl., þskj. 1149.

Réttarstaða samkynhneigðs fólks, 132. mál, nál. allshn., þskj. 1137.

Samfélagsleg áhrif álvers- og virkjunarframkvæmda, 511. mál, nál. iðnn., þskj. 1136.

Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014, 469. mál, brtt. meiri hluta samgn., þskj. 1144.

Þriggja fasa rafmagn, 617. mál, svar iðnrh., þskj. 1138.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1145 og 1149. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv.

Kjaradómur og kjaranefnd, 1. umr.

Stjfrv., 683. mál (heilsugæslulæknar). — Þskj. 1110. [15:05]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, með síðari breytingum, sem finna má á þskj. 1110.

Frv. þetta er flutt í tengslum við yfirlýsingu hæstv. heilbrrh. í nóvember á síðasta ári um stöðu heilsugæslunnar í landinu. Í samræmi við yfirlýsinguna hafa heilsugæslulæknar óskað eftir því að ákvarðanir um laun og launakjör þeirra verði færðar undan kjaranefnd og þeir semji sjálfir um kjör sín eins og almennt tíðkast um launþega í þjónustu ríkisins.

Í frv. er því lagt til að ákvörðun launakjara heilsugæslulækna fari eftir ákvæðum laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, en af því leiðir að Læknafélag Íslands mun fara með kjarasamningsgerð vegna heilsugæslulækna eins og annarra lækna.

Þó að frv. geri ráð fyrir að það öðlist gildi við birtingu í Stjórnartíðindum er í ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir því að núgildandi kjarasamningur fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs og Læknafélags Íslands skuli ekki tekinn upp eða hann endurskoðaður í tilefni af setningu þessara laga enda er með honum komin á friðarskylda milli aðila. Af þessum sökum er lagt til að fram til ársloka 2005, eða til jafnlengdar gildandi kjarasamningi, gildi úrskurður kjaranefndar frá 15. október 2002, um laun og önnur starfskjör heilsugæslulækna. Þykir slíkt eðlilegt þegar litið er til þess að í úrskurði kjaranefndar er tekið mið af kjarasamningi fjmrh. f.h. ríkissjóðs og Læknafélags Íslands, sbr. kafla VIII, lið 2 í úrskurðinum. Gert er ráð fyrir því að laun heilsugæslulækna hækki í samræmi við ákvæði í launalið kjarasamningsins.

Í samræmi við yfirlýsingu heilbrrh. er jafnframt gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða að fjmrn. taki upp viðræður við fulltrúa Læknafélags Íslands um þróun afkastahvetjandi launakerfis innan heilsugæslunnar en í úrskurði kjaranefndar er gert ráð fyrir því að hluti launa heilsugæslulækna fari eftir slíku kerfi. Leiði viðræðurnar til breytinga er gert ráð fyrir að þær geti komið í stað samningsins.

Gert er ráð fyrir því að viðræðum aðila verði lokið fyrir 31. desember 2003 en þó er heimilt að framlengja þær um allt að einn mánuð. Hafi engar breytingar verið ákveðnar fyrir nefnd tímamörk mun úrskurður kjaranefndar að þessu leyti gilda óbreyttur til ársloka 2005 eða, eins og áður segir, til jafnlengdar kjarasamningi fjmrh. og Læknafélags Íslands.

Þar sem launakjör heilsugæslulækna verða þau sömu fram til ársloka 2005 og ætla má að hefðu orðið samkvæmt úrskurðum kjaranefndar er ekki ástæða til að ætla að lögfesting frv. leiði til aukinna launaútgjalda ríkissjóðs á umræddu tímabili, þ.e. til ársloka 2005. Á þessu stigi er ekki hægt að segja fyrir um það hvort viðræður fjmrn. við Læknafélag Íslands um hinn afkastahvetjandi hluta úrskurðar kjaranefndar muni leiða til meiri kostnaðar við þann þátt en samkvæmt úrskurðinum.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. þingsins. [15:09]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram við þessa umræðu að þetta frv. er flutt í fullkomnu samráði við heilbrrn. Ég styð það eindregið en það er lagt fram í framhaldi af erindi heimilislækna til heilbrrh. um að skipta um viðsemjanda samkvæmt viljayfirlýsingu sem ég gaf út fyrir áramótin. Ég vildi aðeins láta það koma fram að við fjmrh. höfum rætt efni þessa frv. og að ég sem heilbrrh. styð það eindregið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 567. mál (kynferðisbrot gegn börnum og mansal). — Þskj. 918, nál. 1124, brtt. 1145. [15:10]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, um kynferðisbrot gegn börnum og mansal.

Nefndin fékk á fund sinn fulltrúa frá dómsmrn., Rögnu Árnadóttur og Dís Sigurgeirsdóttur, og Benedikt Bogason frá refsiréttarnefnd. Nefndinni bárust að auki umsagnir frá aðilum eins og ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara, dómstólaráði og samtökunum Barnaheill svo einhverjar séu nefndar.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á almennum hegningarlögum, einkum XXII. kafla sem fjallar um kynferðisbrot, m.a. með það í huga að auka refsivernd barna. Í fyrsta lagi er lögð til hækkun á refsimörkum vegna nánar tilgreindra kynferðisbrota sem beinast gegn börnum. Þá er lagt til að lögfest verði ákvæði sem leggi refsingu við svonefndu mansali og loks er lögð til minni háttar breyting á skipan ákvæða í málsgreinar.

Helstu ástæður þess að lögð er til þynging hámarksrefsingar fyrir tiltekin kynferðisbrot gegn börnum eru að umrædd ákvæði taka til brota þar sem venjulega er mikill aldursmunur á milli barns og geranda, sem jafnframt brýtur gróflega gegn trúnaði við barnið. Þetta er annar af þeim þáttum sem eru ástæður þess að verið er að huga að þessum refsimörkum í kynferðisbrotakaflanum sem lúta að kynferðisbrotum gegn börnum. Þau brot sem hér um ræðir eru mjög alvarleg og sífellt hefur orðið betur ljóst hve miklum skaða börn geta orðið fyrir þegar þau eru misnotuð kynferðislega. Það er sem sagt annars vegar aldursmunurinn á milli geranda og barns sem við athuguðum þarna og síðan auðvitað að þarna er um

trúnað að ræða sem gerandi brýtur gagnvart barninu. Á þessi breyting í frv. að leiða til þyngri refsingar.

Nefndin telur rétt að vekja athygli á því að með því að leggja hér til hækkun á refsiramma færast umrædd ákvæði í svokallaðan hærri brotaflokk sem þýðir að fyrningartími brotanna lengist. Fyrningarfrestur brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. almennra hegningarlaga reiknast frá þeim degi sem brotaþoli nær 14 ára aldri.

Með því að færa þessi refsihámörk upp úr sex árum í átta og síðan úr tíu í tólf er verið að segja að þessi alvarlegu brot tilheyri alvarlega brotaflokknum sem þýðir að það er 15 ára fyrningarfrestur í stað 10 ára áður. Það þýðir að í þessum brotum kemur fyrningartími brotanna til með að lengjast.

Í svonefndu mansali felst hagnýting á einstaklingi, oft í kynferðislegum tilgangi. Þótt háttsemin sem lýst er í frumvarpinu sé í flestu tilliti þegar refsinæm samkvæmt ákvæðum hegningarlaga er með frumvarpinu lögð sérstök áhersla á þessi brot þar sem þau þykja mjög alvarleg.

Þann 15. nóvember 2000 var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna samningur gegn alþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi, svonefndur Palermó-samningur. Einnig voru samþykktar bókanir við samninginn, þar á meðal bókun til að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn. Samningurinn og bókunin voru undirritað af Íslands hálfu 13. desember 2000 en hafa ekki enn verið fullgilt. Mansalsákvæðið á rætur sínar að rekja til þessa alþjóðasamnings og bókana við hann. Nefndin ræddi sérstaklega tilurð ákvæðisins og bendir á að fram hefur komið að við verknaðarlýsingu mansalsákvæðisins í frumvarpinu hafi verið höfð hliðsjón af 3. gr. bókunarinnar við Palermó-samninginn. Nefndin telur rétt að taka fram og undirstrika að það er ætlun löggjafans að efnislegt innihald hins nýja mansalsákvæðis í almennum hegningarlögum verði túlkað í samræmi við ákvæði í fyrrnefndum Palermó-samningi. Við ræddum þetta mjög ítarlega, herra forseti, í nefndinni og viljum undirstrika þetta eins og ég gat um áðan. Þá telur nefndin mikilvægt að hugað verði áfram að því að veita fórnarlömbum mansals nauðsynlega vernd, svo sem vitnavernd. Þetta viljum við einnig undirstrika.

Nefndin ræddi sérstaklega kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins en þar kemur fram að ekki sé ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs svo nokkru nemi. Skiptar skoðanir eru um það hvort hækkun refsinga leiði til lengri fangelsisvistar með tilheyrandi útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. Á móti vega sjónarmið um varnaðaráhrif refsinga. Það er því mat nefndarinnar að engan veginn sé í raun hægt að meta hvort frumvarpið komi til með að hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Að lokum leggur nefndin áherslu á að samningur gegn alþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi, Palermó-samningurinn, sem þegar hefur verið undirritaður, verði fullgiltur við fyrsta tækifæri.

Nefndin leggur til orðalagsbreytingu við 5. gr. til frekari skýringar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Á eftir orðunum „villu viðkomandi“ í 1. tölul. 1. efnismgr. 5. gr. komi: um aðstæður.

Undir nál. rita Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Ásta Möller, Guðjón Arnar Kristjánsson, Kjartan Ólafsson og Ólafur Örn Haraldsson.

Ég vil sérstaklega geta þess að Kolbrún Halldórsdóttir var áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk afgreiðslu þessa nál.

Ég vil einnig þakka nefndinni fyrir mjög mikla og góða vinnu sem lögð var í þetta mál. Allir voru einhuga í þessu máli og allir voru á því að koma því á framfæri hver hinn raunverulegi vilji löggjafans er í þeim alvarlegu málum sem þetta frv. lýtur að.

[15:17]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. þm. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur var ég sem áheyrnarfulltrúi viðstödd afgreiðslu þessa máls úr allshn. Ég tek undir orð formannsins þegar hún segir að nefndin hafi lagt alúð og metnað í að vinna þetta mál. Það er alveg hárrétt. Ég fagna sérstaklega því sem kemur fram í nál. um það hvernig nefndin hnykkir á því að það sé ætlun löggjafarsamkundunnar að efnislegt innihald þessa mansalsákvæðis sem hér er fjallað um verði túlkað í samræmi við ákvæði Palermó-samningsins. Þetta er auðvitað gífurlega mikilvægt og dýrmætt að hafa í nál. og ég fagna því að það skuli tekið svona vel utan um það í álitinu.

Þá er líka mikilvægt að ítreka það að nefndin ræddi um vitnavernd og fórnarlambavernd í þessu sambandi. Það kom fram í umræðum nefndarinnar að kannski væri þörf á því að skoða breytingar á öðrum lögum hvað þetta varðar því sannleikurinn er sá að þegar glæpamenn sem stunda þessa óviðurkvæmilegu glæpi, mansal, nást þá er þeim refsað. Þeir eiga yfir höfði sér refsingu. En það sem gerist er að fórnarlömbin verða allt í einu vegalaus. Fórnarlömb þessara glæpamanna standa allt í einu uppi í einhverju landi í Evrópu, mögulega á Íslandi, án þess að hafa nokkur réttindi í viðkomandi landi. Þess vegna hafa þau lönd sem hafa verið að reyna að takast á við þetta hingað til búið til ákvæði sem varða vitnavernd og fórnarlambavernd þar sem yfirvöld í viðkomandi landi taka fórnarlömbin upp á sína arma og þau eru gerð lögleg í landinu, þannig að þau fái yfirgripsmikla og meðvitaða aðstoð við að koma undir sig fótunum og ná áttum, til þess að það gerist ekki, sem hefur gerst í útlöndum, að fórnarlömbin eru rekin úr landi, enda aftur í klóm sömu glæpamanna og sömu hringiðunni þannig að glæpirnir verða ekki stöðvaðir.

Ég fagna því líka, herra forseti, að nefndin er sammála um að mikilvægt sé að hugað verði áfram að því að veita fórnarlömbum mansals nauðsynlega vernd, svo sem vitnavernd, og í því sambandi hvet ég hæstv. dómsmrh. til þess að halda áfram að vinna í málinu á þessum nótum. Þurfi að koma til breytingar á öðrum lögum en hér um ræðir þá þarf bara að gera þær breytingar hið allra, allra fyrsta.

Eins og fram hefur komið er ég samþykk afgreiðslu þessa frv. og sátt við nál. að öllu leyti. Þó þarf ég að gera hér grein fyrir einu atriði sem ég bar inn á fundi nefndarinnar. Það varðar hugmyndir mínar um refsingu eða að það verði gert refsivert að kaupa vændi. Það var einn af þáttunum sem nefndin tók til umræðu í umfjöllun þessa máls, því hér er verið að opna greinar í hegningarlögunum sem lúta að þessum málum. Mansalið er auðvitað stór hluti af möguleikum fólks á að stunda vændi. Ég hef nú lagt fram frv. á Alþingi fjögur ár í röð sem gerir ráð fyrir því að kaup á kynlífsþjónustu verði refsiverð. Af því ég sé ekki að það eigi afturkvæmt úr nefnd lýsti ég því yfir við nefndina að ég hefði fullan hug á því að koma með brtt. við þetta frv. sem gerði kaup á vændi refsiverð.

Þess vegna hef ég gert brtt. við þetta frv. og henni hefur verið dreift til þingmanna á þskj. 1145. Þar geri ég ráð fyrir að við frv. bætist ný grein, sem verði þá 5. gr., og að hún orðist svo, með leyfi forseta:

„Við 1. mgr. 206 gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sömu refsingu varðar það að kaupa vændi."

Þetta er sem sagt í þeirri grein hegningarlaganna þar sem fjallað er um að það að stunda vændi sér til framfærslu sé refsivert. Á eftir þeirri setningu komi sem sagt ný setning sem geri það refsivert á sama hátt til sömu refsingar að kaupa vændi.

Nú voru í Svíþjóð árið 1998 sett lög sem eru sambærileg við þetta sem gengu í gildi, ef ég man rétt, 1. janúar 1999. Áhrif þessarar lagasetningar, að banna hreinlega eða gera kaup á vændi refsiverð, hafa verið könnuð og við þingmenn höfum átt þess kost að skoða niðurstöður þeirra kannana á erlendum vettvangi þar sem við höfum verið á ráðstefnum tengdum þessu málefni og sannleikurinn er sá að þeir glæpamenn sem stunda mansal hafa nú á seinni árum, eftir lagasetninguna, sniðgengið Svíþjóð. Það hefur því orðið marktæk breyting á ástandinu í Svíþjóð hvað þetta varðar. Götuvændi og vændi sem beinlínis tengist mansali virðist heyra sögunni til. Úr því hefur dregið stórlega og það hefur verið þakkað þessum lögum sem Svíarnir settu.

Nú hafa Evrópuþjóðirnar fengið hvatningu um það frá Evrópuþinginu að skoða möguleikann á þessari sænsku leið. Það er mjög mikil hreyfing meðal kvennasamtaka um alla Evrópu varðandi það að þjóðir skoði sænsku leiðina. Ég hefði talið það til sóma og fyrirmyndar, herra forseti, að íslensk stjórnvöld gengju á undan með góðu fordæmi, fetuðu braut Svíanna og settu ákvæði á borð við þetta í lög.

Nú tel ég vera tækifæri til þess þar sem þessar greinar hegningarlaganna eru opnar þar sem Alþingi er að fjalla um nákvæmlega þessa hluti. Þess vegna legg ég til þessa breytingartillögu. Hún þarf svo sem ekki frekari skýringar við, herra forseti. Ég vísa síðan til þeirra umræðna sem átt hafa sér stað um þau frv. sem ég hef lagt fram, sem á þessu þingi er á þskj. 39, 39. mál. þingsins.

Svo vil ég í lok máls míns geta þess að hæstv. dómsmrh. hefur látið svo um mælt í fjölmiðlum að hún telji þessa sænsku leið geta verið til skoðunar. Ég vil fá að vitna hér í orð hennar í Fréttablaðinu frá 18. september 2002 þar sem fjallað er um lagafrumvörp þau sem hæstv. ráðherra er að leggja fram. Það er verið að segja frá átaki Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna gegn verslun með konur, sem er búið að hleypa af stokkunum. Síðan segir í blaðagreininni, með leyfi forseta:

„Íslendingar horfa til reynslu nágrannaríkjanna í þessum málum, einkum Svíþjóðar, en þar hefur verulega dregið úr verslun með konur síðan lögum var breytt þar og refsingar gegn mansali hertar."

Þarna er verið að vitna til orða hæstv. dómsmrh. á fréttamannafundi sl. haust. Ég tel því fyllstu ástæðu til þess að Alþingi skoði það með mjög opnum hug hvort ekki megi gera þessa breytingu með þeirri tillögu sem ég nú hef mælt fyrir og er á þskj. 1145.

[15:25]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er verið að fjalla um nál. um frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, um kynferðisbrot gegn börnum og mansal.

Eins og fram kom hjá hv. formanni allshn. var í rauninni um tvenns konar breytingar að ræða, annars vegar hvað varðar börnin, fyrstu tvær greinarnar, og síðan varðandi mansalið. Ég fagna því að það var mjög fín og fagleg umræða í hv. allshn. Við fengum mjög góðar umræður, bæði með fólki úr ráðuneytinu og frá refsiréttarnefnd þannig að þar var ekki tekist á um gagnstæð sjónarmið heldur fyrst og fremst reynt að horfa breitt á málið og sjá hvað við gætum gert betur.

Við ræddum talsvert hvað varðaði börnin, hvort við ættum að setja svokallað refsigólf eða gólf á þennan brotaflokk eins og er t.d. í nauðgunarmálunum. Það sýndi sig í gegnum þær umræður að það er nokkuð sem verið er að taka út alls staðar á Norðurlöndunum. Það er í rauninni eitthvað sem er hætt, en stendur enn eftir hér varðandi nauðgunarmálin. Því var talið ráðlegt að gera það ekki núna.

Mikið var rætt um fyrninguna og mikilvægi þess að fólk hefði ríkulegan tíma þegar um kynferðisafbrot er að ræða því það er ekki fyrr en fólk kemst á ákveðinn aldur og fer að skoða sjálft sig almennilega að það grípur til þess að fara í mál t.d. gagnvart gerendum.

Það sem gerist hins vegar „átómatískt" í þessu frv. er að herðing refsinganna þýðir að fyrningartími brotanna lengist. Það gladdi mig mjög því ég hafði ekki áttað mig á því. Hér er því um verulega bót að ræða.

Í þessu sambandi er mjög mikilvægt að ræða það sem við ræddum talsvert í nefndinni og það er varðandi skaðabætur til þeirra sem beittir eru kynferðislegu ofbeldi. Fyrir þinginu liggur eitt lítið frv. um breytingu á því máli. En það urðu ákveðin mistök í þinginu, í svokölluðum bandormi fjárlaga 1996, að þessi brotahópur var skorinn niður um helming. Það átti að laga í næstu fjárlögum á eftir. Það hefur ekki verið gert og þess vegna flutti ég ein lítið frv. um að þetta yrði lagað. Það er búið að vekja athygli dómsmrh. og dómsmrn. á þessu máli. Hér er í rauninni bara um spurningu um leiðréttingu á mistökum að ræða. Núverandi bætur fyrir þann hóp barna sem í þessu lendir duga varla fyrir þeim sálfræðiviðtölum sem þau þurfa eftir svo mikla misnotkun og varðandi alvarleika málsins.

Seinni þátturinn í þessu frv. er mansalið. Við erum loksins að sjá að núna er það alveg á hreinu að mansal varðar við hegningarlög. Þessu ber auðvitað að fagna og voru um þetta mjög fínar umræður í nefndinni. Þetta lýtur að svonefndum Palermó-samningi sem hér hefur aðeins verið ræddur. Það er líka áréttað í nál. að hann verði fullgiltur við fyrsta tækifæri vegna þess að í honum öllum kemur fram þetta með vitnaverndina sem var talsvert rætt í nefndinni en er ekki í frv. Þetta er eitt af því sem hefur verið rætt á ráðstefnu eftir ráðstefnu og núna síðast á Grand Hótel fyrir hálfum mánuði síðan. Þar voru sérfræðingar frá Svíþjóð, Bandaríkjunum, Noregi og víðar. Þar var þetta rætt og þar voru að sjálfsögðu hæstv. dómsmrh. og hæstv. félmrh. sem fluttu einmitt tölur varðandi þessi mál og þar var vitnaverndin eitt af stóru málunum. Eiginlega öll lönd eru því orðin sammála um þetta. Það kom fyrst fram á fundi í Kaupmannahöfn, sennilega 1999 eða 2000, um þessi mál að vitnaverndin væri algjörlega nauðsynleg því hana þarf líka upp á það að koma böndum á þessa aðila.

Í Bretlandi og víðar hefur margt verið að gerast. Þar hefur t.d. verið reynt að nálgast þá dólga sem stundað hafa mansalið, sem er arðbærara en nokkur fíkniefnasala, í gegnum skatta. Þar hafa menn gert upptæka Bensa, Jagúara, peninga og annað. Þeir hafa verið mjög öflugir og það er eitt af

því sem Svíar skoða líka mikið. Þessa var getið í síðustu skýrslunni um vændið hér heima þar sem fjallað var um mansalið, þ.e. að reyna að ná í þennan hóp skattalega. Hann fer auðvitað mjög leynt og er eflaust auðvelt að koma þeim peningum úr landi. Þetta voru mjög frjóar og fínar umræður í allshn.

Mikilvægi vitnaverndarinnar hefur verið rætt fund eftir fund. Ég tel að þau mál afgreiðist örugglega fyrr en síðar, ég tala ekki um ef við fullgildum Palermó-samninginn. Þetta er einn liðurinn í honum og ég mundi fagna því ásamt öllum þingheimi.

Mig langar að minna á að í Háskólabíói er núna, í tengslum við ráðstefnu fyrir hálfum mánuði, verið að sýna mynd sem heitir „Lilya 4-Ever". Það er sú mynd sem ég talaði um að félmn. og allshn. mundu taka til sýningar á sínum tíma þegar mansalið var rætt. En það kostaði auðvitað talsverða fjármuni og reyndist ekki unnt. En ég vil hvetja alla þá sem áhuga hafa á þessum málum að kynna sé hve hræðilegt mál mansal er og sjá þessa mynd. Ég veit að það er sérstök sýning á morgun klukkan eitt. Hún er annars sýnd í Háskólabíói. Ég veit ekki, herra forseti, hvort það er við hæfi að vera með auglýsingar í þingsalnum, ég hef ekki lent í því áður. Það er afar mikilvægt að fólk kynni sér þessi mál. Núna hrynur inn tölvupóstur frá ungum mönnum sem hafa séð þessa mynd. Fyrir þeim hefur opnast nýr heimur og er það vel. Þannig að við eigum að leggja okkur fram hvað þetta varðar.

Ég vil minna á að á fundinum á Grand Hóteli fyrir hálfum mánuði var verið að tala um mansal, vitnaverndina og allan þann erfiða pakka. Þangað kom einmitt lögreglumaður frá Svíþjóð, frá lögreglunni í Stokkhólmi, og kom bersýnilega í ljós að það forðast allir Svíþjóð. Það er alveg á hreinu. Hins vegar eru vandamálin yfirþyrmandi, t.d. í Finnlandi við landamærin. Þannig væri afar mikilvægt fyrir okkur að fá upplýsingar um stöðuna í Finnlandi. Hún var mjög slæm árið 1998 og hefur ekki lagast.

Ég var búin að reikna það út á sínum tíma að 20% af þeim dönsurum sem fóru hér í gegn, sem miklu meira var af fyrir hálfu ári en núna, tengdust mansali. Það er bara allt of stór hópur fyrir svona lítið land. Við eigum áfram að vera á varðbergi gagnvart þessu. En ég fagna þeim skrefum sem hér eru tekin. Það er ekki spurning. Þau eru fín, bæði gagnvart börnunum og gagnvart mansali.

Af því að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kemur með brtt. varðandi kaup á vændi þá hef ég ekki enn fengið að sjá neinar skýrslur, því miður. Ég reyni bara að gera skurk í því því. Ég hef ekki getað nálgast þær. Ég er búin að garfa í því undanfarna daga á netinu. Ég vil sjá þær vegna þess að málið snertir mig líka sem fagmann. Ég hef fengið mikið af þessum vændisstelpum í stuðningsviðtöl í gegnum árin. Þess vegna hef ég vitað af þeim. En í Svíþjóð hefur verið talað um að kannski hafi yngstu stelpurnar farið neðan jarðar. Við verðum að ná þeim.

En ef það eru komnar miklar skýrslur — það er alltaf verið að tala um að þær séu komnar — vildi ég gjarnan biðja hv. þm. að taka ljósrit af þeim þegar hún kemur með þær hingað til landsins til að upplýsa okkur þingmenn. Ég vil svo sannarlega ekki standa í vegi fyrir því að þetta breytist.

[15:35]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. um ástandið í Svíþjóð þá hef ég ekki yfir að ráða þykkum skýrslum. En ég hef heyrt vitnað til þeirra, m.a. af þingmanni Evrópuþingsins, Marianne Eriksson, sem hefur lagt gjörva hönd á plóg í þessum málum. Síðast í október eða nóvember þegar ég sat ráðstefnu með henni vitnaði hún til þeirra rannsókna sem gerðar hefðu verið og sagði nákvæmlega það sem ég vék að í ræðu minni, ástandið í Svíþjóð væri nú þannig að tilfallandi götuvændi virtist heyra sögunni til og mansalið sæist ekki orðið vegna þess að glæpamennirnir virtust sniðganga Svíþjóð.

Auðvitað er það rétt sem hv. þm. bendir á, að það geti verið vegna áhrifa frá Svíþjóð sem ástandið í Finnlandi er að versna. Þess vegna er áskorunin á Finna núna mjög sterk að fara sömu leið og Svíarnir, og á Norðmennina, Danina og okkur Íslendinga. Þrýstingurinn á Norðurlandaþjóðirnar að fara sænsku leiðina er gífurlega sterkur. Það er mikill þrýstingur frá kvennahreyfingum í Skandinavíu um að þessi leið verði innleidd því að hún virðist virka.

Það sem eftir er í Svíþjóð núna er auðvitað dekksti hluti vændisins, þ.e. sá sem hefur alla tíð verið neðan jarðar. Hann var ekki á yfirborðinu, þ.e. óhugnanlegasti hluti vændisins sem grafinn er djúpt niðri, hann er enn til staðar. Þannig er meiri hætta fyrir það fólk sem er í vændi nú þegar ekkert val er til staðar. En sannleikurinn er sá að þessi lagasetning gerir mjög mikið gagn og nú segir lögreglan í Svíþjóð: Nú þurfum við bara að ráðast gegn þessum dökku hliðum sem við höfum auðvitað alla tíð vitað af en hefur ekki verið ráðist gegn. Nú vilja Svíar fara að ráðast gegn þessu neðanjarðarvændi.

En ég vil spyrja hv. þm. í lok þessa andsvars: Ætlar hún að bíða eftir skýrslunum sem hana vantar frá Svíþjóð áður en hún getur samþykkt brtt. af því tagi sem ég hef lagt fram?

[15:37]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er best að ég byrji á því að fara inn á netið og reyna að ná í þessa rannsókn Marianne Eriksson. Ég vil fá þær og ég er ekki ein um það, af og frá.

Ég er heldur ekki gegn því að vændismennirnir séu teknir til bæna, af og frá. Ég hefði bara viljað undirbyggja málið aðeins betur. Hér á kantinum situr t.d. embættismaður ráðuneytisins. Það er spurning hvort ekki sé hægt að kalla eftir slíku hér, að hann fái bæði ræður og þær rannsóknir sem Marianne Eriksson er að vitna til. Það er heldur ekki hægt að fjalla um þetta án þess að skoða niðurstöðu rannsókna. Ég vil meina að það hljóti að vera komnar einhverjar rannsóknir. Það er bara eðli Svíanna. Þeir gera heldur ekki neitt nema þeir undirbyggi það, það er alveg á hreinu.

Þó að mansalið og vændið séu grein af sama meiði þá er mansalið samt sem áður annað. Við þekkjum það, þar sem konur eru lokaðar inni, í heilu húsunum sem bara hermönnum er veittur aðgangur að. Það hefur verið að gerast í Lettlandi, Litháen, Þýskalandi jafnvel og Frakklandi. Þannig er þetta líka lagskipt í mansalinu, mjög lagskipt. Við vitum heldur ekkert um það hvort sá angi sé t.d. ekki enn í Svíþjóð. Auðvitað fá þeir götuvændið í burtu og það er æðislegt. Aðalatriðið er samt að þær konur fái þá stuðning til að losa sig út úr þeim vítahring sem þær lenda í. Mér finnst það númer eitt, tvö og þrjú.

[15:39]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það nægir að vitna til sænskra fjölmiðla í þessum efnum. Það hefur verið sagt frá þessum könnunum sem ég er að vitna til í greinum í sænskum fjölmiðlum. Ég minni líka á ályktanir frá samtökunum „Nordiske kvinner

mot vold". Þær hafa ályktað um þessa hluti, þ.e. samtök norrænna kvenna sem hafa unnið mjög öflugt starf gegn ofbeldi á konum. Þær hafa ályktað um þetta og skorað á Norðurlandaþjóðir að innleiða þessa sænsku leið, það sé greinilegt að hún virki þó að hún lækni ekki allt, það er fullkomin meðvitund um það. En hún virkar engu að síður á það sem sýnilegast er. Þessi félagsskapur „Nordiske kvinner mot vold" hafa gert ályktun þar sem skorað er á þjóðir heims að fara þessa leið.

Ég endurtek bara það sem ég sagði áðan. Ég sé ekki af hverju íslensk stjórnvöld gætu ekki gengið hér fram fyrir skjöldu og verið fyrst til að feta í fótspor Svíanna. Ég vildi að sjálfsögðu að hv. þingkona, Guðrún Ögmundsdóttir, sem hefur látið sig þessi mál skipta af svo miklum krafti gengi í fylkingu með mér og styddi þessa brtt.

[15:40]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Ég þekki einmitt afar vel til samtaka norrænna kvenna gegn ofbeldi. Ég vann með danskri grein sömu samtaka. Auðvitað vitum við að þetta læknar ekki allt. Aðalatriðið er að við séum algjörlega með opin augun í því sem við erum að gera og að við höfum úrræði og neyðarlínu.

Okkur vantar mjög margt hér. Þó að þetta hafi allt verið meira eða minna neðan jarðar hér líka hefur þetta verið í miklu minni mæli en annars staðar í Skandinavíu. Ég vil koma ákveðnum hjálparúrræðum hér á koppinn, hvort sem er fyrir íslenskar konur eða erlendar konur. Ég hef sagt það hvar sem er og hvenær sem er.

Þetta með karlana og kaup þeirra á vændi, að bregðast við því læknar ekki það sem ég vil ná til. Það er ekki spurning. En við sjáum til hvernig fer í atkvæðagreiðslunni. Það er aldrei að vita, hv. þm., hvað ég geri.

[15:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru nokkur efnisatriði þessa máls sem mig langar að víkja að fyrir utan það að mér finnst við hæfi að a.m.k. einn af okkur körlum sem hér á þingi sitjum láti sig þetta mál varða ásamt þeim ágætu konum sem hér hafa talað, eða mæðrum og ég þá í hlutverki föður.

Hér er vissulega verið að glíma við mjög dapurleg mál þar sem eru kynferðisleg misnotkun á börnum og ákvörðun refsimarka eða refsiramma í afbrotatilvikum af því tagi. Ég vil taka það strax fram að ég er sammála niðurstöðu allshn. í þessu máli og er þeirrar skoðunar að það sé rétt að þyngja refsirammann. Er ég þó enginn sérstakur talsmaður þess almennt að refsigleði sé lausnarorð og lækning á öllum sköpuðum hlutum. Þvert á móti er oft ástæða til að vara við blindri oftrú á það að menn uppræti félagslegar meinsemdir og komi í veg fyrir afbrot með þeirri einföldu patenthyggju að þyngja bara refsingarnar. Reynslan sýnir að slíkt virkar ekki nema innan ákveðinna marka og nærtækasta sönnunin eru auðvitað dauðarefsingar í þeim löndum sem viðhafa þær og beita þeim jafnvel ótæpilega og eru gjarnan um leið löndin sem eftir sem áður sitja uppi með hæstu tíðni alvarlegra ofbeldisglæpa. Svo einfalt er nú málið ekki, herra forseti.

En það þarf auðvitað að vera ákveðið samræmi í hlutunum. Fyrir mjög alvarleg og gróf brot af því tagi sem hér eiga í hlut þarf að sjálfsögðu að refsa. Annað gengur í raun og veru ekki upp og samræmist ekki því skipulagi sem við höfum á málunum. Að sjálfsögðu er til haga haldið fælingar- eða ögunareðli slíkra aðgerða þó að eitt og sér, herra forseti, dugi það náttúrlega ekki til. Ýmislegt fleira þarf til að koma ætli menn að ná árangri í baráttunni við svona mein þó svona meinsemdir verði sjálfsagt seint upprættar að fullu.

Í öðru lagi er samkvæmt frv. gert ráð fyrir að sett verði í lög ákveðin ákvæði sem eiga að verða að liði í baráttunni við mansal, sem gjarnan er þá tengt kynferðislegri misnotkun eða kynferðislegri hagnýtingu á einstaklingi. Þó að, eins og hér er sagt, að slík afbrot séu oft refsiverð samkvæmt almennum ákvæðum hegningarlaga þá sakar ekki að gera það skýrt og afdráttarlaust eins og ég skil tilganginn sé með þessu frv. Það er einmitt sett beint í þetta samhengi, þ.e. mansalið eða kynferðisleg hagnýting eða nauðungarvinna í þeim tilgangi.

Einhver ljótasti bletturinn á samtímanum, herra forseti, er þetta nútímaþrælahald sem kynlífsiðnaðurinn er ábyrgur fyrir, og mansalið sem honum tengist. Þetta er býsna nærri okkur hér í Vestur-Evrópu því að ein aðaluppspretta þessa í heiminum eru Austur-Evrópuríkin sem nýlega komust í þannig sambönd við Vesturlönd að þar á milli opnaðist upp mikill farvegur frá svæðum þar sem lífskjör eru bág, og skortur á atvinnu og tækifærum fyrir ungt fólk veldur því að þeim óþokkum sem gera út á þessa hluti er það léttur leikur. Og svo dapurlegt sem það er, herra forseti, er farvegurinn til Vesturlanda í þessum efnum að hluta til í gegnum Norðurlöndin eins og hér hefur reyndar þegar komið fram í umræðunni.

Í þriðja lagi, herra forseti, er fróðlegt að inna eftir því — ég tók ekki eftir hvort það kom fram í máli framsögumanns hvort aflað hefur verið upplýsinga frá utanrrn. um hvað dvelur fullgildingu hins svonefnda Palermó-samnings. Eru einhver frambærileg rök fyrir því að hann skuli, rúmum tveimur árum eftir að hann var undirritaður af Íslands hálfu, ekki enn hafa birst á borðum þingmanna sem fullgildingarályktun, ekki einu sinni það? Manni dettur auðvitað í hug að borið sé við manneklu, Þýðingarmiðstöðin ráði ekki við öll ósköpin sem berast að utan, ekki síst frá Brussel. Ég held samt að menn verði að reyna að vera svolítið afkastameiri á þeim bæ, og það er afar dapurlegt ef samningur af því tagi, sem ég geri ekki ráð fyrir að sé neinn ágreiningur um, situr fastur í kerfinu af því að menn hafa ekki mannskap til að þýða plöggin. Vonandi er það einhver slík ástæða, þó að aumleg sé, en ekki beinlínis pólitísk tregða eins og við höfum fengið að upplifa í ákveðnum tilvikum þar sem íslensk stjórnvöld hafa fullgilt samninga, fyrirvaralaust undirritað þá, en tregðast svo við að fullgilda þá þegar heim er komið. Frægasta dæmið er auðvitað Árósasamningurinn þar sem menn fara út á fínar ráðstefnur og undirrita með pompi og prakt og hástemmdum yfirlýsingum samninga sem eiga að fela í sér réttarbætur fyrir einstaklinga og/eða samtök í landinu en svo fara þeir allir í hnút þegar heim er komið og vefjast upp í einhverja pólitíska vanmetakennd og meinbægni í garð innihalds þess sama samnings og draga það hér ár eftir ár að fullgilda hann, láta hverfa af borðum þingmanna skjöl þannig að það fer auðvitað að verða spurning, herra forseti, hvort stjórnarandstöðuþingmenn verða að grípa til þess ráðs að taka slík mál upp og leggja sjálfir fram fullgildingarskjöl í málum af þessu tagi ef til staðar er tregða hjá stjórnvöldum sem eiga að sjá um það, lögum samkvæmt. Ef menn undirrita alþjóðasamning af þessu tagi gera þeir það fyrst og fremst með fyrirvara um samþykki Alþingis. Þeim ber að undirbúa og leggja þá málið fyrir Alþingi. Annars eru þeir að bregðast embættisskyldum sínum og það er mjög sérkennilegt að sjá það gerast í tilvikum af þessu tagi ef um pólitíska tregðu er

að ræða. Ég vona og gef mér að það eigi ekki við um þennan Palermó-samning, heldur sé þá eitthvað annað á ferðinni.

Það vekur reyndar athygli mína að í nál. er eins og hv. þingnefnd sé hálfpartinn að reyna að gefa Palermó-samningnum lagastoð með umfjöllun sinni. Ég vona að formaður allshn. sé einhvers staðar viðlátin umræðuna. Það væri fróðlegt að heyra hvaða gildi nefndarmenn telja að þetta hafi. Er þessi leið að einhverju leyti fær, að Alþingi sé með einhvers konar viljayfirlýsingar um að efnisatriði ófullgiltra alþjóðasamninga séu eftir sem áður höfð til hliðsjónar, t.d. við lagatúlkun eða lagaskýringar, og menn búi sér til einhvers konar lögskýringargagn? Ég vek sem sagt athygli, herra forseti, á þessu orðalagi í nál., en þar segir, með þínu leyfi:

„Nefndin telur rétt að taka fram að það er ætlun löggjafans" — okkar hérna við afgreiðslu málsins — „að efnislegt innihald hins nýja mansalsákvæðis í almennum hegningarlögum verði túlkað í samræmi við ákvæði í fyrrnefndum Palermó-samningi." — Að þetta sem verið er að leggja til að setja inn í hegningarlögin verði með öðrum orðum túlkað með hliðsjón af ákvæðum Palermó-samningsins. Þar með hefur hann orðið ákveðið lagagildi eða lögskýringargildi ef menn kaupa þessa röksemdafærslu sem hér er á ferðinni.

Ég vil svo einnig taka undir það, herra forseti, sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi áðan. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt að við tökum á þessum málum af alvöru og ábyrgð og gerum þá ráðstafanir, ef nauðsynlegar eru, til að tryggja fullnægjandi vitnavernd, úrræði í réttarkerfinu og aðstoð við það fólk sem í hlut getur átt ef mál eru síðan rekin á grundvelli þessara lagaheimilda sem hér er verið að stofna til þannig að þetta verði ekki einhvers konar dauður bókstafur, heldur verði farið í það í alvöru að beita þessum lagaheimildum til að koma í veg fyrir eða uppræta brotamál sem kunna að vera á ferðinni hér og þessu tengjast, t.d. varðandi mansal. Þá er á það bent að það þurfi að vera hægt að tryggja fórnarlömbum mansals nauðsynlega vernd. Það vitum við að er algerlega bráðnauðsynlegt því að ef dólgarnir sem þarna eru á ferðinni eiga of léttan leik með að hræða fólk til undirgefni og hlýðni, til þess að þegja, kæra ekki og leita sér ekki aðstoðar, koma lagaákvæði fyrir lítið. Ég hef heyrt að það þurfi mögulega að breyta ákvæðum útlendingalaga til að gera þetta mögulegt, þ.e. væntanlega þá að hafa heimildir fyrir tímabundna hælisvist eða dvalarleyfi eða annað því um líkt sem þurfi þá að vera til staðar og hægt að nýta fyrir fórnarlömb í svona tilvikum, og þá á einfaldlega bara að gera það. Við erum með þessi lög alltaf meira og minna í höndunum núna á hverju einasta ári, þingmenn, útlendingalögin og annað í þeim dúr, og það ætti ekki að vera svo mikill vandi þá að kippa þeim í liðinn.

Að síðustu, herra forseti, vil ég svo auðvitað lýsa yfir eindregnum stuðningi við þá brtt. sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir flytur á þskj. 1145, brtt. um að gera kaup á vændi refsiverð, það verði sem sagt saknæmt að vera kaupandinn, gerandinn í þeim tilvikum. Þetta er samhljóða ákvæðum í frv. sem við höfum flutt nokkur undanfarin þing, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, undir forustu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur. Við erum algerlega sannfærð um að þetta er rétt leið sem þarna er boðuð. Ég er algerlega sannfærður um, persónulega, að þetta er árangursrík aðferð. Ég hef fylgst með umræðum um þetta í Svíþjóð, í sænskum fjölmiðlum og þar er alveg greinilegt að þær efasemdarraddir og jafnvel hrakspár sem uppi voru að hluta til í byrjun eru algerlega þagnaðar og nú er eiginlega ekki um það deilt lengur að þessi djarfa ákvörðun Svía, sem var vissulega á sínum tíma, hafi heppnast og skili miklum árangri. Straumurinn er allur í þá átt, og umræðan um hvenær aðrir fylgi þessu fordæmi. Það hefði vissulega verið ánægjulegt ef Ísland hefði þá slegist í hópinn númer tvö og orðið næst á eftir Svíum inn á þessa braut.

Það er ein ástæða enn, herra forseti, fyrir því að ég er algerlega sannfærður um að þetta eigi að gera, og hún er siðferðileg. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst einfaldlega rétt að þetta sé svona. Ef það hefði einhver neikvæð áhrif í för með sér ætti að mínu mati frekar að glíma við þau. Ef við erum orðin þeirrar skoðunar að það sé svona sem við lítum á málin, að þetta sé brot, og auðvitað er það ekkert annað en brot sem þarna á sér stað, á það að vera þannig í lögum. Það á að refsa fyrir það jafnvel þótt það verði ekki alltaf auðvelt að fylgja því eftir. Ég bið hv. þingmenn að líta ekki bara á þetta svona nánast tæknilega eins og mér fannst aðeins bera á í orðaskiptum áðan, heldur líka út frá siðferðilegum eða réttlætissjónarhóli. Finnst okkur að það eigi að vera saknæmt og refsivert að kaupa sér afnot af líkama annars fólks? Ef svarið er já eigum við að fylgja því eftir og láta þau ákvæði standa þannig í lögum og fylgja því svo eftir með þeim aðgerðum sem til þarf til að þessi lagaákvæði verði eins virk og kostur er.

Það getur vel verið að lögleiðing þessa hafi í einhverjum afmörkuðum mæli jafnframt neikvæð áhrif en ef við erum sannfærð um að þetta sé bæði rétt og hafi miklu meiri kosti í för með sér en hugsanlega einhverjar neikvæðar hliðarverkanir eigum við líka að láta það ráða afstöðu okkar. Mér finnst ekki frambærilegt í þessari umræðu og þessari röksemdafærslu að láta efasemdirnar um það að hugsanlega kunni þetta að vera í einhverjum mæli neikvætt nægja til þess að gera þetta ekki. Það er líka dálítið háskaleg aðferðafræði, herra forseti. Með svona varfærnissjónarmiðum getum við meira og minna látið vera að fara út í allar breytingar af þessu tagi sem kunna að hafa mögulega einhver neikvæð áhrif í för með sér. Ef menn óttast það og það er ástæðan að menn telja hugsanlega að þetta geri meira ógagn en gagn skilur maður slík sjónarmið, gott og vel. Því erum við algerlega ósammála og teljum að það liggi þegar fyrir óyggjandi upplýsingar um að það er engin ástæða til að ætla það, þvert á móti, og þá eigi það að ráða ferðinni en ekki hugsanlega áhyggjur af því að þetta gæti mögulega ýtt einhverjum hlutum undir yfirborðið sem eru þar ekki endranær, og hvar ætlum við þá að stöðva okkur við í hina áttina ef við förum inn á þetta spor á annað borð? Jú, við getum sagt að með því að fella alveg niður refsingar komi þetta auðvitað allt upp á yfirborðið, þá hafi enginn neina ástæðu til að pukrast með neitt. En hvar værum við þá á vegi stödd?

Þetta gengur ekki, herra forseti, og þetta er rökræða sem ég held að við séum svo oft búin að fara í gegnum í sambandi við lögleiðingu fíkniefna og mörg önnur að einhverju leyti hliðstæð mál. Við eigum ekki að láta það vefjast allt of mikið fyrir okkur, heldur nálgast málin út frá því sem fyrir liggur, út frá okkar eigin réttlætistilfinningu, og þá held ég að niðurstaðan geti ekki orðið önnur en ein, sú að við að sjálfsögðu gerum kaup á vændi eða kynlífsþjónustu refsiverð og saknæm eins og önnur gróf brot gagnvart friðhelgi einstaklinga og líkama þeirra eins og hér er á ferðinni.

[15:57]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég kem hingað fyrst og fremst til að lýsa yfir stuðningi við þetta frv. Það kemur fram í nál. hv. allshn. hverjir stóðu að því og ég er þar ekki tiltekin sem ein af þeim. Hins vegar var ég þá fjarverandi ásamt Lúðvíki Bergvinssyni en það er rétt sem fram kom í ræðum hjá þeim sem hafa fjallað um þetta mál að það var mjög góð samstaða um það í nefndinni. Það var mjög vel yfir málið farið og það rætt frá ýmsum hliðum, m.a. um annað en frv. beinlínis gengur út á, til að mynda vitnaverndina sem við erum flest sammála um að þurfi að koma á hér á landi til þess að þessi refsiákvæði verði í það heila tekið virk. Það er, eins og einhver benti á, ekki nóg að gera það refsivert meðan það er enginn sem þorir eða hefur aðstæður til að kæra vegna ótta. Þá horfum við fyrst og fremst til þeirra sem koma erlendis frá, jafnvel vegabréfs- og réttindalausir með öllu, um ótta þeirra til að vitna gegn þeim sem hlut eiga að máli.

Vegna ræðu síðasta ræðumanns, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, þar sem hann nefnir að í nál. sé sérstaklega tekið fram að nefndin gangi út frá því að innihald ákvæðisins í hegningarlögunum verði túlkað í samræmi við ákvæði í svonefndum Palermó-samningi, langar mig að fá að útskýra það stuttlega. Þegar hæstv. dómsmrh. mælti fyrir þessu frv. og þessu ákvæði um mansalið hafði ég orð á því í ræðu minni að það væri ekki nákvæmlega sama orðalagið í ákvæðinu og væri að finna í bókuninni sjálfri. Það sem við gerum með þessu frv. er í rauninni að taka upp og þýða danska ákvæðið um sama efni en það er aðeins sterkara til orða tekið í bókuninni með Palermó-samningnum sem fjallar um mansalið og þess vegna spannst sú umræða í hv. allshn. hvort við gengjum eitthvað skemur en samningurinn gerði ráð fyrir. Þeir embættismenn úr dómsmrn. sem komu á fund nefndarinnar fullvissuðu okkur þó um að við skýringu á ákvæðinu yrði sérstaklega horft til orðalagsins eins og það er í bókuninni. Nefndin vildi samt sem áður taka það skýrt fram að ætlunin væri ekki að veita minni vernd en bókunin gerir ráð fyrir.

Varðandi orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um Palermó-samninginn og fullgildingu hans vildi ég leiðrétta misskilning meðan hv. formaður allshn. gerir það ekki. Sem varaformaður nefndarinnar vil ég benda á að Palermó-samningurinn gengur út á allt annað og meira en einungis mansalið. Umfjöllunin um mansalið er í ákvæðinni bókun við *þennan samning. Hann fjallar hins vegar um margt fleira, í* rauninni um aðgerðir gegn alþjóðlegri og skipulegri glæpastarfsemi. Þar er margt undir en meðal þeirra skýringa sem fengust á fundum í allshn. var sú að þýðingarvinnu væri ekki lokið en að því væri unnið jafnt og þétt. Að því loknu yrði tekin afstaða til þess hvort breyta þurfi fleiri íslenskum lögum en almennum hegningarlögum til að hægt væri að fullgilda hann. Eftir því sem ég best gat skilið, þá er sú vinna í gangi núna.

Hér hefur orðið töluverð umræða hjá hv. þingmönnum um að fara sömu leið og farin hefur verið í Svíþjóð, um að gera kaup á vændi refsiverð og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og Guðrún Ögmundsdóttir hafa aðeins tekist á um hvar gögn væri að finna sem færðu rök fyrir því að þetta sé til bóta. Ég vil lýsa stuðningi við það að þetta verði skoðað mjög vel en leyfi mér að benda á að Svíar eru þeir einu sem farið hafa þessa leið, að gera kaup á vændi refsiverð. Það er ekki ýkjalangt síðan þeir gerðu það og einhvers staðar hlýtur að vera hægt að komast í gögn, hvort sem er á netinu eða annars staðar, skýrslur sem fjalla nánar um hvaða áhrif þetta hefur haft, bæði á vændi sem slíkt í Svíþjóð og mansal.

Þegar kemur að því að gera vændiskaupin refsiverð er við það að eiga að í umræðunni er ákveðinn tvískinnungur sem kannski má segja að nærtækt sé að benda á í norrænum velferðarsamfélögum þar sem menn eru betur í stakk búnir til að taka á hvers konar félagslegri meinsemd sem er oftar en ekki orsök vændis. Tvískinnungurinn gengur kannski fyrst og fremst út á það að margir gefa sér að þær konur sem selja vændi séu að gera það af fúsum og frjálsum vilja. Þetta verður sérstaklega krítískt þegar horft er til mansalsins og hins mikla flutnings á konum og börnum frá austantjaldslöndunum fyrrum, frá Eystrasaltslöndunum, Póllandi, Úkraínu og víðar til Evrópu. Þá eru menn fyrst og fremst að nýta sér, ekki bara villu og blekkingu heldur efnahagslegar og félagslegar mjög bágar aðstæður kvenna í þessum löndum. Allt tal um það að þetta eigi ekki að gera í ljósi atvinnufrelsis og frelsis kvennanna til að ákveða framtíð sína og gæfu er tiltekinn tvískinnungur en oftar en ekki það sem menn bera fyrir sig þegar þeir lýsa andstöðu sinni við að þetta eigi að gera refsivert.

Eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar, herra forseti, þá styð ég þetta frv. mjög. Ég vil leggja áherslu á það sem fram kom hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og Guðrúnu Ögmundsdóttur, að það er mikilsvert að við hefjum undirbúning að því að ganga þetta skref Svía til fulls. Ég sé enga ástæðu til að draga á langinn að setjast yfir það mál og vænti þess jafnvel að sú vinna sé í gangi í dómsmrn. Á ágætri ráðstefnu hjá Evrópuþinginu sem ég og Kolbrún Halldórsdóttir sátum saman var m.a. gerð grein fyrir þessari lagabreytingu Svía. Hún vakti mikla athygli þar og það voru margir sem gáfu undir fótinn með það, sérstaklega minnist ég afstöðu Dana á þeirri ráðstefnu að þetta væri kannski rétt og eðlileg leið sem fleiri ríki en Svíar ættu að stefna að.

[16:05]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom inn á að auðvitað þyrftum við að afla upplýsinga frá Svíþjóð um hvernig málin stæðu og sömuleiðis frá öðrum Norðurlöndum. Hún benti á að eingöngu væri búið að lögleiða þessa aðferð í Svíþjóð og það hlyti að vera einhver ástæða fyrir því að það hefði ekki verið gert annars staðar á Norðurlöndunum.

Ég get upplýst það hér að ég er með útskrift af grein úr Politiken frá 17. september 2002 en þar kemur fram að sósíaldemókratinn Mette Frederiksen hefur verið að leggja fram tillögur um að banna kaup á vændi í Danmörku. Það kemur fram í greininni að um þetta standi deilur í Danmörku þar sem Venstre séu algerlega á öndverðum meiði við Mette Frederiksen. Þeir vilji láta lögleiða vændi. Í þessari grein kemur líka fram að kannanir sem gerðar hafa verið eftir að lögleiddar voru í Svíþjóð refsingar við því að kaupa vændi sýni — þetta eru greinilega kannanir frá því snemma á síðasta ári — að götuvændi hafi minnkað um 30% í Svíþjóð. Það er búið að greina þetta alveg niður prósentuvís. Síðan greinir frá því í lokin að svipuð tillaga sé í undirbúningi á finnska þinginu. Það má taka fram þessa grein úr Politiken til marks um að bæði í Danmörku og í Finnlandi eru tillögur komnar fram eða að koma fram um að fara sömu leið. Ég sagði áðan að um þetta eru til bæði skýrslur og blaðagreinar sem hægt er að vitna til. Hér er bara ein sem ég var af tilviljun með í

pappírunum mínum. Eins og ég segi eru þær mikið fleiri og það er ekki erfitt að nálgast þessar upplýsingar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfaviðskipti, 2. umr.

Stjfrv., 347. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 383, nál. 1108, brtt. 1109 og 1133.

[16:07]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti. Með frumvarpinu er lögð til ný heildarlöggjöf um verðbréfaviðskipti.

Með nýjum lögum um fjármálafyrirtæki, sem afgreidd voru fyrir jól og tóku gildi 1. janúar sl., voru ákvæði um stofnun og starfsemi verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana, sem áður voru í lögum um verðbréfaviðskipti, sameinuð í ein heildarlög. Hegðunarreglur aðila á verðbréfamarkaði og reglur um réttindi og skyldur þeirra sem heimild hafa til verðbréfaviðskipta eru hins vegar efni þessa frumvarps.

Þróun í löggjöf á sviði verðbréfaviðskipta er afar hröð. Frumvarpið sem hér er til umfjöllunar er byggt á grunni gildandi laga en ýmsar veigamikilar breytingar eru þó lagðar til.

Mikil umræða fer fram um ýmis grundvallaratriði réttarins á þessu sviði. Þetta á t.d. við um skilgreiningu á innherjaupplýsingum. Samkvæmt gildandi lögum teljast innherjaupplýsingar upplýsingar um útgefanda verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði sem ekki hafa verið gerðar opinberar en eru líklegar til að hafa áhrif á markaðsverð fjármálagerninga ef opinberar væru. Þessi skilgreining er nú tekin óbreytt upp í frumvarpið. Hvenær upplýsingar eru líklegar til að hafa áhrif er að sjálfsögðu matskennt og endanlegt mat um það hvort svo sé heyrir undir dómstóla ef á reynir. Í athugasemdum við frumvarpið segir, með leyfi forseta:

„Við mat á því hvort upplýsingar teljist til innherjaupplýsinga ber hins vegar að leggja til grundvallar hvort heildarmynd skynsams fjárfestis af markaðsverðmæti útgefandans hefði breyst ef hann hefði vitað um upplýsingarnar en ekki hvort upplýsingarnar hafi í raun haft áhrif eftir að þær voru birtar opinberlega."

Samkvæmt þessu tæmir það ekki sök þótt það liggi fyrir að upplýsingarnar hafi ekki í raun haft áhrif á markaðsverð ef þær teljast engu síður almennt til þess fallnar að hafa áhrif á það. Þessi túlkun er afar mikilvæg að mati nefndarinnar. Í umsögnum sem bárust nefndinni var lagt til að skilgreiningu innherjaupplýsinga yrði breytt á þann veg að upplýsingarnar yrðu að vera líklegar til að hafa veruleg áhrif á markaðsverð. Var þessi tillaga studd þeim rökum að gildandi skilgreining gerði þeim sem í hlut ættu mjög erfitt fyrir að meta hvenær þeir væru með innherjaupplýsingar í höndunum og að breytingin mundi draga úr þeirri óvissu. Nefndin fjallaði ítarlega um þetta atriði og er það álit hennar að svo stöddu að í slíkri breytingu gætu falist óheppileg skilaboð til markaðarins auk þess sem breytingin gæti haft þau áhrif að dómstólar mundu horfa til þess hvort upplýsingarnar hefðu í raun haft áhrif á markaðsverð, óháð því hvort þær hefðu verið til þess fallnar en slíkt er andstætt tilgangi ákvæðisins.

Herra forseti. Ákvæði um yfirtökuskyldu aðila sem eignast ráðandi hlut í hlutafélagi hefur einnig verið mjög til umræðu. Hafa margir talið nauðsynlegt að lækka það hlutfall atkvæðisréttar sem leiðir til yfirtökuskyldu. Nú er það 50% og í frv. var gert ráð fyrir að það yrði 50%. Nefndin leggur af þessum sökum til að hlutfallið verði lækkað niður í 40%. Ljóst er að slíkt atkvæðamagn gerir hluthöfum í flestum tilvikum kleift að hafa ráðandi áhrif á stjórnun félaga. Jafnvel má leiða að því líkur að ráðandi áhrif skapist oftast við enn lægra hlutfall atkvæðisréttar. Ekki er gengið lengra í lækkun hlutfallsins að þessu sinni en nefndin telur engu síður ástæðu til að taka það til gaumgæfilegrar skoðunar hvort rétt sé að lækka það enn meira.

Breytingarnar eru kynntar í nál. og er í sjálfu sér ekki ástæða til að fara mörgum orðum um þær að öðru leyti en því að ég vildi aðeins fara orðum um þær breytingar í bráðabirgðaákvæði frv. þess efnis að þeir sem hafa við gildistöku laganna yfir meira en 50% atkvæðisréttar að ráða eru undanþegnir tilboðsskyldunni. Það er rétt að taka skýrt fram að sama gildir um þá sem hafa gert samning um eignayfirfærslu atkvæðisréttar fyrir gildistöku laganna. Þannig hafa samvirkir samningar sem hafa verið gerðir fyrir gildistöku laganna ekki áhrif á tilboðsskyldu þeirra þrátt fyrir að þeir komi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en eftir gildistökuna.

Með orðalaginu „enda auki hann ekki atkvæðisrétt sinn í félaginu umfram næsta verulega hlut" er átt við að aðili verði tilboðsskyldur þegar hlutfall atkvæðisréttar hans nær næsta heila eða hálfa tug.

Virðulega forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og Össur Skarphéðinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nál. skrifa hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður og frsm., Hjálmar Árnason, Gunnar Birgisson, Árni R. Árnason, Adolf H. Berndsen og með fyrirvara hv. þm. Ögmundur Jónasson og Jóhanna Sigurðardóttir.

[16:12]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég styð frv. um verðbréfaviðskipti sem hér er til umræðu og vil láta það koma fram í upphafi máls míns. Ég styð einnig þær brtt. sem formaður efh.- og viðskn. hefur lýst. Ég hef engu að síður skrifað undir nál. með fyrirvara. Fyrirvari minn gengur út á flutning minn á brtt. sem styrkir enn frekar aðhald með verðbréfaviðskiptum. Þar tek ég upp örfáar tillögur sem Fjármálaeftirlitið var með en efh.- og viðskn. taldi ekki ástæðu til að taka upp. Jafnframt tek ég upp tillögu frá Neytendasamtökunum.

Ég held að sú heildarlöggjöf um verðbréfaviðskipti sé til verulegra bóta en hún fjallar aðallega um reglur um hegðun á verðbréfamarkaði og reglur um réttindi og skyldur þeirra sem heimild hafa til verðbréfaviðskipta.

Það eru örfá atriði sem ég vil sérstaklega draga fram varðandi þær breytingar sem hér er verið að gera. Ákvæði um réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja eru gerðar ítarlegri og fyllri. Ég tel afar jákvætt að flöggunarreglur eru hertar með þeim hætti að flaggað verður við hvern hálfan tug prósenta sem hlutur aðila eykst. Með þessu frv. eru líka innleidd ný refsiúrræði, stjórnvaldssektir sem Fjármálaeftirlitinu er heimilt að beita við tilteknum brotum á ákvæðum laganna um innherjaviðskipti.

Ég tel líka ástæðu til að fagna sérstaklega þeirri samstöðu sem náðist í nefndinni með því að taka upp ákvæði sem hefur verið nokkuð í umræðunni en það fjallar um það að

margir hafa talið nauðsynlegt að lækka það hlutfall atkvæðisréttar sem leiðir til yfirtökuskyldu, eins og fram kemur í nefndarálitinu, herra forseti, sem ég ætla að vitna í, með leyfi forseta:

„Ljóst er að hluthafar eru í flestum tilvikum komnir með ráðandi hlut áður en skylda til yfirtökutilboðs stofnast samkvæmt gildandi reglum. Með lægra hlutfalli atkvæðisréttar sem leiðir til yfirtökuskyldu eru hagsmunir hluthafa í yfirteknu félagi betur tryggðir. Þá er talið að lækkun hlutfallsins leiði til skilvirkari hlutabréfamarkaðar. Nefndin leggur af þessum sökum til að hlutfallið verði lækkað niður í 40%. Ljóst er að slíkt atkvæðamagn gerir hluthöfum í flestum tilvikum kleift að hafa ráðandi áhrif á stjórnun félaga."

Ég hefði, herra forseti, vel talið að það ætti að koma til skoðunar að lækka þetta hlutfall enn meira. Raunar er tekið undir það í nál. að að taka beri það til gaumgæfilegrar skoðunar hvort rétt sé að lækka hlutfallið enn meira.

Ég vil þá víkja að þeim fjórum brtt. sem ég flyt.

Í fyrsta lagi geri ég brtt. við 4. gr. Ég legg til að þar bætist við ný málsgrein sem orðist svo, með leyfi forseta:

„Fjármálafyrirtæki skulu starfa í samræmi við leiðbeiningarreglur sem Fjármálaeftirlitið gefur út um það hvað teljist góðir viðskiptahættir í verðbréfaviðskiptum."

Þetta er tillaga sem Neytendasamtökin leggja til og segja um þá tillögu sína að þau telji að vísun 4. gr. til góðra viðskiptahátta sé skírskotun til einhvers sem er afar lítið mótað, eins og er í frv. núna, enda eru venjur í verðbréfaviðskiptum hér á landi takmarkaðar. Af þessum sökum leggja samtökin til að Fjármálaeftirlitið gefi út leiðbeinandi reglur sem fjármálafyrirtækjum beri að starfa eftir.

Þetta er tillaga sem ég vil gera að minni og flyt hér sem tillögu til breytinga við þetta frv.

Ég vil líka nefna að ég tek upp aðra brtt. frá Neytendasamtökunum, en fram kemur í umsögn Neytendasamtakanna að þeir telja eðlilegt að áður en staðlaðir, viðvarandi samningar komi til framkvæmda séu þeir yfirfarnir af Fjármálaeftirlitinu. Ég hygg að það sé afar mikilvægt og mikil neytendavernd í því fólgin og öryggi að áður en slíkir viðvarandi staðlar í samningum komi til framkvæmda séu þeir yfirfarnir af Neytendasamtökunum. Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að taka þetta upp og geri um það tillögu sem er 2. töluliður í brtt. minni sem ég flyt.

Loks tek ég upp tillögur frá Fjármálaeftirlitinu. Það er í fyrsta lagi við 8. gr. frv. Sú brtt. fjallar um óskráð verðbréf og óskráða afleiðusamninga, en í umsögn Fjármálaeftirlitsins um þessa brtt. segir, með leyfi forseta:

„Fjármálaeftirlitið telur rétt að vekja athygli á því að í 8. gr. frv. er fólgin þrenging á vernd fjárfesta við kaup á óskráðum verðbréfum frá því sem er í 27. gr. gildandi laga. Þrengingin á sér stað með tvennum hætti. Í fyrsta lagi er í frumvarpinu notað hugtakið „óskráð verðbréf", en hugtakið verðbréf hefur þrengri merkingu samkvæmt frumvarpinu en það hefur í núgildandi lögum og af því leiðir að ákvæðið í frumvarpinu tekur ekki til óskráðra afleiðusamninga líkt og núgildandi ákvæði gerir. Í öðru lagi eru fjármálafyrirtæki undanskilin skyldu til þess að leggja mat á þekkingu, fjárhag og reynslu viðskiptavinar við sölu á óskráðum verðbréfum hafi þau upphaflega verið seld í almennu útboði. Það er mat Fjármálaeftirlitsins að þessi þrenging sé óheppileg þar sem ljóst er að áhætta fjárfesta sem kaupa þær fjármálaafurðir sem hér eru undanskildar kann að vera jafnmikil eða meiri en þeirra sem kaupa önnur óskráð verðbréf."

Ég tel, herra forseti, að full rök séu til þess að taka upp þessa brtt. Fjármálaeftirlitsins og fæ ekki skilið að meiri hluti efh.- og viðskn. hafi ekki tekið upp þá tillögu.

Þess vegna flyt ég í 3. tölul. brtt. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 8. gr.

„a. 1. málsliður orðist svo: Sala fjármálafyrirtækis eða milliganga þess um sölu á óskráðum verðbréfum og óskráðum afleiðusamningum til annarra en fagfjárfesta er háð því að lagt hafi verið mat á faglega þekkingu, fjárhag og reynslu viðskiptavinar, enda sé ekki um að ræða sölu eða milligöngu í almennu útboði verðbréfa."

Samkvæmt þessu hljóðar b-liður 3. tölul. brtt. svo, með leyfi forseta:

„b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: Sala óskráðra verðbréfa og óskráðra afleiðusamninga."

Loks tek ég upp brtt. og er hún frá Neytendasamtökunum. Hún fjallar um breytingu á 2. mgr. 55. gr. frv. sem fjallar um sektir.

Neytendasamtökin segja í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Neytendasamtökin telja óásættanlegt að til að brot á II. kafla laganna um réttindi og skyldur varði sektum verði brotið annaðhvort að vera gróft eða ítrekað. Hér er nánast farið fram á ásetning. Að mati Neytendasamtakanna verða neytendur að geta treyst því að fjármálafyrirtækjum sé veitt raunverulegt aðhald."

Þeir mæla með breytingu sem miðar að því að réttindi og skyldur skv. II. kafla laganna falli undir þessi sektarákvæði. Tel ég að þetta veiti nauðsynlegt aðhald og tek því upp þessar tillögur Neytendasamtakanna.

Herra forseti. Ég get lokið máli mínu. Ég ítreka það að ég styð frv., styð brtt. meiri hlutans í þessu efni sem ég tel að séu allar til bóta og styrki frv., en flyt örfáar brtt. eins og ég hef hér lýst. Það eru tillögur frá Neytendasamtökunum og Fjármálaeftirlitinu. Það eru hvort tveggja mikilvægir eftirlitsaðilar með því að verðbréfamarkaðurinn virði leikreglur og að þar sé haldið uppi eðlilegum leikreglum til þess að sá markaður virki eðlilega. Þessar tillögur eru því til þess fallnar að veita frekara aðhald með verðbréfaviðskiptum og vænti ég þess að þingheimur líti jákvætt á það þegar til atkvæðagreiðslu á þessum tillögum kemur.

[16:23]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í nál. með frv. kemur fram að þetta sé í tíunda skipti sem breyting er gerð á lögum um verðbréfaviðskipti frá því að þau voru sett fyrst árið 1996. Fyrirsjáanlegt er að breytinga er enn von, að þörf er á frv. í haust til að samræma lögin því sem er að gerast á hinu Evrópska efnahagssvæði. Þetta er til marks um hve þróunin er ör á þessu sviði.

Í nefndinni var ekki ágreiningur um frv. eins og hér hefur komið fram. Menn deildu eða öllu heldur skiptust á skoðunum um það því að engar miklar deilur risu í nefndinni út af frv. hve stór skref menn ættu að stíga á þessu stigi. Ég er sammála hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að það hefði mátt stíga ívið stærri skref að ýmsu leyti og þær tillögur sem hún hefur talað fyrir, þær brtt. við frv., eru í samræmi við ábendingar sem fram komu frá Neytendasamtökunum og Fjármálaeftirlitinu.

Hins vegar er alveg ljóst að frv. er til mikilla bóta. Um það er samstaða þegar á heildina er litið. Fyrirvari minn við

undirskrift undir nál. var þessi: Ég mun styðja þær brtt. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir talaði fyrir en að öðru leyti mun ég styðja þetta frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðhöndlun úrgangs, 2. umr.

Stjfrv., 338. mál (EES-reglur). — Þskj. 368, nál. 1116, brtt. 1117.

[16:28]

Frsm. umhvn. (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður lék á mig. Ég hélt að hann mundi tala lengur. En svona er þetta nú stundum.

Ég mæli fyrir nál. frá umhvn. um frv. til laga um meðhöndlun úrgangs. Frumvarpið er samið með hliðsjón af tilskipun Evrópusambandsins um urðun úrgangs en jafnframt er tekið mið af eldri tilskipunum á þessu sviði. Markmið frumvarpsins er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og valdi ekki mengun. Auk þess er það markmið laganna að draga skipulega úr myndun úrgangsefna eftir því sem unnt er með endurnotkun og endurnýtingu. Nefndin leggur áherslu á að tilskipunin er byggð á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Með sjálfbærri þróun eða sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda er átt við þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum. Hugmyndafræðin byggist m.a. á því að náttúruauðlindir skuli ekki nýttar á þann hátt að af hljótist mengun eða að umhverfinu sé spillt á annan hátt. Nefndin bendir á að gæta verður jafnt að öllum þremur þáttunum sem hugmyndafræðin er spunnin úr, þ.e. þeim efnahagslega, samfélagslega og vistfræðilega. Mikilvægt er að tengja ævinlega saman efnahagslegar og vistfræðilegar forsendur þegar fjallað er um meðhöndlun úrgangs og gæta þess að vistfræðilegum forsendum sé gert jafnhátt undir höfði og hinum efnahagslegu og tæknilegu.

Við umfjöllun málsins hjá nefndinni hafa sveitarfélög í landinu látið í ljós áhyggjur af verulegum kostnaðarauka sem miklar líkur eru á að lögfesting frumvarpsins muni hafa í för með sér. Hefur nefndin leitað leiða til að staðreyna að einhverju marki kostnaðinn við lögfestingu þess. Hins vegar hefur komið fram á fundum nefndarinnar með ýmsum aðilum að óvissuþættir varðandi framkvæmd laganna og reglugerða sem settar verða samkvæmt þeim eru það miklir að raunhæfu kostnaðarmati verður ekki komið við. Í tilskipun Evrópusambandsins eru sett fram markmið um að draga úr magni lífræns úrgangs sem fer til urðunar á ákveðnu tímabili, þ.e. næstu 15–20 ár. Sveitarfélögin munu þurfa að ákveða hvaða leiðir þau telja vænlegast að fara til að ná þessu markmiði. Mun það einnig hafa áhrif á það hver kostnaðaraukinn verður en fyrir liggur að hvaða leið sem valin verður mun hann verða töluverður. Tímafrestur sá sem Ísland hefur til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart EES-samningnum er hins vegar liðinn og hefur formleg athugasemd vegna innleiðingar tilskipunarinnar borist umhverfisráðuneytinu frá Eftirlitsstofnun EFTA.

Í ljósi framangreinds mælist nefndin til þess að umhverfisráðherra beiti sér fyrir því að tryggt verði að markmiðum laganna verði náð með eins litlum kostnaðarauka og unnt er. Jafnframt að leitast verði við að tryggja að áhrif og framkvæmd laganna verði könnuð eftir því sem reynsla fæst af framkvæmd þeirra og sveitarfélögunum verði tryggðar tekjur til að standa undir þeim kostnaðarauka sem af þeim hlýst. Leggur nefndin til að við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem gert er ráð fyrir að samráðsnefnd umhverfisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga verði sett á laggirnar og starfi frá gildistöku laganna til ársins 2010 um framkvæmd laganna. Nefndin skal skipuð sex mönnum, þremur frá hvorum aðila, og skal hlutverk hennar vera að fylgjast með þróun meðhöndlunar úrgangs hérlendis og á Evrópska efnahagssvæðinu. Nefndin skal einkum fylgjast með hvernig markmiðum laganna er náð og meta þann kostnað sem af hlýst og skila árlega skýrslu til umhverfisráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga þar um og setja eftir þörfum fram tillögur um hvernig kostnaðinum verði mætt.

Í 15. gr. frumvarpsins eru reglur um starfsleyfistryggingu sem rekstraraðila urðunarstaðar er skylt að leggja fram og skal vera í gildi vegna vöktunar urðunarstaðar í 30 ár eftir að honum er lokað. Nokkur umræða fór fram í nefndinni um ákvæðið sem getur verið afar íþyngjandi fyrir rekstraraðila. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins kemur fram að tvær leiðir komi einkum til greina til að uppfylla ákvæðið eftir því hvort rekstraraðili er einkaaðili eða sveitarfélag. Áætlað er að árlegur kostnaður við eftirlit á urðunarstað sé á bilinu 0,2–1,5 millj. kr. á ári eða allt upp í 45 millj. kr. á 30 árum. Sé sveitarfélag rekstraraðili er litið svo á að það geti ábyrgst þá fjárhæð sem starfsleyfistrygging miðast við. Ef hins vegar rekstraraðili er einkaaðili þarf hann að safna tilskilinni fjárhæð í sérstakan tryggingarsjóð. Við umfjöllun málsins var rætt um hvort þetta ákvæði leiddi til þess að einkaaðilar yrðu ekki samkeppnisfærir við rekstraraðila sem væri sveitarfélag. Í 11. gr. er gjaldtökuheimild þar sem rekstraraðila er gert að innheimta gjald fyrir allan kostnað við förgun úrgangs, þar með talið trygginguna eða jafngildi hennar. Skiptir þar ekki máli hvort rekstraraðili er sveitarfélag eða einkaaðili. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að þessir aðilar verði í sömu stöðu.

Í 2. mgr. 17. gr. kemur fram að vakta skuli urðunarstað svo lengi sem telja má að mengunarhætta stafi af honum, eða að jafnaði í 30 ár frá lokun hans. Lítur nefndin svo á að Umhverfisstofnun meti þörfina á vöktun og að meginreglan sé að urðunarstaður skuli vaktaður í 30 ár en víkja megi frá tímaviðmiðinu í báðar áttir.

Herra forseti. Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frv. sem koma fram á þingskjali 1117 og mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum.

Undir þetta álit skrifa auk mín hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ásta Möller og Ísólfur Gylfi Pálmason. Gunnar Birgisson skrifar undir með fyrirvara.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Kristján Pálsson, Katrín Fjeldsted og Jóhann Ársælsson.

[16:34]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli hv. framsögumanns umhvn. skrifaði ég undir nál. sem hv. þm. Magnús Stefánsson mælti fyrir. Ég kem í ræðustól til að leggja áherslu á mikilvægi og tilgang þessarar lagasetningar sem hér verður væntanlega afgreidd innan skamms. Í nál. segir m.a., með leyfi forseta:

„Markmið frumvarpsins er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og valdi ekki mengun. Auk þess er það markmið laganna að draga skipulega úr myndun úrgangsefna eftir því sem unnt er með endurnotkun og endurnýtingu.“

Hér er kominn kjarni þessarar lagasetningar, herra forseti. Ég tel mjög mikilvægt að ítreka að markmið þessara laga er ekki síst að draga úr myndun úrgangs og efla endurnýtingu með öllum hætti. Það kemur skýrt fram í þeim tilskipunum sem hér eru lagðar til grundvallar. Eins og fleira sem afgreitt hefur verið í umhvn. á liðnum missirum á þessi lagasetning rætur sínar í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þetta er nokkuð flókin lagasetning sem krefst margra reglugerða og nokkuð flókinna útfærslna í reglugerð. Það er mjög mikilvægt að andi lagasetningarinnar, markmið hennar eins og kveðið er á um í tilskipuninni, fylgi alla leið, ef þannig má að orði komast, og týnist ekki í reglugerðarfargani þegar fram líða stundir.

Til þess að draga úr magni úrgangs, t.d. lífræns úrgangs, þarf að flokka sorp í sveitarfélögum. Sú aðgerð krefst endurskipulagningar og allnokkurs stofnkostnaðar hjá sveitarfélögum um allt land. Við vitum sem er að sveitarfélögin eru mjög misvel í stakk búin til að fást við svo stórt verkefni. En ég fullyrði að það leiði til sparnaðar þegar til langs tíma er litið. Sorpið minnkar þegar til langs tíma er litið.

Ég fagna því að náðst hefur samstaða bráðabirgðaákvæði í nefndinni, sem fram kemur í brtt., að koma á fót samráðsnefnd umhvrn. og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fylgi eftir framkvæmd þessara laga. Þessi lagasetning mun hafa mikil áhrif á áætlanir, útgjöld, aukinn kostnað sveitarfélaganna og að sjálfsögðu á líf almennra borgara.

Ég vildi koma upp, hæstv. forseti, til að hnykkja á þessum einföldu atriðum sem krefjast samt flókinnar lagasetningar og eins og ég áður sagði reglugerða sem fylgja þarf eftir. Það er ástæða til að minna á að markmið lagasetningarinnar er í sjálfu sér ekki flókið. Það er útfærslan hins vegar.

[16:38]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Eins og komið hefur fram í máli hv. þingmanna er hér um viðamikið mál að ræða. Það hefur tekið talsverðan tíma í hv. umhvn. að fjalla um málið en sú umfjöllun hefur verið góð, yfirgripsmikil og vönduð. Ég held að við höfum skoðað alla þætti þessa máls í nefndinni. Meðal þess sem nefndin varð sammála um á endanum var það sem kemur fram í nál., að hér væri byggt á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Í nál. segir, með leyfi forseta:

„Með sjálfbærri þróun eða sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda er átt við þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum. Hugmyndafræðin byggist m.a. á því að náttúruauðlindir skuli ekki nýttar á þann hátt að af hljótist mengun eða að umhverfinu sé spillt á annan hátt. Nefndin bendir á að gæta verður jafnt að öllum þremur þáttunum sem hugmyndafræðin er spunnin úr, þ.e. þeim efnahagslega, samfélagslega og vistfræðilega. Mikilvægt er að tengja ævinlega saman efnahagslegar og vistfræðilegar forsendur þegar fjallað er um meðhöndlun úrgangs og gæta þess að vistfræðilegum forsendum sé gert jafnhátt undir höfði og hinum efnahagslegu og tæknilegu.“

Herra forseti. Ég tel mjög mikilvægt að þessi skilgreining skuli nú sett niður í þessu nál. Þar með er algjörlega ljóst að undirstöður hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar eru hér allar með í farteskinu. Þess vegna gætir kannski svolítils tvískinnungs þegar verið er að fjalla um mál af þessu tagi og reynt að hnykkja á að gera hlutina með sem minnstum tilkostnaði. Auðvitað erum við öll sammála um að svona hluti þurfi að gera með sem minnstum tilkostnaði en þó þarf að gæta þess að hinn efnahagslegi þáttur verði ekki ráðandi, þ.e. að þessir þrír þættir, hinn samfélagslegi, vistfræðilegi og hinn efnahagslegi séu samtvinnaðir í öllum ákvörðunum sem byggja á hugmyndafræðinni sem þetta frv. byggir á og nál. umhvn. byggir á.

Ég tel að hér sé mikið framfaramál á ferðinni, þ.e. vistvernd í verki. Hér erum við ekki bara að leggja ákveðnar skyldur á sveitarfélögin heldur alla íbúa þessa lands. Við erum auðvitað að leggja þær skyldur á herðar sveitarfélögunum að þau uppfræði íbúana um hvað er á ferðinni og þær skyldur hvíla að sjálfsögðu líka á umhvrn. að standa vel að fræðslu varðandi þessi mál. Svona ný hugmyndafræði er ekki innleidd í samfélag nema samhliða fari fram öflug fræðslustarfsemi.

Ég gat þess í nefndinni við umfjöllunina að gæta þyrfti að því að fræðsluþátturinn yrði tekinn föstum tökum og fjármagnið yrði ekki sparað í hann. Ég tel að hér þurfi sameiginlegt átak ef vel á að vera.

Að lokum, herra forseti, langar mig bara til að vitna til þess að þessi lagasetning er í samræmi við þær reglur sem við höfum undirgengist á alþjóðavettvangi, þ.e. reglur sem byggja á samningunum sem undirritaðir voru í Ríó 1992 og var síðan áframhald á í Jóhannesarborg á nýliðnu ári. Mig langar til að vitna til stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum og til ræðu hæstv. forsrh. á þinginu í Jóhannesarborg, sem hann flutti 2. sept. 2002, en þar sagði hæstv. forsrh., með leyfi forseta:

„Með grundvallarregluna um sjálfbæra þróun að leiðarljósi hafa margar þjóðir náð markverðum árangri á undanförnum árum. Ný viðfangsefni í umhverfismálum eru orðin forgangsmál í opinberri stefnumörkun, nýjar lausnir og aðferðir hafa orðið til sem gera okkur kleift að ná settum markmiðum og setja okkur ný og æðri markmið. Ríkisstjórn Íslands hefur gert þetta með nýrri langtímaáætlun sem miðar að því að tryggja sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi. Allt er þetta jákvætt og okkur ber að fagna því sérstaklega að sýnt hefur verið fram á að umhverfisvernd er ekki þrándur í götu efnahagslegra framfara, þvert á móti er okkur nú ljóst að umhverfisvernd er forsenda sjálfbærs efnahagsvaxtar til langs tíma.“

Herra forseti. Ég hef lokið tilvitnun í ræðu hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar á umhverfisþinginu í Jóhannesarborg í byrjun september á síðasta ári. Mér þykir mikilvægt að brýna ríkisstjórnina og þingmenn stjórnarflokkanna í þessum efnum. Hér er búið að leggja línur. Við höfum gengist undir alþjóðlegar skuldbindingar og hæstv. forsrh. viðurkennir þær eins og hér kemur fram í ræðu hans á Jóhannesborgarþinginu. Ég held að nú þurfum við bara að taka höndum saman og sjá til að þær breytingar sem eru samfara þessari lagasetningu gangi þægilega fyrir sig. Þær verða vonandi kynntar fólki og fólk uppfrætt um þær þannig að við getum staðið að málum þannig að sómi verði að.

[16:44]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Eins og segir í nál. eru markmið frv. að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum

óæskilegum áhrifum á umhverfið og valdi ekki mengun. Enn fremur er því ætlað að draga skipulega úr myndun úrgangsefna eftir því sem unnt er og stuðla að endurnýtingu.

Það má eiginlega segja að í þessu frv. séu tvö meginatriði. Annars vegar er það vöktun urðunarstaða í allt að 30 ár og trygging fyrir því að það verði gert. Það er einfaldi hluti þessa máls. Hins vegar þarf að koma á móts við tilskipun Evrópusambandsins um að draga úr magni lífræns úrgangs sem fer til urðunar á ákveðnu tímabili, þ.e. á næstu 15–20 árum. Það getur orðið meira mál.

Spurningin snýst um hvernig við leggjum upp markmiðin í þessu. Eigum við að flokka lífrænan úrgang sér, reyna að koma honum í lóg og minnka hann eða eigum við að hafa hann með, urða hann með öðru og stuðla þar af leiðandi að hraðara niðurbroti?

Einn af gestum nefndarinnar benti réttilega á að ef lífrænum úrgangi væri blandað við hinn yrði niðurbrotið hraðara og gasmyndun mundi meiri. Það væri hægt væri að nýta annars vegar til raforkuframleiðslu eða sem eldsneyti á bíla o.s.frv. Hins vegar er sá kostur að flokka lífræna úrganginn frá og urða hinn hluta úrgangsins, þ.e. hið ólífræna. Þá tæki niðurbrotið kannski þúsundir ára. Spurningin er: Getum við nýtt þetta með því að blanda lífræna úrganginum saman við hinn úrganginn og framleitt gas til að fá verðmæti?

Ef við ætlum að flokka lífræna úrganginn sér, sem gefið er í skyn að komið gæti til í þessu frv., segir kostnaðaráætlun þeirra sem best vita, Sorpu og annarra, að slíkt gæti kostað allt að einum milljarði. Það yrði að tvöfalda sorphirðukerfið, þ.e. hafa tvær tunnur á hverju heimili, í hverju fjölbýlishúsi. Í dag er ekki pláss fyrir slíkt. Það yrði ekki bara að hafa tvöfalt kerfi heldur yrði að breyta sorpgeymslum híbýla og annað slíkt. Þetta er ekki bara kostnaður sem kemur á sveitarfélögin heldur íbúana líka. Ég held því að menn þurfi að fara varlega í þessu máli.

Ég fagna því að hér er bætt við ákvæði til bráðabirgða, svo að ég vitni í það, með leyfi forseta:

„Frá gildistöku laga þessara til ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd umhverfisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd laganna. Nefndin skal skipuð 6 mönnum, þremur samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og þremur samkvæmt tilnefningu umhverfisráðherra. Nefndin skal fylgjast með þróun meðhöndlunar úrgangs hérlendis og á hinu evrópska efnahagssvæði.“

Ég tel þetta mjög nauðsynlegt. Eitt eru lögin og annað reglugerðirnar, eins og hér hefur komið fram. Reglugerðirnar geta breytt hér öllu varðandi kostnað sorphirðingu og frágang á sorpinu.

Við eigum líka að líta til þess, ég óskaði þess milli 2. og 3. umr. að nefndin fengi skýrslu um það, hvernig málum væri háttað í Bandaríkjunum varðandi þessi mál og hvernig þeir taka á þessu, hvort þeir blandi úrganginum saman eða hvort þeir sorteri lífræna úrganginn úr o.s.frv.

Ég styð frv. og að fylgst verði með þessu og tel að til móts við það verði komið með ákvæði til bráðabirgða sem ég las upp áðan. Sveitarfélögin og umhvrn. geta þá fylgst með þessum málum. Lögin eru bara hálfur sannleikurinn. Síðan koma reglugerðirnar sem geta kostað bæði sveitarfélög og íbúa þeirra gífurlegt fé.

En allt er þetta gert í góðum tilgangi og partur af stefnu í sjálfbærri þróun og því styð ég þetta frv.

[16:49]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað varðar meðhöndlun úrgangs tel ég að til að uppfylla skuldbindingar okkar beri okkur í fyrsta lagi að minnka sorp og í öðru lagi að flokka sorp, ekki síst að flokka lífrænan úrgang frá öðrum úrgangi. Þau rök sem hv. þm. notaði fyrir því að hafa þessa blöndun áfram voru að niðurbrot úrgangsins yrði hraðara á sorpurðunarstöðunum og það mætti nota metangasið til áframhaldandi vinnslu. Það er rétt en ég tel að það sé í raun og veru óraunhæfur kostur að sjá fyrir sér metangasframleiðslu á öllum urðunarstöðum landsins. Miklu líklegra er að niðurbrotið verði áfram hratt á urðunarstöðunum og metangasið fari áfram út í andrúmsloftið með þeirri miklu mengun sem af því er.

Varðandi kostnað sveitarfélaganna er þetta fyrst og fremst samstarf íbúa hvers svæðis og sveitarstjórna um að finna bestu lausnir til nýtingar á úrganginum. Þar með er ekki sagt að það þurfi að vera tvöfalt kerfi inni á hverju heimili, hverju fjölbýli. Það er hægt að koma fyrir flokkun utan húss þar sem fleiri sameinast um að koma lífræna úrganginum fyrir. Það hef ég séð erlendis þar sem hverfi nota sameiginlega slíkan stað, þ.e. litla gáma til að taka við lífræna úrganginum. Ég vil aðeins fá viðbrögð við þessu.

[16:51]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef það á að fara að skilja að lífrænt sorp og annað sorp þá kostar það peninga, mikla peninga. Spurningin er síðan hvort þetta verði allt sett í sama hauginn þegar búið er að flokka það af því að kostnaðurinn er svo gífurlegur við að koma því í lóg.

Það er rétt hjá hv. þm. að sums staðar erlendis eru staðir með ílátum fyrir sorp þar sem hægt er að flokka sorp. Það er ekki gert ráð fyrir því í skipulagi í íslenskum bæjarfélögum. Það þyrfti þá að breyta því. En ég er hræddur um að það yrði verulega breyting á uppbyggingu hverfanna eins og þau eru í dag.

En ég segi: Hvers vegna ekki að nota þetta gas sem gæti nýst okkur í áratugi? Við vitum að þetta er óæskilegt efni og eins og einhver sagði eru náttúrlega fleiri sem framleiða þetta gas en bara sorphaugar. Hér eru líka skepnur sem gera það. Hvað á að ganga langt í þessum efnum?

Ég er að vara við því að kostnaðurinn verði svo gífurlegur að þetta verði ókleift verkefni. Það er mjög létt í vasa að segja að flokkun sorps muni hafa í för með sér sparnað til framtíðar. Þetta kostar. Stofnkostnaðurinn er gífurlegur og sorphirðan verður mun dýrari. Er ekki betra að hafa niðurbrotið hraðara og nýta gasið sem úr því kemur í okkar þágu?

[16:53]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er varðandi flokkunina. Það er tilgangslaust að flokka sorp nema að flokkuninni verði fylgt alveg til enda. Það eru svik við þá sem leggja þá vinnu við flokkunina að urða allt í sama haug. Sú aðferð hefur því miður verið reynd og vonandi verður þeirri aðferð hætt ef hún er enn stunduð. Ef fólk er beðið um að flokka þá á að fylgja flokkuninni til enda.

Með því að flokka lífrænan úrgang erum við að framleiða verðmæti, verðmæti í jarðvegi. Þann jarðveg má nota bæði sem jarðvegsbæti til heimilisnota eða að safna honum saman á vegum sveitarfélagsins til að búa til moltu fyrir meiri uppgræðslu heldur en fyrir hvert heimili.

Ég get talað um þetta af eigin raun. Sveitarfélagið Egilsstaðir, sem nú er Austur-Hérað, vann að umhverfisátaki. Hægt var að kaupa sérstök ílát fyrir lífrænan úrgang og þeir íbúar sem vilja nýta þau til eigin jarðvegsgerðar í görðum sínum. Þetta eru verðmæti út af fyrir sig og ég tel fullvíst að minni sveitarfélög eru ekki í stakk búin til að vinna metangasið eins og hægt er að gera á höfuðborgarsvæðinu.

[16:55]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er allt rétt. Ég þekki til hins sama í mínu sveitarfélagi. Við höfum verið með tilraun með grænar fjölskyldur til að gera slíka hluti. Þetta er gott mál ef fólk er í sérbýli en málið vandast í svona málum í fjölbýli. Það er einungis hægt að taka ákveðinn hluta úrgangsins svona. Hvað á þá að gera við hitt? Eigum við ekki að reyna að nýta þetta okkur til framdráttar og horfa til framtíðarkynslóðanna? Þarf ekki að brjóta þetta sorp hraðar niður með því að blanda þessu saman að einhverjum hluta?

Aftur á móti er ég sammála því að það þarf meiri fræðslu í þessum málaflokki, bæði í leikskólum og í grunnskólum, til að koma á hugarfarsbreytingu og draga úr sorpi. Við erum neysluþjóðfélag. Við kaupum mikið og hendum miklu og ég held að á margan hátt sé hægt að laga þau mál. Ég er fylgjandi því.

En ég er ekki fylgjandi lagasetningu sem verður íþyngjandi og hefur gífurlegan kostnað í för með sér án þess að markmið hennar náist.

[16:56]

Frsm. umhvn. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Gunnar Birgisson vék að því í ræðu sinni að við umfjöllun í nefndinni hefði verið rætt um að fá upplýsingar frá Bandaríkjunum um hvernig þessum málum væri háttað þar. Það er alveg rétt. Af því tilefni vil ég láta koma fram að gerðar voru ráðstafanir til að afla þeirra upplýsinga. Ég er nokkuð viss um að þær hafi borist og ég geri ráð fyrir að nefndarmenn muni fá þær í dag eða á morgun, a.m.k. mjög fljótlega. Ég vildi bara að þetta kæmi fram af þessu tilefni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heilbrigðisþjónusta, 2. umr.

Stjfrv., 453. mál (stofnkostnaður, stjórnir stofnana o.fl.). — Þskj. 656, nál. 1076, brtt. 1077, 1134 og 1149.

[16:58]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti hv. heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu. Þetta er 453. mál og í nál. er gerð grein fyrir gestum sem komu á fund nefndarinnar vegna málsins og þeim sem skiluðu umsögnum vegna þess.

Frumvarpið er lagt fram í framhaldi af samkomulagi ríkisins við Samband íslenskra sveitarfélaga um breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Samkomulagið felur í sér að ríkið yfirtekur 15% hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði og meiri háttar viðhaldi og tækjakaupum heilsugæslustöðva, sæðissjúkrahúsa, deildarsjúkrahúsa og almennra sjúkrahúsa. Sveitarfélögin munu áfram láta í té lóðir undir slíkar heilbrigðisstofnanir ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalds í samræmi við gildandi lög um heilbrigðisþjónustu.

Í samkomulaginu afsala sveitarfélögin sér lögbundnum rétti til tilnefningar í stjórnir umræddra stofnana um leið og þátttaka þeirra í stofnkostnaði og viðhaldi fellur niður. Í frumvarpinu er lagt til að stjórnir heilsugæslustöðva og umræddra sjúkrahúsa verði lagðar niður. Gildandi lög gera ráð fyrir fimm manna stjórnum, þar af eru þrír fulltrúar tilnefndir af viðkomandi sveitarstjórn, einn tilnefndur af starfsmönnum og einn án tilnefningar. Eftir að valdsvið forstöðumanna stofnana var aukið með setningu laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og ábyrgð þeirra skýrð, hefur valdsvið stjórna verið minnkað að sama skapi og er hlutverk þeirra fyrst og fremst að sinna eftirliti og ráðgjöf við stjórnun viðkomandi stofnunar.

Nefndin fellst fyrir sitt leyti á að stjórnir umræddra stofnana verði lagðar niður en telur að koma eigi til móts við þau sjónarmið sem komið hafa fram við meðferð málsins um að starfsmenn taki áfram þátt í stjórnun og stefnumótun viðkomandi heilbrigðisstofnana. Leggur hún til að gerðar verði breytingar á 4., 7. og 8. gr. frumvarpsins á þann veg að hjúkrunarforstjóri og yfirlæknir eða lækningaforstjóri skuli sitja í framkvæmdastjórn með og undir stjórn framkvæmdastjóra. Auk þess leggur nefndin líka til að gerðar verði breytingar á 4. og 7. gr. frv., en þær fela það í sér að framkvæmdastjóri skuli halda upplýsinga- og samráðsfund með starfsmannaráði á heilbrigðisstofnunum a.m.k. fjórum sinnum á ári.

Ég vil af þessu tilefni taka fram að þessi breyting tekur einungis til tiltekinna heilbrigðisstofnana. Um hjúkrunarheimili gildir sérákvæði sem er í 18. gr. laganna um málefni aldraðra og í 4. mgr. 30. gr. laganna um heilbrigðisþjónustu er líka fjallað sérstaklega um sjálfseignarstofnanir, þannig að það eru sérákvæði sem fjalla um þær stofnanir. Þessi breyting sem við leggjum til núna tekur ekki til þeirra.

Við meðferð nefndarinnar á frv. kom fram gagnrýni á að fulltrúar sveitarstjórna ættu ekki lengur, með þeirri breytingu sem frv. leggur til, aðild að stjórnun framangreindra heilbrigðisstofnana og því geti sjónarmið íbúa á svæðinu ekki haft jafnmikil áhrif og áður. Vegna þessa ákvað nefndin að leggja til að komið yrði á því fyrirkomulagi að framkvæmdastjóri og fulltrúar sveitarstjórnar eða sveitarstjórna, ef sjúkrahús sinnir stærra svæði, hittist reglulega á upplýsinga- og samráðsfundum sem ekki séu sjaldnar en tvisvar á ári. Eins og ég sagði vill nefndin með þessu koma til móts við þau sjónarmið að tryggja áhrif íbúa svæðisins.

Að síðustu leggur nefndin til breytingar á skipun nefndar sem meta skal hæfni umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra sjúkrahúsa. Bent hefur verið á að tilnefning sveitarstjórna í nefndina gæti reynst flókin þar sem starfssvæði heilbrigðisstofnunar nær yfir mörg sveitarfélög, t.d. á Austurlandi. Jafnframt hefur verið á það bent að betur verði hægt að tryggja sérfræðiþekkingu í nefndinni með því að fela ekki sérstökum aðilum að tilnefna í hana heldur fela ráðherra að skipa nefndina í samræmi við lögbundið skilyrði um að fulltrúar hennar skuli hafa sérþekkingu á sviði rekstrar, starfsmannamála og stjórnsýslu. Nefndin leggur því til að gerðar verði breytingar á c-lið 8. gr. frumvarpsins í samræmi við framangreint.

Gerð er grein fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til varðandi stjórnir stofnananna á þskj. 1077. Þar segir:

„Á heilsugæslustöðvum skal starfa framkvæmdastjórn undir yfirstjórn framkvæmdastjóra. Auk hans skulu yfirlæknir (lækningaforstjóri) og hjúkrunarforstjóri skipa framkvæmdastjórn."

Síðan segir að heimilt sé að fjölga fulltrúum í framkvæmdastjórn sé gert ráð fyrir því í skipuriti stofnunarinnar og að framkvæmdastjórn skuli vera framkvæmdastjóra til ráðgjafar um rekstur heilsugæslustöðvar og skuli hann hafa samráð við hana um allar mikilvægar ákvarðanir varðandi þjónustu og rekstur stöðvarinnar. Sambærilegt ákvæði er síðan um hinar stofnanirnar eftir því sem nefndin leggur til við breytingu á 7. gr. frv.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum. Undir álit þetta skrifa auk framsögumanns hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ásta Möller, Ólafur Örn Haraldsson og Björgvin G. Sigurðsson, en bæði Ásta R. Jóhannesdóttir og Björgvin G. Sigurðsson með fyrirvara.

Umræðu frestað.

[17:04]

Útbýting þingskjala:

Samanburður á nýgengi krabbameins, 494. mál, svar heilbrrh., þskj. 1140.

Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006, 563. mál, brtt. meiri hluta samgn., þskj. 1143.

Sérfræðimenntaðir læknar, 559. mál, svar heilbrrh., þskj. 1141.

Uppbygging ferðaþjónustu á Melrakkasléttu, 691. mál, þáltill. HBl o.fl., þskj. 1146.

Stjórnsýslulög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 348. mál (rafræn stjórnsýsla). — Þskj. 384.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:06]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GHH, GE, GAK, GÁ, GÖ, HBl, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

28 þm. (ArnbS, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GuðjG, GHall, GÁS, GunnB, HÁs, HjÁ, JB, JónK, KVM, KHG, KPál, LB, RG, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1158).

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 675. mál (endurútgáfa). — Þskj. 1098.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:06]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.

Vátryggingastarfsemi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 377. mál (EES-reglur, gjaldþol). — Þskj. 429, nál. 978.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:07]

1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 978,1 samþ. með 39 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
3.–8. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 978,2 samþ. með 38 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Verðbréfaviðskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 347. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 383, nál. 1108, brtt. 1109 og 1133.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:08]

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1109,1 samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 1133,1 felld með 29:16 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KolH, KLM, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, KHG, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.

18 þm. (BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, JB, JónK, KPál, LB, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1109,2 samþ. með 45 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 1133,2 felld með 29:16 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KolH, KLM, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, KHG, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.

18 þm. (BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, JB, JónK, KPál, LB, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 1133,3 felld með 29:16 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KolH, KLM, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, KHG, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.

18 þm. (BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, JB, JónK, KPál, LB, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
9.–13. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1109,3 samþ. með 44 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
15.–22. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1109,4 samþ. með 43 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
24.–31. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1109,5 samþ. með 44 shlj. atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
33.–38. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1109,6 (ný 39. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1109,7 samþ. með 44 shlj. atkv.
40. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
41. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1109,8 (ný 42. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv.
43.–45. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1109,9 samþ. með 44 shlj. atkv.
46. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
47.–54. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 1133,4 felld með 30:16 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KolH, KLM, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, KHG, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.

17 þm. (BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHall, GÁS, HÁs, JB, JónK, KPál, LB, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddir.

55. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
56.–59. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1109,10 samþ. með 46 shlj. atkv.
60. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
61. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1109,11 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Samvinnufélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 519. mál (ársreikningar, afskráning félaga). — Þskj. 860, nál. 1025.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:17]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 520. mál (ársreikningar). — Þskj. 861, nál. 1026.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:19]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Einkahlutafélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 521. mál (ársreikningar, slit félaga). — Þskj. 864, nál. 1023.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:19]
1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
2.–15. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Hlutafélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 522. mál (ársreikningar, samlagshlutafélög). — Þskj. 865, nál. 1024.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:20]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
2.–13. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 518. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 859, nál. 1065, brtt. 1066.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:21]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1066,1 samþ. með 43 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
3.–8. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 1066,2–10 samþ. með 46 shlj. atkv.
9.–72. gr. og ákv. til brb. I–II, svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1066,11 samþ. með 47 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. III, svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Neytendakaup, frh. 2. umr.

Stjfrv., 556. mál (EES-reglur). — Þskj. 904, nál. 1111, brtt. 1112.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:23]
1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
2.–13. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1112,1 samþ. með 45 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1112,2–8 samþ. með 47 shlj. atkv.
15.–64. gr., svo breyttar, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1112,9 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Samkeppnislög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 547. mál (ábyrgðarlýsingar, EES-reglur). — Þskj. 894, nál. 1027.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:25]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 548. mál (eftirlitslistar). — Þskj. 895, nál. 1028.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:26]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Aðgerðir gegn peningaþvætti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 549. mál (EES-reglur). — Þskj. 896, nál. 1048.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:26]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1048 samþ. með 46 shlj. atkv.
5.–6. gr., svo breyttar, samþ. með 44 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 601. mál (hlutabréfasjóðir). — Þskj. 962, nál. 1107.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:28]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SF, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb.

3 þm. (KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BjörgvS, DO, EOK, EMS, GÁS, GunnB, HÁs, JB, JónK, KPál, LB, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, LMR, MS, ÓÖH, PP, SI, SJóh, SF, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb.

5 þm. (ÁSJ, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (BjörgvS, DO, EOK, EMS, GÁS, GunnB, HÁs, JB, JónK, KLM, KPál, LB, PHB, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Vátryggingastarfsemi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 485. mál (ökutækjatryggingar, EES-reglur). — Þskj. 797, nál. 1123.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:29]
Brtt. í nál. 1123 samþ. með 42 shlj. atkv.
1.–3. gr., svo breyttar, samþ. með 45 shlj. atkv.
4. gr. og ákv. til brb. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Vátryggingastarfsemi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 568. mál (EES-reglur). — Þskj. 919, nál. 1128, brtt. 1129.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:30]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1129,1 samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1129,2 samþ. með 42 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1129,3 samþ. með 43 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1129,4 samþ. með 44 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
6.–8. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Ársreikningar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 427. mál (EES-reglur). — Þskj. 553, nál. 979, brtt. 980.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:33]
Brtt. 980,1 samþ. með 44 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 980,2 samþ. með 41 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
7.–10. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 980,3 samþ. með 44 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 980,4 samþ. með 45 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
13.–14. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 980, (ný grein, verður 15. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
15.–20. gr. (verða 16.–21. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 980,6 samþ. með 42 shlj. atkv.
21. gr. (verður 22. gr.), svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
22.–38. gr. (verða 23.–39. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 980,7 (ný grein, verður 40. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv.
39.–42. gr. (verða 41.–44. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 980,8 (43. gr. falli brott) samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 980,9 samþ. með 44 shlj. atkv.
44. gr. (verður 45. gr.), svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Stofnun hlutafélags um Norðurorku, frh. 1. umr.

Frv. iðnn., 687. mál (biðlaunaréttur starfsmanna). — Þskj. 1119.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.

Staðlar og Staðlaráð Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 461. mál (heildarlög). — Þskj. 699, nál. 1058.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:38]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1058,1 samþ. með 42 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
5.–8. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1058,2 samþ. með 41 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Neysluvatn, frh. síðari umr.

Þáltill. KF, 13. mál. — Þskj. 13, nál. 1125.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:39]
Tillgr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SF, StB, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack.
22 þm. (BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GunnB, HÁs, JóhS, JB, JónK, KPál, LB, RG, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, SvH, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1168).

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 538. mál (heildarlög). — Þskj. 883, nál. 1118.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:40]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1118,1 samþ. með 42 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
6.–8. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1118,2 (ný 9. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv.
10. gr. og ákv. til brb. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Búnaðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 241. mál (erfðanefnd). — Þskj. 245, nál. 1046.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:42]
Brtt. í nál. 1046 samþ. með 40 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Innflutningur dýra, frh. síðari umr.

Þáltill. DrH o.fl., 106. mál. — Þskj. 106, nál. 1126.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:43]
Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SF, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

22 þm. (BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GunnB, HÁs, JB, JónK, KHG, KLM, KPál, LB, RG, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, SvH, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1171).

Nýting innlends trjáviðar, frh. síðari umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 154. mál. — Þskj. 154, nál. 1131.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:44]
Brtt. í nál. 1131 samþ. með 41 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SF, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

25 þm. (ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JÁ, JB, JónK, KVM, KHG, KPál, LB, RG, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, SvH, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1172).

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 543. mál (hækkun umsýsluþóknunar). — Þskj. 890, nál. 1044.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:45]
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Meðhöndlun úrgangs, frh. 2. umr.

Stjfrv., 338. mál (EES-reglur). — Þskj. 368, nál. 1116, brtt. 1117.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:45]
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 1117,1 samþ. með 39 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 1117,2–13 samþ. með 36 shlj. atkv.
3.–25. gr. og ákv. til brb. I–II, svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Tóbaksvarnir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 415. mál (EES-reglur). — Þskj. 524, nál. 1054.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:47]
1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1054 samþ. með 35 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Eftirlit með skipum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 360. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 400, nál. 998, brtt. 1000.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:48]
Brtt. 1000,1 samþ. með 35 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 1000,2–10 samþ. með 40 shlj. atkv.
3.–35. gr., svo breyttar, samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Vinnutími sjómanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 390. mál (EES-reglur). — Þskj. 451, nál. 999.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:50]
Brtt. í nál. 999,1 (ný 1. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 999,2 samþ. með 39 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 999,3 samþ. með 41 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Vaktstöð siglinga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 392. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 453, nál. 1087, brtt. 1088.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:51]
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 1088,1–7 samþ. með 39 shlj. atkv.
3.–20. gr., svo breyttar, samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Siglingastofnun Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 539. mál (vaktstöð siglinga, EES-reglur). — Þskj. 884, nál. 1089.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:52]
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Útlendingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 168. mál (útlendingar frá EFTA-ríkjum). — Þskj. 168, nál. 1004.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:53]
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1004,1 samþ. með 39 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
3.–5. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1004,2 (ný 6. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 350. mál (færsla skráningar, breyting ýmissa laga). — Þskj. 387, nál. 1003.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:54]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1003 samþ. með 40 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Fyrirtækjaskrá, frh. 2. umr.

Stjfrv., 351. mál (heildarlög). — Þskj. 388, nál. 1005.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:56]
1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
2.–11. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1005 samþ. með 41 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 353. mál (brot í opinberu starfi). — Þskj. 390, nál. 1106.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:57]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1106 (ný 5. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.
6.–7. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frh. 2. umr.

Stjfrv., 391. mál (talning atkvæða, kjörseðlar o.fl.). — Þskj. 452, nál. 1049, brtt. 1050.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:58]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 1050,1 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 1050,2–9 samþ. með 42 shlj. atkv.
2.–20. gr. (verða 3.–23. gr.), svo breyttar, samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Umferðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 489. mál (EES-reglur). — Þskj. 805, nál. 1122.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:00]
Brtt. í nál. 1122,1 samþ. með 42 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1122,2 samþ. með 41 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 567. mál (kynferðisbrot gegn börnum og mansal). — Þskj. 918, nál. 1124, brtt. 1145.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:01]
1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 1145 felld með 27:9 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GAK, JóhS, JB, KolH, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ.
nei: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, LMR*, ÓÖH, PP, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.

8 þm. (BH, GE, GÖ, JÁ, KVM, KLM, MS, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GunnB, HÁs, JónK, KHG, KPál, LB, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:02]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Til að stemma stigu við vændi og hvers kyns sölu kynlífs í samfélagi okkar hafa Svíar fetað braut sem vakið hefur verulega athygli. Þeir hafa leitt í lög refsingar við því að kaupa vændi. Þannig hefur ábyrgðin á þeim skuggalega heimi sem fórnalömbum vændis er búinn verið sett þar sem hún á heima, á herðar þess sem býr til eftirspurnina, nefnilega kaupandans.

Þessi lagasetning hefur leitt til þess að götuvændi og vændi sem tengist mansali hefur minnkað stórlega og má segja að Svíþjóð sé ekki lengur viðkomustaður þeirra glæpamanna sem stunda verslun með konur til starfa í kynlífsiðnaði.

Sé það vilji Alþingis Íslendinga að senda skýr skilaboð til þegna sinna um að ekki beri að líða vændi á Íslandi þá samþykkja hv. þingmenn þá tillögu sem hér eru greidd atkvæði um.

Herra forseti. Ég segi já.

Brtt. í nál. 1124 samþ. með 40 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Kjaradómur og kjaranefnd, frh. 1. umr.

Stjfrv., 683. mál (heilsugæslulæknar). — Þskj. 1110.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 40.–41. og 43.–46. mál.

Fundi slitið kl. 18:05.

---

94. FUNDUR

mánudaginn 10. mars,
að loknum 93. fundi.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 675. mál, þskj. 1098. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

2. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 377. mál, þskj. 1159. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 347. mál, þskj. 1160. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Samvinnufélög, stjfrv., 519. mál, þskj. 860. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, stjfrv., 520. mál, þskj. 861. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Einkahlutafélög, stjfrv., 521. mál, þskj. 864. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

7. Hlutafélög, stjfrv., 522. mál, þskj. 865. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

8. Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir, stjfrv., 518. mál, þskj. 1161. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

9. Neytendakaup, stjfrv., 556. mál, þskj. 1162. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

10. Samkeppnislög, stjfrv., 547. mál, þskj. 894. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

11. Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 548. mál, þskj. 895. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

12. Aðgerðir gegn peningaþvætti, stjfrv., 549. mál, þskj. 1163. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

13. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 601. mál, þskj. 962. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

14. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 485. mál, þskj. 1164. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

15. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 568. mál, þskj. 1165. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

16. Stofnun hlutafélags um Norðurorku, frv., 687. mál, þskj. 1119. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

17. Staðlar og Staðlaráð Íslands, stjfrv., 461. mál, þskj. 1167. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

18. Búnaðarlög, stjfrv., 241. mál, þskj. 1170. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

19. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, stjfrv., 543. mál, þskj. 890. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

20. Meðhöndlun úrgangs, stjfrv., 338. mál, þskj. 1173. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

21. Tóbaksvarnir, stjfrv., 415. mál, þskj. 524 (með áorðn. breyt. á þskj. 1054). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

22. Eftirlit með skipum, stjfrv., 360. mál, þskj. 1175. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

23. Vinnutími sjómanna, stjfrv., 390. mál, þskj. 1176. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

24. Vaktstöð siglinga, stjfrv., 392. mál, þskj. 1177. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

25. Siglingastofnun Íslands, stjfrv., 539. mál, þskj. 884. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

26. Útlendingar, stjfrv., 168. mál, þskj. 1178. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

27. Hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir, stjfrv., 350. mál, þskj. 1179. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

28. Fyrirtækjaskrá, stjfrv., 351. mál, þskj. 1180 (með áorðn. breyt. á þskj. 1005). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

29. Almenn hegningarlög, stjfrv., 353. mál, þskj. 1181. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

30. Kosningar til Alþingis, stjfrv., 391. mál, þskj. 1182. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

31. Umferðarlög, stjfrv., 489. mál, þskj. 1183. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

32. Almenn hegningarlög, stjfrv., 567. mál, þskj. 1184. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

33. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 453. mál, þskj. 656, nál. 1076, brtt. 1077, 1134 og 1149. — Frh. 2. umr.

34. Almannavarnir o.fl., stjfrv., 464. mál, þskj. 702, nál. 1047 og 1085, brtt. 1052. — 2. umr.

35. Tollalög, stjfrv., 611. mál, þskj. 974, nál. 1130. — 2. umr.

36. Samfélagsleg áhrif álvers- og virkjunarframkvæmda, þáltill., 511. mál, þskj. 849, nál. 1136. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

37. Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, stjfrv., 375. mál, þskj. 427, nál. 1132. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

38. Réttarstaða samkynhneigðs fólks, þáltill., 132. mál, þskj. 132, nál. 1137. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

39. Eldi nytjastofna sjávar, stjfrv., 680. mál, þskj. 1103. — 1. umr.

40. Lax- og silungsveiði o.fl., stjfrv., 681. mál, þskj. 1104. — 1. umr.

41. Fjármögnun sjóðs til að auka verðmæti íslenskra sjávarafurða, stjtill., 688. mál, þskj. 1120. — Fyrri umr.

42. Skógrækt 2004–2008, stjtill., 689. mál, þskj. 1121. — Fyrri umr.

43. Ábúðarlög, stjfrv., 651. mál, þskj. 1060. — 1. umr.

44. Jarðalög, stjfrv., 652. mál, þskj. 1062. — 1. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:12]
Of skammt var liðið frá síðustu umr. og útbýtingu þskj. í 1.–38. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 675. mál (endurútgáfa). — Þskj. 1098.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:12]
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
2.–17. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Vátryggingastarfsemi, 3. umr.

Stjfrv., 377. mál (EES-reglur, gjaldþol). — Þskj. 1159.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:13]
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SF, SJS, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
25 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GunnB, HÁs, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KPál, LB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1188).

Verðbréfaviðskipti, 3. umr.

Stjfrv., 347. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1160.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:14]
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SF, SJS, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
25 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, JóhS, JónK, KPál, LB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1189).

Samvinnufélög, 3. umr.

Stjfrv., 519. mál (ársreikningar, afskráning félaga). — Þskj. 860.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:14]
Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SF, SJS, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
24 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, JóhS, JónK, KPál, LB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1190).

Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, 3. umr.

Stjfrv., 520. mál (ársreikningar). — Þskj. 861.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:15]
Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
24 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, JóhS, JónK, KPál, LB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1191).

Einkahlutafélög, 3. umr.

Stjfrv., 521. mál (ársreikningar, slit félaga). — Þskj. 864.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:15]
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SF, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, JóhS, JónK, KPál, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1192).

Hlutafélög, 3. umr.

Stjfrv., 522. mál (ársreikningar, samlagshlutafélög). — Þskj. 865.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:15]
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, JóhS, JónK, KPál, LB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1193).

Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir, 3. umr.

Stjfrv., 518. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1161.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:16]
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SF, SJS, StB, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, JóhS, JónK, KPál, RG, SJóh, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1194).

Neytendakaup, 3. umr.

Stjfrv., 556. mál (EES-reglur). — Þskj. 1162.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:16]
Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, JóhS, JónK, KPál, RG, SJóh, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1195).

Samkeppnislög, 3. umr.

Stjfrv., 547. mál (ábyrgðarlýsingar, EES-reglur). — Þskj. 894.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:16]
Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, JóhS, JónK, KPál, RG, SJóh, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1196).

Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 3. umr.

Stjfrv., 548. mál (eftirlitslistar). — Þskj. 895.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:17]
Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

24 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, JóhS, JónK, KHG, KPál, RG, SJóh, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1197).

Aðgerðir gegn peningaþvætti, 3. umr.

Stjfrv., 549. mál (EES-reglur). — Þskj. 1163.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:17]
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BBj, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, JóhS, JónK, KPál, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1198).

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 601. mál (hlutabréfasjóðir). — Þskj. 962.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:17]
Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

2 þm. (KolH, ÖJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, JónK, KPál, LB, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1199).

Vátryggingastarfsemi, 3. umr.

Stjfrv., 485. mál (ökutækjatryggingar, EES-reglur). — Þskj. 1164.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:18]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, JónK, KPál, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1200).

Vátryggingastarfsemi, 3. umr.

Stjfrv., 568. mál (EES-reglur). — Þskj. 1165.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:18]
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, JónK, KPál, LB, ÓÖH, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1201).

Stofnun hlutafélags um Norðurorku, 2. umr.

Frv. iðnn., 687. mál (biðlaunaréttur starfsmanna). — Þskj. 1119.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:19]
1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Staðlar og Staðlaráð Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 461. mál (heildarlög). — Þskj. 1167.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:20]
Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PHB, SI, SJóh, SF, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, JónK, KPál, PP, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1202).

Búnaðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 241. mál (erfðanefnd). — Þskj. 1170.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:20]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SF, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GunnB, HÁs, JónK, KPál, RG, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1203).

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 3. umr.

Stjfrv., 543. mál (hækkun umsýsluþóknunar). — Þskj. 890.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:20]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SF, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GunnB, HÁs, JónK, KPál, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1204).

Meðhöndlun úrgangs, 3. umr.

Stjfrv., 338. mál (EES-reglur). — Þskj. 1173.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:21]
Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GunnB, HÁs, JÁ, JónK, KPál, LMR, RG, SAÞ, SF, SP, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1205).

Tóbaksvarnir, 3. umr.

Stjfrv., 415. mál (EES-reglur). — Þskj. 1174.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:21]
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JBjart, KVM, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SF, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, JÁ, JónK, KF, KPál, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1206).

Eftirlit með skipum, 3. umr.

Stjfrv., 360. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1175.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:22]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SF, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JÁ, JónK, KPál, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1207).

Vinnutími sjómanna, 3. umr.

Stjfrv., 390. mál (EES-reglur). — Þskj. 1176.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:22]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SF, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GunnB, HÁs, JónK, KPál, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1208).

Vaktstöð siglinga, 3. umr.

Stjfrv., 392. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1177.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:23]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SF, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GunnB, HÁs, JÁ, JónK, KPál, RG, SI, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1209).

Siglingastofnun Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 539. mál (vaktstöð siglinga, EES-reglur). — Þskj. 884.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:23]
Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SF, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, JÁ, JónK, KPál, LB, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1210).

Útlendingar, 3. umr.

Stjfrv., 168. mál (útlendingar frá EFTA-ríkjum). — Þskj. 1178.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:23]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SF, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, JóhS, JónK, KPál, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1211).

Hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir, 3. umr.

Stjfrv., 350. mál (færsla skráningar, breyting ýmissa laga). — Þskj. 1179.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:24]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SF, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GunnB, HÁs, JónK, KPál, LB, ÓÖH, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1212).

Fyrirtækjaskrá, 3. umr.

Stjfrv., 351. mál (heildarlög). — Þskj. 1180.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:24]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SF, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KPál, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1213).

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 353. mál (brot í opinberu starfi). — Þskj. 1181.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:25]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KVM, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SF, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GunnB, HÁs, JónK, KF, KPál, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1214).

Umferðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 489. mál (EES-reglur). — Þskj. 1183.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:26]

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SF, SJS, StB, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

21 þm. (AHB, ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, JónK, KPál, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1215).

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 567. mál (kynferðisbrot gegn börnum og mansal). — Þskj. 1184.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:26]

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SF, SJS, StB, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, EMS, GHH, GÁS, GunnB, HÁs, JónK, KPál, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1217).

[Fundarhlé. — 18:27]

Tollalög, 2. umr.

Stjfrv., 611. mál (aðaltollhöfn í Kópavogi). — Þskj. 974, nál. 1130.

[20:01]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Með frumvarpinu er lagt til að Kópavogshöfn verði aðaltollhöfn sem hefur þá þýðingu að skip sem eru í förum til og frá landinu geta fengið fyrstu og síðustu tollafgreiðslu hér á landi við höfnina.

Þetta mál var talsvert rætt í efh.- og viðskn. Alþingis, m.a. með hliðsjón af því að á það var bent að í svokölluðu svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins væri ekki gert ráð fyrir því að þessi höfn hefði mjög veigamikið hlutverk heldur væri fyrst og fremst horft til hafnanna í Hafnarfirði og Reykjavík. Ljóst er að um stöðu hafnarinnar kunni að vera ólík sjónarmið á milli sveitarfélaganna. Það breytir ekki því að nál. er með þessum hætti og við leggjum til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Það kom fram í máli fulltrúa Kópavogshafnar að höfnin í Kópavogi er lítil. Hún hefur fyrst og fremst þjónað smábátum svo og viðgerðarþjónustu. En á seinni árum hefur einnig verið tekið á móti skipum með vörur frá útlöndum. Þarna landar skip vörum á tíu daga fresti og það er mat bæjaryfirvalda í Hafnarfirði að samþykkt umræddra frv. geri þjónustu við það markvissari og betri.

Svæðisskipulagið gerir þó ráð fyrir stækkun Kópavogshafnar. Engu að síður er ljóst að það gerir líka ráð fyrir því að aðalhafnirnar á höfuðborgarsvæðinu verði Reykjavík og Hafnarfjörður, enda er augljóst mál að hafnarsvæði Reykjavíkur og hafnarsvæði Hafnarfjarðar eru mun stærri en hafnarsvæðið í Kópavogi og því ekki líku saman að jafna.

Undir þetta nál. meiri hluta efh.- og viðskn. rita hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður og frsm., Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Birgisson, Árni Ragnar Árnason, Adolf Berndsen og Jóhanna Sigurðardóttir, en þeir v. þm. Hjálmar Árnason og Össur Skarphéðinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[20:03]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er kannski heldur orðum aukið hjá hv. formanni efh.- og viðskn. að segja að málið hafi talsvert mikið verið rætt í efh.- og viðskn. Staðreyndin er sú að talsverð fljótaskrift er á þessu máli. Það kom upphaflega inn sem þingmannamál og var orðið að stjórnarfrv. þegar upp var staðið. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að það var álitamál hvort þetta stangaðist á við svæðisskipulag og var kallað eftir upplýsingum um það efni. Sannast sagna þá er ástæðan fyrir því að ég er ekki á þessu nál. ekki sú að ég sé andvígur frv. Ég kem til með að styðja það og hef síður en svo nokkuð á móti því að höfnin í Kópavogi verði gerð að tollhöfn, síður en svo. Hins vegar tel ég mjög mikilvægt að það sé unnið faglega að þessum málum og að fyrir nefndir þingsins sem eiga að fjalla um mál af þessu tagi komi hlutaðeigandi aðilar og mönnum gefist ráðrúm til þess að fara í saumana á málinu. Það fannst mér ekki gerast í þessu máli og það er ástæðan fyrir því að ég er ekki á þessu nál. Hins vegar mun ég styðja frv. eins og ég gat um.

Í Kópavogi hefur verið að byggjast upp höfn á undanförnum árum og ef fyrir því er vilji að gera höfnina að tollhöfn þá mun ég síður en svo standa í vegi fyrir því og styðja frv. En ég vildi gera grein fyrir því hvers vegna nafn mitt er ekki að finna á nál.

[20:06]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég hef skrifað undir þetta nál. um breyting á tollalögum. Með frumvarpinu er lagt til að Kópavogshöfn verði aðaltollhöfn sem hefur þá þýðingu að skip sem eru í förum til og frá landinu geta fengið fyrstu og síðustu tollafgreiðslu hér á landi við höfnina. Ég tel að þetta sé ágætismál og styð það.

Ég taldi ekki ástæðu til þess að hafa fyrirvara í málinu en þó hef ég nokkuð við vinnubrögð sem viðhöfð voru í þessu máli að athuga. Í fyrsta lagi kom málið mjög seint fram og hefði þurft að skoða það betur í nefnd, m.a. hjá svæðisskipulagi á höfuðborgarsvæðinu sem hefði þurft að koma að málinu.

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að fara aðeins ofan í umsögn sem barst frá Árna Þór Sigurðssyni, forseta borgarstjórnar Reykjavíkur, formanni Hafnasambands sveitarfélaga, þar sem gagnrýni hans á þetta mál kemur fram. Vil ég fara yfir það álit. Þar segir, með leyfi forseta:

„Málið hefur m.a. verið sent til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga og Hafnasambands sveitarfélaga en stjórnir þeirra hafa kosið að senda ekki umsögn um málið. Ástæðurnar eru augljósar, hagsmunir aðildarsveitarfélaga og aðildarhafna kunna að rekast á í þessu máli og því ekki eðlilegt að landssambönd af þessum toga taki afstöðu til málsins.

Ég vil þó ekki láta hjá líða að benda þér og nefndinni á að málið getur m.a. varðað svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Það skipulag var samþykkt af öllum sveitarstjórnunum átta á svæðinu sl. vor og var skipulagið staðfest af umhverfisráðherra þann 20. desember og hefur þannig gildi skv. 12. og 13. gr. skipulagslaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum. Í svæðisskipulaginu er m.a. fjallað um hafnamál. Þar segir m.a. um uppbyggingu hafnanna á svæðinu:

„Uppbygging hafna á höfuðborgarsvæðinu er mikilvægur hluti af svæðisskipulaginu og þessar hafnir eru miðstöðvar vöruflutninga til og frá landinu. Reykjavíkurhöfn verður áfram ráðandi vöruflutningahöfn á Íslandi, einkum fyrir gámaflutninga, olíu og fleira. Hafnarfjarðarhöfn verður efld sem þjónustuhöfn, m.a. fyrir fiskiskipaflotann, auk þess að vera áfram stór flutningahöfn. Miðað er við að Straumsvíkurhöfn geti stækkað í tengslum við stækkun álvers þar eða aðra stóriðju í næsta nágrenni. Ekki verði gert ráð fyrir öðrum vöruflutningahöfnum á höfuðborgarsvæðinu. Kópavogshöfn hefur takmarkaða möguleika á stækkun með landfyllingum og viðlegurými. Hlutverk hennar verður fyrst og fremst á sviði viðgerða og þjónustu.““

Herra forseti. Hér lýkur tilvitnun í það sem segir í svæðisskipulaginu um hafnamál.

Í lok þessarar umsagnar frá formanni Hafnasambands sveitarfélaga segir, með leyfi forseta:

„Þessi stefnumörkun í svæðisskipulaginu er skýr og var samþykkt eins og áður segir af sveitarstjórnunum öllum á svæðinu á síðasta ári.

Umhverfisráðherra hefur staðfest svæðisskipulag sem gengur út frá þessari stefnu. Það frumvarp til breytinga á tollalögum sem nefndin hefur til umfjöllunar fer að mati undirritaðs ljóslega í bága við þessa stefnumörkun og staðfest skipulag. Verður ekki séð að hægt sé að byggja Kópavogshöfn upp eins og frumvarpið gerir ráð fyrir nema að undangenginni umfjöllun samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og, ef nefndin fellst á að breyta skipulaginu í þessa veru, að fara með slíka skipulagsbreytingu í samræmi við ákvæði 14. gr. skipulagslaga.“

Herra forseti. Ég taldi ástæðu til að halda þessu sjónarmiði sem hér kemur fram hjá formanni Hafnasambands sveitarfélaga til haga. Þar kemur ljóslega fram, herra forseti, að hann telur að þessi breyting á tollalögum brjóti í bága við þessa stefnumörkun sem hann lýsti í sinni umsögn og staðfest skipulag og telur hann að ekki sé hægt að byggja Kópavogshöfn upp eins og frv. gerir ráð fyrir nema að undangenginni umfjöllun samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og er nauðsynlegt að það sjónarmið komi inn í þessa umræðu þegar við erum að fjalla um þetta mál.

Þó ber að árétta, eins og fram kom í upphafi umsagnarinnar, að málið var sent til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Hafnasambands sveitarfélaga sem kaus að senda ekki inn umsögn um málið. Það hlýtur að vega ansi þungt þegar þessir aðilar telja ekki ástæðu til að senda inn umsögn um málið. Vera má að á því séu skiptar skoðanir hvort breyta þurfi svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins miðað við þá breytingu sem hér er verið að gera á tollalögunum. En því miður, herra forseti, fékkst ekki úr því skorið á þeim stutta tíma sem nefndin hafði málið til umfjöllunar.

Herra forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir þeirri umsögn sem kom um þetta mál. Gagnrýni mín beinist eingöngu að því að nefndin hafði ekki tíma, tök eða tækifæri til þess að staðreyna það sem fram kemur í umsögninni um að frv. gangi gegn svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Á það verður þá að reyna síðar og hlýtur að vega þungt í því sambandi, eins og ég nefndi, að Samband íslenskra sveitarfélaga og Hafnasamband sveitarfélaga kusu að senda ekki inn umsögn um þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heilbrigðisþjónusta, frh. 2. umr.

Stjfrv., 453. mál (stofnkostnaður, stjórnir stofnana o.fl.). — Þskj. 656, nál. 1076, brtt. 1077, 1134 og 1149.

[20:12]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. við frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum. Brtt. mín er á þskj. 1134. Málið er 453. mál þingsins.

Skemmst er frá því að segja, herra forseti, að skömmu fyrir jól mælti hæstv. heilbrrh. fyrir þessu frv. í framhaldi af samkomulagi sem gert var milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um að breyta þeirri kostnaðarskiptingu sem átt hefur sér stað undanfarin svo og svo mörg ár, þ.e. með 15% þátttöku eða hlutdeild sveitarfélaga í byggingu eða í stofnkostnaði og meiri háttar viðhaldi og tækjakaupum heilsugæslustöðva, svæðissjúkrahúsa, deildarsjúkrahúsa og almennra sjúkrahúsa. Þetta er eins og ég segi, herra forseti, það samkomulag sem þarna var gert og sem hæstv. heilbrrh. mælti fyrir skömmu fyrir jól og meiningin var að keyra í

gegnum þingið áður en þingið færi í jólaleyfi. En skemmst er að segja frá því að málið stoppaði þá í hæstv. heilbr.- og trn. þar sem ég átti möguleika á að sitja þann fund í fjarveru hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur. Kannski má segja að umræðan sem þar átti sér stað hafi, eins og ég sagði áðan, stoppað málið þá. En það er komið hingað inn núna.

Herra forseti. Ég fagna því að sjálfsögðu að þetta samkomulag skuli hafa náðst og að þessi 15% hlutdeild sveitarfélaganna skuli vera tekin til baka og að ríkið taki það að sér alfarið. Það er að sjálfsögðu til bóta þegar mörkin eru skýr og það er ekki um svona deiliverkefni að ræða eins og verið hefur sem oft hefur verið mikið vandamál, að fylgja eftir og ganga frá. Ég fagna því.

En ég fagna ekki, herra forseti, því sem lætt er inn í þetta frv. í leiðinni og sem var ekkert verið að semja um, eins og ég kem að betur á eftir, þ.e. hugmynd heilbrrh. sem kemur fram í þessu frv. um að leggja niður allar stjórnir sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva um allt land nema stjórn Ríkisspítala. Hún starfar áfram.

Herra forseti. Brtt. mín er einmitt um þetta atriði. Hún er um það atriði að ég vil að áfram séu stjórnir heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa. Ég legg því til í þessari brtt., herra forseti, að ráðherra skipi fimm manna stjórnir heilsugæslustöðva. Skal einn tilnefndur af hlutaðeigandi sveitarstjórn, í stað þriggja áður og á það vil ég leggja mikla áherslu að nú þegar kostnaðarþátttaka sveitarfélaga er horfin, þá er auðvitað ekki eðlilegt að sveitarfélög skipi meiri hluta stjórnar, eða þrjá. Þess vegna legg ég til að hlutaðeigandi sveitarstjórn skipi einn aðila í stað þriggja áður. Einn stjórnarmaður verði kosinn af starfsliði viðkomandi stöðvar og þrír án tilnefningar af ráðherra og skal einn þeirra vera formaður. Jafnframt legg ég til að stjórnir heilsugæslustöðva skuli skipaðar í upphafi kjörtímabils ráðherra og skal starfstími þeirra vera fram að næstu alþingiskosningum.

Herra forseti. Ég legg enn fremur til að með reglugerð skuli kveða nánar á um hlutverk viðkomandi stjórnar.

Það sem ég hef lýst hér er um heilsugæslustöðvar og stjórnir þeirra. Nákvæmlega sömu tillögu geri ég um sjúkrahús, eins og segir í brtt. minni, með leyfi forseta:

„Sjúkrahús þau, sem ríkið á eða starfrækir (ríkisspítalar), skulu vera undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Skal þeim (öðrum en þeim sem um getur í 1. og 4. mgr.) stjórnað af fimm manna stjórnarnefnd. Nefndin skal skipuð þannig að einn er tilnefndur af hlutaðeigandi sveitarstjórn, einn af starfsmannaráði spítalans og þrír án tilnefningar og skal einn þeirra þriggja vera formaður. Stjórnir sjúkrahúsa skulu skipaðar af ráðherra í upphafi kjörtímabils hans og skal starfstími þeirra vera fram að næstu alþingiskosningum. Kveða skal nánar á um hlutverk stjórnar með reglugerð sem ráðherra setur."

Herra forseti. Þetta er sú brtt. sem ég tala hér fyrir og fylgi fram. Ég tel það til bóta að hafa þetta svona eins og ég er hér að lýsa. Eins og ég sagði áðan er ég líka að gera eðlilega tillögu um að sveitarfélög skipi ekki lengur þrjá heldur bara einn mann í stjórn heilsugæslustöðvar og að ráðherra skipi þá þrjá fulltrúa. Þetta er mjög mikilvægt, herra forseti, að hafa í huga og tel ég mjög eðlilegt að þessi breyting hafi átt sér stað.

En, ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að ég varð fyrir miklum vonbrigðum með hæstv. heilbrrh. fyrir jól þegar hann flutti þetta frv. og boðaði þær breytingar sem verið er að fjalla um í þessu frv., þ.e. að leggja niður stjórnir sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva út um allt land. Það má eiginlega segja, herra forseti, að svo bregðist krosstré sem önnur tré. Og þó við gerum okkur grein fyrir því að Framsfl. hefur í mörgum tilfellum algjörlega gleymt landsbyggðinni að sögn hæstv. félmrh. Páls Péturssonar, þá hélt ég að Jón Kristjánsson hæstv. heilbrrh. væri ekki búinn að gleyma henni og mundi ekki gera þá tillögu sem ég er hér að ræða og gera brtt. við, sem er um það að leggja niður stjórnir heima í héraði og draga þetta apparat allt hingað suður til Reykjavíkur, fella það undir heilbr.- og trn. og fella niður stjórnir.

Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að ég varð fyrir verulegum vonbrigðum með að hæstv. heilbrrh. skyldi ganga í þá vinnu.

Fram kom, herra forseti, hjá fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga, þeim Þórði Skúlasyni framkvæmdastjóra og Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni, formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga, á kvöldfundi þeim sem haldinn var í skyndi eftir að frv. var flutt hér rétt fyrir jól, að það hafi aldrei verið talað um það sem lið í þessu samkomulagi að leggja þyrfti niður stjórnir sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, heldur eingöngu að sveitarfélögin mundu afasala sér lögbundnum rétti til tilnefninga í stjórnir hlutaðeigandi stofnana um leið og þátttaka þeirra í stofnkostnaði og viðhaldi stofnana félli niður.

Herra forseti. Þetta er mjög mikilvægt, vegna þess að lengi vel var það látið líta þannig út að þetta væri samkomulag sveitarfélaganna í landinu og heilbrn. að ganga þessa göngu svona. Því vil ég mótmæla, herra forseti. Í því sambandi vil ég lesa upp umsögn sem barst frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og dagsett er 11. desember. Það getur vel verið, herra forseti, að það hafi verið sama dag og málið var flutt og þessi fundur í hv. heilbrn. var haldinn og farið yfir málið, þá minnir mig að þessi umsögn hafi þá þegar komið inn, ég vona að ég sé ekki að fara með rangt mál. En í umsögninni segir m.a. orðrétt, með leyfi forseta:

„Í aðdraganda að gerð umrædds samkomulags var aldrei að því vikið einu orði að stjórnir umræddra stofnana yrðu lagðar niður í tengslum við brotthvarf fulltrúa sveitarfélaga í stjórn tilgreindra heilbrigðisstofnana. Þá fyrirhuguðu ákvörðun er ekki með neinum hætti hægt að tengja við umrætt samkomulag. Í samkomulaginu kemur einvörðungu fram að sveitarfélögin afsala sér lögbundnum rétti til tilnefningar í stjórnir hlutaðeigandi stofnana um leið og þátttaka þeirra í stofnkostnaði og viðhaldi stofnananna fellur niður.

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir fyrir sitt leyti engar athugasemdir við að áfram verði skipaðar stjórnir fyrir hlutaðeigandi stofnanir þótt sveitarfélögin eigi ekki lögbundinn rétt til tilnefningar fulltrúa sinna í þær stjórnir."

Þetta er ákaflega mikilvægt að hafa í huga, herra forseti, vegna þess að eins og ég sagði áðan hefur allt of oft verið látið að því liggja að þetta hafi verið liður í því samkomulagi sem hæstv. ríkisstjórn gerði þegar hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. undirrituðu þetta samkomulag við Samband íslenskra sveitarfélaga 4. des. 2002. Það er ákaflega mikilvægt að hafa þetta í huga, þannig að það eru ekki rökin fyrir því að hæstv. heilbrrh. kemur fram með þetta frv. og leggur niður allar stjórnir. Enda hafa margir þeir aðilar sem veitt hafa umsögn um þetta mál lýst því yfir að þeir séu á móti þessari breytingu.

Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa upp umsögn sem barst frá Heilsugæslustöðinni á Akureyri, með leyfi forseta. Það er dagsett á Akureyri 13. febrúar 2003:

„Framkvæmdastjórn Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri þakkar fyrir að fá tækifæri til að gera athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

Undirrituð gera ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, þar sem allar þessar tillögur fela einvörðungu í sér tvenns konar breytingar: að létta þeirri kvöð af sveitarfélögunum að fjármagna 15% stofnkostnaðar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva og í annan stað að leggja niður stjórnir þeirra og svipta þannig notendur þjónustu þessara stofnanan ábyrgð og áhrifum á rekstur og starfsemi þeirra. Um þessi tvö markmið frumvarpsins, sem engan veginn þurfa að vera óaðskilin, viljum við segja þetta:

Þessi gjörningur er dæmi um samþjöppun valds og hættulega tilhneigingu sumra ráðherra og ráðuneytismanna til að safna í sínar hendur öllum hugsanlegum stjórnartaumum, sumum af ómerkilegasta tagi."

Herra forseti. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt að lesa þetta aftur.

„Þessi gjörningur er dæmi um samþjöppun valds og hættulega tilhneigingu sumra ráðherra og ráðuneytismanna til að safna í sínar hendur öllum hugsanlegum stjórnartaumum, sumum af ómerkilegasta tagi. Þarna er um að ræða virðingarverða viðleitni til að setja rekstri heilbrigðisþjónustunnar skorður, þannig að fjárhagsáætlunum sé fylgt. Staðreyndin er hins vegar sú að þessum aðilum reynist yfirleitt um megn að hafa áhrif á annað en launakostnað og stofnkostnað á meðan eftirspurnin eftir heilbrigðisþjónustu er af skiljanlegum ástæðum utan áhrifavalds þeirra. Sömuleiðis er samþjöppun valds í hendur ráðuneytisfólks ekki til þess fallið að hvetja lækna og aðra þá sem útgjöldum stýra til að beita aðhaldssemi við rannsóknir, meðferð og innkaup sem væri greiðasta og árangursríkasta leiðin til að draga úr sjálfvirkri kostnaðaraukningu heilbrigðiskerfisins.

Hlutverk heilsugæslustöðva í forvörnum og heilsueflingu og þar með framgangi nýlegrar heilbrigðisáætlunar getur verið afar mikilvæg þegar samráð og samvinna tekst við íbúa þjónustusvæðisins fyrir milligöngu kjörinna fulltrúa þeirra. Með sama hætti er heilbrigðisstofnunum fengur að liðveislu metnaðarfullra og baráttufúsra sveitarstjórnarmanna og annarra fulltrúa almennings, sem um áratuga skeið hafa setið í stjórnum þessara stofnana. Það er í fyllsta máta eðlilegt að notendur opinberrar þjónustu fái að hafa áhrif á það hvernig hún mótast og þróast. Ekki síst þegar um starfsemi og þjónustu er að ræða sem skipt getur sköpum varðandi búsetuskilyrði byggðarlagsins.

Með því að leggja niður þessar stjórnir er verið að klippa á mikilvæg tengsl íbúanna við heilbrigðisstofnun sína báðum aðilum til bölvunar.

Með því að losa sveitarsjóði undan 15% kostnaðarhluttdeild er verið að leysa þá undan ábyrgð en líka áhrifum því nú verða mikilvægar ákvarðanir um þróun heilbrigðisþjónustunnar færðar undir vald aðila og einstaklinga sem ekki eru í neinum tengslum við þá sem málin varða og hafa enda sjaldnast neina yfirgripsmikla þekkingu á aðstæðum viðkomandi svæðis eða umdæmis. Hér er ekki um neinn sparnað að ræða fyrir sveitarfélögin því framlag ríkis til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skerðist sem sparnaðinum nemur.

Sú reynsla og þekking sem skapaðist við reynslusveitarfélagsverkefnin á Akureyri hefur sannfært okkur um kosti þess að heilbrigðisstofnanir tengist sveitarfélögum og íbúum viðkomandi þjónustusvæðis sem sterkustum böndum. Umrætt lagafrumvarp gengur gegn þessari sannfæringu okkar og mælum við því eindregið gegn samþykkt þess."

Undir þetta rita Margrét Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri og Pétur Pétursson yfirlæknir, bróðir hæstv. félmrh.

Herra forseti. Það sem kemur þarna fram er náttúrlega mjög mikilvægt atriði. Ber að þakka þessu fólki fyrir hreinskilni og að setja þetta á blað eins og hér hefur verið gert, vegna þess að hér eru setningar inni sem við vitum að skýra þau sjónarmið sem allt of oft verða þess valdandi, herra forseti, að ráðherrar eða starfsfólk í ráðuneytum eða opinberum stofnunum kemur með svona tillögur eða leggjast gegn góðum tillögum um að færa störf e.t.v. frá höfuðborgarsvæðinu út á land, eða viðhalda þeim eins og stjórnamálin sem við erum hér að ræða um, og á ég þá auðvitað við þá setningu sem ég ætla að lesa hér aftur, herra forseti, með leyfi forseta:

„Þessi gjörningur er dæmi um samþjöppun valds og hættulega tilhneigingu sumra ráðherra og ráðuneytismanna til að safna í sínar hendur öllum hugsanlegum stjórnartaumum, sumum af ómerkilegasta tagi."

Það er hérna, herra forseti, sem ég vil aðeins staldra við og ítreka það sem ég hef áður sagt. Hvað ætli þetta hafi nú gerst oft á þessu kjörtímabili í umræðum um hin ýmsu mál, sama hvort verið er að tala um að flytja e.t.v. hálft starf, eða kvart starf, eða heilt starf, eða breyta eitthvað um kúrs og annað slíkt, hvað skyldi þetta oft hafa gert það að verkum að viðkomandi ráðherrar hafa farið í bakkgírinn ef svo má að orði komast, hætt við eða ekki treyst sér til að gera hlutina?

Og að hæstv. heilbrrh. skuli fara þá leið eins og ég hef hér lýst veldur auðvitað mjög miklum vonbrigðum, að hæstv. ráðherra, sem kosinn er í Austurlandskjördæmi og að mér finnst hefur nú oft verið töluvert drjúgur við það að reyna að sporna gegn ýmsu sem hefur verið að flytjast hingað suður, skuli í þessu frv. koma fram með þá tillögu að leggja niður stjórnir allra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva á landsbyggðinni og flytja þær suður til Reykjavíkur. (**ÁRJ:** Ekki bara af landsbyggðinni ...) Já, allar stjórnir reyndar og af höfuðborgarsvæðinu að sjálfsögðu líka, nema stjórn Ríkisspítala, enda kem ég að því hér á eftir, t.d. athugasemdum frá heilsugæslustöðinni í Hafnarfirði og fleiri aðilum.

Herra forseti. Þó að ég sé ekki mjög mikið fyrir það að vitna í ályktanir eða samþykktir sjálfstæðismanna, þá sé ég að til heilbr.- og trn. hefur komið bréf sem ritað er af Guðrúnu Jónsdóttur, fulltrúa Sjálfstfl. í stjórn heilsugæslunnar í Hafnarfirði, og það er rétt að lesa upp það litla bréf sem þangað hefur borist, vegna þess að það sýnir að sú skoðun er töluvert útbreidd að verið sé að fara vitlausa leið með því að leggja niður þessar stjórnir. Bréfið er til heilbr.- og trn. Alþingis og varðar það frv. sem við erum hér að ræða, þ.e. lög um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum. Bréfið er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Það er skoðun okkar sjálfstæðismanna í Hafnarfirði að við teljum það óæskilegt að missa á þennan hátt tengsl bæjarins inn í stjórn heilsugæslunnar og að hafa áhrif á málefni hennar.

Teljum við því óheillavænlegt að leggja stjórn heilsugæslunnar niður."

Undir þetta ritar Guðrún Jónsdóttir, fulltrúi Sjálfstfl. í stjórn heilsugæslunnar í Hafnarfirði.

Enda er það svo, herra forseti, að í umsögn sem kemur frá heilsugæslustöðinni Sólvangi í Hafnarfirði, sem Gunnsteinn Stefánsson undirritar fyrir hönd læknaráðs heilsugæslustöðvarinnar Sólvangi Hafnarfirði, er líka fjallað um þetta líkt og ég var að lesa hér áðan. Og ég held að ástæða sé til, herra forseti, máli mínu til stuðnings að vitna í umsögn læknaráðs heilsugæslustöðvarinnar Sólvangi í Hafnarfirði um það lagafrv. sem við erum hér að ræða. Umsögnin er svohljóðandi, með leyfi forseta.

„Læknaráð Heilsugæslustöðvarinnar Sólvangi varar við frekari miðstýringu heilsugæslunnar í landinu. Læknaráð telur að ofangreint lagafrumvarp muni stuðla að frekari miðstýringu og er því efnislega mótfallið þeim tillögum að leggja niður stjórnir heilsugæslustöðva."

Hér er, herra forseti, varað við þeirri miðstýringarárátttu sem hæstv. heilbrrh. er að beita eins og áður hefur komið fram.

Í greinargerð kemur fram m.a., með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarp þetta er það samið af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í framhaldi af samkomulagi ríkisins við Samband íslenskra sveitarfélaga um breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkisins og sveitarfélaga frá 4. des. 2002.

Megininnihald frumvarpsins er að leggja niður núverandi fyrirkomulag með 5 manna stjórnum heilbrigðisstofnana (sjúkrahús/heilsugæsla), sem skipaðar hafa verið af ráðherra en með tilnefningum frá sveitarstjórnum (3) og starfsmannaráði viðkomandi stofnana (1) en formaður hefur verið tilnefndur af ráðherra. Í stað þessara stjórna verður framkvæmdastjóri sem skipaður er af ráðherra." — Svo er hér getið um ástæðu, og síðan segir, með leyfi forseta:

„Málið getur haft víðtæk áhrif á heilsugæsluna í landinu. Það þarfnast því gaumgæfilegrar lýðræðislegrar umræðu áður en það verður afgreitt. Nokkur atriði er rétt að skoða í þessu samhengi."

Fjallað er um miðstýringuna og læknaráðið setur fram eftirfarandi máli sínu til stuðnings, með leyfi forseta:

„Með þessu lagafrumvarpi er verið að boða enn meiri miðstýringu í heilbrigðiskerfinu og var þó miðstýringin orðin allt of mikil fyrir. Hvað varðar heilsugæsluna hefur hún verið rekin af ríkinu og það verður að segjast eins og er að það hefur gefist illa. Ríkið fylgir ekki þeirri lagaskyldu sem á því hvílir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Stór hluti íbúa er án heimilislæknis og bið eftir tímum allt of löng. Þrátt fyrir loforð um uppbyggingu og að hlúa eigi að þessari grunnþjónustu gerast hlutirnir afar hægt og það brennur mest á heimamönnum. Gott dæmi um afleiðingar of mikillar miðstýringar þar sem ákvarðanataka er langt frá vandamálunum er ástandið á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sem er algjörlega á ábyrgð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Slík staða kæmi seint upp ef heimamenn hefðu meira um þessi mál að segja.

Það er því ólíklegt að þessi lagabreyting hafi í för með sér betra heilbrigðiskerfi."

Þeir sem rita þetta fjalla m.a. um atvinnulýðræði og má að sjálfsögðu segja að þetta sé auðvitað liður í atvinnulýðræði eða við getum líka sagt íbúalýðræði eins og það hefur verið þar sem íbúar viðkomandi svæða hafa átt aðild í gegnum sveitarstjórnir.

Enn vil ég fara yfir fleiri umsagnir og kem nú að heilsugæslustöðinni í Hveragerði sem veitir umsögn um þetta mál. Segir svo í þeirra umsögn, með leyfi forseta:

„Frumvarpið í heild sinni er mjög gott og margt þar sem er til þess fallið að efla heilbrigðisþjónustuna. Það að ríkið yfirtaki hlut sveitarfélaganna er mjög jákvætt og mun eflaust skila sér í öflugri og harðvirkari uppbyggingu þar sem ekki er lengur þörf að taka mið af getu og vilja tveggja aðila til uppbyggingarstarfs og eðlilegri þróun í heilbrigðisþjónustu. Framkvæmdin og ákvarðanatakan er þá komin á eina hendi. Við þessa breytingu er eðlilegt að fulltrúar sveitarfélaga fari úr stjórnum heilbrigðisstofnana.

En ég vil benda á að sú ákvörðun að fella niður stjórnir stofnana þurfi umhugsunar við.

Eðli málsins samkvæmt eru margar og afdrifaríkar ákvarðanir sem framkvæmdastjórar á umræddum stofnunum þurfa að taka. Á minni stöðum hefur eina baklandið fyrir framkvæmdastjórana til að ræða málin út frá hinum ýmsu sjónarmiðum verið stjórnir stofnana. Þar hafa komið fram breið sjónarmið á málunum og ákvarðanatakan tekið mið af því. Ég tel að við það að fella niður þetta bakland gæti framkvæmdin orðið frekar einlit.

Vissulega má segja að ráðuneytið ætti að taka við þar sem stjórnirnar voru en nálægðin við málefnið verðu aldrei sú sama og betur sjá augu en auga.

Hver þessara stofnana er með á fjárlögum tugi til hundruð milljóna og því alls ekki óeðlilegt að stjórnun þess fjármagns sé á fleiri en einni hendi, þó vissulega megi segja að ábyrgðin sé okkar.

Það sem ég vildi sjá með þessu frumvarpi er að stjórnirnar verði áfram og verði skipaðar með þeim hætti að:

Ráðherra skipi tvo menn í stjórn og einn fulltrúi komi frá starfsfólki."

Að öðru leyti gerir viðkomandi ekki athugasemd við frv. Og undir þetta skrifar Herdís Þórðardóttir, framkvæmdastjóri heilsugæslustöðvar Hveragerðis.

Í umsögn Læknafélagsins er líka fjallað um þetta og þar er talað um að hlutverk stjórna hafi orðið eitthvað óskýrt við breytingar sem gerðar voru 1996 og það má að sjálfsögðu taka undir það að vissu leyti. En þar segir m.a.:

„Læknafélagi Íslands sýnist í ljósi þess að annaðhvort beri að finna stjórnum þessum nýtt hlutverk eða leggja þær niður til að gera stjórn stofnana gleggri og spara ríkissjóði fé."

Ég held reyndar, herra forseti, að stjórnir heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa hafi nú ekki verið að taka svo mikið fé úr ríkissjóði en ég tek undir það sem þarna er sagt að það megi finna þeim nýtt hlutverk, og þess er getið í breytingartillögu minni, sem ég hef hér mælt fyrir, þar sem fjallað er um það að með reglugerð skuli ákveða um nánara hlutverk stjórnar og þá yrði ráðherra að gera það. Og auðvitað er tilgangurinn sá að ráðherra skipi meiri hluta stjórnar. Í stjórnum heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa eru trúnaðarfólk viðkomandi heilbrigðisráðherra, það á að vera í nærumhverfi, reka heilsugæslustöðvar og sjúkrahús í byggðarlögum sínum og vera trúnaðarmenn viðkomandi ráðherra við reksturinn. Þess vegna er það eins og ég sagði í upphafi máls míns mjög eðlilegt að ráðherra skipi þrjá og þar af formann. (**JB:** Hvar er ráðherra?) Ráðherra heilbrigðismála? (**JB:** Já.) Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að maður er nú eiginlega ...

(**Forseti** (GuðjG)**:** Ekki samtal.)

... hættur að fara þess á leit að hæstv. ráðherrar séu viðstaddir, manni hefur stundum fundist að það væri svona svipað og skvetta vatni á gæs og ég hef ekki óskað eftir því

að ráðherra væri hér viðstaddur, en er ánægður með það að hv. þm. Jónína Bjartmarz, formaður heilbr.- og trn., er hér í salnum og fylgist með umræðunni, eins og henni ber að sjálfsögðu skylda til, og að annað fólk sem er í heilbrn. tekur þátt í henni og er hér í salnum. En ég hef ekki gert kröfu um að hæstv. heilbrrh. verði hér í salnum.

Ég ræddi þetta þegar hæstv. ráðherra flutti málið í desember, benti þá strax á þetta atriði og lýsti andstöðu minni við það og átti smáorðræðu við hæstv. heilbrrh. þá. Ég hélt, herra forseti, og vonaði þá að ráðherra mundi snúast hugur og hverfa til baka frá þessu, en því miður, það hefur ekki gerst og hafa verið mikil vonbrigði með það að hæstv. ráðherra skyldi ætla að ganga þá leið að leggja niður stjórnirnar eins og við erum hér að ræða um.

En það eru fleiri, herra forseti, sem hafa lagst gegn því að leggja niður stjórnirnar. Þannig er það með Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga. Herdís Sveinsdóttir formaður sendi inn umsögn, og hún kom reyndar á fund heilbr.- og trn. þetta umrædda kvöld þegar málið var tekið fyrir, þegar málið stoppaði rétt fyrir jól. Í umsögninni segir, herra forseti, með leyfi forseta:

„Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga leggst eindregið gegn því að við heilsugæslustöðvar og sjúkrastofnanir séu engar formlegar stjórnir.

Að mati stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga tryggir frumvarpið ekki að fagleg sjónarmið hafi vægi. Stjórnir stofnana hafa verið ráðgefandi afl og hafa endurspeglað vilja og skoðanir starfsmanna og íbúa svæðisins sem njóta þjónustunnar. Telur stjórnin það ekki samræmast nútímalýðræði að einn aðili fari með öll völd og hafi úrslitaákvörðunarrétt sem getur haft bæði faglega og fjárhagslega þýðingu innan stofnunarinnar.

Stjórn félagsins vill einnig benda á það misræmi sem verður á milli stofnana þegar Landspítali – háskólasjúkrahús hefur 7 manna stjórnarnefnd en aðrar stofnanir ekki. Stjórnin er einnig efins að ráðuneytið hafi það bolmagn að veita bæði fjárhagslegt eftirlit og faglegan stuðning til eins aðila. Enn fremur að hvort tryggt sé að öll sjónarmið stofnunarinnar jafnt fagleg, byggðarleg og fjárhagsleg komi fram til ráðuneytis þegar formleg samskipti verða á einni hendi, þ.e. framkvæmdastjórans. Slíkt styrkir ekki nútímalýðræði."

Svo segir m.a. í umsögn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og ég vil sérstaklega taka undir það sjónarmið sem hér kemur fram að við erum jú að leggja allan stjórnunarþáttinn úti um allt land og í þeim heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum á höfuðborgarsvæðinu sem ég hef m.a. vitnað hér í fyrir utan sjálfan Landspítalann í Reykjavík, alla þessa ábyrgð á viðkomandi framkvæmdastjóra sem hefur ekkert bakland á bak við sig heima fyrir og heyrir beint undir hið mikla ráðuneyti og eins og hér kemur fram þar sem dregið er í efa að ráðuneytið hafi það bolmagn að veita bæði fjárhagslegt eftirlit og faglegan stuðning til eins aðila.

Ég segi alveg eins og er, herra forseti, að ég tel að það sé ekki, eins og ég hef verið að reyna að fylgja hér eftir með rökum, til styrktar að fela þetta einum aðila.

Þess ber auðvitað að geta þegar hér er komið að ég hef eingöngu verið að tala um nokkrar af þeim umsögnum sem komu inn vegna málsins, þeirra aðila sem hafa lagst gegn því að leggja niður stjórnirnar.

Mér er bæði ljúft og skylt að geta m.a. um það að framkvæmdastjóri sjúkrahússins á Akranesi hefur mælt með því — hann kom á fund nefndarinnar þetta umrædda desemberkvöld — og var hlynntur því að stjórnir yrðu lagðar niður. Þetta gerði líka framkvæmdastjóri Sjúkrahúss Skagafjarðar, sá ágæti maður Birgir Gunnarsson, sem í umsögn sinni leggst ekki gegn því að stjórnirnar verði lagðar af. Og vafalaust er það svo með fleiri aðila. Þótt ég sé ekki að taka tíma hér til að lesa þau mál og þær umsagnir og ætla mér ekki að gera það — ég gat hér um sjúkrahúsið á Akranesi, þeim ágæta stað — vekur það samt athygli mína að Guðni R. Tryggvason, formaður stjórnar Sjúkrahúss og Heilsugæslustöðvar Akraness, sem mig minnir að sé bæjarfulltrúi eða varabæjarfulltrúi og væntanlega framsóknarmaður eins og aðrir stjórnarmenn sjúkrahússtofnana úti um allt land um þessar mundir leggst gegn þessu. Stjórnin leggst gegn þessari breytingu. Ég ætla að lesa þá umsögn sem gengur þvert á það sem framkvæmdastjórinn sagði, frá stjórn Sjúkrahúss og Heilsugæslustöðvar Akraness en þar kemur m.a. fram í bréfi sem ritað er 26. janúar, með leyfi forseta:

„Ágæta þingnefnd. Athygli mín beinist fyrst og fremst að 6. gr. þar sem fjallað er um stjórnskipulag sjúkrastofnana í landinu. Ég tel að með því að setja af allar stjórnir heilbrigðisstofnana í landinu rýri hæstvirt Alþingi möguleika sína á því að hafa áhrif á uppbyggingu heilbrigðisstofnananna í landinu."

Síðan er fjallað hér um aðra tillögu sem þessi ágæti maður leggur fram, um að skipta landinu upp í ákveðin svæði sem er ágætisframtíðarlógík.

Það er athyglisvert, herra forseti, að frá Akranesi berast þessar tvær umsagnir.

Þetta eru nokkrar af þeim umsögnum sem hafa komið fram og ég hef, herra forseti, farið aðeins yfir þær máli mínu til stuðnings. Ég ætla því að koma örlítið meira að þeirri tillögu sem ég hef hér mælt fyrir og sem ég hefði viljað sjá hv. Alþingi samþykkja, tillögu sem stoppar hæstv. heilbrrh. við það að leggja af allar stjórnirnar eins og ég hef gert að umræðuefni. Ég tek það skýrt fram, herra forseti, að ég tel mjög eðlilegt að það hvernig skipað er í stjórnirnar breytist eins og ég sagði í upphafi máls míns. Ég tel það mjög eðlilegt að ráðherra skipi þrjá af fimm, jafnframt formann. Ég tel mjög eðlilegt að starfstími viðkomandi stjórnar sé sá sami og starfstími ráðherra, það sé kjörtímabilið og skipað í upphafi þess, og að þetta séu sérstakir trúnaðarvinir, ef svo má að orði komast, trúnaðarmenn viðkomandi ráðherra til rekstrar á þessum heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum þar sem miklu fé er útdeilt. Það er mikilvægt að farið sé vel með það og þessar stjórnir eiga að hafa hlutverk í þessari stjórnskipun.

Þetta er eins og ég sagði líka áðan, herra forseti, spurning um ákveðið íbúalýðræði, atvinnulýðræði, og þess vegna tel ég það líka vera til bóta.

Herra forseti. Ég gat þess áðan að ég átti þess kost að fara á fund heilbr.- og trn. í fjarveru hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur þennan umrædda dag þar sem frv. var fyrst rætt og ræða þetta mál þar. Eins og ég sagði áðan var niðurstaðan þar að annaðhvort yrði allt frv. samþykkt þá fyrir jól eða ekkert, þ.e. frestað. Ég tel að það hafi verið mjög skynsamlegt að stoppa þetta þá og keyra það ekki í gegnum þingið eins og þá var ætlað, 20 mínútum fyrir jólafrí eða svo. Ég verð að segja alveg eins og er að nál. og brtt. sem hv. heilbr.- og trn. hefur gert, ég vil ég taka það skýrt fram, er skömminni skárra, ef svo má að orði komast, heldur en frv. sjálft. Vissulega er þar komið til móts við ákveðin atriði en ég er enn þeirrar skoðunar eftir að hafa skoðað þessar brtt. og nál. sem öll

nefndin stendur að, að vísu með fyrirvara tveggja hv. þm., að það sé skárra en lagt var af stað með í upphafi.

Ég er samt sem áður þeirrar skoðunar enn þá, herra forseti, að best sé að hafa stjórnir fyrir viðkomandi stofnanir eins og ég hef hér mælt fyrir, þrátt fyrir að þessar tillögur hafi komið fram. Heilbr.- og trn. hefur væntanlega unnið vinnu sína í samræmi við það sem kom fram í tillögum ráðherrans sem vill leggja stjórnirnar alfarið niður en hún hefur með vinnu sinni nú í janúar og febrúar gert þetta örlítið skárra en það leit út fyrir í byrjun. Það vil ég að komi skýrt fram.

Ég ætla svo sem ekki að fara að lesa það upp. Hv. þm. Jónína Bjartmarz, formaður heilbr.- og trn., hefur vafalaust fylgt því úr hlaði áðan þó að ég hafi því miður ekki getað hlustað á alla þá ræðu. Ég vil taka það skýrt fram að það er spor í rétta átt.

Herra forseti. Ég hef flutt brtt. á þskj. 1134 við þetta mál sem hér er verið að ræða. Ég tel mig hafa fært fram rök máli mínu til stuðnings og vil enda á því að segja: Ég verð að lýsa miklum vonbrigðum mínum með hæstv. heilbr.- og trmrh., þingmann sem kosinn er af landsbyggðinni, að hann skuli í framhaldi af því samkomulagi sem gert var milli ríkis og sveitarfélaga ætla að draga líka úr þessum stjórnunarþætti viðkomandi stjórna sem hafa verið í ótal mörg ár, ég kann ekki einu sinni að segja hvað þær hafa verið lengi. Ég þekki það sem fyrrverandi sveitarstjórnarmaður og íbúi í litlu bæjarfélagi úti á landi og ég tel að það hafi hiklaust verið til góðs að heimamenn hafi setið í stjórnum viðkomandi stofnana og það hafi styrkt þær stofnanir á undanförnum árum og verið viðkomandi byggðarlögum til góðs. Þess vegna er ég andvígur þessu frv. og segi það enn og aftur: Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með hæstv. ráðherra, fyrir það fyrsta að hann skyldi koma fram með frv. og í öðru lagi að hann skyldi ekki breyta því vegna þess að það var töluverð andstaða gegn því þótt hún hafi vafalaust minnkað núna með brtt. heilbr.- og trn. Engu að síður kemur sá kostur næstur á eftir því að halda stjórnunum áfram, eins og ég sagði áðan.

Herra forseti. Ég hef oft á hinu háa Alþingi á þessu kjörtímabili andmælt þeirri miðstýringaráráttu sem felst hér í stjórnkerfinu, ráðuneytum og annars staðar í Reykjavík, þeirri miðstýringu að draga allt hingað suður til Reykjavíkur af landsbyggðinni. Þessi aðgerð er enn einn þáttur í því eins og kemur fram í umsögn heilsugæslunnar í Hafnarfirði og því hlýt ég að vera andvígur.

Ég segi það rétt í lokin, eins og ég kannski hóf mál mitt á, að hæstv. ráðherra hefði átt að kippa þessu til baka og láta það eiga sig. Það hefði mátt skilgreina betur starfsemi stjórnanna og það hefði mátt gera það þannig að stjórnirnar ynnu meira sem samverkamenn ráðherra við það að virða fjárlögin betur og halda sig innan fjárhagsramma þeirra, gæta aðhalds í rekstri, passa upp á að allt sé eðlilegt í þessum „stóru fyrirtækjum", heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum, sem eru vítt og breitt. Ég er ekki sammála því sjónarmiði sem þarna kemur fram að þetta sé best gert með því að viðkomandi framkvæmdastjóri geti leitað til heilbr.- og trmrn. í Reykjavík með mál sem þarf að bera upp.

Ég held, herra forseti, að ég hafi látið það flest koma fram sem ég vildi sagt hafa við þessa umræðu en mun koma aftur ef annað kemur á daginn.

[20:56]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst og í upphafi máls míns fá að vísa á bug orðum hv. þm. Kristjáns L. Möllers um að þetta frv. sé til vitnis um það að hæstv. heilbrrh. hafi gleymt landsbyggðinni, það sé einhvers konar atlaga að heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni, þetta frv. sem við erum hérna að ræða um. Það er náttúrlega öllum ljóst að valdsvið og ábyrgð forstöðumannanna og stofnana var heilmikið aukið með setningu laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Á sama tíma hefur það verið viðurkennt að valdsvið þessara stjórna sjúkrahúsanna var eiginlega eingöngu eftirlit og ráðgjöf, og hlutverk þeirra og ábyrgð öll var ákaflega óljós.

Þar sem hv. þm. Kristján L. Möller hefur lesið hérna upp úr nokkrum ágætum umsögnum og vel unnum vildi ég vekja athygli á því að af öllum þeim aðilum sem sent var þetta ágæta frv. til umsagnar held ég að ég geti staðhæft og það sé rétt með farið að einungis 11 sáu ástæðu til að svara því og þar af voru a.m.k. sex umsagnir sem studdu það að þessi leið væri farin. Þær studdu frv. og þá breytingu að leggja stjórnirnar niður.

Hv. þm. hefur orð á því að sú breyting sem hv. heilbr.- og trn. leggur til að verði gerð við frv. sé skömminni skárri en það að leggja stjórnirnar alfarið niður. Þess vegna langar mig að inna hann eftir því hvaða hlutverk þessar stjórnir eigi að hafa. Hann eftirlætur ráðherra í reglugerð að kveða á um hlutverk stjórnarinnar en ég tek fram að í þeirri brtt. sem ég mælti fyrir fyrr í dag frá hv. heilbr.- og trn. er ítarlega gerð grein fyrir því hvað þessar framkvæmdastjórnir, sem við leggjum til, eigi að gera og hvert verksvið þeirra sé. Þar er talað um að þær skuli vera framkvæmdastjóra til ráðgjafar um rekstur, bæði heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa eftir því sem við á, og hann skuli hafa samráð við þær um allar mikilvægar ákvarðanir varðandi þjónustu og rekstur stöðvarinnar.

[20:58]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst vil ég segja að ég held að ég hafi ekki notað það orð að þetta væri atlaga að landsbyggðinni. Ég held að það sé ekki rétt. Ég hef hins vegar sagt að með þessu væri verið að draga stjórnunarþátt hingað suður. Ég vitnaði í því sambandi í þær umsagnir sem hér hafa komið fram, m.a. frá Hafnfirðingum sem telja þetta vera miðstýringaráráttu eins og ég gat um áðan, og ætla ekki að lengja umræðuna með því að fjalla um aftur. Það sem er kannski allra verst í þessu er miðstýringaráráttan og það að þessar nærstjórnir, ef svo má að orði komast, eru lagðar niður. Eftir er einn framkvæmdastjóri sem mun stýra viðkomandi stofnun. Jafnframt vil ég minna á það sem ég las upp og kom frá heilsugæslunni á Akranesi.

Það er jú alveg rétt sem hér kom fram að valdsvið stjórnanna hefur að mati margra verið óljóst undanfarin ár. Það hefur e.t.v. verið liður í því að láta smátt og smátt fjara undan þeim.

Ég ítreka, herra forseti, að þetta er fyrst og fremst spurning um það hvort alla stjórnsýslu eigi að draga hingað suður, eins og ég gat um áðan, og það er það sem mér gremst hvað mest. Ég held að það sé auðvelt fyrir ráðherra að setja það í reglugerð og fjalla um það hvert valdsvið stjórna eigi að vera, hvernig þær eiga að vera framkvæmdastjóra til aðstoðar og ráðuneytis um rekstur o.s.frv. Ég held að það sé auðvelt að gera. Ég ætla mér ekki, herra forseti, eins og hv. þm. bað mig um, að útskýra það valdsvið. Ég tel að það sé betra að það sé gert af þeim sem við þetta vinna og ég er sannfærður

um að vítt og breitt eru til tillögur um hvernig það ætti að vera.

[21:00]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fá að lýsa þeirri skoðun minni að ég held að meira máli skipti að ljóst sé í lögum eins og þeim sem við erum að ræða hvaða hlutverk stjórnirnar eigi að hafa, heldur en bara það að stjórnir séu til. Menn hljóta að spyrja til hvers og hvaða verk, hvaða valdsvið og hvaða ábyrgð ætlum við þeim?

En af því að hv. þm. Kristján L. Möller hafði orð á því áðan að það væri skömminni skrárra að hafa fyrirkomulagið eins og við leggjum til í heilbr.- og trn. miðað við það fyrirkomulag sem við erum að leggja niður og hann hafði líka orð á því að hann hefði ekki verið hér í dag þegar ég mælti fyrir þessu nál., þá ætla ég að ítreka það að nefndin leggur til að við allar heilsugæslustöðvar og sjúkrahús skuli vera framkvæmdastjórn skipuð minnst þremur mönnum og heimilt að fjölga þeim eftir því sem skipurit stofnunarinnar kveður á um. Þær skuli vera framkvæmdastjóra til ráðgjafar um rekstur heilsugæslustöðvar og hann skal hafa samráð við þessar stjórnir um allar mikilvægar ákvarðanir varðandi þjónustu og rekstur stöðvarinnar. En hv. heilbr.- og trn. gengur lengra, hún leggur líka til að framkvæmdastjórn skuli boða til upplýsinga- og samráðsfunda með starfsmannaráði stofnunar a.m.k. fjórum sinnum á ári. Og af því að hv. þm., að mig minnir, nefndi líka íbúalýðræði, þá leggjum við auk þess til að framkvæmdastjórn skuli boða til upplýsinga- og samráðsfunda með sveitarstjórn eða sveitarstjórnum á starfssvæði stöðvarinnar a.m.k. tvisvar á ári.

Þetta held ég að sé nú gott betur en skömminni skárra, því við erum kannski að koma á einhverju sem má kalla, ég segi ekki fyrirmyndarfyrirkomulagi, en svona „ideal" fyrirkomulagi á þetta.

[21:02]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara rétt í lokin til að hafa það á hreinu. Ég sagði ekki að það fyrirkomulag sem hv. heilbr.- og trn. leggur til núna væri skömminni skárra en það sem er í dag. Það er ekki. Ég sagði að það væri skömminni skárra en það sem ráðherrann leggur til, þ.e. að leggja þetta allt niður. Að því leytinu til get ég hælt heilbr.- og trn. fyrir það verk sem hún hefur gert, þó að ég taki það skýrt fram sem ég sagði áðan að ég tel að það hefði samt sem áður verið betra fyrirkomulag að halda þessu óbreyttu með þeim breytingum þó milli ríkis og sveitarfélaga um þessa þrjá fulltrúa. Þannig að það sé alveg á hreinu að heilbr.- og trn. hefur þó unnið það besta, næstbesta kannski skulum við segja, upp úr þessu heldur en lagt var af stað með af hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir jól, sem kom með frv. 20 mínútum fyrir jólafrí eða svo, lagði það til að allar stjórnir yrðu lagðar niður og málið átti að keyra í gegn fyrir jólaleyfi þingmanna. Sem betur fer tókst að stoppa það í heilbr.- og trn. og það ekki tekið í gegn, og eins og sagt var: Annaðhvort var það allt eða ekkert. Það var ekki hægt að taka bara í gegn ákvæði um breytinguna um 15%, heldur vildi hæstv. ráðherra að stjórnirnar fylgdu með. Og þess vegna dagaði þetta uppi þá. Ég tel að það hafi verið, eins og ég sagði áðan, til góðs að svo fór, en tek það skýrt fram að skoðun mín er sú að fyrirkomulagið eins og það var með þeim breytingum milli sveitarfélaga og ríkisins vegna þátttöku ríkisins og þessi 15% detti út, hafi verið betra, en þetta sé næstbesti kosturinn og það er þá kannski betra orðalag en skömminni skárra og vona ég að hv. nefndarmenn heilbr.- og trn. verði þá aðeins ánægðari.

[21:04]

Útbýting þingskjala:

Bann við umskurði á kynfærum kvenna, 695. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 1155.

Ferðakostnaður ráðherra, 614. mál, svar fjmrh., þskj. 1148.

Ólögleg fíkniefni og meðferð ungra fíkniefnaneytenda, 693. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 1151.

Rannsókn sjóslysa, 552. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1152; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 1153.

Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014, 469. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1156.

Sérleyfi til fólksflutninga innan lands, 632. mál, svar samgrh., þskj. 1147.

Úthlutun sérstaks greiðslumarks í sauðfjárrækt, 589. mál, svar landbrh., þskj. 1142.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 404. mál, nál. umhvn., þskj. 1185.

[21:05]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu eins og kynnt hefur verið. Þetta frv. var lagt fram skömmu fyrir jólaleyfi þingmanna. Ég vil láta það koma fram í upphafi að ég var erlendis við þá umræðu og tók ekki þátt í henni og sömuleiðis var ég svo óheppin að vera fjarverandi þann dag sem heilbrn. afgreiddi málið og tók það úr nefnd, þannig að ég skrifa hvorki undir nál. frá nefndinni né er með sérstakt nál. sem ég hefði nú verið með ef ég hefði verið á þessum síðasta fundi. Ég vildi að þetta kæmi fram hvað varðar aðkomu mína að umræðunni fyrir jólin, því ég tók ekki þátt í henni.

En ég mæli hér fyrir breytingartillögum en engu nál. sem ganga út á það, án þess að ég sé að lýsa því nánar, að halda inni stjórnum heilbrigðisstofnana, þ.e. heilsugæslustöðva, heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa sem rekin eru af ríkinu, fyrir utan Landspítala – háskólasjúkrahús. Þar er og verður áfram sérstjórn.

Með breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem voru samþykkt árið 1996 breyttist starfssvið og ábyrgð framkvæmdastjóra heilbrigðisstofnana og við það að ábyrgðin er algjörlega þeirra hvað varðar rekstur stofnananna varð hlutverk stjórna heilbrigðisstofnana svolítið í lausu lofti og hafa allir fundið fyrir því að skýra þurfi hlutverk stjórnanna betur. Það er alveg ljóst að stjórnir heilbrigðisstofnana eiga að hafa eftirlit með rekstri og eins að vera ráðgefandi, en þetta er ekki nægilega skýrt og ég geri tillögu um það að hlutverk stjórna verði skýrt í lögunum.

En sannarlega hafa komið misvísandi umsagnir frá heilbrigðisstofnunum. Stór hluti þeirra sem hafa gefið umsögn vilja hafa stjórnirnar áfram og telja það mikilvægt til þess að tengja viðkomandi heilbrigðisstofnanir við íbúa svæðisins, við sveitarstjórnirnar og telja þetta samráð vera mikilvægt, og það er það. Og þó svo að hv. heilbrn. hafi lagt fram brtt. þar sem koma eigi á sambandi við íbúa viðkomandi svæðis og sveitarstjórnir með reglubundnum fundum allt að fjórum sinnum á ári, þá er það ekki það sama og að hafa þetta samráð í gegnum stjórnir. Það er annars konar nálgun og mér finnst að það geti farið mjög vel saman að halda núverandi stjórnum og hafa þær eins skipaðar og þær eru í dag, því þetta er fyrst og fremst til ráðgjafar og til þess að styrkja sambandið á milli

þeirra sem fara með framkvæmd stofnunarinnar og út í samfélagið og ná þar samhljómi við það sem sveitarstjórnirnar eru að gera og inn á það svið þar sem áhugi íbúanna liggur varðandi ákveðin verkefni og tvinnast þá oft saman áhuginn á svæðinu að fara í átaksverkefni þar sem aðilar geta hjálpast að, t.d. í fíkniefnaforvörnum eða varðandi ofbeldi, einelti, samþættingu skóla, félagsþjónustu og heilsugæsluþjónustu. Þennan samþættingarþátt þurfum við að efla miklu meira og þarna geta stjórnirnar með fulltrúum frá sveitarfélögunum komið að og verið miklu ábyrgari heldur en að bara séu haldnir fundir.

Þess vegna legg ég til og styð það að við styrkjum framkvæmdastjórnirnar eins og gert er í brtt. hv. heilbr.- og trn., að framkvæmdastjórnirnar fái ákveðna lagastoð, hægt verði að stækka þær ef áhugi er á því, en þær eru fyrst og fremst framkvæmdastjórnir og virka sem slíkar og ég tel ekki heppilegt að þær séu stórar. Þriggja manna framkvæmdastjórn hefur virkað mjög vel og þó svo að bætt verði við fulltrúa frá starfsmönnum gæti það gengið, en ég tel að miklu stærri framkvæmdastjórnir yrðu ekki mjög virkar.

Mér finnst það geta farið alveg saman að halda stjórnunum eins og þær eru í dag og eins skipuðum og þá á þessari forsendu, en jafnframt að skjóta stoðum undir framkvæmdastjórnirnar og að auk þess séu haldnir fundir reglulega með starfsmönnum stofnananna, ekki veitir af, og eins með íbúum viðkomandi svæðis. Með því mundum við vera að stórauka íbúalýðræði og við mundum líka vera að efla atvinnulýðræði og ég tel að við eigum að standa vörð um þetta, enda vil ég benda á að hæstv. heilbrrh. hefur óskað eftir tilnefningu í nefnd sem á að yfirfara öll lögin um heilbrigðisþjónustu, allt innihaldið, uppbygginguna og hvernig við viljum hafa heilbrigðisþjónustuna í landinu. Þetta er nefnd sem á að gefa sér a.m.k. ár ef ekki meira til að starfa. Það á að ná víðtækri sátt um niðurstöður þeirrar nefndar og ég tel að við eigum að geyma allar svona breytingar og vísa þeim inn í þá nefnd. Það er ástæðulaust að vera að rífa þetta upp eins og þetta er í dag.

Ég legg til að við núverandi lagagrein um stjórnir heilsugæslustöðvanna bætist nýr svohljóðandi málsliður: „Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með rekstri heilsugæslustöðva og vera ráðgefandi varðandi þjónustu stofnunarinnar.“ Festa þetta. Þetta er hlutverk þeirra. Það er framkvæmdastjórinn sem fer með æðsta vald og er ábyrgur gagnvart ráðherra. En ég tel mig geta talað af nokkurri reynslu að það á eftir að myndast mikið tómarúm hjá framkvæmdastjórum víða um land að hafa ekki stjórnirnar sér til ráðgjafar og stuðnings við erfiðar ákvarðanatökur því erfiðar ákvarðanatökur bíða margra. Töluvert fjármagn vantar og á sumum stöðum vantar mikið fjármagn inn í reksturinn eins og hann er í dag. Stofnanirnar voru reknar með halla á síðasta ári og sá halli var ekki bættur. Það kom aukafjármagn til sárafárra heilbrigðisstofnana fyrir rekstur á þessu ári, þannig að fyrirsjáanlegt er að vandinn verður mikill þegar líður á árið og þá þarf að skera niður. Víða er búið að spara á öllum þeim sviðum sem hægt er að spara, segja upp stöðu hér og stöðu þar og klípa niður einstök atriði, hafa ódýrari matvöru og leita allra ódýrustu leiða til þess að reka stofnunina og það er bara ekki hægt að finna fleiri smugur. Og þá er komið að þeim punkti að skera þurfi niður þjónustuna. Það er kannski ekki síst með þjónustuna sem snýr að íbúum viðkomandi svæðis sem skiptir okkur öll svo miklu máli, og þar sé ég stjórnina vera þennan mikla stuðning við framkvæmdastjóra og framkvæmdastjórn við að taka þessar afdrifaríku ákvarðanir þegar kemur að því að skera niður ákveðna rekstrarþætti ef fjármagn kemur ekki inn í reksturinn eins og þarf. Þegar ekki er hægt að finna fleiri litlar smugur kemur að því að velja.

Eigum við að loka fæðingardeildinni? Eigum við að loka einni af þessum þremur heilsugæslustöðvum af því að fólk getur keyrt á hálftíma eða þrem korterum á milli? Eigum við e.t.v. að loka alzheimer-deildinni eða öldrunardeildinni? Hvað eigum við að gera? Þetta eru allt ákvarðanir sem eru og verða sársaukafullar og það er mikilvægt að vinna málið með íbúum svæðisins. Er hægt að ná samstöðu um hvar eigi að skera niður eða er hægt að standa saman um að benda á lausnir og knýja á um meira fjármagn?

Þetta er sannarlega enn eitt skrefið til miðstýringar. Þótt stjórnirnar hafi átt erfitt með að finna sér hlutverk eða vita hvar þær stæðu hafa þær verið þarna og ég er alveg sannfærð um það, herra forseti, að þar sem hefur verið unnið að því af mikilli eljusemi að sameina heilbrigðisstofnanir, sjúkrahús og heilsugæslustöðvar, á stórum svæðum, eins og í Þingeyjarsýslu og á Austurlandi, skiptu stjórnirnar máli. Aldrei hefði tekist að koma á fót Heilbrigðisstofnun Austurlands nema vegna þess að þar var stjórn sem sveitarfélögin, svæðin, gátu tilnefnt í. Þar með vissu þau að þau hefðu aðgang að stjórnun stofnunarinnar, a.m.k. möguleika á að standa vörð um þjónustuna í sveitarfélaginu sínu. Ef þessi stjórn hefði ekki verið til staðar er ég alveg sannfærð um að Heilbrigðisstofnun Austurlands væri ekki til í dag. Þetta var samnefnari, þetta var það sem fólk gat séð sem tryggingu fyrir því að eiga aðild að stofnuninni á viðkomandi svæði.

Þegar fjármagn er takmarkað eru allir á varðbergi um það hvort þjónustan haldist og það er eðlilegt að fólk sé á varðbergi með að halda fulltrúum sínum inni í þessum stjórnum.

Það má líka benda á að það var sömuleiðis aðgerð til miðstýringar að leggja niður embætti héraðslækna fyrir ári. Það má segja að á þeim svæðum þar sem búið var að steypa saman heilbrigðisstofnunum, sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum, í eitt hafi hlutverk héraðslækna á því svæði minnkað eða orðið annað þegar það færðist yfir á stjórn þessara stofnana. Eftir sátu þá önnur svæði þar sem sameining hefur ekki átt sér stað og verður hugsanlega ekki á næstunni, þar sem embætti héraðslæknisins var mikilvægt. Það er rétt að það komi fram að embættunum var á sínum tíma ætlað meira hlutverk en þau höfðu nokkurn tíma tækifæri til að þróast í. Þegar allt sogast hingað miðlægt dafna heldur ekki embætti eins og héraðslæknaembættin hefðu átt að hafa tækifæri til.

Auk þess er rétt að það komi fram að sveitarstjórnirnar spara ekkert með þessu frv. Þó að þær losni undan 15% þátttöku í byggingu og rekstri sjúkrastofnana, heilsugæslu og sjúkrahúsa, mun framlag jöfnunarsjóðs minnka í sama mæli og framlag þeirra hafði verið til þessa reksturs. Hér er því eingöngu verið að ná fram hreinni verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga en það er enginn sparnaður hvað varðar sveitarfélögin við þessa aðgerð.

Ég vil benda á að í brtt. á þskj. nr. 1149 sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Jón Bjarnason eru meðflutningsmenn mínir að leggjum við til að það eigi einnig við um sjúkrahúsin, fyrir utan Landspítalann – háskólasjúkrahús, að áfram verði skipað samsvarandi í þær stjórnir.

Hv. þm. Kristján Möller vitnaði til ýmissa umsagna heilbrigðisstofnana um frv. og sannarlega dró hann þar fram umsagnir þeirra stofnana sem leggjast alfarið gegn þessari

breytingu sem við tökum undir sem flytjum hér brtt. Það er aðeins eðlismunur á tillögum okkar. Samfylkingin vill breyta samsetningu stjórnanna þannig að rekstri stofnananna verði alfarið komið yfir á ríkissjóð en við leggjum til að þær verði óbreyttar, og þá vísum við til þessa íbúalýðræðis.

Ég ætla ekki, herra forseti, að lesa hér allt upp sem hv. þm. Kristján Möller las áðan. Ég vil draga sérstaklega fram, því að það kom fram í ræðu hæstv. ráðherra og það kemur fram í nál. hv. heilbr.- og trn., að það er fullt samkomulag á milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og ráðuneytisins, en það kemur fram í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frv., með leyfi forseta:

„Í aðdraganda að gerð umræddra samkomulags var aldrei að því vikið einu orði að stjórnir umræddra stofnana yrðu lagðar niður í tengslum við brotthvarf fulltrúa sveitarfélaga í stjórn tilgreindra heilbrigðisstofnana. Þá fyrirhuguðu ákvörðun er ekki með neinum hætti hægt að tengja við umrætt samkomulag. Í samkomulaginu kemur einvörðungu fram að sveitarfélögin afsala sér lögbundnum rétti til tilnefningar í stjórnir hlutaðeigandi stofnana um leið og þátttaka þeirra í stofnkostnaði og viðhaldi stofnananna fellur niður.

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir fyrir sitt leyti engar athugasemdir við að áfram verði skipaðar stjórnir fyrir hlutaðeigandi stofnanir þótt sveitarfélögin eigi ekki lögbundinn rétt til tilnefningar fulltrúa sinna í þær stjórnir."

Það verður að vera alveg skýrt að þetta var ekki hluti af þessu samkomulagi enda hefur Samband íslenskra sveitarfélaga ekkert umboð til þess að semja svona án þess að vera þá með umboð frá sveitarstjórnum. Samband íslenskra sveitarfélaga hafði ekki þetta umboð enda var þetta ekki hluti af samkomulaginu. Þess vegna má það ekki standa eftir hér í gögnum frá þingi, bæði í ræðu hæstv. heilbrrh. og í nál., að *þetta hafi verið samkomulag*. Það var það ekki.

Með tilliti til þess að það er verið að endurskoða öll lögin og fyrirkomulag heilbrigðisþjónustu í landinu legg ég til að þessi hugmynd verði lögð til hliðar þó að við hreinsum svolítið til hvað varðar verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og máum út þessa 15% þátttöku sveitarfélaganna, þ.e. í byggingum framtíðarinnar og rekstrarkostnaði frá og með að það yrði þá samþykkt að fella niður 15%.

Svo eru fagfélögin, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga leggst eindregið gegn þessu og er auk þess með hugmyndir um hjúkrunarráð sem er ekki nýtt af nálinni. Svo lengi sem ég hef starfað við hjúkrun hefur verið einlægur áhugi hjúkrunarfræðinga að koma á hjúkrunarráðum, samsvarandi læknaráðum, til að fá umsagnir þeirrar fagstéttar hvað varðar ákvarðanatöku í ýmsum stjórnunaraðgerðum heilbrigðisstofnananna, ekki síður en læknaráðsins.

Það vildi svo illa til að umsögn frá Heilbrigðisstofnun Austurlands barst ekki hv. heilbr.- og trn. Ég fór að leita eftir henni og sá að sú stofnun hafði sent umsögn en það hafði bara orðið eitthvert óhapp hvað varðaði afgreiðslu hennar, hún hafði aldrei farið frá stofnuninni. Ég er með hana hér undir höndum en hún komst ekki til afgreiðslu heilbr.- og trn.

Mig langar, með leyfi herra forseta, að lesa þessa umsögn:

„Framkvæmdastjórn HSA" — sem er Heilbrigðisstofnun Austurlands — „hefur leitað eftir áliti frá lækna- og hjúkrunarráði HSA um ofangreint frumvarp. Báðir aðilar hafa svarað erindinu og fylgja tilvitnanir í umsagnir. Þær eru efnislega líkar og framkvæmdastjórn er þeim sammála.

Álit hjúkrunarráðs er svohljóðandi: Forsendur fyrir breytingu laga eru sagðar samningar milli ríkis og sveitarfélaga um niðurfellingu 15% hlutdeildar sveitarfélaga í stofnkostnaði og almennu viðhaldi innan heilbrigðisstofnana. Ríkið ætlar að sama skapi að fella niður sömu upphæð til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Helstu breytingar í þessu frv. eru að leggja niður stjórnir heilsugæslustöðva og heilbrigðisstofnana.

Okkar álit: Þó að stjórnir við heilbrigðisstofnanir hafi ekki haft bein völd hafa þær verið ráðgefandi afl og getað endurspeglað vilja og skoðanir starfsmanna og íbúa svæðisins sem eiga að njóta þjónustunnar. Við teljum að það samræmist ekki nútímalýðræði og réttlátri byggðastefnu að framkvæmdastjóri, sem er skipaður af ráðherra og starfar í hans umboði, fari með öll völd og ákvarðanir innan hverrar heilbrigðisstofnunar. Á sama tíma starfar forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss í umboði sjö manna stjórnarnefndar og ráðuneytis."

Undir þetta skrifar Rut Guðbjörnsdóttir.

Álit læknaráðs er svohljóðandi:

„Frumvarpið fjallar m.a. um að ríkið yfirtaki kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði, meiri háttar viðhaldi og rekstri sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva og að stjórnir *heilbrigðisstofnana verði lagðar niður frá 1. janúar 2003*. Læknaráðið óttast afleiðingar þess að stjórnir heilbrigðisstofnana verði lagðar niður og heimamenn missi þar með möguleika á að hafa áhrif á framgang heilbrigðismála á sínu svæði."

Fyrir hönd læknaráðs HSA undirritar Jón H. Sen þessa umsögn.

En fleiri frá þeirri stofnun, þ.e. stjórn HSA, ályktuðu um málið. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Heilbrigðisstofnunar Austurlands hefur tekið til umfjöllunar á fundi sínum 18. desember 2002 frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, 453. mál."

Ég ætla að sleppa lýsingum þeirra á því um hvað frumvarpið fjallar og fara í miðja greinina:

„Stjórnin leggur áherslu á að hlutverk stjórna heilbrigðisstofnana verði skoðað gaumgæfilega frá öllum sjónarhornum og metið áður en ráðist verður í svo viðamiklar breytingar á stjórnkerfi þeirra sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Alhæfing sú sem sett er fram í ljósi áðurnefndrar skýrslu varðandi skörun á valdsviði stjórna og framkvæmdastjórna er varhugaverð." — *Þarna er vísað til skýrslu nefndar sem hæstv. heilbrrh.* skipaði til að gera úttekt á stjórnsviðinu.

„Stjórnir heilbrigðisstofnana hafa myndað bakland framkvæmdastjóra við ákvarðanatökur og endurspegla vilja íbúa og sveitarfélaga sem lúta að þjónustu en ekki eingöngu framkvæmdum. Þar sem starfssvæði stofnana er víðfeðmt, eins og gerist á Austurlandi, skiptir miklu máli að sjónarmið dreifðra byggða nái inn á borð þeirra sem ákvarðanir taka. Stjórnin treystir því að áfram verði staðbundnar stjórnir yfir heilbrigðisstofnunum. Tillagan var rædd og samþykkt."

Herra forseti. Það skiptir mjög miklu máli þar sem búið er að sameina heilbrigðisstofnanir á víðfeðmu svæði að taka tillit til mjög mismunandi sjónarmiða og halda stjórnunum. Þannig geta allir setið við sama borð. Þannig komast að sjónarmið þeirra sem fjær eru ekki síður en þeirra sem nær eru.

Áðan var vitnað til umsagnar heilsugæslustöðvarinnar á Sólvangi í Hafnarfirði. Ég ætla ekki að gera það aftur en þar er mjög eindregið lagst gegn þessari breytingu. Á sama hátt

gerir heilsugæslustöðin á Akureyri góða grein fyrir því hvers vegna hún leggst ge gn því að stjórnirnar verði lagðar af.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara yfir fleiri umsagnir en fjmrh. skipaði í byrjun árs 2000 nefnd til að gera úttekt á ákvæðum laga um ábyrgð, valdsvið og stjórnunarumboð forstöðumanna ríkisstofnana. Hún komst að þeirri niðurstöðu að ríkisstofnanir hefðu ekki eiginlegar stjórnir. Ég mismælti mig áðan og sagði heilbrrh. hafa skipað nefndina en það var fjmrh. sem skipaði þessa nefnd og kom þeirri vinnu í gang.

Ég tel, herra forseti, að ég sé búin að gera brtt. mínum nokkuð góð skil. Munurinn á brtt. okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og Samfylkingarinnar er sá að við leggjum til að stjórnirnar séu óbreyttar, eins skipaðar og þær eru í dag, en hlutverk þeirra verði gert skýrara í lögum.

[21:36]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru eingöngu nokkur atriði sem ég vildi halda til haga vegna ræðu hv. þm. Þuríðar Backman.

Í fyrsta lagi virtist mér hv. þm. hafa látið að því liggja að í nál. heilbr.- og trn. sé því haldið fram að niðurlagning stjórnanna sé hluti af samkomulagi ráðuneytisins um kostnaðarskiptinguna. Það segir ekki í nál. heilbr.- og trn. að svo sé. Þar er hins vegar bent á að í umræðu um þetta mál hafi verið látið að því liggja að hluti af samkomulaginu væri að leggja stjórnirnar niður. Þannig var það aldrei. Það fór einhver misskilningur af stað um að því væri haldið fram að hluti af samkomulaginu fælist í þessu en það er alla vega löngu leiðrétt. Þetta er umræða sem átti sér stað einhvern tíma fyrir síðustu jól. Í áliti heilbr.- og trn. kemur a.m.k. hvergi fram að þær séu hluti af samkomulaginu.

Við getum svo sem rætt um hvaða fyrirkomulag sé best við stjórnir þessara stofnana langt fram á nótt. Mergurinn málsins er kannski sá, eins og hv. þm. Þuríður Backman hafði orð á áðan, að stjórnirnar áttu erfitt með að finna sér hlutverk og vita hvar þær stóðu. Sérstaklega var þetta óljóst eftir að lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins var breytt og valdsvið og ábyrgð forstöðumanna þeirra aukin til mikilla muna.

Hugmyndin um að breyta þurfi þessu fyrirkomulagi með stjórnirnar er svo sem ekki gripin af himnum ofan. En af því að hv. þm. hafði orð á og vísaði til umsagna frá læknaráði, hjúkrunarráði og stjórn Heilbrigðisstofnunar Austurlands, vil ég taka fram að á því landsvæði er þetta rekið undir einni heilbrigðisstofnun, sem ég hef verið einna hrifnust af. Ég vil taka fram að þær umsagnir hef ég ekki séð vegna þess að þær bárust ekki nefndinni fyrr en löngu eftir að allir frestir voru liðnir og eftir að nefndin afgreiddi málið.

[21:38]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vitna til nál. en þar stendur:

„Frumvarpið er lagt fram í framhaldi af samkomulagi ríkisins við Samband íslenskra sveitarfélaga um breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga.“ Síðan segir:

„Í samkomulaginu afsala sveitarfélögin sér lögbundnum rétti til tilnefningar í stjórnir umræddra stofnana um leið og þátttaka þeirra í stofnkostnaði og viðhaldi fellur niður.“

Ég get ekki lesið þetta öðruvísi. Ég var að vitna til þessa, að það var ekki samkomulag um að fella niður stjórnirnar. Engu að síður kemur fram í nál. að samkomulag hafi verið um það.

Ég tók það fram áðan, herra forseti, að vegna misskilnings bárust umsagnir Heilbrigðisstofnunar Austurlands, bæði frá læknaráði, hjúkrunarráði og stjórn, ekki hv. heilbr.- og trn. Allar þessar umsagnir áttu að fara út rétt fyrir jólin. Það vissi enginn betur en að þær væru löngu komnar til nefndarinnar þegar ég fór að grennslast fyrir um það. Hið rétta kom svo í ljós, að þetta var einhvers staðar stíflað í kerfinu.

[21:40]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er með nál. heilbr.- og trn. Enn vil ég leiðrétta misskilning. Í nál. segir að frv. sé lagt fram í framhaldi af samkomulagi ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Síðan segir:

„Samkomulagið felur í sér að ríkið yfirtekur 15%.“ Svo er það nánar útfært, talað um að sveitarfélögin muni áfram láta í té lóðir undir slíkar heilbrigðisstofnanir ríkinu að kostnaðarlausu. Svo er talað um gatnagerðargjöld o.fl. Þetta fer ekkert á milli mála. Síðan segir:

„Í samkomulaginu afsala sveitarfélögin sér lögbundnum rétti til tilnefningar í stjórnir umræddra stofnana um leið og þátttaka þeirra í stofnkostnaði og viðhaldi fellur niður.“

Þetta stendur í samkomulaginu. En svo segir:

„Í frumvarpinu er lagt til að stjórnir heilsugæslustöðva og umræddra sjúkrahúsa verði lagðar niður.“

Það er það sem ekki er inni í samkomulaginu. Þeir afsala sér réttinum til að tilnefna í stjórnirnar í samkomulaginu. Í framhaldi af því er innifalið í frv. að stjórnirnar séu lagðar niður.

Svo vil ég að endingu vekja athygli á því, vegna þess að hv. þm. lagði mikla áherslu á umsagnir frá þeim örfáu aðilum sem styðja að stjórnirnar verði reknar áfram, að heilbr.- og trn. gengur lengra til að styðja þessa framkvæmdastjóra í starfi sínu með þeim tillögum sem hún leggur fram. Gert er ráð fyrir að þær séu ráðgefandi og þetta sé samráðsvettvangur, sem er einmitt það sem þeir sem standa að Heilbrigðisstofnun Austurlands lögðu áherslu á í umsögn sinni. En það er ekki, í ljósi aukins valdsviðs forstöðumanna stofnana, hægt að tala um eftirlitsskyldu hjá þessum stjórnum lengur. En samráð og ráðgjöf eru það sem gengið er út frá.

[21:42]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Með samkomulaginu afsala sveitarfélögin sér lögbundnum rétti til tilnefningar í stjórnir umræddra stofnana um leið og þátttaka þeirra í stofnkostnaði og viðhaldi fellur niður.

Þar með er ekki sagt að meiningin hafi verið að leggja þær niður. (Gripið fram í.) Það var ástæðulaust og ég vil bara benda á að Samband íslenskra sveitarfélaga telur að ekki hafi verið nein ástæða til að leggja stjórnirnar niður, alla vega leggst það ekki gegn því að óbreyttu ástandi hvað það varðar.

[21:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum hér að ræða frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990. Eins og komið hefur fram hef ég skrifað undir nál. heilbr.- og trn. með fyrirvara ásamt hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni. Ég kem upp til að gera grein fyrir þeim fyrirvara sem við gerum við þetta mál.

Eins og reyndar hefur komið fram í ræðu hv. þm. Kristjáns Möllers fyrr á fundinum leggjum við jafnaðarmenn, eða Samfylkingin, mikla áherslu á íbúalýðræði. Það hefur verið álit ýmissa í okkar hópi að það að fella niður stjórnirnar væri tilhneiging til aukinnar miðstýringar og aukinnar stjórnar framkvæmdarvaldsins í þessum málaflokki. Reyndar hefur einnig komið fram að valdsvið stjórna heilbrigðisstofnana hefur minnkað mjög mikið eftir að lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna voru samþykkt. Síðan hefur hlutverk þeirra aðallega verið eftirlit og ráðgjöf. Það var niðurstaða hæstv. ráðherra að í kjölfar breytinga sem urðu vegna samkomulags ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga, um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, að ríkið yfirtæki 15% hlutdeild sveitarfélaganna í stofnkostnaði, meiri háttar viðhaldi og tækjakaupum heilsugæslustöðva, svæðissjúkrahúsa, deildasjúkrahúsa og almennra sjúkrahúsa. Sveitarfélögin munu hins vegar áfram láta í té lóðir undir þessar stofnanir, ríkissjóði að kostnaðarlausu.

Í framhaldi af þessu afsala sveitarfélögin sér rétti til tilnefninga í stjórnir umræddra stofnana, þ.e. um leið og þátttaka þeirra í stofnkostnaði og viðhaldi fellur niður. Frv. gerir sem sagt ráð fyrir því að stjórnir þessara stofnana verði lagðar niður.

Við í Samfylkingunni höfum verið þessu andvíg. Hins vegar var mjög komið til móts við þá sem gagnrýndu þetta harðlega og stöndum við að brtt. nefndarinnar þar sem gert er ráð fyrir að framkvæmdastjórnir starfi við þessar stofnanir. Við tökum sem sagt undir þær brtt. en þar sem brtt. hv. þm. Kristjáns Möllers gengur lengra munum við auðvitað styðja tillögu hans um að stjórnirnar starfi áfram. Verði hún felld munum við að sjálfsögðu styðja tillögu nefndarinnar þar sem komið er til móts við kröfu okkar um aðkomu fleiri að stjórnum stofnananna. Ég hefði reyndar viljað sjá íbúana koma meira að þeim stjórnum. Það er ákveðin opnun í tillögunni frá nefndinni sem getur séð til þess. Ég vil geta þess að við munum að sjálfsögðu styðja tillögu nefndarinnar þegar hún kemur til atkvæða, verði tillaga hv. þm. Kristjáns Möllers felld.

Eins og komið hefur fram í umræðunni er þetta ákvæði um niðurfellingu stjórnanna allumdeilt. Margir eru andvígir því. Hér er búið að lesa upp allmargar umsagnir um þetta mál og ætla ég ekki að fara að tína það til enda tel ég mig búna að gera ágæta grein fyrir fyrirvara mínum.

[21:48]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til 2. umr. frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu.

Eins og komið hefur fram ganga brtt. við frv. fyrst og fremst út á það að leggja niður stjórnir sem hafa verið við sjúkrahús og heilsugæslustöðvar vítt og breitt um landið. Þegar mælt var fyrir frv. fyrir jólin var gert ráð fyrir því að fella alveg brott þessar stjórnir en nú er verið að gera ráð fyrir eins konar innri stjórn sjúkrahúsanna, skipaðri af ráðherra. Það hefur verið rætt hvers vegna þetta hafi komið inn. Ég minnist þess að þegar hæstv. heilbrrh. mælti fyrir frv. hélt hann því fram að þetta væri hluti af samkomulagi við sveitarfélögin, við það að ákveðinn hluti í stofn- og rekstrarkostnaði sjúkrahúsanna færi undir ríkið og yrði létt af sveitarfélögunum. Áfram er þó um samrekstur að ræða því að áfram eiga sveitarfélögin þann hluta sem þegar er til kominn í stofnkostnaði á sjúkrahúsunum, áfram eiga þau lóðir og áfram eru þau með skuldbindingar varðandi gatnagerðargjöld og ýmislegt sem að því lýtur. Eignarlega og rekstrarlega er í sjálfu sér áfram um töluvert mikinn samrekstur og formlegt samstarf að ræða sem þarf að sjálfsögðu að vera í einhverjum farvegi á milli sjúkrahúsanna og sveitarfélaganna. Þó virðist sem verið sé að skera á það með þessu frv. hér.

Það þarf ekki að koma á óvart að frv. sem þetta líti dagsins ljós frá hæstv. ríkisstjórn, frá ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl., sem hefur mjög ötullega unnið að því að auka miðstýringu á hvers konar almannaþjónustu og færa þá stjórn og ráðslag inn í miðstýrt apparat í höfuðstöðvunum í Reykjavík. Þetta frv. er einn liður í því sem þar er verið að gera, að færa valdið, tengslin og nándina frá almannaþjónustunni við umhverfi sitt til framkvæmdarvaldsins. Stjórnir sjúkrahúsanna hafa verið tengiliðir á milli viðkomandi stofnunar og umhverfisins við sveitarfélögin, við íbúa á viðkomandi svæðum, og hafa gegnt þar gríðarlega miklu hlutverki. Menn geta velt því fyrir sér hversu afdrifaríkt það er á hverjum tíma, en til þessara stjórna getur verið hægt að grípa, þær geta haft þau afskipti sem þær vilja af áætlanagerð og rekstri sjúkrahúsanna.

Það frv. sem hér er flutt miðar að því að skera verulega á þessi tengsl. Þó að nú við 2. umr. sé lagt til að boðað verði til einhverra samráðsfunda milli sjúkrahúsanna og sveitarstjórna, a.m.k. tvisvar á ári, er það ekki sama aðkoman og sama nándin og var, og er, með því að hafa stjórnir sem eru tilnefndar af sveitarfélögunum, eins og nú er.

Ég vil vekja athygli á því að í 15. gr. núgildandi laga stendur, með leyfi forseta:

„Kveðið skal á um skiptingu landsins í heilsugæsluumdæmi í reglugerð. Þar skal einnig kveðið á um fjölda og flokkun heilsugæslustöðva og starfssvæði þeirra, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga."

Hv. þm. Þuríður Backman gerði grein fyrir því hvað þetta væri mikilvægt einmitt þegar fleiri en ein heilsugæslustöð eru á sama starfssvæði, eins og er á Austurlandi. Þar gegndi stjórnin lykilhlutverki þegar rekstur sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva á því svæði var sameinaður og samræmdur, og einmitt vegna þess að stjórnin, skipuð heimamönnum, naut þess trúnaðar sem til þurfti við að láta þá hluti ganga.

Ég þekki hliðstæð dæmi hjá okkur, bæði í Skagafirði og í Húnavatnssýslum. Í Húnavatnssýslum er t.d. sjúkrahús á Blönduósi og heilsugæslustöð á Skagaströnd. Í Skagafirði er það hliðstætt, sjúkrahús og heilsugæslustöð á Sauðárkróki og svo er líka lítil heilsugæslustöð á Hofsósi. Hvað eftir annað hafa komið upp umræður um að leggja þessar litlu stöðvar niður, loka þeim í hagræðingar- og sparnaðarskyni. En þar hefur einmitt viðkomandi stjórn, sem hefur verið skipuð fulltrúum úr byggðarlaginu, stjórn sem þekkti þar vel til og bar hag íbúanna þar fyrir brjósti, getað stýrt því á þann veg að af því hefur ekki orðið. En þrýstingur hins opinbera framkvæmdarvalds í svokallaða hagræðingu og jafnvel ómarkvissan niðurskurð á þjónustu getur bitnað hart á litlum sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum.

Þess vegna vil ég bara ítreka það hér að sú breyting sem lögð er til, þrátt fyrir nokkrar lagfæringar sem gerðar eru í nál. meiri hlutans, miðar að því að auka miðstýringu á rekstri þessarar mikilvægu þjónustu úti um landið, og reyndar hvar sem er. Hún miðar að því að rjúfa mikilvæg tengsl og mikilvæga nánd sem hefur verið á milli íbúanna, milli sveitarstjórnanna og viðkomandi sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Hún miðar að því sem er andstætt stefnu okkar

í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði enda er fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í heilbrn. 1. flm. að brtt. við þetta frv. þar sem lagt er til að þessum stjórnum verði viðhaldið en hlutverk þeirra skýrt.

Ég tel, virðulegi forseti, að einmitt þetta eigi að gera. Við eigum að færa valdið, nándina og tengslin út til héraðanna, út til þeirra sem treysta á þessa þjónustu, njóta hennar og geta þá líka fylgst með því að hún sé með þeim hætti sem þeir óska eftir og vilja.

Fyrir dyrum stendur heildarendurskoðun á skipan heilbrigðismála. Hæstv. heilbrrh. hefur tekið frumkvæði í því að skipa nefnd, sem allir stjórnmálaflokkar á þinginu munu eiga aðild að, til þess að gera tillögur um endurskoðun og endurskipan á heilbrigðisþjónustunni. Í ljósi þeirrar umræðu sem við höfum farið í gegnum hér varðandi heilbrigðismálin á undanförnum missirum er mjög brýnt að þessi nefnd vinni hratt og skili sem allra fyrst tillögum sem hægt er að byggja á til að styrkja og efla velferðarkerfi okkar. Þá er það alveg út í hött að mínu mati að grípa til aðgerða, eins og hér er verið að gera, að leggja niður stjórnir sjúkrahúsanna.

Ímyndum okkur t.d. styrk Sjúkrahússins á Selfossi vegna þeirrar góðu stjórnar sem þar hefur verið. Nú missir það af henni ef af þessum breytingum verður, og stendur frammi fyrir fullkominni óvissu um framhaldið. Hér hefur verið vitnað í umsagnir margra aðila sem einmitt hafa bent á hversu mikilvægt það er að halda þessum stjórnum.

Virðulegi forseti. Ég árétta það sem hv. þm. Þuríður Backman hefur sagt um mikilvægi þessara stjórna fyrir tengslin og samstarfið á milli sjúkrahússtofnananna og umhverfisins sem hafa gefist vel og reynst mikilvægar. Því skyldum við vera að skera á þá hluti sem hafa reynst vel? Það er svo fráleitt. Það er alveg hárrétt, það mætti styrkja og skýra hlutverk þeirra en að klippa á þær með þeim hætti sem hér er gert, þó að það komi tillaga um einhverjar innri framkvæmdastjórnir, er það allt annar hlutur og ekki það sama og hér er verið að klippa á. Ég óska eftir því á hv. Alþingi að tillögur okkar, hv. þm. Þuríðar Backman, Steingríms J. Sigfússonar og þess sem hér talar, um að stjórnirnar fái að vera óbreyttar fái brautargengi á hv. Alþingi.

[22:01]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Jóns Bjarnasonar um tilhneigingu í tíð þessarar ríkisstjórnar til að auka og efla miðstýringu vil ég fá að benda hv. þingmanni á að sum okkar horfa fram á við, við horfum til þess að það er ýmislegt sem breytist í þessu umhverfi, og ég vil árétta við hv. þingmann að þau lög sem samþykkt voru 1996, um aukna ábyrgð og valdsvið forstöðumanna stofnana, fara ekki saman við þá breytingu sem gerð var til að efla stjórnir sjúkrahúsanna og rekstur þeirra. Það fer ekki saman að vera á sama tíma með þessar stjórnir sem, eins og hv. þm. Þuríður Backman sagði áðan — hún er nú í sama þingflokki og hv. þm. Jón Bjarnason — hefðu átt erfitt með að fóta sig og hefðu verið í vandræðum með að vita hvert hlutverk þeirra væri.

Af því að hv. þm. nefndi það að umsagnir hefðu bent á mikilvægi þessara stjórna ætla ég að fá að ítreka það sem ég sagði fyrr í þessari umræðu: Af öllum þeim aðilum sem sent var þetta frv. til umsagnar, og þeir skiptu mörgum tugum, sinntu því ekki nema ellefu að skila umsögnum og þar af voru sex umsagnir sem studdu það eindregið að þessi breyting yrði gerð.

Að endingu vil ég leggja áherslu á það að í þeirri brtt. sem hv. heilbr.- og trn. leggur til við frv. er ekki verið að tala um neinar innri stjórnir. Það er verið að tala um framkvæmdastjórnir sem séu framkvæmdastjóra til samráðs og honum til ráðgjafar og til þess að bakka hann upp í störfum sínum til viðbótar því sem við leggjum til um reglulega samráðsfundi með sveitarstjórnum.

[22:04]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ráðgefandi stjórnir geta haft þau áhrif sem þær vilja og þetta fer að sjálfsögðu eftir samstarfi þeirra sem með stjórnirnar fara.

Ég geri mér alveg grein fyrir valdi og ábyrgð framkvæmdastjórans. En ég bendi bara á að í minni skólastjóratíð var ég líka með ráðgefandi skólanefnd sem var skipuð fulltrúa heimamanna af svæðinu. Hún starfaði mjög náið og mjög sterkt og í henni var mikill styrkur fyrir starfsemi stofnunarinnar og tengslin út í héraðið. En að sjálfsögðu bar ég ábyrgð á því sem síðan var gert.

Ég tel að menn eigi ekki að vera svona bundnir í hinu formlega valdi. Menn eiga að horfa meira á tengslin og hlutverkið og hvernig megi nýta það. Það sem vel er gert er ekki alltaf fólgið í valdinu, sem hv. þm. Jónína Bjartmarz vill trúa á, þó að ábyrgðin þurfi að vera fyrir hendi. Ég held að svona ráðgefandi stjórnir við sjúkrahúsin, skipaðar heimafólki, fólki sem þekkir vel til, fólki sem er hluti af því samfélagi sem þarna er verið að starfa með og þjóna, séu þessu starfi til styrktar. Ég tel þær mikilvægar og að það sé missir í þeim ef þær hverfa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannavarnir o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 464. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 702, nál. 1047 og 1085, brtt. 1052.

[22:06]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta hv. allshn. um frv. til laga um breyting á lögum um almannavarnir, lögreglulögum, lögum um Viðlagatryggingu Íslands, lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og lögum um fjarskipti. Þetta lýtur að stjórnsýslu almannavarna.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á stjórnskipulagi almannavarna. Við fengum marga góða gesti á fund nefndarinnar, leituðum umsagna víða og er þeirra getið í þingskjalinu sem þetta nefndarálit er ritað á.

Verkefni sem hafa verið á hendi almannavarnaráðs og Almannavarna ríkisins eru færð til embættis ríkislögreglustjóra. Gert er ráð fyrir að stofnuð verði sérstök deild við embættið í þessu skyni sem annist heildarskipulagningu og samhæfingu almannavarna. Þá er lagt til að sérstök ráðgjafarnefnd verði ríkislögreglustjóra til ráðuneytis um stefnumörkun og skipulag. Ekki eru lagðar til breytingar á stjórnskipulagi almannavarna í héraði nema gert er ráð fyrir að sveitarfélögum verði heimilt að koma á fót sameiginlegum almannavarnanefndum yfir tvö eða fleiri lögsagnarumdæmi. Það er rétt að hnykkja á því að ekki eru lagðar til breytingar á stjórnskipulagi almannavarna heima í héraði nema gert er ráð

fyrir því að almannavarnir geti sameinast yfir tvö eða fleiri lögsagnarumdæmi. Slíkt er ekki heimilt nú.

Lögreglustjóri hefur sem sagt fram til þessa stýrt í almannavarnaástandi, eins og við þekkjum svo vel. Því er ekki verið að breyta, alls ekki, en bent hefur verið á að hann hafi stundum vantað stuðning í slíku almannavarnaástandi. Almannavarnaráð er fjölskipað stjórnvald og hefur ekki með lögregluvald að gera og getur því ekki yfirtekið starf eða starfssvið lögreglustjórans ef svo ber undir. Bentu sýslumennirnir í Vestmannaeyjum og á Ísafirði m.a. á að þessi breyting væri mjög til bóta og leiddi til einföldunar fyrir lögreglustjóra, sem ég vil enn og aftur minna á að eru yfirmenn almannavarna heima í héraði. Jafnframt geti þessi breyting styrkt embætti lögreglustjóra og þá þætti er lúta að undirbúningi fyrir almannavarnaástand. Þetta eru m.a. þau atriði sem sýslumennirnir í Vestmannaeyjum og á Ísafirði bentu á.

Meginsjónarmiðið að baki þessum breytingum er að ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í umboði dómsmálaráðherra og samkvæmt gildandi lögum fara lögreglustjórar með stjórn almannavarna hver í sínu umdæmi. Því er talið eðlilegt að ríkislögreglustjóri fari með yfirstjórn þessara mála á landsvísu, sér í lagi með það í huga að almannavarnaástand getur náð yfir fleiri en eitt lögsagnarumdæmi. Gerir ríkislögreglustjóri það þá að höfðu samráði við viðkomandi lögreglustjóra.

Flestir gestir nefndarinnar tóku undir það að ábyrgð á hlutverkaskipan þyrfti að vera skýr. Með þessu muni jafnframt m.a. boðleiðir í almannavarnaástandi styttast, stjórnskipulag verða einfaldara og sparnaður nást í opinberum rekstri vegna samlegðaráhrifa. Er þetta fyrirkomulag, herra forseti, með svipuðum hætti og er í Noregi en þar eru tvær björgunarmiðstöðvar, önnur í Norður-Noregi og hin í Suður-Noregi, og lúta þær yfirstjórn lögreglustjóra. Þetta eru lágmarksbreytingar svo að hægt sé að sameina almannavarnir, t.d. á höfuðborgarsvæðinu, en ekki síður eru þetta lágmarksbreytingar vegna yfirstjórnar og björgunarmiðstöðvar. Í heimsókn nefndarinnar í Skógarhlíðina, sem var afskaplega góð heimsókn, kom skýrlega fram að breytingin sem getið er um í frv. styður mjög við björgunarmiðstöðina og skýrir ábyrgðardreifingu og hlutverkaskipan. Annað getur beðið. En þeir bentu ítrekað á að þessi breyting væri nauðsynleg til að styðja enn frekar við þessa björgunarmiðstöð sem flestallir eru sammála um að sé afskaplega mikilvæg.

Þá bentu þeir einnig á mikilvægi þess að þrátt fyrir að allir þessir aðilar komi að borði í björgunarmiðstöðinni sé skýrt kveðið á um að það sé einn aðili sem stýri.

Formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar gat þess m.a. að þetta frumvarp væri til að stytta boðleiðir og væri einnig stuðningur við að þeir sem koma að þessum mikilvægu málum tali sama tungumál, eins og hann orðaði það á fundi nefndarinnar.

Nefndin ræddi málið ítarlega á fundum sínum, eins og ég gat um áðan. Helstu athugasemdir sem fram komu hjá gestum lutu að nauðsyn heildarendurskoðunar á lögunum en jafnframt var á það bent að hlutverk hinnar svokölluðu samstarfsnefndar um almannavarnir væri ekki nógu skýrt.

Meiri hlutinn leggur til breytingar sem lúta að verksviði ríkislögreglustjóra annars vegar og svokallaðrar samstarfsnefndar um almannavarnir hins vegar sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Meiri hlutinn leggur til að í stað samstarfsnefndarinnar verði áfram starfandi almannavarnaráð, skipað lykilmönnum frá nánar tilgreindum stofnunum og aðilum á sviði almannavarna. Er með þessu ætlað m.a. að skerpa á hlutverki almannavarnaráðs enda lutu flestar athugasemdir þeirra sem leitað var til að hlutverki almannavarnaráðs. Fór meiri hluti nefndarinnar gaumgæfilega yfir þessar athugasemdir og eru breytingarnar m.a. gerðar í samræmi við þær athugasemdir sem komu fram í þessum umsögnum. Talið er nauðsynlegt að í almannavarnaástandi liggi skýrt fyrir hverjir eigi sæti í því og sé upptalningin því til þess fallin að spara tíma og vangaveltur við slíkar aðstæður. Meiri hlutinn leggur jafnframt til það nýmæli að dómsmálaráðherra skipi óháðan formann ráðsins án tilnefningar í þeim tilgangi að tryggja jafnræði aðila innan þess. Þá leggur meiri hlutinn til að dómsmálaráðherra hafi heimild til þess að kalla fleiri aðila til starfa í almannavarnaráði ef nauðsyn ber til. Lagt er til að almannavarnaráð verði ríkisstjórninni til ráðgjafar um almannavarnir. Auk þess verði það hlutverk ráðsins að stuðla að samhæfingu í almannavarnaaðgerðum og fjalla um áhersluatriði í almannavörnum á hverjum tíma og vera auk þess ríkislögreglustjóra til ráðgjafar þegar almannavarnaástand kemur upp.

Ég vil rétt geta þess, herra forseti, vegna þeirrar tillögu meiri hlutans að dómsmálaráðherra hafi einnig heimild til að kalla fleiri aðila til starfa í almannavarnir ef nauðsyn ber til að hér er meiri hlutinn með það í huga að ef málefni lúta m.a. að lögsögu yfirdýralæknis sem tengjast sóttvörnum o.s.frv. sé einmitt hægt í slíkum tilfellum að kalla yfirdýralækni inn í almannavarnaráð.

Meiri hlutinn leggur til að ríkislögreglustjóri hafi mun nánara samstarf við almannavarnaráð en frumvarpið gerði ráð fyrir og beri öll helstu atriði tengd almannavörnum undir það. Þetta leggjum við mikla áherslu á. Í breyttu stjórnskipulagi ber ríkislögreglustjóri hins vegar stjórnsýslulega ábyrgð á málaflokknum gagnvart dómsmálaráðherra enda er töluverður munur á stjórnsýslunni nú og stjórnsýslunni 1962 þegar almannavarnalögin voru samþykkt. Þá, eins og ég gat um áðan, var yfirstjórn almannavarna í héraði sett undir lögreglustjóra eins og það er nú.

Ríkislögreglustjóri ber stjórnsýslulega ábyrgð á málaflokknum gagnvart dómsmálaráðherra. Með því að lagt er til að meðal verkefna ríkislögreglustjóra sé vöktun og mat á hættu, viðbúnaður og upplýsingaöflun í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir, auk annarra verkefna sem tekin eru fram í 2. gr. frumvarpsins, er ekki gert ráð fyrir að hann annist mælingar, spár eða nokkra vísindalega vinnu heldur sé embættið upplýst um stöðu mála hverju sinni í þessum mikilvægu málaflokkum sem geta snúið að Veðurstofunni, Geislavörnum o.s.frv.

Þá leggur meiri hlutinn áherslu á að tímabært er að endurskoða lögin í heild og gera úttekt á stöðu almannavarna í landinu, ekki síst með hliðsjón af aukinni samvinnu við leit og björgun og samhæfingu viðbragða gegn vá.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þær helstu eru eftirfarandi:

1. Meiri hlutinn leggur til að ríkislögreglustjóri hafi mjög náið samstarf við almannavarnaráð og beri öll helstu atriði tengd almannavörnum undir ráðið, sbr. breytingartillögur við 1., 2., 5., 9., 11., 12. og 13. gr. frumvarpsins. Ríkislögreglustjóri ber hins vegar stjórnsýslulega ábyrgð á málaflokknum gagnvart dómsmálaráðherra.

2. Lögð er til nauðsynleg breyting á 5. gr. laganna í samræmi við ákvæði sóttvarnalaga, nr. 19/1997, og annarrar löggjafar á þessu sviði.

3. Lagðar eru til breytingar á 2. gr. frumvarpsins, er verður 3. gr., til samræmis við það sem nefnt er hér að framan og skýrar kveðið á um samráðsskyldu ríkislögreglustjóra við ýmsa aðila. Lögð er til orðalagsbreyting á b-lið um vöktun og mat á hættu til að skýrt sé hvað átt er við og að hér sé um að ræða samvinnu ríkislögreglustjóra við hlutaðeigandi stofnanir en ekki einungis við vísindastofnanir. Þá er lögð til breyting á c-lið ákvæðisins um geislavarnir. Viðmið í geislunarviðbúnaði hafa breyst mikið á undanförnum árum og reynslan hefur sýnt að jafnvel grunur um smávægilega aukningu geislunar getur haft veruleg efnahagsleg og félagsleg áhrif. Þannig miða nú flest lönd geislunarviðbúnað sinn við að geta brugðist við minnstu breytingu frá venjulegu ástandi og sama gildir um Geislavarnir ríkisins. Nauðsynlegt þykir að skipulag viðbúnaðar sé það sveigjanlegt að það geti tekið á smávægilegum frávikum jafnt sem alvarlegum slysum og atvikum. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til mun ríkislögreglustjóri hafa skýra lagaheimild til víðtækari samvinnu við Geislavarnir ríkisins um viðbúnað vegna geisla- og kjarnorkuvár með svipuðum hætti og tíðkast í grannlöndum okkar. Þá er lagt til að við bætist tveir nýir stafliðir þar sem kveðið er á um samráðsskyldu ríkislögreglustjóra við Umhverfisstofnun, landlæknisembættið og yfirdýralækni við nánar tilgreindar aðstæður. Loks er lagt til að áfram verði stuðst við nákvæma upptalningu í lögum á því hverjir eigi sæti í almannavarnaráði. Talið er nauðsynlegt að slíkt liggi skýrt fyrir í almannavarnaástandi. Upptalningin er til þess fallin að spara tíma og vangaveltur við slíkar aðstæður. Meiri hlutinn leggur þó til að ráðherra hafi heimild til þess að kalla fleiri aðila til starfa í almannavarnaráði ef nauðsyn ber til, samanber yfirdýralækni sem ég gat um áðan. Meiri hlutinn leggur til að nokkrir aðilar bætist í grunnhóp ráðsins. Nauðsynlegt þykir að veðurstofustjóri eigi þar sæti þar sem Veðurstofa Íslands er orðin helsta vöktunarstofnun landsins og fylgist með nánast allri náttúruvá, annaðhvort ein eða í samstarfi við aðrar stofnanir.

Í núgildandi lögum um almannavarnir er gert ráð fyrir að póst- og símamálastjóri sitji í almannavarnaráði. Með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa í löggjöf leggur meiri hlutinn til að þess í stað eigi þar sæti forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar ásamt forstjóra Landssíma Íslands til þess að tryggja eðlileg fjarskipti og síma- og netsamband frá landinu í almannavarnaástandi. Þá þykir jafnframt nauðsynlegt að hafa æðstu yfirmenn frá Rauða krossinum, Slysavarnafélaginu Landsbjörg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga í ráðinu ásamt flugmálastjóra þar sem þessir aðilar þurfa í ljósi reynslunnar að koma að málum ef almannavarnaástand skapast.

Þá er lögð er til orðalagsbreyting í 6. gr. frv.

Einnig er lögð til nauðsynleg breyting á gildistöku frumvarpsins.

Herra forseti. Undir þetta nál. rita ásamt þeirri sem hér stendur hv. þm. Katrín Fjeldsted, Jónína Bjartmarz, Ásta Möller og Kjartan Ólafsson en hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Við leggjum til þær breytingar sem getið er um í þskj. 464 sem þegar hefur verið lagt fyrir þingið. Við teljum um afskaplega brýnt mál að ræða sem eykur öryggi landsmanna í almannavarnaástandi, sem hugsanlega getur komið upp. Eins og ég gat um áðan, herra forseti, er málið þess eðlis að af þeim 21 sem sendi inn umsagnir eru 16 fylgjandi frv. en tveir eru á móti því, er annar framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins og hinn frá Vegagerðinni. Þrjá má skilgreina sem nokkurn veginn hlutlausa þar sem þeir leggja áherslu á endurskoðun á almannavarnaráði sem slíku. En við leggjum einmitt til að þar verði gerðar breytingar.

Herra forseti. Að öðru leyti hef ég ekki fleiri orð um þetta að sinni en meiri hluti nefndarinnar mælist til að frv. verði samþykkt.

[22:21]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuréttindi útlendinga, 598. mál, nál. félmn., þskj. 1187.

Reynslulausn, 517. mál, nál. allshn., þskj. 1186.

[22:22]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Við ræðum um breytingu á lögum um almannavarnir, lögreglulögum og nokkrum fleiri lögum sem nauðsynlegt hefur verið talið að breyta vegna þessa frv., verði það að lögum.

Frv. hefur fengið nokkuð góða meðferð í hv. allshn. Fyrir nefndina hafa komið flestir þeir sem eitthvað hafa haft til málsins að leggja. Ber að þakka formanni nefndarinnar fyrir vinnubrögðin við meðferð þessa máls. Það er ekki hægt að kenna hv. allshn. um hvernig þetta mál er fyrir þingið komið. Frv. er flutt af hæstv. dómsmrh. og ég vil segja í upphafi máls míns að þær breytingar sem meiri hluti nefndarinnar hefur reynt að gera á frv. eru flestar til bóta. Hins vegar var aldrei frá upphafi möguleiki á að bjarga þessu frv.

Við meðferð frv. hefur komið í ljós að það er erfitt að átta sig á því hvernig þessar hugmyndir urðu til. Við yfirferð í nefndinni kom fram hjá ráðuneytisstjóra dómsmrn. að upphaflega hugmyndin hafi verið að spara á fjárlögum í aðdraganda fjárlagagerðarinnar. Eins og fram kemur í frv. er hugmyndin sú að spara ríkisframlög til þessa málaflokks, almannavarna, úr 40 millj. rúmum niður í 20 millj., þ.e. draga saman á fjárlögum til málaflokksins um u.þ.b. 51–52% miðað við árið 2002.

Upphaflega hugmyndin virðist ekki lúta að því að auka almannavarnir eða neitt í þá veru. Enda er vandséð að samdráttur um 52% í útgjöldum til þessa málaflokks sé til að efla almannavarnir í landinu. Hvaða niðurstöðu geta menn dregið af því ef samdráttur í framlögum til þessa málaflokks um rúm 50% leiðir til þess að almannavörnum verði betur fyrir komið heldur en áður var? Maður spyr sig: Hvað voru menn þá að gera áður ef þetta er til að auka öryggi landsmanna, eins og látið er í veðri vaka í frv.?

Ég leyfi mér einnig að mótmæla því að aðeins örfáir af þeim sem komu fyrir nefndina hafi gert verulegar athugasemdir við frv. Án þess að ég ætli að telja þá upp hér gerðu flestir sem við teljum að hafi góða þekkingu á þessum málum miklar athugasemdir við frv.

Hugmyndin með þessu frv. er sú að færa Almannavarnir ríkisins undir ríkislögreglustjóra, þ.e. að gera almannavarnir að deild hjá ríkislögreglustjóra. Almannavarnir ríkisins hafa verið lítil ríkisstofnun sem hefur fyrst og fremst haft það hlutverk að samhæfa aðgerðir þegar slík vá er fyrir dyrum að það heyri undir almannavarnir. Eins hefur henni verið ætlað að vinna forvarnastarf og upplýsingastarf auk

þess að gera áætlanir um hvernig eigi að bregðast þegar almannavarnaástand kemur upp.

Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að gera grein fyrir nál. minni hluta allshn. og fara síðan yfir nokkrar af þeim umsögnum sem bárust. Auk þessa ætla ég að gera almenna grein fyrir afstöðu okkar í minni hluta allshn.

Auk mín stendur að þessu áliti hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir. Ögmundur Jónasson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur áliti þessu. Auk þess veit ég að hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, sem sæti á í nefndinni, styður það álit sem ég ætla hér að gera grein fyrir.

Markmið frumvarpsins er að leggja niður Almannavarnir ríkisins sem sérstaka stofnun og færa starfsemina til deildar sem heyrir undir embætti ríkislögreglustjóra. Þessar hugmyndir ganga þvert á áætlanir Almannavarna ríkisins um uppbyggingu almannavarna í landinu. Þar sem frumvarpið hvorki eflir né eykur öryggi almennings í landinu, en er líklegt til að hafa gagnstæð áhrif, er mikilvægt að Alþingi hafni því.

Komið hefur fram að ekkert samráð var haft við framkvæmdastjóra Almannavarna áður en frumvarpið var samið og á meðan það var í smíðum. Einnig kom fram á fundi allsherjarnefndar að upphafið að því að leggja stofnunina niður var leit ráðuneytisins að leið til að spara í rekstrinum. Minni hlutinn gagnrýnir ekki þann vilja dómsmálaráðherra að spara í ríkisrekstrinum en svo virðist sem í óðagotinu við undirbúning fjárlaga hafi þessi ákvörðun verið tekin án þess að skoðað hafi verið hvaða áhrif það kynni að hafa á almannavarnir í landinu.

Almannavarnir hafa það hlutverk fyrst og fremst að samhæfa aðgerðir viðbragðsaðila þegar áföll verða. Þar koma við sögu ríkisstofnanir, sveitarfélög, sjúkrastofnanir, björgunarsveitir, vísindamenn, fjölmiðlar, einkaaðilar og aðrir þeir sem hönd geta lagt á plóg þegar hætta steðjar að. Almannavarnir eru því fyrst og fremst vettvangur aðila sem koma saman og samhæfa björgunaraðgerðir.

Í athugasemdum við frumvarpið er nefnt að það feli í sér aukið öryggi og eflingu almannavarna. Telja verður harla ólíklegt að verði sérhæfðum starfsmönnum á þessu sviði fækkað um þriðjung og framlög til málaflokksins dregin saman um helming muni það leiða til aukins öryggis og eflingar almannavarna.

Þá er nefnt að breytingin feli í sér styttingu boðleiða í almannavarnaástandi og einföldun á stjórnskipulagi almannavarna. Hvað varðar styttingu á boðleiðum er aðeins eitt um það að segja, en samkvæmt núverandi skipulagi geta boðleiðir ekki verið styttri af því að allir sem koma að almannavarnaástandi eiga sæti í almannavarnaráði.

Því verður að halda til haga að almannavarnir snúast ekki fyrst og fremst um lögreglu og löggæslumál. Það er aðeins einn þáttur starfseminnar. Aðrir sem koma að henni eru t.d. slökkvilið, læknar, hjúkrunarfólk o.fl.

Því er mat minni hlutans að frumvarpið, verði það að lögum, muni ekki leiða til aukins öryggis landsmanna ef og þegar til almannavarnaástands kemur. Minni hlutinn óttast að málið sé ekki nægilega undirbúið og því skynsamlegt að fresta því og vinna frekar hafi menn raunverulegan áhuga á því að efla almannavarnir í landinu.

Margir sem komu fyrir nefndina gerðu athugasemdir við það fyrirkomulag sem stefnt er að með frumvarpinu. Mat minni hlutans er að breytingartillögur meiri hluta allsherjarnefndar við frumvarpið séu til bóta en það breyti ekki þeirri staðreynd, út frá almannavarnasjónarmiðum, að ekki sé hægt að bjarga frumvarpinu vegna þess hversu illa ígrundað það er í upphafi.

Þetta vildi ég segja, virðulegi forseti, og um leið og ég geri grein fyrir áliti minni hluta allshn. vil ég líka ítreka það sjónarmið sem við setjum hér fram og allir sem að þessum málum koma viðurkenna, en það er að almannavarnir eru ekki og geta ekki verið eingöngu lögreglumál. Það eru svo miklu fleiri sem koma að almannavarnaástandi eins og ég hef nefnt.

Það hefur verið nefnt nokkrum sinnum í umræðum á hinu háa Alþingi hversu mjög embætti ríkislögreglustjóra hefur þanist út og líkast til eru ekki dæmi um slíkt áður. Það embætti var upphaflega hugsað sem lítið samræmingarembætti í löggæslumálum í landinu og með því yrði sú starfemi flutt úr dómsmrn. sem þar var og laut að þessum málaflokki. Hugmyndin í upphafi var sú að koma á fót litlu samræmingarembætti. Nokkur ár eru síðan þessar hugmyndir voru settar á flot en eftir að til embættisins var stofnað hefur það þanist út svo mjög að ekki þekkjast önnur dæmi. Meira að segja var það svo, virðulegi forseti, að þegar ríkislögreglustjóri kom fyrir nefndina gat hann þess að hann hefði ekki verið með hugmyndir eða verið með í ráðum þegar ákveðið var eða hugmyndirnar settar fram um að færa þetta til ríkislögreglustjóra. Þetta kemur fram í skriflegu áliti sem hann sendi allshn.

Það er því dálítið sérstætt þegar menn hugsa til þess að hvorki fulltrúar Almannavarna ríkisins né sá sem á að taka við málaflokknum voru með í ráðum þegar ákveðið var að fara þessa leið. Þess vegna er það líka mjög sérstætt að fullyrt sé að sú leið, þ.e. að fækka sérhæfðum starfsmönnum á þessu sviði og draga úr fjárframlögum um helming, sé til þess fallin að auka öryggi landsmanna.

Eins og ég sagði í upphafi er ekki við hv. þm. í allshn. að sakast. Ég held meira að segja að meiri hluti allshn. hafi reynt að gera sitt til að lagfæra það sem þó virðist ekki vera hægt. En þessi vinnubrögð eru ekki til fyrirmyndar og þau eru ekki til eftirbreytni. Vel má vera að hv. þm. hafi verið í einhverjum vandræðum þegar þeir voru að koma saman fjárlögum en það skiptir miklu máli að þeir beri ekki niður bara einhvers staðar þegar verið er að skaða jafnmikilvæga starfsemi og starfsemi almannavarna.

Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að fara nokkuð vel og vandlega yfir umsögn sem kom frá Almannavörnum ríkisins og gera nokkuð skilmerkilega grein fyrir þeim sjónarmiðum sem þar koma fram, einkanlega vegna þess að þar held ég og tel að sé mest þekking þeirra sem að slíkum málum koma. Það er líka mjög sérstætt að Almannavarnir ríkisins hefur verið óumdeild stofnun, hún hefur notið mikillar virðingar af því að Almannavarnir ríkisins eru fyrst og fremst samhæfingaraðili aðgerða þegar almannavarnaástand kemur upp.

Þessi umsögn er ekki mjög löng, virðulegi forseti, aðeins nokkrar síður, og ég ætla að fara nokkuð vandlega yfir hana, en þar segir, með leyfi forseta — ég sé að hv. þm. Ögmundur Jónasson sprettur upp við þetta og er augljóst að áhugi hans á málinu er mikill og kinkar hann kolli og ætla ég nú að reyna að upplýsa hann um þau sjónarmið sem fram koma hjá þeim sem mesta þekkingu hafa á málinu hér á landi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í bréfi allsherjarnefndar, dags. 16. des. 2002, til Almannavarna ríkisins er óskað eftir umsögn um frumvarp til

laga um breytingar á lögum um almannavarnir o.fl., 464. mál.

Markmið þessa frumvarps" — ég er, með leyfi forseta, að lesa upp úr bréfi sem er dagsett 20. jan. 2003 — „er að leggja niður Almannavarnir ríkisins sem sérstaka stofnun og færa starfsemina til deildar undir embætti ríkislögreglustjóra og leggja niður almannavarnaráð og færa verkefni þess til embættis ríkislögreglustjóra. Þessar hugmyndir ganga þvert á áætlanir Almannavarna ríkisins um uppbyggingu almannavarna í landinu. Þar sem frumvarpið hvorki eflir almannavarnir né eykur öryggi landsmanna, en er líklegt til þess að hafa gagnstæð áhrif, er mikilvægt að það verði ekki samþykkt. Því mun undirrituð ekki gera athugasemdir við einstakar greinar þess heldur fjalla nokkuð um greinargerðina með frumvarpinu og um málið í heild."

Undir þetta skrifar Sólveig Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins.

Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að fara vandlega yfir umsögnina, því ég held að í henni komi fram kjarninn í þessari umræðu. Í henni eru dregnar fram helstu röksemdir fyrir því af hverju þessi leið er mjög svo gagnrýniverð. Ég vil þó segja áður en ég fer yfir umsögnina að almennt voru flestir ef ekki allir sem gáfu umsögn og komu fyrir nefndina þeirrar skoðunar að mikilvægt væri að endurskoða lög um Almannavarnir ríkisins. Hins vegar voru þeir færri sem vildu fara þá leið sem hér um ræðir.

Þó er kannski rétt að taka fram að gefnu tilefni, af því að hv. formaður nefndarinnar taldi hér upp hverjir voru með, hverjir voru á móti og hverjir voru hlutlausir, að sýslumennirnir í landinu voru almennt á því að þessa leið ætti að fara. Ég held að það sé mikilvægt að það liggi hér fyrir í umræðunni. (Gripið fram í.)

En, með leyfi forseta, ætla ég að fara yfir þá umsögn sem ég vitnaði til áðan og bera niður í henni þar sem ég tel mikilvægt að koma á framfæri:

„Í greinargerðinni eru nefndar þrjár meginröksemdir fyrir frumvarpinu.

Í fyrsta lagi: nefnt er að breytingarnar feli í sér aukið öryggi og eflingu almannavarna í landinu.

Í frumvarpinu er lagt til að fækka sérhæfðum starfsmönnum um þriðjung eða helming og minnka fjárframlag til starfseminnar um 51% (21,2 milljónir). Það er ekki trúverðugt að það muni efla almannavarnir í landinu. Almannavarnir ríkisins, sem sérstök hlutlaus stofnun, hefur átt greiðan aðgang að ýmsum stofnunum og aðilum. Þegar staða stofnunarinnar verður lækkuð í stjórnkerfinu frá því að vera sérstök ríkisstofnun í það að vera lítil deild undir ríkislögreglustjóra munu þau samskipti verða erfiðari. Þá munu boðleiðir milli þeirra sem starfa daglega að almannavarnamálum og æðstu manna almannavarna lengjast. Enn fremur hafa Almannavarnir ríkisins, sem sérstök hlutlaus stofnun, öðlast álit meðal landsmanna og greinilega notið velvilja mjög margra sem sinna störfum er snerta almannavarnir. Það má fastlega búast við að skrifstofa innan embættis ríkislögreglustjóra njóti ekki sömu velvildar. Allt þetta mun veikja almannavarnir í landinu, því meir sem lengra líður."

Áfram segir þar sem verið er að fjalla um, með leyfi forseta, meginröksemdir fyrir frv. sem eru þrjár, og er hér farið yfir þær og athugasemdir gerðar.

„Í öðru lagi: nefnt er að breytingin feli í sér styttingu á boðleiðum í almannavarnaástandi og einföldun á stjórnskipulagi almannavarna.

Hvað varðar styttingu á boðleiðum má benda á að samkvæmt núverandi skipulagi eru í samhæfingarstöð almannavarna, þegar neyðarástand ríkir, almannavarnaráð, framkvæmdastjóri þess og aðrir starfsmenn stofnunarinnar. Í almannavarnaráði sitja forstjóri Landhelgisgæslunnar, (núverandi formaður), landlæknir, ríkislögreglustjóri, vegamálastjóri og forstjóri Landssímans. Samhæfingarstöðin er í beinu sambandi við þann lögreglustjóra sem stýrir störfum á vettvangi og aðra þá sem hafa verið virkjaðir til björgunaraðgerða. Þá eiga allar mikilvægar stofnanir, frjáls félagasamtök og aðilar tengiliði í samhæfingarstöðinni eða geta verið kallaðir til. Boðleiðir geta ekki verið styttri. Þetta skipulag hefur reynst vel og ekki kunnugt um nein dæmi þess að boðleiðir hafi verið svo langar að það hafi valdið töfum.

Í þriðja lagi: nefnt er að í breytingunum sé talinn felast nokkur sparnaður.

Það er vafalaust rétt að helmings niðurskurður á framkvæmdafé stofnunarinnar og fækkun starfsmanna muni spara fé til skemmri tíma litið, en óvíst er um sparnað þegar til lengri tíma er litið.

Í upphafi greinargerðarinnar með frumvarpinu segir að frumvarpið sé samið í dómsmálaráðuneytinu og það ber þess greinileg merki. Í frumvarpinu og greinargerðinni eru nær eingöngu gerðar breytingar sem snúa að því ráðuneyti. (Undantekning er þó ákvæði um aukið frelsi sveitarstjórna til þess að skipa almannavarnanefndir, bæði hvað varðar mannaval og samvinnu sveitarfélaga. Það er til bóta.) Almannavarnir snúast ekki fyrst og fremst um lögreglu- og löggæslumál. Það er aðeins einn þáttur starfseminnar. Aðrir sem koma oft og mikið við almannavarna- og björgunarstörf eru t.d. slökkvilið, læknar og hjúkrunarfólk, björgunarsveitir, sjúkraflutningamenn, Vegagerðin og þeir sem annast fjarskipti. Þá hefur Landhelgisgæslan oft þýðingarmiklu hlutverki að gegna við björgun. Aðkoma æðstu manna á þessum sviðum er tryggð með núverandi fyrirkomulagi, bæði er lýtur að skipulagningu og þegar almannavarnaástand ríkir. Samkvæmt frumvarpinu verða þau tengsl rofin og í stað þeirra komi óskilgreind „samstarfsnefnd"." — Hér er þó rétt að hafa í huga að þessu hefur verið breytt í meðförum nefndarinnar. Svo segir áfram, með leyfi forseta:

„Í viðbrögðum við áföllum skiptir meginmáli að samhæfing þeirra sem bregðast við sé góð. Þar koma við sögu ríkisstofnanir, sveitarfélög, sjúkrastofnanir, björgunarsveitir, vísindamenn, fjölmiðlar, einkaaðilar og aðrir þeir sem geta lagt hönd á plóginn á hættu- og neyðarstundu. Almannavarnir ríkisins hafa það hlutverk fyrst og fremst að tryggja samstarf aðila og að samhæfing aðgerða gangi fyrir sig eins vel og hægt er og að tryggja upplýsingastreymi á milli þeirra sem þurfa á upplýsingum að halda, bæði þeirra sem vinna að neyðaraðstoð og fjölmiðla. Færa má rök fyrir því að Almannavarnir ríkisins, sem sérstök hlutlaus stofnun, sé líklegri til þess að fá alla aðila til að starfa saman heldur en skrifstofa á vegum embættis ríkislögreglustjóra. Frumvarpið tekur ekkert tillit til þessa samhæfingarstarfs né er það rætt í greinargerð.

Það er ljóst af lestri frumvarpsins og greinargerðarinnar að þeir sem sömdu þessi skjöl hafa litla þekkingu á starfsemi almannavarna og hafa ekki leitað til neinna sem þekkingu hafa á málaflokknum. Víða er að finna fullyrðingar, sem koma þeim sem sinna almannavörnum og hafa þekkingu á þeim málum, spánskt fyrir sjónir. Það sem talið er þessu frumvarpi til ágætis eru breytingar sem þegar er farið að

vinna að og hafa ekkert með frumvarpið að gera. Almannavarnir ríkisins hafa t.d. haft frumkvæði að því að samnýta húsnæði sem verið er að byggja í Skógarhlíð. Stofnunin hefur gert leigusamning um húsnæði fyrir skrifstofur sínar á efstu hæð í Skógarhlíð og samhæfingarstöð í kjallaranum. Þar á að byggja upp sameiginlega aðstöðu fyrir alla þá sem sinna stjórnun og samhæfingu á landsvísu. Þá verður aðstaða Almannavarna ríkisins við hliðina á Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar og Neyðarlínunni. Um það er full samstaða og samvinna. Þessi mál voru í góðum farvegi áður en þetta frumvarp varð til.

Þótt þetta frumvarp sé ónýtt er mikil þörf á að endurskoða lög um almannavarnir. Það þarf t.d. að skilgreina Almannavarnir ríkisins sem stofnun og marka henni starfssvið. Það þarf að skilgreina betur valdsvið almannavarnaráðs og framkvæmdastjóra, bæði í daglegum rekstri og við almannavarnaástand. Í gildandi lögum er ekki tekið á því hvernig staðið skuli að uppbyggingu eftir áfall. Það er ekki síður mikilvægur þáttur í viðbrögðum við neyðarástandi og þarf að vera skilgreint í lögum sem verksvið almannavarna.

Ákveða þarf undir hvaða ráðuneyti stofnunin á að heyra. Störf almannavarna eru svo margvísleg og koma inn á svið svo margra fagráðuneyta að stofnunin ætti að heyra undir forsætisráðuneytið. Það ráðuneyti getur samhæft störf annarra ráðuneyta. Því til stuðnings má benda á að ýmis dæmi eru um að forsætisráðuneytið hafi gripið inn í þennan málaflokk. Þegar snjóflóðin urðu á Vestfjörðum 1995 voru viðbrögð ríkisins skipulögð af hálfu forsætisráðuneytisins. Sama gerðist þegar auknar líkur voru á að eldstöðin Katla í Mýrdalsjökli færi að gjósa í lok síðustu aldar og einnig þegar skipulögð voru viðbrögð ríkisins varðandi jarðskjálftana á Suðurlandi sumarið 2000.

Dæmi um máttleysi fagráðuneytisins" — þ.e. dómsmálaráðuneytisins — „til þess að samhæfa störf eru viðbrögðin við ógninni sem stafaði af hugsanlegum hryðjuverkum af völdum miltisbrands. Þar komu að málum lögregla, slökkvilið, heilbrigðisaðilar (landlæknir, slysadeildir, sjúkrabílar og rannsóknarstofnanir), póstþjónusta (flokkunarstöðvar, bréfberar), opinberir aðilar (forsætisráðherra) og rannsóknaraðilar (ríkislögreglustjóri). Ástandið þá sýndi að sá ráðherra sem er æðsti maður almannavarna hefði átt að hafa vald sem nauðsynlegt var til þess að tryggja samhæfðar aðgerðir. Málið fór þó vel að lokum, það dó út vegna þess að ekkert miltisbrandstilfelli kom upp. Á þeim 7 árum sem undirrituð hefur verið framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins stendur þessi aðgerð upp úr, sem mál, sem illa var staðið að.

Sem fyrr segir þarf að semja ný lög um almannavarnir og full þörf er á að efla Almannavarnir ríkisins. Aðstaða stofnunarinnar er allsendis ófullnægjandi. Við stofnunina starfa 6 starfsmenn. Það er ekki nóg til þess að viðhalda þeim viðbúnaði sem þarf að vera til staðar ef hann á að nýtast vel þegar á reynir eða til þess að fylgja eftir nýjungum og þróun sem er að verða á almannavörnum í heiminum. Undirrituð hefur, í samvinnu við starfsmenn stofnunarinnar, gert greiningu á framtíðarþörfum stofnunarinnar, þar á meðal starfsmannaþörf. Fram kemur að starfsmannafjöldi þarf að lágmarki að vera 11 manns svo viðunandi sé. Í framhaldi af því hefur verið samin ítarleg skýrsla um framtíðarþörf Almannavarna ríkisins. Undirrituð gerði grein fyrir þörfunum þegar skýrslan var kynnt og afhent núverandi dómsmálaráðherra á fundi í upphafi árs 2000. Ráðherra er því vel kunnugt um tillögur Almannavarna ríkisins um aðgerðir sem nauðsynlegar eru til forvarna svo unnt sé að bregðast við náttúruhamförum og öðrum stóráföllum á viðunandi hátt. Ástæða var til þess að ætla að dómsmálaráðuneytið væri sammála stefnumótun stofnunarinnar í meginatriðum því að í bréfi ráðuneytisins til Almannavarna ríkisins, sem dagsett er 14. júní 2001 segir:

„Ráðuneytið hefur haft til skoðunar ársáætlun 2001 og þriggja ára áætlun fyrir Almannavarnir ríkisins. Það er mat ráðuneytisins að sú þriggja ára áætlun sem skilað hefur verið sé prýðilega úr garði gerð, enda eru þar njörvuð niður vel skilgreind markmið, sem raunhæft er að ætla að verði lokið innan þriggja ára. Jafnframt eru þetta verkefni sem hafa verið framarlega í forgangsröð og eðlilegt þykir að hrundið verði í framkvæmd.

Þá er til fyrirmyndar hve framsetningin á ársáætluninni er skipuleg og aðgengileg. Fellst ráðuneytið á téða áætlun stofnunarinnar og samþykkir hana hvað markmiðin snertir.""

Það er mikilvægt, virðulegi forseti, að þessi afstaða ráðuneytisins liggi fyrir hér í umræðunni á hinu háa Alþingi því að það er ljóst að sú leið sem hæstv. dómsmrh. hefur ákveðið að fara með framlagningu þessa frv. er algjörlega á skjön við þær hugmyndir sem þarna voru lagðar fram.

Svo heldur áfram í bréfi, með leyfi forseta:

„Það kom undirritaðri því á óvart þegar tilkynnt var að dómsmálaráðherra hefði ákveðið þær breytingar sem felast í frumvarpinu, án nokkurra viðræðna við almannavarnaráð, Almannavarnir ríkisins eða aðra aðila með þekkingu á málefninu.

Spurningarnar sem alþingismenn þurfa nú að svara eru hvort þróa eigi öflugar almannavarnir í landinu og hvort við höfum efni á því að eyða til þess 80 til 100 milljónum króna á ári. Sé svarið já, er mikilvægt að þetta frumvarp nái ekki fram að ganga og að hefja heildarendurskoðun laga um almannavarnir sem fyrst. Að því verki þarf að koma fólk með þekkingu á málaflokknum og þeim margvíslegu störfum sem þarf að sinna við neyðaraðstoð. Almannavarnir ríkisins starfi í óbreyttu formi þar til endurskoðun laga og endurskipulagningu er lokið."

Undir þetta ritar Sólveig Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins, 20. janúar 2003.

Það er mat mitt, virðulegi forseti, að í þessari umsögn komi fram þær meginathugasemdir sem draga fram þá afstöðu sem minni hlutinn hefur í þessu máli. Við teljum mjög alvarlegt, virðulegi forseti, að sú leið skuli vera farin sem hér er ákveðið að fara. Almannavarnir geta og eiga að vera samhæfingaraðili fyrir þá sem koma að almannavarnaástandi. Við hljótum að spyrja í þessu samhengi þar sem ætlunin er að flytja þessi verkefni yfir til ríkislögreglustjóra: Þýðir það það í almannavarnaástandi að hann hafi yfir læknum og heilbrigðisfólki að segja? Ganga þessi lög framar læknalögum og lögum um heilbrigðisstéttir almennt? Eða vita menn í raun og veru á hvaða vegferð þeir eru með því að setja málið í þann farveg sem hér er ætlunin að gera?

Það er líka fróðlegt, virðulegi forseti, að velta fyrir sér þeirri umsögn sem Rauði kross Íslands lét frá sér vegna þessa tiltekna frumvarps. Í henni segir m.a., með leyfi forseta:

„Almannavarnir ríkisins eru lítil sjálfstæð stofnun sem hefur getið sér gott orð og staðið undir þeim skyldum og væntingum sem til hennar eru gerðar. Stofnuninni hefur tekist að byggja upp á jafnréttisgrundvelli góð tengsl við samstarfsaðila, ríkisstofnanir, vísindastofnanir og frjáls félagasamtök og hefur henni oft tekist að sameina ólík sjónarmið.

Rauði kross Íslands óttast að þessi sérkenni, sem hafa stuðlað að velgengni Almannavarna ríkisins, kunni að glatast ef stofnunin verður að deild í stórri stofnun og vægi almannavarna verði minna. Ef af breytingunum verður, telur Rauði krossinn mikilvægt að Almannavarnir fái tilhlýðilegan sess innan embættis ríkislögreglustjóra."

Þessar athugasemdir koma frá Rauða krossinum sem augljóslega hefur af því miklar áhyggjur að Almannavarnir ríkisins verði lagðar niður.

Fleiri umsagnir, virðulegi forseti, hafa borist allsherjarnefnd þar sem gerðar eru verulegar athugasemdir við frumvarpið, t.d. ætla ég að leyfa mér, virðulegi forseti, að bera hér niður í umsögn Vegagerðarinnar.

Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Verkefnum, sem Almannavarnir ríkisins sinna og skilgreind eru í gildandi lögum, má í grófum dráttum skipta í þrennt, forvarnavinnu, (t.d. gerð neyðaráætlana, æfingar, kennsla, samráð við vísindamenn og margt fleira), eftirlit með almannavarnanefndum og búnaði þeirra og í þriðja lagi stýringu og samhæfingu í almannavarnaástandi. Fyrri tveir verkefnaflokkarnir svara í aðalatriðum til þeirra verkefna sem almannavarnanefndum eru falin í héraði, en sá þriðji er á valdsviði lögreglunnar, og því hægt að taka undir það að boðleiðir í almannavarnaástandi styttast. Ekki er þó kunnugt um tilvik í fortíðinni þar sem langar boðleiðir í hættuástandi hafa komið að sök. Þá sýnist unnt að stytta og styrkja boðleiðir milli ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra í héraði án þess að flytja málaflokkinn. Má í því sambandi hafa til hliðsjónar ákvæði í gildandi almannavarnalögum um valdsvið landlæknis, en bæði eiga þessi embætti aðild að almannavarnaráði.

Mikill meiri hluti starfs Almannavarna ríkisins beinist að tveim fyrri verkefnaflokkunum. Ekki verður séð, að þessi verkefni falli sérstaklega vel að starfi lögreglunnar, enda ekki gert ráð fyrir því, að lögreglan í héraði taki þessi verkefni til sín. Raunar má færa ýmis rök fyrir því, að lítil sjálfstæð stofnun sé betur til þess fallin að sinna þeim heldur en enn þá minni deild í stórri stofnun. Hér skal einungis bent á tvennt. Hið fyrra er að hætt er við, að erfiðara sé að fá hæft starfsfólk í mjög smáa deild í stórri stofnun. Þá má búast við, að hið mikla sjálfboðaliðastarf, sem Almannavarnir ríkisins treysta á í mörgum greinum (og þá er ekki bara hugsað til björgunar- og hjálparsveita) verði ekki eins auðfengið hjá stórri stofnun.

Samkvæmt frumvarpinu á samstarfsnefnd um almannavarnir að leysa almannavarnaráð af hólmi." — Þessu hefur reyndar verið breytt.

„Í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið kemur fram, að rúmur helmingur af fjárveitingum til Almannavarna ríkisins sparist við þessar breytingar. Ekki skal það dregið í efa, en ekki er sú staðreynd líkleg til að efla almannavarnir eins og stefnt er að.

Komið hefur fram af hálfu dómsmálaráðuneytisins við kynningu þessa máls að ráðuneytið telji heildarendurskoðun laga um almannavarnir brýnar og ráðuneytið muni beita sér fyrir henni hið bráðasta. Tekið er undir þetta sjónarmið, enda lögin að stofni til orðin gömul. Eðlileg verktilhögun er að ráðast í þá endurskoðun og laga síðan skipulagið að nýjum lögum, en ekki að breyta skipulaginu fyrst og endurskoða lögin á eftir.

Með vísun til framanritaðs er lagt til að heildarendurskoðun laga um almannavarnir verði hraðað eins og frekast er unnt og afstaða tekin til frumvarpsins við þá endurskoðun."

Undir þetta ritar vegamálastjóri, reyndar sá sem nú hefur nýlátið af störfum.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns er augljóst að ríkislögreglustjóri hafði litla sem enga aðkomu að þessum breytingum og eins kom það fram þegar hann kom fyrir allshn. Ég ætla að leyfa mér að vitna í umsögn hans, með leyfi forseta, — og ég sé að forseti kinkar kolli svo leyfið er augljóslega fengið:

„Þær breytingar sem stefnt er að með frumvarpi þessu hafa vakið blendin viðbrögð ýmissa aðila og skal af því tilefni áréttað að ríkislögreglustjóri hafði enga aðkomu að þeim breytingum sem nú er stefnt að."

Það er því augljóst, virðulegi forseti, að þeir aðilar sem nú sinna þessum málum og sá aðili sem á að taka við þessum málaflokki virðast ekki hafa verið með í för þegar þessi hugmynd fyrst kom fram. Í frv. er líka að finna ýmislegt sem veldur manni ég segi kannski ekki hugarangri, en a.m.k. verður að segja alveg eins og er að maður er dálítið hugsi yfir ýmsu sem hérna kemur fram.

Ein spurningin sem einn gesta allshn. spurði var hvenær almannavarnaástand verður. Dæmið var tekið um stórbruna, ef um hann væri að ræða, þá gætu málin á einhverjum tímapunkti æxlast þannig að bruni sem menn álitu upphaflega ekki vera þess eðlis að hann skapaði almannavarnaástand, gerði það. Og menn veltu því líka fyrir sér hvenær ríkislögreglustjóri tæki þá við af slökkviliðinu. Hvenær væri ástandið orðið að því almannavarnaástandi að viðbrögð og aðgerðir á staðnum heyrðu undir ríkislögreglustjóra en ekki lengur slökkviliðið? Við þessu voru lítil sem engin svör frekar en mörgu öðru sem þarna kom upp. Menn spurðu líka og óskuðu eftir dæmum úr fortíðinni sem skýrðu hvers vegna þessi leið væri farin. Menn reyndu að kalla fram tilvik úr fortíðinni sem skýrðu hvers vegna nauðsyn væri á þessari breytingu, í stað þess að fara þá leið sem ég held að allir hafi verið sammála um að rétt væri að fara, þ.e. að fara í heildarendurskoðun á þessum lögum, en ekki þær bráðaaðgerðir sem í er ráðist án þess að nokkur fái séð að það muni á nokkurn hátt auka öryggi almennings í landinu.

Þá kom líka fram hjá sveitarfélögunum sem gerðu athugasemdir við frv. að þau vildu frá tryggingu fyrir því að ef ráðist yrði í aðgerðir á þeirra kostnað og um þær tæki ríkislögreglustjóri ákvarðanir, að kostnaður vegna þeirra lenti ekki á sveitarfélögunum. Vitaskuld er mjög erfitt eins og málið er lagt upp að veita einhverja tryggingu fyrir því.

Þá kemur reyndar fram í frv. eins og það liggur fyrir að opnað er á heimildir að almannavarnanefndir taki yfir fleiri umdæmi. Síðan segir í frv. að ráðherra, í þessu tilviki hæstv. dómsmrh., taki um það ákvörðun undir hvaða lögreglustjóra almannavarnanefndin heyri. Með öðrum orðum er hér að finna hugmyndir um að lögreglustjórar, einstaka lögreglustjórar verði sviptir valdi sínu í sínu umdæmi ef ráðherra tekur þá ákvörðun að einhver annar taki yfir það svið, þ.e. með sameiginlegri almannavarnanefnd. Þetta er mjög stór breyting, en eins og ég sagði í upphafi og þurfti kannski ekki að koma neitt sérlega á óvart, þá gerði enginn sýslumaður í landinu, a.m.k. af þeim sem veittu umsögn vegna málsins, athugasemdir við málið, a.m.k. ekki við málið í heild þó nokkrar athugasemdir kæmu reyndar fram um einstaka þætti.

Það er því alveg ljóst, virðulegi forseti, að það er eitthvað allt annað sem býr að baki þessu frv. heldur en það að tryggja eða bæta öryggi almennings í landinu. Og þó að við

tökum ekki annað en það að starfsmönnum skuli fækkað á þessu sviði og fjárframlög til verkefnisins dregið saman um rúmlega helming, þá staðfestir það eitt vitaskuld að frv. mun ekki auka öryggi almennings í landinu.

Ég hef rakið helstu sjónarmiðin sem komu fram á fundum allshn., því nokkrir fundir voru nú haldnir um málið, sem mér finnst skipta verulegu máli að komi fram í þessari umræðu. Ég vil líka segja að verði þetta frv. að lögum, þá vil ég lýsa því yfir að það er algerlega á ábyrgð meiri hluta eða þeirra þingmanna sem styðja þá hv. ríkisstjórn sem nú situr. Ég vil lýsa því yfir að ég vil ekki bera neina ábyrgð á þessu máli.

[23:09]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni fyrir góð orð í minn garð varðandi vinnubrögð nefndarinnar og sama má í rauninni segja um alla nefndarmenn, sama hvaða skoðun þeir hafa haft á þessu máli, þá lögðu sig allir fram um að reyna að vinna það sem mest og best til að fá sem skýrastar línur í niðurstöðuna. En síðan þegar kom að ræðu hv. þm. þá fannst mér eftirtektarvert að þegar vitnað var í umsagnir aðila vildi hv. þm. náttúrlega ekki vísa beint í sýslumennina, þeir tóku eðlilega að hans sögn undir frv., sem mér finnst mjög eðlilegt því það eru akkúrat þeir sem mesta ábyrgð bera á skipulagi, stjórnun og þekkingu á almannavarnaástandi heima í héraði og því erum við ekki að breyta. En það var ekki vitnað í umsagnir frá Landsbjörg eða Neyðarlínunni, ég nefni sérstaklega Slysavarnafélagið Landsbjörg því það er sá aðili sem fólkið í landinu ber hvað mest traust til í almannavarnaástandi og við leit og björgun. Og þeir styðja frv. eindregið og segja að þetta skipti þá máli varðandi björgunarmiðstöðina og líka varðandi það að skipulagið sé gert skýrara og skarpari línur séu settar varðandi ábyrgðarhlutverkið. Þetta hafa þeir margoft undirstrikað og m.a. á góðum fundi okkar í heimsókn til þeirra í Skógarhlíðina.

Það er heldur ekki rétt, sem mér finnst í rauninni vera nokkuð sérstök rangtúlkun hjá hv. þm., að taka málið þannig að sérhæfðum starfsmönnum á sviðum almannavarna komi til með að fækka. Það er síður en svo. Það er nefnt að starfsmönnum komi til með að fækka um þriðjung, það er rétt, en þeir sem halda áfram eru hinir fjórir sérhæfðu starfsmenn Almannavarna ríkisins og það eru þeir sem fara áfram yfir til ríkislögreglustjóra og koma til með að njóta þar líka þeirrar þekkingar sem er á því sviði innan ríkislögreglustjóraembættisins, þannig að þvert á móti vil ég halda því fram, herra forseti, að sérhæfðum mönnum á sviði almannavarna komi til með að fjölga við þessa breytingu.

[23:11]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kannski ekki margt að segja um það sem kom fram í andsvari hjá hv. þm. Ég vil þó nefna það að sameiginleg björgunarstöð hefur vitaskuld ekkert með þetta tiltekna mál að gera, þannig að því sé til haga haldið. Og að sama skapi ef fjórir af þeim starfsmönnum sem nú vinna hjá Almannavörnum ríkisins fara yfir til ríkislögreglustjóra, þá hefur það ekki í för með sér fjölgun sérhæfðra starfsmanna á því sviði. Það er náttúrlega algerlega fráleitt að leggja þetta upp með þeim hætti.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, fannst mér ekkert koma fram í þessu andsvari sem geri það að verkum að halda þurfi langa tölu um það.

[23:12]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu kemur sérhæfðum starfsmönnum til með að fjölga þegar þeir fjórir sérhæfðu starfsmenn Almannavarna ríkisins fara yfir til ríkislögreglustjóra og njóta þar m.a. stuðnings og starfsemi þeirra manna í sérsveitinni hjá lögreglunni sem sjá um fjarskiptamiðstöð lögreglunnar og allra þeirra sem koma á einn eða annan hátt að leit og björgun.

Síðan er hitt, sem er ekki heldur rétt, að ekki hafi verið haft samráð við þá aðila sem þetta mál snertir. Það er alveg ljóst og kom fram á fundi nefndarinnar að haft var samráð við m.a. formann Almannavarna, framkvæmdastjóra Almannavarna og ríkislögreglustjóra. Sett var fram dagsetning, 6. júní 2002, þar sem þeim var gerð grein fyrir þessum fyrirhuguðu breytingum.

Síðan verð ég líka að segja að það samráð hélt áfram frá Almannavörnum ríkisins. Það var ekki framkvæmdastjórinn reyndar, heldur aðalsviðsstjóri Almannavarna ríkisins sem kom með konkret tillögur í október um breytingar á frv. Það var því sýnilega haft samráð við starfsmenn, hina sérhæfðu starfsmenn Almannavarna ríkisins. Þetta eru starfsmenn sem hafa allt upp í þriggja áratuga reynslu á sviði almannavarna og þeir hinir sömu sem sögðu á fundi allshn. í björgunarmiðstöðinni að þessi breyting kæmi til með að styrkja stöðu almannavarna í landinu, og þeir í ljósi reynslu sinnar styðja þetta mál. Það var haft samráð. Það var rangt sem hv. þm. hélt fram áðan.

[23:14]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil segja að í þessari umræðu er hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir einhver öflugasti talsmaður ráðherra síns og gengur mjög hart fram í því að reyna að verja þann málflutning sem hæstv. ráðherra setur fram. Og auðvitað á hv. þm. heiður skilinn fyrir það að standa svo mjög með sínum ráðherra. Og vissulega skiptir það máli.

Það er hins vegar verra þegar rangt er farið með. Það er heldur verra þegar menn fara í vörn. Það kom skýrt fram að ríkislögreglustjóri og framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins komu ekki að þessu máli áður en farið var að vinna að þessum hugmyndum. Þau komu ekki að þessum hugmyndum. Það kemur fram í skriflegri greinargerð ríkislögreglustjóra og skriflegri greinargerð framkvæmdastjóra Almannavarna (Gripið fram í.) þegar hún kom fyrir nefndina. Hví skyldi ég telja að þessir aðilar færu með rangt mál fyrir nefndinni? Hví skyldi ég telja það? Hví skyldi ég hafa það eftir úr skriflegum gögnum þeirra að ég teldi þetta rangt eftir haft? Ég held að það sé fráleitt að leggja þetta upp með þessum hætti.

Niðurstaðan er einfaldlega sú, virðulegi forseti, að það er verið að fækka sérhæfðum starfsmönnum á þessu sviði. Það er verið að draga úr framlögum um helming. Satt best að segja hefur ekkert komið fram sem skýrir að þessi leið skuli farin. Ég verð að segja það líka, virðulegi forseti, að mér þykir mjög ólíklegt að það verði skýrt við þessa umræðu.

[23:16]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orðaskipta hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar og hv. formanns allshn. vil ég árétta það sem fram kom í ræðu formannsins. Á fundi nefndar með starfsmönnum Almannavarna, sem m.a. fór fram í björgunarmiðstöðinni, kom skýrt fram að þeir sérhæfðu starfsmenn sem þar eru og hafa starfað, einn þeirra um áratuga skeið, að þessum málum hafði orð á að það hefði verið haft samráð um þessar tillögur og auk þess hefði hann undanfarnar vikur unnið ásamt starfsmönnum ríkislögreglustjóra að undirbúningi þess að hrinda þessari breytingu í framkvæmd, ef svo skyldi fara að frumvarpið yrði samþykkt. Hins vegar er það miður ef framkvæmdastjóri Almannavarna til margra ára upplifir það svo að samráð við hana hafi ekki verið nægjanlegt. Ég ætla ekki að rengja að henni hafi fundist samráðið við hana of lítið og reynsla hennar ekki nýtt til fulls. Það finnst mér miður og ætla ekki að mæla því bót ef svo hefur verið.

En það sem vekur athygli við ræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar er að hann getur einungis um þá aðila sem gagnrýna þessa breytingu. Fjölmargir aðilar komu á fund nefndarinnar og skiluðu umsögnum sem studdu að stjórnskipun Almannavarna yrði breytt á þann veg sem lagt er til í frv., segi ég þó með smá fyrirvara. Eins vekur það furðu að menn skuli ekki sætta sig betur við þá breytingu sem allshn. er þó búin að leggja til vegna aðalgagnrýnisefnis þeirra sem gagnrýndu frv., að leggja almannavarnaráð niður. Nú stendur til að almannavarnaráð verði áfram starfrækt, ef eitthvað er verði það eflt. Menn mega aðeins horfa til þess hvar verið er að efla þetta starf með því að halda almannavarnaráðinu eins og verið hefur.

[23:18]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég stend enn við það sem ég sagði í ræðu minni. Ég tel að breytingar meiri hluta allshn. á þessu máli séu til bóta. Ég sagði hins vegar að vegna þeirra hugmynda sem búa að baki frv. þá gat meiri hluti allhn. aldrei bjargað þessu máli. Ég tel hins vegar breytingarnar til bóta. Ég held að rétt sé að halda þessu til haga.

Að öðru leyti kom ekki margt nýtt fram í þessu andsvari. Ég held að þó sé rétt að rifja upp að því hefur verið haldið fram að sérhæfðum starfsmönnum á þessu sviði fjölgi. Því er haldið fram hér í umræðunni. Fjórir af þeim starfsmönnum sem nú vinna hjá Almannavörnum ríkisins fara yfir til ríkislögreglustjóra. Ekki allir. Þegar af þeirri ástæðu fækkar sérhæfðum starfsmönnum. Það er rétt að halda því til haga að fyrir þessar breytingar, áður en þessar breytingar eru gerðar, kom ríkislögreglustjóri að störfum við almannavarnaástand. Menn höfðu því aðgang að ríkislögreglustjóra. Þetta er engin breyting.

Ég auglýsi því enn eftir rökum fyrir því að fara þessa leið. Þau komu ekki fram við meðferð málsins hjá allshn. Eins og ég sagði áðan á ég ekki von á að þau komi fram í stuttu andsvari.

[23:21]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn ætla ég að gera tilraun til að útskýra fyrir hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni það sem hann hefur hugsanlega misskilið í þessu frv. Varðandi sérhæfðu starfsmennina er alveg ljóst að þó að sérhæfðum starfsmönnum sem hafa starfað hjá Almannavörnum undanfarin ár fækki er ekki þar með sagt að ekki sé verið að leggja aukinn starfskraft og aukinn metnað í almannavarnastarf í landinu. Með því að þessir starfsmenn færast yfir til ríkislögreglustjóra koma þeir til með að starfa með þeim sérhæfðu starfsmönnum sem ríkislögreglustjóri hefur yfir að ráða og hafa bæði fengið kennslu og þjálfun sem tengist þessum störfum.

Það sem mig langaði líka að halda til haga er að í brtt. sem allshn. leggur til verður almannavarnaráði haldið. Eina breytingin sem verið er að gera á stjórnskipun Almannavarna er að leggja niður litla ríkisstofnun og færa undir embætti ríkislögreglustjóra til að efla almannavarnir. Ég hvái þegar ég heyri hv. þm. Lúðvík Bergvinsson tala um það að það muni ekki leiða til aukins öryggis landsmanna. Ég spyr: Telur hann þetta leiði til minna öryggis landsmanna? Telur hann að þessar breytingar sem verið er að gera skaði almannavarnastarf í landinu? Mér finnst rétt að það komi þá bara skýrt fram hjá þingmanninum ef hann telur svo vera.

Varðandi orð hans um hvort ríkislögreglustjóri hafi eftir breytinguna yfir læknum að ráða og stjórni aðkomu þeirra að svona málum ætla ég að árétta að eftir sem áður ráða lögreglustjórar og sýslumenn í hverju umdæmi öllum aðgerðum og hafa með boðvaldið að gera. Það er einungis í þeim tilvikum að almannavarnaástand skapast í fleiri en einu lögsagnarumdæmi eða að sýslumaður á ákveðnum stað verður ekki fær um að gegna starfi sínu að kemur til kasta ríkislögreglustjóra.

[23:23]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fór nú eins og ég óttaðist, að málið yrði ekki skýrt í þessu andsvari. Ég vil halda til haga þessu litla atriði sem ég fór vandlega yfir í ræðu minni. Ég fór yfir þær röksemdir og tíndi fram það sem ég teldi ekki til góða. En kjarni málsins, til að reyna að einfalda og kristalla, er að samhæfingaraðili við almannavarnaástand, Almannavarnir ríkisins, er lagður niður. Fjárframlög til starfsins eru lækkuð um helming samkvæmt áætlun. Þau eru lækkuð um helming og rúmlega það, 51%. Sérhæfðum starfsmönnum fækkar.

Ef þetta er leiðin til að bæta almannavarnir í landinu verð ég að segja, virðulegi forseti, að hún hefur ekki verið studd rökum við þessa umræðu frekar en að hún hafi verið rökstudd í umræðunni í allshn. Þetta er það sem við sitjum uppi með. Þetta er niðurstaðan. Hins vegar tókst okkur aldrei að draga fram hvað raunverulega bjó að baki þessari kjánalegu breytingu.

[23:24]

Útbýting þingskjala:

Ferðakostnaður sjúklinga, 698. mál, fsp. ArnbS, þskj. 1219.

Gjaldtaka fyrir löggæslu á útihátíðum, 697. mál, fsp. SJS, þskj. 1218.

Hjálpartæki fatlaðra, 699. mál, fsp. ArnbS, þskj. 1220.

Kröfulýsing fjármálaráðherra um þjóðlendur, 696. mál, þáltill. KPál, þskj. 1216.

Nýtt tækifæri til náms, 694. mál, þáltill. EMS o.fl., þskj. 1154.

Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006, 563. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1157.

Umhverfisvöktun á framkvæmdatíma Kárahnjúkavirkjunar, 692. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1150.

[23:25]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við þessa umræðu hafa menn rætt nokkuð um hvort samráð hafi verið haft við starfsmenn Almannavarna við samningu þessa frv. Ég held að allir hafi rétt fyrir sér í þessari umræðu, einfaldlega vegna þess að í huga stjórnarliða, Framsfl. og Sjálfstfl., hefur samráð, þ.e. hugtakið svolítið sérstaka merkingu. Við kynntumst því þegar bankarnir voru einkavæddir. Þá var haft samráð við starfsmenn bankanna. Það var haft samráð við starfsmannafélögin. Þetta var allt gert í samráði við þau. Í hverju fólst þetta samráð? Samráðið fólst í að tilkynna þeim hvaða breytingar væru á döfinni. Það var allt samráðið. Ég er því ekki í einum einasta vafa um að það er talað af fullri sannfæringu þegar sagt er að haft hafi verið samráð við starfsmenn Almannavarna áður en ráðist var í þessa frumvarpssmíði.

Hvað felur þetta frv. í sér? Samkvæmt þessu frv. verður stjórnsýslu Almannavarna breytt þannig að verkefni sem hafa verið á hendi almannavarnaráðs og Almannavarna ríkisins færast til embættis ríkislögreglustjóra. Þetta er grundvallarbreytingin sem gerð er með þessum lögum. Það er gert ráð fyrir því að stofnuð verði sérstök deild við embætti ríkislögreglustjóra í þessu skyni sem annist heildarskipulagningu og samhæfingu almannavarna. Einnig er gert ráð fyrir því að sérstök ráðgjafarnefnd verði ríkislögreglustjóra til ráðuneytis um stefnumörkun og skipulag. Stjórn almannavarna í héraði verði samkvæmt frv. í höndum lögreglustjóra með aðkomu almannavarnanefnda.

Í rauninni er þetta ekki ýkja mikil breyting eftir því sem ég skil þetta, frá því sem verið hefur. (**ÞKG:** Engin breyting.) Engin breyting, segir hv. formaður allshn.

Það er athyglisvert að skoða umsögn frá fjmrn. Þar kemur fram að þessar lagabreytingar séu í samræmi við fjárlög sem samþykkt voru í lok síðasta ár. Með öðrum orðum gerðu fjárlögin ráð fyrir þeirri lagabreytingu sem nú á að samþykkja á þingi. Ég vil taka undir með hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni, að eðlilegra hefði að sjálfsögðu verið að hafa aðra röð á þessu ferli, að fyrst hefðu menn smíðað lögin og síðan væru fjárlögin í samræmi við þau.

Hvaða rök eru að baki þessari lagabreytingu? Þau koma fram í þremur liðum í athugasemdum með frv.

Í fyrsta lagi segir að þessi breyting feli í sér aukið öryggi og eflingu almannavarna í landinu. Því er haldið fram að þessi lagabreyting komi til með að efla almannavarnir í landinu.

Í öðru lagi er rætt um að þetta stytti boðleiðir í kerfinu. Hér segir á þá leið, ekki orðrétt, að samkvæmt þeim lögum sem nú eru í gildi fari lögreglustjórar með stjórn almannavarna og ríkislögreglustjóri gegni m.a. samhæfingarhlutverki gagnvart lögreglustjórum og veiti þeim aðstoð, en nú sé verið að færa þetta inn í markvissara boðkerfi.

Í þriðja lagi segir að þessi breyting feli í sér sparnað í opinberum rekstri. Það er alveg rétt. Þetta felur í sér sparnað í opinberum rekstri enda kemur fram í umsögn fjmrn. að gert er ráð fyrir því að 20 millj. sparist á þessum kerfisbreytingum. Er það slæmt? Nei. Það er ekki slæmt. Í sjálfu sér er það ekki slæmt. Ef við hins vegar viljum efla þessa starfsemi, efla almannavarnir, þá vakna ýmsar spurningar.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnast þær röksemdir sem hér hafa verið settar fram og ég hef vísað til að mörgu leyti sannfærandi, að þetta spari peninga, að kraftarnir sem koma að þessu starfi samnýtist betur, boðleiðir verði markvissari o.s.frv. Allt finnst mér þetta geta verið sannfærandi og mæla með þessum breytingum.

Þá koma gagnrökin, og hver eru þau? Gagnrökin eru þau að almannavarnir spanna mjög vítt svið. Þar koma margir aðilar að, sem ég veit að hæstv. landbrh. þekkir vel, maður sem ekur hér um vegi landsins. Þar kemur Vegagerðin mjög við sögu. Þar koma sveitarfélögin að málum. Þar koma læknar og hjúkrunarfólk að, sjúkraflutningamenn, þeir sem annast fjarskipti o.s.frv. Almannavarnir hafa síðan það verkefni að samhæfa starf allra þessara aðila. Þegar litið er á hina daglegu önn í þessu starfi er þar unnið margvíslegt forvarnastarf, námskeiðahald o.s.frv. Hlutverk Almannavarna ríkisins er að leiða alla þessa aðila saman.

Það sem verið er að gera núna er að færa þetta samhæfingarstarf undir lögregluvaldið. Jafnvel þótt það sé röksemd í sjálfu sér að við spörum með því peninga og gerum boðleiðir styttri o.s.frv. efast ég stórlega um að þetta sé heppileg ráðstöfun. Þvert á móti ættum við að efla Almannavarnir sem sjálfstæða stjórnsýslueiningu. Það er ekki erfitt verk og á ekki að vera erfitt að stytta boðleiðir innan kerfisins þótt svo verði gert. Og erum við þar með að mæla gegn nýrri björgunarmiðstöð? Nei, síður en svo. (**Gripið fram í:** Enda kemur hún þessu máli alls ekkert við.) Enda kemur hún þessu máli alls ekkert við. Við erum einfaldlega að vara við því að þessi starfsemi sem snertir alla þá aðila sem ég vék að áðan, alla þá aðila sem ég taldi upp, verði færð öll undir embætti ríkislögreglustjóra. Er hann að sækjast eftir þessu? Nei, hann er algerlega hlutlaus í því máli. Það kom fram þegar hann kom á fund allshn. Hann er algerlega hlutlaus í þessu máli.

Ég gagnrýni síðan að sú sem gegnt hefur embætti forstöðumanns hjá Almannavörnum var ekki höfð með í ráðum við samningu þessa frv. Ég efast ekki um að margir sem koma að björgunarstarfi og almannavarnastarfi eru þessu fylgjandi. Og eins og ég segi finnst mér margt mæla með því að reyna að ná þeim markmiðum sem menn segjast vera að gera með þessu frv., en þetta er ekki rétta leiðin til þess. Sú spurning hefur stundum vaknað í huga mínum hvort við séum ekki að stíga of mörg og of stór skref í að færa margvíslega starfsemi undir embætti ríkislögreglustjóra. Ég hef ákveðnar efasemdir um það. Ef við viljum beina þjóðfélaginu inn á aðrar brautir en þessar — ég er ekki að ætla að við séum að búa til lögregluríki hérna, ég er ekki að ætla það, en engu að síður er þarna ákveðin áhersla sem ég held að við eigum að varast. Þetta eru almannavarnir og að sjálfsögðu á lögreglan að koma að þeim og að sjálfsögðu nýtur lögreglan fyllsta trausts í mínum huga. Ég er ekki að setja fram neinar slíkar efasemdir og ég vona að enginn misskilji orð mín þannig. Ég er heldur ekki að ætla þeim sem standa að þessum lagabreytingum að vilja keyra þjóðfélagið inn á slíkar brautir, en ég held hins vegar að við eigum að vera svolítið vakandi fyrir því hvert við viljum stefna í þessum efnum.

Og þar hefði ég haldið, og tek undir þau sjónarmið sem komu fram í máli hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, að heppilegri leið væri að efla Almannavarnir sem sjálfstæða stjórnsýslueiningu og síðan mundum við að sjálfsögðu sameinast um að ná fram þeim ágætu markmiðum sem keppt er að með þessu frv.

[23:35]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir málefnaleg gagnrök. Ég vil engu að síður leiðrétta hv. þm. Ögmund

Jónasson, það er ekki verið að færa eitt eða neitt undir lögreglu. Það er ekki breyting frá því sem nú er. Það sem verið er að gera núna er að það er verið að skerpa yfirstjórnina, það er verið að skapa og móta skýrari línur. Þar fyrir utan, þegar lögin um almannavarnir voru samþykkt árið 1962 var embætti ríkislögreglustjóra ekki til, ekki yfirmaður lögreglumanna sem það er í dag. Það er bara verið að samræma það því stjórnsýsluhlutverki og stjórnsýsluskipan sem er núna.

Þegar menn tala um að þetta sé ekki löggæslumál höfum við í rauninni ekki mótmælt því. Almannavarnir eru ekki eingöngu löggæslumál, við tökum öll undir það. Engu að síður hefur yfirstjórn almannavarna heima í héraði fram til þessa, frá árinu 1962, verið á höndum lögreglu. Og hefur það verið alslæmt? Ég segi nei. (**Gripið fram í:** Af hverju er þá ...?) Það er afskaplega gott að þetta er undir lögreglu. Síðan koma menn núna og mótmæla því að þetta sé sett undir ríkislögreglustjóra. Það getur vel verið að menn hafi haft skoðanir á því embætti í gegnum árin og að kannski hafi verið færð ýmis hlutverk sem kannski ekki alla jafna eiga heima þar í gegnum valnefnd til ríkislögreglustjóra, en það kemur þessu máli ekki við. Þetta er bara eðlileg breyting í ljósi þeirra aðstæðna sem við búum við í dag.

Ég vil enn og aftur ítreka það að helstu sérfræðingar á sviði almannavarna, leitar og björgunar, eins og Landsbjörg, styðja af alefli þessar breytingar, kannski í ljósi þeirrar reynslu sem þeir hafa sjálfir eftir að hafa sameinað allar björgunarsveitir í landinu fyrir um átta eða tíu árum. Þeir sjá að ein yfirstjórn yfir björgunarsveitunum skiptir máli. Þeir hafa reynsluna.

[23:37]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt sem fram kemur í máli hv. þingmanns. Að sumu leyti er hér ekki um veigamiklar breytingar að ræða. Það er alveg rétt. Engu að síður er verið að stíga markandi spor til framtíðar. Það er verið að færa starfsemi og verkefni sem hafa verið í höndum almannaráðs og Almannavarna ríkisins undir embætti ríkislögreglustjóra, enda segir það skýrt í athugasemdum með frv. og lagatextanum, út á þær ganga þessar breytingar. Deilurnar snúa að því hvort við eigum frekar að efla Almannavarnir ríkisins sem sjálfstæða einingu, og það eru ýmsir sem telja það heppilegri leið. Og við höfum fært rök fyrir því hvers vegna við eigum frekar að fara þá leiðina en hina, að keyra þetta undir embætti ríkislögreglustjóra.

Nú langar mig til að spyrja hv. þingmann: Hvað var að? Hvað er það sem kallaði á og krafðist þessara breytinga? Hv. þm. spurði mig einmitt um þetta. Hvað var svo slæmt við fyrirkomulagið eins og það var að það kallaði á þessar breytingar? Ég vil snúa þessu upp í spurningu á hv. þingmann og fá svör við þessu.

[23:39]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hafi hv. þm. Ögmundur Jónasson hlustað á framsöguræðu mína áðan veit hann að tvær meginforsendurnar fyrir þessum breytingum eru að samræma þetta þeirri stjórnsýslu sem nú þegar er fyrir í landinu, efla almannavarnir, gera boðleiðir styttri, það er hluti af þessu, og í öðru lagi það sem sérfræðingarnir, Landsbjörg, og þeir sem hafa komið að þessu hafa ítrekað bent á að almannavarnaráð og Almannavarnir ríkisins hafa ekki með lögregluvald að gera og geta ekki farið með lögregluvald. Hverjir eru það heima í héraði, eins og ég hef margítrekað hér í kvöld, sem fara með yfirstjórn almannavarna? Það eru lögreglustjórar heima í héraði. Það er enginn, það er ekki almannavarnaráð, ekki Almannavarnir ríkisins, sem getur sagt þeim fyrir. Hver er það í dag sem getur sagt þeim fyrir? Hann gat ekki sagt þeim fyrir árið 1962 af því að þá var það embætti ekki til. Það er ríkislögreglustjóri sem getur samræmt aðgerðir og sér í lagi, eins og hv. þm. Jónína Bjartmarz kom inn á, þegar almannavarnaástand nær hugsanlega yfir tvö lögsagnarumdæmi. Það skiptir máli að það sé yfirstjórn sem getur komið að þessu. Þetta hafa Landsbjargarmenn bent á. Þetta hefur Neyðarlínan bent á og fleiri og fleiri.

Það er eitt atriði í viðbót sem mig langar til að koma að, herra forseti, áður en tími minn rennur hér út í andsvari, og það er að í heimsókninni til björgunarmiðstöðvarinnar í Skógarhlíð, sem því miður ekki allir hv. þm. í allshn. gátu mætt á, spurði ég sérstaklega þann sem mestu reynsluna hafði á sviði almannavarna hjá Almannavörnum ríkisins hvort þeir sæju fram á eflingu í forvörnum og fræðslu varðandi almannavarnir innan embættis ríkislögreglustjóra. Hann sagði: Já, tvímælalaust, þetta kemur til með að styrkja almannavarnir í landinu. Við komum til með að efla fræðsluna. Það er auðvitað þetta sem skiptir okkur máli í þessari umræðu.

[23:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. vitnar í aðila sem eru þessu fylgjandi, Landsbjörg og aðra slíka. En ég spyr: Hvað með Vegagerðina? Hvað með slökkviliðið? Hvað með lækna? (**ÞKG:** Slökkviliðið var ekki andsnúið þessu.) Slökkviliðið í Reykjavík kom með mjög afdráttarlausar efasemdir um þetta mál, ef ég man rétt, á fundi sem ég sat. Hvað með hjúkrunarfólk? Og hvað með okkur þingmenn sem einnig höfum legið yfir þessu máli og teljum mjög vafasama ráðstöfun að færa þessa starfsemi undir ríkislögreglustjóra? Þvert á móti viljum við efla Almannavarnir ríkisins sem sjálfstæða einingu. Og hvernig kemur það heim og saman að þegar fjármagn til þessarar starfsemi er minnkað um helming, þegar starfsmönnum sem sinna almannavörnum er fækkað, sé verið að efla Almannavarnir ríkisins? Ég held ekki. (Gripið fram í.) Ég held að það sé ekki verið að gera það.

[23:43]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Það frv. sem við erum ræða hér, ásamt brtt. og nál., er um breyting á lögum um almannavarnir. Ég verð að taka fram að ég tek undir það álit minni hlutans að ef frv. verður að lögum muni það ekki leiða til aukins öryggis landsmanna. Ég kem ekki auga á að þær breytingar sem hér eru boðaðar séu beinlínis í þá veru. Það má taka undir, og er ekki hægt að mæla gegn því, að þessi breyting spari fjármuni en að öðru leyti kem ég ekki auga á að frv. bæti stöðuna. Ég sé sem sagt ekki að málið sé í neitt betri farvegi með þeim breytingum sem frv. gerir ráð fyrir.

Mjög margir af þeim sem komu fyrir nefndina höfðu miklar efasemdir um ágæti þess að stíga þetta skref. Ég held að mjög margir hafi bent á að það væri þá rétt að skoða málið alveg heildstætt, gera allsherjarbreytingar, skoða málaflokkinn í heilu lagi, og að þetta skref sem nú væri verið að stíga, að færa Almannavarnir ríkisins undir ríkislögreglustjóra sérstaklega, væri hvorki trúverðugt né væri hægt að halda því fram að það stytti boðleiðir frá því sem nú væri eða að það fyrirkomulag sem verið hefði hafi reynst illa.

Mér virðist eingöngu verið að breyta breytinganna vegna og ekki færð fyrir því sannfærandi rök. Meiri hlutinn hefur vissulega lagt vinnu í að reyna að bæta þetta frv., ég tek undir það sem hv. þm. sem fluttu minnihlutaálitið sögðu um það. Ég tel að formaður allshn. hafi lagt sig fram við að reyna að bæta frv. en þetta er ekki til bóta. Ég teldi betra að láta þetta ógert og menn tækju málið fremur til allsherjarendurskoðunar, skipulag þessara mála í heild yfir landið, og skoðuðu það algjörlega ofan í kjölinn. Ég sé ekki að að þessi eina breyting, að færa þetta undir ríkislögreglustjóra sé til bóta. Ég tek að mörgu leyti undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni og Ögmundi Jónassyni.

Það er ekki hægt að lesa annað úr málinu, miðað við málflutninginn og kynninguna á því í allshn. með þeim gestum sem komu fyrir nefndina, en að eina röksemdin fyrir því að fara af stað með þetta mál sé að með því sparist um 20 millj. kr. Ég dreg reyndar í efa að þegar upp verður staðið og búið að koma þessu fyrir hjá ríkislögreglustjóra og gera það sem þarf í því sambandi þá verði sparnaðurinn eins mikill og af er látið. Það hefur löngum verið þannig að þegar menn stofna til nýrra verkefna hjá nýjum embættum þá vill kostnaðurinn fara ansi mikið úr böndunum. Ég efast því um sparnaðinn svona fyrir fram.

En auðvitað finnst mér aðalmálið vera hvort breytingarnar eru til bóta og auki öryggið. Ég verð að segja eins og er, ég endurtek það, að ég kem ekki auga á það. Þess vegna tel ég ekki ástæðu til að styðja málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Framhald þingfundar.

[23:48]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætlaði fyrst og fremst að spyrja hvað standi til að láta þennan fund ganga langt inn í nóttina. Hér hefur verið þingfundur frá því klukkan hálfellefu í morgun. Ég vil fá að vita hvaða áætlun er uppi um lok þessa þingdags.

[23:48]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti mun freista þess að ljúka þeirri dagskrá sem prentuð var og útbýtt hér í morgun.

Samfélagsleg áhrif álvers- og virkjunarframkvæmda, síðari umr.

Þáltill. SvanJ, 511. mál. — Þskj. 849, nál. 1136.

[23:49]

Frsm. iðnn. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. iðn. um till. til þál. um rannsóknir á samfélagslegum áhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi. Nefndarálitið er á þskj. 1136.

Umsagnir um málið bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Byggðastofnun, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Þróunarstofu Austurlands, Samtökum atvinnulífsins og Byggðarannsóknastofnun Íslands.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi samþykki að fela Byggðarannsóknastofnun Íslands, í samvinnu við Þróunarstofu Austurlands, að fylgjast með samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs á því landsvæði þar sem álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi gætir mest.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Framhald þingfundar.

[23:50]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Eins og hér hefur komið fram hefur verið fundað nánast samfellt, ef undan eru skilin matarhlé, frá því klukkan 10.30 í morgun. Eins og dagskráin er uppbyggð eru nokkur mál sem nú á að fara að ræða, samkvæmt þeirri áætlun sem liggur fyrir, sem eru að koma hér til 1. umr. Ég get vel skilið að sumir hæstv. ráðherrar sem vilja fá að mæla fyrir málum sínum séu örvæntingarfullir um að fá að mæla fyrir þeim því dögum þeirra í embætti fer náttúrlega ört fækkandi. En það eitt að þeir séu áhugasamir um að koma málum til nefnda ætti ekki að duga til að þingfundir séu haldnir hér langt inn í nóttina. Eiginlega finnst mér ekki vera nokkur bragur á þessu. Þetta dregur að minni hyggju upp slæma mynd af störfum þingsins.

Ég vil leggja til, virðulegi forseti, að þrátt fyrir að hæstv. ráðherrar hafi margir hverjir mikinn áhuga á því að koma málum til nefnda, þá verði það ekki látið draga upp vægast sagt undarlega mynd af þinginu. Ég hvet því hæstv. forseta til að endurskoða þá áætlun sem birtist í orðum hans þegar hann svaraði hv. þm. Ögmundi Jónassyni.

Ég tel svo sem eðlilegt að menn klári þau mál sem samkomulag er um að fari hér í gegn en það má ekki leiða til þess að sérstakur áhugi tiltekinna ráðherra um að koma málum til nefndar áður en dögum þeirra í ráðherraembætti lýkur verði til að hér verði fundað langt fram undir morgunn í algjöru tilgangsleysi, virðulegi forseti.

[23:52]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þingfundur hefur staðið frá því klukkan hálfellefu í morgun. Ég verð að segja eins og er, að minna hafa menn séð fara í gegn af málum á einum degi en í dag. Líkast til mun þetta vera met sem hér hefur verið slegið. (Gripið fram í.) Ja, á fyrri fundinum í dag voru 46 mál á dagskrá og á þeim síðari 44. Ég veit að rædd og afgreidd voru a.m.k. 38 eða 39 mál á fyrri fundinum og nú er búið að taka til umræðu, ég hef nú ekki tekið það nákvæmlega saman, 37 eða 38 mál líklega á seinni fundinum.

Nú er að nálgast miðnætti og fram undan eru mál til 1. umr. á dagskránni. En mér finnst kannski komin ástæða til þess fyrir hæstv. forseta að velta fyrir sér hvort honum nægi ekki að setja þetta met sem komið er þó að hann þurfi ekki að bæta það strax þessa nótt. Ég held að þetta séu ágætisafköst hjá þinginu í dag. Ég legg því til að hæstv. forseti láti nú nótt sem nemur hér við miðnættið.

[23:53]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við höfum sýnt góðan samningsvilja í dag og reynt að hraða afgreiðslu mála. Það verður engin breyting á því. Við viljum gott samstarf um þinglokin. Það mun

ekki standa á okkur ef stjórnin og stjórnarflokkarnir sýna samningsvilja. Hér er hins vegar svo komið að það þarf að ræða við okkur um málið. Við látum ekki bjóða okkur svona vinnubrögð.

Ég geri það að tillögu minni að gert verði hlé á þingfundinum og við ræðum um hvernig við ætlum að haga því sem eftir er af þessum þingfundi, hvenær við ætlum að ljúka fundinum.

[23:54]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Það hefur verið sæmilega afkastamikill dagur í þinginu í dag, a.m.k. miðað við það sem oft gerist. Ég held að við höfum afgreitt yfir 30 lög. Ein þeirra voru m.a. um vinnutíma sjómanna, stéttar sem hefur oft langan vinnutíma. Menn voru að setja þar ákveðin takmörk. Við erum búin að vera hér að í hátt í 14 klukkutíma frá því í morgun. Mér fyndist því allt í lagi, herra forseti, að við hugleiddum að við vorum að setja hér lög um vinnutíma annarra stétta. Ég tel rétt að við veltum fyrir okkur hvort ekki sé allt í lagi hér og í hvaða fari við erum.

Svo má náttúrlega velta því fyrir sér, herra forseti, að hæstv. landbrh. fer núna fram á að keyra á síðustu dögum þingsins í gegn ein þrjú mál af þeim 15 sem hann hefur komið í verk og lagt fyrir þingið í vetur. Það sýnir náttúrlega að hafa mætti vinnulagið öðruvísi. Alla vega finnst mér að hv. landbrh. þurfi ekki endilega að taka sér til fyrirmyndar gamlan mann norðan úr Grunnavík sem rak alltaf gömlu merina á undan sér í staðinn fyrir að ríða henni. Venjulega notuðu menn hestana til að komast hraðar yfir og ná meiri árangri. En þessi aðferð lýsir því vinnulagi sem verið hefur hjá hæstv. landbrh.

Ég mælist til þess, herra forseti, að við látum staðar numið nú þegar klukkuna vantar rúmlega tvær mínútur í tólf. Þetta er ágætisdagsverk sem við höfum klárað í dag og einn af afkastameiri dögum þingsins.

[23:56]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram. Þingið hefur verið ansi afkastamikið í dag. En það mun náttúrlega ekki vaxa svona afkastamiklu og öflugu þingi í augum að bæta við sig fáeinum málum, m.a. málum sem fullkomin sátt er um. Hér stendur til að mæla fyrir málum sem er samkomulag um, málum sem ég geri ekki ráð fyrir að kalli á mikla umræðu.

Það er alvanalegt, sérstaklega þegar líða tekur að seinni hluta þings, að við tölum aðeins inn í nóttina. Ég sé nú ekkert að því að við gerum það núna. Þetta eru mál sem við þurfum að koma áfram eins og gengur í þingstörfunum og ekkert að því. Ég held að virðing Alþingis muni síst af öllu rýrna, öðru nær. Ég held að afgreiðslan verði til marks um að þetta er öflugt þing, að hér starfa öflugir þingmenn sem vilja greiða fyrir málum eins og hér hefur verið gert í dag. Ég tel fullkomlega eðlilegt að við höldum áfram enn um sinn og tökum fyrir þau mál sem eru á dagskránni. Það hefur auðvitað legið fyrir í allan dag hvaða mál eru á dagskrá. Þau hafa verið á dagskrá þingsins allan daginn og mönnum er auðvitað ljóst að hverju forusta þingsins hefur stefnt.

[23:57]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði í upphafi, að það sé eðlilegt að við reynum að komast að samkomulagi um þessi mál. Ég ítreka ósk mína um að gert verði hlé á fundinum og við ræðum hvernig haga skuli þinghaldinu það sem eftir er af þessum þingfundi.

[23:58]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst að menn megi fara svolítið varlegar í þessum málum. Hætt er við að þingmenn bregðist ekki vel við því þegar því er haldið fram að halda eigi áfram inn í nóttina af því að nægur tími sé til stefnu, að þingið geti verið öflugt og annað eftir því. Við erum að ljúka degi þar sem afköstin hafa a.m.k. verið meiri en oftast áður.

Ég held að það væri ekki til þess að auka afköst þingsins í framhaldinu ef menn taka því ekki sæmilega vel að ræða um að ljúka þá deginum núna. Mér finnst nóg komið þennan daginn og ef menn vilja halda góðum afköstum út þessa viku væri kannski betra að ná því fram með góðu samkomulagi milli manna en með því að efna til einhvers konar ófriðar.

Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, 2. umr.

Stjfrv., 375. mál. — Þskj. 427, nál. 1132.

[00:00]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um frv. til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn.

Ég fagna því sérstaklega hvað þingheimur sýnir þessu máli mikinn áhuga, enda um gott mál að ræða.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði fyrsta heildstæða löggjöfin um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn. Í gildandi lögum er aðeins minnst á þessi hugtök eða önnur sambærileg á víð og dreif í ýmsum lögum. Markmið frumvarpsins er að draga úr óvissu sem verið hefur um réttarstöðu þeirra einstaklinga sem vinna við björgunarstörf innan viðurkenndra heildarsamtaka björgunarsveita.

Nefndin ræddi ítarlega ýmis atriði frumvarpsins. Í 1. gr. þess kemur fram að lögin taki til björgunarsveita og björgunarsveitarmanna sem starfa innan viðurkenndra heildarsamtaka björgunarsveita. Við ræddum sérstaklega hvað viðurkennd heildarsamtök björgunarsveita eru og vil ég einfaldlega vísa í þingskjalið hvað útskýringar nefndarinnar varðar. Einnig fórum við yfir hugtakið stjórnvöld í 2. gr. Við fórum líka yfir hugtakið gæsla. Við fórum yfir skyldu einstaklinga annars vegar og björgunarsveita hins vegar til þess að hefja leit og björgun og gæslu ef stjórnvöld óska þess og ræddum sérstaklega skylduákvæðið. Við fórum einnig yfir tryggingarnar sem björgunarsveitunum er m.a. skylt að kaupa fyrir félagsmenn sína. Að lokum ræddi nefndin sérstaklega mögulega refsiábyrgð björgunarsveitarmanna. En ég vil vísa til rökstuðnings nefndarinnar í þessu annars ágæta þingskjali sem frv. er á.

Björgunarsveitir eru í eðli sínu sjálfboðaliðasamtök sem byggst hafa upp hér á landi með beinum og óbeinum stuðningi stjórnvalda sem að sjálfsögðu njóta síðan góðs af með ýmsum hætti. Þeir opinberu aðilar sem bera ábyrgð á leit og björgun hafa gert samninga við sveitirnar og nú í seinni tíð er allt samstarf unnið á vettvangi hinna viðurkenndu heildarsamtaka.

Mat nefndarinnar er að ein heildarsamtök björgunarsveita geri allt skipulag leitar og björgunar í landinu einfaldara og skýrara. Allt er þetta til þess fallið að einfalda skipulagið og gera það skilvirkara, öllum til hagsbóta.

Við í nefndinni, og ég vil geta þess, herra forseti, að þetta er samhljóða álit frá hv. allshn., teljum að hér sé um mikla réttarbót að ræða fyrir björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, fyrir aðila sem starfað hafa í félögum og samtökum sem sjálfboðaliðar við slysavarna- og björgunarstörf og unnið þannig óeigingjarnt og mikið starf í þágu almannaheilla.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingum sem getið er um á sérstöku þingskjali. Ég vil benda mönnum á að lesa útskýringar sem fylgja bæði breytingum og útskýringum nefndarinnar á þessum þingskjölum.

Umræðu frestað.

Réttarstaða samkynhneigðs fólks, síðari umr.

Þáltill. GÖ o.fl., 132. mál. — Þskj. 132, nál. 1137.

[00:03]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um skipun nefndar til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks.

Við fengum gesti á fund nefndarinnar frá biskupsstofu, Samtökunum 78, og Mannréttindaskrifstofunni, og umsagnir frá ýmsum aðilum sem getið er um á þingskjali.

Í umsögnum kemur m.a. fram mikilvægi þess að gera heildarúttekt á þessum málum og bæta réttarstöðu þessa hóps til jafns á við aðra í samfélaginu. Með skipun nefndarinnar er stigið mikilvægt skref í því að fá heildarsýn hvað stöðu þessa hóps varðar, en eins og kemur fram í greinargerð með tillögunni sést afar skýrt hversu réttarstaða samkynhneigðra er slæm þegar hún er borin saman við réttarstöðu sambúðarfólks og þeirra sem eru í hjónabandi.

Til grundvallar tillögunni liggur skýrsla frá mars 2001 sem unnin var í dómsmálaráðuneytinu um réttarstöðu fólks í sambúð og hjónabandi. Samkynhneigðir eiga ekki þann valkost að geta skráð sig í sambúð eins og aðrir heldur einungis að fara í staðfesta samvist. Stefnumið síðustu ára hafa ótvírætt verið í þá átt að leggja sambúð án vígslu í auknum mæli til jafns við hjúskap í einstökum lagasamböndum og er í skýrslunni gerð grein fyrir lagaákvæðum á fjölmörgum réttarsviðum sem sett hafa verið um réttarstöðu einstaklinga í óvígðri sambúð. Í skýrslunni er sérstaklega tekið fram að ekki hafi verið gerð úttekt á því hvort og þá hvernig rétt væri að setja einstök lagaákvæði um réttarstöðu samkynhneigðra í óstaðfestri samvist. Nú er því mikil réttaróvissa um hvort og á hvaða réttarsviðum unnt er að leggja að jöfnu sambúð gagnkynhneigðra og sambúð samkynhneigðra. Rétt er að leggja áherslu á að þetta snertir bæði réttindi og skyldur samkynhneigðra í sambúð.

Mikil þróun og umræða hefur átt sér stað á Norðurlöndunum og annars staðar í Evrópu um þessi mál, og margar breytingar hafa verið gerðar á lögum til þess að jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra í samfélaginu. Mikilvægt er að skoða þessi mál heildstætt, bæði stöðuna hér heima og í öðrum löndum og verður það m.a. hlutverk þeirrar nefndar sem hér er gerð tillaga um.

Ísland hefur á síðustu árum verið í fararbroddi þeirra landa og þjóða sem hafa stutt við réttindi samkynhneigðra og er þessi tillaga því að mínu mati mjög rökrétt framhald af þeirri lagaþróun sem átt hefur sér stað í málefnum samkynhneigðra.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt, herra forseti.

[00:05]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að lýsa þeirri fínu vinnu sem fram fór í allshn. vegna þessa máls en þáltill. var lögð fram hér í þinginu og fór umræðulaust til nefndar.

Mikil samstaða var í hv. allshn. um málið og svo var um alla þá umsagnaraðila sem fengu málið til sín. Eftir því ber að taka að þegar fulltrúar kirkjunnar komu á fund nefndarinnar sögðu þeir: Við höldum að það sé ekkert að segja við þessu annað en já og amen. Það var því afar fínt.

Við sem hér erum vitum vel að þetta eru þau mál sem eru í hvað mestri þróun bæði á Norðurlöndunum og Evrópu og viðhorfin stöðugt að breytast, verða betri, víðsýnni og skilningsríkari þó svo að við á Íslandi getum kannski ekki kvartað yfir mikilli þröngsýni í þessum málaflokki.

Það kom mjög skýrt fram hjá gestum nefndarinnar að það þarf að taka á mjög mörgu og mun nefndin fara yfir það. Við getum nefnt mál eins og ættleiðingarmálin, tæknifrjóvganir o.s.frv. fyrir utan þann gríðarlega stóra málaflokk sem fylgir sambúð. Annars vegar var valkostur um að koma með breytingar á einum 20 eða 30 lögum eða hins vegar að nefnd færi yfir þá skýrslu sem gerð var og kæmi með breytingar í samræmi við það, þannig að við værum ekki að mismuna samkynhneigðum og gagnkynhneigðum.

Það er líka vitað og hefur verið vitað lengi að tæknifrjóvgun hefur verið gerð erlendis, þannig að spurning er hvenær við færum það hingað heim svo að konur þurfi ekki að sækja tæknifrjóvgun erlendis.

Einnig kom fram í nefndinni varðandi mál eins og ættleiðingar, sem hefur oft verið viðkvæmt mál, að það eru ekki mjög mörg lönd sem synja samkynhneigðum um að fá börn og meira að segja í hinum kaþólsku löndum, t.d. Kólumbíu, þykir það ekki tiltökumál. Þar er fyrst og fremst verið að hugsa um velferð barnanna.

Það er auðvitað ýmislegt sem nefndin mun skoða. Í nefndinni kom fram og er áréttað líka af þeim sem mættu fyrir hönd kirkjunnar og m.a. Mannréttindaskrifstofu Íslands, að eitt af því sem þarf að taka á er fræðsla, t.d. um ólíkar fjölskyldugerðir, og ég tala nú ekki um að þora að viðurkenna að sjálfsvíg hjá þessum hópi eru sennilega miklu algengari en hjá nokkrum öðrum samfélagshópum, og þá sérstaklega hjá ungu fólki.

Hér er því verið að brjóta í blað með því að samþykkja þessa tillögu. Og það sem kannski var ánægjulegast bæði við vinnuna við hana og þegar safnað var nöfnum á þessa ágætu þáltill. var að mjög margir þingmenn hefðu gjarnan viljað vera á henni en voru ekki.

Þegar skoðaðar eru allar umsagnir er einróma mælt með því að tillagan verði samþykkt og það komu margar umsagnir, frá kirkjunni og Jafnréttisstofu, Mannréttindaskrifstofunni, Samtökunum 78, Félagi samkynhneigðra stúdenta, verkalýðshreyfingunni o.fl.

Við ættum núna að sjá fram á bjartari tíð. Ég tel það afar tímabært að gerð sé góð og fín úttekt. Það eru komin tíu ár síðan sú síðasta var gerð og margt gerist á tíu árum í þessum

málaflokki. Og jafnframt er það svo að Samtökin 78 eiga 25 ára afmæli og ég held að þetta sé með betri gjöfum sem Alþingi getur veitt þeim samtökum.

[00:09]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það eru ánægjulegt að lesa hér nál. frá allshn. um till. til þál. um skipun nefndar til þess að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks og hvað það er jákvæður tónn í þessu nál. Það er því mikilvægt að þessu verði fylgt eftir, ekki eingöngu að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks, heldur í framhaldinu að bæta réttarstöðu þess og gera hana jafnháa réttarstöðu þeirra sem eru gagnkynhneigðir eða búa þess vegna einir. Ég ætlaði bara að koma hér upp til að lýsa yfir ánægju minni með þetta og hvað nál. sem þetta gefur jákvæðan tón út í samfélagið og verður vonandi til þess að draga úr þeim fordómum sem enn þá eru til hér og þar, þótt minna fari fyrir þeim sem betur fer en áður því samfélagið er fjölbreytt, það á að vera fjölbreytt og við eigum að hlúa að því að hver og einn fái að njóta sín á eigin verðleikum og að allir séu jafnréttháir í samfélagi okkar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 00:12]

Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, frh. 2. umr.

Stjfrv., 375. mál. — Þskj. 427, nál. 1132.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eldi nytjastofna sjávar, 1. umr.

Stjfrv., 680. mál (yfirstjórn fisksjúkdómamála, EES-reglur). — Þskj. 1103.

[00:23]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 33 16. apríl 2002, um eldi nytjastofna sjávar.

Með undirritun EES-samningsins skuldbundu íslensk stjórnvöld sig til að innleiða í íslenskan rétt tilskipun 91/67/EBE, um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða, sem taka átti gildi í júlí 1994. Eitt meginmarkmið tilskipunarinnar er að samræma eftirlit og kveður hún á um nánari skilgreiningu þeirra heilbrigðisskilyrða sem þarf að uppfylla svo að milliríkjaviðskipti geti átt sér stað með lifandi eldisdýr innan og utan EES.

Almennt má segja að tilskipunin kveði á um nánari skilgreiningu þeirra skilyrða sem þarf að uppfylla svo að milliríkjaviðskipti geti átt sé stað með lifandi fisk, krabbadýr eða lindýr innan og utan EES. Tilskipunin lýsir þannig skilyrðum dýraheilbrigðis við inn- og útflutning eldisdýra, eldisafurða og notkun flutningstækja við slíkan flutning. Meginreglan er sú samkvæmt tilskipuninni að inn- og útflutningur fyrrgreindra afurða innan EES er heimill, enda sé heilbrigði dýra og afurða vottað af opinberum eftirlitsaðilum, hérlendis embætti yfirdýralæknis. Frekari takmarkanir koma til vegna smitnæmni tegunda, tegundar sjúkdóms, staðsetningar eldisstöðva eða ástands eldisstöðva. Utan EES hafa ákveðin lönd sem uppfylla tilteknar kröfur sömu heimild til innflutnings til EES-landa og lönd innan EES.

Íslensk stjórnvöld hafa haft víðtæka undanþágu frá framangreindri tilskipun en sú undanþága féll endanlega úr gildi 30. júní sl. og fékkst ekki framlengd. Innflutningur lifandi fiska, lindýra og krabbadýra, hrogna og svilja þeirra hefur þannig ekki verið heimill hingað til lands nema í undantekningartilvikum. Til að tryggja óbreytt heilbrigðisástand, ef tilskipun 91/67/EBE verður innleidd, hafa íslensk fisksjúkdómayfirvöld óskað eftir viðbótartryggingum gagnvart alvarlegustu sjúkdómunum. Slík trygging kveður á um sérstakar heimildir stjórnvalda til að verjast smitsjúkdómum á öflugri hátt en ella og takmarka innflutning. Formleg staðfesting ESA þess efnis fæst þó ekki fyrr en eftir innleiðingu tilskipunar 91/67/EBE.

Miklir hagsmunir eru í húfi, jafnt hvað varðar útflutning á lifandi fiski, seiðum, hrognum og sviljum sem og heilbrigði íslenskra fiskstofna. Innleiðing tilskipunarinnar gæfi nauðsynlegt stjórntæki til að gæta þess að innflutningur á sjávardýrum til eldis verði í samræmi við reglur á EES-svæðinu og að einungis verði flutt inn eldisdýr sem eru laus við sjúkdóma sem ekki fyrirfinnast hér á landi. Sóknarfæri íslenskra fyrirtækja eru mikil á næstu árum, ekki síst vegna góðs heilbrigðisástands hér á landi og nýtur það síaukinnar athygli erlendis og almennrar viðurkenningar.

Með lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, var staðfest að málaflokkurinn félli undir sjávarútvegsráðherra, en eldi ferskvatnsdýra er á verksviði landbúnaðarráðherra. Til að geta innleitt tilskipun 91/67/EBE er nauðsynlegt að breyta lögum nr. 33/2002, auk þess sem gera þarf breytingar á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Með frumvarpi þessu er lagt til að í lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, verði skýrt kveðið á um að sjávarútvegsráðherra fari með yfirstjórn fisksjúkdómamála og setji reglur um innflutning lifandi sjávardýra, óháð þroskastigi þeirra, þ.e. hvort sem er hrogna, svilja, seiða eða fullþroskaðra fiska. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji þær reglur að höfðu samráði við embætti yfirdýralæknis sem mun annast daglega framkvæmd fisksjúkdómaeftirlits, enda hefur starfsfólk þess sérþekkingu á fisksjúkdómum. Enn fremur er lagt til að ráðherra geti notið ráðuneytis fisksjúkdómanefndar sem landbúnaðarráðherra skipar samkvæmt lögum nr. 76/1970 varðandi álitaefni er snerta sjúkdóma í sjávardýrum.

Samhliða þessu frumvarpi hefur landbúnaðarráðherra lagt fram frumvarp til breytinga á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sem nauðsynlegar eru til að unnt verði að innleiða tilskipun 91/67/EBE.

Með þeim lagabreytingum sem lagt er til að verði gerðar er stjórnvöldum gert kleift að hafa eftirlit og stjórn með innflutningi á lifandi fiskum, krabbadýrum og lindýrum sem ætluð eru til eldis hér á landi í samræmi við reglur EES-samningsins. Jafnframt verður tryggt að útflytjendur slíkra

afurða frá Íslandi munu eiga tryggari og auðveldari aðgang að mörkuðum.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til sjútvn.

[00:27]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég er svolítið hissa á því að þetta mál skuli koma inn til umræðu núna þegar þingi er að ljúka. Eins og stendur í athugasemdum við lagafrv. hafa íslensk stjórnvöld lengi vitað að þessi staða væri að koma upp og nægur tími gefist til að bregðast við. En hæstv. ráðherra mætir með þetta frv. núna þegar þingið er að fara heim og þykir afskaplega nauðsynlegt að klára málið. Þetta er ekki björgulegt. Það verður nú að segjast eins er. Út af fyrir sig er engin skiljanleg ástæða nefnd fyrir því, a.m.k. ekki í máli ráðherra hér áðan, að menn hafi lent í þessu tímahraki. Ég held að hæstv. ráðherra þurfi að útskýra það fyrir hv. þingmönnum hvers vegna málið hefur ekki rekið á fjöru Alþingis fyrr en þetta.

Ég ætla svo sem ekki að teygja lopann yfir þessu máli og geri ráð fyrir því að menn séu tilbúnir að draga málið einhvern veginn að landi til að komast hjá vandræðum. En það vekur líka athygli að hér eru ljósar afleiðingar þess að nú er ákveðið að tvö ráðuneyti eigi að fara með eldi fiska. Það leiðir af sér ýmsar breytingar í framhaldinu sem ekki hefur enn verið hrint í framkvæmd. Margir þingmenn hafa þó á hv. Alþingi rætt um að það þyrfti að samræma eitthvað stjórnsýsluna hvað þessa hluti varðar. Um það mætti hafa mörg orð, sem ég ætla ekki að hafa á þessari nóttu.

Mér finnst þetta mál ansi seint fram komið og það væri gott ef hæstv. ráðherra útskýrði fyrir okkur hvernig á því stendur að hann kemur með þetta svona seint.

[00:30]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eflaust má segja að málið sé seint fram komið en það er oft þannig að það tekur svolítinn tíma að finna lausnirnar á þeim vandamálum sem við stöndum frammi fyrir varðandi þessar tilskipanir frá Evrópusambandinu. Eins og fram hefur komið þarf að breyta einum þremur eða fjórum lagabálkum. Hv. þm. nefndi til sögunnar þá ákvörðun, eins og hann orðaði það, að tvö ráðuneyti færu með fiskeldið, nú væri búið að ákveða það. Það hefur auðvitað legið fyrir mjög lengi, en það sem verið er að gera með þessum frv., annars vegar því sem hér er til umræðu og þeim sem ég nefndi í tengslum við það, er einmitt það sem hann var sjálfur að nefna, þ.e. verið er að samræma þarna á milli þannig að sama kerfið sjái um fisksjúkdómana, það er óþarfi að byggja upp tvö kerfi bæði í landbrn. og sjútvn. Mjög gott samstarf hefur verið um það á milli ráðuneytanna og verði þessi frv. að lögum þurfa menn ekkert að hafa neinar sérstakar áhyggjur af því.

[00:32]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða löngu máli í þetta frv. Við munum hafa tækifæri til að skoða það í sjútvn. Ég vil hins vegar vekja athygli hæstv. sjútvrh. á einu atriði, sem hann hefur kannski séð eins og ég, að í fréttaskýringu frá Bretlandi er verið að tala um sníkjudýr sem leggst þar á botnfiskstofna og ef á að skilja fréttina rétt þá leggst sníkjudýrið á þorsk og þorskfiska og drepur í miklum mæli, sérstaklega ungviði.

Nú vill svo til að við höfum verið að flytja inn þorskhausa frá Bretlandi, ferska, til verkunar hér heima. Ég vek athygli á þessu vegna þess að maður veltir því auðvitað fyrir sér hvort hugsanlegt sé að þetta sníkjudýr berist hingað sem virðist hafa haft mjög alvarlegar afleiðingar við Bretlandsstrendur og mikla útbreiðslu, snögga útbreiðslu. Ég er því miður ekki með þennan texta og þekki ekki þetta sníkjudýr. Ég geri ráð fyrir að ráðherrann hafi séð þessa frétt eins og ég.

Ef við erum að flytja hingað ferskar fiskafurðir úr þorski sem veiddur er við Bretlandsstrendur og erum að vinna úr þeim hér heima, jafnvel þótt við förum með þær inn í þurrkstöðvar, þá eru þær fluttar til landsins og á einhverju stigi þarf vafalaust að lensa út úrgangi frá þeim flutningi á siglingaleiðinni og síðan tekur náttúrlega uppskipunin við. Ég velti því fyrir mér hvort ástæða væri til að skoða það hvort smit geti hreinlega borist til okkar annaðhvort með flutningi, eða þá hreinlega með kjölfestu flutningaskipa. Ég varpa því til hæstv. ráðherra hvort hann hafi tekið eftir þessari frétt og hvort ástæða sé til að hafa áhyggjur af henni.

[00:34]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki séð þá frétt sem hv. þm. tilgreindi, en í grundvallaratriðum er ástæða til að hafa áhyggjur af slíkum hlutum og rétt að skoða það í þessu sambandi. Það eru auðvitað ótal smitleiðir sem þarna eru mögulegar og það er þekkt að smit geti borist með lensvatni í skipum og það er reynt að grípa til ráðstafana sums staðar vegna þessa ef menn vita um eitthvað sérstakt. En í grundvallaratriðum er þetta rétt athugasemd hjá hv. þm. og rétt að taka það til athugunar.

[00:35]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um frv. en lýsi megnri óánægju með hversu seint málið er fram komið. Nú er klukkan langt gengin í eitt að nóttu og nefndarfundur í fyrramálið og búið er að dæla út stórmálum úr nefndum í dag og verður á morgun. Mér finnst forkastanlegt að vinna á þann hátt sem hér er gert, að setja inn ný mál sem á eftir að fjalla um og mál sem varða stóralvarlega hluti eins og hér hefur komið fram. Ég get ekki séð að nokkur bragur verði á því að vinna þetta á örfáum klukkutímum með annarri vinnu sem fram fer í þinginu núna á seinustu dögum þess. Ég vil að þetta komi fram. En auðvitað munum við skoða þessi mál í hv. sjútvn. Ég vil bara að það komi fram að ég lýsi megnri óánægju með að ekki skuli vera hægt að haga málum þannig á hinu háa Alþingi að við þingmenn getum staðið að vinnunni eins og við viljum gera best og forða mistökum sem því miður eru allt of algeng í lagasetningu og leiðréttinga þörf á seinni stigum eins og fram hefur komið síðustu daga.

[00:36]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. sjútvrh. hvort ekki hefði verið möguleiki á að fá undanþágu frá þessu ákvæði EES-samningsins. Mér hefur oft og tíðum fundist við ekki vera nógu vökul, höldum ekki nóg vöku okkar til að koma okkur undan þeim ákvæðum sem sannarlega eiga ekki við um okkar aðstæður og einangrun að mörgu leyti hér úti í miðju Atlantshafi. Og það á við um þetta ákvæði sem hér á nú að fara að taka upp og við höfum fram að þessu verið vernduð fyrir. Með því að lesa yfir frv. sem er svo nýkomið inn á borð til okkar og annað frv. sem hangir þar í, um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, tel ég að með því að hafa ekki lengur þær varnir sem við

höfum búið við sé líklegra eða meiri hætta á smiti, bæði með þeim sjávardýrum sem við leyfum innflutning á og meiri hætta sé á erfðablöndun því við erum að opna miklu meira en áður og eins með þeim flutningatækjum sem notuð eru til flutnings á seiðum eða fiskum, svokölluðum brunnbátum. Í dag er óheimilt að flytja til landsins notuð tæki sem eru notuð við fiskirækt, en með frv. er verið að heimila að nota erlend farartæki, báta til þess að flytja afurðir á milli.

Ég held að það sé alveg ljóst að við sýnum aldrei nægilega varkárni og ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki hefði verið möguleiki á að fá undanþágu frá þessu ákvæði miðað við legu landins. Augljóst er að þetta á við meginland Evrópu til þess að auðvelda mönnum þar að flytja seiði og fisk á mismunandi þroskastigi á milli svæða en ekki er þar með sagt að þetta eigi við okkur.

[00:39]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er hárrétt athugað hjá hv. þm. að það eru aðrar aðstæður hjá okkur en í löndum Evrópusambandsins eða öðrum löndum Evrópska efnahagssvæðisins þar sem þessi tilskipun á að gilda. Þess vegna höfum við haft undanþágu síðan 1994 frá tilskipuninni. Sú undanþága rann út í júní sl. og fékkst ekki endurnýjuð og það er kannski ein helsta skýringin á því að tafist hefur að koma frv. inn í þingið að verið var að leita eftir því að fá undanþáguna framlengda en það gekk því miður ekki.

Hins vegar er þessi tilskipun þannig útbúin að svæðin eru flokkuð eftir sjúkdómsástandi og skilyrði um flutninga á milli miða þá við efnisaðstæður á hverjum stað. Hins vegar eru viðbótartryggingar sem hægt er að beita á svæðum sem hafa sérstöðu eins og Ísland hefur en þær viðbótartryggingar getum við ekki fengið fyrr en við erum búin að taka upp tilskipunina. Þess vegna erum við nú að flytja þetta. Við gerum okkur vonir um að staðan eftir að búið er að taka upp tilskipunina og við erum búin að fá viðbótartryggingarnar, verði ekki lakari í raun en hún hefur verið fram að þessu. Það ætlar auðvitað enginn þeim sem tilskipunina sömdu að minnka öryggi viljandi varðandi smit á sjúkdómum með flutningi lifandi dýra. Þess vegna vonast ég til þess að ástandið verði ekki lakara eftir að tilskipunin hefur verið tekin upp en það hefur verið fram til þessa.

[00:41]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin. Í svari hans kom fram að reynt hefur verið að framlengja þessa undanþágu og það hefur ekki tekist.

En mig langar til að biðja hæstv. ráðherra um að segja okkur í stuttu andsvari frá því í hverju þessar viðbótartryggingar felast.

[00:42]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Viðbótartryggingar geta auðvitað verið mismunandi eftir aðstæðum. Í okkar tilfelli mundu þær fela í sér frekari takmarkanir á flutningi lifandi dýra til landsins og geta þar að auki gert mjög ríkar kröfur um að lifandi dýr, óháð þroskastigi, komi frá svæðum þar sem sama sjúkdómsástand er ríkjandi og er hjá okkur. Satt best að segja eru þau svæði afskaplega fá. Og í fljótu bragði man ég ekki eftir svæði þar sem sams konar ástand ríkir og er hjá okkur og þess vegna hef ég leyft mér að segja að vonir standi til þess að vegna þessara viðbótartrygginga verði ástandið raunverulega eins og það var meðan undanþágan var í gildi, eftir að tilskipunin verður tekin upp.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lax- og silungsveiði o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 681. mál (innflutningur lifandi sjávardýra, EES-reglur). — Þskj. 1104.

[00:43]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Segja má að þetta sé svona sysfurfrumvarp þess sem hér var rætt áðan og snýr að lax- og silungsveiði og lögum um innflutning dýra og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum. Það er rétt hjá hv. þingmönnum að málið kemur seint fram. Það eru ýmsar ástæður fyrir því. (**Gripið fram í:** Segðu okkur þær.) Í fyrsta lagi hafa menn auðvitað verið að vinna í þessum málum og vonuðu það sem kannski gat gerst að menn fengju þessa undanþágu áfram en það hefur ekki tekist frá því í júní í sumar.

Hér hefur verið farið yfir það að með EES-samningnum skuldbundu íslensk stjórnvöld sig til að innleiða tilskipun 91/67/EBE í íslenskan rétt sem taka átti gildi í júlí 1994.

Íslensk stjórnvöld hafa haft víðtæka undanþágu frá framangreindri tilskipun en sú undanþága féll endanlega úr gildi 30. júní sl. eins og áður sagði.

Ef ég á að rekja nokkur atriði, þá stendur málið þannig nú að Eftirlitsstofnun EFTA hefur fylgst náið með framgangi mála hér á landi um innleiðingu tilskipunar 91/67/EBE og af því tilefni sent fjögur kvörtunarbréf á undanförnum mánuðum. Sá tími sem Ísland hefur til svara, skýringa eða úrbóta er nú að renna út. Telji stjórnvöld sig ekki geta bætt úr því sem kvartað er yfir eða rökstutt, að þau telji sér það ekki skylt, má telja líklegt að málið fari á næsta stig mjög fljótt, innan eins eða tveggja mánaða. Eftirlitsstofnun EFTA mun þá krefjast rökstudds álits af Íslands hálfu, gefa lokafrest sem er yfirleitt tveir mánuðir til úrbóta og lagfæringa. Eftir þann frest hefur Eftirlitsstofnun EFTA heimild til að höfða mál gegn íslenska ríkinu fyrir EFTA-dómstólnum.

Í frumvarpi þessu er kveðið á um breytingar á þrennum lögum sem varða innflutning á fiski, hrognum og sviljum. Meginbreytingarnar eru eftirfarandi:

Í lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, er lagt bann við innflutningi lifandi laxfiska eða annarra fiska er lifa í ósöltu vatni. Landbúnaðarráðherra er heimilt að leyfa innflutning lifandi hrogna slíkra fiska. Innflutningsbann þetta stríðir gegn tilskipun 91/67/EBE og er því nauðsynlegt að það verði afnumið. Þar sem bann er lagt við innflutningi á notuðum eldisbúnaði í lögunum verður jafnframt að vera skýr heimild í lögum um notkun erlendra flutningstækja vegna fiskeldis, eins og brunnbáta, þar sem hér er um að ræða sérhönnuð flutningsför sem oft eru ekki til hér á landi en eru nauðsynleg til flutnings eldisdýra. Þá er gert ráð fyrir að fiskistofustjóri taki sæti í fisksjúkdómanefnd en með frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, sem fjallar um innflutning sjávardýra á grundvelli tilskipunar 91/67 og lagt er fram samhliða þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að fisksjúkdómanefnd verði sjávarútvegsráðherra til aðstoðar og ráðuneytis varðandi fisksjúkdóma í sjávardýrum. Valdsvið nefndarinnar hefur því verið aukið á

þann veg að það nær að þessu leyti til sjávardýra. Er því talið eðlilegt að fiskistofustjóri eigi sæti í nefndinni. Nefndin verður þá skipuð fjórum aðilum og miðað við að ef atkvæði verða jöfn ráði atkvæði formanns úrslitum.

Samkvæmt lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, er óheimilt að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin eða villt, svo og erfðaefni þeirra. Ráðherra hefur þó heimild samkvæmt lögunum til að víkja frá banninu að fengnum meðmælum yfirdýralæknis. Þar sem ákvæði þetta kveður á um almennt innflutningsbann dýra er talið nauðsynlegt með frumvarpinu að kveða á um heimild til innflutnings lifandi fiskeldisdýra með skýrum hætti í samræmi við tilskipunina, enda skal innflutningurinn háður skilyrðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingu á lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, þar sem kveðið á um skyldu landbúnaðarráðherra til setningar reglugerðar vegna innleiðingar tilskipunar 91/67/EBE í íslenskan rétt, þ.e. til að takmarka útbreiðslu sjúkdóma. Reglur um sjávardýr skulu settar í samráði við sjávarútvegsráðherra. Jafnframt er kveðið á um heimildir landbúnaðarráðuneytisins í samráði við embætti yfirdýralæknis til að takmarka eða banna inn- og útflutning tiltekinna dýra og afurða þeirra, til lengri eða skemmri tíma, til tiltekins lands eða landsvæðis telji hann að slíkur flutningur valdi eða sé líklegur til að valda útbreiðslu sjúkdóma.

Samkvæmt gildandi löggjöf hér á landi koma bæði landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti að málum vegna innflutnings á lifandi fiskeldisdýrum og erfðaefni þeirra. Í 13. gr. laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, er skýrt kveðið á um heimild landbúnaðarráðherra til að leyfa innflutning fiska og erfðaefnis þeirra. Um er að ræða fisk sem lifir í fersku vatni. Í bráðabirgðaákvæði laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, var ákvæði sem heimilaði sjávarútvegsráðherra að veita leyfi fyrir innflutningi lifandi fiska, skrápdýra, liðdýra og lindýra sem lifa í söltu vatni en það féll úr gildi 31. desember 2002. Tilskipun 91/67/EBE tekur bæði til fiskeldisdýra sem lifa í fersku og söltu vatni. Tilskipunin varðar þannig starfssvið tveggja ráðuneyta, landbrn. og sjútvrn., og þau hafa haft samvinnu við undirbúning beggja þeirra lagafrv. eins og hér hefur komið fram.

Frumvarp þetta felur í sér að innflutningsbanni lifandi laxfiska og annarra fiska, sem lifa í fersku vatni, er aflétt. Samhliða þessu frumvarpi leggur sjávarútvegsráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, sem hefur að geyma sambærilega heimild til innflutnings á fiskeldisdýrum sjávar. Með frumvörpunum er því verið að samræma innflutningsreglur vegna lifandi fisks í fersku og söltu vatni.

Við undirbúning frumvarpanna var lögð áhersla á að reglur verði heildstæðar hvað sjúkdóma varðar og að stofnanir sem fyrir eru verði nýttar til að hafa eftirlit með sjúkdómastöðu í eldi ferskfisks, vatna- og sjávardýra.

Eitt meginmarkmiða tilskipunar 91/67/EBE er samræming eftirlits með inn- og útflutningi lifandi fiskeldisdýra og erfðaefnis þeirra. Þetta eftirlit mun hérlendis verða í höndum embættis yfirdýralæknis sem er í samræmi við lög og reglur innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra setji með reglugerð, byggðri á tilskipun 91/67/EBE, með síðari breytingum, ákvæði sem nauðsynleg eru með tilliti til smitsjúkdómahættu vegna innflutnings sem kann að verða leyfður verður á grundvelli þessara laga.

Til þess að tryggja megi óbreytt heilbrigðisástand við innleiðingu tilskipunarinnar, hafa íslensk fisksjúkdómayfirvöld óskað eftir viðbótartryggingum gagnvart fimm alvarlegustu sjúkdómum sem upp geta komið í fiski. Tilgangur umsóknarinnar er að fá formlega viðurkenningu Evrópusambandsins þess efnis að íslensk yfirvöld sinni öflugu eftirlitsstarfi og landið sé sannanlega laust við alvarlega smitsjúkdóma. Slíkar tryggingar kveða á um sérstakar heimildir stjórnvalda til að verjast smitsjúkdómum með öflugri hætti en ella og takmarka innflutning. Gert er ráð fyrir að afgreiðsla viðbótartrygginganna taki u.þ.b. fjóra mánuði eftir að frv. er orðið að lögum, en ekki verður unnt að fá viðbótartryggingar fyrr en tilskipunin hefur verið innleidd í íslensk lög.

Hér er því lagt til að gildistöku laganna verði frestað til 1. ágúst 2003, eða þann tíma sem áætlað er að þurfi til að fá viðbótartryggingarnar í gildi hér á landi.

Í fylgiskjali með frv. þessu er að finna kostnaðarumsögn fjmrn. um frv. og læt ég nægja að vísa í það.

Hæstv. forseti. Ljóst er að verði tilskipun 91/67/EBE ekki innleidd í íslenska löggjöf á næstunni getur það haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskt efnahagslíf. Framtíðarútflutningi á fiski kann að vera ógnað ef íslensk stjórnvöld uppfylla ekki áðurnefndar skuldbindingar. Í þessu sambandi geta m.a. komið upp vandamál sem felast í óljósri lagastöðu Íslands vegna ófullnægjandi innleiðingar samræmdra reglna og erfiðleika við vottun sem líklegt er að erlendir samkeppnisaðilar nýti sér. Einnig er aukin hætta á að hingað berist sjúkdómar sem ekki finnast hér á landi sem geta eyðilagt þann mikla og góða orðstír sem Ísland hefur vegna einstakrar sjúkdómastöðu á þessu sviði. Miklir hagsmunir eru því í húfi, jafnt hvað varðar útflutning og heilbrigði íslenskra fiskstofna, en með innleiðingu tilskipunarinnar verður lögð áhersla á að með henni fái íslensk stjórnvöld jafnframt nauðsynleg stjórntæki til að gæta þess að einungis verði flutt inn eldisdýr sem eru laus við þá sjúkdóma sem ekki fyrirfinnast hér á landi. Málssókn Eftirlitsstofnunar EFTA vofir yfir gegn íslenska ríkinu vegna brota á EES-samningnum eins og ég hef hér komið áður inn á.

Með vísan til þess sem hér hefur verið gerð grein fyrir, tel ég ljóst að allir þingmenn geri sér grein fyrir að Ísland er í erfiðri stöðu í þessu máli og hversu brýnt það er og í raun óhjákvæmilegt að tilskipun 91/67/EBE verði innleidd í íslenska löggjöf á því löggjafarþingi sem nú stendur yfir eins og gert er ráð fyrir í því frv. sem hér er til umfjöllunar.

Ég tek undir ýmislegt sem hér hefur komið fram í umræðunni, að landið getur þess vegna við þessar aðstæður verið opið í báðar áttir og því brýnt að taka þetta mál föstum tökum.

Hæstv. forseti. Að lokinni umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[00:54]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hæstv. landbrh. að taka þurfi föstum tökum á þessum málum og hafa allan varann á þegar verið er að tala um að flytja inn dýr, hvort sem það eru sjávardýr eða önnur, til kynbóta eða eldis hér á landi.

Í umræðu um varðveislu erfðaefna í íslenskri náttúru í umfjöllun landbn. komu fram þau sjónarmið að í nefndinni ætti líka að sitja einhver fulltrúi sem kæmi t.d. frá Síð-

fræðistofnun Háskóla Íslands, vegna þess að öll þau mál sem tengjast genum og innflutningi á dýrum og blöndun og annað skarast mjög við svið siðfræðinnar og þetta er ekki bara mál náttúrufræðinnar ef svo má að orði komast.

Mig langar aðeins að varpa þessum orðum hér inn í umræðuna og heyra hvað hæstv. landbrh. hefur um það að segja. Í 3. gr. er einmitt talað um fiskisjúkdómanefnd og þá datt mér í hug, herra forseti, hvort einnig gæti heyrt inn á hennar svið það sem ég var að tala um í sambandi við það sem lýtur að siðfræði og slíkum málum í þessari umræðu.

[00:56]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. er nú utan við það mál sem við ræðum hér í umfjöllun sinni um allt annað efni. Hér er fyrst og fremst um að ræða að eiga sterk tæki til að varna því að sjúkdómar komist til landsins og að standa við þær skuldbindingar sem menn ákváðu hér í þessari stofnun þegar gengið var í EES eða EES-samningurinn var gerður á síðustu öld, fyrir einum tíu árum eins og við munum. Hér er verið að fullnægja því og koma um leið reglum á til þess að mæta því að undanþágu hefur verið svipt burtu, þannig að málið snýst um þær varnir.

En hvað hitt varðar sem hv. þm. nefnir með erfðafræðina og alls konar áætlanir og tilraunir sem menn standa í, þá get ég vel fallist á það að siðfræðimenntaður maður frá háskólanum komi að því. Ég minnist þess t.d. þegar ég fjallaði um innflutning á norsku kúnni á sínum tíma eða þeirri tilraun sem þá átti að fara í gang og allri þeirri umræðu, þá átti ég ágætt samstarf við siðfræðimenntaðan mann úr Háskóla Íslands, sem mér þótti vænt um bæði að hitta og fá álit frá. Þetta er gott innlegg, hv. þm., í aðra mikilvæga umræðu.

[00:58]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir góðar undirtektir við það sem ég vakti máls á og tel að það eigi alveg heima í þessari umræðu líka, því við erum náttúrlega að tala um hluti sem koma inn á svið íslenskrar náttúru jafnvel, þegar við erum að flytja inn dýr sem geta haft breytingar í för með sér vegna gena og haft áhrif á stofnana með sjúkdómum og öðru.

Það er svo að stundum fara menn fram af meira kappi en forsjá í því þegar þeir sjá hagnaðar- og ábatavon í hvers konar eldi og vilja þá kannski fara að flytja inn ýmsar tegundir dýra eða fiskstofna jafnvel eða fiskstofnaafbrigða, og því er ég að benda á það í þessari umræðu að siðfræðingar eða aðilar sem hefðu aðra sýn á málið en náttúrufræðingar væru ágætir inn í umræðuna og ákvarðanatöku þegar verið er að leyfa innflutning á ákveðnum dýrum eða lífverum sem við teljum ábata í að rækta hér eða koma upp. Það er það sem ég vildi segja, að það verður að vera ákveðinn agi ef svo má að orði komast, herra forseti, og aðhald í þessum efnum til að forðast hugsanleg slys, jafnvel stórslys, þegar við erum að fást við þetta. En ég ítreka aftur þakkir og jákvæð viðhorf hæstv. landbrh. í þessu.

[01:00]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Jú, vera kann að þessi mál verði miklu stærri í framtíðinni en þau hafa verið hingað til. Ég hef upplifað það sem landbrh. að menn hafa sótt um innflutning á alls konar hitabeltisdýrum og dýrum sem varla mundu þrífast í íslenskri náttúru. Sum slík verkefni eru reyndar á mínum borðum. Frægt er að ég hafnaði krókódílunum sem Húsvíkingar ætluðu að gera að sinni atvinnu í heita pottinum þar. Ég gerði það á þeim forsendum að ekki var talið að þessi dýr pössuðu inn í íslenska náttúru, fyrir utan það að krókódílarnir eru miklir sýklaskrokkar og síðan kannski manninum hættuleg, þessi dýr. Svona til þess að ljúka þessari umræðu er auðvitað gott að fara með og festa í þingsögunni hina frægu vísu Hákons Aðalsteinssonar sem hann orti af þessu tilefni:

Húsvíkingar sitja nú í sárum,
sviptir eru góðri tekjuvon.
Grætur köldum krókódílatárum
kvikindið hann Guðni Ágústsson.

[01:02]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér fjöllum við um frv. til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, lögum um innflutning dýra og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Þetta er fylgifiskur þess frv. sem hér var kynnt áðan og afleiðing þess að við tókum upp tilskipanir frá EES og fengum frest þar til nú. Við höfum því ekki lengur undanþágu varðandi það ákvæði að flytja inn seiði og fisk á mismunandi þroskastigum. Það á bæði við í söltum sjó og í fersku vatni. Eins og hér hefur komið fram fara bæði hæstv. sjútvrh. og sjútvrn. og landbrh. og landbrn. með þessi mál og fer það eftir því hvort seiðin og fiskurinn eru í söltum sjó eða fersku vatni.

Við höfum verið svo lánsöm að búa við ákveðna vernd. Hér á árum áður var hún bara af náttúrlegum aðstæðum og síðan stafaði vernd sú sem við höfum búið við af undanþágu frá EES-ákvæðinu.

Nú er verið að gera breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, bæta við eldisdýrum sem þar hafa ekki verið áður inni. Þau eru lagardýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni, og tekin hafa verið úr náttúrulegu umhverfi sínu og eru alin við stýrðar aðstæður, svo og erfðaefni þeirra.

Hér er sem sé verið að bæta eldisdýrum inn í lög um lax- og silungsveiði og eins og oft hefur komið hér fram eru mismunandi hagsmunir í húfi. Við berum hag ánna og hins villta lax fyrir brjósti og alla hagsmuni sem laxveiðibændur eða eigendur ánna hafa af því að selja veiði úr ám sínum. En við höfum líka þær skyldur að vernda villta íslenska laxastofninn. Allt eldi á laxi sem ekki er af íslenskum uppruna hér við Íslandsstrendur er mjög viðkvæmt. Við erum núna að opna fleiri glufur, fleiri möguleika á að koma með fleiri tegundir hingað inn að landi.

Ég legg ríka áherslu á að þar sem verið er að opna fyrir eldi á hinum ýmsu tegundum hér á landi þá þurfum við ekki eingöngu að vera mjög varkár út frá smitsjúkdómavörnum heldur ekki síður vegna erfðablöndunar við sambærileg dýr eða fiska í íslenskri náttúru.

Þar sem þetta frv. og það sem hér var mælt fyrir áðan koma mjög seint inn í þingið og þessi frv. bæði munu skapa hér allt annað umhverfi hvað varðar verndun fiskstofna okkar og vörn gagnvart smitsjúkdómum í fiskum og skeldýrum þarf vitaskuld að fara mjög vel yfir þessi frv. Það verður að gefa hæstv. sjútvn. og landbn. tíma til þess að fara vel yfir þessi frv. og kalla til nefndanna sérfræðinga og þá sem best þekkja til og eiga að fara með þessi mál. Það þýðir ekkert að vera með neina fljótaskrift á afgreiðslu þessara mála.

Fari svo að þeirri vinnu verði ekki lokið þegar við erum tilbúin að slíta þinginu þá tel ég best að koma þessari vinnu af stað, fá umsagnir og vinna málin í sumar. Ég trúi ekki öðru,

ef vinnan verður komin í gang, en að svipa EES verði ekki yfir okkur, þ.e. ef sannanlega er verið að vinna í málunum. Það er mjög mikilvægt að vanda vel til verka og reyna að skoða þessi frv. frá mismunandi sjónarmiðum, bæði hvað varðar erfðablöndunina og smitsjúkdóma.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 41.–44. mál.

Fundi slitið kl. 01:08.

---

95. FUNDUR

þriðjudaginn 11. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Til menntamálaráðherra:

1. Úrræði fyrir fullorðna sem eiga við læsisvanda að etja, fsp. KolH, 603. mál, þskj. 964.
2. Heimakennsla á grunnskólastigi, fsp. SvanJ, 641. mál, þskj. 1038.

Til heilbrigðisráðherra:

3. Áfengis- og vímuefnameðferð fyrir fanga, fsp. KF, 583. mál, þskj. 937.
4. Staða óhefðbundinna lækninga, fsp. LMR, 592. mál, þskj. 949.
5. Endurhæfing krabbameinssjúklinga, fsp. ÞBack, 643. mál, þskj. 1040.
6. Ferðakostnaður vegna tannréttinga, fsp. ÞBack, 676. mál, þskj. 1099.

Úrræði fyrir fullorðna sem eiga við læsisvanda að etja.

Fsp. KolH, 603. mál. — Þskj. 964.

[10:30]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Mikið hefur verið fjallað um ýmiss konar lestrarvanda í fjölmiðlum upp á síðkastið og er ljóst að vandi þeirra sem eiga við slíkt að etja er mikill, og fá úrræði virðast vera til staðar í kerfinu. Áberandi er að fjöldi kennara sem lætur sér annt um hag þeirra nemenda sem eiga við slíkan vanda að etja hefur komið fram í fjölmiðlum og lýst ástandinu. Kristín Jónsdóttir, íslenskukennari við Menntaskólann í Reykjavík, skrifaði grein sem birtist í Morgunblaðinu um helgina en þar gerir hún að umtalsefni mikilvægi þess að uppgötva lesblindu sem fyrst og telur hún með öllu óskiljanlegt hversu erfitt er að fá greiningu fyrir nemendur. Hún telur skólakerfið illa í stakk búið til að sinna þessum nemendum og þótt flestir kennarar séu allir af vilja gerðir til að taka tillit til slíkra nemenda megi það sín lítils ef stjórnvöld skapa skólastarfinu ekki nauðsynleg skilyrði. Í niðurlagi greinarinnar segir Kristín, með leyfi forseta:

„Þá verður lítið úr þeirri háleitu hugsjón að allir fái menntun við sitt hæfi.“

Í þessu sama Morgunblaði frá 9. mars er að finna grein eftir Sigríði Soffíu Sandholt og Þóreyju Kolbeins sem báðar eru kennarar við skóla Ísaks Jónssonar. Þær taka í sama streng og leggja áherslu á nauðsyn þess að börn fái greiningu snemma, helst ekki seinna en 9 ára.

En hver staðreyndin í þessum málum, herra forseti? Hana má m.a. finna í ummælum Knúts Hafsteinssonar, íslenskukennara við Menntaskólann í Reykjavík, sem sagði í viðtali við fréttamann Stöðvar 2 fyrir skemmstu það vera óskiljanlegt að ungt fólk haldið miklum lestrarerfiðleikum, jafnvel lesblindu, skuli vera að uppgötvast þegar það kemur í menntaskóla 16 ára gamalt eftir tíu ára grunnskólanám. Og Knútur heldur áfram að lýsa vaxandi erfiðleikum á þessu sviði sem tengjast því að Lestrarmiðstöð Kennaraháskóla Íslands var lögð niður því meðan hún starfaði vissu kennarar þó hvert var hægt að senda börn til frekari greiningar en eftir að henni var lokað er enginn staður í kerfinu sem tekur á vanda þessara barna. Þetta er sannarlega áhyggjuefni, herra forseti, og ber að skoða í samhengi við þær umræður sem hafa átt sér stað í þessum sal. Er skemmst að minnast umræðu sem átti sér stað í fyrirspurnatíma þegar hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir lagði fyrirspurn fyrir hæstv. menntmrh. 20. nóvember sl. Spurningin var hvað liði könnun á læsi fullorðinna Íslendinga sem Alþingi samþykkti vorið 2000 að fela menntmrh. að láta gera. Í svörum ráðherrans við fyrirspurn þingmannsins kom fram að menntmrn. hafi skipað starfshóp þann 8. mars 2002 sem hafi skilað tillögum til ráðuneytisins í október sl. Síðan hefur lítið frést af þessum tillögum eða framkvæmdum til úrbóta. Einungis hefur bæst í þær fréttir af dapurlegu ástandi mála sem við höfum mátt lesa í fjölmiðlum allt of lengi. Af þessum ástæðum, herra forseti, tel ég tímabært að spyrja hæstv. menntmrh.:

Hverjar voru niðurstöður starfshóps sem skipaður var 8. mars 2002 og falið var að gera tillögur um úrræði fyrir fullorðna sem eiga við læsisvanda að etja og hvernig er ráðgert að fara að tillögum hópsins?

[10:34]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Hinn 8. mars 2002 skipaði menntmrn. starfshóp til þess að benda á leiðir til að ná til fullorðins fólks sem á við lestrar- og skriftarörðugleika að etja og gera áætlanir um hvernig koma megi þeim aðilum til aðstoðar við að vinna bug á ólæsinu.

Starfshópur þessi skilaði niðurstöðum til ráðherra í októberlok 2002 þar sem fram kemur m.a. það álit að allstór hópur fullorðinna eigi við læsisvanda að stríða. Í skýrslu starfshópsins eru lagðar fram ýmsar tillögur til að koma til móts við fullorðna sem eiga við lestrarerfiðleika að etja. Þar má nefna lagasetningu, stofnun læsimiðstöðvar, útgáfu námsefnis fyrir markhópinn o.fl. Þessar tillögur eru nú til umfjöllunar í ráðuneytinu í sambandi við þær aðgerðir ráðuneytisins sem þegar hefur verið gripið til og áætlaðar eru á næstunni.

Mjög brýnt er að taka heildstætt á þessu vandamáli og það sem m.a. kom fram í þessari athugun var að ekki var tekið heildstætt á vandamálinu áður. Það þarf að reyna að koma nemendum með lestrarvanda til hjálpar sem allra fyrst í grunnskóla. Í þeim tilgangi kom ráðuneytið á lesskimunarkerfi við upphaf grunnskólans árið 2000. Þetta lesskimunarkerfi með prófun fyrir 1. og 2. bekk grunnskóla hefur því

verið notað í þrjú ár með góðum árangri að mati ráðuneytisins. Gerð verður úttekt á þessu kerfi á næstunni.

Ráðuneytið hefur einnig styrkt gerð greinandi ritmálsprófs fyrir unglinga sem er nú tilbúið til notkunar. Gert er ráð fyrir að grunn- og framhaldsskólum standi þetta próf til boða með litlum kostnaði á næstunni. Þegar er byrjað að nota þetta próf í efstu bekkjum grunnskóla. Einnig hefur ráðuneytið styrkt útgáfu á prófi til notkunar á efstu stigum leikskóla þar sem leitast er við að finna nemendur sem síðar eiga á hættu að lenda í erfiðleikum með mál og lestur. Þetta próf er þegar tilbúið og hefur verið tekið í notkun í leikskólum með góðum árangri.

Ráðuneytið lítur á þessi þrjú próf sem mikilvæg skref til að finna sem fyrst nemendur sem hugsanlega lenda í lestrarerfiðleikum. Greinandi ritmálspróf getur einnig nýst nemendum í framhaldsskólum og fólki á fullorðinsaldri. Jafnframt þessu hefur ráðuneytið skipað samráðsnefnd vegna lestrarerfiðleika nemenda í grunnskólum. Þessi nefnd hefur nýlega hafið störf og á að skila tillögum til ráðuneytisins 1. apríl nk. Hlutverk nefndarinnar er að undirbúa breytingar á reglugerð um sérfræðiþjónustu skóla.

Ráðuneytið telur nauðsynlegt að sett verði í reglugerð ákvæði sem skylda grunnskóla til að framkvæma greiningu á sérstakri lesröskun með kerfisbundnum hætti. Í reglugerð verði kveðið á um hvaða aðferðum skuli beitt við greininguna og hvaða skyldur skólar bera gagnvart nemendum sem greinast með sértæka lesröskun. Ráðuneytið leggur áherslu á að lestrarerfiðleikar greinist sem fyrst á skólagöngu barnsins svo að hægara sé að leita leiða til úrbóta.

Ræða þarf verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þessu sambandi svo og skiptingu ábyrgðar, auk þess sem nauðsynlegt er að skilgreina ábyrgð á verkaskiptingu ráðuneytanna. Enn fremur skal nefndin ræða hvaða leiðir skulu standa nemendum í framhaldsskólum til boða þegar lestrarerfiðleikar greinast. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar félmrn., heilbrrn., Kennarasambands Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Fulltrúi menntmrn. er formaður nefndarinnar.

Þótt gripið hafi verið til margvíslegra aðgerða til að hjálpa nemendum í grunnskóla sem eiga við lestrarvanda að etja er ljóst að margir nemendur í framhaldsskólum og fullorðnir eiga við þennan vanda að etja, eins og fram hefur komið í áliti starfshópsins sem fyrirspurnin fjallar um. Ráðuneytið hefur nú til athugunar álit starfshópsins um hvernig best verður staðið að því að aðstoða fullorðna sem eiga við lestrarvanda að etja.

Eitt af því sem hefur komið til álita er að gera þjónustusamning við framhaldsskóla eða háskóla um framkvæmd kennslu fyrir lesblinda nemendur í framhaldsskólum og fullorðna með sama vanda. Það mætti leita til eins eða fleiri skóla sem hafa sýnt frumkvæði á þessu sviði um sjálfa framkvæmd kennslunnar, jafnframt því að byggður yrði upp gagnagrunnur og þróaðar yrðu greiningaraðferðir og námskeið sem næði jafnt til nemenda í grunn- og framhaldsskólum sem og fullorðinna.

Ráðueytið mun nú á næstunni ákveða hvaða leiðir verða farnar til að koma sem best til móts við fullorðið fólk sem á við lestrarvanda að etja og mun þá álit starfshópsins koma í góðar þarfir. Ég vil í lok máls míns, herra forseti, geta þess að það sem kom í ljós við vinnu starfshópsins var fyrst og fremst það að greining var ekki framkvæmd með samræmdum hætti um land allt. Menn sátu við mjög mismunandi borð í þessum efnum. Sums staðar var þetta gert með ágætum. Annars staðar var miður vel að þessu staðið. Í raun og veru má segja að það kerfi sem hér hefur tíðkast hafi leitt til þess, því miður, að allt of margir hafa komist í gegnum grunnskóla án þess að greinast og það skapar síðan heilmikil félagsleg vandamál síðar í lífinu.

[10:39]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Læsi er forsenda þátttöku í nútímasamfélagi, nú sem aldrei fyrr. Það er því afskaplega miður að hæstv. menntmrh. skyldi kjósa að koma sér undan þeirri samþykkt Alþingis að kanna bæri læsi fullorðinna Íslendinga vegna þess að með þær niðurstöður í höndunum hefði hann og þeir sem vilja takast á við vanda hinna fullorðnu verið betur staddir en að þurfa sífellt að vitna til þess hvernig þetta er erlendis, eða fram hafi komið í skýrslu að þeir væru of margir eða nokkuð margir sem ættu við þennan vanda að etja.

Herra forseti. Þeir eru allt of margir. Þeir kostir sem mönnum bjóðast á Íslandi eru því miður fáir og dýrir. Ég vil benda á það í þessari umræðu að Danir bjóða illa læsum og ólæsum fullorðnum ókeypis þjónustu því þar er litið svo á að skólakerfið hafi brugðist þessu fólki. Þannig mundum við vilja sjá það hér á Íslandi, herra forseti, og ég skora á hæstv. menntmrh. að horfa á málin með þeim hætti.

[10:40]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég hefði að sjálfsögðu óskað þess að hæstv. menntmrh. gæti sagt okkur að verið væri að hrinda í framkvæmd metnaðarfullri áætlun til að bæta hér úr en ekki að við fengjum að heyra sama svarið og við heyrðum í nóvember sl. þegar hæstv. ráðherra gaf hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur nákvæmlega sama svarið og við fáum hér nú, þ.e. tillögur starfshópsins eru til athugunar í ráðuneytinu. Allur veturinn er liðinn frá því að þær bárust. Ég segi því við hæstv. ráðherra: Það hlýtur að vera kominn tími til, með allri þeirri áeggjan sem hæstv. ráðherra hefur fengið, fyrst með ályktun Alþingis og síðan með sífelldum spurningum hv. þingmanna, að hér sé blásið til aðgerða en ekki að menn sitji stöðugt yfir pappírunum og velti fyrir sér hvaða leiðir sé hægt að fara.

Ég lýsi líka vonbrigðum, herra forseti, með það svar hæstv. ráðherra að við höfum búið við það ástand að of margir færu í gegnum grunnskólann án þess að greinast. Það liggur við að manni finnist í orðunum liggja einhvers konar ásökun um það að Lestrarmiðstöð Kennaraháskóla Íslands hafi verið hluti af vandanum, af því að menn hafi setið við mismunandi borð. Af því að ekki hafi öllum staðið til boða þjónusta Lestrarmiðstöðvarinnar hafi hún verið lögð niður. Getur verið að svo sé, herra forseti? Ég neita að trúa því. Ég gagnrýni í sjálfu sér ráðherra fyrir að heimila það að Lestrarmiðstöð Kennaraháskóla Íslands skyldi hafa verið lögð niður.

Ég gagnrýni líka að ekki hafi verið leitað úrbóta á þeim svæðum á landinu sem Lestrarmiðstöð Kennraháskólans náði ekki til, en þegar öllu er á botninn hvolft er þetta svo að auðvitað þarf að taka heildstætt á þessu vandamáli. Ég geri ekki lítið úr því. En það þarf líka að gera sér grein fyrir því að tíminn er að renna út, aðgerðirnar bíða og kalla á að til þeirra sé gripið núna.

[10:42]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég leggja áherslu á að það sem skiptir máli nú eru úrræðin en ekki að kanna vandann því að ljóst er að vandinn er mikill, við þurfum ekki að deila um það. Það eru úrræðin sem skipta mestu máli og það skiptir mestu máli að þau séu til boða alls staðar á landinu og að allir sitji við sama borð.

Það er alveg ljóst að grípa þarf til aðgerða sem tryggja það að á þessum vanda verði tekið með samræmdum hætti þar sem grunnskólinn á í hlut. Grunnskólinn heyrir undir sveitarfélögin og taka þarf upp viðræður við sveitarfélögin hvernig þetta verður gert. Komi í ljós, eins og ég hygg að muni gerast, að kostnaður við þetta verkefni verði talsverður, ekki síst þar sem flóknustu vandamálin eru hjá þeim sem greinast með mesta lesröskun, er nauðsynlegt að skoða hvort sveitarfélögin ráði við þennan vanda. Ef svo er ekki er ljóst að ríkisvaldið verður að koma til og styðja lausn vandans. Það vill svo til að lesröskun og lesblinda er afar flókið fyrirbæri. Ástæðurnar virðast vera margslungnar og úrræðin sem standa til boða þurfa að vera mjög margvísleg. Það er rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að taka þarf á þessu með samræmdum hætti. Ráðuneytið er að gera það og mun gera áætlun um metnaðarfull tök á þessu máli. En ekki er þar með sagt að hægt sé að leysa þetta mál með einföldum hætti, það er ekki þannig. En verið er að taka með ábyrgð á málinu.

Heimakennsla á grunnskólastigi.

Fsp. SvanJ, 641. mál. — Þskj. 1038.

[10:44]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Fyrir nokkru varð ég þess vör að menntmrn. hafði mótað og birt vinnureglur við mat á umsóknum vegna heimakennslu í tilraunaskyni á grunnskólastigi. Þetta vakti forvitni mína og fleiri og vakti jafnframt upp vangaveltur um það hvort hér væri verið að stíga skrefið aftur á bak eða áfram. Ég minnist þess að við kennarar sem vildum breyttan skóla í breyttu samfélagi ræddum það mjög á árum áður hvort möguleiki til heimakennslu gæti verið liður í þeim breytingum sem við vildum sjá, hvort nokkur ástæða væri fyrir foreldra að treysta þeirri íhaldssömu stofnun samfélagsins, skólanum, fyrir uppeldi og mótun barna sinna. Þessar pælingar fengu byr undir báða vængi þegar áhrifahugsuður á þessu sviði, John Holt, kom til Íslands og hélt fyrirlestur um heimakennslu, líklega í lok 8. áratugarins.

Í Bandaríkjunum er talið að um 1% nemenda, eða hátt í milljón, sé í heimakennslu og hefur fjöldi þeirra aukist mjög á síðari árum. Það hafa aðallega verið sértrúarsöfnuðir og hópar eins og Amish-fólkið, sem hefur viljað vernda börn sín fyrir óæskilegum áhrifum heimsins, sem hafa nýtt sér heimild til heimakennslu. Nokkur hreyfing virðist á þessum hópi og algengt að börn séu sum ár í heimakennslu en önnur í almennum skólum. Þessi börn virðast eiga það sameiginlegt að eiga meðvitaðri foreldra en gengur og gerist.

Þá er það staðan hér og nú. Ég sé það af gögnum ráðuneytisins hver skilyrði eru sett fyrir heimakennslu. En spurningin er þessi:

Hefur einhver sveitarstjórn sótt um heimild til að leyfa heimakennslu á grunnskólastigi? Áhugafólk um þróun skólamála hlýtur líka að vilja átta sig á ástæðum slíkrar beiðni. Er t.d. um að ræða foreldra sem búa svo fjarri skóla að verið sé að vernda ung börn fyrir óhóflegum ferðalögum? Við heyrum talað um ferðatíma allt á annan klukkutíma til sumra skóla og frá nú þegar heimavistir eru aflagðar, eða er viljinn að vernda börnin fyrir utanaðkomandi óæskilegum áhrifum? Að lokum væri áhugavert, herra forseti, að vita hvaða ástæður gætu helst réttlætt slíka beiðni og þá að henni yrði goldið jáyrði að mati hæstv. ráðherra.

[10:47]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Á undanförnum árum hafa nokkur erindi borist til menntmrn. þar sem foreldrar hafa óskað eftir því við ráðuneytið að fá heimild til að kenna börnum sínum heima. Samkvæmt lögum um grunnskóla, nr. 66/1995, er öllum börnum og unglingum á aldrinum 6–16 ára skylt að sækja skóla. Forráðamaður skólaskylds barns ber ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skólann.

Í lögum um grunnskóla, nr. 66/1995, er ekki sérstakt ákvæði sem heimilar heimakennslu en með vísan til 53. gr. grunnskólalaga getur menntmrh. veitt sveitarfélögum og einkaskólum heimild til að reka tilraunaskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða. Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og kveðið á um úttekt að tilraun lokinni. Menntmrn. hefur mótað sérstakar vinnureglur við mat á umsóknum vegna heimakennslu í tilraunaskyni á grunnskólastigi og eru þær aðgengilegar á vef ráðuneytisins. Þessar vinnureglur voru sendar í nóvember sl. þeim foreldrum sem höfðu óskað formlega eftir heimild menntmrh. um leyfi til heimakennslu grunnskólabarna og þeim sveitarfélögum þar sem viðkomandi börn eiga lögheimili.

Samkvæmt vinnureglum ráðuneytisins skulu foreldrar sem óska eftir undanþágu frá þessu lagaákvæði með heimakennslu sækja um slíkt til viðkomandi sveitarstjórnar. Gert er ráð fyrir að sveitarstjórn sæki formlega í bréfi til menntmrn. um heimild til heimakennslu í tilraunaskyni á grunnskólastigi skv. 53. gr. grunnskólalaga, nr. 66/1995, fyrir þá tilteknu nemendur sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu og skulu ákveðnar upplýsingar fylgja slíkri umsókn. Menntmrn. veitir síðan sveitarstjórn heimild til að leyfa heimakennslu að hámarki til tveggja ára í senn með ákveðnum skilyrðum. Þann tíma eru viðkomandi nemendur undanþegnir skólaskyldu skv. 1. gr. grunnskólalaga, nr. 66/1995. Það skal tekið fram að engin formleg umsókn hefur komið frá sveitarfélögum til ráðuneytisins um leyfi til heimakennslu á grunnskólastigi sem byggir á framangreindum vinnureglum. Því hefur hingað til ekki reynt á reglurnar. Samkvæmt vinnureglunum eru gerðar strangar kröfur til þeirra foreldra sem hyggjast annast heimakennslu, t.d. er gert ráð fyrir að þeir hafi kennararéttindi.

Ekki er hægt að segja fyrir fram hvaða ástæður geta helst réttlætt leyfi til heimakennslu. Þó er ljóst að heimakennsla er mjög víða valkostur í nágrannalöndunum og hefur t.d. náð verulegri útbreiðslu í Bandaríkjunum og skrifuð hafa verið stefnumarkandi rit víða erlendis um þessa kennsluskipan. Þeir sem fastast hafa sótt á að fá leyfi fyrir heimakennslu hér á landi eru kennaramenntaðir foreldrar sem hafa búið erlendis og hafa kennt börnum sínum heima erlendis eða hafa

kynnst slíku kennslufyrirkomulagi og kjósa slíkt einnig hér á landi. Þar sem engin reynsla af heimakennslu er fyrir hendi hér á landi er ekki hægt að fullyrða um þróun mála en með vinnureglunum er þó opnaður sá möguleiki að foreldrar geti annast kennslu barna sinna heima og er það liður í auknum sveigjanleika í grunnskólastarfinu.

[10:51]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessi svör. Eins og fram kom hjá honum hefur ekki reynt á þessar reglur. Eigi að síður er full ástæða til að velta fyrir sér þessum möguleika og hvort, eins og ég sagði í upphafi, við erum að stíga skrefið aftur á bak eða áfram. Við sem þekkjum skólasöguna vitum að heimakennsla var hið viðurkennda form í upphafi formlegrar skólagöngu eða menntunar barna á Íslandi og síðan þótti það framför þegar byggðir voru skólar og börn fóru að sækja skóla. Vegalengdir á Íslandi urðu hins vegar til þess að byggja þurfti upp heimavistir sem nú hafa verið aflagðar og eins og ég sagði áðan, herra forseti, þá er víða um langan veg að fara fyrir lítil börn til að sækja skóla. Þess vegna fannst mér rökrétt að einhverjir foreldrar sem byggju afskekkt vildu hlífa börnum sínum við slíkum ferðum.

Það kemur mér ekki á óvart sem kemur fram hjá hæstv. ráðherra að foreldrar sem hafa menntast erlendis og kynnst þessu fyrirkomulagi vilji fá að reyna það líka hér heima. Þessir foreldrar gætu verið með svipaðar hugleiðingar og við vorum ýmis hér á árum áður um skólastefnur, róttækan skóla og möguleika til náms og kennslu. Alla vega finnst mér persónulega eðlilegt og jákvætt að þessi möguleiki sé fyrir hendi. Ég sé að það er farið með mikilli varfærni í reglum ráðuneytisins. Þetta er kallað tilraun og miklar kröfur eru gerðar til þeirra sem taka að sér heimakennsluna. En að því slepptu, herra forseti, eins og ég sagði áðan, finnst mér eðlilegt að menn skoði þennan kost sem einn af þeim sem er fyrir hendi í okkar dreifbýla landi þó að eðlilegt sé að farið sé með þeirri varfærni sem hér er gert.

[10:53]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir fyrirspurnina. Í raun er ljóst af ummælum hennar að hún telur að verið sé að stíga skref fram á við með því að opna þennan möguleika. Ég skildi ummæli hennar á þann hátt að hún teldi eðlilegt og jákvætt að gefa kost á þessu. En jafnframt skildi ég hana svo að hún styddi það að þar yrði farið af fullri varfærni og eðlilegt væri að gera ítarlegar kröfur til þess með hvaða hætti þessi möguleiki er opnaður. Ég held því að hv. fyrirspyrjandi sé þeim sem hér stendur sammála um að opna beri þennan möguleika og að standa beri vörð um það að þegar sá möguleiki verður nýttur, ef hann verður nýttur, þá verði gerðar ítarlegar kröfur til þess að námið sem fer fram með slíkum hætti verði sambærilegt við nám í skólunum almennt.

[Fundarhlé. — 10:54]

Áfengis- og vímuefnameðferð fyrir fanga.

Fsp. KF, 583. mál. — Þskj. 937.

[11:00]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Fyrir réttu ári beindi ég fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. um meðferð við vímuvanda fanga. Samkvæmt upplýsingum frá trúnaðarráði fanga á Litla-Hrauni sem bárust fyrir um það bil ári síðan eru yfir 90% fanga þar vegna beinna eða óbeinna tengsla við fíkniefni og vísindalegar rannsóknir sem gerðar hafa verið af mönnum eins og Jóni Friðriki Sigurðssyni Gísla H. Guðjónssyni og fleirum sýna að vandinn er mikill í íslenskum fangelsum.

Í yfirliti yfir áfengis- og vímuefnanotkun í fangelsum í ESB-löndum koma fram þó nokkru lægri hlutfallstölur. Hazelden-stofnunin segir að 80% þeirra tveggja milljóna manna og kvenna sem sátu í fangelsum í Bandaríkjunum fyrir um ári síðan hafi átt við alvarlegan áfengis- og eiturlyfjavanda að stríða.

Herra forseti. Læknisþjónusta á Litla-Hrauni er veitt frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands og er geðlæknir í hlutastarfi við fangelsið. Þar er einnig sálfræðingur í fullu starfi og ágæt þjónusta hjúkrunarfræðinga. Hins vegar virðist ljóst að talsvert er um áfengis- og fíkniefnaneyslu innan fangelsisveggjanna. Þess vegna veltir maður því fyrir sér hvort ekki sé hægt að stemma á að ósi og takast á við fíkniefnavandann í upphafi afplánunar. Ef víman er undanfari flestra brota hljótum við að þurfa að endurskoða hvernig meðferð er boðið upp á og hvenær.

Í svari hæstv. dómsmrh. við fyrirspurn minni kom fram að allt frá árinu 1990 hafi Fangelsismálastofnun í samstarfi við SÁÁ gefið föngum kost á að ljúka afplánun í meðferð og að öllu jöfnu sé hún veitt á síðustu sex vikum afplánunar. Það er því ljóst að aðkoma heilbrigðisþjónustunnar er mikilvæg svo og samstarf hennar við dómsmrh. og fangelsisyfirvöld.

Einnig veltir maður því fyrir sér af hverju dómstólar innifela ekki í ríkara mæli í úrskurðum sínum að hluti af afplánun sé meðferð við þessum vanda.

Ég kom nýlega í heimsókn að Sogni til að kynna mér starfsemina þar. Þar eru sjö pláss sem margir telja að sé of fámenn stofnun. Ég tel að auka þurfi geðmeðferð við fangelsin og efla Sogn og jafnvel byggja við Sogn og að auka geðþjónustu við allt svæðið. En ég vil beina eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. heilbrrh.:

1. Telur ráðherra að bæta þurfi áfengis- og vímuefnameðferð þá sem afplánunarföngum stendur til boða?

2. Hvernig er samstarfi háttað milli heilbrigðisþjónustu og fangelsisyfirvalda hvað slíka meðferð áhrærir?

3. Telur ráðherra ástæðu til að endurskoða aðkomu heilbrigðisþjónustunnar að þessum málaflokki, og þá hvernig?

[11:03]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Katrín Fjeldsted hefur beint til mín fyrirspurn um áfengis- og vímuefnameðferð fyrir fanga. Hv. þm. vekur hér athygli á mikilvægu máli en sem kunnugt er hefur meðhöndlun vímuefna og meðferð við vímuefnafíkn innan fangelsa komið til umræðu annað slagið.

Mjög hátt hlutfall þeirra sem afplána dóma í fangelsum landsins á við ofneyslu áfengis eða annarra fíkniefna að stríða. Margir í þeim hópi munu jafnframt eiga við geðræn vandkvæði að stríða. Starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar

sinna fangelsum landsins og eru í því starfi í miklu samstarfi við fangelsisyfirvöld sem kalla þessa starfsmenn til eftir þörfum auk reglubundinna vitjana þessara starfsmanna í fangelsin, bæði lækna og hjúkrunarfræðinga, en þetta er mjög breytilegt eftir fangelsum landsins. Skipulegust og mest er heilbrigðisþjónustan í fangelsinu á Litla-Hrauni. Þar starfar heilsugæslulæknir, hjúkrunarfræðingar og geðlæknir í hlutastarfi.

Hvað varðar áfengis- og vímuefnameðferð í fangelsum þá er þar yfirleitt hægt að veita afeitrunarmeðferð og síðan svonefnda niðurtröppunarmeðferð þegar þörf krefur. Þá hefur það tíðkast í nokkrum mæli að fangar hafa fengið að ljúka afplánun á meðferðarstofnunum svo sem hjá SÁÁ, Byrginu og í Hlaðgerðarkoti. Hefur reynsla af þessari meðferð að öllu jöfnu verið góð. Það gildir um fanga sem aðra að til þess að áfengis- og vímuefnameðferð eigi að takast verður viðkomandi einstaklingur að hafa ákveðinn og einlægan vilja til meðferðarinnar og vera jákvæður gagnvart henni. Árangur getur því verið mjög breytilegur.

Ég hygg eins og áður segir að meðal fanga sé geðrænn vandi og fíkniefnavandi mjög samofinn. Úrræði og meðferð þurfa að taka mið af því. Sérhæfð geðmeðferð jafnhliða fíkniefnameðferð þarf að standa föngum til boða og enn fremur þarf að vera fyrir hendi gott meðferðar- og endurhæfingartilboð fyrir sem flesta afplánunarfanga í slíkum vanda. Aðkoma heilbrigðisþjónustunnar að þessum málaflokki er í sífelldri skoðun og endurmati þeirra sem hana stunda. Slíkt þarf stöðugt að eiga sér stað bæði með tilliti til meðferðaraðferða og einnig með tilliti til þeirra mismunandi vímuefna sem um er að ræða.

Hlutfall fanga sem háðir eru vímuefnum hefur farið vaxandi og gefur það enn frekar tilefni til þess að hafa þennan málaflokk í stöðugri endurskoðun. Er þá jafnt leitað ráða hjá íslenskum meðferðarstofnunum sem og fylgst með aðferðum annarra þjóða til að ráða við þennan erfiða vanda. Í allri þessari aðkomu heilbrigðisþjónustunnar er samstarf við fangelsisyfirvöld lykilatriði. Að mínu mati hefur samstarf þetta verið gott þrátt fyrir að um mjög erfiðan málaflokk er að ræða.

Herra forseti. Hv. þm. hefur vakið hér máls á þjónustu við fanga sem endurtekið hefur komið til umræðu bæði á forsendum heilbrigðisþjónustu og út frá sjónarmiðum fangelsisyfirvalda. Endanlegar lausnir munu seint nást í þessum málaflokki en mikilvægi sífelldrar endurskoðunar og virks samstarfs hefur getað reynst afgerandi. Ég mun beita mér fyrir því að svo verði af hálfu heilbrigðisþjónustunnar hér eftir sem hingað til jafnt á sviði almennrar heilbrigðisþjónustu sem sérhæfðrar geðlæknisþjónustu.

[11:07]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það er dapurleg staðreynd að eiturlyfjaneysla er síaukið heilsufarsvandamál hjá þjóð okkar eins og flestum öðrum og það ástand endurspeglast í fangelsunum hjá okkur. Það er mjög mikilvægt, herra forseti, að veita föngum í afplánun meðferð eins fljótt og þeir eru tilbúnir til þess að fara í meðferð, þ.e. að hafa það ekki sem reglu að veita föngum meðferð, niðurtröppun eða afeitrun og fíkniefnameðferð í raun eingöngu síðustu sex vikur afplánunarinnar. Þá er langur tími oft liðinn sem hefði mátt nýta til þess að byggja viðkomandi upp og það sem eftir stendur er að eftirmeðferðin og markviss stuðningur eftir afplánun er ekki síður mikilvægur.

[11:08]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans og ég tek undir orð hans og síðasta ræðumanns einnig og mikilvægi þessa máls. Marga sem sitja í fangelsum á Íslandi má kalla sjúklinga. Þeir eru í viðjum eiturlyfjavanda og það skilar sér auðvitað í því að reynt er að smygla slíkum efnum inn í fangelsin og viðheldur það vandanum. Þess vegna skiptir svo miklu máli að menn skoði í alvöru hvort hægt sé að snúa þessu við þannig að meðferðin eigi sér stað í upphafi vistunar en ekki undir lokin, sömuleiðis að eftirmeðferð fyrir þetta fólk — en aðallega eru þetta ungir karlmenn — standi til boða. Það hefur sýnt sig í rannsóknum, einkum á Bretlandi og Írlandi, að það skilar sér ef þannig er að málum staðið. Það er mikil hreyfing í þessu í löndum Evrópu. Ég er ekki viss um að í neinu einu landi sé svo komið að meðferð sé veitt í upphafi afplánunar en í vaxandi mæli sýnst mér dómstólar fela það í úrskurðum sínum að meðferð hefjist sem fyrst og þeim dæmda gert skylt að undirgangast slíka meðferð, enda sýnir það sig að það skilar gjarnan árangri ef vel er að staðið og eftirmeðferð er fyrir hendi.

Mér finnst skipta máli að við horfum á þetta líka sem heilbrigðismál og að fangar eru margir ólánsmenn og hafa lent í þessum vítahring í lífi sínu. Þeir þurfa betra líf þegar út úr fangelsunum er komið og heilbrigðisþjónustan getur lagt sitt af mörkum til þess að þeir komi heilli út í samfélagið en þegar þeir fóru í fangelsi.

[11:10]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að fangelsisvist eigi að miða að því að koma föngum á réttan kjöl í tilverunni aftur og að dvölin eigi að miða að því og að meðferð eigi að eiga sér stað í fangelsum. Ég er eindregið þeirrar skoðunar. Til þess er heilbrigðiskerfið tilbúið að hafa viðræður við fangelsisyfirvöld um hvernig best er að þessu staðið, hvernig við getum bætt þessar aðferðir, hvernig við getum bætt þjónustuna. En til þess þarf þetta samstarf að vera gott og náið og auðvitað þurfum við að skoða aðferðir okkar hjá heilbrigðisþjónustunni og hafa þær ávallt í endurskoðun eins og ég sagði í svari mínu.

Ég vil undirstrika það að fangelsin eiga að vera stofnanir, finnst mér, þar sem fangarnir fá meðferð til þess að undirbúa þá undir að koma út í lífið aftur. Þær eru ekki eingöngu stofnanir til að refsa fólki heldur til að koma því á réttan kjöl. Ég held að við verðum að hafa þetta alltaf í huga þegar við erum að ræða aðferðirnar við meðferð og dvöl á þessum stofnunum.

Staða óhefðbundinna lækninga.

Fsp. LMR, 592. mál. — Þskj. 949.

[11:12]

Fyrirspyrjandi (Lára Margrét Ragnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Á síðasta löggjafarþingi var samþykkt þingsályktun um stöðu óhefðbundinna lækninga. Þverpólitísk samstaða var um tillöguna og sú sem stendur hér var 1. flm. hennar. Ályktunin var samþykkt samhljóða.

Efni ályktunarinnar fjallaði í megindráttum um skipun nefndar til að gera úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga hér á landi og bera hana saman við stöðu mála annars staðar

í Evrópulöndum og Norður-Ameríku. Sérstaklega voru tiltekin atriði svo sem menntun sem í boði væri og menntun leiðbeinenda, hvaða reglur gildi um viðurkenningu náms og starfsréttinda, hvaða samvinna og samstarf sé milli þeirra sem stunda óhefðbundnar og hefðbundnar lækningar og samvinna þeirra á millum. Staða óhefðbundinna lækninga í skattalegu tilliti, einkum hvað snertir virðisaukaskatt, var einnig nefnd.

Sú nefnd sem fyrirhugað var að skipa skyldi safna niðurstöðum úr rannsóknum á áhrifum og virkni óhefðbundinna lækninga, algengi eftirspurna eftir slíkum lækingum, viðhorfi almennings til óhefðbundinna lækninga, gildi aukinnar viðurkenningar í námi í þessum greinum og loks tillögum hvernig best sé að koma til móts við vaxandi umsvif óhefðbundinna lækninga hérlendis.

Loks var í áætluninni samþykkt að fela nefndinni að skila skýslu til Alþingis um framvindu mála 1. apríl 2003 og endanlegum niðurstöðum 1. október nú í ár, 2003.

Óhefðbundnar lækningar hérlendis fara hraðvaxandi. Brýnt er að vel sé fylgst með þessari starfsemi og reglur settar um menntun, réttindi og viðurkenningu þeirra sem þær stunda. Í ljósi þess að Alþingi mun væntanlega ljúka störfum sínum í þessari viku eða fyrir dagsetningu áfangaskýrslu nefndarinnar, vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra um hvernig nefnd þessi er skipuð og hvenær hún var skipuð, enn fremur um stöðu mála, þ.e. hvort nefndin hafi hrundið af stað virkum athugunum samkvæmt þingsályktuninni, hvar nefndin er stödd í starfi sínu og hvort ekki megi búast við að störfum nefndarinnar, bæði áfangaskýrslu og lokaskýrslu, muni ljúka á tilsettum tíma.

[11:15]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir hefur spurst fyrir um stöðu nefndar sem Alþingi fól heilbrrh. að skipa til að gera úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga hér á landi. Mér er ljúft að greina frá því að nefnd þessi hefur þegar tekið til starfa. Hún var skipuð seint á síðasta ári og er skipunarbréf hennar í samræmi við ályktun Alþingis. Nefndina skipa læknir, mannfræðingur, nuddari, hómópati, hjúkrunarfræðingur, lögfræðingur og lyfjafræðingur. Sér til aðstoðar hefur nefndin einn af starfsmönnum heilbrrn. Eins og fram kom er nefndinni ætlað að skila skýrslu til Alþingis um framvindu mála 1. apríl 2003 og endanlegum niðurstöðum 1. október 2003.

Herra forseti. Staða óhefðbundinna lækninga hefur verið mikið til umræðu undanfarin missiri og ár. Ég vænti því mikils af vinnu þessarar nefndar og tel áríðandi að hún standi við þær dagsetningar sem henni eru settar.

[11:16]

Fyrirspyrjandi (Lára Margrét Ragnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil fá að þakka heilbrrh. fyrir gott svar og fyrir hans jákvæðu viðbrögð í þessu máli frá upphafi. Samkvæmt nýlegum upplýsingum mínum hefur þessi nefnd komið saman formlega í tvö eða þrjú skipti á undanförnum vikum og starfið er rétt hafið. Þess vegna hef ég töluverðar áhyggjur af því að áfangaskýrslu muni ekki verða skilað á tilsettum tíma en vonandi mun þó ráðherrann sjá til þess að svo verði gert og enn fremur að lokaskýrslu verði skilað á þeim tíma sem ályktunin nefnir.

[11:17]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég endurtek að ég tel áríðandi að nefndin vinni störf sín samkvæmt þessum dagsetningum og ég efast ekki um að það er í henni ágætisfólk. Ég efast ekki um að það vinnur vel og ég mun að sjálfsögðu fylgjast með því. Ég mun fylgjast með því ef ég verð í aðstöðu til þess 1. október 2003 en það eru náttúrlega óvissutímar fram undan eins og hv. þm. veit. Við vitum ekki hvar við dönsum næstu jól, eins og þar stendur. Ég endurtek að ég hef áhuga á að þetta mál verði unnið.

Endurhæfing krabbameinssjúklinga.

Fsp. ÞBack, 643. mál. — Þskj. 1040.

[11:18]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég ber fram fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um endurhæfingu krabbameinssjúklinga.

Allri tækni og þekkingu hefur fleygt fram hvað varðar greiningu og meðferð krabbameins og er það gott. Ég tel að við stöndum þar meðal fremstu þjóða hvað varðar þessa þætti. Áherslan hefur að sjálfsögðu verið á að lækna meinsemdina og síðan má segja að eftir að við náðum nokkrum tökum á lækningunni hafi áherslan einnig beinst að því að veita þeim sem greinast með krabbamein andlegan stuðning, og eins fjölskyldum þeirra.

Það sem út af stendur er að hafa heildarsýn og hafa það sem hluta af meðferð að hver og einn sem greinist með krabbamein, hver sem hefur gengið í gegnum sína meðferð og er vonandi með óvirkan sjúkdóm, fari í markvissa endurhæfingu og nái að byggja sig upp líkamlega og andlega. Slík endurhæfing á í raun og veru að vera eftirmeðferð lyfjameðferðar, geislameðferðar og hefðbundinnar meðferðar.

Nú nefni ég hér sérstaklega deildina í Kópavogi, endurhæfingardeild Landspítala – háskólasjúkrahúss, en ekki Akureyri af þessu tilefni. Ástæðan er sú að á Akureyri er hægt að byggja upp endurhæfingarmeðferð á Kristsnesi en Kópavogur sem átti að vera endurhæfingarmiðstöð hefur orðið út undan. Þar er óformlega búið að opna göngudeild. Dagdeildin sem safnað var 3 millj. kr. til í þjóðarátaki til þess að standa að þessu hefur enn ekki tekið til starfa, og því spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Mun ráðherra beita sér fyrir eflingu endurhæfingardeildar krabbameinssjúklinga í Kópavogi?

2. Mun ráðherra beita sér fyrir rekstri dagdeildar fyrir krabbameinssjúklinga á sama stað og ef svo er, hvenær má búast við að rekstur slíkrar deildar geti hafist?

3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að sálfræðiþjónusta, sjúkraþjálfun og endurhæfing verði ávallt samþætt læknisfræðilegri meðferð og hjúkrun krabbameinssjúklinga?

[11:22]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Þuríður Backman hefur beint til mín þremur spurningum um endurhæfingu krabbameinssjúklinga. Fyrsta spurningin er svohljóðandi: „Mun ráðherra beita sér fyrir eflingu endurhæfingardeildar krabbameinssjúklinga í Kópavogi?“

Á undanförnum árum hafa menn í vaxandi mæli beint sjónum að þörfum þeirra, sem greinst hafa með krabbamein,

til endurhæfingar. Bætt meðferð og auknar lífslíkur hafa ráðið þar miklu og jafnframt hafa kröfur sjúklinga, aðstandenda þeirra og samfélagsins um bætta eftirmeðferð, sérstaklega endurhæfingu, orðið meira áberandi. Starfsmenn Landspítala hafa fylgst með þessari þróun og tekið undir þau sjónarmið að mikilvægt sé að bjóða upp á endurhæfingu fyrir sjúklinga sem greinst hafa með krabbamein á sama hátt og aðra þá sem verða fyrir alvarlegum veikindum eða fötlun.

Á Íslandi greinast um 1.100 einstaklingar á ári hverju með krabbamein. Sá hópur er mjög sundurleitur hvað snertir aldursdreifingu, tegund krabbameins og afleiðingar fyrir einstaklinginn. Á landinu öllu eru á hverjum tíma um 7 þús. einstaklingar á lífi sem greinst hafa með krabbamein einhvern tíma á lífsleiðinni. Þörfin fyrir endurhæfingu í þessum hópi hefur verið til staðar. Hins vegar hefur ekki verið ljóst hve stór hluti hópsins væri í þörf fyrir slíka þjónustu en stuðst hefur verið við reynslu og áætlun fagfólks sem starfar við meðferð krabbameinssjúkra við mat á þörfinni.

Landspítali – háskólasjúkrahús hefur unnið að áætlunum um endurhæfingarþjónustu við sjúklinga með krabbamein um nokkurt skeið. Fyrirhugað var að koma slíkri starfsemi í fastan farveg með opnun dagdeildar í húsnæði LSH í Kópavogi haustið 2001. Á þeim tíma var talsverð umræða um málefnið sem m.a. kom fram í ríflegu framlagi landsmanna í söfnun Krabbameinsfélags Íslands þar sem meginþema landssöfnunarinnar var þörf fyrir endurhæfingu krabbameinssjúkra. Krabbameinsfélagið hefur ekki lagt fé til verksins enn sem komið er. Legudeildin hefur ekki verið opnuð enn, en sinnt er göngudeildarþjónustu, þar með talið iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun ásamt einhverri sálfræðiþjónustu. Undirtektir sjúklinga hafa verið mjög góðar og styrkt starfsmenn spítalans í þeirri trú að farið hafi verið inn á réttar brautir með því að taka upp endurhæfingarþjónustu við þennan sjúklingahóp.

Þá er spurt: „Mun ráðherra beita sér fyrir rekstri dagdeildar fyrir krabbameinssjúklinga á sama stað og ef svo er, hvenær má búast við að rekstur slíkrar deildar geti hafist?“

Húsnæði Landspítala í Kópavogi hefur komið að góðum notum sl. ár fyrir framangreinda göngudeildarstarfsemi en hins vegar hefur óvissa um framtíð húsnæðisins leitt af sér aðrar hugmyndir um staðsetningu starfseminnar. Stjórnendur endurhæfingarsviðs telja farsælast að sameina starfsemi á vegum sviðsins eins og kostur er, bæði til hagræðingar og eins til faglegrar styrkingar endurhæfingarstarfs á Landspítala. Þess vegna hefur verið unnið að því að endurhæfing krabbameinssjúkra verði flutt úr Kópavogi á Grensás í nánari tengslum við það endurhæfingarstarf sem þar fer fram. Tengist sú ráðstöfun nauðsynlegum endurbótum á húsnæði Landspítalans á Grensási en útfærslu á þeim hugmyndum er ekki lokið.

Að lokum spyr þingmaðurinn: „Mun ráðherra beita sér fyrir því að sálfræðiþjónusta, sjúkraþjálfun og endurhæfing verði ávallt samþætt læknisfræðilegri meðferð og hjúkrun krabbameinssjúklinga?“

Samkvæmt upplýsingum frá LSH er mikilvægt að endurhæfingu þessa hóps sjúklinga sé sinnt með þverfaglegum hætti, og fleira fagfólk þarf að koma til en nú er. Þá er talið nauðsynlegt að bjóða upp á margvíslega þjónustu, svo sem göngudeildarþjónustu, dagdeildarþjónustu og fleiri rekstrarform. Jafnframt er ljóst að renna þarf fleiri stoðum undir starfsemina til að hún geti talist fullburða, bæði með aðkomu fleira fagfólks og meiri breidd í úrræðum, svo sem dagdeildarþjónustu.

Herra forseti. Endurhæfing krabbameinssjúkra hefur notið vaxandi athygli á undanförnum árum og er nauðsynlegt að skipuleggja þann þátt heilbrigðisþjónustunnar sem best þannig að samfella náist í þjónustunni, að hagsmunum sjúklinga sé sem best mætt og fyllstu hagkvæmni verði gætt í rekstri. Mun ég fylgjast vel með þróun þeirra hugmynda er kynntar hafa verið hér að framan og styðja við þennan málaflokk eins og kostur gefst.

[11:26]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. En þó að sá vilji sé fyrir hendi til að efla samþættingu mismunandi sérfræðihópa og styrkja endurhæfingu krabbameinssjúklinga eða þeirra sem hafa greinst með krabbamein kostar það fjármagn, og það verður líka að vera aðstaða til þess að byggja upp þessa þjónustu. Svæðið í Kópavogi hefur að margra áliti verið talið mjög heppilegt til að byggja upp samþætta endurhæfingu, bæði eins og hún er í dag með göngudeild og eins að koma þarna upp dagdeild. En nú hefur verið komið fyrir annarri starfsemi í húsinu þar sem dagdeildinni var ætlaður staður. Það er vissulega erfitt tímabil núna fyrir alla sem koma að þjónustu Landspítala – háskólasjúkrahúss, gríðarleg óvissa um staðsetningu og um möguleika á rekstri eins og endurhæfingarsviðs fyrir krabbameinssjúklinga sem í upphafi átti að byggja upp í Kópavogi og síðan er komin þangað önnur starfsemi. Nú á deildin hugsanlega að fara á Grensás. Menn vita ekkert hvar þeir standa, og á þessum tíma er auðvitað erfitt að byggja upp markvisst starf þó að vilji sé fyrir hendi. Það kostar líka fjármagn.

Svo vil ég benda á það að af einhverjum skipulagsástæðum fá þær konur sem fara í meðferð á kvennadeild Landspítalans ekki endurhæfingu á göngudeildinni í Kópavogi. Þær fara inn í annað kerfi en það verður að gæta þess að ef við byggjum upp slíka starfsemi sé hún fyrir alla, sama hvar í líkamanum sjúkdómurinn stingur sér niður.

[11:28]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins bæta því við að ég tel nauðsynlegt eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda að það komi niðurstaða í þessi mál sem allra fyrst. Það er ekki óvissa lengur um ráðstöfun húsanna í Kópavogi. Það stóð til að selja eitthvað af þeim eignum en menn hafa horfið frá því. Eins og ég sagði eru áformin um Grensás ekki útfærð enn þá en það er nauðsynlegt að í þessi mál fáist niðurstaða. Vissulega kostar starfsemin fjármagn og ráðuneytið hefur það í skoðun ásamt öðrum málum sem spítalann varða. Ég vil undirstrika að þessi starfsemi er mikilvæg á öllum sviðum og nauðsynlegt að ganga frá framtíðarskipulagi þessara mála sem fyrst.

Ferðakostnaður vegna tannréttinga.

Fsp. ÞBack, 676. mál. — Þskj. 1099.

[11:30]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég ber fram fyrirspurn til hæstv. heilbr.- og trmrh. um ferðakostnað vegna tannréttinga. Ég bendi á að við erum með mismunandi reglur í almannatryggingakerfi okkar

hvað varðar aðgengi sjúklinga að sérfræðiþjónustu og stuðning við þá sem þurfa að leita sérfræðinga utan heimabyggðar við ferðakostnað.

Þegar kemur að sérfræðingum, öðrum en læknum í tannréttingum, geta sjúklingar fengið styrk til ferða en þegar kemur að tannréttingunum er það ekki nema við mjög alvarlega skilgreinda fæðingargalla eða vegna alvarlegra tilvika.

Nú háttar svo til á Austurlandi, í þeim stóra fjórðungi, að við höfum haft þar þjónustu tannlæknis sem hefur séð um tannréttingar í þó nokkur ár en nú er hann fluttur af staðnum og er því engin tannréttingaþjónusta fyrir íbúa Austurlands. Þetta er sérhæfð þjónusta sem venjulegir tannlæknar geta ekki séð um. Kannað hefur verið hversu margir einstaklingar þurfa á slíkri þjónustu að halda. Þetta eru yfir 70 einstaklingar, aðallega börn og unglingar, sem þurfa núna að fara um langan veg til þess að fá sína meðferð, en áætlað er að hver einstaklingur þurfi 15 sinnum að leita til sérfræðingsins vegna tannréttinga og þetta tekur nokkurn tíma.

Fyrir þau börn og þá unglinga sem þurfa að fá tannréttingar eru þessar aðgerðir í fyrsta lagi dýrar en í öðru lagi getur ferðakostnaðurinn ekki síður verið hár. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann muni beita sér fyrir breytingu á ákvæðum laga um greiðslu ferðakostnaðar vegna tannréttinga barna og unglinga sem búa þar sem ekki er kostur á þjónustu tannréttingasérfræðinga.

[11:33]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Það er meginregla í lögum um almannatryggingar að Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í að greiða kostnað vegna tannréttinga nema um sé að ræða alvarlegar afleiðingar fæðingargalla, slysa eða sjúkdóma, t.d. klofinn góm, skarð í vör og annars sambærilegs. Þó greiðir Tryggingastofnun ríkisins styrki vegna tannréttinga barna og unglinga samkvæmt reglugerð nr. 815/2002. Styrkurinn er föst fjárhæð, óháð kostnaði við tannréttingar, og er nú 150 þús. kr.

Meðal annars af framangreindum ástæðum eru ekki fyrir hendi samningar milli heilbr.- og trmrn. og tannlækna um tannréttingar og því hefur verið erfitt um vik að tryggja þjónustuna um land allt. Þrátt fyrir að samningar séu ekki fyrir hendi hafa á nokkrum svæðum verið stundaðar tannréttingar. Svo virðist sem þessi þjónusta fari minnkandi og verður kannað í heilbr.- og trmrn. hvort ekki verði unnt að fá tannlækna til að veita þjónustuna áfram á tilteknum landsvæðum. Ekki er talin þörf á að breyta ákvæðum laga um ferðakostnað ef tannlæknar sjá sér ekki fært að taka að sér framangreinda þjónustu.

Í i-lið 1. mgr. 36. gr. laga um almannatryggingar segir að sjúkratryggingar skuli veita hjálp vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar með takmörkum og eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir fyrir sjúkratryggða sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða á sjúkrahúsi, með og án innlagnar. Lagaákvæðið virðist veita svigrúm til að greiða ferðakostnað vegna tannréttinga barna og unglinga sem búa þar sem ekki er kostur á þjónustu tannréttingasérfræðinga.

Í áðurnefndum lögum er gert ráð fyrir að tryggingaráð setji reglur um óhjákvæmilegan ferðakostnað sjúkratryggðra sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða á sjúkrahúsi, með eða án innlagnar. Heilbr.- og trmrh. skal staðfesta reglur tryggingaráðs. Frumkvæði að breytingum að reglum um ferðakostnað er því hjá tryggingaráði en ef ekki tekst að tryggja þjónustu tannréttingasérfræðinga um land allt er rétt að beina þeim tilmælum til tryggingaráðs að það taki reglurnar til endurskoðunar með tilliti til þess. Ef talin er ástæða til að víkka út reglurnar þannig að þær nái til þessa hóps mun ég beita mér fyrir því að fjárveiting fáist til þessa verkefnis.

Herra forseti. Hv. þm. spyr hvort ráðherra muni beita sér fyrir breytingum á ákvæðum laga um greiðslur ferðakostnaðar vegna tannréttinga barna og unglinga sem búa þar sem ekki er kostur á þjónustu tannréttingasérfræðinga. Ekki er talin þörf á lagabreytingu til að auka þátt Tryggingastofnunar ríkisins í ferðakostnaði, heldur er talin ástæða til að fara aðrar leiðir. Í fyrstu mun ég láta kanna hvort hægt sé að fá tannlækna til að veita þessa þjónustu um land allt þar sem ég tel að það sé heppilegasta leiðin. Ef ekki er unnt að fara þá leið kemur til skoðunar að beina tilmælum til tryggingaráðs um að það hefji endurskoðun á ferðakostnaðareglunum þannig að þær komi til móts við þarfir þessa fólks. Í framhaldi af því þarf að tryggja að fjármagn fáist til að auka þátt Tryggingastofnunar í ferðakostnaði, og mun ég beita mér fyrir því ef niðurstaða tryggingaráðs leiðir til aukins réttar þessa fólks.

[11:37]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég vil sérstaklega þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir svörin því að það er alveg ljóst að í raun þarf ekki lagabreytingu. Það er túlkun á þeim lögum sem við höfum í dag og að viðurkenna að sérfræðiþjónusta tannréttingasérfræðinga sé sambærileg við aðra sérfræðiþjónustu innan heilbrigðisstéttanna og viðurkenna þann kostnað sem þessi börn og unglingar hafa af því að þurfa að fara um langan veg til þess að leita sér slíkrar þjónustu.

Auðvitað er mikilvægast af öllu að hafa sérfræðingana sem víðast um land þannig að fólk þurfi ekki að fara um langan veg til þess að nýta þá þjónustu. Því styð ég hæstv. ráðherra sannarlega í því að leita eftir samningum við sérfræðingana, og ef það tekst ekki og menn þurfa áfram að fara um langan veg, að veita þá fjármagn til málaflokksins þannig að ákvæði um sérfræðiþjónustuna og ferðakostnað taki einnig til þessara barna og unglinga.

Fundi slitið kl. 11:38.

---

96. FUNDUR

þriðjudaginn 11. mars,
að loknum 95. fundi.

Dagskrá:

1. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 453. mál, þskj. 656, nál. 1076, brtt. 1077, 1134 og 1149. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Almannavarnir o.fl., stjfrv., 464. mál, þskj. 702, nál. 1047 og 1085, brtt. 1052. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Tollalög, stjfrv., 611. mál, þskj. 974, nál. 1130. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Réttarstaða samkynhneigðs fólks, þáltill., 132. mál, þskj. 132, nál. 1137. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

5. Samfélagsleg áhrif álvers- og virkjunarframkvæmda, þáltill., 511. mál, þskj. 849, nál. 1136. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

6. Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, stjfrv., 375. mál, þskj. 427, nál. 1132. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Eldi nytjastofna sjávar, stjfrv., 680. mál, þskj. 1103. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

8. Lax- og silungsveiði o.fl., stjfrv., 681. mál, þskj. 1104. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

9. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 663. mál, þskj. 1079. — Fyrri umr.

10. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 664. mál, þskj. 1080. — Fyrri umr.

11. Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 665. mál, þskj. 1081. — Fyrri umr.

12. Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 666. mál, þskj. 1082. — Fyrri umr.

13. Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 667. mál, þskj. 1083. — Fyrri umr.

14. Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 668. mál, þskj. 1084. — Fyrri umr.

15. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 675. mál, þskj. 1098. — 3. umr.

16. Stofnun hlutafélags um Norðurorku, frv., 687. mál, þskj. 1119. — 3. umr.

17. Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014, stjtill., 469. mál, þskj. 774, nál. 1156, brtt. 1144. — Síðari umr.

18. Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006, stjtill., 563. mál, þskj. 911, nál. 1157, brtt. 1143. — Síðari umr.

19. Rannsókn sjóslysa, stjfrv., 552. mál, þskj. 899, nál. 1152, brtt. 1153. — 2. umr.

20. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 598. mál, þskj. 959, nál. 1187. — 2. umr.

21. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 404. mál, þskj. 499, nál. 1185. — 2. umr.

22. Reynslulausn, þáltill., 517. mál, þskj. 857, nál. 1186. — Síðari umr.

23. Fjármögnun sjóðs til að auka verðmæti íslenskra sjávarafurða, stjtill., 688. mál, þskj. 1120. — Fyrri umr.

24. Skógrækt 2004–2008, stjtill., 689. mál, þskj. 1121. — Fyrri umr.

25. Ábúðarlög, stjfrv., 651. mál, þskj. 1060. — 1. umr.

26. Jarðalög, stjfrv., 652. mál, þskj. 1062. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

Tilhögun þingfundar.

[11:40]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. utanrrh. hefur óskað eftir að mæla fyrir dagskrármálum 9–14 í einu en það eru breytingar við ýmsa viðauka við EES-samninginn.

Auk þess munu 17. og 18. dagskrármál rædd sameiginlega á fundinum.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 663. mál (vátryggingafélög). — Þskj. 1079.

og

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 664. mál (lánastofnanir). — Þskj. 1080.

og

Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 665. mál (fylgiréttur höfunda). — Þskj. 1081.

og

Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 666. mál (umferð á sjó). — Þskj. 1082.

og

Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 667. mál (tóbaksvörur). — Þskj. 1083.

og

Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 668. mál (uppfinningar í líftækni). — Þskj. 1084.

[11:40]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þáltill. á þskj. 1079 í 663. máli er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/17/EB, um endurskipulagningu og slit vátryggingafélaga.

Hvað varðar efnisatriði þeirrar ákvörðunar sem hér um ræðir má vísa til greinargerðar auk gerðarinnar sjálfrar. Tilskipunin mælir fyrir um að úrskurður dómstóla um greiðslustöðvun, nauðasamninga eða slit vátryggingafélaga skuli hafa áhrif á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og gildi því bæði um vátryggingafélagið og hugsanleg útibú þess í öðrum ríkjum á EES-svæðinu. Tilskipuninni er ætlað að koma í

veg fyrir að kröfuhöfum verði mismunað við slíkar aðgerðir og bæta vernd neytenda með því að tryggja forgang krafna vegna slysa við slíkar aðstæður.

Hæstv. viðskrh. hefur þegar lagt fram frv. til laga um breyting á lögum um vátryggingastarfsemi sem bíður 3. umr. á hv. Alþingi og er ætlað að innleiða ákvæði þessarar tilskipunar.

Herra forseti. Á þskj. 1080 í máli 664 er þáltill. þar sem leitað er heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2002, um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB, um endurskipulagningu og slit lánastofnana.

Hvað varðar efnisatriði þeirrar ákvörðunar sem hér um ræðir má með sama hætti vísa til greinargerðarinnar og gerðarinnar sjálfrar. Þessi tilskipun mælir fyrir um að úrskurður dómstóls um greiðslustöðvun nauðasamninga eða slit lánastofnana skuli hafa áhrif á öllu Evrópska efnhagssvæðnu og gildir því bæði um lánastofnun og hugsanleg útibú hennar í öðrum ríkjum á EES-svæðinu. Þessari tilskipun er einnig ætlað að koma í veg fyrir að kröfuhöfum verði mismunað við slíkar aðgerðir og bæta vernd neytenda með því að tryggja forgang krafna þeirra. Samkvæmt efni tilskipunarinnar er henni ætlað að koma til framkvæmda eigi síðar en 5. maí 2004 og er undirbúningur innleiðingar hafinn en stefnt að framlagningu frv. til laga í því skyni á 130. löggjafarþingi.

Á þskj. 1081 í máli 665, herra forseti, er þáltill. þar sem leitað er heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á XVII. viðauka við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í hann tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB, um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks.

Hvað varðar efnisatriði þessa máls nægir að mestu að vísa til greinargerðar sem fylgir tillögunni og einnig í sjálfa gerðina. Þessi tilskipun mælir fyrir um að aðildarríkin skulu í þágu höfundar frumgerðar listaverks kveða á um fylgirétt sem skilgreina skal á þann veg að hann sé óafsalanlegur réttur til fylgiréttargjalda sem eru ákvörðuð út frá söluverðinu sem fæst við hverja endursölu verksins. Skal fylgiréttargjaldið ákveðið samkvæmt gjaldskrá sem tilgreind er í tilskipuninni. Samkvæmt efni hennar er henni ætlað að koma til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2006 og verður hafist handa við undirbúning innleiðingar af hálfu menntmrn. í tæka tíð.

Á þskj. 1082 í máli 666, herra forseti, er að finna þáltill. þar sem er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2003, um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn og til að fella inn í samning inn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB, um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis bandalagsins fyrir umferð á sjó.

Þessi tilskipun mælir fyrir um eftirlits- og upplýsingakerfi sem ætlað er að fylgjast sérstaklega með flutningi á hættulegum og mengandi varningi. Kerfinu er ætlað að draga úr hættu á mengunarslysum og óhöppum en einnig að auðvelda skjót viðbrögð þegar skip með slíkan varning eru í nauðum stödd þannig að draga megi úr áhrifum slysa á umhverfi og heilsu manna. Eins og skýrt hefur komið fram á undanförnum árum og mánuðum hafa mörg alvarleg slys af þessu toga átt sér stað. Nægir þar að vitna í slys sem varð undan ströndum Spánar og olli því að mikil olía barst á land sem varð til að skaða allt lífríki, bæði fiskimið og fuglalíf svo að eitthvað sé nefnt.

Hæstv. samgrh. hefur þegar lagt fram frv. til laga til innleiðingar á þessari tilskipun, um vaktstöð siglinga, sem bíður 3. umr. á Alþingi.

Herra forseti. Á þskj. 1083, þ.e. 667. mál, er að finna þáltill. þar sem leitað er eftir heimild Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2003, um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn, og til að fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2001/37/EB, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum.

Ákvæði þessarar tilskipunar sameinar svið tveggja tilskipana sem fyrir eru og lúta einkum að þremur atriðum.

Í fyrsta lagi eru ný ákvæði um viðvaranir um skaðsemi tóbaks og aðrar upplýsingar á tóbaksvörupökkum.

Í öðru lagi eru gerðar veigamiklar kröfur varðandi upplýsingar um efni í tóbaksvöru og lýsingar á vörunni.

Í þriðja lagi er sett hámark, ekki aðeins á tjöru, 10 mg, heldur einnig nikótín, 1 mg, og kolsýring, 10 mg, sem sígarettur mega gefa frá sér.

Tilskipunin í heild og lögleiðing hennar hér horfir til þess að efla tóbaksvarnir á Íslandi.

Hæstv. heilbrrh. hefur þegar lagt fram frv. til laga um breyting á lögum um tóbak til innleiðingar ákvæða þessarar tilskipunar og bíður það nú 3. umr. á hv. Alþingi.

Herra forseti. Á þskj. 1084 í 668. máli er þáltill. þar sem leitað er heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2003, um breytingu á XVII. viðauka við EES-samninginn, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/44/EB, um lögvernd uppfinninga í líftækni.

Þessi tilskipun samræmir ákvæði um einkaleyfishæfi uppfinninga á sviði líftækni. Með ákvörðun þessarar tilskipunar er skýrt nánar fyrir hverja er hægt að fá einkarétt á sviði líftækni og til að uppfylla ákvæði tilskipunarinnar þarf að gera breytingar á I. kafla einkaleyfalaganna.

Þá eru í tilskipuninni skýr ákvæði um að ekki megi veita einkaleyfi á aðferðum við að klóna menn eða breyta erfðaeiginleikum kynfrumna manna og einnig er bannað að veita einkaleyfi á notkun fósturvísa í hagnaðarskyni eða á öðrum uppfinningum sem stríða gegn allsherjarreglu eða siðgæði.

Frv. til breytinga á lögum vegna þessarar tilskipunar og innleiðingar hennar er í undirbúningi.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þessum tillögum á þskj. 1084, 1083, 1082, 1081 og 1080 og loks þskj. 1079 vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 675. mál (endurútgáfa). — Þskj. 1098.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélags um Norðurorku, 3. umr.

Frv. iðnn., 687. mál (biðlaunaréttur starfsmanna). — Þskj. 1119.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[11:51]

Útbýting þingskjala:

Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014, 469. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 1221; brtt. minni hluta samgn., þskj. 1222.

Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014, síðari umr.

Stjtill., 469. mál. — Þskj. 774, nál. 1156 og 1221, brtt. 1144 og 1222.

og

Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006, síðari umr.

Stjtill., 563. mál. — Þskj. 911, nál. 1157, brtt. 1143.

[11:53]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta samgn. um till. til þál. um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014. Nefndin hefur fengið fjölmarga aðila á sinn fund og enn fremur hafa margar umsagnir borist samgn.

Með lögum um samræmda samgönguáætlun, nr. 71/2002, sem samþykkt voru á seinasta þingi var samgönguráðherra falið að leggja fram á Alþingi á fjögurra ára fresti tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun sem tekur til fjáröflunar og útgjalda til flugmála, vegamála og siglingamála, þar með talið hafnamála og sjóvarna, og rekstrarstofnana. Jafnframt skal í áætluninni skilgreina það grunnkerfi sem ætlað er að bera meginþunga samgangna í landinu, gera grein fyrir ástandi og horfum í samgöngumálum og marka stefnu fyrir allar greinar samgangna næstu tólf ár. Samhliða tólf ára áætlun ber samgönguráðherra að leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára áætlun sem nánari sundurliðun. Fjögurra ára áætlun kemur í stað flugmálaáætlunar, siglingamálaáætlunar og vegáætlunar.

Samkvæmt framansögðu er hlutverk þessara tveggja áætlana nokkuð ólíkt. Tólf ára áætlunin felur fyrst og fremst í sér stefnumótun. Í fyrirliggjandi áætlun er markmiðið sett á greiðari samgöngur með auknum flutjanleika í samgöngukerfinu sem taki bæði til fólks og vöru með það að markmiði að skapa skilyrði fyrir flesta landsmenn til að komast til og frá höfuðborgarsvæðinu á innan við þremur og hálfri klukkustund. Þá er markið sett á meiri hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna, að samgöngur verði umhverfislega sjálfbærar og öryggi aukist. Loks er skilgreint grunnnet samgangna sem tekur allt í senn til flugvalla, hafna og vega. Grunnnetið nær til allra byggðakjarna með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Fjögurra ára áætlunin er eins og áður segir nánari sundurliðun þar sem gerð er grein fyrir fjáröflun og útgjöldum, skipt eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi fyrir hvert ár.

Meiri hlutinn telur hina breyttu framsetningu veg-, flugmála- og siglingamálaáætlunar mjög til bóta sem og hina tólf ára stefnumótandi langtímaætlun, enda fæst nú í fyrsta sinn heildstæð yfirsýn samgöngumála í landinu. Þá telur meiri hlutinn að ávinningurinn felist ekki síst í því nána samstarfi sem skapast á milli Vegagerðarinnar, Siglingastofnunar Íslands og Flugmálastjórnar Íslands í gegnum samgönguráð. Jafnframt telur meiri hlutinn ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um samgönguáætlun afar þýðingarmikið, en samkvæmt því skal samgönguráð minnst einu sinni á hverjum fjórum árum standa fyrir samgönguþingi sem ætlað er að vera til ráðgjafar og leiðbeiningar við gerð samgönguáætlunar en til þess ber að bjóða öllum helstu hagsmunaaðilum samgöngumála. Með þessu er skapaður grundvöllur fyrir virk skoðanaskipti um samgöngumál.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á fyrsta tímabili tillögunnar. Breytingarnar leiðir af þeim breytingum sem meiri hlutinn leggur til við tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006 og er til nánari glöggvunar vísað til skýringa í nefndaráliti meiri hlutans í því máli. Þá mælist meiri hlutinn jafnframt til þess að flokkun vega í grunnneti verði athuguð sérstaklega við næstu endurskoðun samgönguáætlunar og þá einkum með tilliti til safnvega og tengivega.

Að lokum telur meiri hlutinn eðlilegt að umferðaröryggisáætlun 2001–2012 sem Alþingi hefur samþykkt verði hluti samgönguáætlunar í framtíðinni. Meiri hlutinn telur sérstaklega að hraða þurfi úrbótum á stöðum þar sem liggja fyrir gögn um að umferðaröryggi sé ábótavant á þjóðvegi eitt.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir tillögu meiri hlutans rita auk frsm. hv. þm. Magnús Stefánsson, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir og Sigríður Ingvarsdóttir.

Þá mæli ég, herra forseti, fyrir nál. meiri hluta samgn. um till. til þál. um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006. Nefndin hefur fengið á sinn fund fjölda aðila sem hafa gert grein fyrir skoðunum sínum og jafnframt hafa margar umsagnir borist nefndinni varðandi þessa þáltill.

Um almenna umfjöllun um tillöguna er vísað til nefndarálits meiri hlutans með tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014.

Meiri hlutinn leggur til ýmsar breytingar á tillögunni sem nánar eru tilgreindar hér á eftir. Veigamestu breytinguna leiðir af því viðbótarfjármagni sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að veita til vegaframkvæmda til eflingar atvinnutækifærum. Vegagerðin hefur á undanförnum vikum unnið ötullega að því, í nánu samstarfi við nefndina og þingmenn einstakra kjördæma, að móta tillögur um skiptingu fjárins á einstakar framkvæmdir. Niðurstaða þeirrar vinnu og tillögur meiri hlutans eru birtar á bls. 31 og 32 í breytingartillögunni. Sökum þess skamma fyrirvara sem verið hefur til skiptingar fjárins leggur meiri hlutinn til að farin verði sú leið að veita Vegagerðinni heimild til þess að breyta framkvæmdaröð og víxla verkum milli ára komi í ljós að það sé heppilegt vegna skipulagsmála eða undirbúningsvinnu fyrir viðkomandi verk. Þessar heimildir eru tilteknar í breytingartillögum

meiri hlutans við tillögutextann undir hverri framkvæmd fyrir sig. Meiri hlutinn lítur svo á að túlka beri þær heimildir þannig að sem mest hagræðing náist.

Þá vill nefndin koma að eftirfarandi atriðum:

Meiri hlutinn vill geta þess að ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum við höfnina í Helguvík vegna áformaðrar pípuverksmiðju. Meiri hlutinn gerir hins vegar ráð fyrir því að þegar endanlegar ákvarðanir um verksmiðjuna hafa verið teknar muni ríkisstjórnin taka málið upp og gera nauðsynlegar ráðstafanir.

Meiri hlutinn vekur jafnframt athygli á að nauðsynlegt er að klára framkvæmdir við brimvarnargarð milli Miðhólma og Skiphólma á Vopnafirði á þessu ári. Í áætluninni er gert ráð fyrir að framlag ríkishluta á árinu 2003 sé 108 millj. kr. og 15,8 millj. kr. á árinu 2004. Erfitt er að færa þessar fjárveitingar milli ára. Því er það álit meiri hlutans að nauðsynlegt sé að flytja fjárveitingar sem samsvara fjárveitingum ársins 2004 til Vopnafjarðarhafnar úr verkefnum hjá þeim sveitarfélögum sem kjósa að fresta framkvæmdum á árinu 2003 og að gerð verði tillaga þess efnis á fjáraukalögum á haustþingi. Fjárveitingum yrði síðan skilað á fjárlögum 2004.

Meiri hlutinn telur eðlilegt, og beinir því til Vegagerðarinnar, að við endurskoðun vegáætlunar eftir tvö ár verði framkvæmdaáætlun skipt upp í samræmi við nýja kjördæmaskipan. Jafnframt beinir meiri hlutinn því til Vegagerðarinnar að áfram verði unnið að hagkvæmisathugunum á styttingu vegalengda á milli landshluta og á helstu leiðum.

Að lokum telur meiri hlutinn rétt að taka fram að óvissa ríkir um tekjuöflun og rekstur Flugmálastjórnar Íslands. Álagning flugvallargjaldsins sem er helsti tekjustofn stofnunarinnar og notað til að fjármagna framkvæmdir á flugvöllum auk margs annars hefur verið kærður af Eftirlitsstofnun EFTA til dómstóls EFTA í Lúxemborg. Ef þessi gjaldtaka reynist ólögleg þarf að endurskoða tekjustofna Flugmálastjórnar. Það skal tekið fram hér að ekki hefur innan núverandi ramma samgönguáætlunar tekist að finna leiðir til þess að taka á framtíðarrekstrarvanda stofnunarinnar á næstu árum þó svo að árið 2003 eigi að teljast viðunandi. Rekstrarvandinn er einkum til kominn vegna fækkunar flugfarþega og þar með minni tekna og hins vegar að aukin áhersla á flugöryggi og fyrirséð áform vegna flugverndar munu reynast mjög kostnaðarsöm. Fram hefur komið að Ríkisendurskoðun er að ljúka stjórnsýsluendurskoðun á Flugmálastjórn. Að þeirri niðurstöðu fenginni og með hliðsjón af framgangi mála í Lúxemborg telur nefndin rétt að samgönguráðherra vinni nýjar tillögur um tekjuöflun og rekstur stofnunarinnar sem kynnt yrði á Alþingi næsta haust í tengslum við gerð fjárlaga fyrir árið 2004.

Meiri hlutinn vekur athygli á að tillögur um framlög til ríkisstyrktra framkvæmda í siglingamálakafla tillögunnar voru ekki, vegna tímaskorts, sendar til umsagnar til sveitarfélaga eins og venja hefur verið með hafnaáætlun. Meiri hlutinn telur mikilvægt að haldið verði í þá venju sem skapast hefur að Siglingastofnun Íslands leiti álits sveitarfélaga og mun það vera ætlun stofnunarinnar samkvæmt upplýsingum nefndarinnar.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Herra forseti. Ég hef lokið að mæla fyrir nefndarálitum meiri hluta samgn.

[12:04]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta samgn. um till. til þál. um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014. Fyrir þinginu í þessari umræðu liggja fyrir tvær þáltill., annars vegar um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 og hins vegar fyrir árin 2003–2006. Þær eru teknar saman í umræðunni. Verkefnin eru í sjálfu sér hin sömu og því er flutt eitt nál. fyrir báðar þessar þáltill. sem taka til þeirra beggja.

Í upphafi er vísað til þáltill. og einnig framsögu hv. formanns samgn. um vinnulag, hverjir hafi komið fyrir samgn. og annað er lýtur að því hvernig samgn. hefur höndlað þetta mál. Eins og kunnugt er er samgönguáætlunin lögð fram með ákveðnum meginlínum en skipting fjár og röðun áherslna í stofn- og þjóðvegakerfinu í einstökum kjördæmum er unnin sameiginlega með þingmönnum viðkomandi kjördæmis og starfsmönnum Vegagerðarinnar.

Virðulegi forseti. Minni hlutinn er fylgjandi þeirri stefnu að samgöngumál séu skipulögð sem samstæð heild í stað þeirrar tilhögunar sem áður var að líta á hvern hinna þriggja þátta samgangna sem afmarkaðar stærðir, skipulagslega og hagrænt. Þarna er átt við að samgöngur, bæði á sjó og í lofti og landi, eru nú skiplagðar sem ein heild í samræmdri samgönguáætlun þótt hver þessara vettvanga fái sinn eigin sess og sérsess í tillögunni. Þá er og fagnaðarefni að auknu fjármagni sé varið til þessa málaflokks á næstu 18 mánuðum eins og hér hefur áður verið gerð grein fyrir í þinginu. Sérstaklega er því fagnað að vegaframkvæmdir á Vestfjörðum og Norðausturlandi skuli fá að njóta þess að vera hraðað verulega umfram það sem áætlanir annars gerðu ráð fyrir. Það ætti að vera forgangsverkefni af hálfu Alþingis og hálfu þjóðarinnar að beita sér fyrir því að góður vegur með bundnu slitlagi komi um allar byggðir landsins. Ég vil hér undirstrika það sjónarmið mitt að vegir í byggð og vegir sem liggja um byggðirnar eigi að njóta forgangs í uppbyggingu og áherslum. Það er jú gott og blessað að berjast fyrir styttingu vega á milli landshluta sem slíkra en að slíku verður þó að fara mjög varlega þannig að hagsmunir byggðarinnar vítt og breitt um landið, kringum landið, bíði ekki tjón af slíkum ótímabærum áherslum. Þarna er ég að vísa til hugmynda sem hafa hér verið reifaðar á Alþingi að leggja mikla áherslu á styttingu vega milli Reykjavíkur og Akureyrar, bara sem einn og afmarkaðan áherslupunkt. Ég legg áherslu á það að vegir um byggðir landsins sem tengja saman byggðir og innan byggðar njóti forgangs í uppbyggingu vegakerfisins áður en lagt verður út í einhverjar aðrar stórframkvæmdir sem menn geta annars haft hug á.

Minni hlutinn tekur undir flestar áherslur og breytingartillögur meiri hlutans sem hér eru fluttar og vísar til nefndarálits meiri hlutans hvað varðar tölur og sundurgreiningu fjármagns á einstök verk og verkþætti. Hins vegar skal það hér tekið fram að frumvinna beggja þáltill. er unnin af meiri hlutanum, af ríkisstjórninni og meiri hluta hennar þannig að meiri hlutinn ber í sjálfu sér ábyrgð á þeirri forgangsröðun í höfuðdráttum sem hér er lögð fram.

Í þingsályktunartillögunum fyrir fjögurra ára og 12 ára samgönguáætlun er fjallað um „markmið um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna“, og að „meðal aðgerða til að ná þessu markmiði verði:

a. Leitað leiða til þess að nýta kosti markaðsaflanna við uppbyggingu og rekstur samgöngukerfisins.

b. Rekstur samgangna í lofti, á sjó og á landi, sem ríkið kemur að, boðinn út til að tryggja eðlilegt samkeppnisumhverfi.

c. Stefnt að sanngjarnri og skilvirkri gjaldtöku fyrir afnot af samgöngukerfinu."

Virðulegi forseti. Ég tek undir það markmið í sjálfu sér að leitað sé fyllstu hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgöngumannvirkja. Allir geta tekið undir það af heilum hug. Hins vegar get ég ekki tekið undir það að leiðin til þess sé að nýta fyrst og fremst kosti markaðsaflanna eða útboða af hálfu ríkisins eða með gjaldtöku á notendur samgöngukerfisins, með vegtollum eða öðru. Í einstaka tilvikum þar sem við getur átt er sjálfsagt að skoða þessa liði og þessar leiðir, alveg sjálfsagt. En að setja þetta upp sem eitthvert meginmarkmið eða eitt af aðalmarkmiðum við að byggja upp og reka samgöngur í landinu — samgöngur sem eru og eiga að mínu mati vera að eign þjóðarinnar og hluti af þeirri grunnþjónustu sem skapar eitt samfélag, eina þjóð. Þetta á að vera bæði í eign og á ábyrgð þjóðarinnar. Ég vil taka þetta hérna fram enda er hægt að vitna í umsögn Byggðastofnunar um þessi atriði. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Byggðastofnun leggur áherslu á að umrædd gjaldtaka vinni ekki gegn áðurnefndum byggðamarkmiðum," — en Byggðastofnun hefur áður í áliti sínu lagt áherslu á byggðasjónarmiðin varðandi samgöngurnar — „en stuðli að jafnræði óháðu búsetu. Þótt stefnt sé að markaðslausnum er ekki þar með sagt að beinar fjárhagslegar forsendur eigi þar að vera eini mælikvarðinn. Þar getur bæði þurft að taka til greina það sem á hagfræðimáli er nefnt almannahagsmunir (public interest)" — ég vek athygli á þessu orði, virðulegi forseti, almannahagsmunir, sem verða aldrei of oft nefndir innan sala hv. Alþingis — „og ómælanlegir hagsmunir (intangibles), en báðir þessir þættir liggja til grundvallar áðurnefndum byggðamarkmiðum og byggjast á góðu og notendavænu samgöngukerfi. Þessa þætti er erfitt að verðleggja eða reikna ávinning af þeim í peningum, og það er einungis á færi hins opinbera að gæta þessara hagsmuna. Mikilvægt er því að huga að þeim við hagkvæmnimat og gjaldtöku samgöngukerfisins."

Virðulegi forseti. Hér er tekið heils hugar undir þessi varnaðarorð Byggðastofnunar um að leggja verði til grundvallar almannahagsmuni og ýmsa þá þætti sem ekki er hægt að verðleggja en eru engu að síður grundvallaratriði í uppbyggingu í þjónustu samgöngukerfisins.

Grunnnet samgöngukerfisins skal ná til allra byggðakjarna, stendur í tillögunni, með u.þ.b. 100 íbúa eða fleiri og til þeirra staða sem eru mikilvægastir fyrir fiskveiðar, ferðamennsku og flutninga til og frá landinu. Nokkur byggðahverfi eru þó ekki tengd grunnneti samgangna, svo sem flugvellirnir á Gjögri og Vopnafirði en þangað er reglubundið áætlunarflug. Enn fremur má nefna að vegurinn norður Strandir í Árneshrepp, inn í byggðarlagið þar, er ekki hluti af grunnneti þjóðvegakerfis landsins. Það þýðir þó ekki að samgöngur til þessara staða séu ekki samt áfram fastur hluti samgöngukerfisins. Engu að síður lítur maður á skilgreiningu grunnnets samgöngukerfisins. Ég las hér áðan þessa skilgreiningu, þ.e. að það sé net sem tengir saman og nær til byggðakjarna og íbúa, til staða sem eru mikilvægir fyrir fiskveiðar, ferðamennsku og flutninga til og frá landinu og til íbúa þessa lands. Það er mikilvægt að þessir staðir séu tengdir með skipulegum hætti í hinu skilgreinda grunnneti. Það er mitt mat að svo eigi að vera.

Því verður lögð fram brtt. við samgönguáætlunina þar sem lagt er til að auk þeirra flugvalla sem taldir eru upp í grunnneti, sem eru flugvöllurinn í Reykjavík, Bíldudal, Þingeyri, Sauðárkróki, Akureyri, Þórshöfn, Egilsstöðum, Höfn í Hornafirði, Vestmannaeyjum, Bakki, Keflavík og Grímsey, verði einnig teknir inn flugvöllurinn á Gjögri og Vopnafirði.

Mikilvægur þáttur, virðulegi forseti, í öllum samgöngum er umferðaröryggismál. Varðandi fjármagn til einstakra framkvæmdaþátta telur minni hlutinn að verja hefði átt hærri hlut til öryggismála, svo sem til breikkunar einbreiðra brúa og til að lagfæra sérstaka slysastaði eða svokallaða svarta bletti í vegakerfinu. Í því sambandi skal bent á að Alþingi hefur samþykkt sérstaka umferðaröryggisáætlun og gert þar ráð fyrir að sérstakur fjárlagaliður verði merktur henni. Þeirri umferðaröryggisáætlun er hvergi gerð skil í fjármögnun samgönguáætlunarinnar. Þetta tel ég vera miður, virðulegi forseti.

Þá skal vakin athygli á því að Íslendingar hafa skuldbundið sig til að fylgja sjálfbærri þróun í samgöngum og hafa gengist undir alþjóðlegar skuldbindingar í þeim efnum og takmörkun á mengun t.d. frá samgöngum. Að mati minni hlutans skortir mikið á að þeim markmiðum sé fylgt við framkvæmdaáætlun þessarar þáltill. Má þar benda á áherslur sem settar eru í Staðardagskrá 21, þ.e. opinber markmið í umhverfsmálum sem við Íslendingar erum aðilar að, en þar er einmitt kveðið á um forgangsröðun og áherslur í samgöngumálum sem ég hefði viljað sjá fá hærri sess í samgönguáætluninni. Þó eru þar ákveðin atriði sem að sjálfsögðu eru dregin fram.

Ég vil benda fyrst og fremst á þær áherslur að bæta almenningssamgöngur í landinu, bæði í þéttbýli og dreifbýli og einnig vil ég benda á að að mínu mati hefði átt að vera merkt inn bæði fjármagn og hvatning til að bæta umferð fyrir hjólreiðafólk og gangandi fólk en þessa sést hvergi stað í samgönguáætluninni. Það er kyndugt, herra forseti, að við göngum frá samgönguáætlun þar sem ekki er gerð skil eða nefnd umferð gangandi fólks, sem hefur þó verið postularnir tveir svo lengi og verið aðalsamgöngutæki Íslendinga að komast um landið og milli staða. Það er hvergi minnst á hvernig megi tryggja eða bæta samgönguleiðir gangandi fólks og þeirra sem nota reiðhjól. (**LB:** Þeir eru ekkert umhverfisvænir.) Það má vel vera að þeir séu ekki umhverfisvænir en að mínu mati er þetta einmitt áhersla sem á að koma inn og þeir eru umhverfsvænir eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson er reyndar aðýja að, þeir eru einmitt umhverfisvænir, (Gripið fram í.) já, en það er alveg fráleitt að við merkjum ekki þessa þætti inn í umhverfisáætlun með ákveðnum hætti. Ég vil benda á þetta, herra forseti, að hér finnst mér vera mjög veikur hlekkur í samgönguáætluninni og vil draga það fram.

Þá vil ég nefna safn- og tengivegina, svokallaða sveitavegi, en framlög til safn- og tengiveganna svo og styrkvega og ferðamannaleiða njóta ekki þess átaks sem annars er gert í vegamálum. Er það miður því að þörfin fyrir vegabætur á slíkum vegum er afar brýn fyrir atvinnulíf og búsetu um hinar dreifðu byggðir.

Í byggðaáætlun sem Alþingi hefur samþykkt er einmitt lögð þung áhersla á að samgöngur innan héraðs um hinar dreifðu byggðir séu einna mikilvægastar til þess að styrkja atvinnulíf og búsetu út um sveitir landsins. Þessi vegaflokkur fær ekki það átak sem annars er hér verið að leggja upp í í

stórverkum í samgöngumálum en mér hefði fundist að þarna ætti að koma áhersla á.

Hlutur almenningssamgangna í þessum þáltill. frá meiri hluta samgn. er að mínu mati afar rýr. Ekki er gerð grein fyrir hvernig á að ná því markmiði að reglubundnar almenningssamgöngur skuli ná til allra þéttbýlisstaða með 200 íbúa eða fleiri. Í markmiðunum er tekið fram að ferðatími skuli ekki vera meiri en þrjár og hálf klukkustund með bíl eða flugi til höfuðborgarsvæðisins. En það er ekkert kveðið á um tíðni ferða sem hlýtur þó að skipta öllu máli fyrir þjónustustigið. Það skiptir miklu máli hvort við erum þrjá og hálfan tíma með almenningssamgöngum og svo er kannski bara ein ferð í mánuði (**Gripið fram í:** Góður.) þannig að þarna er nokkur gloppa í til að úr verði heil hugsun. (**Gripið fram í:** Heldur betur.)

Tekið er undir umsögn Reykjavíkurborgar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Mörkuð er stefna um að ríkið styðji frekar við almenningssamgöngur í þéttbýli en nú er og lagt til að teknar verði upp viðræður ríkis og sveitarfélaga í þessu sambandi. Þessari stefnumörkun er fagnað og er Reykjavíkurborg reiðubúin að hefja þegar viðræður um þessa hluti. Í umfjöllun um almenningssamgöngur er þó ekki fjallað um annað en ferjur og flóabáta, áætlunarflug og sérleyfi á landi. Er löngu tímabært að ríkisvaldið komi myndarlega að uppbyggingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu með það að markmiði að stórauka hlut þeirra og ráðstafi jafnframt fjármagni til þeirra í stað þess að beina því nær undantekningarlaust að hefðbundnum gatnagerðarframkvæmdum."

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að engin stefnumörkun eða framkvæmdaáætlun liggur fyrir í almenningssamgöngum innan einstakra bæjarfélaga og byggðahverfa í landinu. Að sjálfsögðu eru skiptar skoðanir um réttlæti í úthlutun fjár til einstakra bæjarfélaga og landshluta og verður þar seint við öllu brugðið. Ég vek athygli á athugasemd frá Akureyrarbæ um að ekki sé gert ráð fyrir neinum fjármunum í lagningu eða endurbætur umferðarmannvirkja, þ.e. þjóðvegi og tengd mannvirki, á Akureyri næstu 12 ár. Til samanburðar er gert ráð fyrir í fyrirliggjandi áætlun að 21 milljarður kr. fari til sambærilegra verkefna á höfuðborgarsvæðinu.

Þannig má einnig nefna fleiri landshluta og svæði sem telja sig afskipt, bæði í því sérstaka átaki sem ákveðið var að gera í samgöngumálum á næstu 18 mánuðum og einnig í samgönguáætluninni í heild. Ég tek, virðulegi forseti, undir þau orð sem hv. formaður samgn. hafði hér áðan um að auka þyrfti hlut safn- og tengivega og endurskoða réttarstöðu þeirra í þjóðvegakerfinu því eins og nú er þá er það svo að fari bær úr byggð eða einhver slík búseta breytist geta langir vegarkaflar hrokkið úr tölu þjóðveganna án þess að það sé í raun ætlunin. Ég bendi líka á að vegur að flugvelli er hluti af þjóðvegakerfinu, hinu formlega samgöngukerfi meðan áætlunarflug er á flugvellinum en falli hann niður sem áætlunarflugvöllur þó að hann sé áfram mikilvægur fyrir samgöngur bæði til öryggis og annarra hluta þá fellur sá vegur niður sem hluti þjóðvegakerfis landsins. Þarna eru þættir sem verður að skoða fyrir gerð næstu samgönguáætlunar, endurskoðun hennar, og tek ég undir orð hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar í þeim efnum.

Hvað varðar samgöngur á sjó, virðulegi forseti, þá er þar fyrst um fjármagn til hafnanna að ræða en hvað varðar hlut þeirra í samgönguáætluninni er gert ráð fyrir lækkun á framlagi ríkisins til hafnamála á síðari hluta tímabilsins. Hafnasamband sveitarfélaga bendir á að sú mikla lækkun sem gert er ráð fyrir milli fyrsta fjögurra ára tímabilsins í áætluninni annars vegar og þriðja tímabilsins hins vegar sé órökstudd og muni hafa afar alvarlegar afleiðingar fyrir fjölmargar hafnir og byggðarlög vítt og breitt um landið.

Ég tel þetta mjög alvarlegan hlut, herra forseti. Á þessu máli var ekki tekið í samgn. Ég tel þessa aðvörun frá hafnasambandinu, varðandi fjárveitingar og fjármögnun til hafnanna í umræddri samgönguáætlun, mjög alvarlega og að endurskoða þurfi samgönguáætlunina með tilliti til fjárhagsstöðu hafnanna eins og þarna er rækilega minnt á.

Þá er og vert að geta þess að siglingar meðfram ströndum landsins verða alveg út undan í samgönguáætluninni samanber umsögn Félags skipstjórnarmanna sem fylgir hér með. Þar er bent á að samgöngur á sjó meðfram ströndum landsins eru að leggjast af skipulagslaust eða án þess að það sé í nokkru samræmi við opinbera stefnu í samgöngumálum.

Ég hef lagt fram tillögu á Alþingi um að skipuð yrði sérstök nefnd til þess að gera úttekt á stöðu strandsiglinga og gera tillögur um hver skuli vera framtíð þeirra. Sú tillaga er til umfjöllunar í þinginu í hv. samgn., og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd, strandsiglinganefnd, er hafi það hlutverk að kanna þróun, stöðu og æskilega framtíðarhlutdeild strandsiglinga í vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins. Nefndin láti gera úttekt á þjóðhagslegu gildi þess að hér við land séu öflugar strandsiglingar með sérstakri hliðsjón af umhverfis- og byggðaáhrifum, umferðaröryggi og öðru sem máli skiptir."

Ég tel afar mikilvægt, herra forseti, að gengið verði skipulega í þessa vinnu en að lögmál hendingarinnar eða óskipuleg þróun verði ekki látin ráða því að strandsiglingar leggist af. Í þessari samgönguáætlun og þáltill. um samgöngumál er ekki að finna neitt sem tekur á siglingum meðfram ströndum landsins.

Þá er og vert að geta þess líka, herra forseti, að í þeirri samgönguáætlun sem við fjöllum um, till. til þál. um samgönguáætlun, bæði næstu fjögur árin og 12 árin, er ekkert fjallað um samgöngur til og frá landinu, hvorki í lofti né á legi. Ég leyfi mér að vitna til umsagnar frá Vélstjórafélagi Íslands um samgönguáætlunina sem kemur einmitt inn á þetta, með leyfi forseta:

„Það sem vekur nokkra furðu við lestur þessara áætlana er að samgöngur að og frá landinu virðast ekki falla innan þess sem hér er gefið nafnið samgönguáætlun allt til ársins 2014. Það er miður vegna þess að ef einhver þáttur samgangnanna er í ólestri og þarf á haldgóðri áætlun að halda, þ.e. ef við eigum að teljast með fullvalda ríkjum í næstu framtíð, þá eru það sjóflutningarnir að og frá landinu en enn sem komið er þá fer megnið af okkar inn- og útflutningi þá leiðina.

Sé litið á nokkrar staðreyndir þessa máls þá voru í nóvember sl. rekin 19 skip á vegum íslenskra útgerða. Þar af voru aðeins 4 undir íslenskum fána. Öll skipin sem voru á þessum tíma í siglingum að og frá landinu sigldu undir erlendum fána mönnuð að stórum hluta útlendingum.

Að mati Vélstjórafélags Íslands er hér um afar hættulega þróun að ræða sem felst í því að ef eyþjóð sem á allt sitt undir samgöngum til og frá landinu hefur ekki burði til þess að sinna þessum þýðingarmikla þætti í samgöngum þjóðarinnar með skipum sem lúta íslenskum lögum og eru mönnuð íslenskum sjómönnum er sjálfstæði þjóðarinnar í hættu."

Þetta segir í umsögn Vélstjórafélags Íslands og ég tek heils hugar undir það. Samgönguáætlun sem minnist ekki

á samgöngur til og frá landinu, til eyþjóðar sem við erum, stendur að litlu undir því merki að heita samgönguáætlun.

Það er því, herra forseti, að mörgu að hyggja þegar kemur að endurskoðun þessarar samgönguáætlunar strax í haust. Þau atriði sem ég hef hér nefnt, afar mikilvæg atriði, standa út af í þeirri samgönguáætlun sem verið er að leggja fram.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum geta þess að að mínu mati gafst afar lítill tími til þess innan samgn. sjálfrar að fjalla um tillögurnar, stefnumörkun þeirra og áherslur, forgangsröðun og fjárveitingar til einstakra þátta samgangnanna. Góðar samgöngur eru forsenda samkeppnishæfs atvinnulífs og búsetu vítt og breitt um landið.

Minni hlutinn getur stutt í sjálfu sér flest verkefni áætlunarinnar og þær fjárveitingar sem lagðar eru til þeirra en hefði viljað sjá aðrar áherslur í samræmi við það sem rakið hefur verið hér að framan í nál.

Herra forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir áliti minni hluta samgn. Ég vil þó í lokin koma inn á atriði sem hv. formaður samgn. nefndi aðeins um breytt vinnulag við gerð þessarar áætlunar, t.d. varðandi gerð hafnaáætlana. Áður hafði verið unnið mjög náið með hafnasamlögum, hafnarstjórnum og sveitarfélögum vítt og breitt um landið við gerð þeirra áætlana en það samstarf virðist að einhverju leyti hafa rofnað eða fengið á sig annan brag með því að samgönguáætlun í heild var sett undir vel skipaða karlanefnd í Reykjavík. Ég tel að það þurfi að huga aftur að því vinnulagi sem hér er til þess að tryggja að samgönguáætlunin verði unnin í nánu samráði við íbúa landsins allt í kringum landið og einnig þau sjónarmið sem varða almenningssamgöngur, umferðaröryggi og umhverfismál svo nokkuð sé nefnt.

Virðulegi forseti. Ég læt lokið máli mínu.

[12:35]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér tvær þáltill., annars vegar till. til þál. um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006 og hins vegar till. til þál. um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014.

Ég vil segja það hér, eins og ég hef sagt áður, að ég tel þau vinnubrögð sem nú hafa verið tekin upp sem miða að því að líta á samgöngur á landi, í lofti og á sjó í samhengi vera til mikillar fyrirmyndar. Ég tel það skipta máli að menn horfi á þessa hluti í samhengi því að fátt skiptir byggð í landinu meira máli en að samgöngur séu í góðu lagi. Ég vil því leyfa mér að hrósa meiri hlutanum og hæstv. samgrh. fyrir að taka upp þau vinnubrögð að nú skuli vera unnið að svokallaðri samræmdri samgönguáætlun og menn hugleiði það og vinni að þessum hlutum í samhengi.

Það broslega við þetta er að núna, á lokadögum þingsins, þegar sú ríkisstjórn sem nú situr á kannski tvo mánuði eftir eða svo skuli hún koma fram með þáltill. sem gerir ráð fyrir annars vegar verkefnaáætlun fjögur ár fram í tímann og hins vegar 12 ár fram í tímann. Það er nokkuð ljóst að þær áherslur sem hér birtast munu ráða miklu um hvernig kosningarnar í vor fara, hvort þær áherslur verði ofan á eða hvort aðrar áherslur verði uppi. Ég get lýst þeirri skoðun minni að ég vonast til þess að það verði aðrir sem koma til með að framfylgja þessu þegar fram líða stundir. Eins og ég sagði vil ég þó hrósa þeim fyrir að taka upp þessi vinnubrögð en svona kannski benda á þann kómíska hlut, ef svo má að orði komast, að þessi áætlun skuli sett fram á lokadögum þingsins.

Í þeirri umræðu sem fram hefur farið nú þegar, annars vegar af hálfu formanns nefndarinnar og hins vegar af hálfu hv. þm. Jóns Bjarnasonar, hafa verið dregin fram ýmis atriði sem ástæðulaust er að endurtaka hér. Hér birtist sú forgangsröðun, sú uppbygging og þær hugmyndir sem meiri hlutinn hefur að því er varðar uppbyggingu á samgöngum í landinu næstu árin. Um þetta vil ég þó segja í fyrsta lagi, virðulegi forseti, að ég held að það sé ekki of djúpt í árinni tekið þótt maður nefni að það er ekki hægt að segja að þær áætlanir sem hér liggja fyrir séu metnaðarfullar. Þær eru að minni hyggju alveg lausar við mikinn metnað. Sérstaklega í ljósi þess breytilega lands sem við búum í og hve mikilvægt það er að samgöngur séu í góðu lagi finnst mér metnaðurinn sem birtist í þessu ekki mikill. En á móti kemur að ég tek undir mikilvægi þeirra verkefna sem hér er lýst og hugmyndin er að ráðast í en harma það, a.m.k. á þessu stigi, hve litlum fjármunum ætlað er að verja til verkefnisins á næstu árum.

Ég vil aðeins koma inn á eitt sem fram kemur í nál. meiri hlutans en það lýtur að svokölluðum flugvallarskatti en hann hefur verið einn helsti tekjustofn Flugmálastjórnar Íslands. Við höfum tekið nokkra umræðu hér á hinu háa Alþingi um flugvallarskattinn, forsendur hans og afleiðingar af honum og ég vil ítreka að ég held að það sé mikilvægt að við skoðum það vandlega að reyna að lækka álögur á flugið í landinu. Það er mikilvægt að við leggjum ekki stein í götu þeirra sem vinna við flugið og eru að reyna að tryggja flugsamgöngur, einkanlega innan lands og milli landa. Þetta er eitt af því sem ég tel mikilvægt að skoða og leita leiða til þess að lækka. Reyndar er þetta mál til skoðunar hjá Eftirlitsstofnun EFTA, þ.e. ESA, og það verður að segja það alveg eins og það er og eins og það mál lítur út nú að ég á bágt með að trúa öðru en því að íslensk yfirvöld þurfi að breyta því fyrirkomulagi sem nú er. Þess vegna þarf nú þegar að fara að skoða og leita leiða á annars konar fjármögnun á uppbyggingu á flugvöllum á Íslandi en nú er. Þetta vildi ég færa inn í þessa umræðu um leið og ég tek einnig undir það svona almennt að það er lítil áhersla lögð á svokallaðar almenningssamgöngur í þessari áætlun.

Í áætlununum sem hér birtast er vitaskuld margt mjög gott og mjög verðug verkefni. Ég ætla ekki að gera þau að umræðuefni hér, enda munu menn ætíð deila um forgangsröðun á þessu sviði, menn skulu deila um það hvar rétt sé að byrja, hvernig rétt sé að hafa þessi mannvirki o.s.frv. Þær deilur munu aldrei verða leystar í umræðum hér.

Hins vegar vil ég vekja athygli á því að frá því að við ræddum þessa samgönguáætlun við 1. umr. hefur verið ákveðið að veita talsverða fjármuni í vegagerð í landinu á næstu 18 mánuðum og vitaskuld ber að fagna því að nú skuli vera til fjármunir til þess að veita aukalega í vegagerð í landinu. Því ber að fagna því að, eins og ég sagði, samgöngur eru eitthvert mikilvægasta málefnið sem við fjöllum um á hinu háa Alþingi.

Það veldur mér hins vegar talsverðum vonbrigðum að í þessari samgönguáætlun er ekki gert ráð fyrir því að ráðist verði í að lýsa og breikka Hellisheiði. Ég lýsi yfir miklum vonbrigðum með að ekkert skuli vera hugað að því. Á sama hátt vil ég lýsa yfir vonbrigðum með hversu litlum fjármunum er varið til safn- og tengivega. Þá lýsi ég enn fremur miklum vonbrigðum með niðurstöðu svokallaðs samgönguhóps samgrh. að því er varðar sérstakar samgöngubætur við Vestmannaeyjar. Vestmannaeyjar eru eins og menn vita eyjar og eiga því mikið undir samgöngum. Þær hugmyndir

sem samgönguhópurinn kynnti í síðustu viku um að ekki yrði ráðist í neinar aðgerðir á þessu sviði næstu 5–10 árin ollu mér miklum vonbrigðum. Sú samgönguáætlun sem hér liggur fyrir gengur út frá því sama, þ.e. ekki er gert ráð fyrir neinum aðgerðum til þess að ráðast í einhvers konar hafnargerð sem gæti stytt vegalengdina milli Vestmannaeyja og lands. Þá er ekki gert ráð fyrir endurbótum á þeirri ferju sem nú gengur þar á milli og ekki gert ráð fyrir neinum sérstökum framlögum til að styrkja flugið. Þetta veldur mér miklum vonbrigðum því það má hverjum manni ljóst vera að það skiptir miklu fyrir sveitarfélög hvernig til tekst í samgöngubótum gagnvart þeim á næstu árum. Það mun skipta miklu máli í samkeppni þeirra um fólk og um fyrirtæki og það mun skipta miklu máli í baráttu þeirra við að viðhalda sjálfum sér og styrkja sig. Ég lýsi miklum vonbrigðum með þessa niðurstöðu.

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Jóni Bjarnasyni að ekki hafi gefist nægur tími til að fara yfir þessa áætlun og fara nánar í þau markmið sem að er stefnt. Það kemur fyrst og fremst til af því hversu seint hún kom fram og er í sjálfu sér ekki við samgn. að sakast í því efni. Mikil pressa hefur verið á henni að klára þetta mál fyrir þinglok þrátt fyrir að ljóst megi vera að það mun koma á annarra herðar en þeirra sem nú sitja í ríkisstjórn að ná markmiðum þess.

En það er eitt markmið í áætluninni, virðulegi forseti, sem ég hefði viljað fá betri skýringu á, ef ég mætti beina fyrirspurn til hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar, formanns nefndarinnar, sem hér situr. Það er í samgönguáætlun fyrir 2003–2006, á fyrstu síðu. Það eru markmið 1.2, þ.e. markmið um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna. Ég vísa hér til c-liðar í þessu plaggi en við tókum ekki mikla umræðu um það í nefndinni hvernig gjaldtöku af samgöngum skyldi háttað með tilliti til jafnræðis samgöngugreina og notenda samgangna. Í því samhengi hljótum við að velta því fyrir okkur hvernig menn líta á þjóðvegakerfið. Ef við tökum sem dæmi Grímsey og Vestmannaeyjar þá þurfa menn að svara því hvort þeir telji að samgöngur við þessa staði eigi að vera á sambærilegu stigi og samgöngur við aðra staði, hvort menn líti svo á að siglingar á þessa staði séu þjóðvegir þessara staða og því eigi gjaldtaka á þessum þjóðvegum að vera sambærileg við gjaldtöku annars staðar. Þetta finnst mér skipta miklu máli.

Ég tel mikilvægt að við reynum að skilgreina þessa hluti og átta okkur á því hvernig við lítum á þessa tegund samgangna. Því miður fórum við ekki djúpt í þetta í samgn. og kannski kemur það til af því að við höfðum ekki mikinn tíma. Það er ekki svo að menn hafi ekki viljað fjalla um það heldur var margt sem lá undir núna á síðustu dögum og því ekki farið jafnítarlega í þetta. Ég ítreka það sem ég sagði fyrr í ræðu minni. Ég hrósaði mönnum, bæði meiri hlutanum og hæstv. samgrh. fyrir að taka upp þessa aðferð en vegna tímaleysis tókst okkur einfaldlega ekki að fara í einstaka þætti eins og þurft hefði. Kannski hefði það átt að vera hlutverk þingsins að skilgreina þessa hluti. Svo var því miður ekki.

Ég lít svo á, sérstaklega af því að hér er verið að reyna að tryggja jafnræði samgöngugreina og notenda samgangna, að ein þeirra spurninga sem við þurfum að takast á við sé: Eiga þau byggðarlög sem ekki hafa beinan aðgang að þjóðvegakerfinu vegna staðsetningar sinnar rétt á að tengjast því með sams konar gjaldtöku og önnur byggðarlög? Þetta finnst mér vera grundvallarspurning sem við þurfum að takast á við. Því miður gerum við það ekki hér en ég geri fastlega ráð fyrir að þegar kemur að endurskoðun þessarar samgönguáætlunar, sem ég vonast reyndar til að ný ríkisstjórn fylgi eftir, verði þessi tiltekni þáttur tekinn sérstaklega upp.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hvaða skoðun ég hef á þessu máli. Ég tel mikilvægt að þessi byggðarlög hafi sams konar aðgang að þjóðvegakerfinu og aðrir, þ.e. gjaldtaka gagnvart þeim sé ekki meiri en gagnvart öðrum.

Þá vil ég líka fjalla um það markmið sem samgönguáætlun 2003–2014 gerir ráð fyrir. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stefnt skal að auknum flytjanleika í samgöngukerfinu“ — hvað sem það nú þýðir — „sem taki bæði til fólks og vöru. Þessu markmiði skal ná með bættu aðgengi að samgöngum og aukinni afkastagetu kerfisins þar sem hún er takmörkuð, einnig með því að skapa skilyrði fyrir flesta landsmenn að komast til og frá höfuðborgarsvæðinu á innan við 3 $^{1}/_{2}$ klst. ferðatíma.“

Í umræðunni sem fram hefur farið um þetta málefni hefur meiri hlutinn, hæstv. samgrh. og menn á hans vegum, ekki skilgreint nákvæmlega hvers vegna þessi tími er tilgreindur. En það er vitaskuld alveg augljóst að það þarf að leggja í mikil verkefni vítt og breitt um landið til að ná þessu markmiði. Það gafst ekki nægur tími til þess í samgn. að fjalla um þennan tiltekna þátt en ég met það svo að þetta sé lágmarksmarkmið sem við eigum að stefna að. Það sé lágmarksmarkmið í okkar landi að menn eigi möguleika á að komast til höfuðborgarinnar á þremur klukkustundum.

Það sem líka hefur vakið athygli í almennri umræðu um samgöngumál er sú árátta þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr að reyna að skapa einhvers konar togstreitu milli Reykjavíkurborgar og ríkisstjórnarinnar. Oft og tíðum er leitað leiða til að kenna borgarstjórn Reykjavíkur um að ekki skuli ráðist í verkefni. Þetta er afskaplega hjákátlegt og barnalegt. Það er einfaldlega þannig að á höfuðborgarsvæðinu hefur verið hægt að ráðast í mörg verkefni. Mörg þeirra hafa farið í gegnum umhverfismat og því hefur mér þótt lítið til þeirrar orðræðu koma, einkanlega hjá nokkrum hæstv. ráðherrum og þá ekki síst forsrh. og samgrh., sem hafa notað tækifæri eins og þessi til að vega að meiri hlutanum í borgarstjórn Reykjavíkur. Þetta er mjög undarleg pólitík og öllum þeim til vansa sem að hafa komið.

Þetta átti ekki hvað síst við fyrir nokkrum vikum þegar boðað var að veita ætti 4,6 milljarða í vegaframkvæmdir á landinu, þar af einn milljarð til höfuðborgarsvæðisins. Það var reynt að rökstyðja að ekki væri ráðist í meiri aðgerðir í höfuðborginni með því að ekki væri möguleiki á að ráðast í tiltekin verkefni, það væri allt borgarstjórn Reykjavíkur að kenna. Þetta er alrangt og það vita menn. Næg verkefni eru til staðar sem hægt er að ráðast í, ég tala nú ekki um hvað varðar þessa tilteknu fjárhæð sem menn ætla að leggja fram til höfuðborgarsvæðisins. Þetta hefur vegamálastjóri staðfest. Þetta hafa allir þeir sem við höfum rætt þessi mál við staðfest. Þetta er stórmál og það er öllum til vansa að fjalla um þessa hluti á þann hátt sem gert hefur verið.

Við þessa umræðu er óhjákvæmilegt að fjalla um það að í samræmdri samgönguáætlun er hafnaáætlun og ræða þá hugmynd sem hér liggur fyrir, að tefla höfnunum saman hverri gegn annarri. Nú eru uppi hugmyndir um að draga verulega úr ríkisstuðningi við hafnarframkvæmdir. Frv. um hafnalög sem hér hefur verið til umræðu og verulegur ágreiningur verið um, vægt til orða tekið, var tekið út úr nefndinni í morgun.

Það tengist vitaskuld þessari áætlun sem við ræðum hér. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því að dregið verði verulega úr framlögum til hafna og þeim á ákveðinn hátt teflt saman, þ.e. þeim er ætlað að keppa sín á milli. Ég vil vara mjög við þessari leið. Veruleikinn er einfaldlega sá að byggðirnar kringum þessar hafnir urðu fyrst og fremst til vegna nálægðar við sjávarauðlindina. Nálægðin við sjávarauðlindina gaf mönnum færi á að byggja upp samfélag, sveitarfélög sem nærðust á þessari nálægð.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann hyggist ljúka máli sínu innan þriggja mínútna. Ef ekki þá biður forseti hv. þm. að gera hlé á máli sínu þegar vel stendur á.)

Virðulegi forseti. Ég held að ég geti orðið við því að ljúka ræðu minni innan skamms. Ég mun freista þess að ljúka ræðu minni á þessum tíma, en ef ekki mun ég tilkynna forseta um það.

Ég vil segja, virðulegi forseti, að ég óttast mjög þá hugmyndafræði sem hér er lagt upp með. Það vita allir í þessum sal og allir sem á þinginu sitja að uppbygging hafnanna hefur í gegnum áratugina ekki verið hugsuð þannig, var ekki hugsuð þannig að hafnirnar ættu að keppa sín á milli. Við skulum bara viðurkenna þá staðreynd að margar þeirra hafna sem hafa verið byggðar hafa fyrst og fremst verið byggðar vegna pólitískra áhrifa og afskipta tiltekinna þingmanna. Þessar hafnir eru lífæðar þessara byggðarlaga og skipta miklu máli. Að minni hyggju er það óðs manns æði að ætla að setja þessar hafnir í einhvers konar samkeppnisumhverfi. Það eru engar forsendur fyrir því að efna til samkeppni milli þessara hafna, í ljósi sögunnar og þess hvernig þessar hafnir urðu til. Því vil ég segja að það er miklu ærlega og heiðarlegra að meiri hlutinn gangi fram og segi hvaða byggðarlög eiga að lifa og hvaða byggðarlög eiga að deyja. Það er miklu heiðarlegra en að ætla að láta þau keppa sín á milli. Hafnir í þeim byggðarlögum sem verða undir í þessari samkeppni munu eiga mjög erfitt um vik og er þá vægt til orða tekið.

Við þessu vil ég vara mjög eindregið, virðulegi forseti. Mér mun gefast mun betra tækifæri til að fjalla um þennan tiltekna þátt þegar kemur að því að ræða hafnalögin sérstaklega.

En að þessu sögðu og í ljósi þess að forseti er orðinn svangur ætla ég að ljúka ræðu minni að svo stöddu.

[Fundarhlé. — 13:00]

[13:40]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér eru til umfjöllunar tvær tillögur, till. til þál. um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006 annars vegar og hins vegar till. til þál. um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014. Fyrri tillagan er eins konar framkvæmdaáætlun, síðari tillagan er stefnumótunarplagg. Ég verð að segja það að mér finnast þessi plögg, og vísa ég þá ekki síst til stefnumótunarplaggsins, vera mjög vel unnin. Og ég hugsaði það þegar ég fletti þessum bókum, þetta eru lítil rit, hve mörg mjög vönduð gögn eru unnin í stjórnsýslunni sem ættu erindi víða.

Sú markmiðslýsing sem sett er fram í þáltill. um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 greinir frá fjórum markmiðum. Í fyrsta lagi um greiðari samgöngur, í öðru lagi um umhverfislega sjálfbærar samgöngur, í þriðja lagi um öryggi í samgöngum og í fjórða lagi um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna. Þarna er greint frá fjórum meginmarkmiðum. Þetta mun vera í fyrsta skipti sem í þál. með samgönguáætlun er að finna eins ítarlega umfjöllun og hér um ræðir sem lýtur að umhverfisþættinum og byggir á skýrslu stýrihóps um samgönguáætlun sem var birt í fyrra, að því er ég hygg. Þetta er nokkuð sem ég vildi leggja áherslu á, það er ástæða til að hrósa þessum vinnubrögðum.

Reyndar er það eitt varðandi umhverfisþáttinn sem ég sakna og það snýr að ferðaþættinum. Ég hef einhvern tíma sagt frá því áður að ég gerði grín að nefnd sem var skipuð hér fyrir rúmlega tíu árum á vegum samgrn. til að finna það út til hvers menn legðu vegi. Mér fannst vera alveg augljóst að menn legðu vegi til að komast frá einum stað til annars. En ég er löngu hættur að hlæja að þessu vegna þess að vegagerð getur haft margvísleg markmið að leiðarljósi. Í fyrsta lagi að komast frá einum stað til annars, í öðru lagi að flytja vörur frá einum stað til annars, en vegir geta einnig gegnt mikilvægu hlutverki í ferðaiðnaði og í ljósi þeirra markmiða leggja menn vegi á annan hátt en þeir gera ef markmiðið er einvörðungu að komast frá einum stað til annars á hraðvirkan hátt. Menn þekkja það frá Evrópu þar sem annars vegar er hægt að ferðast eftir svokölluðum „átóbönum“ á mjög skjótan hátt og hins vegar eru ferðamannaleiðir sem fara með klettum, gegnum boga og göng o.s.frv. Önnur sjónarmið og önnur markmið eru þar lögð til grundvallar.

Þetta finnst mér vanta í umfjöllun okkar um vegamál, þetta sem lýtur að ferðaþjónustunni. Þetta sjáum við í blaðagreinum og heyrum í umræðu í þjóðfélaginu. Það birtist í deilum um það hvort það eigi að byggja vegina á hálendinu upp eða láta þá fara með landinu. Þetta eru sjónarmið sem ég sakna í þessari annars mjög vönduðu umfjöllun sem fylgir þál.

Annað sem ég vildi vekja athygli á er hin pólitíska ábyrgð á öryggisþætti í umferðarmála og hvar hún á að hvíla. Í þessum gögnum er vikið að öryggismálum í umferð en ábyrgðin þar er ekki hjá samgrn. Hún er hjá dómsmrn. Ábyrgð á öryggi á sjó og í lofti er hjá samgrn. en hvað vegakerfið áhrærir er það dómsmrh. og dómsmrn. sem bera þar ábyrgðina. Ég held að þetta sé nokkuð sem við eigum að taka til endurskoðunar. Er ekki rétt að hafa þessa þætti alla á einum stað, samgöngurnar og ábyrgðina varðandi öryggismálin? Við skulum ekki gleyma því að hér hjá samgrn. eru fjármunirnir sem m.a. þarf að ráðstafa í öryggisskyni.

Þetta var annað atriði sem ég vildi gjarnan leggja áherslu á og síðan hitt, sem er heldur betur ástæða til minna þessa ríkisstjórn á, helst kvölds og morgna, þ.e. að vara sig á þeirri einkavæðingar- og markaðsvæðingarbakteríu sem herjar á stjórnarflokkana og hefur gert þeim marga skráveifuna á liðnum árum. Hér er að sjálfsögðu að finna þessi markmið, að einkavæða og markaðsvæða. Hv. þm. Jón Bjarnason hefur gert ítarlega grein fyrir afstöðu okkar til þeirra þátta. Hann vísaði m.a. í stefnumótunarplaggið þar sem fjallað er um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna. Þar segir að rekstur samgangna í lofti, á sjó og á landi sem ríkið kemur að skuli boðinn út til að tryggja eðlilegt samkeppnisumhverfi. Hér segir einnig að leitað skuli leiða til að nýta kosti markaðsaflanna við uppbyggingu og rekstur samgöngukerfisins.

Að sjálfsögðu er ekkert við það að athuga að einstök verk séu boðin út. Verktakar koma að gerð vega og brúarsmíði o.s.frv. og ekkert við því að segja. Öðru máli gegnir þegar um er að ræða rekstur á samgöngukerfinu. Þar hef ég miklar

efasemdir um að notast eigi við markaðsöflin. Við skulum ekki gleyma því að þegar Hvalfjarðargöngin voru lögð á sínum tíma þá var sá valkostur einnig fyrir hendi að ríkið annaðist framkvæmdina að öllu leyti, tæki lánin beint og án nokkurra milliliða. Milliliða, segi ég, vegna þess að í reynd var ríkið bakábyrgðaraðili að lánunum. Stjórnarmenn í Speli hafa sagt mér, þar á meðal stjórnarformaðurinn, að lánin hefðu orðið miklu hagkvæmari ef þau hefðu verið tekin af ríkinu beint. Þetta er staðreynd.

Þess vegna furða ég mig á að því skuli haldið fram að þetta sé leið til að ná niður kostnaði. Þetta er leið sem alfátækustu ríkin fara til að fjármagna uppbyggingu stoðkerfis samfélagsins. Ef enga peninga er að hafa er ráðist í framkvæmdir af þessu tagi, einkaframkvæmd, með þá von í brjósti að síðar komi betri tíð og unnt verði að greiða skuldirnar upp þó að þær séu teknar á óhagkvæmari kjörum. Að við skulum fara inn á þessa braut er mér óskiljanlegt.

Ég tók eftir einu í ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar sem ég vil vekja sérstaka athygli á. Hann fjallaði um útboðin, að þar skyldu menn jafnan hafa almannahagsmuni í huga. Undir þetta vil ég taka. Ég minni t.d. á það er leigubílaakstur var boðinn út í Reykjavík og menn gerðu leigubílastöðvunum að taka afarkjörum þar. Ég man ekki hvað þær voru komnar langt niður, fóru í 30–40% af eiginlegum kostnaði við aksturinn. Þetta voru samdráttartímar og fyrirtækin áttu ekki annarra kosta völ en að taka það sem byðist til að tryggja fjármuni í sínar hirslur. Fyrirtækin voru keyrð undir raunkostnaði. Þetta getur gerst líka ef útboðsstefnunni er mjög grimmt haldið að markaðnum á samdráttartímum. Þá eiga fyrirtæki ekki annarra kosta völ en að keyra niður verð. Þetta þurfum við allt að hafa í huga þegar við beitum þessari aðferð, útboðsaðferðinni, sem að sjálfsögðu er þó rétt að fylgja sem meginaðferð.

Ég vildi koma þessum meginatriðum að við þessa umræðu. Ég ítreka að mér finnast þessi göng og skýrslugerðir mjög vel unnar. Ég finn þó að því að ýmsir þættir mættu vera þarna og við þurfum að taka það betur upp sem lýtur að ferðaiðnaði og ferðaþjónustunni. Ég vek athygli á því hvort ekki er orðið tímabært að taka öryggisþáttinn frá Vegagerðinni og færa til samgrn. Að lokum vara ég við þessari markaðsvæðingarárátttu ríkisstjórnarinnar.

[13:52]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Langflestir Íslendingar hafa skoðun á því máli sem hér er til umræðu, ekki síst þingmenn, þ.e. samgöngumálum á næsta kjörtímabili og kjörtímabilum. Það er til umræðu hér, þ.e. vegáætlun frá 2003–2006 og síðan frá árinu 2003 til 2014, sem kalla mætti langtímaáætlun.

Það er eðlilegt að þingmenn hafi skoðun á þessum málum, a.m.k. landsbyggðarþingmenn sem margir hverjir eru á milli 600–700 klukkustundir á ári undir stýri. Það er eðlilegt að menn velti fyrir sér hvort slíkt sé normalt. Það er auðvitað hægt að benda á kjördæmi eins og Norðausturkjördæmi og Norðvesturkjördæmi þar sem vegalengdir eru miklar. Í Norðvesturkjördæmi liggja t.d. um 2.200–2.300 km af vegum um kjördæmið, ætli menn að ná því að fara um sveitir og milli allra staða sem ber að hafa samskipti við. Á svo löngum leiðum komast menn óþyrmilega að því hvernig vegakerfið er. Því er eðlilegt að þessi mál séu mikið rædd og mikið um þau hugsað.

Það sem mér finnst í megindráttum vandinn við þessa framlagningu er að hv. þingmenn í samgn. segja hver á eftir öðrum að ekki hafi gefist nægur tími til að fjalla um málið. Mér finnst það kannski ekki alveg nógu gott. Þó vil ég taka undir með hv. síðasta ræðumanni með að þau gögn sem lögð eru fram eru aðgengileg, góð og skilmerkileg. Þau ættu að gagnast hverjum þeim sem þarf og þyrftu í raun að liggja mjög víða frammi þannig að almenningur úti á landi og í Reykjavík geti nálgast þessi gögn og kynnt sér það sem á ferðinni er. Fjárveitingar til samgöngumála á Íslandi þurfa eðlilega að vera háar. Svo er bara spurning um forgangsröðun og hvernig menn vilja nálgast þessa hluti.

Mín skoðun er almennt sú að við eigum að leggja sem mest í að gera vegi sem greiðfærasta og auðvelda byggðarlögum samgöngur til meginhringvegarins. Ég tel að það eigi fyrst og fremst að klára hringveginn til að unnt sé að nálgast það markmið sem sett hefur verið fram, að það sé hægt að komast til Reykjavíkur frá öllum stöðum á landinu á innan við 3,5 til 4 klst. Það er auðvitað meginmarkið og síðan að gera öryggið sem mest á vegunum hvar sem er.

Menn deila einnig um hvar skórinn kreppir. Menn deila um hvort fara eigi fyrst í Reykjanesbraut eða láta það ganga fyrir að fara í Hellisheiði, hvort það eigi að fara í Vesturlandsveg á milli Reykjavíkur og Akraness og síðan ýmsa aðra staði. Einnig er deilt um á hvern hátt menn vilja stytta vegalengdir í kjördæmum, m.a. með því að grafa göng og stytta leiðir. Um það hefur verið rætt á Austfjörðum, Vestfjörðum og á Norðurlandi eystra. Svo að ég nefni dæmi þarf að losna við þann mikla farartálma sem Hrafnseyrarheiði er. Það þarf að komast fram hjá þeim mikla farartálma Dynjandisheiði, hvaða leið sem menn velja. Ég tel að það hafi ekki verið skoðað nógu vel hvernig best er að fara um þetta svæði, t.d. frá Dýrafirði og yfir að Mjólkárvirkjun. Þar eru menn að tala um göng allt að 10 km en rannsóknir eru ekki hafnar. Menn hafa bara áætlað leiðir.

Sama má segja um vegi víða um Ísafjarðardjúp. Þar eru menn t.d. með áætlanir um að þvera Hestfjörð frá Hvítanesi og yfir að Hesti. Það eru bara áætlanir. Menn hafa ekki reiknað út hagkvæmnina leiðarinnar eins og nauðsynlegt væri. Menn hafa heldur ekki áttað sig á því hvort rétt sé að fara undir Eyrarfjall, Kleifina sem kölluð er, sem liggur á milli Ísafjarðar og Mjóafjarðar í Ísafjarðardjúpi — eða hvort menn velja þá leiðina að fara út í Reykjanes og yfir Mjóafjörð um Hrútey. Þetta er allt á umræðustigi. Menn eru ekki komnir nógu langt í rannsóknum og því segi ég að rannsóknir eru því miður of skammt á veg komnar til þess að menn geti ákveðið framkvæmdir.

Ég velti mikið fyrir mér tillögu sem kom fram fyrir skömmu og er komin á fjáraukalög. Ég velti því fyrir mér hvernig sú tillaga var sett fram og hugsuð. Menn tala um að setja 4,2 milljarða í flýtiframkvæmdir. Þessi flýtiframkvæmd þýðir raunverulega ekki annað en að það er verið að flýta framkvæmdum sem átti að vera lokið 2014. Það er verið að flýta þeim fram til ársins 2012.

Ég hefði gjarnan viljað forgangsraða öðruvísi en menn gera. Ég hefði viljað leggja þessa fjármuni í það að klæða sem mest vegi þar sem malarvegirnir eru raunverulega tilbúnir undir klæðningu. Það er mjög víða á landinu sem hefði mátt gera vegi greiðfærari á þann hátt að leggja slitlag á malarvegi sem þegar eru tilbúnir. En samkvæmt framsetningunni eru stór svæði á landinu skilin út undan í þeim efnum.

Ég mun aðallega, virðulegur forseti, gera samgöngur um Norðurland vestra, Vestfirði og Vesturland að umfjöllunarefni. Ég mun fjalla að einhverju leyti um Hvalfjarðargöng.

Ef ég byrja á Norðurlandi vestra þá kemur fram í gögnum að menn hugsa sér að halda áfram með Þverárfjallsveg sem er gífurleg samgöngubót á leiðinni milli Sauðárkróks og Skagastrandar, og er gífurleg samgöngubót fyrir íbúa á Norðvesturlandi með styttingu leiðarinnar til Reykjavíkur í huga og munar þar ansi miklu í vegalengdum. Ég tel að þar hafi menn tekið rétta ákvörðun þegar grannt er skoðað, þó deilt hafi verið um þá vegaframkvæmd.

Einnig má benda á að leiðin um Kolkuós hefur ekki verið nægjanlega skoðuð, þ.e. frá Hofsósi til Sauðárkróks, hvort skynsamlegt sé að fara þar strandveginn. Það er algjörlega óathugað mál og menn virðast vera með það á stefnuskrá að fara um núliggjandi veg og eru þar kannski með Hóla í huga, en ég tel að menn þurfi að skoða það mál miklu betur áður en menn hafna þeim möguleika sem ég er hér að nefna. Um þetta er ekkert fjallað í till. til þál. og hvorki í fjögurra ára samgönguáætlun né í samgönguáætlun til ársins 2014.

Á Vestfjörðum liggja gífurleg verkefni fyrir. Það vita þeir best sem við þær samgöngur búa. Ýmist er talað um suðursvæði og þá um veginn um sunnanverða Vestfirði, eða þá norðursvæði, þ.e. veginn um Djúp og yfir Þorskafjarðarheiði, eða þá til Hólmavíkur og þannig suður, annaðhvort eftir Ströndum eða eftir Tröllatunguheiði, eða Arnkötludal sem á undanförnum árum hefur verið fjallað verulega um. Og úr því ég nefni Arnkötludal er ástæða til að geta þess að sveitarstjórnin í Bolungarvík, hreppsnefnd Súðavíkurhrepps, bæjarráð Ísafjarðar og hreppsnefnd Hólmavíkur hafa fundað um þá leið, þ.e. ályktað um það að fara Arnkötludalsleiðina og sendu þingmönnum og frambjóðendum í Norðvesturkjördæmi eftirfarandi ályktun sem ég leyfi mér að lesa, með leyfi forseta:

„Fundurinn var sammála um að senda frá sér svohljóðandi ályktun:

Sameiginlegur fundur bæjarráðs Bolungarvíkur, bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, hreppsnefndar Súðavíkurhrepps og hreppsnefndar Hólmavíkurhrepps fagnar þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja einn milljarð til viðbótar í vegamál á Vestfjörðum.

Fundurinn vísar til fyrri samþykkta fjórðungsþinga Vestfirðinga og sameiginlegra funda Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkur og Súðavíkurhrepps, en þar er kveðið á um að framtíðarleiðin úr Djúpi liggi um Arnkötludal á Ströndum. Er það rúmlega 40 km stytting á leiðinni til Reykjavíkur og er samstaða meðal sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum og sveitarstjórnar Hólmavíkurhrepps um þá leið.

Vegur um Arnkötludal og Gautsdal mun stytta vegalengdina milli norðanverðra Vestfjarða og suðvesturhornsins auk þess sem hann mun tengja tvö atvinnu- og þjónustusvæði á Vestfjörðum sem næstum engin landfræðileg samskipti hafa í dag, þ.e. Stranda og Austur-Barðastrandarsýslu Framkvæmdin yrði nauðsynlegur og eftirsóknarverður hlekkur í Vestfjarðahringnum.

Á það er lögð áhersla að komið verði bundið slitlag á Djúpveg inn á þjóðveg nr. 1 á 5 árum í stað 12 eins og kemur fram í tillögu til þingsályktunar að samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014, enda er um að ræða aðalveg íbúa á norðanverðum Vestfjörðum inn á þjóðveg nr. 1.

Sveitarfélögin óska eftir góðu samstarfi við samgönguráðherra, þingmenn, og starfsmenn Vegagerðarinnar um samgöngumál og æskja þess að samráð verði haft við sveitarfélögin áður en endanleg ákvörðun verður tekin um ráðstöfun þeirra fjármuna sem nú bætast við til vegamála."

Virðulegur forseti. Það er ástæða til að doka aðeins við þegar þessi ályktun er lesin, þar sem bent er sérstaklega á að bundið slitlag verði komið á Djúpveg á næstu fimm árum. Þá er rétt að minnast þess að fyrrv. samgrh., hv. þm. Halldór Blöndal, sagði árið 1991 á fjölmennum fundi á Ísafirði að lokið skyldi við að klæða Djúpveg með bundnu slitlagi fyrir árið 2000. Núna er áætlunin um að þessu skuli lokið árið 2014. Ástæða er til að rifja það upp þegar svona lagað er sagt, vegna þess að væntingar fólksins sem býr úti á landi eru mjög miklar eftir að þingmenn, ég tala nú ekki um þegar menn í embætti ráðherra segja slíkar setningar, og eftir slíkum orðum tekið og menn muna það eilíflega. Og þeir sem á eftir koma verða örugglega minntir á þessi orð.

Vissulega eru deild sjónarmið um leiðina um Arnkötludal og þeir sem búa á Ströndum vilja gjarnan fá sinn veg á milli Hólmavíkur og Brúar í Hrútafirði. Og það er skiljanlegt. En þarna verða menn að velja á milli og velja hagkvæmustu leiðir. Það getur átt við í báðum tilvikum að þar séu kaflar sem mjög auðvelt er að klæða með slitlagi og þá tel ég að því eigi að veita forgang. Við erum ágætlega vön því að inni á milli komi gott slitlag og síðan komi holóttir malarvegir og ég held að það skapi ekki þá hættu að menn eigi ekki að velja klæðningu þar sem það er mögulegt. Það hefur reynst með ólíkindum vel þegar menn gripu til þess ráðs að setja einbreitt slitlag nokkuð víða, bæði í Djúpi og svo í Dölum, þar sem ég þekki mætavel til hvernig það hefur reynst. Þótt það sé ekki ákjósanlegasta leiðin, þá dugði hún verulega, það bætti mjög möguleikana til að aka um þessi svæði.

Ég tel ástæðu til, virðulegur forseti, að vitna hér í aðra greinargerð eða bréf frá samgöngunefnd sveitarfélaga í Barðastrandarsýslu. Það er ástæða til að átta sig á því að mismunandi sjónarmið eru á mismunandi stöðum, þó allir séu frá Vestfjörðum sem um er að ræða, þá eru ekki sömu sjónarmið á sunnanverðum Vestfjörðum og á norðanverðum Vestfjörðum. Hér segir, með leyfi forseta:

„Varðar: Tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014.

Í kaflanum um verkefni á landsbyggð á bls. 11 er fjallað um Vestfjarðaveg milli Bjarkarlundar og Flókalundar, og gert ráð fyrir samtals 2.600 millj. kr. í hann á næstu 12 árum.

Í kafla 4.3 um helstu framkvæmdir á grunnneti vegakerfis, er á bls. 55 fjallað um Vestfjarðaveg milli Bjarkarlundar og Flókalundar. Þar segir að lagt sé til að unnið verði að framkvæmdum á þessum vegi allt áætlunartímabilið og honum lokið. Síðan segir: „Gerð verður nánari grein fyrir tillögu að leiðavali og áfangaskiptingu við meðferð málsins á Alþingi."

Rík áhersla er lögð á að tillögur um leiðaval og áfangaskiptingu verði ákveðnar í meðferð málsins á Alþingi, eins og boðað er í þingsályktunartillögunni, sérstaklega hvað varðar kaflann frá Melanesi, vestan Gufufjarðar og að Bjarkarlundi.

Sveitarfélögin í Barðastrandarsýslu hafa árum saman lagt áherslu á að lega vegarins verði í samræmi við svæðisskipulag fyrir Reykhólahrepp, sem vinna hófst við árið 1994 og staðfest var af umhverfisráðherra í janúar 1996. Það er jafnframt sú leið sem gert er ráð fyrir í samgönguáætlun fjórðungsþings Vestfirðinga frá árinu 1997, sem enn er í gildi. Í vinnugögnum Vegagerðarinnar um leiðir um Austur-Barðastrandarsýslu er leiðin nefnd leið B.

Það vegstæði sem hér um ræðir er að öllu leyti á láglendi og styttir núverandi veg um 22,2 km og tekur af tvo fjallvegi, um Ódrjúgsháls og Hjallaháls, og eru miklir farartálmar, sérstaklega að vetrarlagi. Leiðin liggur þvert yfir Þorskafjörð

um svokallaðan Ytri-Vaðal frá Kinnarstöðum til Þórisstaða og þaðan út Hallsteinsnes og yfir mynni Djúpafjarðar í Grónes og áfram yfir mynni Gufufjarðar í Melanes.

Sveitarstjórnirnar leggja áherslu á að verkinu verði skipt í tvo áfanga. Fyrri áfanginn verði þverun Þorskafjarðar, sem einn og sér styttir núverandi veg um 9,5 km og nýtist strax. Seinni áfanginn verði lagning vegarins út Hallsteinsnes og vestur í Melanes. Þar sem síðari áfanginn er fyrirsjáanlega það kostnaðarsamur að gera verður ráð fyrir að allmörg ári líði þar til honum yrði að fullu lokið, er lögð áhersla á að vegurinn um Ódrjúgsháls austanverðan verði lagfærður fljótlega, þannig að unnt verði að halda honum opnum árið um kring.

Það er eindregin ósk sveitarfélaganna í Barðastrandarsýslu, Vesturbyggðar, Tálknafjarðarhrepps og Reykhólahrepps að samgöngunefnd Alþingis og Alþingi sjálft geti þessa leiðarvals og áfangaskiptingar nú við afgreiðslu þingsályktunar um samgönguáætlun.“

Virðulegur forseti. Ég hef lokið að fara yfir bréf frá samgöngunefnd sveitarfélaganna í Barðastrandarsýslu sem er undirritað af Þórólfi Halldórssyni formanni.

Ástæða er til að nefna þetta við umræðuna, vegna þess að ég sé þessa í engu getið þegar samgönguáætlunin er skoðuð, en það er sérstök ósk þessara sveitarfélaga að um þetta sé fjallað við afgreiðslu þess máls sem við nú ræðum. Þess vegna, virðulegur forseti, kom ég með þetta bréf og vitnaði til þess, það er þó a.m.k. hægt að vísa í það að þessu hafi verið komið á framfæri.

En ugglaust eru menn með fjölmörg atriði í huga sem samgöngunefndir ákveðinna svæða hafa í forgang sem við þingmenn getum kannski ekki höndlað á öllu landinu, en gætum þó höndlað a.m.k. á því svæði þar sem við gefum kost á okkur og sækjumst eftir að vera í framboði.

Ef ég fjalla örlítið um samgöngur á Vesturlandi þá er það nú ansi víða sem skórinn kreppir. Fyrst dettur mér í hug að fara í norðanvert Vesturland þar sem vegurinn kemur beint frá Vestfjörðum og um Dali. Þar liggur núna frá Saurbæjarhreppi og að Laugum vegur um Svínadal sem á löngum kafla er tilbúinn, gjörsamlega tilbúinn til þess að taka við klæðningu. Það er ástæða til að skoða það. Þar þarf ekkert að gera nema leggja bara slitlagið ofan á. Það er ekki gert ráð fyrir því í þeim tillögum sem nú komu í fjáraukalögum um flýtiframkvæmdir. Þar er ekkert nefnt í þessu sambandi. Engar tillögur eru gerðar í neinni áætlun fyrr en árið 2004, að þá verði hafnar framkvæmdir á þessari leið. Þetta yrði hagkvæm framkvæmd og þar mundu fjármunir nýtast vel.

Virðulegur forseti. Þó ég fagni út af fyrir sig tillögum hæstv. ríkisstjórnar um flýtiframkvæmdir þá held ég að það fylgi þeim ekki nægjanlega mikið eða sem sagt þessar áætlanir um hvert fjármagnið er látið eru ekki nógu vel grundaðar.

Lagt er til að fjárheimild samgrn. verði aukin um 3 þús. millj., eða þrjá milljarða, til nýframkvæmda og það er auðvitað í samræmi við átak ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum. Þetta er það sem liggur fyrir. Það á að hækka framlög í heildina til vegamála um samtals 4,6 milljarða til að efla atvinnu á næstu 18 mánuðum. Gert er ráð fyrir að um 3 milljarðar falli á yfirstandandi ár en 1,6 milljarðar á árið 2004.

Hér er sagt að undirbúningur framkvæmda sé kominn mismunandi langt á veg. Það er einmitt málið. Það er alveg rétt. Mismunandi undirbúningur er í gangi og það er langt í land með að það fjármagn sem úthlutað er nýtist nægjanlega vel, eins og ég sé það fyrir mér, til þess sem það er ætlað. Það á ekki bara að auka möguleika á atvinnu heldur bæta samgöngurnar. Það er eitt af meginatriðunum því það bætir líka atvinnumöguleikana.

Ég sé t.d. að hér er gert ráð fyrir 500 millj. kr. til Suðurstrandarvegar sem alls ekki var inni í áætlun og ekki ætla ég að fara að mæla því í mót. Ég er bara að útlista það, virðulegur forseti, að ég tel að það hafi legið fyrir og liggi fyrir að það eru mörg svæði sem hægt er að ganga beint að og fara í klæðningar á og sem mundu nýtast íbúum á mismunandi svæðum á landinu best.

Ég fjallaði aðeins um vegarlagningu um Svínadal. Ég fagna því að nú eygir í að vegur um Bröttubrekku verði kláraður þannig að hann verði tilbúinn hugsanlega á þeim tíma sem áætlað var. Framkvæmdir nú eins og þær standa eru töluvert á eftir því sem menn gerðu ráð fyrir. En í heildina tekið gæti verið að hægt væri að klæða veginn yfir Bröttubrekku á þeim tíma sem menn ætluðu sér. Ég hef nú ekki nægjanlegt verksvit til þess að geta metið það. Mér sýnist þó miðað við undirstöðuna í veginum að sunnanverðu í Bröttubrekku, yfir Bjarnardalsá og ofan úr Gili, að mögulegt sé að klæða þann veg vegna burðarins í honum nokkuð fyrr en venjulega er gert við nývegalagningu.

Það eru miklar væntingar á Vesturlandi m.a. um Uxahryggjaveg. Við þingmenn höfum viljað reyna að sinna þessu máli eins vel og kostur hefur verið. Við höfum skoðað þessi mál og núna eru fjármunir á vegáætlun til þess að hefja þar framkvæmdir. Síðan er auðvitað mismunandi hvar menn telja að hefjast eigi handa. Ég tel að það ætti að hefjast handa þar sem mestur árangur næst í að klæða vegi og geyma sér torveldu kaflana í upphafi vega og enda á þeim, þ.e. gera eins marga kílómetra og hægt er að greiðum leiðum.

Einn er sá vegkafli sem ég hef gert oftar en einu sinni að umræðuefni í ræðum mínum. Það er vegurinn undir Hvalfjörð eða veggöngin undir Hvalfjörð. Ég má til með að segja það, virðulegur forseti, að það hefur margsinnis komið fram bæði á hv. Alþingi og í fjölmiðlum að einstaka hafa talið undirritaðan vera með ósanngjarnan málflutning í garð hæstv. samgrh. Um það eru ýmis dæmi nefnd, m.a. þessar fyrirspurnir mínar um möguleika á lækkun gjalds fyrir umferð um göngin. Ég hef lagt fram fyrirspurnir og ritað greinar um að kannaðir verði möguleikar á lækkun eða niðurfellingu veggjalds um Hvalfjarðargöng og vitnað þar í fyrirspurnir og ræður á hv. Alþingi. Ég hef borið fram fyrirspurnir til hæstv. fjmrh. um hvort unnt sé að fá þeirri ósk framgengt að virðisaukaskattur verði felldur niður af veggjaldi um Hvalfjarðargöng, ekki síst á sanngirnisgrundvelli. Fjmrh. brást þannig við að ekki væri unnt að fá þetta fram. Með leyfi forseta, vitna ég í svar hæstv. fjmrh. þar sem segir:

„Svarið við þessum spurningum er nei. Að vísu er mér illa við að notast skuli við orðið sanngirni þarna í lokin. Ég vil ekki vera ósanngjarn en ég held að orðið eigi ekki við í því samhengi sem það var notað í spurningunni.“

Það var spurt hvort það væri sanngirni í því að þeir sem greiða t.d. þungaskatt greiði svo aftur aukalega þungaskatt fyrir að aka um göngin — þá á ég við vöruflutningabifreiðar — og greiði síðan virðisaukaskatt ekki bara vegna ferðarinnar heldur líka vegna orkunotkunar eða olíunnar eða bensínsins sem notað er á leiðinni.

Samgrh. hæstv. hefur á stundum tekið undir það að eðlilegt sé að skoða hvort á einhvern hátt sé unnt að athuga með lækkun á gjaldi fyrir umferð um Hvalfjarðargöng. En

hæstv. samgrh. hefur einnig borið undirritaðan þeim sökum að reyna að slá sig til riddara í þessu máli.

Virðulegur forseti. Ég mótmæli þeirri framsetningu vegna þess að ég tel að málið sé miklu meira virði en svo að einhver þingmaður eða einstaklingur sé að reyna að slá einhverjar pólitískar keilur í þessu sambandi. Um er að ræða mikinn fjölda manna í öllum stjórnmálaflokkum og reyndar er stærstur hlutinn í Norðvesturkjördæmi, sem hefur gífurlegan hag af því að gjald um Hvalfjarðargöng verði lagt niður eða lækkað. Ég segi það fullum fetum að það er unnt að lækka veggjald um Hvalfjarðargöng um 34% með beinni aðgerð án þess að hafa nokkur áhrif á þau lán sem eru kölluð Hancock-lán, sem eru bundin ákveðnum samningum við Spöl hf.

Ég fagna bréfi hæstv. samgrh. sem loksins fór af stað nú fyrir skömmu. Það er auðvitað spurning hvort það er í tilefni af því að kosningar eru í nánd. Það breytir út af fyrir sig engu í mínum huga. En ég fagna því að hæstv. samgrh. ritaði bréf til stjórnar Spalar þar sem einmitt var farið fram á nákvæmlega það sem sá þingmaður sem hér stendur er búinn að bera margsinnis upp, þ.e. hvort ekki sé rétt að leita leiða til að lækka veggjald um Hvalfjarðargöng.

Ég minnist þess að á fundi með forsvarsmönnum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi var þessu máli hreyft. Ég leyfði mér að fagna frumkvæði Borgnesinga í þessu máli og það voru ekkert allir ánægðir með það fagnaðaróp mitt. Ég vona samt að það sé fyrsta skrefið í því að af alvöru verði leitað leiða til að fella niður það gjald sem Vestlendingar að stærstum hluta og íbúar á Norðvesturlandi greiða að mestu leyti. Það eru íbúar þessara svæða sem að stærstum hluta, eða yfir 75%, standa undir rekstrarkostnaði og niðurgreiðslu kostnaðar vegna ganga undir Hvalfjörð.

Margra spurninga var spurt, virðulegur forseti, þegar þessi mál voru rædd. Það var spurt m.a. um það hversu miklum tekjum virðisaukaskatturinn hefði skilað á ári að meðaltali. Það kemur í ljós að virðisaukaskatturinn af umferð um Hvalfjörð skilar 100 millj. kr. beint í ríkissjóð á hverju einasta ári sem Hvalfjarðargöng hafa verið rekin. Það eru beinar tekjur. Þar að auki sparar ríkissjóður vegna þess að það er nánast ekkert viðhald á gamla veginum um Hvalfjörð. Unnt er að fresta því að endurnýja brúna um Laxá sem þoldi engan veginn umferðina. Það nemur bara — bara brúin nemur 800 millj. kr. fyrir utan fyrirhugaðar aðgerðir í vegamálum í Hvalfirði sem voru einhvers staðar á bilinu milli 400 og 500 millj. kr. Til þessa er ekkert tillit tekið þegar fjallað er um þetta mál.

Ég minnist þess að hafa spurt hæstv. ráðherra hvort eðlilegt sé að Snæfellingar, Borgfirðingar og Akurnesingar standi undir meira en helmings fjármögnun þessa hlutar hringvegarins um Ísland. Þá kom svar hæstv. samgrh., með leyfi forseta:

„Svar mitt er að það er mjög erfitt að gefa sér út af fyrir sig hverjir fari aðallega um göngin. Hins vegar er alveg ljóst að þeir sem næst göngunum búa nota þau langmest. Það liggur í augum uppi að íbúar þeirra svæða sem hv. þm. nefnir greiða stóran hluta af þessu án þess að hægt sé að fullyrða um það. Ekki hefur verið gerð nein greining á umferðinni um göngin eftir búsetu. En þetta liggur nokkuð ljóst fyrir."

Það er gaman að velta því fyrir sér, virðulegur forseti, hvað verið er að segja. Það er verið að taka undir það sem undirritaður þingmaður setti fram, en nánast engin skilgreining. Spurningin er nákvæmlega endurtekin með framsetningu hæstv. ráðherra.

Virðulegur forseti. Það eru að koma kosningar. Ég fagna því að hæstv. samgrh. hefur ritað bréf til Spalar hf. þar sem farið er fram á að skoðaðir verði möguleikar til lækkunar gjalds um Hvalfjarðargöng. Ég segi bara: Betra seint en aldrei. Ég endurtek að ég fagna þessu framtaki hæstv. samgrh. sem lýtur að því að fella niður eða lækka veggjald um Hvalfjarðargöng. Það er stórmál. Einstaklingarnir eru margir að greiða allt að 200 þús. kr. í beinan ferðakostnað á hverju ári vegna atvinnu eða skólasóknar, annaðhvort frá Reykjavík til Akraness eða á suðursvæði Vesturlands eða frá þessum svæðum, suðursvæðum Vesturlands til Reykjavíkur vegna vinnu eða skóla. Þess má geta að í Noregi er heimilt að draga frá skatti svona kostnað vegna ferða milli svæða vegna vinnu eða skóla. Ef menn hefðu nú viljað skoða þá leið þá hefðu þeir getað sett það fram eins og skot. Ekki var því að heilsa í þessu tilviki að menn vildu gefa því gaum því það var líka nefnt. Sá möguleiki var líka nefndur þegar talað var um kostnað einstaklinganna vegna ferða til og frá Reykjavík.

Það er að mörgu að hyggja í þessum málum. Ég hef hér undir höndum hugmyndir um einkafjármögnun vegar milli Hólmavíkur og Gilsfjarðar sem styttir leiðina um 40 km. Ég vísa bara á vef þar að lútandi. Ég vísa einnig á arðsemismat vegar milli Hólmavíkur og Gilsfjarðar um Arnkötludal og Gautsdal. Þar er hægt að fara inn á vefslóðina http://www.vegur.is, þetta er kunnugleg slóð fyrir marga, og ég tel að það sé ástæða til að skoða þessar hugmyndir félags um þennan veg; hagkvæmni, arðsemi og möguleika til einkafjármögnunar á þeirri leið.

Ég bendi líka á hugmyndir um göng undir Vaðlaheiði. Þar eru áhugaverðar hugmyndir á ferðinni og ég tel að það eigi að skoða þær. Ég tel að líka eigi að skoða þær með tilliti til þess hvaða kostnað menn eru tilbúnir að taka á sig við slíkar vegframkvæmdir.

Virðulegi forseti. Ég ætla að enda mál mitt eins og ég byrjaði það. Það er ótrúlegt að hugsa til þess að þingmenn víða að af landsbyggðinni sitji 600–700 klst. á ári undir stýri. Til að menn átti sig á hve langur vinnutími það er er um að ræða hátt í fjóra mánuði miðað við 170 vinnustundir á mánuði. Þessi vinna er yfirleitt unnin í næturvinnu, þ.e. á nóttunni og um helgar, og segir dálitla sögu um hvað er á ferðinni. Ég held að þetta sé athugandi í sambandi við tillögur Samfylkingarinnar varðandi kjörorðin „Landið eitt kjördæmi" þar sem svæðunum yrði skipt upp á milli einstaklinga innan flokkanna og það haft í huga að mönnum sé ekki ætlað, eins og nú er, að fara um svæði eins og Norðausturkjördæmi, Suðurkjördæmi og Norðvesturkjördæmi, og sinna þar málum eins og eðlilegt er að gerð sé krafa um, á þann hátt sem þetta liggur fyrir nú. Samanburðurinn við ferðalög hv. þingmanna í kraganum svokallaða, af því að ég sé hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson, mismunurinn á þeim ferðalögum sem þeir þurfa að leggja á sig á móti þeim sem eru í Norðausturkjördæmi er gífurlegur. Þar geta menn komist á nánast korteri á alla staði sem þeir þurfa og ætla að fara á, en það tekur upp í sjö klukkutíma að komast á milli staða í Norðvesturkjördæminu, svo þetta sé nefnt. Það er ástæða til að hafa orð á þessum mismun, virðulegur forseti, það er ástæða til að benda á að í kjördæmunum Reykjavík suður og Reykjavík norður er hægt að komast á innan við 20 mínútum til allra átta, hvar sem verið er í þessum kjördæmum.

Þetta er samanburðurinn við landsbyggðarþingmanninn, og þó að við séum kannski öll þingmenn alls landsins er þetta mismunurinn fyrst og fremst.

Ég ítreka að 600–700 klst. undir stýri á ári er allt of langur tími til þess að það mál verði ekki skoðað sérstaklega og hvernig ætti að breyta því.

Virðulegur forseti. Ég vil segja það að lokum að gögnin sem fram eru lögð af hálfu hæstv. samgrh. eru góð, bæði till. til þál. um samgönguáætlun fyrir 2003–2014 og síðan fjögurra ára áætlun fyrir árin 2003–2006 og enn fremur framkvæmdaáætlun á árinu 2002. Það er ástæða til að geta þess að þar eru tíundaðar framkvæmdir og rannsóknir á umferðarhraða sem ber að gefa gaum að. Og það er ýmislegt sem liggur í þeim vinnuskjölum sem menn ættu að lesa og skoða, ekki síður þingmenn en aðrir.

[14:36]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vakti athygli mína í ræðu hv. þm., hans góðu yfirferð yfir vegakerfið í hinu nýja Norðvesturkjördæmi, að hann vék að Hvalfjarðargöngum og skattlagningu þar. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, og minn flokkur, að ríkið ætti að byggja vegamannvirki eins og göng og þau ætti ekki að skattleggja. En það kemur mér á óvart miðað við málflutning þingmannsins, og ég vil fá nánari skýringu á því, að þingmaðurinn talar um einkafjármögnun víða og ekki bara á göngum, heldur á vegum. Er það hugsun hv. þingmanns að innheimtir verði vegtollar af slíkum mannvirkjum? Og er það stefna Samfylkingarinnar að fara út í einkafjármögnun á vegakerfi landsins? Ég hef verið andvígur því. Það liggur alveg í augum uppi að ríkið fær hagstæðari lán og í mínum huga og míns flokks hefur það ævinlega verið stefnan að við ættum að gera þetta á félagslegum grunni. Það kemur mér líka svolítið á óvart með vegtollana í göngin því ég veit ekki betur en ég hafi lesið það sem stefnu samfylkingarmanna á Norðurlandi eystra að þeir væru hlynntir veggöngum undir Vaðlaheiði sem einkafjármögnun og með tolli.

Þess vegna vil ég spyrja hv. þingmann hvort stefna Samfylkingarinnar sé að einkafjármagna göng og taka vegtolla og hvort Hvalfjarðargöng séu þá sér á báti hjá þingmanninum, en ekki síður það sem kom fram í ræðunni um einkafjármögnun á vegum sem allir eru sammála um að er miklu dýrari kostur til lengri tíma litið?

[14:39]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni, 6. þm. Norðurl. e., fyrir athugasemdina og fyrirspurnina og ég tek eftir því að hann hefur hlýtt á mál mitt.

Ég hef haldið því fram að allir landsmenn eigi að sitja við sama borð varðandi samgöngur og samgöngumál eins og það getur hljóðað best. En í upphafi vega skulum við muna eftir því hvernig stendur á því að vegurinn undir Hvalfjörð er í eigu Spalar ehf. Það var vegna þess að ríkisstjórnin eða Vegagerðin lagði ekki í undirbúning, rannsóknir og ákvarðanatöku um að gera þessi göng. Þess vegna fékkst leyfi einkaaðila, og það var torsótt, til þess að gera þetta. Og þetta einkahlutafélag átti auðvitað ekki annars kost en að leggja veggjald á til þess að innheimta fyrir kostnaði. Þetta var að sjálfsögðu barn síns tíma. En þegar ég bendi á að unnt sé að lækka kostnaðinn um 34% er það vegna þess að Spölur skuldar ríkinu einn milljarð króna sem hægt væri að fella niður, það gera 20%, plús 14% sem er virðisaukaskatturinn. Þannig væri hægt að lækka þetta gjald.

Ég tel að það komi til greina, hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, að leyfa einkaframkvæmd á vegi eins og um Arnkötludal en til þess að svo verði þarf að fara mjög náið í gegnum það mál. Þá þurfa menn auðvitað að eiga eins og um Hvalfjörðinn möguleika á annarri leið. Um þetta snýst málið að hluta til.

[14:41]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Gísli S. Einarsson telur að hægt sé að lækka gjöldin í Hvalfjarðargöng. Ég efast ekkert um það. Það er líka hægt að finna annað form á rekstri þar með aðkomu ríkisins ef menn vilja, og það er pólitísk afstaða sem menn taka. En hinu svaraði hv. þm. ekki, hvort það sé stefna Samfylkingarinnar að fara út í einkafjármögnun í vegagerð, það er prinsippmál, það er grundvallarafstaða sem menn þurfa þá að fá fram. Ég benti á það hér áðan að ég er andvígur slíkum ráðahag. Auðvitað er alltaf hægt að taka út fyrir sviga í þessu stóra landi eitt og eitt verkefni og segja að það væri ákjósanlegt í einkaframkvæmd og einkafjármögnun. En það hlýtur að vera grundvallarspurning hvort það sé stefna Samfylkingarinnar að vegakerfið verði fjármagnað og kannski að einhverjum hluta rekið, eins og kom fram í ræðu hv. þingmanns, með einkafjármögnun. Þá er það spurningin hvernig Samfylkingin hyggist greiða þær vegaframkvæmdir, hvort það verði þá með vegtollum almennt í landinu eða hvort það eigi að greiða af rekstri ríkissjóðs frá ári til árs. Það hefur verið margbent á að slík framkvæmd til lengri tíma litið, einkafjármögnun framkvæmda, er þegar upp er staðið miklu dýrari. Kollegar hv. þingmanns í Hafnarfirði riftu t.d. einkafjármögnun og einkarekstri á einum skóla, góðum, þar í bæ, bara sem dæmi.

En þetta eru grundvallarspurningar sem menn verða að svara því eitt og eitt verkefni verður ekki tekið út fyrir sviga án þess að um önnur verkefni geti gilt í grundvallaratriðum sömu mögulegu lausnirnar.

[14:43]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að ég held að hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson hafi bara lagt þessa ræðu mína út á þann veg sem honum sýndist, og sem heyrist auðvitað á spurningum hans. Það sem ég var að benda á er að hægt er að finna á vefnum hugmyndir um einkavæðingu eða einkafjármögnun á vegi milli Hólmavíkur og Gilsfjarðar, það væri hægt að finna arðsemismat á vefnum um þessa hluti og það væri mjög athyglivert.

Stefna Samfylkingarinnar er mjög hrein og mjög einföld. Hún er sú að jafnræði ríki milli landsmanna, sama á hvern hátt það er gert. Fyrst og fremst á jafnræði að ríkja á milli landsmanna. Og svo er ekki, hv. þingmaður, varðandi Hvalfjarðargöng. Við búum ekki við jafnræði á við ýmsa aðra landsmenn, þá sem sleppa við að fara undir Hvalfjörð, og þeir sem reka ferðaþjónustu á Vesturlandi búa ekki við jafnræði á við þá sem reka ferðaþjónustu á Suðurlandi. Og það er þetta sem ég er að gagnrýna. Þeir sem stunda vinnu af Vesturlandi og þurfa að fara um Hvalfjarðargöng búa ekki við jafnræði þeirra sem stunda vinnu frá Hveragerði og þurfa að fara til Reykjavíkur, það er verulegur mismunur þar á, eða frá Suðurnesjum. Það er þetta sem um er að ræða. Við í Samfylkingunni viljum jafnræði þegnanna til allra þeirra kosta sem þetta land býður upp á.

[14:45]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Fyrst aðeins um þau orðaskipti sem urðu hér áðan um stefnu Samfylkingarinnar og útboð á framkvæmdum, einkafjármögnun og annað slíkt sem og þau orð hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar að menn tækju ekki eitt og eitt verk út fyrir. Það er nákvæmlega umræðuefnið. Menn hafa tekið eitt verk út fyrir. Sá sem var samgrh. á þeim tíma er nú formaður flokksins sem hv. þm. tilheyrir. Og við duttum allir í þann pytt að vilja gera þetta, þetta var eina leiðin til þess að fá að gera þetta verkefni á þeim tíma og auðvitað studdum við það. Það verður að segjast eins og er, en við sitjum uppi með það að fólkið sem þarf að nýta sér þetta samgöngumannvirki þarf að borga miklu meira fyrir það að ferðast en aðrir. Og við hljótum að leita leiða til þess að jafnræði verði með fólki til að nýta samgöngumannvirkin í landinu. Og það eru bara tvær leiðir til þess, önnur leiðin er að aflétta gjöldunum sem eru í gegnum þetta mannvirki og hin leiðin er sú að taka upp gjöld gegnum sambærileg mannvirki annars staðar. Og að mínu viti er sú leið miklu verri. Menn hljóta samt sem áður að þurfa að skoða hana ef þeir finna ekki leið til þess að létta gjöldunum af því að fara í gegnum Hvalfjarðargöngin. Þessu vildi ég koma til skila til hv. þingmanns, hæstv. forseti, vegna þess að þetta mál er mjög mikilvægt fyrir nokkuð stóran hóp fólks á því atvinnusvæði sem nýtir sér þetta vegamannvirki.

Það er auðvitað hægt að fara mörgum orðum um Spöl og það vegamannvirki sem þar er um að ræða. Ég held samt að ég ætli ekki að eyða meiri tíma í það núna. Samfylkingin hefur auðvitað fyrst og fremst þá stefnu í þessum málum að fara sem hagkvæmastar leiðir, leiðir sem öllum koma til góða og að gæta þess að ekki sé verið að gera upp á milli þegnanna í landinu. En okkur hefur sem sagt skotist í því hvað þetta mannvirki varðar sem hér var til umræðu.

En mig langar fyrst að taka undir hinar löngu og miklu hólræður sem hafa verið haldnar hér um fyrirliggjandi samgönguáætlanir. Það er allt gott um áætlanirnar að segja. Það er til fyrirmyndar að reyna að gera sér grein fyrir þörfunum og stefnunni inn í framtíðina, og það er gert hérna. Ég held að það sé gert á faglegan og mjög eðlilegan hátt og hef ekki í sjálfu sér út á heildarstefnuna í þessum þál. sem hér eru lagðar til að setja. Ég hef hins vegar skoðanir á hinum ýmsu smærri atriðum þessara áætlana og þá alveg sérstaklega á því svæði sem ég þekki best til, á Vesturlandi.

Ég ætla ekki að fara mjög nákvæmlega yfir það í þessari ræðu minni. Ég ætla hins vegar að segja það að ég er búinn að fylgjast með hér á Alþingi bærilega vel í nokkurn tíma og alveg frá því að hv. þm. Halldór Blöndal tók við, fyrir margt löngu, sem ráðherra samgöngumála og fram á þennan dag í dag, 12 árum seinna — sjálfstæðismenn hafa allan þennan tíma haft með þetta ráðuneyti að gera og þeir hafa allan þennan tíma átt aðild að ríkisstjórn, á öllum þessum tíma hafa menn fleygt áætlunum af þessu tagi út í horn þegar þeim hefur dottið það í hug. Núna síðast um daginn var það gert með því að komið er inn með einhver átök í vegamálum og enginn getur auðvitað mótmælt því með neinu móti því allir vilja auðvitað að farið sé í framkvæmdir í vegamálum. Það eru jú framkvæmdir sem skipta gífurlega miklu máli fyrir landsbyggðina og þjóðina alla. En ég voga mér að nefna þetta vegna þess að ríkisstjórnin á ekki að sleppa í gegnum umræðu hér á hv. Alþingi óðruvísi en að farið sé yfir þetta mál. Við stöndum hér frammi fyrir því að vera að fara yfir báðar samgönguáætlanirnar hér, bæði þessa áætlun fyrir árin 2003–2006 og síðan samgönguáætlun 2003–2014. Á sama tíma og þær voru orðnar til og var dreift hér á Alþingi kom ríkisstjórnin enn einu sinni með átak í vegamálum, og það var ekki farið eftir áætlunum. Þá var allt í einu hægt að fara allt öðruvísi að en gert var ráð fyrir í áætlununum. Það var ekki bara verið að bæta peningum í áætlanirnar þannig að hægt væri að flýta þeim í sjálfu sér, eins og þær lágu fyrir. Nei, það komu ný verkefni inn. Og það er ekki í fyrsta skipti. Og það er ekki í annað skipti og það er ekki einu sinni í þriðja skipti. Það er búið að hafa slík átök í vegamálum uppi allan þennan 12 ára tíma, hvað eftir annað, og enginn mótmælir því í sjálfu sér.

Hefði ekki verið eðlilegra að auka bara fjármagn til vegagerðar almennt þannig að hægt væri að standa betur að áætlununum og hafa þá heildarstefnu í huga sem þar er á ferðinni? Nei, það er ekki hægt vegna þess að ríkisstjórnarflokkarnir þurfa að skreyta sig með því að koma með nýja peninga, almannapeninga, inn í þetta. Það þarf að líta út eins og jólagjafir. Og viðbótarpeningarnir í vegamál á þessum vetri eru þannig til komnir þó að öllum sé ljóst að ef ákveðið hefði verið að setja þessa fjármuni í vegagerð og önnur verkefni sem gert er ráð fyrir núna að setja þá í, ef þessir peningar hefðu verið til reiðu hér og verið fjallað um þá með fjárlögunum í vetur, hefði verið hægt að gera miklu meira fyrir þessa peninga af því tagi sem hefði skapað meiri atvinnu, það hefði verið hægt að vanda sig miklu meira hvað varðar þau verkefni sem um var að ræða. Ég læt mér ekki detta í hug eitt augnablik að ríkisstjórnarflokkarnir hafi ekki fyrir löngu verið búnir að láta sér detta í hug að bæta þessum peningum inn. Þeir vildu bara koma með þá sem sérstakt átak til þess að geta skreytt sig með jólagjöfinni, að þeir kæmu með nýja peninga inn í þetta, bjarga atvinnulífinu og auka peninga til vegamála. Pólitísk markmið eru því tekin fram fyrir þá möguleika sem hægt er að skapa með þeim fjármunum sem búið var að ákveða að setja í þetta. Þetta vil ég gagnrýna og þetta hafa menn stundað öll þessi 12 ár, hvert átakið í vegamálum eftir annað. Í staðinn fyrir að taka með almennum hætti á því að auka fjármuni til vegagerðar hafa menn stundað þennan loddaraleik og í hvert einasta skipti hafa einhver hjartans mál ríkisstjórnarinnar, samgrh. eða annarra ráðherra úr ríkisstjórninni, allt í einu dúkkað upp sem voru ekki á áætlunum. Þau voru ekki á samgönguáætlunum en skjóta upp kollinum þegar menn gera enn eitt nýtt átakið í samgöngumálum.

Ég vil gagnrýna þetta og þori alveg að gera það. Svona á ekki að standa að málum. Ég tel að það sé líka alveg augljóst að með þessum hætti nýta menn fjármunina ekki eins vel og skyldi fyrir utan að verið er að senda því fólki langt nef sem hefur lagt ýmislegt á sig, t.d. hefur á Vesturlandi í mörg ár verið til nokkuð sem heitir samgöngunefnd Vesturlands, og þótt menn þar hafi barið sig saman um eina stefnu og eina tillögu um í hvaða röð þeir vildu hafa framkvæmdir á Vesturlandi hefur nefndin mátt láta sig hafa það að brosa og þakka fyrir þegar hæstv. samgrh. hefur dottið í hug að kippa einhverri framkvæmd fram fyrir. Þannig er nú það og mér finnst það ekki til fyrirmyndar. En í hvert einasta skipti eru menn múlbundnir vegna þess að enginn getur verið á móti framkvæmdunum, allar eru þær góðs maklegar. Í því skjóli skákar ríkisstjórnin og kemur sífellt með ný og ný átök í vegamálum.

Nú læt ég þessum lestri lokið en ætla að nefna sitthvað

sem er í áætlununum. Ég tel að það vanti núna, og vil nefna það til umhugsunar, að það þurfi í raun og veru að fara yfir reglur um framlög til vega almennt í landinu. Ég held að það sé ýmislegt sem menn þurfi að endurskoða hvað þetta varðar. Þær reglur að vegir skuli hafa tiltekna áherslu vegna þess að búið er á tveimur bæjum í einhverjum dal ræður úrslitum um það hvort látnir séu peningar í veginn eða ekki. Það ræður ekki úrslitum hve margir þurfa að nýta veginn. Miklar sumarbústaðabyggðir hafa risið á nokkuð mörgum stöðum, mjög þéttar sumarbústaðabyggðir hafa risið á suðvestur- og Suðurlandi og reyndar víðar og á þessum stöðum vantar sárlega betri vegi. En menn hafa ekki enn þá tekið ákvörðun um að breyta áherslum á þessa vegi með það í huga að koma til móts við þessar þarfir, sem eru þó sannanlegar því að á þessum stöðum býr fólk langtímum saman og ferðast mjög oft og mikið til þeirra.

Þetta er eitt sem þarf að fara yfir og skoða, og reyndar ýmislegt annað í áherslunum, en allt er þetta samt smálegt. Í heildina er ég ekki óánægður með hvernig málin birtast í þessum áætlunum.

Mig langar að tala svolítið um markmiðin um umhverfislega sjálfbærar samgöngur og taka undir það sem þar er sagt. Þar eru háleit markmið höfð í huga og ég fagna því að í markmiðssetningunni sjái maður m.a. að hæstv. ríkisstjórn stefnir að því að stuðla að nýtingu umhverfisvænna orkugjafa og að staðið verði fast við það markmið að 20% af bifreiða- og fiskiskipaflota landsmanna noti vetni árið 2020 í stað jarðefnaeldsneytis. Þarna er fiskiskipaflotinn nefndur, og vissulega er magnað markmið að ætla að fara með hann yfir í vetni, en ég hef áður hér á Alþingi og oftar en einu sinni nefnt það að fyrr hefðu menn mátt taka á gagnvart fiskiskipaflotanum. Það hefur sárlega vantað markmið hvað varðar nýtingu auðlindarinnar í hafinu þar sem eitthvað væri horft til þess, bæði hvað varðar mengun, umgang um fiskimiðin og hafsbotninn og aðra slíka hætti sem á auðvitað að hafa í huga þegar verið er að nýta þá auðlind alla. Þegar það er líka haft í huga að fiskiskipaflotinn var uppspretta að u.þ.b. þriðjungi allrar mengunar sem við höfðum hér fyrir stuttu síðan kárnar enn gamanið. Að vísu mun stóriðjan bráðlega taka þar forustuna, og það allmyndarlega á næstunni miðað við uppbyggingaráformin sem fram undan eru.

Hér er líka nefnd skattlagning eignarhalds og notkunar bíla með þeim hætti að léttari bílar og bílar sem nota olíu sem eldsneyti verði fýsilegri kostur en nú er. Því fagna ég sérstaklega. Þarna hafa stjórnvöld verið á rangri leið mjög lengi og ekki lyft hendi til þess að hvetja menn hér á landi til þess að nýta frekar dísilbíla og minnka þannig eldsneytisnotkun í landinu, ekki lyft hendi til þess. Til þess væri full ástæða því það er verulega mikill eldsneytissparnaður sem þannig næst en það hefur ekki verið fýsilegt fyrir almenna bifreiðakaupendur, notendur, í landinu að kaupa þessa bíla. Ég flutti þáltill. í fyrra og aftur í vetur þar sem einmitt var hvatt til þess að breyta sköttum með það í huga að gera fýsilegra að kaupa dísilbíla en líka bíla sem eru fjórhjóladrifnir. Þar hafði ég fyrst og fremst í huga vegslitið, mengun frá því og að minnka þann kostnað sem verður vegna vegslits, en líka öryggisatriðið. Það er ekkert vafamál að bifreiðar með fjórhjóladrifi eru miklu öruggari í akstri á Íslandi en bílar sem hafa ekki fjórhjóladrif. Ég tel að það hefði fyrir löngu átt að koma til móts við bifreiðaeigendur hvað það varðar í tollum að það væri a.m.k. lágmark að ekki væri verið að tolla hærra þá bíla sem þannig eru útbúnir vegna þess hærra verðs sem er á þeim. Reyndar finnst mér að ganga ætti jafnvel lengra en það að fella niður tolla af virðisauka bílsins vegna þessa búnaðar.

Ég er sannfærður um að t.d. þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu og í þéttbýli almennt eru betur settir á fjórhjóladrifsbílum á góðum vetrardekkjum án nagla en á eindrifsbílum þótt þeir séu með neglt á öllum hjólum. Með því væri verið að spara verulega vegslit og þar af leiðandi framlög til vegagerðar og minnka mengun í leiðinni, en jafnframt væri öryggið ekki minna. Þvert á móti held ég því fram að það yrði meira. Ég vona sannarlega að þessi markmið skili sér. Það er engin ástæða til þess að draga í efa að hér fylgi hugur máli og að fylgt verði eftir því sem er í þessari áætlun hvað þessi atriði varðar. Ég vil taka það fram að ég ber þá von í brjósti að í framtíðinni hugsi menn til lengri tíma hvað varðar vegamálin og áætlanirnar og láti þær standa, menn hlaupi ekki til með ný og ný átök í vegamálum heldur séu með þannig áætlanir inn í framtíðina að þær séu í samræmi við viljann, en ekki sé sífellt komið inn með einhverjar breytingar sem valda því að ráðherrar á hverjum tíma fái tækifæri til að þjóna lund sinni hvað varðar verkefnin eins og við höfum séð.

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði áðan var það ekki hugmynd mín að fara yfir einstök verkefni.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill inna hv. þm. eftir því hvort hann eigi langt eftir af ræðu sinni því hugmyndin er að ganga nú til atkvæðagreiðslu um afbrigði.)

Hæstv. forseti. Ég held að það sé bara ágætishugmynd hjá hæstv. forseta að ég ljúki hér ræðu minni.

(**Forseti** (GÁS): Hefur hv. þm. þá lokið ræðu sinni? Það var ekki hugmynd forseta að reka hann úr ræðustól.)

Umræðu frestað.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1222. — Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv.

Tilhögun þingfundar.

[15:06]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að ráð er fyrir því gert að klukkan hálfsex fari fram atkvæðagreiðslur um þau mál sem þá hefur verið lokið umræðu um og eru á dagskrá fundarins.

Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014, frh. síðari umr.

Stjtill., 469. mál. — Þskj. 774, nál. 1156 og 1221, brtt. 1144 og 1222.

og

Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006, frh. síðari umr.

Stjtill., 563. mál. — Þskj. 911, nál. 1157, brtt. 1143.

[15:07]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég tek aftur til máls um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 og 2003–2006 og mæli fyrir brtt. sem ég flyt við samgönguáætlunina og við brtt. meiri hlutans varðandi flugvelli í grunnneti.

Eins og ég gat um í ræðu minni í morgun er skilgreining samgöngukerfisins í grunnnetinu sú að það nái til allra byggðakjarna með u.þ.b. 100 íbúa eða fleiri og það nær einnig til þeirra staða sem eru mikilvægastir fyrir fiskveiðar, ferðamennsku og flutninga til og frá landinu. Í þáltill. um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 er kveðið á um hvaða flugvellir skuli vera í svokölluðu grunnneti, þ.e. að hafa þá stöðu. Þar eru taldir upp flugvellirnir í Reykjavík, Bíldudal, Ísafirði, Þingeyri, Sauðárkróki, Akureyri, Þórshöfn, Egilsstöðum, Höfn í Hornafirði, Vestmannaeyjum, Bakka og Keflavík. Í þáltill. fyrir árin 2003–2014 er kveðið á um að áætlunarflugvellirnir á Gjögri, Grímsey og Vopnafirði séu utan grunnnets.

Hins vegar er í till. til þál. fyrir árin 2003–2006 gerð breyting á. Í kaflanum um flugvelli í gunnneti er auk þeirra sem áður voru upp taldir í grunnnetinu flugvöllurinn í Grímsey gerður að flugvelli í grunnneti, sem ég í sjálfu sér fagna. Eftir standa þá tveir flugvellir sem eru í áætlunarflugi, þ.e. flugvellirnir á Vopnafirði og Gjögri. Þegar spurt var í samgn. hvers vegna þessir flugvellir mættu ekki vera hluti af grunnnetinu fengust í sjálfu sér engin ákveðin svör, heldur bara að þetta hefði verið svona. Að vísu er vakin athygli á því að það er ekki mjög mikil byggð í Árneshreppi þar sem Gjögurflugvöllur er og eins hinu að unnið er að annars konar samgöngubótum með fullkomnari vegagerð til Vopnafjarðar. Það eru í sjálfu sér ekki rök því að komi aðrar samgöngur betri sem menn vilja leggja meiri áherslu á og að flugvellirnir leggist af sem aðalsamgönguæð til þessara staða er minnsta mál að fella þá út úr tölu flugvalla í grunnneti.

Ég tel, herra forseti, að samkvæmt þeirri skilgreiningu sem gildir um grunnet samgöngukerfisins, þar sem talað er um staði sem eru mikilvægir fyrir fiskveiðar, ferðamennsku, flutninga til og frá landinu, byggðir staðir, staðir sem eru í byggð og skipulagðar áætlunarferðir eru á og við viljum hafa svo, sé eðlilegt að þessir flugvellir, á Gjögri og á Vopnafirði, fari ásamt flugvellinum í Grímsey inn í tölu flugvalla í grunnneti. Þetta er þá sú brtt. sem ég legg hér fram, virðulegi forseti.

Ég geri mér grein fyrir því að þó að flugvöllur sé ekki í grunnneti geti hann jafnt fyrir því notið alveg fullkominnar þjónustu. Engu að síður er þetta ákveðið stöðutákn, ákveðin trygging fyrir því að á meðan flugvöllur er í grunnneti sé líka staðið við skipulegar áætlunarferðir til hans.

Mér finnst það eiga að vera bara góð og örugg skilaboð frá hinu háa Alþingi gagnvart þessum byggðum sem þarna eiga hlut að máli að þetta liggi alveg klárt fyrir. Við vitum með Árneshrepp að þar er ekki fast vegasamband og vegurinn norður í Árneshrepp er ekki einu sinni í tölu hinna eiginlegu þjóðvega, heldur er hann fjármagnaður sem hluti af ferðamannaleiðum og er ekki í heilsársnotkun. Ég hefði reyndar talið að setja ætti stóraukið fé til þess að styrkja veginn norður í Árneshrepp og gera það myndarlega, en það er annað mál.

Virðulegi forseti. Ég kom hingað fyrst og fremst til þess að mæla fyrir þeirri brtt. að flugvöllurinn á Gjögri og flugvöllurinn á Vopnafirði verði hluti af flugvöllum í grunnneti.

[15:12]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 og á sama tíma 18. dagskrármál, samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006. Ég ætla að hafa bara örfá orð um þessi mál.

Ég held að það sé til fyrirmyndar að taka heildstæða samgönguáætlun til umfjöllunar eins og hér er gert og vinna á sama tíma hafna-, veg- og flugvallaáætlun. Það er í mínum huga ekkert vafamál að ef við hefðum haft slíkt verklag fyrir 10 árum hefðum við sparað okkur milljarða. Við vitum vel að menn unnu ekki í takt eða samstætt að þessum málum og ég held að ég móðgi engan þótt ég segi að menn voru t.d. með flugvöll í Ólafsfirði alveg þangað til síðasta túpan var sprengd í göngunum en auðvitað vissu allir að eftir að göngin yrðu opnuð yrði ekki lengur flogið á Ólafsfjörð, bara sem dæmi. Samtenging þessara framkvæmda er algjörlega nauðsynleg. Bættar vegasamgöngur hafa áhrif á hafnirnar. Bættar vegasamgöngur, eins og við vitum, hafa áhrif á flugið. Fólk fer að keyra ef leiðirnar styttast og vegirnir batna. Þetta er til mikillar fyrirmyndar.

Í þessum áætlunum eru þó áhersluatriði sem ég sakna að ekki sé gert hærra undir höfði. Ég hef verið sérstakur talsmaður bættra og aukinna almenningssamgangna og mér skilst að hæstv. samgrh. hafi og sé með í vinnslu skýrslu sem á að gera tillögur um almenningssamgöngur og framtíðarskipan almenningssamgangna í landinu. Ég held að það sé mjög mikilvægt og ég held að sá hluti samgöngumála hefði átt að fá hærri sess. Við keyrum nú að stofni til á gamla sérleyfiskerfinu þar sem menn eru að reyna að halda uppi almenningssamgöngum á strjálbýlum svæðum. Það gengur ekki. Og ég held að við getum tekið okkur til fyrirmyndar öll Norðurlöndin sem endurskipulögðu almenningssamgöngur sínar í dreifbýli fyrir 25–30 árum með mjög góðum árangri.

Almenningssamgöngukerfi hefur verið mótað og sett fram í skýrslu á tveimur stöðum á landinu. Almenningssamgöngukerfið fyrir Eyjafjarðarsvæðið byggir á þeirri grunnhugsun að almenningssamgöngukerfi innan héraðsins verði í sviðuðum dúr og strætisvagnakerfi í bæjum, með tíðar ferðir frá morgni til kvölds. Mér er kunnugt um að tilsvarandi skýrsla hefur verið unnin fyrir Þingeyjarsýslur. Þar liggur í augum uppi að líkt og með strætisvagnakerfi í bæjunum þarf opinbert framlag til almenningssamgangna ef þær eiga að verða góðar og koma að góðum notum. Spurningin er um viljann til að fara þá leið að efla þennan möguleika.

Kerfi af þessu tagi gagnast náttúrlega öllum almenningi í landinu. Almenningssamgöngukerfi innan héraða gæti gengið inn í skólaaksturskerfið. Það mundi tvímælalaust vera vítamínsprauta fyrir allan ferðamannaiðnaðinn og yrði stór hagsbót fyrir nemendur í dreifbýli, þar sem auknir möguleikar væru á að nemendur í framhaldsskólum gætu búið heima hjá sér lengur en ella. Ég tel að almenn stefnumörkun um uppbyggingu almenningssamgöngukerfis og hvernig eigi að standa að henni fyrir landið allt hefði átt að fá veglegri sess.

Í þessum heildarpakka er jafnframt brýnt gera sér grein fyrir því hvernig við viljum byggja upp reiðleiðakerfi í landinu. Reiðleiðir hafa verið byggðar meðfram þjóðvegum og tengibrautum en ég held að þar séum við e.t.v. í mörgum tilfellum á alrangri braut. Ég tel að Vegagerð ríkisins og sveitarfélög eigi að taka höndum saman um að endurskipuleggja lagningu reiðleiða og e.t.v. í langflestum tilvikum færa reiðleiðir frá þjóðvegakerfinu og tengivegakerfinu og koma þeim öðruvísi fyrir innan sveitarfélaganna þó að ríkið mundi leggja til framlög á móti.

Í mörgum tilvikum er líka hægt að gera þetta ódýrar á þennan máta. Ef menn síðan leggja þetta niður fyrir sér í dreifbýlinu þá er hreinlega hægt að nýta gamla þjóðvegakerfið að hluta og tengivegakerfið sem hluta af reiðleiðakerfinu. Að mínu mati er líka nauðsynlegt að hafa sterkari sýn og framtíðarstefnu um þróun og uppbyggingu gönguleiða og hjólreiðastíga. Það háttar þannig til á mörgum stöðum á landinu að við erum með litla þéttbýlisstaði þar sem mikil umferð er. Þar höfum við ekki staðið vel að málum varðandi gönguleiðir og möguleika á að fara á reiðhjóli á milli staða. Ég vil ekki taka neina staði út úr en þar er víða pottur brotinn og hefði þurft að marka stefnu hvað þetta varðar.

Ég vil líka nefna girðingarmál sem er mikið hagsmunamál okkar allra, ekki síst út frá öryggismálum. Þarna þyrfti að ganga öruggar og markvissar til verks og kannski ekki eingöngu varðandi girðingar heldur undirgöng fyrir búpening o.s.frv.

Þó að sumir hafi gagnrýnt átak ríkisstjórnarinnar í vegamálum upp á 3 milljarða sem hér hefur verið kynnt held ég að við séum öll sammála um að íslenska samfélagið nálgist það að vera vanþróað hvað vegakerfið varðar ef hægt er að tala um að það sé vanþróað á einhverju sviði, þetta háþróaða samfélag með einna hæstu meðaltekjur í heimi. Ég held að við fögnum því öll ef ríkisstjórnir sjá sér mögulegt að setja aukapening inn í þennan málaflokk. Það er mjög virðingarvert að leggja eigi megináherslu á þá tvo kjálka sem standa okkur kannski fjærst og eru erfiðastir, þ.e. Vestfirðina og vestursvæðið og síðan norðaustursvæðið. Bæði þessi svæði hafa verið mjög afskipt og í vondu vegasambandi. Það er mikið gleðiefni fyrir fólk á þessum svæðum að þar eigi að framkvæma og styttist í að hægt sé að komast í almennilegt vegasamband við þessi svæði, sem ég tel mjög mikilvægt.

Í þriðja lagi vil ég líka benda á, sem ég gerði reyndar í fyrri ræðu minni vegna umræðunnar um hversu lítið af þessum peningum, þessum 3 milljörðum, kæmi í hlut Reykjavíkur. Þar var eyrnamerktur einn milljarður en hér í nágrenninu fara töluvert miklir peningar á vegáætlun eins og mönnum er kunnugt. Í mínum huga er tilefni til að endurskilgreina það sem við köllum þéttbýli þannig að allir njóti jafnræðis hvað varðar framlög og fjárveitingar til þéttbýlis. Ég lít svo á að þjóðvegakerfið, hvar svo sem menn eru staddir, t.d. á Vestfjörðum fyrir Ísfirðinga sem kaupstaðarbúa, sé í sjálfu sér ekki meira þeirra mál en okkar allra. Ég lít svo á að þjóðvegakerfið í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum sé ekkert meira mál Akureyringa en okkar allra. En staðan er sú að þéttbýlisstaðirnir úti á landi eru innan fjárveitinga viðkomandi kjördæma. Ef við tökum gömlu kjördæmin þá fara smápeningar í þjóðvegi í þéttbýli. Á Norðurl. v. minnir mig að 18 millj. hafi farið í þá á síðasta ári. Yfirleitt er hægt að fara beinu brautirnar í gegnum þéttbýlið sjálft og síðan er tenging niður á viðkomandi hafnir. Í Norðurl. e. voru þetta 28 millj. sem fóru að langmestu leyti í tengingu niður á Húsavíkurhöfn.

Ég tala um þetta í grundvallaratriðum, nauðsyn á nýrri sýn á þessi mál. Á sama hátt og þéttbýlið hér er skilgreint sérstaklega í fjárveitingum er e.t.v. nauðsyn á að taka stærstu þéttbýlisstaðina um allt land út fyrir sviga þannig að þeir fái sérfjárveitingar til þeirra umferðarmannvirkja sem nauðsynleg eru innan þéttbýlis á þeim stöðum en séu ekki alltaf í samkeppni við bakland kaupstaðarins eða bæjarins á viðkomandi svæði.

Í þessu sambandi hef ég talað um stöðu Akureyrarkaupstaðar, 16 þúsund manna þéttbýlis. Við getum sagt að tilsvarandi framlag til þjóðvega í þéttbýli á Akureyri miðað við þann aukamilljarð sem fer í þjóðvegi í þéttbýli í Reykjavík, ætti þá að losa 100 millj. kr., svona 130 millj. kr. Eins og ég benti á í fyrri ræðu minni fær Akureyri engin bein framlög til þjóðvega í þéttbýli á 12 ára áætluninni. Þar bíða framkvæmdir fyrir um það bil 450 millj. að mér skilst. Ég ætla ekki að draga einstaka kaupstaði út. Ég held að þetta sé kannski spurning um að setja þessi mál öðruvísi niður þannig að minni möguleikar séu á að upp komi átök, eins og hér voru við 2. umr., um skiptinguna milli dreifbýlis og þéttbýlis. Ég held að við hljótum velflest að vera sammála um það, hvort sem við búum í þéttbýli í Stykkishólmi eða í þéttbýli í Reykjavík, að við eigum öll, skattgreiðendur í Stykkishólmi og Reykjavík, jafnmikið undir því að þjóðvegur fari um dreifbýlið á milli staðanna. Þannig vil ég skilgreina hlutina og koma þessari hugsun inn í umræðuna. Til lengri tíma litið held ég að árekstrar og togstreita um fjármagn mundu minnka ef menn horfðu á hlutina í þessu ljósi.

[15:27]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við ræðum hér tvær þáltill. um samgönguáætlanir, annars vegar frá 2003–2006 og hins vegar frá 2003–2014. Í upphafi máls er sjálfsagt að geta þess að ég tel að þau vinnubrögð sem tekin hafa verið upp, að horfa lengra inn í framtíðina í heildstæðri samgönguáætlun, séu til bóta. Það hefur reyndar áður komið fram í máli mínu og fjölda annarra þingmanna að menn eru almennt sáttir við að þannig sé staðið að málum.

Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði varðandi verkefni í samgöngumálum. Almennt hafa hins vegar landshlutar eins og Vestfirðir og norðausturhornið setið svolítið eftir í vegaframkvæmdum á undanförnum árum. Í þeim fjórðungum er mikið óunnið, ekki aðeins að þar hafi ekki verið unnið að vegaframkvæmdum heldur er mikið óunnið á þessum svæðum við að koma vegagerðinni í það stand sem við teljum í samræmi við nútímakröfur, um samgönguöryggi og ástand vegakerfisins. Það er auðvitað hægt að fara um það mörgum orðum en ég vil eingöngu segja, varðandi mitt gamla kjördæmi, Vestfirðina, að þar er unnið að því að lagfæra ákveðna vegakafla, t.d. á Barðaströnd á Kletthálsi. Það er unnið að því að koma suðurhluta Vestfjarða í varanlegt akvegasamband við þjóðvegi landsins. Mönnum hefur auðvitað fundist það

ganga hægt á undanförnum árum en vissulega er verið að gera þar átak.

Ég vil hins vegar láta það koma skýrt fram, varðandi þá vegarlagningu og fyrirhuguð vegstæði sem gert er ráð fyrir á veginum frá Kollafirði og austur um að Bjarkarlundi, að ég er eindregið þeirrar skoðunar að fara eigi fyrir utan firðina, yfir Djúpafjörð og Gufufjörð og síðan yfir Þorskafjörð og þar sé framtíðarvegstæðið.

Ég tek undir það sem komið hefur fram frá sveitarstjórnum á sunnanverðum Vestfjörðum um legu vegarins og hvaða áfanga þar eigi að gera. Ég tel rétt og eðlilegt að horfa til þess að stytta vegalengdir í markverðum áföngum. Ég hef stundum sagt að ég teldi betra að keyra á mölinni í eitt eða tvö ár, jafnvel þrjú ár, til þess að fá þá betri framtíðarlausnir en að gera sérstakar lagfæringar á vegarköflum sem við höfum keyrt eftir áratugum saman og sitja svo kannski eftir með þá kafla í framkvæmdunum sem gætu stytt leiðirnar. Ég er t.d. að víkja í þessu máli mínu að Þorskafirði. Ég hefði talið eðlilegt að menn horfðu til þess að þvera Þorskafjörðinn, tækju þann áfanga og löguðu þá aðkomuna upp á Ódrjúgsháls til að þar væri eðlilega akfært. Við það að fara yfir fjörðinn stytta menn bara strax vegalengdina um tæpa 10 km. Menn væru þá að horfa til þess að það væri einn hluti af framtíðarvegarlagningu á þessu svæði, sem ég tel að eigi að liggja með sjónum og fyrir firðina og yfir á Melanes. Ég vildi láta þessa sérstaklega getið vegna þess að ég hef ævinlega verið þeirrar skoðunar og hef lýst því í sérstakri þáltill. sem ég flutti fyrir þremur árum um hugsanlega vegarlagningu á þessu svæði og reyndar samtengingu úr Djúpi um Kollafjarðarheiði yfir á Barðaströndina sem ég tel að sé mjög athugandi möguleiki. Sú hugmynd byggðist auðvitað á því á sínum tíma að menn færu ekki yfir Kletthálsinn heldur sameinuðu þær áætlanir í einni jarðgangaáætlun. Menn færu þá undir Kletthálsinn. Nú liggur það hins vegar fyrir að verið er að vinna á Kletthálsi og leggja þar varanlegan veg. Auðvitað munum við búa að honum um einhverja áratugi og við gerum ekki tvennt í einu, að fara fyrst með nýja vegarlagningu yfir fjöllin og fara svo í gegnum þau nokkrum árum síðar. Það var einmitt þess vegna sem ég benti á þetta á sínum tíma, að það væri eðlilegt að skoða þetta með því hugarfari hvernig framtíðin ætti að líta út í þessum efnum.

Ég er enn á þeirri skoðun, herra forseti, að það geti verið mjög arðsöm framkvæmd til framtíðar litið að búa til veg úr Djúpi, úr Múladal og yfir í Fjarðarhólsdal í Kollafirði, ég tala nú ekki um ef menn færu undir Kollafjarðarheiðina og notuðu dalverpin á móti eins og hægt væri. En það er auðvitað framtíðarmúsík sem er lengra inni í framtíðinni því að það næsta sem við gerum í jarðgöngum á Vestfjörðum er að komast úr Dýrafirði yfir í Arnarfjörð. Þá þarf auðvitað að huga sérstaklega að því að þegar sá áfangi verður tekinn komum við ekki í flöskuháls þar, heldur getum við komist áfram yfir Dynjandisheiðina. Það þarf þá jafnframt að huga að því hvaða breytingar menn ætla að gera á Dynjandisheiði svo hún verði vetrarathvarf þegar slík samgöngubót um jarðgöng úr Dýrafirði yfir í Arnarfjörð verður komin. Þetta vildi ég sagt hafa um suðurhluta Vestfjarðanna og samtenginguna á milli byggða á Vestfjörðum.

Síðan hef ég lengi verið þeirrar skoðunar og dreg ekki neina dul á hana að ég teldi að menn ættu að skoða styttingu vegalengda þegar verið er að tala um vegi inni í Djúpi, frá Ísafirði inn Djúp og inn á þjóðveg eitt. Þar eru auðvitað ákveðnir möguleikar til staðar, eins og þverun Hestfjarðar. Það vill svo til að malarvegurinn í Hestfirði er sennilega einhver besti malarvegur sem á Vestfjörðum er, og þess vegna hefði ég gjarnan viljað að það hefði verið skoðað í alvöru, annars vegar að meta það að þvera Hestfjörðinn utarlega og stytta þar vegalengdir og hins vegar að skoða hvernig aðrir kostir byðust í styttingu vegarins. Ég tel að við eigum að raða þessu svolítið niður fyrir framan okkur hvað er hagkvæmast og í hvaða röð verkefnin geta orðið. Það hefur hins vegar orðið að ráði að taka núna fyrir það flýtifé sem ríkisstjórnin lagði fram til að gera sérstakt átak í vegamálum og reyndar í öðrum málum einnig, eins og í menningarhúsum og 0,7 milljarða til Byggðastofnunar og til byggðamála. Það verði þá sérstaklega farið í flýtiframkvæmdir á Barðaströnd, í Djúpi og einnig á Ströndum. Ég held að þingmenn hafi náð saman um þær áherslur eins og reyndar hefur ævinlega verið, þingmenn hafa auðvitað staðið saman í því hvernig standa eigi að þessum áföngum. Það breytir auðvitað ekki því að þingmenn geta haft mismunandi framtíðarsýn á það hvernig þetta landslag eigi að líta út þegar þessum stærri verkefnum á Vestfjörðum lýkur.

Nú hef ég staldrað nokkuð við það sem mér finnst um þessa fyrirhuguðu vegarlagningu og vegstæði á Vestfjörðum og ætla ekki að fara lengra yfir það. Það væri hægt að halda um það langt mál og tala um margar fleiri framkvæmdir sem eru í Norðvesturkjördæminu og reyndar líka á Norðausturlandi en það eru þau svæði hér á landi sem mér finnst hafa setið lengst eftir í gerð varanlegra og nýrra vega.

Það var aðeins rætt fyrr í dag um það hvort æskilegt væri að taka einstakar vegaframkvæmdir og greiða þær niður með veggjöldum eða vegtollum. Ég er á þeirri skoðun, herra forseti, að þar sem menn eiga tvo valkosti, tvo þokkalega góða valkosti, til umferðar megi vissulega huga að því að flýta framkvæmdum með því að menn greiði eitthvað fyrir að nýta þær. Þannig var auðvitað farið í göngin undir Hvalfjörð sem er einhver mesta vegarbót sem gerð hefur verið hér á landi á undanförnum árum og nýtist öllum landsmönnum þótt hún skipti e.t.v. þá sem búa norðan Hvalfjarðar mestu máli og þeir noti þau mest allra, þ.e. byggðirnar á Akranesi, upp í Borgarfjörð og Vestlendingarnir. Samt eru Hvalfjarðargöngin bara þjóðvegur landsins og allir landsmenn njóta þeirra og allir greiða auðvitað fyrir að fara þar um en af sjálfu leiðir að þeir sem næst búa fara þar oftast og greiða þar af leiðandi mest.

Sama kæmi auðvitað upp ef farið væri í það að gera göng undir Vaðlaheiði og við losnuðum við veginn um Víkurskarð. Að vísu væru tvær akstursleiðir eftir. Víkurskarð er iðulega ófært að vetrarlagi þegar tíðarfar er erfitt, ekki endilega miðað við það tíðarfar sem verið hefur á landinu bláa þennan veturinn, en ég held að við getum ekki búist við því, Íslendingar, að við fáum ekki aftur erfiða vetur. Þeir munu sjálfsagt koma þótt vonandi búum við í einhver ár við hlýindakafla. Ég held að einmitt vegagerð undir Vaðlaheiði gæti verið verkefni sem framkvæmt yrði öðruvísi en með fjármunum sem ætlaðir eru til vegagerðar og þar greiddu menn þá fyrir að nýta sér þann veg, enda um tvær leiðir að ræða. Því yrði auðvitað ekki að heilsa í sumum tilvikum, samanber dæmið sem ég tók úr Dýrafirði yfir í Arnarfjörð. Það samgöngusvæði verður aldrei opnað svo að vel sé með því að hafa annað val yfir fjöllin. Hrafnseyrarheiði verður alltaf mikill farartálmi eins og vegurinn er þar og þótt hann yrði lagfærður í þeirri hæð sem hann er yrði hann áfram farartálmi og ekki valkostur. Menn þurfa að gera greinarmun

þarna á milli þegar verið er að tala um einkaframkvæmd og veggjöld annars vegar og hins vegar framkvæmdir sem eru hluti af uppbyggingu nýs vegakerfis og í raun og veru lausnir sem beðið hefur verið eftir í mörg ár. Það sjáum við auðvitað, Vestfirðingar, og þökkum fyrir að hafa fengið að njóta Vestfjarðaganganna sem hafa tengt saman byggðirnar á norðanverðum Vestfjörðum og í raun og veru gjörbreytt mannlífi þar, samgöngum fólks og samgangi innan svæðisins. Ég get látið þess getið að ég er á þeirri skoðun að ef göngin á norðanverðum Vestfjörðum hefðu komið 10–15 árum fyrr væri sennilega talsvert öðruvísi umhorfs á norðanverðum Vestfjörðum, menn hefðu kannski haldið betur á spilunum þar og betur á vopnum sínum í atvinnulífinu þó að auðvitað sé alltaf erfitt að fullyrða um ef-in í þessu sambandi. Það er þó margt sem gæti bent til þess.

Herra forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson ræddi um það að eðlilegt væri að fjármunir kæmu inn í áætlanir og menn ræddu þær og hefðu tíma til þess að velja sér þau verkefni sem best gætu nýst landsmönnum sameiginlega. Út af fyrir sig er það sjónarmið alveg rökrétt sem og það sem hv. þm. benti á, að ríkisstjórnin væri að bera á sig potta í ýmsum myndum, hálfgerða kosningapotta. Ég hygg að dálítið sé til í því og það megi færa fyrir því ákveðin rök eins og þingmaðurinn gerði. Við sjáum t.d. þennan pott sem kom í vegamálin, það kom einn milljarður í menningarhúsin og 0,7 milljarðar komu til byggðamála. Það eru þá menntmrh., byggðamálaráðherrann og samgrh. sem geta kynnt sig með því að þau hafi lagt þetta til og átt drjúgan þátt í því að þetta fé kom. Síðan sitjum við með tvö mál sem við eigum eftir að ræða og þau skiptast á milli sjútvrh. og landbrh. sem báðir eru að bera á sig áætlanir um það hvernig eigi að útdeila fé á næstu árum, áætlanir 2004–2008 í verkefnum sjútvrh. um það að stofna sérstakan sjóð sem údeili frá 200 og upp í 400 millj. á ári næstu fimm árin, samtals 1,5 milljörðum. Síðan er áætlun landbrh. um skógrækt, annars vegar um landshlutabundin skógræktarverkefni upp á 2,5 milljarða á árunum 2004–2008 og hins vegar Skógrækt ríkisins upp á 1,2 milljarða. Samanlagt er auðvitað verið að útdeila þó nokkru fé sem ráðherrarnir vissulega skreyta sig með fyrir kosningar og munu auðvitað tjalda í kosningabaráttunni. Það fer ekkert á milli mála að auðvitað eru menn að búa sig undir kosningabaráttuna með því að koma með þessi mál inn á þingið rétt fyrir kosningar og setja þau í þann búning að þetta hafi verið kraftaverk þeirra einna, þetta sé jafnvel sérstaklega ríkisstjórninni að þakka og alveg sérstaklega þeim sjálfum, ráðherrunum.

Ég vil bara segja það um þessi verkefni almennt eins og ég hef ævinlega sagt úr þessum ræðustól: Mér er sama hvaðan gott kemur. Ef ráðherrarnir vilja njóta þess að baða sig í þeim geislum að þeir hafi haft sérstaka forgöngu um það að koma hér með aukið fé segi ég bara sem þegn í þessu landi: Takk fyrir. Prýðilegt ef menn koma með aukið fé og setja það í það sem við teljum eðlileg og sjálfsögð verkefni, verkefni sem við munum búa að um langa framtíð. Menn geta hins vegar deilt um það, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson vék hér að, hvernig þetta ber að og hvort af þessu sé kosningalykt. Ég segi eins og áður: Frjálslyndi flokkurinn hefur ævinlega tekið þá afstöðu að styðja góð mál, hvaðan sem þau koma, hvort sem þau koma frá stjórn eða stjórnarandstöðu, og við gerum það enn og munum halda þeirri afstöðu okkar.

Þess vegna vil ég bara ljúka þessari ræðu minni á því að segja að ég vona að þess sem við erum að leggja hér til í sambandi við samgönguáætlun muni allir landsmenn njóta, hvar í flokki sem þeir standa og hvar sem þeir búa.

[15:46]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil koma inn í þessa umræðu með nokkrum orðum því að hér er stór hluti af okkar vinnu í raun, þ.e. það sem snýr að okkur þingmönnum eru samgöngumálin. Sá málaflokkur skiptir íbúa landsins miklu máli og það er eðlilegt. Það er sama hvar menn búa, ef ekki eru þær áhyggjur að það vanti vegi og betra vegasamband eru áhyggjurnar af öðru, t.d. að umferðin sé orðin of mikil og of þung og þess vegna aukin slysahætta. Alls staðar hvíla þessi mál á fólki og það hefur viljað ræða samgöngumálin við okkur. Þess vegna langar mig til þess að koma inn í þessa umræðu núna.

Hvað varðar samgönguáætlun út af fyrir sig aðhyllist ég þessi vinnubrögð. Það er okkur til sóma að hafa samræmda samgönguáætlun til lengri tíma þannig að hægt sé að stilla saman hafnarframkvæmdum, vegaframkvæmdum, flugáætlunum og uppbyggingu flugvalla þannig að þetta myndi eina heild og eitt net. Það er til bóta og síðan er bara að vinna úr því. Auðvitað eru ekki allir sáttir við hlutskipti sitt í þessari áætlun en við höfum þó sýn til framtíðar og það er það sem skiptir máli.

Herra forseti. Þrátt fyrir að það hafi komið umtalsvert fjármagn inn í vegaframkvæmdir nú á vordögum eru enn stór svæði sem ekki eru í nægilega góðu vegasambandi, t.d. Vestfirðirnir, norðausturhornið og hluti af Austfjörðunum. Á þessum svæðum eigum við stór verkefni eftir. Við sjáum orðið fram á nokkuð góða tengingu eftir þetta viðbótarfjármagn inn á norðausturhornið og eins tengingu niður í Vopnafjörð þó að þangað sé aðeins lengra. Hitt er aftur annað mál að hvað varðar þessa heildarsýn er ekki nægilegt að velja núna framtíðarveg frá hringvegi og niður í Vopnafjörð heldur verður að horfa strax á næsta skref sem þarf að taka og það eru þá jarðgöng sem eru inni á jarðgangaáætlun með fjármagn til rannsókna á seinni hluta jarðgangaáætlunar. Við þurfum að horfa á þetta í einni heild og ekki láta staðar numið við að gera þennan veg. Það er mikilvægt að horfa á þennan hluta landsins sem eitt atvinnusvæði. Möguleikar svæðisins felast í því að styrkja það sem eitt atvinnusvæði, og með þeirri ákvörðun að koma niður álveri á Reyðarfjörð er enn mikilvægara að halda við þá áætlun að gera jarðgöng undir Hellisheiði og tengja þannig ekki bara Vopnafjörð heldur norðausturhlutann inn á þetta athafnasvæði. Það hillir núna undir að hægt verði að hefja framkvæmdir við jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar og það er vel því að það eru göng sem við hefðum samkvæmt öllum eðlilegum framkvæmdahraða átt að vera byrjuð á fyrir þó nokkru. En það eru þessar tengingar sem við lítum á sem heils árs tengingar og stofnbrautir og síðan tengingar milli svæða sem geta verið sumarvegir eða tengivegir. Ég vil bara nefna það, herra forseti, að leiðin frá Héraði og niður í Berufjörð, þ.e. yfir Öxi, er þessu svæði mjög mikilvæg. Þótt þarna sé verið að gera jarðgöng og þótt verið sé að byggja upp veginn frá Breiðdal, inn á Breiðdalsheiði, verður þessi leið mikilvæg og sérstaklega yfir sumartímann. Umferð á þessari leið hefur stóraukist og þó að við lítum ekki í dag á veginn yfir Öxi sem heilsársveg er mikilvægt að halda áfram að byggja hann upp og gera hann að betri sumarvegi en hann er í dag. Til þess

þarf fjármagn og ég tel að við eigum að íhuga það verulega að halda áfram að laga þennan veg yfir Öxi.

Það er önnur tenging líka inn á þetta svæði sem við höfum ekki náð að setja inn í þessa samgönguáætlun. Það er að klára veginn inn Skriðdalinn og fjarlægja þær einbreiðu brýr sem þar eru, stórhættulegar. Ég held að menn séu allir sáttir við það að vegurinn yfir sjálfa heiðina verði ekki gerður að upphækkuðum vegi umfram það sem núna er en það er mikilvægt að horfa á þessa heildartengingu, ekki aðeins um Breiðdalinn heldur verður að taka svo Skriðdalinn hið allra fyrsta. Þá er ég sérstaklega líka að horfa á það út frá slysahættu.

Það væri til að æra óstöðugan að nefna alla þá staði sem hafa ekki komist að í þeirri áætlun sem núna hefur verið unnin en ég tel að þingmenn hvers kjördæmis hafi lagt sig fram við að ná sem mestu úr því fjármagni sem lagt hefur verið til samgönguáætlunarinnar. Vissulega er sárt að sjá og vita af því að það eru vegir eins og vegurinn út Jökulsárhlíðina og vegurinn niður í Borgarfjörð eystri, ef ég tek þá bara sem dæmi, sem verða út undan samkvæmt þessari áætlun en svona er það. Ég hvet næstkomandi stjórn til að halda áfram að leggja myndarlegt framlag til vegagerðar því að enn þá eru stórir kaflar eftir og það hættulegir, t.d. allar skriðurnar fyrir austan, ef ég held mig bara við mitt kjördæmi, sem kostar stórfé að fara í og klára og er ekki áætlað fjármagn á þessari samgöngu- og vegáætlun.

Herra forseti. Þetta er ekki hægt að taka með áhlaupi. Við erum með þannig vegakerfi að það er dýrt og sérstaklega þessir staðir sem út undan hafa verið. Þeir hafa verið það vegna þess að þeir voru dýrir og annað hefur setið fyrir þar sem fjölmenni hefur verið meira en þar er áfram verk að vinna. Ég hvet þá ríkisstjórn sem hér mun sitja, sem við vitum ekki í dag hver verður en margir vona að verði önnur en sú sem er í dag, til að halda áfram að leggja kapp á að bæta samgöngur í landinu.

[15:55]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil við lok þessarar umræðu þakka hv. samgn. fyrir góða vinnu við að fara yfir þær till. til pál. sem hér eru til umfjöllunar, annars vegar áætlun til fjögurra ára og hins vegar til 12 ára. Ég verð að viðurkenna að ég er mjög ánægður með þau viðbrögð sem tillögurnar hafa fengið og þær jákvæðu umsagnir sem samgönguáætlunin hefur fengið hjá þingmönnum, hvort sem um er að ræða stjórnarsinna eða stjórnarandstæðinga. Það segir mér að vel hafi verið að þessu verki staðið, bæði hvað varðar undirbúninginn, lagasetninguna á sínum tíma þar sem lög voru sett um samgönguáætlun, samræmda áætlun allra samgöngugreina, vinnuna við undirbúninginn, þ.e. í samgönguráði og stofnunum ráðuneytisins við að leggja upp tillögurnar, og síðan í þinginu. Ég tel að vinna samgn. sé til fyrirmyndar og fyrir það vil ég þakka alveg sérstaklega.

Hér hafa verið lagðar fram brtt. samgn. sem byggja á mjög mikilli vinnu, bæði í Siglingastofnun, Flugmálastofnun og Vegagerðinni. Í þeirri vinnu er að sjálfsögðu mikið samráð haft við þingmenn kjördæmanna, og sérstaklega á það við um skiptingu vegafjár. Þingmenn kjördæmanna koma mjög mikið að því verki í samstarfi við Vegagerðina og virðist vera nokkuð víðtæk sátt um þær tillögur sem hér eru til afgreiðslu, og er það ánægjulegt.

Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram í dag vil ég koma inn á nokkur atriði. Vegna þess að nokkuð hefur verið rætt um öryggismál á vegum vil ég í fyrsta lagi nefna að þar er af mörgu að taka. Auðvitað eru bæði flugöryggismálin og öryggismál sjófarenda til meðferðar í samgönguáætluninni en öryggismál á þjóðvegum hafa verið nokkuð til umræðu. Af því tilefni vil ég minna á að í þessari samgönguáætlun er verið að leggja á ráðin um meiri framkvæmdir á vegakerfi landsins, bæði í þéttbýli og dreifbýli, en nokkru sinni áður hefur verið. Ég undirstrika að í hverri einustu framkvæmd á vegakerfinu er um að ræða endurbætur sem auka öryggi, eiga að draga úr slysum og munu leiða til þess að vegakerfið verður öruggara. Nánast allar framkvæmdir eru umferðaröryggisaðgerðir.

Við getum farið á hraðferð í kringum landið og minnt á nokkur stórvirki á höfuðborgarsvæðinu. Í gær var verið að opna tilboð í mislæg gatnamót við Stekkjarbakka. Á síðasta ári var lokið við framkvæmdir við mislæg gatnamót, bæði á Vesturlandsvegi við Víkurveg og sömuleiðis í Mjóddinni á Reykjanesbrautinni, við Breiðholtsbraut. Þetta eru mjög mikilvægar umferðaröryggisaðgerðir og samkvæmt samgönguáætluninni er gert ráð fyrir að á þessu ári verði hafist handa við breikkun Vesturlandsvegarins og á fjögurra ára áætlun er gert ráð fyrir mislægum gatnamótum við Suðurlandsveg og Nesbraut eða Vesturlandsveginn og breikkun Reykjanesbrautar úr Reykjavík í gegnum Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð, og áfram Reykjanesbrautina suður eftir til Keflavíkur. Þetta eru geysilega mikilvægar aðgerðir á sviði umferðaröryggismála og ég vil nefna það alveg sérstaklega.

Ef farið er vestur um land eru stórframkvæmdir þar sem ástæða er til að minna á. Við höfum verið að vinna að fækkun einbreiðra brúa og náð mjög miklum og stórum áföngum í því, bæði á hringveginum og öðrum vegum. Opnuð voru tilboð í framkvæmdir við veginn um Kolgrafarfjörð á Snæfellsnesi í gær. Í Kolgrafarfirði er um að ræða vegkafla sem hefur sýnt sig vera mjög hættulega leið, bæði vegna erfiðra veðuraðstæðna og vegna þess að aðstæður eru almennt þannig. Þær framkvæmdir munu bæta mjög umferðaröryggið svo ekki sé talað um allar þær stórframkvæmdir sem verið er að undirbúa núna bæði á Vestfjarðavegi um Barðaströnd, í Djúpi og á Ströndum, norður um á Norðausturlandi, á norðausturhorninu. Allt eru þetta framkvæmdir sem munu segja til sín, jarðgöng á Austurlandi sem taka af vegi um stórhættuleg skriðusvæði og svo mætti lengi telja. Ég vil því bara minna á það að allar þessar framkvæmdir lúta að auknu umferðaröryggi og ég hvet menn til þess að hafa það ríkt í huga.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. kom talsvert inn á framkvæmdir á Akureyri, innan marka Akureyrarbæjar. Ég get alveg tekið undir það að við þurfum mjög rækilega að hafa það í huga að leggja á ráðin um framkvæmdir víðar en á höfuðborgarsvæðinu innan sveitarfélagamarka og Akureyri er dæmi um það. Sem betur fer hefur tekist að vinna að framkvæmdum innan Akureyrarbæjar á síðustu árum sem skiptir mjög miklu máli. Það var eitt af mínum fyrstu verkum að opna þar brúarmannvirki og endurbætur á vegakerfinu innan Akureyrar í upphafi þessa kjörtímabils, og vissulega þarf að huga að slíku. Ég tel að við endurskoðun á vegáætluninni eftir tvö ár hljóti það að koma sterklega inn í myndina við þá endurskoðun og þá yrði það í höndum þingmanna Norðausturkjördæmisins að taka afstöðu til þeirra óska sem forsvarsmenn Akureyrarbæjar hafa sett fram um framkvæmdir innan þeirra bæjarmarka. En ég tel hins vegar að það hafi verið rétt mat hjá Vegagerðinni, þingmönnum kjördæmisins og samgn. að forgangsraða með

þeim hætti sem tillögur gera ráð fyrir hér. En engu að síður tek ég undir með hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni að huga þarf að framkvæmdum á Akureyri.

Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson gerði mjög glögga grein fyrir því í ræðu sinni áðan að á Vestfjörðum er af mörgu að taka. Sérstaklega nefndi hann Vestfjarðaveginn, úr Þorskafirði í Kollafjörð. Í tillögum samgn. er gert ráð fyrir að það fjármagn sem kom til viðbótar og er til þess að flýta framkvæmdum verði nýtt m.a. á þeirri leið og þeim áformum er stillt þannig upp að þeir verði nýttir á næsta fjögurra ára tímabili til þess að vinna að endurbótum á Vestfjarðaveginum úr Þorskafirði í Kollafjörð. Ekki er tekin afstaða til þess hvaða leiðir verði farnar. Það er alveg ljóst að bæta verður Ódrjúgshálsinn, veginn þar um. En engu að síður þarf að leggja upp tillögur og leggja í umhverfismat og skoða þar fleiri en einn kost. Einn kosturinn er sá sem ég tel alveg einsýnt að farinn verði, þ.e. að fara yfir Þorskafjörðinn, fyrr en seinna og síðan er spurningin hvort fara eigi yfir hálsana annars vegar og þvera síðan firðina innanvert eða þá að fara út Þorskafjörðinn og í mynni Djúpafjarðar og yfir á Ströndina í átt til Kollafjarðar. Þetta eru kostir sem þarf að skoða. Þingmenn hafa fjallað ítarlega um þetta og ég tel að það sé alveg einsýnt að í umhverfismati þurfi að bera saman þessar leiðir og það er nægur tími til þess áður en kemur að frekari ákvörðunum. Fjármunirnir eru til staðar og það er aðalatriði málsins. Næsta verkefnið er síðan að Vegagerðin leggi í undirbúning og undirbúi umhverfismatsskoðun og síðan verði teknar frekari ákvarðanir um þessar veglínur. Þetta vildi ég segja að gefnu tilefni vegna ágætrar ræðu og athugasemda hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar.

Að lokum vil ég, herra forseti, vegna þess sem kom fram fyrr í ræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar fara nokkrum orðum um samgöngur við Vestmannaeyjar. Það er alveg hárrétt hjá þingmanninum að mjög mikilvægt er að við tryggjum sem best samgöngur til Eyja. Þess vegna var það að ég skipaði starfshóp til þess að fara ofan í og gera tillögur um úrbætur í samgöngumálum Vestmannaeyja. Þessi hópur skilaði mér áfangaskýrslu og í framhaldi af því var ferðum Herjólfs fjölgað. Við höfum fjölgað ferðum Herjólfs milli lands og Eyja um 30% á skömmum tíma, sem skiptir auðvitað mjög miklu máli og er til mikilla bóta. En þessi samgönguhópur hefur nú lokið störfum og ég mun á næstu dögum kynna þær tillögur sérstaklega sem þessi hópur hefur lagt fram sem eru að mínu mati bæði vel unnar og stórmerkilegar tillögur. Hópurinn hefur skoðað marga kosti bæði hvað varðar siglingar og flug og vekur athygli á þeim möguleika sem áður hefur verið til skoðunar sem eru jarðgöng. Ég tel að þessar tillögur séu mjög vandlega unnar og þess vegna er ég að láta fara yfir þær skýrslur sem nú þegar liggja fyrir og þegar ég hef fengið í hendurnar endanlega greinargerð frá nefndinni, þá mun ég kynna hana og þingmenn munu væntanlega fá hana í hendur.

En það sem ég vil nefna fyrst og ég nefndi við 1. umr. þessara tillagna eru hugmyndir um ferjulægi á Bakkafjöru. Ég tel að miðað við þær rannsóknir sem nú þegar hafa farið fram þar og vinnu sérfræðinga Siglingastofnunar, þá sé það mjög líklegur kostur. Ég tel að það væri mjög mikilvægt fyrir Vestmannaeyjar ef sú niðurstaða gæti orðið að hægt væri að byggja upp nýja höfn á Bakkafjöru og stytta þar siglingaleiðina.

Samkvæmt úttekt sérfræðinga Siglingastofnunar má búast við því að fljótlega á árinu 2005 liggi fyrir endanlegar rannsóknir en nú þegar eru rannsóknir það lagt komnar að talið er mjög líklegt að það sé raunhæfur kostur að byggja upp hafnaraðstöðu fyrir ferju á Bakkafjöru. Þessar hugmyndir gætu leitt til þess að siglingaleiðin eins og ég sagði fyrr mundi styttast mjög mikið og það skiptir afar miklu máli. Hugmyndir um ferjulægi á Bakkafjöru munu verða kynntar alveg á næstunni. Í sambandi við þær rannsóknir og rannsóknir vegna hugmynda um jarðgöng, þá er mikilvægt að jarðvísindamennirnir fái stuðning við það og fyrir liggur að bandarískir jarðvísindamenn í samstarfi við íslenska jarðvísindamenn eru að skoða þessi mál. Fyrirhugaðar eru rannsóknir á þessu ári og tryggja þarf fjármuni til þess að þær rannsóknir geti farið fram. Þegar áætlanir og tillögur liggja fyrir um það er nauðsynlegt að tekið verði á því máli og ég mun beita mér fyrir því á næstunni.

Ég nefndi áðan hugmyndir um jarðgöng. Það er partur af tillögum og hugmyndum nefndarmanna sem fjallað er um í skýrslu þeirra og huga þarf að slíku.

Í samgönguáætluninni eru gerðar tillögur um endurbætur á Bakkaflugvelli sem skiptir mjög miklu máli. Aðstaðan á Bakkaflugvelli er mikilvæg fyrir Eyjaflugið en það sem er jafnframt mjög mikilvægt er það að innanlandsflugið hefur verið að styrkjast, aðstaðan í Reykjavík að batna og þar af leiðandi ættu flugfélögin sem sinna Vestmannaeyjum að geta byggt upp enn öflugri og betri þjónustu fyrir bragðið í flugi til Vestmannaeyja.

Herra forseti. Ég vildi nefna þetta alveg sérstaklega. Það er ljóst að óskir heimamanna í Vestmanneyjum standa til þess að fjölga ferðum Herjólfs enn frekar og þá að ferðum verði fjölgað í desembermánuði. Ég tel eðlilegt að taka það mál upp í haust við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga hvernig á því verði tekið. En þessi 30% fjölgun ferða Herjólfs og sú aukna þjónusta sem fylgir því er að mínu mati afar mikilvæg og starfshópurinn mun hafa fjallað mjög rækilega um þann þátt þannig að ég vísa til þess að það verði kynnt áður en langt um líður.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég endurtek þakkir til hv. þm. í samgn. fyrir vandaða vinnu og vænti þess að samgönguáætlunin megi verða til þess að auka hagsæld í landinu miðað við þær stórfelldu framkvæmdir á öllum sviðum samgönguþátta sem samgönguáætlunin gerði ráð fyrir.

[16:12]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna því ef svo horfir að hægt verði að útbúa höfn á Bakkafjöru eða á öðru svæði nálægt Vestmannaeyjum þannig að auðveldlega megi í framtíðinni hafa örar og góðar ferjusiglingar milli lands og Eyja. Ég hef reyndar lengi verið á þeirri skoðun og hef tjáð það áður úr þessum ræðustól á hv. Alþingi að það væri kostur sem menn ættu að skoða mjög gaumgæfilega, að búa þar til höfn og hef auðvitað byggt það á því sem maður hefur séð úti í heimi. Ég hef séð það úti í Japan hvernig Japanar hafi brotið niður úthafsöldu með tveimur, þremur görðum sem eingöngu eru ætlaðir til að brjóta niður ölduna á tiltölulega sendinni strönd og eru svo með hafnaraðstæður þar fyrir innan. Ég vildi láta þessa getið hér. Ég tel að það sé mikið spor í rétta átt ef þetta tekst.

Annað sem ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um er að nú hagar svo til á landi hér að við búum við mjög blíðan vetur, lítinn snjómokstur. Og ég vildi spyrja að því hvort ráðherrann gæti ekki hugsað sér að beita sér fyrir því gagnvart

Vegagerðinni að það fé sem hefur sparast á þessum blíða vetri okkar mætti nota í auknum mæli til þess að vinna á slysastöðum eins og einbreiðum brúm. Víða á þjóðvegum landsins, ég þekki reyndar best til á Vestfjörðum, eru enn þá einbreiðar brýr, kannski ekki mjög langar en einbreiðar samt og eru hættulegir staðir. Þetta á víða við á Vestfjörðum veit ég og hef séð. Ég vildi því sérstaklega spyrja hvort ekki væri hægt að gera enn meira átak í þeim málum með því að nýta það fé sem náttúran hefur sparað okkur.

[16:15]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég gat um áðan er stöðugt verið að vinna að þessum öryggisaðgerðum. Hvort sparnaður vegna minni snjómoksturs gæti leitt til þess að þær mætti auka get ég ekki svarað á þessari stundu. En á eitt er að líta í þessu sambandi, þjónustan á þjóðvegunum hefur verið að aukast mjög mikið, þar á meðal vetrarþjónustan. Ástæðan fyrir því að þessi þjónusta hefur aukist svo mjög er m.a. að verktakar og þeir sem á vegum Vegagerðarinnar vinna að þessari vetrarþjónustu eru að allan veturinn og þetta er meira og minna fastur kostnaður. Það er því tiltölulega lítil viðbót sem er um að ræða nema í alveg sérstaklega hörðum vetri sem sparast þá þegar minni snjór er. Ég vil bara vara menn við því og segi að þetta eru ekki stórar fjárhæðir vegna þess að þetta er langmest fastur kostnaður. Engu að síður, eitthvað sparast og það kemur þá til góða, annaðhvort til að greiða upp skuldir frá fyrri tíð, í einhverjum tilvikum er það svo, eða þá að það nýtist til endurbóta á vegakerfinu og að sjálfsögðu tek ég undir það með hv. þingmanni að m.a. þarf að huga að því að nýta þá fjármuni til þess að setja upp leiðara og bæta aðkomu að brúm og öðrum þvílíkum hlutum sem er afar mikilvægt að huga að.

[16:17]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð. Það var ekki ætlan mín að brjóta þá óskráðu reglu við umræður af þessum toga að ráðherra og formaður nefndar ljúki umræðu, heldur var ég bundinn við önnur störf á fundinum og komst því ekki að fyrr en nú. En ég vildi ekki láta hjá líða að fara nokkrum orðum um nokkur lykilatriði, meginatriði, sem að minni hyggju er nauðsynlegt að halda til haga. Nokkur þeirra nefndi ég raunar við 1. umr. máls en sitthvað hefur breyst frá því að við ræddum áætlunina eins og hún var lögð fram af hálfu hæstv. ráðherra. Hér við 2. umr. hefur hún því tekið allnokkrum breytingum, óvanalega miklum breytingum, herra forseti, vissulega að breyttu breytanda því að inn duttu nýir peningar, ef svo mætti segja, öllum að óvörum, af himnum ofan, dregnir upp úr hatti, peningar sem engir borga raunverulega, peningar sem fundust á víðavangi, mætti ætla. En allt að einu, þeir eru hér til staðar og þeim er hér ráðstafað. Á næstu dögum munu þingmenn væntanlega finna þeim tekjum stað sem upp á vantar hér innan fjárlagaársins í fjáraukalögum.

Það er vissulega ánægjulegt „vandamál" fyrir vegagerðarmenn að þurfa að bregðast hratt og ákveðið við þegar nýjum peningum er hellt inn í þennan mikilvæga málaflokk sem samgöngumálin eru. Það voru hins vegar óneitanlega fyrstu viðbrögð yfirstjórnar Vegagerðarinnar að henni brá í brún þegar oddvitar ríkisstjórnarinnar mættu til leiks, raunar án fagráðherra sinna, hæstv. samgrh. og hæstv. menntmrn., sem áttu þarna aðild að málum — þau atriði sem þar voru tilgreind heyrðu jú undir þá fagráðherra — og tilkynntu þingi og þjóð að til þess að bregðast við atvinnuástandinu hefði verið tekin ákvörðun um að verja 6,5 milljörðum eða þar um bil til verkefna sem áttu að verða vítamín fyrir atvinnulífið og fjölga störfum. Menn hafa svo sem ekki getað fundið því almennilega stað enn þá þrátt fyrir allítarlega umræðu um hversu mörg störf verða til af þessum sökum á næstu mánuðum. Auðvitað er yfirlýstur tilgangur sá að brúa tiltekið bil, brúa ákveðna lægð sem hefur orðið í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar sem hefur gert það að verkum að við horfum fram á alvarlegt atvinnuleysi. Ég segi tímabundna lægð því að menn reikna með, og vonandi mun það ganga eftir, að þegar stóriðju- og orkuframkvæmdir hefjast muni atvinnulífið og efnahagsástandið taka við sér á nýjan leik. Þá þurfa menn að bregðast við annars konar vandamálum, þensluáhrifum fremur en hinu að spýta þurfi í. Mér finnst ástæða til að halda því til haga þannig að við missum ekki þennan þráð. Mig langaði til þess að hæstv. ráðherra reyndi nú, þegar allt er komið til skila í samgönguáætluninni, að gera sér grein fyrir því og okkur hér hversu mörg störf verða til á næstu tveimur missirum vegna þeirrar innspýtingar sem hér er að finna. Ég beini þráðbeint til hans þeirri fyrirspurn hversu mörg störf að hans mati verði til fyrir atvinnulausa Íslendinga með þeim flýtingum og því nýja fjármagni sem er að finna í áætluninni, og fyrst og síðast er að finna á yfirstandandi ári og því næsta. Um það var rætt að þessum fjármunum yrði varið, ég vil nota það orð langtum fremur heldur en þeim yrði eytt, á næstu 18 mánuðum og ættu að koma með beinum hætti til þess að örva hér atvinnulífið.

Margir bentu raunar á að hvað sem öðru liði væru til ýmsar leiðir aðrar til þess að bregðast við atvinnuleysi í núinu. Ef skaffa ætti fólki ný störf til skemmri eða lengri tíma væru kannski aðrar leiðir ekki óskynsamlegri en vegagerð. Hinu eru menn algerlega sammála að vegagerð og samgöngubætur hér á landi eru mál sem skila bættum lífsgæðum og eru arðsamar, oftast til skemmri tíma litið, eiginlega alltaf til lengri tíma litið. Um það er ekki deilt í þessum sal eða meðal þjóðarinnar allrar að bættar samgöngur eru mál málanna og ég minnist þess ekki á mínum tíma á þingi að menn hafi svo sem haft ólík viðhorf til þessa grundvallaratriðis.

Hitt liggur þó fyrir að menn hafa gjarnan tekist á um það hvernig bæri að forgangsraða og þannig auðvitað er það og þannig á það að vera í rökræðum á hinu háa Alþingi. Það þekki ég líka mætavel eftir að hafa verið ríkisstjórnarmegin, lengst af þó stjórnarandstöðumegin, að þessar línur eru fyrst og síðast lagðar af stjórnarmeirihlutanum hverju sinni. Við þekkjum auðvitað verklagið í þessum efnum. Samgönguáætlunin kemur tiltölulega fullmótuð, að langstærstum hluta til, frá viðkomandi ráðuneyti, í þessu tilfelli samgrn. Síðan eiga þingnefndir, samgn. og einstakir þingmannahópar, kost á því að fara yfir málið og gera, stundum, nokkrar breytingar en í fæstum tilfellum neinar umtalsverðar breytingar á ríkjandi meginstefnumiðum sem finna má í áætluninni. Ég held að í þessari áætlun sé það með þeim sama hætti og verið hefur þó að óvenjumikið komi þingmenn að þessum málum vegna þeirra 9 milljarða sem ég nefndi í upphafi.

Þess vegna er þessi áætlun auðvitað á ábyrgð ríkisstjórnarmeirihlutans og hann á að njóta þess og einnig gjalda þess þegar til kastanna kemur. Vissulega verður ekki horft fram hjá þeim sannindum í þessari umræðu að þessi áætlun, og þá ekki síst síðasti hluti hennar, hinir 9 milljarðar, ber þess merki og lyktar auðvitað af því langar leiðir að hér er um kosningaloforð að ræða. Eftir 60 daga detta inn kosningar. Það eru raunar 59 dagar í kosningar, herra forseti, hafi það

farið fram hjá einhverjum. Og hér erum við að afgreiða áform og loforð sem er sýnilegt að ný ríkisstjórn muni þurfa að efna, hvernig svo sem sú ríkisstjórn verður saman sett. Það ákveða kjósendur í þessu landi og það er ekki síst framkvæmdin sem skiptir máli í þessu. Ég hef stundum rakið það við sambærilegar umræður hér við áætlunargerð, hvort sem það er um hafnamálin, flugmálin eða vegamálin sem eru hvað stærst í sniðum, að verst er þegar hér eru gefin fyrirheit í áætlunum og þær ganga ekki eftir þegar til kastanna kemur. Í allt of mörgum tilfellum hafa menn ekki getað staðið við hin stóru orð, menn hafa ekki getað farið eftir þeim áætlunum sem þeir sjálfir samþykkja og það er afleitt, það er algerlega afleitt.

Það eru margar ástæður fyrir því af hverju það gerist. Stundum eru menn einfaldlega að lofa upp í ermina á sér og geta ekki fundið fé til framkvæmdanna. Stundum kemur það fyrir af einhverjum ástæðum að þrýstingur verður um tiltekin stórverkefni og viðkomandi ríkisstjórn og meiri hluti lætur undan og breytir áherslum. Það þekkjum við frá gamalli tíð sömuleiðis en engu að síður eru áætlanir verri en ekki ef ekki er eftir þeim farið í hvívetna. Auðvitað verða menn að taka mið af gjörbreyttum aðstæðum og vera sveigjanlegir og líta til hagkvæmni hlutanna o.s.frv. Það getur verið að tiltekin verkefni þurfi að færa milli ára ef það telst skynsamlegt að taka áhlaupið í einni lotu en ekki tveimur þannig að það er ýmislegt þannig sem hægt er að skýra. Í allt of mörgum tilfellum hafa menn samt einfaldlega ekki staðið við það sem sagt hefur verið. Þess vegna er það fagnaðarefni að menn skuli í seinni tíð hafa tekið það upp að skila skýrslu um framkvæmd vegáætlunar. Það er til fyrirmyndar og ég vænti þess að menn þrói það og bæti þegar tímar líða fram, skoði jafnvel mál í stærra tímasamhengi en nú er gert, kannski ekki eingöngu innan ársins heldur líka nokkur ár aftur í tímann þannig að menn sjá samhengi hlutanna og þróun þeirra í dálítið stærra mæli.

Það þekkja auðvitað þingmenn allir að það er stundum dálítið erfitt að lesa í þessar áætlanir þegar það liggur fyrir að á einum staðnum safnast upp fé en menn keyra yfir á öðrum stað. Það kemur stundum fyrir að í svona samhangandi framkvæmdum, t.d. á höfuðborgarsvæðinu, er nokkur kúnst að lesa í það hvaða fjármunir eru til staðar í raun og sannleika. Þannig er það t.d. í minni heimabyggð þar sem menn hafa ekki ráðist í framkvæmdir sem voru fyrirhugaðar vegna þess að það tók tíma að fara í gegnum lögformlegt umhverfismat og allan þann undirbúning sem nauðsynlegur er. Að lyktum mátu menn það svo að það væri rétt að fara aðrar leiðir en fyrst í stað var reiknað með þannig að þar að baki voru eðlilegar aðstæður.

Þetta nefni ég almennt, herra forseti, vegna þess að ég held að við verðum að hafa í huga alla þá þætti sem menn þurfa að halda til haga í umræðunni. Hún er ekki mjög einföld. Það er eitt sem ég tel líka mjög brýnt að menn horfist alvarlegar í augu við heldur en verið hefur — þessi áætlun er enn þá því marki brennd að enn eru menn í bútasaumi, enn þá eru menn að reyna að gera alla ánægða alls staðar og ljúka ekki áföngum sem koma þannig að gagni. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, raunar nýkjörinn formaður Frjálslynda flokksins — ég vil nota tækifærið og óska honum til hamingju með formannstitilinn og óska honum alls velfarnaðar í þeim störfum af því að hann situr hér og hlýðir á mál mitt, einn af fáum þingmönnum — hann nefndi þetta varðandi ýmsar framkvæmdir á sínum heimaslóðum, á Vestfjarðakjálkanum.

Ég hef ítrekað fjallað um, og einnig fyrir þessa umræðu, tvöföldun Reykjanesbrautar. Þegar tekin var ákvörðun um að hefja framkvæmdirnar átti um leið að taka ákvörðun um að ljúka þeim á skömmum tíma. Svo varð ekki. Í langtímaáætlun sem liggur fyrir er gert ráð fyrir því að þessari tvöföldun ljúki ekki fyrr en árið 2014. Raunar er ekki tryggt að það geti gengið eftir miðað við þá fjármuni sem frá eru teknir til þeirra 11–12 ára sem eftir lifa þar til langtímaáætlunin rennur út.

Það er auðvitað engin hemja, herra forseti, að menn ætli sér 12 ár í slíka framkvæmd, ekki síst þegar liðsmenn stjórnarinnar í Reykjaneskjördæmi og víðar, ekki síst suður með sjó, hafa talið fólki trú um að þessu sé alveg að ljúka. Þeir segja að nú sé framkvæmdin hafin og bara spurning um að menn líti á klukkuna, eitt, tvö, þrjú ár í mesta lagi þar til þessu verði lokið. Tæknilega væri hægt að ljúka þessari framkvæmd á tveimur til þremur árum en það er ekki gert. Þess í stað fara menn þá leið að dreifa framkvæmdinni yfir langan tíma. Við þekkjum það auðvitað, af því að hér er um að ræða öryggismál í umferðinni, að það skapar mikla erfiðleika, óöryggi og jafnvel áhættu þegar menn gera lagfæringar, þegar skiptist á bundið slitlag og malarvegur. Nákvæmlega það mun gerast á Reykjanesbrautinni á næstu árum að menn verða þar að tvöfalda, síðan verður einföldun, þá tvöföldun og framkvæmdir munu standa þar árum saman.

Þetta er ekki gott. Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir þessu á eftir þar sem hann hefur vikið sér í hliðarsal. Ég mun inna hann eftir því á eftir en ætla í staðinn að fara yfir nokkuð sem oft kemur til umræðu í þessum sal, þ.e. þéttbýlisvegabætur annars vegar og dreifbýlisvegabætur hins vegar. Nú bregður svo við að hæstv. ráðherra er aftur kominn í salinn og vil ég spyrja hann þráðbeint hvort honum finnist mjög skynsamleg stefnumörkun að fara svona í verk eins og ég lýsti hér áðan varðandi Reykjanesbraut. Það liggur fyrir að það er vilji til að ráðast í þessa framkvæmd. Framkvæmdir eru hafnar við fyrsta áfanga. Er skynsamlegt að hans mati, út frá hagkvæmnissjónarmiði og öðrum að dreifa þeirri framkvæmd á næstu 12 ár? Ég spyr einnig hvað hafi ráðið ákvörðuninni um að gera þetta með þessum hætti. Ég vænti þess að hann geti svarað mér því.

En af því að menn í þessum sal hafa gjarnan rætt um togstreitu þéttbýlis og dreifbýlis þá hef ég ævinlega nálgast þetta mál með þeim hætti að við ættum að forðast slíka togstreitu. Samgöngubætur eru vissulega jafngóðar í þéttbýli og dreifbýli þó að menn nálgist þessi viðfangsefni með eðlisólíkum aðferðum. Annars vegar erum við, eins og hér hefur margsinnis komið fram, að tala um að greiða fyrir umferð, bæta umferðaröryggi í þéttbýlinu fyrst og síðast. Í dreifbýli erum við að tala um það að menn komist öruggir leiðar sinnar. Ég vil því frábiðja mér að vera dreginn í þá dilka sem menn gjarnan gera þegar þeir staldra við heimabyggð sína, eðli máls samkvæmt. Þar þekkja þeir best til og af því að ég kem úr kjördæmi sem er allt kringum höfuðborgina og teygir sig suður með sjó þá ætla ég aðeins að staldra við þau mál.

Mér fannst til að mynda ekki sérstaklega stórmannlegt, þegar ákveðnir hv. þm. Reykjavíkur leyfðu sér að benda á að þeirra hlutur í hinum 9 milljörðum væri afskaplega rýr, að hæstv. ráðherra skyldi bregðast við með því að fara enn og aftur í ódulbúnar og dulbúnar árásir á Reykjavíkurborg og R-listann. Það er auðvitað ekki rétta leiðin til að hefja hér málefnalegar umræður um forgangsröðun verkefna í vegagerð. En einatt þegar þau mál ber á góma og Reykjavík er

nefnd til sögunnar er eins og rauðri dulu sé veifað framan í hæstv. ráðherra og raunar hv. þingmenn Reykjavíkurborgar úr röðum Sjálfstfl. Það er eins og þeir missi hreinlega áttir og leggist í víking gegn meiri hluta borgarstjórnar Reykjavíkur sem á ekki sæti hér eins og kunnugt er, herra forseti, og hefur öðrum hnöppum að hneppa.

Auðvitað er ljóst að þörf er á að ráðast í fjölmörg verkefni í Reykjavík. Það hefði verið óeðlilegt ef þingmenn borgarinnar hefðu ekki farið fram með þeim hætti að óska eftir auknu fjármagni til borgarinnar þegar það liggur fyrir í fyrsta lagi að verkefni bíða. Í öðru lagi er atvinnuleysi hvað mest hér, a.m.k. þegar þessir 9 milljarðar koma til skiptanna til að bregðast við því ástandi. Nei, þess í stað eru þingmennirnir skammaðir, í fyrsta lagi fyrir að vera andstæðingar landsbyggðar og í öðru lagi, flokkssystkin mín í Reykjavík, að ganga erinda R-listans. Svona eigum við auðvitað ekki að nálgast þessi viðfangsefni. Mér fannst ástæða til þess undir lok þessarar umræðu að lýsa viðhorfum mínum til orðræðu umliðinna daga og vikna frá því að tíðindin um milljarðana 9 af himnum ofan urðu lýðum ljós.

Í þéttbýlinu eru viðfangsefni og vandamál sem eru óleyst og þarf að ráða bót á. Þau eiga mörg hver ekki heima á borði hæstv. samgrh. fremur en á borði hæstv. umhvrh. Þá er ég að tala um hljóðvist, hljóðmanir, hljóðvarnir meðfram stofnbrautum hér á höfuðborgarsvæðinu. Nú er stefnan sú af hálfu ráðherra og Vegagerðarinnar að viðkomandi sveitarfélög greiði þær að fullu. Það er alveg ljóst að af hálfu íbúa verður í auknum mæli krafist að vel sé búið að þeim málum og íbúar séu á heimilum sínum í skjóli frá hávaðamengun af bifreiðaumferð. Vegirnir eru breikkaðir en húsin eru kyrr á sínum stað í flestum tilfellum. Ég hef svo sem ekki gert mér grein fyrir því um hversu háar upphæðir er hér að tefla og hvort hægt sé að slá einhverri tölu á það. til hvaða ráðstafana er þörf að grípa á vegum sem þegar eru til staðar sem verið er að stækka og endurbæta og kalla á nýjar fjárfestingar í hljóðmönum og hljóðvörnum af ýmsum toga. Mér er skapi næst að halda að þær séu allháar þegar saman er dregið.

Í Garðabæ hafa bæjaryfirvöld gengið býsna hart fram og a.m.k. krafið okkur þingmenn svara um hvernig þeim málum verði háttað í kringum Reykjanesbrautina, þ.e. innan bæjarmarka Garðabæjar frá Arnarnesi og suður um. Þau mál eru enn óútkljáð og valda óneitanlega ákveðnum erfiðleikum. Svipuð vandamál eru uppi í mínum heimabæ, Hafnarfirði. Það er auðvitað mikilvægt að menn fái botn í þetta og átti sig á því hver á að borga brúsann. Það er ekki alltaf mjög þægilegt að finna hinn meinta sökudólg í þessum efnum. Það þarf ekki endilega að vera bæjarfélagið. Það hefur gengið frá skipulagi fyrir löngu og síðan eru það almannahagsmunir, Vegagerðin, og oftast auðvitað og eðlilega í samráði við bæjaryfirvöld hverju sinni, sem óska eftir því að gerðar séu betrumbætur á stofnvegum, þeir séu breikkaðir og bættir. Umferð þyngist, hávaði eykst og þörfin fyrir hljóðmön hefur skapast. Það er ekki endilega gefið að sá sem á að borga brúsann sé auðfinnanlegur. Mér finnst því ekkert gefið að heimamenn standi skil á þessum kostnaði 100%. Það hefur verið meginskoðun Vegagerðarinnar og hæstv. ráðherra fram að þessu. Þetta eru auðvitað mál sem við þurfum að leiða til lykta fyrr en síðar.

Í þessum ræðustól hafa menn einnig talað um þjóðvegi í þéttbýli. Hv. þm. Norðlendinga, Árni Steinar Jóhannsson, hefur staldrað við þetta og hefur einkum og sér í lagi nefnt Akureyrarbæ til sögunnar. Ég þekki það auðvitað býsna vel frá árum áður að sveitarstjórnarmönnum í ýmsum sveitarfélögum hafa fundist þær ákvarðanir dálítið með höppum og glöppum hvaða vegir eru skilgreindir sem þjóðvegir í þéttbýli og hverjir ekki. Þegar slíkar ákvarðanir eru teknar er að vísu notast við almenn viðmið. Það skiptir hins vegar miklu máli um hina fjárhagslegu hlið hver borgar brúsann, hvort það er viðkomandi sveitarfélag að öllu leyti eða hvort ríkissjóður komi þar inn með einum eða öðrum hætti. Ég minnist þess frá árum mínum í Hafnarfirði að maður þurfti a.m.k. að vera á vaktinni til þess að tryggja að stofnbrautir, gegnumstreymisbrautir í gegnum bæinn, væru skilgreindar með þeim hætti.

Herra forseti. Við erum hér að horfa til lengri framtíðar. Ég sakna þess mjög í þessari áætlun sem ég hef fært í tal oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, þ.e. hins svokallaða ofanbyggðarvegar sem lægi ofan byggðar í Hafnarfirði og norður um, ofanvert við Garðabæ og raunar alla leið að Elliðavatni en tengist síðan aftur niður í byggðirnar á viðeigandi stöðum. Ég met það svo að það sé ekki mjög langt í að brýn þörf verði fyrir þennan veg. Við þekkjum það frá stórborgum víða erlendis að gjarnan kvíslast þjóðvegir um þessar stórborgir, innan borgar og utan. Ég sé það fyrir mér að innan skamms þurfum við að gefa kost á slíkri umferð ofan byggðar, ekki ævinlega í gegnum byggð.

Það eru ekki mjög mörg ár síðan, það var sennilega rétt í kringum árið 1990, að menn réðust fyrir alvöru í að gera Reykjanesbrautina frá Mjódd og suður úr í Kaplakrika að raunverulegum akfærum vegi. Mörgum fannst það bratt í ráðist, töldu að engin umferð færi á þann veg og Hafnarfjarðarvegur hinn gamli mundi halda áfram að taka þá umferð milli höfuðborgarinnar og bæjarfélaganna sunnan hennar. En það liðu ekki mörg ár þar til sá vegur var gjörsamlega sprunginn eins og raun ber vitni. Nákvæmlega það sama mun að minni hyggju gerast innan ekki allt of margra ára, að menn munu gera kröfu um að umferðin verði færð upp fyrir byggðina. Þegar eru uppi hugmyndir í Hafnarfirði, og hafa raunar verið um alllangan tíma, að þessari stórauknu umferð, sem gerir ekki annað en að aukast, verði mætt með því að gera ofanbyggðarveg. Ofan Hafnarfjarðar kæmi til greina að hann færi um göng þar sem hæst fer. Það er þó ekki frágangssök en mundi auðvitað gera veginn betur úr garði og tryggari yfirferðar.

Á þetta er ekki minnst í þessari áætlun. Það er auðvitað slæmt. Ég veit hins vegar að Vegagerðin og bæjaryfirvöld í Hafnarfirði gerðu athugun á þessu árið 1990. Þá var ég bæjarstjóri þar og mér er kunnugt um að menn eru að skoða tæknilegar úrlausnir á þessu enn þann dag í dag og hafa tekið upp þráðinn þar sem frá var horfið á þeim tíma.

Þetta vildi ég nefna til sögunnar. Eins og ég segi verður það væntanlega verkefni nýrrar ríkisstjórnar að fylgja þessari áætlun eftir. Eðli málsins samkvæmt tökum við þessa áætlun til endurskoðunar eins og lög gera ráð fyrir eftir nokkur ár. Auðvitað mun gefast ráðrúm til að gera þær lagfæringar og endurbætur á þessari áætlun sem mér sýnist full þörf á þó hér sé auðvitað margt gott að finna.

Á hinn bóginn árétta ég að okkur er dálítið þröngur stakkur skorinn í þessu. Ég lít svo á að við séum, hver svo sem stjórnar hverju sinni, talsvert bundin þeim meginákvörðum sem í þessu finnast. Við megum ekki skrökva að fólki, eins og allt of oft hefur gerst. Það er oft ýjað að framkvæmdum sem síðan ganga ekki eftir. Ný ríkisstjórn verður í meginatriðum bundin af því sem við erum hér að ákveða þó að

núverandi minni hluti hafi því miður allt of lítið komið að þessum ákvörðunum. Við getum þó auðvitað lagt gott til þar möguleikar gefast.

Herra forseti. Ég hef rætt almennt um viðhorf mín til ýmissa hliða þessarar umræðu. Ég hef svo sem hvorki minnst á hafnarmál né flugmál, sem vissulega væri ástæða til þó ekki væri nema til annars af því að hér situr formaður samgn., hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson. Við höfum átt orðastað um þau mál fyrr á árum. Oft höfum við verið sammála en stundum tekist á. En þau mál eru veigamikil í þessu samhengi þótt raunar sé óhjákvæmilegt annað en að lýsa yfir áhyggjum sínum með framtíð hafnanna, ekki vegna þessarar áætlunar heldur vegna annarra ákvarðana sem hér hafa þegar verið teknar og varðar gjaldskrá þeirra. Ég ætla að vona hið besta hvað það varðar en vera viðbúinn hinu versta. Ég sé fyrir mér að vinir mínir víða um land sem stýra og stjórna hafnamálum geti átt í miklum erfiðleikum vegna þessa.

Ég ætla að skamma hér hæstv. ráðherra. Hann á alveg fyrir því enda stóð hann fyrir þessum breytingum á gjaldskrám hafna. Ég ætla ekki að skamma hann vegna þessarar áætlunar í því samhengi en það er engu að síður áhyggjuefni og gæti gert mörgum höfnum víða um land mjög erfitt fyrir, hugsanlega innan skamms tíma. En það kemur nú á daginn hvernig þau mál þróast.

Þetta vildi ég sagt hafa, herra forseti, og hef fengið í hendur miða þess efnis að ég hafi verið heldur fljótur á mér þegar ég hélt því fram að 59 dagar væru til kosninga. Forseti, sem ég trúi auðvitað í einu og öllu, segir mér að 61 dagur sé til kosninga. Ég tek ofan hattinn fyrir forseta í því sambandi.

[16:47]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi vildi ég svara spurningunni sem hv. þm. bar upp um hversu mörg störf yrðu til vegna aukinna framlaga til samgöngumála. Því get ég ekki svarað upp á starfsmann. Það er mjög erfitt að átta sig á því en það sér hver maður að aukin framlög upp á marga milljarða skapa verkefni á mjög mörgum sviðum, bæði vegna undirbúnings þar sem að koma verkfræðistofur og hönnuðir hvers konar, rannóknaraðilar vegna umhverfismats og síðan verktakar sem hafa í þjónustu sinni stóran hóp manna úr ýmsum stéttum. Þannig er ekki hægt að segja neitt fyrir um það núna en það er alveg augljóst að þetta skapar fjölmörgum störf.

Gamla tuggan um framlög til höfuðborgarinnar og togstreitu, eitthvað var samviskan slæm hjá hv. þingmanni úr því að hann fór að taka hana upp núna. Það er alveg sérstök ástæða til að minna á að þessi samgönguáætlun sem hér er til umfjöllunar gerir ráð fyrir meiri fjármunum til höfuðborgarsvæðisins en nokkru sinni áður. Ég vek athygli á því að í Morgunblaðinu í dag er fjallað um þetta og vakin athygli á því í ágætri grein.

Hvers vegna er framkvæmdum við Reykjanesbrautina ekki hraðað? Það var tekin ákvörðun um að hraða einmitt framkvæmdum við Reykjanesbraut í samgönguáætlun eins og hún var lögð upp fyrst, m.a. færðir fjármunir úr Suðurstrandarvegi til að hægt væri að hraða þessu enn frekar. Ég tek bara undir með hv. þingmanni. Ég vildi að við gætum farið enn hraðar yfir en mér sýnist að þetta sé býsna stór framkvæmd sem við getum verið sátt við.

[16:49]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var auðvitað sem mig grunaði að það væri erfitt að henda reiður á því hvort og hversu mörg ný störf yrðu til með þessum hætti. Það vakti hins vegar athygli mína að þau munu flest falla til vegna undirbúnings þessara framkvæmda og þar séu teiknistofur, arkitektar og aðrir. Ég ætla svo sem ekkert að gera lítið úr því. Það var sem menn bentu á að það væri náttúrlega ekki eingöngu í Reykjavík sem menn gætu ekki ráðist á morgun í framkvæmdir með ýtum og skurðgröfum. Það þyrfti líka annars staðar að hefja undirbúning.

Af því að hæstv. ráðherra vildi segja sem svo að nú væri gamla tuggan komin upp, að ræða hér um málefni höfuðborgarsvæðisins, eru menn ekki að tyggja hér á gömlu í því sambandi. Hann segir einfaldlega það sem við okkur blasir, þ.e. að þegar hæstv. ráðherra opnar munninn hér um málefni borgarinnar virðist mér hann missa sjónar á meginatriðum. Fyrst var viðbáran sú að engin verkefni væru klár vegna þess að skipulagsmál borgarinnar væru í rúst. Að vísu er nú búið að snúa við þessari plötu, spila hina hliðina af henni og halda því fram að víst séu til nægir peningar, og meiri peningar til höfuðborgarsvæðisins en nokkru sinni fyrr. Ég velti fyrir mér hvor hlið plötunnar sé sú rétta og sanna en það skiptir svo sem engu máli.

Varðandi Reykjanesbrautina er ekkert meira um hana að segja. Hæstv. ráðherra viðurkennir þau sjónarmið mín að það að vera í 12 ár að dunda við tvöföldun hennar sé röng aðferð og eigi ekki við. Ég virði hæstv. ráðherra fyrir að viðurkenna að þessi sjónarmið sem ég hef haldið hér á lofti lengi vel eigi við rök að styðjast.

[16:52]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram í samgn. þegar umræður fóru fram um Vesturlandsveg og Reykjanesbraut að vegna þess að það stæði á skipulagi Reykjavíkurborgar hefði ekki verið hægt að ráðast fyrr í tvöföldun Vesturlandsvegar. Hv. þm. kom í ræðu sinni áðan inn á að oft væri ekki farið skynsamlega að í framkvæmdum í vegamálum hér á Íslandi, ekki farið eftir röð eða forgangsverkefnum raðað eftir umferðarþunga eða þörfum. Ég tel t.d. að það hefði verið eðlilegra að byrja á Vesturlandsvegi þar sem fara um 20.000 bílar á dag og síðan að snúa sér að Reykjanesbrautinni. En vegna þess að skipulag Reykjavíkurborgar varðandi Hallsveg og aðkomu þar upp á Vesturlandsveg og líka vegna skipulagsmála við Halla og í Hamrahlíðarlöndum hefur ekki verið hægt að byrja á Vesturlandsveginum fyrr.

Í annan stað vildi ég segja þetta: Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson og Lúðvík Bergvinsson koma inn á að það séu duldar árásir á stjórn Reykjavíkurborgar af hálfu sjálfstæðismanna hér í Reykjavík. Þeir vita það jafn vel og ég að gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar voru ekki tilbúin vegna þess að R-listinn tók þau út af skipulaginu, ef ég man rétt, fyrir nokkrum árum. Jafnframt Sundabrautin sem hefur verið í skipulagi mjög lengi og deilt er um hvort eigi að fara í hábrú eða svokallaða innri leið þar sem munar ekki nema 3 milljörðum. Það er athyglisvert að hlusta á borgaryfirvöld sem hafa verið að ströggla um þetta í nokkur ár segja nú að þau vilji fara í hábrú vegna þess að það sé fallegra. Á sama tíma er meiri hluti borgarstjórnar Reykjavíkur að lýsa því yfir að þau ætli að fara að loka leikskólum í einn

mánuð til þess að spara 12 milljónir. En 3 milljarðar skipta ekki nokkru máli.

[16:54]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf svo sem ekki meira að segja. Þessi ræða hv. þm. segir allt sem segja þarf og um það sem ég nefndi, að menn gjörsamlega missa sig þegar rætt er um vegaframkvæmdir í Reykjavík og halda ræður sem ættu betur heima í Ráðhúsi Reykjavíkur. Ef ég man rétt var hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson borgarfulltrúi Sjálfstfl. í Reykjavík um átta ára skeið, eða hvað? (**GHall:** Nei, varaborgarfulltrúi.) Varaborgarfulltrúi ... (**GHall:** Formaður hafnarstjórnar.) og formaður hafnarstjórnar lengi vel en kom nálægt borgarmálum og ég ætla bara að minna hann á að hann er ekki núna í Ráðhúsi Reykjavíkur. Hér er hann ekki á borgarstjórnarfundi í Reykjavík. Hann má hafa sínar skoðanir á því eins og við allir hvaða leið er best yfir Sundahöfnina en það er út af fyrir sig ekki úrlausnarefni hér við þessa aðgerð.

Það sem fyrir liggur hins vegar er að Reykjavíkurborg og höfuðborgarsvæðið, kraginn Reykjanes, suðvesturhornið, getur nýtt alla þá milljarða sem þeim eru réttir á jafnskömmum tíma og önnur svæði landsins. Það er bara þannig.

Menn geta staldrað við einhver götuhorn hér eða þar og sagt að þetta sé svona eða hinsegin. Það sem mestu skiptir er að það er þörf fyrir fjármagn hér eins og raunar víðast annars staðar og það er hægt að nota það fjármagn á þeim tilskilda tíma sem ætlaður er, þ.e. á næstu 18 mánuðum, ef við erum þá að tala um þetta flýtifé sem hér um ræðir.

Af því að hv. þm. fór síðan í samanburðarfræði á Vesturlandsvegi annars vegar, millum höfuðborgarinnar og Mosfellsbæjar, og Reykjanesbraut — ég veit ekki hvort hann átti við Reykjanesbraut sunnan Hafnarfjarðar eða hvað — ætla ég að vona að það taki ekki 12 ár að ljúka Vesturlandsvegi upp í Mosfellsbæ eins og ráðgert er varðandi Reykjanesbraut sunnan Hafnarfjarðar yfir á Suðurnesin, í Reykjanesbæinn. Það væri a.m.k. mikið glapræði og við yrðum þá að breyta því, ný ríkisstjórn, eftir 61 dag.

[16:56]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Árið 1994 tók borgarstjórn skipulagsmál mislægra gagnamóta Miklubrautar/Kringumýrarbrautar út af skipulagi. Fyrir það líðum við og enn þá standa menn frammi fyrir því. Jú, það sér fyrir endann á því verki, væntanlega. Þar fara nú ekki nema 80.000 bílar á dag en það virðist ekki hafa skipt þessa ágætu meirihlutaborgarfulltrúa Reykjavíkur miklu máli. Við skulum ekki vera að karpa um það. (Gripið fram í.)

Hitt er annað mál að hér byrjuðu hv. þm., sem ég tiltók áðan, að tala um að það væru einhverjar dulbúnar árásir á meiri hluta stjórnar Reykjavíkurborgar, þ.e. á fulltrúa R-listans. Ef menn þola ekki sannleikann og segja að það sé einhver dulbúin árás, þá þeir um það. Við skulum ekkert ströggla um það.

En annað varðandi Vesturlandsveginn, hann er kominn á áætlun þannig að hann klárast nú á skömmum tíma. Ég mun auðvitað standa með því. Það hafa þegar verið teknar ákvarðanir um Reykjanesbrautina og ég mun auðvitað standa með þingmönnum þéttbýlisins í að reyna að flýta því máli og þeirri framkvæmd eins og mögulegt er enda skiptir það miklu máli að verkinu sé flýtt eins og kostur er, vegna bara verkframkvæmdanna og umferðarinnar, þótt auðvitað megi deila um það eins og ég sagði hér áðan, 20.000 bílar á Vesturlandsvegi en 7.000 bílar á Reykjanesbraut. En verkið er hafið og þá er nauðsynlegt að reyna að klára það. Ég held að við séum allir sammála um það.

Hvað sem öðru líður eins og ég kom hér inn á með Sundabraut og fleiri framkvæmdir, mislæg gatnamót Hallsvegar og Vesturlandsvegar sem auðvitað þurfa að koma til, bara blasir þessi staðreynd við, því miður. Eftir því sem fréttir herma úr herbúðum borgarverkfræðings er unnið þar mjög kröftuglega og ötullega að því að koma einhverju skikki á þessi mál þannig að við gætum væntanlega farið að sjá fram undan þessi gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar sem afar mikil þörf er fyrir. (**GÁS:** Hápólitísk gatnamót.) Hápólitísk.

[16:58]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að rifja upp um hvað þessi álitamál snerust. Ég vil enn og aftur undirstrika að ég lagði ekki upp í þessa ferð með það í huga að fara í hefðbundna togstreitu þéttbýlis og dreifbýlis. Ég ætla að rifja það upp að þegar þingmenn Reykjavíkur úr Samfylkingunni héldu því til haga, eins og þeirra er skylda, að það vantaði meiri peninga í vegaframkvæmdir í Reykjavík og að af þessum 6 milljörðum kr. sem duttu af himnum ofan kæmi einungis 1 milljarður á suðvesturhornið, þ.e. ekki til Reykjavíkur heldur á höfuðborgarsvæðið allt, upphófst söngur, m.a. hv. þingmanna Reykjavíkur úr Sjálfstfl., um að R-listinn hefði ekki unnið heimavinnuna sína, það væri ekki hægt að láta þá hafa meiri peninga því þeir gætu ekki notað þá. (**GHall:** Þetta er rangt.) Rangt? Þetta er kjarni málsins.

Ég var að halda þessu til haga. Og það er eftirtektarvert að þessir þingmenn borgarinnar skuli telja sitt helgasta hlutverk að standa í skömmum gagnvart borgarstjórnarmeirihlutanum og vera sparir á fjármuni til Reykjavíkurborgar vegna þess að þar er stjórnmálaafl sem heitir R-listinn og stýrir borginni nú um stundir. Ég hélt að menn horfðu stærra á þetta mál en svo. Ég vil a.m.k. reyna að gera það. Ég sagði meira að segja hér áðan, herra forseti, þó að ég sé hluti af stjórnarandstöðunni að sitthvað í þessum pappírum væri í lagi og margt býsna gott þó að auðvitað vildi ég hafa eitt og annað öðruvísi. Horfum á þetta mál í dálítið stærra samhengi.

Ég vek einnig athygli á því, herra forseti, að hæstv. ráðherra sneri við þessari gömlu plötu um að hér vantaði skipulag og hér vantaði færni hjá R-listanum og sagði að aldrei hefðu meiri peningar farið til höfuðborgarinnar en nú. Þetta rakst auðvitað hvað á annars horn. (**GHall:** Bara loka fyrir.)

[17:01]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Í dag hafa farið fram góðar umræður um þennan stóra og mikilvæga málaflokk sem allir alþingismenn eru sammála um að skipti miklu fyrir byggð í landinu.

Í upphafi er vert að skoða að á þessu áætlunartímabili frá 2003–2014, sem skipt er í þrjú tímabil, eru 80 milljarðar ætlaðir á hverju tímabili til vegaframkvæmda, samtals 240 milljarðar sem er engin smáupphæð. Það er einnig rétt og nauðsynlegt að vekja athygli á því að hvergi annars staðar í Evrópu eru ríkisstjórnir að veita jafnmikið fjármagn til samgöngumála og við Íslendingar nú. Það er líka athyglisvert, af því að hér hefur verið vitnað til erinda sem bárust

samgn. og til nokkurra aðila sem senda inn umsagnir um þetta mikilvæga mál og tjá sig um ágæti þessa máls. Ég tók t.d. eftir því að allir þingmenn sem hér töluðu í dag voru á einu máli um að þetta væri hið besta mál, þ.e. samræmd samgönguáætlun vega, hafna og flugvalla.

Í áliti Umferðarstofu segir, með leyfi forseta:

„Góðir vegir eru meðal grundvallarþátta til að skapa umferðaröryggi. Þess vegna er fagnaðarefni hversu vel og markvisst hefur verið unnið á undanförnum árum að því að afla upplýsinga um veður og aksturskilyrði á vegakerfinu. Það er grundvallaratriði til að hægt sé að koma áreiðanlegum skilaboðum til vegfarenda, sem væntanlega leiðir af sér öruggari og betri umferð.

Ástæða er til að fagna þeim viðhorfum sem felast í tillögunni, að markmið stefnumörkunarinnar sé að gera samgöngur eins hraðar og kostur er, en að öryggi sé alltaf haft að leiðarljósi. Einnig telur Umferðarstofa ástæðu til að fagna áherslum á rannsóknir sem leiða til enn frekara öryggis á næstu árum."

Og Byggðastofnun segir:

„Byggðastofnun telur mikilvægt að samgönguáætlun stuðli að því að efla búsetuskilyrði og styrkja samkeppnisstöðu atvinnulífsins á landsbyggðinni, svo sem kveðið er á um í þingsályktun um stefnu í byggðamálum 2002–2005 og athugasemdum við hana. Byggðastofnun telur tillögu að samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 í meginatriðum uppfylla þessi markmið, og bendir sérstaklega á mikilvægi markmiða um greiðari samgöngur og markmið um öryggi í samgöngum."

Herra forseti. Margir þingmenn hafa rætt um þessi mál, m.a. hv. þm. Jón Bjarnason. Hann kom m.a. inn á að eðlilegt væri að stytta leiðir en vildi þó geta þess sérstaklega að byggðir ættu ekki að bíða tjón af því, t.d. ef stytting leiða leiddi til að þjóðvegi yrði breytt og viðkomandi byggðarlag lægi ekki að þjóðveginum. Við vitum alveg hvaða byggðarlag þingmaðurinn á við. Vandinn er bara að það verður mjög erfitt að stytta leiðir, t.d. Akureyri – Reykjavík, öðruvísi en að það komi niður á öðrum byggðarlögum. Það er okkur öllum ljóst. Þingmönnum hlýtur líka að vera ljóst að nútíminn gerir kröfu til þessa — eins og gert er ráð fyrir í samgönguáætlun — að það taki þrjár og hálfa klukkustund fyrir fólk í hinni dreifðu byggð að komast til höfuðborgarinnar sem og frá höfuðborginni til hinna dreifðu byggða.

Verður ekki að stytta leiðir milli byggðarlaga, tökum t.d. til Norðurlands, líka ef horft er til Austurlands, til Egilsstaða og fleiri staða og að sjálfsögðu Vestfjarða? Við stöndum frammi fyrir því að gera þarf bragarbót á og það er alveg ljóst að einhverjar byggðir munu gjalda þess. Það er þá mál sem bregðast þarf við, ekki sem vanda heldur sem úrlausnarverkefni.

Hér var komið inn á sjóflutningana. Ég get tekið undir að það er ákveðið vandamál sem við stöndum frammi fyrir. Það er kannski tengt því sem ég var að segja áðan. Fólkið í hinum dreifðu byggðum vill fá matvörur mörgum dögum fyrir síðasta söludag. Það vill ekki að vörurnar komi í heimabyggð sína á síðasta söludegi. Á því er miklu meiri hætta ef sjóflutningar eru viðhafðir en ekki haldið áfram að þróa flutninga með bifreiðum eins og verið hefur.

Í samgönguáætlun eru sett fram áform um að skoða samkeppnisstöðu sjóflutninga gagnvart landflutningum og leitað leiða til þess að leiðrétta þann mun sé hann til staðar. Einnig hefur nokkur vinna farið fram á þessu sviði, einkum á vegum Hafnasambandsins. Fátt bendir þó til að þeirri þróun sem nú hefur staðið í um 10 ár verði snúið til baka í fyrirsjáanlegri framtíð. Spyrja mætti hvort einhver vilji í raun breytingar til eldra fyrirkomulags. Í dag er þjónustan við íbúa dreifbýlisins margfalt betri en áður var. Þetta er staðreynd sem blasir við.

Þá komum við að forgangi í áætluninni sem mikið hefur verið rætt um. Skipting fjár milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðarinnar er ákveðin þannig að tekinn er heildarkostnaður á báðum stöðum eins og hann var metinn í markmiðum fyrir höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina og bæði svæðin fengu hlutfallslega jafnmikið. Röðin er síðan ákveðin samkvæmt þeim áætlunum sem til eru, þ.e. langtímaáætlun í vegagerð, eldri vegáætlun og svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Hv. þm. Jón Bjarnason sagði að hann teldi ekki nægjanlega komið inn á öryggisþáttinn í þessari samræmdu samgönguáætlun. Um hann er hins vegar getið í umsögn okkar sem stöndum að nál. meiri hluta nefndarinnar. Það er umhugsunarefni sem komið hefur fram hjá hv. þm. sem töluðu í dag að eðlilegt væri að skoða öryggismálin og hvort ekki sé eðlilegt að flytja þau til samgrn.

Komið var inn á reiðhjólafólk og umferð gangandi fólks. Það er rétt að það hefur ekki verið hugað sem skyldi að þeirri umferð í samræmdri samgönguáætlun. Í þéttbýli hafa hins vegar í auknum mæli verið lagðir göngustígar. Þeir hafa jafnframt verið notaðir sem hjólreiðastígar. Nú er horft til lagningar Reykjanesbrautar og viðbótar sem þar verður. Þar verður hjólandi umferð haldið frá hraðbrautinni en umferð þeirra beint inn á eldri vegi sem fyrir eru og reynt að gera hlut hjólreiðamanna sæmilegan. Enda er líklega hvergi hjólað meira en á milli Reykjaness og Reykjavíkur, þ.e. yfir sumarmánuðina þegar flestir ferðamenn koma til landsins.

Við erum sammála um að endurskoða safnvegi og tengivegi. Hv. þm. Jón Bjarnason lýsti síðan yfir áhyggjum sínum af lækkun á framlögum til hafna og ræddi siglingar skipa og að strandferðir væru að leggjast niður. Í því sambandi er athyglisvert að skoða niðurstöður nefndar sem skilaði nýlega áliti um stöðu sjóflutninga gagnvart landflutningum. Í þeirra greinargerð kemur m.a. fram að það er 70% dýrara að flytja 40 feta gám landleiðina frá Vestfjörðum til Reykjavíkur á móti því sem væri ef þessi gámur væri fluttur sjóleiðina.

Það skipafélag sem eitt stundar enn strandferðir, þ.e. Eimskip, hefur lýst því yfir að sé ákveðinn gámafjöldi til staðar í höfnum þá muni þeir fara inn og sækja gámana. En getur verið að fiskvinnslan á mismunandi stöðum sé ekki samtaka um að keyra gáma til tiltekinnar hafnar og safna þeim þar til að skip komi inn og taki gámana og flytji þá á áfangastað, með það að leiðarljósi og þær upplýsingar að það sé 70% dýrara að flytja 40 feta gám landveg en sjóveg? Hvað kemur í veg fyrir að þessir gámar séu fluttir sjóleiðina? Getur verið að það sé andstaða á milli hafna eða byggðarlaga um að sameinast um einhverja eina ákveðna útflutningshöfn? Er það kannski vegna þess að þá fær viðkomandi höfn vörugjöld, skipagjöld o.s.frv.? Þetta er mjög áhugavert að skoða og þarf auðvitað að gera það. Hvernig stendur á því að menn fara þá leið að flytja gámana landleiðina í ljósi þessara staðreynda?

Hv. þm. Jón Bjarnason vék jafnframt að því að það væri mjög alvarlegt mál að ekki kæmi fram í þessari samræmdu samgönguáætlun neitt um millilandasiglingar. Það er rétt að við stöndum frammi fyrir ákveðnum vanda hvað flutninga áhrærir. Ég held að við séum öll sammála um að eyþjóð í Norður-Atlantshafi verður auðvitað að eiga kaupskipaflota

til að vera sjálfri sér nóg ef eitthvað gerðist í heiminum þannig að erfitt yrði að fá skip til að flytja vörur til og frá landinu. Hins vegar hefur þróunin verið sú varðandi kaupskipaflotann að mikið hefur verið um svokallaða þurrleigu þar sem skipafélögin hafa notast við tilfallandi flutninga hverju sinni, ýmist notast við skip sem flytja minna magn eða meira magn, allt eftir þörfum markaðarins.

Hv. þm. kom inn á það sem við segjum í álitinu um samstarf við hafnarstjórnir úti á landi. Það var ekki gert að þessu sinni en mun verða tekið upp að nýju. Þar er ekki breyting á nema vegna þessa þreps sem hér er stigið í samgönguáætlun 2003–2014.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson kom eins og aðrir þingmenn inn á að hann væri ánægður með þessa samræmdu samgönguáætlun. Hann telur þó menn ekki nógu metnaðarfulla í samgöngumálum þar sem of litlum fjármunum, sé varið til þeirra. Ég vék að því í upphafi máls míns að á þessu tímabili 2013–2014 er hvorki meira né minna en 240 milljörðum varið til þessara framkvæmda. Þar er ekki um neina smáupphæð að ræða.

Þegar talað er um hvernig skipta skuli þessu fjármagni þannig að það nýtist sem best koma fram miklar kröfur. Meira er talið liggja á framkvæmdum í einu kjördæminu frekar en öðru. Þá er ekki alltaf litið á hagkvæmni framkvæmdanna, t.d. þegar spurt er: Hvers vegna er ekki sett lýsing á Hellisheiði? Nú er hins vegar búið að veita aukafjármagn til að bæta þar um, þ.e. með svokölluðum vegöxlum, þ.e. þungaflutningabílar munu þá ekki tefja umferð akandi upp í móti. Það er eitt af hinu góða sem fram undan er.

Varðandi samgöngumál til Vestmannaeyja vil ég benda á það sem hæstv. samgrh. kom inn á í sambandi við Bakkafjöru sem er mjög áhugavert. Ég er ánægður með að hafa staðið að flutningi þeirrar þáltill. um rannsóknir þar. Ég vona að því verði mjög hraðað. Við tökum öll undir það að samgöngum við Vestmannaeyjar sé komið í gott horf, ekki eingöngu vegna þess að við viljum efla flutningakerfið heldur fólksins vegna.

Í sambandi við það sem hér kemur varðandi þjóðvegi og flutninga t.d. til Grímseyjar og Vestmannaeyja þá er eðlilegt að stuðla að því að ekki sé stórkostlegur aukakostnaður af því fyrir íbúa eyjanna að búa þar, eða eins og segir í lögum nr. 71/2002, um samgönguáætlun, með leyfi forseta:

„Í samgönguáætlun skal skilgreina það grunnkerfi sem ætlað er að bera meginþunga samgangna og gera skal grein fyrir ástandi og horfum í samgöngum í landinu. Jafnframt skal mörkuð stefna fyrir allar greinar samgangna næstu tólf ár. Þá skal í samgönguáætlun meta og taka tillit til þarfa ferðaþjónustunnar fyrir bættar samgöngur.

Í samgönguáætlun skal gera ráð fyrir eftirfarandi skilyrðum:

a. að ná fram samræmdri forgangsröð og stefnumótun,

b. að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla,

c. að ná fram víðtæku samspili samgöngumáta og samstarfi stofnana samgönguráðuneytisins.“

Menn ætla að leggja sig fram um að ná betri nýtingu, t.d. á fluginu. Það er hins vegar athyglisvert, af því að hv. þm. Jón Bjarnason kom inn á það og taldi eðlilegt að Gjögur og Vopnafjörður kæmi inn í grunnnetið, að flugmálastjóri kom á fund hv. samgn. og gerði grein fyrir grunnnetinu og hvaða þýðingu það hefði fyrir einstaka flugvelli, m.a. Vopnafjörð og Gjögur. Í máli hans kom fram að fjárhagslega muni það ekki hafa nein neikvæð áhrif á þessa tvo flugvelli að því er varðar viðhald og fjármagn til þessara flugvalla. Ég vona að hv. þm. minnist þessa.

Í samgönguáætlun segir, með leyfi forseta:

„Um 85% allra farþega í innanlandsflugi fara um fimm flugvelli landsins, þ.e. Reykjavík, Akureyri, Egilsstaði, Ísafjörð og Vestmannaeyjar. Flestir þessara farþega eru á leið til eða frá Reykjavík, þótt einnig sé um að ræða farþega á flugleiðum innan svæða, þ.e. til og frá Akureyri og milli Vestmannaeyja og Bakka. Um 15% farþega fljúga á öðrum flugleiðum til og frá Reykjavík, einkum til Bíldudals, Sauðárkróks, Hornafjarðar og Gjögurs.“

Í þessari samgönguáætlun kemur síðan fram nokkuð sem hlýtur að vekja áhuga íbúa hinna dreifðu byggða, þ.e. sú ætlan að stytta leiðina til og frá höfuðborgarsvæðinu. Það var komið inn á það áðan að rétt væri fyrir íbúa landsins að skoða þessar samgönguáætlanir. Þessar áætlanir eru komnar inn á vefsíðu Alþingis þannig að það er mjög auðvelt fyrir almenning að nálgast samgönguáætlunina fyrir tímabilið 2003–2014. Ég hvet fólk til að kynna sér þessi mál.

Ég hefði auðvitað viljað svara fleirum og koma inn á fleiri atriði. Ég ætla tímans vegna ekki að segja meira í bili. Nokkrir þingmenn tíunduðu hér einstakar vegaframkvæmdir í kjördæmum sínum. Ég ætla ekki að koma inn á þau mál en vil minnast aðeins á annað sem skiptir afar miklu máli varðandi þessa samgönguáætlun, af því að hér var talað um að við værum að tefla höfnunum saman vegna væntanlegs hafnalagafrv. sem kemur til umræðu síðar. Það er athyglisvert að bæði formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og formaður Hafnasambands sveitarfélaga eru sammála um að vinna að framgangi þess máls sem og þessarar þáltill. um samræmda samgönguáætlun.

Herra forseti. Ég gæti talað lengur vegna þess að hér voru fluttar margar ræður sem full ástæða væri til þess að víkja að. Tímans vegna mun ég ekki gera það en kannski gefst tilefni til þess síðar.

[17:21]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. og formanni samgn., Guðmundi Hallvarðssyni, fyrir góðar undirtektir við ábendingum sem ég setti fram í nál. mínu. Ég vildi inna þingmanninn frekar eftir því.

Í umræðunni um sjóflutninga og flutninga meðfram ströndum landsins er sú breyting að verða á að flutningarnir færast upp á land án þess að menn sjái endilega skýr hagkvæmnisrök fyrir því. Við þekkjum pakkaflutninginn, sem getur verið eðlilegur, en varðandi þungaflutninga er spurt hvort svo eigi að vera. Í fjölmörgum skýrslum, m.a. í þessum þingsályktunartillögum sem við höfum hér til meðferðar er kveðið á um að rannsaka þurfi og gera úttekt á samkeppnisstöðu sjóflutninga miðað við landflutninga, hagkvæmni þeirra og allt sem að þeim lýtur til að þróunin verði þá þáttur í þeirri þróun samgöngumála sem við viljum að verði.

Ég vil því spyrja hv. þm. hvort hann sé ekki sammála mér um að þessi úttekt þurfi að fara fram, nákvæm skoðun á samkeppnisstöðu og möguleikum sjóflutninga og stöðu þeirra í samgöngukerfi þjóðarinnar. Ég tel mjög mikilvægt að við förum í þá vinnu og skoðum hana. Ég spyr hv. þm. hvort hann sé ekki sammála mér um að þetta sé mjög brýnt.

[17:23]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli mínu áðan þá finnst mér ákaflega sérkennilegt, í ljósi þeirra upplýsinga sem komu fram hjá þeirri nefnd sem var að skoða flutningsleiðir á landi og sjó, að framleiðendur sjávarafurða um hinar dreifðu byggðir skuli velja landleiðina þrátt fyrir að 70% dýrara sé að flytja 40 feta gám landleiðina en sjóleiðina.

Ég hlýt að taka undir með hv. þm. Jóni Bjarnasyni með að þetta er mjög athyglisvert og nauðsynlegt að skoða og meta að nýju þær flutningsleiðir sem farnar hafa verið og ræða við skipafélögin um hvers vegna þau ástundi ekki strandferðir. Eimskip sinnir strandsiglingum en hvers vegna lagði Samskip þetta af og keypti vöruflutningabíla til að flytja landleiðina? Þetta er mjög áhugavert. Ég tek undir það að full ástæða er til að skoða þetta.

[17:26]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil fyrst segja að eins og við er að búast þegar samin er samgönguáætlun til tólf ára sem á að ná til allra þátta samgöngumála, sér maður þar ýmislegt órökstutt og ýmislegt sem þarf frekari athugunar við. Ég skal ekki fara djúpt í þá sálma en vil á hinn bóginn vekja athygli á því að fallist hefur verið á að Grímsey fari inn í grunnnetið. Sömuleiðis tel ég nauðsynlegt að flugvöllurinn á Vopnafirði verði tekinn inn í grunnnetið og (Gripið fram í.) hef ekki heyrt rök fyrir því að svo skuli ekki, en Vopnafjörður fellur innan þeirrar skilgreiningar sem sett er fram í skýrslunni um hvað skuli vera í grunnneti.

Auðvitað hefur þetta enga hernaðarlega þýðingu að þessu sinni en mér þykir rétt að við undirbúning nýrrar slíkrar áætlunar verði þetta tekið til athugunar og úr þessu bætt. Sömuleiðis legg ég áherslu á það, eins og raunar er gert í nál. meiri hluta samgöngunefndar, að óhjákvæmilegt er að fara yfir það nákvæmlega hvaða vegir eru í grunnnetinu. Einnig þarf að huga að flokkun vega, stofn- og tengivega, eftir kjördæmum. Öðrum þræði eru slíkir vegir að sjálfsögðu grundvöllur þeirra fjárveitinga sem fara til samgöngumála. Að hinu leytinu eru gefin út vegakort af Vegagerðinni sem taka mið af þessari upptalningu. Þess vegna er óhjákvæmilegt að taka þetta til athugunar.

Ég vil í framhaldi af því sérstaklega benda á veg um Mývatnsheiði hjá Stöng. Einnig er óhjákvæmilegt að gera sér grein fyrir því sambandi að vegurinn frá hringvegi niður í Kelduhverfi og niður í Öxarfjörð með Jökulsá á Fjöllum er millibyggðavegur. Samkvæmt þeirri skilgreiningu og þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru af Vegagerðinni á sú leið að vera hér inni. Ég get á hinn bóginn engum kennt um það nema sjálfum mér sem gömlum samgrh. að hafa ekki komið þessu í lag á þeim tíma. Ég vek hins vegar athygli á þessu nú. Það á raunar einnig við um veginn hjá Stöng, að ég hafði ekki áttað mig á því að hann væri ekki þar með eins og ýmsir vegir sem síður eiga þarna heima.

Ég vil þess vegna láta í ljós sérstaka ánægju yfir því að samgn. skuli hafa vakið athygli á þessu í nál. sínu og að það megi búast við að Vegagerðin geri samgn. innan tveggja ára grein fyrir þeim forsendum sem lagðar eru fyrir skiptingunni og skilgreiningunni. Um leið lýsi ég ánægju minni yfir því að hér er sérstaklega tekið fram að Vegagerðin, og ég lít raunar svo á að það gildi um stofnanir samgrn., hætti að miða við gömlu kjördæmaskipanina sem ekki er lengur í gildi og veg-áætlun verði framvegis miðuð við hin nýju kjördæmi, sem eru auðvitað eðlileg vinnubrögð.

Ég vil í annan stað lýsa ánægju minni yfir þeirri yfirlýsingu nefndarinnar að beina því til Vegagerðarinnar að athuga hvernig megi stytta vegalengdir. Ég hefði að sjálfsögðu kosið að þarna væri tekið dýpra í árinni því að það sem mestu skiptir í því sambandi er að stytta leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur. Ég hef lagt fram tillögur um það, eins og ég veit að sumum a.m.k. í samgn. er kunnugt, að hægt sé að stytta leiðina um rúmlega 80 km eða um nær $^1/_4$ með því að fara Mosfellsheiði, Kaldadal, Hallmundarhraun hjá Réttarvatni, Stóra-Sand sunnan Blöndulóns, sunnan Mælifells og upp Norðurárdal. Vegurinn er að vísu hár á nokkrum kafla en það er athyglisvert í þessu sambandi að uppi eru hugmyndir og tillögur um að leggja veg um Kaldadal sem sé opinn allt árið fyrir ferðamenn, fullkominn veg sem byggður yrði í samræmi við fyllstu kröfur og staðla Evrópusambandsins og mundi nýtast sem þungaflutningavegur. Það hefur líka verið talað um að byggja upp veginn yfir Kjöl en auðvitað er þá óhjákvæmilegt að fara sunnan Blöndulóns og sunnan Mælifells í Norðurárdal þannig að sá spölur sem eftir yrði er þá einungis leiðin frá Kjalvegi eins og hann er nú yfir Stóra-Sand að Kalmanstungu eða í Borgarfjörð. Þetta eru ekki nema 70–80 km og ef við horfum á þær tillögur sem fyrir liggja um kostnað við að stytta vegalengdir yrði þetta langsamlega ódýrasta vegagerðin sem við eigum völ á til þess að ná fram hagræðingu með styttri vegalengdum.

Ég hef vakið athygli á því að undir þessum kafla vegarins er auðvelt að standa með veggjaldi eins og gert er með Hvalfjarðargöngum. Þau stytta leiðina um 42–45 km. Hér erum við að tala um 55 km styttingu ef farið yrði niður Borgarfjörð en yfir 80 km styttingu ef Kaldidalur yrði farinn. Það er öldungis ljóst að í öllum löndum veraldar mundu menn sérstaklega leita eftir því að stytta vegalengdir á milli tveggja helstu framleiðslu- og byggðasvæða landsins, í þessu tilviki Akureyrar og Reykjavíkur. Ég vil líka í þessu sambandi benda á að hægt hefur gengið að byggja upp og lagfæra gamla hringveginn um Borgarfjörð, Húnavatnssýslu og upp Skagafjörð. Það eru endurbætur sem auðvitað þarf ekki að leggja í á mörgum stöðum ef í þennan veg yrði ráðist.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann eigi eftir mikið af ræðu sinni. Gert var ráð fyrir atkvæðagreiðslu um kl. hálfsex.)

Ég bjóst við því, herra forseti, að ég fengi að tala meira en 8 mínútur, a.m.k. lengur en eina mínútu, en ég óska eftir að fá að gera hlé á ræðu minni.

Umræðu frestað.

Heilbrigðisþjónusta, frh. 2. umr.

Stjfrv., 453. mál (stofnkostnaður, stjórnir stofnana o.fl.). — Þskj. 656, nál. 1076, brtt. 1077, 1134 og 1149.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[17:40]

Þuríður Backman *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þessar lagabreytingar ganga út á að hafa skýrari skipti á milli hlutverks ríkisins og sveitarfélaga hvað

varðar rekstur og byggingar heilbrigðisstofnana og við styðjum það. En að sama skapi er lagt til að leggja niður núverandi stjórnir þessara sömu heilbrigðisstofnana og við erum því mótfallin. Við leggjum aftur á móti til að hlutverki stjórnanna verði breytt og það verði hlutverk stjórna að hafa eftirlit með rekstri heilsugæslustöðva og vera ráðgefandi varðandi þjónustu stofnananna. Það er mikilvægt að hafa þessa tengingu inn í nærumhverfi og við viljum halda henni. Við teljum hins vegar til bóta að styrkja lagastoð fyrir framkvæmdastjórn og eins það hlutverk sem henni er ætlað með þeim brtt. sem hér koma fram, þ.e. til að auka lýðræðið, auka þátttöku og ábyrgð starfsmanna og þátttöku íbúa þeirra stofnana sem þessar heilbrigðisstofnanir eiga að þjóna. Því styðjum við það.

[17:42]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við erum að greiða atkvæði um málefni heilbrigðisþjónustunnar og við styðjum þetta mál að öllu leyti nema því að við teljum að íbúalýðræði eigi að hafa í meiri hávegum. Þess vegna hefur komið fram brtt. frá Kristjáni L. Möller um að áfram verði stjórnir við heilsugæslustöðvar og sjúkrahús og er nánar kveðið á um hvernig þær skuli skipaðar í brtt. á þskj. 1134. Við munum að sjálfsögðu styðja þær brtt. en engu að síður var komið allmjög til móts við okkur í nefndinni þar sem lagt er til að framkvæmdastjórnir muni að hluta til sinna hlutverki þessu þannig að ef svo ólíklega vill til að tillaga okkar verði felld munum við að sjálfsögðu styðja tillögu nefndarinnar.

Brtt. 1149,1 felld með 26:8 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, LB, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: AHB, ArnbS, ÁMöl, BjörgvS, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, TIO, VS, ÞKG.

9 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KVM, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, StB, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1134,1 felld með 25:18 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ.

nei: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, TIO, VS, ÞKG.

20 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, StB, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1077,1 (ný 1. gr.) samþ. með 36:6 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, KVM, KF, KÓ, LMR, LB, MS, PHB, SI, SJóh, SF, SvanJ, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

21 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, StB, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

2.–3. gr. samþ. með 38:2 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, KVM, KF, KÓ, LMR, LB, MS, PHB, SI, SJóh, SF, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack.

nei: SJS, ÖJ.

23 þm. (ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, HÁs, JóhS, JB, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, StB, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1134,2 felld með 25:12 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, KVM, LB, SJóh, SvanJ.

nei: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, TIO, VS, ÞKG.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, StB, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:44]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Í þessari brtt. er ráð fyrir því gert að fulltrúar sveitarfélaganna komi, eins og verið hefur, að stjórnum heilsugæslustöðva. Það er afskaplega mikilvægt að heimamenn hafi eitthvað um það að segja hvernig þessi grunnþjónusta er innt af hendi. Þannig hefur það verið árum saman og gefist aldeilis prýðilega og mér er fyrirmunað að skilja þær röksemdir sem er að finna í frv. hæstv. ráðherra þess efnis að þarna skuli skilja fullkomlega á milli.

Þessi brtt. gerir með öðrum orðum ráð fyrir því að þessum mikilvægu tengslum verði haldið. Ég veit að sveitarstjórnarmenn fyrr og síðar í þessum sal þekkja mikilvægi þess að koma að þessari þjónustu og ég vænti þess að þeir styðji þessa brtt., ég trúi tæplega öðru þó að ýmislegt bendi til annars.

Brtt. 1149,2 felld með 25:15 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JB, KVM, KolH, LB, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, TIO, VS, ÞKG.

3 þm. (JÁ, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, StB, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1077,2 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, KVM, KF, KÓ, KolH, LMR, MS, PHB, SI, SJóh, SF, SJS, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖJ.

1 þm. (GÁS) greiddi ekki atkv.

24 þm. (ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, HÁs, HBl, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, StB, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 1149,3 felld með 25:7 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
nei: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, TIO, VS, ÞKG.
11 þm. (ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KVM, LB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, StB, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 35:6 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, KVM, KF, KÓ, LMR, LB, MS, PHB, SI, SJóh, SF, SvanJ, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (GÖ) greiddi ekki atkv.
21 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, StB, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1134,3 felld með 25:18 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ.
nei: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, TIO, VS, ÞKG.
20 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, StB, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1077,3 (nýr a-liður 7. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, KVM, KF, KÓ, KolH, LMR, LB, MS, PHB, SI, SJóh, SF, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (JB) greiddi ekki atkv.
20 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SJS, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

7. gr., a-liður (verður b-liður), samþ. með 39 shlj. atkv.

7. gr., b–d-liðir (verða c–e-liðir), samþ. með 35:6 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, KVM, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SJóh, SF, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
22 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, GÁS, GÖ, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1134,4.a felld með 33:11 atkv. og sögðu
já: ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, KVM, LB, SJóh.
nei: AHB, ArnbS, ÁSJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, KF, KÓ, KolH, LMR, MS, PHB, SI, SF, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
19 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1134,4.b felld með 26:10 atkv. og sögðu
já: BjörgvS, BH, GE, GAK, GÁS, JÁ, KVM, LB, SJóh, SvanJ.
nei: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.
6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GÖ, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 1149,4 felld með 26:12 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, JB, KVM, KolH, SJóh, SJS, ÞBack.
nei: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.
2 þm. (JÁ, SvanJ) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BjörgvS, BBj, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1077,4.a samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KVM, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SJóh, SF, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG.
6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, HÁs, JÁ, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 1077,4.b samþ. með 41 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, KVM, KF, KÓ, LMR, LB, MS, PHB, SI, SJóh, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.
6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:52]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það frv. sem nú er verið að greiða atkvæði um er byggt á samkomulagi sem gert hefur verið milli ríkis og sveitarfélaga um breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og var undirritað 4. desember sl. Í því

samkomulagi er gert ráð fyrir að stjórnir sjúkrahúsa, eins og þær hafa verið, skuli ekki skipaðar. Ég er þeirrar skoðunar að rétt sé að í deildaskiptum sjúkrahúsum eins og á Akureyri, sem er háskólasjúkrahús, sé skipuð sérstök stjórn með skilgreindu hlutverki í samræmi við þá stöðu sem sjúkrahúsið hefur rétt eins og stjórn verður áfram yfir Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi.

Ég sé ekki ástæðu til að standa gegn því samkomulagi sem hér hefur verið gert en lýsi yfir þeim vilja mínum að ég tel rétt að sérstök stjórn sé yfir Sjúkrahúsinu á Akureyri eins og sérstök stjórn er yfir Landspítalanum.

Brtt. 1134,5 felld með 26:18 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ.

nei: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.

19 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1149,5 kom ekki til atkv.

Brtt. 1077,5 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, KVM, KF, KÓ, KolH, LMR, LB, MS, PHB, SI, SJóh, SF, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (JB) greiddi ekki atkv.

20 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, GunnB, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, KVM, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SJóh, SF, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, HÁs, HBl, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

10.–11. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, KVM, KF, KÓ, KolH, LMR, MS, PHB, SI, SJóh, SF, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (JB) greiddi ekki atkv.

22 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

12. gr. samþ. með 32:7 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SJóh, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, JB, KolH, LB, SJS, ÞBack, ÖJ.

24 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, GAK, GÁS, HÁs, HBl, JóhS, JBjart, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [17:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég skil ekkert í afgreiðslu þessa máls hér. Meira að segja virðulegur forseti þingsins kemur upp og fer með algerlega staðlausa stafi um að sú ákvörðun að fella niður stjórnir heilbrigðisstofnana annarra en Landspítala – háskólasjúkrahúss sé hluti af samkomulagi við sveitarfélögin. Það er rangt. Samkomulagið við sveitarfélögin laut að kostnaðarskiptingu og því að sveitarfélögin féllust þar með á að þau ættu ekki lengur sem slík kröfu á fulltrúa inn í þessar stjórnir þannig að það liggur fyrir skjalfest. Að öðru leyti er það ekki vilji sveitarfélaganna að þessar stjórnir séu slegnar af. Og ég botna ekkert í þessu slysi sem hér er að verða og skil ekki af hverju hæstv. heilbrrh. og stjórnarmeirihlutinn fellst ekki á að fresta þessum óskynsamlegu breytingum og setja þær inn í það ferli sem er að hefjast í heildarendurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu.

Til marks um vinnubrögðin, herra forseti, á að fara að láta okkur greiða atkvæði um það að þessi lög öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda 1. janúar 2003. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Ég segi nei.

Ákvæði til brb. I–III samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KVM, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SJóh, SF, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, GE, GAK, GÁS, HÁs, JÁ, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 37:2 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BH, DO, DrH, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, KVM, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SJóh, SF, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

nei: ÁSJ, JB.

24 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, EMS, HÁs, JóhS, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Almannavarnir o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 464. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 702, nál. 1047 og 1085, brtt. 1052.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:01]

Brtt. 1052,1 samþ. með 25:18 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ.
20 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, HÁs, HBl, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:58]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Almannavarnir ríkisins hafa sinnt hlutverki sínu af stakri prýði undanfarna áratugi. Með þessu frv. er ætlunin að leggja Almannavarnir ríkisins niður. Almannavarnir hafa gegnt því hlutverki að vera nokkurs konar hattur fyrir alla sem koma að björgun og öðru slíku í almannavarnaástandi. Hér er ætlunin að leggja þessa stofnun niður og gera hana að deild hjá ríkislögreglustjóra. Verði frv. að lögum er ætlunin að fækka sérhæfðum starfsmönnum sem koma að þessu verkefni. Markmiðið er einnig að minnka um helming framlög til almannavarna í landinu og, virðulegi forseti, ég tel þetta algerlega óásættanlegt og segi því nei.

[17:59]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Með skýru hlutverki almannavarnaráðs og stjórnsýsluábyrgð ríkislögreglustjóra er verið að stytta boðleiðir og skerpa ábyrgð þeirra sem að almannavörnum koma. Þetta frv. eins og það liggur nú fyrir mun styrkja enn frekar almannavarnir í landinu og styðja m.a. uppbyggingu sameiginlegrar stjórnstöðvar leitar og björgunar. Þetta kom skýrlega fram, herra forseti, í máli m.a. forsvarsmanna Slysavarnafélagsins Landsbjargar og reynslumikilla starfsmanna Almannavarna ríkisins. Hér gefst okkur, herra forseti, tækifæri til að efla öryggi landsmanna og því segi ég já.

[18:00]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við teljum þessar lagabreytingar vera misráðnar. Almannavarnir ríkisins hafa með höndum samhæfingarstarf þar sem samhæft er starf lækna, hjúkrunarfólks, aðila frá Vegagerð, sveitarstjórna, sjúkraflutningamanna og fleiri sem koma þar við sögu. Margvíslegt forvarnastarf er á hendi Almannavarna ríkisins sem nú verður fært allt undir embætti ríkislögreglustjóra. Við hefðum talið ráðlegra að efla Almannavarnir ríkisins sem sjálfstæða stjórnsýslueiningu.

1. gr., svo breytt, samþ. með 24:18 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ.
21 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, GHall, HÁs, ÍGP, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 1052,2 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 25:18 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ.
20 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, GHall, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1052,3 samþ. með 25:18 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ.
20 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, GHall, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 24:16 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, ÞBack, ÖJ.
23 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, GHall, HÁs, HBl, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

3.–4. gr. (verða 4.–5. gr.) samþ. með 25:18 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ.
20 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, GHall, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1052,4 samþ. með 25:18 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ.
20 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, GHall, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 24:18 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ.
21 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, GHall, HÁs, HjÁ, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 1052,5 (ný 6. gr., verður 7. gr.) samþ. með 24:18 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ.
21 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, GHall, HÁs, HjÁ, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

7.–8. gr. (verða 8.–9. gr.) samþ. með 25:16 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ.
22 þm. (ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GHall, GÁS, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1052,6 samþ. með 25:18 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ.
20 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, GHall, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

9. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 25:17 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÁS, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ.
21 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, GHall, GÖ, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

10. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 25:18 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ.
20 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, GHall, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1052,7 (ný 11. gr., verður 12. gr.) samþ. með 25:17 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ.
21 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, GHall, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 1052,8 (ný 12. gr., verður 13. gr.) samþ. með 24:17 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ.
22 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, EOK, EMS, GHall, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1052,9 (ný 13. gr., verður 14. gr.) samþ. með 24:17 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ.
22 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, EOK, EMS, GHall, HÁs, HBl, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1052,10 (ný 14. gr., verður 15. gr.) samþ. með 25:18 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ.
20 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, GunnB, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35:6 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, KVM, KF, KÓ, LMR, LB, MS, PHB, SI, SF, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
nei: BH, GAK, JB, KolH, SJS, SvanJ.
2 þm. (GE, SJóh) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Tollalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 611. mál (aðaltollhöfn í Kópavogi). — Þskj. 974, nál. 1130.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:05]
1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Réttarstaða samkynhneigðs fólks, frh. síðari umr.

Þáltill. GÖ o.fl., 132. mál. — Þskj. 132, nál. 1137.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:06]
Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, KVM, KF, KÓ, KolH, LMR, LB, MS, PHB, SI, SJóh, SF, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
21 þm. (ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EOK, EMS, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SJS, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1250).

Samfélagsleg áhrif álvers- og virkjunarframkvæmda, frh. síðari umr.

Þáltill. SvanJ, 511. mál. — Þskj. 849, nál. 1136.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:07]
Tillgr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, KVM, KF, KÓ, LMR, MS, PHB, SI, SJóh, SF, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
23 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, HÁs, HBl, JóhS, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SJS, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1251).

Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, frh. 2. umr.

Stjfrv., 375. mál. — Þskj. 427, nál. 1132.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:08]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1132,1 samþ. með 42 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1132,2 samþ. með 41 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1132,3 samþ. með 43 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1132,4 (ný fyrirsögn II. kafla) samþ. með 43 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Eldi nytjastofna sjávar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 680. mál (yfirstjórn fisksjúkdómamála, EES-reglur). — Þskj. 1103.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Lax- og silungsveiði o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 681. mál (innflutningur lifandi sjávardýra, EES-reglur). — Þskj. 1104.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 663. mál (vátryggingafélög). — Þskj. 1079.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:11]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 664. mál (lánastofnanir). — Þskj. 1080.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:12]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 665. mál (fylgiréttur höfunda). — Þskj. 1081.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:12]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 666. mál (umferð á sjó). — Þskj. 1082.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:12]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 667. mál (tóbaksvörur). — Þskj. 1083.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:13]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 668. mál (uppfinningar í líftækni). — Þskj. 1084.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:13]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 675. mál (endurútgáfa). — Þskj. 1098.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:14]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, KVM, KF, KÓ, KolH, LMR, LB, MS, PHB, SI, SJóh, SF, SJS, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
20 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, StB, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1253).

Stofnun hlutafélags um Norðurorku, frh. 3. umr.

Frv. iðnn., 687. mál (biðlaunaréttur starfsmanna). — Þskj. 1119.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:14]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, KVM, KF, KÓ, KolH, LMR, LB, MS, PHB, SI, SJóh, SF, SJS, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
20 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, EMS, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, StB, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1254).

Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014, frh. síðari umr.

Stjtill., 469. mál. — Þskj. 774, nál. 1156 og 1221, brtt. 1144 og 1222.

og

Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006, frh. síðari umr.

Stjtill., 563. mál. — Þskj. 911, nál. 1157, brtt. 1143. [18:15]

Halldór Blöndal (frh.):

Herra forseti. Ég gerði að umtalsefni hvaða þýðingu það hefur að hægt sé að stytta leiðir, sérstaklega þar sem miklir þungaflutningar fara um, og vék í því sambandi sérstaklega talinu að því að mér þætti rétt og nauðsynlegt að athuga hvort ekki sé rétt að athuga hvort skynsamlegt sé að athuga nýja vegleið milli Reykjavíkur og Akureyrar með því að fara niður Norðurárdal í Skagafjörð fyrir sunnan Mælifell, sunnan við Blöndulón, Stóra-Sand, hjá Réttarvatni til Borgarfjarðar og eftir atvikum um Þingvöll. Með þessum hætti er hægt að stytta vegalengdina um 55 km eða svo, með því að fara niður Borgarfjörð, en um rúmlega 80 km með því að fara Kaldadal og Mosfellssveit. Auðvelt er að sýna fram á að þessi vegagerð er mjög arðsöm og hagkvæm og ef við gerum ráð fyrir því að hin raunverulega viðbót sem þessi vegagerð felur í sér sé leiðin frá Kjalvegi í Borgarfjörð er hér að sjálfsögðu um langsamlega hagkvæmustu framkvæmd að ræða sem völ er á og einnig þótt litið sé til leiðarinnar í heild.

Ég hygg að það sé óhætt að fullyrða að með veggjaldinu sem ekki yrði hærra en það sem nú er greitt til að fara um Hvalfjarðargöng væri hægt að standa undir a.m.k. helmingi kostnaðar við alla leiðina. Auðvelt er að sýna fram á að með því að ráðast í þessa vegagerð væri hægt að draga stórkostlega úr endurbyggingu og viðhaldi á hringveginum sjálfum sem kominn er mjög til ára sinna og orðið mjög brýnt, allra hluta vegna, að ráðast í miklar lagfæringar á nema leitað verði annarra úrræða. Slíkur vegur eins og ég fitja hér upp á yrði að sjálfsögðu sérstaklega byggður fyrir þungaflutninga, hannaður með þá fyrir augum.

Nú hefur það auðvitað verið rætt mjög mikið á þinginu, sérstaklega af Samfylkingunni, hvaða nauðsyn beri til þess að lækka flutningskostnað. Hefur Samfylkingin talað mikið um þungaskatt í því sambandi sem menn verða auðvitað að greiða ef þeir kaupa olíu alveg eins og menn verða að greiða fyrir bensín og greiða bensínskatt ef bíllinn gengur fyrir bensíni. Eina leiðin til þess að lækka flutningskostnað

þegar í stað og til frambúðar er að sjálfsögðu að stytta leiðir. Ef leiðir eru styttar mjög mikið fer það strax að hafa afgerandi áhrif á kostnaðinn ef hægt er að aka fram og til baka á þeim tíma sem leyfður er samkvæmt hinum þröngu og afdráttarlausu reglum sem við erum bundin með samningi okkar við hið Evrópska efnahagssvæði. Má kannski segja að það sé ekkert sem hefur jafnmikil áhrif á hækkun flutningskostnaðar á síðustu árum og einmitt þau ákvæði sem lúta að vinnutíma og öryggismálum þeim tengdum hjá bílstjórunum sjálfum, og líka ef við hugsum um það að Samkeppnisstofnun, með stuðningi í Evrópureglum, lagði bann við því að þungaskattur yrði áfram eftir mismunandi reglum eins og gert hafði verið.

Í þriðja lagi eru auðvitað strangar reglur hjá Evrópusambandinu um það hversu langur bíll með flutningavagni megi vera en augljóst er að slík lest mætti vera lengri ef vegurinn sem ekið er eftir er breiður og samkvæmt ýtrustu kröfum.

Við sem oft ökum norður eða suður vitum að ef við erum óheppin mætum við lest af vöruflutningabílum sem er mjög varasamt, ég tala nú ekki um ef hvasst er eins og við þekkjum. Má þakka guði fyrir að ekki hafi fleiri slys hlotist af en orðið hafa. Við tökum líka eftir því að það hefur gengið mjög illa að byggja upp þá vegkafla sem hættulegastir eru. Þá bendi ég á Norðurárdalina báða, þó kannski enn frekar Norðurárdal í Skagafirði. Samkvæmt þeirri langtímaáætlun sem nú er í gildi var gert ráð fyrir því að lokið yrði við þann veg á næstu fjórum árum en með þeirri langtímaáætlun sem hér hefur verið lögð fram er gert ráð fyrir því að sú vegagerð dragist á langinn, um a.m.k. tvö ár. Á þessu sjáum við að það virðist vera viss tregða á því að halda sig við nauðsynlegar vegabætur á helstu þungaflutningaleiðum landsins. Við vitum að ástæðan fyrir þessari sérstöku seinkun er að sérstaklega þingmenn Norðurl. v. hafa lagt meira upp úr vegi um Þverárfjall en að byggja upp veginn til Akureyrar. Afleiðingin er sú að Norðurárdalurinn er nú hættulegasti parturinn af öllum hringveginum sem við þekkjum sem þar höfum farið, ég tala ekki um í hálku eða hríðarveðri.

Ef við hugsum t.d. um þau fyrirtæki sem starfa á Akureyri eða við Eyjafjörð, við getum líka talað um fyrirtæki allt austur til Egilsstaða, sem aka norður um hefur þessi stytting að sjálfsögðu gífurlega mikið að segja. Þetta mál bar örlítið á góma í stuttu spjalli sem ég og hv. 3. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, áttum fyrir norðan og þar vakti hann athygli á að meðal annars hefði valdið mikilli hækkun á flutningskostnaði að skipafélögin hættu að flytja gáma áfram til næstu hafnar og má kannski segja að það hafi verið sjálfgert eftir að Samskip hætti strandsiglingum og líka vegna þess að á strandsiglingunum var mikill halli. Eftir sem áður er ljóst að mörg fyrirtæki úti á landi standa nú frammi fyrir meiri flutningskostnaði en áður og ef við meinum eitthvað með því að við teljum æskilegt og nauðsynlegt að hægt sé að efla iðnað á Akureyri og við Eyjafjörð eða fyrir norðan er jafnljóst að nauðsynlegt er að stytta leiðir og gera þær öruggari. Þetta á við hvort tveggja aðdrætti til iðnaðar og framleiðslunnar og sjálfsögðu líka um hina fullunnu framleiðslu.

Nú þurfa menn ekki að óttast að ég sé að leggja til að ráðist verði í þessa vegagerð á næstu tveim eða þrem árum því að aðdragandi svo mikillar framkvæmdar er miklu lengri. Ég hygg að ef vel yrði á málum haldið, ef Vegagerðin ynni hratt að undirbúningi þessa máls, athugaði vegstæði, fylgdist með veðráttu, umhverfismat og annað því líkt þarf að gera, yrði í fyrsta lagi hægt að búast við að framkvæmdir gætu hafist kannski eftir 5, kannski eftir 7, ár svo að ég er ekki að tala um neitt sem er að skella á. Það sem ég er að tala um er að það er skylda okkar að vekja athygli á þeim möguleikum sem eru til þess að draga úr framleiðslukostnaði innan lands sem er til þess að draga úr loftmengun eins og það hefur auðvitað í för með sér ef vegalengdin styttist og þetta er líka brýnt til þess að draga úr slysahættu. Þessi framkvæmd er arðsöm.

Ég vil í þessu sambandi aðeins minnast á aðra framkvæmd, á Austurlandi. Þegar ég varð samgrh. fyrir nær 12 árum og kom til Egilsstaða man ég eftir því á mínum fyrstu árum að ég fór að ræða um nauðsyn þess að byggja upp veginn um Öxi. Menn voru andvígir því þá og sögðu að fyrst ætti að hugsa um veginn um firðina eða veginn norður, þetta væri ekki mál sem ætti að hafa efst á blaði. Ég er á hinn bóginn þeirrar skoðunar nú að flestir séu sammála mér um að nauðsynlegt og rétt hefði verið að hefja þá þegar athugun á nýju vegarstæði og setja það í umhverfismat. Hið sama á raunar við um Hofsárdal í Vopnafirði. Menn gera sér ekki alveg ljóst nú hvort, og þá hvar, rétt sé að leggja veg frá hringveginum niður í Vopnafjörð um Hofsárdalinn vegna þess að vegarstæði hefur ekki verið ákveðið, hvað þá að farið sé í umhverfismat.

Enn get ég bent á að vegurinn niður Norðurárdal í Skagafirði hefur ekki farið í umhverfismat og þess vegna er ekki hægt að ráðast í hann nú þó svo að menn vildu. Ég vek athygli á þessu öllu til þess að menn geri sér grein fyrir að þó að sú ákvörðun yrði tekin nú að athuga um það hvort skynsamlegt sé að stytta leiðina norður með þeim vegi sem ég hef gert grein fyrir erum við ekki að tala um neitt sem skellur á eða muni valda útgjöldum hjá ríkissjóði á næstu 4–6 árum, ekki neinum útgjöldum sem máli skipta. Þetta er mikilsvert og það er skylda alþingismanna og Vegagerðar að horfa fram í tímann og reyna að gera sér grein fyrir því hvaða leiðir sé skynsamlegast að fara.

Ég vil í þessu sambandi undirstrika að ég hef, eins og nú standa sakir, að sjálfsögðu fyrst og fremst í huga hagsmuni þeirra fyrirtækja sem rekin eru fyrir norðan og hér í Reykjavík en auðvitað lýtur þetta einnig að almennu verðlagi úti á landi. Þó svo að við höfum Bónusverslanir, Samkaup og aðrar slíkar verslanir hringinn í kringum landið sem selja vörur sínar við sama verði hvort sem búðin er í Reykjavík, Egilsstöðum, Akureyri eða Ísafirði hefur þetta eftir sem áður áhrif á hverjum stað hvernig samgöngurnar eru, þó svo að þessir stóru hringir selji vörurnar við sama verði og 90% landsmanna eigi kost á því að fara í þær án mikillar fyrirhafnar.

Það er rétt að taka fram að þegar verið er að tala um verðlag almennt úti á landi og segja að það sé helmingi hærra en í Reykjavík, eins og hér hefur verið gert, er það auðvitað villandi að þessu leyti að þessar miklu lágvöruverslanir eru miklu víðar en í Reykajvík.

Ég vil líka nota þetta tækifæri til að fagna sérstaklega þeim flýtiframkvæmdum sem nú hafa verið ákveðnar. Ég tel að þar hafi verið staðið mjög skynsamlega að verki. Þegar Alþingi samþykkti langtímaáætlun sína fyrir 5 árum var gengið út frá því að hægt yrði að leggja veg bundnu slitlagi á næstu 12 árum til allra þéttbýlisstaða á landinu þar sem byggju 200 íbúar eða fleiri. Síðan hefur komið í ljós að þær fjárveitingar sem þar var gert ráð fyrir reyndust ekki nægar. Skýringin var annars vegar sú að meira hefur verið

lagt í vegina en þá hafði verið gert ráð fyrir vegna þess að undirbúningur var ekki nógu langt kominn og oft um ágiskanir að ræða og í sumum tilvikum vissu menn ekki hvaða leið þeir vildu fara. En ástæðan er líka sú að nú hefur verið tekin ákvörðun um að hækka burðarvegi um einn staðal sem auðvitað gerir þá einum metra breiðari en áður. Nú verða þeir 7,5 metrar sem auðvitað veldur því að vegagerðin er dýrari en ella.

Ég vil sérstaklega nefna í þessu sambandi fjögur byggðarlög. Það er í fyrsta lagi Patreksfjörður, í öðru lagi Ísafjörður, í þriðja lagi Norður-Þingeyjarsýsla, Raufarhöfn og Þórshöfn, og í fjórða lagi Vopnafjörður. Eins og langtímaáætlun lítur nú út má búast við því að bundið slitlag verði komið á alla þessa staði á næstu 8 árum. Það er auðvitað mikill áfangi og mikið gleðiefni fyrir okkur sem erum þingmenn á einhverjum þessara staða. Auðvitað er þetta mikill léttir fyrir fólkið og auðvitað hefur það í för með sér að nauðsynjar muni lækka í verði á þessum stöðum, þær sem ekki hafa þegar gert það í gegnum lágvöruverslanirnar. Þetta hefur líka í för með sér að aðdrættir fyrirtækja og fullunna varan sem þaðan fer eða fiskflutningar eða hvað við tölum um verða ódýrari en nú er. Þarna munar virkilega fjárhæðum á öllum þessum stöðum þegar við erum að tala um flutningskostnaðinn. Þess vegna eru þessar flýtiframkvæmdir nú líka til þess að jafna stöðu fyrirtækjanna innbyrðis þannig að þau standa jafnari á eftir en áður var. Svo megum við heldur ekki gleyma því að þessar framkvæmdir skapa nýjan grundvöll fyrir ferðaþjónustu með því að færa þessa fjarlægu staði nær hringveginum og aðalumferðinni. Ég hygg að á öllum þessum stöðum séu menn í ferðaþjónustu nú þegar farnir að velta fyrir sér hvernig þeir eigi að nýta sér þessi nýju sóknarfæri og hvernig þau koma.

Ég legg áherslu á þetta, herra forseti. Ég álít að oft sé hægt að gera betur. Auðvitað vitum við sem höfum lengi barist í samgöngumálum að þar er oft við ramman reip að draga en ég vildi leggja áherslu á það sem ég hef hér sagt við þessa umræðu.

[18:35]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég efast ekki um þekkingu hv. þm. Halldórs Blöndals á vegum og vegagerð. En okkur hefur áður greint á um þessar hálendisvegahugmyndir. Ég deili á þær á þeirri forsendu að ég tel ekki nálægt því komið að því að fjalla um slíkan veg. Þó gæti ég hugsanlega fallist á að gerð verði athugun á vegstæði, veðurfari, hagkvæmni, arðsemi og umhverfismati. Það er hámark þess sem ég get hugsað mér í bili.

Ég bendi á að heimamenn í Húnavatnssýslum telja að veðurfar á þessum slóðum sé þannig að þar geti ekki verið ökufær vegur nema um hásumarið. Síðan hef ég miklar áhyggjur af tengslum byggða í Húnavatnssýslum við hringveginn, þ.e. atvinnustarfsemi o.s.frv. Þeir geta ekki unað við það á næstu árum, ekki ég heldur, að þetta komi til tals.

Ég vil spyrja hv. þm. Halldór Blöndal hvort hann fallist ekki á að þessi hálendisleið komi vart til álita fyrr en lokið er varanlegri tengingu allra byggðakjarna á landinu við hringveginn.

Bara til þess að skjóta því inn er ekki fyrr en árið 2012, ef hv. þm. hefur ekki tekið eftir því, að áætlað er að búið verði að leggja bundið slitlag, t.d. um Djúpveg.

[18:36]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mátti heyra á síðustu orðum hv. þm. að hann veit ekki um þær flýtiframkvæmdir sem nú er verið að ráðast í og verður við það að sitja. (**GE:** Jú ...) Ég var að segja að hv. þm. vissi ekki um þær sem er rétt.

Ég vil í annan stað segja við hv. þm. að það sem ég er að fara fram á hér er að Vegagerðin athugi veðurfar, vegstæði og annað sem lýtur að því hvort rétt og skynsamlegt sé að leggja þann veg sem ég hef gert að umtalsefni. Það er það sem ég er að tala um. Ég er þeirrar skoðunar að Alþingi og samgönguyfirvöld hafi ekki leyfi til þess að útiloka þessa leið fyrir fram, sérstaklega með það í huga að nú er mikið talað um að byggja upp veginn um Kjöl og Sprengisand. Ég vil benda hv. þm. á að leiðin til Akureyrar frá Reykjavík er styttri um Sprengisand en um Kjöl. Nú veit ég ekki hvort hv. þm. hafði gert sér grein fyrir því. (Gripið fram í.) Og að ekki færu menn þá um Húnavatnssýslur.

Ég vil líka benda hv. þm. á að það má auðvitað segja að það sé að fara byggðaleiðina að fara Þverárfjall. En sumir, sem eiga heima í Varmahlíð, hefðu haldið að það væri að fara byggðaleiðina að fara um Varmahlíð.

[18:38]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er margt sem þessi hv. þm. veit sem hv. þm. Halldór Blöndal veit ekki um. En það er önnur saga.

Þegar talað er um vegáætlunina þá er hún stíluð til 2014. Flýtiframkvæmdirnar sem eru að koma núna flýta þessu til 2012 og ef ég veit rétt eru það ekki fjögur, fimm eða sex ár. Menn verða að hafa það alveg á hreinu.

Ég leggst eindregið gegn því að farið verði af stað með athuganir og rannsóknir í þessum málum fyrr en búið er að athuga þá möguleika sem við höfum til að stytta leiðirnar um núverandi hringveg. Þá finnst mér komið að því að huga að sumarvegi á þessum slóðum.

Ég bið hv. þm. Halldór Blöndal að hugsa sérstaklega til byggðanna í Vestur- og Austur-Húnavatnssýslum sem eiga allt sitt undir ferðamennsku og reiða sig á þá sem þar fara um vegakerfið.

[18:39]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er að vísa til þess að hægt sé að stytta leiðina til Akureyrar með því að fara Svínvetningabraut og aka fram hjá Blönduósi. (**GE:** Það voru ekki mín orð. Þetta er bara að ljúga.) Það er ekki um neitt annað að ræða. Álit Vegagerðarinnar á þeim möguleikum sem eru fyrir hendi liggur fyrir, þ.e. annars vegar að fara Svínvetningabraut fram hjá Blönduósi og það er hins vegar að fara beint yfir í Skagafjörð fram hjá Varmahlíð. Það er á þessa tvo vegu sem rætt er um að hægt sé að stytta leiðina.

Nú veit ég ekki hvort hv. þm. hefur kynnt sér þessa skýrslu. (**GE:** Ágætlega.) Hún liggur fyrir. Hv. þm. á þess vegna að vita hvað hann segir.

Hitt skal ég segja við hann að ef hv. þm. heldur að ekki verði komið bundið slitlag á Djúpveginn fyrr en árið 2012 þá er rétt að hann lesi plögg sín betur.

[18:40]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. fer mikinn þegar hann fer fjallabaksleiðirnar sínar fjarri öllum byggðum með

hugmyndir sínar. Hann fer nokkuð mikinn og býsna hratt fram úr sér.

Það er nú svo að í samgöngumálum, og það ætti hv. þm. að vita manna best sjálfur, er margt ógert. Samgöngur eru fyrst og fremst til að tengja saman byggðir þannig að hægt sé að stunda þar bæði flutninga og ferðir. Það eru fleiri staðir á landinu en Akureyri þó að Akureyri sé allra góðra gjalda verð. Ég ber og mikla virðingu fyrir umhyggju hv. þm. um að lækka flutningskostnað.

Hv. þm. sagði að ef farin væri þessi leið sem hann var að nefna, yfir hálendið og niður í Skagafjörð eða önnur leið styttri til Akureyrar, mundi þörfin fyrir endurbætur á veginum sem liggur upp Norðurárdal í Borgarfirði yfir Holtavörðuheiði og norður um Húnavatnssýslur, minnka. Ég held að við ættum frekar að snúa þessu við og segja: Látum þennan veg virkilega njóta forgangs. Norðurárdalur í Borgarfirði, hvernig er sá vegur? Hann er stórlega vanræktur. Veginn norður Húnavatnssýslur þarf einnig að styrkja upp á burðargetu að gera. Ég bið hv. þm. að huga að orðum sínum. Verði hann tekinn alvarlega, sem hann vonast til, hefur það áhrif á framtíðarsýn byggðanna í Húnavatnssýslu.

[18:43]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé ógjörningur að tala í alvöru um samgöngumál á þeim forsendum að ekki megi stytta leiðir. Við erum að tala um að stytta leiðina til Akureyrar um ríflega 80 km. Hvernig í ósköpunum dettur hv. þm. í hug að hægt sé að tala eins og það skipti bara engu máli? Hvernig í ósköpunum dettur honum það í hug? Auðvitað skiptir það máli fyrir þá sem þurfa að komast leiðar sinnar og nota veginn að hann sé styttri frekar en lengri.

Í öðru lagi vil ég benda hv. þm. á að það myndast nýr hringur með þessum vegi. Þannig geta menn ekið þennan veg norður, t.d. í Skagafjörð og farið síðan hring um Húnavatnssýslur til baka. Þessi leið mundi líka opna möguleika til að komast að vötnunum á Arnarvatnsheiði og vel má vera að þar sé hægt að byggja upp ferðamannaþjónustu. Við sjáum ekki alltaf fyrir okkur hvaða afleiðingar betri samgöngur hafa. Það er a.m.k. alveg ljóst að hvarvetna hefur ný og meiri umferð komið eftir því sem samgöngurnar hafa batnað. Það er a.m.k. deginum ljósara. Eins mun verða í þessu tilviki.

Ég held að hv. þm., sem er kunnugur í Skagafirði, eigi svolítið að gæta sín ef hann heldur að það að stytta leiðina þangað sé af hinu illa fyrir Skagfirðinga. Svo er ekki en menn sem eru afturhaldssamir verða að fá að njóta þess.

[18:45]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Minn hugur er nú stærri en svo að ég sé bara þingmaður einstakra hreppa eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. gefur sig út fyrir. Ég lít svo á að við séum þingmenn alls landsins og horfum á hagsmuni landsins í heild sinni. Við verðum stöðugt að vera annars vegar með forgangsröð og hins vegar að gera okkur grein fyrir því hverju viðkomandi samgöngumannvirki eiga að þjóna.

Mér finnst alveg furðulegt ef hv. þm. telur að samgöngumál norður um Borgarfjörð og norður um Húnavatnssýslu séu í það góðu lagi að ekki þurfi þar úr að bæta og hægt sé að láta hugann reika að heiðabaki í draumórum sem alls ekki er tímabært í veruleikanum.

En varðandi það sem hv. þm. kom inn á með flugvellina og stöðu þeirra í grunnnetinu, hann minntist á Vopnafjörð eða að Vopnafjarðarflugvöllur ætti að vera í grunnnetinu, þá hef ég flutt tillögu um það að bæði Gjögur og Vopnafjörður flytjist inn í grunnnet flugvalla og óska eftir því að hv. þm. styðji það.

[18:46]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók sérstaklega fram í ræðu minni að ég óskaði eftir því að Vopnafjörður yrði tekinn inn í grunnnetið í næstu samgönguáætlun en ég lýsti ekki yfir stuðningi við tillögu hv. þm. eins og hann heyrði sjálfur (Gripið fram í.) að ég sagði og hafði rétt eftir.

Ég vil bara segja eins og ég sagði áður — menn sem tala um samgöngumál hér á Alþingi eiga að horfa til alls landsins. Og menn eiga að skilja að það er nauðsynlegt að stytta leiðir. Menn eru með margvíslegar hugmyndir um það hvernig hægt sé að stytta leiðina frá Ísafirði til Reykjavíkur og ég álít að menn eigi að vera opnir fyrir öllum möguleikum í því.

[18:47]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er athyglisverð umræða. Ég get ekki annað en komið að henni vegna þess að hér er verið að tala um að stytta leiðir til að spara flutningskostnað. Í nýrri skýrslu nefndar um flutningskostnað koma fram alvarlegar upplýsingar sem ég held að þingmenn dreifbýlis ættu að skoða mjög náið. Í skýrslunni segir svo, með leyfi forseta.

„Samþjöppun aðila í landflutningum og þátttaka skipafélaga gerir það að verkum að tveir flutningsaðilar eru með nær alla landflutninga á Íslandi — fákeppni er því ráðandi í þessum flutningum. Samfara þessu hafa gjaldskrár flutningsaðila hækkað verulega umfram þróun neysluvöruvísitölu.“

Mér þykir þetta vera mjög alvarlegt mál. Þegar við líka stöndum frammi fyrir því eins og kom fram fyrr í dag í umræðunni um flutningskostnað utan af landi. Í þessari sömu skýrslu sem gefin er út núna í janúar segir, með leyfi forseta:

„Almennt er álitið að nota beri strandflutningana þegar því verður við komið en framleiðandinn nefnir um leið að strandflutningaskipin séu vondur kostur. Tíðni og ferðatími skipti þar miklu máli. Fyrir 40 feta gám er þó bíllinn 70% dýrari.“

Maður veltir þess vegna vöngum yfir því hvað það þýði að stytta leiðir með þessa fákeppni í vöruflutningum. Við þurfum auðvitað að horfa á það. Og ég tala nú ekki um líka þegar við stöndum frammi fyrir því að olíujöfnunarverð eða jöfnunarkostnaður olíuflutninga hefur verið með þeim hætti að þó olíu hafi verið landað á Akureyri og henni ekið þaðan í næstu birgðastöðvar, þá hefur samt sem áður verið greitt jöfnunargjald fyrir olíu eins og hún hefði verið flutt frá Reykjavík. Þannig að hér er alvarlegt mál á ferðinni sem ég og þingmenn hinnar dreifðu byggðar hljóta að þurfa að fara að skoða alvarlega.

[18:49]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil nú ekki hvað formaður samgn., hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, meinar þegar hann segir að vegalengdin skipti ekki máli, en svo skildi ég hann. En það er auðvitað ekki ástæða til að elta ólar við slíkar fullyrðingar.

En ég vil benda hv. þm. á að gjaldskrá flutningafyrirtækjanna segir ekki alla sögu. Það mundi hv. þm. komast skjótt

að raun um ef hann ræddi við þá sem mest þurfa á þessum flutningum að halda. Það er veittur meiri og minni afsláttur af gjaldskrá. Ég skal ekki segja hversu mikill hann er hjá þeim fyrirtækjum sem mestan afsláttinn fá, en ég hygg að það sé ekki of mikið að tala um að það kunni að vera 50% eða jafnvel meir. Þannig að gjaldskráin er ekki raunverulegur flutningskostnaður fyrirtækja úti á landi.

Það liggur líka fyrir að ef við hugsum um það sem var kallað nýlenduvörur í gamla daga, daglegar nauðþurftir, þá eru þær seldar í þessum miklu og stóru mörkuðum. Mér var sagt nýlegt dæmi í gær af, ég má segja að það hafi verið epli sem voru ódýrari hjá Baugi á Egilsstöðum heldur en kaupmaður úr einu þorpinu þarna gat fengið hjá heildsalanum og hafði hann þó náð góðum samningi hvað honum sjálfum þótti. Þannig að þegar við erum að tala um verðlag úti á landi þá er miklu, miklu fleira í því heldur en bara gjaldskrár flutningafyrirtækja.

[18:51]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, ég vona að hv. þm. Halldór Blöndal hafi ekki misskilið mig. Ég er auðvitað fylgjandi því að stytta leiðir. Og við höfum heyrt það hér í umræðunni í dag eins og hv. þm. Jón Bjarnason kom inn á að það megi þá ekki skerða aðrar byggðir eða hafa þær afleiðingar sem óhjákvæmilega verða ef við höfum það líka í huga að stefnan í samgöngumálum er að stytta leiðir. Við hljótum að halda því áfram.

Hitt er svo annað að ég var nú aðeins að nefna þetta hér og gott að það kemur fram að taxti flutningafyrirtækjanna er annar í reynd en sýndur er. Það er af hinu góða. Hins vegar er alveg ljóst og það er þakkarvert að hinar stóru verslunarkeðjur eru að selja matvöru á sama verði um allt land. Það er af hinu góða. Aftur á móti þarf að gæta að þessum strandflutningum eins og margir hafa komið inn á. Það verður ekki bæði sleppt og haldið í því, miðað við þær upplýsingar sem hér koma fram, að það sé 70% dýrara að flytja 40 feta gám landleiðina en sjóleiðina.

[18:52]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir að hv. 8. þm. Reykv., Guðmundur Hallvarðsson, viti það rétt eins og ég að það er ýmislegt sem ræður því að menn kjósa fremur að láta aka vörunni heldur en flytja hana sjóveg og kemur þar fleira en kostnaður inn í það, hraði, þægindi og ýmislegt sem því er skylt.

En varðandi hitt af því menn eru að ræða um nýtt vegstæði, að farið verði fram hjá einhverjum stöðum sem áður var ekið um, þá er auðvitað alveg óhugsandi að velta því fyrir sér að vegurinn til Ísafjarðar eigi um alla framtíð endilega að fara um Brú í Hrútafirði ef hagkvæmara er að fara Reykhólasveitina. Menn verða nú svolítið að hugsa um þetta út frá hagsmunum þeirra sem nota vegina og aka þá. (**GHall:** Sammála.)

Umræðu frestað.

[18:54]

Útbýting þingskjala:

Almannavarnir o.fl., 464. mál, þskj. 1249.

Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, 375. mál, þskj. 1252.

Fjáraukalög 2003, 653. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 1228.

Framkvæmd langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda 2001–2003, 705. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1241.

Hafnarframkvæmdir 2002, 706. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1242.

Heilbrigðisþjónusta, 453. mál, þskj. 1248.

Húsnæðissamvinnufélög, 396. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 1234.

Markaðssetning, framleiðsla og neysla lífrænna afurða, 700. mál, þáltill. ÓÖH, þskj. 1223.

Mengun frá álverum, 623. mál, svar umhvrh., þskj. 1225.

Reynslusveitarfélög, 701. mál, skýrsla félmrh., þskj. 1226.

Sjómannalög, 60. mál, nál. samgn., þskj. 1227.

Styrkir til vísindarannsókna, 514. mál, svar menntmrh., þskj. 1224.

Störf rannsóknarnefndar flugslysa árið 2002, 702. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1229.

Störf rannsóknarnefndar sjóslysa 2002, 704. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1240.

Vátryggingarsamningar, 703. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 1235.

Atvinnuréttindi útlendinga, 2. umr.

Stjfrv., 598. mál (búsetuleyfi, EES-reglur). — Þskj. 959, nál. 1187.

[18:56]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97 frá 10. maí 2002. Nefndarálitið er frá félmn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gylfa Kristinsson og Ástu S. Helgadóttur frá félagsmálaráðuneyti. Með frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002. Annars vegar er lögð til breyting á orðskýringu í 7. tölul. 3. gr. laganna um búsetuleyfi og hins vegar breyting á 14. gr. laganna til samræmis við ákvæði nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), svonefnds Vaduz-samnings. Lagt er til að undanþáguákvæði frá kröfu um atvinnuleyfi í lögunum verði gert skýrara. Þá er bætt við ákvæði um heimild til að kveða nánar í reglugerð á um stöðu þeirra útlendinga sem hvorki eru ríkisborgarar í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið né Sviss.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Guðrún Ögmundsdóttir og Jónína Bjartmarz voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

En undir nál. rita Arnbjörg Sveinsdóttir, Magnús Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Steingímur J. Sigfússon, Dríf a Hjartardóttir, Kjartan Ólafsson og Kristinn H. Gunnarsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 18:57]

[19:58]

Útbýting þingskjala:

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 463. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 1232; brtt. meiri hluta iðnn., þskj. 1233.

Hafnalög, 661. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1236; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 1237.

Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014, frh. síðari umr.

Stjtill., 469. mál. — Þskj. 774, nál. 1156 og 1221, brtt. 1144 og 1222.

og

Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006, frh. síðari umr.

Stjtill., 563. mál. — Þskj. 911, nál. 1157, brtt. 1143.

[20:00]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru fáein atriði sem mig langar til að koma hér aðeins inn á þegar líður að lokum þessarar umræðu, væntanlega. Sumt af því hefur kviknað undir umræðunni, annað er almenns eðlis og kannski við hæfi að láta nokkur orð falla um þau tímamót að hér er að koma til afgreiðslu fyrsta samræmda samgönguáætlunin, öllu heldur fyrstu samræmdu samgönguáætlanirnar, annars vegar til fjögurra ára og hins vegar rammaáætlun til lengri tíma, til 12 ára, og þá eru loksins að ganga í gegnum þingið vinnubrögð af því tagi sem lengi hefur verið talað fyrir, að unnin yrðu slík samræmd samgönguplön, samgöngufjárlög getum við kallað þau eða samgönguframkvæmdaáætlanir þar sem reynt væri, að einhverju leyti a.m.k., að samþætta meginflokka samgangna, vegasamgöngur, hafnarframkvæmdir eða sjósamgöngur og flugsamgöngur. Reyndar hef ég áður látið það koma fram, herra forseti, að að ósekju hefði að mínu mati mátt fella fjarskipti undir þetta einnig og líta til þeirra hvað varðar grunnskipulag og markmið sem menn settu sér þá um gæði þjónustunnar og annað í þeim dúr.

Um þessa samgönguáætlun í heild sinni vil ég segja að margt er þar ágætlega unnið og horfir til betri vegar. Auðvitað er alltaf þörf fyrir meiri fjármuni, og það gildir hér. Sérstaklega var það eins og tillagan var fram lögð á sl. hausti að því er ekki að leyna, t.d. hvað vegamálin snertir, að sá sem hér talar varð fyrir ákaflega miklum vonbrigðum þegar tillagan kom fram. Það var ljóst að eldri markmið um áfanga í sambandi við uppbyggingu vegamála voru þá í raun og veru alveg úti í hafsauga, t.d. þau sem menn höfðu áður sett sér um að ljúka tengingu allra helstu þéttbýlisstaða með vegum með bundnu slitlagi fyrir árið 2010. Það markmið var ósköp einfaldlega horfið út af borðinu eins og vegáætlunin leit út þegar hún kom hér, reyndar seint og um síðir, skömmu fyrir jól ef ég man rétt. Þess ber þó að geta að með ákvörðunum um viðbótarfjárveitingar til vegamála hefur þarna aftur orðið veruleg breyting á og það má segja að þessi markmið séu að nálgast það að komast inn í rammann aftur þótt mér sýnist að vísu að sums staðar verði kannski bið fram undir árið 2012 á því að þessi markmið náist. Að sjálfsögðu munar verulega um þá viðbótarfjármuni sem hér á að verja til framkvæmda á norðausturhorninu, Vestfjörðum og hér á suðvesturhorninu svo að dæmi séu tekin, en drjúgur hluti þessara fjárveitinga á eins og kunnugt er að fara til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu og á nálæg svæði, Suðurstrandarveg, Gjábakkaveg, Hellisheiði og annað í þeim dúr.

Varðandi það sem hér varð tilefni orðaskipta áðan, og hv. 1. þm. Norðurl. e. vék talsvert að í máli sínu og varð síðan tilefni orðaskipta í andsvörum, sem lýtur að möguleikum til styttingar leiða, t.d. leiðarinnar milli Akureyrar og Reykjavíkur, vil ég fara þar um nokkrum orðum. Það er að sjálfsögðu svo að stytting leiða þar sem hún er framkvæmanleg og er þá ekki á kostnað einhverra annarra markmiða, eins og um tengingu byggðarlaga og annað því um líkt, er góðra gjalda verð. Enginn deilir um gildi þess að hafa Hvalfjarðargöng og stytta leiðir eins mikið og raun ber vitni með þeim milli umferðar héðan af suðvesturhorni landsins og vestur um og norður um. Þjóðhagslega og frá umhverfislegu sjónarmiði er auðvelt að sýna fram á að þetta er ákaflega góð framkvæmd sem sparar eldsneyti, dregur úr mengun, styttir leiðir og styttir tíma sem menn verja til ferðalaga, dregur úr sliti ökutækja og annað í þeim dúr.

En auðvitað er alltaf að mörgu að hyggja í svona tilvikum, herra forseti, og kosturinn við Hvalfjarðargöng er sá að sáralítill hluti umferðarinnar sem keyrði fyrir Hvalfjörð átti erindi fyrir Hvalfjörð. Hann var á leiðinni vestur um eða norður um, kannski 1–2% af umferðinni áttu erindi inn í sjálfan Hvalfjarðarbotn eða á ströndina þar í kring. En það gildir ekki endilega sama um meginleiðir ef þær eru teknar út með styttingu vega, t.d. ef menn veldu þá leið að ákveða nú að reyna að stytta leiðina eins og kostur væri milli Akureyrar og Reykjavíkur og ýttu öðrum markmiðum um góða vegi og þjónustu á vegum og samgöngur við byggðirnar þar meðfram ströndinni til hliðar. Stysta leiðin milli tveggja punkta, herra forseti, er náttúrlega, samkvæmt þeirri eðlisfræði sem ég lærði, bein lína, og auðvitað væru það þá bara göng þar sem farið væri í láréttu plani beint frá sjávarmáli við Akureyri. Það væri kannski hægt að fara inn undir klappirnar neðst í Kjarnaskógi og koma svo út hérna rétt við Esjurætur sem væri náttúrlega stysta leiðin. Væntanlega dettur fáum það í hug en það væri til vinnandi.

Þá koma hugmyndir eins og þær sem hv. þm. Halldór Blöndal hefur verið að reifa og er allt vel um að segja að menn varpi fram nýjum hugmyndum, að fara upp í hálendisbrúnina eða jafnvel inn á sjálft miðhálendið að hluta til og reyna að fara beinustu leiðina eða eins beina leið og hægt er að fara og með því er augljóslega hægt að ná talsverðri styttingu. En þá þarf að huga að öllu hinu, í fyrsta lagi þeim viðbótarkostnaði sem það þýðir fyrir samgöngukerfið. Hvaða áhrif hefur það á rekstur og stofnkostnað eða framkvæmdir á öðrum meginleiðum sem þar með greinast frá, umferðina upp á Vesturland og síðan um Norðurland vestra og allt til og með Skagafirði og Siglufirði úr vestri? Þar koma augljóslega bæði plúsar og mínusar upp í dæmunum. Það er auðvitað augljóst að stysta leið, t.d. fyrir flutninga og þá umferð sem ekkert annað erindi á en bara beint á milli þessara staða, er kostur. Og það er ekki markmið í sjálfu sér að lengja leið umferðar sem er bara á leiðinni á milli tveggja endapunkta.

Ég tel að það sé of mikil íhaldssemi ríkjandi víða hvað það varðar t.d. að draga þungaumferð í gegnum þéttbýlisstaði. Maður verður var við það að menn telji að þeir missi spón úr aski sínum ef þjóðvegur 1 liggur ekki í gegnum, tökum bara dæmi, stað eins og Selfoss. En er það eitthvað eftirsóknarvert að fá alla þá umferð sem á ekkert erindi

á staðinn heldur er bara á leiðinni í gegn, að draga hana eftir endilöngu bæjarfélagi? Ég get ekki séð það. (**Gripið fram í:** Fyrir Esso.) Það eru þá örfáir sjoppueigendur sem menn eru þá að hugsa um í því sambandi. Ég spái því að auðvitað muni sams konar þróun halda innreið sína á Íslandi og er fyrir löngu búin að gera varðandi meginumferðaræðar erlendis, að þær sveigja fram hjá þéttbýli til að valda ekki þeirri truflun, mengun eða upphleðslu og stíflum sem það ella mundi hafa í för með sér. Að einhverju leyti eigum við eftir að sjá þessa hluti gerast hér. Ég tel t.d. að það þurfi að huga að hjáleiðum í miklu ríkari mæli en gert hefur verið, fram hjá höfuðborgarsvæðinu, hjáleiðum fyrir þá umferð sem ekki á erindi inn í sjálfa höfuðborgina, er að koma af suðurlandsundirlendinu á leiðinni beint á Suðurnes eða upp á Vesturland en er dæmd til að fara talsverðar krókaleiðir inn í gegnum höfuðborgina eða sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, þéttbýlið á höfuðborgarsvæðinu, eins og málin standa í dag. Það eru því ýmsir fletir þessarar umræðu sem eru áhugaverðir og koma upp. Ég er ekki andvígur því að menn hugi að möguleikum af þessu tagi ef það er gert af mikilli yfirvegun og með allt undir sem þarf að skoða og á ég þá ónefndan einn stóran þátt, herra forseti, sem ég hlýt að taka inn í umræðuna úr því að þetta kemur upp á annað borð, umhverfismálin. Það verður auðvitað að huga mjög vel að því hvað menn eru að fara út í ef menn eru að velta því fyrir sér í alvöru að draga stóran hluta umferðarinnar, ég tala nú ekki um kannski að verulegu leyti alla þungaflutninga á milli landshluta, upp á hálendið með vegagerð sem það hlýtur þá að kalla á. Þungaflutningar á landi í stórum stíl milli landshluta verða náttúrlega ekki stundaðir nema vegirnir beri þá flutninga, séu uppbyggðir miðað við þannig staðla, beinir, breiðir og uppbyggðir meira og minna í plani, og hallanum sé alls staðar náð niður fyrir 5–7 gráður þar sem hann væri mestur. Og hvað þýðir það í vegagerð upp í hálendisbrúnina og að hluta til yfir kannski útjaðar miðhálendisins og aftur niður af? Það þýðir gríðarmikla vegagerð við þær aðstæður. Það mun heldur betur sjást í landinu o.s.frv.

Ég hlýt, herra forseti, auðvitað að setja mjög skýran og sterkan fyrirvara við þessi áform hvað þennan þátt málsins snertir og er þá ónefnt líka að fyrst á auðvitað að vinna grundvallarvinnuna um skipulag og framtíðartilhögun mála hvað varðar meðferð mála uppi á miðhálendinu.

Fyrsta spurningin sem menn verða auðvitað að svara er: Hver verður framtíðin varðandi stofnun þjóðgarða og friðlanda og verndarsvæða inn til landsins? Göngum frá því. Göngum frá aðalskipulagi og skoðum samgöngurnar í tengslum við slíka framtíðarstefnumótun. Að gera þetta í öfugri röð væri að fara rangt að hlutunum. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að maður hefur kannski ekki eytt mikilli orku í að velta þeim þætti málsins fyrir sér, einfaldlega vegna þess að maður hefur ekki talið að það kæmi að því á allra næstu árum að spurningum um stórfellda vegagerð inn á miðhálendið yrði svarað umfram það sem virkjunaraðilar hafa fengið leyfi til að gera upp í hálendisbrúnina. Ég hef mjög mikla fyrirvara á því að opna yfir höfuð t.d. fyrir þá hugsun að fara með uppbyggðan veg norður yfir Sprengisand, einfaldlega vegna þess að ég held að menn gjörbreyti eðli þess svæðis ef þeir fara með beina og breiða og uppbyggða vegi sem liggja eins og strik þvert í landinu. Þá verður þetta að einhverju allt öðru heldur en við höfum tilfinningu fyrir að það sé í dag þar sem öræfatilfinningin er til staðar. Ég á dálítið erfitt með að trúa því að ég verði nokkurn tíma sannfærður um að við eigum að fara þannig að, heldur verði frekar um að ræða vegagerð sem verður sniðin að þörfum ferðaþjónustu og kannski sumarumferðar, umferðartíma sem verður eitthvað lengdur, vegagerð sem lýtur meira þeim lögumálum þegar verið er að leggja vegi um viðkvæm svæði, þeir eru látnir fylgja landinu og láta lítið yfir sér.

Þetta vildi ég segja hér til þess að hafa sagt það úr því að þessi umræða var komin upp. Að öðru leyti hef ég í sjálfu sér ekkert nema gott um það að segja að menn varpi fram hugmyndum sínum og vilji að þær séu ræddar eða skoðaðar en menn hljóta þá líka að hafa leyfi til að setja við þær þá fyrirvara sem þeir telja rétta.

Hv. þm. Halldór Blöndal nefndi hér alveg réttilega slysahættuna sem leiðir af stóraukinni umferð flutningabíla á okkar, að sumu leyti, veikburða þjóðvegakerfi. Það er alveg hárétt. En ég segi alveg eins og er að menn hefðu kannski betur mátt huga að þessu áður en þeir galopnuðu fyrir þá þróun að strandsiglingar legðust þá meira og minna af við landið og allir þessir flutningar færu upp á vegina. Er það góð þróun? Er hún þjóðhagslega skynsamleg? Er hún heppileg í umhverfislegu tilliti? Er hún heppileg í umferðaröryggistilliti? Ég hef miklar efasemdir um það. Kannski væri einmitt það skynsamlegasta sem við gerðum að stuðla að því að til staðar yrði áfram skilvirkt strandsiglingakerfi hringinn í kringum landið með reglubundinni áætlun og viðkomum. Kannski væri það mesta kjarabótin fyrir framleiðslustarfsemi í hinum dreifðari byggðum? Og kannski væri það ein besta umferðaröryggisaðgerð sem við gætum farið út í. (**Gripið fram í:** Stofna Ríkisskip.) Það er nefnt úti í salnum að stofna Ríkisskip. Það þyrfti svo sem ekki endilega að heita það mín vegna og mætti gjarnan ná því fram með öðrum markmiðum, t.d. því að skapa hagstæð skilyrði fyrir skilvirkt strandsiglingakerfi, jafnvel að styrkja það eitthvað ef það kæmist á. Ég er enn þeirrar skoðunar að það hafi verið mikið ólán að menn, í öllu falli 20 árum of snemma, misstu út úr höndunum á sér það strandsiglingakerfi sem var við lýði. Minna mátti náttúrlega gagn gera að hafa þetta eins og þetta var fyrir 12–15 árum þegar þrír aðilar sinntu siglingum á ströndinni og allt var rekið með bullandi tapi. Auðvitað hefði verið æskilegt að ná því fram að það hefði þá verið einn aðili sem væri styrktur til þess og það hefði komið betur út rekstrarlega o.s.frv.

Þessa hluti, herra forseti, má svo sem ræða betur við síðara tækifæri. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu af minni hálfu en vildi aðeins koma þessu á framfæri við þetta tækifæri úr því að umræða var hafin um það á annað borð.

[20:14]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég hef þegar talað einu sinni í þessari umræðu, gerði það fyrr í dag, en tilefni þess að ég bið um orðið aftur er fyrst og fremst sú ræða sem hæstv. samgrh. flutti fyrr í dag þar sem hann fjallaði aðeins um þær hugmyndir sem starfshópur um bættar samgöngur við Vestmannaeyjar setti fram þar sem hann reyndi að bera í bætifláka fyrir þær hugmyndir sem þar er að finna.

Ég gagnrýndi það í ræðu minni fyrr í dag að þær hugmyndir sem þessi starfshópur var að skila og kynnti sl. fimmtudag gera ekki ráð fyrir því að ráðist verði í neinar aðgerðir gagnvart Vestmannaeyingum næstu 5–10 árin. Hins vegar eru uppi hugmyndir um að innan ekki langs tíma verði

farið í rannsóknir á svokallaðri Bakkafjöru og það mun taka a.m.k. 2–3 ár frá því að þær rannsóknir hefjast. Það má því alveg ljóst vera að miðað við þá stöðu sem uppi er núna mun lítið sem ekkert gerast næstu — til að vera ekki of stóryrtur í þessu held ég að fullyrða megi að næstu 5 árin muni ekkert gerast, og líklegra að þau verði 7–10 ef farið verður að (Gripið fram í.) hugmyndum þessa hóps. Einn hv. þm. kallar að í þessu felist einhver svartsýni. Hins vegar er veruleikinn sá að það er gert ráð fyrir því að eftir að rannsóknir hefjist muni þær taka 2–3 ár og ég geri fastlega ráð fyrir því að hönnun, framkvæmdir og annað eftir það, verði ráðist í þetta, muni a.m.k. taka annað eins. Það eru þá bjartsýnustu spár bara út frá því sem er mögulegt að menn sjái einhverjar úrbætur orðnar að veruleika eftir 5–6 ár. Þetta er það sem Vestmannaeyingar standa frammi fyrir og þetta var það sem hæstv. samgrh. reyndi að bera í bætifláka fyrir í ræðu sinni í dag.

Það sem vakti líka sérstaka eftirtekt í hugmyndum samgrh. eða þeim hugmyndum sem hópur hans lagði fram er að þar eru algerlega slegnar af hugmyndir sem framsóknarmenn hafa talsvert verið með og eins hef ég lagt fram tillögu á hinu háa Alþingi í þá veruna að leitað verði leiða til að ná í nýja ferju til siglinga milli lands og Eyja. Öllum má ljóst vera að ef samfélag eins og er í Vestmannaeyjum ætlar að standa í samkeppni við önnur sveitarfélög, þá er alveg grundvallaratriði að samgöngur séu í þokkalegu ástandi. Veruleikinn er bara sá og tíminn líður hratt í þessum efnum að núverandi ástand stenst ekki þær kröfur sem nútíminn gerir. Það er einfaldlega sá veruleiki sem við stöndum frammi fyrir.

Að sama skapi vildi ég aðeins svara því sem kom fram hjá hv. formanni samgn. þegar hann fyrr í dag svaraði því sem ég setti fram í ræðu minni sem var haldin mun fyrr í dag eða um hádegisbil en hv. formaður samgn. var hér um sexleytið ef ég man þetta rétt. (**GHall:** Ég sat hér í allan dag.) Já, ég veit það en hv. þm. flutti ræðu sína um sexleytið. Það var það sem ég vildi segja.

Það sem ég sagði í ræðu minni var einfaldlega þetta að það voru ekki nein vandkvæði fyrir borgarstjórn Reykjavíkur að taka við þeim fjármunum sem þetta viðbótarfjárframlag gerði ráð fyrir. Það voru engin vandkvæði að taka við þeim og koma þeim í þau verk sem menn voru tilbúnir að ráðast í. Og það fjárframlag sem var hugsað á höfuðborgarsvæðinu, sem var u.þ.b. milljarður í heild, um 300–400 millj. í Reykjavík, því var vitaskuld auðvelt að koma í tiltekin verk eins og fram hefur komið, hvað þá til að eyða þeim á næstu 18 mánuðum eins og áætlanir gera ráð fyrir. Við vitum, bæði ég og hv. formaður samgn., Guðmundur Hallvarðsson, að við förum ekki langt með þá fjárhæð þegar kemur að því að búa til mislæg gatnamót á Miklubraut og Kringlumýrarbraut. Það held ég að ég og hv. þm. séum alveg sammála um og kannski kaus hann dálítið að taka það inn í þessa tilteknu umræðu.

Ég skal líka viðurkenna að ég ætlaði að reyna að leita eftir svörum frá hæstv. samgrh. um það hvort til greina kæmi að skilgreina upp á nýtt ferjusiglingar til byggðarlaga sem ekki hefðu fast vegasamband sem part af þjóðvegakerfinu, og þá þannig að menn sem nýttu sér þann „þjóðveg" þyrftu ekki að greiða hærri fjárhæðir en þeir sem nýttu aðra þjóðvegi landsins. Því miður er hæstv. samgrh. ekki viðstaddur þessa umræðu nú og því get ég ekki beint þeirri spurningu til hans. En það var hugmynd mín og vonandi gefst tækifæri til þess síðar. Ég hafði beint þessari spurningu til hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar sem mér fannst taka undir þau sjónarmið í ræðu sinni þó að hann svaraði því ekki beint, þ.e. að skilgreina ferjusiglingar sem part af þjóðvegakerfinu þannig að mér fannst hv. þm. taka undir þau sjónarmið þó hann í sjálfu sér tæki ekki skýra afstöðu til þess hvort það kæmi til álita.

Eins vil ég nefna það að ég tel að ljúka hefði mátt við Reykjanesbrautina, þ.e. tengingu við Reykjanesbæ, tvöföldun hennar, á skemmri tíma en gert er ráð fyrir í áætluninni og kannski er ekki ástæða til þess að svekkja sig mikið á því og sem betur fer, eins og fram hefur komið í umræðunni, er farið að styttast í kosningar og því kannski ekki líklegt að það komi á herðar þeirra sem nú stjórna ferðinni í þessum efnum að framkvæma þessa áætlun og því munu án efa gefast einhver tækifæri til að breyta þeirri áætlun. Þannig er kannski ástæðulaust að draga um of fram það sem við hv. þm. stjórnarandstöðunnar höfðum talið að hefði mátt öðruvísi fara. Hins vegar er það svo, eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni, að ég held að allir hafi fagnað þeim vinnubrögðum sem hér hafa verið tekin upp, þ.e. þessi svonefnda samræmda samgönguáætlun. Ég held að allir þeir þingmenn sem hafa tekið þátt í umræðunni í dag hafi talið það til fyrirmyndar að áætlanir um hafnargerð, flugmál og vegi væru teknar fyrir í einu lagi og menn horfðu á þetta á þann hátt og þar kemur fram.

Virðulegi forseti. Þetta er það sem ég vildi leggja til umræðunnar og tilefni þess er þá fyrst og fremst ræða hæstv. samgrh. frá í dag. Í þeirri ræðu gerði hann reyndar grein fyrir því sem rétt er og er rétt að halda því til haga sem þó var gert, að ferðum Herjólfs hefur verið fjölgað talsvert en að öðru leyti held ég að ég geti sagt það með fullri ábyrgð að þær tillögur sem samgönguhópurinn sendi frá sér hafa valdið alveg gríðarlegum vonbrigðum. Og það er algerlega óásættanlegt fyrir samfélag eins og Vestmannaeyjar að þurfa að horfa upp á það að næstu fimm árin verði ekki ráðist í neinar samgöngubætur sem hægt er að tala um, þ.e. að þær verði orðnar að veruleika. Vissulega eru menn að tala um rannsóknir og annað slíkt en miðað við þær hugmyndir sem fram hafa komið er ólíklegt að nokkur verði orðin að veruleika fyrr en í fyrsta lagi eftir 7–10 ár ef maður er sæmilega bjartsýnn.

Í þessari áætlun kemur líka fram að ekki er gert ráð fyrir kaupum á nýrri ferju eða endurbótum á þeirri sem fyrir er. Það er því ekki nema von að þær hugmyndir sem menn höfðu bundið þó nokkrar vonir við — menn höfðu bundið þó nokkrar vonir við þennan starfshóp og í rauninni hefur það verið þannig að þeim hugmyndum sem fram hafa komið á meðan starfshópurinn hefur starfað hefur mestan part verið ýtt inn í þann starfshóp. Þess vegna olli það miklum vonbrigðum eins og ég hef áður sagt þegar þær hugmyndir litu dagsins ljós og í ljós kom að hugmyndin er sú að ráðast ekki í neinar aðgerðir sem komi samfélaginu að notum næstu 7–10 árin. Ég lýsi yfir miklum vonbrigðum, virðulegi forseti, með þessar niðurstöður.

[20:24]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ferjusiglinga og hvort þær séu ekki hluti af samgöngukerfinu þá hef ég alltaf litið svo á að með tilflutningi yfirstjórnar á ferjum til Vegagerðarinnar séu menn beint að samþykkja að þær séu hluti af þjóðvegakerfinu. Ég hef alltaf litið svo á.

Hvað varðar Bakkafjöru, þá tók ég eftir því að hæstv. samgrh. orðaði það svo að hann ætti von á frekari upplýsingum þeirra aðila sem nú eru og hafa rannsakað hafnalægi við Bakkafjöru, og þar væri að vænta einhverra frétta. Ég hjó eftir því, og ég held að fleiri hafi tekið eftir því. Hann orðaði það þannig að niðurstöður kæmu fyrr en menn bjuggust við og kemur þar margt til og efa ég ekki að þetta ágæta starfsfólk hjá Siglingamálastofnun hafi staðið vel að verki og þar þekkjum við ágæta menn sem hafa unnið vel að rannsóknum, bæði varðandi ölduhæð og brim við strendur landsins. Allt mun þetta koma í ljós innan tíðar, ég hef trú á að svo verði.

Aðeins varðandi höfuðborgarsvæðið — ég ætla ekki að deila við hv. þm. Lúðvík Bergvinsson um það. En það liggur þó ljóst fyrir að 1994, til óheilla, voru af þáverandi og núverandi borgaryfirvöldum mislæg gatnamót við Miklubraut/Kringlumýrarbaut tekin út af skipulagi. Síðan er það auðvitað deilan um Sundabrautina sem hefur náttúrlega því miður verið á hraða snigilsins eins og Vestmannaeyingum hefur fundist rannsóknin við Bakkafjöru vera á.

En allt er þetta nú nokkuð gott. Meginmálið í þessu er að allir þingmenn sem hafa tekið hér til máls fagna því að lagt hafi verið upp með samræmda samgönguáætlun. Ég held að virðulegur forseti sem hér situr nú eigi einhvern hlut þar að máli líka og þetta veit á gott.

[20:26]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri afstöðu sem mér fannst koma fram í máli hv. formanns samgn., Guðmundar Hallvarðssonar, um að með því að færa ferjurnar yfir til Vegagerðarinnar þá líti menn svo á að þær séu partur af þjóðvegakerfinu. Þess vegna held ég að mikilvægt sé að við fylgjum þeirri hugmynd áfram og skoðum það hvort ekki sé þá hægt að jafna aðstöðuna á þann hátt að þeir sem ferðast með ferjum greiði þá ekki hærra gjald en þeir sem ferðast á vegum. Það sé þá eitthvað sem menn líti á að sé bara partur af vegakerfinu og þetta sé samfélagsþjónusta. Ég fagna þeirri afstöðu og ég tel mig hafa skilið hana rétt á þennan hátt.

Aðeins um Bakkafjöruna. Þær hugmyndir sem hafa verið settar fram ganga út á það að einhvers konar bráðabirgðaskoðun sé í gangi, rannsókn á því hvort rétt sé að fara í þessar rannsóknir. Fram hefur komið að þær muni taka 2–3 ár, þ.e. þegar sú niðurstaða er komin sem menn eru að bíða eftir og ef í þetta verður farið. Það er þetta sem liggur fyrir. Að þeim tíma liðnum — gefum okkur að þær niðurstöður yrðu jákvæðar, við skulum gefa okkur það og menn færu í framkvæmdir, þá er náttúrlega hönnun, verklegar framkvæmdir, fjármögnun og mjög margt eftir. Og það er kannski þetta sem gerir það að verkum að maður leyfir sér ekki, nema þá í einhverju bjartsýniskasti, að sjá neinar úrbætur í samgöngumálum raunverulega verða að veruleika fyrir samfélagið og bæjarbúa fyrr en í fyrsta lagi eftir 5–7 ár. Ég held ég taki ekki djúpt í árinni þegar ég segi þetta. Þetta átti ég við þegar ég sagði að tillögur hópsins hafi valdið miklum vonbrigðum vegna þess að það er einfaldlega krafa dagsins í dag að ráðist verði í samgöngubætur fyrir samfélag sem telur tæplega 5 þús. manns.

[20:28]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef það á tilfinningunni, og er þá á öndverðum meiði við hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, að rannsóknir á Bakkafjöru muni gefa — ekki kannski niðurstöður en alla vega vísbendingar sem munu gefa bjartari vonir. Þær munu liggja fyrir fyrr en varir, það mun ekki líða þetta langur tími og ég vona að ég sé að fara með rétt mál. Þetta er ekki eingöngu hugarburður. Að nokkru leyti hefur það verið í umræðunni að mönnum hafi komið á óvart hvernig sjór og sjólag er þarna við ströndina þar sem hugsað er til hafnarinnar.

Í annan stað er náttúrlega horft til Bakkaflugvallar bæði með frekari viðbót við flugstöðina og líka þá þar sem nú er lent á hluta grasvallar, þar á að setja nokkra peninga í til að lagfæra. Ég trúi ekki öðru og hef ekki heyrt annað en að menn vilji mjög gjarnan efla samgöngur fyrir Vestmannaeyinga og er það vel. Auðvitað á það að vera svo að þeir verði ekki út undan í þeirri miklu samgönguáætlun sem við erum að leggja upp með hér á meginlandinu.

[20:30]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins til að koma inn á þetta, Vestmannaeyjar eru vart nefndar á nafn í þeirri samgönguáætlun sem við hér ræðum þannig að því sé skilmerkilega til haga haldið vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið um Reykjavík og þær 300–400 millj. sem hugmyndin er að settar verði í samgöngubætur þar. Það er dálítið langsótt og að minni hyggju útúrsnúningur og ekki til þess að dýpka umræðuna — ég er ekki að saka hv. þm. Guðmund Hallvarðsson um að hefja þá umræðu — því þeir fjármunir sem verja á í vegaframkvæmdir í Reykjavík hefðu aldrei dugað til þess að takast á herðar það mikla verkefni sem mislæg gatnamót eru við Miklubraut og Kringlumýrarbraut. Þess vegna hefur mér fundist dálítið langsótt að tengja það við fjárframlögin núna að R-listinn hafi tekið þetta út af skipulagi 1994. Jafnvel þó að svo hefði verið og jafnvel þó að mögulegt hefði verið að ráðast í þessa framkvæmd eru engir fjármunir til þess að gera það. Þetta verða menn að hafa bak við eyrað í þeirri umræðu sem hér fer fram. Auk þess getum við vitaskuld endalaust deilt um hluti á þessum nótum og komumst kannski ekki nær og það þjónar svo sem ekki miklum tilgangi. En ég held að rétt sé að þessu sé öllu skilmerkilega til haga haldið þannig að við getum farið að ræða það sem virkilega skiptir máli.

Eins vil ég nefna það að einhvers staðar kom það fram í þessari umræðu, sennilega hjá hæstv. samgrh., að við værum að ráðast í meiri vegabætur á Íslandi en nokkurs staðar annars staðar þekkist. Ég vil bara segja það í þessari umræðu að líklega þekkist hvergi í Evrópu jafndapurt vegakerfi og á Íslandi, enda strjálbýlt og stórt land.

[20:32]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. 1. þm. Norðurl. e., Halldórs Blöndals, þar sem hann talaði um þýðingu þess að stytta leiðir og hafa leiðir á milli staða sem stystar þar sem því væri vel við komið. Ég tek undir þau orð.

Menn geta reyndar deilt um það, eins og fram hefur komið í umræðunni, hvar eigi að fara í vegstyttingar. Það sem ég tel að menn verði að hafa í huga í sambandi við það þegar rætt er um styttingar á vegum er hversu víðtæku hlutverki styttingin gegnir. Þegar talað er um að búa til nýjan góðan veg á milli Akureyrar og Reykjavíkur með því að fara yfir hálendið kemur sú stytting Akureyringum og höfuðborgarbúum best sem fara þessa leið, og náttúrlega líka þeim sem eru kannski að fara lengra austur, austur á land eða til Húsavíkur eða á Melrakkasléttu í kannski væntanlega ferðamannaparadís sem gerð hefur verið þáltill. um, herra forseti. Auðvitað er

það gott. Svo eru aðrar leiðir sem geta skipt mun meira máli í byggðalegu tilliti. Það er ein leið í umræðunni sem ég er mjög hrifinn af og margir fleiri en ég, og það er leiðin á milli Strandasýslu og yfir í Dalasýslu, þ.e. frá Húsavík í Steingrímsfirði og yfir Arnkötludal, að leggja nýjan veg sem kallaður er Arnkötludalur þar sem nú er Tröllatunguheiði. Það er í mínum huga, herra forseti, sambærilegt við það þegar Vatnaleiðin var gerð á móti Kerlingarskarði. Að vísu var ekki um verulega styttingu að ræða varðandi Vatnaleiðina, það voru bara gífurlega miklar vegabætur, og held ég að allir sem nota þann veg séu mjög þakklátir fyrir hann og glaðir og ánægðir, auk þess sem leiðin er alveg sérstaklega fögur þótt maður fari nú á mis við kerlinguna sem maður sá alltaf á leiðinni í skarðinu þegar sú leið var ekin. Á móti koma nú vötnin og þessi blíða og fagra náttúra. Ég hugsa að margir umhverfissinnar séu einmitt mjög ánægðir með þessa leið því þeir geta fengið að njóta náttúrunnar á þessu svæði. (**GAK:** Þeir voru það nú ekki þegar hann var lagður.) Það er svo. En nú er það, hv. þingmaður, að fólk lýsir almennt ánægju sinni með þessa framkvæmd.

Sveitarstjórnir á norðanverðum Vestfjörðum hafa líka verið með ályktanir um þennan veg, Arnkötludalinn, ég minni á það, og eru samdóma um nauðsyn þeirrar vegagerðar þótt hún kosti, ja ég er nú ekki kominn með alveg endanlegar tölur um það en það er talað um allt frá 400 millj. og upp í 700 eftir því hver mælir. En það er ljóst að ef þessi vegur yrði gerður mundi hann þjóna mjög vel hagsmunum Dala og Stranda, íbúum Hólmavíkur og Drangsness. Þeir ættu skjóta og greiða og góða leið niður í Dali og til Reykhóla og mundi það auka samskipti og alls konar þjónustu. Menn gætu nýtt sér sameiginlega þjónustu þar, það hefur verið talað um læknisþjónustu og ýmislegt annað. Þetta styttir auk þess leiðina til Reykjavíkur, herra forseti, um 40 km og það finnst mér vera nokkuð mikið.

Mig langar að segja frá þeirri reynslu, herra forseti, að ég var einhverju sinni á leið til Reykjavíkur seint um kvöld, það var eiginlega komið fram á nótt, ók niður Hvalfjarðargöng en hafði farið á mis við upplýsingar um að búið væri að loka þeim. Þó vil ég taka fram, herra forseti, að það var ekki vegna mikils hraða, heldur að ég einbeitti mér kannski fullmikið að því að horfa á veginn þannig að ég sá ekki tilkynninguna á skilti um að Hvalfjarðargöngin væru lokuð. Þá gat ég ekki hugsað mér að fara að keyra allan Hvalfjörðinn svo að ég fór niður á Akranes og fékk þar hótelherbergi á hóteli sem heitir Barbro og var ágætt að gista þar. En þetta segir heilmikið. Hér áður fyrr hefði maður ekki látið sig muna um að fara allan Hvalfjörðinn. Þetta er nákvæmlega sama vegalengdin og við erum að tala um. Þegar þessi vegur verður kominn, Arnkötludalurinn, styttir hann leiðina fyrir 6.000–7.000 manns um 40 km.

Ég tek undir það, herra forseti, sem 1. þm. Norðurl. e. var að tala um, að stytting vega minnkaði hætturnar, slysahættu. Ef vegalengd er stytt um 40 km minnka náttúrlega líkurnar á slysum. Það liggur í hlutarins eðli.

Ég hefði gjarnan viljað sjá meira um þessa vegaframkvæmd í vegáætluninni, herra forseti. Auðvitað er hægt að tala endalaust um Skötufjörð og Mjóafjörð og Hestfjörðinn (**HBl:** Seyðisfjörðinn.) og Seyðisfjörðinn, þakka þér fyrir, hv. þingmaður, og Kjálkafjörð og alla þessa firði, og Kollafjörð í Austur-Barðastrandarsýslu og hvort leggja eigi veginn svona eða hinsegin. Ég ætla ekkert að fara út í það, það er búið að gera það mjög mikið í þessari umræðu en ég vildi sérstaklega nefna Arnkötludalinn og lýsa yfir einlægum stuðningi mínum við þá vegaframkvæmd, bæði vegna þeirra byggðasjónarmiða að fólkið sem er á Ströndunum á auðveldara með að fara yfir á Reykhóla og niður í Dali, sem og öfugt, og enn fremur yrði auðveldara — við getum t.d. hugsað okkur að það væri þorrablót á Ströndum — fyrir Dalamenn að skreppa þangað og fá sér (Gripið fram í.) sviðakjamma að bíta í og eiga góðar stundir og það mundi efla ýmiss konar góð og jákvæð kynni sem slík vegagerð hefði í för með sér.

Mig langar til að koma með samlíkingu í þessu sambandi þar sem ég er að tala um veg á milli byggðasvæða og það er t.d. þegar búið var að gera veginn á milli Ólafsvíkur og Grundarfjarðar, þegar búið var að laga Búlandshöfða — ég nýt þess að segja þetta hér, herra forseti, þegar hv. þm. Jóhann Ársælsson, þingmaður Vesturl. einn ágætur, gengur hér í salinn (Gripið fram í.) — þetta var mjög góð framkvæmd og hefur gert það að verkum að Ólsarar sjá Grundfirðinga miklu oftar og er það þeim til ánægju (Gripið fram í.) og samskiptin eru meiri á milli þessara staða. Þá á ég við að það er báðum hópunum til ánægju. Svona vegagerð skiptir máli.

Það eru sem sagt tvíþætt markmið með þessum vegi um Arnkötludal, það er tengingin á milli Stranda og Dala og einnig sú mikla stytting sem næst með þessu.

Ég vil taka það fram, herra forseti, að það fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við hefur haft þær afleiðingar að sum pláss hafa átt undir högg að sækja og það hefur leitt til þess að margir íbúar landsins hafa flutt úr byggðunum og sérstaklega vestan af Fjörðum. Vestfirðir væru náttúrlega komnir í eyði ef ekki hefðu verið glufur í þessu kerfi og smábátaútgerð vaxið og dafnað. Síðan skulum við vona að þær aðstæður og þau skilyrði komi í byggðunum að fólk vilji flytja aftur vestur. Eitt af því sem fólk hugsar um í sambandi við gæði staða er hversu langt er til Reykjavíkur. Menn spyrja: Hversu lengi erum við að aka til Reykjavíkur? Umræðan í vegamálunum öllum hefur helgast af þessu. Reykjavík er höfuðborgin okkar og þar er náttúrlega mikil þjónusta sem allir landsmenn verða að sækja. Þess vegna er einn af kostum hverrar byggðar að leiðin í höfuðborgina sé greiðfær og að ferð þangað taki stuttan tíma.

Þess vegna nefni ég enn og aftur þennan veg, herra forseti. Ég veit að það er í bígerð hjá Vegagerðinni og ég vona að það sé áhugi á að skoða þessa leið mun betur, horfa betur á hana en gert hefur verið. Þetta langaði mig til að segja í þessari umræðu.

Þegar brúin yfir Gilsfjörð var gerð, herra forseti, það var mjög góð framkvæmd og til blessunar, en einmitt sú framkvæmd hafði þær afleiðingar að þegar þessi mikla stytting á vegalengd var komin fór fólk að horfa á aðra samgöngumöguleika en gert hafði verið í áratugi. Það var búið að ákveða að vegurinn suður ætti að vera frá Ísafirði um Ísafjarðardjúp og svo niður Strandir, en síðan kemur þessi ágæta brú og þá fara menn bara að horfa öðruvísi. Og það er mjög eðlilegt að menn geri það og við eigum að hafa dirfsku og hugrekki til að vera djörf í vegagerð þegar upp koma nýjar aðstæður. Þá eigum við að hugsa um hvað er hagkvæmast núna en ekki hvað var hagkvæmast fyrir 20 eða 30 árum. Á það vil ég líka benda.

Þetta er framkvæmd sem hægt er að gera skjótt og vel eins og ég þekki best til, herra forseti. Ég hef náttúrlega þann fyrirvara á að auðvitað þekki ég þetta ekki algjörlega til hlítar en eins og hún blasir við í umræðunni og heimamenn tala

um hana á þetta að vera nokkuð auðveld framkvæmd og hún hefði þær afleiðingar að leiðin styttist um 40 km. Hver vill það ekki á vorum dögum þó að við horfum stundum allt of mikið á hraðann og að allt eigi að ganga svo hratt fyrir sig? Auðvitað má ýmislegt ganga hægar fyrir sig í samfélaginu og líka í sálum okkar mannanna.

Þetta vildi ég nú sagt hafa, herra forseti, í þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Reynslulausn, síðari umr.

Þáltill. ÞKG o.fl., 517. mál. — Þskj. 857, nál. 1186.

[20:47]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um till. til þál. um reynslulausn.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til að kanna og gera úttekt á veitingu reynslulausnar skv. 40.–42. gr. almennra hegningarlaga. Kannað verði m.a. hversu algengt er að beita því úrræði, hvernig háttað er eftirliti með því að skilyrði reynslulausnar séu haldin og hversu mörg brot eru framin af einstaklingum á reynslulausn. Jafnframt verði sérstaklega kannað hvort ástæða sé til að breyta framkvæmd reynslulausnar á þann veg að það verði hlutverk dómara að ákveða hvort fangi skuli látinn laus til reynslu í stað Fangelsismálastofnunar ríkisins, sbr. 1. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga.

Nefndin telur nauðsynlegt að þessi könnun fari fram jafnframt því sem kannaður verði munur á veitingu reynslulausnar þegar fangi hefur afplánað $^2/_3$ hluta refsitímans skv. 1. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga og þegar liðinn er helmingur refsitímans skv. 2. mgr. 40. gr. laganna.

Þá ræddi nefndin, herra forseti, í þessu sambandi þær reglur sem gilda um fullnustu refsingar með samfélagsþjónustu skv. IV. kafla laga um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, en skv. 24. gr. þeirra laga er það Fangelsismálastofnun sem ákveður hvort fangelsisdómur verði fullnustaður með samfélagsþjónustu og hvaða samfélagsþjónustu dómþoli sinni í hverju tilviki. Sama gildi um á hve löngum tíma samfélagsþjónusta skuli innt af hendi en tekið er fram að sá tími skuli þó aldrei vera skemmri en tveir mánuðir. Það er mat allsherjarnefndar að eðlilegt sé að sú nefnd sem skipuð verði samkvæmt tillögunni kanni einnig framkvæmd á veitingu samfélagsþjónustu þar sem það úrræði er í eðli sínu refsing. Jafnframt verði m.a. tekið til skoðunar hvort ákvörðun um fullnustu refsingar með samfélagsþjónustu eigi að vera hlutverk Fangelsismálastofnunar eða dómstóla með þeim röksemdum sem fram koma í greinargerð með tillögunni.

Herra forseti. Við ræddum einnig hvort við ættum að afmarka þann tíma sem nefndin hefði til umráða til þess að skila nál. en nefndin ákvað að gera það ekki. Hún áleit engu að síður að það ætti ekki að líða meira en eitt ár frá samþykkt þessarar tillögu.

Allshn. leggur samhljóða til að þessi tillaga verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsókn sjóslysa, 2. umr.

Stjfrv., 552. mál (starfshættir rannsóknarnefndar, aðsetur o.fl.). — Þskj. 899, nál. 1152, brtt. 1153.

[20:50]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá samgn. á þskj. 1153, um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000.

Nefndin fjallaði um málið og fékk fjölmarga aðila á sinn fund. Enn fremur bárust margar umsagnir.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar og lagfæringar á lögunum. Veigamesta breytingin felst í því að ráðherra eru veittar heimildir til að fela rannsóknarnefndinni að taka upp mál þar sem rannsókn er þegar lokið ef aðstæður krefjast þess.

Nefndin leggur til eina efnisbreytingu á frumvarpinu. Lagt er til að 6. gr. um skyldu rannsóknarnefndarinnar til að skila skýrslu innan þriggja mánaða falli brott. Með hliðsjón af því að umfang rannsókna og skýrslugerðar er mjög mismunandi þykir nefndinni rétt að miða áfram við þá meginreglu að skila beri skýrslu svo fljótt sem verða má í hverju tilviki fyrir sig. Jafnframt er lagt til að 2. efnismgr. 1. gr., um aðsetur nefndarinnar, falli brott. Breytingin er ekki efnisleg þar sem ákvörðunarvald um aðsetur nefndarinnar verður eftir sem áður hjá ráðherra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hjálmar Árnason og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta nál. rita framsögumaður Guðmundur Hallvarðsson og hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Magnús Stefánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sigríður Ingvarsdóttir, Jón Bjarnason og Kristján L. Möller.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 2. umr.

Stjfrv., 404. mál (sala á rjúpu o.fl.). — Þskj. 499, nál. 1185.

[20:52]

Frsm. umhvn. (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá umhvn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

Við umfjöllun málsins fékk nefndin á sinn fund nokkra gesti og leitaði umsagnar frá fjölmörgum aðilum.

Í frumvarpinu er lagt til bann við því að selja rjúpur og að það skuli gilda fram til ársins 2008. Er þetta gert til að bregðast við því mati Náttúrufræðistofnunar Íslands að nauðsynlegt sé að vernda rjúpnastofninn þar sem rjúpum hafi fækkað verulega á liðnum áratugum og að stofninn virðist nú vera í sögulegu lágmarki.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að áfram verði heimilt að selja rjúpur og rjúpnaafurðir sem fluttar eru inn til landsins. Nefndin telur að það muni gera það að verkum að afar erfitt verði að fylgja eftir sölubanni á rjúpum. Hugsanlega verður

hægt að fylgjast með því að ekki verði seldar aðrar rjúpur en innfluttar í stórmörkuðum en líklegt verður að telja að sala á rjúpum á svörtum markaði verði ekki stöðvuð. Jafnframt kom fram í máli fulltrúa Náttúrufræðistofnunar Íslands að sölubann á rjúpum væri lítils virði án innflutningsbanns. Einnig kom fram það mat Náttúrufræðistofnunar að stofninn þoli ekki atvinnuveiðar.

Nefndin leggur til að fallið verði frá því að banna sölu á rjúpum og í stað þess verði leitað annarra leiða til að vernda rjúpnastofninn. Samkvæmt gildandi lögum er rjúpan friðuð en ráðherra er heimilt að aflétta friðun frá 15. október til 22. desember ár hvert. Jafnframt eru í lögum ákvæði sem banna notkun hunda og fjölskota skotvopna við veiðar. Að mati nefndarinnar eru því nauðsynleg ákvæði í lögum til að takmarka veiði. Telur nefndin helst koma til greina að stytta veiðitímabilið en það er umhverfisráðherra heimilt að gera með reglugerð. Af þessum sökum beinir nefndin því til ráðherra að stytta veiðitímabilið. Telur hún að það verði vænlegra til árangurs til að vernda rjúpnastofninn.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeirri breytingu að 2. gr. þess falli brott.

Undir þetta nál. rita hv. þm. Magnús Stefánsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Gunnar Birgisson, Kolbrún Halldórsdóttir, Ásta Möller og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Kristján Pálsson, Katrín Fjeldsted og Jóhann Ársælsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skógrækt 2004–2008, fyrri umr.

Stjtill., 689. mál. — Þskj. 1121.

[20:55]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 1121 er 689. mál þingsins sem er þáltill. um skógrækt á Íslandi og fjárveitingar þar að lútandi til næstu fimm ára, með öðrum orðum árin 2004–2008.

Þáltill. skiptist í tvo meginþætti, annars vegar er lýtur að landshlutabundnu skógræktarverkefnunum og hins vegar að Skógrækt ríkisins. Vil ég fyrst fjalla um landshlutabundnu skógræktarverkefnin.

Með lögum nr. 32/1991 samþykkti Alþingi stofnun Héraðsskóga á Austurlandi. Mikill áhugi var þegar á verkefninu og árangur gróðursetningar framar öllum vonum. Í stuttu máli hafa síðan Héraðsskógar vaxið og dafnað og teljast nú veigamikill þáttur í atvinnu- og búsetumálum á Héraði. Í framhaldi af velgengni Héraðsskóga og ánægju þátttakenda var kallað eftir skógræktarverkefni með svipuðu sniði á Suðurlandi og með samþykkt laga frá Alþingi nr. 93/1997, um Suðurlandsskóga, voru Suðurlandsskógar stofnaðir. Þá þegar var kominn mikill þrýstingur frá öðrum landshlutum um sams konar skógræktarverkefni og í stað þess að setja ný lög fyrir hvern og einn landshluta samþykkti Alþingi lög um landshlutabundin skógræktarverkefni, nr. 56/1999, sem eru því sem næst samhljóða suðurlandsskógalögunum. Á grundvelli þeirra laga setti landbúnaðarráðherra árið 2000 af stað verkefnin Norðurlandsskóga, Skjólskóga á Vestfjörðum og Vesturlandsskóga. Árið 2001 var síðasta verkefnið, Austurlandsskógar, sett á laggirnar og þar með voru landshlutabundin skógræktarverkefni í öllum landshlutum orðin staðreynd.

Fyrir þessi verkefni voru gerðar áætlanir og þeim sett markmið. Um það segir í 3. gr. laga um Héraðsskóga, með leyfi forseta:

„Gera skal sérstaka áætlun, Héraðsskógaáætlun, um nýtingu þess lands á Fljótsdalshéraði sem er vel fallið til skógræktar. Áætlunin skal nú ná yfir 40 ár, skipt í 10 ára tímabil, og taka til allt að 15.000 ha lands.“

Í 3. gr. laga um Suðurlandsskóga segir: „Gera skal sérstaka áætlun, Suðurlandsskógaáætlun, um nýtingu þess lands sem er fallið til skógræktar. Áætlunin skal vera til 40 ára og skiptast í fjögur tíu ára tímabil og taka til a.m.k. 15.000 ha lands til timburskógræktar, 10.000 km af skjólbeltum, miðað við einfalda plönturöð, og 20.000 ha lands til landbótaskógræktar.“

Í 4. gr. laga um landshlutabundin skógræktarverkefni segir: „Fyrir hvert landshlutaverkefni skal gera sérstaka landshlutaáætlun. Áætlunin skal vera til a.m.k. 40 ára og skiptast í tíu ára tímabil. Í hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis.“

Í samræmi við þessar lagagreinar voru gerðar áætlanir fyrir hvert og eitt skógræktarverkefni. Þar sem Héraðsskógaverkefnið er um áratug eldra en önnur hefur það verkefni verið haft að leiðarljósi. Alþingi hefur staðið myndarlega að fjárveitingum til þess verkefnis og eru þær nú að nálgast þá hámarksupphæð, 110 millj. kr., sem þörf verður árlega á í framtíðinni. Þær áætlanir sem gerðar voru um hin verkefnin eru mjög samhljóða enda markmiðin nánast ein og hin sömu. Þeim fylgdi skýr áætlun um fjárþörf sem tók mið af því að ná þeim ræktunarmarkmiðum sem lögin kveða á um. Áætlanirnar voru lagðar fyrir ráðherra og síðan ríkisstjórn.

Á grundvelli þessara áætlana hafa verkefnin starfað, gengið frá samningum við skógræktendur, útbúið skógræktaráætlanir fyrir hvert skógarbýli og staðið að jarðvinnslu og plöntukaupum. Þá hefur Alþingi staðið að fjárveitingum í samræmi við framangreindar áætlanir, að undanskildu árinu 2002, en þá var um litla sem enga hækkun að ræða frá árinu áður. Þá kom betur í ljós en áður hve nauðsynlegt það er fyrir verkefnin að fjárveitingar fram í tímann liggi fyrir. Því er þessi þingsályktunartillaga um fjárveitingar til næstu fimm ára lögð fram, en hún gerir ráð fyrir að fjárveitingar verði ákveðnar til ársins 2008. Þetta eru lægri fjárveitingar en fyrstu áætlanir verkefnanna gera ráð fyrir, sem e.t.v. voru ívið of háar. Þetta þýðir að framgangur verkefnanna verður ekki eins hraður í upphafi og gert var ráð fyrir í fyrstu en samt sem áður að verkefnin geti náð settum markmiðum laganna.

Ég vil ítreka að eðli verkefnanna og framkvæmdir í skógrækt kalla á langtímaáætlanir um fjárveitingar. Þær tryggja trúverðugleika og markvissara og skilvirkara starf. Við gerð fjárhags- og framkvæmdaáætlana þarf að nota aðrar vinnuaðferðir en við áætlanagerð fyrir mörg önnur verkefni/stofnanir á vegum ríkisins. Ferlið frá því að landeigandi sækir um þátttöku í skógræktarverkefni þangað til að gróðursetning hefst getur verið allt að tvö ár.

Sem dæmi má nefna að landeigandi sendir inn umsókn haustið 2003. Skógfræðingur heimsækir landeiganda og metur skógræktarskilyrði á fyrirhuguðu skógræktarsvæði vorið 2004. Umsögn skógfræðings er jákvæð og landið er flokkað og kortlagt sumarið 2004. Veturinn 2004–2005 er á grundvelli upplýsinga unnin nákvæm skógræktaráætlun

fyrir svæðið. Vorið 2005 er skógræktaráætlunin tilbúin og landeigandi getur hafið framkvæmdir tveimur árum eftir að umsókn var send inn.

Einn af undirstöðuþáttum í skógræktarstarfinu er fræöflun og framleiðsla skógarplantna. Þessi ferill getur tekið allt að fjögur ár eftir því hvaða tegund plantna er verið að rækta. Á vegum verkefnanna eru aðallega notaðar eins til tveggja ára gamlar skógarplöntur. Þetta þýðir að plantan hefur verið í ræktun í gróðrarstöð í eitt til tvö ár. Verkefnin bjóða út framleiðslu skógarplantna og það verður að gera með góðum fyrirvara þannig að gróðrarstöðin hafi öll aðföng til reiðu þegar að sáningu kemur.

Annað dæmi skal tekið sem sýnir ferli frá útboði skógarplantna þar til plönturnar verða gróðursettar. Skógarbóndi ætlar að gróðursetja lerki (eins árs framleiðsla) árið 2006 og sitkagreni (tveggja ára framleiðsla) árið 2007. Haustið 2003 er ákveðið hvað þarf að bjóða út mikið af skógarplöntum. Í janúar 2004 eru skógarplöntur boðnar út. Í mars er ákveðið hvaða gróðrarstöð fær útboðið. Gróðrarstöðin aflar sér aðfanga, svo sem fræs, moldar og fjölpottabakka. Í mars 2005 fer sáning fræs til skógarplantna fram sem verða tilbúnar til afhendingar í maí 2006. Ári seinna eða 2007 er tveggja ára ræktunin tilbúin til afhendingar.

Á þessu má sjá að haustið 2003 þarf að vera ljóst hvaða fjármagn er til ráðstöfunar í þessi verkefni árið 2007, sem er fjögur ár fram í tímann.

Margsinnis hefur komið fram af hálfu forsvarsmanna verkefnanna, þátttakenda og annarra sem til þekkja, hve starf þeirra hefur haft mikil áhrif. Þótt aðalmarkmið verkefnanna sé að rækta skóg hafa þau einnig önnur markmið, svo sem eflingu byggða og atvinnulífs, auðlindasköpun og bindingu kolefnis. Þá hefur í kjölfar verkefnanna gefist færi á störfum á landsbyggðinni fyrir háskólamenntað fólk, vísindamenn og skógfræðinga.

Benda má á verkefni á Austurlandi þar sem menn hafa sérhæft sig í smíði gagnagrunns sem heldur utan um framkvæmdir í skógrækt. Að því hafa unnið kerfisfræðingar og forritarar og fleiri tölvufræðingar. Skógræktin hefur styrkt ferðaþjónustuaðila, jafnt gistihús sem veitingarekstur. Í þessari upptalningu er tæpt á ýmsum störfum sem liggja utan hefðbundins landbúnaðar en að sjálfsögðu hafa bændur svo verulega afkomu af vinnu við framkvæmdina sjálfa og skólakrakkar af sumarvinnu.

Vart eða ekki verður bent á önnur sambærileg verkefni sem treysta frekar búsetu á landsbyggðinni, sem stendur um þessar mundir of víða höllum fæti. Skógræktarverkefnin styrkja ekki aðeins bændur á bújörðum, heldur kalla þau á nýja ábúendur, ekki hvað síst úr þéttbýlinu sem finna sér þar samastað, flytja lögheimili sín og gerast skattgreiðendur í nýju umhverfi. Með þeim koma nýir straumar, ný viðhorf, aukin þjónusta og mannlífið allt verður fjölbreyttara.

Það er nú svo að allt mannlíf á landsbyggðinni er auðvitað landbúnaður.

Með eflingu skógræktar er verið að skapa nýja auðlind á Íslandi. Skógurinn er auðlind Finna og Svía, Norðmanna og annarra nágranna. Meðal annarra þjóða er ekki litið á þá auðlind sem eign einhvers einstaklings heldur auðlind viðkomandi lands. Þannig verður það einnig hér á landi þegar fram líða stundir.

Hér skal ekki tíundað frekar gildi verkefnanna enda Alþingi vel kunnugt um mikilvægi þeirra. Hefur skilningur og áhugi alþingismanna margoft komið fram á fundum, í heimsóknum til verkefnanna og í umræðum og afgreiðslu Alþingis á fjármagni til þeirra.

Þá vík ég að Skógrækt ríkisins.

Uppbygging landshlutabundnu skógræktarverkefnanna kallar á aðlögun innan þess hluta skógræktargeirans sem fyrir var, einkum hjá Skógrækt ríkisins. Þar kemur fyrst og fremst til að rannsóknir og miðlun rannsóknaniðurstaðna og annarrar þekkingar er algjör forsenda fyrir því að árangur landshlutaverkefnanna verði sem skyldi og að fjármunir sem til þeirra renna nýtist sem best. Þá eru kröfur um eftirlit, upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun sífellt að aukast bæði innan lands og á alþjóðavettvangi, ekki síst í tengslum við loftslagssáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Sumir kynnu að ætla að með uppbyggingu landshlutabundnu skógræktarverkefnanna mætti draga úr starfsemi Skógræktar ríkisins þar sem nýskógrækt félli nú niður sem eitt af hlutverkum hennar. Staðreyndin er hins vegar sú að fjárveiting til verkefnisins „Nytjaskógrækt á bújörðum", sem var undanfari landshlutabundnu skógræktarverkefnanna og heyrði undir Skógrækt ríkisins, nam aldrei hærri upphæð en 15 millj. kr. á ári. Sú upphæð og meira til fer nú í að fjármagna þjónustu skógræktarráðunauta Skógræktar ríkisins í hverjum landsfjórðungi er gegna lykilhlutverki í þjónustu við skógarbændur.

Nú eru 14 ár liðin síðan gróðursetning af hálfu Skógræktar ríkisins var síðast verulegur hluti af nýskógrækt í landinu. Síðastliðinn áratug hefur gróðursetning Skógræktar ríkisins að stórum hluta tengst rekstri gróðrarstöðva, þ.e. afgangsplöntur úr gróðrarstöðvum voru gróðursettar í lönd stofnunarinnar. Með lokun gróðrarstöðvanna er sú gróðursetning að mestu úr sögunni auk þess sem möguleikar til sértekjuöflunar minnka. Sú vinna sem áður tengdist nýskógrækt hjá Skógrækt ríkisins hefur æ meira flust yfir í að sinna grisjun og umhirðu í þjóðskógunum og móttöku ferðafólks, „að opna skógana" sem svo hefur verið nefnt, sem var fyrirmyndarframkvæmd fyrir nokkrum árum og viðgengst á hverju ári þannig að Íslendingar eiga nú aðgang að skógum sínum og njóta þess.

Sú verkaskipting að landshlutabundnu skógræktarverkefnin hafi umsjón með mestum hluta nýskógræktar og Skógrækt ríkisins sinni flestöllum öðrum verkefnum er tengjast skógrækt hefur verið að þróast undanfarin 13 ár og er nú orðin nokkuð fastmótuð. Fjárframlög verða því ekki flutt frá Skógrækt ríkisins til landshlutaverkefnanna án þess að það komi niður á annarri starfsemi, svo sem rannsóknum, ráðgjöf eða umsjón með þjóðskógunum. Þvert á móti kallar aukin nýskógrækt á auknar rannsóknir, aukna ráðgjöf og aukið eftirlit. Þjóðskógarnir eru auk þess nauðsynlegar fyrirmyndir, en þar er að finna sýnishorn af því sem stefna ber að, því sem vænta má og „víti til varnaðar". Þá eru þjóðskógarnir mjög mikilvægur vettvangur rannsókna og þjálfunar skógareigenda, t.d. í grisjun, og mikilvægasta erfðalind fyrir íslenska skógrækt, en stór hluti þess trjáfræs sem notað er kemur nú úr þjóðskógunum.

Í þáltill. er að finna töflu um fjárveitingar til Skógræktar ríkisins. Er starfseminni skipt upp í fjóra flokka, yfirstjórn, stjórnsýslu, rannsóknir og þjóðskóga. Þessi skipting endurspeglar verkefni stofnunarinnar að hluta til eins og þau eru nú en einkum eins og ætla má að þau verði eftir 5–10 ár. Gert er ráð fyrir áframhaldandi þróun á starfsemi stofnunarinnar þar sem áhersla er lögð á stjórnsýslu, þar með talda upplýsingaöflun, eftirlit, árangursmat og fræðslu, svo og rannsóknir

sem aukast hlutfallslega samanborið við yfirstjórn og rekstur þjóðskóganna.

Ég vil þá gera grein fyrir þeim liðum sem taldir eru fram í þáltill. og heyra undir Skógrækt ríkisins.

Í málaflokknum Yfirstjórn er fastur kostnaður við rekstur Skógræktar ríkisins, svo sem laun skógræktarstjóra og kostnaður við fjármál, bókhald, tölvuþjónustu og þess háttar. Ekki er gert ráð fyrir raunaukningu á þessum rekstrarþætti og lækkar hann úr 16% niður í 14% af ríkisframlaginu til stofnunarinnar á tímabilinu.

Stjórnsýsla mun taka mestum breytingum á næstu 5–10 árum og er heitið „stjórnsýsla" til marks um væntanlegar breytingar. Eðlilegra nafn málaflokksins núna væri „fræðsla, ráðgjöf og áætlanagerð" eða það sem nefnt hefur verið „skógarþjónusta". Landshlutaverkefnin kalla nú þegar á aukið faglegt eftirlit með framkvæmdum sínum, einkum svo að þau geti metið árangur sinn í því skyni að bæta hann, en einnig til að þau geti staðið skil á upplýsingum til yfirvalda og almennings. Eðlilegt þykir að slíkt eftirlit eða árangursmat sé unnið af fjárhagslega óháðum aðila og er Skógrækt ríkisins eina stofnunin með faglega færni til að sinna því. Með þessu fyrirkomulagi fæst einnig aðskilnaður milli stjórnsýslu og stærsta hluta framkvæmda í skógrækt.

Síðan vil ég, virðulegur forseti, í lokin þar sem ég kemst nú ekki yfir allt sem ég vildi segja við þessa mikilvægu umræðu, minna á Kyoto-bókun loftslagssamningsins, hversu mikilvæg skógrækt er og að halda utan um þá auðlind o.s.frv.

Síðan er hér áætlun þar sem gert er ráð fyrir framlögum til stjórnsýslumálaflokksins á þessu árabili.

Þetta er mikið mál og stórt, hæstv. forseti, sem ég mæli hér fyrir, mikilvægt fyrir landsbyggðina, mál sem mun skipta miklu og gera landið byggilegra, hækka gildi þess að búa í sveit á Íslandi og gera það eftirsóknarverðara en verið hefur. Eins og allir þekkja gefur skógræktin hamingju og lífsgleði sem henni hefur fylgt og hef ég notið þess í ríkum mæli sem landbúnaðarráðherra að vera með þessu lífsglaða fólki sem hefur hafið af miklum krafti þetta verk á Íslandi.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. landbn.

[21:10]

Útbýting þingskjala:

Atferlis- og eldisrannsóknir á þorski á Vestfjörðum, 52. mál, nál. sjútvn., þskj. 1244.

Færeyska fiskveiðistjórnarkerfið, 56. mál, nál. sjútvn., þskj. 1243.

Raforkulög, 462. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 1230.

Rannsóknir á þorskeldi, 35. mál, nál. sjútvn., þskj. 1245.

Stjórn fiskveiða, 602. mál, nál. sjútvn., þskj. 1255.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 422. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 1246; brtt. meiri hluta félmn., þskj. 1247.

[21:11]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar till. til þál. um skógrækt fyrir árin 2004–2008. Það er ágætt að sjá þetta plagg hér vegna þess að þær áætlanir sem höfðu verið gerðar áður og þau fjárframlög sem ætluð höfðu verið til þessara verkefna, landshlutabundinna skógræktarverkefna, stóðust stundum ekki alveg og það var erfitt fyrir þau verkefni að gera samninga við bændur, ræktendur og fleiri, ef ekki var hægt að reiða sig á það fjármagn sem ætlað var til verkefnanna. Þess vegna er það kostur að þessi þáltill. skuli koma fram. Hún á að tryggja að verkefnin, þessi landshlutabundnu skógræktarverkefni eins og t.d. Skjólskógar á Vestfjörðum, geti gert samninga við bændur sem standast og halda. Því er þetta nú komið fram og er það vel að minni hyggju. Málinu verður vísað til landbn. og mun hún væntanlega fara yfir málið og skoða það og má reikna með því, herra forseti, að það fái góðan hljómgrunn þar að öllu leyti, a.m.k. flestu leyti.

Það er ágætt að sveitir og byggðir landsins skuli fá aukin verkefni, að meiri möguleikar séu í byggðunum úti á landi, í sveitinni, að fólk geti fengið aukna atvinnu þar. Ekki veitir nú af, sérstaklega þegar við hugsum til nýlegra frétta um stöðu t.d. sauðfjárbænda sem er afar slæm. Því er gott ef þeir geta komið inn í þetta verkefni með meiri krafti og fengið vinnu í sambandi við þetta og þar með meiri tekjur, sem um leið tryggir búsetu á þeim jörðum þar sem þeir eru. Það er vel. Og ég veit að sumir bændur sem taka þátt í þessu hafa verið mjög ánægðir yfir því.

En eins og ég segi, herra forseti, ég tel það vera gott að hægt sé að gera svona áætlanir fram í tímann eða til ársins 2008. Og svo ég haldi mig við það verkefni sem ég nefndi áðan, Skjólskóga, þá fá þeir 10% af fjárhæð hvers árs og er það í samræmi við þá umræðu og samkomulag sem hefur átt sér stað á milli þessara verkefna og vonast ég til að þeir fjármunir eigi eftir að koma að góðum notum, bæði til að efla atvinnu og styrkja byggðina og svo náttúrlega til að draga úr gróðurhúsaáhrifum. Einnig fegrar þetta landið og skapar fjölbreytni í útliti þess, auk þess sem margt ágætis fólk kemur að þessu og gætir þess vonandi og að öllum líkindum að minni hyggju að skógum verði ekki dritað niður bara hér og þar, heldur að það verði gert skipulega og á ákveðinn hátt.

Herra forseti. Ég reikna með að landbn. muni að flestu leyti samþykkja þetta plagg, þessa þáltill. og á ekki von á öðru en að það verði kannski í mesta lagi einn eða tveir fyrirvarar sem ekki yrðu þá miklir. Þetta vildi ég segja hér.

[21:17]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir að leggja fram þessa metnaðarfullu þáltill. um skógrækt á Íslandi 2004–2008. Það er auðvitað mjög brýnt að hafa framtíðarsýn í þessum málum sem og öðrum, m.a. vegna þess að gerð eru útboð á plöntum, (Gripið fram í.) framleiða þarf plöntur með ákveðnum fyrirvara á ákveðnum tíma, eins og hv. þm. Einar Már Sigurðarson, sem kallar hér fram í, veit manna best, þar sem Héraðsskógar voru ákveðið brautryðjendaverkefni í landshlutabundnum skógræktarverkefnum, sem mjög aukinn áhugi er á hjá landsmönnum öllum. Og nú er svo komið að í hverju héraði eða í hverjum landshluta eru sérstök verkefni þar að lútandi, þ.e. Héraðsskógaverkefnið á Austurlandi og Austurlandsskógaverkefnið í beinu framhaldi af því, Suðurlandsskógaverkefnið, Vesturlandsskógaverkefnið, Skjólskógaverkefnið á Vestfjörðum og síðan Norðurlandsskógarnir.

Þetta tengir fólk saman. Skógarbændur eru með mjög merkilegan félagsskap sem hittist og fer yfir þessi mál. Garðyrkjuskóli ríkisins heldur námskeið fyrir það fólk sem hefur áhuga á slíkum hlutum og þarna er um að ræða námskeið bæði fyrir þá sem búa í þéttbýli og dreifbýli, og skógurinn brúar í raun og veru þá hópa. Fólk hefur áhuga á slíkri ræktun og þetta skiptir land og þjóð mjög miklu máli.

Ég sat afar merkilega ráðstefnu á Kirkjubæjarklaustri í upphafi þessa mánaðar þar sem einmitt var farið vítt og breitt yfir þessi mál hér á Íslandi. Einnig var þar írskur skógræktarráðunautur sem fór yfir það á hvern hátt Írar hafa verið að þróa þessi mál á síðustu áratugum. Þeir hafa notið mikilla styrkja í gegnum ESB og eru að byggja upp atvinnuskógrækt, og við gætum mjög margt af þeim lært í þessum efnum.

Talsvert löng hefð er fyrir skógrækt á Íslandi, talað er um það í Landnámu að landið hafi verið skógi vaxið milli fjalls og fjöru. En á síðustu missirum hefur áhugi á skógrækt aukist mjög mikið og það ber auðvitað að þakka. Margir hafa komið þar að og lagt hönd á plóginn, ekki hvað síst fyrrverandi forseti okkar, Vigdís Finnbogadóttir, sem glæddi mjög skógræktaráhuga á Íslandi og auðvitað eru margir fleiri sem þar hafa komið að máli.

Ég gleðst líka yfir því að í gær var einmitt samþykkt þáltill. sem ég flutti á þessu þingi varðandi nýtingu á trjáviði sem til fellur við grisjun. Það er auðvitað orðið talsvert mikið af trjáviði sem til fellur við grisjun og það skiptir mjög miklu máli á hvern hátt sá trjáviður er nýttur. Möguleikarnir eru mýmargir í þeim efnum og ber að nýta þann við til fullnustu — ég sé að hv. 1. þm. Norðurl. e. horfir á mig stórum augum að þessu leytinu til — en eins og hann þekkir vel úr Eyjafirðinum vex þar skógur og það ber að nýta þann trjávið sem til fellur við grisjun sem allra best, eins og mjög margir eru að átta sig á þessi missirin.

Á þeirri ráðstefnu sem ég sat á Kirkjubæjarklaustri kom m.a. fram að á Hallormsstað er framleitt talsvert mikið af trjáviði sem er nýttur á margvíslegan hátt, m.a. seldur í trönur fyrir fiskþurrkun og þess háttar. Auk þess er viðurinn nýttur í alls konar listmunagerð, í parketframleiðslu, í gluggaefni, húsgagnagerð og þess háttar og við eigum að gefa þessum málum gaum. Þess vegna lýsi ég enn og aftur mikilli ánægju með þessa þáltill. sem hæstv. landbrh. leggur hér fram. Hann sýnir mikinn metnað og mikla framsýni sem á eftir að leiða til góðra hluta hér á landi.

[21:21]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við fjöllum um till. til þál. um skógrækt 2004–2008, og ég hlýt að gleðjast yfir því eins og fleiri að hér sé lögð fram verkefnaáætlun til þetta margra ára. Það er eins og með vegáætlun og samgönguáætlun og samræmda samgönguáætlun, eins og við höfum núna, að það er mjög mikilvægt að horfa fram í tímann. Staðan hefur verið sú að um hvert skógræktarverkefni hafa verið gerðir samningar og áætlanir en vantað hefur hina lögformlegu staðfestingu á þeim samningum þannig að þeir hafa ekki sjálfkrafa komið hér inn eða fengið fjármagn til verkefnanna af fjárlögum ríkisins heldur er sótt um í hvert skipti þannig að það hefur alltaf ríkt nokkur óvissa um framlög til verkefnanna. Það að hafa áætlunina svona bundna, eins og hún er hér og er þar af leiðandi staðfesting á þeim samningum sem fyrir eru, er mjög til bóta því trjárækt er ekki skammtímaverkefni heldur langtímaverkefni og er verkefni nokkurra mannsaldra ef maður horfir fram í tímann. Það á þó sérstaklega við um græðlingaframleiðslu og plöntur til útplöntunar. Því er mikilvægt að vita hver áætlunin er og hver salan muni verða.

Herra forseti. Þar sem þáltill. kemur svo seint hér fram á þinginu hefur mér ekki unnist tími til að skoða þessar tölur og fara yfir það hvort þetta er samkvæmt þeim áætlunum sem eru inni í þessum landshlutabundnu skógræktarverkefnum, en ég ætla að svo sé, og ljóst er að þær tölur eiga svo að hækka í samræmi við þróun verðlags.

Herra forseti. Ég vil benda á eitt varðandi Skógrækt ríkisins, það eru fjármunirnir sem eiga að fara til Skógræktarinnar, í yfirstjórn stjórnsýslu, rannsóknir og þjóðskóga. Þá vil ég sérstaklega taka út þjóðskógana og benda á mikilvægi þess að áætlunin verði endurskoðuð og litið verði til þess að við höfum vanrækt þjóðskógana. Við þurfum að leggja miklu meiri áherslu á að hirða þjóðskógana og gera þá aðgengilegri og sýna þeim þann sóma að þeir séu grisjaðir og um þá sé hugsað en mikið vantar upp á það. Ég dreg því í efa að rétt sé að miða við það framlag sem er til þjóðskóganna í dag, því að þeir eru vanræktir og þar þurfum við að bæta í frekar en hitt.

En við 1. umr. og við að lesa þetta yfir hafandi ekki neina ástæðu til að ætla að framlögin sem hér eru nefnd séu ekki nokkurn veginn í takt við það sem er í samningunum, og ef það er ekki verður auðvitað að skoða það vel, þá lít ég jákvætt á þetta. Ég tel að landbn. verði að fara vel yfir þáltill. og hún mun örugglega gera það með mjög jákvæðu hugarfari, því að svona langtímaáætlun er okkur öllum nauðsynleg og ég trúi því að þetta sé komið til að vera.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[21:26]

Útbýting þingskjala:

Námsefni um hlutskipti kvenna um víða veröld, 707. mál, þáltill. KVM o.fl., þskj. 1256.

Raforkulög, 462. mál, brtt. meiri hluta iðnn., þskj. 1231.

Fjármögnun sjóðs til að auka verðmæti íslenskra sjávarafurða, fyrri umr.

Stjtill., 688. mál. — Þskj. 1120.

[21:26]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um fjármögnun sjóðs til að auka verðmæti íslenskra sjávarafurða.

Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að lýsa stuðningi við stofnun sjóðs sem sjávarútvegsráðherra hefur komið á fót og hefur það hlutverk að styrkja verkefni sem stuðla að auknu verðmæti íslenskra sjávarafurða.

Jafnframt ályktar Alþingi að á næstu fimm árum, 2004–2008, verði sjóðurinn fjármagnaður með framlagi úr ríkissjóði þannig:

Árið 2004 200 millj. kr.
Árið 2005 250 millj. kr.
Árið 2006 300 millj. kr.
Árið 2007 350 millj. kr.
Árið 2008 400 millj. kr.“

Í janúar 2002 skipaði ég nefnd sem var falið að vinna skýrslu um hvernig mætti á næstu árum auka verðmæti sjávarfangs í þeim greinum sem fyrir eru og efla jafnframt nýsköpun. Í október 2002 skilaði nefndin skýrslu (svonefndri AVS-skýrslu) til ráðherra þar sem bent er á að á tímabilinu 1990–2001 hafi engin aukning orðið á raunverðmæti útfluttra sjávarafurða en útflutningsverðmæti sjávarafurða var um 130 milljarðar kr. á árinu 2001. Jafnframt kemur fram að þótt miðað sé við óbreyttan afla eru gríðarlegir möguleikar á að auka útflutningsverðmætið. Við vinnslu skýrslunnar var

víða leitað fanga, ekki síst hjá fólki sem starfar við sjávarútvegsfyrirtæki og tengdar greinar, svo sem við sérhæfða tækjaframleiðslu og þekkingarvinnslu. Komst hópurinn að þeirri niðurstöðu að með auknu rannsókna- og þróunarstarfi sé raunhæft markmið að útflutningsverðmætið geti orðið um 240 milljarðar kr. árið 2012. Í skýrslunni er talið að slík aukning verði fyrst og fremst borin uppi af fiskeldi, líftækni og vinnslu aukaafurða, auk bættrar tækni við fiskvinnslu. Þetta markmið næst því aðeins að aukin áhersla verði lögð á rannsókna- og þróunarstarf. Er sjóðnum ætlað að styrkja það starf.

Í skýrslunni er lagt til að gert verði átak til fimm ára til að auka virði sjávarafurða, og að átakið verði hugsanlega framlengt. Megintillaga skýrslunnar er að stofnaður verði sérstakur rannsóknasjóður sem komi til viðbótar þeim fjármunum sem nú er unnt að nýta til rannsókna og hafi hann 300 millj. kr. til ráðstöfunar á ári fyrir lok tímabilsins.

Undanfarin missiri hafa augu manna beinst að þorskeldi í ríkum mæli. Hér á landi hefur starfað sérstakur samstarfshópur á vegum sjávarútvegsráðuneytisins, auðlindadeildar Háskólans á Akureyri, Hafrannsóknastofnunarinnar og sjávarútvegsfyrirtækja um þorskeldi. Markmið verkefnisins eru að meta samkeppnishæfni þorskeldis á Íslandi, móta stefnu í rannsókna- og þróunarvinnu og afla og miðla upplýsingum um þorskeldi. Verkefnið hefur þegar eflt mjög þekkingu og um leið stuðlað að kynningu á þessu sviði. Hópurinn tók saman ítarlega skýrslu um stefnumótun í rannsókna- og þróunarvinnu fyrir þorskeldi á Íslandi. Í tillögum samstarfshópsins var tekið mið af hugmyndum í AVS-skýrslunni þar sem m.a. er gert ráð fyrir að sérstökum verkefnahópi verði falið að fjalla um fiskeldi. Jafnframt lagði samstarfshópurinn til að ríkissjóður veitti árlega í fimm ár sérstakt 140 millj. kr. framlag að meðaltali til upplýsingamiðlunar, rannsókna- og þróunarverkefna í þorskeldi.

Sá sjóður sem hér um ræðir í tillögunni verður einvörðungu fjármagnaður af sjávarútvegsráðuneytinu árið 2003, en í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að framlög ríkissjóðs til sjóðsins taki mið af tillögum AVS-nefndarinnar og tillögum samstarfshópsins um þorskeldi og verði 200 millj. kr. árið 2004 og fari síðan stighækkandi og verði 400 millj. kr. árið 2008.

Stofnun sjóðs þessa gerir greininni kleift að ná miklum árangri á skömmum tíma. Skortur á fé til rannsókna í sjávarútvegi hefur háð nýsköpun. Með aukinni þekkingu og menntun fjölgar þeim sem koma auga á ný tækifæri og nýta þau. Verkefni þetta miðar fyrst og fremst að því að auka útflutningstekjur landsmanna af sjávarfangi. Útgerð og vinnsla sjávarafurða eru verkefni sjávarútvegsfyrirtækja sem langflest starfa á landsbyggðinni. Auknar tekjur sjávarútvegs munu því skila hærri tekjum og betri afkomu til fyrirtækjanna og starfsfólks þeirra.

Ákveðið hefur verið að sjóðurinn styrki og stuðli að rannsóknum á margs konar verkefnum sem tengjast sjávarútvegi, svo sem í fiskeldi, líftækni, markaðsmálum, vinnslu sjávarfangs, meðferð hráefnis, fræðslu og menntun.

Í stjórn AVS-sjóðsins eiga sæti fulltrúar atvinnulífsins og stjórnvalda sem hafa þekkingu á hagsmunum sjávarútvegsins. Stjórnin skal móta stefnu fyrir sjóðinn og útfæra áherslusvið. Skal það gert í nánu samráði við hagsmunaaðila, vísindasamfélagið og stjórnvöld. Markmið og áherslur skulu vera í samræmi við þarfir atvinnugreinarinnar.

Stjórn AVS-sjóðsins hefur yfirumsjón með meðferð umsókna um styrki sem sjóðnum berast. Stjórnin tekur ákvarðanir um styrkveitingar að teknu tilliti til niðurstöðu faglegs mats á umsóknum og með hliðsjón af þeim markmiðum sem sjóðurinn hefur sett sér. Þá fylgist stjórnin með framvindu verkefna sem sjóðurinn hefur styrkt. Stjórnin getur falið verkefnahópum að annast einstaka þætti í starfi sjóðsins, t.d. daglegan rekstur, mat á umsóknum og eftirfylgni, eða samið við utanaðkomandi aðila um framkvæmd þessara þátta.

Stjórn AVS-sjóðsins skal beita sér fyrir aukinni samvinnu aðila um framkvæmd verkefna og fjármögnun þeirra. Skal hún í því sambandi leitast við að hafa yfirsýn yfir helstu verkefni sem unnið er að á sviði sjávarútvegs. Jafnframt getur stjórnin beitt sér fyrir stofnun verkefnahópa um einstök fagsvið eða tekið þátt í slíkum hópum ef það er talið henta.

Herra forseti. Að lokinni fyrri umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til hv. sjútvn.

[21:32]

Adolf H. Berndsen:

Herra forseti. Þáltill. sú sem hér er til umræðu er mikið fagnaðarefni. Það hefur lengi háð sjávarútvegi okkar að fé hefur skort til rannsóknastarfs og nýsköpunar. Með tillögu þessari er stigið mikilvægt skref til að efla þessa þætti.

Metnaðarfull markmið komu fram í svokallaðri AVS-skýrslu til hæstv. sjútvrh. sl. haust. Í þeirri skýrslu kemur fram það markmið að auka megi verðmæti sjávarfangs um 5–6% á ári næstu tíu árin. Samkvæmt því mundi verðmæti sjávarfangs aukast úr 130 milljörðum árið 2001 í 240 milljarða tíu árum síðar.

Auk hefðbundinna greina vinnslu og veiða hafa á síðustu árum aðrir þættir sjávarútvegs vaxið. Þannig nam útflutningsverðmæti aukaafurða, svo sem hausa, afskurðar, hrogna og lýsis, 6 milljörðum á árinu 2001. Gert er ráð fyrir samkvæmt skýrslu AVS-hópsins að verðmæti aukaafurða gæti numið allt að 24 milljörðum að tíu árum liðnum.

Varðandi fiskeldi, sem var með útflutningsverðmæti um einn milljarð, eru menn með væntingar um verðmæti allt að 36 milljörðum árið 2012 ef áætlanir ganga eftir.

Útflutningsverðmæti búnaðar og þekkingar var á árinu 2001 6 milljarðar en er áætlað 12 milljarðar að tíu árum liðnum samkvæmt skýrslunni. Þessi grein hefur dafnað í skjóli góðs gengis sjávarútvegsins vegna þarfa hans á nýjum tæknibúnaði og aukinni þekkingu.

Þróun í líftækni hefur verið nokkur, m.a. í framleiðslu ensíma, bragðefna og próteina. Þar eru miklir þróunar- og vaxtarmöguleikar þannig að sjá má að vaxtartækifæri í sjávarútvegi og í tengslum við hann liggja víða.

Þessu til viðbótar vil ég koma inn á nokkur atriði. Þarna felast að mínu mati góð tækifæri fyrir ýmis minni fyrirtæki og frumkvöðla í sjávarútvegi, m.a. úti á landsbyggðinni. Með þessum orðum er á engan hátt verið að draga úr því mikilvægi að stærri fyrirtæki verði í leiðandi hlutverki í frekari þróun í þá átt að auka verðmæti sjávarfangs. Það hafa þau verið og verða áfram.

Þrátt fyrir að gengi íslensks sjávarútvegs sé almennt gott eru einstakar greinar hans í erfiðleikum. Vil ég þar sérstaklega nefna rækjuiðnaðinn sem glímir við mjög erfiðar markaðsaðstæður. Ég hef lengi talið að þar sé nauðsyn á frekari vöruþróun og rannsóknum, ég sé fyrir mér að með stofnun þessa sjóðs skapist aðstæður til að bæta stöðu þeirrar greinar. Það er að mínu áliti mjög aðkallandi að rækjuiðnaðurinn, sem er afar mikilvæg atvinnugrein, fái stuðning

stjórnvalda til að styrkja stöðu sína í erfiðu umhverfi um þessar mundir.

Mikið áhyggjuefni er enn fremur staða skelveiði í Breiðafirði og víðar við landið. Vonandi getur væntanlegur sjóður nýst til að koma að þeim vanda í góðu samstarfi við heimamenn á viðkomandi svæðum.

Sjávarútvegur okkar er og verður undirstöðuatvinnugrein okkar. Því er mjög rétt að benda á mikilvægi þess að efla menntun starfsfólks á flestum sviðum sjávarútvegsins. Skólakerfið þarf að koma til skila mikilvægi sjávarútvegsins fyrir þjóðfélagið og hvetja þarf til þess að ungt fólk hasli sér völl í greininni.

Það er ljóst að stofnun sjóðs sem þessa, sem hér er stefnt að, getur orðið til að efla stöðu landsbyggðarinnar þar sem flest fyrirtæki sem starfa í útveginum eru staðsett þar. Það er því ákaflega mikilvægt fyrir landsbyggðina að vel takist til með nýtingu þeirra fjármuna sem stefnt er að að verja til þessa sjóðs.

Herra forseti. Það er sannfæring mín að gott samstarf náist milli stjórnvalda og þeirra sem starfa í sjávarútveginum um frekari þróun og sókn í þá átt að auka verðmæti sjávarafurða.

[21:36]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við ræðum hér till. til þál. um stofnun sjóðs til þess að auka verðmæti íslenskra sjávarafurða. Hæstv. ráðherra fór yfir þetta mál áðan. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning sem kynni annars að koma upp í ræðu minni vil ég byrja á að taka það fram að ég tel að hér sé verið að hreyfa ágætlega þörfu máli og mun að sjálfsögðu styðja það til þess að efla hér verðmætasköpun og nýbreytni.

Ég hefði hugsað mér að ræða þetta mál á eftir út frá svolítið öðru sjónarmiði sem auðvitað byggir á því að við erum hér að stofna til sjóðs til þess að ná meira verðmæti út úr sjávarútveginum. Ég get ekki látið hjá líða að nefna það að ég tel að auðveldasta leiðin, samkvæmt skýrslu sjútvrh. sem unnin var fyrir hann af þessum starfshópi, hinni svokölluðu AVS-skýrslu, sem stendur fyrir „aukið verðmæti í sjávarútvegi", a.m.k. eins og ég las hana sýndist mér auðveldasta niðurstaðan til þess að auka verðmæti íslensks sjávarfangs vera að stuðla að því að hér yrði enn meiri vinnsla á ferskum fiski en þó hefur verið, og hefur hún vissulega verið að aukast á undanförnum árum. Það kom greinilega fram í skýrslunni — þó að ég sé ekki með hana hérna fyrir framan mig held ég að ég muni þessar tölur nokkurn veginn — að það væri hægt að ná tugum króna verðmætisauka við það að breyta vinnslu þorskflaka í fersk flök í staðinn fyrir frosin, og þá var það sama hvort menn voru að tala um að fiskurinn væri frystur úti á sjó eða í landi. Og ef ég man þessar tölur rétt voru þetta 88 kr. á hvert reiknað kíló upp úr sjó, eins og það stendur í skýrslunni. Segi það nú samt með fyrirvara vegna þess, eins og ég sagði áðan, að ég er ekki með skýrsluna hérna fyrir framan mig eða tölurnar.

Sama var auðvitað varðandi ýsuna, það var hægt að ná miklum verðmætisauka með því að flytja meira út af ferskum ýsuflökum en frosnum. Verðmætisaukinn var meiri í ýsunni á hvert kíló en í þorskinum. Reyndar var verðmætisaukinn mestur í ferskum karfaflökum þar sem munaði talsvert á annað hundrað krónum á kílói í verðmætisauka, allt reiknað á sambærilegu samanburðarferli, eftir því sem ég gat lesið þessa skýrslu, þ.e. á afla upp úr sjó.

Það liggur auðvitað fyrir að þó að vissulega hafi verið bent á mörg önnur atriði í þessari skýrslu, eins og aukaafurðir og nýjar áherslur og betri nýtingu, liggur það fyrir, að mínu viti, að fljótvirkasta aðferðin til þess að ná miklum verðmætisauka út úr íslenskum sjávarútvegi væri að breyta áherslunni á fiskveiðistýringuna, fá inn meira af ferskum fiski og vinna hann meira til útflutnings. En til þess þarf fiskurinn auðvitað að vera vel ferskur og vel kældur þannig að hann standist þær kröfur sem kaupendur gera til fersks fisks.

Herra forseti. Ég sé að tími minn líður ansi hratt og ég mun sennilega fá að taka aftur til máls því að ég kemst engan veginn yfir það sem ég ætlaði að ræða hér. Vil þó láta þessa örlítið getið í ræðu minni að hér erum við að stofna til sjóðs sem á að fá ákveðið hlutverk, og eins og ég tók fram í upphafi mun ég styðja þetta mál, ég held að það sé þarft og gott. Það sem mig langar hins vegar að benda á, herra forseti, er að hér er ríkisstjórnin í raun að fara af stað í hringferð. Hún er að hefja þá hringferð sem reyndar var bent á þegar menn lögðu niður sjóði sjávarútvegsins, 1998 hygg ég að það hafi verið, þegar Fjárfestingarbanki atvinnulífsins var stofnaður, Fiskveiðasjóður lagður niður, Iðnlánasjóður lagður niður og Iðnþróunarsjóður lagður niður ásamt, held ég, gamla Fiskimálasjóðnum.

Þessir sjóðir höfðu auðvitað það hlutverk að styrkja nýsköpun að hluta til og segir í lögum um þá, eins og t.d. um Fiskveiðasjóð, hann átti að efla útgerð og nýsköpun og lána til arðbærra framkvæmda. Við þessu var öllu varað þegar ákveðið var að fara þá vegferð að breyta þessum sjóðum í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og reyndar voru teknir, að mig minnir, þrír milljarðar og síðan einn til viðbótar út úr þessum sjóðum og stofnaður Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, sem átti m.a. að verða til þess að styrkja nýsköpun í atvinnulífinu og efla frumkvæði manna. Ég held að reynslan af Nýsköpunarsjóðnum hafi orðið sú að hann hefur aðallega verið í því að styrkja það sem við getum kallað stærri áhættuverkefni en kannski ekki í raun og veru það sem mesti vaxtarbroddurinn virðist hafa verið í í ýmsum löndum hér í kringum okkur, lítil og meðalstór fyrirtæki sem eru að vinna úr góðum hugmyndum. Þar er í flestum löndum mesti vaxtarbroddurinn.

Hér förum við hins vegar einmitt þá leið að búa til sjóð sem ætlað er að styrkja slík verkefni, m.a. í fiskeldi, líftækni og vinnslu aukaafurða, eins og hér segir í þessu áliti með þáltill.

En það sem ég er aðeins að vekja athygli á, herra forseti, er auðvitað að það eru ekki nema rétt rúm fimm ár liðin síðan við fórum þá vegferð að leggja niður sjóði hér á landi og stofna Fjárfestingarbanka atvinnulífsins sem síðan var seldur Íslandsbanka. Og nú erum við sem sagt að hefja nýja vegferð vegna þess að fimm árum síðar hafa menn komið auga á að hér vantar áhættufé, það vantar styrki til þess að nýta þau tækifæri sem bjóðast og til þess að standa með mönnum sem hafa góðar hugmyndir og gætu orðið frumkvöðlar í atvinnulífinu. Þess vegna vík ég að þessu hér og mun víkja að því betur í síðari ræðu minni, herra forseti.

[21:44]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Þegar ég var lítill drengur las ég Grimmsævintýri sem hét Gullasninn, töfraborðið og kylfan í skjóðunni. Mér dettur í hug þetta ævintýri þegar ég verð vitni að fjárútlátum hæstv. ríkisstjórnar þessa dagana. Gullasninn

var þeirrar gerðar að gullið gekk bæði út um aftur- og framendann á honum. Ég ætla svo sem ekki að hafa frekari hugleiðingar um þetta en hann þótti kostagripur, þessi gullasni, og þar sem gullið kom út úr báðum endum ætla ég í samlíkingunni að velta svolitlu fyrir mér. Áðan vorum við að tala um þáltill. hæstv. ráðherra Framsfl. og nú erum við að tala um þáltill. hæstv. ráðherra Sjálfstfl. Þessir flokkar, herra forseti, keppast við það núna að ausa gulli á báðar hendur, og ég vona svo sannarlega að það eigi eftir að koma sér vel. Mér finnst líka ágætt að augu hæstv. ríkisstjórnar séu farin að opnast æ betur fyrir mikilvægi þess að leggja fram fé í rannsóknir hvers konar. Þetta er ágætismál þegar menn fara að taka sig til og láta fjármuni í rannsóknir til að auka verðmæti íslenskra sjávarafurða.

Ég minnist þess einmitt núna, herra forseti, að lögð var fram till. til þál. um eflingu og rannsóknir á þorskeldi í landinu sem hefur nú verið í meðförum þingsins í þrjú ár. Hún er afgreidd núna frá sjútvn. þar sem mælt er með því að henni verði vísað til ríkisstjórnarinnar og er þetta svo sem í góðu samræmi við það sem hæstv. sjútvrh. lagði til málanna í sambandi við að af þessu færi mikið í þorskeldi. Ég tel að það sé mjög þarft og ágætt mál hjá hæstv. sjútvrh. að beina fjármagninu eða benda sjóðstjórninni, hver sem hún verður, á það að nota þessa fjármuni í rannsóknir á þorskeldi.

Það var ánægjulegt að heyra þær fréttir í dag, herra forseti, í útvarpsþættinum Auðlindinni að synir Guðmundar Runólfssonar, útgerðarmanns ágæts sem var í Grundarfirði, eru nú búnir að leggja þorskagildrur í Grundarfjörð til þess að veiða inn fisk og nota hann svo til áframeldis. Þetta er mjög jákvætt og gott frumkvæði sem ég vona að beri góðan árangur. Það hefur samt ekki verið alveg nóg að veita kannski fyrirtækjum heimild til þess að veiða þorsk til áframeldis, það þarf náttúrlega mikinn stuðning og styrk til þess að fóðra fiskinn, til að finna út hvaða kvíar eru bestar eða aðstæður til að ala fiskinn í. Þetta krefst allt fjármagns og ég gleðst yfir því að sett skuli vera fjármagn í þetta.

Hins vegar er svolítið skemmtilegt að lesa í fyrstu málsgrein tillögunnar, að Alþingi álykti að lýsa stuðningi við stofnun sjóðs — það er búið að stofna sjóðinn — í staðinn fyrir að Alþingi hlutist til um að sjóðurinn verði stofnaður. Síðan er gert ráð fyrir því í tillögunni að Alþingi lýsi stuðningi við stofnunina og svo leggi Alþingi til að 1,5 milljarðar kr. verði settir í þennan sjóð á næstu árum. Ég vona svo sannarlega að þetta fé muni nýtast vel og verða til þess að auka verðmæti í sjávarútvegi til muna. Það er alveg greinilegt eftir því sem nefndin komst að, nefndin sem fjallaði um það að auka verðmæti í sjávarútvegi, að það er mikið ógert. Er það í raun og veru mjög ánægjulegt þegar við tölum um að það sé um mikil tækifæri að ræða enn í sjávarútvegi þó að við séum búin að stunda hann svona lengi.

Það er náttúrlega hægt að tala um allar setningar og allt svoleiðis, t.d. „fulltrúa atvinnulífs og stjórnvalda". Sér hæstv. sjútvrh. það fyrir sér að einhverjir ákveðnir aðilar úr hópi fiskverkafólks eða fulltrúar þeirra komi að því að fara inn í stjórn þessa sjóðs, eða fulltrúar sjómannafélaga eða einhverra annarra aðila sem vinna við þetta án þess að vera beint með eignaraðild í sjávarútvegsfyrirtækjum? Og ég segi eignaraðild í sjávarútvegsfyrirtækjum en ekki í fiskstofnunum því að ég lít svo á, herra forseti, að þjóðin eigi fiskstofnana en ekki einstök fyrirtæki þótt þeim sé um stund trúað fyrir því að veiða fiskinn eftir þeim reglum sem gilda núna en verða vonandi felldar úr gildi sem fyrst.

Ég ítreka að það er ánægjulegt að sjá að ríkisstjórnin er á síðustu dögum sínum að átta sig á mikilvægi þess að efla og styrkja sjóði til rannsókna og mennta og slíkra starfa. Það er gleðilegt að það skuli gerast enda eru tveir mánuðir þangað til hennar tíma lýkur, og það var ekki seinna vænna. Ég vona sem sagt að þetta eigi eftir að koma til góða og segi bara aftur í lokin að öll þessi mikla útgjaldagleði ríkisstjórnarinnar í dag minnir svolítið á þetta ævintýri sem ég talaði um í upphafi ræðu minnar, um gullasnann, töfraborðið og kylfuna í skjóðunni.

[21:52]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um till. til þál. um fjármögnun sjóðs til þess að auka verðmæti íslenskra sjávarafurða. Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð um þessa tillögu, ég held að hún sé allra góðra gjalda verð. Þetta eru einmitt tillögur sem við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum viljað sjá verða að veruleika. Ég vil ekki vera með orðhengilshátt en ég held að e.t.v. þurfi nú að athuga innganginn að tillögunni þar sem Alþingi ályktar að lýsa stuðningi við stofnun sjóðs sem sjútvrh. hefur komið á fót og hefur það hlutverk að styðja verkefni, en við munum fjalla um þessa tillögu í nefnd. Það eru verulegar upphæðir sem eiga að fara í sjóðinn til styrktar verðmætaaukningu á sjávarfangi, 200 millj. árið 2004 og upp í 400 millj. árið 2008.

Ég held að það sé algjörlega nauðsynlegt að fjármagna nýsköpun á þessu sviði, auka verðmæti þeirra afurða sem við fáum úr hafinu. AVS-skýrslan gefur okkur vonir um gríðarlega mikla möguleika þar sem verið er að tala um 130 milljarða kr. verðmætaaukningu ef allt er talið. Aðilar í sjávarútvegi komu á fund sjútvn. fyrir stuttu og töldu að bara í þorskeldinu, ef vel tækist til, gætum við verið að tala um 50–60 milljarða í eldi á þorski. Þarna eru gríðarlegir peningar í húfi. En síðan verður að hafa í huga að það eru auðvitað margar tegundir og kannski afurðir sem nú eru úrgangur og fara kannski í mjöl eða vinnslu sem aðrar þjóðir nýta sér og við gætum unnið verðmætar afurðir úr. Til þess þarf þó að byrja og viðhafa rannsóknir til þess að byrja með og það er nauðsynlegt að hafa sjóð af þessu tagi sem hjálpar mönnum fyrstu skrefin til þess að auka verðmæti sjávaraflans.

Ég vil bara geta þess að á fundi sjútvn. á Dalvík í hittiðfyrra fengum við upplýsingar um að fyrirtæki á Dalvík sem selur herta þorskhausa til útlanda áætlaði á þeim tímapunkti að við værum að henda hausum í hafið fyrir rúmlega 3 milljarða króna. Víða eru því matarholurnar ef vel er að málum staðið.

Við munum fjalla um þessa till. til þál. í nefnd. Ég lýsi stuðningi við innihald hennar og við munum fá upplýst frekar hvað hún felur í sér. Ég tel að málið sé allra góðra gjalda vert og lýsi yfir stuðningi við að svona sé farið í málin, að þeir sem eru frumkvöðlar, þeir sem eru að þreifa fyrir sér, þeir sem eru að brydda upp á nýjungum, geti fengið einhvern stuðning á fyrstu metrum starfsemi sinnar sem síðan gagnast þjóðfélaginu öllu í aukinni verðmætaaukningu á sviði úrvinnslu sjávarfangs.

[21:56]

Útbýting þingskjala:

Fjarskipti, 599. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1258.

Póst- og fjarskiptastofnun, 600. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1257.

[21:56]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er skammt stórra högga á milli nú á hv. Alþingi í ákvörðunum þeirra sem ráða ríkjum, í ríkisstjórn og á Alþingi. Nú sjáum við hér birtast tvö þingmál sem fylgjast að í þinginu, annað um fjármögnun sjóðs til að auka verðmæti íslenskra sjávarafurða og hitt er till. til þál. um skógrækt þar sem greinilega er verulega aukið fjármagn til skógræktarverkefna. Í fljótu bragði sýnist mér við vera að tala um sambærilegar upphæðir, líkast til eina 3 milljarða í þessum tveimur verkefnum.

Það hefur svo sem kvisast hér um ganga Alþingis að það væri samhengi milli þessara mála. Annað málið hefði það í för með sér að hitt málið yrði líka afgreitt í þinginu, þ.e. ef hæstv. landbrh. fær ekki sitt mál í gegn fær hæstv. sjútvrh. ekki heldur sitt.

En þetta er nú ekki aðalatriði málsins að mínu viti, hér er verið að ræða um hin bestu verkefni að mörgu leyti. Ég tel að hugmyndin á bak við þennan sjóð sem hér er verið að ræða um sé góð og það sé full ástæða til þess að taka á þeim verkefnum sem hér er verið að tala um. Ég er hins vegar afar ósáttur við aðferðir hæstv. sjútvrh. í þessu máli og það virðingarleysi sem er svo æpandi í því hvernig það kemur fyrir hv. Alþingi. Hér segir, eins og hv. þm. hafa vitnað til á undan mér:

„Alþingi ályktar að lýsa stuðningi við stofnun sjóðs sem sjávarútvegsráðherra hefur komið á fót og hefur það hlutverk að styrkja verkefni" o.s.frv.

Hæstv. sjútvrh. er búinn að stofna þennan sjóð og hv. Alþingi fær náðarsamlegast að skaffa peningana í hann. Um annað á ekki að fjalla hér á hv. Alþingi hvað varðar þennan sjóð, nákvæmlega ekki neitt annað en bara hversu mikla peninga Alþingi eigi að skaffa til þessara verkefna.

Mér finnst að það eigi ekki að fara svona að og ég tel að það sé full ástæða fyrir hæstv. sjútvrh. að velta því fyrir sér hvort menn eigi yfirleitt að fara svona að í stjórnsýslunni.

Svo er hitt: Hvers vegna þarf að taka ákvörðun um þetta núna? Nú liggur það fyrir sem yfirlýsing frá hæstv. sjútvrh. að hann hafi nóga peninga fyrir þessu þetta árið, hann þurfi ekki á neinum peningum að halda í þennan sjóð á þessu ári, það sé ekki fyrr en á næsta ári á eftir. Fjárlög hafa verið afgreidd fyrir þetta ár og það er nógur tími til þess að taka afstöðu til málsins við næstu fjárlög án þess að trufla nokkuð það sem hæstv. sjútvrh. er að áforma með þessum sjóði sem hann vill hafa allan einkarétt á og hefur í raun og veru ekki einu sinni áhuga á að leggja fyrir hv. Alþingi til að skoða með neinum hætti.

Það er líka umhugsunarefni af hverju hæstv. sjútvrh. hefur ekki farið yfir það hér, úr því að hann er búinn að stofna sjóðinn, af hverju ekki kemur fram í þessu bréfi til Alþingis hverjir eiga sæti í sjóðnum, hvaða aðilar það eru, hversu margir eru í sjóðnum og hvernig hæstv. sjútvrh. ætlar sér eða er búinn að skipa mönnum til starfa þar. Mér finnst ástæða til að það komi fram.

Það er annað sem manni flýgur í hug og það er að það er svolítið samræmi milli þeirra fjármuna sem hæstv. sjútvrh. ætlar ríkissjóði að leggja til þessa sjóðs og þess hvenær koma eiga inn lítils háttar fjármunir vegna veiðigjaldsins sem hæstv. sjútvrh. lagði til að yrði sett á útgerðina í landinu. Mér býður í grun að hæstv. sjútvrh. sé að úthluta eða ætlist til þess að Alþingi úthluti þessu aflafé aftur til sjávarútvegsins með þessum hætti, að þannig sé nú málið vaxið.

Ég verð að segja eins og er að mér finnst að það hefði átt að leggja þetta mál fyrir Alþingi, það hefði átt að leggja fyrir hvernig þessi sjóður á að vera. Það hefði átt að leyfa sjútvn. að fjalla um sjóðinn, tilgang hans og verkefni, hvernig honum skuli stjórnað o.s.frv., en ekki að leggja málið fyrir með þeim hætti að senda Alþingi bevís og „verið þið velkomin að skaffa peninga til þessa verkefnis sem ég er búinn að ákveða hvernig eigi að vera í öllum atriðum".

Það er svo sem ekki skemmtilegt hlutverk að vera að fjargviðrast yfir því að menn hafi ekki farið rétt að við að gera hluti sem við sannarlega erum tilbúin að standa að og styðja, þ.e. að vinna að því að auka verðmæti sjávarafurða og sjávarfangs inn í framtíðina. En það er nú einu sinni hlutverk okkar í stjórnarandstöðunni að benda á það sem við teljum að betur megi fara og setja út á það þegar virðingarleysi fyrir Alþingi keyrir úr hófi. Það finnst mér vera ástæða til að segja um þá aðferð sem hæstv. ráðherra hefur hér viðhaft.

Tvíburi hans í kvöld, hæstv. landbrh., hefur þó kosið að leggja mál fyrir Alþingi með eðlilegum hætti og það verður að virða honum til hróss að hafa gert það en að hafa ekki sent Alþingi bara bréf og óskað eftir peningum til að framkvæma það sem honum hefur dottið í hug að gera.

[22:04]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vék að því í fyrri ræðu minni að það mætti leiða að því talsverðar líkur að hér væru menn aftur byrjaðir að stofna sjóði til þess að styrkja ný og góð verkefni í atvinnugreinum, í þessu tilviki innan sjávarútvegsins. Út af fyrir sig er ég ekki að lýsa mig andvígan því. Ég hef oft talið að það væri af hinu góða að eiga sjóð til þess að efla nýsköpun í sjávarútveginum.

Ég vék hins vegar að því, herra forseti, að hér á árum áður hefðum við átt sjóði sem voru sérmerktir til ákveðinna verkefna. Mig langar bara í örstuttu máli að lesa, með leyfi forseta, tilvitnun í lög Fiskveiðasjóðs, meginhlutverk hans. Þetta er tilvitnun í 2. gr. laga um Fiskveiðasjóð frá 1976. Hann var lagður niður árið 1998 með stofnun FBA, en er núna orðin deild í Íslandsbanka. Hlutverk Fiskveiðasjóðs var að efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi. Það var hlutverk Fiskveiðasjóðsins og stjórn sjóðsins gat ákveðið að stofna nýja lánaflokka og var hægt að kveða nánar á um það í reglugerð sem þurfti samþykki ráðherra, þ.e. gera þurfti tillögur að reglugerð sem ráðherra þurfti að staðfesta sem reglugerð.

Iðnþróunarsjóðurinn hafði svipað hlutverk. Í lögum um hann segir, með leyfi forseta:

„Hlutverk Iðnþróunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu alhliða og samkeppnishæfs atvinnulífs á Íslandi."

Þetta voru nú meginmarkmið. Síðan var það auðvitað sérstakt við þessa sjóði að atvinnugreinin smátt og smátt tók það upp á sína arma að fjármagna þá. Fiskveiðasjóður var fjármagnaður með Stofnfjársjóði fiskiskipa, eins og menn muna, og Iðnþróunarsjóður með sérstöku gjaldi, iðnaðarmálagjaldi sem atvinnurekendur greiddu líka inn í sjóðinn.

Hér er sem sagt verið að leggja til að stofna sjóð sem hafi til umráða 200 milljónir á árinu 2004 og síðan 250 árið 2005, 300 árið 2006, 350 árið 2007 og 400 milljónir árið 2008, eða um 1,5 milljarða kr. á þessum fimm árum. Við erum að vísu að stofna hér sjóð sem ætlað er að styrkja verkefni. En mér kæmi nú ekkert á óvart, herra forseti, þó að þróun þessa sjóðs yrði með því sniði að í hann rynni fjármagn m.a. úr því sem við höfum kallað auðlindagjald, eða það sem hér var lögfest

sem gjaldtaka af sjávarútvegi fyrir notkun á auðlindinni, og að síðar yrði svo fundin kannski einhver viðbótarfjármögnunarleið fyrir þennan sjóð. Ég verð að segja, herra forseti, að mér kæmi ekki á óvart þó að málin mundu þróast þannig.

Það sem ég var að vekja athygli á, herra forseti, var að við erum í raun komin í hring. Við erum að byrja að stofna sjóði til þess að efla nýsköpun í atvinnulífinu og þar með er ríkisstjórnin í raun að viðurkenna að vegferð hennar núna í fimm, sex ár hefur ekki tekist, þ.e. sú stefna að stofna til stórfyrirtækja, stórfyrirtækjareksturs, lánastofnana og sjóða sem hafa fyrst og fremst haft það hlutverk að styrkja eða lána til tiltölulega stórra verkefna eins og Nýsköpunarsjóður, en hafa í litlu sinnt nýsköpun í smærri fyrirtækjum. Hér er auðvitað verið að ýta undir það.

Í þessu sambandi er rétt, herra forseti, að vitna aðeins í athugasemdir með frv. sem var lagt hér fram um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Í athugasemdum við það lagafrumvarp sagði, með leyfi forseta:

„Endurskoðun á sjóðakerfi atvinnuveganna hefur hin síðari ár verið til umræðu af hálfu stjórnvalda og hagsmunasamtaka atvinnulífsins og hefur sú umfjöllun einkum varðað fjárfestingarlánasjóði í iðnaði og sjávarútvegi, þ.e. Iðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð og Fiskveiðasjóð Íslands. Í byrjun kjörtímabilsins ákváðu forsætisráðherra, iðnaðar- og viðskiptaráðherra og sjávarútvegsráðherra að fela ráðuneytisstjórum þessara ráðuneyta að vinna að endurskoðun á núverandi sjóðakerfi að því er varðar starfsemi þessara sjóða.

Markmið endurskoðunarinnar var að tryggja atvinnulífinu aðgang að fjármagni til fjárfestingar á markaðskjörum á sem hagkvæmastan hátt og tryggja atvinnulífinu aðgang að fjármagni til nýsköpunar og þróunar. Skilyrði var að öll fyrirtæki, í hvaða atvinnugrein sem var, ættu jafnan aðgang að fjármagni úr sjóðakerfi atvinnuveganna. Með því væri afnumin sú atvinnugreinaskipting sem verið hefur í sjóðakerfinu."

Þarna var sem sagt verið að lýsa þeim markmiðum að stofna Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og að þar ættu menn að hafa aðgang að ódýru og góðu fjármagni og góðri fjármögnun. Hið gamla hlutverk sjóðanna var sem sagt lagt niður og stofnaður einn sjóður. Nú erum við farin af stað aftur og byrjuð að stofna nýja styrktarsjóði sem ég held reyndar að sé hið þarfasta mál. Ég lýsti því yfir í upphafi máls míns til þess að fyrirbyggja allan misskilning að ég teldi að þörf væri á að gera þetta. Ég dró það hins vegar fram að í skýrslu hæstv. ráðherra, AVS-skýrslunni, er miklu einfaldari leið til þess að ná fljótari virðisauka en hér er lagt til, sýnist mér, í því veganesti sem er í textanum sem ráðherrann hæstv. flutti hér, það er m.a. með því að auka vinnslu á ferskum fiski og útflutning á honum. Þannig væri mjög auðvelt að ná í tugmilljóna króna verðmætisauka út úr íslenskum sjávarútvegi og er ég þá ekki að gera lítið úr því þó að hæstv. sjútvrh. leggi hér sérstaklega upp með að efla vinnslu á aukaafurðum og líftækni og fiskeldi. Þetta er allt góðra gjalda. Ég er hins vegar bara að benda á að það er innbyggt í skýrslu ráðherrans að það þarf að breyta fiskveiðistjórninni til að ná virðisaukanum. Það þarf að efla fiskveiðar og koma með ferskt hráefni að landi til þess að ná þeim virðisauka sem mestur slægur er í, miðað við skýrsluna sem hér er vitnað til.

Það er fróðlegt að menn skuli fara þessa hringferð og séu í raun hér í verki, herra forseti, að viðurkenna að stefna ríkisstjórnarinnar í sex, átta ár hefur ekki tekist.

[22:12]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að bæta við örfáum orðum. Ég er sammála því sem fram kom hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að hæstv. ríkisstjórn er að opna augun fyrir því að sú vegferð sem farið var í með stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, niðurfellingu sjóða og með því að setja sjóði atvinnulífsins í Fjárfestingarbankann og síðan í Íslandsbanka, var röng aðferð. Ríkisstjórnin hefur selt báða ríkisbankana þrátt fyrir aðvaranir um að ákjósanlegt væri að eiga alla vega annan bankann sem hefði markmið um að efla atvinnulíf og standa við bakið á fyrirtækjum, sérstaklega þá á landsbyggðinni með sérstakri sýn eins og gert er í öðrum bönkum sem við erum jafnvel aðilar að, eins og Norræna fjárfestingarbankanum.

Þetta er allt umhugsunarefni. Ég fagna þessari sjóðmyndun. Ég held að hún sé algjörlega nauðsynleg til þess að við stöðnum ekki í því sem við erum að gera. Þarna er gríðarlegur virðisauki. Það er svo sem sama hvenær menn átta sig á því að gera þarf hluti upp á nýtt. Menn áttuðu sig kannski seinna á að þeir höfðu skilað töluverðum árangri, því að sjóðir atvinnulífsins gerðu það sannarlega. Ég er nú þeirrar skoðunar að ekki líði á löngu þar til við þurfum að gera það sama gagnvart iðnaðinum og iðnaðaruppbyggingu í landinu. Hæstv. ríkisstjórn hefur að vísu haft tilburði til þess að gera það í gegnum Byggðastofnun þannig að ég er sammála hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að við erum að vissu leyti komin í hring hvað þetta varðar.

Það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að eiga möguleika á því að nýta auðlindir landsins skynsamlega. Við verðum ávallt að hafa opin augu fyrir því hvernig er best að standa að slíku.

Hv. sjútvn. er með mál inni sem kemur hér til kasta þingsins, er lýtur að aðskilnaði veiða og vinnslu. Ég tel að það sé liður í þessari vegferð til virðisauka í sjávarútvegi. Þáltill. var að vísu breytt, ef ég man rétt, þannig að hún er meira (**Gripið fram í:** Er þetta ekki bréf?) í formi bréfs til hæstv. ríkisstjórnar. En það er alveg augljóst að þar eru gríðarlegir möguleikar í formi smærri fyrirtækja sem sérhæfa sig á hinum ýmsu sviðum og hafa miklu meiri sveigjanleika en stóru fyrirtækin. Það þarf að standa við bakið á slíkum aðilum, þeir eru í mörgum tilfellum í beinu sambandi við markaðsaðila í útlöndum, mjög sérhæfða markaði, kannski einstaka veitingahúsakeðjur, og þarna sýnist manni að sé gríðarlegur virðisaukamöguleiki fyrir hendi.

Síðan vil ég taka undir það að auðvitað er full ástæða til að fjalla um það hvernig menn geta síðan sótt um í slíka sjóði. Gömlu sjóðirnir voru með alveg skýrar reglur um það hverjir áttu möguleika á því að fá fjármagn og á hvaða forsendum. Það er mikilvægt fyrir okkur öll að standa að slíkum reglum sem séu þá gegnsæjar og aðgengilegar fyrir alla miðað við sömu forsendur. Við mundum náttúrlega ekki vilja að slík sjóðmyndun yrði til þess að takmarka fjármagnsstreymi t.d. til bara þeirra stóru sem hygðu á einhvers konar verðmætaaukningu, og við getum nefnt í því sambandi þorskeldi. Það verða líka að vera möguleikar á því fyrir nýja aðila að koma inn og sækja í slíka sjóði á jafnréttisgrunni. Það er mjög mikilvægt.

Þess vegna tek ég undir þá gagnrýni að e.t.v. hefðum við þurft að fjalla betur um það hvers konar regluverk eigi að gilda um lán eða framlög úr slíkum sjóðum. Gömlu atvinnuvegasjóðirnir voru með tiltölulega skýrar reglur hvað þetta

varðaði og t.d. ef menn ætluðu sér að kaupa bát voru þeir næstum öruggir með framlag úr Fiskveiðasjóði ef þeir áttu möguleika á mótframlögum og fjármögnun að öðru leyti, og það var þá sama hver var. Við megum ekki með svona sjóðmyndun falla í þá gryfju að það yrði bara geðþóttaákvörðun ráðuneytisins og gæti þá leitt til þess að mínu mati að menn færu frekar í að hygla þeim eða veita fyrirgreiðslu sem eru stærstir í greininni. Ég held að það sé í mörgum tilfellum alls ekki heppilegast til þess að ná þeim árangri sem að er stefnt varðandi aukningu á verðmætum í sjávarfangi og vinnslu.

Ég vil aftur fara inn á jákvæðu nóturnar, þetta er í þeim anda sem við viljum vinna. Við getum rætt um útfærsluna og regluverkið í nefnd og skoðað það betur en ég tel að það sé góðra gjalda vert að þetta sé gert gagnvart sjávarútveginum og ég mundi gjarnan vilja standa að því að sjá svona fyrirkomulag sett í gang gagnvart öðrum greinum atvinnulífsins í landinu. Ég held að það sé sérstaklega mikilvægt fyrir grunngreinarnar. Sjóðir landbúnaðarins gengu að vísu aldrei inn í FBA, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Stofnlánadeild landbúnaðarins er enn við lýði og það er nú að margra mati ein meginástæða þess að bændur hafa getað farið í nýsköpun og nýja uppbyggingu, t.d. bændur í mjólkurframleiðslu með nýbyggingu á fjósum og tæknivæðingu í þeim. Það hefði að margra mati verið algerlega útilokað ef ekki hefði notið við sjálfstæðs sjóðs Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Þannig hefur hægt á öllum fjárfestingum í iðnaði, sérstaklega úti á landi, vegna þess að sjóður þeirra var lagður niður eins og kunnugt er.

Aðeins þessi varnaðarorð inn í umræðuna: Ég held að við þurfum að skoða þetta í hv. nefnd og fá frekari skýringar á því hvernig menn ætla að standa að þessu, en lýsi mig að öðru leyti jákvæðan gagnvart þessum fyrirhugaða sjóði og tel að hann geti átt alla möguleika á því að verða greininni til mikilla hagsbóta þegar fram í sækir, og þjóðinni allri náttúrlega.

[22:20]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson talaði um að við gætum rætt um útfærsluna og regluverkið, eins og hann orðaði það, í hv. sjútvn. Það er ekki að sjá á þessu plaggi sem við erum að ræða hér því þar stendur skýrum stöfum að Alþingi sé að lýsa yfir stuðningi við stofnun sjóðs sem sjútvrh. hefur komið á fót. Ég held að nefndarmenn þurfi að fá að sjá stofnskrá eða reglugerð sjóðsins og fá að vita hvernig skipað verður í stjórn eða hefur verið skipað í stjórn og fá upplýsingar frá sjútvrn. um það hvernig þessi mál eru hugsuð öllsömul og gera tilraun til þess að fá tækifæri til að kynna sér hvernig þessi starfsemi á að verða. Það er nú lágmark að Alþingi geri það. En það er greinilegt að hæstv. sjútvrh. gerir ekki ráð fyrir því að hv. nefnd hafi neitt með það að gera hvernig þessi sjóður er hugsaður. Menn fá kannski náðarsamlegast að vita hvernig það er, það stendur ekki í þessum plögum. Það stendur reyndar í þessum plöggum hér að fulltrúarnir í stjórn sjóðsins eigi að marka honum stefnu þannig að það er ýmislegt sem mætti velta fyrir sér þarna.

En ég kom kannski upp í aðra ræðu mína í svolítið svipuðum tilgangi og hv. þm. sem talaði hér áðan, hv. 4. þm. Vestf., Guðjón A. Kristjánsson. Það er auðvitað skondið að menn skuli vera komnir í sömu slóðina aftur eftir að hafa lagt niður sjóði sem voru til þess ætlaðir að gera nákvæmlega þá hluti sem hér eru á ferðinni. Ég get ekki alveg gleymt því hvernig farið var með þá sjóði sem þar var um að ræða. Þá erum við að tala um Iðnþróunarsjóð, Nýsköpunarsjóð, Fiskveiðasjóð, Iðnlánasjóð. Þessum sjóðum var meira og minna steypt öllum inn í FBA á sínum tíma og ríkið hirti peningana, sem t.d. iðnaðarmenn höfðu borgað inn í Iðnlánasjóð áratugum saman. Hæstv. sjútvrh. lét sig ekki muna um að þjóðnýta þá peninga sem iðnaðarmenn og aðrir höfðu greitt inn í þessa sjóði, og reyndar líka sjávarútvegurinn. Ég er nú ekki svo mikill þjóðnýtingarmaður að ég hafi viljað standa að slíkum hlutum vegna þess að þessir sjóðir höfðu hlutverk. (**ÁSJ:** Bændur létu ekki ... sig.) Nei, rétt er það, bændur voru ekki teknir með í þetta skiptið, en hver veit nema þjóðnýtingarskriðan fari af stað aftur hjá hæstv. ríkisstjórn ef hún lifir af þessar kosningar. Mér finnst alveg ástæða til þess að minna á þetta hér þegar mönnum dettur aftur í hug að stofna sjóði af þessu tagi. Það hefur hvarflað að mér að hæstv. ráðherra sé að sumu leyti að sendast fyrir LÍÚ og forustu útgerðarmanna í landinu til þess að sætta þá aðeins betur við þetta gjald sem hæstv. ráðherra gekkst fyrir að setja á útveginn í fyrravetur, og þannig verði þeir sáttari við að þurfa að fara að borga eitthvað ef þeir fá það til baka með þessum hætti. Stóru fyrirtækin í sjávarútveginum ætla sér mikla hluti í þorskeldi og það er ekki nema allt gott um það að segja sem þessi sjóður á að gera hvað varðar þorskeldi. Það læðist sem sagt að manni að fjármunirnir eigi að renna út og inn og þannig eigi menn að verða sáttari við hlutinn sinn.

Eins og ég segi tel ég fulla ástæðu til þess að hv. sjútvn. fái öll gögn í hendurnar um þennan sjóð sem hæstv. ráðherra er búinn að stofna þannig að hún geti þá a.m.k. gefið umsögn um það hvort eðlilegt sé að Alþingi leggi alla þessa fjármuni til í þá starfsemi sem þarna er um að ræða. Mér finnst hún góðra gjalda verð og ímynda mér að það verði niðurstaðan að menn leggi það til þrátt fyrir allt. Ég sé samt ekki ástæðu til þess að þegja þunnu hljóði þegar menn nota aðferðir eins og þessar til þess að undirbúa mál sem eru þó svona mikilsverð. Það er ekkert vansalaust að efna til úlfúðar um það sem allir gætu verið sammála um að gera.

Ég held líka að það sé ástæða til að halda að mál af þessu tagi séu ekki skemmd í meðförum nefnda á hv. Alþingi. Hér hafa menn metnað til þess að fara yfir þau og skoða og færa til betri vegar ef þeir sjá einhverja þá hluti sem betur mega fara. Ég hef ekki séð að það sé ástæða til að halda að menn séu alvitrir í ráðuneytum, þvert á móti hefur mér sýnst á þeim málum sem oft hafa komið inn á hv. Alþingi að þau hafi tekið breytingum til betri áttar við meðferð í þingnefndum. Hér á sem sagt að stytta sér leið fram hjá sjútvn. Alþingis og alþingismönnum og taka bara við peningunum til þess að borga brúsann. Það er ekki til eftirbreytni.

[22:27]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hafði raunar ekki ætlað mér að taka til máls en eins og orð hafa fallið hér held ég að óhjákvæmilegt sé að gera það.

Ég hygg að það sé öllum ljóst að síðustu tvo áratugi hefur orðið mikil hagræðing í sjávarútveginum af ástæðum sem við öll þekkjum hér á Alþingi. Förum tólf ár aftur í tímann, til síðustu vinstri stjórnar, en hv. 3. þm. Vesturl., Jóhann Ársælsson, var mikill stuðningsmaður þeirrar ríkisstjórnar og átti með þeim stuðningi m.a. þátt í því að gera kvótakerfið frjálst. Á þeim tíma var hér haldið uppi atvinnurekstri með því að stofna til opinberra sjóða eins og hlutabréfasjóðs og annarra slíkra sjóða, og ég veit að hv. þm. man eftir því að verulegt fé var lagt til sjóðsins, svo milljörðum skiptir ef ég

man rétt, og tapaðist vegna þess að það er ekki hægt að halda uppi til lengdar hallarekstri á röngum forsendum.

Ástæðan fyrir því að horfið var frá sjóðakerfinu, eins og það hafði áður verið byggt upp, var sú ömurlega reynsla sem við Íslendingar höfðum, ekki síst af þeirri ríkisstjórn sem sat á árunum 1988–1991, ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, hverrar hv. þm. Jóhann Ársælsson var einn harðasti stuðningsmaður.

Á þeim tíma, ef ég man rétt, var því stundum hreyft hvort skynsamlegt gæti verið að koma fastari böndum á sjóði atvinnulífsins og það voru einmitt menn úr þeim greinum, sjávarútvegi og iðnaði, sem lögðu á það mikla áherslu, vegna þess að þeir sáu eigið fé fyrirtækjanna verða að engu þegar alltaf var verið að hlaupa undir bagga með þeim fyrirtækjum sem gátu ekki staðið undir sér vegna þess að rekstur þeirra var í molum og vegna þess að þau voru ekki arðbær. Ef við tökum einhver einstök dæmi um þessa bitru reynslu þá getum við tekið t.d. rekstur Sambandsverksmiðjanna á Akureyri, en ég veit ekki hvort hv. þm. þekkir þá miklu fátækt sem var á Akureyri eftir þá döpru reynslu þegar sá iðnaður allur hrundi.

Samsvarandi reynsla var víða annars staðar. Auðvitað er það ljóst að við getum ekki haldið uppi batnandi lífskjörum hér á landi ef við ætlum að reyna að treysta atvinnulífið sem byggt er á röngum forsendum. Þetta var m.a. ástæðan fyrir því að lífskjör fóru mjög versnandi allan þann tíma sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, síðasta vinstri stjórnin hér á landi, sat við völd. Þetta var ástæðan fyrir því að verkalýðshreyfing og atvinnurekendur risu upp út af því atvinnuleysi sem við blasti ef ekkert yrði að gert í lok tímabils þeirrar ríkisstjórnar.

Það hefur áður verið rætt um það hversu miklir peningar fóru forgörðum og þær miklu fórnir sem við Íslendingar færðum á þeim tíma. Þess vegna kom mér það mjög mikið á óvart að hv. 4. þm. Vestf., Guðjón A. Kristjánsson, skyldi ræða um það sjóðasukk sem þá var í sömu andránni og við erum að tala hér um að verja verulegu fjármagni til þess að auka verðmæti sjávaraflans á heilbrigðum forsendum. Og það er ekki verið að keppa að neinu smáu, hér er verið að tala um það að með auknu rannsókna- og þróunarstarfi sé raunhæft markmið að útflutningsverðmæti geti orðið um 240 milljarðar kr. á árinu 2012, hvorki meira né minna.

Í grg. með þáltill. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í skýrslunni er talið að slík aukning verði fyrst og fremst borin uppi af fiskeldi, líftækni og vinnslu aukaafurða, auk bættrar tækni við fiskvinnslu.“

Á öðrum stað í grg. er vikið að því að sérstaklega sé gert ráð fyrir því að verja verulegum fjármunum til þróunarverkefna og rannsókna í þorskeldi, en eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson veit hefur verið unnið mjög mikið þróunar- og rannsóknastarf á síðustu árum af sjávarútvegsfyrirtækjunum til þess að breikka grunn sjávarútvegsins hér á landi og til að styrkja möguleika frystihúsanna til að veita sínu fólki vinnu. Skýrasta dæmið um þetta er að sjálfsögðu laxeldið í Mjóafirði, þær tilraunir sem þar eru uppi, og er hugmyndin að vinna þann fisk í frystihúsinu á Neskaupstað. Jafnframt er búið að ná verulega langt t.d. í hlýraeldi. Við vitum hversu vel okkur hefur tekist að byggja upp lúðueldi, og þó svo að ríkið hafi þar einnig komið að er enginn vafi á því að framlög og áhugi sjávarútvegsfyrirtækjanna hefur ráðið úrslitum um að í það verkefni var ráðist á sínum tíma og hversu vel það hefur gengið. Enn liggur það alveg ljóst fyrir að þorskeldið er borið uppi af sjávarútvegsfyrirtækjunum, þeim mikla áhuga sem menn þar hafa.

Þessi tillaga er byggð á allt öðrum forsendum en það sjóðakerfi sem áður varð gjaldþrota og hafði gengið sér til húðar. Hér er verið að ýta undir nýjungar, þróun og rannsóknir í þorskeldi, í fiskeldi, sem er auðvitað mikið þjóðþrifamál og nokkuð sem við Íslendingar allir horfum til. Ég held satt að segja að Samfylkingin eigi ekki alltaf að vera svona fýlugjörn þegar farið er að ræða um sjávarútveg og eigi að viðurkenna að mikil hagræðing hefur orðið í þeirri grein og fyrirtæki í sjávarútvegi eru til fyrirmyndar bæði um vinnubrögð og aðra hluti.

[22:35]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú svo að hv. þm. Halldór Blöndal vitnar gjarnan til ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og að þá hafi allt verið í kaldakoli. Það er rétt að mörgu leyti. En á undan henni sátu tvær ríkisstjórnir undir forustu sjálfstæðismanna og það var allt í kaldakoli þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við — eftir þessar ríkisstjórnir sjálfstæðismanna. Það er þess vegna kannski svolítið skondið að hlusta á hv. þm. vera sífellt að sækja sér rök aftur í þann tíma.

En ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar lagði þó grunninn að þeim stöðugleika sem náðist í þjóðfélaginu og það verður ekki frá þeirri ríkisstjórn tekið að hafa tekið á því máli. Á þeim grunni hafa þær ríkisstjórnir sem eftir komu getað byggt og atvinnulífið og þjóðfélagið náð því jafnvægi sem það hefur getað verið í.

En hv. þm. lét sig nú hafa það að halda því fram að ég hafi einhvern tíma stutt frjálst framsal á aflaheimildum. Það er af og frá eins og hv. þm. veit vel sjálfur. Allt frá því að ég kom hér fyrst inn á Alþingi hef ég barist gegn því fyrirbrigði, þessu einkaeignarhaldi á veiðiréttindum á Íslandsmiðum, og mun gera það örugglega á meðan ég hef einhverja möguleika til þess. Vonandi tekst nú að ná áfanga í því máli á næstunni, það er a.m.k. meiri ástæða til að halda að það takist núna en oft áður.

Ég vil síðan taka fram að það er af og frá að hægt sé að væna okkur samfylkingarmenn um að vera neikvæðir hvað varðar þorskeldi eða slíka starfsemi sem hér er verið að ræða um, vegna þess að hér liggja fyrir tillögur frá samfylkingarmönnum um það efni.

[22:37]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi er það að segja að svo var komið á árinu 1990 að hér blasti hvarvetna við mjög alvarlegt atvinnuleysi sem olli því að aðilar vinnumarkaðarins ásamt bændum, Vinnuveitendasambandið, Alþýðusamband Íslands og bændur tóku höndum saman og tóku ráðin af ríkisstjórninni. (**Landbrh.:** Nei, nei.) Þetta er hv. þm. kunnugt.

Annars ætti hann nú líka að muna eftir því hvernig sú ríkisstjórn varð til og allt það svikafár sem var í kringum það. Hef ég ekki tíma til að fara frekar út í það en hitt vitum við — ég heyrði að hæstv. landbrh. sagði: Nei, nei. En menn ættu að skoða hvernig lífskjarasúlan fór niður á þeim tíma. Atvinnuleysi jókst og þar fram eftir götunum. Verðbólgan óð áfram og menn misstu húsin sín og eignir sínar. Það má rifja þetta upp. (**Gripið fram í:** Það var miklu fyrr.)

Í öðru lagi ætla ég að svara hv. þm. því að hann hefur oft verið að tala um að hann leggi mikla áherslu á stefnu í sjávarútvegsmálum. Nú var hann áðan að segja að hann

vilji þvo hendur sínar af þeim verkum sem sú ríkisstjórn sem hann studdi frá 1988–1991 kom að. — Nema mig misminni að hann hafi ekki verið þingmaður á þeim tíma, Skúli Alexandersson e.t.v., og bið ég nú hv. þm. að afsaka það. Það mun vera rétt, það var Skúli Alexandersson sem var þingmaður á þeim tíma og mátti ég þó vel muna það.

[22:39]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, það var Skúli Alexandersson og hann barðist sko gegn því fyrirbrigði sem hv. þm. hefur stutt allan tímann, þessum einkarétti á því að nýta Íslandsmiðin.

Ég held að hv. þm. ætti nú bara að rifja svolítið betur upp sögu þeirra sjálfstæðismanna sem stjórnuðu hér og réðu ríkisstjórnum á þeim áratug sem hann nefndi og var aðdragandi að þeirri eymd sem upp var komin þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við. Það er hollt fyrir menn að muna það hvernig aðdragandinn var á þeim árum. Og þegar allt var komið í kaldakol eftir ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar þá varð þessi ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar til. Ef menn ætla að vera í fortíðinni þá held ég að menn ættu að grafa alla leið og fara yfir það hverjir hafa verið við völdin. Það eru nú ekki svo mörg ár sem Sjálfstfl. hefur verið utan valdstjórnarinnar á undanförnum árum að hann geti kennt öðrum meira um eymdina en sjálfum sér.

[22:41]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara djúpt í þessi mál hér en ég bið hv. þm. að muna það að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar fór frá haustið 1988 vegna þess að Framsfl. og Alþfl. voru ekki reiðubúnir til að taka á þeim vandamálum sem þá voru uppi. Þá töluðu þessir flokkar mest um það að þeir vildu fara svokallaða niðurfærsluleið.

Þó var það nú svo að Alþfl. kenndi því sérstaklega um að ekki væri hægt að vinna með okkur sjálfstæðismönnum, að við vildum hafa lægri virðisaukaskatt á matvörum en öðrum varningi. Þótti það mikill glæpur, satt að segja, hjá Alþfl. að við skyldum vilja lækka verð á matvælum.

[22:42]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. 1. þm. Norðurl. e., Halldóri Blöndal, sé farið að skjöplast allverulega. Hann talaði um það að ég hefði vitnað til sjóða sem þvílíkt sjóðasukk hefði verið í og hefðu í raun og veru verið orðnir gjaldþrota og annað slíkt.

Ég talaði um Fiskveiðasjóð og Iðnlánasjóð í ræðu minni og það vill svo vel til, herra forseti, að ég er hérna með frv. til laga um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins.

Þar segir, með leyfi forseta, í 6. gr.:

„Sameiginlegt eigið fé Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs nam í árslok 1995 10.615 millj. kr.“

Og þeir höfðu aukið við fé sitt um 800–1.000 millj. á árinu 1996. Þetta voru alls ekki neinir gjaldþrotasjóðir, hv. þm., þetta voru mjög eignagóðir sjóðir þegar þeir voru sameinaðir og urðu grunnurinn að Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Það voru meira að segja teknar frá þeim sjóðum 3.000 millj. sem voru lagðar til Nýsköpunarsjóðs.

Ég kannast ekki við það, herra forseti, að ég hafi setið í stjórn Fiskveiðasjóðs og hann hafi verið gjaldþrota, ég kem bara alveg af fjöllum í þessari söguskýringu og átta mig bara alls ekki á því hvað hv. þm. er að fara.

[22:43]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skildi ummæli hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar svo að það hefði verið röng stefna hjá þessari ríkisstjórn að leggja niður þá sjóði sem höfðu veitt styrki til atvinnurekstrar og taldi að hann hefði talað á þeim grundvelli. Það hefur kannski verið misskilningur.

En mér fannst hann tala um það að með þeirri aðgerð sem hér er verið að tala um væri verið að vekja upp gamlar hugmyndir og ganga gamlan stíg. Þetta var kannski misskilningur. Ef svo er þá er ég ánægður yfir því af því að þá erum við sammála um það að hér sé skynsamlega staðið að verki og þá erum við líka sammála um það að ekki beri að fara þá leið sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar fór á árunum 1988–1991 með Hlutafjársjóði og með öðrum hætti að halda hér uppi „fallít“ rekstri.

Að vísu veit hv. þm. að þessi stefna olli því að ýmis ágæt sjávarútvegsfyrirtæki fóru halloka vegna þess að hér var með styrkveitingum haldið uppi gengi sem ekki gat staðist og reyndist mörgum sjávarútvegsfyrirtækjum þungt í skauti. En það er alveg rétt hjá hv. þm. að Fiskveiðasjóður var mjög öflugur og ríkur sjóður.

[22:45]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég minntist nú ekkert á Hlutafjársjóð sem hv. þm. Halldór Blöndal nefndi hér áðan. Ég hins vegar man það úr uppgjöri Atvinnutryggingarsjóðs eða Hlutafjársjóðs — Hvað hét hann nú? Hlutafjáraukningarsjóður atvinnugreina eða eitthvað slíkt. Ég man það hins vegar að úr því uppgjöri sem síðar var fært til Þróunarsjóðs og er þar enn bókhaldið þá hafa verið greiddar þar inn talsverðar fjárhæðir af fjárhæðum sem áður þóttu tapaðar. Ég veit að hv. þm. Halldór Blöndal veit að inn í Þróunarsjóðinn hafa komið nokkur hundruð milljónir af fé sem áður var talið afskrifað af því sem menn kölluðu þennan sjóð á sínum tíma. Ég dreg því í efa að hann hafi tapað eins miklum peningum þegar upp var staðið og menn hafa kannski haldið.

[22:46]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hefur átt sér stað afskaplega sérkennileg orðræða og eru ekki spöruð hin breiðu spjótin hjá einum helsta forustumanni Sjálfstfl. í garð samstarfsflokksins, Framsfl. Ekki er að undra að hæstv. landbrh. sé hér genginn á dyr því hvílíkar og aðrar eins árásir og hér hafa heyrst af munni hv. 1. þm. Norðurl. e. í garð Framsfl. — ja, það þarf að fara talsvert langt aftur til þess að rifja upp annað eins. Mér er það ekki minnisstætt að samstarfsflokkar hafi talað svona saman. Ekki meira um það.

Það rifjast hins vegar upp að 1991 kom Sjálfstfl. til valda á grundvelli þess að grípa til hinna almennu aðgerða og leggja á hilluna og til hliðar hinar svokölluðu sértæku aðgerðir sem hv. þm. hefur nú farið mikinn með og talað hér oft og einatt um sem mikil og góð bjargráð og get ég verið honum sammála um margt.

Því vil ég spyrja hv. þm. hvort breyting hafi orðið á með þeim sjóði sem hér er lagður til og fleiri sjóðum sem upp hafa dúkkað upp á síðkastið og auðvitað lykta langar leiðir af kosningavíxlum sem aðrir eiga síðan að greiða.

Ég vil nota ferðina, herra forseti, og spyrja hv. þingmann, af því hann er nú meðal forustumanna þingsins, hvort honum finnist góður bragur á því að Alþingi Íslendinga fái þetta mál til umfjöllunar og væntanlega afgreiðslu þremur dögum fyrir

þingslit og þegar það jafnframt liggur fyrir að sá sjóður sem hér er um rætt hefur þegar verið stofnaður og verið komið á fót af framkvæmdarvaldinu. Eru þetta vinnubrögð sem við eigum að temja okkur?

[22:48]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki nema eðlilegt að ég ræði um ríkisstjórnina frá 1988–1991 vegna þess að hún er hluti af stjórnmálasögunni og efnahagssögu og atvinnusögu okkar Íslendinga. Það verður að horfa til þess og hálfundarlegt að amast við því, en kannski skiljanlegt. Ég vil segja að það er fullkomlega eðlilegt að ekki sé beðið með að leggja þetta mál fyrir Alþingi vegna þess að hér er mikið í húfi. Við höfum orðið vör við það að hvarvetna er verið að vinna að rannsóknar- og þróunarstarfi í sjávarútvegi, til allrar hamingju, vegna þess að í sjávarútveginum hefur orðið mikil hagræðing og vegna þess að innan sjávarútvegsins starfa sterk fyrirtæki sem hafa trú á framtíð sjávarútvegsins og hafa trú á því að með rannsóknar- og þróunarstarfi sé hægt að margfalda verðmæti sjávarútvegsins eða auka skulum við segja — það er kannski eðlilegra að nota það orð — og vegna þess að þeim sem ráða þessum fyrirtækjum er í mun að treysta atvinnulíf og atvinnuöryggi á þeim stöðum sem þessi fyrirtæki starfa, eins og við höfum séð og getum nefnt dæmin um, mjög góð fyrirtæki hvort sem við horfum til útgerðarinnar eða fiskvinnslunnar.

[22:49]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki heyrt einn einasta ræðumann amast við efnisinnihaldi þessa frv. og þeim markmiðum sem liggja því að baki. Ég bið hv. þm. að benda mér á þann kollega sinn sem það hefur gert. Það er ástæðulaust að leggja lykkju á leið sína af þeim sökum og ráðast hér að samstarfsflokknum. En ég má láta mig það einu gilda. Það er ekki mitt vandamál heldur þessarar ríkisstjórnar. En það undirstrikar auðvitað hvílík uppstytta er komin í þetta ríkisstjórnarsamstarf. Það virðist eiginlega eingöngu lifa á lyginni einni saman og einhverri gamalli slímusetu og hinu líka að nú bindast menn tryggðaböndum um að víkja frá hinum almennu aðgerðum og til hinna sértæku í formi þess að gefa út kosningavíxla. Það er afskaplega gamalt í stjórnmálasögunni. Af því að hv. þm. er eldri en tvævetur getur hann vafalaust rifjað upp fyrir okkur hinum marga slíka víxla sem gefnir hafa verið út. Hér er allt eftir bókinni í þeim efnum. Svo sannarlega, herra forseti.

[22:51]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég man ekki betur en formaður Vinstri grænna, hv. 3. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, hafi sagt að það væri sama hvenær gott kemur og hvaðan gott kemur. Ég held að þingmenn Samfylkingarinnar ættu að temja sér það jafnaðargeð að amast ekki við því þegar góðverk eru (Gripið fram í.) unnin.

[22:51]

Útbýting þingskjals:

Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, 192. mál, nál. landbn., þskj. 1259.

[22:51]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Við ræðum hér enn um þennan sjóð sem sjútvrh. eða sjútvrn. stofnaði. Það er verið að biðja um pening í sjóðinn til þess að geta farið að sinna þorskeldisverkefnum. Vegna orða hv. 1. þm. Norðurl. e. hér áðan þegar hann talaði um neikvæðni samfylkingarmanna í sambandi við þessi mál, sjávarútveginn og annað, þá minni ég á það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson talaði um hér, að það voru samfylkingarþingmenn sem fyrstir lögðu fram mál um þorskeldi á hinu háa Alþingi, herra forseti. Þetta segi ég svona til upplýsingar. Mér finnst að þegar menn leggja fram slíka tillögu að þá sé það jákvætt og gott enda veit ég til þess að flutningsmenn tillögunnar hafa fengið mjög jákvæð viðbrögð fólks úr atvinnulífinu við henni. En því miður hefur jákvæðnin í sjútvn. ekki verið nógu mikil til að taka hana út fyrr en þremur árum síðar. Það er náttúrlega hv. 1. þm. Norðurl. e. ljóst að þeirri nefnd hafa samflokksmenn hans stýrt. Þá gæti verið að neikvæðnin liggi frekar þar en hjá Samfylkingunni.

Vegna þeirra orða sem féllu um stöðu sjávarútvegsins og hvað hún hefði veði slæm 1988–1991 þá leyfi ég mér að benda á í þessari umræðu, herra forseti, að skuldir sjávarútvegsins voru 200 milljarðar á síðasta hausti og hafa aldrei verið meiri en þá, aldrei nokkurn tímann. Mörgum finnst nóg um þrátt fyrir allt sem gert hefur verið og það sem menn hafa haldið fram að sé gott fyrir sjávarútveginn.

Ýmislegt ræður því hvað veldur hagsæld þjóða. Það getur t.d. verið árferðið. Verði t.d. mikið hallæri, mikil frost og aflabrestur og annað þá getur það orsakað fátækt. Stjórnvöld geta verið mjög góð. En svo getur komið hallæri og erfiðleikar skapast í landinu. Þá verður hagsældin náttúrlega ekki eins mikil. Ég minnist þess að á sínum tíma hafði náttúrufyrirbærið El Niño mjög slæm áhrif á veiðar á smáfiski í Argentínu. Það hafði hins vegar þær afleiðingar hér að loðnumjöl hækkaði alveg gífurlega í verði. Þetta jók hagsældina hér. Það var t.d. á þeim tímum þegar Viðeyjarstjórnin var við völd. Við það að þetta hallæri reið yfir suðurhluta heimsins og við héldum áfram að veiða loðnu og loðnumjöl og fiskmjöl hækkaði þá jókst hagsældin hér. Það hafði ekkert með það að gera hvað forsætisráðherrann hét á þeim tíma því þó forsætisráðherrar hafi völd þá ráða þeir ekki veðri og vindum. Þetta þurfa menn að hafa í huga þegar verið er að ræða um efnahagsmál almennt. Ég vil benda á þetta í þessu samhengi, herra forseti.

Á tíma ríkisstjórnarinnar 1988–1991 fór verðbólgan niður fyrir tveggja stafa tölu, ef ég man rétt. Ég held að það sé alveg rétt, herra forseti. Ástæða þess voru hinir svokölluðu þjóðarsáttarsamningar sem skiptu miklu máli. Þá settust verkalýðshreyfing, atvinnurekendur og ríkisstjórn niður, tóku á sig rögg og lögðu hornstein að þeim stöðugleika sem hefur ríkt í efnahagslífinu síðustu árin. Þetta gerist ekki allt bara á einum degi, herra forseti. Á þetta vildi ég benda vegna þeirra orða sem hafa fallið í umræðunni um þennan sjóð sjávarútvegsins.

Ég vona að þetta muni koma að góðum notum og ítreka það að ég gleðst yfir því að menn skuli vera farnir að átta sig betur, og æ betur, á gildi rannsókna og þess að leggja fram fjármagn í rannsóknir og grunnrannsóknir og þróun því það hefur gjörsamlega skort á, enda sá Samfylkingin sinn kost vænstan fyrir þremur árum að leggja fram þáltill. um stofnstyrki sem er náttúrlega jafnjákvæð tillaga og tillagan um þorskeldið. En sumir virðast bara ekki taka eftir því hvað verið er að leggja fram af tillögum hér í þinginu, góðum og fínum málum.

Ég ítreka bara að lokum, herra forseti, að það hefði verið greið leið fyrir þingmenn Sjálfstfl. að leggjast á árar með samfylkingarmönnum þegar þeir lögðu fram þáltill. um

þorskeldi, en núna kemst hún loksins út úr sjútvn. og það getur verið af ástæðum sem ég ætla nú ekki að fara út í hér sérstaklega. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Tíminn er orðinn það naumur.

[22:58]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér hefur hver stjórnarandstöðuþingmaðurinn á fætur öðrum komið í pontu til að lýsa yfir þeim vilja sínum að átak verði gert til að auka verðmæti íslenskra sjávarafurða. Tilefnið er einmitt þáltill. frá hæstv. sjútvrh. með þetta að markmiði. Það sem menn hafa hins vegar verið að gagnrýna er aðferðafræðin. Hér er gert ráð fyrir ráðstöfun fjármuna úr ríkissjóði fram til ársins 2008, 200 millj. árið 2004, 250 millj. árið 2005, 300 millj. árið 2006, 350 millj. árið 2007 og árið 2008 400 millj. Engin grein er gerð fyrir því hvaðan þessir peningar eiga að koma að öðru leyti en því að þetta kemur úr ríkissjóði. Þingsályktunartillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að lýsa stuðningi við stofnun sjóðs sem sjávarútvegsráðherra hefur komið á fót og hefur það hlutverk að styrkja verkefni sem stuðla að auknu verðmæti íslenskra sjávarafurða."

Jafnframt ályktar Alþingi að á næstu fimm árum, 2004–2008, verði sjóðurinn fjármagnaður með framlagi úr ríkissjóði eins og áður var getið um.

Upp á þetta er Alþingi boðið. Ég verð að segja, herra forseti, að þessi ríkisstjórn hefur gert mörg mistök og oft hafa vinnubrögðin verið óvönduð. En enn þá kemur hún fram og ætlar að skrika fótur á síðustu metrunum. Nú skáka þeir hvor öðrum, annars vegar hæstv. sjútvrh. og hins vegar hæstv. samgrh., með loforðum út í loftið af þessu tagi.

Hæstv. samgrh. var spurður hvernig hann ætlaði að fjármagna samgönguáætlun til næstu ára. Svörin voru á þá lund að það yrði gert með því að einkavæða, selja ríkiseignir. Þegar gengið var á hæstv. ráðherra og hann spurður hvað hann ætlaði að selja var svarið nánast þetta: Eitthvað, bara eitthvað.

Þetta eru forkastanleg vinnubrögð. Í raun er verið að biðja Alþingi um að lýsa stuðningi við hæstv. ráðherra, við ráðherra Sjálfstfl. sem er á leið í alþingiskosningar. Þetta kosningaplagg er ekki bjóðandi Alþingi.

En fyrst hæstv. forseti, hv. þm. Halldór Blöndal, fór að rifja upp söguna og fór með okkur aftur til ársins 1988, 1989 og 1990, þegar svokallaðri þjóðarsátt var komið á, langar mig til að segja fáein orð. Árið 1988 sprakk ríkisstjórn undir forsæti hæstv. þáv. forsrh., Þorsteins Pálssonar. Aðild að þeirri stjórn áttu auk Sjálfstfl. Framsfl. og Alþfl. Við tók vinstri stjórn undir forsæti hæstv. þáv. forsrh., Steingríms Hermannssonar. Aðild að henni áttu Alþfl., Alþb. og Framsfl. Þegar hún fékk stjórnartaumana í sínar hendur geisaði verðbólga, óðaverðbólga í landinu. Verðbólgan var hátt í 30% á þessum tíma. Þótt reynt hefði verið að festa gengið fram til ársins 1988, sem þó var aðeins fast í annan endann, var svo komið á árinu 1989 að það féll um 30%. Mönnum reiknast til að kaupmáttur launa hafi fallið um 15% á þessum tíma. Þá myndast um það sátt í samfélaginu, sem aðilar vinnumarkaðar komu að, ASÍ, BSRB, Vinnuveitendasambandið og Bændasamtökin ásamt ríkisstjórninni, að taka höndum saman um að ná tökum á verðbólgunni og keyra hana niður. Það náðist gott samkomulag um þetta efni. Verðbólgan var keyrð niður í 1 eða 2%. Hvert var markmiðið? Menn ætluðu að skapa grundvöll til uppbyggingar og menn kölluðu þetta þjóðarsátt. Hvers vegna? Vegna þess að það átti að hafa réttlætið að leiðarljósi.

Hvað gerist síðan? Í maímánuði, hinn 1. maí árið 1991, er mynduð ný ríkisstjórn, ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. Ég man hvernig blikaði á niðurskurðarhnífana þegar þeir komu úr Viðey. Verkin létu ekki á sér standa. Á næstu árum var það svo um þessa svokölluðu sátt að þjóðin stóð þar ekki lengur að baki. Sáttin var keyrð áfram á kostnað launafólks. Á árinu 1992, því ári einu, skerti ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. barnabætur um 500 millj. kr. Það var á þessum tíma sem farið var að hækka sjúklingagjöldin, efla kostnaðarvitund inni á sjúkragöngunum, eins og þáv. hæstv. heilbrrh. Alþfl. orðaði það, Sighvatur Björgvinsson. Eru menn búnir að gleyma þessu?

Ég er ekki búinn að gleyma þessu. En þetta voru verk hægri stjórnar, ekki vinstri stjórnar. Það var vinstri stjórnin sem keyrði verðbólguna niður og skapaði hér grundvöll til uppbyggingar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ábúðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 651. mál (heildarlög). — Þskj. 1060.

og

Jarðalög, 1. umr.

Stjfrv., 652. mál (heildarlög). — Þskj. 1062.

[23:05]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tveimur stórum lagabálkum sem eru að vísu seint fram komnir og ekki við því að búast að þetta þing geti afgreitt svo stór mál. En það var mikilvægt að fá þau fram og koma til nefndar svo þau geti komið til umfjöllunar á haustþingi.

Ég ætla, með leyfi forseta, að mæla sérstaklega fyrir frv. til jarðalaga og leggja þau fram samtímis en þreyta ekki forseta eða þing á langri ræðu um ábúðarlögin sem ég mæli fyrir samtímis.

Frumvarp til jarðalaga er samið í landbúnaðarráðuneytinu samkvæmt ósk minni sem landbúnaðarráðherra og er því ætlað að leysa af hólmi núgildandi jarðalög, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra ábúðarlaga sem ætlað er að leysa af hólmi núgildandi ábúðarlög, nr. 64/1976, með síðari breytingum, og hefur verið reynt að samræma ákvæði þessara lagafrumvarpa eins og kostur er. Ljóst er að núgildandi jarðalög eru í fjölmörgum atriðum orðin úrelt og eiga ekki lengur við aðstæður hér á landi í dag. Núgildandi jarðalög voru sett á árinu 1976 en frá þeim tíma hafa orðið miklar breytingar í landbúnaði eins og á öðrum sviðum í þjóðfélaginu. Má í raun segja að allar forsendur í landbúnaði séu verulega breyttar frá þeim tíma.

Í núgildandi jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, eru ýmis ákvæði sem fela í sér umtalsverðar takmarkanir á rétti jarðeigenda til meðferðar og ráðstöfunar á

jörðum sínum. Hér má t.d. nefna að land sem nýtt var til landbúnaðar við gildistöku laga nr. 65/1976 er óheimilt að taka til annarra nota nema með leyfi landbúnaðarráðherra. Sveitarstjórnir og jarðanefndir sem eiga að hafa eftirlit með meðferð og ráðstöfun jarða og starfa fyrir hverja sýslu þurfa að samþykkja hvers konar aðilaskipti að jörðum, hvort heldur er fyrir kaup, gjöf, skipti, sameiningu, nauðungarsölu, búskipti, félags- og sameignarslit, fyrirframgreiðslu arfs, lán, leigu, ábúð, stofnun nýbýla, félagsbúa o.fl. Enn fremur eiga sveitarfélög forkaupsrétt að næstum öllum jörðum sem seldar eru í sveitarfélaginu. Örfáar undantekningar eru frá þessu íhlutunarvaldi sveitarstjórna og jarðanefnda sem gilda einkum um ríkisjarðir og jarðir sem ráðstafað er til náinna ættingja jarðareiganda. Einnig má nefna að ef einn sameigandi jarðar sem er í óskiptri sameign fleiri aðila rekur bú á jörðinni getur hann með vissum skilyrðum fengið leyfi landbúnaðarráðherra til að leysa til sín eignarhluta sameigenda sinna í jörðinni án tillits til þess hvort sameigendur hans eru því samþykkir eða andvígir. Fyrir eignarhlutann greiðir hann matsverð sem ákveðið er af matsnefnd eignarnámsbóta samkvæmt lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms. Sömu heimildir hefur aðili sem rekur bú á jörð til að leysa til sín jarðarpart sem skipt hefur verið út úr jörðinni, sbr. 13. og 14. gr. jarðalaga, nr. 65/1976.

Framangreindar takmarkanir á eignarráðum jarðareiganda hafa verið skýrðar með hliðsjón af 1. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, en þar kemur fram að tilgangur laganna sé að tryggja að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra sem landbúnað stunda. Með framangreindum ákvæðum hefur verið reynt að tryggja að byggð haldist í sveitarfélögum á landsbyggðinni og að jarðir sem eru hæfar til búskapar séu nýttar til landbúnaðarstarfsemi.

Ljóst er að allt umhverfi í landbúnaði er mjög breytt frá þeim tíma þegar jarðalög, nr. 65/1976, voru sett. Hefðbundinn landbúnaður hefur dregist saman á undanförnum árum og ættliðaskipti hafa ekki orðið með sama hætti og áður. Jarðir sem nýttar voru til landbúnaðar hafa verið teknar til annarra nota, t.d. fyrir sumarhúsabyggð eða frístundastarfsemi o.fl. Ekki er sama þörf og áður fyrir að jarðir hér landi séu nýttar til landbúnaðarstarfsemi. Þegar litið er til þeirra breytinga sem orðið hafa í landbúnaði síðan jarðalög, nr. 65/1976, voru sett og þess að forsendur í landbúnaði, sem voru fyrir hendi á þeim tíma eru í raun mjög breyttar, tel ég að kominn sé tími til að gera breytingar á íslenskri löggjöf að þessu leyti og slaka að nokkru leyti á þeim takmörkunum á ráðstöfunarrétti jarðareiganda sem fram koma í jarðalögum frá 1976.

Frumvarp þetta felur í sér nokkrar breytingar á þeim ákvæðum sem fram koma í jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Með ákvæðum þessa frumvarps er stefnt að því að færa löggjöf um jarðir í átt til nútímans og að samræma eins og unnt er eignarrétt og umsýslu jarða þeim meginreglum sem gilda um aðrar fasteignir í íslenskri löggjöf. Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir eru í núgildandi löggjöf verulegar takmarkanir á ráðstöfunarrétti jarðeigenda og ýmsar kvaðir lagðar á þá sem geta verið mjög íþyngjandi og hafa oft í framkvæmd reynst ósanngjarnar. Með frumvarpi þessu er ætlunin að bæta að nokkru leyti úr þessum annmörkum, án þess að gengið sé lengra en þörf krefur.

Í frumvarpi þessu eru einnig nokkrar breytingar sem eiga rætur að rekja til þess að Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemdir við nokkur ákvæði jarðalaga, nr. 65/1976, og telur þau brjóta gegn samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA hafa einkum beinst að ákvæðum 6. gr. laganna um tvöfalt samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar, 11. gr. laganna sem áskilur að þeir sem vilji kaupa jarðir eða fá umráðarétt yfir jörðum og nýta þær til landbúnaðar, skuli hafa stundað landbúnað hér á landi í a.m.k. tvö ár nema landbúnaðarráðherra veiti undanþágu frá því, svo og ákvæði 30. gr. laganna um forkaupsrétt sveitarfélaga og Jarðasjóðs ríkisins. Með frumvarpi þessu er reynt að koma að verulegu leyti til móts við þessi sjónarmið Eftirlitsstofnunar EFTA án þess þó að gengið sé lengra en þörf krefur í því efni.

Þá er á það að líta að með lögum nr. 28/1995, um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, voru lögfest ýmis ákvæði sem var ætlað að draga úr þeim áhrifum sem EES-samningurinn hafði á eignarhald og viðskipti með jarðir og annað land hér á landi en þau gengu undir nafninu „girðingalögin".

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að flestar þessar takmarkanir, þ.e. „girðingar", verði áfram í lögunum. Í öðrum aðildarríkjum EES-samningsins eru enn víðtækar takmarkanir á meðferð og ráðstöfun lands í landbúnaðarnotum og hefur því að svo stöddu enn ekki verið farin sú leið að fella niður allar þessar takmarkanir hér á landi.

Hæstv. forseti. Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru þessar:

Í fyrsta lagi: Markmiðum eða tilgangi laganna er hér breytt verulega í ljósi breytinga sem orðið hafa á aðstæðum, atvinnuháttum og nýtingu jarða í íslensku þjóðfélagi. Núgildandi jarðalög, nr. 65/1976, leggja of einhliða áherslu á landbúnaðarnot miðað við breytta atvinnuhætti og er reynt að breyta ákvæðinu í samræmi við það en jafnframt að tryggja þá veigamiklu hagsmuni sem fólgnir eru í þeim landkostum sem til eru hér á landi.

Í öðru lagi: Gildissviði laganna er nokkuð breytt og nær það einungis til landsvæða sem ekki hafa verið skipulögð fyrir aðra starfsemi en landbúnað án þess að slík svæði séu bundin við þéttbýli eins og er samkvæmt núgildandi jarðalögum, nr. 65/1976. Jafnframt er áréttað að alltaf verður skylt að leita leyfis landbúnaðarráðherra til að leysa land úr landbúnaðarnotum og gildir það bæði um skipulagsyfirvöld sem vilja skipuleggja landið fyrir aðra starfsemi en landbúnað og einnig aðra aðila. Sá fyrirvari er í lögunum að ef gert hefur verið skipulag staðfest af skipulagsyfirvöldum í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, fyrir aðra starfsemi en landbúnað um tiltekið land er það land undanskilið ákvæðum laganna. Sama gildir um land sem leyst hefur verið úr landbúnaðarnotum.

Í þriðja lagi: Jarðanefndir eru aflagðar með frumvarpinu. Í stað þess er gert ráð fyrir að sveitarstjórnum sé skylt að hafa starfandi sérstakar landbúnaðarnefndir sem hafi það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir. Jafnframt er gert ráð fyrir að skylt sé að leggja fyrir þær öll mál sem sveitarstjórn fær til meðferðar samkvæmt frv. Sveitarstjórn er þó heimilt að sameina verkefni landbúnaðarnefndar og annarrar nefndar á vegum sveitarfélagsins, en það er í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Í fjórða lagi: Felld eru niður ákvæði um innlausnarrétt ábúenda og sameigenda að eignarhluta í jörðum sem eru í óskiptri sameign, og landspildum sem skipt hefur verið út úr jörðum.

Í fimmta lagi: Breytt er verulega ákvæðum núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, um forkaupsrétt sveitarfélaga að jörðum. Farin er sú leið að takmarka heimildir sveitarfélaga til að neyta forkaupsréttar á þann veg að skilyrði fyrir því að sveitarfélög geti neytt forkaupsréttar séu að sveitarfélagi sé þörf á jörð, jarðahluta, öðru landi, fasteignum eða fasteignatengdum réttindum sem á að selja til nota fyrir starfsemi sveitarfélagsins eða til sameiginlegra nota fyrir íbúa sveitarfélagsins. Með sameiginlegum notum íbúa sveitarfélagsins er hér átt við hagsmuni stærri hópa íbúa sveitarfélagsins eða jafnvel meiri hluta, t.d. gæti fallið undir þá skilgreiningu ef sveitarfélag neytir forkaupsréttar að jörð í þeim tilgangi að nýta jörðina undir afrétt fyrir íbúa sveitarfélagsins. Ekki er hins vegar lengur heimilt að sveitarfélag neyti forkaupsréttar að jörð í þeim tilgangi að selja hana tilteknum íbúum sveitarfélags eða öðrum eða afhenda hana einstaklingum til nota með öðrum hætti. Ákvörðun sveitarstjórnar um að neyta forkaupsréttar að jörð er heimilt að kæra til landbúnaðarráðuneytisins. Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru m.a. gerðar vegna athugasemda sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert við forkaupsréttarákvæði 30. gr. núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, en í bréfi stofnunarinnar til íslenskra stjórnvalda, dagsettu 4. júlí 2001, kemur fram það álit að ákvæði 30. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, brjóti gegn ákvæði 40. gr. EES-samningsins.

Í sjötta lagi: Ákvæði um að samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar þurfi til stofnunar réttinda yfir og aðilaskiptum að réttindum yfir fasteignum sem lögin taka til hefur verið breytt og leiðir það af eðli máls þar sem jarðanefndir eru aflagðar með frumvarpinu. Í stað þess er einungis skylt að afla samþykkis sveitarstjórnar fyrir slíkum aðilaskiptum. Þessi breyting er m.a. tilkomin vegna athugasemda sem ráðuneytinu hafa borist frá Eftirlitsstofnun EFTA en í bréfi stofnunarinnar til íslenskra stjórnvalda, dags. 4. júlí 2001, kemur fram það álit að nú gildandi ákvæði 1. mgr. 6. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um tvöfalt samþykki sveitarstjórna og jarðanefnda, brjóti gegn 40. gr. EES-samningsins. Einnig er fellt niður ákvæði sem nú er í 6. mgr. 6. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um að sveitarstjórn sé heimilt að binda samþykki sitt samkvæmt ákvæðinu því skilyrði að sá sem öðlast réttindi yfir fasteign hafi í allt að tvö ár fasta búsetu á eigninni eða innan eðlilegrar fjarlægðar frá henni til að nýta hana. Þessi breyting er gerð vegna framangreindra athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA sem taldi þetta ákvæði fela í sér mismunun gagnvart aðilum búsettum í öðrum aðildarríkjum EES-samningsins. Þá er ekki lengur gert ráð fyrir að afla þurfi samþykkis sveitarfélaga fyrir eigendaskiptum að eignarhlutum í félögum sem eiga jarðir eða annað land sem lög þessi taka til enda samrýmist það ekki breytingum og þróun sem orðið hefur á hlutabréfamarkaði hér á landi og viðskiptum með eignarhluti í félögum og fyrirtækjum.

Í sjöunda lagi: Samkvæmt frumvarpinu er óheimilt að stofna ný ættaróðul eftir gildistöku laganna. Í ákvæði til bráðabirgða kemur hins vegar fram að ákvæði VII. kafla núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, um ættaróðul, skuli þó halda gildi eftir því sem við getur átt fram að andláti óðalseiganda. Ættaróðalið skal þá falla úr óðalsböndum og jörðin erfast í samræmi við ákvæði erfðalaga, nr. 8/1962, með síðari breytingum. Þá kemur þar fram að ef óðalseigandi deyr tekur maki hans við réttindum og skyldum hans sem óðalseigandi ef hann óskar þess en eftir andlát makans erfist ættaróðalið samkvæmt ákvæðum erfðalaga, nr. 8/1962.

Í áttunda lagi: Nýmæli er almennt ákvæði um að óheimilt sé að skilja hlunnindi frá jörðum nema sérstakar undantekningar séu gerðar frá þeirri reglu í lögum. Þetta er meginregla sem hefur verið talin gilda í framkvæmd og kemur fram í sérlögum um einstakar tegundir hlunninda, samanber t.d. í lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, og fleiri lögum.

Í níunda lagi: Ef fleiri eigendur eru að jörðum eða jarðarhlutum er þeim skylt að hafa með sér félag um eignarhald og rekstur jarðarinnar eða jarðarhlutans. Jafnframt er þeim skylt að tilnefna sérstakan fyrirsvarsmann félagsins sem kemur fram fyrir hönd þess gagnvart sveitarstjórn og öðrum aðilum við úrlausn mála er lúta að réttindum og skyldum jarðeigenda. Félagið og fyrirsvarsmann þess skal skrá í fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands og er slík skráning skilyrði fyrir þinglýsingu eignarheimildar að jörð eða öðru landi. Ákvæðið gildir þó ekki ef eigendur félags eru einungis hjón eða foreldrar og ófjárráða börn þeirra. Þá gilda ákvæði greinarinnar um hjón einnig um sambúðarfólk með ákveðnum skilyrðum, sbr. 13. gr. frumvarpsins.

Í tíunda lagi: Breytt er ákvæði 11. gr. gildandi laga á þann veg að ef aðilar sem óska eftir samþykki til að kaupa fasteign hér á landi og nýta hana til landbúnaðar njóta réttar samkvæmt ákvæðum EES-samningsins eða samsvarandi ákvæða í stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu teljast þeir uppfylla skilyrði ákvæðisins ef þeir hafa starfað við landbúnað í tvö ár í aðildarríkjum þess samnings sem þeir byggja rétt sinn á.

Í ellefta lagi: Nýmæli er í 18. gr. en þar er sú skylda lögð á landbúnaðarráðuneytið að gefa út 31. desember ár hvert skrá á grundvelli upplýsinga úr jarðarhluta Landskrár fasteigna yfir allar jarðir, jarðarhluta, landspildur, lóðir og annað land en ráðuneytinu er þó heimilt að fela öðrum aðilum að annast gerð slíkrar jarðaskrár í umboði ráðuneytisins. Er við það miðað að skráin verði hluti af Landskrá fasteigna sem Fasteignamat ríkisins heldur samkvæmt lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, en landbúnaðarráðherra hefur þó ákveðnar heimildir varðandi gerð hennar og notkun. Gert er ráð fyrir að þessi skrá verði eins konar ný jarðabók fyrir Ísland. Enn fremur er annars staðar í frumvarpinu gert ráð fyrir að landbúnaðarráðuneytinu sé skylt að gefa út 31. desember ár hvert sams konar skrá yfir lögbýli í landinu, m.a. með upplýsingum um félagsbú á grundvelli sömu upplýsinga úr jarðarhluta Landskrár fasteigna. Sömu reglur gilda um heimild landbúnaðarráðuneytisins til að fela öðrum aðilum að annast gerð lögbýlaskrár.

Í tólfta lagi: Breytt er ákvæði um forkaupsrétt ábúanda og hann miðaður við sjö ára ábúðartíma. Samkvæmt gildandi lögum er miðað við tíu ára ábúðartíma. Sérstakt ákvæði er um að ef ábúandi fellur frá haldi maki hans forkaupsrétti en það er í samræmi við gildandi framkvæmd. Einnig er sérstakt ákvæði um að forkaupsréttur ábúanda falli niður ef hann hefur sagt upp samningi sínum um ábúð eða ef honum hefur verið sagt löglega upp ábúðarsamningi vegna vanefnda. Sömu skilyrði eru í frumvarpinu og í núgildandi lögum um að ábúandi sem neytir forkaupsréttar verði að taka jörðina til ábúðar og landbúnaðarstarfsemi.

Í þrettánda lagi: Breytt er ákvæði núgildandi 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um kauprétt ábúenda á ríkisjörðum. Samkvæmt gildandi lögum eiga ábúendur ríkisjarða rétt á að kaupa ábúðarjarðir ef þeir hafa búið á þeim í tíu ár eða lengur og leggja fram yfirlýsingu sveitarstjórnar um að ábúandi hafi

setið jörðina vel og að sveitarstjórn mæli með því að hann fái hana keypta, svo og meðmæli jarðanefndar viðkomandi sýslu með kaupunum. Í frumvarpinu er ákvæðinu breytt á þann veg að í stað kaupréttar ábúenda kemur að heimilt verður að selja ábúendum ríkisjarða ábúðarjarðir sínar ef þeir hafa búið í sjö ár eða lengur en sá tími kemur í stað tíu ára í gildandi lögum. Ábúendur þurfa eingöngu að leggja fram meðmæli sveitarstjórnar þar sem í frumvarpinu er lagt til að jarðanefndir verði aflagðar en að sérstakar landbúnaðarnefndir sveitarfélaga fjalli um slíkar umsóknir. Nokkrar undantekningar eru frá núgildandi kauprétti ábúandans sem eru tilgreindar í 2. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Í frumvarpinu eru svipaðar reglur en ekki alveg sama efnis en gert er ráð fyrir að ákvæðið gildi ekki um jarðir sem ekki eru nýttar til landbúnaðarstarfsemi og heldur ekki um jarðir sem þörf er á til opinberra nota eða ef almannahagsmunir standa gegn því að jörð verði seld.

Í fjórtánda lagi: Sérstakt ákvæði er um mat á söluverði ríkisjarða sem seldar eru ábúendum og sveitarfélögum. Kaupandi getur einnig óskað eftir að kaupverðið verði metið af dómkvöddum matsmönnum. Lögfest er þar að söluverðið skuli ákvarðað af aðilum utan ráðuneytisins og einnig hvaða matshlutar skuli metnir. Hér er gert ráð fyrir að meta skuli jörðina sjálfa, mannvirki, ræktun og hlunnindi, t.d. veiði, æðarvarp og önnur hlunnindi sem ekki eru undanskilin, svo og greiðslumark jarðarinnar. Þó er gert ráð fyrir að greiðslumark mjólkur og sauðfjár sem áunnið er á jörðina og fylgir lögbýli samkvæmt ákvæðum laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og eldri lögum um sama efni fylgi með við sölu á ríkisjörðum sem seldar eru ábúendum en að það verði ekki verðlagt sérstaklega. Ef jörðinni verður hins vegar ráðstafað til annarrar starfsemi en landbúnaðar eða ef kaupandi selur greiðslumarkið frá henni innan tíu ára frá sölu ber honum að endurgreiða ríkissjóði andvirði greiðslumarksins á verði sem miða skal við markaðsverð á þeim tíma sem jörð er ráðstafað til annarrar starfsemi en landbúnaðar eða greiðslumark er selt frá jörð en að frádregnum jöfnum, árlegum 10% fyrningum. Þessari kvöð skal þinglýst á jörðina.

Í fimmtánda lagi: Nýmæli er að við sölu ríkisjarða verður alltaf skylt að undanskilja jarðefni og rétt til efnistöku, og einnig vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta þau réttindi. Samkvæmt núgildandi jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, gildir þetta eingöngu þegar ríkisjarðir eru seldar ábúendum en að öðrum kosti þarf samkvæmt núgildandi lögum leyfi iðnaðarráðherra til að skilja slík réttindi frá jörð.

Í sextánda lagi: Nýmæli er að ríkisjarðir sem fyrirhugað er að selja, aðrar en þær sem seldar eru sveitarstjórnum og ábúendum, skal auglýsa til sölu með opinberri auglýsingu og leita eftir kauptilboðum í þær í samræmi við gildandi löggjöf og stjórnvaldsreglur um sölu á eignum ríkisins á hverjum tíma. Undantekningar eru þó gerðar samkvæmt þessu ákvæði um einstakar jarðir ef þar er starfrækt atvinnustarfsemi á sviði landbúnaðar eða önnur starfsemi og hagsmunir sveitarfélags krefjast þess. Alltaf verður heimilt að hafna öllum innsendum tilboðum.

Í sautjánda lagi: Í 43. gr. frumvarpsins er sérstakt ákvæði um ríkisjarðir sem er óheimilt að selja en það eru jarðir sem þörf er á að ráðstafa til opinberra nota eða nauðsynlegt þykir með tilliti til almannahagsmuna að séu eign íslenska ríkisins. Jafnframt er gert ráð fyrir að leita skuli umsagnar viðkomandi fagstofnana ríkisins eftir því sem við á þegar reynir á ákvæðið.

Í átjánda lagi er það nýmæli í frumvarpinu að landbúnaðarráðherra eigi alltaf forkaupsrétt að jörðum, jarðarhlutum eða landi sem ríkið hefur selt ábúendum eða sveitarfélögum og að forkaupsrétturinn haldist í tíu ár frá sölu. Þá er þar sérstakt ákvæði um hvernig beri að meta eignir sem ábúandi átti við kaup á jörðinni þegar ríkið neytir aftur forkaupsréttar að henni.

Fleiri dæmi um breytingar mætti nefna en ég læt þetta nægja í bili og vek athygli á að í greinargerð með frv. er gerð ítarleg grein fyrir þeim breytingum sem frv. hefur í för með sér miðað við núgildandi jarðalög, nr. 65/1976. Á fskj. með frv. þessu er að finna kostnaðarumsögn fjmrn. um frv. og læt ég nægja að vísa í hana. Ég vil að öðru leyti vísa til greinargerðar þeirrar sem fylgir frv. og athugasemda með því.

Hæstv. forseti. Nú er liðinn rúmlega aldarfjórðungur síðan núgildandi jarðalög, nr. 65/1976, voru samþykkt. Ljóst er að miklar breytingar hafa orðið á þeim tíma sem beinlínis kalla á að breytingar verði gerðar á núgildandi löggjöf um þetta efni. Í frv. því sem hér liggur fyrir hefur verið reynt að svara því kalli og koma til móts við þær þarfir sem hafa skapast í íslenskum landbúnaði og annarri landnýtingu, meðferð og umsýslu jarða hér á landi. Ég tel því að hér sé um að ræða nauðsynlega tímamótalöggjöf sem mikilvægt er að þingið taki til alvarlegrar skoðunar miðað við núgildandi aðstæður í íslenskum landbúnaði og hvernig landnýtingu er að öðru leyti háttað, svo og annarri meðferð og umsýslu jarða hér á landi. Það er von mín að þetta frv. og þau ákvæði sem það hefur að geyma sé svar við kröfum tímans um sanngjarna löggjöf um eignarhald, meðferð og nýtingu lands hér á Íslandi í dag.

Hæstv. forseti. Ég legg svo til að að þessari umræðu lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ég gat þess að hæstv. forseti gaf mér leyfi til að mæla fyrir báðum þessum málum í sömu ræðu, þ.e. einnig frv. um ábúðarlög sem er líka langur lagabálkur. Í því eru margvíslegar breytingar sem þykja nauðsynlegar. Það má segja um það mál, herra forseti, að nú er liðinn rúmlega aldarfjórðungur síðan núgildandi ábúðarlög, nr. 64/1976, voru samþykkt. Ljóst er að miklar breytingar hafa orðið hér á landi á þeim langa tíma, sem beinlínis kalla á að breytingar verði gerðar á núgildandi löggjöf um þetta efni.

Í frv. því sem hér liggur fyrir er reynt að svara þessu kalli og koma til móts við þær þarfir sem hafa skapast í íslenskum landbúnaði og annarri landnýtingu um meðferð og umsýslu jarða. Við samningu frv. hefur eins og kostur er verið reynt að hafa jafnt að leiðarljósi sjónarmið ábúenda og jarðeigenda. Ég tel því að hér sé um að ræða nauðsynlega tímamótalöggjöf sem þingið þarf að taka til alvarlegrar skoðunar miðað við núgildandi aðstæður í íslenskum landbúnaði og hvernig landnýtingu er að öðru leyti háttað hér á landi. Það er von mín að þetta frv. og þau ákvæði sem það hefur að geyma sé svar við kröfum nútímans um sanngjarna löggjöf um ábúð og eignarhald jarða við þær aðstæður og þá framkvæmd sem er ríkjandi á Íslandi í dag.

Ég vísa svo, hæstv. forseti, til frv. um ábúðarlög sem liggur hér frammi á borðum þingmanna. Það er mjög ítarlegt og greinargott eins og frv. um jarðalögin þannig að ég læt þessa ræðu nægja, hæstv. forseti. Að lokinni umræðu um bæði þessi mál legg ég til að þeim verði vísað til landbn.

Eins og ég sagði áðan, hæstv. forseti, get ég ekki ætlast til þess, þar sem málið er seint fram komið, að þingið afgreiði málið. En það er komið til þingsins eins og ég hafði heitið þingmönnum, að vísu of seint að mínu mati. En það tók langan tíma. Málið er flókið og í það fór mikil vinna. Ég tel að þetta verði eitt af hinum stóru málum sem næsta löggjafarþing mun afgreiða. Þá læt ég máli mínu lokið, hæstv. forseti.

[23:32]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er verið að mæla fyrir tveimur frv. eigi alllitlum, frv. til jarðalaga og frv. til ábúðarlaga.

Það var mjög athyglisvert að heyra hæstv. landbrh. lýsa ástandinu sem ríkir og því lagaumhverfi sem landbúnaðurinn býr við hvað þessa lagabálka áhrærir. Það verður nú að segjast eins og er að mér komu í hug ummælin um hraða snigilsins. Þegar talað er um hversu gífurlega miklar breytingar hafi átt sér stað síðustu árin og þá þróun sem hefur verið að eiga sér stað í landbúnaðinum þá er eins og lögin eða löggjöfin hafi ekki fylgt eftir breytingum tímans. Það hefur orðið til þess, herra forseti, að lög sem áttu að verða til þess að styrkja og efla landbúnað og líf í sveitum og byggðum landsins hafa jafnvel tálmað jákvæðri þróun og djörfung til athafnasemi í sveitum landsins.

Ég fagna því að þessi frv. skuli vera lögð hér fram og óska hæstv. landbrh. til hamingju með að hann skuli nú hafa gert það. En það er náttúrlega algjörlega ljóst að þessi frv. verða varla samþykkt á þessu þingi því að þau þurfa náttúrlega að fara til mikillar umfjöllunar út í samfélagið. Margir eiga eftir að segja sitt álit og koma fyrir hv. landbn. þegar þetta er skoðað. Auðvitað verður einhvern tíma að byrja á hlutunum og gera þá. Hér eru þessi frv. komin fram og margt er í þeim til góðs. Engu að síður velti ég því fyrir mér, herra forseti, þegar ég tek á þessum frv. því þetta er töluvert mikið magn af greinum, lagagreinum og útskýringum, og spurningar vakna hvort menn eigi ekki eftir að koma með ýmsar athugasemdir til að einfalda þetta jafnvel enn frekar, nema nauðsynlegt sé að vera með svona gífurlega mikla lagabálka um sveitirnar og byggðirnar og ábúðarlög og reglur í sambandi við ábúð, jarðasölu, jarðakaup, jarðaleigu og margt annað.

En auðvitað hefur fólk einmitt kvartað undan því að ef menn vilji gera eitthvað í sveitunum þá þurfi þeir að fara fyrir margar nefndir og ráð og marga aðila. Þess vegna er nú ágætt að þessi frv. skuli koma fram og verða þau náttúrlega hvati til umræðu um það hvernig við viljum hafa lagaumhverfi landbúnaðarins í raun og veru.

Svo breytast náttúrlega ýmis viðhorf með tímanum, t.d. í sambandi við erfðir, varðandi ættaróðul, eins og hæstv. landbrh. vék að, og breytingu á búskaparháttum á jörðum. Ferðaþjónustan er farin að koma mikið inn í landbúnaðinn. Sumum finnst umhverfið vera of strangt og of gamaldags til að hægt sé að byggja eitthvað upp á því sviði og vænti ég þess og veit, eins og fram kom, að þessi frv. eru einmitt lögð fram til þess að liðka til í þeim efnum.

Þess vegna vil ég segja svona almennt, herra forseti, að ég fagna því að þessi frv. koma fram. Ég hef ekki haft tíma til þess að grandskoða þau enda, eins og ég sagði, er þetta mjög mikið mál. En þau atriði sem hæstv. landbrh. vék hér að voru mjög augljós og bentu á hnökra núgildandi laga. Það er vel að hann eigi frumkvæði að því að leggja þetta fram og vonandi mun næsti landbrh., hver sem hann verður, fylgja þessum málum eftir.

[23:38]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Örstutt. Um leið og ég þakka hv. þm. ágæta ræðu og undirtektir vil ég segja, af því að hann minntist á að margir ættu eftir að veita umsögn um frumvörpin o.s.frv., að sjálfsagt er það rétt. Ég vil bara geta þess að á þeim langa meðgöngutíma sem tekið hefur að semja þessi frv. þá hafa mjög margir aðilar komið að því og veitt umsagnir, svo sem Samband íslenskra sveitarfélaga og búnaðarþing og leitað hefur verið til fjölda aðila þannig að málið hefur fengið ríkulega umfjöllun. Síðasta búnaðarþing fékk þau í hendur og forusta Bændasamtakanna mun skila sínu áliti. Þegar málið kemur hér inn þá hygg ég að það sé nú samt sem áður allþroskað.

En ég tek undir það að þetta eru flókin mál. Ég verð að segja fyrir mig að jarðamál og átök um jarðir og eigendaskipti og þær deilur sem hafa risið eru með erfiðustu málum sem menn komast í, (Gripið fram í.) hvort sem þeir eru löglærðir eða leikir. Því þarf að vera mjög skýr löggjöf um þennan málaflokk en um leið sem einföldust eins og hv. þm. minntist á.

Eins og ég sagði ætlast ég ekki til og auðvitað verða þessi mál ekki afgreidd á þinginu núna. Samt er mikilvægt að hafa komið þeim fyrir þingið til þess að þau geti haldið áfram að þroskast.

[23:40]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, það er rétt sem hæstv. landbrh. segir. Ég tek undir það að best er að lög séu almennt sem einföldust og skýrust. Við vitum að sjálfsagt hafa langflest málaferli sem eiga sér stað í landinu verið í kringum jarðir og ýmislegt sem lýtur að þeim, landamerkjum, eignarhlutum, erfðamálum og ýmsu öðru. Því er ágætt að þetta kemur inn í umræðuna.

Ég þakka bara orð hæstv. landbrh. um að það sem sá sem hér stendur hafi lagt til umræðunnar hafi verið gott. Ég þakka það og ítreka enn frekar það sem ég sagði, að þó að ýmsir mætir aðilar hafi komið að þessum málum þá hlýtur landbn. að kalla fjölda manna og kvenna til skrafs og ráðagerða um það hvernig þessi lagabálkur á að vera. Það liggur í hlutarins eðli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 23:42.

---

97. FUNDUR

miðvikudaginn 12. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Staða íslenska táknmálsins, fsp. KolH, 660. mál, þskj. 1073.

Til utanríkisráðherra:

2. Starfslokasamningar hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli, fsp. KPál, 672. mál, þskj. 1095.

3. Samskipti Íslendinga og bandarískra hermanna, fsp. ÖJ, 686. mál, þskj. 1115.

Til sjávarútvegsráðherra:

4. Hvalveiðar, fsp. GuðjG, 467. mál, þskj. 730.

Til menntamálaráðherra:

5. Álagning STEF-gjalda á óskrifaða geisladiska, fsp. SvanJ, 642. mál, þskj. 1039.

6. Meistaranám iðngreina, fsp. BjörgvS, 656. mál, þskj. 1069.

7. Höfundaréttur, fsp. PHB, 674. mál, þskj. 1097.

8. Jöfnun flutningskostnaðar, fsp., 678. mál, þskj. 1101.

9. Félög í eigu erlendra aðila, fsp., 679. mál, þskj. 1102.

Lagt fram á lestrarsal:

Ályktun búnaðarþings 2003 í þjóðlendumálum.

Athugasemdir um störf þingsins.

Þingsályktunartillaga um hernaðaraðgerðir gegn Írak.

[10:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Um fátt er meira rætt þessa dagana um veröld víða en yfirvofandi styrjöld í Írak og það má segja að heimurinn fylgist með því dag frá degi, klukkustund frá klukkustund einmitt þessi augnablikin hverjar verða lyktir þess máls.

Fyrir Alþingi liggur núna till. til þál. um að Ísland fyrir sitt leyti komi afstöðu sinni skýrt á framfæri í þessum efnum á alþjóðavettvangi, þ.e. að leita skuli allra leiða til að afstýra innrás í Írak, þar á meðal að gefa vopnaeftirlitsmönnum Sameinuðu þjóðanna nægan tíma til að ljúka störfum sínum. Einnig að komi engu að síður til þess að ráðist verði á Írak liggi ljóst fyrir að Ísland muni ekki heimila afnot af íslenskri aðstöðu eða aðstöðu á íslensku yfirráðasvæði né verði um neins konar þátttöku að ræða af Íslands hálfu í slíkum aðgerðum.

Á síðasta, væntanlega, fundi utanrmn. á þessu þingi sem haldinn var í morgun var því hafnað að afgreiða þessa tillögu þannig að hún fengi að koma til síðari umr. og atkvæðagreiðslu. Það þykir mér mjög miður, herra forseti, og ég hlýt að gagnrýna að ekki skuli vera farvegur fyrir það á Alþingi Íslendinga að grundvallarafstaða sé tekin af Alþingi sjálfu í máli sem þessu. Ef því er beitt með þessum hætti, herra forseti, í þingnefndum að fella það að tillögur fái að koma aftur til umfjöllunar og þá eftir atvikum atkvæðagreiðslu í þinginu er í raun og veru lokað þeim eina farvegi sem þingmönnum stendur til boða samkvæmt þingsköpum okkar til að fá grundvallarafgreiðslu á mál af þessu tagi. Ég mótmæli þessu, herra forseti. Mér þykir þetta mjög miður. Við aðstæður af þessu tagi finnst mér að þjóðþingið sjálft eigi að móta grundvallarafstöðuna og hún eigi að sjálfsögðu að vera þessi sem tillagan kveður á um, að ekki komi til greina að Ísland styðji árásarstyrjöld gegn Írak né láti neins konar aðstöðu í té ef til slíks kemur engu að síður í því sambandi.

[10:33]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Yfirvofandi er hernaðarárás á Írak. Sú þáltill. sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon greindi hér frá fjallar um viðbrögð Íslendinga og með hvaða hætti Alþingi eigi að álykta um málið. Hann fór yfir tillöguna sem felur það m.a. í sér að við komum afstöðu okkar á afdráttarlausan hátt fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og leitum allra leiða til að afstýrt verði innrás í Írak. Þá kemur fram að við teljum að Íslendingar eigi hvorki að heimila aðstöðu á íslensku yfirráðasvæði né neins konar þátttöku Íslands í hugsanlegum aðgerðum.

Við höfum óskað eftir því að Alþingi fái tækifæri til að taka á lýðræðislegan hátt afstöðu til þessarar tillögu. Hér í þingsal í dag eru bæði hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Það er óeðlilegt annað en að þeir tjái afstöðu sína til þessa máls og ég vil beina til þeirra þeirri spurningu hvort það hafi verið ákvörðun ríkisstjórnarinnar að beina því til meiri hluta í utanrmn. þingsins að koma í veg fyrir að þetta mál komi fyrir þingið.

[10:35]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þetta mál hefur ekki verið rætt í ríkisstjórn. Það er að sjálfsögðu utanrmn. sem tekur sjálfstæða afstöðu til þess hvaða tillögur eru afgreiddar þar og hverjar ekki. Auðvitað skiptir meginmáli að um það sé bærileg samstaða.

Nú liggur fyrir að meiri hluti þingsins útilokar það ekki að valdi verði beitt í þessum málum. En ég hef skilið hv. þingmann þannig að hann útiloki það undir öllum kringumstæðum að valdi verði beitt með sama hætti og hann útilokaði það að því er varðaði bæði Bosníu og Kosovo á sínum tíma. Ég held að það væri mjög mikilvægt að hann gerði þinginu grein fyrir því undir hvaða kringumstæðum hann telur að hægt sé, og rétt, að beita valdi til að vernda mannréttindi og koma í veg fyrir glæpi gegn mannkyni. Ég tel að hann skuldi hv. Alþingi að gera okkur grein fyrir því og geti ekki alltaf verið að spyrja meiri hluta þingsins að því í hvaða tilvikum meiri hluti þingsins telji rétt að beita valdi.

Ég spurði hv. þingmann um það fyrir nokkru síðan hvort hann hefði talið það rétt, t.d. að því er varðaði nasismann, og hvenær hann teldi hugsanlega rétt að beita valdi. Hann hafði engin svör. En það liggur alveg ljóst fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar að það er ekki hægt að ná friði og friðsamlegri lausn varðandi Írak nema að baki liggi alvarleg hótun. Það er í þessu andrúmslofti sem reyna verður að ná friðsamlegri lausn í þessu máli.

[10:37]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég tek undir málflutning utanrrh. í því máli sem hér er verið að ræða. Ég vil rifja það upp að við höfum margsinnis rætt þessi mál í utanrmn. Alþingis, m.a. með hæstv. utanrrh. Þessi mál voru rædd í umræðum um skýrslu utanrrh. um utanríkismál 27. febrúar sl. Ályktun og samþykkt Sameinuðu þjóðanna liggur fyrir. Hún gengur út á það að afvopna Íraka og það er auðvitað ekki útilokað þar að það geti komið til aðgerða. Menn eru sammála um að slík hótun þurfi að liggja undir.

Ég vakti sérstaka athygli á því í umræðum um utanríkismál 27. febrúar að utanríkisráðherra Svía, Anna Lindh, sem var þá nýbúin að vera hér í heimsókn, lýsti því í blaðaviðtali að slík hótun yrði að vera til staðar gagnvart Saddam Hussein. Mér þótti mjög merkilegt að heyra utanrríkisráðherra Svía koma að málunum með þessum hætti sem lýsir því auðvitað að þar er alþjóðasamfélagið sammála um að þess þurfi. Annars muni ekkert gerast. Þessi mál fjalla um trúverðugleika Sameinuðu þjóðanna, að fylgja eftir þeim samþykktum sem menn gera þar, og fjalla fyrst og fremst um það. Menn hafa deilt um tíma o.s.frv. og þessi mál eru á

viðkvæmu stigi. Menn eru að takast á um þau í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og það er ekkert tilefni til þess af okkar hálfu nú að afgreiða ályktun af þessu tagi hér á Alþingi.

[10:39]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hv. formaður utanrmn. þingsins segir að hugsanlega komi til aðgerða, og er þá verið að lýsa yfirvofandi hernaðarárás mesta herveldis heims á írösku þjóðina. Við höfum áður heyrt þennan tón, þennan óbilgjarna og mér liggur við að segja öfgafulla tón frá hæstv. utanrrh. sem talar sama rómi, sömu röddu og haukarnir í Washington. Hann auglýsir eftir skoðunum mínum á mannréttindum og valdbeitingu hernaðarstórveldis. Það stendur ekki á mér að ræða slíkt. En hæstv. ráðherra vill koma í veg fyrir að ég fái að gera það hér á Alþingi vegna þess að stjórnarmeirihlutinn er að meina okkur að taka þessa þáltill. hér til umfjöllunar. Við óskum eftir umræðu um þessi mál og þá mun ekki standa á okkur að gera grein fyrir sjónarmiðum okkar.

Hæstv. ráðherra segir að það sé bærileg samstaða um það á Alþingi að beita Íraka hernaðarofbeldi. Það er þetta, hæstv. utanrrh., sem við viljum láta reyna á. Við teljum að það sé lýðræðislegur réttur okkar sem ríkisstjórnin meinar okkur um.

[10:41]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum að koma beint af fundi utanrmn. þar sem þetta mál var síðasta málið. Það mál sem hér er verið að ræða er í raun og veru þríþætt. Það er í fyrsta lagi tillagan sem hér er gerð að umtalsefni. Það eru þau hefðbundnu vinnubrögð að taka þingmannatillögur og frumvörp fyrir í lok þings og ég vek athygli á því að við erum að taka þessa tillögu til umræðu degi eða tveim dögum áður en þinginu á að ljúka og þá er vonlítið að hún náist fram. Í þriðja lagi snýst þetta mál um það hvort Alþingi er tilbúið að taka veigamikla umræðu, nefnilega þessa að taka ekki þátt í hernaðaraðgerðum við Írak, eða almennt. Tillagan er um það, annars vegar að leggjast gegn innrás og hins vegar að taka ekki þátt í hernaðaraðgerðum gegn Írak.

Ég lýsti því yfir hér í utanríkismálaumræðu, virðulegi forseti, að ég væri mjög ánægð með þá ræðu sem fulltrúi Íslands flutti í öryggisráðinu 19. febrúar af því að mér fannst það afdráttarlaus yfirlýsing varðandi innrás. Hins vegar minni ég á að það hefur verið deilt um það í samfélaginu hvað felist t.d. í ákvörðun ríkisstjórnar um að leggja til 300 millj., ef á þurfi að halda, vegna átaka og til NATO, og þeirri umræðu hefur ekki verið lokið hjá okkur. Við höfum ekki tekið umræðu um það á Alþingi hvort Ísland muni almennt standa utan hernaðaraðgerða, komi til þeirra, en það höfum við hingað til gert. Ég greiddi því atkvæði að taka þessa tillögu út þótt ég telji að fyrri hluta hennar hafi þegar verið fullnægt vegna þess að ég tel eðlilegt að við tökum umræðuna um þátt Íslands í hernaðaraðgerðum af eða á. Ég harma það að við skulum taka svo veigamikla umræðu í nefnd svo til á síðasta degi þingsins.

[10:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta mál, eins og það stendur núna, snýst ekki um það hvort til greina geti komið að beita valdi einhvers staðar og einhvern tíma í samskiptum aðila. Það snýst ekki um það. Þetta mál, eins og það stendur núna, snýst um það hvort það sé réttlætanlegt að ráðast á Írak á allra næstu dögum eða ekki. Ísland getur með ósköp einföldum hætti skýrt stöðu sína í því sambandi. Það getur tilkynnt hvorum megin hópi ríkja það vill tilheyra, þeim sem ekki telja slíkt réttlætanlegt, þjóðum eins og Frökkum, Rússum, Kínverjum og Þjóðverjum og reyndar almenningsáliti heimsbyggðarinnar að langmestu leyti, eða hvort Ísland vill skipa sér í lið með Bandaríkjamönnum og Tony Blair. Um það snýst þetta mál. Tillagan hefði ósköp einfaldlega komið því á hreint hvorum megin hópi ríkja, þótt ekki sé kannski rétt að tala um það — í hvorri fylkingunni, skulum við segja, Ísland ætlar að vera. Það er alveg ástæðulaust, herra forseti, að gera einfalda hluti flókna.

Það sem tillagan gengur út á og það sem við vildum fá hér fram á lokadögum þingsins er ósköp einfaldlega þetta: Hvorum megin í þessum fylkingum er Ísland? Um það er spurt úti um allan heim í dag. Sem betur fer eiga Bandaríkjamenn og Tony Blair sér fáa formælendur hvað sem kann að líða möguleikum þeirra til að þvinga fram nægan stuðning í öryggisráðinu við slíka afgreiðslu.

Mér finnst, herra forseti, að það sé mikill ljóður á störfum okkar hér hvað varðar vinnubrögð, hefðir og þá eftir atvikum þingstörf að ekki skuli vera hægt að knýja fram einfalda atkvæðagreiðslu um prinsippmál af þessu tagi þannig að það liggi bara fyrir og sé á hreinu. Stendur Ísland með Frökkum og öðrum þjóðum sem eru að reyna að koma í veg fyrir að ráðist verði á Írak á allra næstu dögum eða er Ísland hinum megin í málinu?

[10:45]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil lýsa því yfir að ég styð ríkisstjórnina í þeim aðgerðum sem hún hefur ákveðið í þessu máli og tel að þar hafi verið rétt að öllu staðið. Ég tel aftur á móti að umræða um þetta mál í þinginu sé eðlileg og get tekið undir það að mál sem varða svo brýna og mikilvæga hagsmuni fyrir alla heimsbyggðina eigi alveg rétt á umræðu hér á hv. Alþingi.

Það er auðvitað mjög alvarlegt mál að sú staða skuli vera uppi í heimsbyggðinni í dag að Bandaríkjamenn og meðfylgjendur þeirra séu jafnvel að fara í stríð. Það er ljóst eftir sem áður að Saddam Hussein Íraksforseti er einn versti harðstjóri sem þekkst hefur og það er ekki heiglum hent að eiga við slíka menn. Þess vegna hljótum við að taka afstöðu með þeim lýðræðislegu ríkjum sem vilja halda uppi lýðræði í þessum heimi.

[10:47]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég átta mig ekki á því af hverju hv. þm. Vinstri grænna kjósa að haga orðum sínum svo hér að hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnin vilji stuðla að árás á írösku þjóðina. Menn vita auðvitað að það er ekki svo. Menn vita auðvitað að sá sem er einvaldur í Bagdad um þessar mundir er kannski mesti óvinur írösku þjóðarinnar sem fyrirfinnst, enda hefur sá maður ekki hikað við að nota eiturvopn á sína eigin þjóð, myrða þúsundir, tugi þúsunda. Hann hefur farið í stríð við nágranna sína. Þar féll ein milljón manna vegna aðgerða og ákvarðana þessa einvalds. Hvers vegna kjósa menn að haga orðum sínum svo, sem er ekki sannleikanum samkvæmt, að segja að heimurinn skiptist í tvær fylkingar, þá sem telji að komi til greina að gera árás á Írak til þess að losna við Saddam Hussein og hina sem vilja það aldrei eins og sagt var? Frakkar voru nefndir til sögunnar. Frakklandsforseti hefur sérstaklega sagt að valdbeiting hljóti að koma

til greina, hins vegar þurfi að gefa meiri tíma, það sé ekki fullreynt. Hann hefur aldrei farið í þá fylkingu sem hv. þm. var að nefna að hann væri í, sem teldi aldrei koma til greina að fjarlægja þennan rudda úr valdastól með valdi. Þvert á móti. Þetta er algerlega mislýsing á atburðunum.

Hæstv. utanrrh. hefur marggert grein fyrir því hér að hann og íslenska ríkisstjórnin hafa ætíð lagst á þá sveifina að fara með friðsamlegum hætti gagnvart þessum manni en þó með fullum þunga hótana. Og það vita allir í þessum sal að það hefði ekkert gerst, það hefur nú lítið gerst hjá vopnaeftirlitinu, en það hefði ekkert gerst nema af því að 300 þús. hermenn bíða þess albúnir að taka í taumana. Þá verða menn að meina þá hótun. Ef þeir mundu lýsa því yfir, eins og hv. þm. hér, að það komi aldrei til greina að fara á hendur Saddam Hussein væri hótunin einskis virði. En þarna er búið að byggja upp 300 þús. manna her og það er óhjákvæmilegt að taka í taumana ef þessi maður hlýðir ekki.

[10:49]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki frekar að blanda mér í þau orðaskipti sem hér eiga sér stað á milli vinstri grænna út af tillögu þeirra sem tekin var fyrir í utanrmn. í morgun og forustumanna ríkisstjórnarinnar. Vegna orða hæstv. forsrh. um að fara gegn Saddam Hussein vil ég hins vegar árétta það að við erum sammála um það í þessum sal, vonandi öll, að Sameinuðu þjóðirnir séu það æðsta vald sem við felum að fara með öryggismál heimsins. Sameinuðu þjóðirnar eru það sem við viljum setja ofar öllu og við viljum að þær hafi þau tæki sem þarf til þess að halda um mál og helst þannig, á 21. öldinni, að hægt sé að leysa mál öðruvísi en með innrás og stríði.

Ég kem hingað, virðulegi forseti, í tilefni af orðum hæstv. forsrh. til að árétta það að ályktun 1441 hjá Sameinuðu þjóðunum fjallar ekki um að fara gegn Saddam Hussein eða um að fjarlægja hann úr sessi. Ályktun 1441 hjá Sameinuðu þjóðunum fjallar um að afvopna Íraka. Það verkefni höfum við falið vopnaleitarmönnum og við styðjum að þeim sé gefið það svigrúm sem þarf. Í raun og veru hafa samt Sameinuðu þjóðirnar ekki tekið ákvörðun um það neins staðar að það eigi að taka þennan mann af valdastóli. Það breytir því ekki að það mundum við sennilega öll vilja sjá. En við skulum ræða um hlutina eins og þeir eru og eins og Sameinuðu þjóðirnar hafa ályktað, og þær hafa ályktað um að afvopna Íraka.

Staða íslenska táknmálsins.

Fsp. KolH, 660. mál. — Þskj. 1073.

[10:51]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég hef beint til hæstv. forsrh. spurningu um stöðu íslenska táknmálsins. Tilefnið er ekki síst nýafstaðið málþing Félags heyrnarlausra undir yfirskriftinni „Réttindi, menntun, lífsgæði". Ýmislegt kom fram á því málþingi sem var til þess fallið að vekja stjórnmálamenn af þeim þyrnirósarsvefni sem þeir hafa sofið, a.m.k. undanfarin tíu ár, þegar málefni heyrnarlausra eru annars vegar og á það kannski fyrst og fremst við um ríkisstjórnina og stjórnarflokkana. En þingi þessu var fylgt eftir með því að heyrnarlausir og aðstandendur þeirra, samtals á annað hundrað manns, fjölmenntu á Austurvöll í síðustu viku og kröfðust þess að ríkisstjórnin viðurkenndi íslenska táknmálið formlega í lögum og tryggði rétt heyrnarlausra til túlkaþjónustu.

Í kjölfar mótmælanna reiddi hæstv. forsrh. fram 4 millj. kr. til að bæta úr brýnum vanda túlkaþjónustunnar um stundarsakir. Það ber að þakka. Á hitt ber samt að líta, og það er gagnrýnisvert, að hér er um enn eina bráðabirgðalausnina að ræða í málefnum heyrnarlausra. Það eru einmitt bráðabirgðalausnir af þessu tagi sem heyrnarlausir eru búnir að fá sig fullsadda af.

Árið 1997 blésu heyrnarlausir til baráttu af sama tagi. Þá var nákvæmlega sömu aðferðum beitt af sama forsrh., 2 millj. kr. slett í túlkaþjónustuna og málinu svo vísað í starfshóp. Heyrnarlausir eru líka búnir að fá sig fullsadda af starfshópum. Á tíu árum hafa fimm stjórnvaldsskipaðar nefndir verið settar á til að fjalla um stöðu heyrnarlausra en af því starfi hefur nákvæmlega ekkert sprottið.

Enn eiga 250 heyrnarlausir Íslendingar í erfiðleikum með að taka þátt í daglegu lífi til jafns við aðra Íslendinga. Þeir geta ekki mætt í heimsóknir til sérfræðinga, lögmanna, endurskoðenda, fasteignasala eða bílasala án táknmálstúlks. Þeir geta ekki farið í viðtöl við vinnuveitendur, sótt foreldrafundi eða húsfundi án þess að hafa túlk, ekki sótt almenn námskeið eða fræðslufundi. Engar almennar fjárveitingar eða reglur eru til staðar til að tryggja þennan aðgang heyrnarlausra að táknmálstúlkun þrátt fyrir ýmis ákvæði í löggjöf okkar sem ættu að tryggja slíkt.

Eitt af því sem stjórnvöld hafa borið fyrir sig í þessum efnum er að áhöld séu um það hvar vista beri þessa þjónustu í stjórnsýslunni, undir hvaða ráðuneyti málefni heyrnarlausra eigi að heyra. Þetta er eitt málið sem starfshópar ríkisstjórnarinnar hafa gefist upp við að greina og síðast núna fyrir nokkrum dögum kom frétt um það í fjölmiðlum að a.m.k. átta heyrnarlausir einstaklingar hafi sent menntmrn. stjórnsýslukærur vegna synjunar á túlkaþjónustu. Svörin sem þetta fólk fær þar eru á þá lund að þetta sé ekki á könnu menntmrn., þessar kærur séu vegna þjónustu sem félmrn. beri að greiða.

Herra forseti. Það er með ólíkindum hvað stjórnvöldum hefur tekist illa upp við að höndla mál heyrnarlausra í samfélagi okkar. Mín bjargfasta trú er sú að það sé hægt að leysa þessi vandræði hratt og vel ef bara sett væru sérstök lög um íslenska táknmálið. Í ljósi þessa sem ég nú hef sagt vil ég spyrja hæstv. forsrh. eftirfarandi spurningar:

Hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi íslenska táknmálið? Er þess að vænta að táknmálið verði viðurkennt með lögum þar sem tekið verður á rétti heyrnarlausra til menntunar á öllum skólastigum, fullorðinsfræðslu og réttinum til túlkaþjónustu?

[10:54]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda þessa fyrirspurn. Það er alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að þetta mál hefur verið rætt á þingi áður og þar hefur það komið fram að það væri langtímamarkmið þingsins, sem og ríkisstjórnar, að finna þessu máli þann endanlega farveg að hægt væri að líta svo á að táknmál heyrnarlausra væri þjóðtunga þeirra eða móðurmál. Hitt er annað mál að slíkri yfirlýsingu þurfa að fylgja mjög margar aðgerðir. Það er afskaplega einfalt að lýsa slíku yfir með ályktunartexta eða öðru slíku en það er algjörlega ljóst að því þyrftu að fylgja aðgerðir svo umfangsmiklar, ef ætti að mega að tryggja þetta, að það þyrfti

ekki bara mjög mikla fjármuni heldur mjög mikla skipulagningu og undirbúning og skilgreiningar á því hvað í þessari yfirlýsingu fælist. Þetta þekkja menn.

Ef þetta væri vandalaust væri þetta auðvitað búið. Það er ekki vegna þess að í þessum þingsal eða hjá ríkisstjórn sé að finna fjandskap í garð heyrnarlausra, öðru nær, enda væri það fráleitt og siðlaust ef svo væri. En það er heldur ekki hægt að segja, eins og hv. málshefjandi gerði, að öll þjónusta við heyrnarlausa sé í uppnámi og enginn skýr lagarammi til um það. Þannig er málið auðvitað ekki vaxið. Það er heldur ekki hægt að halda því fram að málaflokkurinn sé munaðarlaus. Í mínum huga liggur það ljóst fyrir að mál þetta heyrir undir menntmrh. þannig að ég tel ekki að málið sé stjórnsýslulega munaðarlaust, þvert á móti sé rangt að halda því fram. Á hinn bóginn er í lögum um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra gert ráð fyrir því að í stjórn slíkrar stofnunar sem menntmrh. skipar komi aðrir aðilar, þar með taldir fulltrúar frá félmrh. og fulltrúi frá heilbrrh. Í mínum huga er alveg ljóst að menntmrn. fer með forræði þessa máls.

Það er heldur ekki satt að það sé bara slett til peningum og engir fastir fjármunir eða þess háttar til þessa málaflokks. Það er varið 47 millj. á ári til þessarar Samskiptamiðstöðvar. Það eru þeir peningar sem þeir hafa úr að spila á ári hverju þannig að lýsing hv. þingmanns var auðvitað fjarri öllu lagi. Gjöldin árið 2002 skiptust þannig að táknmálstúlkun var um 22 millj. kr., námsefnisgerð 5 millj. kr., námskeið 12 millj. kr., ráðgjöf 2,5 millj. kr. og skrifstofukostnaður 5,5 millj. kr. Þetta gera 47 millj. kr. Það var mjög óburðug lýsing að lýsa því svo að ríkisstjórnin, eins og sagt var svo óvirðulega, sletti peningum til eða frá.

Hér var haldinn myndarlegur mótmælafundur af hálfu heyrnarlausra, vel skipulagður og myndarlegur, kurteis þó en með miklum þunga. Í beinu framhaldi af því var brugðist við með þessari fjárveitingu, ekki vegna þess að þar með héldum við því fram að við værum að leysa aðalkröfur heyrnarlausra. Við vitum alveg að því fer fjarri. Við heyrðum hvað fólkið sagði. Við erum með ályktanir þeirra, við höfum kynnt þær í ríkisstjórninni. Við þekkjum hver langtímamarkmið þeirra eru og við getum tekið undir að það eru einnig langtímamarkmið okkar. Við eigum samt ekki að láta eins og hér sé allt í uppnámi, hér sé ekkert gert, því að þessir fjármunir eru fyrir hendi. Þjónusta er veitt, hana á auðvitað að auka ár frá ári og við þurfum að styrkja Samskiptamiðstöðina. Við þurfum einnig að tryggja að forgangsröðun verkefna sé kannski enn þá gleggri en verið hefur. Það er ekki rétt að þessi grein sé munaðarlaus í stjórnkerfinu vegna þess að hún sorterast alveg örgglega undir menntmrn.

[10:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér fundust svör hæstv. forsrh. frekar daufleg. Enginn heldur því fram, held ég, að það þurfi ekki ýmislegt að gera til þess að koma því að fullu og öllu til framkvæmda að viðurkenna táknmál með lögum og í verki og í reynd sem móðurmál heyrnarlausra. Menn gætu að sjálfsögðu tekið einhver skref og lýst yfir vilja sínum, tekið grundvallarafstöðu til málsins þó að síðan lægi ljóst fyrir að það yrði gert í einhverjum áföngum hvað framkvæmdina varðar, hvað fjármuni varðar og ýmiss konar praktískan undirbúning.

Það sem mér finnst lakara er að það er eins og málið sé allt saman í hálfgerðri útideyfu og það er enginn endapunktur settur. Menn stefna ekki á neitt tiltekið eða ákveðið takmark í þessum efnum. Þar hefði maður viljað sjá hæstv. ríkisstjórn taka miklu skörulegar á málum og ég skil eiginlega ekki hvað þetta þarf að vefjast óskaplega lengi fyrir mönnum af því að í raun er hér fyrst og fremst um grundvallarréttlætismál að ræða.

[11:00]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli sem mér finnst mjög brýnt. Ég hef sjálfur komið með mál af þessum toga inn í þingið og þá fyrst og fremst varðandi fjármuni til þess að þýða efni fyrir þennan hóp og túlka í sjónvarpi. Fram hefur komið að Ríkisútvarpið telur sig ekki hafa fjármuni til þess að texta efni sem kemur í sjónvarpi nema að mjög takmörkuðu leyti og það þarf að sjálfsögðu að fá fjármuni til þess að Ríkisútvarpið geti sinnt þessum skyldum sínum.

Ég tek undir það með fyrirspyrjanda að nauðsynlegt sé að varanlegar lausnir finnist á því að þjóna fólki sem er heyrnarlaust því að það er sannarlega hópur sem þarf á þeirri aðstoð að halda og á ekki að gleyma því hvar þeir sitja.

Ég tek undir það með forsrh. að auðvitað tekur þetta sinn tíma en þarna hefði samt mátt gera betur þegar litið er á túlkun fyrir heyrnarlausa.

[11:01]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þau svör sem hann gaf og í sjálfu sér fagna ég þeirri yfirlýsingu hans um að það væru langtímamarkmið ríkisstjórnarinnar að taka þannig á þessum málum að þau verði færð til betri vegar. En ég saknaði þess sárlega, herra forseti, úr svari hæstv. forsrh. hvort hann hygðist með því lögleiða íslenska táknmálið sem móðurmál heyrnarlausra.

Ég verð að segja, herra forseti, að það er trú mín að þessi vandræði verði ekki leyst fyrr en táknmál heyrnarlausra er lögfest og jafnvel sett um það ákvæði í stjórnarskrá. Það hefur verið gert í nágrannalöndum okkar, fleiri en einu. Þar sem táknmál hefur verið lögleitt hefur líka verið sett ákvæði í stjórnarskrá um það og það er auðvitað vegna þess að mönnum hefur ekki tekist að koma þeim málaflokki nægilega fyrir án þess að lagalega sé staða málsins algerlega trygg. Við verðum að átta okkur á því, herra forseti, að heyrnarlausir einstaklingar eiga ekki sama aðgang að samfélaginu meðan þeir eiga ekki möguleika á því að fá túlkaþjónustu við hæfi. Og 22 millj. kr. á ári nægja ekki, það hefur margoft sýnt sig. Ég er sammála hæstv. forsrh. í því að gífurlega kostnaðarsamt er að tryggja þennan rétt heyrnarlausra kosti það það sem það þarf að kosta. En við verðum að setja okkur markmið um að ná þeim árangri sem við viljum ná og mér finnst skorta á það að hæstv. ríkisstjórn setji sér tímabundin langtímamarkmið í þessum efnum. Mér finnst starfshóparnir sem settir voru á laggirnar í sjálfu sér hafa átt að gera eitthvað slíkt en þeir hafa ekki skilað þeim árangri sem mér hefði fundist eðlilegt að þeir gerðu. Því sakna ég þess enn, herra forseti, að íslenska ríkisstjórnin gefi okkur yfirlýsingu um það að íslenskt táknmál verði leitt í lög.

[11:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Mér þykir að umræðan hafi heldur skýrt þetta mál, sú umræða sem hér hefur farið fram í kjölfar fyrirspurnar hv. þm. Það er alveg ljóst að við höfum nú þegar ákveðið form til að byggja á til þess að auka og gera þjónustu

við heyrnarlausa markvissari. Að því eigum við auðvitað að vinna í samráði við þann félagsskap og það er vilji til þess. Það er einnig langtímamarkmið ríkisstjórnarinnar eins og ég segi að tryggja það að lokum að heyrnarlausir geti umgengist móðurmál sitt með þeim hætti að það sé jafngilt því sem aðrir búa við og það á að tryggja með lögum. En ég tel að rétt sé að staðið í þeim efnum að auka smám saman stuðning við þá þjónustu sem nú er veitt, byggja það upp stig af stigi, ekki að gefa út innihaldslitlar stóryrtar yfirlýsingar sem menn eru síðan ár og daga að uppfylla. Það hljómar ágætlega og losar okkur kannski við vandamál hér en ég lít ekki á það sem réttu aðferðina. Auðvitað veit hv. þm. að það eru aðeins tveir, þrír dagar eftir af þessu þingi þannig að á þessu þingi verður ekkert gert sem máli skiptir í því sambandi. Þessu þingi er að ljúka. Það er langtímamarkmið núverandi ríkisstjórnar að vinna að slíku markmiði. Enginn veit hvaða ríkisstjórn situr eftir kosningar. Sumir okkar vona það besta.

Starfslokasamningar hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli.

Fsp. KPál, 672. mál. — Þskj. 1095.

[11:05]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Varnarliðið á Keflavíkurflugvelli er góður vinnuveitandi og hefur farið vel með starfsfólk sitt frá því að það hóf starfsemi og réð fólk til sín fyrir rúmri hálfri öld. Það sést vel á því hversu lengi starfsmenn starfa þar. Starfsaldur margra er þegar orðinn 50 ár og þeir sem ég hef hitt og hafa verið þarna um langan aldur fara þaðan mjög sáttir og ánægðir með það hvernig á málum þeirra hefur verið tekið.

Starfslokasamningar eru eitt af því sem lýtur að starfslokum fólks hjá vinnuveitanda og eftir því sem mér er sagt hefur það verið með ágætum hjá varnarliðinu og á síðustu árum hefur verið þróað upp ákveðið starfslokakerfi þar sem mönnum er gefinn kostur á því að hætta með einhvern sveigjanleika og einnig er einhver umbun sem því fylgir þannig að þessi þróun hefur verið mjög í anda góðrar starfsmannastefnu sem starfsmannahaldið og yfirmenn varnarliðsins hafa fylgt.

Heyrst hefur af því að einhverjar breytingar séu á starfslokasamningum sem þróast hafa á síðustu árum og mun það væntanlega koma í ljós í svari hæstv. utanrrh. hvernig sú þróun er. Það er samt ljóst að allar breytingar eru viðkvæmar og geta haft áhrif á stöðu manna þegar kemur að ákvörðun um það hvort þeir ætla sér að hætta eða ekki. Þess vegna er spurning hvernig aðlögun er að þeim breytingum sem hugsanlega eru í farvatninu núna, aðlögun sem kemur þá starfslokasamningum inn á aðrar brautir en menn höfðu gert ráð fyrir að yrðu. Það er ákveðinn hópur manna sem hefur beðið eftir starfslokum núna og gert ráð fyrir ákveðinni úrlausn.

Til að fá fram skýr svör við þessu hef ég lagt fyrir hæstv. utanrrh. eftirfarandi fyrirspurn:

1. Hvaða reglur hafa gilt um starfslokasamninga við starfsmenn varnarliðsins 67 ára og eldri sl. fimm ár?

2. Hafa breytingar orðið á þessum reglum, og ef svo er, hvers vegna og hverjar?

[11:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Varnarliðið hefur á sl. fimm árum gert starfslokasamninga við einstaka starfsmenn sem náð hafa 67 ára aldri. Í samningum þessum hefur verið tekið tillit til starfsaldurs hjá varnarliðinu og greiðslur við starfslok hafa verið sem svarar frá eins til sex mánaða launum. Hver einstakur samningur var gerður af starfsmannahaldi varnarliðsins að viðhöfðu samráði og samþykki þeirra einstöku stofnana varnarliðsins sem hlut hafa átt að máli hverju sinni. Engir slíkir samningar hafa verið gerðir nema slíkt samþykki væri fyrir hendi.

Rétt er að taka fram að starfslokasamningar þessir eiga sér ekki stoð í ákvörðunum kaupskrárnefndar heldur hefur verið samið um þá í hvert og eitt sinn. Þeir hafa einkum verið gerðir þegar þurft hefur að endurskipuleggja og hagræða í starfsliði hjá varnarliðinu án beitingar uppsagna eins og gengur og gerist í fyrirtækjum og annarri starfsemi almennt.

Varðandi seinni spurninguna þá er það rétt að varnarliðið tók upp breytta stefnu varðandi starfslokasamninga í byrju þessa árs. Hætt er að gera starfslokasamninga en hins vegar hafa verið settar reglur um sveigjanleg starfslok eins og víða tíðkast. Íslenskum starfsmönnum er nú gert að ákveða fyrir 70 ára aldur hvenær þeir vilja hætta störfum eða hvort þeir óski þess að starfa fram yfir 70 ára aldur. Framhaldsráðningar eru heimilar að fengnu samþykki yfirmanna þeirra stofnana varnarliðsins sem starfsmaður er ráðinn til og vottorði trúnaðarlæknis.

Fyrsta framlenging getur numið allt að einu ári en seinni framlengingar allt að sex mánuðum hverju sinni með sömu skilyrðum. Þannig geta starfsmenn haldið áfram störfum og átt möguleika á sveigjanleika í ákvörðun starfsloka sinna hjá varnarliðinu. Starfsmannahald varnarliðsins hefur átt fundi með þeim starfsmönnum sem breytingar þessar hafa áhrif á nú þegar og útskýrt þær breyttu reglur sem hér er um að ræða. Starfsmannahaldið mun kynna öðrum starfsmönnum þetta mál enn frekar á næstu vikum. Það hefur ekki verið jafnbrýnt en það mun verða gert.

Rétt er að taka fram að íslenskir starfsmenn varnarliðsins eru starfsmenn hinna ýmsu stofnana varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna er aðild eiga að varnarliðinu. Ráðningardeild varnarmálaskrifstofu utanrrn. annast ráðningu í upphafi en starfsmannahald varnarliðsins, sem er eitt af sviðum flugflotastöðvar varnarliðsins, hefur alla síðari umsjón með íslenskum og bandarískum borgurum er starfa hjá hinum ýmsu stofnunum varnarliðsins.

[11:12]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýr og greinargóð svör. Þetta er að sjálfsögðu mál sem ég vissi að heyra ekki beint undir kaupskrárnefnd og því var þetta ákveðin stefna sem hafði mótast á nokkrum árum og menn voru farnir að vinna eftir. Bara það að ákveðnir aðilar sem voru að fara á eftirlaun á þessum mánuðum fara inn í annað kerfi sem þeir höfðu ekki undirbúið sig fyrir kemur þessu máli í dálítið uppnám. Ég veit að þetta er ekkert sem hægt er að heyra upp á venjulega samninga, enda hef ég ekki vitað annað en almennt hafi allt staðið eins og stafur á bók af því sem varnarliðið hefur ákveðið. En í þessu tilfelli hafa starfsmenn þó verið settir dálítið út á hliðarlínuna þannig að ég vildi spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann mundi ekki beita sér fyrir því að þeir starfsmenn sem voru farnir

að gera ráð fyrir því að komast á eftirlaun samkvæmt þeim aðlögunarsamningum sem voru í gildi, hvort þeir geta ekki tekið starfslok samkvæmt þeim en síðan tæki ný stefna gildi að því loknu.

[11:14]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hér er á engan hátt verið að brjóta nýgerða samninga heldur er verið að taka upp nýja sveigjanlega stefnu sem er á margan hátt í takt við tímann. Ég tel að það sé mjög mikilvægt fyrir starfsmenn hvar sem er í landinu að geta átt kost á sveigjanlegum starfslokum.

Það er nú svo að því er varðar varnarliðið eins og aðra starfsemi í landinu að þar þarf að leita hagræðingar. Við Íslendingar þurfum að standa með varnarliðinu í því sambandi að leita eftir því að þessi rekstur verði sem ódýrastur. Það eru ekki aðeins hagsmunir þeirra heldur líka hagsmunir okkar að sú starfsemi kosti sem minnst en allrar sanngirni sé gætt.

Á undanförnum árum hefur nokkur fækkun verið hjá varnarliðinu og ljóst er að það verður áfram þörf á því að vinna að frekari hagræðingu á þessu sviði. Það er öllum til hagsbóta að mínu mati og nauðsynlegt í þeim samskiptum sem við eigum í varðandi varnarliðið og ég tel að það þjóni jafnframt hagsmunum starfsmanna. En það er mjög mikilvægt að þetta sé rætt opið við starfsmennina og það mun verða gert og tekið á málinu í samræmi við það.

Samskipti Íslendinga og bandarískra hermanna.

Fsp. ÖJ, 686. mál. — Þskj. 1115.

[11:16]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. 11. september árið 2001 var örlagaríkur dagur fyrir margra hluta sakir en þann dag voru hryðjuverkaárásirnar gerðar á New York og Washington í Bandaríkjunum. Ekki ætla ég að gera lítið úr viðleitni manna til að koma í veg fyrir hryðjuverk í framtíðinni en sú hætta er fyrir hendi að tilraunir til þess að kveða niður hryðjuverk geti orðið til þess, ef við ekki höfum allan vara á, að mannréttindi verði fótum troðin, að svo hart verði fram gengið í aðhaldi og eftirliti að réttur einstaklinga og þjóðfélagshópa verði fyrir borð borinn.

Fyrir fáeinum dögum bar ég það erindi hingað inn í þingsal að eftirlit með Íslendingum sem vinna hjá bandarískra hernum á Keflavíkurflugvelli hafi verið stórhert, þeir hafi fundið fyrir allt annarri framkomu í sinn garð en fyrr á tíð. Svo mun hafa háttað að í hliðunum, svo áþreifanlegt dæmi sé tekið, voru bæði íslenskur lögreglumaður og bandarískur hermaður og annaðist sá íslenski yfirleitt eftirlitið. Þetta mun hafa verið hin almenna regla og fór ekki mikið fyrir vopnaburði.

Nú er þetta allt breytt. Íslenski lögreglumaðurinn er horfinn í skuggann en fram kemur hermaður og er enginn látinn velkjast í vafa um að hann hefur vopn undir höndum. Allir eru nú krafðir skilríkja, og er enginn að amast við því í sjálfu sér, en að vera krafinn um skilríki undir byssukjafti er önnur saga. Nú eru þetta íslenskir ríkisborgarar og það kemur íslenskum stjórnvöldum við hvernig komið er fram við fólk hér á landi jafnvel þótt það sé í hliðinu á bandarískri herstöð. Hún er hér á landi og hér á landi heitir utanrrh. Halldór Ásgrímsson. Honum er falið það hlutverk að gæta hagsmuna íslenskra ríkisborgara.

Þær spurningar sem ég beini til hæstv. utanrrh. eru þessar:

1. Hvaða reglur gilda um samskipti Íslendinga og bandarískra hermanna á Keflavíkurflugvelli varðandi eftirlit?

2. Á hvern hátt hafa íslensk stjórnvöld eftirlit með því að samskiptareglum sé framfylgt?

[11:18]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Almennar reglur um samskipti Íslendinga og bandarískra hermanna á Keflavíkurflugvelli byggjast á varnarsamningnum frá 1951. Þar segir m.a. í 2. gr. viðbætis við samninginn að liði Bandaríkjanna og skylduliði liðsmanna á Íslandi beri að virða íslensk lög. Síðan segir að íslensk stjórnvöld hafi lögsögu yfir mönnum í liði Bandaríkjanna að því er varðar brot sem framin eru á Íslandi og refsiverð eru að íslenskum lögum.

Þrátt fyrir ofangreinda meginreglu er lögsögu á Keflavíkurflugvelli skipt milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda að því marki að samkvæmt 10. tölul. 2. gr. viðbætis við varnarsamninginn segir að lið Bandaríkjanna hafi rétt til að fara með lögregluvald á samningssvæðunum og gera allar viðeigandi ráðstafanir til að halda þar uppi aga, allsherjarreglu og öryggi. Á grundvelli framangreinds ákvæðis í varnarsamningnum um lögregluvald liðs Bandaríkjanna var gerður samningur árið 1988 um löggæslu á varnarsvæðunum. Samningurinn felur í sér að það séu markmið og hagsmunir íslensku lögreglunnar og öryggisvarða varnarliðsins að styðja hvor annan í störfum sínum. Því skuli vinsamleg og fullkomin samvinna ríkja á milli aðila um að framfylgja gildandi lögum og ber hvorum um sig að aðstoða hinn við að vinna hin sérstöku skyldustörf sín. Lögregluvald öryggisvarða varnarliðsins nær ekki lengra en að koma í veg fyrir brot eða framhald brots og ber þeim því skilyrðislaust að kalla til íslenska lögreglu eigi íslenskir ríkisborgarar í hlut.

Varðandi síðari lið fyrirspurnarinnar er rétt að taka það fram að það er að sjálfsögðu reynt með margvíslegum hætti að tryggja að framangreindar samskiptareglur séu virtar. Í fyrsta lagi er sameiginlegt eftirlit íslensku lögreglunnar og öryggisvarða varnarliðsins viðhaft við hlið varnarstöðvarinnar allan sólarhringinn. Sameiginlegt eftirlit löggæsluaðila beggja er innan varnarstöðvarinnar en það felur í sér að bandarískur öryggisvörður er ásamt íslenskum lögreglumanni í eftirliti í varnarstöðinni á íslenskri lögreglubifreið. Ef auka þarf öryggisviðbúnað á varnarsvæðunm er þetta öryggiseftirlit eflt og rétt er að taka það fram að til þess getur komið að mismunandi stig öryggisgæslu sé viðhaft á varnarsvæðunum og þá fer það eftir því hættumati sem ríkir að mati Bandaríkjanna í stöðvum sínum um allan heim. Það á t.d. við um hugsanlegan vopnabúnað eins og hv. þm. tók fram.

Í öðru lagi hafa yfirmenn öryggismála sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli og yfirmenn varnarliðsins með sér samráðsfundi a.m.k. einu sinni í viku þar sem samskipti eru rædd og ýmis mál tekin fyrir eins og t.d. kvartanir frá varnarliðsmönnum og Íslendingum og að sjálfsögðu er það í þessum samskiptum eins og öllum öðrum samskiptum að ýmislegt kemur upp sem betur má fara en þessi vettvangur er fyrir hendi og hann hefur reynst mjög góður í því að taka á málum og bæta þessi samskipti og fara yfir þá hnökra sem hafa komið upp og leita úrbóta á þeim.

[11:23]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Hann hefur gert grein fyrir því hvernig löggæslueftirliti er skipt milli íslenskra og bandarískra aðila. Hann vísaði í samning frá árinu 1988 um þetta efni, um framkvæmdina á þessu eftirliti, og segir að þar komi fram að bandarísk og íslensk lögregluyfirvöld skuli leitast við að styðja hvort annað á svæðinu og stuðla að vinsamlegum samskiptum. Það sem ég er að vísa í eru samskiptin við íslenska ríkisborgara sem greinilega eru ekki sem skyldi. Ég geri mér grein fyrir því að í bandarískum herstöðvum eru ýmsar varúðarráðstafanir nú um stundir en eitt er að leita eftir skilríkjum við fólk og annað er að það sé gert undir byssukjafti.

Hæstv. utanrrh. segir að til sé vettvangur þar sem fyrir séu teknar kvartanir frá Íslendingum varðandi samskiptin og ég vil vinsamlegast beina því til hæstv. utanrrh. að koma því á framfæri að hér á Alþingi hafi verið sett fram slík kvörtun og óska ég eftir því að henni verði fylgt eftir til að stuðla að því að mannréttindi séu virt og að fólk sé þá krafið þeirra skilríkja sem þörf er á að það leggi fram án þess að sveiflað sé framan í það byssukjöftum.

[11:25]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vona að það sé heldur sterkt til orða tekið hjá hv. þm. að menn séu beðnir um skilríki undir byssukjafti. Það hygg ég að geti vart verið og ef það gerist er það mál sem er sjálfsagt að ræða.

Hins vegar er það svo eins og hv. þm. tók fram að það gilda mismunandi reglur á ákveðnum tímum um vopnabúnað hermannanna og fer þá eftir hættumati í herstöðvum Bandaríkjahers um allan heim. Þetta hættumat var t.d. aukið mjög mikið eftir atburðina 11. september og ég varð persónulega var við það vegna þess að ég fór í heimsókn á Keflavíkurflugvöll einmitt á þeim tíma þannig að mér er kunnugt um það. En það er sjálfsagt að koma því á framfæri sem hv. þm. sagði og það er líka velkomið að hann kynni sér þessi mál betur með því að heimsækja sýslumannsembættið. Hér er engu að leyna. Auðvitað getur eitthvað komið upp sem betur má fara en ég fullyrði að þessi samskipti eru mjög góð og yfirmaður Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli leggur sig mjög fram um að hafa þessi samskipti í góðu lagi. Það er því ástæða til að taka það fram að þau hafa sjaldan verið betri en um þessar mundir, a.m.k. þann tíma sem ég þekki til mála.

Hvalveiðar.

Fsp. GuðjG, 467. mál. — Þskj. 730.

[11:27]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. 10. mars 1999 samþykkti Alþingi þál. um hvalveiðar. Samþykktin var gerð í framhaldi af tillögu sem ég flutti ásamt 11 öðrum hv. þm. um að hvalveiðar skyldu leyfðar á ný sumarið 1999. Eftir ítarlega umfjöllun í sjútvn. var tillgr. breytt lítillega og hljóðaði samþykkt Alþingis svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land og tekur fram að ályktun þess frá 2. febrúar 1983 stendur ekki í vegi fyrir því. Veiðarnar fari fram á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar og undir eftirliti stjórnvalda.

Alþingi leggur áherslu á óskoraðan fullveldisrétt Íslands við nýtingu hvalastofna á íslensku hafsvæði í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda.

Alþingi felur ríkisstjórninni að undirbúa hvalveiðar, meðal annars með því að kynna málstað og sjónarmið Íslendinga meðal viðskiptaþjóða okkar. Undirbúningur miði að því að veiðar geti hafist sem fyrst. Kostnaður við kynninguna verði greiddur úr ríkissjóði. Öllu kynningarstarfi verði flýtt svo sem auðið er.“

Þessi tillaga var samþykkt með 37 atkvæðum gegn 8. Í greinargerð meiri hluta sjútvn. kom fram að miðað væri við að veiðarnar gætu hafist eigi síðar en á næsta ári, þ.e. árið 2000, og jafnframt að með þessari ályktun sé ályktun Alþingis frá 2. febrúar 1983 um að mótmæla ekki hvalveiðibanninu upphafin og mörkuð ný stefna þar sem það kemur skýrt og skorinort fram að hvalveiðar skuli hefjast að nýju og það hið fyrsta. Þetta er mjög afdráttarlaust.

Óþarfi er að tína til öll þau rök sem ég flutti fyrir þessari tillögu á sínum tíma og öll eiga við enn þann dag í dag. Ég minni þó á að Hafrannsóknastofnunin taldi fæðunám hvala á Íslandsmiðum um 6,2 millj. tonna á ári, þar af rúmlega 2 millj. tonna af fiski, og enn fremur að ef hvalveiðar yrðu ekki leyfðar að nýju og hvölum yrði leyft að fjölga sér óhindrað á hafsvæðinu við Ísland gæti farið svo að innan fárra ára þyrfti að draga úr þorskveiðum um 10–20% miðað við það sem ella hefði orðið.

Enn fremur má minna á ítrekaðar og eindregnar óskir um að hvalveiðar verði hafnar frá öllum heildarsamtökum sjómanna, útvegsmanna, verkafólks og sveitarfélagana í landinu auk fjölda annarra. Þá hafa ítrekaðar skoðanakannanir sýnt yfirburðastuðning landsmanna við hvalveiðar. Það er því vandfundið mál sem meiri samstaða er um meðal landsmanna. Ég beini því svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. sjútvrh.:

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um hvalveiðar sem samþykkt var á Alþingi 10. mars 1999?

[11:30]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina en hann var eins og kunnugt er fyrsti flutningsmaður tillögunnar og ég reyndar einn af meðflutningsmönnum hans. Í fyrrgreindri þál. er kveðið á um að ríkisstjórnin skuli hefja undirbúning að hvalveiðum, m.a. með því að kynna stefnu Íslands í hvalamálum meðal viðskiptaþjóða landsins. Í samræmi við þál. hefur verið lögð sérstök áhersla á að kynna stefnu Íslands í hvalamálum á fundum sjútvrh. með fulltrúum annarra þjóða, fulltrúum frjálsra félagasamtaka og blaðamönnum. Í þessu máli sem öðrum hefur verið náið og gott samstarf milli sjútvrn. og utanrrn.

Þá hefur sérstök kynning á málstað Íslands í hvalamálum átt sér stað í Bandaríkjunum. Stefna Íslands hefur verið rædd í báðum deildum Bandaríkjaþings og við háttsetta embættismenn í bandaríska stjórnkerfinu. Áhersla hefur verið lögð á að fulltrúar Íslands sæki fundi alþjóðastofnana er varða hvalamál og kynni þar stefnu Íslands í hvalamálum fyrir fulltrúum annarra ríkja. Í þessu sambandi má nefna fundi aðildarríkjaþings samnings um alþjóðaverslun með tegundir villta dýra og plantna sem eru í útrýming-

arhættu, CITES, fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins og Norður-Atlantshafsspendýraráðsins. Til að ná fram því markmiði þál. um að hefja aftur hvalveiðar við Ísland hefur einnig verð gengið að nýju í Alþjóðahvalveiðiráðið með fyrirvara varðandi bann ráðsins við hvalveiðum í atvinnuskyni. Ísland mun vinna að því innan ráðsins að vinnu við endurskoðun á stjórnkerfi Alþjóðahvalveiðiráðsins (Revised Management Scheme) muni ljúka sem fyrst með ásættanlegum hætti. Fyrirvarinn tryggir að til lengri tíma hefur Ísland þjóðréttarlegan rétt til að stunda hvalveiðar í atvinnuskyni þótt ekki fáist niðurstaða í viðræðunum um RMS (Revised Management Scheme) en þetta er í samræmi við þál. En um þessar mundir er framgangur í þeim viðræðum og standa vonir til þess að hvalveiðiráðið muni í framtíðinni sinna því hlutverki sínu að stjórna hvalveiðum.

Aðild Íslands að Alþjóðahvalveiðiráðinu er nú almennt viðurkennd en ekki umdeild eins og hún var fram á sl. haust. Skiptir það vissulega máli fyrir svigrúm okkar til að vinna með eðlilegum hætti innan ráðsins. Einstök ríki hafa einhliða mótmælt fyrirvara Íslands. Slíkt hefur hins vegar ekki áhrif á stöðu Íslands sem aðildarríkis að Alþjóðahvalveiðiráðinu. Með mótmælum sínum eru ríki að gera nákvæmlega það sem við höfum frá upphafi þessa máls talið rétt að ríki gerðu ef þau eru ósátt við íslenska fyrirvarann. Eins og kunnugt er hafa aðildarríki Alþjóðahvaleiðiráðsins skýlausan rétt til að stunda hvalveiðar í vísindaskyni. Slíkar veiðar hafa ekki verið stundaðar hér við land síðan 1989 og ljóst er að ærin verkefni eru fyrir vísindarannsóknir á hvölum. Hvalveiðar í vísindaskyni eru mál sem hefur verið til skoðuar í sjútvrn., ekki síst vegna skorts á þekkingu á hlutverki hvala í vistkerfi sjávar við Ísland og þar með skort á þekkingu á áhrifum hvala á fiskstofnana sem við byggjum afkomu okkar á.

Hafrannsóknastofnun hefur mótað rannsóknaáætlun og nú hefur verið ákveðið að leggja hana fyrir Alþjóðahvalveiðiráðið seinna í þessum mánuði og mun áætlunin verða tekin til umfjöllunar á næsta fundi vísindanefndar ráðsins sem hefst í lok maí.

Starfsreglur Alþjóðahvalveiðiráðsins gera ráð fyrir því að áður en ríki nýta rétt sinn til hvalveiða í vísindaskyni sé fjallað um viðkomandi rannsóknaáætlun á vettvangi vísindanefndarinnar. Ekki er því hægt að taka ákvörðun um hvalveiðar í vísindaskyni fyrr en eftir fund vísindanefndarinnar sem stendur til 6. júní og eftir fund hvalveiðiráðsins sjálfs sem stendur til 19. júní nk. Það að vísindaáætlunin sé lögð fram til umfjöllunar á vettvangi Alþjóðahvalveiðiráðsins felur alls ekki sjálfkrafa í sér að hvalveiðar í vísindaskyni verði hafnar á þessu ári. Auk þess sem áætlunin þarf að fara í gegnum umfjöllun á vettvangi Alþjóðahvalveiðiráðsins áður en ákvörðun verður tekin um framhaldið er ljóst að ýmsir aðrir þættir koma til með að verða mikilvægir þegar ákvörðun verður tekin um hvenær veiðar verða hafnar. Þar ber helst að nefna milliríkjaverslun með hvalaafurðir þótt aðrir þættir skipti einnig máli. Íslandsmarkaður er mjög lítill og því er það forsenda þess að hægt sé að stunda umtalsverðar hvalveiðar hér við land að hægt sé að flytja hvalafurðir út og koma þeim á Japansmarkað.

Horfur varðandi milliríkjaverslun við Japan með hvalafurðir eru óljósar. Norðmenn hafa í nokkurn tíma verið í viðræðum við Japana til að fá það í gegn að þeir hefji innflutning og af hálfu Íslands hafa verið haldnar óformlegar viðræður við Japana um málið. Milliríkjaverslun hófst aftur eftir áralangt hlé á síðasta ári þegar Norðmenn fluttu hrefnuafurðir til Íslands en Japan hefur ekki enn tekið þátt í þessum viðskiptum. Á meðan þessi staða er óbreytt eru ekki forsendur fyrir hvalveiðum sem neinu nema við Ísland. Því er ljóst að ákvörðun um að leggja fram rannsóknaáætlun um hvalveiðar í vísindaskyni nú felur ekki í sér að hefja slíkar hvalveiðar á þessu ári þar sem ýmis ljón eru enn á veginum.

Mikið hefur verið unnið að hvalveiðimálum og málið þokast vel fram á við undanfarin missiri. Þessi vinna mun að sjálfsögðu halda áfram þar til hvalveiðar hefjast að nýju við Ísland.

[11:35]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Mér þykir heldur dragast úr hömlu að menn framfylgi þessari ályktun Alþingis sem samþykkt var og ég stóð í þeirri meiningu að ætti að framfylgja fyrir árslok árið 2000. Mér finnst þetta bera vott um hugleysi. Menn eru hræddir við áhrifin á markaðssetningu á fiski, menn eru hræddir við áhrifin á ferðamannaiðnað o.s.frv. Ég held að sá ótti sé ástæðulaus. Það er alveg hægt að sýna ferðamönnum bæði hvalskurð og lifandi hvali í sömu ferðinni og ég held að sögusagnir af áhrifum á sölu fisks í útlöndum séu orðum auknar. Ég skora á hæstv. sjútvrh. að bretta upp ermarnar og fara að taka upp þann sjálfsagða hlut að veiða hvali.

[11:36]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svarið. Það var skýlaust að með samþykkt ríkisstjórnarinnar fól Alþingi ríkisstjórninni að kynna málstað og sjónarmið Íslands meðal viðskiptaþjóðanna. Það hefur heilmikið verið unnið í því eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra og ég tek það fram að ég tel að hann hafi staðið sig vel í því og tek sem dæmi um það að þegar ég var staddur í Bandaríkjunum fyrir hálfu öðru ári þá var mér sagt að hann hefði snúið heilu háskólunum til fylgilags við okkur þar sem voru þúsundir nemenda allir á móti hvalveiðum en allir með þeim eftir að hafa rökrætt við hæstv. ráðherra.

Ég held að ekki verði miklu meira gert í þessu kynningarstarfi. Það er búið að gera þar góða hluti. Okkur reyndist nauðsynlegt að ganga að nýju í Alþjóðahvalveiðiráðið og það höfum við nú gert með fyrirvara varðandi bann við hvalveiðum í atvinnuskyni. Við erum núna viðurkenndir aðilar að ráðinu eftir að nokkrar þjóðir höfðu strögglað gegn okkur á þeim vettvangi. Og það er skýlaus réttur aðildarþjóða ráðsins að stunda hvalveiðar í vísindaskyni. Þær hafa ekki verið stundaðar hér við land hátt í 14 ár og er aðkallandi að hefja rannsóknir að nýju og nauðsynlegt að skoða m.a. áhrif hvala á fiskstofnana sem eru undirstaða afkomu okkar.

Japanar og fleiri þjóðir stunda veiðar í vísindaskyni og okkur er ekkert að vanbúnaði að gera það líka. Hæstv. ráðherra sagði að nú yrði rannsóknaáætlun lögð fyrir Alþjóðahvalveiðiráðið og að fundir þess og vísindanefndarinnar verði í júní. Eftir 19. júní er okkur ekkert að vanbúnaði að heimila þessar veiðar.

Hæstv. ráðherra nefndi milliríkjaverslun með afurðir og það er út af fyrir sig rétt að ekki verður mikið veitt ef ekki tekst að selja afurðirnar. En eins og ég hef oft sagt áður hér á Alþingi, þá held ég að það reyni ekki í alvöru á það fyrr en veiðarnar hafa verið leyfðar. Þess vegna á ríkisstjórnin að heimila hvalveiðar strax eftir fund Alþjóðahvalveiðiráðsins 19. júní. Það mun gleðja okkur flutningsmenn, mig, hæstv. sjútvrh., og hæstv. umhvrh. og fleiri góða menn, og ég minni

á það einu sinni enn að um fá mál er meiri samstaða meðal þjóðarinnar en að hefja hvalveiðar að nýju.

[11:38]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að um margt hefur kynningarstarfið gengið ágætlega þótt þar sé auðvitað enn þá mikið starf óunnið. En við höfum á þessum árum frá því að þál. var samþykkt verið að stíga hvert skrefið á fætur öðru sem færir okkur nær hvalveiðum. Við verðum auðvitað að hafa það hugfast að við erum í alþjóðasamstarfi um þessi mál og við verðum að fylgja þeim reglum sem þar gilda. Það mundi einungis gera róðurinn enn þyngri fyrir okkur ef við reyndum að hefja hvalveiðar án þess að fara eftir þeim reglum sem alþjóðasamfélagið hefur samþykkt og við höfum gengist undir að fylgja.

Því má segja að sú ákvörðun sem nú hefur verið tekin um að leggja rannsóknaáætlunina undir Alþjóðahvalveiðiráðið sé seinasta skrefið í undirbúningnum og því sé næsta skref að taka ákvörðun um hvenær veiðarnar eigi að hefjast en eins og fram kom bæði hjá mér og hv. fyrirspyrjanda verða þær veiðar ekki mjög umfangsmiklar ef ekki er markaður fyrir afurðirnar. En við verðum að óska þess að við fáum góð viðbrögð við áætlun okkar og að jákvæð þróun verði á mörkuðunum og þá ættu hvalveiðar að geta hafist áður en við vitum af.

Álagning STEF-gjalda á óskrifaða geisladiska.

Fsp. SvanJ, 642. mál. — Þskj. 1039.

[11:40]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Lagt er STEF-gjald á óskrifaða geisladiska og því gjaldi er ætlað að uppfylla höfundarrétt þeirra sem gefið hafa út tónlist á diskum sem hægt væri að afrita á aðra diska. Höfundarrétturinn hefur stundum verið kallaður réttur andans og það er ljóst að sú viðurkenning sem felst í greiðslu STEF-gjalda fékkst einungis fyrir mikla baráttu margra merkra listamanna og þar vil ég sérstaklega nefna Jón Leifs sem hefur stundum verið kallaður guðfaðir STEFs.

En á síðari árum hafa þeir sem standa að innheimtu STEF-gjalda og njóta þeirra haft af því vaxandi áhyggjur hvernig höfundarréttinum reiddi af við hinar miklu tæknibreytingar sem gera fólki kleift að nálgast verk listamanna eftir nýjum og ófyrirséðum leiðum og þá er spurning hvernig koma á STEF-gjöldum fyrir þannig að sanngjarnt þyki.

Það varð nokkur hvellur þegar Björn Bjarnason, þáv. menntmrh., ákvað að láta greiða ýmist 17 eða 50 kr. af hverjum diski eftir stærð og gaf út reglugerð því til staðfestingar. Netverjar og tölvufólk komu því ítrekað á framfæri að þeir notuðu diskana fyrst og fremst við tölvuvinnslu og svo var um fleiri, svo sem þá sem vinna við ljósmyndun og ljósmyndir sem fannst á sér brotið að þurfa að greiða STEF-gjald án þess að skrifa nokkru sinni gjaldskylt efni á diska. Eftir þetta tilkynnti Skífan að framvegis yrðu allir diskar sem fyrirtækið gæfi út læstir þannig að ekki væri hægt að spila þá í tölvum eða afrita og mér skilst að það virki. Aðrar íslenskar útgáfur munu fylgja í kjölfarið. Spurningin er þá þessi: Hvað verður um STEF-gjaldið á diskana þegar þessi læsing hefur átt sér stað?

Þú skalt ekki stela, var heiti á grein eftir Halldór Laxness sem hann ritaði eitt sinn um höfundarréttarbrot og það á jafn vel við í dag. Fólk þarf að vera sannfært um réttmæti gjaldanna. Það þarf að vera trú á því að verið sé að fara réttlátar leiðir og eins og ég sagði, þá var reiknað með því að gjaldið sem lagt var á diskana ætti að uppfylla höfundarrétt þeirra sem hafa gefið út tónlist á diskum sem hægt væri að afrita á aðra diska. Ef það er ekki lengur hægt, herra forseti, þá er spurning hvort ráðherra telur að sú breyting gefi tilefni til að endurskoða álagningu STEF-gjalda á óskrifaða diska. Það er ljóst að trúverðugleiki STEFs á sitt undir því og þar með skilningur á þróun gjaldanna að fólk sé sannfært um það að hér sé gætt þeirrar sanngirni sem þarf.

[11:43]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Í ljósi þess að stærstur hluti tónlistar og myndefnis sem gefið er út á geisladiskum er efni erlendra höfunda þykir rétt að gera grein fyrir þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslenska ríkið hefur undirgengist. Með aðild að Bernarsáttmálanum til verndar bókmenntum og listaverkum, samanber lög nr. 74/1947 og auglýsingu nr. 110/1947, og samanber lög nr. 80/1972 og síðan með aðild að svonefndum TRIPS-samningi frá árinu 1994 — en TRIPS stendur fyrir Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights — en sá samningur er hluti af stofnsamningi um Alþjóðaviðskiptastofnunina, þá hefur Ísland undirgengist að veita þegnum annarra aðildarríkja svonefnda innlenda meðferð og lágmarksréttindi höfunda. Þeirra mikilvægust eru einkaréttindi höfunda til að gera eintök af verkum sínum, samanber 3. gr. höfundalaga, nr. 73/1972. Frá þeim einkarétti heimilar Bernarsáttmálinn að gerðar séu undantekningar ef ákveðin skilyrði eru uppfyllt. Slíka undantekningu frá einkarétti höfundar er að finna í 11. gr. höfundalaganna þar sem heimild er veitt til eintakagerðar af frumeintaki verks sem útvarpað hefur verið eða gefið út á myndriti eða hljóðriti þegar um einkanot er að ræða. Þessi takmörkun á einkarétti höfundar er háð því skilyrði að höfundur fái sérstakt endurgjald af verði upptökumiðla og tækja vegna upptöku verka þeirra sem þannig fer fram. Gjöldin ber í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar að innheimta hvort sem um innlenda eða innflutta framleiðslu er að ræða og hvílir skylda til að svara gjöldunum á innflytjendum og á framleiðendum.

Í fyrirspurn hv. þm. kemur fram sá misskilningur að framangreind gjöld á myndbönd, hljóðbönd og diska og tæki séu STEF-gjöld en svo er ekki, heldur er um að ræða sérstakt höfundarréttargjald sem rennur til Samtaka höfundarréttarfélaga, þar með talið félaga listflytjenda og framleiðenda, samanber 6. mgr. 11. gr. höfundalaga, sem sjá þá um innheimtu gjaldanna og ráðstafa þeim til höfunda og annarra rétthafa. Framangreind samtök hafa stofnað með sér félagsskap um greinda innheimtu er nefnist Innheimtumiðstöð gjalda samanber reglugerð nr. 141/1985.

Um svonefnd STEF-gjöld er hins vegar fjallað í V. kafla höfundalaganna er varða réttindi listflytjenda og útgefenda til endurgjalds fyrir opinberan flutning verka þeirra. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB, frá 22. maí 2001, um samræmingu tiltekinna þátta höfundarréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu, mun renna frekari stoðum undir gjaldheimtu í þágu höfunda þegar einkaréttindi þeirra til eintakagerðar eru takmörkuð með sambærilegum hætti og fram kemur í 11. gr. höfundalaganna. Samkvæmt tilskipun-

inni er aðildarríkjum ESB og EES skylt að innleiða í landslög sín höfundarréttargjald af óskrifuðum diskum.

Eins og staðan er í dag hefur ekki þótt ástæða til að endurskoða álagningu höfundarréttargjaldsins. Hins vegar kann að reyna á þessi sjónarmið síðar í tengslum við gerð frv. til breytinga á höfundalögum, nr. 73/1972, sem áætlað er að leggja fram á haustþingi 2003 og mun að mestu leyti fela í sér innleiðingu framangreindrar tilskipunar en í 39. skýringargrein hennar segir að við beitingu á heimild eða takmörkunum varðandi eintakagerð til einkanota eigi aðildarríkin að taka hæfilegt tillit til tæknilegra og efnahagslegra breytinga, einkum með tilliti til stafrænnar eintakagerðar og gjaldtöku þeim tengdum þegar áhrifaríkar afritunarvarnir eru fáanlegar.

Gera má ráð fyrir að álagning og úthlutun höfundarréttargjaldsins eins og það er nú muni sæta endurskoðun síðar í ljósi breyttrar tækni eins og framangreind skýringarregla mælir fyrir um. Þess má geta í þessu tilfelli að Danir hafa sett inn í nýja breytingu á höfundalögum sínum ákvæði um endurskoðun þessara atriða að þremur árum liðnum.

[11:47]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Það kemur fram hjá hæstv. menntmrh. að hann telur ekki ástæðu til endurskoðunar. Sú ástæða hefur samt verið fundin einhvern tíma frá því að ég leit á reglugerðina og þar til nú vegna þess að gjöldin hafa verið hækkuð um 100%. Það eru ekki lengur 17 kr. á minni diskana heldur 35 kr. í dag og ekki lengur 50 kr. á stærri diskana heldur 100 kr. Þannig, herra forseti, virðist hafa verið að mati hæstv. ráðherra ástæða til endurskoðunar og sú ástæða var til hækkunar um 100%. Það er líklega það sem hann talaði um hér áðan sem hæfilegt tillit til tækniþróunar. Eða hvað?

Fram kom í máli mínu að tækniþróunin er í þá veru að gera torveldara að afrita diska og ég er bara að tala um diska, ég er ekki að tala um annað. Tækniþróunin er í þá átt að gera það torveldara og sú tækni virðist virka. Það er þess vegna sem ég er að spyrja: Er ekki ástæða til endurskoðunar? Og þá var ég að sjálfsögðu, herra forseti, að velta því fyrir mér hvort ekki væri ástæða til að lækka gjaldið þveröfugt við þá niðurstöðu sem hæstv. ráðherra virðist hafa komist að með hækkun gjaldsins. Og af því að hann vísar til þeirra skuldbindinga sem við erum með gagnvart erlendum aðilum sem eigi rétt á endurgreiðslum vegna tónlistar sem flutt er hér, þá væri fróðlegt að fá upplýsingar hjá hæstv. ráðherra um það vegna þess að hann hlýtur að byggja þessa 100% hækkun á því sem er að gerast annars staðar: Hversu mikið er hægt að afrita af þeim diskum sem fluttir eru inn í landið með tónlist? Hafa þeir erlendu aðilar sem standa að útgáfu tónlistar á geisladiskum ekki uppgötvað þá tækni sem Skífan beitir með svo ágætum árangri að ekki er hægt að brjótast í gegn? Eða eru menn þar algerlega grandalausir gagnvart því að afritað sé af diskum? Hversu mikið er þetta og á hverju byggði hæstv. ráðherra þessa 100% hækkun þegar hann endurskoðaði gjöldin og hækkaði svo mikið sem raun ber vitni?

[11:50]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Það hefði örugglega verið hægt að upplýsa hv. þm. um þetta ef hún hefði fellt þetta inn í fyrirspurn sína en það gerði hún ekki en það er sjálfsagt að afla henni upplýsinga um þær viðbótarspurningar sem hún kom með hér.

Meistaranám iðngreina.

Fsp. BjörgvS, 656. mál. — Þskj. 1069.

[11:50]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Herra forseti. Það er pottur brotinn í iðnmeistaranámi. Það er langt nám í flestum tilfellum samanborið við lengd þess í nágrannalöndum okkar þar sem það er allt að þrefalt styttra. Halda má því fram að umfang námsins sé í mörgum tilfellum allt of mikið samanborið við réttindin sem það gefur. Í þessu felst sú hætta að nýliðun verði lítil og eftir ákveðinn tíma verði um alvarlegan skort á iðnmeisturum að ræða. En fyrst og fremst er þetta réttlætismál þar sem það er ósanngjarnt að námið sé miklu lengra og þar með miklu dýrara hér en annars staðar. Meginmálið er samræmi á milli landa. Ef námið er óþarflega langt er verið að eyða tíma og fjármunum og fæla fólk frá því að innritast í námið en svo er í mörgum tilfellum.

Mikilvægt er að meistaranám í íslenskum iðngreinum þróist í takt við það sem gerist erlendis og lengd og umfang námsins sé svipað og í löndum EES og ESB. Íslenskir iðnaðarmenn eru á heimsmælikvarða og bera af hvað varðar fagmennsku og þekkingu og er brýnt að umgjörð námsins sé rétt. Hérlendis er í flestum tilfellum um að ræða 50–60 eininga nám sem tekur iðnmeistara fjórar annir í kvöldskóla að ljúka. Þó er lengd iðnmeistaranáms mislöng á milli greina. Í Noregi, svo dæmi sé tekið, tekur iðnmeistaranám í sumum tilfellum a.m.k. aðeins eina önn en fjórar hér.

Vinnuafl flæðir frjálst á milli landa og því verður að vera svipað umfang á bak við nám af þessu tagi á Íslandi og í Evrópusambandslöndunum. Því tel ég það mikilvægt hagsmuna- og framfaramál fyrir íslenskan iðnað og íslenska iðnaðarmenn að meistaranám verði endurskoðað í þá veru að það sé sambærilegt við það sem best gerist erlendis og áhersla lögð á að stytta námið til samræmis við það sem gerist í Evrópu. En halda má því fram að námskrá iðnmeistaranáms og samsetning hennar sé röng og þar kenndar greinar sem lítið hafa með iðnmeistaramenntun að gera. Því spyr ég hæstv. menntmrh.:

Stendur yfir eða stendur til að hefja endurskoðun á námskrá meistaranáms iðngreina til samræmis við það sem víðast gerist í Evrópu og á Norðurlöndunum, bæði hvað varðar lengd námsins og áherslu á rekstrarnám?

[11:53]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Spurt er hvort endurskoðun standi yfir á meistaranámi í iðngreina eða hvort til standi að hefja slíka endurskoðun til samræmis við það sem gerist í Evrópu og á Norðurlöndunum. Meðfylgjandi er svar mitt við þessu:

Meistaranám er ætlað þeim sem lokið hafa sveinsprófi í löggiltri iðngrein og starfa að því loknu á vinnumarkaði í eitt ár og vilja afla sér aukinna starfsréttinda. Umhvrn. löggildir iðnmeistara samkvæmt 52. gr. skipulags- og byggingarlaga í byggingargreinum, málmiðngreinum og rafiðngreinum. Í öðrum greinum er það ekki skilyrði fyrir auknum starfsréttindum að viðkomandi hafi lokið meistaraskóla.

Í öllum tilvikum er þó nokkur aðsókn í þetta nám af hálfu þeirra sem vilja afla sér réttinda til að hafa nemendur

á námssamningi. Óhætt er að segja að á síðustu árum hafi fjarað undan meistaranámi hér á landi. Aðsókn að náminu er mismunandi eftir greinum. Þess hefur t.d. orðið vart að aðsókn í meistaranám er lítil sem engin í bókiðngreinum, málmiðngreinum og í fataiðnaði.

Einnig hefur komið fram að skortur á menntuðum meisturum hefur í sumum tilvikum tafið fyrir nýliðun í viðkomandi iðngrein. Það er því greinilegt að þróun á vinnumarkaði síðustu árin hefur leitt til þess að þörfin fyrir meistaranám er mismunandi mikil eftir greinum og ekki sú sama og áður var. Staða og hlutverk meistaranáms hefur því verið til umræðu af og til hjá aðilum vinnumarkaðarins og einnig hjá þeim sem fjalla um menntun iðnaðarmanna.

Hins vegar er rétt að taka fram að fyrirkomulag á meistaranámi í Evrópu er með mjög misjöfnu sniði. Ekki er hægt að tala um að það sé eitthvert samræmt fyrirkomulag innan Evrópusambandsins á meistaranámi. Í sumum þjóðlöndum, t.d. í Þýskalandi, er löng hefð fyrir löngu meistaranámi og mjög skipulögðu. Í öðrum löndum er nánast ekki um neitt meistaranám að ræða þannig að það er ekki hægt að lýsa málinu þannig að það sé í gangi einhver heildarafstaða til meistaranáms innan Evrópusambandsins. Þar eru málin í mjög ólíkum farvegi og má líkja ástandinu við það að í sumum þessum Evrópulöndum stöndum við frammi fyrir svipuðum vandamálum og hér.

[11:55]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svarið. Það er brýnt að ræða þessi mál á hinu háa Alþingi og velta því fyrir sér hvernig þessu sé til framtíðar best háttað og varið og ítreka ég mikilvægi samræmisins að því leytinu að iðnmeistaranám á Íslandi sé ekki mikið lengra en það sem víðast gerist og sérstaklega t.d. á Norðurlöndunum en það er kannski hvað auðveldast og sanngjarnast að bera okkar námsuppbyggingu saman við fyrirkomulagið þar. En til að efla aðsókn og undirbyggja iðnmenntun til framtíðar held ég að mikilvægt sé, herra forseti, að stytta námið og rúnna það af þannig að það sé aðgengilegra og kræsilegra fyrir iðnaðarmenn í fullri vinnu að takast það á hendur að sækja kvöldskóla og afla sér þessarar aukamenntunar og framhaldsmenntunar sem er ákaflega mikilvæg.

Þörfin er vissulega mismikil eftir greinum. Í mörgum greinanna blasir við að um alvarlegan skort á iðnmeisturum verður að ræða innan fárra ára verði ekki gripið til þeirra aðgerða sem hér hefur verið rætt um sem felast fyrst og fremst í því að stytta námið og gera það að fýsilegri kosti fyrir iðnaðarmenn til að sækja.

Það er sanngirnismál að samræming sé á milli umfangs og inntaks meistaranáms í iðnréttindum á Íslandi og í þeim löndum sem við viljum líkjast og bera okkur saman við eins og EES-löndunum og norrænu löndunum.

[11:57]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég er sammála hv. fyrirspyrjanda um að gagnlegt er hér á Alþingi að taka þessi mál til umræðu. Það er hugsanlegt að einn flöturinn á þessu máli sé að skoða hvort stytta eigi meistaranámið. Það er reyndar svo að í sumum löndum Evrópu er meistaranámið jafnlangt og hér þó að það eigi ekki við um Norðurlöndin, að því er ég tel, en það er sjálfsagt svipað að lengd í Þýskalandi og hér ef ekki lengra í vissum tilfellum.

En það sem mér finnst skipta mestu máli er að þörfin fyrir meistaranám virðist vera mjög mismunandi eftir greinum og við þurfum að sjálfsögðu að reyna að átta okkur sem best á því hver þessi þörf er vegna þess að námið á að svara þörfum. Það eru ákveðin atriði sem snerta öryggismál sem standa undir meistaranáminu. Þeim kröfum þarf að svara. Að öðru leyti þarf að nálgast þennan vanda, sem hv. þm. hefur rætt í þingsölum, með opnum huga og með mjög sveigjanlegum hætti vegna þess að atvinnulífið gerir í raun og veru sveigjanlegar kröfur til þessa náms.

Höfundaréttur.

Fsp. PHB, 674. mál. — Þskj. 1097.

[11:59]

Fyrirspyrjandi (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Hugverk mannsins eru ýmiss konar, t.d. ritsmíðar allt frá SMS-skilaboðum upp í þykkar bækur, höggmyndir, húsasmíði, ljósmyndir, stjórnun fyrirtækja, tónlist, leiklist, hugbúnað og ræður svo nokkuð sé nefnt. Flest af þessu má geyma í tölvu og vinna með tölvu. Og það er sífellt erfiðara að fylgjast með þessum hugverkum þar sem þau má flytja með símalínu eða í gegnum gervitungl hvert sem er milli tveggja staða í heiminum.

Samkvæmt lögum hefur verið lagt 35 kr. gjald á hvern geisladisk og 100 kr. gjald á stærri geisladiska og 1% gjald á hverja tölvu og er það innheimt eins og hver annar skattur. Af þessu tilefni hef ég eftirfarandi spurningar til hæstv. menntmrh.:

1. Hvaða samtökum höfundaréttarfélaga hafa verið settar samþykktir skv. 6. mgr. 11. gr. höfundalaga, nr. 73/1972? Hvaða reglur gilda um félagsaðild, endurskoðun reikninga, úthlutun höfundalauna, kæruleiðir og upplýsingagjöf hjá þessum samtökum?

2. Telur ráðherra að ákvæði 3. mgr. 11. gr. laganna, um að höfundar verka, sem útvarpað hefur verið eða gefin hafa verið út á hljóðriti eða myndriti, eigi rétt á sérstöku endurgjaldi vegna upptöku verka þeirra til einkanota á bönd, diska, plötur eða aðra hluti, samrýmist 65. gr. stjórnarskrárinnar um að allir skuli jafnir fyrir lögum, þ.e. að höfundar sumra hugverka fái innheimt gjöld fyrir atbeina löggjafans, m.a. af óskrifuðum geisladiskum og af tölvum, en ekki höfundar annarra hugverka, t.d. hugbúnaðar og ljósmynda, sem þó munu líklega geymd á þessum miðlum í mun meira mæli en hin fyrrnefndu?

3. Hvernig samrýmist það 40. og 41. gr. stjórnarskrárinnar að lög heimili ríkinu að innheimta gjald af einum hópi einstaklinga til að afhenda það öðrum hópi einstaklinga án fjárveitinga á fjárlögum?

Þau lög sem hér um ræðir eiga sér samsvörun í öðrum lögum eins og lögum um iðnaðargjald, búvörugjald o.s.frv., lögum um lífeyrissjóði sem skylda menn til að greiða til ákveðinna hópa eða stéttarfélaga og mér finnst vakna spurningar um það hvort slík lög samrýmist nýjum ákvæðum stjórnarskrárinnar um kvaðir sem þarf að setja á skattlagningu.

[12:02]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Þær spurningar sem hv. þm. hefur sett fram eru með þeim hætti að ég tel að ég eigi mjög óhægt um vik að svara þeim á fullnægjandi hátt á þeim tíma sem mér er

ætlaður. Ég mun ganga eins langt og ég get að svara þessum raunar nokkuð flóknu spurningum og sjá til hvernig tíminn endist.

Að því er varðar samþykktirnar sem samtökum höfundaréttarfélaga hafa verið settar, þá gildir reglugerð nr. 141/1985, og samþykkt 333/1996, þar sem Innheimtumiðstöð gjalda er falið að annast innheimtu og úthlutun þeirra gjalda sem um getur í 3. mgr. 11. gr. höfundalaga, samanber 4.–6. mgr. 11. gr. og reglugerð nr. 125/2001, með síðari breytingum.

Um aðild að Innheimtumiðstöð gjalda gildir eftirfarandi samkvæmt samþykktum félagsins í grein 3.1. Aðilar að samtökum þessum eru STEF, Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar, SFH, Samband flytjenda- og hljómplötuframleiðenda, Rithöfundasamband Íslands, Blaðamannafélag Íslands, Samband ísl. kvikmyndaframleiðenda, Félag kvikmyndagerðarmanna, Samtök kvikmyndaleikstjóra, Félag leikstjóra á Íslandi, Hagþenkir – félag höfunda fræðirita og kennslugagna og Myndstef. Önnur félög en þau sem að framan eru greind geta sótt um aukaaðild að samtökunum, enda teljast þau hafa verulegra hagsmuna að gæta á þessu sviði.

Um endurskoðun reikninga hjá Innheimtumiðstöð gjalda gilda almennar reglur. Endurskoðaðir reikningar eru bornir upp til samþykktar á aðalfundi sem fer fram í marsmánuði ár hvert. Á aðalfundi eru kosnir tveir endurskoðendur.

Um úthlutun sérstaks gjalds til höfunda gildir eftirfarandi samþykkt samkvæmt Innheimtumiðstöð gjalda, þ.e. um meðferð fjármála. Til að mæta óvæntum kröfum aðila sem standa utan innheimtumiðstöðvarinnar og kostnaði miðstöðvarinnar sjálfrar öðrum en rekstrarkostnaði skal árlega leggja í varasjóð 5% af vergum tekjum samtakanna. Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn 2,5 millj. kr. miðað við núverandi verðlag falla greiðslur til hans niður. Sé gengið á höfuðstólinn skulu greiðslur til hans hefjast að nýju samkvæmt sömu reglum.

Eftir að greitt hefur verið til varasjóðs samkvæmt reglu 5.1 og fé lagt til hliðar til greiðslu rekstrarkostnaðar skal skipta rekstrarafgangi samtakanna að frádregnu 15% framlagi Menningarsjóðs á milli aðildarsamtakanna eftir ákveðnum reglum. Tekjum af auðum hljóðböndum og hljóðbandatækjum skal skipta í hlutföllunum STEF 39%, SFH 45% og Rithöfundasamband Íslands 7%. Tekjum af myndböndum og myndbandstækjum skal skipta á milli fjölmargra aðila eftir ákveðnum hundraðshluta sem hægt er að upplýsa hv. þm. um ef þess er óskað en sú upptalning tæki alllangan tíma.

Endurskoða skal framangreinda skiptingu á milli aðildarsamtakanna ef eitthvert þeirra krefst þess og skal krafa þessi vera sett fram með eins árs fyrirvara miðað við áramót. Náist ekki samkomulag um breytingar á skiptingunni skal gerðardómur skera úr um ágreininginn. Aðildarsamtökin skulu úthluta einstaklingsbundið til rétthafa þar sem því verður við komið, m.a. í formi styrkja. Að öðru leyti skulu hver samtök ráðstafa sínum hluta samkvæmt reglum sem í gildi eru í hverjum þeirra fyrir sig.

Hvað varðar kæruleiðir er í samþykktum samtakanna ákvæði um gerðardómsmeðferð ágreiningsmála í 6. gr. þeirra. Að því er varðar upplýsingagjöf af hálfu innheimtumiðstöðvarinnar fá fulltrúar aðildarsamtaka miðstöðvarinnar upplýsingar um starfsemi samtakanna með því að fundargerðir stjórnarinnar eru sendar öllum stjórnarmönnum og aðildarfélögum. Hvað varðar rétt einstaklinga og félagasamtaka til að standa utan innheimtumiðstöðvarinnar til þess að fá upplýsingar um starfsemi samtakanna, þá veitir menntmrn. slíkar upplýsingar að svo miklu leyti sem þær varða framkvæmd reglugerðar nr. 141/1985 og samþykktar 333/1996, svo og reglugerðar nr. 125/2001, með síðari breytingum.

Önnur spurningin sem hv. þm. hefur lagt fram er með þeim hætti að henni er svarað svo: Það er rétt að taka fram að greinarmunur er gerður á heimilli og óheimilli eintakagerð til einkanota samkvæmt 11. gr. höfundalaganna. Meginregla 1. mgr. 11. gr. veitir einstaklingum rétt til eintakagerðar af frumverkum höfunda að því tilskildu að um einkanot sé að ræða og hæfilegt gjald til höfundar komi fyrir slík afnot í samræmi við 3. mgr. Gjaldi því sem innheimt er samkvæmt 3. mgr. 11. gr. er eingöngu ætlað að bæta höfundum og öðrum rétthöfum það tap sem ætla má að höfundurinn verði fyrir vegna heimillar eintakagerðar. Sé hins vegar um að tefla óheimila eintakagerð á höfundur ekki rétt á endurgjaldi samkvæmt 3. mgr. 11. gr. heldur er þá um að ræða refsivert höfundarréttarbrot sem heyrir undir lög um meðferð opinberra mála. Óheimilt er að gera eintök af þeim höfundaverkum sem tiltekin eru í 2. mgr. 11. gr. Undir slíkt bann falla m.a. tölvuforrit og gagnagrunnar á rafrænu formi. Ekki er rétt með farið að höfundar ljósmynda fái ekki úthlutað af gjaldi sem innheimt er samkvæmt 3. mgr. 11. gr. laganna. Myndhöfundasjóður Íslands, Myndstef, fer með réttindi höfunda ljósmynda og fær úthlutað frá innheimtumiðstöðinni í þeim hlutföllum sem fram koma í svari við fyrstu spurningu hv. þm.

Ég tel enga ástæðu til að ætla annað en að 3. mgr. 11. gr. höfundalaganna standist jafnræðisreglu 61. gr. stjórnarskrárinnar en síðasta orðið um það eiga að sjálfsögðu dómstólar vilji menn láta á það reyna. Af því að ég sé að tími minn er að renna út mun ég svara þriðju spurningu hv. þm. í þeim tíma sem mér er ætlaður á eftir.

[12:07]

Fyrirspyrjandi (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Reyndar er ég ekki alveg sáttur við svarið við annarri spurningunni þar sem spurningin var um hvort menn séu jafnir fyrir lögum vegna þess að t.d. höfundar heimasíðna, höfundar ljósmynda sem menn gera heima hjá sér og höfundar ritverka á netinu njóta ekki þessa gjalds. En samt er gjaldið lagt á geisladiskana sem þeir nota til að geyma þessi hugverk sín og á það sérstaklega við um ljósmyndir þar sem margir áhugaljósmyndarar nota geisladiska aðallega til að geyma ljósmyndir sínar því að þær eru mjög plássfrekar. Þeir þurfa þá að borga höfundarréttargjald til einhvers fólks úti í bæ sem á hugverk sem þeir nota alls ekki í þessu tilfelli. Hins vegar nota þeir mikið af hugbúnaði við ljósmyndagerðina, hugbúnaði sem þeir hafa hugsanlega keypt, hugsanlega ekki og ættu þar af leiðandi að borga til þeirra höfunda gjald, sem ekki er um að ræða.

Ég er spenntur að vita hvert svar hæstv. ráðherra verður við þriðju spurningunni sem er um það hvort yfirleitt sé heimilt að leggja gjald á ákveðinn hóp manna, eins konar skatt, sem rennur til annars hóps manna án þess að ríkið komi þar að með fjárveitingum sem er þó kveðið á um í stjórnarskránni, að skatt skuli leggja á með lögum. Skattur er í eðli sínu eitthvert gjald til ríkisins og ríkið getur ekki greitt út peninga úr sjóðum sínum nema með fjárlögum.

[12:09]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Þriðja spurning hv. þm. var svohljóðandi: „Hvernig samrýmist það 40. og 41. gr. stjórnarskrárinnar að lög heimili ríkinu að innheimta gjald af einum hópi einstaklinga til að afhenda það öðrum hópi einstaklinga án fjárveitinga á fjárlögum?“

Innheimta höfundarréttargjaldsins byggir á lagaheimild samkvæmt höfundalögum sem m.a. á rætur að rekja til alþjóðlegra skuldbindinga sem íslenska ríkið hefur tekist á hendur með lögtekningu Bernarsáttmálans. Þá er mælt fyrir um innheimtu höfundarréttargjalda og úthlutunar þeirra til höfunda í tilskipunum Evrópusambandsins og Evrópuráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001, um samræmingu tiltekinna þátta höfundarréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu sem nú er unnið að að laga íslensku höfundalögin að. Frv. þar að lútandi verður væntanlega lagt fyrir þingið næsta haust.

Innheimta höfundarréttargjaldsins á sér skýra lagastoð en hefur ekkert með fjárveitingar á fjárlögum eða skattlagningu að gera. Ekki er um að ræða tekjur ríkissjóðs og varðar þessi gjaldtaka því ekki meðferð skattfjár eða ríkistekna.

Út af dagskrá voru tekin 8.–9. mál.

Fundi slitið kl. 12:11.

---

98. FUNDUR

miðvikudaginn 12. mars,
kl. 7.50 síðdegis.

Dagskrá:
Almennar stjórnmálaumræður.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Einar Oddur Kristjánsson, 5. þm. Vestf.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.

Almennar stjórnmálaumræður.

[19:51]

Forseti (Halldór Blöndal):

Umræðurnar verða sendar út í útvarpi og sjónvarpi. Þær fara þannig fram að hver þingflokkur fær 22 mínútur til umráða sem skiptast í þrjár umferðir, 10 mínútur í fyrstu umferð og 6 mínútur í annarri og síðustu umferð. Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn., utan flokka, hefur 11 mínútur og talar síðastur í fyrstu umferð.

Röð flokkanna verður þessi í öllum umferðum: Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Framsóknarflokkur og Frjálslyndi flokkurinn.

Ræðumenn flokkanna verða:

Fyrir Samfylkinguna talar í fyrstu umferð Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv., í annarri umferð Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl., en í þriðju umferð talar Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.

Fyrir Sjálfstæðisflokk tala í fyrstu umferð Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn., og Ásta Möller, 19. þm. Reykv., í annarri umferð Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn., en í þeirri þriðju Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.

Ræðumenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs verða í fyrstu umferð Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv., í annarri umferð Þuríður Backman, 5. þm. Austurl., en Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e., í þriðju umferð.

Fyrir Framsóknarflokk talar Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra í fyrstu umferð, í annarri Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra, en í þriðju umferð Magnús Stefánsson, 2. þm. Vesturl.

Fyrir Frjálslynda flokkinn tala í fyrstu umferð Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv., en Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf., í annarri og í þriðju umferð.

[19:53]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Góðir landsmenn. Undanfarna mánuði hefur mikil hreyfing verið á fylgi flokkanna og margt bendir til þess að nú fari í hönd tímabil breytinga og uppstokkunar. Samstarf núverandi stjórnarflokka er gengið sér til húðar. Kjósendur kalla eftir nýju fólki og nýrri stefnu til að takast á við þau framtíðarverkefni sem við blasa.

Síðustu ár hafa verið ár breytinga hér heima og á alþjóðavettvangi. Hröð tækniþróun og aukið viðskiptafrelsi hafa umbreytt samfélögunum um allan heim og Ísland er engin undantekning í því. Íslenska þjóðin þarfnast stjórnvalda sem hafa burði og vilja til að takast á við þessar breytingar sem kunna að nýta sér þau fjölmörgu tækifæri sem skapast fyrir land og þjóð í þessu umhverfi á sama tíma og þau taka á því óréttlæti sem óneitanlega er fylgifiskur, eins og aukinni misskiptingu gæðanna.

En ríkisstjórnin hefur gert hið þveröfuga. Hún hefur aukið misskiptinguna. Hún hefur hækkað skatta á einstaklinga og aukið mest byrðarnar á þá sem minnstar tekjur hafa. Lífeyrisþegar sem lifa af bótum einum borga nú heil mánaðarlaun sín í skatta en voru skattlausir allt til þess tíma er ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. tók við. Á sama tíma lækkar ríkisstjórnin skatta á hátekjumenn og stóreignafólk og tekjuhæstu fyrirtækin. Og það dugir ekki fyrir ráðherra ríkisstjórnarinnar að skjóta sífellt sendiboðana og halda því fram að fréttastofur eða félagasamtök sem halda fram staðreyndum málsins fari með rangt mál. Tölurnar tala sínu máli og fólkið skynjar aukna skattbyrði í heimilisbókhaldi sínu. Svona hefur ríkisstjórnin nýtt þau tækifæri sem hún hefur til tekjujöfnunar með skattkerfinu.

En það felast líka tækifæri í því að stokka upp það fyrirkomulag sem við búum við í sjávarútvegi. Samfylkingin hefur ein stjórnmálaflokka lagt fram heildstæðar tillögur um það á hvern hátt megi vinda ofan af því óréttlæti sem hefur þrifist í skjóli núverandi stjórnarflokka, óréttlæti sem birtist í úthlutun kvótans og sérfyrirgreiðslu fárra útvalinna á kostnað almennings og einkum þeirra sem búa í sjávarbyggðum landsins. Það verður engin sátt um stjórnkerfi fiskveiða fyrr en eignarhaldsfyrirkomulagið á kvótanum verður afnumið og núverandi stjórnarflokkar hafa sýnt það og sannað að saman skortir þá allan vilja til umbóta í þessa veru. Ríkisstjórnin hefur ekki heldur staðið við þau orð sín að festa ákvæði um sameign þjóðarinnar í stjórnarskrá.

Það er þó ekki aðeins í sjávarútvegi sem sérhagsmunagæsla stjórnarflokkanna birtist. Ríkisstjórnin er gjörn á að beita sértækum aðgerðum í atvinnulífinu í stað þess að skapa almenna umgjörð og jöfn tækifæri fyrirtækja til að þrífast. Samfylkingin telur það ekki hlutverk stjórnvalda að hlutast til um atvinnulíf þjóðarinnar með þessum hætti. Hlutverk stjórnvalda er að skapa skýrar leikreglur þannig að öll fyrirtæki njóti jafnra tækifæra.

Góðir landsmenn. Síðustu vikurnar hefur farið hátt umræðan um hugsanleg tengsl stjórnmálaflokkanna við atvinnu- og *fjármálalífið. Þessi umræða er ekki ný af nálinni. Hún* hefur komið upp reglulega hér á landi og hún er eðlileg í því þjóðfélagi sem við búum í þar sem fjármálaöflin verða í krafti alþjóðlegra áhrifa sífellt sterkari. En þetta er ekkert sérístenskt vandamál. Hinu sama hafa nágrannalönd okkar staðið frammi fyrir og dæmin eru fjölmörg sem hafa sýnt að ástæða er til að vera á varðbergi. Víða hefur verið brugðist við með því að setja lög sem skylda stjórnmálaflokka til að opna fjárreiður sínar. Samfylkingin hefur lagt fram frumvarp í þessa veru en núverandi ríkisstjórnarflokkar hafa hins vegar aldrei viljað ljá máls á þessu og hefur Sjálfstfl. farið þar fremstur í flokki. Það er staðreynd þrátt fyrir að talsmenn þess flokks hafi verið manna ötulastir við að væna aðra stjórnmálamenn og stjórnmálaflokka um óeðlileg tengsl við einstaka kaupsýslumenn eða fyrirtæki. Lesum bara blöðin þessa dagana og við blasir rakalaus áróður af slíku tagi.

Mál er að þessari umræðu linni og að gróusögurnar víki fyrir staðreyndunum sem opinberast við það eitt að flokkarnir opni bókhald sitt. Það er vilji Samfylkingarinnar.

Leikreglur lýðræðisins eru dýrmætar og okkur ber að hlúa að þeim. Samfylkingin hefur lagt mikla áherslu á þennan málaflokk á liðnu kjörtímabili og mun gera áfram. Við erum nýr flokkur sem vill ekki aðeins styrkja þær stoðir sem lýðræðisþjóðfélagið byggir á eins og þrískiptingu ríkisvaldsins, sjálfstæði dómstóla og virkt eftirlitskerfi. Við viljum líka leita nýrra leiða til að þróa okkar lýðræði í takt við nýja tíma og höfum lagt fram tillögur þar um.

Góðir landsmenn. Það eru blikur á lofti í alþjóðamálunum og því miður virðist í uppsiglingu ófriður sem getur haft ófyrirséðar afleiðingar fyrir heimsbyggðina alla. Við Íslendingar hljótum að velta því fyrir okkur hvaða hlutverki við gegnum á alþjóðlegum vettvangi. Við höfum sýnt það að rödd okkar skiptir máli í alþjóðlegu samhengi og er skemmst að minnast þess hvernig Íslendingar léku stórt hlutverk þegar Eystrasaltsríkin börðust fyrir sjálfstæði á sínum tíma. Íslendingar styðja afvopnun Íraks samkvæmt ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og það er mikilvægt að alþjóðasamfélagið standi vörð um þær aðgerðir. Samfylkingin hafnar því stríði sem nú er í uppsiglingu án samþykkis alþjóðasamfélagsins og á þeim hæpnu forsendum sem Bandaríkjamenn byggja á. Ríkisstjórn Íslands þarf að kveða skýrt á um það hvort hún sé tilbúin til að fylgja Bandaríkjamönnum í þessum efnum eða hvort hún hyggist fara hina hófsömu leið til afvopnunar Íraka sem fjölmargar Evrópuþjóðir vilja fara.

Það stafa margar ógnir að heimsbyggðinni og á ég þá ekki aðeins við stríðsógnir. Alþjóðleg glæpastarfsemi fer vaxandi, svo sem ólögleg vopna- og eiturlyfjasala og verslun með fólk. Verslun með konur og börn til kynlífsþrælkunar þrífst góðu lífi um allan heim. Þessi þrælasala er skammarblettur á samtímanum og gegn henni þarf að berjast með öllum tiltækum ráðum. Þar er forgangsmál að tryggja konum sem fyrir slíkum glæpum verða vernd þannig að þær geti lagt lið við að uppræta þessa starfsemi sem ber vitni um lágkúrulegustu hvatir mannanna.

Samfylkingin vill sjá velferð landsmanna tryggða og við teljum að þjóðfélag sem getur státað af þeim lífskjörum sem við gerum eigi ekki að líða fátækt. Eigi að síður vex þetta mein í samfélaginu og bera sífellt vaxandi biðraðir hjá mæðrastyrksnefnd þess vitni. Fólk stendur ekki í biðröðum vegna þess að varan er ókeypis. Fólk stendur í biðröðum út af neyð.

Samfylkingin hafnar því að fólk eigi ekki kost á fullri þátttöku í samfélaginu vegna fátæktar. Samkvæmt nýlegri úttekt eru um 10 þúsund manns undir þeim tekjumörkum sem þarf til lágmarksframfærslu. Öryrkjar, ellilífeyrisþegar sem þurfa að lifa af bótum einum, atvinnulausir, fullvinnandi fjölskyldufólk í láglaunastörfum og bændur eru í þessum hópi. Og ríkisstjórnin kann engin ráð til að takast á við vandann annan en að auka skattbyrði þeirra tekjulægstu.

Samfylkingin er eini stjórnmálaflokkur landsins sem hefur það á stefnuskrá sinni að Ísland eigi að skilgreina samningsmarkmið sín gagnvart Evrópusambandinu og sækja um aðild í kjölfarið. Við teljum líka nauðsynlegt að þjóðin fái að leggja mat á þann samning ef hann næst. Við Íslendingar erum býsna harðir í horn að taka þegar kemur að samningum um okkar hagsmunamál og munum að sjálfsögðu vera það áfram innan eða utan Evrópusambandsins. En EES-samstarfið er okkur óhemjumikilvægt og við þurfum að tryggja það að þeir hagsmunir sem í því felast séu tryggðir til frambúðar.

Það bendir margt til þess að undan EES-samningnum sé að flæða smátt og smátt og þá verðum við að hafa kjark til að horfa til framtíðar og takast á við þá stöðu sem þá kynni að koma upp. Samfylkingin telur það best gert með því að sækja um aðild og láta þjóðina síðan um að meta það hvort gengið skuli að þeim samningi. Til þess er henni fyllilega treystandi.

Góðir landsmenn. Þann 10. maí gefst ykkur tækifæri til breytinga til hagsbóta fyrir land og þjóð. Samfylkingin ætlar að efla lýðræðið og krefst þess að sanngjarnar leikreglur ríki fyrir fólk og fyrirtæki á Íslandi. Um það verður kosið í vor. — Góðar stundir.

[20:02]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Það er góður siður Alþingis að ljúka störfum með sérstakri stjórnmálaumræðu. Menn líta til baka og gera upp helstu mál eftir annir þingstarfanna og líta til framtíðar og virða fyrir sér hvað fram undan er. Kosningabaráttan er á næstu grösum með miklum átökum og að henni lokinni falla stjórnmálastörfin í farveg nýs kjörtímabils og sameiginleg viðfangsefni verða ráðin til lykta. Mestu skiptir að þannig verði unnið á hverjum tíma að það verði landi og þjóð fyrir bestu.

Við Íslendingar búum nú við góðan efnahag, betri en áður. Það er árangur af traustri og öruggri stjórn efnahagsmála, festu í ríkisfjármálum og betri stöðu ríkissjóðs en áður. Trúverðugir starfshættir og traust efnistök þriggja ríkisstjórna undir forustu Davíðs Oddssonar, formanns Sjálfstfl., hafa skapað lengra tímabil stöðugleika í efnahagsmálum en nokkru sinni fyrr. Hagvaxtarskeið hafa verið nýtt betur en áður og stærstum hluta af ávinningi þeirra varið til að auka kaupmátt ráðstöfunartekna án þess að verðbólgan hafi farið úr böndunum.

Kaupmáttur hefur aukist um þriðjung frá 1994, kaupmáttur lægstu launa um 58% á sjö árum og kaupmáttur lágmarkstekjutryggingar um 65% frá 1995. Á þessu ári mun kaupmáttur vaxa níunda árið í röð sem er einsdæmi. Sama má segja af öðrum mælikvörðum efnahagsmála, ekki síst verðbólgunni sem er með því minnsta, þ.e., efnahagslegur stöðugleiki er með því sem best gerist hjá grannþjóðum okkar. Ríkisfyrirtæki hafa verið einkavædd og það ásamt fleiru hefur orðið til að treysta innviði hagkerfisins.

Skattar á einstaklinga, fjölskyldur og fyrirtæki hafa verið lækkaðir, grundvallarbreytingar hafa verið gerðar á hagstjórnartækjum ásamt opnun hagkerfisins og fjármálamarkaðar. Stórfelldar breytingar á skattlagningu fyrirtækja hafa orðið til þess að erlend fyrirtæki sjá sér hag í starfsemi á Íslandi og í því að taka þátt í íslenskum fyrirtækjum. Innlend fyrirtæki geta nú fjárfest meira en áður í tæknivæðingu, þróun og nýsköpun sem er grundvöllur hagræðingar og hagvaxtar. Lánshæfismat Íslands á alþjóðlegum fjármálamörkuðum er nú það hæsta sem við Íslendingar höfum upplifað.

Hluta ávinnings af síðasta vaxtarskeiði hefur verið varið til að efla framlög til nýsköpunar. Þau hafa aukist bæði frá fyrirtækjum og opinberum sjóðum sem hafa verið endurskipulagðir og efldir með tilliti til vaxtarbrodda og nýjunga í atvinnulífinu og sérstaklega til þess að nýta afrakstur rannsókna í atvinnustarfsemi. Þannig hefur verið búið í haginn til framtíðar og hagkerfi landsins er nú það burðugt að geta fengist við stærri viðfangsefni en nokkru sinni fyrr og þau öll miða að bættum lífskjörum og meiri lífsgæðum.

Mikið undirbúningsstarf til að auka nýtingu fallvatna og jarðhita er nú að skila glæstum árangri. Á næstu missirum verður verksmiðja Norðuráls stækkuð og aflað raforku með Norðlingaölduveitu og jarðhitavirkjunum á Nesjavöllum og Reykjanesi. Í kjölfar þess verða áform um stórvirkjanir og stóriðju á Austurlandi loks að veruleika. Mikil iðnaðarmannvirki munu rísa á Reyðarfirði og byggð mesta vatnsaflsvirkjun landsins. Þessar miklu fjárfestingar verða afar stór verkefni fyrir hagkerfið en með vel tímasettum og hnitmiðuðum hagstjórnaraðgerðum verður unnt að mæta þeim án verðbólgubáls.

Breytingar á hagkerfinu undanfarin ár valda því að efnahagsleg áhrif framkvæmda af þessari stærðargráðu koma nú fram miklu fyrr en áður en síðar munu verða miklar breytingar í hagkerfinu með stórauknu útflutningsverðmæti stóriðju. Gagnrýnendur segja stefnt í fábreytni atvinnulífs og takmarkaða verðmætasköpun miðað við fjárfestingu. Ég hygg að annað muni koma í ljós því stóriðja er fólgin í fjölbreyttri starfsemi sem nýtir mikla fagþekkingu og tækniþekkingu bæði starfsfólks og stjórnenda. Fjárfesting á móti hverju starfi er vissulega mikil en það sama einkenni er nú þegar orðið á okkar sjávarútvegi eftir miklar fjárfestingar undanfarins áratugar í vélvæðingu og tæknivæðingu.

Hæstv. sjútvrh. hefur lagt sig fram um að ná sátt um stjórnkerfi fiskveiða. Löggjöfin kveður nú óyggjandi á um sameign þjóðarinnar á auðlindinni í hafinu. Auðlindanefnd tók á djúpstæðu deilumáli um gjald fyrir aðgang að sameiginlegri auðlind og tillögur hennar birtast í lagaákvæðum sem koma til framkvæmda á næsta ári. Margvíslegar lagfæringar hafa verið gerðar á lögunum til að gera mönnum betur fært að mæta þeim þrengingum sem mjög takmarkaðar aflaheimildir valda útgerð og vinnslu. Enn fremur hafa verið gerðar sérstakar breytingar í því skyni að allur afli geti komið á land og til vinnslu.

Ráðherra hefur nú hrundið af stað miklu átaksverkefni til að auka verðmæti sjávarafurða og er tilgangur þess að það meira en tvöfaldist á áratug. Markið er sett hátt og til að því megi ná hefur ráðherra þegar lagt grunn að stofnun sjóðs sem styðja mun rannsóknir og þróun. Þetta starf mun ná jafnt til eldis sjávarfiska, fiskveiða og vinnslu. Í því eru fólgin mikil sóknarfæri sem nýtast munu um allt land. Góður árangur af þessu starfi og fyrrnefndum verkefnum mun skila meiri störfum og verðmætari störfum okkar þjóð og landi til hagsbóta og heilla á komandi tímum. — Góðar stundir.

[20:08]

Ásta Möller:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Við Íslendingar erum metnaðarfullir, bæði sem einstaklingar og sem þjóð. Við viljum ná árangri í því sem við tökum okkur fyrir hendur. Að undanförnu hafa birst úttektir erlendra matsstofnana á árangri þjóða. Þar hefur Ísland alls staðar fengið ágætiseinkunn. Það leiðir í ljós að hvergi er jöfnuður meiri en hér á landi, fátækt er með því minnsta og þjóðartekjur á mann eru með því hæsta sem þekkist. Skattbyrði heimilanna er lág í samanburði við flest önnur lönd, spilling einna minnst og frelsi fjölmiðla einna mest. Samkvæmt athugunum Sameinuðu þjóðanna er Ísland í sjöunda sæti af 174 þjóðum þegar skoðað er hvar best er að búa. Þetta er góður árangur.

Á síðustu árum höfum við upplifað eitt mesta hagsældartímabil í sögu lýðveldisins. Enginn hefur farið varhluta af því. Heimilin hafa nú úr þriðjungi meira að spila en fyrir átta árum. Bætt skilyrði til atvinnurekstrar hafa aukið umsvif fyrirtækja og skilað þeim árangri. Ríkissjóður hefur greitt niður skuldir sínar og hafa þær lækkað um nær helming á síðustu árum.

Niðurstaðan er sú að ríkisstjórnir Davíðs Oddssonar hafa með stefnufestu, hyggindum og með almannahag í huga búið í haginn til framtíðar.

Hér í kvöld munum við hlýða á stjórnarandstöðuna leggja sig fram við að finna veiki bletti á landstjórninni. Það er sjálfsagt þeirra hlutverk en hlutskiptið er ekki öfundsvert. Þau munu m.a. reyna að telja landsmönnum trú um að skattar hafi hækkað í tíð núverandi ríkisstjórnar. Sú fullyrðing er öfugmæli. Á yfirstandandi kjörtímabili hafa skattar þvert á móti lækkað. Ég minni á lækkun tekjuskatts og hátekjuskatts. Eignarskattur hefur verið lækkaður um helming og sérstakur eignarskattur verið afnuminn en það skiptir sérstaklega eldra fólk máli þar sem eignir eru yfirleitt skuldlitlar.

Ég minni á hækkun barnabóta og að persónuafsláttur er nú að fullu yfirfæranlegur milli hjóna. Ég minni á að húsaleigubætur eru nú skattfrjálsar og að tekjuskattur á fyrirtækjum hefur verið stórlækkaður. Það munar verulega um þessar skattalækkanir. En við munum ekki heyra um þetta frá stjórnarandstöðunni hér í kvöld. Við höfum þegar heyrt talsmenn Samfylkingarinnar halda því fram að skattbyrði þeirra sem lægstu launin hafa hafi aukist. Þeir hafa sagt að fólk sem ekki greiddi skatta áður greiði skatta nú. En ég spyr á móti: Hvernig má annað vera þegar laun hafa hækkað um tugi prósenta eins og raunin hefur orðið? Hvernig má það vera að talsmenn Samfylkingarinnar skilja ekki að launahækkun sem færir fólk yfir skattleysismörk þýðir að það fer að greiða skatta sem það gerði ekki áður? Er þetta skattahækkun? Nei, þetta staðfestir aðeins launahækkun. Það sem mestu máli skiptir er að laun hafa almennt hækkað um þriðjung eftir skatta á síðustu átta árum. Kaupmáttur lægstu launa hefur

hækkað enn meir eða um tæp 60%. Fólk hefur úr meiru að spila en áður. Það er aðalatriðið.

En það er ekki ofsögum sagt af skilningi vinstri manna á fjármálum. Hann hefur aldrei verið þeirra sterkasta hlið. Íslenskir fræðimenn hafa staðfest það með rannsóknum sínum á íslenskri stjórnmálasögu að vinstri stjórnir halda verr utan um fjármál ríkisins en þegar sjálfstæðismenn eru við stjórn. Verðbólgan er meiri, ríkisútgjöld aukast og skattheimta eykst. Þessar niðurstöður eru staðfestar í fjármálastjórn R-listans í Reykjavík með skattahækkunum og skuldasöfnun út yfir öll velsæmismörk.

Góðir Íslendingar. Heilbrigðiskerfi landsmanna er gott og það skilar góðum árangri. Hins vegar er aðkallandi að gera skipulagsbreytingar til að tryggja að fólk fái skjóta þjónustu á réttu stigi og á réttum stað innan kerfisins. Koma þarf á símaráðgjöf til almennings um heilbrigðsþjónustu. Efla þarf þjónustu við sjúka í heimahúsum og auka samhæfingu félagsþjónustu, heimahjúkrunar og öldrunarþjónustu m.a. með því að setja stjórn þeirra á eina hendi hjá sveitarfélögunum. Heilsugæsluna þarf að efla. Þessar skipulagsbreytingar munu skýra verkaskiptingu innan heilbrigðisþjónustunnar, þær munu auka sérhæfingu, létta á sjúkrahúsunum og stytta biðlista eftir aðgerðum.

Skipulagsbreytingar fram undan þurfa einnig að fela í sér aukið samstarf ríkis og sjálfstæðra aðila um rekstur einstakra þátta í heilbrigðisþjónustu. Hér á ég ekki við einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu í þeim skilningi að dregið verði úr ábyrgð ríkisins að greiða fyrir þjónustu. Það vill Sjálfstfl. ekki fremur en aðrir stjórnmálaflokkar. Við höfum hins vegar góða reynslu af samstarfi milli ríkis og einkaaðila þar sem ríkið semur við þá um að veita tiltekna þjónustu. Við eigum að halda lengra á þeirri braut og feta þar í fótspor frænda okkar annars staðar á Norðurlöndunum. Tilgangurinn er að veita fólki betri og skilvirkari heilbrigðisþjónustu.

Góðir Íslendingar. Í komandi kosningum verður kosið um framtíð þjóðarinnar. Árangur ríkisstjórnarinnar í stjórn efnahagsmála er einstakur þegar horft er til verðbólgu, hagvaxtar og stöðugleika. Allir landsmenn vilja leggja kapp á að varðveita þann umtalsverða árangur sem náðst hefur. Eingöngu með Sjálfstfl. í fararbroddi er hægt að tryggja framtíðarsýn með áframhaldandi hagvexti, lágri verðbólgu og frekari skattalækkunum sem bæta hag heimila og fyrirtækja í landinu. — Góðar stundir.

[20:14]

Ögmundur Jónasson:

Góðir Íslendingar. Hinar pólitísku línur hafa verið nokkuð skýrar í flestum málaflokkum á þessu kjörtímabili. Sex þingmenn töluðu í úrslitaumræðu um stóriðjuáformin. Sex þingmenn studdu tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð öræfanna norðan Vatnajökuls. Þetta voru að sjálfsögðu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þrír þingmenn til viðbótar höfðu áður lagst gegn stóriðjuáformum ríkisstjórnarinnar og hafi þeir lof fyrir það.

Ekki hafa línur verið eins skýrar í öllum málum. En eitt er víst að alltaf hefur mátt reiða sig á þingflokk Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í sókn en einnig í vörn fyrir velferðarkerfið. Þegar einkavæðingu hefur borið á góma hafa fulltrúar annarra flokka ýmist verið fylgjandi eða gerst nokkuð óskýrir í tali. Ráðherraefni Samfylkingarinnar sagði í Borgarnesi í umtalaðri ræðu, svo dæmi sé tekið, að markverðustu málin sem unnist hefðu í stjórnartíð Sjálfstfl. frá árinu 1991 hefðu annars vegar verið hinn evrópski EES-samningur og hins vegar — ja, hvað skyldi það hafa verið? Jú, það var einkavæðing ríkisbankanna.

Öðruvísi drögum við upp afrekaskrá og syndaregistur Sjálfstfl. á tólf ára valdaferli hans, valdaferli sem nú er orðið tólf árum of langt. Sjálfstfl. er nú greinilega orðinn hræddur um að valdasetan sé á enda. Og hvað er gert þá? Eins og fyrri daginn er gripið til hræðsluáróðurs.

Davíð Oddsson forsrh. segir að komi vinstri stjórn þá brenni sparifé landsmanna upp í óðaverðbólgu. Þetta er rangt. Það voru vinstri menn sem kváðu niður verðbólguna fyrir rúmum tólf árum, áður en Davíð Oddsson kom í Stjórnarráð Íslands, og það erum við, vinstri mennirnir, sem hvetjum til varfærni og yfirvegunar í efnahagsmálum. Það erum við sem vörum við óráðsíu, segjum að ekki megi ofkynda efnahagskerfið og setjum fram tillögur í atvinnu- og efnahagsmálum sem stuðla að festu og sem stuðla að stöðugleika.

Það er hins vegar alveg rétt, og ég ætla ekki að mæla því í mót, að síðustu daga og vikur hafa komið fram yfirboð og gylliboð sem engin innstæða er fyrir og vísa ég þá sérstaklega í yfirlýsingar formanns Framsfl. um að senn verði unnt að auka útgjöld ríkissjóðs og lækka skatta um 15 milljarða kr. á ári. Ekki nokkur hagfræðingur skrifar upp á þessar undarlegu bókhaldskúnstir og mér er sagt að hagfræðingar í verkum fyrir Framsfl. fari nú með veggjum.

En hvað um það. Þetta segir Framsfl. að sé hægt vegna arðsins af stóriðju, stóriðju sem Framsfl. vill gera að hornsteini íslenska velferðarkerfisins. Látum liggja á milli hluta deilur um hvort yfirleitt verður nokkur arðsemi af stóriðjuframkvæmdunum fyrir íslenska þjóðarbúið. Hitt er óábyrgt, að lofa upp í ermina á sér fyrir kosningar. Forsætisráðherrann ætti að hvísla að sessunauti sínum að ef hann ætlar að halda svona áfram þá gengur ekki að líkja Framsóknarflokknum við klettinn í hafinu, eins og stundum hefur verið gert fyrir alþingiskosningar í auglýsingum. (Gripið fram í.) Nær væri að tala um steinvöluna eða smásteininn eða kannski helst titrandi strá í túni.

Fyrst og fremst ætti forsrh. þó að líta í eigin barm. Það sem ruglað hefur Sjálfstfl. í ríminu er löng valdaseta og fylgispekt, fylgispekt valdakerfis landsins við flokkinn. Ég ætla að taka eitt lítið dæmi.

Sjálfstfl. gerist á gamals aldri málsvari ríkisafskipta í þungaiðnaði. Frjálshuga fylgismenn flokksins verða gapandi af undrun, trúa ekki eigin augum. En að lokum eru allir barðir til hlýðni. Þannig birtust á sjónarsviðinu Samtök atvinnulífsins og tóku að blessa allt í bak og fyrir. Þau nöldra að vísu svolítið núna þegar málið er komið út úr þingi, yfir háum vöxtum og óraunhæfu gengi. En þegar á þurfti að halda, þegar tekist var á um þá ákvörðun hvort fórna ætti öræfunum fyrir Alcoa þá var ályktað kvölds og morgna. Allt var sagt vera í himnalagi löngu áður en raforkusamningar voru í sjónmáli og nokkrar efnahagslegar forsendur til að byggja á. Á fundi í efh.- og viðskn. Alþingis var haft á orði að gamla, góða Vinnuveitendasambandið, eins og það var kallað, mundi samþykkja samyrkjubú ef flokkurinn aðeins krefðist þess.

Þá aftur að forsætisráðherranum. Hann og flokkur hans skyldu tala varlega þegar kemur að því að gefa öðrum einkunn fyrir frammistöðu í efnahgsmálum því staðreyndin er sú að á undanförnum árum hefur verið uppsveifla í efnahagsmálum á Vesturlöndum og hefur hún skilað sér inn í

samfélög í þessum heimshluta í auknum kaupmætti þjóðanna. Það hefur síðan verið komið undir stjórnvöldum í hverju landi fyrir sig hvernig til hefur tekist um skiptin og þar hefur nú íhaldinu heldur betur förlast verkstjórnin. Stór göt hafa verið rifin í félagslega öryggisnetið. Biðlistar eftir húsnæði hafa aldrei verið lengri. Tilkostnaður einstaklinga við heilbrigðisþjónustu hefur stóraukist og kjaraþróun aldraðra, öryrkja og láglaunafólks er ekki í nokkru samræmi við hátekjustéttirnar sem Sjálfstfl. hefur nostrað við. Við skulum ekki gleyma því að þetta er sama ríkisstjórnin og fannst of mikið í lagt til að bæta kjör öryrkja. Við munum öll eftir öryrkjadómnum.

Sjálfstfl. hefur gerbreytt íslensku þjóðfélagi í grundvallaratriðum. Um daginn talaði ég um braskvæðingu í þessu samhengi. Fjármálaráðherrann Geir Haarde reiddist þessu mjög fyrir hönd síns flokks og sagði þetta vera steinaldarviðhorf. En við fjármálaráðherrann vil ég segja: Íslendingar vita nákvæmlega hvað orðið „brask" þýðir. Ég þarf ekki einu sinni að nefna dæmin um bónusgreiðslur sem eru hærri en ævitekjur verkamanns og skattaskjólin sem fjármálafyrirtækin hafa búið milljarðamæringunum.

Ég held að sjálfstæðismenn sjálfir geri sér grein fyrir því að gagnrýni okkar snýr ekki að eðlilegum viðskiptum í þjóðfélaginu heldur inn á hvaða braut viðskiptalífið er komið. Er niðurstaðan ekki sú að bylting hinnar hráróttæku frjálshyggju, sem hefur rifið niður allar girðingar og múra, er farin að éta börnin sín?

Þetta er líka skýringin á því að okkar sjónarmið fá nú góðan hljómgrunn þar sem áhersla er á blandað hagkerfi þar sem atvinnulíf og almannaþjónusta byggir hvort annað upp. En hvað er það nákvæmlega sem við viljum? Það er alveg skýrt. Við segjum: Það á að vera hlutverk ríkisins að byggja upp velferðarþjónustu, skóla og rannsóknir, sjúkrahús, samgöngur, almannatryggingar, löggæslu, þjónustu við fatlaða, gott húsnæðiskerfi, að tryggja réttlæti og velferð í þjóðfélaginu. Það er einnig okkar, með örvandi almennum aðgerðum, að virkja það frumkvæði sem býr í atvinnulífinu sjálfu, þann sköpunarkraft sem þar er fyrir hendi og hefur að meðaltali fært okkur helmingi fleiri störf á hverju einasta ári frá 1970 en milljarðafjárfesting ríkisstjórnarinnar nú í stóriðju.

Staðreyndin er nefnilega sú að ríkisstjórn hægri manna hefur snúið öllu á hvolf, ráðist gegn grunnþjónustunni, dregið úr henni og einkavætt og lagt niður fjárfestingarsjóði atvinnulífsins, en hins vegar hafið stórfellda bein ríkisafskipti af atvinnurekstri á kostnað almannasjóða.

En hvað um Samfylkinguna? Það er einmitt á þessum punkti sem mig langar til að þakka henni. Ég vil færa Samfylkingunni sérstakar þakkir fyrir að birta ræðu ráðherraefnis flokksins frá Borgarnesi. Þar sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir að hún aðhylltist sömu stefnu og Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands. Hann hefði í raun stolið „blairismanum" frá henni og pólitískum samferðamönnum. Fyrir þjóðina er nauðsynlegt að vita þetta því að undir merkjum „blairisma" hefur velferðarþjónustan breska verið einkavædd sem aldrei fyrr, enda fer kurrinn vaxandi út í bresku hægri kratana og það er ekki bara út af Írak.

Nú spyr ég þá sem vilja tveggja flokka kerfi á Íslandi: Er það þetta sem menn vilja? Eða vilja menn ríkisstjórn með vinstri áherslum, velferðarstjórn sem rís undir því sæmdarheiti? Slík stjórn verður ekki mynduð án Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs. En slíkrar stjórnar bíður spennandi uppbyggingarstarf, að framkvæma hugmyndir okkar um nýtt húsnæðiskerfi. Við erum með tillögur um kjarabætur fyrir barnafólk, samfélagslaun fyrir öryrkja, réttlátt skattkerfi, gerbreytt fiskveiðikerfi, stuðning við lítil og meðalstór fyrirtæki, ríkar áherslur í jafnréttismálum, umhverfismálum og náttúruvernd.

Sérhver kjósandi þarf nú að spyrja: Hverjum treysti ég best til að halda uppi merki jafnaðar, sóknar í lífskjaramálum almennings, launafólks, öryrkja og aldraðra? Hverjum treysti ég til að halda uppi baráttu fyrir umhverfisvernd og réttlæti á alþjóðavettvangi? Hverjir eru líklegastir til að berjast fyrir því að Ísland hafi sjálfstæða utanríkisstefnu í stað þess að fylgja NATO og Bandaríkjastjórn eins og nú er gert gagnvart Írak?

Góðir Íslendingar. Það skiptir máli hvernig Vinstri hreyfingunni – grænu framboði reiðir af í alþingiskosningunum í maí. Ég heiti því að við munum gera okkar besta á komandi kjörtímabili. En til þess þurfum við nú ykkar stuðning. — Góðar stundir.

[20:25]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Það er við hæfi í lok þings að rifja upp störf okkar og rifja upp þann árangur sem við Íslendingar höfum náð á síðustu árum og jafnvel á síðasta áratug.

Við erum sammála um margt á Alþingi, en við erum líka ósammála um margt, og við erum ósammála um margt í okkar þjóðfélagi. Við erum t.d. ósammála um það hér inni hvort það hefði átt að ráðast í Austurlandsvirkjun og álver á Austurlandi. Það hefur komið skýrt fram hér í kvöld. Það er alveg ljóst að slík framkvæmd styrkir grundvöll þjóðfélagsins og fyrir þessari framkvæmd hefur ríkisstjórnin barist þrátt fyrir andstöðu í þjóðfélaginu og andstöðu á Alþingi. Var það rétt eða var það rangt? Ég held að tíminn muni leiða í ljós að það var rétt.

Við höfum líka barist fyrir því að finna lausn á raforkumálum vegna stækkunar álvers á Grundartanga og það hefur alltaf legið ljóst fyrir að sú lausn fælist í því að miðlunarlón kæmi við Norðlingaöldu. Margir héldu því fram að það ætti ekki að reyna og að því ætti ekki að vinna. Ríkisstjórnin taldi að svo bæri að gera. Var það rétt eða var það rangt? Ætli það séu ekki margir sem segja í dag að það hafi verið rétt að finna þá lausn sem þar var komist að og leggja þar með frekari grundvöll undir þjóðarbú okkar? Ég held að um það geti flestir verið sammála.

Hart var deilt um það hér á Alþingi hvort við Íslendingar ættum að sækjast eftir því á alþjóðavettvangi að fá sérstaka undanþágu eða að tekið yrði sérstakt tillit til íslenskra aðstæðna í sambandi við orkumál okkar eða í hinni svokölluðu Kyoto-bókun. Um það var hart deilt hér á Alþingi. Ríkisstjórnin taldi að að þessu ætti að vinna og við náðum þeirri niðurstöðu sem leggur grundvöllinn að þeim framkvæmdum sem nú er verið að fara í. Var það rétt eða var það rangt? Ég held að það sé alveg ljóst að þjóðin muni dæma það að það hafi verið rétt.

Það hefur líka verið deilt um það hér á Alþingi hvort það ætti að einkavæða fjármálamarkaðinn og það hefur verið deilt um það í þjóðfélaginu hvort ríkið ætti að sleppa hendinni af bönkunum og fjárfestingarsjóðunum og hvort þeir væru ekki betur komnir í höndum einstaklinga. Ég er alveg sannfærður um það að í næstu kosningabaráttu sem nú er hafin mun það verða almannarómur að það hafi verið rétt.

Það var líka deilt um það á Alþingi hvort lækka ætti tekjuskatt fyrirtækja og auka þar með samkeppnishæfni Íslendinga á alþjóðamörkuðum, lækka tekjuskattinn úr 30% í 18% til þess að efla atvinnulífið, gera það eftirsóknarverðara að reka fyrirtæki á Íslandi, til þess að skapa fleiri störf og til að auka umsvifin í þjóðfélaginu. Þetta hefur orðið til þess að tekjuskattur fyrirtækja gefur meira til ríkissjóðs og hefur orðið til þess að skapa fleiri störf. Var þetta rétt? Eða er rangt að gera íslenskt atvinnulíf samkeppnishæfara gagnvart erlendum mörkuðum? Ég er ekki í nokkrum vafa um að það var rétt.

En sem betur fer erum við sammála um margt hér á Alþingi. Við erum sammála um þann stöðugleika sem hefur verið í þjóðfélaginu á undanförnum átta árum. Við erum líka sammála um að það hafi verið gott að kaupmáttur hafi almennt vaxið í landinu um 33% eða meira en nokkru sinni fyrr. Við erum sammála um að tekist hefur að efla heilbrigðiskerfið. Við erum líka sammála um að tekist hefur að efla menntakerfið, auka fjölbreytni þar, símenntun, fjarmenntun o.s.frv. Við erum væntanlega líka sammála um að það hafi verið rétt að lækka skattprósentuna og það hafi verið rétt að auka barnabæturnar. Að halda því fram að skattbyrðin hafi aukist í þjóðfélaginu á sama tíma og kaupmátturinn hefur aukist um 33% er náttúrlega slík firra að það ætti ekki að þurfa að ræða það. Eða er það ógæfa Íslendinga að tekjurnar hafa vaxið svona mikið? Ætli það sé ekki einmitt þess vegna sem okkur hefur tekist að efla heilbrigðiskerfið? Ætli það sé ekki þess vegna sem okkur hefur tekist að efla menntakerfið?

En það er ekki þar með sagt, herra forseti, að allt hafi verið gert sem gera þarf, að við búum við fullkomið þjóðfélag þar sem ekkert á eftir að gera. Auðvitað þurfum við að efla velferðarkerfi okkar frekar. Auðvitað þurfum við að auka betur kaupmátt okkar og hækka tekjur þeirra lægst launuðu. Þó að við höfum hækkað bætur almannatrygginga um á þriðja milljarð kr. á síðasta kjörtímabili þá þurfum við að gera betur. En til þess að gera betur þurfum við meiri tekjur. Og það er einmitt vegna þess að okkur hefur tekist að auka tekjurnar, vegna þess að við höfum haft djörfung til að ráðast í nýja hluti, horfa til nýrra þátta, efla hér atvinnulífið, breyta til í skattamálum, breyta til á fjármálamarkaðnum að okkur hefur tekist að gera þetta. Við þurfum að halda áfram á þessari braut.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson var að vandræðast yfir því áðan hvort líkja ætti Framsóknarflokknum við klettinn í hafinu eða steinvöluna eða blaktandi stráið. Það má allt nota mín vegna. Blaktandi stráið er í þjóðsöngnum og steinvalan í íslenskri mold hentar okkur ágætlega. Það kemur því ekki að sök hvaða samlíkingu hv. þm. notar því Framsfl. er stoltur af verkum sínum á undanförnum árum og það er aðalatriðið. Og hann ætlar að halda áfram á þessari braut hafi hann til þess styrk.

En eitt er víst að það er mikilvægt að viðhalda stöðugleikanum og það er mikilvægt að lækka skattana. Ég bið hv. þingmann um að fá hagfræðinga sem hann hefur í sinni þjónustu, vegna þess að hann er hjá BSRB, til að reikna betur það sem ég lagði fram.

Það er markmið okkar að lækka tekjuskattinn áfram. Við viljum koma honum aftur niður í það sem hann var þegar við settum staðgreiðslukerfið á. Það ætti að vera mikilvægt markmið íslenskra launamanna jafnframt vegna þess að við sammæltumst um það á sínum tíma að tekjuskatturinn ætti ekki að vera hærri. Það var forsenda þess að staðgreiðslukerfið var tekið upp. Það er rétt, herra þingmaður, að það er mögulegt að gera þetta ef við höldum áfram á sömu braut. Og 15 milljarðar á næsta kjörtímabili er ekki svo mikið þegar haft er í huga að svigrúm ríkisins mun aukast miðað við hagvaxtarspár um 25–30 milljarða og svigrúm sveitarfélaganna um 5 milljarða.

Það er mikilvægt að hafa markmið í stjórnmálum og menn eiga að hafa markmið í stjórnmálum. Það hefur Framsfl. haft. Það hefur þessi ríkisstjórn haft. Ég minni á markmið okkar um 14.000 störf sem margir hér á hv. Alþingi gerðu lítið úr. Þess vegna setjum við þessi markmið okkar á næsta kjörtímabili stolt í dóm kjósenda.

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Við höfum náð miklum árangri á undanförnum árum. Okkur hefur tekist að treysta grundvöll íslensks samfélags. Við höfum sótt fram á mörgum sviðum og við höfum gert það í síbreytilegum heimi þar sem ýmsar ógnir steðja að okkur. Það er einmitt á slíkum tímum sem miklu máli skiptir að rækta góð sambönd og samstarf við önnur lönd. Okkur hefur auðnast að gera það og við eigum að halda því áfram. Við eigum að efla samstarf okkar við Evrópu. Við eigum að viðhalda og efla samstarf okkar og vináttu við Bandaríkin. Við eigum að viðhalda góðu samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins og við eigum að viðhalda nánu samstarfi við Norðurlöndin. Allt þetta skiptir máli í sókn okkar fram á veg.

Góðir Íslendingar. Sú ríkisstjórn sem Framsfl. hefur starfað í skilar góðu búi. Hún skilar traustum grundvelli til þeirra sem taka við eftir næstu kosningar. En það er ekki sama hverjir gera það. *Það skiptir máli að þar sé vel haldið á málum.* Það liggur alveg ljóst fyrir að Framsfl. er tilbúinn til þess fái hann til þess styrk og hann mun gera það á svipuðum grundvelli og hann hefur unnið í þeirri ríkisstjórn sem hann vinnur nú í. Við biðjum um traust ykkar til þess að halda áfram okkar verkum. — Góðar stundir.

[20:36]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Formaður þingflokks Samfylkingarinnar, *Bryndís Hlöðversdóttir, tönnlaðist enn og aftur á þeirri full*yrðingu Samfylkingarinnar að fylkingin væri eini flokkurinn sem lagt hefði fyrir tillögur til lausnar fiskveiðimálunum. Lögfræðingurinn Bryndís hlýtur að gera sér grein fyrir því að viðurlög eru við því að fara með vísvitandi ósannindi, þótt það sé erfiðara að ná til lögfræðingsins í þinghelginni.

Góðir hlustendur. Komið er að lokum kjörtímabils og kosningar eru í nánd. Á enda er kljáð kjörtímabil þar sem niðurlæging löggjafarsamkundunnar hefur orðið mest frá því að Alþingi var endurreist fyrir meira en hálfri annarri öld. Framkvæmdarvaldsmenn hafa vaðið yfir virðulegustu og merkilegustu stofnun þjóðarinnar með frekjufullum yfirgangi og ekkert vílað fyrir sér né heldur að grípa fram fyrir hendur á dómstólum landsins ef þeim líkaði ekki úrskurður þeirra. Þeir reistu löggjafarsamkundunni níðstöng með framferði sínu í öryrkjadómsmálinu og lítilsvirtu æðsta dómstól þjóðarinnar í leiðinni, sem að sínu leyti að vísu lagði höfuð sitt á höggstokkinn. Allir þingmenn stjórnarliðsins hafa verið barðir miskunnarlaust til hlýðni enda vita þeir af reynslu, þingmenn Sjálfstfl., hvað bíður þeirra ef þeir æmta.

Aðeins einn þingmaður flokksins hefur enn sem komið er lifað af pólitískt eftir að hafa neitað að gegna foringjanum umyrðalaust þegar þingmaðurinn sat hjá við afgreiðslu á 20 þús. millj. kr. styrkveitingunni til gjaldþrotafyrirtækisins deCODE. Foringinn hefur enn ekki þorað að senda styrk-

inn til Vatnsmýringanna enda of skammt til kosninga. En haldi ráðstjórn velli í kosningunum 10. maí mun æðsta ráð afgreiða málið 11. maí. Þeir sem styðja þá afgreiðslu hljóta að fylkja sér um þá sem þar sitja — og eru aðalmennirnir að vísu horfnir af vettvangi.

Að vísu eru þeir búnir að afgreiða 6 þús. millj. kr. til handa deCODE þegar þeir létu ríkisbankana kaupa verðlaus hlutabréf í fyrirtækinu og formaður þingflokks Framsfl. staðfesti á dögunum en aðrir lengi haft grun um. Þegar svo bankarnir sáu hvert stefndi um verðgildi bréfanna höfu þeir söluherferð á hendur viðskiptavinum sínum, sér í lagi þeim sem í vök áttu að verjast gagnvart þeim, sviku bréfin inn á þá á gengi allt að 65 dollarar hvert bréf með gyllingum um að þau mundu hækka í 100 dollara innan hálfs árs eða svo. Þeir heimtuðu nýjar tryggingar, hús aldraðra foreldra ef svo vildi verkast. Bréfin munu nú ganga á tvo dollara stykkið og stefna í núll. Meðal annarra orða, hvað skyldu hinir nýju kaupendur Landsbankans hafa gefið fyrir þau deCODE-bréf sem enn voru í eigu bankans þegar þau kaup fóru fram? Það skiptir ekki máli hvað hinir svokölluðu kaupendur Búnaðarbankans keyptu þau bréf á því að þeir ætla sér ekki að greiða fyrir þau né annað fylgifé bankans, enda skortir þá fjármuni til, og ætla formanni Framsfl. að sjá um þau skuldaskil, sem og verður, ef sá flokkur situr áfram við kjötkatlana eftir kosningar. Ný stjórn mundi vafalaust rifta framsóknarsamningnum um sölu Búnaðarbankans ef tök verða á.

Enn má spyrja: Hvað gáfu Samsonarmenn fyrir 800 millj. kr. skuld sem framsóknarforkólfarnir létu Landsbankann stofna til við Jón nokkurn Ólafsson til að kaupa fyrir brasklóðir í Garðabæ? Þó væri enn forvitnilegra að fá upplýsingar um við hvaða verði þeir keyptu 2 milljarða kr. vanskilaskuldir Norðurljósa sem sömu forustumenn Framsóknar sáu um að Landsbankinn yfirtók eftir að þeir, ásamt aðalritara, höfðu hreinsað til í bankanum, eins og fyrrum formaður Framsóknar orðaði það af landskunnum frómleik sínum. Reikningarnir verða fyrir þessi fjármálaumsvif sendir skattborgurum þessarar þjóðar þegar þar að kemur ásamt með deCODE-fúlgunni.

Það eru trylltir, blátt áfram trylltir fjárglæframenn sem mestu ráða í íslensku fjármálakerfi. Þeir valsa með fjármuni þjóðarinnar sem sína eigin eign. Þeir sem vilja viðhalda því kerfi hljóta að fylkja sér um höfðingjana sem þarna sitja eða eiga að sitja raunar. Þeir hafa komið á því kerfi með því að mylja lungann úr auðæfum þjóðarinnar undir fáa útvalda. Yfir krásum á bolludaginn tala þeir svo hógværlega um að fjölmiðlajöfrarnir sýni fullmikla græðgi, sér í lagi þeir sem sýni ekki nóga auðsveipni við æðsta ráð. Á gamlársdag messa þeir svo um að stjórnmálamenn eigi að segja satt þar sem annað gæti leitt til ógæfu þjóðarinnar, hafa svo sjálfir heilræðin að engu aðra daga ársins.

Á Íslandi hefur gæðunum aldrei verið svo misskipt sem nú. Aldrei hefur óréttlæti og yfirgangi verið beitt sem nú um stundir. Í landinu búa tvær þjóðir, allur fjöldinn annars vegar og svo hinir fáu moldríku sem stjórnvöld bera á höndum sér og gagnkvæmt. Þeir sem vilja styðja og efla þá þróun mála kjósa áfram frumkvöðlana að þeirri skiptingu sem nú sitja að völdum.

Íslendingar þurfa að snúa við blaðinu í komandi kosningum og leysa sitjandi ráðstjórn frá völdum, endurreisa Alþingi til þess vegs og virðingar á nýjan leik, efla samhug og samheldni en eyða úlfúð og óvild sem vex og dafnar í þjóðfélagi misréttis og ójafnaðar, skila aftur þjóðinni frelsi til orða og athafna og leysa hana undan einokun, einokun þeirra sem hafa fengið afhenta gefins aðalauðlind þjóðarinnar, sjávarauðlindina. Íslensk þjóð þarf þegar í stað að kjósa til valda landstjórn sem gerir djarft átak í atvinnumálum með sérstakri eflingu smærri og meðalstórra fyrirtækja, átak í vaxtamálum, gengismálum, húsnæðismálum og tröllaukið átak í heilbrigðismálum. Eitt brýnasta verkefnið er að útrýma atvinnuleysi.

Íslendingar eiga góðra kosta völ ef þegnar landsins allir fá að njóta réttlætis og frelsis til orða og æðis. Við þurfum að setja okkur nýjar leikreglur þar sem fólk situr við sama borð en misnotkun peningavalds sem nú tröllríður þjóðfélaginu er úthýst. Okkur ber að útrýma fátækt en ekki að neita tilvist þess skelfilega fyrirbæris. Einni meðal ríkustu þjóða heims ber skylda til að rétta hlut þeirra sem nú eru hjálparþurfi, öryrkja, aldraðra og sjúkra. Við þurfum skilyrðislaust að stórlækka vexti og létta vaxtaokri og verðtryggingum af lánum ungs fólks sem er að hefja lífsbaráttuna og að fullnægja þeirri frumþörf sinni að byggja þak yfir höfuð sér og sínum.

Það þarf að létta undir með barnafólki og gefa öllum færi á sem bestri, mestri og fjölbreyttastri menntun og símenntun. Sjálfstfl. býður fram í kosningum ungt nýfrjálshyggjufólk sem vill stórhækka skólagjöld við Háskóla Íslands og aðrar ríkisreknar æðri menntastofnanir og víkja með þeim hætti til hliðar jafnrétti fólks til náms.

Ungir sjálfstæðismenn hafa einnig gert um það samþykktir opinberlega að selja beri sjúku fólki húsnæði, fæði og lyf sem þarf að gista sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir. Foringinn sem þarna ætti að sitja á fremsta bekk mun hvetja kjósendur heils hugar að kjósa slíka hugsjónamenn á þing svo sanngirni þeirra fái notið sín við stjórn samfélagsins.

Þeim sem hér stendur verður á stundum hugsað til þess hvernig fyrrum foringjar Sjálfstfl. hefðu orðið til augnanna ef slíkur málatilbúnaður hefði verið lagður fyrir þá.

Ein hrapallegustu afglöp sem foringjum stjórnarflokkanna hefur orðið á var þegar þeir í Prag buðu Bush stríðsmanni að taka þátt í hernaðaraðgerðum hans. Þó ekki væri fyrir annað ber þjóðinni að kjósa frá slíka menn.

[20:48]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Í upphafi máls míns vil ég gera grein fyrir tilurð þess nýja stjórnmálaafls sem ég tala hér fyrir. Upphafið má rekja til þeirrar aðfarar sem að mér var gerð innan uppstillingarnefndar Sjálfstfl. í Suðurkjördæmi og á ekki sinn líka í íslenskri pólitík fyrr eða síðar. Fólk víða að úr kjördæminu hefur mjög hvatt mig til sérframboðs vegna þessara atburða og ég hef ákveðið að verða við þeim óskum. Ég og stuðningsmenn mínir höfum því ákveðið að efna til sérframboðs í Suðurkjördæmi fyrir kosningarnar í vor. Það framboð heitir Framboð óháðra í Suðurkjördæmi.

Þetta nýja framboð mun eðli máls samkvæmt hafa sérstakan áhuga á að styrkja lýðræðið innan hins íslenska flokkakerfis og í þjóðfélaginu almennt. Framboð óháðra hefur mótað stefnu í flestum málaflokkum og mun birta hana á næstunni. Í þessari ræðu mun ég geta nokkurra atriða en önnur koma fram síðar.

Um kvótakerfið ríkir enn mikið ósætti meðal þjóðarinnar. Ég hvatti til þess á eldhúsdegi fyrir sex árum að leitað yrði eftir sátt um fiskveiðistjórnarkerfið. Upp úr því var skipuð nefnd mætra manna sem komust að þeirri niðurstöðu að sáttin fælist í auðlindagjaldi á útgerðina. Ekki verður séð að þessi sátt hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt.

Kvótakerfið hefur ýmsa kosti. Ef svo væri ekki væri það fyrir löngu aflagt. Gallar þess hafa þó komið í ljós í vaxandi mæli eftir því sem samþjöppun aflaheimildanna hefur aukist. Byggðir landsins hafa látið undan síga og afrakstur-inn af þessari starfsemi fer í vaxandi mæli á fárra manna hendur. Nú vill stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins lyfta kvótaþakinu úr 12% í 20%. Þar með er komin upp sú staða að fimm útgerðarfyrirtæki gætu eignast allan kvóta lands-manna. Það er rétt hægt að ímynda sér hver yrðu völd og áhrif þeirra fimm fyrirtækja sem ættu kvótann. Alþingi á að finna leiðir til sátta en ekki ýta undir frekari sundrungu sem er gert með því að gefa í skyn að það komi til greina að lyfta kvótaþakinu eins og formaður sjútvn. Alþingis hefur sagt. Ég tel, nær að segja afdráttarlaust, að þetta verði aldrei. Það er frekar orðið tímabært að létta kvóta af ýmsum tegundum til að ná meiri sátt meðal þjóðarinnar. Leið til þess er að gefa frjálsar veiðar á keilu, löngu og skötusel og jafnvel fleiri tegundum. Markmiðið með því er að stefna að meiri sátt um kvótakerfið en nú er. Til þess eru margar leiðir án þess að kollvarpa þjóðfélaginu.

Okkar ágæta samfélag hefur að mörgu leyti þróast til betri vegar síðustu árin og velmegun aukist umfram það sem gerst hefur víða annars staðar í heiminum. Það er ekki tilviljun að efnahagsleg velsæld ríkir hér á landi. Aukið frjálsræði í fjármálalífinu ásamt einkavæðingu hefur skilað sínu og stöðugleikinn haldist. Það er þó blettur á samfélagi okkar að hér er hópur fólks sem líður skort vegna fátæktar. Þetta fólk þarf að aðstoða svo viðunandi sé ef það getur ekki stundað venjulega launavinnu. Það er ekki ölmusa í mínum huga að rétta fólki hjálparhönd, heldur samfélagsleg skylda að aðstoða öryrkja, aldraða, atvinnulausa eða sjúka. Bætur til þessara hópa eru of lágar í allt of mörgum tilfellum.

Ég tek undir það með ASÍ að atvinnuleysisbætur ættu að hækka í 93 þús. kr. á mánuði. Ég tel einnig að skatt-leysismörkin eigi að hækka. Hækkun þeirra gagnast þessum hópum sérstaklega vel, og launa- og lágtekjufólki almennt.

Ríkisvaldið hefur staðið í deilum við bændur og aðra jarð-eigendur um eignarrétt á landi, þ.e. hvort tiltekið land tilheyri bóndanum eða teljist sameign þjóðarinnar, verði svonefnd *þjóðlenda. Þjóðlendumálið er á góðri leið með að verða eitt* þeirra mála sem framkvæmdarvaldið virðist hafa misst tökin á. Hæstv. fjmrh. fékk heimild í 10. gr. laga um þjóðlendur til að skipa sérstaka kröfunefnd til að lýsa kröfum í þjóðlendur. Í stuttu máli virðist þessi nefnd ráðherrans fara mjög offari.

Nefndin hefur krafist þess að þinglýst eignalönd manna verði þjóðlendur og svo langt er gengið að lönd sem ríkið setti sjálft upp í landskipti við bændur á síðustu öld eru nú undir kröfu um þjóðlendur. Þessi ótrúlega kröfugerð sem er ekki í neinu samræmi við það sem Alþingi taldi sig vera að gera setur allt þetta mál í mikið uppnám.

Ég hef lagt fram till. til þál. þar sem fjmrh. er falið að draga til baka allar kröfur sínar þar sem þinglýstur eignarrétt-ur manna er ekki virtur. Framboð óháðra í Suðurkjördæmi lýsir yfir eindregnum stuðningi við bændur og aðra jarðeig-endur í þessu máli og mun berjst hart fyrir því að eignarréttur manna verði virtur.

Bændur eiga undir högg að sækja á fleiri sviðum. Vandi kjötframleiðenda er mikill í dag og ljóst að grípa verður til aðgerða til að mæta honum. Það er hlutverk landbrh. að skoða leiðir til þess að leysa þá offramleiðslu á kjöti sem nú er að koma gamalgrónum kjötframleiðendum á hausinn. Ráðuneyti landbúnaðar hefur skyldur og mannafla til að fylgjast með og gera tillögur en ekki liggja undir feldi. Hraði snigilsins er ekki heppilegur núna.

Ferðaþjónustan er vaxandi og mikilvæg atvinnugrein í landinu og ber að auka samkeppnishæfni hennar. Flest fyr-irtæki í greininni eru ný og í uppbyggingu. Framboð óháðra telur fráleitt að auka álögur á þessa atvinnugrein með sérstöku gistináttagjaldi. Lækkun flugvallarskatta á Keflavíkurflug-velli er leið til að fjölga lendingum flugvéla og auka straum ferðamanna til landsins. Það getur ekki verið eðlilegt að heildargjaldtaka af farþegum á Keflavíkurflugvelli sé 76% hærri en í París. Við markaðssetjum Ísland sem ferðamanna-land en okkur vantar fleiri ferðamenn. Til að ná betri árangri er nauðsynlegt að vera samkeppnishæf í kostnaði. Þess eru dæmi að flugfélag hafi hætt flugi hingað vegna kostnaðar.

Margvísleg málefni kalla á úrlausn í Suðurkjördæmi, m.a. í heilbrigðisþjónustunni. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja er í miklum vanda þar sem deila lækna og ráðuneytis hefur stað-ið í á fimmta mánuð. Það verður að segjast eins og er að slíkur seinagangur er hreint ótrúlegur. Ég hef oftar en einu sinni tekið þetta mál hér upp en ekkert virðist gerast. Það er ekki boðlegt að stjórnvöld haldi þessari deilu til streitu og óafsakanlegt gagnvart fólkinu á Suðurnesjum.

Atvinnuleysið er einnig viðvarandi á sumum svæðum kjördæmisins. Því miður hefur ráðherra byggðamála ákveð-ið að taka fjármuni frá eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni til að opna Nýsköpunarstofu á Akureyri. Þegar atvinnuleysi var hvað mest á Suðurnesjum í upphafi tíunda áratugarins var eignarhaldsfélag Suðurnesja stofnað. Með tilkomu þess opnaðist leið fyrir fyrirtæki í nýsköpun og uppbyggingu til að fjármagna sig og hafa mörg fyrirtæki notið þess. Hvorki ráðherra byggðamála né ríkisstjórnin hafa svarað því hvernig atvinnuleysinu verði mætt. Ég tel leið að því marki að lækka flugvallarskatta og styrkja eignarhaldsfélögin. Einnig má setja af stað sérstök verkefni sem kalla á mannafla, verkefni í menningartengdri ferðaþjónustu og nýsköpun.

Varnarsamningurinn við Bandaríkin er nú til endurskoð-unar. Þar er mikið í húfi en hjá varnarliðinu vinnur mikill fjöldi manna og kvenna. Við endurskoðun samningsins er nauðsynlegt að tryggja stöðu íslenskra starfsmanna varnar-liðsins. Mjög brýnt er að hæstv. utanrrh. upplýsi hvernig endurskoðun varnarsamningsins gengur.

Vegakerfi Suðurkjördæmis er víðfeðmt og mörg verk þar að vinna. Tvöföldun Reykjanesbrautar þarf að hraða, Suðurstrandarvegur er mjög þarft verkefni, Hellisheiði þarf að breikka og lýsa og Gjábakkavegur er mjög nauðsyn-leg tenging fyrir uppsveitir Árnessýslu. Ósabotnavegur milli Sandgerðis og Hafna er góð ferðamannatenging.

Fækkun einbreiðra brúa verður að hraða en slíkar brýr eru 40 talsins í kjördæminu, flestar í Skaftafellssýslum. Herjólf-ur er í dag þjóðvegur milli lands og Eyja og þarf gjaldtakan í Herjólf því að vera í samræmi við það. Það er ekki auðvelt að finna sanngjarna lausn í málum sem þessum. Útgerð Herjólfs er dýr og fjármagn ekki ótakmarkað. Það er samt flestum ljóst að samfélagið í Eyjum á í vök að verjast og mjög brýnt að bregðast við miklum vanda þar. Góðar og ódýrar samgöngur eru lykillinn að sterku samfélagi. Þær vantar í Vestmannaeyjum í dag.

Góðir Íslendingar. Framboð óháðra í Suðurkjördæmi er rétt að komast á legg. Við sem að því stöndum erum bjartsýn og ánægð með fyrstu skrefin. Ungt fólk og nýjar áherslur í menntamálum verða okkur ofarlega í huga. Við hlökkum til að vinna með ykkur, kæru landsmenn. — Góðar stundir.

[20:58]

Einar Már Sigurðarson:

Góðir Íslendingar. Nú stendur yfir afar vel heppnuð fundaferð formanns og forsætisráðherraefnis Samfylkingarinnar um allt land. Það er vert að árétta að þessi fundaferð, sem er hin fyrsta sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir tekur þátt í, hófst ekki í höfuðborginni heldur á landsbyggðinni. Það er táknrænt um tvennt. Það undirstrikar að Samfylkingin er landsflokkur sem sinnir landsbyggðinni ekki síður en höfuðborginni. Það undirstrikar einnig að þó að Ingibjörg Sólrún sé í framboði í Reykjavík er hún forsætisráðherraefni allra landsmanna. Allir sem kjósa Samfylkinguna, hvar sem er á landinu, eru að styðja hana.

Það er ekki síður táknrænt að sama daginn og Össur Skarphéðinsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hófu fundaferð sína um landið birtist það sem kalla má skuldaskil ríkisstjórnarinnar við landsbyggðina. Skuldaskilin birtust með lítt áberandi hætti á vefriti fjmrn. Þar birtist yfirlit yfir íbúaþróunina sl. tíu ár. Þar kemur fram að í hverri einustu viku, hvern einasta mánuð, hvert einasta ár, allan síðasta áratug fluttu af landsbyggðinni á suðvesturhornið hvorki meira né minna en sex fjögurra manna fjölskyldur. Á þessum áratug fjölgaði Íslendingum um 10% en á sama tíma fækkaði Vestfirðingum um 18%, íbúum á Norðurlandi vestra um 11%, og íbúum í mínu kjördæmi, Austurlandi, fækkaði um 10%. Í þessu felast skuldaskil ríkisstjórnarinnar við landsbyggðina.

Enginn flokkur hefur lagt fram jafnítarlega útfærða byggðastefnu og Samfylkingin hefur gert. Við höfum reynt að skilgreina orsakir byggðaþróunarinnar og setja fram svör. Í stuttri ræðu er aðeins hægt að taka nokkur dæmi um þætti sem augljóslega hafa haft áhrif á þessa þróun. Dæmin eru t.d. hátt vöruverð, mikill námskostnaður og einhæft atvinnulíf.

Kristján Möller, þingmaður Samfylkingarinnar á Norðurlandi, gerði sína eigin verðkönnun og komst m.a. að því að verð á einstökum vörutegundum gat verið 108% hærra á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Ástæðan fyrir háu vöruverði á landsbyggðinni er ekki síst mjög há opinber gjöld. Þar eiga þungaskatturinn og eðli virðisaukaskattsins mikla sök. Í tíð þessarar ríkisstjórnar hafa breytingar á þungaskattinum leitt til þess að hann hefur hækkað verulega sé horft til þeirra byggða sem fjærst liggja frá Reykjavík. Þessu ætlar Samfylkingin að breyta. Samfylkingin ætlar að beita sér fyrir lækkun þungaskattsins, m.a. með því að skoða þrepaskiptingu hans þannig að skatturinn verði minni þegar fjær dregur frá Reykjavík.

Kostnaður foreldra við að koma börnum sínum í framhaldsskóla utan heimabyggðar er gríðarlega mikill. Hann getur hlaupið á 400–500 þús. kr. á ári. Samfylkingin vill gera tvennt til að vinna gegn þessu. Í fyrsta lagi viljum við beita tækninni til að auka fjarnám í þeim tilgangi að nemendur geti stundað framhaldsnám lengur í heimabyggð sinni. Í öðru lagi viljum við jafna aðstöðumun þeirra sem búa þar sem framhaldsskóli er og hinna með því að hækka jöfnunarstyrkinn. Hann er í dag um 160 þús. kr. en miðað við aukakostnaðinn þarf að tvöfalda þá upphæð. Það vill Samfylkingin, enda menntakerfið mikilvægt jöfnunartæki nútímans.

Samfylkingin hefur stutt allar aðgerðir sem miða að því að styrkja atvinnulíf á landsbyggðinni og gera það fjölbreyttara. Hátæknivædd stóriðja í sátt við náttúru, fjarvinnsla og tímabundnar skattaívilnanir til að styrkja sprotafyrirtæki eru meðal stefnumála Samfylkingarinnar.

Góðir Íslendingar. Ríkisstjórnin gumar af því að hafa lækkað skatta. Það er rétt. Hún hefur lækkað skatta á fyrirtæki, stóreignamenn og hátekjufólk. En fólkið í landinu, hinn venjulegi Íslendingur hefur ekki fundið fyrir miklum skattalækkunum. Þvert á móti. Barnafjölskyldur, millitekjufólkið og lágtekjufjölskyldurnar hafa ekki notið þeirra skattalækkana sem fyrirtækin og hátekjufólkið hafa fengið. Það er hægt að færa rök fyrir því að skattgreiðslur þeirra sem hafa minnst á milli handanna hafi aukist í tíð núverandi ríkisstjórnar.

Þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp var það yfirlýst ætlan stjórnvalda að persónuafsláttur inn mundi hækka í takt við launaþróun. Það hefur ekki gerst. Í tíð ríkisstjórnarinnar hefur persónuafslátturinn setið eftir. Það þýðir í reynd að skattar lágtekjufólks hafa hækkað. Í dag er persónuafsláttur inn um 320 þús. kr. á ári en ef hann hefði fylgt verðlagi ætti hann að vera um 400 þús. kr. Munurinn er um 80 þús. kr. á ári. Það þýðir í raun að hver einasti láglaunamaður, hvert einasta einstæða foreldri og hver einasti sauðfjárbóndi fær í dag um 7.000 kr. minna í launaumslagið í hverjum mánuði vegna þess að persónuafslátturinn hefur í reynd verið skertur sem þessu nemur. Þetta er ástæðan fyrir því að þeir sem jafnvel lifa á strípuðum bótum greiða í dag skatt af upphæðum sem varla duga til að lifa af. Er þetta réttlæti? Nei, þetta er ranglæti sem Samfylkingin ætlar að uppræta. Þetta er ástæðan fyrir því að þeir sem lifa á bótum og áður voru skattfrjálsir greiða nú sem svarar einum milljarði á ári í skatta. Það er ranglæti sem Samfylkingin ætlar að uppræta.

Ljóst er, góðir Íslendingar, að jöfnun lífskjara, ekki síst kjarabætur til þeirra hópa sem Samfylkingin ber fyrir brjósti, verður algert forgangsmál þegar Samfylkingin sest í ríkisstjórn. — Góðar stundir.

[21:04]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. „Frelsið er yndislegt, ég geri það sem ég vil," syngur hljómsveitin Ný-dönsk. Já, frelsið er yndislegt en það er vandmeðfarið. Því fylgir ábyrgð sem á að vera augljós þeim mönnum sem njóta þess sem frelsið býður upp á. Frelsinu fylgja tækifæri en ekki síður lagaleg og samfélagsleg ábyrgð.

Tækifærum einstaklinga, fjölskyldna og fyrirtækja hefur fjölgað svo um munar á liðnum áratug. En það hefur ekki gerst sjálfkrafa og ekki alltaf átakalaust. Þótt stefnan að opnu, lýðræðislegu þjóðfélagi þar sem ekki eru lögð óþarfa höft á einstaklingana og fyrirtækin, hafi verið öllum sæmilega þenkjandi mönnum augljós hafa alltaf verið til úrtölumenn eða tækifærissinnar sem hafa fundið þessum breytingum á samfélaginu allt til foráttu. Hið sérkennilega er að ekki virðist alltaf hafa verið vilji til að stuðla að þessum sjálfsögðu, lýðræðislegu og efnahagslegu breytingum þótt í dag vilji allir Lilju kveðið hafa.

Óhætt er að taka undir með mörgum forsvarsmönnum íslenskra fyrirtækja sem hafa tjáð sig með afgerandi hætti um íslenskt efnahags- og atvinnulíf. Þeir hafa sagt að þær breytingar sem gerðar hafa verið á undanförnum missirum á skatta- og efnahagsmálum séu forsendur þess að íslenskt efnahagslíf eflist nú stöðugt og útrás fyrirtækja er jafnmikil og raun ber vitni. Þetta hefur leitt til þess að öryggi og hagur fjölskyldna hefur aukist. Fólkið og fyrirtækin eiga samleið en eru ekki andstæður eins og vinstri flokkarnir hafa til langs tíma haldið fram, ekki síst með verkum sínum.

Það er greinilegt að tækifærum fyrirtækja hefur fjölgað og er ánægjulegt að fylgjast með að einstaklingar líta einnig

svo á. Í gær var kynnt í Háskólanum í Reykjavík alþjóðleg rannsókn sem sýnir að hér á Íslandi er frumkvöðlastarf mest innan Evrópu. Þetta er engin tilviljun því að lög og reglur hér hafa verið mótuð með það að markmiði að vera hvetjandi en ekki letjandi fyrir fólk til að nýta þau tækifæri sem við þeim blasa.

Þeir forustumenn íslenskra stjórnmála sem hafa leitt okkur í gegnum þetta mikla hagsældarskeið á undanförnum árum hafa ekki gert það þrautalaust. Erfiðar ákvarðanir hafa verið teknar og við þær hefur verið staðið. Við hér vitum að meðbyrinn er átakalaus en í mótbyr reynir virkilega á þann sem í stafninum stendur og þá er gott að vita að sá hinn sami er ekki eins og vindhani sem snýst í logni.

Það má fullyrða að það frelsi sem við hér á Alþingi höfum stuðlað að á liðnum árum hafi almennt verið vel nýtt af einstaklingum og fyrirtækjum. Það kann vel að vera að einhverjir hafi farið út af þeirri braut sem mörkuð hefur verið, þrátt fyrir skýrar leikreglur um samkeppni, fjármálaeftirlit og fjármálastarfsemi o.fl. Slíkt er ólíðandi því að misnotkun á frelsinu er misnotkun á trúnaði og trausti samfélagsins. En þegar upp er staðið hafa fyrirtækin að öllu jöfnu staðið við þær skyldur sem þetta sama samfélag hefur gert kröfu um.

Herra forseti. Hvað réttindi einstkalinganna gagnvart hinu opinbera áhrærir þá hafa þau verið styrkt með afgerandi hætti á undanförnum árum. Um leið hefur lýðræðið eflst og réttaröryggi okkar allra aukist. Vald og réttindi hafa því markvisst verið færð til fólksins. En þessi þróun hefur heldur ekki gengið þrautalaust fyrir sig.

Þegar umboðsmaður Alþingis tók til starfa árið 1987 benti hann ítrekað á að rétti einstaklinga, fólksins í landinu, gagnvart ríkisvaldinu væri ábótavant. Þrátt fyrir þessar ítrekuðu ábendingar umboðsmanns gerði síðasta vinstri stjórn ekkert, akkúrat ekkert til að verða við þessum sjálfsögðu skilaboðum, skilaboðum sem skýrlega hefðu leitt til aukins réttaröryggis borgaranna. Ó nei, þegar vinstri menn höfðu tækifæri til að auka lýðræði og efla réttindi fólksins í landinu var lítið um gjörðir, margt í orði, ekkert á borði — bara allt í plati.

Eitt af fyrstu verkum ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar árið 1991 var að skipa nefnd sérfræðinga til að vinna að því markmiði að tryggja réttaröryggi einstaklinganna gagnvart ákvörðun stjórnvalda. Niðurstaða þeirrar nefndar varð síðan að þeim lögum sem við þekkjum betur sem stjórnsýslulög, lög sem í dag eru sjálfsagður hluti hins íslenska veruleika. Hið sama gildir um upplýsingalög sem samþykkt voru fyrir nokkrum árum en þau eru ein helsta forsenda þess að hægt er að tala um lýðræðislega stjórnarhætti.

Síðan þá hefur margt gerst innan stjórnsýslunnar og úttektir verið gerðar á ýmsum sviðum. Erlendar stofnanir segja að hvergi finnist minni spilling og að stjórnkerfið sé skilvirkt og gegnsætt. Allt þetta hefur leitt til þess að almenningur er meðvitaðri um rétt sinn en slíkt einkennir að sjálfsögðu virk lýðræðissamfélög.

Góðir Íslendingar. Okkur hefur fleygt hraðbyri áfram og jákvæð þróun hefur átt sér stað á flestum sviðum samfélagsins á liðnum árum. Þar eru lýðréttindi engin undantekning. Til að slík þróun eigi sér stað þarf hugsjónir, heiðarleika og markvissa stefnu sem breytist ekki frá degi til dags eftir því hvernig vindar í skoðanakönnunum blása. Til að gera þetta góða samfélag enn betra fyrir börnin okkar þurfa þeir sem standa í stafni að vera trúir sjálfum sér og stefnu sinni sem öllum er kunn og öllum er augljós.

Að sigla röstina er ekki auðvelt. Til þess þarf styrkan skipstjóra og góða áhöfn. Við í Sjálfstfl. höfum sýnt að við höfum yfir slíkri áhöfn að ráða. Við höfum staðið frammi fyrir miklum og góðum breytingum og lagt grunn að því lýðræðissamfélagi sem við búum í. Þetta samfélag er ekki fullkomið en sá sterki grunnur sem við höfum byggt upp er kjölfesta fyrir okkur til að gera enn betur fyrir framtíðina.

Já, herra forseti, frelsið er yndislegt en við skulum fara vel með það og hafa hugfast að heiðarleiki, trúnaður og traust eru helstu stoðir frelsisins og okkar ágæta þjóðfélags. — Góðar stundir.

[21:13]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Góðir landsmenn. Það líður að lokum þessa kjörtímabils. Nokkrir dagar eru eftir af þinghaldinu og kosningar í nánd eins og þegar má merkja í fjölmiðlum og í þjóðfélaginu. Þetta hefur um margt verið viðburðaríkt þing og fyrir talsmenn umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar hefur kjörtímabilið nánast verið ein samfelld varnarbarátta. Fyrst voru Eyjabakkarnir undir, nú Kárahnjúkasvæðið og Þjórsárver.

Barátta náttúruverndarfólks hefur borið árangur. Það má ekki gleymast að sigrar hafa unnist þó að vonbrigðin hafi stundum verið mikil. Sú barátta mun halda áfram þar til náttúran fær að njóta vafans. Því er nauðsynlegt að mynda ríkisstjórn sem leggur stóriðjustefnuna til hliðar, ríkisstjórn sem byggir á fjölbreyttu atvinnulífi og nýsköpun í stað þess að einblína á þungaiðnað, sem núverandi stjórnarflokkar segja nauðsynlegan til að reka velferðarkerfið.

Kjörtímabilið hefur jafnframt einkennst af einkavæðingu, einkarekstri og samruna fyrirtækja í skjóli markaðsvæðingar sem hefur á skömmum tíma veikt hinar dreifðu byggðir til sjávar og sveita. Eftir átta ára valdatíma Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hefur frjálshyggjustefnan náð slíkri fótfestu að árslaun hjá forstjórum fjármálafyrirtækja eru hærri en ævitekjur venjulegs fólks á almennum vinnumarkaði. Samruni stórra og í mörgum tilfellum markaðsráðandi fyrirtækja mynda valdablokkir sem teygja anga sína inn á öll svið viðskiptalífsins. Græðgi og siðleysi eru hugtök sem oft koma ósjálfrátt upp í huga fólks við fréttir af því ástandi sem hér ríkir. Á sama tíma fjölgar þeim stöðugt sem sitja fastir í fátæktargildru. Fjölskyldur, einstæðar mæður, atvinnulaust fólk, aldraðir, öryrkjar og heilu stéttirnar eiga erfitt með að framfleyta sér. Opinber stuðningur er takmarkaður og það er langt í land að stjórnvöld átti sig á því að það er enn dýrara fyrir samfélagið að viðhalda fátækt en að styðja fólk til mannsæmandi lífs.

Fátækt er smánarblettur á okkar ríka samfélagi. Hún er sprottin af kerfislægum göllum sem verður að uppræta með réttlátri löggjöf. Það er dýrt að gera ekki allt sem í okkar valdi stendur til að búa betur að börnum og unglingum. Þau verða aldrei metin til fjár. Fátækt, húsnæðisleysi og andvaraleysi gagnvart aðstæðum nýrra landsmanna eru dæmi um vandamál sem oft verða undirrót andlegs og líkamlegs heilsuleysis barna og fullorðinna.

Herra forseti. Velferðarkerfið hefur látið á sjá í valdatíð Sjálfstfl. Heilbrigðisþjónustan hefur á ýmsum sviðum verið færð yfir í einkarekstur sem ásamt einkaframkvæmd er lausnarorð ríkisstjórnarinnar á því sviði sem öðrum. Slíkt rekstrarform byggir á að sem stærstur hluti tekna sé fenginn með notendagjöldum frá sjúklingum. Félagslegt misrétti

eykst í réttu hlutfalli við einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. Þetta er staðreynd sem ekki er hægt að horfa fram hjá.

Það er farið að tala um rekstur öldrunarstofnana sem arðvænlegan atvinnuveg og fréttir berast af gífurlegum fjárhagsávinningi fyrir eigendur hjúkrunarheimilanna. Þeir veðja á aldraða.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfnum gróðahyggju í velferðarkerfinu en leggjum áherslu á öfluga grunnheilsugæslu, fjölbreytta starfsemi sjúkrahúsanna, forvarnir og aukna samvinnu milli heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu sveitarfélaga.

Góðir áheyrendur. Við þurfum ríkisstjórn sem ber hag allra fyrir brjósti og hefur mannúð að leiðarljósi, ríkisstjórn sem þorir að beita sér fyrir þjóðfélagsumbótum í þágu almennings, hefja vernd náttúru og umhverfis til vegs á Íslandi og treysta byggð um allt land. Slík stjórn verður ekki mynduð nema með Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. — Góðar stundir.

[21:15]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Herra forseti. Ágætu landsmenn. Traust og trúnaður er forsenda árangurs og framfara. Framsóknarflokkurinn hefur í gegnum tíðina fengið traust og verið trúað af kjósendum fyrir mörgum vandasömum verkefnum á sviði stjórnmálanna, verkefnum sem hafa skipt verulegu máli fyrir þjóðarhag. Í ríkisstjórn sem Framsfl. leiddi undir forustu Steingríms Hermannssonar var hinn landlægi verðbólgudraugur kveðinn niður og grunnur lagður að þeim stöðugleika í efnahagsmálum sem hér hefur ríkt síðasta áratuginn eða svo. Sá stöðugleiki lagði grunninn að því að hægt var að auka kaupmátt á síðustu árum meira en nokkurn tíma fyrr.

Um síðasta áratug, 1995, steðjaði að okkur böl atvinnuleysis. Við framsóknarmenn gengum til kosninga með það að leiðarljósi að skapa tólf þúsund ný störf — þau urðu reyndar fjórtán þúsund — en stjórnarandstaðan hafði ekki trú á að slíkt tækist. Kjósendur kölluðu Framsóknarflokkinn til og gengum við til þeirra verka í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar af ábyrgð og festu. Við unnum bug á atvinnuleysinu og kaupmáttur jókst.

Á því kjörtímabili sem nú er að ljúka höfum við haft forustu um að leiða eina mestu fjárfestingu og atvinnuuppbyggingu sem farið hefur verið í á síðari tímum. Þannig sköpum við svigrúm á næsta kjörtímabili til enn frekari skattalækkana, en nú þegar hefur ríkisstjórnin lækkað skatta umtalsvert.

Undirbúningur Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði hefur vissulega verið mikið og vandasamt verk. Eðlilega hefur mikil og réttmæt umræða farið fram um málið í samfélaginu og áformaðar framkvæmdir hafa tekið verulegum breytingum, m.a. eftir úrskurðarferli þar sem aðgengi almennings í landinu var tryggt að ákvarðanatöku í gegnum lög um mat á umhverfisáhrifum.

Þetta hafa ekki alltaf verið auðveldir tímar. Vinstri grænir hafa verið á móti málinu en Samfylkingin tvístruð, ósamstiga og með þokukennda stefnu. Það er ágætt að rifja það upp hér fyrir þingmanninn Einar Má Sigurðarson að enginn studdi þetta verkefni í Reykjavíkurborg hjá Samfylkingunni nema svokallaður talsmaður, og það gerði hún „með hnút í maganum". Ég vil líka rifja það upp að fulltrúi Samfylkingarinnar í stjórn Landsvirkjunar greiddi atkvæði gegn þessu máli.

En Framsóknarflokkurinn sýndi kjark og dug eins og venjulega. Við leiddum málið og nú er lýðræðisleg ákvarðanataka í höfn. Alþingi Íslendinga samþykkti á síðasta ári með miklum meiri hluta atkvæða, eða 44 atkvæðum, að rétt væri að heimila Kárahnjúkavirkjun. Framsóknarflokkurinn klárar því sín stóru og mikilvægu mál.

Ég get nefnt annað dæmi sem sýnir þrek og þrautseigju framsóknarmanna, sem varðar stöðu okkar á alþjóðavettvangi. Eftir mikla vinnu og eljusemi á erlendum vettvangi fengum við hið svonefnda íslenska ákvæði inn í loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna, Kyoto-bókunina. Með því var tryggt að við verðum ekki útilokuð frá því að nota vatnsorku og jarðvarma til stóriðnaðar. Með ákvæðinu viðurkenndi allt alþjóðasamfélagið að okkar orka er lofthjúpnum í hag. Það vantaði ekki bölsýnina og kjarkleysið hjá stjórnarandstöðunni í upphafi. „Íslenska ákvæðið verður hlegið út af borðinu," sagði forustumaður Samfylkingarinnar á sínum tíma og Vinstri grænir hafa alltaf talað neikvætt um íslenska ákvæðið, sagt að það sé undanþága til mengunar, sem er rangt og lýsandi dæmi fyrir þeirra svart/hvíta málflutning. Af þessu má sjá að Framsfl. hefur burði, þrek og þrautseigju til að klára stór og mikilvæg hagsmunamál fyrir Íslendinga.

Ágætu landsmenn. Á kjörtímabilinu hef ég m.a. gegnt stöðu umhverfisráðherra. Þegar ég lít nú um öxl er ég stolt af þeim árangri sem þar hefur náðst. Eftir stöðnun í áratugi höfum við sótt fram í málefnum þjóðgarða. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var nýlega opnaður eftir 28 ára hlé frá því að þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfur var opnaður. Ríkisstjórnin hefur nýlega samþykkt að Vatnajökull verði þjóðgarður. Hann verður stærsti þjóðgarður í Evrópu. Hafin er vinna við að undirbúa þjóðgarð norðan Vatnajökuls einnig. Það er því stórsókn í þjóðgarðsmálum okkar nú.

Við höfum náð miklum árangri við verndun hafanna til framtíðar á alþjóðavettvangi og hér heima fórum við m.a. í stærstu mengunarvarnaaðgerð til þessa í hafi, þ.e. hreinsun olíu úr El Grillo á botni Seyðisfjarðar.

Við höfum lagt grunn að aukinni flokkun og endurvinnslu á sorpi og aukið fræðslu um umhverfismál til almennings og barna. Við höfum einnig styrkt frjáls umhverfisverndarsamtök með stórauknum framlögum og gert við þau samkomulag um samstarf. Ég er því mjög ánægð með árangurinn.

Góðir Íslendingar. Það skiptir máli hverjir stjórna í okkar ágæta landi. Heildarsýn og samhengi hlutanna skipta máli. Framsóknarflokkurinn hefur með störfum sínum í ríkisstjórn nú sem fyrr sýnt að hann er traust og ábyggilegt afl sem hefur þrek til að takast á við mikilvæg verk. Framsóknarflokkurinn hefur skynsemina að leiðarljósi. Hann er félagshyggjuafl, miðjuflokkur án öfga og skynjar samhengi hlutanna. Okkar kjörorð eru „Vinna, vöxtur, velferð". Það að búa við næga vinnu skapar efnahagslegan vöxt og tryggir að við getum staðið undir öflugri velferð þar sem er góður aðgangur að menntun og heilbrigðisþjónustu og hlúð er að fjölskyldum og þeim sem aðstoð þurfa. Án atvinnu og efnahagslegs stöðugleika getum við ekki staðið undir öflugu velferðarsamfélagi.

Þetta samhengi hlutanna skynjum við framsóknarmenn vel. Þetta samhengi höfum við haft að leiðarljósi við stjórn landsins í ríkisstjórninni og erum stolt af árangrinum. Góðir landsmenn. Það skiptir öllu máli hverjir stjórna.

[21:21]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Frá stofnun Frjálslynda flokksins eða í rúm fjögur ár hefur Frjálslyndi flokkurinn verið leiðandi í því að halda uppi umræðu, m.a. hér á Alþingi og á opinberum vettvangi, um að okkur beri nauðsyn til að

gjörbreyta stjórnkerfi fiskveiðanna. Við höfum ávallt haldið því fram að kvótabraskskerfið sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa markvisst verið að festa í sessi, m.a. með kvótasetningu á smábáta, sé fjandsamlegt byggðunum og fólkinu sem þar býr og þar vill búa. Útgerðinni einni var með lögum veittur réttur til sölu á óveiddum fiski í sjónum og þar með var atvinnuréttur og búsetuskilyrði fólksins í sjávarbyggðunum sums staðar af íbúunum tekinn.

Þessi straumhvörf sem slitu í sundur hagsmuni fólksins og útgerðarmanna, sem þá urðu margir að stóreignamönnum, milljarðamæringum, hafa gjörbreytt þjóðfélaginu á síðustu árum. Aðrir auðmenn Íslands sáu að skjótfenginn gróða mátti höndla með auðveldum hætti með því að festa fé í óveiddum fiskinum í sjónum. Kvótinn sem varð að lögum nr. 38/1990 var gerður að einkasölueign þeirra sem höfðu fengið úthlutaðan aflakvóta úr sameiginlegri auðlind íslensku þjóðarinnar.

Sjómennirnir voru gerðir að leiguliðum nýríkra stóreignamanna sem fengu í leigu til sín hundruð milljóna úr sameign þjóðarinnar. Allt að 80% af verði fisksins sem leiguliðarnir veiddu rann nú beint í vasa forréttindaaðals nýríkra Íslendinga.

Í landinu lifa núorðið tvær þjóðir. Þeir ríku verða ofurríkir og finnst meira að segja sjálfsagt að þeir verði verðlaunaðir með ofurlaunum, tíföldum til fimmtánföldum mánaðarlaunum verkamanna, verktakagreiðslum, bónusum, hlutabréfagjöfum og fjallajeppum. Þetta eru miklir menn, hafnir yfir gagnrýni að þeirra eigin mati. Þetta er nýja þjóðin á Íslandi sem þarf erlenda leynireikninga og eignaraðild að bönkum sem starfa í erlendum skattaparadísum stóreignamanna og milljarðamæringa.

Svo er hinn hluti þjóðarinnar venjulegt fólk sem eyðir öllum sínum launum í að komast af og getur í besta falli komist í stutta sólarlandaferð með því að standa í röð eftir vildarkjörum.

En hvað vill Frjálslyndi flokkurinn gera til þess að efla byggð í landinu á nýjan leik?

Frjálslyndi flokkurinn vill leggja af í áföngum núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Flokkurinn hefur skýra stefnu varðandi það hvernig á að komast út úr kvótakerfinu, því stjórnkerfi sóunar og óréttlætis sem ríkisstjórnin hefur varið með kjafti og klóm. Frjálslyndi flokkurinn vill að frumburðarréttur þegnanna til fiskveiða verði viðurkenndur og að nýliðun í útgerð verði aftur möguleg. Horfið verði frá ríkisstyrktu kerfi forréttinda til eðlilegs samkeppnisumhverfis. Tryggja verður að sjávarbyggðir fái á nýjan leik að njóta aðliggjandi fiskimiða.

Til að vinna okkur út úr núverandi kvótabraskskerfi viljum við skipta fiskveiðiflotanum í fjóra aðgreinda útgerðarflokka og jafnframt að tryggja forgang á sóknarstýrðar fiskveiðar með strandveiðiflotanum með kyrrstæðum veiðarfærum. Frjálslyndi flokkurinn vill afnema kvótasetningu aukategunda í krókakerfinu og fækka kvótabundnum fisktegundum. Við viljum mismuninn milli hinna stóru og smáu burt, milli fiskvinnslu með og án útgerðar. Við viljum afnema kvótabrask og tryggja sjómönnum aftur atvinnuréttinn.

Ferskfiskafla á að verðleggja á fiskmarkaði og nauðsyn ber til að tryggja fullan fjárhagslegan aðskilnað milli veiða og vinnslu. Þeir sem gera út verða að sjálfsögðu að hafa aðgang til veiða og vita að hvaða reglum þeir ganga. Þeir eiga að hafa nýtingarrétt með veiðum en ríkið á að hafa leigu- og/eða tímabundinn sölurétt að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Braskið skal tekið af útgerðunum.

Frjálslyndi flokkurinn vill hefja hvalveiðar á nýjan leik á Íslandsmiðum. Sýnt hefur verið fram á að hægt er að margfalda verðmæti sjávarafla með vinnslu og útflutningi á ferskum fiski strandveiðiflotans. Stefnumörkun Frjálslynda flokksins byggir á því að sjávarplássin fái forskot til nýtingar heimamiða. Það er stærsta byggðamálið.

Herra forseti. Það verður ekki sagt um Frjálslynda flokkinn að hann sé ekki með skýrar tillögur um hvernig eigi að breyta fiskveiðistjórnkerfinu, en við vitum að þeir sem hafa hagnast mest á kerfinu munu vinna gegn okkur af alefli og nota til þess ómælt fé að styrkja kvótaflokkana með lokaða flokksbókhaldið.

Frjálslyndi flokkurinn er þess fullviss að það sé öllum Íslendingum mjög mikils virði til framtíðar litið að landið haldist í byggð og að höfuðborgarbúum sem öðrum Íslendingum verði það ljóst að í því séu mestu verðmæti framtíðar þjóðarinnar fólgin. Baráttan fyrir byggðirnar verður að hafa forgang og í því býr í raun og veru framtíð unga fólksins.

[21:27]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Er það virkilega svo, þegar maður situr úti í sal og hlýðir á þessa umræðu að fólk haldi að til sé fólk sem trúi því að stór hluti af þeim sem starfa hér í stjórnmálum hafi ekkert annað hlutverk en að eyðileggja íslenskt samfélag, hafi ekkert annað hlutverk en að eyðileggja íslenskt efnahagslíf?

Ef marka mátti orð hv. þingmanna Ástu Möller, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur og Sivjar Friðleifsdóttur þá má draga þá ályktun að stór hluti af því fólki sem er í stjórnmálum sé svo illviljað og vitgrannt að verði því hleypt í Stjórnarráðið í vor þá muni það forklúðra málum svo að það verði erfitt að taka til eftir það. Trúir einhver svona umræðu? (Gripið fram í.) Er þetta það besta sem spunameistarar flokkanna geta hannað upp í þetta fólk? Er þetta það einasta sem þeir geta kennt því? Þetta er alveg með hreinustu ólíkindum, virðulegi forseti.

Telja menn í raun og veru að Vinstri grænir séu á móti öllu, að þeir hafi ekkert til umræðunnar að leggja annað en andstöðu við hugmyndir og framfarir? Hvers konar skilaboð eru það þegar stjórnmálamenn tala með þessum hætti? Er nema von að menn spyrji hvort einhver nenni að horfa á umræður frá hinu háa Alþingi á svokölluðum eldhúsdegi ef ræðumenn gera fátt annað en endurtaka rulluna frá því í fyrra eða hittiðfyrra eða árin þar á undan.

Telja menn að slík orðræða dýpki skilning manna á því sem mestu skiptir í íslensku samfélagi? Telja menn að þessar innihaldslausu alhæfingar íhaldsins færi okkur skrefi framar?

Virðulegi forseti. Þá er ekki síður mjög fróðlegt að hlýða á umræðuna um að allir séu sammála um hinn mikla stöðugleika í íslensku efnahagslífi. Vita menn það ekki að undanfarna 18 mánuði eða svo hefur gengi íslensku krónunnar gagnvart dollar hækkað og lækkað um u.þ.b. 50%? Hafa menn ekki upplýsingar um þetta? Hafa menn ekki þekkingu á því að vextir hafa verið hér hærri en nokkurs staðar þekkist? Hafa menn ekki þekkingu á því að verðtryggingin hér og verðbólgan hafa verið hærri en annars staðar þekkist og bæði farið upp og farið niður? Hér ríkir enginn stöðugleiki, virðulegi forseti.

Útflutningsgreinar hafa þungar áhyggjur af samkeppnisstöðu sinni vegna styrkrar stöðu krónunnar, innflytjendur óttast óstöðugleika og hagfræðingar vara við þenslu og hættu á kollsteypu vegna stóriðjuframkvæmda. Þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir þessar staðreyndir glymja gömlu lummurnar: „Við einir kunnum með fé að fara. Ef öðrum verður hleypt inn í Stjórnarráðið þá fer allt fjandans til.“ Er þetta það einasta sem stjórnarflokkarnir hafa inn í þessa umræðu að færa? Trúir þessu einhver, virðulegi forseti?

Íslenskt samfélag er um margt mjög gott. Það er þó langt í frá að það sé allt að þakka hinum algóða forsætisráðherra og föruneyti hans. Miklu stærri áhrifavaldar um þróun samfélaga eru frumkvöðlar, t.d. á sviði atvinnulífs og menningarlífs, og verkalýðsforingjar. Það er hins vegar alls ekki svo að stjórnmálamenn geti ekkert gert og það verður að virða það sem vel er gert.

Ég held að ekki geti lengur verið neinn ágreiningur um að allir hagnast á því að brjóta niður höft og einokun og gefa þannig sem flestum tækifæri til að taka þátt í því að byggja og treysta þróttmikið atvinnulíf.

Virðulegi forseti. Ég tel að það sem sú ríkisstjórn sem nú er vonandi að fara frá skilur helst eftir sig sé meiri gjá milli þeirra sem meira eiga og hinna sem minna eiga en þekkst hefur í íslensku samfélagi hingað til. Þetta birtist á mörgum sviðum. Þetta birtist t.d. í svokölluðu almannatryggingakerfi fjármagnseigenda, svokölluðu ábyrgðarmannakerfi fjárskuldbindinga. Það gengur út á það að fjármálastofnanir fá óviðkomandi einstaklinga til að ábyrgjast viðskipti sín fyrir aðra viðskiptamenn. Þetta kerfi þekkist hvergi í víðri veröld. Þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir til breytinga á þessu kerfi hefur stjórnarmeirihlutinn hér staðið algerlega gegn því að þessu réttlætismáli verði náð fram.

Þá birtast áherslur núverandi stjórnvalda ekki síst í skattamálum. Skattbyrðin hefur verið færð af hátekju- og eignafólki yfir á millitekju- og lágtekjufólk. Þessar áherslur endurspegla áherslur ríkisstjórnarinnar að koma upp stéttskiptu samfélagi. Allt þetta ber að sama brunni. Við höfum heyrt hugmyndir þeirra um breytingar á heilbrigðiskerfinu. Við höfum heyrt hugmyndir þeirra um breytingar á menntakerfinu. Við höfum heyrt þessar hugmyndir sem ganga allar út á eitt og hið sama, þ.e. að koma upp stéttskiptu samfélagi. Þeir eru í raun og veru að kljúfa þá sátt sem hér hefur ríkt um áratugi um að hafa samfélag jöfnuðar þar sem gjáin milli þeirra sem meira eiga og hinna sem minna eiga verði eins lítil og kostur er. Þessa sátt hafa þeir verið að sprengja undanfarin missiri.

Viljum við að þjóðin haldi áfram á þessari braut? Viljum við kljúfa þá sátt sem lengi hefur ríkt í þessu samfélagi? Vilji menn stéttskipt samfélag þá kjósa menn þá flokka sem nú sitja að völdum. Vilji menn snúa af þessari braut þá velja menn þá flokka sem berjast fyrir jöfnuði.

Það hefur verið hlutverk jafnaðarmanna oft og tíðum að hreinsa til eftir íhaldið. Frammi fyrir þessari spurningu standa kjósendur í vor. Þeirra er valið. — Góðar stundir.

[21:33]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Það hefur verið sérkennilegt að hlýða á stjórnarandstöðuna hér í kvöld. Veruleiki þeirra er greinilega ekki hinn sami og hjá almenningi í þessu landi, þeirra veruleiki er greinilega einhvers konar sýndarveruleiki, tilbúningur í þeirra eigin kolli.

Þó að allir viti að skattar hafi lækkað hrópa þeir: Skattahækkun. Í kvöld var fullyrt að fátækt væri að aukast þó að við vitum að lífskjör hér á landi hafa verið að batna miklu hraðar en hjá öðrum þjóðum. Samfylkingin segist vilja stefna inn í evruland þar sem ríkir efnahagsleg stöðnun. Er þetta til marks um það að þeir séu á móti því að bæta lífskjörin í landinu?

Vinstri grænir segjast vilja ábyrga fjármálastjórn þó að allir muni það að þingmenn þess flokks hafa ekki opnað munninn í fjárlagaumræðunni í vetur fyrir minna en hundrað milljón króna útgjöld.

Síðasti ræðumaður talaði um að hér væri verðbólgan mikil þó að allir viti að verðlagshækkanir eru núna lítið meiri en mælanlegar.

Að einu leyti, virðulegi forseti, megum við þó vera afar þakklát fyrir ræður stjórnarandstöðunnar hérna í kvöld. Það hefur birst okkur einkar skýrt, sérlega skýrt, hvílíkur himinn og hvílíkt haf ríkir á milli þessara flokka hérna í kvöld í öllum efnisatriðum, í allri pólitík, í allri stefnumörkun. Eða efaðist nokkur sem hlýddi á formann þingflokks Vinstri grænna hér áðan? Hann dró það sérlega skýrt fram að vinstri flokkarnir eru, þegar þeir koma saman, sundrungaröfl, ósamstæð sundrungaröfl, og vinstri stjórn yrði núna þess vegna — eins og alltaf og ævinlega — tætingsleg sundrungarstjórn og það eigum við að forðast.

Á síðustu árum hafa verið stigin stærri skref til jöfnunar lífskjara á milli landsbyggðar og þéttbýlis en nokkru sinni fyrr. Það er af nógu að taka þegar það er skoðað. Fyrir fáeinum árum var það t.d. algengt að menn hvettu til jöfnunar símakostnaðar. Það mál er í höfn.

Fátt hefur verið jafnánægjulegt og að fylgjast með og vera þátttakandi í þeirri öru breytingu menntunar sem landsbyggðarfólki hefur staðið til boða. Uppbygging háskólanáms og náms á háskólastigi utan höfuðborgarinnar er í rauninni ævintýri líkust. Háskólar eru nú starfandi á þremur stöðum utan höfuðborgarinnar, nokkuð sem menn hefðu tæpast trúað fyrir skömmu síðan. Þetta er afrakstur meðvitaðrar stefnumótunar þar sem stjórnvöld hafa vitaskuld verið leiðandi aðilinn. Um leið hefur orðið til val og frelsi námsmanna til að velja sér námsbrautir og leiðir til háskólanáms.

En hvað ævintýralegast hefur þó verið að sjá hvernig kostir fjarskiptabyltingarinnar hafa verið nýttir til þess að efla menntun úti um land. Fólk hefur ekki þurft að hverfa frá heimilum sínum eða leggja niður störf til þess að stunda nám á framhalds- og háskólastigi, menntunin hefur orðið á færi allra Íslendinga hvar í landi sem þeir búa. Einnig þetta hefur verið framkvæmt í anda þeirrar stefnumótunar í mennta- og byggðamálum sem ríkisstjórnin hefur fylgt.

Nú er eðlilegt að í næsta áfanga verði fylgt eftir þeirri stefnumótun sem sett hefur verið fram í byggðanefnd forsrh. og nýrri byggðaáætlun og felur í sér ívilnandi aðgerðir á sviði námslána til handa því fólki sem kýs sér búsetu utan höfuðborgarsvæðisins. Til viðbótar þessu hafa verið stigin risaskref til þess að jafna kostnað nemenda á framhaldsskólastigi sem þurfa að fara um langan veg til náms. Uppbygging framhaldsnáms á landsbyggðinni, svo sem ákvörðunin um nýjan framhaldsskóla á Snæfellsnesi er gott dæmi um, er líka liður í því að bæta aðgengi ungs fólks á landsbyggðinni að metnaðarfullu framhaldsnámi.

Það er stundum rætt um hvort innheimta eigi lægri skatta og opinber gjöld af landsbyggðinni. Það hefur verið athyglisvert að fylgjast með hvernig einstakir þingmenn Samfylk-

ingarinnar hafa daðrað við slíka hugmynd. Enn þá athyglisverðara hefur þó verið að þegar til stykkisins hefur komið hafa þeir ekki þorað. Þeir gaspra um málið en síðan ekki söguna meir. Það er, eins og þekkt sjónvarpspersóna mundi orða það, „alveg týpískt".

Við höfum á hinn bóginn framkvæmt í þessum anda. Við breyttum álagningarreglum um fasteignaskatta þannig að þeir lækkuðu um einn og hálfan milljarð á landsbyggðinni án þess að það skerti tekjur sveitarfélaganna. Þetta er kaupauki sem rennur beint í vasa launafólks á landsbyggðinni. Þetta er sennilega eitt dæmið um það sem Hallgrímur Helgason rithöfundur orðaði svo snyrtilega í grein nýverið að „vinstri menn tala en við hinir látum verkin tala".

Stórauknir fjármunir til vegagerðar á landsbyggðinni á undanförnum árum, og þá sérstaklega núna, hafa verið að gjörbreyta lífsskilyrðum úti um landið. Ósanngirni kallar einn af þingmönnum Samfylkingarinnar það að sérstöku fjármagni er nú varið til vegagerðar á landsbyggðinni. Þarna er þeim lifandi lýst. Þetta sýnir raunverulegan trúverðugleika einstakra þingmanna flokksins á landsbyggðinni sem hafa farið með himinskautum og yfirboðum á þessum sviðum eins og öðrum á undanförnum vikum og mánuðum. Við vitum hins vegar hverjir ráða stefnumótuninni í Samfylkingunni þegar til kastanna kemur.

Góðir Íslendingar. Málefnastaða ríkisstjórnarinnar er einstaklega traust. Það er því ekki að undra að stjórnarandstaðan leggi sig fram um að forðast málefnaumræðu. Við leggjum hins vegar verk okkar óhrædd í dóm kjósenda. Við viljum ræða um höfuðmál stjórnmálanna og það hvernig áfram megi sækja, sækja á til bættra lífskjara fyrir alla landsmenn í þeim anda sem við höfum unnið. Þess vegna hlökkum við til kosningabaráttunnar.

[21:39]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Eins og fram kom hjá síðasta ræðumanni gerið þið ykkur grein fyrir því, landsmenn góðir, að hér er hart tekist á um grundvallaratriði á hinu pólitíska sviði. Val þjóðarinnar í næstu kosningum mun verða mjög afdrifaríkt. Valið stendur um áframhaldandi stjórnarhætti, eins og þá sem við höfum upplifað síðustu ár, eða breytingar sem byggjast alfarið á því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð njóti trausts sem flestra til þess að komast að sem virkt afl í landsmálunum.

Ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl., með dyggum stuðningi Samfylkingar, keyrir fram harða einkavæðingarstefnu og markaðsvæðingu samfélags okkar. Það er sú staðreynd sem blasir við. Og það vita allir landsmenn sem hafa fylgst með vinnunni hér í þinginu í vetur, raunar öll þessi fjögur ár. Sala ríkisfyrirtækja, markaðsvæðing stofnana ríkisins, undirbúningur að markaðsvæðingu þjónustustofnana í grunnþjónustu, síminn, raforkukerfið, vatnsveitur, hitaveitur, heilbrigðiskerfið, öldrunarþjónusta, menntakerfið.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð er eina stjórnmálaaflið í landinu sem vill standa vörð um félagslegan rekstur grunnþjónustunnar í landinu, eina stjórnmálaaflið á hinu háa Alþingi. Allir hinir flokkarnir munu halda áfram á braut markaðsvæðingar fái þeir til þess umboð. Góðir landsmenn, þannig eru valdahlutföllin hér á hinu háa Alþingi.

Fylgifiskar þeirrar markaðsvæðingar sem þegar er komin í gang eru nú að koma í ljós. Græðgi, firring, vanlíðan þjóðarinnar, samanber aukna lyfjanotkun, minnkandi þjónusta við almenning, minnkandi umburðarlyndi og fátækt þeirra sem minna mega sín. Þetta eru staðreyndir varðandi samfélag okkar í dag.

Annað: Hatrömm átök valdablokka um peninga og völd. Það sem er auðfengið er hart barist um, byggt á kvótagróða, afhendingu ríkiseigna. Siðspilling samfélagsins á grunni skjótfengins gróða fárra sem fara síðan fram í valdi peninganna. Þetta er stórhættulegt ástand og getur verið hættulegt að því leyti til að hér fari að myndast pólitísk spilling í krafti fjármuna sem aðrir hafa fengið á ótrúlega skömmum tíma. Þannig er samfélag okkar að þróast.

En Vinstri hreyfingin – grænt framboð stendur vörð um íslensk gildi á grunni samhjálpar og félagshyggju. Samfélagslegur rekstur og grunnþjónusta við borgarana sem er aðgengileg öllum á jafnréttisgrundvelli er meginmál. Markaðsvæðingu grunnþjónustuþátta samfélagsins er hafnað. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er eina stjórnmálaaflið sem keyrir slíka stefnu á hinu háa Alþingi.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafnar atvinnustefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar sem byggir á einhæfni þar sem einblínt er á þungaiðnað með tilheyrandi gríðarlegum náttúruspjöllum sem eru óafturkræf og verða að flokkast sem glæpur gagnvart komandi kynslóðum. Atvinnustefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs byggir á fjölbreytileika í atvinnulífinu með stuðningi hins opinbera við frumkvöðla á sem flestum sviðum. Við viljum efla möguleika ungs fólks á því að hasla sér völl í atvinnulífinu á eigin forsendum og að eigin frumkvæði.

Sjávarútvegsstefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mun á ný treysta búsetu í landinu öllu. Í stað samþjöppunar kvótaeignar á fárra hendur er lagt upp með aðgengi sjávarbyggðanna að auðlindinni en það er grundvöllur tilveru þeirra á grunni byggðatengds kvóta. Breytt stefna varðandi fiskveiðar mun gagnast lífríkinu og leiða til aukins afraksturs þegar til lengri tíma er litið.

Í landbúnaðarmálum er þörf fyrir sýn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs varðandi framþróun landbúnaðar í landinu. Aukin og bætt menntun til þess að takast á við nýjar greinar, svo sem líffræna ræktun, grunnframlög sem búsetustyrkir og framlög vegna landvörslu er liður í stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til framfarasóknar á ný í landbúnaði.

Herra forseti. Íslendingar eru friðelskandi þjóð sem hefur í aldir leyst ágreiningsmál sín við aðrar þjóðir með samningum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur mikla áherslu á að þjóðin blandi sér ekki með neinum hætti í hernaðarátök annarra þjóða, heldur haldi hlutleysi sínu og stefnu um að fara aldrei með ófriði gagnvart öðrum þjóðum.

Góðir Íslendingar. Góðir landsmenn. Gott gengi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er lykill til breytinga til aukinnar velferðar fyrir alla í þessu samfélagi. — Góðar stundir.

[21:45]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Nú líður senn að því að síðasta þing Alþingis á þessu kjörtímabili ljúki störfum og fram undan er kosningabaráttan fyrir alþingiskosningarnar þann 10. maí nk.

Kosningabarátta snýst um að draga fram árangur stjórnmálaflokkanna, að kynna stefnumiðin og fá fylgi við þau og sannfæra kjósendur um ágæti einstakra frambjóðenda og flokka. Vonandi er að kosningabaráttan nú verði með þeim

hætti en ekki sá leðjuslagur sem einkennt hefur umræðuna að undanförnu.

Framsfl. hefur fulla ástæðu til að ganga stoltur til kosninga enda árangur flokksins glæsilegur í gegnum tíðina. Grundvallarstefna flokksins höfðar til stórs hóps kjósenda og áherslumál hans falla í góðan jarðveg. Allt þetta hefur birst í því að mikill meiri hluti kjósenda hefur í skoðanakönnunum lýst því að þeir vilji að Framsfl. eigi aðild að ríkisstjórn. Það gengur hins vegar ekki eftir nema Framsfl. fái góða kosningu í maí. Fái flokkurinn ekki góða kosningu er það spá mín að eftir kosningar verði hér stjórnarkreppa með tilheyrandi afleiðingum, svo sem óðaverðbólgu.

Herra forseti. „Vinna, vöxtur og velferð" eru kjörorð sem Framsfl. gengst undir fyrir komandi alþingiskosningar. Þessi þrjú orð segja mikið og lýsa vel grundvallarsýn framsóknarmanna. Traust og öflugt atvinnulíf er forsenda þess að hægt sé að bera uppi þá félagshyggju og velferðarstefnu sem Framsfl. vinnur að.

Eftir að hafa átt aðild að ríkisstjórn sl. átta ár hefur Framsfl. lagt grunn að áframhaldandi framsókn þjóðfélagsins. Góð staða þjóðarbúsins gerir það að verkum að á næstu árum verður mögulegt að efla velferðarkerfið enn frekar. Margt hefur verið gert á síðustu árum í þá veru og því verkefni lýkur seint. Við framsóknarmenn viljum fá tækifæri til að halda áfram verki okkar á þessum sviðum.

Atvinnustefna framsóknarmanna hefur nú skilað þeim árangri að á næstu árum verða mjög aukin umsvif á mörgum sviðum atvinnulífsins. Þjóðarframleiðsla mun aukast og það skilar okkur meiri tekjum en nokkru sinni. Athyglisvert er að meiri sátt ríkir nú um íslenskan landbúnað en oftast áður. Afkoman er misjöfn eftir búgreinum, mikil sóknarfæri eru í sumum þeirra en leggja verður sérstaka áherslu á að bæta kjör sauðfjárbænda.

Vegna þess svigrúms sem nú þegar hefur skapast mun Framsfl. beita sér fyrir því á næstu árum að tekjuskattar almennings verði almennt lækkaðir og við leggjum jafnframt til að dregið verði enn frekar úr tekjutengingu barnabóta þannig að öll börn fái ótekjutengdar barnabætur. Á þessu kjörtímabili var það skref tekið að öll börn innan sjö ára aldurs fengju ótekjutengdar barnabætur. Við viljum stíga skrefið til fulls.

Með sterkri stöðu Framsfl. eftir kosningar í maí mun flokkurinn áfram hafa aðstöðu til að fylgja atvinnustefnunni eftir. Það mun sem fyrr kalla fram hagvöxt, aukinn kaupmátt og vaxandi þjóðartekjur. Allt þetta mun auka svigrúm ríkissjóðs enn frekar til að efla velferðarkerfið, auk þess að lækka skatta á almenning og fyrirtæki.

Þegar rætt er um trúverðugleika stjórnmálaflokka, kosningaloforð og efndir þeirra skoðaðar kemur glöggt í ljós að þau markmið sem Framsfl. lagði upp með fyrir tvennar síðustu alþingiskosningar hafa gengið eftir í meginatriðum. Framsfl. leggur áherslu á að efndir fylgi orðum og leggur sig fram um að vera trúverðugur og traustur kostur fyrir kjósendur í landinu. Kosningar snúast öðru fremur um traust, framsækni og heiðarleika. Því stendur Framsfl. vel að vígi nú sem fyrr.

Góðir áheyrendur. Vinna, vöxtur og velferð eru grundvallarhugtök sem lýsa þeim áherslum sem við framsóknarmenn leggjum upp með fyrir komandi kosningar. Þau miða að því að bæta hag þjóðarinnar enn frekar þannig að Ísland verði áfram í fremstu röð þjóða heims ef litið er til lífskjara. Við framsóknarmenn vitum að almennt eru kjósendur sammála okkur og við vitum að reynsla kjósenda er sú að þeir geta trúað okkur og treyst. Framtíðarhagsmunir þjóðarinnar felast sem fyrr í því að veita Framsfl. brautargengi til áframhaldandi aðildar að landstjórninni. — Góða nótt.

[21:50]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Við þurfum að stöðva flóttann af landsbyggðinni. Frjálslyndi flokkurinn vill efla trú og traust þjóðarinnar á íslenskan landbúnað. Markmið Frjálslynda flokksins er að stöðva og snúa við flóttanum úr byggðum landsins. Tilraunir stjórnvalda til þess að aðstoða bændur við framleiðslu sína og við að stöðva fólksflóttann úr sveitunum með því að gefa bændum framleiðslurétt og síðar framseljanlegan rétt hafa misheppnast og gert það að verkum að áætlanir og fjárfestingar í sveitum landsins hafa verið og eru í uppnámi.

Alþjóðasamningar munu á næstu árum setja okkur kröfur um minni framleiðslutengda styrki og annan markaðsráðandi stuðning við hefðbundinn landbúnað. Við þurfum því að styrkja landbúnaðinn á nýjum forsendum fyrr eða síðar. Núverandi fyrirkomulagi styrkja í landbúnaði þarf að breyta þegar núgildandi búvörusamningar falla úr gildi, m.a. með upptöku fjölskylduvænna búsetustyrkja.

Frjálslyndi flokkurinn telur nauðsynlegt að halda áfram að leggja fjármagn til landbúnaðar á Íslandi en á öðrum forsendum en hingað til. Frjálslyndi flokkurinn vill stuðla að búsetu á sem flestum jörðum, tillögur Frjálslynda flokksins eru um búsetustyrki og takmarkaða framleiðslustyrki með það að markmiði að kleift verði að endurlífga sveitir landsins, tekjur fólksins og láta á það reyna hvort búskapur á Íslandi geti staðið undir sér án beinna afskipta opinberra yfirvalda af framleiðslunni.

Við viljum fjölskylduvænan landbúnað og að lögð verði í framtíðinni áhersla á að búsetustyrkir séu til fjöskyldubúa með sjálfstæða starfsemi. Markmið Frjálslynda flokksins eru að landbúnaður verði áfram grundvöllur byggðar í sveitum landsins, breyta þarf forsendum landbúnaðar svo að aðstæður batni og nýir möguleikar skapist í greininni. Frjálslyndi flokkurinn vill létta af landbúnaði hinni yfirgripsmiklu miðstýringu hafta og kvótakerfis sem greinin hefur búið við. Einstaklingsfrelsið til athafna þarf að fá að njóta sín í þessari atvinnugrein sem öðrum.

Því miður er enn til fátækt fólk á Íslandi. Misskipting þeirra ofurríku, sem gjafirnar fengu, og þeirra efnaminni fer vaxandi. Þess heldur er ástæða til þess að bæta velferðarþjónustuna og tryggja því fólki sem þess þarf með húsnæði með félagslegum úrræðum sveitarstjórna, stjórnvalda og Alþingis.

Í umræðum hér fyrr í kvöld vakti hv. þm. Ásta Möller athygli á því að á Íslandi hefði fólk það gott að meðaltali. Það minnir mig á söguna af manninum sem stóð með annan fótinn í heitu vatni og hinn í köldu og hafði það víst að meðaltali bara ágætt. Eftir því sem fleiri ofurlaunamenn fæðast í þjóðfélagi okkar munu þeir sjálfsagt hækka meðaltal þeirra fátæku og þannig geta auðvitað fulltrúar ríkisstjórnarinnar haldið því fram að að meðaltali höfum við Íslendingar það bara mjög gott. Við höldum áfram að horfa á það að fleiri og fleiri hafa tí- og tuttuguföld laun verkamanna. Og meðaltalið verður áfram mjög gott.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson vék að því í ræðu sinni áðan að dæmin um auknar skattbyrðar á einstaklinga væru

hjóm eitt og bull. Ef ég man rétt voru eldri borgarar í gær að kynna auknar skattgreiðslur félagsmanna sinna, eldri borgara. Og svo kemur hv. þm. og segir hér að fólkið sem finnur auknar skattbyrðar á sjálfu sér hljóti að vera haldið einhverjum sýndarveruleika. Það er ekki hægt að ráða annað af þeim orðum sem hann hafði hér uppi en að fólk eigi að sæta hærri skattbyrði í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Það er þörf fyrir velferðarþjónustu, hvort sem er í heimahúsum, á dvalarheimilum eða heilsugæslu og sjúkrahúsum. Og það er rétt að leggja á það áherslu að þörfin fyrir velferðar- og heilbrigðisþjónustu hverfur ekki við það að ríkið dragi úr þjónustu eða veiti hana alls ekki.

Sú ríkisstjórn sem nú situr að völdum hefur æ meir hneigst í átt til þess að draga úr samfélagsþjónustunni. Við sjáum þess dæmi í heilbrigðisþjónustunni á hækkun lyfjakostnaðar og hækkun komugjalda á heilsugæslustöðvunum. Innan Sjálfstfl. eru líka uppi áform um að einkavæða heilbrigðiskerfið og velferðarþjónustuna. Ríkisstjórnin hefur lækkað skatta á hátekjufólk en aukið skattbyrði lágtekjufólks. Þessi ríkisstjórn hefur líka valið að setja það í forgang að lækka verulega skatta á stóreignamenn og fyrirtæki.

Samkvæmt stefnu ríkisstjórnarinnar eru fjármunir þjóðfélagsins best komnir í höndum sem fæstra, og núverandi ríkisstjórn hefur svo sannarlega unnið í þeim anda með því að færa örfáum mönnum á silfurfati sameign allrar þjóðarinnar, sjávarauðlindina.

Það er alveg ljóst að þrátt fyrir hagsæld í efnahagsmálum hafa lífskjör fólks á Íslandi aldrei verið eins misjöfn og þau eru nú. Það hefur myndast gjá milli þeirra sem hafa fengið fullt frelsi til að athafna sig með auðlind allrar þjóðarinnar og hinna sem fengu aldrei tækifæri til þess.

Góðir Íslendingar. Í vor verður kosið til nýs Alþingis. Frjálslyndi flokkurinn treystir því að hann eigi gott brautargengi með þjóðinni. Við munum fylgja eftir sannfæringu okkar sem hingað til og treystum á stuðning kjósenda. — Góðar stundir.

[21:56]

Útbýting þingskjala:

Afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, 708. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 1261.

Álbræðsla á Grundartanga, 671. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 1281; nál. 1. minni hluta iðnn., þskj. 1282.

Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, 667. mál, nál. utanrmn., þskj. 1285.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 639. mál, nál. utanrmn., þskj. 1290.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 663. mál, nál. utanrmn., þskj. 1289.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 664. mál, nál. utanrmn., þskj. 1288.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, 618. mál, nál. utanrmn., þskj. 1293.

Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, 638. mál, nál. utanrmn., þskj. 1291.

Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, 666. mál, nál. utanrmn., þskj. 1286.

Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, 665. mál, nál. utanrmn., þskj. 1287.

Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, 668. mál, nál. utanrmn., þskj. 1284.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, 619. mál, nál. utanrmn., þskj. 1292.

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 463. mál, nál. 1. minni hluta iðnn., þskj. 1263.

Heilbrigðisþjónusta, 453. mál, brtt. JBjart, þskj. 1301.

Íslenskar orkurannsóknir, 545. mál, nál. iðnn., þskj. 1303.

Kjaradómur og kjaranefnd, 683. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1278.

Lokafjárlög 2000, 710. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1269.

Lyfjalög og læknalög, 423. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1238; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1239.

Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis suður, 650. mál, nál. allshn., þskj. 1283.

Námsstyrkir, 446. mál, nál. menntmn., þskj. 1270.

Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, 597. mál, nál. utanrmn., þskj. 1299; brtt. utanrmn., þskj. 1300.

Orkustofnun, 544. mál, nál. iðnn., þskj. 1295.

Raforkulög, 462. mál, nál. 1. minni hluta iðnn., þskj. 1262.

Raforkuver, 670. mál, nál. 1. minni hluta iðnn., þskj. 1264; nál. meiri hluta iðnn., þskj. 1280.

Rekstur framhaldsskóla, 606. mál, svar menntmrh., þskj. 1266.

Sérstakir slysastaðir í vegakerfinu, 630. mál, svar samgrh., þskj. 1139.

Stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, 648. mál, nál. minni hluta iðnn., þskj. 1294; nál. meiri hluta iðnn., þskj. 1302.

Strandsiglingar, 47. mál, nál. samgn., þskj. 1298.

Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, 34. mál, nál. félmn., þskj. 1279.

Vernd og sjálfbær nýting lífvera á hafsbotni, 709. mál, þáltill. KolH o.fl., þskj. 1265.

Verndun búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi, 55. mál, nál. umhvn., þskj. 1304.

Virðisaukaskattur, 669. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1297.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 610. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1296.

Þjónusta við sjúk börn og unglinga, 593. mál, svar forsrh., þskj. 1260.

Þjónusta við sjúk börn og unglinga, 594. mál, svar heilbrrh., þskj. 1268.

Fundi slitið kl. 21:58.

---

99. FUNDUR

fimmtudaginn 13. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014, stjtill., 469. mál, þskj. 774, nál. 1156 og 1221, brtt. 1144 og 1222. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

2. Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006, stjtill., 563. mál, þskj. 911, nál. 1157, brtt. 1143. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

3. Rannsókn sjóslysa, stjfrv., 552. mál, þskj. 899, nál. 1152, brtt. 1153. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 598. mál, þskj. 959, nál. 1187. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 404. mál, þskj. 499, nál. 1185. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Reynslulausn, þáltill., 517. mál, þskj. 857, nál. 1186. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

7. Fjármögnun sjóðs til að auka verðmæti íslenskra sjávarafurða, stjtill., 688. mál, þskj. 1120. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

8. Skógrækt 2004–2008, stjtill., 689. mál, þskj. 1121. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

9. Ábúðarlög, stjfrv., 651. mál, þskj. 1060. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

10. Jarðalög, stjfrv., 652. mál, þskj. 1062. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

11. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 671. mál, þskj. 1091, nál. 1281, 1282 og 1310. — 2. umr.

12. Raforkuver, stjfrv., 670. mál, þskj. 1090, nál. 1264, 1280 og 1305. — 2. umr.

13. Raforkulög, stjfrv., 462. mál, þskj. 700, nál. 1230, 1262 og 1309, brtt. 1231. — 2. umr.

14. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 463. mál, þskj. 701, nál. 1232 og 1263, brtt. 1233. — 2. umr.

15. Orkustofnun, stjfrv., 544. mál, þskj. 891, nál. 1295. — 2. umr.

16. Íslenskar orkurannsóknir, stjfrv., 545. mál, þskj. 892, nál. 1303. — 2. umr.

17. Stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, stjfrv., 648. mál, þskj. 1053, nál. 1294 og 1302. — 2. umr.

18. Húsnæðissamvinnufélög, stjfrv., 396. mál, þskj. 457, nál. 1234. — 2. umr.

19. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 422. mál, þskj. 533, nál. 1246 og 1306, brtt. 1247. — 2. umr.

20. Lyfjalög og læknalög, stjfrv., 423. mál, þskj. 538, nál. 1238, brtt. 1239. — 2. umr.

21. Almannavarnir o.fl., stjfrv., 464. mál, þskj. 1249. — 3. umr.

22. Ársreikningar, stjfrv., 427. mál, þskj. 1166. — 3. umr.

23. Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, stjfrv., 375. mál, þskj. 1252. — 3. umr.

24. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, stjfrv., 538. mál, þskj. 1169. — 3. umr.

25. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 453. mál, þskj. 1248, brtt. 1301. — 3. umr.

26. Kosningar til Alþingis, stjfrv., 391. mál, þskj. 1182. — 3. umr.

27. Tollalög, stjfrv., 611. mál, þskj. 974. — 3. umr.

28. Hafnalög, stjfrv., 661. mál, þskj. 1075, nál. 1236, brtt. 1237. — 2. umr.

29. Fjarskipti, stjfrv., 599. mál, þskj. 960, nál. 1258. — 2. umr.

30. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 600. mál, þskj. 961, nál. 1257. — 2. umr.

31. Fjáraukalög 2003, stjfrv., 653. mál, þskj. 1063, nál. 1228. — 2. umr.

32. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 610. mál, þskj. 973, nál. 1296. — 2. umr.

33. Virðisaukaskattur, stjfrv., 669. mál, þskj. 1086, nál. 1297. — 2. umr.

34. Kjaradómur og kjaranefnd, stjfrv., 683. mál, þskj. 1110, nál. 1278. — 2. umr.

35. Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis suður, stjfrv., 650. mál, þskj. 1059, nál. 1283. — 2. umr.

36. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 602. mál, þskj. 963, nál. 1255. — 2. umr.

37. Námsstyrkir, stjfrv., 446. mál, þskj. 629, nál. 1270. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Páll Pétursson félmrh.

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Álbræðsla á Grundartanga, 671. mál, nál. 2. minni hluta iðnn., þskj. 1310.

Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla, 171. mál, nál. félmn., þskj. 1307.

Raforkulög, 462. mál, nál. 2. minni hluta iðnn., þskj. 1309.

Raforkuver, 670. mál, nál. 2. minni hluta iðnn., þskj. 1305.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 422. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 1306.

Tilkynning um dagskrá.

[10:33]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að kl. 1.30, að loknu hádegishléi, fer fram umræða utan dagskrár um kjör bænda. Málshefjandi verður Sigríður Jóhannesdóttir og hæstv. landbrh., Guðni Ágústsson, verður til andsvara. Umræðan mun standa í hálftíma.

Þá vill forseti einnig geta þess að ráð er fyrir því gert að að aflokinni umræðu utan dagskrár, þ.e. klukkan tvö, er áformað að fram fari atkvæðagreiðsla.

Athugasemdir um störf þingsins.

Kvikmynd um mansal.

[10:33]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Í fyrradag þáðu nokkrar þingkonur boð dómsmrn. um að sjá kvikmyndina Lilya 4-ever í Háskólabíói. Sú mynd hefur verið sýnd á norrænni kvikmyndahátíð í nokkra daga og var boðið til hennar þeim einstaklingum sem sátu ráðstefnu dómsmrn. um mansal. Þær þingkonur sem fóru að sjá þessa mynd urðu fyrir mjög miklum áhrifum. Nú hafa þær fréttir borist okkur að á þjóðþingum hinna Norðurlandanna hafi þingmenn fengið sérstaka sýningu á þessari mynd í ljósi þess að dómsmála- og félagsmálaráðherrar Norðurlandanna hafa tekið saman höndum og efnt til gífurlega öflugs átaks gegn mansali. Þeir beina sjónum sínum fyrst og fremst að baltísku löndunum, Norðurlöndunum og tengslunum þar á milli.

Herra forseti. Þær þingkonur sem fóru að sjá þessa mynd urðu fyrir miklum áhrifum. Nú langar mig að óska eftir því við hæstv. forseta og stjórn þingsins að kannað verði hvort þingmenn hér á Alþingi Íslendinga fengju sérstaka sýningu á þessari mynd. Ég held að við sem sáum myndina getum verið

sammála um að með því værum við betur í stakk búin til að taka á því vandamáli sem hér um ræðir og kalla til öflugra aðgerða varðandi þetta gífurlega vandamál sem mansalið er. Ég óska eftir því að hægt verði að kanna þetta mál með þeim hætti, herra forseti.

[10:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég var ein þeirra þingmanna sem fór að sjá þessa mynd. Ég verð að taka undir það að ég teldi mjög vel til fundið að þingið stæði fyrir sýningu fyrir þingmenn á þessari mynd. Hún er mjög áhrifamikil.

Ég verð að segja fyrir mitt leyti að hún hefur varla vikið úr huga mér frá því ég sá hana. Ég tel hana vera vopn í baráttunni við þann hryllilega glæp sem þarna er verið að fjalla um og ég tek undir orð hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um að myndin verði sýnd þingmönnum áður en menn fara til síns heima.

[10:36]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti mun í samráði við aðra forseta þingsins gaumgæfa þessar ábendingar og skoða til hlítar.

Álbræðsla á Grundartanga, 2. umr.

Stjfrv., 671. mál (stækkun, skattlagning). — Þskj. 1091, nál. 1281, 1282 og 1310.

[10:36]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá meiri hluta iðnn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað allítarlega um þetta mál. Fengið fjölmarga gesti á sinn fund og eins skriflegar umsagnir. Frá því er greint í nefndarálitinu á þskj. 1281.

Frv. sem hér er til umræðu byggir á því markmiði að ríkisstjórn og iðnrh. verði veitt heimild til að gera samninga við Norðurál hf. um stækkun álvers félagsins á Grundartanga í allt að 300 þús. tonn. Þetta markmið hefur verið til umræðu nokkuð lengi og búið að fara í gegnum allt löglegt og eðlilegt ferli hvað varðar starfsleyfi og annað slíkt.

Nefndin skoðaði ýmsar hliðar þessa frv. Í byrjun vil ég sérstaklega víkja að þeim þætti sem kalla má skattalegan og efnahagslegan. Um hinn skattalega þátt þarf í sjálfu sér ekki mikið að fjalla. Skattahlið frv. er í megindráttum sambærileg við þann samning sem nýlega var gerður við Alcoa og fékk mjög ítarlega umfjöllun í nefndinni og umræðum hér á Alþingi. Þessi samningur er að öðru leyti byggður á samkomulagi fyrirtækisins Norðuráls við sveitarfélögin umhverfis og ríkisvaldið. Ég tel að segja megi að umræðan um skattahlið málsins hafi þegar farið fram.

Um hin efnahagslegu áhrif framkvæmdanna má margt segja. Það tengist sambærilegri umræðu um Alcoa og efnahagsleg áhrif af þeim framkvæmdum. Þar horfa menn fyrst og fremst til þenslunnar og hafa lýst áhyggjum af því að þensla í okkar litla efnahagskerfi geti orðið mikil. Rétt er að hafa í huga að það er markmiðið að þær framkvæmdir sem hér um ræðir í álbræðslu á Grundartanga byggist á stækkun í tveimur hlutum. Mikill vilji er til að framkvæmdir að fyrri hlutanum geti hafist sem fyrst og verði að mestu lokið um það leyti sem framkvæmdirnar fyrir austan ná hámarki. Það kom fram í máli efnahagssérfræðinga sem nefndin kallaði til sín, m.a. frá Seðlabankanum, fjármálaráðuneytinu og atvinnulífinu, þ.e. ASÍ og Samtökum atvinnulífsins, að með þessum hætti og strangri og skilvirkri efnahagsstjórn mætti koma í veg fyrir að þensla yrði of mikil. Þensluáhrifin þurfa ekki að verða óeðlileg og leiða til að þenslan fari út fyrir eðlileg mörk.

Það var samdóma álit sérfræðinga, sem rétt er að árétta, að markmiðið er að fyrri hlutanum verði að mestu lokið á árinu 2005, þ.e. þegar framkvæmdirnar fyrir austan fara nærri því að ná hámarki. Síðari hlutinn ætti svo að koma til framkvæmda eftir að þenslunni fyrir austan er lokið, þ.e. í framhaldi af því.

Það var athyglisvert að heyra mál fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem liggja umhverfis Grundartanga og lýsingu þeirra á þeim áhrifum sem starfsemi Norðuráls hefur haft á á Vesturlandi, allt upp í uppsveitir Borgarfjarðar. Það var samdóma álit þeirra allra að öll samskipti við fyrirtækið Norðurál hefðu verið til einstakrar fyrirmyndar í einu og öllu. Samráðsvettvangur þessara aðila, þ.e. sveitarfélaganna og fyrirtækisins, virðist skilvirkur og var athyglisvert hversu jákvæðir fulltrúar sveitarfélaganna voru í garð fyrirtækisins.

Það þarf svo sem ekki að fara mörgum orðum um það, svo oft sem það hefur verið gert, hvaða áhrif þetta hefur haft á atvinnulíf á Vesturlandi. Á það var m.a. bent að fyrirtækið Norðurál býður þau störf sem gefa hæst meðallaun á öllu Vesturlandi. Því er e.t.v. ekki að furða að þetta sé eftirsóttur vinnustaður fyrir allar þær fjölmörgu atvinnustéttir sem þangað sækja störf.

Það kom fram að sveitarfélög á Vesturlandi styðja almennt þessa stækkun eindregið, ekki síst með vísan til þeirra jákvæðu áhrifa sem starfsemin hefur haft til þessa. Það var líka athyglisvert að heyra frá fulltrúa Umhverfisstofnunar. Frá því Norðurál hóf starfsemi hefur verið mjög markviss umhverfisvöktun á svæðinu og var staðfest af fulltrúa Umhverfisstofnunar að útblástur og umhverfisleg áhrif frá fyrirtækinu hafi verið langt innan viðmiðunarmarka, enda hefur fyrirtækið lagt áherslu á að hafa allar upplýsingar uppi á borðinu og ræða bæði við þá sem hafa verið tilnefndir til þessarar umhverfisvöktunar og eins fulltrúa sveitarfélaganna á svæðinu.

Það var mjög fróðlegt að heyra hve jákvæð viðhorf þessara fulltrúa voru enda mæla þeir eindregið með því að frv. verði samþykkt þannig að Norðurál geti gripið til þessarar stækkunar. Talið er að stækkunin muni, þegar fram í sækir, gefa af sér allt að 200 störf, viðvarandi störf. Reikna menn með að þessi störf verði fyrst og fremst skipuð Vestlendingum, enda munu um 85% starfsmanna Norðuráls vera íbúar á Vesturlandi.

Sveitarfélögin telja sig vel í stakk búin til að taka við þessari stækkun, ekki síst þeim áhrifum sem hún kann að hafa á íbúaþróun. Það hefur komið fram í máli manna að eftir að Norðurál hóf starfsemi sína hafi orðið mikill viðsnúningur. Mikil bjartsýni er ríkjandi og íbúum hefur fjölgað. Gert er ráð fyrir því að íbúum muni enn fjölga á Vesturlandi og þess muni gæta í uppsveitum Borgarfjarðar, auk þeirra sveitarfélaga sem næst liggja Grundartanga.

Um þetta þarf ekki að segja mikið meira. Greinargerðin með frv. er nokkuð ítarleg. En það var niðurstaða meiri hluta iðnn. að mæla með því að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir nál. skrifa auk mín hv. þm. Guðjón Guðmundsson, Pétur H.

Blöndal, Árni Ragnar Árnason, Kjartan Ólafsson og Ísólfur Gylfi Pálmason.

[10:45]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar einungis að leggja eina spurningu fyrir hv. formann iðnn., Hjálmar Árnason. Það stendur í nál. og hv. þm. sagði að nefndin hafi fjallað ítarlega um málið. Mig langar að spyrja hv. þm. hvað hann kalli ítarlega umfjöllun í þessu sambandi því við vitum að það er einungis vika síðan þetta mál var kynnt í þinginu. Mig langar til að fá að vita hverjir áttu þess kost að gefa skriflegar umsagnir um málið og hvaða skriflegar umsagnir bárust. Og á hvern hátt þessi ítarlega umfjöllun er mögulega öðruvísi en umfjöllun nefndarinnar almennt um mál af þessu tagi.

[10:45]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fram kemur í nál. frá meiri hluta iðnn. hverjir veittu umsagnir og hvaða gestir komu til nefndarinnar og vísa ég til þess.

Hvernig á að mæla hvað er ítarlegt og hvað er ekki ítarlegt? Ég held að það sé í rauninni vonlaust að fara í einhverja umræðu um það, ég hygg að ég og hv. þm. verðum seint sammála um það, enda er það mjög afstætt hvað er ítarlegt. Það sem ég á við með ítarlegt er að nefndarmenn töldu málið orðið það þroskað að hægt væri að afgreiða það úr nefndinni, enda hefði málið aldrei verið afgreitt úr nefnd að öðrum kosti. Ég hygg að það hafi verið samdóma álit allra nefndarmanna. Enginn nefndarmanna gerði athugasemd við það sem er vísbending um að allir nefndarmenn, þar á meðal fulltrúi Vinstri grænna, hafi talið málið vera orðið það þroskað að hægt væri að taka það úr nefndinni, nefnilega að menn hefðu fengið nægar upplýsingar til þess að afgreiða það. Hitt er svo allt annað mál hvort menn eru sammála um efni þess. En ég vek athygli á því að yfirgnæfandi meiri hluti nefndarmanna er sammála því að mæla með samþykkt frv.

[10:47]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var eingöngu í andsvari mínu að biðja um ákveðnar tæknilegar upplýsingar varðandi umfjöllun nefndarinnar um málið. Ég geri mér fulla grein fyrir því að þingmenn greinir á um þetta mál eins og gjarnan er um stór mál sem koma fyrir þingið, það er ekkert óeðlilegt við það. En mig langar að vita, herra forseti, hverjum var gefinn kostur, hvaða aðilar fengu eða áttu þess kost að gefa skriflegar umsagnir um málið. Þar er ég sérstaklega með í huga umhverfissamtök og náttúruverndarsamtök. Ég nefndi sérstaklega samtökin Sól í Hvalfirði eða samtökin sem ég man nú ekki í svipinn hvað heita en fjalla um línulagnir frá væntanlegum virkjunum sem kæmu til með að flytja rafmagn til álversins. Mér leikur forvitni á að vita, herra forseti, hvort aðilum af þessu tagi hafi verið gefinn kostur á að eiga orðastað við nefndina eða senda inn umsagnir um málið.

[10:48]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki með það hér nákvæmlega hverjir voru á útsendingarlista. En ég get þó sagt það að allir sem óskuðu eftir innan nefndarinnar, og það hefur nú verið venjan í þessari nefnd eins og öðrum að þegar fram koma óskir um að senda mál til umsagnar til einstakra aðila, þá höfum við orðið við því í iðnn. eins og yfirleitt í flestum nefndum þingsins. Ég held því að ég geti svarað því með þeim almenna hætti að málið var sent til þeirra sem óskað var eftir innan nefndarinnar frá öllum nefndarmönnum. Engum var hafnað.

Ég vil hins vegar bæta því við að okkur kann að greina á, mig og hv. þm., um það með hvaða hætti á að skoða einstök mál, en ég árétta það sem ég sagði áðan að við höfum engum hafnað að fara á útsendingarlista til umsagnar.

En hvað varðar t.d. mat á umhverfisáhrifum þá árétta ég það að Alþingi setti lög um mat á umhverfisáhrifum og hefur síðan stjórnsýslustofnanir til að fylgja slíkum lögum eftir. Ég lít svo á að þar sé um að ræða verkfæri þingsins til þess að hleypa Alþingi að slíkum málum, einstaklingum, fyrirtækjum, félagasamtökum og því um líku til þess að eiga aðkomu að málum, gera athugasemdir um þau mál sem eru í gangi hverju sinni við mat á umhverfisáhrifum t.d. Það eru stjórnsýslustofnanir sem fylgjast með þessu og sjá til þess að farið sé eftir lögum. Ég lít ekki á það sem hlutverk Alþingis að fara sjálft í hið eiginlega mat. Það er hlutverk okkar hins vegar að fylgjast með því að matið hafi farið fram samkvæmt þeim lögum sem við höfum sett á Alþingi. Og fram hefur komið að í þessu tilviki eins og öllum öðrum hefur það verið gert.

[10:50]

Frsm. 1. minni hluta iðnn. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hluta iðnn. sem skipaður er fulltrúum Samfylkingarinnar, þeirri sem hér stendur og Bryndísi Hlöðversdóttur.

Herra forseti. Minnihlutaálit okkar helgast ekki af því að við leggjumst gegn málinu, heldur er kannski nálgun okkar með öðrum hætti en meiri hlutans og þess vegna kusum við að vera með sérálit varðandi afgreiðslu málsins.

Fram hefur komið og kom fram í umfjöllun nefndarinnar um frv. sem hér liggur fyrir að sú reynsla sem fengist hefur af starfrækslu álversins á Grundartanga er góð ef marka má umsagnir þeirra sem iðnaðarnefnd leitaði til. Það hefur jafnframt vakið athygli að þau mótmæli sem voru þegar bygging verksmiðjunnar stóð yfir á sínum tíma virðast nú þögnuð, a.m.k. hafa þau ekki borist til minna eyrna, og ég skil það í rauninni svo að mun meiri sátt sé um álver á Grundartanga en var þegar ráðist var í þá framkvæmd upphaflega. Þá liggur líka fyrir bæði starfsleyfi og umhverfismat vegna stækkunar upp í 300 þús. tonn.

Það er skammt stórra högga á milli á Alþingi varðandi stórframkvæmdir og stutt síðan við ræddum hér álver í Reyðarfirði, Fjarðaál. Í tengslum við það ræddu menn mikið hugsanlega þróun efnahagslífsins á næstu árum og á það var bent að til skamms tíma geti það verkefni haft neikvæð áhrif á efnahagslífið sem birtist í hærra raungengi og síðar í hærri vöxtum en ella. Þetta með raungengið höfum við þegar orðið vör við og hefur verið rætt og var m.a. rætt á góðum fundi sem nefndin átti með fulltrúum frá Seðlabanka, frá greiningardeild Landsbanka Íslands og fulltrúum sem komu fyrir Samtök atvinnulífsins og Alþýðusambandsins. Þar fóru menn mjög vel yfir þá stöðu sem er hér varðandi gengismálin og efnahagsmálin. Ljóst er að gríðarlegt gjaldeyrisinnstreymi verður á framkvæmdatíma þessara framkvæmda allra, sem mun að óbreyttu auka spennu á vinnumarkaði og stuðla að hærra gengi krónunnar. Hin aukna spenna mun einnig setja þrýsting á verðbólgu og þau áhrif sem hafa verið kölluð ruðningsáhrif, þ.e. starfsemi sem ræður ekki við ýkt skammtímaáhrif framkvæmdanna, eða er ekki eins framleiðin og

stóriðjan, lætur undan síga af völdum hás gengis og/eða hárra vaxta þegar þar að kemur.

Þá má líka ætla, herra forseti, að sú atvinnustarfsemi sem ekki getur keppt við stóriðjuna í launum láti undan síga í framtíðinni. Stefnt er að því að þær framkvæmdir sem hér um ræðir verði á undan framkvæmdunum fyrir austan þannig að aðalframkvæmdatími þeirra verði liðinn þegar framkvæmdir eystra verða í hámarki. Sú framkvæmd sem hér um ræðir mun því, ásamt þeim framkvæmdum sem fylgja orkuöflun vegna hennar, verða til þess að stjórnvöld þurfa að hafa styrka stjórn á ríkisfjármálum, þurfa hugsanlega að grípa í taumana fyrr en reiknað var með og það er jafnvel spurning hvort þær flýtiframkvæmdir sem fyrirhugaðar eru, samanber frumvarp um fjáraukalög 2003 og kallast aðgerðir í atvinnu- og byggðamálum, 653. mál, sem gera ráð fyrir viðbótarfjárfestingum fyrir á sjöunda milljarð kr. á næstu 18 mánuðum, muni ekki þarfnast endurskoðunar í ljósi þess hraða sem verður á álversframkvæmdum á Grundartanga og virkjanaframkvæmdum þeim tengdum. Ég held að þetta sé mál sem hið háa Alþingi ætti að velta alvarlega fyrir sér nú á lokadögum þingsins þegar við stöndum einnig frammi fyrir því að afgreiða fjáraukalög fyrir árið 2003. Fram hefur komið að menn eru ekki sammála um hvort sá slaki sem nú er í efnahagslífinu verði einnig fram á næsta ár og setja þess vegna spurningarmerki við slíkar flýtiframkvæmdir, ekki síst þegar horft er til þess að hér er verið að samþykkja framkvæmdir sem á að keyra eins hratt í gang og mögulegt er, m.a. til þess að þær og framkvæmdirnar fyrir austan verði ekki í hámarki á sama tíma. Það er alveg ljóst, herra forseti, að allar þessar fyrirhuguðu framkvæmdir, og þá er ég ekki að undanskilja flýtiframkvæmdir ríkisstjórnarinnar, munu auðvitað ekki bara verða til þess að jafna hér út það ójafnvægi sem menn kunna að horfa til núna, heldur er hér um að ræða ákveðið álag á hagkerfið og hagstjórnina og það er alveg ljóst að ef af öllum þeim framkvæmdum verður sem eru fyrirhugaðar, þá mun það reyna mjög á. Við, fullrúar Samfylkingarinnar, leggjum höfuðáherslu á að sem best samvinna takist við stjórn peninga- og ríkisfjármála og einnig að virk samvinna verði við aðila vinnumarkaðarins til að sem mestur ávinningur verði af framkvæmdunum fyrir þjóðarbúið allt, vegna þess að undir svona kringumstæðum, herra forseti, er augljóslega hætta á því að eitthvað geti farið úrskeiðis og menn missi þau tök sem þurfa þó að vera styrkari á þenslutímum en ella.

Herra forseti. Við gerðum því ítarleg skil þegar fjallað var hér um Fjarðaál hversu óeðlilegt og óæskilegt við teljum að þegar stóriðjufyrirtæki hafa verið sett niður á Íslandi skuli samið við hvert þeirra fyrir sig um afslætti og stór frávik frá þeim reglum, þar með talið skattareglum, sem íslenskum fyrirtækjum er ætlað að búa við. Þetta endurtekur sig nú hvað eftir annað, þó að markmiðið hljóti að vera það að öllum fyrirtækjum í landinu sé boðið upp á ásættanlegt skattumhverfi þannig að ekki þurfi að semja sérstaklega um frávik þegar laða á atvinnustarfsemi inn í landið. Eða, herra forseti, kannski ekki endilega laða að atvinnustarfsemi inn í landið, heldur að reyna að koma því til leiðar að hér geti vaxið upp fjölbreytt og blómlegt atvinnulíf. Við teljum að frávikin sem gerð hafa verið fyrir sum fyrirtæki sem hefja starfsemi hér á landi sýni hvers fyrirtækin þurfi við, öll fyrirtæki, herra forseti, og ætti þá að verða til þess að stjórnvöld litu til slíkra breytinga fyrir öll fyrirtæki sem starfa á Íslandi. Það getur ekki bara verið þannig, herra forseti, að fyrirtæki í stóriðju ýmiss konar þurfi á því öryggi að halda varðandi rekstrarumhverfi sitt að vita mörg ár fram í tímann hver skattprósentan verður að hámarki, eða það séu eingöngu þau fyrirtæki sem þurfi að hafa lægri stimpilgjöld en gengur og gerist í atvinnulífinu, svo ég nefni einungis tvö atriði. Við viljum sérstaklega benda á lækkun og afnám stimpilgjalda sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur lagt fram frv. um á Alþingi, líklega í þrígang, og er nú til umfjöllunar í efh.- og viðskn., þar sem vilji okkar í þessum efnum hefur ítrekað komið fram án þess þó að það fengist fyrir því stuðningur á hinu háa Alþingi að slík tillaga yrði afgreidd, en hún lýtur að bæði fyrirtækjum, einstaklingum og fjölskyldum hér á Íslandi.

Við höfum jafnframt, herra forseti, gert það að umræðuefni í umfjöllun um þessi stórfyrirtæki sem verið er að styðja með margvíslegum hætti, menn eru með býsna miklar stuðningsaðgerðir við tiltekin fyrirtæki, við höfum ítrekað bent á mikilvægi þess að ef stjórnvöld telja að styrkja þurfi fyrirtæki eins og í þessu tilfelli, eða beita sérstökum aðgerðum til að ná erlendri fjárfestingu inn í landið, sem út af fyrir sig getur verið markmið, eigi að gilda um það almennar, gegnsæjar reglur sem byggist á jafnræði þar sem hið sama gildi fyrir alla sem eins er ástatt um.

Það þarf ekki endilega, herra forseti, að gilda það sama fyrir alla án tillits til kringumstæðna heldur þannig að samkeppnisforsendum sé ekki raskað, að það sama gildi um alla sem eins er ástatt um. Í því sambandi viljum við líka benda á margflutta tillögu okkar um bætta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs þar sem hvatt er til þess að skoðaðir verði möguleikar þess að stofna sjóð sem geti veitt stofnstyrki á faglegum forsendum, ef talin er nauðsyn á stuðningi við fyrirtæki til að hafa áhrif á þróun atvinnulífsins eða til að ná tiltekinni starfsemi inn í landið.

Þetta er sú aðferðafræði sem önnur Evrópulönd, þar með talinn Noregur — þó að Noregur sé ekki innan Evrópusambandsins — hafa beitt. Þar eru reglur um þessa hluti og menn vita að hverju þeir ganga ef þeir ætla að vera með atvinnustarfsemi eða byggja hana upp í þessum löndum, öfugt við það sem hér gerist, þar sem það er undir stjórnvöldum hverju sinni komið hvort og þá hverjir styrkirnir eru. Núna er það reyndar líka undir reglum ESA komið vegna þess að með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið höfum við í rauninni samþykkt að beygja okkur undir þær reglur sem önnur Evrópuríki nýta hvað varðar þessa hluti og við megum ekki styrkja meira en þar segir. Hins vegar höfum við ekki kannski nýtt okkur faglegu hliðina á þessu máli, heldur fyrst og fremst horft til upphæðanna.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, undirstrika hér atriði sem var nokkuð rætt þegar hér var verið að afgreiða frv. um álver í Reyðarfirði. Það er alvara þess að íslensk stjórnvöld skuli gera samninga og síðan lögfesta ákvæði, og þá vísa ég í e-lið 3. gr. frv., sem sníða því stakk með hvaða hætti unnt verður að beita hagrænum stjórntækjum varðandi útblástur og mengun. Það kemur í ljós að stjórnvöld beinlínis bjóða samninga eins og þessa, bjóða það að einstök fyrirtæki fái að hafa úrslitaáhrif um það með hvaða hætti íslensk stjórnvöld setja skattalög eða eftir atvikum ívilnandi reglur í framtíðinni, þ.e. beita hagrænum stjórntækjum í gegnum skattalög til þess að hafa áhrif á það með hvaða hætti fyrirtækin ganga frá útblæstri sínum og þá afleiðingum hans, mengun.

Þarna teljum við einnig, herra forseti, að reglur þurfi að vera og eigi að vera þannig að fyrirtæki njóti jafnræðis og

sé ekki mismunað þannig að samkeppnisforsendur þeirra raskist. Í frv. er hins vegar gengið svo frá málum að ef á að beita ákvæðum eins og þeim að skatta fyrirtæki fyrir mengun verði það ekki gert nema það eigi við um öll önnur fyrirtæki í landinu, eins og stendur í frv.

Þetta er fullkomlega óeðlilegt og, herra forseti, í rauninni svo fullkomlega óeðlilegt að menn hljóta að staldra við að í samningum við einstök fyrirtæki séu þeim settar skorður með hvaða hætti stjórnvöld geti tekist á við útblástur mengandi lofttegunda í framtíðinni.

Herra forseti. Við fulltrúar Samfylkingarinnar mótmælum þessum vinnubrögðum stjórnvalda harðlega.

Afstaða þingmanna Samfylkingarinnar gagnvart einstökum greinum eða ákvæðum mun koma fram við atkvæðagreiðslu um málið. Það er ljóst að menn eru ósáttir við þá aðferðafræði sem beitt er og mjög ósáttir við þetta ákvæði í e-lið 3. gr. Eigi að síður styður þingflokkurinn málið í heild sinni. Það liggur fyrir bæði starfsleyfi og umhverfismat vegna þessarar stækkunar og það er skoðun okkar að það sé eðlilegt að frv. fái hér framgang. Ég rakti áðan hvernig reynslan er af starfrækslu álversins. Miðað við þær umsagnir og upplýsingar sem við höfum er hún þannig að það er ekki ástæða til annars, herra forseti, en að veita því framgang að þetta fyrirtæki fái að dafna og stækka áfram á Íslandi.

[11:05]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst gæta ósamræmis í málflutningi hv. þingmanns. Annars vegar talar hún mikið um jafnræði, að ekki eigi að beita sérákvæðum og það eigi að vera almennar gegnsæjar reglur hvað varðar styrki til fyrirtækja. Hins vegar er hún á móti þeirri jafnræðisreglu sem kemur fram í frv. að ef um sérstaka skatta verði að ræða í sambandi við útblástur megi þeir ekki ná til allra fyrirtækja. Þar vill hún beita einhverjum sérreglum og, eftir því sem ég best get skilið að sé mögulegt, að skattleggja einungis álfyrirtæki vegna útblásturs á gróðurhúsalofttegundum.

Í sambandi við styrkjakerfi það sem Samfylkingin vill koma á væri forvitnilegt að vita hvort það ætti að gilda eingöngu á landsbyggðinni, hvort verið er að tala um byggðastyrki eða hvort þau eru að tala um styrki almennt til fyrirtækja sem stofnsett verða, og hvort þá er eingöngu um byggðastyrki að ræða. Ég veit að þau hafa t.d. talað um að sama reglan eigi að gilda í sambandi við öll álfyrirtæki í landinu. Eru þau þá ekki komin í ákveðin vandræði í sambandi við Ísal í því sambandi?

[11:07]

Frsm. 1. minni hluta iðnn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú þáltill. sem ég hef verið að vitna til og er 1. flm. að gengur út á það að skoðað yrði hvort ekki sé rétt að við tökum upp það sama fyrirkomulag og er í Noregi sem er eftirmynd þess fyrirkomulags sem er í Evrópusambandinu. Það er það sem við höfum sagt um þetta mál og okkur finnst rétt að gera það. Það er rétt að taka upp það sem virðist ganga vel hjá öðrum og virðist gefast vel, a.m.k. betur en sú pólitík sem hér hefur verið rekin þar sem oftar en ekki kemur upp kvittur um það að um pólitískt, jafnvel flokkspólitískt, ráðslag og stuðning sé að ræða þegar verið er að takast á við það að styrkja verkefni eða einstök fyrirtæki, og slíkt er alltaf undir gagnrýni.

Hvað varðar hins vegar þetta með jafnræðið heyri ég að hæstv. ráðherra skilur ekki muninn á því að öll fyrirtæki á Íslandi séu sköttuð og hinu að fyrirtæki séu meðhöndluð þannig að jafnræðis verði gætt þannig að samkeppnisforsendum verði ekki raskað. Álver, hvort sem það er á Grundartanga eða austur á fjörðum, er ekki í neinni samkeppni við bakaríið á Bolungarvík eða á Selfossi. Það er ekki verið að raska neinum samkeppnisforsendum þótt ekki gildi alfarið sömu reglur um þessi fyrirtæki ef menn vilja í framtíðinni takast á við mengun og útblástur frá fyrirtækinu.

Það hlýtur að vera frumréttur stjórnvalda hverju sinni að skoða hvernig þau takast á við þessa hluti. Það er ljóst að íslensk stjórnvöld eru ekki með þau áform að takast á við útblástur, hafa í rauninni vikið því frá, **(Iðnrh.:** Má hún tala mikið lengur?)

(Forseti (GÁS)**:** Forseti stýrir þessum fundi.)

... en í framtíðinni kann þetta mál að koma upp og þá er óeðlilegt, herra forseti, að það sé búið að binda íslensk stjórnvöld í samningum við einstök fyrirtæki.

[11:09]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar við erum að tala um mengun vegna gróðurhúsalofttegunda er það ekki út frá samkeppnissjónarmiðum, heldur út frá mengunarsjónarmiðum. Það er þess vegna sem þetta ákvæði er inni í frv., ef við erum að tala um að skattleggja mengun gildi það um öll fyrirtæki. Það hefur stundum verið kallað jafnræðisregla.

Það getur vel verið að ég skilji ekki hv. þingmann og það sé kannski vandamálið í þessari umræðu, en það sem ég var að tala um áðan og mér fannst gæta misræmis hjá hv. þingmanni er það að annars vegar eru jafnræðissjónarmið í hávegum höfð og hins vegar ekki. Það er það sem ég gerði athugasemd við og hún svaraði ekki þeim athugasemdum mínum.

[11:10]

Frsm. 1. minni hluta iðnn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Áfram með hártoganir og tittlingaskít. Það sem ég sagði áðan þegar ég var að fjalla um samkeppnisforsendur fyrirtækja var að það væri mikilvægt að þau fyrirtæki sem eins væri ástatt um væru meðhöndluð eins. Það er jafnræði. Að þeir sem eins er ástatt um séu meðhöndlaðir eins.

Hitt er hins vegar að mínu mati, og okkar, nokkuð sem er erfitt að sætta sig við, að í samningum við einstök fyrirtæki skuli vera gengið frá, eins og hér er gert í þessu frv., að ef það á að leggja skatta á útblástur mengandi lofttegunda verði það ekki gert nema það verði gert við öll önnur fyrirtæki í landinu.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, er þetta mál ekki uppi á borðum þessarar ríkisstjórnar í dag. Það er hins vegar ljóst að það er mikil þróun í þessum málum, hvernig menn ætla að takast á við þetta vandamál í framtíðinni. Menn eru með útblásturskvóta sums staðar sem virðast reynast vel og menn eru að reyna að beita hagrænum stjórntækjum til þess að hafa áhrif á þessi mál. Ég vil og við viljum í Samfylkingunni að íslensk stjórnvöld geti komið að þessu borði þegar þar að kemur án þess að vera bundin ákveðnum fyrirtækjum hér á Íslandi um það hvernig þau megi nálgast verkefnið. Það er það sem við erum að tala um.

[11:12]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson):

Herra forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

Virðulegi forseti. Ég er talsmaður 2. minni hluta iðnn. sem fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í iðnn. En áður en ég fer yfir nál. mitt vil ég geta þess að ég hef á síðustu tveimur árum átt þess kost að heimsækja álverið á Grundartanga, álver Norðuráls, núna síðast fyrir tveimur vikum var tekið á móti okkur fulltrúum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í því fyrirtæki. Ég vil geta þess að ég tel að það sé mjög myndarlega að öllu staðið varðandi rekstur þessa fyrirtækis og ég tel forsvarsmenn álversins vera mjög meðvitaða um stöðu sína í samfélaginu og reyni að vinna vel að málum, bæði hvað varðar vöktun og umhverfismál, mengunarmál og starfsmannamál, eins og hægt er. Enda held ég að þeir sem eru í þessum iðnaði ... (Gripið fram í.) ég segi það vegna þess að ég tel að það sé reginmunur á fyrirtækjum. Þessir starfsmenn eru menntaðir í geiranum og hafa sett sig inn í starfsumhverfi þessa iðnaðar, mestmegnis erlendis, og það er alveg ótrúlegt hvað starfsmenn álversins eru miklu meðvitaðri um nauðsyn þess að ástunda t.d. umhverfisvöktun og lifa í sátt við náttúruna eins og möguleiki er til miðað við þennan iðnað, heldur en t.d. umræðan hér á hinu háa Alþingi er hjá fulltrúum nefnda, fulltrúum sveitarfélaga og jafnvel alþingismönnum. Ég vildi koma þessu á framfæri. Það er undarlegt að upplifa það að starfsmenn iðnaðarins virðast hafa miklu meiri skilning á gagnrýni þeirra sem hafa önnur sjónarmið hvað varðar þessa starfsemi en er t.d. ríkjandi hér á hinu háa Alþingi og á hinu pólitíska sviði.

Ég er fyllilega meðvitaður um það að hér er ég að hrósa þessum mönnum. Þeir hafa greinilega sett sig mjög vel inn í málin, sérstaklega umhverfismálin, þó þeir séu í þessum rekstri og þeir eru meðvitaðir um að gera það eins vel — ég undirstrika það — eins vel og hægt er miðað við þennan iðnað, (**JÁ:** Ertu hissa á þessu?) mjög vel. Nei, ég er kannski ekki hissa á því. En það er gleðileg staðreynd miðað við það andrúmsloft sem hér ríkir á hinu pólitíska sviði og í nefndastarfi. Þetta er alveg tvennt ólíkt. Hér vilja menn bara skella sér á magann gagnrýnislaust í mörgum tilvikum, eru ekki tilbúnir til þess að fara í grunnvinnu sem er undanfari þess að taka ákvörðun um svona hluti og það sýnir sig nú varðandi þetta frv. að það er sett hér fram í þingið viku fyrir þinglok. Ég er sannfærður um að forsvarsmönnum álversins mundi ekki detta í hug, ekki einu sinni detta það í hug, að vinna með þessum hætti og halda að það væru vönduð vinnubrögð. Það gera þeir ekki. En hið háa Alþingi lætur bjóða sér viku fyrir þinglok að skauta yfir þetta mál og afgreiða það sem lög frá Alþingi. Þetta er ekki sanngjarnt. Þetta mundu starfsmenn iðnaðarins aldrei gera, enda eru þeir með plön langt fram í tímann og leggja niður fyrir sér hvað þeir vilja.

Virðulegi forseti. Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 62/1997 fjallar í stórum dráttum um að veita Norðuráli í Hvalfirði heimild til þess að stækka álverið þar úr 90 þús. tonnum í áföngum í 180 þús. tonn, síðan í 240 þús. tonn og auka heimild upp í 300 þús. tonn. Það sem hangir á spýtunni varðandi þetta mál er augljóslega það að til þess að geta gengið til samninga um þessa stækkun þarf Landsvirkjun í samvinnu við önnur orkufyrirtæki í landinu að fara í gríðarlega orkuöflun, fyrst upp í 180 þús. tonn og síðan upp í 240 þús. tonn. Það er meginforsenda þess að minni hlutinn telur ekki hægt að afgreiða þetta mál að svo stöddu, þ.e. vegna orkuþáttarins og orkuöflunarþáttarins í málinu. Ég vil undirstrika að álverið hefur nú þegar heimild til að stækka úr 90 þús. tonnum í 180 þús. tonn þannig að augljóslega er hægt að fara í þá framkvæmd ef fyrirtækið getur samið við Landsvirkjun um orkuöflun.

Hér seinna í dag verður 2. umr. um frv. sem er forsenda þess að hægt sé að fara í þá stækkun sem menn fyrirhuga á Grundartanga. Þar liggja þrjú verkefni undir eða í raun og veru fjögur vegna þess að til að þetta verkefni geti orðið að veruleika, þ.e. þessi stækkun, þá þarf Hitaveita Suðurnesja og Orkuveita Reykjavíkur og Landsvirkjun að koma að málinu með gríðarlegum virkjunarframkvæmdum. Ég segi fjögur fyrirtæki vegna þess að reiknað er með því að aukið verði við afl Nesjavallavirkjunar um 16 megavött. En síðan hangir á spýtunni í raun alveg nýtt orkuver á Reykjanesi upp á allt að 80 megavött. Þetta er algjör forsenda fyrir því að hægt sé að fara í þessar fyrirhuguðu stækkunarframkvæmdir uppi í Hvalfirði hjá Norðuráli.

Það hangir náttúrlega líka á spýtunni að talað er um stækkun í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur og á hennar vegum, stækkun á Nesjavöllum sem lýtur að því að þar verður bætt við einni vél úr 90 megavöttum í 120 megavött. Síðan er það náttúrlega langumdeildasta verkefnið, Norðlingaölduveita, sem eykur afl í Þjórsárvirkjunum til þess að unnt sé að semja um þessa stækkun. Norðlingaölduveita er í sjálfu sér efni í umræðu út af fyrir sig vegna þess að hönnun veitunnar liggur engan veginn fyrir og verður á dagskrá á eftir hér í þinginu. Hönnun er í gangi og samkvæmt þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir er alls ekkert útséð um það hvernig hönnun mannvirkisins fer fram á grunni álits hæstv. setts umhvrh. Hv. Alþingi hefur enga möguleika á því að setja sig inn í það svo fullnægjandi sé vegna þess að nú eru aðeins tveir dagar eftir af þinginu.

Þess vegna, virðulegi forseti, telur minni hlutinn að alls ekki séu forsendur fyrir því að koma fram hér með lagafrv. sem veitir svo miklar heimildir til samninga um stækkun á fyrirtækinu uppi í Hvalfirði. Fyrirtækið getur stækkað upp í 180 þús. tonn miðað við þá samninga sem nú eru fyrir hendi, úr 90 þús. tonnum í 180 þús. tonn. En fyrirtækið vill fara í 240 þús. tonn og hefur heimild til þess að fara í 300 þús. tonn.

Það er algjör krafa að menn hafi þann ramma sem nauðsynlegur er hvað varðar nýtingu vatnsafls og jarðvarma um hvernig á að fara í þessar auðlindir áður en gefnar eru heimildir af því tagi sem hér stendur fyrir dyrum að gefa, algjör. Hvar ætla menn að enda þessa ferð? Á bara að skella sér á magann og sjá svo til? Ætla menn bara að ímynda sér að Hengilssvæðið sé framtíðargnóttarorkuöflunarsvæði fyrir höfuðborgina sem dæmi (**Gripið fram í:** Plús Hellisheiðin.) plús Hellisheiðin. Það er ekki víst að svo sé. Það hefur komið fram í gögnum að það er lítils háttar niðurdráttur hvað varðar orkugetu Nesjavallasvæðisins. Hér er því alls ekkert um óþrjótandi orkulindir að ræða sem réttlæta það að við getum hagað okkur eins og við gerum.

Norðurál hóf framleiðslu á Grundartanga 1. júlí 1998 og í byrjun var ársframleiðsla álversins 60 þús. tonn eins og ég drap á áður. Sumarið 2001 var framleiðslan aukin í 90 þús. tonn á ári. Í upphaflegu starfsleyfi og mati á umhverfisáhrifum var gert ráð fyrir að fyrirtækið mundi framleiða allt að 180 þús. tonn af áli og að uppbyggingin yrði í áföngum á tiltölulega skömmum tíma. Norðurál, eins og ég gat um áðan,

hefur nú þegar leyfi fyrir 180 þús. tonna álveri. Í frv. er hins vegar gert ráð fyrir að fyrirtækinu verði heimilt að stækka í allt að 300 þús. tonn ef samningar nást við Landsvirkjun um raforkuafhendingu. Upplýst hefur verið að fyrirtækið hyggst stækka í 180 þús. tonn eins og heimild er fyrir og síðan, ef þetta frv. verður samþykkt, í 240 þús. tonna ársframleiðslu. En áframhaldandi stækkun upp í 300 þús. tonn mun vera óljós. Forsendur stækkunarinnar eru auðvitað samningarnir við Landsvirkjun og afhending á rafmagni.

Annar minni hluti hefur þegar gert athugasemdir við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum, þar sem kveðið er á um heimildir til virkjana sem eru grundvöllur þess að hægt sé að afhenda aukna orku til Norðuráls í Hvalfirði. Þar er um að ræða stækkunina í Svartsengi um 16 megavött, heimild til 80 megavatta virkjunar á Reykjanesi og stækkun úr 90 í 120 megavött á Nesjavöllum, auk Norðlingaölduveitu.

Annar minni hluti hefur gert alvarlegar athugasemdir við undirbúning þessara mála. Minnt skal á að unnið er að rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma í landinu og telur 2. minni hluti einsýnt að fresta beri ákvarðanatöku um orkuvinnslu á öllum þessum svæðum þar til slík áætlun hefur verið lögð fram og samþykkt. Í ljósi þessa telur 2. minni hluti ekki tímabært að samþykkja frumvarp um heimild til stækkunar álvers Norðuráls í Hvalfirði í 300 þús. tonn.

Í tengslum við þetta mál eru líka óafgreidd mál sem mikil gagnrýni hefur verið uppi um og það eru mál varðandi línulagnir. Þar setja menn stór spurningarmerki við áframhaldandi línulagnir og stofnlagnir frá Landsvirkjunarkerfinu og frá virkjununum og inn á Brennimel. Hv. Alþingi hefur ekki haft tækifæri til þess að setja sig inn í málið svo viðunandi sé.

Almennt um þetta mál. Hér erum við líka, eins og með álverið á Reyðarfirði um daginn, með sérsamninga sem lúta að þessu eina fyrirtæki. Það er undarleg stefna hæstv. ríkisstjórnar að hægt sé að hygla stórfyrirtækjum með sérsamningum um skatta og aðra umgjörð, en neita síðan slíkum hugmyndum þegar talað er um okkar eigin iðnað eða uppbyggingu á eigin forsendum, á forsendum okkar sjálfra. Það tel ég að sé mjög gagnrýnivert og tek undir þær gagnrýnisraddir að slík fyrirtæki eiga að ganga inn í almennt skattalegt umhverfi í landinu en ekki að njóta gríðarlegra fríðinda umfram aðra. Hvað Norðurál varðaði þá voru fríðindin metin til 22 milljóna bandaríkjadollara bara hvað varðar skatta og gjöld og þá voru ekki með talin fríðindi eins og aðkoma sveitarfélaganna og ríkisins að uppbyggingu hafnar o.s.frv.

Virðulegi forseti. Aðalmálið er að við höfum ekki heildstæða mynd af því vegna vöntunar á rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma hvernig við ætlum að nýta þessar orkuauðlindir. Sú áætlun verður að liggja fyrir og þar með verður að liggja miklu skýrar fyrir hvaða framtíðarorkuöflunarmöguleikar eru fyrir hendi fyrir höfuðborgarsvæðið. Það getur ekki verið rétt ef matið verður það að við séum að ganga á auðlindir til orkuöflunar í allra næsta nágrenni höfuðborgarinnar sem muni síðar koma okkur í koll. Þá er ég að tala um áratugi eða hagsmuni heillar kynslóðar. Rammaáætlun verður að liggja fyrir áður en frekari sala eða áform um sölu og uppbyggingu raforkuvera liggur fyrir. Það er grundvallaratriði.

Ég vil taka það fram að álverið hefur þarna möguleika til helmingsstækkunar og eflaust er það samningsatriði fyrirtækisins við Landsvirkjun hvort það getur fengið rafmagn á viðunandi verði til þess að fara í þá stækkun. En það stendur upp á okkur að gæta hagsmuna landsins í heild sinni og gæta þess að ekki sé vaðið áfram þannig að auðlindir landsins séu notaðar á þann hátt að það komi okkur í koll seinna þannig að við getum ekki notað þær til annarra og e.t.v. nauðsynlegri og hagkvæmari verkefna en við erum að fara í hér. Þá tala ég um til lengri tíma litið, virðulegi forseti.

[11:30]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson talaði eins og að möguleikar álversins í Hvalfirði væru klárir til þess að stækka upp í 180 þús. tonn. Það er alls ekki rétt. Orkuöflunin við Norðlingaöldu er forsenda þess að hægt sé að fara í þessa stækkun núna og hv. þm. er á móti því, það hefur komið skýrt fram. Og það er líka þannig að sá tími sem er mögulegur til þess að stækka þetta álver og skaffa raforku til þess er núna, og hann er ekki aftur fyrr en hinum miklu framkvæmdum á Austurlandi verður lokið. Þannig liggur þetta mál og þess vegna er svolítið skrýtið að tala út frá þeim sjónarmiðum sem hv. þm. nefndi og margtók fram, að álverið gæti bara stækkað upp í 180 þús. tonn. Það gerist ekki ef sjónarmið hv. þm. og flokks hans fá að ráða hér.

Síðan langaði mig til að nefna upphaf ræðunnar sem var ákaflega undarlegt og gekk út á það hversu upprifinn þingmaðurinn hafi orðið yfir því hve vel starfsmenn hjá þessu fyrirtæki væru starfi sínu vaxnir og meðvitaðir um að það þurfi að lifa í sem mestri sátt við umhverfið. Þetta kemur okkur ekkert á óvart sem þekkjum til þarna. Það hefur verið unnið mjög vel að þeim málum í þessu álveri og ég held að allir ættu að geta orðið sammála um að þetta álver er komið til að vera og til þess að það standist til framtíðar í samkeppni heimsins um álframleiðslu þarf það að fá að stækka upp í þá hagkvæmustu stærð sem þar er í gangi um þessar mundir. Þess vegna þurfa menn að sjá til þess að fyrirtækið fái tækifæri til þessarar stækkunar núna.

[11:32]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur ekki hlustað nægilega vel á það sem ég var að segja. Ég er fyllilega meðvitaður um að samningar við Landsvirkjun um afhendingu á orku þurfa að nást. Ég gat þess jafnframt að það væri algjör krafa okkar að þetta yrði sett í landssamhengi og á grunni áætlunar um heildstæða stefnu í nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Það er okkar krafa. Þannig hefði átt að vinna málin og taka afstöðu út frá því. Ég geri mér fulla grein fyrir því að stækkun álversins verður ekki nema hægt sé að semja við Landsvirkjun um afhendingu orku.

En það er skoðun okkar hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að það eigi ekki að hleypa Landsvirkjun í frekari virkjanaframkvæmdir án þess að heildstæð stefna liggi fyrir um hvernig við ætlum að nýta þessa auðlind, alls ekki. Það liggur alveg klárt fyrir.

Ég var ekki að tala um að það hefði komið mér skemmtilega á óvart hvernig forsvarsmenn álversins á Grundartanga, Norðuráls, væru stemmdir í náttúruverndarmálum. Það kom mér ekki á óvart. Hins vegar gerði ég samanburð á meðvitund þessara manna og meðvitund hér á hinu háa Alþingi og í nefndum. Það er meginmálið sem ég var að draga fram. Ég hef kynnt mér álbræðslur alveg frá því að Straumsvík tók til starfa. Ég er líklega búinn að heimsækja Straumsvík fjórum

sinnum þannig að ég tel mig vera vel inni í því hvernig þessi rekstur gengur fyrir sig. Ég hef átt margar heimsóknir, líklega sex eða sjö, inn í slík fyrirtæki.

[11:35]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er náttúrlega alveg skýrt. Hv. þm. og flokkur hans vilja að þessum möguleika verði ýtt út af borðinu. Hv. þm. var samt að gefa það í skyn í ræðunni áðan að álverið í Hvalfirði ætti möguleika á að stækka upp í 180 þús. tonn. Sá möguleiki er ekki fyrir hendi nema þessir virkjanakostir verði nýttir. Þannig liggur málið. Mér finnst að menn eigi bara að vera skýrir á því og ekkert að reyna að vefja það inn í einhvern annan búning en það er í. Ég virði þá skoðun hv. þingmanna að þeir séu á móti því að þetta álver verði stækkað. Það er fullur réttur þeirra að vera það og ég get tekið undir að íslensk stjórnvöld hafa staðið sig með eindæmum illa hvað varðar þau atriði sem hv. þm. nefndi hér í sambandi við rammaáætlun og annað slíkt. Við stöndum frammi fyrir því núna hvort sinna eigi þessum kosti um stækkun álversins í Hvalfirði, og ég og minn flokkur höfum tekið þá ákvörðun að styðja þá niðurstöðu. Það hefur orðið sátt um tiltekna veitu við Norðlingaöldu og aðferðir við að nýta orku þaðan. Við stöndum líka að þeirri sátt og teljum að þar hafi náttúruverndarsjónarmið unnið mikinn sigur. Við viljum standa vörð um þessa niðurstöðu og líka reyna að sjá til þess að hægt verði að sinna þessum stækkunarmöguleika álverins í Hvalfirði áður en framkvæmdirnar fyrir austan hellast yfir. Ella er þessi möguleiki úr sögunni langt fram í tímann.

[11:36]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég var að benda á er að samþykkt þessa frv. er algjörlega ónauðsynleg. Það er heimild til stækkunar ef fyrirtækið getur samið við Landsvirkjun um afhendingu á orku, helmingsstækkun. Það er grundvallaratriði.

En það er augljóst að Samfylkingin leggst á sveif með ríkisstjórninni um að það sé ekki nauðsynlegt að kortleggja hvernig við ætlum að fara í þessar auðlindir. Ef verkefni standi fyrir dyrum eigi bara að einhenda sér í, burt séð frá öllum framtíðarplönum, að virkja og virkja þannig að hægt sé að fara í afmörkuð verkefni eins fljótt og hægt er, án heildstæðrar myndar. Ég gat ekki betur heyrt en það væri niðurstaða hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Við erum á móti því.

Hins vegar á grunni heildstæðrar stefnu um það hvernig við ætlum að nýta auðlindirnar, vatnsafl og jarðvarma, er ekkert útilokað að Landsvirkjun geti á grunni slíkrar samþykktar staðið að afhendingu á rafmagni til þeirrar stækkunar sem samþykkt hefur verið og leyfi er fyrir, þ.e. tvöföldun á framleiðslugetu fyrirtækisins. Það er ekkert útilokað. Það sem við erum að gagnrýna er að grunnvinnan liggur ekki fyrir, hún er ekki fyrir hendi, og við viljum sjá þetta stóra dæmi í heild.

Það liggur líka fyrir umsókn varðandi Straumsvík. Og ætla menn bara að henda sér á magann og segja: Nú vilja þeir fá rafmagn og þá skiptir engu máli hvernig við ætlum að fara í þessar auðlindir og nú verðum við að virkja til þess að skaffa þeim rafmagn? Þetta eru ekki sannfærandi vinnubrögð, virðulegi forseti.

[11:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skildi hv. þm. þannig að hann ætti bara þó nokkuð erfitt með að styðja ekki þetta mál. Ég skil það mjög vel. Engu að síður hyggst hann ekki gera það. Hann sagði að það væru ekki forsendur fyrir því að stækka núna, og það var m.a. vegna þess að það væri ekki búið að útfæra nægilega vel hvernig ætti að fara í Norðlingaölduveitu.

Það væri forvitnilegt að vita hvaða orkuöflun hv. þm. væri tilbúinn að styðja. Það er ágætt að vitna í rammaáætlun endalaust, en það væri forvitnilegt hvort hann gæti sagt nú að einhver virkjun væri í lagi. Það væri mjög forvitnilegt. (**KÓ:** Það er stór spurning.) Hann segir að ekki sé tímabært að samþykkja þetta núna, en það vill svo til að í þessum tillögum felst að það eigi að nýta betur Svartsengi upp á 16 megavött. Það er Reykjanes, 80. Og það er ekki Tröllladyngja eins og hv. þm. virtist halda, það er við saltverksmiðjuna. Og síðan eru það Nesjavellir, úr 90 í 120. Þetta eru gufuvirkjanir og eftir því sem ég hef skilið þá sem eru tregastir til að virkja hafa þeir alltaf verið frekar hlynntir því að fara í jarðgufuvirkjanir fremur en vatnsafls. Þarna virðist hv. þm. heldur ekki treysta sér til þess að styðja jarðgufuvirkjanir.

Hann talar um sérsamninga vegna skatta og það er aðfinnsluatriði að hans mati. Væri hann tilbúinn að samþykkja þetta ef Norðurál færi bara beint inn í íslenska skattkerfið?

[11:41]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú alltaf sérstakt þegar hæstv. iðnrh. kemur í andsvör og fer að meta það hver hugur manna sé til mála. Ég leyfi mér ekki að koma fram með slíkum hætti og halda því fram að hæstv. iðnrh. komi hér inn með eitthvert mál en hugur hennar standi til einhvers annars. Mér finnst það ósmekklegt í hæsta máta.

Það gefur náttúrlega augaleið að við erum ekki á móti virkjunum og höfum aldrei talað þannig. Hvað varðar nýtingu jarðvarmans hefur margkomið fram að hún byggir á því að farið sé hægt í jarðhitasvæðin. Og það sé húkkað upp nýjum vélum eftir því sem virkjunaraðilar læra að þekkja á svæðið. Það er alls staðar þannig þar sem við höfum farið í orkuframleiðslu á þessum grunni. Það er við Kröflu. Það er í Svartsengi. Forsvarsmenn í Svartsengi segja að það sé ráðlegt og ekkert mál að setja upp samstæðu sem auki aflið um 16 megavött. Auðvitað er það allt í lagi. Forsvarsmenn í Svartsengi hafa sagt mér að til þess að fara í virkjun á Reykjanesi þurfi að viðhafa nákvæmlega sömu vinnubrögð, að setja niður vél og skoða síðan hvernig svæðið artar sig, hvernig það ryður sig, og meta í framhaldi af því möguleikana á því að setja upp fleiri vélar til þess að svæðin endist. Nákvæmlega það sama í Kröflu. Og auðvitað á að vinna þannig.

Það liggur fyrir að það er niðurdráttur á Nesjavöllum. Mér hefur verið sagt að betra hefði verið að bíða í rólegheitum og sjá hvernig svæðið ryðji sig áður en menn færu að setja upp nýjar vélar í offorsi. Það er þetta sem ég er að tala um.

[11:43]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er einmitt vegna þess að ekki er hægt að virkja öðruvísi en það sem kannski mætti kalla í smáskömmtum þegar um jarðgufuvirkjanir er að ræða af því það

þarf að meta og halda síðan áfram með kannski 40 megavött í einu eða eitthvað slíkt. Það gerir einmitt það að verkum að þegar farið er í stóriðjuframkvæmdir eins og nú er gert dugar ekki jarðgufan, þá þarf að fara í vatnsaflsvirkjanir. Það hljóta allir að sjá að það hefði ekki dugað að fara í jarðgufuvirkjanir, t.d. í tengslum við álverið í Reyðarfirði, þó svo að um það hefði verið að ræða á Austurlandi að slíkar auðlindir væru til staðar. Þess vegna er mikilvægt að geta gert hvort tveggja. Í þessu tilfelli er það þannig að verið er safna saman orku af mörgum svæðum og miðað við hvernig tókst að úrskurða í sambandi við Norðlingaölduveitu, og almenn þjóðarsátt ríkir um þann úrskurð sem kveðinn var upp, finnst mér að hv. þm. hefði fengið gott tækifæri núna til þess að sýna að það er ekki um ofstæki að ræða hjá hv. þm. og flokki hans í sambandi við virkjanamál, heldur meta þau hvern kost fyrir sig. Þarna fengu þau eitthvert besta tækifæri til þess að sýna að þau eru sveigjanleg í þessum efnum og styðja góð mál.

[11:44]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. talar um ofstæki. Ég held að það verði nú að flokka undir ofstæki í framkvæmdamálum sem hæstv. iðnrh. hefur verið að beita sér fyrir undanfarið. Það eru nú engin smámál. Virkjanaframkvæmdir fyrir austan, álverið fyrir austan, þessa stækkunarmöguleika sem við erum að ræða um hér, álverið í Straumsvík. Ég held að maður geti með góðri samvisku sagt að hér er farið fram með þvílíku ofstæki varðandi uppbyggingu einhæfs atvinnulífs (**Iðnrh.:** ... atvinnulífsins.) að það hálfa væri nóg. Ég fullyrði það, virðulegi forseti, að hvergi í heiminum, af tilsvarandi stærðargráðu miðað við fólksfjölda og efnahagskerfi, mundu menn láta sér detta í hug að fara fram með slík verkefni. Aldrei. En hér geta menn farið fram með offorsi og ofstæki gagnvart landinu, gagnvart auðlindunum og og sjást ekki fyrir. Það er meginmálið í þessu dæmi. Meginmálið.

[11:46]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég hef af athygli fylgst með þeirri umræðu sem hér hefur farið fram í morgun varðandi frv. til laga um breytingu á lögum nr. 62/1997, sem varðar heimildir til samninga um álbræðslu á Grundartanga.

Ég tel rétt að byrja á að segja að ég tek fullkomlega undir álit fulltrúa okkar Samfylkingarinnar í iðnn. Ég vil leggja áherslu á jafnræði fyrirtækja varðandi skatta.

Ég er mjög ósammála hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni, 6. þm. Norðurl., um að þetta frv. sé ekki nauðsynlegt. Ég tel frv. nauðsynlega forsendu þess að geta farið í þá stækkun sem menn ætla að fara í og tel rétt að taka það skref í einu lagi. Það hefði kannski mátt segja að það hefði átt að byrja á að samþykkja Norðlingaölduvirkjun, til þess að hafa þetta í réttri röð. En ég lít þannig á að um málið ríki fullkomin sátt. Mér er því sama hvort kemur undan í þessu tilviki.

Það hefur um skeið verið beðið eftir afgreiðslu á þessu máli. Norðurál lagði inn erindi fyrir nokkuð löngu síðan og sótti mjög stíft í septembermánuði í haust á að fá svar frá ríkisstjórninni um afgreiðslu á rafmagni til stækkunar verksmiðjunnar á Grundartanga. Ég fagna því að málið er komið á þetta stig og sé fram á að það verði afgreitt af þinginu í dag eða á morgun. Málið er að það hafa verið bundnar miklar vonir við þessa stækkun sem fyrirhuguð er. Fólkið sem býr þar á svæðinu frá Stykkishólmi suður í Reykjanesbæ horfir til aukinna atvinnutækifæra, bæði á byggingartímanum og í kjölfar stækkunar á verksmiðjunni. Þessa sér einnig merki í nágrenni verksmiðjusvæðisins, bæði á Akranesi og í Borgarnesi. Menn eru fullir bjartsýni og hafa nú þegar lagt í miklar byggingarframkvæmdir íbúðarhúsnæðis. Á teikniborðinu eru fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir í nærliggjandi byggðarlögum vegna þessa. Reikna má með að þær framkvæmdir skili nokkur hundruð störfum á byggingartímanum og þegar upp er staðið 300–450 varanlegum störfum á suðvestursvæðinu. Það er rétt að taka það fram að u.þ.b. 75–80% starfsmanna eru frá nágrannabyggðunum, Akranesi, Borgarnesi og nágrannasveitarfélögunum.

Þessar framkvæmdir munu sem sagt skila fjölmörgum störfum sem eru nauðsynleg. Það er nauðsynlegt að vinna að þessu á næstu 2–3 árum. Það þarf enginn að fara í grafgötur með mína skoðun á stóriðjuframkvæmdum. Reynsla mín talar þar sínu máli. Það er hlutverk mitt sem þingmanns að stuðla að því á allan mögulegan máta að eðlileg uppbygging á þessu sviði sem og öðrum haldi stöðugt áfram og í samræmi við þarfir eins og þær eru á hverjum tíma.

Menn þurfa að fara að lögum og þau þarf að setja eftir því sem við á í hverju tilviki fyrir sig. Atvinnulífið, framleiðsla, viðskipti, menntun og grunnþjónusta, eru lykillinn að undirstöðunni sem öll okkar velferð byggist á í því síbreytilega alþjóðaumhverfi sem við þrufum að mæta hér á heimaslóð með aðlögun. Ef tækniframfarir verða þá eigum við og verðum að tileinka okkur þær, annars drögumst við aftur úr. Ef ástand breytist á einhvern hátt í heiminum verðum við samstundis að bregðast við, annars drögumst við aftur úr. Við verðum að taka tillit til annarra og leggja okkar af mörkum til að veröldin sem við lifum í verði sem best. Þetta er eitt þeirra mála sem skipta máli.

Lítið þjóðríki eins og Ísland getur haft áhrif á heimsmyndina eins og dæmin sanna. Það er tekið tillit til okkar í alþjóðasamskiptum og rödd Íslands heyrist alls staðar þar sem við fáum tækifæri til að tjá okkur. Það er kannski rétt að geta þess að Íslendingar veljast ærið oft til forustu þegar fjallað er um alþjóðamál, ef við eigum kost á að koma þar að. Það er vegna þess að hér hafa menn skilgreint hvað þeir vilja í flestum málum.

Það er rétt að koma því að að ég tel að nýting auðlindanna á Íslandi sé nauðsyn. En við þurfum auðvitað að gera okkur grein fyrir því hvaða auðlindir við viljum nýta og hvernig. Það er ljóst að við þurfum að fjölga virkjunum og nýta okkur náttúruauðlindir, hvort sem það verður til virkjunar, fyrir stóriðju eða annars konar atvinnunýtingu.

Um langt skeið höfum við byggt afkomu okkar á því sem auðlindin í hafinu hefur gefið okkur. Þar er um að ræða takmarkaða auðlind. Við höfum nýtt okkur virkjun gufu og vatns til framleiðslu orku fyrir alla landsmenn, til heimilisnota, iðnaðar og stóriðju. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því að auðlindir til orkuframleiðslu eru ekki takmarkalausar en við verðum að nýta þær í okkar þágu eins og best verður á kosið.

Við eigum að sjálfsögðu eftir að nýta okkur þá orkumöguleika sem felast í sjávarföllum. Við þurfum að velta fyrir okkur hvernig við getum gert það út frá tímamismun á flóði og fjöru, milli landshluta og síðan með hæðarmismun á milli landshluta í huga.

Við eigum eftir að skoða vindorkuna. Það er ótrúlegt að á landi þar sem nánast aldrei er logn skuli menn ekki hafa

hugsað meira um nýtingu vindorku en gert hefur verið. Dettur mér þá í hug að nefna endurvarpsstöðvar á fjöllum. Þar leggja menn í gífurlegar framkvæmdir við að koma rafmagni að endurvarpsstöðvum í stað þess að setja upp raforkuvirki sem knúið væri vindinum.

Við eigum auðvitað eftir að nýta okkur hitaútstreymi frá stóriðju til margra hluta svo eitthvað sé nefnt. Við Íslendingar eigum að leggja allt það af mörkum sem við getum til að skapa mengunarlitla orku. Það er til hagsbóta fyrir alþjóðasamfélagið.

Ég hef unnið í stóriðju, virðulegur forseti. Ég hef kynnt mér stóriðju eins og hún er hér á Íslandi. Ég hef fylgst með framþróun í mengunarvörnum og framþróun í tækni til að spara mannafl. Það sem er að gerast er að tækniframfarir krefjast aukinnar þjálfunar og menntunar sem hafa áhrif á hæfni mannaflans hér á landi.

Rétt er að geta þess að stóriðjufyrirtækin við Grundartanga hafa skapað ný viðhorf. Þau hafa aukið menningar- og menntunarkröfur. Þau hafa lagt uppgræðslu- og umhverfissjónarmiðum lið og skapað í iðnaði betri stöðu allt frá Suðurnesjum að Stykkishólmi. Á þessu svæði hafa fyrirtæki í byggingar- og stáliðnaði notið þessara framkvæmda og veita þjónustu að lokinni uppbyggingu eins og raun ber vitni. Það eru ekki eingöngu þeir sem framleiða ál eða vinna við álbræðsluna sem njóta góðs af heldur fjölmörg fyrirtæki á nánast öllum sviðum, allt frá matvælaframleiðslu til hvers konar iðnaðarþjónustu sem þarf að veita svona stórfyrirtækjum.

Sá sem hefur kynnst áhrifum af virkjanaframkvæmdum og stóriðjuframkvæmdum á sama hátt og ég geri hlýtur að hvetja til áframhalds á sömu braut þó að á öllum tímum séu ástæður til að gaumgæfa hverja framkvæmd. Ég er t.d. sannfærður um að áhrif virkjunar og stóriðju á Austurlandi verða mikil á allt íslenskt samfélag hvað varðar menntun, atvinnu, menningarstig. Óneitanlega hefur umræða um stóriðju vakið landsmenn til vitundar um mengun og umhverfismál þannig að menn eru betur meðvitaðir um þá þætti en áður og vitanlega eru ýmsir sem fara vilja í þetta af meiri varfærni.

Öllum ætti að vera ljós skoðun mín á þessum málum eftir þau orð sem ég hef látið falla. Ég sé ekki að á næstunni, næstu 10–15 árum, gefist betri möguleikar til uppbyggingar í atvinnumálum en þeim sem hér er mælt fyrir í frv. því sem hér er til umræðu. Ég vil að menn haldi áfram og veiti aðhald. En það þarf að gerast af skynsemi. Það þarf að veita virkjanaleyfi og starfsleyfi og vinna umhverfismat eftir því sem við á í hverju tilviki. Ég er sannfærður um það að við eflum menningar-, menntunar- og atvinnustig með þessum framkvæmdum.

Ég sakna þess að ekki skuli rætt um hugmyndir að úrvinnslu úr áli á Íslandi. Ég tel möguleika á að setja upp völsunarverksmiðju. Ég tel möguleika á að nýta álframleiðslu á Íslandi til efnisblöndunar í þar til gerðum verksmiðjum og tel að það geti farið fram einingaframleiðsla eða annað í þeim dúr hér á landi.

Í umsögn um þetta frv. segir að menn álíti að samþykkt frv. muni leiða til aukinnar eftirspurnar eftir bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæði á svæðinu. Ég hef gert grein fyrir því að þegar er hafin stórfelld uppbygging íbúðarhúsnæðis í nágrannabyggðum við verksmiðjurnar á Grundartanga. Það byggist á þeim væntingum sem eru til þessa fyrirtækis, Norðuráls hf. Ég tel að heimamenn hafi, með umsögnum sínum og þeirri sátt sem ríkir um þessi atvinnufyrirtæki á Grundartanga, sýnt að menn eru á réttri leið. Ég harma ekki á neinn hátt að menn vilji sýna varfærni en mér sýnist undarlegt ef menn segja í einu orði að allt sé þetta nú býsna gott en í hinu orðinu að óþarft sé að veita heimild með lögum líkt og hér er um að ræða. Mér virtist hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson í rauninni bæði segja já og nei. En í þessu máli er að mínu viti bara unnt að segja já. Ég mun styðja þetta frv. og lýsi yfir ánægju með það eins og það er sett fram. Ég hef þó þá athugasemd að ég tek fyllilega undir með fulltrúa Samfylkingarinnar í iðnn. varðandi skattalegt jafnræði fyrirtækja.

[12:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson hefur gert grein fyrir afstöðu okkar, þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, til þessa máls og ég þarf ekki að endurtaka það sem þar var sagt. Það eru nokkur almenn atriði sem ég vil nota tækifærið og ræða hér í þessu sambandi og reyndar eitt eða tvö efnisatriði frv. sjálfs sérstaklega en kem að því betur á eftir.

Hér er á ferðinni, herra forseti, hluti af þeim gríðarlega stóriðjupakka hæstv. ríkisstjórnar sem er náttúrlega svo risastór að ég er ekki viss um að allir landsmenn átti sig á því hversu stór hann í raun og veru er og hversu stórtækar breytingar á samsetningu íslensks, ekki bara raforkumarkaðar og iðnaðar, heldur efnahags- og atvinnulífs er í raun verið að framkalla, minnst að vísu í gegnum þau störf sem í þessum fyrirtækjum verða eða þeim tengjast vegna þess að þau áhrif sem slík á íslenska vinnumarkaðinn eru ekki stór miðað við margt annað sem er að gerast hjá okkur. En hins vegar eru hér á ferðinni svo stórar fjárfestingar og svo miklar breytingar á t.d. samsetningu útflutnings frá Íslandi, svo miklar breytingar á því hvaða sveiflum á heimsmarkaði íslenskt efnahagslíf fer að tengjast í gegnum stóraukna framleiðslu á áli og samninga um afhendingu raforku til verksmiðja sem allir eru sama marki brenndir að þeir tengjast heimsmarkaðsverði á áli.

Hér er lagt til að heimildir verði veittar til að stækka álverið á Grundartanga upp í 300 þús. tonn. Nú er það svo eins og hér hefur komið fram að þetta fyrirtæki hafði fyrir starfsleyfi upp á 180 þús. tonn og áformar ekki að nýta nema 90 þús. tonna aukningu og framleiðslu upp í 180 þús. tonn fyrr en komið er fram undir lok þessa áratugar. Hér er því verið að gefa út mjög stóra óútfyllta heimild inn í framtíðina vegna framtíðaráforma þessa fyrirtækis og reyndar meira en það, því samkvæmt upplýsingum í greinargerð frv. standa áætlanir fyrirtækisins til þess að ráðast nú í stækkun um 90 þús. tonna framleiðslu og fara þá í 180 þús. tonn og að sú framleiðsluaukning verði þá komin í gagnið á árunum 2005–2006. Þar til viðbótar eru áform um að auka framleiðslugetuna um 60 þús. tonn í viðbót og þá yrði framleiðslan orðin 240 þús. tonn og það yrði kannski þegar komið yrði fram undir lok þessa áratugar, 2009–2010 eða svo.

En það á að gera betur. Það á að bæta þar við 60 þús. tonnum þannig að fyrirtækið geti einhvern tímann í framtíðinni farið í allt að 300 þús. tonn. Og Alþingi á sem sagt að samþykkja þetta, þeir sem ætla sér að styðja þetta frv., fullkomlega að sjálfsögðu óafvitandi um hvaða virkjunarkostir yrðu fyrir valinu í þessar mögulegu framtíðarstækkanir og hvaða aðstæður verða þá við lýði hvað varðar efnahagsmál, atvinnumál, umhverfismál eða annað í þeim dúr.

Er einhver ástæða til að standa svona að málum? Ég verð að segja alveg eins og er að ég fæ ekki botn í það að festa

þurfi í lögum slíkar heimildir með þessum hætti hér og nú. Það er auðvitað fullkomlega óeðlilegt að standa þannig að verki. Kosturinn þó við að ræða þessa stækkun núna um 90 þús. tonn er sá að við vitum hvaða virkjunarkostir eru þar fyrirhugaðir. Og við getum þá rætt um þá og tekist á um það. Teljum við að það sé ásættanlegt eða réttlætanlegt t.d. að fara í þær virkjanir til að framleiða raforku í fyrirhugaða stækkun en varðandi framtíðina að öðru leyti vitum við ekki neitt?

Menn geta auðvitað giskað á það að mögulega komi t.d. virkjanir í neðri hluta Þjórsár til greina. Sumir hafa nefnt Villinganesvirkjun fyrir norðan ef fallist yrði á að ráðast í hana, sem er nú ekki víst og mjög ólíklegt held ég, að þá ætti að fara með þann straum suður, án þess að ég viti nú hvort heimamenn þar yrðu sérstaklega hamingjusamir ef það yrði niðurstaðan. Menn hafa jafnvel farið vestur á firði og talað um virkjun Hvalár í Ófeigsfirði. En þetta eru ósköp einfaldlega vangaveltur út frá því sem menn eru að geta sér til um og spá í eyðurnar. Auðvitað á ekki að vinna að þessum hlutum þannig.

Og það tekur steininn úr í ljósi þess, eins og áður hefur komið fram, að hér hefur ekki verið unnin nein sú grundvallarvinna sem auðvitað á að vinna í orkumálum, þ.e. að ljúka gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, forgangsraða virkjunarkostunum út frá umhverfissjónarhóli. Og þá er betur hægt að átta sig á því, herra forseti, hvaða möguleika við höfum, úr hverju við höfum að spila og hvernig við ætlum að nýta þá.

Auðvitað gengur hratt á heppilega virkjunarkosti á suðvesturhorni landsins í nágrenni höfuðborgarinnar ef þetta heldur fram sem horfir, t.d. virkjunarkosti sem væru afar heppilegir til að beisla í áföngum vegna vaxandi þarfa innlends notendamarkaðar. Það hefur augljósa kosti t.d. að nýta jarðvarmann á stöðum sem búið er að beisla að hluta til. Við getum tekið Nesjavelli þar sem dæmi eða Svartsengi eða Reykjanes. Það er ákaflega heppilegt að taka þar inn í áföngum viðbótarframleiðslu með viðbótartúrbínum og fellur vel að þörfum almenns notendamarkaðar.

Ég er ekki viss um að til langs tíma litið og út frá heildarhagsmunum séð sé það mjög gáfuleg áhersla í orkumálum að fara núna í þessi svæði og virkja þau, jafnvel fullvirkja þau, til að selja rafmagn til stóriðju. Fyrir utan að það er ekki góð orkunýting, það er ekki góð nýting á orkunni að fara í háhitasvæði og framleiða eingöngu rafmagn og henda þá allri þeirri orku sem fólgin er í 100 stiga heitu vatni eða þar um bil. Hins vegar er raforkuframleiðsla sem hliðarbúgrein með nýtingu varmans t.d. til húshitunar alveg ákaflega hagkvæm. Og sennilega er það sú hagkvæmasta raforka sem unnt er að skaffa fyrir utan þá allra hagkvæmustu vatnsaflsvirkjanir.

Mér finnst, herra forseti, að hlutir af þessu tagi hefðu þurft að vera hér til skoðunar og umræðu ef menn væru að taka sjálfa sig alvarlega. En það er náttúrlega ekki tilfellið. Hér er ævinlega öllu sullað í gegn bara á 150 km hraða, færibandið sett á fulla ferð.

Ég segi fyrir mitt leyti og það kom held ég skýrt fram í framsöguræðu okkar fulltrúa í iðnn. að ef á ferðinni hefði verið eingöngu sú stækkun sem nú er í undirbúningi og þeir virkjunarkostir sem þar hefðu komið til sögunnar hefðu verið ásættanlegir, þá hefði þetta mál snúið öðruvísi við og við skoðað hvort það væri þá ekki ásættanlegt og hægt að styðja það. En svo er ekki. Hér er undir einn virkjunarkostur sem ég tel að sé ákaflega hæpinn og það er Norðlingaölduveita, þrátt fyrir úrskurðinn fræga hjá settum umhvrh., og sérstaklega í ljósi þess hvernig Landsvirkjun virðist ætla að túlka möguleika sína til þess að athafna sig á svæðinu þrátt fyrir úrskurð ráðherrans, sem ég tortryggi mjög, og við komum kannski betur að þegar við förum að ræða frv. til laga um raforkuver sem er hér á dagskrá á eftir.

Herra forseti. Það eru þessi almennu atriði og kannski ekki síst það hversu gríðarlega mikið vægi ál og heimsmarkaðsverð á áli fer að hafa í okkar, ekki bara orkumálum og orkubúskap, heldur almennt í efnahagslífinu, sem ég tel að sé mikið umhugsunarefni. Og menn tala mikið um það að með þeirri þróun sé verið að reyna að skjóta fleiri stoðum undir íslenskt atvinnulíf og auka fjölbreytnina. Er það? Er verið að auka fjölbreytni með því að binda allt að 80% af orkuframleiðslu landsins í samningum um að bræða þennan eina málm? Og að heimsmarkaðsverðið á honum fer að ráða algerlega örlögum stóru orkufyrirtækjanna? Það má mjög deila um það.

Ef svo heldur sem horfir verður ál komið upp að hliðinni á sjávarútvegi með næstum því sambærilegt útflutningsverðmæti í lok þessa áratugar. (Gripið fram í.) Ja, þetta eru nú útreikningar sem ég gerði og hafði þjóðhagsáætlun mér til hjálpar í því. Ég yrði ekki hissa á því þótt þá yrði útflutningsverðmæti áls komið kannski í 90–100 milljarða, sjávarútvegurinn var að framleiða og flytja út líklega eina 110 milljarða á síðasta ári.

Við þekkjum plönin um álverið stóra eystra, þessa stækkun á Grundartanga í 180 og síðan 240 þús. og á endanum jafnvel í 300 þús. tonn. Í Straumsvík eru menn að hugsa sér til hreyfings, fara þar að vísu rólega í sakirnar. Síðan er hæstv. ráðherra af og til að taka á móti sendinefndum Rússa og Kínverja og guð má vita hvað það er og allir hafa í hyggju að fara að framleiða ál. Ef eitthvað af því bættist við til viðbótar, þá yrði þessi mynd enn þá svakalegri.

Það er mikið lagt undir, herra forseti, það er mikil trú manna á þennan eina málm. Gleymum því ekki að hér er um að ræða langtímasamninga og verðið er mjög lágt. Það er brot af því sem almennir notendur greiða. Er það endilega víst að þetta séu mjög góð viðskipti sem menn eru þarna að gera?

Herra forseti. Rætt var hér um þennan vinnustað og umhverfismál í tengslum við hann og því var meira að segja haldið fram að það væri allt fallið í ljúfa löð og allir orðnir sáttir sem áður höfðu haft efasemdir eða gagnrýnt. Ekki veit ég það nú. Ekki hefur mér heyrst það á einstökum mönnum, meira að segja þarna á nálægu svæði sem ég held að séu nú líka dálítið uggandi um þau áform um stórfellda aukningu stóriðjustarfsemi á því svæði sem kunna að vera í kortunum. Auðvitað vex mengun og uppsöfnuð mengun með stóraukinni framleiðslu þarna. Það er alveg óhjákvæmilegt þó að þetta kunni að vera innan þeirra marka sem menn hafa sett. En það er augljóst mál að eftir því sem framleiðslan verður meiri, þeim mun meiri er losun efna og ákveðin uppsöfnun á sér stað í mengun jafnvel þó að öllum ströngum reglum sé uppfyllt og þetta eru menn auðvitað að mæla og átta sig á í kringum álverið í Straumsvík. Ef þarna á að fara að byggja fleiri verksmiðjur, rafskautaverksmiðjur eða hvað það nú er, jafnvel með mikilli mengun, þá held ég að margir séu uggandi þarna á svæðinu um það hvernig ásýnd svæðisins breytist smátt og smátt og hvaða áhrif það hefur.

Herra forseti. Einn þátt enn um orkumálin vil ég gera aðeins að umtalsefni. Það er sú staðreynd að inn í þennan pakka

ætla að bætast ásamt Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja, og fara þá að selja hluta af sinni framleiðslu til stóriðju. Þá er að verða enn frekara samkrull á ferðinni en verið hefur hingað til milli annars vegar orkuframleiðslu og sölu til almenns notendamarkaðar og hins vegar til stóriðju. Ég segi það hér, herra forseti, að þetta er óheillaþróun. Það var slæmt í upphafi, í byrjun, að lenda inn á þetta spor og það er jafnslæmt og óæskilegt í sjálfu sér að orkumarkaðurinn haldi áfram að þróast í þessa átt þannig að þarna bætist þá tvö stór orkufyrirtæki við sem verða komin í þessa stöðu að vera annars vegar að sinna þörfum almenns notendamarkaðar og selja orku eða afhenda orku þar og hins vegar í sölu til stóriðju.

Það átti frá byrjun að sjálfsögðu að halda þessu aðskildu í aðskildum fyrirtækjum, sjálfstæðum fyrirtækjum. Það er auðvitað aumingjaskapur að menn skuli þá ekki bara, þó seint sé, með lögum mæla fyrir um slíkan aðskilnað, t.d. þannig að Orkuveita Reykjavíkur yrði að stofna algerlega sjálfstætt dótturfélag um virkjanir, framleiðslu og sölu til stóriðjunnar.

Menn kunna að segja að það sé flókið þegar verið er að auka framleiðslu á þegar virkjuðu svæði og menn nýta í einhverjum mæli stofnkostnað sem fyrir liggur. En er ekki verið að mæla fyrir um ýmiss konar fjárhagslegan aðskilnað og jafnvel að skipta upp fyrirtækjum hist og her í atvinnulífinu, t.d. að hafa algerlega fjárhagslegan aðskilnað í starfsemi sem lýtur lögmálum einokunar eða er í fákeppnis- eða einokunarumhverfi annars vegar og svo hreinni samkeppnisstarfsemi hins vegar?

Úr því að ekki stendur til að taka á þessu með afgerandi hætti í orkulagafrv. þá er auðvitað spurning hvort Íslendingar hefðu ekki bara sjálfir átt að koma á þeirri skipan mála að þessu væri haldið algerlega aðskildu og þar með eytt allri tortryggni sem er landlæg og á sannarlega rót í staðreyndum mála, þ.e. að stóriðjan hafi í raun þegið meðgjöf frá hinum almenna notendamarkaði í gegnum tíðina, eða öfugt að menn hafi í reynd búið við hærra orkuverð en þeir hefðu ella þurft að gera vegna þeirra miklu fjárfestinga og þess lága verðs sem stóriðjan greiðir fyrir rafmagnið.

Herra forseti. Um efnahagsáhrifin af öllum þessum gríðarlegu stóriðjuframkvæmdum hefur verið rætt svo ítarlega, t.d. hér á dögunum þegar Kárahnjúkavirkjunarpakkinn var að klárast, að ég held ég vísi aðallega til þeirrar umræðu. Þó er athyglisvert að sjá að nú treysta ýmsir sér fram í dagsljósið og hafa skoðanir á þessum málum sem höfðu hægt um sig á meðan Alþingi var með þau mál beint til umfjöllunar. Það er greinilegt að forsvarsmönnum úti í efnahagslífinu og í atvinnulífinu er mjög brugðið yfir því hvaða framtíðarhorfur blasa nú við mönnum vegna efnahagsáhrifa af þessari stóru innspýtingu í hagkerfið. Varla líður sá dagur að ekki heyrist í einhverjum forsvarsmanni úr sjávarútvegi, ferðaþjónustu eða af hagfræðisviðinu sem ekki er með einhverjum hætti að reifa áhyggjur sínar í fjölmiðlum, í blaðagreinum eða á heimasíðum eða hvar það nú er. Allt er það með sama marki brennt, að það verði mjög vandlifað fyrir annað atvinnulíf, sérstaklega útflutningsatvinnugreinarnar, ef af þessu öllu saman verður og með óumflýjanlegum áhrifum á gengi krónunnar, vaxtastig í landinu og fleira.

Herra forseti. Hér eru í frv. klæðskerasaumuð utan um þarfir fyrirtækisins ýmiss konar sérákvæði í skattalegu tilliti eins og er alsiða og að sjálfsögðu leiðir eitt af öðru. Nú þarf að veita sömu ívilnanir til fyrirtækja á Grundartanga og í Straumsvík eins og gælufyrirtækið Alcoa fær fyrir austan. Það er allt á sínum stað hér sem og hið dæmalausa ákvæði að binda hendur manna með þeim hætti sem hér verður gert og til stendur eystra, að í fjárfestingarsamningi verði heimilt og með stoð í lögum að kveða á um að skattar og gjöld verði ekki lögð á raforkunotkun stóriðjunnar eða útblástur lofttegunda eða aðra losun úrgangsefna nema slíkir skattar og gjöld séu lögð með almennum hætti á öll önnur fyrirtæki hér á landi — á öll önnur fyrirtæki hér á landi. Þetta er alveg furðuleg smíð, algjörlega furðuleg smíð. Hvað er verið að gera með þessu? Það er verið að setja þetta inn í þennan samning sem hefur stoð í lögum. Þetta verður löggerningur, verður aðfararhæft þannig að stóriðjufyrirtækið getur bara lögsótt ríkið og Alþingi á komandi árum eða áratugum ef mönnum dytti í hug að reyna að koma á einhverri annarri skipan, ella yrðu menn þá að kaupa sig frá þessum ákvæðum með samningum við fyrirtækin.

Hvers vegna í ósköpunum er verið að þessu svona? Þetta er algerlega fráleitt. Það er auðvitað engin leið að halda því fram að efnislegar ástæður séu endilega til þess að meðhöndla öll önnur fyrirtæki í landinu með sama hætti og stóriðjufyrirtækin sem eru að losa hér óhemju af mengandi lofttegundum, spýta brennisteini, koldíoxíði, flúor og öðru slíku út í andrúmsloftið í miklum mæli. Það er nú frægt auðvitað fyrir austan þar sem mengunin verður ellefuföld sú sem staðlar t.d. Alþjóðabankans mæla fyrir um og það þarf að reisa tæplega 80 metra háa strompa til að dreifa því nógu vel út yfir umhverfið. Þetta gagnrýnum við, herra forseti, og þetta er auðvitað fullkomlega óeðlilegt.

Síðan verð ég að segja alveg eins og er að ég var lengi að lesa hér efst á bls. 2 staflið e í 3. gr. Ég hélt að ég hlyti að vera að mislesa þetta því svona hroðvirknislega gæti frv. ekki verið unnið. En mér sýnist það nú engu að síður vera svo að þarna séu menn að segja akkúrat gagnstætt því sem þeir ætluðu sér. Það stendur, herra forseti, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 6. gr. laganna. Svo er það talið upp í stafliðum a, b, c, d og e og stafliður e hljómar svo, með leyfi forseta:

„Félaginu skal óheimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári og leggja í sérstakan innri fjárfestingarsjóð fjárhæð sem svarar til 4% af nafnverði hlutafjár."

Ég hef aldrei áður séð svona lagatexta. Það er verið að taka það sérstaklega fram að félaginu sé þetta óheimilt, þ.e. að gera nákvæmlega þetta. Auðvitað er þetta augljóslega vitleysa. Þarna á væntanlega að standa „heimilt". En ég vek athygli á því að iðnn. eftir hina glæsilegu vinnu sem formaður iðnn. lýsti hér — hann sagði að það hefði verið alveg einstaklega vönduð vinna við þetta frv. Það hljómaði eins og menn hefðu legið yfir þessu í allan vetur. En það var nú ekki nema vika eða hvað sem þessu var sullað í gegnum þingið? Og vinnan er þá ekki betri en þetta, bæði hjá frumvarpshöfundunum í ráðuneytinu hjá hæstv. ráðherra og hinni óskeikulu iðnaðarnefnd undir forustu hv. þm. Hjálmars Árnasonar, að þvæla af þessu tagi er hér á prenti.

Nú spyr ég hv. þm., formann iðnn.: Stendur hann við hugmyndir sínar um að leggja það til við Alþingi að málið verði afgreitt óbreytt? Stendur formaður iðnn. við það? Er hann ekki hreykinn af þessum vinnubrögðum og þau systkini bæði, hv. þm. Hjálmar Árnason og hæstv. iðnrh., að bera þetta á borð fyrir menn svona, herra forseti?

Annars að lokum um þessi skattaákvæði, þá eru þau auðvitað öll þessu marki brennd að um alger forréttindafyr-

irtæki er að ræða. Það eru klæðskerasaumuð utan um þarfir þeirra alls konar sérákvæði í skattalögum og það er hreinasta öfugmæli að reyna að láta líta svo út sem þessi fyrirtæki borgi skatta og starfi samkvæmt almennum ákvæðum. Það er akkúrat öfugt. Það er bara til þess að slá ryki í augu fólks að þetta er sett fram með þessum hætti, þ.e. að fyrst er sagt að um starfsemi þeirra skuli gilda almenn ákvæði eða ákvæði almennra skattalaga, en síðan er það talið upp í ótal liðum að það skuli þó ekki gilda um þetta og þetta og þetta og þetta. Þegar upp er staðið eru þau því nánast að öllu leyti með sérákvæði í skattalegu tilliti og það er fullkomlega óeðlilegt. En það sýnir hvers konar forréttindi þessi atvinnugrein á að hafa í landinu og hver hugur stjórnvalda er í þeim efnum. Enda er alveg ljóst að hin blinda stóriðjustefna, þungaiðnaðarstefna ríkisstjórnarinnar, er eins og hún er keyrð hér áfram auðvitað ein allsherjar vantraustsyfirlýsing á almennt atvinnulíf í landinu. Menn hafa enga trú á því að hið almenna atvinnulíf geti skapað hér störf og byggt okkur hagsæld til frambúðar, sem er dapurlegt að horfa á. Engir hafa gengið lengra í þessu en framsóknarmenn sem hafa í ræðu og riti útmálað það hvers konar hörmungar bíði manna hér nema öll þeirra glórulausu stóriðjuplön gangi eftir.

[12:25]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vera að ná sér svona í góðan gír í lokin. Maður fór að kannast við ýmsar athugasemdir og upphrópanir þar. Ekki ætla ég nú að skattyrðast um það hvort frv. hafi verið vel eða illa unnið. Ég lýsti því hér áðan að hv. iðnn. hefði talið málið nógu vel þroskað til að taka það út og gerðu engir nefndarmenn athugasemdir við það, ekki heldur fulltrúi vinstri grænna. Ég vil halda því til haga.

Hvað varðar það sem hv. þm. spurði um sérstaklega, þessa grein að félaginu skuli óheimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári og leggja í sérstakan innri fjárfestingarsjóð fjárhæð sem svarar til 4% af nafnverði hlutafjár þá er ekki óeðlilegt að þetta standi einfaldlega vegna þess að þessi heimild félagsins er til staðar í dag samkvæmt lögum og það er verið að fella það ákvæði niður. Það má því segja að þetta sé að sumu leyti íþyngjandi fyrir fyrirtækið því þetta eru ákveðin forréttindi kannski sem fyrirtækið hefur haft. Þess vegna er orðalagið með þeim hætti sem um getur.

Hv. þm. efaðist eitthvað um að menn tækju þetta frv. sem hér er til umræðu alvarlega. Ég hygg að flestir innan þingsins geri það, taki þetta mjög alvarlega og ekki síst Vestlendingar. Öll sveitarfélög á Vesturlandi fagna þessu og taka þetta frv. sem hér er um að ræða mjög alvarlega. Hér er verið að fjalla um almenna heimild um stækkun allt að 300 þús. tonnum. En í því frv. sem verður rætt hér á eftir verður sérstaklega rætt um orkuöflunina. Þar er einungis verið að ræða um orkuöflun upp að 90 þús. tonna stækkun. Það sem síðar kemur verður alveg sjálfstæður gjörningur. Það verður fjallað um það sérstaklega. Og þar eru möguleikar ýmsir. Urriðafossvirkjun hefur verið nefnd, Búðarhálsvirkjun. Tröllladyngja er ónefnd, Hellisheiði o.s.frv. Það eru síðari tíma mál sem munu verða skoðuð í fyllingu tímans. Hér erum við einungis að ræða um 90 þús. tonnin í tengslum við orkuöflunina sem verður til umræðu á eftir.

[12:27]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg laukrétt. Þess vegna væri að sjálfsögðu eðlilegast að afgreiða bara heimildir sem tengjast þeirri stækkun og vera ekkert að gefa út óútfylltar ávísanir og færa fyrirtækinu heimildir í hendur sem á síðan algerlega eftir að útfæra og ákveða hvernig verði þá mætt, hvar verði þá virkjað. Eins og málin standa hjá okkur Íslendingum í dag með rammaáætlunina einhvers staðar hálfkaraða, sem þó vonandi er en verið að vinna að, þá er þetta auðvitað fullkomlega óeðlilegt.

Hv. þm. nefndi virkjunarkosti sem ég hef oft sjálfur nefnt og sem eru miklu álitlegri a.m.k. frá umhverfislegu sjónarmiði séð heldur en margt af því sem menn hafa verið að ráðast í eða ætla að ráðst í. Ég tel t.d. að virkjanirnar í neðri hluta Þjórsár, ef tekst vel til með útfærslu þeirra, séu að mörgu leyti sjálfsagðar þegar þörf verður fyrir þá orku til einhverra skynsamlegra nota, einfaldlega vegna þess að það er búið að fullmiðla rennsli Þjórsár og Tungnaár og menn njóta góðs af því í virkjun neðar í ánni. Í sjálfu sér er miklu, miklu vænlegri kostur að taka það fall og virkja heldur en margt annað sem menn eru að láta sér detta í hug, fara á nýja staði o.s.frv. En þetta á bara að ákveðast skipulega og í réttri röð.

Í raun hefði fyrst átt að afgreiða hér orkulög, koma hinu nýja skipulagi á, klára gerð rammaáætlunar og þá geta menn loksins farið að taka þessar ákvarðanir af einhverju viti. Hv. þm. Hjálmar Árnason hlýtur að verða að viðurkenna að þetta er meira og minna allt saman að gerast í rangri röð.

[12:29]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er nú ekki sammála því að þetta sér í rangri röð og ítreka það að þó heimildin um að fara upp í allt að 300 þús. tonn sé almenn þá tekur hún ekki gildi, þ.e. við fjöllum hér um á eftir orkuöflun vegna 90 þús. tonna stækkunar. Síðar mun verða rætt um orkuöflun til frekari stækkunar sem sjálfstætt mál. Það eru algjörlega sjálfstæð mál.

Heimildarákvæði Norðuráls um stækkun eftir þessi 90 þús. tonn munu að sjálfsögðu ekki verða nýtt nema samningar náist um orkuöflun til þess. Það er vitað að Landsvirkjun hefur verið að skoða neðri hluta Þjórsár. Það er vitað að Orkuveita Reykjavíkur er að skoða mögulega orkuöflun á Hellisheiði. Og það er vitað líka að Hitaveita Suðurnesja hefur verið að skoða Tröllladyngju o.s.frv. Þetta eru allt mál sem munu koma upp síðar og hin almenna heimild til Norðuráls verður ekki nýtt nema ljóst sé að orkuöflunin verði með viðunandi hætti.

Hv. þm. hafði í ræðu sinni miklar efasemdir um vægi áls í efnahagslífi okkar. Ég spyr því á móti hvort hv. þm. telji það ekki geta aukið stöðugleika í efnahagslífi okkar að það skuli þó vera a.m.k. tvær meginstoðir undir því, þ.e. sjávarútvegur og ál, og hvort það séu nú ekki meiri líkur á stöðugleika að hafa tvær stoðir frekar en bara eina stoð sem sveiflast upp og niður, bæði vegna markaðsástands og ekki síður vegna náttúrulegra ástæðna.

Hv. þm. efaðist um að þetta væri góður bisness. Það hefur nú komið í ljós vegna reynslunnar, sem þó er ekki löng, af Norðuráli að bæði virðist Landsvirkjun hafa haft ágætar tekjur af því, bara haft hagnað og grætt á því máli og fyrirtækið sjálft skilað ágætum hagnaði. Báðir þessir aðilar hafa með öðrum orðum haft hag af þessu, að ekki sé talað um þjóðarbúið og Vestlendinga sjálfa, með fjölmörgum störfum, samanber hina miklu ánægju Vestlendinga upp til hópa, allra sveitarfélaganna, þó eflaust séu til einhverjar raddir

sem finna ýmislegt að starfsemi Norðuráls á Grundartanga. En sveitarfélögin í heild luku upp einum munni lofi á þessa starfsemi.

[12:32]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi vægi áls í efnahagsbúskap okkar þá verða menn að hafa í huga að ólíku er saman að jafna, þessum eina málmi, tiltölulega einsleitri framleiðslu sem ræðst á heimsmarkaði út frá einni viðmiðunartölu svipað og með olíu, tiltölulega einsleita vöru, og hins vegar öllum okkar fjölbreytta sjávarútvegi sem samanstendur af ótal mörgum tegundum og dreifir þeim á marga markaði sem ekki sveiflast allir í einu o.s.frv. En álið er bara þessi eina staðlaða vara á heimsmarkaðsverði. Það heimsmarkaðsverð tengja menn beint inn í þessa raforkusamninga. Þannig eru menn að búa til sveiflumöguleika sem eru algerlega ósambærilegir við sjávarútveginn.

Jú, það er út af fyrir sig rétt hjá hv. þm. að upp að vissu marki gæti verið ágætt að hafa framleiðslu af þessu tagi en einnig sem fjölbreyttasta á öðrum sviðum. Það verður alla vega ekki fram hjá því litið að orkubúskapur landsmanna verður orðinn svo geigvænlega tengdur sveiflum á verði áls á heimsmarkaði að engu tali tekur. Ég efast um að menn finni önnur dæmi í heiminum um að orkumarkaður í einu landi sé þannig uppbyggður að 80% orkunnar fari í það að bræða þennan eina málm og endurgjaldið af raforkunni ráðist af sveiflum á heimsmarkaðsverði á þessum málmi. Það er mjög óskyggilegt, herra forseti, burt séð frá öllu öðru í þessum efnum.

Verðið er lágt. Það þýðir ekki að mæla á móti því að verð niður í 1,20–1,40 kr. á kílóvattstund er auðvitað lágt. Það er auðvitað algjört útsöluverð á orku borið við það sem almenni notendamarkaðurinn greiðir. Fram hjá því verður ekki litið. Það var það sem ég vísaði til þegar ég talaði um að maður hefði efasemdir um hversu góður bisness þetta væri.

[12:34]

Útbýting þingskjala:

Félög í eigu erlendra aðila, 679. mál, svar viðskrh., þskj. 1267.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 476. mál, svar heilbrrh., þskj. 1273.

Færeyska fiskveiðistjórnarkerfið, 56. mál, brtt. GAK, þskj. 1317.

Húsnæðissamvinnufélög, 396. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 1315.

Staða umferðaröryggismála 2002, 711. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 1316.

Úthlutun byggðakvóta, 586. mál, svar sjútvrh., þskj. 1276.

[12:34]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Í dag munum við ræða mörg mál frá iðnrh. og iðnn. Eðli málsins samkvæmt tengjast þau mál sem hér verða rædd í dag. Nú þegar hefur umræðan hvarflað á milli mála sem er ágætt að mínu viti og eðlilegt. Þar sem ég á sæti í iðnn. langar mig að koma að örfáum atriðum sem tengjast málinu sem við erum að ræða, þ.e. heimild til stækkunar álbræðslu á Grundartanga. Jafnframt vil ég leyfa mér að koma að öðrum málum sem tengjast því.

Eins og fram hefur komið mun á næstu 10–12 árum farið í einhverjar umfangsmestu virkjanaframkvæmdir sem farið hefur verið í hér á landi. Þær blasa við á þessu tímabili, jafnframt því að byggt verður nýtt álver og stækkuð þau sem fyrir eru. Sú stækkun er margföldun frá því sem verið hefur síðustu áratugina. Það stefnir í, herra forseti, að á Íslandi verði unnin allt að 1 millj. tonna af áli á ári eftir þessi 10–12 ár. Það skiptist þannig að ráðgert er að Fjarðaál muni framleiða 322 þús. tonn. Norðurál mundi samkvæmt málinu sem hér er til umræðu fá heimild til að stækka upp í 300 þús. tonn. Ísal, sem framleiðir í dag um 170 þús. tonn, hefur lýst áhuga sínum á stækkun og vonandi verður af þeim framkvæmdum. Þannig gæti farið að á Íslandi yrði framleidd um 1 millj. tonna á ári.

Til að menn átti sig á stærðareiningunni má geta þess að heimsframleiðsla er um 25 millj. tonn í dag. Við Íslendingar færum þannig með myndarskap inn á þennan markað með því að ná að framleiða milljón tonn á móti þeim 25 millj. sem framleidd eru í dag.

Ég fagna frv. sem við erum að ræða hér um stækkun Grundartanga og skrifa þar af leiðandi undir nál. meiri hluta nefndarinnar. Ég held við getum óskað þjóðinni til hamingju með það að þetta mál er að komast í höfn. Jafnframt getum við óskað Vestlendingum til hamingju með rösklega 200 störf sem þarna verða til norðan Hvalfjarðar.

Í þeirri umræðu sem við höfum átt um atvinnumál á landsbyggðinni hefur ríkt mikil og góð sátt, þegar rætt hefur verið um Kárahnjúkavirkjun, um að sú orka sem þar yrði til yrði notuð á Austurlandi, yrði Austfirðingum til framdráttar og til atvinnuuppbyggingar. Fyrir því hefur verið talað einróma úr þeim ræðustól sem ég stend í að orkan skuli notuð fyrir austan. Þar er verið að tala um að um 450 störf skapist í tengslum við virkjun við Kárahnjúka og uppbyggingu Fjarðaáls. Það er auðvitað ánægjulegt að svo mörg störf skuli verða til á Austurlandi og orkan nýtt þar.

Það sem ég vildi koma að, herra forseti, er að öll sú orka sem notuð er, annars vegar í Hvalfirðinum og hins vegar í Ísal, kemur alfarið úr Suðurkjördæmi. Öll þau störf sem hljótast af orkuframleiðslunni í Suðurkjördæmi verða til í öðrum landshlutum. Þetta vil ég nefna vegna þeirrar miklu umræðu sem fram hefur farið um orkuöflun og stóriðju og þá um leið atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni. Mér finnst einboðið að inn í þessa umræðu fléttist að líta þarf til þess að staðir sem skaffa hina miklu orku, m.a. til Norðuráls og Ísals, þ.e. þau kjördæmi og landsvæði fái að njóta einhvers í atvinnuuppbyggingu sem tengist stóriðju eða með einum eða öðrum hætti.

Ég leyfi mér að nefna, herra forseti, að hér á eftir að ræða lög um Orkustofnun í dag og lög um orkurannsóknir. Ég varpa því fram hvort ekki væri rétt að flytja þá starfsemi á svæði þar sem rannsóknirnar eiga sér stað. Orkurannsóknir á Íslandi tengjast stöðum þar sem orkuvinnslan á sér stað. Þess vegna væri eðlilegt að flétta inn í þá umræðu sem á eftir að fara fram í dag hvort ekki sé rétt að þær stofnanir verði fluttar inn á þau svæði. Vil ég þá sérstaklega nefna Stór-Árborg — ég segi Stór-Árborg, það er víðfemt svæði. Þar mætti tengja þessar orkurannsóknir og úrvinnslu svæðum þar sem orkan er framleidd. Það má minna á að jarðskjálftamiðstöð Háskóla Íslands er staðsett á Selfossi, m.a. vegna þeirra aðstæðna sem þar kunna að koma upp. Það hefur sýnt sig að sú stofnun nýtir sér þær aðstæður sem þar eru og er þar vel staðsett.

Það hefur jafnframt komið fram í umfjöllun iðnn. um frv. um Orkustofnun að stefnt sé að því að flytja störf norður á Akureyri tengd Orkustofnun. Ég held að hv. iðnrh. ætti að

skoða hvort ekki sé rétt að líta til svæða þar sem orkuöflunin fer að mestu leyti fram.

Í umræðunni hefur komið fram að stefna beri að því að Íslendingar fullvinni frekar þá málma sem við vinnum hér. Við getum auðvitað litið til annarra landshluta ef henta þykir til að koma að þeirri úrvinnslu.

Um þetta vil ég fá að heyra í þeirri umræðu sem fram mun fara varðandi þetta nál. og svo önnur mál flutt af iðnn. síðar í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Raforkuver, 2. umr.

Stjfrv., 670. mál (Norðlingaölduveita, Nesjavallavirkjun og Hitaveita Suðurnesja). — Þskj. 1090, nál. 1264, 1280 og 1305.

[12:43]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta iðnn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað allítarlega um málið. Hún fékk marga góða gesti á sinn fund og skriflegar umsagnir frá ýmsum aðilum. Þar að auki var svokölluðum umhverfisþætti málsins vísað til umsagnar hjá umhvn. að ósk nefndarmanns þar. Iðnn. fékk því umsagnir frá umhvn.

Segja má, herra forseti, að umræðan um þetta mál sé þegar hafin. Umræðan tengist mjög því máli sem hér hefur verið til umræðu í morgun, stækkun álverksmiðjunnar á Grundartanga hjá Norðuráli. Þetta frv. lýtur að orkuöflun til 1. áfanga þar. Það er grunnurinn að þessu frv. þar sem viðræður höfðu farið fram á milli Norðuráls og Landsvirkjunar um hvernig Landsvirkjun gæti útvegað orku vegna stækkunar Norðuráls á Grundartanga á þeim tíma sem fyrirtækið óskaði.

Segja má, herra forseti, að inn í þetta blandist líka frægur úrskurður sem ég hygg að hafi glatt þjóðina mjög, af viðbrögðum að dæma, og er ég þar að vísa í úrskurð hæstv. setts umhvrh., Jóns Kristjánssonar, vegna Norðlingaölduveitu. Í kjölfar þess úrskurðar kom í ljós að þau áform sem Landsvirkjun hafði haft uppi vegna Norðlingaölduveitu breyttust. Þar með var ljóst að Landsvirkjun hafði sjálf ekki næga orku til afhendingar fyrir þann tíma sem Norðurál hafði óskað eftir. Hins vegar leitaði fyrirtækið til Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja um það hvort þessi fyrirtæki gætu útvegað þá orku sem upp á vantaði. Þær viðræður eru í gangi og tæknilega, ef svo má segja, hefur komið fram að bæði Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja treysta sér til þess að afhenda þessa orku. Núna eru viðræður í gangi, annars vegar á milli þessara þriggja orkufyrirtækja og svo hins vegar við Norðurál um verð.

Ef ég aðeins vík fyrst að því sem vísar að Orkuveitu Reykjavíkur, þá er um að ræða heimild til þess að framleiða allt að 120 megavött á Nesjavöllum. Þar eru nú þegar fyrir þrjár túrbínur sem framleiða samtals 90 megavött og um er að ræða að bæta við túrbínu. Segja má að undirbúningur þess máls sé þegar að baki því Skipulagsstofnun hefur úrskurðað að sú framkvæmd muni ekki breyta það miklu í umhverfinu að þar sé þörf á að setja framkvæmdina í mat á umhverfisáhrifum.

Annað er hins vegar með Hitaveitu Suðurnesja og þær framkvæmdir sem þar er um að ræða. Þær eru tvíþættar. Það er annars vegar um að ræða allt að 80 megavatta afl á Reykjanesi og ég vil leiðrétta það sem fram hefur komið í umræðunni í morgun að ekki er verið að ræða um Tröllladyngjusvæðið, heldur er verið að fylgja eftir margra ára rannsóknum á Reykjanesi í kringum saltverksmiðjuna, skammt frá Reykjanestánni. Hér fylgir umsögn Orkustofnunar um þær athuganir og rannsóknir sem fram hafa farið. Sérfræðingar Orkustofnunar mæla með þessu, en sú framkvæmd á auðvitað eftir að fara í mat og er bundin því skilyrði.

Hjá Hitaveitu Suðurnesja er hins vegar um að ræða stækkun jarðvarmavirkjunarinnar í Svartsengi um allt að 16 megavött. Þar er í rauninni ekki um boranir að ræða, heldur betri nýtingu einfaldlega með betri tækni hjá fyrirtækinu. Fyrirtækið hefur náð einstökum árangri líklega á heimsvísu í að beisla jarðvarma með þeim hætti sem raun ber vitni. Meðal annars er niðurdæling þar sem varmanum er að hluta til skilað aftur til jarðar og með því að ná jafngóðum tökum og raun ber vitni á því hafa opnast möguleikar til stækkunar og aukins afls án þess að fara í frekari verulegar framkvæmdir.

Um þetta snýst málið, herra forseti, þessa þrjá staði, þ.e. Norðlingaölduveitu á grundvelli úrskurðar hæstv. setts umhvrh. og hins vegar viðbótarafl frá Nesjavöllum, Svartsengi og á Reykjanesi hjá Hitaveitu Suðurnesja.

Hvað varðar Norðlingaöldu og þær framkvæmdir sem þar eru fyrirhugaðar ef samningar nást, þá er rétt að nefna það og taka mjög skýrt fram enn einu sinni, að þær framkvæmdir hafa ekki verið ákveðnar nákvæmlega, þ.e. með hvaða hætti þær verða. Útgangspunkturinn er þó úrskurður setts umhvrh., lögum samkvæmt, þar sem sett eru ýmis skilyrði sem þarf að uppfylla. Að þeim skilyrðum er verið að vinna.

Hér hefur því verið haldið fram að Landsvirkjun ætli sér að hunsa og virða að vettugi þann úrskurð og ég tel ástæðu til að vísa því á bug, því fram hefur komið að menn eru í einu og öllu að fylgja þessum úrskurði eftir. Það er ekkert óeðlilegt að í slíkri vinnu kynni Landsvirkjun þær hugmyndir sem hún er með, en það hefur komið fram m.a. hjá gestum sem komu til nefndarinnar, bæði fulltrúa Umhverfisstofnunar og ekki síður frá oddvita Gnúpverja, að samráðsvettvangurinn og samráðsferlið er til staðar. Þess er getið í úrskurðinum að Landsvirkjun og fulltrúar sveitarfélaganna á staðnum og Umhverfisstofnunar skuli hafa með sér samráð um útfærslu á þeirri virkjun sem þarna kann að rísa. Og það samráð er til staðar. Þar er engin niðurstaða komin og menn eru bara að rannsaka svæðið, Landsvirkjun neyddist til að breyta áætlunum sínum eftir úrskurðinn og er að skoða hvernig hægt er að koma upp virkjun á grundvelli úrskurðarins, þannig að hann verði virtur og að framkvæmdin verði arðbær fyrir Landsvirkjun. Og um þetta hafa menn fullt samráð.

Það er því rangt sem haldið hefur verið fram að Landsvirkjun sé að brjóta úrskurðinn, hún sé að virða hann að vettugi. Það er bara einfaldlega rangt, því menn geta ekki dæmt um þetta fyrr en að niðurstaða liggur fyrir. Og hún er einfaldlega ekki komin. Það er þó ljóst að á grundvelli úrskurðarins eru Þjórsárver og friðlandið í kringum Þjórsárver virt að öllu leyti, ekki lófastór blettur er tekinn þar undir setlón eða uppistöðulón, svo vitnað sé í yfirlýsingu þekkts manns í þjóðfélaginu. Landsvirkjun er að útfæra hugmyndir, skoða möguleika utan friðlandsins og hefur eins og nefnt var áðan um það fullt samráð við heimamenn.

Í fskj. III með frv. eru kynntar ákveðnar hugmyndir Landsvirkjunar sem hún hefur lagt fram í þessu samningaferli við heimamenn og Umhverfisstofnun. Hjá oddvita Gnúpverjahrepps hafa líka komið fram ákveðnar áhyggjur af tilteknum svæðum. Það eru einkum þrjú atriði sem þar eru nefnd. Menn ræða um grunnvatnið, grunnvatnsstöðuna á viðkvæmum svæðum, ekki síst í Þjórsárverum og þar er úrskurður hæstv. setts umhvrh. alveg afdráttarlaus, að þar þurfi að gæta mjög vel að grunnvatnsstöðunni í Þjórsárverum og vilji er til þess hjá öllum, enda úrskurðurinn á því formi.

Í máli oddvita Gnúpverjahrepps og í skriflegri umsögn hans koma fram áhyggjur vegna einkum þriggja atriða, þ.e. áhrifa á fossa í Þjórsá, lónhæðina við Norðlingaöldu og svo veitulón við Þjórsárjökul. Þessi sjónarmið hafa komið fram og það var staðfest af oddvitanum og fulltrúa Landsvirkjunar og Umhverfisstofnunar að menn eru að kynna sjónarmið sín, Landsvirkjun sín, heimamenn sín og Umhverfisstofnun sjónarmið sín og menn eru bara í ágætu ferli með að ræða þetta og við skulum vona að menn komist að sameiginlegri niðurstöðu. Verði raunin sú má segja að hinum ágæta, mjög svo ágæta úrskurði hæstv. setts umhvrh. sé framfylgt og það tel ég að sé grundvöllur í þessu máli að úrskurður hæstv. setts umhvrh. sé virtur. Er ekki að sjá nein teikn uppi um annað en að hann verði virtur í öllu eins og hér hefur komið fram.

Í umsögn frá meiri hluta hv. umhvn., sem vitnað er í á bls. 2 í nál. iðnn. kemur fram yfirlit um framkvæmd vegna Norðlingaölduveitu:

„Komið hefur fram að verið er að skoða hvaða leiðir verði farnar. Lítur nefndin svo á að þær leiðir sem tilgreindar eru í fylgiskjalinu séu ekki bindandi á nokkurn hátt."

Undir þetta sjónarmið tekur meiri hluti iðnn. Og hvað þýðir þetta? Þetta þýðir einfaldlega það að úrskurðurinn er lagður til grundavallar þar sem friðland Þjórsárvera er virt í hvívetna og menn skuli síðan komast að sameiginlegri niðurstöðu um hversu hátt lónið muni ná, hæðin mun þó aldrei fara upp fyrir friðlandsmörkin, hvort lónhæðin verður í 568,5 eða 566 eða einhverri annarri hæð mun koma í ljós í þessum sameiginlegu viðræðum þeirra aðila sem hér hafa verið nefndir.

Meiri hluti hv. umhvn. gerir ekki athugasemdir við frv., enda skal farið eftir úrskurði setts umhvrh. og lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Svo einfalt er málið.

Það er undir þetta sjónarmið sem meiri hluti iðnn. tekur og leggur því til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Guðjón Guðmundsson, Pétur H. Blöndal, Kjartan Ólafsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Árni Ragnar Árnason og Hjálmar Árnason.

Um þetta þarf ekki að hafa fleiri orð. Ég árétta að frv. er mjög bundið því frv. sem hér var til umræðu áðan, um stækkun Norðuráls, álverksmiðju á Grundartanga. Hér er um að ræða orkuöflun til fyrsta hluta þeirrar stækkunar upp í um 90 þús. tonn og grunnurinn að því er úrskurður hæstv. setts umhvrh. sem leiddi til þess að Landsvirkjun varð að minnka áætluð áform sín og leitaði því til Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur um að útvega þessa orku með Landsvirkjun og málið er sem sagt í eðlilegum farvegi.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:57]

[13:30]

Útbýting þingskjals:

Komugjöld sjúklinga, 558. mál, svar heilbrrh., þskj. 1272.

Umræður utan dagskrár.

Kjör bænda.

[13:30]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það vakti mikla athygli þegar núv. hæstv. landbrh., sem þá var hv. formaður landbn. Alþingis, lét svo um mælt skömmu fyrir síðustu kosningar að vinnubrögðum landbrn., sem þá var undir stjórn hæstv. landbrh. úr hans eigin flokki, Guðmundar Bjarnasonar, mætti líkja við hraða snigilsins.

Nú hefði maður haldið að þegar þessi hv. þm. væri svo gerður landbrh. mundi þetta aldeilis breytast til batnaðar. En því miður hefur lítið breyst við tilkomu hæstv. núv. landbrh. inn í það embætti, a.m.k. hefur hraðinn ekki aukist. Sumir hafa haft á orði að nú væri snigillinn sofnaður eða dottaði a.m.k. mestan partinn. Aðrir hafa látið að því liggja að hann væri kannski dauður og best væri að taka landbúnaðarmálin undir annað ráðuneyti sem væri ekki alveg eins seinfært í göngulagi sínu.

Það vantar ekki að hæstv. ráðherrann hefur farið mikinn sem skemmtikraftur. Það þykir varla burðugt þorrablót þar sem hæstv. ráðherra heldur ekki ræðu og fer með gamanmál við miklar vinsældir. Hann er bestur á þorrablótunum, eins og sjálf sauðkindin. (Gripið fram í.)

En aðgerðir til að bæta hag starfandi bænda í landinu hafa látið á sér standa og nú er svo komið, hæstv. forseti, að vonir okkar sem höfðum reiknað með að aðgerðir til að bæta stöðu þeirra sem starfa í landbúnaði á Íslandi sæju dagsins ljós á þessu kjörtímabili eru nánast að engu orðnar. Þingið er hér á síðustu metrunum og kosningar eru þann 10. maí. Þar væri þó vissulega ástæða til að taka til hendinni.

Í síðasta tölublaði Vísbendingar leggja nokkrir nemar í MBA-námi í Háskóla Íslands fram útreikninga um kjör bænda á Íslandi og eru þeir útreikningar gerðir eftir búreikningum árið 2001. Þar kemur fram að meðaltal hagnaðar af rekstri sauðfjárbúa fyrir laun eigenda jafngildir því að launin séu að jafnaði 68.250 kr. á mánuði. Samsvarandi útreikningur á launum fyrir rekstur meðalkúabús jafngildir 165.750 kr. á mánuði. Sé litið til blandaðra búa er meðalafkoman 96.617 kr. á bú. Það munu að jafnaði vera tveir einstaklingar, þ.e. hjón, á bak við þessar tekjur svo að til að fá út launin á mann þarf að deila í niðurstöðuna með tveimur sem mundi þá svara til 34.125 kr. fyrir hvorn aðilann á sauðfjárbúinu, 48.308 kr. á blandaða búinu og 82.875 kr. á mann á kúabúinu.

Það er ljóst af þessum tölum að afkoma bænda í íslenskum landbúnaði er afar slök, sérstaklega á sauðfjárbúunum, og það þrátt fyrir að beingreiðslur og styrkir vegna búvöruframleiðslu á Íslandi hafi á því herrans ári 2001 numið 5,7 milljörðum kr. samkvæmt útreikningum frá OECD sem fylgja með í þessari grein Vísbendingar. Þetta hlýtur að kalla á vangaveltur um hvort ekki megi koma þessum styrkjum með beinni hætti til bænda, t.d. í formi stuðnings við atvinnuvegi í sveitum, því að það má ljóst vera að bændur á smærri og meðalstórum búum lifa ekki af búrekstrinum einum saman. Ef við teljum, sem ég vona að allir séu sammála um, að brýnt sé að halda landinu sem mest í byggð tel ég að

hvort tveggja þurfi að koma til, breyta þurfi fyrirkomulagi á styrkjum til landbúnaðar þannig að þeir verði byggðatengdir og að styrkja þurfi enn frekar uppbyggingu atvinnulífs í sveitum.

Ég vil því beina eftirfarandi spurningum til hæstv. landbrh.:

Til hvað ráða hyggst hæstv. landbrh. grípa til að bæta kjör bænda?

Er von á einhverjum aðgerðum til að bæta starfskjör í landbúnaði fyrir kosningar?

[13:35]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er óvenjulegt að boða til utandagskrárumræðu um stöðu landbúnaðarins og hefja síðan ræðu sína eins og hv. þm. gerir með persónulegu skítkasti í garð ráðherrans sem hefur staðið í stórræðum með bændum landsins síðustu fjögur árin og töluvert árangursríku starfi.

Mig varðar ekkert um slíkt persónulegt skítkast. Það er kannski að verða siður Samfylkingarinnar, og sést best á því að hv. þm. er orðin krati í hópnum. Ég veit ekki betur en að það sé enginn stafur um landbúnaðarmál í stefnuskrá Samfylkingarinnar. Þannig að ég ætla ekki að eyða orðum í svoleiðis skítkast.

Ég vil segja það hér að landbúnaðurinn á Íslandi skapar verðmæti, verðmætasköpun hans er 22–25 milljarðar. Landbúnaðurinn á Íslandi hefur verið í mjög örri þróun síðustu árin. Það ríkir kraftur í flestum búgreinum og mikil fjárfesting og uppbygging hefur átt sér stað, ekki síst í mjólkurframleiðslunni. Það ríkir sátt um íslenskan landbúnað í dag, neytendur og bændur skynja vel hlutverk hvers annars og afurðirnar eru með því besta sem gerist. Bændur hafa verið að stækka grunn sinn og tekjumöguleika. Þeir eru skógræktarbændur, þeir eru landgræðslubændur, þeir eru ferðaþjónustubændur, þeir eru bændur íslenska hestsins, og mörg gríðarleg verkefni sem ég hef verið að vinna að á nýjum sviðum blasa við.

Hér er t.d. fyrirsögn úr Dagblaðinu: „Milljarðaframleiðsla á lyfjaensími úr íslensku byggi.“ Byggið, kornið, hörinn og þess vegna lífmassahugsun í kringum lúpínu — það er óskaplega margt sem blasir við og bændur eru að vinna af mikilli bjartsýni. Þó að kjör þeirra sem stéttar séu mjög misjöfn er mjög rangt að leggja umræðuna upp eins og menn gera, að allir bændur séu fátækir og eigi bágt. Við eigum mjög sterka bændur og mjög margir þeirra eru að gera góða hluti.

Ég vil hér segja hvað sauðfjárbændur varðar að þeir fengu nýtt fjöregg í minni tíð í upphafi, nýjan samning um starfskjör sín, nýjan búvörusamning sem inniheldur mikla möguleika, gæðastýringu og nýja framtíð. Þeir eru að byrja að vinna úr þessum samningi og þótt kjör sauðfjárbænda séu slök að meðaltali hafa þau batnað frá 1995 um 20%. Þeir eiga möguleika í gegnum samninginn á að fara í svipaða þróun og gerist í mjólkurframleiðslunni.

Samningagerð við kúabændur er hafin á nýjan leik og komin í gang. Þar hefur verið gríðarleg þróun í mjólkurbúskapnum. Íslenskar kýr hafa aukið meðalnyt sína úr 4 þús. lítrum í 5 þús. Tekjur af hverri kú hafa aukist um 30% á sjö árum. Fjárfesting greinarinnar hefur vaxið um 124% á sjö árum, sem sýnir þrótt ungu stéttarinnar í þeirri atvinnugrein. Meðalbúið hefur stækkað úr 90 þús. lítrum í 127 þús., eða um 40%. Tekjur bændanna sem stunda þessa búgrein hafa vaxið um 44%.

Ég vísa á bug öllu bulli um að ég sé aðallega skemmtikraftur. Mér þykir að vísu vænt um að þjóðin vill þó hlusta á mig sem heldur skemmtilegan mann — að því er hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir segir, ég held því ekki fram. (Gripið fram í.) Hvað væri nú ef ég væri næstleiðinlegasti maður þessa lands? Hver mundi þá hlusta? (Gripið fram í.) Ég held að hér í þingsalnum séu ýmsir sem enginn vill hlusta á svo að ég er tiltölulega sáttur við þessa stöðu og skammast mín ekki fyrir það. Það hefur aldrei verið til skammar að geta sagt góðar sögur á þorrablótum. Ég fór að vísu bara á tvö í ár, því miður. En ég er fyrst og fremst stjórnmálamaður og hef verið að taka af mikilli alvöru á landbúnaðarmálunum.

Hins vegar blasir vandi við, og við hann er ég að glíma. Ég vil segja við hv. þingmann að ég lít ekki á kosningarnar sem lokadag. Ég trúi því að neytendur og bændur muni kjósa mig áfram sem landbrh. og ég muni halda starfinu. Ég mun gera allt sem ég get til þess að reyna að taka á með bændunum í heild sinni. Það eru mikil sóknarfæri hjá sauðfjárbændum og í kjötframleiðslunni, sem ég hélt að hv. þm. ætlaði að ræða hér, þann vanda sem þar er, og ég tel að stjórnvöld eigi að rétta þeim hjálparhönd án þess að ganga gegn samkeppni og samkeppnislögum. Hitt er svo ljóst, hæstv. forseti, að það er auðvitað bændanna, við gefum þeim lög og við gefum þeim ramma og starfsumhverfi, í því hef ég verið. Þeir verða síðan auðvitað að vinna úr sínum málum og mér finnst að þeir séu í öllum búgreinum að gera það af töluvert meiri lífsgleði en oft hefur verið, og mesti þróttur í íslenskum landbúnaði hefur verið á þessu kjörtímabili, ef tekin eru síðustu 20 árin, hv. þingmaður.

[13:41]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Fyrir rétt einu ári var að minni beiðni utandagskrárumræða á hinu háa Alþingi um stöðu sauðfjárbænda. Þá þegar var ljóst að hverju stefndi í sauðfjárbúskapnum. Á því eina ári sem liðið er síðan — við hæstv. landbrh. áttum hér orðastað — hafa allar búgreinar í kjötframleiðslu siglt í mikla rekstrarörðugleika og er nú svo komið að gjaldþrot virðist blasa við hjá mörgum bændum. Offramleiðsla er í hvíta kjötinu, og eins og staðan er í dag er stærsti hluti framleiðslunnar seldur undir framleiðsluverði. Framleiðendur nautakjöts hafa um langan tíma orðið að selja sínar afurðir undir framleiðsluverði og blasir gjaldþrot við þeim innan tíðar ef ekkert verður að gert.

Fyrir ári síðan benti hæstv. landbrh. á þau úrræði að tryggja afurðalán í gegnum Byggðastofnun og að til stæði að hann beitti sér fyrir því að ábyrgð bænda yrði takmörkuð til að tryggja þá fyrir áhrifum gjaldþrota hjá sláturleyfishöfum. Að öðru leyti benti hann á að í gangi væru margar mótvægisaðgerðir, ferðaþjónusta, hestamennska o.s.frv., eins og hann gerði í ræðu sinni áðan. Þessar mótvægisaðgerðir, herra forseti, eru góðar til lengri tíma litið en koma að litlu gagni í stöðunni í dag.

Herra forseti. Nú blasa við gjaldþrot víða um land hjá bændum og það verður því að grípa til opinberra aðgerða til að forða svo víðtækum gjaldþrotum. Bændur verða auk þess að hafa möguleika á og vilja til að draga úr offramleiðslunni og koma kjötmarkaðnum í jafnvægi við neyslu á innanlandsmarkaðnum. Offramleiðsla er mikil og sláturleyfishafar og bankar bera ábyrgð á því ástandi sem nú ríkir á kjötmarkaði.

[13:43]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Samkvæmt niðurstöðu búreikninga árið 2001 frá Hagþjónustu landbúnaðarins kemur fram að við kúabú eru greidd laun og launatengd gjöld um 342 þús., en fjöldi búa að baki þessum útreikningi eru 168 framleiðendur með meðalframleiðslu upp á 127 þús. lítra. Mikil hagræðing hefur átt sér stað í mjólkurframleiðslu á síðustu árum, kynbætur hafa bætt stöðuna með vaxandi afurðum og hagkvæmni í framleiðslunni og framtíð þessara bænda er best tryggð með stöðugleika í rekstrarumhverfi sem best verður treyst með framlengingu á óbreyttum samningi.

Sauðfjárbú greiddu í laun og launatengd gjöld 116 þús. kr. en fjöldi búa að baki þessu eru 103 og meðalframleiðsla upp á þá tæp 6 þús. kíló.

Staða sauðfjárbænda sem ekki hafa annað starf er langt frá því að vera góð. Við því þarf að bregðast, það þarf að greina vandann og vinna sig út úr honum. Bændur eru bjartsýnt og duglegt fólk sem hefur tekið að sér fjölbreytt verkefni til að styrkja búsetuna með aðstoð ríkisins. Má þar nefna verkefnið „Bændur græða landið" en í því eru um 600 bændur. Þá vinna 40–50 bændur í verktöku á vegum Landgræðslu ríkisins í fjölþættum verkefnum. Skógræktarverkefnin hafa vaxið ár frá ári. Nú er í meðförum landbn. þáltill. frá ríkisstjórninni sem felur í sér að samtals fari í þessi verkefni 662 millj. á næsta ári. Ný verkefni verða til eins og línrækt en 10 bændur voru í línrækt á liðnu ári og er feygingarverksmiðja að rísa í Þorlákshöfn. Þá vil ég minna á þróun próteinframleiðslu í notkun í lyfjaiðnaði og ef vel tekst til þar mun það skapa fjöldamörg störf. Vægi ferðaþjónustunnar er mikið en í dag er hún næststærsta gjaldeyrisskapandi atvinnugrein landsmanna. Hrossarækt og hestamennska er vaxandi þáttur í íslenskum landbúnaði sem eflir ferðaþjónustuna og styrkir tengsl dreifbýlis og þéttbýlis.

Það er mikið hagsmunamál fyrir landsbyggðina að finna leiðir til lækkunar á flutningskostnaði. Það þarf að halda áfram að stuðla að fjölbreyttara atvinnulífi í sveitum landsins með öflugan landbúnað sem kjölfestu.

[13:45]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Á landsþingi Frjálslynda flokksins um síðustu helgi voru eftirfarandi fimm áherslur flokksins samþykktar um landbúnaðarmálin:

Frjálslyndi flokkurinn vill efla trú og traust þjóðarinnar á íslenskan landbúnað sem keppt geti í framtíðinni á alþjóðlegum samkeppnismarkaði.

Stefnt verði að því að bændur verði frjálsir að allri framleiðslu sinni.

Markmið Frjálslynda flokksins er að auðvelda bændum að nýta landið og fjárfestingar sínar.

Markmið Frjálslynda flokksins er að stöðva og snúa við flótta úr byggðum landsins. Núverandi fyrirkomulagi styrkja í landbúnaði þarf að breyta við lok búvörusamnings með því að stuðla að fjölskylduvænni búsetu. Alþjóðasamningar munu á næstu árum setja á okkur kröfur um lækkandi framleiðslutengda styrki og annan markaðsráðandi stuðning við hefðbundinn landbúnað. Við teljum að það verði að rjúfa þann vítahring sem festir bændur í hefðbundnum landbúnaði, mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt, í kvótakerfi og kvótakaupum framtíðarinnar. Unga fólkið sem á að geta tekið við búskap í sveitum landsins mun að óbreyttu verða þrælar kvótakaupa eða kvótaleigu af afurðastöðvum þegar að því kemur að það vill kaupa sér jörð og hefja búskap. Það þarf með öllum ráðum að vinna að því að fólkið sem vill búa í sveitum landsins festist ekki í fátæktargildru leiguliða eða sem „besti vinur bankanna", sem greiðir hverja krónu sem afgangs er í vexti og dráttarvexti af framleiðslukvótakaupum í mjólkurlítrum eða ærgildiskvótum.

Frjálslyndi flokkurinn vill efla trú og traust þjóðarinnar, ekki síst unga fólksins, á íslenskan landbúnað sem keppt geti í framtíðinni á alþjóðlegum samkeppnismarkaði. Framtíðarforsenda íslensks landbúnaðar er að bændur verði frjálsir að framleiðslu sinni.

Markmið Frjálslynda flokksins er að auðvelda bændum að nýta landið og fjárfestingar sínar. Frjálslyndi flokkurinn lítur svo á að viðfangsefni landbúnaðar sé landnýting, þ.e. nýting garða, túna, akra, haga, afréttar og annarra verðmæta sem bændur hafa skapað.

Eins og nú standa sakir þarf að selja úr landi milli 400 og 500 tonn af lambakjöti. Hækkun persónuafsláttar og skattafsláttur vegna barna, sem Frjálslyndi flokkurinn vill lögleiða, mundi að sjálfsögðu bæta hag þeirra bænda sérstaklega sem nú búa við allt of lág laun.

[13:47]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. málshefjanda sem tók þetta mál á dagskrá í þinginu. Ég held að það sé mjög mikilvægt enda hefur komið mjög skýrt fram í fréttum að staða bænda er afskaplega misjöfn og ljóst er að skoða þarf leiðir sem geta orðið til aðstoðar þar sem nauðsyn krefur.

Flestum hefur borist til eyrna að þeir sem framleiða þetta svokallaða hvíta kjöt hafa verið í gríðarlegri samkeppni sem hefur í sumum tilfellum verið borin uppi með aðferðum sem ekki hafa verið skýrðar. Fyrirtæki sem hafa jafnvel verið í greiðslustöðvun hafa getað boðið fram kjöt sem hefur verið með allt öðrum framleiðslukostnaði en eðlilegt getur talist. Mér finnst ekki hafa komið neitt fram hjá hæstv. landbrh. hvaða leiðir á samkeppnisgrundvelli ráðuneytið vill skoða til þess að geta tryggt það að eðlileg samkeppni ríki á markaðnum, og þá er ég að meina samkeppni milli framleiðenda.

Einnig er ljóst að aðrir kjötframleiðendur, eins og sauðfjárbændur, eiga í miklum erfiðleikum og þó að margt ánægjulegt sé að gerast í kringum þá, eins og í sambandi við bændagistingu og ýmsa aðra starfsemi, er það náttúrlega engan veginn nóg. Staða þessara bænda er mjög erfið í dag og það þarf hæstv. ráðherra einnig að taka til sín. Auðvitað getur hæstv. ráðherra ekki bjargað öllu en mér finnst ekki heldur hægt að vísa öllu beint til bændanna sjálfra og segja: Þið hafið lögin og þið eigið að bjarga ykkur. Það þarf líka að passa upp á að samkeppnisumhverfið sé eðlilegt.

[13:50]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þjóðin og þingið man hæstv. ráðherra landbúnaðarmála svífandi hátt um víðan geim, talandi um dýrlega framtíð íslensks landbúnaðar, farandi með himinskautum um möguleika lambakjötsins og hreinleika íslenskrar náttúru, talandi um íslenska bændur, kýr og ær í aldagömlum ungmennafélagsanda.

Flokkur ráðherrans og Sjálfstfl. hafa mótað og farið með landbúnaðarmál í þessu landi í margar kynslóðir. Nú hafa þessir flokkar verið saman í ríkisstjórn síðustu átta árin svo

ekki hafa þeir verið truflaðir við störf sín í þágu landbúnaðarins. En hvernig er ástandið? Það er allt í uppnámi á kjötmarkaði, gjaldþrot og hallæri blasa við í öllum kjötframleiðslugreinunum. Örsnauðir bændur og fátækt fólk úr sveitum landsins flytur á mölina sem aldrei fyrr. Og hvað hefur hæstv. ráðherra verið að fást við? Jú, jú, hann taldi upp eitthvað af því áðan. Mér fannst það ekki vera til merkis um að margt væri að gerast.

En hann barðist við norsku kúna, þá illvígu, og hann fór til Kína að kynna sér eldi strúta. Það var víst erfið ferð. Hann spáði í krókódíla- og úlfaldarækt en það er víst búið að hætta við það allt saman. Og enn bíðum við eftir því að hæstv. ráðherra taki á móti erlendum þjóðhöfðingjum, skrýddur litklæðum á fáki sínum á flughlaðinu við Leifsstöð, en það ætlar hann að gera í framtíðinni. Það verður líklega á næsta kjörtímabili.

Þeir sem foringjarnir segjast bera mest fyrir brjósti, bændurnir í landinu sem hafa verið brjóstvörn og bakvarðarsveit flokksins, Framsfl., eru bláfátækir og hnepptir í fjötra framleiðslustýringar, sem ráðherrann kallar núna fjöregg, og ölmusuhugsunar framsóknaríhaldsstefnunnar.

Það þarf nýja og ferska hugsun til stuðnings við atvinnulíf í sveitum. Það þarf jafnræði til stuðnings við búgreinar og aðra atvinnustarfsemi. Það þarf að frelsa atvinnulíf í sveitum undan ápján framsóknaríhaldsins.

[13:52]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Víst er að landbúnaðurinn hefur gengið í gegnum miklar breytingar á síðasta áratug eða rúmlega það, og að mörgu leyti hefur atvinnugreininni tekist vel að fóta sig í nýju umhverfi og nýjar greinar hafa skotið rótum á síðustu árum. Hinu er ekki að leyna að þær breytingar sem hafa reynst landbúnaðinum erfiðastar eru mikill niðurskurður eða samdráttur í framlögum ríkisins til atvinnugreinarinnar svo nemur milljörðum króna á ári. Sá peningur er tekinn einvörðungu úr launalið bóndans og rýrir því kjör hans. (Gripið fram í.)

Sú breyting sem mestu réði um þetta, herra forseti, var ákvörðun sem tekin var fyrir rúmum áratug í tíð páv. landbrh., hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, um að afnema með öllu útflutningsbætur og ganga miklu lengra og hraðar en alþjóðasamningar kváðu á um. Ég minni á að enn er möguleiki á því að nýta sér útflutningsbætur samkvæmt alþjóðasamningum þó að í mun minna mæli sé en þá var, og ég hvet stjórnvöld til að skoða möguleikann til að nýta þær heimildir sem er að finna í alþjóðasamningum hvað það varðar.

En það vekur athygli mína að páv. landbrh., hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, er ekki viðstaddur þessa umræðu. Ég er kannski ekkert hissa á því. Hann vill kannski ekki taka þátt í umræðu þar sem hann þarf að verja þessar gjörðir sínar sem hafa reynst bændum hvað erfiðastar í skauti á síðasta áratug. Það er vandfundin önnur ákvörðun stjórnvalda fyrr og síðar sem hefur reynst bændum jafnþungbær og sú sem hv. þm. beitti sér fyrir og er það alveg nýtt að hann skuli vera fjarverandi úr þingsal þegar tækifæri er til þess að koma í ræðustól og víkja orði að Framsfl. Eins og menn vita tekur sá hv. þm. sjaldan til máls öðruvísi en að tala um Framsfl. (**BH:** Var ekki þingmaðurinn í Framsfl. þá?) (Gripið fram í.)

[13:54]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefði átt að verja tíma sínum til að ræða stöðu landbúnaðarins í dag, eftir tólf ára stjórnarsetu framsóknarsjálfstæðisráðherranna í landbrn. (**Gripið fram í:** Nei, átta.) Tólf. (**Gripið fram í:** Tólf.)

Herra forseti. Það er margt gott sem er að gerast í landbúnaðinum, og búseta og öflugt atvinnulíf úti um allt land er styrkur þjóðfélags okkar sem okkur ber að standa vörð um. Hins vegar er ekki allt eins og best verður á kosið. Fátækt og gjaldþrot blasir við fjölda bænda að óbreyttu ástandi, sagði formaður Bændasamtakanna á búnaðarþingi. Gífurleg samþjöppun hefur orðið í alifugla- og svínakjötsframleiðslu. Það eru 20 svínabú og fjögur alifuglabú á landinu. Svínakjöt er selt 150 kr. undir framleiðslukostnaðarverði, svipuð staða er uppi í kjúklinga- og nautakjötsframleiðslu. Mörg þessara búa eru rekin beint eða óbeint af lánastofnunum eða þrotabúum. Gríðarlegt kjötmagn er nú sett inn á markaðinn á undirverði. Þegar við bætist fákeppni á smásölumarkaðnum hlýtur eitthvað undan að láta. Venjulegir bændur, ég tala nú ekki um sauðfjárbændur, geta ekki keppt við langtímaniðurboð studd af öflugustu fjármálastofnunum landsins. Er félagsleg ábyrgð þessara fjármálastofnana alls engin? Mér er spurn. Borið er við samkeppnislögum. Heilbrigð og gagnsæ samkeppni er sjálfsögð, og drifkraftur framfara, en ef hægt er að rústa byggð og búsetumynstri í landinu á örfáum missirum í skjóli samkeppnislaga eða annarra slíkra laga þarf heldur betur að breyta þeim lögum.

Herra forseti. Það verður að grípa tafarlaust í taumana og rétta hlut bænda í þeim frumskógi villimennskunnar sem nú ríkir á kjötmarkaði.

[13:56]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það er rétt sem komið hefur hér fram að það er mjög margt bjart í íslenskum landbúnaði. Við getum verið bjartsýn fyrir hans hönd á mörgum sviðum enda þurfum við að byggja þetta land og það er grundvallaratriði að svo verði áfram.

Hins vegar er það staðreynd sem við stöndum frammi fyrir að sauðfjárræktin er í gríðarlegum vandræðum. Við höfum staðið með Bændasamtökunum, við höfum staðið með Landssamtökum sauðfjárbænda í að gera þessa samninga sem við höfum gert. Við höfum gert það í bjartsýni og ríkisstjórnin hefur staðið við samningana.

Hins vegar er það rétt að ýmislegt sem við gerðum ráð fyrir þá hefur ekki gengið eftir. Það er mjög langt frá því. Það er staðreynd í þessu þjóðfélagi að það vantar ekki kjöt og það er allt sem bendir til þess að þannig verði það í framtíðinni, að það vanti ekki kjöt. Því held ég að ljóst sé að við verðum að hugsa þessi hluti upp á nýtt. Við komumst ekki hjá því að horfast í augu við staðreyndirnar. Það borgar sig ekki að líta undan, þá erum við að bæta gráu ofan á svart.

Ég held að við verðum að horfa til þess að sauðfjárræktin í þessari stöðu verði fyrst og fremst byggðamál. Ég veit að mörgum bændum mun sárna að ég segi þetta en ég sé það í þessu ljósi. Ég lít svo á að það sé lífsnauðsynlegt að styrkja íslenska sauðfjárrækt. En við verðum að gera það á réttum forsendum og við eigum að standa rétt að því. Við megum ekki hika þó að núna sé kannski útlit fyrir að þessi orrusta tapist að einhverju leyti, við ætlum ekki að tapa stríðinu og við ætlum að standa með íslenskum landbúnaði og hjálpa

bændum í gegnum þessi vandræði. En við verðum að hugsa hugsanirnar upp á nýtt, við verðum að gera okkur grein fyrir þessu og spyrja: Höfum við eitthvert gagn af þessum ramma sem sauðfjárræktin er í? Höfum við eitthvert gagn af afurðasölulögunum í þessari stöðu? Við verðum að þora að gera það og standa síðan með bændum í að horfast í augu við þann veruleika sem blasir við okkur í dag.

[13:59]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur fyrir að taka þetta mjög svo alvarlega mál upp, og ég verð að segja það hér að hæstv. landbrh. getur ekki tekið það sem persónulegt skítkast þótt vakin sé athygli á því hver staða sauðfjár- og mjólkurbænda er. Það er þetta sem verið var að vekja athygli á, að meðalbúið í sauðfjárrækt skilar u.þ.b. 68 þús. kr. á mánuði til eigenda, blönduð bú 96 þús. kr. og mjólkurbú 165 þús. kr. Þetta eru þær staðreyndir sem eru dregnar fram og þær eru afleiðing af ráðsmennsku framsóknarríhaldsins núna í tólf ár samfellt í landbrn. Og það er ekki sanngjarnt að einasta brjóstvörn sumra hverra sem taka til máls í þessari umræðu sé sú að einhverju hafi verið breytt fyrir 12, 14, 15 árum. Hafi verið teknar rangar ákvarðanir þá hefði verið auðvelt að breyta þeim síðar.

Í ljósi þess hver staðan er hefði maður talið að menn bæru fram á hinu háa Alþingi hugmyndir sem mættu bæta úr þeirri stöðu sem hér hefur verið dregin fram. Og það kemur fram, þegar maður skoðar það, að hæstv. landbrh. er búinn að setja fram u.þ.b. 20 frv. og hugmyndir á þessu kjörtímabili. Í því ljósi hefði maður talið að allt væri í miklum sóma og ekki þyrfti að grípa til stórra og mikilla aðgerða. Þess vegna er mjög sorglegt að hlýða á þessa umræðu hér, og það er ekkert óeðlilegt þó að þessi umræða sé tekin við hæstv. landbrh. því kerfið hefur þróast þannig að þetta hefur verið samtengt, Bændasamtökin, landbrn. og kerfið, og hæstv. landbrh. hefur orðið einhvers konar verkalýðsforkólfur fyrir bændur. Þetta er niðurstaðan sem hér hefur verið rakin. Ég lýsi mikilli sorg yfir þessari stöðu.

[14:01]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Starfsumhverfi landbúnaðarins er í stöðugri þróun og hefur tekið ýmsum breytingum á undanförnum árum. Margar búgreinar hafa góða stöðu og tryggan rekstur en aðrar greinar, t.d. sauðfjárræktin, kalla á tryggari starfsgrundvöll og að því er unnið eins og fram kom í máli hæstv. landbrh. Að þessu þarf að vinna í sátt við þjóðina og kalla til samstarfs aðila vinnumarkaðarins og samtök fólksins. Það hefur verið gert að undanförnu og gengið vel. Þessir aðilar komu að samningum um breytt starfsskilyrði í garðyrkju og hafa verið kallaðir til vegna nýs samnings um mjólkurframleiðslu.

Í tíð framsóknarmanna í landbrn. hefur verið byggð upp keðja landshlutabundinna skógræktarverkefna. Bændur hafa mikinn áhuga á þeim, þeir hafa þekkinguna, tækin og landið. Fyrir Alþingi liggur till. til þál. um skipulag þessara mála næstu fimm ár. Þar er gert ráð fyrir verulega auknum fjármunum til verkefna og áætlunin miðar að styrkari búsetu um allt land og auknum tekjum til bænda. Rannsóknastarf hefur gengið fagnandi mót nýjum tímum. Mikilvægt er að meðtaka nýjungar, gera bændum kleift að hagnýta þær og skapa sér hlutverk í breyttri framtíð.

Vert er að nefna líftæknifyrirtækið Orf, sem er sprotafyrirtæki hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Þar er unnið að möguleikum þess að bændur framleiði á ökrum sínum efnivið í lyfjaframleiðslu, flugvélar og hvaðeina sem nöfnum tjáir að nefna.

Herra forseti. Fjölmargt fleira væri vert að nefna í þessari umræðu en tíminn er skammur. Ég vil þó segja að lokum að það er góð sátt um landbúnaðinn meðal þjóðarinnar. Þjóðinni þykir vænt um sinn landbúnað, hefur sýnt það í verki og það er engum til góðs að reyna að tala íslenskan landbúnað niður eins og ekkert jákvætt sé þar að gerast.

[14:03]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það var greinilegt af viðbrögðum hæstv. landbrh. að ræða mín kom heldur betur við kaunin á honum. Ég harma það að hæstv. ráðherra skuli ekki geta tekið smágamni, svo landsfrægur grínisti sem hann er orðinn á síðustu árum.

Það verður að segjast, því miður, að niðurstöður búreikninga segja að þrátt fyrir þau grettistök sem hæstv. landbrh. hefur lyft, og lýsti í ræðu sinni áðan, er staðan í landbúnaðinum grafalvarleg. Það liggur ljóst fyrir samkvæmt þeim tölum sem ég vitnaði til fyrr í dag, og undir var tekið af hálfu Bændasamtakanna í kvöldfréttum sjónvarps sl. þriðjudag, að það er ekki hægt að lifa af rekstri meðalbúa eins og þau eru í dag. Sérstaklega á það við um sauðfjárræktina. Þess vegna verður að efla önnur atvinnutækifæri í sveitum ef við ætlum að viðhalda byggðinni.

Ég tel skógræktarverkefnin t.d. hafa gefið góða raun. Það mætti líka styðja enn frekar við ferðaþjónustu í sveitum, ekki síst markaðssetningu hennar. Einnig vil ég minna á að víða eru fyrir hendi möguleikar til að byggja frekar upp í loðdýrarækt, t.d. í kringum fóðurstöðvar sem nú eru í rekstri. Sums staðar er húsnæði fyrir dýrin jafnvel fyrir hendi, verkkunnátta í þessari grein hefur vaxið og skilar greinin nú nokkuð góðum afrakstri.

Síðast en ekki síst er æskilegt að minnka milliliðakostnað í okkar hefðbundnu búgreinum þannig að bóndinn fái sanngjarnara hlutfall í sinn vasa af afurðaverði. Margt fleira mætti tína til. Síðast en ekki síst, hæstv. forseti, þurfa menn að vakna, bretta upp ermar og taka til hendinni.

[14:05]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hér hefur kjötmarkaðinn borið á góma. Hvað meðaltekjur og allt annað varðar er auðvitað sauðfjárbúskapurinn góð aukabúgrein og er rekinn á þeim forsendum til hliðar við þess vegna hlunnindabúskap, ferðaþjónustu, kúabúskap o.fl. Menn geta ekki alveg reiknað þetta svona. Auðvitað eiga þeir erfiðast sem eru með mjög lítil sauðfjárbú, það er enginn vafi í mínum huga, en þróun greinarinnar er hafin og nýi samningurinn gefur tilefni til þess.

Ársneysla kjöts á mann hefur á sl. tveimur árum aukist um fimm kíló. Má segja hvað lambakjötið varðar að á síðustu þremur mánuðum, segir Morgunblaðið í gær, hafi aukning orðið í lambakjötssölu um 14%. Landbrh. var gagnrýndur í haust fyrir að minna afurðastöðvarnar á það, með því að leyfa þeim ekki að flytja það út sem þeir vildu, að þeir skyldu berjast á innanlandsmarkaði og leyfa Íslendingum að njóta þess. Þetta hefur gengið eftir.

Hvað svo varðar hverjir hafa komið inn í fjárfestingar í þeim greinum sem erfiðast eiga núna, t.d. í svínabúskapnum og kjúklingaframleiðslunni, kom Byggðastofnun þar inn

með peninga og lagði í þær greinar ásamt bönkum, sparisjóðum, fjárfestingarfyrirtækjum. Þar hefur peningum verið sprautað inn og það hefur valdið þessum vandræðum.

Góðu fréttirnar eru þær að neytendur búa núna við mikið framboð af kjötvöru á lægra verði en oftast áður. Þeir fagna auðvitað. En ég tek undir það, og það er verið að fara yfir það með Bændasamtökunum og forustumönnum búgreinanna, að skoða hvernig hægt sé að reyna að hindra gjaldþrot sem afleiðingu offramleiðslunnar. Ég lít á það sem mitt verkefni áfram að sinna því. Ég er hins vegar ekki sá sem gengur út á markaðinn og tekur að sér sölumennsku. Við höfum sett hér lög um samkeppni og samkeppnismarkað og við verðum að treysta því að eftirlitsaðilar þjóðfélagsins fylgi því eftir.

Að öðru leyti vil ég, hæstv. forseti, þakka þessa umræðu og allmargar góðar ræður.

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Hv. 3. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir.

[14:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi leiðrétta eitt, ég vil ekki að orðum hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sé ómótmælt að ég sé ekki hér í vinnunni minni að sinna þingskyldum. Ég held að hv. þm. mætti alveg velta því fyrir sér að beina frekar skeytum sínum að öðrum en þeim sem hér stendur.

Í öðru lagi, herra forseti, er náttúrlega óhjákvæmilegt að útskýra það fyrir áhorfendum að þessari útsendingu, sem átta sig kannski ekki allir á því, að hér fór fram hálftímaumræða um brýnt mál utan dagskrár og það er samið um það fyrir fram hvernig flokkar skipa þátttöku sinni í umræðunum. Það var löngu frágengið að fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs töluðu tveir þingmenn, hv. þm. Þuríður Backman, fulltrúi okkar í landbn., og hv. þm. Jón Bjarnason. Þau hafa bæði mikið fram að færa til þessarar umræðu.

Það segir því allt sem segja þarf um það hversu drengileg árás hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar var á undirritaðan áðan. Þetta er í afmarkaðri umræðu sem þegar er frágengið hverjir taka þátt í og ég er ekki þar á meðal.

Ummælunum sem slíkum vísa ég til föðurhúsanna. Ég kalla það að bera á mig sakir að reyna í taugaveiklun og örvæntingu Framsfl. yfir ástandi mála í dag að finna skýringar á því og getuleysi hæstv. landbrh. í 12–14 ára gömlum ákvörðunum í landbúnaði. Hefði aðaláfallið fyrir íslenskan landbúnað eða sauðfjárræktina verið afnám útflutningsuppbóta í kjölfar búvörusamningsins 1991 bendi ég hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni á að framsóknarmenn hafa haft átta ár til að taka þær upp aftur. Í átta ár hefur hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gengið um með það steinbarn í maganum að það þurfi að koma á útflutningsuppbótum í landbúnaði á nýjan leik en ekkert orðið ágengt. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Það var alveg óhjákvæmilegt að gera athugasemdir við þessi ummæli hv. þingmanns og ég geri ráð fyrir að forseti sé mér sammála um að þarna hafi verið með ódrengilegum og ómaklegum hætti að mér vegið og ég hlaut því að bera af mér sakir.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseta fannst undir lok ræðunnar að hv. þm. væri kominn í efnislega umræðu. Að öðru leyti var hann að bera af sér sakir.)

Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014, frh. síðari umr.

Stjtill., 469. mál. — Þskj. 774, nál. 1156 og 1221, brtt. 1144 og 1222.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:11]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Herra forseti. Hér eru að koma til atkvæðagreiðslu samgönguáætlanir fyrir árin 2003–2014 og 2003–2006.

Ég hef í ítarlegu nál. gert grein fyrir áherslum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í samgöngumálum og þeim atriðum sem við hefðum viljað sjá raðað með öðrum hætti inn í þá áætlun sem hér er verið að greiða atkvæði um. Við höfum lagt áherslu á að við erum andvíg aukinni einkavæðingu í samgöngumálum, hvort sem það er í framkvæmdum eða í rekstri almannasamgöngumannvirkja. Við höfum líka lagt áherslu á almenningssamgöngur svo nokkuð sé nefnt.

Engu að síður er í þessari samgönguáætlun lagt í verulega miklar framkvæmdir úti um allt land sem eru til mikilla samgöngubóta, og er því ástæða til að fagna því. Það er sérstök ástæða til að fagna þeim auknu framkvæmdum sem eru m.a. lagðar í vegaframkvæmdir á Vestfjörðum og Norðausturlandi en það er forgangsverkefni að haga þannig framkvæmdum að góðir vegir með bundnu slitlagi komist um allar byggðir landsins.

Virðulegi forseti. Að gefnum fyrirvörum og þeim athugasemdum sem eru tilgreindar í nál. munum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styðja þá samgönguáætlun sem hér liggur fyrir. Það liggur að vísu fyrir brtt. frá undirrituðum sem kemur til atkvæða á eftir.

[14:13]

Lúðvík Bergvinsson *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Við greiðum hér atkvæði um samræmda samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 og á eftir kemur mál um næstu fjögurra ára áætlun.

Sú áætlun sem við greiðum nú atkvæði um er algerlega unnin á forsendum og samkvæmt hugmyndum stjórnarmeirihlutans. Stjórnarandstaðan kom ekkert að því máli. Þetta er því algerlega á ábyrgð meiri hlutans. Ég vil að þetta liggi fyrir. Í þessum áætlunum eru mörg mjög góð mál sem við getum vissulega stutt, auk þess sem ég hrósa meiri hlutanum fyrir að taka upp þessa svokölluðu samræmdu samgönguáætlun, þ.e. að horfa á samgöngur á sjó, landi og lofti í einum pakka.

Það breytir samt ekki því, virðulegi forseti, að þetta er algerlega á ábyrgð meiri hlutans. Við komum ekki að þessum áætlunum, hvorugri þeirra, þannig að við munum sitja hjá en um leið lýsa því yfir að í ljósi þess að þetta er a.m.k. áætlun tólf ár fram í tímann er þar víða að finna verkefni sem við hefðum getað stutt.

Brtt. 1222 felld með 31:8 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

11 þm. (ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GÖ, JÁ, JóhS, LB, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (AHB, ÁMM, EMS, GÁS, HBl, HjÁ, KVM, KHG, KLM, ÓÖH, PP, RG, ÞSveinb) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:14]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hafnir, flugvellir og vegir eru flokkuð í svokallað grunnnet. Í grunnneti flugvalla eru allir þeir flugvellir sem nú er skipulagt áætlunarflug til nema tveir, flugvöllurinn á Gjögri og flugvöllurinn á Vopnafirði. Herra forseti. Ég tel allar forsendur fyrir því að þessir flugvellir fari inn í grunnnet flugvallakerfisins og tillaga mín gengur út á það að flugvöllurinn á Gjögri og flugvöllurinn á Vopnafirði verði hluti af grunnneti flugvalla í landinu.

[14:15]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Eins og fram kemur í þáltill. er grunnnetið skilgreint með mjög skýrum hætti. Það á við um flugvelli einning. Samgönguáætlun gerir hins vegar ráð fyrir að flugvellirnir í Vopnafirði og Gjögri njóti alveg sams konar þjónustu og uppbyggingar og allir aðrir flugvellir sem áætlunarflug er til. Ég tel ástæðu til að undirstrika þetta um leið og við greiðum atkvæði um þessa tillögu. Þjónusta þessara flugvalla er tryggð eins og um aðra áætlunarflugvelli sé að ræða.

Brtt. 1144 (ný tillgr.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack.

9 þm. (ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GÖ, JóhS, LB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (AHB, ÁMM, EMS, GÁS, HBl, HjÁ, JÁ, KVM, KolH, KLM, ÓÖH, PP, RG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GÖ, JÁ, JóhS, LB, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (AHB, ÁMM, EMS, GÁS, HBl, HjÁ, KVM, KolH, KLM, ÓÖH, PP, RG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1326).

Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006, frh. síðari umr.

Stjtill., 563. mál. — Þskj. 911, nál. 1157, brtt. 1143.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:17]

Brtt. 1143 (ný tillgr.) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MS, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, JÁ, JóhS, LB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (AHB, ÁMM, EMS, GÁS, HBl, HjÁ, KVM, KLM, ÓÖH, PP, RG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ*, GunnB, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

8 þm. (ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, JÁ, JóhS, LB, SJóh) greiddu ekki atkv.

18 þm. (AHB, ÁMM, DO, EMS, GÁS, HÁs, HBl, HjÁ, KVM, KolH, KLM, ÓÖH, PP, RG, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1327).

Rannsókn sjóslysa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 552. mál (starfshættir rannsóknarnefndar, aðsetur o.fl.). — Þskj. 899, nál. 1152, brtt. 1153.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:18]

Brtt. 1153,1 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, LB, MS, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (BjörgvS) greiddi ekki atkv.

11 þm. (AHB, ÁMM, EMS, GÁS, HBl, KVM, KLM, ÓÖH, PP, RG, ÞSveinb) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 1153,2 (ný 2. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1153,3 samþ. með 51 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 1153,4 (4. gr. falli brott) samþ. með 53 shlj. atkv.

5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1153,5 (6. gr. falli brott) samþ. með 53 shlj. atkv.

7.–8. gr. (verða 5.–6. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi útlendinga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 598. mál (búsetuleyfi, EES-reglur). — Þskj. 959, nál. 1187.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:21]
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 404. mál (sala á rjúpu o.fl.). — Þskj. 499, nál. 1185.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:22]
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, BH, DO, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
21 þm. (AHB, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, EKG, EMS, GAK, GÁS, HBl, JóhS, KVM, KLM, LMR, ÓÖH, PP, RG, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. í nál. 1185 (2. gr. falli brott) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
12 þm. (AHB, ÁSJ, ÁMM, EMS, GÁS, HBl, KVM, KLM, PP, RG, StB, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:22]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég hefði helst kosið að sölubanni á rjúpu hefði verið haldið inni eins og fólst í upphaflegu frv. Ég hef verið í samráði við umhvn. og hún er einhuga um að það sé vænlegra til árangurs að stytta veiðitímabilið enn frekar. Aðalatriðið er að vernda rjúpnastofninn. Það er hægt með margvíslegum aðgerðum. Með því að umhvn. beinir því sérstaklega til ráðherra að skoða styttingu tímabilsins frekar þá tel ég að við getum náð því að vernda rjúpnastofninn. Ég treysti mér því til að styðja málið og segi já.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
13 þm. (AHB, ÁMM, ÁRJ, EMS, GHall, GÁS, GÁ, HBl, KVM, KLM, PP, RG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
12 þm. (AHB, ÁMM, DrH, EMS, GÁS, GÁ, HBl, KVM, KLM, PP, RG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Reynslulausn, frh. síðari umr.

Þáltill. ÞKG o.fl., 517. mál. — Þskj. 857, nál. 1186.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]
Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (AHB, ÁMM, EMS, GAK, GÁS, GÁ, HBl, JóhS, JBjart, KVM, KLM, PP, RG, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:24]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég styð að sjálfsögðu þessa tillögu sem hér er verið að greiða atkvæði um. Ég vil hins vegar tekja athygli á því að fyrr í vetur flutti ég ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni frv. sem tók að nokkru leyti á málinu sem snýr að reynslulausn. Ég tel að þau mál séu í miklum ólestri. Að hluta standa mál þannig núna að reynslulausn getur hreinlega ráðist af efnahag manna, af fjárhag manna. Það er auðvitað gjörsamlega óþolandi ástand. Ég vænti þess að sú nefnd sem hér er verið að gera ráð fyrir að verði skipuð til að fara ofan í þessi mál taki sérstaklega á þessu.

Í því sambandi á ég við að séu menn dæmdir til fjársektar en til fangelsisvistar sem vararefsingar og hafi menn ekki efni á því að borga þessar fjársektir og eru dæmdir þar með í fangelsi þá eiga þeir ekki möguleika á reynslulausn. Aðrir fangar eiga almennt möguleika á reynslulausn þannig að þarna er klárlega verið að mismuna fólki, m.a. á grundvelli efnahags. Ég harma að þessi mál skuli ekki hafa verið leidd til lykta í vetur. En úr því sem komið er styð ég tillöguna og vænti þess að m.a. verði tekið á þessu mikla óréttlæti.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB,

JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, LB, ÓÖH, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

12 þm. (AHB, ÁMM, EMS, GÁS, GÁ, HBl, KVM, KLM, MS, PP, RG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1330).

Fjármögnun sjóðs til að auka verðmæti íslenskra sjávarafurða, frh. fyrri umr.

Stjtill., 688. mál. — Þskj. 1120.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Skógrækt 2004–2008, frh. fyrri umr.

Stjtill., 689. mál. — Þskj. 1121.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:26]
Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Ábúðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 651. mál (heildarlög). — Þskj. 1060.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:26]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Jarðalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 652. mál (heildarlög). — Þskj. 1062.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:27]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Álbræðsla á Grundartanga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 671. mál (stækkun, skattlagning). — Þskj. 1091, nál. 1281, 1282 og 1310.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:27]

Svanfríður Jónasdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið leggst Samfylkingin ekki gegn þessu frv. Eigi að síður höfum við ýmislegt við það að athuga hvernig staðið er að málum.

Stjórnvöld gera hvern sérsamninginn á fætur öðrum við stórfyrirtæki um stuðning af ýmsum toga þar sem þeim er sniðið annað starfsumhverfi en öðrum fyrirtækjum. Samfylkingin vill almennar gegnsæjar reglur um það hvernig stuðningi við atvinnureksturinn í landinu sé háttað þannig að tryggt sé að hið sama eigi við um fyrirtæki sem eins er ástatt um. Samningurinn við Alcoa getur ekki verið fyrirmynd annarra samninga því aðstæður eru sannarlega aðrar þar sem annars vegar er verið að semja við nýtt fyrirtæki og hins vegar að hluta til verið að breyta eldri samningi. Þessi staða sýnir okkur hins vegar út í hvaða ógöngur stjórnvöld eru komin með hina mismunandi sérsamninga við stóriðjufyrirtækin af því að það vantar almennar reglur að styðjast við.

Herra forseti. Við mótmælum sérstaklega ákvæði 3. gr. um skattlagningu á raforkunotkun og útblástur lofttegunda sem bindur hendur stjórnvalda í framtíðinni varðandi það hvernig þau geta beitt hagrænum stjórntækjum við mengunarvarnir. Það er í raun óforsvaranlegt að stjórnvöld skuli með því sem hér er gert nánast setja það í hendurnar á stóriðjufyrirtækjunum hvernig þau mega takast á við umhverfismálin í framtíðinni.

Herra forseti. Við munum því greiða atkvæði gegn e-lið 3. gr., sitja hjá við 3. gr. í heild sinni, en greiða öðrum greinum þessa frv. atkvæði okkar.

[14:29]

Árni Steinar Jóhannsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Álver Norðuráls á Grundartanga hefur þegar heimild til stækkunar upp í 180 þús. tonn. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði getum ekki stutt frv. um að fyrirtækið fái heimild til þess að stækka í 300 þús. tonn, aðallega vegna þess að forsendur slíkrar stækkunar eru ekki fyrir hendi. Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma hefur ekki litið dagsins ljós en hún er algjör forsenda þess að hægt sé að taka ákvarðanir um stækkun fyrirtækisins og annarra fyrirtækja í framhaldi af því. Það er nauðsynlegt fyrir þjóðina að hafa yfirlit yfir orkuauðlindir sínar og meta á grunni þeirrar úttektar hvernig með skuli fara og hvernig skuli nýta. Þess vegna greiðum við atkvæði á móti þessu frv., virðulegi forseti.

1. gr. samþ. með 45:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (AHB, ÁMM, ÁRJ, EMS, GÁS, GÁ, HBl, KVM, KLM, PP, RG, ÞSveinb) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 45:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (AHB, ÁMM, ÁRJ, EMS, GÁS, GÁ, HBl, KVM, KLM, PP, RG, ÞSveinb) fjarstaddir.

3. gr. (inngmgr. og a–d-liðir) samþ. með 35:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (BjörgvS, BH, GE, GÖ, JÁ, JóhS, LB, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (AHB, ÁMM, ÁRJ, EMS, GÁS, GÁ, HBl, KVM, KLM, PP, RG, ÞSveinb) fjarstaddir.

3. gr. (e-liður) samþ. með 33:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS.

12 þm. (AHB, ÁMM, ÁRJ, EMS, GÁS, GÁ, HBl, KVM, KLM, PP, RG, ÞSveinb) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 42:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (AHB, ÁMM, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GÁS, GÁ, HBl, JÁ, KVM, KLM, LB, PP, RG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

[14:32]

Útbýting þingskjala:

Heilbrigðisþjónusta, 453. mál, brtt. ÞBack, þskj. 1322.

Rannsókn sjóslysa, 552. mál, þskj. 1328.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 404. mál, þskj. 1329.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:32]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1322. — Afbrigði samþ. með 51 shlj. atkv.

Raforkuver, frh. 2. umr.

Stjfrv., 670. mál (Norðlingaölduveita, Nesjavallavirkjun og Hitaveita Suðurnesja). — Þskj. 1090, nál. 1264, 1280 og 1305.

[14:33]

Frsm. 1. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Við fjöllum um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum. Ég er fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í iðnn. og mæli fyrir áliti 1. minni hluta iðnn.

Tilgangur þessa frumvarps er að afla iðnaðarráðherra heimilda til að leyfa gerð Norðlingaölduveitu, stækkun Nesjavallavirkjunar og byggingu nýrrar jarðvarmavirkjunar til raforkuframleiðslu á Reykjanesi. Frumvarpið er fram komið vegna viðræðna milli Landsvirkjunar, stjórnvalda og Norðuráls um stækkun álversins á Grundartanga. — Herra forseti. Ég er alveg tilbúinn að gera hlé á máli mínu þangað til þögn er komin í salinn.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti verður enn að biðja hv. þm. að hafa hljóð í salnum og að samtöl fari fram utan salar en ekki innan.)

Í þeim viðræðum hefur verið gert ráð fyrir að stækkunin komi til framkvæmda í tveimur áföngum. Stækkun sem fæli í sér 90 þús. tonna ársafkastagetu yrði tekin í notkun snemma árs 2006 og 60 þús. tonna afkastageta bættist svo við árið 2009.

Fyrir liggur samkomulag á milli Landsvirkjunar og Norðuráls um orkuafhendingu til fyrri áfanga áformaðrar stækkunar. Í áætlunum Norðuráls er reiknað með að framleiðsla álversins kunni síðar að aukast í allt að 300 þús. tonn. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir stækkun á Nesjavallavirkjun en þar eru nú þrjár vélasamstæður með 30 MW afli hver, eða samtals 90 MW. Tvær þessara vélasamstæðna voru teknar í notkun 1998, en 16. júní 1997 veitti iðnaðarráðherra Hitaveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa allt að 60 MW virkjun á grundvelli heimilda í lögum um raforkuver. Þriðja vélasamstæðan var síðan tekin í notkun árið 2001 samkvæmt leyfi iðnaðarráðherra. Í frumvarpinu sem nú liggur fyrir er gert ráð fyrir að Nesjavallavirkjun verði stækkuð í allt að 120 MW. Það felur einnig í sér heimild til að stækka raforkuverið í Svartsengi, en þar er nú unnið heitt vatn sem hitar upp alla byggðina á Suðurnesjum. Gert er ráð fyrir að í Svartsengi megi auka orkuframleiðsluna um 16 MW. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að Alþingi veiti lagaheimild fyrir 80 MW raforkuvinnslu á Reykjanesi en það er nýtt raforkuver. Loks er gert ráð fyrir Norðlingaölduveitu, en með henni er vatni veitt úr Þjórsá af Norðlingaöldu í Þórisvatnsmiðlun. Tilgangur Norðlingaölduveitu er að bæta við rennsli í gegnum virkjanir sem þegar hafa verið reistar við Vatnsfell, Sigöldu og Hrauneyjarfoss og auka þar með orkuvinnslu þeirra.

Þær upplýsingar hafa komið fram á fundum með forsvarsmönnum orkuveitufyrirtækjanna í Svartsengi og á Nesjavöllum að óhætt sé talið að auka rafmagnsframleiðsluna í Svartsengi um 16 MW. Jafnframt hefur komið fram að varlega þurfi að fara í sakirnar vegna virkjunar á Reykjanesi. Hingað til hefur verið talið að það þurfi að bora, skoða hvernig svæðið vinnur og virkja í áföngum. Það kemur því algjörlega á óvart ef nú er allt í einu talið óhætt að virkja hratt og fara í 80 MW á Reykjanesi á einu bretti eða á mjög skömmum tíma til þess að afhenda rafmagn á tilsettum tíma til stækkunar álversins á Grundartanga. Að því er Nesjavallasvæðið varðar hefur einnig komið fram að ráðlegt þætti að bíða með frekari orkuvinnslu á því svæði vegna þess að þar hefur orðið vart örlítils niðurdráttar á svæðinu. Það er því full ástæða til að staldra við, rannsaka þessi svæði frekar og skoða málin frá öllum sjónarhornum. Það er ákaflega mikilvægt að hafa heildstæða mynd af orkuvinnslugetu Nesjavallasvæðisins vegna þess að hér er ekki aðeins um raforkuframleiðslu að ræða heldur vinnslu á heitu vatni fyrir höfuðborgarsvæðið. Hér er mikið í húfi og nauðsynlegt að kortleggja orkubúskap svæðisins með tilliti til afhendingarmöguleika á höfuðborgarsvæðið til langs tíma.

Um Norðlingaölduveitu vísast til umsagnar minni hluta umhverfisnefndar en þar er sérstaklega fjallað um umhverfisþátt þessa máls. Umsögnin er birt með nefndaráliti meiri hluta iðnaðarnefndar í þessu máli.

Eins og ljóst má vera eru í frumvarpinu heimildir til iðnaðarráðherra til víðtækra leyfisveitinga fyrir umfangsmiklum virkjunum með það að markmiði að afhenda rafmagn til stóraukinnar álframleiðslu hjá Norðuráli. Með því væri enn aukin hlutdeild þungaiðnaðar í raforkukaupum hér á landi og enn frekari áhersla lögð á einhæfni íslensks atvinnulífs þegar einmitt er brýn þörf fyrir nýsköpun og fjölbreytni. 1. minni hluti iðnaðarnefndar minnir á rammaáætlun sem unnið er að um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og telur einsýnt að bíða eigi með allar ákvarðanir um framkvæmdir á þessu sviði þar til heildaráætlun liggur fyrir sem byggð er á því starfi.

Í ljósi þess sem að framan segir leggur 1. minni hlutinn til að frumvarpið verði fellt.

[14:40]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hjó eftir því að hv. þm. undraðist nokkuð að það skyldi vera farið hratt í orkuöflun á Reykjanesi rétt eins og það væri einungis verkefni sem væri sprottið upp vegna stækkunar Norðuráls á Grundartanga. Ég held að rétt sé að draga það fram, af því að fram kom í umræðunni í morgun að örlítils misskilnings hefur gætt hjá hv. þm., að hér er ekki verið að ræða um Tröllladyngju. Verið er að ræða um svæðið í kringum saltverksmiðjuna á Reykjanesi þar sem farið hafa fram mjög ítarlegar orkurannsóknir á liðnum árum. Ég spyr því hv. þm. hvort hann vantreysti þá mati sérfræðinga Orkustofnunar sem telja að óhætt sé að fara í þessar aðgerðir, hvort hann vantreysti þá Hitaveitu Suðurnesja sem á auðvitað mikilla hagsmuna að gæta að ofbjóða ekki orkulindunum sem þarna eru og hvort hv. þm. vantreysti þá lögum um mat á umhverfisáhrifum því að í frv. kemur fram að verði farið í virkjanir á Reykjanesi þurfi þær eins og aðrar að fara í gegnum ferli sem snertir mat á umhverfisáhrifum.

Í annan stað vil ég svo spyrja hv. þm. af því að hann klifar enn á því, eins og heyrist gjarnan hjá hv. þm. Vinstri grænna, að tala um einhæft atvinnulíf í kringum stóriðju. Telur hv. þm. að það sé mjög einhæft þegar hátt í 20 starfsstéttir vinna innan álvers, þegar fyrir liggur að fjölmörg nýsprotafyrirtæki hafa sprottið upp í samstarfi við álver og alls kyns þjónusta sem hefur dafnað í kringum álver er bæði á Grundartanga og eins í Hafnarfirði? Telur hv. þm. að allt þetta sé einhæft atvinnulíf?

[14:42]

Frsm. 1. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru útúrsnúningar hjá hv. 10. þm. Reykn., Hjálmari Árnasyni. Við tölum um einhæfni í atvinnulífi þar sem við byggjum að mestu leyti á fiskveiðum hingað til og allir gera sér grein fyrir því að það eru margar hliðargreinar þar að lútandi. Auðvitað er verið að stuðla að einhæfni þegar um 80% orkuframleiðslunnar í landinu munu fara í þessa einu atvinnugrein og það er það sem verið er að tala um. Það er alveg óþarfi að hártoga hluti á þennan hátt.

Hvað varðar orkuvinnsluna þá treysti ég fyllilega þeim sem vinna í geiranum, ég byggi á framsetningu þeirra á orkuvinnsluaðferðum á háhitasvæðum. Hv. þm. Hjálmar Árnason hefur á alveg sama hátt og ég hlustað á verkfræðinga þessara fyrirtækja sem benda þráfaldlega á þá nauðsyn að fara rólega í vinnslu á svæðunum þannig að hægt sé að fylgjast með þeim og gera sér grein fyrir því í rólegheitum hvers megnug svæðin eru. Þess vegna liggur það alveg ljóst fyrir í mínum huga að það er ekkert vandamál við 16 MW stækkun í Svartsengi. En um nýtt vinnslusvæði út við saltverksmiðjuna gildir öðru máli og hljóta að gilda sömu lögmál.

Það eru líka margir sem hafa lýst áhyggjum vegna stækkunar á Nesjavöllum, það sé ekki tímabært og þyrfti að bíða kannski örlítið lengur. Það er niðurdráttur á svæðinu. Við þekkjum svona hluti víða um land þar sem menn hafa farið offari í orkuvinnslu og tekið úr svæðunum meira en góðu hófi gegnir og það er þetta sem er verið að benda á. Ég geri mér fulla grein fyrir því að við eigum færa verkfræðinga á þessu sviði en ég er að reiða mig á þær upplýsingar sem ég hef fengið frá þeim.

[14:44]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru ekki neinir útúrsnúningar enda staðfesti hv. þm. það. Fyrir liggur mat Orkustofnunar á því að fara í gufuaflsvirkjun á Nesjavöllum, að bæta við fjórðu túrbínunni. Einnig liggur fyrir mat þeirra um jarðvarmavirkjun á Reykjanesi á grundvelli ítarlegrar rannsóknar. Það er Orkustofnun sem mælir með því. Skipulagsstofnun hefur mælt með því að lokinni ítarlegri skoðun að bæta við túrbínu á Nesjavöllum. Með öðrum orðum, það eru sérfræðingar Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja annars vegar sem mæla eindregið með þessu. Orkustofnun sem hlutlaus aðili, sérfræðiaðili í stjórnsýslunni mælir með þessu og ég fæ þá ekki séð að sú forsenda standist sem hv. þm. gaf sér að hér væri verið að fara óeðlilega hratt. Menn hafa rannsakað þessi svæði afskaplega vel og að lokinni ítarlegri skoðun er þetta niðurstaða og mat sérfræðinga.

Hvað varðar síðan hið einhæfa atvinnulíf sem hv. þm. nefndi rétt einu sinni, þá vil ég enn einu sinni nefna það að hér er verið að skjóta frekari stoðum undir efnahagslíf okkar. Við verðum þá með tvö allburðug egg í efnahagskörfu okkar í stað þess að hafa bara eitt. Enn fremur vil ég minna á það að fjölmörg nýsprotafyrirtæki hafa sprottið upp af samstarfi við hina öflugu vinnustaði sem álver eru og nægir í því sambandi að menn benda á nýsköpunarverðlaun Útflutningsráðs sem voru afhent nýlega. Það var fyrirtæki Jóns Hákons Magnússonar sem fékk slík verðlaun fyrir hugbúnað og vélbúnað sem hefur verið þróaður upp með álverinu í Straumsvík og er notaður síðan til útflutnings. Þetta er eitt af fjölmörgum dæmum um hvernig nýsköpun hefur þróast í samstarfi við álverin hér á Íslandi.

[14:46]

Frsm. 1. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að ræða málið frekar. Tölurnar tala sínu máli varðandi einhæfni og hvernig við nýtum orkuna þannig að það getur hver metið fyrir sig.

Varðandi orkuvinnsluna eru auðvitað fleiri svæði þar sem búið er að setja fram tölur um hvað væri hægt að framleiða þar. Það eru settar fram hugmyndir um nýja Kröflustöð upp á 120 megavött. Það breytir samt ekki því sem ég var að segja, að það er mat þeirra í greininni að það sé óheppilegt að vaða fram og gera þetta allt í einu. Svæðið getur haft kvótann sér til orkuframleiðslu að mati jarðvísindamanna upp á 120 megavött þó að það standi eftir sem áður sem ég er að segja að það er óheppilegt að flestra mati sem í þessu standa að fara hratt í virkjun svæðanna. Þeir þurfa að

þekkja þau og þeir þurfa að fylgjast með þeim og gera þetta í áföngum. Þannig hafa þessi mál verið lögð upp fyrir mig og ég trúi að svo sé. Reynslan sýnir það líka eins og varðandi Kröfluvirkjun og raunar líka Svartsengisvirkjun að það var vel að því staðið í áföngum.

[14:48]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í þessari umræðu er þetta frv. órjúfanlega tengt frv. um álbræðslu á Grundartanga því að í þessu frv. er verið að leita heimilda vegna þeirrar orkuöflunar sem þarf að verða vegna fyrirhugaðrar stækkunar Norðuráls. Þar er um að ræða í fyrsta lagi það að Orkuveita Reykjavíkur fái leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með allt að 120 megavatta afli. Eftir því sem fram hefur komið þarf Orkuveitan að bæta við einni vél til þess að auka aflið um þessi 30 megavött sem þeir ætla að framleiða til viðbótar eða eru að skapa forsendur til að geta framleitt til viðbótar og miðað við það sem fram hefur komið sér Orkustofnun ekkert því til fyrirstöðu.

Í öðru lagi er um að ræða að Hitaveita Suðurnesja fái leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Reykjanesi með allt að 80 megavatta afli og þá þarf auðvitað að liggja fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna. Jafnframt er beðið um leyfi til að stækka jarðvarmavirkjun félagsins í Svartsengi um 16 megavött. Í þessu tilfelli, herra forseti, mælir Orkustofnun með jákvæðri afgreiðslu. Samfylkingin styður að farið verði í þessar virkjanir og okkar upplýsingar um þessi mál og viðræður við aðila segja að það sé allt í góðu og við styðjum þessar framkvæmdir.

Í þriðja lagi verður Landsvirkjun samkvæmt frv. heimilað, að fengnu leyfi iðnrh., að reisa og reka vatnsmiðlun, Norðlingaölduveitu, í samræmi við skilyrði er fram koma í úrskurði setts umhvrh. frá 30. janúar sl. Frv. fylgir eins og fram hefur komið álit Orkustofnunar varðandi Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja, hvort tveggja jákvætt, en síðan fylgir frv. sem fskj. III yfirlit Landsvirkjunar yfir framkvæmdirnar við Norðlingaöldu.

Herra forseti. Það er skemmst frá því að segja — ja, ég veit ekki hvort það er einhver þingtæknileg niðurstaða — að sú niðurstaða ráðuneytisins að ganga frá frv. þannig að Landsvirkjun fái einhliða að láta fylgja sem fylgiskjal yfirlit sitt yfir þessar framkvæmdir, sínar hugmyndir að útfærslunni, hefur valdið ákveðnum titringi. Herra forseti. Bara það að þetta fylgiskjal er með frv. og þau viðbrögð sem hafa orðið við þessum úrskurði setts iðnrh. segja okkur hversu viðkvæmur hann er. Menn eru á varðbergi gagnvart því hvernig farið verður í málið. Ég held að það sé mjög mikilvægt, herra forseti, að í þessari umræðu fari hæstv. iðnrh. yfir það hvaða gildi fskj. III hefur, hvort það hefur einhverja sérstaka merkingu að það skuli vera þarna með frv. eða hvort hér er hreinlega um slys að ræða.

Það er alveg ljóst að í úrskurði setts umhvrh. sem er tiltekinn í lagagreininni er skýrt kveðið á um að um útfærsluna skuli vera samráð milli fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem eiga hlut að máli, Umhverfisstofnunar og Landsvirkjunar. Landsvirkjun er einungis einn af þremur aðilum sem þarf að koma að þessu samkomulagi. Markmið þessa samráðs er að full sátt náist um þessa útfærslu og það er auðvitað alveg ljóst að eftir þá kynningu sem var á úrskurði setts umhvrh. horfa menn mjög til útfærslu VST sem almenn ánægja var með þegar kynnt var. Þess vegna, herra forseti, kom það á óvart og hefur ýft geð margra sem áður höfðu fagnað úrskurði setts umhvrh. að sjá þetta yfirlit Landsvirkjunar sem sérstakt fylgiskjal með frv.

Herra forseti. Ég vil undirstrika það að sú sem hér stendur er ekki að gera úr þessu mál. Sannarlega hefði ég viljað að við hefðum áfram getað siglt rólega þann sjó sem hæstv. settur umhvrh. var í rauninni búinn að skapa allar forsendur fyrir varðandi þessa vatnsmiðlun við Norðlingaöldu. Það virðist hafa verið afar óheppileg ákvörðun að vera með þessa útfærslu Landsvirkjunar sem sérstakt fylgiskjal og þess vegna, eins og ég segi, kalla ég eftir því að ráðherra geri það alveg skýrt í umræðunni hvert gildi þessa plaggs er. Við viljum, fulltrúar Samfylkingarinnar, ítreka að við lítum svo á að þær leiðir sem eru einhliða birtar séu ekki bindandi á nokkurn hátt enda er samráðsferli í gangi sem á að skila niðurstöðu sem allir geti sæst á.

Með nál. okkar fylgja ábendingar Más Haraldssonar, oddvita Skeiða- og Gnúpverjahrepps, sem hann sendi eftir fund með nefndinni svo að ljóst megi vera hver sjónarmið þeirra eru og menn geta þá borið saman við fskj. III. Herra forseti. Í þessu áliti eða greinargerð Más segir m.a., með leyfi forseta:

„Í úrskurði ráðherra er gert að skilyrði að lón og mannvirki séu utan friðlandsins og hafi ekki áhrif á náttúrufar innan þess.

Í tillögu VST er miðað við lónhæð 566 metra yfir sjávarmál, fyrst og fremst vegna þess að aurskolun virkar ekki við hærri lónhæð (minni landhalli í og við lón, mun stærri flötur, gróið land).

Sú sátt sem er um úrskurðinn byggir alfarið á hugmyndinni um lónhæð 566 metra yfir sjávarmál, bæði vegna umfangs lónsins og auðleystari vandamála við setmyndun.

Ef gerð er krafa um hærri lónhæð er sáttin úr sögunni enda þótt skilyrðum um lón og mannvirki utan friðlands sé fullnægt."

Herra forseti. Það sýnir okkur kannski í hversu viðkvæmri stöðu málið er að oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps sér sig knúinn til að senda þessa ályktun frá sér á þessum tíma vegna fskj. III með frv. Því endurtek ég mikilvægi þess að hæstv. ráðherra geri hreint fyrir sínum dyrum í umræðunni þannig að menn geti endurnýjað það traust sem þeir áður höfðu til úrskurðar setts umhvrh. og beðið rólegir á meðan samráðsferlið er í gangi í þeirri trú að þar muni menn ná niðurstöðu sem allir geti á endanum orðið sáttir við.

Herra forseti. Ég vil þá víkja að öðru atriði sem hlýtur að vera öllum hlutaðeigandi umhugsunarefni en samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum virðist umhvrh. geta úrskurðað þannig í málum að niðurstaðan verði raunverulega ný framkvæmd sem ekki virðist þarfnast umhverfismats. Spurningin er hvort hér sé verið að setja fordæmi fyrir framtíðina og hvers við megum þá vænta. Ekki er víst að að alltaf eigi við að almennari ánægja ríki með úrskurð ráðherra en Skipulagsstofnunar eins og gerðist í þessu tilfelli. Og þó að menn séu ánægðari í þessu tilfelli með úrskurð ráðherra en þeir voru með Skipulagsstofnun getum við ekki litið fram hjá því að hér gætum við verið að setja ákveðið fordæmi sem menn væru síðan ekki jafnsáttir við ef það reyndist leiða til annarrar niðurstöðu síðar. Þetta hlýtur eins og ég sagði að vera mönnum umhugsunarefni, hvort þetta var eitt af því sem menn gerðu ráð fyrir þegar verið var að setja lögin um mat á umhverfisáhrifum, hvort menn gerðu beinlíns ráð fyrir því að úrskurður umhvrh. gæti getið af sér nýja framkvæmd sem væri þá í rauninni undanþegin þessu mati. Þetta er sett

til umhugsunar og það gleður mig að formaður umhvn. er viðstaddur þessa umræðu og veltir þessu máli væntanlega fyrir sér. Ég geri ráð fyrir að hann sé þegar farinn að gera það og hafi gert strax.

Það er líka ástæða til að vekja eftirtekt á því að eftir að ný raforkulög hafa tekið gildi, væntanlega þann 1. júlí í sumar, þarf iðnrh. ekki að leita til Alþingis með ákvarðanir um einstakar virkjanir. Ég er ekki viss um, herra forseti, að menn hafi gert sér grein fyrir því hversu veigamikil breyting er hér að verða varðandi umfjöllun Alþingis og orkumál. Nú er ekki búið að afgreiða frv. en að öllum líkindum verður staðan orðin þannig að iðnrh. tekur ákvarðanir um að heimila einstakar virkjanir án atbeina Alþingis. Það má líka velta því fyrir sér í þessu samhengi og vegna þessa frv. af hverju leitað er til Alþingis með einstakar veitur þar sem ákvæði í vatnalögum gera það í raun óþarft. Þetta eru spurningar eins og: Af hverju er leitað til Alþingis með Norðlingaölduveitu? Menn spyrja þess. Þeir sem hafa mestar áhyggjurnar velta því fyrir sér hvort verið sé að leita til Alþingis með veituna og stinga þarna inn fskj. III í leiðinni til þess að búa til ákveðna atburðarás eða setja upp tiltekna senu, gefa ákveðinn forgang sem verði með tilteknum hætti lögfestur og viðurkenndur.

Hér er ég, herra forseti, að enduróma það sem ég heyri og er fyllsta ástæða til að taka tillit til. Ég vænti að hæstv. ráðherra hreinsi þetta út hér á eftir þegar hann fjallar um stöðu fskj. III með frv. Það er bagalegt þegar framsetning þingmáls er með þeim hætti að það ýfi upp deilur sem áður hafði tekist að setja niður. Þrátt fyrir það treystum við fulltrúar Samfylkingarinnar því að samráð heimamanna, Umhverfisstofnunar og Landsvirkjunar leiði að lokum til niðurstöðu sem sátt getur orðið um. Við styðjum frv., enda verði farið eftir lögum um mat á umhverfisáhrifum og útfærsla Norðlingaölduveitu verði í samræmi við úrskurð setts umhvrh.

Undir þetta álit skrifa Svanfríður Jónasdóttir og Bryndís Hlöðversdóttir.

[15:00]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Örstutt um álit 2. minni hluta. Ég tel að varðandi þetta mál eitt og sér sé enginn efnislegur ágreiningur. Munurinn á nefndarálitum felst í öðrum þáttum sem óbeint tengjast málinu, t.d. um hvaða stöðu úrskurður umhvrh. hefur hverju sinni, hvort hann þurfi nýtt matsferli og þar fram eftir götunum. Það er vissulega áhugaverð ábending og þörf umræða. En ég tel að hún eigi ekki efnislega við um þetta frv. Ég legg áherslu á að ég sé ekki efnislegan ágreining á milli meiri hluta iðnn. og 2. minni hluta.

Það er líka rétt að árétta að þetta frv., eins og margoft hefur komið fram, byggir á hinum glæsilega úrskurði setts umhvrh. Jóns Kristjánssonar. Við megum ekki gleyma því, þar sem Þjórsárver eru friðuð. En viðbrögð ýmissa aðila sem hv. þm. vísaði til, m.a. heimamanna, sýna í hnotskurn hversu viðkvæmt þetta mál er. Það eru svo sem engin ný tíðindi. Það hefur verið vitað að viðkomandi svæði er afskaplega viðkvæmt. Þetta er mikið tilfinningamál og því er brýnt að stíga varlega til jarðar. Ég tel að þau sjónarmið sem hv. þm. dró fram, t.d. sjónarmið Gnúpverja, frá Má Haraldssyni oddvita Gnúpverja, séu þannig að við í meiri hluta iðnn. tökum undir þau og virðum þau viðhorf. En okkur ber líka skylda til að virða sjónarmið Landsvirkjunar. Út á það gengur úrskurðurinn, að þessir aðilar leiði hesta sína saman ásamt Umhverfsstofnun. Það er meginatriðið í málinu. Við fengum það staðfest í iðnn. eins og hv. þm. veit. Það ferli er hafið, er í gangi og menn ganga jákvæðir og bjartsýnir til þess samráðs.

[15:02]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Hér er rætt um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

Iðnn. þingsins hafði málið til umfjöllunar og leitaði til umhvn. eftir umsögn um málið. Ég vil gera grein fyrir umsögn meiri hluta umhvn. sem send var til iðnn. vegna þessa máls.

Umhvn. fékk á fund sinn 11 aðila sem nefndin leitaði álits hjá í þessu sambandi. Í umsögn meiri hlutans kemur eftirfarandi fram:

„Í frumvarpinu er veitt heimild til þriggja þátta er varða raforkuframleiðslu.

Lagt er til að Landsvirkjun verði veitt heimild til að reisa uppistöðulón við Norðlingaöldu. Byggist það á úrskurði setts umhverfisráðherra, dags. 30. janúar sl. Í úrskurðinum er skýlaust kveðið á um að friðlandinu í Þjórsárverum skuli hlíft og vatnsborð uppistöðulóns skuli ekki ná inn fyrir friðlandsmörkin. Jafnframt er skýrt kveðið á um að samráð skuli haft milli fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli, Umhverfisstofnunar og Landsvirkjunar. Markmið þess er að ná fullri sátt um verkefnið þannig að röskun á umhverfi verði sem minnst. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvernig úrskurður setts umhverfisráðherra verður útfærður. Á fylgiskjali III með frumvarpinu er yfirlit um framkvæmd vegna Norðlingaölduveitu. Komið hefur fram að verið er að skoða hvaða leiðir verði farnar. Lítur nefndin svo á að þær leiðir sem tilgreindar eru í fylgiskjalinu séu ekki bindandi á nokkurn hátt.

Þá felur frumvarpið í sér heimild til Orkuveitu Reykjavíkur til að framleiða allt að 120 megavatta raforku með jarðhitagufu á Nesjavöllum. Jafnframt er sambærileg heimild til Hitaveitu Suðurnesja til að framleiða allt að 80 megavatta raforku með jarðhitagufu á Reykjanesi, og stækka jarðvarmavirkjun félagsins í Svartsengi um 16 megavött. Leyfi fyrir raforkuframleiðslu með jarðhitagufu hjá þessum tveimur orkuframleiðendum er háð niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum og útgáfu sérstakra starfsleyfa."

Niðurstaða meiri hluta umhvn. er sú að hún gerir ekki athugasemdir við frv. enda er litið svo á að farið skuli eftir úrskurði setts umhvrh. og lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Herra forseti. Ég vildi í þessari umræðu gera grein fyrir niðurstöðu meiri hluta umhvn. Að henni standa hv. þm. Magnús Stefánsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Katrín Fjeldsted, Jóhann Ársælsson, Gunnar Birgisson og Ísólfur Gylfi Pálmason.

[15:06]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég geri grein fyrir umsögn minni hluta umhvn. um mál þetta, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver. Umsögn mín fylgir meirihlutaáliti iðnn. á þskj. 1280.

Herra forseti. Ég hef áður gagnrýnt það í þessum sal og ítreka það enn að mál af þessu tagi, af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir, eiga eðli máls samkvæmt að fá betri umfjöllun í nefndum Alþingis og meðal alþingismanna en raunin er.

Það er vika síðan þetta mál var kynnt í sölum Alþingis. Nú er það komið aftur til lokaafgreiðslu. Við erum að hefja

2. umr. um þetta mál. Þetta mál er auðvitað viðhengi við frv. sem rætt var í morgun, stækkun álbræðslunnar á Grundartanga, og ber auðvitað að skoða þessi mál í samhengi. Ég tel gagnrýnisvert að aðilar sem starfa á sviði umhverfismála, bæði stofnanir á vegum ríkisins og sömuleiðis frjáls félagasamtök á sviði umhverfis- og náttúruverndar, skuli ekki hafa fengið þetta mál til formlegrar umsagnar. Ég tel það hafa sýnt sig og sannað að því betri og umfangsmeiri umsagnir sem þingmenn hafa úr að moða við vinnu sína því meiri líkur eru á að málin skili sér á endanum sem lög sem hægt er að sætta sig við. Það er mjög erfitt að sætta sig við að mál af þessu tagi fari í gegn án þeirrar umfangsmiklu skoðunar sem þau eiga skilið, sérstaklega í ljósi þeirra deilna sem staðið hafa um virkjunaráform í og við Þjórsárver.

Það fór svo, herra forseti, þótt það hafi ekki verið ætlun hv. iðnn. í upphafi, að umhvn. fékk málið til umsagnar. Þó að ekki hafi verið gefinn nema hálfur sólarhringur í vinnu við þá umsögn vil ég þó þakka að málið skyldi á endanum koma fyrir umhvn. Það hefði auðvitað verið forkastanlegt hefði það ekki verið gert. Í sjálfu sér hefði Grundartangamálið líka átt að koma inn til umhvn. Umhverfisþáturinn í því máli er óskoðaður af alþingismönnum. Ég lýsi því hér yfir að hann er óskoðaður. Umhvn. fékk þó að hluta til möguleika á að skoða umhverfisþátt álversins í Reyðarfirði. Þá spyr ég, herra forseti: Er eitthvað annað upp á teningnum með Grundartanga? Hefði ekki verið eðlilegt að umhvn. hefði líka verið hleypt að því máli? Þar er um að ræða nánast jafnstórt álver og álverið í Reyðarfirði. Ég hefði því talið fullkomlega eðlilegt að Grundartangamálið hefði farið fyrir umhvn. líka.

Það kemur fram í umsögn meiri hluta umhvn. hvaða gesti umhvn. kallaði til sín. Þetta eru allt mætir einstaklingar sem hafa mjög mikið vit á þeim málum sem hér er um fjallað. Í umsögn meiri hluta umvhn. kemur fram hvaða fólk þetta var og tel ég ekki ástæðu til að rekja það frekar hér. En mat mitt, herra forseti, í þessu máli er að það sé að mörgu leyti vanbúið, í sjálfu sér ekki komið á það stig sem það þyrfti að vera á til að tímabært sé að leggja það fram til afgreiðslu á Alþingi.

Ég gagnrýni einnig, herra forseti, að málið skuli hafa verið lagt fram með þessum hætti og þá flýtimeðferð sem hér var um að ræða. Ég tel að í óðagotinu sem ríkir á þessu máli gætu orðið mistök. Ég tel talsverða hættu á því, sérstaklega hvað varðar virkjanaþættina sem heyra til Þjórsárverum og Þjórsárverasvæðinu. Þess vegna segi ég, herra forseti, í umsögn minni að mér finnist óðagot ríkisstjórnarinnar í samningum um stóriðju löngu farið úr böndunum og að menn sjáist ekki fyrir í þessum efnum.

Mér þykir gagnrýnivert, herra forseti, að ríkisstjórnin virðist alls ekki ætla að taka nokkurt mið af rammaáætlunum um nýtingu vatnsafls og jarðvarma við útdeilingu virkjanakosta til þeirra stóriðjuverkefna sem hún gengur með í maganum. Þetta er kannski alvarlegasti hlutur alls þessa máls, herra forseti. Hér er verið að afgreiða hvert stóriðjuverkefnið á fætur öðru. Rammaáætlunin er skammt undan en ríkisstjórnin lætur ekki svo lítið sem orða hana í ræðum sínum og skjölum. Það á greinilega að hunsa hana við afgreiðslu þessara mála. Engin langtímaáætlun er til um stóriðju í landinu, bara geðþóttaákvarðanir, ein í dag og önnur á morgun.

Herra forseti. Fyrsti áfangi rammaáætlunar er handan við hornið. Það kom fram í máli Sveinbjörns Björnssonar, formanns verkefnisstjórnar rammaáætlunarinnar, sem kom á fund umhvn. að verið væri að leggja lokahönd á skýrslur einstakra faghópa sem starfað hafa undir hans stjórn. Verkefnastjórnin gerir ráð fyrir því að fjalla um þessar skýrslur og tillögur frá faghópunum í apríl. Það þýðir, herra forseti, að 1. áfangi rammaáætlunarinnar verður að öllum líkindum tilbúinn í maí eða júní.

Ég spyr, herra forseti, og ég krefst svara sem ég hef ekki fengið hingað til jafnvel þó ég hafi margítrekað reynt: Hvernig stendur á því að það er ekki hægt að bíða eftir þessari metnaðarfullu vinnu, niðurstöðu 1. áfanga rammaáætlunar ríkisstjórnarinnar? Hvers vegna þetta óðagot? Við í þessum sal eigum skilið að fá svör við því, herra forseti, við þessa umræðu. Ég tel algerlega óskiljanlegt að ríkisstjórnin skuli ekki meta meira þá vinnu sem hún sjálf setti af stað. Það er ekki eins og óviðkomandi fólk hafi sett af stað þessa vinnu. Það gerði ríkisstjórnin sjálf, metnaðarfulla samþykkt sem virðist ekki eiga að fylgja eftir að nokkru leyti.

Á sínum tíma, þegar ríkisstjórnin setti sér þessi fyrirheit var hugmyndin sú að með rammaáætlun af þessu tagi væri hægt að sætta ólík sjónarmið um nýtingu þeirra náttúruauðlinda sem hér er fjallað um. En þau vinnubrögð sem viðhöfð eru, herra forseti, eru ekki til þess fallin að sættir náist í miklum deilumálum. Í þessum 1. áfanga rammaáætlunarinnar er gert ráð fyrir að metnir verði 23 kostir í vatnsafli og 19 í jarðvarma. Allir þeir kostir sem tilteknir eru í þessu frv., þ.e. Norðlingaölduveita, Nesjavellir og Reykjanes, þ.e. jarðhitasvæðið á Reykjanesi, eru inni í 1. áfanga rammaáætlunarinnar. Ekki verður annað séð, herra forseti, en að langskynsamlegast hefði verið að bíða niðurstöðu rammaáætlunarinnar. Á þann hátt einan tel ég hægt að komast að í einhverri skynsamlegri niðurstöðu í þessum málum. Sú skoðun mín er í samræmi við þau sjónarmið sem ríkisstjórnin hélt á lofti þegar ákveðið var að láta gera rammaáætlunina. Ég spyr: Hvað hefur breyst? Hvers vegna er ekki hægt að bíða?

Herra forseti. Eitt af því sem minni hlutinn í umhvn. gerir alvarlegar athugasemdir við er sú staðreynd að Landsvirkjun telur sig ekki bundna af tillögu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens hf. sem úrskurður setts umhvrh., Jóns Kristjánssonar, um Norðlingaölduveitu byggist á. Ég gat þess, herra forseti, við 1. umr. þessa máls að forstjóri Landsvirkjunar, Friðrik Sophusson, hefði sagt í Morgunblaðinu 26. febrúar að markmið Landsvirkjunar væri fyrst og fremst að halda lóninu utan friðlandsins og því geti lónhæðin farið í allt að 568,5 m, sem er 2,5 m hærra en tillaga Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens gerði ráð fyrir.

Herra forseti. Í þessum efnum munar mjög mikið um þessa hækkun. Þessir 2,5 metrar gera það að verkum að lónið mundi stækka um helming, þ.e. úr 3,3 ferkílómetrum í 6,6 ferkílómetra. Það er ljóst og það er vitað þegar við förum inn í þessa umræðu hér að Landsvirkjun telur sig ekki bundna af hugmynd Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens sem þó er grundvöllur úrskurðar hæstv. setts umhvrh., Jóns Kristjánssonar. Það er alger nauðsyn að hér í þessum sal og við þessa umræðu fáist niðurstaða í þetta mál.

Það hefur komið fram í máli þeirra þingmanna sem hafa talað í umræðunni, bæði í máli hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur og eins í máli hv. þm. Magnúsar Stefánssonar, að menn setja það fyrir sig að fskj. III skuli vera til staðar í þeim gögnum sem fylgja frv. Í fskj. III er verið að lýsa hugmyndum sem Landsvirkjun er að vinna eftir í dag og þær stangast á við grunnhugmyndirnar sem úrskurður hæstv.

setts umhvrh., Jóns Kristjánssonar, byggir á. Hvað er hið rétta í þessu máli? Hvernig ætla stjórnvöld að heimila að farið verði fram í virkjanaáformum á þessu svæði? Á að heimila Landsvirkjun það að gera lón sem kemur til með að flæða algerlega upp að friðlandsmörkunum, 6,6 ferkílómetra stórt lón, þegar úrskurðurinn byggir á því að lónið verði ekki stærra en 3,3 ferkílómetrar?

Herra forseti. Gestir umhvn., Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Kristín Svavarsdóttir, áttu bæði sæti í starfshópi sem hæstv. settur umhvrh., Jón Kristjánsson, skipaði til að vinna álit um rof, setmyndun, gróður og fugla í tengslum við úrskurðinn vegna Norðlingaölduveitu. Þegar þau komu fyrir nefndina kom fram í máli þeirra að þau teldu Landsvirkjun ekki bundna af hugmynd eða tillögu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens. Nánustu samstarfsmenn hæstv. setts umhvrh. telja Landsvirkjun ekki bundna af tillögunni. Það er nákvæmlega það sama og Landsvirkjun segir. Hvað segir ráðherrann um það? Hvað segir hv. formaður iðnn.? Er Landsvirkjun bundin af tillögu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens eða er hún það ekki? Þessir ágætu gestir nefndarinnar, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Kristín Svavarsdóttir, bentu á að mjög mikil óvissa ríkti um eitt atriði úrskurðarins. Um það atriði áttum við orðastað í ræðustól við 1. umr. þessa máls, ég og hæstv. settur umhvrh. Jón Kristjánsson, en það lýtur að því að Norðlingaöldulón megi ekki hafa nein langtímaáhrif á friðlandið. Það er eitt af því skýrasta sem hæstv. ráðherra setti fram í úrskurði sínum, að allar þær aðgerðir sem fyrirhugaðar eru megi ekki undir neinum kringumstæðum hafa langtímaáhrif á friðlandið. Og hvað segja náttúrufræðingarnir, líffræðingarnir sem unnu í nánustu samstarfi við hæstv. ráðherra þegar úrskurðurinn var undirbúinn og búinn til? Þau segja að mikil óvissa ríki um þetta atriði, að óvissa ríki um það hvort hægt sé að fara í þessar framkvæmdir án þess að um langtímaáhrif í friðlandinu verði að ræða. Hér er það mat sérfræðinga, herra forseti, að þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru þarna séu þess eðlis að ógerningur sé að meta langtímaáhrifin. Ég tek mér í munn orð hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar sem segir að stjórnvöld skelli sér á magann í þessu máli og láti svo skeika að sköpuðu. Skelli sér á magann, það er nákvæmlega sú staða sem stjórnvöld eru í núna.

Herra forseti. Enn eitt gagnrýnisatriðið varðandi áætlanir um Norðlingaölduveitu, og það ekki lítið. Það er afar alvarlegt atriði. Það varðar setlónið vestan Þjórsárlóns sem er fjallað um í úrskurði ... (**ÓÖH:** Veitulónið.) Setlónið og veitulónið. Það er rétt hjá hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni að það er veitulón en ekki bara setlón. Sem sagt, þetta set- og veitulón svo við köllum það nú réttu nafni er framkvæmd sem í öllum meginatriðum er sambærileg við 6. áfanga Kvíslaveitu. Þetta hefur verið staðfest víðar en eins og menn vita hafa miklar deilur staðið árum saman um 6. áfanga Kvíslaveitu. Á sínum tíma þegar friðlýsing Þjórsárvera var ákveðin var alfarið fallið frá 6. áfanga Kvíslaveitu vegna mögulegra óafturkræfra umhverfisáhrifa, en ákveðið að gera ekki ágreining um hina áfangana fimm, eins og menn eflaust muna. Svo gerðist það fyrir tveimur árum, herra forseti, að áform um 6. áfanga Kvíslaveitu skutu allt í einu upp kollinum á nýjan leik, alveg úr heiðskíru lofti, þrátt fyrir að Landsvirkjun hafi fallið frá honum áður. Á þeim tíma spunnust um hann talsverðar deilur, og um þær deilur má m.a. lesa á síðum Morgunblaðsins. Þeim lyktaði þannig að Landsvirkjun féll aftur formlega frá áformum um 6. áfangann og setti eingöngu fram matsskýrslu um Norðlingaölduveitu.

Herra forseti. Á sameiginlegum fundi iðnn. og umhvn. Alþingis sem haldinn var um úrskurð hæstv. ráðherra Jóns Kristjánssonar fyrir skemmstu, í byrjun febrúar ef ég man rétt, svaraði forstjóri Landsvirkjunar, Friðrik Sophusson, því til, aðspurður, að eini munurinn á áformuðum 6. áfanga Kvíslaveitu og set- og veitulóni vestan Þjórsárlóns væri sá að hugmyndin í úrskurði setts umhvrh. væri mótvægisaðgerð en ekki sjálfstæð framkvæmd eins og Landsvirkjun hefði hingað til talið að 6. áfangi Kvíslaveitu væri. Sem sagt, eini munurinn á veitu- og setlóninu og 6. áfanga Kvíslaveitu er sá að nú fær Landsvirkjun þennan áfanga upp í hendurnar sem mótvægisaðgerð og heldur því þar með fram að þessi framkvæmd, þ.e. set- og veitulónið, þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum. Herra forseti. Það er ekkert vitað um umhverfisáhrif þessara hugmynda. Þau hafa ekki verið metin. Og ætla nú stjórnvöld að láta vaða í þessa framkvæmd sem Landsvirkjun hefur hingað til litið á sem sjálfstæða framkvæmd sem þyrfti að lúta lögum um mat á umhverfisáhrifum? Á Landsvirkjun nú að fá þetta á silfurfati sem mótvægisaðgerð og af því að það heitir mótvægisaðgerð þarf ekki að meta umhverfisáhrifin? Hvers konar hringavitleysa er hér í gangi, herra forseti? Og ætlar hv. þm. Hjálmar Árnason að halda því enn fram að hér sé verið að fara í einu og öllu að lögum um mat á umhverfisáhrifum? Ég vil mótmæla því og ég rökstyð það á eftirfarandi hátt, herra forseti:

Áhrif set- og veitulónsins eru óafturkræf að öllum líkindum, algerlega óafturkræf, og þau eru svo mikil að það er að mínu mati ekki réttlætanlegt að heimila að án undangengins sjálfstæðs mats á umhverfisáhrifum verði farið í þessa framkvæmd. Gestir umhvn. á þeim fundi sem hér hefur verið fjallað um staðfestu þetta sjónarmið minni hlutans með því að benda á að set- og veitulónið eigi, samkvæmt hugmyndum þeim sem úrskurður setts umhvrh. byggist á, að vera talsvert stærra en úrskurður Skipulagsstofnunar frá 12. ágúst 2002 gerði ráð fyrir. Í úrskurði Skipulagsstofnunar hafði verið gert ráð fyrir því að flatarmál þessa lóns væri 2,7 ferkílómetrar en verði sú leið farin sem úrskurður setts umhvrh. byggist á frá VST verður set- og veitulónið 3,3 ferkílómetrar. Herra forseti. Þar með er þetta set- og veitulón orðið matsskylt sem sjálfstæð framkvæmd. — Og nú vildi ég að hv. þm. Hjálmar Árnason væri að hlusta. Ég óska eftir því að ... (**HjÁ:** Ég er hér.) Gott, hann er að hlusta og er í hliðarsal, það er gott því að nú kem ég að mjög mikilvægu atriði í máli mínu. — Í 17. tölulið I. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, er gert ráð fyrir því að lón af þessu tagi sem fer yfir 3 ferkílómetra stærð sé matsskylt sem sjálfstæð framkvæmd. Skipulagsstofnun ætlaði að heimila lón upp á 2,7 ferkílómetra. Hæstv. settur umhvrh. Jón Kristjánsson ætlar að heimila lón upp á 3,3 ferkílómetra. Það þýðir matsskyld framkvæmd, eða hvað? Ég óska eftir álilti hv. þm., formanns iðnn., á þessu atriði. Ég tel alveg fullkomlega eðlilegt að vefengja vald setts umhvrh. til að leggja þessa tilteknu framkvæmd til sem mótvægisaðgerð, herra forseti.

Ólafur Andrésson líffræðingur, sem var líka einn af gestum nefndarinnar, benti nefndinni á að dæmi séu um það frá löndum Evrópusambandsins að mótvægisaðgerð sem fari yfir viðmiðunarmörk sé dæmd í mat á umhverfisáhrifum. Nú er eðlilegt að spyrja: Ætla stjórnvöld að láta dæma þetta veitu- og setlón í mat á umhverfisáhrifum? Það er yfirvof-

andi að það sé hægt að gera og ég fullvissa stjórnvöld um að náttúruverndarsamtök hér á landi láta þetta ekki óátalið. Þau leita réttar síns í þessum efnum, hvort hér sé verið að skjóta sérframkvæmd fram hjá mati á umhverfisáhrifum.

Herra forseti. Í máli Árna Bragasonar, forstöðumanns náttúruverndarsviðs Umhverfisstofnunar, kom fram að takmarkaðir möguleikar séu á að verða við 5. ákvæði úrskurðarins er lýtur að því að tryggja vatnsrennsli í fossum Þjórsár neðan stíflu. Undir það sjónarmið tók Már Haraldsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Þá vildi Már koma á framfæri því sjónarmiði heimamanna að besta leiðin til að tryggja rennsli neðan veitunnar og draga um leið úr sjónrænum áhrifum sé að sleppa leiðigörðum og stíflu við Litlu-Arnarfellskvísl og láta hana renna óskipta í Norðlingaöldulón. Taldi Már þetta atriði ásamt lónshæðinni 566 m yfir sjávarmáli vera forsendu þess að hægt yrði að ná sátt um úrskurðinn.

Herra forseti. Hér er auðvitað um alvarlegt mál að ræða því að eitt af atriðunum í úrskurði hæstv. ráðherra var að það ætti að stýra rennsli fossanna neðan stíflunnar. Ef það kemur í ljós núna við þessa umfjöllun að það sé tæknilega ómögulegt, hvernig getur þá hv. formaður iðnn. haldið því fram að það eigi að fara í einu og öllu að úrskurði hæstv. ráðherra? Þetta helgast af því að rennsli í ánni er meira í eftirmiðdag en að morgni og það er ekki hægt að segja við náttúruna: Gjörið svo vel að hafa meira rennsli hérna um tvöleytið heldur en náttúran er fær um að láta okkur hafa. Það er eins og hér eigi að brjóta náttúrulögmálin og fara í það að stýra rennsli í fossana sem ekki er fræðilegur möguleiki á að gera. Hvernig rökstyðja menn þá að það eigi að fara eftir úrskurði hæstv. ráðherra?

Undir þetta sjónarmið, og þau sjónarmið sem ég hér hef verið að rekja, herra forseti, tók Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, og það gerði einnig formaður Landverndar sem benti á ályktun stjórnar Landverndar vegna úrskurðarins. Í henni kemur fram ótti við áhrif set- og veitulónsins og hvetur stjórn Landverndar í ályktun sinni til þess að ekki verði ráðist í þennan hluta framkvæmdarinnar fyrr en allir þættir málsins hafa verið vel rannsakaðir og kynntir fyrir almenningi og félagasamtökum. Og það er rétt, herra forseti, að veitulónið sem er umdeilt hefur aldrei verið kynnt almenningi eða félagasamtökum, enginn umsagnarréttur til staðar sem þó ætti að vera samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum því að þessi hugmynd var ekki með í matinu þegar almenningur hafði aðgang að því. Hér er verið að heimila framkvæmd sem Landsvirkjun hefur alltaf litið á sem sjálfstæða framkvæmd, datt aldrei í hug að fara með í gegn öðruvísi en að láta meta umhverfisáhrifin en nú á ekki að hleypa almenningi eða félagasamtökum að. Þetta er allt lok, lok og læs og menn eiga bara að láta sér það lynda af því að nú heitir þetta mótvægisaðgerð. Þá taldi formaður Landverndar líkur á að framgangsmáti og verklag við ákvarðanatökur um framkvæmdir af þessu tagi geti strítt gegn 9. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Þessi ábending er auðvitað þess eðlis að nefndir þingsins hefðu farið ofan í hana ef unnið hefði verið af eðlilegum hraða, ef fólk hefði fengið eðlilegt svigrúm til þess að fjalla um málin og fara vel ofan í saumana á þeim. Hér er því um ábendingu að ræða sem ég sjálf hef ekki haft tíma eða svigrúm til að skoða en ég tel alveg eðlilegt að alþingismenn leggi einhverja mælistiku á. Svona ábending má auðvitað ekki fara þannig hér fram hjá garði að við lítum ekki á hana, að við tökum bara ekkert mið af henni, að við látum eins og þetta hafi ekki verið sagt.

Herra forseti. Í umsögn minni get ég um óvandaðan frágang frv. og geri alvarlegar athugasemdir við það að í fskj. III með frv. þar sem Landsvirkjun gerir grein fyrir mögulegri útfærsluhugmynd er vísað í uppdrætti sem alls ekki eru til staðar í frv. Máli mínu til stuðnings, herra forseti, fletti ég upp í frv. á bls. 8 en þar segir í fskj. III þar sem fjallað er um lónshæðina utan friðlandsmarkanna og fleiri tæknileg atriði varðandi þessa útfærslu, með leyfi forseta:

„Þar er hægt að koma fyrir stíflu með botnrás í farvegi árinnar en yfirfall yrði væntanlega í skarði skammt vestan stíflunnar. Í stað þess að veita vatni úr Norðlingaöldulóni um 12,6 km göng yfir í Þórisvatn, eins og fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir, yrði vatninu veitt (dælt) um skurði og göng, um 7 m í þvermál, alls um 4,5 til 6 km yfir í Kvíslaveitu (Grjótakvísl og Illugaverskvísl) og þaðan til Þórisvatns, sjá uppdrátt."

Herra forseti. Hefur enginn saknað þessara uppdrátta? Þeir eru ekki með í frv. Þeir eru ekki með á fylgiskjali III. Gera menn sér fulla grein fyrir þeirri lýsingu sem ég las hér upp, hvernig þetta liggur allt í landinu án þess að sjá uppdrætti? Þeir eru þá betur heima í náttúruháttum og landslagi í Þjórsárverum en ég. Ég get ekki, herra forseti — þó að ég hafi komið þarna upp eftir og skoðað mig um — gert mér grein fyrir þessum lýsingum nema hafa uppdrættina. Hvers vegna eru þeir ekki með? Hvers vegna gerir hv. iðnn. ekki athugasemd við að í fylgiskjali sem prentað er með þessu frv. og alþingismenn eiga að nota til að gera upp hug sinn varðandi þetta frv. skuli þessa uppdrætti vanta? Þetta er auðvitað algjörlega forkastanlegt, herra forseti, og enn eitt dæmið um hvernig flaustursleg vinnubrögð koma okkur í koll, þvælast fyrir okkur og gera okkur ókleift að taka skynsamlegar ákvarðanir í málum af þessu tagi.

Í ljósi þess sem rakið hefur verið í umsögn minni, herra forseti, tel ég málið í heild mjög vanbúið til afgreiðslu. Ég tel gild rök hníga að því að leggjast gegn því. Vinnubrögðin sem viðhöfð hafa verið við afgreiðslu hafa verið flaustursleg og nefndum Alþingis til lítils sóma. Ég verð að segja að í báðum nefndunum hefur athugun á málinu verið í skötulíki. Mér finnst ekki sómi að því að gestum nefnda skuli boðið upp á að sitja tólf eða fleiri saman á nefndarfundum. Fólk kemst ekki að með sjónarmið sín þar sem tíminn er svo knappur að eðlilegar umræður komast ekki í gang. Þar voru menn eins og rófuskelltir refir með klukkuna sem húsbónda. Þetta kann ekki góðri lukku að stýra og er afar gagnrýnisvert.

Umsögn minni, herra forseti, fylgja tvær blaðagreinar þar sem farið er ofan í saumana á einstökum atriðum þessara mála, sérstaklega að því er varðar Norðlingaölduveitu og ákveðin vafaatriði. Í þeim er einnig minnst á önnur atriði en þau sem ég hef nefnt í máli mínu. Önnur þessara greina er eftir Hjörleif Guttormsson og heitir Þjórsárver og veitulón norðan Arnarfells. Hin er eftir Guðmund Pál Ólafsson og heitir Þyrmum Þjórsárverum. Báðar þessar greinar birtust í sömu opnunni í Morgunblaðinu þann 15. febrúar 2003. Ég tel mikilvægt að hv. þm. kynni sér efni þessara greina. Hér er um að ræða mjög mikilvægar ábendingar sem eðlilegt er að alþingismenn sem ætla sér að taka upplýsta ákvörðun skoði vandlega.

Þriðja fylgiskjalið sem ég læt fylgja umsögn minni, herra forseti, þ.e. fylgiskjal I, er afar athyglisvert. Hyggst ég nú gera frekari grein fyrir því en það er erindi sem Eysteinn heitinn Jónsson, fyrrverandi ráðherra og þingmaður Framsfl.,

flutti á fundi Sambands ísl. náttúruverndarsamtaka 1977. Erindi þetta fjallar um iðnþróun, náttúruvernd og orkustefnu. Mér finnst satt að segja, herra forseti, að hv. þingmönnum Framsfl. væri hollt að rifja upp sjónarmið þessa gamla leiðtoga Framsfl., svo langt hafa þeir vikið af hans vegi að það er í mínum huga orðið skammarlegt.

Eysteinn Jónsson, sem var mikill náttúruunnandi og átti sæti í Náttúruverndarráði, fjallar í erindi sínu um náttúruvernd og iðnvæðingu. Það er afar athyglisvert að grípa niður í erindi hans. Í byrjun þess vitnar hann í sjálfan sig, sem hann segir þó ekki vera til sóma, þ.e. að menn séu að vitna í eigin ræður. Engu að síður vitnar hann í ræðu sem hann flutti á Alþingi í mars 1971 þar sem hann ræddi nauðsyn mengunarvarna í álverinu í Straumsvík. Mig langar að vitna beint í mál Eysteins Jónssonar, með leyfi forseta. Í þessari ræðu sagði hann:

„Stórfelld iðnvæðing nútímans, þéttbýlið í borgunum og öll hin gífurlega mergð úrgangsefna, sem flæða frá þeim tiltölulega litla hluta mannkynsins, sem lifir í allsnægtum, hefur skapað gífurlega hættu, sem ógnar heilbrigðu lífi á jörðinni."

Hér kemur Eysteinn Jónsson að kjarna málsins. Mál af þessu tagi eru umhverfismál. Þau varða mengun í óhóflegu magni sem fer út í umhverfið. Okkur gengur ekki bærilega að draga úr henni, þvert á móti. Þó að við séum búin að gera stóra alþjóðasamninga á borð við Kyoto-bókunina þá þekkja allir undanþáguákvæðið íslenska. Íslensk stjórnvöld fóru í herför inn á vettvang Sameinuðu þjóðanna og fengu undanþágur fyrir stóriðjuframkvæmdum á Íslandi. Ég efast um, herra forseti, að Eysteinn Jónsson hefði talið þá herferð til sóma.

Ég vil fá að vitna meira í þessa ræðu. Þar segir Eysteinn Jónsson, með leyfi forseta:

„Þýðingarmest af öllu er að gera sér grein fyrir því, að það verða sífellt eftirsóttari lífsgæði að eiga heima í ómenguðu, eðlilegu umhverfi og hafa auðveldan og frjálsan aðgang að útivist í óspilltu, fjölbreytilegu landi."

Herra forseti. (**Iðnrh.:** Er nokkur sem mótmælir þessu?) Er nokkur sem mótmælir þessu? spyr hæstv. iðnrh. Já, það er fólk sem mótmælir þessu. Með stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar er verið að ógna þessum lífsgæðum. Það er verið að ógna landi okkar á þann hátt að það er ófyrirgefanlegt. Það er verið að taka hvern virkjunarkostinn á fætur öðrum undan rammaáætluninni og vaðið inn á svæði sem eru lítið eða illa rannsökuð. Menn hafa sótt á mjög umdeilda staði, í þessu tilfelli Þjórsárver sem margir hafa talið dýrmætustu náttúruperlu Íslands.

Af fyrsta áfanga rammaáætlunarinnar sem vel kann að líta dagsins ljós eftir tvo mánuði verður ljóst, af því að það er búið að birta bráðabirgðaniðurstöðu tilraunamatsins, að sérstaklega verður varað við að fara í framkvæmdir á fjórum stöðum vegna þeirra gífurlegu náttúruverðmæta sem eru í húfi. Hverjir eru þessir fjórir staðir? Það er svæðið í kringum Kárahnjúka. Það er svæðið kringum Fljótsdalsvirkjun. Eyjabakkar og svæðið kringum Snæfell. Það er Norðlingaölduveita sem hér um ræðir. (**Iðnrh.:** Það er ekki farið inn í Þjórsárverin.) Það er ekki farið inn í Þjórsárverin, segir hæstv. ráðherra, hvöss á brá. En ég ætla að mótmæla því, herra forseti. Við vitum að Þjórsárver eru annars vegar friðland sem heitir Þjórsárver og að hinu leytinu eru Þjórsárverin landfræðilegt fyrirbæri. Það er ekki sama stærð á hinum landfræðilegu Þjórsárverum og friðlandinu. Þegar friðlandsmörkin voru dregin voru þau mörk málamiðlun vegna hugmynda um lón og virkjunarframkvæmdir á svæðinu. Þannig var gerð undanþága af Náttúruverndarráði sem þá var til að öll hin landfræðilegu ver yrðu ekki innan friðlandsins heldur yrðu mörkin önnur en hin landfræðilegu mörk. Hér erum við að tala um hluti sem eru algerlega á hreinu. Friðland Þjórsárvera er ekki það sama og Þjórsárverin sjálf.

Hæstv. ráðherra ætti að vita betur en svo að segja að það sé ekki verið að fara inn í Þjórsárverin. Með lónshæðinni 568,5 metrar yfir sjávarmál sekkur Eyvafen. Ætlar hæstv. ráðherra að halda því fram að Eyvafen sé ekki hluti af Þjórsárverum? Eyvafen er eitt af verum Þjórsárvera og er utan friðlandsins vegna þess að samkvæmt þeim hugmyndum sem þá voru uppi þegar friðlandsmörkin voru dregin átti þetta svæði að fara undir lón, Norðlingaölduveitu. Í matsskýrslu Landsvirkjunar var Eyvafen undir lóni sem þar var áætlað að gera en hæstv. settur umhvrh. Jón Kristjánsson forðaði í úrskurði sínum. Þar sem hann var kominn með lónið niður í 566 metra yfir sjávarmáli forðaði hann öllu gróðurlendi frá því að lenda undir þessu lóni. En nú ætlar Landsvirkjun að stækka það upp í 568,5 metra.

Herra forseti. Ég læt hér fylgja erindi Eysteins Jónssonar um iðnþróun, náttúruvernd og orkustefnu, þar sem hann lýsir sýn sinni á áætlanagerð að þessu leyti. Segja má að hann sé í þessu erindi sínu að lýsa frumhugmyndum um rammaáætlun. Hann talar um langtímaáætlanir sem gera þurfi með fullri meðvitund og af mikilli skynsemi og varfærni. Hann telur eiga að vera grundvallarsátt í iðnaðarstefnu Íslendinga um að koma upp þeim iðnaði einum þar sem hægt er að koma við fullnægjandi mengunarvörnum innan húss og utan, og án óviðunandi röskunar í umhverfinu. Þetta segir mér, herra forseti, að Eysteinn heitinn Jónsson hefði aldrei samþykkt Kárahnjúkavirkjun. Þar er um óviðunandi röskun á náttúruauðlindum landsins að ræða. En Framsfl. og stóriðjustefna ryðst áfram án þess að horfa til hægri eða vinstri. Þessum náttúruperlum skal því sökkt einni af annarri. Af því að langtímastefnan er ekki til staðar þá erum við í þeirri erfiðu stöðu hér í dag að þurfa að samþykkja virkjanakosti á dýrmætasta svæðinu sem við eigum, virkjanakosti sem rammaáætlunin kemur til með að mæla gegn því að verði farið í.

Herra forseti. Það eru mörg atriði sem þarf að huga að í svo stóru máli. Ég var að vitna til orða Eysteins Jónssonar sem fjallar mjög mikið um mengunarmál. Ég harma að mengunarþátturinn hafi ekki verið meira til umræðu varðandi álverið á Grundartanga sem rætt var í morgun. Menn vita alveg út í hvað þeir eru að fara. Það var leitt í ljós í umræðunni um álverið á Reyðarfirði að hér stendur til að fara í svo stórfellda stóriðju að losunin á þessum baneitruðu lofttegundum, eins og brennisteinsdíoxíði, eykst það mikið að það fer út yfir allar viðmiðunarreglur sem Vesturlönd hafa unnið eftir á seinni árum. Farið er langt fram úr þeim viðmiðunarreglum sem Alþjóðabankinn setur varðandi losun brennisteins á hvert brætt áltonn. Ég sakna þess, herra forseti, að ekki séu fleiri í þessum sal sem taka undir varnaðarorð okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði varðandi mengunina.

Herra forseti. Þegar mengunarmál eru skoðuð er ljóst að öll áform stjórnvalda um stóriðju, verði þau að veruleika, auka losun okkar á brennisteinsdíoxíði í 19.300 tonn á ári. Það er svo gífurlegt magn, herra forseti, að ekki er hægt að horfa fram hjá því og láta eins og við séum ekki að gera

Ísland að stóriðjulandi, sem menn horfa á sem stóriðjusvæði en ekki náttúruparadís eins og við höfum vonast til. Ímyndin sem við höfum viljað halda á lofti er um náttúruperluna í Norðurhöfum. En samkvæmt þessum stóriðjuplönum ríkisstjórnarinnar er sú ímynd fyrir bí. Þar tel ég að verið sé að kasta verðmætum á glæ.

Herra forseti. Mér hefur orðið tíðrætt um rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um vatnsafl og jarðvarma. Ég hef beint ákveðnum spurningum til hæstv. iðnrh. um þau mál og vil að hún hafi í huga í svörum sínum að í framtíðarstefnu ríkisstjórnarinnar, Velferð til framtíðar sem birt var á síðasta ári, er sérstakur kafli sem fjallar um nýtingu orkugjafa okkar. Þessi velferðarstefna ríkisstjórnarinnar á að fjalla um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi og er stefnumörkun til 2020. Ég held því fram, herra forseti, að með því að fara í alla þá stóriðjukosti sem við erum hér látin fjalla um sé ríkisstjórnin að ganga gegn eigin áformum. Samkvæmt þessari framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar átti að gera rammaáætlunin um virkjun vatnsorku og jarðhita og taka tillit til helstu umhverfis- og hagkvæmnisþátta. Ekki er annað að sjá en að ríkisstjórnin hafi, þegar þessi framtíðaráætlun var samþykkt, ætlað sér að fara eftir niðurstöðu þeirrar vinnu.

Í þessum kafla er fjallað um aukna nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa í þessari skýrslu um sérstakar leiðir að markmiðunum. Það er fjallað um samþættingu sjónarmiða um nýtingu og verndun og sagt að markmið rammaáætlunarinnar sé að samþætta þessi sjónarmið og skapa betri sátt um val og undirbúning virkjunarkosta. Ef það er í alvöru vilji ríkisstjórnarinnar, herra forseti, að skapa betri sátt um val og undirbúning virkjunarkosta þá er hér verið að fara aldeilis út af sporinu. Í þessari framtíðarsýn er líka fjallað um orkurannsóknir. Þar segir, með leyfi forseta:

„Tryggja verður að fyrir hendi séu á hverjum tíma nægar grunnrannsóknir á virkjunarkostum fyrir vatns- og varmaorkuver. Til að svo megi verða þarf rannsóknarstarfsemi á þessu sviði að vera öflug og byggð á langtímarannsóknum."

Þetta atriði nefni ég sérstaklega þar sem ákveðnir þættir í Norðlingaölduveituframkvæmdinni sem við erum að fjalla um hér hafa ekki verið rannsakaðir nema lítillega og þá er ég að tala um tilfærslu vatns úr kvíslunum Vesturkvísl og Litlu-Arnarfellskvísl. Með því að taka þessar kvíslar báðar niður í set- og veitulónið erum við að fara út í framkvæmd sem ekki hefur verið rannsökuð með langtímarannsóknum og vísindamenn segja okkur að áhrifin af þessari aðgerð einni komi kannski til með að koma í ljós eftir 20–30 ár. Hér er því ríkisstjórnin í þessum efnum að fara gegn sínum eigin samþykktum og sínum eigin framtíðarplönum sem hún hefur kynnt fyrir þjóðinni og þingi.

Herra forseti. Að lokum, þegar ég er að lýsa framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar, vil ég vitna í svohljóðandi setningu, með leyfi forseta:

„Samspil umhverfislegra, félagslegra og hagrænna þátta gera það að verkum að mikilvægt er að staðarvals-, umhverfisrannsóknir og skipulagsmál á líklegum iðjusvæðum verði unnar í samræmi við áform um orkunýtingu."

Þá er ég komin að áformum um orkunýtingu, herra forseti. Hvernig stendur á því að ríkisstjórnin hefur aldrei látið sér detta í hug að setja upp langtímaáætlun um orkunýtingu jafnvel þó að rammaáætlunin sé ekki þar undir? Bara af því að það er vitað og hefur verið vitað í mörg ár að þessi ríkisstjórn stefndi að stóriðjuáformum þá hefur ríkisstjórnin í sjálfu sér aldrei hleypt almenningi eða frjálsum félagasamtökum að þeirri stefnu sem hún hugðist keyra í þessum efnum. Þetta vil ég gagnrýna vegna þess að á Alþingi hefur oftar en einu sinni á þessu kjörtímabili verið flutt tillaga hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um sjálfbæra orkustefnu. Þar tel ég um að ræða stefnu sem eigi fullt erindi til okkar Íslendinga. Það hefði verið mikill sómi að því, herra forseti, ef þingmenn hefðu fengið tækifæri til þess að fjalla ítarlega um möguleika okkar sem við höfum við tærnar á okkur til þess að nýta þær takmörkuðu orkuauðlindir sem við eigum. Ég segi takmörkuðu auðlindir, herra forseti, því iðulega heyrir maður þingmenn stjórnarliðanna tala eins og fólk líti svo á að við eigum hér ótakmarkaðar orkuauðlindir. En sannleikurinn er auðvitað sá að þær eru langt í frá að vera það. Þær eru svo langt í frá að vera ótakmarkaðar að það er þyngra en tárum taki að hlusta á málflutning stjórnarliða hér sem ævinlega halda því fram að hér sé bara búið að virkja örlítinn hluta, örlítið brot af því vatnsafli sem mögulegt er að virkja. Ég vil fá að hrekja þessi ummæli í nokkrum orðum.

Herra forseti. Sannleikurinn er sá að þegar við skoðum orkuauðlindirnar okkar sem við eigum eftir eða sem við höfum yfir að ráða þá hefur verið talað um að nýtanlegt vatnsafl sé um 30 teravattstundir á ári og jarðhiti til raforkuvinnslu sé um 20 teravattstundir á ári. Þetta gera alls um 50 teravattstundir. Á fundi sem haldinn var 16. október 1999 og ég hef áður vitnað til úr þessum ræðustóli, var verið að kynna rammaáætlun ríkisstjórnarinnar. Þar hélt Þorkell Helgason orkumálastjóri því fram að allt virkjanlegt vatnsafl í landinu væri um 64 teravattstundir á ári. Þá tölu hef ég fengið staðfesta í ritum og erindum fróðra manna að allt virkjanlegt vatnsafl sé um 64 teravattstundir á ári. Eftir mat á hagkvæmni virkjanakosta yrði síðan að öllum líkindum mögulegt að virkja 40–45 teravattstundir. En síðan kæmi að því að menn tækju frá $^1/_3$– $^1/_4$ vegna umhverfissjónarmiða og líka vegna þess að verið gæti að hagkvæmnin hefði verið ofmetin. Þá stæðu eftir 20–30 teravattstundir af virkjanlegu vatnsafli í landinu. Herra forseti. Það er nú ekki meira sem við eigum af virkjanlegu vatnsafli í öllu landinu en kannski 20 teravattstundir. Það eru öll ósköpin.

Ég er alveg sannfærð um það, herra forseti, að ef við fengjum að líta yfir þetta allt saman hlutlægum augum, ef okkur væri gerð grein fyrir því sem hér erum í þingsal, þingmönnum á hinu háa Alþingi, hvernig þessum málum er í alvöru háttað, kæmumst við að því að við ættum ekki nægilega mikið af vatnsorku til þess að virkja fyrir stóriðju. Það er í raun niðurstaðan þegar öllu er á botninn hvolft. Draumórar um að við eigum svo mikið eftir af virkjanlegum jarðvarma sem komi til með að bjarga okkur síðar meir eru auðvitað bara draumsýn, herra forseti. Það á ekki við nein rök að styðjast á meðan rannsóknir á jarðvarma og möguleikum okkar til virkjunar á honum eru ekki meiri en þær eru í dag. Ég gagnrýni því ríkisstjórnina, herra forseti, fyrir að horfa fram hjá því að orkulindir okkar eru takmörkuð auðlind. Og ég gagnrýni ríkisstjórnina fyrir að ætla að fórna þessari takmörkuðu auðlind stöðugt á altari stóriðjunnar, sérstaklega þegar til þess er litið að með því að fara þannig með orkuauðlindirnar, virkja þær og búa til stór uppistöðulón þá erum við að koma í veg fyrir aðra nýtingarmöguleika, nýtingarmöguleika sem tengjast náttúruvernd. Við höfum enn ekki fengið að vega og meta þessa kosti, herra forseti. Við höfum ekki fengið að skoða hlutlægt hverju við fórnum með því að koma í veg fyrir að hægt sé að stofna stóru þjóðgarðana á hálendinu sem

okkur dreymir um sem höfum verið að berjast í þessu andófi gegn stóriðjuframkvæmdunum og gegn stóriðjustefnunni. Okkur dreymir um að stofna stóra þjóðgarða á miðhálendinu sem gætu orðið gífurleg lyftistöng fyrir atvinnulíf í landinu. Þeir gætu skapað miklu fjölbreyttari störf og jafnvel jafnmörg eða fleiri þegar á allt er litið heldur en álverin sem ríkisstjórnin vill reisa. Þessir kostir hafa ekki verið þannig skoðaðir að við höfum getað vegið og metið meðvitað hvorn kostinn við viljum velja, stóriðjuna eða náttúruverndina og, herra forseti, við getum ekki gert hvort tveggja. Það hefur sýnt sig og það var nú sýnt best af öllu í mynd Ómars Ragnarssonar sem nýverið var sýnd í sjónvarpinu, Meðan land byggist, þar sem það er algerlega á hreinu að það er ekki gert neins staðar í heiminum að tefla saman risavirkjunum og stórum uppistöðulónum og þjóðgörðum. Það er ekki gert þannig. Þetta eru tveir andstæðir nýtingarmöguleikar, tvær andstæðar leiðir við að nýta náttúruauðlindir. Ég gagnrýni ríkisstjórnina fyrir að hafa ekki leyft þjóð og þingi að vega og meta þetta meðvitað. Stöðugt er klukkan, eins og ég sagði áðan, húsbóndi okkar í þessum efnum. Hlutirnir eru lagðir fram allt of seint og mikið óðagot er í allri afgreiðslu mála þannig að það er bara ekki tími til að vega og meta kostina. Það er ekki svona sem við viljum fara að, herra forseti. Þetta er ekki skynsamlegt. Þetta stríðir gegn tilfinningu stórs hluta þjóðarinnar sem telur að hér sé verið að rasa um ráð fram.

Herra forseti. Ég tel að þegar orkustefna er skoðuð í stóru samhengi þá eigum við ekki bara möguleika í vatnsafli og jarðvarma heldur eigum við líka möguleika á því að beisla vindorku hér á landi og sólarorku. Ég hefði gjarnan viljað sjá ríkisstjórnina senda til okkar skilaboð um einhvers konar metnaðarfulla áætlun í þeim efnum. En því er ekki hreyft. Engin áætlun er um beislun vindorku eða sólarorku. Það er bara vaðið áfram í vatnsaflið og ekkert skoðað, eins og ég segi, hvorki horft til hægri né vinstri.

Það er kannski gott að koma að því hér af því að hv. þm. Hjálmar Árnason hefur tekið þátt í miklu starfi sem hefur verið unnið við vetnisrannsóknir og við að koma hér á einhvers konar tilraunum við að knýja farartæki vetni, að ég tel orkustefnu stjórnvalda stríða gegn þeim hugmyndum að Ísland geti í alvöru orðið vetnisvætt samfélag því vetnið verður auðvitað ekki til úr engu. Það þarf líka orkulindir til þess að virkja það. Í mínum huga erum við að tefla í tvísýnu þessum takmörkuðu auðlindum okkar með því að vera búin að eyða þeim öllum í mengandi þungaiðnað og málmbræðslu þegar við síðan stæðum frammi fyrir því að geta tekið ákvarðanirnar um vetnissamfélagið sem er metnaðarfullt og við hv. þm. og formaður iðnn. höfum deilt hugmynd um. Við eigum sameiginlegar hugsjónir um að Ísland geti orðið vetnisvætt samfélag.

Herra forseti. Í ljósi þess sem ég hef sagt auglýsi ég hér eftir langtímastefnu. Ég auglýsi eftir því að hér séu ákvarðanir teknar með opin augun og að fólk sé vakandi og með fulla meðvitund og það loki ekki augunum fyrir þeim kostum sem við erum að útiloka með því að fara út í þær framkvæmdir sem hér um ræðir.

Herra forseti. Að endingu langar mig að vitna í erindið sem ég var með áðan frá Eysteini Jónssyni þar sem hann fjallar um orkustefnu og segir, með leyfi forseta:

„... þá er ekki síður brýnt að reyna að gera sér grein fyrir því, hversu nærri menn vilja ganga landinu, til þess að framleiða orkuna og þá í hvaða skyni. Kemur þá einnig til, hvaða kosti menn telja sæmilegt að ætla barnabörnunum og þeirra börnum t.d. að hafa til þess að velja um. Væri það ekki kaldranalegt að láta þau standa frammi fyrir því að þurfa að komast í orkusvelti eða taka vatnið úr Gullfossi og setja Þjórsárver undir vatn svo aðeins þetta tvennt sé nefnt — af því að afi og amma eða pabbi og mamma flýttu sér svo mjög við að nýta og binda orkuna í stóriðju útlendinga t.d. — í stað þess að notfæra sér aðra kosti í atvinnulegu tilliti, sem þau áttu þó sannarlega völ á."

Herra forseti. Við eigum svo sannarlega völ á að nýta orkuna okkar í aðra kosti en hér eru uppi á borðinu. Ég tek heils hugar undir orð Eysteins Jónssonar heitins í þessum efnum og tel þessa brýningu hans vera svo mikilvæga að ég læt hana fylgja hér með í fylgiskjali og ég hvet hv. þm. til þess að lesa vel það sem þar stendur, ekki síst framsóknarmenn.

[15:57]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er með þrjár spurningar til hv. þm.

Í fyrsta lagi: Trúir hv. þm. á koldíoxíðmengun, á þá kenningu, og því að hún valdi hitnun jarðar?

Önnur spurning: Í svari hæstv. umhvrh. til mín á þingskjali 1225 kemur fram að sú 8% aukning á framleiðslu áls í heiminum frá 1990–1998 er að mestu leyti framleidd með rafmagni sem búið er til með brennslu jarðefna, að meginhluta kola. Þar kemur fram að í Suður-Afríku, og mér er kunnugt um það að í Suður-Afríku er verið að byggja mjög stór álver sem byggja á raforku frá mjög stórum raforkuverum sem brenna kolum, heilum fjöllum af kolum núna. Það kemur líka fram í þessu svari að Kárahnjúkavirkjun sparar 160% af allri koldíoxíðmengun Íslendinga miðað við að það sama ál yrði framleitt í Suður-Afríku eða annars staðar þar sem brennt er með kolum. Sér ekki hv. þm. það sem skyldu okkar Íslendinga — þetta eru 160% af allri koldíoxíðmengun Íslendinga bæði vegna bíla, skipa og flugvéla — að framleiða ál með mengunarlausri orku?

Svo er það þriðja spurningin: Er það ekki rétt skilið hjá mér að Suður-Afríka sé á sama hnetti og við á Íslandi og þau umhverfisverndarsamtök sem gagnrýna notkun mengunarlausrar orku til að framleiða ál?

[16:00]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Síðasta spurningin fyrst, herra forseti. Svarið er: Jú, Suður-Afríka er á sama hnetti og við ef hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur velkst í einhverjum vafa um það. (**PHB:** Ég?)

Hv. þm. spyr mig um afstöðu mína til hlýnunar lofthjúpsins. Ég er alveg sammála því, herra forseti, að hlýnun lofthjúpsins er gífurlegt vandamál og ég hef fylgst grannt með þeim tilraunum sem þjóðir heims hafa lagt út í til að sporna við þessari hlýnun. Ég veit að í öllum hinum vestræna heimi hafa þjóðir verið að setja sér reglur um takmörkun losunar CO_2, þ.e. koltvísýrings, út í andrúmsloftið til þess að reyna að stemma stigu við þessari hlýnun. Kyoto-bókunin sem hefur verið fjallað um í tengslum við þetta mál er angi af því máli.

Vestrænar þjóðir hafa auðvitað verið haldnar tvískinnungi. Þær hafa í auknum mæli verið að koma mengandi málmbræðslu burt úr sínum eigin garði, og hvar hafa þær sett þær niður? Í þriðja heiminum, í þróunarríkjunum. Það er að mörgu leyti vegna þess að þróunarríkin eru fátæk og þurfa mikið á því að halda að koma upp einhverju efnahagskerfi sem þær hafa látið bjóða sér að taka við mengandi stóriðju á meðan Vesturlandabúar þurfa að búa til ál í bíla.

Herra forseti. Við vitum að það er ekki verið að búa til bíla fyrir fátækt fólk í Afríku. Ég segi bara: Guð hjálpi okkur ef allir Kínverjar færu að keyra um á bílum. Það er kannski mergurinn málsins, við þurfum að fara að skoða neyslumunstur okkar í þessum efnum. Við þurfum kannski að setja peninga, fjármagn og orku í að vísindamenn geti fundið upp önnur efni en ál til þess að við getum hætt að bræða ál, til þess að við getum hætt að búa til þennan málm sem ríkisstjórnin íslenska og hv. þm. Pétur Blöndal eru farin að trúa á.

Ég segi, herra forseti: Við erum ekki að spara nokkurn skapaðan hlut. Ég mótmæli því að hugtakið að spara, í þessu tilliti mengun, sé notað í þessu sambandi. Við erum ekki að spara nokkurn skapaðan hlut. Við erum bara að fara þá leið sem önnur vestræn ríki eru búin að yfirgefa.

[16:02]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er komin í alger rökþrot vegna þess að hún segist trúa á koldíoxíðmengun. En hún veit að það er verið að framleiða ál í Suður-Afríku með brennslu kola. Það er núna verið að byggja slík orkuver og samt ætlar hún að halda áfram að hrekja álverksmiðjur frá Íslandi til Suður-Afríku. Það eru einmitt umhverfisverndarsamtökin sjálf sem eru að krefjast þess og leita nú til lánastofnana til að reyna að stoppa það að notuð sé umhverfismengunarlaus orka á Íslandi til að framleiða ál. Þannig verður framleiðslan flutt til Suður-Afríku þar sem framleitt er með brennslu kola. Hv. þm. er komin í kross með þessa röksemdafærslu.

Ég vil fá nánari skýringu á því hvernig í ósköpunum henni dettur í hug að það sé skynsamlegra að framleiða ál í Suður-Afríku með bræðslu kola, raforku sem framleidd er með bræðslu kola, heldur en á Íslandi. Ég spurði hana einmitt að því í því sambandi hvort það væri virkilega þannig að Suður-Afríka væri ekki á sama hnetti og við á Vesturlöndum. Ég tel það skyldu Íslendinga að framleiða mengunarlausa raforku til að bræða ál. (**SJS:** Er ekki mengunarlaus ...?)

Svo vil ég líka gera athugasemd við það, herra forseti, sem mér finnst óviðurkvæmilegt og ekki hæfa, að gera látnu fólki upp skoðanir og láta það fylgja sér í flokki.

[16:03]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi er það alger misskilningur hjá hv. þingmanni að við framleiðum mengunarlausa orku. Þessi orka mengar umhverfið okkar. Við erum að menga umhverfi okkar með því að búa til virkjanir á borð við Kárahnjúkavirkjun. (**PHB:** Engin koldíoxíðmengun.) Það er ekki rétt. Við að sökkva gróðurlendi losnar koldíoxíð upp úr þessum lónum. Það er ekki vitað hversu mikið en það losnar. (**PHB:** Sáralítið.) Svo er sannleikurinn líka sá að það er verið að fórna kostum, náttúruauðlindum, fyrir stóriðjuna. Ég held því fram að Ísland, sem eitt af ríkustu löndum heims, þurfi ekki að láta neyða upp á sig mengandi stóriðju. Það þarf ekki vegna efnahagsástandsins að láta neyða upp á sig slíkum kostum (Gripið fram í.) sem fátæku ríkin þurfa að láta sér lynda.

Sannleikurinn er auðvitað sá, eins og ég sagði við hv. þingmann í fyrra andsvari mínu, herra forseti, að við þurfum að taka neyslumunstur okkar allt til skoðunar. Mér fyndist meira ris á íslensku ríkisstjórninni ef hún gæti lagt sitt af mörkum í að koma á vetnissamfélagi á Íslandi, sem er mengunarlaust samfélag, ef hún gæti farið að setja orku sína, hugmyndir og peninga í að afskaffa jarðefnaeldsneyti. Á endanum verðum við að hætta að nota jarðefnaeldsneyti og á endanum verðum við líka að hætta að bræða ál. Vesturlönd hafa verið að reyna að hætta að bræða ál heima hjá sér og auðvitað erum við að sópa vandanum til þróunarlandanna. Það er ekki sómi að því. Það er enginn sómi að því. En þessar aðgerðir eru fólgnar í því að við búum við ólíkar aðstæður og jöfnuður í heiminum er eitthvað sem er aldeilis fjarlægur draumur. Það er ekki þar með sagt að við eigum að stefna að því að það verði hér jöfnuður.

Hv. þm. verður að athuga að það er verið að knýja fullt af álverksmiðjum um allan heim með vatnsorku. Það er ekki bara á Íslandi sem það er gert.

Vegna síðustu orða hv. þm. Péturs H. Blöndals vil ég segja að ég var ekki að gera hv. fyrrv. þm. Eysteini Jónssyni upp skoðanir. Þær lágu allar í textanum sem ég vitnaði í beint í ræðu minni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:06]

Útbýting þingskjala:

Aðstaða til hestamennsku, 334. mál, nál. landbn., þskj. 1320.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 636. mál, nál. landbn., þskj. 1321.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 488. mál, nál. allshn., þskj. 1318.

Tekjutap sveitarfélaga, 501. mál, svar fjmrh., þskj. 1311.

Útseld hjúkrunarþjónusta, 235. mál, svar heilbrrh., þskj. 1275.

Raforkulög, 2. umr.

Stjfrv., 462. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 700, nál. 1230, 1262 og 1309, brtt. 1231.

og

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 2. umr.

Stjfrv., 463. mál. — Þskj. 701, nál. 1232 og 1263, brtt. 1233.

[16:07]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég þakka forseta fyrir að setja bæði þessi mál á dagskrá, enda hanga þau mjög saman. Annað er frv. til raforkulaga á þskj. 700 og hitt er frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði á þskj. 701. Það er bandormur, frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum sem afleiðing af fyrra frv., þ.e. heildarraforkulagafrv. Hið síðanefnda, 14. dagskrármál, er óhjákvæmileg afleiðing hins fyrra og þess vegna er eðlilegt að þau séu bæði undir.

Ég mun einkum gera að umtalsefni fyrrnefnda málið sem er grunnur þessarar umræðu og mæla fyrir nál. um frv. til raforkulaga frá meiri hluta iðnn.

Þetta mál er í raun að koma á dagskrá þingsins hið þriðja sinn, hefur nokkuð oft verið til umræðu enda afskaplega stórt og mikið mál. Segja má að afskaplega róttækar breytingar á orkusviðinu felist í þessu frv. Það eru miklir hagsmunir

undir enda má segja að orkan sé, eins og fram hefur komið í umræðum í allan dag, undirstaða að efnahagslífi okkar. Þess vegna má segja að þetta sé afskaplega stórt mál og umsvifamikið, og verulega róttækar breytingar sem í því eru fólgnar. Þess vegna er ekki nema von að það hafi fengið mikla umræðu í hvert skipti sem það hefur komið fram og e.t.v. er það ástæðan fyrir því að nú er það til umfjöllunar í þriðja sinn.

Rétt er að hafa í huga að grunnur frv. er tilskipun Evrópusambandsins sem er hluti af EES-samningi okkar. Samkvæmt þessari tilskipun eru tveir meginþættir sem búa þar á bak við. Það er annars vegar sú viðleitni þjóða á meginlandi Evrópu að tengja sig saman í einn raforkumarkað af mjög praktískum ástæðum, hins vegar að innleiða samkeppni á þessu sviði.

Fyrrnefnda atriðið á af augljósum ástæðum ekki við hér en hið síðara, um samkeppni, á það hins vegar. Það hefur komið fram, herra forseti, að iðnrn. hefur m.a. skoðað möguleika á því hvort Ísland geti verið undanskilið þessari tilskipun. Eftir ítarlegar viðræður fulltrúa iðnrn. hefur komið í ljós að á grundvelli EES-samningsins eigum við okkur ekki undankomu auðið, miðað við þær aðstæður sem hér eru.

Það má líka, herra forseti, varpa fram þeirri spurningu hvort það sé ekki að fullu leyti eðlilegt að á þessu sviði atvinnulífsins, þ.e. í orkugeiranum, sé innleidd samkeppni. Reyndar þurfum við að hafa í huga að við sem þjóð erum að sjálfsögðu í samkeppni við aðrar þjóðir um öfluga fjárfesta, ekki síst á sviði orkufreks iðnaðar. Hins vegar má varpa fram þeirri eðlilegu spurningu hvort nokkuð sé óeðlilegt að hér innan lands sé ríkjandi samkeppni í orkugeiranum eins og á flestum öðrum sviðum atvinnulífsins.

Það hefur og komið fram, herra forseti, að eftir að ýmsar þjóðir Evrópu innleiddu þessa tilskipun og tóku upp samkeppni hefur orkuverð til fyrirtækja og heimila farið lækkandi. Vilja menn þakka það þeirri samkeppni sem tilskipunin hefur haft í för með sér. Það er rétt að taka það fram að iðnn. hefur farið ítarlega yfir málið, segi ég fullum fetum og beini því einkum til hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttir. Fá mál hefur hv. iðnn. skoðað jafn vel og þetta, enda fengið málið þrisvar til sín, haldið semínar um þetta utan hefðbundins þingtíma með fulltrúum eða öllum orkuboltum landsins, má segja. Nefndin hefur sett sig afskaplega vel inn í þetta yfirgripsmikla og flókna mál (**KolH:** Ég dreg það ekki í efa.) og þykir mér vænt um að heyra að hv. þm. dregur það ekki í efa.

Hver skyldi síðan vera meginhugsunin í þessu, að innleiða samkeppni? Það er útfært í frv., eins og fram hefur komið, með því að flokka raforkugeirann í fjóra þætti: vinnslu; svokallaðan flutning, þ.e. á stærri línum niður í 130 kílóvött; dreifingu, sem eru hinar minni línur undir 130 kílóvöttum, svona heimilislínurnar; og síðan með sölu. Þetta eru fjórir þættir og er verið að innleiða samkeppni á báðum endunum, þ.e. í vinnslu, við upphafið, og síðan á lokasprettinum, þ.e. í sölu. Það sem er þar á milli — rétt er að leiðrétta misskilning sem fram hefur komið um það, m.a. í umræðu hér — er ekki verið að færa undir samkeppni, flutning eða dreifingu, heldur er það einungis vinnslan og salan. Hugsunin er sú að setja upp eitt stórt net og boða síðan til samkeppni um að framleiða rafmagn inn á þetta net í þeirri von að sú samkeppni leiði til þess að neytendur, hvort heldur eru heimili eða fyrirtæki, fái sem ódýrast rafmagn.

Þetta er afskaplega flókið mál. Þetta er flókið mál tæknilega. Þetta er flókið mál hagsmunalega, má segja. Þetta er flókið mál bókhaldslega og að mörgum þáttum þarf að hyggja. Þar þarf m.a. að skoða þetta viðkvæma mál en mikilvæga, þ.e. raforkuverðið, bæði við framleiðsluna og við flutninginn. Þar þarf að hafa í huga atriði eins og jöfnun raforkuverðs, öryggisþáttinn sem er ekki hvað síst mikilvægur í raforkugeiranum, gæði rafmagnsins og þar fram eftir götunum.

Með þessu frv. hefur að lokinni ítarlegri vinnu aðila í raforkugeiranum í samstarfi við iðnrn. verið búið til ákveðið módel sem byggir á þeim þáttum sem ég var að lýsa, þ.e. að neti er komið upp, væntanlega í sjálfstæðu fyrirtæki í eigu þeirra sem reka flutningskerfið og dreifikerfið í dag, og öðrum síðan ætlað að framleiða inn á það. Menn hafa e.t.v. ekki alveg komið sér saman um það hvernig best er að standa að útfærslu á þessu stóra og mikla kerfi. Menn hafa hugsanlega ekki náð samkomulagi um hvernig eigi að ná sem mestum jöfnuði í raforkuverði til landsmanna. Er skemmst frá því að segja, eins og fram kom við 1. umr. um málið, að í bráðabirgðaákvæði VII eru þessir ágreiningsþættir settir inn, þ.e. samkvæmt bráðabirgðaákvæði VII er iðnrh. ætlað að skipa nefnd sem í eiga sæti fulltrúar allra þingflokka á hv. Alþingi og að auki fimm fulltrúar frá Samorku, tveir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Neytendasamtökunum. Þá skal fjmrh. skipa einn fulltrúa í nefndina, iðnrh. tvo og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar.

Skemmst er frá því að segja, herra forseti, að þessari fjölmennu nefnd er ætlað, ef hún getur náð saman, að koma með tillögu um þessi viðkvæmu atriði, þ.e. útfærslu á eignaraðild flutningsfyrirtækisins og hins vegar á jöfnun á raforkuverði. Nái nefndin hins vegar ekki saman og skili hún ekki tillögum fyrir lok þessa árs, þ.e. eigi síðar en 31. desember 2003, munu öll ákvæði frv. taka gildi þannig að segja má að uppsetningin eins og hún er í frv. sé ákveðin svipa á nefndina um að ná samkomulagi og vona ég svo sannarlega að nefndin nái saman um það og að hægt verði að eyða ágreiningi í þessum viðkvæmu málum.

Ætlast er til þess að allir þeir sem framleiða 1,5 megavött eða meira verði skyldugir til þess að tengjast netinu og er þá einmitt verið að hugsa um hagsmuni heildarinnar í því. En ég vek athygli á því að virkjun upp að 1,5 er töluvert stór og býður upp á mikla möguleika fyrir ýmsa bændur og smávirkjanir.

Ég held að í rauninni þurfi ekki að fara miklu nánar út í einstök tæknileg atriði í hinu ítarlega frv. sem hefur fengið mjög mikla umræðu á hv. Alþingi. Ég vísa í þingskjölin. En ég vek athygli á því að í nál. frá meiri hluta iðnn. og í brtt. í þskj. 1231 eru gerðar tillögur um einar 20 breytingar í 21 lið, meira að segja með nokkrum undirliðum. Þetta eru fyrst og fremst tæknileg atriði sem lagt er til að verði breytt frá upphaflegu frv. og snúa í fyrsta lagi að bókhaldslegum atriðum þar sem tekið er á orðalagi. Ég dreg líka fram hér að eins og er í frv. var Orkustofnun ætlað að móta hvernig bókhaldi skyldi við komið hjá einstökum fyrirtækjum. En með þeim brtt. sem við í meiri hluta iðnn. leggjum fram er orkufyrirtækjunum ætlað að taka frumkvæði í þessu og leggja síðan fyrir Orkustofnun sem eftirlitsaðila til samþykktar eða annarra athugasemda.

Þá er skerpt á ýmsu orðalagi og útfærð ýmis, má segja, bókhaldstæknileg atriði sem ég tel óþarfa að rekja hér en vísa annars til nál. og brtt.

Í annan stað má segja að efnislega snúi breytingar meiri hluta hv. iðnn. að grundvelli arðsemisútreikninga. Það kom fram í ítarlegri umfjöllun nefndarinnar að þeim þætti mætti ná með nokkuð öðrum hætti. Það snýr sérstaklega að arðsemisviðmiði og við 17. gr. eru gerðar brtt. þar sem arðsemi reiknast sem hlutfall hagnaðar fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta, svokallað EBIT, og bókfærðs verðs fastafjármuna. Með því að innleiða þetta er hægt að einfalda ýmsa bókhaldslega þætti þegar fjallað er um arðsemi og jafnframt að breyta þá arðsemiskröfu.

Í þriðja lagi eru gerðar efnislegar breytingar á eftirlitsþættinum. Það kom fram í umfjöllun nefndarinnar að eftirlitsþátturinn kann að reynast nokkuð dýr. Nefndin leggur mikla áherslu á að innra eftirlit sem er verulegt til staðar nú þegar hjá orkufyrirtækjum verði aukið til muna og þar með sparaður verulegur kostnaður og samkvæmt þeim brtt. leiða þær beinlíns af sér lækkun á eftirlitskostnaði. Telja hv. nefndarmenn það vera vel. Það er einkum á þessum þremur sviðum, þ.e. hvað varðar bókhaldsleg atriði, útfærslu á bókhaldslegum aðskilnaði og hvernig staðið er að því að setja upp bókhald, í öðru lagi með grundvöll arðsemisútreikninga og í þriðja lagi með eftirlitið, það er fyrst og fremst á þeim nótum sem hv. meiri hluti iðnn. gerir þessar ítarlegu breytingar á frv.

Hvað varðar 14. dagskrármálið, frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, þá er það eins og ég nefndi áðan fylgifiskur frv. til raforkulaga. Verði frv. til raforkulaga að lögum er óhjákvæmilegt að þurfa að breyta ýmsum öðrum lögum, svo sem vatnalögum, orkulögum og þar fram eftir götunum. Það er gert með svokölluðum bandormi hér og vísa ég í nál. sama meiri hluta iðnn. á þskj. 1232 þar sem gerðar eru nokkrar tæknilegar en engar efnislegar breytingar á frv.

Herra forseti. Ég tel ástæðulaust að orðlengja meira um þetta. Þetta er flókið mál og stórt og rækilega hefur verið farið yfir það. Að þessu meirihlutaáliti iðnn. og brtt. standa eftirtaldir hv. þm.: Guðjón Guðmundsson, Árni Ragnar Árnason, Ólafur Örn Haraldsson, Kjartan Ólafsson og Hjálmar Árnason og sömu hv. þm. standa að nál. meiri hluta iðnn. um frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði. Læt ég hér með, herra forseti, máli mínu lokið.

[16:22]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Markmið og gildissvið þessara laga, eins og kemur fram í 1. gr., er að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku og jafnframt að stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku og tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda. Þetta er tíundað í 1. gr. frv.

Þegar kemur svo að frv. sjálfu er vikist undan því að taka á hinum veigamestu þáttum sem frv. kveður þó á um. Í sérstökum viðauka, ákvæði til bráðabirgða nr. VII, er kveðið á um að iðnrh. skuli skipa nefnd sem eigi að taka á þessum þáttum. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um fyrirkomulag flutnings á raforku, þar með talið um stærð flutningskerfisins og hvernig rekstri flutningskerfisins og kerfisstjórnunar skuli háttað þannig að öryggi, skilvirkni og hagkvæmni kerfisins verði sem best tryggð. Þá skal nefndin móta tillögur um uppbyggingu gjaldskrár fyrir flutning raforku. Jafnframt skal nefndin móta tillögur um með hvaða hætti jafna eigi kostnaði vegna flutnings og dreifingar raforku."

Er hér ekki meginkafla frv. slegið á frest? Hvers vegna er þá ekki bara öllu frv. slegið á frest úr því að meginkafla þess, meginverkefnum sem sett eru með frv. sem lúta að neytendum, dreifingu raforkunnar út um landið, rekstur flutningskerfisis, verðjöfnun og verði til neytenda — allt er þetta megininntak frv. en því er öllu slegið á frest, herra forseti. Hvers vegna er þá ekki öllu frv. slegið á frest? Það stendur lítið eftir.

[16:24]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvers vegna er ekki öllu frv. slegið á frest? Það hefur komið fram ítrekað að samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins eigum við þegar að hafa innleitt þessa tilskipun og verður ekki undan því vikist. Hins vegar er alveg rétt hjá hv. þm. að mikilvægum köflum er slegið á frest, þó ekki öllum. Hér er verið að innleiða samkeppni á orkusviði í þeirri von að sú samkeppni leiði til mikilla hagsbóta fyrir neytendur, hvort heldur fyrirtæki eða einstaklinga.

Engum blöðum þarf um það að fletta að um útfærsluna á þessu eru mjög skiptar skoðanir meðal aðila á orkusviði, í orkugeiranum og víða í þjóðfélaginu. Ég er þeirrar skoðunar að það geti verið til bóta að reyna að ná samkomulagi um hin miklu markmið. Markmiðin eru alveg augljós um jöfnun og að tryggja örugga orku og jöfnuð á raforkuverði og þar fram eftir götunum. Markmiðin um það eru alveg ljós. Eins og oft áður, þó að menn séu sammála um markmið geta þeir deilt um leiðir. Hér er verið að breyta fyrirkomulagi sem hefur staðið að grunni til bráðum í heila öld og það er von að menn vilji stíga varlega niður í því. Ég vek athygli á því að í þessari stóru nefnd eru fulltrúar allra þingflokka og aðila úr orkugeiranum, neytenda, Alþýðusambandsins og þar fram eftir götunum. Það er auðvitað sannarlega ósk allra að þessir aðilar muni komast að samkomulagi. En geri þeir það ekki er alveg ljóst hvernig á að útfæra málin. Það er eins og stendur í frv. Nefndinni er boðið upp á að koma með breytingar í sátt þessara aðila.

[16:26]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnast þetta alveg forkastanleg vinnubrögð. Við erum inni á Alþingi, fulltrúar allra þingflokka. Í nefndinni er hægt að kalla til alla þá aðila sem hv. þm. var að nefna og á að skipa í nefnd. Það er ekkert að vanbúnaði til þess að vinna þetta frv. upp. Þarna eru meginþættir sem lúta að notkun raforku í landinu, þ.e. dreifing, rekstur á dreifikerfum og verð. Lagt er ofurkapp á að koma því eina ákvæði sem er í frv. um að einkavæða orkuver. Er það það eina sem rekur menn áfram? Mér finnst, herra forseti, að það gæti svo rækilega beðið. En að slá á frest með þessum hætti hér öllu sem lýtur að neytendum í landinu er fullkomlega óábyrg vinna.

Herra forseti. Í ofanálag er svo sagt hér með miklum hroka:

„Nefndin skal skila tillögum sínum í formi lagafrumvarps til iðnaðarráðherra eigi síðar en 31. desember 2003."

Eins og hv. þm. komst að orði áðan fellur þessi réttur úr gildi og ákvæði laganna verða virk ef ekki verður búið að skila samkomulagi eða frv. fyrir þennan tíma. Af hverju má ekki bara snúa því við, þ.e. verði ekki komið samkomulag og lög sem taka á þessum grundvallarþáttum raforkumála í landinu fyrir 30. desember falli allt frv. niður og byrjað verður upp á nýtt? Það væri miklu sanngjarnara gagnvart íbúum þessa lands og notendum rafmagns.

[16:28]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason er stríðsmaður mikill. Hann vill greinilega fara í þetta mál með stríðsöxi á lofti. Ég árétta það sem ég hef sagt að frv. er tilbúið. Hér er búið að smíða alveg ákveðið módel og með bráðabirgðaákvæði VII er í rauninni verið að gefa þeim aðilum sem eru í orkugeiranum og þar fyrir utan og pólitískum flokkum færi á því að finna enn aðra lausn. Það er verið að rétta fram sáttarhönd með því og reyna að samræma hin ólíku sjónarmið. (**JB:** Bara einkavæðing ...) Hv. þm. er búinn að tala. Eins og ég hef sagt hér áður er búið að fara afskaplega rækilega yfir þetta mál og allir þessir aðilar hafa komið oftar en einu sinni fyrir nefndina og það veit hv. þm. En það eru bara skipar skoðanir meðal þeirra. Með frv. eins og það er lagt fram núna er búið að höggva á ákveðinn hnút og þannig er módelið í frv. En með bráðabirgðaákvæðinu er einfaldlega verið að rétta fram sáttarhönd. Ef þessir aðilar geta fundið nýja og betri leið og orðið sáttir um hana og ef sú leið fellur að meginmarkmiði frv. opnar þetta bráðabirgðaákvæði fyrir því. Með öðrum orðum þá er búið að útfæra þetta. Það er búið að finna leið. Það eru ekki allir sáttir um hana eins og oft vill verða við róttækar breytingar. Mönnum er þó boðið upp á að finna sáttaleiðina. En ég heyri að hv. þm. Jón Bjarnason sem er mikill stríðsmaður vill ekki fara fram með slíkum friði heldur fara meira fram með ófriði. En meðan við hins vegar erum í Evrópska efnahagssvæðinu er óhjákvæmilegt fyrir okkur að innleiða þetta. Það má líka spyrja hvort óeðlilegt sé að taka upp samkeppni í raforkubisness eins og við erum að gera á flestum öðrum sviðum í atvinnulífi okkar.

[16:30]

Frsm. 1. minni hluta iðnn. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Áður en ég hef mál mitt verð ég að byrja á því að fara aðeins inn á það sem síðasti ræðumaður talaði um. Hann benti á að í fyrsta lagi væri frv. tilbúið og þá væri ekkert að vanbúnaði ef nefndin ekki skilaði, því þá mundi III. kaflinn bara smella inn. En það er fleira eftir. Ekki er búið að ganga frá því hvernig jöfnuninni á að vera háttað, það nægir því ekki að frv. sé tilbúið. Svo fer það alltaf svolítið í taugarnar á mér þegar menn kenna Evróputilskipunum um mál vegna þess að við erum komin lengra með þetta mál. Alþingi er búið að samþykkja. Alþingi samþykkti árið 2000 að lögleiða þetta mál eða fella þetta inn í EES-samninginn. Það er því í rauninni Alþingi sem ákvað þessa málsmeðferð og ákvað að gera þetta svona. Þannig vil ég a.m.k. líta á það, herra forseti, en ekki að vera að gera það að einhverju máli hér þó að áður hafi verið tilskipun Evrópusambandsins. Eftir að Alþingi er búið að samþykkja að fella hana inn í EES-samninginn, þá er þetta orðið mál Alþingis sem Alþingi á að reyna að standa við á réttum tímamörkum sem það hefur þó ekki gert í þessu tilfelli.

Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að það hefur út af fyrir sig verið reynt því að frv. til nýrra raforkulaga hefur tvisvar áður verið lagt fram á Alþingi án þess þó að vera rætt. Það var bæði lagt fram á 126. og 127. þingi. Í fyrra skiptið, á 126. þingi, kom málið inn í þingið á síðustu dögum en var þó vísað til nefndarinnar sem sendi það út til umsagnar og hélt auk þess nokkurs konar ráðstefnu um málið austur á Hvolsvelli um sumarið. Og segja má að afrakstur þeirrar vinnu hafi birst í því frv. sem var sýnt hér á 127. þingi. Því máli var hins vegar aldrei vísað til nefndarinnar og hún vann í sjálfu sér ekkert meira með það.

Það kom þess vegna nokkuð á óvart að nú í upphafi 128. þings skyldi málið ekki vera lagt fram strax, en það lenti augljóslega í þæfingi á milli stjórnarflokkanna vegna þess að það var öllum ljóst sem fylgdust með að einstakir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins voru engan veginn sáttir við málsmeðferðina, jafnvel þó að þeir hefðu á sínum tíma samþykkt hana með því að samþykkja að fella tilskipunina inn í EES-samninginn vorið 2000. Bæði geystist hér fram Björn Bjarnason í aðdraganda þess að hann varð borgarfulltrúi og hafði uppi miklar meiningar um raforkulagafrumvarp í ógöngum og síðan hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sem tók þátt í umræðunni, 1. umr. um málið og hafði sínar meiningar, en það var alveg augljóst að ekkert samkomulag var innan ríkisstjórnarinnar um málið, eða alla vega ekki gagnvart einstökum stjórnarþingmönnum.

Það er því ljóst, herra forseti, miðað við það frv. sem nú liggur fyrir til afgreiðslu, að ekki náðist að landa málinu, þ.e. ríkisstjórnin hafði ekki þrek til að takast á við málið í heild sinni. Það er bara einfaldlega þannig. III. kafla frv. er vísað til nefndar og því er líka vísað til nefndar með hvaða hætti eigi að jafna kostnað við flutning og dreifingu raforku. Það er því fyrirkomulag flutnings á raforku, þar með talin stærð flutningskerfisins og hvernig rekstri þess skuli háttað, uppbygging á gjaldskrá fyrir flutning á raforku og jöfnun raforkukostnaðar sem er óafgreitt þó að sá texti sem hér liggur nú fyrir verði að lögum. Á meðan bíður orkugeirinn þess sem verða vill og aðrir þeir sem hagsmuna eiga að gæta. Og það er mjög miður, herra forseti. Það er miður að Alþingi skyldi ekki takast á við málið í heild sinni vegna þess að sannarlega hefðu bæði ég og fleiri viljað sjá það allt fyrir sér áður en það yrði afgreitt frá Alþingi.

Ég vil þó taka fram að þeir kaflar frv. sem nú stendur til að afgreiða hafa verið vel unnir. Vinna þeirra embættismanna og sérfræðinga sem iðnn. hafði í þjónustu sinni var til fyrirmyndar. Ég minnist þess varla að hafa áður fengið jafngóða þjónustu af hálfu sérfræðinga og embættismanna eins og varðandi vinnsluna á þessu frv. Við fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni, þótt við treystum okkur ekki til að mæla með samþykkt frv., munum við styðja einstakar breytingartillögur og taka afstöðu til einstakra greina við atkvæðagreiðslu í ljósi þess hve vinnan hefur verið góð og hvernig við höfum í rauninni komið að henni, tekið fullan þátt í þeirri vinnu sem fór fram til þess að bæta og breyta þeim ákvæðum sem nú á að afgreiða sem lög frá Alþingi.

Eins og fram hefur komið, herra forseti, eiga þessi nýju raforkulög að svara efni tilskipunar frá Evrópusambandinu sem Alþingi samþykkti að fella inn í EES-samninginn vorið 2000. Með þeirri samþykkt lagði Alþingi grunninn að þeim breytingum sem hér eru til afgreiðslu. Og þær átti að vera búið að innleiða í íslensk lög hinn 1. júlí 2002.

Samkvæmt frv. ber að tryggja forsendur fyrir samkeppni í sölu og vinnslu raforku. Við getum aldrei tryggt samkeppni, herra forseti, en við getum tryggt forsendurnar, búið til þær forsendur að samkeppni geti átt sér stað. Þar eru lagðar til reglur sem eiga að tryggja jafnræði aðila til vinnslu og sölu raforku og jafnan aðgang að flutnings- og dreifikerfunum.

Flutningur og dreifing orkunnar eru samkvæmt frv. skilgreind sem náttúrlegir einokunarþættir. Það er ekki gert ráð fyrir nema einu kerfi, við förum ekki að leggja tvöfaldar lagnir til þess að menn geti verið að keppa þannig, heldur er þetta skilgreint sem náttúrlegir einokunarþættir, en allir framleiðendur og notendur hafi aðgang að. Og að eitt

fyrirtæki muni stýra flutningi orkunnar um landið en mörg geta dreift henni á afmörkuðum svæðum. Samkeppnin samkvæmt frv. getur þá orðið á milli þeirra sem framleiða orkuna og síðan milli þeirra sem selja hana á hinum mismunandi dreifingarsvæðum, þ.e. smásalanna í raforkunni.

Fram hefur komið í þessari umræðu og ekki bara í þessari umræðu — heldur hefur þetta mál beint eða óbeint oftsinnis komið til umfjöllunar og umræðu á Alþingi á undanförnum árum á meðan við höfum beðið þess að fá málið til endanlegrar umfjöllunar og afgreiðslu og hefur það oft komið til umfjöllunar þegar við höfum verið að fjalla um önnur mál á orkusviði — að Samfylkingin er ekki á móti þeim anda frv. eða þeirri hugmyndafræði sem liggur að baki, að forsendur verði skapaðar fyrir samkeppni á þeim sviðum þar sem hún á við.

Við ítrekum það að öll viðleitni í þá átt að skapa jafnræði á markaði og gegnsæi ákvarðana er af hinu góða, enda, eins og hér kom fram, munum við styðja þær breytingartillögur sem koma fram og einstakar greinar frv. þó að við styðjum ekki frv. í heild sinni þegar kemur að lokaafgreiðslu þess.

Herra forseti. Í þeirri umræðu sem fram hefur farið og vinnu við þetta mál hefur ýmsum spurningum verið svarað og framsögumaður meiri hluta nefndarinnar fór yfir ýmislegt af því áðan. Eitt af því sem hefur verið áberandi í umræðunni er að þeir eru býsna margir sem fullyrða að raforkuverð muni hækka, að aðstæður okkar séu það mikið aðrar en á Evrópumarkaðnum, hinum samtengda markaði, að hér muni raforkuverð ekki lækka eins og þar, heldur hækka. Það eru því eðlilegar áhyggjur sem menn hafa af því hver niðurstaðan verður fyrir neytendur og einnig af því hvernig hinum félagslega þætti verður þá endanlega fyrir komið, vegna þess að þó að stóru ágreiningsefnin séu komin í nefnd og nefndin sé stór, 17 manna nefnd, þá eru þau ágreiningsefni sannarlega ekki leyst.

Nefnd sem iðnrh. skipaði 23. febrúar 2001 til að meta umfang óarðbærra eininga í raforkukerfinu og koma með tillögur um hvernig staðið skuli að jöfnuði, skilaði til ráðherra strax í maí sama ár. Og þær tillögur sem sú nefnd setti fram fylgja frv. sem fskj. V. Ekki hefur náðst samstaða um þá framkvæmd eins og ég gat um og málinu áfram vísað í nefnd. Sömuleiðis er gert ráð fyrir starfshópi sem fjalli um meðferð sokkins kostnaðar hér á landi, það eru því ýmsir þræðir sem enn er verið að vinna með. Og, herra forseti, bara til að nefna það af því að svo mörg mál eru í deiglunni og margt sem er óafgreitt, þá eigum við líka eftir að sjá starfshóp fjmrh. skila af sér ákvæðum um skattalega meðferð orkufyrirtækjanna. Það er ekki ljóst hver hún verður og við veltum því fyrir okkur hvort fyrirtæki sem komin eru á samkeppnismarkað geti verið skattlaus eins og orkufyrirtækin eru í dag. Í dag eru orkufyrirtækin skattlaus án tillits til rekstrarforms þeirra. Við breyttum orkulögum til þess að gera það kleift svo lögin væru ekki þrándur í götu þeirra fyrirtækja eða þeirra sveitarfélaga eða eigenda fyrirtækjanna ef þeir vildu breyta forminu, hætta að vera með þau sem stofnanir á vegum sveitarfélaga eða opinberra aðila og breyta þeim yfir í hlutafélög eða sameignarfélög. En við hljótum að velta því fyrir okkur hvort fyrirtæki sem eru komin á samkeppnismarkað geti verið skattlaus. Við eigum eftir að sjá niðurstöður starfshópsins gagnvart því, þannig að það liggur ekki fyrir þó við séum hér að afgreiða frv. eða séum á síðustu metrunum með frv. eða hluta þess sem á að afgreiða núna.

Auðvitað eru fleiri spurningar sem vakna sem að hluta til verður væntanlega svarað af þessari stóru nefnd. En, herra forseti, það bíður nýrrar ríkisstjórnar að afgreiða þá þau ákvæði sem á eftir að sýna eða eiga eftir að koma fram eða þær ákvarðanir sem á eftir að taka og lúta að umhverfi raforkufyrirtækjanna og raforkuviðskipta og vinnslu á Íslandi.

Eins og ég sagði mælum við fulltrúar Samfylkingarinnar ekki með stuðningi við frv. í þeim búningi sem það er nú. Með því að styðja frv. gætu þingmenn allt eins verið að styðja þau ákvæði III. kafla frv. um flutning sem nú er í frv., eins og fram kom áðan hjá formanni iðnn., vegna þess að ef nefndin, sem fyrirhugað er að skipa samkvæmt bráðabirgðaákvæði VII, nær ekki samkomulagi og skilar af sér í tíma, þá tekur kaflinn gildi eins og hann stendur í frv. Nefndin á einnig að fjalla um með hvaða hætti eigi að jafna kostnað vegna flutnings og dreifingar raforku og þar liggur ekkert fyrir heldur.

III. kafli, um flutning raforku, gæti því tekið gildi óbreyttur þann 1. júlí 2004 án niðurstöðu um jöfnun kostnaðar og það væri algjörlega óviðunandi staða. Staðan er því sú, herra forseti, að þó svo að við munum styðja einstakar breytingartillögur og einstakar greinar af því sem afgreitt verður, þá munum við ekki styðja afgreiðslu málsins í heild sinni vegna þessara vankanta, vegna þess að málið er ekki fullbúið og okkur sýnist að það hljóti að vera á ábyrgð þeirrar ríkisstjórnar sem ekki gat klárað málið á þeim tíma sem hún hafði til þess að það skuli vera afgreitt með þeim hætti sem hér stendur til að gera.

Herra forseti. Það er slæmt að þessi stóru atriði skuli ekki vera afgreidd nú, heldur vísað í nefnd, en það er sá veruleiki sem við stöndum frammi fyrir og það er auðvitað til þess veruleika sem við tökum afstöðu.

En varðandi hitt frv. sem hér er einnig undir, frv. um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, þá er það, eins og hér hefur komið fram, órjúfanlegur hluti þessara breytinga. Gera þarf ákveðnar breytingar á ýmsum lögum á orkusviði til þess að aðlaga þau lög þeim breytingum sem verða á raforkusviðinu. Hluti af þeim breytingum snýr að Landsvirkjun þar sem Landsvirkjun mun ekki lengur hafa þær skyldur við orkukaupendur í landinu sem hún hefur haft hingað til. Landsvirkjun mun þannig ekki lengur hafa skyldur til þess að afhenda stóriðjufyrirtækjum orku ef eftir því er óskað. Í leiðinni breytist auðvitað líka sá réttur Landsvirkjunar, sem margir hafa séð ofsjónum yfir, að fyrirtækið gæti nánast valið úr þeim kostum sem eru til virkjunar, vegna þess að fyrirtæki sem ekki hefur skyldur getur ekki heldur haft forréttindi. Ég hygg að ýmislegt af því sem hér er á döfinni og mun fylgja með þeim breytingum sem verða bæði með þessu frv. og hinu sé kannski ekki orðið öllum alveg ljóst.

Ég gat þess í umfjöllun um annað mál fyrr í dag að e.t.v. hefðu ekki allir gert sér það ljóst að eftir að raforkulagafrv. verður að lögum, sem verður að öllu óbreyttu 1. júlí í sumar, þá munu ákvarðanir um virkjanir eins og þær sem við höfum verið að fjalla um fyrr í dag, ekki koma til Alþingis heldur verða teknar af ráðherra. Mér finnst í rauninni merkilegt hversu lítið hefur verið fjallað um þann þátt. Þar með er ég ekki að segja, herra forseti, að ég sé á þeirri skoðun að slíkar ákvarðanir eigi heima í þinginu, ég hef verið þeirrar skoðunar og við að rétt væri að hafa um þetta almennar reglur og síðan væri það framkvæmdarvaldið sem sæi um leyfisveitingar. En hér er sem sagt um hluta af þeirri nýskipan að ræða sem fylgir þessari löggjöf.

Þetta frv. um breytingar á ýmsum lögum á orkusviði er órofatengt frv. til nýrra raforkulaga. Við þingmenn Samfylkingarinnar munum því einnig sitja hjá við afgreiðslu þess þegar kemur að lokaafgreiðslu.

[16:47]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson):

Herra forseti. Við fjöllum um frv. til raforkulaga og ég er frsm. 2. minni hluta iðnn. sem fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í iðnn. Það er mikilvægt að það komi fram hér í byrjun að þetta frv. er auðvitað á grunni EES-tilskipunar sem Alþingi samþykkti og ég vil halda því til haga hér að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði mótmæltum þeirri samþykkt harðlega á sínum tíma og vöruðum hv. Alþingi mjög við hvað væri í vændum. Við töldum þá að við hefðum átt að freista þess að fá undanþágu frá þessari tilskipun vegna eðlis bæði raforkuvinnslunnar og dreifikerfisins á Íslandi og þeirrar staðreyndar að Ísland er algjörlega ótengt Evrópulöndum hvað þessa framleiðslu varðar og verður um áraraðir það að séð verður.

Í frv. segir að markmið laga þessara sé að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Í því skyni skal:

1. Skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna.

2. Stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku.

3. Tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda.

4. Stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti.

Ég vil skjóta því inn í, virðulegi forseti, að ég er sammála því sem hefur komið fram í ræðum manna að umfjöllunin um frv. var mjög vönduð og þeir embættismenn sem aðstoðuðu nefndina gerðu það á allan hátt með prýði. Sannast sagna hef ég ekki unnið í nefnd með embættismönnum sem hafa lagt sig eins mikið fram og gert vinnuna eins auðvelda og hér var um að ræða.

Iðnn. kallaði til sín marga umsagnaraðila, m.a. frá orkuvinnslufyrirtækjunum, sveitarfélögunum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fékk fjölda umsagna um málið. Meiri hlutinn leggur fram brtt. við frv. í 21 lið samkvæmt ábendingum, aðallega frá stærstu orkufyrirtækjunum. Það var farið í gegnum þetta allt í nefndinni á sínum tíma.

Hér er um að ræða heildarendurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu á raforku. Hún er sögð byggjast á nýjum viðhorfum í raforkumálum sem rutt hafa sér til rúms víða um heim á undanförnum árum og felur það í sér að skilið er á milli einstakra þátta raforkukerfisins, flutnings og dreifingar og þeirra þátta þar sem samkeppni verður við komið, eins og vinnslu og sölu. Þá er með frv. verið að koma til móts við tilskipun Evrópusambandsins um innri markað á raforku, 96/92/EB, sem var hluti af EES-samningnum með ákvörðun EES-nefndarinnar frá 26. nóvember 1999. Aðalmarkmiðið með orkutilskipun Evrópusambandsins var að auka hagkvæmni og nýtingu í kerfinu á meginlandi Evrópu þar sem talið var að um 20–25% offramleiðslu væri að ræða. Samkeppni á markaði á meginlandi Evrópu í framhaldi af þessum kerfisbreytingum mun hafa leitt til betri nýtingar og orðið til verulegrar lækkunar á rafmagni til iðnaðar, a.m.k. tímabundið, en lítils háttar lækkun til almennra notenda.

Hér á landi eru hins vegar allt aðrar aðstæður og er 2. minni hluti þeirrar skoðunar að ríkisstjórnin, eins og ég sagði hér áður, hefði átt að sækja um undanþágu frá tilskipun Evrópusambandsins á þeirri forsendu að Ísland hefur sjálfstætt og eigið raforkukerfi, og vinnsla, dreifing og sala því óháð öðrum hlutum Evrópu. Það hefur sýnt sig að þau raforkukerfi sem ekki voru tengd innan Evrópusambandsins, eins og á Spáni, hafa ekki notið verðlækkunar á rafmagni við þessa breytingu, enda mun lítið hafa verið um flutningslínur á milli Spánar og annarra landa í Evrópu. Þessi sérstaða Spánar hefur leitt til þess að rafmagn á Spáni hefur hækkað. Og maður freistast til þess að halda samkvæmt þeim upplýsingum sem borist hafa frá Evrópu að staða Íslands sé að mörgu leyti svipuð og staða Spánar. Línulagnir yfir Píreneafjöll voru ekki á dagskrá á Franco-tímanum og þess vegna hefur Spánn ekki nýtt aukaframleiðslugetu sína upp á 20–25% sem var í raforkukerfi Evrópu.

Það sem er alvarlegast er að það er mat flestra orkufyrirtækja hér á landi að verði þetta frv. að lögum hafi það í för með sér umtalsverðan nýjan kostnað og muni valda hækkun orkuverðs en ekki lækkun eins og ýmsir hafa haldið fram. Þessi kostnaðarauki stafar m.a. af auknum kostnaði vegna mælinga, eftirlits, uppgjörs og arðsemiskröfu vegna flutnings- og dreifikerfa. Því er haldið fram að leitað verði allra leiða til þess að minnka þennan kostnað og hefur meiri hlutinn með brtt. sínum gert ráðstafanir til þess að lágmarka þennan kostnaðarauka. Það er þó mat minni hlutans að verði þetta frv. að lögum muni það leiða til hækkaðs orkuverðs í landinu og því getur minni hlutinn ekki stutt frv.

Í frv. er ákveði til bráðabirgða þess efnis að iðnrh. skipi nefnd þar sem eiga sæti fulltrúar allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi. Í nefndinni skulu jafnframt eiga sæti fimm fulltrúar frá Samorku, tveir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Neytendasamtökunum. Þá skal fjmrh. skipa einn fulltrúa í nefndina og iðnrh. tvo og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um fyrirkomulag flutnings á raforku, sem er eitt meginmálið varðandi allar þessar breytingar, þar með talið um stærð flutningskerfisins og hvernig rekstri flutningskerfisins og kerfisstjórnunar skuli háttað þannig að öryggi, skilvirkni og hagkvæmni kerfisins verði sem best tryggð. Þá skal nefndin móta tillögur um uppbyggingu gjaldskrár fyrir flutning raforku. Jafnframt skal nefndin móta tillögur um með hvaða hætti jafna eigi kostnaði vegna flutnings og dreifingar raforku.

Nefndin skal skila tillögum sínum í formi lagafrumvarps til iðnrh. eigi síðar en 31. desember 2003.

Að mati 2. minni hluta er algjörlega ótækt að samþykkja eins viðamikið raforkulagafrumvarp og hér um ræðir án þess að taka á stærstu þáttum hvað varðar raforkuvinnslu og raforkudreifingu, heldur vísa þeim til nefndar í ákvæði til bráðabirgða.

Þá er algjörlega óviðunandi að ekki skuli tekið á félagslegri hlið þessara mála sem snýr að langmestu leyti að orkuveitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins og orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða. Rafmagnsveitur ríkisins eru að stærstum hluta kaupendur raforku og framleiða aðeins um 7% af eigin afli til dreifiveitna sinna. Orkubú Vestfjarða er einnig stór kaupandi raforku. Bæði þessi fyrirtæki kaupa raforku frá Landsvirkjun fyrir dreifikerfi sín en þó er Orkubú Vestfjarða að því leyti betur sett að það framleiðir um

40% af raforku fyrir sitt eigið svæði, að stofni til mest frá Mjólká. Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins dreifa orkunni að stærstum hluta í dreifbýli, sem gerir það að verkum að notendur á þeim svæðum búa við miklu hærra orkuverð en tíðkast á höfuðborgarsvæðinu og t.d. á Akureyri og Suðurnesjum. Annar minni hluti telur að bíða ætti með þessar kerfisbreytingar þar til heildstæðar lausnir hafa verið settar fram á því hvernig staðið verði að jöfnun orkukostnaðar. Í löndunum í kringum okkur hefur verið tekið á því með ýmsu móti. Sums staðar er sett framleiðslugjald á raforkuna, sem við getum kallað þá auðlindagjald, annars staðar er jafnað með mismunandi skattlagningu á orku, þ.e. lægri skattlagningu, t.d. virðisaukaskatti, í dreifbýli. Annars staðar er stuðlað að jöfnun með beinum framlögum úr ríkissjóði þar sem orkuveitufyrirtækjunum er greitt fyrir að afhenda orku í dreifbýli. Þau sjónarmið komu sterklega fram í umræðum í iðnn. að e.t.v. væri heppilegt í þessu samhengi að taka á þessu hér á landi með innheimtu sérstaks mælagjalds. Undir öllum kringumstæðum verða þessi atriði að liggja ljós fyrir þar sem ekki er hægt að sætta sig við að stór hluti landsmanna búi við miklu hærra orkuverð en aðrir eins og raunin er nú.

Í ljósi þess sem að framan segir leggur 2. minni hluti því til að frv. verði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar og það unnið á þann hátt að tekið sé á öllum þáttum sem óleystir eru í sambandi við fyrirkomulag flutnings á raforkunni, stærð flutningskerfis, hvernig rekstri flutningskerfisstjórnar skuli háttað og uppbyggingu gjaldskrár í landinu fyrir flutning raforku. Jafnframt verður að liggja fyrir með hvaða hætti eigi að jafna kostnað við flutning og dreifingu orkunnar.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið við að greina frá minnihlutaáliti mínu úr hv. iðnn. Ég vil segja í framhaldi af þessu að ég tel, og það vil ég árétta, það algjörlega óásættanlegt að fara fram með þetta frv. núna. Það er algjört lágmark að beðið verði til haustsins og það verði tekið á þeim þáttum sem eru svo mikilvægir fyrir dreifbýlið. Það kom skýrt fram í störfum nefndarinnar að auðvitað eru fulltrúar stærstu þéttbýlissvæðanna ekki allsendis óánægðir með þetta form sem hér er sett fram, þ.e. hálfkarað verk, vegna þess að þegar kemur fram á sumarið og haustið verða þeir, þ.e. þéttbýlissveitirnar hér á suðvesturhorninu og á Akureyri, að mínu mati í miklu sterkari stöðu til þess að ráða því hreinlega hvernig þessi jöfnunarþáttur verður framkvæmdur. Það er ekki viðunandi lausn. Það er hv. Alþingi sem á að leggja það niður fyrir sér með hvaða hætti jöfnun á kostnaði við raforkuna fer fram. Við eigum að velta fyrir okkur öllum þessum leiðum. Þéttbýlissveitirnar hafa sagt að af tvennu illu sé best að samþykkja frv. þó að það taki ekki á þessum veigamiklu þáttum. Ég tel að það sé aðeins í þeirra hag að gera það á þann hátt.

Virðulegi forseti. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði munum greiða atkvæði á móti þessu frv. á þeirri forsendu að það sé ekki heildstætt, það taki ekki á mikilvægum málum, mikilvægustu málunum í frv., jöfnun og dreifingu.

[17:01]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er alveg undrandi á hv. þm. og þingmönnum Vinstri grænna að ætla að greiða atkvæði á móti þessu máli vegna þess að þeir hafa ekki bent á neina aðra leið sem væri skynsamlegri. Reynt er að nota það sem yfirbragð að við tökum ekki á félagslega þætti málsins sem varðar dreifikerfið. Þetta finnst mér í raun vera rök sem eru nokkuð langsótt vegna þess að hv. þingmenn vita það mjög vel að ríkisstjórnin hefur uppi áform um og hefur talað mjög skýrt hvað það varðar að tekið verði á þessum félagslega kostnaði og hefur nefnd verið að störfum sem kom fram með tvær tillögur í þeim efnum. Eins og frv. var kynnt þegar því var dreift síðast í þinginu var reiknað með því að lagt yrði á sérstakt gjald á hverja kílóvattstund, sem var upp á 18 aura ef ég man rétt, en hins vegar vegna þess að ekki var algjör samstaða um þá útfærslu, þá töldum við rétt að beina þessu mikilvæga máli til þeirrar nefndar sem verður að störfum, þar sem fulltrúar allra þingflokka koma að. Það að hv. þingmenn séu á móti málinu af því það eigi að fara í nefnd þar sem þeir muni sjálfir eiga fulltrúa, það finnst mér ekki vera frambærileg rök.

Og að vera hér með einhvern samanburð við Spán og aðrar þjóðir eins og hv. þm. gerði, er bara ekki boðlegt. Því eins og hann hefur sjálfur sagt er Ísland mjög sérstakt í sambandi við raforkukerfið og margt annað sem að þessu máli lýtur. Ég fullyrði að búið er að leysa þetta mál á mjög farsælan hátt í frumvarpinu.

[17:03]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. verður alltaf steinhissa ef við í stjórnarandstöðunni skrifum ekki upp á hennar leiðir. Hæstv. iðnrh. er fullkunnugt um það að við höfum af einlægni fylgt þessu máli eftir alveg frá fyrstu metrum. Við vildum sækja um undanþágur. Við höfum lýst því yfir að við værum hlynnt því að endurskoða raforkulögin og fyrirkomulag raforkumála á eigin forsendum. Þar á meðal hugmyndir um það t.d. að taka út fyrir sviga framleiðslu til stórra notenda með stofnun á sérstöku fyrirtæki. Ég hef margoft haldið ræður hér í þinginu þar sem ég hef lýst því yfir hversu andstætt og mótdrægt landsbyggðinni það kerfi er sem við búum við, þ.e. Rarik og að hluta til Orkubú Vestfjarða, varðandi dreifingu til dreifbýlisins. Ég hef margoft lýst því yfir að það væri algjörlega óviðunandi. Við erum þingnefnd sem hefur verið að vinna í þessum málum þannig að nefnd sem er skipuð fulltrúum þingflokkanna verður að stofni til ekkert öðruvísi samsett en hv. iðnn. sem hefur unnið að þessum málum. Hér er því um algjörar hártoganir að ræða.

Og ef hæstv. iðnrh. getur nú ekki skilið samlíkinguna við Spán, þá erum við í verri málum en ég hélt. Ég var að benda á að Spánn hefur ekki þá tengingu inn í Evrópu vegna sögu sinnar sem önnur lönd í Evrópu hafa. Þar af leiðandi má að mörgu leyti líkja Spáni við Ísland. Á það hefur verið bent og m.a. hafa margir hagsmunaaðilar hér og þeir sem komu fyrir nefndina lýst yfir áhyggjum sínum og raunar sannfæringu sinni fyrir því að þessar breytingar muni leiða til hækkaðs raforkuverðs í landinu.

[17:05]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. talar enn um undanþágu. Það er mál sem við ræddum nokkuð við 1. umr. og ég hélt að ég hefði útskýrt það hvernig ráðuneytið stóð að málum í sambandi við það að reyna hugsanlega að fá undanþágu frá tilskipuninni. En málið er að það hefur engin þjóð sem á aðild að hinu Evrópska efnahagssvæði fengið undanþágu frá þessu. Það þurfa allir að taka þátt í frelsinu sem varðar vinnsluna. Allar þjóðir. Hins vegar fengum við það samþykkt og viðurkennt að við værum lítið og einangrað raforkukerfi og þar af leiðandi fengjum við sömu meðferð í raun og

Lúxemborg. Og ef við gætum sýnt fram á að það væri verulegum vandkvæðum bundið að innleiða tilskipunina, væri Evrópusambandið til viðræðna um það. Orkustofnun gaf þá það álit að það væri ekki verulegum vandkvæðum bundið að innleiða þessa tilskipun, og ég er alveg innilega sammála því, og þar af leiðandi gerum við það. Það er ekki eins stórt mál og hv. þm. vill vera láta. Eftir að hafa unnið í þessu máli núna í þrjú ár eða hvað það nú er, þá er ég betur og betur sannfærð um það að þetta fyrirkomulag hentar okkur alls ekki illa. Það er alveg kominn tími til að stokka upp þetta kerfi sem við erum með og koma á meira gegnsæi en verið hefur. Það er eitthvað sem er jákvætt fyrir neytendur að vita eitthvað um það hvernig raforkuverð verður til. Það veit það ekki nokkur maður í dag. Nefndin sem mun starfa er ekki bara skipuð þingmönnum, það eru náttúrlega fulltrúar frá orkufyrirtækjunum og fleiri.

[17:07]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekkert ósammála hæstv. iðnrh. í því efni að það er hollt fyrir menn að vita hvernig kostnaður leggst. Og ég veit ekki betur en allar opinberar stofnanir og sveitarfélög t.d. hafi unnið að því alveg frá 1980 að sundurliða hvar kostnaður verður til og gefa gleggri mynd af því hvernig einstök starfsemi eða hluti af starfsemi leggja sig kostnaðarlega. Þetta snýst ekkert um það. Þetta snýst um það að stór hluti sem er verðlagning til landsbyggðarinnar er óafgreitt mál. Og það er ekki hægt að sætta sig við það lengur að landsbyggðin og fyrirtækin úti á landi búi við eitt hæsta og ef ekki hæsta orkuverð í Evrópu. Þannig er staðan í dag og hefur reyndar verið lengi. Það er algjör krafa að jöfnunarþátturinn sé settur inn og honum komið í lag. Það er margt sem hægt er að sætta sig við í þessum breytingum, en að taka út fyrir sviga það sem er svo mikilvægt fyrir landið í heild sinni, það gengur ekki og verður ekki liðið.

Fyrirtækin okkar sem eru með starfsemi úti um land verða að greiða kannski tífalt verð fyrir raforku miðað við það sem gengur og gerist í þéttbýlinu og ég tala nú ekki um í stóriðju. Það er brýnt hagsmunamál, og byggðamál, að þetta sé í lagi. Þess vegna gerum við miklar og alvarlegar athugasemdir og getum ekki staðið að þessum málum á þennan hátt. Ég held að það skaði engan þó að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar til vinnslu á ný og málið verði látið liggja þar til endanleg lausn er fundin, ásættanleg lausn, þá eftir kosningar og í allra síðasta lagi með haustinu. (**JB:** Með nýrri ríkisstjórn.)

[17:10]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ræddi þessi mál við 1. umr. og hef reyndar rætt um þau mjög oft á ýmsum vettvangi og er rétt að taka það fram svo það sé alveg skýrt og fari ekki á milli mála, að ég er persónulega sannfærður um að það hafi verið mistök af okkar hálfu að samþykkja tilskipunina vorið 2000, þessa 96/92/EB, vegna þess að ég er mjög sannfærður um að það sé verulegum vandkvæðum bundið að framkvæma hana þó Orkustofnun sé á annarri skoðun, líka vegna þess að aðstæður á Íslandi, eins og ég hef oft rakið, eru gjörsamlega allt aðrar en í Vestur-Evrópu. Tilskipunin er mjög eðlileg miðað við aðstæður allar í Vestur-Evrópu.

Ég er líka sannfærður um það að við hefðum fengið slíkar undanþágur. Alveg sannfærður um það. Enda klagar það hvergi upp á nokkurn aðila hvernig við skipum orkumálum okkar. Við erum ekki tengdir Evrópu og það vita allir að það er ekki í augsýn, ekki í neinni augsýn að við tengjumst henni með þeirri tækni sem við þekkjum í dag.

Ég er líka sannfærður um það, herra forseti, að við hefðum getað leitað miklu ódýrari leiða til að hafa þokkalega skipan á þessum málum en að fara að elta þessa tilskipun. Eins og ég hef áður farið yfir og við þekkjum öll erum við mjög fámenn þjóð í mjög stóru, dreifbýlu landi og það er aðalatriði málsins. Við uppbyggingu raforkukerfanna hefur það alla tíð verið höfuðsjónarmið allra í öllum flokkum að við ætluðum að rafvæða Ísland, við ætluðum að standa að jöfnuði um flutningskostnaðinn og við ætluðum að leggja okkur alla fram við að tryggja öryggi rafmagnsins. Þetta hafa verið sjónarmiðin og um það hafa ekki verði pólitískar deilur á Íslandi. Ég ætla ekki að gera það að frekara umræðuefni. Ríkisstjórnin ákvað að flytja þetta frv. og fara þessa leið, það liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir. Ég tel það einnig alveg ljóst að sú leið mun valda okkur mjög miklum kostnaði. Mjög miklum kostnaði. Sumir segja að ég sé að gera mikið úr þessu. Eftirlitskostnaðurinn verði ekki svona gríðarlega mikill eins og ég vil vera láta. Ég get ekkert sannað um það, herra forseti, en sporin hræða. Við höfum fyrir framan okkur þessar eftirlitsstofnanir hins opinbera og við stöndum frammi fyrir því að við ráðum ekkert við þann kostnað. Því ættum við að ráða núna við slíkt apparat sem við ætlum enn þá einu sinni að fara að setja í gang úr því að við ráðum ekki við þau sem við erum þegar með? Hvað segir það okkur? Auðvitað borgar enginn þann kostnað nema þeir sem kaupa raforkuna. Það er almenningur í landinu og það eru fyrirtækin í landinu. Við erum þannig að skerða bæði kaupmátt, lífskjör og samkeppnishæfni atvinnugreinanna úti á landi. Þær munu standa verr að vígi.

Látum nú þetta vera. Ákveðið er að fara þessa dýru leið. Þá er hitt eftir, herra forseti, sem mér finnst skelfilegt og sorglegt að það er gert þannig að aðalatriði málsins fyrir allt dreifbýli Íslands er sleppt. Aðalatriðinu, sem er flutningurinn og jöfnun flutningskostnaðar, því er sleppt. (Gripið fram í.) Því er sleppt. (Gripið fram í.) Skipað er í nefnd, mig minnir að það séu átján sem eigi að vera í henni, átján (**Gripið fram í:** Sautján.) eða sautján kannski, ég þakka fyrir að vera leiðréttur með þetta, þakka fyrir það. Það er betra að hafa þetta rétt. (**HBl:** Þó ég hefði átján augu, öllum mundi til þín renna, segir í gamalli ástarvísu.) Það er falleg vísa.

Hér sagði hæstv. iðnrh. áðan að það væru ekki frambærileg rök að vera á móti því að taka aðalatriði málsins, aðalatriði hins pólitíska máls út úr frv. og setja fyrir nefnd, vegna þess að hver þingflokkur ætti þar fulltrúa. Þetta er *þó meiri málsmeðferðin sem Alþingi Íslendinga, þessi löggjafarsamkunda ætlar að fara að taka upp þá.* Ef það eru pólitísk mál sem skipta öllu höfuðmáli, þá er allt í lagi að taka það bara út úr og Alþingi hætti að fjalla um það, vegna þess að það kemur fulltrúi frá hverjum þingflokki. Jú, þetta eru nefnilega mjög frambærileg rök að vera á móti málinu, bara af þeirri einu ástæðu að við erum að taka út aðalatiði málsins sem skiptir öllu fyrir hinar dreifðu byggðir. Það eru mjög mikil rök. Og það er þannig og við þekkjum það í baráttu okkar til þess að standa að því að samkeppnishæfni *atvinnulífsins úti á landi fái staðist, að við mætum engum* velvilja. Það er a.m.k. mjög sjaldan sem við mætum honum. Ég hef því ekki í reynsluheimi mínum nokkuð það sem gefur mér ástæðu til þess að trúa, ekki nokkurn skapaðan hlut sem gefur mér ástæðu til að trúa. Alþingi, löggjafarsamkundunni

ber að taka á og afgreiða hin viðkvæmu pólitísku mál. Það er enginn annar sem á að gera það og enginn annar um það bær. Enginn annar.

Þess vegna er það skelfilegt, herra forseti, að nú skuli vera farin sú leið að þetta sé tekið út úr, afgreiða á það í einhverri sautján manna nefnd og ef hún nær ekki saman, þá á III. kaflinn að taka gildi, þar sem ekkert er kveðið á um jöfnuðinn. Það er mjög erfitt fyrir landsbyggðina að hafa þetta þannig eins og við þekkjum. Ég skal taka Vestfirði sem dæmi. Þar erum við með jöfnun. Hver borgar þar jöfnunargjöldin? Jú, það eru íbúar þéttbýlisstaða. Íbúar Ísafjarðar standa undir hinu dreifðu rafveitum o.s.frv. Þannig er þetta líka gagnvart Rarik-svæðinu. Það er eitt brýnasta mál landsbyggðarinnar að koma þeirri sjálfsögðu og eðlilegu og sanngjörnu skipan á að allir standi að þessu, ekki eingöngu þéttbýlisstaðirnir úti á landi eins og Ísafjörður, heldur allir. Það er grundvallarmálið. Og Alþingi mátti ekki líta af þessu máli fyrr en það væri tryggt. Það mátti ekki gerast.

Því er það, herra forseti, að bæði af efnislegum ástæðum sem ég hef rakið í upphafi, svo og vegna þess hversu hörmulega hefur til tekist um þetta atriði, þ.e. flutninginn sjálfan sem er aðalatriðið, að það skuli ekki vera tekið á því og afgreitt. Það er þess vegna, herra forseti, sem það liggur alveg kýrskýrt fyrir að ég mun greiða atkvæði gegn þessu frv. Það hefur ekki oft gerst, ég efast um að það hafi nokkurn tímann gerst áður að ég væri sammála stjórnmálaflokk sem kallar sig Vinstri grænir. Ég held að það sé nokkurn veginn alveg víst að ég hafi nánast alltaf verið ósammála þeim, ég held alltaf. (**Gripið fram í:** Önnur kinnin er orðin græn.) En ég vil taka undir það sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson sagði áðan í lokatali sínu. Það er alveg hárrétt sem hann sagði og ég vil taka undir það og þakka fyrir.

[17:19]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var að sumu leyti betri ræða en hv. þm. flutti við 1. umr. Í henni var ekki eins mikið um misskilning. Hv. þm. virðist telja að það verði mikill viðbótarkostnaður í sambandi við þetta nýja kerfi. Mér datt í hug hvort það væri vegna þess að hann væri enn á því sem hann talaði um við 1. umr., að það ætti að taka upp samkeppni í dreifingu og flutningi og þá yrðu kannski mörg kerfi um landið. (Gripið fram í.) Jæja, hann segir nei. Það er ekki vandamálið. Þá bið ég hann að útskýra hvers vegna hann notar þetta sem rök, að við séum svo fámenn þjóð í stóru landi, að þess vegna verði þetta svo dýrt. Það kemur í ljós þegar upptaka þessa nýja fyrirkomulags í Evrópu er skoðuð að víðast hvar hefur rafmagnskostnaðurinn lækkað við breytinguna.

Hv. þm. talar um að aðalatriðinu sé sleppt, þ.e. félagslega þættinum. Í því sambandi er vert að benda á að við lögðum fram frv. sem tók á þessu atriði. Það laut að því að lagt yrði sérstakt gjald á hverja selda kílóvattstund, 18 aurar, sem yrði notað til þess að taka á þessum kostnaði. Ákveðið var að flutningskerfið yrði sett inn í bráðabirgðaákvæði en þó þannig að það er fyllilega útfært í lagatextanum, en ef nefndin kemst að betri niðurstöðu er mögulegt að breyta því. Þar sem einhver óvissa ríkir um að þetta fyrirkomulag verði tekið upp þá verður líka að fresta upptöku á jöfnunarþættinum, hinum félagslega þætti málsins.

Ég held að hv. þm. hljóti að skilja þetta og ég lít ekki að hann komi hér upp til að reyna að gera mig tortryggilega, að ég sé ekki að hugsa um þennan þátt mála.

[17:21]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Reynsla okkar liggur alveg fyrir. Raunin er sú að við ráðum ekki við skriffinnskuna á einu né neinu sviði. Hún vex okkur yfir höfuð. Við höfum hér t.d. stofnun sem átti að hafa tvo til þrjá menn sem kostar núna 600 millj. á síðustu fjárlögum. Allur okkar eftirlitskostnaður hefur vaxið langt umfram annað í okkar þjóðarbúskap. Ég hef þetta til marks um þróunina. Ég get ekki sannað þetta og ég sagði líka að sumir teldu mig ýkja þetta. Ég get ekki sannað mál mitt. En reynsla okkar er þessi og hví ætti eftirlitskostnaðurinn með þessum þætti að verða eitthvað öðruvísi en alls staðar annars staðar?

Ég hef, herra forseti, ekki verið að gera neinn tortryggilegan og það er alveg ástæðulaust af hæstv. ráðherra að segjast ekki líða það. Ég hef ekkert sagt það. Ég harma að hinn réttkjörni aðili, Alþingi, skuli ekki taka á því máli sem er höfuðnauðsyn fyrir landsbyggðina. Það er jöfnun raforkuverðsins. Ég harma að það skuli ekki gert á þessum vettvangi. Ég harma það og tel það mjög mikil mistök.

[17:23]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Reyndin er sú að við erum svolítið að staglast á því sama. Ég veit ekki hver það er sem hv. þm. treystir ekki í þessu máli. Hann vildi ekki viðurkenna að hann treysti mér ekki. Hann hlýtur að treysta flokki sínum, sem er þó stærsti flokkurinn á hv. Alþingi, hvað sem verður. Þessi stefna liggur skýr fyrir.

Miðað við að hv. þm. Samfylkingarinnar hafa talað sama rómi og Vinstri grænir þá veit ég ekki hvernig það gæti gerst að einhver pólitísk átök yrðu um það að taka á þessum þætti, sem kallaður er félagslegur þáttur eða kostnaður við dreifingu á raforku í mesta dreifbýlinu. Það er enginn ágreiningur um það á hv. Alþingi. Hv. þm. er þannig að búa sér til ágreiningsmál, sennilega í pólitískum tilgangi. Ég ætla að fylgjast vel með málflutningi hans á Vestfjörðum og í Norðvesturkjördæmi fyrir kosningar. Ég trúi því að þetta eigi að vera aðalkosningamálið, að iðnrh. sem fari með byggðamál sé ekki að hugsa um dreifbýlið. Ég er alveg farin að heyra þessa ræðu.

Í sambandi við kostnaðinn við eftirlitið þá er hann innan við 100 kr. á heimili á ári eins og þetta lítur út. Það er nú allt og sumt. Hv. þm. getur séð fyrir sér Fiskistofu og eitthvað annað sem hann er ekki ánægður með hvernig hefur þróast. Ég get alveg tekið undir það að ýmislegt í eftirlitskerfi okkar hefur orðið dýrt. En í þessu tilfelli er ekki um það að ræða. Hv. þm. hefur ekki kynnt sér þetta mál í þaula. Hann notar tækifærið þegar það kemur til umræðu í þingsal og hefur uppi stór orð sem hann á síðan í erfiðleikum með að standa við.

[17:25]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvaða stóryrði það eru sem ég á í vandræðum með að standa við. Hef bara ekki hugmynd um það. Ég spyr, herra forseti: Ef þetta er allt tilhæfulaust, ef ég er að búa til það vandamál sem er ekkert vandamál vegna þess að menn muni standa svo skýrt við einhverja stefnu um jöfnun raforku, af hverju er þetta þá ekki afgreitt núna? Ef þetta er ekkert vandamál, af hverju er þá málið ekki afgreitt núna? (**JB:** Akkúrat.) Ég spyr að því. (**JB:** Akkúrat.) Ég held nefnilega að ég sé ekki að búa til vandamál. Ég óttast

að þetta vandamál sé til staðar. Óskaplega yrði ég feginn, herra forseti, ef það væri rangt hjá mér. Ég segi líka, herra forseti, óskaplega yrði ég feginn ef ég hefði rangt fyrir mér og eftirlitsiðnaðurinn í raforkunni mundi ekki vaxa eins og ég óttast. Óskaplega yrði ég feginn og glaður.

Raforkuverð í Evrópu hefur lækkað eftir að tilskipunin tók gildi vegna þess að þar var umframorka sem hefur nýst betur. Það varð til að lækka verðið. Hér er ekkert í spilunum sem bendir til að verðið muni lækka. Það er bara eitt í spilunum, þ.e. að ofan á orkuverðið komi kostnaður. Ég óttast það en ef það væri rangt hjá mér yrði ég mjög glaður. En það á eftir að reyna á það. Því miður hræða sporin. Því miður er reynsla okkar hingað til af öllum öðrum eftirlitsstofnunum alveg þveröfug. Ég vona að það reynist svo með þessa nýju eftirlitsstofnun að hún blási ekki út eins og hingað til hefur gerst með allar opinberar stofnanir á þessum vettvangi.

[17:27]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Margt fróðlegt hefur komið fram í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Ég get tekið undir með honum varðandi það að óttast megi að svokallaður eftirlitsiðnaður vaxi upp úr öllu valdi. En ég vil um leið nefna að eftirlit í frjálsri samkeppni er mjög mikilvægt. Þar kann að vera ágreiningur á milli mín og hv. þm. Ég vil jafnframt draga fram að í ítarlegri umfjöllun hv. iðnn. fóru menn rækilega yfir eftirlitsþáttinn, skoðuðu sérstaklega á innra eftirlit og mæltust mjög til að frv. yrði breytt á þann veg að innra eftirlit yrði aukið hjá einstökum fyrirtækjum og hið opinbera hefði fremur eftirlit með svokölluðu innra eftirliti. Með því móti tókst strax að lækka áætlaðan eftirlitskostnað.

Ég vil í annan stað nefna að það kom mér á óvart að heyra hv. þm. fordæma að Alþingi ætlaði sér að samþykkja frv. með skipan nefndar til að fjalla um ágreiningsmál. Hann taldi það forkastanlegt. Þar með held ég að hv. þm. hafi breytt um skoðun. Þetta hefur oft gerst hér á Alþingi. Ég nefni t.d. auðlindanefnd sem hér var skipuð um enn meira ágreiningsmál en þetta. Ef ég man rétt þá greiddi hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson atkvæði með því að slík nefnd væri skipuð. Til hvers? Til þess að ná sáttum í enn stærra deilumáli en hér er verið að fjalla um.

Hvað varðar jöfnuðinn þá skipta þar mestu markmiðin um að ná jöfnuði í raforkuverði. Það er hið pólitíska markmið.

Það er rétt að vekja athygli á að verið er að bjóða hinni fjölskipuðu nefnd að finna betri lausn á útfærslu flutningskerfisins. Ég vænti þess að ég geti komið betur að því síðar í andsvari.

[17:29]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er víst rétt að ég svari andsvarinu svo hv. þm. geti komið aftur, þótt ekki væri nema til þess.

Það er ekki sambærilegt að bera saman skipun auðlindanefndarinnar og það að taka þetta ákvæði út úr frv. Það er rétt að ég studdi skipan auðlindanefndarinnar, úr því menn eru að rifja það upp. En ég skal líka rifja upp að ég greiddi atkvæði gegn niðurstöðu auðlindanefndarinnar um að setja á auðlindaskatt, sem var aðalatriði málsins og væri frekar hægt að rifja það upp en að ég hafi fylgt því að nefndin væri sett upp.

Það er ekki ásættanlegt fyrir Alþingi, þegar það stendur frammi fyrir því að taka á einu viðkvæmasta máli sem við er að eiga, sem skiptir gríðarlega miklu máli fyrir samkeppnishæfni Íslands alls, fyrir búsetuna — nógu erfið er staðan í byggðamálum Íslands — að heykjast á að taka á þessu máli sem varðar okkur svo miklu. Við getum ekki ætlast til að einhverjir menn úti í bæ, þótt þar séu fulltrúar frá þingflokknum, séu eitthvað hæfari til að gera það en við. Mér þykir það forkastanlegt, herra forseti, og ég ítreka það.

[17:31]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni höfðingsskapinn að fara aftur í andsvar til þess að ég geti lokið máli mínu. Ég vil halda áfram með það sem ég var að ræða um jöfnuðinn. Það sem skiptir mestu máli, er lykilatriðið og ég hygg að sé enginn pólitískur ágreiningur um í þessum sal, er markmiðið um að það sé jöfnuður hvað varðar raforkuverð. Það er eitt af markmiðum frv. að gera allan kostnað sýnilegan þannig að menn geti tekið faglega á þessu og náð þessu pólitíska markmiði.

Hvers vegna er verið að bíða? Það er m.a. verið að reyna allt hvað hægt er til þess að auka enn frekar sátt meðal þeirra sem eru í orkugeiranum. Ef þeir geta komið með betri lausn á útfærslu á dreifikerfinu og flutningskerfinu en er í frv. þarf að taka mið af því þegar menn útfæra með hvaða hætti á að ná þessum jöfnuði. Jöfnuðurinn er hið pólitíska markmið og um það er ekki ágreiningur þannig að ég tel að hv. þingmenn þurfi ekki að óttast það.

Það er ekki rétt hjá hv. þingmanni að ekki sé hægt að bera þetta saman við auðlindanefndina. Hvers vegna fóru menn af stað með auðlindanefndina sem hv. þm. studdi og greiddi atkvæði hér og vísaði út úr þinginu? Það var til þess að ná í sátt. Það er það sem verið er að gera með þessari nefnd. Og ég skil hreinlega ekkert í því að hv. þingmaður geti í einu tilviki fallist á það að vísa ágreiningsmáli til sátta úti í bæ en svo þegar kemur að öðru sviði er það ekki hægt. Þetta er alveg sambærilegt.

Einkennilegast finnst mér að hinn mikli talsmaður frjálsrar samkeppni, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem hefur verið í fararbroddi hér innan Alþingis að tala fyrir frjálsri samkeppni trúir allt í einu ekki á samkeppnina af því að hér á Íslandi eiga aðstæður að vera svo sérkennilegar og öðruvísi. Spánn er með tiltölulega einangrað raforkukerfi og hvað hefur gerst á Spáni, sem tengist ekki verulega hinum stóra markaði? Þar hefur orkuverð lækkað vegna samkeppninnar sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson trúir ekki á hér á Íslandi í dag og er genginn í lið með Vinstri grænum. Ég skil þetta ekki, herra forseti.

[17:33]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Borgaralega sinnað fólk hefur lengi verið fylgjandi samkeppni af einni meginástæðu, vegna þess að sannanirnar liggja í milljónatali fyrir því að samkeppni lækkar verð á þjónustu. Eingöngu vegna þess. Það er engin samkeppni vegna samkeppninnar sjálfrar. Það er vegna þess að við höfum milljónir sannana fyrir því.

Á Íslandi, 103 þús. ferkílómetrum með 286 þús. manns, kemur maður ekki samkeppni við nema að mjög takmörkuðu leyti, og alls ekki í dreifingu raforku úti á landsbyggðinni. Henni verður ekki komið við norður á Ströndum, ekki upp til dala, það er ekki hægt. Reynum að segja Strandamönnum að það verði svo mikil samkeppni um raforkuna norður í Árneshreppi. (**SvanJ:** En í símanum?) Það er þess vegna sem menn fara í samkeppni, þeir telja sér hag í því. Ég taldi að Ísland

ætti að leita eftir sérsamkomulagi vegna sérstöðu sinnar. Af engum ástæðum öðrum. Til þess að vinna að hlutunum á sinn hátt til þess að tryggja hagkvæmni rekstrar þannig að íslensk fyrirtæki hefðu sem besta samkeppnisstöðu. Það eru íslenskir hagsmunir sem við eigum að reyna að verja og það er samkeppnisstaða Íslands. Það er það sem skiptir máli. Þess vegna eigum við að leita ódýrustu lausnanna hverju sinni, ekki þeirra dýrustu. Við þurfum ekki að elta aðra, við eigum að gera þetta eins og okkur er hagkvæmt því að það er hagkvæmni íslensks atvinnurekstrar sem skiptir máli. Ekki að hlaupa eftir einhverjum hugmyndum um að samkeppni eigi alltaf að vera hvort sem henni verður komið við eða ekki.

[17:35]

Útbýting þingskjala:

Birting skoðanakannana rétt fyrir kosningar, 590. mál, svar dómsmrh., þskj. 1331.

Fjáraukalög 2003, 653. mál, nál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 1323; nál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 1337.

Hafnalög, 661. mál, nál. 1. minni hluta samgn., þskj. 1336.

Póst- og fjarskiptastofnun, 600. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 1325.

Rannsóknir í heilbrigðisþjónustunni, 581. mál, svar heilbrrh., þskj. 1277.

Tekjuskattur einstaklinga, 264. mál, svar fjmrh., þskj. 1312.

Útgáfa ritverksins Saga Íslands, 655. mál, svar forsrh., þskj. 1333.

[17:36]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir allflest sem kom fram í máli hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar og ætla að víkja að einstökum efnisþáttum á eftir. Fyrst langar mig til að nefna tvennt sem kom fram í máli hæstv. iðnrh., Valgerðar Sverrisdóttur. Hún talaði um gegnsæi, nauðsyn þess að allt væri gegnsætt, allar staðreyndir uppi á borðum og að þetta frv. og þessar kerfisbreytingar sem hér væri verið að innleiða mundi stuðla að því. Þetta er sami hæstv. ráðherra og hefur streist á móti því að þingið yrði upplýst ... (Gripið fram í.) Já, ég er að beina orðum mínum til hæstv. iðnrh., Valgerðar Sverrisdóttur. Hún hefur streist á móti því að þingið yrði upplýst, t.d. um raforkuverð í samningunum við Alcoa-fyrirtækið. Hún hefur streist á móti því að Alþingi yrði upplýst um hvaða gögn eru send til ESA, eftirlitsstofnunarinnar, varðandi samningana við ESA. Hæstv. ráðherra hefur neitað því að svara spurningum sem hafa verið settar fram um ýmsa efnislega þætti þeirra samninga, ég nefni t.d. mengunarþáttinn sem fram kom á lokastigum umræðunnar. Spurningum sem fram voru settar var einfaldlega ekki svarað. Það sama á við um ýmsa efnahagslega og fjárhagslega þætti. Þeim er ekki svarað. Síðan kemur hæstv. ráðherra fram hér og talar um nauðsyn þess að allt sé gegnsætt, allar staðreyndir, allar tölur, allar upplýsingar uppi á borðum. Veruleikinn er hins vegar sá að allt er á bak við hin lokuðu tjöld, læst niðri í skúffu og Alþingi neitað um aðgang að þessum upplýsingum.

Síðan var annað atriði sem mér fannst athyglisvert í framlagi hæstv. iðnrh. til þessarar umræðu. Það var um traustið á flokknum. Hún spurði hv. þm. Einar Odd Kristjánsson hvort hann treysti virkilega ekki flokki sínum í þessu máli. Ég spyr: Er ekki kominn tími til þess að við gerum tvennt, í fyrsta lagi að treysta á eigin sannfæringu og samvisku? Er ekki ástæða til að við gerum það og hættum að hugsa eftir flokkslínum, heldur reyni hver og einn að gera málin upp við sig á eigin forsendum eftir að hafa vegið og metið gögn sem fram eru sett í málinu? Þá skiptir náttúrlega í öðru lagi öllu máli að þeir sem eiga að taka ákvörðun hafi raunverulega öll gögn sem nauðsynleg eru til að mynda sér skoðun.

Það vekur athygli mína að í meðförum þingsins eru sniðgengnir þeir aðilar sem hafa haft gagnrýni fram að færa. Þar nefni ég t.d. stærstu samtök starfsfólks í almannaþjónustu, BSRB. Þingið leitaði ekki eftir áliti BSRB um þetta frv. (**Iðnrh.:** Við höfum BSRB á þinginu.) Höfum BSRB á þinginu? Þá skal þingið líka fá að finna fyrir BSRB. (Gripið fram í.) Því skal ég lofa. En ég er að vekja athygli á því að starfsfólk innan BSRB starfar innan þessa geira. Það eru fjölmennustu samtök starfsfólks í þessum geira, og það fólk er sniðgengið. En ég skal glaður færa þessi skilaboð inn á vettvang BSRB þar sem mönnum er ekki skemmt yfir afstöðu ríkisstjórnarinnar til samtakanna. Og ég spyr: Hvernig stendur á því að ekki er leitað til þeirra samtaka um álit á þessu stórmáli? Ég óska eftir svörum, öðrum en útúrsnúningi og skætingi, frá hæstv. iðnrh. og formanni iðnn. sem hefur velkst í þessu starfi fyrir hönd þingsins í iðnn. Það var ekki fyrr en samtökin sjálf höfðu frumkvæði að því að nálgast iðnn. að plögg frá BSRB komust inn á borð nefndarinnar. Enginn fulltrúi var hins vegar kallaður á fundinn þótt það væri boðið. Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að óska eftir því að formaður iðnn. verði viðstaddur umræðuna hér, a.m.k. framan af, til þess að hann geti svarað þeim spurningum sem ég beini til hans og þeirri gagnrýni sem ég er að setja fram.

(**Forseti** (HBl)**:** Er óskað eftir að fá formann iðnn.?)

Já.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég skal gera ráðstafanir til þess að ... (**Iðnrh.:** Er ekki nóg að hafa ráðherrann?) Ætli það sé ekki rétt við 2. umr. máls að formenn nefnda séu við ef þess er óskað?)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir og hér er formaður iðnn. kominn. Mig langar til að beina þeirri spurningu og hef orðað hana hér í fjarveru hv. formanns iðnn. hvernig á því standi að fulltrúar þeirra samtaka sem hafa innan sinna vébanda allflest starfsfólkið í raforkugeiranum eru ekki beðnir um álit á þessu stórmáli. Hvernig stendur á því? Hvernig stendur á því að samtökin þurfa sjálf að hafa frumkvæði að því að koma gögnum á framfæri við nefndina? Er það vegna þess að úr þeirri átt hafa komið fram gagnrýnin viðhorf? Er það vegna þess? Ég vek athygli á því að í umsögn BSRB um þetta frv. er sérstaklega boðið að fulltrúar frá samtökunum komi með ítarlegar upplýsingar um þær staðhæfingar sem samtökin setja fram við iðnn. þingsins. Ég óska eftir því að fá skýringar á því hvernig á þessu standi. Ég vek einnig athygli á því að í þeirri nefnd sem á að fjalla um veigamikla þætti þeirrar nýskipanar sem menn gera ráð fyrir í raforkugeiranum er enginn fulltrúi frá BSRB, enginn fulltrúi frá fjölmennasta starfshópnum innan raforkugeirans. Þar er leitað til Alþýðusambandsins, til sveitarfélaganna, Neytendasamtakanna, þingflokka á Alþingi, Samorku og fleiri aðila. En hvernig stendur á því að enga fulltrúa er að finna frá þessum samtökum, fjölmennustu samtökum starfsfólks innan þessa geira? Er það vegna þess að þaðan er að vænta gagnrýni á stjórnvöld? Mér finnst þetta sannast sagna ekki lýsa mikilli trú á eigin málstað, ekki mikilli sannfæringu fyrir

því að málstaðurinn þoli gagnrýnið ljós, að þora ekki einu sinni að fá á sinn fund fulltrúa sem er á öndverðum meiði.

Varðandi þau atriði sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson nefndi vil ég byrja á að taka undir það sjónarmið hans að það hafi verið rangt hjá okkur í upphafi að fallast á tilskipun Evrópusambandsins. Ég man eftir því að þegar málið kom fyrst inn á borð þingsins þá var það í stórri þáltill. þar sem var að finna fjölmargar tilskipanir frá Evrópusambandinu. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfðum farið rækilega í gegnum plaggið og vorum þeir einu á þingi sem bentum þá á hve vafasamt þetta væri. Við vildum undanskilja þessa tilskipun öðrum í umræddri þáltill. Síðan hafa aðrir tekið undir þessa gagnrýni okkar. Ég nefni þar hv. þm. Björn Bjarnason og nú hv. þm. Einar Odd Kristjánsson. Fleiri kunna að vera sömu skoðunar. Undir þetta vildi ég taka.

Hann nefndi einnig öryggisþáttinn. Ég hef nálgast öryggisþáttinn út frá öðru sjónarhorni en hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Ég tel það ekki þjóna öryggissjónarmiðum að fara með raforkuframleiðslu og dreifingu, raforkugeirann, á markað. Ég tel það ekki auka öryggið. Þvert á móti mun daga úr því. Við höfum áður farið yfir reynsluna erlendis frá hvað þetta snertir. Ég hef vísað í reynsluna hjá British Energy sem sér um fjórðunginn af raforkuframleiðslunni í Bretlandi. Þar hafa verið miklar hremmingar. Nefna má að hlutabréfin féllu þar á einu ári um 91%. Það er búið að pumpa inn í það fyrirtæki milljörðum á milljarða ofan en fyrirtækið er enn í miklum vandræðum. Við þekkjum þetta úr öðrum geirum einnig, vatnsframleiðandann franska, Vivendi, sem hefur einnig orðið fyrir slíku hruni. Hvað gerist þá? Ríki og sveitarfélög verða að hlaupa undir bagga vegna þess að það þarf að tryggja þessa þjónustu. Þetta hafði ég um öryggisþáttinn að segja.

Þá kemur að eftirlitsiðnaðinum sem hér blómstrar. Ég heyrði ekki nákvæmlega hvað hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði um það efni. Almennt byggja þessar kerfisbreytingar, ættaðar frá Brussel, á því að starfsemi sem fyrst og fremst var skipulögð sem þjónustustarfsemi við borgarana er tekin undan lýðræðislegu valdi, sett á markað og síðan spretta upp eftirlitsstofnanir. Hér koma tvær stofnanir til með að gegna eftirlitshlutverki innan raforkugeirans, Orkustofnun annars vegar og síðar Samkeppnisstofnun. Ég er ekki viss um að ég gagnrýni þennan þátt á sömu forsendum og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Til þess þyrfti ég að kynna mér sjónarmið hans betur. Ég tel hins vegar að hagsmunum notandans, borgarans, sé ekki eins vel borgið í þessu fyrirkomulagi og því sem við búum við, að reka þessa starfsemi sem þjónustustarfsemi fyrst og fremst í stað þess að reka hana á markaði, reka fyrirtæki sem á að skapa eigendum sínum arð. Það má vel vera að hægt sé að halda aftur af þessum fyrirtækjum með slíku eftirliti og eflaust virkar það í þá áttina en ég tel hins vegar að þetta fyrirkomulag, þessi uppbygging á almannaþjónustunni sé ekki heppileg.

Þetta voru þeir þættir sem hv. þm. nefndi sérstaklega. Hann gagnrýndi síðan að frv. eða lagabreytingarnar yrðu ekki kláraðar, ekki rekinn endahnútur á þetta verk. Hann gagnrýndi að hluti breytinganna skyldi settur í nefnd sem ætti að freista þess að ná samkomulagi. Ég tek undir það sjónarmið hv. þm. Einars Odds að auðvitað er eðlilegt að allur pakkinn sé afgreiddur í heilu lagi á Alþingi og ekkert þar undan skilið.

Ég held að þessi ægilegi ótti manna við Brussel, við að menn kunni þar að reiðast svo voðalega töfinni á að við framfylgjum þessum skipunum, sé ekki á rökum reistur. Ég er hins vegar almennt á þeirri skoðun, að sjálfsögðu, að þegar menn undirgangast samninga eigi þeir að sjálfsögðu að standa við þá. Stundum hefur manni fundist skondið að ýmsir sem voru fylgjandi EES-samningunum á sínum tíma vilja skjóta sér undan því að samþykkja þá eða flýta reglugerðarverkinu sem á þeim byggir. Við sem gagnrýndum samningana og þóttumst sjá fyrir ýmsa vankanta á þeim og á hvern hátt draga mundi úr lýðræðislegu valdi innan lands höfum verið talsmenn þess að virða þá samninga sem við höfum undirgengist. Í þessu efni tel ég hins vegar ekki hundrað í hættunni. Það var einmitt ástæðan fyrir því að við töldum rétt að undanskilja þennan þátt í EES-reglugerðarverkinu. Við erum svo fjarri hinum evrópska markaði að það ætti ekki að koma að sök.

Síðan ætla ég í örfáum orðum að víkja að hugmyndafræði frv. Þetta frv. byggir á hugmyndafræði. Þetta frv. byggir á pólitískri hugmyndafræði. Ég ætla að byrja á að fletta upp á bls. 19 í þessu plaggi, fyrstu athugasemdum við lagafrv. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta byggist á nýjum viðhorfum í raforkumálum sem hafa verið að ryðja sér til rúms víða um heim á undanförnum árum. Meginefni þeirra felst í því að skilja í sundur náttúrulega einkasöluþætti raforkukerfisins (flutning og dreifingu) og þá þætti þar sem samkeppni verður við komið (vinnslu og sölu). Þannig hefur verið lagður grunnur að markaðsbúskap í raforkukerfi margra landa. Í ríkjum Evrópusambandsins hefur þróunin almennt grundvallast á tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku. Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 168/1999 frá 26. nóvember 1999 um breytingu á viðauka IV við EES-samninginn varð tilskipunin hluti af EES-samningnum. Ísland átti að innleiða efni tilskipunarinnar í íslenska löggjöf fyrir 1. júlí 2002.

Hefðbundin viðhorf til raforkumála hafa því verið að breytast. Hér áður fyrr var það viðtekin skoðun að hið opinbera hefði óhjákvæmilega lykilhlutverki að gegna á öllum sviðum þeirra vegna þess að markaðslausnir ættu þar ekki við, meðal annars vegna einkaréttar í starfsemi af þessu tagi. Á síðustu árum hafa hins vegar verið þróaðar aðferðir þar sem markaðsöflum hefur verið beitt á þessu sviði, einkum í vinnslu og sölu raforku. Þessar aðferðir hafa í aðalatriðum reynst vel og er nú almennt talið að meiri árangur náist að jafnaði í vinnslu og sölu þar sem samkeppni ríkir en þar sem hefðbundinn einkaréttur er allsráðandi.

Þessi nýju sjónarmið og reynslu annarra er sjálfsagt að færa sér í nyt á Íslandi þótt hér eins og annars staðar þurfi jafnframt að taka mið af aðstæðum. Þetta verður best gert með því að endurskipuleggja raforkubúskapinn á núverandi grunni með markaðssjónarmið að leiðarljósi í vinnslu og sölu raforku."

Á bls. 41 í þessu sama plaggi segir síðan, með leyfi forseta:

„Breytingarnar miða að því að koma á markaðsbúskap í viðskiptum með raforku. Samhliða er stefnt að því að draga úr opinberum rekstri. Breytingar í frjálsræðisátt í öðrum löndum urðu oftast af því að talið var að það skipulag sem var við lýði hefði leitt til óhagkvæmni og ósveigjanleika í rekstri, fjárfestingu og verðlagningu. Markaðsskipulagið hefur sannað yfirburði sína í viðskiptum með vöru og þjónustu og leiðir til hagkvæms skipulags og fjölbreyttrar og sveigjanlegrar þjónustu.

Frumvarpið byggir á því að öll vinnsla, flutningur, dreifing og sala á raforku verði rekin á einkaréttarlegum grundvelli. Ætlunin er að vinnsla og sala á raforku verði rekin á samkeppnisgrundvelli í markaðskerfi ...“

Hér er sem sagt í fyrsta lagi talað um hin breyttu viðhorf í Evrópu, um hin breyttu viðhorf almennt í heiminum og vísað sérstaklega í reynslu af þessum breytingum. Nú auglýsi ég eftir umræðu um þá reynslu. Samtök á borð við BSRB, sem eru gagnrýnin á þetta frv., hafa að undanförnu viðað að sér upplýsingum um hver reynslan raunverulega sé. Það er verið að auglýsa eftir umræðu um það. Ef það sem kemur frá þessum samtökum eða öðrum sem hafa uppi gagnrýni er rangt þá þarf bara að sýna fram á það. En umræðan verður að sjálfsögðu að fara fram.

Ég hef áður bent á breytingar á raforkuverði á Norðurlöndum þar sem orðið hefur sprenging á raforkuverði eftir að raforkukerfin þar voru einkavædd. Þetta er staðreynd. Það hefur áður verið vísað í reynsluna frá Noregi og afstöðu norsku neytendasamtakanna sem bentu á að á árinu 2000 hafi hagnaður norskra rafveitna verið um 11,6 milljarðar kr. og rafveiturnar greitt 3,7 milljarða norskra króna í arð til eigenda sinna. Það er verið að taka þessa miklu fjármuni, þessa gríðarlegu fúlgu út úr kerfinu, og háfa þá út, eins og það var orðað af talsmanni norsku neytendasamtakanna. Þetta er ein ástæðan fyrir því að verðlagið hefur farið upp. Önnur ástæða fyrir því að verðlagið hefur rokið upp úr öllu valdi, t.d. í Svíþjóð, er að hinar einkavæddu rafveitur sýndu ekki sömu fyrirhyggju og almannaþjónustan hafði áður sýnt varðandi umframorku, að hafa umframorku upp á að hlaupa. Þegar orka var ekki lengur til var ekki annarra kosta völ en að kaupa orkuna frá öðrum löndum á meginlandi Evrópu á uppsprengdu verði. Þetta er ein ástæðan fyrir því að raforkuverðið hefur hækkað í Svíþjóð.

Raforkuverðið hefur víða tekið breytingum og ekki alls staðar upp á við. En þær breytingar sem raktar eru til einkavæðingarinnar eru upp á við. Það er hækkun og ef ég er að fara með staðlausa stafi þá þarf að sýna fram á það. Það er verið að auglýsa eftir rökræðu um þetta mál. Það er verið að tefla fram upplýsingum, staðhæfingum og tölum. Ef þær eru rangar þá hvílir sönnunarbyrðin að sjálfsögðu á stjórnvöldum, að sýna fram á annað. Þeir sem setja fram þessa gagnrýni eru hins vegar algerlega virtir að vettugi. Þeir fá ekki einu sinni að komast að umræðuborði. Þegar skipa á nefnd til að fjalla um næstu skref eru þessi samtök að sjálfsögðu undanskilin, enginn fulltrúi þaðan. Í ofanálag eru þetta samtök starfsmanna innan þessa geira og þá fara að vakna ýmsar spurningar. Hæstv. ráðherra segir síðan: Þetta er alger óþarfi. Við höfum fulltrúa samtakanna hér á þingi. Ég er ekki viss um að fólki verði mjög skemmt yfir þessu.

Ég get upplýst hæstv. ráðherra um að innan BSRB er að sjálfsögðu, eins og í öðrum samtökum, fólk í öllum stjórnmálaflokkum. Þar eru sjálfstæðismenn, framsóknarmenn og fólk úr Samfylkingunni, þar eru vinstri grænir og frjálslyndir. Þar er fólk úr öllum flokkum og þau samtök taka á engan hátt flokkspólitíska afstöðu og alls ekki til mála af þessu tagi. Menn hafa boðist til að koma upplýsingum um þessi mál á framfæri við þingið. Ef menn vilja láta virða sjónarmið sem sprottin eru af athugunum og rannsóknum finnst mér alla vega að ráðherrar skuldi þessum samtökum einhver svör. Hið sama gildir að sjálfsögðu einnig um hv. formann iðnn.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg fleiri orð að þessu sinni. Það á eftir að ræða frekar um þetta frv. Á þessu stigi vildi ég fyrst og fremst koma þessum almennu sjónarmiðum á framfæri og jafnframt auglýsa eftir því að það sem ég hef verið að segja um raforkuver t.d. á Norðurlöndunum, í Noregi, Svíþjóð og víðar, verði hrakið. Hitt stendur hér í gögnum ríkisstjórnarinnar, stjórnarmeirihlutans og hér eru tveir þeirra sem ábyrgir eru fyrir þeim texta, hæstv. iðnrh. og hv. formaður iðnn. Þau staðhæfa að reynslan erlendis frá sýni okkur ótvírætt að verulegur ávinningur sé af markaðsvæðingu á rafmagni. Ég spyr: Hvaðan er sú reynsla sótt? Til Nýja-Sjálands? Er hún kannski sótt til Kaliforníu? Er það Enron sem menn hafa í huga? Er það breska fyrirtækið British Energy? Eru það Norðurlöndin? Hvaðan er þessi reynsla sótt og hver er hún? Væri hægt að fá tölulegar upplýsingar um hana?

Á í þessu máli eins og öðrum að láta Alþingi samþykkja frv. með bundið fyrir augun samkvæmt formúlu hæstv. iðnrh. sem segir að menn eigi bara að treysta sínum flokki? Hún spurði hér áðan hv. þm. Einar Odd Kristjánsson með þjósti hvers konar villuráfandi sauður hann eiginlega væri, hvort hann bæri ekki traust til flokks síns (**Gripið fram í:** Og síns ráðherra.) og síns ráðherra. Nei, sem betur fer eru til menn sem treysta á eigin dómgreind og eigin samvisku. Ég vildi óska þess að þeir væru fleiri.

[18:03]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og við var að búast kom hv. þm. Ögmundur Jónasson víða við í ræðu sinni. Ekki er ég sammála öllu því sem hann segir. En ég vil reyna að svara því sem hann beindi til mín. Ég tel þó rétt að taka fram í byrjun að mér fannst hann blanda nokkuð saman einkavæðingu og samkeppni. Hér er ekki verið að einkavæða orkufyrirtækin. Það er á engan hátt verið að einkavæða. Það er verið að innleiða samkeppni á þessum markaði. Í tengslum við þetta sagði hv. þm. nokkur orð um arðsemiskröfu. Það er ekkert nýtt í þessu frv. Í dag eru gerðar arðsemiskröfur til orkufyrirtækja og eins og hv. þm. veit væntanlega, hefur m.a. Orkuveita Reykjavíkur greitt eiganda sínum, Reykjavíkurborg, arð reglulega inn í borgarsjóð sem hefur verið kærkomið og ég hygg að borgarfulltrúar hafi tekið við því nokkuð fagnandi hvar í flokki sem þeir standa.

Ég legg áherslu á að hér er ekki verið að einkavæða. Hér er verið að innleiða samkeppni og það er vísað til reynslu af samkeppni í Evrópu. Frá því að hún var tekin upp, eins og fram hefur komið, hefur orkuverð lækkað bæði til húshalds og til fyrirtækja. Það sýna yfirlitsmyndir sem við höfum fengið m.a. frá Orkustofnun sem Evrópusambandið hefur gefið út, þ.e. að frá því að samkeppni var tekin upp hefur orkuverð lækkað bæði til neytenda og til atvinnulífsins. Það er einmitt markmið þessa frv. Markmið frv. er ekki að einkavæða heldur að innleiða samkeppni vegna þess að reynslan í Evrópu er nokkuð góð. Eins og ég sagði í framsöguræðu minni þá hljóta menn að spyrja: Hví ekki samkeppni á því sviði eins og mörgum öðrum sviðum í atvinnulífinu ef það er til hagsbóta fyrir neytendur og atvinnulíf?

[18:05]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í athugasemdum með frv. segir, með leyfi forseta:

„Þetta verður best gert með því að endurskipuleggja raforkubúskapinn á núverandi grunni með markaðssjónarmið að leiðarljósi í vinnslu og sölu raforku.“

Leiðarljósið sem frumvarpssmiðirnir hafa fyrir sér er að markaðsvæða þennan búskap. Þetta er ekki einkavæðing, segir hv. þm. Ég skil eiginlega ekki hvert hann er að fara þarna. Það er verið að tala um að markaðsvæða, að færa þennan geira inn á markaðstorgið þar sem lögmál markaðar ríkja. Er það ekki réttur skilningur? Ég hélt það. Hv. þm. verður þá að skýra nánar fyrir mér hvað þarna vakir fyrir mönnum, en ég var að vitna áðan í athugasemdir. Ég get gert það víðar hér, en gerði það áðan. Þar kemur fram að þetta er hugsunin. Við erum að fara út úr þjónustuumhverfi yfir í markaðskerfið, yfir á markaðstorgið. Ég var að rekja það hvernig reynslan hafi verið í Svíþjóð og í Noregi þar sem hinir nýju eigendur hlutafélaganna eru farnir að taka gróðann út úr fyrirtækinu — ég talaði um 3,7 milljarða norska á einu ári — út úr raforkugeiranum, en norsku neytendasamtökin voru að leita skýringa á því hvað ylli því að raforkuverðið færi upp úr öllu valdi. Þau nefndu reyndar önnur sjónarmið líka, að í stað hinnar miklu samkeppni sem menn höfðu búist við þá hefðu orkufyrirtækin rottað sig saman um mjög hátt verð til þess að geta fært hinum nýju eigendum sínum á markaðnum aukinn hagnað. Það er þetta sem ég er að gagnrýna. Það kemur rækilega fram hér hvert leiðarljósið er sem ríkisstjórnin hefur fyrir framan sig.

[18:07]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Leiðarljósið sem hv. þm. talar um er að verið er að vísa í ýmsar leiðir sem menn hafa farið í Evrópu. En ég segi enn og aftur að meginmarkmiðið með þessu er að innleiða samkeppni, þ.e. ekki villta samkeppni því það er meira að segja sett hámark á arðsemiskröfurnar sem ekki gengur m.a. ef þetta er í einkaeign. Ef kemur til þess að selja þá er það sjálfstæð ákvörðun Alþingis. Það ekki verið að fjalla um það hér.

Hins vegar átti ég eftir að svara spurningum frá hv. þm. og árétta það að hér er verið að innleiða samkeppni og að reynslan í Evrópu er sú að orkuverð hefur lækkað vegna samkeppninnar — það eru staðfestar tölur — og því meir hefur það lækkað sem lengra er liðið frá því að þessi samkeppni var innleidd. Ég skal afhenda hv. þm. þetta skjal sem sýnir það í öllum regnbogans litum.

En ég átti eftir að svara hv. þm. hvers vegna ekki var leitað álits hjá BSRB. Í rauninni kann ég ekki skýringu á því. Eins og hv. þm. veit eru yfirleitt staðlaðir útsendingarlistar hjá nefndum Alþingis og síðan er hverjum hv. þm. í hverri nefnd heimilt að koma með ósk um að fleirum verði bætt á slíkan lista og það hefur greinilega gleymst hjá öllum í iðnn., þar með hv. fulltrúa Vinstri grænna og auðvitað ber að harma það. Ég vísa því hins vegar á bug að það sé vegna þess að menn hafi óttast gagnrýni BSRB. Í rauninni vissi ég ekki hver afstaða BSRB var né veit svo sem hver hún er núna. En ég tel að hv. þm. hafi töluverð rök fyrir máli sínu. Þetta eru fjölmenn samtök og ég lýsi yfir vilja mínum, hafandi haft samráð við hæstv. iðnrh., að flytja brtt. milli 2. og 3. umr. þar sem BSRB verði boðin þátttaka í þessari samráðsnefnd.

[18:09]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég segja að fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í iðnn. eða þess vegna í öðrum nefndum þingsins er enginn sérstakur fulltrúi BSRB. Það gætu alveg eins verið fulltrúar Framsfl., Sjálfstfl., Samfylkingar eða Frjálslyndra. Þetta hefur ekkert með flokkspólitík að gera, alls ekki. En mér finnst það áhyggjuefni ef í hinum stöðluðu útsendingarlistum iðnn. er BSRB ekki að finna sem við vitum að eru samtök sem hafa verið mjög gagnrýnin á einkavæðingu almannaþjónustunnar. Þetta er á allra vitorði hefði ég haldið. Þess vegna finnst mér mjög undarlegt að það þurfi að leita eftir því með þessum hætti. Ég vil taka það fram að samtökin buðust til að senda fulltrúa á fund nefndarinnar til þess að gera ítarlega grein fyrir máli sínu, eins og fram kemur í bréfi samtakanna, en ekki var orðið við þeirri beiðni eða því tilboði. Síðan kemur hv. þm. hér og veifar blaði og segist ætla að vera svo góður að láta mig fá þetta blað til aflestrar, einhver súlurit. Ég hef verið að auglýsa eftir því að menn settust niður með þessi gögn sem ég hef verið að vísa í um raforkuverð í Evrópu, á Norðurlöndum, Nýja-Sjálandi og víðar og færu rækilega yfir þetta. Ég hef ítrekað sagt að þær breytingar á verðlagi raforku sem hafa verið til lækkunar eru að því er ég best veit og mér er sagt samkvæmt upplýsingum innan úr verkalýðshreyfingunni ekki sprottnar af einkavæðingunni heldur öðrum orsökum. Staðreyndin er sú að eftir að raforkan var einkavædd á Norðurlöndum hefur orðið verðsprenging þar í raforku.

[18:11]

Útbýting þingskjala:

Fjarskipti, 599. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 1324.
Stjórnmálasögusafn, 712. mál, þáltill. ÓÖH, þskj. 1335.

[18:12]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Nú stendur yfir 2. umr. um frv. til raforkulaga. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í hv. iðnn., hefur gert grein fyrir í nál. sínu afstöðu okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði til frv.

Það hefur komið skýrt fram í þessum umræðum hversu gjörólík sjónarmið eru gagnvart stöðu og þýðingu raforkumála fyrir íbúa landsins milli stjórnmálaflokka. Ef marka má þá sem hér hafa tekið til máls er Framsfl. einn flokka að troða í gegn breyttu frv. til raforkulaga sem skilur þó eftir óafgreidd öll meginatriði málsins sem snerta almenna raforkunotendur vítt og breitt um landið. Hér hljóta að liggja einhver annarleg sjónarmið að baki. Ekki getur það bara verið löngunin til þess að beita yfirgangi ein saman.

Í frv. til raforkulaga er talað um markmið og gildissvið. Þar er í fyrsta lagi talað um að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna. Þetta er fyrsta markmiðið, þ.e. að koma á samkeppni í vinnslu á raforku og það er í raun eina atriðið sem á að keyra í gegn.

Atriði númer tvö sem talið er upp í markmiðunum er að stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku. Það skiptir afar miklu máli að sjálfsögðu fyrir allt atvinnulíf og búsetu í landinu og neytendur um allt land.

Í þriðja lagi er það að tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda. Að sjálfsögðu, annars værum við ekkert að framleiða þetta rafmagn ef ekki ætti að hafa hagsmuni neytenda í huga.

Í fjórða lagi á að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti. Við þekkjum nú framkvæmd þeirra sjónarmiða í höndum hæstv. iðnrh. Framsfl. hvað lýtur að umhverfissjónarmiðum

og raforkuvinnslu þannig að það þarf ekkert að búast við neinu sérstöku í þá veruna.

Herra forseti. Oft og allt of oft gleymist, bæði á hinu háa Alþingi og í meðförum framkvæmdarvaldsins, sú staðreynd að Íslendingar eru fámenn þjóð í stóru landi. Stærsti hluti íbúanna er saman kominn á suðvesturhorninu í þéttbýli en úti um hinar miklu dreifðu byggðir býr síðan hinn hluti þjóðarinnar, sá minni. Ísland hefur þannig algjöra sérstöðu gagnvart öðrum Evrópuþjóðum í búsetu og þjóðfélagsgerð hvað þetta varðar.

Vissulega erum við aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu og höfum gengist undir ýmsar skuldbindingar hvað varðar þá aðild. Fulltrúar Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins samþykkja hinar og þessar tilskipanir, lög og reglur og síðan er lagt að aðildarþjóðunum að taka þær upp. Það er þó ekki svo að þær séu skuldbundnar til þess að taka þær upp athugasemdalaust. Hvert þjóðþing hefur það í sínu valdi hvort það tekur upp þessar tilskipanir eða ekki svo fremi sem þær ganga ekki fullkomlega í berhögg við aðra alþjóðlega samninga sem þjóðin hefur gert. Þetta hefur hvað eftir annað verið staðfest á hv. Alþingi, m.a. af hæstv. forsrh. sem hér hefur ítrekað varað við því að menn verði of gírugir að yfirfæra og staðfesta tilskipanir Evrópusambandsins athugasemdalaust inn í íslensk lög. Ég minni þó jafnframt á, herra forseti, að hæstv. forsrh. er nú samt verkstjóri þessarar ríkisstjórnar og ber ábyrgð á gjörðum hennar sem slíkur.

Þær tilskipanir sem Evrópusambandið setur t.d. í raforkumálum geta vel hentað á hinum þéttbýlu svæðum Mið-Evrópu. En hér í hinu dreifbýla Íslandi er það alls ekki einboðið. Ég held því að það hafi verið algjör mistök, og reyndar vöruðum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við því á sínum tíma, að Alþingi samþykkti að gangast undir þessa tilskipun Evrópusambandsins sem laut að raforkumálum og dreifingu raforku.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sem hér talaði einnig fyrr í dag viðurkenndi og lagði áherslu á að þetta hefðu verið hrein mistök af Íslands hálfu.

Það er dapurlegt að gera mistök, ekki síst í afdrifaríkum málum sem snerta hag heillar þjóðar, íbúa alls landsins, svo verulega eins og skipan raforkumála. Ég held í þessu sambandi, herra forseti, að hér hefði ríkisstjórn og framkvæmdarvald ásamt Alþingi átt að beita sér fyrir því að fá þessa samþykkt afturkallaða, að sækja um að vera undanþegið kröfum Evrópusambandsins hvað varðar tilskipanir í raforkumálum sem hér er verið að hafa sem skálkaskjól fyrir þessu lagafrv.

Það getur ekki verið að allar gjörðir mannsins hvað þetta varðar séu óafturkallanlegar. Það er ekki í samræmi við skynsemi mína að svo geti verið. Það væri þá meira ómannúðlega umhverfið og umgerðin sem við værum búin að búa okkur ef ekki væri hægt að afturkalla með rökum og eðlilegri vinnu mannleg mistök eins og þessi. Ég hefði því talið miklu vitlegra ef menn hefðu sameinað krafta sína hér til þess að fá þetta samþykki afturkallað sem Íslendingar gerðu hér vanhugsað frekar en að prjóna vandræðin hver ofan á önnur í framhaldi af þeim.

Herra forseti. Eins og kemur fram í minnihlutaáliti hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar er það mat flestra orkufyrirtækja hér á landi að verði þetta frumvarp að lögum hafi það í för með sér umtalsverðan nýjan kostnað og muni það valda hækkun orkuverðs en ekki lækkun eins og ýmsir hafa haldið fram. Þessi kostnaðarauki stafar m.a. af auknum kostnaði vegna mælinga, eftirlits og uppgjörs og arðsemiskröfu vegna flutnings- og dreifikerfa. Því er haldið fram að leitað verði allra leiða til þess að minnka þennan kostnað og hefur meiri hlutinn með breytingartillögum sínum gert ráðstafanir til að lágmarka þennan kostnaðarauka. Með leyfi forseta, vil ég vitna áfram í ágætt álit 2. minni hluta iðnaðarnefndar sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson stendur að. Þar er lögð áhersla á „að verði þetta frumvarp að lögum muni það leiða til hækkaðs orkuverðs í landinu og því getur hann ekki stutt frumvarpið."

Formaður iðnn., hv. þm. Hjálmar Árnason, vitnaði hér í reynslu Evrópulandanna um að þessi tilskipun hefði leitt til lækkunar orkuverðs þar. Vel má vera að þær aðstæður séu í hinum þéttbýlu Mið-Evrópulöndum að þessi tilskipun hafi leitt til þess þar. Það má vel vera. En það eru bara gjörólíkar aðstæður þar og hér. Hið mikla dreifbýli sem við búum við hér t.d. er algjörlega frábrugðið þeirri skipan sem er í Mið-Evrópu.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson svaraði því reyndar til að lækkun á orkuverði í Evrópulöndunum á grundvelli þessarar tilskipunar hefði fyrst og fremst orðið vegna þess að á ýmsum stöðum og í ýmsum löndum hefði verið umframorka til staðar sem ekki hefði nýst en með þessari samtengingu hefði hún nýst betur og það hefði leitt til lækkaðs orkuverðs. Það var ekki svo að tilskipunin sem slík hefði leitt til þess eins og hér hefur verið látið að liggja. (**Iðnrh.:** Jú, jú, einmitt.) Alls ekki, hæstv. ráðherra, því að hér er ekki um slíkt að ræða. Hérna eru orkuverin öll í eigu opinberra aðila og hefði verið hægt að beita þeim samræmt á markaði ef þannig bæri undir.

Herra forseti. Það er upplýsandi að lesa umsögn Rafmagnsveitna ríkisins um þetta frv. Rafmagnsveitur ríkisins hafa axlað þá ábyrgð að standa að dreifingu raforku úti um hinar dreifðu byggðir ásamt Orkubúi Vestfjarða á sínu svæði og ættu því að þekkja mjög vel til hvað geti verið fram undan. Með leyfi hæstv. forseta vitna ég til umsagnar Rariks um frv.:

„2. Flutningskerfið er þjóðbraut raforkunnar um landið og aðgengi að því er forsenda fyrir samkeppni á markaðnum. Það er skoðun Rariks að ekki sé rétt að fresta gildistöku III. kafla laganna um flutning raforku og setja á fót sérstaka nefnd til að fjalla um ágreining um þann kafla heldur verði frumvarpið í heild afgreitt samhliða frumvarpi um jöfnun kostnaðar við flutning og dreifingu raforku."

Hérna er vikið að því að í þessu lagafrv. er einmitt gert ráð fyrir því að fresta ákvæðum sem lúta að öllum þessum meginþáttum, þ.e. flutningskerfinu, dreifingu á raforkunni, jöfnuði verðs og verðákvörðunum. Öllu því skal fresta, þessum meginatriðum sem lúta að almennum raforkuneytendum í landinu. Þessu mótmælir Rarik og ég leyfi mér að vitna áfram til umsagnar þeirra:

„Því er það tillaga Rariks að ákvæði VII og VIII til bráðabirgða verði felld út." — Rarik vill bara fá þetta á hreint, ekki skilja neitt eftir óafgreitt: — „Ótækt er að Alþingi samþykki lög sem varða jafnmikilvæga hagsmuni án þess að hafa heildaryfirsýn yfir hverjar afleiðingarnar gætu orðið fyrir raforkufyrirtækin og viðskiptamenn þeirra. Jafnframt vill Rarik leggja áherslu á að verðlagning flutnings orkunnar í flutningskerfinu er mikilvægt tæki til að jafna aðstöðu fyrirtækja og notenda á markaðnum."

En þessu er sleppt. Það er sleppt að taka afstöðu til þess hvernig þarna skuli að staðið í þessu frv. eða það látið liggja óafgreitt. Ég vitna áfram, virðulegi forseti, í umsögn Rariks:

„Það er skoðun Rariks að jöfn staða notenda og framleiðenda gagnvart flutningskerfinu sé afar mikilvæg, enda sett fram sem ein meginröksemdin fyrir breytingum á skipulagi orkumála. Tillaga Rariks í þessu efni er því skýr: Sama gjald skal taka fyrir mötun og úttekt í öllu flutningskerfi raforkunnar í landinu eins og það er skilgreint í frumvarpinu, þ.e. niður í 30 kílóvatta spennu ...“

Herra forseti. Þarna er undirstrikað af þessum aðila að með því að skilja þessa veigamiklu þætti eftir er forsendan fyrir frv. brostin. Hún er í raun brostin, herra forseti, og hefði því átt að vísa því frá og vinna það betur áður en það kemur fyrir þingið.

Herra forseti. Áfram segir í áliti Rariks um þetta frv.:

„4. Í IV. ákvæði til bráðabirgða er tímasetning um opnun markaðar. Markaðsopnunin hefur í för með sér mun flóknari raforkumælingar og uppgjör en í núverandi kerfi. Þessir þættir eru lykilatriði í frjálsum viðskiptum með raforku. Nauðsynlegt er að koma upp viðamiklu kerfi sem annast orkumælingar og útreikninga, m.a. á tímamældum aflgildum og notkunarferlum notenda. Slík uppgjörskerfi eru mjög flókin og dýr, bæði í stofnkostnaði og rekstri. Miðað við reynslu erlendis frá er ljóst að þessi kerfi verða að öllum líkindum ekki tilbúin á þeim tíma sem frumvarpið gerir ráð fyrir að opnun markaðarins eigi sér stað. Reynsla grannþjóða okkar segir okkur jafnframt að slík mistök eru mjög afdrifarík. Í ljósi þessa er lagt til að frelsi til að kaupa raforku af öðrum en viðkomandi dreifiveitu verði seinkað um ár frá því sem fram kemur í IV. ákvæði til bráðabirgða.“

Herra forseti. Það eru mörg varnaðarorð dregin upp varðandi þessa lagasetningu.

Í lok umsagnar sinnar segir Rarik, með leyfi forseta:

„d) Það breytta rekstrarumhverfi sem frumvarpið gerir ráð fyrir kallar á verulegan nýjan kostnað og þar með hækkun á raforkuverði.“

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á þessu orðalagi í umsögn Rariks, sem ætti að þekkja þarna best til, þ.e. að hið breytta rekstrarumhverfi sem frv. gerir ráð fyrir kallar á verulegan nýjan kostnað og þar með hækkun á raforkuverði.

„Þeir þættir sem valda kostnaðarauka eru m.a. við mælingar og orkuuppgjör vegna viðskipta á gerbreyttum markaði, eftirliti með honum, við að koma á bókhaldsaðskilnaði starfsemisþátta innan fyrirtækja og að skipta dreifiveitum upp í gjaldskrársvæði. Þá verður gerð aukin krafa um arðsemi flutnings- og dreifikerfa. Enn er þá ótalinn kostnaður við eftirlitskerfi, sem ævinlega hefur hneigð til að þenjast út.

e) Eigi er með neinni vissu hægt að draga þennan kostnaðarauka saman í tölum en talið er að hluti hans sé ný fjárfesting í búnaði fyrir mælingar og orkuuppgjör sem geti verið um einn milljarður króna.“

Herra forseti. Reynslan sýnir að í áætlunum sem við gerum um uppbyggingu eftirlitsiðnaðarins förum við ekki með lægri tölur en reyndin verður.

Hvers konar braut erum við hér að fara inn á? Hver á að borga þennan kostnað? Að sjálfsögðu verða neytendur að borga hann. Eins og málinu er nú varið og þar sem það er skilið eftir í uppnámi þá þurfa fyrst og fremst neytendur hinna dreifðu byggða að bera uppi þennan kostnað. Er þetta nú hægt fyrir Framsfl.? Ætlar hæstv. iðnrh. að fylgja eftir þingmönnum sínum um Vestfirði og hjálpa þeim að rökstyðja stefnu Framsfl. í raforkumálum, rökstyðja þá stefnu að þeir láti hjá líða að afgreiða á Alþingi hvernig staðið skuli að flutningskerfi og dreifingu raforku, jöfnuði á verði og verðlagningu? Ætli það geti ekki vafist fyrir hæstv. iðnrh. Framsfl. að fylgja sínum þingmönnum eftir um Norðvesturland og skýra stefnu Framsfl. í raforkumálum?

Raforkumálin voru metnaðarmál á árum áður og hluti af uppbyggingu hins félagslega þjónustukerfis úti um allt land. Þá var Framsfl. félagshyggjuflokkur og vildi byggja upp almannaþjónustu á félagslegum grunni, og ríkið styddi þar við til þess að sem mestur jöfnuður næðist um allt land. En nú eru breyttir tímar, herra forseti, hjá Framsókn. Þegar tekið er eitt viðamesta frv. eins og raforkulagafrv. sem kemur til með að hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir samkeppnishæfni, búsetu og atvinnulíf um allt land er það hlutskipti iðnrh. Framsfl. að skilja eftir í uppnámi allt sem lýtur að hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku, allt sem lýtur að verðjöfnun og verðlagningu í raforku til neytenda, allt þetta er skilið eftir í nefnd. Skipuð er einhver nefnd, nefnd þingflokkanna. Þingflokkarnir eru á Alþingi og geta tekið á málinu þar og óska eftir því að fá að taka á málinu. Þingflokkar sem eiga sæti á Alþingi óska eftir því að það sé afgreitt og tekið sé á þessum málum. Eini fulltrúi Sjálfstfl., varaformaður fjárln. og fjármálasérfræðingur flokksins, sem hefur talað í umræðunni mælir afdráttarlaust gegn þessum vinnubrögðum og framkvæmd og því hvernig að málum er staðið og þau skilin eftir í uppnámi hvað þetta varðar.

Samfylkingin varar einnig við þeirri málsmeðferð sem hér er viðhöfð. Það er einn flokkur hér, flokkur sem eitt sinn kenndi sig við félagshyggju, sem keyrir þetta mál fram af jafnmikilli hörku sem raun ber vitni hér.

Herra forseti. Maður fer að velta því fyrir sér hvort þetta mál njóti þinglegrar meirihlutameðferðar á Alþingi. Það væri a.m.k. ástæða til að heyra viðhorf fleiri þingmanna Sjálfstfl. heldur en þess eina, hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, sem hér flutti skörulega og ákveðna ræðu og lýsti sjónarmiðum sínum. Aðrir þingmenn Sjálfstfl. hafa ekki sagt orð. (**Iðnrh.:** Þeir eru ekki að tefja umræðuna.) Hvar eru þeir?

Hæstv. forseti. Ja, ég veit að hæstv. ráðherra finnst það tafsamt að þurfa að leggja mál fyrir Alþingi. Henni finnst það óþarfi, hæstv. ráðherra, Alþingi eigi ekkert að hafa um svona mál að segja. Nei, þegar ég spyr eftir því hvort það sé bara einn sjálfstæðismaður sem hafi skoðun á þessu máli sem snertir dreifingu á raforku, verð á raforku um allt land, flutningskerfið og hv. þm. er á móti því. Enginn annar þingmaður Sjálfstfl. hefur tekið til máls. (**HBl:** Einhvers staðar stendur: Þögnin getur verið fróðleg þó að hún sé ekki einhlít í einstökum atriðum.) En hún má þó opinberast með formlegum hætti. Ég mundi alveg taka því vel, herra forseti, að hv. þm. Sjálfstfl. kæmu hér í ræðustól og þegðu og létu þannig í ljós skoðanir sínar. Það eru tjáskipti og ég met þau. Kannski fáum við að sjá, herra forseti, hv. þingmenn Sjálfstfl. koma hér upp í ræðustól með hendur í skauti sér og þegja í fimm mínútur eða svo og það væri þeirra innlegg í málið, að undanskildum hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni.

Mér finnst allt of stórt mál vera hér á ferð til að hæstv. ráðherra Framsfl., iðnrh., geti komið og sagt: Æ, farið þið ekki að hætta að tala um þetta. Mér finnst það. Verið er að gjörbylta grundvallaralmannaþjónustu í landinu sem raforkumál eru. Í hugum okkar, þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, er raforka hluti af almannaþjónustu sem myndar grunn fyrir samkeppnishæft atvinnulíf og búsetu

um allt land. Raforkuframleiðslan sjálf hvað þetta varðar á ekki að vera arðsemisatvinnurekstur fyrir saltfisk með það að höfuðmarkmiði að skaffa eigendum sínum arð af því fjármagni sem þeir hafa lagt í uppbyggingu þeirrar þjónustu. Arðurinn af slíkri þjónustustarfsemi á að koma fram í arði samkeppnshæfs atvinnulífs um allt land. En það virðist ekki vera megintilgangur frv.

Herra forseti. Ég get ekki annað en verið á vissan hátt dapur yfir hlutskipti Framsfl. í þessu máli. Ég hafði taugar til félagshyggjuhugsjóna Framsfl. á sínum tíma. Þegar Framsfl. birtist hér hins vegar sem harðasti markaðshyggjuflokkurinn, sá flokkur sem gengur harðast gegn félagshyggju í landinu, sá sem gengur harðast í því að brjóta niður þá félagslegu uppbyggðu almannaþjónustu í landinu, einkavæða hana eða markaðsvæða, hlýtur maður að verða dapur.

Herra forseti. Í ákvæði til bráðabirgða VII í frv. er klykkt út með því að skipa skuli nefnd til þess að fjalla um veigamestu þætti málsins sem frv. tekur á, og á að taka á, þar sem eiga sæti fulltrúar allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi og „í nefndinni skulu jafnframt eiga sæti fimm fulltrúar frá Samorku, tveir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Neytendasamtökunum. Þá skal fjármálaráðherra skipa einn fulltrúa í nefndina og iðnaðarráðherra tvo og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar.“ Alla þá vinnu sem nefndinni er ætlað að vinna væri hægt að inna af hendi innan þingsins og er meira að segja hlutverk þingsins að vinna að með þeim hætti. Á þingi eru þingmenn allra flokka og þingnefndin gat vel kallað til og ráðfært sig við og tekið tillit til ráða þeirra samtaka sem þarna eru talin upp.

Reyndar var það athyglisvert sem kom fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að við ein fjölmennustu launþegasamtökin í landinu, samtök sem flestir starfsmenn raforkugeirans eiga aðild að, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, skuli ekkert samráð vera haft á neinu stigi í meðferð þessa máls. Það læðist að sá grunur að það hefði getað þótt óþægilegt en þarna eru þó gríðarlegir hagsmunir, ekki síst þess starfsfólks sem þarna á í hlut, að fá að eiga aðild að nefndinni.

Fyrir nokkru voru afgreidd á Alþingi lög um hlutafélagavæðingu á Norðurorku, að mig minnir. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðumst gegn því að verið væri að hlutafélagavæða almannaþjónustuna á þann hátt eins og þar var gert og jafnframt þeim flausturslegu vinnubrögðum sem þar voru viðhöfð. Nú er hér á Alþingi verið að flytja frv., góðu heilli, sem tekur á réttindum starfsfólks þessa fyrirtækis sem hafði gleymst að taka á í meðförum frv. á sínum tíma eða styrkja réttarstöðu þess sem hefði mátt gera í því frv. sem þá var lagt fram. Ekki veit ég hvað hæstv. iðnrh., hv. formaður iðnn. og meiri hluti Alþingis sem stendur að þessu frv. hafa ætlað sér að standa að samráði við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og þá hagsmuni sem starfsmenn þess gætu átt í þeim kúvendingum sem hér er verið að taka í raforkumálum. En það hefði þó verið lágmark að eiga frumkvæði að því að hafa samband við þau samtök, fá sjónarmmið þeirra og heyra frá þessu máli. En vinnubrögðin voru ekki á þeim nótum.

Herra forseti. Ég ítreka að þetta frv., eins og hér er ætlunin að keyra það í gegnum þingið, er að mínu mati móðgun við þingið. Í markmiði laganna eru talin upp þau meginatriði sem frv. er ætlað að taka á og snerta raforkumálin, sem er megintilgangur frv. Síðan í viðauka er lagt til að afgreiðslu þessara meginatriða, endalegri afgreiðslu af hálfu þingsins, sé frestað en málið samt keyrt í gegn. Meira að segja er klykkt út með hlutverki nefndarinnar sem skal vinna að þessu skuli vera, „að gera tillögu um fyrirkomulag flutnings á raforku, þar með talið um stærð flutningskerfisins og hvernig rekstri flutningskerfisins og kerfisstjórnunar skuli háttað þannig að öryggi, skilvirkni og hagkvæmni kerfisins verði sem best tryggð. Þá skal nefndin móta tillögur um uppbyggingu gjaldskrár fyrir flutning raforku. Jafnframt skal nefndin móta tillögur um með hvaða hætti jafna eigi kostnaði vegna flutnings og dreifingar raforku.“ Allir þessir veigamestu þættir sem lúta að raforkumálum í landinu eru settir í vinnu hjá nefndinni. Hins vegar er svo sett á hana skrúfstykki. Nefndin skal skila tillögum sínum í formi lagafrv. til iðnrh. eigi síðar en 31. desember 2003, annars eins og hv. þm. Hjálmar Árnason gat um koma öll þau ákvæði óbreytt til framkvæmda eins og lögin kveða á um. Sem sagt fullkomin hótun í þessu máli.

Þetta eru líka enn furðulegri vinnubrögð fyrir það, herra forseti, að þetta þing er nú á sínum síðustu dögum. Eftir tæpa tvo mánuði verður gengið til kosninga og þá verður vonandi núverandi ríkisstjórn rekin frá völdum. Þess vegna er það enn meiri vanvirða við Alþingi að keyra svona mál inn á síðustu dögum þingsins þar sem allur meginhluti þess er skilinn eftir í uppnámi. Málið snertir hina veigamestu þætti sem lúta að samkeppnishæfni atvinnulífs, búsetu og lífskjörum um allt land og þeim grundvallarhugsunum sem hefur mótað íslenskt samfélag um að almannaþjónusta skuli boðin og rekin á félagslegum grunni um allt land með stuðningi ríkisvaldsins. Málið er keyrt fram á síðustu dögum þingsins, á síðustu klukkutímum þess, en samt skilið eftir óafgreitt hvað þetta varðar en með hótun um að frv. nái fram að ganga að fullu hafi ný nefnd ekki skilað af sér tillögum fyrir 31. desember 2003.

Ég teldi, virðulegi forseti, þau vinnubrögð miklu eðlilegri og sanngjarnari að frv. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari vinnslu. Það mætti setja þessa nefnd á stofn ef mönnum þætti einhver huggun í því, sem um er rætt, og hún skilaði þá niðurstöðum og tillögum sínum fyrir næsta þing. Gott og vel með það ef menn treysta ekki því þingi sem hér situr til þess að taka á málinu. En eðlilegast væri að frv. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar og því frestað.

Virðulegi forseti. Ég ítreka að það verður ekki skemmtilegt að þurfa að bera boðskap þessa frv. út um hinar dreifðu byggðir landsins hvað varðar hugmyndafræði fyrir þessa almannaþjónustu, raforkuframleiðsluna til hinna almennu neytenda vítt og breitt um landið. Við erum ekkert að hlakka yfir því að verða að segja að Framsfl. hafi hér gengið fullkomlega af stefnu sinni og fallist á takmarkalausa einkavæðingu og arðsemis- og markaðsvæðingu þessarar grunnalmannaþjónustu, við komum ekki til með að hlakka yfir því. Við vildum svo sannarlega og við viljum það enn og vonum að frv. verði ekki afgreitt hér og því verði vísað til ríkisstjórnarinnar en ekki afgreitt á þessu þingi.

[18:47]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð í enda þessarar umræðu sem nú hefur farið fram í allmarga klukkutíma. Ég vil árétta það enn og aftur að ég held að það fari best á því, eins og ég hef raunar gert tillögu um, að frv. verði sent til ríkisstjórnarinnar til frekari vinnslu og komið með heildstæða lausn á haustdögum eða fyrir næstu áramót, þess vegna 30. desember 2003. Það er aðallega hræðsla mín við að dreifbýlið verði

skilið eftir með óafgreiddan pakka innan þessa orkugeira sem veldur hikinu. Það yrði algjörlega óásættanlegt. Ég er sammála hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni í því að nefnd til þess að taka á því máli hefur engan veginn það afl sem hv. Alþingi hefur til þess að gera það því að það er pólitísk ákvörðun hvernig fara á með félagslega þáttinn og jöfnunina á verðinu. Þess vegna hef ég miklar áhyggjur af framhaldinu ef þetta verður keyrt í gegn svona, óafgreitt með veigamestu þáttunum.

Það er nefnilega svo, virðulegi forseti, að það er ekki nægjanlegt í nýju ljósi fyrir dreifbýlið að það geti búið við svipað orkuverð og er í dag. Það er hróplega ósanngjarnt nú þegar, eins og ég rakti í minni fyrri ræðu. Það getur ekki verið ásættanlegt fyrir dreifbýlið að við skulum vera með þann háttinn á í gegnum Orkubú Vestfjarða og Rarik að þéttbýlisstaðirnir úti á landi skuli borga allan jöfnunarþáttinn. Við verðum að gera það öll, fólkið hér á þéttbýlissvæðunum við Faxaflóa og einnig norður á Akureyri. Ég nefndi í minni fyrri ræðu þær formúlur sem eru notaðar til þess að framkalla slíka jöfnun. Það er tiltölulega einfalt að gera, hvort sem menn vilja fara í einhvers konar auðlindagjald sem yrði notað til niðurgreiðslunnar eða ekki.

Það stendur margri atvinnustarfsemi fyrir þrifum úti á landi hversu hátt orkuverðið er. Ég kom í þjónustuskála við þjóðveginn á Snæfellsnesi um daginn og þar voru mér sýndir orkureikningar fyrir lítið fjölskyldufyrirtæki sem ég hefði ekki trúað ef ég hefði ekki séð þá svart á hvítu, orkureikningar sem byggðu á verði upp á 10 kr. á kílóvattstund sem er algjörlega út úr öllu korti. Þetta tengist náttúrlega líka í sjálfu sér stóriðjustefnunni og kappinu við að framleiða orku til stóriðju. Við stóðum frammi fyrir því, við skulum segja með stóriðju utan við sviga, að Landsvirkjun gat orðið skuldlaus á næstu 15 árum og skapað möguleika til verulegrar orkulækkunar í landinu. En stóriðjustefnan og það að Landsvirkjun leggur áherslu á orkuframleiðslu til stóriðju girðir fyrir þessa möguleika vegna þess að, eins og mönnum er kunnugt, Kárahnjúkavirkjun og þær virkjanir sem Landsvirkjun hyggst fara í hafa bakstuðning og baktryggingu í Landsvirkjun og þar með Reykjavíkurborg, Akureyrarbæ og hjá ríkinu. Þetta hefur margoft komið fram í mínum ræðuhöldum um orkumál.

Þetta er ósanngjarnt hvað varðar landsbyggðina. Það er ekkert frekar mál, við skulum segja, Dalvíkinga eða Sauðkrækinga að greiða niður orku fyrir óarðbæra þáttinn inn til dala en Akureyringa eða Reykvíkinga. Og ég held að þegar menn tala um þetta hér séu þeir í raun og veru allir sammála um þetta en hæstv. ríkisstjórn hefur ekkert gert í því að lagfæra þetta óréttlæti. Ég held að allir sjái að þetta er mjög mikið óréttlæti og það munar gríðarlega mikið um þennan orkuþátt í öllum iðnaði úti um land.

Tökum bara nauðsynlega þjónustu, t.d. bakarí á litlum stað. Orkureikningur fyrir bakarí, lítið fjölskyldufyrirtæki, hleypur á hundruðum þúsunda á ári eftir yfirtöku Rafmagnsveitna ríkisins á Rafveitu Sauðárkróks. Fatahreinsun sem notar mikla orku eyðir fleiri hundruð þúsundum, kannski hálfum árslaunum, í orkukostnað núna.

Við getum líka farið í stærri skala og tekið rækjuverksmiðjur sem kaupa rándýra orku, upp í 10 kr. kílóvattstundina. Sums staðar hefur maður séð hærra verð, allt upp í 12 kr. Jafnvel verðið frá 6 og upp í 10 kr. er algjörlega óásættanlegt. Að ekki skuli vera tekið á þessum hlutum með myndarlegum hætti boðar ekki gott. Nefnd mun ekki gera það, það er helst að gera það hér á hinu háa Alþingi með tillöguflutningi sem er algjörlega naglfastur í heildarfrv. (**SvanJ:** Rétt fyrir kosningar.) Og sennilega væri best að gera það rétt fyrir kosningar, eins og gripið er fram í hér af hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur.

Þeir sem hafa úttalað sig hér í kvöld um þetta mál eru eiginlega allir á einu máli um að stefna beri að því að hafa heildarpakkann undir við afgreiðslu þessa máls. Það er kallað eftir því að málið verði sent til ríkisstjórnarinnar aftur, *óafgreitt héðan, þannig að hægt sé að setja þetta dæmi saman* og sjá heildstæða mynd. Það er algjörlega nauðsynlegt. Ég held að við verðum að fara fram á það við hæstv. iðnrh. að þannig verði staðið að málum, málið sé ekki það aðkallandi enda búið að vinna grunnvinnuna. Og eins og ég sagði áðan vil ég halda því til haga að ég held að þetta mál hafi verið mjög vel unnið og vel kynnt í nefnd og farið í gegnum það á mjög fagmannlegan hátt. Eiga embættismenn ráðuneytisins góðar þakkir skildar fyrir það, þetta var mjög vel matreitt. Það vantar ekki, en það sem við erum að tala um hér, það sem út af stendur, er bara pólitísk sýn á það hvernig á að standa að málum. Þar stendur hnífurinn í kúnni.

Ég held að við gerum okkur ekki grein fyrir því almennilega hvað þessi orkumál hafa mikla þýðingu fyrir atvinnulífið á landsbyggðinni, samanber þessi dæmi sem ég var að nefna. Þetta er svo ótrúlega stór þáttur í þessum fyrirtækjum, nauðsynlegum þjónustufyrirtækjum fyrir okkar dreifðu byggðir og inni í litlum bæjum og byggðum hringinn í kringum landið, mjög nauðsynlegur. Og það sem verra er er að framleiðsluiðnaðurinn okkar ætlar ekki að komast í þá stöðu að geta notið lægra orkuverðs, og getum við þá tekið síldarbræðslurnar sem dæmi.

Ég vil loka þessu máli enn og aftur með kröfunni um það, eins og ég setti fram í nál. mínu, að frv. verði ekki keyrt fram til atkvæðagreiðslu og samþykkt í þeim búningi sem það er. Því verði vísað til ríkisstjórnarinnar, hagsmuna landsbyggðarinnar verði gætt í hvívetna með afgreiðslu á heildardæminu. Það verði ekki sett í nefnd sem er skipuð fulltrúum utan þings. Slík nefnd hefur ekki það vægi að hún geti gætt hagsmuna landsbyggðarinnar. Af reynslu veit ég að hún mun ekki geta það. Hún hefur ekki það afl. Eina aflið sem getur keyrt fram réttlæti á þeim nótum sem ég hef verið að tala um er hér, hið háa Alþingi. Hér eru kraftarnir til þess og þá á að nota.

[18:58]

Adolf H. Berndsen:

Herra forseti. Því er ekki að leyna að það mál sem hér er til umræðu veldur mér áhyggjum. Það er búið að koma inn á mörg þau atriði sem ég vil nefna en ég vil þó fara áfram yfir þau.

Ég verð samt að byrja á því að segja að margt jákvætt hefur unnist sem snýr að byggðamálunum í tengslum við jöfnun húshitunarkostnaðar, svo ég nefni dæmi, þar sem iðnrh. og ríkisstjórn hafa staðið myndarlega að hlutunum. Það hefur haft jákvæð áhrif með því að niðurgreiða raforku til húshitunar á svokölluðum köldum svæðum. Þetta er mjög jákvætt mál og rétt að halda því til haga í allri umræðu.

Varðandi það mál sem hér er til umfjöllunar er því ekki að leyna að ég deili þeim áhyggjum sem hér hafa komið fram um hvernig skilið er við það. Það hlýtur að gefa augaleið að valdið liggur hér á Alþingi, að taka á þessum málum sem hér er verið að nefna. Ég hef áhyggjur af stöðu landsbyggðarinnar í hinni svokölluðu 17 manna nefnd. Ekki að ég

vefengi einstaka menn sem þar kunna að koma að málum en ég er búinn að vera það lengi í sveitarstjórnarmálum að ég hef séð að það er ekki alltaf sjónarmið hinna dreifðu byggða sem verður ofan á, jafnvel þótt það sé af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þess vegna finnst mér ábyrgðarhluti að skilja við málið svona. Það er búið að hafa langan aðdraganda, búið að vera í kynningu hér og umræðu og mér finnst nauðsynlegt að því verði lokið hér á hinu háa Alþingi.

Ég er talsmaður samkeppni en ég get hins vegar ekki leynt því að ég tel að hún eigi ekki alls staðar við. Ég hef áhyggjur af því varðandi þessi nýju raforkulög að þar verði henni ekki alls staðar komið við og það verði að tryggja númer eitt, tvö og þrjú stöðu hinna dreifðu byggða gagnvart jöfnun. Það þarf fjármuni til þess og það er stjórnvalda og hins háa Alþingis að tryggja þá fjármuni. Ég ítreka að mér finnst að það eigi að liggja fyrir hér áður en þetta mál er afgreitt hvernig menn ætla að lenda því.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 19:01]

[20:04]

Útbýting þingskjala:

Ástæður komu á bráðamóttöku, 459. mál, svar heilbrrh., þskj. 1274.

Rafmagnseftirlit og ástand raflagna á sveitabýlum, 644. mál, svar iðnrh., þskj. 1308.

Rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar, 254. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1340.

Stuðningur við frjáls félagasamtök, 88. mál, svar sjútvrh., þskj. 1313.

Veiting ríkisborgararéttar, 713. mál, frv. allshn., þskj. 1341.

Raforkuver, frh. 2. umr.

Stjfrv., 670. mál (Norðlingaölduveita, Nesjavallavirkjun og Hitaveita Suðurnesja). — Þskj. 1090, nál. 1264, 1280 og 1305.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:06]

1. gr. samþ. með 39:4 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KF, KÓ, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, ÞKG.

nei: JB, KolH, ÞBack, ÖJ.

20 þm. (AHB, ÁSJ, ÁMM, EOK, EMS, GÁ, GÖ, HÁs, KVM, KHG, KLM, KPál, LMR, SJóh, SJS, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2. gr samþ. með 39:4 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KF, KÓ, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG.

nei: JB, KolH, ÞBack, ÖJ.

20 þm. (AHB, ÁSJ, ÁMM, EOK, EMS, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, KVM, KHG, KLM, KPál, LMR, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 15.–37. mál.

Fundi slitið kl. 20:06.

100. FUNDUR

fimmtudaginn 13. mars,
að loknum 99. fundi.

Dagskrá:

1. Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, stjfrv., 597. mál, þskj. 958, nál. 1299, brtt. 1300. — 2. umr.

2. Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 618. mál, þskj. 989, nál. 1293. — Síðari umr.

3. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 619. mál, þskj. 990, nál. 1292. — Síðari umr.

4. Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 638. mál, þskj. 1034, nál. 1291. — Síðari umr.

5. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 639. mál, þskj. 1035, nál. 1290. — Síðari umr.

6. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 663. mál, þskj. 1079, nál. 1289. — Síðari umr.

7. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 664. mál, þskj. 1080, nál. 1288. — Síðari umr.

8. Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 665. mál, þskj. 1081, nál. 1287. — Síðari umr.

9. Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 666. mál, þskj. 1082, nál. 1286. — Síðari umr.

10. Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 667. mál, þskj. 1083, nál. 1285. — Síðari umr.

11. Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 668. mál, þskj. 1084, nál. 1284. — Síðari umr.

12. Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, þáltill., 34. mál, þskj. 34, nál. 1279. — Síðari umr.

13. Rannsóknir á þorskeldi, þáltill., 35. mál, þskj. 35, nál. 1245. — Síðari umr.

14. Strandsiglingar, þáltill., 47. mál, þskj. 47, nál. 1298. — Síðari umr.

15. Atferlis- og eldisrannsóknir á þorski á Vestfjörðum, þáltill., 52. mál, þskj. 52, nál. 1244. — Síðari umr.

16. Verndun búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi, þáltill., 55. mál, þskj. 55, nál. 1304. — Síðari umr.

17. Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, þáltill., 192. mál, þskj. 193, nál. 1259. — Síðari umr.

18. Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla, þáltill., 171. mál, þskj. 172, nál. 1307. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

19. Aðstaða til hestamennsku, þáltill., 334. mál, þskj. 364, nál. 1320. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

20. Almannavarnir o.fl., stjfrv., 464. mál, þskj. 1249. — 3. umr.
21. Ársreikningar, stjfrv., 427. mál, þskj. 1166. — 3. umr.
22. Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, stjfrv., 375. mál, þskj. 1252. — 3. umr.
23. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, stjfrv., 538. mál, þskj. 1169. — 3. umr.
24. Kosningar til Alþingis, stjfrv., 391. mál, þskj. 1182. — 3. umr.
25. Tollalög, stjfrv., 611. mál, þskj. 974. — 3. umr.
26. Rannsókn sjóslysa, stjfrv., 552. mál, þskj. 1328. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
27. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 598. mál, þskj. 959. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
28. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 671. mál, þskj. 1091. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
29. Raforkulög, stjfrv., 462. mál, þskj. 700, nál. 1230, 1262 og 1309, brtt. 1231. — Frh. 2. umr.
30. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 463. mál, þskj. 701, nál. 1232 og 1263, brtt. 1233. — Frh. 2. umr.
31. Orkustofnun, stjfrv., 544. mál, þskj. 891, nál. 1295. — 2. umr.
32. Íslenskar orkurannsóknir, stjfrv., 545. mál, þskj. 892, nál. 1303. — 2. umr.
33. Stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, stjfrv., 648. mál, þskj. 1053, nál. 1294 og 1302. — 2. umr.
34. Raforkuver, stjfrv., 670. mál, þskj. 1090. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
35. Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis suður, stjfrv., 650. mál, þskj. 1059, nál. 1283. — 2. umr.
36. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 488. mál, þskj. 804, nál. 1318. — 2. umr.
37. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 636. mál, þskj. 1031, nál. 1321. — 2. umr.
38. Námsstyrkir, stjfrv., 446. mál, þskj. 629, nál. 1270. — 2. umr.
39. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 453. mál, þskj. 1248, brtt. 1301 og 1322. — 3. umr.
40. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 602. mál, þskj. 963, nál. 1255. — 2. umr.
41. Sjómannalög, frv., 60. mál, þskj. 60, nál. 1227. — 2. umr.
42. Færeyska fiskveiðistjórnarkerfið, þáltill., 56. mál, þskj. 56, nál. 1243, brtt. 1317. — Síðari umr.
43. Húsnæðissamvinnufélög, stjfrv., 396. mál, þskj. 457, nál. 1234 og 1315. — 2. umr.
44. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 422. mál, þskj. 533, nál. 1246 og 1306, brtt. 1247. — 2. umr.
45. Lyfjalög og læknalög, stjfrv., 423. mál, þskj. 538, nál. 1238, brtt. 1239. — 2. umr.
46. Hafnalög, stjfrv., 661. mál, þskj. 1075, nál. 1236 og 1336, brtt. 1237. — 2. umr.
47. Fjarskipti, stjfrv., 599. mál, þskj. 960, nál. 1258 og 1324. — 2. umr.
48. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 600. mál, þskj. 961, nál. 1257 og 1325. — 2. umr.
49. Fjáraukalög 2003, stjfrv., 653. mál, þskj. 1063, nál. 1228, 1323 og 1337. — 2. umr.
50. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 610. mál, þskj. 973, nál. 1296. — 2. umr.
51. Virðisaukaskattur, stjfrv., 669. mál, þskj. 1086, nál. 1297. — 2. umr.
52. Kjaradómur og kjaranefnd, stjfrv., 683. mál, þskj. 1110, nál. 1278. — 2. umr.
53. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 713. mál, þskj. 1341. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
54. Uppbygging ferðaþjónustu á Melrakkasléttu, þáltill., 691. mál, þskj. 1146. — Fyrri umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:11]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. og útbýtingu þskj. í 18.–19., 26.–28., 34. og 53. máli. — Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fyrirspurn um starfslokasamninga hjá Byggðastofnun. [20:12]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna fyrirspurnar sem ég á hér inniliggjandi til hæstv. viðskrh. um starfslokasamninga hjá Byggðastofnun þar sem ég hef óskað eftir skriflegu svari. Frestur til að svara rennur út á morgun sem mun verða síðasti dagur þingsins ef við höldum dagskrá sem ég geri ráð fyrir.

Hæstv. ráðherra hefur tjáð mér í samtali að líklega muni ekki vera hægt að svara þessari fyrirspurn vegna þess hversu viðamikil hún er. Ég fer því fram á það hér, herra forseti, að hæstv. ráðherra svari a.m.k. þeim spurningum sem hún hefur svör við fyrirliggjandi nú þegar. Hæstv. ráðherra hlýtur a.m.k. að vita hver heildarkostnaður ríkissjóðs er við þá starfslokasamninga sem hæstv. ráðherra hefur gert við fyrrverandi forstjóra Byggðastofnunar og einnig hversu kostnaðarsamur sá hluti er sem varðar lífeyrisgreiðslurnar í þessum starfslokasamningum. Því fer ég fram á að hæstv. ráðherra svari á morgun þeim spurningum sem hún hefur tök á að svara áður en þingi lýkur fyrir vorið. [20:13]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er ekki rétt sem kemur fram hjá hv. þm. að frestur renni út á morgun varðandi þá fyrirspurn sem hún hefur lagt fram. Hið rétta er að fyrirspurnin var dagsett 4. mars og fresturinn er veittur í tíu virka daga samkvæmt þingsköpum sem þýðir að svarfrestur rennur út nk. þriðjudag. Fyrirspurnin er í 12 liðum og mjög ítarleg og það er því mjög líklegt að ráðuneytið hefði þurft að sækja eftir auknum fresti til svara. Byggðastofnun sá um gerð samninganna og greiðslur vegna þeirra og ráðuneytið hefur leitað til stofnunarinnar eftir upplýsingum vegna fyrirspurnarinnar. Þau svör sem bárust upplýstu hins vegar ekki alla þætti og þess vegna telur ráðuneytið nauðsynlegt að leita á ný til stofnunarinnar eftir frekari upplýsingum. Í 6. lið var óskað eftir fordæmum við tilfærslu lífeyrisréttinda. Ráðuneytið hefur leitað til starfsmannaskrifstofu fjmrn. og fékk þau svör að þar er ekki haldið utan um starfslokasamninga. Ráðuneytið þyrfti því að skrifa til annarra ráðuneyta og undirstofnana til að fá svör við þeirri spurningu. Það er því augljóslega ekki hægt að verða við því að svara þessari fyrirspurn ef þingi lýkur á morgun

en miðað við það að hv. þm. hefur nú breytt fyrirspurninni, ég veit ekki hvernig þingsköp snúa að því, hvort það þarf þá að dreifa nýju þskj. í kvöld en ég get alveg reynt að svara einhverjum af þessum spurningum á morgun en ekki þessum 12 liðum. Það er augljóst.

[20:15]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil af þessu tilefni taka fram að ég hef ekki í höndum gögn um að þessi fyrirspurn sem hér er rætt um hafi verið dregin til baka né að henni sé breytt. Fyrirspurnin liggur fyrir hér á þskj. og hæstv. ráðherra ber að svara fyrirspurninni eins og hún liggur fyrir á þskj. en ekki einhvern veginn öðruvísi.

Ég vil af þessum orðaskiptum líka taka fram að í 6. mgr. 49. gr. þingskapa stendur:

„Ef óskað er skriflegs svars sendir ráðherra forseta það að jafnaði eigi síðar en tíu virkum dögum eftir að fyrirspurn var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið" o.s.frv. Það er því rétt sem hæstv. ráðherra segir um það efni að fyrirspurnin var lögð fram 4. mars og þá ber að telja tíu virka daga.

[20:16]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Í tilefni orðaskipta hv. 15. þm. Reykv. og hæstv. ráðherra er rétt að rifja það upp þannig að það fari ekki á milli mála að það var hæstv. ráðherra sjálf í einu og öllu sem hafði frumkvæði að þessum starfslokasamningum. Hún hafði það á orði hér að stjórn Byggðastofnunar og yfirmenn í Byggðastofnun hefðu séð um þetta. Það var ekki svo. Það var hæstv. ráðherra sjálf sem í einu og öllu tók þær pólitísku ákvarðanir sem lutu að því að leysa viðkomandi starfsmenn frá störfum, sérstaklega þann síðari, og hún tók einnig pólitíska ákvörðun um það sjálf hversu háar þær greiðslur yrðu. Það kemur því afskaplega mikið á óvart að það skuli standa í hæstv. ráðherra að svara því hikstalaust, og raunar í fyrstu umferð máls, hvað það kosti ríkissjóð að ganga til slíkra samninga. Það undrar mig.

Ég vil minna á, herra forseti, að sá frestur sem hér er mikið um ræddur er hámarksfrestur þannig að það er engin frágangssök að hæstv. ráðherra svari fyrr. En af því að við erum að ljúka þingstörfum og mér heyrist á hæstv. ráðherra að það standi eitthvað í henni að leita á skrifborðinu hjá sér um þessar upplýsingar, þá geng ég a.m.k. út frá því sem vísu að ráðherra sendi þessi svör með öðrum hætti til þingmanna þó að þingið verði farið heim því ekki trúi ég því að hún vilji liggja á þessum upplýsingum.

[20:18]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég hygg að óhjákvæmilegt sé að kynna hv. þingmanni þingsköpin eins og þau liggja fyrir. 6. mgr. 49. gr. þingskapa fjallar um fyrirspurnir. Þar segir:

„Ef óskað er skriflegs svars sendir ráðherra forseta það að jafnaði eigi síðar en tíu virkum dögum eftir að fyrirspurn var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið og skal það prentað og útbýtt meðal þingmanna á fundi."

Það eru því alveg skýrar reglur um það hvernig fer um skriflegar fyrirspurnir sem lagðar eru fram með þinglegum hætti og forsætisnefnd ber að sjá um að eftir þeim reglum sé farið.

[20:18]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það eru fordæmi fyrir því að hæstv. ráðherra hafi ekki svarað öllum spurningum á fyrirspurnaskjali. Ég hef lent í því að fá svör við hluta spurninganna og við öðrum spurningum sem hafa borist ráðherranum hafa komið svör um það að ekki hafi gefist tóm til eða ekki tekist að svara öllum spurningunum.

Hæstv. forseti talar um að það fresturinn sé tíu dagar. Það má vera fyrr, hámarkið er tíu dagar. Ég fer fram á það að hæstv. ráðherra svari þeim spurningum sem hún hefur svör við á fyrirspurn minni. Ég mun ekki gera athugasemdir við það ef hún hefur ekki einhver af þessum svörum tiltæk en ég get ekki ímyndað mér annað en hæstv. ráðherra viti hversu mikið það hefur kostað ríkissjóð að gera þessa starfslokasamninga. Það hlýtur að liggja fyrir. Enda var ég búin að fá svar við fyrirspurnum um starfslokasamninga Byggðastofnunar þannig að allar þessar upplýsingar hljóta að liggja á borði inni í ráðuneyti hjá hæstv. ráðherra því að hér eru aðeins viðbótarspurningar sem ég lagði fram eftir að ég hafði fengið svar við fyrri fyrirspurn minni um sama efni.

Ég fer fram á það, hæstv. forseti, að hæstv. ráðherra sendi forseta svör á morgun við þeim spurningum á fyrirspurnaskjalinu sem hún hefur tiltæk. Svör við öðrum spurningum geta þá hljóðað upp á það að hæstv. ráðherra hafi ekki svörin á reiðum höndum.

[20:20]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil taka fram að ekki eru efni til athugasemda við hæstv. ráðherra vegna þessarar fyrirspurnar. Starfsáætlun þingsins hefur legið fyrir og er öllum þingmönnum kunnug. Þingmenn hafa haft í hendi sér að leggja fram fyrirspurnir þegar þeim hefur þótt henta og að sjálfsögðu hlýtur forseti að ætlast til þess að þingmenn vinni samkvæmt þingsköpum og ber að gera það.

[20:21]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það er fullkomlega ástæðulaust að lesa mér pistilinn hér og fara yfir þingsköpin með mér. Ég kann þau út í hörgul. Og hafi hæstv. forseti fylgst með orðum mínum, þá fór ég þess á leit við hæstv. ráðherra að ef svo færi að þing væri farið heim, hvort hún væri ekki tilleiðanleg að senda okkur í pósti, án atbeina forseta þingsins, þau efnisatriði sem um er spurt. Það var erindi mitt fyrst og síðast og lýtur ekki að þingsköpum í einu eða öðru.

Það er hins vegar athygli vert, herra forseti, að í hvert einasta skipti sem starfslokasamninga, og þeir eru ófáir, ber á góma á hinu háa Alþingi þá virðist allt fara á annan endann og menn bara missa sig gjörsamlega. Ég rifja upp í því sambandi leynisamninginn við forstjóra Pósts og síma sem, þrátt fyrir tilraunir nefndarmanna í samgn. um að fá það út, fékkst ekki og laut að þáltill. sem þingflokkur Samfylkingarinnar flutti þannig að það er allt á sömu bókina lært þegar kemur að þessum fyrirspurnum. Menn hrökkva í baklás og í efnislegri orðræðu sem hv. þingmenn eiga við hæstv. ráðherra, þar sem spurt er um efnisatriði fyrst og síðast, þá virðist eins og hæstv. forseti þingsins sé kominn í pólitíska vörn fyrir hæstv. ráðherra. Ég hélt að hún væri alveg fær um það, eða fram að þessu hefur hún a.m.k. reynt að verja sig sjálf.

[20:22]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég hef verið að fylgjast með þessum umræðum. Ég hef ekki tekið eftir því að nokkur einasti maður hafi misst sig í salnum. Ég veit ekki hvernig það mundi lýsa sér í salnum. En eins og þetta virkar á mig og blasir við mér,

þá er það þannig að hv. þm. kom of seint með fyrirspurnina vegna þess að augljóst var þegar hún var lögð fram að það var skemmri tími en tíu virkir dagar eftir af þingtímanum þannig að hv. þm. tók áhættuna af því að fyrirspurnin væri allt of seint fram komin.

Þessi starfslokasamningur, ef ég man þetta rétt, er svo gamall að þingmönnum var í lófa lagið, ef áhuginn var fyrir hendi, að koma löngu fyrr með þessa fyrirspurn þannig að hv. þm. tók áhættuna af því að fá ekki svar og við því er ekkert að segja. Það hefur enginn misst sig í málinu, ekki nokkur maður nema kannski þingmaðurinn sem missti af tækifærinu af því að hún kom of seint fram.

[20:23]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég er alveg sammála hæstv. forsrh. Mér finnst hlutirnir alls ekki vera á öðrum endanum í þingsalnum. En eins og hér hefur komið fram hafði hv. þm. áður lagt fram fyrirspurn um sama efni og henni hafði verið svarað. Í því svari kemur m.a. fram hver eru heildarlaun þeirra einstaklinga sem þarna áttu í hlut, sem í öðru tilfellinu voru 650 þús. kr. á mánuði og hinu tilfellinu 590 þús. kr. á mánuði, auk þess að um var að ræða 13. mánuðinn í því tilfelli. Það hafa því þegar verið gefnar heilmiklar upplýsingar um þetta atriði en það er hins vegar svo að hv. þm. vildi fá frekari upplýsingar og sú fyrirspurn var mjög ítarleg, kallaði á mjög ítarleg svör. Og eins og ég fór yfir áðan, þá náðist ekki að fá þær upplýsingar á þeim tíma sem um var að ræða. Hv. þm. getur bara brosað yfir því en þannig er þetta.

Eins og ég sagði gaf starfsmannaskrifstofa fjmrn. þær upplýsingar að ekki væri haldið utan um þessa hluti þannig lagað séð að hægt væri að finna þá alla á einum stað. Og þegar spurt er um fordæmi, þá þarf að fara til allra ráðuneyta og allra undirstofnana. Þessar upplýsingar liggja einfaldlega ekki fyrir.

Ég held að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, varaforseti þingsins, hafi ekki alveg haft þingsköpin í huga þegar hann sagði að ég skyldi bara senda þingmönnum þessi svör. En samkvæmt þingsköpum, eins og hæstv. forseti hefur farið yfir, á ráðherra að senda forseta svörin en ekki þingmönnum. Það er ekki nokkur hlutur hér sem þolir ekki dagsljósið en ég get hins vegar alveg sagt að það er aldrei gert með neinni sérstakri gleði af hálfu ráðherra þegar þarf að grípa til aðgerða eins og þessara, að gera starfslokasamninga við forstjóra fyrirtækja. Það er bara ekki þannig. En stundum eru aðstæður þannig að það er besti kosturinn og þá er það yfirleitt gert.

Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, 2. umr.

Stjfrv., 597. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 958, nál. 1299, brtt. 1300.

[20:26]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti utanrmn. um frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu var undirritaður í Vaduz í Liechtenstein 21. júní 2001 og tók hann gildi 1. júní 2002. Fullgilding samningsins kallaði á fjölmargar lagabreytingar hér á landi sem voru að hluta til gerðar með lögum nr. 76/2002, um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, en málið var til meðferðar í utanríkismálanefnd á síðasta þingi. Eftir gildistöku þeirra laga kom í ljós að frekari lagabreytinga var þörf og er bætt úr því með þessu frumvarpi. Markmið lagabreytinganna er sem áður fyrst og fremst að veita svissneskum ríkisborgurum og lögaðilum rétt til samræmis við EES-borgara þar sem það leiðir af nýjum stofnsamningi EFTA.

Við athugun nefndarinnar á málinu kom í ljós að í frumvarpið vantaði enn breytingar á nokkrum lagaákvæðum og leggur nefndin því til að þeim verði bætt við.

Nefndin leggur einróma til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

[20:28]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrstu 11 málin á dagskrá þessa fundar eru frá utanrmn. og hin málin eru öll breytingar á viðaukum við EES-samninginn og verður mælt fyrir þeim í framhaldi af ræðu formanns nefndarinnar, Sigríðar Önnu Þórðardóttur. Ég vil taka það fram að það er sameiginlegt nefndarálit við öllum þessum málum og lýsa því að Samfylkingin stendur að afgreiðslu þeirra allra þannig að ég tel ekki ástæðu til að taka til máls um þau mál sem verður mælt fyrir í kjölfar fyrsta málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 618. mál (póstþjónusta). — Þskj. 989, nál. 1293.

[20:29]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2002, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn. Efni tilskipunar þeirrar sem hér um ræðir hefur þegar verið lögfest á Alþingi með frv. sem hæstv. samgrh. lagði fram á haustþingi og varð að lögum fyrir áramót.

Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 619. mál (upplýsingamiðlun til launamanna o.fl.). — Þskj. 990, nál. 1292.

[20:30]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti utanrmn. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

Markmið þeirrar tilskipunar sem hér er verið að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara af er að setja fram lágmarksskilyrði um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs innan fyrirtækja og er aðildarríkjunum falið að skilgreina hvernig staðið skuli að því í samræmi við lög og venjur sem gilda í samskiptum aðila vinnumarkaðarins í hverju landi. Gert er ráð fyrir því að aðildarríkin geti valið fyrir hversu stór fyrirtæki tilskipunin skuli gilda, þ.e. hvort hún gildi um fyrirtæki sem hafa a.m.k. 50 starfsmenn í vinnu eða a.m.k. 20 starfsmenn.

Aðildarríkjunum er falið að ákveða hvort efni hennar verði innleitt með lagasetningu eða ákvæðum í kjarasamningum.

Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 638. mál (bótaábyrgð flugfélaga). — Þskj. 1034, nál. 1291.

[20:32]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2002, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

Megintilgangur reglugerðar þeirrar sem fella skal inn í EES-samninginn er að samræma regluverk um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa og tengist samþykkt nýs sáttmála um samræmingu tiltekinna reglna um loftflutninga milli landa, svokallaðs Montreal-samnings frá 1999.

Innleiðing reglugerðarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og er gert ráð fyrir að frumvarp til laga um breytingu á loftferðalögum verði lagt fram á 130. löggjafarþingi. Jafnframt er gert ráð fyrir að Ísland fullgildi Montreal-samninginn.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 639. mál (gjaldþol tryggingafyrirtækja). — Þskj. 1035, nál. 1290.

[20:33]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti utanrmn. um till. til þál. um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2002 og 165/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Meginmarkmið þeirra tilskipana sem hér er verið að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara af eru breytingar á reglum um gjaldþol vátryggingafélaga en það felur m.a. í sér að lágmarksfjárhæðir gjaldþols eru hækkaðar verulega miðað við gildandi íslenskan rétt og taka þarf inn bein ákvæði um matsheimildir eftirlitsstjórnvalda og skyldu þeirra til afskipta af málum telji þau réttindum vátryggingartaka stefnt í hættu. Þá verða kröfur vegna tiltekinna skilgreindra aðstæðna auknar í einhverjum tilfellum.

Viðskiptaráðherra lagði fram lagafrumvarp þessa efnis á haustþingi sem var afgreitt sem lög frá Alþingi hinn 10. mars sl.

Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 663. mál (vátryggingafélög). — Þskj. 1079, nál. 1289.

[20:35]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá utanrmn. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Efni tilskipunar þeirrar sem hér er verið að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara af hefur þegar verið lögfest á Alþingi með frv. sem viðskrh. lagði fram fyrr í vetur og varð að lögum 10. mars sl.

Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 664. mál (lánastofnanir). — Þskj. 1080, nál. 1288.

[20:36]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Megintilgangur þeirrar tilskipunar sem hér er verið að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara af er að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á aðgerðum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og samvinnu varðandi endurskipulagningu fjárhags og slit lánastofnana og vissa lágmarkssamræmingu landsreglna um þessi atriði.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og samkvæmt upplýsingum frá viðskiptaráðuneyti mun stefnt að því að leggja fram frumvarp til nauðsynlegra lagabreytinga á 130. löggjafarþingi, en undirbúningur að innleiðingu tilskipunarinnar er nýlega hafinn.

Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 665. mál (fylgiréttur höfunda). — Þskj. 1081, nál. 1287.

[20:37]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2002, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn.

Megintilgangur þeirrar tilskipunar sem hér er verið að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara af er að samræma reglur um gjald til höfunda vegna endursölu listaverka í atvinnuskyni. Samkvæmt gildandi lögum miðast gjald til höfunda við 10% af söluverði verkanna. Innleiðing tilskipunarinnar mun hafa þau áhrif að endursölugjald lækkar og mun almennt verða í kringum 5%.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og þurfa nauðsynlegar breytingar að hafa verið gerðar fyrir 1. janúar 2006.

Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 666. mál (umferð á sjó). — Þskj. 1082, nál. 1286.

[20:39]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2003, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

Meginefni þeirrar tilskipunar sem hér er verið að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara af fjallar um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis Evrópusambandsins fyrir umferð á sjó, jafnframt því sem felld er úr gildi tilskipun 93/75/EBE, um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan bandalagsins. Gert er ráð fyrir að yfirvöld hvers aðildarríkis haldi utan um upplýsingar um skip sem flytja hættulegan eða mengandi varning. Markmið slíks eftirlits- og upplýsingakerfis með umferð skipa er að draga úr hættu á mengunarslysum og -óhöppum og draga jafnframt úr áhrifum slíkra slysa eða óhappa á umhverfi sjávar og á heilsu manna. Þá er kveðið á um auðkenningarkerfi skipa, ferðaskráningarkerfi, ráðstafanir til að draga úr hættu á óhöppum, aðstoð við skip í nauðum og samstarf milli ríkja.

Samgönguráðherra lagði fram lagafrumvarp þessa efnis í nóvember á síðasta ári og var málið afgreitt sem lög frá Alþingi 10. mars sl.

Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 667. mál (tóbaksvörur). — Þskj. 1083, nál. 1285.

[20:40]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti utanrmn. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.

Meginmarkmið þeirrar tilskipunar sem verið er að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara af er að samræma lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna um hámarksmagn tjöru, nikótíns og kolsýrings sem vindlingar mega gefa frá sér og viðvaranir er varða heilsufarsleg atriði og aðrar upplýsingar á umbúðum tóbaksvarnings með það fyrir augum að ryðja úr vegi viðskiptahindrunum með þessa vöru. Þá er mælt fyrir um tilteknar ráðstafanir sem varða innihaldsefni og lýsingu á tóbaksvörum þar sem heilsuvernd er höfð að leiðarljósi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur þegar lagt fram frumvarp þessa efnis sem varð að lögum 10. mars sl.

Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 668. mál (uppfinningar í líftækni). — Þskj. 1084, nál. 1284.

[20:42]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti utanrmn. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2003, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn.

Meginmarkmið þeirrar tilskipunar sem hér er verið að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara af er að samræma ákvæði um einkaleyfishæfi uppfinninga á sviði líftækni en með líftækni er átt við starfsemi þar sem notaðar eru örverur, dýra- eða plöntufrumur eða frumuhlutar til að framleiða afurðir eða umbreyta þeim, kynbæta plöntur eða dýr eða breyta örverum í hagnýtum tilgangi. Í tilskipuninni eru jafnframt skýr ákvæði um að ekki megi veita einkaleyfi á aðferðum við að klóna menn eða breyta erfðaeiginleikum kynfrumna manna. Einnig er kveðið á um bann við veitingu einkaleyfis á notkun fósturvísa í hagnaðarskyni eða á öðrum uppfinningum sem stríða gegn allsherjarreglu eða siðgæði.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og þurfa nauðsynlegar lagabreytingar að hafa tekið gildi eigi síðar en 31. júlí 2003.

Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannavarnir o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 464. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1249.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ársreikningar, 3. umr.

Stjfrv., 427. mál (EES-reglur). — Þskj. 1166.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, 3. umr.

Stjfrv., 375. mál. — Þskj. 1252.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 538. mál (heildarlög). — Þskj. 1169.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til Alþingis, 3. umr.

Stjfrv., 391. mál (talning atkvæða, kjörseðlar o.fl.). — Þskj. 1182.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 3. umr.

Stjfrv., 611. mál (aðaltollhöfn í Kópavogi). — Þskj. 974.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsókn sjóslysa, 3. umr.

Stjfrv., 552. mál (starfshættir rannsóknarnefndar, aðsetur o.fl.). — Þskj. 1328.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuréttindi útlendinga, 3. umr.

Stjfrv., 598. mál (búsetuleyfi, EES-reglur). — Þskj. 959.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis suður, 2. umr.

Stjfrv., 650. mál. — Þskj. 1059, nál. 1283.

[20:46]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. allshn. um frv. til laga um breytingu á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis suður.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Alþingi samþykki breytingar á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis suður til samræmis við samkomulag sveitarfélaganna. Samkvæmt heimild í 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga hefur félagsmálaráðuneytið breytt mörkunum til staðfestingar á nefndu samkomulagi. Samkvæmt 129. gr. laga um kosningar til Alþingis verður ákvæðum um kjördæmamörk ekki breytt nema Alþingi samþykki það með $^2/_3$ hluta atkvæða, sbr. 6. mgr. 31. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt og samþykkti nefndin þetta samhljóða.

Ég læt herra forseta eftir að lesa upp hnitin á viðkomandi þingskjali.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 2. umr.

Stjfrv., 488. mál (rafræn vöktun, ættfræðirit). — Þskj. 804, nál. 1318.

[20:47]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000, með síðari breytingum.

Við fengum til okkar í nefndina marga góða gesti og leituðum einnig umsagna ýmissa aðila.

Megintilgangur frumvarpsins er í fyrsta lagi að kveða skýrar á um rafræna vöktun upplýsinga en gert er í núgildandi lögum þar sem fram hefur komið að núgildandi ákvæði séu villandi og óljós. Þannig er lagt til í 1. gr. frumvarpsins

að hugtakið rafræn vöktun taki í fyrsta lagi til vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga. Jafnframt er greininni ætlað að skýra betur en núverandi ákvæði gera að undir hugtakið „rafræn vöktun" falli svonefnd sjónvarpsvöktun þótt hún hvorki leiði né geti leitt til vinnslu persónuupplýsinga. Slík vöktun skuli lúta sömu skilyrðum og önnur rafræn vöktun eftir því sem við á.

Í öðru lagi miðar frumvarpið að því að skapa lagastoð fyrir heföbundna söfnun og vinnslu ættfræðiupplýsinga hér á landi. Fram hefur komið að með setningu laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga hafi ekki verið ætlunin að koma í veg fyrir ættfræðigrúsk almennings og því sé með frumvarpinu lögð til breyting hvað það varðar.

Fram kom við meðferð málsins í nefndinni að sá hluti frumvarpsins sem lýtur að heföbundinni söfnun og vinnslu ættfræðiupplýsinga þarfnist frekari skoðunar. Frumvarpið taki t.d. ekki nægilega á því að ættfræðiupplýsingar varða tengsl milli aðila. Þannig koma iðulega fleiri en einn aðili að upplýsingum og aðilar eru oft ekki sammála um að leyfa aðgang að þeim. Þá þurfi að taka tillit til þess að upplýsingar úreldast auk þess sem ættfræðiupplýsingar þurfa ekki að vera viðkvæmar ef langt er um liðið frá tilteknum atburði og tekur frumvarpið ekki á þessum atriðum. Loks þyrfti m.a. að kanna hvort öll form ættfræðiupplýsinga eigi að vera jafngild. Nefndin telur almennan ættfræðiáhuga landsmanna ánægjulegan — það upplýsist hér með að nokkrir þingmenn hafa farið í þennan íslenska ættfræðigrunn sem um 130.000 notendur eru að og hefur komið í ljóst að hér eru margir skyldir í fjórða og fimmta lið og hafa gaman að því að skoða tengsl sín í þessum grunni. Eigi að síður er nauðsynlegt að fara betur yfir þessi mál, herra forseti, svo að tekið verði á öllum þeim vafaatriðum sem liggja fyrir í málinu. Það er því mat nefndarinnar að fara verði betur yfir þessi mál og leggur nefndin því til að 3. og 4. gr. frumvarpsins verði felldar brott.

Nefndin bendir einnig á að ákvæði 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er nú að finna í 2. mgr. 8. gr. gildandi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Með þessari tilfærslu ákvæða er ekki um efnisbreytingu að ræða heldur er einungis lagt til að öllum ákvæðum um rafræna vöktun sé skipað saman í eina grein. Nefndin leggur því til að 2. mgr. 8. gr. laganna verði felld brott. Þá leggur nefndin til breytingu á 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins þar sem fram hefur komið að láðst hefur að geta tilvísana í nokkrar greinar laganna svo sem gert er í núgildandi lögum. Þær greinar sem hér um ræðir gilda um sjónvarpsvöktun og þykir rétt að halda því óbreyttu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem getið á þskj. 1318. Þetta er samhljóða álit nefndarinnar og vil ég þakka allshn. fyrir gott samstarf í þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Frv. allshn., 713. mál. — Þskj. 1341.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Álbræðsla á Grundartanga, 3. umr.

Stjfrv., 671. mál (stækkun, skattlagning). — Þskj. 1091. [20:52]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í dag fór fram umræða um stækkun raforkuvera sem tengist þessu máli einnig, álbræðslu á Grundartanga. Þar komu fram sjónarmið sem mér finnst eðlilegt að tekin séu til umræðu. Hv. formaður iðnn. hélt því fram í dag að sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar, stefnumarkandi ákvörðun um að gera þungaiðnað, framleiðslu á áli, að einni af meginstoðum í íslensku atvinnu- og efnahagslífi, væri til þess fallin að koma á meiri stöðugleika en við höfum búið við. Þetta sjónarmið þarf ekki að koma neinum á óvart. Formaður Framsfl., hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson, lýsti því yfir á nýafstöðnu þingi Framsfl. að þetta væri stefna flokksins. Hann sagði til góðs fyrir atvinnulífið ef álframleiðsla yrði rúmlega þriðjungur af umfangi efnahagsstarfseminnar í landinu. Síðan endurómaði hv. formaður iðnn., Hjálmar Árnason, þessi sjónarmið í þinginu. Hann taldi þetta styrkja undirstöður efnahagsstarfseminnar.

Staðreyndin er sú að við stefnum að því með þessu að álframleiðslan nemi 80–90 milljörðum kr. Má geta þess að verðmæti útflutnings sjávarafurða er nú á bilinu 120–130 milljarðar. Álframleiðslan stefnir í að vega allt að því eins mikið og sjávarafurðirnar.

Ég vildi vekja athygli á því að hagfræðingar hafa gert á því könnun hvort álið sé til þess fallið að stuðla að stöðugleika. Niðurstöður könnunar tveggja hagfræðinga við Háskóla Íslands benda í þveröfuga átt. Þeir gerðu athugun á sveiflum í efnahagslífinu. Þeir skoðuðu tvö skeið: Árin 1986–1987, sem voru mikil þensluár í íslensku atvinnulífi, og hins vegar árin upp úr 1990, 1992–1993 held ég hafi verið tekin til athugunar, sem var samdráttarskeið. Annars vegar var skoðað þensluskeið og hins vegar samdráttarskeið. Þeir gerðu módel og mátuðu hugsjónir Framsfl. inn í þetta módel. Niðurstaðan varð sú að ef hugsjónir Framsfl. hefðu náð fram að ganga, að gera þungaiðnað að uppistöðu í íslensku atvinnulífi og hornsteini velferðarkerfisins eins og Framsfl. kallar drauma sína um álframleiðslu, hefði sveiflan í hagkerfinu orðið enn þá meiri. Með öðrum orðum hefði samdrátturinn í efnahagskerfinu á árunum 1986–1987 orðið meiri ef álið hefði verið komið á óskastig Framsfl. Hið sama hefði gerst á samdráttarskeiðinu 1992–1993, þ.e. samdrátturinn hefði orðið enn þá meiri en ella.

Það er því röng staðhæfing hjá hv. formanni iðnn. og fulltrúa Framsfl. í þeirri nefnd að álframleiðsla sé til þess fallin að auka á stöðugleika í efnahagslífinu. Þvert á móti sýna rannsóknir hið gagnstæða. Hún dregur úr þessum stöðugleika. Niðursveiflan yrði enn meiri en ella og uppsveiflan að sama skapi. Stöðugleikinn yrði minni.

Þetta voru sjónarmið sem ég saknaði úr umræðunni í dag. Fróðlegt væri að heyra hv. formann iðnn. og fulltrúa Framsfl. hrekja þær staðhæfingar sem hagfræðingar við Háskóla Íslands hafa sett fram. Þeir hafa legið yfir gögnum og mátað hugsjónir framsóknarmanna um áliðnað sem meginstoð í efnahagskerfinu inn í efnahagsmódel og komist að þveröfugri niðurstöðu við það sem Framsfl. heldur fram.

Herra forseti. Ég ætla að ljúka máli mínu. Ég vil hleypa fulltrúa Framsfl. í pontu og hlýða á fyrirlestur flokksins um framtíð (**Gripið fram í:** Gæði álsins.) og gæði álsins, framtíð

íslenska efnahagskerfisins og þær hugsjónir sem flokkurinn (Gripið fram í.) elur í brjósti.

[20:58]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir hinar ögrandi spurningar en mér þykir hagfræði Vinstri grænna afskaplega merkileg. **(Gripið fram í:** Götótt.) Ekki vil ég nú segja götótt. Mér finnst hún bara merkileg. Vinstri grænir halda því fram að það að auka útflutningsverðmæti þjóðarinnar allverulega feli í sér auknar líkur á að hér verði óstöðugleiki. Þetta er það sem hv. þm. kallar hagfræði Framsóknarflokksins. Það er þó gaman fyrir Framsfl. að eiga skoðanabræður meðal hagfræðinga í röðum ASÍ, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins, greiningardeilda bankanna, Seðlabankans og þannig má áfram telja. Ég held að grundvallaratriðið í allri hagfræði sé að auka verðmætin í atvinnulífinu, auka útflutningsverðmæti þjóðarinnar og skapa þannig grundvöll að því að reka velferðarkerfi. Þetta er hin merkilega hagfræði sem hv. þm. er að fjalla um.

Þar að auki held ég að allir hagfræðingar, nema þeir sem hv. þm. Ögmundur Jónasson umgengst, séu sammála um að því fleiri sem stoðirnar undir efnahagslífi okkar eru því minni líkur séu á óstöðugleika.

Sjávarútvegurinn hefur haldið uppi efnahagslífi okkar og hann fylgir að sjálfsögðu náttúrulegum sveiflum. Efnahagslíf okkar verður líka fyrir áhrifum af þessum sveiflum. En með því að hafa fleiri en eina stoð, hér er álið nefnt og vonandi koma enn fleiri stoðir, ættu líkurnar á sveiflum að minnka.

Um þetta, herra forseti, held ég að flestir hagfræðingar séu sammála, hvort sem þeir eru í Framsfl. eða ekki. En hagfræði Vinstri grænna finnst mér merkileg.

[21:00]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir svörin en staðreyndin er sú að hann hefur ekki komið auga á aðalatriði málsins. Hagfræðingarnir sem hafa rannsakað þessi efni hafa bent á að eftir að sjávarútvegurinn varð margbreytilegri í vöruþróun sinni hefði hann síður orðið háður þessum miklu sveiflum en áður var, stoðirnar innan sjávarútvegsins, sjávarafurðirnar, væru orðnar fjölbreyttari en áður var. Þetta kom fram í niðurstöðum þeirra. Þegar á heildina er litið töldu þeir, og það var hreinlega sýnt fram á það, að þessir stóru póstar, sjávarútvegur og álframleiðsla, lytu svipuðum lögmálum.

Það sem við höfum verið að benda á er að stoðirnar undir atvinnulífinu þurfa að verða miklu meiri. Við skulum ekki gleyma því að það sem Framsfl. er að mæla fyrir er að álið muni nema rúmlega þriðjungi af umfangi efnahagsstarfseminnar. Það er þetta sem um er að tefla. Og það erum við sem tölum fyrir því að stoðir atvinnulífsins verði miklu fleiri og miklu fjölbreytilegri en þetta.

Síðan er það misskilningur hjá hv. þingmanni að hann eigi skoðanabræður í öllum þeim samtökum sem hann taldi upp. Það vakti athygli mína að sum þeirra samtaka, eins og Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins, sem samþykktu þessar ráðagerðir allar á upphafsstigum áður en nokkrar forsendur lágu fyrir til að meta málið eru núna farin að gagnrýna þær afleiðingar sem við höfum varað við, hátt raungengi og háa vexti. Þetta er nú staðreynd málsins. Og ég heyri ekki betur en að fulltrúar frá greiningardeildum bankanna og fulltrúar margra þeirra aðila sem hann taldi upp séu að vara við þessu núna, á þessu síðbúna stigi málsins, því miður.

[21:03]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Seint verðum við hv. þingmaður sammála um þetta, en aðalatriðið í þessu máli er auðvitað að skapa verðmæti, auka útflutningsverðmæti þjóðar. Út á það gengur öll hagfræði vegna þess að ef við getum ekki skapað verðmæti verður hér bara þjóðhagslegt gjaldþrot. Það er atvinnustefna sem ég hygg að allir aðrir flokkar en Vinstri grænir séu þá sammála um, að auka útflutningsverðmæti þjóðarinnar.

Auðvitað eru menn hugsandi yfir því þegar svona mikil fjárfesting, eins og virðist vera í pípunum núna, kemur hér blessunarlega yfir og leggur grunninn að varanlegri velferð okkar. Þá hafa menn auðvitað áhyggjur af þessu, allir þeir hagfræðingar sem ég nefndi áðan frá Samtökum atvinnulífsins, ASÍ og Seðlabankanum o.s.frv. En þeir benda allir á það og eru sammála um að með styrkri ríkisstjórn sé hægt að hafa hömlur á þessari þenslu með réttum aðgerðum í ríkisfjármálum. Það hefur hin ágæta ríkisstjórn sem nú er við völd þegar sýnt með því t.d. að færa framar verkefni af samgönguáætlun sem voru áætluð 2005–2006 og slá þannig á atvinnuleysið sem er núna.

Niðurstaðan í þessu er auðvitað sú að þetta snýr að útflutningsverðmætum. Þau leggja grunninn að velferðarkerfinu og því fleiri sem stoðirnar eru, þeim mun minni líkur verða á sveiflum í atvinnulífinu. Ef verður brestur í fiskstofnum eru þó aðrar stoðir sem geta tekið þær inn í og því fleiri sem slíkar stoðir eru, þeim mun meiri stöðugleiki. Út á það gengur málið. Ég vil enn einu sinni vekja athygli hv. þingmanns á því að í samstarfi við álverin á Grundartanga og í Straumsvík hafa sprottið upp fjölmörg fyrirtæki, nýsprotafyrirtæki sem eru líka að flytja út afurðir sínar. Og sýnir það að álver leiða til fjölbreytileika.

[21:05]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef bent á það áður að frá 1970 hafa skapast hér á landi um 1.500 störf að meðaltali árlega. Aðeins brotabrot af þessu er í tengslum við þungaiðnað. Við erum að tala fyrir því einmitt að stoðunum í efnahagslífinu verði fjölgað. Við vörum við því að á þessum tveimur meginstoðum, sjávarútvegi og álframleiðslu, hvíli allt efnahagslífið. Og ég bendi á rannsóknir sem sýna að sveiflan í hagkerfinu verður enn þá meiri fyrir bragðið. Hagfræðingar hafa einfaldlega sýnt fram á þetta.

Varðandi Seðlabankann tjáði hann sig um þessi efni, og það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni að Seðlabankinn taldi að hægt væri að halda utan um efnahagskerfið, þrátt fyrir þessa miklu innspýtingu, með því að hækka vexti og skera niður útgjöld. Það er þetta sem þessi virðulegu samtök eru nú (Gripið fram í.) — um 20% taladi hann um, að skera niður útgjöld um 20%, jú, eitt árið og færa það til, það er alveg rétt, en það mundi koma sem sagt niður á opinberum framkvæmdum sem þessu nemur og þá draga úr möguleikum til þess að skapa þar störf.

Seðlabankinn tók hins vegar enga afstöðu til þess hvort þetta verkefni væri arðsamt eða ekki. Seðlabankamenn sögðu að það gæti allt eins fjallað um að reisa pýramída á Sprengisandi. Þetta væri ekki spurning um arðsemi starfseminnar. Og það er meginmálið, að auðvitað skapar álframleiðsla gjaldeyri vegna þess að álið er selt úr landi. Hins vegar er spurningin hvað situr eftir í íslenska efnahagskerfinu. Og það er þar sem við höfum miklar efasemdir og höfum spurt

um það sem hagfræðingar kalla vinnsluvirði starfseminnar. Arðurinn fer allur úr landi. Hann situr ekki í íslenska hagkerfinu eins og hann hefur gert í sjávarútveginum. Þar er aldeilis ekki saman að jafna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Orkustofnun, 2. umr.

Stjfrv., 544. mál (heildarlög). — Þskj. 891, nál. 1295.

[21:08]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég hélt að það hefði orðið samkomulag um það milli fulltrúa flokkanna í iðnn. að mæla fyrir báðum nál. í einu, þ.e. um frv. til laga um Orkustofnun og frv. til laga um Íslenskar orkurannsóknir, enda hanga þau mjög saman. Ég mæli þá fyrir nál. um frv. til laga um Orkustofnun frá iðnn. sem er grunnurinn að báðum þeim frv. sem í raun eru til umræðu.

Fyrra frv., sem er frv. til laga um Orkustofnun, byggir á niðurstöðum nefndar sem hæstv. iðnrh. skipaði og átti að yfirfara skipulag Orkustofnunar með hliðsjón af því aukna stjórnsýsluhlutverki sem stofnuninni hefur verið falið með lögum um rannsókn og nýtingu auðlinda í jörðu, og ýmsum öðrum lögum. Með öðrum orðum hefur hlutverk stofnunarinnar verið að breytast allverulega. Markmiðið með þessari nefndarskipan var að skoða hver staða Orkustofnunar væri í ljósi þessa breytta hlutverks sem og að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra vegna þessa breytta hlutverks.

Það má segja að frv. sé eiginlega niðurstaða af þessu nefndarstarfi og felur það í sér að skerpa á stjórnsýsluhlutverki stofnunarinnar. Jafnframt er lagt til að rannsóknarsvið Orkustofnunar sem nú er verði skilið frá stofnuninni og gert að sérstakri stofnun, en starfsemi vatnamælinga verði áfram rekin sem sjálfstæð eining og stofnuninni fengið aukið eftirlitshlutverk að lögum. Þá gerir frv. ráð fyrir breytingum á hlutverki orkuráðs sem verður orkumálastjóra til ráðgjafar í stefnumarkandi málum en ábyrgð á rekstri og stefnumótun verður hjá orkumálastjóra.

Þetta eru sem sagt meginatriði frv., herra forseti, þar sem í rauninni er verið að skilja Íslenskar orkurannsóknir frá Orkustofnun vegna möguleika á hagsmunaárekstrum. Þess vegna er frv. til laga um Íslenskar orkurannsóknir lagt fram.

Umfjöllun nefndarinnar var nokkuð ítarleg og komu nokkrir gestir á hennar fund ásamt því að skriflegar umsagnir bárust frá mörgum aðilum eins og rakið er á þskj. 1295. Eftir þá umfjöllun komust nefndarmenn að þeirri niðurstöðu að hyggilegra væri að breyta frv. með það í huga að auka sjálfstæði Orkusjóðs, nefnilega þannig að Orkusjóður heyrði ekki undir orkumálastjóra heldur beint undir ráðherra. Var hugsunin á bak við það sú að hugsanlega gætu verið hagsmunaárekstrar með þessum beinu tengslum Orkusjóðs við embætti orkumálastjóra.

Það er af þeirri ástæðu sem hv. iðnn. leggur til nokkrar breytingar sem raktar eru á þskj. 1295 og lúta fyrst og fremst að þessu aukna sjálfstæði Orkusjóðs sem ég vék að. Um þetta varð allgott samkomulag innan nefndarinnar og nefndin mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum sem raktar eru í þingskjalinu og ég hef nú gert grein fyrir.

Hið sama má segja um nál. um frv. til laga um Íslenskar orkurannsóknir. Það byggir á því frv. sem ég var að gera grein fyrir og er gert ráð fyrir því að Íslenskar orkurannsóknir verði sjálfstæðar, gerðar að sérstakri ríkisstofnun sem heyri beint undir hæstv. iðnrh. í samræmi við breytinguna á Orkustofnun. Þessi aðskilnaður þykir nauðsynlegur til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem gætu skapast við breytingar á starfsumhverfi orkufyrirtækja samkvæmt frv. til raforkulaga.

Hlutverk Íslenskra orkurannsókna er rakið í frv. sem og í nál. Það varð samkomulag um nál. og hv. iðnn. mælir með samþykkt þessa frv., þó með þeirri breytingu að forstjóri Íslenskra orkurannsókna verði ráðinn af stjórn stofnunarinnar en ekki af ráðherra. Er hugsunin sú að Íslenskar orkurannsóknir eigi að vera alveg sjálfstæðar og reknar nánast sem sjálfstætt fyrirtæki og þá er eðlilegt að stjórnin hafi heimild til þess að reka og ráða, en þurfi ekki að skjóta því til ráðherra.

Herra forseti. Iðnn. mælir með því að þessi frv. verði samþykkt og stendur öll nefndin að því, en hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson samþykkir bæði frv. með fyrirvara.

[21:13]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Eins og hv. frsm. iðnn., hv. þm. Hjálmar Árnason, gerði grein fyrir, standa þingmenn Samfylkingarinnar í hv. iðnn. að þessu máli, þ.e. sú sem hér stendur og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir. Við stöndum að báðum þeim nál. sem koma vegna þeirra mála sem hér eru til umræðu, frv. til laga um Íslenskar orkurannsóknir og frv. til laga um Orkustofnun.

Við styðjum markmið frv. og teljum mjög mikilvægt að farið verði í það sem lagt er til í þessum frv., að yfirfara skipulag Orkustofnunar með hliðsjón af því aukna stjórnsýsluhlutverki sem stofnuninni hefur verið falið með lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Það er mjög nauðsynlegt til þess að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra sem mögulega skapast og óneitanlega hljóta að skapast vegna þess aukna stjórnsýsluhlutverks sem stofnuninni hefur verið falið.

Það var nokkur umræða um frv. til laga um Íslenskar orkurannsóknir, sérstaklega það, í hv. iðnn. Það má eiginlega segja að svolítið einkennileg leið sé farin í þessu frv. hvað varðar skipulag stofnunarinnar. Hún er í raun og veru, eins og fram kemur í frv., sérstök ríkisstofnun sem heyrir undir yfirstjórn iðnrh., en ráðherra skipar fimm menn í stjórn Íslenskra orkurannsókna og ákveður stjórnarlaun. Hins vegar er stofnuninni ætlað að starfa alfarið á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og afla sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf, þjónustu og upplýsingum eða öðrum verkefnum á starfssviði Íslenskra orkurannsókna. Það má því velta fyrir sér, herra forseti, hvort ekki hefði verið eðlilegra að stíga skrefið til fulls og gera þessa stofnun alfarið sjálfstæða í stað þess að hafa hana áfram sem ríkisstofnun því hún starfar óneitanlega á viðskiptalegum grundvelli eins og henni er ætlað en lýtur valdi ráðherra sem skipar menn í stjórn án nokkurrar tilnefningar og án nokkurra skilmála, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Ég tel að það hafi verið mjög til bóta að gera þá breytingu sem iðnn. gerði á frv. hvað varðar forstjóra Íslenskra orkurannsókna. Það var gert ráð fyrir því í upphaflega frv. að ráðherra mundi skipa forstjóra til fimm ára, en hv. iðnn.

komst að þeirri niðurstöðu að það væri eðlilegra að forstjórinn væri ráðinn af stjórninni beint þannig að stjórnin hefði alfarið með það að gera hver væri ráðinn forstjóri hjá fyrirtækinu, frekar en að ráðherravaldið réði því.

Að öðru leyti, herra forseti, getum við fallist á frv. og teljum það vera skref í rétta átt. Hins vegar má vissulega velta fyrir sér hvort það fyrirkomulag sem hér er lagt til, að sérstök ríkisstofnun sé búin til þar sem stjórnin er alfarið skipuð af ráðherra en eigi að síður eigi hún að starfa á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði, reynist ekki flókið í reynd þegar til stykkisins kemur. Að öðru leyti, herra forseti, teljum við hv. þm. Samfylkingarinnar í iðnn. að þessi frv. séu til bóta og kannski sjálfsögð og eðlileg breyting í framhaldi af því hlutverki sem Orkustofnun hefur verið falið, hinu aukna stjórnsýsluhlutverki.

[21:18]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér saman tvö frumvörp, frv. til laga um Orkustofnun og frv. til laga um Íslenskar orkurannsóknir.

Eins og fram hefur komið skrifaði ég með fyrirvara undir nefndarálitin um bæði frumvörpin. Ég tel að það hafi verið nauðsynlegt að stokka upp starfsemi Orkustofnunar og það hefur verið gert hér. Hlutverk hennar á að vera:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um orkumál og önnur auðlindamál sem stofnuninni eru falin með lögum og veita stjórnvöldum ráðgjöf og umsagnir um þau mál.

2. Að standa fyrir rannsóknum á orkubúskap þjóðarinnar, á orkulindum landsins og hafsbotnsins og á öðrum jarðrænum auðlindum þannig að unnt sé að meta þær og veita stjórnvöldum ráðgjöf um skynsamlega og hagkvæma nýtingu þeirra.

3. Að safna gögnum um orkulindir og aðrar jarðrænar auðlindir, nýtingu þeirra og orkubúskap landsmanna, varðveita þau og miðla upplýsingum til stjórnvalda og almennings.

4. Að vinna að áætlanagerð til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar og hagnýtingu orkulinda og annarra jarðrænna auðlinda landsins og hafsbotnsins.

5. Að stuðla að samvinnu þeirra sem sinna orkurannsóknum og samræmingu á rannsóknarverkefnum.

6. Að fylgjast í umboði ráðherra með framkvæmd opinberra leyfa sem gefin eru út til rannsóknar og nýtingar jarðrænna auðlinda og reksturs orkuvera og annarra meiri háttar orkumannvirkja.

7. Að annast umsýslu Orkusjóðs.

Ég held að þessi breyting á Orkustofnun hafi verið nauðsynleg í ljósi þess að það liggur ljóst fyrir að við þurfum að stórefla rannsóknir á náttúru landsins sem grunn til allra þeirra mannvirkja eða framkvæmda sem við hyggjumst fara í í framtíðinni, hvort sem það er á orkusviði eða til annarrar nýtingar auðlinda. Ég tel því, og það er mín trú, að hér sé lagður grunnur að því að stórefla grunnrannsóknir sem nýtast okkur til verndar náttúrunni og til skynsamlegrar ákvarðanatöku um nýtingu auðlindanna í framtíðinni.

Ég skrifaði undir með fyrirvara fyrst og fremst vegna þess að við ræðum hér líka frv. til laga um Íslenskar orkurannsóknir. Þar eru Íslenskar orkurannsóknir gerðar að sérstakri ríkisstofnun sem heyrir undir yfirstjórn iðnrh. Fyrirvari minn er vegna þess sem heyrðist í nefndinni og í umræðum, að margir nefndarmenn litu á þetta sem tilhlaup til einkavæðingar á þessum þætti orkurannsókna. Ég er því ekki hlynntur. Ég sé því ekkert til fyrirstöðu að reka Íslenskar orkurannsóknir sem sérstaka deild. En hér er um ríkisstofnun að ræða eins og málin snúa að frumvarpinu og ég vil gera þann fyrirvara að ég tel ekki að hér eigi að vera tilhlaup til einkavæðingar á þessum þætti orkurannsókna þegar til framtíðar er litið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[21:21]

Útbýting þingskjala:

Barnalög, 180. mál, nál. allshn., þskj. 1338; brtt. allshn., þskj. 1339.

Flutningur opinberra starfa og stofnana, 280. mál, svar heilbrrh., þskj. 1319.

Hafnalög, 661. mál, nál. 2. minni hluta samgn., þskj. 1342.

Útflutningur á óunnum fiski, 658. mál, svar sjútvrh., þskj. 1314.

Íslenskar orkurannsóknir, 2. umr.

Stjfrv., 545. mál. — Þskj. 892, nál. 1303.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 648. mál (sala á eignarhluta ríkissjóðs). — Þskj. 1053, nál. 1294 og 1302.

[21:22]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta iðnn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 28/1993, um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Þetta frv. er í rauninni afskaplega einfalt í uppsetningu en kann að hafa mikil áhrif og það lýtur að því að iðnrh. verði heimilt að selja allan eignarhlut ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf.

Eins og fram hefur komið, herra forseti, á ríkið allt hlutafé í þessari verksmiðju, en rekstur hennar hefur verið afskaplega erfiður. Hún hefur verið að tapa miklu. Hér er komin á samkeppni á sementsmarkaðnum. Byrjað er að flytja inn sement sem er í mikilli samkeppni við Sementsverksmiðjuna og hefur það m.a. leitt til þess að rekstur hennar er afskaplega erfiður. Það liggur ljóst fyrir að það þarf að auka hlutafé verksmiðjunnar ef takast á að halda starfsemi hennar gangandi.

Í mjög ítarlegri umfjöllun innan nefndarinnar þar sem fjölmargir gestir komu, eins og greint er frá á þskj. 1302, kom fram afskaplega skýr vilji heimamanna til þess að halda starfseminni þarna gangandi, en ekki síður er rétt að vekja athygli á því að fulltrúi Samtaka iðnaðarins lagði þunga áherslu á mikilvægi þess að haldið yrði uppi samkeppni á sementsmarkaðnum hér. Hann varað mjög við því að Sementsverksmiðjan yrði lögð af þannig að Íslendingar yrðu algjörlega háðir innflutningi frá einum aðila á sementi.

Svo virðist sem ýmsir aðilar á verktakamarkaðnum hafi áhuga á því að eignast þennan hlut með það í huga einmitt

að halda þessari samkeppni uppi. Það kom einnig fram í meðhöndlun þessa máls innan nefndarinnar að menn sjá möguleika í ýmsu í framtíðinni til að sækja fram með Sementsverksmiðjuna, m.a. í hinum miklu framkvæmdum sem eru í bígerð í landinu og tengjast álverksmiðjum, bæði fyrir austan og hugsanlega á Grundartanga. En þá er ekki síður mikilvægt það hlutverk sem Sementsverksmiðjan hefur verið að vinna að, þ.e. að nota verksmiðjuna að hluta til til förgunar á spilliefnum.

Nú er ljóst að um næstu áramót, ef ég man rétt, taka gildi lög um spilliefnagjald sem munu breyta forsendum fyrir slíkri förgun allverulega og verksmiðjan gæti átt verulega mikla möguleika á þessu sviði.

Hafandi farið yfir þetta varð það niðurstaða meiri hluta hv. iðnn. að mæla með því að frv. verði samþykkt óbreytt og telur meiri hlutinn að með því móti sé verið að leggja drög að því að Sementsverksmiðjan haldi starfsemi sinni áfram, sem er meginmarkmiðið með flutningi þessa frv.

Ég vil að lokum, herra forseti, vekja athygli á því að það kom fram í umræðum innan nefndarinnar að lög um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, nr. 62/1973, gera ráð fyrir því að flutningur á sementi út á land sé styrktur með jöfnunarsjóði og komu fram verulegar efasemdir um það með hvaða hætti hann er notaður. Jafnvel var talað um að verið væri að ríkisstyrkja innflutta sementið og mælir meiri hluti hv. iðnn. eindregið með því að þau lög verði tekin til endurskoðunar þannig að þessi sjóður a.m.k. gegni því hlutverki sem honum var ætlað, ef framkvæmdin er með öðrum hætti en til var stofnað.

Læt ég þetta svo nægja, herra forseti. Undir nál. rita hv. þingmenn Guðjón Guðmundsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Pétur H. Blöndal, Svanfríður Jónasdóttir, Árni Ragnar Árnason, Kjartan Ólafsson, Ísólfur Gylfi Pálmason og Hjálmar Árnason.

[21:28]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og kom fram hjá formanni iðnn. skrifum við fulltrúar Samfylkingarinnar upp á þetta álit meiri hluta nefndarinnar. Við gerðum það satt að segja, herra forseti, vegna þess að við héldum að málið væri hér í þinglegri meðferð. Síðan kemur í ljós að búið er að auglýsa þessa verksmiðju til sölu þannig að ég fer að velta fyrir mér til hvers þetta leikrit er sett upp. Af hverju er verið að fjalla um málið? Af hverju er verið að taka það hér til 2. umr. þegar búið er að auglýsa verksmiðjuna og farið að fjalla um hana eins og hún sé þegar komin í sölumeðferð? Ég mundi gjarnan vilja fá skýringar á þessu, herra forseti.

[21:28]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Spurningunni er beint til formanns iðnn. Sú auglýsing sem vitnað er til er ekki á hans vegum. Ég get í sjálfu sér tekið undir það að það er ekki heppilegt að auglýsa Sementsverksmiðjuna til sölu meðan málið er hér til efnislegrar meðferðar, áður en það er afgreitt. En ég vil árétta að nefndin — meiri hluti nefndarinnar — með einni undantekningu líklega, stendur einhuga að því markmiði að selja hlutabréf ríkisins. Það má því taka undir þessa gagnrýni. Þessi auglýsing er að sjálfsögðu ekki á vegum nefnda þingsins.

[21:29]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikið rétt. Ég þykist vita að formaður iðnn. stóð ekki fyrir þessari auglýsingu. Ég vænti þess þá að hæstv. ráðherra komi hér í stólinn og útskýri fyrir þingheimi af hverju málsmeðferðin er þessi, af hverju svo mikið liggi á að áður en málið er komið til 2. umr. er búið að auglýsa verksmiðjuna. Það er eiginlega lágmark í rauninni að þingmenn fái að afgreiða málin hér áður en farið er að vinna með þau með þessum hætti. Eins og ég segi vænti ég þess að hæstv. ráðherra komi og geri grein fyrir þessu. Hún hlýtur að bera ábyrgð á þessu.

(**Forseti** (HBl): Hæstv. ráðherra hefur ekki kvatt sér hljóðs til að veita andsvar við ræðu hv. 10. þm. Reykn. og getur ekki komið inn í ...)

Hún getur náttúrlega fengið orðið, herra forseti.

(**Forseti** (HBl): Ég vil biðja hv. þm. að grípa ekki fram í fyrir forseta.)

[21:30]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði ekki séð umrædda auglýsingu fyrr en núna. Ég vil vekja athygli á því að að segir í auglýsingunni: „Vakin er athygli á því að umræddur hlutur er auglýstur með fyrirvara um samþykki Alþingis en frumvarp um heimild til sölu er nú til umræðu á Alþingi.“ Þetta stendur í auglýsingunni og allir fyrirvarar hafðir.

Reyndar má bæta við þetta og rifja upp, eins og hv. þm. man, að bæði starfsmenn Sementsverksmiðjunnar og í raun allir sem í hlut eiga vilja fá botn í málið. Ég tel eðlilegt og rétt að flýta málinu til þess að eyða óvissu. (Gripið fram í.) Ég vildi bara vekja athygli á þeim fyrirvara sem hafður er á í auglýsingunni.

[21:31]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Spurningin sem ég vil spyrja hv. formann iðnn. er eiginlega sama eðlis. Þetta er raunar framhald af þeirri vinnu sem fram hefur farið í dag. Vinnubrögðin kristallast í þessu máli. Það virðist sem framkvæmdarvaldið, með nefndarformenn sem framlengingu af sér, líti á það sem algjört aukaatriði hvað fram fer í þessum sölum. Mér finnst grafalvarlegt hvernig farið er í málin.

Svo vil ég spyrja hv. þingmann að öðru. Hann lagði í framsögu sinni mikla áherslu á að það væri ósk manna að koma á samkeppni á sementsmarkaði. Ég veit ekki betur en að verið hafi opin samkeppni á sementsmarkaði alla tíð á Íslandi. Ef ég veit rétt dró Aalborg Portland sig út af sementsmarkaði á Íslandi þegar Sementsverksmiðjan tók til starfa, um það bil ári síðar. Árið 1958 tók verksmiðjan til starfa og Aalborg Portland fór af markaði 1959, ef ég man rétt. Þannig hefur alltaf verið samkeppni á sementsmarkaði.

Það sem Sementsverksmiðjan hefur hins vegar þurft að kljást við að undanförnu eru nýjar aðferðir sem kallaðar eru „dumping“. Það er allt annars eðlis. Það er til að komast inn á markað að nýju og ryðja út af markaði þeim sem hafa verið á markaðnum.

Ég vil leiðrétta þetta, hafi hv. þm. ekki gert sér grein fyrir því, að hér hefur aldrei verið einokun á sementssölu.

[21:33]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að fyrri spurningu hv. þingmanns hafi verið svarað. Sú spurning var sama eðlis og fyrirspurn frá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur.

Hvað varðar seinni hlutann er óþarfi, þó að orðið samkeppni fari oft svolítið fyrir brjóstið oft á fulltrúum Vinstri grænna, að snúa út úr orðum mínum eins og hann gerði áðan.

Það er alveg ljóst að það er bullandi samkeppni á sementsmarkaðnum í dag, samkeppni við Sementsverksmiðjuna. Það er ein af ástæðunum fyrir því hvernig rekstur hennar hefur verið. Á vegum Portland er nefnilega verið að flytja inn sement. Það kallar á mjög grimma samkeppni. Eins og staðan er núna getum við sagt að mjög hafi verið saumað að Sementsverksmiðjunni. Menn þurfa og vilja sækja fram. Þess vegna er þetta frv. flutt.

Það sem menn óttast, eins og hv. þm. man örugglega úr umræðu innan nefndarinnar, bæði meðal nefndarmanna og gesta hennar, er að ef Sementsverksmiðjan á Akranesi legðist af væri hér engin samkeppni. Hv. þm. talaði um „dumping-prísa" sem væri líklegt að mundu hækka ef ekki væri þessi samkeppni. Þetta er veruleikinn eins og hann er í dag og við því vilja menn bregðast.

[21:34]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. formaður iðnn. talar um veruleikann eins og hann er í dag. Það er tekist á um þessi mál, hvernig Aalborg Portland kemur sér inn á markað. Það er á ákaflega lágu verði og þetta eru þekktar aðferðir úti um allan heim.

Hæstv. ríkisstjórn hefur ekki skapað verksmiðjunni sömu möguleika og samsvarandi verksmiðju úti í Danmörku, m.a. með því að gefa verksmiðjunum hlutverk við förgun á orkuríkum úrgangsefnum og fá fyrir það peninga. Það eru þessi grunnatriði sem tekist er á um. Við höfum látið þetta fyrirtæki algjörlega afskiptalaust, sinnt því illa og glutrað niður þeim möguleikum sem hingað til hafa verið til að styrkja rekstur verksmiðjunnar á sama grundvelli og aðrar þjóðir gera, þar á meðal Danir sem eru að ryðjast hér inn á markað. Þetta hefur ekkert með eðlileg viðskipti og samkeppni að gera. Hér er verið að olnbogast áfram. Það segja allar skýrslur og greinar sem samkeppnisaðilinn hefur sent frá sér varðandi þetta mál.

[21:36]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í rauninni er ekki miklu við þetta að bæta. Réttast er þó að nefna enn einu sinni að markmiðið með frv. hefur komið skýrt fram. Menn vilja að starfsemin haldi áfram innan lands og á Akranesi, hjá þessu mæta fyrirtæki. Menn fóru nokkuð vel yfir möguleikana á að nota verksmiðjuna auk sementsframleiðslunnar til förgunar eins og ég nefndi í framsöguræðu minni. Það breytir þó ekki því að veruleikinn er að hér er hörð samkeppni.

Hv. þm. talar um „dumping-verð". Ég geri það ekki að mínum orðum en það mál er til athugunar hjá ESA og ekki komin niðurstaða úr því. Hver svo sem niðurstaðan verður er þetta veruleikinn eins og hann er í dag. Hér ríkir hin harða samkeppni og menn geta rétt ímyndað sér hver staðan væri ef Sementsverksmiðjan yrði lögð af, hver staðan væri þá hér á sementsmarkaði. Þá værum við algjörlega háð innflutningi með óverulegri samkeppni. Hagsmunaaðilar í greininni, verktakabransa á því sviði, vilja forðast það og hið sama kom mjög skýrt fram hjá framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins.

Ekki þarf að efast um vilja Skagamanna til að halda þessari fornfrægu verksmiðju gangandi, einu af auðkennum Akraneskaupstaðar. En markmiðið með þessu frv. er að styrkja stoðir Sementsverksmiðjunnar þannig að hún geti haldið áfram að framleiða vöru sína, farið að græða í stað þess að tapa. Menn vilja sækja fram.

Umræðu frestað.

Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 597. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 958, nál. 1299, brtt. 1300.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:39]

1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.

2.–8. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 1300,1 (ný grein, verður 9. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.

9.–20. gr. (verða 10.–21. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 1300,2 (tíu nýjar greinar, verða 22.–31. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.

21. gr. (verður 32. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 1300,3 samþ. með 37 shlj. atkv.

22. gr. (verður 33. gr.), svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.

23. gr. (verður 34. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 1300,4 (ný grein, verður 35. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.

24.–31. gr. (verða 36.–43. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 1300,5 (ný grein, verður 44. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.

32.–34. gr. (verða 45.–47. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 1300,6 samþ. með 40 shlj. atkv.

35. gr. (verður 48. gr.), svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.

36. gr. (verður 49. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 1300,7 (sex nýjar greinar, verða 50.–55. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.

37. gr. (verður 56. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 618. mál (póstþjónusta). — Þskj. 989, nál. 1293.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:43]

Tillgr. samþ. með 41 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, LMR, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
23 þm. (ÁMM, BjörgvS, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, KVM, KHG, KLM, KPál, LB, MS, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1346).

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 619. mál (upplýsingamiðlun til launamanna o.fl.). — Þskj. 990, nál. 1292.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:44]
Tillgr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, LMR, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
22 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, KVM, KHG, KLM, KPál, LB, MS, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1347).

Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 638. mál (bótaábyrgð flugfélaga). — Þskj. 1034, nál. 1291.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:45]
Tillgr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, LMR, LB, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
22 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, JóhS, KVM, KHG, KLM, KPál, MS, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1348).

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 639. mál (gjaldþol tryggingafyrirtækja). — Þskj. 1035, nál. 1290.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:45]
Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KF, KÓ, KolH, LMR, LB, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
22 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, JóhS, JónK, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1349).

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 663. mál (vátryggingafélög). — Þskj. 1079, nál. 1289.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:46]
Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, LMR, LB, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
21 þm. (ÁMM, EKG, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1350).

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 664. mál (lánastofnanir). — Þskj. 1080, nál. 1288.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:46]
Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, LMR, LB, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

20 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1351).

Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 665. mál (fylgiréttur höfunda). — Þskj. 1081, nál. 1287.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:47]
Tillgr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, LMR, LB, MS, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
23 þm. (ÁMM, BjörgvS, EKG, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1352).

Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 666. mál (umferð á sjó). — Þskj. 1082, nál. 1286.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:48]
Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, LMR, LB, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
19 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1353).

Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 667. mál (tóbaksvörur). — Þskj. 1083, nál. 1285.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:49]
Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
20 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, KVM, KHG, KLM, KPál, LB, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1354).

Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 668. mál (uppfinningar í líftækni). — Þskj. 1084, nál. 1284.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:49]
Tillgr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, LMR, LB, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
20 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, JóhS, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1355).

Almannavarnir o.fl., frh. 3. umr.

Stjfrv., 464. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1249.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:50]
Frv. samþ. með 31:11 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞBack.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, JÁ, JB, KolH, LB, SvanJ, ÖJ.
21 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, JóhS, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1356).

Ársreikningar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 427. mál (EES-reglur). — Þskj. 1166.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:51]
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

6 þm. (ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, LB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JóhS, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1357).

Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, frh. 3. umr.

Stjfrv., 375. mál. — Þskj. 1252.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:51]

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, LMR, LB, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

22 þm. (AHB, ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, JÁ, JóhS, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1358).

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 538. mál (heildarlög). — Þskj. 1169.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:52]

Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

24 þm. (ÁMM, BjörgvS, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, JóhS, KVM, KHG, KLM, KPál, LB, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1359).

Kosningar til Alþingis, frh. 3. umr.

Stjfrv., 391. mál (talning atkvæða, kjörseðlar o.fl.). — Þskj. 1182.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:52]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, LMR, LB, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

20 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, JóhS, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1360).

Tollalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 611. mál (aðaltollhöfn í Kópavogi). — Þskj. 974.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:53]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, LMR, LB, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

20 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, JóhS, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1361).

Rannsókn sjóslysa, frh. 3. umr.

Stjfrv., 552. mál (starfshættir rannsóknarnefndar, aðsetur o.fl.). — Þskj. 1328.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:53]

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, LMR, LB, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

21 þm. (ÁMM, ÁRJ, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, JóhS, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1362).

Atvinnuréttindi útlendinga, frh. 3. umr.

Stjfrv., 598. mál (búsetuleyfi, EES-reglur). — Þskj. 959.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:53]

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, LMR, LB, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

21 þm. (ÁMM, ÁRJ, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, JóhS, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1363).

Álbræðsla á Grundartanga, frh. 3. umr.

Stjfrv., 671. mál (stækkun, skattlagning). — Þskj. 1091.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:54]

Frv. samþ. með 36:5 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, JB, KolH, ÞBack, ÖJ.

22 þm. (ÁMM, ÁRJ, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, JóhS, KVM, KHG, KLM, KPál, LB, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1364).

Orkustofnun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 544. mál (heildarlög). — Þskj. 891, nál. 1295.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:54]

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG.

5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ÁMM, ÁRJ, BjörgvS, EOK, EMS, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, KVM, KHG, KLM, KPál, LB, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, LB, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG.

6 þm. (ÁSJ, BjörgvS, JB, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, JóhS, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. í nál. 1295,1 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, LB, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG.

5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, JóhS, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

6. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, LB, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG.

5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, JóhS, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. í nál. 1295,2 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG.

5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, JóhS, KVM, KHG, KLM, KPál, LB, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

7. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, HBl, HjÁ, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, LB, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG.

5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

8.–10. (verða 7. og 9.–10. gr.) og ákv. til brb. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, LB, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG.

5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, JóhS, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Íslenskar orkurannsóknir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 545. mál. — Þskj. 892, nál. 1303.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:56]

1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, LB, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG.

5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, JóhS, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, LB, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, JóhS, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. í nál. 1303,1 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, LB, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG.
5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, JóhS, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, LB, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG.
5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, JóhS, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

5.–8. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, LB, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG.
5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1303,2 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, LB, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG.
5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, JóhS, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, LB, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG.
5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, KVM, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis suður, frh. 2. umr.

Stjfrv., 650. mál. — Þskj. 1059, nál. 1283.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:58]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 488. mál (rafræn vöktun, ættfræðirit). — Þskj. 804, nál. 1318.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:59]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1318,1 samþ. með 43 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1318,2 (ný 3. gr., 4. gr. falli brott) samþ. með 44 shlj. atkv.
5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 1. umr.

Frv. allshn., 713. mál. — Þskj. 1341.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.

Uppbygging ferðaþjónustu á Melrakkasléttu, fyrri umr.

Þáltill. HBl o.fl., 691. mál. — Þskj. 1146.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:02]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 648. mál (sala á eignarhluta ríkissjóðs). — Þskj. 1053, nál. 1294 og 1302.

[22:03]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Við fjöllum um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 28/1993, um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Ég mæli fyrir nál. minni hluta iðnn.

Nefndin hefur fjallað um málið og á fund nefndarinnar komu fulltrúar frá Sementsverksmiðjunni hf. Akranesi, Starfsmannafélagi Sementsverksmiðjunnar, Verkalýðfélaginu á Akranesi, Akraneskaupstað og iðnaðarráðuneyti ásamt fulltrúa frá Samtökum iðnaðarins.

Minni hlutinn er efnislega ekki á móti sölu á Sementsverksmiðjunni hf. en gerir athugasemd við aðferðafræði ríkisstjórnarinnar og þar með hæstv. iðnaðarráðherra. Innflutningur á sementi hefur aukist á undanförnum missirum. Sement er nú flutt inn frá Danmörku og mun hlutdeild innflutts sements vera 20–25% af heildarnotkun í landinu. Samkvæmt þeim upplýsingum sem minni hlutinn hefur er verð innflutta sementsins mun lægra en í útflutningslandinu og jafnframt lægra en sementsverð í öðrum löndum sem viðkomandi aðilar flytja út til. Sementsverksmiðjan hf. hefur kært meint undirboð samkeppnisaðilans til samkeppnisyfirvalda. Þau mál eru enn óútkljáð enda þótt ESA hafi kveðið upp þann úrskurð að Sementsverksmiðjan sé ekki ráðandi á markaði hérlendis. Það er alveg ljóst að biðtími eftir úrskurði ESA hefur verið verksmiðjunni dýrkeyptur og það hefur verið skoðun minni hlutans að ríkisstjórnin eða iðnaðarráðherra hefði átt að setja einhliða lágmarksverð á sement í landinu þar til málefni verksmiðjunnar væru komin á hreint. Það kom reyndar fram á nefndarfundi að það var sú aðferð sem forsvarsmenn Samtaka iðnaðarins töldu að kæmi vel til greina.

Minni hlutinn telur að standa beri vörð um Sementsverksmiðjuna hf. og að strax hefði átt að setja lágmarksverð á sement til þess að vinna tíma og ganga úr skugga um samkeppnismál verksmiðjunnar og verðmyndun á innfluttu sementi. Minni hlutinn minnir á þingsályktunartillögu sem undirritaður og hv. þm. Jón Bjarnason hafa flutt á þskj. 32 um úttekt á verðmyndun á innfluttu sementi.

Minni hlutinn minnir einnig á tillögu sömu flutningsmanna á þskj. 133 um úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf. við förgun spilliefna. Reikna má með að flestir landsmenn viti hvert meginhlutverk Sementsverksmiðjunnar á Akranesi er, en líklega hafa fæstir áttað sig á því að Sementsverksmiðjan getur gegnt lykilhlutverki hvað varðar förgun orkuríkra spilliefna og notkun á iðnaðarúrgangi. Nú þegar hefur verksmiðjan unnið brautryðjandastarf á því sviði. Í ofni Sementsverksmiðjunar er brennt talsvert af olíu, framköllunarefnum og leysiefnum og hefur sú brennsla sparað umtalsverð kaup verksmiðjunnar á eldsneyti erlendis frá. Komið hefur fram í viðtölum við forráðamenn verksmiðjunnar að hún geti hæglega tekið að sér förgun aukins hluta úrgangsefna sem til falla. Má þar nefna gúmmí, svo sem hjólbarða sem hægt væri að nota í brennsluferli verksmiðjunnar, en einnig timburafganga og olíur af ýmsu tagi í meira mæli en gert hefur verið fram að þessu. Í fyrrgreindri þingsályktunartillögu er lagt til að gengið verði úr skugga um hvernig Sementsverksmiðjan getur í enn ríkari mæli unnið að förgun úrgangsefna. Gríðarlegt magn úrgangsefna fellur til í landinu, afgangsolíur af ýmsu tagi, timbur og gúmmíafgangar. Pappír sem til fellur er t.d. um 15–20 þús. tonn, timbur 14–15 þús. tonn, dagblöð 10–12 þús. tonn, plast 1.500–2.000 tonn og hjólbarðar 1.500–2.000 tonn. Verksmiðjan fargar nú þegar um 5.000 tonnum af fljótandi efnum sem eru nær eingöngu úrgangsolíur. Sum þessara efna eru flutt úr landi til förgunar en vegna eðlis sementsverksmiðja þar sem vara er unnin við mjög hátt brennslustig er talið að hún geti auðveldlega sinnt mun stærri hluta þessarar nauðsynlegu förgunar og jafnframt gæti það styrkt rekstur verksmiðjunnar að einhverju leyti.

Minni hlutinn telur afar brýnt að þessi úttekt á framtíðarhlutverki verksmiðjunnar varðandi förgun orkuríkra úrgangsefna fari fram áður en áformað verður að selja Sementsverksmiðjuna hf. Í umsögnum kemur fram að Sementsverksmiðjan hefur í samstarfi við Efnamóttökuna hf. látið vinna drög að skýrslu um brennslu úrgangsefna í ofni fyrirtækisins og telur þá málinu til framdráttar að fulltrúar frá fleiri aðilum hafa einnig komið að málinu. Forsvarsmenn Sementsverksmiðjunnar benda á að framtíðarförgun á þessum efnum sé að vísu háð því að hægt verði að tryggja framtíðarverkefni fyrirtækisins. Í umsögn Efnamóttökunnar hf. kemur fram að sementsverksmiðjur erlendis hafa lagt mikla áherslu á að fá úrgangsefni til brennslu í stað olíu og kola. Þannig losna verksmiðjurnar við kaup á eldsneyti og fá jafnvel greitt með brennslu úrgangsefnanna og viðkomandi samfélag þarf ekki að leggja til land undir urðun þeirra úrgangsefna sem þannig er unnt að brenna eða eyða þeim með öðrum og oft dýrari hætti. Með úrvinnslulögum skapast hagrænir hvatar til að safna umbúðaúrgangi, hjólbörðum o.fl. og þau lönd sem hafa á annað borð einhver umhverfismarkmið leitast við að nýta urðun úrgangs eins og kostur er. Sum úrgangsefni er hægt að endurvinna sem hráefni í aðra framleiðsluvöru en fyrir önnur efni þarf að finna aðrar úrvinnsluaðferðir. Á Íslandi er núna engin úrvinnsluaðferð fyrir hjólbarða nema urðun. Hjólbarða og ýmsan umbúðaúrgang er tiltölulega einfalt að brenna til orkuvinnslu eða til að koma í stað annarra orkugjafa. Þannig getur Sementsverksmiðjan hf. gegnt stóru hlutverki. Það yrði því verulegt áfall fyrir úrvinnsluiðnaðinn hér á landi ef brennslu úrgangsefna yrði hætt í Sementsverksmiðjunni hf. Þá þarf að koma þessum efnum annað, í flestum tilfellum til útlanda með tilheyrandi kostnaði. Einnig þarf að hafa í huga að reglur um flutning úrgangsefna á milli landa verða sífellt strangari. Það er því ákaflega mikilvægt að tryggja megi rekstur Sementsverksmiðjunnar á Akranesi til frambúðar.

Minni hluti iðnn. leggur til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari vinnslu og til að treysta það að Sementsverksmiðjan hf. á Akranesi megi áfram vera í starfsemi þar og vinna landinu gagn.

Herra forseti. Ég hef mælt fyrir áliti minni hluta iðnn.

[22:12]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. iðnn. fyrir umfjöllun um þetta mál. Ég tel að það liggi ákaflega skýrt fyrir, það sé

í rauninni ekki flókið en vissulega nokkuð stór ákvörðun. Ekki er hægt að neita því þar sem heimilað verður, ef frv. verður að lögum, að selja Sementsverksmiðjuna.

Miðað við undirtektir sem málið fékk við 1. umr. var tekin sú ákvörðun í iðnrn. að auglýsa verksmiðjuna með fyrirvara um samþykki Alþingis þar sem málið er mjög brýnt. Þetta er brýnt úrlausnarefni sem hér um ræðir og það má engan tíma missa. Þess vegna var auglýst. Það má kannski deila um hvort það var rétt, en engu að síður er þetta skýringin á því að svo var gert.

Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson er með tillögu um að vísa þessu máli aftur til ríkisstjórnarinnar. Ég vil segja út af því að ég tel að sú leið sem hér er lagt upp með geti orðið lausn þess erfiða máls sem við er að eiga, þ.e. að verksmiðjan er rekin með tapi og augljóst að þannig getur það ekki haldið áfram lengi. Þess vegna tel ég mikilvægt skref að fá þetta frv. samþykkt sem hér um ræðir og geta haldið áfram að þróa málið og væntanlega, miðað við þær undirtektir sem við höfum fengið og orðið vör við í ráðuneytinu eftir að opinbert var að verksmiðjan skyldi seld ef samningar tækjust, er úr einhverju að spila í þeim efnum. Við munum a.m.k. leggja okkur fram um að vanda til verka því að við gerum okkur alveg grein fyrir því í ráðuneytinu að þetta er viðkvæmt mál, þetta er mikilvægur vinnustaður og einnig sá þáttur mála sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson fjallaði um hvað varðar endurvinnslu, eyðingu efna. Það er mikilvægur þáttur í starfsemi verksmiðjunnar. Þetta mál er á allan hátt þannig vaxið að full ástæða er til að fara að öllu með gát, vanda sig, en engu að síður tel ég að það hafi ekki verið um annað að ræða en að taka á málinu og niðurstaðan var að taka á því með þeim hætti sem frv. ber vitni um. Ég vil, eins og ég segi, lýsa ánægju með að mér finnst að það hafi fengið skilning á hv. Alþingi og það eru þá væntanlega skilaboð um að hv. Alþingi sé sammála okkur í ríkisstjórninni um að þetta geti verið leið til lausnar á viðkvæmu máli.

[22:16]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum komin að lokum þessa máls. Það er svona um það bil búið að ganga frá því að selja Sementsverksmiðju ríkisins og eins og hæstv. iðnrh. lýsti í ræðu sinni er mjög brýnt að koma þeirri sölu á hið fyrsta að mati hæstv. ríkisstjórnar og iðnrh.

En er það nú svo brýnt, herra forseti, að ekki hefði mátt bíða í tvo daga eða svo, ganga frá frv. og afgreiða það hér á þingi? Það virðist ljóst að mikill meiri hluti sé fyrir því á þinginu að afgreiða þetta mál. Ég tel því að hæstv. ráðherra geti verið nokkuð viss um að það verði samþykkt. En hefði ekki mátt bíða með að auglýsa verksmiðjuna fram að sunnudagsblaði Morgunblaðsins í stað þess að auglýsa hana með fyrirvara núna? Mér finnst gert lítið úr Alþingi með þessari auglýsingu. Með henni er verið að segja: „Það er ég sem ræð.“ Það sama má segja um þá gjörð, ef rétt er, að miklar sprengingar hafi verið þegar í dag austur á landi í Dimmugljúfrum. Ég vil því minna á að er ekki búið að skrifa undir samningana þó að við séum búin að ganga frá lögum á Alþingi. Ég tel að okkur beri að virða þau formsatriði sem eru háð samþykki Alþingis og samningum.

[22:18]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get alveg tekið undir það með hv. þingmanni að það er ekki hafið yfir gagnrýni að auglýsa verksmiðjuna áður en lögin hafa verið samþykkt. Hins vegar var það gert með fyrirvara. Auk þess er þetta einungis heimild til ráðherra sem kveðið er á um í frv. þannig að það er ekki eins og þetta sé allt gengið í gegn. Það er ekkert um það bil búið að selja eins og hv. þm. sagði því að í fyrsta lagi á eftir að ná samningum og það getur orðið þrautin þyngri. Þess vegna er þetta bara í ákveðnum farvegi.

Það er rétt að það var í og með út af því að ég var nokkuð viss um að frv. yrði samþykkt miðað við undirtektir við 1. umr. að þetta var gert. En það er ekki í mínum huga nein ögrun í því fólgin og alls ekki verið að gera lítið úr Alþingi. Það er fyrst og fremst verið að reyna að bjarga verðmætum og bregðast við erfiðri stöðu í sambandi við rekstur þessarar verksmiðju. Eins og ég sagði áðan var skoðun mín sú og mat að betra væri að vinna þetta mál hratt og það lét ég koma fram strax í 1. umr.

[22:19]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ánægjulegt að heyra að hæstv. ráðherra telur að ekki hafi verið sjálfgefið að auglýsa Sementsverksmiðjuna með fyrirvara. En ég lít svo á að þó að mikið liggi á hafi verið og sé í alla staði heppilegra að geyma slíkar auglýsingar þangað til búið er að ganga frá lagasetningu á Alþingi. Ég tel að það sé að nokkru leyti verið að gera lítið úr störfum okkar og þeirri löggjöf sem hér þarf að samþykkja áður en verksmiðjan verður seld. Þó að þetta sé brátt tel ég að tveir dagar til eða frá hefðu ekki skipt öllu máli. Þá hefði verið allt annað yfirbragð yfir þessari gjörð hæstv. iðnrh. og a.m.k. látið líta svo út að virðing væri borin fyrir þeim störfum sem hér eru unnin.

[22:20]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. sagði í ræðu sinni að þetta væri ekkert flókið mál. Ég þekki engan iðnrh., þar sem ég hef lesið um verk þeirra í nágrannalöndum, sem telur það ekki flókið mál að verja iðnað viðkomandi lands. Ég held nefnilega að þetta sé gríðarlega flókið mál og vil spyrja hæstv. iðnrh. hvort ráðherranum finnist ekki flókið mál þegar önnur lönd fara að skilgreina Ísland sem heimamarkaðssvæði. Þó að hér sé um að ræða sement getur það gengið yfir allar aðrar iðnaðarvörur. Verður dæmið þá æ flóknara að mínu mati.

Svo er það spurning: Ef hæstv. ráðherra gerir sér grein fyrir því hvernig landið liggur varðandi samkeppni og þá áráttu fyrirtækja að sölsa undir sig markað með þeim meðulum sem þau hafa, þar á meðal undirboðum, hefur hæstv. iðnrh. þá aldrei velt fyrir sér að nota þau meðul sem t.d. Samtök iðnaðarins stungu upp á, þ.e. að setja lágmarksverð á sement í landinu um stundarsakir meðan samkeppnisstaðan er skoðuð eða auka hlutafé verksmiðjunnar t.d. eins og Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagði til, meðan væri verið að skoða stöðuna? Augljóslega var farið allt of seint í að skoða mál verksmiðjunnar, stöðu hennar og það hvert ríkisstjórnin ætlaði með verksmiðjuna. Því spyr ég hæstv. iðnrh.: Átti að fljóta sofandi að feigðarósi með þetta fyrirtæki ef ekki hefði verið bryddað upp á málefnum verksmiðjunnar af krafti á síðustu mánuðum? Þetta eru grafalvarleg mál og er alls ekki svo að hér sé ekki um flókið mál að ræða. Þetta er stórmál fyrir íslenskan iðnað.

[22:23]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var alls ekki þannig að ég væri að meina að það gæti ekki verið flókið mál að koma starfsemi

og málefnum verksmiðjunnar í betra horf. Það sem ég meinti var að frv. sem hér er til umfjöllunar væri ekki flókið, en það snýst um það eingöngu að heimila iðnrh. að selja verksmiðjuna. Það er ekki flókið. Hins vegar er margt flókið sem snýr að málinu í heild og það á sjálfsagt eftir að koma betur í ljós.

Ég ætlaði ekki að fljóta sofandi að feigðarósi. Það var alls ekki meiningin. Ef hv. þm. vill þakka sér það að gripið var til aðgerða, og hluti af þeim aðgerðum er að leggja fram þetta frv., þá er það bara allt í lagi, þá skulum við bara hafa það þannig að það sé allt af því að hann flutti þáltill. En við höfum verið að fjalla um þessi mál í ráðuneytinu í allmarga mánuði. Við bundum ákveðnar vonir við eða réttara sagt töldum að það væri mikilvægt að fá niðurstöðu frá samkeppnisyfirvöldum hvað varðaði mikilvæga þætti þeirra viðskipta sem hér eiga sér stað með sement áður en við færum út í svo róttæka aðgerð sem þá að óska eftir heimild til að selja verksmiðjuna.

Miðað við það að við höfum ekki enn þá fengið endanleg svör — þau gætu komið eftir sex mánuði, ár eða hvað má láta sér detta í hug miðað við fyrri reynslu — þá var ekki til setunnar boðið lengur. Þess vegna er þetta frv. flutt og það er einlæg von mín að það sé ekki of seint þannig að koma megi þessum málum í betri farveg nú.

[22:25]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra talar um að það að selja sé ekki flókið. Ég hélt að við værum að ræða um pólitíska stefnu varðandi þetta fyrirtæki sem er í ríkiseigu. Að því leyti til er málið náttúrlega mjög flókið. Ég geri mér grein fyrir því að það er ekkert flókið að selja eina verksmiðju þannig lagað séð. Það eru fullbærir menn til þess, bæði innan ráðuneytis og annars staðar. Það er ekki það sem við erum að tala um.

Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. hvort vígstaðan gagnvart öðrum iðnaði í landinu hafi verið skoðuð og hvaða meðul hæstv. ríkisstjórn sé tilbúin að nota til þess að verja iðnað okkar eins og er gert í öllum öðrum löndum þar sem ég þekki til, með öllum tiltækum ráðum.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort það hafi aldrei hvarflað að henni t.d. að setja lágmarksverð á sement eða jafnvel innflutningstolla og í staðinn fyrir að bíða alltaf eftir úrskurðum frá ESA að sækja fram og láta brjóta á ákvörðunum sem eru teknar hér með það að markmiði að verja okkar iðnað. Það á náttúrlega við um Sementsverksmiðjuna sem hér er á dagskrá. Það var ekki gert. Þess vegna vil ég meina að ríkisstjórnin hafi flotið sofandi að feigðarósi í þessu sambandi og hafi e.t.v. verið alveg sama um þetta fyrirtæki.

Þegar til lengri tíma er litið snýst þetta alls ekki bara um Sementsverksmiðjuna. Út af skilgreiningu um heimamarkað tel ég að allur iðnaður í landinu geti verið undir, drykkjarvöruiðnaður, hreinlætisvöruiðnaður, málningariðnaður, allur efnaiðnaður o.s.frv. Því er fróðlegt að vita hvað hæstv. ráðherra er tilbúin að gera til þess að skerpa stöðuna á varðlínunni fyrir íslenska starfsemi af þessu tagi.

[22:27]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. veit ákaflega vel er svigrúm okkar takmarkað hvað varðar þá þætti málsins sem hann nefndi hér, bæði innflutningstolla, lágmarksverð og hvaðeina vegna þess að við erum aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði þar sem ákveðnar reglur gilda og ákveðið frelsi ríkir í viðskiptum. Það er ekki allt hægt. Við fórum í gegnum ákveðna athugun í samvinnu við fjmrn. hvað þessa þætti varðar og niðurstaðan var sú að grípa ekki til slíkra aðgerða. Það er bara þannig að þetta varð sameiginleg niðurstaða.

Hv. þm. talaði um að auka hlutafé. Það er líka ástæða til þess að nefna Evrópska efnahagssvæðið í því sambandi því að miðað við þær upplýsingar sem ég hef eru nokkrar líkur á því að litið hefði verið á það af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA sem styrk til fyrirtækisins, ekki síst þar sem ríkið á verksmiðjuna. Við erum í nokkuð þröngu umhverfi hvað það varðar að grípa til sérstakra ráðstafana til þess að verja okkur. Hins vegar skal ég taka undir það að sementsmarkaðurinn í Evrópu er algerlega mál út af fyrir sig og undarlegt hvað fyrirtæki virðast geta komist upp með. Ég veit að samkeppnisyfirvöld í Þýskalandi t.d. hafa gripið til margra aðgerða og róttækra í sambandi við sementsverksmiðjur þar í landi til þess að reyna að bregðast við viðskiptaháttum sem þau hafa ekki sætt sig við.

[22:29]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið við 1. umr. og vil því fara nokkrum orðum um þetta frv. við 2. umr. Flestir vita að Sementsverksmiðjan hefur átt í verulegum erfiðleikum á undanförnum missirum, erfiðleikum sem hafa stafað fyrst og fremst af tvennu, í fyrsta lagi mjög verulegum samdrætti í sölu vegna samdráttar á byggingarmarkaði og í öðru lagi vegna innflutnings og undirboða. Við teljum að innflutta sementið sé selt hér langt undir eðlilegu verði og það hefur leitt til þess að Sementsverksmiðjan hefur orðið að lækka sitt verð og stenst það ekki til lengdar. Það þarf því nýtt fé inn í þetta fyrirtæki.

Við afgreiddum við fjárlagagerðina fyrir jólin heimild til fjmrh. til að kaupa mannvirki verksmiðjunnar í Reykjavík. Það eitt og sér dugar ekki til og því er með þessu frv. gert ráð fyrir því að einkaaðilar komi að rekstrinum, komi inn með nýtt hlutafé. Það hefur verið heimild til þess í fjárlögum í allmörg ár að selja 25% af hlutafénu í Sementsverksmiðjunni. Við lögðumst gegn því á sínum tíma, þingmenn af Vesturlandi, að þessi heimild yrði hærri, en nú er í frv. gert ráð fyrir sölu alls hlutafjárins, hvort sem sú heimild verður nýtt til fulls eða ekki.

Ég er sammála þessu uppleggi að því gefnu að verksmiðjan verði rekin áfram. Fari ekki svo að verksmiðjan verði starfrækt áfram er enginn vafi á því að sementsverð mun stórhækka hér á landi, það er ekki nokkur spurning. Ég er þess vegna ánægður með þá auglýsingu sem birtist í Morgunblaðinu í gær og hefur verið gagnrýnd hérna nokkuð, fyrst og fremst vegna tímasetningar. En það sem ég er ánægður með í þessari auglýsingu er það sem segir, með leyfi forseta:

„Leitað er að fjárfesti sem hefur áhuga á að viðhalda rekstri fyrirtækisins, efla það og stuðla að virkri samkeppni á íslenskum byggingamarkaði."

Mér finnst mjög skýrt hvað stjórnvöld eru að fara þarna, með hvaða hætti þau vilja selja hlutafé í fyrirtækinu, og væntanlega verður valinn sá aðili sem tilbúinn er að ganga að þeim skilmálum sem þarna eru settir. En mér skilst að það séu nokkuð margir aðilar sem hafa áhuga á að kaupa hlutafé í þessu fyrirtæki.

Ég held að þetta fyrirtæki eigi ágæta möguleika. Verksmiðjan er í mjög góðu ástandi þrátt fyrir háan aldur. Hún er

nú að verða 45 ára, blessunin, en viðhald á þessu fyrirtæki hefur verið til mikillar fyrirmyndar. Það hefur verið mjög gott skipulag á öllum viðhaldsmálum og verksmiðjan er í ágætu standi.

Það eru tvímælalaust miklir möguleikar fyrir þetta fyrirtæki í eyðingu úrgangsefna. Verksmiðjan hefur núna um alllangt árabil endurnýtt nær allan olíuúrgang sem fellur til í landinu og yrði annars að flytja til annarra landa. Einnig hefur verksmiðjan eytt leysiefnum og framköllunarvökva og hefur mjög mikla möguleika á því sviði vegna þess að hægt er að hita ofn verksmiðjunnar í 1.450°C sem veldur því að efnin brotna niður og valda ekki hættu eða mengun fyrir umhverfið þó að brennt sé t.d. plasti, hjólbörðum og slíku.

Flestar sementsverksmiðjur á Vesturlöndum eru komnar í þennan bransa, þ.e. að sjá um eyðingu og endurnýtingu úrgangs. Það er auðvitað mjög gagnlegt að nota þessi fyrirtæki til þess úr því að þau hafa þetta mikla hitastig í ofnum sínum. Það er því svo að við framleiðslu sements hér á landi á ókomnum árum má búast við því að hlutverk verksmiðjunnar við endurvinnslu úrgangsefna verði stöðugt mikilvægara. Það má t.d. nefna að í nánustu framtíð verður ekki leyft að farga með urðun baggaplasti, hjólbörðum og slíku drasli eins og nú er gert. Þarna liggja því mjög stór tækifæri fyrir þessa verksmiðju.

Umræðan um Sementsverksmiðjuna hefur á margan hátt verið mjög undarleg að undanförnu. Einn vill brjóta mannvirki verksmiðjunnar niður og flytja starfsemi hennar upp á Grundartanga. Nú hefur það verið reiknað lauslega að það muni kosta 500–600 millj. að eyða byggingum Sementsverksmiðjunnar ef út í það þyrfti að fara, og ef byggja ætti síðan upp aðra verksmiðju á Grundartanga er ég ansi smeykur um að þetta dæmi sé verulega óraunhæft.

Það sem verra er, þjóðkunnur ritstjóri hélt því fram í spjalli á Stöð 2 nýlega að Sementsverksmiðjan framleiddi ónýtt sement og tók sem dæmi að það hefði ekki hvarflað að mönnum að nota það í virkjanir landsmanna. Ég hef heyrt þennan sama ritstjóra segja þetta áður í sjónvarpsspjalli. Þarna eru hrein og klár ósannindi á ferðinni. Allar virkjanir landsmanna eru byggðar úr íslensku sementi sem hefur reynst frábærlega vel og það er erfitt að skilja hvað vakir fyrir mönnum að halda fram slíkum ósannindum. Staðreyndin er nefnilega sú að íslenska sementið stenst fyllilega samanburð við erlent sement.

Við umfjöllun um málið komu á fund iðnn. fulltrúar starfsmanna, Verkalýðsfélags Akraness og bæjarstjórnar auk framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins. Þessir aðilar lögðust ekki gegn frv. en lögðu mjög ríka áherslu á áframhaldandi starfsemi verksmiðjunnar. Sementsverksmiðjan hefur auðvitað skipt gríðarlega miklu máli fyrir Akranes og nærsveitir undanfarna áratugi. Fyrirtækið hefur veitt mjög mörgum vinnu og verið eftirsóttur vinnustaður. Starfsaldur manna þar er hár. Yfirleitt hætta menn ekki nema vegna aldurs eða veikinda. Fyrirtækið hefur haft afskaplega góða starfsmenn og trausta sem hafa verið hollir fyrirtækinu. Það hefur kannski verið einn helsti styrkleiki þess að hafa þetta stöðuga og ágæta vinnuafl. Þarna hefur átt sér stað alveg gríðarleg hagræðing. Fyrir ekki mörgum árum voru þarna milli 180 og 190 starfsmenn. Í dag eru þeir 70–80.

Fyrirtækið skiptir mjög mikið við þjónustuaðila, bæði á Akranesi og í nærsveitum, og það hefur verið talað um það í sambandi við þau frv. sem við höfum rætt að undanförnu, varðandi álverin fyrir austan og á Grundartanga að fyrir hvert starf mætti reikna með einu og hálfu afleiddu starfi, þ.e. þjónustu og slíkt. Ég hygg að það eigi einnig við um Sementsverksmiðjuna því það er mjög mikil þjónusta við þetta fyrirtæki, bæði á Akranesi og í hreppunum í kring. Þess vegna skiptir auðvitað mjög miklu máli fyrir þetta svæði, Akranes og Borgarfjarðarsvæðið, hvað verður um þetta fyrirtæki.

Hæstv. iðnrh. fundaði með starfsmönnum áður en málið var lagt fram á Alþingi og ég vil hæla ráðherra fyrir það. Það á auðvitað að gera þetta með þeim hætti. Það er ekki gott fyrir menn að heyra kannski fyrst í fréttum að það eigi að grípa til róttækra ráðstafana í fyrirtæki þeirra og ég tel að hæstv. ráðherra hafi gert hárrétt með því að fara og skýra þetta fyrir starfsmönnunum og eiga við þá ágætar viðræður.

Eitt af því sem þarf að athuga við sölu á þessu fyrirtæki er hvernig gengið verður frá málum við Akraneskaupstað varðandi lóð verksmiðjunnar. Bærinn lét á sínum tíma lóð undir verksmiðjuna og lagði götur endurgjaldslaust, að mér skilst, en með því skilyrði eins og segir í plöggum frá þeim tíma að þar yrði reist og rekin sementsverksmiðja. Það sýnir náttúrlega hversu mikla áherslu Akurnesingar lögðu á að fá þessa starfsemi til Akraness að lóð í hjarta bæjarins skyldi lögð undir hana. Verksmiðjan hefur reyndar verið eitt af táknum bæjarins í 45 ár, ekki síst skorsteininn sem er eitt af hæstu mannvirkjum landsins og má geta þess til gamans að hann nýtist Akurnesingum vel sem veðurviti. Við þekkjum það, ég og hv. þm. Gísli Einarsson sem situr hérna gegnt mér, að ef við ætlum á sjó lítum við fyrst á skorsteininn til að gá á hvaða átt hann er og hvað reykurinn fer langt niður með skorsteininum en út frá því reiknum við vindstigin. Ég legg sem sagt áherslu á að gengið verði frá málum við bæinn. Það þarf að hafa svona hluti á hreinu og það verður vonandi gert.

Í því samkeppnisumhverfi sem við búum við núna held ég að eina leiðin til þess að framleiða íslenskt sement og markaðssetja það sé að gera það í fyrirtæki sem er í einkaeigu, þ.e. ekki í eigu ríkisins. Ég held að það standist varla þá samninga sem Íslendingar hafa gert um samkeppni á fjölmörgum sviðum, þar á meðal þessu, að ríkið eigi og reki verksmiðju eins og þessa í harðri samkeppni við aðra aðila. Þess vegna held ég að það skref sem hér er verið að stíga sé heillaskref og sjálfsagt og eðlilegt og ekki hægt að gera þetta með öðrum hætti.

Ég styð því þetta frv. og vona bara að öflugir aðilar komi að rekstri fyrirtækisins, aðilar sem eru staðráðnir í að reka þetta fyrirtæki og tryggja að sement verði áfram framleitt á Íslandi, enda er hér nánast um alíslenska framleiðslu að ræða. Uppistaðan í sementinu er skeljasandurinn úr Faxaflóa, líparítið úr Hvalfirði, kísilrykið af Grundartanga, raforkan, vatnið og ekki síst vinnuaflið. Þá má náttúrlega minna á það aftur að Sementsverksmiðjan nýtir úrgangsolíuna sem til fellur hér á landi sem annars yrði að flytja úr landi með ærnum tilkostnaði. Hér er því hið ágætasta mál á ferðinni sem ég tel nauðsynlegt að verði samþykkt á Alþingi fyrir þinglok því málið þolir enga bið. Staða fyrirtækisins er slík að þetta mál þarf að fást á hreint á allra næstu dögum.

[22:40]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að mikil samstaða er um það að reyna þá leið sem hér hefur verið gert ráð fyrir að fara, þ.e. að selja Sementsverksmiðjuna einkaaðilum og freista þess með þeim hætti að áfram verði framleitt sement á Íslandi og

haldið uppi samkeppni um framboð á sementi á markaðnum á Íslandi.

Ég tel reyndar að málið sé langt frá því í hendi þó að menn hafi ákveðið að reyna þessa leið og vissulega hefði verið betra að stjórnvöld hefðu verið fyrr á ferðinni með málið og verið fljótari að taka ákvörðun um að reyna þessa leið en raun ber vitni. Það segir okkur auðvitað að ýmsir váboðar eru á leiðinni að það skuli hafa verið slíkur halli á verksmiðjunni sem verið hefur að undanförnu. Menn hafa jú gert ráð fyrir því að hallinn yrði kannski ekki svona slæmur í framtíðinni eða að þær aðstæður sem verksmiðjan yrði í yrðu kannski ekki eins slæmar og þær hafa verið undanfarið vegna þess að menn hafa ekki gert ráð fyrir því að samkeppnisverð á sementi yrði eins og það hefur verið. Aalborg Portland hefur selt sement á ótrúlega lágu verði á markaðnum og ég held að það séu fáir sem trúa því að það verð muni standa til boða um mjög langa framtíð. En hvaða verð verður á sementi í framtíðinni vitum við heldur ekki og þess vegna vitum við ekki hvort framleiðslukostnaðurinn sem er á sementi í þessari verksmiðju verður samkeppnishæfur við innflutning á sementi. Þetta ætla þeir að gera sem hafa áhuga á því að reyna sig við að reka verksmiðuna, freista þess að keppa við þá sem flytja inn. Ég er sammála því að það verði gert en ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því að þeir sem ætla sér þetta muni vilja hafa ákveðinn björgunarbát til taks sem er sá að hætta framleiðslunni og flytja inn sement í staðinn ef framleiðslan stenst ekki það verð sem verður til lengdar á innfluttu sementi. Þetta er þess vegna tilraun og menn þurfa auðvitað að meðhöndla málið með það í huga að það sé ekki endilega víst að tilraunin takist. Þess vegna þarf að ganga frá málum gagnvart Akraneskaupstað þannig að menn hafi þar full tök á ef ekki verður framleitt sement í þessari verksmiðju. Það er óþolandi fyrir Akranesbæ að standa frammi fyrir því að þessi verksmiðja verði lokuð tímunum saman og að þeir sem hana eiga flytji inn sement en haldi því fram að þeir vilji hafa verksmiðjuna klára því það geti vel verið að hægt verði að framleiða sement aftur. Slík staða er ekki þolandi fyrir bæjarfélag eins og Akranes vegna staðsetningar verksmiðjunnar bókstaflega í hjarta bæjarins. Á stað eins og þessum mundi enginn láta sér til hugar koma að byggja verksmiðju af þessu tagi í dag þótt það hafi verið gert á sínum tíma. Þess vegna þarf að leggja vinnu í það að fara yfir málin með Akraneskaupstað og ganga þannig frá gagnvart þeim aðilum sem sýna áhuga á því að kaupa og reka verksmiðjuna þarna, að þar sé allt á hreinu, að allir viti nákvæmlega hvar þeir standa þegar þessi rekstur hefst í höndum þeirra sem munu fá verksmiðjuna til rekstrar.

Ríkið getur tryggt að hluta til þennan rekstur og það mun skipta verulegu máli ef ríkið lýsir sig jákvætt, að maður tali nú ekki um ef upp á samninga verður boðið um að eyða þarna úrgangsefnum í framtíðinni, ekki bara þeim úrgangsefnum, olíum og öðru slíku, sem hafa verið notuð í verksmiðjunni í staðinn fyrir olíu og kol heldur öðrum úrgangsefnum sem við höfum ekki enn farið að nýta okkur á Íslandi en verulega mikið fellur til af. Það hefur komið fram að menn telja raunhæft að gera ráð fyrir því að það eldsneyti sem verði notað í verksmiðjunni geti verið allt að rúmlega að $^3/_4$ úrgangsefni og ekki þurfi þá innflutta olíu til þess að brenna í verksmiðjunni nema að 25% eða eitthvað á því bili. Þá sjá menn að eftir miklu er að slægjast bæði hvað varðar þau markmið að eyða úrgangsefnum og draga þannig úr mengun og vandamálum sem fylgja því að eyða slíkum efnum og líka að nýta þá orku sem þarna er.

Það er t.d. meiri orka fólgin í plasti eins og rúllubaggaplasti og öðru slíku en olíu. Eins er það með dekkin undir bílunum okkar. Það er meiri kraftur í þeim til brennslu heldur en í olíu þannig að þar eru á ferðinni veruleg verðmæti sem fara forgörðum á meðan þessi úrgangsefni eru ekki nýtt.

Eins og ég sagði áðan er ég ánægður með að um þetta skuli vera sú samstaða sem greinilega hefur komið fram á Alþingi. Við eigum eftir að sjá þegar á það reynir hvað menn vilja gefa mikið fyrir verksmiðjuna og það er kannski ekki aðalatriði málsins. Aðalatriði málsins er að alvörutilraun verði gerð til þess að reka þessa verksmiðju til framtíðar. Við eigum auðvitað eftir að sjá viðbrögð þeirra sem núna flytja inn sement og hvort þeir ætla að halda áfram að bjóða upp á sement á því verði sem verið hefur um einhvern tíma. Það mun setja þá sem taka við þessum rekstri í vanda því að það er algjörlega ljóst að framleiðslukostnaður á sementi í verksmiðjunni núna er hærri en svo að hægt sé að keppa við það verð sem er í gangi. Ég geri því ráð fyrir því að sá tími sem þeir sem kaupa verksmiðjuna taka sér til þess að láta reyna á þennan rekstur muni ekki verða ótakmarkaður. Ég geri ráð fyrir að þeir sem ætla sér að gera þessa tilraun vilji samstarf við erlenda sementsframleiðendur. Það tel ég nauðsynlegt. Ég tel að enginn geti keypt þessa verksmiðju til þess að láta reyna á þetta af neinu viti, þ.e. að ekki sé hægt að gera það nema vera í samstarfi við erlenda framleiðendur sements vegna þess að auðvitað þarf þá baktryggingu að geta boðið innflutt sement ef rekstrarkostnaður framleiðslunnar hér verður hærri en það verð sem samkeppnisaðilar bjóða. Ég held að það sé þetta sem samkeppnisaðili verksmiðjunnar á markaðnum núna þurfi að sjá, hann þurfi að sjá alvörusamkeppni inn í langa framtíð og gera sér grein fyrir því að það verð sem hann býður verður að vera byggt á raunhæfu samkeppnisumhverfi inn í framtíðina. Þetta er ég að vona að gerist með þeim aðilum sem hafa sýnt áhuga á verksmiðjunni og að við fáum þess vegna alvörutilraun til að framleiða og þá flytja inn sement ef í harðbakkann slær sem er auðvitað hugsanlegt.

Ég veit að allir á Akranesi, bæði bæjafélagið, starfsmenn verksmiðjunnar og bæjarbúar, vilja mjög gjarnan að þessi tilraun takist. En ég geri fastlega ráð fyrir því að þeir vilji líka að öryggisnetin séu í lagi hvað varðar verksmiðjuna og bæinn sjálfan ef það bregður til beggja vona með rekstur Sementsverksmiðjunnar í framtíðinni.

Ég ætla svo sem hvorki að halda hér langa ræðu né teygja lopann yfir þessu máli. Mér finnst að menn séu að gera tilraun sem full ástæða er til að gera. Það hefði átt að leggja af stað í þessa göngu fyrr. En það þýðir ekki að tala um að núna. Ég vona bara að þetta gangi vel og ég vona að ríkisstjórnin standi sig í því að vera tilbúin gagnvart þeim aðilum sem ætla sér í þennan rekstur með samning um förgun úrgangsefna þannig að þeir sem hafa áhuga á því að reyna þetta hafi í höndum sér þann stuðning sem hægt er að veita sem hefur þá rökstuðning í förgun þessara úrgangsefna því það mun sannarlega líka kosta fjármuni að gera það annars staðar. Við munum ekki sleppa undan því lengur að standa okkur í því að farga hjólbörðum, rúllubaggaplasti og öðru því um líku þannig að það má kosta eitthvað. Nú hefur reyndar verið komið á fót sjóði eða það er búið að samþykkja á Alþingi lög um gjald af slíkum efnum sem hægt er að nýta að einhverju leyti til þess að koma til móts við þá sem taka að sér að eyða þessum efnum. Ríkisstjórnin hefur því þá

hluti í sínum höndum. Hún getur líka, að svo miklu leyti sem menn hafa ekki séð nákvæmlega fyrir hvernig þessi framtíð verður, auðvitað skrifað undir einhvers konar viljayfirlýsingu um samkomulag inn í framtíðina um að farga þessum efnum þannig að þetta fyrirtæki hafi þá þetta hlutverk í hendi sinni og menn muni geta aukið verkefni til þessa fyrirtækis á grundvelli slíks samkomulags á næstu árum. Ég held þess vegna að full ástæða sé til að reyna að styrkja möguleika þeirra sem taka við verksmiðjunni til að reka hana því að ég efast ekki um að menn þurfi á öllu sínu að halda til þess að þessi tilraun takist. Ég ætla svo að hafa það mín lokaorð að ég vona sannarlega að hún geri það.

[22:54]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Frv. til laga um breytingu á lögum um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins er hér til 2. umr. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í iðnn., hefur gert grein fyrir því nefndaráliti sem hann sem minni hluti nefndarinnar stendur fyrir.

Í nefndarálitinu er einmitt undirstrikuð sú ríka áhersla sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggjum á það að standa vörð um Sementsverksmiðjuna, um framleiðslu hennar og framtíð og að þær aðgerðir sem gripið verður til vegna stöðu hennar, reksturs og framtíðarmöguleika eigi að mótast af þeirri afstöðu fyrst og fremst að tryggja framtíð hennar og starfsemi.

Herra forseti. Það verður að segjast í upphafi máls míns að frammistaða hæstv. iðnrh. sem ábyrgðarmanns verksmiðjunnar fyrir hönd ríkissjóðs, eigandans, frammistaða hæstv. ráðherra í málefnum verksmiðjunnar hefur verið afar slæleg. Það hefur verið ljóst nú um nokkurn tíma að verksmiðjan á í rekstrarerfiðleikum án þess að á þeim hafi verið tekið á nokkurn hátt af ábyrgð sem eiganda ber að taka á starfsemi á hans vegum. Þetta er kannski meginvandi Sementsverksmiðjunnar. Hann hefur einmitt verið sá hversu illa eigandinn hefur haldið á málum.

Það þótti gott hér á árum áður að geta beitt Sementsverksmiðjunni, verðlagningu á sementi, til þess að hafa áhrif á verðlag, á vísitölu kaupgjalds og verðlags, og í gegnum árin var þess ekki alltaf gætt að verksmiðjan fengi að njóta arðs eða afraksturs af framleiðslu sinni og sölu og byggja upp eiginfjárstöðu eins og eðlilegt hefði verið ef eigandinn hefði sýnt fyrirtækinu tilhlýðilega virðingu.

Það hefur áður komið fram hér í umræðum að ríkið hafi í sjálfu sér aldrei lagt neitt til nema lán í upphafi og að lítið hafi verið um framlög til að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækisins. Þau eru ekki mörg fyrirtækin hér á landi sem eiga sér jafnlanga sögu og Sementsverksmiðjan sem hafa ekki þurft að fá styrkingu eigin fjár eftir þau boðaföll sem íslenskur iðnaður hefur þurft að þola á undanförnum árum og áratugum. En skeytingarleysi ríkisvaldsins gagnvart þessari verksmiðju hefur verið svo algert að þar hefur verið látið reka á reiðanum þar til staðan var orðin svo erfið að illgerlegt er að sjá fram úr henni nema þá með því að beita örþrifaráðum eins og ríkisvaldið er hér að gera, þ.e. að losa sig bara við verksmiðjuna.

Við hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson fórum upp á Akranes og hittum þar starfsfólk Sementsverksmiðjunnar sama dag og frv. um sölu verksmiðjunnar var lagt fram til að heyra hljóðið í þeim, hvernig þeim litist á. Það var sér sorglegt að heyra að margir þeirra sem við áttum þar tal við töldu að í stöðunni væri illskásti möguleikinn að selja verksmiðjuna, staðan og umhyggjan fyrir henni gæti varla versnað. Þetta eru dapurleg rök en þau verður í sjálfu sér að virða. Það er á þessum forsendum sem salan nú eða heimild til sölu er keyrð fram.

Ég hefði talið æskilegra, herra forseti, að farin hefði verið leið okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem lögð var til við fjárlagaafgreiðslu í desember, þ.e. að gripið yrði til þess að styrkja eiginfjárstöðu verksmiðjunnar með því að auka hlutafé eins og gert er almennt í fyrirtækjum sem menn ætla góða framtíð og þarf að styrkja eiginfjárstöðu hjá. Það lögðum við til. Að vísu var á skyndifundi rétt fyrir lokaafgreiðslu fjárlaganna kallað til fundar í fjárln. og þá var komið fram með tillögur sem meiri hlutinn vildi standa að, að styrkja eiginfjárstöðu verksmiðjunnar með því að selja eignir sem hún átti í Reykjavík og þurfti ekki á að halda eða gat látið af hendi og beita þeim aðferðum til þess að styrkja eiginfjárstöðu verksmiðjunnar. Maður skyldi halda að þá hefði verið gripið til þess af dugnaði og krafti að ganga til þeirra aðgerða sem Alþingi var búið að samþykkja því að öllum mátti vera ljóst að það var ekki svo mikill tími eftir til að taka á rekstrarvanda verksmiðjunnar og þótti mörgum seinagangurinn ærinn til þess tíma. Við skyldum því halda að gripið hefði verið af röskleika til þess að bjóða þá falar þær eignir sem búið var að heimila að seldar yrðu og verja andvirðinu til að styrkja verksmiðjuna. En því miður sást ekki bóla á neinum aðgerðum í þá veru. Málið var dregið, því var stungið undir stól, sest var á málið og lagst á það og áfram stóð verksmiðjan í þeim vanda sem hún var í og sá vandi jókst. Það skýtur því nokkuð skökku við þann seinagang sem var af hálfu iðnrn. að framkvæma samþykktir Alþingis varðandi styrkingu eiginfjárstöðu verksmiðjunnar að nú, þegar umræðan bara um það að fá heimild til sölu kemur inn á Alþingi á síðustu dögum þingsins fyrir þinglok og á síðustu dögum núv. ríkisstjórnar, þegar málið er ekki einu sinni komið til 2. umr., er enn þá í þingnefnd og bara örfáir dagar síðan mælt var fyrir því á Alþingi, þá skuli vera komin auglýsing um sölu verksmiðjunnar.

Betra hefði verið ef sýndur hefði verið sá dugnaður til að fylgja eftir samþykktum Alþingis í desember um að selja þær eignir sem heimilað var að selja til að styrkja eiginfjárstöðuna. Þessi vinnubrögð, herra forseti, sýna kannski í hnotskurn hug hæstv. iðnrh. og ríkisvaldsins til þessarar verksmiðju og til starfsemi hennar. Þeim er svo brátt að selja hana og losa sig við hana að þeir geta ekki einu sinni beðið eftir því að frv. fái þinglega meðferð.

Ég held, virðulegi forseti, að slík vinnubrögð og slík afstaða segi meira en mörg orð. Hæstv. iðnrh. sagði á síðasta ári eitthvað í þá veruna að verksmiðjan yrði bara að fara að klára sig sjálf, við værum komin í samkeppnisumhverfi og ríkið gæti ekkert verið að hlaupa undir bagga með henni. (**Iðnrh.:** Ég hef aldrei sagt það.) Hún yrði að klára sig sjálf. Hún væri komin í samkeppnisumhverfi. Ég get flett þessu upp fyrir hæstv. ráðherra en það var eitthvað í þá veruna. Ég get flett upp á þeim orðum sem voru höfð eftir hæstv. ráðherra í blaðaviðtali og lutu að þessu máli.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég hefði talið að það væri til heilla fyrir verksmiðjunna að beðið yrði til ríkisstjórnarskipta þannig að þeir sem þá tækju á málum eftir að skipt hefði verið um ríkisstjórn gætu komið að málinu frekar af meiri heilindum gagnvart verksmiðjunni heldur en hér er á ferðinni.

Sú auglýsing sem við erum með í höndunum, virðulegur forseti, um ekki aðeins söluheimild heldur er líka texti um ýmis skilyrði sem sett eru varðandi söluna meðan málið er enn til umfjöllunar í þinginu, sýnir í hnotskurn, herra forseti, þann hug og þau heilindi sem að baki þessum gjörningum öllum standa og er dapurlegt að verða vitni að.

Strax á fyrstu dögum þingsins sl. haust lögðum við hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, fram tillögur til að taka á málum Sementsverksmiðjunnar. Við lögðum fram tillögu um að þá þegar yrði gerð úttekt á verðmyndun á innfluttu sementi en þá hafði um nokkurt skeið verið flutt inn, og er enn, sement af dönskum sementsrisa og selt hér á meintu undirverði. Við lögum til að á þessu máli yrði tekið en menn sætu ekki með hendur í skauti í skjóli þess að málið væri í einhverju óskilgreindu ferli hjá samkeppnisyfirvöldum hérlendis og erlendis. Við lögðum til að stjórnvöld tækju á þeim málum af festu og ef reyndin yrði sú að sá málarekstur sem þá var hafinn tæki of langan tíma þannig að það yrði verksmiðjunni erfitt að bera þá óvissu, þá yrði gripið til aðgerða til þess að styrkja og styðja verksmiðjuna á meðan. Við lögðum þetta til, herra forseti, og sú tillaga kom inn til þingsins strax á fyrstu dögum þings í haust. Maður skyldi halda að ef vilji hefði verið eða áhugi til þess í raun að taka á málum Sementsverksmiðjunnar af heilindum, þá hefði þegar í stað verið hafist handa við að vinna á grundvelli þeirra tillagna.

Hin tillagan sem við fluttum, virðulegi forseti, fjallaði um að gera úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar, m.a. með tilliti til hlutverks hennar við förgun spilliefna. Þar er um að ræða möguleika til þess að nýta orkurík úrgangsefni, olíu, plast, gúmmíhjólbarða og annan orkuríkan úrgang sem okkur ber að eyða og við höfum samþykkt lög sem kveða á um allverulegt skilagjald á slíkum vörum. Nú þegar er brennt orkuríkum úrgangsolíum í verksmiðjunni og mikill áhugi hefur verið á að geta fengið tæki og búnað til þess að brenna öðrum orkuríkum úrgangsefnum eins og gúmmíi, dekkjum, hjólbörðum og plasti. En að sjálfsögðu kosta allar slíkar aðgerðir peninga, bæði þróunarstarf og breytingar. Og ef eigandinn hefði viljað koma að þessu máli, ef hann hefði viljað koma að þessari starfsemi af heilindum og áhuga á því að verksmiðjan gæti starfað áfram einmitt á þessum forsendum jafnframt, þá hefði eigandinn beitt sér fyrir því af afli og myndugleik. En það hefur ekkert gerst af hálfu eigandans í þá veruna.

Það væri kannski fróðlegt ef hæstv. iðnrh. gæti upplýst hvort gerðir hafi verið einhverjir aðrir samningar um förgun á orkuríkum úrgangsefnum sem okkur ber nú að eyða við aðra aðila en Sementsverksmiðjuna. Eða hvað er í bígerð í að framfylgja þeim lögum sem við höfum samþykkt um förgunarskyldu á þessum efnum, hjólbörðum, plasti og þess háttar og sem við erum farin að innheimta gjald fyrir? Hvað hefur framkvæmdarvaldið gert til að tryggja það að fylgja þessum lögum eftir? Er búið að gera samninga við einhverja aðila um slíka förgun? Ég hefði viljað fá svar við því hér, herra forseti.

Ef virkilegur vilji eigandans, ríkisins, hefði verið fyrir hendi til þess að standa að baki verksmiðjunni og styrkja stöðu hennar og tryggja rekstrarlega framtíð hennar, þá hefði verið gengið mynduglega til verks í að kanna möguleika hennar, einmitt í að nýta orkurík úrgangsefni bæði til þess að farga þeim og styrkja rekstrarstöðu og verkefnastöðu fyrirtækisins. Á því hefur ekkert bólað, fullkomið skeytingarleysi af hálfu eigandans sem hæstv. iðnrh. fer með umboð fyrir.

Það er ekkert smámál þegar tekið er að rugga fyrirtæki og tilveru fyrirtækis eins og Sementsverksmiðjunnar enda fara sögur og hugmyndir fljótt á kreik. Í gærkvöldi var í sjónvarpinu viðtal við menn, t.d. við bæjarstjórann á Akranesi út af hugmyndum sem þar höfðu komið upp og til tals í bænum af einhverjum aðilum um að nú væri upplagt tækifæri að rífa niður verksmiðjuna og ef grundvöllur væri fyrir því að vera með sementsframleiðslu, þá skyldi byggja hana upp annars staðar.

Það er alveg ljóst að þegar slíku fyrirtæki, sem ekki er betur í stakk búið til að mæta nýju umhverfi en Sementsverksmiðjan er nú, er ruggað í þessari aðstöðu þá er ekki alltaf að maður ráði framvindunni. Þess vegna er sú aðgerð sem hér er lagt upp með og á þann hátt sem gert er afar óábyrg. Vægast sagt afar óábyrg. Ljóst er að Ísland er það lítill markaður og stendur svo fjarri framleiðslu í öðrum löndum að ekki munu margir verða til þess að flytja sement hingað og keppa á sementsmarkaði hér, enda hefur hinn danski sementsrisi sem flytur inn sement lýst því yfir að hann líti á Ísland sem sinn heimamarkað, það sé nokkur fórnarkostnaður sem verði að taka á sig meðan verið er að leggja innlenda framleiðslu niður, en á eftir þegar það er búið, hafi tilganginum verið náð og þetta sé hluti af heimamarkaði hans. Þetta kom fram í blaðaviðtali í jósku blaði, þannig að sá vilji er ljós.

Vel má vera að það geti verið rétt að Sementsverksmiðjan fái aðra eignaraðila til framtíðar en þá eiga slík eignaskipti að eiga sér stað þegar allt hefur verið gert sem hægt er að gera til þess að tryggja og treysta stöðu verksmiðjunnar, tryggja henni framtíð og gera hana betur tilbúna til þess að fara í hendur nýrra eigenda. Það að selja verksmiðjuna undir núverandi kringumstæðum, þegar á engum þáttum varðandi framleiðslu hennar eða rekstur hefur verið tekið, er ábyrgðarleysi af hálfu eigandans.

Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á að áður en þessi söluheimild er afgreidd hér á þingi verði sú úttekt framkvæmd sem við hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson höfum óskað eftir og lagt fram tillögur um á Alþingi, bæði hvað varðar framtíðarhlutverk Sementsverksmiðjunnar við förgun orkuríkra úrgangsefna og einnig hvað varðar úttekt á verðmyndun á innfluttu sementi þannig að sú deila sem nú er uppi um verðlagningu á innfluttu sementi gagnvart innlendu verði leyst og séð til botns í hvað þar getur verið á ferðinni og að söluheimildir verði látnar bíða á meðan. Það er fráleitt að setja Sementsverksmiðjuna á sölu við þessar óvissu kringumstæður. Það er fráleitt gagnvart þeirri framleiðslu sem þar er stunduð og verksmiðjan sér um. Þetta er innlend framleiðsla úr innlendu hráefni sem þarna á sér stað og þetta er mikilvægt atvinnufyrirtæki, ekki aðeins á Akranesi heldur fyrir landið allt. Þess vegna á að tryggja sem best stöðu verksmiðjunnar og komi til sölu verði hún seld með góða framtíðarmöguleika og ljósa. Hún verði ekki seld í því óvissuástandi sem nú er. Eigandanum ber að tryggja verksmiðjunni framtíð áður en hún er sett á svona uppboðsmarkað ef það þykir fýsilegt. Það verður aldrei nema einn aðili hér með meginþungann í sementssölu. Hér verður því aldrei í raun virk samkeppni. Það verður alltaf að meira eða minna leyti fákeppni eða einokun í þessu og þá er líka eins gott að ríkisvaldið sé ábyrgt fyrir því að gæðum framleiðslunnar sé haldið og að verði sé haldið hóflegu því þó að markaðurinn sé í raun opinn og sé opinn fyrir samkeppninni, þá er landfræðileg staða Íslands þannig að erfitt getur verið að mynda raunhæft

og virkt samkeppnisumhverfi. Það er bara staðreynd hversu jákvæð sem samkeppni annars gæti verið fyrir sölu á þessari vöru.

Virðulegi forseti. Ég vil ljúka máli mínu og vitna aftur til þessara bráðræðisaðgerða af hálfu iðnrn. í að auglýsa eignarhlut ríkisins til sölu í Sementsverksmiðjunni áður en búið er að fjalla um málin á Alþingi, áður en búið er að taka út og tryggja framtíðarstöðu verksmiðjunnar eins og kostur er. Það hefði verið óskandi að dugnaður og bráðræði hæstv. iðnrh. hefði nýst betur við að tryggja verksmiðjunni framgang fyrr á síðasta ári eða við að framfylgja samþykkt Alþingis sem gerð var í desember sl. og hefði átt að vera búið að framfylgja ef eðlilegt hefði verið. Það hefði verið betra.

Virðulegi forseti. Ég tel að ég hafi flutt rök, sterk rök fyrir því að skoða beri þessi mál betur, kanna möguleika á framtíðarhlutverki og stöðu verksmiðjunnar og reyna að tryggja hana sem allra best áður en hún er boðin til sölu ef það þykir fýsilegur kostur og þess vegna eigi Alþingi ekki að afgreiða þetta mál að svo stöddu.

[23:20]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ósköp er nú þægilegt að geta talað svona gjörsamlega ábyrgðarlaust í stjórnarandstöðu. Hv. þm. talaði eins og það sé bara ekkert mál að kippa í liðinn vandamálum Sementsverksmiðjunnar. Það er eins og honum komi það ekkert við af hverju þau vandamál stafa. Á sama tíma og stórkostlegur samdráttur er í sementssölu á Íslandi þá fær Sementsverksmiðjan óvægna samkeppni fyrirtækis sem undirbýður sementið og gerir það að verkum að verksmiðjan verður að elta það verð sem gerir reksturinn náttúrlega ómögulegan.

Hv. þm. talaði um að það skorti á umhyggju eigandans. Það er reyndar svo að í gegnum tíðina hefur þetta fyrirtæki verið nokkuð sjálfbært, en eigandinn má eiga það að eftir að þessir miklu erfiðleikar hófust fyrir tveimur árum hefur hann bara sinnt því ágætlega. Ég minni á að hæstv. iðnrh. skipaði skrifstofustjóra í iðnrn. sem stjórnarformann í fyrirtækinu sem gerir það auðvitað að verkum að allar boðleiðir milli ráðuneytis og fyrirtækis eru miklu greiðari og þessi maður hefur staðið sig frábærlega vel í þessu starfi. Ég minni líka á að hæstv. ráðherra fór á fund með starfsmönnum um daginn til að ræða við þá um það sem uppi væri áður en málið kom fyrir Alþingi þannig að menn verða að vera aðeins sanngjarnir þegar þeir eru að gagnrýna.

Hv. þm. talaði um tillögu Vinstri grænna, að það hefði leyst allan vandann að setja í þetta 500 millj. úr ríkissjóði. Ég er ósammála því og tel að ríkið geti ekki staðið í svona samkeppnisrekstri. Ég held að ekki sé stætt á því. Við brjótum á samkeppnisreglum ef ríkið er að brasa í slíku. Ef einkaaðilar vilja koma með verulegt fjármagn inn í þetta fyrirtæki, þá er það gott að því gefnu að þeir vilji reka fyrirtækið áfram.

Hv. þm. og fleiri hafa gagnrýnt mjög auglýsinguna sem kom í Mogganum í gær og út af fyrir sig má segja að það sé kannski óheppilegt að hún skyldi koma í gær en tekið er fram að salan sé með fyrirvara um samþykki Alþingis. En getur ekki verið að þessi auglýsing komi svona snemma vegna þess að fyrirtækið er að komast í algert þrot og málið þolir ekki bið? Ég held að það eigi kannski við. Svo kom hv. þm. inn á það að reka ætti fyrirtækið þangað til ný ríkisstjórn kæmi með umhyggju fyrir Sementsverksmiðjunni. Og þá spyr ég hv. þm.: Hvað mundi hann gera ef hann væri í ríkisstjórn í dag og hvað ætlar hann að gera ef hann kemst í ríkisstjórn?

[23:23]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðjón Guðmundsson svaraði sér eiginlega sjálfur þegar hann sagði að líklega væri sölutilkynningin komin vegna þess að verksmiðjan væri alveg komin í þrot og sýndi þar með hug eigandans til hennar á undanförnum mánuðum. Hv. þm. svaraði sér best sjálfur með því sem hann sagði í andsvari sínu. Já, og það var einmitt það sem starfsmenn Sementsverksmiðjunnar sögðu. Þeir sögðu að það gæti varla versnað þó að nýr eigandi kæmi að þannig að hv. þm. svaraði sér sjálfur í þessu máli.

Ég leyfi mér að inna hv. þm. eftir því ... (Gripið fram í.) Hv. formaður iðnn. ætti nú að huga að því með hvaða hætti auglýsingin fór út um sölu verksmiðjunnar á meðan hann var enn með málið í höndum. En það sem ég ætlaði að inna hv. þm. Guðjón Guðmundsson eftir var — hvað ef við hefðum sett lágmarksverð eða tryggt eitthvað stöðu verksmiðjunnar meðan þetta mál stendur yfir? Eða hvernig eigum við að standa að málarekstri, hvernig eigum við að fá skaðabætur ef innflutningsaðilinn, sem hv. þm. minntist á að hefði beitt hér meintum samkeppnisbrögðum, verður síðan uppvís að því, ef hann reynist nú sannur að því og bótaskyldur? Hvernig förum við að því að innheimta þær bætur? Ég hefði talið afar mikilvægt að íslenska ríkið sé ekki að taka áhættu með því að standa á rétti sínum gagnvart verksmiðjunni og möguleikum hennar.

[23:25]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri það gjarnan þegar mér leiðist á löngum þingfundum að fara í andsvar við hv. þm. og leggja fyrir hann spurningar. Og það bregst ekki að hv. þm. svarar aldrei spurningum. Hann kemur alltaf með aðrar spurningar. Þetta er svona taktík hjá honum og ég hef eiginlega alltaf jafngaman af þessu. Ég spurði hv. þm. einfaldra spurninga: Hvað átti hann við með því að reka þyrfti fyrirtækið þangað til ný skilningsrík ríkisstjórn hefði tekið til starfa, ríkisstjórn með umhyggju fyrir Sementsverksmiðjunni, hvað mundi hann gera ef hann væri í ríkisstjórn í dag og hvað ætlar hann að gera ef hann verður í ríkisstjórn eftir kosningar til að bjarga þessu fyrirtæki? Og að vanda svaraði hv. þm. engu. Hann svarar aldrei spurningum í andsvörum og ég skora á hv. þm. að bregða nú út af vana sínum og svara einu sinni og svara þessum einföldu spurningum.

Hann talaði um hug eigandans á undanförnum árum, þetta er náttúrlega bara klisjudella. Hann vitnar í starfsmenn sem sögðu að staða fyrirtækisins mundi ekki versna með nýjum eiganda, og ég spyr hv. þm. sem hefur mikið verið að atast í starfsmönnum á undanförnum mánuðum og telur sig sérstakan talsmann þeirra: Fyrst starfsmenn sögðu að þetta mundi batna með nýjum eigendum, styður hann þá ekki þetta frv.? Styður hann ekki starfsmennina í því sem þeir vilja, að fá nýjan eiganda að fyrirtækinu? Ég treysti á að svo verði og bið hann að svara þeirri spurningu líka en það er kannski fullmikið að ætlast til að hann svari tveimur.

Síðan talaði hv. þm. um hvernig eigi að ná í bætur með samkeppnislögum og úrskurði og slíku. Ég verð að segja eftir að hafa fylgst mjög með þessu máli undanfarin ár að ég hef bara enga trú á þessu samkeppnisapparati okkar. Það er búið að taka fleiri mánuði og fleiri ár að fá niðurstöðu, bæði hjá Samkeppnisstofnun á Íslandi og samkeppnisbixinu

í Brussel og mér sýnist bara á öllu að þarna sé ómögulegt að fá neina niðurstöðu. Ég hef því enga trú á að hún verði í þeim dúr að sóttar verði háar upphæðir í skaðabætur af danskinum.

[23:27]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg tekið undir með hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni að samkeppnisumhverfið hér og þessir dómstólar allir eru orðnir rækileg flækja, enda sagði hæstv. iðnrh. í umræðum um daginn að menn stæðu í samningum við dómstólana, viðkvæmum samningum. En hv. þm. spyr hvað við mundum gera. Það liggja m.a. fyrir tillögur frá okkur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um það hvernig við hefðum viljað skoða málin strax í haust. Við vildum skoða framtíðarverkefni verksmiðjunnar út frá auknum og nýjum forsendum sem hv. þm. hefði getað kynnt sér ef hann hefði haft áhuga á stöðu og möguleikum verksmiðjunnar. Tvær tillögur liggja fyrir sem við höfum flutt og fluttum strax í haust sem lutu einmitt að því að treysta rekstrarstöðu og hlutverk verksmiðjunnar þannig að við lögðum það strax til. (**GuðjG:** Hef ég ekki áhuga á málum verksmiðjunnar?) Jú, jú. Ég biðst afsökunar á því. Ég er alveg klár á því að hv. þm. Guðjón Guðmundsson hefur mikinn og sterkan áhuga á málefnum verksmiðjunnar og ég virði það alveg hreint og biðst afsökunar á því en mér finnst samt að hv. þm. hefði getað kynnt sér betur þau mál sem hafa verið lögð fram til að styrkja stöðu verksmiðjunnar, alla vega spyr hann hér í ræðustól eins og hann hafi ekki gert það. En ég treysti því að hv. þm. kynni sér þau mál sem lögð hafa verið fram af þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um að tryggja stöðu verksmiðjunnar. En ég ítreka að ég dreg alls ekki dul á einlægan vilja hv. þm. til að tryggja framtíðarrekstur og stöðu verksmiðjunnar.

Virðulegi forseti. Um eigandann sagði hv. þm. áðan að líklega væri þessi auglýsing til komin vegna þess að verksmiðjan væri alveg komin í þrot og hún gæti ekki beðið eftir því að málið yrði afgreitt hér á Alþingi. Lýsir það ekki best framkomu eigandans gagnvart verksmiðjunni? Að setja hana svo í þrot að það verði að flýta sér að setja hana í sölu áður en málið er afgreitt á Alþingi? (Gripið fram í.) Svarið er hér ef hv. þm. hefur ekki fylgst með.

[23:29]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegi forseti. Mér er enginn hlátur í hug þegar verið er að fjalla um þetta mál. Mér finnst þetta ekki vera gamanmál og allra síst til að fjalla um það á þann veg. Um er að ræða fyrirtæki þar sem fjölmargir menn hafa starfað í gegnum árin. Sá sem hér stendur vann í þessu fyrirtæki í 30 ár og ég get ekki sagt að ég geti tekið undir neitt sem þýðir gamanmál í kringum þetta og er ég þó ekki þunglyndur.

Sannfæring mín er sú að starfsemi Sementsverksmiðjunnar hafi alla tíð verið til hagsældar fyrir alla Íslendinga. Við framleiðslu og afgreiðslu sements frá Sementsverksmiðjunni hafa fjölmargir mætir menn unnið frá upphafi. Elstu starfsmenn eiga þar 47–48 ár að baki, frá byggingartíma, og sá sem var með lengstan starfsaldur hætti störfum seint á síðasta hausti. Því fólki sem hefur gefið þessu fyrirtæki alla sína starfsævi er margt heilagt í því.

Ég var, eins og ég sagði áður, starfsmaður í þessu umrædda fyrirtæki í 30 ár, allt frá því að ég hóf störf og lauk síðan iðnnámi og ferðaðist á vegum fyrirtækisins, flutti erindi, m.a. erlendis, sem ég gæti hæglega flutt hér, til þess að kynna fólki hvað verið var að gera, (**ÁRJ:** Segðu okkur frá því.) bæði á dönsku og ensku, hv. þm. Hjálmar Árnason. Það fjallaði um fyrirbyggjandi viðhald og starfsemi í svona fyrirtæki sem þótti vera dæmigert fyrir önnur og stærri fyrirtæki um á hvern hátt mætti ná fram hagkvæmni í rekstri. Ég var með í því að vinna að byggingarframkvæmdum, allt frá því að vera með í framleiðsluferli og viðhaldi véla og búnaðar og endaði með því að setja upp viðhaldsstýrikerfi á þann máta sem nýttur er í sementsverksmiðjum og er best þekktur og virtur, sem byggist á því að viðhaldi er stýrt. Það er hugmynd byggð á þekkingu, reynslu og færni fjölmargra úr sementsiðnaði víða að úr heiminum. Þetta eru að sjálfsögðu bara atriði sem flögra upp í hugann þegar maður veltir fyrir sér breytingum á háttum í rekstri þessa fyrirtækis sem við erum að fjalla um. Í ræðu sem ég flutti við upphaf málsins gerði ég grein fyrir ýmsum meginatriðum, m.a. því að ég stæði með þessari aðgerð. Ég rakti þá að samkeppnisaðstæður hafa skapað allt annað umhverfi en þegar sá sem hér stendur lagðist eindregið gegn því að veitt væri heimild til að selja meira en 25% hlut í fyrirtækinu.

Sementsframleiðsla er ein elsta efnisframleiðslugrein sem menn hafa fengist við. Það eru aldir síðan menn fundu það út að bindiefni sem varð til úr blöndu af kalki, kísilsteinefnum og gifsi hentaði vel til þess að binda saman hin svokölluðu íblöndunarefni sem notuð eru til steypuframleiðslu. Íblöndunarefnin samanstanda af sandi, möl, sementi og vatni í meginatriðum. (**ÁRJ:** ... steypuskemmdir.)

Virðulegur forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir var að ræða um það sem hún hefur enga þekkingu á, þ.e. steypuskemmdir sem komu fram og var talið að sementi væri um að kenna. Það er ástæða til að leiðrétta þetta hér og koma því inn í þingsöguna að þessar steypuskemmdir komu fram vegna þess að farið var að nota óþvegin sjávarefni í blöndu á sementi. Þetta þekki ég miklu betur en hv. þingmaður og get fullyrt og staðið við það. Það kom síðan í ljós að þegar þessi steypuefni komust í snertingu við mikið súrefni eins og gerist þegar rignir urðu til útfellingar, fyrst og fremst vegna þeirra íblöndunarefna sem notuð voru í steypuna. Það er ágætt að fá tækifæri til þess að leiðrétta þennan landlæga misskilning. Sementið íslenska stenst fyllilega samanburð við aðrar sementsgerðir og aðra sementsframleiðslu í heiminum. Ef eitthvað er er það betra að gæðum, enda styðst ég þarna við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins sem hefur gert úttekt og rannsóknir á íslensku sementi frá upphafi vega, þ.e. síðan Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins var sett á laggirnar.

Það er ekki nóg með að framleitt hafi verið úrvalssement í Sementsverksmiðjunni, heldur er fyrirtækið eitt af þeim sem hafa verið í mjög góðu viðhaldi alla tíð. Þeir meistarar sem lögðu grunn að viðhaldsstjórnun gerðu það þannig að það var sem þeir ættu fyrirtækið sjálfir.

Það er auðvitað ástæða til, virðulegur forseti, að ræða um breytingar og hagræðingar sem orðið hafa á starfstímanum. Það er getið um það í því frv. sem hér er lagt fram að um mikla hagræðingu hafi verið að ræða á byggingartíma fyrirtækisins. Þess er getið að starfsmönnum hafi fækkað úr 185 niður í 70–80. Þessi framsetning byggist á mjög mikilli vanþekkingu. Þessi starfsmannafjöldi var í fyrirtækinu vegna þess að menn voru ráðnir til uppbyggingarstarfs þegar verið var að byggja og breyta Sementsverksmiðjunni í fyrirtæki sem framleiddi sementsgjall með kolabrennslu, myndaði gas með kolabrennslu í stað gass með olíu. Strax þegar því var

lokið fækkaði fólki þarna en menn hafa einhverja ánægju af því að reyna að setja það upp sem svo að einhver gífurleg hagræðing hafi farið fram. Sú hagræðing sem um er að ræða fór fyrst fram þegar menn tóku tölvustýringu í notkun, þá var hægt að fjarstýra frá einum stað, fylgjast með og hafa vöktun, og þá var hægt að fækka fólki. Þannig varð sú hagræðing sem menn hafa verið að fjalla um.

Virðulegur forseti. Komið er að afgreiðslu þessa máls frá Alþingi. Meðan Sementsverksmiðjan var ein hér á markaði stóð ég, eins og ég sagði áður, að því að Sementsverksmiðjan yrði að mestu leyti í eigu ríkisins en síðustu tvö árin hefur ríkt hér hörð samkeppni við Aalborg Portland, fyrirtæki sem undirritaður var í framhaldsnámi hjá. Sennilega get ég státað af því að vera einn af fáum sem hafa fengið sérhæfingu í vélaviðhaldi fyrir sementsverksmiðjur. Aalborg Portland er í eigu F.L. Smidth og það sem er undarlegt við það er að F.L. Smidth hefur verið helsti ráðgjafi og umboðsaðili Sementsverksmiðjunnar frá upphafi vega. Mér er til efs, virðulegur forseti, að það standist samkeppnislög að fyrirtækið Aalborg Portland sem núna ræðst af hörku gegn Sementsverksmiðjunni sé í eigu helsta ráðgjafa og umboðsaðila Sementsverksmiðjunnar. Því miður hefur ekki verið leyst úr þessum málum og ég sé ekki fram á að það verði gert. Þess vegna vil ég segja það, virðulegur forseti, að ég vona að sú þekking, reynsla og færni sem býr í starfsfólki Sementsverksmiðjunnar verði nýtt af nýjum eigendum til framleiðslu á gæðavöru eins og íslenska sementið hefur reynst vera. Nú vísa ég aftur til rannsóknarniðurstöðu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

Sementsgjall er brennt við 1.250–1.300 gráðu hita og það er hægt að auka hitann í gjallofninum eða sementsofninum upp í 1.400–1.450 gráður að algjöru hámarki. Það sem gerist er að ekki er hægt að fara mikið hærra áður en þarf að skipta um einangrunarstein sem er þá langtum dýrari en það sem notað hefur verið. Þessi hiti gerir það að verkum að sementsverksmiðjur, ekki síst þessi, eru hæfasta einingin til að eyða úrgangsefnum, bæði með tilliti til þess að þarna er um mikinn hita að ræða og síðan þarf háan skorstein eins og skorsteininn á Akranesi. Hann er 67 m hár og hentar þess vegna mjög vel til að eyða úrgangsefnum.

Ég hef þá trú að hægt sé að grípa til sérframleiðslu á sementi í þessari verksmiðju ef menn vildu leita eftir því. Ég er ekki viss um að menn hafi skoðað þá hluti eins og skyldi á starfstíma fyrirtækisins. Það var í eina tíð framleitt svokallað Faxasement, sérstaklega sýruþolið sem hentaði mjög vel í súran jarðveg. Það var mikið notað á árum áður og dugði vel. Síðan er framleitt þarna hefðbundið Portlandssement og hraðsement. Allt sement er framleitt að mestum hluta úr íslenskum hráefnum. Þess vegna hlýtur Sementsverksmiðjan miðað við allar þekktar staðreyndir að eiga framtíðarmöguleika.

Þegar Sementsverksmiðjan var stofnuð á árinu 1955 og hafin bygging fyrirtækisins sáu menn fyrir sér að þarna væri hagfelld leið til þess að koma í veg fyrir gjaldeyrisútstreymi, sem og varð og hefur verið þangað til á síðustu árum. Eins og við vitum hefur Aalborg Portland skilgreint íslenska sementsmarkaðinn sem heimamarkað sinn og það undarlega er að þessi sementsverksmiðja, Aalborg Portland, sem ég þekki mætavel til enda starfsmaður þar í liðlega eitt og hálft ár, flytur með sama skipinu sement til Færeyja. Þar er landað sementi og tonnið er selt nokkur þúsund krónum dýrara í Færeyjum en það sem flutt er áfram til Íslands og landað hér. Og það er alveg sama hvernig menn tala um hagkvæmni stærðar markaðarins, menn geta ekki sett þetta fram þannig. Ég er alveg sannfærður um að þar fer ég með rétt mál.

Ég hef miklar áhyggjur af því að ef sementsframleiðslu verður ekki haldið áfram í verksmiðjunni eins og hún er núna verði sementsiðnaður í þeirri mynd sem við þekkjum kominn á síðustu skrefin. En ég trúi því ekki að svo verði vegna þess að þetta hlýtur að vera einstaklega hagkvæmt fyrir hráefnissala svo sem Björgun hf. sem dælir upp kvartssandi úr Faxaflóa. Síðan er verið að flytja líparít talið í þúsundum tonna úr Hvalfirði til framleiðslu sements. Það hlýtur að vera þegar upp er staðið hagfelld og hagkvæm framleiðsla fyrir landsmenn þar sem gæðin eru fullkomin miðað við alla staðla sem þekktir eru við framleiðslu á sementi.

Hér hefur nokkuð verið rætt um ótímabæra auglýsingu sem þó er sett fram með fyrirvara um samþykkt Alþingis. Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að gera mikið úr því máli. Ég tel að það þurfi að ganga eins hratt til verks héðan frá og unnt er vegna þess að svo mikil óvissa er um rekstur þessa fyrirtækis og svo mikil óvissa er hjá starfsmönnum að henni þarf að ljúka. Ég get að vissu leyti tekið undir það að það hefði þurft að ganga hraðar til verks. Þó tek ég undir með hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni, að samskiptaleiðir voru einfaldaðar með því að skipa núverandi stjórnarformann. Ég hygg því að menn hafi farið þær leiðir sem þeir telja vera skynsamlegastar í þessu máli og af þeirri ástæðu hafi komið fram þessi auglýsing sem nokkuð hefur verið fjallað um að hafi verið ótímabær. En ég ætla ekki að taka undir neitt því um líkt.

Ég veit að starfsfólkið í Sementsverksmiðjunni hefur miklar áhyggjur sem eðlilegt er. Þarna er um að ræða 70 starfsmenn og það vill svo til að sá sem hér stendur þekkir hvern einasta starfsmann með nafni og hefur starfað með mörgum þeirra um langt árabil. Það vill svo til að sá sem hér stendur þekkir hvern einasta starfsmann Sementsverksmiðjunnar frá upphafi vega, bæði þá sem lífs eru og liðnir. Þetta mál er því miklu alvarlegra en svo fyrir mér en að ég geti tekið undir það að menn séu að gantast eitthvað yfir þessu, jafnvel þó að næturgalsi sé í mönnum.

Eins og ég sagði, virðulegur forseti, hef ég flutt nokkur erindi um rekstur viðhalds í svona fyrirtæki og mér er kunnugt um að það hefur verið tekið frá þessu fyrirtæki margt til fyrirmyndar, einmitt í þeirri sementsverksmiðju sem núna er að setja Sementsverksmiðjuna á Akranesi á hnén eða reyna að knýja hana til stöðvunar.

Það er mikill munur á umgengni í þessum stóru risaverksmiðjum þar sem keyrt er með lágmarksfjölda starfsfólks. Það breytir engu hvort ofninn framleiðir 3.500 tonn eða 300 tonn, það þarf ekkert fleiri menn. En það þarf meiri umhirðu. Þessir ofnar standa úti á víðavangi erlendis. Vegna veðurfarsaðstæðna þarf ekki að byggja yfir þá eins og þurfti hér. Því verður þetta allt saman ódýrara í rekstri. Ég gæti haldið áfram að rekja fjölmörg atriði sem gera það að verkum að margt er dýrara í svona lítilli verksmiðju en stórri. En það ætla ég ekki að gera. Meginefnið er þetta frv. sem við ræðum. Meginefnið er hvort rétt sé að selja fyrirtækið í hendur einstaklingum. Ég segi já við því, virðulegur forseti, vegna þess að ég tel að þeir séu hæfari til að berjast á þeim markaði sem er núna. Ég vona að orð mín reynist rétt. Þess vegna, virðulegur forseti, mun ég styðja frv. hæstv. iðnrh. eins og það er fram lagt.

[23:50]

Útbýting þingskjala:

Áfallahjálp í sveitarfélögum, 59. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1344.

Barnalög, 180. mál, brtt. ÁRJ, þskj. 1343.

Byggðakvóti, 714. mál, fsp. ArnbS, þskj. 1371.

Eldi nytjastofna sjávar, 680. mál, nál. sjútvn., þskj. 1368; brtt. ÁRÁ, þskj. 1369.

Íslenskar orkurannsóknir, 545. mál, þskj. 1366.

Lyfjaverð og lyfjakostnaður, 579. mál, svar heilbrrh., þskj. 1271.

Lýðheilsustöð, 421. mál, nál. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 1370.

Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, 597. mál, þskj. 1345.

Orkustofnun, 544. mál, þskj. 1365.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 488. mál, þskj. 1367.

Umræðu frestað.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 2. umr.

Stjfrv., 636. mál (verðjöfnun við útflutning). — Þskj. 1031, nál. 1321.

[23:52]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti frá landbn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Friðriksson frá landbúnaðarráðuneyti. Umsögn um málið barst frá Samtökum iðnaðarins.

Með frumvarpinu er landbúnaðarráðherra heimilað að greiða verðjöfnun við útflutning fullunninna vara er innihalda innlend landbúnaðarhráefni. Skal verðjöfnunin vera jöfn mismun á innlendu viðmiðunarverði og erlendu viðmiðunarverði hverrar tegundar hráefnis sem notað er við framleiðslu vörunnar.

Nefndin telur málið mjög þarft og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Sigríður Jóhannesdóttir, Guðjón Guðmundsson, Jónína Bjartmarz og Einar Oddur Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir nál. rita Drífa Hjartardóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Karl V. Matthíasson, Þuríður Backman, með fyrirvara, og Sigíður Ingvarsdóttir.

[23:53]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi gjarnan leita eftir aðeins frekari uppýsingum hjá framsögumanni nefndarálitsins. Það kemur hér fram að um er að ræða íblöndunarefni og að tilteknir vöruflokkar sem verði þá með þessu lagafrv. gerðir hæfir til útflutnings ef svo má að orði komast. Ég hefði gjarnan viljað, herra forseti, að framsögumaður segði okkur gerr af því um hvaða vörur er að ræða. Getur hún nefnt okkur þá vöruflokka og vörur sem hér er um að ræða svo við áttum okkur betur á umfangi málsins?

[23:54]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Um er að ræða íblöndunarefni t.d. þegar smjöri eða mjólkurafurðum er blandað í þorskflök og þau seld úr landi með fyllingu í. Eins er þetta mjólkurduft eða mjólk sem er notuð í súkkulaði. Er þetta mjög mikilvægt vegna þessarar vöru sem er seld í Fríhöfninni í Keflavík og hefur gert það að verkum að súkkulaði, íslenskt súkkulaði, er selt þar á samkeppnishæfu verði við erlendu vöruna. Þetta eru því þessi iðnaðarhráefni, þ.e. mjólk og smjör, sem eru notuð í þær vörur sem ég tiltók, t.d. til að fullvinna fiskinn í þá einhverjar afurðir og eins í súkkulaðiiðnaði.

[23:55]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru athyglisverðar upplýsingar. Mér heyrist að hér sé um það að ræða að landbúnaðarvörur séu notaðar í iðnaði, hvort sem það er sælgætisiðnaður eða fiskiðnaður. Það vekur athygli að mál sem þetta skuli heyra undir landbn. Það er spurning í rauninni hvort þessi mál hefðu ekki frekar átt erindi til annarra nefnda þingsins en landbn. Ég vil spyrja framsögumann nefndarinnar hvort fleiri dæmi séu um mál af þessu tagi sem komi til landbn. þar sem e.t.v. gæti hafa leikið vafi á því hvort málið eigi heima í landbn. og hvort við séum ekki hér með kannski rétt eitt dæmið um skörun á milli nefnda í þinginu sem ætti að verða okkur hvatning til þess að endurskoða reglugerðina um Stjórnarráðið eins og hæstv. forsrh. var reyndar búinn að segja hér að yrði gert fyrir lok kjörtímabilsins til þess að ljósara væri hvar mál ætti heima og að skörun eins og við þekkjum væri ekki jafnmikil á milli ráðuneyta og ég tala nú ekki um þá starfsnefnda þingsins.

(Forseti (HBl)**:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að hún kvaddi sér hljóðs til þess að veita andsvar við ræðu hv. 1. þm. Suðurl.)

[23:56]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Já, herra forseti. Ég get nefnt önnur mál sem hafa komið til landbn. sem varða tollamál, t.d. innflutningur á grænmeti sem við vorum með hér á síðasta vori. Ég veit reyndar ekki um fleiri. En alla vega eru það þessi tvö mál, þ.e. þetta og svo hitt sem kom í vor og varðaði innflutning á grænmeti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heilbrigðisþjónusta, 3. umr.

Stjfrv., 453. mál (stofnkostnaður, stjórnir stofnana o.fl.). — Þskj. 1248, brtt. 1301 og 1322.

[23:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að í þessu máli sem er hér til 3. umr. eru fluttar breytingartillögur. Ég held að það sé sanngjarnt að þeir hv. þm. sem standa að þeim breytingartillögum hafi tækifæri til að mæla fyrir þeim. Alla vega háttar svo til að fulltrúi okkar í heilbrn., hv. þm. Þuríður Backman, er hér með brtt. sem ég veit að hún hefur áhuga á að mæla fyrir. Hún er hér á næstu grösum. Reyndar þykist ég hafa ástæðu til að ætla að virðulegur forseti hafi einnig mikinn áhuga á því að mælt verði fyrir þessari brtt. því hún varðar það að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri njóti sama réttar og hafi sömu stjórnskipulegu stöðu og Landspítalinn – háskólasjúkrahús, þ.e. að þar verði þá jafnframt stjórn með

sama hætti og er á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi. Ég óska þess vegna eftir því, herra forseti, að tóm gefist til að mæla fyrir þessari brtt. — Nú sé ég að hv. þm. Þuríður Backman er gengin í salinn þannig að ég geri ráð fyrir því að henni sé ekkert að vanbúnaði að mæla fyrir tillögunni, herra forseti.

[00:00]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. til laga um heilbrigðisþjónustu á þskj. 1322. — Ég vil biðja forseta að afsaka ef ég er eitthvað sein, bæði móð og seinlæs, því ég hljóp svo yfir að ég gleymdi gleraugunum mínum. Ég er hérna með ágætislánsgleraugu en þau passa mér ekki alveg, þannig að ég veit ekki hvernig ég á að hafa þetta.

(**Forseti** (HBl): Ef hv. þm. óskar þess að fá að tala síðar fyrir brtt. þá er það í lagi.)

Ég held ég kunni þetta nú þannig að ég held bara áfram.

Ástæðan fyrir því að ég flyt brtt. við frv. til laga um heilbrigðisþjónustu er sú að nú þegar hafa verið gerðar allnokkrar breytingar, bæði — hér kemur hver á fætur öðrum og prófar gleraugu. Ég held að þessi passi. (Gripið fram í.) Jú, þessi eru betri en framsóknargleraugun, svei mér þá. Þetta fer nú að verða svolítið spaugilegt, enda er komið fram yfir miðnætti, þannig að það er nú allt í lagi þó að verði aðeins gaman hér í pontunni.

Við erum búin að fallast á að skýrari verkaskipting verði á milli ríkis og sveitarfélaga og höfum samþykkt að ríkið sjái alfarið um byggingu og rekstur heilbrigðisstofnana, sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva og sveitarfélögin losni þar með undan að greiða 15% í byggingar- og rekstrarkostnaði. En þessu fylgdi sá böggull að á sama tíma voru lagðar niður stjórnir heilbrigðisstofnananna og tel ég að það hafi verið misráðið og sé misráðið að gera það og sé ekki fyllilega í samræmi við það sem samkomulagið fjallaði um sem var á milli sveitarfélaga og ríkisins heldur hafi sveitarfélögin verið tilbúin til þess að falla frá því að eiga fulltrúa í stjórn, en hafi á engan hátt verið að mæla með því eða óskað eftir því að stjórnir sjúkrastofnana yrðu lagðar niður.

Þó var gerð ein undantekning á þessu og hún er sú að stjórn Landspítala – háskólasjúkrahúss er enn þá haldið inni og færð fyrir því rök að þessi mikla og stærsta sjúkrastofnun okkar þurfi á þeirri stjórn að halda sem ráðgefandi stjórn og eftirlitsstjórn. Ég dreg það ekkert í efa og mér finnst þetta að mörgu leyti vera sömu rök og þau sem við höfum verið að mæla fyrir, þ.e. að aðrar stofnanir hafi stjórnir líka, þó að þar sé verið að byggja á mikilvægi þess að hafa stjórnirnar sem hluta af því nærumhverfi sem viðkomandi stofnun er rekin í og tengja saman hugmyndir um félagsþjónustu og þjónustustofnun hverrar stofnunar fyrir sig þannig að það sé styrking hvert af öðru.

En, herra forseti, við eigum annað sjúkrahús, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, sem er háskólasjúkrahús, það eina sem við höfum á landsbyggðinni sem er rekið með þeim hætti. Þetta er öflug stofnun og er stöðugt að eflast með kennsluskyldu og stöðugt er verið að styrkja þjónustu þessarar stofnunar. Ég vænti mikils af henni í framtíðinni og tel að það gildi nákvæmlega sömu rök fyrir því að hafa samsvarandi stjórn við þá stofnun og Landspítala – háskólasjúkrahús. Þó að rekstur stofnunarinnar sé mismikill að burðum, enginn efast um mikilvægi Landspítala – háskólasjúkrahúss, þá má það sama segja um Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri að sú stofnun er jafnmikilvæg fyrir þann fjórðung á landsbyggðinni eins og Landspítalinn fyrir allt landið.

Því legg ég til þá brtt. við 8. gr. að hún breytist þannig að hún eigi í raun og veru bæði við Landspítala og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og hún mundi hljóða svo, og ég held ég geti alveg lesið með þessum gleraugum sem eru gleraugu frá vinstri grænum. En brtt. mín við 8. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 8. gr.

a. A-liður orðist svo: 1. mgr. orðast svo:

Landspítali – háskólasjúkrahús og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri skulu vera undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, en stjórn hvors spítala að öðru leyti falin sjö manna stjórnarnefndum. Hvor nefnd skal skipuð þannig að starfsmannaráð spítalans, sbr. 3. mgr. 32. gr., tilnefnir tvo menn, Alþingi fjóra og ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn. Forstjórar Landspítala – háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri skulu skipaðir af ráðherra til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnarnefndar. Ráðherra ræður meðlimi framkvæmdastjórnar spítalans samkvæmt stjórnskipulagi Landspítala – háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Forstjóri stjórnar fjármálum og daglegum rekstri spítalans í umboði stjórnarnefndar og ráðuneytis.

b. Í stað orðanna „forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss“ í 1. efnismgr. c-liðar komi: forstjórar Landspítala – háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, og í stað orðanna „Landspítala – háskólasjúkrahúss“ í 2. efnismgr. sama liðar komi: og Landspítala – háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.“

Það sem verið er að taka inn er að bæta við Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, að stjórnskipunin verði með sama hætti og úr því sem komið er þá held ég að örlítil bragarbót verði af þessu þó að ég komi til með að sjá eftir stjórnum annarra stofnana.

Svo þakka ég hv. þingmönnum fyrir björgunarstarfið og lánið á mismunandi gleraugum.

Umræðu frestað.

Námsstyrkir, 2. umr.

Stjfrv., 446. mál (heildarlög). — Þskj. 629, nál. 1270.

[00:09]

Frsm. menntmn. (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. um námsstyrki.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölda gesta.

Markmið frumvarpsins er að stuðla að því að tryggja öllum jöfn tækifæri til náms án tillits til búsetu eða efnahags. Helstu efnislegu breytingar eru þær að skilgreining á þeim sem njóta námsstyrkja er rýmkuð og látin ná til erlendra ríkisborgara. Þannig er tekið tillit til réttar þeirra sem grundvallast á alþjóðlegum skuldbindingum. Þá er lagt til að þær reglur sem byggt hefur verið á í framkvæmd, m.a. samkvæmt reglugerð nr. 576/2002, komi með skýrum hætti fram í lögunum og hafi þannig ótvíræða lagastoð. Að lokum er lagt til að málsmeðferð samkvæmt lögunum verði breytt þannig að allir tímafrestir verði styttri en verið hefur. Ástæða

fyrir því er sú að nemendum er nauðsynlegt að fá endanlega ákvörðun varðandi umsóknir sem fyrst.

Fram kom við meðferð málsins í nefndinni að rétt væri að breyta 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. til frekari skýringa þannig að í stað þess að meðal skilyrða fyrir námsstyrk sé að viðkomandi stundi reglubundið framhaldsnám hér á landi verði notað orðið framhaldsskólanám. Með því er ljóst að í frumvarpinu er um að ræða nám á framhaldsskólastigi í skólum landsins. Þá kom fram að efnisatriði og tilvísun til 2. gr. í 2. málsl. 3. tölul. 3. gr. væri óþörf og leggur nefndin því til breytingu hvað það varðar. Loks telur nefndin rétt að benda á að skýringar á einstökum hugtökum frumvarpsins koma fram í athugasemdum við lagafrumvarpið. Skýringar þessar hafa því ekki lagagildi heldur er hér um lögskýringargagn að ræða við túlkun á ákvæðum laganna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

1. Í stað orðsins „framhaldsnám“ í 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. komi: framhaldsskólanám.

2. 2. málsl. 3. tölul. 3. gr. falli brott.

Undir þetta rita Gunnar Birgisson, formaður og framsögumaður, Ólafur Örn Haraldsson, Einar Már Sigurðarson, Sigríður Ingvarsdóttir og Kjartan Ólafsson. Og nefndin leggur til að málið gangi til 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðissamvinnufélög, 2. umr.

Stjfrv., 396. mál (heildarlög). — Þskj. 457, nál. 1234 og 1315.

[00:12]

Frsm. meiri hluta félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta félmn. um frv. til laga um húsnæðissamvinnufélög.

Nefndin fékk á sinn fund nokkurn fjölda gesta sem lýstu skoðun sinni á málinu, en meginmarkmið frumvarpsins er að gera lögin skýrari í framsetningu og setja traustari grunn undir ábyrgðarskiptingu milli húsnæðissamvinnufélaga og félagsmanna. Þá eru reglur um réttindi og skyldur félagsmanna gerðar skýrari jafnframt því sem tryggðar eru öruggari forsendur fyrir nauðsynlegu viðhaldi og rekstri. Loks er gerð tillaga um rýmkun á gildissviði laganna og ákvörðunarvald um starfshætti fært í meira mæli til húsnæðissamvinnufélaganna.

Fyrstu lög um húsnæðissamvinnufélög hér á landi voru lög nr. 24/1991. Nokkur húsnæðissamvinnufélög eru til hér á landi en þau stærstu eru Búseti í Reykjavík, stofnað í október 1983, og Búmenn, stofnað í nóvember 1998. Húsnæðissamvinnufélagsformið er víða þekkt og þá sérstaklega á Norðurlöndum. Það sameinar að mörgu leyti eignar- og leigurétt. Félagsmenn kaupa sér svokallaðan búseturétt fyrir ákveðna upphæð sem í upphafi er mismunur á áhvílandi langtímaláni og byggingarkostnaði. Síðan er greiddur mánaðarlegur kostnaður er kallast búsetugjald.

Núgildandi lög um húsnæðissamvinnufélög hafa að ýmsu leyti verið erfið í framkvæmd, m.a. þar sem gerð er krafa til íbúa/félagsmanna um að axla meiri ábyrgð en gert er á almennum fasteignamarkaði og þeim gert að gera áætlanir um framtíðarviðhald húseigna áratugi fram í tímann og tryggja að á hverjum tíma sé nægt fé til framkvæmda.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru þau að innlausnarskylda húsnæðissamvinnufélaga á búseturétti er afnumin, endursala búseturéttar er gefin frjáls, ákvæði um númeraröð færð í samþykktir félaganna og tillaga er gerð um að viðhaldssjóðir verði einn sameiginlegur sjóður.

Afnám innlausnarskyldunnar felst í því að horfið er frá því að félagið greiði búseturéttarhöfum eignarhlut sinn ef hann selst ekki innan tólf mánaða frá uppsögn, jafnvel þótt enginn vilji kaupa hann. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að húsnæðissamvinnufélagið ákveði á aðalfundi og setji í samþykktir sínar með hvaða hætti endursala fari fram. Það er mat meiri hlutans að óeðlilegt sé að húsnæðissamvinnufélögin beri þessar byrðar enda einungis fjármögnuð með framlögum þeirra sem eftir eru í félögunum og því er breytingin talin eðlileg.

Þá tekur meiri hlutinn undir þau sjónarmið að verð búseturéttar ákvarðist af markaðsverði fremur en fyrir fram gefnum forsendum og í samræmi við það ákveði húsnæðissamvinnufélögin sjálf hvernig endursöluverð skuli ákveðið. Meiri hlutinn telur það jafnframt liggja skýrt fyrir að með einum öflugum viðhaldssjóði náist betri nýting fjármagns og aukin samræming á því sviði.

Meiri hlutinn leggur til orðalagsbreytingar sem koma fram í brtt. sem fram kemur í nál.

Undir nál. rita hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, Magnús Stefánsson, Drífa Hjartardóttir, Kjartan Ólafsson og Kristinn H. Gunnarsson.

[00:16]

Frsm. minni hluta félmn. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá minni hluta félmn. um frv. til laga um húsnæðissamvinnufélög á þskj. 1315, 396. mál.

Að lokinni umfjöllun um málið í félagsmálanefnd telur minni hlutinn rétt að fresta afgreiðslu málsins enda er efni þess ekki nægilega vel unnið. Af svörum umsagnaraðila má ráða að félagsmálaráðuneytið hafi haft mjög takmarkað samráð við helstu hagsmunaaðila við vinnslu frumvarpsins og er það aðfinnsluvert. Nefndinni hefur gefist mjög skammur tími til að rannsaka málið og athugasemdir og rök umsagnaraðila gefa sterklega til kynna að fjölmörg atriði þarfnist rækilegrar endurskoðunar. Það verður því að telja óforsvaranlegt að setja ný heildarlög um húsnæðissamvinnufélög sem bæta gildandi lög að óverulegu leyti og eru um margt félagsmönnum húsnæðissamvinnufélaga til baga.

Þau atriði sem minni hlutinn telur að helst þurfi nánari skoðunar við eru ákvæði um viðhaldssjóð, hlutverk búsetufélaga, búseturétt og flutning á valdi frá búsetufélögum til húsnæðissamvinnufélaga.

Frumvarpið gerir ráð fyrir einum sameiginlegum viðhaldssjóði fyrir hvert húsnæðissamvinnufélag í stað þess að búsetufélögin sjálf sjái um viðhald eignanna. Með þeirri breytingu færist ábyrgð og yfirsýn frá búsetufélögunum til húsnæðissamvinnufélaganna og hætt er við að viðhald verði bæði ómarkvisst og dýrara en við gildandi fyrirkomulag. Í frumvarpið vantar sárlega skýrari reglur um búseturéttinn sem slíkan og virðist það ekki bæta úr gildandi lögum. Þá telur minni hlutinn að ekki hafi verið sýnt fram á að réttur félagsmanna skv. 1. mgr. 4. gr. gildandi laga um forgangsrétt verði af þeim tekinn bótalaust en engin ákvæði eru í frumvarpinu um hvernig skuli fara með réttindi þeirra

félagsmanna sem keypt hafa sér búseturétt og áunnið sér forgangsrétt til vals á eignum. Minni hlutinn telur rök standa til þess að sá réttur sé varinn af 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að ákvörðunarvald verði að verulegu leyti flutt frá búsetufélögunum til húsnæðissamvinnufélaganna og þau þannig gerð áhrifalítil. Það er kunnara en frá þurfi að segja að sjaldan hefur þótt vænlegt til árangurs að flytja valdið frá fólkinu til stórra miðstýrðra eininga. Að lokum er rétt að fram komi að rétt hefði verið að setja skýr ákvæði sem tryggi búsetufélögunum fulltrúa á aðalfundi húsnæðissamvinnufélaganna.

Minni hlutinn telur að eins og frumvarpið er úr garði gert af hálfu félagsmálaráðuneytisins sé með öllu óforsvaranlegt að Alþingi afgreiði það sem lög. Lagasetning af þessu tagi varðar veruleg fjárhagsleg réttindi fjölskyldna og einstaklinga í landinu og er með öllu ótækt að kastað sé höndunum til verksins og lítið sem ekkert tillit tekið til athugasemda og ábendinga sem borist hafa.

Undir nál. rita sú sem hér stendur ásamt hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni.

Herra forseti. Ég tel fulla ástæðu til að vitna aðeins í nokkrar umsagnir því að það var vægast sagt mikil óeining á fundinum þegar þeir aðilar sem málið varðar komu á fund nefndarinnar. Í ljósi þess hvernig málum var háttað í þeirri umræðu hefði verið full ástæða til að láta þetta mál liggja, vinna það betur og jafnvel taka það fyrir aftur í haust.

Þeir sem gerðu alvarlegar athugasemdir við málið er m.a. stjórn búsetufélagsins að Trönuhjalla 13, 15 og 17, sem er hér með ítarlega umsögn sem þau fengu Láru V. Júlíusdóttur hæstaréttarlögmann til að aðstoða sig við. Tel ég að full ástæða sé til að grípa niður í þetta álit, með leyfi forseta, en í því segir að talið sé að „2.800 manns búi nú í búsetuhúsum og sífellt bætist við svo um verulega hagsmuni fólks er að ræða".

Búsetufélagið að Trönuhjalla gerir allmargar athugasemdir við frv. en í umsögninni segir að búsetufélagið að Trönuhjalla sé eitt elsta búsetufélag landsins og „hefur félagsstarfið að mati forsvarsmanna félagsins gengið ákaflega vel. Félagsmenn búa yfir mikilli reynslu af rekstri búsetufélags og telja nauðsynlegt að miðla þeirri reynslu til löggjafans og koma þannig í veg fyrir meiri háttar slys í lagasetningu, eins og virðist í uppsiglingu með framkomnu frumvarpi um húsnæðissamvinnufélög."

Þetta er ansi harður dómur, herra forseti, „meiri háttar slys". Og ekki er verið að gera neinar breytingar á þessu frv. eins og það kemur hér inn í þingið frá meiri hlutanum.

„Félagið vill fyrst vekja athygli nefndarinnar á því að frumvarp þetta hefur ekki hlotið fullnægjandi umfjöllun og kynningu innan Búseta hsf. og sú kynning sem þó hefur farið fram kallaði fram sterk viðbrögð félagsmanna Búseta.

Búseti hsf. kynnti frumvarpsdrögin á félagsfundi 26. febr. 2002 og á aðalfundi 11. mars 2002. Báðir þessir fundir samþykktu tillögu þar sem varað var við breytingum á gildandi lögum um húsnæðissamvinnufélög.

Félagsmenn héldu í góðri trú að þar með væri málið úr sögunni. Það kom félagsmönnum Búseta því mjög á óvart að þau drög væru nánast óbreytt lögð fram á Alþingi. Sérstaklega komu ummæli í athugasemdum með frumvarpinu á óvart, þar sem sagt er að í nefndarstarfinu hefði verið leitast við að hafa samráð við forsvarsmenn húsnæðissamvinnufélaga, ekki bara með því að hafa fulltrúa þeirra í nefndinni heldur hafi drög að frumvarpinu verið send til umsagnar og engar athugasemdir hefðu komið fram við frumvarpið, hvorki hjá Búseta í Reykjavík né á Akureyri.

Með vísan til afgreiðslu félagsfunda Búseta hsf. hafa upplýsingar um afstöðu félagsins augljóslega ekki borist nefndinni sem samdi frumvarpið.

Um frumvarpið verður því engin sátt, verði það að lögum."

Engin sátt, herra forseti.

„Þau atriði sem búsetufélagið að Trönuhjalla telur óásættanleg eru m.a. eftirfarandi:

1. Einn sameiginlegur viðhaldssjóður.

Frumvarpið gerir ráð fyrir einum sameiginlegum viðhaldssjóði í hverju húsnæðissamvinnufélagi. Þessi tillaga, verði hún að lögum, mun leiða til þess að engin leið verður fyrir húsnæðissamvinnufélagið sjálft, sem er félag fleiri þúsund manns, að standa undir þeim auknu skyldum sem þetta hefur í för með sér. Viðhald verður ómarkvisst og dýrt. Fyrir það verða búseturéttarhafar (húsfélög) að blæða með auknum kostnaði.

Fram til þessa hafa búsetar fremur talið sig eigendur að húsi sínu á meðan þeir búa þar en leigjendur. Þeir bera sjálfir ábyrgð á umgengni og viðhaldi og þeir greiða allan kostnað af rekstri hússins. Þeir verða að greiða fyrir viðhald og rekstur. Ef viðhaldssjóður er vanmegnugur verða þeir að greiða það sem upp á vantar. Hvert og eitt búsetufélag (húsfélag) hefur þannig yfirsýn yfir rekstur búsetufélagsins og hægt er að grípa inn í ef út af ber.

Með lagabreytingunni er klippt á þessi tengsl." Segir búsetufélagið í Trönuhjalla.

„2. Hlutverk búsetufélaga er af þeim tekið.

Frumvarpið kveður beinlínis á um að búsetufélög (húsfélög) verði óvirk og hafi aðeins eitt tilgreint verkefni, það að fylgjast með því að búsetuhúsið „sé ávallt rekið á eðlilegan hátt".

3. Búseturéttur.

Umræða um búseturéttinn, gagnkvæm réttindi og skyldur er hvergi nógu vel útfærð í frumvarpinu. Verulega vantar á að skýrt sé hvað búsetar kaupi með búseturétti. Þótt svo að laganefndinni væri gert að gera lögin skýrari er ljóst að þau bæta ekkert gildandi lög hvað þetta varðar, hvorki fyrir húsnæðissamvinnufélögin né hins almenna félagsmanns húsnæðissamvinnufélaga. Með kaupum á búseturétti gerir kaupandinn búsetusamning. Hann þarf að vera í samræmi við gildandi lög, viðurkenndur af félagsmálaráðuneytinu.

Búseturéttur getur verið 10–30% af kostnaðarverði íbúðar. Búseturéttargjaldið verður búsetinn að greiða áður en hann flytur í íbúðina. Þetta er verulegt fé, ca. 1,5–4,5 millj. kr., oft aleiga búsetans.

Það er því ljóst að Alþingi þarf að setja skýrar reglur um búseturéttinn. Það er ljóst að ekki er ásættanlegt að aðalfundur Búseta hsf. kveði á um hvort og hvernig hann verði endurgreiddur til búsetans þurfi hann að flytja úr búsetufélagi sínu.

Búsetusamningurinn þarf að kveða skýrt á um gagnkvæmar skyldur búsetans, þ.e. rétthafa búsetaréttaríbúðar, og Búseta hsf. Þar þarf að kveða á um skil íbúðar og aðra skilmála, en ekki að binda slíkt í landslög.

4. Búsetufélagi umbreytt í húsfélag samkvæmt fjöleignahúsalögum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að búseturéttaríbúðir skuli tilheyra hefðbundnu húsfélagi samkvæmt lögum um fjöleignahús, ef íbúð í húsinu, ein eða fleiri, er í eigu félags eða

einstaklings utan Búseta hsf. Í þeim tilfellum hafa búseturétthafar ekki rétt á að taka þátt í húsfundum með atkvæðisrétti, heldur skal Búseti hsf. fara með þann rétt. Búseturétthafarnir eru því skilgreindir sem leigjendur.

5. Vald fært til aðalfundar húsnæðissamvinnufélagsins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að aðalfundur Búseta hsf. taki ákvörðun um ýmis réttindamál sem aðalfundi búsetufélagsins (húsfélagsins) ber að fjalla um skv. núgildandi lögum.

Búsetufélögin (húsfélögin) verða og eiga að vera undirstaða undir rekstri í húsnæðissamvinnufélagi. Þau eiga sjálf að bera ábyrgð á mánaðarlegum skilum til húsnæðissamvinnufélags síns, einn fyrir alla og allir fyrir einn. Það er best tryggt með því að farið verði áfram að gildandi lögum nr. 161/1998 sem kveða á um þau mál.

6. Búsetar sviptir fjárhagslegum og félagslegum réttindum.

Í frumvarpið vantar lýðræði. Það gerir ráð fyrir að stjórnir og framkvæmdastjórar húsnæðissamvinnufélaga hafi vald yfir félagsmönnum og íbúðum og geti ráðskast með málefni þeirra að eigin geðþótta, fjárhagsleg og félagsleg réttindi íbúanna fyrir borð borin.

Í frumvarpinu kemur fram að húsnæðissamvinnufélög skuli vera deildaskipt, þ.e. hvert búsetufélag (húsfélag) sé deild í húsnæðissamvinnufélagi. Engin ákvæði um kjör fulltrúa til setu á aðalfundi húsnæðissamvinnufélaganna er þar að finna.

Búsetufélagið að Trönuhjalla telur nauðsynlegt að um það verði löggjafinn að setja skýrar reglur (lög) til þess að tryggja að lýðræði sé virkt í húsnæðissamvinnufélögum. Það mál hefur enn ekki fengið umfjöllun.

Ljóst er að frumvarpið er gallað. Það þarf að ræða og skoðast mun betur. Frumvarpið bætir ekki gildandi lög. Mun ítarlegri og vandaðri undirbúningur þarf að fara fram, áður en lögum um húsnæðissamvinnufélög er breytt.

Forsvarsmenn búsetufélagsins (húsfélagsins) að Trönuhjalla eru reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar" — sem þeir gerðu og þar fylgdu þeir einmitt þessum skoðunum sínum eftir og töluðu mjög gegn því að þetta frv. yrði samþykkt. Þeir töldu að skoða þyrfti málið mun betur.

Herra forseti. Hér er aðeins ein umsögn af mörgum í þessa veru. Það væri full ástæða til að lesa hér úr öðrum ítarlegum umsögnum sem bárust nefndinni þar sem kveður við svipaðan tón. Mjög ítarlegir minnispunktar komu frá laganefnd Búseta, landssambandi húsnæðissamvinnufélaga, og fleirum. Ég ætla ekki að lesa allar þær athugasemdir upp að sinni sem þó hefði verið full ástæða til. Við tæpum á þeim atriðum í minnihlutaáliti okkar sem ég hef þegar gert grein fyrir. Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon skrifa undir það auk mín.

Það getur vel verið að ég komi aftur hingað upp síðar í umræðunni og fari þá yfir þær umsagnir sem hér liggja fyrir, umsagnir sem sýna fram á hve illa þetta mál er unnið og vanhugsað, og í mikilli ósátt við alla þá sem málið varðar.

[00:31]

Útbýting þingskjala:

Ábyrgðasjóður launa, 649. mál, nál. félmn., þskj. 1373.

Lýðheilsustöð, 421. mál, nál. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 1372.

[00:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eins og kom fram áðan stend ég að minnihlutaáliti í þessu máli og tek eindregið undir það sem þar kemur fram, í nál. minni hluta, að það er engin ástæða til þess að vera að eyða miklum tíma í að ræða þetta mál í önnum síðustu klukkustunda þinghaldsins. Það eru mörg mál, held ég, miklu brýnni sem þarfnast frekar afgreiðslu en þetta. Og satt best að segja hef ég miklar efasemdir um að það verði yfir höfuð til nokkurs góðs að vera að afgreiða þetta mál eins og það er í pottinn búið, bæði efnislega vegna ýmissa ákvæða í því og eins held ég að ekki verði mjög hagstætt andrúmsloft svífandi yfir vötnum í húsnæðissamvinnuhreyfingunni ef þetta verður gert sisona. Þar er satt best að segja þó nokkur skoðanamunur uppi um það hvernig beri að þróa áfram lagalegt umhverfi þessa húsnæðisforms. Má kannski að einhverju leyti rekja hann til ágreinings milli þeirra sem upphaflega stofnuðu þessa hreyfingu og gerðu það á grundvelli hugsjónar, ekki síður, held ég, en að menn litu á þetta sem eitthvert praktískt, kalt eða hrátt rekstrarlegt verkefni, og síðan þeirra sem komu síðar til sögunnar, manna sem standa meira í þessum dagsdaglega rekstri og horfa meira á þetta þeim augum, líta greinilega svo á að í raun og veru snúist þetta fyrst og fremst um að reka einhvers konar fyrirtæki, sem sé þá húsnæðissamvinnufélagið, og þangað eigi þá bara að safna öllum fjármunum og að miklu leyti valdi og ábyrgð. Þá held ég, herra forseti, að það glatist mikið af upphaflegri hugsun og hugsjón sem húsnæðissamvinnuhreyfingin og búseturéttarformið er grundvallað á, þ.e. að þetta séu félög fólksins sem býr í húsunum, miklu nær því að vera í anda þess sem gildir um húsfélög í sameignarhúsum í blokkum heldur en að þetta sé eitthvert fyrirtæki með starfsemi á jafnmörgum stöðum í bænum og búseturéttaríbúðirnar standa.

Það er, herra forseti, kannski svo komið að það gæti verið þörf að rifja örlítið upp úr sögu húsnæðissamvinnuhreyfingarinnar hér á landi, þá alveg sérstaklega hvernig gekk að koma á lögum um hreyfinguna. Það er sennilega mörgum gleymt í dag að það tók áralanga baráttu að fá lögfest hér ákvæði um búseturéttarformið. Gegn því stóðu af mikilli hörku hægri menn sem hafa fjandskapast við allt félagslegt húsnæðisform hér svo lengi sem elstu menn muna eins og kunnugt er og hefur yfirleitt alltaf kostað blóðuga baráttu að koma þar einhverjum umbótum áfram.

Ég held að ég muni það rétt að það var strax 1983 sem Búseti í Reykjavík var stofnaður en það er ekki fyrr en 1991 sem fyrstu lögin fást afgreidd á þingi. Sá sem hér stendur flutti m.a. ítrekað um það tillögur og reyndi að koma því á á níunda áratug síðustu aldar að þessi nýstofnaða hreyfing fengi lagagrundvöll til að starfa á, en gegn því stóðu eins og grenjandi ljón, fyrst í ríkisstjórnum og síðar í stjórnarandstöðu, fulltrúar hægri manna. Það tók sem sagt tæpan áratug frá því að hugsjónafólk tók sig saman hér á landi og stofnaði til félagsskapar um að koma búseturéttarforminu af stað sem valkosti í húsnæðismálum hér á landi að fá lög um málið. Var fólk þá auðvitað að horfa til þess að þetta fyrirkomulag hefur gefist vel og verið stór hluti af farsælli úrlausn húsnæðismála í löndunum í kringum okkur, einkum á Norðurlöndunum og þá kannski Svíþjóð og Danmörku fyrst og fremst.

Það er líka ástæða til að rifja upp annað, herra forseti, sem tengist mjög þeim breytingum sem menn eru að gera hér og svarar kannski að einhverju leyti spurningunum um það

hvort menn séu að halda inn á rétta braut með þessum breytingum. Þær eru alls ekki að öllu leyti fráleitar, síður en svo, herra forseti. Ég viðurkenni vel að ákveðna hluti er þörf á að skoða í sambandi við fyrirkomulag og stöðu búseturéttarformsins sem framtíðarstöðu húsnæðissamvinnufélaganna, t.d. innlausnarskylduna og hina fjárhagslegu stöðu. En það skiptir að mínu mati miklu máli að þá verði vandað til þeirra breytinga. Menn hafa alveg tímann til þess vegna þess að það er viðurkennt og upplýst og liggur fyrir í gögnum málsins að það er enginn aðsteðjandi vandi, það er hvergi á ferðinni neinn brýnn vandi sem kallar á breytingar. Þetta er meira spurningin um það hvort menn vilji til lengri framtíðar litið tryggja ákveðna hluti með því t.d. að aflétta innlausnarskyldunni og stofna til þessara sameiginlegu viðhaldssjóða. Það er ekki vegna þess að það sé neins staðar í landinu í dag húsnæðissamvinnufélag sem á í vanda. Það hefur enn ekki komið til þess. (Gripið fram í.) Ja, það er nú ekki mikið, herra forseti, a.m.k. kannast ég ekki við að það eigi við um stóru félögin. Ég held að fæst búseturéttarfélögin hafi enn sem komið er lent í neinum vanda með að sjá fyrir fullnægjandi viðhaldi eða húsnæðissamvinnufélög lent í vanda vegna innlausnarskyldunnar. Það eru þá meira hlutir sem menn eru að horfa á hvernig gætu átt eftir að koma út í framtíðinni.

Af þeim ástæðum, herra forseti, er auðvitað einboðið að vanda til þessara breytinga og að leitað verði eins góðrar sáttar um þær og kostur er. Síðast en ekki síst verður auðvitað löggjafinn sjálfur að hafa sæmilega sannfæringu fyrir því að hann sé að gera rétt, menn séu að breyta til góðs en ekki bara einhverra breytinga vegna. Ég hef það ekki, herra forseti, með þessu frv. Ég þykist hafa fylgst sæmilega með þessu máli jafnlengi og saga þess er í landinu því að ég man vel þá daga þegar verið var að undirbúa og stofna fyrsta búseturéttarfélagið. Ætli ég hafi ekki verið þar og sé þar enn félagsmaður, ekki vegna þess að ég hafi nýtt mér réttindi sem slíkur, heldur vegna þess að ég var einn af mörgum sem vildi þessari hreyfingu vel og gekk í hana til þess að styðja hana mórölskum stuðningi. Æ síðan hef ég fylgst með því, og auðvitað með ánægju, hvernig þessari hreyfingu hefur vaxið fiskur um hrygg, þegar látið gott af sér leiða og tryggt fjölmörgu fólki tryggt húsnæði sem alls óvíst er að þetta fólk hefði komist inn í eða átt tök á að tryggja sér ef þetta form hefði ekki verið til staðar.

Þá er rétt að fara yfir það, herra forseti, að hér er auðvitað á ferðinni nokkuð sérstakt fyrirkomulag hvað húsnæðisform snertir. Það sem verið er að reyna að gera með búseturéttaríbúðunum er að sameina kosti þessara tveggja meginleiða í húsnæðismálum, annars vegar leigu og hins vegar eignar. *Þetta er blanda af hvoru tveggja. Í reynd er þetta blanda* af sjálfseignarformi þar sem menn eiga húsnæði sitt í þeim skilningi að menn eiga þennan búseturétt, menn eiga í raun hluta af húsnæðinu í gegnum búseturéttinn og hins vegar leigja menn af félaginu og greiða búsetugjald sem stendur straum af rekstri, viðhaldi og fjármagnskostnaði af búsetuíbúðinni.

Hvað er nú verið að reyna með þessu, herra forseti? Hver er grunnhugsunin á bak við þetta? Jú, hún er sú að fólk vill í fyrsta lagi auðvitað tryggja sér húsnæði við hæfi til frambúðar. Einn meginókostur hins venjulega leigumarkaðar er óöryggið sem menn búa þar við. Jafnvel þótt húsaleigulög og leigusamningar tryggi mönnum ákveðinn lágmarksrétt og sex mánaða uppsagnarfrest eða hvað það nú er búa menn alltaf við það óöryggi að þeir eiga engan varanlega rétt til búsetu í því húsnæði sem þeir eru í. Það er hægt að segja þeim upp. Þetta er hins vegar fólk sem kannski hefur annaðhvort ekki efni á því að eignast til fulls sína íbúð eða hefur ekki áhuga á því. Menn mega ekki gleyma því að það getur verið fólk sem hefur ekki þá hugsjón í lífinu að eignast húsnæði. Það vill kannski bara ráðstafa lífi sínu öðruvísi en þannig að streða við það, kannski með sínum lágu launum, að reyna að eignast einhvern hlut í húsnæði með þrældómi í gegnum allt lífið. Auðvitað eru það örlög margra sem ekki hafa miklar tekjur að það fer meira og minna allt í það hjá fólki áratugum saman að eignast á móti húsnæðislánakerfnu eða bönkunum vaxandi hlutdeild í þessari íbúð. Segjum nú sem svo að fólk segi: Nei, ég vildi þá alveg eins leigja og ekki binda mér þær skuldbindingar sem fylgir því að eignast húsnæði. En það er ótryggt, og þá er verið að reyna að fara millileið, að menn eignist tiltekinn hóflegan hlut eða ígildi hlutar í formi búseturéttar en séu að öðru leyti leigjendur enda sé það þá tryggt og sæmilega hagstætt.

Það er önnur mjög mikilvæg hugsun innbyggð í þetta. Hún er sú að menn eiga í raun og veru í vissum mæli eigendahagsmuna að gæta vegna þess að þeir leggja ákveðið undir. Þeir eiga búseturéttinn og það er í þeirra þágu að vel sé farið með húsnæðið og því sé haldið vel við. Í reynd er búseturéttur þeirra með tilteknum hætti að veði. Ef húsnæðið stendur ekki undir því sem á því hvílir er auðvitað fyrst gengið að búsetanum. Þá er hugsunin sú að þetta tryggi og sameini kosti beggja kerfanna. Þetta gerir mönnum kleift að tryggja sér húsnæði til frambúðar án þess að binda sér skuldbindingar sem menn ráða illa eða alls ekki við en þetta hefur innifalinn í sér þann hvata að menn eiga sjálfir hagsmuna að gæta í því að farið sé vel með húsnæðið og því sé haldið vel við. Og er það þá ekki bærilegt ef tekst með sameiginlegum hætti að sameina kosti þessara tveggja aðferða? Svarið er auðvitað jú. Og ef vel tekst til gerir þetta kerfi það alveg prýðilega. Reynslan sýnir að þetta getur gengið mjög vel upp og gerir það í mjög mörgum tilvikum enda varðveiti menn þá og gæti að þessari grundvallarhugsun og hún týnist ekki einhvers staðar á leiðinni.

Þá er ég kominn að því, herra forseti, sem ég hef mestar áhyggjur af í sambandi við þessar breytingar ef þær verða framkvæmdar svona eins og frv. gerir ráð fyrir, ég held að menn glati að hluta til út úr kerfinu þessari grunnhugsun. Ég held að menn fjarlægi búsetann sjálfan og hagsmuni hans of mikið út úr kerfinu og geri þetta of líkt rekstri á venjulegu eignarhaldsfélagi fyrir leiguhúsnæði með einum sameiginlegum viðhaldssjóði sem er orðinn miklu fjarlægari íbúum viðkomandi búsetufélags heldur en er í núgildandi lögum. *Það er augljóst mál að það er verið að færa þetta frá* búsetufélögunum og því fólki sem býr í viðkomandi húsnæði og yfir til húsnæðissamvinnufélagsins, móðurfélagsins, eignarhaldsfélagsins sem er þá orðinn hinn fjarlægi rekstraraðili í dæminu, og ég held að það sé ekki til góðs. Ég held að fara þurfi mjög varlega í þá breytingu vegna þess að ella óttast maður að botninn detti úr þessari félagslegu hugsun, búsetufélögin verði eins og illa gerðir hlutir, menn sjái minni tilgang en ella með að vera virkir félagar í þeim og sá hvati til þess að mynda andrúmsloft þar sem haldið er utan um hlutina staðbundið á hverjum stað fjarlægist.

Það er annað í þessum breytingum sem ég hef tortryggt í þessu sambandi líka, herra forseti, og það er sú breyting sem frv. leggur til að ákvæði í númeraröð í félögunum verði færð yfir í samþykktir félaganna. Ég hef líka efasemdir um

að það gangi að opna fyrir það að þetta geti jafnvel verið afturvirkt, í þeim skilningi að það sé þá ekki alveg skýrt að þetta gæti eingöngu átt við þá sem gengju í félögin eftir að lagabreytingin er gerð. Annars er það framselt í vald félaganna að gera slíkar breytingar. Og gengur það, herra forseti? Er ekki þessi réttur lögvarinn samkvæmt núgildandi lögum? Jú, hann er það. Lögin ganga út frá því í dag að þetta skuli vera svona, að menn gangi í félagið og fái þá númer. Því númeri tengjast ákveðin réttindi. Fyrstur kemur, fyrstur fær. Það er innbyggða reglan og hún er lögvarin. En nú er verið að segja að hvert félag fyrir sig geti ákveðið að falla frá þessu og líka gagnvart þeim sem þegar eru í félögunum. Ég er ekki viss um að það standist, herra forseti. Ég spurði um þetta í nefndinni og fulltrúa ráðuneytanna og mér fundust svörin þokukennd, svo að ekki sé fastar að orði kveðið af háttvísi og tillitssemi við þá ágætu menn (Gripið fram í.) en þokukennt og loðið var það. Það verður ekki aftur tekið. Og, herra forseti, það er ekki gott að menn séu með slík grundvallaratriði eitthvað óljós fyrir framan sig.

Að þessu leyti og jafnvel varðandi innlausnarréttinn og annað í þeim dúr má velta fyrir sér hvort ekki sé teflt á tæpasta vað. Ef menn vilja gera þessar breytingar hefði átt að gera það með skýrum hætti, taka af skarið með það í löggjöfinni sjálfri, ekki framselja ákvörðunarvaldið, og draga mörkin við gildstöku laganna. Þetta væri þá heimilt gagnvart framtíðinni og þeim sem gengju í þessi félög eða stofnuðu ný félög á komandi árum og áratugum. Hitt mundi þá hvort sem er og smátt og smátt deyja út og hætta að skipta miklu máli og ég held að það væri þá eðlilegri frágangur á allan hátt, herra forseti.

Varðandi lýðræðisformið í þessu líka og nálægðina held ég að það sé ástæða til að undirstrika að auðvitað er ekki til góðs að færa ákvörðunarvaldið burt frá búsetufélögunum og yfir til húsnæðissamvinnufélaganna. Ég held að það muni tvímælalaust ekki hafa annað en neikvæð félagsleg áhrif í þessari hreyfingu og menn eigi að huga vel að því áður en farið er út í slíkar breytingar.

Um innlausnarskylduna, herra forseti, er það vissulega mál sem ég get fallist á að sé ástæða til að huga að upp á framtíðina. Það kann vel að vera að ef húsnæðissamvinnufélög sem ekki hafa mikla fjármuni handa í milli vegna þess að eignir þeirra eða eigið fé er í raun og veru allt bundið í húsnæði og er þar óinnleyst, eins og eðlilegt er, fá skyndilega á sig kröfu um innlausn á allmörgum íbúðum í röð, og þar er einhver gengismunur félögunum í óhag, gæti það skapað vanda. Það væri alveg hægt að hugsa sér að skoða það að aflétta innlausnarskyldunni eða a.m.k. draga úr henni í áföngum eða þá með einhverjum hætti að takmarka og afmarka þá ábyrgð og þá áhættu sem félögin gætu borið eða lent í af þessum sökum.

Um endursölu búseturéttarins hef ég hins vegar meiri efasemdir, að það eigi yfir höfuð að opna á það að gefa hana frjálsa. Það hlýtur strax að kveikja spurningar um hvaða tilgangi það þjóni þá m.a. að vera í búsetufélagi og húsnæðissamvinnufélagi ef það er t.d. ekki tryggt að endursalan sé bundin innan félagsins.

Um viðhaldssjóðina geta menn auðvitað sagt sem svo að það sé umhendis og ótryggt að hafa þá marga og dreifða og að gallar þess fyrirkomulags geti verið meiri en kostirnir. Kostirnir eru augljósir. Það er nálægðin og návígi íbúanna sjálfra í hverju búsetufélagi við hagsmuni sína í því sambandi. Ókostirnir dreifðir, segja menn, áhætta, betri ávöxtun ef þetta er allt á einni hendi. En má þá ekki finna þarna góða millileið? Það er í sjálfu sér auðvitað hægt að hugsa sér að haldið sé utan um féð og það ávaxtað á einum stað en þetta séu sjálfstæðir sjóðir hvers búsetufélags, að það sé bara mælt fyrir um það ákvæði að húsnæðissamvinnufélagið skuli halda sjóðunum en þeir verði sérmerktir hverju búsetufélagi. Þá má fallast á að áhættan sé minni, væntanlega, þótt það sé ekkert lögmál að það sé tryggt að betur sé að málum staðið þó að félagið sé stærra og fleiri á bak við það. Vissulega eru hér á ferðinni meiri fjármunir og meiri hagsmunir en eru í venjulegum húsfélögum sambýlishúsa. Það er þó umhugsunarefni hversu sárasjaldan heyrist af því að þar stofnist til vandamála. Það gerist auðvitað. Þar er, eins og alls staðar, misjafn sauður í mörgu fé og í einhverjum tilvikum geta komið upp aðstæður þar sem menn standa ekki með nógu ábyrgum hætti að vörslu slíks fjár. Þau eru sem betur fer afar sjaldgæf eins og ég hygg að hv. þingmenn kannist við. Ég sé ekki að það sé ástæða til að hafa áhyggjur af því að þetta þyrfti að vera öðruvísi í þessum tilvikum enda hefur það ekki reynst vera. Þar fyrir utan eru ýmsar leiðir til þess að tryggja þá hluti betur. Það má setja skýr ákvæði um hvernig með skuli farið, skýrari en eru í gildi í dag ef menn telja ástæðu til slíks. Ég hef ekki sannfærst, herra forseti, og langt í frá sannfærst um að besta leiðin í þessum efnum sé að slengja þessu öllu saman í miðlæga stóra viðhaldssjóði sem verða þá mjög fjarlægir íbúunum og búsetufélögunum á hverjum stað. Ég held að það mætti leita leiða og velta fyrir sér leiðum til þess að leysa úr málum með öðrum hætti.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessa fyrstu ræðu mína um þetta mál miklu lengri en ég áskil mér rétt til þess að taka frekari þátt í umræðum um þetta mál. Ég teldi þó langskynsamlegast að forseti frestaði umræðu um málið og sneri sér að öðrum sem er meiri ástæða til og brýnni þörf á að afgreiða. Það er alveg augljóst mál að það gildir ekki um þetta mál, herra forseti. Það má að ósekju og meira en það bíða vorþings eða þá haustsins. Ég hygg að það mætti vel ímynda sér að sumarið gæti nýst mönnum vel. Ef það verður gott og sólríkt verða menn e.t.v. almennt í góðu skapi og líður vel, m.a. við að taka sér aðeins tíma í að skoða þetta mál betur og velta því fyrir sér hvort ekki sé hægt að finna á þessu farsælli lausn sem betra samkomulag sé um. Frv. virðist hafa verið unnið í frekar þröngum hópi og lesið í það mál með gleraugum þeirra sem standa fyrir þessum rekstri á vegum heildarsamtakanna eða félaganna en síður unnið og rætt við þá sem málinu tengjast í grasrótinni, þ.e. félagsmenn einstakra búsetufélaga. Þaðan er sprottin sú andstaða við frv. sem við urðum að sjálfsögðu vör við í hv. félmn. og hér var einmitt gerð grein fyrir í framsöguræðu áðan.

[00:55]

Frsm. meiri hluta félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er tvennt sem ég held að sé ástæða til að halda til haga eftir ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um þetta mál þannig að það valdi ekki misskilningi. Öll lán sem hvíla á íbúðum sem eru í þessu formi, húsnæðissamvinnufélagsformi, hvíla á húsnæðissamvinnufélaginu. Eigandi húsnæðisins er húsnæðissamvinnufélagið. Ég held að það verði því að teljast í hæsta máta eðlilegt að húsnæðissamvinnufélögin, eigendurnir, beri líka ábyrgð á því meiri háttar viðhaldi sem þarf að hugsa fyrir við fasteignir. Það er ekki síst nauðsynlegt að þannig sé þessu háttað svo

að húsnæðið standi undir áhvílandi lánum og verði ekki í niðurníðslu og fasteignin sem slík tapi verðgildi sínu.

Hitt sem ég vildi halda til haga varðar lagaskilin. Hér er ekki gert ráð fyrir neinni afturvirkni því í 31. gr. er gert ráð fyrir því að búsetusamningar sem gerðir hafa verið á grundvelli eldri laga haldi gildi sínu. Hins vegar geta aðilar óskað eftir að samþykktir og búsetusamningar í tíð eldri laga fari samkvæmt þessum nýju lögum. Það er eingöngu ef menn óska eftir því. Að fullu er gert ráð fyrir að eldri samningar haldi gildi sínu.

[00:57]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt að húsnæðissamvinnufélagið, móðurfélagið, heldur lánin og er í þeim skilningi eigandi húsnæðisins en búseturéttarhafinn á líka hagsmuna að gæta. Hann á búseturéttinn. Það er einmitt hugsun kerfisins. Það sem ég tel að passa þurfi upp á að gera er að viðhalda þeim hvata sem var ætlunin að hafa gagnvart búseturéttarhafanum, að hann eigi hagsmuna að gæta í því að húsnæðinu sé vel við haldið og í góðu standi þannig að búseturétturinn haldi fullu verðgildi. Það er þetta jafnvægi, þetta samspil, sem þarf að finna. Út af fyrir sig er þetta sameiginlegt hagsmunamál beggja aðilanna. Það þarf ekki að þýða að það sé endilega rétt að ábyrgðin á viðhaldinu og viðhaldssjóðurinn færist alfarið yfir á móðurfélagið, húsnæðissamvinnufélagið. Ég hef ekki sannfæringu fyrir því að það sé endilega besta leiðin. Ég mundi leita leiða til að viðhalda þessum hvata, halda búseturéttarhafanum virkum inni í því að viðhaldið sé gott og í lagi og hann færist sem sagt síður yfir í þá stöðu að verða eins og venjulegur leigjandi sem lítur einhvern veginn ekki svo á að það skipti hann miklu máli hvernig hann skilur við íbúðina.

Að sjálfsögðu eru lagaskilin þannig að gildandi búseturéttarsamningar falla ekki úr gildi, það hvarflar ekki að mér að halda því fram. En það eru ýmis önnur ákvæði frv. sem í reynd geta þýtt það að breyting verði á réttarstöðu félagsmanna sem eru í félögunum og njóta tiltekinna lögvarinna réttinda í dag, eins og þetta með númeraröðina, innlausnarskylduna, og út af fyrir sig líka viðhaldssjóðina sem eru núna í vörslu búsetufélaganna en færast sjálfkrafa, ef lögin ganga í gildi, inn í einn sameiginlegan viðhaldssjóð. Það er verið að gera viðhaldssjóðina upptæka þar sem þeir eru í dag og sameina þá í einn sjóð á vegum húsnæðissamvinnufélagsins.

Umræðu frestað.

Fjarskipti, 2. umr.

Stjfrv., 599. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 960, nál. 1258 og 1324.

[01:01]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta samgn. um frv. til laga um fjarskipti.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið fjölmarga aðila á sinn fund. Jafnframt bárust nefndinni fjölmargar umsagnir sem hún fór yfir.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ný heildarlög um fjarskipti. Jafnframt er innleidd í íslenskan rétt ný fjarskiptalöggjöf ESB. Markmið tilskipana ESB er að draga úr flóknu regluverki fjarskipta og færa það jafnframt í átt til samkeppnisréttar.

Helstu breytingar í frumvarpinu eru að ekki er lengur krafist rekstrarleyfis til að stunda fjarskipti, reglum samkeppnisréttar er beitt við mat á því hvort fyrirtæki hafi markaðsráðandi stöðu, kveðið er á um dreifingu útvarps, heimild er veitt til að gera dreifingu ákveðinna útvarpsdagskráa að skyldu, sett eru ítarlegri ákvæði um vernd notenda fjarskiptaþjónustu, reglur um alþjónustu eru endurbættar og lágmarksréttur notenda styrktur, skilmálar um aðgang að netum og þjónustu eru endurskoðaðir og settar markvissari reglur um nýtingu á aðstöðu.

Nefndin ræddi nokkuð um það hvort rétt væri að kveða á um rétt neytenda um einn reikning vegna fjarskiptaþjónustu. Eftir nánari skoðun er það álit meiri hlutans að heppilegra sé að fjarskiptafyrirtækin komi sér saman um að bjóða upp á slíka þjónustu heldur en að skikka þau til þess með lagaboði, enda er ljóst að slíkt lagaákvæði gæti orðið torvelt í framkvæmd án samvinnu fjarskiptafyrirtækjanna. Meiri hlutinn hvetur því fjarskiptafyrirtækin til að reyna til þrautar að ná samningum sín á milli um þessi mál.

Meiri hlutinn leggur til eina breytingu á frumvarpinu og er hún í samræmi við breytingar tillögu meiri hluta allsherjarnefndar við frumvarp til laga um almannavarnir o.fl.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri breytingu:

Í stað orðanna „að beiðni almannavarnaráðs“ í 2. mgr. 72. gr. komi: að beiðni ríkislögreglustjóra, að höfðu samráði við almannavarnaráð.

Magnús Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Lúðvík Bergvinsson og Jóhann Ársælsson skrifa undir álitið með fyrirvara við breytingartillöguna.

Undir nefndarálitið skrifa auk þess sem hér stendur hv. þm. Hjálmar Árnason, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sigríður Ingvarsdóttir, Árni Ragnar Árnason, og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og Jóhann Ársælsson með fyrirvara eins og áður hefur verið getið.

[01:04]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta samgn. við frv. til laga um fjarskipti.

Virðulegi forseti. Þær breytingar sem verið er að gera á núgildandi lögum um fjarskipti kveða fyrst og fremst á um að innleiða í íslensk lög þær breytingar sem hafa orðið á löggjöf um fjarskipti hjá Evrópusambandinu. Þótt flestar séu þessar breytingar til bóta ber þó að vera á varðbergi gagnvart gagnrýnislausum innleiðingum þessara tilskipana. Hafa verður í huga að þjóðfélagsgerð Íslendinga og ekki hvað síst búsetumynstur sker sig verulega úr samanborið við flest önnur lönd innan Evrópska efnahagssvæðisins. Meginhluti þjóðarinnar býr á suðvesturhorni landsins en að öðru leyti er byggð mjög dreifð. Það reynir því á samstöðu þjóðarinnar, samhug og samábyrgð við uppbyggingu og rekstur grundvallarþjónustu við almenning eins og fjarskipti eru. Einkavæðing sem felur í sér að fjarskiptafyrirtæki geti fleytt rjómann af markaðnum og skilið fámennari landsvæði eftir á framfæri ríkisins og fólksins sem þar býr er andstæð þeim grundvallarhugsjónum um jöfnuð, samhjálp og samábyrgð sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð stendur fyrir.

Ávallt verður að hafa í huga að tilskipanir sem henta á þéttbýlum svæðum Evrópu þurfa alls ekki að vera það hentugasta hér og henta stundum alls ekki aðstæðum hér á landi.

Sérstaklega skal vakin athygli á V. kafla frumvarpsins, um markaði og skilgreiningu markaða. Þar eru auknar heimildir til að skipta landinu upp í markaðssvæði landfræðilega og bjóða út alþjónustu sem allir landsmenn eiga að hafa aðgang að svæðisbundið. Minni hlutinn styður ekki þessa tilhögun og leggur áherslu á að öll svæði landsins þar sem föst búseta er fyrir hendi séu skilgreind sem eitt markaðs- og þjónustusvæði.

Alþjónusta er skilgreind sem tiltekin fjarskiptaþjónusta sem allir landsmenn skuli eiga aðgang að á jafnréttisgrunni. Ísland mætti eiga frumkvæði að því að auka þá þjónustu sem flokkast undir alþjónustu, t.d. með því að skilgreina breiðbandþjónustu og GSM-farsímaþjónustu í byggð og á aðalþjóðvegum landsins sem alþjónustukvöð. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs hafa flutt þingsályktunartillögu sem kveður á um aðgang allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu hvar sem er á landinu í byggð og á aðalþjóðvegum landsins. Sú tillaga er til meðferðar í þinginu og hefði átt að vera hluti af þessu frv. hefðu menn stefnt fram á við í þessum efnum.

Í VIII. kafla frumvarpsins er fjallað um skilamál og gjaldskrár en það er afar mikilvægt að verðskrár fjarskiptafyrirtækja séu gagnsæjar og einfaldar. Það er ekki síður mikilvægt þegar fleiri en einn þjónustuaðili er á markaðnum. Þetta á jafnt við um einstaklingsþjónustu sem samningsbundna þjónustu við fyrirtæki og stofnanir þar sem ýmiss konar afslættir eru í boði.

Virðulegi forseti. Heilbrigð samkeppnni verður aðeins virk með gagnsæjum viðskiptum. Lágmarksskilyrði sem viðskiptaskilmálar skulu uppfylla eru tilgreind í 37. gr. frv. Í fylgiskjali með áliti þessu er birt könnun Neytendasamtakanna þar sem glöggleg má sjá hversu flóknar gjaldskrár fjarskiptafyrirtækjanna eru.

Minni hlutinn telur, þrátt fyrir framangreind atriði sem hér hafa verið talin upp varðandi grunnhugmyndafræði almannaþjónustunnar, að margt í þessu frv. tryggi betur gæði fjarskiptaþjónustunnar og möguleika á að framfylgja samkeppnisreglum. Ég legg þó ríka áherslu á að allar byggðir landsins verði skilgreindar sem eitt markaðs- og þjónustusvæði í fjarskiptaþjónustu. Minni hlutinn getur ekki fallist á þær tilskipanir sem kveða á um landfræðilega skiptingu landsins í markaðssvæði í fjarskiptaþjónustu né aðra hugmyndafræði frumvarpsins sem kveður á um að almannaþjónusta, sem fjarskipti eru, sé sett á frjálsan markað. Að mati minni hlutans er enginn grundvöllur fyrir því að almenn samkeppni tryggi jöfnuð í verði, gæðum fjarskipta og fjölþætt grunnfjarskipti í svo dreifbýlu landi sem Íslandi.

Fari fjarskiptaþjónustan að fullu á samkeppnismarkað mun þar ávallt ríkja fákeppni, ef ekki einokun á ákveðnum sviðum. Þá er mikilvægt að hindra að einstök fyrirtæki geti komið og fleytt rjómann af viðskiptum við þéttbýlustu svæðin án þess að bera nokkrar skyldur gagnvart öðrum landsvæðum þar sem meira þarf fyrir hlutunum að hafa. Við þau skilyrði er mikilvægt að þjóðin eigi hið ráðandi þjónustufyrirtæki, Landssímann, og beiti styrk þess til að efla og bæta fjarskiptanetið um allt land og tryggja jafnframt jöfnuð í verði og gæðum þjónustunnar hvar sem er á landinu á grundvelli hugsjóna félagshyggju og samábyrgðar þjóðarinnar allrar.

Virðulegi forseti. Með þessu nál. er fylgiskjal, úttekt frá Neytendasamtökunum á verði á símtölum. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að lesa upp fréttina af niðurstöðum þessarar könnunar. Greinargerð með niðurstöðum könnunarinnar nefnist Síminn — hvað kostar þegar ég hringi — verðkönnun í janúar 2003, með leyfi forseta:

„Með tilkomu fleiri símafyrirtækja á Íslandi varð útreikningur á símakostnaði aðeins flóknari en áður, því fyrir neytandann skiptir máli að vita hvaða kerfi hann er að hringja úr og í hvaða kerfi hann er að hringja í.

Okkur hér hjá Neytendasamtökunum lék forvitni á að vita, hvort hægt væri að sjá einfaldasta formið á svona útreikningi og þá var símtólið einfaldlega tekið upp og hringt. Það er annars vegar að hringja í Símann eða Íslandssíma. Á báðum stöðum var þjónustan frábær og ekki stóð á svörunum. Við bárum upp þessa einföldu spurningu: „Hvað kostar að hringja úr þessum síma í þennan síma?“ Svo reiknuðum við hvað símtalið kostar í fimm mínútur og hvað ef talað er í fimmtán mínútur.

Ein orsök þess að við gerðum könnunina er hve einfalt það er að hringja í vin sinn eða vinkonu, maður bara tekur upp heyrnartólið og potar í tölustafina alla sjö og bíður svo eftir að hann eða hún svari. Þetta er svo einfalt og eðlilegt, að börnin eru orðin rétt talandi þegar þau þurfa að nota símann og svolítið eldri þurfa þau að fá GSM-síma.

Það hafa verið alls konar skýringar á því hvers vegna börnin þurfi síma en sú skondnasta er að þá geti foreldrar vitað hvar börnin eru og gagnkvæmt. Þá er gengið út frá því að allir segi satt í símann. Svo koma símareikningarnir og enginn skilur neitt í þessum fjárhæðum því enginn þykist hafa notað símann, rétt lyft honum ...“

Virðulegi forseti. Í þessari töflu er svo greinilegt að það er hreinn frumskógur að átta sig á kostnaðinum þegar menn hringja úr síma Símans í síma Íslandssíma og öfugt. Verulegþörf er á að öll gjaldtaka verði mun skýrari en nú er, bæði hvað varðar símafjarskiptin og önnur samskipti. Þetta er dregið fram hér, herra forseti, til að árétta hversu mikilvægt það er að öll viðskipti í fjarskiptaþjónustu séu gagnsæ, einföld og öllum ljós.

Virðulegi forseti. Ég ítreka það sem ég hef sagt í nál. mínu og legg áherslu á að Ísland, þjóðin öll, allar byggðir landsins séu eitt markaðssvæði, eitt þjónustusvæði hvað snertir almannaþjónustu og þar með fjarskiptaþjónustu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Póst- og fjarskiptastofnun, 2. umr.

Stjfrv., 600. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 961, nál. 1257 og 1325.

[01:15]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta samgn. um frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun.

Eins og áður fékk nefndin marga aðila á fund til sín og enn fremur bárust nefndinni fjölmargar umsagnir.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ný heildarlög um Póst- og fjarskiptastofnun. Breytingarnar sem lagðar eru

til leiðir af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á lögum um póstþjónustu og nú er lagt til að gerðar verði á lögum um fjarskipti, samanber frumvarp til laga um fjarskipti sem hér var til umræðu rétt áðan.

Helstu breytingar frá gildandi lögum samkvæmt frumvarpinu eru að verkefnalisti Póst- og fjarskiptastofnunar er endurskoðaður, m.a. með hliðsjón af samruna fjarskipta- og upplýsingatækni, kveðið er nánar á um upplýsingaskyldu fjarskiptafyrirtækja og póstrekenda, kveðið er á um umsagnarrétt hagsmunaaðila áður en stofnunin tekur veigamiklar ákvarðanir, kveðið er á um skyldu Póst- og fjarskiptastofnunar til að hafa samráð við Eftirlitsstofnun EFTA og eftirlitsstofnanir í öðrum ríkjum EES, nánar er kveðið á um rétt neytenda og fjarskiptafyrirtækja til að bera fram kvartanir og loks er gjaldaheimildum laganna breytt.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Magnús Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Aðrir sem undirrita nál. eru auk framsögumanns, Hjálmar Árnason, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sigríður Ingvarsdóttir, Árni Ragnar Árnason, Lúðvík Bergvinsson og Jóhann Ársælsson.

[01:17]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta samgn. um frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun.

Með frumvarpinu eru verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar skilgreind og heimildir stofnunarinnar til að fylgja eftir ákvæðum um þjónustuskyldur, verðlagningu og samskiptareglur við neytendur og samkeppnisaðila í póstþjónustu og fjarskiptum styrktar.

Minni hlutinn leggur áherslu á að Póst- og fjarskiptastofnun fylgi því eftir að settar séu skilgreindar þjónustukröfur og gæðastaðlar fyrir öryggi og gæði þjónustunnar sem fyrirtæki veita á póst- og fjarskiptamarkaði. Jafnframt er lögð áhersla á að stofnunin hafi bolmagn til að fylgja eftir þeim lögum og reglum sem henni er ætlað að framfylgja í þessum efnum.

Virðulegi forseti. Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar vex og verður æ þýðingarmeira og því mjög mikilvægt að hún hafi bolmagn til að setja þær gæða- og starfsreglur sem henni ber að setja um slíka þjónustu og til að fylgja þeim eftir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 602. mál (meðafli). — Þskj. 963, nál. 1255.

[01:19]

Frsm. sjútvn. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. sjútvn. á þskj. 1255 um frv. um stjórn fiskveiða sem er 602. mál þingsins.

Í þingskjalinu kemur fram að nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund þá sem þar eru tilgreindir vegna umsagna um það.

Í frumvarpinu er lagt til að núgildandi heimild skipstjóra fiskiskips til að undanskilja allt að 5% af heildarafla í botnfiski sem reiknast ekki til aflamarks skipsins verði framlengd um tvö fiskveiðiár. Tilgangur ákvæðisins var að koma í veg fyrir brottkast og hefur reynslan af því verið góð.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram tillaga um breytingu þannig að heimildin gilti um allar tegundir, þ.e. ekki einungis botnfisksafla heldur einnig uppsjávarafla, enda slæðast aðrar tegundir með þar eins og í botnfiskveiðum. Lagt er til að heimilt verði að undanskilja allt að 0,5% af uppsjávarafla fiskiskips.

Einnig var á það bent að stofnanir og sjálfstætt starfandi vísindamenn gætu sótt um styrki í þann sjóð er fæst fyrir umframaflann og rennur til Hafrannsóknastofnunarinnar og er það skilningur nefndarinnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri breytingu sem fram kemur á þingskjalinu:

„Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 1. málsl. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIX í lögunum, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 129 20. desember 2001, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, kemur: Á fiskveiðiárunum 2002/2003, 2003/2004 og 2004/2005 er skipstjóra fiskiskips heimilt að ákveða að hluti af afla skipsins reiknist ekki til aflamarks þess. Sá hluti sem þannig reiknast ekki til aflamarks skipsins skal þó aldrei nema meiru en sem nemur 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla sem hlutaðeigandi skip veiðir á hverju fiskveiðiári. Heimild þessi er háð því að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt."

Á þingskjalinu kemur einnig fram að hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara. Enn fremur að hv. þm. Jóhann Ársælsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir álitið rita auk mín nefndarmennirnir og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Einar K. Guðfinnsson, Svanfríður Jónasdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón A. Kristjánsson, Adolf H. Berndsen og Hjálmar Árnason.

[01:23]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Samkvæmt því nál. sem hér hefur verið mælt fyrir er nokkur sátt um að enn um tveggja ára skeið verði skipstjóra fiskiskips heimilt að ákveða að hluti af afla skipsins reiknist ekki til aflamarks þess, en maður veltir því fyrir sér hvað verði að tveimur árum liðnum vegna þess að verið er að reyna að ná sátt um afmarkaða, litla eða stærri þætti fiskveiðistjórnarkerfisins. Ekki er tekið á því sem máli skiptir og mikill ágreiningur er um það í þessum sal hvernig haga skuli stjórn fiskveiða og mjög mikill ágreiningur er um það í samfélaginu, svo mikill ágreiningur að um það mál verða til stjórnmálaflokkar og þrýstihópar og í uppsiglingu eru jafnvel enn ný framboð vegna óánægju með fiskveiðistjórnarkerfið.

Maður veltir því fyrir sér hve mikið er búið að reyna að gera á liðnum árum til að freista þess að ná samstöðu um það sem máli skiptir, ekki síst hvernig fara skuli með þessa auðlind okkar og að reyna að freista þess að ná samstöðu um að taka gjald fyrir nýtingu auðlindarinnar. Því var fyrir fjórum árum gerð tillaga um nefnd sem skyldi skoða hvernig fara ætti með auðlindina og hvort hugsanlegt væri að ná samstöðu um það. Niðurstaðan var eindregið skref í þá átt að taka ætti gjald fyrir aðgang að auðlindinni og fyrst og fremst var mikil sátt um það að festa ætti það ákvæði í stjórnarskrá að þær náttúruauðlindir sem ekki er háðar einkaeignarrétti verði lýstar þjóðareign.

Tillagan sem nefndin náði sátt um hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki eru háð einkaeignarrétti eru þjóðareign eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Handhafar löggjafar- og framkvæmdarvalds fara með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt þessara auðlinda og réttinda í umboði þjóðarinnar."

Virðulegi forseti. Þar sem svo ber til að á síðasta þingi bárum við, sú sem hér stendur og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, fram munnlega fyrirspurn til hæstv. forsrh., Davíðs Oddssonar, þá vil ég spyrja hæstv. forseta hvort hæstv. forsrh. sé í húsinu. Það væri mjög áhugavert á þessum næstsíðasta degi þingsins að inna forsrh. eftir því hvernig á því standi að þær væntingar sem urðu við svör hans við þeirri fyrirspurn gengu alls ekki eftir og að það mál sem við trúðum að yrði lagt hér fram áður en þingi lyki hefur ekki séð dagsins ljós. Því er þetta þingmál um stjórn fiskveiða tilvalið til þess að eiga orðastað við hæstv. forsrh.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Forseti vill láta þess getið að forsrh. er nýgenginn úr húsi. Hann var hér fyrir fáeinum mínútum.)

Er það alveg öruggt? Ég gekk í ræðustólinn og eftir að ég byrjaði að ræða málið, sá ég til hæstv. forsrh. í hliðarsal. Hann mun hafa hlaupið skjótt ef hann er horfinn úr húsinu.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Forseti vill láta þess getið að samkvæmt tölvukerfi sem forseti hefur fyrir framan sig virðist forsrh. vera farinn úr húsi en verið er að kanna málið.)

Virðulegi forseti. Meðan kannað er hvort forsrh. er í húsinu eða í nánd við útidyrnar ætla ég aðeins að fara fleiri orðum um það sem skiptir svo miklu máli, að við erum alltaf að breyta lögum um stjórn fiskveiða án þess að bundinn sé endi á þá réttaróvissu sem ríkt hefur um rétt þeirra sem fengið hafa leyfi til veiða, svo notuð séu orð úr skýrslu auðlindanefndar. Talið hefur verið afar brýnt að Alþingi móti auðlindastefnu þannig að fyrir liggi hvernig fara skuli með heimildir til nýtingar auðlinda en mjög ólíkar reglur gilda um aðgang og nýtingu auðlinda okkar.

Virðulegi forseti. Ég geri örstutt hlé á máli mínu meðan ég fæ að heyra hvaða fréttir berast af hæstv. forsrh.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Hæstv. forsrh. er farinn úr húsi.)

Hefur verið kannað, virðulegi forseti, hvort hann hyggst snúa til baka vegna umræðu um stjórn fiskveiða og stjórnarskrárákvæði?

(**Forseti** (ÍGP)**:** Nú er klukkan hálftvö að nóttu og hæstv. forsrh. er farinn úr húsi eins og forseti hefur áður sagt.)

Virðulegi forseti. En hvað það er skemmtilegt að við þingmenn skulum standa í þingsal klukkan hálftvö um nótt, við höfum verið mjög meðvituð um það síðustu tvo tímana eða svo að kvöldsett er orðið og í raun og veru ekki ástæða til að vera að ræða svo stór mál sem hér eru á dagskrá á þeim tíma sem hér um ræðir. Það er afskaplega undarlegt að meðan svo stór mál eru enn þá óútkljáð skuli fyrirliði ríkisstjórnarinnar hverfa á braut og sérstaklega athyglisvert að hann skuli velja að hverfa úr húsi um leið og stjórn fiskveiða er tekin á dagskrá. Ég hlýt að vekja athygli þingheims á því að þegar þetta þingmál, stjórn fiskveiða, er tekið á dagskrá velur hæstv. forsrh. að hverfa á braut eftir að hafa setið hér einhvers staðar í húsinu undir öllum þeim fjölmörgu málum sem hér hafa verið á dagskrá.

Virðulegi forseti. Ég ætla að halda áfram máli mínu og vekja athygli á því hvers vegna ég kalla eftir viðhorfum hæstv. forsrh. Ég vakti athygli á því með því að nota orð úr skýrslu auðlindanefndar að það væri orðið brýnt að binda endi á þá réttaróvissu sem ríkt hefur um rétt þeirra sem fengið hafa leyfi til veiða og brýnt að Alþingi móti auðlindastefnu þannig að fyrir liggi hvernig fara skuli með heimildir til nýtingar auðlinda en mjög ólíkar reglur gilda um aðgang og nýtingu auðlinda okkar.

Ég vil nefna úrskurð óbyggðanefndar sem féll í fyrra um að ríkið eigi öll vatnsréttindi sem Landsvirkjun hefur nýtt en það er engin stefna um það hvernig fara skuli með almenn vatnsréttindi, hvað þá hvort greiða skuli fyrir afnot af þeirri auðlind. Ég vil líka benda á það, virðulegi forseti, að á síðasta ári lýsti Eiríkur Tómasson lagaprófessor því yfir að hann teldi að Landsvirkjun bæri að greiða ríkinu auðlindagjald fyrir vatnsréttindi. Og það er afskaplega áhugavert atriði inn í þá umræðu sem hér hefur farið fram í dag undir ýmsum liðum og nöfnum sem í flestum tilfellum snúa að rétti Landsvirkjunar til að virkja vatnið sem þjóðin á. Hugsanlega má finna olíu á landgrunni okkar, rannsóknir á því eru í gangi, og enginn veit hvernig farið yrði með slíka auðlind. Það er ekki undarlegt þó að áhugi væri á því að heyra frá hæstv. forsrh. hvernig hann ætlar að bregðast við tillögu auðlindanefndarinnar sem hann lagði svo mikla áherslu á og setti allt sitt traust á í aðdraganda síðustu kosninga.

Þá er komið að því, virðulegi forseti, að ég veki athygli á því hvernig hæstv. forsrh. brást við fyrirspurn okkar hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur um nákvæmlega þetta mál sem ég ætlaði að fylgja eftir í kvöld við hæstv. forsrh. Ekki er lengra síðan en í apríl í fyrra að fyrirspurn var beint til hæstv. forsrh. og spurt að því hvort ætti að setja þetta ákvæði í stjórnarskrá, stjórnarskipunarákvæði er lyti að eignarhaldi þjóðarinnar á þar til teknum auðlindum. Svar hæstv. forsrh. var á þessa leið, með leyfi forseta. Og, virðulegi forseti, ég er að flytja þetta í orðastað hæstv. forsrh.:

„Í tilefni af fyrirspurn fyrirspyrjanda vil ég vekja athygli á því að rík samstaða var um það í auðlindanefndinni sem svo hefur verið kölluð að setja beri ákvæði í stjórnarskrá, stjórnarskipunarákvæði, er lúti að eignarhaldi þjóðarinnar á þar til teknum auðlindum. Það hefur ætíð verið hugsun ríkisstjórnarinnar að þær tillögur sem ríkisstjórnin mundi leggja fram í tilefni af tillögum auðlindanefndar yrðu lagðar fram á haustþingi og að unnið yrði að þeim nú í sumar."

Þessi orð féllu í apríl. Þetta lýtur þeim lögmálum sem stjórnarskipunarlagabreytingar lúta, þegar þær hafa verið samþykktar beri að rjúfa þing innan tiltölulega skamms tíma. Ég hygg að þingheimi almennt hafi verið það ljóst að þannig yrði að málinu unnið, flutt áður en þessu þingi lyki og síðan tekið fyrir aftur að loknum kosningum. Þetta er ákaflega skýrt. Og áfram heldur hæstv. forsrh. í svari sínu, virðulegi forseti:

„Þar sem auðlindanefndin, þar sem ríkisstjórnin eða ríkisstjórnarflokkarnir, getum við sagt, höfðu sína trúnaðarmenn, komst að sameiginlegri niðurstöðu sem segja má að hafi um margt verið grundvöllur að annarri niðurstöðu nefndarinnar þá er afar sennilegt að ríkisstjórnin muni byggja á, eða a.m.k. hafa ríkulega hliðsjón af, þeirri niðurstöðu sem þar náðist því ella mætti gera því skóna að aðrar niðurstöður nefndarinnar kynnu að vera í uppnámi ef þær grundvallarforsendur sem nefndin bersýnilega lagði mikið upp úr af eðlilegum ástæðum væru brostnar."

Virðulegi forseti. Þótt hér sé um nokkurt málskrúð að ræða er innihaldið ótvírætt það að niðurstöður auðlindanefndarinnar voru í takt við þau sjónarmið sem ríkisstjórnin eða ríkisstjórnarflokkarnir sjálfir höfðu, þar sem þetta voru

þeirra trúnaðarmenn, og að ef ekki yrði byggt á niðurstöðu auðlindanefndarinnar mætti líta svo á að allt sem hún hefði að segja væri í uppnámi þar sem þessar niðurstöður voru meginatriði hennar. Ekki orð um efasemdir um það að málið kæmi fram núna á þessu þingi og yrði tekið aftur upp að loknum kosningum. Enn held ég áfram, virðulegi forseti, með svar forsrh.:

„Að sjálfsögðu get ég ekki sagt," segir hæstv. forsrh. í svarinu, „að ríkisstjórnin muni í einu og öllu yfirfæra textann í stjórnarskrárbundna tillögu eða stjórnarskipunartillögu. En ég er ekki að útiloka það." Hann er ekki að útiloka að textinn allur verði yfirfærður. „Eðli málsins samkvæmt get ég ekki fullyrt það því ríkisstjórnin þarf að fara yfir málið a.m.k. að formi til og einnig efni og einnig leita til sinna stuðningsflokka í þinginu. En líklegast þykir mér þó, eins og ég sagði, að það hljóti að þurfa að hafa afar mikla hliðsjón af því sem nefndin komst að þannig að grundvöllur starfsins bresti ekki."

Virðulegi forseti. Í síðara svari sínu sagði hæstv. forsrh.:

„Fundið var að því að ég hefði ekki talað hér nægilega skýrt og vel má vera að ég hafi ekki gert það. En ég talaði eins skýrt um þetta mál og efni eru til á þessari stundu.

Ég hlýt þó að viðurkenna það sem ég hygg að margir hafi vitað, að þegar þessi ákvæði voru í mótun í auðlindanefndinni þá voru þau auðvitað kynnt bæði mér og hæstv. utanrrh. á vinnslustiginu. Og þó að við höfum ekki verið í þeirri stöðu að leggja endanlega blessun yfir þær, vegna þess að það var nefndarinnar en ekki okkar, þá voru okkur kynntar þessar tillögur. Ég minnist þess að við utanrrh. fórum sameiginlega fyrir þær a.m.k. nokkrum sinnum þannig að í þeim var ekkert sem kom okkur á óvart, enda hefði verið óeðlilegt að mínu viti að a.m.k. stjórnarfulltrúar í slíkri nefnd hefðu ekki látið okkur fylgjast með því sem menn voru að kokka um svo mikilvæg málefni. Við nauðaþekkjum því þessar tillögur alveg frá getnaði til fæðingar, ef svo má segja. Ég segi því að við hljótum að byggja á þeim a.m.k. að verulegu leyti. Ég vil ekki taka sterkar til orða því að ég vil ekki skuldbinda ríkisstjórnina eða þingflokkana." — Skoðun þeirrar sem hér stendur, ekki skuldbinda orðalagið. „Mér finnst það ekki eðlilegt. En þetta er sagan. Þetta er forsendan. Og ég bæti því við, eins og ég gerði áðan, að ég mundi ætla að ef þeir sem síðan stóðu að verkum í auðlindanefndinni teldu ef að innihald þessara mikilvægu stjórnarskipunartillagna mundi ekki koma þá hefði grundvellinum eiginlega verið kippt undan því samstarfi og samkomulagi sem þarna náðist."

Svo mörg voru þau orð. Undrast svo nokkur þó að hæstv. forsrh. sem stóð hér í hliðarherbergi þegar stjórn fiskveiða kom á dagskrá fundarins hafi brugðið sér úr húsi? Ekki undrar þá sem hér stendur.

[01:40]

Frsm. sjútvn. (Árni R. Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst rétt að fram komi það sjónarmið mitt að mér þykir sú ræða sem flutt var dálítið sérkennileg í ljósi þingmálsins sem er til umræðu. Það fjallar um örlítið brot löggjafarinnar um stjórn fiskveiða. Það fjallar ekki um eignarhald þjóðarinnar á auðlindinni, það fjallar ekki um auðlindagjald. Það fjallar einungis um það sem við höfum í daglegu tali kallað Hafró-aflann, þ.e. það litla brot afla fiskiskipa sem skipstjórnarmönnum er heimilt að ákveða að teljist ekki til aflaheimilda skipsins.

Vegna þess sem fram kom verð ég að viðurkenna að fyrir einhverri stundu síðan sat ég þar sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir kýs að kalla hliðarherbergi en er nú venjulega kallaður Skáli, bæði af starfsmönnum og flestum hv. þm. En svo vildi til að hæstv. forsrh. sat við það borð stundu fyrr og hann hafði farið þaðan eftir því sem ég best vissi úr húsinu áður en þetta mál kom til umræðu. Ég sé ekki það samhengi sem hv. þm. setti fram.

Mér þótti hins vegar svolítið merkilegt fyrir fáeinum dögum, ef við höldum áfram svona umræðu sem tengist ekki málinu, þá hélt því fram einn hv. þm. úr ræðustól, og ekki er hann þingmaður Samfylkingarinnar, að hann hefði átt upphafið að skipan auðlindanefndarinnar. Ég hef aldrei heyrt því mótmælt. En ég verð líka að viðurkenna að mér þótti samt sem áður það ekki mjög sennilegt.

Staðreyndin er náttúrlega sú, við þekkjum það öll, herra forseti, að skipan þeirrar nefndar var ákveðin í kjölfar þáltill. sem flutt var í hv. Alþingi og um skipan hennar varð sátt milli bæði stjórnar og stjórnarandstöðu. Framhaldið var unnið til þess að ná sátt um það mál.

[01:43]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst um húsaskipan í Alþingi. Búið er að byggja við Alþingi og búa til glergang á milli og við vitum allt um Skálann sem nú er risinn. (Gripið fram í.) En hér í hliðarherbergi eru þingskjöl og í því hliðarherbergi stóð hæstv. forsrh. þegar ég gekk í þennan ræðustól. Við skulum ekkert vera að blanda nýbyggðum Skálanum við skjalaherbergi hér við hliðina.

Við erum með nál. sem er um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Lögin um stjórn fiskveiða eru þar með á dagskrá þingsins þó svo að verið sé að fjalla um afmarkaða breytingu á þeim lögum. Ég er í hópi þeirra sem áttu von á því að hér yrðu flutt stjórnarskipunarákvæði. Ég trúði því alveg fram á síðustu stund að það kæmi hingað inn. Nú er ég úrkula vonar og fyrir mér er það mjög eðlilegur hlutur, úr því að ekki hefur gefist tími til þess á annan hátt, að spyrjast fyrir um þetta ákvæði undir umræðu um lögin um stjórn fiskveiða. Ég harma það að hæstv. forsrh. hafi farið úr húsinu vegna þess að það hefði verið fróðlegt fyrir okkur öll sem hér erum í kvöld að heyra hvaða svar hann hefði átt við fyrirspurn minni um það sem hann talaði nokkuð afdráttarlaust sl. vor.

[01:45]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom hjá frsm. nál. skrifa ég upp á það en mér finnst ástæða til þess að fjalla um tiltekið atriði í nál. vegna forsögu málsins. Áður en ég kem að því vildi ég gjarnan smeygja mér inn í þá skemmtilegu umræðu sem hér hefur farið fram um tilurð auðlindanefndar, loforð forsrh. um stjórnarskrárákvæði, vatnsréttindi á Þjórsársvæðinu og almennt um meðferð auðlinda.

Ég er sammála hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur um að fyrst lögin um stjórn fiskveiða eru á dagskrá sé upplagt að víkja að ýmsu sem þingmenn hafa áhuga á að ræða um stjórn fiskveiða. Það er löng hefð fyrir því á Alþingi að menn nýti tilefni sem þetta til þess að fara nokkuð vítt yfir sviðið og er ástæðulaust að hafa það öðruvísi nú en jafnan áður. Og þó að ég viti að sá hv. þm. sem nú er formaður sjútvn. sé með málefnalegri þingmönnum hér veit ég að hann getur þolað það svona einu sinni að við tökum þetta ögn breiðar en nál. gefur endilega tilefni til. Hann vék áðan að skipun auðlindanefndar og rifjaði upp það sem kom fram í umræðunni í gærkvöldi þar sem helst var á hv. þm. Kristjáni Pálssyni

að skilja að hann hefði átt upphaf að skipan nefndarinnar. Það getur vel verið. Ég þekki ekki hvernig upphafið var en vegna þess að hv. þm. talaði um að það hefði verið sátt um skipanina verð ég að leiðrétta það einu sinni enn. Það var engin sátt um þessa skipan. Ég studdi hana t.d. ekki og svo var um okkur þingmenn úr þingflokki jafnaðarmanna að við studdum ekki skipan þessarar nefndar. Við studdum ekki þáltill. Það var ekki einu sinni ljóst allan tímann að við mundum skipa fulltrúa í þessa nefnd, einfaldlega vegna þess að þarna var á ferðinni ómerkilegt kosningabragð eins og nú hefur komið á daginn. Ómerkilegt kosningabragð.

Það er nefnilega alveg laukrétt (Gripið fram í.) sem hæstv. forsrh. sagði í svari við fyrirspurn okkar hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur fyrir tæpu ári að stjórnarskrárákvæðið var ákveðin forsenda annars sem samþykkt var í nefndinni. Og nú þegar það hefur verið svikið, herra forseti, stendur lítið eftir, búið mál, allt í plati. Þetta var reyndar, herra forseti, það sem okkur grunaði allan tímann og þess vegna var ákveðin tregða, við studdum ekki þáltill. og veltum lengi fyrir okkur hvort við mundum taka þátt í störfum nefndarinnar. Það varð þó niðurstaðan vegna þess að það þótti þó rétt fyrst efna átti til nefndarstarfsins að menn hefðu þá fingurinn á því sem þar mundi gerast. En ég verð að segja það, herra forseti, að mér finnst hvorki að þessum tíma né peningum hafi verið vel varið fyrst niðurstaðan á að vera þessi.

Fyrir skömmu síðan kom hæstv. forsrh. fram með aðra sambærilega tillögu þegar allt í einu átti að fara að skipa nefnd um Evrópumálin. Það, herra forseti, verður auðvitað líka bara svona eitthvað allt í plati. Það er ekki búið að skipa þá nefnd enn þá og veit svo sem enginn um hvað hún á að fjalla. Ef ég hef skilið málið rétt af blaðafregnum var hæstv. forsrh. svo sem ekkert viss um það heldur. Hann ætlaði að leita eftir hugmyndum um hvað nefndin gæti talað. Hún átti ekki að móta neina stefnu. Það var svo sem reiknað með því að flokkarnir héldu áfram að fjalla um Evrópumálin hver á sínum vettvangi. Þetta var fullkomlega óskiljanlegt, herra forseti, en greinilega eitthvað sem átti að drepa málum á dreif svona rétt fyrir kosningar, rétt eins og auðlindanefndin á sínum tíma. En það verður að segjast eins og er að sporin hræða. Nú liggur þetta fyrir. Það stóð aldrei til að gera neitt með niðurstöðu nefndarinnar, enda hefur það ekki verið gert. Hér hafa verið afgreidd ýmis mál varðandi auðlindanýtingu. Ég man ekki eftir einu einasta þar sem farið hefur verið eftir tillögum nefndarinnar. Þær hafa fullkomlega verið hunsaðar í öllum tilfellum. Meira að segja þetta veiðigjald sem ríkisstjórnin skellti á fyrir ári síðan, þar var ekki einu sinni farið eftir hugmyndum nefndarinnar. Þá voru hugmyndir gripnar úr lausu lofti eða öllu heldur út úr endurskoðunarnefndinni, hugmyndir þriggja aðila í endurskoðunarnefndinni, einkum þó hugmyndir tveggja sem þar náðu fram, og settar inn í löggjöfina. Hvorugur hafði reyndar verið í auðlindanefnd og hvorugur svo sem handgenginn þeim hugmyndum út af fyrir sig að menn greiddu fyrir aðgang að sameiginlegum auðlindum.

Nei, herra forseti. Þetta mál er allt með ólíkindum og því miður liggur niðurstaðan fyrir. Við erum hér á næstsíðasta degi þingsins ef að líkum lætur. Og þó að okkur í Samfylkingunni sé svo sem ekkert að vanbúnaði að halda áfram fram í næstu viku til þess að ljúka þeim málum sem fyrir liggja hefur mér skilist að forsn. legði áherslu á það að verkum lyki á morgun og ekkert hefur enn komið fram um það að hæstv. forsrh. hyggist standa við orð sín.

Vegna þess sem ég sagði áðan, að það hefði ekkert verið gert með niðurstöðu nefndarinnar, langar mig til dæmis að nefna frv. forsrh. um meðferð vatnsréttinda á Þjórsársvæðinu. Það var líka nefnt áðan hvað kom í ljós með úrskurði óbyggðanefndar, að það land sem Gnúpverjar höfðu á sínum tíma selt Einari Benediktssyni og Einar Benediktsson selt Titan og Titan selt íslenska ríkinu og íslenska ríkið lagt inn í Landsvirkjun hafði aldrei verið eign þeirra Gnúpverja, heldur þjóðareign og allur gjörningurinn því ómark. Þegar farið var að skoða málið kom í ljós að vatnsréttindin á Þjórsársvæðinu voru metin á 550 millj. í bókum Landsvirkjunar. Við getum velt því fyrir okkur hér hvort okkur finnist að vatnsréttindin á Þjórsársvæðinu séu 550 millj. virði eða hvort þau eru kannski meira virði. En það varð þá niðurstaða hæstv. forsrh. að gefa Landsvirkjun réttindin. Fyrst það hafði ekki tekist í fyrstu atrennu skyldi það gert nú. Það var ekki nóg að afhenda Landsvirkjun nýtingarréttinn. Nei, gjöf skyldi það vera á réttindunum. Herra forseti. Það var eiginlega ekki hægt að fara lengra frá niðurstöðu auðlindanefndar heldur en nákvæmlega þetta. Lengra varð ekki komist. Þetta liggur sem sagt fyrir í þingskjali sem greinilega verður ekki afgreitt heldur, þessi vilji hæstv. forsrh. til þess að gefa Landsvirkjun vatnsréttindin á Þjórsársvæðinu.

Menn hafa sagt: Það þurfti að gera Landsvirkjun til góða með sama hætti og ætlunin var í upphafi, þ.e. að réttindin væru ekki af henni tekin. Það hefði samt verið hægt, herra forseti, með því að afhenda Landsvirkjun nýtingarréttinn um einhvern tiltekinn tíma, afmarkaðan tíma. Gjöf er óþarfi. Og nú bind ég vonir við það að næsta ríkisstjórn muni taka þetta mál upp og breyta því þannig að þjóðinni verði sýnd aðeins meiri virðing þegar kemur að eignum hennar.

Síðan ætla ég, herra forseti, að víkja að efni nál. Eins og fram kom hjá frsm. er hér um að ræða það sem hann kallaði Hafró-afla, minnir mig, þ.e. um það er að ræða að heimila fiskiskipi að koma með að landi allt að 5% af heildarafla botnfisks sem ekki reiknast til aflamarks skipsins. Um gæti verið að ræða fisk sem væri verðlítill eða utan aflaheimilda útgerðarinnar. Hugsun okkar með þessu ákvæði hefur allan tímann verið að koma í veg fyrir brottkast. Hugmyndir í þessa veru hafa lengi verið ræddar hér á Alþingi.

Mér finnst ástæða til að rifja það upp, herra forseti, svona rétt eina ferðina að á 113. þingi, minnir mig að það hafi verið frekar en 112. þingi, flutti ég tillögu þess efnis að sjómönnum yrði gert kleift að koma með allan afla að landi. Það var þá þegar ljóst að kvótakerfið gat haft þá hættu í för með sér að menn hentu afla sem ekki væri í aflamarki eða væri verðlítill og því varð sú tillaga mín til að mönnum yrði gert kleift að koma með allan afla að landi. Á þeim tíma fannst mér eðlilegt að sjómennirnir fengju að eiga þennan afla en ekki útgerðin. Ég gekk meira að segja svo langt að ég vildi láta ganga fram hjá skipstjóranum ef ég man rétt. Þetta átti að verða til þess að sjómennirnir yrðu tilbúnir til að ganga frá þessum afla, hann yrði síðan seldur á markaði, en það átti að halda skipstjóra og útgerð fyrir utan til þess að menn færu ekki að gera út á utankvótaaflann eða aukfiskinn, meðaflann. Síðan hafa þessar hugmyndir þróast nokkuð. Við erum nokkur sem höfum oftar en einu sinni og oftar en tvisvar flutt þessar tillögur og við hv. þm. Jóhann Ársælsson gjarnan verið í þeim hópi, ýmist sundur eða saman. Það var okkur þess vegna sérstök ánægja að fá að taka þátt í því að afgreiða lög frá Alþingi á sínum tíma þar sem þetta ákvæði var tekið upp í lögin um stjórn fiskveiða þó að um

bráðabirgðaákvæði væri að ræða. Við biðum satt að segja spennt eftir því að fá að vita hver niðurstaðan yrði. Það hefur komið fram að menn eru nokkuð sáttir við þá reynslu sem fengist hefur af þessu ákvæði, það sáttir að það hefur verið ákveðið að framlengja þetta ákvæði um tvö ár.

Það varð niðurstaðan þegar þetta var afgreitt sem bráðabirgðaákvæði við lögin fyrir um það bil ári síðan að þessum afla yrði haldið sérgreindum, hann yrði síðan seldur á markaði og andvirðið látið renna til Hafrannsóknastofnunar. Á þeim tíma var mikið um það rætt hvort það væri eðlilegt að allt andvirðið rynni til Hafrannsóknastofnunar eða hvort ekki væri rétt að menn nýttu þetta tækifæri og byggju til sjóð sem sjálfstæðir vísindamenn gætu sótt í til hafrannsókna. Það er alveg ljóst að það hefur verið nokkur gagnrýni á það að Hafrannsóknastofnun ber höfuð og herðar yfir alla aðra sem hafa reynt að stunda hafrannsóknir og fjármunir verið af skornum skammti til annarra. Jafnframt hafa menn verið sammála um að það væri mikilvægt fyrir stofnunina að hafa það aðhald sem gæti falist í því að hægt væri að leita annars álits. Þess vegna voru býsna margir áhugasamir um að það yrði til sjálfstæður vísindasjóður sem menn gætu sótt í, hvort sem það væru þá vísindamenn starfandi á Hafrannsóknastofnun eða aðrir vísindamenn, til tiltekinna verkefna sem tengdust hafrannsóknum.

Þetta mál var rætt nokkuð þegar ákvæðið var fyrst formað. Það kemur fram í minnihlutaáliti okkar hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að við töldum að það væri eðlilegra að um væri að ræða sjálfstæðan rannsóknasjóð sem bæði Hafrannsóknastofnun og aðrir vísindamenn gætu sótt í til sérstakra verkefna á sviði hafrannsókna. Það varð hins vegar ekki, heldur rann allt féð til Hafrannsóknastofnunar. Gert er ráð fyrir að þessar sértekjur, eins og það er kallað núna, verði um 100 millj. kr. árlega en hlutur útgerðar og áhafnar verði um 25 millj. Það er sem sagt verið að tala um afla að andvirði u.þ.b. 125 millj. kr. á ári. Það varð ekki samkomulag um það í nefndinni núna heldur að fara í það að búa til þennan sjóð. Hins vegar er á það bent, eins og hér kemur fram í nál., að stofnanir og sjálfstætt starfandi vísindamenn gætu sótt um styrki í þann sjóð sem fæst fyrir umframaflann og rennur til Hafrannsóknastofnunar. Mér er ekki alveg ljóst, herra forseti, hvernig á að fylgja þessu eftir en það varð niðurstaða okkar að við mundum láta á þetta reyna, a.m.k. fyrst um sinn, reyna að koma þeim skilaboðum þá á framfæri til annarra að þarna væru peningar sem hægt væri að sækja um til rannsókna, láta á það reyna, herra forseti, hvort aðrar stofnanir eða sjálfstætt starfandi vísindamenn gætu eftir þessum leiðum fengið peninga til rannsókna sinna. Á það verður að láta reyna á næstu missirum og ef það gengur ekki verður að sjálfsögðu við því brugðist, a.m.k. skildi ég félaga mína í sjútvn. þannig að þá yrði að breyta þessu fyrirkomulagi.

Ég hef reyndar ákveðnar áhyggjur af fyrirkomulaginu vegna þess að ég er ekkert viss um að sjálfstætt starfandi vísindamenn eða aðrar rannsóknastofnanir vilji endilega láta Hafrannsóknastofnun fjalla um sig sérstaklega og meta hvað þeir eru að fara að gera og hvort það er þá styrkhæft. Ég held að þetta sé meingallað fyrirkomulag en til bráðabirgða, herra forseti, getur það gengið, rétt eins og hitt gat gengið. Aðalatriði málsins er auðvitað að það kemur meiri afli að landi sem styrkir fiskvinnsluna, eykur útflutninginn og gerir gott fyrir þjóðarbúið. Þegar á allt er litið er það jú það sem skiptir mestu máli.

Herra forseti. Þetta var erindi mitt í ræðustól. Það var að gera grein fyrir þessu með þennan sjóð og hvernig við hugsum þetta fyrirkomulag núna. Gjarnan hefði ég viljað ræða þetta mál í dagsbirtu vegna þess að ég hef á tilfinningunni að það hefði verið auðveldara að auglýsa sjóðinn eða þessa peninga sem sjálfstætt starfandi vísindamenn og aðrar stofnanir gætu sótt í ef um væri að ræða fund sem væri haldinn á venjulegum dagvinnutíma þegar fjölmiðlar, sem eru gluggi okkar til almennings í landinu, væru að fylgjast með. Það er bagalegt, herra forseti, að við skulum vera að ræða hér mál sem sannarlega þyrfti að koma á framfæri á þeim tíma nætur þegar fólk er flest, utan vaktavinnufólk, farið að sofa, enda klukkan að ganga þrjú að nóttu. Það er satt að segja alveg furðulegt að í þessari stofnun, Alþingi Íslendinga, skuli menn sýna fólki óvirðingu sem felst í því að vera með þingfundi langt fram á nótt og fram undir morgun. Það er fullkomlega óskiljanlegt að forseti þingsins skuli taka þær ákvarðanir að haga svona málum en þetta er það fyrirkomulag sem við þurfum að búa við á meðan þeir menn ráða hér húsum sem hafa ekki meiri skilning á eðlilegu fjölskyldulífi og því hvernig venjulegt fólk vill haga lífi sínu. Það er miður, herra forseti, að við skulum þurfa að vera að ræða þetta mál og önnur mikilvæg hér um miðja nótt.

[02:05]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir fór prýðilega yfir þetta mál Ég þarf svo sem ekki að útskýra það nánar. Mig langar samt að segja um málið nokkur orð.

Það hefur komið í ljós að við höfum í mörg ár haft rétt fyrir okkur, við sem höfum haldið því fram að gefa ætti mönnum tækifæri til að koma með fisk að landi sem þeir hafa dregið inn fyrir borðstokkinn og landa utan kvóta. Yrði sá afli reiknaður til kvóta væri um beint tap að ræða hjá útgerðinni vegna þess að sá kvóti sem menn þurfa að hafa til að mega fiska hefur verið á það háu verði á mörkuðunum. Allur kvóti er eins og menn vita á markaði og seldur þar á hæsta verði. Þetta ákvæði hefur virkað vel. Fiskeftirlitsmenn sem ég hef talað við segja að þetta hafi skipt miklu máli í þeirra vinnu þar sem þeir hafi getað bent mönnum á þessa leið þegar þeir hafa haft afskipti af mönnum vegna laganna um stjórn fiskveiða og þeirra vandamála sem upp koma þegar veiddur er fiskur með það lágt verðgildi að kvótinn sem menn missa vegna veiðanna er dýrari en fiskurinn sem kemur að landi og á markað.

Mig langar að nefna þau mál sem voru rædd áður, sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir fitjaði upp á í upphafi umræðunnar. Yfirlýstar fyrirætlanir hæstv. forsrh. voru að það skyldi setja í stjórnarskrá ákvæði um að fiskimiðin og fiskstofnanir væru sameign þjóðarinnar. En í þessari umræðu um sjávarútvegsmál hefur margt skrýtið gerst í gegnum tíðina. Þetta er eitt af því.

Hæstv. forsrh. lýsti því yfir í fyrravetur — hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir fór prýðilega yfir það í kvöld — að það stæði til að koma með frv. inn í þingið á þessum vetri til að breyta stjórnarskránni og festa sameign þjóðarinnar á fiskstofnunum í hana. Nú bregður svo við að í vetur bólaði ekki á neinu slíku frv. Samkvæmt síðasta flokksþingi Framsfl. virðist augljóst að Sjálfstfl. hafi stöðvað málið í vetur. Framsóknarmenn lýstu því yfir á þessum flokksstjórnarfundi sínum að þeir vildu að þetta ákvæði yrði fest í stjórnarskrá. Þess vegna hefði það verið afar áhugavert að fá umræðu um þetta mál við lok þingsins, fá það skýrt fram hvar

málið strandaði og hvers vegna. Hverjir voru það í Sjálfstfl. sem ákváðu að ekki mætti setja þetta ákvæði í stjórnarskrá? Var það forsrh. sjálfur? Eða komu skilaboðin annars staðar frá? Var það kannski yfirstjórn flokksins sem ákvað þetta? Var það kannski LÍÚ eða hverjir tóku þá ákvörðun að hætta við þá fyrirætlan ríkisstjórnarinnar? (**SvanJ:** Við vitum að Framsfl. vill þetta.) Það er alveg klárt að Framsfl. vill þetta og þá sitjum við eftir með það að Sjálfstfl. vilji þetta ekki. Hæstv. forsrh. virðist þá hafa orðið undir í flokki sínum. Hann lýsti þessu yfir, hæstv. forsrh., fyrir ári síðan að hann vildi gera þetta. En það góða sem hann vildi, það gat hann ekki.

Hæstv. varaforseti þingsins, Ísólfur Gylfi Pálmason, gengur hér fram hjá. Hann var staddur á flokksþing Framsfl. fyrir stuttu síðan (**ÍGP:** Þú hefðir betur verið þar.) og samþykkti það hástöfum að þetta ákvæði skyldi festa í stjórnarskrá. (**ÍGP:** Hástöfum?) Mér skilst að það hafi verið samþykkt samhljóða á þingi flokksins. (**ÍGP:** Eru það hástafir?) Ég hef aldrei verið á slíkum þingum og veit ekki með hvaða hætti þau fara fram, hvort þar er lófatak, húrrahróp, handauppréttingar eða hvort hljóðar athafnir eru notaðar til að taka ákvarðanirnar.

Ég hefði kosið að fá svör hjá hv. formanni sjútvn. Mér finnst líklegt að hann geti upplýst hvernig á því stendur að þessar fyrirætlanir ríkisstjórnarflokkanna runnu út í sandinn. Hver ber ábyrgð á því að þessar góðu fyrirætlanir um að festa ákvæðið í stjórnarskrá verða ekki að veruleika? Hvar strandaði skipið? (**ÍGP:** Í skipasmíðjunni.) Ég held að það sé svo sem nokkurn veginn vitað hver skipasmíðurinn var. En honum hefur ekki tekist vel að stýra skipinu, það er alveg ljóst. Skipið hefur ekki komist með þann farm sem hæstv. forsrh. talaði um fyrir ári. Þar hefur allt glatast og allar góðu fyrirætlanirnar farnar fyrir borð.

Hæstv. forseti. Það er okkar hlutverk að gleðjast yfir litlu. Því miður hafa allar umræður okkar gengið út á að endurheimta þjóðarauðlindina úr tröllahöndum, að ná til baka eignarhaldi yfir auðlindinni. Við þurfum að sjá til þess að gerðir stjórnvalda á undanförnum árum, að taka sameign þjóðarinnar og afhenda hana eins og hverja aðra eign útgerðarmönnum, gangi til baka og sameignin fáist til baka. Ég er farinn að gera mér sæmilega vonir um að í umræðunni í aðdraganda kosninganna núna fáist menn til að fara bærilega yfir þetta mál. Ég hef verið á nokkrum fundum núna undanfarið, almennum fundum um allt land. Ég heyri að þetta mál lifir aldeilis góðu lífi og menn spyrja: Verður ekki hægt að gera eitthvað í þessu? Verður ekki hægt að taka þessar ákvarðanir til baka?

Stór meiri hluti þjóðarinnar, það hefur komið fram í könnunum árum saman, hefur aldrei skrifað upp á að fyrirkomulagið sem stjórnarflokkarnir hafa verið að verja síðustu átta árin ætti að vera til framtíðar. Ég veit líka að hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason er örugglega tilbúinn til að reyna að ganga þessa leið til baka úr því að hann tók þátt, ásamt félögum sínum, í að ákveða að Framsfl. ætlaði sér að standa að því að festa þetta ákvæði í stjórnarskrá, um að þjóðin ætti þessa auðlind. Varla dettur honum það í hug að þjóðarauðlind, sem búið er að festa í stjórnarskrá með ákvæði, geti verið til einkaafnota, sérafnota fyrir einhverja um aldur og eilífð. Það getur ekki verið um þjóðarauðlind að ræða ef þannig er farið með hana. Það hlýtur að þurfa að vera jafnræði til nýtingar á auðlindinni eigi hún að hafa það sæmdarheiti að vera þjóðarauðlind.

Það verður náttúrlega verkefni þessara kosninga að ræða um feril stjórnarflokkanna í þessu máli. Loforðin fyrir fjórum árum voru þau að ná ætti sátt og þjóðin tók það þannig að sáttin ætti að vera almenn sátt, sátt við þjóðina, við fólkið í landinu. En stjórnarflokkarnir gengu þannig frá málinu að sáttin var á milli hæstvirtra ráðherra Halldórs Ásgrímssonar og Davíðs Oddssonar, og við LÍÚ. Og svo segja LÍÚ-menn núna að þetta hafi allt verið í plati, þetta sé engin sátt og þeir séu bara alls ekki tilbúnir að borga þetta gjald. Þeir segja að það hafi ekki orðið nein sátt og þess vegna vilja þeir ekki borga þetta gjald.

Hæstv. sjútvrh. er mættur í þingið með tillögu um sjóð sem af einhverjum undarlegum ástæðum á að nota til að útdeila peningum til rannsókna. Það vill þannig til að þessir peningar úr ríkissjóði eiga einmitt að vera til taks um leið og borga á í sjóðinn þetta svokallaða veiðigjald sem hæstv. ríkisstjórn setti á í fyrra. Skyldi þetta vera partur af sáttinni við LÍÚ, að nota peningana með þessum hætti? Ekki hef ég neitt á móti þessari sjóðshugmynd. Ég tel reyndar að þær ágætu fyrirætlanir sem eru á bak við hana séu hið besta mál. Ég sé í þessu hvernig kaupin gerast á eyrinni hjá yfirstjórn Sjálfstfl. Þar þurfa menn greinilega að ná sáttum aftur eftir að frv. um veiðigjaldið fór í gegnum þingið.

Eins og ég sagði áðan, hæstv. forseti, munum við fá gott tækifæri til að fara yfir þessi mál í aðdraganda þingkosninganna í vor. Ég er sannfærður um að þetta verður eitt af stærstu málunum sem menn munu hafa við að glíma. Ég ætla a.m.k. að sjá til þess að þeir frambjóðendur sem verða með mér á fundum útskýri hvers lags sátt náðist við þjóðina með veiðigjaldinu sem lagt var á. Ég held að það verði býsna fróðlegt að hlusta á þær útskýringar og fá fólk til að skilja hin djúpu rök sáttarinnar sem hæstv. ríkisstjórn lagði grunninn að með lögunum um veiðigjald sem samþykkt voru fyrir ári.

Hæstv. forseti þingsins hefur kosið að gefa okkur góðan tíma til að fara yfir málin á þessari nóttu. Það er spurning hve mikið af þeim tíma skuli nota. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu lengri en býst við að næg tækifæri gefist til að halda umræðum áfram um þetta mál síðar í nótt. Það eru fleiri á mælendaskránni en ég sem langar til að komast að.

[02:19]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við erum að ræða hér frv. til laga um svokallaðan meðafla sem hefur í seinni tíð, eftir að ákveðið var að verðmæti aflans rynni að mestu til Hafrannsóknastofnunar, verið nefndur því virðulega nafni Hafró-afli. Það ákvæði var sett í lögin sem hafa gilt frá 1. febrúar árið 2002. Ákvæðið kveður á um það að 80% af verðmæti þess afla sem menn lönduðu samkvæmt því ákvæði sem við erum hér að ræða, um að skipstjórar fiskiskipa megi vera með 5% afla utan aflamarks, renni til Hafrannsóknastofnunar.

Það hefur komið í ljós sem margir reyndar þóttust vitað hafa í nokkur ár að það var full þörf á því að slíkt ákvæði væri sett inn í kvótalögin til þess að tryggja eða reyna að tryggja að sem mest af aflanum sem í veiðarfæri kæmi kæmi að landi og hjálpaði til þess að koma í veg fyrir hluta af brottkasti sem lengi voru búnar að vera sögur um að hefði viðgengist í miklum mæli í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi.

Það gerðist, herra forseti, að mjög fljótlega fóru menn að nota sér þessa reglu og jafnvel í sumum tilvikum hafa menn algjörlega fullnýtt regluna og er þá auðvitað alls ekki hægt að færa sönnur á það hvort þeir hefðu líka fullnýtt hana þótt hún hefði verið 7% eða 10%, og alveg eins líklegt að þeir sem

ekki hafa fullnýtt regluna hefðu samt farið yfir 5% eða 7% ef reglan hefði verið rýmri. Þess vegna, herra forseti, minntist ég á það við 1. umr. málsins hvort ekki væri eðlilegt að hafa regluna rýmri og menn sæju þá hreinlega hver þörfin væri. Ef ekki væri þörf fyrir slíka reglu væru menn væntanlega ekki að landa umfram 5% í svokallaðan Hafró-afla því ekki fá útgerðin og sjómennirnir það stóran hluta af þessu. Þeir fá 20%. Ég tel að það hefði verið fróðlegt að gera þá tilraun úr því að í ljós hefur komið að menn hafa nýtt sér þessa reglu í jafnmiklum mæli og verið hefur.

Það er auðvitað fróðlegt að velta þessu máli upp. Ef þessi afli gefur 100 millj. upp úr sjó á ári hygg ég, herra forseti, að það hafi kannski eitthvað dregið úr brottkastinu á seinni árum miðað við það sem kannski áður var þó að ég viti það ekki gjörla. Miðað við það sem manni berst til eyrna í viðtölum við menn augliti til auglitis eða í símtölum áætla ég að eitthvað hafi e.t.v. dregið úr brottkasti hin síðari ár. Ég get þó ekki fullyrt um það. Þetta er bara tilfinning.

En hvað um það, segjum að ef prósentan væri rýmri værum við ekki að tala um 100 millj. á ári heldur 150 millj. Það væru sem sagt einhverjir sem þyrftu á því að halda að nýta sér regluna rýmra vegna kvótastöðu sinnar eða tegundasamsetningar í aflanum því að það er auðvitað það sem við höfum verið að gera, því miður, í stjórnkerfi fiskveiða, við höfum alltaf verið að fjölga fisktegundum inn í kvótakerfið, tína inn í það ólíklegustu fisktegundir sem eiga þangað ekkert erindi stjórnunarlega séð. Frægasta afrekið í því er náttúrlega skötuselurinn núna síðast, svo meðaflategundir eins og sólkoli sem veiðist í örfáum þúsundum tonna á ári og margar fleiri tegundir mætti svo sem nefna, herra forseti. Með því að sjútvrh. hefur haft forgöngu um það að fjölga fisktegundum í kvótakerfinu hefur auðvitað orðið meiri þrýstingur á að menn ættu kvóta í öllum þeim tegundum sem e.t.v. koma í veiðarfæri. Þar af leiðandi vinnur það eiginlega gegn því sem ég var að segja áðan, að brottkastið hefði minnkað, því að það felst ekki í því þegar menn festa fleiri og fleiri tegundir í kvótakerfinu, sérstaklega þegar það eru svo tiltölulega fáir sem eiga stærstan hluta af þessum nýju tegundum. Má þá t.d. nefna keilu og löngu þar sem eitt fyrirtæki er mjög áberandi í því að eiga veiðireynsluna þar, jafnvel svo að margir aðrir í dag geta ekki útvegað sér meðafla af þessum tegundum.

Allt hnígur þetta til þess að e.t.v. sé þörf fyrir rýmri reglu en hér er lögð til. Þess vegna vakti ég athygli á þessu atriði við upphaf umræðu um þetta mál, við 1. umr. Ég vakti einnig athygli á því að í uppsjávarafla síldveiði-, kolmunna- og loðnuskipa kæmi einnig meðafli af botnfiski og það væri þá a.m.k. eðlilegt að menn skoðuðu það og viðurkenndu. Ég gekk á sjútvrh. með svör um það við 1. umr. Það hefur auðvitað verið upplýst að með uppsjávaraflanum kemur ýmislegt fleira en einmitt sú uppsjávartegund sem verið er að reyna að veiða. Þetta er auðvitað misjafnt eftir árstíma og svæðum, og dögum sjálfsagt, en staðreyndin er sú að botnfisksafli kemur með í þessar vörpur, enda væri annað einkennilegt; vörpurnar eru stórar, skipin þau kraftmestu í íslenska flotanum, með mesta spilkraftinn, og möskvinn smár. Það er því útilokað annað en að það sem inn í vörpurnar kemur stoppi þar. Engin er skiljan á þessum vörpum enda erfitt að skilja frá miðað við það þegar verið er að veiða fisk sem er tiltölulega smár. Það væri þó hægt að hugsa sér að setja skilju sem virkaði svipað og skiljan á rækjutrollunum sem skilur út fisk en hleypir því smærra í gegn. Þó er alls ekki víst að það geri sig og engin reynsla á því hvort slíkt fyrirkomulag á veiðarfærinu dygði við þessar uppsjávarveiðar og hvort það kæmi þá ekki niður á aflabrögðum við uppsjávarveiðarnar sjálfar.

Hvað um það, þessari röksemd var tekið og inn í brtt. er nú komið að það skuli vera 0,5% heimild fyrir skip sem stunda uppsjávarveiðar til að landa öðrum afla utan aflamarks. Þar er þá sjálfsagt komið til móts við það eða gerð einhver regla sem gefur heimild til þess að uppsjávarskipin megi einnig landa afla utan aflamarks. Þetta mun væntanlega þýða það í framtíðinni að gerð verði krafa um það að í ristum á dælunum á uppsjávarskipunum verði sett grind sem skilji þá burtu fisk sem er stærri en sá fiskur sem verið er að veiða, eins og kolmunni og síld, og menn komi þá með þennan afla að landi og geri úr honum verðmæti. Og það er auðvitað af hinu góða.

Þegar ég nefndi áðan að ekki væri ólíklegt að þessi upphæð sem við höfum verið að tala um að væri 100 millj. á ári yrði fljótlega 150 millj. á ári, þá hygg ég að það geti orðið svo og jafnvel að upphæðin tvöfaldist. Við skulum samt halda okkur við það að það séu um 150 millj. á ári sem slíkur afli mundi gefa. Ef við förum með það aftur í tímann, herra forseti, yfir þau ár sem við höfum verið með þetta kvótakerfi á stórum hluta flotans og nánast öllum hluta flotans eftir 1990, þá erum við auðvitað ekki að tala um hundruð milljóna heldur milljarða, einn, tvo eða jafnvel allt að þrjá milljarða sem hafa þá ekki komið að landi, a.m.k. ekki í því formi sem hér hefur verið útbúið í lagatexta og hefur orðið til þess að menn hafa tekið að sér að landa svokölluðum Hafró-afla þó að verðmætið renni til Hafrannsóknastofnunar.

Hvers vegna er ég að rifja þetta upp? Það er vegna þess að í fjölda ára sögðu sjómenn frá því að brottkast væri stundað við veiðar í kvótakerfinu og á það var blásið. Ráðamenn í landinu, sjávarútvegsráðherrar og aðrir, mæltu þessu kerfi sérstaklega bót og trúa á það að kvótakerfið sé slík guðsgjöf að annað eins hafi ekki verið fundið upp, enda beri að breiða þá vitneskju út um heiminn af þeim sem eru á kaupi til þess og það hefur rækilega verið gert, herra forseti.

Staðreyndin er auðvitað sú að kvótakerfinu fylgja ýmis vandamál, m.a. þessi. Það hefði kannski betur verið hlustað á það þegar menn voru að benda á það fyrir mörgum árum að leyfa yrði mönnum að tilkynna afla utan aflamarks, og sennilega hefðum við bjargað nokkur hundruð milljónum í verðmætum á þeim árum ef á það hefði verið hlustað. En menn þurftu sem sagt að fara í gegnum þessa rökræðu fram og til baka. Og þeir sem héldu því fram að e.t.v. væri þó nokkuð valið úr aflanum, sem svo er kallað, því ég hef hitt unga menn sem hafa aldrei heyrt annað en að velja bæri úr aflanum, þeir hafa aldrei tekið þátt í veiðum, herra forseti, öðruvísi en að valið væri úr aflanum eftir að kvótakerfið kom á. Og það er í raun og veru að hluta til hegðun sem fylgir, því að ofuráherslan á kvótakerfi byggir á því að veiða stærsta og dýrasta fiskinn og koma með hann að landi. Það sem ýtti sérstaklega undir þetta var þegar leigukerfið fór á fulla ferð og leiguverð á einu þorskkílói fór í þær himinhæðir sem það hefur reyndar verið í í nokkur ár, 140–160 kr. á kílóið, og þá var krafan náttúrlega orðin sú að veiða eingöngu stærsta fiskinn og veiða hann helst á þeim tíma þegar hann er fullur af hrognum, lifur og svili til þess að ná einhverjum verðmætum umfram kröfur greifanna sem leigja öðrum veiðiréttinn. Þess vegna hefur ýmislegt í framkvæmd kvótakerfisins orðið þess valdandi að menn hafa óttast að við stunduðum hér fiskveiðar sem mundu aldrei duga til þess að byggja upp þorskstofninn. Það hefur raunar orðið reyndin, a.m.k. miðað

við það sem vísindamennirnir hafa verið að segja okkur á undanförnum árum að týnst hafi nokkur hundruð þúsund tonn úr þorskstofninum. Við erum enn þá með þorskstofninn í talsvert mikilli lægð, hrygningarstofninn í 300 þús. tonnum, ef ég man rétt nýjustu tölur fiskifræðinga, og nýlega lögðu fiskifræðingar alveg sérstaka áherslu á að grípa þurfi til mikillar verndar varðandi það að vernda stærsta fiskinn á hrygningartímanum.

Reyndar er það svo, herra forseti, og ég þekki þá sögu mjög vel, að fiskifræðingum var bent mjög gaumgæfilega á það fyrir nokkuð mörgum árum, sennilega að verða heill áratugur, að þorskveiðin væri einmitt að þróast í það að sóknin beindist geysilega hratt í stærsta fiskinn, nánast eingöngu, bæði með stækkun möskvans, róðrarlagi og sókn manna á þau svæði sem gefa stærsta fiskinn. Af þessu höfðu fiskimennirnir sjálfir verulegar áhyggjur. Þetta var fiskifræðingunum sagt í mörg ár. Í mörg ár var þeim sagt að menn hefðu miklar áhyggjur af því hvernig þetta væri að þróast. En það er auðvitað eins og svo oft hefur borið við að fiskimennirnir hafa þurft að segja fræðingunum í fjölda ára hvaða áhyggjur þeir hefðu og það hefur síðan tekið fræðingana nokkuð mörg ár að átta sig á því að margt af því sem sjómennirnir hafa haldið fram hefur síðan reynst vera rétt. Það hefði verið eðlilegt að taka þetta mun alvarlegar en gert var á þeim árum þegar menn byrjuðu að vara við þessu vegna þess að þá voru svörin að einn dauður fiskur væri einn dauður fiskur og að betra væri að drepa stóran fisk til þess að drepa þá færri fiska í tonnið en að drepa millifisk eða smærri fisk.

Allt er þetta á þann veg, herra forseti, að það hefur sannað sig sem gömlu mennirnir sögðu, löngu á undan minni tíð, að eðlilegast væri að fiska úr öllu safninu og fiska á öllum veiðislóðum þótt það væri svo kannski gert með ákveðinni gát. Ég hef heyrt marga reynda fiskimenn halda því fram að það væri eðlileg nýting þorskstofns að fiska úr sem flestum árgöngum. Þær eru auðvitað þekktar sögurnar um það þegar við vorum að fiska þorsk í gúanó fyrir Norðurlandi fyrir nokkuð mörgum árum. (Gripið fram í.) Ég tók reyndar aldrei þátt í þeim veiðum en gamlir togarasjómenn hafa sagt mér frá því að menn voru hreinlega að fiska í bræðslu. Það var bara svoleiðis. Það hefur því auðvitað oft verið stunduð það sem við köllum í dag rányrkja á Íslandsmiðum, enda er það svo að þorskstofninn á Íslandsmiðum hefur minnkað frá því að vera yfir 2,5 millj. tonna um 1950 niður í það að vera núna vel innan við milljón tonn, þ.e. veiðistofninn. Það er því að fjölmörgu að hyggja þegar við förum yfir þessa sögu. En ég held að við getum dregið einn lærdóm af þessu máli sem við erum að ræða núna og hann er einfaldlega sá að menn geta ekki neitað því að kvótakerfi hefur þá tilhneigingu að menn velja úr aflanum og við þurfum að vera með öðruvísi útfærðar reglur en við búum við í dag ef við ætlum að ná eðlilegri nýtingu og stjórna eðlilegum fiskveiðum á Íslandsmiðum í framtíðinni.

Ég er alveg sannfærður um það, herra forseti, að við eigum að breyta kvótakerfinu mjög verulega, og ég er líka sannfærður um það, herra forseti, að ef menn nota kvótakerfi, þá eiga menn að vera með eins fáar fisktegundir inni í kvótastýringu á almennum botnfiskveiðum og mögulegt er fyrir hverja veiðigrein. Maður gæti látið sér detta í hug að það væru svona 2–3 burðarfisktegundir sem væru þá kvótabundnar í almennum botnfiskveiðum og þær væru kannski misjafnar eftir því hvort við erum að tala um togveiðar á togurum, netaveiðar, línuveiðar eða handfæraveiðar. Ég tel að það hefði gefist okkur miklu betur, herra forseti, ef við hefðum borið gæfu til þess að vera ekki að tína hverja einustu fisktegund inn í kvótakerfið með tilheyrandi örðugleikum og brottkasti. Þess vegna hafa menn smátt og smátt orðið að viðurkenna að það yrði að setja svona meðaflareglu þannig að menn gætu tilkynnt afla utan aflamarks og komið með hann að landi. Og það er auðvitað til marks um það hversu seinþroska við erum að það skuli taka okkur 15–18 ár í kvótakerfi að koma á reglu sem sjómenn eru búnir að benda á árum og áratugum saman að þyrfti að vera inni í kvótakerfinu. Það er enginn vandi að fletta þeim textum upp ef menn draga það í efa að þær tillögur hafi komið fram fyrir meira en áratug. Ég get alveg sýnt fram á það. En svona er þetta, herra forseti, það tekur oft tíma að lagfæra hlutina, en á þeim tíma höfum við auðvitað tapað miklum verðmætum sem við ella hefðum getað borið að landi og þau aflaverðmæti, upp á 100 millj. á ári, hefðu auðvitað tvöfaldast í vinnslu í landi, en það er þumalputtaregla að almennt megi reikna með því að hægt sé að tvöfalda aflaverðmætið með vinnslu í landi.

Þetta vildi ég láta koma fram, herra forseti, við umræðu þessa máls vegna þess að það er nauðsynlegt fyrir okkur að viðurkenna það að eins og kvótakerfið er útfært þá þjónar það ekki þeim markmiðum sem við vildum ná. Það hefur ekki byggt upp fiskstofnana. Við höfum engum árangri náð við að byggja upp þorskstofninn, því miður, og sitjum í raun og veru í sama farinu ef ekki verra en þegar við settum kvótakerfið á 1984. En eins og þeir sem muna kannski þá tíð þá spáðu fiskifræðingarnir því að ekki mundu veiðast nema 200 þús. tonn þó að við veiddum reyndar 283 þús. tonn á árinu 1984 eða nánast sama afla og á síðasta ári utan kvótakerfis, á árinu 1983, og síðan fór auðvitað aflinn vaxandi 1987 og 1988 þrátt fyrir að fiskifræðingar hefðu talið að botninum væri ekki náð á árinu 1984. En það reyndist samt vera svo að honum var náð og það varð uppsveifla á eftir þó að við færum kannski heldur fort í það að veiða.

Því er það, herra forseti, að ég hefði talið að það væri jafnvel eðlilegt að hækka þessi 5% þannig að menn sæju þá ef þörf væri á að nýta það. Ef ekki væri þörf fyrir að nýta sér meira en 5% færi væntanlega landaður meðafli ekkert upp fyrir 5% og þá gætu menn verið vissir um að það væri svo. Ég skil ekki, herra forseti, ég átta mig bara ekki á því hvers vegna menn vilja ekki hafa regluna þannig að hún dekki það vandamál sem við er að fást að mestu leyti. Þegar slík regla er sett á, eins og 5% reglan, þá tekur það nokkurn tíma fyrir fiskimennina og skipstjórnarmennina að fara að vinna eftir þeirri reglu og ég hygg að það hefði verið eins þótt við hefðum hækkað þessa heimild t.d. í 7%. En það hefði verið ákaflega fróðlegt að sjá það, herra forseti, hvort menn hefðu nýtt sér það að fara alla leið í 7% eða hvort menn hefðu einfaldlega stöðvast við 5%. Það hlýtur að vera tilgangur okkar með lagasetningunni hér að reyna að ná verðmætunum á land og reyna að fá raunverulega mynd af því sem við erum að fást við í fiskveiðunum.

Þetta vildi ég sagt hafa, herra forseti. Fyrr í kvöld fóru fram fróðlegar umræður um að það ætti að vera í stjórnarskránni að fiskstofnarnir við Ísland, auðlindin okkar í hafinu væri sameign íslensku þjóðarinnar. Það orðalag ætti að setja í stjórnarskrána. Ég hlustaði á hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur þegar hún fór með orð forsrh. um að staðið hefði til að koma með frv. um slíkt ákvæði á þessu þingi og festa það í lög. Það kom líka fram í máli manna og ég hef tekið

eftir því sjálfur að Framsfl. samþykkti á landsfundi sínum að slíkt ákvæði yrði sett í stjórnarskrána og það yrði þeirra kosningamál. Þess vegna hlýtur að verða að draga þá ályktun að það sé þá Sjálfstfl. sem er andvígur því að setja slíkt ákvæði inn í stjórnarskrána, að auðlindirnar í hafinu séu sameign íslensku þjóðarinnar og að útgerðarmennirnir hafi eingöngu nýtingarrétt á þeirri sameiginlegu auðlind. En það er auðvitað það sem útgerðarmenn þurfa að hafa. Í hvers konar fiskveiðistjórnarkerfi sem unnið er þurfa menn að vita að þeir eigi aðgang að nýtingarréttinum til þess að stunda veiðar. Og það er auðvitað meginmarkmiðið þegar menn breyta fiskveiðistjórnarlögum, eins og vonandi tekst að gera eftir kosningar, að þeim sé þá breytt á þann hátt að menn séu vissir um hvaða reglur eigi að taka við því þeir sem gera út, hvort sem það eru þeir sem gera út í dag eða nýir aðilar sem vonandi komast einhvern tímann inn í þessa grein, ella ber hún feigðina í sér eins og allar lokaðar atvinnugreinar, þurfa auðvitað að vita eftir hvaða reglum þeir mega vinna.

Herra forseti. Ég held að þegar við förum að velta fyrir okkur stjórn fiskveiða á Íslandi til framtíðar getum við dregið þann lærdóm, m.a. af veiðum Færeyinga, að það sé stofnunum ekki svo hættulegt að veiða talsvert mikið og undir talsvert miklu veiðiálagi úr viðkomandi stofni ef notaðar eru til þess svokallaðar krókaveiðar.

Margir hafa sagt sem svo: Við getum lært af Færeyingum. Það er alveg rétt. Við getum lært af Færeyingum að þessu leyti. Við getum líka lært, herra forseti, af okkar eigin sögu í þessu efni. Hér á árum áður, á árunum frá 1930 og fram til 1960, bar bátaflotinn hér við land langmesta þorskaflann á land, og þegar menn voru að veiða við land yfir 500 þús. tonn af þorski bar bátaflotinn að stórum hluta þann afla að landi með þeim veiðarfærum sem þá voru notuð, þ.e. línu, netum og handfærum. Þessi mikli afli sem ég vitnaði til sem var rúmlega tvöfalt og komst upp í að vera þrefalt það sem við erum að veiða þessi árin af þorski úr sjónum var að stórum hluta veiddur af bátaflotanum á grunnslóðinni og á vertíðartímanum. Það voru oft lélegri aflabrögð við norðanvert landið og Vestfirði á árunum 1950–1960 en t.d. núna. Það er miklu meiri afli á hvern línubala í dag á þessum miðum fyrir vestan og norðan en var t.d. á árunum í kringum 1955 þó að það væri toppaflaár í þorski á Íslandsmiðum. Hann hélt sig bara meira þá við vestanvert og sunnanvert landið þannig að það er að mörgu að hyggja, herra forseti, þegar við erum að skoða sögu okkar. Frv. sem við ræðum hér er bara einn angi af fiskveiðistjórnarkerfinu, einn þáttur þess, sem hefur þó orðið til þess að borist hafa á land nokkur hundruð milljónir í verðmætum og munu vonandi gera það í framtíðinni ef þetta heldur áfram.

Hins vegar vil ég vekja athygli á því, herra forseti, og enda ræðu mína á því að um leið og menn fækka kvótabundnum tegundum í fiskveiðikerfinu, að ég ekki tali um taki upp sóknarstýrt kerfi á strandveiðiflotanum, hverfur auðvitað sú mikla áhersla sem hvílir á ákvæði eins og 5%-ákvæðinu. Eftir sem áður munu þeir hlutar flotans sem eru í kvótakerfi hafa nýtingu fyrir svona ákvæði þannig að framlenging ákvæðisins um tvö ár — því það mun taka meira en tvö ár að beyta öllu veiðikerfinu á Íslandsmiðum, hversu fljótt sem menn vilja gera það. Ég hef talið að það væri hægt að breyta mjög fljótlega veiðum smábátaflotans og sömuleiðis veiðum strandveiðiflotans. En ég hygg að lengri tíma taki að breyta veiðimunstri togaraflotans og frystitogaraflotans og það þurfi miklu meiri skoðunar við þegar við komum í frystitogaraflotann því að sá floti er að þróast í að verða alhliða veiðiskip. Eftir tíu ár munu menn ekki sjá neinn mun á nótaskipi eða uppsjávarveiðiskipi og togara. Reyndin er sú með þeim nýju skipum sem eru komin til landsins í dag að þetta eru bæði togarar og uppsjávarveiðiskip, alhliða veiðiskip sem við getum kallað fjölveiðiverksmiðjuskip. Þau veiða uppsjávarfisk sem botnfisk, ekki bara í lögsögu okkar heldur víða utan hennar og í lögsögum annarra ríkja. Það er auðvitað annað veiðimunstur á slíkum skipum en var kannski fyrir 10–20 árum. Til þess verður að taka tillit þegar menn breyta fiskveiðistjórnarkerfinu.

Þegar menn ætla að breyta einu kerfi sem búið er að vera við lýði er það ævinlega vandasamt og engum er greiði gerður með því að setja þá á hausinn sem fyrir eru í kerfunum við það að taka upp breytinguna, enda á það ekki að þurfa að gerast. Það á alveg jafnt við hvort menn eru að tala um stjórnkerfi í fiskveiðunum eða stjórnkerfi í landbúnaðinum þar sem er líka kominn mjólkurkvóti og beingreiðslukvóti eða ærgildiskvóti. Það verður engum greiði gerður með því að setja bændur á hausinn við að breyta því kerfi þó að framtíðin, held ég, kalli á að það þurfi að breyta því einnig.

Þetta vildi ég sagt hafa almennt, herra forseti, um þetta mál. Ég tel að eðlilegt sé að framlengja þetta ákvæði um tvö ár. Það mun þurfa á því að halda til þess að tryggja það að verðmæti sem ella færu í hafið komi að landi þannig að ákvæðið er okkur til góða. Ég vakti hins vegar sérstaklega máls á því, herra forseti, hversu lengi menn væru að átta sig á því að svona ákvæði eins og við settum fyrir rúmu ári inn í löggjöfina færir okkur mikil verðmæti. Þetta ákvæði hefði betur verið komið inn í löggjöfina fyrir 10–15 árum. Þá hefðum við bjargað á land 1–2 milljörðum kr. í verðmæti sem því miður hafa farið í súginn fyrir það að menn töldu sig vera að verja hið heilaga kvótakerfi, heimsins besta kvótakerfi sem menn ferðast með í veröldinni og reyna að kynna öðrum þjóðum. Ég ætla samt að vona, herra forseti, að engin þjóð verði þeirrar ógæfu aðnjótandi að taka óbreytt kvótakerfið upp eftir okkur.

[02:53]

Frsm. sjútvn. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Hér hafa orðið býsna fróðlegar umræður. Bæði er það réttur þingmanna að kveðja sér hljóðs til að viðra skoðanir sínar og inna eftir sjónarmiðum viðmælanda sinna í hinu háa þingi og að sama skapi er eðlilegt að menn ræði fleiri þætti lagabálksins eða löggjafarinnar um stjórn fiskveiða og þeirra ýmsu álitamála sem þar eru uppi þegar fyrir þingi liggja tillögur til breytinga á einhverjum ákvæðum þeirra. Ég verð að segja þó eins og er frá mínu brjósti, herra forseti, að ég hef ekki tekið þátt í þessari umræðu nema tiltölulega skamma stund miðað við hversu lengi Íslendingar hafa rætt stjórn fiskveiða eða hvort og hvenær nauðsyn beri til að hafa stjórn á þeim. Mér skilst að sú umræða hafi staðið hér í hálfan þriðja áratug eða svo. Ég hef ekki tekið þátt í henni nema lítinn hluta þessa tíma.

Þess vegna verð ég því miður að viðurkenna, herra forseti, að ég veit hreinlega ekki hvort nokkrum þótti sjálfsagt í upphafi, einhvern tíma á níunda áratugnum, að setja í lög sem þá voru í gildi um stjórn fiskveiða, og voru raunar talsvert ólík lögunum eins og þau eru í dag, ákvæði af því tagi sem hér eru til umræðu. Ég hreinlega veit það ekki. Ég veit ekki hvort menn höfðu þá hugkvæmni að sjá fyrir allt sem síðan hefur gerst. En staðreyndin er náttúrlega sú, herra forseti, að á þeim tíma sem um er liðinn hefur orðið býsna

mikil þróun á veiðarfærum og veiðiaðferðum sem kemur fram í því að í mörgum tilvikum hefur mönnum tekist að stýra því hvaða fisktegundir þeir eru að sækja í sem byggist þó ekki eingöngu á veiðarfærum heldur einnig á þekkingu á veiðisvæðum. Þetta og fleira hefur borið á góma í þessari umræðu og einnig hitt að þrátt fyrir þessa kunnáttu er ekki hægt að stýra svo vali veiðarfæranna á fiski að þau velji fyllilega eftir stærðum þann afla sem kemur um borð, eða kemur að borði skulum við segja.

Annað atriði kom hér upp sem mér finnst alltaf svolítið sérkennilegt þegar minnst er á að einhverjir hafi týnt fiski. Ég hef aldrei getað komist að þeirri niðurstöðu, herra forseti, þegar ég hef velt fyrir mér þeim atriðum sem þar hafa komið til umræðu, að hafrannsóknamenn hafi týnt fiski. Mér hefur skilist, herra forseti, að náttúrufræðin öll í heild sinni, ef við reynum að heimfæra þau upp á hafið, geti sýnt okkur fram á að í þeirri lífkeðju sem hrærist í hafinu sé maðurinn í raun síðasti aðilinn. Þá hafa býsna margir komið að og tekið sér bita af nytjastofnum okkar.

Hér hefur líka verið sagt eins og raunar oftar, herra forseti, að kvótakerfi feli í sér tilhneigingu til að velja afla. Ég verð að viðurkenna að ég var á sjó áður en kvótakerfið var sett á. Þegar það var held ég að hafi hreinlega ekki verið nein lög í gildi um stjórn á veiðum, þ.e. á því hvað menn mættu og mættu ekki. Menn voru afskaplega tillitslausir við auðlindina í að velja sér afla á þeim tíma og það var einmitt á þeim tíma sem menn stunduðu það sem var nefnt áðan af síðasta ræðumanni, hv. 4. þm. Vestf., þeir veiddu í bræðslu, ekki einungis mjög ódýrar fisktegundir, heldur þær sem eru í dag mjög dýrar og verðmætar. Ég vil líka viðurkenna, herra forseti, að það hefur að margra manna mati sem taka þátt í þessari umræðu og hafa fengið hlutverk sem felur í sér ábyrgð reynst nauðsynlegt að fjölga smám saman þeim tegundum sem settar eru í kvóta, ef svo má segja, þ.e. sem tíundaðar eru í löggjöfinni um stjórn fiskveiða vegna þess að þess hefur hreinlega orðið vart í mörgum tilvikum að snjallir veiðimenn haga þannig veiðum sínum og vali veiðarfæra að þeir draga á land tegundir sem eru utan stjórnkerfisins, og rannsóknarmenn og sjómenn hafa orðið sammála um að þær tegundir séu í sumum tilvikum að komast í hættu. Það eru alltaf ástæðurnar, herra forseti, fyrir því að fjölgað hefur verið tegundum sem lögin um stjórn fiskveiða taka til. Það er auðvitað rétt, sérstaklega ef við lítum yfir ástand þorskstofnsins, að við höfum ekki náð árangri, ekki þeim árangri að byggja stofninn upp þannig að hann geti stækkað eða hafi getað stækkað. En ég verð að viðurkenna, herra forseti, að svo öflug eru veiðarfærin og veiðiskipin að mér er enginn efi á því að ef lög af þessu tagi, eins og þau hafa þróast á þessum 20 árum eða svo, hefðu ekki verið sett, ef þeim hefði ekki verið breytt nokkurn veginn með þeim hætti sem gert hefur verið, stæðum við ekki hér í dag að ræða um þennan vanda, heldur þann hvað hefði eiginlega orðið af fiskstofnunum. Mér sýnist einfaldlega að þannig sé málið fyrir Kanadamönnum við Atlantshafsströndina, a.m.k. hvað þorskveiðar varðar. Þar hefur tekist að byggja upp aðra stofna og það er einmitt það sem gerst hefur hér. Það hefur tekist hér, svona í aðalatriðum með stjórnkerfi og vísindaaðferðum sem þetta stjórnkerfi byggir á, að byggja upp aðra stofna.

Minnst hefur verið hér á annað atriði sem ég verð að viðurkenna að er álitaefni fyrir mér í umræðunni, þ.e. hvort við náum að dekka það vandamál sem við er að fást með því hlutfalli afla, eða einhverju örlítið hærra, sem minnst er á í þessum ákvæðum sem við nú ræðum. Ég veit ekki svo gjörla hvað það vandamál er. Ég heyri afskaplega mörg hlutföll nefnd um það hvað sé brottkast afla og verð ég að viðurkenna að mér þykir sumt af því vera hreinlega slæm ummæli um þá stétt manna sem ég hef alist upp við að bera sem mesta virðingu fyrir vegna vinnu þeirra og hvernig þeir stunda störf sín, þ.e. sjómenn og útvegsmenn, ekki síst skipstjórnarmenn. Ég hef aldrei séð ástæðu til þess að falla frá því að bera virðingu fyrir þeim mönnum af þeim ástæðum sem ég nefndi. Þess vegna hefur mér þótt stundum, herra forseti, að einn og einn maður hafi ótrúlega stór orð um þetta viðfangsefni. En það er svolítið vandasamt að finna lausn sem hentar. Það er okkur alveg ljóst.

Upphafið að þessari umræðu eins og hún hefur þróast, þ.e. umræðunni í kvöld snýst ekki um þetta ákvæði heldur um önnur atriði sem umlykja umræðuna alla í heild sinni um stjórn fiskveiða. Hv. 4. þm. Reykn. sagði mjög snemma að um væri að ræða rétt eða óvissu um rétt þeirra sem hafa stundað fiskveiðar og hafa haft atvinnu af nýtingu þessarar sameiginlegu auðlindar þjóðarinnar. Það er alveg rétt. En ég vil líka viðurkenna, herra forseti, að mér hefur virst þær tillögur sem núna eru uppi í stjórnmálaumræðunni séu helst tillögur Samfylkingarinnar sem yrðu til þess að skapa óvissu um þann rétt, rétt þeirra sem hafa stundað fiskveiðar og hafa samkvæmt ákvæðum laganna eins og þau eru nú verið sæmilega öruggir — sæmilega — um að réttur þeirra verði ekki fyrir borð borinn eða komist ekki í óvissu.

Herra forseti. Mér hefur skilist að ef lögunum verður ekki breytt að marki þá höfum við vissu fyrir því í lögunum um stjórn fiskveiða að auðlindin verði áfram sameign þjóðarinnar, að nýtingu hennar verði í aðalatriðum stjórnað á grundvelli laga sem stjórnvöld framkvæmi og framfylgi og að rétturinn til nýtingar hverju sinni sé takmarkaður við fiskiskip í eigu manna eða fyrirtækja sem eru félög manna. Það rekur alltaf að mönnum.

Ég velti því líka fyrir mér, herra forseti, vegna þess sem var sagt fyrr í umræðunni — nei, það var raunar ekki fyrr, herra forseti. Það var aðeins seinna að einhver þingmaður sagði hér að hann eða hún vissi ekki um aðdraganda að tillögunni eða ákvörðuninni um skipan auðlindanefndar. Ég þóttist ekki vera mjög óviss um það, en vegna þess að það kom fram líka, herra forseti, að þar hefðu jafnaðarmenn ekki samþykkt og ekki átt þátt í aðdragandanum, þá liggur það nú fyrir, herra forseti, að tillaga til þál. var flutt um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald og 1. flm. var hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, varaformaður Samfylkingarinnar. Ég get séð í skjölum þingsins að meðal þeirra sem samþykktu tillöguna — hún var samþykkt með örlítilli breytingu — voru a.m.k. tveir núverandi hv. þm. Samfylkingarinnar, annar þeirra formaður flokksins. Það getur verið að þeir hv. þm. teljist ekki jafnaðarmenn í dag. En svo mikið veit ég að þegar tillagan var lögð fram voru allir tillöguflytjendur jafnaðarmenn. Þeir töldu það sjálfir og það voru fleiri hv. þingmenn sem töldu þá jafnaðarmenn. (**SvanJ:** Það var talað um þingflokk jafnaðarmanna.) Herra forseti. Ég get alveg breytt orðum mínum og talað um þingflokk jafnaðarmanna. (**Gripið fram í:** Rifjum upp hverjir voru í honum.) Það þarf ekki að rifja upp. Þetta liggur fyrir í þingskjölum. Það geta fleiri þingmenn kynnt sér. En ljóst er af skjölum og þeirri umræðu og atkvæðagreiðslu sem þá fór fram að einhverjir úr þingflokki jafnaðarmanna áttu aðild að flutningi tillögunnar og samþykkt hennar. (**JÁ:** Og hvað með það?) Herra forseti.

Ég hygg að hv. þingmaður geti komið í ræðustól enn einu sinni ef hann kýs. En úr ræðustól var sagt fyrr í kvöld í umræðunni að þingmenn jafnaðarmanna hefðu ekki átt aðild að tillögunni og ekki átt aðild að samþykkt hennar. Mér sýnist að einhverjir þeirra hafi átt það, nema að einhverjum þeirra sé nú neitað um að vera jafnaðarmenn eða að hafa verið jafnaðarmenn. (**SvanJ:** ... í þingflokki jafnaðarmanna.) Já, já. Er það það sem skiptir öllu máli? (**SvanJ:** Það var það sem ég sagði.) Hins vegar vil ég segja, herra forseti, vegna þess sem sagt var um nefndina að mér sýndist hún ekki öll vera eingöngu skipuð trúnaðarmönnum stjórnarflokkanna. Ég er enn þá þeirrar skoðunar, herra forseti, að hún hafi verið þannig skipuð vegna þess að menn vildu með því ná sátt við tillöguflytjendur og aðra hv. þingmenn sem með þeim störfuðu hér í þingi.

Ég hef aldrei skilið þau svör sem hér hafa komið fyrir þingheim svo að hæstv. ríkisstjórn hafi lofað að leggja fram tillögur eða frumvarp að stjórnarskipunarlögum. En það er rétt að sagt var alveg berum orðum og liggur fyrir á þingskjölum að það hafi verið í huga ríkisstjórnar. (**JÁ:** Trúirðu ekki Davíð?) Herra forseti. Þetta liggur fyrir á þingskjölum. Það þarf ekki framm íköll til að rekja það. (**JÁ:** ... á Davíð.) Herra forseti. Ég hygg að hv. þm. geti komist að til þess að rekja, ef hann vill, frekar það sem þegar hefur verið rakið úr ræðustólnum af þingskjölum sem liggja fyrir. (Gripið fram í.) Það er annað mál, herra forseti, hvers vegna, ef það var loforðið. Ég skildi ekkert af þessu sem loforð og ég hygg að hægt sé að rekja það af þeim orðum sem hér eru skráð.

Mér virðist, herra forseti, að menn verði að leggja spurningar sínar fyrir þá sem þeir vilja fá svör frá. Ef þeir vilja svör frá hæstv. ríkisstjórn þá verða þeir að leggja spurningar fyrir hana, ekki aðra. Ég get ekki svarað fyrir aðra en sjálfan mig. En mér er ljóst, herra forseti, að menn hafa mikinn áhuga á þessu máli og sjálfsagt er að þeir geti gengið eftir þeim upplýsingum sem þeir vilja fá. En ég sé ekki hvernig það tengist þingmálinu, herra forseti. Ef þingmálið á að gjalda þess þá finnst mér það mjög sérkennilegt. En auðvitað er réttur manna fyrir hendi.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það sé til bóta fyrir þá menn sem stunda fiskveiðar að þetta ákvæði nái fram að ganga. Þess vegna hefur nefndin komist að þessari niðurstöðu. Hv. sjútvn. er sammála um þetta þingmál.

[03:07]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. sagði áðan, ef ég heyrði rétt, að ef lögunum um stjórn fiskveiða verði ekki breytt yrði auðlindin áfram í eigu þjóðarinnar. Mér finnst þetta undarlega skrýtin ummæli því að sá háttur er nú á og hefur verið að þeir sem hafa fengið úthlutað veiðiheimildum mega selja og kaupa þær heimildir að vild sinni eins og hverjar aðrar eignir. Þeir mega meira að segja veðsetja þær eða hafa leyfi til að veðsetja þær, þó að það sé reyndar kallað að veðsetja þær ekki, þá hafa þeir samt þessa leið. Dettur nokkrum manni það í hug öðrum en þeim sem stunda þrætubókarlist að halda því fram að þetta sé ekki eignarréttur eins og hann er framkvæmdur? Ef hann á að vera til framtíðar hljóta menn að líta þannig á að þeir sem hafa þetta undir höndum núna eigi að eiga það til framtíðar.

Ég velkist a.m.k. ekki í vafa um að þetta er fullkomlega hugsað sem eignarréttur frá hendi þeirra sem vilja hafa þetta fyrirkomulag svona. En þeir hafa auðvitað legið á því laginu frá upphafi að skrökva því að þjóðinni að hún eigi þessa auðlind en menn eigi bara að hafa aðganginn eins og eignina sína. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það mannborulegra að tala beint út og segja að útgerðarmenn eigi bara að eiga þessa auðlind. Þjóðin á ekkert með að eiga hana, enda tala margir útgerðarmenn þannig í dag. Þeir eru að tala um eignaupptöku þegar verið er að ræða um tillögur okkar. Þeir tala sem sagt um eignina sína sem talað er um að taka eigi frá þeim.

[03:09]

Frsm. sjútvn. (Árni R. Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að mér verður svolítið brugðið þegar mér er brugðið um að segja fólki almennt ósatt. Ég held að fyrir liggi, herra forseti, í gögnum þessa þings og nokkuð margra þinga aftur, í álitum lögmanna sem hafa verið til kvaddir, mjög virtra fræðimanna í lögum, ekki aðeins af þingmönnum heldur af stórum hluta þjóðarinnar ef ekki allrar, lögmönnum sem hafa kennt flestum þeim sem starfa og teljast sæmandi lögmenn, að það fyrirkomulag sem er við lýði á Íslandi um nýtingu þessarar auðlindar þjóðarinnar er fullkomlega löglegt og því lýgur enginn, herra forseti. Það er svo.

[03:10]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sagði að menn hefðu skrökvað því að þjóðinni annars vegar að hún ætti auðlindina og hins vegar haft í gangi aðferðir sem afhenda þessa eign fullkomlega til ráðstöfunar eins og hverja aðra einkaeign. Mér hefur alltaf fundist að með því væri verið að skrökva að þjóðinni. Varla er hægt að tala um það sem þjóðareign sem þannig er með farið. Frá upphafi, frá því að kvótakerfið var sett á, þá byrjaði þetta strax. Þá töluðu menn um að það ætti aldeilis ekki að afhenda mönnum þetta til eignar. Þetta átti að vera tímabundið.

Síðan þegar framsalið var leyft var talað um þjóðarauðlindina og að þjóðin ætti þetta saman og svo smám saman fór að renna upp fyrir þjóðinni hvers konar bull þetta var. Búið var að afhenda mönnum fullkomlega rétt til þess að kaupa og selja eins og þeir ættu hana sjálfir og svo var haldið áfram að kalla þetta þjóðareign. Svo ætla þeir menn sem vilja hafa þetta svona að halda því áfram að tala um þjóðareign en hafa kerfi sem gengur út á það að menn eigi þetta og megi kaupa og selja eins og þeim sýnist. Hvað er þetta annað en fals? Hvað er þetta annað en skrök? Menn geta kallað þetta eitthvað annað, þeir sem svo kjósa. En ég kalla það fals og skrök.

[03:12]

Frsm. sjútvn. (Árni R. Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get fyrir mitt leyti fallist á að við séum ósammála. Það lengsta sem ég get gengið í átt til slíkrar samstöðu að vera ósammála þingmönnum sem þannig tala og gera grein fyrir máli sínu fyrir almenningi, fyrir þjóðinni, er að þeim finnist það vera skrök. En það sagði hv. þm. ekki í fyrri ræðu sinni. Þá sagði hann mig skrökva að þjóðinni.

Ég hef góð orð annarra manna, ekki bara minn eigin skilning, fyrir því að ég hef ekki skrökvað að Íslendingum. Við höfum lög í gildi um nýtingu allra auðlinda þjóðarinnar, og þær eru fleiri en þessi, og er hún í öllum tilvikum sem ég veit til nýtt af einstaklingum eða fyrirtækjum í eigu einstaklinga sem hafa tiltekin réttindi og þar með rétt til þess að fara með þau eins og aðrar eignir. Þeir hafa sem sé eignarrétt yfir réttindum. Þetta þekkist ekki aðeins í sjávarútvegi heldur einnig

í landbúnaði svo dæmi sé tekið og það er ekkert óeðlilegt við það.

Ég vil aðeins taka fram, herra forseti, að ef ég væri þeirrar skoðunar að svo væri ekki þá væru engin eðlileg viðskipti um að flytja svona verðmæti þessara réttinda á milli einstaklinga eða milli fyrirtækja þegar þess þarf. Og þess þarf einfaldlega stundum vegna kynslóðaskipta í fyrirtækjum eða vegna þess að einhver fyrirtæki verða illa sett og geta ekki haldið áfram nýtingunni. Þá held ég að sé betra og eðlilegra ... (**JÁ:** Hvenær varð sauðkindin þjóðareign?) Herra forseti. Hv. þm. getur ekki setið á sér. Ég held að hann ætti að hugsa sig betur um. Landið er þjóðareign hvort sem það er nýtt til beitar eða annars. Eða hvað telur hann landið eiginlega vera annað en þjóðareign? Ég held að þingmaðurinn ætti að hugsa sig aðeins betur um. Það var enginn að tala um sauðkind nema hann sjálfur. Ég held að menn ættu að hætta að vera svona sauðarlegir.

[03:15]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða um frv. til laga um breytingar á lögum sem urðu til vegna brottkasts. Menn áttuðu sig á því þegar tíu ár voru liðin frá því að lögin um stjórn fiskveiða voru sett að stundað væri brottkast, jafnvel í stórum stíl. Þá fóru menn að reyna að verjast því. Lengi vel prættu menn reyndar fyrir að brottkast væri stundað í íslenskum sjávarútvegi en svo kom að því að menn urðu að viðurkenna það. Þess vegna var komið með þetta ákvæði um að koma mætti með í land 5% af botnfiski án þess að það yrði skráð sem kvóti á viðkomandi útgerð.

Nú er búið að bæta við 0,5% á uppsjávarafla. Ætli það sé ekki vegna þess að hina síðari daga hafa menn áttað sig á því að trollin sem uppsjávaraflinn er veiddur í eru farin að taka annan fisk en veiða átti, t.d. ufsa og jafnvel þorsk. Ef við leyfum veiðar á 1,5 millj. tonna af uppsjávarafla er hér um að ræða allt að 7.500 tonn af fiski, þ.e. getur farið upp í 5 þús. til 10 þús. tonn í botnfiskinum. Hér er því um talsvert magn af fiski að ræða fyrir utan kvótakerfið, eiginlega nokkuð stór hluti af því, t.d. meiri en allur byggðakvótinn. Þetta er gífurlega mikið magn.

Fyrir mér er þetta frv. ákveðin staðfesting, enn eitt dæmið um tilraun til að breyta lögum um stjórn fiskveiða og reyna að laga þá vankanta sem á því eru.

Mig langar að geta þess, herra forseti, að einungis tvær greinar laganna um stjórn fiskveiða eru óbreyttar, önnur þeirra er 1. gr. sem kveður á um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Það er náttúrlega góð grein sem mig minnir að hv. fyrrv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafi átt stóran þátt í að koma inn í lögin. Ekki þótti öllum sjálfsagt að þetta ákvæði væri í lögunum, að nytjastofnar á Íslandsmiðum væru sameign íslensku þjóðarinnar. En sem betur fer komst það inn. Þetta ákvæði er að minni hyggju, herra forseti, síðasta vonin og grundvöllur þess að hægt verði að breyta því fiskveiðistjórnarkerfi sem hér er við lýði.

Fiskimiðin í kringum landið eru verðmætasta auðlind þjóðarinnar, a.m.k. nú um stundir. Menn hafa sagt í mín eyru að þetta eigi ekki að standa svona í ákvæðinu heldur eigi bara að viðurkenna sannleikann strax, að þeir sem eigi nytjastofnana hafi leyfi til að veiða þá. Þetta viðhorf er til. Þetta eru álíka viðhorf og giltu hjá nýlenduherrum, t.d. í Afríku. Þar áttu örfáir menn miklar auðlindir þar, t.d. gimsteinanámur í Suður-Afríku. Í sumum löndum eiga mjög fáir einstaklingar auðlindir viðkomandi landa, t.d. olíulindir. Miðað við íbúafjölda þeirra þjóða njóta mjög fáir verðmætanna sem auðlindirnar gefa. Það er einmitt einkenni ríkja þar sem er kúgun og eymd, að auðlindirnar eru í mjög fárra höndum. Ef við skoðum lönd þar sem fólk býr við hvað mestar þrengingar og einhvers konar auðlindir eru fyrir hendi þá eru einkennin þau að auðlindirnar eru í mjög fárra höndum. Við eigum að reyna að læra af samfélaginu hér á jörðinni og forðast það sem einkennir kúgunarríki og vond ríki.

Herra forseti. Það sem við sjáum í íslenska samfélaginu í dag er að æ færri aðilar eru að eignast meira og meira í auðlindinni í hafinu. Ég tel það ekki æskilegt. Ég tel æskilegast að sem flestir hafi sem auðveldastan aðgang að auðlindinni. Reyndin er sú að aðgangurinn að auðlindinni er ekki auðveldur, herra forseti. Hugsum okkur ungan mann með pungapróf, stýrimann á 30 tonna bát, ungan mann með mikinn dug í hjarta sér og kraft. Hann langar að gera út smábát. Það er ekki auðveldur aðgangur að auðlindinni að hann skuli þá þurfa að leggja út fleiri tugi milljóna króna til að geta farið að róa. Ég er sannfærður um að við gætum breytt kerfinu þannig að þetta þurfi ekki að vera svo gífurlega dýrt fyrir þennan mann.

Ef við skoðum 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna þá sjáum við að í fyrstu setningunni kemur fram að nytjastofnarnir séu sameign íslensku þjóðarinnar. Við getum verið ákaflega ánægð yfir því en þegar kemur að því að þegnar þjóðarinnar vilja ganga inn í greinina og byrja að veiða þá þurfa þeir að vera margfaldir milljónamæringar. Þá finnst mönnum þetta bara vera grín. Þá finnst mönnum ekkert að marka þessi orð og ekki farið eftir þessu, að þetta sé frekar í orði en á borði. Þar tel ég að skilji á milli feigs og ófeigs í þessum málum, herra forseti.

„Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra ..." segir svo í næstu setningu á eftir. Nú eru uppi menn eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sem eru farnir að efast æ meira um þá verndarstefnu sem yfirvöld ástunda og telja að hún hafi jafnvel þveröfug áhrif, sé ekki verndarstefna heldur eyðingarstefna gagnvart stofnunum. Sumir telja þessa verndarstefnu hafa þveröfug áhrif. Það er athyglisvert þegar slíkt gerist, herra forseti, að einn hv. stjórnarþingmaður og jafnvel fleiri skuli halda slíku fram. Þeir tala út í myrkrið. Á þá virðist ekki hlustað frekar en að mark sé tekið á 1. gr. laganna.

Menn hafa talað um að fyrsta setningin í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða verði fest í stjórnarskrá. Það hefur ekki verið gert. Af hverju eru menn að tala um að festa þetta í stjórnarskrá? Það er vegna þess að þeir óttast alvarlega að þróunin sé sú að gullið sem við sækjum í greipar Ægis sé að renna úr höndum þjóðarinnar.

Hlutirnir hafa gerst hratt undanfarin ár, herra forseti, í þessum málum. Við höfum t.d. séð hvernig heimildirnar til að veiða uppsjávarfiskinn færast á sífellt færri og færri hendur. Af einhverjum ástæðum er ekki einungis stjórnarandstaðan að tala um þetta. Í frumvarpi til laga frá því fyrir einu ári síðan og í lögum sem nú gilda eru einmitt ákvæði um að ákveðnir einstaklingar megi ekki eiga í ákveðnum stofnum nema að vissu marki. Þetta er gert til að koma í veg fyrir einokun. Við sem búum í þessu landi vitum hvað einokun þýðir og hvað einokun er. Við þurfum ekki nema að hugsa til dönsku einokunarverslunarinnar, hvernig hún starfaði hér, hvernig fólki var meinað að versla við þá kaupmenn sem það

vildi skipta við. Menn þurftu jafnvel að fara fleiri dagleiðir til að versla við þann kaupmann sem þeir máttu versla við.

Síðan hafa menn verið að tala um það í hv. Alþingi að það sé mjög varasamt þegar t.d. verslunarkeðjur eru farnar að ná ákveðinni hlutdeild í öllum markaðnum, þá sé hætta á ferðum. Þetta gildir einnig um sjávarútveginn. Þess vegna eru lögin með þessum ákvæðum. En er þetta í reynd svona, herra forseti? Eru ekki fiskveiðiheimildirnar að færast á æ færri hendur? Hvað gerðist um daginn þegar SR-mjöl og Síldarvinnslan sameinuðust? Er það ekki eitt af þessum dæmum? Sumum finnst þetta kannski bara allt í lagi og að lokum hafi aðeins einn allan nýtingarréttinn. Svo má segja: Ja, þjóðin á þetta. En það bara kemst enginn að nema einn. Verið getur að það sé vilji einhverra og menn haldi að það sé svo mikil hagræðing og að sú hagræðing leiði til þess, herra forseti, að allir hafi það voðalega gott í þessu landi. Mér hefur skilist að áhuginn á námi í Sjómannaskólanum hafi farið dvínandi. Kannski er fiskveiðistjórnarkerfið hluti orsakar þess. Ég held að það sé alveg rétt að áhugi á skipstjórnarnámi hafi minnkað og að aðsókn í Sjómannaskólann sé ekki eins mikil og hún var. Skyldi það vera hluti af þessu kerfi öllu saman?

Nei, herra forseti. Ég er á þeirri skoðun að það þurfi algjörlega að söðla um og breyta fiskveiðistjórnarkerfinu hér og við förum að huga mjög alvarlega að fyrningarleiðinni, sem mig minnir að þó nokkur hluti landsfundarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins síðast hafi viljað fara, 25% á síðasta landsfundi þess stóra flokks.

Mörg orð er hægt að segja um þetta. En núna er búið að birta ákærur á hendur skipstjóra einum sem hleypti myndatökumanni um borð í skip sitt. Þar var veruleikinn sýndur, þ.e. að verið væri að henda fiski í sjóinn. Menn velta fyrir sér ástæðum þess hvort það sé vegna þess að viðkomandi hafi einhverja tilhneigingu eða sérstaka löngun til að vera brotamaður eða hvort ástæðan geti hreinlega verið sú að viðkomandi hafi verið að reyna að gera út sinn bát og þurft að leigja sér veiðiheimildir á mjög háu verði og þess vegna orðið að reyna að veiða eins verðmætan fisk og mögulega var hægt. Það var langstærsti fiskurinn. En fyrir hinn, þann minni, fæst ekki eins mikið og því hafi freistingin verið að setja hann fyrir borð. Ég vona, herra forseti, að þetta hafi bara komið fyrir hjá þessu eina skipi. Ég vona að það hafi bara farið 53 fiskar í sjóinn í öllu þessu brottkasti sem talað hefur verið um. En margir halda öðru fram, að það hafi verið mun meira. Ævintýralegar sögur hafa verið sagðar af slíku brottkasti og sagt að það hafi allt átt sér stað vegna þess að leiguliðar vildu fá eins mikið fyrir aflann og hægt var til þess að geta staðið undir því að borga leiguna og greiða hásetunum laun og einnig undir rekstur útgerðarinnar. Þetta er ástæða brottkastsins.

Það er hálfgerð úlfakreppa að vera í þeirri stöðu að eiga bát sem hefur litla aflahlutdeild og viðkomandi mann langar til að gera út bátinn sinn. En til þess að gera hann út verður hann að hafa meiri aflahlutdeild og til þess að fá meiri aflahlutdeild verður hann að leigja af öðrum. Og til þess að leigja af öðrum verður hann að eiga mikinn pening og til að fá sem mestan pening þá þarf hann að fá sem mestan fisk og bestan og stærstan. Því hefur þetta skapast.

Gaman væri að vita, herra forseti, hversu mikill peningur hefur farið í að greiða fyrir leigu á fiskveiðiheimildum frá því að þessi viðskiptamáti hófst. Ég held að það hljóti að skipta mörg hundruð milljónum króna og það hefur verið nokkuð mikill skattur á byggðirnar. Það er t.d. mjög undarlegt að hugsa sér að netabátar, t.d. frá Ólafsvík eða annars staðar á landinu, sem fara nokkrar mílur út frá landi og eru rétt á sínum heimamiðum, skuli þurfa að greiða gífurlega háar fjárhæðir fyrir að veiða þann fisk sem er þarna fyrir utan og sem enginn annar hefði veitt. Þeir greiða fyrir það og senda peninga í sparisjóði eða banka í allt aðra landshluta. Það er nokkuð kyndugt.

Þess vegna er það rangt þegar fyrningarleiðin er rædd og þeir kostir, að talað er um að hún verði svo kostnaðarsöm samanborið við það sem gildir í dag fyrir útgerðina. Við vitum að útgerðin í dag eða nokkur hluti hennar greiðir hundruð milljóna fyrir að veiða fisk. En það fer bara til einstakra manna. Við getum hugsað um líkinguna sem ég var með áðan, herra forseti, um olíulindirnar eða demantanámurnar, þ.e. að einhver fái leyfi til að nýta olíuna eða grafa eftir demöntum, en þurfi að greiða fyrir það langstærstan hluta þess sem unnið er úr jörðinni eða úr olíulindinni. Þetta er óásættanlegt eins og það er í dag. Við búum við óásættanlegt fiskveiðistjórnarkerfi og við þurfum að bæta það.

Herra forseti. Umræðan í samfélaginu er þannig að æ fleiri líta svo á að komandi kosningar muni hafa mikil áhrif eða að fólk muni greiða atkvæði einmitt um þetta, þ.e. hvort við viljum fá ríkisstjórn sem hefur einlægan áhuga á því að breyta þessu kerfi, breyta kerfinu þannig að meiri möguleiki sé fyrir fólk að byrja í þessari grein og að það fái aftur trú á sjávarútveginum.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég bið hv. þm. að afsaka. Ætli hann eigi mikið eftir af ræðu sinni?)

Nei, ég reikna nú ekki með því, herra forseti.

(**Forseti** (HBl)**:** Ef hann ætti mikið eftir þá hefði ég óskað eftir því að hann gerði hlé á ræðu sinni.)

Herra forseti. Ég get eiginlega ekki sagt hve mikið er eftir af ræðunni fyrr en hún er búin. En það er hálfgerð mótsögn.

Við erum að ræða, herra forseti, þetta frv., þessa breytingu sem fjallar um að setja það í lög að menn megi koma með svokallaðan meðafla, koma með aukaafla ef svo má að orði komast, í land og að það verði ekki tekið af aflaheimildunum. Ég tel að þetta sé jákvætt mál að því leyti að það dregur úr brottkastinu. En kannski væri best að leyfa mönnum að koma með allan aflann sem þeir veiða svona.

Að lokum segi ég þetta, herra forseti: Að minni hyggju væri best fyrir íslenskan sjávarútveg að þeir sem aðhyllast breytingar, grundvallarbreytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu komist sem fyrst til valda.

[03:45]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Árni Ragnar Árnason sagði áðan að yrði lögunum um stjórn fiskveiða ekki breytt yrði auðlindin áfram í þjóðareign. Ég hef öndverða skoðun á þessu máli. Ég tel reyndar að stór meiri hluti þjóðarinnar hafi aðra skoðun á málinu. Menn telja ekki að það geti kallast þjóðareign sem einstaklingar geta keypt og selt og farið með eins og aðrar eignir sínar eða réttindi. Þeir sem hafa með þessi réttindi að gera eru eigendur og forsvarsmenn fyrirtækja sem hafa þessi réttindi á sínum höndum. Þeir virðast margir hverjir líta svo á að þeir eigi þessa auðlind og tala til þeirra sem hafa aðrar skoðanir á þessu máli eins og þeir eigi auðlindina. Um þetta mætti nefna mörg dæmi en ég ætla einungis að vitna í einn forsvarsmann stórs útgerðarfyrirtækis. Í Morgunblaðinu sl. þriðjudag, þann 11. mars, er sagt frá ræðu Björgólfs Jóhannssonar, forstjóra Síldarvinnslunnar í Neskaupstað á

aðalfundi fyrirtækisins. Þar lýsir hann afstöðu sinni til þessa máls með skýrum hætti. Með leyfi hæstv. forseta, les ég upp úr Morgunblaðinu:

„Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Síldarvinnslunnar í Neskaupstað, segir að úthlutun veiðiheimilda í kvótakerfinu sé réttlát. „Hún er raunar réttlát að mínu viti þar sem þeir aðilar sem tekið hafa áhættu í fjárfestingum í sjávarútvegi, atvinnutækin sem eru grundvöllur þessa alls, nýta auðlindina og skila í þjóðarbúið hámarksafrakstri," sagði Björgólfur í ræðu sinni á aðalfundi SVN. Hann sagði einnig að auðsöfnun í sjávarútvegi sé ekki meiri en í öðrum atvinnugreinum og að nýliðun innan núverandi kerfis sé möguleg."

Hann er á þeirri skoðun að það sé mögulegt, (**Gripið fram í:** Hvernig þá?) a.m.k. fræðilega mögulegt að einhverjir nýir geti komist að. Þetta er reyndar umdeilt atriði og má segja að þeir sem hafa reynt fyrir sér á undanförnum árum hafi flestir afsannað kenninguna með því að fara á hausinn, a.m.k. þeir sem ég hef séð gera tilraunina. Ég held að þurfi ekki frekari vitnanna við. Menn geta sest með blýantinn sinn niður, nýjasta kvótaverðið og reiknað út hvað kostar að hefja útgerð á Íslandi og kaupa kvóta á markaðnum. Það segir hverjum sem hafa vill þá sögu að slík fjárfesting sé óðs manns æði. Eigi hann svo mikla peninga að hann geti sett á fót útgerð sem hefði næg verkefni þá gæti hann farið í allar aðrar fjárfestingar og haft miklu meira út úr því en að kaupa sér veiðiheimildir og skip.

Í dag er sjöfalt dýrara að hefja útgerð en það var áður en kvótakerfinu var komið á. Enda er það þannig að fólk flýr úr sjávarþorpunum allt í kringum landið vegna þess að það er engin von og engin framtíð. Ef útgerðarmaðurinn á svæðinu fer á hausinn eða ákveður að hætta þá getur enginn keypt af honum. (Gripið fram í.) Það sem gerist í öllum tilfellum er að viðkomandi útgerðarmaður sameinar útgerðina einhverju af þessum stóru útgerðum og fær hlutafé í stóra fyrirtækinu. Þannig gerist þetta. Þetta ástand er ekki útgerðarmönnum í landinu að kenna. Þetta ástand á rætur sínar hér á hv. Alþingi. Það er hér sem menn hafa ákveðið reglurnar. Ég er ekki að skamma útgerðarmenn í landinu. Ég get hins vegar verið á öðru máli en þeir, þ.e. þeir sem vilja hafa reglurnar eins og þær eru. En þessi ágæti forstjóri, Björgólfur Jóhannsson, segir í sömu grein, með leyfi forseta:

„Til frekari rökstuðnings þessu" — þ.e. því að úthlutun veiðiheimildanna sé réttlát — „vil ég benda á veiðar á kolmunna, sem voru frjálsar þar til á síðasta ári. Útgerðarmenn hafa á undanförnum árum fjárfest fyrir milljarða til að geta stundað þessar veiðar. Þær hafa tryggt stöðu okkar í samningum við önnur ríki þegar kemur að skiptingu kolmunnans milli þeirra ríkja sem eiga rétt á úthlutun.

Umtalsvert tap var af veiðunum lengst af og það var ekki fyrr en á síðasta ári sem afkoman var í lagi. Hverjir áttu svo að fá kvótaúthlutun í kolmunnanum? Þeir sem lögðu í kostnaðinn og tóku áhættuna eða hinir sem sátu heima? Sama á við um úthlutun á úthafskarfa og í norsk-íslensku síldinni, rækjunni á Flæmingjagrunni og þorskinum í Barentshafi. Þau réttindi sem við Íslendingar höfum á þessum svæðum eru til komin vegna þess að útgerðarmenn lögðu í áhættu við að skapa þá veiðireynslu sem skilaði okkur úthlutun. Við hefðum ekki eitt kíló í úthlutun ef ekki hefðu komið til veiðar á rækjunni og þorskinum í Barentshafi. Varðandi síldina, kolmunnann og úthafskarfann þá skiptir hin líffræðilega dreifing stofnanna einnig máli en ef við hefðum ekki stundað þessar veiðar væri hlutur okkar afar rýr. Hér vil ég benda á að öllum var frjálst að vinna sér inn veiðireynslu."

Björgólfur rakti síðan söguna frá upphafi kvótakerfisins ...

(**Forseti** (HBl)**:** Má ég biðja hv. þm. ...)

Hæstv. forseti. Ég er að ljúka þessari tilvitnun.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég bið hv. þm. afsökunar að ég trufla hann. Ég vil biðja hv. þingmenn sem hér eru að vera ekki í samræðum beint fyrir framan ræðumann. Ég óska eftir því að hv. þingmenn virði rétt þingmannsins til þess að tala.)

Björgólfur rakti síðan söguna frá upphafi kvótakerfisins og markmiðin með því og benti á að árið 1984 voru gerðir út 518 bátar stærri en 20 rúmlestir. Nú væru þeir 233 og væru þá bátar án aflahlutdeildar ekki meðtaldir. Þetta væri hagræðingin sem skapast hefði í fiskveiðum á Íslandi og var meginmarkmið laganna um stjórn fiskveiða.

Þetta sagði Björgólfur. Hagræðingin var meginmarkmið laganna um stjórn fiskveiða.

Hæstv. forseti. Með ræðunni vildi forstjóri SVN rökstyðja þá skoðun sína að úthlutun veiðiheimilda væri réttlát. Ég ætla að fara yfir þessar röksemdir Björgólfs í þeirri röð sem ég las þær upp úr blaðinu.

Hann sagði að úthlutunin væri réttlát vegna þess að menn hefðu tekið fjárhagslega áhættu í sjávarútvegi. Það væri rétt ef allir sem tilbúnir eru að taka áhættu í sjávarútvegi sætu við sama borð gagnvart úthlutun, þá væri þetta rétt. En það er ekki rétt vegna þess að menn hafa ekki búið við jafnræði í þessari grein.

Björgólfur sagði að auðsöfnun væri ekki meiri en í öðrum greinum. Við því kann ég ekki svör. En jafnvel þó það væri rétt að auðsöfnun væri ekki meiri í sjávarútvegi en öðrum greinum þá réttlætir það ekki einkaeinokun á nýtingu sameiginlegrar auðlindar.

Til rökstuðnings á rétti útgerðarmanna til þess að hafa einkarétt á þessari úthlutun benti forstjórinn á veiðar úr stofnum sem við eigum með öðrum þjóðum, á kolmunna, úthafskarfa, norsk-íslensku síldinni, rækjunni á Flæmingjagrunni og þorskinum í Barentshafi. Hann sagði að öllum hefði verið frjálst að vinna sér inn veiðireynslu í þeim stofnum. Þetta eru ágæt rök fyrir tímabundnum réttindum í þessum stofnum og ekkert meira. Það er fáránlegt til framtíðar litið að örfáar útgerðir eignist veiðirétt um alla framtíð eins og rökin standa til. Hvað gerist t.d. ef stofninn í norsk-íslensku síldinni stækkar og fer að ganga á Íslandsmið? Rök Björgólfs ná ekki máli sem rök fyrir einkarétti til úthlutunar úr okkar sameiginlegu auðlind á heimamiðum til framtíðar litið, það hljóta allir menn að sjá.

Björgólfur rakti sögu kvótakerfisins, eins og ég sagði áðan, og sagði að hagræðingin væri meginmarkmið laganna um stjórn fiskveiða. Mér finnst best að enn einu sinni verði lesin upp þessi klásúla úr lögunum um stjórn fiskveiða, en þar stendur:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því traustan atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum."

Það er full ástæða til að minna á þetta vegna þess að það er auðséð að þessi ágæti forstjóri er farinn að líta á þjóðarauðlindina sem sína eigin eign. Hann rökstyður þá skoðun með því sem ég fór yfir áðan, úthlutunin sé réttlát

vegna þess að útgerðarmenn hafi fjárfest í sjávarútveginum. Sannleikurinn er sá að þeir útgerðarmenn sem hafa fjárfest í veiðiheimildum, þ.e. ekki allir enda læðist að mér sá grunur að nokkuð stór hluti veiðiheimildanna sem þessi stóru útgerðarfyrirtæki hafa yfirráð yfir hafi verið í þeirra höndum alveg frá því að farið var að úthluta, hafa kannski ekki keypt einhver ósköp af þeim. Reyndar hefur LÍÚ haldið því fram að þetta hafi allt saman meira og minna skipt um eigendur. En hvernig hefur það gerst? Með því að einhver fyrirtæki hafa verið sameinuð. En eigendurnir eru þeir sömu þó að þeir hafi búið til einn pott úr eigunum sínum. Hvernig er þá hægt að halda því fram að þetta hafi verið selt með þeim hætti að menn hafi keypt á fullu verði?

Ég held að ekki sé hægt að halda því fram að þeir sem hafi keypt veiðiheimildirnar af öðrum eigi þær til framtíðar. (**LB:** Er ekki mynd af þingflokki íhaldsins uppi á vegg hjá þeim?) Hv. þm. kallar hér fram í og spyr hvort ekki sé mynd af þingflokki Sjálfstæðisflokksins uppi á vegg hjá LÍÚ-forustunni. En nú spyr hann þann sem ekki veit. Ég hef ekki hugmynd um hvort það er mynd af þingflokki Sjálfstæðisflokksins uppi á vegg hjá LÍÚ-forustunni. En ég held að það væri full ástæða til að hafa hana þar.

Mér fannst hv. þm. Árni Ragnar Árnason verða nokkuð fyrtinn áðan en ég skil það vel. Mönnum getur ekki liðið vel undir ræðum af því tagi sem hér eru haldnar, af mér og ýmsum öðrum. Meðferðin á sameiginlegri auðlind þjóðarinnar er á ábyrgð þeirra sem hér ráða ríkjum. Meðferðin er slík að það er ekki hægt að ræða um þetta mál öðruvísi en að mönnum svíði. Óheilindin í þessari umræðu frá upphafi — ég kalla það óheilindi, það er mín tilfinning — hafa verið með eindæmum.

Menn héldu því fram frá upphafi að þetta væri sameiginleg auðlind þjóðarinnar og einungis um að ræða fyrirkomulag sem þyrfti að hafa til að ná hagræðingu í útgerð og annað slíkt. Aldrei var sagt beinum orðum að menn ætluðu sér að einkavæða auðlindina. Það var aldrei sagt beinum orðum. Enginn hélt því fram að þjóðarauðlind væri auðlind sem einstaklingar úti í bæ ættu að hafa fullt forræði yfir til að kaupa og selja sín á milli. Aldrei var það sagt að það væri hin eiginlega rétta orðskýring á þjóðarauðlind.

Hv. þm. Árni Ragnar Árnason taldi að til væru ýmis dæmi sem væru hliðstæða við þessa meðferð á þjóðarauðlind sem við erum hér að tala um. Hann nefndi landbúnað í því sambandi. Mér varð á að kalla fram í hjá hv. þm. og spyrja hvort það væri búið að setja sauðkindina í þennan bás, hvort búið væri að þjóðnýta hana, gera hana að þjóðarauðlind, hvort kvótinn í landbúnaði ætti að vera sambærilegur við kvótann á Íslandsmiðum. Ég hef aldrei litið þannig á og tel reyndar að það sé fráleitt að láta sér detta í hug að jafna saman annars vegar þessu fyrirbrigði, kvótakerfi í landbúnaði sem ég hef ýmislegt við að athuga, og hins vegar þjóðarauðlindinni á Íslandsmiðum. Það hefur a.m.k. aldrei staðið til svo ég viti að lýsa því yfir að kvóti í landbúnaði eða sauðkindin sem slík eða íslenska kýrin væri gerð að þjóðareign, þó að þær séu báðar þjóðargersemi að mati landbúnaðarráðherrans a.m.k.

Hv. þm. sagði líka í andsvari við mig að hann hefði átt við landið. Þá stend ég enn þá meira á gati vegna þess að ég hef ekki litið þannig á að landið hefði sömu stöðu og sú þjóðarauðlind sem við erum að tala um. Ég tel að bændur sem hafa afnot af landi hafi yfirleitt einhvers konar leigusamning við ríkið ef viðkomandi land er í eigu ríkisins og um það gilda eðlilegar leikreglur. Ég hef sjálfur land á leigu frá ríkinu og borga fyrir það fullt verð og ég hef ekki séð annað en að gæslumenn ríkisins hafi passað upp á að það land væri verðlagt með tilliti til markaðsverðs á leigulöndum í einkaeign. Ég sé ekkert athugavert við það. Mér finnst það bara eðlilegt. En ég sé ekki, hæstv. forseti, að hægt sé að finna neina hliðstæðu í nýtingu á landi og afnotum af fiskstofnum og ég vildi gjarnan fá nánari útskýringar á því ef mér mætti þá auðnast að skilja hlutina betur.

En sú tillaga sem er til umræðu hefur svo sem ekki verið til umræðu frá minni hendi þessar síðustu mínútur. Ég taldi ástæðu til að nefna ýmsa aðra hluti vegna umræðna sem höfðu farið af stað. Mér finnst það ekki óeðlilegt þegar komið er að lokum þessa þings og þessa kjörtímabils og verið er að ræða síðustu sjávarútvegsmálin hér í þinginu að þá sé spurt eftir hlutum eins og þeim sem um hefur verið talað í kvöld. Menn spurðu eftir hæstv. forsrh. Þá langaði að vita hvað dveldi nú orminn langa, hvers vegna hæstv. forsrh. hefði ekki staðið við orðin frá því fyrir ári síðan um að það kæmi frumvarp til umfjöllunar í þinginu þar sem það yrði fest í stjórnarskrá að þjóðin ætti þessa auðlind. Hæstv. forsrh. hafði horfið hér úr húsi og hefur ekki komið síðan aftur þannig að við þessu fengust ekki svör og enginn annar hér á hv. Alþingi, hvorki hv. formaður sjútvn. né aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, hæstv. forseti eða aðrir sem um stefnuna vita gerla hjá ríkisstjórninni í þessum efnum, enginn þeirra hefur komið hér upp til þess að skýra það fyrir þjóðinni og þinginu hvernig á því standi að þetta fyrirheit hæstv. forsrh. frá því fyrir ári síðan hafi glatast á leiðinni. En Framsóknarflokkurinn samþykkti tillögu á flokksþingi sínu fyrir fáeinum dögum sem gekk út á það að það væri stefna Framsóknarflokksins að festa þetta ákvæði í stjórnarskránni.

Ég er á þeirri skoðun að slíkt ákvæði í stjórnarskrá geti aldrei orðið eða staðið undir nafni án þess að framkvæmd laganna um stjórn fiskveiða breytist með þeim hætti að allir sem vilja stunda atvinnurekstur í sjávarútvegi búi við jafnræði til þess að fá veiðiheimildir. Slíkt jafnræði verður ekki til í kvótakerfi án þess að það verði leyst með einhvers konar markaðsaðgangi og sá markaðsaðgangur er í sjálfu sér ekkert flókinn. Hann getur orðið til með aðferðum sem eru þekktar, sem kaupmenn þekkja, sem allir sem kynnt hafa sér viðskipti þekkja vel og kunna að fara með. Við höfum lagt fram tillögur okkar um það hvernig á að fara að þessu og ég tel að full ástæða sé til að gera sér bærilega góðar vonir um að umræður um þetta efni verði miklar í aðdraganda kosninganna sem eru fram undan og að þjóðin muni í þetta skipti velta því alvarlega fyrir sér hvort ekki sé ástæða til að taka átökin um stjórn fiskveiða og meðferðina á sameiginlegri auðlind þjóðarinnar með í reikninginn þegar fólk tekur ákvörðun um það hvaða flokki það ætlar að ljá atkvæði sitt í kosningunum.

Hæstv. forseti. Ég hef um þetta þokkalegar vonir og þær eru ekki sprottnar af engu. Þær eru sprottnar af því að ég hef fylgst með þessu máli lengi. Ég hef tekið þátt í þessari umræðu lengi. Ég hef lagt krafta mína og pólitísk áhrif, þó ekki hafi verið nógu mikil, í það að vinna í þessu máli. Og ég finn það núna og hef fundið það á þessu kjörtímabili með vaxandi þunga að möguleikarnir til þess að þetta mál hafi áhrif á afstöðu kjósenda í komandi kosningum eru vaxandi. Ég tel að fólk hafi áttað sig prýðilega vel á því að stjórnarflokkarnir sem lofuðu þjóðinni fyrir síðustu kosningar sátt um þessi málefni sviku það svo með eftirminnilegum hætti því svik voru það og ekkert annað. Það er ekki hægt að kalla

það neitt annað en svik í þessu máli þegar menn lofuðu fyrir kosningar að beita sér fyrir sáttum um stjórn fiskveiða en breyttu svo sáttinni í sátt milli sín, þ.e. milli foringjanna í stjórnarflokkunum og LÍÚ-forustunnar sem skrifaði upp á samkomulagið í raun. En LÍÚ-forustan er með hundshaus núna vegna þess að hún er auðvitað farin að sjá að það verður enginn friður um þetta og þeir voru að fallast á eitthvað sem var tóm vitleysa.

Það var auðvitað tóm vitleysa að láta sér detta í hug að það yrði einhver sátt um að útgerðarmenn færu að borga veiðigjald sem yrði ákveðið í Stjórnarráðinu hverju sinni og áfram yrði einkaeinokun á því að nýta auðlindina. Slíkt fyrirkomulag er fáheyrt og fáránlegt. Við höfum auðvitað það hlutverk hér á hv. Alþingi að sjá til þess að afkomendur okkar búi við frelsi og jafnræði til að nýta þessa auðlind og það verður ekki með því fyrirkomulagi sem hér ríkir. Þess vegna er ekkert annað að gera en að koma þeirri stjórn frá völdum sem nú hefur haft þau í átta ár á hv. Alþingi og hefur verið að reyna að festa þetta kerfi og eignarhald útgerðarmanna í sessi. Það verður koma henni frá og koma til valda fólki sem er tilbúið til að taka á þessum málum og koma þeim í framtíðarhorf, þó það taki tíma, því ekki viljum við kollvarpa góðum fyrirtækjum í landinu. Það er fjarri mér að fjandskapast við þá sem reka þau fyrirtæki. Mér dettur það ekki í hug. Ég tel að það sé hlutverk okkar að koma á fyrirkomulagi sem þessi fyrirtæki geta lagað sig að. Góðir stjórnendur munu auðvitað standa upp úr og fyrirtæki þeirra munu auðvitað blómstra í því fyrirkomulagi sem við leggjum til að verði tekið upp, því þar verður samkeppnisumhverfið. Það verður fyrst og fremst gengið út frá því að jafnræðis verði gætt þannig að allir sitji við sama borð og geti barist á þeim markaði sem verður, eins og allir verða að gera í samkeppnisþjóðfélaginu okkar. Það er það fyrirkomulag sem við skrifum öll upp á. Engin atvinnugrein á helst að vera öðruvísi en að þar sé hægt að tryggja samkeppnisumhverfi. Þetta er eitt af stóru málum stjórnvalda á þessum árum, þ.e. að reyna að sjá til þess að leikreglurnar séu réttar og að menn sitji við sama borð og hafi jafnræði til þess að keppa á markaði.

Það er alveg sama hvar menn líta yfir sviðið, alls staðar viðurkenna þeir að þessar leikreglur eigi að gilda, nema í sjávarútvegi og landbúnaði. Ekki hefur mönnum nú farnast allt of vel í landbúnaðinum. Þar þurfa þeir nú að líta yfir og skoða hvort ekki væri rétt að endurskoða framsóknar/íhaldsfyrirkomulagið þar (**LB:** Við tókum um það umræðu í dag.) og um það var nú svolítil umræða já í dag. Hæstv. landbrh. var að reyna að svara fyrir veru sína í ráðuneytinu og ... (**LB:** Núverandi forseti þingsins var nú eitt sinn landbúnaðarráðherra.) Já, og það er nú bara þannig að hæstv. forseti var landbrh. frá því u.þ.b. 1991 líklega til 1995. Ég man þetta nú ekki nákvæmlega. En fyrstu fjögur árin af 12 ára valdatímabili hæstv. forsrh. var hæstv. forseti landbúnaðarráðherra. Af honum tóku svo við framsóknarmenn hver eftir annan. Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn — og það er svo sem ekkert nýtt — hafa kynslóð eftir kynslóð tekið hvor við af öðrum við að stjórna landbúnaðarmálunum og halda öllu þar í þessu fína formi og við sitjum uppi með það að fátækasta fólkið í landinu er bændur og að allt er í uppnámi á kjötmarkaði, eintóm vandamál. Hæstv. landbrh. var að basla við það í dag að svara fyrir þessa stöðu í greininni. Hann reyndi nú að bera sig vel, enda er honum það lagið að fara mikinn, fara með himinskautum í ræðum sínum, tala um bændur eins og yfirnáttúrulegar verur, að maður tali nú ekki um íslensku kúna og öll dýrin sem við höfum í okkar landi, fegurð sveitanna og sveitakvennanna. (**LB:** Og gróðurfarið. Gleymdu ekki því.) Já, allt er fagurt og gróðurinn líka.

Hæstv. landbrh. hefur svo sem verið að reyna. En ekki hefur getan verið mikil. Hann hefur skoðað nýjar búgreinar eins og farið var yfir í dag, krókódílarækt eða a.m.k. strútaeldi og sumir segja að úlfaldar hafi komið við sögu. (**Gripið fram í:** Norskar kýr.) Og norskar kýr. Hann barðist lengi við þær og hafði sigur. Það mun vera eitt af hans mestu afrekum fyrir utan ferðina til Kína þegar hann var að athuga með strútana. En svona er þetta allt saman. Ég fór yfir það í ræðu minni í dag þegar hæstv. landbrh. fór yfir sögu sína að hann hafði lofað þjóðinni því að tekið yrði myndarlega á móti þjóðhöfðingjum í Leifsstöð í framtíðinni þar sem hann ætlaði að mæta á sínum fáki í litklæðum til þess að heilsa upp á þá sem kæmu að heimsækja landið. Ekki höfum við nú séð þessa fyrstu heimsókn. En vel væri til fundið að hæstv. forseti færi með honum í þá fyrstu móttöku og fengi vakran hest undir sig til þess að taka á móti einhverjum þjóðhöfðingja, því hæstv. landbrh. hefur haft mikinn áhuga einmitt á þessu, þ.e. íslenska hestinum og að kynna hann og hann vill helst gera þetta svona. Hann átti líka tillögu á sínum tíma um íslenska hundinn. Ég man ekki nákvæmlega um hvað hún fjallaði. En hann hefur sem sagt áhuga á (**Gripið fram í:** Dýrum.) dýrum og sérstaklega þeim dýrum sem hafa verið með Íslendingum frá því að land byggðist en líka á dýrum sem mönnum hefur dottið í hug að flytja til landsins til þess að auka fjölbreytnina í landbúnaði.

Ekki hefur miðað mjög mikið hvað þetta varðar. Hæstv. forseti hefur verið fjarri góðu gamni í því ráðuneyti nú í átta ár og það hefði verið býsna gaman að hlusta á (**Gripið fram í:** Hann vildi ekki einu sinni flytja inn kalkúnavængi.) mat hans á því hvernig eftirmanni hans hafi nú gengið að koma landbúnaðinum til betra horfs. Hæstv. forseti glímdi við ýmsan vanda í sinni landbúnaðarráðherratíð. Að honum sóttu þar fuglar frá öðrum löndum. Honum tókst að verjast þeim. En ég ætla svo sem ekki að halda áfram að tala um landbúnaðarmál. Hins vegar er ekkert ólíklegt að innan ekki mjög langrar framtíðar verði ráðuneytum landbúnaðar og sjávarútvegs steypt saman í eitt atvinnuvegaráðuneyti ásamt einhverjum fleiri verkefnum og þá gæti þetta átt allt heima saman í einni svona ræðu eins og ég hef verið að fara yfir núna.

Ég ætla ekki að standa hér miklu lengur til þess að tala um þetta þótt ég hafi til þess ágætiskrafta. Hæstv. forseti kom okkur einhvern veginn í skilning um það í dag að okkur bæri að standa okkur vel á þessu kvöldi og nóttu hér í þingsölum. Við höfum svo sem verið að reyna það og reyna að standa í því að vinna að þeim málum sem eru á dagskránni og forseti er sjálfsagt ánægður með framlag okkar í þingsalnum í kvöld. Ég geri ráð fyrir því að hann fari að verða þokkalega ánægður með það. Við eigum auðvitað eftir að fást við fleiri mál hér þannig að ég vil ekki tefja tímann og ætla því að ljúka mínu máli.

Umræðu frestað.

Stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 648. mál (sala á eignarhluta ríkissjóðs). — Þskj. 1053, nál. 1294 og 1302.

[04:19]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál var rætt hér fyrr í kvöld og farið ágætlega yfir það. Ég býst ekki við að ég bæti miklu við þá umræðu. Það hefur ekki verið meining held ég neins þeirra sem rætt hafa þetta mál að tefja það með neinum hætti, heldur fannst mönnum full ástæða til þess að koma á framfæri afstöðu sinni til málsins. Mér finnst að þetta mál hafi svo sem fengið býsna hraðan framgang í þinginu. Það var auðvitað ekki við öðru að búast vegna þess að ríkisstjórnin hafði ekki staðið sig beinlínis vel í því að koma með lausn á þessu máli til hv. Alþingis. Vandi Sementsverksmiðjunnar var löngu orðinn ljós. En menn höfðu einhvern veginn ekki bein í sér í ríkisstjórninni til þess að taka á málinu. Nú er það loksins að gerast og þá eru menn svo feiknarlega handfljótir að þeir eru búnir að auglýsa Sementsverksmiðjuna til sölu áður en komið hefur í ljós hvort meiri hluti er fyrir því að selja hana að fullu.

Það vekur upp þá minningu að þegar hér var fjallað um fjárlög birtist og hvarf með undraskjótum hætti tillaga um þetta efni, þ.e. tillaga um að selja allt hlutaféð í Sementsverksmiðjunni. Þeirri tillögu var ekki einu sinni vært dreift hér í þingsalnum. En það fréttist af henni. Hún birtist í nefnd og hvarf. Þannig var nú það. Það er greinilegt að þá töldu menn að það væri hreint ekki víst að nægur meiri hluti væri fyrir stuðningi við þá hugmynd að selja hlutaféð í Sementsverksmiðjunni. Þess vegna, og þó ekki væri nema bara þess vegna, hefðu menn kannski átt að leyfa málinu að fara a.m.k. í gegnum þingið áður en Sementsverksmiðjan var auglýst til sölu.

Þó svo að búið sé að gera grein fyrir því að fyrirvari sé um þetta í auglýsingunni, fyrirvari um það hvort málið verði samþykkt í þinginu, þá verð ég að segja eins og er að ég man ekki eftir dæmi um það og ég vona að ég sjái ekki aftur fleiri dæmi um það að menn auglýsi fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um einhver efni með fyrirvara um samþykki Alþingis. Ég vona að hæstv. forseti sé mér sammála um að það er gjörsamlega óviðurkvæmilegt að framkvæmdarvaldið taki ákvarðanir, auglýsi til sölu eignir ríkisins eða þess vegna einhverjar fyrirætlanir, með fyrirvara um að Alþingi samþykki. Mér finnst það ekki ganga. Ég legg til að menn muni eftir því að passa upp á það að lenda ekki í þessu aftur. Þetta er niðurlægjandi fyrir Alþingi og það er heldur engin ástæða til þess að gera þetta.

Það er alveg ljóst að þeir sem hafa áhuga á því að eignast Sementsverksmiðjuna vita alveg nákvæmlega hvað er að gerast. Fjölmiðlar hafa sagt frá því hvað eftir annað að hér sé frv. á ferðinni og í þessu litla þjóðfélagi vita allir athafnamenn og áhugamenn um viðskipti af þessu tagi hvað stendur til. Auglýsingin átti ekkert erindi í Morgunblaðið eða hvaða blað það nú var, fyrr en Alþingi var búið að afgreiða þetta mál. Við verðum að leyfa og eigum að leyfa þeim vafa að vera til staðar áfram um ákvarðanir sem ekki hafa verið teknar á hv. Alþingi, að a.m.k. sé gert ráð fyrir því að þingmenn hafi frjálsan vilja og geti tekið einhverja aðra ákvörðun en framkvæmdarvaldinu dettur í hug hverju tilfelli.

Þessu vildi ég bæta við því ég fór ekki yfir þetta í ræðu minni í kvöld. Ég ætla heldur ekki að halda lengri ræðu um þetta efni. Ég óska Sementsverksmiðjunni og starfsmönnum hennar velfarnaðar og vona að þessi ákvörðun Alþingis, sem verður líklega að veruleika á morgun, verði starfsfólkinu og fyrirtækinu til gæfu og að það geti haldið áfram að framleiða sement til þess að byggja hús og mannvirki á Íslandi um ókomna framtíð. Ég vona að ríkisstjórnin standi sig í stykkinu og leggi það á sig sem þarf að gera til þess að ná samkomulagi við bæjaryfirvöld á Akranesi til þess að undirbyggja möguleika fyrirtækisins til þess að komast í rekstur sem duga til samkeppni við innflutt sement. Þetta verða lokaorð mín um þetta efni og ég lýk máli mínu með þeim, hæstv. forseti.

Umræðu frestað.

Um fundarstjórn.

Framhald þingfundar.

[04:27]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Nokkuð er liðið á nótt núna þegar þessi orð eru töluð. Ég sé ekki betur en klukkan sé að verða hálffimm. Nú er ekki ólíklegt að þetta sé næstsíðasti dagur núverandi hæstv. forseta í embætti, a.m.k. standa vonir til þess að þeir verði ekki mikið fleiri. Þess vegna vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta hversu lengi nætur hann hyggst halda þessum fundi gangandi og þá ekki síst hvaða mál hann hyggst taka á dagskrá, því eins og hæstv. forseti veit þá hefur heldur fækkað í þingsalnum og þinghúsinu svo það getur einfaldlega þurft að kalla fólk, sem er ábyrgt fyrir tilteknum málum og hugsanlegum nefndarálitum, til leiks núna þegar klukkan er langt gengin í fimm. Það væri því gott að vita, virðulegi forseti, í fyrsta lagi hversu lengi nætur forseti hyggst halda áfram þessum fundi og um leið hversu mörg mál hæstv. forseti ætlar að taka til viðbótar.

Heilbrigðisþjónusta, frh. 3. umr.

Stjfrv., 453. mál (stofnkostnaður, stjórnir stofnana o.fl.). — Þskj. 1248, brtt. 1301 og 1322.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 602. mál (meðafli). — Þskj. 963, nál. 1255.

[04:30]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég bar hér upp fyrir ekki margt löngu tvær litlar fyrirspurnir til hæstv. forseta og mér leikur forvitni á að vita hvort hæstv. forseti hyggst svara þeim spurningum. Það væri ekki úr vegi að hann gerði grein fyrir afstöðu sinni til þeirra, og þá ekki síst hvaða virðingu hann ber fyrir þeim

þingmönnum sem beina spurningum til hans. En hæstv. forseti þekkir spurningarnar og ég ítreka þær hér með.

[04:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Þau mál sem eftir eru á dagskránni verða rædd til þrautar í kvöld.

[04:31]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 frá 15. maí 1990, með síðari breytingum.

Eins og menn þekkja er lagt til að í stað orðanna „og á fiskveiðiárinu 2002/2003" í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIX í lögunum, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 129 20. desember 2001, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, komi: á fiskveiðiárunum 2002/2003, 2003/2004 og 2004/2005. Og lagt er til samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir að lög þessi öðlist þegar gildi.

Það mál sem við ræðum er eins og ég hef áður bent á framlenging á lögum sem hafa nú um nokkurt skeið verið í gildi, en ganga út á það að hverju fiskiskipi er heimilt að koma að landi með allt að 5% af heildarafla á botnfiski sem ekki reiknast til aflamarks skipsins. Í sjálfu sér held ég að flestir geri sér grein fyrir því að nokkrum vandkvæðum er bundið, í því fiskveiðistjórnarkerfi sem við nú búum við og verið hefur við lýði um nokkuð langt skeið, að stjórna því af einhverri nákvæmni og vissu hvaða fisktegundir koma í veiðarfærin á hverjum tíma. Það hefur alltaf verið erfitt að ákveða með einhverjum fyrirvara hvaða fisktegundir koma í veiðarfærin hjá þeim skipum sem miðin sækja.

Það er því í sjálfu sér ekkert óeðlilegt í kjölfar þess að núverandi hæstv. ríkisstjórn hefur keyrt mjög hart fram þær hugmyndir sem eiga rætur sínar að rekja til upphafs níunda áratugarins þegar kvótakerfinu var komið á, að tíminn hafi leitt í ljós og menn áttað sig á því að það er vandkvæðum bundið að ákveða fyrir fram hvaða tegundir komi í veiðarfærin. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt þó að hugmynd eins og sú sem hér er rædd skuli vera sett fram og hafi verið sett fram og ástæða sé til að framlengja þær hugmyndir.

En þó að sú hugmynd sem hér er á dagskrá og ætlunin er að lögfesta og verður hugsanlega lögfest á síðasta embættisdegi hæstv. forseta, þá er ýmislegt annað sem ekki hefur verið lögfest af því sem ég taldi víst að menn hefðu hug á að lögfesta. Og þá má kannski byrja á því að nefna að allt frá árinu 1990 hefur verið ákvæði í lögum um stjórn fiskveiða um að auðlindin skuli vera sameign íslensku þjóðarinnar. Flestir hefðu talið að þetta ákvæði mundi duga til þess að farið yrði mjög varlega í að veita mönnum einhvers konar einkaréttarheimildir til að selja, fénýta og veðsetja auðlindina, en sú ríkisstjórn sem nú situr hefur gengið hart fram í því þrátt fyrir þau skýru ákvæði sem þó hafa lengi verið í lögum um stjórn fiskveiða.

Það sem líka hefur vakið sérstaka eftirtekt er að fyrir tveimur árum tæpum eða svo skilaði nefnd af sér tillögum, svokölluð auðlindanefnd, sem hafði starfað um nokkuð langt skeið, gott ef hún hafði ekki starfað um þrjú ár eða svo, tíminn er fljótur að líða. Sjálfur sat ég í þeirri nefnd. Þar voru gerðar tillögur um að sett yrði í stjórnarskrá ákvæði þess efnis að kveðið yrði á um þjóðareign, að sett yrði í stjórnarskrána ákvæði um að auðlindin yrði skilgreind sem þjóðareign. Hugsunin þar að baki var kannski fyrst og fremst sú að tryggja að aldrei skyldi svo fara að auðlindin lenti í eigu fárra útvalinna vildarvina íhaldsins. Það var kannski fyrst og fremst hugsunin á þeim tíma, en því miður ekki núverandi ríkisstjórnar, þrátt fyrir nánast skýlausan vilja auðlindanefndar sem á þeim tíma var þverpólitísk og skipuð mönnum úr öllum stjórnmálaflokkum sem sátu á Alþingi þegar nefndin var skipuð. Frá þeim tíma hafa reyndar tveir flokkar tekið sæti á Alþingi, þ.e. þingflokkur Vinstri grænna og tveir þingmenn Frjálslynda flokksins, en þegar nefndin var skipuð áttu sæti í nefndinni þingmenn úr öllum flokkum sem á Alþingi sátu. Mikill einhugur var í nefndinni, ef svo má að orði komast, því af þeim níu sem í nefndinni sátu voru átta á því að nauðsynlegt væri að setja í stjórnarskrá ákvæði þess efnis að auðlindin kæmist aldrei úr þjóðareign. Aldrei kæmi upp sú staða í íslensku samfélagi að sú auðlind sem hefur átt hvað ríkastan þátt í því að Ísland hefur skipað sér meðal fremstu þjóða að því er varðar efnahagsleg gæði hyrfi úr þjóðareigu. En þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr verður líklega minnst í sögunni fyrir það að standa fyrir einhverri mestu eignatilfærslu sem um getur í sögu þjóðarinnar.

Hugmyndir auðlindanefndar voru einmitt þær að koma í veg fyrir að ríkisstjórninni að tækist ætlunarverk sitt, að koma í veg fyrir að þessi mikla auðlind, þessi miklu verðmæti sem felast í hafinu kæmust í hendur fárra útvalinna og að íhaldið fengi að velja þá sem fengju úthlutað þessum gæðum.

Ljóst hefur verið alveg frá upphafi að stjórn veiða við Íslandsstrendur norðarlega í Atlantshafinu væri erfið. Menn geta aldrei gengið að því vísu hvað í veiðarfærin kemur. Fiskarnir geta aldrei gengið út frá því sem vísu hver kvótastaða skipanna er á hverjum tíma. Því þarf það ekki að koma á óvart þó að hugmynd eins og sú sem hér er sett fram sé rædd ítarlega, en eins og fram kemur í grg. með frv. sem hér liggur fyrir segir, með leyfi forseta:

„Tilgangur þessa ákvæðis var fyrst og fremst að koma í veg fyrir brottkast með því að opna leið fyrir útgerðir til koma með fisk að landi sem að öðrum kosti hefði getað farið í sjóinn aftur, annaðhvort vegna þess að fiskurinn væri verðlítill eða skip hefði ekki aflamark í viðkomandi tegund. Í athugasemd með frumvarpi til laga nr. 129/2001 kom fram að óvíst væri að hve miklu marki þessi heimild yrði nýtt og þætti því rétt að hafa hana tímabundna. Niðurstaða umræðu á Alþingi var að heimildin gilti til loka fiskveiðiársins 2002/2003, eða til 31. ágúst 2003.

Nú liggur fyrir að á tímabilinu 1. febrúar 2002 til loka fiskveiðiársins 2001/2002, eða á sjö mánaða tímabili nýttu um það bil 250 fiskiskip þessa heimild og komu þau samtals með tæpar 800 lestir að landi sem ekki reiknuðust til aflamarks. Má ætla að þannig hafi um það bil 70 millj. kr. runnið til Hafrannsóknastofnunarinnar."

Eins og menn þekkja fara 80% af andvirði aflans sem seldur er á opinberum fiskmarkaði til Hafrannsóknastofnunar. Nú má vissulega velta upp þeirri spurningu hvort rétt sé að þessi hluti fari allur til Hafrannsóknastofnunar eins og umræðan hefur þróast og jafnvel má segja að krafa samtímans sé sú, þar sem sjávarauðlindin er jafnmikilvæg og raun ber vitni, að fleiri aðilar komi að því að rannsaka, vega og meta þá auðlind sem í hafinu býr.

Sumir hafa jafnvel sett fram þá hugmynd að nauðsynlegt sé að koma upp sjálfstæðum rannsóknastofum á hverju landshorni. Ein gæti verið í Reykjavík, önnur á Ísafirði, sú þriðja

á Akureyri, hin fjórða á Neskaupstað og jafnvel sú fimmta í Vestmannaeyjum. Þessar rannsóknastofnanir mundu hver um sig rannsaka tiltekna þætti og þannig skapaðist ákveðin samkeppni milli þessara aðila sem flestir telja að leiða mundi til betri rannsókna og afla okkur meiri vitneskju og betri þekkingar á því lífi sem efnahagslögsagan býr yfir. Það hefði verið verðugt verkefni fyrir sjútvn. að hugleiða hvort ekki væri rétt að koma upp slíkum rannsóknastofum. Það hefði jafnframt talsverð áhrif á byggðir landsins vítt og breitt sem hafa þurft að þola þá miklu eignaupptöku sem núverandi ríkisstjórn hefur staðið fyrir á fasteignum fólks í byggðum sem farið hafa halloka vegna þeirrar stefnu ríkisstjórnarinnar að sameina aflaheimildir á fárra hendur.

Hvort sem við ræðum það síðar í nótt eða jafnvel á morgun, á síðasta embættisdegi núv. hæstv. forseta, kemur væntanlega til umræðu frv. til laga um ný hafnalög. Það dregur fram þann ásetning ríkisstjórnarinnar að ætla að efna til einhvers konar uppboðs eða samkeppni milli byggðarlaga landsins um hvaða hafnir muni berjast um að bjóða lægsta verðið til að ná til sín viðskiptum. Þar með ná þær viðskiptum frá öðrum höfnum. Við eðlilegar aðstæður væri þetta að mörgu leyti óvitlaus hugmyndafræði. En það þekkja allir, ekki síst svokallaðir kjördæmapotarar, þ.e. þingmenn sem hafa fyrst og fremst hugsað um að reyna að kaupa sér atkvæði, að það hefur verið mikil samkeppni um að byggja upp hafnir. Það hefur þótt eftirsóknarvert fyrir þá að geta komið í hvert byggðarlagið á fætur öðru og sagt: Sjáiði hvað ég kom með. Sú aðstaða sem komið hefur verið upp fer fyrir lítið þegar etja á þessum höfnum saman í samkeppni í ljósi þess að engin forsenda er fyrir samkeppni. Hafnirnar hafa ekki byggst þannig upp.

Í ljósi þessa alls hefði verið skynsamlegt að nota þá miklu fjármuni sem runnið hafa til Hafrannsóknastofnunar til að koma upp rannsóknastofum um landið til að efla þekkingu og vitneskju okkar um auðlindina sem umlykur landið. Ég leyfi mér að halda örlítið áfram, virðulegi forseti, og lesa úr greinargerð með frv., með leyfi forseta:

„Eðli málsins samkvæmt er heimild þessi því meir nýtt sem á fiskveiðiárið líður og því er nú ekki unnt að segja til um hvernig hún nýtist á yfirstandandi fiskveiðiári en hún fellur úr gildi í lok þess, eða í byrjun september 2003, nema til lagabreytingar komi. Er hér lagt til að gildistími ákvæðisins verði framlengdur um tvö fiskveiðiár."

Ég held að taka megi undir þá merku speki sem í þessu birtist. Ekki er talið ólíklegt að það reyni á þessar heimildir eftir því sem á fiskveiðiárið líður. Það þarf ekki að koma á óvart, virðulegi forseti, að eftir því sem á aflaheimildir einstakra skipa gengur getur orðið erfiðara að ná þeim tilteknu fiskum eða heimildum sem úthlutað hefur verið. Þá getur verið gott að geta nýtt þau 5% sem hér er lagt til að heimila að koma með að landi án þess að teljist til aflamarks. Í upphafi fiskveiðiárs þegar aflaheimildir eru meiri eru í sjálfu sér miklu meiri líkur á að það sjávarfang sem menn ná í sé innan þess ramma sem sjútvrn. hefur veitt þeim.

Það verður að segjast eins og er, virðulegi forseti, þar sem þú situr á næstsíðasta degi ...

(**Forseti** (HBl)**:** Ég óska eftir því að hv. þm. ávarpi hvorki þingmenn né forseta í 2. persónu.)

Ég taldi mig hafa, virðulegi forseti, ávarpað hæstv. forseta á mjög virðulegan hátt og ítreka það.

En í merku nál. frá ...

(**Forseti** (HBl)**:** Ég gerði athugasemd við orð þingmanns að gefnu tilefni.)

Virðulegi forseti. Ég var að reyna að útskýra það sem ég sagði og tel að ég hafi nú og ætíð sem fyrr ávarpað forseta af mikilli kurteisi og í samræmi við þær venjur sem hér gilda.

En í nál. frá sjútvn. segir, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti, Ólaf S. Ástþórsson frá Hafrannsóknastofnuninni, Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Árna Bjarnason og Guðjón Ármann Einarsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda.

Í frumvarpinu er lagt til að núgildandi heimild skipstjóra fiskiskips til að undanskilja allt að 5% af heildarafla í botnfiski sem reiknast ekki til aflamarks skipsins verði framlengd um tvö fiskveiðiár. Tilgangur ákvæðisins var að koma í veg fyrir brottkast og hefur reynslan af því verið góð.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram tillaga um breytingu þannig að heimildin gilti um allar tegundir, þ.e. ekki einungis botnfisksafla heldur einnig uppsjávarafla, enda slæðast aðrar tegundir með þar eins og í botnfiskveiðum. Lagt er til að heimilt verði að undanskilja allt að 0,5% af uppsjávarafla fiskiskips.

Þá var á það bent að stofnanir og sjálfstætt starfandi vísindamenn gætu sótt um styrki í þann sjóð er fæst fyrir umframaflann og rennur til Hafrannsóknastofnunarinnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri breytingu:

Við 1. gr. en greinin orðist svo:

Í stað 1. málsl. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIX í lögunum, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 129 20. desember 2001, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, kemur: Á fiskveiðiárunum 2002/2003, 2003/2004 og 2004/2005 er skipstjóra fiskiskips heimilt að ákveða að hluti af afla skipsins reiknist ekki til aflamarks þess. Sá hluti sem þannig reiknast ekki til aflamarks skipsins skal þó aldrei nema meiru en sem nemur 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla sem hlutaðeigandi skip veiðir á hverju fiskveiðiári. Heimild þessi er háð því að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt."

Undir þetta rita merkir menn í sjútvn.

Eins og ég hef áður sagt í ræðu minni hefði ég talið hyggilegt, virðulegi forseti, þó að í nál. og brtt. komi fram hugmyndir um að stofnanir og sjálfstætt starfandi vísindamenn geti sótt um styrki í sjóðinn af verðmætum umframaflans sem rennur til Hafrannsóknastofnunar, að komið hefði verið upp öflugum rannsóknasetrum hringinn í kringum landið sem væru til þess fallin að efla og auka þekkingu okkar og vitneskju um auðlindina.

Ég er ekki viss um að við náum sama árangri með þeirri leið sem hér er lagt til að fara, þ.e. að stofnanir og sjálfstætt starfandi vísindamenn geti sótt um styrki í þennan sjóð. Ég hefði talið skynsamlegra að fara þá leið sem ég hef áður bent á. Ég er nokkuð sannfærður, virðulegi forseti, um að stofnanir sem komið yrði á fót með þessum hætti á nokkrum stöðum á landinu, sjálfstæðar og án mikilla tengsla, a.m.k. án sömu yfirstjórnar, mundu styrkja byggðirnar. Síðast en ekki síst mundu þær auka þekkingu okkar til mikilla muna. Til þess að svo geti orðið verða þessar stofnanir að vera öflugar. Þær verða að vera stórar og sterkar og hafa yfir að

ráða nægum mannskap til að þessar rannsóknir verði unnar þannig að þær skili þeim árangri sem við viljum ná. Þessar stofnanir yrðu hver fyrir sig að geta stundað rannsóknir, veiðar og mælingar og skilað sjálfstæðum niðurstöðum.

Ég held að þessum markmiðum verði aldrei náð með þeirri leið sem hér er bent á, að stofnanir og sjálfstætt starfandi vísindamenn geti sótt um styrki í stað þess að koma á fót slíkum stofnunum.

Eins og ég nefndi fyrr í ræðu minni, fyrir reyndar nokkru síðan, átti ég á sínum tíma sæti í svokallaðri auðlindanefnd. Hún skilaði af sér tillögum eftir nokkuð langa vinnu sem eiginlega gengu út á það í grunninn að komið yrði á ákveðnum stöðugleika í rekstrarumhverfi íslenskra útgerða, tryggt yrði að auðlindin kæmist aldrei á fárra manna hendur og um leið að tiltekið gjald yrði tekið af þeim sem auðlindina fengju að nýta. Við sem í nefndinni sátum á sínum tíma og skiluðum af okkur þessum hugmyndum, gengum bjartsýn frá því verki þegar við höfðum skilað þeim frá okkur, með þessar grunnhugmyndir að leiðarljósi og nokkuð útfærðar.

Hins vegar kom á daginn þegar á reyndi að áhrif LÍÚ á þingflokk Sjálfstfl. voru miklu meiri en við hugðum. Það kom á daginn að núverandi ríkisstjórn var ekki tilbúin til þess að fylgja þeim hugmyndum eftir sem þar voru lagðar fram. Það kom á daginn sem við óttuðumst að líklega var aldrei önnur hugmynd að baki stofnun nefndarinnar en að kasta ryki í augu kjósenda í aðdraganda kosninga árið 1999. Markmiðið með stofnun nefndarinnar var líkast til aldrei annað en að koma í veg fyrir verulega umræðu um stjórn fiskveiða í aðdraganda alþingiskosninganna 1999. Þrátt fyrir að miklar grunsemdir hefðu verið á kreiki á þeim tíma um að þetta hefði verið veruleikinn, þá leyfi ég mér að fullyrða að þeir sem í auðlindanefnd sátu hafi unnið vinnu sína eins vel og þeir gátu og eins heiðarlega og þeir gátu. Þeir höfðu það að markmiði að reyna að ná sátt um stjórn á þessari mikilvægustu atvinnugrein Íslendinga. Menn lögðu mikið á sig. Menn lögðu á sig mikla vinnu. Menn kölluðu til marga sérfræðinga, allt með það að leiðarljósi að leggja fram hugmyndir sem gætu nýst þjóðinni. Og jafnvel þrátt fyrir það að flestum hafi verið ljóst hver tilgangur með stofnun nefndarinnar var á sínum tíma.

Það hafa því verið okkur mikil vonbrigði að fylgjast með því hvernig núverandi hæstv. ríkisstjórn hefur unnið úr þessum hugmyndum. Hún hefur í reynd ekki unnið nokkurn skapaðan hlut úr þeim. Það er því rangt þegar því er haldið fram á mannamótum og hátíðisdögum að þær hugmyndir sem þar komu fram hafi að einhverju leyti verið færðar í lög. Það er langur vegur þar í frá og fullyrðingar um slíkt hafa ekkert með raunveruleikann að gera. Þess vegna hefur mér oft á tíðum þótt miður þegar menn hafa leyft sér, og þá kannski sérstaklega hæstv. forsrh., að tala um það að sátt hafi náðst hjá þjóðinni um þá atvinnugrein sem mestu skiptir hér á landi nú um stundir. Og það sem kannski vekur mesta eftirtekt í þessu öllu er að enginn hv. þingmanna Sjálfstfl. sem á þessum sömu mannamótum, á þessum sömu hátíðisdögum þegar það á við, kennir sig við frelsi og einstaklingsframtak.

Ég hef talið, líkt og hv. þm. Jóhann Ársælsson rakti ágætlega áðan, að með því að yfirfæra landbúnaðarkerfið á þann hátt sem gert hefur verið yfir á sjávarauðlindina þá væru menn að æða áfram án þess að líta til sögunnar. Við röktum það nokkuð vel í umræðu fyrr í dag — já, ætli það séu ekki einir ... **(Gripið fram í:** Í gær.) Já, ætli sé ekki nær að segja í gær. Ætli það séu ekki orðnar 15, 16 klukkustundir síðan sú umræða fór fram — þar röktum við með nokkuð skilmerkilegum hætti þá stöðu sem landbúnaðarkerfi framsóknaríhaldsins hefur leitt til og leitt yfir sauðfjárbændur, þá bændur sem reka svokölluð blönduð bú, þ.e. eru með sauðfé og kýr og síðan kúabændur. Rekstrartölur frá slíkum búum bera þess nokkuð skýr merki að þetta kerfi hefur ekki skilað bændum því sem því var ætlað að skila. Og það er vitaskuld sorglegt til þess að vita, vegna þess að hver einasta þjóð þarf að tryggja framleiðslu á matvælum, að það fólk sem slíka matvælaframleiðslu stundar skuli vera í hópi þess fólks sem fátækast er og lökust hafa kjörin hér á landi. Þetta er sorgleg niðurstaða hugmyndaleysis framsóknaríhaldsins. En þarf ekki að koma á óvart.

Ástæðan fyrir því að þessi umræða var tekin við hæstv. landbrh. í dag er kannski ekki síst sú að undanfarna áratugi hafa landbúnaðarráðherrar á hverjum tíma orðið einhvers konar fyrirsvarsmenn eða verkalýðsforkólfar fyrir bændur landsins. Það vakti ekki síður eftirtekt í þeirri umræðu þegar skotist hafði verið fram hjá öllu gríninu og öllu glensinu sem þar birtist og í ljósi þeirra erfiðleika sem nú ríkja í þessari atvinnugrein, að hæstv. landbrh. hefur á þeim fjórum árum sem hann hefur setið lagt fram u.þ.b. 20 mál. Hann hefur lagt fram u.þ.b. 20 mál á þessum tíma. Maður hefði haldið að ef þessi grein þyrfti á einhverju að halda þá væru það nýjar hugmyndir um það hvernig við getum tryggt að það fólk sem sér að stórum hluta um matvælaframleiðslu fyrir þjóðina geti komist af við þokkaleg kjör. Ljóst er að eitt stærsta málið á næsta kjörtímabili verður að vinna bug á því ófremdarástandi sem framsóknaríhaldið hefur komið þeirri stétt manna í.

Ljóst er að sá skaði sem fiskveiðistjórnarkerfið hefur valdið einstaklingum í hinum dreifðu byggðum þessa lands mun seint eða illa verða bættur. Í allri umræðunni um stjórn fiskveiða hefur það verið í forgangi og forgrunni að tryggja hagræðingu, að tryggja fyrirtækjunum hagræðingu í sínum rekstri. Það hefur verið í algjörum forgrunni, en allt annað hefur gleymst. Það er ekkert annað sem hefur komið til. Það hefur aldrei mátt ræða aðra hluti. Það hefur aldrei verið rætt af neinni alvöru a.m.k. af þeim sem nú sitja í ríkisstjórn hvaða afleiðingar það hefur í för með sér fyrir byggðarlög þegar þau eru svipt tækifærum sem þar voru áður. Það þarf engan að undra að þegar byggðarlög eru svipt tækifærum, að ungt fólk leiti á önnur mið. En það hefur ekki haldið vöku fyrir þeim þingmönnum sem hafa stutt þá ríkisstjórn sem nú situr. Það hefur ekki haldið vöku fyrir þeim 38 þingmönnum sem styðja ríkisstjórnina.

Maður spyr: Hver er réttur þess fólks sem hefur komið sér upp fasteign eða keypt fasteign í byggð sem síðan þarf að þola stjórnvaldsaðgerðir eins og ég var að lýsa? Og nú á að bæta um betur. Nú á að ganga harðar fram. Nú þegar veist hefur verið að byggðunum á þann hátt sem ég hefi hér dregið fram, þá á að tefla höfnunum í þessum byggðum í blóðuga samkeppni. Því hljóta menn að spyrja: Hvað hafa þessar byggðir gert núverandi ríkisstjórn? Hvernig stendur á því að ríkisstjórnin kemur svona fram við landsbyggðina?

Það þarf ekki að koma á óvart þó að hæstv. forsrh. hafi losað sig við byggðamálin úr ráðuneyti sínu og komið þeim yfir til hæstv. viðskrh. líkt og aðgerðir þess hæstv. ráðherra hafi nú mest um það að segja hvernig byggðaþróunin er í landinu. Ekkert hefur eins mikil áhrif á byggðaþróun í landinu og samgöngur og atvinnumál. En núv. hæstv. ríkisstjórn hefur tekist að koma þessum málaflokki yfir á hæstv.

viðskrh. Það segir kannski meira en mörg orð hvaða hug hún ber til landsbyggðarinnar.

Nú þegar við ræðum frv. sem í raun felur í sér viðurkenningu á að núverandi fiskveiðistjórnarkerfi getur aldrei gengið upp vegna þess að hér er verið að opna á það að 5% af heildarafla í botnfiski teljist ekki til aflamarks þá er haldið áfram á þessari sömu braut. En það er alveg ljóst að sú tilraun sem gerð var og hér á að framlengja er í reynd aðeins staðfesting á því að við getum aldrei stjórnað fiskveiðum við Íslandsstrendur þannig að sjútvrn. gefi út tilskipanir að hætti Sovétríkjanna sálugu um það hversu marga fiska og hversu mörg kíló hvert skip megi koma með að landi. Við höfum ekki það fullkomin veiðarfæri að við getum stjórnað því nákvæmlega hvaða fisktegundir koma í þau. Við getum heldur ekki upplýst fiskana um kvótastöðu skipanna. Allt þetta gerir það að verkum að margar spurningar vakna um það kerfi sem nú er við lýði. Eftir stendur stóra spurningin: Af hverju setjum við byggð í landinu í uppnám til þess eins að viðhalda þessu kerfi? Ekki hafa hv. þm. Sjálfstfl. gert tilraun til þess að svara þessum spurningum og ekki gerir maður þá kröfu til hv. þm. Framsfl. að þeir takist á við þessa spurningu.

Það hlýtur því að vera þrautin þyngri fyrir hv. þm. stjórnarliðsins að fara nú út um hinar dreifðu byggðir og reyna að útskýra hvers vegna þróunin hefur verið eins og raun ber vitni. Reyndar tókum við hv. þm. eftir því í dag að eitthvað eru þingmenn meiri hlutans að reyna að sprikla til þess að beina athygli að því að þeir séu nú eitthvað að gera. Man ég eftir einni þáltill. sem vísað var til samgn. í dag um að reyna að bæta ferðaþjónustu á Melrakkasléttu. Hún vakti reyndar talsverða kátínu og ekki er víst að hún nái fram að ganga því henni var vísað til hv. samgn. En kannski má segja sem svo að það sé viðleitni til þess að koma til móts við það tjón sem núverandi fiskveiðistjórnarkerfi hefur unnið þessum byggðum.

Skýrslur frá Byggðastofnun eða tilteknum sérfræðingum koma fram með skipulegum hætti þar sem reynt er að sýna fram á að enda þótt atvinnutækifærin séu tekin frá byggðunum þá sé það ekki skýringin á því að þar fækki heldur eitthvað allt annað. Það eru jafnvel lagðar fram lærðar skýrslur þar sem reynt er að afsanna að kvótakerfið hafi nokkuð með byggðaþróun að gera. Jafnvel hafa menn gengið svo langt að reyna að útskýra þetta þannig að kvótinn á tilteknum landsvæðum hafi ekkert minnkað. Hins vegar viðurkenna allir, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson dró skýrt fram í merkri ræðu sem hann flutti áðan, að þessi þróun verður oftar en ekki rakin til þess að byggðirnar hafa ekki sömu tækifæri og fyrr. En þrátt fyrir að flestum sé þessi staðreynd kunn þá er skipulega reynt að draga fjöður yfir þessar staðreyndir og líkt og þegar svokölluð auðlindanefnd var sett á laggirnar, er reynt að kasta ryki í augu fólks á landsbyggðinni.

En við getum þó glaðst yfir því að á landsbyggðinni býr fólk sem er tilbúið til þess að reyna að snúa þessari þróun við, takast á við þá stöðu sem upp er komin og reyna að vinna sig út úr henni þannig að byggðirnar fái blómgast á ný þrátt fyrir ásetning ríkisstjórnarinnar um annað. Það verður kannski að stórum hluta um þetta sem kosið verður núna í vor, þ.e. um að byggðirnar fái á nýjan leik þá reisn sem þær áður höfðu. Því mun skipta miklu máli hvernig kosningarnar fara í vor og hverjir muni taka við. Það mun skipta miklu máli hvort sérhagsmunaflokkarnir, Framsfl. og Sjálfstfl., verði áfram við völd eða hvort ferskir vindar fái að blása um Stjórnarráðið.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um þann mikla óstöðugleika sem ríkt hefur í íslensku efnahagslífi undanfarin missiri. Sem t.d. má nefna að dollarinn hefur hækkað og lækkað um u.þ.b. 50% á síðustu 18 mánuðum. Hjá flestum þjóðum yrði litið á það sem fárviðri í efnahagslífi. En hjá áróðursmeisturum íhaldsins hefur það verið kallað stöðugleiki. Hjá flestum þjóðum þætti það fárviðri í efnahagslífinu ef vextir væru jafnháir og raun ber vitni á Íslandi og hafa verið um langt skeið. Hjá áróðursmeisturum íhaldsins heitir það stöðugleiki. Hjá flestum þjóðum þætti það einnig erfitt ef verðbólga færi upp í 10% og niður aftur, jafnvel í verðhjöðnun, og svo upp í 5% á einum mánuði. En hjá áróðursmeisturum íhaldsins heitir það stöðugleiki. Ég held að mikilvægt væri að reyna að sannfæra þá sem nú um stundir starfa í útflutningsgreinunum um að þessi mikli stöðugleiki sé að skila einhverju.

Í sjónvarpsfréttum í kvöld var viðtal við formann fiskvinnslustöðvar sem hélt því fram að innan ekki langs tíma, þ.e. ef krónan héldi áfram styrk sínum, væri mikil hætta á því að fólk sem vinnur í fiskvinnslustöðvum missi atvinnuna. Einkanlega tók hann sem dæmi fólk sem starfar í rækjuvinnslu. Þrátt fyrir þessar staðreyndir tala áróðursmeistarar íhaldsins um stöðugleikann í íslensku atvinnulífi. Það er í reynd dálítið merkilegt að þeir komast upp með að tala með þessum hætti því stöðugleiki er allt annað en þetta. Stöðugleiki er það að menn geti gert áætlanir fram í tímann, séu nokkuð vissir um það verð sem þeir fá fyrir afurðirnar, séu ekki jafnbundnir og þurfi ekki að óttast jafnmiklar sveiflur á gengi og ég hef hér rakið, að þeir séu nokkuð vissir um hvaða vexti þeir greiði af þeim lánum sem þeir taka og að verðlag í landinu sé nokkuð stöðugt. Þetta er stöðugleiki. Þetta hefur ekkert með efnahagsstjórn íhalds og Framsóknar að gera. Þeir greina einungis frá því að það hljóti að vera stöðugleiki.

Ég hef nú, virðulegi forseti, farið nokkuð vel yfir það frv. sem við ræðum, en hef þó ekki gert grein fyrir umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um þetta frumvarp, en sú umsögn fylgir með í fylgiskjali og þar segir, með leyfi forseta:

„Tilgangur frumvarpsins er að framlengja ákvæði til bráðabirgða XXIX um tvö fiskveiðiár. Tilgangur ákvæðisins var að koma í veg fyrir brottkast með því að heimila hverju fiskiskipi að koma með að landi allt að 5% af heildarafla botnfisks, sem ekki reiknast til aflamarks skipsins. Um er að ræða fisk sem er verðlítill eða utan aflaheimildar útgerðar og slæðst hefur með veiðum á öðrum fisktegundum. Aflinn skal seldur á fiskmörkuðum og skiptast þannig að 4 hlutar fari til Hafrannsóknastofnunarinnar og 1 hluti skiptist á milli áhafnar og útgerðar. Miðað við reynslu síðustu 7 mánaða er gert ráð fyrir að sértekjur Hafrannsóknastofnunarinnar verði um 100 millj. kr. árlega en hlutur útgerðar og áhafnar um 25 millj. kr.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að þau hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs."

Hins vegar má gera ráð fyrir því að verði frv. að lögum muni það hafa veruleg áhrif á tekjur ríkissjóðs, því hvort tveggja áhöfn og starfsmenn sem njóta góðs af þeim tekjum sem kunna að koma inn, þeir muni greiða af því skatt og því mun ríkissjóður fitna enn frekar. En eins og flestum er kunnugt hefur núverandi ríkisstjórn slegið öll met að því er varðar ríkisútgjöld. Það er kannski enn hlálegra í ljósi þess að á tyllidögum og hátíðarstundum hafa sjálfstæðismenn gefið

sig út fyrir það að vilja báknið burt. En það eru að verða einhver mestu öfugmæli sögunnar, því báknið er ekki bara kyrrt, það hefur fitnað meira en þekkist í sögunni. Frá því 1996 hafa ríkisútgjöld aukist um 150% á verðlagi hvors árs fyrir sig og er þá miðað við árið 1996 og árið 2002. Á sama tíma hefur hagvöxtur aukist á föstu verðlagi um 23,7%, en vísitalan hefur hækkað um u.þ.b. 40%. Það er því nokk sama hvar borið er niður í sögunni, líkast til hefur aldrei orðið önnur eins þensla á ríkissjóði og í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. En ljóst er að það frv. sem við nú ræðum mun enn fita ríkissjóð.

Ég hef nú farið yfir frv. eins og ég sé það, virðulegi forseti. Ég tel í að ljósi þess að við munum aldrei geta stjórnað því fyllilega hvaða fiskar koma í veiðarfærin þá sé mikilvægt að hafa slíka reglu sem hér er lagt til og vil því lýsa þeirri skoðun minni að ég held að skynsamlegt sé að framlengja gildistíma þessarar tilraunar sem nú hefur staðið í tæp tvö ár um þau ár sem hér er lagt til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 648. mál (sala á eignarhluta ríkissjóðs). — Þskj. 1053, nál. 1294 og 1302.

[05:37]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það sem ég vildi aðeins segja í þessari umræðu er að það vakti sérstaka athygli mína í greinargerð með frv. sem fram kemur, að frumvarpið gengur út á það að ríkið selji Sementsverksmiðju ríkisins. Nú hef ég sjálfur dálitlar tilfinningar til þessarar verksmiðju því að ég vann þar fyrir nokkuð mörgum árum. En í ljósi þess að ríkið hyggst selja verksmiðjuna, þá vekur það sérstaka athygli að í greinargerðinni er tekið skýrt fram að verksmiðjan og rekstur hennar gangi mjög illa. Ég er ekki sannfærður um það, virðulegur forseti, að það sé mjög klók söluaðferð, að byrja á því að lýsa því að þau verðmæti sem hugmyndin er að koma í verð skili ekki nægilegum arði. Nú er ég ekki að segja að menn eigi að greina rangt frá, langt í frá, en ég er sannfærður um að þetta megi reka betur en nú er gert. En ég vildi aðeins vekja athygli á greinargerðinni sem fylgir frv. sem ég tel vera afar sérstæða og er þá vægt til orða tekið. Ég set þetta ekki aðeins fram vegna þess að ég vann þarna fyrir nokkuð mörgum árum. Ég óska þess að verksmiðjunni megi vel farnast þegar og ef til hennar fást aðilar sem kunna vel til verka, en á þessu tiltekna atriði, virðulegi forseti, vildi ég vekja sérstaka athygli í þeirri merku umræðu sem fram hefur farið um söluna á Sementsverksmiðju ríkisins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 12.–19., 29.–30., 34., 41.–42., 44.–46. og 49.–52. mál.

Fundi slitið kl. 05:41.

101. FUNDUR

föstudaginn 14. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 636. mál, þskj. 1031, nál. 1321. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Námsstyrkir, stjfrv., 446. mál, þskj. 629, nál. 1270. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Fjarskipti, stjfrv., 599. mál, þskj. 960, nál. 1258 og 1324. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 600. mál, þskj. 961, nál. 1257 og 1325. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 602. mál, þskj. 963, nál. 1255. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, stjfrv., 648. mál, þskj. 1053, nál. 1294 og 1302. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 453. mál, þskj. 1248, brtt. 1301 og 1322. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

8. Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, stjfrv., 597. mál, þskj. 1345. — 3. umr.

9. Orkustofnun, stjfrv., 544. mál, þskj. 1365 (með áorðn. breyt. á þskj. 1295). — 3. umr.

10. Íslenskar orkurannsóknir, stjfrv., 545. mál, þskj. 1366. — 3. umr.

11. Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis suður, stjfrv., 650. mál, þskj. 1059. — 3. umr.

12. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 488. mál, þskj. 1367. — 3. umr.

13. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 404. mál, þskj. 1329. — 3. umr.

14. Raforkuver, stjfrv., 670. mál, þskj. 1090. — 3. umr.

15. Ábyrgðasjóður launa, stjfrv., 649. mál, þskj. 1055, nál. 1373. — 2. umr.

16. Eldi nytjastofna sjávar, stjfrv., 680. mál, þskj. 1103, nál. 1368, brtt. 1369. — 2. umr.

17. Fjáraukalög 2003, stjfrv., 653. mál, þskj. 1063, nál. 1228, 1323 og 1337. — 2. umr.

18. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 610. mál, þskj. 973, nál. 1296. — 2. umr.

19. Virðisaukaskattur, stjfrv., 669. mál, þskj. 1086, nál. 1297. — 2. umr.

20. Kjaradómur og kjaranefnd, stjfrv., 683. mál, þskj. 1110, nál. 1278. — 2. umr.

21. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 713. mál, þskj. 1341. — 2. umr.

22. Barnalög, stjfrv., 180. mál, þskj. 181, nál. 1338, brtt. 1339 og 1343. — 2. umr.

23. Húsnæðissamvinnufélög, stjfrv., 396. mál, þskj. 457, nál. 1234 og 1315. — Frh. 2. umr.

24. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 422. mál, þskj. 533, nál. 1246 og 1306, brtt. 1247. — 2. umr.

25. Lyfjalög og læknalög, stjfrv., 423. mál, þskj. 538, nál. 1238, brtt. 1239. — 2. umr.

26. Lýðheilsustöð, stjfrv., 421. mál, þskj. 530, nál. 1370 og 1372. — 2. umr.

27. Hafnalög, stjfrv., 661. mál, þskj. 1075, nál. 1236, 1336 og 1342, brtt. 1237. — 2. umr.
28. Raforkulög, stjfrv., 462. mál, þskj. 700, nál. 1230, 1262 og 1309, brtt. 1231. — Frh. 2. umr.
29. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 463. mál, þskj. 701, nál. 1232 og 1263, brtt. 1233. — Frh. 2. umr.
30. Sjómannalög, frv., 60. mál, þskj. 60, nál. 1227. — 2. umr.
31. Færeyska fiskveiðistjórnarkerfið, þáltill., 56. mál, þskj. 56, nál. 1243, brtt. 1317. — Síðari umr.
32. Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, þáltill., 34. mál, þskj. 34, nál. 1279. — Síðari umr.
33. Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla, þáltill., 171. mál, þskj. 172, nál. 1307. — Síðari umr.
34. Atferlis- og eldisrannsóknir á þorski á Vestfjörðum, þáltill., 52. mál, þskj. 52, nál. 1244. — Síðari umr.
35. Strandsiglingar, þáltill., 47. mál, þskj. 47, nál. 1298. — Síðari umr.
36. Verndun búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi, þáltill., 55. mál, þskj. 55, nál. 1304. — Síðari umr.
37. Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, þáltill., 192. mál, þskj. 193, nál. 1259. — Síðari umr.
38. Aðstaða til hestamennsku, þáltill., 334. mál, þskj. 364, nál. 1320. — Síðari umr.
39. Áfallahjálp í sveitarfélögum, þáltill., 59. mál, þskj. 59, nál. 1344. — Síðari umr.
40. Rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar, þáltill., 254. mál, þskj. 258, nál. 1340. — Síðari umr.
41. Rannsóknir á þorskeldi, þáltill., 35. mál, þskj. 35, nál. 1245. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svar við fyrirspurn um fæðingarorlof.

[10:31]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Í svari félmrh. til mín í vikunni um fæðingarorlof kveður hæstv. ráðherra upp úr með það með ítarlegum rökstuðningi að Fæðingarorlofssjóður eigi að greiða orlofsgreiðslur með síðustu greiðslu í fæðingarorlofi. Það er ástæða til að þakka hæstv. ráðherra fyrir þetta svar.

Mikilvægt er áður en þing fer heim að fá nánari vitneskju um það hvernig ráðherrann ætlar að standa að framkvæmdinni. Það er engum vafa undirorpið í mínum huga, og hef ég látið fleiri en einn lögfræðing skoða það, að eftir að þessi úrskurður ráðherra liggur fyrir er ekki hægt að komast hjá því að greiða öllum þeim sem tekið hafa fæðingarorlof frá gildistöku nýju laganna orlofsgreiðslur afturvirkt.

Ég vil spyrja ráðherrann sérstaklega hvort ekki sé tryggt að allir foreldrar sem hafa verið í fæðingarorlofi frá gildistöku laganna og ekki hafa fengið orlof fái þær greiðslur úr orlofssjóði. Jafnframt spyr ég hvenær megi vænta þess að Tryggingastofnun ríkisins fái þær leiðbeiningar um framkvæmdina sem hún hefur kallað eftir, m.a. hvernig háttað verði greiðslum orlofslauna vegna áranna 2001 og 2002 en ráðherra hefur opinberlega lofað skjótu svari við þessari beiðni Tryggingastofnunar. Ég spyr hæstv. ráðherra einnig um það hvort Fæðingarorlofssjóður sé að óbreyttu í stakk búinn til að taka á sig þessar greiðslur.

[10:33]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 1127 liggur fyrir svar mitt og ég hef ósköp litlu við það að bæta. Þetta mál er til meðferðar í félmrn. Það er talsvert umfangsmikið. Það varðar kjarasamningsbundna hagsmuni aðila á vinnumarkaði. Tilgangur fæðingarorlofslaganna var að réttur beggja kynja skyldi vera jafn, og sami réttur á öllum vinnumarkaði. Ríkisstarfsmenn höfðu samið sér betri rétt og hafa haft betri rétt en gilti á almennum vinnumarkaði.

Það þarf að skoða fordæmi, dóma og forsendur þessarar lagasetningar. Fæðingar- og foreldraorlofið var, eins og það er sett fram í lögunum, hluti af samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og er mikil réttarbót fyrir alla foreldra, ekki síst feður, og aðila hins almenna vinnumarkaðar. Þar af leiðandi er óhjákvæmilegt að ræða líka við aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd þessa verkefnis.

Það er heldur ekki alveg ljóst með afturvirknina því að í fæðingarorlofslögunum er kærufrestur þrír mánuðir, og kæra fyrnist eftir þrjá mánuði. Það er því lögfræðilegt úrlausnarefni með afturvirknina. Þetta hefur að sjálfsögðu verulegan kostnaðarauka fyrir Fæðingarorlofssjóð og íþyngir honum. Það þarf að skoða og meta tæknilegar útfærslur við greiðslur og framkvæmd. Við þessa aðila þarf að ræða og ég mun leggja það til við Tryggingastofnun að hún greiði með sama hætti og verið hefur í næstu framtíð, þ.e. þar til niðurstaða er fengin í málið.

[10:36]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er afar brýnt mál á ferð en meðan við unnum að þessu frv. í hv. félmn. var þetta með orlofið aldrei rætt neitt sérstaklega. Sennilega hafa allir bara tekið sem gefið að fólk héldi því í fæðingarorlofinu. Ég tel afar mikilvægt að þetta sé metið og einnig tel ég að þetta með afturvirknina sé alveg nauðsynlegt. Fyrningarfresturinn, þessir þrír mánuðir, er afar stuttur og spurning er hvort það stenst þegar um svona er að ræða. Ég vona að þetta mál leysist og treysti félmrh. til að ganga í það.

[10:36]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það veldur mér vissulega vonbrigðum að mér heyrist að hæstv. ráðherra sé lagstur á flótta undan eigin ákvörðun sem birtist í svari hans við fyrirspurn minni. Ég trúi því reyndar ekki fyrr en á reynir. Nú segir hæstv. ráðherra að málið verði látið standa óbreytt þar til búið er að skoða það, ræða við aðila vinnumarkaðarins o.s.frv. Mér fannst úrskurður ráðherra mjög skýr og afdráttarlaus og ég taldi hann nægilegan til þess að þeir sem fara í fæðingarorlof og þeir sem hafa farið í fæðingarorlof síðustu tvö ár gætu farið upp í Tryggingastofnun og óskað eftir þessum orlofsgreiðslum.

Það er alveg rétt að verið er að samræma réttindi opinberra starfsmanna þeim sem eru á almennum markaði með þessum úrskurði ráðherra, og ég fagna því. En það mun ekki standast, eins og hæstv. ráðherra talar um, að byggja afturvirknina á þriggja mánaða kærufresti. Það hef ég skoðað ítarlega. Það mun ekki standast fyrir dómstólum annað en að greiða þetta afturvirkt til allra sl. tvö ár. Það gengur auðvitað ekki að ætla að greiða bara sumum sem eiga einhvern kærufrest þrjá mánuði aftur í tímann en ekki að greiða öllum hópnum sem ekki hefur fengið orlofsgreiðslur þegar ráðherrann hef-

ur ótvírætt úrskurðað að rétturinn sé fyrir hendi hjá öllum þessum hópi sem telur sennilega um 10 þús. manns. Það er almennur fyrningarfrestur sem gildir, fjögur ár, og ég trúi því ekki að hæstv. ráðherra ætli að fara að beita kærufresti sem gildir einungis í þrjá mánuði. Það mun aldrei standast fyrir dómstólum. Og ég spyr ráðherrann: Getur rótin að því að ráðherrann er nú lagstur á flótta frá þessu máli undan eigin ákvörðun stafað af því að ekki er samstaða í ríkisstjórn um að greiða þessar orlofsgreiðslur afturvirkt eða taka yfirleitt upp orlofsgreiðslur í fæðingarorlofi?

[10:39]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er rétt að taka það fram strax að ég hef ekki skipt um skoðun. En ég mun fara fram á það að Tryggingastofnun greiði með óbreyttum hætti þar til niðurstaða er fengin í málinu til þess að ekki verði töf á greiðslum Tryggingastofnunar. Leiðrétting kemur þá eftir á ef svo vill verkast.

Ríkisstarfsmenn hafa fengið þessar greiðslur. Það er líka spurning hvernig á að fara með það. Á fæðingarorlofssjóður að greiða þeim líka eða ekki? Mér fyndist óeðlilegt að tvíborga ríkisstarfsmönnunum. Svona atriði þarf að fara nákvæmlega yfir. Ég tel ástæðu til að fara vandlega yfir þetta mál en það hefur ekki verið rætt í ríkisstjórninni í þessari lotu.

Athugasemdir um störf þingsins.

Áskorun verkalýðsfélaga gegn stríði í Írak.

[10:40]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Samtök launafólks á Íslandi, öll helstu verkalýðssamtök landsins og friðarhreyfingin Átak gegn stríði hafa sent frá sér áskorun sem beint er til allra vinnustaða á Íslandi, þar með talið Alþingis. Áskorunin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþýðusamband Íslands, BSRB, BHM, Kennarasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Samband íslenskra bankamanna, Félag bókagerðarmanna og samtökin Átak gegn stríði hvetja ríkisstjórn Íslands til að beita þeim áhrifum sem Ísland hefur á alþjóðavettvangi til að koma í veg fyrir stríðsátök í Írak. Ljóst er að það verða einkum óbreyttir og saklausir borgarar í Írak sem munu láta lífið eða örkumlast í tugþúsundatali komi til stríðs þar.

Ofangreind samtök hvetja íslenskt launafólk til að nota þetta tilefni til að efna til umræðna á vinnustöðum í hádeginu þann 14. mars um það hættuástand sem skapast hefur vegna stríðsáforma Bandaríkjamanna. Enn fremur hvetja þau til fjöldaþátttöku í „þeirri baráttu sem fram undan er gegn fyrirhuguðu stríði". Þetta er í samræmi við áskorun Evrópusamtaka launafólks, ETUC, en launafólk um alla Evrópu ætlar að grípa til mótmæla gegn fyrirhuguðum stríðsrekstri í Írak sem er í trássi við samþykktir Sameinuðu þjóðanna."

Ég vildi vekja athygli alþingismanna á þessari áskorun og beina því til forseta þingsins að taka hana til umhugsunar.

[10:42]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að lýsa eindregnum stuðningi Samfylkingarinnar við þessa áskorun verkalýðshreyfingarinnar, samtaka launafólks og félagsskaparins Átak gegn stríði. Það skiptir mjög miklu máli að það sé rætt alls staðar í samfélaginu hvaða afleiðingar það gæti haft, ekki bara fyrir óbreytta borgara í Írak eða í Miðausturlöndum, heldur fyrir okkur öll, ef af stríði og árás á Írak verður. Ég vil minna á það í þessu sambandi, herra forseti, að samþykktir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna lúta að því að afvopna Íraka. Öll önnur fyrirætlan, m.a. sú sem kemur fram í stefnu Bandaríkjastjórnar, hefur aldrei fengið samþykki öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Það er mjög mikilvægt að hafa það í huga í þessari umræðu af því að það hefur oft borið á því að menn rugli því saman hvað eru samþykktir Sameinuðu þjóðanna og hver sé síðan yfirlýst stefna Bandaríkjastjórnar gagnvart Írak.

Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, 3. umr.

Stjfrv., 597. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1345.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íslenskar orkurannsóknir, 3. umr.

Stjfrv., 545. mál. — Þskj. 1366.

[10:45]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Í gær við 2. umr. þessa máls ræddum við saman tvö mál, þ.e. 544. mál um Orkustofnun og hins vegar 545. mál um Íslenskar orkurannsóknir og það var eðlilegt, herra forseti, að ég samþykkti það vegna þess að þessi mál eru í rauninni óaðskiljanleg því að hér er verið að fjalla um breytingar á Orkustofnun sem síðan leiða til þess að til verður ríkisstofnunin Íslenskar orkurannsóknir.

Það sætir tíðindum, trúi ég, að hér skuli vera farið fram með nýja ríkisstofnun sem telur u.þ.b. 50 starfsmenn. Rannsóknasvið Orkustofnunar er eins og menn þekkja einkum á sviði jarðhitarannsókna, en það er einnig í almennri jarðfræði svo sem í gerð jarðfræðikorta fyrir sveitarfélög. Þá er fyrirsjáanleg gróska í umsvifum rannsóknasviðsins á sviði hafsbotnsmála og e.t.v. fleiri verkefna, vegna þess að það er auðvitað svo að rannsóknum vex stöðugt fiskur um hrygg í samfélagi okkar og sífellt er eftirspurn eftir meiri upplýsingum. Kallað er eftir meiri og vandaðri upplýsingum við ákvarðanatöku og ég tala nú ekki um þegar mat á umhverfisáhrifum er orðið lagaskylda við flestar ef ekki allar stærri framkvæmdir. Þá er nauðsynlegt að geta leitað til rannsóknastofnunar sem hefur yfir að búa þeirri þekkingu sem er til staðar hjá rannsóknasviði Orkustofnunar.

Herra forseti. Rannsóknasvið Orkustofnunar á sem sé ekki lengur að hýsast í Orkustofnun, heldur á að gera orkusviðið eða orkurannsóknasviðið að sérstakri stofnun, sérstakri ríkisstofnun. Sú niðurstaða byggir á skýrslu nefndar sem skipuð var af hæstv. iðnrh. í júní árið 2001. Sú nefnd átti að yfirfara skipulag Orkustofnunar með hliðsjón af því aukna stjórnsýsluhlutverki sem stofnuninni hefur verið falið með ýmsum lögum á undanförnum árum og nú síðast breyttu hlutverki Orkustofnunar samkvæmt frumvarpi til nýrra raforkulaga.

Formaður þeirrar nefndar var Páll Hreinsson prófessor og var nefndinni falið að koma með tillögur um framtíðarskipulag stofnunarinnar.

Í rauninni varð niðurstaðan sú sem hér liggur fyrir að rannsóknasvið stofnunarinnar yrði tekið undan stofnuninni og búið til nýtt fyrirtæki. Þó áttu vatnamælingar ekki að fylgja með, þær verða áfram hluti Orkustofnunar og þeir ríflega 20 einstaklingar sem þar starfa verða áfram starfsmenn Orkustofnunar.

En það sem skiptir máli varðandi rannsóknasviðið og mikilvægi þess að skilja orkumálahlutann og rannsóknahlutann í sundur er kannski það, herra forseti, að menn töldu að það gæti orðið hætta á ákveðnum hagsmunaárekstrum sem fælust þá í því að rannsóknasvið stofnunarinnar veitti á ákveðnu stigi þjónustu og kæmi að mótun verkefna sem orkumálasviðið gæti síðan á seinni stigum þurft að veita stjórnvöldum umsögn um. Til að forðast slíka hagsmunaárekstra er verið að skipta þessu í sundur með þeim hætti sem hér liggur fyrir.

Það var að sjálfsögðu álitamál með hvaða hætti rannsóknahlutanum yrði komið fyrir, hvers konar fyrirtæki yrði búið til þegar orkumálahlutinn og rannsóknasviðið yrðu skilin að. Í skýrslu Páls-nefndarinnar svokölluðu segir, með leyfi forseta:

„Formið á rannsóknareiningunni getur verið með ýmsu móti og fer það að nokkru eftir markmiðum og skilgreiningu á umfangi einingarinnar hvað helst á við. Í þessu samhengi vill nefndin draga fram nokkur grundvallarsjónarmið:

1. Rannsóknasviðið er ein stærsta jarðfræðistofnun landsins og um leið ein öflugasta rannsóknastofnun heims á sviði jarðhita. Á sama hátt eru vatnamælingarnar eina sérfræðistofnunin hér á landi á sínu sviði. Í ljósi hins mikla mannauðs rannsóknasviðsins er því æskilegt að það verði varðveitt sem ein heild."

(**Forseti** (HBl): Ég vil vekja athygli hv. þm. á að það á að biðja um leyfi forseta ef lesið er prentað mál.)

Virðulegi forseti. Ég bað um leyfi forseta, en ég get gert það aftur, með leyfi forseta:

„2. Rannsóknasviðið keppir nú á samkeppnismarkaði, enda þótt keppinautarnir séu enn fáir og smáir. Það er afar líklegt, að þróunin verði svipuð og hefur þegar orðið á vatnsorkusviðinu, að einkamarkaðurinn — jarðfræðistofur, verkfræðistofur og aðrir — hasli sér í auknum mæli völl á jarðhitasviðinu. Því þarf að gæta þess að fyrirkomulag rannsóknareiningarinnar sé þannig að hún geti aðlagast slíkri þróun.

3. Vatnamælingarnar eru ekki á samkeppnismarkaði enda verður seint komið við samkeppni um eign og rekstur vatnamæla. Að þessu leyti kunna ólík sjónarmið að vera um rekstrarfyrirkomulag vatnamælinga og annarra rannsóknarþátta, sbr. atriðið hér á undan.

4. Rannsóknareiningin á að vera fjárhagslega sjálfbær og því ekki að fá fé beint af fjárlögum. Eins og fyrr segir ber að viðhalda því fyrirkomulagi að fé til orkurannsókna í þágu ríkisins fari til stjórnsýslueiningarinnar [þ.e. Orkustofnunar] sem síðan kaupi vinnu af rannsóknareiningunni eða öðrum. Ella munu koma upp sömu vandamál hjá rannsóknareiningunni og kölluðu á skipulagsbreytingarinnar á Orkustofnun í ársbyrjun 1997.

5. Sambýli. Ekkert er því til fyrirstöðu að hýsa hinar nýju einingar núverandi Orkustofnunar á einum stað og nýta sameiginlega þá þjónustu sem ekki fer í bága við meginmarkmið aðskilnaðarins og er í samræmi við samkeppnissjónarmið. Af því ætti að vera hagræði að stofnanir ríkisins geti sem mest sameinast um þjónustu."

Það er skemmst frá því að segja að þessar niðurstöður Páls-nefndarinnar sem ég rakti leiddu til þess að við erum nú að fjalla um frv. þar sem gert er ráð fyrir að Íslenskar orkurannsóknir séu sérstök ríkisstofnun sem hafi það verkefni að vinna að rannsóknum á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður. Og eins og ég gat um áðan, herra forseti, var niðurstaðan sú að skilja vatnamælingar eftir í Orkustofnun.

Nokkrar umræður spunnust eðlilega um þá ákvörðun að búa til nýja ríkisstofnun utan um fyrirtæki sem sannarlega er á samkeppnissviði og menn veltu því satt að segja fyrir sér hversu lengi það fyrirkomulag fengi staðist. Ljóst er að markaðurinn á þessu sviði þróast mjög ört og líklegt er að lítill friður verði um ríkisstofnun sem t.d. er skattlaus við hliðina á eða í samkeppni við þær jarðfræðistofur eða þær verkfræðistofur sem eru að vinna sambærileg verkefni og selja út þjónustu sína.

Herra forseti. Þetta er auðvitað hluti af ákveðnum vanda í ríkiskerfinu þar sem á fleiri sviðum er verið að koma upp ríkisþjónustu og ég minni þá á hina miðstýrðu ríkisreknu vinnumiðlun sem er næsta afrek á undan þessu varðandi ríkisvæðingu atvinnulífsins. Vandinn er auðvitað sá, eins og t.d. Samtök iðnaðarins hafa ítrekað bent á, að þjónusta sem ekki þarf að greiða skatta er að keppa við markaðinn sem þarf að greiða virðisaukaskatt af þeirri þjónustu sem seld er út. Samtök iðnaðarins hafa sérstaklega bent á tölvugeirann í þessu sambandi, þar sem mjög erfitt hefur verið um samkeppni við þjónustudeildir einstakra ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja sem hafa látið vinna og jafnvel tekið til sín verkefni inn í þessar þjónustudeildir sem ella hefðu verið úti á markaðnum ef ekki hefði komið til ívilnun vegna virðisaukaskattsins, sem í sjálfu sér er ekki ívilnun, vegna þess að það á að greiða af þessu virðisaukaskatt, en einhver brögð virðast vera að því að lögunum sé ekki framfylgt með þeim hætti sem ætlast er til. A.m.k. er þetta viðvarandi vandamál í þessum geira.

Herra forseti. Hér erum við kannski að fitja upp á fyrirkomulagi sem gæti orðið til vandræða mjög fljótlega. Í umfjöllun nefndarinnar um einmitt það af hverju þetta fyrirkomulag var valið, sem því miður er ástæða til að ætla að verði fljótlega ófriður um, kom það fram að menn litu svo á að þarna væri kannski ákveðið markmið að varðveita það sem hér var áðan kallað „mannauður stofnunarinnar" og er tilefni til þess að ítreka að full ástæða er til að reyna að varðveita þann mannauð og þá þekkingu sem þarna er til staðar. En jafnframt kom annað fram sem var það að menn líta almennt á þetta sem fyrsta skref, þ.e. að til verði þessi sérstaka ríkisstofnun og það sé eins konar fyrsta skref í þá átt að það fyrirtæki verði fyrirtæki á markaði sem lúti þá öllum sömu lögmálum og önnur slík fyrirtæki.

Eins og þetta er núna er í rauninni verið að búa til stofnun sem lýtur beinum afskiptum iðnrh. á hverjum tíma. Forstjóri Íslenskra orkurannsókna er ráðinn af stjórn stofnunarinnar, sem er aftur skipuð af iðnrh., en síðan ekki söguna meir. Hins vegar væri það svo, herra forseti, að ef hér hefði verið búið til fyrirtæki sem hefði borið einkennisstafina hf. fyrir aftan, Íslenskar orkurannsóknir hf., þá hefði jú stjórn stofnunarinnar líka verið skipuð af iðnrh., en þá hefði gilt ákveðin löggjöf um fyrirkomulag og starfsemi stofnunarinnar, sem

gerði hana jafnsetta þeim aðilum sem hún er að keppa við á markaði hvað varðar bæði skattalega meðferð og annað.

En eins og ég gat um vilja menn líta svo á að hér sé um að ræða fyrsta skref, að til verður ný sérstök ríkisstofnun sem á að starfa á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði. Þetta hljómar auðvitað sérkennilega, herra forseti, en eigi að síður varð þetta niðurstaðan. Eftir að hafa farið vandlega yfir málið varð það niðurstaða okkar fulltrúa Samfylkingarinnar í nefndinni, að styðja frv. með þeirri brtt. sem gerð er sem á að skerpa á stjórnsýslunni og þá í ljósi þess að hér er um fyrsta skref að ræða, vegna þess að eins og fram kom hjá mér strax í 1. umr. um málið er hætt við því að þessi stofnun, í þeim búningi sem hún er samkvæmt frv., fái lítinn frið á markaðnum.

Herra forseti. Ýmiss konar merkileg starfsemi hefur þróast í skjóli Orkustofnunar. Það er ekki bara að þarna hafi orðið til þetta rannsóknasvið sem eins og fram hefur komið er eitthvert öflugasta rannsóknasvið okkar á sviði jarðhitarannsókna, heldur gerðist það eðlilega í framhaldinu að þegar til varð Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna, þá fékk sá skóli líka skjól hjá Orkustofnun. Orkustofnun hefur búið til eins konar auðlindadeild sem m.a. hefur umsjón með rammaáætlun sem hér hefur mikið verið kallað eftir, en hefur líka komið að rekstri Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, sem nú hefur verið rekinn í nær aldarfjórðung. Það er gert á grundvelli sérstaks samnings á milli Háskóla Sameinuðu þjóðanna og Orkustofnunar.

Herra forseti. Það er auðvitað stórmál þegar verið er að skipta upp stofnun eins og Orkustofnun og ég hef reynt að halda mig fyrst og fremst við það frv. sem hér er á dagskrá, þ.e. Íslenskar orkurannsóknir, sem fjallar um hina nýju sérstöku ríkisstofnun. Ég hef gert grein fyrir viðhorfum okkar, fulltrúa Samfylkingarinnar, varðandi þessa ákvörðun og hvernig umfjöllun hún fékk, en mun þá ræða um hlutverk og stöðu Orkustofnunar sérstaklega undir þeim dagskrárlið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Orkustofnun, 3. umr.

Stjfrv., 544. mál (heildarlög). — Þskj. 1365.

[11:01]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Eins og ég gat um áðan þegar ég hóf mál mitt um Íslenskar orkurannsóknir er erfitt að skilja þetta tvennt að, þ.e. annars vegar Orkustofnun og hins vegar hina nýju stofnun sem á að heita Íslenskar orkurannsóknir. Það er erfitt vegna þess að við fjöllum um hvernig fyrirhugað er að skipta Orkustofnun, fyrirtæki sem við höfum þekkt um nokkra hríð, upp vegna breyttra aðstæðna í samfélaginu.

Orkustofnun hafa verið falin mörg ný hlutverk á síðustu árum. Því er talin ástæða til að taka rannsóknahlutann undan stofnuninni til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem gæti falist í því að rannsóknasvið stofnunarinnar veiti þjónustu á ákveðnu stigi og komi að mótun verkefna sem orkumálasviðið gæti á seinni stigum þurft að veita stjórnvöldum umsögn um. Það má segja, herra forseti, að það sé til fyrirmyndar að fara að eins og hér er gert, þ.e. að skipa nefnd með valinkunnum einstaklingum til þess að sortera þetta þannig að sem flestir geti verið sáttir þó að eitthvað sæti gagnrýni. Menn hafa kannski ekki trú á rekstrarforminu, alla vega ekki um lengri tíma eins og ég gat um áðan varðandi Íslenskar orkurannsóknir.

Það sætir einnig tíðindum, auk þess að rannsóknasviðið, einkum jarðhitarannsóknirnar, eru færðar undan Orkustofnun. Á sama tíma er verið að setja Orkusjóð aftur undir Orkustofnun. En eins og menn þekkja var fyrir örfáum árum brugðið á það ráð að taka Orkusjóð undan Orkustofnun og skipa framkvæmdastjóra yfir sjóðnum. Á þeim tíma þótti ástæða til að ætla að hagsmunaárekstrar gætu orðið á milli sjóðsins og stofnunarinnar. Eðlilegt þótti að Orkusjóðurinn væri þannig sjálfstæðari við hlið stofnunarinnar. Nú hefur það orðið niðurstaðan í allri þessari endurskoðun að Orkusjóður eigi heima í skjóli Orkustofnunar. Þar af leiðandi er frv. á þann veg að Orkusjóður verði þar og Orkustofnun annist daglega umsýslu hans.

Iðnn. gerir smávægilegar brtt. við þau ákvæði um Orkusjóð sem eru í frv., raðar greinum upp og undirstrikar tiltekna hluti sem framsögumaður nál. iðnn. rakti hér í gær. Ég ætla ekki að fara frekar yfir það.

Eins og ég gat um áðan er þetta frv., rétt eins og frv. um Íslenskar orkurannsóknir, niðurstaða eða úrvinnsla úr niðurstöðum nefndar sem hæstv. iðnrh. skipaði á árinu 2001 til að fara yfir þessi mál. Nefndin var undir forustu Páls Hreinssonar prófessors. Í erindisbréfi þessarar nefndar, það er kannski gott að fara yfir það til að menn átti sig á því nákvæmlega hvert hlutverk nefnarinnar var, segir m.a., með leyfi forseta:

„Orkustofnun hefur verið falið aukið stjórnsýsluhlutverk með lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Í frumvarpi til raforkulaga sem ráðherra hefur lagt fram til kynningar á Alþingi og ráðherra mun leggja fram á ný á komandi haustþingi er gert ráð fyrir að stjórnsýsluhlutverk Orkustofnunar aukist enn til muna. Iðnaðarráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd til að yfirfara skipulag Orkustofnunar með hliðsjón af því aukna stjórnsýsluhlutverki sem stofnuninni hefur verið falið og hlutverki hennar samkvæmt frumvarpi til raforkulaga og koma með tillögur um framtíðarskipulag stofnunarinnar. Nefndin skal meta hvernig hið aukna stjórnsýsluhlutverk samræmist núverandi skipulagi og hvort og þá hvernig þörf sé að breyta eða aðlaga skipulagið að breyttu hlutverki.

Sérstaklega skal nefndin athuga hvort nauðsynlegt sé að aðskilja orkumálahluta stofnunarinnar frá orkurannsóknahluta hennar, að hluta eða öllu leyti. Ef svo er skal nefndin koma með tillögur um í hvaða formi orkurannsóknahlutinn skuli rekinn í framtíðinni.“

Herra forseti. Þetta gekk eftir eins og ég rakti áðan í umfjöllun um frv. sem var á dagskrá hér á undan þ.e. frv. um Íslenskar orkurannsóknir.

Það hefur komið fram að rannsóknasviðið, sem enn er hluti Orkustofnunar, keppir á samkeppnismarkaði. Enda þótt keppinautarnir séu enn þá bæði fáir og smáir er ákaflega líklegt að þróunin verði svipuð og orðið hefur á vatnsorkusviðinu, þ.e. að einkamarkaðurinn, jarðfræðistofur og verkfræðistofur og aðrir, hasli sér í auknum mæli völl á jarðhitasviðinu og þannig verði sú samkeppni sem þegar örlar á virkari en hún er núna. Það er, herra forseti, m.a. ástæða þess að ákveðið var að skipta þessu upp.

Orkustofnun hefur auðvitað gegnt ýmsum nauðsynlegum og merkilegum hlutverkum. Eitt af því sem Orkustofnun hefur innan vébanda sinna og menn veltu fyrir sér hvort ætti að taka út úr stofnuninni, jafnvel gera að sjálfstæðri stofnun, eru Vatnamælingar. Vatnamælingar sinna rekstri vatnshæðarmælakerfisins, bæði þess sem ríkið kostar auk ýmissa mælistöðva sem kostaðar eru af öðrum. Það eru einkum orkufyrirtækin, fyrst og fremst Landsvirkjun, sem hefur verið mikilvirkust í virkjunum hér á landi, sem hafa falið vatnamælingum Orkustofnunar rekstur mæla, þá nær einvörðungu á vatnasvæðum sem þau hafa þegar fengið umráð yfir. Þar fyrir utan stunda vatnamælingar jöklarannsóknir, aurburðarrannsóknir og grunnvatnsrannsóknir. Vatnamælingar hafa líka haslað sér völl í flóðavöktun sem að stærstum hluta hafa verið kostaðar af Vegagerðinni en einnig af sérstökum tímabundnum fjárveitingum í kjölfar Skeiðarárhlaups.

Það telst til nýmæla að vatnamælingar hafa boðið í verkefni erlendis, þar á meðal þrjú verkefni í Mósambík. Það er svo, herra forseti, að þetta svið Orkustofnunar er sjálfbært. Vatnamælingar eru sjálfbærar. Þar vinnur á þriðja tug einstaklinga við þau verkefni sem ég hef rakið. Þetta verkefni er sjálfbært og niðurstaða þeirra sem fóru yfir málið var að ekki væri ástæða til þess að ætla að um samkeppni yrði að ræða á þessu sviði og því væri í lagi að vatnamælingar yrðu áfram hluti Orkustofnunar. Það var einnig vilji starfsmanna.

Eins og ég gat um áðan hefur orkumálasvið Orkustofnunar skipst í tvo meginhluta, þ.e. annars vegar orkumálasvið og Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Á orkumálasviðinu eru síðan tvær deildir, orkubúskapardeild og auðlindadeild, sem auðvitað hafa með sér mikla samvinnu. Orkustofnun er býsna stór stofnun, herra forseti. Hún hefur þó kannski ekki vaxið sérstaklega mikið og hefur verið verðlaunuð fyrir góða stjórnsýslu. En aðalhlutverk auðlindadeildarinnar hefur verið að ráðstafa fé ríkisins til orkurannsókna. Rannsóknaverkefnin eru skilgreind og samið um framkvæmd þeirra, ýmist við rannsóknahluta Orkustofnunar eða við aðra aðila. Rannsóknir og þjónusta hefur verið keypt af öðrum aðilum. Síðan eru þessar niðurstöður lagðar til grundvallar þegar stofnunin þarf að gefa stjórnvöldum ráð.

Eins og fram hefur komið hefur rammaáætlun tekið mikinn hluta af vinnu auðlindadeildarinnar við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Þó að mikil vinna hafi verið sett í rammaáætlun hefur vinna við hana ekki gengið eins hratt og menn höfðu ætlað og óskað hefur verið eftir. Hér á hinu háa Alþingi hafa menn ítrekað kallað eftir rammaáætlun, bæði á síðasta þingi og þessu í umfjöllun um orkumálin og þær virkjanir sem ríkisstjórnin hefur sóst eftir að fá samþykki fyrir á hinu háa Alþingi. Fyrir ári var það Kárahnjúkavirkjun og í ár höfum við hins vegar fengist við, þó það sé ekki afgreitt enn, virkjanir á Nesjavöllum, í Svartsengi og Norðlingaölduveitu. Í framtíðinni munum við væntanlega sjá virkjanir neðar í Þjórsá sem þá verða hagkvæmar vegna Norðlingaölduveitu. Þær verða áreiðanlega að veruleika síðar en það verður í breyttu lagaumhverfi. Ákvörðun um leyfisveitingar til þeirra virkjana mun ekki fara í gegnum Alþingi, heldur mun iðnrh. veita þau leyfi.

Ég vék að Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem við höfum verið afar stolt af og notaður var sem eins konar módel þegar við sóttumst eftir forstöðu í sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, sem varð úr. Kennsla Jarðhitaskólans fer að mestu fram á Orkustofnun en að hluta fer hún auðvitað líka fram utan stofnunarinnar. Það kemur fram í upplýsingum um Orkustofnun að það séu einkum sérfræðingar á rannsóknasviði stofnunarinnar sem sinna kennslunni og Jarðhitaskólinn greiði fyrir þá þjónustu. Kostnaður við skólann skiptist þannig að um 85% eru greidd af fé utanrrn. til þróunaraðstoðar, um 10% koma frá Háskóla Sameinuðu þjóðanna sjálfum en afgangurinn er tilfallandi tekjur stofnunarinnar. Það er ástæða til að geta þess, herra forseti, að nýverið hefur verið hafið meistaranám við skólann í tengslum við Háskóla Íslands. Í þessu námi hefur því verið áhugaverð þróun.

Sá sem stýrir þessari stofnun er titlaður orkumálastjóri. Hann er framkvæmdastjóri Orkustofnunar, eins og segir í orkulögum, heyrir undir iðnrh. og á því mun ekki verða breyting þótt lögum um stofnunina verði breytt.

Herra forseti. Það skiptir auðvitað máli þegar verið er að taka grónar stofnanir eins og Orkustofnun og skipta þeim upp. Það er gott ef það gerist með friðsamlegum hætti eins og hér hefur verið reynt. Það hefur verið reynt að vinna þessar breytingar í samvinnu við starfsmenn og sjá til að þeir væru sáttir við þau skref sem á að stíga. Þó að einhverjum kunni að finnast skrefin stutt að þessu sinni og óttist að herða þurfi gönguna fljótlega þá skiptir máli að slíkar breytingar verði í tiltölulega rólegu og yfirveguðu umhverfi. Öllum hlutum þarf að vera eðlilega fyrir komið.

Eftir að hafa skoðað þessi mál, þ.e. bæði frv. um Orkustofnun og Íslenskar orkurannsóknir, er niðurstaða okkar, fulltrúa Samfylkingarinnar, að vel hafi verið að verki staðið og þar af leiðandi skrifum við undir nál. iðnn. um Orkustofnun án nokkurs fyrirvara. Það sýnir viðhorf okkar til þeirrar vinnu sem hér liggur að baki.

[11:15]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort ég misskildi hv. þm. en mér fannst koma fram í máli hennar að hún teldi að virðisaukaskattsumhverfi vatnamælinga og Íslenskra orkurannsókna væri óeðlilegt. Hafi ég skilið það rétt í máli hennar þá kom ég hér upp til þess að leiðrétta það að svo er ekki. Það mun hafa verið hér á árum áður sem einhver vafi lék á því vegna þess einmitt að hér væri um ríkisstofnun að ræða en þetta mun Ríkisendurskoðun hafa farið rækilega yfir. Samkvæmt frv. og eins og málin eru núna er virðisaukaskattsumhverfi vatnamælinga og ROS (rannsóknasviðs Orkustofnunar) mjög eðlilegt að öllu leyti. Ég vildi bara koma þessu á framfæri.

[11:16]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru góðar upplýsingar og það var við því að búast að stofnun sem er jafn vel stýrt og Orkustofnun væri búin að kippa þessum málum í liðinn.

Ég fjallaði hins vegar um þetta hér sem í rauninni hluta af almennri umfjöllun um það hvernig þessi mál eru til vandræða, eins og hv. þm. þekkir, á ýmsum sviðum í ríkisfyrirtækjum og ég tiltók sérstaklega tölvuþjónustu og tölvudeildir stofnana og ríkisfyrirtækja sem hafa verið þyrnir í augum m.a. Samtaka iðnaðarins þar sem ekki hefur tekist að ná utan um virðisaukaskattsmálin. Þrátt fyrir skýra löggjöf þar um virðist ekki hafa tekist að fylgja henni eftir með þeim hætti að þeir sem eru að vinna hér á markaði séu sáttir, og þetta er eitt af því sem er talið hafa staðið í vegi fyrir þróun ákveðinna frumkvöðlafyrirtækja sem ekki gátu fótað sig í samkeppni sem ekki var þó réttlátari en sú sem fór fram með þeim hætti að samkeppnisaðilarnir voru undanþegnir — eða voru ekki

undanþegnir í rauninni en komust undan virðisaukaskatti.

[11:18]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé alveg rétt hjá hv. þm. að ef litið er yfir ríkisstarfsemina í heild sinni þá er það alveg rétt að í sumum tilvikum skarast hinn opinberi rekstur við samkeppnisreksturinn eins og hv. þm. segir. En það má segja Orkustofnun til hróss að hún hefur undirbúið þetta mál afskaplega vel og sitt umhverfi einmitt með því að skilja afskaplega vel á milli þess sem má heita beinn opinber rekstur og þess sem gæti kallast samkeppnisrekstur. Á þetta hefur verið lögð mikil áhersla innan Orkustofnunar og bæði vatnamælingar og orkurannsóknirnar verið bókhaldslega mjög vel aðskildar og Ríkisendurskoðun verið fengin til þess að fara yfir og í rauninni gefið þeim eins konar heilbrigðisvottorð hvað þetta varðar, og er alveg til fyrirmyndar, enda mun sú stofnun hafa fengið verðlaun frá fjmrn. fyrir fyrirmyndarrekstur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis suður, 3. umr.

Stjfrv., 650. mál. — Þskj. 1059.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 3. umr.

Stjfrv., 488. mál (rafræn vöktun, ættfræðirit). — Þskj. 1367.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ábyrgðasjóður launa, 2. umr.

Stjfrv., 649. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1055, nál. 1373.

[11:20]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti félmn. um frv. til laga um Ábyrgðasjóð launa.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Gylfa Kristinsson og Guðjón Bragason frá félagsmálaráðuneyti.

Umsögn um málið barst frá Alþýðusambandi Íslands.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun laga nr. 53/1993, um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Helstu nýmæli sem frumvarpið felur í sér eru að lagt er til að Ábyrgðasjóður launa taki á sig ábyrgð á vangreiddum iðgjöldum sem nemi allt að 4% af iðgjaldsstofni á grundvelli samnings um viðbótarlífeyrissparnað og samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Lögð er til hækkun á hámarksábyrgð sjóðsins vegna krafna launamanna og er gert ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið viðmiðunarfjárhæðina með reglugerð til eins árs í senn. Þá verður ábyrgð sjóðsins vegna orlofslauna bundin hámarki. Aðrar helstu breytingar frá gildandi lögum eru að kröfuhafi hafi meira val en áður um aðferðir við atvinnuleit og að önnur atriði en regluleg skráning hjá opinberri vinnumiðlun komi til greina við mat á því hvort uppfylltar séu kröfur um virka atvinnuleit. Tekin eru af tvímæli um að ábyrgð á bótum vegna líkamstjóns sem starfsmenn verða fyrir í vinnu sinni komi aðeins til álita þegar tryggingar vinnuveitanda taka ekki til bótakröfu starfsmannsins. Þá eru lagðar til breytingar á reglum um ábyrgðarundanþágur vegna tengsla kröfuhafa við eigendur eða forsvarsmenn hins gjaldþrota vinnuveitanda. Loks eru lagðar til ýmsar breytingar á stjórnsýslu Ábyrgðasjóðs launa.

Nefndin telur þær breytingar sem lagðar eru til á löggjöfinni vera í heild til verulegra bóta. Við athugun nefndarinnar á málinu kom hins vegar í ljós að ákvæði 23. gr. frumvarpsins um gjaldtöku stangast á við 77. gr. stjórnarskrárinnar eins og henni var breytt með 15. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, og leggur nefndin því til breytingar á því ákvæði. Lagt er til að álagningarhlutfallið verði hið sama og það er í dag eða 0,04% af gjaldstofni. Komi í ljós að tekjur sjóðsins nægi ekki til greiðslu skuldbindinga hans verður að breyta álagningarhlutfallinu með lögum á sama hátt og öðrum sköttum. Til samræmis við það er lagt til að heimild ráðherra í 3. mgr. 23. gr. til að hækka gjaldhlutfallið í sérstökum tilfellum falli brott. Loks eru lagðar til smávægilegar lagfæringar á 3. mgr. 22. gr. til samræmis við framangreindar breytingar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

1. Við 22. gr. Í stað 1. og 2. málsl. 3. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Stjórn sjóðsins skal fyrir lok september ár hvert gera ráðherra grein fyrir fjárhagsstöðu sjóðsins og áætlun um þróun útgjalda.

2. Við 23. gr.

a. 2. mgr. orðist svo:

Ábyrgðargjaldið skal vera 0,04% af gjaldstofni.

b. 3. málsl. 3. mgr. falli brott.

Undir nál. rita hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Pétur H. Blöndal, Magnús Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Drífa Hjartardóttir og Jónína Bjartmarz.

[11:24]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að fjalla um frv. til laga um Ábyrgðasjóð launa og hér hefur verið mælt fyrir nál. frá hv. félmn. sem ég hef ritað undir. Það er sameiginlegt nál. frá allri nefndinni. Hér er á ferðinni mjög mikilvægt mál sem tryggir réttindi launafólks sem verður fyrir því að vinnuveitendur þess geta ekki greitt því umsamin laun.

Það sem ég hefði viljað gera aðeins að umtalsefni er það hvernig staðið er að svona lagasetningu hér í þinginu. Þetta stóra frv., sem er mikið að vöxtum, einar 28 greinar, allviðamiklar hver og ein, kemur inn í þingið í síðustu viku, bara nokkrum dögum fyrir þinglok. Þetta er mikil lagasetning, heildarlög um Ábyrgðasjóð launa, og vissulega hefði verið full ástæða til að hafa betri tíma til að vinna þetta mál, enda kom í ljós nú á síðustu klukkustundunum þegar við vorum

að skoða frv. að í því voru veigamiklir gallar sem nefndinni tókst þó að forða frá að yrðu að lögum.

En í ljós kom, þó svo að frv. væri búið að vera í mikilli vinnslu áður en það kom inn í þingið, að í því var ákvæði sem stangaðist á við stjórnarskrána, stangaðist á við 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Auðvitað er þetta skólabókardæmi um það hvernig farið getur þegar mál koma svona seint inn í þingið og nefndirnar hafa ekki tök á því að vinna mál almennilega, fara almennilega yfir málin eins og nefndunum ber auðvitað að gera og eins og við höfum gert almennt með þau þingmál sem hafa komið inn í nefndirnar. Við höfum haft tök á því að fara vel yfir hverja grein og kalla til ýmsa aðila. Auðvitað voru kallaðir til gestir vegna málsins en það var þó varla meira heldur en hægt var að komast af með, en vissulega hefði þurft að senda svona mál til umsagnar og fá umsagnaraðila til að gefa álit sitt á svona stóru frumvarpi.

Þar sem málið kom svona seint inn í þingið voru engin tök á því að kalla eftir umsögnum um það, en vegna þess hversu brýnt og mikilvægt málið er sameinaðist nefndin um að við skyldum afgreiða það þó að það þyrfti að fara svona hratt yfir sögu.

En ég vil bara, herra forseti, vara við því að svona vinnubrögðum verði beitt hér í þinginu. Þetta kallar á að gerð verði mistök, sem þó var komið í veg fyrir að þessu sinni, en engu að síður er mikilvægt að nefndirnar vandi vinnubrögð sín og ríkisstjórnin, hver sem hún er hverju sinni, sjái til þess að mikilvæg mál sem á að afgreiða komi nógu snemma inn í nefndirnar þannig að hægt sé að vinna málin sómasamlega. Það er algjört grundvallaratriði þegar um svona stóra lagabálka er að ræða eins og Ábyrgðasjóð launa.

[11:28]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Til þess að koma í veg fyrir allan misskilning þá var farið vel yfir þetta frv. bæði af nefndarmönnum, alla vega af mér sem formanni, og starfsmönnum þingsins, þannig að í þessu tilfelli held ég að við getum sagt sem svo að vel hafi verið unnið að frv. Það er kannski ekki ástæða til að taka þetta sem sérstakt dæmi um illa unnið frv. en hins vegar kom sitthvað í ljós sem þurfti að breyta eins og oft gerist því að betur sjá augu en auga í þessu tilfelli, og við gerðum þær breytingar sem þurfti að gera á frv.

[11:29]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði ekki að þetta mál hefði verið illa unnið en það þurfti að vinna það með miklum hraði, eins og ég sagði, það er ekki þar með sagt að það hafi verið illa unnið. En það hefði auðvitað verið full ástæða til þess að kalla eftir umsögnum um málið. Þetta er það stórt mál sem hér er á ferðinni. Það var einmitt það sem ég var að vekja athygli á í þeirri stuttu ræðu sem ég hélt áðan, að full ástæða er til þess þegar svona stór mál eru á ferðinni að kalla til umsagnaraðila og fá sjónarmið fleiri. Því eins og hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir sagði þá er það alltaf þannig að betur sjá augu en auga. Þess vegna erum við að kalla inn umsagnir frá hinum ýmsu aðilum sem ekki voru tök á að þessu sinni.

Ég er því alls ekki að segja að málið hafi verið illa unnið, ég er ekki að segja það. Við fórum yfir málið og unnum það eins vel og við gátum. En það hefði auðvitað verið eðlilegt og eðlileg framganga í nefndinni, eins og með önnur mál, að kalla eftir umsögnum frá hinum ýmsu aðilum því að hér er náttúrlega um stórt mál að ræða, um Ábyrgðasjóð launa. Að málinu koma bæði launafólk og atvinnurekendur sem hefðu e.t.v. viljað hafa eitthvað um málið að segja. En engu að síður kom það fram í umfjöllun nefndarinnar að verkalýðshreyfingin var mjög sátt við málið og það var auðvitað ein af ástæðum þess að við töldum fulla ástæðu til að afgreiða málið úr nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 610. mál (lækkun gjalds). — Þskj. 973, nál. 1296.

[11:31]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lögð til lækkun vörugjalds af nokkrum flokkum ökutækja.

Nefndin leggur til eina breytingu á frumvarpinu. Lögð er til lækkun vörugjalds í 13% af fólksbifreiðum og öðrum vélknúnum ökutækjum 40 ára og eldri. Þessar bifreiðar falla nú í sama flokk og aðrar fólksbifreiðar til almennra nota þar sem vörugjaldshlutfallið er 30% eða 45% eftir sprengirými aflvélar. Nefndin telur eðlilegt, með hliðsjón af takmarkaðri notkun slíkra fornbifreiða og menningarlegs tilgangs þeirra, m.a. með tilkomu bílasafna víða um land, að eðlilegt sé að innheimt séu af þeim lægri vörugjöld en almennt gerist.

Hv. þm. Árni R. Árnason og Össur Skarphéðinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir álitið skrifa hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður og og framsögumaður, Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Birgisson, Hjálmar Árnason, Adolf H. Berndsen og Jón Bjarnason. Jóhann Ársælsson skrifar undir álitið með fyrirvara.

[11:32]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í framhaldi af framsögu hv. þm. láta koma fram þakkir til nefndarformannsins fyrir vinnu að frv. Sérstaklega vil ég þakka honum og nefndinni fyrir þá brtt. sem hér er lögð fram um að fornbílar, þ.e. þeir bílar og ökutæki sem eru 40 ára og eldri, njóti undanþágu hvað aðflutningsgjöld varðar og tel ég að hér sé framfaraspor og komið til móts við þau sjónarmið sem höfðu verið lögð fram í nefndinni. Ég ítreka þakkir mínar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 669. mál (hafnir, hópferðabifreiðar). — Þskj. 1086, nál. 1297.

[11:33]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvær aðskildar breytingar á lögunum. Í fyrsta lagi er lagt til að hafnir með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags, eins og þær eru nánar skilgreindar í frumvarpi til hafnalaga sem nú liggur fyrir þinginu, verði virðisaukaskattsskyldar en það er ein meginforsenda þeirrar nýju skipanar hafnamála sem lögð er til í frumvarpinu. Í annan stað er lagt til að gildandi heimild samkvæmt ákvæði til bráðabirgða X í lögunum um virðisaukaskatt, sem fjallar um heimild til endurgreiðslu $^2/_3$ hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2003, verði framlengd til 31. desember 2005.

Undir nál. rita hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Birgisson, Hjálmar Árnason, Adolf H. Berndsen og Jóhann Ársælsson.

Hv. þm. Árni R. Árnason og Össur Skarphéðinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[11:34]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hefur mælt fyrir, kveður m.a. á um virðisaukaskattsskyldu hafna í eigu sveitarfélaga og vísar þar til að forsendan fyrir því að þetta ákvæði komi til framkvæmda sé að frv. til nýrra hafnalaga, eins og það liggur fyrir í þinginu, verði samþykkt óbreytt hvað þetta ákvæði varðar, þ.e. að heimila hlutafélagavæðingu hafna.

Ég legg áherslu á að það er í sjálfu sér ekki hægt að ræða þetta mál efnislega eða afgreiða það án tengsla við afgreiðslu frv. til hafnalaga. Ég vil lýsa því strax sem skoðun minni að ég tel að það sé röng nálgun að breyta hafnalögunum með þeim hætti að heimila hlutafélagavæðingu þeirra og fara að reka hafnir vítt og breitt um landið sem fyrirtæki í samkeppnisrekstri, sem er jú forsendan fyrir því að þær verði virðisaukaskattsskyldar eins og hér er verið að leggja til. Ég tel að með þeirri ákvörðun yrði tilverugrundvelli hafna víða um land raskað eða þær settar í uppnám. Ég tel að hafnirnar vítt og breitt um landið séu þjónustumannvirki en ekki fyrirtæki í samkeppnisrekstri.

Ég vildi vekja athygli á því, herra forseti, að þetta ákvæði frv. sem lýtur að virðisaukaskattsskyldu hafna er háð því að frv. til hafnalaga, sem mjög er umdeilt, komi fram. Því er eðlilegt að þetta mál sé rætt í tengslum við það frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kjaradómur og kjaranefnd, 2. umr.

Stjfrv., 683. mál (heilsugæslulæknar). — Þskj. 1110, nál. 1278.

[11:37]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvörðun um laun og launakjör heilsugæslulækna verði tekin undan kjaranefnd. Breytingin er lögð til að beiðni Félags íslenskra heimilislækna. Jafnframt er lagt til í ákvæði til bráðabirgða að úrskurður kjaranefndar frá 15. október 2002 gildi þar til núgildandi kjarasamningur milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Læknafélags Íslands, dags. 2. maí 2002, fellur úr gildi með nánar tilgreindum hætti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. rita hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður og framsögumaður, Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Birgisson, Adolf H. Berndsen, Össur Skarphéðinsson, Jóhann Ársælsson og Jón Bjarnason. Hv. þm. Árni R. Árnason og Hjálmar Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Frv. allshn., 713. mál. — Þskj. 1341.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hafnalög, 2. umr.

Stjfrv., 661. mál (heildarlög). — Þskj. 1075, nál. 1236, 1336 og 1342, brtt. 1237.

[11:39]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta samgn. um frv. til hafnalaga.

Nefndin fjallaði um málið og fékk marga aðila á fund til sín.

Frumvarpið er endurflutt frá síðasta þingi með þó nokkrum breytingum en það hafði þá verið sent til umsagnar fjölmargra aðila.

Með frumvarpinu eru lögð til ný heildarlög um hafnir sem fela í sér grundvallarbreytingar á starfsemi hafna í landinu. Þær helstu eru að samræmd gjaldskrá hafna verði aflögð og ákvæði samkeppnislaga gildi um gjaldtöku þeirra. Höfnum verði gefinn kostur á að velja sér rekstrarform, þar með talið hlutafélagaform, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og dregið verði úr ríkisafskiptum og ríkisstyrkjum. Ein meginforsenda frumvarpsins er að rekstur hafna verði virðisaukaskattsskyldur en því er ætlað að vega upp á móti minni ríkisstyrkjum, ásamt því að gjaldtaka verður gefin frjáls. Fyrir þinginu liggur frumvarp fjármálaráðherra um breytingu á virðisaukaskattslögum sem tryggir framgang þessa þáttar.

Frumvarpið er að stofni til afrakstur sérstakrar hafnalaganefndar sem samgönguráðherra skipaði 9. desember 1999. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar hafna í landinu og fulltrúi notenda hafna, auk þess sem með henni störfuðu bæði fulltrúar samgönguráðuneytisins og Siglingastofnunar. Ítarlega var fjallað um málið í samgöngunefnd á síðasta þingi og margar breytingar lagðar fram sem nú hafa skilað sér inn í frumvarpið. Í sumar var svo skipaður sérstakur vinnuhópur til að fara yfir frumvarpið og sætta sjónarmið. Fullyrða má að það hafi nú tekist enda mælir Hafnasamband sveitarfélaga með samþykkt frumvarpsins.

Ljóst er að frumvarpið snertir veigamikla hagsmuni margra byggðarlaga í landinu og því mikilvægt að vel takist

til við lagasmíðina. Það er álit meiri hlutans að frumvarpið sé nú sem best verði á kosið og ljóst að ekki verður búið við óbreytt lög áfram.

Með hliðsjón af framangreindu telur meiri hlutinn afar brýnt að frumvarpið verði að lögum á þessu þingi og leggur til að það verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Herra forseti. Magnús Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en aðrir sem undirrita nál. eru sá er hér stendur, hv. þm. Hjálmar Árnason, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sigríður Ingvarsdóttir og Árni R. Árnason.

[11:42]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. formanni samgn., Guðmundi Hallvarðssyni, ræðum við hér frv. til nýrra hafnalaga sem reyndar er lagt fram öðru sinni. Það er svo til sama frv. og kom fyrir þingið fyrir einu ári eða svo *með örlitlum breytingum. Þetta frv. hefur því fengið talsvert* ítarlega meðferð hér á hinu háa Alþingi enda liggja fyrir margar umsagnir um málið sem ég mun gera talsverða grein fyrir hér á eftir.

Áður en lengra er haldið tel ég rétt að gera grein fyrir áliti 1. minni hluta samgn., en ásamt þeim sem hér stendur skrifar undir það álit hv. þm. Kristján L. Möller. Hér á eftir mun síðan hv. þm. Jón Bjarnason gera grein fyrir afstöðu sinni en það er ekki langt á milli okkar í þessu tiltekna máli.

Virðulegi forseti. Í nál. 1. minni hluta samgn. segir m.a., með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu er lagt til að dregið verði verulega úr ríkisstyrkjum til hafna og lögmál samkeppni og markaðssjónarmiða innleidd. Markmiðið er að etja höfnum landsins saman í verðsamkeppni sem mun að lokum leiða til fækkunar hafna og nauðsynlegrar hagræðingar að mati ráðamanna.“ — Ég held að mikilvægt sé að hafa þessi orð til hliðsjónar, „nauðsynlegrar hagræðingar“, því að það skýrist þegar líður á þessa umræðu hvað við er átt með þeim orðum. — „1. minni hluti er almennt þeirrar skoðunar að samkeppni sé hagkvæm og til hagsbóta fyrir heildina. Hér gilda hins vegar sérstök sjónarmið sem gera það að verkum að forsendur samkeppni vantar. Byggðirnar eiga allt sitt undir því að hafnirnar starfi og ef stjórnvöld búa höfnum slíkt starfsumhverfi að rekstrargrundvöllur einhverra þeirra brestur er ríkisstjórnin í reynd að taka þá pólitísku ákvörðun að leggja þær niður.“ — Og það þarf ekki að fara í grafgötur um það að verði einhverjar hafnir lagðar niður er það dómur á þá byggð sem stendur við þá höfn.

„Það er mat 1. minni hluta að heiðarlegra hefði verið af ríkisstjórninni, úr því að hún hefur tekið þessa ákvörðun og vill gera þessa aðför að landsbyggðinni, að segja það hreint út hvar skuli vera byggð og hvar ekki í stað þess að etja byggðunum saman á þann hátt sem hér er gert ráð fyrir. Það er eðli samkeppninnar að einhver verður undir í henni og *þegar menn stofna til samkeppni um lífsbjörgina sjálfa getur* tjónið orðið óbætanlegt og skyldu menn hafa það í huga þegar þeir fjalla um þessi mál. Það þarf ekki að hafa mörg orð um þær afleiðingar sem þetta mun hafa í þeim byggðum sem verða undir.“ — Og við höfum um nokkuð langt skeið orðið vör við hvaða áhrif þróun núverandi fiskveiðistjórnarkerfis hefur haft á þróun fasteignaverðs í þessum byggðum. Hér skal bætt í, hér skal enn veist að landsbyggðinni. Ég trúi því varla, virðulegi forseti, eftir öll afrek hæstv. ríkisstjórnar að *hún ætli að enda feril sinn með þessum hætti.*

„Fyrsti minni hluti hefur mjög miklar efasemdir um ágæti þeirra breytinga sem hér eru lagðar til,“ — og er þá vægt að orði komist — „og óttast að verði þær að veruleika sé verið að tefla í tvísýnu hvaða byggðir muni lifa og hverjar ekki. Einnig verður að viðurkenna að uppbygging hafna á landinu hefur ekki tekið mið af því hvar væri hagkvæmast að hafa þær. Önnur sjónarmið hafa verið höfð að leiðarljósi við uppbyggingu hafnanna og þá einkum byggðasjónarmið og krafan um að þéttbýli og þéttbýliskjarnar fái notið nábýlis síns við sjávarauðlindina. Núverandi fiskveiðistjórnarkerfi gerir það að verkum að staða margra hafna og byggðarlaga ræðst fyrst og fremst af því hvar takmörkuðum sjávarafla er uppskipað. Fiskveiðistjórnarkerfið er því enn ein rök gegn þessu frumvarpi. Engar forsendur eru fyrir því nú að samþykkja lög sem gera ráð fyrir að þessar hafnir keppi sín á milli með þeim hætti sem fyrirhugað er. Í frumvarpinu felst að stjórnvöld treysta sér einfaldlega ekki til að tryggja búsetu *í byggðum landsins né hafa þau dug í sér til að taka ákvörðun* um það hvaða byggðir skuli lifa og hverjar ekki. Þess í stað á að etja þeim saman á ógeðfelldan hátt. Slík vinnubrögð eru þinginu ekki sæmandi og því leggst 1. minni hluti gegn því að frumvarpið verði samþykkt.“

Virðulegi forseti. Ég hef nú farið yfir hin almennu sjónarmið sem við höfum gegn því frv. sem við ræðum nú. Við óttumst mjög afleiðingar sem munu óhjákvæmilega fylgja því ef byggðum landsins verður att saman í samkeppni um lífsbjörgina á þann hátt sem hér er gert ráð fyrir. Að hluta til kom þessi umræða óhjákvæmilega upp í nótt þegar við ræddum um stjórn fiskveiða því þetta er tengt henni órjúfanlegum böndum og það er með hreinum ólíkindum hvers vegna menn setja fram hugmyndir af þessum toga.

Ég held að nauðsynlegt sé að rifja það upp að varla er til ein einasta höfn í landinu sem ríkisvaldið hefur ekki komið að á einn eða annan hátt. Kannski hefur það minnst komið að höfninni í Reykjavík (**Gripið fram í:** Kópavogi.) og hugsanlega Kópavogi. En að þessum höfnum undanskildum hafa þær meira og minna verið byggðar upp í gegnum ríkisframlög. Og halda menn, eru hér inni menn sem láta sér til hugar koma að þau framlög hafi verið sett fram á *grundvelli einhverra samkeppnissjónarmiða, hafi verið sett* fram á grundvelli sjónarmiða um það hvaða hafnir eigi að lifa og hverjar ekki? Nei, virðulegi forseti, sagan sem þegar hefur verið skrifuð gerir það að verkum að það eru litlar sem engar forsendur í dag til þess að etja byggðunum saman á þann hátt sem hér er ætlunin að gera.

Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að fara aðeins yfir nokkrar umsagnir sem fylgja þessu frv., bara til þess að draga það fram hvernig forsvarsmenn hafnanna líta á þetta frv. Það eru menn og konur sem þekkja rekstur þessara hafna og gera sér grein fyrir því hvaða afleiðingar þetta kann að hafa í för með sér.

Við skulum byrja á því að fara á Reykjanesið, við skulum *koma við í Grindavík. Við skulum aðeins fara yfir það hvaða* afleiðingar þetta kann að hafa. Ein meginbreytingin í þessu frv. er sú að um leið og dregið verður úr ríkisstuðningi er hugsunin sú að höfnunum sé ætlað að standa sjálfum undir sér þrátt fyrir uppbyggingu þeirra, eins og ég rakti hér áðan, og í reynd eru kannski litlar sem engar forsendur til að fara þessa leið. Hugmyndin er sú að svokallað aflagjald verði einn meginþátturinn í tekjum hafnanna í stað ríkisframlags sem nú er, enda gera fjárlög ráð fyrir, ef ég man rétt, að spara *einn milljarð í framlög til hafna. Þess ber að geta einnig að*

þessi milljarður hefur fyrst og fremst farið út á landsbyggðina því hafnirnar í Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi hafa nú um langt skeið ekki fengið ríkisstyrki. Þess vegna er fyrst og fremst verið að draga saman á landsbyggðinni og það eru nokkuð skýr skilaboð til þess fólks sem þar býr. Við fórum hér yfir stöðuna í landbúnaði í gær og nú er það sjórinn, þessar tvær meginundirstöðugreinar atvinnulífs á landsbyggðinni.

Eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, ætla ég að leyfa mér að byrja í Grindavík og fara yfir þá umsögn sem þaðan kemur en þar segir, með leyfi forseta: (**GHall:** Hvaða dagsetning er á þessu leyfi, hv. þm.?) Það er 28. febrúar 2002. (**GHall:** Akkúrat.) Þar segir, með leyfi forseta:

„Afnám samræmdrar gjaldskrár og niðurfelling ríkisþátttöku í framkvæmdum eru breytingar sem hafa afdrifarík áhrif á Grindavíkurhöfn. Höfnin er nú þegar skuldsett vegna eldri og yfirstandandi framkvæmda. Höfnin þarfnast frekari stækkunar bæði í viðleguplássi og dýpkun innan hafnar ...“ — En þess ber að geta, hv. þm. sem kallaði hér fram í, Guðmundur Hallvarðsson, að ég hef einnig rætt við forsvarsmenn Grindavíkurhafnar. (**GHall:** Nýlega?) Já, af því að hv. þm. kallar, ætli það séu ekki tíu dagar síðan eða svo. (**ArnbS:** Eru þeir búnir að segja sig úr Hafnasambandi sveitarfélaga?)

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessi framsíköll sem hér koma, en ég ætla að leyfa mér að halda áfram með afstöðu Grindavíkurbæjar sem kynnt hefur verið hér á hinu háa Alþingi:

„Afnám samræmdrar gjaldskrár og niðurfelling ríkisþátttöku í framkvæmdum eru breytingar sem hafa afdrifarík áhrif á Grindavíkurhöfn. Höfnin er nú þegar skuldsett vegna eldri og yfirstandandi framkvæmda. Höfnin þarfnast frekari stækkunar bæði í viðleguplássi og dýpkun innan hafnar til þess að geta veitt heimaflotanum fullnægjandi þjónustu. Samkeppnisaðstaða hafnarinnar gagnvart öðrum höfnum skekkist því verulega nái framangreindar breytingar fram að ganga. Hið nýja frumvarp gerir ráð fyrir að hafnir bæti sér upp missi ríkisframlaga með sjálfsákvörðunarrétti um gjaldskrá. Er þá fyrst og fremst horft til hækkunar á aflagjaldi. Samkeppnissvigrúm Grindavíkurhafnar í aflagjaldinu er nánast ekkert þar sem höfnin tekur 59% af tekjum inn í formi aflagjalds.“ — Það má sjá á þeim lista sem fylgir þessari umsögn. — „Það sjá allir sanngjarnir menn að samkeppnisstaða Grindavíkur er engin gagnvart t.d. Hafnasamlagi Suðurnesja með 14%“ — og ýmsum öðrum höfnum á Suðurnesjum og í Hafnarfirði þar sem aflagjaldið er miklum mun lægri prósenta, og því eitthvert svigrúm þar. Svo segir áfram: „Við í Grindavík kippum okkur ekki upp við samkeppni. En við viljum fá að keppa á jafnréttisgrundvelli.“ — Það er akkúrat kjarni málsins. — „Þrátt fyrir að framkvæmdir við nýja innsiglingu hafi nú þegar skilað hafnarsjóði verulegum tekjuauka virðist þessi breytta samkeppnisstaða kippa rekstrargrundvellinum undan hafnarsjóði Grindavíkur.“

Það er þetta sem er dregið fram, virðulegi forseti, með skýrum hætti, að svona samkeppni sem á að koma á fót getur aldrei orðið á jafnréttisgrundvelli. Þess vegna standast forsendur fyrir þessu frv. ekki eina einustu skoðun. Ef við skoðum aflagjald sem hlutfall af tekjum á árinu 2000 er Reykjavík með 5,58% af heildartekjum, Hafnarfjörður með 15,98%, Vestmannaeyjar með 28,9%, Fjarðabyggð með 29,01%, Ísafjarðarbær með 31,73%, Hafnasamlag Suðurnesja — það skal ítrekað að þetta er á árinu 2000, á meðan Hafnasamlagið var og hét — 13,79%, Akranes 25,67%, Grindavík 58,94%, Grundartangi 0%, Þorlákshöfn 31% og Snæfellsbær, sem ætti ekki að vera hæstv. samgrh. ókunnur, með 53,37%. Hér er dregið fram hver staða þessara hafna er. Þetta eru reyndar tölur frá árinu 2000 en ekkert hefur komið fram um að þetta hlutfall hafi breyst mikið.

Það er í reynd, virðulegi forseti, alveg sama hvar borið er niður í þessum mörgu álitum sem ég hef hér undir höndum, hafnir á landsbyggðinni hafa af þessu mjög miklar áhyggjur. Því miður er það svo, virðulegi forseti, að í meðförum samgn. á þessu tiltekna máli sem hefur reyndar verið nokkuð lengi til meðferðar, þeirri grunnhugsun sem birtist í þessu máli, hafa engin sannfærandi rök verið sett fram sem styðja það að þessi leið sé farin.

Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að halda hér aðeins áfram við að fara yfir umsagnir. Reyndar er hluti þessara umsagna frá því í fyrra þegar málið kom fyrst fyrir nefndina en þær breytingar sem gerðar hafa verið breyta litlu í sjálfu sér um þau grundvallarsjónarmið sem hér koma fram.

Hér er t.d. athugasemd frá Vestmannaeyjum þar sem mjög hefur verið varað við því að þessi leið verði farin, og svona get ég áfram rakið þær umsagnir sem hér er að finna. Ég ætla kannski ekki í fyrstu ræðu minni í þessu máli — þær eiga án nokkurs vafa eftir að verða fleiri — að fara frekar yfir annað en þau meginsjónarmið sem við höfum sett fram, og gera grein fyrir þeim meginsjónarmiðum sem búa að baki því að við, ég og hv. þm. Kristján L. Möller, leggjumst eindregið gegn samþykkt þessa frv. Ég mun í síðari ræðum mínum í umræðum um þetta mál gera frekari grein fyrir einstökum greinum og fara þá betur yfir þær sem eru margar hverjar frekar tæknilegrar útfærslu. Ég hef hins vegar rakið þau grundvallarsjónarmið sem við höfum og búa að baki því að við leggjumst eindregið gegn þessu frv.

[12:02]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er náttúrlega með ólíkindum að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson skuli vera með þennan málflutning. Ég held að honum hafi orðið mismæli á þegar hann sagði að nú væri verið að snúa frá ríkisstyrkjum sem aðaltekjum hafnanna yfir í aflagjald. Aflagjaldið hefur alltaf verið við lýði. Það er verið að hækka það um 0,78%. Er ekki eðlilegt að þeir sem kaupa þjónustu hjá höfnum borgi sem næst sanngjarnt kostnaðarlega fyrir þá þjónustu sem þeir fá?

Ég vil benda á annað. Ég kallaði fram í fyrir þingmanninum, og bið hann afsökunar á því, vegna þess að hann ætlaði ekki að gera það sem skiptir öllu máli. Það eru sífelldar tilvitnanir til bréfa frá því í ársbyrjun 2002. Hv. þingmenn, takið þið eftir þegar hv. þm. Jón Bjarnason kemur hér á eftir og flytur sitt minnihlutaálit. Þá mun það speglast í öllu hans máli að hann er að vitna til bréfa frá því í ársbyrjun 2002. Gjörbreyting hefur orðið á þessu frv. Bara af því að hv. þm. nefndi Grindavík þá ætla ég að nefna hér nokkrar tölur.

Á árunum 2003–2006 verður þar unnið við viðlegumannvirki fyrir 196 milljónir. Aðrar framkvæmdir eru upp á 80 milljónir. Samtals erum við hér að tala um 665 millj. kr. framkvæmd í Grindavík. Ríkisstyrkurinn verður 438 milljónir. Það eru 100 milljónir á þessu tímabili sem menn þurfa jú að finna flöt á. En hér er talað eins og verið sé að klippa á lífskeðju hinna dreifðu byggða og að ríkisstjórnin sé alvond. Sagt er að það eigi að loka höfnum og að yfirvofandi séu stórkostlegir búferlaflutningar fólksins í hinum dreifðu byggðum til Reykjavíkur.

Þetta er svo rangur málflutningur að það tekur engu tali, hv. þingmaður.

[12:05]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi nú aldrei orðað það þannig í ræðu minni að ríkisstjórnin væri alvond. Það gerði hv. þm. og ég skal svo sem ekkert gera lítið úr því.

Í ræðuhöldum sínum gerði hv. þm. lítið úr umsögnum, gerði lítið úr athugasemdum þeirra sem vinna við þetta frá degi til dags. Það mætti ímynda sér að þeir sem hafa sett fram þessi sjónarmið þekki ekkert til.

Við vitum það báðir, ég og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, að gerðar hafa verið breytingar á frv. frá því í fyrra. Um það deilum við ekki. En það breytir ekki hinu að sömu grundvallarsjónarmið búa að baki og það breytir ekki því — alveg sama hvernig við leggjum upp með það — það breytir ekki því að við vitum hvernig þessar hafnir hafa orðið til. Við vitum að það að etja þeim út í þá samkeppni sem hér er verið að ræða um mun aðeins leiða til eins, þ.e. þess að sumar hafnir munu lifa og aðrar deyja. Það er eðli samkeppninnar. Ég held að við deilum ekki um þetta heldur. Þetta er óhjákvæmileg niðurstaða af því frv. sem við ræðum.

Auðvitað getur hv. þm. reynt að bera í bætifláka fyrir þær hugmyndir sem hann stendur fyrir og það er ofur eðlilegt. (Gripið fram í.) En það breytir ekki þessari staðreynd. (**Samgrh.:** Er þingmaðurinn á móti samkeppninni?)

Ef hæstv. samgrh., sem hér grípur fram í, hefði lesið t.d. nál. sem við lögðum fram þá er þeirri spurningu svarað mjög skýrt þar og ég hvet hæstv. ráðherra (**Samgrh.:** Ég er búinn ...) til þess að lesa nál. 1. minni hluta því þar kemur það mjög skýrt fram. (**Samgrh.:** Það var mjög fljótgert að lesa það.) Það kemur mjög skýrt fram, virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að vakin sé athygli á þessu. En ég hvet hæstv. ráðherra til þess að svara þessu. (Forseti hringir.) En, virðulegi forseti, er ekki andsvar við einn í einu eða hvernig er það? Er það ekki hugsað þannig?

(**Forseti** (HBl): *Ég vona að hv. þingmaður þekki þingsköpin.*)

[12:07]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir rétt að benda á og endurtaka það að hér er verið að vitna til umsagna margra hafna og Hafnasambands sveitarfélaga sem eru frá upphafi árs 2002.

Flestar þær umsagnir sem bárust og voru með athugasemdum hafa leitt til þess að frv. var verulega breytt enda segir, með leyfi forseta, í athugasemdum við frv.:

„33. ársfundur Hafnasambands sveitarfélaga tekur undir skýrslu stjórnar fyrir árið 2001–2002 þar sem fjallað er um frumvarp til nýrra hafnalaga. Einnig tekur fundurinn undir framsögu formanns hafnasambandsins um frumvarpið og þær tillögur til breytinga sem þar koma fram.“

Á fund samgn. komu formaður Hafnasambands sveitarfélaga og formaður Sambands ísl. sveitarfélaga og lögðu eindregið til að frumvarpið yrði samþykkt með þeim breytingum sem það hafi tekið. Það er kannski sjónarmið út af fyrir sig að koma hér og halda þessu fram í einhverju pólitísku togi og vera með villandi upplýsingar um málið.

Af því að hv. þm. nefndi Vestmannaeyjar vil ég geta þess sérstaklega að hér eru ætlaðar framkvæmdir á þessum árum, 2003–2006, upp á 602 milljónir og hlutur ríkisins er tæpar 450 milljónir. Auðvitað hefur þetta verið svona í gegnum árin. Gerðar hafa verið áætlanir jafnt hjá höfnum sem ríki. Síðan þegar kemur að endanlegu uppgjöri þá er auðvitað sest niður og farið yfir málin þannig að þær breytingar sem hafa orðið á frv. hafa leitt til þess að formaður Hafnasambands sveitarfélaga og formaður Sambands ísl. sveitarfélaga mæla með því að frv. verði samþykkt.

[12:09]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit eiginlega ekki alveg hvernig ég á að skilja andsvar hv. þm. Við vitum það báðir að áfram verða tiltekin verkefni styrkhæf. Ég hef skilið hv. þm. þannig í þessum andsvörum tveimur að af því að ráðist verði í tiltekin verkefni, annars vegar í Grindavíkurhöfn og hins vegar í Vestmannaeyjahöfn og ríkisframlög verða sett fram vegna þeirra framkvæmda, þá sé ekkert að marka umsagnir þeirra og hugmyndir. Er það þannig að úr því að það eigi að leggja fram einhverja fjármuni til þessara hafna þá eigi þær ekkert að gera athugasemdir við þetta frv. eða hvernig á að skilja þennan málflutning? Það er náttúrlega alveg með hreinum ólíkindum hvernig þetta er lagt upp.

Síðan er hér komið og því haldið fram að þó að menn geri athugasemdir við grundvallarsjónarmið í frv. að hér sé verið með eitthvert pólitískt skítkast — hv. þm. notaði reyndar ekki orðið skítkast. Það er það sem ég notaði — en að verið sé að setja þetta í einhverja slíka umræðu. Auðvitað er hér stórpólitískt mál á ferðinni. Halda hv. þingmenn að það sé ekki stórpólitískt mál hvort hafnir lifi á landsbyggðinni eða hafnir deyi? Ég veit ekki í hvaða veröld hv. þingmenn búa. Það er alveg með hreinum ólíkindum hvernig málflutningurinn er hér, með hreinum ólíkindum. (**GHall:** Þú segir að þær muni ... deyja.)

Ég hef ekki sagt að þær muni allar deyja. Ég hef sagt að í samkeppninni muni alltaf einhverjar láta undan síga og einhverjar muni deyja. (Gripið fram í.) Hvað ætla hv. þingmenn að segja við þau byggðarlög þar sem hafnirnar munu ekki geta staðist þessa samkeppni? Hvað ætlið þið að segja við eigendur fasteigna þar? Hvernig ætlið þið að útskýra þetta fyrir fólki? Það væri fróðlegt að heyra eitthvað slíkt í stað þess að vísa hér í einhver framtíðarplön um einhver verkefni langt fram í tímann. Kannski væri nær að heyra einhver grundvallarsjónarmið um það hvernig þið ætlið að taka á því. (Forseti hringir.)

Það er alveg, virðulegi forseti, með ólíkindum hvernig menn leggja þetta upp og reyna að kasta ryki í augu þeirra sem eiga að vinna eftir þessu.

(**Forseti** (HBl): *Ég vil minna á að það á að segja hv. þm. líka í frammíköllum.*)

[12:12]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hluta samgn. við frv. til hafnalaga sem kemur hér til 2. umr. Ég stend einn að þessu nál. en eins og kom fram í ræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar fer afstaða okkar til þessa frv. nokkuð saman.

Þetta frv. til hafnalaga kom einnig inn á vorþingi á síðasta þingi en fékk þá ekki endanlega afgreiðslu.

Ég vil í upphafi máls míns vísa til upphafs nál. meiri hluta samgn. sem ég sleppti úr mínu nál. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson og Sigurberg Björnsson frá samgönguráðuneytinu, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Árna Þór Sigurðsson frá Hafnasambandi sveitarfélaga.

Frumvarpið er endurflutt frá síðasta þingi með nokkrum breytingum. Þá var það sent til umsagnar og bárust umsagnir frá eftirtöldum: Akraneskaupstað, Póst- og fjarskiptastofnun, Borgarfjarðarhreppi, Vegagerðinni, Almannavörnum ríkisins, Grindavíkurkaupstað, Slysavarnaskóla sjómanna, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, sveitarfélaginu Árborg, Siglingastofnun, Byggðastofnun, Samtökum iðnaðarins, Reykjavíkurhöfn, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Vestmannaeyjahöfn, Hafnarfjarðarhöfn, Hafnasamlagi Norðurlands, Landhelgisgæslu Íslands, Þórshafnarhreppi, Samtökum ferðaþjónustunnar, Vopnafjarðarhreppi, Eimskipafélagi Íslands, Olíudreifingu ehf., Grundartangahöfn, Húsavíkurkaupstað, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Hafnasambandi sveitarfélaga, Akraneshöfn, Siglufjarðarkaupstað, Landssambandi smábátaeigenda, Náttúruvernd ríkisins, Reykjavíkurborg, Stykkishólmsbæ, Vélstjórafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Sveitarfélaginu Ölfusi, Eyþingi, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Sandgerðisbæ, Þjóðhagsstofnun og Íslenska járnblendifélaginu ...“

Herra forseti. Ég rek þetta hér til að gera grein fyrir því hve gríðarlega þýðingarmikið mál þetta er og hversu margir hafa sent um það umsögn. Vegna orða hv. formanns samgn. Guðmundar Hallvarðssonar vil ég benda á það sem fram kemur í nál. meiri hlutans. Þar er vikið að þessum umsögnum, að viðkomandi umsagnir fylgdu þessu frv. Ég vildi útrýma þeim misskilningi að þær umsagnir ættu ekki við þetta frv. Hv. þm. hefur eitthvað misskilið það.

Það er alveg hárrétt að frumvarpið fékk mjög ítarlega umfjöllun á milli þinga og margt í því hefur verið lagfært. Það var því mat meiri hluta nefndarinnar að ekki þyrfti að senda frumvarpið aftur til umsagnar á þessu þingi. Hann mat það hins vegar svo að hægt væri að vísa til umsagna sem borist hefðu við frv. á vorþingi á sl. ári. Herra forseti. Ég segi þetta svona til upplýsingar og til þess að menn átti sig á þessum hlutum.

Ef ég vík aftur að nál. 2. minni hluta samgn. þá er þetta frv. sem hér er til umræðu, eins og ég hef áður getið, í helstu atriðum samhljóða því frumvarpi sem samgönguráðherra lagði fram á Alþingi fyrir einu ári.

Það er samdóma álit þeirra sem sendu inn umsagnir á síðasta þingi að þörf sé á að endurskoða lögin. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu frá því að það var lagt fram á síðasta þingi og eru þær flestar til bóta. Hugmyndafræðin er þó óbreytt og langtímaáhrif þessarar lagasetningar, ef af henni verður, munu verða gífurleg á byggðir á Íslandi og reynast fiskihöfnum vítt og breitt um landið þung í skauti.

Helstu nýmæli í þessu frumvarpi frá gildandi hafnalögum eru tilgreind í greinargerð með frumvarpinu en þar segir:

1. Gert er ráð fyrir að samræmd gjaldskrá hafna verði aflögð og ákvæði samkeppnislaga gildi um gjaldtöku þeirra.

2. Leyft verður að reka hafnir undir fleiri rekstrarformum, þar með talið undir hlutafélagaforminu.

3. Gert er ráð fyrir að frumvarpið taki til allra hafna landsins.

4. Móttökuskylda hafna er skilgreind.

5. Ríkisafskipti af höfnum eru minnkuð en áfram er gert ráð fyrir að viðhaldsdýpkanir, lagfæringar og viðhald á skjólgörðum sé greitt að hluta til úr ríkissjóði.

6. Framtíð smærri fiskihafna er betur tryggð en í núgildandi lögum.

7. Önnur stjórnvaldsafskipti af höfnum eru betur skilgreind.

Herra forseti. Þetta eru megindrættir þeirra markmiða sem ætlað er að ná varðandi breytingar á núgildandi hafnalögum.

Annar minni hluti gerir sérstakar athugasemdir við fyrsta og annan lið í framangreindri upptalningu sem lýtur að því að samræmd gjaldskrá hafna verði aflögð og ákvæði samkeppnislaga gildi um gjaldtöku þeirra, þ.e. að höfnunum sé gert að fara í frjálsa samkeppni innbyrðis um gjaldtöku fyrir þá þjónustu sem þær veita.

Annað sem sérstaklega eru gerðar athugasemdir við er að leyft verði að reka hafnir undir fleiri rekstrarformum, þar með talið hlutafélagsforminu. Hér greinir okkur verulega á en að mati þess sem hér talar eru hafnirnar hluti af grunnneti samgöngukerfis landsins. Þær hafa byggst upp vegna samgangna á sjó og sem nauðsynleg þjónustumannvirki fyrir fiskiskipaflotann. Hafnirnar eru forsenda atvinnulífs og búsetu í sjávarþorpum og bæjum víða um land. Annar minni hluti lítur því á hafnir í flestum tilvikum sem þjónustumannvirki, hluta af almannaþjónustu við atvinnulíf og búsetu í landinu. Hugmyndafræðin að baki frumvarpinu felst í að heimila einkavæðingu hafnarmannvirkja vítt og breitt um landið og innleiða frjálsa samkeppni hafna innbyrðis, þ.e. að láta þær keppa hverja við aðra um að fá til sín viðskipti og þjónustu. Samkvæmt frumvarpinu verður dregið verulega úr ríkisstyrkjum til hafna og notendum hafnanna, einkum sjávarútveginum, gert að standa undir nauðsynlegum framkvæmdum og viðhaldi þeirra. Búast má við harðri samkeppni milli hafna þegar fram líða stundir og í slíkri samkeppni munu einhverjar hafnir óhjákvæmilega verða undir.

Í athugasemdum við 18. gr. frumvarpsins segir:

„Frumvarpið gerir ráð fyrir að sveitarfélög geti framselt rekstur hafna til annars rekstrarforms“ — þ.e. hlutafélagsformsins. — „Gert er almennt ráð fyrir að slíkt félag verði áfram í eigu viðkomandi sveitarfélags en þó eru í frumvarpinu engar takmarkanir settar á að sveitarfélög geti síðar selt hlut sinn öðrum aðilum.“

Herra forseti. Það er verið að opna fyrir fullkomna hlutafélagavæðingu og einkavæðingu á höfnunum ef þannig ber undir.

Annar minni hluti getur ekki fallist á þessa einkavæðingarhugmyndafræði sem teygir sig sífellt lengra inn á svið almannaþjónustunnar.

Loks gagnrýnir 2. minni hluti þá tæmandi sundurliðun gjaldheimilda sem finna má í 17. gr. frumvarpsins. Greinilegt er að ákvæðið er eingöngu sniðið að stórum umsvifamiklum höfnum og ljóst að smærri hafnir eiga óhægt með að sundurliða og kostnaðargreina gjöld sín eins og krafist er. Þá er ljóst að tæmandi talning gjaldheimilda getur verið mjög heftandi í starfsemi hafna.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir nál. sem ég stend að um frv. til hafnalaga og vil víkja betur að nokkrum þeim atriðum sem komið er inn á í nál.

Ég hef gert að sérstöku umtalsefni þá heimild sem frv. felur í sér til hlutafélagavæðingar hafnanna og það að gera höfnum skylt að keppa innbyrðis um gjaldskrá. Að mínu mat þurfa fiskihafnirnar í sjávarbyggðunum á Vestfjörðum eða Norðurlandi vestra ekki mest á því að halda nú að fá rétt til að keppa um viðskiptin. Ég tel það þeim reyndar mjög hættulegt.

Í umfjöllun um þetta frv. var vikið að því hvernig þessu væri háttað erlendis, t.d. í nágrannalöndunum. Mig minnir að vitnað hafi verið til Danmerkur og þá komið fram að aðeins örfáar hafnir, ein, tvær eða þrjár hafnir í Danmörku, teldust af þeirri stærð að það réttlætti að þær kepptu á samkeppnismarkaði. Aðrar hafnir landsins voru taldar of litlar en það stór og mikilvægur hluti af grunnþjónustu viðkomandi svæða, með svæðisbundna þjónustu, að það væri engan veginn í takt við verkefni þeirra og stöðu að láta þær keppa á samkeppnismarkaði.

Hvað skyldum við segja, í þeirri stöðu sem hafnirnar eru hér á landi? Það má kannski segja að tvær eða þrjár hafnir hér séu af þeim stærðarflokki að hægt væri að segja að þær gætu verið á samkeppnismarkaði með rekstur sinn. Allar hinar hafnirnar veita að stórum hluta staðbundna þjónustu og eiga ekkert erindi inn í það umhverfi sem þeim er heimilt að fara inn í samkvæmt frv. Það er svo, herra forseti, að þó að menn segi að þetta sé bara heimild og hafnir taki upp þetta rekstrarform, hlutafélaga- og samkeppnisformið ef þær vilja, þá mun það óneitanlega leiða til þess að fari ein af stað þá munu hinar verða að taka upp sama form til þess að geta slegist á sama plani. Þannig er það nú bara. Fögur orð og góðar væntingar um að menn sjái að sér og nýti sér ekki þessar heimildir gilda ekki þegar út á völlinn er komið.

Ég vil vekja athygli á því að þetta lagafrv. kveður á um stærðarflokkun hafna og að sú flokkun ráði m.a. ríkisstyrkjum og öðru sem lýtur að stofnkostnaði og rekstri þeirra. Nú er það svo að sveitarfélög hafa verið að sameinast og stofnuð hafa verið hafnasamlög þar sem fleiri en ein höfn, hafnir af mismunandi stærð hafa verið innan vébanda sveitarfélagsins. Sú staðreynd að hafnir af mismunandi stærð myndi eitt hafnasamlag getur í sjálfu sér komið niður á stöðu þeirra gagnvart ríkisframlögum.

Í 14. gr. frv., um hafnasamlög, er kveðið á um að hafnasamlög, samsett af mismunandi stærð af höfnum, geti átt rétt á ríkisstyrk miðað við fyrri stærð þeirra í allt að fimm ár frá því að sameining tekur gildi þrátt fyrir að hafnirnar falli undir hafnasamlag yfir viðmiðunarmörkum um stærðir hafnargarða varðandi ríkisframlögin. Þarna er gefinn fimm ára aðlögunartími.

Það er svo sem gott og blessað að fá aðlögunartíma. En fimm ára aðlögunartími breytir í sjálfu sér engu í eðli byggðarinnar nema ætlunin sé að nota þann tíma til að leggja niður einstakar hafnir. Fimm ár breyta vonandi ekki því að einstök byggðarlög leggi af hafnir sínar og starfsemi. Í grundvallaratriðum er þessi grein og þessi ráðstöfun íþyngjandi fyrir þá sem vildu finna hagræðingu eða rekstrarlega betri forsendur fyrir að sameina hafnirnar í eitt hafnasamlag. Þessi grein er því til trafala.

Hin greinin sem ég benti á, um innheimtu á gjöldum, er afar nákvæm sundurliðun á gjöldunum. Hver höfn verður að sundurliða gjöldin mjög nákvæmlega, í einum 14 eða 15 gjaldflokkum sem: vörugjöld, farþegagjald, leigugjald fyrir svæði, gjald fyrir geymslu, leigugjöld fyrir afnot af mannvirkjum, leyfisgjöld fyrir bryggjur og önnur mannvirki, lóðargjald og lóðarleiga, hafnsögugjöld, gjöld fyrir þjónustu dráttarbáta, festargjöld, gjöld fyrir sölu á vatni og rafmagni, sorpgjöld, vigtargjald og umsýslugjald.

Ég skil vel nauðsyn þess að halda þessum gjaldflokkum aðgreindum í rekstri stórra hafna. En ég sé ekki þörfina fyrir það í rekstri hinna smáu fiskihafna þar sem einungis er veitt grundvallarþjónusta við fiskiskipaflotann og í mesta lagi eitt strandferðaskip. Strandsiglingarnar eru reyndar að leggjast af þannig að sú starfsemi hafnanna fer minnkandi. Þetta er fyrst og fremst staðbundin þjónusta á höfnunum við atvinnulífið á staðnum. Þó að svona sundurliðun geti fallið að einhverjum risahöfnum þá passar hún að mínu mati engan veginn við litlar fiskihafnir sem eru bara þjónustuhafnir fyrir sitt svæði.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir nefndaráliti mínu við frv. til hafnalaga. Ég tel þá grundvallarhugsjón sem þar er höfð að leiðarljósi ranga, að hafnir vítt og breitt um landið skuli reknar á samkeppnisgrunni, keppa um viðskiptin, heimilt skuli að einkavæða þær og setja á hlutafélagamarkað. Ég tel þetta ranga nálgun og er andvígur henni. Hafnirnar eiga að vera þjónustustofnanir, þjónustumannvirki fyrir atvinnulíf og búsetu á viðkomandi stöðum fyrst og fremst. Í þeirri þjónustu á arður þeirra að vera fólginn, þ.e. gagnvart atvinnulífinu í landinu öllu. Ekki skal þó dregin dul á að ýmis atriði önnur í þessu frv. til hafnalaga eru þörf, tímabær og í takt við nýjar og breyttar aðstæður.

[12:32]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má segja að hv. þm. Jón Bjarnason sé þarna með prinsippatriði sem hann telur að ekki falli að stefnu stjórnmálaflokks síns. Að öðru leyti mátti skilja á máli hans að hér væri ný framtíð, ný stefna og mál sem væri allrar athygli vert hvað áhrærir rekstur hafna.

Við höfum farið vel yfir málið og 17. gr. hafnalagafrumvarpsins en í henni er upptalningin á gjöldunum. Við höfum líka skoðað 7. gr. sveitarstjórnarlaganna þar sem segir svo, *með leyfi forseta:*

„Sveitarfélög skulu hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði á gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem fyrirtækin og stofnanirnar annast.

Sveitarfélög skulu setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og er heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra."

Herra forseti. Þetta er mál sem lögfræðingar sem grannt hafa skoðað segja að standist tæplega. Nú eigi öll gjaldtaka hins opinbera að vera sýnileg og hún eigi að vera ákveðin hér, á Alþingi. Því máli ýttum við þá út af borðinu og töldum eðlilegt að áfram stæði 17. gr., svo breytt, eins og nú er í frv. til hafnalaga. Það má auðvitað deila um þetta en hins vegar erum við að fara eftir þeirri meginstefnu sem Alþingi hefur markað og mótað, þ.e. að öll gjaldtaka skuli vera sýnileg, hún skuli vera lögfest þannig að menn séu ekki að ganga lengra en heimildir segja til um.

[12:34]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni um það að gjaldskrá skuli vera sýnileg. Þegar rekstur er kominn í samkeppni og stærðargráðu sem stendur

undir mikilli sundurliðun er alveg sjálfsagt að gera það. Þessi grein sem kveður á um svo gríðarlega mikla sundurliðun á hafnargjöldum segir okkur kannski það að nánast engin höfn á Íslandi fellur að þessu munstri. Það munstur sem þarna er verið að draga upp hentar fyrir stórar hafnir með fjölþættri starfsemi og fjölþættri þjónustu á samkeppnismarkaði í Evrópu, Asíu eða þar sem samkeppnisumhverfið er allt annað og getur hiklaust átt rétt á sér. En við okkar íslensku aðstæður er það þannig að rekstur á þessum litlu fiskihöfnum, þjónustuhöfnum vítt og breitt um landið, sem eru fyrst og fremst til þess að þjóna viðkomandi atvinnulífi en ekki að standa í samkeppnisrekstri við að fá skip í viðskipti frá Frakklandi, Belgíu, Hollandi eða Lúxemborg eða hvaðan sem er, það væri ekki þeirra vettvangur, rekstur þessara litlu fiskihafna þjónar atvinnulífi á viðkomandi nærsvæði. Og þá er að mínu mati, herra forseti, sundurliðun eins og þarna er verið að tína til fullkomlega óþörf og hindrandi og hentar engan veginn og undirstrikar kannski betur en nokkuð annað að lagasetning á grunni þessarar hugmyndafræði hvað þetta varðar hentar alls ekki við íslenskar aðstæður.

[12:36]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vill svo merkilega til að ég held að það séu örfá skip til sem eru skráð frá Lúxemborg en eins og menn vita er náttúrlega ekki hafngengt þangað.

En aðeins út af því sem hv. þm. kom inn á, hann hafði áhyggjur af hinum litlu höfnum, þá þykir mér rétt að geta þess sérstaklega að styrkir til þessara hafna vegna viðlegu voru áður 60% og vegna dýpkunar 75%. Nú hækkar þetta framlag þannig að hvort tveggja fellur undir 90% styrk. Þannig er að sumu leyti verið að þrengja að, eins og hv. þm. kom inn á, þ.e. varðandi samkeppni hinna stærri hafna, en hér er tekið verulega á þessum litlu höfnum. Ég ætla að telja upp t.d. Súðavík, Hólmavík, Bakkafjörð, Blönduós, Grímsey, Drangsnes, Borgarfjörð eystri, Hvammstanga, Kópasker og Breiðdalsvík og svo mætti lengi telja. Það er verið að auka styrk til þessara hafna þannig að þegar menn koma hér í ræðustól — að vísu hefur hv. þm. Jón Bjarnason ekki látið það frá sér fara — og tala eins og ríkisstjórnin gangi um með sveðju, blóðug upp að öxlum og ætli að leggja af flestar hafnir landsins eru menn náttúrlega að vaða reyk, pólitískan reyk. Það er vont mál vegna þess að það veldur óróa í hinni dreifðu byggð þegar svo er talað að hér sé vond ríkisstjórn að verki sem vilji landsbyggðinni allt illt. Þvert á móti er verið að gera þeim starfsumhverfið enn betra, en þeir sem þurfa ekki á styrkjum að halda eiga auðvitað ekki að fá þá.

Síðast en ekki síst er hækkun aflagjaldsins úr 1% upp í 1,87% auðvitað sjálfsagður hlutur. Telja menn annars í raun nauðsynlegt að styrkja útgerðina með þeim hætti sem gert hefur verið í gegnum árin? Nei, herra forseti. Ég tel eðlilegt að hér sé tekið á og við lögum okkur að nútímanum. Að við aðlögum okkur að umhverfinu eins og það er nú en séum ekki með þetta kerfi eins og það hefur verið og er gjörsamlega gengið sér til húðar, enda segja þeir Árni Þór Sigurðsson, formaður hafnarstjórnar Reykjavíkur, forseti borgarstjórnar og formaður Hafnasambands sveitarfélaga, og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga: Já, áfram með frumvarpið, samþykkið það.

[12:39]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjalla um hvort ríkisstjórnin sé góð eða slæm. Hún reynir vafalaust að vinna verk sín út frá sínum forsendum. Ég tel svo sem allt í lagi að skipta henni út en það er ekki mál þessa frumvarps, a.m.k. ekki í bili.

Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að í frv. er margt gott lagt til til þess að draga úr þeirri hættu og þeim ágöllum sem felast í því að taka upp samkeppni og hlutafélagavæðingu í höfnunum. Það er alveg hárrétt, og alveg skylt og sjálfsagt að taka undir það. Eftir stendur sú hugmyndafræði að baki óbreytt til lengri tíma að hafnirnar, þessar litlu þjónustuhafnir vítt og breitt um landið, eiga að fara að keppa innbyrðis um þjónustuna á grundvelli þess verðs sem þær geta boðið. Nú eru þær að keppa um að halda viðskiptum, að einhverjir geri út frá stöðunum, að viðskiptin fari ekki burt. Og ég hefði ekki trúað því að þeir styrki í sjálfu sér fjárhagsgrundvöll sinn þótt þeir fái heimild til þess að bjóða niður gjöldin við næstu höfn.

Herra forseti. Það fyrirkomulag sem hér er lagt til hentar að mínu mati engan veginn við íslenskar aðstæður og getur orðið byggð, búsetu og rekstri hafna vítt og breitt um landið hættulegt þegar til lengri tíma er litið.

[12:41]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér fara fram mjög athyglisverðar umræður um frv. ríkisstjórnarinnar til hafnalaga. Ég hef að mestu leyti fylgst með þeim en missti þó af hluta þeirra í byrjun hádegisins vegna þess að ég sótti fund hjá kosningastjórn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs Suðvesturkjördæmisins þar sem m.a. var rætt um Íraksmálið. Við tókum upp þá áskorun sem fram hefur komið frá verkalýðshreyfingunni, öllum helstu samtökum launafólks á Íslandi og friðarhreyfingunni „Átak gegn stríði" sem staðið hefur fyrir fjöldamótmælum gegn hernaðaráformum Bandaríkjanna gagnvart Írak núna hvern laugardag við sendiráð Breta og Bandaríkjanna, sérhvern laugardag í langan tíma, og fyrirhuguð eru mótmæli á morgun. Þetta fer alltaf fram klukkan tvö. En við ákváðum á þessum fundi að senda frá okkur áskorun, áskorun til almennings um að virða hvatningu verkalýðshreyfingarinnar og friðarhreyfingarinnar, að taka af krafti þátt í fjöldamótmælum gegn fyrirhuguðum árásum á Írak.

Herra forseti. Ég vildi að það kæmi fram að við höfum orðið við þeirri hvatningu sem komið hefur frá verkalýðshreyfingunni og friðarhreyfingunni um að taka þetta mál upp.

Varðandi hafnalögin fer því fjarri að við séum með einhverja allsherjarfordæmingu á því að gerðar verði breytingar á hafnalögum. Því fer fjarri. Við teljum að þar sé sitthvað að finna sem þurfi að færa til betri vegar eins og komið hefur fram í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Hins vegar teljum við að í þessu frv. og í þessum breytingum sé að finna ýmislegt mjög varasamt sem við gagnrýnum mjög harðlega. Og þar vil ég gera ágæta yfirferð hv. þm. Jóns Bjarnasonar að minni, hans orð að mínum.

Fyrst aðeins um samráðsþáttinn. Það segir í nál. meiri hlutans að hér sé um mikið hagsmunamál að ræða fyrir byggðirnar í landinu. Það er að sönnu rétt. Ljóst er að frv. snertir veigamikla hagsmuni margra byggðarlaga í landinu

og því mikilvægt að vel takist til við lagasmíðina. Á þessa leið segir í nál. og undir það skal tekið. Málflutningur okkar miðast jú að því að vandað verði til verkanna.

Þá að samráðinu. Í nál. er rakinn aðdragandinn að þessu frv., vísað í nefnd sem skipuð var í árslok árið 1999 og síðan rakið hvernig þar verða til drög að frv. sem koma inn í þingið og taka síðan breytingum eftir samráð við aðskiljanlega aðila.

Það sem ég vildi segja um samráð er þetta: Allt of oft gerist það að ríkisstjórnir, ekki bara þessi, reyna að koma fram sinni pólitísku stefnu oft í hinu ýrasta formi í upphafi og síðan er gengið til samstarfs, svokallaðs samráðs við aðila sem færa fram mikla gagnrýni á þessa sömu pólitísku stefnu. Þannig byggir niðurstaða samráðsins oft á því að menn reyna að ná fram einhverjum betrumbótum, einhverjum breytingum á upphaflegum tillögum sem menn hafa verið mjög ósáttir við. Mér finnst mikilvægt að við höfum það í huga að niðurstaða getur þannig orðið á þann veg að hún sé í reynd ekki að skapi aðila þótt þeir hafi á endanum lagt blessun sína yfir hana. Og þó að ég efist ekki um að þeir aðilar sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson taldi upp hafi lagt blessun sína yfir frv., þá er samhengið þetta. En hér er komið að okkur á Alþingi að skoða þetta út frá okkar sjónarhóli. Þetta vildi ég nefna í upphafi um samráðið.

Síðan er augljóst að það er sami rauði þráðurinn sem gengur í gegnum þetta frumvarp og ýmis önnur frumvörp sem liggja fyrir þinginu og hefur áður verið þröngvað í gegnum Alþingi og lúta að einkavæðingu; hlutafélagavæðingu og einkavæðingu. Alls staðar er hugsunin á sama veg. Starfsemi sem áður var þjónustustarfsemi fyrst og fremst er gerð að rekstrareiningum á markaði, þ.e. þjónustustofnanirnar. Fyrst í stað eru þær gerðar að hlutafélögum, reyndar er upphaflega einvörðungu veitt heimild til að gera stofnanirnar að hlutafélögum og alltaf er látið í veðri vaka að ekkert annað standi til. Við munum öll hvað gerðist með Landssímann, svo dæmi sé tekið. Þar var því mjög afdráttarlaust lýst yfir að ekki stæði til annað en gera breytingu á rekstrarformi stofnunarinnar, ekki stæði til að selja hana. Síðan þekkjum við öll framhaldið, tilraunir ríkisstjórnarinnar til þess að selja hlut almennings í þeirri stofnun.

Þannig að þetta er allt á sama veg. Fyrst er starfsemin gerð að rekstrareiningu á markaði, að hlutafélagi, og eftir að hún hefur verið leyst undan umsjá almennings, hinu pólitíska valdi, eftir að fulltrúar stjórnmálanna koma ekki lengur að stjórn stofnananna, þá þarf að tryggja eftirlit fyrir hönd neytandans, fyrir hönd almennings, með einhverjum hætti. Hvernig er það gert? Það er gert á tvennan hátt. Annars vegar er samkeppnisþátturinn færður undir Samkeppnisstofnun. Hún á að hafa eftirlit með því að samkeppnisreglur og samkeppnislög séu virt. Síðan er einhverri stofnun falið að annast eftirlit með innri starfsemi viðkomandi stofnunar. Varðandi raforkuna þá er það Orkustofnun sem á að annast þann þátt og síðan Samkeppnisstofnun sem á að fylgjast með sölu og dreifingu á raforkunni. Í þessu frv. er það Siglingastofnun Íslands sem á að annast þá eftirlitsskyldu fyrir hönd ríkisins, en einnig á Samkeppnisstofnun að koma að eftirlitinu.

Í athugasemdum við frv. á bls. 12 segir, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að samræmd gjaldskrá hafna verði aflögð og ákvæði samkeppnislaga gildi um gjaldtöku þeirra."

Þetta er sú breyting sem verður, en í 2. gr. frv. er síðan vísað í Siglingastofnun sem eftirlitsaðila. Þetta er hugsunin. Starfsemi sem áður var þjónustustarfsemi sem heyrði undir hið pólitíska vald er tekin og færð yfir á markað og eftirlitið verður með öðrum hætti, ekki fulltrúar sveitarstjórna eða pólitískt kjörnir aðilar, heldur Samkeppnisstofnun annars vegar og síðan tiltekin eftirlitsstofnun hins vegar.

Þetta er því allt í takt við það sem gerist annars staðar. Þetta gerðist líka með Símann. Hann var færður yfir á markað. Síðan er Samkeppnisstofnun sigað á þá stofnun og við þekkjum öll afleiðingarnar. Það hefur stundum verið til góðs og stundum til ills að mínum dómi. Þetta er ekki gott form. (**Samgrh.:** Lægstu gjöld í veröldinni.) Lægstu gjöld í veröldinni, segir hæstv. samgrh. Mér finnst þetta vera athyglisvert, að minna okkur á það áður en Síminn var gerður að hlutafélagi þá buðu Íslendingar upp á lægstu símgjöld í heiminum, í allri veröldinni. (**Samgrh.:** Eftir það.) Eftir það, segir hæstv. samgrh. Áður. Fyrir þann tíma. Ég bið hæstv. ráðherra um að snúa sér til starfsmanna Landssímans sem hafa gögn um þetta efni. Ég man eftir því að Bergþór Halldórsson, einn af yfirmönnum Símans, birti mjög athyglisverðar greinar í Morgunblaðinu sem síðan voru teknar upp í leiðara þar sem hann tók þetta einmitt upp. Og ég er með undir höndum töflur, samanburðartöflur sem sýna að símgjöld á Íslandi áður en Síminn var gerður að hlutafélagi voru þau lægstu í heiminum. (**Samgrh.:** Og eftir líka.) Eftir líka, segir hæstv. ráðherra. Jú, jú, það er alveg rétt að þessi þróun hefur haldið áfram. En hún er framkvæmd á allt annan hátt.

Ég minnist þess að hafa átt samræður við einn af yfirmönnum Símans, einn af stjórnendum Símans — ég nota helst aldrei þetta hugtak „yfirmaður" eða „undirmaður". En einn af stjórnendum Símans hafði einhvern tímann á orði við mig hvernig umhverfið, hið alþjóðlega umhverfi hefði breyst. Við sóttum áður samstarf til t.d. norrænu símstöðvanna og fengum aðstoð og hjálp frá þeim. Og fulltrúar símanna, landssímanna á Norðurlöndum komu saman til að leggja á ráðin um hvernig þeir gætu stutt þessar stofnanir gætu veitt hver annarri stuðning. Síðan eftir að þær voru gerðar að hlutafélögum þá er öldin heldur betur önnur. Þá mæta allir með hnífinn upp í erminni vegna þess að nú má ekki segja frá einu eða neinu. Nú eru allt orðið viðskiptaleyndarmál. Nú eru allir að keppa. Og fyrirtækin eru í eign annarra aðila. Danski síminn var t.d. seldur til Chicago, Ameritech hét fyrirtækið sem keypti yfir 30% í símanum og gerði ensku að opinberu máli í danska landssímanum. Þá voru bara önnur viðhorf uppi. En við nutum góðs af hinu alþjóðlega samstarfi á þeim tíma þegar hugsun samstarfs og samhjálpar var uppi og færði okkur einhverja bestu símastofnun í heiminum, með lægstu símgjöldin sem fundust á byggðu bóli. Það sama gilti ekki um öll millilandasímtöl, en innanlandssímtöl og einnig farsímasímtölin voru þau lægstu sem fyrirfundust. Þetta er staðreynd. Og það var áður en Síminn var gerður að hlutafélagi, áður en hann var settur út á braskmarkaðinn. Gerður að braskbúllu, eins og Hreinn Loftsson, fyrrverandi formaður einkavæðingarnefndar, komst einhvern tímann að orði þegar Síminn fór að fjárfesta út og suður og tapaði við það miklum fjármunum í ævintýramennsku sem sú stofnun lagðist í á þeim tíma.

En áður en hæstv. ráðherra fór að kalla hér fram í og taka þátt í umræðunni á örvandi hátt, og kann ég honum bestu þakkir fyrir það, þá var ég þar kominn að ég var að nefna að Síminn var settur inn í nákvæmlega sömu umgjörð og verið er að tala um hér. Fjarskiptastofnun annast eftirlitið og að öðru leyti heyrir hann undir samkeppnislög og Samkeppnisstofnun. Þetta er umhverfið sem við erum að skapa eða

ríkisstjórnin er að skapa allri þjónustustarfsemi í landinu. Ég ætla aldrei að þreytast á því að minna á hve mikilvægt það er að við höfum allan heiminn undir og allar þær fjölþjóðlegu skuldbindingar sem við erum að undirgangast þegar við gerum kerfisbreytingar af þessu tagi í samfélagi okkar, því þarna er mjög mikilvægt samspil.

Ég hef oft áður vísað í GATS-samningana, General Agreement on Trade in Services, sem við erum núna á bólakafi í. Þar hafa einstök ríki reist kröfur hvert á annað, við höfum fengið kröfur frá Bandaríkjunum, Indlandi og Japan sem hafa krafist þess að við opnum menntageirann svo dæmi sé tekið fyrir samkeppni. Evrópusambandið hefur krafist þess að viðskiptaþjóðir þess opni vatnið fyrir samkeppni. Um leið og búið er að undirgangast slíkar skuldbindingar þá er það svo að starfsemi sem hefur verið markaðsvædd, gerð að hlutafélagi og sett út á markað undir samkeppnislög, er því ofurseld þeirri hættu að erlendir jafnt sem innlendir samkeppnisaðilar kæri á grundvelli samkeppnislaga, því þá má ekki lengur niðurgreiða starfsemi. Þess vegna velti ég því fyrir mér hvort ákvarðanir nú um að styrkja smæstu hafnirnar svo dæmi sé tekið umfram það sem gert er gagnvart hinum stærri, komi til með að standast slíkar eldraunir þegar við erum komin inn í þetta samkeppnisumhverfi. Ég hef miklar efasemdir um þetta. — Hæstv. forseti er mjög hótandi hér með hamar í hendi.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill biðja hv. þm. að gera hlé á máli sínu þegar vel stendur á, eða að ljúka máli sínu innan tveggja, þriggja mínútna.)

Það stendur ágætlega á að gera hlé á máli mínu núna.

[Fundarhlé. — 12:59]

[13:30]

Ögmundur Jónasson (frh.)**:**

Herra forseti. Ég var staddur í miðri ræðu minni um frv. til hafnalaga og hafði þar fjallað um ýmsa þætti málsins, um þær staðhæfingar að mikið samráð hefði verið haft um smíði frv., um að þar væri að finna hinn sama rauða þráð og við fyndum í ýmsum öðrum kerfisbreytingum sem gerðar hefðu verið á almannaþjónustu og stofnunum sem sinntu henni. Ég vék að eftirlitsþættinum, hvað gerðist þegar stofnun er færð undan almannavaldi, hinu pólitíska valdi og sett á markað, annars vegar undir eftirlitsstofnanir og hins vegar Samkeppnisstofnun, hvernig þetta hefði gerst með Landssímann, sem var annars vegar færður undir Samkeppnisstofnun og hins vegar Fjarskiptastofnun, og hvernig þessi stofnun yrði færð undir Siglingastofnun Íslands annars vegar og hins vegar undir Samkeppnisstofnun. En ljóst er að við erum að fara með íslensku hafnirnar inn á markaðstorgið. Þetta er nokkuð sem við höfum gagnrýnt, og reyndar gagnrýnt þá miklu markaðsvæðingu innan almannaþjónustunnar sem hefur sett mjög svip á valdatíma Sjálfstfl. allar götur frá árinu 1991.

Samstarfsaðilar Sjálfstfl. hafa ekki látið sitt eftir liggja og ekki sést fyrir. Maður verður t.d. var við það núna að menn sjá margir eftir því að hafa stutt hugmyndir Framsfl. og sett þær í framkvæmd, að taka Leifsstöð, okkar helstu flugstöð, og einkavæða hana með manni og mús. Að mörgu leyti hefði verið æskilegra, ef menn væru á annað borð á þeirri skoðun að sú starfsemi sem fram fer í flughöfninni eigi að vera á markaði, að halda sjálfri flugstöðinni og byggingunni í eigu ríkisins og bjóða síðan út þá starfsemi sem þar fer fram innan dyra. Ég er ekki að mæla með slíku en það hefði verið svona ákveðin heil hugsun í því, í stað þess að bjóða alla flugstöðina út. Ég er aðeins að nefna þetta sem dæmi um einkavæðingu sem hér hefur verið framkvæmd nánast samkvæmt hugmyndafræði, pólitískri stefnu, alveg óháð því hvað borgar sig í hverju tilviki.

Nú erum við sem sagt komin með íslensku hafnirnar og það á að gera þær að hlutafélögum eða opna á þann möguleika að hafnirnar verði gerðar að hlutafélögum. Ákvæði þess efnis er í 8. gr. frv., en þar segir í 3. tölul., þar er kveðið á um rekstrarform hafnanna, með leyfi forseta:

„Höfn má reka sem:

Hlutafélag, hvort sem það er í eigu opinberra aðila eða ekki, einkahlutafélag, sameignarfélag eða sem einkaaðila í sjálfstæðum rekstri. Hafnir sem reknar eru samkvæmt þessum tölulið teljast ekki til opinbers rekstrar."

Með öðrum orðum, við erum að taka hafnirnar út úr almannaþjónustunni, úr opinberum rekstri og færa þær yfir á markaðstorg. Ég held að þetta sé afskaplega vafasamur hlutur.

Hér var bent á við umræðuna fyrr í dag af hálfu þeirra stjórnarandstöðuþingmanna sem talað hafa, hv. þm. Jóns Bjarnasonar og hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, að rekstrarfé hafnanna væri nú fengið með öðrum hætti en áður. Samkvæmt fjárlögum kemur framlag til hafnanna til með að minnka um einn milljarð. (**Samgrh.:** Ekki rekstrarfé.) Fjármunir sem renna til hafnanna, en ekki rekstrarfé, leiðréttir hæstv. samgrh. mig, en eftir því sem ég skil málið minnkar framlag til hafnanna um þessa upphæð, en í staðinn verður þetta fé innheimt af útgerðarfélögunum.

Það er þarna sem ég vara við þegar á það er bent að staða hafnanna, sérstaklega allra smæstu hafnanna, veikist ekki. Því er haldið fram að staða þeirra veikist ekki, jafnvel þvert á móti að hagur þeirra styrkist og batni. Þá spyr ég á móti: Hvernig verður framtíðin hvað þetta snertir? Mun ríkinu líðast að mismuna höfnum á þennan hátt? Og hér minni ég á að við erum að færa þessa starfsemi út á markaðinn, breyta rekstrarforminu og færa hana út á markað og undir Samkeppnisstofnun. Ekki er mjög langt síðan að kært var til Samkeppnisstofnunar að sveitarfélag á Suðurnesjum, held ég að hafi verið, styrkti tjaldleigu, tjaldsvæði. Það voru aðilar í gistirekstri, hótelrekstri sem kærðu þetta. Að verið væri að mismuna aðilum sem sinntu þessari sömu þörf. Við þekkjum þetta líka úr sögu Símans eftir að hann var gerður að hlutafélagi og fleiri símafyrirtæki komu til sögunnar, þá var einnig kært. Og þetta er nokkuð sem menn hafa verið að horfa á gagnvart útvarpsstöðvum, t.d. Ríkisútvarpinu, ekki aðeins hér heldur annars staðar. Samkvæmt EES og Evrópurétti lúta ríkisútvarpsstöðvarnar sérákvæðum en eiga stöðugt í höggi við þessa sömu grunnhugsun, þessar sömu grunnreglur: Má mismuna?

Ég vék áðan að GATS-samningunum. Þar hefur einhver þriggja þjóðanna sem hafa reist kröfur á hendur okkur, Bandaríkjamenn, Indverjar eða Japanar, við fáum ekki sundurgreiningu opinberlega á því hver reisir hvaða kröfu, heldur er almennt gerð grein fyrir því núna á vefsíðu utanrrn., en einhver þessara þjóða hefur reist þá kröfu að útvarpsrekstur verði settur að fullu á markað. Og þá kemur til kasta þessara markaðslögmála. Við erum að vara við þessu, að taka grunnþjónustu í samfélaginu, samgöngurnar í þessu tilviki og færa þær yfir á markaðstorgið. Þetta teljum við vera mjög varhugavert skref.

Mér þætti vænt um að fá umræðu um þetta og svör við þessu frá fulltrúum stjórnarmeirihlutans. Ég hef beint þessari spurningu til formanns samgn., Guðmundar Hallvarðssonar, sem er ekki hér í salnum af óviðráðanlegum orsökum núna og fyllilega eðlilegum, en hér er hæstv. ráðherra á staðnum og ég geri ráð fyrir að umræða um þetta stórmál eigi eftir að standa hér eitthvað lengur í dag. Og áður en henni lýkur finnst mér nauðsynlegt að við fáum upplýsingar eða umræðu um þetta. Er þetta ekki nokkuð sem menn sjá ástæðu til að ræða? Getur það ekki gerst að hafnirnar, eftir að þær eru komnar inn á markað og færðar undir Samkeppnisstofnun, þurfi að sæta kærum af þessu tagi, að ríkið sé hreinlega að mismuna höfnum með því að gera þeim mishátt undir höfði? Þetta er nokkuð sem ég vík sérstaklega að í ljósi þess að ríkisstjórnin segist vera að bæta hag allra minnstu hafnanna. Og þá er þetta nokkuð sem mér finnst við eiga að fá umræðu um.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt í þessari lotu. Þetta er fyrri aðkoma mín að málinu við 2. umr. um þetta mikilvæga mál. En ég held að hyggilegt væri annaðhvort að slá því á frest að afgreiða málið eða, ef stjórnarmeirihlutinn og hæstv. ráðherra eru reiðubúnir að beita sér fyrir því, að þessi umdeildustu ákvæði verði tekin út úr lögunum. Því ég efast ekkert um að það eru margir sem vilja gera breytingar á hafnalögum og við stöndum ekki í vegi fyrir því að þau séu færð til betri vegar og á þeim séu gerðar lagfæringar. En kemur til greina, og ég beini þeirri spurningu til hæstv. ráðherra, að taka þessa umdeildustu þætti frv. út úr frv. og skilja þá þannig frá? Þetta er annað sem ég vildi fá að vita og hitt er hvort menn hafi ekki áhyggjur af því að þeir séu að veikja stöðu okkar þegar til lengri tíma er litið. — Og hér var hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, en það vakti athygli mína við umræðuna hér á fyrri stigum að hann var mjög gagnrýninn á þetta frv. Það er því greinilegt að kurr og ólga er innan stjórnarliðsins líka út af frv.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna í þessari lotu, en mun eflaust koma að henni síðar, en ég auglýsi eftir svörum hæstv. ráðherra við þessum spurningum.

[13:42]

Útbýting þingskjala:

Breytt verkaskipting innan Stjórnarráðsins, 525. mál, svar forsrh., þskj. 1379.

Ferliverk á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, 565. mál, svar heilbrrh., þskj. 1376.

Ferliverk á sjúkrahúsum utan Reykjavíkur, 564. mál, svar heilbrrh., þskj. 1375.

Sveitarstjórnarlög, 622. mál, nál. félmn., þskj. 1374.

Umferðarsektir, 631. mál, svar dómsmrh., þskj. 1334.

[13:43]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Frá árinu 1986 hef ég tekið þátt í umræðu um breytingu á hafnalögum og er a.m.k. búinn að sitja þrjú þing, hafnasambandsþing, þar sem þessi mál hafa verið til umræðu og nú síðast á Akranesi þegar hafnasambandsþing var haldið þar. Ávallt hefur verið mikil umfjöllun um þessi mál og víst hafa menn verið nokkuð sammála um að taka þurfi á málum og nú er svo komið að þetta mál er trúlega að fara í gegn á Alþingi. Segja má að málið hafi í rauninni verið lengi í vinnslu, það er a.m.k. búið að vera tvisvar sinnum í þinglegri meðferð eða á tveimur þingum, og ég er nokkuð klár á því að margir eru uggandi út af því sem á eftir að verða í ýmsum höfnum landsins, þ.e. að í rauninni er verið að markaðssetja íslenskar hafnir. Það er það sem verið er að gera.

Sjómenn og útgerðarmenn sjá fram á stórhækkuð gjöld vegna löndunar og legu báta í höfnum. Ég velti fyrir mér vanda byggðarlaga eins og Ísafjarðar þar sem um er að ræða margar hafnir, þ.e. á Ísafirði, Flateyri, Suðureyri og Þingeyri. Ég velti fyrir mér hvernig hlutirnir gerast þar. Ég velti fyrir mér 17. gr. frv. þar sem sagt er, með leyfi forseta:

„Gjaldtaka hafnar skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er."

Það er ástæða til þess að velta fyrir sér hvað þetta þýðir. Einnig er ástæða til þess að velta því fyrir hvort þær hafnir sem eru notaðar umhverfis landið eru í stakk búnar til þess að geta tekið þau gjöld sem þarf til þess að standa undir kostnaðinum við þjónustuna.

Ég óttast að margar hafnir muni láta verulega á sjá við þá breytingu sem áformuð er. Ég minni á að 85% hækkun aflagjalds er póstur sem menn munu taka eftir. Það stóð til á tímabili að tvöfalda þetta gjald. En menn eru komnir nú í 87% hækkun.

Í nágrannalöndunum eins og Noregi hafa þessi mál verið leyst hjá minni eða veikari höfnunum þannig að veittir hafa verið byggðastyrkir til hafna sem menn telja að þurfi að vera í notkun. Það er ljóst að með þessu frv. dregst þáttur ríkissjóðs í hafnargerð verulega saman. Ég ítreka að ég óttast að það hafi hættu í för með sér fyrir veikari hafnirnar.

Vissulega er það rétt að komið er á móti með ýmsum aðgerðum í þessu frv. þannig að kannski er ekki allt eins svart og virðist við fyrstu sýn. En það er klárt að vandi steðjar að ýmsum höfnum landsins. Þær búa við þær aðstæður að tekjur duga ekki til að standa undir stofnkostnaði og endurnýjun á mannvirkjum sem ganga úr sér með tímanum. Ég vil ekki tína upp þær hafnir sem ég þekki til þar sem það mun skipta tugum milljóna — tugum milljóna — að endurnýja og lagfæra það sem er að verða ónýtt. En það segir okkur bara að þessum málum hefur ekki verið sinnt nægjanlega vel á undanförnum árum. Staða allmargra hafna er slík að rekstrartekjur duga ekki nærri því fyrir útgjöldum.

Þess vegna eru breytingar á lögum um hafnir umdeilanlegar, sérstaklega í ljósi þess að ekki er víst að þær breytingar sem menn ætla sér að gera nái að bæta úr því sem þeir meta að nauðsyn sé til að taka á. Þess vegna er ekki óeðlilegt að þetta frv. sé rætt vandlega. Það þarf að gefa þessu máli tíma í meðferð. En auðvitað kemur að endalokum einhvern tímann þannig að menn leggi á hafið eða kasti sér út í laugina. En þá verður maður líka að treysta á að þau atriði sem upp koma á fyrstu árum eða fyrsta ári, séu grandskoðuð og að komið verði í veg fyrir að hafnirnar fari enn verr, þær sem illa eru komnar, en annars hefði orðið.

Þannig hagar til að umhverfis landið hafa byggst upp mörg sjávarpláss með hafnaraðstöðu. Það má kannski hugsanlega segja að það gætu verið færri sjávarpláss og þá færri mannvirki. En það er ómögulegt að hanna upp á nýtt eða teikna upp á nýtt, þ.e. teikna nýtt Íslandskort. Við verðum að búa við þær aðstæður sem nú eru þekktar. Ég held að menn færist mjög mikið í fang ef þeir ætla að gera breytingar sem munu leiða til þess að höfnum fækki, eins og samkeppnin kallar á. Mér finnst þegar ég er að skoða þessa hluti að það sé beint verið að stefna að því og að það sé markmið að höfnum fækki. Samkeppnin mun leiða til þess. Hún getur ekki leitt til annars en að höfnum fækki.

Með því að taka út megnið af ríkisframlagi til hafnanna verður að velta þeim tekjumissi, þ.e. því sem er velt út er velt yfir á notendur, þ.e. útgerðina, fiskiskipaútgerðina og vöruskipaútgerðina. Gjöld og tekjur af fiskiskipaflotanum eru fyrst og fremst tekjur hafnanna úti á landsbyggðinni og mér sýnist að þær hafnir muni missa ríkisstyrkinn að verulegu leyti. Það verða menn að bæta sér upp með því að hækka gjöld sem rukkuð eru af útgerðunum. Með því að skoða umsagnir sem hafa komið frá hinum ýmsu aðilum þá sé ég að þessar fullyrðingar mínar standast. Auðvitað er ekki hægt að ná tekjunum inn nema neytendur greiði þá fyrir þær.

Eins og ég nefndi áðan var svo í eina tíð að menn ætluðu að tvöfalda aflagjald þannig að aukinn kostnaður útgerðar á samanlögðum fiskihöfnunum gæti verið hækkun upp á 400–500 millj. kr. á ári. Einhvern tímann hefði mönnum nú þótt vert að ræða um slíkar tölur.

Ef talað er um að taka upp samkeppnisrekstur verða samkeppnisskilyrði að vera til staðar og til þess að það verði þá verða menn að geta keppt. Við getum ekki komið á samkeppni ef ekki eru sambærileg skilyrði fyrir hendi víðar á landinu en stefnir í.

Menn ættu að hafa það í huga hvernig hlutirnir eru hjá okkur Íslendingum. Þeir eru nefnilega þannig að við erum aðallega með eina útflutningshöfn og tekjur af innflutningi og útflutningi renna til þeirrar hafnar. Aðrar hafnir á landinu fá lítið sem ekkert af þeim heldur verða að styðjast við gjöld af fiskiskipaflotanum. Ég held að það geti verið óvarlegt að stórhækka gjöld á þann flota þegar hann getur síðan farið að sækja í aðrar hafnir þar sem menn þurfa ekki að hækka gjöld vegna þess að það er meira umfang í þeim höfnum.

Þá getur maður velt fyrir sér aðalinnflutnings- og útflutningshöfn. Hún gæti verið í stakk búin til þess að bjóða upp á mjög aukna þjónustu við fiskiskipin og verið með lægri gjöld. Þá skulum við velta því fyrir okkur að hér er Reykjavíkurhöfn sem hefur gífurlegar tekjur af innflutningi og útflutningi, og svo Hafnarfjarðarhöfn. Berum þær síðan saman við hafnir í nærliggjandi bæjarfélögum og hvernig staðan er. Það er þetta sem ég er að reyna að varpa ljósi á með ræðu minni.

Einnig er rétt að vísa til þess að í umsögn frá Vestmannaeyjum segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þáttur ríkissjóðs í hafnargerð dragist verulega saman.“

Þetta er rétt. Það á að minnka framlagið sem nemur einum milljarði. Svo segir, virðulegur forseti:

„Það hefur, að áliti hafnarstjórnar, mikla hættu í för með sér fyrir landsbyggðina og kemur til með að ógna tilvist margra hafna, þar sem eigendur hafnanna eru í flestum tilfellum ákaflega illa í stakk búnir, til að taka á sig auknar álögur.“

Virðulegur forseti. Ég get ekki séð annað miðað við tilvitnun í þessa umsögn en að í rauninni sé verið að staðfesta þau atriði sem ég var að tína fram frekar sem viðvörun heldur en höfnun breytingar.

Enn segir í þessari umsögn frá Vestmannaeyjum sem hafnarstjórinn þar undirritar, með leyfi forseta:

„Því hvetur hafnarstjórnin til þess, að ákvæði núgildandi hafnalaga um framlög úr ríkissjóði til hafnargerðar verði látið gilda áfram að mestu óbreytt og gert verði ráð fyrir auknu fjármagni til hafna í samgönguáætlun.“

Þetta eru atriði sem ég tel að menn verði að skoða rækilega.

Frá Vopnafjarðarhreppi kom umsögn sem ástæða er til þess að vitna í hér, með leyfi forseta. Þar segir:

„Til þess að mæta þessum viðbótarútgjöldum hafnarsjóðanna í nýframkvæmdum er gert ráð fyrir að auka frjálsræði í gjaldskrármálum hafnarsjóða, jafnframt því að gera hafnir virðisaukaskattsskyldar. Ekki verður með nokkru móti séð að slíkar aðgerðir einar og sér dugi til þess að gera hafnarsjóðum í landinum kleift að byggja upp hafnir landsins með sama krafti og núgildandi lög gera ráð fyrir.

Í raun má segja að breyting af þessum toga kemur sér einungis vel fyrir stóru hafnirnar eins og í Reykjavík og til að mynda í Hafnarfirði, sem hvort eð er hafa ekki fengið ríkisstyrki fram að þessu til hafnarframkvæmda, en fengju nú endurgreiddan virðisaukaskatt af framkvæmdum sem þær ráðast í. Hjá minni höfnum sem hafa komist í að fá allt að 90% styrk til hafnarframkvæmda eins og í dýpkunum og brimvarnargörðum mundi staðan á hinn bóginn versna verulega.

Að þessu leyti er því fyrirliggjandi frumvarp til hafnalaga afturför frá núgildandi lögum.“ (Gripið fram í.)

Virðulegur forseti. Þarna hefur orðið á breyting. Eftir því sem mér skilst eru menn farnir að tala um að ákveðnar hafnir geti notið allt að 90% styrks. (**Samgrh.:** Það hefur verið ...) Eftir sem áður er ástæða til þess að hafa í huga þessar umsagnir sem ég er að vitna í.

Það er þannig að sjávarútvegsfyrirtækin um allt land hafa byggt upp starfsemi sína og stór þáttur í starfsemi þeirra og rekstrarumhverfi eru hafnirnar. Hafnarframkvæmdirnar hafa verið ríkisstyrktar. Það fer ekki á milli mála og ákvarðanir hafna hafa stundum verið því marki brenndar að í raun hefur ekki farið saman að þeir sem ákvarðanirnar hafa tekið hafi greitt kostnaðinn af þeim. Þarna er auðvitað verið að benda á að menn hafa verið að slást um að ná ríkisstyrkjum. Samt sem áður tel ég að breytingarnar sem lagðar eru til í þessu frv. geti haft gríðarleg áhrif á byggð í landinu þegar og ef af þeim verður.

Þess vegna tel ég að menn verði að vera mjög reiðubúnir til að endurskoða ákvæði og þá er ég fyrst og fremst með 17. gr. í huga og reyndar 18. gr. þar sem um er að ræða um breytingu á rekstrarformi. Ég tel að þær greinar, 17. og 18. gr., þurfi að vera nánast í gjörgæslu til þess að menn hafi vald á að grípa inn í þegar og ef ástæða gefst til, sem ég er nærri því viss um að muni verða.

Ég vil vitna, virðulegur forseti, í álit Þjóðhagsstofnunar þar sem sagt er, með leyfi forseta, að það sé ekki eins augljóst hvaða tilgangi það þjóni að rekstrarform hafna lúti mismunandi reglum með gjaldtöku fyrir hafnatengda þjónustu, samkeppnisreglum ef um samkeppni sé að ræða en reglum um gjaldtöku opinberra fyrirtækja ef samkeppni er ekki til staðar. — Og þar segir: „Stofnunin er hins vegar ekki dómbær á það hvort hin mismunandi rekstrarform sem frumvarpið gerir ráð fyrir séu nauðsynleg.“

Það er einmitt það sem við, sem höfum verið að ræða þetta frv., erum kannski mörg okkar ekki sammála um að eigi við, þ.e. að vera með mismunandi rekstrarform á höfnunum þegar upp er staðið. En ég hef miklar áhyggjur af því sem við erum að kalla yfir okkur.

Ég vitna að lokum til þess, virðulegur forseti, að hafnarstjórnin á Ísafirði varpar fram þeirri spurningu hverjir möguleikar hafna Ísafjarðarbæjar séu til þess að hækka aflagjaldið eins og þeir sögðu á þeim tíma upp í 2%, eða 1,87%

eins og nú er rætt um í frv. Það er mikil hækkun hvað sem hver segir að hækka gjöld um 1,87%. Það er mikil hækkun.

Sagt er, með leyfi forseta, í grein þar sem fjallað er um ný hafnalög þar sem hafnarstjórn Ísafjarðar ályktaði gegn nýjum hafnalögum, að eftir að samræmd gjaldskrá hefur verið lögð af þar sem í dag er allt að 64 þús. kr. dýrara að landa í einn gám á Ísafirði en á höfuðborgarsvæðinu vegna aukagjalds á flutningsaðila, þá benda þeir á að menn muni stefna á hafnir sem eru sterkastar, eins og höfnina í Reykjavík og höfnina í Hafnarfirði, og þeir óttast þá samkeppni sem þessar stóru og *voldugu hafnir bjóða litlu höfnunum.*

Virðulegur forseti. Ég hef aðeins farið lauslega yfir þetta mál en er viss um að það verður að taka frv. upp, sérstaklega 17. og 18. gr., strax á næsta ári ef frv. verður að lögum. Ég held að það þyldi jafnvel eina umferð enn í meðferð hjá þinginu. Mér sýnist að veruleg breyting hafi orðið til batnaðar frá síðasta framlagða frv. og ég gæti trúað því að með einni umferð enn næðist ríkjandi sátt um frv. Ég er því í rauninni, virðulegur forseti, að leggja það til að við frestum afgreiðslu á frv., tökum það fyrir aftur á næsta þingi og gerum það þannig úr garði að við séum þess fullviss að allir þeir aðilar sem hafa gefið umsagnir um málið á neikvæðan hátt geti verið nokkurn veginn sáttir.

[14:05]

Útbýting þingskjala:

Lax- og silungsveiði, 716. mál, frv. landbn., þskj. 1384.

Lyfjalög og læknalög, 423. mál, brtt. ÞBack, þskj. 1385.

Skipting rannsókna- og þróunarfjár milli háskóla, 497. mál, svar menntmrh., þskj. 1381.

Tollalög, 715. mál, frv. meiri hluta landbn., þskj. 1377.

Uppruni rannsókna- og þróunarfjár, 495. mál, svar menntmrh., þskj. 1382.

Þróun og horfur í atvinnumálum, 569. mál, svar forsrh., þskj. 1332.

[14:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna um þetta mál mikið, en hafði í öllu falli hugsað mér að láta viðhorf mín koma fram áður en málið fengi endanlega afgreiðslu, ef það stendur virkilega til að keyra þetta umdeilda mál hér í gegn sem mér finnst nú óráðlegt og óskynsamlegt og hef eindregið mælt með því við aðstandendur málsins að það yrði ekki gert eða þá að gerðar yrðu á því þær breytingar sem einfalt væri að gera til að um það yrði allgóð sátt. Það liggur alveg fyrir hvaða ákvæði þessa máls eru þannig úr garði gerð að menn geti illa við þau unað og sjái í þeim hættur og í raun og veru afturför frá gildandi ástandi sem yrði engum til gagns og þá á náttúrlega ekki að vera að þrjóskast áfram með það, herra forseti, eins og hér er í rauninni verið að gera.

Þegar fyrst fór að heyrast af tilraunum til að breyta hafnalögum í þá veru að opna þar allar gáttir fyrir einkavæðingu og einkarekstri voru á ferðinni tiltölulega hráar nýfrjálshyggjuhugmyndir um að leggja slíka starfsemi undir vígvöll samkeppninnar og innleiða þar markaðsvæðingu sem að sjálfsögðu hefði haft þau áhrif sem allir menn sjá að rekstur þeirra hafna sem erfiðastar hafa aðstæðurnar hefði liðið fyrir það ástand og þær þá meira og minna heyrt sögunni til. Hafnir eru auðvitað hluti af hinu skipulagða samgöngukerfi í landinu og stoðkerfi við byggð og atvinnulíf sem í raun og veru fá ekki staðist á markaðslegum forsendum einum og sér. Það er algerlega borin von, aðstöðumunur hafnanna í landinu er svo gríðarlegur. Það hefur auðvitað löngum verið viðurkennt að himinn og haf er á milli aðstæðna þeirra hafna þar sem í aðalatriðum fer fram vöruinnflutningur og útflutningur með þeim miklu tekjum sem af því leiðir, og lítilla fiskihafna sem eru eftir sem áður og engu að síður lífæðar viðkomandi byggðarlaga en hafa auðvitað allt aðrar aðstæður við að glíma hvað varðar stofnkostnað og rekstur. Einkarekstur í hagnaðarskyni á því ósköp einfaldlega ekki heima á þessu sviði. Og það er grundvallarmisskilningur að vera að reyna að troða þeirri hugmyndafræði inn í alla skapaða hluti, en það er meinsemdin sem hér er við að glíma, *það er draugurinn sem gengur ljósum logum í þessu máli.*

Vissulega hefur frv. eins og það lítur nú út tekið nokkrum breytingum vegna þess að veruleikinn hefur haft einhver áhrif á hugmyndafræðina, en það er nú samt teorían sem blífur í aðalatriðum. (**Gripið fram í:** Ekki mikil.) Ekki mikil, allt of lítið. Nauðhyggjan, hráfrjálshyggjan er hér enn á ferðinni. Og það er náttúrlega alveg með eindæmum að menn skuli vera að reyna að troða þessu hér áfram vegna þess að þetta er ákaflega umdeilt og sætir mikilli gagnrýni og hefur mætt harðri andstöðu. Og sú andstaða er ekkert bundin við þá menn eina sem eru félagslega sinnaðir í pólitík. Raunsæir menn hvar í flokki sem þeir standa, t.d. á landsbyggðinni, sjá að þetta er algjört glapræði. Ég verð að segja alveg eins og er að ef maður vildi virkilega klekkja á frambjóðendum stjórnarflokkanna í kosningunum, þá mundi maður hjálpa þeim við að koma þessu máli hér í gegn alveg í hvelli og vekja síðan sem mesta athygli á því. En það væri bara ábyrgðarleysi, herra forseti, á þann hátt getum við ekki leyft okkur að hegða okkur. Þannig að við verðum að reyna að hafa vit fyrir þessum mönnum úr því þeir geta það ekki sjálfir. Það er algert glapræði að fara með þessar breytingar hér í gegn, algert.

Það var þannig, herra forseti, að þegar nýfrjálshyggjuliðið tók völdin í landinu, þá var þetta ekki pólitík, alla vega ekki raunsæispólitík eins og það heitir. Þetta voru trúarbrögð, voru og eru ekkert annað en trúarbrögð, að reyna að þvinga þessi einkarekstrarsjónarmið inn í alla skapaða hluti. Og þegar menn þora ekki alla leið, þá ætla menn að fara svona fjallabaksleiðir eins og þetta frv. ber enn þá með sér, að þessu er svona smyglað með eins og gert er í 3. tölul. 8. gr. frv. Byrjað er á því að opna fyrir þetta, koma þessu af stað, síðan er treyst á það að skoðanabræður og -systur aðstandenda frv. einhvers staðar í landinu verði til þess að fara út í tilraunastarfsemi og þannig verði byrjað að brjóta þetta niður. Þetta hefur verið aðferðafræðin. Þetta er formúlan. Þetta var reynt í Hafnarfirði í skólamálunum með glæsilegum árangri eða hitt þó heldur. Eru ekki sjálfstæðismenn hreyknir af því? Eru ekki sjálfstæðismenn hreyknir af því hvernig til tókst í einkavæðingu og einkarekstri á grunnskóla í Hafnarfirði? Eru þeir það ekki? Eru framsóknarmenn ekki hrifnir af einkavædda hjúkrunarheimilinu, forréttindaheimilinu sem fær hærri daggjöld en öll hin hjúkrunarheimilin og er þar á ofan tryggt í bak og fyrir fyrir viðbótarlyfjakostnaði og öðru slíku? Sem sagt sérstakt forréttindafyrirbæri sem er bæði með belti og axlabönd, alveg gulltryggt í bak og fyrir þannig að reksturinn skili alltaf hagnaði og eigendurnir geti sogið arð út úr starfseminni. Grætt á gömlu fólki. Þetta er hugmyndafræðin. Hún er ekkert flóknari.

Hér er þetta prjónað saman með ákaflega sérstökum hætti, herra forseti. Það er markmið í sjálfu sér, það er keppikefli, til þess er farið í þennan pólitíska leiðangur, að koma því á einhvers staðar og með einhverjum ráðum að til verði

einkavæddar hafnir, hlutafélög, háeff. Og helst verði þar einkaaðilar ráðandi í rekstrinum, gjarnan þó í skjóli af hinu opinbera. Því þetta er nefnilega pilsfaldakapítalismi „par exellence" sem íhaldið er auðvitað að ástunda. Það er það. Ríkið á að vera svona til staðar og tryggja gróðann þannig hann sé algerlega öruggur, hægt sé að ganga að honum vísum og þá geta menn jafnvel haft þetta eins og með Sóltún eða fleiri slík fyrirbæri, að það nægi bara að skrifa undir pappírana. Gengu menn ekki um með Sóltúnssamninginn og buðu hann til sölu á mörg hundruð milljónir króna, ávísun á gróða framtíðarinnar í skjóli ríkisins? Og að heiðarlegir hægri menn skuli geta stutt þessa forsmán. Því þetta er auðvitað algjör afbökun á þessari hugmyndafræði ef hún er tekin alvarlega út af fyrir sig, (**LB:** Hvaða hafnir eiga að lifa af?) svona pilsfaldakapítalismi.

Það er auðvitað alveg augljóst mál, a.m.k. hvaða hafnir lifa ekki, það er alveg augljóst, það verða fiskihafnirnar og minni hafnirnar á landsbyggðinni og er nú nóg samt eins og vöruflutningar hafa þróast og færst af sjó upp á land og þar af leiðandi hefur auðvitað verulega dregið úr þeim tekjum sem þessar hafnir höfðu margar hverjar áður, svona til viðbótar við þær tekjur sem útgerð gaf, af vöruflutningum. Það er alveg nóg að glíma við það að jafna aðstöðumun og tekjumun hafnanna á þeim forsendum, þó ekki komi til þeirrar breytingar sem hér er verið að hugsa um.

Herra forseti. 8. gr. er alveg ótrúleg smíð eins og hún er sett fram í frv. Ég segi nú ekki að höfundurinn eigi að fá nóbelsverðlaun fyrir hugkvæmni í fáránlegheitum, en ef þau væru til þá held ég að hér væri kominn sterkur kandídat. 3. tölul. 8. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hlutafélag," — það er sem sagt eitt af þremur meginrekstrarformum hafna ef þessum mönnum verður að ósk sinni. Það má að vísu reka höfn í eigu sveitarfélags án sérstakrar hafnarstjórnar eða með hafnarstjórn. Það eru töluliðir 1 og 2 og þarf nú ekki endilega að vera að skipta því upp finnst mér. En 3. tölul. er svona:

„Höfn má reka sem:

Hlutafélag, hvort sem það er í eigu opinberra aðila eða ekki, einkahlutafélag, sameignarfélag eða sem einkaaðila í sjálfstæðum rekstri." — Maður hefði nú kannski haldið að eitthvað af þessu væri sami hluturinn. — „Hafnir sem reknar eru samkvæmt þessum tölulið [þ.e. 3. tölul. 8. gr.] teljast ekki til opinbers reksturs."

Hvernig er hægt að segja þetta? Hvernig er hægt að mæla fyrir um það í lögum að hlutafélag, alfarið í eigu ríkis eða sveitarfélags, þ.e. opinberra aðila, skuli ekki teljast til opinbers rekstrar? Af hverju má það ekki teljast opinber rekstur? Af hverju má það ekki? Gengur þetta upp? Ég verð að segja alveg eins og er, að ég skil þetta ekki. Væntanlega eru þessar neglingar settar þarna inn til að hægt sé að undirstrika að menn séu lagðir af stað á braut einkavæðingarinnar. Þetta mun þá ekki teljast opinber rekstur. Þetta væri þá ekki almannaþjónusta. Þetta er ekki skylduverkefni opinberra aðila heldur rekstur í ágóðaskyni, eins og um venjulegan atvinnurekstur í hagnaðarskyni væri að ræða.

Herra forseti. Hér er farið aftan að hlutunum. Þetta framsal á rekstri hafna til einkaaðila, úr opinberum rekstri og opinberri þjónustu, er auðvitað alveg fráleitt miðað við eðli málsins. Mér sýnist að þetta væri að mörgu leyti einkavæðing undirstöðusamgöngukerfisins í landinu. Hver væri munurinn á að láta bara einkaaðila taka að sér að reka hluta vegakerfisins, flugvelli og annað í þeim dúr? Auðvitað er það draumurinn, að koma þessu öllu meira og minna þannig fyrir að menn geti farið að græða á því líka.

Hér er farin alröng leið, herra forseti. Ef menn sjá einhverja meinbugi á að reka hafnir sem hefðbundna þjónustustarfsemi sveitarfélaga eða ríkis ætti auðvitað að byrja á að setja um það lög að opinberir aðilar gætu veitt svona þjónustu í einhvers konar fyrirtækisformi, með ríkisfyrirtæki sem ekki væri almennt hlutafélag, ekki venjulegt hlutafélag. Slíka löggjöf vantar á Íslandi. Á hinum Norðurlöndunum hafa menn víða farið þá leið. Þeir hafa búið til rekstrarform sem byggir á sérlögum þar sem reksturinn er á mörkum hefðbundinnar almannaþjónustu og atvinnurekstrar. Það er hægt að færa yfir í fyrirtækjaform sem um gilda sérlög, um slíka starfsemi á höndum opinberra aðila. Ef hæstv. samgrh. væri að boða einhverjar grundvallarbreytingar af því tagi á lagaumhverfinu þá væri hægt að tala um þetta. Þá gætu menn tekist á um það og rætt: Er þetta útfærslan sem við viljum taka? Það er ekki hér. (**Samgrh.:** Þetta er liðin tíð. Landshafnirnar voru svona.)

Hér er sú nauðhyggja á ferðinni að troða hafnarstarfsemi inn í venjulegu hlutafélagalöggjöfina. Hún á ekkert erindi þangað. Það er alveg jafnfráleitt að fara með hafnirnar inn í þetta umhverfi og vatnsveitur. Menn lenda í bullandi vandamálum um leið, t.d. þegar kemur að því að skilgreina hvernig eigendur megi ástunda arðtöku úr rekstrinum. Það er það sem kemur næst. Bankar á dyrnar. Það er m.a. í vatnsveitufrumvarpinu. Þegar búið er að framselja almannaþjónustu í hendur einkaaðila þá vilja þeir fá að taka arð út úr þessu. Þar með er þetta ekki lengur þjónusta. Þar með stenst ekki lengur að líta á gjaldtökuna sem kostnaðar- eða þjónustugjöld. Þetta er orðið að skatti. Þetta verður aðferð til að afla tekna eða að hreinni innkomu einkaaðila í hagnaðarskyni.

Auðvitað á, herra forseti, að henda þessum 3. tölul. út. Með smávægilegum lagfæringum öðrum á þessu frv., t.d. með því að henda einnig út ákvæðum 14. gr. um ríkisstyrki, hinni skrýtnu fimm ára aðlögun sem menn fái að halda sínum styrkjum. Að þessu loknu væri þetta frv. út af fyrir sig í aðalatriðum ásættanlegt. Væntanlega væri hyggilegt að skoða einnig ákvæði 17. gr. um þá gríðarlegu sundurliðuðu gjaldtöku sem þar er á ferðinni og vandséð er að eigi mikið erindi í starfrækslu minni hafna, þar sem menn reyna að hafa þetta einfaldara í sniðum. Ég sé ekki að það sé skilvirkt fyrir Grímseyjarhöfn að innheimta 15 mismunandi gjöld eða hvað þetta nú er.

Herra forseti. Það er að okkar mati óásættanlegt að afgreiða þetta mál eins og það er í pottinn búið og furðulegt að ráðherra og þingmenn úr landsbyggðakjördæmum skuli bera þetta hér á borð. Það er alveg furðulegt að menn skuli ekki hafa annað þarfara við tíma sinn að gera en að nuddast áfram með þetta. Þegar boðið hefur verið upp á tiltölulega einfaldar lagfæringar á málinu til að taka það hér í gegn þá verður enn illskiljanlegra hverju þessi þrjóska sætir.

Af okkar hálfu, herra forseti, þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, kemur ekki til greina að gefa eftir í slagsmálunum um þessa grundvallarvíglínu í málinu. Þetta snýst um það. Svo geta menn sagt að þetta muni allt gerast svo rólega, menn fari varlega í sakirnar o.s.frv. En við þekkjum það öll, sem höfum lengi tekið þátt í pólitík, að hin eiginlegu slagsmál um svona mál fara fram þegar tekist er á um grundvallarvíglínuna í málinu. Ef menn tapa þar verður hitt bara undanhald. Hvernig hefur farið með gjaldtöku t.d. í almannaþjónustunni, heilbrigðiskerfinu og skólakerfinu?

Nákvæmlega eins og menn spáðu fyrir. Grundvallarátökin fóru fram þegar gjaldtakan var innleidd. Þá sögðu menn að vísu: Þetta er svo lítið. Það munar engan um þetta. Við förum svo hægt í sakirnar. Svo komu menn ári síðar og hækkuðu þetta aðeins, ári síðar hækkuðu þeir þetta enn meira og færa víglínuna utar og utar. Áður en varir er mjög erfitt að fóta sig og stöðva sig af eftir að einu sinni er farið út á svona óheillabraut.

Við skulum ræða þetta, herra forseti, eins og þetta er. Við tökumst hér á um hvort eigi að leggja af stað í leiðangur sem vísar í áttina að einkavæðingu á þessum rekstri og að færa hann yfir í hefðbundið viðskiptaumhverfi og samkeppnisumhverfi venjulegs atvinnulífs, venjulegs atvinnurekstrar þar sem upp koma kröfur um arð af starfseminni o.s.frv.

Í staðinn ætti að setja sérlög um þetta og skilgreina sem hluta af hinu opinbera samgöngukerfi, sem almannaþjónustu, almannahagsmuni, byggðapólitíska hagsmuni, samgöngupólitíska hagsmuni og stuðning við atvinnulífið vítt og breitt. Frá því mætti ganga með því lagaumhverfi. Þannig á að gera þetta en ekki svona.

Um hvað eru hlutafélagalögin? Eru þau um skyldur viðkomandi rekstrar við almenning? Við byggð? Er eitthvað um það í hlutafélagalögunum? Hefur hæstv. samgrh. rekist á það? Hann kann samkeppnislögin og hlutafélagalögin betur en ég ef svo er. Nei, hlutafélagalögin eru auðvitað rammi um einkarekstur í ágóðaskyni. Þar er fyrst og fremst settur lagarammi til að tryggja hagsmuni eigenda, tryggja að hlutahafar séu varðir og geti alltaf fengið arð sinn o.s.frv. Það er eðlilegt út af fyrir sig vegna þess að grundvallarnálgunin þar er löggjöf sem tryggir starfsgrundvöll, verndar eigendur og hluthafa í hlutafélögum á allt öðrum forsendum en þeim sem eiga að vera í forgrunni þegar rætt er um undirstöðuþætti af þessu tagi, uppbyggingu og rekstur samgöngukerfis, þjónustustarfsemi, sem er ekki rekin sjálfrar sín vegna, heldur vegna þess hlutverks sem hún á að þjóna í samfélaginu, fyrir atvinnulífið, byggðina og fyrir annan atvinnurekstur sem á þeirri aðstöðu byggir. Það á að halda þessum samskiptum hreinum.

Þannig er þetta, herra forseti, í grundvallaratriðum og röng nálgun sem þarna er á ferðinni. Nú er það að vísu svo að það hefur sljákkað heilmikið í frjálshyggjumönnunum og einkavæðingarsinnum. Það hefur gert það. Menn eru ekki jafnupprifnir og þeir voru þegar best lét, þegar menn voru eins og kálfar á vori, nýkomnir út úr fjósinu vegna þess að nú gætu þeir farið að innleiða thatcherismann á Íslandi, árið 1991 og á árunum þar á eftir. Þá voru menn eins og kálfar á vori, nýsloppnir út úr frjálshyggjufjósinu, (**HBl:** Hvaða vor var það?) Það var vorið 1991, hv. þm. og herra forseti.

Það var vorið 1991 að hleypt var út úr frjálshyggjufjósinu. Stuttbuxnadrengirnir voru orðnir langstaðnir á básunum og kunnu sér ekki læti þegar þeir komu út í vorið. Þá var lagt af stað í hinn glæsta leiðangur og átti ekki að viðhafa neina hálfvelgju. Nú hafa menn rekið sig á mörg horn. Það hefur ekki allt gengið eins glæsilega og til stóð. Við erum einmitt að ræða málin að viðstöddum einum hæstv. ráðherra sem veit vel að ekki hefur allt reynst jafnglæsilegt og til stóð. Má maður nefna á nafn Landssímann? Má maður nefna hann á nafn? Er það virkilega þannig að menn geta ekkert lært? Geta menn ekkert lært, herra forseti, af öfórum sínum og annarra? Svo virðist ekki vera. Menn eru enn að nudda með þetta þótt búið sé að pakka þessu inn í siffon og þetta sé bara 3. tölul. 8. gr., ekki boðorðið sjálft. Ekki áttunda boðorðið, ómengað og hrátt.

Þannig, herra forseti, liggja þessi mál. Við skulum ekki láta smyglgóss af þessu tagi fljóta með í þessu frumvarpi. Hreinsum þetta bara út og fáum einfalda afgreiðslu á því hver vilji meiri hluta þingmanna er í þessum efnum. Ég trúi ekki að sjálfstæðismenn, t.d. af landsbyggðinni, séu ekki með böggum hildar yfir þessum ósköpum. Maður er að vísu farinn að trúa flestu upp á framsóknarmenn en einhvern tímann hefði þetta staðið eitthvað í þeim, að láta hafa sig í að styðja stjórnarfrumvarp, frá samstarfsflokknum að vísu, um einkavæðingu hafna. Þeir styðja að því að afkoma og rekstraröryggi minni hafna vítt og breitt um landið fari allt upp í vindinn. Menn hafa reynt að róa lífróður að því að laga þetta eitthvað til frá fyrstu hugmyndum sem voru hrá nýfrjálshyggja þar sem átti í raun að afskrifa möguleika minni hafna til að komast af. Ég þykist muna rétt að þar hafi verið tillögur um að taka ríkisstyrkina af við uppbyggingu og stofnkostnað í þessum höfnum. Hvernig haldið þið að það hefði farið á auga lifandi bragði? Við vitum það öll. (**Samgrh.:** Það hlýtur að vera frv. frá annarri ríkisstjórn sem þú ert að tala um.) Um þetta eru til ýmsar hugmyndir og má fara yfir það allt ef hæstv. samgrh. vill við gott tækifæri. Mér fyndist upplagt að taka þetta mál á dagskrá í nótt og ég skal ræða það, t.d. milli tvö og fjögur, og vera þá með öll plögg í höndunum um fyrstu hugmyndirnar. Ég þykist muna nokkuð rétt að þær voru býsna groddalegar hvað þetta varðar enda fengu þær ekki góðar viðtökur. Það varð víst brátt um fyrstu uppköstin sem sett voru fram, um þessa nýfrjálshyggjuvæðingu í höfnunum.

Hér hefur að vísu margt þokast í áttina vegna þess að veruleikinn hefur náð að síast inn og haft einhver pínulítil áhrif. Pínulítil, en allt of lítil enn þá. Menn eru enn of firrtir og of uppteknir af teoríunum. Þeir of lítið í takt við hinn íslenska veruleika eins og hann er.

Ætli það sé nú ekki þannig, herra forseti, að ástandið og horfurnar í íslenskum sjávarútvegi um þessar mundir að séu þannig að hann megi vart við því á allra næstu árum að þjónustuaðstaðan í höfnum landsins stórversni? Má útvegurinn við því að hinn opinberi stuðningur og jöfnun sem tryggir að þessi þjónusta sé veitt alls staðar sem á þarf að halda, sé víkjandi og mönnum jafnvel gert erfiðara um vik en nú er, t.d. að sameina kraftana í stórum hafnasamlögum. Það getur tvímælalaust verið til bóta og er kannski ein skásta leiðin í sumum tilvikum til að mæta þeim miklu breytingum sem hafnirnar takast á við. Tekjur þeirra taka grundvallarbreytingum með gjörbreyttu flutningamunstri í landinu.

Tekjur sem áður dreifðust á margar hafnir eru kannski meira og minna horfnar en ein höfnin situr eftir með alla vöruumferð í heilum landshlutana. Hinar fá ekki neitt af þeim tekjum nema þær séu sameinaðar í samlög. Mér sýnist þetta geta komið illa niður á þeim, að vísu fá þær hafnir fimm ára aðlögunartíma. Þetta er ekki gáfulegur frágangur. Þetta er alveg fráleitt, herra forseti.

Ég held menn hafi annað þarfara að gera en að standa í þessu. Menn ættu frekar að snúa sér að því að taka á málefnum þess atvinnulífs sem þó er enn til staðar og á löppunum á landsbyggðinni, ekki veitir af. Þetta er ekki innlegg í að bæta starfsskilyrði sjávarútvegs eða flutningastarfsemi á ströndinni eða annarra framtíðarmöguleika sem góð hafnaraðstaða í hverju byggðarlagi er lífsnauðsynlegur hluti af. Hvernig

í ósköpunum eiga menn að sækja fram í nýjum greinum ef þeir hafa ekki hafnaraðstöðu? Í mörgum tilvikum er um líf eða dauða að tefla, t.d. fyrir byggðarlög sem ætla að vera með í framtíðinni í veiðum og vinnslu uppsjávarfiska. Hafnirnar verða að mæta kröfum tímans, stækkandi skipum, meiri djúpristu og öðru slíku. Halda menn að fámenn byggðarlög ráði við þær risaframkvæmdir sem slíkt getur kallað á, fámennir 300–500 manna sveitarsjóðir? Við skulum ekki gleyma hinu að þetta getur verið undirstaða gríðarlegrar verðmætasköpunar fyrir þjóðarbúið.

Menn þurfa líka að huga að því: Hverju gætu menn verið að glata með því að þessi grundvallarþjónusta væri ekki til staðar hringinn í kringum landið og svari á hverjum tíma kröfum tímans? Það er kannski bara pínulítill grjótgarður til að verja smábátahöfn á einum stað en dýpkun fyrir mörg hundruð millj. til að hafnirnar taki nýjustu loðnuskipin á öðrum stað. Við þessar fjölbreytilegur aðstæður þurfum við að glíma og þeim þörfum þurfum við að mæta. Þar af leiðandi er algerlega fráleitt að troða þessu inn í hinn íslenska veruleika, að einkavæða hafnirnar. Það er furðulegt að jafnlífsreyndur maður og hv. þm. Halldór Blöndal skuli leggja nafn sitt við þessi ósköp, þessa forsmán. (**HBl:** Hún var nú einkavædd höfnin á Hvalstöðinni.) Já, þú veist nú hvernig hún er komin í dag.

[14:32]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek eftir því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og félagi hans hv. þm. Ögmundur Jónasson hafa áttað sig á þeirri mikilvægu staðreynd að það hafnalagafrv. sem hér er til umræðu gengur út á það að styrkja stöðu fiskihafnanna. Og vegna þess sennilega hafa þeir þurft að finna atriði til að ræða um sem ekki er óeðlilegt að benda á, þá ræða þeir nokkuð mikið um 3. tölul. 8. gr. sem snýr að því að það megi reka höfn sem hlutafélag. Nú er það svo í dag að hafnalögin ná ekki yfir slíkar hafnir, þannig að ekki er hægt að setja þeim neins konar reglur eða hafa hönd á í gegnum eftirlit Siglingastofnunar o.s.frv. Það er megintilgangur þessa ákvæðis að hafnalögin nái yfir allar hafnir landsins. Það er ekki svo eins og reynt er að láta liggja að að megintilgangur frv. sé að einkavæða hafnir landsins. Það er alger grundvallarmisskilningur. Farið er mjög rækilega yfir þetta í frv.

Mergurinn málsins er sá að við erum að leggja hér á ráðin um að styrkja hafnirnar. Eins og fram kemur í hafnaáætluninni, þ.e. þeim hluta í samgönguáætluninni sem við höfum nýlega samþykkt, er verið að láta meiri fjármuni til uppbyggingar fiskihafnanna um allt land með ríkisstuðningi en nokkru sinni áður og það er gert ráð fyrir því næstu fimm árin. Þegar litið er til síðustu þriggja ára hefur aldrei verið látið jafnmikið fjármagn til uppbyggingar hafnanna í landinu en þau ár. Það er því alger viðsnúningur á staðreyndum að láta að því liggja að við séum að ganga gegn hagsmunum fiskihafnanna í landinu.

[14:34]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Sínum augum lítur hver á silfrið. Ég vísa nú til þeirrar útbreiddu andstöðu sem er við frv. og þeirrar tortryggni sem það mætir víða að af landsbyggðinni þar sem menn hafa verið að skoða þetta og reyna að spá í þá framtíð sem þarna væri að teiknast upp fyrir þeirra hönd. Það er bara ósköp einfaldlega grundvallarágreiningur uppi um túlkun þessa máls. Ég held að hæstv. samgrh. verði að horfast í augu við það að þannig er það. Það sem við höfum auðvitað alveg sérstaklega verið að gagnrýna, það er rétt hjá hæstv. ráðherra, er að við teljum að með þessu sé verið að ryðja brautina fyrir einkavæðingu. Það er sannanlegt og óhrekjanlegt. Verið er að opna fyrir það að þessi rekstur færist yfir í algert einkarekstrarform, hlutafélög, þar sem einkaaðilar geti verið að stunda þennan rekstur og draga arð út úr starfseminni og allt hvað er, samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga. En hvað kemur í framhaldinu? Það koma árekstrar. Menn fara að vitna í samkeppnislög. Og þetta verður notað til þess að brjóta niður hinn félagslega rekstur, hina félagslegu hugsun.

Hæstv. samgrh. hlýtur að vita hvernig þetta gengur alltaf fyrir sig, hvernig þetta er gert. Það ætti engum að koma á óvart að menn séu orðnir tortryggnir á einhverjar yfirlýsingar og loforð um að þetta sé nú allt saman svona saklaust og meinlaust og ekki standi til að selja og ekki standi til að einkavæða. Hvenær hefur eitt einasta atriði sem ríkisstjórnir Sjálfstfl., fyrst með krötunum og síðan með Framsókn, hafa lofað af þessu tagi staðist? Aldrei. Því var lofað að hreyfa ekki við Pósti og síma fyrstu fjögur árin. Það loforð var ekki orðið kalt þegar hjólað var í hann. Því var lofað að selja ekkert í ríkisbönkunum fyrstu fjögur árin, bara breyta þeim í hlutafélög, kannski bjóða út nýtt hlutafé. Ekki orðin köld yfirlýsingin þegar byrjað var að undirbúa að svíkja hana, o.s.frv. Þannig að allur þessi ferill er varðaður blekkingarleik af þessu tagi. Það er alveg á hreinu að við erum löngu hætt að taka nokkurt mark á svona löguðu.

[14:36]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talar eins og ríkið reki íslenskar hafnir. Það er alveg grundvallarmisskilningur. Ríkið er ekki að einkavæða hafnir þó gert sé ráð fyrir því að í lögum sé heimild til þess að hafnir séu starfræktar sem hlutafélög. Það eru sveitarfélögin í landinu sem fara með þessi mál. Ég hélt að hv. þm. ætti að vita það afskaplega vel. Landshafnirnar voru hér í eina tíð reknar algerlega á ábyrgð ríkisins. Fallið var frá þeirri starfsemi. Ég veit að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon þekkir það mætavel. Það eru því sveitarfélögin sem fara með rekstur hafnanna. Leiðin sem við veljum hér er sú að þar sem það á við getur átt sér stað samkeppni þar sem samkeppni er raunveruleg. En þar sem eru litlar hafnir sem í raun og veru geta ekki tekið þátt í neinni samkeppni, þá gerir frv. ráð fyrir að til komi ríkisstyrkir til þess að tryggja framtíð þeirra hafna. Allt annað sem látið er í veðri vaka er útúrsnúningur og ranghugmyndir manna.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson fór mjög vandlega yfir þetta mál í morgun. Ég er í mörgum atriðum sammála honum um það að við verðum að tryggja og passa það að litlu hafnirnar í samkeppnisumhverfi verði ekki píndar með einhvers konar yfirbjóðanlegum aðgerðum, eins og hann orðaði það, til þess að missa af stuðningi. Frumvarpið gerir einmitt ráð fyrir því að við höfum fullt vald á því að tryggja þann stuðning. Ég er sammála hv. þm. Ögmundi Jónassyni að því leyti að það þarf að gera. Og við gerum það í þessu frv., við tryggjum stuðning til þeirra hafna sem á stuðningnum þurfa að halda og það er grundvallaratriði.

[14:38]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Við þurfum nú ekki að þrasa um það hér, einn fyrrv. og bráðum tveir fyrrv. samgrh., hvernig grund-

vallarfyrirkomulagið er í þessum efnum. Það er jú þannig að rekstur hafnanna í landinu er í grundvallaratriðum samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga. Sveitarfélögin annast um reksturinn, halda hafnirnar, en fá til þess fjárstuðning frá ríkinu. (**Samgrh.:** Eiga hafnirnar.) Ríkið setur lögin og starfsskilyrðin og leggur mikið fé í púkkið. Það rekur þjónustuna, rannsóknirnar o.s.frv. Þetta vitum við bara alveg hvernig liggur fyrir.

Það sem við erum auðvitað að vara við er að menn haldi inn á þessa braut og það virðist vera að hæstv. samgrh. deili að mörgu leyti áhyggjum með okkur af því að við megum ekki missa þessa almannaþjónustu og sérstaklega ekki minni hafnirnar (**Gripið fram í:** Stendur ekki til.) sem veikar standa inn í þetta samkeppnisumhverfi, en þar byrja vandræðin. Ef opnað verður fyrir að þetta verði á tvenns konar formum, hvað gerist þá? Þá koma kærurnar. Þá koma menn með samkeppnislögin. Og þá byrja menn að brjóta þetta undir sig, að þetta sé eins og hver annar atvinnurekstur í hagnaðarskyni og það megi ekki vera mismunun og ríkið megi ekki vera með þetta og sveitarfélögin ekki vera með hitt, við vitum alveg hvar það endar. Vörnin er fólgin í því að skilgreina þetta að lögum og í reynd sem opinbera þjónustu, almannaþjónustu, hluta af hinu opinbera stoðkerfi. Það megum við enn þá samkvæmt bæði evrópskum og alþjóðlegum reglum. En um leið og við förum að fara með þetta yfir í blandað fyrirkomulag, þá koma til sögunnar alls konar vandamál.

Það er þetta sem engan veginn hefur verið hugað nógu vel að, herra forseti, að mínu mati í frv. og hæstv. ráðherra hlýtur að kannast við það úr störfum sínum að það er ekkert einfalt mál að eiga við þetta ef menn á annað borð missa sig af stað í þennan leiðangur og þá er betur heima setið en af stað farið ef menn sjá ekki fyrir þá hluti sem geta komið upp í framhaldinu, herra forseti. Við eigum því bara ósköp einfaldlega ekkert að vera að fara inn á þessa braut.

[14:41]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að það kom mér ákaflega á óvart þegar ég áttaði mig á því, þegar samgönguáætlun var lögð fram af hæstv. ráðherra, að ríkisstjórnin og hæstv. ráðherra ætluðu að koma með þetta mál aftur inn til þings, þ.e. frv. til hafnalaga sem við nú ræðum og lagt var fram á síðasta þingi og fékk vægast sagt algjöra falleinkunn. Menn fundu frv. ýmislegt til foráttu, jafnt á Alþingi og á hafnasambandsþingi sem haldið var rétt eftir að frv. var lagt fram. Þess vegna kom það mér á óvart að hæstv. ríkisstjórn skyldi láta sér detta í hug að koma fram með þetta á nýjan leik. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson gat þess hér við 1. umr. um málið og leiddi að því líkur og spurði hvort hæstv. ráðherra hefði verið plataður og hver hafi í raun og veru platað hann upp úr skónum til að leggja þetta frv. fram.

Það er alveg með ólíkindum, herra forseti, hvernig ríkisstjórnin heldur áfram að ráðast á sveitarfélög í landinu og hinar dreifðu byggðir, sveitarfélög á landsbyggðinni. Það besta eiginlega við að þinginu er að verða lokið og Alþingi sent heim er að þá kannski verður ríkisstjórnin að stoppa við og vonandi hætta þá árásir núv. ríkisstjórnar á íbúa landsbyggðarinnar, á sveitarfélög á landsbyggðinni og á fyrirtækjarekstur á landsbyggðinni almennt. Og ætla ég að koma að því hér rétt á eftir.

Ég sagði, herra forseti, að í fyrra hefðu menn fundið frv. flest til foráttu. Sú barátta kom fram bæði frá þingmönnum stjórnarandstöðunnar hér á hinu háa Alþingi og eins í samgn. einnig frá þingmönnum stjórnarandstöðunnar, en þó með smáviðbót frá öðrum stjórnarflokknum. Þau viðbrögð sem frv. fékk á hafnasambandsþingi var eins og ég sagði áðan, algjör falleinkunn. Og mér er til efs að hæstv. samgrh. hafi nokkurn tímann, a.m.k. á þessu kjörtímabili, lagt fram jafnvitlaust frv. og þá var lagt fram.

Fram hefur komið, herra forseti, að eitthvað hafi frv. skánað og það er vel. En ég held að enn þá séu allt of margir ókostir við frv. Þess vegna trúi ég því ekki og fyrir því verður barist að þessari árás á hafnarsjóði sveitarfélaga, sérstaklega á landsbyggðinni, verði hrundið.

Kjarninn í þessu máli er náttúrlega sá að það á að afnema ríkisstyrki til hafna enda kemur fram í umræddri samgönguáætlun sem ég vitnaði til áðan hvernig þetta mun líta út, þ.e. að framlag úr ríkissjóði sem ætlað er nú 6,6 milljarðar kr. mun detta niður um 2 milljarða kr. á öðru tímabili samgönguáætlunar. Þetta er auðvitað málið í hnotskurn. Ríkisstjórnin er að koma með frv. þar sem draga á úr og minnka á ríkisstyrki til hafnargerðar og starfsemi tengdri höfnum hjá mjög mörgum höfnum, þó svo að nokkrar hafnir muni e.t.v. fara örlítið betur út úr þessu og það er kannski það góða við þá baráttu sem menn hafa sýnt gegn þessu frv. að örlítið af því hefur skánað.

Þetta er eins og ég sagði áðan, herra forseti, bein árás á margar sjávarbyggðir vítt og breitt um landið og ekki verður séð hvernig sveitarsjóðir eigi að geta staðið undir rekstri hafnanna, endurbótum og uppbyggingu ef frv. verður að lögum. Höfnunum er sem sagt ætlað að hækka aflagjöld sín og fá meiri tekjur í staðinn fyrir ríkisstyrkinn sem á að detta út. Við getum aðeins ímyndað okkur hvernig það verður. Mig minnir að ég hafi séð að þetta yrðu 500–600 millj., ef ég man rétt. Við getum ímyndað okkur hvernig þetta verður þegar og ef áframhaldandi breytingar í sjávarútvegi eiga sér stað. Hvað mun t.d. gerast hjá mörgum höfnum landsins ef menn færu allt í einu að draga úr eða jafnvel hætta um tíma rækjuveiðum vegna erfiðra rekstrarskilyrða í rækjubransanum á Íslandi eins og þau eru í dag? Hvað mundi t.d. gerast hjá mörgum hafnarsjóðum ef loðnubrestur yrði, ef það yrði engin loðnuveiði? Og hvað mun gerast, herra forseti, þegar hafnir fara að keppa um og bjóða niður og bjóða betur í landanir frystitogara? Í þessu sambandi rétt að hafa í huga annað atriði sem líka snýr að hæstv. samgrh. og hæstv. ríkisstjórn, þ.e. þær breytingar sem hafa átt sér stað í skipaflutningum þar sem menn flytja gáma og annað slíkt, afurðir sem unnar eru vítt og breitt um landið, þ.e. hvernig mun þetta koma út? Við vitum að fjölmörg útgerðarfyrirtæki hafa neyðst til að sigla frá heimabyggðum sínum og landa í Reykjavíkurhöfn eða Hafnarfjarðarhöfn og spara með því mikla peninga.

Herra forseti. Ég hef áður sagt það og það hefur komið fram, að það kostar 1 millj. kr. minna að landa 400 tonna frystifarmi í Reykjavíkurhöfn eða Hafnarfjarðarhöfn, en í höfnum á Miðnorðurlandi. Útgerðarfélögin geta sparað sér 1 millj. kr. í flutningskostnað bara við þetta. Hvernig fer svo þegar samkeppni verður innleidd í þetta ef hinar stóru miklu hafnir fara að bjóða útgerðum afslátt á aflagjaldi á höfuðborgarsvæðinu og skipin sigla þá kannski enn frekar og enn þá fleiri til löndunar hér fyrir sunnan? Það verða þá ekki miklar tekjur sem koma í hafnarsjóði þeirra sveitarfélaga þegar þetta gengur fram.

Herra forseti. Það er alveg með ólíkindum hvað hæstv. ríkisstjórn með alla sína ráðherra í broddi fylkingar hvern á

sínu sviði, endist við að koma hér fram með lagafrumvörp þar sem eru beinar árásir á sveitarfélög á landsbyggðinni, landsbyggðarfólk og þá starfsemi sem þar hefur átt sér stað. Fer þessu ekki að linna? Aðalkosturinn við að Alþingi verður sent heim núna næstu klukkutíma eða næstu daga er, að ég held, að við getum þá alla vega huggað okkur við að ekki koma fleiri árásarfrumvörp frá hæstv. ríkisstjórn gagnvart landsbyggðinni. Nóg er nú komið. Í þessu sambandi skal ég rifja aðeins upp nýjasta afrekið, þ.e. afrek hæstv. heilbrrh. þegar hann lagði fram frv. og notaði tækifærið þegar ríki og sveitarfélög voru að semja um breytta verkaskiptingu, notaði tækifærið þegar 15% voru tekin frá sveitarfélögunum og færð yfir til ríkissjóðs og lagði það til að leggja niður allar stjórnir sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva út um allt land. (**KHG:** Var það ekki bara sjálfsagt?) Var það ekki bara hvað? (**KHG:** Var það ekki bara sjálfsagt mál?) Jú, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, sem kosinn er í Vestfjarðakjördæmi og er flokksbróðir hæstv. heilbrrh. Jóns Kristjánssonar. Það var sjálfsagt mál í ykkar huga. En það var ekki sjálfsagt mál í mínum huga. Þetta er enn eitt dæmið um miðstýringaráttu Framsfl. sem bitnar á landsbyggðinni, sveitarfélögum og íbúum landsbyggðarinnar. Hann vill draga allt hingað suður til Reykjavíkur, alla stjórnunarþætti og annað. Enda kom það fram í fjölmörgum umsögnum sem bárust af landsbyggðinni og líka reyndar af höfuðborgarsvæðinu, þar sem því var mótmælt að leggja niður stjórnir sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva.

Landsbyggðarþingmenn sem vilja kenna sig við landsbyggðina eins og hv. 1. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal, eða hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sem kallaði fram í áðan og taldi sjálfsagt að leggja niður þessar stjórnir, er ekki komið nóg? Er ekki komið nóg af árásum ykkar á starfsemi á landsbyggðinni? Við skulum rétt vona að landsbyggðarfólk noti tækifærið í kosningunum 10. maí til að kenna stjórnarflokkunum og þeim þingmönnum sem bjóða sig fram fyrir þá, hvort sem það er fyrir Sjálfstfl. eða Framsfl. í Norðurl. e., hæstv. heilbrrh. eða aðrir þingmenn, lexíuna og að kjósendur á landsbyggðinni muni tjá sig um þetta og segja að nóg sé komið af árásum stjórnarflokkanna á íbúa landsbyggðarinnar.

Frumvarpið til hafnalaga sem við ræðum nú er enn ein árásin sem sett er fram af hv. þm. Halldóri Blöndal sem startaði þessari vinnu sem þáv. samgrh. og skipaði nefnd undir formennsku hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar. Hann startaði þeirri vinnu að búa til þessi nýju hafnalög, þessa nýjustu árás á sveitarfélög og íbúa landsbyggðarinnar. Það er alveg með ólíkindum, herra forseti, hve lengi á að halda áfram að mölva niður þjónustu og annað slíkt á landsbyggðinni. Þetta hefur birst í nýlegu vefriti fjmrn. Það er rétt að rifja það upp. Eiginlega má segja að þar hafi komið fram lokauppgjör hæstv. ríkisstjórnar gagnvart landsbyggðinni og byggðastefnu, skuldaskil ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar gagnvart landsbyggðarfólki. Um leið og hæstv. fjmrh. gengur hér í salinn þá ber að þakka fyrir það sem þar birtist og sett var fram myndrænt. Hvert kjördæmi var tekið fyrir sig og sýnt hvernig mélað var undan landsbyggðinni og starfsemi þar í stjórnartíð hæstv. ríkisstjórnar, skuldaskil eins og íbúafækkun upp á 18% á Vestfjörðum, skuldaskil eins og fækkun íbúa á Austurlandi upp á 10%, skuldaskil eins og fækkun íbúa um ein 15% eða 16% í Norðurl. v. (Gripið fram í.) Bragð er að þá barnið finnur.

Herra forseti. Ríkisstjórnin hefur hælt sér af skattkerfisbreytingunni svokölluðu sem gerð var í fyrra og átti að nýtast í fyrirtækjarekstri, auka rekstrargrundvöll atvinnufyrirtækja og stuðla að því að fyrirtæki flyttu ekki úr landi eins og sagt var. Þetta er allt saman gott og göfugt. Þetta eru góð markmið. En hver var svo niðurstaðan? Við skulum fara yfir það líka vegna þess að það er ekki eingöngu verið að rústa hafnarsjóðum og gera þeim erfitt að reka sig. Það er líka höggvið í sama knérunn gagnvart atvinnurekstri á landsbyggðinni, t.d. í Norðurl. e. þar sem fyrirtæki þurfa að borga enn þá meiri skatta eftir þessa skattkerfisbreytingu en fyrir. Við skulum rifja það aðeins upp, herra forseti. Fyrirtækjaskattar voru lækkaðir úr 30% í 18%. Eignarskattar voru lækkaðir um helming og þjóðarbókhlöðuskatturinn upp á 0,25%, ef ég man rétt, var aflagður. En samfara því þurfti ríkissjóður að afla sér tekna með hækkun tryggingagjalds. Hver var svo niðurstaða þessarar breytingar? Í gögnum frá ríkisskattstjóra þegar verið var að ræða þetta mál kom fram að fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjavík og í Reykjaneskjördæmi, áttu að hagnast eða það var áætlað að þau mundu hagnast um 3.000 millj. kr. á þessari skattkerfisbreytingu. En fyrirtæki í öllum öðrum skattumdæmum landsins, þ.e. á landsbyggðinni, komu út nánast á núlli. Sem dæmi um fyrirtækjarekstur þá þurftu eitthvað um tæplega þúsund lögaðilar, að mig minnir, á Austurlandi, að greiða meiri skatta eftir þessa breytingu en fyrir og það er auðvitað vegna þess að fyrirtæki á landsbyggðinni hagnast ekki eins mikið á lækkun eignarskatta. Þau greiða miklu meira vegna hækkunar tryggingagjalds vegna launagreiðsla og hafa ekki, því miður, skilað það miklum hagnaði að þau hagnist á lækkun skattprósentunnar úr 30% í 18%.

Þess vegna hefur þetta komið svona út. Ég nefni þetta nú, herra forseti, bara sem enn eitt dæmið um árás ríkisstjórnarflokkanna á landsbyggðina og landsbyggðarfólk. Þegar málin eru skoðuð, t.d. gagnvart eignarsköttunum, þá kemur það líka fram, herra forseti, að eignarskattar árið 2002 voru 6,2 milljarðar kr. í heildina. Hvernig skyldi nú skiptingin hafa verið milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar? Jú, hún var þannig að tæpir 5 milljarðar koma af eignarsköttum á höfuðborgarsvæðinu en 1,2 milljarðar af landsbyggðinni. Varðandi þessa lækkun sem ég hef gert hér að umtalsefni, lækkun eignarskattsins, þá getum við reiknað út hvaða fyrirtækjahópar, hvaða fyrirtækjarekstur græðir á þessari skattkerfisbreytingu og hver tapar.

Herra forseti. Því er auðvitað mjög skipt hvernig afkoma fyrirtækja er. Hún er nefnilega mjög breytileg. Það er ósköp eðlilegt að hagnaður af rekstri fyrirtækja á landsbyggðinni sé minni þegar horft er til þess að fyrirtæki þar greiða hin háu flutningsgjöld sem áður hafa verið rædd á Alþingi. Það kemur fram að þau fyrirtæki sem greiða þessi háu flutningsgjöld hagnast auðvitað minna og njóta þar með ekki ávaxtanna af lækkun tekjuskattsins úr 30% í 18%.

Þetta er, herra forseti, alveg með ólíkindum. Þegar ég horfi yfir salinn finnst mér dapurlegt að hv. þm. sem eru kosnir af landsbyggðinni, t.d. hv. þm. Halldór Blöndal, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, skyldu ekki nota tækifærið í ríkisstjórnarflokkunum til að benda á þessi atriði, benda á þetta misrétti og stoppa það eða breyta því þannig að það efldi atvinnurekstur og styrkti rekstrarskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni meira en það hefur gert. Voru allir steinsofandi þegar þessi frv. voru keyrð í gegn? (**Gripið fram í:** Ekki Kristinn.)

Við getum svo farið líka yfir það, herra forseti, hvern-

ig þessi skattkerfisbreyting og hækkun á tryggingagjaldinu hefur komið við sveitarfélögin í landinu.

Hækkun tryggingagjaldsins sem sett var inn til að ná í tekjur fyrir ríkissjóð á móti því tekjutapi sem varð af tekju- og eignarsköttum lögaðila sem hér á höfuðborgarsvæðinu er mest, eins og fram hefur komið, hefur tryggingagjaldið verið hækkað og það hefur komið fram að greiðsla sveitarfélaga í formi tryggingagjalds varð allsvakaleg við þessa hækkun. Var hún þó ærin fyrir. Við getum tekið dæmi, herra forseti, af hinu ágæta bæjarfélagi Kópavogsbæ þar sem áætlað var að hækkun á greiðslum tryggingagjalda Kópavogsbæjar vegna þessarar skattkerfisbreytingar sem hv. þm. Gunnar Birgisson stuðlaði að og samþykkti gæti verið á bilinu 14–20 millj. kr. (**GunnB:** 4 milljónir.) 14–20 millj. kr. Við getum svo farið yfir það tekjutap sem sveitarfélögin í landinu hafa orðið fyrir við að breyta yfir í einkahlutafélög.

Hæstv. félmrh. hefur sagt í svari við fyrirspurn minni að það megi ætla í kringum einn milljarð kr. sem sveitarfélögin tapa út af þessari breytingu. Ætlar ríkisstjórnin að bæta sveitarfélögunum þetta tekjutap? Nei, sagði hæstv. félmrh. Páll Pétursson, sá hinn sami ráðherra og sagði að Framsfl. hefði gleymt landsbyggðinni í markaðssetningu sinni á höfuðborgarsvæðinu. Markaðssetning sem hefur farið fyrir ofan garð og neðan, sem betur fer, samkvæmt skoðanakönnunum.

Nei, herra forseti, það er alveg sama hvar farið er þegar farið er yfir skuldaskil Framsfl. og Sjálfstfl. gagnvart landsbyggðinni. Það er alveg sama hvar við berum niður. Alls staðar hreinar árásir á landsbyggðina.

Ég get, herra forseti, farið yfir fleiri atriði. Ég held að það sé ágætt undir þessum lið þegar við ræðum þetta árásarfrv., breytingu á hafnalögum, að taka önnur árásarfrv. sem hafa komið fram eða árásir sem hafa átt sér stað og beinst gegn landsbyggðarfólki og fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni.

Eigum við að rifja aðeins upp þungaskattinn? Hækkun á þungaskatti bíls með vagn frá árinu 1998 jókst um 40–50% hjá þeim bílum sem aka í kringum 130 þús. km á ári. Hvert hefur þessi hækkun á þungaskatti farið? (**Gripið fram í:** Til baka?) Jú, til hæstv. fjmrh. Geirs Haardes. (**Gripið fram í:** Sem kemur við.) (**Gripið fram í:** ... sem nú rekur feitasta ríkissjóð allra tíma.) (**SvH:** Þar af leiðandi.) Þar af leiðandi, vegna þessarar miklu skattheimtu. Þungaskattur hefur hækkað um þetta, það hefur ekki verið hrakið og það er sannarlega svona. Þetta er frá árinu 1998. Auðvitað hefur þetta farið þráðbeint út í verðlagið. Þetta er ekki til þess að efla eða styrkja atvinnurekstur á landsbyggðinni eða styrkja samkeppnishæfni fyrirtækja þar gagnvart fyrirtækjarekstri á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur líka komið fram í samtölum við forsvarsmenn fyrirtækja á mörgum stöðum á landsbyggðinni þar sem flutningskostnaðurinn er að steindrepa starfsemina og frekari útrás þeirra fyrirtækja mun sennilega eiga sér stað með því að hluti af starfseminni verður færður suður til Reykjavíkur til þess að losna við þessi háu flutningsgjöld. (**HBl:** Sumir fara í Kópavoginn.) (**Gripið fram í:** Halldór er á Nesinu.) Sumir ættu að fara út í Kolbeinsey. (**Gripið fram í:** Og vera þar.)

Herra forseti. Ég held að ég láti aðeins staðar numið við þessa landsbyggðarskatta og þessi árásarfrv. sem hafa dunið á landsbyggðarfólki og fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni í tíð þessarar ríkisstjórnar. Ég hef á tilfinningunni að skuldaskilin sem fólk mun sýna þessari ríkisstjórn og þeirri landsbyggðarstefnu sem rekin hefur verið af ríkisstjórnarflokkunum, Framsfl. og Sjálfstfl., muni sjást í kosningunum 10. maí. Ég er ekki í vafa um það. (**Gripið fram í:** Framsfl. var einu sinni landsbyggðarflokkur.) Framsfl. hefur gleymt landsbyggðinni og það er alveg hárrétt sem hæstv. félmrh. hefur sagt og ber auðvitað að virða menn fyrir hreinskilni, þakka fyrir. Það er eðlilegt að þakka hana. Það er ekki svo oft sem menn gera það en ef ég sný mér aftur að þessu nýjasta árásarfrv., þ.e. frv. til hafnalaga, hefur það komið fram í samgn. að þar eru mjög skiptar skoðanir um arfavitlaust og vont frv. sem hæstv. samgrh. lagði fram í fyrra. Það hefur þó örlítið skánað en er engan veginn orðið ásættanlegt. Það kemur í ljós að nokkrar smærri hafnir landsins munu áfram njóta þess að fá ríkisstyrk við dýpkun eða viðhald plús það að fá auknar tekjur og vonandi verður það þannig að áfram verði landað þar afla ... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti spyr hv. þm. hvort hann eigi mikið eftir af sinni merku ræðu.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir að telja hana merka, og ég á töluvert eftir.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Þá biður forseti hv. þm. að gera hlé á ræðunni því það höfðu verið boðaðar atkvæðagreiðslur kl. 3. Umræðu um þetta mál verður því frestað um sinn.)

Umræðu frestað.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 636. mál (verðjöfnun við útflutning). — Þskj. 1031, nál. 1321.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Námsstyrkir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 446. mál (heildarlög). — Þskj. 629, nál. 1270.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1270,1 samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1270,2 samþ. með 46 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
4.–9. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Fjarskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 599. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 960, nál. 1258 og 1324.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MS, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞBack, ÖS.

5 þm. (GE, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, ÁRJ, DO, EKG, GHall, GÁ, JóhS, ÓÖH, SJóh, TIO, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

2.–15. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MS, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, VS.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, DO, EKG, GHall, GÁ, JóhS, ÓÖH, SJóh, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

16.–18. gr. samþ. með 43:6 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÖ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MS, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, VS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, EKG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, JóhS, ÓÖH, SJóh, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

19.–71. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MS, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, VS.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BjörgvS, EKG, GHall, GÁ, JóhS, ÓÖH, SJóh, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1258 samþ. með 44:1 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, VS.

nei: ÁRJ.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, BjörgvS, EKG, GHall, GÁ, HBl, JóhS, SJóh, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

72. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, VS.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, BjörgvS, EKG, GHall, GÁ, JÁ, JóhS, KVM, SJóh, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

73.–76. og ákv. til brb. I–II samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, VS.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, ÁRJ, EKG, GHall, GÁ, JóhS, SJóh, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Póst- og fjarskiptastofnun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 600. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 961, nál. 1257 og 1325.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:15]

1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.

2.–17. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 602. mál (meðafli). — Þskj. 963, nál. 1255.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:16]

Brtt. í nál. 1255 (ný 1. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 648. mál (sala á eignarhluta ríkissjóðs). — Þskj. 1053, nál. 1294 og 1302.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:17]

Till. í nál. 1294 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 39:7 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, KLM, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÖS.

3 þm. (BjörgvS, GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
14 þm. (AHB, ÁMM, ÁRJ, EKG, GHall, GÁ, JóhS, KVM, LB, RG, SJóh, TIO, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 42:6 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, VS.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
15 þm. (ÁMM, BjörgvS, EKG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, JóhS, KLM, RG, SJóh, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 43:6 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, VS.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BjörgvS, EKG, GHall, GÁ, JóhS, LB, RG, SJóh, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, frh. 3. umr.

Stjfrv., 453. mál (stofnkostnaður, stjórnir stofnana o.fl.). — Þskj. 1248, brtt. 1301 og 1322.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:19]
Brtt. 1322,1 felld með 29:24 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, HBl, ÍGP, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, LB, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, EOK, GHH, GuðjG, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS.
10 þm. (ÁMM, DrH, EKG, GHall, GÁ, JóhS, SJóh, TIO, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [15:18]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Þessar breytingar ganga út á það að háskólasjúkrahúsunum báðum sé gert jafnhátt undir höfði og þau verði gerð jafngild í stjórnsýslunni, þ.e. að samsvarandi stjórnir verði yfir háskólasjúkrahúsunum, bæði Landspítala og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Eins er lagt til að þau ákvæði sem snúa að skiptingunni, að ríkið sjái um og greiði rekstur af þessum heilbrigðisstofnunum, taki þegar gildi en því verði frestað að það taki gildi sem snýr að stjórnum þessara stofnana sem við höfum fjallað um. Er vísað til þess að búið er skipa nefnd til að fara yfir öll lög um heilbrigðisþjónustu og ég tel að það eigi að gefa henni tíma til að vinna.

Brtt. 1322,2 felld með 31:23 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, LB, MS, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS.
9 þm. (ÁMM, EKG, GHall, GÁ, JóhS, SJóh, TIO, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1301 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH*, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÖS.
7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, EKG, GHall, GÁS, GÁ, JóhS, KLM, SJóh, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Frv., svo breytt, samþ. með 47:2 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÖS.
nei: ÁSJ, JB.
4 þm. (KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, EKG, GHall, GÁS, GÁ, JóhS, KLM, LB, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1392).

Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, frh. 3. umr.

Stjfrv., 597. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1345.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:21]
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MS, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
9 þm. (ÁMM, EKG, GAK, GHall, GÁ, JóhS, ÓÖH, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1393).

Orkustofnun, frh. 3. umr.

Stjfrv., 544. mál (heildarlög). — Þskj. 1365.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:22]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÖS.
7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁMM, EKG, GHall, GÁ, JóhS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1394).

Íslenskar orkurannsóknir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 545. mál. — Þskj. 1366.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:22]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁMM, EKG, GHall, GÁ, JóhS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1395).

Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis suður, frh. 3. umr.

Stjfrv., 650. mál. — Þskj. 1059.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:23]
Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
7 þm. (ÁMM, EKG, GHall, GÁ, JóhS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1396).

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, frh. 3. umr.

Stjfrv., 488. mál (rafræn vöktun, ættfræðirit). — Þskj. 1367.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:24]
Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞBack, ÖJ.
8 þm. (ÁMM, EKG, GHall, GÁ, JóhS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1397).

Ábyrgðasjóður launa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 649. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1055, nál. 1373.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:24]
1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
2.–21. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1373,1 samþ. með 55 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1373,2 samþ. með 54 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
24.–28. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 610. mál (lækkun gjalds). — Þskj. 973, nál. 1296.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]
Brtt. í nál. 1296 samþ. með 49 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 669. mál (hafnir, hópferðabifreiðar). — Þskj. 1086, nál. 1297.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]
1. gr. samþ. með 36:3 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, StB.
nei: ÁSJ, JB, ÞBack.
11 þm. (BjörgvS, EMS, GAK, GÖ, KolH, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, ÁRJ, EKG, GHall, GÁS, GÁ, JóhS, JónK, LB, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 33:2 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS.
nei: ÁSJ, ÞBack.
20 þm. (ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JB, KVM, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, EKG, GHall, GÁ, JÁ, JóhS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞBack.
4 þm. (ÁSJ, BjörgvS, SJS, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, EKG, GHall, GÁ, HBl, JóhS, LMR, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Kjaradómur og kjaranefnd, frh. 2. umr.

Stjfrv., 683. mál (heilsugæslulæknar). — Þskj. 1110, nál. 1278.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2. gr. og ákv. til brb. samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 2. umr.

Frv. allshn., 713. mál. — Þskj. 1341.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:29]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Raforkuver, 3. umr.

Stjfrv., 670. mál (Norðlingaölduveita, Nesjavallavirkjun og Hitaveita Suðurnesja). — Þskj. 1090.

[15:30]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Við komum nú til 3. umr. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum, og það verður að segjast eins og er, herra forseti, að það olli nokkrum vonbrigðum í umræðunni í gær að hæstv. iðnrh. skyldi ekki tala í umræðulok til þess að svara þeim spurningum sem beint var til hennar í umræðunni af þeim þingmönnum sem tóku þátt í henni. Ég vil því freista þess, herra forseti, að ítreka nokkrar af spurningum mínum til hæstv. iðnrh.

Herra forseti. Hér er sem sagt verið að afgreiða endanlega þá virkjunarkosti sem hæstv. ríkisstjórn telur vera fýsilega til þess að framleiða raforku fyrir stækkun álvers á Grundartanga. Þar undir liggur einn allra umdeildasti virkjunarkostur sem hægt er að hugsa sér, nefnilega virkjunin í Þjórsárverum, Norðlingaölduveita. Í 2. umr. var rakið nokkuð ítarlega hvernig úrskurður hæstv. setts umhvrh., Jóns Kristjánssonar, hefur farið í fólk og hvað sé nú verið að gera við þann úrskurð á vettvangi framkvæmdaraðila, nefnilega Landsvirkjunar. Og þar eru nokkur atriði sem eru aldeilis ekki á hreinu, herra forseti, og verður að fá svör við hér.

Þá er fyrsta spurningin sú, herra forseti, til hæstv. iðnrh.: Hver er þýðing fskj. III sem fylgir frv. eins og það er lagt fram til þingmanna? Þessi spurning er afar mikilvæg vegna þess að í henni kemur fram að Landsvirkjun telur sig ekki vera bundna af úrskurði hæstv. setts umhvrh. að því leytinu til að hugmynd sú sem úrskurðurinn byggist á, hugmyndin sem lögð var fram með úrskurðinum og á ættir að rekja til Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, er ekki sú hugmynd sem Landsvirkjun ætlar að fylgja í sínum væntanlegu framkvæmdum. Í þeirri hugmynd var gert ráð fyrir að lónshæðin yrði 566 m yfir sjávarmáli en það kemur fram að Landsvirkjun er að skoða möguleika á því að gera lónið allt að 568,5 m sem þýðir að lónið stækkar um helming. Bara við þessa 2,5 m breytingu á yfirborði lónsins stækkar lónið úr 3,3 ferkílómetrum í 6,6 ferkílómetra. Nú verðum við að fá að vita það, herra forseti, hvort þetta sé rétt túlkun hjá Landsvirkjun. Er Landsvirkjun ekki bundnari af þeim gögnum sem lágu að baki úrskurði Jóns Kristjánssonar, hæstv. setts umhvrh., en svo?

Herra forseti. Þetta fskj. III ásamt með blaðaviðtölum sem tekin hafa verið við forstjóra Landsvirkjunar, Friðrik Sophusson, gefa það til kynna að ákveðnir þættir í úrskurði ráðherrans komi ekki til með að ganga eftir. Þar vil ég t.d. nefna þá staðreynd varðandi set- og veitulónið sem gert er ráð fyrir að verði sett niður austan til í verunum, setlón sem á að taka við vatni úr Litlu-Arnarfellskvísl og vesturkvíslinni, að gert er ráð fyrir því í úrskurði setts umhvrh. að það verði það stórt að það fari fram úr þeim viðmiðunarmörkum sem sett eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Þannig er mál með vexti, herra forseti, varðandi setlónið sem um ræðir og talið er að geti valdið talsvert miklum óafturkræfum umhverfisáhrifum að gert var ráð fyrir því í úrskurði Skipulagsstofnunar frá 12. ágúst 2002 að það yrði 2,7 ferkílómetrar að stærð. Verði hins vegar farin sú leið sem hæstv. umhvrh. Jón Kristjánsson lagði til í úrskurði sínum verður þetta lón ekki 2,7 ferkílómetrar heldur 3,3

ferkílómetrar. Þar með er þetta setlón orðið umhverfismatsskylt. Ef það fer yfir 3 ferkílómetra er alveg ljóst að það er ekki hægt að taka þetta lón sem mótvægisaðgerð inn í þessar framkvæmdir heldur verður að taka það sem sjálfstæða framkvæmd enda hefur Landsvirkjun ævinlega litið á lón á þessu svæði sem sjálfstæða framkvæmd sem gengið hefur undir nafninu 6. áfangi Kvíslaveitu. Þetta er eitt af þeim atriðum sem verður líka að skýra við umræðuna því að það er ekki hægt að gefa út á hinu háa Alþingi tékka sem er svo óútfyllltur að framkvæmdaraðili hafi bara frjálsar hendur með að gera það sem honum sýnist, jafnvel þegar sterkar vísbendingar eru uppi um að verið sé að brjóta lög. Það er 17. töluliður 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, sem hér um ræðir. Í honum kemur sem sagt fram að lón sem fer yfir 3 ferkílómetra sé matsskylt samkvæmt lögunum. Það eru dæmi um það, herra forseti, eins og ég benti á í umræðunni í gær að löndin í Evrópusambandinu hafa lent í því að farið hafi verið í mál við þau vegna slíks. Hafi mótvægisaðgerðir í framkvæmdum af þessu tagi farið fram úr stöðlum og viðmiðunum hefur það komið fyrir að mótvægisaðgerðir af þessu tagi hafi verið dæmdar í mat á umhverfisáhrifum. Nú spyr ég: Ætlar hæstv. umhvrh. að eiga það á hættu að setlónið sem gert er ráð fyrir að reisa þarna austan til í verunum eigi það á hættu að verða dæmt í mat á umhverfisáhrifum?

Þá er þriðja atriðið, herra forseti, sem er ljóst að verður ekki hægt að uppfylla við úrskurð hæstv. setts umhvrh., og það er rennsli í fossunum. Vatnsrennsli í fossum Þjórsár neðan stíflu ætti samkvæmt úrskurðinum að eiga þá möguleika að því yrði stýrt þannig að yfir hádaginn yrði fullt rennsli þar í gegn svo fólk gæti komið á ákveðnum tímum og dáðst að fossunum. En eins og tilhögun framkvæmdarinnar er, eftir því sem Landsvirkjun gefur upp núna, segja bæði Árni Bragason, forstöðumaður náttúruverndarsviðs Umhverfisstofnunar, og Már Haraldsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps, að þessi stýring á vatnsrennsli í fossunum sé óframkvæmanleg. Þar með er enn eitt atriðið í úrskurði hæstv. setts umhvrh., Jóns Kristjánssonar, í uppnámi.

Síðan, herra forseti, varpaði ég til hæstv. ráðherra nokkrum alvarlegum spurningum varðandi rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Það var upplýst á fundi umhvn. að þess væri skammt að bíða að fyrsti áfangi rammaáætlunarinnar lægi fyrir. Núna er verkefnisstjórn að fara yfir skýrslur og niðurstöður einstakra faghópa. Verkefnisstjórnin kemur til með að fjalla um þær núna á vordögum og það er talið að niðurstaða hennar í 1. áfanga komi til með að liggja fyrir í maí eða júní. Þess vegna spyr ég, herra forseti: Ef ríkisstjórnin ætlar að láta rammaáætlunina verða eitthvert plagg sem hægt verður að taka mark á einhvern tíma, plagg sem verður einhvers virði fyrir íslenska þjóð, fyrir landið og fyrir íslenska náttúru, fyrir orkustefnuna, fyrir alla okkar framtíð í þessum málum, er þá ekki hægt að gefa út tilskipun um að beðið verði eftir þessum 1. áfanga? Eða ætlar hæstv. iðnrh. að halda áfram að hundsa rammaáætlunarvinnuna eins og gert var þegar Kárahnjúkavirkjun var afgreidd héðan frá Alþingi? Á aftur núna að ganga svo illilega fram hjá þeirri vinnu sem fólk hefur lagt á sig í tæp tvö ár að það eigi ekkert að hlusta á vísbendingar þess? Á ekki að freista þess að ná þeim sáttum um virkjanakosti sem ríkisstjórnin talaði um af miklum fjálgleik í upphafi að væri eitt af markmiðunum með því að setja þessa vinnu í gang?

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að rukka hæstv. iðnrh. um svör eða einhvers konar yfirlýsingar um þessi efni.

Herra forseti. Það er álitamál í nál. meiri hluta iðnn. sem væri líka gaman að fá skýringar við. Ég vil þess vegna beina spurningu til hv. formanns iðnn. og hún lýtur að því sem kemur fram í þessu nál. á þskj. 1280. Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að mér finnst mjög erfitt að skilja afstöðu og sjónarmið iðnn. Mér sýnist skorta hreinlega í nál. sjónarmið iðnn. Svo virðist sem hún hafi engin sjónarmið önnur en þau að koma þessu máli hnökralaust í gegnum þingið, vera bara nokkuð hlýðin framkvæmdarvaldinu, en ég mótmæli því að nefndin líti á það sem hlutverk sitt að koma hér málum í gegn af því að framkvæmdarvaldið segir að slíkt þurfi að gerast, og ég ætla iðnn. það ekki að óreyndu. Ég vil því fá að heyra frá hv. þm. Hjálmari Árnasyni hvað nefndin meinar því að í niðurlagi nál., áður en tilvitnun í umsögn umhvn. hefst, stendur eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í fylgiskjali III með frumvarpinu er lýst hugmyndum Landsvirkjunar um útfærslu á Norðlingaölduveitu samkvæmt úrskurði setts umhverfisráðherra. Í máli oddvita Gnúpverjahrepps og skriflegri umsögn var bent á nokkur atriði í því sambandi. Nefndi hann einkum þjú atriði: Áhrif á fossa í Þjórsá, lónshæðina við Norðlingaöldu og veitulón við Þjórsárjökul." — Öll þessi þrjú atriði, herra forseti, nefndi ég í máli mínu áðan og var með spurningar til hæstv. iðnrh. varðandi þau. Þau eru nefnd hér sem yfirlýsing eða nánast tilvitnun í orð oddvita Skeiða- og Gnúpverjahrepps í nál. iðnn. Svo segir, með leyfi forseta, áfram í nál.:

„Nefndin leggur áherslu á að samkvæmt úrskurði setts umhverfisráðherra er gert ráð fyrir að Landsvirkjun hafi fullt samráð við heimamenn og Umhverfisstofnun um útfærslu á veitunni. Fram kom hjá gestum nefndarinnar að slíkt samráðsferli er þegar orðið virkt."

Hér er því lýst að haft verði samráð við heimamenn um útfærslu á veitunni en ekkert sagt um þau þrjú atriði sem oddviti Gnúpverjahrepps nefnir í máli sínu við nefndina. Er þar með verið að segja að iðnn. taki ekki afstöðu til þeirra atriða sem heimamenn hafa áhyggjur af? Segir nefndin bara að hún komi til með að fella sig við þá útkomu sem verður úr samráðinu? Mér hefði fundist mikilvægt að iðnn. hefði tekið beina efnislega afstöðu til þeirra atriða sem oddvitinn nefndi vegna þess að það hefði skýrt álit nefndarinnar á því hvernig ætti að fara eftir úrskurði hæstv. setts umhvrh.

Í umsögn umhvn. til iðnn., og þá er ég að tala um umsögn meiri hluta umhvn., kemur fram að umhvn. lítur svo á að þær leiðir sem tilgreindar eru í fskj. III, sem hér hefur verið til umræðu, séu ekki bindandi á nokkurn hátt, þ.e. að umhvn. telur að það sé ekki bindandi að fara þær leiðir sem Landsvirkjun er að lýsa fyrir okkur í fskj. III. En hvað telur umhvn. þá að sé bindandi? Er úrskurður hæstv. setts umhvrh. bindandi og er þar með bindandi sú hugmynd sem hann byggir á, hugmyndin sem Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens lagði fram og úrskurður hæstv. umhvrh. tekur mið af?

Herra forseti. Í 1. umr. um þetta mál fjallaði ég talsvert um línulagnir sem tengjast þessum orkuverum. Hér er um að ræða línulagnir til álversins á Grundartanga sem, eins og málið lítur út í höndum okkar núna, gætu komið frá þremur ólíkum stöðum. Nú hefur þegar verið kærð hugmynd Landsvirkjunar um línulögn ofan af hálendinu frá væntanlegri Norðlingaölduveitu. Það mál er enn í kæruferli og ekki ljóst hvernig því muni reiða af. Það hefur engin umræða sprottið hér af þeim ummælum sem ég hafði en það væri ágætt ef við fengjum að heyra í þessari 3. og síðustu umræðu, herra

forseti, hvernig hv. þm. líta á kröfur þeirra samtaka sem hafa verið að kæra og hafa haft hátt vegna línulagnanna. Það væri gott að fá að heyra það hér hvort stuðningur væri til staðar á Alþingi við hugmyndir heimamanna um að grafa stóran hluta af þessum sprengjum í jörð. Þar geta alþingismenn haft áhrif. Alþingismenn geta auðvitað gefið út ákveðnar leiðbeiningar fyrir Landsvirkjun. Vilji Alþingis á að geta komið fram í þannig máli og orðið leiðbeinandi fyrir Landsvirkjun því að Landsvirkjun er auðvitað sett undir þau lög sem sett eru á Alþingi. Nú er það spurning hvort við fáum hér einhvers konar viljayfirlýsingu frá hæstv. iðnrh. eða hv. stjórnarliðum, hvort þeir hafi kynnt sér þessar kröfur heimamanna og hvort hægt sé að gefa hér út einhvers konar vilyrði fyrir því að það sé litið jákvæðum augum að setja megnið af þessum línum í jörð, a.m.k. á því svæði þar sem þær liggja í gegnum byggð.

Það má af þessu tilefni, herra forseti, vitna til orða Reynis Ásgeirssonar, bónda á Svarfhóli, sem er einn þeirra manna sem hafa staðið í eldlínunni í baráttunni gegn línulögnunum. Það fólk sem hefur barist þarna hefur skrifað ýmsar greinar og sú grein sem mig langar til að vitna til hér eftir Reyni birtist þann 19. júlí 2002 í Skessuhorni á Vesturlandi og Austurglugganum á Austurlandi, einmitt í kjölfar úrskurðar Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum 400 kílóvatta Sultartangalínu. Ég vil fá að vitna til þessarar greinar, með leyfi forseta:

„Eftir að Landsvirkjun hefur lokið ætlunarverki sínu mun tvöfaldar risamastrastæður, allt að fjörutíu metra háar með tuttugu og sex metra breiðum þverslám og sextán vírum, að eldingavörum meðtöldum, bera við himininn meira og minna allt frá vestanverðri Botnsheiði, vestur yfir Ferstikluháls, Leirdal, Saurbæjarháls, Móadal, Brennifell, Lambadal, Svarfhólsháls og Seldal á leið sinni að Brennimel á Hvalfjarðarströnd. Aldrei framar munum við geta horft úr Svínadal eða af Hvalfjarðarströnd yfir þessa fallegu dali og hálsa óðruvísi en útataða í mastra- og vírabendum."

Herra forseti. Um þessi atriði hefur ekki heyrst neitt hér þó að ég hafi reynt að draga þetta inn í 1. umr. málsins þannig að ég endurvek spurningar mínar varðandi þau mál hvernig þingmenn líti á þær kröfur sem heimamenn setja upp hér og hafa átt í baráttu við framkvæmdaraðila út af því öllu saman.

Eitt langar mig til að nefna, herra forseti, sem hæstv. iðnrh. nefndi í ræðu sinni við lok 1. umr. Þá nefndi hún það um náttúruverndaráætlun, sem samkvæmt lögum um náttúruvernd hefði átt að leggja fyrir Alþingi á síðasta ári, þ.e. 2002, að það væri æskilegt að jafnhliða mati á virkjunarkostum rammaáætlunarinnar yrði unnin náttúruverndaráætlun í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun. Og af því að hæstv. iðnrh. nefnir náttúruverndaráætlun að fyrra bragði og við vitum það öll að beðið hefur verið eftir náttúruverndaráætlun, sem samkvæmt lögum hefði átt að vera komin fyrir þetta þing fyrir áramót, langar mig til að spyrja hæstv. iðnrh.: Hvernig lítur hæstv. ráðherra á það að hér skulu afgreiddir fleiri virkjunarkostir, hver á fætur öðrum, án þess að þessi náttúruverndaráætlun líti dagsins ljós, án þess að lögbundin skylda ríkisstjórnarinnar til að skila þessari náttúruverndaráætlun sé uppfyllt? Það er alveg jafngagnrýnivert, herra forseti, að það skuli beðið svo lengi eftir náttúruverndaráætluninni eins og það er að sniðganga rammaáætlunina.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að fara yfir þær spurningar og þau álitamál sem ég hef hreyft í þessari umræðu og ég hef talið hæstv. iðnrh. hafa sniðgengið að svara þannig að ég vænti þess svo sannarlega, herra forseti, að hæstv. iðnrh. komi í ræðustól í þessari umræðu og varpi ljósi á þau óvissuatriði sem ég hef nú gert grein fyrir.

[15:50]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í hluta af kafla ræðu hv. þm. fannst mér eins og hún væri að reyna að gera úrskurð hæstv. setts umhvrh. tortryggilegan. Ég vona að það sé misskilningur minn vegna þess að það er skoðun mín og mjög margra annarra að mikil sátt sé um þann úrskurð. Ég vona þess vegna að það sé misskilningur hjá mér að hv. þm. hafi verið að reyna að gera þann úrskurð í sjálfu sér tortryggilegan og minni á að meginkjarninn í þeim úrskurði er að friðlöndin í Þjórsárverum eru friðlýst.

Hvað varðar setlónið og fskj. III með frv. sem hv. þm. gerði að umtalsefni, þá byggir það á fyrstu hugmyndum Landsvirkjunar um útfærslu eftir þennan úrskurð. Hv. iðnn. minnist síðan á þau sjónarmið sem oddviti Gnúpverja teflir fram og lítur svo á að bæði sjónarmið séu jafnrétthá. Í úrskurðarorðum segir í lok 2. tölul.: „Endanleg stærð og umfang setlónsins skal ákvarða í samráði við sveitarstjórn og Umhverfisstofnun." Það eru úrskurðarorð. Það sem skiptir mestu máli og var staðfest í vinnu nefndarinnar er að þetta samráðsferli er til staðar og var ekki annað að heyra en allir þessir aðilar væru bjartsýnir um að þeir mundu ná saman um það. Þannig hljómar úrskurðurinn og málið er þess vegna í eðlilegum farvegi. Hv. iðnn. tekur undir þetta, hún virðir sjónarmið Gnúpverja. Hún tekur undir meirihlutaálit umhvn. og gerir það að sínu. Og það er meginniðurstaðan í þessu að málið er í eðlilegum farvegi og samráðsferlið er til staðar. Það er kjarni málsins.

[15:53]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst vil ég segja það við hv. þm. að ég hef ekki verið að gera úrskurð hæstv. setts umhvrh. Jóns Kristjánssonar tortryggilegan í máli mínu. Ég hef hins vegar gert að umtalsefni ákveðin atriði í honum sem mér finnst vera á reiki. Það er fyrst og fremst það hvort hugmynd Verkfræðiskrifstofu Sigurðar Thoroddsens sé í raun og veru bindandi sem útfærsluleið vegna þess að úrskurðurinn tekur mið af þeirri leið. Og það er ljóst núna að Landsvirkjun telur sig ekki bundna af hugmyndum verkfræðiskrifstofunnar, og það er þar sem ég held að veiki punkturinn í þessu öllu sé. Ég er því ekki að gera úrskurðinn tortryggilegan.

Ég minni á að ég fagnaði því að hæstv. umhvrh. Jón Kristjánsson skyldi taka þetta lón út úr friðlandinu og ég fagnaði því að hann skyldi fara að alþjóðalögum eða alþjóðasamningum sem við erum skuldbundin, þó svo að manni finnist auðvitað, herra forseti, að það eigi ekki að segja ráðherrum að þeir þurfi að fara að lögum. Í mínum huga hefur friðlýsing ákveðið lagagildi vegna þess að það þarf framkvæmdarvaldið til að koma með breytingar á slíku og mér hefur alltaf fundist friðlýsing vera fremur heilög heldur en hitt, þannig að ég hef gagnrýnt stjórnvöld fyrir að láta sér detta það í hug að fara með virkjunarframkvæmdir inn í friðlöndin. Þess vegna fagnaði ég því í úrskurði hæstv. ráðherra að það skyldi þó alveg tryggt.

Það sem mér finnst gott að heyra frá hv. þm. er það að iðnn. taki heils hugar undir með meiri hluta umhvn. Þá er það alveg ljóst að iðnn. lítur svo á að þær leiðir sem tilgreindar eru í fskj. III séu ekki bindandi á nokkurn hátt, hún er sem

sagt ekki að leggja blessun sína yfir þær hugmyndir sem Landsvirkjun er með hér á blaði. Og þá vil ég bara vona að Landsvirkjun taki það til sín á þeim nótum að hún líti ekki á afgreiðslu þessa máls hér sem einhvers konar blessun á þær hugmyndir sem koma fram í fskj. III.

[15:55]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að við hv. þm. skulum vera sammála í gleði okkar yfir úrskurði hæstv. setts umhvrh. (**ÖS:** Maður er bara snortinn.) Já, og hv. þm. Össur Skarphéðinsson er snortinn, það gleður mig enn meira. En það er rétt sem hv. þm. nefndi að við meira en tökum undir sjónarmið meiri hluta umhvn., við gerum það að okkar áliti, það er fellt inn í nefndarálit okkar.

Hv. þm. spurði síðan og gagnrýndi okkur kannski í fyrri ræðu sinni fyrir það að hafa ekki tekið afstöðu til annarrar hvorrar skoðunarinnar. Það er ekki hlutverk okkar, þá værum við beinlínis að fara gegn úrskurðinum. Úrskurðurinn segir nefnilega að aðilar skuli hafa samráð og það samráðsferli er til staðar eins og margsinnis hefur verið nefnt.

Hv. þm. nefndi einnig línurnar og bað um afstöðu til þeirra. Okkur er það kunnugt og í vinnu nefndarinnar komu fram áhyggjur manna og undirskriftarlistarnir sem hv. þm. vék að. Nú kemur hluti af raforkuöfluninni annars vegar frá Nesjavöllum og hins vegar af Reykjanesi. En það er ekki svo að elektrónurnar sem verða til úti á Reykjanesi fari alla leið upp á Grundartanga. Það er ekki svo. Líklega mun megnið af þeim fara til Reykjavíkur og létta þar með álagi af raforkuflutningi annars staðar frá.

En það kom jafnframt fram í máli fulltrúa Landsvirkjunar að áætlanir þeirra eru einmitt að breyta línustæðunum eins og þau eru núna og færa þau frá byggð í tengslum við þá stækkun sem fyrirhuguð er á Grundartanga. En þá verður líka að segja að það kom mjög skýrt fram í máli fulltrúa sveitarstjórna, ekki síst þeirra í Skilmannahreppi og Hvalfjarðarstrandarhreppi, að þeir fagna þessum aðgerðum og styðja þær heils hugar. Og það er jú hið lýðræðiskjörna vald sem fer með sveitarfélagið sem sendir þau skýru skilaboð til iðnn. og þingheims.

[15:57]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þetta svar. Það er gott til þess að vita að iðnn. skuli hafa litið á þessa undirskriftarlista og skuli hafa látið sig einhverju skipta sjónarmið þeirra 400–500, ef ég man rétt, sem skrifuðu undir þessa lista. Og þó svo að það sé gefið upp hér að Landsvirkjun hyggist færa línurnar úr byggð, þá er það í sjálfu sér gott og gilt. En það verður líka að fara að taka tillit til þess að á ákveðnum stöðum á landinu þar sem leggja þarf háspennulínur, þá verður auðvitað að taka afstöðu til þess hvort ekki eigi að skylda framkvæmdaraðila á borð við Landsvirkjun til að leggja háspennulínur í jörð. Því að með þessari gífurlegu aukningu á raforkuframleiðslu til stóriðju erum við að hætta á það að háspennulínur vaði hér þvers og kruss um allt hálendið.

Ég minni á það sem kom fram í umræðunni um álverið í Reyðarfirði, þar sem allar vísbendingar eru um það að jafnvel innan tíu ára verði komnir háspennustrengir, tvær línur, yfir miðhálendið. Þá verð ég bara að segja það, herra forseti, að það skiptir verulegu máli að pólitísk afstaða komi til jarðstrengja héðan úr þessum sölum og það er ekkert verra að nota þetta mál sem hér er til umfjöllunar til þess að gefa út þá pólitísku stefnumörkun. Það hlýtur að vera eðlileg krafa þó það sé að einhverju leyti dýrara þegar verið er að leggja háspennulínur af þessu tagi og fjölga þeim svo mikið sem raun ber vitni, að gefin verði út stefnumörkun um að þær skuli, a.m.k. þar sem þær liggja um byggð eða viðkvæm svæði, grafa í jörð.

[15:59]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason hefur svarað ákaflega vel þeim spurningum sem hv. þm. hefur borið hér fram og reyndar er kannski verið að fara í geitarhús að leita ullar þegar ég er spurð um þessi mál, því ég er hvorki umhverfisráðherra né settur umhverfisráðherra hvað varðar fskj. III. En það sem hæstv. settur umhvrh. hefur látið koma fram er það sem segir í fskj. III, í fyrsta tölul., en þar stendur, með leyfi forseta:

„Vatnsborð Norðlingaöldulóns verði lækkað þannig að allt lónið verði utan friðlandsins og óheimilt er að reisa varnargarða innan friðlands Þjórsárvera."

Þetta er niðurstaðan. Óheimilt er að fara inn í friðlandið. Það er hins vegar ákveðið svigrúm utan friðlandsins, það held ég að sé alveg ljóst samkvæmt þessum úrskurði, og þannig hefur hæstv. settur umhvrh. túlkað úrskurðinn.

Ég tek líka undir það sem kemur fram í nál. sem umsögn meiri hluta umhvn. og skýrir þetta enn frekar, en hæstv. settur umhvrh. hefur sagt það að svigrúmið sé nokkuð en friðlandið sé algjörlega verndað og ekki verði raskað neitt við því. Og það er stóra málið sem ég held að allir hljóti að gleðjast yfir og þess vegna hefur þessi úrskurður hæstv. setts umhvrh. vakið svo mikla gleði meðal þjóðarinnar.

En mér fannst hv. þm. kannski fara nokkuð langt þegar hún taldi að einhver ráðherra hefði haft það í hyggju að fara ekki að lögum. Auðvitað hefur aldrei komið til greina af hálfu nokkurs ráðherra að fara ekki að lögum hvað þetta varðar. Á því held ég að sé enginn vafi.

En af því að hv. þm. talaði um rammaáætlunina og lét það koma fram fyrr í umræðunni þegar hún fjallaði um jarðhitavirkjanirnar á Reykjanesi og Nesjavöllum að rétt væri að bíða eftir niðurstöðu rammaáætlunar hvað þær varðar, þá er það rétt að þær eru á meðal þeirra mörgu jarðhitakosta sem rammaáætlun fjallar um. Langflestir þessara kosta eiga hins vegar langt í að komast á framkvæmdastig. Í dag er unnið að rannsóknum á þremur jarðhitasvæðum, það eru Hellisheiði, Tröllladyngja og Þeistareykir auk þeirra sem áður voru nefndir. Hins vegar er ljóst að mörg ár munu líða uns unnt verður að taka þessar virkjanir í notkun og það sama á við um flesta þá virkjunarkosti sem fjallað er um í rammaáætluninni.

Þess vegna er ekki hægt að segja það raunhæfa leið að mínu mati að bíða eftir niðurstöðu rammaáætlunar þegar við erum að tala um virkjunarkosti sem þarf að taka í notkun eftir tvö eða þrjú ár. Það er það sem um er að ræða í þessu tilfelli. Þá segir hv. þm. eflaust að það eigi bara að bíða eftir því að þetta liggi allt saman fyrir. Hún getur alveg verið þeirrar skoðunar að svo sé en ég er ekki sammála því. Ég tel að þegar við erum með álitlega fjárfestingarkosti fyrir framan okkur og hvað varðar þetta fyrirtæki sem við fjöllum um nú, Norðurál, sem fyrst var fjallað um hér á hv. Alþingi árið 1997, og þá voru samþykkt lög um starfsemi álversins á Grundartanga, þá vil ég halda því fram að það fyrirtæki hafi komið, séð og sigrað. Því það hefur fengið mjög sterka og jákvæða ímynd í samfélagi okkar og m.a.s. hafa hv. þingmenn Vinstri grænna haldið því fram í umræðunni að þarna

sé mikill áhugi á því að vakta umhverfið og að standa sig í umhverfismálum.

Þess vegna finnst mér sem iðnrh. ekki frambærilegt að segja við þá aðila sem vilja stækka fyrirtækið að þeir verði bara að bíða vegna þess að við séum ekki búin að ljúka við rammaáætlun, vegna þess að það frv. sem hér er til umfjöllunar, til breytingar á lögum um raforkuver, þeir kostir sem bjóðast eru ekki erfiðir fyrir umhverfið miðað við það að Norðlingaölduveita fer í þann farveg sem úrskurðurinn kveður á um. Og hinir kostirnir, t.d. í sambandi við Svartsengi, eru bara betri nýting og Reykjanesið reyndar 80 megavatta virkjun. En ég hef ekki heyrt hv. þingmenn tala gegn því og heldur ekki gegn Nesjavöllum. Eins og ég sagði í gær fannst mér Vinstri grænir fá þarna gott tækifæri til þess að sýna að þeir væru ekki einstrengingslegir, þeir horfðu á hvert tilfelli fyrir sig. Og þó að ég eigi kannski ekki að hafa mikla skoðun á því þá hefðu þeir að mínu mati fengið þarna tækifæri til þess að vera jákvæðir í garð stórframkvæmda og virkjunarframkvæmda, af því að þetta er þannig mál sem við erum að fjalla hér um.

Hv. þm. var með fleiri spurningar sem ég tel að hv. formaður nefndarinnar hafi svarað. Ef það er fleira sem hún hefði viljað koma inn á þá getur hún eflaust gert það í andsvari. En þetta voru aðalatriðin af því sem ég vildi láta koma fram.

[16:06]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki hefur skort á það að sá þingmaður sem hér stendur í ræðustól hafi stutt hæstv. iðnrh. í virkjunaráformum og áformum hennar um að reisa álver. En orð skulu standa. Ég var sem formaður Samfylkingarinnar kvaddur á fund setts umhvrh. og mér var kynnt sú tilhögun sem hann byggði úrskurð sinn á. Og það var alveg klárt að það sem hæstv. ráðherra kynnti formanni Samfylkingarinnar var lón sem var 3,3 ferkílómetrar og lónshæð sem var 566 m yfir sjávarmáli. Og það var meira að segja skýrt í því plaggi sem þessu lá til grundvallar hvers vegna lónshæðin væri sú sem hún var.

Þetta er það sem sáttin varð um. Þetta er sú sátt sem þjóðin gerði í tengslum við þennan úrskurð, þetta er sú sátt sem heimamenn féllust á, þetta er sú sátt sem Samfylkingin féllst á og það kemur ekki til mála að horfið verði frá henni.

Nú er hæstv. heilbrrh. genginn í salinn og hann getur staðfest þetta. Það var þannig að a.m.k. þessum formanni stjórnmálaflokks í stjórnarandstöðu var af hálfu ráðherrans kynnt ákveðin tilhögun. Hún var lón upp á 3,3 ferkílómetra, hún var vatnshæð sem var 566 m yfir sjávarmáli. Og það er alveg ljóst að það verður engin sátt um neitt annað. Ef Landsvirkjun er með einhverjum hætti að reyna að smokra sér fram úr eða fram hjá því sem þarna var lagt til grundvallar sáttinni er hún að kalla yfir sig stríð og átök um þetta mál.

[16:08]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað á ég erfitt með að koma hér inn á og hafa skoðun á tveggja manna tali (**Gripið fram í:** Það vantar Illuga.) þannig að ég vitna bara í það sem kemur fram hér í fskj. III aftur, þar sem stendur að vatnsborð Norðlingaöldulóns verði lækkað þannig að allt lónið verði utan friðlandsins.

Auk þess finnst mér mikilvægt það sem kemur fram í nál. hv. iðnn. þar sem ítrekað er það samráð sem skuli haft, bæði við heimamenn, sveitarfélögin, Umhverfisstofnun og Landsvirkjun. Mér finnst þetta vera í ákveðnum farvegi og eigi að vera nokkuð skýrt. Þarna er svigrúm en það sem er regla númer eitt, tvö og þrjú er að friðlandið verður ekki skert.

[16:09]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þýðir ekki fyrir hæstv. iðnrh. að koma hingað og vitna í skjöl eða fylgiskjöl sem Landsvirkjun hefur búið til. Landsvirkjun er auðvitað sektarlamb í þessu máli. Landsvirkjun er sökudólgur. Það var Landsvirkjun sem mörgum fannst hafa reynt að blekkja menn í þessu máli. Hæstv. heilbrrh. á mikið hrós skilið fyrir það hvernig hann sigldi fram hjá þeim misklíðarefnum sem í þessu voru.

Ég skal þá ekki hryggja hæstv. iðnrh. með því að vitna í tveggja manna tal, en ég greini hins vegar frá því að með leyfi setts umhvrh., Jóns Kristjánssonar, fékk ég til fundar við mig þá menn sem voru ráðgjafar hans í málinu. Ég fékk þá með leyfi hans til fundar við þingflokk Samfylkingarinnar. Og þeir fóru alveg skýrt í gegnum þetta mál, á hverju það byggðist, og það voru nákvæmlega engar vífilengjur á því. Þetta mál byggðist á því að lónið yrði 3,3 ferkílómetrar og hæðin 566 m yfir sjávarmáli. Það voru meira að segja færð ákveðin tæknileg rök fyrir því af hverju hæðin ætti að vera þessi. Þau rök voru m.a. þau að aurskolun mundi ekki virka við hærri lónhæð. Það eru tæknileg mál sem mér finnst ekki skipta máli. Orð skulu standa. Um þetta var sáttin sem var gerð. Þetta var það sem mér sem formanni stjórnmálaflokks var kynnt á sérstökum fundi sem var óskað eftir, ekki af mér heldur af hálfu þess sem úrskurðinn felldi. Þetta er sáttin sem var kynnt í öllum fjölmiðlum. Þetta er sáttin sem menn tóku fagnandi, þar á meðal sá karl sem hér stendur.

[16:11]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi það sem lýtur að því sem ég hélt hér fram um lögin um mat á umhverfisáhrifunum. Ég sagði ekki að það hefði verið eða sé vilji stjórnvalda að brjóta þau lög. Það lítur hins vegar út fyrir að verið sé að gera það vegna þess að setlónið uppi við Þjórsárjökul á samkvæmt úrskurði hæstv. ráðherra að fara yfir þau stærðarmörk sem 17. töluliður í viðauka I í lögunum um mat á umhverfisáhrifum heimilar. Og sannleikurinn er sá að í mínum huga er ekki hægt að túlka þetta öðruvísi en svo að Skipulagsstofnun, sem lagði til setlón 2,7 ferkílómetra að stærð, hafi verið þarna innan marka vegna þess að hún vissi að annars mundi þetta setlón þurfa að fara í sjálfstætt mat.

Það kemur fram í úrskurði hæstv. heilbrrh., setts umhvrh. í þessu máli, að í úrskurði hans sé verið að leggja til stækkað setlón, lón sem fari upp í 3,7 ferkílómetra að stærð. Menn benda á að þarna sé að öllum líkindum verið að fara á svig við lögin um mat á umhverfisáhrifum.

Svo varðandi það að taka lónið út úr friðlandinu. Það kemur fram í greinargerð Más Haraldssonar, oddvita Skeiða- og Gnúpverjahrepps, að ef gerð er krafa um hærri hæð lónsins en þá sem úrskurðurinn byggi á sé sáttin úr sögunni. Heimamenn eru búnir að segja sitt í þessum efnum. Þeir fallast ekki á hugmyndir Landsvirkjunar um 368,5 m lónshæð.

Þess vegna finnst mér það ábyrgðarhluti af hæstv. ráðherra að leggja fskj. III fram með frv., sem greinilega ógnar og ögrar þeirri sátt sem menn í öðru orðinu þykjast tala um að reyna að ná.

[16:13]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þar sem kveðið er á um samráð held ég að við ættum ekki hér á hv. Alþingi að kveða upp úr um það hvað heimamönnum finnst í þessum efnum vegna þess að það verður haft við þá samband beint. Það er von mín að þetta mál verði leyst farsællega þannig að heimamenn verði bærilega sáttir. Mér sýnist margt benda til þess að svo geti orðið.

Um setlónið vil ég einungis segja að ég vil heldur ekki kveða upp úr um það hvort hv. þm. hefur á réttu að standa þegar hún segir að það þurfi að fara í mat á umhverfisáhrifum. Ég tel að svo sé ekki og samkvæmt úrskurðinum er það sem nokkurs konar mótvægisaðgerð. Ég held því fram að það þurfi ekki að fara í sérstakt mat á umhverfisáhrifum. Svo getur hv. þm. verið annarrar skoðunar en ég held að hvorug okkar geti kveðið upp einhvern dóm í þeim efnum.

[16:14]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar öllu er á botninn hvolft er þetta mál auðvitað allt saman litað af því óðagoti og flaustri sem mér finnst einkenna störf ríkisstjórnarinnar í stóriðjumálum öllum og virkjunarframkvæmdum.

Sannleikurinn er auðvitað sá að ef menn væru að vinna hér af einhverri skynsemi og ef menn í alvöru vildu ná sátt um þessi mál væri tekinn miklu lengri tími í þetta allt saman. Þá gæti hæstv. iðnrh. staðið hér og sagt: Við skulum ná sáttum í alvöru — eins og var sagt þegar farið var út í þessa rammaáætlunarvinnu — og við skulum bara bíða eftir fyrsta áfanga verkefnisstjórnar rammaáætlunarinnar. Við skulum vera minnug þess, herra forseti, að fjórir virkjunarkostir í vatnsafli sem eru taldir í bráðabirgðamati verkefnisstjórnar rammaáætlunar virðast vera þeir langsamlega hættulegustu og ófýsilegustu út frá umhverfissjónarmiðum. Og hverjir eru þessir fjórir kostir? Þetta eru Jökulsá á Fjöllum, Kárahnjúkavirkjun, Jökulsá í Fljótsdal og Norðlingaölduveita. Þetta eru þeir fjórir kostir sem koma verst út í bráðabirgðamati rammaáætlunar ríkisstjórnarinnar.

Ef við ætluðum að gera þetta af skynsemi mundum við að sjálfsögðu hægja á, við hefðum hægt á fyrir löngu síðan, sest yfir þessa rammaáætlunarvinnu, gefið henni forgang og heimilað því ágæta fólki sem þar er að vinna að vinna án tímapressu og síðan hefði útkoman, sem er að vænta í maí eða júní, getað orðið leiðbeining fyrir hæstv. ríkisstjórn, ljós í myrkrinu sem þjóðin hefði mögulega getað náð sáttum um. Þess í stað kýs hæstv. ríkisstjórn að setja undir sig hausinn, eða skella sér á magann eins og hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson segir gjarnan, og renna út í þetta allt saman í blindni í bullandi ósátt við helming þjóðarinnar eða meira. Þetta eru vinnubrögð sem eru ekki til fyrirmyndar og flaustrið á eftir að koma okkur í koll.

[16:16]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. gerði mikið úr því að vinna þetta í sátt. Því ítreka ég það sem hér hefur verið margsinnis komið fram, að úrskurður setts umhvrh. býður upp á sátt. Það er almennt mikil sátt um þennan úrskurð þó að formanni Vinstri grænna hafi orðið á í upphafi og (**KolH:** Þetta er einn af fjórum verstu kostunum.) brugðist rangt við. Hann sá greinilega mjög eftir því og sneri af leið. Það var skynsamlegt af honum.

Mér finnst hv. þm. oft tala eins og Alþingi sé bókstaflega framkvæmdaraðili og eigi alls staðar að vera með puttana. Það er bara ekki þannig. Alþingi býr til rammann fyrir óskaplega margt.

Einn hv. þm. stjórnarandstöðunnar fann meira að segja að því við mig að koma yfirleitt með þetta mál inn í þingið, hvað varðar Norðlingaölduveitu, vegna þess að samkvæmt lögum getur ráðherra í raun veitt þetta leyfi til veitunnar án þess að það sé samþykkt af Alþingi. En ég er náttúrlega þekkt fyrir að vera mjög líberal og kem auðvitað með málið fyrir þingið til að fá umfjöllun. Ég hélt að það mundi eingöngu fá jákvæða umfjöllun. Ég er svo sem ekki að kvarta yfir umræðunni.

Þetta er fyrst og fremst jákvætt mál þótt útfærsluatriði séu ekki öll í höfn. Fram undan er að Landsvirkjun hefur þær skyldur að hafa samráð við heimamenn og það held ég að skipti miklu máli.

[16:18]

Útbýting þingskjala:

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 550. mál, nál. félmn., þskj. 1386; brtt. félmn., þskj. 1387.

Aðgerðir unnar af sérfræðilæknum á stofum, 582. mál, svar heilbrrh., þskj. 1378.

Ábyrgðasjóður launa, 649. mál, þskj. 1398.

Fjarskipti, 599. mál, þskj. 1390.

Námsstyrkir, 446. mál, þskj. 1389.

Skipting rannsókna- og þróunarfjár á milli fræðasviða og starfsgreina, 496. mál, svar menntmrh., þskj. 1383.

Stjórn fiskveiða, 602. mál, þskj. 1391.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 610. mál, þskj. 1399.

Þjónusta við sjúk börn og unglinga, 596. mál, svar menntmrh., þskj. 1380.

[16:19]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég hefði hugsanlega komið máli mínu fyrir í andsvari en þar sem nokkuð margir voru komnir í andsvar við hæstv. ráðherra ætla ég að flytja stutta ræðu. Erindi mitt í ræðustól er fyrst og fremst að biðja ráðherra um aðeins skýrari svör.

Það liggur ljóst fyrir um hvað sú sátt var sem myndaðist um úrskurð setts umhvrh. Sú sátt myndaðist um þá kynningu sem Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens var með eftir að úrskurðurinn lá fyrir. Sú sátt sem þjóðin keypti og ýmis náttúruverndarsamtök og ótrúlega margir aðrir voru svo hamingjusamir með, miðaðist við 566 m lónhæð. Hún miðaðist við aurskolun. Sú sátt miðaðist við það sem Már Haraldsson, oddviti Gnúpverja, minnir á í erindi sínu til fulltrúa í iðnn. eftir fund með nefndinni og Landsvirkjun. Við fulltrúar Samfylkingarinnar birtum það sem fylgiskjal með minnihlutaáliti okkar. Þar er minnt á að í tillögu VST sé miðað við 566 m lónhæð, fyrst og fremst vegna þess að aurskolun virki ekki við hærri lónhæð. Minnt er á að sú sátt sem er um úrskurðinn byggir alfarið á þessari hugmynd. Már segir líka að ef gerð yrði krafa um meiri lónhæð yrði sáttin úr sögunni enda þótt skilyrðum um lón og mannvirki utan friðlands væri fullnægt.

Hæstv. ráðherra rifjaði það upp áðan að einn stjórnarandstöðuþingmanna hefði velt fyrir sér af hverju hæstv. ráðherra kæmi með þetta frv. fyrir þingið. Í fyrsta lagi þyrfti ekki að leita heimildar Alþingis vegna veitna og í öðru lagi værum við væntanlega að afgreiða frv. til nýrra raforkulaga í dag,

á morgun eða á mánudaginn. Þegar þau eru orðin að lögum þarf hæstv. ráðherra ekki að koma með einstakar virkjanir inn til samþykktar og meðferðar á Alþingi.

Ég ætla að segja það aftur að því miður hefur uppsetningin á þessu frv. haft það í för með sér að þeir sem mestar áhyggjur hafa af því að ekki verði farið að niðurstöðu setts umhvrh., í takti við þá kynningu sem Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens var með, velta vöngum yfir því af hverju fara þurfti með veituna inn í þingið og láta þingið samþykkja hana með þessu fylgiskjali. Af hverju er þetta fylgiskjal með í frv. um framkvæmd sem menn skilja ekki alveg af hverju er lagt fyrir þingið?

Herra forseti. Svona hugsa þeir sem hafa mestar áhyggjur, kannski af fenginni reynslu. Ég held þó að reynsla heimamanna af samskiptum við Landsvirkjun hafi hingað til verið mjög góð. En einhverra hluta vegna hafa menn það miklar áhyggjur af þessu að komnar eru upp samsæriskenningar í þessa veru. Það er vont, herra forseti. Það er vont. Ég er á þeirri skoðun að birtingin á fskj. III hljóti að hafa verið slys. Ég skil ekki af hverju einn aðili fær að birta hér hugmyndir sínar en aðrir ekki.

Ég er aðeins að biðja um, herra forseti, að hæstv. ráðherra geri klárt hvaða stöðu fskj. III hefur í raun og veru. Hefur það eitthvert gildi í tengslum við þessa lagasetningu? Af hverju ákveður ráðuneytið að hafa fskj. III með í frv.? Var sú ákvörðun að hafa það með í raun tekin í fljótræði? Var hún þannig að menn höfðu ekki hugsað málið til enda eða hefur hún merkingu í tengslum við það að leitað er heimilda fyrir veitunni? Það er þetta sem menn bíða eftir að fá svar við. Ég vænti að hæstv. ráðherra komi með það í umræðunni til þess að menn geti af meiri yfirvegun og trúnaði haldið áfram að vinna að því samkomulagi sem á endanum verður unnið eftir þegar veitan verður útfærð.

[16:24]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessum umræðum hefur úrskurðinn um Norðlingaölduveitu borið á góma. Ég vildi skýra nokkur lykilatriði sem sá úrskurður byggðist á af minni hálfu.

Í fyrsta lagi að varðveita grunnvatnsstöðu veranna og líffræðilega fjölbreytni og að uppistöðulónið næði ekki inn í verin.

Í öðru lagi að veitt yrði vatni úr setlóninu til að halda grunnvatnsstöðunni.

Í þriðja lagi er það sem hér hefur verið rætt um, þ.e. hæð lónsins. Allir útreikningar sem þessi úrskurður byggðist voru miðaðir við 566 m. Það eru tölulegar forsendur úrskurðarins. Hins vegar er úrskurðurinn orðaður þannig að lónið eigi að fara út fyrir friðlandið og það eigi að útfæra, eins og hefur fram komið, í samvinnu við heimamenn, Umhverfisstofnun og Landsvirkjun. Þessir aðilar skulu sjá um útfærslu á lóninu. Samkvæmt orðanna hljóðan væri hægt að fara upp í 568,5 m en hins vegar lít ég svo á að um þetta verði að ná samkomulagi. Það er grundvallaratriði.

Ég vil leggja mikla áherslu á að ég tel að hægt sé að ná sátt um þetta mál. Lónhæðin 566 m var grundvöllur úrskurðarins og ásættanleg að mínu mati. En úrskurðurinn var þannig orðaður að ef um það næðist samkomulag væri hægt að fara upp að friðlandsmörkunum í 568,5 m.

[16:27]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það afar mikilvægt sem kom hér fram hjá hæstv. heilbrrh., áður settum umhvrh., varðandi það að útfærsla hans hafi miðað við 566 m yfir sjávarmáli. Þetta er afar mikilvægt og það sem skiptir öllu máli í því sem sagt hefur verið í dag.

Það þarf að ná sátt um málið. Það þarf að ná sátt um málið á milli heimamanna, Umhverfisstofnunar og Landsvirkjunar. Það er alveg rétt sem fram kemur hjá hæstv. ráðherra að miðað við orðalagið, miðað við orðin, er ákveðinn sveigjanleiki. En það skiptir auðvitað höfuðmáli við hvað var miðað þegar úrskurðað var í málinu. Þeir sem sættust á að farið yrði í Norðlingaölduveitu á þeim forsendum sem lagt var upp með, 566 m yfir sjávarmáli, eru þá komnir með ákveðna viðspyrnu, herra forseti, í þeim viðræðum sem þeir eru nú í gagnvart öðrum aðilum, Landsvirkjun í þessu tilfelli. Það er verulega dýrmætt að það skuli koma hér fram og að hæstv. heilbrrh., áður settur umhvrh., skuli gera það skýrt í þessari umfjöllun við hvað var miðað í þeirri útfærslu sem úrskurður hans byggði á.

[16:29]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í rauninni ekki miklu við þetta að bæta. Eitt vil ég þó leggja höfuðáherslu á í þessu máli, að menn spilli ekki þeirri þjóðarsátt sem hægt er að ná í málinu. Ég hef orðið þess rækilega var að einstakt tækifæri var til að ná þjóðarsátt um þetta mál og ég treysti mönnum til að spilla því ekki og ná henni.

[16:29]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gera þessi orð hæstv. heilbrrh. að mínum, að það náist að halda þeirri þjóðarsátt sem hér náðist um úrskurð hans. Hann hefur sjálfur sagt á hverju sá úrskurður byggðist. Sá úrskurður byggðist á lónhæð í 566 m yfir sjávarmáli. Það eru góð skilaboð héðan í dag, herra forseti.

Ég get sagt að ótti minn um þetta mál, þar sem mér fannst það í rauninni farið að renna til, hefur nú rénað. Ég hygg að ég tali þar fyrir mörg okkar sem hafa tekið þátt í þessari umræðu. Ég vænti þess, herra forseti, að ummæli hæstv. heilbrrh. verði til þess að menn geti gengið af endurnýjuðum trúnaði til þess verks að ná samkomulagi sem viðheldur þjóðarsáttinni um útfærslu Norðlingaölduveitu.

[16:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér þætti vænt um ef hæstv. iðnrh. og einnig hæstv. settur umhvrh. sem voru hér viðstaddir gætu verið það áfram um stund a.m.k. því að ég ætla að víkja að atriðum sem einmitt hafa orðið tilefni orðaskipta að undanförnu og varða verksvið beggja þessara hæstv. ráðherra. Ég geri ráð fyrir því að allir hér séu allir af vilja gerðir til að greiða fyrir þingstörfunum í lokin og eitt af því sem skiptir þar máli er að það fólk sem á hér mál á dagskrá eða á aðild að málum eðli máls samkvæmt sé til staðar til að taka þátt í umræðum um þau.

Ég vil fyrst víkja að því sem hér hefur orðið sérstaklega að umfjöllunarefni, þ.e. Norðlingaölduveitu sem ég kalla Þjórsárveraveitu, og er það réttnefni, og spurningar um skilmála eða skilyrði þau sem settur umhvrh. setti í úrskurð sinn. Reyndar vil ég fyrst víkja aðafstöðu til þess máls í heild af

því að menn tala hér mikið um þjóðarsátt. Menn eru farnir að nota það orð í þessu samhengi einnig eins og mörgum öðrum.

Ég verð því miður að hryggja menn með því að afstaða mín að því leyti til er enn óbreytt, algerlega óbreytt eins og hún var frá fyrsta degi, að það voru og eru mér mikil vonbrigði að hæstv. settur umhvrh. skyldi ekki treysta sér til að slá þessa framkvæmd af. Þarna á engin virkjun að rísa. Þarna á ekki að fara í mannvirkjagerð. Það á ekki að skilja Þjórsárver eftir eins og frímerki rammað af af mannvirkjum á þrjá vegu. Það er dapurleg framtíðarsýn. Ég hef meiri metnað en þann fyrir hönd þess hvernig við búum að verðmætustu náttúruperlum miðhálendisins en þetta.

Hitt er annað mál, og það stendur líka sem ég sagði í umræðum utan dagskrár um þetta mál, að vissulega var úrskurður hæstv. setts umhvrh. mikil framför frá þeim hræðilegu áformum sem áður voru uppi. Að því leyti á hæstv. ráðherra heiður skilinn fyrir sína vinnu í málinu því hún bauð upp á niðurstöðu sem varð til muna betri en sú sem hefði getað orðið. En ég verð að játa að í hjarta mínu var ég að verða nokkuð sannfærður um að settur umhvrh. mundi hafna þessari framkvæmd, einfaldlega vegna þess að maður fann hvernig allt andrúmsloft var að leggjast gegn henni og það held ég að ríkisstjórnin hafi fundið líka og hæstv. settur umhvrh. þannig að það setti hann inn á þetta spor.

Síðan er það spurningin um hvað í þessum úrskurði felst. Ein ástæðan fyrir því að ég hafði á mér mikla fyrirvara strax frá fyrsta degi varðandi þennan úrskurð er nákvæmlega það sem nú er að koma í ljós, þ.e. að ég óttaðist að Landsvirkjun mundi, trú sinni náttúru, reyna að túlka úrskurðinn allan sér í hag um leið og hún kæmi þarna fætinum milli stafs og hurðar og það hefur heldur betur komið á daginn. Ég held að það séu enn verulegar hættur í því máli þó að það megi segja að koma hæstv. heilbrrh. Jóns Kristjánssonar, setts umhvrh., hér í salinn í dag hafi verið til bóta. Það er vissulega jákvætt að ráðherra staðfestir að grundvöllur úrskurðar hans er þessi lónhæð í 566 m. En orðalagið hefði mátt vera betra og frv. mætti vera betra. Alþingi getur að sjálfsögðu tekið af skarið og skotið inn einfaldri setningu og sagt að heimilt væri að reisa og reka vatnsmiðlun, Norðlingaölduveitu, í samræmi við skilyrði. Þar mætti bæta við „... þar á meðal lónhæð í 566 m hæð yfir sjó ....“ Þá er bara búið að negla það að þessi forsenda er til staðar og frá henni verður ekki vikið.

Það er að mínu mati algjört úrslitaatriði vegna þess að það er ekki hægt að segja í venjulegum skilningi að mörk friðlandsins séu virt ef lónið fær að ná alveg upp að þeim. Samkvæmt öllum venjum sem maður skoðar t.d. um mörk friðlanda og þjóðgarða þá er haft þar við ákveðið belti. Það er t.d. þannig að ef um mannvirki er að ræða þá fæst svæði ekki viðurkennt sem þjóðgarður nema frá mannvirkinu eða manngerðu fyrirbærunum sé ákveðin breidd yfir í þjóðgarðseða friðlandsmörkin, kannski 5 km eða svo. Ef lónið, með þó þeirri vatnsborðssveiflu sem í því getur orðið t.d. vegna leirskolunar eða ískolunar, nær alveg inn í friðlandsmörkin þá heldur þetta ekki.

Herra forseti. Annað verð ég að minna á og það er að þessi úrskurður, og verði farið í þessar framkvæmdir, hefur þann stóra ágalla í för með sér að það lokar á þá möguleika að færa út mörk friðlandsins til hinna náttúrulegu marka Þjórsárvera sem menn hafa auðvitað lengi verið að berjast fyrir. Þetta er allt til staðar þannig að því miður er ekki hægt að tala svo hátíðlega um hlutina eins og að allir séu bara hæstánægðir. Það er ekki svo. Ég held þvert á móti að fleiri og fleiri séu að átta sig á því að þó að þessi málamiðlun sem þetta auðvitað er — þetta er ekkert annað en málamiðlun milli þeirra sjónarmiða sem voru að takast á í þessu máli um að vernda Þjórsárver og snerta þar ekki frekar við nokkrum sköpuðum hlut og hinna sem töldu réttlætanlegt að ganga mjög langt í þá átt að fórna þeim. Þarna er ákveðin málamiðlun. Hún er betri en ýmislegt sem menn höfðu uppi á teikniborðunum. En hún hefur sína miklu ágalla. Best væri auðvitað einfaldlega að Alþingi gengi frá þessu.

Frv. hæstv. ráðherra er alveg ótrúlegt í ljósi þessarar stöðu málsins. Til dæmis er á bls. 3 í greinargerðinni fjallað með sérstökum hætti um það hvernig samhengi skilyrða í úrskurði setts umhvrh. annars vegar og möguleikum Landsvirkjunar til útfærslu hins vegar er háttað.

Hér segir, með leyfi forseta:

„Á þeim skamma tíma sem liðinn er frá úrskurðinum hefur ekki verið unnt að fullmóta breytta framkvæmdatilhögun en Landsvirkjun vinnur nú í samráði við Umhverfisstofnun og viðkomandi sveitarfélög að athugun á nánari útfærslu veitunnar er taki mið af skilyrðum í úrskurði ráðherra.“

Það er beinlínis gefið í skyn að Landsvirkjun sé á engan hátt bundin af þeim heldur skuli taka mið af skilyrðunum.

Síðan segir aftur, til að hnykkja á þessu í fylgiskjali III með frv. sem ráðherra hlýtur þá að taka ákveðna ábyrgð á — það er sérstaklega hnykkt á því — um mismunandi lónhæð, þ.e. hvort hún eigi að vera 568,5 eða 566, með leyfi forseta:

„Útfærsla með þessari vatnsborðshæð var kynnt samtímis úrskurði ráðherra“ [þ.e. 566] „en hún er ekki eitt af skilyrðum úrskurðarins.“

Það er sérstaklega tönnlast á því. Svo er lofað hér uppdrætti til þess að skýra þessa hluti nánar. En hann birtist ekki með fylgiskjalinu. Þetta eru auðvitað engan veginn frambærileg vinnubrögð, herra forseti, og langt í frá.

Síðan tek ég undir og árétta spurningar hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um setlónið. Setlónið er mér mikill þyrnir í augum og þessi fjallabaksleið, að lauma kannski 75–80% af Kvíslaveitu 6 bakdyramegin þarna inn. Það er ekkert verið að gera neitt annað.

Ég spurði aðalhönnuðinn, Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, út í þetta og ég krafðist þess að fá svör við því að hve miklum hluta vatninu er ætlað að fara inn í Kvíslaveitulón. Að hve miklum hluta er þetta Kvíslaveita 6? Ég sagði: Það þýðir ekki að bera það á borð fyrir mig að þetta hafi ekki verið reiknað út vegna þess að ég sé það. Ég kann nóg á þessa hluti til þess að sjá það að vegna þess að þið eruð búin að tölusetja þetta reikningslega gagnvart útkomunni hvað varðar dælingu og kostnað og síðan arðsemi framkvæmdarinnar í heild þá hljótið þið að hafa gefið ykkur forsendur um það hvað mikið af vatninu úr setlóninu á að fá að renna yfir í Kvíslaveitulónið og hvað mikið á að fara inn í hinn náttúrlega farveg.

Hann sagði: „Já, auðvitað er það rétt. Við erum búin að slá á það og svarið er 70–80%.“

Þetta er Kvíslaveita 6 að 70–80% hluta. Það er bara ósköp einfaldlega þannig.

Það er framkvæmt sem menn hafa mjög illan bifur á. Margir helstu sérfræðingar á þessu sviði óttast mjög að þetta kunni að hafa mjög slæm áhrif á gróðurfar og allt náttúrufar í ofanverðum verunum og breiðast þá niður eftir. Þetta er auðvitað sérstaklega viðkvæmt vegna þess að þetta er ofan við verin. Þau áhrif sem kunna að verða þarna af breyttri

grunnvatnsstöðu og öðru slíku geta þá haft áhrif niður fyrir sig í fyllingu tímans.

Það virðist vera svo því það er ekki hrakið hér af hæstv. ráðherra með neinum rökum — það er bara fullyrðing — sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur bent á, að fari setlónið í 3,7 ferkílómetra er það komið út fyrir þau mörk sem lögin um mat á umhverfisáhrifum heimila, án þess að slík framkvæmd fari bara sem slík og alveg sjálfstætt, burt séð frá öllu öðru, í mat á umhverfisáhrifum. Er það ekki skýrt?

Þá geta menn ekkert bara komið hér og sagt, að þeir telji bara að þess þurfi ekki, þegar þetta stendur svart á hvítu í útgefnum reglum, lögum og reglum sem um þetta gilda, lögum og fylgiskjölum með þeim. Það gengur ekki, herra forseti, að nálgast hlutina svona.

Herra forseti. Einhvern veginn hef ég það á tilfinningunni að ýmislegt kunni að eiga að vera eftir í þessu máli því að mér finnst að margt sé einhvern veginn þannig vaxið í þessum efnum að ekki sé víst að öll kurl séu komin þarna til grafar. Ég hef oft velt því fyrir mér hvernig í ósköpunum menn geta komið hlutunum þannig fyrir hér í þessu orkuríka landi að þeir búi sér til heimatilbúna tímanauð og sannfæri sjálfa sig um að það standi svo óheppilega á að ekkert sé hægt að gera annað en fara í Þjórsárver til þess að skaffa einhverri fabrikku rafmagn á nákvæmlega tilsettum tíma sem hún hefur beðið um. Því miður sé að vísu kannski vont í sjálfu sér að þurfa að virkja í Þjórsárverum en það standi bara svona óheppilega á. Þetta er algerlega heimatilbúinn vandi.

Auðvitað átti að segja við eigendur þessa álvers á Grundartanga: Þið fáið rafmagn til að stækka ykkar verksmiðju þegar við erum tilbúin með það, úr virkjunarkostum sem við teljum hagkvæma og ekki síst í umhverfislegu tilliti. Þeir eru margir til staðar, neðar í Þjórsá, í jarðhitanum og víðar, sem eru miklu, miklu fýsilegri en þeir að fara inn á það ofurviðkvæma svæði sem Þjórsárverin og næsta nágrenni er.

Finnst mönnum ekki alveg nóg komið með fimm áföngum Kvíslaveitna sem raða sér svona eins og á færibandi upp með Þjórsárverum að austan? Það eru kannski sárafáir menn hér sem hafa nokkurn tíma komið þarna og hafa einhverja tilfinningu fyrir þessu svæði. En hér stendur a.m.k. einn — svo maður taki sér nú í munn orðalag sem er tamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni — sem oft hefur farið um þetta svæði og fór iðulega áður en Kvíslaveituframkvæmdirnar hófust. Ég man vel hvernig þarna var umhorfs áður en skurðir og stíflugarðar fóru að ramma þetta fallega svæði af, verin og drögin sem lágu niður að Þjórsárverunum að austan.

Þarna er allt gjörbreytt með stíflum, skurðum og vegum og þessu ætla menn að halda áfram utan um þessa perlu okkar, hringinn utan um hana. Það verður ekkert nema Hofsjökull til að verja hana úr vestri. Að öðru leyti á að ramma hana inn með mannvirkjagerð. Þjóðarsátt? Þjóðarsátt um hvað? Ekki við mig. Ég hefði ekki viljað standa svona að málum þó að þetta sé kannski hótinu skárra en mestu stórslysin sem þarna hefðu getað orðið.

Herra forseti. Í öðru lagi langar mig til að koma aðeins inn á hluti sem ég kýs að ræða í tenglsum við þetta mál. Ég fagna því að hæstv. ráðherra er hér viðstaddur og ég hefði gjarnan viljað að hæstv. umhvrh. væri hér einnig viðstaddur. Mér fyndist að hæstv. umhvrh., ekki settur heldur til frambúðar — ekki lengi að vísu — en sá (Gripið fram í.) sem verið hefur um skeið, bráðum fyrrverandi, væri hérna líka þegar við erum að ræða þessi stóru mál.

Ég vil aðeins fara út fyrir ramma þeirra virkjana sem hér eru nákvæmlega á dagskrá og ræða það sem við okkur blasir í þessum efnum hvað varðar virkjanir og virkjanaáform á þessum svæðum bæði í jarðhitanum og þó kannski sérstaklega í vatnsaflinu inn til hálendisins.

Svo á að heita, herra forseti, að í gangi sé starf af ýmsu tagi, þar á meðal vinnan að gerð rammaáætunar um nýtingu virkjunarkostanna eða forgagnsröðun á nýtingu þeirra. Það er líka í gangi nefnd sem er að skoða möguleikana á þjóðgarði eða verndarsvæði norðan Vatnajökuls og látið er liggja að því — ég man ekki meira að segja hvort framsóknarmenn á fundi sínum ályktuðu ekki eitthvað um það — að það ætti að stefna að stofnun þessa þjóðgarðs, jafnvel bara friðunar Jökulsár á Fjöllum. Gott ef ekki er. Og fagna ég nú liðsmönnum úr óvæntri átt. En vita menn hvað er í gangi, hvað verið er að vinna með, hvað er í höndunum á helstu sérfræðingum opinberra aðila á þessu sviði einmitt þessa mánuðina sem við erum að ræða þetta svona? Það er barasta það að á fullu er vinna sem tekur mið af því, gengur út frá því að hver einasti virkjunarkosturinn í miðhálendi Íslands verði notaður, hver einasti. Það er bara þannig. Ég er með glænýja kort í höndunum, herra forseti, sem eru að vísu þannig til komin eða stödd þannig í sínu vinnuferli að ég ætla ekki að vitna í höfundana. En ég vona að menn treysti þeim orðum mínum að hér er um að ræða marga helstu sérfræðinga okkar á þessu sviði sem eru að vinna þessa hluti fyrir opinbera aðila. Og hvað er í þeim? Hvað er í þessum kortum, herra forseti? Það er verið að klæðskerasauma og draga upp möguleg þjóðgarðs- eða friðlandsmörk þar sem allir helstu virkjunarkostir inni á miðhálendi Íslands eru hafðir með. Menn ímynda sér að þetta geti orðið svona einhvers konar bútasaumsþjóðgarður þar sem Jökulsá á Fjöllum og Kreppa eru virkjaðar, þar sem Skjálfandafljót er fullvirkjað, þar sem háhitinn í Köldukvíslarbotnum og jafnvel háhitinn í Vonarskarði er virkjaður og þar sem er miðlunarlón bæði norðan og sunnan við Vonarskarð.

Herra forseti. Ég sé að hæstv. iðnrh. gengur á dyr og ég get vel gert hlé á máli mínu. Ég hefði gjarnan viljað að þessir hæstv. ráðherrar greiddu þannig fyrir umræðunum að þeir tylldu í salnum rétt á meðan ég fer yfir þetta. Það þarf ekki að taka langan tíma. Mér nægir ekki að ágætir embættismenn sitji hér í hliðarsölum svo lofsvert sem það nú út af fyrir sig er. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (ÍGP)**:** Forseti skal sjá til þess að hæstv. ráðherra komi í salinn.)

Herra forseti. Það er spurning hvort við eigum að fresta fundinum og ég fái að fara í sæti mitt. Við látum ekki bjóða okkur það hér að hæstv. ráðherrar sem eiga mál á dagskrá geti ekki einu sinni verið viðstaddir umræðuna þegar sérstaklega er óskað eftir því og þeir vita að búið er að óska eftir að þeir séu hér við. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (ÍGP)**:** Forseti mun nú gera hlé á þessum fundi í fimm mínútur.)

[Fundarhlé. — 16:50]

[16:55]

Steingrímur J. Sigfússon (frh.)**:**

Herra forseti. Ég vona að hæstv. ráðherra sé á næstu grösum eftir að búið er að gera gangskör að því að hún sé viðstödd umræðuna. Ég þakka fyrir að hæstv. forseti hefur virt þær sjálfsögðu óskir að fundarhaldinu sé hagað þannig að umræðunni sé sómi sýndur. Ég held að hæstv. ráðherrar

verði að leggja sitt af mörkum eins og aðrir ef takast á að ljúka þinghaldinu með skaplegum hætti.

Herra forseti. Ég hef aðeins farið yfir almennt samhengi þeirra virkjunaráfanga sem nú eru á teikniborðunum og hversu ógæfulega við erum á vegi stödd með alla þessa hluti. Ákvarðanir eru meira og minna teknar í öfugri röð. Út eru tíndir virkjunarkostir og settir til hliðar frá þeirri vinnu sem á að heita að sé í gangi að skoða, kortleggja og forgangsraða, ekki síst með tilliti til umhverfisáhrifa, virkjunarkostum í landinu. Ég sé ekki annað en að meira og minna sé verið að draga dár að allri þeirri vinnu eins og framgangsmátinn er. Þegar við skoðum málin, t.d. í ljósi þeirra hugmynda sem menn hafa verið að velta fyrir sér um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæða norðan jökla, kemur þetta fram. Það kemur fram í því að menn eru varla tilbúnir til að taka út einn einasta virkjunarkost sem þar skiptir nokkru máli. Svo geta menn ályktað út í loftið án þess að innstæður séu fyrir því. Ég held að mörgum fleirum en mér, herra forseti, muni bregða í brún er þeir fara að skoða þetta kort og sjá hvernig það mun líta út, hvernig slíkur þjóðgarður eða verndarsvæði yrði skorið sundur aftur og aftur af miðlunarlónum eða virkjunum, svo maður tali ekki um aðra hluti sem þar gætu þá komið til sögunnar í því sambandi, þ.e. vegalagningu, háspennulínur og aðra mannvirkjagerð.

Ef við byrjum austur á Hraunum, austur undir Lónsöræfum, þá hugsa menn að sjálfsögðu veitu þar og virkjun Jökulsár í Fljótsdal, miðað við þá útfærslu sem nú er uppi á teikniborðinu, með stíflu rétt neðan við Eyjabakka. Síðan kæmi þá Kárahnjúkavirkjun með hinu mikla Hálslóni og vegalögn þaðan út í byggð sem skæri möguleikana á svona þjóðgarði í sundur, algerlega í tvennt. Hann næði ekki saman fyrr en inni á jöklum. Fyrir austan eru svo vatnsföllin miklu, Kreppa og Jökulsá á Fjöllum. Hvað er þar á teikniborðunum? Það er að sjálfsögðu Arnardalslón sem virðist vera ofan á í hönnuninni fremur en uppistöðulón í Fagradal sem líka hefur svo sem sést. Þá verður að draga línurnar í vinkil inn fyrir það þannig að hægt sé að virkja Jökulsá á Fjöllum og Kreppu. Hvernig? Í tveimur þrepum. Fyrst með jarðgöngum yfir í Jökuldal og stövarhúsið þar. Síðan yrði væntanlega hinn gamli farvegur Jökulsár á Dal að mestu þurr, nema þá í einstaka haust, notaður sem skurður fyrir Jökulsá á Fjöllum dálítinn spöl niður eftir Jökuldal og þaðan kæmu önnur göng yfir í Fljótsdal og stöðvarhús skömmu utan við það sem nú á að rísa vegna Kárahnjúkavirkjunar. Við bætast í Löginn, samkvæmt þessum hugmyndum, Kreppa og Jöklsá á Fjöllum með öllu vatni sem í þær er komið norður við Arnardal. Þessar hugmyndir liggja fyrir. Ég er með þær í glænýjum skýrslum, greinargerðum frá helstu sérfræðingum okkar á þessu sviði í tengslum við þá vinnu sem yfir stendur og ég hef áður gert grein fyrir.

En ekki er nóg með það. Skjálfandafljót, það á nú heldur betur að reyna að tappa af því. Þar hafa menn lengi talað um Ísólfsvatnsvirkjun en hér eru á teikniborðunum virkjanir sem koma miklu sunnar. Þær eru þarna enn þá. Menn vilja halda þeim til haga og passa upp á þær. Ef menn eru að tala um einhverja þjóðgarða eða verndarsvæði fyrir norðan verða þeir líka gæta þess að teikna línuna þannig að vestan að hún sveigi nægjanlega austarlega til að virkjunarmöguleikar, a.m.k. í Neðra-Skjálfandafljóti ef ekki í Efra-Skjálfandafljóti líka með uppistöðulónum alveg upp undir Vonarskarði, geti verið með í púkkinu.

Þetta eru ekki einhverjir draumórar. Þetta eru teikningar á blaði sem sérfræðingar eru að senda inn í vinnu rammaáætlunar. Þetta er svona. (**Iðnrh.:** Rammaáætlun tekur á öllu.) Rammaáætlun tekur á öllu já. En eigum við þá ekki líka að ræða þetta eins og það er? Þessi virkjunarplön eru þarna. Og er það eitthvað skrýtið? Nei. Það gengur auðvitað hratt á stóru virkjunarkostina ef svo heldur sem horfir. Það eru ekki til margar Þjórsár og það eru ekki til margar Jökulsár á Dal, ekki margar Jökulsár á Fjöllum og ekki mörg Skjálfandafljót. Þetta eru stóru vatnsföllin sem mundu leggja til obbann af orku fallvatnanna ef virkjuð verða. Það er fljótlegt að átta sig á því. Við sjáum það t.d. bara á aflinu í Kárahnjúkavirkjun einni, hversu stóran hluta hún leggur til af þessum 25–30 teravattstundum sem talað er um að hægt að virkja í heild.

Og það er ekki nóg að gert að hugsa sér að taka þessi vatnsföll. Auðvitað eru menn svo með á teikniborðinu jökulvötnin í Skagafirði, að sjálfsögðu eru þau hérna, norðaustan Hofsjökuls. Þar kæmu fyrstu uppistöðulónin vegna virkjunar Austari-Jökulsár í Skagafirði, að sjálfsögðu, og við gætum þar af leiðandi verið með þá stöðu að ef maður stæði á norðanverðum eða miðjum Tungnafellsjökli, þá sæi maður uppistöðulón eiginlega á alla vegu. Maður sér þaðan auðvitað niður í lónin við Þjórsárver, niður á Hágöngumiðlun, maður sæi þessi miðlunarlón efst með Skjálfandafljóti, maður sæi væntanlega miðlunarlón við Skatastaðavirkjun og maður sæi jafnvel enn lengra austur á góðum degi, norður í Arnardal eða austur í Hálslón. Það verða ekki sjö kirkjur sem menn sjá, eins og sagt er að sjáist af ónefndum fjöllum heldur sjö uppistöðulón væntanlega. Og það er ekki nóg að gert að fara með fallvötnin í þessum þætti þannig að öll stóru fallvötnin sem falla til norðurs frá Vatnajökli og Hofsjökli yrðu þá fullvirkjuð með uppistöðulónum inni á hálendinu, heldur á líka að fara í jarðhitann. Menn telja að sjálfsögðu að það þurfi að hafa jarðhitann í huga og passa sig á því að lenda ekki með þjóðgarð eða verndarsvæði þannig að menn þrengi of mikið að sér í þeim efnum. Nei, nú er reyndar sagt að Landsvirkjun hafi mikinn áhuga á jarðhitanum við Hágöngur og mæni á hann vonaraugum, ætli sér jafnvel að bora þar. Síðan er talað um jarðhitann í Köldukvíslarbotnum skammt sunnan Vonarskarðs og það segir hér í einum af þessum textum að þá styttist nú leiðin að sunnan til Vonarskarðs til muna. Og hvað er í Vonarskarði? Jú, þar er líka háhiti. Og að sjálfsögðu vilja menn hafa það sem möguleika að nýta hann og þá verður gaman að fara Vonarskarð með uppistöðulón við báða enda og gufuaflsvirkjanir af og til á leiðinni.

Þetta er framtíðarsýnin sem er til á teikniborðum varðandi framkvæmdir á miðhálendi Íslands. Svo tala menn um möguleikana á að varðveita stór ósnortin víðerni, stofna þjóðgarða á heimsvísu o.s.frv. Ekki ef þessi virtustu plön öll ganga eftir þar sem enginn einasti virkjunarkostur nema kannski Kverkfjöll verður undan skilinn. Það ber að vísu að taka það fram að í þessum textum hef ég ekki rekist á að menn væru sérstaklega að gera ráð fyrir gufuaflsvirkjun í Kverkfjöllum. Kannski hefur mér yfirsést það en það er a.m.k. ekki sérstaklega strikað inn á þetta svæði.

Ég held, herra forseti, að það sé alveg ástæða til að ræða þessa hluti bara ósköp einfaldlega eins og þeir eru. Þegar við horfumst í augu við það að hvorki friðlandið í Kringilsárrana né friðlandið í Þjórsárverum né friðland að fjallabaki átti að verða nein fyrirstaða að mati þeirra afla sem ásælast virkjunarkostina, þá er ástæða til að spyrja ýmissa spurninga. Það er þá kannski þannig eins og minn gamli lærimeistari forðum sagði, Sigurður Þórarinsson, að sennilega yrði Gull-

foss látinn í friði úr þessu og mögulega Dettifoss en hann var ekki viss um að það yrði meira og þekkti býsna vel til hugrenninga ýmissa aðila á þeim slóðum.

Það síðasta, herra forseti, sem ég ætlaði aðeins að gera að umtalsefni og tengist þessum virkjunarmálum er staðan austan við Kárahnjúka. Þar hafa verið að koma fram hlutir sem auðvitað er hreint með ólíkindum að við þingmenn skulum fyrst vera að fá í hendur nú eftir krókaleiðum, eftir að formlegri afgreiðslu þeirra mála hér er lokið. Og það á erindi inn í þingtíðindin þótt það hafi kannski ekki mikinn annan tilgang en að koma því þangað að fara aðeins yfir það hversu hroðvirknislega þar virðist vera að ýmsum hlutum unnið og hversu oft það hefur gerst að mönnum hefur beinlínis verið neitað um upplýsingar og gögn sem málum tengjast eins og t.d. bréfaskriftir íslenskra stjórnvalda við Eftirlitsstofnun Evrópska efnahagssvæðisins sem þingmönnum var meinað um og áttu þá að greiða atkvæði samkvæmt samvisku sinni hér um þetta mál og svo núna upplýsingar sem hafa lekið út, komið fram um skýrslu eða samantekt sem sérfræðingur á sviði jarðvísinda hjá Orkustofnun, Grímur Björnsson jarðeðlisfræðingur, tók saman fyrir meira en ári og voru a.m.k. teknar það alvarlega að orkumálastjóri sá ástæðu til að boða til fundar og láta Landsvirkjun fá málið til skoðunar. Það var síðan afgreitt þannig að enn annar jarðvísindamaður gagnmerkur, Freysteinn Sigmundsson, forstjóri Norrænu eldfjallastöðvarinnar, tók eitthvað saman fyrir Landsvirkjun og skilaði áliti þar sem ekki er nú mjög afdráttarlaust tekið til orða. Notuð eru orðin að „búast megi við þessu" og „hitt verði að telja ólíklegt" og það er látið nægja gagnvart þeim athugunum Gríms Björnssonar jarðeðlisfræðings sem settar eru fram í samantekt hans um áhrif þessarar miklu mannvirkjagerðar, þessa gríðarlega mikla þunga eða fargs sem þarna verður sett á jarðskorpuna með stærstu jarðvegsstíflu Vestur-Evrópu, ef ég veit rétt, ef byggð verður, Kárahnjúkastíflan, og síðan þessu uppistöðulóni með auðvitað gríðarlegu vatnsmagni sem leggst þarna eins og farg á jarðskorpuna og fergir hana niður rétt eins og um væri að ræða jökulmyndun á fjalli.

Það vill svo til, herra forseti, að Íslendingar þekkja ágætlega af sambúð við jökla og ísaldir flotjafnvægi jarðskorpunnar og hreyfingar þess og hvernig það bregst við. Ekki þarf að fara lengra en austur í Hornafjörð og ræða þar aðeins við heimamenn og þeir vita allt um þetta. Þar sem þeir bundu báta sína fyrir innan við 100 árum ganga þeir nú þurrum fótum og beita kúm vegna þess að landið hefur risið svo mjög vegna hörfunar Vatnajökuls. Þarna eru á ferðinni jarðskorpuhreyfingar sem geta auðveldlega numið tugum sentimetra og jafnvel metrum. Hér er að vísu nokkuð sérstakt fyrirbæri á ferð þar sem fyrst kemur þetta farg stíflunnar og síðan þungi lónsins þegar það verður fyllt upp en síðan er það tæmt og fyllt á víxl sem þýðir að farg er að leggjast á jarðskorpuna eða léttast af henni og það getur leitt til annars konar hluta en þegar hægt og rólega er um einsleita hreyfingu að ræða í aðra hvora áttina. Þá er stundum talað um að þetta geti strokkað hin mjúku berglög eða hálfbráðnu berglög undir sjálfri skorpunni og haft í för með sér ýmis áhrif á flotjafnvægið og jafnvel á eldvirkni og sprungur á svæðinu. Þetta hefði að sjálfsögðu, herra forseti, þurft að rannsaka og athuga miklum mun betur en gert var. Ekki þarf nema alveg ryðgaða lágmarksþekkingu á þessum hlutum til þess að átta sig á því að það er ekkert æskilegt að glíma við flókin úrlausnarefni af þessu tagi á handahlaupum eins og auðvitað allur undirbúningur þessarar mannvirkjagerðar og rannsóknar hefur verið, ósköp einfaldlega vegna þess að menn sneru sér ekkert að þessu af neinni alvöru fyrr en Eyjabakkadæmið hrundi. Þá var farið að líta á Kárahnjúka og þó að búnar væru að vera ýmsar almennar undirbúningsrannsóknir á þessu svæði í heild sinni í tengslum við ýmis virkjunaráformn síðustu 30 ár, þá fóru raunverulegar markmiðsmiðaðar rannsóknir sem tengdust gerð Kárahnjúkavirkjunar sem slíkrar fyrst í gang þegar augu manna beindust að henni eftir að hætt hafði verið við virkjun á Eyjabökkum. Þarna hefðu menn auðvitað þurft að fara út í miklu ítarlegri rannsóknir, boranir jafnvel og ýmiss konar jarðeðlisfræðilegar rannsóknir sem ekki verður séð að hafi farið þarna fram og það er kannski lýsandi fyrir stöðuna að helstu upplýsingar um þessa hluti sem maður fær í hendur er ekki að finna í matsskýrslunni. Það er frá áhugaaðilum eins og Guðmundi Sigvaldasyni jarðfræðingi og svo Grími Björnssyni þar sem menn taka sér það fyrir hendur sjálfir að skoða þessa hluti og það eru þá framkvæmdaraðilarnir eða rannsóknaraðilarnir sem bregðast við frumkvæði slíkra manna og fara þá eitthvað að reyna að svara fyrir hlutina. Þannig birtist þetta nú. Ég hygg að því verði ekki á móti mælt.

Ég fór einmitt í gegnum þessa jarðfræðilegu og jarðeðlisfræðilegu kafla matsskýrslunnar og þeir eru satt best að segja ákaflega rýrir í roðinu. Ég hygg að við gætum fengið allar sömu upplýsingar bara með því að lesa nokkrar blaðsíður í jarðfræði Þorleifs Einarssonar þar sem farið er almennum orðum yfir það að þarna sé um eldvirkt svæði að ræða og móbergshryggi o.s.frv. Mikið meira er það nú ekki sem sett var inn í þá skýrslu.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er ætlunin að afgreiða þetta mál með sömu léttúð og mér finnst hæstv. ráðherra hafa gert í viðtölum við fjölmiðla eftir að þessar upplýsingar urðu opinberar. Ég vitna m.a. til opins bréfs til ráðherra frá fjórum einstaklingum sem birtist í Morgunblaðinu í gær, þeim Viðari Hreinssyni, Ragnheiði Margréti Guðmundsdóttur, Þorleifi Haukssyni og Guðmundi Páli Ólafssyni. Þar er spurt alveg beinharðra spurninga. Er sem sagt ætlunin að ýta þessu bara til hliðar eins og öllu öðru sem flokka mætti undir gagnrýni eða efasemdir um réttmæti þessara framkvæmda? Og er þó ekkert lítið undir þegar þessir þættir koma upp á borðið því þar erum við kannski einfaldlega að fjalla um áreiðanleika eða áhættu framkvæmdarinnar sem slíkrar í heild sinni, að hún geti bara orðið ónýt eða hrunið og auðvitað þá með skelfilegum afleiðingum. Maður vill helst ekki tala mikið um það upphátt því að maður verður sjálfsagt sakaður um hræðsluáróður og einhverjar óguðlegar hugsanir ef maður fer að ræða um mögulegt stíflurof eða annað í þeim dúr en auðvitað er það hlutur sem menn verða að taka mjög alvarlega. Það er möguleiki á einhverju slíku.

Gleymum þá ekki, herra forseti, að við erum að ræða um einstæðar aðstæður í heiminum og ég leyfi mér nú reyndar að fullyrða algerlega einstæðar. Ég held að það sé hvergi nokkurs staðar í heiminum verið að reyna það sem þarna stendur til að gera og hefur svo sem að hluta til kannski verið gert áður á Íslandi með virkjunum jökulvatna á eldvirkum svæðum. En þarna fara saman allir þessir áhættuþættir sem hægt er að hnoða á einn blett á jarðkringlunni í raun og veru, allir ef maður lítur til náttúruhamfara sem geta haft áhrif á svona mannvirkjagerð. Þarna er í fyrsta lagi jökull á bak við með sínum dyntum, sem getur hlaupið fram, þar

sem myndast geta stíflur, síðan hlaup o.s.frv. Þarna er í öðru lagi eldvirkni, þekkt undir jöklinum sem ein og sér getur valdið miklum hamfarahlaupum. Þarna er um að ræða eldvirkt svæði, Kárahnjúkar sem eldstöð eru væntanlega einhvers staðar á bilinu 10–100 þúsund ára gamlir. Þeir eru sem sagt mjög nýlegir, sennilega þegar maður lítur á það hversu lítið sorfnir þeir eru frá því mjög seint á síðasta jökulskeiði ísaldarinnar þannig að maður gæti leyft sér út frá því að giska á að þeir væru ekki meira en um 12–20 þúsund ára gamlir. Þá hefur orðið gríðarlegt gos á þessu svæði. Þarna eru mikil misgengi, þarna eru miklar sprungur, þarna er mikið brotaberg og ótraust berg, þarna eru jarðlög sem eru erfið til hefðbundinnar mannvirkjagerðir, þetta eru ekki jarðlög, a.m.k. þau sem liggja ofar og efst, sem menn mundu hlakka til að glíma við í jarðgangagerð og menn hafa líka spurt að því hvernig mun ganga að heilbora í slíkum jarðlögum. Menn hafa haft efasemdir um sjálfan grágrýtiseða blágrýtisstaflann svo maður tali nú ekki um jarðlög sem eru enn yngri. Yfir þetta allt saman hefur verið ákaflega frjálslega skautað. Inn á þetta kemur Grímur Björnsson í greinargerð sinni og samantekt og það hefur orðið fátt um svör. Aðeins einu atriði hafa menn talið rétt að svara í þessu sambandi ef marka má viðbrögð Landsvirkjunar sem orkumálastjóri sá til að fengi samantektina og það er þetta með flotjafnvægi jarðskorpunnar og mögulega hættu því tengdu og þar er málið afgreitt þannig að líklegt sé að þetta verði af stærðargráðunni 30 sentimetrar, og að búast megi við því og telja verði ólíklegt — það eru orðin sem notuð eru til að afgreiða þetta.

Herra forseti. Fróðlegt væri að heyra hvað hæstv. ráðherra hefur um þetta að segja og hvort til stendur að fara eitthvað rækilegar yfir þetta. Er t.d. hæstv. ráðherra tilbúin þó ekki væri nú nema í þessu eina tilviki og þetta eina skipti að bregðast þannig við að taka á sig rögg og segja: Ég mun láta leita til óháðra sérfræðinga, tveggja, þriggja valinkunnra manna og biðja þá að fara rækilega fyrir þennan þátt málsins. Þannig að menn hafi þá a.m.k. eitthvað í höndunum frá fleiri aðilum um þetta áður en allt verður farið þarna á fulla ferð þó að það virðist þegar vera farið að gerast, samanber fréttir af stórsprengingum og öðru slíku.

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri, herra forseti og gef hæstv. ráðherra kost á því að svara.

[17:16]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér talaði hv. þm. sem er vel að sér í jarðfræði og ekki ætla ég að reyna að slá hann út á því sviði en hann kom inn á mál sem hefur verið svolítið til umfjöllunar síðustu dagana, og það varðar Grím Björnsson jarðeðlisfræðing hjá Orkustofnun. Hann ritaði í febrúar 2002 að eigin frumkvæði nokkrar athugasemdir og spurningar viðvíkjandi Kárahnjúkavirkjun og lagði minnisblað fyrir fjóra yfirmenn sína, þar á meðal orkumálastjóra. Orkumálastjóri tók þetta alvarlega og vildi fara yfir málið. Í kjölfarið var boðað til fundar af hálfu Landsvirkjunar þar sem mættir voru sérfræðingar fyrirtækisins í þessu máli og þar að auki Freysteinn Sigmundsson, forstöðumaður Norrænu eldfjallastöðvarinnar, sem er sérfræðingur á þessu sviði. Á fundinum var öllum þessum spurningum svarað á fullnægjandi hátt að mati allra þeirra sem þar voru nema hvað varðaði hugsanlegt landsig vegna ferginga frá Hálslóni. Því þótti rétt að leita álits sérfræðings á því sviði og það er sem sagt dr. Freysteinn Sigmundsson, forstjóri Norrænu eldfjallastöðvarinnar, sem er sérfræðingurinn. Án þess að geta farið í löngu máli ofan í þetta í andsvari er samantekt hans þessi, með leyfi forseta:

„Hálslón mun valda sigi jarðskorpunnar. Heildarsig ræðst að mestu af þykkt hins fjaðrandi hluta jarðskorpunnar, áætluð um 10 km við Hálslón. Reiknilíkan sýnir að búast má við um 30 sm sigi vegna lónsins. Sig verður mest við lónið og minnkar síðan jafnt og þétt með fjarlægð út frá því og út í um 50 km fjarlægð þar sem það verður líklega ekki mælanlegt. Mest af landsiginu verður á um 10 ára tímabili eftir að lónið myndast. Sighraði gæti orðið um 1 sm á ári. Telja verður ólíklegt að spennubreytingar í jarðskorpunni vegna fergingarinnar hafi nokkur áhrif á kvikuhreyfingar í jarðskorpunni."

[17:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta hefðum við út af fyrir sig getað lesið sjálf. Þetta var bara orðrétt það sem kemur fram í þessari stuttu samantekt Freysteins Sigmundssonar og það sem við höfum verið að óska eftir er að þetta mál verði tekið alvarlegar en þetta.

Ég spurði hæstv. ráðherra t.d. — ég er ekki að gera lítið úr þessum ágætu vísindamönnum en ég þykist alveg vita við hvaða aðstæður þeir hafi búið þegar þeir tóku þetta saman. Þeir voru ekki í færum til þess að fara út í ítarlegar rannsóknir eða láta sem sagt afla einhverra viðamikilla gagna, a.m.k. ekki feltrannsókna svo að mér sé kunnugt um. Og það er einmitt á það bent ef ég man rétt í greinargerð Gríms að það hefði auðvitað verið æskilegt að slíkra upplýsinga væri aflað með rannsóknum á svæðinu.

Síðan segir orðalagið sína sögu. Menn treysta sér ekki til að taka afdráttarlausar til orða en þarna er gert. Og er þetta nóg? Nægir það okkur að telja verði ólíklegt að þetta hafi slík áhrif? Sem sagt, hverjar eru þá líkurnar ef við værum að reyna að giska á þær, ef við værum að reyna að átta okkur á því hver áhættan væri? Er það 10%, 20% eða 30%? Ef þær eru minni en 30%, er þá hægt að taka svo til orða að það verði að telja það ólíklegt og er það nóg til að byggja þessa mestu framkvæmd Íslandssögunnar og alla þá áhættu sem því fylgir ef þarna færi eitthvað úrskeiðis? Það er ekki eins og það sé eitthvert smáræði í húfi. Þetta eru gríðarleg mannvirki, herra forseti, að setja á svona stað sem þarna er með þeim eiginleikum sem bergið hefur á þessum slóðum o.s.frv. Ég hef heyrt þær fregnir að mönnum hafi ekki gengið allt of vel á köflum í fyrstu sprengingunum þegar þeir voru að reyna að komast af stað inn í göng og annað í þeim dúr, fengið að kenna á því að bergið, a.m.k. efstu lögin þarna á svæðinu, er ekkert sérstaklega auðvelt viðureignar eins og það er gert og þarf ekki að koma neinum manni á óvart sem þekkir til þess hvernig svona jarðlög sem myndast við gos undir jöklum verða.

[17:21]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við fjöllum um frv. til laga um breytingu á lögum um raforkuver, með síðari breytingum. Eins og fram hefur komið gerir frv. ráð fyrir því að hæstv. iðnrh. sé heimilt að leyfa Landsvirkjun að fara í vatnsmiðlun fyrir Norðlingaölduveitu og eins að iðnrh. sé heimilt að veita sameignarfyrirtækinu Orkuveitu Reykavíkur og Hitaveitu Suðurnesja leyfi til að reka jarðvarmavirkjanir, eins og hér hefur verið rakið.

Það sem við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, höfum aðallega komið að við þetta frv. er fyrsti

liðurinn. Það er heimild Landsvirkjunar til að reisa og reka vatnsmiðlun Norðlingaölduveitu í samræmi við skilyrði sem fram komu í úrskurði setts umhvrh. sem féll 30. janúar 2003. Það er einmitt þessi úrskurður sem við höfum verið að ræða hér, hvernig þjóðin tók honum og hvernig Landsvirkjun túlkar hann svo.

Herra forseti. Ég hef stundum hugsað til þess — sérstaklega varðandi þennan úrskurð — að það sé komin einhver beygla í íslensku sálina. Í fyrsta lagi erum við ósamkvæm sjálfum okkur í því að meta hæfni umhvrh. til þess að fella úrskurði eftir lögum um mat á umhverfisáhrifum. Hæstv. umhvrh. taldist óhæf til þess að fella úrskurð um Norðlingaölduveitu sem kom inn á friðland Þjórsárvera þar sem hún hafði lýst sig fylgjandi friðun veranna. Sami ráðherra telst ekki óhæf til þess að úrskurða hvað varðar umhverfsáhrif af virkjun við Kárahnjúka þó að hún fylgi stóriðjustefnunni og hafi lýst sig fylgjandi því að reisa þarna mikla virkjun. Það er ekki sama hvers talsmaður maður er. Hæstv. heilbrrh. fékk þetta hlutverk og honum fórst það nokkuð vel. Þá má segja að aftur hafi ég orðið undrandi á viðbrögðum margra við að verða svo fegnir því að úrskurðurinn skyldi í raun og veru falla á þann veg að jafnsjálfsagður hlutur og sá að hlífa Þjórsárverum skyldi vera innifalinn í úrskurðinum. Það má segja að í raun og veru hafi náðst nokkurs konar þjóðarsátt um þennan úrskurð svo langt sem það nær. Þarna vann hæstv. heilbrrh. á þann veg að hann setti í forgang að koma miðlunarlónum út fyrir friðland Þjórsárvera og breytti allri ásýnd virkjunarinnar. Það ber að þakka hvernig honum tókst til að mörgu leyti, a.m.k. að setja sér þetta markmið. Að öðru leyti má draga í efa að sá liður sem lýtur að setlóni við Arnarfell, sem hvergi kom fram í upphaflegu umhverfismati frá Landsvirkjun, skuli vera kominn inn og festur í úrskurð ráðherra sem mótvægisaðgerð og ekki á þann veg sem Skipulagsstofnun hafði lagt til heldur á þann veg að þetta lón er stækkað og það sem meira er, það er heimiluð miðlun úr setlóninu yfir í Þórisvatn. Þar með er Landsvirkjun búin að fá Kvíslaveitu 6 svona ljómandi pent upp í hendurnar án þess að sú framkvæmd fari í sérstakt mat eins og skipulagsstjóri benti á að þyrfti að gera ef lónið yrði stærra en það sem hann úrskurðaði. Það er alveg rétt sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir minnti á og það þarf ekki annað en fletta lögum um mat á umhverfisáhrifum, sem hefur ýmsar viðmiðanir um ýmsar reglur, til þess að miða við hversu stórar framkvæmdir þurfi að vera, hversu langir vegarspottar þurfi að vera, hversu stór lón þurfi að vera til þess að það fari eftir þessum lögum. Ef lón eru stærri en þrír ferkílómetrar þarf að setja þau alveg sérstaklega í mat á umhverfisáhrifum. Nú fór svo óhönduglega með setlón hæstv. heilbrrh. að það fer upp fyrir þessi viðmið laganna og er 3,3 ferkílómetrar. Landsvirkjun nýtir sér svo orðalag úrskurðarins og telur sig ekki bundna af lónshæðinni, 566 m, heldur sé hún bundin af því að fara ekki inn fyrir mörk friðlandsins og telur sig þar af leiðandi geta farið alveg inn að markalínunni og hækkað lónið.

Herra forseti. Sú hækkun, þó að hún sé ekki mikil, rétt rúmir tveir metrar, er hún orðin sú að það er mjög líklegt að hún hafi áhrif á vatnsstöðu Þjórsárveranna og þótt það segi í úrskurði setts hæstv. umhvrh. að það megi ekki vera er það algerlega óásættanlegt að Landsvirkjun fari alltaf fram á ystu nöf, teygi sig eins langt og hægt er til að ná sem mestri rekstrarlegri hagkvæmni út úr öllum virkjunum til þess að lækka raforkukostnað, þegar upp er staðið, þegar það er algerlega látið ráða og náttúran fær ekki að njóta vafans, að Landsvirkjun þurfi í hvert einasta skipti að ganga eins langt og hægt er. Það er óþolandi. Það er m.a. af þeim sökum sem maður er ekki rólegur yfir öllum þeim virkjanahugmyndum sem eru komnar á blað, hvort sem það er bara hugarleikfimi eða raunhæfir möguleikar sem áhugi er á að koma í framkvæmd. Maður getur í raun ekki treyst einu eða neinu, sérstaklega ekki í ljósi þess að það er ekki verið að vinna eins og hjá siðuðum þjóðum. Ef við ættum að setja okkur verndaráætlun, framkvæmdaáætlun, sem hefur margoft verið nefnd hér, ekki síst af okkur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að ná sáttum um rammaáætlun um virkjun vatnsafls og jarðvarma, klára þá vinnu, ættum við að byrja þar en ekki á því, eins og gert er núna, að ráðast í þau vatnsföll sem helst hefur verið litið á sem þau vatnsföll sem ætti að varðveita og taka til hliðar af umhverfisáhrifum. Það er engu eirt. Þegar vinnubrögðin eru svona getur maður ekki leyft sér að treysta nokkrum sköpuðum hlut.

Varðandi þær framkvæmdir sem hér á að ráðast í, ef Landsvirkjun fær sínu framgengt, tel ég best að fara að tillögu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að binda það hreinlega í lagatexta að vatnsmiðlunin verði í 566 m hæð yfir sjávarmáli eins og segir í úrskurði ráðherra. Þannig yrði það ekki háð mati Landsvirkjunar hversu langt hún teygir sig inn að löndum Þjórsárvera.

Þessar framkvæmdir mundu hamla því að við gætum stækkað friðlandið, sem full ástæða væri til. Á þeim tíma að friðlandsmörkin voru dregin var það málamiðlun, byggð á þeirri þekkingu sem þá lá fyrir. Þá höfðu ekki allir skilning á verndargildi svæða í Þjórsárverum. Skilningur manna á því hefur aukist og því hefði maður talið að fremur stæði vilji til að stækka friðlandið og nýta þá möguleika sem það býður upp á. Með þessum framkvæmdum króum við af Þjórsárverin með mannvirkjum og því er mjög mikilvægt að við reyndum að halda framkvæmdum á svæðinu í skefjum eins og mögulegt er.

Herra forseti. Ég dreg það í efa að úrskurður hæstv. heilbrrh., setts umhvrh., standist þegar á heildina er litið. Að leggja fram tillögur um mótvægisaðgerðir er of óljóst. Í þessu tilfelli hefur verið hönnuð ný virkjun og auk þess með uppistöðulóni sem stangast á við lög um mat á umhverfisáhrifum. Ég tel því mjög vafasamt að mótvægisaðgerðirnar geti hreinlega verið þær að hanna algerlega nýja virkjun. Það mætti lengi halda áfram að vinna þannig, koma fram með nýjan úrskurð og þar með hafi almenningur engan aðgang að málinu með umsögnum. Það skiptir líka máli. Þegar úrskurður er fallinn er hinu lýðræðislega ferli lokið. Það er alltaf hægt að segja: Við höfum farið að lögum. Vissulega er farið að lögum, hæstv. ráðherra felldi sinn úrskurð og það er lokastigið í mati á umhverfisáhrifum. En úrskurðurinn var á þann veg að til verður ný virkjun. Að þeirri hönnun hafa félagasamtök, almenningur í landinu, ekki átt nokkurn möguleika á að koma.

Herra forseti. Í hinu mikla kappi við að styrkja stoðir velferðarkerfisins með meiri þungaiðnaði í landinu liggur mönnum svo á að í ljós hefur komið að margt er enn óskoðað. Það er ekki nema von að maður verði tortrygginn þegar í ljós kemur að starfsmaður Orkustofnunar hefur að eigin frumkvæði sett niður álit sitt á því hvernig jarðskorpan geti brugðist við því mikla fargi sem verður vegna Kárahnjúkastíflunnar, að þarna gæti orðið meira jarðsig og hætta á ferð

en menn hafi tekið með í reikninginn. Þar eru sett fram varnaðarorð. Þegar svona skýrslu er stungið undir stól, hefur þá ekki fleiru verið skotið undan?

Ég vildi bara spyrja, herra forseti: Hvernig stendur á því að starfsmaður Orkustofnunar þarf að vinna svona úttekt á eigin vegum? Ætti það ekki að vera verkefni Orkustofnunar sjálfrar? Ætti hann ekki að vinna þetta á hennar vegum? Er ekki pressan of mikil á vísindasamfélaginu ef einstaklingar þurfa að gera slíka úttekt á eigin vegum?

[17:37]

Útbýting þingskjala:

Akstur undir áhrifum lyfja og vímuefna, 717. mál, fsp. KVM, þskj. 1388.

Frestun á fundum Alþingis, 718. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 1400.

Nautakjötsframleiðsla, 645. mál, svar landbrh., þskj. 1401.

Umræðu frestað.

Lyfjalög og læknalög, 2. umr.

Stjfrv., 423. mál (lyfjagagnagrunnar). — Þskj. 538, nál. 1238, brtt. 1239 og 1385.

[17:38]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lyfjalögum og læknalögum. Í nál. er gerð grein fyrir þeim gestum sem komu á fund nefndarinnar út af þessu máli og eins þeim aðilum sem skiluðu inn umsögnum.

Í frumvarpinu er lagt til að Tryggingastofnun verði gert að koma upp tveimur gagnagrunnum með upplýsingum um lyfjanotkun landsmanna. Er gert ráð fyrir að annar gagnagrunnurinn geymi ópersónugreinanlegar upplýsingar um afgreiðslu lyfja til sjúklinga en hinn hafi að geyma persónugreinanlegar upplýsingar. Auk Tryggingastofnunar er lagt til að landlæknir og Lyfjastofnun hafi aðgang að gagnagrunnunum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Frumvarpið er samið í kjölfar tillagna stýrihóps sem ráðherra skipaði þar sem þarfir þriggja stofnana, landlæknisembættisins, Tryggingastofnunar ríkisins og Lyfjastofnunar, fyrir upplýsingar úr lyfjagagnagrunni eru skilgreindar og metnar samkvæmt hlutverkum þeirra í lögum.

Við umfjöllun málsins hafði nefndin nokkur grundvallarsjónarmið til viðmiðunar og þá fyrst og fremst að friðhelgi einkalífs einstaklinga væri tryggð eins og kostur væri og að ákvæðin væru í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Einnig hafði nefndin í huga að eitt af markmiðum frumvarpsins er að efla eftirlit með ávísanaskyldum ávana- og fíknilyfjum. Eins og kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu hefur umræða farið fram í þjóðfélaginu um meinta misnotkun þeirra. Að mati nefndarinnar er því einnig mikilvægt að frumvarpið þjóni sem best því hlutverki að efla eftirlit með ávísunum á ávana- og fíknilyf en þó þannig að sjónarmiða sem fyrr eru nefnd sé gætt. Þá er gagnagrunnunum ætlað að vera tæki til að hafa eftirlit með lyfjakostnaði. Nú stefnir í að hlutur Tryggingastofnunar í lyfjakostnaði landsmanna verði 6 milljarðar kr. á þessu ári. Telur nefndin afar mikilvægt að Tryggingastofnun verði gert kleift að sinna því hlutverki sínu að hafa eftirlit með lyfjakostnaði á sem skilvirkastan hátt. Að mati nefndarinnar er því brýnt að því fé sem fer í að greiða niður lyfjakostnað einstaklinga sé varið á sem bestan hátt og að eftirlitið leiði til aukinnar hagkvæmni.

Að teknu tilliti til þessara sjónarmiða leggur nefndin til nokkrar breytingar á frv. Hún leggur til að 2. málsl. 2. mgr. 24. gr. lyfjalaga verði látinn halda sér en með breytingum. Í gildandi lögum er kveðið á um að lyfsölum sé skylt að afhenda Tryggingastofnun ríkisins rafrænt upplýsingar um alla afgreiðslu lyfja samkvæmt lyfseðlum. Það kemur ekki fram í greininni en samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun eru þessar upplýsingar dulkóðaðar áður en þær eru sendar frá lyfjaverslunum til Tryggingastofnunar. Það er í raun sú framkvæmd sem verið hefur. Þar sem hér er um grundvallaratriði við vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða leggur nefndin til að gerðar verði breytingar á ákvæðinu og kveðið skýrt á um það í lögunum að persónuupplýsingar á lyfseðlum séu dulkóðaðar og með því sett lagastoð fyrir framkvæmdinni. Jafnframt er lagt til að kveðið verði skýrt á um að landlæknir beri ábyrgð á dulkóðun og afkóðun þessara gagna.

Fjallað er um gagnagrunnana tvo í einni nýrri grein í frumvarpinu og er lagt til að henni verði bætt inn í VIII. kafla lyfjalaga en sá kafli er um rekstur lyfjabúða. Nefndin leggur til að breytingar verði gerðar á þessari uppsetningu þannig að fjallað verði um gagnagrunnana í sérstökum kafla með þremur nýjum greinum. Í einni grein verði almenn ákvæði sem eigi við um báða gagnagrunnana en svo verði fjallað um hvorn gagnagrunn um sig í sérstakri grein. Að mati nefndarinnar verður framsetning ákvæðanna skýrari með þessum hætti.

Með nýrri 25. gr. leggur nefndin til að skylt verði að starfrækja tvo gagnagrunna, tölfræðigagnagrunn og lyfjagagnagrunn, með upplýsingum um afgreiðslu lyfja sem Tryggingastofnun fær afhentar rafrænt frá lyfsölum skv. 2. málsl. 2. mgr. 24. gr. Vinna skal með upplýsingar úr gagnagrunnunum í samræmi við markmiðin með rekstri þeirra, þ.e. að gera Tryggingastofnun, landlækni og Lyfjastofnun kleift að sinna lögbundnu eftirlitshlutverki sínu með ávana- og fíknilyfjum og lyfjaávísunum almennt, auk þess að hafa eftirlit með lyfjakostnaði og vinna tölfræðiupplýsingar um lyfjanotkun landsmanna. Leggur nefndin til að jafnframt verði kveðið á um að Persónuvernd hafi eftirlit með öryggi persónuupplýsinga í gagnagrunnunum og starfrækslu þeirra að öðru leyti í samræmi við hlutverk hennar samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Nefndin skoðaði eðli hvors gagnagrunns og þann tilgang og þær þarfir sem þeim er ætlað að þjóna. Til að afmarka betur gagnagrunnana hvorn frá öðrum leggur nefndin til að sá þeirra sem verður með ópersónugreinanlegum upplýsingum verði nefndur tölfræðigagnagrunnur og gagnagrunnurinn með persónugreinanlegu upplýsingunum lyfjagagnagrunnur. Þá leggur nefndin til að gagnagrunnarnir verði ekki skilgreindir út frá því hvort þeir hafi að geyma persónugreinanlegar eða ópersónugreinanlegar upplýsingar eins og gert er í frumvarpinu. Að mati nefndarinnar er sú orðnotkun ekki nógu skýr. Nefndin leggur til að í stað þess verði notað viðmiðið persónuauðkenni. Með persónuauðkenni er átt við auðkenni sem aðgreina einstakling frá öðrum einstaklingum, þ.e. nafn og kennitölu hans.

Í nýrri 26. gr. er gert er ráð fyrir að Tryggingastofnun sjái um rekstur tölfræðigagnagrunns. Í hann fara engin persónuauðkenni, hvorki lækna né sjúklinga. Leggur nefndin til að persónuauðkennum þeirra skuli eytt, þannig að óafturkræft sé, áður en upplýsingar af lyfseðlum eru vistaðar í gagnagrunninum. Markmiðið með grunninum er að safna upplýsingum um lyfjanotkun sem geri kleift að sinna fræðslu og söfnun tölfræðiupplýsinga um lyf, lyfjaávísanir, lyfjanotkun og lyfjakostnað. Eins og bent er á í greinargerð er tölfræðigagnagrunninum ætlað að veita heilbrigðisyfirvöldum góða yfirsýn yfir lyfjanotkun landsmanna.

Nefndin tekur þá afstöðu að til að þjóna þeim tilgangi sé ekki þörf á persónuauðkennum sjúklinga og lækna. Hins vegar var bent á það á fundum nefndarinnar að nauðsynlegt væri að hægt verði að greina fjölda einstaklinga og skoða mismunandi sjúklingahópa með tilliti til greiðslubyrði og lyfjanotkunar, t.d. að hægt verði að skoða og greina greiðsluþátttökukerfi lyfja svo að hægt sé að meta áhrif breytinga á greiðsluþátttöku, bæði á kostnað Tryggingastofnunar ríkisins og sjúklinga. Að mati nefndarinnar verða því upplýsingar um sama einstakling að dulkóðast eins í hvert sinn við dulkóðun hjá lyfsölum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að auk landlæknis, Lyfjastofnunar og Tryggingastofnunar geti aðrir aðilar fengið upplýsingar úr tölfræðigagnagrunninum. Nefndin leggur til að ráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um þær heimildir.

Nefndin leggur til með nýrri 27. gr. að safna megi upplýsingum í lyfjagagnagrunn til að auðvelda almennt eftirlit landlæknis með ávísunum lækna á lyf samkvæmt læknalögum og vegna eftirlits hans með ávana- og fíknilyfjum. Gert er ráð fyrir að persónuauðkenni sjúklinga og lækna verði dulkóðuð sérstaklega. Eins og ég gat um hér að framan teljast upplýsingar um lyfjaneyslu einstaklinga viðkvæmar persónuupplýsingar og því verður að fara með þær í samræmi við það. Upplýsingar um lyfjaávísanir lækna teljast almennt ekki viðkvæmar persónuupplýsingar nema í þeim undantekningartilvikum þegar læknir hefur orðið brotlegur við lög og það varðar refsingu. Nefndin leggur áherslu á að persónuauðkenni séu ekki geymd lengur en þörf er á til að þjóna þeim tilgangi sem þeim er ætlaður. Samkvæmt upplýsingum frá stofnununum sem munu nota upplýsingar úr lyfjagagnagrunninum er ekki þörf á að geyma persónuauðkenni lengur en tvö til þrjú ár. Nefndin leggur til að bætt verði við ákvæði um að dulkóðuðum persónuauðkennum í grunninum skuli eytt eftir þrjú ár. Þá er verið að tala um að það sé gert með óafturkræfum hætti þannig að ekki sé nokkur leið að nálgast upplýsingarnar að því loknu.

Með hliðsjón af eftirlitsskyldu landlæknis leggur nefndin til að lyfjagagnagrunnurinn verði starfræktur á ábyrgð hans en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun beri þá ábyrgð. Leggur nefndin til að landlækni verði falið að stýra aðgangi að gagnagrunninum eftir því sem þörf krefur í samræmi við ákvæði frumvarpsins í stað þess að stofnanirnar þrjár hafi beinan aðgang að þessum grunni eins og gert var ráð fyrir í frv. Nefndin leggur áherslu á að viðkvæmar persónuupplýsingar krefjist þess að hófs sé gætt í allri umgengni við gagnagrunninn og tryggt verði að þegar viðkomandi stofnanir óska eftir upplýsingum úr grunninum verði ekki veittar frekari upplýsingar en þörf er á hverju sinni og ekki frekari upplýsingar en þörf er á til að stofnanirnar geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Vegna þessa er líka lagt til að landlækni verði falið að bera ábyrgð á dulkóðun persónuauðkennanna og að landlæknir einn varðveiti lykil bæði til dulkóðunar og afkóðunar. Þetta þýðir í raun að Tryggingastofnun og Lyfjastofnun munu þurfa að sækja um aðgang að grunninum til landlæknis þegar þau skilyrði eru uppfyllt sem veitt geta þeim aðgang að dulkóðuðum upplýsingum og nánar eru tilgreind í frumvarpinu. Nefndin leggur jafnframt til að til að föst regla komist á þá framkvæmd setji landlæknir verklagsreglur um afgreiðslu umsókna um aðgang að lyfjagagnagrunninum. Skal þar kveðið á um af hverju óskað er eftir upplýsingunum og hvernig meðferð og úrvinnslu þeirra verði háttað.

Nefndin leggur til að gerðar verði breytingar á heimildum Tryggingastofnunar til að óska aðgangs að lyfjagagnagrunni sem koma fram í b-lið 1. tölul. 3. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins. Nefndin telur ekki þörf á að fela stofnuninni að kanna lyfjaávísanir og ávísanavenjur lækna vegna rökstuddra grunsemda um óeðlilegar eða ólögmætar lyfjaávísanir þar sem það eftirlit er þegar í höndum landlæknis. Nefndin er hins vegar samþykk því að Tryggingastofnun hafi eftirlit með lyfjaávísunum og ávísanavenjum lækna til að kanna lyfjakostnað að því tilskildu að ekki komi fram persónuauðkenni sjúklinga, enda skipta þau engu máli við þetta eftirlit.

Tiltekið er í þremur liðum í hvaða tilvikum landlæknir hefur aðgang að lyfjagagnagrunninum. Við umfjöllun málsins hefur verið bent á að landlæknir hafi skv. 19. gr. læknalaga það hlutverk að hafa almennt eftirlit með lyfjaávísunum lækna og þróun lyfjanotkunar. Bent var á að landlæknir þyrfti að hafa möguleika að nýta lyfjagagnagrunninn til að hafa eftirlit með lyfjaávísunum lækna á önnur lyf en þau sem skilgreind eru sem eftirritunarskyld en mörg lyf geta valdið ávana og fíkn og eru notuð sem fíkniefni. Auk þess eru önnur lyf sem ekki eru eftirritunarskyld sem hafa þarf eftirlit með, t.d. anabólískir sterar og sýklalyf. Nefndin leggur því til að til samræmis verði bætt við 19. gr. læknalaga nýjum lið þar sem landlækni er heimilaður aðgangur að lyfjagagnagrunninum til að hafa almennt eftirlit með ávísunum lækna á lyf og fylgjast með þróun lyfjanotkunar.

Loks leggur nefndin til að nýrri málsgrein verði bætt við 3. gr. lyfjalaga sem veitir heimild til gjaldtöku vegna mats Lyfjastofnunar á fæðubótarefnum og náttúruvörum. Í raun má segja að almennt standi eftirlitsþegar undir rekstri Lyfjastofnunar en þessi málaflokkur hefur verið greiddur af öðrum tekjustofnun.

Breytingar sem lagðar eru til við 5. gr. og ákvæði til bráðabirgða í frv. eru til samræmingar við framangreint, auk þess sem gerðar eru orðalagsbreytingar. Eins er um orðalagsbreytingu að ræða í breytingu sem lögð er til við 7. gr. frv.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins í fylgiskjali með frumvarpinu kemur fram að hvorki sé gert ráð fyrir viðbótarkostnaði hjá Lyfjastofnun né landlæknisembættinu, verði frumvarpið að lögum. Þetta er ekki rétt. Það kemur fram í skýrslu stýrihóps sem vann að mati á þörfum fyrir upplýsingar úr lyfjagagnagrunni frá september 2002 að til að unnt verði að sinna eftirliti á fullnægjandi hátt verði að gera ráð fyrir viðbótarstarfsmanni hjá landlæknisembættinu til að sinna nánar tilgreindum verkefnum sem gerð er grein fyrir í skýrslunni.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem ég hef nú þegar gert grein fyrir og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir álit þetta rita auk framsögumanns hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, Katrín Fjeldsted, Ásta Möller, Björgvin G. Sigurðsson, og Þuríður Backman með fyrirvara, en Einar Oddur Kristjánsson, Ólafur Örn Haraldsson og Lára Margrét Ragnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[17:52]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hv. formaður heilbr.- og trn., Jónína Bjartmarz, hefur gert grein fyrir nál. heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lyfjalögum og læknalögum. Ég skrifaði undir nál. þetta með fyrirvara. Ástæðan fyrir því að ég skrifa undir með fyrirvara í stað þess að gera sérstakt nefndarálit er að í meðferð heilbr.- og trn. gjörbreyttist frv. Eftir þær breytingar er mun meira tillit tekið til persónuverndar, verndar einkalífs og friðhelgi einstaklingsins, en var í fyrra frv. Allt aðgengi að þessum lyfjagrunni hefur verið takmarkað. Af þeim sökum get ég skrifað undir nál. þetta með fyrirvara en er ekki með sér nefndarálit.

Ég legg hins vegar fram brtt. á þskj. 1385 og mun gera grein fyrir þeirri tillögu um leið og ég fer nokkrum orðum um frv.

Þetta frv. og tilkoma gagnagrunnsins kemur til af því að við búum yfir nýrri tækni til að gera gagnagrunna. Tölvutæknin gefur okkur ýmsa möguleika til hagræðis og til að flýta vinnslu á öllum sviðum, ekki síst í heilbrigðiskerfinu. Ástæðan fyrir því að þessi vinna fór í gang var aftur á móti sú að í þjóðfélaginu kom upp töluverð umræða um meint misferli bæði lækna og einstaklinga varðandi misnotkun á ávanabindandi lyfseðilsskyldum lyfjum, sem og lyfjum sem ekki eru lyfseðilsskyld en fólk sækir í til að komast í vímu eða nota með öðrum efnum. Umræðan í þjóðfélaginu varð það hávær að ástæða þótti til að kanna hvernig hægt væri að hafa hemil á þessu og draga úr ávísunum lækna á eftirritunarskyld lyf sem valda vímu og fíkn.

En það er ekki nóg að upp komi svona vandamál og að tæknin sé til staðar. Einnig var til staðar hjá Tryggingastofnun ríkisins tölfræðigrunnur. Þar er verið að byggja upp mikinn gagnagrunn þótt hann hafi verið lítið nýttur til þessa. Hann varð til með lögum sem samþykkt voru í fyrra um að allar lyfjaverslanir skyldu senda Tryggingastofnun ríkisins upplýsingar um afgreiðslu lyfseðilsskyldra lyfja á rafrænu formi og upplýsingarnar færu dulkóðaðar til Tryggingastofnunar ríkisins. Þar eru þær geymdar. Það er nauðsynlegt að breyta umgjörð gagnagrunnsins sem þar er að byggjast upp þar sem mikið vantar á að sá grunnur sé heldur gagnvart Persónuvernd, m.a. er ekkert sagt til um hversu lengi eigi að geyma gögn í grunninum og hvernig eigi að eyða upplýsingum úr honum. Þar safnast upp mikill grunnur sem þarf skýran ramma.

Í frv. er unnið út frá niðurstöðu stýrihóps sem settur var á laggirnar til að vinna þarfagreiningu fyrir landlæknisembættið, Tryggingastofnun ríkisins og Lyfjastofnun. Frv. bar þess merki að litið hefði verið til grunnsins sem er að verða til hjá Tryggingastofnun ríkisins. Þess vegna var kveðið á um það í frv. að Tryggingastofnun ríkisins hefði þennan grunn, bæri ábyrgð á honum og flokkuninni, að upplýsingarnar væru annaðhvort persónugreinanlegar eða ekki. Í vinnu heilbr.- og trn. er búið að gjörbreyta þessu. Þetta verða tveir grunnar. Sem fyrr koma gögnin frá lyfjaverslununum, þau eru dulkóðuð frá þeim til Tryggingastofnunar, hún vinnur úr þeim og setur í grunnana. Annar er alveg lokaður, þ.e. ekki hægt að fá þar upplýsingar um persónueinkenni eða auðkenni, hvorki nafn né kennitölu læknis eða sjúklinga. Þennan grunn á að nýta til að fá tölfræðilegar upplýsingar. En til að hægt sé að nota grunninn í vísindalegu skyni, til að heilbrigðisyfirvöld og aðrir sem á þurfa að halda geti nýtt hann, verða persónuauðkenni alltaf dulkóðuð á sama veg hjá hverjum og einum. Þetta er að hluta til veikleiki því þá er grunnurinn viðkvæmari fyrir því að hægt sé að komast inn í hann og rekjanlegri. Það er því margt að varast varðandi gagnagrunna.

Hinn grunnurinn, sem er þá svokallaður lyfjagagnagrunnur og er alveg greinanlegur hvað varðar sjúklinga, lækna og lyf, er í vörslu landlæknisembættisins þó svo að tæknilega sé hann vistaður hjá Tryggingastofnun. Þar eru bara tölvurnar, eins og krakkarnir segja. Í stað þess að Tryggingastofnun hafi umsjón er það landlæknir einn sem hefur umsjón með þessum persónugreinanlega grunni, eða lyfjagrunni, og frá því er þannig gengið að hver stofnun fyrir sig kemst ekki inn í þann grunn nema með fyrir fram skilgreindum ákvæðum og tilgangi og það er landlæknir einn sem getur leyft aðgang að honum. Okkur ber ekki alveg saman um hversu langt á að teygja sig í því að bæði Tryggingastofnun og landlæknir geti nýtt þennan persónugreinanlega grunn.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum allan varann á gagnvart miklum og stórum gagnagrunnum sem snúa að einstaklingum og upplýsingum um líf þeirra og kjör eins og lyfjagagnagrunnurinn verður því fátt er mikilvægara en upplýsingar um lyf sem maður tekur. Lyfin gefa líka vísbendingu um sjúkdóma. Þarna erum við í raun að safna verðmætum sem a.m.k. lyfjafyrirtækin, framleiðendurnir, mundu gjarnan vilja komast í til þess að geta skoðað vel hvernig læknar ávísa. Sérstaklega mundu tryggingafyrirtæki gjarnan vilja komast í svona grunna til þess að átta sig á heilsufari þeirra sem tryggja sig hjá þeim. Ég nefni bara þarna tvo aðila sem mundu borga mikið fyrir að komast inn í þessa grunna. Það er alveg vitað af þessari löngun þarna úti í þjóðfélaginu, hún er ekki bara hér, hún er alls staðar. Þess vegna er svo mikilvægt að öryggið sé með öllum ráðum, hvað varðar gerð grunnanna og þennan tæknilega búnað, látið sitja fyrir og það þá á kostnað þess að geta fengið upplýsingar ef það þarf að þýða það. Þeir sem þekkja vel til í þessum tölvuheimi og eru sérfræðingar á þessu sviði segja einfaldlega að það sem hægt sé að byggja upp í tölvum sé hægt að brjóta niður og komast inn í.

Ef við gerum ráð fyrir því að frá þessum grunnum sé gengið með eins tryggilegum hætti og hægt er eru samt margir sem koma að vinnunni, eins og bara þessu ferli hjá Tryggingastofnun ríkisins sem tekur við lyfseðlunum frá lyfjaverslununum, og þar er þá kannski fyrsti veiki hlekkurinn. Ég nefni þarfagreininguna. Þegar verið er að smíða grunn eins og þennan lyfjagrunn, sem á að uppfylla þarfir þriggja ólíkra stofnana, er krafan um að komast inn í hann meiri en ef landlæknir einn hefði þarfagreiningu sína og þyrfti að komast inn í hann, eða Tryggingastofnun með sína þarfagreiningu þyrfti ein að komast inn í hann. Við erum að viðurkenna fleiri þarfir en kannski nauðsynlegt er til þess að komast inn í þennan persónugreinanlega grunn.

Ég fer þá aðeins yfir það sem ég tel helstu galla þessa frv. þrátt fyrir þær góðu breytingar sem hafa verið gerðar. Þetta er og verður stór og mikill gagnagrunnur og hann geymir meiri upplýsingar en nauðsynlegar eru fyrir hverja stofnun, eins og ég sagði áðan. Hann nær yfir og geymir upplýsing-

ar um allar afgreiðslur lyfseðilsskyldra lyfja, og það er til þess að uppfylla m.a. þarfir þessara mismunandi stofnana. Tryggingastofnun ríkisins fær upplýsingar um lyfjanotkun sem stofnunin tekur ekki þátt í að greiða. Og hvers vegna á hún að fá þær? Tryggingastofnun getur í dag fengið upplýsingar um lyfjaávísanir lækna til að kanna lyfjaávísanavenjur þeirra, vegna eftirlits með lyfjakostnaði. Hún fær hins vegar ekki upplýsingar um sjúklingana.

Það er hlutverk Tryggingastofnunar að fylgjast með lyfjakostnaði en fram að þessu hefur Tryggingastofnun ekki verið að kanna lyfjanotkun einstakra lækna, heldur hefur það verið á ábyrgð landlæknisembættisins. Þróun lyfjaávísana, þ.e. á hvaða lyf innan sama lyfjaflokks er ávísað, ódýrustu lyfin eða þau dýrustu, er nokkuð sem Tryggingastofnun hefur auðvitað áhuga á, en landlæknir hefur borið þá ábyrgð að gefa læknum klínískar leiðbeiningar til þess að velja rétt lyf og þau ódýrustu sem gefa jafngóða verkun og önnur. Dýrustu lyfin eru ekkert alltaf best og þetta er á ábyrgð landlæknisembættisins. Ég sé ekki að Tryggingastofnun þurfi að hafa þennan aðgang að persónugreinanlega grunninum.

Hvað á hún svo að gera með þessar upplýsingar? Hvernig á hún að hafa aðgang að læknunum? Það hlýtur þá að vera í gegnum landlækni. Og hann á að fá leyfi til þess að hafa aðgang að lyfjagrunninum, m.a. til að hafa almennt eftirlit með ávísunum lækna á lyf og fylgjast með þróun lyfjanotkunar samkvæmt 19. gr. læknalaga. Honum ber að gera það í dag. Hann gerir það í dag. Hann gerir það með því að fylgjast með sölu lyfja og með klínískum rannsóknum á lyfjanotkun. Mér finnst vera fulllangt gengið að landlæknisembættið fái opna heimild til að fylgja eftir þessum þætti sem honum ber skylda til samkvæmt læknalögum, með því að komast inn í grunninn þótt þetta sé þarna. Hann hefur aðrar leiðir og það er mjög viðkvæmt fyrir marga að þetta ákvæði sé þarna inni, ekkert síður vegna sjónarmiða mannverndar en sjónarmiða læknastéttarinnar sem er alfarið á móti því að þessi grunnur sé svona opinn. Læknafélagið segir hins vegar: „Landlæknir hefur og á að hafa þetta eftirlit", en hann á að gera það með öðrum hætti. Hann hefur margar leiðir aðrar en þá að nota persónugreinanlega grunninn.

Þetta er það tvennt sem mér finnst ganga of langt miðað við þó allar þær ágætu breytingar sem búið er að gera á þessu, koma upp tveimur ólíkum grunnum. Persónuvernd hefur farið yfir þetta og gefið okkur góð ráð. Síðan verður það hlutverk Persónuverndar að fylgjast með að farið sé að öllum leikreglum og alls öryggis gætt. En þó að Persónuvernd hafi lagt blessun sína yfir frv. eins og það lítur út í dag má segja að tillaga þeirra hefði verið á allt annan hátt, þetta hefðu verið sérhæfðir grunnar fyrir hvert embætti fyrir sig sem hefði þá aðgang eingöngu að þeim upplýsingum sem hver stofnun þyrfti á að halda, og grunnarnir þannig upp byggðir. Það hefði verið fyrsta val til þess að vera ekki að byggja upp svo stóra grunna sem hugsanlega væri hægt í framtíðinni að tengja við aðra, eins og gagnagrunn eða hugsanlega grunn sem kæmi einhvern tíma í framtíðinni um heilsufarsupplýsingar almennt frá læknum þar sem allt væri skráð inn í miðlægan grunn.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Þetta er sá vari sem ég hef á. Ég treysti því að vel verði með grunnana farið. Og ég treysti landlæknisembættinu til þess að fara vel með ábyrgð sína hvað varðar það að opna grunninn fyrir persónugreinanlega grunninn eða lyfjagrunninn og fara þar eftir mjög ströngum reglum. En ég tel að það sé of greiður aðgangur þarna að of miklum upplýsingum fyrir Tryggingastofnun og landlækni sem engin þörf er fyrir.

Því legg ég til að þeir liðir sem snúa að Tryggingastofnun og landlæknisembættinu falli brott og að c-liður 27. gr. hljóði þá þannig: Landlæknir starfrækir lyfjagagnagrunn um afgreiðslu lyfja vegna eftirlits með ávana- og fíknilyfjum. Síðan falli hinar greinarnar brott.

[18:13]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er varaformaður heilbr.- og trn. en hafði því miður ekki tök á því að sitja fund heilbr.- og trn. þegar frv. til lyfjagagnagrunna voru afgreidd með nál. og brtt. Ég segi „því miður" því ég er ekki fullsátt við þá niðurstöðu sem við höfum fyrir okkur í dag með brtt. þótt ég sé sátt við breytingarnar svo langt sem þær ná.

Með frv. er fyrirhuguð viðamikil söfnun og vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga. Þessi söfnun er ekki réttlætt eða rökstudd nægilega að mínu mati. Aukið hagræði stofnana og meint þörf opinberra aðila til að hafa eftirlit með borgurunum getur ekki réttlætt svo umfangsmikla upplýsingasöfnun og skerðingu á persónuvernd. Núverandi eftirlit tel ég vera fullnægjandi og lyfjagagnagrunnarnir því óþarfir eins og þeir eru lagðir fram hér.

Frv. byggir á skýrslu stýrihóps heilbrrh. sem hafði það hlutverk að meta þarfir nokkurra stofnana: Tryggingastofnunar, Lyfjastofnunar og landlæknisembættis. Svo virðist sem þarfir sjúklinga hafi ekki verið metnar sérstaklega, t.d. margvíslegar þarfir þeirra þegar kemur að lyfjanotkun, þarfir þeirra fyrir persónuvernd, öryggi þeirra sem þurfa að taka lyf eða hvernig tryggja megi fjárhagslega hagsmuni þeirra.

Mikilvægt er að gæta þess þegar frumvarp er samið að illa skilgreindir hagsmunir opinberra aðila hafi ekki forgang fram yfir mikilvæga hagsmuni einstaklingsins. Við erum lítil þjóð og því með takmarkaða persónuvernd. Kennitölur eru opinberar og þótt kennitala hafi verið dulkóðuð er miklu auðveldara að persónugreina einstaklinga á Íslandi en erlendis. Því er mun mikilvægara að vernda friðhelgi einkalífs betur hér en gerist í stærri löndum. Það er nánast lífsnauðsynlegt að koma í veg fyrir hugsanlegan skaða sem einstaklingur gæti hlotið af því að vera skráður í gagnagrunn í okkar smáa þjóðfélagi.

Lyfjastofnun og landlæknisembættið sinna hlutverki sínu vel í dag í því að hindra ofnotkun ávanalyfja og ranga notkun lyfseðla. Yfirleitt hefur tekist að stöðva þá fáu ógæfusömu einstaklinga sem leiðast út í að ganga á milli lækna í leit að ávanalyfjum. Læknar sem ávísa ávanalyfjum á sjálfa sig hafa í sumum tilvikum fengið áminningar áður en þeir eru sviptir leyfi þannig að lyfjagagnagrunnur mundi litlu breyta við þetta eftirlit. Um fáa einstaklinga er að ræða svo umfang vandans réttlætir engan veginn svo viðamikla söfnun og vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem hér um ræðir.

En ég sný mér að nú að brtt. heilbr.- og trn. Það er til bóta að aðgreina gagnagrunnana tvo betur en gert var í upphaflega frv. í lyfja- og tölfræðigagnagrunna, í stað þess að nota hin úreltu hugtök persónu- og ópersónugreinanlegu. Það er til mikilla bóta að Tryggingastofnun geymir nú aðeins tölfræðigagnagrunn án persónuauðkenna. Hins vegar hefur stofnunin enn aðgang að upplýsingum með persónuauðkennum í lyfjagagnagrunni sem er óþarfi eins og ég kem síðar að. Til bóta er einnig að Persónuvernd hefur nú skilgreint hlutverk við eftirlit vinnslunnar. Breytingartillögurnar eru umfangsmiklar og hafa í för með sér í raun gjörbreytt frv.

Fróðlegt hefði verið að afla umsagna hagsmunaaðila um breytt frv. Það hefðu verið lýðræðisleg vinnubrögð.

Miklar breytingar eru boðaðar á ferli upplýsinga í lyfseðlum. Þegar örlög upplýsinga á lyfseðli samkvæmt frv. eru skoðuð í heild er ljóst að þær fara langa og flókna leið og fara víða áður en þær lenda í gagnagrunnunum eftir að hafa verið dul- og afkóðaðar nokkrum sinnum. Með frv. eru allir lyfsalar skyldaðir til að senda allar upplýsingar á öllum lyfseðlum til Tryggingastofnunar ríkisins. Þetta er gert nú þegar rafrænt og daglega, einnig upplýsingar á lyfseðlum fyrir lyf sem sjúklingar greiða að fullu og eru því ekki Tryggingastofnun viðkomandi. Vinnslu þessara upplýsinga hjá Tryggingastofnun hefur hins vegar skort lagagrundvöll og er því með frv. reynt að skjóta lagastoð undir vinnsluna. Í frv. hefði þurft að tilgreina betur ástæður þess að senda skuli þessar upplýsingar, sem eru Tryggingastofnun óviðkomandi, því markmiðið með sendingum og vinnslunni eru margþætt og flókin og rétt að aðgreina þau og skilgreina vel til að hindra misnotkun.

Samkvæmt áliti Persónuverndar á fyrstu útgáfu frv. felst í því skerðing á stjórnarskrárvörðum grundvallarmannréttindum. Skráning á óniðurgreiddum lyfjum er hins vegar mesta skerðingin á persónufrelsinu. Ríkið gerir kröfu um lyfseðil til að lyf verði afhent en notar svo lyfseðilinn nánast til hálfgerðra persónunjósna. Þetta gerir ríkisvaldið þótt það komi á engan hátt til móts við þann sem þarf á lyfinu að halda, t.d. með greiðsluþátttöku. Réttara væri að þessir viðkvæmu lyfseðlar sem ríkið sér sér ekki fært að styrkja hlytu sérstaka vernd í stað sérstakrar misnotkunar.

Í dag er unnið gegn misnotkun lyfja með margvíslegum hætti og yfirleitt með góðum árangri. Langflestir, og ég vil taka það fram við hæstv. ráðherra,sem nota svokölluð ávana- og fíknilyf, sem eru m.a. verkjalyf, kvíðastillandi lyf, svefnlyf og fleira, þurfa á þeim að halda og misnota þau ekki. Hið gagnstæða virðist þó vera boðskapur frv. enda hafa margir sjúklingar skilið boðskap yfirvalda þannig og tekið hann til sín. Þetta er viðkvæmur hópur og geta ásakanir sem þessar hæglega leitt til andlegrar vanlíðunar og þar með jafnvel meiri lyfjanotkunar. E.t.v. væri rétt að rannsaka áhrif þessa illa umtals á sjúklinga og heilsufar þeirra nánar.

Vinnsla upplýsinga úr lyfseðlum fer nú fram hjá Tryggingastofnun vegna greiðsluþátttöku stofnunarinnar í kostnaði þessara lyfja. Síðan í fyrra hafa einnig verið sendar upplýsingar til Tryggingastofnunar frá lyfsölum um lyf sem notandinn greiðir að fullu. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi þetta hefur verið gert eða hvað verður um þessi gögn. Samkvæmt fyrirliggjandi frv. er gert ráð fyrir að aftur fari fram vinnsla upplýsinga. Allar upplýsingar aðrar en persónuauðkenni eru fluttar í tölfræðigagnagrunn. Allar upplýsingar eru fluttar í lyfjagagnagrunn. Þessi vinnsla virðist eiga að fara fram í Tryggingastofnun. Fram að þessu stigi, flutningi í gagnagrunnanna, hefur Tryggingastofnun haft fullan aðgang að upplýsingum með persónuauðkennum. Þegar hér er komið sögu á Tryggingastofnun þó ekki að hafa frekari aðgang að upplýsingum í lyfjagagnagrunninum. Á einhverjum tímapunkti verður því lokað á aðgang Tryggingastofnunar að upplýsingunum. Það kemur ekki fram í breytingartillögunum hvernig þessari lokun verður háttað eða hvort stofnuninni verður óheimil vinnsla upplýsinga áður en þær eru fluttar í gagnagrunninn. Ekki verður séð að mikill munur sé á að veita starfsmönnum aðgang að upplýsingunum áður eða eftir að þær eru fluttar í gagnagrunn.

Rétt er að vekja athygli á því að um nokkurt skeið hefur verið ætlast til að læknar skrái á lyfseðil ástæðu þess að lyfið er tekið við viðkomandi einkennum. Við getum nefnt kvíðaröskun, við getum nefnt lekanda, alkóhólisma, jafnvel viðkvæm mál eins og stinningarvanda eða einkenni alzheimers.

Ekki kemur fram í frv. hver verða örlög slíkra upplýsinga ef þær eru þá á annað borð skráðar. Læknar skrá oft ekki þessar upplýsingar á lyfseðil. Til þess að landlæknir geti starfrækt lyfjagagnagrunninn þarf embættið að hafa hann undir höndum og því verður talsvert streymi upplýsinga frá Tryggingastofnun til landlæknis. Ekki er tilgreint í frv. hvernig þessum flutningi skuli háttað eða öryggi tryggt meðan á honum stendur. Persónuauðkenni skulu vera dulkóðuð í lyfjagagnagrunninum. Gera má ráð fyrir að afkóða þurfi upplýsingarnar til að þær komi að notum, t.d. vegna eftirlitshlutverks landlæknis. Persónuauðkenni verða því væntanlega aðeins dulkóðuð meðan lyfjagagnagrunnurinn er ekki í notkun. Réttara væri að taka það fram í frv. ella er hægt að tala um að dulkóðun veiti falskt öryggi ef við höfum þetta ekki í huga.

Gert er ráð fyrir víðtækum aðgangi landlæknis að lyfjagagnagrunninum en sá grunnur inniheldur mikið magn upplýsinga sem eru eftirlitshlutverki landlæknis óviðkomandi. Það eru t.d. upplýsingar um lyf sem ekki er hægt að misnota og það eru upplýsingar með persónuauðkennum. Ekki verður séð að rök séu fyrir því að hafa þær viðkvæmu upplýsingar í lyfjagagnagrunni.

Lyfjagagnagrunnur mun ekki veita nákvæmar upplýsingar um lyfjanotkun þjóðarinnar, ekki einu sinni það, því ekki er vitað hversu mikið af þeim lyfjum sem afhent eru frá lyfsölum eru yfirleitt tekin inn. Vitað er að margir veigra sér við að taka lyf sem þeir hafa keypt af ýmsum ástæðum, aukaverkunum eða batnandi sjúkdómseinkennum og oft er skammtur ekki kláraður eins og lyfjaskápar á heimilum landsins geta vitnað um. Miklu nákvæmari upplýsingar um lyfjanotkun landsmann fengjust með því að nota vísindalegar aðferðir í samráði við notendur sjálfa og með leyfi þeirra og með samstarfi þeirra.

Í frv. með breytingartillögunum segir að lyfsali skuli dulkóða persónuauðkenni fyrir flutning þannig að hver einstaklingur verði dulkóðaður á sama hátt. Það þýðir að allir lyfsalar landsins muni hafa dulkóðunarlykilinn undir höndum. Hins vegar segir einnig að landlæknir veiti einn lykil að dulkóðuninni. Því er ekki fyllilega ljóst hvort til verður einn lykill eða fleiri. Ef átt er við að landlæknir hafi annan dulkóðunarlykil en lyfsalar, þýðir það að bæði af- og endurdulkóðun muni fara fram hjá Tryggingastofnun fyrir flutning í lyfjagagnagrunninn. Til þess þarf stofnunin einnig að hafa lykilinn undir höndum og ekki landlæknir einn. Samkvæmt breytingartillögum getur landlæknir veitt Tryggingastofnun aðgang að lyfjagagnagrunninum vegna endurgreiðslu lyfjakostnaðar sjúklings og með samþykki hans. Hingað til hafa sjúklingar sýnt kvittanir ef þeir þurfa af einhverju tilefni að sýna fram á lyfjakostnað, t.d. vegna kröfu um endurgreiðslu. Engin þörf er á umfangsmiklum gagnagrunni til að unnt verði að endurgreiða lyfjakostnað notenda.

Söfnun upplýsinga um ávísanavenjur lækna vegna eftirlits með lyfjakostnaði á að vera í höndum Tryggingastofnunar samkvæmt frv. með breytingartillögum. Þetta verkefni gæti alveg eins verið í höndum landlæknis. Ákvæði um slíkan aðgang Tryggingastofnunar þarf því ekki að vera í frv. Það

er ljóst að Tryggingastofnun ætti ekki að hafa neinn aðgang að lyfjagagnagrunninum því mikilvægt er að varðveita traust landsmanna til stofnunarinnar.

Orðalag málsgreinar um aðgang landlæknis að lyfjagagnagrunni er óljóst. Ekki er ljóst hvað átt er við með orðunum „mörgum læknum" í a-lið. Í d-lið er ekkert skilyrði til að uppfylla en á þó að vera samkvæmt texta þar að ofan. Að mínu mati er ruglingslegt að hafa ákvæði í frv. um allt annað og óskylt mál, þ.e. greiðslur til Lyfjastofnunar fyrir mat á náttúruvörum svo dæmi sé nefnt.

Enn hefur ekki verið gerð nægileg grein fyrir tilefni svo umfangsmikillar söfnunar persónuupplýsinga. Aðeins örfáir ógæfusamir einstaklingar ganga á milli lækna í leit að ávanalyfjum og enn færri læknar ávísa slíkum lyfjum á sjálfa sig. Þessir einstaklingar eru þekktir og vel er tekið á vanda þeirra. Ekki er þörf á söfnun upplýsinga fyrir landsmenn til að hafa hendur í hári þeirra og aðstoða þá. Menn þurfa að gera sér grein fyrir um hve umfangsmikla söfnun hér er að ræða um viðkvæmar persónuupplýsingar. Þannig er umfangið mikið en tilefnið tiltölulega lítið. Frv. hefur heldur ekki verið kynnt almenningi vel. Og ég vil ítreka að það hefur ekki verið kynnt almenningi vel. Því legg ég til að stjórnvöld sjái til þess að frv. sem snertir alla landsmenn hljóti eðlilega kynningu og umræðu meðal landsmanna þar sem greint verði frá áhættu sem frv. hefur í för með sér fyrir einstaklinga verði það samþykkt. Æskilegast hefði verið að frv. yrði frestað.

[18:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar það frv. kom fram sem hér er til umræðu galt ég varhuga við því. Ég taldi eins og þá var búið um hnúta að óvíst væri hvort ýmiss konar upplýsingar sem ekki ættu að rata út úr trúnaðarsambandi læknis, lyfsala og sjúklings, væru verndaðar þannig að þær gætu ekki komið fram. Þetta mál hefur verið rætt í mínum þingflokki og ég hef upplýsingar um að það sé eigi að síður búið að breyta málunum þannig að búið sé að leggja fram alveg skýr fyrirmæli í þeim brtt. sem hér eru sem gera það að verkum að ekki á að vera hægt að rekja persónulegu auðkennin.

Ég og hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir tókum hér fyrr á árum saman þátt í undirbúningi annars gagnagrunns þar sem við sannfærðumst bæði um að hægt væri að búa svo um hnúta að ekki væri unnt að rekja tilteknar læknisfræðilegar staðreyndir sem sjúkdómum tengdust til nafngreindra einstaklinga.

Því langar mig til að spyrja hv. þm.: Er hún þeirrar skoðunar að sá grunnur sem hér er til umræðu sé öðruvísi en sá sem við vorum sammála um að væri vel varinn? Eru þær aðferðir sem hér er beitt, dulkóðun o.fl., með þeim hætti að vörnin sé töluvert veikari en í þeim fræga miðlæga gagnagrunni sem við samþykktum lög um fyrir nokkrum árum?

[18:31]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni sérlega fyrir þessa spurningu því svo illa vildi til að þegar 3. umr. um gagnagrunna fór fram á sínum tíma, um þá víðfrægu gagnagrunna, var ég ekki viðstödd umræðuna vegna veikinda og gat hvorki tekið þátt í þeirri umræðu, né heldur atkvæðagreiðslu. Ég hafði hins vegar ýmsar efasemdir uppi í 1. og 2. umr. um þá gagnagrunna, m.a. um það hvort ekki væri tæknilega unnt að fara inn í dulkóðun ef mönnum hentaði svo og nægilega vel væri unnið að því. Ég verð að segja að okkur hv. þm. greinir á aðeins í einu, og það er að ég er enn ekki sannfærð um það að gagnagrunnar séu svo tryggir að ekki sé hægt að fara inn í þá.

[18:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hugsa að það sé rétt hjá hv. þm. að aldrei sé hægt að búa svo um hnúta að ekki sé einhver örlítill möguleiki á því að hægt væri að tengja saman upplýsingar úr gagnagrunnum og nafngreinda persónu. Ég sannfærðist hins vegar eftir mikla yfirlegu og mikla vinnu á þeim tíma þegar ég var formaður heilbr.- og trn. og nefndin vélaði um miðlægan gagnagrunn, að dulkóðun og ýmis önnur tæknileg úrræði sem beitt var til þess að afmá og fela persónuleg auðkenni upplýsinga sem sett voru upp eða heimilað var að setja í þann grunn, væru nægjanleg til þess að koma í veg fyrir að hægt væri að rekja upplýsingar þaðan til persóna. Ég er því þeirrar skoðunar að það sé hægt. En ég veit ekki hvort hv. þm. hefur kynnt sér málið það vel að hún geti sagt hvort hún telji að það sé munur á þeim vörnum sem eru í þessum grunni og hinum miðlæga gagnagrunni, og það er í sjálfu sér allt í lagi þó hún svari því ekki. En mér leikur hugur á að vita hvort hún telji að varnirnar sem eru í þessu frv. og brtt. sem fram koma séu minni en urðu að veruleika eftir u.þ.b. tveggja ára vinnu heilbr.- og trn. og sérfræðinga hér um árið, þegar við vorum að vinna með miðlæga gagnagrunninn. Þar var um ákaflega merkilegan hlut að ræða og ég greiddi atkvæði gegn því frv. á sínum tíma, en það var vegna þess að ég var á móti einkaleyfinu. Ég var orðinn sannfærður um það þá að svo lítil hætta væri á því að hægt væri rekja upplýsingar saman við persónur að ég taldi að sá hluti frv. væri í lagi. Og mér hefur sýnst á umræðum sem hafa orðið um brtt. og hafa orðið í þingflokki mínum líka við það frv. sem hér liggur fyrir að svipað væri á ferðinni með það. En hv. þm. er þá á allt annarri skoðun samkvæmt því sem hún hefur sagt.

[18:35]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka aftur fyrir þetta innlegg. Ég er enn þeirrar skoðunar þótt ég sé ekki tæknilega inni í þessum dulkóðunarbransa að vafi leiki á um það öryggi sem við mundum vilja hafa og ég er sérstaklega viðkvæm fyrir þessu vegna þess að við búum í svo litlu þjóðfélagi og það er svo auðvelt að ná til okkar ef fólk fær viðkvæmar upplýsingar um einkahagi okkar.

En ég vil benda á það sem ég sagði í upphafi ræðu minnar að mér finnst þetta frv. fyrst og fremst ganga út frá forsendum þarfa og hugsanlegra þarfa og mögulegra framtíðarþarfa stofnana en ekki hagsmuna eða þarfa sjúklinganna sjálfra. Og ég vil ekki tala um sjúklinga í þessu sambandi heldur einstaklinga því það fólk sem kaupir þau lyf sem verið er að ræða um er ekki endilega einu sinni skilgreint sem sjúklingar. Þetta eru bara borgarar þessa lands.

[18:36]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, og læknalögum, nr. 53/1988. Eins og komið hefur fram í umræðunni stend ég að því nál. sem kom frá heilbr.- og trn. um málið og ætla aðeins að koma með nokkur atriði inn í umræðuna vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram.

Eins og menn sjá fylgja frv. sem fyrir liggur til 2. umr. ítarlegar breytingar frá nefndinni í heild og sýna þær að farið hefur verið mjög ítarlega yfir málið í heilbr.- og trn. Þegar málið kom til nefndarinnar voru ýmis atriði sem okkur þótti ástæða til að skoða nánar og sérstaklega hvað varðar persónuverndina og dulkóðunina á þeim upplýsingum sem eiga að fara í þá grunna sem hér eru til umfjöllunar.

Eitt af því sem varð til þess að ákveðið var að setja upp gagnagrunn, lyfjagrunn sem þennan eða þessa, var að fyrir nokkru kom upp ákveðið misferli hjá læknum þar sem þeir höfðu ávísað vanabindandi lyfjum eða fíknilyfjum ótæpilega og landlækni var ekki unnt að taka á því máli vegna þess að hann hafði ekki tiltæk meðul til þess, og þótti mönnum því ástæða til að lagfæra það.

Hvað varðar grunn Tryggingastofnunar þá höfum við horft á það að kostnaður Tryggingastofnunar af lyfjum hefur aukist gífurlega á undanförnum árum og fer vaxandi, eða eins og kemur fram í nál. okkar er hann orðinn 6 milljarðar og fer vaxandi. Og stjórnvöld hverju sinni verða auðvitað að geta tekið á því þegar kostnaður sem þessi fer svona vaxandi eins og þarna er. Því þótti eðlilegt og mér þykir það fullkomlega eðlilegt að Tryggingastofnun fái tæki til þess að skoða í hverju þessi auknu útgjöld eru fólgin og hvort hægt sé að taka á slíku. En auðvitað má það ekki vera á kostnað persónuverndar.

Við höfum því skoðað þetta mál mjög ítarlega í nefndinni og höfum gert breytingar, sem gerð hefur verið ítarleg grein fyrir í umræðunni á undan, og höfum ákveðið að gert sé ráð fyrir því í frv. að Tryggingastofnun sjái um rekstur annars grunnsins, en landlæknir hins. Við leggjum til að þeir verði kallaðir annars vegar tölfræðigrunnur og í honum eru ópersónugreinanlegar upplýsingar og hins vegar gagnagrunnur sem landlæknir hefur umsjón með sem er með persónugreinanlegum upplýsingum og kallaður lyfjagagnagrunnur.

Eins og fram kemur í nál. og ég ætla að ítreka það að í grunninn sem Tryggingastofnun sér um reksturinn á fara engin persónuauðkenni, hvorki lækna né sjúklinga. Nefndin leggur einnig til að persónuauðkennum þeirra skuli eytt, þannig að óafturkræft sé, áður en upplýsingar af lyfseðlum eru vistaðar í gagnagrunninum. Markmiðið með grunninum er að safna upplýsingum um lyfjanotkun sem geri kleift að sinna fræðslu og söfnun tölfræðiupplýsinga um lyf, lyfjaávísanir, lyfjanotkun og lyfjakostnað. Eins og bent er á í greinargerð er tölfræðigrunninum ætlað að veita heilbrigðisyfirvöldum góða yfirsýn yfir lyfjanotkun landsmanna, sem er auðvitað nauðsynlegt að heilbrigðisyfirvöld hafi. Til þess að þjóna þeim tilgangi sem hér var nefndur er ekki þörf á persónuauðkennum sjúklinga né lækna. Aftur á móti er nauðsynlegt að hægt sé að greina fjölda einstaklinga og skoða mismunandi sjúklingahópa með tilliti til t.d. greiðslubyrði og lyfjanotkunar. Þetta er hægt að skoða og greina með grunni Tryggingastofnunar eins og hér er gert ráð fyrir.

Ég ætla aðeins að geta þess að hér tel ég að við höfum gert þær breytingar á frv. sem nauðsynlegar voru til þess að hafa hann sem öruggastan og ógna ekki persónuvernd nokkurs manns, en engu að síður að hafa þarna tæki fyrir yfirvöld, heilbrigðisyfirvöld, og Tryggingastofnun til þess að taka á þeim þáttum sem ég hef nefnt.

Einnig er gert ráð fyrir að landlæknir geti tekið á atburðum eins og gerðust hér á dögunum þegar læknar höfðu ávísað lyfjum, fíknilyfjum, til fólks, sem þurfti auðvitað að skoða en ekki var unnt á þeim tíma.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara ítarlegar í þetta. Vissulega er þetta mikið og flókið mál sem full ástæða væri til að skoða, en þar sem mörg mál eru hér óræddd og á eftir að afgreiða í dag og gert er ráð fyrir að við ljúkum störfum þingsins á þessum sólarhring, þá held ég að ekki sé mikil ástæða til að fara yfir þetta. En ég vil ítreka að mikilvægt er að landlæknir hafi möguleika á eftirliti með lyfjaávísunum lækna, m.a. á önnur lyf en þau sem skilgreind eru eftirritunarskyld, en mörg lyf geta valdið ávana og fíkn og eru notuð sem fíkniefni.

Ég ætla líka að nefna eitt atriði sem ég talaði nokkuð um þegar við ræddum þetta mál við 1. umr. Það er hlutverk Tryggingastofnunar að upplýsa sjúklinga sem gætu átt réttindi hjá Tryggingastofnun vegna mikils lyfjakostnaðar. Þetta frv. mun auðvelda Tryggingastofnun að koma til móts við þarfir þeirra sjúklinga og auðvelda þeim að fá þann rétt sem þeir eiga samkvæmt lögum og tel ég því að þetta sé til bóta hvað varðar gæði þjónustu Tryggingastofnunar sem slíkrar.

En ég stend sem sagt að þessu máli og svo langt sem ég þekki dulkóðun og slík vinnubrögð þá tel ég að við séum búin að ná þarna utan um þetta mál og okkur hafi tekist með þeim breytingum sem við erum að gera á frv., að koma í veg fyrir að þarna sé einhver hætta á ferðum.

[18:45]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er talið af mörgum þeim sem um þessi mál hafa fjallað og hafa kynnt sér þau hvað best að nú þegar séu nægilegar upplýsingar gefnar til landlæknis og Tryggingastofnunar til að hafa yfirlit bæði yfir kostnað og notkun á lyfjum. Ég vil hins vegar ræða svolítið um dulkóðunina sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir talaði um hér áðan vegna þess að ekki er alveg fullvíst, eins og ég sagði í ræðu minni áðan, hvort verið er að ræða um eina eða tvær dulkóðanir. Það segir í frv. að landlæknir veiti einn lykil að dulkóðuninni. En ég sé ekki betur en að um tvöfalda dulkóðun sé að ræða. Ef átt er við að landlæknir hafi annan dulkóðunarlykil en lyfsalarnir þá þýðir það að bæði af- og endurdulkóðun muni fara fram hjá Tryggingastofnun fyrir flutning í lyfjagagnagrunninn. Til þess þarf stofnunin einnig að hafa lykilinn undir höndum en ekki landlæknir einn. Það er þess vegna sem ég tel að þessi grunnur gefi ekki nægilega tryggingu fyrir þeim viðkvæmu upplýsingum sem við erum að nefna. Auk þess tel ég að verið sé að safna miklum upplýsingum sem í rauninni sé algjör óþarfi fyrir ríkið að sanka að sér.

[18:47]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð bara að segja að ég deili ekki þessum áhyggjum hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur. Auðvitað verðum við alltaf að fara mjög varlega með upplýsingar eins og þessar. En eins og komið hefur fram í máli mínu þá tel ég mjög mikilvægt fyrir stjórnvöld að hafa aðgang að þeim upplýsingum sem þeim eru veittar með þessum grunnum og ég tel að ekki sé verið að fara inn á persónuverndina með þessu. Ég held að við séum búin að ná utan um það með breytingunum sem komu fram í nefndinni, að þarna sé verið að ógna verndinni á nokkurn hátt. Auðvitað má kannski segja að aldrei sé hægt að útiloka algjörlega að þarna náist einhverjar persónulegar upplýsingar út. En ég held að við séum búin að tryggja það eins vel og hægt er að þarna sé ekki hætta á ferðinni varðandi persónuverndina. Þess vegna skrifa ég undir þetta mál án fyrirvara.

Vissulega er hverjum og einum sjálfsagt að efast um það. En ég held að við séum búin að ná þessu nokkuð vel eins og við gerum og ég tel stjórnvöldum nauðsynlegt að hafa aðgang að þessum upplýsingum því án þeirra fer allur kostnaður við lyf og þátttöku hins opinbera í lyfjakostnaði úr böndunum nema menn hafi einhver verkfæri til að taka á því. Því held ég við höfum náð með þessu frv.

[18:49]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði áðan þá tel ég að við höfum þegar í dag þau tæki sem við þurfum til þess að hafa yfirlit yfir þann kostnað sem verður til vegna notkunar lyfja og að við höfum þau tæki sem nægileg eru til að hnýsast ekki of mikið ofan í persónulega hagi fólks. Við vitum öll að ástæður fyrir aukinni lyfjanotkun eru öldrun, betri þekking á sjúkdómum, meiri betri meðhöndlun á sjúklingum, aukin lífsgæði vegna betri lyfja o.s.frv. Við vitum að öll þessi nýju lyf hafa aukið mjög svo lyfjakostnaðinn í landinu. Það er afar einfalt að skýra þessi mál á þennan máta ásamt því að hafa þessar upplýsingar sem við erum með og þá söfnun sem fer fram í dag. Þess vegna tel ég að hér sé verið að fara út í allt of viðamikið, dýrt og stórt verkefni fyrir afskaplega lítinn ágóða eða hagnað, ef ég get kallað það svo, af þeirri upplýsingasöfnun sem hér um ræðir.

[18:50]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Okkur hv. þm. greinir á um þetta efni. Ég tel okkur ekki hafa tækin í dag sem við þurfum. En við munum verða með þau eftir að þetta frv. verður að lögum. Ég verð bara að segja af því ég hef starfað í Tryggingastofnun um árabil að ég held að persónuverndin verði mun meiri hvað varðar persónuupplýsingar vegna lyfja eftir að við verðum komin með þessi lög en áður var. Ég veit vel hvernig upplýsingar um lyfjanotkun voru hjá Tryggingastofnun fyrir nokkrum árum þegar ég var þar og ég tel að þetta sé mun til bóta.

[18:51]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta frv., aðeins örfá orð.

Ég vil taka undir margt sem fram kom í máli hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur og segja að fyrir fáeinum árum hefði ég ekki haft nokkrar einustu efasemdir um mikilvægi þess og ágæti að safna saman upplýsingum um heilsufar og lyfjanotkun og viljað safna því undir einn hatt undir handarjaðri heilbrigðiskerfisins. Ég hef nú orðið vaxandi efasemdir um þetta. Hvers vegna? Vegna þess að við erum að færa okkur inn í gerbreytta veröld. Í heimi þar sem allt er tryggt, þar sem við höfum tryggingar í almannatryggingum fyrst og fremst, frjálsan og jafnan aðgang að heilbrigðisstofnunum o.s.frv. þá eru þessar hættur ekki eins miklar og í þeim heimi sem við erum að færa okkur inn í, þar sem fólk tryggir sig hjá tryggingafélögum, þar sem heilsufar og upplýsingar um heilsufar einstaklingsins eru orðnar að verslunarvöru í sjálfu sér, þar sem fólk fær mismunandi tryggingar eftir því hvert heilsufarið er.

Ég skrifaði einhvern tímann blaðagrein í kjölfar þess að inn um bréfalúguna heima hjá mér kom dreifibréf undir heitinu Sumargjöf þar sem ég var hvattur til þess að gefa einhverjum sem mér þætti vænt um tryggingu hjá tryggingafyrirtæki sem tryggði heilsufar einstaklinganna. Allt átti þetta að vera á mjög hagstæðum kjörum. En það voru settir ákveðnir fyrirvarar og fyrirvararnir voru þeir að viðkomandi hefði ekki átt við erfiða sjúkdóma að stríða og það sem meira er, hann yrði að geta staðfest að hið sama ætti við um aðstandendur. Síðan voru taldir upp ýmsir sjúkdómar sem skertu möguleika viðkomandi á að fá þessa tryggingu. Þetta eru bara staðreyndir. Þetta er hin nýja veröld. Þarna verða upplýsingarnar um einstaklinginn að verslunarvöru, verðmæti í sjálfu sér.

Við kynntumst þessu náttúrlega í umræðunni hér um miðlægan gagnagrunn og Íslenska erfðagreiningu sem á sínum tíma falbauð upplýsingar sem fyrirtækið hugðist komast yfir, tryggingafyrirtækjum, sendi út tilboð til erlendra tryggingafyrirtækja og sagðist hafa komist yfir þjóð sem væri kjörin til rannsókna. Ég man eftir því að í heilbr.- og trn. þingsins var um það rætt að fyrirtækið vildi fá aðgang að upplýsingum um lyfjanotkun, um ávísanir á lyf og ekki nóg með það heldur einnig á neyslu lyfja í apótekum. Með öðrum orðum þá var ekki nóg með að viðkomandi vildi vita hvað hefði verið ávísað á einstaklinginn heldur líka fá vissu fyrir því hvort hann hefði örugglega skóflað pillunum niður. Þetta er sá heimur sem við erum að færa okkur inn í og það er þess vegna sem maður hefur þessar efasemdir.

En ástæðan fyrir því að ég vildi hafa þessar upplýsingar allar inni í heilbrigðiskerfinu sem ég bar fullkomið traust til var náttúrlega sú að af því hlýst margvíslegt hagræði og trygging og öryggi fyrir einstaklinginn því ef hann slasast á einum stað og upplýsingarnar um hann eru á öðrum þá er mjög mikilvægt að fá aðgang að þessum upplýsingum. Þetta eru svona mótsagnirnar í þessu kerfi öllu.

Það er þess vegna sem ég tek undir þau varnaðarorð sem hér komu fram hjá hv. þm. og ég lýsti samstöðu með hér í upphafi. En aðkoma okkar í Vinstri hreyfingunni – framboði að þessu frv. var skilyrtur stuðningur, en skilyrtur við þessi atriði. Hv. þm. Þuríður Backman hefur lagt fram brtt. við frv. til þess að draga úr þessari miðstýringu og hugsanlegu aðgengi að upplýsingunum.

Þetta eru svona varnaðarorð sem ég vildi hafa uppi. Ég vildi gera grein fyrir þeirri mótsagnakenndu afstöðu sem er örugglega að berjast um í huga okkar allra í ljósi þess að við erum að færa okkur inn í breyttan heim þar sem ástæða er til að sýna mikla varúð.

[18:57]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fá að þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir orð hans. Það er einmitt vegna þessa breytta heims sem ég hef haft mínar efasemdir. Að sjálfsögðu viljum við tryggja okkar fólki bestu og öruggustu þjónustu sem hægt er að hugsa sér og bestu heilbrigðisþjónustu sem við getum mögulega veitt. En við getum ekki tryggt að þessar upplýsingar fari ekki á stjá og að þær séu ekki misnotaðar. Í heimi þar sem heilsufar og upplýsingar um heilsufar ganga kaupum og sölum er vafasamt að fara út í jafnvíðtæka upplýsingasöfnun og við höfum verið að gera að undanförnu.

Ég vil bara spyrja að einu. Hingað til hef ég ekki verið með beinar tilvitnanir í fólk í ræðustól í þau 12 ár sem ég hef setið á þingi. En hvers vegna er ég að fá upphringingar frá því fólki sem vinnur einmitt við viðkvæmustu upplýsingarnar? Það fólk er að fara fram á að ekki verði gengið svona langt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áfallahjálp í sveitarfélögum, síðari umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 59. mál. — Þskj. 59, nál. 1344.

[18:59]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. hv. heilbr.- og trn. um till. til þál. um skipulagða áfallahjálp í sveitarfélögum. Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið í samstarfi við sveitarfélög að koma á skipulagðri áfallahjálp innan sveitarfélaga. Tillagan gerir ráð fyrir að í hverju sveitarfélagi eða í samstarfi nærliggjandi sveitarfélaga verði komið á markvissri stjórn áfallahjálpar sem bregðast mundi við ef þörf krefði.

Að mati nefndarinnar er mikilvægt að skipulagðri áfallahjálp verði komið á alls staðar á landinu. Ljóst er að á sumum stöðum er þegar gert ráð fyrir þessari aðstoð og því ekki þörf á að hreyfa við málum þar.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar. Að áliti þessu standa auk framsögumanns, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Katrín Fjeldsted og Þuríður Backman. Hv. þm. Ásta Möller, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Oddur Kristjánsson og Ólafur Örn Haraldsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 2003, 2. umr.

Stjfrv., 653. mál (aðgerðir í atvinnu- og byggðamálum). — Þskj. 1063, nál. 1228, 1323 og 1337.

[19:01]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta hv. fjárln. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003 vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum.

Með frumvarpinu er lagt til að útgjöld árið 2003 aukist um 4.700 millj. kr. og verði samtals 264,8 milljarðar kr. Er það í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um átak í atvinnu- og byggðamálum frá 11. febrúar sl. með það að markmiði að efla atvinnutækifæri fram til þess tíma er áhrifa stóriðjuframkvæmda fer að gæta til fulls. Framlög til vegamála aukast um 3 milljarða kr., 1 milljarður kr. rennur til að framkvæma áætlun um menningarhús og fé til atvinnuþróunar er aukið um 700 millj. kr.

Eins og ég gat um er hér verið að koma til móts við marga þá sem búa við það böl að vera atvinnulausir eða hafa ótrygga atvinnu. Það er einlæg trú mín að verði þetta frv. að lögum þá muni það fjárframlag sem kemur frá ríkisvaldinu reynast bæði einstaklingum og þjóð til blessunar og hagsbóta.

[19:03]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti 1. minni hluta fjárln. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003 vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum.

Með frumvarpinu er lagt til að útgjöld árið 2003 aukist um 4.700 millj. kr. og verði samtals 264,8 milljarðar kr. Það sem kemur á óvart er að sú fjárhæð sem hefur verið í umræðunni er 6 milljarðar kr. en ekki 4,7 milljarðar kr. Almennur stuðningur er við að fara í átak er varðar atvinnu- og byggðamál en 1. minni hluti gagnrýnir hvernig staðið var að undirbúningi og bendir á að í málum sem þessum er nauðsynlegt að haft verði að leiðarljósi víðtækt samráð og samvinna við stjórnarandstöðu, verkalýðshreyfinguna og samtök atvinnulífsins. Það var ekki gert í þessu máli.

Undir nefndarálitið ritar ásamt mér hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson.

Virðulegi forseti. Það liggur í augum uppi að Samfylkingin mun sitja hjá við afgreiðslu þessa frv. Við höfum enga aðkomu að málinu. En það er ástæða til að fjalla aðeins betur um hvernig að málinu var staðið.

Á haustmánuðum lögðum við þrír hv. þingmenn fram till. til þál. á þskj. 29, 29. mál þingsins, um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum. Fyrsti flm. var hv. þm. Jóhann Ársælsson og að því stóðu að auki sá sem hér stendur og hv. þm. Karl V. Matthíasson. Það hefði verið ólíkt betur að staðið ef sá undirbúningur sem við lögðum til hefði hafist. Uppi voru fyrirætlanir um mestu framkvæmdir í Íslandssögunni í orku- og iðnaðarmálum á Austfjörðum og við höfðum trú á að það mundi ganga eftir. Við sáum fram á að þessar framkvæmdir mundu hafa með sér aðra uppbyggingu í tengslum við búsetu og þjónustu við atvinnustarfsemi á Austfjörðum. Í tillögunni bentum við einnig á að það lægju fyrir ákvarðanir um gerð þriggja jarðganga á Norðausturlandi sem yrðu boðin út í einu lagi eins og þá var gert ráð fyrir. Þess vegna lögðum við til strax á haustmánuðum að farið yrði í aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum nákvæmlega þess sem núna, seint og síðar meir, er gripið til þegar allt er raunverulega komið á kaldan klaka.

Þannig er að hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. tóku saman höndum þegar allt var komið í vandræði og unguðu út þessari tillögu sem í raun er verið að afgreiða núna með fjáraukalögum.

Skynsamlegast hefði verið að hefja vinnu að þessu strax í haust á eðlilegan máta, af þinginu. Það má líka velta fyrir sér hvað verið er að gera. Það er verið að nota fjármuni, virðulegur forseti, vegna sölu bankanna. Hvað þýðir þetta? Maður getur velt því fyrir sér að á undanförnum árum hafa bankarnir, Búnaðarbankinn og Landsbankinn, meira og minna verið að yfirtaka starfsemi sparisjóðanna á landsbyggðinni. Hefði ekki verið eðlilegt að skoða í einhverju samhengi að byggðirnir höfðu víða lagt mikið inn í Landsbanka, í Búnaðarbanka? Ég get t.d. nefnt Snæfellsnes þótt ég tiltaki ekki einstaka staði. Á Snæfellsnesi voru sparisjóðirnir lagðir inn í Landsbanka og Búnaðarbanka. Ég hefði talið eðlilegt að skoða eitthvað slíkt hefðu menn ekki þurft að vinna í svo miklu flaustri sem raun ber vitni.

Þetta eru atriði, virðulegi forseti, sem ég tel ástæðu til að fjalla um. Ég tel ástæðu til að fjalla um það þegar svona lagað er gert þó svo að ég lýsi yfir ánægju minni með að þó skuli gripið til ráðstafana þótt seint sé og um síðir. Af því sem ég hef séð af umfjöllun um ráðstöfun þessara fjármuna þá finnst mér skorta á vönduð vinnubrögð af hálfu þeirra sem gera tillöguna. Sú skoðun mín á ekki við afgreiðslu fjáraukalaga, það er sérstakur þáttur út af fyrir sig.

En ég ætla að ljúka máli mínu, virðulegi forseti, á að þakka hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni fyrir ágætt samstarf sem við höfum átt þann tíma sem hann hefur veitt fjárln. forustu. Hann er senn á leið til annarra starfa. Ég óska honum og fjölskyldu hans velfernaðar og þakka honum fyrir ágætt samstarf. Þrátt fyrir að töluverð gjá sé á milli þeirra sem sitja

í stjórnarandstöðu og þeirra sem sitja í stjórnarliðinu hefur samstarf okkar persónulega verið gott.

[Fundarhlé. — 19:10]

[19:47]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti 2. minni hluta fjárln. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003 vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum. Þetta frv. kom fram fyrir nokkrum dögum og hefur síðan verið til meðhöndlunar í fjárln. og verið afgreitt út úr nefndinni.

Annar minni hluti fagnar því að ríkisstjórnin leggi fram frumvarp til fjáraukalaga nú í þinglok. Ríkisstjórnin hefur tíðkað það á undanförnum árum að stofna til útgjalda fyrst og leita svo heimilda Alþingis eftir á. Sá sem hér talar hefur gagnrýnt þau vinnubrögð á Alþingi enda er með þeim farið á svig við lögin um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997.

Annar minni hluti lagði fram á síðasta þingi frumvarp til breytinga á lögum um fjárreiður ríkisins þess eðlis að fjármálaráðherra skuli leggja fram frumvarp til fjáraukalaga að vori og að hausti eftir því sem tilefni gefast til. Vonandi er það vinnulag sem nú er viðhaft fyrirboði þess að hér eftir verði það föst regla að leggja fram frumvarp til fjáraukalaga að vori í lok vorþings ef breytingar liggja fyrir og þörf er á varðandi einstaka gjalda- eða teknaliði fjárlaganna.

Með þessu frumvarpi er verið að ráðstafa auknu fjármagni til „aðgerða í atvinnu- og byggðamálum" þar sem 3 milljarðar kr. renna til vegamála, 1 milljarður kr. til byggingar svo kallaðra menningarhúsa og 700 millj. kr. til Byggðastofnunar til atvinnuþróunar.

Það er full ástæða til að fagna því að aukið fjármagn sé veitt til samgöngumála og þeirra verkefna sem tíunduð eru í frumvarpinu. Þessar ákvarðanir hefði þó verið eðlilegra að taka við afgreiðslu fjárlaga í desember sl.

Annar minni hluti telur að Alþingi hefði átt að gefa sér meiri tíma er varðar forgangsröðun verkefna með tilliti til þeirra markmiða sem sett voru um aðgerðir í atvinnu- og byggðamálum. Enn fremur bendir 2. minni hluti á að ekki liggur fyrir sundurliðun á verkefni er varðar 1 milljarðs kr. framlag til byggingar menningarhúsa og 700 millj. kr. framlag til Byggðastofnunar. Það hefði verið eðlilegt og í samræmi við vinnulag við gerð fjárlaga að þessar upphæðir hefðu verið sundurliðaðar á þau verk sem þeim var ætlað að ganga til og kveðið nánar á um ráðstöfun þessa fjár.

Hins vegar er rétt að benda á varðandi það fjármagn sem hér er verið að ráðstafa og á að verða til þess að styrkja verkefni í atvinnu- og byggðamálum að við ráðstöfun þess fjár verði horft til þess, ef af fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum verður á Austurlandi og byggingu álverksmiðju þar og sömuleiðis ef af stækkun verksmiðjunnar á Grundartanga verður, þ.e. þá er ljóst að þessi tvö stórverkefni munu taka til sín stóran hluta í efnahagslífi þjóðarinnar og hafa áhrif á atvinnulíf og samkeppnishæfni annarra atvinnugreina.

Þessi verkefni sem ég nefndi, virðulegi forseti, eru mjög bundin við ákveðna landshluta. Því er ljóst að aðrir landshlutar, hinar dreifðu byggðir eins og Norðurl. v., Vestfirðir og Vesturland um Snæfellsnes og Dali og eins norðausturhluti landsins, verða afskiptar ef litið er á þessar stórframkvæmdir. Ég er ekki að mæla með því að þær eigi að leysa í sjálfu sér vandamál atvinnulífs og byggðar og búsetu um landið allt. En verði þetta staðreynd þá er ljóst að það mun mæða enn frekar á þessum landshlutum. Því afar mikilvægt með tilliti til ráðstöfunar þessa fjár þó ekki sé það mikið að horft verði til verkefna í þessum landshlutum til þess að styrkja atvinnulíf og búsetu.

Herra forseti. Hins vegar er hægt að velta því fyrir sér hvort þessi ráðstöfun fjár sé að fullu leyti í samræmi við þá fyrirsögn sem er á þessum aðgerðum, þ.e. aðgerðir í atvinnu- og byggðamálum. Vissulega eru þessar upphæðir og ráðstöfun þeirra til styrkingar atvinnu- og byggðamálum. En í ljósi umræðunnar um bæði atvinnuleysið sem þegar er til staðar og hættu á óöruggu atvinnuástandi á næstu mánuðum þá hefði að mínu viti verið rétt af Alþingi að skoða nánar forgangsröðun í ráðstöfun þessa fjár og jafnvel kannað hvort ekki þyrfti að auka við fjármagn í aðra þætti sem væru raunverulega atvinnuskapandi, a.m.k. til viðbótar við þær aðgerðir sem hér hafa verið nefndar og eru aðalefni þessa frv.

Við höfum lagt til í umræðunni að það verði kannað að láta verja auknu fé til vísindastarfa, til vísindarannsókna en ljóst er að þar kreppir að nú í atvinnu. En verkefni þar eru næg. Þar er hægt að vinna verkefni til að undirbyggja og styrkja og efla framtíðaratvinnulíf í landinu einmitt með því að efla vísindarannsóknir og vísindi og fræðslustarf til þess að styrkja grunn atvinnulífsins og jafnframt líka til að tryggja störf þeirra sem þegar eru að vinna.

Þá hefur líka verið á það bent varðandi ráðstöfun þessa fjár sem rennur að mestu leyti vil vegamála og vegagerðar — allt gott er um það að segja — að það fjármagn mun ekki nýtast svo vel til þess að styrkja og efla atvinnu t.d. kvenna eða ungs fólks því að vegagerð er að stórum hluta þungavinnuvélavinna. Ef maður horfir því til þeirra þátta sem fyrirsögn frv. vísar beint í, aðgerða í atvinnumálum, þá hefðu menn átt að leiða betur hugann að því og kanna hvernig ríkið gæti komið að til þess að styrkja þá stöðu bæði á þessu svæði hér á suðvesturhorninu og líka út um hinar dreifðu byggðir landsins.

Herra forseti. Ég tel því að yfirskrift frumvarpsins standi ekki fyllilega undir því nafni að heita „vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum". En að sjálfsögðu eru þær aðgerðir sem þarna er verið að grípa til góðra gjalda verðar.

Það hefði líka verið ástæða til þess að skoða stöðu t.d. sjúkrahúsanna. Það var ljóst að við afgreiðslu fjárlaga fyrir jólin voru sjúkrahúsin víða um land afskipt hvað varðaði fjárveitingar en einmitt þar er líka mikilvægur vinnustaður og hluti grunnþjónustunnar sem hægt er að byggja upp.

Ég er t.d. með frétt hérna í blaðinu Feyki, fréttablaði Norðurl. v., um heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi v. sem ég ætla að leyfa mér að lesa aðeins upp úr í lok ræðu minnar, virðulegi forseti:

„Heilbrigðisstofnunum á Norðurl. v. gert að skera niður um tugi milljóna á árinu.

Sökum niðurskurðar á fjárlögum til heilbrigðisstofnana í landinu hefur stjórn Heilbrigðisstofnunarinnar á Sauðárkróki ákveðið að hætta starfrækslu eigin þvottahúss og semja við Efnalaug Sauðárkróks. Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar, segir að þetta muni væntanlega gerast í júníbyrjun en uppsagnir sex starfsmanna tóku gildi um síðustu mánaðamót. Þessi aðgerð ásamt því að áður hefur verið sagt upp fólki á bakvakt skurðstofu segir Birgir að dugi þó skammt til að ná þeim markmiðum sem fjárlagafrv. gerir kröfur um og séu langt í frá raunhæfar að sínu mati. Framlag ríkisins til landsbyggðarsjúkrahúsa er í nýju frv. skert um 2,5%." — Þetta er í fjárlögum sem

samþykkt voru fyrir jólin. Ég vitna svo áfram í blaðið, virðulegi forseti: — „Þetta þýðir 15 millj. kr. niðurskurð til Heilbrigðisstofnunarinnar á Sauðárkróki. Forsvarsmenn sjúkrastofnana úti um landið eru allt annað en ánægðir með þessar aðgerðir á kosningaári, finnst þarna koma fram gróf mismunun við stóru landssjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu sem fengu aukningu á fjárlögum.

Heilbrigðisstofnunin á Sauðárkróki hefur verið rekin innan fjárlaga um langt árabil og Birgi Gunnarssyni framkvæmdastjóra líst ekki á að hægt verði að taka við þessari miklu skerðingu sem hann segir í heildina nema um 25 millj. kr. þar sem 10 millj. kr. vegna launa- og kostnaðarhækkana frá síðasta ári hafi ekki fengist bættar."

Eins var vitnað til stöðu Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga en þar vantar 4,8 millj. og Heilbrigðisstofnunarinnar á Siglufirði sem er gert að skera niður um 7 millj. svo að nokkuð sé nefnt.

Herra forseti. Það hefði verið ástæða til að skoða stöðu einmitt þessara stofnana úti um land bæði með tilliti til þeirrar þjónustu sem þær bjóða og einnig til þess að viðhalda þeim störfum sem þar eru. Svona hefði ég talið, herra forseti, að hefði átt að vinna nú við þessa fjáraukalagagerð en ekki einskorða sig við örfá atriði sem ríkisstjórnin lagði til.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég tel að það sé gott fordæmi að koma nú fram með fjáraukalög og staðfesta þannig fjárveitingar sem framkvæmdarvaldið hefur ákveðið að ráðast í þannig að Alþingi fái að staðfesta þær áður en þær eru greiddar út eins og hér er verið að gera. En ég tel að það hefði átt og eigi að fara yfir stöðu fjárlaga að vori almennt og skoða hvort þingið hafi gert skuldbindandi ákvarðanir um fjárútlát og eins ef ástæða er til að leiðrétta fjárlögin sem samþykkt hafa verið, þ.e. ef augljós þörf er á því.

Herra forseti. Vinnan við þessa fjáraukalagagerð hefur að sjálfsögðu algerlega farið fram á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og meiri hluta hennar. Minni hlutinn hefur í sjálfu sér ekki komið neitt að þeirri vinnu.

Ég læt svo lokið þessari framsögu minni við 2. umr. um fjáraukalög.

[20:00]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég hef alltaf unun af því að hlýða á hv. þm. Jón Bjarnason. Hann er oft rökfastur og skyggnist vel inn í framtíðina eins og sumir í hans ágæta flokki. Ég hef stundum hlustað á hann tala um stóriðjuframkvæmdir. Auðvitað hefur það ekki farið fram hjá mér að hv. þm. er ekki mjög hlynntur stóriðjuframkvæmdum. Þess vegna hafði ég dálítið gaman af því að undir miðbik ræðu sinnar gat hv. þm. þess réttilega að á næsta kjörtímabili væri að vænta stórframkvæmda á Austurlandi og á Grundartanga og af því mundi hljótast aukin velta í samfélaginu og auknar tekjur. Mál hv. þm. var ekki hægt að skilja á annan veg en svo að hann vonaðist til að hægt yrði að nota dágóðan hluta af þeim auknu tekjum fyrir landsbyggðina.

Ég er sammála því, herra forseti, að á næsta kjörtímabili eigum við að nota part af þeim auknu verðmætum sem verða til vegna þessara framkvæmda þar sem þær verða til, þ.e. á landsbyggðinni. En ég nefni þetta, herra forseti, vegna þess að allt í einu er hv. þm. Jón Bjarnason farinn að gleðjast yfir þeim tekjuauka sem verða mun af þeim framkvæmdum sem hann hefur ekki alltaf verið ákaflega hlynntur. Þetta sýnir að um síðir rennur upp skilningur hjá flestum á því sem gott er, fari þeir nógu djúpt í það. Mér sýnist bros skilnings, að ég segi ekki glit skilnings, tekið að ljóma úr augum hv. þm. Ögmundar Jónassonar, flokksbróður hans.

Ekki kem ég þó hingað upp, herra forseti, til þess að bekkjast við hina góðu félaga mína í stjórnarandstöðunni. Ég kem hingað til að lýsa því yfir að ég er að mörgu leyti ánægður með þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að hafa sett töluvert fjármagn í að styrkja atvinnustigið. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að það hafi verið rétt í þessari stöðu vegna þess að það var töluverður slaki kominn í atvinnustigið. Af hverju? Jú, þessir herramenn hafa árum saman talað um að það sé svo mikið góðæri. En þegar góðærinu slotar og þeir eru að fara í kosningar halda þeir því samt fram að efnahagslífið sé með miklum blóma. Þá blasir samt sem áður við að fyrir tilverknað þeirra og ríkisstjórnar þeirra ganga 6 þúsund Íslendingar um atvinnulausir. Hvað gera menn við þær aðstæður? Að sjálfsögðu reyna þeir að ráðast í framkvæmdir á vegum hins opinbera til að styrkja atvinnustigið. Þetta er bara eins og tekið upp úr textabók okkar gömlu jafnaðarmanna sem allir aðhyllast nú um stundir, það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson kallaði fyrir tveimur kvöldum blandað hagkerfi.

Herra forseti. Í hinu blandaða hagkerfi skiptir hlutur ríkisins töluverðu. Ríkið sér auðvitað um vegaframkvæmdir og það er vel til fundið að ráðast í þær út frá þessum forsendum. Mér finnst ekki of mikið lagt í framkvæmdir á landsbyggðinni. Ég vil að það komi skýrt fram. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að setja hefði átt meira fé til framkvæmda á Reykjavíkursvæðinu. Það hefði átt að bæta við þann sjóð sem þarna er. Gleymum því ekki að þetta fjármagn átti að fara til að draga úr atvinnuleysi. Sex þúsund manns eru atvinnulaus á landinu. Hver er þetta atvinnuleysi? Mest af því er í tveimur hinna nýju kjördæma, þ.e. Reykjavík norður og suður. Þar er 70% atvinnuleysisins að finna. Í fljótu bragði, herra forseti, má þess vegna reikna út að það séu um það bil 5 þúsund manns.

Annað gerir það að verkum að ég tel að vel hefði mátt setja meira fjármagn í framkvæmdir núna. Ástæðan er einmitt þær ágætu framkvæmdir sem hv. þm. Jón Bjarnason gerði að umtalsefni. Á næsta kjörtímabili blasir við að hér verða stórfelldar framkvæmdir á tveimur, þremur stöðum á landinu. Þetta þýðir að þensla verður vaxandi í samfélaginu. Gengi íslensku krónunnar er hátt. Vextir þurfa að hækka, segir Seðlabankinn. Þó eru til ráð til að sporna gegn þessum afleiðingum framkvæmdanna. Þær felast í að draga úr framkvæmdum hins opinbera en ég er ekki þeirrar skoðunar að það eigi að draga úr magninu heldur eigi að hliðra því til. Það er hægt að fresta sumum framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á næstu árum en einnig hægt að hliðra þeim til í tíma með öðrum hætti. Það er hægt að flýta þeim. Ég er þeirrar skoðunar að það hefði átt að flýta meira af framkvæmdum núna, nota meira fjármagn til að ráðast í framkvæmdir sem við sjáum þegar að inna á af höndum af ríkisins hálfu í ýmsum áætlunum sem við erum að samþykkja og við höfum þegar samþykkt. Ég tel, herra forseti, að það hefði verið vel forsvaranlegt af ríkinu að gera meira til að styrkja atvinnustigið.

Hitt er ljóst að það eitt að nauðsynlegt sé að verja 6 milljörðum til að styrkja atvinnustigið í landinu er ekkert annað en viðurkenning af hálfu ríkisstjórnarinnar á því að henni hefur mistekist í þessum efnum.

Ég vil vekja eftirtekt á því, herra forseti, að þingmenn Samfylkingarinnar bentu á að nauðsynlegt væri að hafa miklu meira samráð við þingmenn og þingmannahópa hinna einstöku kjördæma varðandi það hvernig þessum fjármunum er varið. Það er hlálegt þegar menn ætla að ráðast í að byggja nýja vegi skuli Vegagerðin heyra af þeim fyrirrætlunum í fyrsta skipti í gegnum fréttirnar. Þessi vinnubrögð eru ekki til eftirbreytni eins og ég veit að hv. þm. Jón Bjarnason er mér algerlega sammála um.

Ég hef undanfarið ferðast um landið með forsætisráðherraefni Samfylkingarinnar, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Það er sláandi hversu menn kvarta sums staðar yfir því að ekki hafi neitt samband verið haft við staðkunnuga menn um hvernig eigi að verja þessu fé. Þegar menn aka t.d. um sunnanverða Austfirði er það alveg með ólíkindum fyrir okkur sem dag hvern erum vön að aka um á bundnu slitlagi að aka þar um skriður þar sem slitlag er ekki bundið, ég tala nú ekki um fjölda hættulegra einbreiðra brúa. Við þingmenn Samfylkingarinnar erum þeirrar skoðunar að samhliða þessu hefði átt að ráðast í sérstakt átak til þess að ryðja burt einbreiðum brúm. (**ArnbS:** Og hætta við framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu.) Það er hægt að ráðast í átak af því tagi án þess að því fylgi mikill og tímafrekur undirbúningur. Slíkar framkvæmdir þurfa ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum og skapa töluvert mikla atvinnu á landsbyggðinni.

En það eru líka einbreiðar brýr, því miður, í grennd við höfuðborgarsvæðið. Ég heyri reyndar að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, sem hér kallar fram í einhver aðdáunarorð heyrist mér, virðist ekki vita af því. (Gripið fram í.) Það sem ég er að segja, herra forseti, til þess að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir viti nákvæmlega hvað ég á við, er að ég tel að fyrir utan þá 6,3 milljarða sem setja á í þetta verkefni hefði átt að setja meira fé, m.a. til þess að ráðast í sérstakt átak á þessu sviði. Af hverju? Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir á að vita, þar sem hún hefur árum saman komið nálægt samgöngumálum — hún hefur setið í samgn. og einu sinni stakk ég upp á því að hv. þm. yrði gerð að samgrh. en við því var ekki orðið þegar Sjálfstfl. myndaði þá ríkisstjórn — að fylgifiskur hinna einbreiðu brúa er gríðarleg slysatíðni. Þess vegna mundum við sennilega hafa mestan arð af því að ráðast í slíkar framkvæmdir í mannslífum talið en líka út frá hinu þjóðhagslegu (Gripið fram í.) sjónarmiði.

Herra forseti. Þingmenn sem hér hafa setið missirum saman, að ég segi ekki árum og kjörtímabilum saman, verða stundum að reyna að rífa sig upp úr þessu leiðigjarna kjördæmapoti sem einkennir menn allt of mikið, sérstaklega ef um er að ræða tiltölulega víðsýna og frjálslynda þingmenn eins og hv. þm. sem hér kallar fram í. Eina ráðið til þess, herra forseti, er að vísu að setja hana í kjördæmi með öllum öðrum þingmönnum. Ég gæti haldið langa tölu um það eftirlætishugðarefni mitt og flokks míns, að gera landið allt saman að einu kjördæmi. Mundi þá loksins hverfa og falla hamurinn af hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttur, þ.e. kjördæmapotarahamurinn.

Herra forseti. Margt er gott í því sem ríkisstjórnin hefur lagt til. Mér finnst í sjálfu sér gott að núna eigi að ráðast í að byggja menningarhús. Framsfl. var ekki alveg sammála því á síðasta kjörtímabili að peningunum væri best varið í menningarhús. Ég verð að taka undir að það er hugsanlegt að með einhverjum hætti kynni að vera betra að nota þá peninga í menningarmiðstöðvar ýmsar, t.d. Nýheima á Hornafirði sem sameinar það að vera klakstöð fyrir frumkvöðla, skjól fyrir fullorðinsfræðslu og athvarf nýs framhaldsskóla af nútímalegum toga.

Herra forseti. Ég vil líka segja að ef menn ráðast í aðgerðir sem eiga að bæta menningu og menntir í kjördæmum landsins þá verða þeir að hafa einhverja stefnu og áætlun að fylgja eftir. Ég hlýt að vekja eftirtekt á því að Sjálfstfl. lofaði hvorki meira né minna en sex menningarhúsum fyrir síðustu kosninar. Hann sveik loforð um sex menningarhús fyrir síðustu kosningar. Hann lofar nú menningarhúsi á Akureyri og í Vestmannaeyjum. Hvað vitum við og kjósendur, getum við treyst þessu? Hvað vitum við nema Sjálfstfl. svíki loforðin um þessi tvö menningarhús eins og hann sveik loforðin um þau sex sem lofað var fyrir síðustu kosningar?

Það er hið besta mál, herra forseti, að ríkisstjórnin skuli ætla að ráðast í menningarhús á Akureyri og í Vestmannaeyjum. Ég styð það. En ef menn eru að eyða 6,3 milljörðum í svona framkvæmdir og eyða milljarði í menningarhús, af hverju horfa menn ekki svolítið nær sér og velta fyrir sér hvort hægt sé að verja peningum til að efla menninguna með einhverju öðru móti?

Það er eitt mál, herra forseti, sem mig langar að drepa á vegna þess að það er hugðarefni varaformanns Samfylkingarinnar sem því miður getur ekki verið með okkur sem stendur, þ.e. að ljúka gerð menningarsalar sem hefur staðið fokheldur í Hótel Selfossi í aldarfjórðung. Meðal Sunnlendinga hefur ríkt nokkuð almenn samstaða um að ljúka byggingu þessa þarfa mannvirkis. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það skiptir máli að gera það. Þetta kostar 120 millj. Í 25 ár, herra forseti, hefur þessi salur staðið óklæraður. Ég sé það á undirtektum hv. þm. Drífu Hjartardóttur að hún er mér algjörlega sammála um að það hefði átt að setja 120 millj. í að ljúka þessu. Hvernig má það gerast að í 25 ár skuli menningarsalur af þessu tagi standa hálfklæraður, fokheldur? Þetta er auðvitað öllum sem að þessu máli koma til vansa. Ég tel að þeir þingmenn Sunnlendinga sem einhverju ráða í þessum sal, og meðal þeirra er hv. þm. Drífa Hjartardóttir sem kinkar ákaft kolli í salnum, ættu að taka sig saman um að koma þessu máli í höfn.

Að lokum, herra forseti, þegar verið er að tala um það að skapa störf, er óhjákvæmilegt að benda á að ef einhverjum hluta þessara peninga hefði t.d. verið varið til að styðja rannsóknasjóði hins opinbera þá hefði það skapað mikinn fjölda starfa fyrir unga fræðimenn og vísindamenn. Þeir peningar sem fara um vísindasjóði hins opinbera fara að $^{7}/_{10}$ til að greiða laun. Þetta skiptir ekki síst máli fyrir þær byggðir þar sem háskólar hafa risið, eins og Reykjavík og Akureyri og byggðakjarna sem eru að verða til í kringum frábæra, litla háskóla eins og í kjördæmi hv. þm. Jóns Bjarnasonar.

Herra forseti. Ég hef í grófum dráttum farið yfir viðhorf mín til þessa máls. Ég er sammála þessu. Ég tel að réttlætanlegt hefði verið að setja meiri fjármuni í þetta. Þá er ég ekki síst að horfa til þenslunnar sem er fram undan. Ég tel að eitt af því sem næsta ríkisstjórn þarf að velta fyrir sér sé það að hnika til framkvæmdum. Spurningin er ekki aðeins um að fresta þeim og ráðast í þær síðar. Það er líka mögulegt að ráðast í þær fyrr en menn ætluðu. Ég tel að ríkisstjórnin hefði átt að velta því betur fyrir sér.

[20:14]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Til að hv. þm. velkist ekki í vafa um það þá er afstaða mín til þeirra stóriðjuframkvæmda sem fyrirhugaðar eru fyrir austan og annars staðar alveg ljós. Ég tel að

slíkar sértækar aðgerðir séu ekki liður í lausn fyrir almennt atvinnulíf eða uppbyggingu atvinnulífs í landinu, fjarri því.

Hins vegar tel ég einmitt mikilvægt að styrkja grunnþætti atvinnulífsins og búsetuna, t.d. samgöngurnar. Þetta er í sjálfu sér ekki nein rosaupphæð sem um ræðir. Í ljósi þarfanna og verkefnanna hefði þessi upphæð getað verið miklu hærri og skilað sér vel. Það er þó fagnaðarefni að fjármunum til vegagerðar skuli m.a. að stórum hluta ráðstafað til Vestfjarða og á Norðausturland. Þar verður brýnum vegaframkvæmdum flýtt. Þó er hraðinn ekki nærri því nægur og hefði þurft að gera enn stærra átak af þessum ástæðum á Vestfjörðum og Norðausturlandi til að þar komi vel uppbyggðir vegir með bundnu slitlagi um byggðirnar.

Ég vildi taka þetta fram hér, herra forseti. Þess vegna lagði ég áherslu á, þegar verið er að horfa til að styrkja atvinnulíf, byggð og búsetu, að það eigi að horfa til grunnþáttanna og þess vegna nefndi ég Sjúkrahúsið á Sauðárkróki. Þar eru menn að skera niður samtímis því að ríkisstjórnin talar um að setja fjármagn til þess að efla byggð og atvinnu.

[20:16]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef áður í ræðu minni í kvöld lýst aðdáun minni á hv. þm. Jóni Bjarnasyni og það hefur engum fölva slegið á þá aðdáun eftir að hafa hlustað á þessa ræðu hans. Ég kom ekki upp áðan til þess að draga úr andstöðu hv. þingmanns við ýmsar stóriðjuframkvæmdir. Mér er mætavel ljóst að hann er alfarið á móti virkjun við Kárahnjúka og þar af leiðandi álverinu í Reyðarfirði. Ég neita því ekki að ég varð svolítið undrandi þegar ég heyrði að hann er líka á móti stækkun álversins á Grundartanga vegna þess að orkuöflun þess er í nokkuð góðu lagi, held ég. Ég hef skilið það svo að þrátt fyrir allt hafi flokkur hans um síðir komist að þeirri niðurstöðu að ákvörðun hæstv. setts umhvrh. hafi verið góð. Ég notaði part af ræðu minni áðan til þess að vekja eftirtekt á því að jafnvel þó að hv. þm. sé örlítið andsnúinn þeim framkvæmdum er hann samt sem áður reiðubúinn til þess að nofæra sér afrakstur þeirra framkvæmda, m.a. fyrir kjördæmi sitt. Það er það sem ræður afstöðu okkar, flestra hinna, að við teljum að þegar upp er staðið skili þessar framkvæmdir ávinningi fyrir þjóðarbúið sem við viljum notfæra okkur, til hagsbóta fyrir þjóðina alla. Að öðru leyti, herra forseti, held ég að við séum um margt sammála að því er varðar fyrirliggjandi mál.

Það hefði verið æskilegt ef hægt hefði verið að verja einhverjum hluta af þessu fjármagni til þess að styrkja grunngerð samfélagsins. Það mætti nefna ýmislegt annað en hv. þm. nefndi en ég vek eftirtekt á því að við þingmenn Samfylkingarinnar sögðum það strax að dæmigert verkefni sem hægt væri að ráðast í með litlum fyrirvara og sem skapaði mikla vinnu, jafnt hér í grennd við þéttbýlið en þó aðallega í þeim byggðum sem fjærst liggja höfuðborgarsvæðinu, hefði verið að ráðast í að útrýma þeim smánarblettum sem eru á vegakerfinu, svörtu blettunum, hitablettunum sem eru einbreiðu brýrnar.

[20:18]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekki miklu við þetta bæta. Varðandi hlý orð hv. þingmanns í minn garð þakka ég honum innilega fyrir þau öll, og um alla tíð. Það var afskaplega gaman að heyra þau.

Varðandi stækkun á Norðuráli, bara til þess að halda því til haga, liggur þegar fyrir heimild um tvöföldun á því og það er nóg, a.m.k. að svo stöddu. Það var verið að fara út í að samþykkja heimildir fyrir gríðarlega stækkun þar og setja þá líka í uppnám hvar borið verði niður til að afla orku til þeirrar gríðarlegu stækkunar ef af henni allri verður. Það er fjarri því að vera tímabært. En ég tek undir þau orð hv. þingmanns að meginmálið er að styrkja grunngerð samfélagsins, menntun, sjúkrahús, heilsugæslu, vísindarannsóknir og annað í þeim dúr, og kannski hefðum við báðir viljað sjá aukna áherslu í þá veruna í þeim fjáraukalögum sem við erum að fjalla um.

[20:20]

Kristján L. Möller *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég gríp hér tækifærið og kveð mér hljóðs um fundarstjórn forseta til að fá skýringu á því sem gerðist í morgun hjá þeim hæstv. forseta sem situr í forsetastól nú. Þingvörður kom þá með boð og færði fram ósk mína um að ég yrði settur á mælendaskrá í umræðu um hafnalög. Það var greinilega ekki gert. Þetta var sem sagt í fjórða skipti sem þessi ósk var færð fram, en í fyrsta skipti þeim hæstv. forseta sem nú situr í forsetastól. Mig langar aðeins að spyrja út í hverju það sætir að þetta var gert vegna þess að frá því að ég bað um að vera settur á mælendaskrá hafa fjórir ef ekki fimm þingmenn verið settir á skrá á undan mér.

Ég vildi nota tækifærið og fá skýringu hjá hæstv. forseta hverju þetta sætir og við hvaða grein þingskapa stuðst er þegar svo er gert.

[20:21]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti setti ekki þá hv. þingmenn sem ekki voru í húsinu á mælendaskrá. Það er viðtekin venja að menn kveðji sér hljóðs í þingsal og biðji um orðið en ekki að send séu skilaboð utan úr bæ. Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem sá forseti sem hér stendur hefur neitað hv. þingmönnum um að komast á mælendaskrá sem senda skilaboð um þá ósk símleiðis. Alls ekki. Ég er minnugur þriggja til fjögurra tilfella áður þannig að ég tel ekki að hér sé um einstakt dæmi að ræða. (**KLM:** Í hvaða grein þingskapa ...?) Ég skil það svo á hv. þingmanni að hann hafi beðið aðra forseta sem voru í forsetastóli um hið sama og þeir hafi neitað því en bendi jafnframt á að þegar hv. þm. mætti í salinn seinna um daginn og kvaddi sér hljóðs var hann strax settur á mælendaskrá.

[20:22]

Kristján L. Möller *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er svo aftur annað mál að eftir að ég kom í þingsal bað ég ekki um orðið, heldur var settur sjálfkrafa á mælendaskrá. Það er annar handleggur. En ég ítreka spurningu mína til hæstv. forseta: Við hvaða grein þingskapa styðst hæstv. forseti sem situr nú í forsetastól svo og sá forseti sem sat í forsetastól þar á undan þegar þetta var gert? Ég segi það, og fullyrði, herra forseti, að það er ekki viðtekin venja að gera þetta svona. Ég hef ráðfært mig og spurt marga þingmenn í dag út í þetta og það hefur að sjálfsögðu oft gerst að menn hafi getað hringt af skrifstofum sínum, beðið þingverði um að láta setja sig á mælendaskrá og það hefur hingað til ekki verið amast við því. En svo virðist sem óðruvísi hafi verið með þetta farið hér í morgun. Nú veit ég ekki hversu margir forsetar vöktu lengi í nótt í umræðum hér í þinginu en ég vildi aðeins vekja máls á þessu, herra forseti, og ítreka þá spurningu mína við hvaða grein þingskapa þarna er stuðst. Ég neita því og segi að það

sé ekki rétt að þetta sé viðtekin venja vegna þess að margir þingmenn hafa gert þetta. Ég tel heldur ekkert óeðlilegt við að þegar þingmenn eru að vinna á skrifstofum sínum og mál koma skyndilega á dagskrá sé hægt að hringja í þingverði eins og gert hefur verið og menn séu þá settir á mælendaskrá.

[20:24]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill benda hv. þingmanni á að kynna sér 56. gr. þingskapalaga en þar er fjallað um hvernig hv. þm. eru settir á mælendaskrá af forseta hálfu.

[20:24]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli á þeim yfirlýsingum sem hér voru gefnar af hálfu formanns Samfylkingarinnar um atvinnustefnu þess flokks. Ég hélt sannast sagna að Framsfl. væri einn um þá ofuráherslu sem lögð er þar á bæ á stóriðjustefnuna en nú kemur í ljós að Samfylkingin er á sama báti. Hv. formaður Samfylkingarinnar talar um þá miklu arðsemi og þann mikla hagnað sem þjóðarbúið muni hafa af stóriðjunni sem mér finnst harla undarlegt í ljósi þeirra efasemda sem nú eru að koma fram í vaxandi mæli frá hagfræðingum í greiningardeildum bankanna og Háskóla Íslands, almennt frá sjálfstætt starfandi hagfræðingum. Það eru fyrst og fremst hagfræðingar sem eru undir hæl ríkisstjórnarinnar eða starfandi í nefndum á vegum Framsfl. sem halda gagnstæðu sjónarmiði fram. En ég vil vekja athygli á því að það hefur aldrei fengist rætt eða kannað hvert yrði það sem hagfræðingarnir kalla vinnsluvirði af stóriðjunni, hvað kemur til með að sitja eftir í íslensku hagkerfi þegar vextirnir hafa verið greiddir úr landi af lánunum og þegar arðurinn hefur verið fluttur út fyrir landsteinana til Bandaríkjanna þar sem eigendur Alcoa safna auði sínum.

Staðreyndin er sú að Íslendingar veita þessu fyrirtæki slík kostakjör að Alcoa lokar nú hverju álverinu á fætur öðru í Bandaríkjunum eftir að hafa fundið Íslendinga sem samstarfsaðila.

Þetta vildi ég nefna og síðan aðeins minnast í örfáum orðum á ráðstöfun fjármuna til að sporna gegn atvinnuleysi. Ég er ekki heldur sammála þeim sjónarmiðum sem þar koma fram. Ég tel að of miklu fé sé varið til vegagerðar og tel að það hefði átt að láta meiri fjármuni í aðra verktakastarfsemi, t.d. í byggingu íbúðarhúsnæðis. Ég hefði kosið að hluta fjárins yrði varið til stofnstyrkja til aðstoðar þeim sem reisa og reka leiguhúsnæði. Ég held að það hefði verið hyggilegra að dreifa fjármununum betur á þá lund og síðan hefði þurft að láta meira fé renna til almannaþjónustunnar. Ég nefni fjársvelta löggæsluna, heilbrigðisþjónustuna, menntakerfið o.s.frv. Ef það vakir hins vegar fyrir stjórnvöldum að verja þessum peningum til einhverrar starfsemi eða stofnunar sem þarf ekki meira að ári, þ.e. að verja þessu einu sinni, hefði ég talið mjög æskilegt að hluta fjárins yrði varið til vísindastarfsemi, t.d. til stofnunar Vísindasjóðs sem síðar mundi koma að notum í atvinnulífinu. Með þeirri aðferð sem notuð er eru það fyrst og fremst karlastörf sem skapast, síður kvennastörf. Ég held að það hefði þurft að hyggja betur að jafnvægi við ráðstöfun fjárins.

Þetta voru nokkur sjónarmið sem ég vildi að kæmu fram í ljósi yfirlýsinga formanns Samfylkingarinnar varðandi stóriðjuna og svo einnig hitt, að ég vil ítreka þau sjónarmið sem fram hafa komið hjá okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði um að stuðla að meira jafnvægi þannig að við tryggðum störf fyrir konur ekki síður en karla.

[20:29]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Um hv. þm. Ögmund Jónasson vil ég bara segja eitt: „Þetta, sem helst nú varast vann, varð þó að koma yfir hann.“ Þingmaður úr hans flokki hefur í kvöld nefnt það að á næsta kjörtímabili muni falla til mikil verðmæti vegna stórframkvæmda. Við vitum hvaða stórframkvæmdir þetta eru. Það er álver og orkuvirki á Austurlandi og álver á Grundartanga. Þingflokkurinn sem þeir tilheyra er á móti þessum framkvæmdum. Samt finnst þeim ágætt að hugsa til þess að það verða til peningar vegna þeirra og þeir hafa meira að segja hugmyndir um hvernig eigi að verja þeim peningum.

Hitt vildi ég líka segja að atvinnustefna VG er um margt prýðileg. Í henni eru þættir sem eru ákaflega góðir. Til dæmis hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagt fram þingmál þar sem talað er um að styrkja og efla lítil og meðalstór fyrirtæki. Þegar formaður VG rökstuddi þá stefnu í ræðustól, hvert vísaði hann þá? Man hv. þm. Ögmundur Jónasson hvert formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vísaði? Hann vísaði til Evrópusambandsins. Hann sagði að þar hefði þetta lukkast svo vel. Eins og menn vita er Vinstri hreyfingin – grænt framboð líka á móti Evrópusambandinu, en sækir þó fyrirmyndir þangað.

Herra forseti. Til þess að hv. þm. velktist ekki í vafa um atvinnustefnu okkar í Samfylkingunni yrði ég líklegast að halda langa ræðu og hugsanlega mun ég gera það á eftir en eitt vil ég að sé alveg skýrt: Það er ekki partur af henni að vera á móti stóriðju. Við erum með stóriðju. Við erum með hátæknivæddri stóriðju. Við höfum alltaf verið það. En við viljum líka efla lítil fyrirtæki. Við höfum líka lagt fram tillögu um stofnstyrki til þess að taka utan um viðskiptahugmyndir sem ella er líklegt að mundu hverfa úr landi, og svo gæti ég áfram haldið. Nú er það svo að ef hv. þm. mundi einhvern tíma vilja koma til liðs við minn flokk held ég að hann mundi duga vel í slagnum um að styrkja atvinnulífið. Honum er margt vel gefið í þeim efnum.

[20:31]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek fullkomlega undir það sem kom fram hjá samflokksmanni mínum áðan um að við stóriðjuframkvæmdirnar koma miklir fjármunir inn í atvinnulífið. Það er alveg rétt. Við höfum verið að velta því fyrir okkur hvernig eigi að bregaðst við hliðarafleiðingum af þeirri miklu fjármagnsinnspýtingu. Það er síðan allt annar hlutur að þegar dæmið verður gert upp á endanum þá hafa menn um það miklar efasemdir að það verði nokkur arðsemi af þessari framkvæmd. Út á það ganga varnaðarorð hagfræðinga sem tjá sig um þessi mál. Menn hafa einnig áhyggjur af hækkun vaxta af niðurskurði sem hv. þm. talar um sem tímabundinn niðurskurð og það er alveg rétt. Engu að síður verður það niðurskurður í opinberum framkvæmdum.

Varðandi Evrópusambandið og fyrirmyndirnar þá er margt gott í Evrópu. Það er margt gott í Evrópusambandinu. Það er margt ágætt í öðrum löndum og öðrum heimshlutum og við erum tilbúin að horfa til alla átta um fyrirmyndir og erum ekki haldin neinum fordómum hvað það varðar. En varðandi stóriðjustefnuna sem mér fannst hv. þm. tala fyrir áðan þá stefnir í það með þeirri stækkun sem fyrirhuguð er á núverandi álverum og útkomu nýs álvers á Reyðarfirði

að álframleiðsla verði meira en þriðjungur af efnahagsstarfsemi landsmanna. Við þessu erum við að vara og teljum það óráðlegt. Við tölum þess í stað fyrir meiri fjölbreytni í atvinnulífinu og það er þess vegna sem við leggjum áherslu á að styðja og styrkja lítil og meðalstór fyrirtæki en öll okkar atvinnustefna gengur út á þetta: Að skapa og efla fjölbreytni í atvinnulífinu.

[20:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég er farinn að óttast svolítið um Vinstri hreyfinguna – grænt framboð. Það gerist allt of oft í þessum sölum að þingmenn hennar koma hingað upp og eru farnir að tala af tiltölulega mikilli skynsemi um Evrópusambandið. Maður veltir því fyrir sér hvort einhver stefnubreyting sé að verða í þeim ranni. Guð láti gott á vita.

En hitt verð ég að segja, af því að hv. þm. stendur við hliðina á klerki, séra Karli Valgarði Matthíassyni þingmanni Samfylkingarinnar, að mér fannst sem þingmenn Vinstri hreyfingainnar – græns framboðs minntu fullmikið á tiltekna persónu Biblíunnar þegar töluðu hér í kvöld. Þeir töluðu af vandlætingu og tala af vandlætingu um stóriðjuna en eru samt alveg til í að pæla í því hvernig þeir eigi að nota gróðann af henni. Þeir minna sem sagt á þessa persónu sem sagði á götuhorni: „Guð, ég þakka þér fyrir að ég er ekki eins og þeir hinir.“

[20:34]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einmitt þetta sem við höfum efasemdir um, þ.e. að gróði verði af stóriðjunni. Það á eftir að koma í ljós hvernig það dæmi mun líta út þegar upp verður gert. Við vitum það hreinlega ekki.

Þetta ræðst af ýmsum þáttum, stofnkostnaði við fjárfestingu okkar, sem er kostnaðurinn við virkjunina, og hins vegar því hvað við fáum fyrir afurðina, sem er raforkan. (Gripið fram í.) Það er allt á huldu um hvort tveggja, bæði um stofnkostnaðinn og einnig um verðið á afurðinni. Hins vegar hafa hagfræðingar og sérfræðingar miklar efasemdir um að þær forsendur sem Landsvirkjun gefur sér varðandi bæði þessi atriði muni ganga upp. Hins vegar tala virkjunarsinnar og stóriðjusinnar af mikilli sannfæringu um að allt hljóti að verða í himnalagi. Við höfum efasemdir um þetta.

Við höfum líka vakið athygli á skrifum hagfræðinga sem hafa varað við því að með tilkomu stóriðjunnar sem þriðjungs af efnahagsstarfsemi landsins muni óstöðugleiki í efnahagslífinu verða meiri en hann áður var og við höfum varað við því að draga þannig úr jafnvægi í efnahagslífinu.

[20:36]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð um um það frv. til fjáraukalaga sem við erum að ræða og sem að megni til og eingöngu snýst um það sem hér hefur verið sett inn í til þess að gefa í atvinnumálum, þ.e. þá 4,7 milljarða sem komu og eyða á, í samgrn. 3 milljörðum, í menntmn. 1 milljarði og iðnrn. 700 millj.

Auðvitað er fagnaðarefni að þetta skuli gert en það má eiginlega segja líka þó ég ætli ekki beint að gagnrýna ...

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill biðja hv. þingmenn um að hafa hljóð í þingsalnum og halda sína fundi utan salarins ef nauðsynlegt er.)

Ég vil ekki beint gagnrýna það en ég vildi hafa sagt það samt í þingræðu að þessi innspýting í hagkerfið, að gefa peninga til framkvæmda, er sett inn til þess að skapa atvinnu og minnka atvinnuleysi fram að þeim tíma þegar hin miklu og góðu verk fyrir austan hefjast, þ.e. af fullum krafti við byggingu Kárahnjúka og álvers. Það sem ég vildi segja er að auðvitað hefði verið betri bragur á því ef þetta hefði verið undirbúið í lengri tíma af hæstv. ríkisstjórn, að byrjað hefði verið á því kannski 6–10 mánuðum fyrr að áætla að það þyrfti að gera þetta á þessum tíma vegna þess að það er nú svo einu sinni, herra forseti, að það á að vera og ætti að vera bæði auðveldara og er nauðsynlegt að hafa betri heildarsýn í einhverjum stofnunum ríkisins yfir fyrirhugaðar framkvæmdir ríkisins, sveitarfélaga, einkaaðila, stórfyrirtækja og annarra til þess að vega og meta það sem fram undan er í framkvæmdum, til að vega og meta atvinnuástand og hvað verður um að vera hjá einstökum verktakahópum, einstökum atvinnuhópum.

Ég segi þetta, herra forseti, vegna þess að það kom fram hjá okkar ágæta fyrrverandi vegamálastjóra, Helga Hallgrímssyni, að hann hefði heyrt minnst á þessa innspýtingu til vegaframkvæmda á sama tíma og aðrir landsmenn í fréttum fjölmiðla. Auðvitað hefði þetta þurft meiri undirbúning. Það hefði verið betra af ríkisstjórnin hefði gefið stofnunum sínum upplýsingar fyrr, í þessu tilviki að ráðuneyti samgöngumála hefði haft samband fyrr við Vegagerðina og undirbúningur hefði verið settur í gang vegna þess að margar þeirra ágætu framkvæmda sem við ætlum að fara í hefjast kannski ekki fyrr en eftir 12 eða jafnvel 18 mánuði vegna þess að undirbúningur er ekki kominn nógu vel á veg.

Eðlilega hefur verið tekist á og sitt sýnist hverjum, þingmannahópum hinna ýmsu kjördæma. Mönnum finnist að meira ætti að vera í sínu kjördæmi og að meira vanti. En þar með er ekki sagt að of mikið sé hjá öðrum. Það vil ég ítreka og segja að ákaflega mikilvægt er að hafa þetta í huga. En auðvitað vilja allir fá meira í sitt kjördæmi í þau mál sem viðkomandi þingmenn þekkja manna best. Þeir eru í raun sérfræðingar á sínu sviði og í sínum kjördæmum og það er ekkert óeðlilegt við það. Það er mjög eðlilegt að skiptar skoðanir séu um það og menn vilji fá meira í sín kjördæmi.

Til dæmis er það þannig að auðvitað höfum við landsbyggðarþingmenn það í huga að meira þarf til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu í umferðarmálum vegna geysimikillar umferðar sem er fylgjandi hinni stórkostlega miklu fjölgun bifreiða okkar Íslendinga og hefur áður verið rætt um það hér hvað gerst hefur í þeim málum undanfarin þrjú til fimm ár. Það hefur orðið sprenging í bílaeign landsmanna. Hér snýst þetta um öryggismál. Hér á höfuðborgarsvæðinu snúast vegaframkvæmdir um að gera vegi öruggari, gera gatnamót öruggari, reisa göngubrýr o.s.frv. Jafnframt snýst þetta um það að á ákveðnum tímum dags skapast vandamál vegna mikillar umferðar og umferð gengur hægt. Það er bara allt of mikil traffík, ef ég nota það ljóta orð. Auðvitað er eðlilegt að þingmenn höfuðborgarsvæðisins vilji berjast fyrir því að auka öryggi í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu þannig að það dragi úr umferðarteppu og að sjálfsögðu erum við landsbyggðarþingmenn sammála þessu vegna þess að þetta er það sem allir verða að hafa í huga og vitaskuld er þetta mjög arðbært.

Herra forseti. Hins vegar erum við að tala um jafnvel að byggja í fyrsta skipti vegi á nútímalegan hátt á fjölmörgum stöðum á landsbyggðinni. Á allt of mörgum svæðum á landsbyggðinni mundu vegir flokkast hjá öðrum þjóðum undir samgönguminjasafn. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi

áðan sunnanverða Austfirði. Við getum farið á norðausturhornið og við getum farið á ákveðið á svæði á Vestfjörðum. Ástandið á mörgum vegarköflum þar er náttúrlega engan veginn viðunandi og vegirnir þar mundu, eins og ég sagði áðan, hjá öðrum þjóðum flokkast sem samgönguminjasafn.

Þetta vildi ég segja, herra forseti, um leið og ég legg áherslu á að við þurfum að ná sátt um skiptingu og framkvæmdir. Við þingmenn á hinu háa Alþingi getum tekist á um þau mál, haft ákveðnar skoðanir á hvað eigi að gera. En við verðum líka að virða skoðanir hvers annars og hafa í huga að þingmenn tala af sérþekkingu fyrir kjördæmi sín.

Til dæmis kemur það upp í huga minn nú vegna þess að ég er nýkominn frá Austurlandi að þar hefur verið opnað tilboð í gerð jarðganga milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Vonandi fara þær framkvæmdir að hefjast núna næstu daga. Ég sá það fyrir austan að þar voru menn frá verktakanum sem bauð lægst, þ.e. Ístaki, þegar komnir austur að undirbúa þær framkvæmdir sem þar verða og merkilegt nokk, sem kom mér dálítið á óvart þó ég telji mig ýmislegt vita um jarðgangagerð, þar verða 70 manns að störfum allan sólarhringinn og vinna þar í miklum lotum. En 70 manns verða við þá vinnu. Auðvitað skapast töluvert með því. Þó að mönnum finnist kannski 70 manns lítið þegar atvinnulausir eru orðnir 6.500 en þá skulum við líka hafa það í huga að margs konar önnur þjónusta eflist á sama tíma. Þess vegna vil ég líka, herra forseti, þó að það komi í raun ekki þessu máli við vegna þess að það var í samgönguáætlun sem var verið að samþykkja, fagna því alveg sérstaklega að í gærmorgun — já að mig minnir á fimmtudagsmorgun frekar en miðvikudag — fengu þeir verktakar sem höfðu tekið þátt í forvali vegna jarðganga útboðsgögn í hendur fyrir jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, svokölluð Héðinsfjarðargöng. Að það útboð skuli loksins vera komið fram er auðvitað sérstakt fagnaðarefni. Það tilboð á að opna í lok maí með verktíma í lok næsta árs. Ég vona svo sannarlega að það megi takast. Það verður auðvitað reynt að fá því verkefni flýtt þannig að hægt verði að byrja fyrr. Ég held að það eigi að skoða það mjög alvarlega að ef verktaki hefur möguleika á og vill byrja það verk fyrr þá eigi að sjálfsögðu að verða við því þar sem gott væri að það verk gæti hafist sem fyrst því að það spilar sannarlega inn í þau mál sem við erum að ræða, þ.e. að gefa svolítið í, bæta við inn í efnahagslífið, koma fleiri verkefnum í gang og skapa meiri vinnu fram að þeim tíma þegar hin miklu og góðu verk hefjast af fullum krafti fyrir austan, þegar háannatími framkvæmda verður þar. Auðvitað ber að fagna því alveg sérstaklega að á morgun, laugardaginn 15. mars, skuli eiga að skrifa undir þær framkvæmdir og verksamninga um byggingu álvers á Reyðarfirði. Það er sérstakt fagnaðarefni og ég er alveg viss um það, eins og ég hef sagt áður, að það á eftir að skila Íslendingum miklum og góðum tekjum.

Herra forseti. Ég vil líka segja það hér að það er vonum seinna að meiri peningur skuli koma frá sölu ríkiseigna eins og hér er verið að tala um. Þá er ég að tala um þær 700 millj. sem eiga að koma til byggðamála, sem eiga að fara til Byggðastofnunar til atvinnuátaks á landsbyggðinni. Eftir þessu hefur verið beðið allt þetta kjörtímabil. Stjórnarflokkarnir töluðu oft um að milljarður mundi koma til Byggðastofnunar vegna sölu ríkiseigna og fara til byggðamála. Því er ekki nema eðlilegt og kannski ágætt að það skuli takast svona korteri áður en þingi verður slitið eða 20 mínútum fyrir kosningar að efna þetta loforð.

Herra forseti. Ég fagna því sem hér er verið að gera þó að ég gagnrýni ákveðna hluti og hefði viljað sjá ýmislegt öðruvísi gert í þessu, þ.e. við undirbúning, þannig að framkvæmdir hefðu getað hafist sem fyrst vegna þess að við höfum þörf á því að nú árið 2003, á vordögum og fyrri part sumars, fari sem flest þessi verkefni í gang. Það er því meiri spurning hjá mér hvernig að þessu hefur verið staðið og hvernig eigi að standa að svona flýtiframkvæmdum og um röð framkvæmda kannski örlítið. Það er meira það heldur en að þessir peningar skuli hafa verið settir inn. Ég get ekki annað en lýst því yfir að ég fagna því. En ég hefði viljað sjá ýmislegt öðruvísi og betur og faglegar að staðið í undirbúningi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 3. umr.

Stjfrv., 404. mál (sala á rjúpu o.fl.). — Þskj. 1329.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eldi nytjastofna sjávar, 2. umr.

Stjfrv., 680. mál (yfirstjórn fisksjúkdómamála, EES-reglur). — Þskj. 1103, nál. 1368, brtt. 1369.

[20:49]

Frsm. sjútvn. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti sem liggur frammi á þskj. 1368, þetta er nefndarálit hv. sjútvn. við 680. mál þingsins, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 33 16. apríl 2002, um eldi nytjastofna sjávar. Á þskj. kemur fram að nefndin fékk á sinn fund fulltrúa sjútvrn. en tilgangur frumvarpsins er að innleiða í íslenskan rétt tilskipun Evrópusambandsins um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða, sem íslensk stjórnvöld skuldbundu sig til með undirritun EES-samningsins. Eitt meginmarkmið tilskipunarinnar er að samræma eftirlit og kveður hún á um nánari skilgreiningu þeirra heilbrigðisskilyrða sem þarf að uppfylla svo milliríkjaviðskipti geti átt sér stað með lifandi eldisdýr innan og utan Evrópska efnahagssvæðisins. Meginreglan samkvæmt tilskipuninni er sú að inn- og útflutningur fyrrgreindra afurða innan EES er heimill, enda sé heilbrigði dýra og afurða vottað af opinberum eftirlitsaðilum, hérlendis af embætti yfirdýralæknis.

Það skiptir miklu máli, herra forseti, að það kom fram í umfjöllun nefndarinnar að sem sakir standa eru engar reglur í gildi um innflutning á dýrum þar sem bráðabirgðaákvæði laga um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, sem kvað á um að sjávarútvegsráðherra skyldi veita leyfi, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, fyrir innflutningi lifandi fiska, skrápdýra, liðdýra eða lindýra sem lifa í söltu vatni gilti einungis til 31. desember 2002. Með innleiðingu tilskipunarinnar samkvæmt frumvarpinu fæst nauðsynlegt stjórntæki eða lagaákvæði til að gæta þess að innflutningur á

sjávardýrum til eldis verði í samræmi við reglur á Evrópska efnahagssvæðinu og að einungis verði flutt inn eldisdýr sem eru laus við sjúkdóma sem ekki fyrirfinnast hér á landi.

Það er því mikilvægt, herra forseti, að þetta frv. geti orðið að lögum. Til að tryggja óbreytt heilbrigðisástand hafa fisksjúkdómayfirvöld óskað eftir viðbótartryggingu gagnvart alvarlegustu sjúkdómum, en sú trygging kveður á um sérstakar heimildir stjórnvalda til að verjast smitsjúkdómum á öflugri hátt en ella og takmarka innflutning frá löndum þar sem þeir finnast. Eru því miklir hagsmunir í húfi fyrir heilbrigði íslenskra fiskstofna. Formleg staðfesting ESA þess efnis fæst þó ekki fyrr en eftir innleiðingu tilskipunarinnar.

Þá kom einnig fram að lögfesting tilskipunarinnar er til þess fallin að bæta stöðu útflutningsgreina, einkum þá úr eldis- og nytjastofnum sjávar, að með því að geta sýnt fram á að svæðið uppfylli EES-reglur og sé laust við sjúkdóma fáist gæðastimpill á útflutningsvörur.

Hv. nefnd telur málið mjög þarft og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

En, herra forseti, að athugun nefndarinnar lokinni kom fram að gildistökuákvæðið í frv. er ekki það sem best á við og því hef ég flutt tillögu sem ég geri nú grein fyrir, með leyfi forseta, og liggur frammi á þskj. 1369 við sama mál þess efnis að 2. gr. orðist svo, með leyfi forseta:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðissamvinnufélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 396. mál (heildarlög). — Þskj. 457, nál. 1234 og 1315.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 422. mál (rekstrarform, arðgreiðslur o.fl.). — Þskj. 533, nál. 1246 og 1306, brtt. 1247.

[20:54]

Frsm. meiri hluta félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Garðar Jónsson og Guðjón Bragason. Einnig bárust nefndinni umsagnir frá mjög mörgum aðilum, sérstaklega sveitarfélögum.

Frumvarpið er endurflutt frá 127. þingi, m.a. að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem nefndinni bárust við málið. Meginmarkið þess er að auka sveigjanleika í stjórn og rekstri vatnsveitna. Lagt er til það nýmæli að vatnsveitu verði heimilt að framselja einkarétt sinn á rekstri vatnsveitu og sölu vatns til stofnunar eða fyrirtækis sem að meiri hluta er í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Þá er stefnt að því að einfalda gjaldtökuheimildir vatnsveitna og hindra eftir megni sóun neysluvatns. Loks hefur komið fram að ekki sé ætlunin að samþykkt frumvarpsins leiði til hækkunar á gjaldskrám vatnsveitna.

Nefndin fjallaði ítarlega um málið og telur meiri hlutinn rétt að gera ýmsar breytingar á frumvarpinu, m.a. á þeim ákvæðum sem varða stjórn og eignarhald vatnsveitna. Þannig telur meiri hlutinn að ekki sé kveðið nægilega skýrt á um það í hvaða tilvikum sveitarfélög eiga einkarétt á að leggja og starfrækja vatnsveitu. Þá hefur ekki verið tekið nægilegt tillit til þess að aðrir en sveitarstjórn geti átt eða starfrækt vatnsveitu. Nauðsynlegt þykir að kveða frekar á um skilyrði og kvaðir eignarréttar á stofnkerfi vatnsveitu þar sem um mikilsverða hagsmuni er að ræða og líklegt að framsal einkaréttarins verði til langs tíma. Þá verða ekki séð nein rök fyrir því að vatnsveitum sem ekki eru að öllu leyti í eigu sveitarfélaga verði heimilt að áskilja sér hærri arð en vatnsveitur sem að öllu leyti eru í eigu sveitarfélaga og er því lagt til að ákvæði þar að lútandi falli brott. Að lokum er það mat meiri hlutans að vandséð sé hvernig ákvæði 9. gr. frumvarpsins um að gjaldskrá þurfi staðfestingu eigenda eigi að vera í framkvæmd og því er lögð til breyting á því.

Meiri hlutinn telur rétt að benda á að eðlilegra hefði verið að leggja fram frumvarp til nýrra heildarlaga um vatnsveitur sveitarfélaga í stað þess að leggja fram frumvarp með breytingum á 10 af 14 greinum laganna.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Ekki er kveðið nægilega skýrt á um það í frumvarpinu í hvaða tilvikum sveitarfélög eiga einkarétt á að leggja og starfrækja vatnsveitu. Til að bæta úr þessum ágalla er lagt til að við bætist nýtt ákvæði sem breyti 1. gr. laganna. 1. mgr. 1. gr. laganna er þá að mestu efnislega óbreytt en í stað þess að tala um að bæjarstjórn skuli starfrækja vatnsveitu í kaupstöðum og bæjum er lagt til að fjallað verði um sambærilegar skyldur sveitarfélaga í þéttbýli jafnframt því sem vísað er til nýrrar 3. mgr. ákvæðisins sem fjallar um undanþáguákvæði frá gildissviði laganna. Ný 2. mgr. er einnig efnislega óbreytt en í stað þess að ræða um heimild hreppsnefnda til þess að starfrækja vatnsveitu í hreppum er nú lagt til að fjallað verði um heimildir sveitarstjórna í dreifbýli. Í nýrri 3. mgr. ákvæðisins er síðan tekið fram að ákvæði laganna gildi ekki um vatnsveitur sem vatnsveitufélög eða aðrir starfrækja samkvæmt ákvæðum vatnalaga, nr. 15/1923. Þá er talið nauðsynlegt að taka fram í nýrri 4. mgr. ákvæðisins að ákvæði 4. gr. um einkarétt sveitarfélaga til að eiga og reka vatnsveitu gildi ekki um landsvæði þar sem ekki er talið hagkvæmt að leggja vatnsveitu, sbr. 2. mgr. ákvæðisins.

2. Í b-lið 1. gr. frumvarpsins er ekki tekið tillit til þess að aðrir en sveitarstjórn geti átt eða starfrækt vatnsveitu. Því er lögð til breyting á ákvæðinu þannig að skýrt komi fram að með orðunum stjórn vatnsveitu í lögunum sé átt við þann aðila sem ber ábyrgð á daglegri stjórn vatnsveitunnar, hvort sem um er að ræða sveitarstjórn, sérstaka stjórn vatnsveitu sem skipuð er skv. 2. mgr. greinarinnar eða annan þann aðila sem fer með málefni vatnsveitu skv. 3. eða 4. gr. laganna.

3. Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um einkarétt sveitarfélaga á rekstri vatnsveitu og heimild þeirra til að framselja þann rétt. Fram kemur að framsal sé heimilt um ákveðið tímabil í senn með þeim skilyrðum og kvöðum sem ástæða þykir til. Það er mat meiri hlutans að rétt sé að skylda sveitarfélögin til þess að setja inn skilyrði og kvaðir varðandi

eignarrétt á stofnkerfi vatnsveitna, verð til notenda veitunnar og innlausnarrétt. Hér er um mikilsverða hagsmuni að ræða og líklegt að framsal einkaréttarins verði til langs tíma. Tryggja verður því hagsmuni sveitarfélaga og íbúa gagnvart því að stofnkerfið geti ávallt nýst íbúunum og sveitarfélaginu þar með. Jafnframt er talið nauðsynlegt að tryggja möguleika komandi sveitarstjórna til að geta innkallað einkaréttinn, t.d. ef rekstur og viðhald vatnsveitunnar er óviðunandi. Þá telur meiri hlutinn að tryggja verði hagsmuni íbúa sveitarfélagsins gagnvart gjaldtöku þar sem hér er um þjónustugjald að ræða og lögskylt verkefni sveitarfélaga sem ætlað er að sinna einni frumforsendu þess að hægt sé að lifa í sveitarfélaginu. Rétt er að benda á í þessu sambandi að íbúar eiga ekki annarra úrkosta völ en að þiggja vatn frá viðkomandi vatnsveitu. Meiri hlutinn leggur því til breytingu hvað þetta varðar.

4. Lögð er til breyting á 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins um eignarhald og viðhaldsskyldu á heimæðum. Þannig er lagt til að það skuli að öðru leyti haldast óbreytt en skylt sé vatnsveitu að yfirtaka heimæðar að skriflegri beiðni eiganda. Ástæður þessa eru að nú eru 12 ár liðin síðan sett voru lög um vatnsveitur sveitarfélaga sem m.a. gerðu ráð fyrir að vatnsveitur sæju um og ættu heimæðar fasteigna í framhaldi af endurnýjun þeirra. Ekki er lengur þörf á að vernda vatnsveitur fyrir skyldu til að endurnýja og viðhalda illa frágengnum heimæðum og því eðlilegt að húseigendur geti losnað undan þeirri kvöð að eiga heimæðarnar og bera ábyrgð á þeim og skaða af þeirra völdum.

5. Lagt er til að 2. málsl. 3. gr. frumvarpsins falli brott. Ástæður þessa eru að ekki verða séð nein rök fyrir því að vatnsveitum sem ekki eru að öllu leyti í eigu sveitarfélaga verði heimilt að áskilja sér hærri arð en vatnsveitur sem að öllu leyti eru í eigu þeirra. Slíkt leiðir til óeðlilegs misræmis gagnvart íbúum landsins. Þá verður að hafa í huga að um er að ræða þjónustugjald vegna skylduverkefnis sveitarfélaga en slík gjöld mega ekki vera hærri en sá kostnaður sem almennt hlýst af því að veita þjónustuna. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er þó heimilt að hafa gjaldið hærra sem nemur 7% af eigin fé og telst það ekki í andstöðu við stjórnarskrá og reglur um þjónustugjöld þar sem sérstök lagaheimild er fyrir því.

6. Lögð er til orðalagsbreyting við 3. og 4. málsl. 1. efnismgr. 4. gr. og 4. efnismgr. 6. gr. frumvarpsins. Þannig er lagt til að beiðnum um lagningu heimæðar, leyfisumsóknum um breytingar á heimæð vegna framkvæmda á vegum eiganda sjálfs og við ákvörðun á endurgjaldi fyrir vatn til kaupanda við ákveðnar aðstæður verði vísað til viðkomandi vatnsveitu í stað þess að vera vísað til stjórnar hennar.

7. Þá er lögð til breyting á 5. málsl. c-liðar 5. gr. frumvarpsins um innheimtu vatnsgjalds þannig að heimilt verði að innheimta vatnsgjald með fasteignasköttum og skulu þá gjalddagar vatnsgjalds vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds þá hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

8. Lögð er til breyting á lokamálslið 9. gr. frumvarpsins um staðfestingu eigenda á gjaldskrá þar sem vandséð er hvernig slíkt eigi að vera í framkvæmd. Ekkert er getið um það hvort vatnsveita þurfi samþykki allra eigenda eða hvort samþykki meiri hluta sé nóg eða jafnvel hvort einungis þurfi samþykki þeirra eigenda sem gjaldskráin snertir. Þar að auki telur meiri hlutinn óeðlilegt, t.d. í hlutafélögum, að samþykki eigenda þurfi fyrir tilteknum atriðum. Venjan er sú að hluthafar hafa eingöngu vald á hluthafafundum og þá ræður tiltekinn meiri hluti hluthafa. Jafnframt er ljóst að þegar búið er að taka tillit til framangreindra breytinga á 3. gr. frumvarpsins er ekki þörf á staðfestingu eigenda. Hagsmunir notenda vatnsveitu eiga að vera tryggðir með almennu hámarki vatnsgjalds, sbr. 5. gr. frumvarpsins, auk þess sem ekki er heimilt að taka hærra gjald en sem nemur kostnaði við stofnun og rekstur vatnsveitunnar, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Þá er gert ráð fyrir því í 2. gr. frumvarpsins að sveitarfélög setji m.a. skilyrði um verð til notenda veitunnar. Staðfesting eigenda er því óþörf og illframkvæmanleg.

Hæstv. forseti. Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir nefndarálitið rita hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir formaður og framsögumaður, Guðrún Ögmundsdóttir, Pétur H. Blöndal, Magnús Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Drífa Hjartardóttir og Jónína Bjartmarz.

[21:04]

Frsm. minni hluta félmn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hafði ekki alveg áttað mig á því að þetta mál væri að koma á dagskrá og það væri orðið eitt af forgangsmálum ríkisstjórnarinnar að afgreiða á þessum síðustu klukkutímum þinghaldsins sem okkur var búið að tjá að yrðu. Ég verð að segja alveg eins og er að þetta er að mínu mati einhver allra óþarfasti málatilbúnaður sem hér hefur lengi verið uppi þ.e. að ætla að fara að troða þessu frv. á einkavæðingu á kalda vatninu ofan í okkur, í gegnum þingið. Því það er það sem hér á að fara að gera. Að gera það að gróðaveitu í landinu að sjá mönnum fyrir neysluvatni. Þá er fátt orðið eftir heilagt. (**ÖS:** Nema ...) Fátt orðið eftir heilagt, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Það er með ólíkindum að formaður Samfylkingarinnar skuli vera hér gleiðbrosandi úti í sal í ljósi þeirrar furðulegu niðurstöðu að þingmenn flokksins, Samfylkingarinnar í félmn. skrifa upp á þessi ósköp. (**Gripið fram í:** Og R-listinn sem þú styður.) Ég er ekki kjósandi R-listans, ég er svo hamingjusamur að vera í framboði og búsettur norður í landi þannig að ég kýs mér aðra sveitarstjórn. Það verð ég að segja, herra forseti, að ég held að formaður Samfylkingarinnar ætti að hemja gleði sína því að mér finnst vera ákaflega lítill sósíalismi í þessu frv., ákaflega lítil jafnaðarstefna í því. Bara ákaflega lítil. (**Gripið fram í:** Bara engin.) Ég veit að vísu að hv. þm. Össur Skarphéðinsson er óskaplega hallur undir Tony Blair þó hann sverji hann af sér svona þegar verst gengur hjá Blair og flýr þá yfir til Frakklands, hoppar yfir Ermarsundið og leitar þá skjóls hjá frönskum krótum sem eru þó hótinu skárri þá stundina. En ef það er eitthvað sem er frægt að endemum, herra forseti, þá er það einkavæðing veitnanna í Bretlandi þar sem hv. þm. stærir sig stundum af að þekkja til, enda breskmenntaður og einhvern tíma stóðu menn í ræðustól á Alþingi og ræddu hvað það væri miklu merkilegra að vera doktor frá breskum háskólum heldur en öðrum háskólum. (**ÖS:** Það var bara einn sem gerði það.)

Herra forseti. Þangað er aldeils hægt að sækja reynsluna um það hvernig menn fóru út úr því þegar ofstækið bar menn svo algerlega ofurliði að menn ruku í það að einkavæða veiturnar í Bretlandi, svæðisbundnar veitur hjá sveitarfélögum eða ákveðnum svæðum, t.d. í Yorkshire. Þetta voru kannski veitur í misgóðu ástandi. Á hverju höfðu nýju eigendurnir áhuga? Aðeins á einum hlut, að græða, og þeir gerðu það ótæpilega þannig að menn sátu uppi með þessa náttúrlegu einokun sem kaldavatnsveitur eru auðvitað kannski umfram

flest annað því ekki er reiknað með því að menn grafi upp götur í þorpum til þess að leggja margar vatnslagnir hlið við hlið inn í húsin til þess að geta keppt um það að selja mönnum vatn. Nei, auðvitað er það ekki þannig og nánast alls staðar á byggðu bóli er um eitt lagnakerfi að ræða. Og það er ekki auðvelt að koma við samkeppni á því, herra forseti, enda varð niðurstaðan sú að menn misfóru alveg stórlega með þessa aðstöðu sem þeir komust í, okruðu á vatninu, hirtu mikið fé út úr rekstrinum til að braska með jafnvel í fjarlægum heimsálfum. Menn lentu í því að „vatnsveitan" þeirra var í eigu félags sem var í miklum fjárfestingum í fjarlægum heimsálfum og fluttu arðinn þangað. Það sem þá gerðist var að menn hættu að halda vatnsveitunum við. Menn mokuðu bara gróðanum til sín og fólk fékk sáralitla aðstoð þó að lagnirnar væru farnar að leka hjá þeim og annað í þeim dúr ósköp einfaldlega vegna þess að menn eru algerlega undir það seldir að kaupa viðskiptin af þeim eina aðila sem á vatnslögnina inn í húsið hjá þeim.

Aðdragandinn að þessu frv., herra forseti, er líka mjög merkilegur. Á borð okkar þingmanna komu eða voru sýnd og ég held flutt fyrir líklega tveimur vetrum einhver frumvarpsdrög, þau voru tvær línur ef ég man rétt eða tvær greinar. Talið var að einhver smáónákvæmni væri í orðalagi kannski sem varðaði það að stjórnir í sameinuðum fyrirtækjum þar sem vatnsveitur væru með, hefðu lögformlega rétta stöðu vegna þess að í lögum um vatnsveitur stendur í 2. gr.: „Sveitarstjórn fer með stjórn vatnsveitu í sveitarfélagi." Það er að vísu heimilt að kjósa sérstaka stjórn til að hafa yfirumsjón með starfseminni o.s.frv. Þetta töldu menn að væru kannski á tæpu vaði þegar vatnsveita væri orðin sameinuð inn í fyrirtæki, t.d. hlutafélag hvers stjórn væri þá kosin eða valin með öðrum hætti. Hugmynd kom frá félmrh. um að breyta þessu með einföldu ákvæði og síðan var meiningin að setja inn ákvæði um það að sveitarfélög mættu þá þó um vatnsveitur væri að ræða inni í slíkum sameinuðum fyrirtækjum, taka einhvern arð af rekstri þeirra inn í sveitarsjóð. Þannig lagði þetta af stað. Og það stóð ekki til, herra forseti, að hrófla við 1. gr., eða 2. gr. að öðru leyti en því sem ég sagði, 3. gr. eða 4. gr. þar sem stendur í lögum að sveitarfélag sé eigandi vatnsveitu. Þannig er þetta í dag. Sveitarfélag er eigandi vatnsveitu þess og sér um lagningu allra vatnsæða hennar, aðalæða, dreifiæða og heimæða. Sveitarfélag annast og kostar viðhald vatnsæðanna. Síðan hafa verið í lögum og eru í lögum ákvæði um það að sveitarfélögum er að sjálfsögðu heimilt að taka vatnsgjald til þess að standa straum af kostnaði við vatnsöflun og vatnsdreifingu og gjaldið skal við það miðað að það ásamt öðrum tekjum sem veitan mögulega hefur standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Það er algerlega skýrt að um þjónustugjald er að ræða og ekki er ætlast til þess samkvæmt gildandi lögum að sveitarstjórnirnar séu að hala inn tekjur á því að veita þessa þjónustu. Síðan hafa verið þarna viðbótarákvæði sem er óþarfi að fara nánar út í, þ.e. um það hvernig þetta er auglýst, gjaldskrána og hlut annarra aðila í því, auglýsingum á gjalddaga og annað í þeim dúr. Svona er þetta sem sagt, herra forseti, og svona á þetta auðvitað að vera.

Hvernig nálgast menn þetta í hinum ágætu gildandi lögum um vatnsveitur sveitarfélaga? Þetta er skylduverkefni sveitarfélaganna. Í kaupstöðum og bæjum skal bæjarstjórn starfrækja vatnsveitu. Þetta er eitt af skylduverkefnum sveitarfélaganna. Þetta er almannaþjónusta, skylduverkefni sem sveitarfélögin eiga að sjá íbúum sínum, einstaklingum og atvinnulífi fyrir. Þetta er þjónusta, ekki tekjuuppspretta heldur er einungis heimilt að taka þau vatnsgjöld sem til þarf til þess að standa straum af rekstri vatnsveitunnar. Er eitthvað að þessu? Meiðir þetta einhvern hérna í salnum að hafa þetta svona? Ég óska eftir því að menn komi og geri grein fyrir því hvað er að slíku fyrirkomulagi. Hvað er að því fyrirkomulagi að rekstur vatnsveitna sé skilgreindur sem lögboðið skylduverkefni sveitarfélaga í landinu og þetta sé þjónusta sem ekki sé ætluð til sjálfstæðrar tekjuöflunar eða sem tekjuuppspretta fyrir sveitarfélögin? Það er frá þessu sem menn ætla að hverfa. Menn ætla að leggja út á braut einkavæðingar hefðbundins atvinnurekstrar í ágóðaskyni og menn ætla að opna dyrnar fyrir einkaaðila til að koma inn í þessa starfsemi og fara að hirða arð út úr rekstrinum, græða á kalda vatninu. Ég segi bara til hamingju. Ég óska framsóknarmönnum alveg sérstaklega til hamingju. Þeir eru að vísu allir fjarstaddir, herra forseti, tek ég eftir, en þeir skulu fá þessar hamingjuóskir samt. Ég óska Páli Péturssyni, fráfarandi félmrh., alveg sérstaklega til hamingju ef hann ætlar að hafa þetta sem sinn bautastein eftir langa dvöl á Alþingi, að ljúka verkum sínum með því að einkavæða kaldavatnsveiturnar í landinu eða opna dyrnar fyrir það í löggjöf. Það verður óbrotgjarn minnisvarði sem þessi fyrrum félagshyggjuforkólfur í vinstra armi Framsfl. ætlar þá að reisa sér.

Og ætli það geti ekki verið að einn og einn sjálfstæðismaður, hv. þm., sé jafnvel ekki svo forstokkaður og sanntrúaður í frjálshyggjunni að hann hafi efasemdir um þetta? En menn ætla að láta bjóða sér þetta samt. Eða hvað? Að það sé samt rétt að láta undan og leyfa mönnum að fara að græða og okra á kalda vatninu. Það er annað eins. Ja, ég ætla nú að fá mér, herra forseti, meðan það er ókeypis. (**KVM:** Þetta er vígt Gvendarbrunnavatn.) Já.

Herra forseti. Af einhverjum undarlegum ástæðum hefur þetta mál þróast þannig einhvers staðar í myrkviðum stjórnarsamstarfsins, inni í þeim myrku frumskógum, að þetta sakleysislega frv. sem í upphafi voru tvær línur og átti að lagfæra þetta tæknilega atriði um að staða stjórnanna í fyrirtækjum þar sem vatnsveitur væru komnar innan borðs gætu verið eitthvað hæpin, er allt í einu orðið að þessum ósköpum. Það er orðið að algerlega nýrri löggjöf um vatnsveitur sveitarfélaga, en það má samt ekki heita heildarendurskoðun laga. Og eins og formaður félmn. og frsm. sagði áðan er farin sú óhönduglega leið að þetta er flutt sem brtt. við gildandi lög en er nánast að öllu leyti nýtt frv. Og þegar við bætast brtt. meiri hlutans sem eru heilmikið skjal af því að frv. var til viðbótar ofan á allt annað svo illa unnið og hroðvirknislega að engu tali tekur, þá eru þetta orðin algerlega ný lög, enda um grundvallarbreytingu að ræða.

(**Forseti** (HBl): Á hv. þm. mikið eftir af ræðu sinni?)

Þó nokkuð, herra forseti.

(**Forseti** (HBl): Þá vil ég biðja hann um að gera hlé á ræðu sinni.)

Já, ég hugsa að það væru nokkrar dagsláttur í fornu máli af orfaslætti ef ég hefði átt að klára það.

Umræðu frestað.

Raforkulög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 462. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 700, nál. 1230, 1262 og 1309, brtt. 1231.

[21:16]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Í fyrri ræðu minni um raforkulög fór ég í gegnum þau atriði sem lutu í fyrsta lagi að markmiði og gildissviði laganna og í öðru lagi hver yrðu síðan afdrif þessara markmiða í meðferð frumvarpstextans. Í ljós kom, herra forseti, að markmiðin hljóðuðu upp á það, með leyfi forseta, í fyrsta lagi að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna. Í öðru lagi að stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku. Í þriðja lagi að tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda. Og í fjórða lagi að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti. Þetta eru þau markmið sem sett voru í upphafi í þessum lagabálki. Þegar litið er síðan á afdrif þessara markmiða, má sjá hvernig þau verða í ákv. til brb. VII með frv. þar sem öllum þessum þrem síðasttöldu markmiðum er slegið á frest. Þeim markmiðum sem eiga að stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku og skipta landsmenn öllu máli er slegið á frest og eiga að fara í sérstaka nefnd. Og í öðru lagi, að tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda, því er líka slegið á frest og á að fara í sérstaka nefnd.

Þessum tveim veigamestu atriðum frv. sem því var ætlað að taka á er slegið á frest og það er sett í nefnd. Í texta með þessari nefndarskipan stendur, með leyfi forseta:

„Við gildistöku laga þessara skal iðnaðarráðherra skipa nefnd þar sem eiga sæti fulltrúar allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi.“ — (Gripið fram í.) Það er spurning núna svona nokkrum klukkutímum fyrir kosningar, nokkrum klukkutímum áður en þing fer heim, hvaða þingflokkar það eru sem eiga að skipa þessa nefnd aðrir en þeir sem nú eru á Alþingi og gætu tekist á um þetta mál nú þegar. Og áfram vitna ég í ákv. til brb. VII: — „Í nefndinni skulu jafnframt eiga sæti fimm fulltrúar frá Samorku, tveir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Neytendasamtökunum. Þá skal fjármálaráðherra skipa einn fulltrúa í nefndina og iðnaðarráðherra tvo og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar.“

Hv. þm. Ögmundur Jónasson benti á það í umræðum í gær að við BSRB, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, þar sem langflestir starfsmenn þessara þjónustustofnana eiga aðild að, hefði hvorki verið haft samband um aðild að undirbúningi frv. né rætt við þau á meðan meðhöndlun frv. fór fram á Alþingi. Og í textanum er þess heldur ekki getið að þau skuli eiga aðild að þessari tillögugerð. En kveðið er á um hlutverk nefndarinnar í ákv. til brb. VII, með leyfi forseta:

„Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um fyrirkomulag flutnings á raforku, þ.m.t. um stærð flutningskerfisins og hvernig rekstri flutningskerfisins og kerfisstjórnunar skuli háttað þannig að öryggi, skilvirkni og hagkvæmni kerfisins verði sem best tryggð. Þá skal nefndin móta tillögur um uppbyggingu gjaldskrár fyrir flutning raforku. Jafnframt skal nefndin móta tillögur um með hvaða hætti jafna eigi kostnaði vegna flutnings og dreifingar raforku.“

Herra forseti. Öll veigamestu atriðin sem lúta að dreifingu raforku út um byggðir landsins, gjaldskrár raforkunnar út um byggðir landsins, aðgerðir sem lúta að jöfnuði á raforkuverði út um byggðir landsins og til neytenda hvort sem eru einstaklingar, fyrirtæki eða annað, allar þessar aðgerðir eiga að bíða og fara í sérstaka nefnd. Nefnd sem á að vera samsett af fulltrúum allra þingflokka sem eru hér á Alþingi. Til hvers er verið að skipa nefnd þegar þingið er starfandi og þingið hafði þetta mál til meðferðar og gat kallað alla þá aðila sem hér er verið að fjalla um til sín og gert út um málið? Það er fullkomlega óábyrgt, herra forseti, að þingið afgreiði mál með þessum hætti. Og það er vanvirða við núverandi þing að treysta því ekki til að ljúka málinu, þessu veigamikla máli sem frv. á að fjalla um og á að taka á.

Einnig hefur komið fram hér í umræðunum, virðulegi forseti, að mikill ágreiningur ríkir einnig innan stjórnarflokkanna sem bera þó þetta mál fram. Við 1. umr. um málið á Alþingi tóku, að ég held, tveir hv. þm. Sjálfstfl. til máls um frv. *Annar þeirra, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, lýsti* fullkominni andstöðu við frv. og ítrekaði þá andstöðu sína í ræðu um frv. í gær. En hinn hv. þm. Sjálfstfl., Árni R. Árnason, ef ég fer rétt með, tók til máls við 1. umr. og taldi, að því er ég best man, að málið gæti haldið áfram í gegnum Alþingi.

Við 2. umr. málsins hafa tveir hv. þm. Sjálfstfl. tekið til máls í umræðunni og báðir lýst sig fullkomlega andvíga frv. Það hefur enginn þingmaður Sjálfstfl. nú við 2. umr. málsins tekið til máls og lýst sig samþykkan málinu á einn eða annan hátt. Það lengsta sem umræðan komst var þegar hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði hér í dyragætt við hliðina á Alþingissalnum að menn mættu sjá afstöðu þingmanna með þögninni ef þeir tækju ekki til máls. Það var það lengsta sem hann komst í tjáningu um þetta mál af hálfu annarra þingmanna Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Að þegja málið í gegn.)

Mér finnst vera lágmarkskrafa að aðrir þingmenn Sjálfstfl., formaður eða varaformaður þingflokks Sjálfstfl. komi hér og lýsi skoðun sinni og afstöðu flokksins til málsins, þannig að við stöndum ekki uppi með umræðu um þetta mál og afgreiðslu á þann hátt að Sjálfstfl. sem á nú aðild að þessari ríkisstjórn og stendur þar að auki að frv., að það eina sem þeir gera hér eða þeir þingmenn sem taka til máls sé að lýsa andstöðu við frv. Því þetta er frv. sem í grundvallaratriðum er að breyta gerð íslensks raforkumarkaðar og skipan raforkumála og eignarhalds á raforkuverum. Ef það væri nú svo vel að verið væri að taka á þessum málum, taka á því hvernig standa skuli að verðlagningu og jöfnuði á verði á rafmagni í landinu, þá væri það vel. Við mundum kannski deila um að hvaða niðurstöðu menn kæmust, en þingið væri þá að taka afstöðu. Og ef hér væri verið að kveða á um hvernig standa skuli að flutningi og dreifingu raforku í landinu, þó svo að við hefðum skiptar skoðanir um það, þá væri þingið að taka afstöðu til þess. Nei, hér á að keyra frv. áfram, ef að líkum lætur, án þess að taka afstöðu til þessara veigamestu þátta fyrir hagsmuni hinna fjölmörgu notendur rafmagns í landinu.

Herra forseti. Ég ítreka það hér að fá að heyra frekari sjónarmið frá hinum stjórnarflokknum. Við þekkjum orðið stefnu Framsfl. sem stefnir að því að einkavæða allt, bæði laust og fast, einkavæða það og helst að koma því í sölu, selja það. Það er ráðherra Framsfl., hæstv. iðnrh., Valgerður Sverrisdóttir, sem ber ábyrgð á framlagningu þessa frv. þar sem allir hagsmunir dreifbýlisins, allir hagsmunir hinna

almennu raforkunotenda vítt og breitt um landið eru látnir liggja upp í loft óafgreiddir.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mjög langa ræðu um þetta. Ég hélt tölu um þetta í gær þar sem ég rakti þessi atriði. En ég vísaði til ágætis nefndarálits hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar þar sem vísað er til þess að hér sé verið að innleiða evrópskar tilskipanir sem passa við þéttbýl svæði Evrópu, allt aðrar aðstæður en hér í fámennu, dreifbýlu og stóru landi, eins og segir í því nál.

Virðulegi forseti. Ég hefði gjarnan viljað heyra hvernig hv. formaður iðnn. ætlar að svara fyrir meðferð á málinu, hvort þetta sé mál Framsfl. eins. Er hv. formaður iðnn. í húsinu?

(**Forseti** (HBl)**:** Nei.)

Má lesa afstöðu hv. formanns iðnn. til þessa málaflokks í því að hv. þm. telur ekki ástæðu til að vera viðstaddur þessa umræðu sem snertir raforkumál fyrir allar hinar dreifðu byggðir landsins? Er það hugur Framsfl. sem birtist þar í, virðulegi forseti? Er hæstv. ráðherra iðnaðarmála hér nokkuð frekar?

(**Forseti** (HBl)**:** Nei.)

Er það þá enn frekari áréttíng á stefnu framsóknarmanna gagnvart dreifbýlinu í raforkumálum? (**Gripið fram í:** Farin heim bara.) Ég held að þessi fjarvera hv. þingmanna Framsfl. sýni best þann hug sem þeir bera til raforkumála út um hinar dreifðu byggðir landsins, í dreifbýli og þéttbýli, sýni best hvaða hug þeir bera til þess.

Ég leyfi mér að vitna í nál. hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar, fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í iðnn. þar sem hann segir að aðstæður hér séu allt aðrar en í Evrópu og því ástæðulaust að vera að innleiða tilskipanir Evrópusambandsins hugsunarlaust og gagnrýnislaust inn í íslenskan veruleika. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hér eru hins vegar allt aðrar aðstæður og er 2. minni hluti þeirrar skoðunar að ríkisstjórnin hefði átt að sækja um undanþágu frá tilskipun Evrópusambandsins á þeirri forsendu að Ísland hefur sjálfstætt og einangrað raforkukerfi og vinnsla, dreifing og sala því óháð öðrum hlutum Evrópu. Það hefur sýnt sig að þau raforkukerfi sem ekki voru tengd innan Evrópusambandsins, t.d. á Spáni, hafa ekki notið verðlækkunar á rafmagni við þessar breytingar enda mun lítið hafa verið um flutningslínur milli Spánar og annarra landa í Evrópu. Þessi sérstaða Spánar hefur leitt til þess að rafmagn hefur heldur hækkað þar.

Það er mat flestra orkufyrirtækja hér á landi að verði þetta frumvarp að lögum hafi það í för með sér umtalsverðan nýjan kostnað og muni það valda hækkun raforkuverðs en ekki lækkun eins og ýmsir aðilar hafa haldið fram. Þessi kostnaðarauki stafar m.a. af auknum kostnaði vegna mælinga, eftirlits og uppgjörs og arðsemiskröfu vegna flutnings- og dreifikerfa."

Já, herra forseti, arðsemiskröfu sem þeir aðilar sem gert er ráð fyrir að verði eignar- og/eða rekstraraðilar að kerfinu gera til þess sem neytandinn verður síðan að borga.

Og áfram í nál. hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar stendur, með leyfi forseta:

„Því er haldið fram að leitað verði allra leiða til þess að minnka þennan kostnað og hefur meiri hlutinn með breytingartillögum sínum gert ráðstafanir til að lágmarka þennan kostnaðarauka. Það er þó mat 2. minni hluta að verði þetta frumvarp að lögum muni það leiða til hækkaðs orkuverðs í landinu og því getur hann ekki stutt frumvarpið."

Herra forseti. Það er dapurlegt til þess að vita ef þetta eiga að vera ein síðustu verk gamla félagshyggjuflokksins, Framsfl., nú fyrir alþingiskosningar, áður en hann hverfur úr ríkisstjórn, að einkavæða og hlutafélagavæða raforkukerfið í landinu, þar sem arðsemiskrafa eigendanna til eigin fjár mun ráða verði og öðrum skilyrðum í dreifingu og aðgengi almennings.

Ég ítreka, herra forseti, að við höfum heyrt sjónarmið Framsfl. Við heyrðum hæstv. iðnrh. lýsa þeirri skoðun sinni hér í gær, við heyrðum hug hæstv. ráðherra. Hv. formaður iðnn. lýsti því einnig. En nú ber svo vel í veiði að formaður þingflokks framsóknarmanna er kominn í salinn (**Gripið fram í:** Og farinn aftur.) og farinn aftur, vill sjálfsagt ekkert við þetta kannast, að Framsfl. hans eigi aðild að þessu máli sem við nú ræðum með þeim dapurleika sem birtist hér inni á þingi.

Herra forseti. Ég ítreka að það er fullkomlega óþinghæft að afgreiða þetta mál eins og hér er lagt til. Meginmarkmið, meginhlutverk, meginverkefni frv. sem það átti að taka á, er skilið eftir. Skipa á nefnd sem á að taka þessa meginþætti til skoðunar. Frá því á að víkja að þingið axli þá ábyrgð sem því ber að gera og sett er á laggirnar sérstök nefnd. Henni eru svo jafnframt sett þau skilyrði að vera búin að skila af sér eigi síðar en 31. desember 2003, annars koma allar þessar lagagreinar til framkvæmda með fullum þunga eins og þar er gert ráð fyrir.

Hér kemur hæstv. iðnrh. í þingsalinn og met ég það hvað hæstv. ráðherra hefur brugðist fljótt við þegar málið kom á dagskrá.

Virðulegi forseti. Ég ítreka það sem ég hef hér sagt: Finnst hæstv. ráðherra það þinglega boðlegt í fyrsta lagi að leggja frv. fram með þeim hætti sem hér er gert, að skilja alla meginþætti þess eftir til vinnslu sérstakrar nefndar sem þingið á þá að eiga aðild að og í höfuðdráttum eða að meginhluta að stýra? Hvers vegna er ekki tekið á þessum málum nú á þinginu eins og ætti að gera? Finnst hæstv. ráðherra það þingtækt að skila málinu út af þingi með þeim hætti að allir þeir þættir sem lúta að dreifingu, flutningskerfi, verði og verðjöfnun út um allt land, séu látnir óafgreiddir og í uppnámi?

Og ég ítreka það, herra forseti, að hér hafa aðeins tveir hv. þm. Sjálfstfl. talað við 2. umr. og báðir hafa lýst sig andvíga frv. eins og það liggur fyrir. Það væri þess vegna fróðlegt að heyra skoðun annarra hv. þm. Sjálfstfl. í þessu greinilega mjög svo umdeilda máli, eða er þetta bara hæstv. ráðherra og þingflokkur Framsfl. sem er að keyra þetta mál í gegn?

[21:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa ýkja mörg orð um þetta frv., en ef svo skyldi nú fara að það eigi að ganga hér til afgreiðslu, þá vildi ég láta sjónarmið mín liggja þar fyrir.

Í fyrsta lagi vil ég minna á að allur þessi vandræðagangur með þessi nýju raforkulög og þetta nýja skipulag raforkumarkaðarins er þannig til kominn að Íslendingar gerðu enga tilraun til þess eða a.m.k. létu ekki á það reyna með neinum marktækum hætti hvort við, aðstöðu okkar vegna og landfræðilegrar legu, gætum ekki fengið undanþágu frá því að vera aðilar að sameiginlegri raforkustefnu Evrópusambandsins eða Evrópska efnahagssvæðisins. Hér er á ferðinni eins og hv. þingmenn efalaust þekkja tilskipun um innri markað með raforku, ef við leyfum okkur að kalla hana svo, tilskipun

sem eftir miklar deilur innan Evrópusambandsins var knúin þar í gegn, tilskipun Evrópuþingsins og Evrópuráðsins nr. 96/92 frá því í desember 1996, um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku. Og hver var nú megintilgangur þeirrar tilskipunar? Jú, að gera meginland Evrópu að sameiginlegum orkumarkaði og auðvelda viðskipti með raforku milli landa. Það er góðra gjalda vert eins og aðstæður eru þar, enda talsverð viðskipti með raforku yfir landamæri sem eru hvort sem er meira og minna að verða ósýnileg í Evrópusambandinu þar sem er að rísa á fót evrópskt sambandsríki eða stórríki eins og kunnugt er.

En hvaða erindi á Ísland, eyja í miðju Norður-Atlantshafinu algerlega sjálfstæður raforkumarkaður og ótengdur nokkrum öðrum aðila, inn í þetta samhengi? Ekki neitt. Bókstaflega ekki neitt. Nánast öll meginmarkmið evrópsku tilskipunarinnar lúta að öðru en því sem á við hér eins og að auðvelda samkeppni í viðskiptum yfir landamæri og annað í þeim dúr.

Fyrsta atriði þessa máls er auðvitað það, herra forseti, að það var yfirgengilegt að íslensk stjórnvöld skyldu ekki svo mikið sem bera það við af einhverjum myndugleik í aðdraganda málsins og undirbúningsferli að fara fram á að Ísland fengi að vera undanþegið, eða fengi a.m.k. langa undanþágu eða aðlögunartíma, þess vegna ótímasetta undanþágu, sem væri þannig útfærð að hún félli úr gildi ef Ísland tengdist evrópska orkumarkaðnum og yrði hluti af honum.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/1999, um breytingu á IV. viðauka við EES-samninginn, kom hér til umfjöllunar á Alþingi á vordögum, man ég ekki nákvæmlega hvort það var vorið 2000 eða 2001, ég hygg þó hið síðara kannski. Þá var dálítið lýsandi, herra forseti, fyrir árvekni manna í þessum efnum að það tókst nánast ekki að vekja athygli nokkurs einasta þingmanns á þessu máli. Ég var fulltrúi flokks míns í utanrmn. sem fékk málið til umfjöllunar og reyndi að koma því þar á dagskrá að þarna væri um stórmál að ræða sem menn ættu nú heldur betur að taka til skoðunar, en það kom fyrir ekki og ég skilaði einn minnihlutaáliti um að við ættum að fresta þessari fullgildingu, eða þ.e. að Ísland ætti ekki að falla frá stjórnskipulegum fyrirvara, heldur senda erindismenn sína til baka og fara fram á það að reynt yrði að fá fram undanþágu fyrir Ísland.

Ég er í litlum vafa um það, herra forseti, að þeir sem þarna héldu á málum vildu auðvitað bara í þessum efnum eins og öllum öðrum reyra okkur sem fastast inn í Evrópusambandið. Er það ekki þannig sem þessi mál ber æ oftar að okkur, að þeir sem hafa verið fulltrúar okkar og átt að standa vaktina og vekja athygli manna á því hvað þarna væri að gerast vilja bara koma með þetta hér í kyrrþey, snyrtilega innpakkað og drífa þetta í gegn, því markmið þeirra er að við göngum þarna inn?

Mér finnst það mikið umhugsunarefni, herra forseti, að ekki skyldi vera öðruvísi að málum staðið á þeim tíma og það er líka dapurlegt að rifja upp að það var nánast engin umræða um þetta mál á Alþingi þegar ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar var tekin hér í gegn. Þá sváfu þingmenn sem síðar hafa rumskað í málinu og farið að velta því fyrir sér: Heyrðu, bíddu, þetta er nú kannski ekki svo sniðugt fyrir Ísland. Hvaða erindi eigum við inn í þetta? Hér hafa síðan komið menn, og það er virðingarvert og þakkarvert, og lýst yfir eindreginni andstöðu við málið og þetta frv. í kjölfarið eins og það er úr garði gert. Ég heyrði síðsumars eða í haust að í umræðum um þessi mál á vettvangi borgarstjórnar Reykjavíkur var allt í einu fyrrv. menntmrh. og hv. þm. Björn Bjarnason orðinn fullur efasemda um þetta og spurði: Bíddu, af hverju reyndi Ísland ekki að fá undanþágu frá þessu máli? Menn hafa heyrt hér hv. þm. Einar Odd Kristjánsson og fleiri tala á svipuðum nótum. (Gripið fram í.) Ja, ég geri það ef þeir færa skynsamleg rök fyrir máli sínu, hv. þm. Ég er nú að rembast við að ræða um málið efnislega eins og það kemur fyrir. Eða hef ég farið á einhvern hátt með rangt mál? Ég bið þá hæstv. ráðherra að leiðrétta ef þetta er ekki í grófum dráttum svona vaxið eins og ég hef hér farið yfir það.

Herra forseti. Um efni þessa frv. mætti síðan mikið segja. Kunnara er en frá þurfi að segja að fæðingarhríðir þess hafa verið gríðarlegar. Stjórnarflokkarnir hafa engst sundur og saman yfir þessu máli í nokkur missiri. Þó nokkurt vatn er til sjávar runnið frá því menn hér illu heilli afgreiddu þáltill. um að falla frá stjórnskipulegum fyrirvara og mörkuðu þar með stefnuna að Ísland skyldi fullgilda þessa tilskipun. Ætli það séu ekki að nálgast tvö ár síðan? Og stjórninni hefur nú ekki gengið betur en þetta að koma á nauðsynlegri lagasetningu í framhaldinu. Hver er lendingin hér að verða, hver er hún? Þetta er ekki einu sinni magalending. Þetta er ekki nema helmingur af málinu. Það vantar í raun og veru öll mikilvægustu undirstöðuatriðin í málið, sem er hvernig menn ætla að standa að þessum hlutum sem verða að vera undirstaðan varðandi opnara umhverfi eða samkeppnisumhverfi í raforkuvinnslu og dreifingu í landinu og það er hvernig flutningskerfið verður uppbyggt og hver jafnar kostnaðinn af rekstri þess. Það er sett í nefnd. Eftir allan þann tíma sem menn hafa þó haft til þess að undirbúa það mál og ganga frá því er það sett í nefnd. Af hverju er það sett í nefnd? Af því menn koma sér ekki saman um málið. Það er ekkert annað á ferðinni. Það er bullandi ágreiningur um það hvernig eigi að standa að málum. Það víbrar allt á bak við tjöldin milli risanna í orkugeiranum, það vita allir menn. Menn geta varla heilsast þar á fundum, þeir eru svo taugaveiklaðir. Núningurinn milli Landsvirkjunar, Rariks, Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja og jafnvel fleiri aðila sem ætla sér inn í þennan slag er þannig að menn geta rétt svona kastað orðið kveðju hver á annan, það eru allir svo titrandi hræddir yfir því hver þeirra staða verður inni í þessu nýja samhengi. Eitt af því sem menn eru auðvitað að reyna að verja sig fyrir er að verða dregnir inn í það að bera sameiginlega ábyrgð á og kosta raforkuverðsjöfnunina. Rekstur flutningskerfisins þannig að allir geti keppt þar og allir landsmenn njóti þjónustunnar.

Og nú ætla menn sem sagt að henda sér inn í þetta nýja umhverfi, fara fram með fyrri hluta málsins en skilja botninn eftir, ekki einu sinni upp í Borgarfirði, hann er hvergi í sjónmáli. Hann er týndur. Það er ekki einu sinni hægt að vísa á hann þar. Það er enginn botn í málinu. Þetta ætla þingmenn að láta bjóða sér að láta heita svo að ágreiningnum sé pakkað inn og hann settur í nefnd. Og það vita allir af hverju þetta er gert. Það er af því menn hafa ekki náð landi. Menn hafa ekki náð saman um hvernig eigi að gera þetta. Það er grenjandi ágreiningur hérna á bak við tjöldin um það mál. Það eru allir að reyna að verja sig og sínar hundaþúfur í þessum efnum, reyna að koma sér fyrir í málinu. Vita menn t.d. hvað orkufyrirtækin eru að gera þessa dagana? Þau eru að fara um á milli viðskiptavina sinna og bjóða þeim langtímasamninga. Af hverju eru þau að því? Það er af því þau hafa setið ein að þeim hingað til. Nú er Landsvirkjun og fleiri aðilar að senda póst og erindreka til sinna stóru

kúnna, heildsölufyrirtækjanna sem kaupa af þeim raforku í heildsölu, og segja: Heyrðu, eigum við ekki að fara að ræða málin? Þið væruð kannski til í að semja við okkur svona til tíu, fimmtán ára? Við ætlum að veita ykkur afslátt ef þið semjið. Þetta lítur voðalega vel út. Hvað eru menn að reyna að gera? Menn eru að reyna að festa sér kúnnana og negla þetta niður vegna óvissunnar sem er fram undan ef menn henda sér út í vatnslausa laugina eins og menn ætla að gera. Þetta er enginn frágangur á málinu, herra forseti. Þetta er algerlega fráleitt.

Í lögunum um Landsvirkjun er þó það ákvæði að Landsvirkjun beri að afhenda öllum rafmagnið á sama verði alls staðar þar sem hún afhendir orku. Nú mun væntanlega þurfa að endurskoða ákvæði laganna um Landsvirkjun. Það hlýtur eiginlega að þurfa að gerast, því sú sérstaða, þau sérréttindi og þær skyldur sem Landsvirkjun hefur geta varla gengið þegar komið verður inn í samkeppnisumhverfið. Hvernig verður það þá? Hefði ekki átt að kíkja á það fyrst, herra forseti?

Nei, herra forseti, í sjálfu sér þarf ekki að hafa um það fleiri orð. Þetta frv. er algjörlega ótækt til afgreiðslu eins og nú er í pottinn búið. Það mun nokkuð örugglega leiða til hækkaðs orkuverðs strax. Og er það þó kannski bara forsmekkurinn af því sem við ættum eftir að sjá ef menn lenda út í ógöngur einkavæðingar og samkeppni í þessu eins og menn hafa gert sums staðar í nágrannalöndunum með þeim afleiðingum af raforkuverðið stefnir bara lóðbeint til himins.

Ef þetta er það sem menn vilja, herra forseti, þá verða menn auðvitað að hafa það svo lengi sem menn búa við svona óskynsamlegan meiri hluta hér á Alþingi, vonandi verður það nú ekki lengi. Ég held að þetta mál verði eitt af því sem verður ágætt veganesti að taka út í kosningabaráttuna til marks við vinnubrögð og viðhorf ríkisstjórnarinnar. Málefni landsbyggðarinnar sem auðvitað á hér fyrst og fremst í hlut hvað varðar rekstur dreifikerfisins og jöfnun orkuverðs í landinu eru sett í nefnd eftir þau fjögur ár sem ríkisstjórnin hefur haft til að reyna að koma sér saman um eitthvað í þessu máli, gefist upp við það og þá er því pakkað inn með þessum hætti.

Þetta eru endemis vinnubrögð, herra forseti. Ná engri átt og við látum ekki bjóða okkur þetta.

[21:48]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. talar um vandræðagang og það er vissulega svolítið til í því. Það er búinn að vera dálítill vandræðagangur að koma þessu máli fram en engu að síður er ég farin að trúa því núna að við séum u.þ.b. að gera það að lögum. Það finnst mér vera mikilvægt.

Hv. þm. veit vel, vegna þess að við höfum oft farið í gegnum þetta, að það var ekkert um það að ræða að fá undanþágu frá þessari tilskipun. Það var ekki hægt að fá undanþágu frá því að taka upp samkeppni í sambandi við vinnslu á orku. Hugsanlega hefði verið hægt að fá einhverja undanþágu ef það hefði verið viðurkennt að við ættum í verulegum erfiðleikum við að innleiða þessa tilskipun, en þannig er það bara ekki. Enda gat ég ómögulega heyrt á hv. þingmanni eða nokkrum öðrum sem talað hefur í þessu máli hvað er svona hættulegt við það. Það er ekkert sem við eigum í erfiðleikum með að innleiða.

En það er mikið talað um að við skiljum eftir mikilvægan þátt, þann að koma á jöfnun í sambandi við orkuverðið þannig að strjálbýlustu svæðin lendi ekki í því að þurfa að greiða of mikið fyrir dreifinguna. Þetta er eiginlega aðalaðfinnsluefnið í umræðunni. Og í rauninni get ég tekið undir að það er verra að þurfa að skilja þetta eftir svona, í lausu lofti. Engu að síður, miðað við að allir stjórnmálaflokkarnir sem hafa talað hérna á Alþingi eru sammála um að það sé mikilvægt atriði að við skiljum ekki strjálbýlið eftir í lausu lofti veit ég ekki hvaða áhætta er í þessu. Það er ljóst að allir stjórnmálaflokkar eru þeirrar skoðunar að fólkið í dreifbýlinu eigi ekki að þurfa að taka þennan kostnað á sig. Það hlýtur að vera aðalatriðið og ég er a.m.k. þeirrar skoðunar að það komi ekki til greina.

[21:50]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað ekki um það að ræða að menn fái undanþágu ef menn láta ekki reyna á það, ef menn bera sig ekkert eftir því. Ég hef hvergi séð það í þessu ferli að fulltrúar Íslendinga í þessum samningaviðræðum, utanrrn. og erindrekar þess sem eiga nú orðið fulltrúa hér í salnum, hafi gert neina minnstu tilraun til þess. Ég hef bara ekki orðið var við það. Það hefur þá algjörlega farið fram hjá okkur. (**Utanrrh.:** Það fer svo margt fram hjá þér.) Já, það fer ýmislegt fram hjá mér, sérstaklega það sem aldrei gerist, hæstv. utanrrh., það fer iðulega fram hjá mér. Og það skyldi þó ekki vera þannig að þarna hefði Evrópunauðhyggjan verið að verki, að húskarlarnir hafi fengið þau fyrirmæli að það væri nú alveg ágætt að Íslendingar yrðu með í þessu, eins og Schengen og fleiru, vegna þess að það væri liður í undirbúningi undir að við gerðumst aðilar að Evrópusambandinu. (**Utanrrh.:** Ertu á móti Schengen?) Gæti það nú verið, herra forseti, að ýmsir menn störfuðu þannig í þessu máli?

Hvað varðar það að ekki séu erfiðleikar við að innleiða þessa tilskipun fyrir okkur Íslendinga, ég spyr á móti: Hvað höfum við upp úr því? Hvað höfum við upp úr því að fara þessa leið? Hefði ekki verið betra að við hefðum haft sjálfdæmi um það hvernig við gerðum hlutina hér, óbundin af þessari tilskipun sem er sniðin að þörfum orkumarkaðar á meginlandi Evrópu vegna viðskipta með raforku milli landa? Auðvitað. Og við hefðum getað endurskipulagt orkumarkaðinn meðan hann var á opinberri hendi í samræmi við okkar þarfir, tekið á þeim vandamálum sem þar er við að glíma eins og þeim að Landsvirkjun er í raun og veru algerlega ómögulega samansett, bráðum með 80% af orkuframleiðslunni fyrir stóriðju og afganginn fyrir almennan markað. Og við hefðum getað tekið á stöðu Rafmagnsveitna ríkisins sem er auðvitað líka ómögulegt að hafa eins og það er því landsbyggðin líður fyrir það ástand að Rafmagnsveiturnar hafa verið skildar eftir með erfiðasta hlutverkið, að dreifa raforkunni út í strjálbýlið. Þetta hefðum við allt getað gert og gengið í á okkar forsendum, óþvingað af þessari tilskipun ef við hefðum varið okkur fyrir henni.

[21:52]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er þannig eins og hv. þm. veit mjög vel — hann bar nú fram fyrirspurn á hv. Alþingi um hvað hefði verið gert til þess að reyna að fá undanþágu frá þessari tilskipun — og það var bara einfaldlega þannig að það var ekki hægt. Við skulum ekki eyða tíma í að ræða það.

En hvað höfum við upp úr þessu? spyr hv. þm. Og hann sagði í ræðu sinni áðan að þessi tilskipun gengi eingöngu út á það að auðvelda viðskipti á milli landa. Það er nú reyndar ekki þannig. Þessi tilskipun gengur m.a. út á að það verði meira gegnsæi í sambandi við raforkumálin. Og

ég vil meina og ég trúi því að það sé mikilvægt fyrir neytendur að það sé gegnsæi og neytandinn viti meira um það hvernig rafmagnsverðið verður til. Þetta er eitt lykilatriðið í tilskipuninni.

Hv. þm. talaði um Rarik. Vissulega hefur Rarik tekið að sér mikilvægt hlutverk í sambandi við jöfnun raforkuverðs, hefur reyndar þurft að jafna það út á meðal neytenda sinna, kaupenda, sem hefur þá þýtt hærra orkuverð í þéttbýli á Rarik-svæði en hefði kannski verið eðlilegt, en með því að taka upp þetta fyrirkomulag erum við að fara út úr því kerfi. Og við fáum aðra fjármuni til þess að taka á dreifbýlisvandanum. Ég tel það mjög mikilvægt fyrir þá þéttbýlisstaði sem hafa verið að kaupa rafmagn af Rarik.

Hvernig við dekkum þessar 500 milljónir eða hvað það er er ekki ljóst á þessari stundu og það er það sem nefndin fær sem umfjöllunarefni. Mér finnst að hv. þingmenn eigi ekki að horfa á það svona neikvæðum augum. Við verðum þarna með 17–18 manna nefnd og þar verða fulltrúar þingflokka, orkufyrirtækja, neytendasamtaka, sveitarfélaga o.s.frv., og þeir munu finna leiðina. Ég er náttúrlega með alveg skoðun á því hvernig þetta á að vera.

[21:55]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé alveg ljóst mál, og hæstv. ráðherra reynir í sjálfu sér ekki að bera á móti því, að það er verið að skilja þetta mál eftir. Menn eru einfaldlega ekki komnir með neina niðurstöðu, neina lausn, í þessu efni. Það hlýtur auðvitað að vera eina ástæðan fyrir því að menn ganga ekki frá þessu í lögunum um leið og þeir klára málið og þá allt í einum pakka. Og það er það sem er auðvitað svo ótrúverðugt af því að maður þekkir baklandið og veit hvers konar vandræðagangur hefur verið þar á ferðinni.

Jú, hæstv. ráðherra segir að það séu allir velviljaðir og hér hafi komið fram í umræðum að allir telji að það eigi að tryggja þessa verðjöfnun o.s.frv. En er viljinn nóg? Hefur það alltaf reynst vera þannig? Er víst að hagsmunaandstæðurnar og togstreitan í málinu verði minni eftir kosningar, heldur en núna og undangengna mánuði? Af hverju komust menn ekki í land með þetta? Verður ekki hæstv. ráðherra að skýra það út fyrir okkur? Bara tímaleysi, þrátt fyrir alla meðgöngu frv.? Nei, ætli það. Ætli það sé ekki eitthvað annað.

Síðan segir hæstv. ráðherra að einn megintilgangur þessa frv. sé að auka gagnsæi á raforkumarkaðnum. Við hefðum ekki þurft evrópska tilskipun, herra forseti, til þess að gera það sem væri langróttækasta aðgerðin á íslenskum orkumarkaði til að auka gagnsæi. Hún er að skilja á milli stóriðjunnar og almenna notendamarkaðarins, setja það í lög að framleiðsla fyrir stóriðju skuli vera í sjálfstæðum fyrirtækjum, kljúfa Landsvirkjun þá upp og láta nýju framkvæmdirnar vera í sjálfstæðum fyrirtækjum. Þá, og þá fyrst, geta menn upprætt þá rótgrónu tortryggni sem er ríkjandi í garð þess að almenningur sé og hafi í reynd verið að borga rafmagnið niður í stóriðjuna. Það er auðvitað það sem hann hefur gert. Og þess vegna er ekki hægt að skilja þarna á milli. Það væri aðgerð til að auka gagnsæi á íslenskum orkumarkaði, að losna við það samkrull, söluna á almenna notendamarkaðinn og til stóriðjunnar. En að innleiða þessa evrópsku tilskipun er mikil fjallabaksleið í þeim efnum.

[21:57]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Þetta mál hefur verið til meðferðar í ríkisstjórn í tvö ár án þess að komin sé niðurstaða í það. Frv. er nú þannig úr garði gert að það segir í 1. og 2. gr. hver markmiðin eru, en síðan kemur ákvæði VII til bráðabirgða sem segir fyrir um að skipa skuli nefnd til að leysa úr þeim ágreiningi sem er algjörlega óleystur í frv.

Hv. þm. hafa gert hér grein fyrir afstöðu sinni í þessu máli og ég ætla að tjá í stuttu máli afstöðu Frjálslynda flokksins til þess. Hún er í einföldu máli sú að þar sem málið er alls ekki í þeim búningi að það ætti að afgreiðast frá Alþingi munum við í fyrsta lagi styðja tillögu frá Vinstri grænum um að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar og í öðru lagi munum við leggjast gegn því að frv. fari í gegn.

Það er dálítið einkennilegt að koma hér inn með þennan mikla lagabálk þegar stór efnisatriði í málinu eru algjörlega óleyst, því að í ákvæði til bráðabirgða VII segir svo, með leyfi forseta:

„Við gildistöku laga þessara skal *iðnaðarráðherra skipa* nefnd þar sem eiga sæti fulltrúar allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi. Í nefndinni skulu jafnframt eiga sæti fimm fulltrúar frá Samorku, tveir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Neytendasamtökunum. Þá skal fjármálaráðherra skipa einn fulltrúa í nefndina og iðnaðarráðherra tvo og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar."

Síðan segir um hlutverkið:

„Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um fyrirkomulag flutnings á raforku, þar með talið um stærð flutningskerfisins og hvernig rekstri flutningskerfisins og kerfisstjórnunar skuli háttað þannig að öryggi, skilvirkni og hagkvæmni kerfisins verði sem best tryggð. Þá skal nefndin móta tillögur um uppbyggingu gjaldskrár fyrir flutning raforku. Jafnframt skal nefndin móta tillögur um með hvaða hætti jafna eigi kostnaði vegna flutnings og dreifingar raforku.

Nefndin skal skila tillögum sínum í formi lagafrumvarps til iðnaðarráðherra eigi síðar en 31. desember 2003."

Sem sagt, við erum að samþykkja frv. en stór efnisatriði í því eru sett í nefnd sem á að búa til nýtt lagafrv. sem við eigum svo að samþykkja. Þetta er málsmeðferðin í stuttu máli, herra forseti. Það er náttúrlega ljóst að auðvitað höfum við miklar áhyggjur af því hvernig þetta mál er í pottinn búið því að ef ekki verður eðlileg niðurstaða varðandi verðlagningu, flutning og jöfnun raforkuverðs út úr þessari nefndarskipun taka ákvæði frv. gildi. Það væri eiginlega það versta sem gæti hent landsbyggðina. Frv. eins og það er er hótun gagnvart landsbyggðinni um að enn verði vegið að kjörum fólks þar. Þess vegna lýsi ég því yfir, herra forseti, að við í Frjálslynda flokknum munum greiða atkvæði gegn þessu frv.

[22:01]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að það er ekki mikill tími til andsvara en mér finnst *þessi síðustu orð hv. þm. með þeim hætti* að ég get ekki fellt mig við að sitja undir þeim án þess að bregðast við. Það er ekki rétt sem hann er að reyna að koma á framfæri, að það sé minn vilji, sem legg fram þetta frv. og ber ábyrgð á því, að níðast á landsbyggðinni. Það er ekki rétt. Það verður séð til þess, því skal ég lofa, að það gangi ekki eftir sem hv. þm. talaði um í ræðu sinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 404. mál (sala á rjúpu o.fl.). — Þskj. 1329.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:05]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, ÓÖH, RG, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1409).

Eldi nytjastofna sjávar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 680. mál (yfirstjórn fisksjúkdómamála, EES-reglur). — Þskj. 1103, nál. 1368, brtt. 1369.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:05]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1369 (ný 2. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Fjáraukalög 2003, frh. 2. umr.

Stjfrv., 653. mál (aðgerðir í atvinnu- og byggðamálum). — Þskj. 1063, nál. 1228, 1323 og 1337.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:07]
Sundurliðun 1 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, HÁs, HBl, JónK, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG.
16 þm. (ÁSJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, SJóh, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, ÁRJ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, JBjart, KLM, LB, RG, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Sundurliðun 2 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG.
16 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, KVM, KolH, SJóh, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG.
17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, SJóh, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG.
16 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, SJóh, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvanJ, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Húsnæðissamvinnufélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 396. mál (heildarlög). — Þskj. 457, nál. 1234 og 1315.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:08]
1. gr. samþ. með 31:16 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KPál, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ.
2 þm. (KolH, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, PP, RG, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

2.–7. gr. samþ. með 31:19 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KPál, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1234,1 samþ. með 31:17 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KPál, SJóh, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (KolH, SJS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 31:19 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KPál, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

9.–11. gr. samþ. með 31:19 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KPál, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1234,2 samþ. með 31:19 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KPál, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

12. gr., svo breytt, samþ. með 31:19 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KPál, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

13.–14. gr. samþ. með 30:19 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KPál, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, PP, RG, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1234,3 samþ. með 31:15 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÖS.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KPál, SJóh, SvanJ, ÞBack.
3 þm. (KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

15. gr., svo breytt, samþ. með 30:19 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KPál, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1234,4 samþ. með 30:16 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KPál, SJóh, SvanJ, ÞBack, ÖS.
3 þm. (KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

16. gr., svo breytt, samþ. með 30:19 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KPál, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

17.–18. gr. samþ. með 30:19 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KPál, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1234,5 samþ. með 30:16 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KPál, SJóh, SvanJ, ÞBack, ÖS.
3 þm. (KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

19. gr., svo breytt, samþ. með 30:19 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KPál, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1234,6 samþ. með 30:15 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, KVM, KPál, SJóh, SvanJ, ÞBack, ÖS.
4 þm. (JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

20. gr., svo breytt, samþ. með 30:19 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KPál, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

21.–31. gr. samþ. með 30:19 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KPál, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1234,7 (ákv. til brb. I falli brott) samþ. með 29:13 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, KVM, KPál, SJóh, SvanJ, ÖS.
4 þm. (JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁSJ, ÁMM, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, TIO, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. II (verður ákv. til brb. I) samþ. með 30:19 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KPál, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45:2 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
nei: KPál, ÖS.
1 þm. (SvanJ) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KVM, KHG, KLM, LB, RG, SvH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Lyfjalög og læknalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 423. mál (lyfjagagnagrunnar). — Þskj. 538, nál. 1238, brtt. 1239 og 1385.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:14]
Brtt. 1239,1 samþ. með 43 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1239,2 (ný 2. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 1385 felld með 30:11 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, KPál, LMR, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
8 þm. (ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GÖ, JÁ, KVM, SJóh) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1239,3 (ný 3. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, ÓÖH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, PP, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1239,4 (ný 4. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1239,5 samþ. með 48 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1239,6 samþ. með 46 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 1239,7 (ný grein, verður 9. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 1239,8 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 50 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (LMR) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KolH, KHG, KLM, LB, RG, SvH, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Raforkulög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 462. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 700, nál. 1230, 1262 og 1309, brtt. 1231.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[22:19]

Árni Steinar Jóhannsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt áherslu á að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar og það lagt fyrir nýtt þing á vordögum eða haustdögum vegna þess að það er hálfkarað verk. Það er allsendis ófullnægjandi og áfall fyrir landsbyggðina, fyrir dreifbýli landsins, að tekið skuli út fyrir sviga hvernig standa skuli að jöfnun á raforkuverði í landinu. Við getum ekki stutt frv. á þessum forsendum.

Við höfum ævinlega lýst því yfir að við værum tilbúin að skoða breytingar á raforkulögunum út frá okkar eigin forsendum. Við erum t.d. fylgjandi því að bændum og öðrum aðilum sem kunna að geta framleitt rafmagn sé gefið svigrúm til að komast inn á dreifikerfi landsins, á okkar forsendum með okkar dreifikerfi. Hér er allt annað upp á teningnum.

Við munum sitja hjá við allar brtt. sem gerðar hafa verið við frv. og síðan greiða atkvæði á móti frv. í heild sinni. Við erum að gera mistök. Það á að klára þetta verk. Mikilvægustu póstarnir eru teknir út fyrir sviga, á þeim málum er ekki tekið. Þó eru það þau atriði sem hið háa Alþingi á og þarf að taka á vegna þess að þau velta á pólitískum ákvörðunum. Þau verða ekki leyst í nefnd. Af því kemur ekki niðurstaða og þess vegna er þetta áfall fyrir hinar dreifðu byggðir landsins, því miður. Við erum að gera mistök.

[22:20]

Svanfríður Jónasdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Vorið 2000 samþykkti Alþingi að sú tilskipun Evrópusambandsins sem laut að raforkulöggjöfinni yrði færð inn í EES-samninginn. Þá tók Alþingi ákvörðun sem í raun hefur leitt til þess að nú er verið að setja þessi lög á Alþingi.

Það er þó mikill galli, herra forseti, að ríkisstjórnin hafi ekki haft þrek til að ljúka málinu öllu. Hér er skilinn eftir III. kafli frv. um flutning á raforku, um hvernig honum verði háttað og um kostnað. Sömuleiðis er ekki gengið frá því hvernig gengið verður frá hinum félagslegi þætti eða jöfnuði í raforkukerfinu. Aðrir kaflar frv. eru vel unnir og við fulltrúar Samfylkingarinnar höfum tekið þátt í þeirri vinnu í iðnn. Við munum því greiða atkvæði með ýmsum þeim brtt. sem hér liggja fyrir og sitja hjá við aðrar eftir atvikum.

Herra forseti. Við getum hins vegar ekki stutt frv. út úr þinginu í þessum búningi. Við teljum í raun ófært að afgreiða frv. þannig að þessi stóru ágreiningsmál liggi eftir og Alþingi takist ekki á við þau og afgreiði eins og aðra kafla frv. *Það að vísa þessum stóru málum í nefnd er ákveðin uppgjöf.* Ríkisstjórnin gat ekki lokið málinu. Það bíður nýrrar ríkisstjórnar.

Samfylkingin situr hjá við afgreiðslu frv., því miður, enda slæmt að geta ekki klárað þetta stóra mál þannig að menn hafi alla myndina.

[22:23]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Frv. sem hér kemur til atkvæða eftir 2. umr. snýst m.a. um innleiðingu tilskipunar á sviði raforkumála. Samkeppni verði tekin upp á sviði framleiðslu og sölu á raforku en ekki í flutningi og dreifingu. Fá mál sem lögð hafa verið fyrir Alþingi hafa hlotið vandaðri undirbúning auk þess sem iðnn. hefur vandað mjög til verka í umfjöllun málsins.

Þetta mál snýst ekki um einkavæðingu raforkukerfisins og það snýst ekki um að kasta frá sér ábyrgð ríkisins á að *dreifa rafmagni í strjálbýli á sambærilegu verði* við það sem viðgengst í bæjum.

Ég lýsi mikilli ánægju með þá samstöðu sem ríkir hér á hv. Alþingi um að tekið skuli á hinum félagslega kostnaði. Frv. kveður á um að skipuð skuli nefnd sem starfa mun til áramóta. Hún verður skipuð fulltrúum orkufyrirtækja, neytendasamtaka, þingflokka og fleiri aðila. Hlutverk nefndarinnar verður að fjalla um fyrirkomulag flutningskerfisins og gjaldskrá fyrir flutning. Nefndinni er gefinn kostur á að koma með endurbætur á ákvæði frv. um fyrirkomulag flutningskerfisins. Auk þess fær nefndin það mikilvæga hlutverk að móta tillögur um jöfnun kostnaðar við flutning og dreifingu.

Till. í nál. 1309 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 29:10 atkv. og sögðu

já: AHB, ÁSJ, EOK, GAK, JB, KF, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

11 þm. (ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, KVM, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 31:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ*, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, JÁ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (AHB, BjörgvS, BH, EOK, EMS, GAK, GÖ, KVM, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KF, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

2. gr. samþ. með 30:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (AHB, ÁRJ, BjörgvS, BH, EOK, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, KVM, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1231,1 samþ. með 37:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÞBack.

11 þm. (AHB, ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, EOK, EMS, GAK, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 38:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

4 þm. (AHB, BjörgvS, EOK, GAK) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, DrH, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KF, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

4.–5. gr. samþ. með 39:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.

17 þm. (AHB, ÁMM, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KF, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1231,2 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

9 þm. (AHB, ÁSJ, EOK, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 41:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

4 þm. (AHB, EOK, GAK, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1231,3 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JBjart, KVM, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

9 þm. (AHB, ÁSJ, EOK, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 41:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (AHB, EOK, GAK) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1231,4 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

14 þm. (AHB, ÁSJ, ÁRJ, BH, EOK, GAK, JB, KVM, KolH, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 32:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (ÁRJ, BjörgvS, BH, EOK, EMS, GAK, GÖ, JÁ, KVM, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (AHB, ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

9. gr. samþ. með 31:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (AHB, ÁRJ, BjörgvS, BH, EOK, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, KVM, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1231,5 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
20 þm. (AHB, ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EOK, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 30:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
14 þm. (AHB, ÁRJ, BjörgvS, BH, EOK, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, KVM, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

11. gr. samþ. með 30:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
14 þm. (AHB, ÁRJ, BjörgvS, BH, EOK, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, KVM, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1231,6 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
19 þm. (AHB, ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EOK, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, KVM, KolH, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

12. gr., svo breytt, samþ. með 30:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
14 þm. (AHB, ÁRJ, BjörgvS, BH, EOK, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, KVM, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

13.–14. gr. samþ. með 32:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (AHB, ÁRJ, BjörgvS, EOK, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, KVM, SJóh, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1231,7 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
10 þm. (AHB, ÁSJ, EOK, GE, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, ÁRJ, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

15. gr., svo breytt, samþ. með 41:5 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
nei: ÁSJ, JB, KolH, ÞBack, ÖJ.
3 þm. (AHB, EOK, GAK) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SJS, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1231,8 samþ. með 41:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
nei: ÖJ.
8 þm. (AHB, ÁSJ, EOK, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

16. gr., svo breytt, samþ. með 40:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
3 þm. (AHB, EOK, GAK) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KF, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1231,9 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

8 þm. (AHB, ÁSJ, EOK, GAK, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KF, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

17. gr., svo breytt, samþ. með 40:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
3 þm. (AHB, EOK, GAK) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁRÁ, ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

18. gr. samþ. með 40:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
3 þm. (AHB, EOK, GAK) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1231,10 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
9 þm. (AHB, ÁSJ, EOK, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KVM, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

19. gr., svo breytt, samþ. með 41:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
3 þm. (AHB, EOK, GAK) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

20.–22. gr. samþ. með 42:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
2 þm. (AHB, GAK) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1231,11 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
12 þm. (AHB, ÁSJ, BH, EOK, GAK, JÁ, JB, KolH, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

23. gr., svo breytt, samþ. með 31:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
14 þm. (AHB, ÁRJ, BjörgvS, BH, EOK, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, KVM, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1231,12 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG.
13 þm. (AHB, ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, EOK, EMS, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁRÁ, ÁMM, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LMR, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

24. gr., svo breytt, samþ. með 40:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
5 þm. (AHB, BjörgvS, EOK, GAK, ÖS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

25.–27. gr. samþ. með 42:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
3 þm. (AHB, EOK, GAK) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1231,13 (ný 28. gr.) samþ. með 42:2 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
nei: SJS, ÖJ.

7 þm. (AHB, ÁSJ, EOK, GAK, JB, KolH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

29.–30. gr. samþ. með 42:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (AHB, EOK, GAK) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1231,14 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

9 þm. (AHB, ÁSJ, EOK, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, EKG, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

31. gr., svo breytt, samþ. með 41:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (AHB, EOK, GAK) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1231,15 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG.

8 þm. (AHB, ÁSJ, EOK, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

32. gr., svo breytt, samþ. með 41:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (AHB, EOK, GAK) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1231,16 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

9 þm. (AHB, ÁSJ, EOK, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, ÁMöl, GHH, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

33. gr., svo breytt, samþ. með 42:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (AHB, EOK, GAK) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

34.–40. gr. samþ. með 42:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (AHB, GAK) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1231,17 (ný 41. gr.) samþ. með 41:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: JB.

6 þm. (AHB, ÁSJ, EOK, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁRJ, GAK, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

42. gr. samþ. með 39:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, TIO, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (AHB, EOK, GAK) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SP, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1231,18 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

9 þm. (AHB, ÁSJ, EOK, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

43. gr., svo breytt, samþ. með 42:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
3 þm. (AHB, EOK, GAK) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

44. gr. samþ. með 40:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
3 þm. (AHB, EOK, GAK) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, PP, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1231,19 samþ. með 35:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: JB.
13 þm. (AHB, ÁSJ, BH, EOK, GE, GAK, JÁ, KVM, KolH, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

45. gr., svo breytt, samþ. með 32:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (AHB, ÁRJ, BjörgvS, BH, EOK, EMS, GE, GAK, JÁ, KVM, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. I samþ. með 41:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
nei: JB.
7 þm. (AHB, ÁSJ, EOK, GAK, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SJS, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. II samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
18 þm. (AHB, ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EOK, EMS, GE, GAK, JÁ, JB, KVM, KolH, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. III–IV samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
10 þm. (AHB, ÁSJ, EOK, GAK, JB, KolH, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvanJ, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1231,20 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
9 þm. (AHB, ÁSJ, EOK, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. V, svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
9 þm. (AHB, ÁSJ, EOK, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. VI samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
9 þm. (AHB, ÁSJ, EOK, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. VII samþ. með 31:9 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, KVM, SJóh, SvanJ, ÖS.

9 þm. (AHB, ÁSJ, EOK, GAK, JÁ, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 1231,21 samþ. með 31:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, SJóh, SvanJ, ÖS.

10 þm. (AHB, ÁSJ, EOK, GAK, JB, KVM, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. VIII, svo breytt, samþ. með 31:10 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, SJóh, SvanJ, ÖS.

7 þm. (AHB, ÁSJ, EOK, GAK, JB, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KolH, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HÁs, HBl, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁSJ, JB.

2 þm. (AHB, EOK) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 463. mál. — Þskj. 701, nál. 1232 og 1263, brtt. 1233.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:39]

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, EKG, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, EKG, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, KPál, LB, RG, SvanJ, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1233,1 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, EKG, GAK, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KLM, KPál, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

16 þm. (ÁSJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KolH, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁRJ, EKG, GÁS, GunnB, ÍGP, JóhS, KVM, KLM, KPál, LB, RG, SAÞ, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1233,2 (ný 5. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, EKG, GÁS, GunnB, JóhS, KLM, KPál, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1233,3 (ný grein, verður 6. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, EKG, GÁS, GunnB, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1233,4 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁMM, EKG, GÁS, GunnB, JóhS, KLM, LB, ÓÖH, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

6. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, EKG, GÁS, GunnB, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

7.–8. gr. (verða 8.–9. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁMM, EKG, GÁS, GunnB, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1233,5 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, EKG, GÁS, GunnB, JóhS, JónK, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

9. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
16 þm. (ÁSJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JB, KVM, KolH, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, ÁRJ, EKG, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

10.–14. gr. (verða 11.–15. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
16 þm. (ÁSJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, JÁ, JB, KVM, KolH, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁMM, ÁRJ, EKG, GÁS, GÖ, GunnB, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1233,6 (ný grein, verður 16. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁMM, EKG, GÁS, GunnB, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

15. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GHall, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, BH, EKG, GuðjG, GÁS, GÁ, GunnB, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

Áfallahjálp í sveitarfélögum, frh. síðari umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 59. mál. — Þskj. 59, nál. 1344.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:44]
Tillgr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
8 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1422). [22:45]

Útbýting þingskjala:
Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 463. mál, þskj. 1407.
Eldi nytjastofna sjávar, 680. mál, þskj. 1403.
Húsnæðissamvinnufélög, 396. mál, þskj. 1404.
Lyfjalög og læknalög, 423. mál, þskj. 1405.

Raforkulög, 462. mál, þskj. 1406.
Skógrækt 2004–2008, 689. mál, nál. landbn., þskj. 1402.

Út af dagskrá voru tekin 22., 26., 29.–38. og 40.–41. mál.

Fundi slitið kl. 22:46.

---

102. FUNDUR

föstudaginn 14. mars,
að loknum 101. fundi.

Dagskrá:

1. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 636. mál, þskj. 1031. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Námsstyrkir, stjfrv., 446. mál, þskj. 1389. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Fjarskipti, stjfrv., 599. mál, þskj. 1390. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 600. mál, þskj. 961. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 602. mál, þskj. 1391. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, stjfrv., 648. mál, þskj. 1053. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
7. Raforkuver, stjfrv., 670. mál, þskj. 1090. — Frh. 3. umr.
8. Ábyrgðasjóður launa, stjfrv., 649. mál, þskj. 1398. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
9. Eldi nytjastofna sjávar, stjfrv., 680. mál, þskj. 1403. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
10. Fjáraukalög 2003, stjfrv., 653. mál, þskj. 1063. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
11. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 610. mál, þskj. 1399. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
12. Virðisaukaskattur, stjfrv., 669. mál, þskj. 1086. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
13. Kjaradómur og kjaranefnd, stjfrv., 683. mál, þskj. 1110. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
14. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 713. mál, þskj. 1341. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
15. Barnalög, stjfrv., 180. mál, þskj. 181, nál. 1338, brtt. 1339 og 1343. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
16. Húsnæðissamvinnufélög, stjfrv., 396. mál, þskj. 1404. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
17. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 422. mál, þskj. 533, nál. 1246 og 1306, brtt. 1247. — Frh. 2. umr.
18. Lyfjalög og læknalög, stjfrv., 423. mál, þskj. 1405. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
19. Lýðheilsustöð, stjfrv., 421. mál, þskj. 530, nál. 1370 og 1372. — 2. umr.
20. Hafnalög, stjfrv., 661. mál, þskj. 1075, nál. 1236, 1336 og 1342, brtt. 1237. — Frh. 2. umr.
21. Raforkulög, stjfrv., 462. mál, þskj. 1406. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
22. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 463. mál, þskj. 1407. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
23. Sjómannalög, frv., 60. mál, þskj. 60, nál. 1227. — 2. umr.
24. Færeyska fiskveiðistjórnarkerfið, þáltill., 56. mál, þskj. 56, nál. 1243, brtt. 1317. — Síðari umr.
25. Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, þáltill., 34. mál, þskj. 34, nál. 1279. — Síðari umr.
26. Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla, þáltill., 171. mál, þskj. 172, nál. 1307. — Síðari umr.
27. Atferlis- og eldisrannsóknir á þorski á Vestfjörðum, þáltill., 52. mál, þskj. 52, nál. 1244. — Síðari umr.
28. Strandsiglingar, þáltill., 47. mál, þskj. 47, nál. 1298. — Síðari umr.
29. Verndun búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi, þáltill., 55. mál, þskj. 55, nál. 1304. — Síðari umr.
30. Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, þáltill., 192. mál, þskj. 193, nál. 1259. — Síðari umr.
31. Aðstaða til hestamennsku, þáltill., 334. mál, þskj. 364, nál. 1320. — Síðari umr.
32. Rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar, þáltill., 254. mál, þskj. 258, nál. 1340. — Síðari umr.
33. Rannsóknir á þorskeldi, þáltill., 35. mál, þskj. 35, nál. 1245. — Síðari umr.
34. Tollalög, frv., 715. mál, þskj. 1377. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
35. Lax- og silungsveiði, frv., 716. mál, þskj. 1384. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
36. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 718. mál, þskj. 1400. — Ein umr. *Ef leyft verður.*
37. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 622. mál, þskj. 995, nál. 1374. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
38. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 550. mál, þskj. 897, nál. 1386, brtt. 1387. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
39. Skógrækt 2004–2008, stjtill., 689. mál, þskj. 1121, nál. 1402. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:48]
Of skammt var liðið frá síðustu umr. og útbýtingu þskj. í 1.–6., 8.–16., 18., 21.–22. og 34.–39. dagskrármáli. — Afbrigði með 49 shlj. atkv.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 3. umr.

Stjfrv., 636. mál (verðjöfnun við útflutning). — Þskj. 1031.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:48]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

13 þm. (ÁSJ, ÁMM, BH, GÁS, GunnB, ÍGP, JóhS, KPál, LB, MS, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1410).

Námsstyrkir, 3. umr.

Stjfrv., 446. mál (heildarlög). — Þskj. 1389.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:49]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ÁSJ, ÁMM, BH, EKG, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KPál, LB, MS, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1411).

Fjarskipti, 3. umr.

Stjfrv., 599. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1390.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:49]
Frv. samþ. með 46:6 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (ÁMM, BH, EKG, GÁS, GunnB, JóhS, KPál, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1412).

Póst- og fjarskiptastofnun, 3. umr.

Stjfrv., 600. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 961.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:49]
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, JóhS, KPál, LB, PP, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1413).

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 602. mál (meðafli). — Þskj. 1391.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:50]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁMM, EOK, GE, GÁS, GunnB, JóhS, KPál, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1414).

Stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 648. mál (sala á eignarhluta ríkissjóðs). — Þskj. 1053.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:51]
Frv. samþ. með 48:6 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, JóhS, KPál, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1415).

Ábyrgðasjóður launa, 3. umr.

Stjfrv., 649. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1398.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:51]
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁMM, ÁRJ, GÁS, GunnB, JóhS, KPál, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1416).

Eldi nytjastofna sjávar, 3. umr.

Stjfrv., 680. mál (yfirstjórn fisksjúkdómamála, EES-reglur). — Þskj. 1403.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:52]

Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, JóhS, KF, KPál, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1417).

Fjáraukalög 2003, 3. umr.

Stjfrv., 653. mál (aðgerðir í atvinnu- og byggðamálum). — Þskj. 1063.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:52]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KHG, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG.

17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, SJóh, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, JóhS, KVM, KF, KPál, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1418).

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 610. mál (lækkun gjalds). — Þskj. 1399.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:53]

Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, JóhS, KVM, KF, KPál, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1419).

Kjaradómur og kjaranefnd, 3. umr.

Stjfrv., 683. mál (heilsugæslulæknar). — Þskj. 1110.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:53]

Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, JóhS, KF, KPál, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1420).

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Frv. allshn., 713. mál. — Þskj. 1341.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:54]

Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁMM, GÁS, GunnB, JóhS, KF, KPál, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1421).

Barnalög, 2. umr.

Stjfrv., 180. mál (heildarlög). — Þskj. 181, nál. 1338, brtt. 1339 og 1343.

[22:55]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til barnalaga. Þetta er stórt og umfangsmikið mál. Nefndin fór vel

yfir þetta merka mál sem lýtur að réttarstöðu barna, gerir hana skýrari og styrkari. Reynt var að taka á þeim agnúum sem eru á núgildandi barnalögum og ég þakka öllum nefndarmönnum fyrir góða samvinnu við að efla rétt barna í þessu landi. Nefndarmenn í allshn. voru samhljóða um þetta nefndarálit.

Með gildandi barnalögum frá árinu 1992 voru gerðar verulegar breytingar á íslenskum barnarétti og margvísleg nýmæli tekin upp. Síðan þá hafa enn orðið miklar breytingar á viðhorfum og sjónarmiðum í barna- og fjölskyldurétti. Því var talið tímabært að endurskoða lögin í ljósi fenginnar reynslu og þróunar. Við samningu frumvarpsins var jafnframt höfð sérstök hliðsjón af þeim alþjóðlegu samningum og samþykktum sem Ísland er aðili að og varða málefni á sviði barnaréttar. Sérstaklega var litið til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem Ísland er aðili að, sbr. lög nr. 18/1992, mannréttindasáttmála Evrópu og norræns samstarfs á sviði sifjaréttar.

Þá var við samningu frumvarpsins jafnframt hugað sérstaklega að uppbyggingu þess hvað varðar aðgengi og skýrleika í framsetningu, ekki síst með það að markmiði að auðvelda ólöglærðum að glöggva sig á efni þess, og því er lögð til uppstokkun á kaflaskipan þess frá núgildandi lögum.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru m.a. þau að lagt er til í 1. gr. að móður verði gert skylt að feðra barn. Þrátt fyrir augljósa hagsmuni barns af því að vera feðrað hefur fram til þessa ekki þótt rétt að skylda móður til þess með beinum lagafyrirmælum en nú er talið tímabært að stíga það mikilvæga skref. Ég vil sérstaklega geta þess sem fram kemur í frv. að þó að móðirin geti ekki sagt til um faðernið þá eru engin viðurlög við því. Engu að síður þótti rétt að fara þessa leið í frv.

Með þessu er stefnt að því að réttur barns til að þekkja foreldra sína verði virtur. Lagt er til að lögfest verði ákvæði í 5. gr. sem afdráttarlaust kveður á um að kona sem elur barn eftir tæknifrjóvgun teljist móðir þess. Það er sem sagt meginreglan. Menn verða að átta sig á þessu, að kona sem elur barn, hvort sem það er getið við tæknifrjóvgun eða annars konar frjóvgun, þá er hún einfaldlega móðir barnsins. (**SvH:** Algjört forræði?) Við ræddum svolítið í nefndinni hvort við ættum að hafa sérstaka grein um faðerni en það er einfaldlega þannig að konan sem elur barnið telst móðir þess hvort sem um tæknifrjóvun eða aðra frjóvgun er að ræða. Hér eru sérstaklega hafðar í huga framfarir í læknavísindum og ný tækni og þannig komið í veg fyrir hugsanlegar deilur um móðerni barns við slíkar aðstæður. Þar með taldar eru staðgöngumæður. Þær eru ekki heimilaðar með þessu frv.

Þá er í 6. gr. kveðið á um réttarstöðu sæðisgjafa en sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum. Í 10. gr. er lögð til breyting á málsaðild í kjölfar dóms Hæstaréttar frá 18. desember 2000 en þar er fjallað um heimild manns til þess að fá úr því skorið með dómi hvort hann sé faðir barns. Samkvæmt gildandi barnalögum getur sóknaraðili faðernismáls verið barnið sjálft eða móðir þess. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að ákvæði barnalaga brytu gegn 70. gr. stjórnarskrárinnar. Takmarkanir barnalaga á aðild faðernismáls gætu því ekki staðið í vegi fyrir því að maðurinn fengi úrlausn dómstóla um efniskröfur sínar. Því er nú lagt til að maður sem telur sig föður barns geti höfðað faðernismál. Þá er í frumvarpinu að finna það nýmæli að sérstaklega er tiltekið að meðal forsjárskyldna sé skylda forsjármanna til að vernda barn gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi. Þótt leiða megi þessa skyldu af hinum almennt orðuðu ákvæðum gildandi barnalaga þykir rétt vegna mikilvægis hennar að færa hana berum orðum í barnalög. Lögð er til breyting á sjálfvirkri forsjá stjúpforeldris og sambúðarmaka þannig að þessir aðilar öðlist aðeins forsjá barns með foreldri þess þegar foreldrið fer eitt með forsjá. Í samræmi við reglur lögræðislaga um heimild foreldris til þess að ákveða hver skuli að því látnu vera fjárhaldsmaður barns er lagt til að lögfest verði heimild fyrir foreldra til þess að mæla fyrir um, með sérstakri yfirlýsingu, hver skuli fara með forsjá barns þeirra að þeim látnum. Þá er lagt til að dómstólum verði veitt heimild í vissum tilvikum til þess að dæma um meðlag og umgengni en úrlausnarvald þeirra verði þó bundið við þau mál sem dómstólar hafa til meðferðar og varða ágreining foreldra um forsjá barns eða faðerni. Fram hefur komið að áður en dómari leysir úr kröfum aðila um forsjá barns fari yfirleitt fram ítarleg rannsókn á högum þess og foreldranna. Nauðsynlegar upplýsingar liggi því fyrir í málinu til þess að einnig megi taka afstöðu til krafna um umgengni og meðlagsgreiðslur, enda séu öll þessi atriði efnislega samofin.

Lagt er til að dómari fái heimild til þess að ákveða umgengni og meðlagsgreiðslur til bráðabirgða meðan forsjármál er til meðferðar, auk þess sem hann getur ákveðið að forsjá verði áfram sameiginleg meðan mál er til lykta leitt. Með þessu er ætlunin að stuðla að því að barn haldi tengslum við báða foreldra sína undir rekstri máls og draga úr líkum á því að annað foreldrið öðlist betri stöðu en hitt ef mál dregst á langinn, auk þess að tryggja barni framfærslu beggja foreldra sinna. Skylda til að veita barni færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri er því ekki bundin við 12 ára aldur þess heldur ræðst það af atvikum máls og þroska barns hverju sinni. Loks eru lögð til ný þvingunarúrræði vegna brota á umgengnisrétti, þ.e. að umgengni verði komið á með beinni aðfarargerð ef álagning og innheimta dagsekta skila ekki viðunandi árangri. Eins og ég kem síðar að ræddum við einmitt sérstaklega um þetta, að það eigi að ráðfæra sig við barnið og það sé ekki bundið sérstaklega við 12 ára aldur.

Nefndin ræddi framangreind atriði og mörg önnur ítarlega á fjölmörgum fundum. Fram hefur komið að skv. 1. gr. frumvarpsins er lagt til að móður verði skylt að feðra barn sitt þegar feðrunarreglur 2. gr., um börn hjóna og foreldra í skráðri sambúð, eiga ekki við. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að börn séu feðruð og vísar í því sambandi til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins þar sem m.a. er mælt svo fyrir að barn eigi frá fæðingu rétt til, eftir því sem unnt er, að þekkja foreldra sína.

Nefndin ræddi ítarlega 28. gr. frumvarpsins, um inntak forsjár. Þetta er ein af þessum grundvallargreinum. Þótt þær séu allar afskaplega mikilvægar og merkilegar er þetta ein af þeim greinum sem flestir ættu að kynna sér vel. Skv. 2. mgr. þeirrar greinar felur forsjá barns í sér skyldu foreldra til að vernda barn sitt gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi. Það er mat nefndarinnar að við túlkun á þessu ákvæði beri að hafa hliðsjón af 19. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en þar kemur fram að aðildarríki skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra. Lagt er til í 6. mgr. 28. gr. að foreldrum beri að hafa samráð við barn sitt áður en málefnum þess er ráðið til lykta, eftir því sem aldur og þroski þess gefur

tilefni til. Það er mat nefndarinnar að í samráðsrétti — við viljum undirstrika það — felist annars vegar að foreldrum beri að hafa barnið með í ráðum þegar ákvarðanir eru teknar í persónulegum málum þess og hins vegar felist í samráðsréttinum viðurkenning þess að barn eigi rétt til að hafa eigin skoðanir og rétt til að láta þær í ljós og eins að foreldrar hlusti á þær. Þá verði börn jafnframt að njóta stigvaxandi réttinda miðað við aldur og þroska.

Samkvæmt 8. mgr. 28. gr. er öðru foreldri óheimilt að fara með barn úr landi án samþykkis hins. Ákvæðið hefur verið í barnalögum frá árinu 1995 og tengist aðild Íslands árið 1996 að Haag-samningi um afhendingu brottnuminna barna og Evrópusamningi um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna o.fl. Ákvæðið er í samræmi við meginreglur Haag-samningsins. Komið hefur fram að ástæða sé til að leggja áherslu á að hér undir falla allar ferðir til útlanda, þar með taldar sumarleyfisferðir. Í þessu sambandi telur nefndin rétt að benda á að sé um að ræða ómálefnalega synjun foreldris vegna utanfarar barns, t.d. í sumarleyfisferð, með hinu foreldrinu er hægt að fara fram á úrskurð sýslumanns samkvæmt 47. gr. frumvarpsins.

Í 33. og 40. gr. frumvarpsins er kveðið á um sáttaumleitan við nánar tilgreindar aðstæður. Nefndin telur rétt að aðilar nýti sér þá sérþekkingu sem til staðar er í þjóðfélaginu á sviði fjölskylduráðgjafar og sáttaumleitana.

46. gr. frumvarpsins fjallar um umgengnisrétt. Sú meginregla kemur fram í 1. mgr. að barn eigi rétt á að umgangast það foreldri sem það býr ekki hjá með reglubundnum hætti, enda sé það ekki andstætt hagsmunum þess. Í 2. mgr. greinarinnar er síðan kveðið á um rétt og skyldu foreldris sem barn býr ekki hjá til að rækja umgengni og samneyti við barn og er það ákvæði óbreytt frá gildandi lögum. Í 2. málsl. 2. mgr. er hins vegar lagt til að lögfest verði sú óskráða meginregla að foreldri sem nýtur umgengnisréttar greiði kostnað vegna umgengninnar nema annað sé ákveðið með samningi eða úrskurði. Nefndin leggur áherslu á að hér er gert ráð fyrir að foreldrar geti samið sérstaklega um þessi atriði. Þá er jafnframt fyrir hendi sá möguleiki að sýslumaður ákveði að foreldri sem barn býr hjá greiði að nokkru eða öllu leyti kostnað vegna umgengninnar.

Samkvæmt 60. gr. frumvarpsins er heimilt að úrskurða þann sem meðlagsskyldur er til að inna af hendi sérstakt framlag vegna nánar tilgreindra útgjalda. Að gefnu tilefni telur nefndin rétt að árétta að með orðunum önnur sérstök tilefni í greininni er átt við tilefni sem eru sérstaks eðlis en ekki almenns því að reglubundnum meðlagsgreiðslum með barni er ætlað að standa straum af almennri framfærslu þess. Meðal þess sem rétt er að telja almenna framfærslu má nefna kostnað við tónlistarnám barns eða íþróttaiðkun, svo og kostnað við almennar tannviðgerðir.

Í 2. mgr. 1. gr. gildandi barnalaga segir að réttarstaða barna sé í hvívetna hin sama, nema lög mæli á annan veg. Nefndin leggur á það sérstaka áherslu að réttur barna til jafnrar réttarstöðu er varinn af ákvæðum í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar jafnframt því sem í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins er m.a. mælt svo fyrir um að aðildarríki skuli virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningnum, án mismununar af nokkru tagi. Því þykir ekki lengur þörf á að hafa sérstakt ákvæði á þessa lund í barnalögum. Nefndin bendir á í þessu sambandi að ákvæði um kjörbörn eru í lögum um ættleiðingar og að kveðið er á um málefni fósturbarna í XII. kafla barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

Fram hefur komið gagnrýni á frumvarpið hvað varðar útfærslu þess á samskiptum úrskurðaraðila samkvæmt barnalögum og barnaverndaryfirvalda. Ákveðin afskipti barnaverndarnefnda eru til staðar og bent hefur verið á að þessum málum væri ef til vill betur komið fyrir hjá félagsmálayfirvöldum. Nefndin leggur til að ekki verði hróflað við stöðu mála að svo stöddu heldur verði sifjalaganefnd falið að fylgja framkomnum athugasemdum eftir að höfðu samráði við félagsmálayfirvöld og þannig verði skoðað sérstaklega hvort rétt sé að gera breytingar á verkaskiptingu framangreindra aðila á þessu sviði.

Þar sem hér er um að ræða frumvarp til nýrra heildarlaga um börn telur nefndin mikilvægt að dómsmálaráðuneytið fylgi því eftir með öflugri fræðslu, jafnframt því sem vinnubrögð sýslumanna á þessu sviði verði samræmd á landsvísu, en við höfum komist að því við meðferð á þessu máli í nefndinni að það vantar samræmingu meðal sýslumanna hvað varðar leiðbeiningar um þau mál sem kunna að tengjast barnalögum, sambúð, upphaf hennar og slit, skilnað, inntak forsjár, sameiginlega forsjá o.s.frv. Borið hefur á því að almenningur geri sér ekki nægilega grein fyrir réttaráhrifum þessu tengdum. Þannig er mikilvægt að gætt sé upplýsingaskyldu til þeirra sem málið kann að varða, kunna að tengjast þessum lögum og réttarstaða þeirra á einn eða annan hátt að velta á þessu frv. Upplýsingarnar þurfa að vera sem skýrastar og aðgengilegar fyrir almenning.

Að lokum er það mat nefndarinnar að nauðsynlegt sé að leita leiða til að finna lausn á þeim vanda sem tengist skattalegum ívilnunum varðandi ákvörðun um lögheimili barns.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Ég vil geta helstu efnisbreytinganna sem fram koma í nefndarálitinu:

1. Lögð er til breyting á 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. Lagt er til að karlmaður sem kona kennir barn sitt geti ekki lengur gengist við faðerni þess með skriflegri yfirlýsingu fyrir presti. Nauðsynlegt þykir að leggja til þessa breytingu þannig að ekki sé um mismunun trúfélaga að ræða.

2. Í 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. kemur fram að stefnandi faðernismáls geti verið barnið sjálft, móðir þess eða maður sem telur sig föður barns. Lagt er til að við bætist orðin: enda hafi barnið ekki verið feðrað. Við viljum sérstaklega draga fram að orðalagið í 10. gr. þótti nokkuð óskýrt. Við vildum draga það fram að þetta á við ófeðruð börn. Megintilgangurinn er að koma í veg fyrir tilhæfulausar málshöfðanir sem nokkrir umsagnaraðilar voru hræddir um og bentu nefndinni á.

3. Lagt er til að við 5. mgr. 32. gr. bætist að sýslumanni sé skylt að senda Þjóðskrá ljósrit af staðfestum samningi foreldra um forsjá. Skv. 6. mgr. 34. gr. er dómara skylt að senda Þjóðskrá upplýsingar um niðurstöðu máls um forsjá barns á eyðublaði sem Hagstofa Íslands leggur til. Í samræmi við þetta telur nefndin eðlilegt að sýslumaður sendi Þjóðskrá umrædd gögn með hagskýrslugerð og tölfræði í huga. Það er auðvitað mikilvægt upp á seinni tíma að við hagskýrslugerðina og útreikning tölfræðinnar þá liggi allt fyrir. Því miður voru ákveðnar tölur, ákveðin tölfræði sem nefndin hefði gjarnan viljað komast í ekki nægilega aðgengileg. Hún hefði getað komið nefndinni að enn betra gagni og því leggjum við áherslu á að reynt verði að hafa tölfræðina

og hagskýrslugerð sem besta upp á framtíðina að gera og hugsanlegar endurbætur á þessum lögum.

4. Lagt er til að við 35. gr. bætist ný málsgrein., 9. mgr., þar sem fram kemur að ákvæði 6. mgr. 34. gr. eigi við um úrskurði skv. 1.–3. mgr.

5. 38. gr. frumvarpsins fjallar um málsmeðferð ef ágreiningur er um forsjá barns. Í 2. mgr. þeirrar greinar er það nýmæli að kveðið er á um að stefnanda máls vegna forsjár barns verði ekki gert að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar. Var þá aðallega hafður í huga bágur fjárhagur foreldris. Fram hefur komið að eðlilegt geti verið að gera kröfu um málskostnaðartryggingu, sérstaklega til þess að koma í veg fyrir tilhæfulausar málshöfðanir. Nefndin leggur því til að þetta verði fellt brott og telur sjónarmið um meinfýsi aðila vega þyngra en efnaleysi.

6. Lagt er til að 4. mgr. 43. gr. frumvarpsins verði umorðuð með það að markmiði að skerpa skilin milli barnalaga og barnaverndarlaga. Þannig skuli dómari tilkynna barnaverndarnefnd um aðstæður barns ef þörf er á. Ber barnaverndarnefnd þá að taka málið til meðferðar á grundvelli ákvæða barnaverndarlaga og beita viðeigandi úrræðum til stuðnings barni þegar það á við. Tekið skal fram að orðalagið sem nefndin leggur hér til er sameiginleg niðurstaða fulltrúa félagsmála- og dómsmálaráðuneytis og fulltrúa Barnaverndarstofu en þau komu á fund nefndarinnar, voru reyndar síðustu gestir nefndarinnar út af þessu máli. Sá fundur var mjög gagnlegur og fékkst þessi niðurstaða á þeim fundi. Við ræddum þar sérstaklega hvort þessi tiltekni angi barnalaganna ætti að heyra undir barnaverndarlög en niðurstaðan varð sú að hafa þetta eins og það er orðað en jafnframt verði þessi mál skoðuð frekar af sifjalaganefnd í samráði við Barnaverndarstofu, fulltrúa félmrn. og dómsmrn. og fleiri.

7. Lagt er til að í stað orðsins „tilsjónarmanns“ í 1. málsl. 4. mgr. 48. gr. verði talað um umsjónarmann. Er það gert til þess að gæta samræmis við 4. mgr. 47. gr. en jafnframt er verið að skerpa skilin milli barnalaga og barnaverndarlaga. Í síðarnefndu lögunum hefur orðið „tilsjónarmaður“ ákveðna merkingu og þykir ekki rétt að nota það orð í barnalögum þar sem ekki er þar um sambærilega merkingu þess að ræða.

8. Lögð er til breyting á 67. gr. frumvarpsins þannig að í stað þess að Tryggingastofnun ríkisins sé skylt að greiða rétthafa greiðslna skv. IV. og IX. kafla sem á framfærslurétt hér á landi, að öðrum skilyrðum greinarinnar uppfylltum, verði hér miðað við þann sem búsettur er hér á landi, í samræmi við 2. mgr. 9. gr. a laga um almannatryggingar, nr. 117/1993.

9. Lagðar eru til breytingar á 74. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að tilvísun í 4. mgr. 43. gr. falli brott vegna þeirra breytingartillagna sem gerðar hafa verið við þá grein. Þá er lagt til að við bætist nýr málsliður sambærilegur við 5. tölul. breytingartillagna hér að framan. Hér er þó lagt til að það verði sýslumaður sem tilkynni barnaverndarnefnd um aðstæður barns.

10. Að lokum er lögð til nauðsynleg breyting á gildistöku frumvarpsins til þess að ráðuneytinu vinnist tóm til þess að vinna að gerð ýmissa leiðbeininga fyrir sýslumenn og almenning. Tekið skal fram að stefnt er að því að þær verði birtar á heimasíðu ráðuneytisins í samræmi við það sem ég gat um áðan, að hafa upplýsingarnar um þetta ágæta frv. sem skýrastar og aðgengilegastar. Að okkar mati er tvímælalaust um réttarbót að ræða. Menn verða að vera upplýstir um réttinn og ekki síst að átta sig á hver réttur barna er í þessu samhengi.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta mikið lengra. Ég vil enn og aftur ítreka þakkir til nefndarmanna í allshn. fyrir góða vinnu og mæli með því að þetta frv. verði samþykkt.

[23:16]

Útbýting þingskjals:

Raforkulög, 462. mál, brtt. HjÁ, þskj. 1408.

[23:16]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. sem ég hef flutt við þetta frv. Hún felur í sér að sameiginleg forsjá verði meginregla í barnalögum. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta, en vísa til frv. til laga sem flutt var hér fyrr á þinginu sem ég var 1. flm. að og meðflutningsmenn mínir voru nokkrir aðrir hv. þm. Samfylkingarinnar. Í greinargerð með því frv. þar sem lagt er til að sameiginleg forsjá verði meginregla segir, með leyfi forseta:

„Í júní 1999 skilaði forsjárnefnd, skipuð af dómsmálaráðherra, af sér áfangaskýrslu þar sem m.a. er fjallað um reynsluna af sameiginlegri forsjá hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum. Kemur þar m.a. fram að bæði í Finnlandi og Svíþjóð hafi sameiginleg forsjá verið gerð að meginreglu við hjónaskilnað foreldra og er það niðurstaða nefndarinnar að rétt sé að feta í fótspor þeirra.

Ein meginröksemd forsjárnefndar fyrir sameiginlegri forsjá sem meginreglu er sú að slíkt fyrirkomulag samrýmist best 1. mgr. 18. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem Ísland hefur fullgilt.“

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir þeirri brtt. sem hér er á þskj. 1343, brtt. við það frv. sem hér liggur fyrir til barnalaga.

[23:18]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í nál. allshn. segir m.a., með leyfi herra forseta:

„Þrátt fyrir augljósa hagsmuni barns af því að vera feðrað hefur fram til þessa ekki þótt rétt að skylda móður til þess með beinum lagafyrirmælum en nú er talið tímabært að stíga það mikilvæga skref.“

Herra forseti. Ég fellst ekki á þessa fullyrðingu, að það séu augljósir hagsmunir barnsins að vera feðrað. Þetta er bara sagt sisona. Allt þetta frv. og nál. er gegnsýrt af þeirri hugsun að einhver ósýnileg tengsl séu á milli barna og kynforeldra þeirra, það séu einhver ósýnileg tengsl sem verði að rekja upp þannig að það er nánast eins og þetta sé unnið með hagsmuni erfðafræðifyrirtækja að leiðarljósi. Börn eru yfirleitt alltaf alin upp af einhverjum, hvort sem það eru afi eða amma, mamma eða pabbi eða fósturforeldrar eða foreldrar sem ættleiða þau, og það eru þau tengsl sem skipta máli, herra forseti, en ekki einhver kyntengsl eitthvað út í heim.

Þegar sagt er að það séu augljósir hagsmunir barns að vera feðrað er verið að segja við alla þá foreldra sem hafa ættleitt börn að það sé ekki það sama að eiga ættleitt barn eins og eigið barn vegna þess að það séu einhver ósýnileg tengsl á milli kynforeldris og barnsins. Ég mótmæli þessu. Þetta er ekki augljóst. Og það getur oft og tíðum skaðað barnið mjög mikið að vera feðrað, vegna þess að faðirinn er kannski ekki endilega merkilegur pappír.

Í 10. gr. frv. kemur fram, með leyfi forseta:

„Stefnandi faðernismáls getur verið barnið sjálft, móðir þess eða maður sem telur sig föður barns.“ — Bara hver sem er. Af hverju stendur ekki þarna, út af jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar: Kona sem telur sig móður þess? Af hverju stendur þarna móðir barnsins, skilyrðislaust? Það er vegna þess að það er nefnilega munur á kynjunum þarna. Það vill svo til að annað kynið ber barnið í maga sér en hitt ekki. Faðirinn þarf ekki einu sinni að vita af því að hann eigi þetta barn.

Ég er ekki sáttur við þessa niðurstöðu. Ég held að það þurfi að hugleiða þetta miklu meira og þetta geti valdið töluverðum skaða, jafnvel ofsóknum á hendur konum sem ekki hafa feðrað börnin sín, því það getur nánast hver einasti karlmaður í bænum krafist barnsfaðernismáls ef vitað er að konan er með ófeðrað barn. Ég mun ekki greiða þessu atkvæði. Ég mun sitja hjá.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðissamvinnufélög, 3. umr.

Stjfrv., 396. mál (heildarlög). — Þskj. 1404.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjalög og læknalög, 3. umr.

Stjfrv., 423. mál (lyfjagagnagrunnar). — Þskj. 1405.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjómannalög, 2. umr.

Frv. HjÁ o.fl., 60. mál (bótaréttur). — Þskj. 60, nál. 1227.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Færeyska fiskveiðistjórnarkerfið, síðari umr.

Þáltill. HjÁ, 56. mál. — Þskj. 56, nál. 1243, brtt. 1317.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, síðari umr.

Þáltill. ÖJ, 34. mál. — Þskj. 34, nál. 1279.

[23:23]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um till. til þál. um að spornað verði við uppsögnum eða mismunun í starfi vegna aldurs.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir frá Biskupsstofu, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Landssambandi eldri borgara, Eyþingi, Öryrkjabandalagi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Kvenréttindafélagi Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samtökum atvinnulífsins.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að kanna á hvern hátt unnt er með lagasetningu að sporna við því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort heldur er með uppsögnum eða mismunun í starfi. Í því skyni verði skipuð nefnd með fulltrúum samtaka launafólks, auk fulltrúa stjórnmálaflokka á þingi, sem skal skila áliti innan árs.

Nefndin telur að hér sé um þarft málefni að ræða og leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Guðrún Ögmundsdóttir og Kristján Pálsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins og undir nál. rita hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður og framsögumaður, Pétur H. Blöndal, Magnús Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Drífa Hjartardóttir og Jónína Bjartmarz.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla, síðari umr.

Þáltill. MF o.fl., 171. mál. — Þskj. 172, nál. 1307.

[23:24]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um till. til þál. um framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla.

Tillagan felur í sér að skipaður verði starfshópur með fulltrúum ráðuneytis félagsmála, menntamála, umhverfismála, heilbrigðis- og tryggingamála, dómsmála, samgöngumála og fjármála og fulltrúum frá hagsmunasamtökum fatlaðra til að semja framkvæmdaáætlun sem hafi að markmiði að tryggja aðgengi fyrir alla með hliðsjón af meginreglum Sameinuðu þjóðanna um þátttöku fatlaðra til jafns við aðra. Jafnframt geri starfshópurinn kostnaðaráætlun um verkefnið. Lagt er til að starfshópurinn leggi fram tillögur sínar fyrir 1. október 2003 og fulltrúi félagsmálaráðuneytisins verði formaður hans.

Nefndin tekur undir markmið tillögunnar því að þótt ýmislegt hafi áunnist hér á landi í réttindamálum fatlaðra á undanförnum árum og áratugum má sjá að enn er mikið verk óunnið og því leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Guðrún Ögmundsdóttir og Kristján Pálsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins og undir nál. rita hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður og framsögumaður, Pétur H. Blöndal,

Magnús Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Drífa Hjartardóttir og Jónína Bjartmarz.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sveitarstjórnarlög, 2. umr.

Stjfrv., 622. mál (fjármálastjórn o.fl.). — Þskj. 995, nál. 1374.

[23:27]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Gylfa Kristinsson og Guðjón Bragason frá félagsmálaráðuneyti og Þórð Skúlason og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að laga sveitarstjórnarlög að þeim breytingum sem orðið hafa á rekstrarumhverfi sveitarfélaga á síðustu árum. Í frumvarpinu er lagt til að skýrar verði kveðið á um valdframsal sveitarstjórnar, þagnarskyldu starfsmanna og ráðstafanir til að takmarka áhættu við meðferð fjármuna. Einnig er nánar kveðið á um skyldur sveitarstjórna til að afla álits sérfróðs aðila áður en ráðist er í tiltekna fjárfestingu eða staðfestir eru samningar um framkvæmdir eða þjónustu við íbúa sem hafa í för með sér langtímaskuldbindingu fyrir sveitarsjóð. Gildir þetta einnig um samninga um sölu og endurleigu tiltekinna eigna og skal í þeim tilvikum gera eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga viðvart um áformin.

Við umfjöllun málsins var rætt um þá breytingu sem lögð er til á 64. gr. laganna um að sveitarstjórn skuli gæta ábyrgðar í meðferð fjármuna sveitarfélagsins og tryggja örugga ávöxtun þeirra. Um er að ræða meðferð almannafjár og mikilvægt að hægt sé að treysta því að varkárni verði gætt við val á ávöxtunarleiðum. Orðalagið sem lagt er til felur í sér að sveitarstjórn beri ábyrgð á því hvaða leið verði farin við ávöxtun fjármuna sveitarfélagsins. Í þessu sambandi minnir nefndin á að kaup á hlutabréfum í félögum sem ekki eru skráð í kauphöll geti ekki talist traust ávöxtun skv. 64. gr. Lítur nefndin svo á að ríkisskuldabréf séu eina fjárfestingin sem telja megi örugga en telur þó að veita verði sveitarfélögunum svigrúm til að leggja sjálfstætt mat á fjárfestingarkosti.

Ekki er lengur sjálfgefið að sveitarfélög og aðrir opinberir aðilar eigi húsnæði þar sem fram fer opinber starfsemi á þeirra vegum. Nefndin leggur til að nýrri málsgrein verði bætt við 64. gr. laganna þar sem kveðið sé á um að sveitarstjórn skuli á hverjum tíma tryggja umráðarétt yfir fasteignum sem eru nauðsynlegar til að lögboðin verkefni sveitarfélaga verði rækt. Ákvæðið er sett fram sem almenn regla sem sé til þess fallin að tryggja að samningar um sölu fasteigna sveitarfélags leiði ekki til þess að umráð yfir nauðsynlegum fasteignum vegna lögboðinna verkefna sveitarfélags falli niður. Það felur í sér að sveitarfélögunum beri að tryggja að þau hafi t.d. forkaupsrétt eða leigurétt að fasteignum til að nauðsynlegt starf á þeirra vegum geti farið fram ótruflað. Nefndin bendir einnig á að taki sveitarfélag húsnæði á leigu undir lögboðna starfsemi þess verður að gæta þess að leigusamningar feli í sér nægilega langan uppsagnarfrest til að ávallt sé svigrúm fyrir sveitarstjórn til að bregðast við ef útvega þarf nýtt húsnæði fyrir starfsemina.

Við umfjöllun um 7. gr. frumvarpsins var rætt um rétt ráðherra til að setja sveitarstjórnum skilyrði um ráðstöfun söluandvirðis eða ávöxtun þess telji eftirlitsnefnd að ráðstöfun sé líkleg til að hafa áhrif á fjárhag sveitarfélagsins þegar til lengri tíma er litið. Var minnt á sjálfsstjórnarrétt sveitarfélaganna og bent á að eðlilegra væri að eftirlitsnefndin gerði tillögur til viðkomandi sveitarstjórnar um ráðstöfun söluandvirðis enda stjórni sveitarfélög almennt fjármálum sínum sjálf. Leggur nefndin til að greininni verði breytt til samræmis við framangreint en bendir á að skv. 102. gr. sveitarstjórnarlaga hefur ráðherra eftirlit með því að sveitarstjórnir gegni lögbundnum skyldum sínum og getur jafnframt beitt þær viðurlögum ef hann telur svo ekki vera.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem koma fram í þingskjalinu.

Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nál. rita hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður og framsögumaður, Guðrún Ögmundsdóttir, Pétur H. Blöndal, Magnús Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Drífa Hjartardóttir, Jónína Bjartmarz og Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

[23:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég rita undir nál. félmn. með fyrirvara eins og hér kom fram áðan hjá formanni og framsögumanni nefndarinnar. Á fyrirvaranum er sú skýring að talsverður hluti ákvæða þessa frv. tengist ákaflega umdeildri þróun eða ákaflega umdeildum hlutum sem eru talsvert á dagskrá hjá sveitarstjórnum um þessar mundir, þ.e. sem sagt að velja leið einkavæðingar eða einkafjármögnunar eða einkarekstrar í ákveðnum tilvikum, jafnvel þegar í hlut á lögboðin þjónusta, skylduverkefni sveitarfélaganna. Varðandi þau atriði hefði ég getað hugsað mér að kveðið væri miklu fastar á í lögum og með skýrari hætti t.d. um svigrúm sveitarfélaganna til þess að láta yfir höfuð úr sinni eigu fasteignir sem eru nauðsynlegar til þess að unnt sé að tryggja hina lögbundnu þjónustu, eins og húsnæði fyrir grunnskóla eða annað í þeim dúr.

Hitt er annað að ákvæði þessa frv., og sérstaklega með þeim breytingum sem félmn. leggur til, eru í öllum greinum til bóta gagnvart því ástandi sem skapast velji sveitarstjórnir að fara þessar leiðir. Það er alveg ljóst að öll viðleitni frv. og sérstaklega brtt. nefndarinnar og þær lögskýringar sem koma fram í nál. eru að mínu mati verulega mikils virði og til bóta hvað það varðar að það liggi alveg ljóst fyrir og skýrt að hugsun löggjafans og vilji er sá að sveitarfélög láti aldrei úr sinni hendi möguleikann á því að taka til sín á nýjan leik aðstöðu, fasteignir, húsnæði, sem þeim er nauðsynlegt að hafa forræði á til að geta sinnt sínum lögbundnu skyldum. Þetta er ákaflega mikilvægt atriði, herra forseti, og nægir að minna t.d. á vandræðagang sem tengst hefur einkavæðingar- eða frjálshyggjutilraunum hjá einstökum sveitarfélögum á undanförnum missirum, svo maður fari nú ekki út fyrir landsteinana og nefni t.d. ósköpin sem íbúar bæjarfélagsins Farum í Danmörku urðu fyrir þegar þeir höfðu lent í klónum á pólitík af þessu tagi um nokkurt árabil.

Allar reglur frv. og þær breytingar sem félmn. leggur til eru sem sagt tvímælalaust til bóta. Þær ættu að tryggja ábyrgari meðferð þessara mála að breyttu breytanda út frá

því hvaða leiðir einstakar sveitarstjórnir velja. En ég áskil mér fullan rétt til þess að fylgja því eftir þó síðar verði að inn í sveitarstjórnarlög komi ósköp einfaldlega hrein og bein ákvæði sem dragi mörkin þar að eignir og aðstaða, sem eru forsenda þess að sveitarfélög geti ábyrgst og sinnt sínum lögbundnu skyldum, skuli vera í þeirra höndum og þar dragi menn mörkin.

Gagnvart öðrum þáttum í starfsemi sveitarfélaganna gegnir verulega öðru máli þegar ekki er um rekstur að ræða sem flokkast undir þeirra lögbundnu skyldur. En þessar breytingar eru þó til bóta miðað við ástandið eins og það er í dag og þess vegna styð ég þær.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 2. umr.

Stjfrv., 550. mál (vinnutímatilskipun, EES-reglur). — Þskj. 897, nál. 1386, brtt. 1387.

[23:35]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hermann Sæmundsson, Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur og Gylfa Kristinsson frá félagsmálaráðuneyti, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Helgu Birnu Ingimundardóttur frá Bandalagi háskólamanna, Sigurð Á. Friðjónsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Jóhann Elí Guðjónsson frá Félagi ungra lækna, Eyjólf Sæmundsson frá Vinnueftirlitinu, Magnús Pétursson, Aðalstein Pálsson og Jóhannes M. Gunnarsson frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Þá barst nefndinni einnig fjöldi umsagna um málið.

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að lögfestar verði meginreglur tilskipunar ráðs Evrópusambandsins 93/104/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma. Gert er ráð fyrir að teknar verði upp meginreglur tilskipunarinnar um daglegan hvíldartíma, hlé á vinnu, vikulegan frítíma, hámarksvinnutíma á viku, vinnutíma næturvinnustarfsmanna og rétt þeirra til heilsufarsskoðunar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að lögleiddar verði ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/391/EBE. Í ákvæðum tilskipunarinnar felst m.a. skylda atvinnurekenda til að meta áhættu í vinnuumhverfi fyrir öryggi og heilsu starfsmanna. Þá eru lagðar til breytingar á skipulagi Vinnueftirlits ríkisins að því er varðar verkaskiptingu forstjóra og stjórnar í ljósi þeirra breytinga sem hafa orðið á skipulagi stjórnsýslunnar hér á landi frá gildistöku laganna.

Bent hefur verið sérstaklega á að efni 22.–26. gr. frumvarpsins um áhættumat, heilsuvernd og heilsufarsskoðanir muni að miklu leyti ráðast af þeim fyrirmælum sem félagsmálaráðherra er ætlað að setja að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins. Eigi það ekki síst við um þau skilyrði sem starfsmönnum fyrirtækja verður gert að uppfylla til að geta annast mat á áhættu og heilsuvernd á vinnustað. Skilyrði af því tagi sem hér um ræðir geta skipt miklu um hvernig til tekst og hvaða aukakostnað framkvæmdin kann að hafa í för með sér fyrir fyrirtæki og stofnanir. Jafnframt sé mikilvægt að þau nýju hugtök sem þarna eru notuð séu skýrð í lagatextanum sjálfum til að auka gagnsæi reglnanna, skýrleika og jafnframt til þess að veita þeim lagagildi.

Það er skilningur nefndarinnar að atvinnurekandi sem ber, skv. 22. gr. frumvarpsins, ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað, eigi sjálfur að geta annast gerð þess áhættumats og heilsuverndaráætlunar sem í henni felst nema aðstæður séu þannig á viðkomandi vinnustað að þörf sé sérstakrar færni sem hann eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða. Framkvæmdin eigi að geta verið tiltölulega einföld nema aðstæður séu þannig að vitað sé um eða grunur leiki á að ákveðnir þættir í vinnuumhverfi starfsmanna hafi áhrif á öryggi þeirra og heilbrigði sem atvinnurekandi geti ekki metið. Þær hæfniskröfur sem gerðar verða til starfsmanna atvinnurekanda sem sinna öryggi og heilbrigði á vinnustað hljóta að taka mið af því auk almennra reglna um meðalhóf.

Nefndin telur rétt að benda á að með áætlun um heilsuvernd er átt við forvarnir sem beinast að því að koma í veg fyrir eða draga úr áhættuþáttum í vinnuumhverfi starfsmanna sem haft geta áhrif á öryggi og heilsu þeirra. Hér er því ekki um að ræða heilsufarsskoðun sem felst í sérhæfðri læknisskoðun sem starfsmenn eiga kost á starfi þeir við slík starfsskilyrði að ætla megi að heilsutjón geti hlotist af og ástæða til þess að ætla að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma og atvinnutengda sjúkdóma. Þá hefur verið bent á að heilsufarsskoðun nái svo aftur ekki til almennrar heilsugæslu starfsmanna vegna tilfallandi sjúkdóma eða óþæginda. Nefndin telur rétt að frekar verði unnið að því að skilgreina ýmis hugtök laganna, t.d. þau sem eiga við um hættuleg efni og vörur og jafnframt hugtök varðandi heilsuvernd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á efnismálslið b-liðar 9. gr. þar sem lagt er til að tekin verði upp í 38. gr. laganna heimild fyrir ráðherra til að setja reglur til að koma í veg fyrir og uppræta einelti á vinnustöðum og tekið er fram í ákvæðinu að starfsmenn eigi ekki að þurfa að þola áreitni eða aðra ótilhlýðilega háttsemi á vinnustað, þar með talda kynferðislega áreitni eða annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi. Það er mat nefndarinnar að hér sé um mjög flókið mál að ræða og því vandasamt að orða reglu af þessu tagi í lagatexta. Jafnframt verði að líta til þess að vinnuveitanda verður ekki gert að bera alla ábyrgð hér á. Því leggur nefndin til að málsliðurinn orðist svo: um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum. Nefndin telur nauðsynlegt að haft verði samráð við aðila vinnumarkaðarins við setningu slíkra reglna.

2. Lögð er til breyting á 2. málsl. 5. efnismgr. 16. gr. þar sem orðalagið þykir ekki nógu skýrt og getur valdið misskilningi. Þannig má nefna að orðalagið „að koma úrgangi fyrir“ má skilja sem förgun úrgangs. Slíkt er ekki um að ræða hér og auk þess ekki innan gildissviðs frumvarpsins. Í stað þess að hættulegum efnaúrgangi og spilliefnum skuli komið fyrir með öruggum hætti á vinnustað leggur nefndin til að hættulegur efnaúrgangur og spilliefni skuli geymd með öruggum hætti á vinnustað.

3. Lagðar eru til breytingar á 17. gr. Lagt er til að áréttað verði í 1. mgr. að reglusetning félagsmálaráðherra verði tilgreind varðandi viðeigandi þætti á vinnustöðum. Þá er lögð til orðalagsbreyting á 3. efnismgr.

4. Þá er lögð til breyting á 2. tölul. b-liðar 19. gr., sem á við 52. gr. a. í lögunum, þannig að við bætist í upptalningu á greinum 53. gr. a. Í ákvæði b-liðar 52. gr. a. laganna eru taldir upp þeir aðilar sem ákvæði kaflans um hvíldartíma, frídaga og hámarksvinnutíma gilda ekki um. Þannig kemur fram í 2. tölul. greinarinnar að ákvæði kaflans gildi ekki um lækna í starfsnámi, sbr. 53., 54., 57. og 58. gr. Með þessari neikvæðu framsetningu er því með öðrum orðum sagt að ákvæði þeirra greina sem hér hafa verið taldar upp gildi um lækna. Með gagnályktun yrði því skýrt að ákvæði 53. gr. a., 55. gr. og 56. gr. ættu hins vegar ekki við um þá. Komið hefur í ljós að ætlunin var að ákvæði 53. gr. a. ættu einnig að gilda um lækna í starfsnámi og því leggur nefndin til breytingu þess efnis.

5. Nefndin leggur til breytingu á 3. efnismgr. 25. gr. 1. efnismgr. greinarinnar fjallar um skyldu atvinnurekanda til þess að leita sér aðstoðar þjónustuaðila þegar gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þar á meðal mat á áhættu og áætlun um heilsuvernd, krefst færni sem atvinnurekandi eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða. Í 3. efnismgr. eru gerð skilyrði um ákveðnar menntunarkröfur þjónustuaðila. Nefndin leggur til breytingu þess efnis að í stað þess að þjónustuaðili skuli vera fær um að veita heildstæða þjónustu á sviði öryggis og heilbrigðis á vinnustöðum og að hann eða starfsmenn hans skuli hafa nánar tilgreinda menntun, þá verði miðað við að þjónustuaðili sem veitir heildstæða þjónustu á sviði öryggis og heilbrigðis á vinnustöðum skuli hafa aðgang að sérfræðingum sem Vinnueftirlit ríkisins hefur viðurkennt að hafi fullnægjandi nánar tilgreinda menntun. Þannig verði við það miðað að þjónustuaðili eða þeir sérfræðingar sem hann hefur aðgang að hafi fullnægjandi þekkingu á viðkomandi sviðum að mati Vinnueftirlitsins.

6. Lögð er til breyting á 38. gr. um tilkynningarskyldu atvinnurekanda ef slys ber að höndum og skuli hann tilkynna um slíkt án ástæðulauss dráttar. Lagt er til að tilkynning skuli berast eigi síðar en innan sólarhrings frá atvikinu. Breytingin er til þess fallin að leggja enn frekari áherslu á nauðsyn þess að tilkynning um slys berist viðeigandi aðilum eins fljótt og unnt er.

Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir nál. rita hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður og framsögumaður, Guðrún Ögmundsdóttir, Pétur H. Blöndal, Magnús Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Drífa Hjartardóttir og Jónína Bjartmarz.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Raforkulög, 3. umr.

Stjfrv., 462. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1406, brtt. 1408.

og

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 3. umr.

Stjfrv., 463. mál. — Þskj. 1407.

[23:44]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. við frv. til raforkulaga eins og það lítur út núna. Brtt. er í tveimur liðum. Annars vegar er um að ræða málsfarslega lagfæringu þar sem ein tilvísunarsetning er færð á réttan stað. Hins vegar, þ.e. 2. töluliður, er um að ræða breytingu á bráðabirgðaákvæði VII, en það ákvæði fjallar um hina stóru og öflugu nefnd sem á að taka til skoðunar hin þekktu, umdeildu atriði sem ekki hefur náðst kannski full samstaða um. Að þeirri nefnd eiga að koma auk fulltrúa þingflokkanna, fulltrúar Neytendasamtakanna, Alþýðusambandsins og annarra. En við nánari athugun þótti rétt að fulltrúi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem næstfjölmennustu launþegasamtakanna ætti aðild að þessari nefnd og gengur síðari liðurinn út á það að fulltrúi þeirra bætist við í nefndina.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lýðheilsustöð, 2. umr.

Stjfrv., 421. mál. — Þskj. 530, nál. 1370 og 1372.

[23:46]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti hv. heilbr.- og trn. um frv. til laga um Lýðheilsustöð. Í nál. eru tilgreindir þeir gestir sem nefndin fékk á sinn fund og þeir sem skiluðu nefndinni umsögn um frumvarpið.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnuð verði Lýðheilsustöð og er markmið hennar að efla lýðheilsu með því að viðhalda og bæta heilbrigði þjóðarinnar eða tilgreindra hópa í þjóðfélaginu með skipulegum og viðurkenndum aðferðum. Lýðheilsustöðinni er m.a. ætlað að efla og samræma lýðheilsustarf, annast fræðslu til almennings um heilbrigði og heilsueflingu í samstarfi og samvinnu við landlækni og aðra eftir því sem við á og styðja starfsemi stofnana og frjálsra félagasamtaka til eflingar lýðheilsu. Lagt er til að áfengis- og vímuvarnaráð, manneldisráð, slysavarnaráð og tóbaksvarnanefnd starfi innan Lýðheilsustöðvar og verði sérfræðiráð hennar. Einnig er gert ráð fyrir að ýmis heilsueflingar- og forvarnaverkefni verði flutt til hennar, m.a. tannverndarráð, gigtarráð og Árvekni.

Við umfjöllun málsins var rætt nokkuð um hvaða áhrif Lýðheilsustöð hefði á þá starfsemi á sviði lýðheilsu sem fyrir er. Var þar einkum komið inn á skörun við verkefni landlæknisembættisins og heilsugæslunnar. Lögbundin hlutverk landlæknis eru ýmis, svo sem að vera ráðgjafi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, annast faglegt eftirlit með heilbrigðisstéttum og heilbrigðisstofnunum, faglegt eftirlit með

lyfjanotkun, sinna kvörtunum almennings vegna heilbrigðisþjónustu, annast skýrslugerð um heilbrigðisþjónustu og bera ábyrgð á framkvæmd sóttvarna. Í þessu samhengi er jafnframt vert að geta um ný og þýðingarmikil verkefni landlæknis, svo sem ábyrgð hans á lyfjagagnagrunni samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lyfjalögum og læknalögum sem nefndin hefur nýlega afgreitt. Ekki er gert ráð fyrir að Lýðheilsustöð muni breyta að neinu leyti hlutverki landlæknis.

Meiri hlutinn vill taka fram að þó að ekki séu í lögum eða reglugerðum ákvæði um verkefni landlæknis á sviði forvarna og lýðheilsu hefur landlæknir einnig sinnt ýmsum verkefnum á þessu sviði og er gert ráð fyrir að svo verði áfram en að það verði gert í samráði og samvinnu við Lýðheilsustöð. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir náinni samvinnu milli Lýðheilsustöðvar og landlæknis enda mun landlæknir sitja í landsnefnd um lýðheilsu skv. 4. gr. frv. og tilefna fulltrúa í sérfræðiráð þau sem starfa hjá Lýðheilsustöð skv. 5. gr. frv.

Við umfjöllun málsins var rætt um hlutverk fagráða þeirra sem starfa hjá landlæknisembættinu og sinna forvarnastarfi á hinum ýmsum sviðum og komist var að þeirri niðurstöðu að við mótun hlutverks Lýðheilsustöðvar verði skerpt á verkaskiptingu milli þessara aðila, annars vegar á hlutverkum fagráða sem starfa hjá landlækni og hins vegar þeim fagráðum sem munu starfa við Lýðheilsustöð.

Við umfjöllun málsins var líka rætt hvernig hlutverk Lýðheilsustöðvar skarast við verkefni heilsugæslunnar en hún á lögum samkvæmt að sinna heilsuvernd og forvörnum. Heilsugæslan í Reykjavík sinnir ráðgjafarþjónustu fyrir heilsugæslustöðvar á landsvísu, t.d. á sviði mæðraverndar og barnaverndar. Meiri hlutinn leggur áherslu á að heilsugæslan muni eftir sem áður starfa að forvörnum á þessum sviðum og öðrum. Meiri hlutinn telur að með tilkomu Lýðheilsustöðvar eigi það starf að geta eflst. Til að mynda má gera ráð fyrir að Lýðheilsustöðin muni sjá um gerð kennslu- og fræðsluefnis sem hægt verður að nýta í heilsugæslunni og á öðrum heilbrigðisstofnunum.

Við umfjöllun um málið komu fram áhyggjur af því að Lýðheilsustöðin yrði til þess að draga úr starfsemi frjálsra félagasamtaka. Þó komu þau sjónarmið einnig fram að hún yrði til að efla og ýta undir starf þeirra en henni er m.a. ætlað að hafa samræmingar- og fræðsluhlutverk og styðja við frjáls félagasamtök og stofnanir. Meiri hlutinn treystir því að Lýðheilsustöðin leiði til þess að starfsemi frjálsra félagasamtaka eflist og áfram verði nýttur sá mikli auður sem felst í starfi þeirra.

Til umræðu kom hvernig rannsóknir tengjast hlutverki Lýðheilsustöðvar. Eitt af hlutverkum hennar verður að stuðla að eflingu kennslu og rannsókna á sviði lýðheilsu og samstarfi við háskóla og aðrar menntastofnanir. Niðurstöður rannsókna eru jafnan grundvöllur forvarnastarfs og mun Lýðheilsustöðin taka þátt í og stuðla að rannsóknum bæði innan stöðvarinnar og í samstarfi við aðra.

Meiri hlutinn lítur svo á að með frumvarpinu sé lagður grunnur að eflingu forvarnastarfs á mörgum mikilvægum sviðum lýðheilsumála og að með því að færa forvarnastarf undir eina stofnun geti stefnumótun og forgangsröðun verkefna orðið markvissari og fjárveitingar til forvarnastarfs nýst betur en nú er. Jafnframt telur meiri hlutinn að hlutverk og starf Lýðheilsustöðvar muni smám saman mótast frekar og þróast og mæta þeim þörfum sem fyrir starfsemi hennar eru. Hlutverk hennar er skilgreint vítt í frumvarpinu enda nær lýðheilsa yfir mjög breitt svið þar sem fátt er undanskilið í umhverfi og gjörðum almennings. Gert er ráð fyrir að fleiri þættir og fleiri fagráð muni koma inn í starfsemina en fyrsta skrefið, að mati meiri hlutans, er að koma stofnuninni á fót. Bendir meiri hlutinn t.d. á að ofeldi og sjúkdómar af þess völdum er vaxandi vandamál hér á landi eins og víðast annars staðar í hinum vestræna heimi. Við umfjöllun málsins kom m.a. fram að manneldisráð hefur engan markaðan tekjustofn eins og t.d. áfengis- og vímuvarnaráð hefur og tóbaksvarnanefnd og fyrir nefndinni var m.a. kynnt hugmynd sem meiri hlutanum, og nefndinni í það heila held ég að mér sé óhætt að segja, finnst vert að huga að, um að taka gjald á sölu gosdrykkja, svokallað tappagjald, sem rynni til eflingar starfsemi manneldisráðs.

Samkvæmt umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að forstjóri stýri Lýðheilsustöðinni og jafnframt að fjármálastjóri starfi við stofnunina. Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til framangreindra verkefna verði færðar til stöðvarinnar en þær nema 165 millj. kr. í fjárlögum fyrir árið 2002. Meiri hlutinn minnir á að hafa þurfi í huga við fjárveitingar til Lýðheilsustöðvar að hún fái nauðsynlegt fjármagn til að starfsemin geti vaxið og dafnað og sinnt því mikilvæga hlutverki sem henni er ætlað.

Meiri hluti heilbr.- og trn. leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Undir álitið rita auk frsm. hv. þm. Ásta Möller, Katrín Fjeldsted, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Ólafur Örn Haraldsson.

[23:53]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá minni hluta heilbr.- og trn. um frv. til laga um Lýðheilsustöð á þskj. 1370.

Að lokinni umfjöllun nefndarinnar um málið hefur minni hlutinn komist að þeirri niðurstöðu að óvarlegt sé að samþykkja frumvarpið eins og það er úr garði gert.

Stór hluti umsagnaraðila taldi málið vanbúið og að vinna þyrfti það betur. Landlæknisembættið lagði til að frumvarpið í heild yrði unnið nánar og endurskoðað enda þyrfti að vinna grunnhugmynd málsins mun betur. Lagði landlæknir m.a. til að skilgreining á lýðheilsu yrði endurskoðuð og hugað nánar að málefnum sem ekki tengdust lögbundnum nefndum og ráðum, sem fara t.d. með mál tengd geðrækt, hreyfingu og umhverfisþáttum. Einnig yrði hugað að almennu lýðheilsustarfi, kostum lýðheilsuskóla og mati á hagkvæmni þess að fella starfsemi Lýðheilsustöðvar að núverandi skipulagi lýðheilsumála í landinu í stað þess að setja nýja stofnun á fót, t.d. með því að koma starfseminni fyrir hjá landlæknisembættinu eða efla heilsugæsluna í Reykjavík. Í umsögn Læknafélags Íslands komu m.a. fram efasemdir um réttmæti þess að setja nýja stofnun yfir margvíslegt forvarnastarf sem þegar er í landinu. Samband íslenskra sveitarfélaga leggst gegn frumvarpinu og telur fjármunum betur varið til verkefna en frekari yfirbyggingar yfir starfsemi sem sé nú þegar í góðu horfi og undir það sjónarmið tekur m.a. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og telur að ákvarða þurfi betur umfang stöðvarinnar. Þá má nefna að Geðverndarfélag Íslands sagði ljóst að frumvarpið þyrfti rækilegrar endurskoðunar við áður en það yrði afgreitt sem lög frá Alþingi. Á heildina litið telja flestir umsagnaraðilar að hlutverk þessarar nýju stofnunar sé illa skilgreint og að fjármunum verði örugglega betur varið með auknu samstarfi fagnefnda og -ráða með aðstoð

stofnana sem fyrir eru í stað þess að auka við yfirbygginguna sem hefur í för með sér verulegan kostnað fyrir ríkissjóð.

Valdsvið forstjóra gagnvart landsnefnd og sérfræðiráði er illa skilgreint. Ekki er ljóst hver ber ábyrgð á faglegum ákvörðunum, forgangsröðun verkefna og skiptingu fjármagns. Einnig má deila um hvort staðsetning stöðvarinnar í stjórnkerfinu sé rétt, þ.e. sem sjálfstæð lítil eining undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Að mati margra umsagnaraðila er hlutverk Lýðheilsustöðvarinnar illa skilgreint og óljóst hvert starfrænt samhengi við aðrar stofnanir, sérstaklega embætti landlæknis, er og tekur minni hlutinn undir það. Heilsugæslan taldi hlutverk sitt samkvæmt frumvarpinu óljóst og mörk verksviðs hennar og Lýðheilsustöðvarinnar loðin. Nauðsynlegt hefði verið að endurskoða lög um hlutverk landlæknis, heilsugæslunnar og ýmissa sérfræðiráða samhliða lagasetningu um Lýðheilsustöð.

Við stofnun Lýðheilsustöðvar er nauðsynlegt að skilgreina hvar hún á best heima í stjórnkerfinu, ekki síst þegar hugað er að þverfaglegu hlutverki hennar. Lýðheilsustöð verður að starfa í samhengi við aðrar stofnanir sem vinna að lýðheilsumálefnum. Sérstaklega var vakin athygli á núverandi hlutverki landlæknisembættisins í lýðheilsustarfi í frumvarpinu. Hefð er fyrir því að landlæknisembættið sinni svipuðum verkefnum og hinni nýju stöð er ætlað, þ.e. fræðslu, samræmingu og samstarfi. Samhliða lagasmíð um stofnun Lýðheilsustöðvar hefði því óhjákvæmilega þurft að endurskoða lög um landlæknisembættið. Án slíkrar endurskoðunar munu starfssvið landlæknis og stöðvarinnar skarast, hætta er á að heildarsýn verði óljós, hlutverkaskipting ómarkviss og þar með verði hin nýja Lýðheilsustöð ekki sú efling fyrir lýðheilsustarf sem efni standa til. Embætti landlæknis nýtur trausts og virðingar og er þekkt fræðslustofnun um lýðheilsumálefni. Hætta er á að þetta glatist ef starfsemin verður flutt til nýrrar stofnunar sem er óþekkt meðal almennings. Því þarf að meta hvort lýðheilsustofnunin eigi ekki að vera hluti af embættinu eða hvort starfseminni sé betur borgið á annan hátt.

Rannsóknarhlutverk stöðvarinnar er allt of veikt í frumvarpinu og þarf að vera miklu meira og ákveðnara en gert er ráð fyrir. Lýðheilsustöð þarf að vera leiðandi afl í því að finna og greina þekkingu á heilsufari þjóðarinnar og þarf starf hennar að taka m.a. til félagslegra, efnahagslegra og menningarlegra þátta. Vegna þessa er grundvallaratriði að rannsóknir séu óaðskiljanlegur hluti stofnunarinnar. Þetta vantar í frumvarpið.

Mjög óskýrt er hvaða umboð eða hlutverk landsnefndin hefur í starfsemi stöðvarinnar, t.d. hvaða fjárveitingar hún hefur. Sérstaklega þarf að skýra betur valdsvið hennar gagnvart forstjóra og landlækni. Hætta er á að landsnefndin verði stórt og þunglamalegt bákn. Á þetta bendir m.a. Félag um lýðheilsu og tekur minni hlutinn undir það.

Frumvarpið markast um of af núverandi starfsemi einstakra ráða í stað heildarsýnar. Benda má á að fjöldi fagráða starfar á vegum landlæknisembættisins, t.d. um mæðravernd, ung- og smábarnavernd, hjarta- og æðasjúkdóma og um öldrun. Í frumvarpinu er ekki gerð grein fyrir því hvort breyting verði á hlutverki þeirra við skipan sérfræðiráða Lýðheilsustöðvarinnar. Þetta endurspeglar þann þrönga ramma sem stöðinni er skapaður með sameiningu aðeins fjögurra ráða.

Sá rammi sem frumvarpið gefur varðandi fjármögnun er takmarkaður við tvo starfsmenn, auk þeirra sem fylgja ráðunum fjórum, og gefur því ekki mörg ný sóknarfæri til að efla lýðheilsu á Íslandi. Í frumvarpinu vantar upp á að Lýðheilsustöðinni sé tryggður fastur tekjustofn í fjárlögum sem nægi henni til að sinna þeim fjölmörgu verkefnum sem bíða.

Málefni lýðheilsu á Íslandi, sem eru heilbrigðismál í sínum víðasta skilningi, eru ákaflega mikilvægur málaflokkur og munu hafa afgerandi áhrif á það hvernig íslenskri þjóð vegnar. Því er mikilvægt að vel sé vandað til undirbúnings stofnunar Lýðheilsustöðvar. Engum er greiði gerður með flýtilausnum í þessu efni og mjög slysalegt og jafnvel hættulegt er fyrir þróun í lýðheilsumálum þjóðarinnar ef rokið er til og stofnun sett á laggirnar sem hefur enga burði til að vera sú lyftistöng sem þarf vegna ónógs undirbúnings. Því miður ber þetta frumvarp þess merki að engin heildarstefna hefur verið tekin í málaflokknum, engin yfirsýn og athugun á núverandi starfsemi og samræmingu og samhæfingu hennar hefur farið fram. Þá er stefnumótun í lýðheilsumálum ekki fyrir hendi í þessu frumvarpi.

Minni hlutinn er hlynntur hugmynd um stofnun Lýðheilsustöðvar en eins og reifað hefur verið hér að framan er málið allt illa undirbúið og allsendis vanbúið til afgreiðslu frá Alþingi. Það væri því góðu málefni til trafala að samþykkja frumvarpið í þessu formi.

Undir þetta nál. minni hluta heilbr.- og trn. ritar sú sem hér stendur ásamt hv. þingmönnum Björgvini G. Sigurðssyni og Þuríði Backman.

[00:00]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við fjöllum um frv. til laga um Lýðheilsustöð. Við ættum auðvitað öll að fagna þessu frv. Þeir sem starfa innan heilbrigðisþjónustunnar og í forvarnastarfi hafa um langan tíma horft til þess að hér yrði komið á einhverri slíkri miðstöð. En það eru mér mikil vonbrigði að geta ekki stutt þetta heils hugar, og það er eingöngu fyrir það að málið er hreinlega þannig unnið að engin þeirra nefnda og ráða sem eiga að falla undir Lýðheilsustöð er tilbúin til þess að ganga að frv. eins og það er útbúið í dag. Ekki er andstaða gegn því að koma á Lýðheilsustöð eða betri samvinnu á milli þessara nefnda og ráða, og ekki er andstaða gegn því að hafa meiri samhæfingu. En að setja málið þannig fram að það liggur við að verið sé að sníða heila stofnun utan um einn forstjóra er uppbygging sem allir þeir aðilar sem vinna í þessum ráðum og nefndum í dag sem eiga að falla beint undir þetta, geta ekki sætt sig við og vilja fá meiri tíma til að vinna þetta með ráðuneytinu og finna þann farveg að þetta sé ekki lóðrétt uppbygging heldur lárétt og það sé meira jafnræði á milli nefndanna og verksviðið skýrara.

Herra forseti. Það getur vel verið að erfitt verði að finna það form á stöð eins og Lýðheilsustöð þannig að allir verði ánægðir en það hlýtur að vekja okkur öll til umhugsunar að fara af stað með stofnun Lýðheilsustöðvar eða stofnunar þar sem vitað er fyrir fram að andstaða er hjá öllum sem eiga að koma þar að, á mismunandi hátt. Það er ekki gott veganesti inn í gott andrúmsloft, inn í samstöðu og inn í forvarnir að leggja af stað með þeim hætti.

Því kom það fram í niðurlagi nál. sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir mælti fyrir og ég er samflutningsmaður að, nál. minni hluta heilbr.- og trn., en þar segir í lokaorðum:

„Minni hlutinn er hlynntur hugmynd um stofnun Lýðheilsustöðvar en eins og reifað hefur verið hér að framan er

málið allt illa undirbúið og allsendis vanbúið til afgreiðslu frá Alþingi. Það væri því góðu málefni til trafala að samþykkja frumvarpið í þessu formi."

Herra forseti. Ég held að það væri mikil blessun fyrir verðandi Lýðheilsustöð að fá tíma, þó ekki væri nema fram að sumarþingi eða haustþingi, ef á þarf að halda, að fá þá aðila sem eru í áfengis- og vímuvarnaráði, manneldisráði, slysavarnaráði og tóbaksvarnanefnd til að vinna að frekari framgangi málsins með fulltrúuum í heilbr.- og trmrn. og skilja ekki við málið fyrr en þeir aðilar hafa komið þannig að því að Alþingi geti staðið að stofnun Lýðheilsustöðvar, þannig að undirstaðan og það andrúmsloft sem lagt er upp með sé gott.

Það er alveg ljóst að að mörgu leyti er þetta frv. ekki hugsað alveg til enda. Það er m.a. nokkuð óljóst hvernig landsnefnd um lýðheilsu á að starfa. Einnig er óljóst hvernig þau ráð og nefndir sem ég taldi upp áðan og eiga að verða sérfræðiráð eiga að starfa. En eitt er ljóst að verðandi forstjóri yfir þessari stöð verður nær allsráðandi hvað varðar áherslur og forgangsverkefni og ég tel að fulltrúar í þeim ráðum sem eiga að falla þarna undir óttist það að frumkvæði og áhugi þeirra hjá nefndunum muni dvína við þetta skipulag. Það hefur verið mikil frumkvöðlavinna og eldmóður hjá þessum nefndum en fram kemur sá efi um að þetta sé besta leiðin til að halda þeim glóðum við ef hafa á einn forstjóra yfir þeim með eins mikið vald og tilgreint er í lögunum. Það þarf meira að finna þann anda að þetta sé samráð og efling fyrir þau ráð sem fyrir eru.

Eins þarf að skilgreina betur hvernig Lýðheilsustöðin og sérfræðiráðin eigi að tengjast öllum þeim fjölda félagasamtaka sem vinna í grasrótarvinnunni hér á landi og hvernig efla megi það starf og standa við bakið á þeim. Einnig á eftir að sjá að ef hugmyndin er að efla lýðheilsu þá þarf meira fjármagn inn í þennan málaflokk og það er kannski fyrst og fremst fjármagn sem skortir til þessara ráða í dag til að þau geti starfað samkvæmt lögum, og það bætir ekkert stöðuna að skella þeim öllum undir einn forstjóra inni í einni Lýðheilsustöð, það kemur ekkert meira fjármagn til verkefnanna fyrir það. Og eitt er víst að tóbaksvarnanefnd, sem hefur nokkuð sterkan tekjustofn, óttast það mjög að sá tekjustofn verði notaður til þess að standa undir lýðheilsustarfi á víðara sviði en gert er í dag. Það er hægt að teygja ansi langt í hvað eru tóbaksvarnir og forvarnir og nefndin telur að hún geti ekki verið örugg með að halda því fjármagni alfarið í tóbaksvarnir eins og er í dag.

Ljóst er af umsögn fjmrn. að ekki er ætlað meira fjármagn í sjálfan reksturinn, en tekið er fram að við bætist viðbótarkostnaður vegna launa forstjóra sem nemi 8,3 millj. kr. á ári og 5,7 millj. kr. þurfi til ráðningar fjármálastjóra og 4 millj. kr. til skrifstofurekstrar. Þá væri tímabundinn 5 millj. kr. stofnkostnaður 2003, og það er kannski ekki mikið. En ég horfi þarna á fyrirhuguð laun forstjóra upp á 8,3 millj. kr. á ári og ég tel að til að byrja með gætu þeir fjármunir nýst betur í forvarnastarfið og til eflingar lýðheilsu á meðan verið er að vinna í sátt og samlyndi við þau ráð og nefndir sem eiga að falla þarna undir til að þessir aðilar séu sáttari.

Mér finnst það mikil synd, herra forseti, að reyna ekki að nota tímann núna fram á sumarið, láta ekki starfið niður falla heldur ýta því til hliðar af þessu þingi en vinda sér strax eftir að þingi lýkur í það verkefni að setjast niður með þessum aðilum og endursemja frv. og hætta ekki fyrr en búið er að koma á því formi að allir séu þokkalega sáttir.

Sömuleiðis þarf að fara í að skilgreina aftur starf landlæknisembættisins og heilsugæslunnar en það er landlæknisembættið sem hefur málefni lýðheilsu á sínu borði í dag að svo miklu leyti sem því er sinnt undir formlegum merkjum, annars er það heilsugæslan sem er sú stofnun sem sinnir þessu verki að miklu leyti en það skarast mjög við störf landlæknis. Hér ætti auðvitað að afgreiða tvö frv. á sama tíma, frv. til laga um Lýðheilsustöð eða eitthvað sambærilegt við Lýðheilsustöð, og leggja fram breytingar á lögum um landlæknisembættið því að þetta þarf að skýra betur, a.m.k. að ljóst sé hvert hlutverk hvors aðila er því að skörunin er mikil.

Herra forseti. Það væri hægt að tala hér lengi um þá vankanta sem eru á frv. og það er miður því að ég er alveg viss um að mjög margir sem vinna við heilbrigðisstörf í heilsugæslunni og mjög mörg áhugamannafélög, grasrótarfélög og félög eins og Hjartavernd og tannverndarráð og fleiri, vilja sjá eitthvað svona gerast og þá er alveg synd að standa þannig að því að hafa ekki fólkið með sér í stað þess að hafa þessa hópa í uppnámi út af frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, síðari umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 192. mál. — Þskj. 193, nál. 1259.
[00:13]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. landbn. um till. til þál. um aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað.

Nefndin hefur fjallað um málið sem er endurflutt og var sent til umsagnar á 126. löggjafarþingi. Umsagnir bárust þá frá Sambandi íslenskra loðdýraræktenda, Bændasamtökum Íslands, Skógrækt ríkisins, Félagi hrossabænda, Æðarræktarfélagi Íslands, Landgræðslu ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, Samtökum iðnaðarins, Samtökum atvinnulífsins, Landssamtökum sauðfjárbænda og landbúnaðarráðuneyti.

Tillagan felur í sér áskorun til ríkisstjórnarinnar um að beita sér fyrir aðgerðum til að veita bændum sérstakan aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað sambærilegan þeim sem veittur er annars staðar á Norðurlöndum.

Nefndin telur málið mjög þarft og mikilvægt að landbúnaðarráðherra verði falið að beita sér fyrir aðgerðum sem veita bændum sem stunda lífrænan landbúnað og öðrum sem vilja hefja slíkan landbúnað ekki einungis aðlögunarstuðning heldur einnig almennan stuðning við lífrænan búskap.

Nefndin leggur til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Sigríður Jóhannesdóttir, Guðjón Guðmundsson, Jónína Bjartmarz og Einar Oddur Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita Drífa Hjartardóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Karl V. Matthíasson, Þuríður Backman og Sigríður Ingvarsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðstaða til hestamennsku, síðari umr.

Þáltill. JHall o.fl., 334. mál. — Þskj. 364, nál. 1320.

[00:15]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. landbn. um þáltill. um úttekt á aðstöðu til hestamennsku.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Félagi hrossabænda, Landssambandi hestamannafélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Bændasamtökum Íslands, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Búnaðarsambandi Vestfjarða, Byggðastofnun, Ungmennafélagi Íslands og Búnaðarsambandi Eyjafjarðar.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að fela landbúnaðarráðherra að skipa nefnd sem geri úttekt á aðstöðu til hestamennsku á landsbyggðinni og leggi fram tillögur um stuðning ríkissjóðs við uppbyggingu hennar.

Hestamennska er sívaxandi atvinnugrein og að mati landbúnaðarnefndar einn helsti vaxtarbroddurinn í íslenskum landbúnaði og ferðaþjónustu. Þá er hestamennska mikilvægur þáttur í heilbrigðu félagsstarfi fyrir æsku landsins og eru félagsmenn í hestamannafélögum nú um átta þúsund og mynda stærsta sérsambandið innan Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands.

Nefndin leggur til að málið verði samþykkt óbreytt.

Sigríður Jóhannesdóttir, Guðjón Guðmundsson, Jónína Bjartmarz og Einar Oddur Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nál. rita auk mín hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Karl V. Matthíasson, Þuríður Backman og Sigríður Ingvarsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 1. umr.

Frv. meiri hluta landbn., 715. mál (landbúnaðarhráefni). — Þskj. 1377.

[00:16]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum, frá meiri hluta landbn.

„1. gr. Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, er verður 9. tölul., sem orðast svo: Af hráefni, efnivörum og hlutum sem bera magntoll (A1-tollur) samkvæmt viðauka I við lög þessi og ætluð eru í innlendar framleiðsluvörur, svo og af umbúðum fyrir slíkar vörur. Ef aðvinnsla sem á sér stað hér á landi er óveruleg, svo sem pökkun, umpökkun, átöppun eða blöndun, telst framleiðsluvara ekki vera innlend í skilningi þessa töluliðar.

b. 2. mgr. orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls samkvæmt þessari grein, að undanskildum 9. tölul. 1. mgr. Landbúnaðarráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu skv. 9. tölul. 1. mgr. Gera má að skilyrði lækkunar eða niðurfellingar tolls samkvæmt þessari grein að lögð sé fram fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Greinargerð með þessu frv.:

Í frumvarpinu er lagt til að landbúnaðarráðherra verði veitt heimild til þess að fella niður verð- og magntoll af hráefni og efnivörum sem flokkast sem landbúnaðarvörur og bera magntoll (A1) samkvæmt tollskrá. Tekið er fram að sé aðvinnsla sem á sér stað hér á landi óveruleg, svo sem pökkun, umpökkun, átöppun eða blöndun, teljist framleiðsluvara ekki vera innlend og verður tollur samkvæmt því ekki felldur niður af hráefni, efnivöru eða hlutum í framleiðsluvöruna.

Í núgildandi lögum er fjármálaráðherra veitt heimild í 8. tölul. 1. mgr. 6. gr. til að ákveða með reglugerð skilyrði niðurfellingar á tollum af hráefni, efnivörum og hlutum í innlendar framleiðsluvörur svo framarlega sem ekki er um landbúnaðarhráefni að ræða sem ber magntoll samkvæmt tollskrá. Er því óheimilt að fella niður toll af landbúnaðarhráefni sem nýtur tollverndar á grundvelli innlendrar landbúnaðarstefnu.

Með því að veita landbúnaðarráðherra heimild til að ákveða með reglugerð skilyrði niðurfellingar á tollum af landbúnaðarhráefni sem nýtur tollverndar samkvæmt innlendri landbúnaðarstefnu og ætlað er til framleiðslu á innlendum vörum er innlendum framleiðslufyrirtækjum gert mögulegt að nota erlent landbúnaðarhráefni í innlendar framleiðsluvörur. Er þar um að ræða hráefni sem lýtur reglum um úthlutun tollkvóta, þ.e. vörur sem tilgreindar eru í viðaukum IIIA og B og IVA og B við tollalög. Þar er m.a. um að ræða kjötvörur, mjólkurafurðir, egg og grænmeti. Einnig er um að ræða staðgönguvörur smjörs, svo sem smjörlíki.

Herra forseti. Frumvarp þetta er flutt sérstaklega með það í huga að gera það kleift að flytja hingað til lands hreindýraskrokka frá Grænlandi og fullvinna kjötafurðirnar á Húsavík til útflutnings aftur. Hér er eingöngu um tollamál að ræða.

[00:20]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hér er verið að flytja frv. sem er unnið í framhaldi af umræðum sem urðu í hv. landbn. um afgreiðslu á þáltill. sem vísað hafði verið til nefndarinnar og fjallaði um möguleika á að heimila innflutning á hreindýrakjöti frá Grænlandi til vinnslu innan lands og að afurðir yrðu seldar á erlendan markað. Það er út af fyrir sig mjög áhugavert viðfangsefni sem ég held að fullur vilji sé til að skoða eftir því sem föng eru á. Í nefndinni kom fram vilji, a.m.k. af minni hálfu, til að líta á það mál frekar.

Hins vegar er það mál sem hér er komið fram ekki þáltill. um það afmarkaða efni heldur frv. sem fjallar um miklu víðtækara svið en þáltill. byggðist á og umræðurnar voru um. Hér er lagt til að opna nýja heimild í tollalögum fyrir hæstv. landbrh. til að heimila innflutning, ekki bara á hreindýrakjöti heldur almennt á kjöti án takmarkana á magni og fella niður tolla af því. Með þessu móti er verið að opna, eins og frv. er úr garði gert, fyrir innflutning á erlendum, óunnum kjötvörum sem fara til vinnslu hérlendis og síðan er unnt að selja innan lands á markaði í samkeppni við annað kjöt. Hér er bæði um að ræða samkeppnismál og mál sem lýtur að því að huga að öryggi og sjúkdómum við innflutning á kjötvörum. Eins og menn vita eru Íslendingar afar viðkvæmir fyrir slíku.

Ég held að það sé ekki ráðlegt að grípa til svo mikilla breytinga sem felast í þessu frv. öðruvísi en að athuga málið vandlega, kynna það fyrir hagsmunaaðilum og skoða allar hliðar málsins þannig að ljóst sé að ef málið verður samþykkt

séum við ekki að stíga nein þau skref sem við teljum síðar meir að kynnu að vera óheillaspor.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til hv. landbn. til skoðunar og athugunar í framhaldi af því eftir að 1. umr. er lokið.

[00:23]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál er unnið með þremur ráðuneytum, með landbrn., þar sem Ólafur Friðriksson var nefndinni innan handar við málið, með utanrrn. og fjmrn. Þetta er ekki samkeppnismál eins og hv. þm. hélt fram áðan. Í dag er hægt að flytja inn kjöt víðs vegar að úr heiminum. Þarna er um það að ræða að flytja inn kjöt frá Grænlandi í sérstaka vinnslu á Húsavík til að flytja út aftur. Það er atvinnuskapandi tækifæri fyrir unga menn á Húsavík að vinna úr þessu hráefni. Og landbrh. hefur það alveg á valdi sínu að setja fram reglugerð sem afmarkar málið við Grænland. Það er alveg hreint svæði og þar er sláturhús sem er viðurkennt af Evrópusambandinu.

[00:24]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það verði að hafa í huga að aðalatriði málsins er að í dag er óheimilt að fella niður tolla og flytja inn hráefni eða vörur sem falla undir magntolla samkvæmt tollskrá og það er verið að opna fyrir það. Það er að vísu hugsanlegt að landbrh. geti takmarkað þessa heimild með reglugerð en það er engin skylda á ráðherra að nýta þá heimild þannig að þingið verður að gera það upp við sig hvort það fellst á að ráðherra nýti ekki heimildina. Það er ekki hægt að leggja málið þannig fram að verið sé að opna leið fyrir tiltekinn innflutning sem yrði síðan fluttur út aftur sem unnin vara þegar heimildin er miklu víðtækari. Það er það sem málið snýst um og nauðsynlegt er að málið verði athugað betur en kostur hefur gefist á.

Ég hef t.d. ekki séð þetta frv. fyrr en ég sá það hér í þingsölum. Þetta var kynnt á fundi landbn. í morgun sem ég var ekki á og undirbúningur að þessu frv. var ekki borinn undir mig. Ég sá ekki þetta frv. á vinnslustigi.

Ég vil bara minna hv. þingmann á að það er eðlilegur hlutur að nefndarmenn í landbn. fái til sín mál af þessum toga til athugunar áður en þeir gera upp við sig endanlega hvernig rétt er að afgreiða málið.

[00:26]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get náttúrlega ekki fylgst með hverjir mæta á nefndarfundi ef þeir ætla sér ekki að mæta. Þeir sem flytja þetta mál eru sú sem hér stendur, Sigríður Ingvarsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Karl V. Matthíasson og Guðjón Guðmundsson.

Ég tel að verði þessu máli frestað eða það lagt til hliðar muni þetta tækifæri ekki nýtast þeim ungu mönnum sem vilja fara í þessa vinnslu. Kjötið mun eingöngu fara inn í vinnslustöðina og út úr henni aftur sem hágæðavara á erlendan markað.

[00:27]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða formanns landbn. vil ég árétta að tillaga mín í málinu er að þetta frv. fari til umfjöllunar í landbn. Hún er ekki um neitt annað. Ég held þvert á móti að það sé afar óráðlegt að gefa sér fyrir fram niðurstöðu í þessu máli að óathuguðu máli og án þinglegrar meðferðar.

[00:27]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Í landbn. hefur verið til meðferðar þáltill. sem hv. þm. Sigríður Ingvarsdóttir er 1. flm. að. Þar er m.a. lagt til að heimilaður verði innflutningur á hráu hreindýrakjöti sem slátrað er í Grænlandi, flutt hingað í heilum skrokkum, fullunnið í neytendapakkningar og síðan flutt út aftur. Þetta eru hugmyndir sem hafa komið fram um möguleika á að vinna það kjöt hér á landi sem nú er unnið í Noregi, frá sláturhúsi í Grænlandi sem er viðurkennt sláturhús á hinum Evrópska efnahagsmarkaði. Sláturhúsið, slátrunin og meðferð þar er vottuð. Það er viðurkennt að kjötið sé ósýkt frá Grænlandi og þar af leiðandi er þessi hugmynd út af fyrir sig mjög spennandi og er allra hluta vegna þess virði að skoða hvort það sé óhætt fyrir okkur að gera þetta og hvort mögulegt sé að koma þessu á og þá finnst mér mjög jákvætt að skoða það.

Til að koma því á þarf að finna leiðir til að tryggja að við berum engan skaða varðandi smit. Kjötið sem er þá verið að flytja inn á ákveðinn stað til vinnslu verður þá að fara út aftur en ekki inn á innanlandsmarkað. Þetta er svo niðurstaðan, þetta frv. sem hér lítur dagsins ljós. Því tek ég undir orð hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, það sem var í upphafi afmarkað mál sem landbn. taldi fulla ástæðu til þess að skoða vel er orðið að máli þar sem þetta er hugmyndin á bak við en opnar þá möguleika fyrir innflutning á öðrum landbúnaðarvörum sem eru fluttar inn undir magntollsákvæðum.

Þó svo að hæstv. landbrh. eigi að kveða nánar á um skilyrði fyrir niðurfellingu og lækkun á eða endurgreiðslu á tolli er þetta ekki lengur takmarkað við þessa einu vöru. Vegna þess hve seint þetta var unnið, það var verið að vinna þetta í morgun í landbn., var ekki hægt að kalla til fulltrúa frá Bændasamtökunum. Það var ekki hægt að fara yfir þetta mál eins og ég óskaði eftir.

Mér finnst óvarlegt að afgreiða þetta án þess að fá betri undirbúning. Þó að maður komi ekki auga á það í fljótu bragði gildir þetta um Evrópska efnahagssvæðið og á þetta við allan þann markað og allar þessar landbúnaðarafurðir. Mér finnst bara fyllsta ástæða til að fara varlega í þessu efni. Við þurfum að hafa tíma til þess að skoða svona mál og athuga hvort þarna geti leynst einhver áhætta sem við í fljótu bragði komum ekki auga á.

[00:32]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að segja að hér er eingöngu um heimildarákvæði að ræða og þetta er eingöngu tollamál. Þar sem það kom fram í máli hv. þm. Þuríðar Backman að þetta hafi verið afmarkað mál til að byrja með, þ.e. þáltill. mín um aukinn tollkvóta. Það þótti ekki ganga upp af því að þá var verið að tolla allt þetta kjötmagn hingað inn til lands og ekki þótti nógu gott að fá það í samkeppni við innlenda kjötframleiðslu. En þarna erum við að huga að því að þetta komi hérna inn til vinnslu til áframhaldandi útflutnings.

Með þessu frv. er verið að veita hæstv. landbrh. sams konar heimild og fjmrh. hefur samkvæmt 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987. En í þessari breytingu sem hér er lögð til felst að hæstv. landbrh. fær heimild til að fella niður, lækka eða endurgreiða toll af landbúnaðarhráefni sem nýtur tollverndar.

Í greinargerð með frv. segir, með leyfi forseta:

„Í núgildandi lögum er fjármálaráðherra veitt heimild í 8. tölul. 1. mgr. 6. gr. til að ákveða með reglugerð skilyrði niðurfellingar á tollum af hráefni, efnivörum og hlutum í innlendar framleiðsluvörur svo framarlega sem ekki er um landbúnaðarhráefni að ræða sem ber magntoll samkvæmt tollskrá. Er því óheimilt að fella niður toll af landbúnaðarhráefni sem nýtur tollverndar á grundvelli innlendrar landbúnaðarstefnu."

Síðan er það að sjálfsögðu hæstv. landbrh. að setja nánari skilyrði í reglugerð, m.a. um heilbrigði o.fl.

Herra forseti. Þá er spurningin: Hvað vinnst með því að þetta frv. verði að lögum? Jú, það opnar á að hægt sé að flytja hingað inn góðar landbúnaðarafurðir frá ósýktum svæðum til frekari vinnslu hér á landi og síðan til áframhaldandi útflutnings.

Forsaga þessa máls er sú, eins og fram hefur komið hér, að ég flutti ásamt meðflutningsmönnum fyrr á þessu þingi þáltill. sem gekk út á að auka tollkvóta á hreindýrakjöti, m.a. til að hægt væri að flytja hingað til lands hreindýrakjöt frá Grænlandi og vinna það á Húsavík. En það þótti ekki nógu gott að fara þá leið og því lagði landbrn. og fleiri ráðuneyti til við mig að fara frekar þá leið sem lögð er til hér. Sú leið að auka tollkvótann var ekki talin hentugasta leiðin til að koma til móts við þessa vinnslu og því hefur þetta frv. nú litið dagsins ljós og ég vonast til að það fái skjóta og jákvæða afgreiðslu á hinu háa Alþingi.

Það var sem sagt nefnd þriggja ráðuneyta sem kom að vinnslu þessa máls og mælti með því að þessi leið yrði valin.

Herra forseti. Ég tel að miklir möguleikar liggi hérna ónýttir, þ.e. að flytja inn afurðir frá Grænlandi og vinna hér á landi til áframhaldandi útflutnings, þar sem við höfum hér á landi á að skipa afar færum fagmönnum í matvælaiðnaði og mikla fagþekkingu í greininni. Það tiltekna dæmi sem ég er með í huga varðandi fyrstu skref á þessari braut er að flytja inn óunna hreindýraskrokka í frystigámum frá Grænlandi til Húsavíkur. Framtakssamir einstaklingar þar ásamt Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga hafa verið að undirbúa málið. Hér er um að ræða 2.500–2.700 hreindýraskrokka árlega sem að öllum líkindum yrðu unnir í húsnæði Mjólkursamsölunnar á Húsavík, en öll vinnsla á mjólk og mjólkurafurðum var lögð niður á Húsavík og flutt til Akureyrar eins og kunnugt er. Einungis lítill hluti húsnæðis Mjólkursamsölunnar hefur verið í notkun eftir að starfsemin var flutt burt en í gömlu Mjólkusamsölunni er hátt til lofts og vítt til veggja og húsnæðið því talið henta afar vel starfsemi sem þessari.

Á Grænlandi er hreindýrum slátrað við bestu mögulegar aðstæður í sláturhúsi sem hefur fengið ESB-viðurkenningu til útflutnings og um er að ræða ósýkt, stimplað úrvalskjöt sem tilvalið er að flytja inn og fullvinna hér á landi, jafnvel sem lúxusvöru fyrir erlendan markað. Þannig skapast atvinna og virðisaukinn af verðmætasköpuninni við vinnsluna verður eftir hér í landinu.

Herra forseti. Ég vil að lokum ítreka að með þessu frv. er einungis verið að veita hæstv. landbrh. heimild og ráðherra getur síðan með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði. Að sjálfsögðu þarf að uppfylla öll innflutningsskilyrði svo sem sjúkdómavarnir, vottun o.fl.

[00:37]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þess sem fram kom í máli þingmannsins um aðkomu ráðuneyta að málinu vil ég taka það fram að jafnvel þótt einstakir starfsmenn í ráðuneytum verði við óskum um að finna lausnir á þeim viðfangsefnum sem lögð eru fyrir þau jafngildir það ekki því að ráðuneytið hafi komið formlega að málinu eða að samþykki landbrh. liggi fyrir. Það var ekki um það að ræða í þessu tilviki. Það er um oftúlkun að ræða í þessu mati hv. þm.

Herra forseti. Ég legg áherslu á að þetta mál fái þinglega meðferð. Hv. þm. verður að færa fram rök fyrir því ef hún telur að svo eigi ekki að vera að þessu sinni.

[00:38]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Að gefnu tilefni vil ég taka það fram að þáltill. mín fór í þessa hefðbundnu meðferð. Síðan var mér ráðlagt að fara heldur þá leið sem hér var valin. Í rauninni gengur þetta út á það sama, þ.e. að hægt sé að taka kjötið inn, vinna það hér á landi og flytja það út aftur. Þetta gengur út á það nákvæmlega sama og þannig fór málið út til umsagnar.

[00:38]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þáltill. sem er kveikjan að þessu máli fór í umsagnir. Það er rétt. En hún fjallaði um annað efni en þetta frv. Þetta frv. hefur ekki fengið umsögn eða verið kynnt hagsmunaaðilum. Ég tel eðlilegt að við höldum okkur við það vinnulag að þingmál fari til umsagna og fái hefðbundna venjulega þinglega meðferð eins og rétt er.

[00:39]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Þáltill. gekk í meginatriðum út á það sama. Þáltill. gekk út á það að auka tollkvóta svo að hægt væri að flytja hingað inn hreindýrakjöt. Eftir ábendingar frá landbrn., fjmrn. og utanrrn. var valin frekar sú leið sem hér er farin og þetta frv. liggur nú fyrir. Eftir að hafa setið vel yfir þessu máli og landbn. hefur farið yfir þetta þá tel ég ekki frekari þörf á því.

[00:39]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Ég tel að hugmyndin sem býr að baki þessu máli sé allrar athygli verð og geti út af fyrir sig boðið upp á ýmsa möguleika í atvinnulífinu. En ég verð að segja það, herra forseti, að mér finnst þetta mál ekki nógu ígrundað í þessu frumvarpsformi. Ég tel að hérna sé verið að opna fyrir möguleika á að flytja inn landbúnaðarafurðir í meira mæli en nú er gert ráð fyrir og í raun umfram það sem tilefni málsins miðar að.

Ég vil upplýsa að ég sat fund landbn. í morgun og tók ekki þátt í að afgreiða þetta mál út með þeim hætti sem hér liggur fyrir. Ég vil segja að ég mun ekki styðja frv. komi það til afgreiðslu. Ég tel að skynsamlegt væri að vísa málinu aftur til landbn. til frekari umfjöllunar og m.a. að gefa Bændasamtökunum tækifæri til að tjá sig um það þannig að það fái þinglega meðferð að því leyti. Ég vildi bara koma þessu að, herra forseti, í þessari umræðu.

[00:41]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða um það hvort veita eigi heimild til að flytja inn hreindýrakjöt frá Grænlandi í þeim tilgangi að fullvinna það á Húsavík og selja það síðan til útlanda. Ég segi bara að þetta er hið besta mál. Það eykur atvinnu og getur jafnvel orðið til nýsköpunar í atvinnulífi á þessu sviði. Ég veit ekki betur en að þrjú tonn af hreindýrakjöti hafi verið flutt inn á síðasta ári og átta tonn þar áður, þ.e. að heimildir voru veittar fyrir því. Í þeirri heimild

sem þá var veitt var líka heimild fyrir strútakjöti, fasanakjöti og dádýrakjöti. En hér er eingöngu um það að ræða, herra forseti, að leyfa innflutning á hreindýrakjöti frá Grænlandi og engu öðru landi. Kjöt þaðan er talið vera mjög gott og ósýkt.

Þess vegna segi ég að við skulum bara styðja þetta og vera svolítið jákvæð í þessu máli. Það er jákvæðni að vilja skapa og auka atvinnu þannig að fólk fái tækifæri til að gera meira. Ekki veitir nú af á landsbyggðinni. Hv. 3. þm. Vestf. ætti nú að vita hvernig ástandið er á landsbyggðinni. Hann hefur farið víða um og þekkir þetta.

[00:43]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. flutti hér snjalla ræðu eins og honum einum er lagið og kippti fótunum algerlega undan frv. Hann upplýsti að um innflutning hefði verið að ræða á hreindýrakjöti frá Grænlandi. Ég spyr þá: Hver er þörfin fyrir þessu frv. fyrst hæstv. landbrh. hefur á undanförnum árum getað veitt þær heimildir sem eftir er sóst og eru forsenda þess að málið er flutt? Það er þá ekki skortur á lagaheimildum sem hamlar innflutningnum.

Í öðru lagi sagði hv. þm. ítrekað — og bið ég nú hv. þm. að leggja við hlustir — að þetta frv. fjallaði eingöngu um innflutning á hreindýrakjöti frá Grænlandi. Má ég nú biðja hv. þm. Karl V. Matthíasson, sem ég veit að er vel læs og flytur oft orðið vel, að benda mér á hvar orðið hreindýrakjöt stendur í þessu frv. og hvar stendur orðið Grænland.

[00:44]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Eins og hv. þm. veit var lögð fram þáltill. um að leyft yrði að flytja inn hreindýrakjöt og óskað var eftir því að fram kæmu breytingar á tillögunni til þess að hægt væri að gera hana þannig úr garði að auðveldara væri að greiða fyrir þessu máli. Frá því hefur verið skýrt hér.

Hins vegar er ljóst að í frv. stendur ekki orðið hreindýrakjöt. En við vitum að um það er að ræða í þessu ákvæði. En það er ljóst að gert er ráð fyrir því líka og hugsunin er sú að þetta verði leyft með reglugerð og um það snýst málið. Hv. þm. veit að málið fjallar um ákveðna atvinnustarfsemi sem á að vera á Húsavík eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. gat hér um áðan. (Gripið fram í.) Við vitum allt um það. Það er á Húsavík. Við vitum um hvað málið og efnishluti þess snýst eins og fram hefur komið í greinargerð og umræðu um málið *í landbn. og á öðrum vettvangi.*

[00:45]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom í ljós að hv. þm. gat ekki bent á þessi tvö lykilorð í ræðu sinni áðan, „hreindýrakjöt" og „Grænland". Þvert á móti liggur fyrir og kom fram í máli hans að hér er ekki um að ræða afmarkað mál um eina kjöttegund sem yrði flutt inn frá einu landi, unnin hérlendis og afurðirnar seldar erlendis. Þvert á móti er um að ræða almenna heimild sem verið er að leggja til að verði opnuð en í dag er óheimilt að fella niður toll af landbúnaðarhráefni sem nýtur tollverndar á grundvelli innlendrar landbúnaðarstefnu. Hér *er verið að leggja til að opna þetta algjörlega, ekki bara fyrir* hreindýrakjöti heldur, eins og kemur fram í greinargerðinni, kjötvörum, mjólkurafurðum, eggjum, grænmeti o.fl. Um er að ræða mjög víðtæka heimld og hún er svo víðtæk að hún afmarkast ekki við að hið innflutta hráefni verði selt sem fullunnar vörur erlendis. Heimildin nær til þess einnig að menn geti selt þetta innflutta hráefni þegar búið er að vinna úr því hér á innanlandsmarkaði.

Mig langar að spyrja hv. þm.: Telur hann að staðan á kjötmarkaði innan lands sé með þeim hætti að rétt sé að bæta við, flytja inn hráefni og bæta við til sölu á innanlandsmarkaði? (Gripið fram í.) Telur hv. þm. að það sé það besta sem hann geti gert fyrir landbúnaðinn í dag? (**DrH:** Þetta er til útflutnings og það veit hv. þm.)

[00:47]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel það vera mjög jákvætt og gott fyrir íslenskan landbúnað ef hægt er að flytja inn kjöt frá útlöndum sem unnið er hér og flutt síðan aftur út til útlanda, það er er kjarni þessa máls í rauninni. Það er kjarni málsins og hv. þm. veit það.

Hins vegar veit ég ekki betur en að nú þegar sé hrátt kjöt flutt inn í landið. Ég veit ekki betur en að til séu heimildir hjá fjmrh. til að gera það. (**Gripið fram í:** Rjúpa.) T.d. rjúpa, eins og gerst hefur, og hreindýrakjöt sem flutt hefur verið inn. Ef hv. þm. er að tala um að verið sé að flytja inn kjöt frá útlöndum sem keppir við innlent kjöt þá á hann að berjast gegn því að flutt sé inn rjúpa í landið og strútakjöt, fasanakjöt og dádýrakjöt sem ætlað er til neyslu hér á landi. (**Gripið fram í:** Ekki gleyma pokarottunum.) Ég tala nú ekki um pokarottur ef einhver er farinn að flytja svoleiðis kjöt inn til átu.

En grundvallaratriðið er, herra forseti, svo það komi bara aftur skýrt fram, að málið snýst um það og hugsunin í þessu máli er sú að það hreindýrakjöt sem flutt yrði inn er flutt inn til vinnslu og þaðan á að flytja það úr landi, þannig að þetta er svona til að auka útflutning og skapa meiri gjaldeyristekjur og ekki veitir nú af til þess að (**ÍGP:** Hvað með dúfurnar?) efla og styrkja mannlíf í landinu. (**SJS:** Heyr og amen.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lax- og silungsveiði, 1. umr.

Frv. landbn., 716. mál (yfirstjórn fisksjúkdómamála). — Þskj. 1384.

[00:50]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum, frá landbn.

I. Kafli. Breyting á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 78. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála. Honum til aðstoðar er fisksjúkdómanefnd, en í henni eiga sæti yfirdýralæknir, sem er formaður nefndarinnar, veiðimálastjóri, fiskistofustjóri og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum. Ef atkvæði verða jöfn í nefndinni skal atkvæði formanns ráða úrslitum. *Fisksjúkdómanefnd skal hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir* og gera tillögur til ráðherra um aðferðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í kafla þessum, og annað er að fisksjúkdómum lýtur.

II. Kafli. Breyting á lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra skal setja sérstaka reglugerð um innflutning og útflutning sjávardýra í samráði við sjávarútvegsráðherra.

Með frumvarpi þessu leggur landbúnaðarnefnd fram breytingar sem nauðsynlegar eru vegna frumvarps sjávarútvegsráðherra um breytingu á lögum nr. 33 16. apríl 2002, um eldi nytjastofna sjávar.

Samkvæmt frumvarpi sjávarútvegsráðherra verður heimilt að flytja inn sjávarfisk. Þá er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra fari með yfirstjórn sjúkdómamála í sjávarfiskum og er fisksjúkdómanefnd samkvæmt frumvarpinu honum til aðstoðar og ráðuneytis. Með þessu breytist hlutverk fisksjúkdómanefndar en það hefur hingað til einskorðast við fisk sem lifir í ósöltu vatni. Valdsvið nefndarinnar er aukið með þessari breytingu og þykir því nauðsynlegt að fiskistofustjóri taki sæti í nefndinni. Með því verður hún skipuð fjórum aðilum og því miðað við að verði atkvæði jöfn ráði atkvæði formanns úrslitum.

Samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim fer landbúnaðarráðherra með yfirstjórn þeirra mála er lögin taka til. Með frumvarpinu er honum gert að setja sérstaka reglugerð um innflutning og útflutning sjávardýra í samráði við sjávarútvegsráðherra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atferlis- og eldisrannsóknir á þorski á Vestfjörðum, síðari umr.

Þáltill. EKG o.fl., 52. mál. — Þskj. 52, nál. 1244.

[00:53]

Frsm. sjútvn. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. sjútvn. Álitið hefur legið frammi á þskj. 1244 og er um till. til þál. um miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á þorski á Vestfjörðum.

Nefndin hefur fjallað um málið sem er endurflutt en áður flutt á síðasta þingi. Þá bárust nefndinni umsagnir frá nokkrum aðilum sem taldir eru upp á þingskjalinu.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að ríkisstjórninni verði falið að setja á laggirnar miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á þorski á Vestfjörðum er hafi það hlutverk að standa fyrir og efla rannsóknir á þessu sviði í samvinnu við háskóla- og rannsóknastofnanir og efla starfsemi rannsóknastofnana á svæðinu í því skyni.

Nefndin telur að tillagan falli vel að áformum ríkisstjórnarinnar um eflingu byggða og atvinnulífs í landinu, sem og rannsóknastarfsemi hérlendis, og leggur því til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndarmaður var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir álitið rita auk mín Kristinn H. Gunnarsson, Einar K. Guðfinnsson, Svanfríður Jónasdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón A. Kristjánsson, Adolf H. Berndsen og Hjálmar Árnason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Strandsiglingar, síðari umr.

Þáltill. JB o.fl., 47. mál. — Þskj. 47, nál. 1298.

[00:55]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá samgn. um till. til þál. um strandsiglingar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Jafnframt var málið sent til umsagnar á síðasta þingi og bárust þá nefndinni umsagnir frá Vegagerðinni, Byggðastofnun, Siglingastofnun Íslands og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Nefndin telur efnisatriði málsins þess eðlis að rétt sé að þau séu skoðuð af ríkisstjórninni og þeim stofnunum ríkisins sem í hlut eiga.

Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Auk þess sem hér stendur rita undir nál. Arnbjörg Sveinsdóttir, Magnús Stefánsson, Sigríður Ingvarsdóttir, Jón Bjarnason, Lúðvík Bergvinsson og Jóhann Ársælsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verndun búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi, síðari umr.

Þáltill. EKG o.fl., 55. mál. — Þskj. 55, nál. 1304.

[00:56]

Frsm. umhvn. (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá umhvn. um till. til þál. um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi.

Við umfjöllun málsins bárust nefndinni umsagnir frá nokkrum aðilum. Nefndin telur að stuðla eigi að verndun þess menningararfs sem felst í búsetu og búsetuminjum í jaðarbyggðum Íslands. Við umfjöllun málsins var bent á að jaðarbyggðir landsins endurspegli mjög vel tengsl þjóðarinnar við landið í aldanna rás og með hvaða hætti þjóðin nýtti sér gæði þess sér til lífsviðurværis. Því séu þær afar mikilvægur þáttur í menningarsögu þjóðarinnar.

Árneshreppur á Ströndum er á margan hátt einstök jaðarbyggð, landfræðilega afmarkaður, nokkuð þéttbýll, auk þess sem þar er að finna fjölbreyttar minjar um búsetu, atvinnuhætti og sögu þjóðarinnar.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn nefnd er vinni að gerð tillagna um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi í Strandasýslu á grundvelli samþykktar norrænu ráðherranefndarinnar frá 12. nóvember 1996 og leita eftir víðtæku samstarfi heimamanna og félagasamtaka í þeim tilgangi.“

Við afgreiðslu málsins voru fjarverandi hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason, Jóhann Ársælsson, Kolbrún Halldórsdóttir og Kristján Pálsson.

Að nál. standa hv. þm. Magnús Stefánsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Katrín Fjeldsted, Gunnar Birgisson og Ásta Möller.

[00:57]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta nál. liggur hér fyrir og ljóst er að málið hefur fengið góðar viðtökur. Það hefur átt sér nokkurn aðdraganda, var flutt fyrir einu eða tveimur árum og hafði í sjálfu sér verið í undirbúningi um nokkurn tíma, m.a. í samvinnu við Landvernd og fleiri aðila. Í greinargerð þáltill. er hugsunin á bak við þetta nánar rakin. Ég vil einungis leggja mikla áherslu á það að reynt sé að hraða nefndarstörfum eins og hægt er og komast að niðurstöðu sem allra fyrst og vinna þessi mál í góðri samvinnu við íbúa í Árneshreppi.

Ljóst er að með samþykkt tillögunanr, sem vonandi verður nú að veruleika á eftir, er búið að viðurkenna sérstöðu Árneshrepps á Ströndum og það er út af fyrir sig heilmikil og söguleg ákvörðun. Mér er ekki kunnugt um að ákvörðun af þessu tagi, þar sem Alþingi ályktar sérstaklega um sérstöðu eins sveitarfélags eða eins landsvæðis, hafi áður átt sér stað þannig að á vissan hátt er með þessari litlu tillögu verið að brjóta nokkuð í blað. Ég held þess vegna að þetta sé mjög þýðingarmikið mál vegna þess að mikið er í húfi að mínu mati að efla forsendur byggðar í Árneshreppi á Ströndum og fagna því að um þetta mál er að takast þverpólitísk samstaða.

[00:59]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. ræðumönnum um þessa tillögu um verndun búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi. Ég tel að þetta sé afar merk tillaga og skapi sterkari grundvöll til þess að taka á með Árneshreppsbúum um að styrkja og efla búsetu þar.

Einmitt þessa dagana berast fréttir af því að tvær fjölskyldur, tvenn ung hjón með börn, hafa áhuga á því að flytjast norður og aftur heim í átthagana og búa sér þar skilyrði til atvinnu og mannlífs, og það eru stórtíðindi fyrir ekki stærra samfélag en hér er um að ræða. Það er því afar mikilvægt að sú tillaga sem hér liggur fyrir verði samþykkt og unnið verði hraustlega á grundvelli hennar og annarra atriða sem geta verið til styrktar búsetu, mannlífi og atvinnulífi í Árneshreppi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar, síðari umr.

Þáltill. ÖHJ, 254. mál. — Þskj. 258, nál. 1340.

[01:00]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um till. til þál. um nefnd til að kanna rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar.

Í tillögunni er lagt til að kannað verði hver þróun fasteignaverðs á landsbyggðinni hafi verið samanborið við höfuðborgarsvæðið.

Efh.- og viðskn. leggur til breytingar á tillögugreininni. Auk orðalagsbreytinga þykir nauðsynlegt að tiltaka hvaða tímabil skuli skoðað og jafnframt er lengdur sá frestur sem nefndin hefur til að ljúka starfi sínu.

Tillagan hljóðar þannig svo breytt, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn nefnd sem kanni þróun fasteignaverðs á landsbyggðinni í samanburði við höfuðborgarsvæðið síðastliðin tíu ár. Nefndin skoði ítarlega hvernig fasteignir fólks á landsbyggðinni hafi rýrnað í verði og þá hversu mikið, leiti úrræða og komi með tillögur til úrbóta.

Nefndin ljúki störfum fyrir árslok 2003."

Hv. þingmenn Hjálmar Árnason og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita hv. nefndarmenn efh.- og viðskn. Einar K. Guðfinnsson, formaður og frsm., Gunnar Birgisson, Árni R. Árnason, Adolf H. Berndsen, Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir á þorskeldi, síðari umr.

Þáltill. KVM o.fl., 35. mál. — Þskj. 35, nál. 1245.

[01:02]

Frsm. sjútvn. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1245 frá hv. sjútvn. um till. til þál. um rannsóknir á þorskeldi.

Nefndin hefur fjallað um málið sem er endurflutt og hafði fengið umsagnir um það á síðasta þingi frá þó nokkuð mörgum aðilum sem taldir eru upp í þingskjalinu.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra verði falið að hlutast til um að skipulegar rannsóknir á þorskeldi frá klaki til slátrunar verði stórauknar, svo og að fjarða- og kvíaeldi á þorski verði eflt og stutt, með það að markmiði að Íslendingar geti framleitt eldisþorsk til útflutnings innan fárra ára.

Sjávarútvegsnefnd telur brýnt að móta heildarstefnu í þessum málum og með vísan til þeirrar vinnu sem stjórnvöld eru að vinna nú þegar leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson sem er nefndarmaður var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Auk mín rita undir álitið hv. þingmenn Kristinn H. Gunnarsson, Einar K. Guðfinnsson, Svanfríður Jónasdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón A. Kristjánsson, Adolf H. Berndsen og Hjálmar Árnason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skógrækt 2004–2008, síðari umr.

Stjtill., 689. mál. — Þskj. 1121, nál. 1402.

[01:04]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá landbn. um till. til þál. um skógrækt 2004–2008.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Níels Árna Lund frá landbúnaðarráðuneyti og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands. Þá bárust umsagnir frá Skógrækt ríkisins, Héraðsskógum, Austurlandsskógum,

Norðurlandsskógum, Skjólskógum á Vestfjörðum, Suðurlandsskógum, Vesturlandsskógum og Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að á árunum 2004–2008 skuli fjármagn veitt til skógræktar á Íslandi samkvæmt nánari sundurliðun sem kemur fram í tillögugreininni og gerir kleift að gera áætlanir fram í tímann fyrir hvert og eitt skógræktarverkefni.

Fyrir liggur að samstaða er um skiptingu milli landshlutabundinna skógræktarverkefna um fjármagn og leggur nefndin því til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Guðjón Guðmundsson og Einar Oddur Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita hv. þingmenn Drífa Hjartardóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Jónína Bjartmarz, Karl V. Matthíasson, Þuríður Backman og Sigríður Ingvarsdóttir.

[01:05]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á þessari þáltill. og því hve mikilvægt er fyrir skógræktarverkefnin að hafa fastan ramma til að vinna eftir. Verkefnin þurfa að lágmarki þrjú ár og helst fimm til þess að hægt sé að panta plöntur og gera áætlun um ræktun. Því er mikilvægt að slík áætlun liggi fyrir.

Þessi áætlun hefur verið unnin með forstöðumönnum skógræktarverkefnanna og þeir hafa skipt þessu þannig að hlutföllin innbyrðis eru eins og þeir sem við verkið vinna telja eðlilegt. Ég vil ítreka það hvað skógræktarverkefnin eru mikil undirstaða atvinnu á þessum svæðum og mikill stuðningur við bændur og búsetu í þessum byggðum. Þau eru einn af þeim vaxtarsprotum sem hefur alveg örugglega orðið til þess að halda mörgum svæðum í byggð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Raforkuver, frh. 3. umr.

Stjfrv., 670. mál (Norðlingaölduveita, Nesjavallavirkjun og Hitaveita Suðurnesja). — Þskj. 1090.

[01:07]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Komið er að lokum umfjöllunar um frv. til laga um raforkuver og lýkur nú ákveðnum kafla í sögu þessa kjörtímabils, vil ég meina, því að þetta kjörtímabil hefur einkennst af umræðum um virkjanir, deilum um virkjanir og stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar.

Ekki fer hjá því þegar maður stendur hér á síðasta degi þessa kjörtímabils, herra forseti, að maður láti hugann reika aftur til upphafsdaga kjörtímabilsins þegar í þessum þingsal var tekist harkalega á um Fljótsdalsvirkjun. Þá var lögð fram þáltill. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun og allt logaði hér í illdeilum og fyrir utan húsið og úti í samfélaginu voru mikil, hávær og fjölmenn mótmæli. Þjóðin var rifin í tvennt vegna málsins. Í hnotskurn má segja að þau mótmæli hafi haldið áfram allt þetta kjörtímabil. Krafturinn í þeim var mjög mikill þarna í upphafi þar sem fólk fann sig knúið til þess að reyna að gera allt sem hugsast gat til þess að hindra stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar þar sem engri náttúruperlu okkar átti að eira. Virkjanastefnan var ekki á borðunum heldur átti að plokka út kannski þá virkjanakosti sem hættulegast var að taka með tilliti til umhverfisáhrifa. Undir voru allar helstu náttúruperlur hálendisins og, herra forseti, það er leitt til þess að vita að þær skuli enn vera undir.

Í upphafi voru þessar hugmyndir ríkisstjórnarinnar kallaðar einnar hugmyndar byggðastefna og þær byggðu á því að reisa ætti álver í Reyðarfirði og að það væri mikil byggðaaðgerð. Síðar breyttist sú umræða ríkisstjórnarinnar og farið var að tala um stóriðjustefnuna sem mikið bjargræði fyrir íslenskt efnahagslíf.

Þetta upphaf málsins í upphafi þessa kjörtímabils fól auðvitað í sér að hrinda af stað stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar sem hefur verið að afhjúpa sig smám saman á kjörtímabilinu og við stöndum nú frammi fyrir því stækka eigi álverið á Grundartanga, álverið í Straumsvík og reisa nýtt álver í Reyðarfirði.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan stóðu miklar deilur í upphafi þessa kjörtímabils. Veturinn 1998–1999 stóðu listamenn á Austurvelli og lásu ljóð alla fimmtudaga þann vetur, 45 þúsund undirskriftir bárust til ríkisstjórnarinnar þar sem því var mótmælt að farið yrði í framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun án þess að mat á umhverfisáhrifum yrði framkvæmt samkvæmt lögum og fjöldafundir voru haldnir. Á endanum var málinu þrýst í gegnum þingið með meirihlutavaldi. En snemma árs árið 2000 gerðust undur og stórmerki. Málið datt upp fyrir. Norsk Hydro breytti sínum plönum og hætti við þá stærð af álveri sem fyrirhugað hafði verið að reisa. Það var hætt við Fljótsdalsvirkjun en hugmyndir komu upp um stærra álver og stærri virkjun og teikningar af Kárahnjúkavirkjun voru dregnar fram og mat á umhverfisáhrifum leit dagsins ljós og því var lokið síðsumars árið 2001.

Skipulagsstofnun lagðist gegn þeim náttúruspjöllum sem fylgja áttu Kárahnjúkavirkjun. En rétt fyrir jól árið 2001 var þeim úrskurði snúið við af hæstv. umhvrh. Siv Friðleifsdóttur og það hefur verið mikið gagnrýnt, eins og fólk veit, alveg frá þeim degi. Reyndar var það kært. Málið átti að fá flýtimeðferð fyrir dómstólum. En flýtimeðferðin varð ekki meiri en svo að það er fyrst núna í apríl næstkomandi sem málflutningur verður í þessu máli, eftir að Alþingi er búið að stimpla virkjunina og álverið sem hún á að keyra áfram.

Síðan gerist það vorið 2002, herra forseti, að Norsk Hydro hætti við allt saman. Allt fór í uppnám á stjórnarheimilinu. Hvað var þá gert? Finnur Ingólfsson var sóttur í Seðlabankann, gerður út af örkinni með nesti og nýja skó, sendur til Ameríku og fenginn til að draga eða veiða stórfyrirtækið, álauðhringinn Alcoa til Íslands. Finni tókst það og fékk Alcoa til þess að fara í föt Norsk Hydro og taka hér við hugmyndum á silfurfati með gífurlegri meðgjöf, meðgjöf sem kölluð hefur verið skammarleg í þessum sal og ég veit ekki hvað annað. Finni tókst að draga Alcoa hingað inn á mettíma og ný hugmynd leit dagsins ljós. Sú hugmynd fór aldrei í mat á umhverfisáhrifum, Skipulagsstofnun sagði að þess þyrfti ekki af því að umhverfisáhrifin af álveri Alcoa yrðu miklu minni en af álverinu sem Norsk Hydro þóttist ætla að reisa. Samt var enginn vothreinsibúnaður við hið nýja álver en gífurlega aukinn útblástur brennisteinsdíoxíðs sem ekki átti að fara í gegnum vothreinsibúnað heldur verður blásið upp í loftið í gegnum tvo 80 m háa skorsteina. Það var sem sagt ekkert mat. Úrskurðurinn var kærður. Starfsleyfi var

auglýst. Sú auglýsing var líka kærð. Hvorugt þessara mála hefur verið til lykta leitt. Kæruferli þeirra er enn í gangi.

Herra forseti. Framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun hófust sumarið 2002. Þessar framkvæmdir voru kallaðar undirbúningsframkvæmdir og þær hafa staðið allt fram á þennan dag. Það sem kannski hefur tekið mest á í sambandi við þessar undirbúningsframkvæmdir, herra forseti, hafa verið sprengingar síðustu daga. Í gær var sprengt við Kárahnjúkavirkjun og fyrir viku varð önnur ámóta sprenging við Kárahnjúkavirkjun þar sem gljúfrin miklu voru eyðilögð. *Það þurfti að gera sneiðing niður í gljúfrin af gljúfurbarminum.* En sannleikurinn er sá að þessi sneiðingur var sprengdur í leyfisleysi. Náttúruvernd ríkisins, sem nú er náttúruverndarsvið Umhverfisstofnunar, hefði átt að gefa leyfi fyrir þessum sprengingum. Um það var sótt á sínum tíma en náttúruverndarsvið Umhverfisstofnunar hafnaði leyfinu, gaf ekki leyfi fyrir því sem búið er að framkvæma og menn hafa fylgst með í sjónvarpi og nú í dag á forsíðum blaðanna þar sem birtast ljótar ljósmyndir af jörðinni sem bylt er upp með tugum eða hundruðum þúsunda tonna af dínamíti. Ég kann ekki að fara með þær tölur. En jörðin byltist og hrundi síðan niður í gljúfrin. Þetta var gert í leyfisleysi.

Herra forseti. Daginn eftir að álverið í Reyðarfirði var samþykkt var lagt á borð þingmanna frv. til stækkunar álvers á Grundartanga og það er mál sem við höfum verið að fjalla um þessa vikuna með því máli sem hér er til umfjöllunar, um raforkuverin sem fylgja þessari stækkun og þar er undir ein allra dýrmætasta náttúruperla íslensku þjóðarinnar og kannski ein allra dýrmætasta náttúruperla á norðurhveli jarðar.

Herra forseti. Ég gat um það fyrr í máli mínu að mótmæli hefðu verið mikil allan þennan tíma, allt þetta kjörtímabil. Við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, höfum gagnrýnt það hversu mikið óðagot hefur verið á þessum málum, hversu oft hefur verið komið í veg fyrir faglega umfjöllun mála, hversu mikið hefur verið rekið á eftir öllum þessum málum og oft verið til skammar hversu lítið málin hafa verið rædd í nefndum. Það á við um það mál sem við fjöllum um hér. Rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma hefur ekki fengið þann forgang sem eðlilegt hefði verið. Hún er rétt handan við hornið núna því fyrsti áfangi rammaáætlunarinnar er væntanlegur sennilega í maí eða júní. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum þrábeðið um að beðið verði með ákvarðanir um þessar framkvæmdir allar þar til rammaáætlunin liggur á borðinu því að hún var upphaflega sköpuð til þess að reyna að ná sátt um virkjanir og virkjanakosti í landinu. En hana á að sniðganga og það á að halda áfram á hnefanum eins og gert hefur verið allt þetta kjörtímabil.

Það á heldur ekki að vega og meta kosti nýtingar með því að vernda náttúruna á þessum svæðum. Við höfum ekki fengið að taka afstöðu til þess hvort sé hagkvæmara fyrir land og þjóð að stofna þjóðgarð á þessum svæðum eða virkja og náttúruvernd hefur ekki verið viðurkennd í þessum sal sem nýting. Ekki hefur farið fram skilyrt verðmætamat á náttúru landsins. Ekki hefur verið metið til einnar einustu krónu það land sem fer undir þau virkjunarmannvirki sem verið er að færa erlendum stóriðjufyrirtækjum á silfurfati. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Viðvaranir hagfræðinga sem hafa verið ærnar núna seinustu missirin hafa verið hunsaðar. Það er alveg ljóst út frá öllum þessum sjónarmiðum sem ég hef tæpt á að hér er um mikið glæfraspil að ræða og ekki er búið að bíta úr nálinni með það. Ef til vill fer það svo að hagkerfið okkar bíði þess ekki bætur um langan tíma að farið er út í þessar framkvæmdir á þeim hraða og af þeirri litlu fyrirhyggju sem raun ber vitni.

Herra forseti. Í allan vetur hefur verið mótmælt fyrir utan þetta hús. Í 139 daga í vetur hafa mótmælendur staðið á Austurvelli í hádeginu og í gær var þess minnst að þessir 139 dagar eru nú liðnir. Það var síðasti dagur mótmælanna og hér stöndum við nú, herra forseti, á síðasta degi þingsins, síðasta degi kjörtímabilsins og erum að taka lokaákvörðun um að fórna Þjórsárverum til eilífðar að öllum líkindum. Já, herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spyr: „Fórna Þjórsárverum?“ Það hefur verið farið inn á það hér í ræðum að ef Litlu-Arnarfellskvísl og vesturkvíslinni verður veitt í set- og veitulón uppi við Þjórsárjökul þá geti á 30–40 árum orðið svo mikil röskun í grunnvatnsrennslinu í verunum að það geti haft í för með sér óbætanlegan skaða, það geti fórnað lífríkinu í verunum austanverðum og það lífríki verður ekki endurheimt. Þetta eru niðurstöður vísindamanna sem segja að það séu ónógar rannsóknir á þessu svæði enda eru *rannsóknirnar á þessu svæði einungis tveggja sumra.* Það er allt og sumt. Þó að svæðið innan friðlandsins sé mjög mikið rannsakað þá hefur svæðið utan friðlandsins verið sáralítið skoðað og það er hluti af hinum landfræðilegu Þjórsárverum og vísindamenn segja að við séum að vaða út í óráðsíu sem alls ekki sé hægt að sjá fyrir hvar endar.

Herra forseti. Alþingismenn urðu vitni að gjörningi á Austurvelli í gær þar sem 139 ljós voru tendruð frá styttu Jóns Sigurðssonar og hingað upp að þessu húsi, ljós sem táknuðu 139 daga þessara mótmæla og sömuleiðis 63 ljós sem táknuðu tækifærin sem fólust í atkvæðum okkar þingmanna í álmálinu sem afgreitt var sem lög frá Alþingi fyrir rúmri viku. Áhrifaríkt var að horfa á þennan ljósagjörning, herra forseti, þegar 139 daga mótmælunum lauk. En eins og ég sagði áðan, herra forseti, var líka sprengt við Kárahnjúka í gær og tilfinningum fólks sem er mótfallið þessum framkvæmdum er freklega misboðið við að horfa á myndir sem birtast í fjölmiðlum af þeim atburði. Þetta fólk, herra forseti, vildi geta kastað sér yfir landið því til verndar eins og foreldrar kasta sér yfir börnin sín sé þeim ógnað.

Já, herra forseti. Þetta eru þungir dagar fyrir það fólk sem hefur lagt mikið í sölurnar við að berjast fyrir skynsamlegri atvinnustefnu, atvinnustefnu sem byggir ekki á stóriðju heldur atvinnustefnu sem byggir á því að taka tillit til stærðar og smæðar samfélagsins, gerðar þess og að taka mið af því að náttúran okkar sé verðmætari vernduð en virkjuð.

Herra forseti. Það er með miklum trega að ég flyt lokaræðu mína á þessu kjörtímabili um þessi mál sem ég hef reynt að beita mér í af heiðarleika og mikilli elju allt kjörtímabilið, enda er við ofurefli að etja í þessum sal eins og löngu er vitað. En ég segi, herra forseti, að flaustrið og óðagotið getur skilað okkur erfiðleikum sem verður kannski erfitt að sigrast á. Nú eru að koma upp úr kafinu vísbendingar um að fljótfærnislegar ákvarðanir um Kárahnjúkavirkjun geti átt eftir að enda með ósköpum. Er ég þá að vísa til skýrslu sem komin er upp úr kafinu, skýrslu sem Grímur Björnsson jarðeðlisfræðingur ritaði í febrúar árið 2002. Hann ritaði hana til þess að reyna að koma vitinu fyrir alþingismenn, sýna þeim fram á að það lægi kannski svona í augum uppi að hægt væri að taka þá ákvörðun um Kárahnjúkavirkjun sem Alþingi tók fyrir ári

síðan. Óðagot og flaustur geta sem sagt leitt af sér ófyrirséða erfiðleika, herra forseti, og skýrsla Gríms ber vott um það.

Mig langar til að nota sem niðurlagsorð ræðu minnar, herra forseti, tilvitnun í grein sem ég birti í fylgiskjali með minnihlutaáliti umhvn. á nefndaráliti á þskj. 1280 í þessu máli sem við nú fjöllum um. Það er grein eftir Guðmund Pál Ólafsson náttúrufræðing þar sem hann brýnir okkur varðandi Þjórsárverin og vill auðvitað að við hugsum það mál betur eins og við höfum kannski átt að hugsa málið um Kárahnjúkavirkjun betur. Ég geri mér fulla grein fyrir því, herra forseti, að of seint er að verða við þessari bón Guðmundar Páls Ólafssonar. En ég vil nota orð hans engu að síður sem niðurlagsorð mín því að þau eiga hér vel heima og eru í takt við það sem ég hef verið að færa fram í ræðum mínum í dag þar sem ég hef verið að tala um áhrif setlónsins uppi við Þjórsárjökul og þau örlög sem mögulega bíða Þjórsárvera fari þessar framkvæmdir allar af stað eins og Landsvirkjun nú áformar.

Herra forseti. Guðmundur Páll Ólafsson segir í grein sinni sem ber heitið Þyrmum Þjórsárverum, með leyfi forseta:

„Niðurstaða Jóns Kristjánssonar er „óskaplega framsóknarleg" aðferð — að ætla bæði að vernda og virkja. Hvernig vatnsbúskapur á ekki að raskast með því að raska honum er þungavigtarspeki. Málið snýst um framtíð vistkerfis en alls ekki um að gera öllum til geðs. Leikflétta stjórnvalda fólst í því að hleypa Landvirkjun inn í vestanverð Þjórsárver. Það var gert — annað stóð ekki til — þrátt fyrir að ráðgjafinn, Conor Skean, teldi allar forsendur vera fyrir því að hafna Norðlingaölduveitu algerlega... Hann benti á að örlítil óvissa um náttúruferli gæti þýtt mikla heildaróvissu.

Meðferð Þjórsárvera endurspeglar sjálfsvirðingu og skyldur okkar að vernda sameiginlega arfleifð mannkyns. Hvorki Þjósárverum né friðlandinu er borgið. Til þess þurfti kjark og virðingu fyrir einstæðri náttúru. Með því að hleypa Landsvirkjun inn í hin helgu vé og heimila Jóns-áfanga Kvíslaveitu heldur hernaðurinn áfram."

Herra forseti. Um framkvæmdir þær sem hér er verið að samþykkja ríkir mikil óvissa enn alveg eins og það ríkir mikil óvissa um Kárahnjúkavirkjun þó að framkvæmdir séu komnar vel á veg.

Herra forseti. Ég vona að náttúra Íslands eigi á þeim kjörtímabilum sem við eigum nú fram undan á Alþingi Íslendinga eftir að fá að njóta vafans.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hafnalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 661. mál (heildarlög). — Þskj. 1075, nál. 1236, 1336 og 1342, brtt. 1237.

[01:27]

Kristján L. Möller (frh.):

Hæstv. forseti. Í dag ræddi ég þetta frv. (**KHG:** Í gær.) Já, í gær. Þakka þér fyrir, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Svona líður tíminn. Í gær var ég sem sagt að ræða þetta frv. og fór í gegnum ýmis mál sem eru keimlík þessari árás á landsbyggðina og landsbyggðarhafnir. Ég vil segja, herra forseti, að ég tel, og hef kynnt mér það í dag hjá nokkrum sveitarfélögum, að Hafnasamband sveitarfélaga hafi oftúlkað stuðning og ánægju margra sveitarfélaga við þetta frv.

Herra forseti. Á fundi samgn. spurði ég formann Hafnasambandsins, sem heitir Árni Þór Sigurðsson, hvort þeir teldu sig hafa umboð frá öllum þeim höfnum sem hér er verið að fjalla um fyrir því að mæla með frv. og í raun styðja það eins og það liggur fyrir. Ég ætla ekki að hafa orðrétt eftir það sem sagt var. Ég vil það helst ekki. En eftir skoðun mína í dag hef ég styrkst í þeirri trú að það er verið að oftúlka stuðning sveitarfélaga við þetta mál.

Mjög margir sveitarstjórnarmenn og sveitarstjórar vitnuðu til samþykktar Hafnasambands sveitarfélaga sem setti nokkur skilyrði við atriði í þessu sambandi eftir endurskoðun á þessum lögum og þau eru í frv. á bls. 10. Þau voru sett þar með.

Ég vil stikla á nokkrum atriðum hér í lokin sem ekki hefur verið farið eftir enda var þetta frv. núna ekki sent til sveitarfélaganna til umsagnar. Í þessum punktum Hafnasambands sveitarfélaga segir m.a., með leyfi forseta: „að sú gríðarlega sundurliðun á gjaldtöku sem skilgreind er í 17. gr. virðist stangast á við markmið nýrra hafnalaga sem lýtur að aukinni sjálfstjórn hafna".

Ef við förum yfir í 17. gr. sem heitir Gjöld segir þar: „Heimilt er að innheimta eftirtalin gjöld fyrir rekstur hafna samkvæmt kafla þessum:" Síðan eru talin upp 15 nöfn á gjöldum sem heimilt er að rukka inn en þessi gjöld sem rukkuð eru mega bara standa undir tilteknum þáttum í rekstri hafnarinnar. Og ég ætla rétt að biðja hv. þingmenn að ímynda sér hvernig vinnan verður núna hjá bókhaldsdeildum sveitarfélaga við það að setja upp þessa miklu sundurliðun og fara að keyra það í gegn. Tökum hérna bara eitt dæmi:

„Vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eru eða losaðar í höfn, þar á meðal aflagjald sem er vörugjald af sjávarafla sem lagður er á land á hafnarsvæðinu." — Svo kemur rúsínan í pylsuendanum: „Gjald þetta skal standa undir kostnaði af aðstöðu við bryggju og á hafnarbakka."

Það er sem sagt verið að skilgreina þann kostnað sem hlýst af því að skapa aðstöðu við bryggju og hafnarbakka og vörugjaldið á að standa undir því.

Ef við tökum annað dæmi:

„Farþegagjald og gjald fyrir bifreiðar sem ekið er um borð eða frá borði í ferju til þess að standa straum af kostnaði við aðstöðu og búnað fyrir farþega og bíla."

Það verður sem sagt að sérgreina í rekstri hafnarinnar þann kostnað sem er við að skapa aðstöðu og búnað fyrir farþega og bíla og það má vera gjaldstofn til að búa til farþegagjald.

Eigum við að halda áfram?

„Leigugjöld fyrir afnot af mannvirkjum eða tækjum hafnarinnar, þar með talið upptökumannvirkjum og löndunarkrönum. Gjaldið skal standa undir kostnaði við rekstur, viðhald og endurnýjun mannvirkjanna."

Tökum dæmi: Löndunarkraninn verður að vera sérliður og allt sem þar fellur til og sá kostnaður og þær tekjur sem þarna verða rukkaðar í leigugjöld mega ekki fara upp fyrir þetta. Þetta er, herra forseti, alveg með ólíkindum og 17. gr. er sennilega það vitlausasta af þessu vitlausa frv. Flestallir eru sammála um að það sé nær óframkvæmanlegt að gera þetta á þann hátt sem hér er lagt til.

Höldum hérna áfram, tökum 13. töluliðinn:

„Sorpgjöld sem skulu standa straum af kostnaði við sorphirðu frá skipum og fyrirtækjum á hafnarsvæði."

Þetta verður allt að sundurliða. Það er ekkert smáræðisbákn sem verið er að búa til af flokknum sem einu sinni

hafði unga menn í ungliðasveit sinni, hinni svokölluðu stuttbuxnadeild Sjálfstfl., sem fór um og talaði um „báknið burt". (Gripið fram í.) Ég mundi halda að það væri svo langt síðan að þeir voru ungir að það hafi kannski ekki verið komið eins mikið bákn þegar það var.

En ég vildi aðeins segja þetta, herra forseti, um 17. gr. enda held ég að það muni koma mjög á sveitarstjórnarmenn og bókhaldsdeildir sveitarfélaga þegar fara á að vinna eftir þessu.

Önnur skilyrði í þessum kafla eru þau skilyrði Hafnasambandsins að það sé kynnt sveitarfélögum og fjallað um það. Hér er annar liður á bls. 11:

„... að útreikningar varðandi stöðu einstakra hafnarsjóða miðað við áhrif 24. gr. frumvarpsins verði kynntir höfnum landsins nú þegar. Þeir útreikningar munu gera höfnum frekar ljóst hver samkeppnishæfni þeirra er að breyttum lögum."

Ég spyr: Hefur þetta verið gert? Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk í skoðun minni í dag var það ekki. Svo kemur hér rúsínan í pylsuendanum:

„... að endurskoðað frumvarp verði sent höfnum landsins til yfirlestrar að nýju."

Ég verð að viðurkenna að það voru einn eða tveir eða þrír samgöngunefndarfundir sem ég komst ekki á en ég held að ég hafi reynt að fylgjast með því hvað fram fór á þeim fundum. Og ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm. og formann samgn., Guðmund Hallvarðsson, hvort þetta skilyrði hafi verið efnt, að endurskoðað frv. hafi verið sent höfnum landsins til yfirlestrar að nýju svo að þær gætu gefið umsögn um þetta mál.

Nei, herra forseti, það verður bara að segjast alveg eins og er að það frv. sem við erum hér að ræða er því miður hægt að flokka sem enn eitt árásarfrumvarpið á sveitarfélögin í landinu, samanber tryggingagjaldið og það allt saman. Þetta er árás á hafnir á landsbyggðinni og þetta er auðvitað hrein árás á landsbyggðarfólk. Það þarf þá bara að taka meira út úr sveitarsjóði til þess að reka hafnirnar.

Sem betur fer fylgir fylgirit hérna, ýmsar upplýsingar um hafnir — ég sagði það hér í dag, varaði við því og spurði hvernig það mundi þróast þegar hafnir fara að hækka gjaldskrá sína og hinar ríku og betur settu hafnir, lesist: Reykjavík, Hafnarfjörður, svo við tökum dæmi, munu geta farið að veita afslætti og lokka til sín frystitogara af landsbyggðinni til löndunar hér þannig að það verði ódýrara að landa þar. Áður hef ég tekið dæmi um það þegar Eimskip breytti gjaldtöku sinni vegna strandsiglinga og hef tekið dæmi um það sem kemur bara beint úr greininni, að það kostar í dag milljón kr. meira að landa úr frystitogara úti á landi en ef það er gert í Reykjavík. Það er vegna akstursins og gámagjaldsins sem Eimskip tók upp. Og ef við bætist svo að hafnir geta lokkað til sín frystitogara með afsláttum vegna þess að þær hafa góð rekstrarskilyrði, hvernig fer það þá? Og hafnirnar eiga að fá að auka tekjur sínar með því að auka aflagjaldið.

Tökum nokkrar hafnir sem dæmi. Tökum Seyðisfjörð. Þar voru aflaverðmæti 1997 1.219 millj., 1998 1.450 millj., 1999 878 millj.

Herra forseti. Við verðum auðvitað að fara aftur í tímann til þess að athuga hvað þarna var að gerast. Það getur hafa verið erfitt ár, t.d. í loðnuveiðum, eða einhverjar aðrar breytingar hafa átt sér stað. E.t.v. hafa frystitogarar ekki komið í höfn, þótt það eigi kannski ekki við þarna.

Eigum við að taka annað dæmi? Fjarðabyggð. Þar voru þessar tölur þannig að 1997 er aflaverðmæti 3,7 milljarðar, 4,2 milljarðar 1998, 2,7 milljarðar 1999. Fáskrúðsfjörður, Búðahreppur. Fyrir sömu ár, aflaverðmæti milljarður 1997, tæpur milljarður 1998, 728 millj. árið 1999.

Höfum aðeins í huga aflagjaldið sem á að reiknast af þessu, höfum í huga tekjurnar sem hafnirnar eiga að fá út af þessu. Hugsum svo aðeins til þessara hafna núna. Ég ætla að taka eina höfn í viðbót, Siglufjarðarhöfn. 1997 1,8 milljarðar tæpir, 1998 1.340 millj., 1999 rétt rúmur milljarður. (**Samgrh.:** Það þarf ekki höfn þegar gatið verður komið.) Þarf ekki höfn þegar gatið verður komið, segir samgrh. (**Gripið fram í:** Hárrétt, hárrétt.) Það gæti vel verið að umhverfið hefði verið öðruvísi í hafnamálum ef göngin hefðu verið gerð 10, 15, 20 árum of seint. En af því að hæstv. samgrh. kallar hér fram í um göngin ætla ég að nota þetta tækifæri í framhjáhlaupi til að óska honum til hamingju með það að loksins skuli vera búið að senda út útboðsgögnin fyrir Siglufjörð. (**Samgrh.:** Loksins?) Já, loksins. Við erum búin að bíða ansi lengi eftir því að það yrði gert. Það var talað um það fljótlega í janúar. Það ber samt að þakka fyrir það þótt seint sé. (**Samgrh.:** Jæja.) Að sjálfsögðu.

En tökum nú nokkrar af þeim höfnum sem ég hef nefnt hér sem dæmi. Nú er nýbúin loðnuvertíð sem því miður var ekki eins góð og vertíðin í fyrra. (**Gripið fram í:** Það er ... að kenna.) Út af fyrir sig er það mjög alvarlegt mál auðvitað ef við töpum útflutningsverðmætum vegna þess að við gátum ekki veitt alla loðnuna sem við ætluðum okkur að veiða, ef tapið er allt að 3 milljörðum. En ég er aðeins að hugsa til þessara hafna, hvað þær tapa miklum tekjum þetta árið og þekki það vel frá mínum heimabæ, þekki það vel frá t.d. Raufarhöfn, Þórshöfn og þeim stöðum sem ekki hafa fengið eins mikið af loðnu nú og oft áður. Ég get ekki séð annað en að það sé fyrirsjáanlegt verulegt tekjufall hjá þessum höfnum á þessu ári, svo að við tökum sem dæmi, og auðvitað þær sveiflur sem enginn ræður við en geta orðið.

Herra forseti. Það er nú farið að líða vel á þennan fund. Ég lýsi yfir andstöðu þingmanna Samfylkingarinnar við þetta frv. Við teljum þó að það hafi örlítið skánað frá því að það var fyrst lagt fram, samt ekki nægjanlega, enda var það arfavitlaust þá. Málið hefði þurft að fá meiri umfjöllun í samgn., lengri tíma, og sveitarfélögin hefðu þurft að fá að koma að því, jafnvel Hafnasambandið að ræða það, til þess að athuga hvort áfram væri hægt að ganga göngu til þess að láta það skána þannig að fleiri yrðu ánægðir með það og það væri ásættanlegt.

Ég tek undir ýmislegt af því sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði við 1. umr. þessa máls og lýsti áhyggjum sínum við það. Ég ætla svo sem ekkert að krefjast þess að heyra og kalla eftir afstöðu framsóknarmanna til þessa frv. en ég tók þó eftir því við 1. umr. að hæstv. samgrh. taldi ástæðu til að minna hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, þingflokksformann Framsfl., á það að hér væri um stjfrv. að ræða. Og, herra forseti, kannski er eðlilegt að eitt af síðustu málum þingsins á þessu kjörtímabili sé mál sem veldur miklum deilum og kemur í ljós að mun mismuna sveitarfélögum mjög mikið eftir því hvar er á landinu. Og því miður verð ég að segja að mér finnst þetta bera allt of mikinn keim af því að ekki er horft heildstætt á þetta. Hagsmunirnir eru svo misjafnir milli hafna. Ég hef sagt það og ætla að enda með því að segja að þetta er árás, því miður, á hafnarsjóði og mörg sveitarfélög vítt og breitt um landsbyggðina, og ég

harma það hvað þetta varðar eins og ýmis önnur mál þar sem ráðist hefur verið að sveitarfélögum og landsbyggðarfólki.

[01:42]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar tekið var inn í þingsköp fyrir nokkrum árum að heimila þingmönnum að veita andsvör við ræðum þingmanna var það gert til þess að gera umræðuna snarpari og gefa þingmönnum kost á að bregðast við því sem fram kom í ræðu þingmanns með fljótari og skilvirkari hætti en hafði verið mögulegt fram að því. (**Gripið fram í:** ... einhverjir dagar ...) Nú háttar svo til að ég bað um andsvar við ummælum í ræðu hv. þingmanns sem féllu fyrir einu dægri síðan og liðlega það þannig að það er nokkuð farið að slá í þann hluta ræðunnar sem mér fannst ástæða til að bregðast við. Ég held þó, herra forseti, að ég muni enn þá hvað það var sem mér fannst ástæða til að gera athugasemd við.

Þingmaðurinn talaði um að það frv. sem hér er til umræðu væri eitt af árásarfrumvörpunum frá ríkisstjórninni á hendur landsbyggðinni og nefndi dæmi máli sínu til sönnunar, önnur dæmi, og þar með talið frv. um breytingar á lögum um heilsugæslustöðvar þar sem ákveðið er að leggja niður stjórnir þeirra. Það var eiginlega það sem mér fannst ástæða til að bregðast við því hann taldi að í þeirri tillögu heilbrrh. væri um að ræða miðstýringu og stöðuga viðleitni ríkisins til þess að draga vald úr höndum heimamanna til ríkisins.

Ég vildi nú segja, herra forseti, að gert er ráð fyrir því að framkvæmdastjórn starfi við sjúkrahús og heilsugæslustöðvar á landsbyggðinni. Þær eru skipaðar þremur mönnum sem allir eru starfsmenn viðkomandi stofnana og þessir þrír starfsmenn eru auðvitað búsettir á landsbyggðinni, eru auðvitað hluti af því fólki sem býr í þeim samfélögum sem stofnanirnar þjóna. Mér finnst ósanngjarnt að líta svo á að ríkisstarfsmenn geti ekki verið heimamenn.

[01:45]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kann að vera að ýmislegt hafi gleymst hérna daginn eftir að við vorum að ræða þetta, en hv. þm. nefndi það orð sem ég notaði, jú það er rétt, „árásarfrumvarp“. Hann gerði að umtalsefni gagnrýni mína á breytingu á rekstrarþáttum heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa, þ.e. að leggja niður stjórnir sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva eins og hæstv. heilbrrh. var að gera. Ég var mjög andvígur því og ég las hér upp margar umsagnir. Síðan hefur komið í ljós eftir það að fleiri umsagnir frá sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni hefðu átt að vera komnar inn miðað við hvað þessu ráðslagi var mótmælt. Ég las upp úr ágætri umsögn frá Akureyri, þar sem þetta var kallað miðstýring þar sem verið væri að draga störf suður og ég er enn þá á því að svo sé.

Ég sagði hins vegar, og það var kannski eins og með þetta, að fyrstu og upphaflegu hugmyndir hæstv. ráðherra voru um algjöran niðurskurð á öllu og ekkert í staðinn. Í meðförum heilbrn. varð til þetta framkvæmdastjórnarbatterí eða það styrkt og það var skömminni skárra en það sem var í byrjun.

Ég er hins vegar enn á þeirri skoðun að það hefði verið betra að halda þessum stjórnum, eins og ég lagði til, en gera þó þær breytingar að ráðherra skipaði þrjá í staðinn fyrir sveitarfélögin og þetta væru pólitískir fulltrúar, umsjónarmenn, trúnaðarmenn viðkomandi heilbrrh. á kjörtímabili ráðherra sem sæju um rekstur og það sem þyrfti að gera á þessum stöðvum.

Ég er enn þá á þeirri skoðun, herra forseti, að það sem gert var hafi verið misráðið. En því miður, þessi lög hafa þegar tekið gildi.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti minnir á að hér er verið að ræða hafnalög.)

[01:47]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski ástæða til að minna á það og ég geri engar athugasemdir við það að forseti nefni þetta, en hins vegar kom þingmaðurinn í ræðu sinni inn á þennan þátt og rakti hann. Það var athugasemdalaust af hálfu forseta þannig að þetta var hluti af ræðu hans og af því sem fram kom í máli hans og því eðlilegt að gera athugasemdir við það ef ástæða þykir til. Og mér þykir það í þessu tilviki þar sem í ummælum þingmannsins fólst sú skoðun að á þá starfsmenn sjúkrahúsa eða heilbrigðisstofnana sem þar starfa og eru búsettir úti á landi sé ekki litið sem heimamenn.

Mér finnst, herra forseti, hins vegar sjálfsögð sú breyting sem lögð var til. Það fyrirkomulag sem verið hefur til þessa er þannig að sveitarstjórnir hafa skipað þær stjórnir, þrjá eða fjóra af fimm, og ráðherra aðeins skipað einn. Sveitarstjórnirnar hafa ekki borið neina ábyrgð á rekstrinum, þær hafa ekki lagt neitt til rekstrarins en borgað hluta af stofnkostnaði.

Þegar samið er um það að sveitarfélögin hætti að leggja nokkuð fram í stofnkostnað þá sé ég ekki nokkra ástæðu til þess að meiri hluti stjórnar sé skipaður af aðila sem ber enga ábyrgð á rekstrinum. Auðvitað á sá aðili sem ber ábyrgð á rekstrinum og fulltrúi þess sem borgar hann að skipa þessa aðila og samkvæmt lögum ræður hann framkvæmdastjóra þannig að þetta eru trúnaðarmenn hans og eðlilegt að þeir verði það í þessu.

[01:49]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í seinna andsvari hv. þm. kom fram mikill misskilningur. Hann segir að ekki sé eðlilegt að meiri hluti stjórnar sé skipaður af þeim sem beri ekki ábyrgð og leggi ekki til rekstrarins. Ég er alveg sammála þessu, hv. þm. Þetta var það sem lagt var til í brtt. minni og ég hefði viljað leiðrétta þann misskilning, kveðið var skýrt á um það. Þess vegna var það í brtt. minni að ráðherra mundi skipa þrjá, sveitarstjórn einn og starfsmenn einn.

Ég er sammála því sem hv. þm. sagði og um það var brtt. mín, að sá sem ber litla ábyrgð á rekstrinum á ekki að skipa meiri hluta stjórnar. En ég vil hafa það alveg á hreinu að hv. þm. hefur þá misskilið þá tillögu viljandi eða óviljandi, en svona var nú þetta.

Hitt atriðið, sem ég tel nú vera útúrsnúning, um það að ég telji ekki að þriggja manna framkvæmdastjórn sé ekki skipuð heimamönnum, það hef ég aldrei sagt. Ég sagði að þetta væri skömminni skárra en hitt hefði verið betra. Og ef eitthvað er þá hef ég styrkst í þeirri trú að sú tillaga sem ég lagði fram var betri en sú lending sem náðist, þ.e. sú málamiðlun sem gerð var til lausnar á málinu.

[01:50]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef orðið var við það hjá þeim sem hafa hlustað á hv. 3. þm. Norðurl. v., Kristján L. Möller, að hann hefur komið því vel til skila að hann er landsbyggðarþingmaður, ég óska honum til hamingju með það. (**KLM:** Þakka þér fyrir.)

Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, vitna til nál. 1. minni hluta samgn., en þar segir:

„Engar forsendur eru fyrir því nú að samþykkja lög sem gera ráð fyrir að þessar hafnir keppi sín á milli með þeim hætti sem fyrirhugað er. Í frumvarpinu felst að stjórnvöld treysta sér einfaldlega ekki til að tryggja búsetu í byggðum landsins né hafa þau dug í sér til að taka ákvörðun um það hvaða byggðir skuli lifa og hverjar ekki. Þess í stað á að etja þeim saman á ógeðfelldan hátt. Slík vinnubrögð eru þinginu ekki sæmandi og því leggst 1. minni hluti gegn því að frumvarpið verði samþykkt."

Nú langar mig til, herra forseti, að spyrja hv. þm. hvort í eftirfarandi orðum að hafa „dug í sér til að taka ákvörðun um það hvaða byggðir skuli lifa og hverjar ekki" felist fyrirheit Samfylkingarinnar um að hún hafi leyniskýrslu um það hvaða byggðir hún vill að lifi og hvaða byggðir hún vill að deyi hér á landi. Ef það er ekki skilningurinn þá er þetta undarleg orðnotkun.

[01:52]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef gert mér grein fyrir því í dag að hæstv. forseti þingsins, Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e., var hér að störfum til klukkan sex síðustu nótt og það kom fram í störfum hv. þm. sem forseta hér í dag. Nú vantar klukkuna fimm mínútur í tvö og ég virði það alveg að menn séu orðnir þreyttir. Ég verð að segja alveg eins og er að þetta andsvar er ekki svaravert.

[01:52]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni L. Möller fyrir orð hans. Mér fannst þau satt að segja lýsandi fyrir manninn sjálfan.

[01:53]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér fimm mínútum fyrir tvö á síðasta degi þingsins tel ég ekki ástæðu til að munnhöggvast frekar við fráfarandi forseta sem er að gegna sínum lokastörfum hér sem forseti þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:56]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1408. — Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv.

Raforkuver, frh. 3. umr.

Stjfrv., 670. mál (Norðlingaölduveita, Nesjavallavirkjun og Hitaveita Suðurnesja). — Þskj. 1090.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:57]

Frv. samþ. með 36:6 atkv. og sögðu

já: AHB, ÁRÁ, ÁRJ, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, LMR, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

21 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁMöl, EOK, EMS, GE, GÁS, GunnB, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, KPál, LB, MS, ÓÖH, RG, SvH, VS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1423).

Barnalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 180. mál (heildarlög). — Þskj. 181, nál. 1338, brtt. 1339 og 1343.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:57]

1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JB, JBjart, KVM, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

21 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁMöl, EOK, EMS, GE, GÁS, GunnB, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, LMR, LB, MS, ÓÖH, RG, SvH, VS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddur.

2.–3. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 1339,1 samþ. með 42 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.

5.–9. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 1339,2 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JB, JBjart, KVM, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁMöl, EOK, EMS, GE, GÁS, GunnB, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, LB, MS, ÓÖH, RG, SvH, VS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 44:1 atkv. og sögðu

já: AHB, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JB, JBjart, KVM, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: PHB.

18 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁMöl, EOK, EMS, GÁS, GunnB, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, LB, MS, ÓÖH, RG, SvH, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

11.–30. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 1343,1 kölluð aftur.

31. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 1343,2 kölluð aftur.

32. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.

33.–34. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 1339,4 samþ. með 49 shlj. atkv.

35. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.

36.–37. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1339,5 samþ. með 52 shlj. atkv.
38. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
39.–42. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1339,6 samþ. með 54 shlj. atkv.
43. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
44.–47. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1339,7 samþ. með 55 shlj. atkv.
48. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
49.–66. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1339,8 samþ. með 55 shlj. atkv.
67. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
68.–73. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 1339,9 samþ. með 55 shlj. atkv.
74. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
75.–79. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 1339,10 samþ. með 55 shlj. atkv.
80. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
81.–82. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Húsnæðissamvinnufélög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 396. mál (heildarlög). — Þskj. 1404.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:04]
Frv. samþ. með 37:18 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
8 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1425).

Lyfjalög og læknalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 423. mál (lyfjagagnagrunnar). — Þskj. 1405.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:06]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, LMR, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [02:05]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Með þessu frv. er viðkomandi stofnunum gefinn óþarfur og allt of víðtækur aðgangur að persónulegum upplýsingum einstaklinga. Sá takmarkaði viðbótarárangur sem gagnagrunnurinn skilar er að mínu mati of lítill miðað við þá almannahagsmuni sem verður fórnað og því greiði ég þessu frv. ekki atkvæði.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1426).

Lýðheilsustöð, frh. 2. umr.

Stjfrv., 421. mál. — Þskj. 530, nál. 1370 og 1372.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:06]
1. gr. samþ. með 36:10 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GÖ, JÁ, KVM, PHB, SJóh, SvanJ.
7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2.–10. gr. samþ. með 35:11 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GÖ, JÁ, KVM, PHB, SJóh, SvanJ, ÖS.
7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, BBj, EMS, GÁS, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, BjörgvS, EMS, GÁS, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Hafnalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 661. mál (heildarlög). — Þskj. 1075, nál. 1236, 1336 og 1342, brtt. 1237.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[02:07]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við munum greiða atkvæði gegn þessu frv. þar sem við teljum að með því að opna fyrir einkavæðingu hafnanna sé haldið inn á mjög háskalega braut. Samkvæmt 3. tölul. 8. gr. frv. er opnað fyrir þann möguleika.

Það eru vissulega fleiri slæm ákvæði í þessu frv. en spurninguna um einkavæðingu teljum við mesta grundvallaratriðið og þá stefnubreytingu sem í því fælist. Með þessari lagabreytingu, ef samþykkt verður, yrði opnað á að færa hafnirnar, þessa mikilvægu almannaþjónustu, og í raun þennan hluta af samgöngukerfinu í landinu inn í markaðsumhverfi og undir samkeppnislög sem leiða mundu til árekstra þegar fram í sækti og hætt er við því að smátt og smátt mundi þetta verða til þess að brjóta niður þessa þjónustu sem almannaþjónustu og ýta til hliðar félagslegum og byggðapólitískum sjónarmiðum.

Það er óhjákvæmilegt að það komi fram að í burðarliðnum var samkomulag við hæstv. samgrh. um að taka út úr frv. hin umdeildu ákvæði sem heimila einkavæðingu hafna. Samfylkingin féllst ekki á samkomulag um að afgreiðsla málsins yrði með þeim hætti. Við hefðum talið slíka breytingu svo mikilvæga að í stað þess að greiða atkvæði gegn frv. óbreyttu, sem við munum gera, hefðum við setið hjá. Ég harma að ekki reyndist unnt að ná þessu fram.

Forseti (Halldór Blöndal):

Hv. 7. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[02:09]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. Ögmund Jónasson, formann þingflokks VG, að koma hingað rauðan og bláan af heift og ásaka Samfylkinguna um það að hafa komið í veg fyrir eitthvert samkomulag. Við erum einfaldlega á móti þessu frv., nærfellt öllum megingreinum þess og við vorum ekki aðilar að neinu samkomulagi. Þau hrossakaup sem VG kann að hafa verið að gera við einhverja ráðherra eru okkur með öllu óviðkomandi og þessi áburður hv. þm. er honum ekki sæmandi. Vinnubrögð af þessu tagi eru stjórnmálaflokki ekki sæmandi.

1. gr. samþ. með 36:18 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

2.–7. gr. samþ. með 36:18 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 36:18 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[02:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í þessari grein frv., 3. tölul. 8. gr., eru þau ákvæði sem hvað umdeildust hafa verið, a.m.k. af hálfu okkar, þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, þar sem opnað er fyrir þann möguleika að færa rekstur hafna yfir í einkahlutafélög eða yfir í hlutafélagaform og fela þann rekstur einkaaðilum. Það er augljóst mál að það er mikil grundvallarákvörðun að fara inn á þá braut en samkvæmt gildandi lögum hefur þetta verið samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga og alfarið opinber þjónusta.

Það hefði verið til mikilla bóta, herra forseti, ef það hefði náðst fram að fella út þessi umdeildu ákvæði vegna þess að önnur atriði, sem vissulega eru mörg og umdeilanleg í frv., eru fæst þess eðlis að þar sé um grundvallarstefnubreytingu að ræða af því tagi að ekki mætti lagfæra það enda sum þeirra þannig úr garði gerð að þau eiga ekki að koma til framkvæmda fyrr en jafnvel að fimm árum liðnum. Ég harma það, herra forseti, að ekki skyldi takast að lenda málinu þó þannig sem til bóta hefði verið, að þetta umdeilda atriði færi út. Ég greiði að sjálfsögðu atkvæði gegn þessu ákvæði.

9. – 13. gr. samþ. með 36:18 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1237,1 samþ. með 37:18 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.

8 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 35:18 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.
9 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, StB, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

15.–16. gr. samþ. með 36:18 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1237,2 samþ. með 37:16 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ.
10 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

17. gr., svo breytt, samþ. með 36:18 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

18.–23. gr. samþ. með 36:17 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
10 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, KHG, LB, RG, SJóh, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1237,3 samþ. með 37:18 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
8 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

24. gr., svo breytt, samþ. með 35:17 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, EMS, GAK, GÁS, JóhS, LB, RG, SI, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

25.–30. gr. og ákv. til brb. I samþ. með 36:17 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.
9 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1237,4 samþ. með 37:18 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
8 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. II, svo breytt, samþ. með 36:18 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. III samþ. með 36:18 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1237,5 samþ. með 36:18 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. IV, svo breytt, samþ. með 36:18 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43:8 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞBack.
nei: ÁSJ, BjörgvS, BH, KolH, KLM, SJS, SvanJ, ÖS.
12 þm. (ÁMM, EMS, GAK, GÁS, JóhS, JB, KVM, LB, RG, SvH, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Raforkulög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 462. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1406, brtt. 1408.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:18]
Brtt. 1408,1 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
9 þm. (AHB, ÁSJ, EOK, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GÁS, GÖ, GunnB, JóhS, KLM, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1408,2 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS.
3 þm. (AHB, EOK, PHB) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, EMS, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, KHG, KLM, LB, RG, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 34:8 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: AHB, ÁSJ, EOK, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, KVM, KLM, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, KHG, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1428).

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, frh. 3. umr.

Stjfrv., 463. mál. — Þskj. 1407.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:19]
Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1429).

Sjómannalög, frh. 2. umr.

Frv. HjÁ o.fl., 60. mál (bótaréttur). — Þskj. 60, nál. 1227.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:20]
Brtt. í nál. 1227 (ný 1. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Færeyska fiskveiðistjórnarkerfið, frh. síðari umr.

Þáltill. HjÁ, 56. mál. — Þskj. 56, nál. 1243, brtt. 1317.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:21]
Till. í nál. 1243 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ÁMM, ÁRJ, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, SP, StB, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.
Brtt. 1317 kom ekki til atkv.

Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, frh. síðari umr.

Þáltill. ÖJ, 34. mál. — Þskj. 34, nál. 1279.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:23]
Tillgr. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
9 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, LB, ÓÖH, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[02:22]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég fagna því sérstaklega að þessi þáltill. skuli koma til lokaafgreiðslu á þinginu en hún fjallar um að kannað verði á hvern hátt unnt sé með lagasetningu að sporna við því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort heldur með uppsögnum eða mismunun í starfi. Skipuð verði nefnd þar sem fulltrúar samtaka launafólks eigi aðild auk fulltrúa stjórnmálaflokka á þingi og skal nefndin skila áliti innan árs.

Þessa þáltill. hef ég flutt fyrir hönd þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á öllum þingum á þessu kjörtímabili og er það okkur mikið fagnaðarefni að hún skuli nú fást samþykkt.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
10 þm. (ÁMM, ÁMöl, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1431).

Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla, frh. síðari umr.

Þáltill. MF o.fl., 171. mál. — Þskj. 172, nál. 1307.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:23]
Tillgr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
10 þm. (ÁMM, ÁMöl, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1432).

Atferlis- og eldisrannsóknir á þorski á Vestfjörðum, frh. síðari umr.

Þáltill. EKG o.fl., 52. mál. — Þskj. 52, nál. 1244.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:24]
Till. í nál. 1244 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 54 shlj. atkv.

Strandsiglingar, frh. síðari umr.

Þáltill. JB o.fl., 47. mál. — Þskj. 47, nál. 1298.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:25]
Till. í nál. 1298 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 54 shlj. atkv.

Verndun búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi, frh. síðari umr.

Þáltill. EKG o.fl., 55. mál. — Þskj. 55, nál. 1304.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:25]
Tillgr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
9 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, LB, PHB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1433).

Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, frh. síðari umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 192. mál. — Þskj. 193, nál. 1259.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:26]
Till. í nál. 1259 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 55 shlj. atkv.

Aðstaða til hestamennsku, frh. síðari umr.

Þáltill. JHall o.fl., 334. mál. — Þskj. 364, nál. 1320.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:26]
Tillgr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ÁMM, ÁMöl, EKG, EMS, GÁS, GÖ, JóhS. LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1434).

Rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar, frh. síðari umr.

Þáltill. ÖHJ, 254. mál. — Þskj. 258, nál. 1340.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:27]
Brtt. í nál. 1340 (ný tillgr.) samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
8 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1435).

Rannsóknir á þorskeldi, frh. síðari umr.

Þáltill. KVM o.fl., 35. mál. — Þskj. 35, nál. 1245.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:29]
Till. í nál. 1245 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
9 þm. (ÁMM, EKG, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[02:28]
Karl V. Matthíasson:
Herra forseti. Að minni hyggju getur þorskeldi ef vel verður á haldið orðið gífurlega mikil lyftistöng fyrir atvinnulíf á Íslandi. Um leið og ég segi já, herra forseti, vil ég þakka fyrir jákvæða umfjöllun sjútvn. á þessari tillögu sem fyrst kom fram fyrir þremur árum. Að lokum langar mig líka til að þakka þingmönnum og starfsfólki þingsins fyrir gott samstarf þann tíma sem ég hef setið á þingi. Sjáumst síðar. Guð blessi þing og þjóð.

Tollalög, frh. 1. umr.

Frv. meiri hluta landbn., 715. mál (landbúnaðarhráefni). — Þskj. 1377.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:29]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.

Frv. vísað til landbn. felld með 35:19 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, GÁ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, KVM, KÓ, KolH, KHG, KPál, MS, ÓÖH, SJS, VS, ÞBack, ÖJ.
nei: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, KF, KLM, LMR, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÞKG, ÖS.
1 þm. (JBjart) greiddi ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[02:30]
Sigríður Ingvarsdóttir:
Herra forseti. Eins og við vitum er komið að lokum þessa þings og eigi þetta góða mál að ná fram að ganga þá gefst ekki tími til að vísa því til nefndar. Því legg ég eindregið til að við afgreiðum það núna. Eingöngu er verið að ræða um heimildarákvæði sambærilegt við það sem hæstv. fjmrh. hefur samkvæmt 6. gr. tollalaga. Verið er að veita hæstv. landbrh. þessa heimild svo að hægt sé að vinna hreindýrakjöt frá Grænlandi á Húsavík og ég legg til að við styðjum þetta góða mál.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 718. mál. — Þskj. 1400.

[02:31]
Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):
Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:
„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 14. mars 2003 eða síðar, ef nauðsyn krefur."
Tillagan skýrir sig sjálf.

[02:32]
Steingrímur J. Sigfússon:
Herra forseti. Ég ætla ekki að reisa ágreining um það að Alþingi samþykki hér og nú að fresta fundum þingsins. Þó er það eitt mál sem mér finnst standa þannig af sér þessar

klukkustundirnar að tæpast er vansalaust að Alþingi fari heim án þess að taka á því með einhverjum hætti.

Samkvæmt fréttum sjónvarpsstöðva og alþjóðlegra miðla undanfarnar klukkustundir er flest sem bendir nú til þess að jafnvel á fundum forseta Bandaríkjanna, forsætisráðherra Bretlands og Spánar um þessa helgi verði teknar endanlegar ákvarðanir um innrás í Írak og þá allt eins án nokkurrar frekari umfjöllunar Sameinuðu þjóðanna. Ég hygg að flest þjóðþing sem eru að störfum um þessar mundir séu af fáum hlutum uppteknari en þeim alvarlegu atburðum sem nú blasa við mannkyninu og mér hefði þótt við hæfi að Alþingi Íslendinga hefði, áður en það lyki störfum, tekið á þessu máli með einhverjum hætti. Tillaga um að Alþingi lýsti yfir afdráttarlausri andstöðu við þessa aðgerð fékkst ekki afgeidd úr nefnd og þar af leiðandi hefur Alþingi ekki átt kost á því að tjá hug sinn í þessu máli þó svo kunni að fara að innan jafnvel fárra sólarhringa gætu íslensk stjórnvöld staðið frammi fyrir því að beint eða óbeint yrði farið fram á tiltekin afnot af íslenskri aðstöðu vegna hinnar erlendu herstöðvar sem hér er. Í öllu falli, herra forseti, vil ég nota þetta tækifæri til að undirstrika afdráttarlausa andstöðu okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs við því að farið verði í þennan hildarleik.

Að því sögðu lýk ég máli mínu og nota tækifærið til að þakka hv. þm. fyrir samstarfið á kjörtímabilinu sem nú er senn á enda.

[02:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég geri að sjálfsögðu ekki lítið úr því efni sem hv. þm. nefndi en þó er það auðvitað svo að við Íslendingar eigum ekki aðild að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og því er ekki sama aðstaða hér og er í þjóðþingum þeirra ríkja sem bera þar formlega og fulla ábyrgð. Því er ljóst að þær ákvarðanir sem teknar verða á næstu dögum, ég er sammála hv. þm. um það að líkur standi til þess, verða ekki teknar með beinum atbeina okkar eða við verðum ekki ráðandi, kannski því miður, um þær ákvarðanir allar. Ég hygg því að sú afstaða sem fram hefur komið í þinginu af hálfu hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnarinnar liggi algjörlega fyrir. Við höfum verið fylgjandi því allan tímann að leitað verði friðsamlegra lausna undir merkjum Sameinuðu þjóðanna, þó undir hótunum frjálsra ríkja um að fylgja ályktununum eftir og við höfum jafnframt lagt áherslu á það alla tíð að aldrei væri hægt að útiloka að til slíkra hótana þyrfti að grípa, ella væru þær einskis virði.

Þetta hefur alltaf legið fyrir, það er því ekki svo að menn séu í myrkrinu um afstöðu íslenskra stjórnvalda hvað þetta stóra mál varðar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:35]

Till. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

8 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1436).

Lax- og silungsveiði, frh. 1. umr.

Frv. landbn., 716. mál (yfirstjórn fisksjúkdómamála). — Þskj. 1384.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:36]

Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 622. mál (fjármálastjórn o.fl.). — Þskj. 995, nál. 1374.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:36]

1. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1374,1 samþ. með 54 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1374,2 samþ. með 53 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
8.–10. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 550. mál (vinnutímatilskipun, EES-reglur). — Þskj. 897, nál. 1386, brtt. 1387.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:38]

1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 1387,1 samþ. með 55 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
10.–15. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 1387,2 samþ. með 53 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1387,3 samþ. með 52 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1387,4 samþ. með 55 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
20.–24. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1387,5 samþ. með 54 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
26.–37. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 1387,6 samþ. með 55 shlj. atkv.
38. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
39.–49. gr. og ákv. til brb. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Skógrækt 2004–2008, frh. síðari umr.

Stjtill., 689. mál. — Þskj. 1121, nál. 1402.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:42]

Tillgr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GuðjG, PHB) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, KolH, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, ÓÖH, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞBack.

10 þm. (ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GuðjG, GÖ, JÁ, PHB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁSJ, ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, KF, KolH, LMR, LB, RG, SvH, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[02:42]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ekki hef ég á móti því að gera vel við skógræktina í landinu nema síður væri. Ég er mjög hlynntur því að gera vel við hana á Alþingi en mér finnst út í hött að samþykkja á síðasta fundi Alþingis á þessu kjörtímabili milljarða útgjöld til þessa verkefnis með þáltill., útgjöld sem eiga sér enga stoð í fjárlögum og tillögu sem fékk enga umfjöllun í landbn. þar sem hún kom fyrst fram fyrir örfáum dögum. Ég segi bara við hæstv. landbrh.: Svona gerir maður ekki.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1439).

Út af dagskrá voru tekin 12. og 17. mál.

Fundi slitið kl. 02:44.

---

103. FUNDUR

laugardaginn 15. mars,
að loknum 102. fundi.

Dagskrá:

1. Lax- og silungsveiði, frv., 716. mál, þskj. 1384. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

2. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 622. mál, þskj. 1437. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 550. mál, þskj. 1438. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Sjómannalög, frv., 60. mál, þskj. 1430. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Barnalög, stjfrv., 180. mál, þskj. 1424. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Hafnalög, stjfrv., 661. mál, þskj. 1427. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

7. Lýðheilsustöð, stjfrv., 421. mál, þskj. 530. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

8. Tollalög, frv., 715. mál, þskj. 1377. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

9. Virðisaukaskattur, stjfrv., 669. mál, þskj. 1086. — 3. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:47]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 1.–6. og 8. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 53 shlj. atkv.

Of skammt var liðið frá 2. umr. 7. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 48:1 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, ÓÖH, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

nei: PHB.

14 þm. (ÁSJ, ÁMM, BjörgvS, EMS, GÁS, GÖ, JóhS, KPál, LMR, LB, RG, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Lax- og silungsveiði, 2. umr.

Frv. landbn., 716. mál (yfirstjórn fisksjúkdómamála). — Þskj. 1384.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:48]

1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, 3. umr.

Stjfrv., 622. mál (fjármálastjórn o.fl.). — Þskj. 1437.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:49]

Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, KPál, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1440).

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 3. umr.

Stjfrv., 550. mál (vinnutímatilskipun, EES-reglur). — Þskj. 1438.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:50]
Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
9 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, KPál, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1441).

Sjómannalög, 3. umr.

Frv. HjÁ o.fl., 60. mál (bótaréttur). — Þskj. 1430.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:50]
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
10 þm. (ÁMM, ÁRJ, EMS, GÁS, JóhS, KPál, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1442).

Barnalög, 3. umr.

Stjfrv., 180. mál (heildarlög). — Þskj. 1424.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:50]
Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
9 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, KPál, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1443).

Hafnalög, 3. umr.

Stjfrv., 661. mál (heildarlög). — Þskj. 1427.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:51]
Frv. samþ. með 35:18 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.
9 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, KPál, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1444).

Lýðheilsustöð, 3. umr.

Stjfrv., 421. mál. — Þskj. 530.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:52]
Frv. samþ. með 35:11 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LMR, MS, ÓÖH, PP, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GE, GÖ, JÁ, KLM, PHB, SJóh, SvanJ.
7 þm. (GAK, JB, KVM, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, KPál, LB, RG, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[02:52]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er hlynnt því að komið verði á Lýðheilsustöð. Lýðheilsuhugmyndina eigum við að styrkja. En málið er að öllu leyti vanbúið og afgreitt að því leyti í andstöðu við þá sem eiga að vinna við stofnunina. Það þarf að vinna málið betur. Við

höfðum lagt til að sumarið yrði notað til þess og til að vinna með því fólki sem á að ráða við stofnunina. Við munum því sitja hjá við þessa atvæðagreiðslu.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1445).

Tollalög, 2. umr.

Frv. meiri hluta landbn., 715. mál (landbúnaðarhráefni). — Þskj. 1377.

[02:53]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu mál sem á sér sérstaka sögu. Það snýr að grænlenskum bændum sem hafa látið fullvinna afurðir sínar í Noregi og vilja nú eiga viðskipti við Húsvíkinga. Á fund minn hafa komið Húsvíkingar og fulltrúar þeirra til að fara yfir málið og framtíðarmöguleika þess að þetta kjöt yrði fullunnið hér á landi og flutt síðan út aftur sem slíkt. Þessi vinna er í gangi og á frumstigi. Áhugi á málinu er á báðum stöðum.

Ég segi fyrir mig að auðvitað hefði ég fremur viljað sjá þá hugsun sem nú er í gangi með Færeyingum, þ.e. að við gerum þá samninga við þessar litlu frændþjóðir okkar, þessi hreinu lönd um viðskipti. En ég verð að líta svo á og fá mig fullvissaðan um það að hér er þingheimur að leggja til eingöngu þetta eina mál, þ.e. það er verið að ræða um þessi viðskipti sem fram geta farið á Húsavík og fela landbrh. með lögum og síðar reglugerð að vinna úr því sérstaka máli. Ég vil fullvissa mig um hvort það sé rétt metið hjá mér svona síðla nætur.

[02:55]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég get fullyrt það við hæstv. landbrh. að það er einmitt meiningin, þ.e. að flytja inn kjöt frá Grænlandi til fullvinnslu á Húsavík og að þaðan verði kjötið flutt aftur út til annarra landa.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:55]

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JBjart, KVM, KF, KLM, LMR, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

9 þm. (JÁ, KÓ, KolH, KHG, MS, ÓÖH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, JónK, KPál, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JBjart, KVM, KF, KLM, LMR, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

10 þm. (JÁ, JB, KÓ, KolH, KHG, MS, ÓÖH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, ÁRJ, EMS, GÁS, JóhS, JónK, KPál, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KLM, LMR, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖS.

8 þm. (JÁ, KÓ, KolH, KHG, MS, ÓÖH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, KPál, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 669. mál (hafnir, hópferðabifreiðar). — Þskj. 1086.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:56]

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

12 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BjörgvS, GE, GÖ, JB, KolH, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, KÓ, KPál, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1446).

Fundi slitið kl. 02:57.

---

104. FUNDUR

laugardaginn 15. mars,
að loknum 103. fundi.

Dagskrá:

1. Kosning aðalmanns í landskjörstjórn í stað Atla Gíslasonar til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 12. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

2. Kosning varamanns í yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis í stað Jóhönnu Gísladóttur, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

3. Lax- og silungsveiði, frv., 716. mál, þskj. 1384. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Tollalög, frv., 715. mál, þskj. 1377. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [03:06]
Of skammt var liðið frá 2. umr. 3.–4. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 48 shlj. atkv.

Kosning aðalmanns í landskjörstjórn í stað Atla Gíslasonar til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 12. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður.

Kosning varamanns í yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis í stað Jóhönnu Gísladóttur, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Ásmundur Þórarinsson bóndi.

Lax- og silungsveiði, 3. umr.

Frv. landbn., 716. mál (yfirstjórn fisksjúkdómamála). — Þskj. 1384.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [03:08]
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
10 þm. (ÁMM, EMS, GÁS, JóhS, KPál, LB, RG, SvanJ, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1447).

Tollalög, 3. umr.

Frv. meiri hluta landbn., 715. mál (landbúnaðarhráefni). — Þskj. 1377.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [03:09]
Frv. samþ. með 44:2 atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KLM, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
nei: KHG, MS.
5 þm. (JÁ, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, ÁRJ, EMS, GÁS, JóhS, JB, KPál, LB, RG, SvanJ, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1448).

Þingfrestun.

[03:09]

Forseti (Halldór Blöndal):

Háttvirtir alþingismenn. Senn lýkur störfum þessa þings sem er hið síðasta á kjörtímabilinu. Hinn 10. maí nk. rennur út það umboð sem við alþingismenn fengum fyrir fjórum árum.

Eins og jafnan á kosningaári hafa þingstörf staðið skemur en hin fyrri þing á kjörtímabilinu. Þó hafa verið afgreidd fjölmörg mál og í reynd ekki færri en á öðrum reglulegum þingum. Alls voru afgreidd 128 frumvörp sem lög og jafnframt voru samþykktar 39 þingsályktanir.

Þrátt fyrir ágreining um sum þessara mála, ekki síst um virkjunarmál og stóriðju, hefur tekist að ljúka störfum Alþingis samkvæmt starfsáætlun þingsins.

Það er mikilvægt fyrir störf Alþingis að alþingismenn og starfsmenn þingsins búi við góð vinnuskilyrði. Á þessu kjörtímabili hefur tekist að gera verulega bragarbót í þeim efnum. Mjög góð starfsaðstaða hefur verið sköpuð fyrir fastanefndir og starfslið þeirra í Austurstræti 8–10 og með Skálanum hefur aðstaða þingsins verið enn frekar bætt og jafnframt létt á þeirri ánauð sem var á Alþingishúsinu.

Óhjákvæmilegt er að ráðast í viðhald á Alþingishúsinu til þess að það skemmist ekki og jafnframt eru fyrirhugaðar endurbætur á 1. hæð þinghússins á þessu sumri en 2. hæðin mun bíða næsta árs. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að við eigum á næstu árum að reisa skrifstofubyggingar fyrir alþingismenn vestan Skálans á lóðum Alþingis við Tjarnargötu og Kirkjustræti. Það er tímabært að Alþingi láti reisa eigið skrifstofuhúsnæði til að tryggja þingmönnum nútímalega vinnuaðstöðu. (**Gripið fram í:** Heyr!)

Við lok þessa kjörtímabils munu margir alþingismenn hverfa af þingi. Sumir munu ekki bjóða sig fram að nýju eða skipa efstu sæti á framboðslistum en aðrir munu ekki ná endurkjöri eins og gengur. Í fyrrnefnda hópnum er sá þingmaður sem á sér lengstan starfsaldur, hæstv. félmrh. Páll Pétursson, en hann hefur setið á Alþingi í tæp 29 ár eða síðan 1974. Sverrir Hermannsson, hv. 18. þm. Reykv., fyrrverandi forseti neðri deildar, hefur setið á Alþingi í 21 ár, frá 1971–1988 og aftur frá 1999. Svanfríður Jónasdóttir, hv. 4. þm. Norðurl. e., og Ólafur Örn Haraldsson, hv. 12. þm. Reykv., hafa setið á þingi í átta ár, hv. 9. þm. Reykn., Sigríður Jóhannesdóttir, í sjö ár og hv. 2. þm. Vestf., Karl V. Matthíasson, í rúm tvö ár. Öllum þessum alþingismönnum og öðrum þeim sem hverfa af þingi vil ég þakka störf þeirra í þágu lands og þjóðar og óska þeim alls hins besta í framtíðinni.

Það styttist til kosninga. Við göngum nú af þingi og leggjum verk okkar í dóm kjósenda. Ég vona að sú kosningabarátta sem fram undan er verði málefnaleg og drengileg þannig að allir megi koma óskaddaðir úr þeirri orrahríð.

Við lok þinghaldsins þakka ég alþingismönnum samstarfið á þessu þingi. Ég færi varaforsetum þakkir fyrir ágæta samvinnu við stjórn þinghaldsins, svo og formönnum þingflokka fyrir gott samstarf á þessu þingi. Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis þakka ég alla aðstoð og fyrir mikið og gott starf og ágæta samvinnu í hvívetna. Fréttamönnum þakka ég samstarfið. Það er mikilvægt fyrir Alþingi að almenningur eigi kost á að fylgjast sem best með því sem hér er að gerast hverju sinni.

Ég vil að lokum óska utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og árna ykkur öllum allra heilla.

[03:13]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Fyrir hönd okkar alþingismanna vil ég þakka hæstv. forseta Halldóri Blöndal fyrir stjórn hans á þinginu í vetur. Stjórnartaktar hans hafa stundum verið snöggir en jafnframt stundum skemmtilegir. Ég vil einnig fyrir hönd okkar þingflokksformanna þakka forseta fyrir gott samstarf á þessum vetri við stjórn þingsins þó stundum hafi verið tekist á um þinghaldið. Þrátt fyrir kosningaþing hafa fundir forseta og þingflokksformanna endað í sátt og flestir þingfundir einnig.

Ég vil enn fremur fyrir hönd okkar alþingismanna þakka starfsmönnum þingsins fyrir afar vel unnin störf og lipurð og fúslega veitta aðstoð.

Mörg okkar ganga á næstu vikum til kosningabaráttu. Við leggjum verk okkar og stefnumál í dóm kjósenda í nýjum kjördæmum. Ég vona að sú barátta verði ekki til vinslita þótt sjálfsagt verði hart deilt. Ég endurtek þakkir mínar til hæstv. forseta Alþingis og óska honum og fjölskyldu hans allra heilla. Ég bið hv. alþm. að taka undir orð mín og óskir með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[03:14]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar og þakka hv. þingmönnum fyrir að taka undir þau orð. Ég endurtek óskir mínar til allra hv. þingmanna og starfsliðs Alþingis.

[03:15]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 128. löggjafarþings, frá 14. mars 2003 eða síðar, ef nauðsyn krefur.

Gjört í Reykjavík, 14. mars 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 128. löggjafarþings, er frestað.

Ég þakka hv. alþingismönnum fyrir gott samstarf og óska þeim og starfsmönnum þingsins svo og landsmönnum öllum allra heilla.

Fundi slitið kl. 03:17.

Viðauki
Yfirlit yfir störf 128. löggjafarþings

Þingfundir stóðu frá 1. október til 13. desember 2002 og frá 21. janúar til 15. mars 2002.

Á þingtímanum urðu þingfundardagar alls 74 og þingfundir urðu 104 og stóðu þeir samtals í 387 klst.

Þingmál og úrslit þeirra:

Lagafrumvörp voru samtals 205. Stjórnarfrumvörp voru 130 og þingmannafrumvörp 63. Frumvörp frá nefndum voru 12.

115 stjórnarfrumvörp voru afgreidd sem lög, óútrædd stjórnarfrumvörp eru 15.

13 þingmannafrumvörp urðu að lögum, þar af 12 sem voru flutt af nefnd eða meiri hluta nefndar en 62 voru óútrædd.

Af 205 frumvörpum urðu alls 128 að lögum.

Þingsályktunartillögur voru alls 134.

Stjórnartillögur voru 27 og þingmannatillögur voru 107.

39 tillögur voru samþykktar sem ályktanir Alþingis, þar af voru 26 frá ríkisstjórninni og 13 frá þingmönnum. Fimm þingmannatillögum var vísað til ríkisstjórnarinnar.

Skýrslur voru samtals 24. Ein skýrsla barst samkvæmt beiðni. Aðrar skýrslur lagðar fram voru 23. Munnlegar skýrslur voru þrjár.

Fyrirspurnir. Bornar voru fram 355 fyrirspurnir á þingskjölum. Af þeim var svarað 335.

Munnlegar fyrirspurnir voru 158 og af þeim var 152 svarað, þrjár voru kallaðar aftur. Beðið var um skrifleg svör við 197 fyrirspurnum og bárust 183 svör.

Óundirbúnar munnlegar fyrirspurnir til ráðherra voru 33.

Umræður utan dagskrár voru 32.

Atkvæðagreiðslur voru alls 2036, flestar fóru fram með rafrænum hætti en ein fór fram með nafnakalli.

Alls voru til meðferðar í þinginu 718 mál. Tala prentaðra þingskjala var 1448.

Nefndastarf Alþingis:

Á þinginu voru 9 dagar eingöngu helgaðir nefndastarfi fyrir utan reglubundna nefndafundi yfir þingtímann.

Nefndafundir voru 285 og stóðu þeir í alls 470 klst.

Gestir sem komu á fundi nefnda voru 1572.

290 málum var vísað til fastanefnda og þær afgreiddu 160 mál.

158 þingmál voru send til umsagnar til aðila utan þings.

Um 1700 erindi hafa borist þingnefndum um þingmál og auk þess hafa 589 erindi borist til fjárlaganefndar.

Þessu til viðbótar hafa nefndir fjallað um mál að eigin frumkvæði og flestar nefndirnar hafa farið í vettvangsferðir á þessu þingi.